# ÞINGSETNINGARFUNDUR

mánudaginn 2. okt.

Árið 2006, mánudaginn 2. október, var hundrað þrítugasta og þriðja löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta og níunda aðalþing í röðinni en hundrað fertugasta og áttunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Dalla Þórðardóttir predikaði og þjónaði fyrir altari ásamt biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.
3. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
4. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
5. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
6. Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.
7. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
8. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
9. Bjarni Benediktsson, 8. þm. Suðvest.
10. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
11. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv. n.
12. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
13. Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.
14. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
15. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
16. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
17. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
18. Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.
19. Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n.
20. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
21. Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.
22. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
23. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
24. Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.
25. Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.
26. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
27. Helgi Hjörvar, 5. þm. Reykv. n.
28. Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
29. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.
30. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
31. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
32. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
33. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
34. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
35. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
36. Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.
37. Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.
38. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
39. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
40. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
41. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
42. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
43. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
44. Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
45. Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
46. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
47. Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.
48. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.
49. Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.
50. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.
51. Sigurrós Þorgrímsdóttir, 11. þm. Suðvest.
52. Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
53. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
54. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
55. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
56. Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.
57. Valdimar L. Friðriksson, 9. þm. Suðvest.
58. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 6. þm. Suðvest.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.
61. Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
62. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.
63. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

### *Forseti Íslands setur þingið.*

[14:05]

**Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):**

Hinn 8. september 2006 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 2006.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst klukkan 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 8. september 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.

---

Geir H. Haarde.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 2006.“

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir að Alþingi Íslendinga er sett.

Sagan er okkur ærið hugleikin á þessum stundum; upphaf þings jafnan tímamót, en þó sjaldan eins og nú; þáttaskilin tengd í senn þingheimi og landstjórninni en einnig deilumáli sem í hálfa öld hafði afgerandi áhrif á flokkaskipan, setti mark á átökin í stjórnmálunum en líka menningu og sálarlíf þjóðarinnar.

Nýr forsætisráðherra kemur nú til þings með forustu og ábyrgð á sínum herðum og nýir ráðherrar hafa tekið við mikilvægum málaflokkum. Fjölmargir alþingismenn sem

lengi hafa sett svip á löggjafarstarfið og málflutning í þessum sal hafa tilkynnt að þetta þing verði hið síðasta á ferli þeirra. Algengt var á fyrri öld að forustumenn gegndu hér störfum í áratugi en nú setja tíð mannaskipti í ríkari mæli svip á Alþingi Íslendinga. Slík þróun kann að vera svo samofin nýjum þjóðfélagsháttum að ekki verði aftur snúið en þá er líka mikilvægt að bregðast rétt við og nýta vel tímann sem hér gefst til starfa.

Þjóðin felur alþingismönnum mikinn trúnað. Kjör þeirra er kjarninn í stjórnskipan landsins, sáttmálanum um samfélagshætti Íslendinga. Ég óska nýjum ráðherrum farsældar í ábyrgðarstörfum og þingmönnum sem nú hefja sitt síðasta þing velferðar í framtíðinni.

Sérstaklega sendi ég á þessari stundu fráfarandi forsætisráðherra, Halldóri Ásgrímssyni, kærar kveðjur, þakkir fyrir framlag hans á liðnum árum og samstarf okkar, bæði meðan við gegndum báðir skyldustörfum í þessum sal og eftir að þjóðin fól okkur aukna ábyrgð.

Halldór Ásgrímsson kom víða við og var áhrifaríkur leiðtogi á umbrotatímum í sögu okkar Íslendinga. Vegferð hans úr austfirsku þorpi á alþjóðavettvang er á vissan hátt táknræn fyrir umskiptin sem orðið hafa. Þegar við vorum báðir ungir drengir að leik á sjávarkambi hófust með þjóðinni deilur sem stóðu lengur en önnur átök, glíma sem markaði djúpa gjá í stjórnmál og þjóðlíf Íslendinga. Skiptingin í andstæðar fylkingar var skarpari en í öðrum málum, heitar og óbilgjarnar tilfinningar langlífar á báða bóga. Víglína var dregin um þjóðarvitund. Margir góðir menn urðu fjendur ævilangt, óvinagarður eitraði fjölskyldur í áratugi og fjölmargir, skáld og listamenn, nutu eigi sannmælis á opinberum vettvangi þrátt fyrir ágæt verk því matið tók mið af átökunum. Það er erfitt fyrir þá sem nú vaxa úr grasi að skilja til hlítar hve hatrömm þessi glíma var, deilurnar um veru hersins, varnarliðið á Miðnesheiði, og kannski getur ekkert okkar skilið til fulls hve afgerandi þáttaskil hafa nú orðið.

Herinn er farinn. Gærdagurinn sá fyrsti í meira en hálfa öld án hermanna í landi okkar. Nú hefjast nýir tímar — nýtt skeið í þjóðarsögu.

Lærdómarnir eru býsna margir en mikilvægastur kannski sá að forðast ber í lengstu lög að Íslendingar verði á ný fórnarlömb svo djúpstæðs klofnings. Því er áríðandi að allir sem ábyrgð bera, bæði á Alþingi og í landstjórninni, bæði nú og um alla framtíð, kappkosti af fremsta megni að ná sem mestri sátt um málefnin sem verða munu á verkaskrá íslenskrar þjóðar.

Kalda stríðið, deilurnar um hersetuna, veru varnarliðsins, fjandskapurinn sem skipti þjóðinni í stríðandi sveitir dró á margan hátt úr getu okkar til að sækja fram. Hjaðningavíg á heimavelli veiktu samtakamátt og kraftinn til nýsköpunar. Aflinu sem hefði mátt verja til framfara á öllum sviðum var beitt í átökum við okkur sjálf. Árangur Íslendinga að undanförnu, útrásin á okkar tímum, blómlegt atvinnulíf og vísindaiðkan, gróskan í menningu og skapandi listum — allt hefur það öðlast aukinn þrótt því þjóðin hefur losnað úr viðjum þessa gamla klofnings.

Það er sannarlega gleðiefni að svo friðsælt sé í okkar heimshluta að mesta herveldi sem veröldin hefur kynnst skuli komast að þeirri niðurstöðu að engum tilgangi þjóni að hafa hér sveitir, að engin þörf sé á vörnum sem áður voru taldar brýnar. Það er gæfa okkar Íslendinga að eiga nú farsælt samstarf við allar þjóðir á norðurslóðum, að allir vilji vera vinir okkar, að engin hernaðarógn sé í augsýn. Nú hefur skapast einstakt tækifæri fyrir þing og þjóð til að halda til móts við nýja tíma með samstöðuna að leiðarljósi. Áfram verður ágreiningur um ýmis mál, en deilurnar um veru hersins ættu að verða víti til varnaðar um alla framtíð. Ávallt verði leiðarljós að samfélag Íslendinga lamist aldrei aftur vegna djúpstæðs þjóðarklofnings. Við þurfum öll að standa saman, einkum nú þegar veröldin breytist ört og tækifærin bíða í öllum álfum.

Á þessum tímamótum ber ég fram þá einlægu ósk að víðtæk og eindregin samstaða skapist um stöðu Íslands í veröldinni og sambúð okkar við aðrar þjóðir. Nú þurfum við að ná þjóðarsátt um grundvöllinn í utanríkisstefnu Íslendinga. Alþingi hefur hér einstakt hlutverk. Aldrei fyrr frá lýðveldisstofnun hefur aðstaða skapast til að ná svo víðtækri sátt í þessum efnum. Lítil þjóð þarf á því að halda að einhugur ríki um stöðu hennar í veröldinni, að samstaða sé um samskiptin við önnur lönd. Þá getur hún beitt sér af öllu afli til að skapa íbúum hagsæld og velferð. Þá getur hún virkjað kraftana til framfara á öllum sviðum. Þá getur hún tryggt sér öruggt sæti í fremstu röð og orðið öðrum þjóðum fyrirmynd.

Þó að tímarnir kalli áfram á úrlausn flókinna viðfangsefna þurfum við að forðast í lengstu lög að ágreiningurinn fari úr böndum og leiði til álíka klofnings og í áratugi dró úr þjóðinni kraft. Við þurfum öll að vanda okkur og nýta lýðræðið til að efla og styrkja samstöðuna.

Við sjáum ýmis merki þess að afstaðan til náttúrunnar kunni að verða viðlíka hitamál og herinn var fyrrum. Þúsundir mótmæla á götum Reykjavíkur á sama tíma og íbúar Austurlands fagna nýjum áföngum í byggðaþróun. Náttúra Íslands er okkur öllum kær, samofin sjálfstæðisvitund Íslendinga en líka uppspretta þjóðarauðs og framfara á flestum sviðum. Þegar ágreiningurinn um veru hersins hefur nú verið til lykta leiddur með brottför varnarliðsins er afar brýnt að deilurnar um nýtingu náttúru Íslands skapi ekki nýja gjá. Þjóðarsátt í erfiðum málum er verðmæt auðlind og með samstöðuna að leiðarljósi eru okkur allir vegir færir.

Í anda þeirrar sýnar bið ég alþingismenn að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Geir H. Haarde,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég Jóhönnu Sigurðardóttur, 2. þm. Reykv. s., að ganga til forsetastóls.

### *Ávarp aldursforseta.*

[14:19]

**Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Ég býð háttvirta alþingismenn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá von að störf Alþingis, 133. löggjafarþings,

sem er að hefjast, verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

### *Minning Magnúsar H. Magnússonar.*

[14:19]

**Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Nú verður minnst fyrrverandi alþingismanns sem lést eftir að þingfundum var frestað í júní sl.

Magnús H. Magnússon, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, andaðist á Landakotsspítala 22. ágúst. Hann var 83 ára að aldri.

Magnús H. Magnússon var fæddur í Vestmannaeyjum 30. september 1922. Foreldrar hans voru hjónin Magnús Helgason gjaldkeri og Magnína Jóna Sveinsdóttir húsmóðir. Magnús lauk gagnfræðaprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1938, prófi frá Loftskeytaskólanum 1946, símvirkjaprófi með radíótækni sem sérgrein 1948 og fór síðan í framhaldsnám hjá Pósti og síma.

Magnús var sjómaður á árunum1937–1942, m.a. á norsku fraktskipi á fyrstu árum seinni heimsstyrjaldar. Hann var bifreiðarstjóri að atvinnu á árunum 1942–1945, loftskeytamaður á togara 1946 og síðar í afleysingum. Hann starfaði í radíótæknideild Pósts og síma 1946–1956 og var verkstjóri þar 1950–1953, yfirverkstjóri 1953–1956. Magnús gegndi stöðu stöðvarstjóra Pósts og síma í Vestmannaeyjum 1956-1987 að undanskildum þeim árum sem hann var bæjarstjóri og síðar alþingismaður.

Hann var bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjum 1962–1982, þar af bæjarstjóri 1966–1975. Við alþingiskosningarnar 1978 var Magnús í framboði í Suðurlandskjördæmi fyrir Alþýðuflokkinn, náði kjöri og sat á Alþingi sem þingmaður Suðurlandskjördæmis til 1983. Hann var skipaður félags-, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1978, var jafnframt samgönguráðherra frá því í október 1979, og gegndi þeim störfum fram til stjórnarskipta í febrúar 1980. Magnús var landskjörinn varaþingmaður Suðurlandskjördæmis 1983–1987 og sat á tíu þingum alls.

Magnúsi H. Magnússyni voru falin ýmis trúnaðarstörf um ævina og er hér fátt eitt talið. Hann sat í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja 1957–1978, var í framkvæmdastjórn Brunabótafélags Íslands frá 1966 og varð stjórnarformaður 1980. Magnús var varaformaður Alþýðuflokksins 1980–1984.

Magnús var bæjarstjóri í Vestmannaeyjum þegar eldgos hófst á Heimaey aðfaranótt 23. janúar 1973. Hann varð samstundis þjóðkunnur af forustu í sveit þeirra sem stjórnuðu fyrstu viðbrögðum, varnaraðgerðum og björgunarstarfi og síðar viðreisnar byggðar í Eyjum. Þar birtist hann kjarkmikill, skipulagður og fumlaus maður og nýtti sér seiglu, dirfsku og verkkunnáttu sem hörð lífsbarátta hefur löngum kennt Eyjamönnum. Magnús var vandaður maður og setti sig vel inn í þau mál sem hann þurfti að fjalla um. Hann rökstuddi mál sitt vel og fylgdi því fast eftir, laus við málskrúð og yfirborðsmennsku. Hann var öfgalaus, hófsamur og íhugull. Með honum var gott að starfa.

Ég vil biðja háttvirtan þingheim að minnast Magnúsar H. Magnússonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

### *Afsal þingmennsku.*

[14:23]

**Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Borist hefur bréf um afsal þingmennsku frá 7. þingmanni Reykjavíkurkjördæmis norður, Halldóri Ásgrímssyni, dagsett 5. september sl., sem hljóðar svo:

„Með bréfi þessu afsala ég mér þingmennsku frá og með deginum í dag að telja.

Síðan ég var fyrst kjörinn á Alþingi sumarið 1974 hef ég átt gott samstarf við fjölda fólks á vettvangi þingsins. Ég kveð Alþingi því með söknuði en er jafnframt afar þakklátur öllu því fólki sem ég hef haft tækifæri til að kynnast og starfa með. Ég færi núverandi alþingismönnum og starfsfólki Alþingis sérstakar þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Ég óska Alþingi, alþingismönnum og starfsfólki þingsins allra heilla í framtíðinni."

Við þingmennskuafsal Halldórs Ásgrímssonar tekur Sæunn Stefánsdóttir fast sæti á Alþingi og verður 11. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.

Ég býð hinn nýja þingmann, Sæunni Stefánsdóttur, velkomna til starfa á Alþingi. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er því öllum hnútum vel kunnug hér.

Jafnframt vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka Halldóri Ásgrímssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir langt og farsælt starf hans í þágu þings og þjóðar. Hann hefur átt sæti á Alþingi síðan 1974 að hálfu öðru ári undanskildu og verið ráðherra lengur en aðrir núlifandi stjórnmálamenn, og raunar næstlengst allra frá því innlendur ráðherra hóf störf 1904. Halldór Ásgrímsson hefur því sett mikinn svip á störf Alþingis og þjóðfélagið allt á sínum langa stjórnmálaferli.

Við kveðjum hann með óskum um velfarnað á nýjum vettvangi. — Ég óska honum og fjölskyldu hans allra heilla á komandi árum.

### *Kosning forseta.*

[14:26]

**Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Mér hefur borist ein tilnefning, um 5. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, Sólveigu Pétursdóttur. Eru aðrar tilnefningar?

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Sólveig Pétursdóttir er því ein í kjöri.

Þar sem aðeins einn er í kjöri fer kosningin fram með atkvæðagreiðslukerfinu eins og á undangengnum þingum ef ekki eru athugasemdir. Kosningin er leynileg. Töflurnar á veggjum munu aðeins sýna hverjir hafa greitt atkvæði en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um geymsluminni tölvunnar. Þeir sem kjósa Sólveigu Péturs-

dóttur ýti á já-hnappinn en þeir sem skila auðu ýti á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði. Gult ljós kviknar við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt, sama á hvorn hnappinn er ýtt, og eins kviknar aðeins gult ljós á veggtöflunni því að kosningin er leynileg eins og áður sagði. Hefst nú kosning forseta.

[Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Sólveig Pétursdóttir,** 5. þm. Reykv. s., hlaut 55 atkvæði, 7 þingmenn greiddu ekki atkvæði.]

[14:26]

**Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Samkvæmt þessu er Sólveig Pétursdóttir, hv. 5. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, rétt kjörin forseti Alþingis. Ég óska henni til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi og bið hana að taka við fundarstjórn.

## *Ávarp forseta.*

[14:26]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Háttvirtir alþingismenn. Ég þakka hæstvirtum starfsaldursforseta, Jóhönnu Sigurðardóttur, hlý orð í minn garð. Ég þakka háttvirtum alþingismönnum það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig á ný forseta Alþingis. Ég met það traust mikils.

Forsetar hafa í sumar unnið að starfsáætlun fyrir þetta þing í samráði við ríkisstjórn og formenn þingflokka og er áætlað að Alþingi verði frestað 15. mars nk., um tveimur mánuðum fyrir alþingiskosningarnar, 12. maí. Ég óska góðs samstarfs við ríkisstjórn og þingflokka um framgang þingstarfa og vænti þess sérstaklega að þau frumvörp stjórnarinnar sem afgreiða á komi sem fyrst fram svo að þingið hafi sem mest ráðrúm til að afgreiða þau á þessu stutta þingi.

Nú er hafið seinasta löggjafarþing á þessu kjörtímabili, kosningaþing eins og það er stundum kallað. Ef allt fer að venju má búast við því í vetur að stjórnmálaflokkarnir skerpi áherslumál sín fyrir kosningarnar að vori og að hitnað geti í kolunum. „Alþingi er enginn sunnudagaskóli" sagði einn forvera minna, og eru orð að sönnu. En alþingismenn verða eigi að síður að gæta hófs í málflutningi, sýna háttvísi og virða persónu og æru annarra. Þar ekki undan miklu að kvarta hér í þessum sal en ágætt að minnast þessa annað slagið.

Við Íslendingar búum við ríka lýðræðishefð og mikla og almenna þátttöku í kosningum. Það eru verðmæti sem við verðum að gæta vel og hlúa að. Ég hef lagt áherslu á að Alþingi sjálft leggi mikið af mörkum til þess að kynna sig, starfshætti sína, sögu og vinnubrögð í lýðræðisþjóðfélagi. Ég hygg þó að við getum gert meira og tel að Alþingi eigi í samvinnu við fræðsluyfirvöld að gefa ungu fólki færi á þjálfun í löggjafarstörfum og feta þá sömu slóð og nágrannaþing okkar hafa gert. Þannig má efla stjórnmálaáhuga ungs fólks og kenna nemendum að taka afstöðu og rökstyðja mál sitt og um leið þjálfa þá í að tileinka sér lýðræðisleg vinnubrögð og að ná sameiginlegri niðurstöðu í málum.

Eins og ég vék að í ræðu minni við sama tækifæri í fyrra tel ég mikilvægt að alþingismenn líti í eigin barm og hugi að því hvort störf og starfshættir Alþingis séu í samræmi við kröfur tímans. Ég átti marga fundi með formönnum þingflokka á liðnum vetri, svo og í sumar, um þau mál og finn fyrir miklum skilningi þeirra í þessu efni. Ég er nú bjartsýn á að hljómgrunnur sé fyrir því í öllum þingflokkum og hjá ríkisstjórn að leita heildarsamkomulags um umbætur á þingstörfum, bæði þeim sem byggjast á þingskapalögum og eins þingvenjum. Þar þurfa allir að vera sveigjanlegir og kannski gefa eitthvað eftir af því sem þeim þykir hagkvæmt nú í því skyni að bæta svipmót þingsins. Markmið okkar er að Alþingi vandi vel verk sín, að löggjöfin sé vönduð og að umræður séu drengilegar og öllum til sóma. Meiri hluti í hverju máli ræður málsúrslitum að sjálfsögðu en jafnsjálfsagt er að minni hluti eigi rúman rétt til að koma skoðunum sínum á framfæri og veita það aðhald sem öllum er hollt. Heiðarleiki og réttlæti séu leiðarmerki okkar á þeirri leið.

Í byrjun ágúst sl. átti ég þess kost að ferðast um Íslendingaslóðir í Manitoba-fylki í Kanada í tengslum við heimsókn mína á Gimli til að flytja minni Kanada á Íslendingadeginum sem haldinn var í 117. skipti. Ég varð hvarvetna vör við mikinn hlýhug til Íslands og skynjaði alls staðar mjög sterkt ræktarsemi afkomenda íslensku landnemanna við menningararfleifð sína og hversu mikill áhugi er á því að halda tengslum við Ísland. Samskiptin við þá eru okkur mikilvæg, ekki aðeins vegna þess að landnámið er hluti af sögu okkar heldur skapa þessi tengsl möguleika á auknum menningarlegum og viðskiptalegum samskiptum landanna. Mjög margt hefur verið gert á undanförnum árum, ekki síst af hálfu íslenskra stjórnvalda, til að efla þessi samskipti en mér finnst einnig sjálfsagt að við tökum til athugunar hvernig Alþingi geti með sjálfstæðum hætti lagt sitt af mörkum til að hlúa að þessum tengslum.

Alþjóðlegt samstarf eykst nú á öllum sviðum. Alþingismenn hafa svo sannarlega orðið þess varir enda er talsverðu fé varið til þess og sérmenntað starfsfólk til aðstoðar í þeim efnum hér á skrifstofunni. Ég hef á þingferli mínum tekið þátt í alþjóðlegu þingmannasamstarfi og tel að það sé mjög gagnlegt. Ég vil nota þetta tækifæri til að minna sérstaklega á ályktun Evrópuráðsþingsins frá því fyrr á þessu ári um átak gegn heimilisofbeldi. Þar er m.a. hvatt til þess að þingin standi fyrir viðburðum í þinghúsum landanna 24. nóv. nk. af því tilefni. Forsetar þjóðþinganna eru líka í æ ríkara mæli þátttakendur í hinu aukna alþjóðlega samstarfi enda eru nú gerðar sífellt meiri kröfur til okkar að sitja alþjóðlega fundi og ráðstefnur um margvísleg málefni, auk þess sem heimsóknir milli þjóðþinga færast mjög í vöxt. Að undanförnu hafa því verið gerðar ráðstafanir til að styrkja þá þjónustu sem forseti fær framvegis í þessum efnum ásamt öðrum skipulagsbreytingum á skrifstofu Alþingis.

Þá vil ég skýra frá því að ég hef ákveðið, í samráði við forustu Krabbameinsfélagsins, að Alþingishúsið verði lýst bleiku ljósi á næstunni. Er það gert sem táknrænn stuðningur Alþingis og alþingismanna við baráttuna við þann vágest sem brjóstakrabbamein er. Alþingi slæst þannig í hóp margra þekktra stofnana víða um veröld í sérstöku alþjóðlegu árveknisátaki gegn brjóstakrabbameini.

Við þingsetninguna í fyrra nefndi ég að saga Alþingis er bundin Þingvöllum órjúfanlegum böndum. Á mikilvægum stundum í lífi þjóðarinnar hefur Alþingi komið saman á Þingvöllum. Ég hvet enn og aftur til þess að við framtíðarskipulag þjóðgarðsins og framkvæmdir fái Alþingi þann sess sem því ber á þessum helgasta stað okkar Íslendinga.

Ég endurtek þakkir mínar til þingheims fyrir að fela mér að gegna störfum forseta. Það er ásetningur minn að eiga gott samstarf við alla háttvirta þingmenn.

Fundi frestað kl. 14:34.

---

# ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

mánudaginn 2. okt.,
kl. 4 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.
   a. Allsherjarnefnd, 9 manna.
   b. Efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna.
   c. Félagsmálanefnd, 9 manna.
   d. Fjárlaganefnd, 11 manna.
   e. Heilbrigðis- og tryggingarnefnd, 9 manna.
   f. Iðnaðarnefnd, 9 manna.
   g. Landbúnaðarnefnd, 9 manna.
   h. Menntamálanefnd, 9 manna.
   i. Samgöngunefnd, 9 manna.
   j. Sjávarútvegsnefnd, 9 manna.
   k. Umhverfisnefnd, 9 manna.
   l. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
3. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.
   a. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
   b. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   c. Íslandsdeild NATO-þingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   d. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, 3 manna og 3 varamanna.
   e. Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
   f. Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA, 5 manna og 5 varamanna.
   g. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, 6 manna og 6 varamanna.
   h. Íslandsdeild Norðurlandaráðs, 7 manna og 7 varamanna.
   i. Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál, 3 manna og 3 varamanna.
4. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

**Fjarvistarleyfi:**
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.

### *Fundarbjalla Alþingis.*

[16:03]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Um leið og ég set þingfund með því að slá í þingbjölluna, þennan gamalkunna grip með sinn þekkta hljóm, þá vil ég vekja athygli hv. alþingismanna á því að settur hefur verið nýr fótur undir bjölluna. Hann er smíðaður úr hegg héðan úr Alþingisgarðinum og smiðurinn er einn af starfsmönnum þingsins og við þökkum honum verk hans.

[16:03]

**Útbýting:**
Fjárlög 2007, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.

### *Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.*

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Rannveig Guðmundsdóttir (B),
2. varaforseti: Jón Kristjánsson (A),
3. varaforseti: Birgir Ármannsson (A),
4. varaforseti: Jóhanna Sigurðardóttir (B),
5. varaforseti: Þuríður Backman (B),
6. varaforseti: Sigríður A. Þórðardóttir (A).

[16:03]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundarstörfin og önnur verkefni forsætisnefndar.

### *Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.*

Við kosningu fastanefnda komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

**Allsherjarnefnd:**
Bjarni Benediktsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Guðjón Ólafur Jónsson (A),

Björgvin G. Sigurðsson (B),
Birgir Ármannsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Sigurjón Þórðarson (B).

**Efnahags- og viðskiptanefnd:**
Pétur H. Blöndal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Birgir Ármannsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Ásta Möller (A),
Sæunn Stefánsdóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B).

**Félagsmálanefnd:**
Guðjón Hjörleifsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Valdimar L. Friðriksson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Birkir J. Jónsson (A),
Magnús Þór Hafsteinsson (B).

**Fjárlaganefnd:**
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Birkir J. Jónsson (A),
Helgi Hjörvar (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Katrín Júlíusdóttir (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Guðjón Ólafur Jónsson (A),
Jón Bjarnason (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B).

**Heilbrigðis- og trygginganefnd:**
Ásta Möller (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Guðjón Ólafur Jónsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Kristján L. Möller (B),
Gunnar Örlygsson (A),
Sæunn Stefánsdóttir (A),
Þuríður Backman (B).

**Iðnaðarnefnd:**
Kjartan Ólafsson (A),
Helgi Hjörvar (B),
Hjálmar Árnason (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Katrín Júlíusdóttir (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Gunnar Örlygsson (A),
Sigurjón Þórðarson (B).

**Landbúnaðarnefnd:**
Drífa Hjartardóttir (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Valdimar L. Friðriksson (B),
Gunnar Örlygsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Birkir J. Jónsson (A),
Jón Bjarnason (B).

**Menntamálanefnd:**
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Mörður Árnason (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Sæunn Stefánsdóttir (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B).

**Samgöngunefnd:**
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Kristján L. Möller (B),
Guðjón Hjörleifsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Jón Kristjánsson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B).

**Sjávarútvegsnefnd:**
Guðjón Hjörleifsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Magnús Þór Hafsteinsson (B),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Guðjón Ólafur Jónsson (A),
Jón Bjarnason (B).

**Umhverfisnefnd:**
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Mörður Árnason (B),
Ásta Möller (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B).

**Utanríkismálanefnd:**
*Aðalmenn:*
Halldór Blöndal (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Jón Kristjánsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Sæunn Stefánsdóttir (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

*Varamenn:*
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Guðjón Ólafur Jónsson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B).

***Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.***

Við kosningu alþjóðanefnda komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

**Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:**
*Aðalmenn:*
Ásta Möller (A),
Kristján L. Möller (B),
Hjálmar Árnason (A).

*Varamenn:*
Bjarni Benediktsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Guðjón Ólafur Jónsson (A).

**Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:**
*Aðalmenn:*
Birgir Ármannsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

*Varamenn:*
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Sæunn Stefánsdóttir (A).

**Íslandsdeild NATO-þingsins:**
*Aðalmenn:*
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

*Varamenn:*
Kjartan Ólafsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Birkir J. Jónsson (A).

**Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:**
*Aðalmenn:*
Pétur H. Blöndal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Sæunn Stefánsdóttir (A).

*Varamenn:*
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

**Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins:**
*Aðalmenn:*
Guðjón Hjörleifsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Gunnar Örlygsson (A).

*Varamenn:*
Kjartan Ólafsson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A).

**Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:**
*Aðalmenn:*
Bjarni Benediktsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B),
Birkir J. Jónsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A).

*Varamenn:*
Birgir Ármannsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Sæunn Stefánsdóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A).

**Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:**
*Aðalmenn:*
Halldór Blöndal (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Sigurjón Þórðarson (B).

*Varamenn:*
Pétur H. Blöndal (A),
Helgi Hjörvar (B),
Guðjón Ólafur Jónsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),

Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Magnús Þór Hafsteinsson (B).

**Íslandsdeild Norðurlandaráðs:**
*Aðalmenn:*
Drífa Hjartardóttir (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Jón Kristjánsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A).

*Varamenn:*
Ásta Möller (A),
Katrín Júlíusdóttir (B),
Guðjón Ólafur Jónsson (A),
Mörður Árnason (B),
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

**Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál:**
*Aðalmenn:*
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Guðjón Ólafur Jónsson (A).

*Varamenn:*
Drífa Hjartardóttir (A),
Valdimar L. Friðriksson (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

[16:15]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill geta þess að þingmenn verða boðaðir til funda í fastanefndum og alþjóðanefndum á miðvikudag og fimmtudag til þess fyrst og fremst að kjósa formenn og varaformenn nefnda. Fundartafla reglulegra nefndafunda verður send þingmönnum í tölvupósti síðar í dag.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

[16:17]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Leita þarf afbrigða frá þingsköpum þar sem samkomulag er milli þingflokka um annan ræðutíma í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra næstkomandi þriðjudagskvöld en kveðið er á um í 2. mgr. 73. gr. þingskapa, þ.e. að umferðir verði þrjár, 12 mínútur, 6 mínútur og 5 mínútur en forsætisráðherra hafi 20 mínútur til framsögu. Skoðast afbrigðin samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Enn fremur þarf að leita afbrigða frá þingsköpum, þ.e. lokamálsgrein 3. gr. þingskapa um hvernig hluta skal um sæti þingmanna, þannig að hv. þm. Helgi Hjörvar geti fengið sæti sem hentar fyrir þann búnað sem hann þarf að hafa í þingsalnum meðan þingfundur stendur. Þetta er sæti 32 fyrir hv. þm. Helga Hjörvar.

Enn fremur hefur orðið samkomulag milli forseta og formanna þingflokka að leggja til að tekin verði frá sæti næst inngangi í salnum fyrir formennina, en þeir dragi innbyrðis um þessi sæti. Skoðast þau afbrigði samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

## *Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.*

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.
2. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
3. sæti hlaut Ásta Möller.
4. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
5. sæti hlaut Kjartan Ólafsson.
6. sæti hlaut Sigurður Kári Kristjánsson.
7. sæti hlaut Dagný Jónsdóttir.
8. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
9. sæti hlaut Guðjón Ólafur Jónsson.
10. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
11. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
12. sæti hlaut Jón Gunnarsson.
13. sæti hlaut Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
14. sæti hlaut Þórunn Sveinbjarnardóttir.
15. sæti hlaut Sigurrós Þorgrímsdóttir.
16. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
17. sæti hlaut Birkir J. Jónsson.
18. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
19. sæti hlaut Guðjón Hjörleifsson.
20. sæti hlaut Drífa Hjartardóttir.
21. sæti hlaut Þuríður Backman.
22. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
23. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
24. sæti hlaut Jóhann Ársælsson.
25. sæti hlaut Bjarni Benediktsson.
26. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
27. sæti hlaut Katrín Júlíusdóttir.
28. sæti hlaut Gunnar Örlygsson.
29. sæti hlaut Björgvin G. Sigurðsson.
30. sæti hlaut Guðlaugur Þór Þórðarson.
31. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir.
32. sæti hlaut Helgi Hjörvar.
33. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
34. sæti hlaut Sigurjón Þórðarson.
35. sæti hlaut Jón Kristjánsson.
36. sæti er sæti varamanns.
37. sæti hlaut Valdimar L. Friðriksson.
38. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
39. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
40. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
41. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
42. sæti hlaut Jón Bjarnason.
43. sæti hlaut Guðrún Ögmundsdóttir.
44. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
45. sæti hlaut Magnús Þór Hafsteinsson.
46. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
47. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.

48. sæti hlaut Mörður Árnason.
49. sæti hlaut Kristján L. Möller.
50. sæti hlaut Halldór Blöndal.
51. sæti er sæti varamanns.
52. sæti hlaut Anna Kristín Gunnarsdóttir.
53. sæti hlaut Sæunn Stefánsdóttir.
54. sæti hlaut Birgir Ármannsson.
55. sæti hlaut Ágúst Ólafur Ágústsson.
56. sæti er sæti varamanns.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
59. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
60. sæti er sæti samgönguráðherra.
61. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
62. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti landbúnaðarráðherra.
66. sæti er sæti utanríkisráðherra.
67. sæti er sæti menntamálaráðherra.
68. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
69. sæti er sæti umhverfisráðherra.

Fundi slitið kl. 16:34.

---

# 2. FUNDUR

*þriðjudaginn 3. okt.,*
*kl. 7.50 síðdegis.*

**Dagskrá:**
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

**Fjarvistarleyfi:**
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.

***Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.***

[19:50]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Gengið er til dagskrár og tekið fyrir eina dagskrármálið, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana sem verður útvarpað og sjónvarpað héðan úr Alþingishúsinu. Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsætisráðherra hefur 20 mínútur til framsögu en aðrir þingflokkar en þingflokkur forsætisráðherra hafa 12 mínútur í fyrstu umferð, í annarri umferð hafa þingflokkarnir 6 mínútur en í þeirri þriðju 5 mínútur hver. Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi:

*Sjálfstæðisflokkur, Samfylkingin, Framsóknarflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn.*

Ræðumenn fyrir Sjálfstæðisflokk verða Geir H. Haarde forsætisráðherra í fyrstu umferð, Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðausturkjördæmis, í annarri umferð og Halldór Blöndal, 2. þm. Norðausturkjördæmis, í þriðju umferð.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvesturkjördæmis, í annarri og Kristján L. Möller, 3. þm. Norðausturkjördæmis, í þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk tala Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra í fyrstu umferð, í annarri Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra og í þriðju umferð Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðausturkjördæmis, í fyrstu umferð, í annarri Þuríður Backman, 10. þm. Norðausturkjördæmis, og í þriðju umferð Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvesturkjördæmis, Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvesturkjördæmis, í annarri umferð en í þriðju umferð Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurkjördæmis.

[19:52]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Hæstv. forseti, kæru landsmenn. Það sígur nú á seinni hluta kjörtímabilsins og ýmsir mætir þingmenn hafa þegar tilkynnt að þeir hyggist ekki vera í kjöri til Alþingis í þeim kosningum sem fyrirhugaðar eru 12. maí í vor.

Á undanförnum mánuðum hafa töluverðar breytingar orðið á skipan ráðherra í ríkisstjórninni, m.a. í kjölfar þess að Halldór Ásgrímsson ákvað að hætta þátttöku í stjórnmálum eftir langt og farsælt starf. Nýju ráðherrarnir eru flestir vel kunnugir störfum Alþingis, en ég vil bjóða sérstaklega velkominn í hópinn hér við upphaf þingstarfa nýjan formann Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem hefur ekki áður tekið þátt í störfum Alþingis.

Eitt stærsta viðfangsefni ríkisstjórnarinnar undanfarna mánuði hefur verið að ná samkomulagi við Bandaríkjastjórn um varnarmál og þau atriði er tengjast brottför varnarliðsins. Óhætt er að segja að ákvörðun Bandaríkjamanna um að loka varnarstöðinni hafi komið á óvart. Ljóst var þó að vilji þeirra stóð til þess að standa áfram við skuldbindingar sínar samkvæmt varnarsamningnum frá 1951, án þess að bandarískt herlið hefði hér fasta viðveru. Ríkisstjórnin tók þá afstöðu frá byrjun að þrátt fyrir þessi tíðindi væri rétt að byggja frekara samstarf ríkjanna áfram á grunni varnarsamningsins enda væru engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi. Samkomulagið sem kynnt var í vikunni sem leið er Íslendingum hagstætt og markar tímamót í samstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Segja má að verkefnið hafi verið þríþætt. Í fyrsta lagi að tryggja að rekstur alþjóðaflugvallarins í Keflavík gengi snurðulaust fyrir sig þrátt fyrir brottför Bandaríkjamanna,

sem eiga þar mikilvægan búnað sem óhjákvæmilegur er fyrir rekstur vallarins. Samkvæmt bandarískum lögum bar að flytja þann búnað í burtu héðan ef ekki hefði samist um annað.

Í öðru lagi snerust viðræðurnar um skil á landi og mannvirkjum á varnarsvæðunum. Niðurstaðan í því efni er sú að Íslendingar fá til eignar og afnota gríðarleg mannvirki á Keflavíkurflugvelli. Enginn bráður mengunarvandi blasir þar við, en þegar ráðist verður í hreinsun landsvæða verður hún á ábyrgð Íslendinga, samkvæmt íslenskum stöðlum og á því árabili sem okkur sjálfum hentar að ráðast í slíkar aðgerðir. Nú eru hins vegar fram undan mikil tækifæri við að koma þessum miklu eignum í arðbær not hér innan lands, án þess að það valdi röskun í samfélaginu á Suðurnesjum. Hefur í því skyni verið ákveðið að stofna hlutafélag í eigu ríkisins en með aðild sveitarfélaga sem fá munu það verkefni að umbreyta varnarsvæðinu og þróa til framtíðarnota. Ekki er vafi á því að þetta svæði á eftir að verða eftirsótt til margs konar notkunar.

Síðast en ekki síst var verkefni samningaviðræðna við Bandaríkin að tryggja varnarhagsmuni Íslands til framtíðar og er það að sjálfsögðu mikilvægasti þátturinn til lengri tíma litið. Ég tel að það hafi tekist og yfirlýst er af hálfu Bandaríkjanna að þau muni standa vörð um öryggi Íslands með hernaðarmætti sínum verði landinu ógnað. Í þessu felst þýðingarmikil skuldbinding og trygging af hálfu Bandaríkjamanna sem áréttar gildi varnarsamningsins frá 1951. Munu ríkin hafa náið pólitískt samráð um frekari útfærslu hins nýja samstarfs. Sú aðstoð og samvinna sem boðin er fram af hálfu Bandaríkjanna í tengslum við þetta mál á sviði löggæslu, landamæraeftirlits, landhelgisgæslu, varna gegn hryðjuverkum og fleiri öryggisþátta er sömuleiðis mjög mikilvæg. Skapast í því sambandi ýmis ný tækifæri fyrir íslenska löggæsluaðila. Það er ljóst að Íslendingar verða sjálfir að vera virkari í eigin öryggismálum en verið hefur, ekki síst þegar kemur að innra öryggi ríkis og þjóðar, og verja meiri fjármunum til verkefna á því sviði. Í nýlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er rækilega farið yfir það sem fram undan er hér innan lands í þeim efnum.

Frú forseti. Íslendingar eru virkir þátttakendur í mótun nýrrar heimsmyndar. Framboð Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna er sennilega gleggsta dæmi þess. Kosið verður til setu í ráðinu árið 2008 og unnið er að því að afla framboðinu fylgis. Þá leggja íslenskir friðargæsluliðar sitt af mörkum í aðgerðum alþjóðasamfélagsins, ekki síst í Afganistan og á Sri Lanka. Friðargæsla er í eðli sínu áhættusöm og um hana þarf að ríkja eining. Boðaðar áherslubreytingar í störfum Íslensku friðargæslunnar munu vonandi leiða til þess að betri sátt ríki um þetta mikilvæga framlag okkar til samfélags þjóðanna.

Það voru vonbrigði að nýjustu samningalotunni hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni var slegið á frest, enda sérlega mikilvægt að auka viðskiptafrelsi í heiminum auk þess sem hagsmunir þróunarríkja voru sérstaklega hafðir að leiðarljósi í viðræðunum. Ýmislegt bendir til þess að vægi fríverslunarsamninga kunni nú að aukast og er Ísland vel í stakk búið til að mæta þeirri þróun. EFTA býr nú þegar yfir víðfeðmu neti fríverslunarsamninga og á í viðræðum um slíka samningsgerð við nokkur mikilvæg ríki. Þá hefur Ísland átt könnunarviðræður við Kína um möguleika á gerð fríverslunarsamnings og yrði Ísland fyrst Evrópuríkja til að gera þannig samning við þessa fjölmennustu þjóð heims.

Nýverið var undirritað samkomulag milli Íslands, Noregs og Danmerkur, fyrir hönd Færeyja, um skiptingu landgrunns milli landanna utan 200 sjómílna í suðurhluta Síldarsmugunnar. Samkomulagið markar tímamót og mun styrkja stöðu Íslands sem landgrunnsríkis, en sem kunnugt er gera íslensk stjórnvöld einnig kröfu til landgrunns á Reykjaneshrygg og á Hatton-Rockall svæðinu.

Frú forseti. Mikill efnahagslegur árangur hefur náðst það sem af er yfirstandandi kjörtímabili. Framkvæmdir hafa verið miklar og eldmóður verið í efnahagslífinu sem hefur skilað sér til almennings með stöðugri aukningu kaupmáttar allt tímabilið. Kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings er nú um 60% meiri en hann var 1995. Slík þróun er einsdæmi í okkar hagsögu. Atvinnuleysið hér á landi mælist aðeins rúmlega 1% þrátt fyrir mikinn innflutning vinnuafls sem er einsdæmi meðal þjóða heims.

En það hefur vissulega tekið í undanfarin missiri, ekki síst vegna þeirra miklu breytinga sem urðu á húsnæðislánamarkaðnum á kjörtímabilinu sem leiddu til þess að meira lánsfé var á boðstólum á hagstæðari kjörum en áður hafði þekkst. Þessi þróun hafði áhrif til hækkunar húsnæðisverðs og þar með á verðbólguna eins og við mælum hana hér á landi. Það hefur því verið helsta viðfangsefni ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans að undanförnu að tryggja að verðbólgan gangi niður á ný. Eru allar horfur á því að hún verði komin niður að verðbólgumarkmiði Seðlabankans, 2,5%, um eða fyrir mitt næsta ár.

Jafnframt er ljóst að á næstunni mun draga hratt úr framkvæmdum í tengslum við virkjanir og stóriðju á Austurlandi, samhliða því að dregur úr einkaneyslu, og því mun heildareftirspurnin í hagkerfinu minnka. Hagvöxtur verður því minni á næsta ári en í ár, en þó eigi að síður um 1% samkvæmt fyrirliggjandi spám. Eftir 2007 má svo búast við meiri hagvexti og tekjuaukningu í þjóðfélaginu á ný.

Aðgerðir stjórnvalda undanfarin ár hafa meðal annars falist í umtalsverðri lækkun skatta á heimili og fyrirtæki, innleiðingu frelsis í fjármálaviðskiptum milli Íslands og annarra landa og einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Allt þetta hefur leyst úr læðingi gífurlega orku og kraft í íslensku efnahagslífi sem hefur einnig teygt anga sína til annarra landa.

Það er óumdeilt að skattalækkanirnar hafa skilað sér ríkulega til íslenskra heimila á undanförnum árum. Sömuleiðis hefur sú stefna stjórnvalda að efla atvinnu, meðal annars með uppbyggingu stóriðju og nýtingu hinna endurnýjanlegu orkugjafa landsins, skilað miklum árangri og treyst efnahagslega stöðu landsbyggðarinnar.

Þessi ávinningur mælist ekki síður á mælikvarða alþjóðasamfélagsins. Þar er Ísland yfirleitt í einu af efstu sætunum, hvort sem það varðar samkeppnishæfni, frelsi, gagnsæi í viðskiptaháttum, hagstætt viðskiptaumhverfi eða heilbrigt og óspillt efnahagsumhverfi svo nokkur dæmi séu nefnd. Hins vegar er jafnan nauðsynlegt að hafa vakandi auga með ímynd Íslands erlendis en það er sameiginlegt verkefni atvinnulífsins og ríkisins að bæta hana og styrkja.

Við óróa í þjóðarbúskapnum fyrr á árinu var brugðist af

hálfu ríkisstjórnarinnar með margvíslegum aðhaldsaðgerðum svo sem frestun framkvæmda umfram það sem áður hafði verið ákveðið. Jafnframt var samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í sumar um að framlengja kjarasamninga út næsta ár mikilvægt framlag til þess að draga úr óvissu. Ríkisstjórnin mun hafa náið samstarf við aðila vinnumarkaðarins til að tryggja þær efnahagslegu forsendur sem liggja til grundvallar þessu samkomulagi. Ákvað ríkisstjórnin að grípa til margháttaðra aðgerða til að stuðla að áframhaldandi stöðugleika á vinnumarkaði. Meðal annars verða skattleysismörk hækkuð umtalsvert og teknar upp greiðslur barnabóta til foreldra 16 og 17 ára barna. Eins verða framlög til fullorðins- og starfsmenntamála aukin.

Þessar aðgerðir eru nú að skila árangri og ýmis merki um að þenslan sé á undanhaldi. Af þessum sökum er nú óhætt að fella úr gildi fyrri ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að setja ekki af stað um ótiltekinn tíma ný útboð á framkvæmdum. Þar með verður haldið áfram með þær samgöngubætur sem hafa verið undirbúnar að undanförnu, sem og aðrar framkvæmdir. Ríkisstjórnin mun einnig leggja til við Alþingi að þegar í stað verði ráðist í sérstakt átak til úrbóta á umferðaræðum út frá Reykjavík, þar sem orðið hafa mörg alvarleg slys á undanförnum árum. Er talið að ná megi miklum árangri í slysavörnum með slíku átaki.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju með hina góðu afkomu ríkissjóðs sem birtist í fjárlagafrumvarpinu. Hún er mikilvægt framlag til hagstjórnarinnar auk þess sem hún gefur færi á að bæta skuldastöðu ríkissjóðs enn frekar sem þó var góð fyrir. Hrein skuldastaða ríkisins er nú komin nánast í núll auk þess sem ríkissjóður á miklar inneignir á reikningum sínum í Seðlabankanum. Það eru ekki margar þjóðir sem státa af betri stöðu ríkisfjármála.

Hin trausta staða ríkissjóðs skapar víða sóknarfæri. Þeim fjármunum sem sparast vegna minni vaxtakostnaðar er nú hægt að verja til mikilvægari verkefna. Nú eru á lokastigi ákveðnar tillögur á vegum ríkisstjórnarinnar sem munu leiða til verulegar lækkunar matvælaverðs á næstu mánuðum þannig að matvælaverð á Íslandi verði sambærilegt við það sem gerist á Norðurlöndunum. Þessar tillögur verða kynntar frekar á næstunni þegar endanleg útfærsla þeirra liggur fyrir.

Frú forseti. Ísland er og á að vera samfélag í fremstu röð sem byggir á mannauði og menningu með alþjóðlegu yfirbragði. Í nýlegu áliti Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um mat á samkeppnisstöðu þjóða er lögð megináhersla á mikilvægi menntunar og árangur á sviði rannsókna og nýsköpunar. Undirstrikað er að menntun, rannsóknir og nýsköpun sé drifafl hagvaxtar.

Ríkisstjórnin hefur fylgt þessum áherslum. Í stefnu sem Vísinda- og tækniráð samþykkti sl. vor er m.a. lögð áhersla á að byggja upp mennta- og vísindastofnanir í fremstu röð sem starfi í nánum tengslum við atvinnulífið. Íslenskir háskólanemar hafa aldrei verið fleiri, framlög til háskólamála hafa aldrei verið hærri og námsframboðið aldrei fjölbreyttara. Háskólarnir hafa sett markið hátt, með Háskóla Íslands í broddi fylkingar, og þar er metnaður mikill.

Heildarendurskoðun á starfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum stendur nú yfir og samhliða því er unnið að samningu lagafrumvarps um námsgögn sem ætlað er að efla námsgagnagerð og auka fjölbreytni þeirra. Unnið er að endurskoðun á uppbyggingu kennaramenntunar og stefnt að því að taka upp nýtt skipulag kennaramenntunar á árinu 2007 þegar 100 ár verða liðin frá því að lög um fræðsluskyldu á Íslandi voru sett.

Í upphafi þings verður lagt fram á ný frumvarp um fjölmiðla og frumvarp um Ríkisútvarpið ásamt drögum að samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem marka stefnu Ríkisútvarpsins og afmarka hlutverk stofnunarinnar á samkeppnismarkaði. Hinar miklu breytingar sem orðið hafa á fjölmiðlamarkaði bæði hér á landi og erlendis gera brýnt að marka ríkisfjölmiðlum stefnu til framtíðar.

Eftir því sem tækninni fleygir fram eru góð og trygg fjarskipti sífellt mikilvægari, ekki síst á sviði öryggis- og björgunarmála. Stjórnvöld hafa á undanförnum árum unnið markvisst að því að treysta innviði fjarskiptakerfisins. Sala Símans og stofnun fjarskiptasjóðs hefur tryggt áframhaldandi uppbyggingu fjarskiptakerfa. Fyrsta útboð á vegum fjarskiptasjóðs er farið af stað og snýr að uppbyggingu GSM-sambanda á hringveginum, fjallvegum og ýmsum stofnleiðum. Í kjölfarið verður útboð á uppbyggingu háhraðatenginga og dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött.

Við brottför varnarliðsins færist skipulag og framkvæmd björgunarmála alfarið á hendur okkar Íslendinga. Landhelgisgæslan tekur að sér aukin verkefni og því þarf að stórauka tækjakost hennar. Gengið hefur verið frá leigu á þremur þyrlum til leitar og björgunar og koma tvær þeirra til landsins í þessum mánuði og sú þriðja næsta vor. Þá er nýtt varðskip og ný flugvél fyrir Gæsluna í útboðsferli. Við fyrirhugaða endurskoðun laga um almannavarnir verður tekið mið af breyttum aðstæðum í öryggismálum eftir brottför varnarliðsins. Með nýjum lögum um stækkun lögregluumdæma verða lögreglulið á höfuðborgarsvæðinu sameinuð í eitt og sama gildir um lögreglulið á Suðurnesjum. Áfram verður unnið að framkvæmd áætlunar um endurnýjun og uppbyggingu fangelsa.

Atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgara hefur aukist mjög hér á landi. Flestir þeirra eru komnir til dvalar í skamman tíma og hverfa aftur til síns heima þegar verkefnum sem þeir vinna að lýkur. En margir flengjast hér og hafa til þess sama rétt og við Íslendingar höfum á hinu Evrópska efnahagssvæði. Við eigum að taka vel á móti þessu fólki og gera því kleift að aðlagast íslensku samfélagi. Nýstofnað innflytjendaráð vinnur að heildarstefnumótun í málaflokknum fyrir stjórnvöld þar sem áhersla er lögð á gott skipulag á skólagöngu barnanna og íslenskukennslu fyrir hina fullorðnu ásamt haldgóðum upplýsingum um rétt og skyldur fólksins í íslensku samfélagi.

Meiri friður ríkir nú um fiskveiðistjórnarmálin en oft áður. Þær efnahagslegu aðstæður sem nú ríkja eru sjávarútveginum hagstæðar og gefa fyrirtækjunum færi á að eflast og bæta kjör þeirra sem í greininni starfa. Réttur okkar til sjálfbærrar auðlindanýtingar innan fiskveiðilögsögunnar er ótvíræður og frumkvæði íslenskra stjórnvalda í baráttu gegn ólöglegum veiðum á nytjastofnum í nágrenni við Ísland hefur vakið athygli víða um heim og borið sýnilegan árangur.

Ríkisstjórnin mun sem fyrr leggja áherslu á umhverfisvernd. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er stærsta verkefni í náttúruvernd hér á landi til þessa. Þjóðgarðurinn, sem verður hinn stærsti í Evrópu, mun ekki aðeins leggja grunn að verndun einstakrar náttúru þessa landsvæðis, heldur skapa nýja möguleika í ferðaþjónustu í nágrenni þjóðgarðsins og á þann hátt styrkja byggð á öllu jaðarsvæði hans.

Þekking og vöktun á náttúru landsins er forsenda sjálfbærrar og skynsamlegrar nýtingar á mikilvægum náttúruauðlindum. Ísland nýtur mikillar sérstöðu vegna sinna endurnýtanlegu orkulinda og hefur hlotið viðurkenningar frá alþjóðlegum samtökum fyrir framtak í loftslagsmálum, fyrir nýtingu endurnýjanlegrar orku, bindingu kolefnis með skógrækt og landgræðslu og framtak í vetnismálum.

Frú forseti. Ég vil fagna þeim áfanga sem náðst hefur í málefnum aldraðra og birtist í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara nú í sumar um aðbúnað og afkomu ellilífeyrisþega. Í tillögunum, sem koma til framkvæmda næstu fjögur árin, er meðal annars gert ráð fyrir verulegri hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga og einföldun bótakerfisins með fækkun og sameiningu bótaflokka. Jafnframt er áformað að draga úr skerðingu bóta vegna tekna maka sem og vegna annarra tekna bótaþega. Enn fremur verður heimaþjónusta stóraukin og aukið fjármagn lagt til framkvæmda og reksturs til að stytta biðlista eftir hjúkrunarrými. Heildarkostnaður við þessar aðgerðir er metinn á tæplega 12 milljarða króna þannig að hér er um verulegar fjárhæðir að ræða til þess að bæta kjör ellilífeyrisþega og öryrkja.

Málefni öryrkja eru jafnframt til umfjöllunar í nefnd á vegum forsætisráðherra þar sem meðal annars er fjallað um leiðir til þess að gera öryrkjum kleift að nýta starfsgetu sína sem mest. Hér er sérstaklega horft til eflingar starfsendurhæfingar og aðgerða sem hvetja öryrkja til að fara út á vinnumarkaðinn. Starf þeirrar nefndar er á lokastigi.

Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að byggja heilbrigðisþjónustu í landinu á samfélagslegri þjónustu sem greidd er úr opinberum sjóðum, en jafnframt talið eðlilegt að semja við aðra aðila um að veita heilbrigðisþjónustu á tilteknum sviðum eftir því sem tilefni er til og hagkvæmt þykir. Stefnt er að því að leggja fram á þessu löggjafarþingi frumvarp til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu þar sem mælt er með skýrum hætti fyrir um grunnskipulag hins opinbera heilbrigðisþjónustukerfis um leið og heimildir heilbrigðisyfirvalda til að fela öðrum aðilum með samningum að annast heilbrigðisþjónustu eru styrktar.

Hæstv. forseti. Eftir fáa mánuði lýkur framkvæmdum við Kárahnjúka og álverið nýja á Reyðarfirði mun hefja starfsemi með þeim fjölda hátæknistarfa sem þar skapast. Þótt þessar framkvæmdir hafi verið umdeildar er í mínum huga ekki vafi á að þær eiga eftir að skila miklum ávinningi inn í þjóðarbúið allt. Sú spurning sem við Íslendingar þurfum að svara á næstunni er hvernig við viljum standa að nýtingu orkuauðlindanna í framtíðinni. Í mínum huga er sjálfsagt að þjóðin hagnýti sér auðlindir sínar en það verður að gera af fullri virðingu við náttúruna og umhverfið. Það er bæði hægt að nýta og njóta í þessum efnum og það er mikilvægt að skapa sátt um slíka stefnu.

Við Íslendingar erum lánsöm þjóð sem hefur brotist úr örbirgð til ríkidæmis á undraskömmum tíma. Við höfum borið gæfu til þess að nýta þau tækifæri sem hafa boðist og skapa ný sem hafa skilað okkur sífellt aukinni velsæld.

Það er mikilvægt að halda áfram á þessari braut aukinna framfara og vaxandi velmegunar. Höfum hugfast að þjóðin er sinnar eigin gæfu smiður. Það er undir okkur sjálfum komið að nýta tækifærin til að byggja áfram farsælt og gæfuríkt þjóðfélag. Það er markmið þeirrar ríkisstjórnar sem ég veiti nú forustu að gera það sem í hennar valdi stendur til að hagur þjóðarinnar allrar megi halda áfram að batna og dafna.

Við þetta tækifæri fyrir ári gerði ég að umtalsefni að við alþingismenn ættum allir það sameiginlega markmið að gera okkar góða land enn betra. Það mun áreiðanlega koma vel í ljós á þeim kosningavetri sem nú fer í hönd. En höfum hugfast að góður ásetningur er ekki nægilegur, það er ekki nóg að vilja vel ef ekki eru farnar réttar leiðir að markinu. Þá er hætta á að markinu verði seint eða aldrei náð.

Ég býð þingmenn velkomna til þingstarfa á ný og óska þess að störf þingsins í vetur verði þjóðinni til heilla og að baráttan í aðdraganda komandi þingkosninga verði drengileg í hvívetna. — Góðar stundir.

[20:14]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Gott kvöld, góðir áhorfendur. Gott kvöld, ágætu þingmenn.

Það er ánægjulegt að vera komin hingað aftur til þings eftir nokkuð langt hlé sem átti sér líka heldur brattan aðdraganda í vor þegar ríkisstjórnin gat ekki lengur af sér borið hér í þinginu, sendi þingið heim svo hún gæti sjálf farið að lina sínar þjáningar og vanlíðan ýmissa ráðherra í ríkisstjórninni. Það er ánægjulegt að vera komin hingað aftur og takast á við þau verkefni sem bíða okkar í vetur.

Það er líka ánægjulegt að stjórnarandstaðan mætir nú til þings samstillt og kröftug, stjórnarandstaðan er einhuga í því að takast á við þjáningar ríkisstjórnarinnar, veita henni líkn frá þraut og skipta um ríkisstjórn eftir kosningar í vor.

Það er líka ánægjulegt að koma hér til þings núna í haust þegar gamlir draugar eru ekki lengur á sviðinu, hafa verið kveðnir niður eftir að hafa tekið allt of mikið rými í íslenskri þjóðmálaumræðu á undanförnum árum og áratugum. Þarna er ég að sjálfsögðu að vísa til hermálsins. Ég er að vísa til þess deilumáls sem hefur sett svip sinn á allt þjóðlífið í 55 ár og vonandi berum við gæfu til þess að takast á við þetta mál núna með nýjum hætti, grafa stríðsöxina sem hefur verið allt of áberandi í umræðunni á undanförnum 55 árum. Þetta hefur verið sársaukafullt deilumál og svikabrigsl hafa verið höfð uppi í áratugi vegna málsins.

Forseti okkar nefndi það í þinginu í gær að það væri viss hætta á því að nýtt mál yrði deilumál sem mundi skipta þjóðinni í andstæðar fylkingar á komandi árum, umhverfismálin og náttúruverndarmálin, og í því máli er viss hætta á að uppi verði svipuð svikabrigsl, svipaðar deilur og hafa verið um hermálið. Það má ekki verða. Sá sem tapar ef það gerist er náttúran og íslenskt samfélag. Í því eru engir sigurvegarar, það eru bara taparar. Samfylkingin hefur fyrir sitt leyti tekist á við þetta mál í sumar og hún mætti til leiks í haust með stefnu sem hún kynnti undir yfirskriftinni Fagra

Ísland — vissulega stórt nafn en málið er líka mikils um vert.

Með þessari stefnumótun um hið fagra Ísland hefur Samfylkingin tekið þá skýru stefnu að sú stóriðjustefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt á umliðnum árum og boðar á komandi kjörtímabili eigi ekkert erindi við framtíðina. Hún á ekkert erindi við framtíðina, nú er tímabært að stokka upp spilin, gefa upp á nýtt og gefa náttúrunni betri spil á hendi en hún hefur haft hingað til. Samfylkingin mun fylgja þessu máli fast eftir, þetta verður veganesti hennar inn í nýja ríkisstjórn.

En hvernig mætir ríkisstjórnin til leiks? Ríkisstjórnin mætir tómhent. Hún mætir tómhent, hún kemur að vísu með óleyst verkefni frá því í vor, gamla kunningja sem við ætlum að fara að takast á við hér í upphafi þingsins. Fjölmiðlamálið, byggðamálin og önnur slík mál. Hún hefur að vísu leyst eitt verkefni í sumar, það voru stólaskiptin. Það var verkefni sem ríkisstjórnin leysti í sumar. En að öðru leyti kemur hún eins og hún var í vor, þrotin að kröftum. Það er auðvitað ekkert sérkennilegt. Þessi ríkisstjórn hefur setið í 12 ár og sá sem ekki hefur komið því í verk á 12 árum sem hann ætlar sér hefur ekkert með það að gera að sitja lengur.

Í ræðu hæstv. forsætisráðherra áðan var aldrei minnst á orðið framtíð. Það kom aldrei fyrir og það er kannski ekkert sérkennilegt því þessi ríkisstjórn á ekki framtíð fyrir sér. Hún er auðvitað ekki alslæm og hún hefur ýmislegt gert sem hefur fært hluti til betri vegar, eðlilega. Engum er alls varnað. En hún hefur ekki staðið vörð um gildin í íslensku samfélagi. Hún hefur gefið markaðslögmálunum lausan tauminn en hún hefur ekki staðið vörð um gildin í íslensku samfélagi.

Þegar við förum á erlendan vettvang svörum við þeirri spurningu oft: Hvað er það að vera Íslendingur? Hvernig er sjálfsmynd Íslendinga, í hverju felst hún? Hún felst í því að vera hluti af litlu samfélagi þar sem fólk deilir kjörum hvert með öðru, örlögum og kjörum og er jafnvel talað um íslenskt samfélag sem stéttlaust samfélag. Við getum ekki talað þannig lengur. Við höfum líka talað um það að við lifum í samfélagi hreinleika, samfélagi þar sem ekki er mengun, samfélagi náttúruverðmæta, samfélagi þar sem við stöndum vörð um víðernin. Við getum ekki talað þannig heldur lengur. Við höfum líka talað um það á alþjóðavettvangi að við búum í samfélagi þar sem þjóðin hefur aldrei farið með vopn eða ófrið á hendur annarri þjóð. Við getum ekki heldur talað þannig lengur vegna þess að við berum siðferðilega ábyrgð á þeim hernaði sem núna stendur yfir í Írak. Styrkur þjóðarinnar og sjálfsmynd hefur beðið hnekki vegna aðgerða þessarar ríkisstjórnar. Það er sama hvort litið er til hugmynda okkar um jöfnuð sem ekki eru við lýði lengur, hugmynda okkar um hina herlausu þjóð, hina vopnlausu þjóð sem ekki fer með ófriði, sem ekki stenst lengur eða hugmynda okkar um mikilvægi íslenskrar náttúru sem hefur beðið mikinn hnekki á alþjóðavettvangi líka.

Galdurinn á bak við íslenskt samfélag er þessi hugmynd okkar um að við skiptum öll máli. Það er galdurinn að við höfum öll verk að vinna. Það sem við höfum lært í túninu heima er að okkur standi allar dyr opnar, að við eigum öll erindi hvert með sínum hætti. Þetta er galdurinn á bak við hina íslensku athafnamenn. Þeir hafa lært þetta í túninu heima rétt eins og við hin. Þeir fara utan með þá hugmynd að þeim standi allar dyr opnar. Þeir eru fóstraðir í samfélagi sem byggir á jöfnuði, sem byggir á því að allir skipti máli. En við getum ekki lengur talað um samfélag jafnaðar á Íslandi. Það hafa komið fram óyggjandi staðreyndir um það að ójöfnuður hafi farið vaxandi á Íslandi. Þetta eru ekki bara tölur á blaði. Á bak við þessar tölur standa einstaklingar og samfélag. Vegna vaxandi ójafnaðar í íslensku samfélagi fá börn ekki þau tækifæri sem þeim ber. Vegna vaxandi ójafnaðar í íslensku samfélagi hafa afbrot farið vaxandi.

Ójöfnuður hefur líka áhrif á heilsufar. Ójöfnuður hefur áhrif á félagslega hegðun. Ójöfnuður hefur áhrif á vímuefnanotkun. Því skiptir þetta okkur öll máli. En ríkisstjórnin hefur engin áform um að takast á við ójöfnuðinn í íslensku samfélagi. Ríkisstjórnin hefur nefnilega lokið verkefni sínu. Og forsætisráðherra sem talar ekkert um það sem betur má fara, forsætisráðherra sem talar ekkert um framtíðina, það brennur ekki á þeim forsætisráðherra að vinna að umbótaverkefnum fyrir íslenskt samfélag. Hann hungrar ekki eftir breytingum. Hann er saddur, hann er fullmettur fyrir minn smekk. Ríkisstjórnin hefur lokið verkefni sínu, ríkisstjórnin á ekki framtíðina fyrir sér. Hér þarf að koma ný ríkisstjórn eftir næstu kosningar. Sú ríkisstjórn verður að takast á við ójöfnuðinn í íslensku samfélagi og við höfum bent á það í stjórnarandstöðunni hvernig takast þarf á við lífeyrismálin.

Við þurfum líka að skoða vaxtabæturnar sem leggjast þungt á barnafjölskyldur og fjölskyldur sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið. Við þurfum líka að takast á við barnabæturnar vegna þess að framfærslubyrði barnafólks, m.a. vegna kostnaðar við skólahald, er veruleg. Matarkostnaðurinn er líka mál sem við á þinginu þurfum að takast á við og Samfylkingin hefur sett fram skýrar hugmyndir um hvernig eigi að takast á við matarkostnað heimilanna. Tillögur Samfylkingarinnar í matarmálum munu hugsanlega verða til þess að ríkisstjórnin tekur sig nú loksins á eftir 11 ár í ríkisstjórn, eftir þrjár skýrslur um matarkostnaðinn og sjálfsagt álíka margar nefndir, og kemur nú fram með hugmyndir um hvernig ná megi niður matvælakostnaði heimilanna. Matvælakostnaður heimilanna skiptir ekki bara hverja og eina fjölskyldu máli heldur líka samkeppnishæfni íslensks samfélags. Í gær var haldinn fundur um samkeppnishæfnina og þar kemur fram að vöruverðið á Íslandi dregur úr samkeppnishæfni íslensks samfélags og stefna Íslands í landbúnaðarmálum hefur líka veruleg áhrif á samkeppnishæfni íslensks samfélags. Hvar stendur Ísland í þeim samanburði? Þarna voru borin saman 123 lönd. Og hvar var Ísland í röðinni þegar kom að landbúnaðarstefnunni? Við vorum í 99. sæti vegna þeirrar stefnu sem hér hefur verið höfð uppi í landbúnaðarmálum og hefur haft í för með sér verri kjör fyrir bændur, hátt vöruverð fyrir neytendur og flutning úr sveitum landsins yfir í þéttbýlið. Bændur hafa verið í kæfandi faðmlagi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og tímabært að bændur losi sig úr því faðmlagi og atvinnufrelsi verði innleitt í landbúnaði eins og öðrum greinum.

Virðulegur forseti. Við þurfum nýja ríkisstjórn sem tekst á við hagstjórnina. Við þurfum nýja ríkisstjórn sem innleiðir stöðugleika í íslensku hagkerfi og treystir undirstöður íslensks atvinnulífs. Við þurfum ríkisstjórn sem fjárfestir í

menntun og mannauði því það er fólkið sem skapar verðmætin en ekki stjórnmálamennirnir sem koma heim í héruð og reyna að skaffa fólki atvinnutækifæri sem það er fullfært um sjálft ef það nýtur menntunar og fær tækifæri til þess. Við þurfum að móta stefnu í menntamálum sem gengur út frá því að allir geti lært, að allir skuli fá hlutdeild í menntun sem lífsgæðum. Við þurfum að takast á við heilbrigðiskerfið sem þróast stjórnlaust núna í allar áttir og við þurfum að takast á við auðlindirnar og náttúruverndarmálin þar sem ríkir fullkomin óreiða. Við þurfum að nútímavæða Stjórnarráðið og við þurfum að efla lýðræðið í íslensku samfélagi.

Fólkið sem gekk með Ómari niður Laugaveginn var ekki bara að mótmæla því sem er að gerast fyrir austan. Það fólk var líka að mótmæla þeirri hentistefnu, þeim skorti á lýðræði, þeim skorti á gegnsæjum vinnubrögðum sem einkennir stjórnarstefnuna. Við þurfum nýja ríkisstjórn, við þurfum ríkisstjórn frjálslyndis og jafnaðar. Við þurfum ríkisstjórn sem þorir að setja mál á dagskrá, sem þorir að leggja við hlustir, sem leggur áherslu á að rækta sérstöðu og styrk íslenskrar þjóðar. Í þannig ríkisstjórn viljum við samfylkingarmenn vera. — Góðar stundir.

[20:27]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti Alþingis. Góðir landsmenn. Núverandi ríkisstjórn er eins og fyrri ríkisstjórnir í þessu stjórnarsamstarfi ríkisstjórn nýsköpunar, frjálslyndis og alhliða framfara. Ríkisstjórnin stefnir að bættum lífskjörum alls almennings og vaxandi velmegun í sterku og kröftugu efnahagskerfi, menningarlífi og þjóðlífi í öllum byggðum landsins. Samstarfsflokkarnir í ríkisstjórninni hafa staðið fyrir róttækum umbótum og nýsköpun í samfélaginu og þetta starf hefur skilað miklu til þjóðarinnar. Árangurinn má t.d. sjá af mikilli fjölgun starfa í útrás, hátækni og nýsköpun.

Alþingi kemur nú saman til funda þegar ljóst er að nýlegar aðgerðir stjórnvalda eru byrjaðar að skila árangri. Þessar aðgerðir stefna að því að hægja á og auka stöðugleika og efnahagslegt jafnvægi á næstu mánuðum. Ríkisstjórnin stendur á styrkum og stöðugum grunni þeirra miklu framfara og umbóta sem hún hefur staðið fyrir og mótað hafa algerlega nýtt umhverfi í efnahags- og viðskiptamálum og í lífskjörum, atvinnu- og menningarlífi í landinu. Alhliða árangur Íslendinga á síðustu árum hefur vakið verðskuldaða athygli erlendis.

Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, á verulegan hlut að þessu öllu. Árum saman hefur hann barist fyrir mikilvægum framfaramálum sem skilað hafa öllum almenningi miklum árangri. Nú er stund til að þakka Halldóri allt hans mikla og glæsilega starf fyrir íslensku þjóðina.

Það er ævinlega svo að róttækar breytingar kalla fram ný, jafnvel áður óþekkt viðfangsefni sem þarf að leysa. Árangur á einu sviði getur raskað aðstæðum í öðrum málaflokki og þá þarf að bregðast við því. Auðvitað á þetta við um þær miklu samfélagsbreytingar sem orðið hafa á landi hér á síðari árum. Þjóðin hefur jafnvel séð dæmi þess að reynt sé að nota mikilvæg umbótamál sem hömlulausa sérhyggju.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins á síðasta sumri bera vitni um sanngirni og umbótastefnu ríkisstjórnarinnar. Samkomulag sem gert var við Samtök aldraðra og lífeyrisþega ber að sama brunni. Nú er unnið að marktækum áfanga varðandi verðlag á matvörum öllum almenningi til hagsbóta. Að því máli eiga bændur landsins og afurðastöðvarnar mikilvægan þátt öðrum til fyrirmyndar. Aðgerðirnar miða að sameiginlegum hag allrar þjóðarinnar.

Nú verða einnig kaflaskil í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar með nýju samkomulagi við Bandaríkjamenn. Við göngum nú til móts við nýja tíma á þessu mikilsverða sviði. Ákvarðanir um varnarmál og alþjóðleg verkefni ber jafnan að móta eftir vandaðasta undirbúning og trúnaðarsamráð í réttbærum stofnunum.

Á því þingi sem nú hefur hafið störf verður sem fyrr unnið að margháttuðum umbótum í formi löggjafar og annarra þingmála. Framsóknarmenn munu innan ríkisstjórnarinnar áfram leggja áherslu á vandaða umbótavinnu öllum landsmönnum til heilla, t.d. í heilbrigðis- og tryggingamálum, utanríkis- og alþjóðamálum, umhverfis- og skipulagsmálum, í félagsmálum og í landbúnaðarmálum. Sama er að segja um viðskiptamál og iðnaðar- og orkumál. Nýsköpun á þessum sviðum er forsenda framfara í verðmætasköpun, í ráðstöfun verðmætanna og í mótun lífskjaranna.

Nú er fram undan mótun stefnu og ákvarðanaferlis fyrir framtíðina á sviði orkunýtingar og náttúruverndar í landinu. Þetta verkefni snertir alla en er leitt af iðnaðarráðherra að því er lýtur að atvinnuþróuninni. Íslendingar vilja stefna að þjóðarsátt um þessi mikilvægu mál eftir því sem slíkt verður unnt. Einkum þarf að halda áfram því starfi sem þegar er hafið að undirbúningi fyrir samfellda heildaráætlun til framtíðar um nýtingu og vernd auðlindanna. Meginstefnan verður áfram sú sama að ráðdeild og aðgát, varúð og virðing ráði ferðinni.

Stjórnsýslu á sviði orkumála var breytt fyrir nokkrum árum þegar fyrstu skref í mótun raforkumarkaðar voru stigin og síðan var sú stefna mótuð að öll fyrirtæki fylgi almennum reglum í íslensku viðskiptaumhverfi.

Ríkisstjórnin hefur farið í fylkingarbrjósti í frjálslyndri umbótastefnu. Í mörgum málum hefur þurft að taka röskleg og fast á, enda þekkir þjóðin þær deilur sem oft kvikna á stjórnmálavettvangi. Þannig hefur þjóðin að undanförnu orðið vitni að ótrúlegum rangfærslum og misskilningi um undirbúning Kárahnjúkavirkjunar. Í því máli hefur ljóslega komið fram hvar átakalínurnar liggja, annars vegar frjálslynd framfarasókn með ráðdeild og virðingu fyrir landsins gæðum en hins vegar ótrúlegar úrtölur og afturhald.

Árangur ríkisstjórnarinnar er ótvíræður og því hverfa stjórnarandstæðingar í örvæntingu að því óráði að sá fræjum ótta og kvíða, efasemda og samsæriskenninga. En þessi viðleitni hittir þá aðeins sjálfa fyrir.

Samstarfið í ríkisstjórninni og milli stjórnarflokkanna er gott, málefnalegt og farsælt. Það skilar þjóðinni miklu. Þetta samstarf miðar áfram að frjálslyndri umbótastefnu sem snertir öll svið þjóðlífsins. Manngildi og sanngirni, nýsköpun og framþróun þekkingarþjóðfélagsins með vísindum og menningu eru þar í fyrirrúmi. Gerbreyttu samfélagi og efnahagslífi fylgja ný verkefni sem kalla að á hverjum tíma. Þau ber að leysa af ráðvendni og réttlætiskennd. Okk-

ur ber að miðla lífsgæðum og velferð af sanngirni til allra landsmanna.

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Upphaf þingstarfa er alltaf ný byrjun og nú hafa breytingar orðið í ríkisstjórninni. Við munum móta starfið áfram á grunni sömu meginsjónarmiða sem fyrr. Framsóknarflokkurinn er umbótaafl á miðju íslenskra stjórnmála og ber fram hófsamlega félagshyggju, þjóðhyggju og samvinnu. Erindi framsóknarmanna við íslensku þjóðina hefur alltaf verið mikilvægt en erindi framsóknarmanna við þjóðina er brýnna nú en nokkru sinni fyrr á öld opnunar og hraðfleygra breytinga, á öld alþjóðavæðingar og vaxandi samskipta og viðskipta hvers konar. Nú skiptir mjög miklu máli að ábyrgt afl á miðju stjórnmálanna hafi mikil og alhliða áhrif áfram, m.a. til að efla þjóðarvitund og þjóðarmetnað Íslendinga. Fram undan er að staðfesta árangur umbótastefnunnar til frambúðar. Staðfesta þarf langvarandi stöðugleika og varanlegt öryggi í efnahagslífi og þjóðlífi og tryggja framfarasókn og umbótastefnu. Framsóknarflokkurinn er það þjóðmálaafl sem getur tryggt þetta. Það er sögulegt verkefni framsóknarmanna að standa vörð um fenginn árangur og að stefna áfram að markmiðum um gróandi þjóðlíf á Íslandi. — Ég þakka áheyrnina.

[20:37]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Góðir landsmenn. Þeir hafa verið margir fallegir að undanförnu haustdagarnir. Ég held þó að enginn slái síðastliðinn sunnudag út. Hann rann upp sérstaklega bjartur og fagur og á þeim morgni vöknuðum við Íslendingar í fyrsta sinn í meira en hálfa öld í herlausu landi. Brottför hersins markar mikil tímamót. Það felur í sér tækifæri til að móta nýjar áherslur í utanríkis- og öryggismálum þjóðarinnar, tækifæri til að ná sáttum meðal landsmanna eftir harðvítugar deilur í meira en hálfa öld sem dvöl erlends hers í landinu hefur skapað.

Það var að vísu ekki mikill sáttatónn í Morgunblaðinu í gær sem í Staksteinum sínum svívirti allt það fólk og minningu þeirra látnu sem sameinuðust í kröfunni um herlaust land, fólk sem hafði þá afstöðu að hér skyldi ekki vera erlendur her, fólk sem vildi virða vopnleysis- og friðararfleifð þjóðarinnar. Þetta fólk, þar á meðal margir fremstu rithöfundar, ljóðskáld og skapandi og túlkandi listamenn þjóðarinnar frá síðustu öld, þetta fólk var á ábyrgð ritstjóra Morgunblaðsins Styrmis Gunnarsson, ef ekki af honum sjálfum persónulega, svo gott sem gert samábyrgt fyrir fjöldamorðum Stalíns og fleiri óhæfuverkum af því og því einu að það vildi herlaust land.

Það er auðvitað ekki mikið við því að gera þó eftirlegukindur frá versta tíma kalda stríðsins, tíma ofsóknaræðis, haturs og mannfyrirlitningar ráfi um á Morgunblaðinu með harmræna kalbletti í hjartanu. Það er verst fyrir viðkomandi, það er þeirra mál og útgefenda Morgunblaðsins.

Í nálægri höll
er náttmyrkur bruggað
sem berast skal í dögun
um byggðir þessa lands.

Skyldi sú höll sem hið góða skáld Ólafur Jóhann Sigurðsson orti um á sinni tíð hafa verið Morgunblaðshöllin?

En við sem gleðjumst yfir brottför erlends hers, við viljum horfa fram á veginn, þjóðin þarf nú að horfa fram á veginn. Allar þær ráðstafanir sem við þurfum að gera eru borgaralegs eðlis og vel viðráðanlegar. Þær fela líka í sér tækifæri, að yfirtaka rekstur Keflavíkurflugvallar og nýta flugvallarsvæðið til atvinnusköpunar, þættir sem lúta að löggæslu og landamæraeftirliti, efling björgunarstarfsemi Landhelgisgæslunnar, efldar almannavarnir, bætt starfsskilyrði björgunarsveita, öruggari fjarskipti. Allt eru þetta þættir sem við getum vel ráðist í og eigum að leysa af fullum metnaði. Sýndarmennskuhervarnir höfum við hins vegar ekkert með að gera og Ísland á á nýjan leik að taka sér óháða stöðu utan hernaðarbandalaga þannig að arfleifð vopnleysis og friðar, sem var grundvöllur fullveldisins 1918 og stofnunar lýðveldisins 1944, verði í heiðri höfð á nýjan leik.

Ýmsar fullyrðingar forsætisráðherra í ræðu sinni um þetta mál koma mér hins vegar spánskt fyrir sjónir. Þannig segir t.d. hæstv. forsætisráðherra hér á fyrstu blaðsíðu, með leyfi, að óhætt sé að segja að ákvörðun Bandaríkjamanna um að loka varnarstöðinni hafi komið á óvart. Bíddu nú við, hæstv. forsætisráðherra, hvar hefur þú alið manninn? Kom það einhverjum á óvart allt í einu að Bandaríkjamenn vildu fara? Sömuleiðis segir forsætisráðherra að að hans mati hafi samkomulagið sem tókst um málið í heild verið gott og Íslendingum hagstætt, og rökstuðningurinn er m.a. sá að hér sé engin bráðamengun og við getum þrifið upp eftir Kanann svona eftir því sem okkur henti eða þegar okkur henti.

Ég vara við þessum hugsunarhætti. Það að Bandaríkjamenn skuli hverfa héðan á brott leystir undan því að bera fulla og óskipta ábyrgð á menguninni er langalvarlegasti veikleiki þessa samkomulags fyrir utan kannski það hvernig Bandaríkjamönnum líðst að koma fram við sína starfsmenn.

En eitt þurfum við að gera áður en við getum lokið til fulls þessum óskemmtilega kafla okkar sögu, kafla hersetunnar, kaldastríðstímanum. Það þarf að leggja öll spil á borðið og gera upp þær stórfelldu persónulegu og pólitísku njósnir sem virðast hafa verið stundaðar hér af tilteknum aðilum. Fólk sem ekkert hafði til saka unnið og aldrei nokkur óþjóðhollur hlutur hafði sannast á virðist hafa mátt sæta því vegna skoðana sinna og hugsjóna að um það var njósnað, friðhelgi einkalífs þess var rofin, það galt skoðana sinna á vinnumarkaði og upplýsingum um einkahagi þess og skoðanir var komið í hendur óviðkomandi aðila. Símhleranir, leynileg upplýsingasöfnun, leyniþjónustustarfsemi sem Sjálfstæðisflokkurinn stundaði í nánu samstarfi við erlent stórveldi og óvíst er í hve ríkum mæli hinir hersetuflokkarnir, Alþýðuflokkurinn sálugi og Framsóknarflokkurinn, stunduðu, þetta er auðvitað ekkert annað en stórfellt hneyksli. Þetta er áfall fyrir réttarríkið á Íslandi. Þetta er sams konar hneyksli og símhleranirnar í Noregi sem norski krataflokkurinn var rammflæktur í þóttu í því landi. Þetta mál verður að gera upp. Við verðum að hreinsa út þetta sársaukafulla tímabil í okkar sögu og við getum aðeins gert það á þann hátt sem þjóðir sem þannig stendur á um gera, eins og gert var í Noregi undir forustu norska Stórþingsins,

eins og gert var upp við aðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku með sannleiksnefnd Mandela.

Ég kvíði ekki því uppgjöri. Þau merkilegu hlutverkaskipti eru nefnilega að verða — og kannski veldur það óróleika hér og þar í bænum — að þeir sem bornir voru þungum sökum, þeir sem njósnað var um, þá er sagan að sýkna, á þá hefur aldrei sannast nokkur skapaður hlutur. En hinir eru komnir á hnén í foraðið.

Þá að öðrum málum, góðir tilheyrendur. Því miður er það staðreynd að þegar einu lýkur tekur gjarnan annað við. Það er staðreynd að þegar þessi tækifæri skapast til að sameina þjóðina á ný eftir harðvítugar deilur sem vera hersins hér hefur valdið þá eru brostnar á aðrar og ekki síður harðvítugar deilur og nú um stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Í þessu máli varðandi stóriðjustefnuna, Einar minn, er vissulega gjá milli þings og þjóðar (**EOK:** Já, Steingrímur minn.) því aðeins ein stjórnmálahreyfing, við Vinstri græn, hefur staðið heil og óskipt gegn stóriðjufárinu. Hér innan þings hefur verið við ofurefli að etja en meðal þjóðarinnar vex andstaðan við landdrekkingarstefnuna dag frá degi.

Mörgum var þungt í síðustu viku þegar vatnssöfnun hófst í Hálslón. Við Vinstri græn höfum krafist þess að því verði frestað og farið verði yfir málið á nýjan leik og nýtt óháð áhættumat verði unnið. Það er enn tími til að gera meðan aðeins vetrarrennsli er í Jöklu og það á auðvitað að gera. En það er ekki síður mikilvægt að þjóðin átti sig á því sem fram undan er og í pípunum í þessum efnum.

Þrjú ný risaverkefni í viðbót eru á teikniborðinu og undirbúin af kappi. Stækkun álversins í Straumsvík um 280 þúsund tonna framleiðslugetu á ári, álver í Helguvík með 250 þúsund tonna framleiðslugetu, álver við Húsavík með 250 þúsund tonn. Samtals 780 þúsund tonna framleiðsla í viðbót við þau 790 þúsund tonn tæp sem framleidd verða á árinu 2008 miðað við núverandi framkvæmdir. Tvöföldun sem sagt í viðbót við allt það sem nú er verið að undirbúa framleiðslu á. Gangi þetta eftir verða rúmlega 30% af allri virkjanlegri orku landsins 2008 notuð í álframleiðslu og 60% ef hin þrjú nýju verkefni bætast við á árunum fram til 2015. Fjárfestingar upp á 430 milljarða kr. á nokkrum árum. Þetta er veruleikinn, þetta er nýja ekki-stóriðjustefnan eða afturvirka stefnubreytingin sem iðnaðarráðherra og nú orðinn formaður Framsóknarflokksins — og veri hann velkominn til þings — boðaði á dögunum, sem sagt fráhvarf Framsóknarflokksins frá stóriðjustefunni þýðir 50% aukningu. Þrjú álver með tilheyrandi virkjunum í viðbót í staðinn fyrir tvö sem nú eru í byggingu. Þetta eru áformin. Þetta þurfa menn að horfast í augu við.

Skjálfandafljót, Jökulsárnar í Skagafirði, Brennisteinsfjöll, Langisjór, Torfajökull, Kerlingarfjöll, ekki einu sinni Þjórsárver eru óhult. (Gripið fram í.)

Hæstv. forsætisráðherra komst svo að orði þegar hann ræddi um efnahagsmál, hann sagði: Það var tekist á við óróa í þjóðarbúskapnum. Er nærri 10% verðbólga, er 18,7% viðskiptahalli upp á 209 milljarða kr. á þessu ári sem nú stefnir í, er það órói í efnahagsmálum? Það sem mikilvægast er þó að menn hafi í huga er að gangi öll þessi áform eftir þá mun nýtt langt þenslutímabil ganga í garð jafnvel þegar á næsta ári. Þá mun Seðlabankinn ekki treysta sér til að lækka vexti. Þá mun annað atvinnulíf þurfa að búa við þenslu, verðbólgu, viðskiptahalla og skuldasöfnun jafnvel í sjö mögur ár. Er það það sem menn vilja? Nei, þeirri stefnu höfnum við.

Góðir áheyrendur. Það er gleðiefni að stjórnarandstaðan mætir nú samhentari og einbeittari til leiks en hún hefur gert að undanförnu. Hvers vegna gerum við það? Við gerum það vegna þess að við eigum okkur eitt mjög mikilvægt sameiginlegt markmið, einn sameiginlegan ásetning og það er að fella ríkisstjórnina og það er að taka við. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Það dugar ekki, eins og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, Halldórs Ásgrímssonar og nú Geirs H. Haardes hefur gert, að lifa í einhverjum sjálfumglöðum draumaheimi eigin ímyndaðrar snilligáfu og ágætis og kenna öllum öðrum um ef eitthvað bjátar á, Seðlabankanum, viðskiptabönkunum eða jafnvel dönskum bönkum. Og talandi um þá fóstbræður, Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, þá eru það auðvitað sérkennilegar aðstæður að þeir eru nú báðir hlaupnir fyrir borð íslenskrar stjórnmálapátttöku á kjörtímabilinu. Um leið og ég þakka þeim samstarfið hlýt ég að segja að uppgjörið við arfleifð þeirra, stefnu ríkisstjórnar þeirra er eftir. Það verður því að fara fram að þeim sjálfum persónulega fjarstöddum en flokkar þeirra eru hér og samstarfsmenn þeirra eru hér og stefnan er sú sama og hana skulum við kjósa af okkur næsta vor, góðir landsmenn. — Ég þakka áheyrnina. Til hamingju Ísland, herlausa Ísland.

[20:51]

***Guðjón A. Kristjánsson:***

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Það voru merk tímamót þegar Ísland varð að nýju herlaust land. Reyndar hafa það verið ríkjandi viðhorf mikils fjölda landsmanna hvar í flokki sem er að hér ætti ekki að vera her á friðartímum. Þó að það væru aðeins svokallaðir herstöðvarandstæðingar sem mættu undir slagorðaspjöldum í Keflavík þá voru miklu fleiri landsmenn sem aldrei fóru í Keflavíkurgöngur sem voru glaðir í sinni með að landið yrði herlaust á ný. Hernaðaraðgerðastefna Bandaríkjanna undir forustu Bush gegn Írak og aðkoma tveggja síðustu forsætis- og utanríkisráðherra Íslands að þeirri hernaðaraðgerð hefur ekki aukið á vinsældir og vinskap Íslendinga í garð Bandaríkjamanna.

Ríkisstjórninni virtist koma á óvart að herinn væri á leiðinni úr landi og lét taka sig í bólinu, eins og sagt er. Hvernig mátti það vera? Var ekki Davíð Oddsson búinn að fá brottförinni frestað sem vinargreiða Bush við sig? Gleymdi hann að segja Halldóri Ásgrímssyni og Geir H. Haarde frá því að þau fyrirmæli Bush væru tímabundin meðan hann væri ráðherra? Gjald fyrir greiða, eða hvað?

Við þurfum nú að endurmeta okkar stöðu og miða við það að öryggisviðbúnaður okkar á friðartímum sé virkur til eftirlits og þá einnig viðbragða ef óvænta atburði ber að garði. Landhelgisgæslan og lögregluyfirvöld munu þurfa að auka samstarf sitt á næstu árum. Að mörgu öðru þarf að hyggja svo sem samstarfi tollgæslu og útlendingaeftirlits. Ríkisstjórnin vill byggja áfram á ákvæðum varnarsamningsins og hefur gert um það samkomulag við Bandaríkin. Við í Frjálslynda flokknum bentum á það fyrir tveimur árum að rétt væri að taka upp viðræður við nágrannaríki okk-

ar í Skandinavíu um samstarf um varnir, eftirlit og öryggismál í Norðurhöfum. Því var ekki sinnt af stjórnvöldum þá en nú er vonandi vilji til þess. Það eru ýmsar hættur sem að okkur geta steðjað samfara auknum siglingum sem þegar eru hafnar með olíu og gas úr Norðurhöfum. Þessar siglingar munu örugglega aukast mjög hratt á næstu árum enda stór markaður í Bandaríkjunum fyrir olíuvörur. Yfirtaka okkar á eignum og tækjum á Keflavíkurflugvelli var okkur nauðsyn til þess að tryggja áfram öryggi flugs að og frá landinu. Af öllum þessum þáttum mun á næstu árum aukinn kostnaður færast yfir á okkar herðar, kostnaður sem við munum þurfa að greiða af skatttekjum ríkisins. Frekari skattalækkanir nú kunna því að vera varhugaverðar og sé mögulegt að gera þar lagfæringar á til lækkunar ættu þær að okkar dómi í Frjálslynda flokknum einkum að gagnast þeim sem lægstar hafa tekjur og til að auka jöfnuð í þjóðfélaginu.

Sú forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í skattamálum á undanförnum árum að lækka mest skatta á hátekjufólk er út úr öllum takti þess að auka almenna velferð og skattastefna ríkisstjórnarinnar hefur aukið á misskiptingu lífsgæða til hagsbóta fyrir þá tekjuháu og efnameiri en vegið er að afkomumöguleikum eldri borgara og öryrkja sem og þeirra sem lægst hafa launin. Það er engin tilviljun að ASÍ skyldi þurfa að neyða ríkisstjórnina út af stefnu sinni í skattamálum og inn á sömu stefnu sem við í Frjálslynda flokknum lögðum til fyrir síðustu alþingiskosningar, að hækka persónuafsláttinn. Þannig var ríkisstjórnin knúin til þess með samtakamætti ASÍ að gera samkomulag um að hætta við tveggja prósenta lækkun flatt um næstu áramót og færa hluta þess fjár yfir í hækkun á persónuafslætti. Sú aðgerð kemur sér að sjálfsögðu betur fyrir þá lægst launuðu.

Sérkennileg er vegferð þessara ríkisstjórnarflokka síðastliðin 11 ár að vera ávallt reknir til þess nauðugir með hótunum eða málaferlum aldraðra, öryrkja og nú síðast heildarsamtaka launamanna að lagfæra kjör þeirra sem lakasta afkomu hafa. Stjórnarandstaðan hefur hins vegar mótað sér allt annan farveg í velferðarmálum með þeim tillögum sem við kynntum sameiginlega í gær, að leggja til verulega bætt kjör aldraðra, öryrkja og sjúkra á stofnunum. Stefnt er að því að þær tillögur komi sem fyrst til framkvæmda og að til framtíðar verði um afkomutryggingu að ræða sem byggi á því að þeir sem hafa aðeins grunnlífeyri og tekjutryggingu sér til framfærslu og eiga ekki aðra kosti geti framfleytt sér af þeim lágmarkstekjum. Þær tekjur dugi fyrir skilgreindum neysluútgjöldum lífeyrisþega samkvæmt úttekt á framfærsluþörf hverju sinni. Næstu ríkisstjórnar bíður það mikla verkefni að auka á ný jöfnuð og jafnrétti í þjóðfélaginu.

Verðtryggð húsnæðislán einstaklinga hækka nú verulega í hverjum mánuði vegna verðbólgunnar. Þetta sérstaka verðtryggingarfyrirkomulag okkar á Íslandi verður að taka enda. Lánastofnanir þurfa ekki að vera margtryggðar fyrir afföllum en lántakandinn ávallt þolandi með meiri álögum. Háir vextir, sem auk þess eru verðtryggðir, uppgreiðslugjöld, lántökugjöld og stimpilgjöld, allt tryggar tekjur bæði fyrir banka og ríkissjóð. Samtrygging bankanna gerir kröfur um belti, axlabönd og jafnvel pollabuxur. Þeir njóta ávallt ávöxtunar hvort sem gengið hækkar eða lækkar. Þetta er ofverndun á viðskiptum með lánsfé og á að afnema. Við í Frjálslynda flokknum leggjum til í þingmálum að verðtrygging verði felld niður sem fyrst og að í áföngum hætti ríkið að afla tekna með álagningu stimpilgjalds. Íslenskar fjölskyldur eiga það skilið að hér verði breyting á til samræmis við helstu nágrannalönd okkar. Íslensk heimili eru mjög skuldsett og á það er ekki bætandi.

Útþenslustefna í nýjum sendiráðum án aðhalds eða fækkunar annars staðar ásamt miklum fjáraustri í framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er óþarfaeyðsla að okkar mati, stefna sem var tekin í tíð Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi utanríkisráðherra og undir forsæti Davíðs Oddssonar. Vegvísar þessara manna í utanríkispólitík virðast ætla að verða þessari þjóð dýrkeyptir svo ekki sé meira sagt. Er nú ekki kominn tími til að hætta að vinna eftir stefnumótun þeirra og stöðva fjáraustur utanríkisþjónustunnar í þessa veru? Um þessa vegferð áfram er engin sátt. Um friðargæslu og þróunaraðstoð má vafalítið ná góðu samkomulagi allra flokka til framtíðar ef vilji er til þess hjá núverandi ríkisstjórn.

Ekki fer á milli mála að einhverjar arðbærustu framkvæmdir sem ríkið getur staðið að er að bæta þjóðvegakerfið í landinu. Það voru því mikil vonbrigði þegar ríkisstjórnin ákvað í lok júní síðastliðins að stöðva útboð á gerð nýrra þjóðvega á landsvæðum eins og Vestfjörðum og á norðausturhorninu þar sem finna má verstu þjóðvegi landsins og á landsvæðum þar sem heimamenn höfðu ekki orðið þenslunnar varir. Það er eðlilega búið að mótmæla þessum gerræðislegu ákvörðunum ríkisstjórnarinnar harkalega. Þær voru teknar án þess að leggja mat á þá brýnu þörf sem var og er á gerð nútímavega í stað gömlu malarveganna sem engan veginn þola nútímaþungaflutninga og umferð. Þessar vanhugsuðu aðgerðir voru óþarfar með öllu. Þenslan sem þurfti að taka á var ekki á þessum landsvæðum. Nú, þremur mánuðum síðar, er svo fallið frá þessum gjörsamlega óþörfu aðgerðum og haldið áfram með útboð á samgöngubótum. Guð láti gott á vita.

Forsætisráðherra sagði í ræðu sinni að þessar aðgerðir á þenslulausum svæðum væru nú að skila árangri og þenslan á undanhaldi. Ef þetta er rétt mat hjá forsætisráðherra, að aðgerðir sem þessar virki á aðeins þremur mánuðum gegn þenslu, þá er komin fram ný þekking á því hvernig þjóðir heims eigi að slá niður þenslu á 90 dögum. Þessi afbragðs efnahagsstjórn, „90 daga Haarde-áætlunin“, ætti fljótlega að verða meiri landkynning og verðmætari útflutningsgrein á þekkingarsviði en sjálft kvótakerfið. Það var tekið upp til verndar þorskinum og hefur orðið tilefni mjög margra ríkisgreiddra ferðalaga úr landi. Sú vara hefur verið kynnt og flutt út sem „heimsins besta fiskveiðikerfi“ en þorskunum fer því miður enn þá fækkandi.

Hvað þá með svona þriggja mánaða snilld við að draga úr þenslu með því að stöðva verk á svæðum þar sem engin þensla var en vinna áfram á fullu þar sem þenslan er sjáanleg? Vér hin sem ekki skiljum þessa snjöllu ákvörðun um 90 daga frestun þurfum nú sjálfsagt kennslu og endurhæfingu í því að reyna að skilja eitthvað í hagfræði. Þvílík tök á stjórn landsins, snjöll tök.

Að lokum skal tekið fram að um kvótakerfið á Íslandi ríkir engin sátt. Við í Frjálslynda flokknum munum leggja hiklaust í baráttu gegn óbreyttu kerfi sem veikir byggðir

landsins eins og dæmin sanna hvert af öðru, nú síðast þegar 42% af atvinnurétti Grímseyinga voru seld í dag. Skyldu þeir una við hina miklu sátt Geirs Haardes?

Góðir Íslendingar. Góðar stundir.

[21:01]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Atvinnulíf og auðlegð þjóðarinnar byggist á að nýta gæði landsins og hafsins. Við Íslendingar búum í þekkingarsamfélagi sem tekst sífellt betur að nýta auðlindir sínar með sjálfbærum hætti. Það á við um fiskstofnana, orkuauðlindirnar og nýtingu landsins til landbúnaðar og ferðaþjónustu.

Undir traustri forustu Sjálfstæðisflokksins hefur þekkingarsamfélagið vaxið með öflugri uppbyggingu háskóla og rannsóknastofnana. Þekkingarsetur á landsbyggðinni, þar sem fólk getur stundað háskólanám og rannsóknir, sem byggjast á sérstöðu hvers landsvæðis hafa vaxið og dafnað. Háskólinn á Akureyri hefur vissulega verið brautryðjandi á þessu sviði og hefur sýnt svo ekki verður um villst hversu öflugt tæki hann er til að treysta byggð í landinu.

Nýting orkuauðlinda hlýtur að verða á dagskrá um langa framtíð enda ein helsta forsenda uppbyggingar í landinu. Nú er að ljúka virkjun Jöklu með framkvæmdum við Kárahnjúka, virkjun sem ber vitni um hve öfluga og vel menntaða vísindamenn við eigum. Þeir geta hannað og byggt slíkt mannvirki. Það er afrek. Vissulega eru framkvæmdirnar umdeildar. Hins vegar virðist mér sem í umræðu undanfarinna daga sé vísvitandi varpað skugga á aðalatriði stóriðjuuppbyggingar á Austurlandi, sem er að styrkja atvinnu og mannlíf á svæðinu. Nú þegar er komið á daginn að hátæknistörf í álverinu á Reyðarfirði laða til sín vel menntað fólk. Það er ánægjulegt að verða vitni að því að ungt fólk sem áður sá ekki fram á að fá atvinnu við sitt hæfi á heimaslóðum að loknu háskólanámi er farið að snúa til baka. Mér segir svo hugur að við eigum eftir að sjá mörg dæmi um það á komandi árum að framkvæmdirnar hafi snúið vörn í sókn á Austurlandi og áhrifanna muni gæta víðar á landsbyggðinni. Fyrst og síðast hlýtur það að vera markmið okkar stjórnmálamanna að tryggja íbúum landsins sem fjölbreyttasta atvinnu og búsetumöguleika og stuðla að bæði öflugu höfuðborgarsvæði og kraftmikilli landsbyggð. Uppbygging á Austurlandi er liður í þeirri þróun.

Hæstv. forseti. Í ríkisstjórnartíð Sjálfstæðisflokksins hefur verið lögð áhersla á að nýta auðlindir landsins til atvinnuuppbyggingar. Sú stefna skilar sér í viðspyrnu í atvinnumálum fyrir landsbyggðina. Sem betur fer búa Íslendingar yfir mikilli þekkingu á nýtingu jarðhita og eru farnir að flytja þá þekkingu út. Við byggjum á þeirri þekkingu við nýtingu jarðhita á Hellisheiði og á Suðurnesjum og munum nýta hana til að virkja jarðhitasvæði á Kröflusvæðinu og Þeistareykjum. Mikil tækifæri felast í því til atvinnuuppbyggingar á Norðurlandi. Djúpborunarverkefni sem ráðist hefur verið í og kostar hundruð milljóna króna gefur okkur vonir um að minni landsvæði fari undir til að nýta megi jarðhitann. Ef verkefnið tekst vel er um að ræða margföldun á orkuöflunarmöguleikum okkar.

Sjálfbær auðlindanýting er einn af hornsteinum atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Kyrrstaða í þeim efnum væri boðun um undanhald atvinnulífs. Þrátt fyrir að okkur þyki vænt um hvern einasta fermetra lands á Íslandi og þyki sárt að nýta þá til orkuöflunar er það nú einu sinni svo að við ætlum að lifa í landinu og af því. Við erum sífellt að nýta land með einum eða öðrum hætti. Ferðaþjónusta hvers konar er dæmi um það. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er annað form landnýtingar. Þjóðgarðurinn felur í sér umhverfisvernd og náttúruvernd á gríðarlega stóru landsvæði en einnig mikil tækifæri í ferðaþjónustu. Til að þau tækifæri verði fullnýtt er grundvallaratriði að heimamenn á hverju svæði hafi fulla stjórn á rekstri og nýtingu þjóðgarðsins til atvinnuuppbyggingar.

Ekki verður skilið við umræðu um landnýtingu og auðlindir án þess að nefna hefðbundinn landbúnað sem er einn af þeim hornsteinum sem íslenskt samfélag byggist á. Það er stolt hverrar sjálfstæðrar þjóðar og í raun öryggisatriði að hún geti brauðfætt sig. Í umræðunni sem átt hefur sér stað að undanförnu um matvælaverð hefur ómaklega verið vegið að bændum og úrvinnslugreinum landbúnaðarins. (**MÁ:** Ekki af okkur.) Eitt af verkefnum okkar í vetur er að lækka matarverð eins og hæstv. forsætisráðherra nefndi. Á næstu dögum munu birtast tillögur um hvernig það verður gert. Samfylkingin hefur kynnt sínar hugmyndir sem miða að því að ganga á milli bols og höfuðs á bændum og þeim sem hafa atvinnu af því að vinna úr landbúnaðarafurðum. Allir sjá hversu ómerkilegur slíkur tillöguflutningur er og ekki til annars gerður en að ná í augnabliks pólitískan ágóða. Landsmenn sjá í gegnum slíkt.

Það er viðurkennt og kemur fram í skýrslu hagstofustjóra að víða má taka til í tolla- og vörugjaldafrumskógum sem fengið hafa að vaxa á ýmsum forsendum um áratuga skeið. (**BjörgvS:** Þeir lækka ...) Nú er lag að leggja til atlögu við þennan frumskóg með það að markmiði að vöruverð lækki (**ÖS:** Það er stefna okkar.) en samt með fullu samráði við bændur. Ólíkt Samfylkingunni mun ríkisstjórnin fara fram með raunhæfar lausnir til lækkunar vöruverðs og eins og kom fram hjá hæstv. fjármálaráðherra þegar hann kynnti fjárlagafrumvarpið í gær er borð fyrir báru.

Góðir landsmenn. Íslendingar hafa lifað af í þessu harðbýla landi í rúm ellefu hundruð ár og hafa lært að nýta þekkingu, tækni og vísindi til að breyta því í allt að því paradís. Við státum af velferðarkerfi sem margir öfunda okkur af, mannauði og verkþekkingu sem við eigum að nýta á sem fjölþættastan hátt. Við lifum á uppbyggingarskeiði með tækifærin allt í kringum okkur og gæfa okkar felst í að stjórnvöld hafi kjark til að nýta þau. — Góðar stundir.

[21:08]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Samfylkingin ætlar að lækka matarreikning heimilanna. Í dag hefur þingflokkur Samfylkingarinnar lagt fram á Alþingi tillögu sem mun lækka matarreikning fjögurra manna fjölskyldu um allt að 200 þús. kr. á ári þegar hún er að fullu komin til framkvæmda. Þetta er gífurleg lífskjarabót fyrir almenning, ekki síst barnafjölskyldur. Við leggjum til að breytingar sem tillaga okkar leiðir til verði unnar í samvinnu við hagsmunasamtök bænda og neytenda og að samráð verði haft við

bændur um fyrirkomulag áframhaldandi stuðnings við landbúnað.

Í fimm ár hefur Samfylkingin staðið fyrir umræðum og flutt tillögur á Alþingi bæði um úttektir á orsökum hins háa matarverðs og um aðgerðir til lækkunar. Ríkisstjórnin hefur ekki haft dug í sér til að taka á þessu brýna hagsmunamáli heimilanna og verði svo áfram mun Samfylkingin lækka matarverðið í næstu ríkisstjórn. Matarverð á Íslandi er 50% hærra en meðalverð matvæla í nágrannalöndunum í Evrópu. Þær skýrslur sem hafa verið unnar, m.a. að frumkvæði Samfylkingarinnar, um orsakir þessa háa verðs sýna allar að tollar, skattar og önnur opinber gjöld ráða mestu um hve matarverð er hátt. Samfylkingin leggur því til að vörugjöld á matvæli verði felld niður, tollar verði felldir niður í áföngum og virðisaukaskattur á matvæli verði samræmdur og lækkaður í 7%.

Í löndum þar sem gerðar hafa verið grundvallarbreytingar á umhverfi landbúnaðar hefur framleiðsla aukist og starfsemi blómgast í tengdum framleiðslugreinum. Það er mikilvægt að gera breytingar í góðri sátt og við leggjum því til að áður en tollar verði aflagðir skuli gerður ásættanlegur aðlögunarsamningur við bændur og samráð haft um fyrirkomulag stuðnings í framtíðinni. Aðlögunarsamningur var gerður við grænmetisframleiðendur þegar tollvernd var aflétt af gúrkum, tómötum og papriku. Sala á innlendu grænmeti jókst mjög eftir breytinguna og verð lækkaði, ekki aðeins á þessari vöru heldur líka á öðru grænmeti í kjölfarið.

Núverandi landbúnaðarkerfi er gallað og dýrt. Bændur búa við þrengri kost en þeir þyrftu og stöðugt fækkar í sveitum landsins. Verðlags- og samkeppniseftirlit þarf að efla og að fylgjast með verðmyndun til neytandans frá bóndanum sem í vissum tilvikum fær aðeins 20–40% af útsöluverði í sinn hlut. Það finnst okkur í Samfylkingunni ekki réttlátt.

Lækkun matarverðs kemur öllum til góða en sérstaklega er hún mikil kjarabót fyrir barnafjölskyldur. Peningar hafa flætt í ríkiskassann. Samt hefur dregið mjög úr stuðningi við fjölskyldur og umhverfi fjölskyldunnar er því miður orðið þyngra og erfiðara en áður. Íslendingar voru áður stoltir af því að búa í stéttlausu landi. Nú hafa fræðimenn bent á að ójöfnuður fer ekki aðeins vaxandi heldur er hann með því mesta sem gerist í Evrópu. Þetta stafar af því að ríkisstjórnin hefur verið upptekin við að lækka skatta á hæst launuðu hópana meðan skattar hafa hækkað á alla hina. Skattbyrði aldraðra, öryrkja og þeirra lægst launuðu hefur aukist í tíð þessarar ríkisstjórnar vegna kolrangra áherslna í skattamálum. Það er dapurleg staðreynd.

Góðir áheyrendur. Öflug fjölskyldupólitík er undirstaða jafnréttis. Aðall Samfylkingarinnar er sterk fjölskyldupólitík en fjölskyldupólitík er því miður af skornum skammti hjá ríkisstjórninni. Hún velur ítrekað leiðir sem koma þeim efnamestu helst til góða. Ójöfnuður eykst stöðugt og misskiptingin er meiri en nokkru sinni. Þessu ætlar Samfylkingin að breyta.

Ríkisstjórnin er komin á síðasta snúning. Þetta finna allir. Auðvitað hefur hún gert ýmislegt gott en hún hefur brugðist heimilunum í landinu. Þess vegna á að skipta henni út í vor. Það er kominn tími til að sterkur jafnaðarmannaflokkur setjist í Stjórnarráðið.

[21:13]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Góðir landsmenn. Fyrir tveimur árum samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um náttúruvernd sem nær til ársins 2008. Með náttúruverndaráætlun er lagður grundvöllur að markvissri verndun náttúru Íslands. Hún markar fyrsta skrefið í þá átt að koma á fót skipulögðu neti verndarsvæða hér á landi sem byggist annars vegar á rannsóknum og vísindalegri þekkingu á náttúru landsins og hins vegar á faglegu mati á verndargildi svæða. Síðustu tvö árin hefur verið unnið að framgangi friðlýsingar 14 svæða. Einnig hafa Guðlaugstungur og Álfgeirstungur norðan Hofsjökuls verið friðaðar sem þýðingarmikið votlendis- og rústasvæði á hálendi landsins.

Við skulum hafa það hugfast að náttúruvernd er eitt form landnýtingar. Það er mikil einföldun að ætla að við stjórnmálamenn getum nánast í hálfkæringi teiknað inn ný friðlönd og þjóðgarða á kort og tilkynnt síðan að þetta eða hitt svæðið skuli friðað, ekki ósvipað og valdamenn heimsins drógu hugsunarlítið ný landamæri inn á heimskortið í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Hvers kyns aðkoma ríkisvaldsins að landnýtingu kallar á samráð við hagsmunaaðila, viðkomandi sveitarfélög, landeigendur, íbúa og aðra þá sem kunna að hafa bein not eða ánægju af landinu og náttúru þess. Það krefst víðtæks samráðs að ná niðurstöðu sem sátt ríkir um.

Eitt þeirra svæða á náttúruverndaráætlun sem ég hyggst beita mér fyrir að verði að veruleika er friðlýsing Skerjafjarðar í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Í fjörum og grunnsævi þessa þéttbýlasta og fjölmennasta svæðis landsins er að finna fjölbreytt fuglalíf árið um kring. Hér í fordyri höfuðborgarinnar, ef svo má segja, er afar mikilvægur viðkomustaður farfugla svo sem margæsar og rauðbrystings og fleiri tegunda sem hafa alþjóðlegt verndargildi.

Vatnajökulsþjóðgarður sem oft hefur verið nefndur í þessari umræðu er jú stærsta verkefnið sem unnið er að í náttúruvernd. Undirbúningur hefur tekið langan tíma og forverar mínir í umhverfisráðuneytinu, síðast Sigríður Anna Þórðardóttir, hafa unnið ötullega að þessu máli. Náið samráð hefur verið haft við marga, ekki síst viðkomandi sveitarstjórnir og landeigendur þess lands sem er í einkaeign og áhugi er á að verði hluti þjóðgarðsins. Gert er ráð fyrir að Jökulsá á Fjöllum og áhrifasvæði eldsumbrota norðan og sunnan jökuls verði hluti þjóðgarðsins og myndi órofa landslagsheild.

Fyrir utan það meginmarkmið að leggja grunn að verndun einstakrar náttúru Vatnajökuls og umhverfis hans skapast um leið nýir möguleikar í ferðaþjónustu og byggð við þjóðgarðinn. Í samantekt Rögnvaldar Guðmundssonar ferðamálafræðings kemur fram að þjóðgarður af þessari stærðargráðu með mikið aðdráttarafl gæti skapað 4 milljarða í auknar gjaldeyristekjur. Ég hyggst nú á haustþingi mæla fyrir frumvarpi hér á hinu háa Alþingi um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Vatnsafl og jarðvarmi eru ekki einu auðlindir okkar heldur jafnframt ósnortin náttúra og víðerni landsins. Hluti

hennar er til þess fallinn að afla okkur verulegra tekna en aðrir hlutar, einstakir og viðkvæmir, eru nær einungis til þess að eiga og njóta og um þessa skiptingu þarf að nást víðtæk sátt. Það má ekki stilla þjóðinni upp í fylkingar með eða á móti. Hatrömm innbyrðis átök um náttúruvernd og auðlindanýtingu skaða okkur öll og það skaðar þjóðarsálina. Við eigum að hagnýta auðlindir okkar af fullri virðingu við umhverfi okkar og náttúru og við verðum að læra bæði að nýta og njóta.

Eitt þeirra svæða sem ágreiningur hefur ríkt um er friðlandið í Þjórsárverum og Norðlingaölduveita. Ég lét þess getið fljótlega eftir að ég tók við embætti umhverfisráðherra að nú væri svo komið í orkuöflunarmálum þjóðarinnar og viðhorfum almennings að réttast væri að láta af öllum frekari orkunýtingaráformum sem snerta þetta svæði og stækka friðlandið þannig að það nái til alls votlendis við Þjórsá og Þjórsárkvíslar. Því hef ég í samráði við sveitarfélögin Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Ásahrepp ákveðið að skipa undirbúningshóp um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og að hópurinn komi jafnframt með tillögur að nýjum friðlýsingarskilmálum fyrir þetta viðkvæma svæði. Við þurfum að vanda til stefnumótunar og áætlanagerðar um landnýtingu, samræma áætlanir á ýmsum sviðum með tilliti til skipulagsvalds og skipulagsákvarðana sveitarfélaga og útfæra stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun í skipulagi sem nær til landsins alls. Vönduð stefnumótun og skýr framtíðarsýn á að vera leiðarljós okkar inn í framtíðina. Við í Framsóknarflokknum viljum taka þátt í og hvetja landsmenn til samvinnu um þessi mál þar sem markmiðið er að horfa fram á veginn, bæta mannlíf og búsetuskilyrði í okkar einstaka landi.

[21:19]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Veturinn sem í hönd fer er mikilvægur því að hann mun skera úr um hvort pólitísk vatnaskil verði í kosningunum til Alþingis næsta vor.

Hæstv. forsætisráðherra lýsti í ræðu sinni björtum hliðum í íslensku efnahagslífi, efnahagslegum ávinningi á kjörtímabilinu, hann lýsti miklum hagvexti, eldmóði í efnahagslífinu, mikilli uppbyggingu á landsbyggðinni og auknum kaupmætti ráðstöfunartekna. Hann lýsti ástandi sem væri einsdæmi í okkar hagsögu á svo margan hátt.

Hæstv. forseti. Þetta er sú lýsing sem núverandi stjórnarflokkar munu draga upp og veifa framan í kjósendur á vori komanda. Sjáið, allt þetta er okkar verk. Það er einungis undir okkar stjórn sem við getum viðhaldið þessu efnahagsástandi, verður kveðið.

Hæstv. forseti. Ljósu hliðarnar eiga sér dökka mynd sem hæstv. forsætisráðherra lýsti ekki, mikilli þenslu, miklum erfiðleikum í velferðarþjónustunni, skuldum heimilanna, aukinni vímuefnaneyslu og fólksfækkun víða um land svo eitthvað sé nefnt.

Það eru ekki eingöngu blikur í efnahagsmálum þjóðarinnar heldur eru margar náttúruperlur í hættu ef ekki verður slakað á í kröfum um áframhaldandi stórframkvæmdir og aukinn hagvöxt.

Hæstv. forseti. Hvers vegna er okkur svo nauðsynlegt að losna við sitjandi ríkisstjórn, ríkisstjórn sem leggur arðsemisstiku á nauðsynlega grunnþjónustu og mælir allt í hagvexti? Það er vegna þess að ójöfnuður hefur aldrei verið meiri hér á landi. Meðaltal kaupmáttar segir ekkert um hagi þeirra sem setið hafa eftir, langveikra, öryrkja og aldraðra. Stjórnarandstaðan stendur saman að þingsályktunartillögu sem hefur það að markmiði að bæta kjör aldraðra. Við viljum kjarabætur sem koma tafarlaust og séu nær því markmiði að hverjum og einum sé tryggð afkoma sem taki mið af raunverulegum framfærslukostnaði, því að staða margra aldraðra er slæm bæði hvað varðar afkomu og þjónustu. Við erum rík þjóð sem hefur efni á að sjá öldruðum fyrir mannsæmandi kjörum og búsetu. Það ber okkur að gera og leiðrétting verður að koma fram í fjárlögum næsta árs. Það er einnig ljóst að skuldastaða heimilanna er mjög alvarleg. Nýleg fasteignakaup á ofurtilboði einkabankanna eiga sinn þátt í því og eru nú að koma mörgum heimilum í koll.

Hæstv. forseti. Geta bankarnir algjörlega siglt sinn sjó í þeim tilgangi að tryggja eigin arðsemi, gróða sem að hluta til byggir á fákeppni á hinum svokallaða frjálsa samkeppnismarkaði? Ég tel að á þessu sviði eins og svo mörgum sem snerta grunnþjónustu hvers samfélags sé Ísland of fámennt til að lúta óheftum markaðslögmálum. Þar að auki er víða svo dreifbýlt eða fámennt að erfitt er að halda úti dagvöruverslun, hvað þá að koma á samkeppni. Hækkandi afnotagjöld af rafmagni og síma eru smjörþefurinn af því sem koma skal með áframhaldandi stjórnarstefnu. Næst verður það heilbrigðiskerfið sem undið verður upp í einkavæðingarhnykilinn og þá verða það sjúklingarnir sem bera hærri kostnað. Þjónusta í hinum dreifðu byggðum hefur auk þess versnað undir merkjum hagræðingar og arðsemiskröfu.

Á sama degi og Síminn hélt upp á 100 ára afmæli sitt lokaði dótturfyrirtæki Símans þjónustuveri sínu á Egilsstöðum. Í nafni hagræðingar misstu fimm konur vinnuna, konur sem höfðu fengið fyrirheit um framtíðarstarf. En tímaglas einkavæðingarinnar tifar áfram í vetur og nú er það Ríkisútvarpið sem er efst á forgangslista ríkisstjórnarflokkanna.

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom hjá forseta lýðveldisins við þingsetninguna í gær. Þjóðin var klofin í andstæðar og ósættanlegar fylkingar vegna hersetunnar og nú þegar við loks erum laus undan viðjum hennar stefnir í að þjóðin klofni í fylkingar milli náttúruverndar og frekari stóriðju. Til þessa má ekki koma. Sátt næst eingöngu með sjálfbærri orkustefnu og með því að leggja til hliðar öll áform um frekari stóriðju og virkjanir henni tengdri þar til óháð áhættumat á Kárahnjúkavirkjun hefur farið fram. Að því fengnu, og ef í lagi reynist, eigum við að fresta öllum framkvæmdum þar til reynsla hefur fengist á efnahagslegan og félagslegan ávinning af rekstri álversins á Reyðarfirði og settur hefur verið rammi um þær náttúruauðlindir sem við viljum vernda til komandi kynslóða.

Hæstv. forseti. Sem íbúi á Austurlandi get ég ekki annað en lýst hryggð yfir þeim náttúruspjöllum sem nú eiga sér stað með tilkomu Hálslóns. Það er mjög erfitt að horfa á gróið land, tilkomumikla fossa, sérstakar jarðmyndanir og setlög hverfa smám saman undir aurugt jökulvatnið. Víst er að miklar framkvæmdir standa yfir á Miðausturlandi. Þeim fer nú að ljúka við Kárahnjúkastíflu og smám saman dregur úr þeim á svæðinu. Hin miklu umsvif hafa sannarlega reynt á innviði sveitarfélaganna. Hvernig fjórðungurinn mun þró-

ast á öðrum sviðum og í öðrum atvinnugreinum er óskrifað blað. En vegna þess mikla fórnarkostnaðar sem af framkvæmdunum hefur hlotist hljótum við að bera þá von í brjósti að mannlífið blómgist áfram en þann kafla sögunnar geta afkomendur okkar einir skráð. Herinn er horfinn á braut, hann ákvað það sjálfur. Jökla er horfin úr farvegi sínum, hún ákvað það ekki sjálf. Við hljótum að spyrja hvort við höfðum leyfi fyrir flutningunum.

Góðir Íslendingar. Ég óska ykkur öllum góðra stunda.

[21:25]

**Sigurjón Þórðarson:**

Gott kvöld. Góðir landsmenn. Nú höfum við hlýtt á stefnuræðu forsætisráðherrans okkar og ég verð að segja að mér finnst þessi ræða með dauflegra móti. Þetta er ein daufasta ræða sem ég hef hlýtt á síðan ég fór að fylgjast með stjórnmálum. Það lá við, kæru landsmenn, að ég væri farinn að sakna forvera hans í starfi, svo ósköp dauf var þessi ræða. Ræðan var svona álíka og útdráttur úr Morgunblaðinu og Staksteinum þar sem staðreyndum var viðstöðulaust snúið á haus, svo sem að við búum hér við meiri sátt um fiskveiðistjórnarkerfið. Það er bara alls ekki svo. Ég held að forsætisráðherra ætti að fara norður í Grímsey og spyrja Grímseyinga hvort þeir séu sáttir við það í dag að helmingur kvótans hafi verið seldur burt úr byggðarlaginu. Ég efast um að svo sé.

Ég vil segja við Arnbjörgu Sveinsdóttir, formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins: Þetta á ekkert skylt við einhvern afrakstur af þekkingarsamfélaginu, langt í frá. Þetta er hrein og klár vitleysa þar sem verið er að flytja fiskveiðiheimildir norður af landi og suður á land. Þetta er hrein og klár vitleysa og er andstætt allri þekkingu. Ég efast um að leiguliðar séu sáttir við að þurfa að borga 75% af því sem þeir vinna sér inn fyrir leigu af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, hvað þá þeir sjómenn sem eru á smábátunum og hafa ekki einu sinni kjarasamninga. Ég vil því biðja ágætan forsætisráðherra, áður en hann heldur næstu ræðu, að snúa ekki öllum staðreyndum á haus, það er lágmarkskurteisi. En þetta lýsir kannski veruleikafirringu ráðherrans.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvar eru hugsjónirnar sem hann boðaði, „báknið burt"? Ég get ekki séð annað í því fjárlagafrumvarpi sem borið er á borð hér í þingsölum en að það boði aukin ríkisútgjöld. Ríkisútgjöld hafa aukist um á annað hundrað milljarða síðan þessi ríkisstjórn tók við völdum. Það gerist nú sjaldan að niðurskurðarhnífnum sé beitt en þar sem honum er brugðið þá er það þar sem síst skyldi. Fréttir berast af því að honum hafi verið brugðið á ófaglærða starfsmenn á heilbrigðisstofnunum og dvalarheimilum sem lofað var 4% launahækkun en ríkisstjórnin, með Árna Mathiesen í fararbroddi, sá að þarna var ofaukið og tók 1% af þessu fólki sem hefur rétt rúmar 100 þús. kr. á mánuði. Þetta var of mikið, 4%, þannig að hann tók 1% af þessu fólki. Er hægt að leggjast lægra? Ég get ekki séð að það sé hægt.

Loks er annar þáttur sem ríkisstjórnin sker reglulega niður og það er til vegamála. Á milli þess sem hún sker niður koma yfirlýsingar um að það eigi að stórauka fjármagn til málaflokksins. Staðreyndin er sú að árið 1999 vörðu Íslendingar hlutfallslega meira en tvisvar sinnum hærri upphæð til vegamála en í utanríkisþjónustuna. Nú hefur dæmið hins vegar snúist við og mun meiri fjármunum er varið til utanríkisþjónustunnar en til vegamála. Þetta eru staðreyndir. Á sama tíma hefur ekki orðið sparnaður í ríkisstjórninni. Ráðherrum hefur fjölgað úr tíu í tólf og þeir streyma í stríðum straumum inn í ríkisstjórnina og út aftur. Ekki er það vegna þess að ríkisstjórnin beri hag almennings fyrir brjósti. Nei, verið er að reyna að lækna Framsóknarflokkinn, það er verið að reyna að blása lífi í flokkinn. Það var meira að segja sótt blóð í Seðlabankann, það lá reyndar við að það yrði sótt beint í S-hópinn en það brást. Síðan þegar maður ætlar að fá upplýsingar um hvað þetta allt kostar koma engin svör frá forsætisráðuneytinu þó svo að fjárframlög til ráðuneytisins séu stóraukin. Þetta er svo mikið leyndarmál og menn reyna greinilega fyrir alla muni að fela þetta. Nema það sem verra væri að ráðherrar telji að almenningi, sem borgar brúsann, komi þetta ekkert við.

Ég vil aðeins segja við þá sem enn þá kenna sig við Framsóknarflokkinn að þeir ættu nú að hugleiða hvort það sé góð leið til bata fyrir flokkinn að liggja í sjúkrarúmi Sjálfstæðisflokksins. Miklu nær væri fyrir Framsóknarflokkinn að horfast í augu við misjöfn verk fortíðar sinnar með dyggri aðstoð núverandi formanns flokksins, sem hefur verið helsti hugmyndafræðingur hans, en hann kynnti hér að hann væri fullur aðdáunar í garð fortíðar flokksins. Það væri hreinskilið og gott fyrir flokkinn ef fram færi endurmat og jafnvel rannsókn líkt og kommúnistar í Austur-Evrópu fóru fram á og gerðu þegar járntjaldið féll. Flokkurinn þarf að gera upp spillingarmál eins og sölu ríkiseigna þar sem eigur almennings enduðu ítrekað í höndum innsta kjarna flokksins. Einnig þyrfti að fara fram endurmat á afstöðu til kvótakerfisins sem er á góðri leið með að leggja hverja sjávarbyggðina á fætur annarri í rúst og það þarf að svara því hreinskilnislega hvort fráfarandi flokksforusta hafi hagnast persónulega á kerfinu á meðan það olli öllum almenningi í landinu skaða.

Frjálslyndi flokkurinn mun beita sér af alefli fyrir því að vafasöm einkavæðing verði rannsökuð algjörlega ofan í kjölinn en mörgum spurningum þar er enn ósvarað eins og þeirri hvers vegna lægsta tilboði var tekið í Landsbanka Íslands. Sömuleiðis ætti að vera íhugunarefni fyrir Framsóknarflokkinn, sem einhvern tímann kenndi sig við félags- og samvinnuhugsjón, að á valdatíma flokksins nú síðustu árin hefur hann slegið öll fyrri met í því að auka misskiptingu á Íslandi. Stefna Framsóknarflokksins hefur verið ósveigjanleg í því að seilast æ dýpra í vasa þeirra sem hafa lægstu launin og meðallaunin og aflétta skattbyrðinni af þeim sem hafa hæstu launin. Síðan hafa flokkarnir sameinast einlæglega í því að skipta þessum gæðum ójafnt út til landsmanna.

Ég vil beina orðum mínum til ungs fólks í landinu og segja við það: Ef þið viljið komast áfram á eigin verðleikum þá er vísasta leiðin að styðja Frjálslynda flokkinn.

Sjálfstæðisflokkurinn er að breytast í langdýrustu félagsmálastofnun landsmanna þar sem flokksgæðingum, vinum og jafnvel frændum er úthlutað verkefnum og störfum, jafnvel í Hæstarétti.

Það sem vekur mér ákveðinn ugg nú er að forsætisráðherra virðist ekki gera sér nokkra grein fyrir þeim blikum sem eru á lofti í efnahagslífinu, hann virðist álíka granda-

laus þar og gagnvart varnarmálunum. Þau komu honum algjörlega í opna skjöldu. Og ekki virðast stjórnvöld hafa nokkrar áhyggjur af því að þjóðarbúið sanki að sér skuldum og stríði við gríðarlegan viðskiptahalla. Heimilin og fyrirtækin hafa aldrei verið skuldugri. Forsætisráðherra víkur lítillega að þessum vanda og kallar þetta óróa en ég er viss um að þessi órói hvílir mjög þungt á skuldsettum heimilum landsmanna.

Við í Frjálslynda flokknum höfum áhyggjur af þessu og viljum að tekið verði á þessu og að menn hugsi fyrir þessu. Það er ekki hægt að bjóða skuldsettum heimilum upp á 23% vexti, verðtryggða fasta vexti sem eru þeir hæstu í landinu, og tala eins og að allt leiki í lyndi.

Ég sé að tíma mínum er lokið. Ég þakka kærlega fyrir og vonast til þess að forsætisráðherra horfist í augu við þann vanda sem við er að etja í þjóðlífinu en líti ekki stöðugt undan.

[21:34]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Góðir landsmenn. Það eru ávallt tíðindi þegar nýr forsætisráðherra flytur stefnuræðu. Stefnuræða forsætisráðherra bar tón trausts og bjartsýni og það var ástæða til. Rannveig Guðmundsdóttir sagði áðan að ríkisstjórnin hefði brugðist heimilunum í landinu. Staðreyndirnar segja að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi hækkað um 60% á 10 árum, verðbólga verði komin niður í 2,5% á miðju næsta ári, atvinnuleysi er nánast ekki neitt. Efnahagur ríkisins er sterkur. Eins og fram kom í ræðu forsætisráðherra gefur það svigrúm til að bæta hag aldraðra og öryrkja, lækka matarverð og skatta, styrkja heilbrigðisþjónustu og efla háskólasamfélagið og veita meira fé til vegamála en nokkru sinni fyrr.

Ég tók eftir því hversu ríka áherslu, frú forseti, formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, lagði á það að við Íslendingar myndum nú fara í hár saman út af því hvernig við vildum nýta okkar náttúruauðlindir og líkti því við hin hörðu átök sem urðu um varnarmálin á sínum tíma og í sama streng tók formaður Vinstri grænna, Steingrímur J. Sigfússon. Ég hygg að þau bæði hafi dregið taum utanríkisstefnu Sovétríkjanna á 9. áratugnum á þeim tíma sem Sovétblokkin setti í viku hverri upp eina eldflaug með þrem kjarnaoddum og beindi að löndum Vestur-Evrópu, á þeim tíma sem skipulögð var árás á Borgundarhólm. Þau skjöl fundust í Austur-Þýskalandi og var gert ráð fyrir að sprengja þar kjarnorkusprengju í því litla landi. (Gripið fram í.) Þetta er rétt.

Ég hygg að það sé kominn tími til að rifja upp hver var afstaða manna á hverjum tíma, hvaða peningar runnu að utan til íslenskra stjórnmálaflokka og hvar samgönguráðherra vinstri stjórnarinnar var á árunum 1988–1991 þegar samið var við varnarliðið um að leggja ljósleiðara um Ísland. Hvar skyldi hann hafa verið, Steingrímur J. Sigfússon, þegar það var gert? Þess vegna tek ég undir með honum. Ég vil fá öll spil á borðið.

Ég vil segja um náttúruvernd og náttúru landsins og fólkið að auðvitað viljum við Íslendingar, og höfum alla tíð viljað, vernda náttúru okkar. Við höfum viljað búa með náttúrunni, við höfum viljað nýta auðlindir hennar. Á sínum tíma var mikil andstaða og mikil barátta gegn Búrfellsvirkjun eins og við munum. Hún malar nú gull fyrir okkur. En hvernig var ástandið á Austurlandi þegar menn samþykktu hér og í borgarstjórn Reykjavíkur að fara í Kárahnjúkastíflu og það álver? Síðustu áratugina á undan hafði fækkað um 1.200 manns á Austurlandi. Það er fleira fólk en býr á Eskifirði, það er helmingi fleira fólk en nú býr á Reyðarfirði og var nema von að við hefðum áhyggjur stjórnmálamenn sem hugsuðum eins og Lúðvík Jósepsson að atvinna fyrir fólkið skipti máli. Hugsuðum eins og Smári Geirsson að atvinna fyrir fólk skipti máli. En sú Samfylking sem nú er til hugsar ekki um atvinnu fólksins, hún hugsar ekki um að búa til störf.

Samfylkingin er á báðum áttum.
Hvað segja vill hún veit ég ei
en Vinstri grænir segja nei.

[21:39]

**Kristján L. Möller:**

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra gumar af lækkun skatta og skuldlausum ríkissjóði. Lækkun skatta er öfugmæli vegna þess að skattbyrði almennings hefur aukist síðustu tíu ár. Það kemur auðvitað til vegna rýrnunar skattleysismarka sem aðallega hefur bitnað á lágtekjufólki og fólki með meðaltekjur. 90% þjóðarinnar hafa fengið að kenna á skattahækkun ríkisstjórnarinnar og sem dæmi má taka að skattbyrði 70 ára og eldri hefur aukist um tæp 15%. Regla ríkisstjórnarinnar virðist því hafa verið: Því eldri, því meiri skattar. Bótaþegar, aldraðir og öryrkjar sem ekki greiddu neina skatta þegar þessi ríkisstjórn tók við greiða nú milljarða í skatta á ári sem hæstv. forsætisráðherra, fyrrv. fjármálaráðherra, er ánægður með að fá í kassann til að borga niður skuldir.

Frú forseti. Vonandi getum við öll verið sammála um að við viljum lifandi byggðir um landið allt og að ekki sé æskilegt að nær allir Íslendingar búi og starfi á suðvesturhorni landsins. Við vitum það líka að þörf er fyrir sterka byggðakjarna í öllum landshlutum. Við hljótum því að geta verið sammála um að æskilegt sé að fólk hafi raunverulegt val um hvort það býr og starfar hér á þéttbýlasta svæðinu eða utan þess eða jafnvel langt utan þess. Margir telja það besta kostinn að búa utan mesta þéttbýlis en þrátt fyrir það sogar Reykjavíkursvæðið stöðugt til sín fólk frá smærri stöðum því hér er þjónustan fjölbreyttust, atvinnan næg og afþreying af ýmsu tagi.

Hvað er til ráða til að leiðrétta þessa skekkju, virðulegi forseti? Til þess að hægt sé að tala um raunverulega valkosti í þessu brýna máli þarf margt að koma til. Fyrst og fremst þarf að leiðrétta rangar ákvarðanir stjórnvalda og laga það sem úrskeiðis hefur farið. Á sumum sviðum hefur stefna núverandi ríkisstjórnar beinlínis leitt til uppflosnunar fólks og það hefur neyðst til að yfirgefa staði sem því eru kærir, þó að það mundi hvergi annars staðar vilja vera ef því væru búnar aðstæður til þess. Það er tungunni tamast, virðulegi forseti, sem hjartanu er kærast. Tökum nokkur dæmi.

Flutningskostnaður skekkir samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Flutnings-

kostnaðurinn leggst þungt á landsbyggðarbúa og lítil og meðalstór fyrirtæki. Ekki nóg með það heldur fara 50% af þessu öllu í ríkissjóð hjá fjármálaráðherra.

Stórauknir þungaflutningar með bílum eru að eyðileggja vegina, valda aukinni slysahættu, aukinni mengun umhverfis og eru efnahagslega óhagkvæmir og dýrir. Þess vegna þurfum við að taka upp strandsiglingar að nýju með opinberu útboði og jafnvel styrkjum. Styrkfjárhæð mætti þó færa frá vegaviðhaldi yfir í strandsiglingastyrki. Raforkuverð til fólks í dreifbýli hefur hækkað um allt að 40% vegna nýrra raforkulaga ríkisstjórnarinnar. Niðurskurði á vegaframkvæmdum á landsbyggðinni í lok júní um 1.100 millj. kr. var ætlað að draga úr þenslu.

Nú viðurkenna ríkisstjórnarflokkarnir mistök sín aðeins þremur mánuðum síðar. Betra er seint en aldrei. Barátta okkar gegn þessari vitleysu ríkisstjórnarinnar hefur borið árangur. Við höfum rekið ríkisstjórnina til baka. Þennan brandara verður hægt að nota á árshátíð hagfræðinga í vetur.

Þensla húsnæðismarkaðar á höfuðborgarsvæðinu hækkar vísitölu neysluverðs sem aftur leiðir til hækkunar á höfuðstóli lána landsbyggðarfólks og allra annarra. Þetta leiðir til þess að það þarf að greiða meira af lánum en húsnæðisverð lækkar, hækkar ekki neitt og jafnvel lækkar. Landsbyggðarfjölskylda sem sendir ungling í framhaldsskóla fjarri heimabyggð þarf að greiða um 500 þús. kr. fyrir skólagöngu á ári en fær einungis um 150 þús. í mesta lagi í svokallaðan dreifbýlisstyrk sem ekkert hefur hækkað undanfarin ár. Þessi fjölskylda þarf að auka tekjur sínar um 800 þús. til að eiga 500 þús. fyrir skólagöngu barnsins. Hér hafa aðeins nokkur dæmi verið nefnd, virðulegi forseti.

Áframhaldandi samdráttur er því miður á mörgum stöðum landsbyggðarinnar. Jákvæð undantekning er þó Miðausturland.

Góðir landsmenn. Í kosningunum í vor gefst kjörið tækifæri til að setja landsbyggðarmálin í brennidepil. Við skulum sameinast í baráttu fyrir því að allir landsmenn búi við sama verðlag og sitji við sama borð, fyrir öruggari og betri samgöngum, fyrir því að flutningskostnaður verði jafnaður og lækkaður, fyrir því að skólaganga sé ekki fjárhagsleg byrði og fyrir því að þungaflutningar færist af landi og út á sjó. Byggðastefna komandi ára gæti þess vegna verið eitt eða tvö orð, jafnrétti og jafnræði. Kjörorðið getur líka verið, góðir hlustendur: Lifandi byggðir um allt land.

Góðir landsmenn. Ég þakka þeim sem á hlýddu. Góðar stundir.

[21:44]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Kæru landsmenn. Stjórnmál snúast um fólk. Stjórnmál snúast um að virða skoðanir annarra eins og sínar eigin. Í mínum huga snúast stjórnmál um að leggja sitt af mörkum til að hver og einn fái notið sín í félaginu sem við eigum saman. Stjórnmál snúast um að vera frjáls í margbrotinni merkingu þess orðs. Því er það liður í stjórnmálastarfi að leggja grunn að velferð fyrir sem flesta líkt og þessi ríkisstjórn hefur lagt sig fram um að gera.

Það er t.d. óumdeilt að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist um nær 60% á tíu árum. Sambærilegar tölur þekkjast ekki í nágrannalöndunum, þar eru þær á bilinu 15–20%. Kaupmáttaraukningin, traust atvinnuuppbygging, vöxturinn, vinnan og velferð sem heitið var, það hefur verið grunntónninn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta hefur gagnast öllum almenningi á Íslandi. Því var heitið og það stóð eins og stafur á bók.

Um leið og mikilvægt er að halda til haga þeim góðu verkum sem við höfum staðið fyrir er enn mikilvægara að horfa fram á veginn. Íslenskt samfélag hefur breyst gríðarlega undanfarin ár til hins betra að mestu leyti. Að sumu leyti er það opnara, að sumu leyti frjálsara. Við þurfum ávallt að vera viðbúin því að bregðast við afleiðingum örra breytinga, þeim fylgja oft vaxtarverkir. Ég get nefnt viðbrögðin við birtingu álagningarseðla skattsins nú í sumar, sumt sem kom fram í þeim gekk fram af mér. Ég hef þó meiri áhyggjur af þeim tekjulægstu en þeim tekjuhæstu. Hvernig bregðumst við við þessum breytta raunveruleika? Ég held að besta leiðin til þess sé að einbeita okkur að börnunum okkar, umhverfi og tækifærum þeirra. Um það snúast stjórnmálin. Við eigum að búa þannig um hnútana að þau geti numið fræðin á jafnréttisgrundvelli, að þegar þau ljúka námi fari hvert og eitt út í lífið með veislu í farangrinum, eins og skáldið sagði, veislu þekkingar og menntunar sem opnar mönnum allar þær dyr sem hægt er að opna. Þannig gerum við æskuna, börnin okkar, frjálsari í harðnandi alþjóðlegri samkeppni á hvaða sviði sem er. Þannig tryggjum við frelsi okkar sjálfra til framtíðar. Þetta gerum við með því að bjóða upp á góða menntun hvar sem menn búa, aðgengi að listnámi og íþróttum óháð efnahag og búsetu. Þannig stuðlum við áfram að því samfélagi jafnra tækifæra sem við höfum búið við síðustu áratugina.

Ég held að við stjórnmálamenn ættum að fara að ræða meira um raunveruleg lífsgæði eins og líðan og hag fjölskyldunnar og barnanna okkar. Kaupmáttaraukninguna þekkjum við. Hún ætti að gefa fólki meira svigrúm til fleiri samverustunda fjölskyldunnar. Grunur minn er sá að við nýtum þennan kost ekki nógu vel. Við þurfum að taka umræðu um hvað þetta val okkar getur haft í för með sér. Landsframleiðslulínuritið kann að líta vel út, bæði í ræðu og riti. En við verðum öll að horfa gagnrýnum augum á það hvað það er sem landsframleiðslan mælir. Hún mælir ekki bros barnsins sem fagnar samverustund með foreldrum sínum. Hún mælir ekki ánægjustund í góðra vina hópi. Hún mælir ekki ánægjuna við að sökkva sér ofan í góða bók eða lesa sögu fyrir dóttur sína. Ég held að við höfum öll gott af því að staldra við.

Fæðingarorlofskerfið, hækkun barnabóta, lækkun skatta, lækkun endurgreiðslubyrði námslánanna, allt umbætur sem við höfum staðið fyrir til að koma til móts við þær miklu byrðar sem þær kynslóðir bera sem nú eru að vaxa fram. En þetta er auðvitað viðvarandi viðfangsefni og verkefni.

Góðir landsmenn. Á tímum þenslu þekkja það sem betur fer fáir hvað það er að hafa ekki atvinnu. Í engu felst jafnmikið óréttlæti og að hafa ekki atvinnu. Nú um stundir er rúmlega 1% atvinnuleysi og það á sama tíma og vinnuafl er flutt inn í stórum stíl. Það er einstakt en það er ekki tilviljun, það er ekki sjálfsagt. Þessi staðreynd endurspeglar þá áherslu sem lögð hefur verið á uppbyggingu blómlegs og kröftugs atvinnulífs um allt land. Í því samhengi spila inn-

flytjendur æ stærra hlutverk í samfélaginu okkar og efnahagskerfi. Þar höfum við upplifað miklar breytingar á íslensku samfélagi á skömmum tíma. Við verðum að búa svo um hnútana að innflytjendur eigi þess kost að læra íslensku en tungan er lykillinn að þátttöku í samfélaginu. Ég segi þetta ekki síst vegna þess að án þess að þeir tali íslensku fer ég og þið á mis við það sem þeir hafa fram að færa og gefa þessu samfélagi. Okkur ber að gera það sem í okkar valdi stendur til að fólk af erlendum uppruna nái hér góðri fótfestu. Það tekst ekki nema með samhentu starfi ríkis og sveitarstjórna, aðila vinnumarkaðarins, frjálsra samtaka og samtaka innflytjenda sjálfra. Við höfum allt að vinna. Í þeim tilgangi var Innflytjendaráð stofnað og að þessum markmiðum er unnið hörðum höndum.

Góðir tilheyrendur. Í hönd fer þing þar sem andrúmsloftið mun einkennast af spenningi og titringi vegna prófkjara og því að í hönd fer kosningavetur. Við framsóknarmenn munum stolt í vetur kynna þau verk sem við höfum staðið fyrir en það sem skiptir enn meira máli, við munum kynna hugsjónir okkar og þá framtíðarsýn sem við höfum fyrir íslenskt samfélag. Ég hlakka til að eiga samstarf við kjósendur um mótun íslensks samfélags. Verkefni okkar og ábyrgð eru mikil.

[21:50]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Já, þær hafa ýmsar öfugmælavísurnar hrotið af vörum okkar þingmanna hér í þessum ræðustóli í kvöld en öfugmælavísurnar hjá forsætisráðherra, þær mættu nú að ósekju standa betur í hljóðstafnum að mínu mati. Ráðherrann kvað ríkisstjórnina munu leggja áherslu á umhverfisvernd nú sem fyrr. Hann ætlar bæði að nýta og njóta, og að sjálfsögðu af fullri virðingu fyrir náttúrunni.

Mér finnst að ráðherrann hefði átt að láta þetta ósagt þó ekki væri nema svona rétt á meðan þjóðin jafnar sig á þeim myndum sem hún hefur fyrir augunum í fjölmiðlum þessa dagana, rétt á meðan verið er að eyða dýrmætu gróðurlendi og ómetanlegum náttúruperlum í ævintýralandi óbyggðanna norðan Vatnajökuls. Þessi ríkisstjórn leggur ekki áherslu á umhverfisvernd og hefur aldrei gert. Þessi ríkisstjórn leggur hins vegar áherslu á það að laða til sín erlenda fjárfesta á sviði þungaiðnaðar og hún leggur líka áherslu á hagsmuni orkufyrirtækjanna en hagsmunir þessara aðila munu seint fara saman með hagsmunum náttúru- og umhverfisverndar. En auðvitað ber að þakka það sem vel er gert, það ber að þakka áform um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs en jafnframt þurfum við að vera á varðbergi. Það verður að tryggja að vel verði búið að Vatnajökulsþjóðgarði, umsjón og stjórnsýslu hans. Ég spyr: Fáum við t.d. öfluga Þjóðgarðsstofnun Íslands þegar Vatnajökulsþjóðgarður verður stofnaður þar sem allir þjóðgarðarnir okkar geta verið saman, fengið sess ásamt friðlýstum svæðum? Ég leyfi mér að efast um það. Við skulum fylgjast vel með og sjá hvernig til tekst.

Í ræðu sinni vék forsætisráðherra að frammistöðu okkar í loftslagsmálum, framtaki okkar á því sviði og nefndi viðurkenningar frá alþjóðlegum samtökum fyrir framtak í loftslagsmálum. Ég hef ekki heyrt um þær og ekki gat hæstv. forsætisráðherra þeirra samtaka sem eiga að hafa veitt okkur viðurkenninguna, en sannarlega eru loftslagsbreytingar af manna völdum eitt það áleitnasta svið sem við höfum við að glíma þessa stundina, málasvið sem engri þjóð sem skuldbatt sig í Kyoto 1997 er stætt á að láta sér í léttu rúmi liggja.

Hver er staða okkar í dag og hvert stefnir? Við Íslendingar losum í dag sem nemur 12,1 tonni af gróðurhúsalofttegundum á mann á ári. Allar álbræðslurnar sem stjórnvöld hafa nú komið á koppinn og eru í pípunum — þegar þær verða orðnar að veruleika hækkar losunin í 19,5 tonn á mann. Hin löndin í Evrópu, löndin í Evrópusambandinu, losa 11 tonn á mann. Við stefnum að því að verða við hlið-ina á Bandaríkjamönnum sem eru heimsmeistarar og losa 24 tonn á mann. Forsætisráðherra stærir sig af því hversu oft Íslendingar lenda í fyrsta sæti í alþjóðlegum samanburði en hvað með þennan samanburð, hæstv. forsætisráðherra, ertu stoltur af honum? Ég er það ekki og ég er viss um að þjóðin okkar er ekki stolt af því að vera í fremstu röð þeirra sem losa mengandi gróðurhúsalofttegundir.

Góðir Íslendingar. Við þurfum breytingar og við breytum í vor. Þegar kosið verður til Alþingis í vor kjósum við fyrst og síðast annars konar atvinnustefnu, atvinnustefnu sem stenst mælikvarða sjálfbærrar þróunar, atvinnustefnu sem byggir á sterku menntakerfi, kraftmikilli vísindastarfsemi og blómlegu menningar- og listalífi. Krafturinn í háskólunum okkar verður virkjaður sem aldrei fyrr, vísindastarfsemi verður leyst úr viðjum fjárskorts og listirnar verða viðurkenndar sem einn af máttarstólpum atvinnulífsins.

[21:54]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Gott kvöld, góðir landsmenn. Nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins flutti hér fyrr í kvöld mikla lofrullu um flokk sinn, landsbyggðina og annað það sem íslenskt er. Þessi formaður Framsóknarflokksins skrifaði grein sem birtist árið 2004 í Borgfirðingabók, ársriti Sögufélags Borgarfjarðar. Í þessari grein er að finna mjög margar merkilegar yfirlýsingar þar sem segja má að framsóknarúlfurinn kasti af sér sauðagærunni og komi til dyranna eins og hann er klæddur. Þarna lýsir einn helsti hugmyndafræðingur Framsóknarflokksins, flokks sem hingað til hefur haldið fram að hann ætti rætur sínar að rekja á landsbyggðinni, framtíðarsýn sinni í byggðamálum á Íslandi.

Núverandi formaður Framsóknar, sem gegnir í dag embætti byggðamálaráðherra, talar skýrt í þessari grein og segir svo orðrétt:

„Íslenska sveita- og þorpasamfélagið er úr sögunni. Í stað þess er hér risið nokkurs konar borgríki, samfélag sem ber mjög ólík einkenni og lýtur allt öðrum lögmálum. Íslendingar standa nú í róttækri samfélagsbreytingu sem sést á breytingum í byggðamálum, í búferlaþróun frá landsbyggðinni til Suðvesturlands. Samfélagið hefur breyst — frá því að vera keðja sjálfstæðra héraða, það er félags-, atvinnu- og þjónustusvæða umhverfis landið, og yfir í að verða borgríki með miðju á Suðvesturlandi og útstöðvar annars staðar."

Tilvitnun lýkur hér, en í framhaldi af þessu spáir formaður Framsóknar því að um 90% landsmanna muni búa í

borgríkinu hans um öndverðan næsta áratug og ekki er annað að sjá á skrifum hans en að hann sé mjög sáttur við þessa þróun.

Góðir landsmenn. Ég hygg að í þessari litlu grein núverandi formanns Framsóknarflokksins kristallist sú stefna sem núverandi ríkisstjórn hefur unnið að leynt og ljóst á allt of löngum valdaferli sínum. Þessi ríkisstjórn hefur allan tímann unnið með það að leiðarljósi að byggja íslenskt borgríki á suðvesturhorninu, flytja íbúa landsbyggðarinnar hreppaflutningum suður, með örfáum undantekningum þó eins og á Eyjafjarðarsvæðinu og á Miðausturlandi. Restin af landsbyggðinni má éta það sem úti frýs. Náttúruauðlindir sem stóðu undir uppbyggingu og mannlífi í sjávarbyggðum umhverfis landið hafa verið hirtar af fólkinu og því hefur verið meinaður aðgangur að þeim. Veikar sjávarbyggðir hafa svo aftur veikt þjónustugreinar og landbúnaðinn og þannig hefur leiðin bara legið niður á við. Það má nefna þessar byggðir allt í kringum landið, fólk veit hvaða byggðir ég er að tala um.

Nú síðast hefur ríkisstjórnin svo með aðgerðum sínum skapað gríðarlegt þensluástand í þjóðfélaginu. Fólkið, og einkum og sér í lagi þeir yngri, flýr af landsbyggðinni og inn í borgríki Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Þenslan kallar á vinnuafl. Til að mæta eftirspurninni hafa flóðgáttir erlends vinnuafls verið opnaðar. Það gerðist hér á Alþingi síðastliðið vor með samþykki meiri hluta en hörðum mótmælum okkar í Frjálslynda flokknum.

Það hefur heldur betur komið á daginn að viðvörunarorð okkar áttu við rök að styðjast. Erlent vinnuafl hefur flætt inn í landið sem aldrei fyrr á örfáum mánuðum. Við teljum að við Íslendingar séum engan veginn undirbúnir til þess að taka á móti þessum fjölda sem mun bara aukast og aukast og aukast. Þetta fólk er engir farandverkamenn eins og forsætisráðherra nefndi hér í ræðu sinni. Stærstur parturinn af þessu fólki er kominn til að vera, þannig verður það.

Ágætu landsmenn. Hvernig viljum við að Ísland þróist á næstu árum, hvert er okkar gildismat? Ætlum við að halda áfram að láta landsbyggðina drabbast niður og byggja upp borgríkið í staðinn? Ætlum við að láta tvo hópa búa í þessu landi, þá sem eru fæddir hér á landi, eru vel menntaðir, búa flestir í borgríkinu, og svo erlent vinnuafl sem lifir og starfar í borgríkinu og úti í því sem eftir verður af landsbyggðinni? Ætlum við að halda áfram með stóriðjustefnuna? Ætlum við að horfa aðgerðalaus upp á árangursleysi fiskveiðistjórnarinnar, stjórnkerfis sem í dag rændi Grímseyinga helmingi af lífsviðurværi sínu? Skyldi nú ekki ríkisstjórnin, og kannski sérstaklega þingmenn Norðausturkjördæmis, sem sitja fyrir ríkisstjórnarflokkana, vera stolt af þessu kerfi í dag?

Er það ekki skylda okkar sem tökum við þessu landi að byggja það til sjávar og sveita? Ætlum við að halda einkennum okkar sem sjálfstæð þjóð sem býr í fallegu og hreinu landi? Eða er borgríkið sem Sjálfstæðisflokkur og Framsókn hafa reist með ráðum og dáð á valdatíð sinni það sem koma skal? Kjósendur þurfa meðal annars að taka afstöðu til þessara spurninga að vori.

[21:59]

**Útbýting:**

Aðgerðir gegn skattsvikum, 106. mál, fsp. JóhS, þskj. 106.

Afnám verðtryggingar lána, 10. mál, þáltill. SigurjÞ o.fl., þskj. 10.

Áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann, 6. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 6.

Ákvörðun aflamarks 1984, 169. mál, fsp. KHG, þskj. 169.

Fíkniefni, 113. mál, fsp. JóhS, þskj. 113.

Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga, 151. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 151.

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ, 120. mál, fsp. VF, þskj. 120.

Fæðingarorlofsgreiðslur og umönnunarbætur, 104. mál, fsp. JóhS, þskj. 104.

Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, 7. mál, þáltill. JónK o.fl., þskj. 7.

Fötluð grunnskólabörn, 103. mál, fsp. JóhS, þskj. 103.

Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, 111. mál, fsp. GÓJ, þskj. 111.

Húsaleigubætur, 108. mál, fsp. JóhS, þskj. 108.

Kjarnorkuvinnslustöðin í Sellafield, 141. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 141.

Lánveitingar Íbúðalánasjóðs, 105. mál, fsp. JóhS, þskj. 105.

Myndatökur fyrir vegabréf, 123. mál, fsp. KLM, þskj. 123.

Neyslustaðall, 102. mál, fsp. JóhS, þskj. 102.

Ný framtíðarskipan lífeyrismála, 3. mál, þáltill. ISG o.fl., þskj. 3.

Raforkuver, 8. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 8.

Sóknarmark skipa, 168. mál, fsp. KHG, þskj. 168.

Staðan á viðskiptabankamarkaði, 107. mál, fsp. JóhS, þskj. 107.

Starfslok starfsmanna varnarliðsins, 136. mál, fsp. JGunn, þskj. 136.

Stjórnarskipunarlög, 12. mál, frv. KHG, þskj. 12.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, 4. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 4.

Stækkun hjúkrunarheimilisins Sóltúns, 117. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 117.

Sundabraut, 110. mál, fsp. GÓJ, þskj. 110.

Tannlæknakostnaður barna og unglinga, 112. mál, fsp. JóhS, þskj. 112.

Útræðisréttur strandjarða, 140. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 140.

Útsendingar svæðisútvarpsins á Austurlandi, 125. mál, fsp. KLM, þskj. 125.

Yfirlýsing gegn stuðningi við innrásina í Írak, 13. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 13.

Þjónusta á öldrunarstofnunum, 118. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 118.

Öndunarvélaþjónusta við MND-sjúklinga, 109. mál, fsp. GÓJ, þskj. 109.

Fundi slitið kl. 22:00.

# 3. FUNDUR

miðvikudaginn 4. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

Varnarmál, munnleg skýrsla forsætisráðherra. — Ein umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.

## *Tilhögun þingfundar.*

[13:30]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill geta þess að það verður þingfundur kl. 18.00 og búast má við atkvæðagreiðslum á þeim fundi.

[13:30]

**Útbýting:**

Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, 14. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 14.

Iðnaðarmálagjald, 16. mál, frv. PHB, þskj. 16.

Láglendisvegir, 15. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 15.

Ríkisútvarpið ohf., 56. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 56.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, 57. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 57.

Útvarpslög, prentréttur og samkeppnislög, 58. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 58.

## *Varnarmál, munnleg skýrsla forsætisráðherra, ein umr.*

[13:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er á milli þingflokkanna um ræðutíma í umræðunni og er hann þessi: Ráðherra hefur 20 mínútur í framsögu sinni og síðan 5 mínútur í lok umræðunnar. Þingflokkarnir hafa að öðru leyti 15 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í síðari umferð.

[13:32]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Hæstv. forseti Hinn 26. september síðastliðinn kynntu stjórnvöld niðurstöðu samningaviðræðna milli Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál. Ég hef óskað eftir því að fá þetta tækifæri til að gera Alþingi sérstaka grein fyrir niðurstöðunni og helstu atriðum samkomulagsins.

Meginmarkmið samningaviðræðnanna voru að tryggja varnir landsins með viðunandi hætti eftir að fastri viðveru Bandaríkjahers á Íslandi lauk og tryggja snurðulausa yfirtöku Íslands á rekstri alþjóðaflugvallarins í Keflavík. Ríkisstjórnin telur að þessi markmið hafi náðst.

Að auki þurfti að gera samning við Bandaríkjamenn um skil þeirra til Íslands á landi og mannvirkjum. Það hefur tekist og með svipuðum hætti og á við skilasamninga við Bandaríkjamenn vegna herstöðva annars staðar, svo sem í Þýskalandi.

Aðdragandi málsins er eins og kunnugt er að hinn 15. mars síðastliðinn tilkynnti Bandaríkjastjórn ríkisstjórn Íslands að vegna núverandi stöðu öryggis- og varnarmála og brýnnar þarfar fyrir hefðbundinn herafla Bandaríkjanna annars staðar í heiminum mundi fastri viðveru bandarísks herliðs á Íslandi ljúka í lok september 2006. Bandaríkjastjórn bauð jafnframt til viðræðna um hvað gæti komið í staðinn fyrir fasta viðveru Bandaríkjahers á Íslandi, þegar henni lyki, til að tryggja áfram varnir landsins og undirstrika skuldbindingar Bandaríkjanna í varnarsamningnum. Frá þessu, sem og viðbrögðum og stefnu ríkisstjórnarinnar, greindi ég Alþingi hinn 16. mars síðastliðinn.

Niðurstaðan sem nú liggur fyrir felst í fjórum meginatriðum:

1. Samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál.

2. Samningi Íslands og Bandaríkjanna um skil á landi og mannvirkjum.

3. Samkomulagi um afhendingu búnaðar og tækja vegna yfirtöku Íslands á rekstri alþjóðaflugvallarins í Keflavík.

4. Samningi um leigu á búnaði og tækjum fyrir alþjóðaflugvöllinn í Keflavík.

Þá gaf ríkisstjórnin, sama dag og niðurstaða viðræðnanna við Bandaríkin var kynnt, út yfirlýsingu um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins.

Í inngangi að samkomulaginu um varnarmál staðfesta báðir aðilar að skuldbindingar sínar í varnarsamningnum frá 1951 standi. Samkomulagið sjálft er í átta liðum. Í fyrsta lið kemur fram að varnaráætlun hafi verið gerð fyrir Ísland. Varnaráætlunin er unnin eins og aðrar varnaráætlanir, þ.e. hún byggir á tilteknum forsendum og fjallar um viðbrögð við vá á ýmsum stigum og hvernig yrði við brugðist. Varnaráætlunin verður endurskoðuð reglulega og forsendur hennar, eins og á við aðrar slíkar áætlanir, í stöðugri endurskoðun. Ein af lykilforsendunum í varnaráætluninni er augljós, nefnilega sú að hér á landi verður ekki lengur föst viðvera Bandaríkjahers. Því þurfti sérstaka nýja varnaráætlun fyrir Ísland. Í stað fastrar viðveru Bandaríkjahers hér á landi er, eins og kemur fram í samkomulaginu, byggt á svonefndum hreyfanlegum herstyrk. Jafnframt kemur fram að hernaðargeta Bandaríkjanna standi að baki áætluninni eins og nauðsyn krefur. Hér er um trúverðugar varnir að ræða.

Í annarri grein samkomulagsins segir að Bandaríkin og Ísland hafi gert ráðstafanir til þess að tryggja hröð og skilvirk samskipti milli stjórnvalda á hættutímum. Það var talið nauðsynlegt eftir að fastri viðveru Bandaríkjahers á Íslandi lyki og bandarísk herstjórn væri ekki lengur í landinu að staðfesta sérstaklega hvaða samskiptaleiðir yrðu notaðar milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda í neyðartilfellum, þar á meðal við bandarísk hermálayfirvöld.

Í þriðja lagi er í samkomulaginu gert ráð fyrir árlegum bandarískum æfingum með hugsanlegri þátttöku annarra

NATO-ríkja. Æfingar Bandaríkjahers á Íslandi eru til marks um skuldbindingu þeirra í varnarsamningnum og er ein mikilvæg leið til að gera þá skuldbindingu sýnilega og auka trúverðugleika hennar. Af Íslands hálfu er sérstök áhersla lögð á nauðsyn loftvarnaæfinga, en ýmiss konar aðrar æfingar koma einnig til greina. Undirbúningur fyrir fyrstu æfinguna á næsta ári hefst væntanlega fljótlega. Óformlega hefur verið talað um að hún gæti orðið í júní.

Í fjórðu grein samkomulagsins um varnarmál er fjallað um ratsjárstöðvakerfið á Íslandi. Stjórnvöld telja mikilvægt er að hér verði eins og í nágrannalöndum okkar starfræktar ratsjárstöðvar.

Bandaríkin munu kosta rekstur ratsjárstöðvanna til 15. ágúst 2007. Á þeim tíma fara, eins og segir í fjórðu grein samkomulagsins, fram viðræður milli Íslands og Bandaríkjanna og við NATO um fjármögnun og framtíðarfyrirkomulag ratsjárkerfisins og hvernig það gæti komið sérstaklega að gagni fyrir bandalagið.

Ratsjárkerfið er byggt á kostnað NATO en Bandaríkjamenn hafa staðið undir rekstrinum. Íslensk stjórnvöld vilja að ratsjárkerfið starfi áfram með þeim hætti að Ísland og Bandaríkin skipti með sér kostnaðinum þannig að við mundum greiða stóran hluta hans. Einnig kemur til greina eins og áður segir að NATO taki þátt í kostnaðinum, en um það á eftir að ræða við bandalagið. Kostnaður við að starfrækja ratsjárkerfið er verulegur. Hversu mikill fer að nokkru eftir kröfum og forsendum, en hann gæti numið um einum milljarði króna á ári og víst að hann mundi nema hundruðum milljóna króna á ári að lágmarki.

Auk þess að efla öryggi lands og þjóðar hefur starfræksla ratsjárstöðvanna í för með sér mikið hagræði fyrir flugumferðarstjórn, ekki síst vegna hinnar miklu flugumferðar sem fer um íslenska flugumferðarstjórnarsvæðið á leið milli Evrópu og Norður-Ameríku.

Í fimmta lagi er með samkomulaginu komið á reglubundnu samráði milli Íslands og Bandaríkjanna um öryggismál. Gert er ráð fyrir fyrsta samráðsfundi á ráðherrastigi síðar í haust. Mun sá fundur væntanlega fara fram í Reykjavík.

Í sjöttu grein er fjallað um tengsl íslenskra stjórnvalda við hernaðarlega áætlanagerð. Stefnt er að því að hafa íslenskan fulltrúa hjá herstjórn NATO í Brunsum í Hollandi sem jafnframt yrði tengiliður við Evrópuherstjórn Bandaríkjanna í Stuttgart í Þýskalandi. Þetta er nauðsynlegt til að fylla skarð sem myndast þegar varnarliðið og yfirstjórn þess hverfur úr landi og til þess þar með að tryggja íslenskum stjórnvöldum berist örugglega og greiðlega nauðsynlegar upplýsingar. Þetta er einnig nauðsynlegt vegna þess að varnaráætlunin fyrir Ísland og forsendur hennar verða ávallt til endurskoðunar eins og venja er með slíkar áætlanir. Hér yrði loks um að ræða upplýsingaöflun sem gæti skipt miklu máli vegna hryðjuverkavarna.

Í sjöundu grein kemur fram að ætlunin er að auka samstarf milli bandarísku strandgæslunnar og Landhelgisgæslunnar með æfingum, þjálfun og starfsmannaskiptum.

Með sama hætti er ætlunin að auka samskipti og samstarf Íslands og Bandaríkjanna á sviði hryðjuverkavarna, eins og segir í áttundu og síðustu grein samkomulagsins um varnarmál.

Með skilasamningnum var varnarsvæðunum sem Bandaríkjaher hefur haft til afnota vegna varna landsins skilað til íslenska ríkisins 30. september ásamt öllum mannvirkjum á þeim í bandarískri eigu. Undantekning er að áfram verður til staðar varnarsvæði, í skilningi varnarsamningsins frá 1951, við Grindavík en á því eru fjarskiptamöstur Bandaríkjahers og tilheyrandi búnaður.

Í skilasamningnum kemur fram að Bandaríkin skila varnarsvæðum í því ástandi sem þau eru en íslenska ríkið fær öll bandarísk mannvirki án endurgjalds. Þar er um verulega verðmæti að ræða, sem nema milljörðum, þótt ljóst sé að mörg mannvirkjanna verði rifin.

Hrakvirði, svokallað, mannvirkja í eigu Bandaríkjanna og NATO á Íslandi er talið vera um 150 milljónir dollara, eða um 11 milljarðar króna. Kostnaður við að byggja þau frá grunni nú yrði auðvitað margfalt meiri.

Hluti mannvirkjanna er nauðsynlegur vegna reksturs alþjóðaflugvallarins en Ísland tekur nú yfir allan þann rekstur. Þá er frá því gengið í sérstökum samningi að Ísland fær ýmsan flugvallarbúnað án endurgjalds og leigir gegn mjög lágu gjaldi ýmsan annan búnað og tæki sem eru nauðsynleg til að reka alþjóðaflugvöllinn. Leigan er aðeins um ein milljón króna á mánuði. Samtals mundi sá búnaður og tæki sem Ísland fær afhent eða tekur á leigu kosta allt að 3,5 milljarða króna nýr. Hrakvirðið er talið vera um 1,5 milljarðar króna. Tekið skal fram að sumt af búnaði og tækjum þarf að endurnýja á næstu árum.

Inntakið í skilasamningnum er að gegn því að fá öll bandarísk mannvirki án endurgjalds, og búnað og tæki vegna flugvallarins án endurgjalds eða gegn mjög lágri leigu, greiðir Ísland fyrir niðurrif mannvirkja og hreinsun eftir því sem talin er ástæða til. Skilasamningurinn er í þessum aðalatriðum, eins og fyrr sagði, með sama hætti og samningar Bandaríkjamanna vegna lokunar herstöðva annars staðar, svo sem í Þýskalandi.

Hvað varðar mannvirki í eigu Atlantshafsbandalagsins, sem hafa verið í umsjá Bandaríkjahers, munu íslensk og bandarísk stjórnvöld vinna að því sameiginlega á vettvangi NATO að afhenda þau Íslandi til ráðstöfunar.

NATO hefur lagt umtalsverða fjármuni í ýmis mannvirki á varnarsvæðunum, þar á meðal flugturn, flugbrautir, akstursbrautir flugvéla, flugskýli, olíugeyma í Helguvík, ratsjárstöðvar á fjórum stöðum á landinu o.fl. Ekki þarf að greiða fyrir mannvirki sem NATO afhendir til opinberra nota, en rekstrarkostnaður og viðhald fellur auðvitað á viðkomandi ríki.

Þegar ekki er lengur talin þörf fyrir NATO-mannvirki er það tilkynnt yfirherstjórn Atlantshafsbandalagsins og höfuðstöðvum NATO í Brussel. Bandaríkin hafa tilkynnt að þau hafi ekki lengur þörf fyrir mannvirkin en sem notendaríki bera þau frá þeim tíma ábyrgð á viðhaldi NATO-mannvirkjanna á Íslandi í allt að 12 mánuði. Eftir það tekur Ísland við mannvirkjunum og kemur þá til greina að selja einhver þeirra í samvinnu við NATO, telji bandalagið einhver verðmæti liggja í þeim. Einnig er hugsanlegt að NATO afskrifi mannvirki hér á landi úr eignaskrá sinni, en þá geta íslensk stjórnvöld ráðstafað þeim að eigin vild.

Hvað varðar umhverfismál og hreinsun á varnarsvæðunum þá er umfang mengunar þar í aðalatriðum þekkt. Varn-

arliðið var í gegnum tíðina hvorki betra né verra en aðrir aðilar hér á landi að þessu leyti. Heilsu manna stafar engin hætta af mengun á varnarsvæðunum. Aðferðir og tækni til að hreinsa hana er þekkt. Byggja má á reynslu af hreinsun sem þegar hefur farið fram á varnarsvæðunum til að áætla kostnað.

Grunnvatn á varnarsvæðum er víða mengað af olíu, rokgjörnum lífrænum leysiefnum og nítrati. Hreinsun á þessum efnum úr grunnvatni er vart framkvæmanleg þar fremur en annars staðar. Neysluvatn er ekki lengur tekið af þessu svæði. Vatnsból Reykjanesbæjar voru færð fyrir einum og hálfum áratug á annað grunnvatnssvæði í Grindavík. Ekki er hætta á að þau vatnsból mengist vegna mengunar grunnvatns á varnarsvæðum.

Það er forgangsverkefni að hylja nokkra urðunarstaði og hauga á varnarsvæðunum á næstu árum með vatnsheldu lagi til að hindra frekari grunnvatnsmengun af þeirra völdum og vakta síðan grunnvatnið með sýnatöku. Til viðbótar þarf að gera ráðstafanir þar sem er olíumengaður jarðvegur og fjarlægja þarf PCB-mengaðan jarðveg á nokkrum stöðum.

Í skilasamningi Íslands og Bandaríkjanna er í III. grein ákvæði þess efnis að komi í ljós ófyrirséð alvarleg mengun á næstu fjórum árum muni Ísland og Bandaríkin hafa samráð og samstarf um viðbrögð. Líkurnar á að slíkt komi upp eru taldar afar litlar og enn minni þegar búið verður að loka fyrrnefndum haugum og urðunarstöðum sem stefnt er á að gera á umræddu tímabili.

Á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að hreinsun á umhverfinu á Keflavíkurflugvelli og eru til nákvæm gögn um það. Á reynslu af þessum verkefnum má byggja raunhæfa kostnaðaráætlun og er talið að hreinsunarkostnaður gæti numið allt að tveimur milljörðum króna. Þar af gætu allt að 1.100 milljónir farið í að hylja og loka fyrrnefndum haugum og urðunarstöðum sem eins og fyrr sagði er forgangsatriði á næstu árum.

Mannvirkjum á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli má skipta gróflega í um 900 íbúðir, um 1.160 einstaklingsherbergi og um 200 önnur mannvirki. Síðastliðin 10 ár hefur mannvirkjum fækkað töluvert. Gamlar og óhagkvæmar byggingar hafa verið skipulega rifnar í kjölfar fækkunar í varnarliðinu undanfarin ár. Ef til dæmis helmingur bygginganna yrði rifinn, sem sérfræðingar telja líklegt að þurfi, þá mundi það kosta allt að 3 milljörðum króna á einhverju árabili.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september síðastliðnum um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins segir að stofnað verði hlutafélag í eigu ríkisins um framtíðarþróun og umbreytingu fyrrverandi varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli. Verkefni félagsins verður að koma þessu svæði og mannvirkjum á því með skipulegum hætti í arðbær borgaraleg not án þess að það valdi röskun í samfélaginu á Suðurnesjum. Félagið mun bera ábyrgð á og annast rekstur og umsýslu nánar tiltekinna eigna á svæðinu, útleigu, sölu, hreinsun og eftir atvikum niðurrif mannvirkja, þar til verkefninu telst lokið. Félagið mun lúta forræði forsætisráðherra og mun ríkisstjórnin skipa tvo menn í stjórn þess en leitað verður til sveitarfélaga á Suðurnesjum um að skipa einn mann.

Þá segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að til að efla almennt öryggi verði við endurskoðun laga um almannavarnir hugað að því að koma á fót miðstöð þar sem tengdir verði saman allir aðilar sem koma að öryggismálum innan lands, hvort heldur vegna náttúruhamfara eða vegna hættu af mannavöldum. Til að tryggja sem best samhæfingu innan miðstöðvarinnar munu forsætisráðherra, utanríkisráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, samgönguráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og umhverfisráðherra sitja í yfirstjórn hennar. Dagleg stjórn miðstöðvarinnar verður á vegum dóms- og kirkjumálaráðherra og mun hann leggja fram frumvarp til nýrra almannavarnalaga.

Einnig segir í yfirlýsingunni að samhliða því sem unnið er að nýskipan lögreglumála, verði samstarf lögreglu, landhelgisgæslu, slökkviliða og björgunarsveita aukið enn frekar, þannig að tryggja megi þátttöku varaliðs hvarvetna þar sem þess kann að verða þörf í landinu. Jafnframt kemur fram að tryggt verður að íslensk yfirvöld hafi lögheimildir til náins samstarfs við stjórnvöld og alþjóðastofnanir þar sem skipst er á trúnaðarupplýsingum.

Enn fremur er tilkynnt í yfirlýsingunni að unnið verði að því að koma á öflugu öruggu fjarskiptakerfi, Tetra kerfi, sem nær til landsins alls og bent á að þegar hafi verið gerðar ráðstafanir til að efla þyrluþjónustu Landhelgisgæslunnar auk þess sem ný flugvél og nýtt varðskip verða keypt.

Lýst er yfir að ríkisstjórnin muni vinna að því að koma á laggirnar samstarfsvettvangi fulltrúa stjórnmálaflokkanna þar sem fjallað verði um öryggi Íslands á breiðum grundvelli, m.a. í samstarfi við sambærilega aðila í nálægum löndum.

Þá segir að við brotthvarf varnarliðsins sé eðlilegt að yfirstjórn málaflokka og stjórnsýsla á Keflavíkurflugvelli breytist til samræmis við það sem almennt tíðkist í landinu og að ríkisstjórnin muni vinna að því. Fyrst um sinn verður stjórnsýslan á fyrrverandi varnarsvæði þó óbreytt frá því sem verið hefur. Jafnframt verður skilgreint sérstakt svæði á flugvellinum, undir yfirstjórn utanríkisráðherra, sem verður til afnota vegna æfinga á vegum Bandaríkjanna og annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins eða annarra hernaðarþarfa.

Loks kemur fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að gerðar verði ráðstafanir til að lesið verði úr öllum merkjum frá Ratsjárstofnun sem þýðingu hafa varðandi eftirlit með flugvélum í lofthelgi Íslands. Varnarliðið hætti þessu í sumar en í síðustu viku komst þetta eftirlit á aftur á vegum Ratsjárstofnunar. Það þýðir að vitað verður um flugvélar sem hugsanlega koma að landinu án þess að tilkynna sig eða hætta að sinna tilkynningarskyldu sem felst í því meðal annars að senda frá sér viðeigandi merki.

Ég hef nú, virðulegi forseti, lokið við að gera grein fyrir þeim skjölum sem fyrir liggja í þessu máli og þeirri niðurstöðu sem fékkst í viðræðum Bandaríkjanna og Íslands. Ég vona að á þessum grundvelli muni löndin á næstunni og á komandi tímum geta átt náið og gott samstarf eins og verið hefur allar götur frá 1951 í þessum málaflokki.

[13:49]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Það er mikið fagnaðarefni að Alþingi

Íslendinga sé nú í þeirri stöðu í fyrsta sinn í 55 ár að á Alþingi er ekki uppi ágreiningur um að svo friðvænlegt sé í okkar heimshluta að ekki sé þörf á bandarískum herafla hér á landi. Í fyrsta sinn í 55 ár er ekki um það ágreiningur hér á Alþingi að ekki sé þörf á bandarískum herafla hér á landi. Það eru mikil forréttindi að búa í slíkum heimshluta. Það eru mikil forréttindi líka fyrir íslenska stjórnmálamenn að fá að takast á við öryggis- og varnarmálin við þessar nýju aðstæður.

Sú staðreynd að ekki er lengur ágreiningur um að ekki sé þörf á bandarísku varnarliði í landinu markar pólitísk tímamót og skapar alveg ný tækifæri. Ég er ekki alveg viss um að við séum öll búin að átta okkur á þeim möguleikum sem í þessu felast. En það eru sannarlega ný tíðindi að allir skuli vera sammála um það að ekki sé þörf fyrir sýnilegan herafla á Íslandi. Það eru ný tíðindi vegna þess að Samfylkingin hefur lengi bent á það hér á þingi og annars staðar að hingað til hafi ekki verið færð nein haldbær rök fyrir því að hér þyrftu að vera svokallaðar sýnilegar varnir í formi fjögurra herþotna. Sýnilegar varnir, sýnilegar lágmarksvarnir var þetta kallað af hálfu stjórnarliða. Og það voru aldeilis ekki allir sammála því að það væri ekki endilega þörf fyrir þennan viðbúnað hér á landi. Það voru ekki allir sammála því fyrir þremur árum þegar umræða kom upp um þetta í kjölfar tilkynninga frá bandarískum stjórnvöldum um að þau hygðust fara á brott með herafla sinn.

Það voru ekki allir sammála um þetta fyrir þremur árum og við þurfum ekki einu sinni að fara svo langt aftur því ekki er lengra síðan en í febrúar að um þetta var ágreiningur. Jafnvel í mars sl. var ágreiningur uppi um þetta. Þá var viðtal við núverandi forsætisráðherra í sjónvarpinu, þann 3. febrúar 2006, og fréttamaðurinn innleiddi viðtalið og sagði:

„Orrustuþoturnar fjórar á Keflavíkurflugvelli eru orðnar hálfgert tákn fyrir baráttu stjórnvalda fyrir vörnum landsins. Eru þær enn lykilatriði eða má hugleiða annars konar varnarfyrirkomulag?“ spyr fréttamaðurinn. Forsætisráðherra núverandi og þáverandi. utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, svarar:

„Þoturnar eru lykilatriði í okkar huga, já, og fjórar þotur eru lágmarkið held ég í huga allra eða að dómi allra þeirra sem þekkja til þessara mála.“

Fjórar þotur eru lágmarkið að dómi allra, sagði hæstv. forsætisráðherra í febrúar. Við getum líka farið lengra aftur til þess tíma þegar Davíð Oddsson var forsætisráðherra og fór með samskipti við bandarísk stjórnvöld vegna varnarmálanna. Þá lýsti hann því yfir að fjórar herþotur væru lágmarksviðbúnaður hér á landi og ef bandarísk stjórnvöld tækju einhliða ákvörðun um eitthvað annað jafngilti það uppsögn varnarsamningsins. Hann hafði uppi hótanir um að það jafngilti uppsögn og hann sagði að það að fækka þotunum niður í fjórar, eins og gert var á sínum tíma, væri algjört lágmark og minna væri ekki bjóðandi NATO-þjóð, sagði þáverandi forsætisráðherra og hann hafði í hótunum. Nú blasir við að þessar hótanir voru aldrei annað en innantóm orð og blekkingar.

Valur Ingimundarson sagði reyndar í viðtali á Stöð 2 15. mars að Bandaríkjamenn vissu að þetta væru blekkingar og það er komið á daginn. Þeir vissu allan tímann að þetta voru innantómar blekkingar. Nú eru þoturnar og allt herliðið farið og hvað segja ráðherrarnir þá? Þeir segja: Það er fullnægjandi að vera með varnarskuldbindingu, við þurfum ekki herafla.

Þetta segir m.a. hæstv. dómsmálaráðherra í viðtali við Morgunútvarpið nú nýverið en þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Það var ákveðin öryggistrygging fyrir okkur fólgin í því að hafa orrustuþoturnar hér á flugvellinum og við lögðum fram kröfur um það og það náðist ekki fram að ganga og ég tel að þessi kostur sem er í boði núna sé fullnægjandi.“ Þessir menn sem sögðu fyrir nokkrum mánuðum að þetta væri algjört lágmark og það væri vá fyrir dyrum ef ekki væri hér viðbúnaður í formi fjögurra þotna.

En þessir ráðamenn blekktu ekki bara bandarísk stjórnvöld heldur blekktu þeir, og það er kannski það alvarlega, íslenskan almenning, töldu fólki trú um að það væri varnarlaust og mikil vá fyrir dyrum ef þessi viðbúnaður væri ekki á Keflavíkurflugvelli. Nú yppa þeir öxlum og segja að þetta skipti ekki máli. Þetta skiptir engu máli, segja þeir, þjóðin er ekkert varnarlaus. Hvað er að marka svona menn og hvernig getur þjóðin trúað þeim þegar mikið liggur við? Hvernig getur hún trúað þeim þegar þeir eru búnir að blekkja hana mánuðum og árum saman í þessu máli?

Þessar blekkingar eru bara til marks um það hversu illa undirbúin stjórnvöld voru í þessum viðræðum sem þau þó töldu hafa gríðarlega þýðingu fyrir varnir og öryggi Íslands. Bæði undirbúningurinn og samningatæknin er mikill áfellisdómur yfir ríkisstjórninni. Hún hélt illa á þessum málum. Hún beitti blekkingum og hafði í hótunum í stað þess að horfast í augu við breytta heimsmynd og mæta að samningaborðinu miklu fyrr og hafa þá um eitthvað að semja og vera með einhver samningsmarkmið og vita þá hvert þeir vildu stefna. Þeir ofmátu samningsstöðu sína og í því var auðvitað fólginn ákveðinn oflátungsháttur.

Þeir fóru líka í viðræðurnar án samningsmarkmiða. Þeir skilgreindu ekki varnarhagsmunina, þeir mættu tómhentir í viðræðurnar.

Í þriðja lagi könnuðu þeir ekki hvar við stæðum ef samningar næðust ekki, þeir ræktuðu enga valmöguleika sem er afleit staða ef menn ætla að fara í samninga. Og til að kóróna þetta allt saman sagði svo forsætisráðherra í mars að við ættum engan annan kost en að semja við Bandaríkin, við ættum engan annan kost. Hann gaf þeim með öðrum orðum sjálfdæmi og lagði málið í þeirra hendur.

Núna stöndum við hér eftir allt þetta klúður sem á undan er gengið með pólitískt samkomulag í höndunum um varnir Íslands og samning um viðskilnað hersins. Til grundvallar þessu samkomulagi liggur varnaráætlun sem er leyniplagg. Það kom fram í samningaviðræðunum að Bandaríkjamenn skilgreina varnarþarfir okkar og varnarviðbúnað. Sagt var berum orðum af hæstv. forsætisráðherra að þetta væri mál sem við hefðum ekkert vit á. Þetta gerðu þeir. Þeir skilgreina varnarþarfir okkar og varnarviðbúnað. Þeir setja upp áætlunina sem enginn fær að sjá nema forsætisráðherra og utanríkisráðherra.

Bandaríkjamenn vildu gera Keflavíkurstöðina að varaherstöð en hafa óheftan aðgang að landinu til æfinga eða athafna ef þeir teldu hagsmunum sínum ógnað. Ég fæ ekki betur séð en það sé nákvæmlega það sem þeir fá. Þetta kom

m.a. fram í viðtali við Val Ingimundarson í mars, sem ég vitnaði til áðan, að það væri þetta sem Bandaríkjamenn vildu og það var þetta sem þáverandi forsætisráðherra benti líka á að þeir vildu og þetta fá þeir. Þeir fá aðgang að landinu til æfinga og athafna, þeir fá óheftan aðgang, þeir fá varaherstöð.

Ég ætla að lýsa því yfir strax að Samfylkingin mun ekki taka neina pólitíska ábyrgð á því samkomulagi sem gert hefur verið vegna þess að hún veit ekkert hvað í því felst. Það byggir á leynilegri varnaráætlun og við ætlum ekki að bera ábyrgð á slíkri áætlun. Samningarnir eru allir á forsendum Bandaríkjamanna og þeir eru snautlegir fyrir íslensk stjórnvöld. Bandaríkjamenn fara út að eigin ósk en eru leystir út með samningi sem felur í sér að þeir fá allt það sem þeir vilja.

Virðulegur forseti. Við stöndum uppi með þennan samning. Samfylkingin lagði ævinlega til að 7. gr. varnarsamningsins yrði virkjuð og við færum með málið inn á vettvang NATO. Það getum við enn þá gert, virðulegur forseti, og það getum við gert hvenær sem er. Við þurfum ekki að gera það núna, við getum gert það hvenær sem er. Við leggjum áherslu á að öryggismálanefndin sem gert er ráð fyrir að starfi verði skipuð hið fyrsta, hún meti hagsmuni okkar og stöðu og síðan tökum við ákvarðanir í framhaldi af því. En leyndinni verður að aflétta af varnaráætluninni, leyndinni verður að aflétta að hluta til gagnvart almenningi en skilyrðislaust gagnvart forustumönnum í öllum stjórnmálaflokkum.

[13:59]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég held það sé óhætt að tala umbúðalaust um þennan samning og segja það í upphafi þessarar umræðu að þetta er hundvondur samningur. Hann stendur ekki undir þörfum Íslendinga varðandi varnir og öryggi ef svo fer að viðsjár brjótist aftur með einhverjum hætti út í okkar heimshluta. Þetta er líka hundvondur samningur að því er varðar viðskilnað Bandaríkjamanna við okkur Íslendinga, bæði um mengun á varnarsvæðunum og líka hvað varðar viðskilnað og kostnað vegna hans. Að því leyti til er ekki hægt að segja annað en að samningurinn er hraksmánarlega illa gerður. Hann undirstrikar það sem við höfum verið að gagnrýna í allri þessari málsmeðferð. Málið hefur ekki verið nógu vel undirbúið og niðurstaðan er eftir því.

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra skautaði létt yfir þegar hann talaði um það hvað Íslendingar þyrftu að inna af höndum vegna brottfarar Bandaríkjahers frá Keflavíkursvæðinu. Hann gat þess hvergi að Íslendingar munu þurfa að greiða samtals 5 milljarða kr. hið minnsta vegna þess að Bandaríkjamenn eru að fara af fúsum og frjálsum vilja. Þannig er það nú eigi að síður þó að hæstv. forsætisráðherra kjósi, eins og svo margt annað í þessu máli, að reyna að fela þá staðreynd. Það kom ekki fram í máli hans að það væri líklegt að það mundi kosta íslenska ríkið 2 milljarða að rífa helming þeirra húsa sem vitað er að þarf að fjarlægja. Hann var hins vegar nógu hreinskilinn til að segja að það mundi sennilega kosta 3 milljarða að fjarlægja þá mengun sem vitað er um í dag. Þetta eru 5 milljarðar, 5 milljarðar sem íslenska ríkisstjórnin þarf að greiða vegna þess að Bandaríkjamenn kjósa að fara af fúsum og frjálsum vilja. Við þær aðstæður að erlend ríkisstjórn kýs að draga varnarlið sitt í burtu án þess að ríkisstjórnin krefjist þess þá er það lágmarkskrafa að hún skili landinu í því horfi sem hún tók við því. Það þýðir að henni ber að sjálfsögðu að leggja með sér það fjármagn sem þarf til þess að ryðja burt þessum húsum. En samninganefnd ríkisins, undir skeleggum leiðbeiningum hæstv. forsætisráðherra, hefur verið svo algerlega á knjánum í þessu máli að hún lætur troða því niður um kokið á sér að þeir séu í reynd að fá húsnæði að virði 10 milljarða kr. Ég get ekki annað en gagnrýnt þessa málsmeðferð, frú forseti.

Það verður líka að segjast eins og er að það er ömurlegt að sjá þann hluta samningsins sem lýtur að mengun á umhverfi þessara svæða. Það vita það allir sem hafa fylgst með þessum málum að stöðugt finnast ný svæði sem eru illa menguð. Alveg fram á síðustu mánuði hafa Íslendingar verið að fá nýjar upplýsingar um það. Og ef það er eitthvað sem við eigum að læra af sögunni þá er það að þaðan sem bandarískt herlið fer kemur alltaf í ljós mikil mengun, stundum löngu, löngu síðar. En þessir ágætu herrar fara án þess að bera nokkra ábyrgð af því að íslenska ríkisstjórnin var of lin til þess að gera almennilegan samning. Hæstv. ráðherra sagði það að vísu að ef í ljós kæmi hætta á bráðri og yfirvofandi mengun, þá mætti hvað? Taka upp viðræður við Bandaríkjamenn! Ég hef aldrei á ævinni heyrt íslenska ríkisstjórn koma með jafnundarlegan málflutning og ég lýsi furðu á því að þetta skuli vera fyrsta skref nýs forsætisráðherra. Þess vegna er það ekkert undrunarefni að hæstv. ráðherra er ekkert glaður og reifur. Þetta er ekki sigurganga frá forsætisráðherrastólnum hér upp í púltið. Það er von að hann vilji skauta létt og helst sporlaust yfir þá föl sem þessi samningur er vegna þess að haldið í honum er svo lítið. Það er kannski tilefni þess að hæstv. ráðherra hefur ekkert gert, sem honum ber þó skylda til, til að efla samstöðu um þennan grundvallarþátt í utanríkisstefnu sem varnir fullvalda ríkis hljóta þó að vera.

Hæstv. ráðherra hefur algerlega forsómað það að hafa lögbundið samráð við utanríkismálanefnd. Ég segi það sem utanríkismálanefndarmaður og kjörinn fulltrúi á Alþingi Íslendinga að ég veit nánast ekkert um öryggis- og varnarinnihald þessa samnings. Hvers vegna? Vegna þess að hæstv. forsætisráðherra ber það á borð fyrir þjóðina að þungamiðja samninganna, sem er varnaráætlun, sé leynileg. Það eru bara tveir sem fá að skoða hana. Það er annars vegar pappírsráðherrann hæstv. í utanríkisráðuneytinu sem sagði sig frá málinu í upphafi tíðar sinnar og hæstv. forsætisráðherra.

Nú vil ég segja það alveg skýrt að ég ber virðingu fyrir dómgreind hæstv. forsætisráðherra og ég ber virðingu fyrir honum sem stjórnmálamanni. En enginn er dómari í eigin sök og hæstv. ríkisstjórn hefur setið undir ámæli og gagnrýni fyrir að gera lélega samninga. Hvernig eigum við þá að treysta því þegar hæstv. forsætisráðherra kemur sem eini dómari landsins og segir: Þetta er góður samningur. Það var aldrei við öðru að búast en því að hann mundi segja það. Og ég fordæmi það að menn komi með varnarsamkomulag sem byggist á leynimakki sem Bandaríkjamenn hafa einir búið til og enginn Íslendingur utan tveir ráðherrar fá að sjá,

tveir ráðherrar sem forlögin munu að öllum líkindum fleygja út úr ríkisstjórninni innan nokkurra mánaða. Það er krafa okkar að stjórnarandstaðan, undir þeim trúnaði sem lög binda utanríkismálanefnd, fái að skoða og sjá þetta til að geta metið það fyrir hönd umbjóðenda okkar hvort þetta uppfylli varnarþarfir Íslendinga.

[14:05]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Meginskylda sérhvers fullvalda ríkis er að ábyrgjast öryggi og varnir þegna sinna og lands. Í viðræðum við Bandaríkjamenn um framtíðarfyrirkomulag varna á Íslandi settu íslensk stjórnvöld sér einkum þrjú markmið. Í fyrsta lagi að tryggja varnir landsins með viðunandi hætti eftir að fastri viðveru Bandaríkjahers lyki. Í öðru lagi að semja um skil á svæðum og mannvirkjum og í þriðja lagi að tryggja snurðulausa yfirtöku Íslands á rekstri alþjóðaflugvallarins í Keflavík.

Fyrirsvar í þessum viðræðum var hjá forsætisráðuneytinu sem var í samræmi við það fyrirkomulag sem tekið var upp fyrir nokkrum árum. Þótt við hefðum vissulega viljað sjá frekari skuldbindingu Bandaríkjamanna, t.d. hvað varðar viðveru herliðs og hreinsun svæða, tel ég að samningsmarkmið okkar hafi náðst og að þessu samningaferli sé því vissulega farsællega lokið.

Nú um stundir er þess minnst að 20 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða, sem segja má að hafi markað upphafið á endalokum kalda stríðsins, og fimm ár frá því að stórfelld hryðjuverkaárás var gerð á Bandaríkin. Lok kalda stríðsins og hryðjuverkaógnin hafa breytt heimsmyndinni og orðið til þess að ríki heims hafa endurskilgreint og endurskoðað varnir sínar og öryggisráðstafanir. Íslensk stjórnvöld hafa ekki látið sitt eftir liggja og má þar nefna aukna þátttöku á alþjóðlegum vettvangi, ekki síst í Atlantshafsbandalaginu og aðgerðum þess. Nýgert samkomulag við Bandaríkin endurspeglar þá breyttu heimsmynd sem við nú stöndum frammi fyrir. Brotthvarf varnarliðsins frá Suðurnesjum markar tímamót í varnarsamstarfi okkar við Bandaríkin, rúmri 55 ára samfelldri viðveru bandarísks varnarliðs á Íslandi er lokið.

Hæstv. forseti. Ef skilgreina á viðmiðanir fyrir öryggi og varnir Íslands þarf að líta til þeirra ógna sem að okkur kunna að steðja og stöðu okkar í samfélagi þjóðanna. Þótt friðsælt sé á Norður-Atlantshafi nú um stundir er fyrir fram ekki hægt að útiloka að breytingar verði þar á. Þótt okkur finnist við örugg og úr alfaraleið þurfum við rétt eins og aðrar þjóðir að standa vel á verði gagnvart alþjóðlegum hryðjuverkahópum sem engu eira og ekkert er heilagt.

Fyrir skömmu komu t.d. bresk og bandarísk yfirvöld í veg fyrir meiri háttar tilraun til hryðjuverka sem beindust gegn farþegaþotum sem fljúga áttu yfir Atlantshafið. Þá liggur fyrir að flug- og skipaumferð um Norður-Atlantshaf mun aukast til mikilla muna á næstu árum, m.a. vegna olíu- og gasvinnslu og flutninga. Varnir gegn hefðbundnum ógnum þurfa einnig að vera til staðar eins og varnarviðbúnaður nágrannaríkja okkar ber vitni um.

Öryggis- og varnarstefna Íslands hlýtur að taka mið af legu landsins á miðju norðanverðu Atlantshafi og smæðar þjóðarinnar. Við hljótum að líta til vesturs og rækta samskipti okkar við Bandaríkin. Varnarsamkomulagið veitir okkur rammann til þess á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 sem áfram er í fullu gildi og hefur reynst okkur mjög farsæll á liðnum áratugum. Varnarsamstarf þjóðanna á sér ekki hliðstæðu og ljóst er að margar þjóðir vildu gjarnan njóta þeirrar sérstöku verndar sem varnarsamningurinn veitir okkur. Það verður hins vegar áfram viðfangsefni beggja þjóða að fullmóta og slípa tvíhliða varnarsamstarf á grundvelli þessa nýja samkomulags. Skiptir þar framtíð ratsjárstöðvanna og áframhaldandi rekstur þeirra allra miklu en þær hafa margsannað gildi sitt í áranna rás.

Við brottför varnarliðsins tekur Ísland á sig ábyrgð gistiríkis innan Atlantshafsbandalagsins sem Bandaríkin hafa sinnt fyrir okkar hönd til þessa. Keflavíkurflugvöllur og NATO-mannvirki þar sem og ratsjárstöðvarnar fjórar eru enn skilgreind varnarmannvirki sem eru til afnota fyrir aðildarríki bandalagsins á okkar vegum. Við hljótum jafnframt að líta til varnarmála í alþjóðlegu samhengi og mjög mikilvægt er að halda áfram að efla þátttöku okkar á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Í þeim efnum er brýnt að hefja þátttöku og greiðslu í Mannvirkjasjóð bandalagsins, efla fastanefnd Íslands, auka þátttöku í borgaralegum friðargæsluverkefnum og bjóða bandalagsríkjum hingað til lands til æfinga og að hafa afnot af því svæði á Keflavíkurflugvelli sem áfram verður nýtt í þágu varna. Vitað er að áhugi er fyrir hendi meðal ýmissa bandalagsríkja á slíku og vinna þarf að þeim málum með skipulegum hætti.

Sem Evrópuþjóð hljótum við að fylgjast grannt með þróun öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins, ESDP, sem þróast hefur hratt undanfarin ár. Þannig var samevrópsk öryggismálastefna samþykkt fyrir hartnær þremur árum og stjórnmála- og öryggismálanefnd sem og hermálanefnd og hermálastarfslið eru nú starfandi innan sambandsins. Hernaðarbolmagn er að aukast og sett hefur verið saman 60 þúsund manna viðbragðslið. Evrópsk varnarmálastofnun var sett á fót árið 2004 og er ætlað að stuðla að samhæfingu og samvinnu á hernaðarsviðinu. Þá var samstöðuákvæði aðildarríkja ESB samþykkt eftir hryðjuverkaárásina í Madrid árið 2004 sem gerir ráð fyrir að aðildarríkin bregðist sameiginlega við ef eitt þetta verður fyrir hryðjuverkaárás. Þó öryggis- og varnarmálastefna ESB sé enn þá ófullburða er hún í örri þróun og til lengri tíma litið skyldi alls ekki útiloka að Ísland geti leitað samstarfs við ESB á sviði öryggismála.

Önnur hlið á Evrópusamstarfinu snýr að Schengen, samstarfi sem við höfum notið góðs af og munum styrkja enn frekar. Þá hljótum við að líta til okkar næstu nágranna, svo sem Noregs, Danmerkur, Færeyja, Bretlands og Kanada, um samstarf á sviði leitar- og björgunarmála. Síðast en ekki síst hljótum við að líta okkur nær og taka aukna ábyrgð á eigin öryggi og vörnum. Samningaferli það sem nú hefur verið leitt farsællega til lykta, en var okkur ekki auðvelt, þarf að verða okkur áminning um nauðsyn þess að standa vel á verði um öryggishagsmuni okkar. Við þurfum að efla okkar eigin viðbúnað og þekkingu þannig að við getum brugðist við þeim öru breytingum sem eru að verða á umhverfi okkar í öryggis- og varnarmálum. Í því ljósi ber að líta á ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að stórefla Landhelgisgæslu Íslands og lögreglu, að setja á fót miðstöð um ör-

yggismál innan lands og endurskoða lög um almannavarnir. Í því ljósi ber að líta á samstarfsvettvang fulltrúa stjórnmálaflokkanna til að fjalla um öryggis- og varnarmál.

Hæstv. forseti. Brottför varnarliðsins hefur vitaskuld áhrif á þjóðina alla en Suðurnesjamenn standa þó frammi fyrir sérstakri áskorun í því tilliti. Heilt bæjarfélag með tilheyrandi mannvirkjum og innviðum er horfið á braut. Ríkisstjórnin hefur kappkostað að gera alla undirbúning eins vel úr garði og unnt er með tilliti til hagsmuna Suðurnesja. Þar er lykilatriði að snurðulausum rekstri Keflavíkurflugvallar, sem er mikilvægasta samgöngumannvirki okkar Íslendinga, sé viðhaldið. Í því skyni voru gerðar ráðstafanir, m.a. í samningum við Bandaríkjamenn, til að halda nauðsynlegum búnaði vegna rekstrar flugvallarins og nýta áfram þá miklu sérþekkingu sem býr í starfsmönnum vallarins. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að stofnað verði hlutafélag í eigu ríkisins um framtíðarþróun og umbreytingu fyrrverandi varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli. Verkefni félagsins verði að koma svæðinu og mannvirkjum þar í arðbæra borgaralega notkun. Enn fremur mun félagið bera ábyrgð á og annast rekstur og umsýslu nánar tiltekinna eigna á svæðinu, útleigu, sölu, hreinsun og niðurrif eftir því sem við á.

Hæstv. forseti. Áskorunum fylgja tækifæri sem stundum þarf framsýni og þrótt til að greina og grípa. Reynsla erlendis frá, til að mynda í Þýskalandi, þar sem töluvert hefur verið um lokun herstöðva, sýnir að með góðu skipulagi, ásetningi og samvinnu ríkis og sveitarfélaga má vinna mjög vel úr slíkum viðfangsefnum. Nú þegar hefur náðst mjög góður árangur í þeim efnum og hefur stór hluti af þeim starfsmönnum varnarliðsins sem sagt hefur verið upp störfum fundið ný störf. Það skiptir mestu að nú þegar hafa um 150 fyrrum starfsmenn varnarliðsins verið ráðnir til að starfa hjá flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli við ýmis störf sem varða rekstur alþjóðaflugvallarins. Við Íslendingar og Suðurnesjamenn sérstaklega erum í ákjósanlegri stöðu til að mæta þessari nýju og ögrandi áskorun. Möguleikarnir sem felast í nálægðinni við alþjóðaflugvöll landsins eru nánast óþrjótandi. Flugvöllurinn er ekki einungis steinsnar frá blómlegum byggðarlögum í næsta nágrenni og höfuðborgarsvæðinu heldur tengir hann Ísland við umheiminn og Evrópu við Norður-Ameríku. Raunar má færa gild rök fyrir því að vera varnarliðsins hér á landi hafi staðið þróun alþjóðaflugvallarins að nokkru leyti fyrir þrifum og hamlað vexti hans. Brotthvarf varnarliðs Bandaríkjanna kann því að skapa ný og ákjósanleg tækifæri, t.d. í markaðs- og viðskiptalegu tilliti. Ég leyfi mér að fullyrða að í Evrópu séu fá dæmi um alþjóðaflugvöll sem hefur jafnmikið rými til aukins vaxtar og möguleika til stækkunar athafnasvæðisins. Yfirleitt eru alþjóðaflugvellir í nágrannaríkjum okkar aðþrengdir og möguleikarnir til frekari vaxtar litlir sem engir. En á Keflavíkurflugvelli gegnir öðru máli og þar liggja tækifærin. Ég bind því miklar vonir og trú við störf hlutafélagsins sem efalítið mun fá margar góðar hugmyndir til að vinna úr og ég er bjartsýn fyrir hönd Suðurnesja.

Hæstv. forseti. Ákvörðun Bandaríkjastjórnar þann 15. mars um að kalla varnarliðið af landi brott kom illa við íslensk stjórnvöld, enda stóð þá yfir samningaferli um kostnaðarskiptingu á rekstri og viðhaldi Keflavíkurflugvallar. Engu að síður ákvað ríkisstjórn Íslands að láta reyna á frekari samninga við Bandaríkjamenn. Það reyndist farsæl ákvörðun. Með varnarsamkomulaginu við Bandaríkin, frekari samvinnu við aðra bandamenn og nágrannaþjóðir og uppbyggingu eigin getu í öryggismálum hafa íslensk stjórnvöld uppfyllt þá frumskyldu sína að ábyrgjast öryggi þegna sinna og varnir landsins.

[14:17]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það má með sanni segja að hæstv. ráðherrar hafi hér talað annar í austur og hinn í vestur í bókstaflegum skilningi, því að hæstv. forsætisráðherra ræddi fyrst og fremst um samstarfið við Bandaríkin og kom inn á það í lokaorðum sínum að hann vonaði að það yrði hér eftir sem hingað til farsælt, eins og það hefur verið að hans dómi allt frá 1951. Síðan kom hæstv. utanríkisráðherra og talaði aðallega í austur, þ.e. um Evrópu, og fór mörgum orðum um uppbyggingu varnarstarfs og hernaðarmáttar Evrópusambandsins og mænir greinilega þangað vonaraugum. Sem sagt, forsætisráðherra horfir í vestur, utanríkisráðherra horfir í austur.

Það hvernig endalok bandarískrar hersetu bar að hér á landi á undangengnum mánuðum var ákaflega táknrænt fyrir eðli þessara samskipta allan tímann. Bandarískur her var á Íslandi í þágu bandarískra hernaðarhagsmuna og bandarískur her fór af Íslandi þegar Bandaríkjamönnum sýndist svo vegna sinna eigin hagsmuna. Það má segja að þeir hafi valið þá aðferð sem hvað ruddalegust gat orðið og mest niðurlægjandi fyrir Íslendinga. Það er kaldhæðnislegt í ljósi þess að í ríkisstjórn sitja þeir flokkar sem hvað dyggilegast hafa staðið vörð um erlenda hersetu allt frá því að þeir komu henni á í landinu. Ekki var nú kannski beinlínis verið að launa þeim stuðninginn með því að gera þetta á sérstaklega kurteislegan hátt. Ja, sjaldan launar kálfurinn ofeldið.

Það er enginn vafi á því að við eigum nú sem endranær mikið þeim að þakka sem andæfðu dvöl erlends hers í landinu allan tímann. Það er t.d. alveg ljóst að það andóf á stóran þátt í því að erlend herseta varð aldrei jafnumfangsmikil að íslenskur þjóðarbúskapur varð henni ekki eins háður og ella hefði orðið. Við eigum það herstöðvarandstæðingum og friðarsinnum að þakka að hér varð ekki svipað ástand og á japönsku eyjunni Okinava. Hefðu Bandaríkjamenn fengið óskum sínum framgengt, sem studdar voru af ýmsum öflum hér innan lands, um miklu umfangsmeiri hernaðaruppbyggingu en varð þá hefði að sama skapi samdráttur og síðan brottför þeirra nú haft miklu umfangsmeiri áhrif í efnahagslífi landsmanna. Ef þeir hefðu farið út í allar þær stórframkvæmdir í Hvalfirði eða austur á Rangárvöllum og víðar í landinu sem þeir hugðu á hefði íslenskur þjóðarbúskapur orðið miklu meira undirlagður af þeim umsvifum. Ég held að allir hljóti að sjá í ljósi þess sem nú blasir við og liggur fyrir að slíkt hefði verið ákaflega óheppilegt þá þegar af þeim ástæðum fyrir utan hinn utanríkis- eða friðarpólitíska þátt málsins. Her er ótryggur vinnuveitandi, sérstaklega þegar stórveldi á í hlut sem gerir nákvæmlega það sem því sýnist, eins og því sýnist og þegar því sýnist.

Árið 1955 var reist herstöð á Heiðarfjalli, sorgleg saga

allt það mál. Það setti það litla byggðarlag á annan endann og olli því að í 15 ár, á meðan á uppbyggingu og rekstri herstöðvarinnar stóð, voru menn ekki mjög uppteknir af því að byggja upp annað atvinnulíf á meðan allir gátu fengið þar vinnu eins og þeir vildu. En svo gerist það að Bandaríkjaþing ákveður að skera niður fjárveitingar til hersins 1969 eða 1970 og á örfáum vikum er þessari herstöð lokað, bara skellt í lás, Kaninn farinn, eins og reyndar hefur verið að gerast núna suður á Miðnesheiði. Eftir sat þetta byggðarlag auðvitað með atvinnumál sín í miklu ójafnvægi eins og gefur að skilja.

Það verður að segjast eins og er að tíminn frá því að það mátti vera ljóst hverjum manni að bandarískur her mundi fyrr eða síðar hverfa frá landinu hefur verið illa notaður.

Það er undarlegt að lesa það — ég vil ekki segja fyndið — það er undarlegt að lesa það í stefnuræðu forsætisráðherra sem flutt var í gærkvöldi þar sem segir, með leyfi forseta:

„Óhætt er að segja að ákvörðun Bandaríkjamanna um að loka varnarstöðinni hafi komið á óvart."

Ja, það er ekki von að menn hafi undirbúið sig vel ef svo er að þetta hafi komið ríkisstjórninni bullandi á óvart. Þeir voru bara grunlausir, grandalausir. Um hvað er umræðan búin að standa frá því upp úr 1990, í 15 ár, annað en þetta? Veruleikinn er hins vegar sá að afneitun stjórnvalda, að tilburðir ríkisstjórnarinnar allt frá fyrstu dögum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar 1991 og samningum við herinn 1994 á grundvelli fyrri bókunarinnar af tveimur sem gerð var um herþoturnar fjórar, tilburðir stjórnvalda til að reyna að ríghalda í óbreytt eða sem minnst breytt ástand hafa valdið því að menn hafa ekkert notað tímann. Auðvitað er það stórfurðulegt að menn skuli vakna upp við vondan draum á miðju sumri 2006 og átta sig á því að Bandaríkjamenn eiga allan búnað sem þarf til að reka Keflavíkurflugvöll, til að reka aðalmillilandaflugvöll þjóðarinnar, mikilvægasta samgöngumannvirki þjóðarinnar og skuli vera á hnjánum gagnvart Bandaríkjamönnum bara til þess að flugvöllurinn loki ekki þegar þeir fara að slökkva á draslinu og taka það niður og fara með það, aðflugsljós, aðflugsbúnað, aðflugsratsjár og hvað það nú er. Er það ekki undarlegt að menn skuli ekki fyrir löngu t.d. vera búnir að takast á við þennan þátt málsins og leysa hann eða þetta með mengunina? Er það ekki undarlegt að menn skuli þurfa að byggja aðallega á gögnum frá Bandaríkjamönnum sjálfum um það hve mikið þeir hafi mengað á Íslandi og treysta á að þeir hafi rannsakað það með hlutlægum hætti?

Undanfarin mörg ár hefur sá sem hér stendur af og til flutt tillögur á Alþingi, tvenns konar tillögur, um að tekið væri á þessum málum. Þar er annars vegar um að ræða tillögu til þingsályktunar um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar og uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi samhliða brottför hersins. Auðvitað stæðum við allt öðruvísi og miklu betur að vígi ef við hefðum notað tímann undanfarin mörg ár til þess að ræða við Bandaríkjamenn ekki um hvort þetta gerðist að þeir færu, heldur hvernig það gerðist og hvernig við tækjum yfir, á grundvelli skipulagðrar áætlunar, rekstur Keflavíkurflugvallar og hann færðist alfarið á okkar hendur.

Sama gildir um mengunina. Ég hef af og til flutt tillögur til þingsályktunar um rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu og að hún tæki ekki bara til Miðnesheiðar heldur allra svæða sem erlend herseta hefur mengað hér á landi, bæði hvað varðar mengunarþættina sem slíka, þ.e. að rannsökuð yrði grunnvatnsmengun, jarðvegsmengun, frágangur spilliefna og sorphauga og önnur umhverfishætta, og líka hin lagalega eða réttarfarslega hlið málsins þannig að Íslendingar vissu hvar þeir stæðu gagnvart því að gera kröfur á hendur Bandaríkjamönnum og láta þá axla sína ábyrgð samkvæmt ýtrustu mögulegri stöðu okkar, lagalegri og pólitískri.

Auðvitað hafa hæstv. ráðherrar neyðst til að viðurkenna að þessi mál voru komin í hið herfilegasta óefni, samningsstaða Íslands meira og minna hrunin og tíminn verið ákaflega illa notaður. Þess vegna er það samkomulag eða þau samkomulög svo aum sem raun ber vitni sem nú eru borin á okkar borð. Langalvarlegasti ágalli samkomulagsins um yfirtöku mannvirkja er að mínu mati sá að Bandaríkjamenn eru leystir undan ábyrgð á mengun. Það, fyrir utan kannski framkomuna við starfsmenn sem þeim líðst að skilja eftir án eðlilegra starfslokasamninga o.s.frv., er langalvarlegasti ágalli málsins að mínu mati.

Varðandi hið pólitíska samkomulag er ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði andvíg því að halda þeim samskiptum áfram við Bandaríkjamenn á þeim grunni sem þar er gert. Það er engin ástæða til þess eins og komið er að hafa varnarsamninginn í gildi, honum á auðvitað að segja upp, og þá ber svo við að sá sem hér stendur er loksins orðinn sammála Davíð Oddssyni. Það er alveg fráleitt við þessar aðstæður að við séum að skuldbinda okkur til þess að láta Bandaríkjamenn ganga hér að aðstöðu eins og þeim sýnist inn í framtíðina. Hvaða sýndarmennska er það að þeir komi hér einu sinni á ári og valdi ónæði og truflunum með heræfingum? Auðvitað ættum við að vera því fegnastir að vera lausir við slíkt brölt, slíka peningasóun og slíka óværu úr okkar landi.

Í framhaldinu á Ísland auðvitað að taka sér nýja stöðu, óháða stöðu utan hernaðarbandalaga og byggja sína stöðu meðal þjóðanna á slíkum grunni. Við eigum í raun og veru enga samleið með hernaðarstórveldinu Bandaríkjunum, við smáþjóð, vopnlaus þjóð með okkar friðararfleifð. Við eigum að vera stolt af því að vera orðin á nýjan leik herlaus, óvígbúin þjóð. Við getum tekið okkur þar til að mynda fordæmi Álandseyja til fyrirmyndar, sem eru óvígbúið svæði, „demilitíserað" svæði á grundvelli alþjóðlegs samkomulags sem nágrannaríki þess hafa skuldbundið sig til að virða. Við eigum að vera stolt af því að hafa ekki her eins og Kostaríka sem lagði sinn her niður 1949. Hvernig hefur það gefist þeim? Jú, það er almannarómur að þeir hafi búið við mun meiri stöðugleika og öryggi en nágrannaríkin sem hafa her, m.a. vegna þess að sá her hefur reynst þeim oft og tíðum mesta ógnin. Panama fylgdi fordæmi Kostaríka 1990 og lagði niður sinn her þannig að þruglið um það að öll lönd þurfi að hafa her og halda uppi hervörnum stenst auðvitað ekki skoðun.

Í framhaldinu eigum við að friðlýsa Ísland. Við eigum að friðlýsa íslenskt land, íslenska lofthelgi og íslenska lögsögu. Við eigum að banna þar umferð kjarnorkuknúinna farartækja bæði af friðarpólitískum ástæðum og umhverfis-

ástæðum. Við eigum að meina öðrum ríkjum að koma með vígtól hér inn í lögsöguna eftir því sem við frekast höfum stöðu til á grundvelli þjóðarréttarins og við getum þar m.a. vísað í alþjóðahafréttarsamninginn og skyldur þjóða til að vernda lögsögu sína og bægja mengunarhættu frá.

Verkefnin sem við núna þurfum að takast á við eru öll borgaralegs eðlis og þau eru öll þess eðlis að okkur Íslendingum er engin vorkunn að leysa þau. Brottför hersins er gleðileg sem slík en hún er líka gleðileg vegna þess að hún felur í sér ýmis tækifæri til að sætta þjóðina á þessu svæði til þess að nota þá aðstöðu, það landsvæði og þá aðstöðu og þá möguleika sem núna er hægt að leysa yfir í borgaraleg afnot við Keflavíkurflugvöll, og þó fyrr hefði verið, og byggja þar upp aðra atvinnukosti í stað brottfarar hersins. Okkur er að sjálfsögðu engin vorkunn að reka okkar meginmillilandaflugvöll sjálf og bera kostnaðinn af því enda skilar hann miklum tekjum og er mjög nálægt því eða mun verða mjög nálægt því á komandi árum með vaxandi borgaralegri umferð að vera sjálfbær, þ.e. ef hann fær að njóta allra þeirra tekna sem lendingar- og þjónustugjöld skila þá getur Keflavíkurflugvöllur í aðalatriðum séð um sig sjálfur eins og eðlilegt er. Okkur er að sjálfsögðu engin vorkunn að gera þær ráðstafanir sem þarf og lúta að löggæslu og landamæraeftirliti og öðrum slíkum þáttum. Það eru borgaralegar ráðstafanir og engin þörf á neinu öðru. Okkur er engin vorkunn að takast á við það að efla björgunarstarfsemi Landhelgisgæslunnar og sjá sómasamlega fyrir því, þar á meðal að staðsetja eina björgunarþyrlu á norðan- eða norðaustanverðu landinu, a.m.k. yfir veturinn, til að hafa fullnægjandi öryggi að öllu leyti í þessum efnum. Ráðstafanirnar sem við þurfum að gera snúa að okkur sjálfum, þær eru allar í okkar valdi og þær eru allar vel viðráðanlegar.

Að sjálfsögðu er eðlilegt að fara yfir skipulag almannavarnamála, að bæta starfsskilyrði björgunarsveita, að gera nauðsynlegar ráðstafanir hvað varðar öryggi fjarskipta og aðra slíka hluti sem eðlilegt er að fara yfir við þessar aðstæður. Það er ekkert nema tilhlökkunarefni ef menn ganga til verks með því hugarfari að þetta séu verkefni sem við ætlum okkur að leysa og standa myndarlega að og fela ekki síður í sér tækifæri heldur en að líta á þetta sem einhver vandamál.

[14:32]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég hef stundum tekið svo til orða að nákvæmasta vísindagrein í heimi sé sú sem heitir að vera vitur eftir á. Ég ætla svo sem ekki að dæma um það hér og nú hvort sú grein á mjög vel við hér. Ég vil þó leyfa mér að fullyrða að það er alveg rétt sem formaður Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, benti á í ræðu sinni í gær í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra, að ríkisstjórnin hefði verið tekin í bólinu í þessu máli. Ég held það sé alveg óhætt að fullyrða það.

Þegar maður skoðar þetta mál, lítur um öxl, skoðar feril málsins, þá stendur það upp úr að öll viðbrögð stjórnvalda, ríkisstjórnarinnar, hafa verið frekar fálmkennd og máttvana. Við vissum það, eða réttara sagt ríkisstjórnin vissi það, fyrir síðustu alþingiskosningar, vorið 2003, að Bandaríkjamenn hygðust fara héðan með herþoturnar. Því var haldið leyndu fyrir kjósendum fram yfir kosningar, en þessi frétt kom í dagsljósið síðar þá um sumarið. Þá þegar vissu náttúrlega allir hvert stefndi. Innrásin í Írak var hafin með gríðarlegum kostnaði fyrir Bandaríkjamenn. Bandaríkjamenn eiga við efnahagsörðugleika að stríða. Þeir hafa verið að loka herstöðvum víða, ekki síst í Evrópu. Röðin hlaut að koma að Keflavík og Íslandi fyrr eða síðar.

Við í Frjálslynda flokknum bentum á þetta strax sumarið 2003. Við bentum strax á leiðir til úrbóta. Mér sýnist að hluti af þeim leiðum sem við töluðum um þá þegar sé innifalinn í því samkomulagi sem ríkisstjórnin hefur nú gert við Bandaríkjamenn, þremur árum síðar. Þremur árum síðar, eftir að Bandaríkjamenn eru farnir.

Virðulegi forseti. Ég hefði frekar kosið að íslensk stjórnvöld hefðu staðið fastar í lappirnar í þessu máli gegn Bandaríkjamönnum og rukkað þá fyrir nokkrum árum um það hver framtíðin ætti að vera í þessum málum, þ.e. meðan við Íslendingar höfðum þó að minnsta kosti einhverja samningsstöðu.

Það er svo grátlega augljóst, virðulegi forseti, þegar maður skoðar þann samning sem hér liggur fyrir, að Íslendingar hafa haft afskaplega veika samningsstöðu gegn Bandaríkjamönnum þegar endanlega var farið í að ganga frá þessu samkomulagi.

Það er alveg hárrétt, sem bent hefur verið á hér í ræðum, að Bandaríkjamenn hafa nánast stillt okkur upp við vegg og sagt: „Svona verður þetta. Við erum farnir. Bless“. Við sitjum uppi með það sem þeir skilja eftir sig, mengun, húsnæði og annað og að sjálfsögðu kostnað.

Það er líka til marks um hve illa undirbúið þetta er allt saman af hálfu ríkisstjórnarinnar — einmitt sú staðreynd sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á í ræðu sinni áðan. Það hefur ítrekað verið bent á að það hefði kannski verið gáfulegt að huga að mengunarmálum og undirbúa þann þátt málsins, þ.e. að við Íslendingar sjálfir gerðum það. En það hefur ekki verið gert því miður. Og nú sitjum við uppi með þetta svæði og vitum ekki nákvæmlega hvað þar er að finna. Við skulum öll vona að sú mengun sé sem allra minnst og það muni ekki kosta mikið að þrífa upp eftir Kanann. Við skulum vona það. En eins og staðan er í dag vitum við sem sagt ekki alveg hvað hér liggur undir steini.

Það hefur svo sem ekki mikið upp á sig, virðulegi forseti, að standa hér og rífast og skammast yfir því sem liðið er. Það er alltaf hægt að vera vitur eftir á eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar. Ég sé í sjálfu sér ekki neina ástæðu til að eyða meira af ræðutíma mínum í að rífast yfir því hvað ríkisstjórnin hefði getað gert betur.

Spurningar sem vakna nú hljóta að vera: Þurfum við Íslendingar varnir? Þurfum við að vera í hernaðarbandalagi? Er landið varnarlaust? Ég svara fyrstu spurningunum með jái. Auðvitað þurfum við varnir og öryggiskerfi. Við eigum að vera áfram í NATO. Það hefur alltaf verið skoðun Frjálslynda flokksins, einörð afstaða Frjálslynda flokksins, að við eigum að vera í NATO. Við höfum staðið okkur vel innan þessa bandalags, mjög vel vil ég segja. Við höfum staðið við allar okkar skuldbindingar. Við höfum ekki verið eins og mér finnst sumir stjórnmálamenn upplifa ástandið — það er ekki eins og við höfum verið þiggjendur í þessu. Við höfum alls ekki verið þiggjendur í þessu gegnum árin.

Það erum við sem höfum verið gefendur og það eru NATO og Bandaríkjamenn sem hafa verið þiggjendur. Við höfum látið af hendi land og aðstöðu, mannskap og fólk til að starfa fyrir Bandaríkjamenn og fyrir NATO. Við höfum staðið við allar okkar skuldbindingar. Við hefðum kannski einmitt átt að hafa það hugfast fyrr og mæta þessum vatnaskilum í varnarmálum okkar af svolítið meiri reisn. Við hefðum kannski náð meiri árangri ef við hefðum talað við Bandaríkjamenn fullum hálsi og sýnt svolítið meiri kjark og áræði.

En þriðja spurningin hér áðan var þessi: Er landið nú án varna? Nei, ég tel svo ekki vera. Ég tel að í þeim samningi sem hér liggur fyrir, þó að hann sé ekki góður, felist nægileg trygging fyrir okkur Íslendinga fyrir því að hér verði hægt að grípa til varna ef í harðbakkann slær. Það veltur að vísu á ýmsum atriðum, ýmsum þáttum sem þarf að uppfylla núna í framtíðinni, hvort þetta verður eins skilvirkt og vonir standa til. En auðvitað er það svo að hingað yrði hægt að senda með tiltölulega skömmum fyrirvara varnarherlið frá Bandaríkjunum eða NATO-ríkjum í nágrenni okkar ef til þess þyrfti að koma, sem við vonum að sjálfsögðu ekki. Ísland er ekki svo langt frá Norður-Ameríku eða frá Evrópu.

Ég verð að segja að mér líst ágætlega á að NATO-ríkjunum og Bandaríkjamönnum verði gefinn kostur á að stunda hér heræfingar í framtíðinni. Mér líst vel á það. Það er hið besta mál. Ég tel að við Íslendingar ættum að taka þátt í þeim heræfingum, sérstaklega á landi og líka á legi. Það þarf að efla Landhelgisgæsluna og hún gæti að mínu viti og ætti að taka þátt í flotaæfingum hér í Norðurhöfum með öðrum NATO-þjóðum í framtíðinni.

Ég tel líka að við Íslendingar ættum að koma okkur upp einhvers konar varnarliði, kannski ekki mjög fjölmennu en þó liði sem fengi þjálfun til að geta unnið með herliði frá NATO ef þess þyrfti. Ég tel líka að hér á landi ætti að vera fyrir hendi einhvers konar vopnabúr sem hægt yrði að grípa til ef þess yrði þörf, þ.e. Íslendingar gætu gripið til þess til að verja hendur sínar á meðan hjálp væri að berast frá nágrannalöndunum. Ég tel, virðulegi forseti, að þannig væri hægt að tryggja varnir landsins með mjög trúverðugum hætti til framtíðar.

Við þurfum svo líka að sjálfsögðu að fara vandlega og fordómalaust yfir það hvernig við ætlum að tryggja innra öryggi ríkisins í framtíðinni. Það er sjálfsagt mál með tilliti til glæpastarfsemi, hvort sem um er að ræða hefðbundna glæpi eða hryðjuverk. Allar sjálfstæðar þjóðir hafa einhvers konar öryggisþjónustu á sínum snærum. Öll okkar nágrannalönd hafa það. Það er sjálfsagt og eðlilegt að íslenska ríkið hafi einnig einhvers konar slíka þjónustu á sínum snærum. En að sjálfsögðu þarf það að vera bundið trúverðugu og öruggu aðra eftirliti ef svo má segja. Til að mynda á vegum þingsins.

Takist okkur að haga þessum málum okkar með þeim hætti sem ég hef rissað upp hér í grófum dráttum hef ég í sjálfu sér ekki miklar áhyggjur af því að hér verði ekki hægt að tryggja varnir og öryggi til framtíðar. Alls ekki.

Virðulegi forseti. Ég minntist hér áðan á að við hefðum látið NATO og Bandaríkjamönnum í té ákveðnar auðlindir sem hafa verið mikils virði gegnum árin. Ég talaði um land en ég talaði líka um fólk. Það er einmitt mannauðurinn sem ég vil koma að hér í lok ræðu minnar og nefna aðeins.

Ég verð að fá að segja, virðulegi forseti, að mér finnst okkur Íslendingum og íslenskum stjórnvöldum til vansa hve lítið við höfum sinnt því fólki sem nú hefur verið að missa vinnuna á Keflavíkurflugvelli. Þetta voru 600 manns. Í fréttum nú nýlega var okkur tjáð að rúmlega 100 væru enn án atvinnu nú þegar herinn er farinn. Við vitum ekkert um það hvað varð um öll hin.

Ég vil gera það að tillögu minni, virðulegi forseti, að einhverjir félagsvísindamenn taki sig nú til og geri könnun á því hvað varð um það fólk sem áður vann á vegum Bandaríkjahers. Hvers konar störf hefur það fengið? Hvernig gekk því að finna sér ný störf við hæfi? Hvernig er afkoma þeirra nú miðað við það hvernig hún var þegar þetta fólk vann fyrir Bandaríkjamenn?

Ég lagði til hér í vor að gerðir yrðu starfslokasamningar við þetta fólk, kannski ekki síst þá sem hafa unnið lengi fyrir Bandaríkjaher og eru komnir á aldur. Fólk sem jafnvel hefur varið lunganum af sinni starfsævi í að vinna á vellinum. Mér finnst þetta vera siðferðislegt mál. Þó að þetta fólk hafi verið á launaskrá hjá Bandaríkjaher skulum við ekki gleyma því að það hefur verið að vinna og leggja starfskrafta sína í að sinna varnar- og öryggismálum landsins. Gildir þá einu hvort það hafi unnið í eldhúsi eða á verkstæði eða einhvers staðar annars staðar. Þetta fólk hefur lagt sín lóð á vogarskálarnar til að hér væri hægt að hafa trúverðugan varnarviðbúnað á viðsjárverðum tímum, á tímum kalda stríðsins til að mynda. Þetta fólk var að vinna fyrir okkur þó það væri kannski á launum hjá Bandaríkjamönnum og ég tel að við hefðum átt að sinna þessu fólki miklu betur en við höfum gert. Mér finnst að örlög þessa fólks hafi gjörsamlega fallið í skuggann og nánast algjörlega gleymst, til að mynda núna þegar herinn hefur verið að fara. Manni hefur hreinlega sviðið að horfa á hvern fréttatímann á fætur öðrum þar sem öllu púðrinu hefur verið eytt í eitthvað annað sem skiptir í raun og veru engu máli. Einhverjir mótmælendur sem hafa staðið í andófi gegn hernum um áratugaskeið hafa loksins fengið ósk sína uppfyllta. Gott mál og allt í lagi með það. En þessu fólki hefur allt of lítið verið sinnt.

Ég vil nota tækifærið hér, virðulegi forseti, til að hvetja ríkisstjórnina, ráðamenn, hæstv. forsætisráðherra, til að gera ráðstafanir til þess að haldið verði utan um þetta fólk og það verði séð til þess að úr málum þeirra leysist með sem allra bestum hætti. Enn og aftur: Helst hefði ég viljað að íslensk yfirvöld hefðu lagt fram einhvers konar pakka, bæði með fjárhagsaðstoð og líka annarri aðstoð, til að mynda varðandi endurmenntun og annað þess háttar, þannig að þetta fólk sem hefur þjónað okkur öllum á sviði öryggis- og varnarmála gæti að minnsta kosti átt jafngóða tíma fram undan og það hefur átt á meðan það vann á vellinum.

Lengra ætla ég ekki að hafa mál mitt um þetta að þessu sinni, virðulegi forseti.

[14:45]

**Útbýting:**

Almenn hegningarlög, 20. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 20.

Rammaáætlun um náttúruvernd, 18. mál, þáltill. ISG o.fl., þskj. 18.

Réttur nefndar til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál, 27. mál, frv. SP o.fl., þskj. 27.

[14:45]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Þessar umræður eru fróðlegar og gagnlegar. Stjórnarandstaðan efndi til blaðamannafundar við upphaf þings og sagði að hún yrði samstiga á þessu þingi og að menn mundu sjá það í þingstörfum að hún stæði saman í öllum meginmálum. Það sem komið hefur fram í umræðum í dag er að stjórnarandstaðan er alls ekki samstiga þegar litið er til varnar- og öryggismála. Verður þó seint talið að þau séu ekki eitt af þeim meginmálum sem við stjórnmálamönnum blasa þegar þeir þurfa að taka ákvarðanir og móta sína stefnu.

Hv. síðasti ræðumaður, fulltrúi Frjálslynda flokksins, boðaði að hann teldi að það þyrfti að ganga lengra en kemur fram í stefnu ríkisstjórnarinnar, sérstaklega í yfirlýsingu hennar um aðgerðir og ný verkefni af hálfu íslenskra stjórnvalda. Hann vill ganga lengra en þar er lagt til auk þess sem hann vill vera í NATO og telur að samningurinn sem við gerðum við Bandaríkjamenn núna sé fullnægjandi fyrir varnir landsins.

Fulltrúi Vinstri grænna var sömu skoðunar og áður, að Íslendingar þyrftu í raun ekki að gera neitt til að tryggja öryggi sitt og varnir og gætu gefið almenna yfirlýsingu um friðlýsingu og þá væri þessu máli í raun og veru lokið, ekki þyrfti annað en árétta þá yfirlýsingu reglulega til að við tryggðum öryggi okkar. Þó tók hann undir það sem kemur fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi verksvið hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stofnunum þess sem ég mun e.t.v. víkja að hér á eftir.

Það sem kom mest á óvart var yfirlýsing formanns Samfylkingarinnar. Formaður Samfylkingarinnar lýsti því yfir að Samfylkingin mundi ekki taka pólitíska ábyrgð á því samkomulagi sem gert hefði verið við Bandaríkin, hvorki nú né í framtíðinni. Þegar Íslendingar gerðust aðilar að NATO 1959 klofnaði Alþýðuflokkurinn. Hluti alþýðuflokksmanna treysti sér ekki til að samþykkja aðild Íslands að NATO, m.a. vegna þess að hann taldi að Íslendingar hefðu ekki nógu miklar upplýsingar um hvað fælist í aðildinni. En þegar varnarsamningurinn var gerður 1951 var Alþýðuflokkurinn sameinaður, þá stóðu allir alþýðuflokksmenn að því að samþykkja varnarsamninginn á þingi. Þeir sögðu að sá munur væri á stöðunni 1949 og þá, að 1951 lægju allar upplýsingar fyrir. Það væru ekki nein leyndarmál sem menn þyrftu að horfast í augu við þegar þeir stæðu frammi fyrir því að samþykkja varnarsamninginn.

Ég spyr þingmenn: Voru varnaráætlanir samkvæmt þeim samningi lagðar fram? Voru þær birtar öðrum en íslenskum stjórnvöldum? Var öðruvísi staðið að gerð þess samnings og þeim áætlunum sem þar voru birtar en nú var gert? Nei, það var ekki gert. Þeim samningi fylgdu einnig ákveðin skjöl sem hafa verið trúnaðarmál og leyndarmál í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna eins og á við þá varnaráætlun sem nú hefur verið kynnt og menn hafa rætt um. (**Gripið fram í:** Alþýðuflokkurinn fékk að sjá meira.) Alþýðuflokkurinn stóð að því og var einn af þremur lýðræðisflokkum, eins og það var sagt á tímum kalda stríðsins, sem stóðu að aðildinni að NATO og varnarsamstarfinu við Bandaríkin. Það sem við heyrum nú, þegar kalda stríðinu er lokið og við erum að kynna þetta samkomulag við Bandaríkin og þær niðurstöður sem fyrir liggja, er að einn þessara flokka dregur sig úr þessu heföbundna samstarfi þessara þriggja flokka sem stóðu saman alla tíð á tímum kalda stríðsins. Formaður flokksins kemur í ræðustól á Alþingi og segir: Við munum ekki axla pólitíska ábyrgð vegna þessa samkomulags. Við munum ekki gangast undir það að styðja það samkomulag sem gert hefur verið um varnar- og öryggismál þjóðarinnar. Þetta finnst mér stóra atriðið sem komið hefur fram í þessum umræðum. Það er þess eðlis að það pólitíska umhverfi sem við störfum í breytist þegar litið er til öryggis- og varnarmálanna, ef einn flokkur eins og Samfylkingin dregur sig frá því samstarfi og vill ekki taka þátt í að bera ábyrgð á þeim samningi sem gerður hefur verið um hvernig öryggi lands og þjóðar er tryggt.

Eins og ég hef sagt koma fram þrjár ólíkar skoðanir hjá stjórnarandstöðunni þótt hún hafi við upphaf þings lýst því yfir á sérstökum blaðamannafundi að hún ætlaði að starfa saman og mynda eina heild þannig að menn sæju að það væri skýr kostur fyrir kjósendur við lok þings þegar menn þyrftu síðan að ganga til atkvæða. Í fyrsta stóra málinu sem við ræðum á þinginu þegar kemur að öryggis- og varnarmálunum þá splundrast þessi samstaða, flokkarnir fara í allar áttir og einn flokkurinn, stærstur í þessari fylkingu, dregur sig til baka og vill ekki einu sinni standa að þeirri stefnu sem hann hefur stutt á tímum kalda stríðsins í varnar- og öryggismálum. Hann segist ekki treysta sér til að taka pólitíska ábyrgð á þessum samningi og þessari niðurstöðu. En þeim mun frekar ættu menn að taka ábyrga afstöðu, ef þeir treystu sé ekki til þess á tímum kalda stríðsins eins og þeir sem voru í Alþýðubandalaginu og eru núna komnir í Samfylkinguna, þeir þingmenn ættu fremur að vera reiðubúnir til að axla ábyrgð í öryggis- og varnarmálum á skynsamlegum forsendum. Alþýðubandalagið treysti sér aldrei til þess á tímum kalda stríðsins eins og við vitum en það er greinilegt að sá armur ræður núna stefnumörkun Samfylkingarinnar í öryggis- og varnarmálum.

Varðandi þá þætti sem lúta sérstaklega að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins þá er, eins og kom fram í máli hæstv. forsætisráðherra, lagt til að stofnað verði sérstakt ráð ráðherra til að fara með yfirstjórn á málum sem mundu falla undir lög um almannavarnir. Þessi lög mundu ná til öryggismála hvort heldur vegna náttúruhamfara eða vegna hættu af manna völdum. Frumvarpið verður vonandi lagt fram hér á þingi á þessum vetri og menn fá þar betra tækifæri til að ræða þennan þátt. Síðan er, eins og segir í þessari yfirlýsingu:

„Samhliða því sem unnið er að nýskipan lögreglumála, verður samstarf lögreglu, Landhelgisgæslu, slökkviliða og björgunarsveita aukið enn frekar, þannig að tryggja megi

þátttöku varaliðs hvarvetna þar sem þess kann að verða þörf í landinu."

Hér er vikið að því að ekki er lengur ákvæði í lögum sem var í lögreglulögum sem heimilar að skipuleggja og kalla út varalið ef á þarf að halda. Þarna er vakið máls á nauðsyn þess að þetta verði lögheimilað, hvort heldur í lögum um almannavarnir eða með breytingu á lögreglulögum.

Í 4. tölulið yfirlýsingarinnar er talað um að tryggt verði að íslensk stjórnvöld hafi lögheimildir til náins samstarfs við stjórnvöld og alþjóðastofnanir þar sem skipst verði á trúnaðarupplýsingum. Í þessu tilliti er náttúrlega brýnna en nokkru sinni fyrr fyrir íslensk stjórnvöld að hafa aðgang að þeim stofnunum og geta skipst á upplýsingum við stofnanir sem leggja mat á hættu og draga fram áhættuþætti til að unnt verði að fylgjast með því að varnarfyrirkomulag í landinu samræmist ávallt þeim sjónarmiðum sem nauðsynlegt er að taka tillit til þegar öryggis borgaranna er gætt.

Þarna er síðan vikið að hinu öfluga og örugga fjarskiptakerfi sem við erum að byggja upp og efla enn frekar og rætt um eflingu Landhelgisgæslunnar, þ.e. vikið að nýrri flugvél, nýju varðskipi og að þyrlur verði keyptar þegar útboð hefur farið fram vegna kaupa á þeim, ef svo fer fram sem horfir. Við erum að leggja á ráðin í þessari yfirlýsingu um stóreflingu af okkar hálfu á gæslu öryggis okkar og höfum þegar mótað skýra stefnu í því. Við höfum mótað skýra stefnu varðandi alla þætti sem hafa komið fram þegar við stöndum á þessum tímamótum að varnarliðið fer og við högum varnarviðskiptunum við Bandaríkin á annan veg en áður í ljósi breyttra aðstæðna.

Á tímum kalda stríðsins var lögð áhersla á framvarnir og að herafli væri skipulagður þannig að hann væri á ákveðnum stöðum þar sem hætta var talin á átökum eins og við sáum t.d. í Vestur-Þýskalandi og hér á Norður-Atlantshafi. Nú eru aðstæður allt aðrar. Þá skilgreina menn hættuna á annan veg og skipuleggja heraflann með öðrum hætti. Þá er lögð áhersla á hreyfanleika og sveigjanleika. Þetta samkomulag sem við höfum gert við Bandaríkjamenn tekur mið af þeirri meginvarnarstefnu. Innan þeirrar varnarstefnu er það samkomulag gert sem hér er verið að kynna og ræða. Þær áætlanir sem við munum líta til við varnir landsins taka að sjálfsögðu einnig mið af þeirri meginstefnu. Að sjálfsögðu geta menn, frá almennum sjónarmiðum, áttað sig á því í hverju slíkar áætlanir eru fólgnar þótt ekki sé verið að stafa nákvæmlega hvernig þær eigi að framkvæma ef svo hörmulega færi að á þær reyndi.

[14:55]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason kom í ræðustól og sakaði stjórnarandstöðuna um að vera ekki samstiga í dag. Mér fannst það nokkuð skondið eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. forsætisráðherra og síðan á ræðu hæstv. utanríkisráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Mér fannst ekki mikill samhljómur í þeim málflutningi. Þar var í annarri ræðunni talað í vestur og í hinni talað í austur. Í annarri ræðunni var talað um traust samband við Bandaríkin, varnarsamning sem hefði sama gildi og hann hefði alltaf haft en í hinni ræðunni talað um öryggissamfélag við Evrópu, nánara samstarf innan Evrópusambandsins, um hinar nýju ógnir sem að steðja en ekki verða leystar eða ekki verður mætt með hernaðarlegu samstarfi heldur með annars konar samstarfi ríkja.

Þá er stóra spurningin, frú forseti: Hvert liggur leið þessarar ríkisstjórnar, (**Gripið fram í:** Niður.) annað en þráðbeint út úr Stjórnarráðinu náttúrlega? Ja, hún liggur annars vegar til vesturs væntanlega, þó ekki jafngreiðlega og hingað til hefur verið, og hin leiðin liggur til austurs. Væntanlega munu menn reyna að tala svona í vetur þangað til þeir skilja að skiptum í vor. Ekki ætla ég að hafa áhyggjur af því.

Hins vegar er það svo að hér hefur opinberast algert ráðaleysi ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og algert hugmyndaleysi manna sem hafa ekki spáð í þessi mál í 15 ár, manna sem halda enn að kaldastríðsretoríkin gangi, manna sem tala enn eins og nýbúið sé að skrifa undir varnarsamninginn 1951 og við höfum þá öll verið í Alþýðuflokknum, að áar mínir hafi þá vitað allt um varnaráætlanirnar. Ég leyfi mér að efast um að svo hafi verið því vinnubrögð kalda stríðsins tíðkast sem betur fer að mestum hluta ekki lengur í dag þótt enn sé reynt. Það voru vinnubrögð leyndarinnar, vinnubrögð útilokunarinnar, það voru þau pólitísku vinnubrögð að skipta öllu í svart og hvítt og annaðhvort varstu í réttu liði eða röngu liði. Þeir sem voru í röngu liði fengu engar upplýsingar og þannig er það enn í dag á stjórnarheimilinu.

Hvernig má það vera að í vestrænu lýðræðisríki séu tveir, kannski þrír einstaklingar, sem hafa einhverja vitneskju um varnaráætlun fyrir Ísland? Einhverja vitneskju, ég ætla ekki að segja að þeir hafi á henni þekkingu eða skilning en þeir gætu haft um hann einhverja vitneskju. Hvernig má það vera? Búum við við einhvers konar einræði eða upplýst einveldi, frú forseti? Þannig er það ekki. Í öðrum lýðræðisríkjum mundi slíkt aldrei líðast. Ég held reyndar, frú forseti, að mönnum mundi ekki detta það í hug að koma málum þannig fyrir að tveir til þrír einstaklingar hefðu upplýsingar sem stjórnarandstaðan, lýðræðislega kjörnir fulltrúar í utanríkismálanefnd sem undirgengist hafa trúnaðarskyldu nefndarinnar, fá ekki. Í þeirri afstöðu felst í raun svo mikil lítilsvirðing gagnvart kjörnum fulltrúum þjóðarinnar og gagnvart stjórnarandstöðu í lýðræðisríki að mann setur hljóðan, frú forseti.

Í raun er staða Íslands sem sjálfstæðs fullvalda ríkis í samfélagi þjóðanna nokkuð í lausu lofti vegna þess hvernig þessi mál hafa lagst. Menn eru nokkuð áttavilltir. Við höfum í raun ekki farið í gegnum þá umræðu sem þarf til að marka okkur stöðu og erindi á alþjóðlegum vettvangi. Sú vinna er öll eftir og sú vinna bíður væntanlega nýrrar ríkisstjórnar þegar þar að kemur. Í þá vinnu munum við fara fagnandi enda kemur Samfylkingin vel undirbúin til þess verks, mjög vel undirbúin.

Það sem þó liggur fyrir hér er að áfram er varnarsamningurinn þannig í fullu gildi að herinn er farinn en samt ekki farinn. Ég fæ ekki betur séð, frú forseti, en hann hafi fullt aðgengi að landinu, öllum landsvæðum og ekki bara varnarsvæðum, til að koma og fara að vild samkvæmt eigin skilgreiningum, skilgreiningum bandarískra hermálayfirvalda.

[15:01]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Við höfum nú heyrt hæstv. forsætisráðherra fara yfir samninginn sem Bandaríkjamenn skenktu íslensku samninganefndinni á elleftu stundu. Það er hverjum ljóst sem fylgst hefur með þróun þessara mála hér að íslensk stjórnvöld með sjálfstæðismenn í broddi fylkingar klúðruðu samningsstöðu okkar með ótrúlegri þrjósku og þröngsýni sem birtist í þeirri þráhyggju að fjórar orrustuþotur væru það sem þyrfti til að verja Ísland hvernig sem mál þróuðust í heiminum. Klaufaskapur sjálfstæðismanna í samskiptum sínum við Bandaríkjamenn og áhersla þeirra á að hafa forræði málsins endurspeglar mikla oftrú þeirra á sambandi sínu við æðstu menn í ríkisstjórn Bandaríkjanna. Það eru því sjálfstæðismenn í ríkisstjórn sem bera ábyrgð á því hvernig viðskilnaður Bandaríkjamanna er hér hvort sem litið er til mengunar, sem ekki er nægjanlega rannsökuð, samskipta við starfsfólk um starfslok, sem ekki voru stórmannleg, eða annað sem samningum tengist.

Það var aumlegt að sitja og hlusta á hæstv. dómsmálaráðherra tala með trega um kalda stríðið hér áðan og ætlast til þess að stjórnarandstöðuflokkar stæðu að svokölluðu samkomulagi við Bandaríkjamenn án þess að hafa séð stóra þætti þess. Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins gerðu samningsstöðu okkar að engu þegar því var lýst yfir að við ættum ekki annan kost en að semja við Bandaríkjamenn eftir að þeir höfðu einhliða tilkynnt um brottför sína frá Íslandi. Samningurinn sem við nú höfum ber þess öll merki að þar hafa Bandaríkjamenn einir ráðið för.

Annað sem einkennt hefur samningaferlið er hin mikla leynd sem hefur hvílt yfir viðræðunum, engin leið hefur verið í ferlinu fyrir okkur alþingismenn að kynna okkur hvað hefur verið í gangi og það sama gildir um sveitarfélögin á Suðurnesjum sem hafa undanfarin þrjú ár ítrekað án árangurs óskað eftir viðræðum við utanríkis- og forsætisráðherra um málefni varnarliðsins. Leyndin er enn fyrir hendi og engin leið fyrir okkur að leggja sjálfstætt mat á þá varnaráætlun sem Bandaríkjamenn hafa sett saman fyrir Ísland. Það er ekki boðlegt að svona sé unnið í lýðræðisríki. Það er hreint og klárt til skammar.

Almennt má segja um samningana að Íslendingar taka við rekstri flugvallarins, mannvirkjum og landi en Bandaríkjamenn fara og skilja allt eftir sig án nokkurra skuldbindinga af þeirra hálfu og skaðlausir af nánast öllu sem upp getur komið. Íslenska ríkið tekur á sig skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja aðila ef til kemur. Samningurinn virðist gefa Bandaríkjamönnum rétt til þess að koma aftur þegar þeir sjálfir telja það nauðsynlegt og virðist, eftir orðanna hljóðan, réttur þeirra til afnota og yfirferðar á landi vera ríkari en áður var.

Frú forseti. Það veldur líka áhyggjum hversu mikið virðist eiga að blanda saman borgaralegri starfsemi og hernaðarlegri. Það er alveg kristaltært í mínum huga að þarna þurfa að vera skörp skil á milli og við eigum að geta sinnt öllu eftirliti og fylgt eftir öryggi íbúanna án þess að sú starfsemi sé dregin yfir á hernaðarsvið. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu á enn eftir að undirrita pólitíska samkomulagið en búið er að rita undir samninginn um brottför og skil. Ekki er enn búið að stofna hlutafélagið sem stofna átti um eignirnar á varnarsvæðunum og verður það að teljast slælega að verki staðið.

Hugmyndin um að stofna hlutafélag sem tæki yfir eignirnar hlýtur að hafa verið uppi um alllangan tíma og maður hefði haldið að stofnun þess færi fram samhliða því að Íslendingar fengju eignir og land afhent. Það kemur svo sem ekkert á óvart að ekki sé búið að stofna félagið þegar maður lítur til þess hvernig öll önnur vinnubrögð hafa verið í kringum samningana. Meðan félagið er ekki stofnað standa eignirnar yfirgefnar og engum til gagns og hlýtur það að vera krafa heimamanna að kraftur verði settur í þetta ferli þannig að hinni löngu óvissu um hvað taki við fari að ljúka.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum þurfa að mínu mati að koma enn frekar að stofnun og stjórnun þess félags sem nú er í burðarliðnum og ekkert annað en eðlilegt að þau verði jafnframt eignaraðilar á móti ríkinu í ljósi þess að byggðin á vellinum og starfsemi sem þar hefur farið fram hefur verið mikill áhrifavaldur á þróun og uppbyggingu byggðar neðan varnarsvæðisins. Suðurnesjamönnum var einnig gefið loforð um að Landhelgisgæslan yrði flutt til Suðurnesja eftir að tilkynnt var um brottför hersins. Það hlýtur að vera kominn tími nú til að efna það loforð.

Íslensk stjórnvöld hafa brugðist algjörlega í því að reyna að hafa einhverja stýringu á því hvernig minnkun á umsvifum hersins færi fram og með þrjósku sinni orðið til þess að lokun stöðvarinnar kemur til á sex mánuðum í stað nokkurra ára eins og best hefði verið fyrir alla. Það er nöturlegt að horfa upp á starfsmenn sem hafa meira og minna allan sinn starfsaldur unnið hjá varnarliðinu vera sagt upp með skömmum fyrirvara án þess að vinnuveitandi gerði ráðstafanir til að milda höggið sem því fylgir að verða skyndilega atvinnulaus. Íslensk stjórnvöld virðast ekki hafa lagt neina áherslu á að gæta hagsmuna starfsmanna í samningunum.

Ég hef spurt að því hvort ekki sé eðlilegt að hið nýja hlutafélag um vallareigur skoði möguleika á því að koma að starfslokasamningum starfsmanna. Gaman væri að fá svar við því.

[15:06]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir fagna því að kalda stríðinu er lokið. Ég hlýt eins og aðrir að fagna því að heimsmyndin er breytt og það er friðvænlegra í heiminum en ég vil jafnframt vara við því að tala af léttúð eins og hér sé komið tryggt og öruggt ástand að eilífu. Það eru nýjar ógnir eins og komið hefur fram í umræðunni, ógnir á borð við glæpi og alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi og þar fram eftir götunum og þar ber okkur að sjálfsögðu að vera á varðbergi.

Það er, hygg ég, samhljóma mat allra að ástæða hafi verið til að bregðast við þessari breyttu heimsmynd og breyttu aðstæðum í veröldinni, a.m.k. þess sem hefur verið aðalgreiðandi fyrir varnarstöðina hér, þ.e. Bandaríkjamanna og okkar eins og flestra annarra. Ég tel að sá samningur sem íslensk stjórnvöld gerðu við Bandaríkjamenn sé ásættanlegur að langsamlega flestu leyti með einni undantekningu þó vil ég meina og það er viðmót gagnvart elstu starfsmönnum varnarliðsins, þeirra sem helgað hafa alla starfsævi sína vinnuveitandanum, varnarliðinu, og búa lík-

lega við mest óöryggi.

Umhverfismál hafa töluvert verið nefnd í þessari umræðu. Að minnsta kosti þrír hv. þingmenn hafa talað hér um umhverfismálin eins og íslensk stjórnvöld vissu ekkert um hvernig þeim málum væri háttað, þar á meðal tveir hv. þingmenn úr Suðurkjördæmi og einn fyrrverandi sveitarstjórnarmaður úr sama kjördæmi. Ég vil mótmæla því, hæstv. forseti, því að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur fylgst náið og mjög grannt með öllu því sem fram hefur farið hvað varðar umhverfismálin. Hingað kom m.a. árið 1989 sérfræðingasveit frá Bandaríkjunum til þess að yfirfara hugsanlega mengunarstaði og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja var fullur þátttakandi og fylgdist með því. Það hefur verið kortlagt nákvæmlega hvar mengun er, hvers lags mengun og gerð áætlun um hvað þurfi til þess að fjarlægja hana ef á þurfi að halda. Ég bið því menn að tala hér af varúð en afhjúpa ekki vankunnáttu sína.

Það sem mér blöskrar þó mest er að heyra hv. þm. Steingrím J. Sigfússon koma hér ítrekað í ræðustól og lýsa mikilli skömm á hendur íslenskum stjórnvöldum fyrir það að hafa sýnt mengunarmálum á varnarsvæðinu alla þessa léttúð, eins og hann talar um. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsir þeirri skömm sem hann hefur á því hvernig umhverfismál eru meðhöndluð og umfjölluð í þessum samningi. Það vill svo til að árið 1989 gerði þáverandi utanríkisráðherra samning við Bandaríkjamenn, með fullri vitund og vilja sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum, um að ef þau greiddu fyrir ný vatnsból 600 millj. kr., sem þau gerðu, þá væru Bandaríkjamenn lausir undan ábyrgð. Þetta er samkomulag sem þáverandi formaður Alþýðuflokksins, nestor Samfylkingarinnar, stóð að. Svo koma hv. þingmenn hingað, samfylkingarþingmenn og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, og skammast yfir þessu, samningi sem þáverandi hæstv. utanríkisráðherra íslensku þjóðarinnar gerði við Bandaríkjamenn. Og hver skyldi hafa verið í þeirri ríkisstjórn nema hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon? Það má segja að samningur íslenska utanríkisráðherrans við Bandaríkjamenn sé gerður á ábyrgð Steingríms J. Sigfússonar, sem kemur síðan hingað, saklausari en allt sem saklaust er, og furðar sig á því að íslensk stjórnvöld skuli koma þannig fram gagnvart íslenskri náttúru og íslenskum umhverfismálum. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Það sem skiptir máli í þessu er framtíðin. Að sjálfsögðu hefur vera varnarliðsins haft áhrif á atvinnulíf á Suðurnesjum. Núna þegar varnarliðið er farið munu að sjálfsögðu opnast þar ný tækifæri. Ég bind miklar vonir við það opinbera hlutafélag sem mun verða stofnað og hvet hæstv. ríkisstjórn til þess að ganga frá skipan þess hið fyrsta þannig að hægt sé að hefja endurreisnarstarf að nýju á þessu mikla svæði.

[15:11]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Árið 1989 féll Berlínarmúrinn og þá sá fyrir endann á kalda stríðinu. En hvað var kalda stríðið? Það var friður á spjótsoddum, stríðið var háð á mörgum vígstöðvum, það var ógnarjafnvægi, fælingarmáttur og átök bæði stjórnmálaleg og í menningarmálum. Dæmi um stjórnmálaleg átök mátti heyra hér í umræðum í gærkvöldi þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti kaldastríðsræðu um grein í Mogganum og mátti ekki á milli sjá hver hafði betur. Þetta voru átök af því tagi að skáld og listamenn voru settir út af sakramentinu ef þeir mökkuðu ekki rétt. En það voru vonir um betri tíð og tímabil breytinga og tímabilið síðan hefur verið tímabil staðbundinna átaka hingað og þangað. Því er nú verr að friður hefur ekki haldið, en það var ljóst að það mundu verða breytingar og að hin einstöku ríki mundu endurskoða varnaráætlanir sínar. Það er sérstakt fagnaðarefni að ekki er talin yfirvofandi hefðbundin hernaðarleg ógn hér á landi og það ber auðvitað að fagna því að landið er orðið herlaust og að þessu gamla deilumáli hefur verið vikið til hliðar sem slíku. Víglínan í því lá m.a. þvert yfir flokkinn minn þegar ég byrjaði að hafa afskipti af pólitík. (Gripið fram í.)

Það er ástæða til þess að byggja á varnarsamningnum við Bandaríkin og byggja upp samskipti á breyttum grunni eins og samningurinn sem ríkisstjórnin gerði gerir ráð fyrir. Ég tel það rétt. Ég tel það líka rétt að uppfylla skyldur okkar í NATO og það verða auðvitað breytingar og hafa orðið breytingar þar innan borðs, hreyfanlegar hersveitir hafa þar meira hlutverk og bandalagið hefur haft afskipti af málum utan þeirra ríkja sem eiga þar aðild. Aðildarríkjum hefur fjölgað og NATO hefur m.a. tekið upp óformlegt samstarf við Sovétríkin á ýmsum sviðum. Umhverfið breytist í þessu efni og aðalatriðið er að byggja upp traust í nýjum heimi að þessu leyti.

Það hefur verið rætt töluvert um þjóðaröryggi og inn í þessi mál hefur blandast umræða um nýjar ógnir, hryðjuverk, skipulagða glæpastarfsemi, eiturlyfjasölu og vændi. Stundum finnst mér við Íslendingar taka æðilétt á þessu máli. Ég held að fara þurfi fram opin, fordómalaus og hreinskiptin umræða um það hvernig best verður brugðist við þessum nýju ógnum. Viðfangsefnið er að mestu leyti borgaralegs eðlis þó að aðstoð frá hernaðarlegum öflum sé ekki útilokuð í þessu efni. Við þurfum að styrkja lögregluna, við þurfum að hafa samstarf á alþjóðavettvangi, Schengen-samningurinn er m.a. þáttur í því samstarfi. Við þurfum að hafa traust samstarf bæði í austur og vestur. Menn undrast yfir því að litið sé í austur og vestur. Hvar hafa menn verið? Þarf ekki að hafa samstarf í báðar áttir? Við þurfum að hafa traust samstarf við þær þjóðir sem við höfum haft mest samstarf við á undanförnum árum en ekki standa undrandi og áttavilltir eins og stjórnarandstaðan stendur í þessari umræðu.

[15:16]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér hafa verið fluttar ágætar ræður. Ég leyfi mér þó að undanskilja eina ræðuna hvað það snertir, ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Málflutningur hans var ekki heiðarlegur þegar hann reyndi að koma ábyrgð á mjög umdeildum samningi sem gerður var árið 1989 og lýtur að mengunarmálum á Suðurnesjum, á hersvæðinu þar, á herðar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem þá sat í ríkisstjórn. Það hefur verið gerð grein fyrir því opinberlega að þessi samningur var aldrei borinn undir ráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, þáverandi formanns Framsókn-

arflokksins, sem þá sat við völd. Þetta veit hv. þm. Hjálmar Árnason.

Til umræðu eru varnir Íslands. Við ræðum með hvaða hætti öryggi Íslendinga verði best tryggt. Áherslur innan Alþingis hafa verið þrenns konar. Í fyrsta lagi áhersla ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega Sjálfstæðisflokksins á samstarf við Bandaríkjamenn og NATO. Í öðru lagi að Íslendingar horfi í ríkara mæli en gert hefur verið til þessa til Evrópu en að NATO verði eftir sem áður sá grunnur sem við reisum varnir okkar á. Í þriðja lagi að við losum um tengslin bæði við Bandaríkin og NATO, að öryggi Íslands verði best borgið með því að við stöndum utan hernaðarbandalaga, með því að við stöndum utan NATO.

Hvort sem menn horfa til austurs eða vesturs, til Evrópu eða Bandaríkjanna þá er ekki að mínu mati eðlismunur þar á ef menn á annað borð ætla að reiða sig á NATO. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að herseta Bandaríkjamanna á Íslandi hafi fyrst og fremst verið til að efla hernaðarkerfi Bandaríkjamanna á heimsvísu, ekki til að tryggja öryggi Íslands. Stórveldin höfðu í reynd skipt heiminum á milli sín í áhrifasvæði. Bandaríkjamenn fóru sínu fram í sínum heimshluta og á sínu áhrifasvæði og Sovétríkin í sínum. Sovétríkin settu heilar þjóðir í austanverðri Evrópu undir járnhæl sem ekki losnaði um fyrr en í lok síðasta áratugar síðustu aldar með hruni Sovétríkjanna. Stórveldin tóku þá að breyta áherslum sínum og það gerði NATO líka. Þetta hefur komið til umræðu í þjóðfélaginu almennt og innan þingsins, t.d. ágætlega í ræðu hæstv. forsætisráðherra, þáverandi utanríkisráðherra sem hann flutti í byrjun apríl þegar fjallað var um utanríkismál á þinginu. Þá talaði hann um breytingar á kjarnastarfsemi NATO. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Munurinn frá fyrri tíð er sá að ógnir miðast ekki lengur við landamæri."

Hann vísaði í hryðjuverkaógnina og staðnæmdist við atburðina í Washington og New York 11. september árið 2001. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur einnig oft komið að þessum málum, nú síðast í blaðagrein í Morgunblaðinu sem hann birti 30. september. Þá fjallaði hann um þær breytingar sem orðið hefðu. Reyndar er alltaf svolítið skondið að hlusta á hæstv. dómsmálaráðherra tala um þessi mál. Hann er fastur í kalda stríðinu. Ræða hans áðan var samfelldur saknaðargrátur eftir kaldastríðstímanum og hann vill að við tökumst á við viðfangsefni samtímans og framtíðarinnar eftir víglínum liðinna áratuga en engu að síður hefur hann oft fjallað ágætlega um þær áherslubreytingar sem orðið hafa og gerði það eins og ég sagði áður í blaðagrein 30. september. Þar segir Björn Bjarnason, með leyfi forseta:

„Á tímum kalda stríðsins byggðist varnarstefna Vesturlanda á framvörnum. Herafla var skipað þannig að með skömmu viðbragði væri unnt að bregðast við árás og síðan mundu átök stigmagnast þar til gripið yrði til kjarnorkuvopna ef í nauðir ræki. Í samræmi við þessa stefnu var óvígur her í Vestur-Þýskalandi og lagt höfuðkapp á að snúast gegn sókn af Kólaskaga út á Norður-Atlantshaf eins norðarlega og fært þótti.

Nú byggist varnarstefna Norðurlanda á því að unnt sé að bregðast við hættu sem getur verið af margvíslegum toga og er heraflanum skipað samkvæmt því. Hann er sveigjanlegur og hreyfanlegur. Hið nýja samkomulag Íslands og Bandaríkjanna um framkvæmd varnarsamningsins tekur mið af þessu nýja hættumati. Hluta hins hreyfanlega herafla er ætlað það sérstaka hlutverk að gæta öryggis Íslands og um það liggja fyrir áætlanir sem hafa verið kynntar íslenskum stjórnvöldum."

Nú er komið í ljós að þessar áætlanir verða leynilegar og aðeins kynntar tveimur ráðherrum. Það eitt dæmir þennan samning algerlega úr leik, þessi leynd. Hitt vil ég gera að umræðuefni, þá breytingu sem hefur orðið á kjarnastarfsemi NATO eins og hæstv. forsætisráðherra hefur lýst. Allan 10. áratuginn hafa átt sér stað breytingar á kjarnastarfsemi NATO og þær voru stimplaðar endanlega með samkomulagi í Washington á hálfrar aldar afmæli NATO árið 1999 og síðan í kjölfarið á fundi Atlantshafsbandalagsins í Prag. Þær byggjast á þessum hreyfanleika sem hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason hefur lýst og að menn bregðist nú ekki við árás heldur ógn, hættuástandi. Og hætta sem skapast gagnvart einu aðildarríki á að gilda um öll ríkin, þar með okkur. Hverjum skyldi nú helst stafa hætta og ógn af hryðjuverkamönnum í heiminum? Skyldi það ekki vera það herveldi sem er hvað víðast með sínar klær og hagsmuni og fer með ójöfnuði um heiminn, það eru Bandaríkin. Þess vegna er vera okkar í NATO varasamari, hún er hættulegri en hún var fyrir nokkrum árum og áratugum. Ég reyni að færa rök fyrir því að sú áhersla sem allir flokkar á Alþingi að undanskilinni Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggja á veru okkar í Atlantshafsbandalaginu, NATO, er mjög misráðin (**Gripið fram í:** Hvað með ...?) og ég tel að við eigum í fullri alvöru að skoða þessi mál með alveg hreint borð. Við eigum ekki að láta Bandaríkjamenn soga okkur inn í nýjan heim Stasí-væðingar á öllum sviðum þjóðlífsins. Menn standa agndofa orðið á flugvöllum heimsins. Það er verið að taka af okkur tannkremstúpur, það verið að taka af okkur sjampó og vatnsflöskur vegna þess að menn hafa telja sig hafa fundið hópa sem vilja sprengja upp farþegaflugvélar. Það hafa verið sprengd upp kvikmyndahús og fjölmargir myrtir þar, leikhús, strætisvagnar, á ekki að leita líka þar? Hvar endar þetta?

Alþingi Íslendinga var sett fyrir fáeinum dögum. Það var farið með leitarhunda um bygginguna til að finna sprengjur og það var farið út í dómkirkju líka. Á hvaða braut erum við eiginlega komin? Þess vegna, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem spurði um afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, tel ég að við eigum núna að losa okkur úr viðjum vanahugsunar, losa okkur við kaldastríðshugsunina og við eigum ekki að gera George Bush að leiðtoga lífs okkar. Hann og hans menn ráða Atlantshafsbandalaginu. Öryggi Íslands er best borgið utan Atlantshafsbandalagsins og öryggi okkar verður best tryggt með því að fylgja réttlátum málstað.

[15:26]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við Íslendingar erum vissulega að upplifa verulegar breytingar í varnar- og öryggismálum okkar og þess vegna er full ástæða til að taka sérstaka umræðu um þau mál nú í upphafi þings. Í umræðunni í gærkvöldi um stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra fór ég nokkrum orðum um þau merku tímamót þegar Ísland varð að nýju herlaust

land og það er að mínu mati viðhorf mikils fjölda landsmanna, sennilega úr öllum stjórnmálaflokkum, að hér eigi ekki að vera her á friðartímum. Á þeim forsendum tel ég að margir hafi verið glaðir og sáttir við brottför hersins og ég er í þeim hópi.

Forsætisráðherra lýsti þeirri ákvörðun, þ.e. einhliða ákvörðun Bandaríkjamanna, þannig að hún hefði komið á óvart. Ég leyfi mér að halda því fram, hæstv. forsætisráðherra, að þetta sé ofmælt og þarf ekki í því sambandi að fara lengra en í ræðu núverandi forsætisráðherra þegar hann var utanríkisráðherra í nóvember 2005 þar sem hann vék að þeim viðhorfum sem uppi væru um breytingar á vörnum Íslands og sagði þá m.a., með leyfi forseta:

„Lýðræðisríki beggja vegna Atlantshafs hafa áfram sameiginlega grundvallarhagsmuni og því mikilvægt að þau nái að starfa saman gegn helstu ógnum samtímans. Því gegnir Atlantshafsbandalagið áfram lykilhlutverki. Sameiginlegar varnarskuldbindingar eru grundvöllur bandalagsins en breytt skipulag, fjölgun aðildarríkja og ný verkefni þess valda því að það hefur einstaka stöðu hvað varðar öryggismálasamstarf í heiminum. Það varðar því miklu að Ísland sé virkur þátttakandi í bandalaginu við hlið bandamanna og vinaþjóða."

Síðar í ræðunni segir eitthvað á þá leið, hæstv. forseti, að viðræður íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framkvæmd varnarsamningsins hafi hafist í júlí árið 2005. Mér finnst því fullmikið gert úr því að það hafi komið ríkisstjórninni algerlega á óvart hvernig Bandaríkjamenn brugðust við fyrr á árinu með því að tilkynna einhliða að þeir færu. Ég tel að sú vitneskja hafi verið til staðar hjá stjórnvöldum þótt þau hafi kannski haldið henni leyndri fyrir íslensku þjóðinni. En í almennri umræðu kom fram að Bandaríkjamenn mundu fara héðan einhliða ef við sinntum ekki skyldum okkar við að reyna að leysa málin og koma samningum á annaðhvort við þá eða reyndar eins og við höfum oft talið í Frjálslynda flokknum að við hefðum átt að leita að eftir samstarfi við nágrannaríki okkar.

Það var auðvitað ríkisstjórnin sem tók þá ákvörðun að framlengja varnarsamstarfið við Bandaríkin núna nýverið og það er m.a. það sem við ræðum hér án þess að við sem nú erum í þingsal, aðrir en ráðherrar í ríkisstjórninni, vitum nákvæmlega í hverju varnarsamningurinn felst. Það hefur ekki verið upplýst og eins og ég skil málin verður það ekki upplýst nema fyrir örfáa menn sem sitja í ríkisstjórninni þannig að af sjálfu leiðir hvað sem hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason segir að það er fyrst og fremst ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á þeim samningi sem gerður hefur verið. Stjórnarandstaðan hefur ekki nægar upplýsingar um hann og við vitum ekki nákvæmlega hvað í honum felst. Hins vegar held ég, hæstv. forseti, að við verðum að gera ráð fyrir því að samningurinn sé þannig úr garði gerður að á honum megi byggja að hér komi til ákveðinna viðbragða þurfi á þeim að halda. Það er að segja að komi upp ákveðnar aðstæður sem gera annaðhvort þá kröfu að hingað þurfi að koma herafli eða einhver viðbrögð til þess að verjast vá, þá hlýtur slíkt að vera í samkomulaginu þótt sá sem hér stendur hafi ekki hugmynd um hvernig það hafi verið útfært þar og við munum þar af leiðandi ekki bera ábyrgð á samningnum, hæstv. forseti. Við þingmenn hljótum hins vegar að ganga út frá því að samningurinn sé þannig úr garði gerður að honum sé ætlað að tryggja öryggi okkar ef vá ber að dyrum og einhverjar hættur steðja að. Í framhaldi af því mun samábyrgð NATO-ríkja vera í fullu gildi um það að veita þeim ríkjum stuðning sem verða fyrir árás annarra ríkja og í því gildi áfram þannig fyrirkomulag og viðhorf milli ríkjanna. En að öðru leyti vitum við ekki hvað í samningnum felst.

Hér hefur mikið verið rætt um viðskilnaðinn á Keflavíkurflugvelli og yfirtöku okkar þar á eignum og skuldbindingar varðandi mengun. Ég tel að okkur hafi verið það algerlega skylt og er algerlega sammála ríkisstjórninni um að við urðum auðvitað að yfirtaka eignir á Keflavíkurflugvelli, sérstaklega það er sneri að flugi og flugöryggi og koma í veg fyrir að á því yrði nokkur brestur eða tafir að hér væri haldið uppi eðlilegum og sjálfsögðum samgöngum á meginflugvelli landsins með fullkomnu öryggi. Það geta ekki verið miklar deilur um það. Við getum deilt um þær eignir sem þarna eru og mengunarþáttinn — og þar er um að ræða ábyrgð sem við tökum á okkur sem við vitum ef til vill ekki hver er — en ég lít samt svo á, hæstv. forseti, að þar séum við vissulega að taka áhættu en ef ég man það rétt úr því sem okkur var kynnt varðandi þessi mál þá var það þannig orðað að ef upp koma önnur mengunartilvik eða meiri en kortlögð hafa verið bæði af Bandaríkjamönnum sjálfum og eftirlitsstofnunum Íslendinga á Suðurnesjum, heilbrigðiseftirlitinu, þá munu Bandaríkjamenn þurfa að taka ábyrgð á því með fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

Hæstv. forseti. Það er mjög margt fleira sem þarf að víkja að varðandi öryggismálum okkar Íslendinga og maður kemst ekki yfir það í svo stuttri ræðu sem hér er boðið upp á en ég tel að við eigum að auka samstarf okkar við Norðmenn, Dani, Grænlendinga og Færeyinga, jafnvel Skota og Íra um siglingar og siglingaöryggi í Norðurhöfunum. Ég sat í sumar ákaflega fróðlega ráðstefnu norður á Akureyri um öryggi siglinga í Norðurhöfum og mikla flutninga á olíu frá m.a. Múrmansksvæðinu á komandi árum. Þar var upplýst að mjög líklegt væri að um 500 fulllestuð skip mundu sigla hér um lögsöguna innan 10 ára, af stærðinni 100–300 þúsund tonn. Ég spyr, hæstv. forsætisráðherra: Hvaða viðbrögð ætlum við að hafa til þess að takast á við yfirvofandi mengunarslys af skipum sem eru af þeirri stærð og með þann þunga um borð sem fylgir gas- og olíuflutningum í svo stórum skipum? Það er ekkert skip hér á landi sem ræður við að forða slíku skipi frá strönd landsins. Öflugasta skipið sem við höfum séð við aðstæður við Ísland var norskur dráttarbátur sem dró skip af strandstað við suðurströndina. Það er eitthvert slíkt tæki sem við þyrftum að hafa hér ef við ætlum yfirleitt að hreyfa slíkum skipum. Ég tel að ekki sé seinna vænna fyrir okkur að fara að hugsa fyrir því hvernig ætlum við að bregðast við þannig vá. Þessar siglingar munu eiga sér stað og þeim mun eingöngu fjölga og við getum ekki látið taka okkur í bólinu með það að sitja hér uppi með 300 þúsund tonna skip fullt af olíu t.d. við norðurströnd landsins á vetrarmánuðum í vitlausri tíð og hafa ekki undirbúið nein viðbrögð við því hvar það lendir. Það væri geysilegt slys ef slíkt gerðist og það er ekki minni ábyrgð að takast á við þá framtíð en þau varnarmál og öryggismál sem við höfum verið að ræða í dag.

[15:36]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Það hefur, eins og vænta mátti, víða verið komið við í þessari umræðu í dag. Þingflokkarnir eru ekki sammála um grundvallaratriði í öryggis- og varnarmálum, hafa ekki verið það. Það undirstrikast mjög glöggt í þessari umræðu.

Það má ekki gleyma því á hvaða grunni það samstarf sem nú er verið að tala um er byggt. Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið 1949 og gerðu varnarsamning 1951 við Bandaríkin af ástæðum sem þá lágu alveg skýrar fyrir. Við vorum að tryggja öryggi okkar sjálfra. Við vorum jafnframt að skipa okkur í fylkingu með þeim öflum í okkar heimshluta sem vildu standa vörð um lýðræði og frelsi gegn þeim sem ekki voru á þeirri línu. Við vitum alveg hvernig þeim átökum lauk. Lýðræðisþjóðirnar unnu hina hugmyndafræðilegu baráttu og Sovétríkin hrundu og fylkingin þeirra megin flykktist inn í Atlantshafsbandalagið. Öll hin nýfrjálsu ríki létu það verða eitt sitt fyrsta verk að ganga í lið með lýðræðisríkjunum í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.

Við tókum þátt í þessari baráttu, þessari hugmyndafræðilegu baráttu með aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og við tryggðum okkar eigin varnir með samningnum 1951 en við vorum jafnframt þá að leggja lóð á vogarskálarnar fyrir bandamenn okkar vestan hafs og austan.

Nú er þetta sem betur fer allt breytt. Staðan er gjörbreytt. Það þarf ekki að ræða það mikið hér. En við stöndum frammi fyrir nýjum veruleika. Hin gamla hernaðarlega ógn sem kynni að stafa af öðru landi er ekki fyrir hendi í dag. Við gerum ekkert ráð fyrir því að hingað verði gerð innrás frá öðru ríki. En það eru ýmsar aðrar ógnir í gangi eins og við höfum margrætt og þekkjum vel. Við þurfum að búa okkur undir hið óvænta í öryggismálum okkar, hvort sem það er vegna hefðbundinna eða óhefðbundinna ógna. Við þurfum að vera undir það búin að eitthvað óvænt geti gerst jafnvel þó við eigum ekki von á að það verði ráðist á okkur. Hvernig gerum við það best? Það er spurningin sem við þurfum að svara. Mín niðurstaða og okkar í ríkisstjórninni var sú, þegar Bandaríkjamenn ákváðu að kalla heim herstyrk sinn frá Íslandi, að besta leiðin til að tryggja öryggi okkar væri að vera áfram í varnarsamstarfi við þá á grundvelli varnarsamningsins en að sjálfsögðu á nýjum forsendum sem byggðust á að hér væri ekki föst viðvera varnarliðs.

Það er sú niðurstaða sem nú er fengin og við ræðum hér um. Við munum vonandi ganga frá því máli í næstu viku með formlegri undirritun. Auðvitað hefði verið betra, að mínum dómi og þeirra sem eru sama sinnis og ég, að hér hefði áfram verið einhver lágmarksviðvera bandarísks varnarliðs. Það hefði verið betra. En sá kostur var ekki fyrir hendi. Þá verða menn að spila úr málinu á grundvelli þess sem raunhæft er og fyrir hendi er. Ég hefði frekar viljað hafa hér einhverja lágmarksviðveru. Ég hefði viljað hafa þessar fjórar þotur sem við höfum verið að tala svo mikið um. En það var ekki raunhæft og það mál gekk ekki upp eins og náttúrlega allir vita.

Við munum ljúka þessu máli með undirritun í næstu viku. Ríkisstjórnarflokkarnir bera ábyrgð á þessu samkomulagi. En það er hins vegar mjög athyglisvert að í þessum umræðum hefur komið fram að arftaki Alþýðuflokksins, minnsta kosti hluta Alþýðuflokksins, Samfylkingin, ætlar ekki að bera neina pólitíska ábyrgð á þessu. Þá liggur það bara fyrir. Þá geta arftakar Alþýðuflokksins reynt að fá þessu breytt í nýrri ríkisstjórn ef þetta er eitthvað sem þeir eru ekki ánægðir með.

Alþýðuflokkurinn bar ábyrgð á samkomulaginu sem gert var 1989 varðandi grunnvatnsmálið. Alþýðuflokkurinn á sér mikla sögu í þessum samskiptum öllum. Ég gagnrýni ekki það sem þá var gert. En ég vek athygli á að það er ekki hægt að skjóta sér undan ábyrgðinni sem menn tóku á sig varðandi einstök mál.

Virðulegi forseti. Það er ekki tími til að ræða þetta mál öllu lengur hér. Við gerum það vonandi við betra tækifæri í öðrum umræðum. En ég þakka þessa umræðu og vænti þess að hún megi verða til að upplýsa þetta mál aðeins betur en ella hefði orðið.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 15:41.

---

# 4. FUNDUR

miðvikudaginn 4. okt.,
kl. 6 síðdegis.

**Dagskrá:**

Réttur nefndar til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál, frv., 27. mál, þskj. 27. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

[18:02]

**Útbýting:**

Aðgerðir til að lækka matvælaverð, 23. mál, þáltill. ISG o.fl., þskj. 23.

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, 29. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 29.

Ríkisútvarpið, 24. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 24.

Skilgreining á háskólastigi, 32. mál, þáltill. HjÁ og DJ, þskj. 32.

Staðbundnir fjölmiðlar, 17. mál, þáltill. DJ o.fl., þskj. 17.

Textun, 30. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 30.

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

***Réttur nefndar til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál, 1. umr.***

Frv. SP o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

[18:04]

**Flm. (Sólveig Pétursdóttir):**

Hæstv. forseti. Hinn 3. júní sl. var samþykkt þingsályktun þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálsan aðgang fræðimanna að þeim. Með þeirri þingsályktun var sú pólitíska stefna mörkuð að þær upplýsingar skuli gerðar fræðimönnum aðgengilegar og sérstakri nefnd síðan falið að gera tillögu um hvernig staðið skuli að því, en nefndin var skipuð þann 22. júní 2006.

Áður en nefndin getur skilað tillögum sínum um tilhögun á aðgangi fræðimanna að gögnunum þarf hún að kanna hvaða stjórnvöld hafa slík gögn í vörslu sinni og gera könnun á þeim.

Þar sem ætla verður að öll gögn og upplýsingar um öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 séu ekki aðgengileg almenningi á grundvelli upplýsingalaga, nr. 50/1996, aðallega vegna einkalífsverndar þeirra sem sættu eftirliti eða rannsókn á þessu tímabili, er nauðsynlegt að mæla í lögum fyrir um aðgangsrétt nefndarmanna að þessum gögnum og leggja um leið þagnarskyldu á þá. Frumvarp þetta er flutt til þess að lögfesta slíka aðgangsheimild nefndarmanna. Þá er jafnframt lagt til að lögfest verði að öllum opinberum starfsmönnum, bæði núverandi og fyrrverandi, verði skylt að svara fyrirspurnum nefndarinnar um verklag við öflun, skráningu og varðveislu upplýsinga um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 þrátt fyrir ákvæði laga um þagnarskyldu. Ákvæðið er nefndinni nauðsynlegt svo að hún geti kannað með hvaða hætti gögn um öryggismál Íslands urðu til og hvernig varðveislu þeirra var hagað, hvar þau er að finna og hvaða gögnum hefur verið eytt.

Þá er í frumvarpinu mælt svo fyrir að upplýsingalög, nr. 50/1996, gildi ekki um störf nefndarinnar. Væri slíkt ákvæði ekki sett mundu öll gögn, sem nefndin aflaði sér frá dómstólum í málum sem fjallað var um á árunum 1945–1991, færast undir gildissvið upplýsingalaga þar sem þau væru þá komin í vörslu stjórnvalds og orðin þáttur í ákveðinni stjórnsýslu nefndarinnar.

Rétt þykir að taka upp í lögin það ákvæði sem var í síðari málsgrein þingsályktunarinnar frá 3. júní 2006 um að nefndin hafi á starfstíma sínum samráð við forseta Alþingis og formenn þingflokka um framvindu verksins. Slíkt samráð er afar mikilvægt til að tryggja áfram þá samstöðu um málið sem náðist við samþykkt ályktunarinnar sl. vor.

Við undirbúning frumvarps þessa hef ég átt gott samstarf við formenn þingflokkanna sem standa ásamt mér að flutningi málsins. Við höfum átt ágæta fundi um málið og fengum á fund okkar formann nefndarinnar, Pál Hreinsson prófessor. Formenn þingflokkanna hafa síðan rætt efni frumvarpsins við sína þingflokka.

Ég geri ekki tillögu um að málið fari til nefndar enda er það einfalt að efni til, heldur verði stefnt að því að afgreiða það sem fyrst þannig að nefndin nái því markmiði að ljúka störfum fyrir áramót.

[18:07]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég stend að þessari tillögu með hæstv. forseta og öðrum formönnum þingflokka. Það er alveg rétt hjá hæstv. forseta sem talaði fyrir þessu máli hér áðan að það er nauðsynlegt að hraða málinu og þess vegna styðjum við þetta. Ég tek undir með henni að það þarf ekki að mínum dómi og okkar sem þetta flytjum að vísa málinu til nefndar. Það skiptir máli að þær heimildir sem hér er lagt til að umrædd nefnd fái séu veittar hið allra fyrsta.

Frú forseti. Til nefndarinnar sem hér um ræðir var stofnað sökum grafalvarlegra þátta sem fram komu. Það liggur fyrir að það hafa verið framkvæmdar njósnir, eftirlit með einstökum stjórnmálamönnum í fortíðinni og það er nauðsynlegt að grafast fyrir um það mál og fá allt sem því tengist upp á yfirborðið. Þess vegna fagna ég þessari tillögu.

Sömuleiðis, frú forseti, er rétt að vekja eftirtekt á því að frá því að þessi þingsályktunartillaga var samþykkt sl. vor hafa komið fram nýjar og enn alvarlegri upplýsingar um þetta mál sem brýna okkur og herða enn frekar til þess að upplýsa það með öllum mögulegum aðferðum. Ég fagna þeirri samstöðu sem hér hefur náðst.

Við þingflokksformenn áttum fund með Páli Hreinssyni, formanni umræddrar nefndar.Vegna þess að skapast hafa opinberar umræður um þá ósk Kjartans Ólafsson ritstjóra að fá aðgang að gögnum sem hann varða tel ég rétt að það komi hér fram, og ég upplýsti um það á fundi með formönnum þingflokka og forseta að ég mundi nefna þetta í minni ræðu, að ég innti sérstaklega eftir því hvort samþykkt þessarar tillögu gæti með nokkrum hætti tálmað því að Kjartani verði veitt bón sín. Það kom afdráttarlaust fram að það er skoðun formanns umræddrar nefndar að svo er ekki og það er í krafti þess og trausti sem ég stend að þessu máli núna.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að hafa sem opnastan aðgang að þessu og þær reglur sem á að setja um þetta taki til þriggja þátta. Í fyrsta lagi frjáls aðgangs fræðimanna, í öðru lagi að það sé alveg skorinort á hreinu að þeir sem eru andlag rannsóknar hafi skilyrðislausan rétt til þess að skoða slík gögn og sömuleiðis um sem opnastan aðgang almennings. Ég treysti því að það sé leiðarhnoða þessarar nefndar og er nokkuð fullur trausts á formanni nefndarinnar eftir að hafa rætt við hann. Ég taldi nauðsynlegt, frú forseti, að þetta kæmi hér fram vegna þess að einn nefndarmanna, þjóðskjalavörður, hefur í opinberri umræðu vísað til þess að beðið sé eftir niðurstöðu þessarar nefndar til þess að hægt sé að verða við ósk Kjartans Ólafssonar. Svo er sem sagt ekki. Því fagna ég og legg til að þessu máli verði hraðað í gegnum þetta þing.

[18:10]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Frumvarpið sem hér er flutt sýnir vel að Alþingi afgreiddi þetta mál með óþörfum flýti í vor þótt tillögutextinn hafi að vísu og sem betur fer verið öðruvísi en ráðherrunum þótti hentugast í upphafi. Við munum að frumvarpið varð til eftir að Guðni Jóhannesson sagnfræðingur upplýsti

um verulegar símhleranir á tilteknum tímabilum eftir stríð og fram undir 1970. Þar kom í ljós að dómsmálaráðuneytið hafði látið hlera síma hjá stjórnmálasamtökum, hjá verkalýðsfélögum og hjá einstaklingum og þar á meðal voru alþingismenn sem þó njóta sérstakrar þinghelgi skv. 49. gr. stjórnarskrárinnar. Ég endurtek: Dómsmálaráðherra lét hlera síma alþingismanna.

Sagnfræðingurinn Þór Whitehead hefur nýlega bætt um betur og sýnt fram á að hér var til í lögreglunni sérstök öryggisdeild sem safnaði upplýsingum um íslenska ríkisborgara án nokkurrar lagaheimildar og án þess að aðrir vissu af en sérstakir innmúraðir vildarvinir. Þar kemur einnig fram að þessar upplýsingar voru að hluta eða í heild afhentar erlendu stórveldi, Bandaríkjunum, og raunar safnað með sérstakri hjálp sendiráðs þeirra hér á landi ef ekki beinlínis í samstarfi við leyniþjónustu þess ríkis.

Við höfum nú árið 2006 skýrar vísbendingar um að hér hafi frá því í heimsstyrjöldinni og a.m.k. fram á áttunda áratug aldarinnar verið stundaðar skipulegar njósnir um íslenska ríkisborgara. Ég ætla ekki að sinni að taka þátt í þeirri deilu sem yfir stendur í blöðum um það hvort hægt sé að réttlæta þetta athæfi íslenskra ráðamanna með einhverjum hætti. Alþingi getur ekki verið neinn stóridómur um það efni og við skulum fara varlega. Við sem nú stöndum hér skulum ekki efna til réttarhalda yfir tímum sem okkur eru flestum fjarlægir, yfir fólki í aðstæðum sem við þekkjum illa. Þetta á bæði við þá sem efndu til njósnanna og þá sem njósnað var um.

Hins vegar er algjörlega eðlilegt að kanna á vegum þingsins hvaða lagagrunn þessar njósnir höfðu, ef einhvern, og hverjir voru ábyrgir fyrir þeim. Á sama hátt er augljóst að þeir sem fyrir njósnunum urðu hljóta að fá aðgang að sínum skjölum eða þá afkomendur þeirra og aðstandendur eftir atvikum. Það verður að virða af þungri alvöru að þolendur fái tækifæri til að kanna og bera af sér þær sakir sem njósnunum eru samfara, nefnilega að þeir persónulega eða samtök sem þeir veittu einhvers konar forustu hafi verið ógnun við öryggi landsins. Þegar slíkar rannsóknir eða njósnir beinast að einstaklingi án þess að mál sé höfðað, án þess að niðurstaða a.m.k. sé kynnt þeim sem fyrir varð, felast í njósnunum brigsl um landráð og það er engum ætlandi að sitja hljóður undir slíkum áburði.

Um aðferð í þessu efni er einfalt að vísa til Norðmanna sem hafa fengist við ámóta mál af hrósverðri einurð og hreinskilni fyrir tilstilli svokallaðrar Lund-nefndar sem skilaði mikilli skýrslu til Stórþingsins árið 1996. Að vísu er sá munur á norskum aðstæðum og íslenskum að Lund-nefndin vissi hvar átti að bera niður þar sem voru opinberar öryggisdeildir hers og lögreglu. Hér fór njósnastarfsemin aftur á móti fram utan við lögin, samanber furðusöguna um götóttu olíutunnuna þar sem embættismenn áttu að hafa brennt opinber gögn. Þegar núverandi aðgangsnefnd undir forustu Páls Hreinssonar lýkur störfum þarf að ræða hér á Alþingi um stofnun svipaðrar rannsóknarnefndar og í Noregi.

Hlutverk aðgangsnefndarinnar nú er tvenns konar. Annars vegar þarf nefndin að átta sig á því hvar umrædd gögn og skjöl er að finna, hins vegar á nefndin að ákveða eftir hvaða reglum skuli farið við að veita frjálsan aðgang að þessum gögnum og skjölum og ég vek eftirtekt á orðunum „frjáls aðgangur“ sem eru tekin úr þingsályktuninni frá í vor. Þau merkja í raun að það eina sem nefndin þarf að athuga í þessum reglum er að gæta hinnar lögskyldu 80 ára leyndar um viðkvæmar persónuupplýsingar. Ég fagna því að nefndin virðist taka þetta hlutverk sitt af fullri alvöru, m.a. með því að fara fram á þær auknu heimildir sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Forseti. Það er rétt að taka sérstaklega fram að þetta frumvarp getur ekki á nokkurn hátt myndað skjól fyrir ráðherra eða embættismenn til að hindra menn í að sækja rétt sinn gagnvart þeim upplýsingum sem um ræðir. Ég nefni sérstaklega í því samhengi að það er óþolandi að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki enn hafa brugðist við þeirri málaleitan Kjartans Ólafssonar, fyrrverandi ritstjóra og alþingismanns, 16. september sl. að að fá aðgang að skjölum í Þjóðskjalasafni sem Guðna Jóhannessyni var veittur aðgangur að, að minnsta kosti þeim sem varða símhleranir sem Kjartan varð fyrir á 7. áratug 20. aldar.

Ég skora á ráðherra að bregðast við hið skjótasta. Þögn menntamálaráðherra er sérkennileg og vandræðaleg vegna þess að hún vekur spurningar um heilindi ríkisstjórnarinnar allrar í þessu máli. Í öllu falli um heilindi Sjálfstæðisflokksins sem virðist hafa verið sérstakt bólvirki í þessari njósnastarfsemi á liðnum árum.

Forseti. Það hefur komið fram í ræðu þingflokksformanns míns hv. að við samfylkingarmenn styðjum þetta frumvarp. Í umræðum síðar í haust gefst væntanlega tækifæri til að ræða margvísleg efni sem tengjast þessu máli, m.a. þarf að upplýsa hversu lengi var njósnað um íslenska ríkisborgara í samstarfi við erlendar leyniþjónustur. Rétt er að hæstv. ráðherrar búi sig undir að svara því hvort slíkar njósnir standa enn á vegum dómsmálaráðuneytisins eða annarra án samþykkis frá Alþingi, án vitundar þjóðarinnar, án laga, án dóms.

[18:17]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp er flutt af forseta Alþingis og formönnum allra þingflokka. Það er nánast tæknilegs eðlis og til þess sett fram að samþykkt Alþingis frá því í byrjun júní nái fram að ganga. Eins og hér hefur komið fram snýst þetta mál um leyniþjónustustarf, njósnir og hleranir sem hér voru stundaðar á kaldastríðstímanum. Við höfum mótað þá pólitísku stefnu að það eigi að upplýsa um alla þætti þessa grafalvarlega atferlis.

En ástæða þess að ég ætla ekki að fjölyrða um málið nú er fyrst og fremst sú að á mánudag fer fram utandagskrárumræða sem lýtur að þessum málum. Ég legg áherslu á að í frumvarpinu, eins og kom fram í máli hæstv. forseta Alþingis, muni formenn þingflokkanna og forseti þingsins fylgjast með starfi þeirrar nefndar sem vísað er til í lögunum og er það ítrekað í lagatextanum og í greinargerð frumvarpsins sem með því fylgir.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um málið núna. En við styðjum að það nái skjótt fram að ganga og verði þegar í stað að lögum.

[18:18]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið er nauðsynlegt að flytja þetta frumvarp til að ná fram þeim pólitísku áformum sem Alþingi mótaði í vor með þingsályktunartillögunni að gera þau gögn sem þarna um ræðir aðgengileg um öryggismál Íslands á kaldastríðsárunum. Nefndin þarf auðvitað að kanna umfang þeirra gagna sem þarna um ræðir. Komast að því hvar þau eru hugsanlega vistuð og önnur þau atriði sem snúa að þessu máli. Gögnin verði þá síðan hugsanlega, eins og kemur fram í greinargerðinni, vistuð í sérstakri deild í Þjóðskjalasafninu og þau verði gerð sem aðgengilegust fyrir fræðimenn og aðra þá sem þurfa að málinu að koma.

En það ber auðvitað að taka sérstaklega fram að þarna hafa hugsanlega verið skráðar upplýsingar um einkalíf fólks og þess vegna er mjög nauðsynlegt að nefndin geti farið í gegnum umrædd gögn og kannað hvort einhverjar slíkar upplýsingar eru þar fyrir hendi. Við verðum að gæta þess að friðhelgi einkalífsins sé varðveitt.

Við getum verið sammála um nauðsyn þess að hraða málinu og vegna þeirrar umræðu sem uppi hefur verið í þjóðfélaginu er nauðsynlegt að hægt verði að skoða öll þau gögn sem þarna um ræðir. En ég legg enn og aftur áherslu á að það verður auðvitað að undanskilja þau gögn sem snúa að einkalífi fólks.

Ég vil þakka stjórnarandstöðunni fyrir hversu vel hún brást við þessu máli og hefur verið minnst á það hér í salnum að ástæða sé til þess og ég geri það hér með.

[18:21]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna því ég tel að hér hafi öll sjónarmið komið fram en vek athygli á að þetta er þverpólitískt mál. Að því standa eins og fram hefur komið formenn allra þingflokka. Það segir nokkuð um mikilvægi málsins. Rætur þess eru í því sérkennilega andrúmslofti sem varð til á hinum köldu stríðsárum, getum við sagt. Þar gerðust kannski hlutir sem í dag þykja æðisérkennilegir. Þess vegna er mjög mikilvægt, eins og efni þessa máls er, að það nái hratt fram að ganga með þeirri einföldu röksemd að sannleikurinn mun gera yður frjálsa.

Ég vil eins og sá hv. þingmaður sem hér síðastur talaði einnig þakka stjórnarandstöðunni fyrir góðan og dyggilegan stuðning í þessu máli, sem ég vona að nái að renna hér ljúflega í gegn enda mikilvægt fyrir sannleiksást þingsins.

[18:22]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég hef átt aðild að þessari vinnu sem þingflokksformaður Frjálslynda flokksins og hef tekið þátt í þeim umræðum sem hafa átt sér stað á fundum þingflokksformanna með forseta Alþingis, þar sem við fengum m.a. á fund til okkar Pál Hreinsson, formann nefndarinnar.

Þingflokkur minn hefur farið yfir frumvarpið og við föllumst á það í þeirri mynd sem það er. Ég vil þó að fram komi að ég hefði talið rétt að bæði umboði nefndarinnar og frumvarpinu hefði verið breytt þannig að tímaramminn á þessari rannsókn hefði verið öðruvísi. Ég held að það hefði verið miklu gagnlegra að byrja fyrr. Rannsaka til að mynda frá árinu 1938 og til ársins 1991 og taka þannig með ár heimsstyrjaldarinnar síðari. Því hafi einhvern tímann verið raunveruleg ástæða til að njósna um einstaklinga hér á Íslandi, raunveruleg ástæða, þá held ég að það hafi verið á stríðsárunum. Þá var hér erlent herlið sem átti aðild að mesta hildarleik mannkynssögunnar. Á Íslandi gerðust margir atburðir sem augljóslega var mikill áhugi fyrir hjá Þjóðverjum. Ég minni á að hér voru bæði hermenn, herflutningar og flugvélar voru fluttar hér um. Mikil skipaumferð var og skipalestir sigldu héðan árið 1941 til 1942 hlaðin hergögnum til Rússlands þar sem Rússar börðust nánast fyrir lífi þjóðar sinnar gegn innrás Þjóðverja. Það var mikil umferð Þjóðverja umhverfis landið, ekki síst af kafbátum en líka flugvélum og mikill áhugi á að fá að vita hvað væri í rauninni að gerast á Íslandi.

Fyrir hendi er staðfestur grunur um að hér hafi einhverjir aðilar komið upplýsingum til Þjóðverja um það sem hér átti sér stað. Og það hafi jafnvel haft mjög afdrifaríkar afleiðingar.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú svo sem ekki að fara nánar út í þá sögu hér. En ég tel að þó nokkrar líkur hafi verið til þess að íslensk stjórnvöld hafi að einhverju leyti átt aðild að því að njósna um einstaklinga á þessum árum, jafnvel í samvinnu við hernámsliðið, þarna voru þá hugsanlega á ferðinni þeir sem voru lengst til hægri í íslenskum stjórnmálum. Þeir sem hugsanlega urðu fyrir barðinu á þessum njósnum á kaldastríðsárunum voru vinstri menn. En þarna voru hægri menn á ferð, þjóðernissinnar og þeir sem höfðu samúð með málstað Þjóðverja. Margir þeirra fundu sér síðar meir húsaskjól í Sjálfstæðisflokknum. En það er nú önnur saga.

Ég hefði sem sagt með öðrum orðum viljað að þetta hefði verið gert því mér er tjáð af sérfræðingum að eftir 80 ár, þegar 80 ár eru liðin, þá verði aflétt allri leynd af þessum gögnum. Ef við skoðum árið 1938 þá mun þetta ekki gerast fyrr en árið 2018, þ.e. það eru 12 ár þangað til. Mér finnst það alveg óþolandi staða fyrir þá sem hugsanlega hafa verið fórnarlömb njósna af hálfu yfirvalda án dóms og laga, að þetta fólk fái ekki að vita um það sem gert var.

Ég tel líka að það sem hugsanlega mun þó koma upp úr þessari rannsókn verði lagt fram með þeim hætti að þeir sem urðu fyrir þessum njósnum fái fulla innsýn inn í þau gögn sem um þá var safnað. Séu þeir aðilar látnir, verði settar reglur um að nánustu aðstandendur þeirra geti fengið aðgang að þessum gögnum. Sé um að ræða einhverjar viðkvæmar persónuupplýsingar í þessum gögnum geti þeir hinir sömu krafist þess að þeim gögnum verði eytt um aldur og ævi og það verði farið eftir þeim kröfum.

Ég tel að þetta sé ákaflega mikilvægt, sérstaklega það að þeir sem urðu fyrir barðinu á þessu fái fulla innsýn inn í það sem gerðist. Þeir verði látnir vita og þeim verði sýnt það sem fyrir liggur. Þessi krafa var uppi í Noregi eftir að Lund-nefndin svokallaða starfaði, þ.e. að þeir sem voru fórnarlömb slíkra njósna fengju þessar upplýsingar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra um þetta að sinni. Frumvarpið mun hljóta skjóta þinglega meðferð og er að sjálfsögðu gott mál svo langt sem það

nær. En enn og aftur, við hefðum átt að breyta tímarammanum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 18:29.

---

# 5. FUNDUR

miðvikudaginn 4. okt.,
að loknum 4. fundi.

**Dagskrá:**
Réttur nefndar til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál, frv., 27. mál, þskj. 27. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

[18:29]

**Útbýting:**
Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, 37. mál, frv. KHG, þskj. 37.
Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu og raforkulög, 33. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 33.
Tekjuskattur, 35. mál, frv. GAK, þskj. 35.

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:30]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

***Réttur nefndar til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál, 2. umr.***

Frv. SP o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:31]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 18:31.

---

# 6. FUNDUR

miðvikudaginn 4. okt.,
að loknum 5. fundi.

**Dagskrá:**
Réttur nefndar til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál, frv., 27. mál, þskj. 27. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:32]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

***Réttur nefndar til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál, 3. umr.***

Frv. SP o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:33]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JónK, KÓ, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
27 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BjörgvS, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, HBl, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KolH, KHG, LB, MF, SAÞ, SKK, SJS, StB, VF, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 179).

Fundi slitið kl. 18:33.

---

# 7. FUNDUR

fimmtudaginn 5. okt.,
kl. 10 árdegis.

**Dagskrá:**
Fjárlög 2007, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.

## *Kosning embættismanna fastanefnda.*

[10:01]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Allsherjarnefnd: Bjarni Benediktsson formaður og Guðjón Ólafur Jónsson varaformaður.

Efnahags- og viðskiptanefnd: Pétur H. Blöndal formaður og Sæunn Stefánsdóttir varaformaður.

Félagsmálanefnd: Dagný Jónsdóttir formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Fjárlaganefnd: Birkir J. Jónsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Heilbrigðis- og tryggínganefnd: Guðjón Ólafur Jónsson formaður og Ásta Möller varaformaður.

Iðnaðarnefnd: Hjálmar Árnason formaður og Sigríður A. Þórðardóttir varaformaður.

Landbúnaðarnefnd: Drífa Hjartardóttir formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Menntamálanefnd: Sigurður Kári Kristjánsson formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Samgöngunefnd: Guðmundur Hallvarðsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Sjávarútvegsnefnd: Guðjón Hjörleifsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Umhverfisnefnd: Guðlaugur Þór Þórðarson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Utanríkismálanefnd: Halldór Blöndal formaður og Jón Kristjánsson varaformaður.

[10:02]

**Útbýting:**

Almenn hegningarlög og skaðabótalög, 21. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 21.

Áfengislög, 44. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 44.

Eignarhlutur og þátttaka viðskiptabankanna í annarri starfsemi, 114. mál, fsp. JóhS, þskj. 114.

Fjáraukalög 2006, 47. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 47.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, 25. mál, þáltill. GAK og JÁ, þskj. 25.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 9. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 9.

Sala áfengis og tóbaks, 26. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 26.

Sameignarfélög, 79. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 79.

Stjórn fiskveiða, 40. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 40.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, 41. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 41.

Þjóðhagsáætlun 2007, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

## *Umræður utan dagskrár.*

Vaxandi ójöfnuður á Íslandi.

[10:03]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég óskaði eftir því að efnt yrði til umræðu um vaxandi ójöfnuð á Íslandi nú í upphafi þings vegna þess að m.a. í sumar hafa verið leiddar fram óyggjandi staðreyndir um það að sl. áratug, í tíð þessarar ríkisstjórnar, hefur staðið yfir linnulaus hernaður gegn jöfnuði á Íslandi. Þessar tölur komu m.a. fram á heimasíðu ríkisskattstjóra í sumar með hinum svokallaða Gini-stuðli sem sýnir vaxandi ójöfnuð. Ísland hefur verið að færast frá því að vera í hópi þeirra ríkja þar sem jöfnuður var hvað mestur fyrir tíu árum í hóp þeirra ríkja þar sem jöfnuður er minnstur, í hóp ríkja eins og Bretlands, Lettlands, Portúgals og Tyrklands svo ég tali um Evrópuríki.

Í dag skilur himinn og haf að þá á Íslandi sem eru tekjuhæstir og tekjulægstir. Á Íslandi eru þúsundir fjölskyldna með 3–3,5 millj. kr. í árstekjur. Á sama tíma eru hundruð fjölskyldna með tugi millj. í árstekjur. Fyrrnefndi hópurinn greiðir um það bil 23% af tekjum sínum í skatt, síðarnefndi hópurinn greiðir 15%. Af hverju skyldi þetta nú vera? Jú, það er vegna þess að síðarnefndi hópurinn, ofurlaunahópurinn, hefur umtalsverðar fjármagnstekjur. Ef fjármagnstekjur eru skoðaðar, og nú eru þetta aftur upplýsingar frá ríkisskattstjóra, þá er 1% hjóna, eða um 600 hjón, með um 60% allra fjármagnstekna. Þessar fjölskyldur eru að meðaltali með um 16,5 millj. kr. á ári í launatekjur og 95 millj. kr. á ári í fjármagnstekjur; 95 millj. kr. að meðaltali, þessar 600 fjölskyldur. Auðvitað eru þetta kannski ekki fastar tekjur á hverju ári, hópurinn er breytilegur en það eru ævinlega um 600 fjölskyldur í þeim hópi sem hefur þessar gríðarlegu tekjur.

Hið klassíska svar sjálfstæðismanna er að það skipti ekki máli þótt einhverjir auðgist mikið ef almenn auðlegð vex í samfélaginu. Vissulega hefur kaupmáttur almennt verið að aukast en það sem skiptir hins vegar máli er að bilið milli hinna ríku og hinna fátæku á Íslandi er stöðugt að breikka. Það er stöðugt að breikka og hefur verið að því undanfarin tíu ár. Ég fullyrði að þessi ójöfnuður er þegar farinn að skaða íslenskt samfélag umtalsvert og mun gera það enn frekar á komandi árum ef ekki verður gripið í taumana. Ójöfnuðurinn er fljótur að vinda upp á sig.

Gríðarleg auðæfi munu á næstu árum erfast milli kynslóða, auðæfi sem eru svo mikil að við höfum aldrei séð þess dæmi áður. Hinir ungu ríku sem munu vita það frá unga aldri að þeirra bíður auðlegð verða allt annar þjóðfélagshópur en hinir ungu fátæku. Reynsluheimurinn verður gerólíkur og ég held að við þurfum að hverfa aftur til upphafs síðustu aldar til að finna samsvörun við okkar tíma. Er það þannig samfélag sem við viljum? Þannig stéttskipt samfélag? Vegna þess að með auknum ójöfnuði eykst stéttaskiptingin í samfélaginu og þar með togstreita milli þjóðfélagshópa.

Börn eru mjög næm fyrir slíkum áhrifum. Ef einhver þjóðfélagshópur er næmur fyrir því þá eru það börn. Þau skynja fljótt stétt sína og stöðu, hvaða hópi þau tilheyra og umræðan á Íslandi um skólabúninga, sem kemur m.a. úr

ranni Framsóknarflokksins sem á auðvitað þátt í þessum hernaði gegn jöfnuði í landinu, segir okkur að þessi ójöfnuður er farinn að setja mark sitt á umhverfi barna. Sú umræða er til marks um það. Við erum komin í umræðu um skólabúninga eins og í Bretlandi enda erum við að verða samfélag með svipuðum ójöfnuði og í Bretlandi. Ísland hefur verið að færast á afgerandi hátt frá hinu skandinavíska samfélagi sem er í meistaradeild og yfir til samfélaga sem sannarlega eru í annarri deild þegar kemur að samkeppnishæfni þjóða. Þetta hefur verið að gerast á Íslandi vegna aðgerða ríkisstjórnar landsins í skatta- og velferðarmálum. Það er kannski eins og að spyrja brennuvarga hvernig þeir ætla að slökkva elda en ég spyr nú samt forsætisráðherra Sjálfstæðisflokksins hvað hann hyggist gera til að bregðast við þeim mikla ójöfnuði sem er afleiðing af stjórnarstefnu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

[10:08]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Hæstv. forseti. Formaður Samfylkingarinnar er alltaf jafnsmekklegur í orðavali. Hún kallar ríkisstjórnina brennuvarga og segir að þeir standi fyrir linnulausum hernaði gegn jöfnuði landi. Linnulaus hernaður gegn jöfnuði er það sem formaður Samfylkingarinnar fullyrðir að ríkisstjórnin beiti sér fyrir. Hvers lags málflutningur er þetta, virðulegi forseti?

Það hefur orðið mikil tekjuaukning á Íslandi á undanförnum árum. Ég rakti það í stefnuræðu minni, og það hefur margoft komið fram, að kaupmáttur almennt í landinu hefur aukist um 60% á síðustu 10–11 árum. Allir þjóðfélagshópar hafa notið góðs af þessum bættu lífskjörum og þessum auknu tekjum í þjóðfélaginu. Allir tekjuhópar hafa það mun betra núna en þeir gerðu fyrir 10–15 árum. En hálaunastörfum hefur fjölgað og láglaunastörfum fækkað. Það er eitt af því sem við höfum reynt að beita okkur fyrir.

Það hefur líka gerst að tiltekinn hópur fólks, sem oft og tíðum hefur starfað á alþjóðlegum vettvangi í viðskiptum eða fjármálum, hefur efnast verulega, það er alveg rétt. Tiltekinn hópur í þjóðfélaginu hefur efnast verulega vegna breyttra aðstæðna og vegna þess að sá hópur hefur getað hagnýtt sér þær aðstæður sem skapast hafa, m.a. í alþjóðlegum viðskiptum. Ég er ekki á móti því. Ég fagna því ef fólki gengur vel í viðskiptum og ef það efnast og tel það ánægjulegt fyrir allt þjóðfélagið. Að vísu er það miður að sumir af þeim einstaklingum sem þannig er ástatt um hafa komið sínum málum þannig fyrir borð að þeir greiða ekki persónulega skatta sína á Íslandi. Það á að vera keppikefli okkar að draga slíka aðila aftur inn í hagkerfi okkar þannig að þeir borgi öll sín persónulegu gjöld hér á landi.

Hins vegar er það mjög orðum aukið, sem framsögumaður hélt fram, að stórkostleg gliðnun hefði orðið í tekjudreifingunni á Íslandi. Ef litið er á þær tölur sem fyrir liggja í því efni og þá þróun sem hér hefur orðið þá er hækkunin í kaupmætti nokkuð jöfn ef við sleppum 5% efsta bilinu. Það er fyrst og fremst litli hópurinn sem ég var að tala um áðan sem hefur skotist svona langt fram úr og á því eru í flestum tilfellum eðlilegar skýringar. Ég missi ekki svefn yfir því að einhverjir aðilar hafi hagnast í viðskiptum. Ég tel ekki ámælisvert að slíkt gerist. Það sem við höfum gert er að við höfum verið að reyna að bæta kjör lægstu hópanna með markvissum aðgerðum af ýmsu tagi. Við höfum skipulega verið að hækka barnabæturnar því það er í gegnum þær sem við getum komið til móts við tekjulægri barnafjölskyldur. Við höfum gert ýmsar úrbætur á öðrum sviðum. Við höfum t.d. gert sérstakt samkomulag gagnvart eldri borgurum, við höfum fellt niður eignarskattana sem margir tekjulágir eldri borgarar hafa verið að greiða og svo mætti lengi telja. Hér verður flutt frumvarp á næstu dögum frá fjármálaráðherra um úrbætur varðandi vaxtabætur o.s.frv.

Aðalatriðið hlýtur að vera að bæta kjör þeirra sem eru lægst settir. Það getur ekki verið markmið að draga hina niður en það er það sem skilja mátti á ræðu formanns Samfylkingarinnar, að það væri markmiðið af því að bilið skipti mestu máli. Ef bilið skiptir mestu máli þá er leiðin til að bregðast við því sú að þeir sem eru lægstir hækki en ekki að þeir sem eru hæstir lækki. Hér er náttúrlega á ferðinni grundvallarskoðanamunur og kannski eitt af því sem gerir það að verkum að ekki eru allir í sama stjórnmálaflokknum á Íslandi. Sumir kjósa Samfylkinguna vegna þess að hún vill draga úr frumkvæði fólks og hvatningu til þess að afla mikilla tekna. Það er það sem ég heyrði formann Samfylkingarinnar halda hér fram.

[10:13]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra segist ekki missa svefn þótt einhverjir hafi hagnast í viðskiptum. Hverjir hafa hagnast mest í viðskiptum á Íslandi á undanförnum árum? Það eru þeir sem hafa fengið kvóta á hendi og hagnast með kvótabraski. Það eru einnig þeir sem hafa fengið ríkisbankana færða á silfurfati í viðskiptum við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem hafa hagnast á viðskiptum. En hæstv. forsætisráðherra missir ekki svefn yfir þessu. Hann missir ekki svefn yfir eigin gerðum og staðhæfir hér að allir tekjuhópar á Íslandi hafi það betra nú en fyrir tíu árum og vísar til þess að kaupmáttur hafi vaxið um 60%. Ég staðhæfi að það er erfiðara að vera fátækur á Íslandi í dag en það var fyrir 10–15 árum. Það er erfiðara að vera veikur og þurfa að leita sér lækninga og borga sjúklingaskatta og sjúklingagjöld. Það er erfiðara að afla húsnæðis nú en það var fyrir 10–15 árum. Það er erfiðara að vera tekjulítill á Íslandi nú eftir valdatíma Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks en það var áður. Þetta eru staðreyndir og ég hélt sannast sagna, hæstv. forseti, að menn deildu ekki um það að ójöfnuður hefði aukist á Íslandi. Hann hefur stóraukist og hann birtist í ýmsu formi. Mismunandi tekjum, annars vegar ofurlaunafólk og hins vegar lágtekjufólk. Ójöfnuðurinn birtist í mismunandi skattlagningu, atvinnutekjur eru skattlagðar mun hærra en tekjur af fjármagni, og hann birtist í mismunandi hag ríkis og sveitarfélaga. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir nú er hvernig við viljum bregðast við. Við höfum í stjórnarandstöðunni svarað því með fyrsta þingmáli sem við höfum lagt fram sameiginlega um að bæta kjör aldraðra og öryrkja, lágtekjufólksins. Auk þess höfum við lagt fram frumvarp um fjármagnstekjuskatt og leiðir til að bæta hag sveitarfélaganna.

[10:16]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Þegar við ræðum um ójöfnuð í samfélaginu vil ég beina sjónum að mismunandi aðstæðum barna og fjölskyldna þeirra. Evrópusambandið nefnir árið 2007 ár jafnra tækifæra. Félagsmálaráðuneytið hefur þegar tekið ákvörðun um fulla þátttöku í því verkefni og er undirbúningur þess þegar hafinn. Ég hef m.a. lagt áherslu á að í því starfi verði sérstaklega horft til mismunandi aðstæðna barna í samfélaginu, einstæðra foreldra og fjölskyldna þeirra og innflytjenda. Félagsmálaráðuneytið mun leita eftir samstarfi við ýmsa aðila um þetta verkefni, t.d. sveitarfélögin í landinu. Ég hef þegar ákveðið að skipa starfshóp sem ætlað er að greina stöðuna og ná utan um þá samfélagshópa sem búa hugsanlega við aðstöðu sem hamla eðlilegri þátttöku í samfélaginu frá degi til dags. Ég mun jafnframt óska eftir að skoðaðir verði möguleikar á því að gerð verði aðgerðaáætlun til að bæta stöðu barnafjölskyldna sem búa við lök kjör og mögulega skuldaaðlögun fyrir skulduga einstaklinga, t.d. vegna barnsmeðlaga. Það er algerlega óásættanlegt að börn alist upp við kjör sem hamla þroska þeirra og möguleikum á innihaldsríku lífi í velferðarsamfélagi okkar.

Á undanförnum árum hafa stjórnarflokkarnir gert ýmislegt sem miðar að því að bæta hag barnafjölskyldna og því verður haldið áfram. Einnig hefur margt verið gert til að bæta hag þjóðfélagshópa sem á því hafa þurft að halda. Allt hefur þetta miðað að því að vinna gegn ójöfnuði í samfélaginu. Hins vegar er ljóst að þessum verkefnum verður líklega aldrei lokið og alltaf má gera betur.

Virðulegi forseti. Efnahagsmál, velferðarmál og atvinnumál eru allt hliðar á sama þríhyrningi. Við megum aldrei missa sjónir á því að þessir þættir verða að verka vel saman. Það hefur verið leiðarljós ríkisstjórnarinnar sem hefur leitt til þess að meiri fjármunir renna nú til velferðarmála en nokkru sinni áður. Það hefur gefið okkur aukið svigrúm til að efla samhjálpina sem á sér svo djúpar rætur í íslenskri þjóðarsál.

Velferðarríkisstjórn okkar ætlar að halda áfram á þessari braut ekki síst í þágu barna og fjölskyldna þeirra.

[10:18]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir að koma með þetta mál um misskiptingu lífsgæðanna hér til umræðu í upphafi þings.

Við búum því miður ekki lengur í stéttlausu þjóðfélagi þar sem aðstæður fólks eru svipaðar heldur er að myndast gjá milli þjóðfélagshópa þar sem fréttir berast af milljónaeða milljarðahagnaði sumra á meðan aðrir eiga vart til hnífs og skeiðar. Launaumræðan í sumar í kjölfar álagningar skatta og birting þeirra upplýsinga skerpti enn á umræðunni enda ljóst að ofurlaun eru nú þekkt í fyrirtækjum sem þjónusta almenning, t.d. í bankastörfum. Á sama tíma greiða lántakendur hærri vexti og önnur gjöld en annars staðar þekkist. Bilið milli ríkra og fátækra eykst stöðugt hér á landi og raunar er það svo að þeir mörgu sem eiga erfitt uppdráttar eru ekki einungis þeir sem háðir eru lífeyri til framfærslu. Margt venjulegt fólk er á svo lágum launum að ekkert má út af bera án þess að fjárhagurinn sligist.

Skattastefna ríkisstjórnarinnar forgangsraðar þeim tekjuhærri til hagsbóta. Láglaunafólk, aldraðir og öryrkjar greiða nú skatta þótt laun, bætur og lífeyrir dugi ekki til lágmarksframfærslu. Harkan á vinnumarkaði virðist vaxa og kröfur um langan vinnudag. Atvinnuþátttaka öryrkja og aldraðra og annars fólks sem getur ekki unnið fullan vinnudag gæti minnkað vegna harðari vinnukrafna.

Fjölgun öryrkja á undanförnum árum getur m.a. endurspeglað þá staðreynd að kröfur atvinnurekenda hafa orðið stífari og að harðnandi samkeppni á atvinnumarkaði — nú einnig vegna frjáls flæðis erlends vinnuafls — bitnar ávallt fyrst á þeim hópi, öryrkjum og öldruðum. Það er því mikil nauðsyn að vera með hvetjandi aðgerðir til atvinnuþátttöku þessara hópa eins og stjórnarandstaðan hefur lagt til í sameiginlegum tillögum sínum í velferðarmálum nú í upphafi þings. Kjósendur þurfa skýra valkosti.

[10:20]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Rannsókn þarf strax á því hvaða breytingar hafa orðið á efnahagslegu valdi í krafti gífurlegra eigna- og tekjutilfærslna í þjóðfélaginu og hvernig sporna megi við miklum neikvæðum áhrifum þróunar á tekjuskiptinguna og ójöfnuðinn í landinu sem hæglega getur leitt til alvarlegra stéttaátaka, sundrungar og stéttaskiptingar í þjóðfélaginu. Stjórnarstefnan hefur sannarlega mulið undir efnafólk en hlunnfarið þá fátæku.

Fjármálaráðherra hefur ítrekað staðfest á Alþingi að skattbyrði lágtekju- og meðaltekjufólks hefur þrefaldast í tíð þessarar ríkisstjórnar, sem er auðvitað hrein hneisa á sama tíma og skattbyrði ofurlaunafólksins minnkar. Ráðist er af fullri hörku að skattleysismörkunum sem mestu skipta fyrir lágtekju- meðaltekjufólk og lífeyrisþega en skattleysismörkin ættu nú að vera 40–50 þús. kr. hærri á mánuði ef þau hefðu haldið raungildi sínu frá 1995.

Andstæðan er ofurlaunafólkið sem hefur allt upp í 22 millj. kr. mánaðartekjur og stór hluti þeirra tekna ber 10% skatt meðan fátækt fólk greiðir 37% í skatt.

Ég kalla eftir því að lífeyrisgreiðslur öryrkja og aldraðra beri ekki hærri skatt en fjármagnstekjur ofurlaunafólksins. Ég átel núverandi ríkisstjórn harðlega fyrir hraksmánarlega skerðingu á lífeyrisgreiðslum barna og á vaxtabótum. Þeir eru að slíta í sundur öryggisnet velferðarkerfisins.

Ég segi, virðulegi forseti, burt með þessa ríkisstjórn ójafnaðar úr valdastólunum. Hún hefur gert nóg af sér í íslensku samfélagi. Gert nóg af sér þannig að fátækt fólk, fólk með meðaltekjur stendur verr nú en þegar þessi ríkisstjórn tók við. Þjóðfélagið þarfnast þess að jafnaðarstefnan verði leidd til öndvegis í íslensku samfélagi.

[10:22]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Það eru tvær breytingar sem hafa orðið á síðustu 10–15 árum og hér eru til umræðu. Annars vegar er hraðari og meiri aukning á ráðstöfunartekjum alls almennings á Íslandi en í löndunum í kringum okkur, jöfn aukning á launatekjum yfir alla hópa.

Hin breytingin eru auknar fjármagnstekjur. Fjármagnstekjur sem nánast voru ekki til fyrir þetta tímabil.

Þær tekjur hafa sannarlega ekki breyst jafnt. Þær eru langsamlega mestar hjá þeim sem eru í efstu 5%. Hvers vegna gerist þetta? Jú, það gerist einfaldlega vegna þess að það eru ekki allir sem stunda viðskipti. Það eru ekki allir sem fjárfesta. Það eru ekki allir sem spara.

Spurningin er síðan sú: Eru þetta varanlegar breytingar? Munu fjármagnstekjurnar vera varanlegar í framtíðinni eins og þær hafa verið núna síðustu 2–3 ár? Þetta vitum við ekki. En auðvitað vonum við að þær muni aukast áfram eins og þær hafa verið að gera því það skilar sér í þjóðarbúið.

En hvaðan kemur breytingin? Eru þetta hlutir sem eru að gerast hér innan lands? Eru þetta hlutir sem eru að gerast vegna þess að Íslendingar stunda viðskipti erlendis? Að mjög stórum hluta til er þetta vegna þess að Íslendingar stunda í meiri mæli en áður viðskipti erlendis. 70% af veltu og verðmæti og viðskiptum í Kauphöllinni eru vegna viðskipta sem Íslendingar stunda erlendis.

Er þetta slæmt? Á að gera eitthvað við þessu? Getum við gert eitthvað við þessu? Og ef við ætlum að gera eitthvað við þessu, munum við þá ekki bara skaða okkur? Ef við ætlum að fara að hækka fjármagnstekjuskattinn og reyna að auka jöfnuðinn með því, þá er hætt við að þessi tekjulind ríkisins sem hefur hjálpað okkur að styðja velferðarkerfið muni þurrkast upp. Þessir peningar munu fara annað. Þessir aðilar munu stunda viðskipti sín annars staðar. Þá er betur hugsað fyrir fram um það að skaða ekki mjólkurkúna áður en farið er að eiga við hlutina.

[10:25]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Misskipting í launum og lífskjörum eykst ár frá ári. Þetta er hægt að mæla og það hefur verið mælt. Samanburður síðustu 10 ára staðfestir með Gini-stuðlinum svokallaða að bilið milli ríkra og fátækra hér á landi hefur aukist og stefnir, að öllu óbreyttu, í að það muni halda áfram að aukast. Það mun aukast á milli stétta og bilið mun einnig haldast óbreytt á milli kynja. Það má ekki gleyma því.

Ef þessi þróun heldur áfram verður það þjóðinni dýrkeypt á svo margan hátt. Það mun koma niður á framleiðslugetu þjóðarinnar þannig að til lengri tíma litið höfum við ekki sömu möguleika og við höfum í dag. Það mun einnig koma niður á lífsgildum þjóðarinnar og það mun skerða hagsæld okkar á svo margan hátt.

Hagur öryrkja, langveikra, margra aldraðra og fjölskyldna er í dag óásættanlegur. Það er staðreynd. En ofurlaun forstjóra og fjárfesta hafa fyrir löngu sprengt þjóðarsátt um lágmarkslaun. Hvernig er hægt að sætta sig við þau lágmarkslaun sem eru í dag þegar horft er til þeirra tekna og ofurlauna sem svo stór hluti þjóðarinnar fær stöðugt í sínar hendur?

Það þarf að tryggja lífeyri og lágmarkslaun sem næst framfærslukostnaði. Það verður að koma á þjóðarsátt um að launabilið á milli þeirra sem eru lægst launaðir og hæst launaðir verði ásættanlegt. Það þarf að tryggja öllum búsetu við hæfi. Það þarf að styrkja verkalýðsfélögin svo þau geti tryggt lágmarkslaun sem duga fyrir framfærslukostnaði. Það þarf að tryggja stöðu fjölskyldunnar.

Það er því nauðsynlegt að skipta hér um ríkisstjórn. Það er eina leiðin til að koma á (Forseti hringir.) þjóðarsátt og draga úr firringu í þjóðfélaginu.

[10:27]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Síðustu ár hefur verið gríðarlega mikil tekjuaukning í íslensku samfélagi. Eins og fram kom hjá hæstv. forsætisráðherra hér áðan hefur kaupmáttur aukist um 60% á síðastliðnum 10 árum. Hvað þýðir það? Það þýðir auðvitað að það hafa allir miklu meira fé til ráðstöfunar. Meira að segja hv. þm. Jóhann Ársælsson sem gengur hér fram hjá. Það er bara þannig.

Kaupmátturinn hefur aukist mest hjá þeim sem eru með lægstu launin og öryrkjum og ellilífeyrisþegum. (**JóhS:** Það er rangt.) Það er staðreynd, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. (Gripið fram í.) Við skulum muna eftir því í þessu sambandi fyrir þremur árum juku ríkisstjórnarflokkarnir greiðslur til örorkuþega um 500 millj. Hvað gerðu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar þá? Þeir gerðu ekki neitt. Þeir treystu sér ekki til að samþykkja þá hækkun og sögðu að hún væri á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, sem var auðvitað hárrétt. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti biður hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Það voru greiðslurnar til öryrkja sem voru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstaðan treysti sér ekki til að standa við. Það svíður auðvitað í dag að þurfa að sætta sig við þetta.

En hvað ætlar Samfylkingin að gera í þessum meinta ójöfnuði í íslensku samfélagi? Hverjar voru tillögur formanns Samfylkingarinnar hér áðan? Engar. Engar tillögur og engin ráð. Á að lækka laun þeirra sem eru með meðaltekjur eða há laun? Eða á að efna til stórkostlegra útláta úr ríkissjóði með því að hækka verulega allar greiðslur úr ríkissjóði svo munurinn minnki? Og það þurfa að vera verulegar greiðslur ef á að vera hægt að draga úr þeim mun.

Það sem blasir við er að ef Samfylkingin kemst til valda í íslensku þjóðfélagi (Forseti hringir.) þá munu skattar stórhækka, það verður hrina skattahækkana. Það skulu landsmenn muna.

[10:29]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég hélt að það væri ekki lengur deilt um að ójöfnuður hefði aukist. En svo virðist vera að ýmsir þingmenn í Framsóknarflokknum geri sér ekki fyllilega grein fyrir því. En viðkomandi þingmaður sem talaði hér á undan mér ætti að kynna sér svörin sem hafa komið frá fjármálaráðuneytinu um Gini-stuðulinn sem sýna ótvírætt að ójöfnuður hefur aukist gríðarlega.

Einnig hefur hagfræðingurinn Þorvaldur Gylfason gert ítarlega grein fyrir þessu í blaðagreinum og sömuleiðis prófessorinn Stefán Ólafsson. En hann hefur sýnt fram á að 1% þeirra landsmanna sem hafa hæstu tekjurnar greiða sama hlutfall af sköttum og þeir sem eru í lægstu tekjuhópunum. Um 13%. Þetta eru staðreyndirnar og við eigum að tala um þær eins og þær eru.

Ég heyrði að það var nú ekki alveg samhljómur með

þeim félögum í Framsóknarflokknum sem töluðu. Það örlaði á samviskubiti hjá félagsmálaráðherranum Magnúsi Stefánssyni. En mér virtist sem þingmaðurinn sem talaði hér á undan væri forhertur í að halda áfram þessum ójöfnuði.

Ég vil bara spyrja framsóknarmenn: Hvað vilja þeir ganga langt? Og einnig sjálfstæðismenn: Vilja menn ganga lengra í þessum ójöfnuði? Telja þeir að íslenskt samfélag verði betra við að við förum enn lengra og aukum hann meira? Ég held að það sé mjög mikilvægt.

Hér var einnig gerð athugasemd við orðanotkun. Ég vil minna sjálfstæðismenn á að þeir hafa lagt þá í einelti sem hafa verið að benda á þessar staðreyndir um íslenskt samfélag og þróun þess. Ég vil minnast orða okkar ágæta dómsmálaráðherra sem skrifaði á heimasíðu sína að þeir sem hefðu vakið athygli á þessu væru í einhverjum þríhyrningi. Það hafa verið settar fram kenningar um (Forseti hringir.) að þessi þríhyrningur væri hvorki meira né minna en samsæri öryrkja, pólitíska afla sem væru andsnúin (Forseti hringir.) þessari þróun og vildu koma höggi á ríkisstjórnina.

En ég vona bara að fólk kynni sér staðreyndirnar, frú forseti.

[10:32]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Sú var tíðin að Sjálfstæðisflokkurinn skildi mikilvægi þess að ekki drægi í sundur með þjóðfélagshópum. Sú var tíðin að Sjálfstæðisflokkurinn skildi mikilvægi þess að íslenskt samfélag raðaði sér í hóp annarra norrænna samfélaga hvað jöfnuð varðaði. Af hverju skildi Sjálfstæðisflokkurinn það á sínum tíma? Jú, vegna þess að hann áttaði sig á því að almennt leiðir mikill ójöfnuður til sóunar á mannauði, leiðir til meiri mannlegra þjáninga og vandamála og slítur í sundur friðinn í samfélaginu. Þess vegna eru það engin rök hjá hæstv. forsætisráðherra þegar hann segir að það séu aðeins 5% þjóðarinnar sem hafi færst svona hátt upp og svona langt frá öllum hinum. Fimm prósent þjóðarinnar eru 3.000 fjölskyldur. Það er dágóður hópur sem er að flytjast svona langt frá öllum öðrum. Sjálfstæðisflokkurinn stendur hér ráðalaus. Fjármálaráðherra stendur hér í pontu og hugsar upphátt um það hvernig hlutirnir gætu nú allir farið á verri veg ef þeir gripu til einhverra aðgerða, ef þeir gripu til einhverra jöfnunaraðgerða í þessu samfélagi. (Gripið fram í.)

Staðreyndin er sú, ef við tökum t.d. aldraða, þá var í áratug höfð af þeim kaupmáttaraukning. Barnabætur drógust aftur úr hér um milljarða. Skattbyrðin dreifðist þannig að skattleysismörkin færðust æ neðar í tekjuskalanum og skattar voru lækkaðir á háum tekjum. Þetta voru aðgerðir ríkisstjórnarinnar, það var ríkisstjórnin sem skapaði þennan ójöfnuð (Gripið fram í.) og þess vegna talaði ég hér áðan um hernað gegn jöfnuði í landinu og ég stend við það. Í þessi tíu ár hefur verið hernaður gegn jöfnuði í landinu og það er þessi ríkisstjórn sem ber á því fulla ábyrgð undir forustu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) hv. þingmaður.

[10:34]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegur forseti. Ekki batnaði nú málflutningur Samfylkingarinnar í þessari umræðu. Það er ýmist talað um linnulausan hernað gegn jöfnuði eða að ráðist sé af fullri hörku gegn láglaunafólkinu í þjóðfélaginu. Þetta er málflutningurinn.

Hvað hefur verið að gerast í landinu undanfarin tíu ár? Tekjur hafa stóraukist. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur skilað gríðarlega miklum árangri þannig að að kaupmátturinn hefur stórvaxið. Eitt af því sem gert hefur verið var það að tekinn var upp fjármagnstekjuskattur. Fyrir tíu árum, 1996, skilaði hann engum tekjum í ríkissjóð vegna þess að hann var ekki til í núverandi mynd. Núna skilar hann vel á annan tug milljarða króna í ríkissjóð. Þetta er skatturinn sem Samfylkingin hefur sett mest hornin í og Vinstri hreyfingin – grænt framboð.

En það er alveg rétt að það er fullt af fólki sem borgar þennan skatt sem hefur miklar fjármagnstekjur. Þá verður maður að gera sér grein fyrir því: Vill maður fara í gamla farið og láta þetta fólk borga engan skatt eða vera ekki með neina starfsemi sem myndar þessar tekjur þar sem tekin er áhætta og ráðist í fjárfestingar? Viljum við það frekar eða viljum við frekar að ríkissjóður fái á annan tug milljarða af þessum skatti til að fjármagna velferðarkerfið og velferðarmálin þó að það þýði það að einhver ákveðinn hópur manna hagnist vel og efnist hérna í þjóðfélaginu? Þetta er náttúrlega það sem við stöndum frammi fyrir. Er okkur svo mikið í nöp við það að einhverjir efnist að við viljum ekki hafa þetta kerfi með þeim hætti sem nú er? Viljum við ekki að allir hóparnir í þjóðfélaginu geti bætt stöðu sína, geti bætt sín kjör? Auðvitað hljótum við að vilja það. Markmiðið og verkefnið er að gera það kleift að lyfta lágtekjuhópunum, að gera þeim kleift að fá sinn hlut í kaupmáttaraukningunni og bættum tekjum þjóðfélagsins, en jafnframt að gera öðrum kleift að sækja fram og setja ekki hornin í það þó að einhverjir efnist í leiðinni.

## *Fjárlög 2007, 1. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[10:37]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er á milli þingflokkanna um ræðutíma í umræðunni eins og á síðasta þingi og hann er þessi: Ráðherra hefur 35 mínútur í framsögu sinni, síðan 15 mínútur og í þriðja lagi 10 mínútur. Talsmenn þingflokka hafa 20 mínútur í fyrstu umferð, síðan tvisvar sinnum 10 mínútur. Aðrir þingmenn hafa 10 mínútur tvívegis.

Enn fremur er samkomulag um að andsvör verði leyfð frá upphafi umræðunnar, þó þannig að í fyrstu umferð verður aðeins talsmönnum þingflokka og fjármálaráðherra heimilt að veita andsvör. Gert er ráð fyrir að umræðunni ljúki síðar í dag eða í kvöld eftir atvikum.

[10:37]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 sem er 1. mál þessa þings. Ég mun á eftir rekja helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og forsendur frumvarpsins en fyrst mun ég víkja almennt að stöðu ríkisfjármála.

Undanfarin ár hefur ríkt óvenju mikil gróska og vöxtur í íslensku efnahagslífi svo að eftir hefur verið tekið. Sífellt fleiri fulltrúar erlendra stjórnvalda og stofnana hafa komið til Íslands að kynna sér hvernig við höfum náð þessum árangri. Mikill þróttur íslenskra fyrirtækja í útlöndum vekur heimsathygli og íslensk efnahagsmál og fjármálamarkaður eru í auknum mæli umfjöllunarefni erlendra matsfyrirtækja og fjölmiðla. Eins og búast mátti við var umfjöllunin í upphafi misjöfn en hefur batnað og orðið jákvæðari eftir því sem þessir aðilar hafa kynnt sér efnið betur og fordómar eru að hverfa. Margvíslegir þættir hafa orðið til þess að lífskjör hafa batnað með undraverðum hætti hér á landi sem hefur komið fram í stórauknum kaupmætti ráðstöfunartekna heimilanna og minna atvinnuleysi en áður. Enginn einn getur þakkað sér þennan óvenjugóða árangur en eitt er þó víst að til að ná slíkum árangri þarf stjórnvöld sem stefna að ákveðnum markmiðum og hvika ekki frá þeim þótt tímabundið blási á móti.

Til þess að Ísland sé samkeppnishæft er nauðsynlegt að hér sé gott heilbrigðis- og menntakerfi, stutt sé við rannsóknir og að ríkisreksturinn sé hagkvæmur og skilvirkur. Til að viðhalda og efla þann árangur sem náðst hefur er því nauðsynlegt að huga sífellt að aukinni framleiðni í ríkisrekstrinum og að afmarka skýrt þau verkefni sem samkomulag er um að ríkið sinni.

Undirstaða öflugs velferðar- og menntakerfis er atvinnulífið þar sem verðmætasköpunin fer fram. Sú efnahagsstefna sem hér hefur verið rekin hefur lagt þann grunn sem nauðsynlegur er. Lækkun skatta á fyrirtæki, opnun hagkerfisins og einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur leitt af sér öfluga atvinnustarfsemi og undirstöður efnahagslífsins hafa verið tryggðar til að halda uppi til framtíðar þeirri velferð og kaupmætti sem nú er. Hlutverk ríkisvaldsins er að skapa almenna umgjörð og leikreglur fyrir atvinnulífið sem verði á við það sem best þekkist annars staðar.

Staða ríkisfjármála hér á landi er mjög traust. Það sést best á því að ríkissjóður hefur verið rekinn með umtalsverðum afgangi á undanförnum árum, skuldir hafa verið greiddar niður og staða ríkissjóðs við Seðlabankann er sterk. Þótt staðan sé traust er auðvelt að glutra henni niður ef óvarlega er farið. Auðvelt er að yfirbjóða og skuldsetja ríkissjóð aftur eða nota innstæðu hans í Seðlabankanum til eyðslu. Gjalda verður varhuga við slíkum hugmyndum um mjög aukin útgjöld þar sem þær munu á endanum leiða til lakari lífskjara og að ríkissjóður fari aftur að nota skattfé í að greiða vexti og afborganir til útlanda í stað þess að efla menntun og velferð Íslendinga.

Mun ég nú snúa mér að helstu efnisatriðum frumvarps til fjárlaga 2007. Áætlað er að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 15,5 milljarðar kr. á næsta ári, en það er tæplega 23 milljörðum kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í langtímaáætlun síðasta fjárlagafrumvarps. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði niður skuldir er nemur tæplega 80 milljörðum kr. árin 2005 til 2007. Ríkisstjórnin endurskoðaði nýlega langtímastefnumörkun í ríkisfjármálum og eru meginmarkmiðin óbreytt frá fyrri áætlunum um aðhald og lækkun skulda. Með langtímastefnumörkun hefur stjórn ríkisfjármála orðið markvissari, forgangsröðun verkefna innan rammans betri en áður og dregið hefur úr vexti ríkisútgjalda. Í samræmi við áætlunina hefur aðhald með útgjöldum verið mikið árin 2005 og 2006 og framkvæmdum hefur verið frestað. Áformað er að auka útgjöldin á næsta ári til mótvægis við samdrátt í þjóðarútgjöldum þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur. Í stefnumörkuninni er miðað við að raunvöxtur samneyslu verði að jafnaði ekki umfram 2% árlega og raunvöxtur tekjutilfærslna ekki umfram 2,5% árlega. Aukning tekjutilfærslna verður tímabundið nokkuð yfir þessum markmiðum á næsta ári vegna hækkunar á elli- og örorkulífeyri og hækkunar barnabóta. Þá er ekki gert ráð fyrir eins miklum vexti framkvæmda ríkissjóðs á næsta ári og ráðgert var í langtímaáætlun sem fylgdi fjárlagafrumvarpi síðasta árs og mun ég koma nánar að því á eftir.

Mikið hefur verið rætt um hvort aðhald í ríkisfjármálum hafi verið eða sé nægilegt og hvort Seðlabankinn sé látinn einn um að halda aftur af innlendri eftirspurn með vaxtaákvörðunum sínum. Ef litið er á tekjuafgang ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni, en það er sá grunnur sem miðað er við í umræðu um efnahagsleg áhrif, þá var afgangurinn 5,6% af landsframleiðslu árið 2005 og verður 4% af landsframleiðslu á þessu ári. Í þessum tölum eru ekki áhrif af sölu eigna eða aðrir óreglulegir liðir, samt er samanlagður tekjuafgangur þessara tveggja ára rúmlega 100 milljarðar kr. Mjög fá ríki OECD geta státað af slíkum afgangi á ríkissjóði. Samkvæmt áætlunum fjármálaráðuneytisins um framleiðsluspennu í hagkerfinu hefur aðhald ríkisfjármála verið verulegt. Samanburður við sveiflujöfnun í öðrum ríkjum OECD sýnir að fjármálastjórn hér á landi hefur verið markvisst beitt til sveiflujöfnunar og að Ísland er í hópi þeirra ríkja sem hafa beitt hvað mest sveiflujafnandi fjármálastjórn undanfarin áratug.

Ég velti fyrir mér hve mikið aðhald sé nægilegt í ríkisfjármálum. Er raunhæft að reka ríkissjóð ár eftir ár með tuga milljarða króna afgangi? Er raunhæft að draga úr uppbyggingu í mennta- og heilbrigðismálum á meðan hagkerfið vex og eftirspurn eftir þessum gæðum er vaxandi? Hefði ekki átt að auka framlög til velferðarmála og hefði átt að standa á móti hækkun launa starfsmanna ríkisins til samræmis við aðra hópa? Getum við gengið lengra í því að lækka stofnkostnað þegar fjárfestingar ríkisins eru komnar niður fyrir 1% af landsframleiðslu? Ég tel að í ljósi þess mikla afgangs og aðhalds sem ríkissjóður hefur sýnt á undanförnum árum hafi vart verið mögulegt að ganga lengra. Ég tel að leitun sé að ríkjum þar sem ríkissjóður hefur stutt eins vel við stefnu Seðlabankans og gert hefur verið hér á landi. Það sýna allir mælikvarðar.

Tímasetning skattalækkana hefur verið gagnrýnd. Lækkun tekjuskattshlutfalls einstaklinga á undanförnum árum er liður í að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins og er öðrum þræði aðgerð til að auka vinnuframboð á innlendum vinnumarkaði. Tölur um innlent vinnuframboð sýna að þar hefur orðið mikil aukning auk þess sem innflutningur vinnuafls hefur verið mikill. Þannig hefur dregið úr þrýst-

ingi á vinnumarkaði vegna aðgerðanna og þær því stuðlað að jafnvægi. Síðasta og stærsta skref skattalækkana verður frá næstu áramótum og er tímasett með tilliti til stöðunnar í efnahagsmálum. Það hefur verið áhugavert að vera bæði gagnrýndur fyrir að lækka skatta og fá á sama tíma gagnrýni fyrir að hækka þá vegna sveiflujafnandi áhrifa skattkerfisins. Sveiflujöfnunin kemur vel fram í því að áætlað er að skatttekjur ríkissjóðs á næsta ári lækki um 4,4 milljarða kr. frá þessu ári.

Það sem einkum hefur gert hagstjórnina erfiða er að óvæntar breytingar urðu á fjármálamarkaði þegar aðgangur almennings að langtímalánum á hagstæðum kjörum jókst verulega við að bankarnir fóru í samkeppni við Íbúðalánasjóð. Sú breyting var ekki fyrirséð eins og stóriðjuframkvæmdirnar en ríkissjóður brást þá við með meiri tekjuafgangi en áætlað var í fyrri stefnumörkun.

Þá hefur vegið á móti góðum árangri ríkisins að sveitarfélögin tóku framan af ekki þátt í efnahagsstjórninni. Það varð því ánægjuleg breyting í sumar er sveitarfélögin tóku með ríkissjóði þátt í að stöðva tímabundið framkvæmdir á þessu ári. Ég á von á áframhaldandi góðu samstarfi við sveitarfélögin og vona að sú breyting sem varð í sumar verði til að ríki og sveitarfélög samræmi stefnu sína í framtíðinni.

Áætlað er að á næsta ári dragi úr hagvexti og landsframleiðsla vaxi um 1% frá þessu ári, þrátt fyrir að þjóðarútgjöld dragist saman um 6,4%. Skýringin á því að landsframleiðsla dregst ekki saman er að útflutningur vex einkum vegna aukinnar álframleiðslu og gert er ráð fyrir að innflutningur dragist verulega saman. Fjármálastefna ríkissjóðs markast mjög af þessum aðstæðum.

Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 373,4 milljarðar kr. á næsta ári og lækka um tæplega 1,7 milljarða frá áætlun þessa árs. Að raunvirði lækka tekjurnar um tæplega 5% á milli ára einkum vegna þess að gert er ráð fyrir minni hagvexti og að einkaneysla dragist saman á árinu. Lækkun tekna má einnig rekja til lækkunar á tekjuskattshlutfall einstaklinga um 1 prósentustig og hækkunar á persónuafslætti. Samtals hækka skattleysismörk um tæplega 14% vegna þessara aðgerða og fara úr 78 þúsundum á mánuði og verða 90 þús. kr. á mánuði. Skertar tekjur ríkissjóðs vegna þessara aðgerða eru áætlaðar um 13 milljarðar kr. Þannig er gert ráð fyrir í frumvarpinu að skila áfram til heimilanna hluta af styrkri stöðu ríkisfjármála auk þess að barnabætur hækka verulega. Skatttekjur ríkissjóðs lækka úr 31% af landsframleiðslu á þessu ári í rúm 29% á því næsta.

Heildargjöld ríkissjóðs á næsta ári verða 357,8 milljarðar kr. samkvæmt frumvarpinu. Hækka gjöldin um 31,8 milljarða frá áætlun þessa árs eða um 5% að raungildi. Er það heldur minni raunhækkun á milli ára en gert var ráð fyrir í langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar sem fylgdi fjárlagafrumvarpi 2006. Hækkun útgjalda má einkum rekja til stóraukinna framlaga til velferðarmála, en framlag til lífeyristrygginga eykst um ríflega 7 milljarða kr. frá fjárlögum. Koma þar fram áhrif samkomulags við Landssamband eldri borgara og er gert ráð fyrir að sambærilegar breytingar verði á kjörum öryrkja. Þá eru framlög til vegamála aukin um rúmlega 4,5 milljarða frá fjárlögum 2006.

Útgjöld vegna barnabóta aukast um 1,7 milljarða á næsta ári en þar er um að ræða 20% hækkun á ótekjutengdum bótum og sömu hækkun á tekjuviðmiðunum auk þess sem dregið er úr tengingu bótanna við tekjur. Enn fremur verða barnabætur nú greiddar til 18 ára aldurs í stað 16 ára sem áður var. Útgjöld aukast einnig vegna yfirtöku á verkefnum varnarliðsins, m.a. til eflingar á þyrlusveit Landhelgisgæslunnar og eru þær áætlanir enn í nánari skoðun. Þá eru framlög til rannsókna- og menntamála aukin í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar.

Loks má nefna að útgjöld til þróunaraðstoðar vaxa verulega eða um fjórðung frá fjárlögum þessa árs. Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að auka útgjöld til þróunarmála og hefur á umliðnum árum stóraukið framlög til þeirra mála. Vissulega höfum við ekki gert nóg en það eru takmörk fyrir því hve mikinn vöxt hægt er ráða við án þess að starfið verði ómarkvisst. Tíma tekur að undirbúa og semja um þróunarverkefni og þjálfa fólk til að vinna við verkefnin sem oft eru erfið. Það er mikilvægt að auka framlög til þróunaraðstoðar en það er enn mikilvægara að það fé komi að góðum notum og fari til verkefna sem skila árangri. Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir í langtímaáætlun sinni að fé til þróunaraðstoðar aukist áfram verulega ár hvert.

Til að mæta breyttum áherslum og kostnaði sem hlýst af brotthvarfi varnarliðsins er gripið til ýmissa aðgerða á gjaldahlið frumvarpsins með lækkun útgjalda til reksturs og frestun áformaðra framkvæmda. Þær aðgerðir skila sér í að útgjöldin verða tæplega 11 milljörðum lægri en þau hefðu annars orðið. Þar af eru 4,6 milljarðar í rekstrarútgjöldum því dregið er úr fyrri áformum um raunvöxt útgjalda og ekki verða bætt frávik í hækkun almenns verðlags á þessu ári umfram forsendur fjárlaga. Er það gert vegna þess að stór hluti á hækkun vísitölu neysluverðs undanfarin ár er vegna húsnæðisliðar vísitölunnar sem ekki á við um rekstrargjöld opinberra stofnana sem oftast eru í húsnæði í eigu ríkisins. Einnig er gert ráð fyrir að lyfjaútgjöld verði lækkuð um 500 millj. kr. á næsta ári með áframhaldandi endurskoðun á verðlagningu lyfja og aukna áherslu á notkun lyfjalista og notkun ódýrari samheitalyfja. Loks verður fjárfesting ríkissjóðs á næsta ári 5,5 milljörðum kr. lægri en gert var ráð fyrir í langtímaáætlun fjárlagafrumvarps síðasta árs. Þar af eru 3,5 milljarðar kr. minni hækkun vegaframkvæmda sem skiptist þannig að 2,1 milljarður eru af símafé og 1,4 milljarðar vegna minni hækkunar vegáætlunar en áður var ráðgert. Sum þeirra verka sem horft er til eru það stutt á veg komin að ekki er útlit fyrir að framkvæmdir við þau geti hafist á næsta ári þótt fjárveitingar væru fyrir hendi. Ekki er útilokað að byrjað verði á einhverjum af þeim verkefnum sem hér er lagt til að verði frestað ef aðstæður skapast, t.d. vegna þess að undirbúningur verði kominn lengra á veg og önnur verk frestast af óviðráðanlegum orsökum eða ef hluti fjármögnunar verksins verður þegar tryggður. Þau verkefni í vegamálum sem um ræðir eru 1.400 millj. kr. í Sundabraut, 600 millj. kr. við Reykjanesbraut og Arnarnesveg, 400 millj. kr. vegna Álftanesvegar, 300 millj. kr. við Gjábakkaveg, 300 millj. kr. í Norðausturveg, 200 millj. kr. við gatnamót Nesbrautar og Suðurlandsvegar, 200 millj. kr. í Arnkötludal og loks 100 millj. kr. vegna brúar á Hítará. Til þessara verka koma sambærilegar fjárveitingar á árinu 2008. Eins og áður sagði aukast

framlög til vegamála um rúmlega 4,5 milljarða kr. frá fjárlögum þessa árs þrátt fyrir framangreinda frestun og verða rúmir 10 milljarðar kr. samkvæmt frumvarpinu sem er nánast það sama og það sem mest hefur verið.

Aðrar framkvæmdir sem verður frestað eru 500 millj. kr. stofnkostnaður og viðhald Fasteigna ríkissjóðs, 400 millj. kr. lækkun á öðrum stofnkostnaði ríkissjóðs sem dreifist mjög víða og 100 millj. kr. frestun hafnarframkvæmda. Loks færist 1.000 millj. kr. stofnkostnaður yfir á þetta ár en þar er um að ræða 500 millj. kr. við nýtt varðskip en áætlað er að smíði þess hefjist á þessu ári og flýtt er 500 millj. kr. stofnkostnaðarframlagi í fjarskiptasjóð um eitt ár þar sem áformað er að bjóða út verkefni á vegum sjóðsins á þessu ári.

Ástæða þess að framkvæmdir á næsta ári eru ekki auknar í samræmi við fyrri langtímaáætlun er sú að neysla og þjóðarútgjöld á þessu ári eru meiri en áður var spáð og ekki dregur jafnhratt úr þjóðarútgjöldum og áætlað var. Þá hafa og komið til ný útgjaldatilefni sem ekki voru fyrirséð í langtímaáætlun einkum vegna brotthvarfs varnarliðsins.

Íslenskt efnahagslíf hefur vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum. Þannig eykst landsframleiðsla um 23% að magni til frá árinu 2003 til 2007 og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann eykst um 22% á sama tíma. Vöxt og grósku má sjá hvarvetna í þjóðlífinu sem meðal annars kemur fram í nýjum hverfum með fjölda íbúðabygginga, stórar verslunarmiðstöðvar rísa og samgöngur hafa stóraukist bæði á vegum með stærri einkabílaflota og auknum vöruflutningum og mikill vöxtur er í flugsamgöngum.

Til þess að efnahagslífið nái að vaxa er nauðsynlegt að byggja upp samgöngukerfið nokkurn veginn í takt við það ef koma á í veg fyrir óþarfaálag og kostnað vegna þess að mannvirki anna ekki umferðinni. Því er ekki mögulegt að fresta framkvæmdum nema í skamman tíma og takmörk eru fyrir því hve langt er hægt að ganga í niðurskurði framkvæmda ár hvert. Samgöngukerfið er nokkurs konar æðakerfi efnahagslífsins og bættar samgöngur stækka atvinnusvæði og geta eflt byggð og hagvöxt. Því er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að vera opin fyrir nýjum leiðum í byggingu, fjármögnun og rekstri samgöngukerfa því þar fara saman bæði einkahagsmunir og almannahagsmunir. Ég fagna nýjum hugmyndum og tillögum um rekstur samgöngumannvirkja t.d. á Norðurlandi og á Suðurlandi þar sem sýnt hefur verið fram á ábatann af bættum samgöngum og fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög hafa lýst sig tilbúin til að ráðast í ný verkefni með nýrri nálgun. Á vettvangi samgönguráðuneytisins er unnið að tillögum er snúa að einkaframkvæmd í samgöngukerfinu í samvinnu við forsætis- og fjármálaráðuneytið. Kanna þarf hvort ný tækni geti leitt til gjaldtöku í meira samræmi við raunverulega notkun á mannvirkjum í stað núverandi gjaldtöku í bensín- og olíugjaldi. Ný tækni gefur hugsanlega ný sóknarfæri í að fá fleiri að gerð og rekstri vegakerfisins en nú er og að samgöngur vaxi í takt við þörf og aukið umfang í efnahagslífinu. Lagt verður í vinnu við að kanna og meta möguleika á þessari nálgun við uppbyggingu og rekstur þjóðvegakerfisins.

Til að vera samkeppnisfær sem þjóð þurfum við góða innviði, gott vegakerfi, gott heilbrigðiskerfi, en ekki síst gott menntakerfi. Því er afar mikilvægt að ríkisreksturinn sé hagkvæmur og skili því sem ætlast er til af honum. Það er okkar stjórnmálamanna að skilgreina hvað ríkið á að gera eða hvaða þjónustu ríkið veitir aðgang að, hvort sem hún er framleidd af ríkinu eða einkaaðilum. Ríkisreksturinn þarf því að vera í sífelldri endurskoðun og að leiðarljósi verður að hafa hvernig þjónustan nýtist notendum, þ.e. heimilum og fyrirtækjum í landinu.

Stefna núverandi stjórnarflokka hefur verið að færa þau verkefni til einkaaðila sem talið er eðlilegt að leyst séu á markaði í samkeppni. Má þar nefna sölu ríkisbankanna og Landssímans hf. Einnig hafa verkefni sem hingað til hafa verið leyst af ríkinu færst í vaxandi mæli til einkaaðila í samkeppni eða í samvinnu við ríkisrekstur. Þannig hafa myndast nýir valkostir og viðmið. Stjórnsýsla ríkisins er hér ekki undanskilin og þarf að endurskoða hlutverk og verkaskiptingu ráðuneyta miðað við þær breytingar sem orðið hafa í samfélaginu og breyttar þarfir. Þar sem slíkt reynist hagkvæmt þarf að huga að þróun stofnanakerfisins og stækka og/eða sameina einingar sem sinna sambærilegum hlutverkum innan ríkisins sem gæti leitt til betri þjónustu á lægra verði en áður. Slíka hagræðingu þarf að skoða þvert á svið eða ráðuneyti. Þannig verður ríkisreksturinn að taka þátt í að auka hagvöxt og framleiðni með einkamarkaðnum. Ný upplýsingatækni hefur gefið kost á að leysa ýmis verkefni um netið og aukið framleiðni í ríkisrekstri. Sem dæmi má nefna skattframtöl, rafræn innkaup og ýmsa skráningu. Ríkisstjórnin hefur veitt verulegt fé til upplýsingasamfélagsins með það að markmiði að auka rafræna stjórnsýslu. Framtíðin er að fólk og fyrirtæki geti afgreitt flest samskipti sín við ríkið um netið.

Hugsanlegt er að í auknum mæli verði veittur aðgangur að þjónustu sem notendur fá gegn notendaávísunum í stað þess að ríkið veiti og framleiði þjónustuna. Mikilvægt er að þjónusta sé metin út frá viðhorfi notandans ekki síður en út frá sjónarhorni þess sem hana veitir. Með því er ég alls ekki að segja að ríkisrekstur sé almennt óhagkvæmur heldur að nauðsynlegt sé að hann fái aðhald frá notendum og helst einnig frá rekstri á markaði til að miða sig við. Það sem ég sagði áður um nýjar leiðir til fjármögnunar og rekstur samgöngumannvirkja á einnig vel við hér og sýnir að ný tækni gefur nýja möguleika sem við verðum að skoða. Ríkisreksturinn hefur smám saman verið að breytast og nú eru að störfum tvær nefndir sem vinna að endurskoðun stjórnkerfisins. Annars vegar er nefnd á vegum forsætisráðherra sem hefur það hlutverk að endurskoða skipulag Stjórnarráðsins og hins vegar er að störfum nefnd á vegum míns ráðuneytis sem er að endurskoða stofnanakerfi ríkisins.

Frú forseti. Öflugur hagvöxtur hefur einkennt þjóðarbúskapinn undanfarin ár og er það að stórum hluta árangur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur falist í að draga úr ítökum ríkisins í efnahagslífinu með einkavæðingu, opnara og sveigjanlegra hagkerfi og lækkun skatta á fyrirtæki og einstaklinga í landinu.

Staða ríkisfjármála er óvenju sterk vegna þess að ríkissjóður hefur verið rekinn með umtalsverðum tekjuafgangi á undanförnum árum. Tekjuafgangurinn og söluhagnaður Landssímans hefur verið notaður til að lækka skuldir eða verið bundinn hjá Seðlabankanum til ráðstöfunar síðar. Þannig hefur ríkissjóður markvisst lagt sitt af mörkum til að

vinna á móti hagsveiflunni og stutt vel við peningastefnu Seðlabankans. Er leitun á öðrum eins árangri meðal annarra ríkja OECD.

Sterk staða ríkissjóðs sést einna best í því að hreinar skuldir hafa lækkað hröðum skrefum og eru langt undir meðaltali ríkja OECD. Staðan er einnig sterk vegna þeirrar framsýni aðila vinnumarkaðar á sínum tíma að stofna til söfnunarlífeyrissjóða sem munu standa undir lífeyri fyrrum starfsmanna í framtíðinni. Ríkisstjórnin ákvað að lækka tryggingagjald um 0,45% við gerð kjarasamninga á almennum markaði árið 2004 og kemur sú lækkun til framkvæmda í upphafi næsta árs, enda hafi iðgjöld atvinnurekenda í lífeyrissjóði hækkað úr 6% í 8% og verði samtals 12% að meðtöldu framlagi launþega. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi lífeyrissjóðunum til með einum eða öðrum hætti einn milljarð kr. á næsta ári til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóðanna. Styrkir það lífeyrissjóðina enn frekar.

Staða ríkissjóðs er sterk vegna þess að ríkissjóður hefur safnað eignum hjá Seðlabanka Íslands og námu þær rúmum 100 milljörðum kr. í lok ágúst sl. Þá verður ríkissjóður búinn að greiða yfir 120 milljarða með vöxtum inn á lífeyrisskuldbindingar lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins í lok næsta árs.

Sterk staða ríkissjóðs kemur fram í því að ríkissjóður getur lækkað skatta á heimilin í landinu á næsta ári og stóraukið framlög til barnabóta og velferðarmála án þess að raska jafnvægi í ríkisfjármálum til skemmri eða lengri tíma. Að frátalinni ráðstöfun á söluandvirði Landssímans sést að enn er rými til að létta byrðum af heimilunum með enn frekari aðgerðum í skattamálum án þess að stefna ríkisfjármálum í hættu.

Langtímaspár þjóðhagsáætlunar sýna að verulega dregur úr þjóðarútgjöldum á næsta ári. Verðbólga og viðskiptahalli lækka hratt og hagkerfið verður á næstu árum komið í jafnvægi við 3% hagvöxt og 2% verðbólgu og viðskiptahalla er nemur um 2% af landsframleiðslu.

Sterk staða ríkisfjármála er spegilmynd af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur birst í vaxandi kaupmætti, litlu atvinnuleysi, lækkun skatta á fyrirtæki og einstaklinga samhliða því að framlög til mennta- og velferðarmála hafa verið aukin.

Ég legg til, frú forseti, að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar. Óska ég eftir góðu samstarfi við nefndina, nú sem hingað til og að takast megi að afgreiða frumvarpið í samræmi við starfsáætlun þingsins eins og undanfarin ár.

[11:04]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að byrja á að óska hæstv. fjármálaráðherra til hamingju með hans fyrsta fjárlagafrumvarp vegna þess að í fyrra mælti hann fyrir fjárlagafrumvarpi sem fyrrv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, hafði haft veg og vanda af. Þetta er því í raun fyrsta fjárlagafrumvarpið sem hæstv. fjármálaráðherra ber, ef við getum sagt sem svo, fulla ábyrgð á. Þess vegna er eðlilegt að frumvarpið sé skoðað í ljósi þeirra orða sem hæstv. ráðherra lét falla í sumar þegar árleg skýrsla Ríkisendurskoðunar kom fram um framkvæmd fjárlaga. Þá sagði hæstv. fjármálaráðherra að full ástæða væri til þess að bæta vinnubrögð víða í kerfinu og að áætlunargerðin ætti að vera betri.

Nú er það svo, frú forseti, að þrátt fyrir að ég hafi haft nokkra daga til að skoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2007 þá sé ég þess ekki stað að þar hafi nokkur breyting orðið á. Þess vegna hefði ég viljað fá hæstv. fjármálaráðherra til að aðstoða mig örlítið við þá leit. Hafi einhvers staðar verið tekið á í áætlunargerðinni þá væri æskilegt að hæstv. ráðherra benti mér á hvar það hefur átt sér stað. Ég vona að dæmin um aðhald séu ekki þau að lækka eigi útgjöld í nokkrum ráðuneytum um 1% og öðrum um 2% án þess að forgangsraða að því er virðist með nokkurri reglu. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti hjálpað mér að finna hvað hefur batnað í áætlunargerðinni frá því að hann tók við fjármálaráðuneytinu.

[11:06]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Það er erfitt að leiðbeina hv. þingmanni hafi hann ekki séð þetta eftir þá daga sem hann hefur haft til að liggja yfir frumvarpinu, frá því á mánudaginn. En þess sjást víða merki í frumvarpinu að áætlunargerðin sé betri.

Hins vegar held ég að sá þáttur sem skipti enn meira máli í því sambandi sem hv. þingmaður nefndi og ég lagði raunar ríkari áherslu á það í ummælum mínum í sumar í framhaldi af skýrslu ríkisendurskoðanda, sé framkvæmd fjárlaga, að farið sé eftir því sem í fjárlögum og fjáraukalögum stendur. Þar held ég að við hv. þingmaður séum sammála um að meginþunginn eigi að vera. Það dregur auðvitað á engan hátt úr mikilvægi þess að áætlunargerðin sé í góðu lagi og í samræmi við það sem ætlað er að stofnanir framkvæmi á viðkomandi fjárlagaári.

[11:07]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var nákvæmt orðað hjá hæstv. ráðherra að segja að þess sæjust víða merki. En það fór þó fram hjá mér þannig að við getum vonandi í störfum fjárlaganefndar fundið þau merki sem víða eru. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að auðvitað skiptir framkvæmd fjárlaga verulegu máli og er eðlilegt að leggja mikla áherslu á hana. Hins vegar hefur ítrekað komið fram, m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að til þess að það sé unnt verði áætlunargerðin sjálf, sem er grunnur þess að hægt sé að fara að fjárlögum, að vera í lagi. Því miður hefur svo ekki verið undanfarin ár. Auðvitað vonum við að einhver skref hafi verið stigin í rétta átt nú þótt ég hafi ekki séð þau.

Um það er deilt milli fjármálaráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar hvað felist í fjárlögum fyrir árið 2007. Ríkisendurskoðun telur að fjárlög fyrir árið 2007 eigi að vera fjárlög fyrir árið 2007. Fjármálaráðuneytið hefur hins vegar skilað það svo að fjárlög fyrir árið 2007 geti að hluta til verið frá árinu 2006 og þess vegna að hluta til til ársins 2008, slíkt er flotið á milli um áramót að t.d. í störfum fjárlaganefndar höfum við aldrei fengið nákvæmar upplýsingar um hver staða einstakra fjárlagaliða er áætluð um áramót þannig að við sjáum hvað er áætlað til næsta árs. Þannig hefur t.d. komið í ljós, þegar liðið hefur verið á ár, að ein-

staka stofnanir hafa í raun verið svo gott sem búnar með allar fjárveitingar sínar fyrir viðkomandi ár vegna framúrkeyrslu á árinu á undan. Á sama tíma hafa aðrar stofnanir verið með slíkar innstæður að þær hafa í raun getað aukið útgjöld sín stórlega á viðkomandi ári, þrátt fyrir að það sé ekki samkvæmt fjárlögum þess árs. Svona lausaganga í ríkisfjármálum er óviðunandi. Ef við ætlum okkur að ná tökum á framkvæmd fjárlaga verður að sjálfsögðu að kippa svona hlutum í lag.

[11:09]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Ég held, frú forseti, að á þeirri umræðu sem fram fer um svokallaða lausagöngu, eins og hv. þingmaður orðar það, í þeirri umræðu sem fer fram milli ráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar sé raunverulega bitamunur en ekki fjár. Ekki hef ég heyrt um það talað að ekki eigi að vera heimilt að færa heimildir á milli ára eða þá að stofnanir eigi ekki að geta bætt upp halla með fjárveitingum næsta árs. Eins og ég segi er bitamunur en ekki fjár í þessu tilfelli.

Hins vegar, varðandi áætlanirnar, er það auðvitað framkvæmd fjárlaga og niðurstaðan sem segir til um hvort áætlanirnar voru nægilega nákvæmar og nægilega góðar. Ég held að þeim tíma sem hv. þm. eyðir núna í að leita að merkjum um bætta áætlunargerð í fjárlagafrumvarpinu sé kannski ekki sérstaklega vel varið. Það er ekki fyrr en síðar sem það kemur í ljós og verður gaman að fylgjast með því þegar hann fer að skoða það.

[11:10]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Virðulegi frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur mælt fyrir sínu fyrsta fjárlagafrumvarpi eftir að sjóndeildarhringur hans er breyttur og hann kominn í annað kjördæmi eins og hann lýsti yfir í blaðaviðtali.

*Þetta fjárlagafrumvarp er fyrir margra hluta sakir merkilegt.* Það er ekki aðeins liturinn á kápunni sem er með því daufasta sem við höfum séð í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er eins og frumvarpið skammist sín og vilji ekki láta bera á sér, skammist sín kannski fyrir foreldra sína, fyrir fjármálaráðherrann og vilji þess vegna láta lítið fyrir sér fara. (**Gripið fram í:** Þetta er málefnaleg umræða.) Já, þetta er nefnilega málefnaleg umræða. En það sem vekur athygli fyrst í þessu frumvarpi er að það vantar á það 40 fyrstu síðurnar. Það vantar í þetta frumvarp 40 fyrstu síðurnar, sem almenningur hefði kannski viljað vita hvað stendur á. (**EOK:** Þetta er í öðru hefti.) Já, í þessari bók hér stendur að það byrji á bls. 45. A.m.k. er þetta frumvarpið sem kveður á um hvers á að taka tillit til.

Allir spyrja hversu raunhæft þetta fjárlagafrumvarp sé. Verða leyfðar frekari stóriðjuframkvæmdir? Fara frekari stóriðjuframkvæmdir af stað? Allir eru sammála um það, bæði höfundar þessa frumvarps, starfsmenn í greiningadeildum bankanna og samfélaginu öllu, að fari frekari stóriðjuframkvæmdir af stað á árinu 2007 og 2008 þá megi henda þessu frumvarpi. Þá stendur ekki steinn yfir steini með áætlunargerðina, allur viðskiptahalli, verðbólga og öll vaxtaspá verður út úr kortinu. Ég spyr því hæstv. fjármálaráðherra: Verður sett stóriðjustopp?

[11:13]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst þetta með sérstakari andsvörum. Maður hefur séð ýmislegt hjá hv. þingmanni. Litaval og bókband er honum greinilega efst í huga en það er út af fyrir sig ekki mín sérgrein eða hlutir sem ég hef lagt mig sérstaklega eftir þótt hvort tveggja sé auðvitað mikilvægt.

Hann spyr hins vegar um stóriðjuna. Því er auðvitað til að svara að það er ekki gert ráð fyrir neinum viðbótarstóriðjuframkvæmdum umfram það sem þegar hefur verið ákveðið eða þegar er í gangi í þessu frumvarpi. Það er regla ráðuneytisins að taka ekki inn í frumvarpið eða forsendur frumvarpsins framkvæmdir sem ekki hafa verið teknar ákvarðanir um eða eru ekki þegar hafnar. Það hafa ekki verið teknar neinar slíkar ákvarðanir sem réttlætanlegt hefði verið að taka inn í forsendur þessa frumvarps. Meira er raunverulega ekki um það að segja. Það hafa heldur ekki verið teknar neinar ákvarðanir sem útiloka að svo geti orðið.

Meira get ég því miður ekki hjálpað hv. þingmanni í þessu efni. Ég get hins vegar alveg tekið undir það með honum að ef framkvæmdir í þessa veru mundu hefjast á því tímabili sem frumvarpið á að taka yfir þá hefðu þær að sjálfsögðu áhrif. En upplýsingar um það höfum við bara ekki eins og stendur.

[11:15]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á þessu ári var gert ráð fyrir því að viðskiptahallinn yrði tæplega 130 milljarðar kr. og þótti öllum mikið. Hann reynist hins vegar verða nær 210 milljörðum kr. eða meira en 80 milljörðum kr. hærri en ráð var fyrir gert. Stýrivextir Seðlabankans eru komnir í 14%, með því hæsta sem gerist í vestrænum ríkjum. Hver heilvita maður ætti að sjá að rekstur á samfélagi, þjóðarbúskap, atvinnulífi *og heimilum í slíku vaxtastigi gengur ekki.*

Áætlunargerðin fyrir árið í fyrra var ekkert betri. Þá var viðskiptahallinn nærri 60 milljörðum hærri en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Þetta er dæmi um hversu gagnslaus áætlunargerðin er ef ekki er tekið inn í það sem ætlunin er að gera.

Á teikniborðinu eru þrjár nýjar álversframkvæmdir sem allar eru á fullu. Allir þeir sem koma að umsögnum um fjármálalíf Íslendinga telja að fari einhver þessara framkvæmda af stað, eða væntingar um hana, muni það kollvarpa þeim áætlunum sem lagðar eru upp í fjárlagafrumvarpinu. Það hlýtur því að verða að teljast mjög ógætilegt af hæstv. fjármálaráðherra að gefa engin svör um hvert framhald verður í stóriðjumálum, hvort það verður sett stopp, hvort það verða gefnar væntingar um að næstu framkvæmdir fari í gang eftir eitt ár eða tvö eða fyrr. Það er þetta sem þjóðarbúskapurinn, efnahagslífið, fjármálalífið, staða fjármála heimilanna veltur á. Ég vona svo sannarlega að sett verði stóriðjustopp en ég vil að hæstv. ráðherra svari því.

[11:17]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að þetta síðara andsvar hv. þing-

manns lýsi því að hann býr í öðrum hugarheimi en flestir þeir aðilar sem taka þátt í viðskipta- og efnahagslífi hér á landi. Við búum við markaðskerfi. Það er ekki um skipulegt hagkerfi að ræða. Ákvarðanir um alla skapaða hluti, *stóra og smáa, eru ekki teknar við skrifborð í ráðuneytinu.* Þær eru teknar úti í atvinnulífinu, þær eru teknar á markaðnum. Það er einmitt þess vegna sem okkur hefur vegnað svo vel á undanförnum árum, að við höfum breytt hagkerfinu í þessa átt. Það hefur auðvitað sínar afleiðingar fyrir ýmsa hluti og við sjáum ekki alla hluti eins vel fyrir og við hefðum gert í skipulagskerfinu sem hv. þingmann dreymir enn um. Niðurstaðan er sú að við höfum það öll miklu betra eins og staðan er núna.

Ég get ekki sagt fyrir um óorðna hluti, hef aldrei þóst geta það. Ég verð að reiða mig á spár þeirra sem eru færastir til að segja til um þróun mála í hagkerfinu. Við höfum þá grundvallarreglu að taka ekki inn í spárnar hluti sem ekki eru endanlega ljósir og hv. þingmaður verður bara að búa við það alveg eins og ég að um þessa hluti vitum við ekki meira en fram kemur í frumvarpinu og forsendum þess.

[11:19]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það var sérkennilegt að hlusta á hæstv. fjármálaráðherra þegar hann tilkynnti það við kynningu á því frumvarpi sem hér er til umræðu, þ.e. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007, að nú ætti að halda áfram, nú yrði boðaður *áframhaldandi stöðugleiki í efnahagsmálum.* Það er þessi stöðugleiki sem hæstv. fjármálaráðherra boðar áfram, þ.e. það ástand sem við höfum búið við nú síðustu mánuði, verðbólga sem fór upp undir 10%, viðskiptahalli sá mesti sem við höfum nokkurn tíma séð, vaxtahækkanir miklar og gengið upp og niður. Ég hélt sannarlega að hæstv. fjármálaráðherra vildi ekki slíkan stöðugleika. Ég hélt að hann hlyti að stefna að því að breyta þessu ástandi og mundi því boða eitthvað annað en slíkan stöðugleika. Það er brýnasta verkefnið nú um stundir að ná verðbólgunni niður, sem er m.a. afleiðing af stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Á þetta var allt saman bent fyrir ári í umræðum um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2006. Það sem merkast var við þá umræðu og alla umfjöllun í fjölmiðlum og hjá greiningardeildum var að allir nema ríkisstjórnin og hæstv. fjármálaráðherra voru sammála um hvernig bregðast þyrfti við. Hæstv. fjármálaráðherra hlýtur að hafa lært eitthvað af því að áætlanir hans gengu ekki eftir heldur voru aðvörunarorðin rétt.

Afleiðingin af þessu er sú að stór hluti almennings er nú að borga það sem við getum kallað verðbólguskatt vegna þess að afborganir og lán hækka hjá þeim sem hafa þurft að taka þau. Það er stærri hópur nú en oft áður vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar sem urðu til þess m.a. að stærri hópur tók hærri lán en áður var. Þetta bitnar fyrst og fremst á almenningi sem borgar brúsann.

Þetta kemur m.a. fram í greiningu Glitnis en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Hagur heimilanna hefur versnað nokkuð það sem af er ári og er útlit fyrir að hann muni versna enn á næsta ári þegar dregur frekar úr þenslu í hagkerfinu."

Þetta er staðreynd málsins og er ekki bætandi á þann ójöfnuð sem því miður hefur verið að aukast í samfélaginu undanfarið. Það var vel til fundið hjá hæstv. forseta að hefja þennan morgun með því að setja umræðu um ójöfnuð á dagskrá þegar við ræðum fjárlög fyrir árið 2007. Ég get því stytt mjög þann kafla ræðu minnar sem ég hafði hugsað *mér að flytja um það hvernig misskiptingin hefur aukist í* samfélaginu og gliðnun orðið á milli þjóðfélagshópa. Ekki er síst um að kenna þeirri skattastefnu sem hér hefur verið fylgt. Ýmsir hafa bent á hvernig það hefur komið misjafnlega niður á hópum. Það þarf svo sem ekki fræðinga til. Þegar verið er að lækka prósentur án þess að hækka persónuafslátt til samræmis við aðrar breytingar í samfélaginu hlýtur það eðlilega að koma best út fyrir þá sem mest hafa fyrir. Það blasir við öllum.

Þegar til viðbótar þessum flata niðurskurði í sköttunum hefur líka verið tekinn hátekjuskatturinn svokallaði þá hefur það enn betur aukið hlut þeirra sem meira hafa haft. Ríkisstjórninni hefur út af fyrir sig gengið vel við að framkvæma þetta. Allar samanburðartölur sýna að jöfnuður hefur minnkað og ójöfnuður aukist. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar og það sem skilur að flokka í þessu landi. Samfylkingin boðar aukinn jöfnuð, ríkisstjórnarflokkarnir vilja fara aðra leið og telja það skila meiri árangri. Um þetta erum við hreinlega ósammála og verðum það væntanlega eitthvað áfram.

Þrátt fyrir þetta sjáum við í fjárlagafrumvarpinu nokkur skref í átt til jöfnunaraðgerða. En hver hefur ýtt við ríkisstjórninni í þá átt? Jú, annars vegar var voru það Samtök aldraða — *gerður var samningur við Samtök aldraðra* og sem betur fer stendur ríkisstjórnin við þann samning að því er virðist í fjárlagafrumvarpinu a.m.k. Síðan komu aðilar vinnumarkaðarins enn á ný á vettvang til að aðstoða ríkisstjórnina við að reyna að ná tökum á efnahagsmálunum. Það er ekki í fyrsta skipti. Á það var einmitt bent í umræðunum fyrir ári að það væri líklega helst að vonast til þess að þessir aðilar kæmu að borði ríkisstjórnarinnar og leiddu henni fyrir sjónir hvað gera þyrfti. Það tókst enn einu sinni og við vonum að það skili tilætluðum árangri. En þetta er athyglisvert og svolítið lýsandi fyrir þá ríkisstjórn sem við höfum hér við völd. Þetta er svokölluð viðbragðaríkisstjórn, ríkisstjórn sem lítið horfir fram á við og vill ekki koma í veg fyrir hluti. Ríkisstjórnin hafði lítinn áhuga á því að reyna að koma í veg fyrir verðbólguna. Þegar verðbólgan var komin á það stig að það fór ekki fram hjá nokkrum manni að nú þyrfti að gera eitthvað var hægt að semja við aðila vinnumarkaðarins og þá var gripið til þeirra stórkostlegu aðgerða að skera niður vegaframkvæmdir, helst að sjálfsögðu í þeim landshlutum þar sem menn höfðu ekki séð þenslu árum saman. Þetta er dæmigert þegar menn horfa ekki fram á við og vilja ekki forgangsraða og vilja ekki reyna að átta sig á hlutunum fyrir fram heldur bregðast *eingöngu við þegar í óefni er komið.*

Í þessu samhengi er einnig athyglisvert að velta fyrir sér umræðunni um matarskattinn og rifja örlítið upp að fyrir síðustu kosningar var það m.a. Sjálfstæðisflokkurinn sem boðaði að lækka ætti matarskattinn. Það var hluti af skattapakka ríkisstjórnarinnar sem alltaf hefur beðið. Nú er búið að framkvæma nær allt af þeim skattapakka sem ríkisstjórnin boðaði í upphafi kjörtímabils. Enn er matarskatturinn eftir og enn kemur hæstv. fjármálaráðherra og segir: „Ja, við

gátum ekkert tekið af þessu inn í fjárlagafrumvarpið af því að við erum ekki tilbúnir með tillögurnar.“ Þrátt fyrir það kemur annar hæstv. ráðherra í fjölmiðla og segir að þetta sé allt saman tilbúið.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur í fjölmiðlana og segir að það sé eðlilegt að ekkert sé minnst á þetta í fjárlagafrumvarpinu. Það er ekkert tilbúið, segir hv. þingmaður. Þrátt fyrir það finnur maður á nokkrum stöðum í frumvarpinu að fjármunir eru settir í hluti þar sem ekkert er tilbúið. Nefnum sem dæmi kostnað vegna þess að herinn er farinn. Tölur eru settar inn en slegnir eru varnaglar og sagt að þetta þurfi að sjálfsögðu að endurskoða af því að þegar ákvörðun er tekin liggi ekki fyrir hvernig samningurinn verði. Ef samhengi væri í hlutunum hefði að sjálfsögðu ekkert verið sett inn þarna vegna þess að frumvarpið var tilbúið áður en samningurinn var gerður. En þessu eigum við ekki að venjast þannig að það er einhver vandræðagangur enn einu sinni í ríkisstjórninni varðandi matarskattinn. Það er sérstaklega athyglisvert þegar við ræðum fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2007. Ég bjóst við að hæstv. fjármálaráðherra mundi a.m.k. í ræðu sinni fara aðeins yfir þessi mál. Hæstv. forsætisráðherra tilkynnti það í þessum sal fyrir tveimur dögum að matarverð á Íslandi yrði það sama og á öðrum Norðurlöndum. Eitthvað hlýtur að vera í pokahorninu fyrst hægt er að fullyrða slíkt.

Vaxtabætur eru einnig þáttur sem tengist jöfnunaraðgerðum. Í þessu frumvarpi eru boðaðar hækkanir um vaxtabætur um 430 millj. kr. Ekki er að sjá að það muni duga til þess að bæta þær skerðingar sem átt hafa sér stað undanfarið ár og í ár. Það stefnir því í það að á næsta ári verði skerðingum haldið áfram. Það er hins vegar boðað frumvarp um það hvernig farið skuli með vaxtabætur. Það hefur ekki sést enn þrátt fyrir að hæstv. fjármálaráðherra hafi jafnvel búist við því að því yrði útbýtt í þingsal í fyrradag. En hvað tefur orminn langa, hæstv. fjármálaráðherra? Við fáum vonandi svör við því fljótlega.

Frú forseti. Það sem einkennir síðustu ár er að hin mikla tekjuaukning ríkissjóðs hefur ekki verið notuð til að auka jöfnuð í samfélaginu. Það er hin alvarlega staðreynd málsins. Nú þegar margt bendir til þess að niðurleiðin sé hafin verður erfiðara en ella að grípa til slíkra aðgerða. Lausatökin hafa verið slík í útgjöldum ríkissjóðs að það verður erfitt að taka snögga beygju til baka.

Frú forseti. Það er hægt að tína ýmislegt til varðandi afrek þessarar ríkisstjórnar. Ég ætla þó að láta duga hér, vegna skorts á tíma, að telja upp helstu afrek ríkisstjórnarinnar. Skattbyrði á einstaklinga er nú meiri en áður, báknið er stærra en nokkurn tíma áður, áður óþekkt skattheimta er á láglaunafólk og bótaþega, barnabætur eru lægri, tryggingagjöld eru hærri, vaxtabætur eru skertar, bensín- og bifreiðaskattar eru auknir, þjónustugjöld hafa stóraukist, komugjöld í heilbrigðiskerfinu hafa hækkað stórlega, síaukinn lyfjakostnaður heimilanna liggur fyrir og matarverðið er eitt það hæsta í Evrópu. Þetta er m.a. árangurinn af áratugastjórn ríkisstjórnarinnar.

Frú forseti. Það sem hefur einkennt þennan stjórnarmeirihluta hvað varðar fjárlagafrumvörp er agaleysið. Það hefur verið árlegur viðburður, bæði í þinginu og að sumri til, að um þetta hefur verið fjallað. Ríkisendurskoðun hefur árlega, ár eftir ár eftir ár, bent á sömu hlutina. Það er algerlega með ólíkindum að það skuli að því er virðist lítið sem ekkert hlustað á aðvaranir Ríkisendurskoðunar hvað þetta varðar. Það er sérstaklega alvarlegt gagnvart fjárlaganefndinni sjálfri og við vonum að þegar nýr formaður fjárlaganefndar heldur ræðu sína á eftir verði boðuð gjörbreytt vinnubrögð. Slíkar hafa aðvaranirnar verið. Við bíðum eftir því, hv. þm. Birkir J. Jónsson.

Frú forseti. Það er ýmislegt í þessu fjárlagafrumvarpi sem eðlilegt er að fjalla um. Það blasir við að tekjur verða lægri á næsta ári einfaldlega vegna þess að efnahagsforsendur segja okkur það. Hvernig brugðist verður við verður að koma í ljós. Það er hins vegar ljóst að áætlunargerð fjármálaráðuneytisins er líklega hvað veikust hvað það varðar. Það er að sjá að aðrar greiningarstofnanir t.d. spái því að viðskiptahallinn verði minni en fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir og tekjur verði því minni en ráðuneytið gerir ráð fyrir. Þá er spurningin hvernig því verður mætt. Við bíðum og sjáum.

En það er ýmislegt annað boðað í frumvarpinu og það merkilegasta eru líklega hinar auknu vegaframkvæmdir. Þær hafa flestar áður verið boðaðar, síðan hefur þeim verið frestað og aftur boðaðar og enn einu sinni eru þær boðaðar. Það er spurning, þegar við berum saman kjörtímabilið t.d., hvaða aukning er það sem hæstv. ráðherra er að tala um í vegaframkvæmdum? Þegar tímabilið er saman tekið er líklega enn verið að fresta einhverju. Við bíðum hins vegar eftir sundurliðun frá fjármálaráðuneytinu sem óskað hefur verið eftir í nefndinni og munum þá fjalla betur um það.

Í andsvari áðan við hæstv. fjármálaráðherra minntist ég á aðhaldsaðgerðir sem boðaðar eru í frumvarpinu, um 1% í þremur ráðuneytum ef ég man rétt og 2% í öðrum. Það er sérkennilegt að enn skuli menn stunda slíkan flatan niðurskurð. Hann kemur þar af leiðandi niður á ýmsum málum. Það er eðlilegt að það veki athygli að þegar menn tala hvað mest um forvarnamál eins og gert hefur verið á undanförnum missirum skuli æskulýðs- og íþróttamál fá algerlega sama niðurskurð og aðrir. Það er hins vegar ljóst að ekki er frekar en fyrri daginn tekið á rekstrarvanda ýmissa ríkisstofnana. Ég nefni sem dæmi framhaldsskóla, háskóla og heilbrigðisstofnana. En ég ætla hér að einbeita mér sérstaklega að framhaldsskólum. Í skýrslum frá OECD hefur t.d. komið fram að þrátt fyrir að menntakerfið okkar í heild sinni standi sæmilega í samanburði við aðrar þjóðir hvað fjárútlát snertir þá er það fyrst og fremst grunnskólastigið, sem er á hendi sveitarfélaganna, sem skapar okkur þessa stöðu. Þegar við skoðum framhaldsskólana stöndumst við ekki samanburðinn.

En hvernig er þessari skýrslu mætt í fjárlagafrumvarpinu? Jú, það er gert með þeim hætti að byrja á því að tilkynna að gert sé ráð fyrir 800 nemenda fjölgun í framhaldsskólum og það muni kosta um 500 millj. kr. Síðan kemur að vísu fram í frumvarpinu að á undanförnum árum hafi yfirleitt ekki verið hægt að gera upp við skólana samkvæmt ýtrustu viðmiðunum svokallaðs reiknilíkans, sem þýðir að sumir skólar eru væntanlega með hala frá fyrri árum. En þá komum við að hinum flata niðurskurði vegna þess að framhaldsskólarnir þurfa að taka þátt í honum. Þeir fá 500 millj. til að mæta nemendafjölgun en þurfa um leið að taka á sig

300 millj. kr. lækkun vegna niðurskurðarins. Hvernig er farið að því að taka þessar 300 millj. til baka af skólunum? Jú, það er enn einu sinni farið í reiknilíkan, reiknilíkanið sem sýnir hvað það kostar að reka skólana. Þá er farið að hagræða í reiknilíkaninu. Ekki í fyrsta skipti, ekki í annað skipti. Þau eru óteljandi skiptin sem það hefur verið gert og er mér kunnugt um að nú séu margir farnir að kalla reiknilíkanið niðurskurðarlíkan. Í hvaða hóp er farið til að skera niður í framhaldsskólunum? Jú, það er fyrst og fremst farið í hina smærri skóla, það er fyrst og fremst farið í verknámsskóla. Er það vægast sagt afar sérkennilegt í ljósi þeirra orða sem hæstv. menntamálaráðherra lét falla þegar svokölluð starfsnámsnefnd skilaði af sér. Þá skorti ekki fögru orðin um að nú skyldi tekið á starfsnáminu, tekið á verknáminu. Fjárlagafrumvarpið, næsta sem kemur, sýnir okkur að þar er farið einhverja allt aðra leið. Niðurskurðurinn í reiknilíkaninu bitnar fyrst og fremst á litlum verknámsskólum. Af hverju segi ég þetta? Vegna þess að niðurskurðurinn kemur m.a. fram í því að fjölga á bóklegum áföngum sem tengjast iðnnámi. Og hvað á að fjölga þeim mikið? Um heil 20%. Víðast hvar í verknámsskólunum er ekki hægt að koma þessum fjölda nemenda fyrir, þeir komast ekki í tækin þannig að hóparnir eru ekki til og í minni skólunum enn þá síður. Verið er að fjölga í raungreinaáföngum um 10% og er nýtingarkrafa í bóklegum áföngum aukin nokkuð. Allir þessir þættir koma fyrst og fremst niður á litlu skólunum og verknámsskólunum, það kemur auðvitað niður á öllum.

Í stað þess að fara, og kem ég nú enn að skýrslum Ríkisendurskoðunar, eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar um það hvað raunverulega þarf að bæta í reiknilíkaninu er farið alveg í öfuga átt. Ríkisendurskoðun benti á það í skýrslu, þegar hún gerði úttekt á einum framhaldsskólanum, að það sem þyrfti helst að breyta í reiknilíkaninu væri að taka fastakostnaðinn út úr, taka húsnæðiskostnaðinn út úr vegna þess að stjórnendur og nemendafjöldi hefðu lítil sem engin áhrif á þann kostnað. Þannig væri hægt að ná betri tökum á reiknilíkaninu, þannig yrði það gegnsærra og þannig mundi það lýsa betur kostnaði við að reka skólana. En með svona aðgerðum sem hér eru boðaðar, og því miður ekki í fyrsta skipti, er verið að eyðileggja reiknilíkanið. Þá segir reiknilíkanið ekki það sem því er ætlað. Það er miklu hreinlegra að láta reiknilíkanið reikna út hvað hlutirnir kosta og koma síðan og segja: „Við höfum ekki efni á eða við höfum ekki áhuga á að skólarnir fái það fjármagn sem þeir þurfa.“ Þetta er mjög sérkennilegt miðað við margt sem sagt hefur verið. Það er ekki síst sérkennilegt í ljósi þess að menntun er eitt af því sem við þurfum að fjárfesta í til framtíðar. Framhaldsskólinn er að verða ein af veiku stoðum menntakerfisins (Gripið fram í.) og þess vegna, hæstv. menntamálaráðherra, þarf að taka á þessu máli með öðrum hætti en þeim að fara enn einu sinni í reiknilíkanið og gera skólunum erfiðara fyrir. Samanburðurinn er líka orðinn æpandi á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Grunnskólarnir hafa tekið stökkbreytingum frá því að þeir voru fluttir yfir til sveitarfélaganna, sem var mikið gæfuspor. Ég vona að hæstv. menntamálaráðherra fari að átta sig á því að ef ekki verður breyting á þessu verður krafan um það að framhaldsskólinn verði fluttur til sveitarfélaganna æ háværari — enda sjálfsagður hlutur að framhaldsskólinn sé hjá sveitarfélögunum því þar er um nærþjónustu að ræða og þau hafa sýnt það sveitarfélögin að þau eru fullfær um að sjá um slíka þjónustu.

Frú forseti. Það fór örlítið lengri tími í þetta mikilvæga mál um framhaldsskólana en ég hafði ætlað. Það er þó rétt að enda á því að vekja athygli á því að svolítið sérkennilegur munur er á því hvernig fjárveitingum er skipt til háskólanna. Sláandi dæmi um það sjáum við þegar við berum saman fjárveitingar til Háskólans á Akureyri og Háskólans í Reykjavík, stofnanir sem hafa verið í svipuðum uppbyggingarfasa en meðhöndlunin er gerólík. Það er einhver ástæða fyrir því að skýringin eina sem gefin er á þessu er sú að Háskólinn í Reykjavík hafi fengið nýjan samning.

[11:39]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru svona fastir liðir eins og venjulega þegar talsmaður Samfylkingarinnar kemur hér og ræðir um ríkisfjármál. Það er ástæða til, virðulegi forseti, að spyrja hann hvað það er þá sem hann telur að hafi farið svo mikið úrskeiðis í efnahagsmálum og hvað það var sem Samfylkingin vildi gert hafa til að koma í veg fyrir það. Hverjar voru tillögur hennar fyrir ári þegar við vorum að ræða um fjárlögin fyrir 2006? Það er rétt að rifja það upp ef hv. þingmaður vildi vera svo elskulegur. Þetta er orðin föst klisja hjá sumum stjórnmálamönnum að geta aldrei komið hingað upp í ræðustól án þess að byrja að tala um að hér sé svo óskapleg misskipting og vitnað í einhvern ákveðinn prófessor. Sko, prófessorar í hagfræði við Háskóla Íslands, það er þeirra vandamál ef þeir koma fram í blöðum og skrifa einhverja endemis bölvaða vitleysu um Gini-stuðul. Það er þeirra vandamál.

Það liggur nefnilega fyrir, hæstv. forseti, að hvergi nokkurs staðar í Evrópu hafa kjör fólks, jafnt láglaunafólks sem millitekjufólks, vaxið meira að raungildi en á Íslandi. Það hefur farið fram hjá hv. þingmanni að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir meiri millifærslum en nokkurn tíma áður, 10% að raungildi, sem er töluvert mikið frávik frá því sem langtímaáætlunin var, hún var 7,5. 10% að raungildi og í fjáraukalögunum sem er búið að birta núna líka er gert ráð fyrir gríðarlegum peningum einmitt inn í þá samninga til að auka greiðslur til þeirra sem menn hafa talið að stæðu kannski hallast að öllu, öryrkja og eldri borgara, auk þess sem gríðarlegum upphæðum er varið til viðbótar því sem áður var til barnafólks.

Svo kemur hv. þingmaður og segir: Hvergi meiri misskipting, aldrei meiri misskipting, þó að það liggi fyrir að þetta eru hrein ósannindi. Skýrslur Sameinuðu þjóðanna liggja fyrir. Þar hafa þeir metið lífsgildi í Evrópu. Niðurstaðan er sú að í hæsta flokki er Ísland.

[11:42]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það eru víða fastir liðir eins og venjulega. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson tekur sömu ræðuna hér árlega og fer með þessa merku speki. Eins og fram kom í máli hv. þingmanns skiptir raunverulega engu máli hvað

aðrir segja eða hvað aðrir stúdera, sama hvað þeir gera, hversu fróðir þeir eru um málið, það virðist engu máli skipta. Staðreyndirnar eru algjörlega kristaltærar í huga hv. þingmanns.

Hann nefndi ýmislegt og spurði m.a. um hvað Samfylkingin hefði viljað gera fyrir ári síðan. Hv. þingmaður getur auðvitað farið í þingskjölin og séð það því að við lögðum að sjálfsögðu fram tillögur um breytingar á fjárlögum þar sem við m.a. gerðum ráð fyrir því að afgangur yrði aukinn. En meginhersla okkar hefur ætíð verið sú að fjárlögin væru alvörufjárlög, þ.e. að áætlunargerðin stæðist og tekið væri á sjálfvirkum útgjöldum ríkissjóðs og menn vissu nákvæmlega hvað fjárlög þýddu og það væri eftir þeim farið. Þetta hef ég haldið fram að þessu, frú forseti, að hv. þingmaður væri sammála mér um. Mér heyrist að nú sé einhver beygja komin í málið og það veldur mér ugg vegna þess að ég var að vonast til þess að nú mundi fjárlaganefnd sýna dug og fara almennilega yfir málin og gera einu sinni þær breytingar á fjárlagafrumvarpinu sem þörf er á, þ.e. að meiri hluti fjárlaganefndar hætti því loks að vera stimpill fyrir ríkisstjórnina og færi nú að taka alvarlega á hlutunum.

Frú forseti. Ég hef hér örlítið plagg varðandi fullyrðingar hv. þingmanns varðandi skattbyrði og annað þess háttar og þar blasir við að það sem hv. þingmaður var að mótmæla er algjörlega rangt. Það blasir líka við að þrátt fyrir að verið sé að hækka barnabætur nú þá dugar það ekki til að mæta öllum þeim skerðingum sem átt hafa sér stað á undanförnum árum.

[11:44]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var að vonum að ég fengi engin svör við þessu, ég mátti svo sem vita það. Samfylkingin kom nefnilega ekki með neinar tillögur um efnahagsmál fyrir ári síðan. Það var ýmislegt gagnrýnt hér um stöðu efnahagsmála, m.a. kom fram gagnrýni á hið mikla misvægi sem lægi í vaxtamun Íslands við útlönd og þeirri hættu sem lægi í því að við fengjum þess vegna of mikið „input" af peningum. Samfylkingin tók ekki þátt í þeirri gagnrýni á nokkurn hátt.

Það hefur legið fyrir mjög lengi að skattbyrði Íslendinga hefur stórlega verið að lækka sem hlutfall af landsframleiðslu alveg nákvæmlega sama hvernig við reiknum það. Hún hefur verið að lækka hjá okkur vegna þess að okkur hefur tekist þokkalega til um rekstur ríkisins, þokkalega segi ég, alls ekki til fyrirmyndar, við gætum gert betur. Það liggur líka fyrir að tilvitnun í mælitæki sem einhverjir félagsfræðingar finna upp, þeir eru alltaf að reyna það, samanber þessi Gini, sem ég held að hafi verið Ítali, og fer að mæla það hver séu hæstu og lægstu laun og finnur það út að jafnvægið sé við 0,5 þegar allir hafi sömu launin. Bíddu, hvernig er þá þjóðfélagið þegar allir hafa sömu launin? Þá er þjóðfélagið algjörlega frosið fast. Er það nú til bóta? Þetta er bara hrein vitleysa að vera að bera þetta saman.

Ef menn sem hafa hæstu tekjur á Ísland flyttu sig nú til útlanda, hvað mundi þá gerast samkvæmt Gini-stuðlinum? Jú, þá mundi jöfnuður aukast. Ef hátekjufólk sem borgar skatta erlendis, Íslendingar, mundu nú flytja sig heim, hvað mundi gerast þá? Jöfnuður aukast eða minnka? Ójöfnuður-inn mundi aukast. Þetta er náttúrlega bara allt hrein vitleysa.

Lífskjaramæling Sameinuðu þjóðanna þar sem allir þættir eru teknir inn í liggur hér fyrir. Það liggur fyrir að Noregur og Ísland eru talin standa best að vígi af öllum Evrópuþjóðunum. Vilja menn ekki viðurkenna þessa staðreyndir eða kemur þetta sér svo illa fyrir stjórnarandstöðuna að það má ekki segja það?

[11:46]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að sem betur fer eru lífskjör hér með því besta sem þekkist í heimi. Það er ekkert vafamál. Það tekur hins vegar ekki af okkur þá ábyrgð að við þurfum að auka jöfnuð í samfélaginu. Það er röng leið að okkar mati að vera að auka ójöfnuð. Það er þar sem skilur á milli okkar hv. þingmanns og mín.

Mælistikur geta verið margs konar og þar er alls konar meðaltalsreikningur. En það blasir við að því miður hefur ríkisstjórninni mistekist að auka jöfnuð í samfélaginu. Hún hefur verið að auka ójöfnuð.

Við getum farið yfir lítið dæmi sem er skattamálin. Þar hefur verið sýnt fram á þetta óyggjandi, meira að segja með svörum frá hæstv. fjármálaráðherra. Þannig hefur þetta verið. Skattbyrðin hefur minnkað hjá þeim sem meira hafa og aukist á hinum. Hvaða afleiðingar eru af því, hv. þingmaður? Það getur ekki orðið neitt annað en að auka ójöfnuð. Svo getum við deilt um það endalaust hversu mikinn jöfnuð (**EOK:** Þetta er rangt.) við viljum hafa. Hv. þingmaður mótmælir upplýsingum frá hæstv. fjármálaráðherra. Það er eins og ég sagði hér í fyrra andsvari mínu. Það skiptir engu máli hver segir hvað. Hv. þingmaður er með heimsmyndina algerlega hreina í sínum kolli og það mun enginn trufla það. En við komumst lítið áfram í umræðunni á meðan svo er.

Það eru staðreyndir sem ég hélt að hv. þingmaður áttaði sig á þó við skoðuðum bara hreinlega prósentutölurnar varðandi tekjuskattinn. Það hlýtur að koma betur út fyrir hátekjumanninn þegar prósentan er lækkuð en lágtekjumanninn. (Gripið fram í.) Það segir sig sjálft, nákvæmlega. Þetta snýst um það að stefna Sjálfstæðisflokksins er þessi. Hún hefur verið í framkvæmd með Framsóknarflokknum og stefnan er sú klárlega, hv. þingmaður, að auka ójöfnuð í samfélaginu. Því þurfum við að breyta. (**EOK:** Við vorum að taka af hátekjuskattinn ...)

(**Forseti** (RG)**:** Þingmenn eru beðnir að gefa hljóð.)

[11:48]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð nú að segja að mér brá við ræðu hv. þingmanns. Hv. þingmaður sem alla jafna er glaðsinna, hann sá bara svart. Þuldi upp lista yfir það sem hann taldi að hefði miður farið í lífskjörum landsmanna á undanförnum árum og sá hvergi til sólar.

Hann fór m.a. út í ýmsa skattatölfræði sem hann gat fundið upp meðan staðreyndin er sú að skattar sem hlutfall af landsframleiðslu munu lækka annað árið í röð. Útgjöldin munu hækka, annars vegar vegna aukinna framkvæmda og hins vegar vegna aukinna tilfærslna. Tilfærslurnar fara í að

auka jöfnuðinn. Bæta hag þeirra sem verst standa. Það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að kaupmáttur á árinu muni aukast um tæp 4%. Ég vona að hv. þingmaður taki nú gleði sína aftur við þetta.

Það er hins vegar sjálfsagt að gera hagræðingarkröfu til reksturs ráðuneyta og stofnana eins og gert hefur verið. Það er sjálfsagt að fara yfir verkefnin og reyna að endurmeta hvað sé nauðsynlegt og hvað sé ónauðsynlegt, til að skapa svigrúm fyrir ný útgjöld eins og okkur tekst í þessu fjárlagafrumvarpi og eins og okkur tekst varðandi samneysluna og varðandi reksturinn. Þar með höfum við meira afgangs til að auka jöfnuðinn í tilfærslunum.

Varðandi framhaldsskólann er það nú bara þannig hjá hv. þingmanni að berin eru súr. Hér er um forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar að ræða og þess sjást merki í frumvarpinu.

Hann vitnar hins vegar í þingskjölin þegar hann er að tala um hver hafi verið efnahagsstefna Samfylkingarinnar á síðasta ári, fyrir ári. En það þýðir ekki að fara í þingskjölin til að finna út úr því. Það verður bara misvísandi því efnahagsstefnan var misvísandi á milli umræðna og ekki nokkur leið að finna út úr því hvað Samfylkingin vildi gera fyrir ári.

[11:50]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er aldeilis að hæstv. ráðherra hefur farið vitlausu megin fram úr í morgun. Ég kannast ekki við að ég hafi ekki séð neitt nema svart. Hann er kannski farinn að sofa í nýja kjördæminu og það er lengra á milli og hann ekki búinn að jafna sig þegar hann kemur í þingsal.

En ég benti vissulega á að ýmsir jákvæðir hlutir væru í frumvarpinu. Þó það nú væri. En það er líka rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að tilfærslurnar eru til að auka jöfnuð. Ég nefndi það sérstaklega að það hefðu komið aðilar að borði ríkisstjórnarinnar og teymt hana til að gera þá hluti. Þetta er ekki endilega það sem ríkisstjórnin hefur mestan áhuga á eins og sést með matarskattinn sem líka er jöfnunaraðgerð. Þar bólar ekkert á. Hæstv. ráðherra notaði ekki tímann hér í andsvari til að segja okkur hvar það mál væri statt.

Varðandi framhaldsskólana, hæstv. ráðherra, þá er það nú sérkennilegt ef þeir eru orðnir sérstakt forgangsmál hjá ríkisstjórninni. Það er undarlegt birtingarformið í þeim efnum. Það er undarlegt birtingarformið. Ég vona að hæstv. fjármálaráðherra finni einhvern skólamann í framhaldsskólum landsins sem hefur orðið var við að það forgangsmál væri í gangi. Ég vona að hæstv. ráðherra geti aðstoðað mig við að finna slíkan forsvarsmann í framhaldsskólum landsins. Það væru tíðindi fyrir mig að hitta slíkan skólamann sem hefði orðið var við að framhaldsskólar landsins væru sérstakt forgangsmál ríkisstjórnarinnar.

Ja, sérkennilegt er birtingarformið, segi ég aftur. Ég rakti það í ræðu minni hvernig væri komið fyrir þeim og hvernig væri ætlast til að þeir yrðu reknir á næsta ári. Það er augljóst mál að þar er stefnan að þrengja enn frekar að framhaldsskólunum. Það sem verst er, það er búið að eyðileggja líklega endanlega reiknilíkanið þannig að við höfum ekki lengur viðmið. Það er ekki hægt lengur að nota (Forseti hringir.) það til að átta sig á því hvernig best er að bæta starfið í þeim skólum.

[11:53]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það gleður mig að Eyjólfur er að hressast hvar svo sem hann hefur farið fram úr í morgun. Ég ætla ekkert að dæma um það. Ég verð hins vegar að benda hv. þingmanni á, varðandi þá samninga sem gerðir hafa verið við eldri borgara, að það er reyndar ekki í fyrsta skipti sem slíkur samningur er gerður. Frumkvæði að þeim hafði fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, á sínum tíma.

Varðandi matarskattinn, lækkun á matvælaverði, sem hv. þingmaður kallar jöfnunaraðgerð, hana munum við eflaust ræða síðar.

[11:53]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var stutt andsvar hjá hæstv. ráðherra og skýr svör varðandi matarskattinn. Við ræðum hann síðar. Ég verð að verða við þeirri ósk hæstv. ráðherra að ræða hann síðar. Ég vona að ég fái tækifæri til þess sem allra fyrst.

En ég hafði ekki alveg lokið við að fara yfir fyrra andsvar hæstv. ráðherra, m.a. hvað það varðar að það hefði verið eitthvað óljóst hver stefna okkar hefði verið í fyrra. Þetta eru svona, getum við sagt, fastir liðir eins og venjulega, að tala um að einhverjir hlutir séu óljósir ef þeir eru ekki í fullu samræmi við vilja viðkomandi hv. þingmanna.

Það var algjörlega skýrt hjá okkur í fjárlagaumræðunni í fyrra, nákvæmlega eins og hún hefur verið mörg undanfarin ár. Sú sama stefna er enn einu sinni við lýði hjá okkur nú. Við teljum að það eigi að sýna aðhald í ríkisrekstrinum og við teljum að fyrsta skrefið til þess sé að gera alvörufjárlög. Gera fjárlög sem eru unnin þannig að þau séu tengd raunveruleikanum en ekki einhverri óskaútkomu hæstv. fjármálaráðherra.

Þannig á ekki að gera fjárlög og meðan svo er treystir ekki einu sinni hæstv. fjármálaráðherra sér til að fara eftir þeim. Það er auðvitað meginhneykslið. Fjárlög eiga nefnilega að vera eins og önnur lög sem á að fara eftir í hvívetna. En til að það sé hægt verður að minnsta kosti hæstv. fjármálaráðherra að hafa trú á að fjárlögin séu tengd raunveruleikanum.

Dæmi um það, og því segi ég þetta, er að fjöldi forstöðumanna hefur farið fram úr miðað við skilgreiningu fjárlaga. Miðað við allar vinnureglur hefði átt að vera búið að veita þeim mörgum að minnsta kosti áminningu, ef ekki brottvísun.

Hæstv. ráðherrar hafa ekki treyst sér til að gera þetta. Af hverju skyldi það vera? Jú, vegna þess að hæstv. ráðherrar vita að fjárlögin eru ekki rétt. Vegna þess að stofnanirnar hafa þá skyldu að veita ákveðna þjónustu sem hæstv. ráðherrar eru ekki tilbúnir til að segja að eigi ekki að gera. Þess vegna treysta þeir sér eðlilega ekki til þess að veita forstöðumönnunum áminningu eins og þó reglur segja til um. Meðan ástandið er svona erum við ekki að (Forseti hringir.) fjalla um alvörufjárlög.

[11:56]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir greinargott yfirlit um frumvarp til fjárlaga árið 2007. Hlutverk fjárlaganefndar við framkvæmd fjárlaga er mjög mikilvægt. Fjárlaganefndin gegnir mikilvægu eftirlitshlutverki eins og hér hefur komið fram og ég legg mikla áherslu á að nefndin ræki það hlutverk sitt. Staðreyndin er sú að við þurfum meiri aga gagnvart þeim fjárlögum sem sett eru hverju sinni. Það að 106 fjárlagaliðir af 433 séu með meira en 4% umfram heimildir á fyrri helmingi þessa árs er óásættanleg staðreynd. Reyndar er það svo að okkur miðar áfram í þessu verkefni því að á síðasta ári voru það 135 fjárlagaliðir sem fóru umfram 4% af fjárheimildum sínum. Okkur miðar sem sagt í rétta átt.

Hér er um vandasamt verkefni að ræða sem hvílir á fjárlaganefnd Alþingis, viðkomandi ráðuneytum og forstöðumönnum stofnana. Þetta eru þeir aðilar sem bera ábyrgð á því að framkvæmd fjárlaga sé með eðlilegum hætti. Ég vil segja, hæstv. forseti, að það er náttúrlega ekki eðlilegt ástand að 106 fjárlagaliðir séu umfram 4% af fjárheimildum. Það þarf því víðtækt samstarf milli fjárlaganefndar, ráðuneyta og forstöðumanna viðkomandi stofnana til þess að ná árangri í þessum efnum og ég vil beita mér fyrir því. Ég vil síður en svo fullyrða að þessi framúrkeyrsla sé einungis forstöðumönnum stofnana um að kenna. Hugsanlega í einhverjum tilvikum er um lágan tekjugrunn að ræða en það er verkefni nefndarinnar að fara ofan í þau mál á þessu hausti og vil ég óska eftir góðu samstarfi við nefndarmenn fjárlaganefndar í því starfi, auk þess sem ég óska eftir góðu samstarfi við hæstv. fjármálaráðherra og embættismenn fjármálaráðuneytisins.

Hæstv. forseti. Staða ríkissjóðs er óhemju sterk um þessar mundir. Frumvarp til fjárlaga ársins 2007 ber þess merki að efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar er styrk, ríkisstjórnar sem hefur kjark og þor til þess að taka oft og tíðum óvinsælar ákvarðanir, sem eru til þess fallnar að viðhalda stöðugleikanum.

Við sjáum það nú að ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í sumar til að ná tökum á verðbólgunni, sem voru vissulega óvinsælar, eru farnar að skila árangri. Það frumvarp sem við ræðum nú ber þess einnig vott að aðhald og aðhaldsaðgerðir verða áfram á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar til þess að standa vörð um efnahagslegan stöðugleika. Aðhaldsaðgerðir um 11 milljarða kr. Ég þykist viss um það, hæstv. forseti, að hv. stjórnarandstaða verður fljót að yfirbjóða ríkisstjórnina í þeim efnum með því að gagnrýna þessar tillögur, sem eru til þess gerðar að viðhalda efnahagslegum stöðugleika sem er svo mikilvægur fyrir heimilin í landinu.

Á árabilinu 2005–2007 er gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði niður skuldir sínar um 80 milljarða kr. Þetta er mikill og góður árangur og óumdeildur að ég tel, árangur sem þekkist vart hjá þeim þjóðum sem við berum okkur vanalega saman við. Hreinar skuldir hins opinbera árið 1995, og þá eru sveitarfélögin inni í því dæmi, voru hátt í 40% af landsframleiðslu. Samkvæmt því frumvarpi sem við ræðum hér er gert ráð fyrir að hreinar skuldir hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, verði um 8,9% á næsta ári. Við höfum verið að stórlækka þessar hlutfallslegu skuldir sem mun náttúrlega búa í haginn fyrir rekstur ríkissjóðs í framtíðinni því að við höfum verið að greiða gríðarlega háa vexti af miklum skuldum ríkissjóðs en við getum varið þessum fjármunum til þess að standa undir öflugu heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfi.

Eignir ríkisins í Seðlabanka Íslands voru rúmlega 100 milljarðar í ágúst sl. Auk þess hefur ríkisstjórnin frá árinu 1995 sett 120 milljarða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þegar Framsóknarflokkurinn kom í ríkisstjórn árið 1995 blasti við gjaldþrot Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það er búið að setja 120 milljarða til þess að styrkja stöðu sjóðsins og þar af leiðandi réttindi þeirra opinberu starfsmanna sem munu þiggja þau í framtíðinni og eiga rétt á.

Hæstv. forseti. Í ljósi góðrar stöðu ríkissjóðs tel ég það skylt að ríkisstjórnin skili góðri stöðu ríkissjóðs til heimilanna í landinu. Við erum sannarlega að gera það og það frumvarp sem við ræðum hér ber þess vissulega merki. Þegar hv. þm. Einar Már Sigurðarson leggur það hér á borð að við séum að auka ójöfnuð í samfélaginu, þá er þar um villandi málflutning að ræða, beinlínis villandi málflutning og ekki trúverðugan málflutning frekar en fyrri ár á þessu kjörtímabili af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Við munum hækka skattleysismörk um 14% samkvæmt frumvarpinu, um 12 þúsund kr. Það er gríðarlegt baráttumál sem aldraðir hafa haft uppi og ríkisstjórnin og aldraðir hafa komist að samkomulagi um sem er verið að efna hér samkvæmt frumvarpinu, eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson benti réttilega á. Verið er að hækka skattleysismörk um 14%. Við erum að hækka barnabætur um 1,7 milljarða, um 20%. Þegar hv. þm. Einar Már Sigurðarson heldur því fram blákalt að ríkisstjórnin hafi verið að skerða barnabætur ætla ég að fletta upp í frumvarpi fjárlaga fyrir árið 2007 á bls. 393 og benda á það að í ríkisreikningi árið 2005 var varið 5,3 milljörðum til barnabóta. Í fjárlögum ársins 2006 eru þetta orðnir 6,8 milljarðar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 eru þetta orðnir 8,5 milljarðar. Við erum að hækka barnabætur um 25% á milli ára og við erum að veita núna í fyrsta skipti barnabætur til einstaklinga sem eru 16 og 17 ára, einstaklinga sem eru að hefja sitt framhaldsnám, oft og tíðum fjarri heimaslóðum, og við erum að koma til móts við þessar fjölskyldur sem eru að mennta börnin sín og þetta er mikilvægt mál. En það er ekki að furða að fólk skilji mikið í þeirri umræðu sem hér fram þegar hv. þm. Einar Már Sigurðarson ranghvolfir svona staðreyndum eins og raun ber vitni. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Við höfum líka komið til móts við eldri borgara. Við höfum aflagt eignarskattinn. Eldra fólk sem býr í eigin húsnæði sem oft og tíðum er skuldlaust þarf ekki að borga ósanngjarnan eignarskatt af eignum sínum. Þetta er gríðarleg kjarabót fyrir eldri borgara. Við erum að vinna í því að leggja hér fram frumvarp um vaxtabætur sem mun hljóða upp á það að endurálagning verður í því formi þannig að þeir einstaklingar sem urðu fyrir óréttmætri skerðingu á vaxtabótum munu fá leiðréttingu sinna mála í haust og frumvarp til fjárlaga árið 2007 gerir ráð fyrir auknингu á fjármunum til vaxtabóta. Það er því ekki verið að skera niður fjármuni í þeim efnum.

Hæstv. forseti. Efnahagslífið er blómlegt. Landsframleiðsla á hvern mann hefur aukist um 50% frá árinu

1995–2005, enda hefur það skilað sér til einstaklinganna í landinu. Kaupmáttaraukning heimilanna er um 60% frá árinu 1995. Sömu sögu er ekki hægt að segja af ferli kratanna í ríkisstjórninni árin 1991–1995. Þar var kjararýrnun í samfélaginu og hverjir fóru verst út úr þeirri kjararýrnun? Það voru einmitt þeir sem hvað verst stóðu í samfélaginu. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir á t.d. Íslandsmet í því að skerða barnabætur til heimilanna í landinu, og í hvaða ástandi skertu kratarnir barnabætur? Það var á tímum tekjusamdráttar. Núna erum við að lifa á þeim tímum að tekjur heimilanna eru að aukast og við erum jafnframt að auka barnabætur til heimilanna í landinu, sérstaklega til lágtekjufólks og millitekjufólks. Svo halda menn því hér fram að sú ríkisstjórn sem nú situr sé einhver hægri stjórn. Við höfum aukið samneysluna í samfélaginu frá árinu 1995. Við höfum stóreflt heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfið. Við höfum aukið framlög til heilbrigðismála um 27,5 milljarða frá árinu 1998 eða um 49% að raungildi. Við höfum aukið framlög til almannatrygginga um 23 milljarða kr. frá 1998 eða um 45%. Við höfum aukið framlög til fræðslumála um 12,3 milljarða frá árinu 1998 eða um tæp 60%. Framlög ríkisins til háskólastigsins, og sýnir þar af leiðandi áherslu ríkisstjórnarinnar á menntamál, hafa aukist um 7,4 milljarða frá 1998 eða um 80%. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ef þessar tölur sem ég hef hér nefnt eru vitni um það að sú ríkisstjórn sem nú situr sé einhver sérstök hægri stjórn þá er það rangur málflutningur. Hér er um velferðarstjórn að ræða sem hefur verið að styrkja stoðir mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfisins í landinu. Núverandi stjórn hefur staðið vörð um þessa mikilvægu þætti og mun halda því áfram eins og það frumvarp sem við ræðum hér ber merki um.

Hæstv. forseti. Mig langar örlítið að koma inn á tekjuhlið frumvarpsins og hvað það er sem hefur skilað okkur þeim árangri að við höfum getað bætt kjör alls almennings með skattalækkunum, hækkuðum vaxtabótum, hækkuðum barnabótum ásamt því að lækka skatta á fyrirtæki. Hvað hefur skilað okkur fram þennan veg? Er þetta þróun sem gerist af sjálfu sér? Ég segi nei. Ríkisstjórnin hefur staðið fyrir miklum umbótum á sviði atvinnumála.

Fyrst er þar að nefna stefnu okkar í sjávarútvegsmálum. Ísland er trúlega nær eina Evrópuþjóðin þar sem sjávarútvegurinn er að greiða fjármuni inn í ríkissjóð. Við erum ekki að borga með íslenskum sjávarútvegi. Samhent stjórnarandstaða sem nú er komin hér til þings hefur trúlega það að markmiði áfram að rústa íslenskan sjávarútveg því að fara svokallaða fyrningarleið — og sé ég að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson brosir hér hlýlega til mín og vill trúlega að þetta stefnumið frjálslyndra verði ofan á í komandi kosningum. Hvað verður þá um fyrirtæki eins og Samherja á Akureyri eða Síldarvinnsluna í Neskaupstað, fyrirtæki sem eru í almenningseign, í eigu lífeyrissjóðanna, hvað verður um þessa stóru og öflugu vinnustaði í þessum byggðarlögum? Ætli það yrði ekki högg fyrir viðkomandi fyrirtæki ef stefna Frjálslynda flokksins verður ofan á í þessum efnum? Ég hræðist það fyrir hönd landsbyggðarinnar ef þessi sjónarmið verða ofan á eftir næstu kosningar.

Annað er það sem Framsóknarflokkurinn hefur beitt sér fyrir. Árið 1995 var hér viðvarandi atvinnuleysi. Það var tekjusamdráttur í þjóðfélaginu, tekjusamdráttur var hjá heimilunum í landinu og það vantaði tilfinnanlega erlenda fjárfestingu í samfélagið. Við höfum þá sókn að hvetja erlenda fjárfesta til að fjárfesta í atvinnulífinu hér á landi, m.a. með uppbyggingu álvers á Grundartanga og núna síðast með frægri Kárahnjúkavirkjun sem er svo mikið í umræðunni. Þessar framkvæmdir hafa knúið áfram hagvöxt og aukið velmegun heimilanna í framhaldinu. Nú er það rætt í neikvæðum tón að menn byggi upp atvinnulíf með þessum hætti.

Menn tala mjög neikvætt um framkvæmdir á Austurlandi og þá sérstaklega fulltrúar stjórnarandstöðunnar. Maður hlýtur að velta því fyrir sér í þeirri umræðu sem um Kárahnjúkavirkjun fer fram, þessa mikilvægu framkvæmd sem mun skila þjóðarbúinu milljörðum í útflutningstekjur sem við getum svo varið í framhaldinu til uppbyggingar í heilbrigðis-, mennta- og velferðarmálum, að sú umræða sem fer fram af hálfu forustumanna Vinstri grænna — þau eru fræg ummæli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar í frægri fjallræðu þar sem hann talaði um heimsku manna og átti þá væntanlega við þá sem að þessari framkvæmd standa og átti væntanlega við færustu verkfræðinga landsins sem hafa komið að þessu máli um áraraðir, þegar hann talar um heimsku manna og telur réttast að það eigi að fresta fyllingu Hálslóns og láta þessa virkjun, þessa stíflu standa sem vitni um heimsku manna. Það hefur kostað 120 milljarða ísl. kr. að byggja þetta mannvirki. Annarri eins upphæð er verið að verja til þess að byggja upp atvinnulíf á Reyðarfirði með álveri þar. Við erum komin í 240 eða 250 milljarða kr. í fjárfestingu á þessari framkvæmd sem er að verða fullgerð. Ætli íslensk stjórnvöld yrðu ekki skaðabótaskyld gagnvart þeim erlendu aðilum sem eru að hefja rekstur á Reyðarfirði í góðri trú, búnir að gera skuldbindandi samninga til fimm ára um að flytja út afurðir sínar? Ætli við þyrftum ekki að reiða út meira en 240–250 milljarða ef hugmyndir Jóns Bjarnasonar og félaga í Vinstri grænum yrðu að veruleika?

Hvað erum við að tala um bara í stofnkostnaði? Kannski 300 milljarða, sem er rekstur Landspítala – háskólasjúkrahúss í tíu ár, eða rekstur Þjóðleikhússins í 500 ár. Þegar hv. þingmenn Vinstri grænna segja að peningar séu ekki allt og þessi endalausa trú Framsóknarflokksins á hagvöxtinn sé alveg að keyra um þverbak verðum við að hafa það í huga að við þurfum að reka ríkisstofnanir með fjármunum og einhvers staðar verðum við að fá þá fjármuni. Og það munu miklir fjármunir renna í ríkissjóð vegna þessara framkvæmda á Austurlandi.

Hvað halda hv. þingmenn að eitt þúsund störf sem munu skapast á Austurlandi í tengslum við þessar framkvæmdir muni skila í ríkissjóð? Hér er um svo glæfralegt tal að ræða af hálfu forustumanna Vinstri grænna að það tekur ekki tali. Það getur ekki talist ábyrgur stjórnmálaflokkur sem kemur fram með hugmyndir af þessu tagi, skellir þessu bara svona fram með formann Vinstri grænna sem dregur vagninn og meira að segja heyrast ótrúlegustu raddir úr öðrum stjórnarandstöðuflokkum þar sem t.d. sumir samfylkingarmenn eru að reyna að toppa Vinstri græna í umhverfisstefnu sinni.

Hér er um mjög óábyrgan málflutning að ræða og menn þurfa í haust að standa skil á þessum orðum sínum. Það er í

raun og veru undarlegt að íslenskir fjölmiðlamenn skuli ekki hafa spurt nánar út í stefnu Vinstri grænna hvað þetta varðar. Það er flokkur sem er að mælast með um 20% fylgi, flokkur sem mögulega gæti komist í ríkisstjórn eftir næstu kosningar, og það að flokkur skuli leyfa sér að bera svona hugmyndir á borð sem mundu rústa velferðarkerfinu og mundi þurfa í framhaldinu að stórhækka skatta á landsmenn, er ekki gott. Þessi flokkur, stjórnarandstöðuflokkurinn Vinstri grænir, þarf að gera nánar grein fyrir stefnu sinni á þessu sviði. Er það hugsanlega stefna þeirra að tæma Hálslón ef þeir komast í ríkisstjórn? Ég held að hv. þm. Jón Bjarnason þurfi nú í öllum þessum álversræðum sínum að gera grein fyrir stefnu Vinstri grænna hvað þetta varðar.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, vil ég nefna það að við höfum verið að auka frjálsræði á markaðnum. Við höfum verið að markaðsvæða ríkisfyrirtæki, sem er ekki sérislensk þróun. Markaðsvæðing ríkisbankanna og Landssímans hefur skilað okkur gríðarlega auknum hagnaði, hagnaður bankanna til að mynda á fyrstu sex mánuðum ársins var 72,3 milljarðar. Ætli skattar bankanna séu þá ekki í kringum 15 milljarðar, sem er hálfur rekstur Landspítala – háskólasjúkrahúss? Svo koma menn hér upp skipti eftir skipti og fordæma þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem hafa stóraukið þjóðartekjur. Í þessum tölum erum við einungis að tala um hagnað bankanna, ekki þeirra ágætu starfsmanna sem þar vinna og greiða mikla skatta inn í íslenskt samfélag. Ég held því að við þurfum að halda þessu öllu til haga. Við höfum verið að koma á fót stóriðju sem mun stórauka útflutningstekjur þjóðarinnar, við höfum verið að auka frjálsræði á bankamarkaði og líka á fjarskiptasviðinu og síðan höfum við staðið vörð um sjávarútvegsstefnuna sem hefur verið að skila gríðarlegum tekjum inn í íslenskan ríkissjóð.

Vinstri grænir hafa verið á móti öllum þessum hugmyndum. Svo furða menn sig á að Vinstri grænir séu nefndir, að þeir séu á móti öllu. Það er einfaldlega þannig að Vinstri grænir hafa verið á móti nær öllum þeim tillögum og framkvæmdum sem ríkisstjórnin hefur farið í á síðustu árum í efnahagsmálum. Við getum þá spurt okkur að því hvort við værum að horfa upp á fjárlög með viðlíka afgangi og hér er verið að leggja fram. Íslenskur ríkissjóður er að verða skuldlaus, hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar minnast ekki mikið á það, en þetta er nærri því einsdæmi samanborið við þau lönd sem við berum okkur saman við.

Hæstv. forseti. Það er því með bros á vör sem ég fer í þá vinnu að fara yfir frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007. Það er ekki eftirsóknarvert hlutskipti að vera í stjórnarandstöðu þegar svona árar. En það sem ég vildi hafa sagt í þessu ef við setjum hlutina í samhengi: Það frumvarp sem hér er varð ekki til af sjálfu sér frekar en það góða efnahagsástand sem nú ríkir í samfélaginu.

[12:16]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson, nýkjörinn formaður fjárlaganefndar, fór víða í ræðu sinni og lét ýmsa heyra ýmislegt. Ég get ekki í stuttu andsvari komið að nema einstaka þáttum og ég ætla að halda mig við fyrri hluta ræðu hv. þingmanns vegna þess að þar boðaði hv. þingmaður að reynt yrði að nálgast fjárlagafrumvarpið á annan hátt en venjulega, það yrði reynt að sýna meiri aga. Það væri fróðlegt að heyra útlistanir á því hvernig hv. þingmaður ætlar að koma því fram. Síðan fór hann með trúarsetningar um viðhald stöðugleika og það var sumarið og svo trúði hann því sem er einstakt, ég hef ekki heyrt nokkurn mann gera það, að frestun framkvæmda m.a. í sameiginlegu kjördæmi okkar hv. þingmanns, þ.e. vegaframkvæmdirnar þar, hafi skilað alveg sérstökum árangri, nú væri nú búið að ná niður verðbólgunni — líklega einn og sér.

Síðan var það varðandi barnabæturnar og vaxtabæturnar og skattleysismörkin. Allt þetta, hv. þingmaður, hefur verið skert eða látið dragast aftur úr um langt skeið. En ég hélt, hv. þingmaður, að þú værir búinn að læra það, a.m.k. værir þú ekki svo sannfærandi í framan þegar þú færir með rullu fyrrverandi forsætisráðherra Davíðs Oddssonar um það hvernig væri verið að bæta hluti.

[12:18]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var mikil spenna á sumarmánuðum í íslensku efnahagslífi eins og við munum öll. Ríkisstjórnin sendi út skilaboð með það að markmiði að viðhalda stöðugleikanum í íslensku samfélagi. Hverjir voru tillögur stjórnarandstöðunnar þá? Hverjar voru þær tillögur af hálfu Samfylkingarinnar? Engar nema innlegg þeirra í þá umræðu voru hörð mótmæli gegn aðhaldsstefnu ríkisstjórnarinnar, það væri bara ekkert vit í þessu. (**EMS:** Eðlilega.) Ég get upplýst hv. þm. Einar Má Sigurðarson um að það er búið að aflétta því útboðsbanni sem sett var á í sumar sem var mjög erfitt fyrir mörg samfélög. Ég hef það hins vegar fyrir satt frá Vegagerðinni fyrir norðan að það útboðsstopp sem sett var á seinkaði í engu þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru t.d. hvað varðar Dettifossveg eða Hófaskarðsleið. Þau mál eru umdeild heima fyrir og mikilvægt að leyst verði úr þeim á næstu missirum.

[12:19]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er nú sérkennilegt og skemmtilegt og ég held að það hljóti að vera að hv. þingmaður verði sendur um heimsbyggð alla til þess að boða þessa mögnuðu aðgerð til að ná tökum á verðbólgu, þ.e. að stoppa örlítið verk sem hefur síðan engin áhrif til seinkunar um eitt eða neitt þannig að þetta er svona hókus pókus aðferð og er býsna góð. En auðvitað komu aðrir aðilar þar að borði og hjálpuðu ríkisstjórninni við að ná niður verðbólgunni sem við erum því miður ekki búin að ná nægilega langt niður enn og það þarf auðvitað að halda því áfram. Það voru auðvitað aðilar vinnumarkaðarins sem komu þar að eins og áður.

Aðeins varðandi eignarskattinn sem hv. þingmaður tilkynnti hér að hefði verið tekinn af til þess að sinna láglaunuðum eldri borgurum fyrst og fremst. Þetta eru auðvitað þvílík öfugmæli að það er varla svaravert en það er þó rétt að vekja athygli hv. þingmanns á nokkrum tölum.

Um 24% af eignarskattslækkuninni rennur til 5% tekjuhæstu einstaklinganna. 75% af lækkun eignarskattsins lend-

ir hjá tekjuhærri helmingi þjóðarinnar en einungis 1,2% af eignarskattslækkuninni, hv. þingmaður, rennur til 15% tekjulægstu einstaklinganna. Þetta eru staðreyndir málsins.

[12:20]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samfylkingin kom nefnilega ekki fram með neinar hugmyndir um að slá á þensluna í samfélaginu heldur þvert á móti hvatti ríkisstjórnina til þess að fara ekki í þær aðhaldsaðgerðir sem við fórum í á þeim tíma. Reyndar voru viðbrögð Samfylkingarinnar við aðhaldsaðgerðunum pínulítið misvísandi því ef ég man rétt þá vildi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ganga mun harðar fram gagnvart Íbúðalánasjóði, draga úr hámarksláninu. Hvað gerði Jóhanna Sigurðardóttir? Hún gagnrýndi ríkisstjórnina fyrir að lækka hámarkslánið. Hvar er Samfylkingin í þeim málum? Hún talar til hægri og hún talar til vinstri rétt eins og í sjávarútvegsstefnunni. Jóhann Ársælsson kemur hér upp og talar til vinstri. Síðan kemur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og talar til hægri. Hvernig eigum við hv. þingmenn að botna í því hver raunveruleg stefna Samfylkingarinnar er í svo mikilvægum málaflokkum eins og ég hef nefnt hér á undan?

[12:21]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú höfum við hlýtt á varaformann og formann fjárlaganefndar fara með staðlausa stafi og maður er hissa á að þessir menn skuli vera í þeirri stöðu, að bera á borð hreina og klára vitleysu þegar þeir halda því fram hér hver á eftir öðrum að ójöfnuður hafi ekki aukist. Ég vil að þessir ágætu hv. þingmenn kynni sér þessa hluti. Og það er ekki einungis ég sem er að segja þetta eða prófessor uppi í háskóla heldur er þetta komið á blaði frá fráfarandi fjármálaráðherra landsins sem núna er forsætisráðherra landsins. Hvers vegna í ósköpunum eru menn að neita staðreyndum? Ég vil spyrja formann fjárlaganefndar: Er þetta ekki bara það sem Framsóknarflokkurinn hefur stefnt að leynt og ljóst? Mér finnst þetta vera eitthvað sem menn geti ekki bara talað um eins og það sé ekki til. Þetta eru staðreyndir sem blasa við, ójöfnuðurinn hefur aukist gríðarlega í stjórnartíð Framsóknarflokksins og það sem meira er, hann hefur alltaf farið dýpra og dýpra ofan í vasa þeirra sem hafa lægstu launin og létt skattbyrðinni af þeim sem hafa hæstu launin. Nú er það svo að þeir sem hafa hæstu tekjurnar greiða sama hlutfall í skatt og öryrkjar og aldraðir. Þetta er Ísland Framsóknarflokksins.

[12:23]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið mikil umræða um hvað ríkisstjórnin hefur verið að gera sérstaklega vel við auðmenn í samfélaginu. Ég vil minna hv. þm. Sigurjón Þórðarson á að þegar Framsóknarflokkurinn kom í ríkisstjórn árið 1995 var enginn fjármagnstekjuskattur í landinu. Tekjustofn sem er að skila okkur hátt í 20 milljörðum kr. í dag. Er það eitthvert dekur við fjármagnseigendur að núverandi ríkisstjórn hafi komið á fjármagnstekjuskatti á sínum tíma? Eru það skref í átt að auknum ójöfnuði í samfélaginu að við séum að hækka skattleysismörkin um 12 þús. kr. eða 14%, að við séum að hækka barnabætur um 25% sem sérstaklega eiga að fara til lágtekjufólks og millitekjufólks? Þetta er stefnumál okkar framsóknarmanna fyrir síðustu kosningar, að framlög til þessara fjölskyldna munu hækka um 25%. Er það í átt að ójöfnuði?

[12:24]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru staðreyndir sem sjálfur fjármálaráðherra og núverandi hæstv. forsætisráðherra hafa komið með inn í þingið, að ójöfnuður hefur aukist í tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og menn geta ekki komist hjá því að viðurkenna það með því að þvæla fram og aftur um einhverja prósentutölu um hækkanir á hinum og þessum liðum. Þetta eru blákaldar staðreyndir. Það sem verra er fyrir þessa flokka, Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn, er að þeir hafa reynt að leyna þessu, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur verið að gera. Hann hefur leynt þessu með því að tala um hækkun og lækkun.

En það er annar ójöfnuður sem ég tel að hv. þm. Birkir Jón Jónsson sem landsbyggðarþingmaður ætti að fjalla um. Það er sá ójöfnuður sem blasir við á kjörum landsmanna eftir því hvar þeir búa í landinu og það er hægt að sjá það í Fréttablaðinu nú þessa dagana þar sem verið er að gera úttekt á því að laun okkar sem búum úti á landsbyggðinni eru umtalsvert lægri en kjör þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu og þau hafa versnað í stjórnartíð Framsóknarflokksins.

[12:26]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Trúlega megum við alltaf gera betur gagnvart íbúum landsbyggðarinnar. En hefur hv. þingmaður gleymt því að það var núverandi ríkisstjórn sem á sínum tíma stórlækkaði fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni, um tugi þúsunda króna? Var það aðgerð til þess falin að skerða kjör þeirra sem búa á landsbyggðinni? Nei, það var réttlætismál. (Gripið fram í.) Það var réttlætismál að lækka fasteignaskatta íbúa landsbyggðarinnar og það er mjög miður að hv. þm. Sigurjón Þórðarson þurfi að koma hér upp sí og æ og benda eingöngu á neikvæðar hliðar þess að búa á landsbyggðinni, dregur aldrei fram neitt jákvætt í þeirri umræðu. Er þá nema von að landsbyggðin heyi varnarbaráttu í slíkri umræðu? Við eigum líka að benda á kosti þess að búa á landsbyggðinni þó að við getum að sjálfsögðu alltaf gert betur og það er náttúrlega ætlun okkar í framtíðinni.

[12:27]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að óska nýjum formanni fjárlaganefndar til hamingju með starfið og ég sé það á öllu talnadæminu sem hann fór með að hann hefur lesið talsvert í frumvarpinu enda drengurinn ágætlega skýr, hv. þingmaður.

Þú sagðir, hv. þingmaður, að það væri stefna Frjálslynda flokksins að rústa íslenskan sjávarútveg. Þetta er náttúrlega algert öfugmæli og þótt við höfum oft gert sjávarútvegsmál að umræðu hér, þá er ekki hægt að skamma fólkið sem

vinnur í sjávarútveginum fyrir að vinna eftir lögunum. Það er hægt að skamma þá sem vilja hafa lögin eins og þau eru.

[12:28]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég tók svo djúpt í árinni að tala um að hugmyndir Frjálslyndra og annarra stjórnarandstöðuflokka geta farið mjög langt með að rústa íslenskum sjávarútvegi. Ef við förum til ársins 2003 í þá umræðu sem þá átti sér stað í aðdraganda þeirra kosninga þá voru það stjórnarandstöðuflokkarnir sem töpuðu á síðustu vikunum í þeirri umræðu vegna þess að hugmyndir þeirra eru óraunhæfar og til að mynda var stefna Samfylkingarinnar mismunandi eftir landshlutum. Það er náttúrlega ekki boðlegt að undirstöðuatvinnugrein landsmanna sem skilar þjóðarbúinu og ríkissjóði tugum milljarða í tekjur á hverju ári þurfi að búa við það óöryggi, að slík stefna geti mögulega orðið ofan á eftir næstu kosningar. Hagsmunir fjölda fólks eru í húfi, starfsmanna landvinnslu og útgerðar og við þurfum að standa vörð um atvinnuréttindi þessa fólks.

[12:29]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt það þarf að standa vörð um atvinnuréttindi fólksins í sjávarbyggðum. Það er ekki hægt að skamma sjómenn úr Grímsey sem nýlega voru að selja 42% af kvóta sem þar var fyrir að hafa gert það. Þeir hafa rétt til þess samkvæmt lögunum. En þar með er stór hluti af atvinnuuppbyggingu Grímseyinga farinn, menn sitja uppi með það. Ég er ekki að skamma Samherjamenn fyrir að gera út og gera út af krafti en ég hef oft bent á það í ræðu að menn kunna að nota sér lögin. Þeir hafa gert það af mikilli snilld. Ég er ekkert að skamma þá fyrir það en það er okkar sem erum á Alþingi að fara í gegnum lög og reglur og gera þau þannig úr garði að við virðum þau gildi sem við viljum viðhalda. Ég trúi því ekki að hv. þm. Birkir Jón Jónsson sé ekki sammála mér um að vilja viðhalda byggð sem víðast hvar í landinu og efla stöðu sjávarbyggðanna.

[12:30]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, ég skal fúslega viðurkenna að það eru ákveðnir gallar við fiskveiðistjórnarkerfið eins og öll önnur kerfi. Það má finna þá. Við höfum reynt að koma til móts við þau sjónarmið, m.a. með byggðakvóta. En ég minni á að þessa umræðu má samt ekki einfalda með þessum hætti.

Hér er um gríðarlega stór almenningsfyrirtæki að ræða sem eru í eigu lífeyrissjóða almennings og fleiri aðila sem eru mjög skuldug. Hvaða áhrif mundi það hafa ef rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja yrði kippt undan þeim? Hvaða áhrif mundi það hafa á fjármálastofnanir í landinu? Ætli það mundi ekki þýða veruleg útlánatöp? Ætli lánastofnanirnar þyrftu ekki að ná í þá fjármuni með öðrum hætti, til að mynda með því að hækka vexti? Allt er þetta í einhverju samhengi. Ég bið þingmenn Frjálslynda flokksins að íhuga þessa hlið málanna. Hér er um mjög stórt hagsmunamál að ræða, ekki síst fyrir landsbyggðina.

[12:31]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birkir J. Jónsson fór hér mikinn og um víðan völl. Eitt fannst mér þó gott hjá hv. þingmanni, talsmanni Framsóknarflokksins, að hann gekkst orðalaust við allri stóriðjustefnu Framsóknarflokksins. Hann gekkst orðalaust við þeirri stefnu sem Framsóknarflokkurinn hefur rekið, þeirri virkjanastefnu, stóriðjustefnunni sem hann hefur staðið fyrir og mun væntanlega áfram standa fyrir. Mér finnst þetta heiðarlegt en sumir þingmenn flokksins, meira að segja hæstv. iðnaðarráðherra, segja að Framsóknarflokkurinn hafi látið af stóriðjustefnu 2003 og ég veit ekki hvað verður næst upp á teningnum hjá hæstv. iðnaðarráðherra. En hv. þm. Birkir Jón Jónsson gengst heiðarlega við þessu, að Framsóknarflokkurinn (Forseti hringir.) er stóriðjuflokkur, hefur verið það og (Forseti hringir.) mun væntanlega verða það áfram. Það er gott að standa fast á meiningu sinni.

[12:33]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal með glöðu geði viðurkenna það að ég stend að byggingu Kárahnjúkavirkjunar og öflugri atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Stefna Framsóknarflokksins hefur alltaf verið skýr í þeim efnum og við höfum talað vafningalaust um það mál.

Hins vegar finnst mér mikilvægt — þetta var nú heldur ódýr ræða, ódýrt andsvar hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni — að Vinstri grænir geri hreint fyrir sínum dyrum. Að tala fyrir þeim hugmyndum að þetta mannvirki eigi að standa autt eða án þess að Hálslón verði fyllt, tala þar af leiðandi fyrir því að álver verði ekki byggt á Reyðarfirði. Þetta mundi kosta 250 eða 300 milljarða kr., þessi hugmynd Vinstri grænna. Hvar ætlar hv. þingmaður að fá peninga í þetta verkefni, í verkefni sem mundi t.d. kosta framlög til Háskóla Íslands í 50 ár? Við höfum talað um að reyna að efla háskólamenntun hér á landi. Hvar ætlar hv. þingmaður að fá þessa 250–300 milljarða kr. (Forseti hringir.) í þetta helsta stefnumál VG?

[12:34]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þótt hv. þingmaður, talsmaður Framsóknarflokksins sýni mikinn ákafa í stóriðjumálum þá má hann samt ekki fara offari og gera mönnum rangt til. Vinstri grænir hafa lagt til, lögðu til í sumar, að fyllingu Hálslóns yrði frestað meðan gert yrði nýtt áhættumat, menn ættu ekki svona áfram. (Gripið fram í.) Það er það sem rétt er. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (RG): Gefið ræðumanni hljóð.)

Já, þetta kemur hálfilla við þingmennina. Ég held að það væri vit að hafa varann á. Hvað sagði virtur prófessor við Háskóla Íslands nú nýverið? Hann líkti vinnubrögðunum, undirbúningnum og framkvæmdinni við Kárahnjúkavirkjun við ofsaakstur þar sem menn vonuðust jú til að sleppa vel en viðurkenndu hins vegar að ef það yrði slys þá yrði alvarlegt slys.

Ég held að það sé brýnt að hafa (Forseti hringir.) það sem rétt er. Þetta þarf að endurskoða og við lögðum til og

leggjum enn til að endurskoða áhættumat Kárahnjúkavirkjunar.

En stóriðjuáhugi Framsóknarflokksins er með endemum, frú forseti.

[12:35]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Vinstri grænna, Jón Bjarnason, er á harðahlaupum frá yfirlýsingum hv. þingmanns og formanns flokksins, Steingríms J. Sigfússonar, í frægri fjallræðu sem hann hélt uppi á Kárahnjúkum í sumar. Hann talaði um að þessi stífla ætti að standa sem minnismerki um heimsku manna. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hleypur ekki (Forseti hringir.) frá þessum orðum sínum.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur í engu svarað hvað Vinstri grænir ætla sér í framtíðinni með málefni Kárahnjúkavirkjunar. Það er spurningin sem stendur eftir í þessari umræðu, spurningin um hvort við ætlum að sólunda 200–300 milljörðum kr. til þess að fara eftir hugmyndum Vinstri grænna eða hvort við ætlum að standa vörð um þessa framkvæmd sem mun standa undir öflugu mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfi framtíðarinnar. Þessari spurningu eiga Vinstri grænir eftir að svara við þessa umræðu.

[12:37]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 hefur verið lagt fram og er til 1. umr. eins og áheyrendur hafa rækilega tekið eftir.

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar og fjárlög sýna í hnotskurn stefnu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma. Þar kemur fram hvernig tekna skuli aflað, áætlun um tekjur, hvernig tekjuöflun ríkissjóðs er skipt niður á þegnana, á atvinnulífið, á velferðarkerfið, á neyslu, fjárfestingar o.s.frv. Í umræðunni um fjárlögin og meðferð þeirra birtist með skýrum hætti munurinn á stefnu stjórnmálaflokkanna í þjóðfélagsmálum eins og við höfum heyrt í morgun.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að íslenskt samfélag einkennist af jöfnuði, frelsi, fjölbreytni og ríkri samkennd. Framtíðarsýn okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er sú að allir eigi að fá að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi þar sem samhjálp, virðing og velferð ríki. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill hverfa frá núverandi stefnu stjórnvalda, áherslu þeirra á auðhyggjusamfélagið þar sem efnahagslegur mælikvarði er lagður á allt og alla.

Það er í hugmyndafræði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að nýta beri skattkerfið til tekjuöflunar en ekki síður sem jöfnunartæki í samfélaginu. Fréttir sem við fáum daglega af gríðarlegri auðsöfnun fárra einstaklinga og aukinni misskiptingu í samfélaginu ganga fram af þjóðinni og eru að kljúfa hana í fylkingar. Það er því mikilvægara nú en nokkurn tíma áður að jafna kjörin með þeim tækjum sem við höfum í gegnum ríkisfjármálin, með sköttum og velferðarkerfinu þannig að við berum byrðarnar eftir því hvað bökin eru breið og þeir sem þurfa á samfélagslegri aðstoð að halda fái notið þess þannig að við byggjum samfélag af fullri reisn.

Misskiptingin sem við nú upplifum er einmitt á ábyrgð sitjandi ríkisstjórnar sem notar mælistiku peninga á lífsgæði og hefur búið til þá skynvillu að sum störf séu margfalt verðmætari en önnur og laun fyrir þau gríðarlega verðmætu störf megi ekki skerða með neinum hætti. Hálaunamönnum er gefinn afsláttur af samneyslunni með því að afnema hátekjuskatt. Þetta er síðasta árið sem sérstakur hátekjuskattur er innheimtur. Hann fellur niður um næstu áramót. Sömuleiðis kemur að fullu til framkvæmda á næsta ári, eins og hæstv. fjármálaráðherra gerði grein fyrir, skattalækkun ríkisstjórnarinnar, tekjuskattslækkun sem kemur fyrst og fremst hátekjufólki til góða.

Þetta sést líka í atvinnustefnunni því að stjórnvöld, þó að þau reki ekki sjálf með beinum hætti framleiðsluatvinnutengda starfsemi, þá reka þau gríðarlega mikilvæga þjónustustarfsemi. Stefna núverandi stjórnvalda leiðir þjóðfélag okkar mjög hratt inn á braut aukinnar einhæfni, einhæfni í atvinnulífi með ofuráherslum á risavaxnar töfralausnir sem passa sjaldan í okkar fámenna og dreifbýla landi.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á að náttúra, velferð og menning eigi að fá jafnt vægi og efnahagsleg rök. Lausn á vandamálum jarðarinnar verður aðeins fundin með því að jafnt tillit sé tekið til félagslegra, efnahagslegra, lífrænna og menningarlegra þátta. Sé slíkt haft að leiðarljósi og unnið eftir þeirri sýn mun sveit og borg blómgast á eigin forsendum. Þar mun verða fjölbreytt mannlíf, fjölbreytt atvinnulíf og fjölbreytt og vistvæn náttúra.

Lögmál um framboð og eftirspurn skýrir ekki eitt sér óendanlegan fjölbreytileika í tilveru okkar. Það er hárrétt að í efnahagslegu tilliti hefur Íslendingum að mörgu leyti gengið í haginn á síðustu árum og uppgangur verið talsverður og jafnvel mikill á sumum sviðum. En misskipting og vaxandi bil hefur orðið á milli fátækra og ríkra. Það bil stækkar hlutfallslega og það er áhyggjuefni. Af því höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þungar áhyggjur. Við höfum áhyggjur af aukinni fákeppni og einokun á mikilvægum sviðum í atvinnulífi, í velferðarþjónustu og almannaþjónustu.

Áður en ég sný mér að frumvarpinu sem við höfum hér til umfjöllunar vildi ég víkja að aðstæðum fjárlaganefndar og einstakra þingmanna til að vinna að þessum málum. Aðstæður fjárlaganefndar og einstakra þingmanna til að meta á sjálfstæðan hátt forsendur útgjalda og tekjuhlið frumvarpsins hafa versnað stórum á undanförnum árum. Í ljósi þess hversu áætlanagerð af hálfu fjármálaráðherra hefur reynst óábyggileg og oft fálmkennd og hve erfitt hefur reynst að fá upplýsingar er brýnna nú en nokkru sinni fyrr að styrkja stöðu þingsins og nefnda þess hvað ríkisfjármál og efnahagsmál varðar. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað lagt til á Alþingi stofnun sérstakrar efnahagsskrifstofu þingsins sem geti lagt sjálfstætt mat á stöðu og þróun efnahagsmála og fjármála og verið þingmönnum og nefndum þingsins til ráðuneytis um mat og tillögugerð í þeim efnum.

Ein rökin fyrir því á sínum tíma að leggja niður Þjóðhagsstofnun voru þau að komnir væru fram svo margir aðilar í þjóðfélaginu, greiningardeildir banka og fleiri, sem tækju saman upplýsingar í samfélaginu, efnahags- og fjármálalegar upplýsingar, með betri og fjölbreyttari hætti en

áður og því væri ekki þörf á Þjóðhagsstofnun. Reyndin var hins vegar sú að Þjóðhagsstofnun var lögð niður vegna þess að hún makkaði ekki rétt með stjórnvöldum. Þegar fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins komu hingað árið 2005 gerðu þeir hins vegar alvarlegar athugasemdir við þau gögn sem þeir fengju frá opinberum stjórnvöldum hér á landi hvað varðaði efnahags- og fjármál bæði þjóðarbúskapsins og ríkisins. Þá bregður svo við að ríkisstjórnin bregst við þessum beiðnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og samþykkti 15 millj. kr. á þessu ári og 15 milljónir á síðasta ári til að ráða sérstaka starfsmenn við Hagstofuna til þess að vinna betur skýrslurnar fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það var meira og merkilegra en að vinna þyrfti sjálfstætt fyrir þingið eins og Þjóðhagsstofnun gerði. Þegar við svo sjáum að undir forsætisráðuneytinu eru einnig 50 milljónir til sérstakra efnahagsrannsókna þá spyr maður sig hvort ekki hefði verið rétt að setja þessa peninga í það að stofna efnahagsstofu Alþingis sem gæti starfað óháð fjármálaráðuneytinu, ríkisvaldinu, en fyrir alþingismenn, því að hvað varðar upplýsingar sem þingmenn þurfa að afla sér um þessi mál þá verða þeir að treysta á slíkar upplýsingar t.d. frá fjármálaráðuneytinu.

Hvernig hafa svo þessar upplýsingar fjármálaráðuneytisins reynst? Fyrir þetta ár, árið 2006, var gert ráð fyrir að viðskiptahalli þjóðarinnar yrði u.þ.b. 128 milljarðar kr. og þótti mörgum mjög hátt, 11–13% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Hvað reynist hann hins vegar nú ætla að verða? Hann virðist ætla að verða yfir 209 milljarðar kr. eða 18,6–18,7% af þjóðarframleiðslu. Þetta var litlu skárra árið 2005 því að þá hafði verið áætlað að viðskiptahallinn yrði um 100 milljarðar kr. en reyndist 161 milljarður eða nærri 60 milljörðum hærri en ráð var fyrir gert. Þetta sýnir í hnotskurn annars vegar veikleika efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og hins vegar hversu óábyggileg vinna hennar er og þar af leiðandi líka grunnforsendur fjárlagafrumvarpsins.

Nú stöndum við uppi með stýrivexti frá Seðlabankanum upp á 14%. Í almenna bankakerfinu stöndum við uppi með almenna vexti upp á yfir 20%, 20–23%. Ekki eru sjáanleg nein teikn á næstunni sem boða grundvallarbreytingu hér á. Hvernig ætlum við þá að reka hér þjóðfélag, atvinnulíf og samfélag með svona háum vöxtum, með svona miklum viðskiptahalla sem safnast ár frá ári, með verðbólgu sem er mun hærri eða nærri tvöfalt hærri en ráð var fyrir gert á þessu ári í forsendum fjárlagafrumvarpsins? Hún var líka miklu hærri á síðasta ári en ráð var fyrir gert. Þetta er ríkisstjórn sem er búin að sitja allt of lengi, er komin á annan áratug og ætti að vera búin að átta sig á því hvernig menn gera slíkar áætlanir eða hvaða ramma menn setja.

Það eru hins vegar allir sammála um hver ástæðan er. Grundvallarástæðan fyrir þessu er hin hömlulausa stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar, stóriðjustefna sem hefur leitt til slíks ójafnræðis í íslensku samfélagi, í íslensku efnahagslífi, að við vitum ekki enn hvenær við réttum okkur við af því sem nú er í gangi, af Kárahnjúkavirkjun og Reyðaráli, af stækkun álversins í Straumsvík, af Hellisheiðarvirkjun. Það var ekki gert ráð fyrir öllum þessum framkvæmdum, a.m.k. ekki framkvæmdunum við Grundartanga og Hellisheiðarvirkjun, í undirbúningi fyrir fjárlagagerð á síðasta ári. Og svo þegar fara á að grípa til efnahagsaðgerða á þessu ári, til hvers er þá gripið? Jú, það er gripið til þess að skera niður vegaframkvæmdir, fresta vegaframkvæmdum, fresta þessum litlu vegarspottum sem höfðu verið ákveðnir á Vestfjörðum, á Norðausturlandi. Þar var ríkisstjórnin nógu stór til að ákveða að þeim skyldi fresta. Þó svo að aðeins væri um frestun að ræða voru þetta þau sterku sálrænu skilaboð til íbúa á þessum landsvæðum að þeir skyldu fyrstir allra taka á sig stóriðjuþensluna, niðurskurðinn, frestunina, samdráttinn sem þyrfti að beita til þess að ná einhverju jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Jafnvægi? Hver var svo þessi frestun? Hún var upp á 1,3 milljarða kr. eða eitthvað svoleiðis í þjóðarbúskap upp á 1.000 milljarða kr. Þá var stærðin ekki meiri hjá ríkisstjórninni en svo að ráðast skyldi á Vestfirðinga, á íbúa Norðausturlands og tilkynna þeim að þeir yrðu fyrstir til að taka á sig stóriðjuþensluna. Svo koma menn býsna reifir hér við framlagningu fjárlagafrumvarps og segja: Jæja, þessi frestun var svo góð og tókst svo vel að nú höfum við ákveðið að ráðast aftur í þær framkvæmdir sem frestað var í sumar.

Það er ágætt, en samt er reisnin í vegamálum ekki meiri en svo að það er aukið við á næsta ári um 4–5 milljarða, sem hæstv. ráðherra minntist hér á að mig minnir. Loforð sem þessi ríkisstjórn þarf ekkert endilega að standa við ef hún kemst til valda, því ef dæma á af reynslunni fyrir fjórum árum kom líka þessi stóra og mikla vegáætlun, vegáætlun sem var skorin strax niður á fyrsta ári ríkisstjórnarinnar. Vegáætlunin sem nú er í gildi hefur verið skorin niður um milli 6–7 milljarða kr. Gera menn sér grein fyrir því, til viðbótar þeirri frestun sem kom í fram í sumar til þess að slá á stóriðjuþensluna? Þó að stórum hluta eða meginhluta þess sem slegið var af á tímabilinu sé nú lofað í næsta fjárlagafrumvarpi þá er nú aftur skorið niður, því að það var líka búið að lofa sérstökum peningum af sölu Símans til vegaframkvæmda. Ég man ekki töluna nákvæmlega, ætli hún hafi ekki verið nálægt 4,5 milljörðum eða þar um bil. En það er einmitt í kringum þá upphæð sem aftur er skorin niður af þeirri samanlögðu vegáætlun sem við töldum okkur hafa á næsta ári. Þessi kosningablekkingarleikur í kringum vegamál og fjárveitingar til vegamála er forkastanlegur, frú forseti, og það að einmitt íbúar þessara landshluta skuli verða valdir úr til þess að verða fórnarlömb í þessum blekkingarleik. Það munar sko ekkert um það í efnahagslífi þjóðarinnar að standa við vegáætlunina, standa við brýnar vegaframkvæmdir sem íbúar vítt og breitt um landið, líka á höfuðborgarsvæðinu, voru búnir að bíða eftir og töldu sig vera með í hendi. Í yfir 1.000 milljarða þjóðarbúskap þótti muna um að fresta vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi um rúman milljarð króna og segja svo: Ja, við skoðum þetta aftur í vetur. Og nú koma loforðin.

Frú forseti. Þeir þættir aðrir sem ég vildi minnast á til viðbótar eru t.d. ferðamálin. Ferðaþjónustan er ein öflugasta atvinnugreinin hér á landi og þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður á síðustu fjórum árum í stóriðjuþenslunni, í ruðningsáhrifum stóriðjuþenslunnar þá hefur hún þó staðið það af sér og er sú atvinnugrein sem vex hraðast og skilar mestu í þjóðarbúið og hæstum og mestum þjóðhagslegum ábata, atvinnugrein sem við verðum að fara að byggja grunnstoðir undir í auknum mæli og miklu meira mæli. Þá láta menn sig muna um að skera niður markaðsstarf til ferðamála um

120 millj. kr. Sú upphæð sem þar var inni var reyndar lækkuð á síðasta ári. Þá láta menn sig muna um að skera niður þá upphæð sem var inni til markaðsstarfs ferðamála.

Við sem þekkjum til úti um land vitum að það er einmitt til ferðaþjónustunnar sem við þurfum að koma með grunnstuðning. Þetta er ung atvinnugrein. Hún á lítinn höfuðstóll, hún er ekki með alda höfuðstól að baki eins og sjávarútvegurinn eða landbúnaðurinn, að ég tali nú ekki um alla meðgjöfina sem stóriðjan fær. Nei, hún þarf stuðning. Hefði ekki átt að byggja upp upplýsingamiðstöðvar vítt og breitt um landið, heilsársupplýsingamiðstöðvar sem starfa með ferðaþjónustunni? Nei, menn láta sig muna um að skera niður þessar 100–120 millj. kr. sem voru þó inni í markaðsmálum ferðaþjónustu.

Frú forseti. Tími minn er búinn í þessari umferð en það eru fleiri þættir sem ég vil koma að hér síðar, bæði stóriðjan og áhrif hennar og einnig velferðarmálin, en það kemur þá í seinni ræðu, frú forseti, og óska eftir að forseti setji mig aftur á mælendaskrá.

[12:57]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki oft sem stóriðjan mætir afgangi hjá Vinstri grænum í umræðum sem þessari. En ég held að það endurspegli þá miklu vörn sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð er komin í vegna ræðu Steingríms J. Sigfússonar fyrr í sumar um að þessi framkvæmd skuli standa sem minnismerki um heimsku manna, það ætti sem sagt ekkert að hefja neina starfsemi þar. Þetta er eitthvað sem hv. þm. Jón Bjarnason þarf að standa skil á.

Hv. þingmaður ræddi mikið um útgjöld og mörg þörf og góð mál. Spurning mín til hv. þingmanns er: Hvernig ætlar hv. þingmaður að fjármagna þetta? Staðreyndin er sú að við þurfum öflugt atvinnulíf til að standa undir mennta-, heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Það höfum við verið að gera, ríkisstjórnin, allt frá árinu 1995. Hv. þingmaður talar eins og hér sé einhver hægri stjórn við völd, en ég nefndi það í ræðu minni áðan að við höfum aukið framlög ríkisins til heilbrigðismála um 27,5 milljarða að raungildi eða um 49%. Við höfum aukið framlög til almannatrygginga um 23 milljarða frá 1998 eða um 45% og við höfum hækkað framlög til háskólastigsins um 80%. Þetta er raunaukning. Hvernig getur hv. þingmaður Vinstri grænna komið hér upp og sagt að ríkisstjórnin sé að skerða velferðarkerfið og menntakerfið? Það eru staðlausir stafir af hálfu hv. þingmanns auk þess sem Vinstri grænir hafa ekki trúverðugleika í þeim efnum að byggja upp og standa vörð um atvinnulífið. Vinstri grænir vilja setja höft á íslenskt atvinnulíf og sagan sannar að slíkt mun ekki auka tekjur þjóðarbúsins. Þvert á móti munu tekjurnar skerðast og þá þurfa menn að skera niður í mennta-, heilbrigðis- og velferðarmálum.

[12:59]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eitt sem ég get tekið undir með hv. þingmanni og það er að setja þurfi höft á framsóknarmenn. Það þarf að setja höft á Framsóknarflokkinn í stóriðju- og virkjunarmálum. Það þarf að setja höft á Framsóknarflokkinn í aðförinni að náttúruperlum landsins. Já, það þarf að setja höft á Framsóknarflokkinn og þar get ég tekið undir með hv. þm. Birki Jóni Jónssyni.

Varðandi stóriðjumálin, sem ég mun koma að í seinni ræðu minni, þá vil ég vekja athygli á því að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttum einmitt tillögu bæði í fyrra og hittiðfyrra og gerum aftur nú um sundurliðaðar aðgerðir til þess að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. En óstöðugleiki, ójafnvægi, sem forsætisráðherra kallaði reyndar óróa — hann er nú orðvar maður en órói er býsna stórt orð í hans munni — stafar einmitt frá þessum stóriðjuframkvæmdum. Við höfum líka lagt fram tillögu til þingsályktunar um að meta heildarárangsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið sem ég held að sé fyllilega kominn tími á að gera, þannig að við séum ekki að gera eins og prófessor við háskólann sagði í morgun þegar hann líkti stóriðjustefnu Framsóknarflokksins og framkvæmdunum við Kárahnjúka við það að vera í ofsaakstri í umferðinni og vonast til að sleppa. Eigum við ekki að hætta þessum ofsaakstri framsóknarmanna í stóriðjumálum í aðförinni gegn náttúruperlunum? Ég held að það sé kominn tími til að við setjum haft á Framsóknarflokkinn og höft á framsóknarmenn í stóriðju-, virkjana- og náttúruspjallamálum.

[13:02]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega ekki boðlegt í umræðu af þessu tagi að hv. þm. Jón Bjarnason tali um efnahagslegan stöðugleika og tillögur Vinstri grænna í þeim efnum á sama tíma og forustumenn Vinstri grænna, til að mynda Þuríður Backman, tala fyrir því að fyllingu Hálslóns verði frestað, sem mun kosta tugi milljóna kr. Meira að segja hefur hv. formaður Vinstri grænna gengið svo langt að segja að þessi virkjun eigi að standa sem merki um heimsku þeirra manna sem að henni stóðu. Hún talar þá væntanlega um okkur alþingismenn og færustu verkfræðinga landsins. Það er nefnilega þannig með Vinstri græna að þeir geta sett sig í dómarasæti og fellt dóma yfir hinum og þessum einstaklingum en síðan er það nú þannig að ef orði er hallað á þá verða þeir mjög sárir og viðkvæmir.

Ég krefst þess í þessari umræðu að Vinstri grænir komi þá með tillögur um hvar menn ættu að skera niður í 300 milljarða kr. stofnkostnaði vegna hugmynda þeirra um að láta framkvæmdina standa sem vitni um heimsku manna. Þetta eru t.d. framlög til Háskóla Íslands í 50 ár eða framlög til Landspítala – háskólasjúkrahúss í tíu ár. Ætla hv. þingmenn að stórhækka skatta, ætla hv. þingmenn að skera niður í velferðar-, mennta- og heilbrigðismálum eða ætla hv. þingmenn Vinstri grænna kannski að keyra ríkissjóð í þrot? Ætla menn að keyra ríkissjóð sem er nærri því skuldlaus í dag í botnlausan skuldahala í þessum efnum? Það væri svo sem eftir þeim. En það er alveg ljóst að í umræðunni sem fram undan er þurfa Vinstri grænir að sýna það með raunverulegum hætti hvernig þeir ætla að standa vörð um stöðugleikann í íslensku efnahagslífi með hliðsjón af þessari hugmynd, sem er fáránleg hugmynd Vinstri grænna um að Kárahnjúkavirkjun eigi að standa (Forseti hringir.) og það verði ekki hleypt á lónið. Það er fáránleg hugmynd.

[13:04]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta sannfærir mig nú enn meir um það að það þurfi að setja höft og haft á stóriðjustefnu og virkjanastefnu Framsóknarflokksins, því að hver er einmitt efnahagsvandinn í dag? Er þingmaðurinn sáttur við á þriðja hundrað milljarða kr. halla á þjóðarbúinu sem að meginþorra stafar af stóriðjustefnu og afleiddum afleiðingum hennar? Er hann sáttur við það? Allir aðilar segja, það stendur meira að segja í fjárlagafrumvarpinu að verði ráðist í eða gefin fyrirheit um frekari stóriðjuframkvæmdir á næstu árum muni ekkert af þeim markmiðum sem þarna eru sett í fjárlagafrumvarpinu nást. Við munum sitja áfram uppi með gríðarlegan viðskiptahalla, þenslu, háa vexti. Heldur hv. þingmaður að unga fólkið sem nú er að taka námslánin sín, sem nú er að taka yfirdráttarlánin eða fyrirframlánin hjá bönkunum upp í námslánin, heldur hann að þetta unga fólk sé hrifið af því að verða að borga kannski milli 15 og 20% vexti bara til þess að borga fyrir stóriðjustefnu Framsóknarflokksins, (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) bara til þess að borga fyrir þensluna sem stafar af stóriðjustefnu Framsóknarflokksins og sem ekkert lát virðist vera á? Álver á Húsavík, álver í Straumsvík, álver í Helguvík, stækkun álversins í Straumsvík, virkjanir tilheyrandi.

Hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins fór eins og landafjandi um allt til þess að skrifa undir viljayfirlýsingar og samkomulag, meira að segja út til New York, um fleiri og fleiri álver sem stendur þó hér skýrt að verði ráðist í fleiri álver muni ekki takast að koma efnahagslífinu hér aftur í jafnvægi.

[13:06]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru nokkrar alvarlegar villur í ræðu hv. þingmanns sem ég vil gera athugasemdir við. Hann sagði að aukinn launamunur væri skynvilla. Hvar er aukinn launamunur að koma fram í þjóðfélaginu? Hann er fyrst og fremst að koma fram í dag, t.d. í hinni stóru nýju atvinnugrein sem heitir bankastarfsemi. Hvernig stendur á því? Það stendur þannig á því að bankarnir sem eru í alþjóðlegri samkeppni og alþjóðlegu umhverfi eru að borga fyrir menntun, þeir eru að borga fyrir mjög hátt menntunarstig starfsmanna sinna. Það er fullyrt við mig að menntunarstig starfsmanna í íslenskum bönkum í dag sé mjög svipað og hjá kennurum við háskólana. Það er þetta sem er verið að borga fyrir. Þetta er nútímaþjóðfélagið sem gengur fram og er að skila Íslandi gríðarlegum tekjum og gera okkur kleift að hjálpa okkar minnstu bræðrum. Það er ekki skynvilla heldur rökrétt framhald þess menntunarstigs sem þetta þjóðfélag er að ná.

Það er líka mjög rangt hjá hv. þingmanni að halda því fram að ruðningsáhrif vegna Kárahnjúkavirkjunar séu að setja efnahagslífið á hvolf. Það liggur fyrir að innlendur virðisauki af Kárahnjúkum og álverinu í Reyðarfirði er í kringum 70 milljarðar. Á sama tíma frá því að þessar framkvæmdir hófust hefur nettóinnstreymi erlendra lána til Íslands verið 700 milljarðar. Hvort halda menn nú að ruðningsáhrifin séu vegna innstreymis peninganna eða vegna virðisaukans af framkvæmdunum fyrir austan? Menn geta giskað á það einu sinni.

Ég vil líka minna á það að það hefur aldrei verið til siðs núna í tíu ár eða fimmtán ár, eða sautján ár, að setja inn í þjóðhagsspá væntanlegar eða kannski ímyndaðar eða hugsanlegar álversframkvæmdir. Það var gert síðast haustið 1989 í síðustu vinstri stjórn sem sat hér þá, fyrir árið 1990. Þá var gert ráð fyrir því (Forseti hringir.) í þjóðhagsáætlun að byggt yrði álver á Keilisnesi (Forseti hringir.) og rafmagnið flutt með hundi frá Eyjabökkum.

[13:08]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir þau orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að banka- og fjármálastarfsemi í landinu skilar víða góðum virðisauka, t.d. erlendis, og þessi atvinnustarfsemi er vanmetin meira að segja af stjórnvöldum vegna þess að stjórnvöld leggja miklu meiri áherslu á álversframkvæmdir eins og forustumenn hafa einmitt vitnað til.

Það réttlætir hins vegar ekki að það eigi að vera svo ört vaxandi hlutfallslegur munur innan samfélags okkar hvað varðar tekjur og lífskjör. Þar koma einmitt skyldur samfélagsins til, skyldur ríkisins, þannig að við, þessi væntanlega ríka þjóð sem við erum um margt, getum þá tekið meira af þeim sem hafa svo háar tekjur, að þeir leggi meira til samneyslunnar þannig að allir meðborgarar okkar geti haft góð lífskjör.

Þess vegna er þessi stefna Sjálfstæðisflokksins röng, að vilja auka á muninn með því að létta sköttum af hátekjufólki sem væri kannski einnig reiðubúið til þess að leggja sitt til samneyslunnar af sínum burðum því enginn veit hvenær hann fær síðan að njóta styrks samneyslunnar. Við höfum líka lagt til að þeir sem hafa hæstar fjármagnstekjurnar greiði meira til ríkisins hlutfallslega eins og um laun væri að ræða. Það eru því ýmsar leiðir til að koma til móts við og framkvæma jöfnuð í samfélaginu, frú forseti.

[13:11]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þarna kom mjög skýrt fram gamla kommakratasamfélagið og draumurinn um að hegna mönnum fyrir að geta skilað meiru og vera betur borgaðir. Auðvitað borga þeir hærri skatta sem hafa hærri tekjur. Á að hegna mönnum fyrir það að vera hæfir til þess í alþjóðlegum samskiptum að menn vilji borga fyrir þá? Stjórnum við því? Þetta er frjálst samfélag. Segjum við bönkum eða öðrum hátæknifyrirtækjum hvað megi borga Pétri eða Páli hátt? Þeir ráða því sjálfir, þeir vita hvað þeir eru að gera. Sannarlega borga þeir meira sem hafa efni, getu og hæfileika til þess að vinna þannig. Það liggur alveg í augum uppi.

Það er líka alrangt að verið sé að mismuna mönnum með fjármagnstekjuskattinum. Menn skulu muna að það var samið um fjármagnstekjuskattinn í þessu samfélagi. Aðilar vinnumarkaðarins, allir stjórnmálaflokkar tóku þátt í því. Það var ákveðið að fjármagnstekjuskatturinn skyldi vera 10%. 10% hvað? 10% nafnvextir. Þannig að í verðbólgusamfélagi eins og við lendum í núna, 7–8% verðbólgu, þá geta fjármagnstekjurnar verið býsna háar, mjög

háar. Þessu skulu menn vara sig mjög mikið á.

Það var stefnumál Sjálfstæðisflokksins til margra ára að taka af hátekjuskattinn sem á sínum tíma var settur á af vinstri stjórn vegna þess að með hátekjuskatti er verið að hegna því fólki sem var reiðubúið að leggja meira á sig. Og hvaða fólk var það? Það var yfirleitt það fólk sem var að byggja sér hús, það var fólk sem var að mennta sig, hafði menntað sig, það var fólk sem var að eiga börn. Það var reiðubúið til þess að vinna meira, það átti að hegna því með hátekjuskattinum. Sjálfstæðisflokkurinn leit alltaf á þetta sem mjög óréttlátan skatt, hafði það í baráttumálum sínum árum saman. Loksins hefur það tekist og nú um næstu áramót er hann farinn og kemur vonandi aldrei aftur.

[13:13]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður minntist í fyrra andsvari sínu á gróðann af Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdunum fyrir austan. Mér vitanlega eru þeir ekki farnir að skila miklu í þjóðarbúið sem slíkt. En úr því að þetta er svona arðvænt hvers vegna er þá ekki hægt að fá upplýsingar um orkuverðið, um hið raunverulega sem þarna er að gerast? Hvers vegna er það leyndarmál? Hvers vegna má ekki reikna arðsemismatið og áhættumatið af hlutlausum aðilum þannig að fáum ekki bara fulltrúa Sjálfstæðisflokksins til þess að þylja upp fullyrðingar? Þegar leitað er eftir staðfestingu á þessum upplýsingum, nei, þá er það leyndarmál. (**EOK:** Ég styð þig í ...) Já, gott að heyra frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni enda er honum ekki allt illa gefið. Ég held að við ættum einmitt að vera sammála um að fara ofan í arðsemismat (Gripið fram í.) á þessum stóriðjuframkvæmdum. Ég tala nú ekki um þegar við erum komin með svo stóran hluta af atvinnulífinu, svo stóran hluta af orkunni bundna í einni atvinnugrein, í áli, er þá ekki kominn tími til að segja stopp? Því ég held að það sé mat allra annarra en framsóknarmanna að haldi menn nú áfram að auka enn álbræðslurnar þá stefni menn í verulega áhættu og einhæfni í atvinnulífinu, ef enn á að ráðstafa auknum hluta af orkulindunum til einnar framleiðslu. Það held ég að við séum öll að verða sammála um að sé stórhættulegt nema framsóknarmennirnir, þeir keyra áfram sína stóriðjustefnu (Forseti hringir.) og það verður bara að hafa það. En það er nauðsynlegt að segja stopp (Forseti hringir.) í stóriðjumálunum.

[Fundarhlé. — 13:16]

[13:45]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það hefur farið fram þó nokkur umræða um fjárlögin í morgun sem hefur að mörgu leyti verið skemmtileg. Við 1. umr. um fjárlög hvers árs verður eins og oftast fjallað um meginlínur og dregnir fram átakapunktar og menn skemmta sér í andsvörum og slíku eftir að fjármálaráðherra hefur kynnt málið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum furðað okkur á ýmsum verkum og ákvörðunum ríkisstjórnarinnar og er rétt að víkja að því áður en lengra er haldið. Við vorum undrandi á því í lok júní sl. þegar fyrirvaralaust var sett stopp á útboð verklegra framkvæmda á vegum ríkisins. Þetta var gert á einum fundi hjá ríkisstjórninni án þess að lagt væri mat á það hver nauðsyn væri til þess að vinna þau verk sem voru að smella inn í það ferli að vera tilbúin í útboð sem fyrst.

Einkum urðu tvö landsvæði bitbein þessara ákvarðana, Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi, þ.e. Vestfirðir og norðausturhornið, þar sem finna má enn mest af gömlu malarvegunum, vegum sem aldrei voru byggðir til að bera þá þungaflutninga og umferð sem nú er. Allir sem búa á þessum landsvæðum sem og aðrir landsmenn sem um þessa vegi fara undruðust þessa sérstæðu ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Íbúarnir skildu heldur ekki rökin um að þetta væri nauðsynlegt til að bregðast við þenslu í efnahagslífinu sem enginn hafði orðið var við á þessum landsvæðum, Vestfjörðum og norðausturhorninu.

Hæstv. forseti. Enga hagspeki og haldbær rök hef ég heyrt um að þessi séraðgerð, sem einkum bitnaði á íbúum áðurnefndra landsvæða, mundi draga úr þenslu, enda allt áfram á fullri ferð í byggingum og verklegum framkvæmdum á Reykjavíkursvæðinu og Miðausturlandi, þar sem þenslunnar hefur jú orðið vart, en þar er unnið áfram á fullum afköstum að því er séð verður og ekkert stopp í verkum. Okkur nægir að horfa á Austurhöfnina í Reykjavík þar sem allt er á fullu við undirbúning þeirrar framkvæmdar, byggingu stórhýsa í Reykjavík þar sem allt er á fullri ferð, gatnagerð í nýjum hverfum þar sem byggðar verða nokkur hundruð og jafnvel þúsundir íbúða á komandi árum og fleiri framkvæmdir mætti nefna. Þetta á sér stað á þeim svæðum þar sem þenslan er til staðar og var vissulega merkjanleg. Það voru því eðlileg viðbrögð við þessum vanhugsuðu aðgerðum gegn þenslu að fólkið sem býr á fólksfækkunarsvæðum, þar sem enginn vissi af þenslu, yrði sárt og reitt. Íbúar og íbúasamtök mótmæltu gerræðinu og skilningsleysi ráðherranna á mismunandi högum landsmanna.

Í fyrrakvöld lýsti síðan hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde yfir því að „90 daga Haarde-áætluninni“ — sem ég hef kallað svo — um viðbrögð við þenslu væri lokið með markverðum árangri að mati ríkisstjórnarinnar. Ef ég tók rétt eftir vék hv. þm. og formaður fjárlaganefndar, Birkir J. Jónsson, einnig að því í ræðu sinni hér að þessi 90 daga áætlun hefði náð markverðum árangri. Þetta eru náttúrlega stórmerk tíðindi fyrir hagfræðinga heimsins sem íslenskir fræðimenn í hagspeki hljóta að kynna á alþjóðavettvangi sem allra fyrst, hvernig þetta 90 daga verkbann á vegaframkvæmdir, þar sem þörfin var og er mest á að komast upp úr drullunni, virkaði að mati ráðherranna. En að mínu viti er þetta einhver furðulegasta og gagnlausasta aðgerð sem nokkur ríkisstjórn hefur framkvæmt, að beina aðgerðunum að þeim svæðum þar sem þörfin fyrir vegaframkvæmdir er hvað mest. Því þar þarf virkilega að gera átak og var engin ástæða til þess að setja þessa frestun á verkefni á Vestfjörðum annars vegar og norðurausturhorni landsins hins vegar.

Ég segi því enn og aftur „Guð láti gott á vita“ að forustumenn í ríkisstjórn landsins skuli hafa áttað sig á að ekki væri ástæða til að halda þessum aðgerðum áfram að því er varðar verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins sem eru auðvitað að langstærstum hluta í samgöngumálum. Við höfum hins vegar horft á það með nokkurri furðu, lands-

byggðarþingmenn og landsbyggðarfólk, að þessar aðgerðir hafa ekki verið sýnilegar hvað það varðar að draga úr framkvæmdum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, á því svæði sem flestir landsmenn fara um oftar en einu sinni á ári þótt þeir búi þar ekki. Ég hef oft verið spurður að því hvar væri búið að draga úr framkvæmdum þar en hef ekki getað svarað því

Hæstv. forseti. Það fer ekki á milli mála að samgöngubætur er eitthvað það arðsamasta sem við getum aðhafst í verklegum framkvæmdum fyrir íslenska þjóð. Því er það afar misráðið þegar menn taka sér fyrir hendur það sem gert var í sumar og einkum þegar það beinist að svæðum þar sem aðgerðin getur ekki haft nein sérstök áhrif til að draga úr þenslu en bitnar harkalega á þeim viðhorfum fólks sem býr á þessum svæðum að það eigi rétt á betri samgöngum, sem það vissulega á. Þess vegna voru margir sárir og reiðir yfir þessari niðurstöðu ríkisstjórnarinnar.

Ég held að ég hafi tekið rétt eftir, hæstv. forseti, að hæstv. fjármálaráðherra hafi m.a. nefnt í ræðu sinni áðan þegar hann vék að þessum framkvæmdum sem lentu í frestun að sumum yrði frestað til ársins 2008. Hann nefndi, held ég, 200 milljónir annars vegar í Arnkötludal og 200 milljónir á norðausturhorni landsins hins vegar. Ég hefði frekar talið ástæðu til að gefa í en að hægja á og reyna að vinna upp skaðann af þessari tilteknu frestun. Ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það í bili.

Hæstv. forseti. Þær miklu tekjur sem ríkissjóður hefur fengið vegna mikils viðskiptahalla sem fylgir miklum innflutningi er ekki grunnur sem hægt er að byggja á um langa framtíð. Þetta eru óvissar tekjur. Þegar dregur úr innflutningi, t.d. á bílum, hefur það mikil áhrif á tekjur ríkissjóðs. Hægi fólk á í eyðslu sinni lækka tekjur ríkissjóðs. Þetta hvort tveggja er að gerast. Einnig hefur verð á stærri húseignum lækkað og lánsfé er dýrt. Þessi viðbrögð eru auðvitað merki þess að draga sé úr þenslu á Reykjavíkursvæðinu og landinu öllu að þessu leyti til en ekki sérstaklega sú 90 daga frestun sem ég gerði að umræðuefni í upphafi máls míns.

Yfirtaka okkar á varnar- og öryggismálum mun kalla á ný fjárútlát úr ríkissjóði. Undan því verður ekki vikist. Yfirtakan á Keflavíkurflugvelli og að tryggja alþjóðaflugvöll og þjónusta hann mun líka kalla á auknar greiðslur úr ríkissjóði. Ratsjárstöðvarnar sem eru nauðsynlegar, m.a. vegna flugöryggis, verða líka reknar af fjárlögum þó svo að okkur takist ef til vill síðar að fá aðrar NATO-þjóðir til að taka þátt í hluta rekstrarkostnaðar.

Ríkisstjórnin hefur lagt lagt fram tillögur í fjárlagafrumvarpinu sem eiga að fylgja eftir samkomulagi ríkisstjórnarinnar við eldri borgara. Ef svo vel skyldi vilja til að tillögur okkar í stjórnarandstöðunni um bætt lífeyriskjör aldraðra og öryrkja gangi fram munu þær einnig auka útgjöld ríkissjóðs. Við teljum hins vegar nauðsynlegt að taka betur á en ríkisstjórnin hefur lagt upp með í þeim málaflokki og að það verði gert strax á árinu 2007. Ríkisstjórnin var í raun og veru neydd til þess af eldri borgurum að koma með slíkar tillögur og einnig að fylgja eftir þeim tillögum sem ASÍ knúði fram.

Einnig þarf að taka tillit til þess að hagnaði af sölu eigna eins og Símans verður ekki ráðstafað nema einu sinni. Þegar horft er til þeirrar spár að ríkissjóður verði rekinn með miklu minni tekjuafgangi á árunum 2008 og 2009, sem þýðir í raun samkvæmt reynslu hallarekstur ríkissjóðs miðað við uppgjör, þá er alls ekki að óathuguðu máli hægt að halda áfram á vegferð ríkisstjórnarinnar með skattalækkanir sem gagnast fyrst og fremst þeim sem hafa hæstu launin.

Það er því nauðsynlegt að skoða málin með tilliti til framhaldsins hvað varðar tekjuöflun ríkissjóðs og hvort sú skattastefna sem ríkisstjórnin vill fylgja eftir getur gengið upp til framtíðar. Ég hef margsagt úr þessum ræðustól að sé svigrúm til skattalækkana eigi að sjálfsögðu að útfæra þær þannig að þær gagnist fyrst og fremst því fólki sem hefur lægstu tekjurnar. Það er skoðun okkar í Frjálslynda flokknum, og við höfum ekki breytt um afstöðu þar alveg frá því við settum fram hugmyndir okkar varðandi skattalækkanir á árinu 2003, að miklu frekar hefði átt að fara þá leið að hækka persónuafsláttinn meira sem hefði gagnast lágtekjufólkinu best. ASÍ hefur nú knúið þá stefnu fram að 1% af fyrirhugaðri skattalækkun, flatri skattalækkun ríkisstjórnarinnar um næstu áramót, var breytt yfir í persónuafslátt. Ég fagna því að menn skuli hafa farið að hluta til þá leið sem ég tel að bæti og jafni kjörin í landinu. Mér finnst það eðlilegt markmið þegar horft er til þess að lagfæra í tekjuskattskerfinu.

Varðandi vegamálin í heild sinni held ég að rétt sé að koma því að í lok ræðu minnar, hæstv. forseti, að að ríkisstjórnin hefur iðulega á undanförnum árum bætt í í vegaframkvæmdum og fjárveitingum á kosningaári. Þetta sést vel þegar skoðuð er tafla yfir það hvernig fjárveitingar til fjárfestinga í samgöngubótum í vegakerfinu hafa legið í nokkur ár. Ef við skoðum þetta t.d. frá árinu 2001 sést að það hefur verið gefið í á árinu 2003 þegar rúmir 8,4 milljarðar voru settir í fjárfestingar til vega. Það var síðan dregið úr á seinni hluta þessa kjörtímabils niður í 6,7 milljarða árið 2005 og í 5,9 milljarða í fjárlögum ársins 2006 en síðan kom aukaaðgerð þar sem þetta var dregið niður í 4,85 milljarða. Það á hins vegar að gefa í á næsta ári og setja 10,4 milljarða í fjárfestingar í vegum.

Því ber auðvitað að fagna ef menn takast á við það mikla verkefni að lagfæra vegakerfið hér á landi. Við höfum lýst skoðunum okkar á því í Frjálslynda flokknum hvernig við teldum að takast ætti á við það að koma þjóðvegunum öllum í viðunandi horf, m.a. með aukinni áherslu á jarðgöng og þverun fjarða til að stytta leiðir. Það er hins vegar ekki mjög góður svipur á því þegar verið er að breyta framkvæmdaröð með þeim hætti sem ég hef vitnað til í fyrrnefndum tölum. Og þegar því er haldið fram að við séum að verja hlutfallslega miklu meira af ríkisútgjöldum í samgöngur en áður þá er hægt að fara með tölur um það líka. Það voru 4,4% á árinu 2003 en fór niður í 1,9% á árinu 2006 og fer síðan aftur upp í 2,9% á árinu 2007 samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Því er hins vegar óðruvísi farið ef skoðaðar eru fjárveitingar til utanríkismála og utanríkisþjónustunnar. Þar er stöðug aukning á fjármunum eða frá því að vera 5,7 milljarðar á verðlagi ársins 2005 árið 2001 og upp í að vera 9,4 milljarðar á næsta ári og aukningin er frá 2,2% og upp í 2,6%. Þar er greinilega verið að gefa í og við höfum svo sem fært fram athugasemdir við það. Tími minn er búinn, hæstv. forseti.

[14:06]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður gerði að umræðuefni frestun á útboðum hjá ríkinu á síðastliðnu sumri. Það var frestun á öllum útboðum ríkisins þó að sjálfsögðu væri það þannig að mest væri það í vegaframkvæmdum vegna þess að vegir eru jú það sem ríkið er fyrst og fremst að fjárfesta í.

Það var mjög vel heppnuð aðgerð eins og allir vita. Það var aðgerð sem sneri að því að breyta væntingum samfélagsins. Vegna þess að við vorum að fara út úr miklu þensluskeiði var nauðsynlegt að koma þeim skilaboðum fram. Það er ekki óþekkt meðal hagfræðinga að væntingarnar geta verið jafnstórar og sterkar og geta haft jafnmikla þýðingu eins og einhver hlutlægur hlutur. Vel þekkt. Svo þetta er ekkert einsdæmi.

Hv. þingmaður gerði að umræðuefni að þetta hefði komið niður á Vestfjörðum. Ég vil fullyrða, herra forseti, að þetta er ekki rétt. Þetta er alrangt. Þessar aðgerðir koma á engan hátt niður á vegagerð á Vestfjörðum. Það tafði ekki vegagerð á Vestfjörðum um eina einustu mínútu. Það tafði ekki lagningu vega um einn einasta sentímetra. Þetta er bara hugarburður. Það kom hvergi nálægt því að hafa áhrif á vegagerðina enda gæti hv. þingmaður ekki bent á neinn einasta vegarspotta sem varð fyrir töfum af þessum sökum.

[14:08]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Frestun framkvæmda var eingöngu til að slá á væntingar, mátti skilja af orðum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Hann heldur því fram í þessum ræðustól að frestun framkvæmdanna, útboða, hafi ekki haft nokkur áhrif á framkvæmdir, m.a. á Vestfjörðum.

Þetta held ég að sé alrangt, hæstv. forseti. Nærtækast væri að benda á þá vegalagningu sem fyrirhuguð var í Barðastrandarsýslu þar sem hefði verið hægt að halda áfram með veg út á Skálanes.

Því var líka lýst yfir af fulltrúum Vegagerðar á síðastliðnu vori að hægt hefði verið að bjóða út framkvæmdir í Djúpi innan hálfs mánaðar ef vel hefði verið að verki staðið. En eðlilega hættu menn náttúrlega að leggja mikla áherslu á þá vinnu þegar búið var að slá framkvæmdirnar af með frestun og vegagerðarmenn og þeir sem að unnu hafa sjálfsagt tekið sitt sex vikna sumarfrí. Þá geta menn auðvitað haldið því fram, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði hér áðan, að slík frestun hafi engin áhrif. Það er náttúrlega uppsetning sem menn geta borið á borð fyrir sjálfa sig og aðra. Við vitum það vel sem vorum á fundi hér snemma í vor, eða þegar þessar ákvarðanir lágu fyrir, hvaða upplýsingar okkur voru gefnar. Ég geri ekki ráð fyrir að það þurfi neitt að fara að halla máli í þeim efnum.

[14:10]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er eingöngu að fara með staðreyndir. Ég hef vitnisburð yfirmanns Vegagerðarinnar á Vestfjörðum um að þeir séu fullhertir af því að klára undirbúning í þessum mánuði svo þeir verði tilbúnir með þetta næstu mánaðamót. Ég hef bara vitnisburð þeirra. Hann liggur fyrir. Ég er ekki að halla neinu röngu máli. Ég er bara að segja það sem satt er og rétt.

Svo getur það verið annað mál hvort hv. þingmaður telur að það hafi átt að banna verkfræðingum að fara í sumarfrí. Ég get ekkert sagt um það. Það er ekki á mínum vegum frekar en hans. Þessi hlutir hafa gengið eins hratt fyrir sig eins og mögulegt hefur verið, þykist ég vita og er fullviss um. Um næstu mánaðamót er þetta tilbúið. Þá getum við farið í þetta á fullri ferð. Það liggur fyrir. Þetta er vitnisburður þeirra. Ég fer rétt með hann að öllu leyti, herra forseti.

[14:11]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við skulum ekki munnhöggvast mikið um þetta hér í ræðustól. Það er hægt að leiða þetta fram í rökræðu annars staðar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Ég held að við þingmenn sem sátum fundinn um frestun framkvæmda á Vestfjörðum snemmsumars getum örugglega borið um það hvar þar fór fram og hvaða upplýsingar þar voru gefnar.

Ég hef ekki heyrt það fyrr, hæstv. forseti, að það hafi staðið sérstaklega upp á vegagerðarmenn að klára sín verk til útboðs. Það er nýr vitnisburður fyrir mér.

[14:12]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og vænta mátti fór mikill tími hv. þm. Guðjóns Arnar Kristjánssonar í að ræða um vegamál í þessari fjárlagaumræðu. Ég vil aðeins af því tilefni geta þess að þegar ákvarðanir voru teknar um þær aðgerðir að fresta framkvæmdum gaf ég jafnframt í bréfi til Vegagerðarinnar fyrirmæli um að haldið yrði fullum fetum áfram við undirbúning framkvæmda sem eru á samgönguáætlun. Ég hef ekki aðrar fréttir um það en að svo hafi verið.

Engu að síður liggur það fyrir, sem kom fram raunar hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að vegna umfangsmeiri skipulagsvinnu, umfangsmeiri vinnu við umhverfismat og hönnun hefur í raun ekkert verk á Vestfjörðum frestast vegna þessara ákvarðana. Það bara liggur fyrir. Allt annað en það sem sagt hefur verið er rangt.

Í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar, sem væntanlega koma út í dag, er gerð grein fyrir því hvaða verk eru boðin út. Það eru aðeins boðin út þau verk sem eru tilbúin. Þar eru hinar réttu dagsetningar. Ég held því að ekki sé ástæða til þess að við þingmenn séum að karpa um það hér. Það er hægt að lesa um þetta í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar og fá síðan upplýsingar frá Vegagerðinni um þá framvindu alla.

En ég vil undirstrika að þessi aðgerð, að stöðva útboð, bar árangur. Hún sló á þenslu. Hún sló á væntingar. Aðilar á vinnumarkaði, sveitarfélög tóku mikið mark á þessari ákveðnu aðgerð, þessum skýru skilaboðum ríkisstjórnarinnar um að við ætlum að ná tökum á verðbólgunni. Það var markmiðið *(Forseti hringir.)* og það hefur náðst.

[14:14]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri nú ekki við því að sú ræða sem okkur þingmönnum var afhent í trúnaði á laugardagskvöld, ræða hæstv. forsætisráðherra, þar sem þau tíðindi birtust að búið væri að slá þessa frestun af, að hún hafi legið fyrir hjá Vegagerðinni til að birtast í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar. Þess vegna er nú varla við því að búast að Vegagerðin hafi getað gefið út fréttabréf um þau fyrirmæli. Þau voru alla vega afhent okkur í trúnaði.

Ef það er skoðun hæstv. samgönguráðherra að þessi 90 daga frestun, m.a. framkvæmda á svæðum þar sem engin þensla var, hafi haft svo mikil áhrif að náðst hafi niður þenslan hér á landi hennar vegna — er ég þá að gera að umræðuefni þær framkvæmdir sem menn bundu vonir við, bæði á Vestfjörðum og á norðausturhorninu — þá finnst mér að upp sé komin sú staða að ríkisstjórnin geti í raun og veru farið að flytja út nýja þekkingu. Nýja þekkingu um það hvernig á að slá niður verðbólgu og verðbólguvæntingar með einhverri 90 daga áætlun sem ég hef nú kallað Haarde-áætlunina.

Ég hef ekki heyrt þessa framsetningu áður og það verður fróðlegt, hæstv. forseti, þegar hagfræðingarnir fara að skoða þetta fyrirbæri sem hér hefur skilað svona markverðum árangri að mati ríkisstjórnarinnar og kynna það. Það verður fróðlegt þegar menn fara að útskýra hvernig þessi einstaka aðgerð hafði þau áhrif sem ráðherrarnir hafa verið að halda fram. Ég er ekki tilbúinn að leggja trúnað á það.

[14:16]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Til að forðast allan misskilning þá liggur það fyrir að ríkisstjórnin tók ákvörðun um það sl. þriðjudag að aflétta svokölluðu útboðsbanni og strax í kjölfar þeirrar ákvörðunar gerði ég stofnunum samgönguráðuneytisins grein fyrir því. Þar með og um leið var hafin vinna við að undirbúa það að koma þeim verkum sem fært var af stað og í útboð og gera grein fyrir þeim tímasetningum sem mögulegt væri að miða við í þeim efnum. Þannig að það er allt á eðlilegu róli.

[14:17]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur svo sem verið komið ágætlega inn á þátt samgöngumála í aðgerðum ríkisstjórnarinnar nú fyrr í sumar sem átti að vera skilaboð um það að við viljum ná stjórn á efnahagsmálum og stöðugleikanum hér í samfélaginu. Það hefur komið í ljós að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa borið árangur. Það voru fleiri ákvarðanir sem teknar voru, m.a. gagnvart Íbúðalánasjóði, um lækkun á hámarksláni og lánshlutfalli, þannig að það voru margþættar ákvarðanir sem ríkisstjórnin tók í sumar. Því miður brást stjórnarandstaðan þá hart við þeirri viðleitni ríkisstjórnarinnar að slá á þenslu í samfélaginu, að lækka verðbólguna. Stjórnarandstaðan fór ekki í þá vegferð með ríkisstjórninni en nú eru ýmis merki þess að við séum að ná tökum á verðbólgunni enn á ný. Við munum halda áfram í aðhaldi. Í fjárlögum ársins 2007 er gert ráð fyrir 11 milljarða kr. aðhaldi í fjárfestingum. Ég hef ekki trú á því að stjórnarandstaðan fylgi ríkisstjórninni í þeim efnum enda eru það trúlega misvinsælar ákvarðanir sem ríkisstjórnin er að taka í þeim efnum.

En aðalatriðið er að ríkisstjórnin vill standa vörð um stöðugleikann og því miður hefur stjórnarandstaðan ekki komið með trúverðugar ábendingar eða tillögur í þeim efnum að slá á verðbólguna. Ég vil beina því til hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar og stjórnarandstöðunnar, þar sem samhent stjórnarandstaða boðaði að hún mundi standa sameiginlega að mörgum málum í haust, að hún standi sameiginlega að tillögugerð fyrir fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2007, ekki eins og við síðustu fjárlög þar sem tillögurnar voru út og suður. Vinstri grænir vildu stórefla útgjöld ríkissjóðs og Samfylkingin kom með merkingarlausar tillögur. Ekki meira í bili.

[14:19]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var sagt úr ræðustóli rétt áðan að stjórnarandstaðan hefði brugðist hart við. Nú get ég ekki tekið að mér, hæstv. forseti, að svara fyrir alla stjórnarandstöðuna varðandi viðbrögðin í vor. Ég get þar af leiðandi ekki borið um það nákvæmlega hvernig stjórnarandstaðan í heild brást við. Ég veit hvernig við í Frjálslynda flokknum brugðumst við. Við töldum að það væri óráð að fara í þessa frestun framkvæmda á landsvæðum þar sem þörfin væri hvað mest fyrir að halda áfram vegaframkvæmdum, þar sem lægi á að komast upp úr drullunni, þar sem lægi á að gera vegina akfæra, ekki bara yfir hásumartímann heldur einnig vor og haust — sem þeir eru iðulega ekki.

Við í Frjálslynda flokknum töldum að það hefði átt að bregðast við með því að beina þessum aðgerðum sérstaklega að þeim svæðum þar sem þenslan var og bentum á það. Það er því rangt, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, að við í Frjálslynda flokknum höfum lagst alfarið gegn öllum aðgerðum í þessa veru. Það er rangt. Við bentum hins vegar á að það væri ekki rétt að snúa virku aðgerðunum beint að svæðum þar sem engin þensla er mælanleg — um það vitna ályktanir íbúasamtaka, bæjarstjórna og bæjarstjóra, landshlutasamtaka, fólks úr öllum stjórnmálaflokkum, hv. þingmenn, fólks úr öllum stjórnmálaflokkum. Það vöruðu allir við því hvað þetta þýddi við ákveðnar aðstæður.

[14:21]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ljóst miðað við viðbrögð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar að ég á ekki von á því að stjórnarandstaðan muni standa sameiginlega að tillögugerð fyrir fjárlög fyrir árið 2007. Ég hefði nú haldið að það væri eitt af meginhlutverkum nýrrar samhentrar stjórnarandstöðu að standa sameiginlega að slíkum málum. Það var mjög erfitt að hafa tök á því að fylgjast með umræðunni í fyrra til að mynda þegar stjórnarandstaðan kom með tillögur sem vísuðu út og suður hvað fjárlagagerðina varðar. Ég vil benda á það í þessari umræðu — af því að það er greinilega markmið stjórnarandstöðunnar að halda því fram að hér hafi mikil hægri stjórn verið að störfum síðustu ár, sem hafi vegið að velferðarkerfinu — að staðreyndin er sú að við erum að verja hlutfallslega meiru af þjóðartekjum í sam-

neyslu en í einkaneyslu heldur en árið 1995. Ef eitthvað er þá höfum við farið til vinstri í þeim málaflokkum.

[14:23]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að leggja mat á það hvort Birkir Jón Jónsson er að keyra til hægri eða vinstri að því er hann álítur varðandi verk ríkisstjórnarinnar. Hitt veit ég að samtök aldraða, samtök öryrkja og samtök launamanna hafa knúið ríkisstjórna til að breyta stefnu sinni. Það hefur verið gert með ýmsum aðferðum, viðræðum, sameiginlegu nefndarstarfi, beinum aðgerðum, hótunum og málaferlum. Sem betur fer hafa þessi samtök náð einhverjum árangri að sveigja ríkisstjórnina af sinni alhörðustu stefnu. Það breytir ekki því að mikið verk þarf að vinna. Það er þess vegna sem við í stjórnarandstöðunni höfum lagt í sameiginlegan málatilbúnað varðandi velferðarmálin og að sjálfsögðu munum við skoða fjárveitingar til þess málaflokks.

[14:24]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér fjárlagafrumvarp fyrir árið 2007. Það er eins og gengur að þessari umræðu hættir til að fara út um víðan völl alltaf svona í upphafi. Það er ekkert við því að segja að menn taki svolitlar rispur um fjármál, skattamál og almenn efnahagsmál í leiðinni. En fyrst, virðulegi forseti, nokkur orð um fjárlagafrumvarpið.

Með fjárlagafrumvarpinu, sem er sérstakt frumvarp og öðruvísi en öll önnur frumvörp, komum við inn á eina meginskyldu og meginréttindi þingsins, þ.e. að ráða sköttum og ráðstöfun þeirra. Það er grundvallaratriði að löggjafinn hafi það vald, að ráðstafa sköttum og leggja á skatta. Þetta er hlutur sem löggjafinn hér á Íslandi og annars staðar í Evrópu mundi aldrei gefa eftir. Það er mjög nauðsynlegt að menn átti sig á því að þessu er ekki til að dreifa. Þetta hefur Alþingi haft alveg frá því að stjórnarskráin var sett 1874, kom mestmegnis frá dönsku grunnlögunum eða grundvallarlögunum frá 1866 og þaðan frá frönsku stjórnarbyltingunni eins og allir vita.

Það er athyglisvert að fara yfir það hvað okkar mestu stjórnspekingar í gegnum árin hafa rætt í þessu sambandi. Það er rétt að rifja það aðeins upp. Miklir forustumenn í stjórnmálum, eins og t.d. Bjarni heitinn Benediktsson og Ólafur heitinn Jóhannesson, voru ekki eingöngu forustumenn í stjórnmálum heldur líka fræðimenn. Eftir þá er kannski til eitthvað það gleggsta sem um stjórnsýsluna hefur verið skrifað. Þessir menn voru miklir stjórnarsinnar að því leyti að þeir voru foringjar stjórnmálaflokka, þeir voru forsætisráðherrar og höfðu þess vegna reynslu. Þeir störfuðu sem slíkir, stjórnuðu hópnum, stjórnuðu liðinu sem var við völd hverju sinni. Eigi að síður kemur það mjög glöggt og mjög skýrt fram í ritum þeirra beggja að það sé eitt sem Alþingi megi ekki gleyma þrátt fyrir að menn sem styðja ríkisstjórnina séu í sama liði og ráðherrarnir — þeir megi ekki gleyma þeirri grundvallarskyldu sinni sem er eftirlitsskylda þingsins gagnvart því hvernig farið er með fjármuni og skatta borgaranna. Það er nauðsynlegt að taka þetta fram vegna þess að hér áðan var hrópað til mín af hv. þm. Einari Má að stjórnarsinnar mættu ekki alla tíð vera einhverjir stimplar fyrir ríkisstjórnina. Stjórnarmenn eru ekki að stimpla fyrir ríkisstjórnina. Stjórnarmenn hafa á hverjum tíma burt séð frá því hver er við völd skyldur, miklar skyldur við Alþingi.

En stjórnarandstaðan hefur líka skyldur, mjög miklar skyldur. Henni leyfist ekki eins og hún gerir oft með fjárlagafrumvarpið að tala um það út og suður. Henni leyfist það ekki, stjórnarandstaðan hefur hér miklar skyldur. Henni ber að ræða þetta hlutlægt og taka ábyrga afstöðu sem oft skortir á. Ég segi þetta vegna þess að það er nauðsynlegt að stjórn og stjórnarandstaða séu samhent ef menn sjá að framkvæmdarvaldið er að fara fram hjá lögum, réttum lögum sem eru náttúrlega þá fyrst og fremst fjárreiðulögin um meðferð peninga. Þetta vildi ég sagt hafa í upphafi þannig að þetta sé skýrt, virðulegi forseti.

Það er hins vegar athyglisvert með það frumvarp sem hér liggur fyrir að það er fyrst og fremst að tvennu leyti sem það sker sig úr. Það sker sig úr langtímaáætluninni sem við höfum gert og reynt að fylgja af mikilli kostgæfni og talið grundvallaratriði.

Í fyrsta lagi höfum við ætlað okkur í langtímaáætluninni að halda tilfærslufjárlögunum innan við 2,5% raungildi milli ára. Við höfum gert það um þó nokkurt skeið. Þetta frumvarp fyrir árið 2007 sker sig úr. Hér er gert ráð fyrir að tilfærslufjárlögin séu miklu hærri, allt að 10%. Vegna hvers er það? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur samið um það og gert um það samkomulag að við ættum að hækka umtalsvert fyrst og fremst greiðslur til almannatrygginga, greiðslu sem nemur í fjárlagafrumvarpinu 5.700 millj. Við höfum líka samið um það að við ætlum að auka verulega barnabætur og nokkrar aðrar greiðslur sem þar eru. Þetta er sem sagt árið 2007 sem mun þá skera sig úr að því leyti, það er árið þegar framlög til almannatrygginga sem hækkuðu að raungildi meira en við höfum gert áður á Íslandi.

Ég á ekki von á því að þetta valdi neinni gagnrýni frá stjórnarandstöðunni. Ég held að hún hljóti að standa með ríkisstjórninni og fagna því sem gert hefur verið miðað við það sem hún hefur sagt áður um vilja sinn í þeim efnum.

Hitt frávikið í þessu frumvarpi er frávikið gagnvart tekjum. Í langtímaáætlun höfum við gert ráð fyrir því að árið 2007 yrði halli á ríkissjóði, það væri eðlilegt að halli væri á ríkissjóði eftir svo mikið þensluskeið. Í þessu frumvarpi er þetta framreiknað í þjóðhagsmódelinu gamla og við gerum ráð fyrir að ekki verði halli heldur verulegur afgangur. Um þetta má deila. Við sjáum að stóru bankarnir þrír sem eru með sínar greiningardeildir hafa líka komið með þjóðhagsspár og eins fjármálaráðuneytið. Það eru töluverð frávik sums staðar þó það sé mikill samhljómur í þeim spám.

Ég ætla að segja það hér að ég tel þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins mjög svartsýna. Ég tel það svartsýni að ganga út frá því að viðskiptahallinn muni halda áfram í svo miklum mæli á næsta ári eins og þar er gert ráð fyrir. Þeir eru að gera ráð fyrir viðskiptahalla upp á 10,7% miðað við verga landsframleiðslu.

Ég hef sagt það áður og sagði það við afgreiðslu fjárlaga hér í fyrra að sannarlega gerði ég mér vonir til þess að þetta þjóðfélag næði fyrr jafnvægi og yrði fyrr heilbrigt þannig að viðskiptahallinn mundi fljótlega hverfa, það væri mjög nauðsynlegt því þessi mikli viðskiptahalli er jú okkar stóri

efnahagsvandi, þ.e. að fólk og fyrirtæki skuli skuldsetja sig í þeim mæli sem hefur verið á undanförnum missirum og árum. Okkur er mikil nauðsyn á að komast út úr því ferli. Því fyrr því betra.

Að sjálfsögðu er það rétt að það gæti haft einhver áhrif á tekjur ríkisins. Kannski mundu þær minnka ef þetta gengi hraðar fyrir sig. En ég tel það ekki vandann. Ég tel það alls ekki vandamál. Íslenska ríkið stendur betur en flest ef ekki öll ríki í Vestur-Evrópu. Það hefur gengið ákaflega vel að koma okkur út úr þeim stanslausu vandræðum sem íslenska ríkið var í hér áður fyrr fyrir um 15–20 árum. Þar sem allt var undir brot og slit og við vorum skuldugir upp fyrir haus. Ef við miðum við árin 1990, 1991, 1992, 1993 og miðum við þau, ef við værum í sömu klípunni nú og þá væru sjálfsagt skuldir ríkisins eitthvað í kringum 250 til 270 milljarðar. En núna eru þær nánast orðnar engar. Þetta er sá árangur sem við höfum náð.

Ég hef engar áhyggjur af því þótt tekjur ríkisins undir þessum kringumstæðum minnki. Ég tel það bara gott, mjög gott. Aðalatriðið er að efnahagslífið sjálft nái jafnvægi. Það er hið stóra atriði sem við þurfum svo mjög á að halda.

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að fara yfir hvað raunverulega hefur verið að gerast á Íslandi að undanförnu. Það er eins og hv. þingmenn, talsmenn stjórnarandstöðunnar, hafi bara alls ekki tekið eftir því eða áttað sig á því að á rúmlega tíu árum hefur landsframleiðslan íslenska vaxið um 60%, þ.e. svo menn skilji það nú betur: Kakan er 60% stærri en hún var. Það er miklu meira til skiptanna. Það er þetta sem hefur gerst. Það er þetta sem gerir okkur kleift að vera hér með mikla velferðarstjórn, mjög mikla velferðarstjórn, einhverja þá mestu sem til er í heiminum og vera samt með hallalaus fjárlög, vera samt búin að borga niður þær skuldir sem við vorum með. Ríki sem stendur að því að taka að láni peninga til að halda uppi rekstrinum frá ári til árs eins og hér var landlægt, það ríki var að stela lífskjörum af komandi kynslóðum og hinum óbornu. Það var að stela lífskjörum.

Á síðustu 15 árum hefur þetta verið leiðrétt. Þessar skuldir hafa verið borgaðar, borgaðar upp í topp. Við höfum notið ákveðinnar skattastefnu sem menn eru hér alltaf að mótmæla. Fyrir liggur að það var vitandi vits og með fullu samþykki og fullri samstöðu að við keyrðum hér skattastefnu sem var þannig og er þannig að við ætluðum að nota uppsveifluna í þjóðfélaginu til þess að bæta kjör ríkisins. Við höfum gert það. Ég tel það vera rétt að nota uppsveifluna til að bæta stöðu ríkisins.

Ætlar nokkur að mótmæla þessu? Hvað ef við hefðum ekki gert þetta? Hvernig væri ríkið þá í stakk búið til að mæta því ef einhvern tímann, sem sannarlega verður hér eins og annars staðar, verða erfiðari tímar? Við erum einmitt tilbúnir til að mæta erfiðari tímum vegna þess að ríkið er svo gott sem skuldlaust Þetta er það sem gerst hefur. Hvaða aðferðir höfum við notað til að ná þessum árangri? Á tíunda áratug síðustu aldar stóð ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokksins, fyrst í fjögur ár, og síðan ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í önnur fjögur ár, að því að umbreyta allri viðskiptalöggjöf Íslands frá a til ö, um 80 meginlöggjöfum. Það hefur borið árangur. Þetta hefur nefnilega borið þann glæsilegan árangur að hér er frjálst efnahagslíf. Hér er frjáls verðmyndun. Hér er frjáls innflutningur. Hér er frjálst að fjárfesta og árangurinn hefur ekki staðið á sér. Hann er glæsilegur. Hann er betri og meiri en í nokkru öðru Evrópuríki. Eitt ríki er kannski fast á hælunum á okkur, Írland. Þeim hefur tekist að standa ákaflega vel og farsællega að sínum málum. Þetta er það sem hefur gerst og við skulum þakka fyrir það. Við skulum vera ánægð yfir að svo vel hafi tekist til.

Það er kannski erfitt undir þessum kringumstæðum að vera í stjórnarandstöðu. Það er kannski erfitt að sitja hér árum og áratugum saman með sama gamla krata/kommakjaftæðið um að hér sé allt að fara úr böndunum, að hér sé hið mesta óréttlæti og níðingsverk unnin næstum daglega. (Gripið fram í.) Hvergi nokkurs staðar hefur tekist að bæta kjör fólks meira.

Í áætlunum fyrir þetta ár er gert ráð fyrir því — og ég geng út frá því að það gangi eftir því það er mjög í takt við það sem hefur verið að gerast á undanförnum árum — ráðstöfunartekjur einstaklinganna eru að vaxa um 5,7%. Ég bið menn að muna þessa tölu. Hún er bara mjög merkileg þessi tala, 5,7%. Það er það sem ráðstöfunartekjur einstaklinganna eru að vaxa á þessu eina ári. Því bið ég ykkur um það vegna þess að menn hafa á undanförnum dögum, vikum og mánuðum rætt mikið um matarverð á Íslandi, að það sé hin herfilegasta staða sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir, þ.e. matarverð á Íslandi. (**Gripið fram í:** Það er dýrt.)

Hvað skyldu nú íslensk matvæli vera í vísitölunni, í neysluvísitölu Íslands eins og hún er í dag? Hvað skyldi það vera? Jú, virðulegi forseti. Það er nefnilega akkúrat 5,7%. Það þýðir, virðulegi forseti, að ef Íslendingum væru gefin öll innlend matvæli og þyrftu ekki að borga fyrir þau þá mundu kjör þeirra batna um 5,7%. Það er mjög nauðsynlegt að menn átti sig á því hvaða herjans vitleysu og hvers konar blekkingar menn hafa uppi þegar þeir halda því fram að íslenskir bændur og íslenskur landbúnaður sé sá myllusteinn sem er að draga niður kjör Íslendinga. Þetta er herfileg meðferð á staðreyndum. (Gripið fram í.) Íslenskur landbúnaður hefur á undanförnum árum ekki síður en aðrir íslenskir atvinnuvegir sýnt gríðarlega framleiðni, (**Gripið fram í:** Góður.) gríðarlega framleiðni. Hann hefur fullkomlega staðið sig á við allar aðrar atvinnugreinar. (**Gripið fram í:** Hvað er þá að?)

Við erum að verja hins vegar heilmiklum peningum til að verja þennan atvinnuveg. Við erum að verja í beinar greiðslur til hans í þessu fjárlagafrumvarpi — og rétt að taka það fram — 8 þúsund og 500 milljónum, 8,5 milljörðum. Því gerir frumvarpið ráð fyrir. 8,5 milljarðar. Sú er talan. Það er að vísu heilmikil tala. Það er alveg rétt. En ef við miðum við hvernig þetta var fyrir 20 árum þá hefur þetta minnkað gríðarlega mikið. Þetta er ekki helmingurinn af því, hvorki að raungildi né sem hlutfall af landsframleiðslu eða útgjöldum ríkisins. Við höfum minnkað stuðninginn við landbúnaðinn verulega. Það er alveg rétt og það er alveg sjálfsagt að gera þær kröfur til landbúnaðarins að hann sýni hagræðingu og að hann nái árangri. Auðvitað er í þessum samningum sem við erum með við landbúnaðinn gert ráð fyrir að hann fari minnkandi að raungildi. Það er bara rétt krafa og landbúnaðurinn hefur orðið við því og orðið sammála um það. En að íslenskur landbúnaður sé það sem

haldi niðri kjörum Íslendinga og þess vegna eigi að hætta þeirri landbúnaðarstefnu sem við höfum svo farsællega rekið hér og henda þessu öllu út um gluggann ... (**RG:** Hver vill það?) Það hefur komið fram í ræðum m.a., virðulegi forseti, hjá konu sem er formaður flokks sem heitir Samfylkingin þar sem hún hefur lagt til að í stað þess að vera með þessa peninga bundna við framleiðsluna og framleiðslubinda styrki við landbúnaðinn þá væri rétt að taka þá og dreifa þeim milli bænda og hafa þá ekki bundna við framleiðsluna heldur ætti að borga mönnum í sveitum, ég held kannski, helst fyrir að horfa á naflann á sér eða góna upp í tunglið. Það er rangt. Þannig yrði íslenskur landbúnaður rústaður. Þess vegna hafa nokkrir hagfræðingar gert að gamni sínu að reikna það út að það borgaði sig ef Íslendingar stunduðu ekki landbúnað. Það er alveg réttur reikningur hjá þeim. Þeir kunna alveg að leggja saman og draga frá og þeir kunna líka litlu margföldunartöfluna og þeir sem helst hafa haft sig frammi í þessu eru mjög greindir menn og þekking þeirra er mikil.

En það sem þeir nota ekki og setja ekki í sína reikninga er að það hefur óendanlega þýðingu fyrir hvert land að það sé byggt, að þar sé byggð. Ef við byggjum ekki Ísland þá eigum við ekki hér heima lengur. Þá erum við ekki Íslendingar. Sérhvert einasta iðnríki í vesturálfu ver sinn landbúnað eins og það frekast getur. Það gerum við líka og við erum í hópi þeirra sem styðja landbúnað hvað mest. Hvaða ríki skyldu það nú vera? Það er Japan, það er Sviss, það er Noregur og það er Ísland. Þetta er toppurinn. Og hvað eiga þessi ríki sameiginlegt? Jú, þetta eru hinar ríku þjóðir sem hefur tekist mjög vel til í sínum efnahagsmálum. Þeir eru að verja landbúnaðinn sinn vegna þess að ef við tökum þetta út úr og segjum engin verðmæti felist í að byggja eitt land, engin, þá erum við að deyða okkur sjálf. Það er fórnarkostnaður við íslenskan landbúnað sem við eigum að þora að verja og standa vörð um. (Gripið fram í.) Það er grundvallaratriði. Þetta er ekki stór upphæð. Hún á kannski að fara minnkandi á komandi árum. Það er sjálfsagt að breyta tollum og vörugjöldum á komandi árum. (Gripið fram í.) Það er sjálfsagt að gera það. En við verðum að gera það þannig að við séum ekki að brjóta niður atvinnuvegina á landsbyggðinni eins og tillögurnar hafa verið um (Gripið fram í.) því úrvinnsla landbúnaðarafurða er ekkert síður hluti af byggð landsins heldur en sjálfur landbúnaðurinn.

Ég vildi sagt hafa þetta, virðulegi forseti, vegna þess að þessi umræða hér á undanförnum vikum (Gripið fram í.) og missirum hefur algjörlega gengið fram af mér vegna þess þekkingarleysis og heimsku sem hefur fylgt henni. (**Gripið fram í:** ... bara ekki beint inn úr fjöllunum.) Það er þannig, virðulegi forseti, varðandi þau verðmæti, menningarlegu verðmæti, félagslegu verðmæti sem í því eru fólgin að byggja þetta land, að það tap sem við yrðum fyrir ef við hættum þessu væri margfalt fyrir ríkissjóð Íslands miðað við þá 8,7 milljarða sem við eyðum til að borga í beinar greiðslur til bænda, margfalt. Hélt ég þó, virðulegi forseti, að flestir væru sammála um að félagsleg vandræði á Íslandi væru næg fyrir og að við ættum nóg með það sem við þurfum að glíma við, öll þau vandræði, þó við færum ekki að margfalda þau með slíkum heimskupörum.

[14:44]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson verð ég nú að segja að sé með þeim vaskari sem koma í ræðustól og er hann um margt glöggur þó við séum ekki sammála í öllu.

Það er eitt sem ég vil fyrst segja. Í andsvari við hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson heyrði ég hv. þingmann segja að frestunin á vegaframkvæmdum á Vestfjörðum hefði verið nauðsynleg til að slá á væntingar. Hann var að vísa til fjármálamarkaðarins og annars sem hefur áhrif á hann vegna þenslunnar. En var þetta rétt leið? Þarna var líka verið að slá á væntingar fólks á Vestfjörðum og Norðausturlandi sem hefur þurft að búa við það að meintar eða fyrirhugaðar vegaframkvæmdir sem þeim hefur oft verið lofað hafa verið skornar niður aftur og aftur. Svo þegar von er um að hægt sé að standa í ístaðinu og fylgja því eftir þá er þeim frestað þrátt fyrir það sem hv. þingmaður segir og ég vona að sé rétt, að þegar upp verði staðið komi þetta ekki til með að tefja lokatímasetningu verksins.

En þessar væntingar sem hv. þingmaður vísaði til voru nú bara sirka skitnar 1.300 millj. kr. í þúsund milljarða dæmi þjóðarbúskaparins. Átti þá endilega að velja þetta fólk til að slá á væntingarnar hjá? (**Gripið fram í:** ... skemmt sér rosalega vel.)

Hins vegar fékk allt að ganga hér. Framkvæmdum við álverksmiðjuna á Grundartanga var flýtt. Framkvæmdum við Hellisheiðarvirkjun var flýtt. En þar voru hinar háu upphæðir. Hefði nú ekki mátt fresta þar um 1–2 milljarða (Forseti hringir.) í staðinn fyrir að slá á væntingar Vestfirðinga? (Forseti hringir.)

[14:46]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var búinn að svara þessu. Við vorum búnir að ræða þetta hér áðan, ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Ég var búinn að gera grein fyrir því. Ég var búinn að fullyrða það og ætla að fullyrða það aftur því það liggur fyrir eftir yfirmanni Vegagerðarinnar á Vestfjörðum að þetta hafði engin áhrif. Þetta seinkaði vegaframkvæmdunum á Vestfjörðum ekki um eina mínútu. Það er bara ósatt ef menn halda slíku fram. Það tafði ekki vegagerðina um einn einasta sentimetra. Þetta er bara tilbúningur. Það hafði engin áhrif. Við munum koma þessu öllu í gagnið núna um næstu mánaðamót. Það lá fyrir að við gætum það ekki.

Það hefur verið mjög mikið álag á verkfræðiskrifstofur Íslands á undanförnum árum, allt of mikið álag. Svo mikið að Vegagerðin hefur ekki komið því við að nota þá peninga sem hún á. Vonandi verður mikil breyting hér á þegar dregur úr þeim ofhita sem sannarlega hefur verið í þjóðfélaginu. Við þurfum mjög á vegagerð að halda. Við erum einmitt með hinu sterka ríkisvaldi og hinni sterku stöðu þess að gera það kleift að fara með miklu meiri peninga á undanförnum árum og á næstu árum í vegagerð en nokkurn tíma áður í sögu lýðveldisins. Við erum með yfir 10 milljarða til þessara hluta og það mun frekar standa á verklegum undirbúningi en peningum. Það liggur fyrir.

Við höfum því miður búið hér til reglur um umhverfismat sem tefja þetta mjög mikið. Mjög þvældar og vitlausar reglur sem við höfum látið þvæla okkur í að samþykkja,

illu heilli. Það eru þær sem tefja okkur. Ekki peningar.

[14:48]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get ekki annað en bara áréttað að þessar sálrænu aðgerðir gagnvart fólkinu á Vestfjörðum og Norðausturlandi voru afar ósanngjarnar. Að láta þetta fólk taka á sig einhverjar meintar aðgerðir til að slá á verðbólgu upp á annan milljarð kr. í þúsund milljarða dæmi.

En víkjum aftur að fjármálum ríkisins. Reyndar tel ég rangt að horfa afmarkað eins og gert er á fjármál ríkisins þegar verið er að líta til efnahagsstjórnunarinnar. Ég tel að það eigi að horfa, ekki aðeins til fjármála ríkisins, heldur einnig til fjármála sveitarfélaga og fyrirtækja og þjónustustofnana á þeirra vegum. Því hvar á þenslan sér stað núna? Hún á sér ekki stað í framkvæmdum á vegum ríkisins. Framkvæmdir á vegum ríkisins eru í algeru lágmarki. Þær hafa sjaldan eða aldrei verið minni.

Hún á sér stað í fyrirtækjum sem opinberir aðilar eiga, Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur. Hvers vegna eru ekki þessir aðilar teknir inn í heildardæmið þegar verið er að líta á efnahags- og fjármálastjórn hins opinbera í heild? Því þetta eru opinberar stofnanir þótt þær lúti stjórn. Þarna tel ég að veikleikinn hafi verið stærstur.

Hvað segir þingmaðurinn um viðskiptahallann sem við áttum og eigum við að stríða í ár? 80 milljörðum kr. meira en búist var við og langt umfram það sem er ásættanlegt og er reyndar stórhættulegt.

Hvað segir þingmaðurinn hv. Einar Oddur Kristjánsson um framhald á stóriðjuframkvæmdinni? Það eru gefnar væntingar um nýjar stóriðjuframkvæmdir á árinu 2007, 2008 og 2009. Hvaða áhrif mun það þá hafa á (Forseti hringir.) viðskiptajöfnuð, vexti, þenslu og atvinnulíf í landinu, frú forseti?

[14:51]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Undarlegur maður hv. þm. Jón Bjarnason. Ég er búinn að segja honum hér þrisvar sinnum að þetta séu ósannindi. Ég hef vitnisburð allra um að þetta hefur ekki tafið vegagerð á Vestfjörðum um eina mínútu. Samt heldur hann áfram eins og það komi honum ekkert við og ítrekar aftur sömu ósannindin.

Varðandi viðskiptahallann þá hefur enginn, að ég ætla, rætt hann af meiri hreinskilni hér á Alþingi á undanförnum árum en ég. Ég hef varað við að búa til kaupmátt á Íslandi. Kaupmátt með hækkun gengisins, kaupmátt sem ætti sér ekki forsendur í iðnmætti Íslands. Það væri rangur kaupmáttur. Það yrði enginn fyrir því annar en launþeginn. Ég hef farið yfir það árum saman þannig að hv. þingmaður veit alveg um afstöðu mína til þess.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti. Það hefur ekki verið gert í 20 ár bráðum, eða 18, að setja inn í þjóðhagsáætlanir samninga sem ekki er búið að gera. Það er bara ekki gert. 1989 var beitt pólitískum þrýstingi á Þjóðhagsstofnun og hún knúin til að setja inn í áætlunina fyrir árið 1990 álver á Keilisnesi. Það var rifjað hér upp í fyrradag svona mönnum til skemmtunar hver það var sem var samgönguráðherra í þeirri ágætu vinstri stjórn sem þá sat.

Og hvað varð nú um þetta, væntingarnar varðandi Keilisnes? Það reyndist bara vera bull og vitleysa þó að menn vildu nú gjarnan taka einhvern hund að austan, hund frá Eyjabökkum sem átti að leiða rafmagnið að austan yfir á Reykjanes til að byggja þar álver. (Forseti hringir.) Það eru allir búnir að gleyma þessu. Það er rétt að rifja það upp.

[14:53]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyrði að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fjallaði um eftirlitshlutverk fjárlaganefndar og var greinilega ekki kátur með að ég hefði nefnt að því miður starfaði meiri hluti fjárlaganefndar oft eins og stimpill gagnvart verkum ríkisstjórnarinnar. Gleymdi þar af leiðandi eftirlitshlutverki sínu og því mikilvæga hlutverki að kanna hluti til þrautar varðandi það hvort þeir væru réttir eða rangir.

Því miður, frú forseti, þá verð ég að endurtaka þetta. Það hefur allt of oft gerst í meðförum fjárlagafrumvarps í fjárlaganefnd að meiri hlutinn hafi virkað eins og stimpill. Hvers vegna veit ég ekki. En væntanlega vegna þess að það eru tekin fyrir mál í þingflokkum sem menn verða síðan að hlíta fyrirmælum um í nefndum.

Það hefur á stundum komið fyrir að við í minni hlutanum höfum talið að meiri hlutinn væri sammála okkur um ákveðna hluti sem þyrfti að breyta og bæta. En fyrirmæli, eins og við upplifum þau, hafa komið frá ríkisstjórn um annað og þá hefur meiri hlutinn virkað eins og stimpill í okkar augum.

Nú getur vel verið að upplifun okkar sé ekki sú sama og upplifun þeirra sem í meiri hlutanum sitja. Þeir hafa þá auðvitað fullan rétt á því að reyna að skýra það fyrir okkur að þetta sé með einhverjum öðrum hætti.

Ég get hins vegar fullyrt það við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson að ég lít mjög alvarlegum augum, líkt og hv. þingmaður gerir einnig, á eftirlitshlutverk fjárlaganefndar. Mér finnst ekki síður mikilvægt að fjárlaganefndin vandi til verka þegar við erum að ganga frá fjárlögum. Sú vinna er ekki síður mikilvæg en að fylgjast með því að eftir fjárlögunum sé farið.

[14:55]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í öllum meginatriðum er ég sammála hv. þingmanni. Það ríður á á hverjum tíma að þingið sem heild geri sér grein fyrir skyldum sínum eftir megni. Þess vegna hóf ég ræðu mína hér áðan með því að vitna í tvo einhverja virtustu fræðimenn sem við eigum á vegum stjórnsýslu einmitt um þetta. Þó menn séu í liði, stjórnarþingmenn séu í liði með ríkisstjórninni og stjórnarandstaðan sé bara á móti ríkisstjórninni, þá gildir það samt á hverjum tíma að menn verði að átta sig á að samkvæmt lögum og reglum skulu menn vinna.

Það eru fjárreiðulögin. Það var mjög mikil framför þegar fjárreiðulögin síðustu voru sett. Þannig að við séum með þetta alveg á hreinu. Við höfum oft komið inn á ýmsa hluti varðandi þetta í starfi okkar í fjárlaganefnd á undanförnum árum. Hluti um það hvernig við gerum þetta og okkur hefur verið starsýnt á suma hluti. Við höfum m.a. annars verið

sammála um það, bæði stjórn og stjórnarandstaða, að það þurfi að skoða ákaflega vel á komandi árum hvernig menn eru farnir að nota t.d. 6. greinar heimildina.

Ég á eftir að halda hér aðra ræðu og af ástæðum sem liggja nú fyrir fór ég ekki efnislega ofan í þetta frumvarp í fyrstu ræðu minni. Ég mun koma að nokkrum efnisþáttum varðandi framkvæmd þessa hlutar hér seinna í dag vegna þess að það er mjög nauðsynlegt að skerpa skilning manna á því hvernig ber að gera þetta og minna á hvernig fyrirmælin eru nákvæmlega í fjárreiðulögunum.

[14:57]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram eins og mig grunaði. Að við værum út af fyrir sig sammála um mikilvægi fjárreiðulaganna. Bara af því tilefni vil ég minna á að því miður hefur það æðioft gerst að eftir fjárreiðulögunum hefur ekki verið farið m.a. varðandi það að ríkisstjórn tilkynni ætíð fjárlaganefnd þegar hún er að ákveða nýjar fjárveitingar eða breytingar á fjárlögum. Þetta hefur því miður ekki gerst og þetta er bæði meiri hluta og minni hluta í nefndinni fullkunnugt um.

En hv. þingmaður kom víðar við í ræðu sinni og tilgreindi t.d. þær miklu tilfærslur sem gerðar eru tillögur um í frumvarpinu og benti auðvitað á að þar væri verið að stíga ákveðin skref. Ég tók þetta fyrir í ræðu minni í morgun og taldi að þarna væri gengið í rétta átt varðandi jöfnunaraðgerðir. Hins vegar liggur það fyrir, eins og kom fram í máli hv. þingmanns, að þetta var gert vegna samninga við aðila sem beittu þrýstingi til að ná þessu fram. Það var ekki í fyrsta skipti sem t.d. aðilar vinnumarkaðarins koma að þessu borði til að reyna að kveða niður verðbólgudrauginn sem allra, allra fyrst.

Það var hins vegar athyglisvert þegar hv. þingmaður fór að nefna, eins og fleiri hv. þingmenn úr stjórnarliðinu hafa gert, að verið væri að hækka barnabætur, að verið væri að hækka vaxtabætur o.s.frv. Þetta er rétt svo langt sem það nær, þ.e. miðað við þær fjárhæðir sem eru í fjárlögum í ár og jafnvel í fyrra þá er verið að hækka fram á næsta ár.

En þegar tímabilið er haft örlítið stærra og farið að horfa örlítið aftur í tímann þá er þessi aðferð ríkisstjórnarinnar alkunn, þ.e. að byrja á að taka og bæta svo hluta til baka og tala um að menn séu nú að bæta í. Ég hélt nú sannast sagna að menn væru hættir þessum leik. Hann er nokkuð kunnuglegur í sögu þessarar ríkisstjórnar, að byrja á því að taka töluvert mikið og bæta síðan hluta af því til baka, koma síðan og berja sér á brjóst og segja: Sjáið hvað við erum góðir.

[14:59]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt í þessu sambandi að rifja upp hvernig þetta hefur gengið fram. Á erfiðleikaárunum 1990 til 1994 og 1995 áttum við í miklum efnahagserfiðleikum. Það var bæði í tíð vinstri stjórnar Steingríms Hermannssonar og svo í fyrsta ráðuneyti Davíðs Oddssonar að menn töldu sig ekki eiga annarra kosta völ en að draga úr ríkisútgjöldum. Þá var farið út í það sem menn geta deilt um, að tekjutengja ýmsa þætti bóta. Það var gert.

Menn geta deilt um það hvort það hafi verið rétt eða ekki. Menn hafa verið mjög ósammála síðustu 10 ár um hvaða leið ætti að fara með barnabætur. Menn hafa deilt mjög um það og ég hef ekki vitað til að stjórnarandstaðan hefði um það samstöðu eða vissi hvern veg hún vildi. Við höfum margsinnis spurt þeirra spurninga: Viljið þið dreifa þessu jafnt á alla eða viljið þið tengja þetta við tekjur? Menn hafa alls ekki staðið saman um það.

Nú er sem betur fer rýmri fjárhagur og þess vegna er verið að koma til móts við vilja manna til þess að hjálpa börnunum sem eiga börn. Það eru börn sem eiga börn. Það er a.m.k. samstiga álit stjórnarþingmannanna að það sé rétt að gera það, það borgi sig. Ég vonast til að stjórnarandstaðan verði nokkurn veginn sammála okkur og samstiga í því á komandi árum.

[15:01]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegi forseti. Það styttist til jóla og við alþingismenn erum þar af leiðandi komnir til byggða og teknir til við okkar árlegu yfirferð yfir stöðu efnahagsmála í upphafi þings.

Við höfum fengið í hendur fyrstu bókina í jólabókaflóðinu í ár. Fyrsta bókin í jólabókaflóðinu í ár er framtíðarskáldsaga eftir Árna M. Mathiesen, ungan Hafnfirðing, sem kallar verkið Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 eða Kosningafjárlög.

Skáldsaga segi ég og til þess eru ærnar ástæður að kalla þetta verk skáldsögu. Við höfum fyrir því mikla reynslu að fjárlög sem þessi ríkisstjórn leggur fram er lítt að marka. Frávik þeirra fjárlaga eru mjög mikil. En þó eru ein fjárlög sem jafnan eru verri en önnur í þessum efnum og það eru kosningafjárlög eins og þessi. Því þar er sem aldrei fyrr reynt að draga upp glansmynd af veruleikanum en niðurstaðan sem við blasir að ári er oft og tíðum allt önnur. Það er enn þá verra þegar ekki er einvörðungu um kosningabækling að ræða eins og vant er heldur beinlínis prófkjörsbækling, eða svo virðist að minnsta kosti af því hvernig hann hefur verið kynntur í baráttu hæstv. fjármálaráðherra í sínu kjördæmi fyrir endurkjöri til Alþingis.

Það er margt í þessu frumvarpi sem ástæða er til að gera athugasemdir við en við höfum í þessari fyrstu umræðu aðeins tíma og tök á að takast á við aðalatriðið.

Kosningafjárlögin árið 2007, sem hér eru lögð fram, staðfesta að við munum á Íslandi áfram búa við mikla verðbólgu. Við munum áfram búa við mikla vexti, viðskiptahalla og skuldasöfnun og mestu skattpíningu á millitekju- og lágtekjufólk sem við höfum séð í áratugi. Þegar hæstv. fjármálaráðherra segir okkur hér að skattheimtan sé að lækka frá árinu í fyrra þá er ástæðan fyrir því mjög einföld. Ástæðan fyrir því er mjög einföld vegna þess að skattheimtan á síðasta ári var meiri en við höfum séð í áratugi. Ekki aðeins sem krónutala vegna þess að landsframleiðslan hafi verið að vaxa mikið heldur líka sem hlutfall af landsframleiðslunni. Við vitum hvernig þessari skattbyrði hefur verið skipt vegna þess á meðan að menn hafa verið að auka gjöld þau sem ríkið tekur, ýmis aukagjöld og aukaskatta og tekjur af þeim, eins og stimpilgjöldin, eins og þjónustugjöldin, eins og gjöldin í heilbrigðiskerfinu, eins og skólagjöldin, þá hafa menn verið að lækka á hina sem hafa hærri

tekjurnar og þannig bæði aukið skattheimtuna og fært byrðarnar yfir á millitekjufólkið og lágtekjufólkið.

Við sjáum hins vegar sem betur fer í þessu frumvarpi að það er aðeins verið að skila til baka af því sem tekið hefur verið. Það er aðeins verið, vegna kröfu verkalýðshreyfingarinnar og vegna þeirra samninga sem gerðir voru, að skila aftur af því sem menn hafa verið að leggja í skatta á lág- og meðaltekjufólk í landinu. En það dugir hvergi nærri til að vega upp það sem á fjölskyldurnar hefur verið lagt.

En það sem fyrst og fremst er á fjölskyldurnar lagt er verðbólgan og það er vaxtastigið sem leiðir af óstjórn ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Hér segir hv. varaformaður fjárlaganefndar, Einar Oddur Kristjánsson: „Já, en við jukum kaupmáttinn um 5% í ár." (**EOK:** 5,7%.) Nú er það í fyrsta lagi þannig að kaupmáttaraukning er ekki íslenskt einsdæmi en 5,7% kaupmáttaraukning, það er býsna vel af sér vikið. Þá verða hv. þingmenn líka að muna að verðbólgan á árinu er 7,5%. (Gripið fram í.) Ætli það láti ekki nærri að skuldir heimilanna í landinu hækki um fast að 15% á árinu.

Hverjir koma þá illa út úr því? Það er augljóslega millitekjufólkið og láglaunafólkið sem skuldar. Kaupmáttaraukningin dugar ekki til þess að borga reikninginn fyrir óstjórninni, reikninginn fyrir verðbólgunni, reikninginn fyrir vaxtastiginu. Það er ótrúlegt, verandi með heimsmet í vöxtum og mestu verðbólgu í Evrópu, að stjórnarliðar skuli ganga í ræðustólinn svo fullir af sjálfhælni að með ólíkindum er. Þeir virðast engin vandamál sjá í efnahagsstjórninni. Þeir virðast ekki sjá neina verðbólgu í landinu. Þeir virðast ekki sjá neina vexti í landinu. Þeir virðast ekki sjá neitt af þeim kjörum sem fólkið hér fyrir utan þetta hús er að eiga við. Það er skýrasta ástæðan fyrir því, virðulegur forseti, að við þurfum að skipta um ríkisstjórn í landinu. Sú ríkisstjórn sem hér situr er hætt að deila kjörum með fólkinu í landinu.

Þegar fólkið í landinu hefur áhyggjur af því að að húsnæðislán þess séu að hækka vegna verðbólgunnar og vegna vaxtastigsins, þegar fólkið í landinu hefur áhyggjur af sköttunum sínum og af öllum þeim gjöldum sem ríkissjóður er að taka af venjulegu millitekjufólki og lágtekjufólki, í heilbrigðiskerfinu, í skólakerfinu, í stimpilgjaldasköttunum *og hvað nú öll þessi gjöld ríkisstjórnarinnar* heita, eru þingmenn stjórnarliðsins uppteknir við það hér á Alþingi að hæla hver öðrum fyrir að hafa algerlega misst tökin, bæði á verðbólgunni og á vöxtunum.

Þetta, virðulegur forseti, þarf svo sem ekki að koma á óvart. Við höfum séð þessa sjálfhælni í umræðum um fjárlög ár eftir ár allt þetta kjörtímabil. Það hefur verið vandamál út af fyrir sig að ríkisstjórnin virðist einfaldlega ekki taka það alvarlega. Hún virðist ekki taka það alvarlega að í landinu sé 7,5% verðbólga. Hún kallar það mjúka lendingu þegar skuldir heimilanna í landinu hækka um 10% á einu ári vegna óðaverðbólgu. Hún telur sig nokkuð góða og geta státað sig af ástandi mála þegar vextir á yfirdráttarheimildum landsmanna eru komnir yfir 20%.

Ríkisstjórnin stendur í þessum sal og hún sér engar skuldir því ríkissjóður er skuldlaus. En hér fyrir utan þetta hús eru sveitarfélög skuldum hlaðin. Hér fyrir utan þetta hús eru heimili í landinu skuldum hlaðin og með skuldir sem hafa vaxið með gríðarlegum hraða á undanförnum árum. Við erum með þjóðarbú sem allir vita að er hættulega skuldsett. Í stað þess að ræða þessi efnisatriði málefnalega, að hverju þarf að gæta og með hvaða hætti sé hægt að fást við þessa stöðu, þá virðist ríkisstjórnin einfaldlega ekki taka það alvarlega að hún hefur misst stjórn á efnahagsmálum.

Þegar ríkisstjórn tekur það ekki alvarlega að bjóða landsmönnum upp á einhverja mestu verðbólgu í Evrópu og einhverja hæstu vexti í heimi, þegar það er eitthvert aukaatriði í umræðunni, er ástæða til að skipta um ríkisstjórn. Viðhorfsvandi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum lýsti sér ágætlega í því þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fjallaði um hina svokölluðu aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn þenslu. Hverjar voru aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn þenslu?

Þær voru sýndarmennska. Þær voru einfaldlega sýndarmennska. Það var, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur bent á, 90 daga leikrit. Níutíu daga leikrit þar sem tilkynnt var um að það ætti að fresta — hverju? Jú, tónlistar- og ráðstefnuhúsinu. Hafa ekki allir sem keyrt hafa þar fram hjá séð framkvæmdirnar allan þann tíma í fullum gangi? Það átti að fresta vegaframkvæmdum og hvaða vegaframkvæmdum? Nú, vegaframkvæmdum sem menn komust ekki yfir að sinna, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur upplýst hér.

Þegar ríkisstjórn tekur ekki meira mark á (Forseti hringir.) 7,5% verðbólgu og stýrivöxtum jafnháum og við erum að fást við í dag, en lætur sér nægja sýndaraðgerðir eins og þessar (Forseti hringir.) og býður okkur síðan upp á kosningafjárlög eins og þessi, er einfaldlega kominn tími til að skipta þeirri ríkisstjórn (Forseti hringir.) út. Hún hefur engin verkefni að vinna.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég bið hv. ræðumann um að halda ræðutíma.)

[15:12]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kallaði frumvarp til fjárlaga skáldsögu. Hvað veldur því að hann notar slík orð? Hvað er rangt í þessu frumvarpi? Það er að vísu ákveðin áhætta í frumvarpi þegar menn eru að spá fram í tímann. Það liggja fyrir lærðar ritgerðir um það hvernig spálíkön, þjóðhagslíkönin, geta verið röng.

Ég er margsinnis búinn að taka það fram að ég vildi óska þess að þjóðfélagið næði fyrr jafnvægi en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Það hefði kannski þau áhrif að tekjurnar yrðu eitthvað lægri. Ég hef líka tekið það fram, virðulegi forseti, að það er að mínum dómi heilbrigt og gott. Ríkið þarf ekkert á þessum miklu peningum að halda. Ríkið er með alla vasa fulla af peningum. Ég held ég fari rétt með að innstæður ríkisins hjá Seðlabankanum eru í dag yfir 100 milljarðar. Ég hef engar sérstakar áhyggjur þó það dragi úr tekjum ríkisins. Ég vildi óska þess að það gerði það vegna þess að skuldasöfnunin, sem einstaklingar og fyrirtæki standa fyrir gagnvart útlöndum, er okkar helsta vandamál. Ég hef margsinnis tekið það fram, ekki í ár heldur líka í fyrra, hittiðfyrra og árið þar áður. Á Íslandi hefur verið mikil skuldaaukning á undanförnum árum. En eignaaukn-

ingin hefur hins vegar verið enn meiri eins og allar skýrslur sýna, margfalt.

Samt sem áður, virðulegi forseti, er ekki heilbrigt að vera með svona mikið ójafnvægi í viðskiptum við útlönd. Það er mjög óheilbrigt og mjög gott ef við komumst út úr því.

Íslenska velferðarkerfið er eitt það fullkomnasta í heimi. Íslenskir þegnar borga hlutfallslega minna til heilbrigðismála en þegnar í Evrópu. Þegnar í Evrópu borga til heilbrigðismála ... (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Eru það ekki tvær mínútur?

(**Forseti** (ÞBack): Jú, en þær eru bara liðnar.)

Nei, það er útilokað.

(**Forseti** (ÞBack): Hv. þingmaður verður að taka því.)

Ég tek því.

[15:14]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er gott að fá hér stjórnarþingmann sem viðurkennir að einhver vandi sé, sem er ójafnvægið í viðskiptum við útlönd. En, virðulegur þingmaður, vandamálið er ójafnvægið í lífskjörum heimilanna í landinu sem þurfa að bera fórnarkostnaðinn af því hversu óhönduglega er staðið að efnahagsstjórninni, með því að borga verðtryggingar- og vaxtareikningana af skuldbindingum sínum. Það er það ójafnvægi sem við þurfum að hafa áhyggjur af og ræða hér.

Ástæðuna fyrir því að ég kalla frumvarpið skáldskap, hana veit hv. þingmaður ágætlega vel. Ég fór hér fyrir ári yfir þjóðhagsspána sem þá lá fyrir og þau frávik sem vænta mætti í henni. Það gekk eftir. Þensla var hér stórlega vanmetin þá. Ég hygg að þær forsendur sem nú liggja til grundvallar séu með svipuðum hætti gagnrýnisverðar.

Einnig er ástæða til að hafa áhyggjur af því að tekjur ríkissjóðs geti dregist hraðar saman í samdrættinum en ráð er fyrir gert, á sama hátt og þær hafa tilhneigingu til að aukast hraðar þegar uppsveiflan er.

Þá höfum við ekki séð matarskattinn í þessum tillögum og ég hlýt nú að inna hv. þingmann eftir því hvað hann muni kosta. Við höfum reynt að píska stjórnarliðið til að lækka hann á hverju einasta ári og hv. þingmaður hefur fellt það með eigin hendi ár eftir ár. Ég treysti því að hann muni samþykkja það nú.

Við höfum ekki fengið fram útgjöldin vegna varnarmálanna og við erum vön því að fjárlögunum skeiki um 20 til 30 milljarða á ári og annar hver liður fjárlaganna fari út fyrir heimildir. Er það nema von, virðulegur þingmaður, að maður kalli slíka kosningabæklinga skáldskap?

[15:16]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þar var ég kominn í fyrra andsvari mínu að ég vildi benda á að íslenskir þegnar borga mun minna til heilbrigðisþjónustu en aðrir þegnar Evrópu. Ég vil taka það fram að Íslendingar leggja nú hvað mest til skólamála af öllum ríkjum Evrópu af opinberu fé. Þetta verða menn að muna.

Ég hef áhyggjur af verðtryggingu fjárskuldbindinga. Það hafa Íslendingar haft, allir sem einn, mjög lengi vegna þess að við erum í ákaflega erfiðri stöðu, að vera nærri því með þrenns konar mynt, þ.e. óverðtryggðu krónuna, verðtryggðu krónuna og svo einhverja körfu af gjaldmiðli. Þetta er ákaflega erfitt fyrir okkur og ég held að menn séu almennt að komast að þeirri niðurstöðu að við verðum að gera eitthvað í málinu. Við getum ekki hlaupið svona á milli vegna þess að verðtryggingin er ákaflega slæm, ekki vegna þess að hún mæli ekki rétt heldur hitt að með henni virka vextirnir ekki, þeir bíta ekki eins og hjá öðrum þjóðum. Við eigum í miklum erfiðleikum með þetta. Hágengið hefur valdið okkur vandræðum og það er ástæða til að gera það að umræðuefni, kannski ekki við þessa umræðu heldur fljótlega, hvað við eigum að gera í peningastjórninni. Það liggur fyrir, og það er rétt, að það er ágreiningur um það.

Eignarverðbólan mikla sem gekk yfir Bandaríkin og Evrópu, og Ísland þar með, var ekki á vegum þessarar ríkisstjórnar né nokkurrar annarrar ríkisstjórnar í Vestur-Evrópu. Við réðum ekkert við þetta. Það hefði verið alveg sama hver hefði setið við stjórnvölinn, þeir hefðu ekki ráðið við það heldur. En það er alvarlegt og við verðum að átta okkur á því að hún hefur siglt fram hjá. Hvaða afleiðingar hefur það? Það hefur þær afleiðingar að við höfum ekki áfram veð til að taka svo gríðarlegt fé inn í landið eins og við höfum gert undanfarin ár. Þetta er vandamál. Við skulum viðurkenna það og standa saman að því enda veit ég ekki til þess að menn hafi á reiðum höndum ráð við þessu.

[15:19]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið og get út af fyrir sig tekið undir með honum um verðtrygginguna. En það tjóar ekki fyrir varaformann fjárlaganefndar að standa í ræðustólnum og benda á einhverja hluti úti í bæ eins og verðtryggingarkerfið, hágengið eða aðra slíka hluti. Það sem hér hefur farið úr skorðum er einfaldlega stjórn efnahagsmála. Við vitum það, hv. þingmaður og ég, að allar greiningardeildir og alþjóðlegir aðilar höfðu um það varnaðarorð, einnig Seðlabanki Íslands, að það sem hér vantaði á í hagstjórnina væri ekki síst hvernig haldið væri á ríkisfjármálunum. Margir töldu að Seðlabankinn sæti einn undir árum. Ástæðan fyrir því er auðvitað sú að stjórnarliðið hefur ekki séð það sem sérstakt vandamál að hér geisi verðbólga og hefur því ekki haft þann dug og þann tögg sem hefur þurft til að taka á sjálfvirkum útgjaldavexti ríkissjóðs sem hefur þanist á síðustu tíu árum sem aldrei fyrr og heldur hellt olíu á eld þenslunnar en hitt, sem vert væri, að slá á hana.

Þetta er full ástæða til að gagnrýna og í miðjum sjálfhælniræðum stjórnarliða að benda þeim vinsamlegast á að í öllum ríkjunum í kringum okkur væru þær tölur sem menn sýna hér um verðbólgu og vexti og aðra slíka hluti (Forseti hringir.) áfellisdómur.

[15:21]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í öllum löndum í kringum okkur mundu stjórnvöld hrósa sér af þeim tölum sem hér eru um hagvöxt og þeim tölum sem hér eru um kaupmáttaraukningu.

Hv. þingmaður talar um að skuldir hækki í 7,2% verð-

bólgu. En eignir hækkuðu um 100% á tveimur árum. Hv. þingmaður talar um að vextir séu háir. En árlegar greiðslur afborgana og vaxta eru lægri en þær voru áður. Hv. þingmaður kvartar yfir því að skattheimtan sem hlutfall af landsframleiðslu sé mikil. En skattheimtan á næsta ári, samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi, verður minni en hún er á þessu ári. Hún verður minni en hún var á síðasta ári og verður minni en hún var á þarsíðasta ári. Finnst hv. þingmanni það ekki skipta neinu máli, er ekki vert að nefna það fyrst hann á annað borð er að fara yfir þennan skáldskap sem hann eignar mér, að sjálfsögðu réttilega?

Ef hv. þingmaður hefur svo miklar áhyggjur af því hvað skattheimtan er mikil, hvers vegna vill hann þá hætta við þær tekjuskattslækkanir, sem ríkisstjórnin hefur ákvarðað og koma fram í þessu frumvarpi, og færa þær yfir í aðra skattalækkun til að lækka matvælaverð? Þær skattalækkanir sem við í ríkisstjórninni fyrirhugum, að lækka matvælaverð, munu koma til viðbótar því sem er í þessu frumvarpi. En hv. þingmaður vill bara færa á milli. Raunveruleikinn er því sá að skattheimtan, yrði ef farið væri að tillögum hans og hans flokks, yrði meiri og sennilega miklu meiri en það sem er lagt til í þessu frumvarpi.

[15:23]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þá höfum við fengið það fram að hæstv. fjármálaráðherra hefur ekki áhyggjur af verðbólgunni né af greiðslubyrði heimilanna í landinu af fjárskuldbindingum sínum. Ég held að það sé rétt að færa það til bókar.

Hvað varðar skattheimtuna þá er það einfaldlega þannig að hæstv. fjármálaráðherra hefur eigin hendi fellt þá tillögu sem við í Samfylkingunni höfum talað fyrir ár eftir ár, um að lækka matarskatt. Hann hafnaði því einfaldlega sem innleggi í efnahagsstjórnina, þegar þenslan var sem mest á síðasta ári, að fara þá leið. En það er auðvitað fagnaðarefni að loksins skuli hafa tekist að píska stjórnina til þess. Við skulum vona að við fáum tillögurnar um lækkun matarskattsins fljótlega.

En ástæðan fyrir því að hæstv. fjármálaráðherra getur sagt að skattarnir séu að lækka í ár, þ.e. hlutfallslega þótt þeir aukist verulega í krónum, er auðvitað sú að skattar fóru hér í 32,6% af landsframleiðslu og landsframleiðslan hefur aldrei verið meiri. En allan síðasta áratug fóru þeir aldrei yfir 30%. Það að þeir lækki í ár þýðir að þeir fara í 31% í ár. Þeir verða samt verulega stærri hluti af kökunni, sem þó er stærri, en var allan síðasta áratug. Það sem við í Samfylkingunni höfum áhyggjur af eru skattar eins og matarskatturinn. Skattar eins og stimpilskattar ríkisstjórnarinnar, sem eru sennilega farnir að skila þeim fast að því jafnmiklu og tekjuskattslækkunin sem fyrirhuguð er, að halda niðri persónuafslættinum og að auka í sífellu bæði tekjutengingar í kerfinu og hlut venjulegs fólks í rekstri opinberrar þjónustu (Forseti hringir.) í sjúkrakerfinu, í lyfjakostnaðinum og í skólakerfinu.

[15:25]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er óþarfi fyrir hv. þingmann að leggja mér orð í munn eða gera mér upp áhyggjur eða áhyggjuleysi. Ég er alveg einfær um að tjá þær skoðanir.

Það er alveg ótrúlegt sem hv. þingmaður er að segja. Ég þarf ekki einu sinni að leggja honum orð í munn. Hann er í þessum ræðum, þessum andsvörum, búinn að tala um ójöfnuðinn sem hann telur að sé í þjóðfélaginu. Hann er búinn að tala um hvað skattheimtan sé mikil, um tekjuaukninguna og alla þessa hluti.

En þversagnirnar eru augljósar. Skattheimtan eykst þegar tekjurnar aukast. Það er jöfnunin, það er sveiflujöfnunin, jöfnunin í skattkerfinu. En svo þegar tekjurnar minnka þá lækka skattarnir aftur. Hann talar um að ójöfnuðurinn sé að aukast en hann agnúast út í þau tæki sem auka jöfnuðinn. Þetta eru þversagnir, frú forseti, hjá hv. þingmanni og einkennilegt að hann skuli ekki sjá það sjálfur.

[15:26]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú fer hæstv. fjármálaráðherra villur vegar í hugtökum. Það er sveiflujöfnun en ekki tekjujöfnun sem skýrir þetta eðli skattheimtunnar. Það sem þessi ríkisstjórn (**Fjmrh.**: Hvort tveggja.) hefur hins vegar gert er að breyta skattkerfinu til að auka ójöfnuð, til að lækka skatta á hátekjufólk eins og mig og fjármálaráðherra þannig að við borgum sennilega mánaðarlaununum minna í skatta núna en við gerðum þegar þessi ríkisstjórn hóf ferilinn meðan lífeyrisþegar, sem ekki hafa annað sér til framfærslu en greiðslur Tryggingastofnunar, borga mánaðarlaunum meira á ári. Það er ekki flóknara en það.

Auk þessa hefur ríkisstjórnin komið upp fjármagnstekjuskatti sem hefur orðið mönnum leið til þess að taka verulegan hluta tekna sinna eftir öðrum leiðum en áður og deila þannig ekki kjörum með vinnandi fólki í því að borga 33% skatt af tekjum sínum heldur borga bara 10% skatt, t.d. af söluhagnaði, fjármagnstekjum eða arði af rekstri sínum. Nú er svo komið að millitekjufólk með venjulegar tekjur, sem vinnur sína vinnuviku, borgar hærra hlutfall, beinlínis hærri prósentu af tekjum sínum, en þeir sem hafa miklu meiri tekjur og hefði þó deilan einhvern tíma staðið um að það væri lágmarkskrafa að þeir sem mestar hafa tekjurnar borgi sömu prósentu og venjulegt vinnandi fólk. En hér er tilfellið orðið það að venjulegt vinnandi fólk borgar miklu hærri prósentu, jafnvel upp í tvöfalt hærri prósentu af tekjum sínum en þeir sem best hafa það í samfélaginu.

Það er þetta óréttlæti í skattkerfinu (Forseti hringir.) sem allir hljóta að gagnrýna sem vilja reyna að (Forseti hringir.) halda þessu samfélagi saman sem einni heild.

[15:29]

**Guðjón Ólafur Jónsson**:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að þetta fjárlagafrumvarp ber merki um trausta efnahagsstjórn sem hér ríkir og hefur ríkt í landinu undanfarin 11 ár. Þetta er líka merki um hinn góða árangur sem náðst hefur á öllum sviðum þjóðlífsins á síðustu þremur kjörtímabilum. Hvað varðar bara þetta kjörtímabil kemur fram að landsframleiðsla hefur aukist um 23% og kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna um 22%.

Hvað þýðir þetta, virðulegi forseti? Þetta þýðir að heim-

ilin í landinu, fólkið í landinu hefur 22% meira til ráðstöfunar en það hafði á árinu 2003, að raunvirði. Þrátt fyrir allan þennan árangur sem hefur náðst og öll þau útgjöld sem ríkið og ríkisstjórnin er að leggja til, þá er samt gert ráð fyrir 15,5 milljörðum í tekjuafgang af fjárlögum næsta árs. Það er í raun og veru 23 milljörðum meira en gert var ráð fyrir í langtímaáætlun ríkisins. Þetta gerir það auðvitað að verkum að við getum greitt niður skuldir ríkissjóðs sem hafa þó minnkað mjög skarpt á síðastliðnum árum, eins og ég mun koma frekar að síðar í ræðu minni.

Hvað er það sem veldur þessu? Er það nú svo að þetta gerist allt af sjálfu sér, eins og mátti skilja af hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni hér fyrr í morgun? Er það svo að vinstri flokkarnir í landinu hafi verið svona óheppnir við stjórn landsins að hlutirnir hafi bara ekki gerst af sjálfu sér þá? En núna síðustu tíu ár sé allt í lukkunnar standi af því hlutirnir gangi bara upp af sjálfu sér? Auðvitað er það ekki svo, hæstv. forseti.

Verulegar breytingar hafa átt sér stað í íslensku þjóðlífi á undanförnum áratug. Það ríkir meira frjálsræði í viðskiptum. Meira að segja hv. þm. Jón Bjarnason viðurkenndi hér í umræðu fyrr í dag að bankarnir væru farnir að standa sig vel. Það skiptir því kannski einhverju máli það frjálsræði í viðskipta- og efnahagslífinu sem núverandi ríkisstjórn og ríkisstjórnarflokkarnir hafa komið á á undanförnum árum. Það er gott að hv. þm. Jón Bjarnason er loksins farinn að átta sig á samhengi hlutanna hvað það varðar.

Sá stöðugleiki sem ríkt hefur í efnahagslífinu á undanförnum árum skapar ekki aðeins svigrúm til niðurgreiðslu skulda heldur einnig til lækkunar skatta eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu og menn hafa tekið eftir af störfum ríkisstjórnarflokkanna síðustu árin. Gaman er að geta þess að það lítur út fyrir að á þessu ári verði tekjuafgangur ríkissjóðs 49 milljarðar kr. í stað 19,6 milljarða. Heildartekjur ríkissjóðs fyrir árið 2006 verða 40 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Af hverju er þetta? Er þetta eitthvað sem gerist af sjálfu sér, hæstv. forseti? Nei, þetta eru auðvitað meiri umsvif í íslensku samfélagi, m.a. vegna hærri tekjuskatts einstaklinga, vegna hærri launa og sömuleiðis vegna fjölgunar fólks á vinnumarkaði.

Hæstv. forseti. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir aukningu á framlögum til samgöngumála. Gert er ráð fyrir aukningu til menntamála og gert er ráð fyrir aukningu til velferðarmála, bæði heilbrigðismála og félagsmála. Það er kannski rétt að fara aðeins frekar yfir það að framlög til menntamálaráðuneytis munu aukast um 5,1 milljarð. Framlög til félagsmálaráðuneytis um 4,5 milljarða og fjárheimildir til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um 13 milljarða kr. Alls er gert ráð fyrir að ríkisútgjöldin aukist um 43 milljarða kr. Af hverju er það? Það er auðvitað vegna þess að ríkisstjórnin leggur aukna áherslu á menntun, heilbrigðismál og félagsmál.

Það er líka annað atriði sem er vert að hafa í huga við þessa umræðu og ég gat um fyrr í ræðu minni en það eru skuldir hins opinbera. Frá 1995 hafa skuldir ríkissjóðs lækkað um hvorki meira né minna en 77%. Þannig að ríkissjóður er að verða skuldlaus. Nettóskuldir ríkissjóðs nema nú einungis um 6,74% af tekjum sjóðsins.

Það er erfitt hlutskipti, hæstv. forseti, að vera í stjórnarandstöðu við þessa umræðu. Þeim er vorkunn hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem hér tala af skyldurækni gegn frumvarpinu og af algeru ráðleysi. Það þótti fréttnæmt hér á dögunum og var tilefni til boðunar sérstaks blaðamannafundar að þessir stjórnarandstöðuflokkar ætluðu að fara að vinna saman. Þessir stjórnarandstöðuflokkar sem eru búnir að vera hér í stjórnarandstöðu í 11½ ár undir ýmsum nöfnum og ýmsum kennitölum, þeir ætla að fara að vinna saman.

Hver er svo gagnrýnin á þetta frumvarp frá stjórnarandstöðunni? Verðandi fjármálaráðherra stjórnarandstöðunnar, Jón Bjarnason, yfir hverju kvartaði hann? Jú, litnum. Það væri daufur litur á frumvarpinu. Og auðvitað verður stóriðjustopp. Menn vita auðvitað hvað það þýðir þegar Jón Bjarnason, hv. þingmaður, verður orðinn fjármálaráðherra. Það verður ekki bara stóriðjustopp, það verður eitt allsherjarstopp í efnahagslífi Íslendinga og það er gott fyrir menn að vita það.

Hvað sagði fulltrúi Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson? Yfir hverju gat hann kvartað? Hann kvartaði ekki yfir frestun framkvæmda, heldur frestun útboðs framkvæmda um þrjá mánuði. Það voru einu athugasemdirnar sem hann hafði við fjárlagafrumvarpið. Það getur ekki verið mikið að í íslensku efnahagslífi, hæstv. forseti, þegar þetta eru einu umkvartanirnar.

Það er hins vegar athyglisvert og væri fróðlegt að heyra hvernig þingflokkur Frjálslynda flokksins ætlar að leysa úr því vandamáli. Vegna þess að hv. þm. Sigurjón Þórðarson gat þess hér í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra að útgjöld ríkissjóðs væru allt of há og að Sjálfstæðisflokkurinn væri orðinn stærsta félagsmálastofnun landsins. Útgjöld til velferðarmála eru líklega hátt í tvo þriðju af fjárlagafrumvarpinu. Hvar ætlar Frjálslyndi flokkurinn að skera niður í velferðarkerfinu til þess að leysa ríkissjóð og Sjálfstæðisflokkinn undan þeirri áþján að vera stærsta félagsmálastofnun landsins?

Það er auðvitað mikilvægt að menn hafi í huga samhengi hlutanna. Hér er ekkert sem gerist af sjálfu sér. Þetta fjárlagafrumvarp er afrakstur af áralangri vinnu ríkisstjórnarflokkanna og traustri efnahagsstjórn.

[15:39]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Árangur ríkisstjórnarinnar er að koma í ljós, ekki bara í þessum fjárlögum heldur ekki síður á þessari stundu í þjóðfélaginu. Það þýðir ekki, hæstv. forseti, að beina sjónum eingöngu að góðri stöðu ríkissjóðs og skuldastöðu ríkissjóðs þegar ekki er horft á heildarmyndina og skoðuð í leiðinni heildarskuldastaða alls kerfisins, heimilanna og fyrirtækjanna. Það er ekki nóg að horfa eingöngu á skuldastöðu ríkissjóðs.

Það þýðir ekki að guma eingöngu af þessum tölum. Það verður að horfa á staðreyndir og sjá hvernig fólkið í landinu lifir og býr og hvaða möguleika við höfum til framtíðar litið ef við höldum áfram þessari stefnu. Við höfum nefnt þetta stóriðjustefnu, því það er horft á hin stóru verkefni en ekki afleiðingar þeirrar stefnu sem hefur núna verið að vagga skútunni í þrjú undanfarin ár. Útflutningsgreinar okkar,

ferðaþjónustan og þeir sem eiga allt undir útflutningnum hafa átt í verulegum erfiðleikum á löngum tíma. Við skulum þakka fyrir að þjónusta eins og ferðaþjónustan ætlar að lifa þetta af.

Hæstv. forseti. Ég vil líta á þessa umræðu í samhengi við utandagskrárumræðuna sem var hér í morgun, um misskiptinguna í þjóðfélaginu því hún er til staðar. Hún hefur aukist og fram hjá því verður ekki litið. Ég get ekki séð fyrir mér í framtíðinni þjóðfélag sem á að byggja því á að þiggja mola af borðum þeirra ríku. Þiggja mola frá auðjöfrunum og stórfyrirtækjunum sem eru í dag að styrkja og styðja velferðarkerfið, menntakerfið, listageirann og allt það svið. Því það eru margir sem líta á það sem framlag þessara auðjöfra, þessara stóru, sterku fyrirtækja til samfélagsins, samfélagsþjónustunnar. Það sé skylda þeirra vegna þess auðs sem þeir hafa fengið, margir hverjir í framhaldi af kvótabraski og kvótasölu, og hafa í beinu framhaldi auðgast vegna sölu ríkisbankanna og hafa þar af leiðandi haft tök á að standa í miklum fjárfestingum.

Ég vil ekki sjá þjóðfélag sem verður að reiða sig á að hin félagslega skylda, þjóðfélagslega skylda séð háð þessum einstaklingum og fyrirtæki eigi að halda hér uppi heilbrigðisþjónustu, menntun í landinu og styrkja listviðburði og fleira, sem verður æ algengara, því varla er hægt að halda samkomu eða meiri háttar viðburð án þess að leitað sé og verði að leita til bankanna eða einstaklinga til að styrkja viðkomandi atburð.

Hæstv. forseti. Til hvers eigum við að nota skattana, skattkerfið okkar, hvernig á álagning skatta að vera? Við eigum auðvitað að nota álagningu skatta til tekjujöfnunar. Skatttekjurnar eiga að koma hinum tekjuminni til góða. Við þurfum að hækka frítekjumarkið. Við þurfum að lækka skatta á matvörur og aðrar dagvörur sem koma barnafjölskyldum helst til góða. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn loksins hlustað á þær háværu kröfur sem hafa verið undanfarin ár, að nauðsynlegt sé að lækka skattlagningu á matvörur. Nú er sú vinna í gangi og ég verð að vona að sú vinna skili mjög fljótlega árangri og komi fram hið fyrsta. Matvöruverð er hátt hér á landi en ég vil taka fram að það er ekki vegna bænda eða bændastéttarinnar eða vegna óeðlilegs reksturs í bændasamfélaginu. Það þarf að horfa á allt aðra þætti en það umhverfi sem við höfum búið bændum í dag.

Ég vil líka taka fram, hæstv. forseti, að fyrir utan skatta leggjum við á gjöld og álögur á ýmsum sviðum. Gjöld og álögur í heilbrigðisþjónustunni eru orðin allt of þung. Þetta eru orðnir allt of þungir, mér liggur við að segja skattar á þá sem minna mega sín, eru sjúkir eða þurfa á þjónustunni að halda. Það verður að endurskoða þessi gjöld. Það verður annaðhvort að lækka þau verulega eða afnema með öllu. Þá vil ég vísa til Evrópuþjóða, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði hér í dag. En ég tel að þar séum við ekki að horfa á það sama eða með sömu upplýsingar. Ég finn ekki þær þjóðir sem hann bendir á, ég þekki til í Þýskalandi þar sem það er algerlega gjaldfrjálst að fara bæði inn á heilsugæslustöð og á sjúkrahús og fá þar meðferð eða þjónustu. Heilbrigðisþjónustan í Þýskalandi þjónar einstaklingum betur hvað þetta varðar hvernig svo sem sjálf þjónustan er. Það þekki ég ekki að fullu.

Þjónustugjöld, komugjöld á göngudeildir sjúkrahúsanna og mikill lyfjakostnaður er allt saman þungur baggi fyrir þá einstaklinga sem þurfa á þeirri þjónustu að halda. Álagning á slíka þjónustu er ráðin hér í þessum sölum. Það verður að breyta þessum álögum. Ég tel eftir þá ræðu sem ég hlustaði á hjá hv. stjórnarliðum að það verði ekki gert hjá núverandi ríkisstjórn.

Ég vil nefna rekstur heilbrigðisstofnananna. Vissulega kemur fram í fjárlagafrumvarpinu hækkun inn í þann rekstrarlið. En ég segi nú bara, hæstv. forseti, þó það nú væri, ef Framsóknarflokkurinn ætlar að standa í lappirnar í þessum málaflokki. Ef heldur áfram sem horfir er ekki verið að gera neitt annað en að þvinga þær stofnanir út í einkarekstur, út í einkavæðingu. Þó ekki væri nema fyrir það að stofnanir missa fagfólk sitt eins og ástandið er í dag því þrengingarnar í heilbrigðiskerfinu, aðstæður hjá langflestum stofnunum eru þannig að það hefur ekki verið hægt að manna þær sómasamlega. Það hefur ekki verið hægt að reka þær eins og lög og reglugerðir segja til um. Ekki hefur verið hægt að reka þær eftir þeim metnaði sem viðkomandi stofnanir hafa og þeim möguleikum sem þær hafa miðað við þann mannskap sem þær hafa haft yfir að ráða.

Það eru svo langvarandi þrengingar í rekstrinum, lokanir, skerðingar á þjónustu og mjög mikið álag er á þá starfsmenn sem vinna á heilbrigðis- og öldrunarstofnunum og varla hægt að undanskilja nokkurn málaflokk á þessu sviði. Álagið er hvað mest á þeim sem sinna umönnunarstörfum. Fólk er að gefast upp. Störf þess eru ekki metin. Það er ekki hægt að hafa það yfir sér ár eftir ár að fara heim að loknum vinnudegi og hafa ekki getað skilað vinnu sinni eins og fólk veit að það á að gera. Það er ekki hægt að fara heim af vinnustað þar sem sjúklingar liggja á göngunum og viðkomandi starfsmenn vita að þeir fá ekki þá þjónustu sem þeir ættu að fá og ber að fá.

Öldrunarþjónustan er okkur til vansa og það þarf að koma verulegt fjármagn inn í þetta kerfi okkar ef við ætlum ekki að missa það út úr höndunum og verða okkur til (Forseti hringir.) smánar eða í einkareksturinn eins og mér sýnist allt stefna í.

[15:49]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú ýmislegt við málflutning hv. þingmanns að athuga og mig langar að koma inn á nokkur atriði.

Hv. þingmaður nefndi skuldir heimilanna, sem er vissulega alvarlegt mál, en gleymir þá jafnframt að geta þess að eignir heimilanna umfram skuldir hafa aldrei verið jafnmiklar og í dag. Vanskil heimila og vanskil fyrirtækja hafa aldrei verið minni en í dag. Ég vil minna á að árið 1995 voru skuldir ríkis og sveitarfélaga í landinu 40% af landsframleiðslu. Í dag eru skuldir ríkis og sveitarfélaga innan við 9% af landsframleiðslu. Skuldirnar hafa því lækkað í mjög stórum skrefum á síðustu árum og við höfum náð miklum árangri hvað þetta varðar.

Og þó það nú væri, sagði hv. þm. Þuríður Backman, um að við værum að efla framlög og auka framlög til heilbrigðismála. En ég minni hv. þingmann á það að við þurfum að útvega tekjur gagnvart þessum útgjöldum. Atvinnustefna ríkisstjórnarinnar hefur verið mjög markviss og við höfum

verið að stórauka tekjur ríkissjóðs til þess að standa undir þessum málaflokkum.

Hv. þm. Jón Bjarnason kemur hér upp skipti eftir skipti og talar um að ríkisstjórnin sé að skera niður í heilbrigðis-, mennta- og velferðarmálum. Staðreyndin er sú að við höfum aukið framlög til heilbrigðismála um 27,5 milljarða að raungildi frá árinu 1998, um 49% að raungildi. Hvernig geta hv. þingmenn Vinstri grænna fengið það út að hér sé einhver últra hægri stjórn á ferð sem sé að skera niður framlög til málaflokksins þegar opinberar tölur sýna að við höfum verið að auka framlögin um 50% að raungildi?

Við höfum líka verið að auka samneysluna sem hlutfall af landsframleiðslu og hlutfall (Forseti hringir.) þessa málaflokks er 8% af landsframleiðslu í dag en var einungis 6,9% 1998.

[15:52]

**Þuríður Backman** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, skuldir heimilanna eru miklar og það eru eignir á móti, en ég vil minna hv. þingmann á að mjög margir hafa, frá því að bankarnir voru seldir og frá því að þeir buðu hin óheftu íbúðalán, verið að fjárfesta í eigin húsnæði eða til atvinnurekstrar. Það er nú svo komið að mjög margir eiga orðið erfitt og geta ekki staðið í skilum. Ég tel það áhyggjuefni og ég hvet hv. þingmann til að láta þá skoðun fara fram að athuga félög sem eru í eigu bankanna, fjárfestingarfélög, og hvernig farið er með þær eignir sem einstaklingar og fyrirtæki missa af því að fólk getur ekki staðið í skilum með greiðslur af hinum háu lánum og yfirdráttarlánum sem það þarf að greiða í dag. Gæti farið svo að bankarnir yrðu einn helsti eigandi íbúðarhúsnæðis á landinu innan fárra ára? Það skyldi þó ekki vera ef háir vextir og verðbólga halda áfram?

Heilbrigðisþjónustan hefur hugsanlega verið aukin að raungildi, ég hef ekki þær tölur, hæstv. forseti. En ég tel að sú uppbygging sem hér hefur farið fram á undanförnum árum með áherslu á einkareksturinn, með áherslu á sérfræðiþjónustuna og að ekki skuli hafa verið staðið betur að uppbyggingu heilsugæslunnar, og þá sérstaklega í höfuðborginni, sé (Forseti hringir.) hluti af hinum auknu útgjöldum heilbrigðisþjónustunnar.

[15:54]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður kom inn á málefni Íbúðalánasjóðs og húsnæðismarkaðinn. Það er stefna Framsóknarflokksins að standa vörð um starfsemi Íbúðalánasjóðs sem gegnir gríðarlega miklu hlutverki fyrir alla landsmenn, sama hvar þeir búa, til að þjónusta þá við það að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það er skýr stefna Framsóknarflokksins að standa vörð um þá stofnun sem Íbúðalánasjóður er og ég vona að hv. þingmaður standi með okkur framsóknarmönnum í þeim efnum.

Hins vegar vil ég minna á og draga það fram í þessari umræðu hvert stefnumið ríkisstjórnarinnar er með því fjárlagafrumvarpi sem við höfum lagt fram. Verið er að auka barnabætur um 1,7 milljarða samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2007, um heil 25%. 16 og 17 ára unglingar munu nú njóta barnabóta. Þetta er ungt fólk sem stundar nám, oft fjarri sínum heimahögum, og bráðnauðsynlegt að koma til móts við þær fjölskyldur sem í þeim sporum standa. 25% hækkun í barnabótum á milli áranna 2006 og 2007 er því gríðarlega stórt mál og atriði sem við framsóknarmenn lögðum mikla áherslu á fyrir síðustu alþingiskosningar.

Við stórhækkum líka persónuafsláttinn, úr 78 þús. kr. upp í 90 þúsund eða um 14%. Það er mikið hagsmunamál fyrir eldri borgara og öryrkja. Ég tek undir með hv. þingmanni að trúlega megum við alltaf gera betur í þeim efnum. Við höfum verið að stíga mjög stór skref í þá átt að bæta kjör þessara hópa. Þeirri vegferð er ekki lokið en ég legg áherslu á að ríkissjóður verður að vera í stakk búinn til að standa undir meiri framlögum til þessara málaflokka og þá verða menn að hafa trúverðuga og öfluga atvinnustefnu sem tryggir það að ríkissjóður hafi fjármuni til þess að veita fé til þessara málaflokka. Því miður hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð enga trúverðuga atvinnumálastefnu hvað það varðar nema síður sé.

[15:56]

**Þuríður Backman** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum Framsóknarflokkinn í viðleitni þeirra að standa vörð um Íbúðalánasjóð. Ef einhver ætlar að standa vörð um Íbúðalánasjóð þá er það Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Ég ætla að vona að Framsóknarflokkurinn láti ekki undan síga í kröfunni um að gefa eftir og koma öllum lánum yfir til bankanna. Þá fyrst held ég að Íslendingar þurfi að óttast um sinn hag, ungu fjölskyldurnar.

Hvað varðar skatttekjur ríkissjóðs þá er hægt að afla skatttekna á svo margan hátt. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill fara allt aðrar leiðir til að afla skatttekna en núverandi ríkisstjórn hefur á stefnu sinni og hefur haft undanfarin ár. Við viljum ná miklu jafnari skatttekjum af einstaklingum með því að falla frá lágskattastefnu á hátekjumenn og lækka skattana á þá sem lægst laun hafa og að það verði gert með því að ná meira launajafnræði í þjóðfélaginu. Það er hægt að vinna að því líka. Það er hægt að ná meira launajafnræði í þjóðfélaginu með meiri menntun og betri heilbrigðisþjónustu. Það er hægt að gera það með fjölbreyttri atvinnustefnu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram frumvörp, sem ég hvet hv. þingmenn og þá sérstaklega þingmenn Framsóknarflokksins til að lesa, um sjálfbæra atvinnustefnu og um stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki, sem ég tel sjálfgefið (Forseti hringir.) að muni verða til farsældar fyrir fámennt þjóðfélag eins og okkar.

[15:59]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við ræðum um fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár. Það væri vel til fundið, áður en menn skoða þetta frumvarp, að líta til þess hvernig áætlanir og spár varðandi fjárlagafrumvarpið sem við förum núna eftir, fyrir þetta ár, hafa gengið eftir. Í fyrra spáði hæstv. fjármálaráðherra 4% verðbólgu en nú glímum við við tvöfalt hærri verðbólgu. Þetta er sá vandi sem við glímum við. Það er ekki hægt að líta fram hjá því að þetta reynist heimilunum þungur baggi.

Mér finnst það furðuleg umræða hjá stjórnarliðum að láta sem þetta sé ekkert mál. Þetta er stórmál fyrir fólk sem borgar háa vexti ofan á verðbólguna. Þetta kemur einnig illa við þá sem þurfa að fjármagna sig með skammtímalánum og yfirdrætti á 23% vöxtum. Þetta rífur í.

Ég vorkenni að vissu leyti framsóknarmönnum í þessari umræðu vegna þess að sjálfstæðismenn hafa algerlega fríað sig ábyrgð á þessu og kennt 90% lánum Framsóknarflokksins um vegna þess að þau hafi kveikt þessa elda. Vel má vera að eitthvert sannleikskorn sé í því. Ungir framsóknarmenn boðuðu ungu fólki að það yrði mesta gæfa sem gæti hent ungan mann eða konu að fá 90% lán hjá Framsóknarflokknum og þess vegna ættu menn að kjósa flokkinn. En þetta hefur síðan reynst þungur baggi fyrir efnahagslífið og kveikti það verðbólgubál sem við glímum við þessa dagana. (Gripið fram í.) Nei, þetta reyndist ekki þessa góða gjöf heldur er erfitt fyrir fólkið að eiga við þetta, sérstaklega nú þegar verðbólgan er farin af stað, að vera með 90% lán frá Framsóknarflokknum sem átti að bjarga öllu.

En hver hafa viðbrögð stjórnmálaflokkanna sem ráða ferðinni í landsmálunum verið? Við vöruðum fyrir ári við hættunni á þenslu en þeir skelltu einfaldlega skollaeyrum við. Það var ekki fyrr en í sumar sem þeir ákváðu að bregðast við. Hvað gerðu þeir? Jú, þeir drógu til baka hækkanir á hæstu lánum Íbúðalánasjóðs sem þeir voru nýbúnir að hækka. Þeir höfðu hækkað þau þremur mánuðum áður en drógu síðan hækkunina til baka og hættu við kosningaloforðalán Framsóknarflokksins. Því miður fyrir framsóknarmenn sitja þeir uppi með skömmina og sjálfstæðismenn hafa algerlega fríað sig af því ástandi sem hér ríkir.

En þar fyrir utan var farið í að draga úr framkvæmdum á landsvæðum sem búa við kreppu. Fólki fækkar á þeim landsvæðum, m.a. vegna erfiðra samgangna. Síðan þegar ríkisstjórnin boðar samdrátt, eingöngu á þeim svæðum þar sem samdráttur var fyrir þá skildum við í Frjálslynda flokknum ekkert í því. Við höfðum margt við þessar efnahagsaðgerðir að athuga. Þær sýndu í fyrsta lagi hringlandaháttog í öðru lagi var niðurskurðarhnífnum beitt á svæðum þar sem var ekki nein þensla. Við töldum þetta bara vitleysisúrræði hjá stjórnarflokkunum. En nú segja talsmenn stjórnarflokkanna að þetta hafi bara verið brella. Ef ég heyrði rétt til hv. varaformanns fjárlaganefndar þá sagði hann að þetta hefði ekki seinkað framkvæmdum á Vestfjörðum eða tafið um einn sentimetra. Þetta var því bara brella sem þeir voru að hræða íbúa Vestfjarða með. Ég efast um að þetta hafi haft nokkuð að segja fyrir fólkið á höfuðborgarsvæðinu.

Mig langar að gera það að umtalsefni að nýbakaður hv. formaður fjárlaganefndar hefur í umræðunni algerlega hafnað því að átt hafi sér stað mikil misskipting í íslensku þjóðfélagi þrátt fyrir að fyrir þinginu liggi skjöl frá hæstv. forsætisráðherra um að gríðarlega mikil misskipting hafi orðið. Hvaða rök ber hv. varaformaður fjárlaganefndar fram fyrir því? Jú, hann segir að samneyslan hafi aukist. Þetta er alveg rétt hjá varaformanninum, að samneyslan hefur aukist, en samt sem áður hefur misskiptingin aukist. Að því leyti er þessi stjórn sem hér um ræðir, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, vinstri stjórn, af því að hún er alltaf að taka til sín hlutfallslega meira af þjóðarkökunni. En hvað gerir hún við peningana? Hún deilir peningunum út ójafnt. Þeir sem standa höllum fæti fá minna og það er hlutfallslega meira tekið af þeim í sköttum. Þetta hafa rannsóknir Stefáns Ólafssonar prófessors sýnt svart á hvítu. Hvað gera stjórnarliðar þá? Ekki reyna þeir að breyta þessu. Nei, þeir reyna að rægja fólk sem kemur með staðreyndir, eða jafnvel eins og varaformaður hv. fjárlaganefndar, Einar Oddur Kristjánsson, að snúa út úr og jafnvel að gera lítið úr þeim alþjóðlega samanburði sem Gini-stuðullinn er, sem notaður er úti um allan heim. Hann gaf jafnvel í skyn í umræðunni fyrr í dag að þetta væri einhver Ítali. Það er rétt að það var Ítali sem fann þetta upp og þetta gerir þennan samanburð, sem er notaður út um allan heim. Samanburðurinn er ekkert síðri fyrir það og ég átta mig ekki á því hvað hv. þingmaður er að fara og hvaða máli það skiptir hverrar þjóðar vísindamaðurinn var sem innleiddi þennan ágæta samanburð. En hann sýnir að íslenskt samfélag er á hraðri leið til aukinnar misskiptingar undir stjórn samvinnuhugsjónaflokksins svokallaða. Ég er á því að sá flokkur verði að hugsa sinn gang.

Annað sem vakti athygli mína í umræðunni var þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um að sumir flokkar hefðu ekki þekkingu á byggðum landsins og virtu ekki félagsleg verðmæti sem þar væru vegna þess að þeir hefðu ekki skilning á landbúnaðarmálum. Mér fundust þessi orð koma algerlega úr hörðustu átt vegna þess að umræddur þingmaður hefur svikið öll loforð gagnvart landsbyggðinni, t.d. með því að svipta byggðirnar hringinn í kringum landið réttinum til að veiða fisk. Mér finnst stórundarlegt að menn skuli saka aðra um slíkt þegar þeir sjálfir hafa æ ofan í æ verið staðnir að svikum.

Að lokum ætla ég að nefna, vegna þess að ég sé að tími minn er að renna út, menntamál. Það sem mér finnst vanta í áherslurnar í þessu fjárlagafrumvarpi er áherslan á iðnmenntun. Það er ekki að sjá að Framsóknarflokkurinn átti sig á því að til þess að fylla álverin af hæfu fólki þarf að mennta fólkið sem á að starfa í þeim. Eflaust mun þörf á fleiri iðnaðarmönnum og ég er á því að það þurfi að efla iðnmenntun. Ef reka á þessa atvinnustefnu, þ.e. að auka þungaiðnaðinn, þá þarf iðnaðarmenn til að sinna þeim störfum en þess sér ekki stað í fjárlagafrumvarpinu að framsóknarmenn geri sér grein fyrir því.

Við í Frjálslynda flokknum leggjum mikla áherslu á undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar og mættu aðrir flokkar hafa það til eftirbreytni. Ég vek athygli á því að ekki er að sjá að Sjálfstæðisflokkurinn eða Framsóknarflokkurinn vilji efla menntun í undirstöðuatvinnugreininni. Ég hef ítrekað bent á að mér finnst undarlegt að hjá þjóð sem byggir afkomu sína að stórum hluta á sjávarútvegi skuli ekki vera neinn fiskvinnsluskóli. Ég furða mig sérstaklega á því í ljósi þess að í landinu eru fjórir háskólar sem kenna lögfræði. Það eru til fjármunir í þetta. Í seinni ræðu minni mun ég gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum væri skynsamlega varið með þjóðarhag í huga.

[16:09]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst þakka hv. þingmanni fyrir að halda á lofti kosningaloforðum okkar framsóknarmanna og

efndum á þeim. Það er rétt að við lofuðum 90% húsnæðislánum fyrir síðustu kosningar. Það er líka rétt að við höfum að fullu efnt það loforð með þeim afleiðingum að fjöldinn allur af ungu fólki sem áður hafði ekki tækifæri til þess hefur getað eignast þak yfir höfuðið.

Það sem vakti kannski frekar athygli hjá mér, hæstv. forseti, var að hv. þingmaður sagði að ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks væri vinstri stjórn. Þetta er mjög athyglisvert að heyra frá stjórnarandstöðunni. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er orðin vinstri stjórn. Af hverju er það? Það er af því að ríkisstjórnarflokkarnir hafa lagt áherslu á velferðarmál. Þetta er velferðarstjórn. Það er rétt hjá hv. þingmanni.

Það er hins vegar eitt sem hv. þingmaður þarf að skýra fyrir þingheimi og þjóð en það eru ummæli hans um stefnuræðu forsætisráðherra á mánudagskvöldið síðasta. Hann gat þess að það þyrfti sérstaklega að skera niður ríkisútgjöld. Hvar ætlar hv. þingmaður að skera niður ríkisútgjöld? 65% af ríkisútgjöldunum eru til velferðarmála. Hvar ætlar hv. þingmaður að skera niður?

[16:11]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að heyra á hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni að hann sjái bara ekki hvar hægt er að skera niður og hvar væri hægt að hagræða hjá hinu opinbera. En ég sé marga möguleika. (**GÓJ:** Hjálpaðu mér.) Já, ég skal hjálpa. Ég hef oft verið reiðubúinn að veita aðstoð.

Ég vil benda hv. þingmanni á að við Íslendingar verjum til að mynda 46% hærri fjármunum í lyfjakostnað en nágrannaþjóðir okkar þótt þjóðin sé yngri hlutfallslega. (**GÓJ:** Hvað eru það háar fjárhæðir?) Það væri örugglega hægt að ná sparnaði þar ef vilji væri til. Ég skal minna hv. þingmann á að Framsóknarflokkurinn hefur stýrt viðkomandi ráðuneyti í 11 ár og hvað hefur gerst? Kostnaðurinn hefur bara aukist og munurinn er að verða æ meiri. Það mátti sjá það í Kastljóssþætti að hægt væri að borga fyrir öryrkja og sjúklinga ferð á Saga Class til kaupa á lyfjum en samt sem áður kæmi ríkissjóður betur út. Ég held að þetta dæmi væri alveg tilvalið fyrir Framsóknarflokkinn að fara yfir og líta í eigin barm.

En varðandi það að ríkisstjórnin sé vinstri stjórn þá er hún vinstri stjórn að því leyti að hún er alltaf að taka meira og meira af sköttum til sín. Er hún hægri stjórn? Ég veit það ekki. Þetta er furðuleg stjórn sem síðan deilir peningunum út til fárra og tekur hlutfallslega jafnmikið af 1% hæst launaða fólkinu og síðan af öryrkjum og öldruðum. Þetta er stjórn sem þarf að fara frá. Hún sér enga leið til sparnaðar þrátt fyrir að auka og auka ríkisútgjöld. Ég held að þjóðin sé farin að átta sig á því að þeir koma upp í ræðustól og sjá bara enga leið til sparnaðar.

[16:13]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var athyglisvert svar hjá hv. þingmanni. Hv. þingmaður ætlar að hjálpa vinstri stjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins við að skera niður lyfjaútgjöld ríkisins. Sami hv. þingmaður lýsti því yfir í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra að skera þyrfti niður útgjöld ríkisins. Þegar hann er spurður um hvaða ráð hann hafi í þeim efnum þá er það að skera niður lyfjainnkaup. Það voru öll ósköpin. Hvað skyldi hv. þingmaður ætla að skera lyfjainnkaupin mikið niður og hver á að borga lyfin? Ætlar hv. þingmaður að láta sjúklinga borga lyfin?

Ég bendi hv. þingmanni á að það er gert ráð fyrir 500 millj. kr. sparnaði í lyfjainnkaupum í fjárlagafrumvarpinu. Hvað treystir hv. þingmaður sér til að leggja til mikinn sparnað í þeim efnum og á hvaða forsendum, hæstv. forseti? Ég bendi á það eins og ég gat um í ræðu minni í morgun, hæstv. forseti, að þessi hv. þingmaður talaði um Sjálfstæðisflokkinn sem stærstu félagsmálastofnun landsins. Hvernig ætlar hv. þingmaður að bjarga Sjálfstæðisflokknum og íslenskri þjóð frá því að hafa Sjálfstæðisflokkinn sem stærstu félagsmálastofnun landsins? Það skiptir máli, hæstv. forseti.

[16:15]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef ég byrja á lyfjunum þá kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2003, að mig minnir, að Íslendingar verja 14 milljörðum í lyfjakaup. Ef við keyptum lyf á sama verði og nágrannaþjóðirnar greiða fyrir þau væri hægt að ná fram sparnaði upp á 4,6 milljarða. Þetta er hægt ef viljinn er fyrir hendi, en ef menn koma neikvæðir í ræðustól og sjá ekki nokkra leið til sparnaðar þegar verið er að ræða fjárlög og hvernig ná á fram hagræðingu þá er það náttúrlega erfitt. Það hefur reynst mjög erfitt fyrir Framsóknarflokkinn að ná fram sparnaði. Við sjáum það t.d. á því að flokkurinn hefur fjölgað ráðherrum og komið með þá á færibandi inn og út úr ríkisstjórninni og aldrei hugsað um hag almennings eða kostnaðinn við þetta. Þegar gengið er eftir því hvað öll þessi ósköp kosta fást engin svör. Það þarf bara breytt viðhorf og þá ná menn árangri. (**GÓJ:** Hvað ætlar þingmaðurinn að gera?) Hvað ætlar þingmaðurinn að gera? Ég ætla að komast í stjórn og gefa ykkur frí og stýra þessu þannig að hagur almennings verði hafður í öndvegi en ekki þröngir flokkshagsmunir Framsóknarflokksins. Það munum við örugglega gera.

Ég sé að varaformanni fjárlaganefndar er skemmt en mér finnst að hann ætti að íhuga þá stöðu sem fjárhagur íslenska ríkisins er í. Hann þenst út. Hér er verið að leggja fram fjárlög sem þenjast meira út en það verðlag sem boðað er í þessum fjárlögum. Sjálfstæðisflokkurinn ætti að hafa áhyggjur af því en skella ekki upp úr þegar hér eru lagðar fram mjög góðar tillögur sem Framsóknarflokkurinn hefur látið eiga sig að framkvæma um árabil. Hvað hefur Framsóknarflokkurinn verið lengi í heilbrigðisráðuneytinu? (Gripið fram í.) Ellefu ár?

[16:17]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða sem hér fer fram nú er nákvæmlega sú sama og síðustu þrjú ár sem ég hef setið á Alþingi. Stjórnarandstaðan, sem boðaði blaðamannafund á dögunum um að nú mundi stjórnarandstaðan koma samhent til leiks, talar hér út og suður um aðalmál þingsins, fjárlög fyrir árið 2007. Hér kemur hv. þm. Sigurjón Þórðarson og boðar niðurskurð og aðhald. Ég sat hérna áðan og hlustaði á

hv. þm. Jón Bjarnason sem þuldi upp langan lista, það vantar 100 milljónir hér og af hverju gerum við ekki betur hér og hér og hér? Hér tala stjórnarandstöðuflokkarnir hvor í sína áttina. Ég óskaði eftir svari við því í andsvari við einn hv. þingmann stjórnarandstöðunnar hvort það væri ekki alveg ljóst að stjórnarandstaðan mundi sameinast um tillögur til fjárlaga fyrir árið 2007. Ég sé að það er ekki hægt. Það er ekki hægt að ná lendingu í því máli vegna þess að annars vegar talar hér hægri maðurinn, Sigurjón Þórðarson, sem vill minnka ríkisútgjöldin og þar af leiðandi væntanlega velta kostnaðarhlutdeildinni að miklu leyti yfir á einstaklingana, minnka samneysluna, eins og hann talaði hér fyrir, og hins vegar Vinstri grænir sem tala hér fyrir stórkostlegum skattahækkunum og auknum útgjöldum til velferðarmála. Hvernig verður þetta samræmanlegt nema þá um græðgina í völdin? Hugsjónirnar munu ekki skipta neinu máli hjá þessu fólki þó að það sé algjörlega á öndverðum meiði í pólitík, annar lengst til hægri og hinn lengst til vinstri. Það skiptir ekki máli. Það á að koma þessari ríkisstjórn frá sem með þessu fjárlagafrumvarpi leggur áherslu á velferðarmál og að gera betur við þá sem minna mega sín. Tölurnar tala skýru máli, sama hvað hv. stjórnarandstaða reynir að snúa út úr því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram.

[16:19]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Ég heyri að hv. þingmanni er órótt að heyra það að við ætlum að vinna saman, en ég er sannfærður um að það mun verða þjóðinni til heilla. Þetta er orðið gott hjá Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki, þeir hafa aukið misskiptinguna eins og hér hefur komið fram og enginn mótmælir, enginn, og þetta eru upplýsingar frá núverandi forsætisráðherra.

Það sem ég tel rétt að komi fram í þessari umræðu um misskiptinguna og hvernig flokkarnir hafa aukið hana, þrátt fyrir að taka til sín æ meira af skattfé almennings, er það að þegar þessi ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks var beðin um að reikna út hver misskiptingin yrði þegar öll skattaáform hennar yrðu komin til framkvæmda þá vildu menn ekkert reikna. Þeir vilja halda þessu leyndu. Þeir vilja koma þessu á og reyna að telja fólki trú um að ástandið sé ekki svona og fara síðan að telja upp hækkun hér og hækkun þar, á einhverjum barnabótum og svoleiðis.

Þegar dæmin eru skoðuð kemur það skýrt fram að ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks er ríkisstjórn aukinna ríkisútgjalda og aukinnar misskiptingar. Það er eitthvað sem Íslendingar verða að losna við.

[16:21]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður gerir mjög lítið úr þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin stendur núna í til að bæta sérstaklega stöðu þeirra sem hvað verst standa í samfélaginu. Hækkun barnabóta um 25% á milli áranna 2006 og 2007 er gríðarlega mikil hækkun sem einskorðast við lágtekju- og millitekjufólk. Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að lækkun á tekjuskattinum kemur tekjuháum til góða. Hún kemur líka tekjulágum til góða vegna þess að hún hækkar persónuafsláttinn sem mun hækka um 12 þús. kr. verði þetta frumvarp samþykkt, úr 78 þúsundum upp í 90 þúsund. Hér er um að ræða miklar jöfnunaraðgerðir.

Við erum trúlega ekki búin á þeirri vegferð en ég fullyrði að ef það verður þannig að það kosningabandalag, sem ég get ekki séð að sé neitt kosningabandalag hér innan þingsins því að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar tala út og suður, ef viðkomandi komast í ríkisstjórn eftir næstu kosningar, þá eru miklar efasemdir í mínum huga um hvað gerist í málefnum sjávarútvegsins og málefnum Kárahnjúkavirkjunar. Frjálslyndir vildu fara í þá för að fresta fyllingu Hálslóns, sem hefði kostað tugi milljóna króna, sú eina framkvæmd, en hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefði væntanlega bara fundið einhverjar aðferðir til þess að minnka ríkisútgjöldin um það. Og loks veltir maður því fyrir sér hvaða leiðir sú ríkisstjórn mundi vilja fara gagnvart þeim frjálsa markaði, hinum glæsilegu útrásarfyrirtækjum, bönkunum, sem nú skilar miklum fjármunum inn í ríkissjóð. Þetta eru verk ríkisstjórnarinnar, sem hafa aukið skatttekjur ríkissjóðs gríðarlega, og við getum einmitt varið þessum fjármunum til þess að gera sem best við okkar minnstu bræður og systur, þá sem höllustum fæti standa í samfélaginu. Það eru okkar markmið.

[16:23]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja eins og er að mér finnst að framsóknarmenn ættu að fara varlega í að hæla sér af verkum sínum í félagsmálum og gagnvart þeim sem höllustum fæti standa í samfélaginu. (**Gripið fram í:** Nú?) Þeir hafa átt í stöðugum málaferlum við öryrkja í réttarsölum, þeir sviku samning sem þeir gerðu við unga öryrkja skömmu fyrir kosningar 2003 og handsalaður var í Þjóðmenningarhúsinu. Þetta er það sem blasir við og ég vara fólk við að taka loforð þeirra núna trúanleg. Við sjáum að það er búið að draga til baka 90% lánin sem þeir lofuðu fyrir síðustu kosningar: Þessi flokkur hvíldina á skilið.

Hvað varðar sjávarútveginn þá er ég sannfærður um það að þjóðin ber mikið tjón af þeirri stefnu sem Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur hafa stefnt henni í og haldið uppi. Við sjáum byggðirnar eyðast. Hvað verður um Grímsey núna þegar 43% af kvótanum eru seld í burtu? Svona hefur þetta gengið. Við erum sannfærð um það í Frjálslynda flokknum að hægt sé að stýra þessu miklu betur. Ég hef ekki áhyggjur af fyrirtækjum eins og Samherja og því ágæta fyrirtæki FISK á Sauðárkróki. Ef þessi fyrirtæki verða í umhverfi þar sem sanngjarnar leikreglur ríkja munu þau örugglega spjara sig, rétt eins og þeir minni aðilar sem Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur virðast nú vera að þurrka út með sínu kerfi. Byggðirnar þola ekki þetta kerfi miklu lengur.

Næstu kosningar snúast um það hvernig við ætlum að hafa Ísland framtíðarinnar. Viljum við hafa Ísland framtíðarinnar eins og formaður Framsóknarflokksins vill hafa það, borgríkið Ísland, eða viljum við byggja landið?

[16:25]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hið mikilvæga plagg, frumvarp til fjárlaga árið 2007. Þetta hefur verið ágæt umræða sem hér hefur farið fram í dag en það er ýmislegt sem

ég vil staldra við í þeirri umræðu.

Ég vil í upphafi segja að þetta plagg, frumvarp til fjárlaga árið 2007, er stefnumarkandi plagg af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þarna kemur nákvæmlega fram hvað menn ætla að gera og hver áhugi þeirra er á ákveðnum málaflokkum og hvernig þeir muni vinna í mjög mikilvægum málaflokkum sem snúa að almenningi.

Í því ljósi eru nokkrir hlutir sem ég vil staldra við. Í fyrsta lagi, og ég tek fram að ég átti sams konar samtal við hv. þm. Birki Jón Jónsson við fjárlagaumræðu á síðasta ári, er það sem snýr að vaxtabótunum. Þar hafði hv. þingmaður uppi ýmis orð og hélt því fram að þessi ríkisstjórn væri nú ekki að skerða vaxtabætur með nokkrum hætti. Í ræðu sinni fyrr í dag hélt hann því fram að verið væri að hækka vaxtabætur, að þessi ríkisstjórn hækki vaxtabætur.

Virðulegi forseti. Ég skil ekki og átta mig ekki á því hvað fær hv. þingmann til að halda þessu fram þegar staðreyndirnar tala sínu máli. Staðreyndin er sú að bara á þessu kjörtímabili hafa vaxtabæturnar verið skertar verulega. (Gripið fram í.) Þær hafa verið skertar um hvorki meira né minna, frá árinu 2003 og til dagsins í dag, en u.þ.b. 1,4 milljarða á föstu verðlagi. Virðulegi forseti. Þetta eru skerðingar en ekki hækkanir ríkisstjórnarinnar á vaxtabótunum.

Virðulegi forseti. Ef skoðuð er bara krónutalan frá árinu 2003 þá erum við að tala um lækkun upp á rétt rúmlega hálfan milljarð til dagsins í dag. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Þetta tel ég, og vil draga hér fram, þetta tel ég gríðarlega alvarlega staðreynd vegna þess að það er þannig að verðbólgan er til komin vegna efnahagsmistaka þessarar ríkisstjórnar. Við búum hér við bullandi verðbólgu og verðtryggingin veldur því að lán fólks í landinu eru að tútna út. Framsóknarflokkurinn, sem gekk hér um í síðustu kosningabaráttu og lofaði ungu fólki íbúðum á slikk og góðum lánum, (**BJJ:** Hvaða mistaka?) stendur nú fyrir og hefur í þessari ríkisstjórn staðið fyrir stjórnvaldsaðgerðum sem hafa valdið gríðarlegum og sögulegum hækkunum á húsnæði hér á landi. Það hefur aldrei verið jafndýrt fyrir ungt fólk að koma sér upp þaki yfir höfuðið og einmitt í dag. Hvernig svarar þessi ríkisstjórn þeirri staðreynd að lánin sem þetta unga fólk hefur tekið fyrir húsnæði sínu bólgna út, höfuðstóll þeirra er að bólgna út á tímum þessarar miklu verðbólgu? Hvernig svara menn því? Þeir skerða vaxtabæturnar, það eina sem þetta unga fólk taldi sig geta stólað á. Þeir skerða vaxtabæturnar um rúman milljarð á þessu kjörtímabili. Virðulegi forseti. Það verður nú ekki beysið þegar hv. þingmenn Framsóknarflokksins þurfa að fara að svara kjósendum sínum frá síðustu kosningum (Gripið fram í.) hvað þetta mál varðar.

Frú forseti. Það særir blygðunarkennd mína að sitja hér annað árið í röð og hlusta á þessa, ég leyfi mér að segja og ég vona að forseti afsaki mig, þvælu, um hækkanir á vaxtabótum og að hér sé ekki verið að skerða nokkurn skapaðan hlut.

Virðulegi forseti. Ef maður skoðar vaxtabæturnar bara á þessu kjörtímabili þá hafa aðferðirnar sem ríkisstjórnin hefur beitt til að skera þær niður verið ævintýralegar. Það hefur t.d. verið farin sú leið að lækka hlutfall af eftirstöðvum skulda. Menn hafa verið að lækka viðmið. Menn hafa farið þá leið að fara með þetta hlutfall úr 7% árið 2003 niður í 5,5% og síðan aftur niður í 5%. Núna ætla menn að reyna að skila einhverju örlitlu til baka af þessu með því að hækka þetta aftur upp í 6%. En það liggur ekkert fyrir um hvernig skerðingarmörkin með tilliti til eigna verði í því samhengi. Miðað við þær upphæðir sem við sjáum í þessu fjárlagafrumvarpi hef ég ekki mikla trú á að það muni gagnast eins og vera ætti. Miðað við þá stöðu sem ungt fólk er í sem skuldar í íbúðum sínum.

Virðulegi forseti. Það hefur oft verið sagt um þessa ríkisstjórn að hún sé þrotin hugmyndum. Ég hef staðið fyrir því. Ég hef staðið hér í þessum stól og sagt það. Ég ætla að leyfa mér að draga þau orð til baka. Vegna þess að þessi ríkisstjórn hefur ótrúlegt hugmyndaflug. Ótrúlegt hugmyndaflug þegar kemur að því að þrengja að heimilunum í landinu og þá ekki síst unga fólkinu. Þetta er eingöngu eitt dæmið um það. Þannig að ég ætla að draga þau orð mín til baka.

Virðulegi forseti. Ég ætla að vona að Framsóknarflokkurinn, ég sagði þetta sama hérna í fyrra og vona að ég þurfi ekki að segja það aftur á næsta ári, fari að sjá að sér hvað varðar þessar vaxtabætur. Ég skil afstöðu Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur aldrei verið hlynntur þessu vaxtabótakerfi. Ungir sjálfstæðismenn vilja leggja það af. Framsóknarflokkurinn hefur viljað halda því á lofti en hann virðist vera að hoppa á vagninn með Sjálfstæðisflokknum með að leggja það hreinlega í rúst.

Virðulegi forseti. Það er kominn tími til að menn taki sig saman og fari að huga að því hvaða afleiðingar stjórnvaldsaðgerðir hafa á mismunandi hópa. Einn sá hópur sem verður að fara að skoða er ungt fólk og barnafólk. Vegna þess að stjórnvaldsaðgerðir síðustu ára hitta þetta fólk mjög illa fyrir.

Virðulegi forseti. Í lok máls míns, því tíminn flýgur, þá vil ég aðeins koma inn á framhaldsskólann. Í fjárlagafrumvarpinu er verið að skera niður til framhaldsskólans. Fjármagn til framhaldsskólans er aukið um 500 millj. kr. vegna fjölgunar nemenda en 300 millj. kr. hafa verið teknar til baka til að mæta aðhaldskröfum.

Virðulegi forseti. Hvernig er það gert? Það er gert með því að gera breytingar á reiknilíkaninu sem átti að vera traust undirstaða framhaldsskólanna til þess að geta byggt áætlanagerð sína á. En nú er reiknilíkaninu breytt þannig að það er þrengt að skólunum. Það er verið að nota reiknilíkanið til að mæta aðhaldskröfu.

Virðulegi forseti. Þetta er braut sem mér finnst uggvænleg. Vegna þess að reiknilíkanið átti að setja alla við sama borð og átti að vera skólunum traustur grunnur fyrir áætlanagerð. Hvað gerist ef reiknilíkanið sjálft er notað til að mæta aðhaldskröfum?

Virðulegi forseti. Svona vinnubrögð ganga ekki. Þau ganga ekki. Þarna er verið að skera niður. Þarna er verið að rýra framlögin sem eiga að fylgja hverjum nemanda inn í framhaldsskólana, sem er uggvænleg þróun í ljósi þess að við höfum nýlega fengið úttekt frá OECD sem sýnir að við erum í 19. sæti yfir framlög til framhaldsskólans hér á landi.

Virðulegi forseti. Ég varð að koma hér inn á þetta. Ég hef verulegar áhyggjur af því hvernig ríkið er að fara með þau skólastig sem eru á þess snærum. Við vitum að við

komum vel út í skýrslu OECD um framlög okkar til menntamála. Við erum ofarlega þar, í þriðja sæti vegna framlaga til leikskóla og í sjötta sæti til grunnskóla, sem sýnir að sveitarfélögin standa sig í stykkinu. Sveitarfélögin eru með þessi skólastig og þau standa sig í stykkinu. En við húrrum niður í 19. og 21. sæti í samanburðinum þegar kemur að þeim skólastigum sem eru á hendi ríkisins.

Virðulegi forseti. Menn geta ekki haldið því fram að það sé verið að gefa í til menntamála þegar raunin er allt önnur. Það verður (Forseti hringir.) að tryggja framlag með hverjum einasta nemanda eins og áætlað hefur verið og skólarnir höfðu gert ráð fyrir í sínum áætlunum.

[16:36]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nú meiri dómadagsræðan og ég hvet nú hv. þingmann til að sýna stillingu í þeirri umræðu sem hér fer fram, sérstaklega þegar við tölum um vaxtabætur. Ég ætla að lesa hér upp af bls. 393 úr fjárlagafrumvarpinu og hv. þingmaður er nú nefndarmaður í fjárlaganefnd, en á fjárlögum ársins 2006 var ákveðið að verja 5,1 milljarði til vaxtabóta. Vegna hækkandi eignaverðs varð það þannig við álagningu núna á vormánuðum að þessi 5,1 milljarður fór ekki allur út og núna er unnið að því á vettvangi ríkisstjórnarinnar að breyta reglum til að rétta hlut þeirra sem áttu að fá vaxtabætur nú á þessu ári.

Á næsta ári er hins vegar í frumvarpi fyrir árið 2007 þessi upphæð hækkuð upp í 5 milljarða og 530 millj. Þannig að á árabilinu 2006 til 2007 er verið að hækka vaxtabætur um 430 milljarða. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir kemur svo hér og eys úr skálum reiði sinnar. En ég held að það sé rétt, þar sem við höfum nú tölurnar á hreinu í þessu, þannig að það er verið að auka vaxtabætur eins og ég sagði hér í fyrri ræðu minni, á milli áranna 2006 og 2007.

Hæstv. forseti. Það var dálítið merkilegt að heyra ræðu hv. þingmanns um framlög til menntamála hér á landi. Það er m.a. búið að auka framlög til háskólastigsins á árunum 1998 til 2006 um 80% að raungildi. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður reynir að gera þá mynd hér að ríkisstjórnin hafi ekki staðið sig í þessum málefnum þegar við höfum hækkað framlögin um 80% að raunvirði. Það er kannski enginn sérstakur árangur. (Forseti hringir.) En ég er mjög stoltur af þeim árangri.

[16:38]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður heldur áfram í umræðu um vaxtabætur að beita, ég vil bara segja, blekkingum. Vegna þess að staðreyndin er sú að tölurnar sem ég var með hér áðan sýna stöðuna á kjörtímabilinu. Þegar þetta er reiknað á núvirði, að raunvirði, er staðreyndin sú að á næsta ári, árið 2007 — það er rétt að það er verið að hækka örlítið milli ára, áranna 2006 til 2007 — frá árinu 2003 hafa þær að raunvirði verið skertar um 1 milljarð kr. Þetta eru staðreyndir, hæstv. forseti, sem ég legg hér fram og stend við.

Virðulegi forseti. Að krónutölu frá árinu 2003 til frumvarpsins eins og það stendur 2007 þá erum við að tala um skerðingu upp á 226 millj. kr. að krónutölu. Þá er það ekki reiknað upp.

Frú forseti. Þetta eru staðreyndir sem hv. þingmaður og formaður fjárlaganefndar á auðveldlega að geta gengið að. Ég veit að hann á annríkt og ég veit að án efa er verið að veita honum upplýsingar héðan og þaðan. En ég ætla þá að ráðleggja hv. þingmanni að fá einhverja til að skoða þetta mál sérstaklega fyrir sig áður en hann heldur því fram að vaxtabætur hafi verið að hækka á þessu kjörtímabili.

Frú forseti. Örlítið varðandi skólana. Það er bara staðreynd að þrátt fyrir að framlög hafi aukist þá hefur nemendum fjölgað. Það er fyrst og fremst vegna nemendafjölgunar sem framlögin hafa aukist. Það er ekki verið að auka framlög til þess að gera námið betra eða til að auka gæði þess. Nemendafjölgun hefur bara verið fylgt og meira að segja (Forseti hringir.) í þessu frumvarpi hér þá er það ekki einu sinni gert til hins ýtrastra eins og ætti að gera heldur er nemandaframlag skert.

[16:40]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmaður á erfitt með að fóta sig í þessari umræðu. Enda er það svo að við erum að fjalla hér um trúlega eitt það glæsilegasta fjárlagafrumvarp sem hefur verið lagt fram hér á þingi. Ríkissjóður er nánast skuldlaus. Við erum að stórefla heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfið með auknum framlögum til þeirra þátta. Það er óumdeilt. Ég held að menn geti nú ekki neitað því. Við erum að auka framlögin til barnabóta um 25% sem mun sérstaklega koma lágtekju- og millitekjufólki til góða. Við erum að lækka skatta.

Þannig að það er ýmislegt sem má telja hér upp. Síðast en ekki síst erum við að hækka skattleysismörkin um 12 þús. kr. úr 78 þús. upp í 90 þús. Svo kemur hv. þingmaður hér upp bara eins og heimurinn sé að farast.

Þetta er náttúrlega ekki viðunandi, sérstaklega ef við lítum til fortíðar kratanna í Samfylkingunni árið 1991 til 1995 þegar Jóhanna Sigurðardóttir var félagsmálaráðherra. Átti Íslandsmet í að skerða barnabætur á sínum tíma (**EMS:** Ekki trúir þú þessu, drengur?) þegar það var tekjusamdráttur sem bitnaði hvað harðast á lágtekjufólki.

Við getum talað líka um kjör námsmanna 1991 til 1995. Þá var endurgreiðslubyrði námslána 7%. Það voru kratarnir sem voru að skattpína íslenska námsmenn eins og Katrínu Júlíusdóttur er náttúrlega vel kunnugt um. Þá var endurgreiðslubyrðin 7%. Í dag er hún 3,75%. Þannig að af 5 millj. er námsmaður í dag að borga 187 þús. en nærri því tvöfalt hærri upphæð á árinu 1991 til 1995. Þannig var nú velferðarstjórn kratanna. Þannig tókst þeim nú upp í málefnum námsmanna. Þannig að það er eðlilegt að hv. þingmaður ergist hér og missi nærri því stjórn á skapi sínu við þá umræðu sem er um þetta sólskinsfrumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007.

[16:42]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kemur hér upp og talar um þetta glæsilega fjárlagafrumvarp. Það er rétt. Heimilisbókhaldið hjá ríkisstjórninni er í ágætismálum. Hins vegar er heimilisbókhaldið hjá því unga fólki sem er með húsnæðislán ekki jafnglæsilegt. Því hver ber hitann og þung-

ann af verðbólgunni? Það er þetta fólk meðan aðrir eru með belti og axlabönd með verðtryggingu hvað þessi mál varðar og þurfa ekki að bera hitann og þungann af þessari verðbólgu.

En heimilisbókhaldið hjá fólkinu í landinu gerir það. Það er móðgun við þetta fólk að halda því fram að hér sé allt í blóma þegar þetta er raunverulegt og stórt vandamál.

Frú forseti. Ég er ekki með neina heimsendaspá. Ég er eingöngu að fara fram á að menn horfist í augu við þessa staðreynd og að þegar þeir flytja mál sitt hér í ræðustól Alþingis þá haldi þeir ekki fram staðlausum stöfum um hækkanir eða að engar skerðingar séu á vaxtabótum. Það er þetta, frú forseti, sem mér sviður.

Ég vil segja, frú forseti, að ég vona að við eigum fram undan góða umræðu um þessi mál og menn muni sjá að sér. Því ef það er einhver hópur hér í landi, það er það eina sem ég er að biðja um, sem þarf að mæta með einhverjum hætti þá er það ungt fólk með skuldirnar út af húsnæði, sem situr uppi með verðbólguna á bakinu, sem hefur verið búin til af öðrum en þeim. Hvaða möguleika eiga þau til að ráðast gegn verðbólgunni? Enga. En hvaða möguleika hefur ríkið til þess? Mjög mikla. Hefur ríkið gert eitthvað í því? Nei.

Frú forseti. Það sem ég er að biðja um og vona er að hv. þm. Birkir Jón Jónsson formaður fjárlaganefndar komi með mér í þann leiðangur (Forseti hringir.) að reyna að mæta þessum hópi með einhverjum myndarlegum hætti.

[16:45]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég hef hlustað með mikilli athygli á þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Hún er heðbundin. Stjórnarliðar reyna að verja fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Við í stjórnarandstöðunni höfum gagnrýnt frumvarpið og reynt að finna á því veika bletti. En ég velti því fyrir mér hvað það fólk hugsi sem fylgist með þessari umræðu og er kannski ekki alveg eins vel haldið og fólkið í þessum sal, fólk sem ekki býr við gott heilsufar, fólk sem þarf að leita sér lækninga og greiða fyrir þær sífellt hærra verð með komugjöldum og margvíslegum sjúklingagjöldum. Ég velti því fyrir mér hvað það fólk hugsar sem er að kaupa íbúðir og finnur brenna á sér síhækkandi vexti. Ég velti fyrir mér hvað fyrirtækin og forsvarsmenn þeirra fyrirtækja hugsa sem heyra hástemmdar yfirlýsingar stjórnarsinna um efnahagsástandið, hvað þeir hugsa um leið og þeir horfa á bókhald eigin fyrirtækja. Þeir eru að sligast undan okurvaxtastefnunni og erfiðum skilyrðum.

Hv. þm. Birkir Jónsson, formaður fjárlaganefndar, býsnaðist mikið í dag yfir atvinnustefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og spurði hver hún væri. Hann taldi hana ekki vera til. Ég get upplýst hv. þingmann um í hverju hún liggur meðal annars. Hún liggur m.a. í því að stuðla að lágum vöxtum og þannig hagstæðum skilyrðum fyrir heimili og fyrirtæki í landinu. Og það er m.a. á þeirri forsendu sem við höfum gagnrýnt stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, sem valdið hefur þenslu og hækkandi vöxtum. Stýrivextir Seðlabankans eru hærri nú en dæmi eru um. Hvers vegna? Til að reyna að slá af þenslu sem rekja má til stóriðjustefnunnar. Þegar hv. þingmaður talaði um ávinninginn af stóriðjustefnunni þá er hann vægast sagt mjög umdeildur. Það hafa aldrei farið fram af hálfu stjórnvalda útreikningar á þjóðhagslegum ávinningi af meintum virðisauka sem stóriðjan á að skila inn í þjóðarbúið. Þessi umræða fór aldrei fram. Ég fylgdist mjög vel með umræðunni, sat í efnahags- og viðskiptanefnd þingsins þegar hún fór fram og spurði aftur og ítrekað helstu ráðgjafa ríkisstjórnarinnar úr fjármálaheiminum hvort þeir hefðu gert slíka útreikninga. Þeir kváðu nei við. Ég spurði: Er það virkilega svo að þið eruð að skoða málið á sömu forsendum og þið væruð að skoða flutning á grjóti í róðrarbát til Færeyja eða byggingu píramída á Sprengisandi, bara umfang aðgerðanna, efnahagslegt umfang aðgerðanna. Já, þeir sögðu að svo væri, okkur hefur aldrei verið falið að skoða þjóðhagslegan ávinning þessara framkvæmda. En nánast allir sjálfstæðir hagfræðingar sem hafa skoðað þessi mál hafa lýst miklum efasemdum og sumir talið að útkoman verði neikvæð.

Við erum þeirrar skoðunar að þegar málið er gert upp þá sé um mjög óheppilega atvinnustefnu að ræða fyrir Íslendinga. Við eigum þvert á móti að stuðla að fjölbreytni í atvinnulífinu og það gerum við m.a. með því móti sem ég hef verið að lýsa. Þetta er atvinnustefna.

Hæstv. fjármálaráðherra sló eiginlega öll met í umræðunni í dag þegar hann svaraði talsmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Jóni Bjarnasyni, sem er fulltrúi okkar í fjárlaganefnd þingsins. Hv. þingmaður Jón Bjarnason gerði góða grein fyrir viðhorfi okkar til fjárlagafrumvarpsins. Hann sagði m.a. að það sem vantaði í þetta frumvarp væru nokkrar síður um sjálfar forsendurnar sem það hvíldi á. Hann sagði að það vantaði upplýsingar um hvaða stefna yrði tekin á komandi árum í stóriðjumálum vegna þess að við erum væntanlega öll búin að ræða það eða hugleiða hvaða þýðingu það hefur ef viðskiptahallinn og skuldaaukning við útlönd verður með sama hætti og verið hefur á undanförnum árum. Þar kemur stóriðjan að sjálfsögðu við sögu og hvert stefnir í þeim efnum. Nei, þá kvaddi hæstv. fjármálaráðherra sér hljóðs og sagðist ekki skilja í hvaða hugarheimi hv. þingmaður væri vegna þess — ég tók þetta niður, með leyfi forseta — að ekki væri „um skipulagt hagkerfi að ræða".

Þetta voru orð hæstv. fjármálaráðherra, ráðherra í ríkisstjórn sem hefur á teikniborðinu stóraukningu á stóriðju í landinu. Þar er rætt um þrjá staði: Húsavík, helmingsstækkun í Straumsvík og síðan í Helguvík. En í öllum tilvikum koma stjórnvöld við sögu. Málið snýst að sjálfsögðu um það, sem er hlutur stjórnvalda, að sjá þessum fyrirtækjum fyrir orkunni. Það er okkar framlag. Það er framlag ríkisins. Það er hið skipulagða í málinu eða var hún með mjög óskipulegum hætti að undirrita allar viljayfirlýsingarnar, hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir, á Húsavík og í Helguvík. Var það með óskipulegum hætti? Hvernig var fundurinn sem hæstv. þáverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, átti með forstjóra álversins í Straumsvík þegar um það var rætt að jafnvel loka því ef þeir fengju ekki orku á viðráðanlegum prís og nógu hratt? Auðvitað er þetta skipulagt í hagkerfinu. Þetta er stjórnarstefna. Nú eru á borðinu áform um framkvæmdir sem, ef þau kæmu til framkvæmda, nema um 450 milljörðum kr. Okkur er sagt að þetta verði ekki á næstu árum en jafnvel eitt mundi stórlega raska forsendum í öllum spám ríkisstjórnarinnar. Þess

vegna tek ég undir það með hv. þingmanni Jóni Bjarnasyni, að þetta þarf að liggja alveg ljóst fyrir af hálfu stjórnvalda. Hæstv. fjármálaráðherra sagði að það væri ekki hægt að staðhæfa að af þessum framkvæmdum eða einhverjum þeirra yrði. En það væri heldur ekki hægt að segja að svo yrði ekki. Hvers konar ráðslag er þetta eiginlega?

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur verið í forsvari fyrir samtök atvinnurekenda á Íslandi, hefur rekið fyrirtæki og hefur mikla reynslu á þeim sviðum og víðtæka reynslu í umræðu um þessi mál. Það kom mér á óvart að heyra á hve óábyrgan hátt hann talar um fjármál og efnahagsforsendur þjóðarinnar. Hann talar í prósentum einvörðungu og segir að hér búi allir við góðan hag en neitar að horfa á hvað liggur að baki. Hann horfir ekki á skuldastöðu þjóðarinnar. Hann horfir vissulega á skuldastöðu ríkissjóðs og það er rétt að hún hefur farið niður en skuldastaða þjóðarinnar í heild sinni hefur aukist. Viðskiptahallinn við útlönd er nú meiri en dæmi eru um í sögunni, 18,6% af landsframleiðslu. Við erum að tala um 210 milljarða kr. á þessu ári. (**GÓJ:** Minnkar á næsta ári.) Þetta var líka sagt í fyrra. Þá var spáð 100 milljarða halla. Hver varð hann fyrir árið í fyrra? Hann var 161 milljarður. Það var veruleikinn. Að sjálfsögðu þarf að horfa á þessar forsendur. Og bara væntingarnar, einvörðungu væntingarnar um eitt álver í viðbót, að Framsóknarflokkurinn nái sínum draumum fram um frekari stóriðju, munu raska þessum forsendum öllum. Það er í hæsta máta óábyrgt að fara fram eins og hér er gert og neita að ræða þessa hluti og skýra okkur frá því hvað raunverulega vakir fyrir stjórnvöldum í þeim efnum.

[16:55]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alvanur því að menn deili á skoðanir mínar um efnahagsmál, deili mjög hart á þær. Ég er hins vegar óvanur því að menn segi á Alþingi að ég tali á óábyrgan hátt um fjármál ríkisins og efnahagsmálin. Andstæðingar mínir í skoðunum hafa ekki svo ég muni eftir notað þau orð.

Ég ætla að lýsa því yfir, virðulegi forseti, að ég er mjög sammála því að fram fari hlutlaus úttekt kunnáttumanna á þjóðhagslegri þýðingu stóriðju og virkjunarstefnu. Það er mjög nauðsynlegt að slík úttekt fari fram. Ég er að sjálfsögðu með því að styðja allar slíkar fram komnar tillögur. Á því er mikil þörf. Ég ætla þó að þær hafi margsinnis verið gerðar. Þessi umræða hefur staðið yfir frá því á 7. áratugnum. Þá urðu mjög miklar deilur og ég minnist þess þegar fyrst var farið á þessar brautir gagnvart fyrsta álverinu sem var reist í Straumsvík. Þá urðu gríðarlega harkalegar deilur.

Ég hef líka séð úttektir sjálfstæðra hagfræðinga á þessu. Ég hef hins vegar aldrei séð neina gagnrýni sem ég tel marktæka nema það eitt að menn hafa réttilega bent á að þessi ríkisábyrgð geti truflað fjármagnsstreymi í landinu. Ég held að allir ábyrgir menn séu á þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að hverfa frá ríkisábyrgðum á lántökum varðandi virkjanir. Ég þekki engan sem reynir að verja það áfram og ég er sannfærður um að það mun gerast í framtíðinni. Ríkisábyrgðirnar verða að hverfa. Það er stóra málið í þessu. (**MÁ:** Hvað með Kárahnjúkavirkjun?) Þá yrði fjármagnsstreymið frjálst og ekki á annarra vegum en þeirra sem taka ábyrgð á því, þeirra sem eiga peningana.

[16:57]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir það rangt af mér að saka hann um óábyrgan málflutning. Já, mér finnst það óábyrgur málflutningur að beina ekki sjónum að geigvænlegum viðskiptahalla og skuldaaukningu þjóðarinnar en einblína aðeins á það sem greitt er út úr ríkissjóði, eins og mér fannst hann gera. Ég hef fylgst mjög vel með þessari umræðu í dag. Ef hann segði okkur frá heimilisbókhaldi sínu, hvað hann keypti marga bíla og hvað hann hefði matinn og hversu oft hann færi til útlanda en gleymdi að segja okkur frá því að þetta var allt tekið að láni, væri það ábyrg umfjöllun? Ég held ekki.

Varðandi þetta að gera hlutlausa úttekt. Hvers vegna studdi hv. þingmaður það ekki þegar við lögðum það til í aðdragandanum að Kárahnjúkavirkjun? Ég hef barist fyrir því árum saman að það yrði gert. Því var alltaf neitað. Að það hafi verið gerðar slíkar úttektir fyrr á tíð, já, það kann að vera. En umræðan var á öðrum forsendum fyrrum. Þá var horft á víðtækari máta til samfélagsins. Þá var verið að virkja fyrir blandaða hagsmuni, fyrir heimili, fyrirtæki og fyrir stóriðju. Menn töldu að slík blanda mundi efla þjóðarhag. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess. Aðrir töldu að svo væri ekki. Um þetta voru hatrammar deilur í þjóðfélaginu. Látum það liggja á milli hluta að sinni.

Það sem er hins vegar að gerast núna er að við erum að virkja fyrir eitt fyrirtæki sem tekur geysilega orku til sín og gríðarlega peninga. Þá snýst málið um það eitt hvað þessi aðgerð, þetta fyrirtæki og sú starfsemi sem því tengist, skilar í þjóðarbúið. Ekki bara það. Við þurfum líka að tefla fram valkostunum. Hvað hefði gerst ella? Þar erum við komnir að vöxtunum hans hv. þm. Birkis J. Jónssonar.

[17:00]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta kemur mér mjög mikið á óvart. Ég ætla ekki að fara að metast við menn um það hvað hver hefur sagt, en ég hélt að það væru fáir menn alla vega hér á Alþingi sem hafa haldið fleiri ræður og oftar en ég og varað við hávaxta- og hágengisstefnunni sem hér er við lýði. Ég hef efast um hana í mörg ár. En ég efast líka um fullyrðingar hv. þingmanns að þessar virkjunarframkvæmdir hafi þessi ofboðslegu ruðningsáhrif sem þeir vilja vera láta.

Það liggur fyrir að innlendur virðisauki af virkjunum og framkvæmdum fyrir austan er rúmlega 70 milljarðar, það liggur fyrir. Við höfum notað til þess erlent vinnuafl að stórum hluta.

Hins vegar liggur einnig fyrir að á sama tíma og framkvæmdir hafa staðið hefur nettóinnstreymi erlendra lána til Íslands numið 700 milljörðum kr. Svo geta menn deilt um hvaðan þensluáhrifin komi. Koma þau af innstreymi peninganna, sem fyrst og fremst er vegna vaxtamunar, eða koma þau vegna framkvæmdanna? Ég hef haldið því fram að þau kæmu vegna innstreymis peninganna og hinnar vafasömu vaxtastefnu sem við værum að reka og er sá skóli sem allir eða flestir þykjast fylgja. Hann væri mjög hættu-

legur því að hann gæti mjög auðveldlega snúist upp í andhverfu sína.

Því miður, virðulegi forseti, hef ég oft staðið fyrir þessi sjónarmið og ég minnist þess ekki að t.d. stjórnarandstöðuþingmenn hafi komið upp á undanförnum árum og tekið undir sjónarmið mín. Þá er ég orðinn gleyminn ef það hefur verið, ég hef aldrei heyrt það. Menn hafa bara verið á móti þessum virkjunum, á móti og aftur móti, og talið það allt frá hinu illa en ég er mjög sannfærður um að svo sé ekki. En hlutlaus úttekt — auðvitað er enginn vandi að framkvæma hana (Forseti hringir.) og nauðsynlegt að gera.

[17:02]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nú svolítið ódýrt núna þegar verið er að hleypa á Hálslón að segja: Við erum ekki á móti hlutlausri úttekt. Ég mótmæli því að við höfum ekki óskað eftir þessu hér fyrr á tíð og við höfum fært mjög ítarleg rök fyrir okkar máli. Þá er ég að horfa til hinna efnahagslegu þátta ekki síður en til annarra. Þetta er nú bara staðreynd.

Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að hann hefur varað mjög við hávaxtastefnu, það er alveg rétt, og hann hefur verið án efa mjög einlægur í því. Það sem ég er hins vegar að segja er að sú stefna sem hér hefur verið rekin, stóriðjustefnan, hefur leitt til hærri vaxta. Það hefur líka orsakast af innflæði peninganna, eins og hv. þingmaður bendir á, en þarna er líka samhengi á milli, vegna þess að peningamennirnir sem hafa verið að fjárfesta hér og taka til sín vaxtamuninn hafa treyst því að hér yrði ríkisstjórn sem ræki mjög grimma fjárfestingar- og þenslustefnu á komandi árum. Þess vegna hafa allar væntingar um frekari stóriðju haft áhrif á innstreymi peninganna. Það eru þessir þættir sem m.a. hafa verið gerðir að umfjöllunarefni í skýrslum OECD og er ég nú ekki helstur aðdáandi þeirra samtaka. OECD hefur varað við þessari stefnu mjög eindregið og mjög ítarlega í nýlegri skýrslu.

Það eru mörg önnur atriði sem ég vildi gjarnan gera að ítarlegra umfjöllunarefni varðandi fjárlögin en verð að gera það í annarri ræðu og ég óska eftir að ég verði þegar settur á mælendaskrá.

[17:04]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti hv. þm. Ögmundur Jónasson ganga ansi langt þegar hann sagði að varaformaður fjárlaganefndar Alþingis talaði með óábyrgum hætti í því andsvari sem hann veitti áðan í ljósi þeirrar staðreyndar að það er stefnumál Vinstri grænna að Kárahnjúkavirkjun eigi að standa sem minnisvarði um heimsku manna um ókomna tíð. Það er búið að semja við fyrirtækið Alcoa sem mun starfrækja álver í Reyðarfirði um afhendingu á orku og mér skilst að það fyrirtæki sé búið að gera skuldbindandi samninga við aðila um útflutning á framleiðslu sinni til fimm ára. Þetta eru framkvæmdir upp á um 250 milljarða og trúlega yrðu íslensk stjórnvöld skaðabótaskyld gagnvart þeim aðilum sem hafa hafið framleiðslu á Reyðarfirði. Við erum hugsanlega að tala um 300 milljarða, sem er rekstur Háskóla Íslands í 50 ár, sem er rekstur Landspítala – háskólasjúkrahúss í tíu ár, fyrir utan þá staðreynd að um eitt þúsund manns, sem hefðu annars fengið vinnu við álver á Austurlandi og afleidd störf í kringum þau, fengju væntanlega eitthvað lítið að gera.

Þegar hv. þingmaður talar um að menn séu með óábyrgt tal hér ætti hann að líta sér nær. Við hljótum í þessari umræðu að krefja Vinstri græna svara við því hver stefna þeirra er gagnvart Kárahnjúkavirkjun. Ég fullyrði að verið er að stefna íslenskum stöðugleika og stöðu ríkissjóðs í mjög vond mál ef stefnumið Vinstri grænna verða ofan á í þessu máli.

Ég segi það að á komandi mánuðum verðum við gera þjóðinni það ljóst hver stefna Vinstri grænna er í þessu máli. Hvað gerist ef Vinstri grænir fara í ríkisstjórn. Verður hleypt þá af Hálslóni? Hver er stefna Vinstri grænna í málinu? Hér er verið að tala um nokkur hundruð milljarða kr. í hagsmunum fyrir íslenska þjóð.

[17:07]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson ætlar mig fyrir að hafa gagnrýnt varaformann fjárlaganefndar fyrir það sem ég hef kallað óábyrgan málflutning, fyrir að horfa ekki á skuldastöðu landsmanna, á mesta viðskiptahalla í þjóðarsögunni og nú víkur hv. þingmaður máli sínu austur til Kárahnjúka og heldur áfram að tala um óábyrgan málflutning.

Það sem hefur gerst óábyrgt í þeim efnum er sú eyðilegging og þau spjöll sem verið er að valda á íslenskri náttúru, þau óafturkræfu spjöll sem verið er að valda á íslenskri náttúru. Við höfum allar götur frá því að umræður um þetta efni hófust haldið uppi mjög staðföstum málflutningi á Alþingi um hve misráðið þetta væri á margvíslegum forsendum. (**GÓJ:** Á að tæma lónið?) Við höfum horft fyrst og fremst til náttúrufarsþáttanna, umhverfisþátta, en einnig til efnahagslegra þátta sem við höfum verið að gera að umræðuefni núna.

Á að tæma lónið, hvað á að gera? er kallað hér utan úr sal. Það er Framsóknarflokkurinn með sinn málflutning. Ég ætla bara að vona eitt. Ég ætla að vona að allir þeir Íslendingar sem harma þau miklu óafturkræfu náttúruspjöll sem þessar framkvæmdir og þessi virkjun fyrir austan veldur muni það í næstu kosningum hver rekur málið áfram af óbilgirni og hörku. Og ekki nóg með það — (**Gripið fram í:** Engin stefna.) Engin stefna? Hver haldið þið að trúi á svona málflutning. (**GÓJ:** Á að tæma lónið?) Talið þið sem mest, komið hingað í ræðustól og lýsið ykkar innri hug (Forseti hringir.) til stóriðjustefnunnar, náttúruspjallanna, vegna þess að Framsóknarflokkurinn er ekkert hættur, hann er ekkert hættur. (Forseti hringir.) Næst verða það Landmannalaugar.

[17:09]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég frábið mér náttúrlega það að hv. þm. Ögmundur Jónasson geri Framsóknarflokknum upp skoðanir hvar eigi að virkja næst eða hvort eigi að virkja í framtíðinni. Ég vil segja það að að sjálfsögðu skil ég þær tilfinningar umhverfisverndarsinna að við séum að færa þarna fórnir. En við erum að gera það fyrir aðra hagsmuni, við er-

um að byggja upp atvinnulíf á Austurlandi, þúsund störf eru í húfi. Ég bar hér fram einfalda spurningu um stefnu Vinstri grænna ef þeir kæmust í ríkisstjórn. Hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Jón Bjarnason fara undan í flæmingi vegna þess að sú ræða, fjallræðan, sem Steingrímur J. Sigfússon hélt yfir sínum flokksmönnum fyrir austan nú fyrir nokkru var gjörsamlega út í hött. Þær hugmyndir sem foringi þessa stjórnmálaflokks lagði þar fram voru svo óábyrgar að það er á mörkunum að maður treysti því fólki til að koma að landstjórninni í framtíðinni.

Hv. þingmaður neitar því ekki að mögulega fari Vinstri grænir í þann leiðangur að tæma lónið, hann neitar því ekki. *Þetta er bara mjög alvarlegur hlutur og ég verð bara að segja það að ég treysti Vinstri grænum til alls.* Þetta er stjórnarandstöðuflokkurinn. Ég ætla að benda hv. þingmanni á að við höfum stóraukið framlög til velferðarmála, til mennta- og heilbrigðismála, við gerum það ekki nema halda úti öflugri atvinnustefnu, við gerum það ekki nema með því að auka ríkistekjur. Svo kemur þessi stjórnarandstöðuflokkur með þá tillögu að setja fjármál ríkisins á annan endann. Þessi stjórnmálaflokkur er ekki trúverðugur í þessum málum, talar um eilíf útgjöld en talar svo um jafnvel að koma í veg fyrir þá uppbyggingu sem á sér stað núna fyrir austan.

[17:11]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort það á að kalla þetta svar, ég segi bara: Vesalings, vesalings Framsóknarflokkurinn. Vesalings Framsóknarflokkurinn sem segir hér að hann virði tilfinningar fólks og skilji þegar það er núna grátandi undan verkum Framsóknarflokksins.

Hv. þingmaður segir að ég skuli ekki gera Framsóknarflokknum upp skoðanir um hvað hann vilji í þessum efnum, hann sé að þjóna öðrum hagsmunum og vísar þar til atvinnuhagsmuna á Austurlandi. En það eru fleiri hagsmunir sem Framsóknarflokkurinn er að þjóna. Eða í hvaða erindagjörðum fór *þáverandi hæstv. iðnaðarráðherra í höfuðstöðvar* Alcoa í New York til að hlýða á boðskap þess fyrirtækis um hvar það vildi virkja eftir að ráðherrar Framsóknarflokksins höfðu farið með þá um norðanvert landið til að sýna þeim og falbjóða náttúruperlur landsins? (**BJJ:** Hver er stefnan?) Hver er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs? Hún er alveg skýr, við höfnum stóriðjustefnunni og stórvirkjunum í hennar þágu. Ég hélt að þetta væri öllum ljóst. Ræðan sem vísað er til var mjög góð og ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar við hvöttum til þess og kröfðumst þess að fallið yrði frá áformum um að fylla á Hálslón, í það minnsta þar til tilteknum skilyrðum yrði náð. Þetta er krafa sem hljómar og ómar um þjóðfélagið allt. (**GÓJ:** Ætlar þingmaðurinn að tæma lónið?)

Svo skulum við bara fá Framsóknarflokkinn og segja hvað hann hefur til málanna að leggja varðandi íslenskt efnahagslíf (Forseti hringir.) og íslenskt þjóðlíf. (**GÓJ:** Ætlar þingmaðurinn að tæma lónið?) Ég vona bara að kjósendur hlusti vel á þessa merku talsmenn Framsóknarflokksins.

[17:13]

**Útbýting:**

Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 42. mál, þáltill. DJ o.fl., þskj. 42.

Nýbyggingar, 115. mál, fsp. JóhS, þskj. 115.

Strandsiglingar, 34. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 34.

Virðisaukaskattur, 45. mál, frv. MÞH o.fl., þskj. 45.

[17:14]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Menn hafa hér talað um fjárlagafrumvarpið af miklu viti og víðsýni og sumir dregið arnsúg í flugnum, *einkum þeir sem yngri eru og nýrri hér á þingi. Hefur verið* aðdáunarvert að heyra hvílíkt mannvit er þar saman komið og nærmur skilningur á ýmsum þáttum sem menn hafa tekið fyrir.

Það er líka eðlilegt að menn hafi farið út um víðan völl, síðast voru nokkrir þingmenn hér komnir ofan í Hálslón. Þó sumir mundu segja að þeir væru þar best geymdir þá bið ég hina sömu hv. þingmenn að draga sig þaðan upp hið fyrsta.

Mitt erindi hingað varðar einkum hæstv. menntamálaráðherra. Þó ég geti nú ekki farið fram á að hann verði kallaður til umræðunnar vil ég tjá forseta að það er óæskilegt að þessi fjárlagaumræða skuli ekki vera þannig skipulögð að hægt sé að fara í gegnum ákveðna málaflokka að minnsta kosti að þeim ráðherra viðstöddum sem um þá sér. Hæstv. fjármálaráðherra er ekki einu sinni hér viðstaddur, heldur þeir fóstbræður, hv. þingmenn formaður og varaformaður fjárlaganefndar, einir saman. Þótt þeir séu merkilegir og ágætir, einkum þegar þeir hafa dregið sig upp úr Hálslóni, koma þeir ekki í staðinn fyrir það „átoritet" sem ráðherrar standa hér fyrir.

Mitt erindi í ræðustólinn er í raun og veru einsaga eins og það er kallað í nútímalegri sagnfræði. Þar hafa menn að undanförnu áttað sig á því að saga einstaklings, eins héraðs, eins fyrirtækis eða fyrirbrigðis meðal þjóðar eða mannfélags getur líka verið merkileg og hægt að draga af henni *ýmsa lærdóma fyrir heildina.*

Sú einsaga varðar hæstv. menntamálaráðherra. Hún varðar nákvæmlega nýja stofnun sem menntamálaráðherra gekkst fyrir að komið yrði á fót á síðasta þingi. Stofnun sem margir efuðust um að aðstoða ætti menntamálaráðherra við að koma á fót. Stofnun sem komið var á fót eftir að hæstv. menntamálaráðherra lagði fram frumvarp sem tók gagngerum breytingum í þinginu, svo gagngerum að meira að segja nafni stofnunarinnar, og þar með frumvarpsins, var breytt. Stofnun sem nú heitir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hún var sett saman úr fimm minni stofnunum og efuðust margir um að þær ættu allar þar heima og því þá ekki fleiri. Eins og ég segi urðu miklar efasemdir um að þetta frumvarp ætti rétt á sér í byrjun.

Það gerðist hins vegar að menn náðu saman um að reyna þetta í bjartsýni og í trausti þess að vel yrði búið að þessari stofnun enda var markmiðið með frumvarpinu m.a. að efla það fræðasvið sem þarna ætti einkum heima, þ.e. svokölluð íslensk fræði. Er þá einkum átt við bókmenntir, handritafræði, sögu sem þessu tilheyrir og málfræði.

Hvernig hefur nú farið um þessa stofnun í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar? Jú, það er þannig að lagðar hafa

verið saman þær tölur sem stofnanirnar fimm sem sameinaðar voru nú 1. september, hygg ég, í þessa stofnun, fengu fyrir árið 2006. Þær tölur eru síðan uppfærðar miðað við verðlagsútreikninga þá sem hér er beitt og munu einkum snúa að launum — dregnar frá vegna aðhalds tæpar 4 millj. af þessari upphæð. Síðan voru dregnir frá tímabundnir styrkir, öðrum styrkjum bætt við o.s.frv. og síðan er niðurstöðutala fengin, sem er 233,7 millj., í þessu frumvarpi.

Í frumvarpinu sem við samþykktum hér að lokum á síðasta þingi er sérstaklega getið um það í 7. gr. að í stofnuninni skuli vera tvær sérstakar rannsóknarstöður, önnur tengd nafni Árna Magnússonar, hin með sama hætti tengd nafni Sigurðar Nordals. Ég vek athygli á að það er í lögunum sjálfum sem þessar rannsóknarstöður eru tilgreindar.

Það auðveldaði mjög afgreiðslu málsins hér í fyrra að við 1. umr. um þetta frumvarp sagði menntamálaráðherra um þessar stöður, að þær mundu verða til strax á fyrsta starfsári hinnar nýju stofnunar. Ég ætla að lesa hér, með leyfi forseta, það loforð sem ráðherra gaf um þetta við 1. umr. Það var svona:

„Ég vil hins vegar vekja athygli á því að ég legg sérstaka áherslu á að litið verði til þess við gerð fjárlaga fyrir fyrsta heila starfsár stofnunarinnar, þ.e. fyrir árið 2007, að skapa stofnuninni svigrúm til að ráða í þessi störf sérstaklega sem kveðið er á um í 7. gr. frumvarpsins og þar með undirstrikað mikilvægi rannsóknarhlutverks stofnunarinnar."

Þetta er nú ekki fallegur texti en hann segir nákvæmlega það sem hann átti að segja. Þetta er loforð. Þetta er fyrirheit ráðherra. Loforð hér úr þessum stóli við þingið og þar með við þjóðina og þá sem láta sér annt um þetta mál, að þessum stöðum verði komið á legg strax á næsta ári, árið 2007.

Skemmst er frá því að segja að ekkert sést til þessa fjár í fjárlagafrumvarpinu. Hæstv. menntamálaráðherra er þar með orðinn ómerkingur orða sinna hvað þetta varðar. Það er auðvitað ekkert nýtt að eitthvað sé gefið í skyn og síðan ekki við það staðið. Það er hins vegar nýtt, og ég hygg að það sé satt að segja alveg nýtt, að yfirlýsing af þessu tagi, forseti, sem þingmenn eru vanir að telja jafngildi loforðs — sem þingmenn og þeir aðrir sem málið varðar telja að sé þar með fastbundið — sé ekki efnd. Að ráðherra segi hér eitt og efni það síðan ekki á næsta ári.

Ég tel það ákaflega alvarlegt mál fyrir þann ráðherra sem um ræðir, hæstv. menntamálaráðherra, og raunar fyrir ríkisstjórnina alla, að ekki sé hægt að treysta því sem ráðherrar heita hér í þessum stóli. Vissulega er hér um bírókratískt orðalag að ræða. En það vita allir sem hér hafa komið nálægt þingsölum að einmitt þetta orðalag þýðir að menntamálaráðherra hefur lagt sig undir við að útvega það fé sem hér er um að tefla, enda er um nýja stofnun að ræða og því er treyst að það fé komi til.

Önnur fyrirheit og jákvæðar undirtektir við hvatningar, sem m.a. öll menntamálanefnd þingsins stóð að — um þau er hið sama að segja, að ekkert hefur verið gert með þau. Það þarf að ræða við menntamálaráðherra síðar. Aðalatriðið er þetta: Menntamálaráðherra gaf yfirlýsingu við 1. umr. um þetta tiltekna frumvarp hér í haust. Menntamálaráðherra stendur ekki við þessa yfirlýsingu. Menntamálaráðherra er ómerkingur orða sinna. Það er ekki hægt að treysta því hér eftir sem menntamálaráðherra segir úr þessum stól þegar um er að ræða fyrirheit eða loforð.

Það er ekki glæsileg staða, forseti, þegar menntamálaráðherra hefur kynnt hér að hún hyggist leggja fram m.a. frumvarp um fjölmiðlalög margvísleg. Frumvarp um nýja tegund af ríkisútvarpi. Það er ekki glæsileg staða.

[17:24]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007. Ég ætla að byrja á því að fagna sérstaklega þessu frumvarpi — þetta er gríðarlega sterkt frumvarp sem sýnir að við höfum verið á réttri leið — og óska fjármálaráðherra til hamingju með þá sterku stöðu ríkissjóðs sem birtist í því. Við höfum starfað hér samkvæmt langtímaáætlun. Við erum á hárréttri leið og erum byrjaðir að uppskera af þeirri stefnu sem við höfum mótað undanfarin ár. Þannig höfum við verið að greiða niður skuldir og við gerum það áfram samkvæmt þessu frumvarpi. Við höldum áfram að greiða niður skuldir, nefnilega um 25 milljarða, samkvæmt frumvarpinu sem liggur fyrir.

Við höfum undanfarin ár lagt áherslu á aðhald í ríkisfjármálum. Það birtist m.a. í því að við sýnum um 5% tekjuafgang af landsframleiðslu undanfarin ár og þá er ekki horft til tekna ríkisins af sölu Landssímans. Þetta skiptir máli. Á næsta ári er, eins og fram kemur í fylgiriti með þessu frumvarpi, þjóðhagsspá, gert ráð fyrir að dragi úr umsvifum í efnahagslífinu. Við höfum undanfarin ár verið að skapa svigrúm til þess að ríkið auki þá aðeins umsvif sín á sama tíma og skattar verði lækkaðir og framlög til velferðarmála aukin. Þetta sést til að mynda af því að farið verður í auknar framkvæmdir.

Í umræðunni í dag hefur mér heyrst af málflutningi stjórnarandstöðunnar að þeir reyni að taka í gíslingu einstaka afmarkaða málaflokka og draga þá fram í dagsljósið til vitnis um að hér séu menn á rangri leið. Eðlilegra hefði mér fundist að við 1. umr. fjárlaga, þegar við fáum þetta frumvarp og tökum 1. umr. um það, að menn einbeiti sér að stöðu efnahagsmála í víða samhenginu. Velti því fyrir sér hvort við séum að beita ríkisfjármálunum í þeim tilgangi sem við þurfum til að skapa það jafnvægi sem nauðsynlegt er. Vissulega eru vextir til að mynda um þessar mundir mun hærri en við viljum sjá þá. Verðbólga hefur einnig farið fram úr þeim viðmiðum sem við horfum til. Ég hefði talið eðlilegt að umræðan hefði snúist um þetta í dag og þá einkum um það hvort þetta fjárlagafrumvarp væri til þess fallið að spyrna við fótum.

Lagt er upp með það að verðbólgan fari niður á við og verði komin í eðlilegt horf á síðari hluta næsta árs, að viðskiptajöfnuðurinn snúist sömuleiðis mjög hratt við og vextir geti þar af leiðandi farið að lækka. En þetta hefur mest lítið verið til umfjöllunar hér.

Mig langar að taka sérstaklega til umfjöllunar vaxtagjöld og þann mikla vaxtasparnað sem hefur orðið vegna þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að sýna aðhald og greiða niður skuldir. Ég hef látið reikna það fyrir mig svona lauslega hverju vaxtasparnaðurinn nemur þegar við horfum til þess sem þetta frumvarp leggur til og þeirrar stöðu sem var hér fyrir nokkrum árum. Um er að ræða vaxtasparnað af

lækkun hreinna skulda ríkissjóðs, þ.e. tekin lán að frádregnum veittum lánum. Ég hef jafnframt látið reikna vaxtatekjur ríkissjóðs af inneignum hjá Seðlabankanum. Í þessum útreikningum hefur verið miðað við 5,6% nafnvexti sem er afskaplega hóflegt ef horft er á innlenda markaðinn en hins vegar er þess að geta að hluti af skuldum ríkisins er í útlöndum.

Samkvæmt þessum útreikningum er árlegur vaxtasparnaður 8,3 milljarðar ef miðað er við hreinar skuldir í árslok 2007 og borið saman við hreinar skuldir í árslok 1997, 8,3 milljarðar. Hreinar vaxtatekjur af heildareignum ríkisins og stofnana hjá Seðlabankanum eru 6,5 milljarðar, en þá er vissulega verið að miða við þessa sömu vaxtaprósentu. Það eru 6,5% sem verður að teljast afar hóflegt.

Þegar þetta tvennt er lagt saman, inneignir, þ.e. vaxtatekjur af inneignum, og vaxtagjaldasparnaður vegna þess að við höfum verið að greiða niður skuldir, er samtala þessara tveggja liða 14 til 15 milljarðar kr. á ári. Þá hef ég ekkert minnst á að við höfum verið að stórauka innborganir vegna lífeyrisskuldbindinga. Í árslok 2005 námu þannig fyrirframgreiðslur ríkissjóðs inn á lífeyrisskuldbindingar 100 milljörðum kr.

Hvað inneignirnar varðar, þá voru þær í lok ágúst síðastliðins rúmlega 100 milljarðar kr. hjá Seðlabanka Íslands. Þannig styður ríkissjóður við peningastefnuna með því að leggja fjármunina inn á reikning og koma þannig í veg fyrir að þeir séu í umferð.

Við skulum taka þessa tölu sem ég nefni hér um vaxtatekjurnar og vaxtagjöld sem hafa verið spöruð, með því að hafa greitt niður skuldir, og setja hana í samhengi við framkvæmdir ríkisins. Ef við setjum hana í samhengi við vegaframkvæmdir og aðra fjárfestingu ríkissjóðs þá var hún á árinu 2006 16,1 milljarður. Þannig að vaxtatekjur og spöruð vaxtagjöld eru um það bil jafnhá og heildarfjárfesting ríkissjóðs á ári. Það eru stórkostlegar fjárhæðir sem hér er um ræða. Við höfum stóraukið svigrúm ríkissjóðs til þess að láta gott af sér leiða, fara í samfélagslega arðbær verkefni og styrkja enn frekar velferðarkerfið.

Þetta eru stóru tíðindin þegar horft er yfir síðastliðin ár, þá stefnu sem hér hefur verið mörkuð í ríkisfjármálum og þann árangur sem við sjáum að við erum að uppskera í þessu fjárlagafrumvarpi. Þetta eru háar tölur.

Varðandi lífeyrissjóðina, 100 milljarða kr. fyrirframgreiðsla inn á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs. Það eru ekki lágar tölur heldur. Staðan er reyndar sú að við erum öfundaðir hvarvetna, ekki einungis af stöðu lífeyrissjóðanna heldur ekki síður af því að við erum hér með lágan meðalaldur. Við erum tiltölulega ung þjóð. Það er ekki þannig alls staðar í löndunum í kringum okkur.

Annars staðar eru menn að kljást um það á þjóðþingunum að hækka þurfi eftirlaunaaldurinn, skera niður eftirlaunaréttindi. Sú umræða er ekki á dagskrá hjá okkur í dag. Hún verður það ekki í vetur. Hún verður það ekki á næstu árum vegna þeirrar stöðu sem við höfum skapað lífeyrissjóðunum á Íslandi.

Ég ætla í lokin að vekja athygli á töflum sem fylgja fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu og draga þetta myndrænt fram. Það er fróðlegt að skoða hreinar skuldir ríkissjóðs á Íslandi í samanburði við evrusvæðið og OECD-löndin. Á evrusvæðinu og hjá OECD-þjóðunum hafa hreinar skuldir ríkissjóðs verið á hægri uppleið, hafa verið að síga hægt upp á við á sama tíma og hreinar skuldir ríkissjóðs á Íslandi eru að hrynja. Þær hrynja niður á við vegna þess að við höfum haft svigrúm til þess að greiða niður skuldir.

Það er líka fróðlegt að skoða súlurit yfir eignir ríkisins í Seðlabankanum sem hafa undanfarin ár verið að skríða frá því að vera um 10 milljarðar árið 2000, og aðeins upp fyrir 10, og upp í um það bil 20 milljarða á árinu 2002 til 2004. En árið 2005 tekur viðkomandi súla stökk vegna sölu Landssímans og hún hækkar enn á árinu 2006. Heildareignir ríkisins í Seðlabankanum eru þannig komnar í 100 milljarða eins og ég gat um áðan. Staðan er afskaplega sterk. Við skulum fagna þessu fjárlagafrumvarpi.

[17:34]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það hefur verið athyglisvert eins og jafnan að fylgjast með þessari umræðu. Ég hef lagt eyrun við henni þó að ég hafi ekki verið allan tímann í salnum. Það hefur vakið sérstaka athygli mína hversu stjórnarliðar gera sér mikinn mat úr og reyna að gleðjast yfir einum og sama hlutnum allan tímann. Í raun og veru hafa þeir fyrst og fremst dregið eitt hér fram, sjálfum sér og sinni ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta til ágætis, að það sé batnandi afkoma eða góð afkoma ríkissjóðs og lækkandi skuldir. Það hefur enginn deilt um það, það blasir við og á sér augljósar og eðlilegar skýringar að afkoma ríkissjóðs hefur farið verulega batnandi síðustu árin. Og skárra væri það nú í mestu þenslu- og viðskiptahallaveislu Íslandssögunnar, þegar ríkissjóður hefur gríðarlegar tekjur af umframeyðslu þjóðarbúsins og selur á sama tíma verðmætar þjóðareignir. Það væri nú meiri búskapurinn ef menn gætu þá ekki skilað ríkissjóði með einhverjum afgangi. Vandinn er hins vegar sá að ójafnvægið í hagkerfinu er líka í afkomu hinna einstöku aðila því á sama tíma og ríkissjóður hefur borgað niður skuldir safna sveitarfélögin skuldum, á sama tíma og atvinnulífið og heimilin safna skuldum.

Hver eru nú efnin til þess að vera svona sperrtur og sjálfumglaður eins og stjórnarliðar hafa verið hér þegar við horfum á hrikalega skuldasöfnun þjóðarbúsins, þegar við horfum á að það er flest sem bendir til að við séum að festast í tímabili ójafnvægis, verðbólga liggur utan viðmiðunarmarka Seðlabankans árum saman og spár standast ekki og fjármálaráðuneytið t.d. verður að viðurkenna að þjóðhagsspá sem lögð var til grundvallar fjárlagafrumvarpinu í fyrra, þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sjálfs, það var nú ekki eins og það væri óháð spástofnun, nei, það var fjármálaráðuneytið sjálft sem spáði svo vitlaust að það stendur ekki steinn yfir steini.

Hvernig var þjóðhagsspáin sem kom í byrjun október 2005? Þá var gert ráð fyrir að viðskiptahalli á því ári, sem þá var langt liðið á, yrði 13,3%. Hann endaði í yfir 16%. Gert var ráð fyrir að viðskiptahallinn færi niður á þessu ári, yrði 12,2% eða 12% slétt. Hvar endar hann? Jú, nú er spáin upp á 18,7% af landsframleiðslu eða litla 209 milljarða kr.

Það er alveg rétt að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talar oft um að þetta sé ískyggilegur viðskiptahalli, en eru

þá innstæður fyrir gorgeirnum, hv. þingmaður, um hinn glæsta árangur ríkisstjórnarinnar í hagstjórn og efnahagsmálum? Er það svo þegar vantar tvo þriðju úr milljón á hvert mannsbarn í landinu að við eigum fyrir eyðslu okkar og fjárfestingum í útlöndum, 209 milljarða? Það eru 209 sinnum þúsund milljónir króna. Það eru sem sagt tveir þriðju úr milljón á hvert einasta mannsbarn í landinu sem vantar upp á að við eigum fyrir reikningunum. Það væri kannski sök sér ef þetta væri algjörlega einstakt fyrirbæri og bundið við eitt ár en það er ekki þannig. Það er verið að keyra þjóðarbúið áfram á svona skekkjum árum saman. Auðvitað skilar þessi gríðarlegi viðskiptahalli ríkissjóði miklum tekjum, það er augljóst mál. Það er vel þekkt staðreynd að á tímum verðbólgu, uppsveiflu, og á tímum viðskiptahalla streyma miklar tekjur inn í ríkissjóð. En það eru ekki innstæður í raun fyrir þeirri afkomu vegna þess að þetta er umframeyðsla þjóðarbúsins.

Talandi um hina miklu ábyrgð, er það mjög mikil ábyrgð að standa frammi fyrir því að við eyðum langt um efni fram á löngu, löngu árabili og sendum þann reikning á komandi kynslóðir? Því þetta er ávísun á lakari lífskjör og erfiðari greiðslustöðu þjóðarbúsins á komandi árum. Þakka skyldi það þó að ríkissjóður lagaði stöðu sína við þessar aðstæður. Gallinn er hins vegar sá að þegar dæmið er gert upp í heild sinni og afkoma þjóðarbúsins er lögð saman þá hefur sigið svo á ógæfuhliðina hjá öðrum aðilum, öðrum máttarstoðum samfélagsins að heildarútkoman er mjög alvarleg, hún er mjög ískyggileg. Ef við tökum viðskiptahallann á þessu langa tímabili, t.d. hallann árin 2004, 2005 og 2006 og spárnar til ársins 2010, þá erum við farin að tala um viðskiptahalla á innan við áratug sem verður hátt í ein landsframleiðsla. Það er ekkert smáræði. Hvað þýðir það? Það mun örugglega þýða að það styttist í að erlend matsfyrirtæki fari að lækka lánshæfismat Íslands. Það er algerlega óumflýjanlegt ef svo heldur sem horfir. Það mun gerast. Varnaðarorðin í skýrslum þessara aðila undanfarin ár hafa heldur verið að þyngjast að þessu leyti.

Menn eru að vitna hér í skýrslur og samanburði, hv. síðasti ræðumaður, m.a. í gögn frá OECD um stöðu ríkissjóða og það er allt rétt sem þar er sagt. En af hverju t.d. vitnaði þá ekki hv. þm. Bjarni Benediktsson eða hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson og Birkir Jón Jónsson í töfluna hérna um hreinar erlendar skuldir OECD-ríkja? Hvernig er skuldastaðan að þróast á Íslandi? Við erum komin í 150% af landsframleiðslu í hreinar erlendar skuldir. Við erum komin langt fram úr því OECD-ríki sem er með næstóhagstæðasta stöðu að þessu leyti, Nýja-Sjálandi. Hvað eru 150% af áætlaðri landsframleiðslu á þessu ári? Eigum við að segja að það séu 1.950 milljarðar, frú forseti, það skyldi nú ekki vera? Það tekur nú í að greiða af því og borga af því á komandi árum og hverjir eiga að gera það? Jú, börnin okkar. Það er verið að eyða hér mjög um efni fram og svo segja menn það stóriðjunni til framdráttar að hún standi ekki fyrir nema 30% af þessum viðskiptahalla og það er rétt. En hvað þýðir það þá? Það þýðir að hitt, afgangurinn að mestu leyti, eru ekki fjárfestingar í atvinnuuppbyggingu eða svokölluðum varanlegum framleiðslutækjum, heldur því miður umframeyðsla. Svona er látið vaða á súðum og þetta kalla menn ábyrgð, þetta kalla stjórnarliðarnir ábyrgð hér og hælast um og vorkenna okkur stjórnarandstæðingum fyrir að vera í stjórnarandstöðu og að við séum að reyna að gera okkur upp einhver efni til að gagnrýna þetta frumvarp. Ég þarf þess ekki. Ég hef árum saman varað við því hvert væri að stefna í þessum efnum og ég held því fram, ég fullyrði það, að það er einstakt ábyrgðarleysi hvernig stjórnvöld standa að verki í þessum efnum, að skuldsetja landið með þessum hrikalega hætti með því að keyra áfram þá vitlausu stefnu sem hér hefur verið keyrð með glórulausum stóriðjufjárfestingum, með rangt skráðu gengi og með vaxtapólitík sem springur í loft upp einhvern daginn ef svo heldur sem horfir. Það er glórulaust.

Látum nú vera ef það sæi til lands og menn væru að sjá að sér. En hvað er boðað? Þrjú ný stór álversverkefni í viðbót á næstu árum. Greiningardeildir banka eru þegar farnar að spá því að þetta muni leiða til þess að Seðlabankinn geti lítið eða ekkert lækkað vexti. Hvað segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson um þá framtíðarsýn að það verði keyrt hérna áfram á 12–14% stýrivöxtum, 2–4% raunvaxtamun milli Íslands og annarra landa, sem þýðir þetta innstreymi fjármagns og þýðir þessa hluti sem við vitum? Með öðrum orðum: Ef teknar verða ákvarðanir t.d. á næsta ári um þó ekki væri nema eina af þessum þremur nýjum álverksmiðjum eða álverkefnum þá er það mat greiningardeilda bankanna að það muni gera út um það að Seðlabankinn geti tekið að lækka vextina, einfaldlega vegna þess að hann verður að bregðast við framtíðarhorfunum og þær verða þá ný veisla, nýtt þenslu- og hágengistímabil með vaxandi viðskiptahalla á nýjan leik o.s.frv.

Að síðustu vil ég svo segja við hv. þm. Birki Jón Jónsson sem ítrekað hefur gert hér í dag ummæli mín um Kárahnjúkastíflu að umtalsefni og ég þakka honum að sjálfsögðu heiðurinn. Hv. þingmaður var að vísu ekki svo lánsamur að vera með í ferðinni og heyra ræðu mína alla en það er rétt að hv. þingmaður hafi bara frá fyrstu hendi hvernig þetta mál er vaxið. Það er þannig vaxið að þingflokkur og stjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerðu um það samþykkt í lok ágúst að því yrði frestað að setja vatn á Hálslón og það yrði farið í nýtt óháð áhættumat á framkvæmdinni vegna þess að það hrannast upp efasemdir um að það sé verjandi áhætta að hleypa vatni á mannvirkin.

Síðast í Morgunblaðinu í gær er jarðfræðiprófessor að líkja því við ofsaakstur hvernig staðið var að undirbúningi Kárahnjúkastíflu og hugarfarinu við það að það sé þá í lagi að ástunda ofsaakstur svo lengi sem ekki verði slys. (Forseti hringir.) Það var krafa okkar að því yrði frestað að setja vatn á lónið og áhættumatið yrði unnið. Færi svo að það reyndist (Forseti hringir.) óverjandi áhætta yrðu menn (Forseti hringir.) auðvitað að horfast í augu við það. Í því samhengi féllu þessi ummæli.

(**Forseti** (SAÞ)**:** Forseti biður hv. þingmann að gæta að ræðutíma.)

[17:44]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var eitt og annað sem hv. þingmaður fann að stöðu mála og eins og hann reyndar nefndi sjálfur ætti það ekki að koma neinum á óvart sem hann ræddi um.

Hann hefur haft áhyggjur af þessum hlutum um nokkurt skeið og út af fyrir sig telja fleiri að viðskiptahallinn sé atriði sem við þurfum að skoða. Hins vegar ganga spár okkar út á það, eins og við höfum reyndar talið um nokkurn tíma, að hann muni ganga til baka og þá einmitt vegna þess að útflutningstekjur muni aukast, álútflutningurinn muni þá vega þar upp á móti.

Ef það væri nú þannig að fram færi nýtt arðsemismat á Kárahnjúkavirkjun og í ljós kæmi að virkjunin væri miklu arðsamari en áður hefur verið talið og það kæmi í ljós að aðstæður væru þær í íslensku efnahagslífi eða einhverjir spáðu því, kannski einhverjar greiningardeildir sem hv. þingmaður er að vísa til, að það væri auðvelt að koma stórum virkjunum og álverum fyrir í hinu íslenska hagkerfi og væri jafnvel nauðsynlegt að byggja fleiri álver og virkja meira til þess að halda uppi atvinnu og til þess að einstaklingarnir geti greitt af þeim skuldum sem þeir hafa, sumir hverjir, tekið á sig að undanförnu til að fjármagna kaup af ýmsu tagi, breytti það einhverju í afstöðu hv. þingmanns til Kárahnjúkavirkjunar eða svipaðra verkefna? Væri þá allt í lagi að virkja, væri þá allt í lagi að byggja stíflur og væri þá allt í lagi að mynda stór uppistöðulón ef staðan væri sú sem ég var að reyna að lýsa áðan?

[17:47]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi viðskiptahallann þá er það rétt, að það er verið að reyna að spá því hér í septemberhefti fjármálaráðuneytisins, Þjóðarbúskapnum, að hann fari niður en þó ekki nema niður í 10% á næsta ári. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson telur það of svartsýnt. Hann vonast til að hann gangi hraðar niður. En ég bendi bara á hvernig spárnar hafa staðist. Ég fór yfir það hvernig spáin í fyrra fór þannig að þar eru ekki nákvæmnisvísindi á ferð. Allar spár, bæði fjármálaráðuneytisins sjálfs og viðskiptabankanna gera ráð fyrir viðskiptahalla út þennan áratug, bara mismiklum. Ekki ein einasta spá gerir ráð fyrir því að viðskiptajöfnuður náist. Spurningin er aðeins um hve mikill viðskiptahallinn verður út þennan áratug. Það er alveg ljóst að verði ráðist í frekari stóriðjufjárfestingar þá vex hann á nýjan leik.

Varðandi arðsemina spyr ég hæstv. fjármálaráðherra á móti: Tekur fjármálaráðuneytið ekki alvarlega ítrekaðar ábendingar OECD sem spyr aftur og aftur í ársskýrslum sínum um efnahagsmál á Íslandi hvernig í ósköpunum standi á því að aldrei hafi verið gert gagnsætt arðsemismat á þessum framkvæmdum? Við nálgumst að sjálfsögðu hvert verkefni fyrir sig út frá því sem í því er fólgið. Ef því fylgja í fyrsta lagi óverjandi umhverfisspjöll þá erum við á móti þeirri framkvæmd, jafnvel þó að hún teldist mjög arðsöm, svo fjármálaráðherra hafi það frá fyrstu hendi. Þetta er ekki bara reikningsdæmi í okkar huga. Náttúran á Íslandi er ekki til sölu fyrir einhverja smáaura af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Við erum ekki svo fátæk þjóð að við förum að stórskemma landið okkar, hvað þá fyrir eitthvað sem orkar tvímælis að sé arðsamt fyrir þjóðarbúið. Hvers vegna spyr OECD í skýrslu sinni í sumar, með leyfi forseta, ég les á ensku og þýði svo á eftir: „... there are the more fundamental questions of whether they provide significant net benefits to the economy ...“ — stóriðjuverkefnin. Það eru sem sagt uppi grundvallarspurningar um hvort þær séu nógu arðsamar fyrir þjóðarbúið. Þetta er mat sérfræðinganna hjá Efnahags- og framfarastofnuninni. Hvers vegna er þetta ekki kannað?

[17:49]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur margsinnis komið fram í þeim skýrslum, samantektum og útreikningum sem ráðuneytið hefur gert að virkjanir, Kárahnjúkavirkjun sérstaklega, auka umtalsvert hagvöxt umfram það sem annars hefði verið, ef ekki hefði til þeirra komið. Ég held að þær upplýsingar hafi verið nægjanlegar til að taka ákvarðanir um þær virkjanir sem þegar hafa verið gerðar og síðan hefur reynslan sýnt okkur hversu mikilsverðar þær hafa verið fyrir okkur.

Ég verð hins vegar að þakka hv. þingmanni fyrir hreinskilnisleg svör við spurningum mínum, þ.e. að það skiptir ekki máli hvert arðsemismatið er. Hann er á móti því að virkja og byggja stóriðju á virkjunum. Þess vegna skil ég ekki af hverju er þá alltaf verið að tala um að arðsemismatið sé ekki nægjanlega gott og að gera ætti eitthvað annað arðsemismat sem ætti að vera einhvern veginn öðruvísi, ef svarið er fyrir fram það að arðsemismatið skipti ekki máli. Bæði hann og fleiri hans félagar hafa talað um þetta.

[17:51]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur greinilega ekki hlustað. Ég sagði að við nálguðumst þessa hluti í þeirri röð að fyrst vildum við kanna umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmda. Við erum ekki gegn því að það sé virkjað á Íslandi til einhverra þeirra þarfa sem við teljum að séu skynsamlegar fyrir land og þjóð. Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að gera það eftir því sem við t.d. þurfum raforku til almennra þarfa eða almenns iðnaðar og þess vegna í einhverjum tilvikum til stærri fyrirtækja, enda séu þær virkjanir á sjálfbærum grunni reistar og valdi ekki óréttlætanlegum skaða í lífríki og náttúru. Þetta er það sem ég sagði. Ég sagði að ef virkjanirnar yllu umtalsverðum náttúruspjöllum ... (**Fjmrh.:** Þetta er annað svar.) Nei, hæstv. fjármálaráðherra.

Ég óska eftir því að hæstv. fjármálaráðherra snúi ekki út úr og reyni að segja að maður hafi sagt eitthvað annað en maður sagði. Ég sagði nákvæmlega þetta. Við skulum lesa þetta þegar kemur útskrift af þessu. Það á ekki að þurfa að standa í útúrsnúningum af hálfu hæstv. fjármálaráðherra. Ef þær valda óásættanlegum náttúruspjöllum þá erum við á móti þeim, jafnvel þó að þær séu arðsamar, sagði ég, hæstv. fjármálaráðherra.

[17:52]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hendir mann ýmislegt og m.a. það að vera að kallaður til andsvars og standa fyrir stefnu Seðlabankans í peningamálum. Flestu á maður eftir að lenda í. Í átta ár hef ég varað við þeirri pólitík í þessum ræðustól og bent á það að kunnir klassískir hagfræðingar hafi einmitt bent á að fleiri verkefni réðu þessu, þ.e. fyrst

og fremst innstreymi peninganna. Til dæmis Ludwig von Mises og fleiri hafa talað um það. Ég hef talað fyrir þessu árum saman, verið fordæmdur af flestum og kannast ekki við að margir hafi komið upp í þennan ræðustól til að hjálpa mér í þeim málflutningi.

Menn verða hins vegar að athuga, þegar þeir tala um viðskiptahallann, viðskiptin við útlönd eða heildarviðskiptin, að þjónustujöfnuðurinn er inni í þeim tölum sem við erum að tala um. En þegar ég segi að það ríki allt of mikil svartsýni hjá fjármálaráðuneytinu þá bendi ég á lærðar ritgerðir, t.d. eftir prófessor Ragnar Árnason sem hafa sýnt fram á að þjóðhagslíkanið er þannig gert að því hættir við að keyra út af, bæði þegar beygjan er upp og þegar beygjan er niður. Það vanmetur tekjurnar í góðærinu og ofmetur tekjurnar þegar þær fara niður. Hagsveiflan er miklu skarpari í reynd, sýnir hann fram á, en líkanið sýnir. Þess vegna er ég svo bjartsýnn á að viðskiptajöfnuðurinn muni lagast miklu fyrr og þjóðfélagið ná eðlilegu heilbrigði miklu fyrr. Þetta hef ég verið að segja og bent á að ég vona sannarlega að tekjur ríkisins verði á næsta ári minni en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Ég segi það af fullri hreinskilni og tala þannig um þetta. Við verðum að átta okkur á því að ríkið hefur ekki verið að safna skuldum. Þess vegna erum við ekki að stela af næstu kynslóð eins og við værum ella. Það eru einstaklingarnir sem eiga skuldirnar og það eru eignir á bak við þetta, gríðarlegar eignir.

[17:54]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt að hv. þingmaður er ekki mikill aðdáandi efnahagsstjórnar Seðlabankans en veruleikinn er eins og hann er, að stýrivextirnir eru 14% og Seðlabankinn er líklega að festast uppi með þessa stýrivexti. Það má auðvitað deila um það hvort það hafi ekki verið ógæfa í sjálfu sér þegar þenslutíminn gekk í garð að vextirnir voru jafnháir og raun ber vitni. Seðlabankinn álíktar sem svo: Við höfum bara þetta tæki og ef við ætlum að beita því þá verðum við að gera það með hreyfingum á vaxtastiginu. Við hækkum vextina til að kæla niður hagkerfið og þeir eru þarna, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, uppi í 14%.

Ef ríkisstjórnin ætlar að dæla nýjum stóriðjufjárfestingum inn í hagkerfið á næstu missirum þá mun það útiloka að Seðlabankinn komist niður með stýrivextina. Það er algerlega borðleggjandi því að hann fer ekki að lækka þá við þær aðstæður að nýtt þenslu- og verðbólgutímabil sé handan við hornið. Það er alvara málsins.

Varðandi viðskiptajöfnuðinn þá er það vissulega rétt að þjónustuviðskiptin eru þar en ég bendi á að vöruskiptajöfnuðurinn einn var neikvæður um 19,1 milljarð kr. í júlí. Hann fer að vísu lækkandi núna enda má hann lækka. Það munar um hvern mánuðinn sem vantar næstum 20 milljarða kr. upp á að bara vöruskiptajöfnuðurinn sé í lagi, hvað þá viðskiptajöfnuðurinn í heild.

Þegar við tölum um hinar erlendu skuldir og eignir á móti þá viðurkenni ég að það er mikil hreyfing í hagkerfinu, bæði út og inn. Þess vegna nota ég nettótölurnar. Hv. þingmaður hefur ekki heyrt mig hampa neinu öðru en erlendri nettóskuldastöðu þjóðarbúsins. Þess vegna má taka hreina stöðu ef við viljum skoða hana. Hún er líka komin yfir 100% af landsframleiðslu, hv. þingmaður. Algerlega hrein staða þjóðarbúsins þegar allt er tekið inn í reikninginn er orðin neikvæð um meira en eina landsframleiðslu, líklega 105% eða svo núna. Þetta er veruleikinn. Þetta eru óumdeilanlegar mælistærðir þegar við tökum hreinu stöðuna.

[17:56]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vöruskiptahallinn varð 19 millj. kr., það er alveg rétt, en var síðan í ágúst 11 milljarðar kr. Hann var í september, það kom fram í gær, rétt um 8 milljarðar kr. þannig að ferðin er mjög skörp niður, til allrar hamingju.

Ég fullyrði, en það eru ekki allir sammála mér um það, að það besta sem við gætum gert til að hjálpa Seðlabanka, ekki að rífast við hann heldur hjálpa honum út úr þessum ógöngum, væri að ríkið sem á núna 100 milljarða kr. inni hjá Seðlabankanum tæki svona 70 milljarða kr., 1 milljarð dollara, og breytti í gjaldeyrisvarasjóð til að hjálpa þeim til baka. Þeir verða að koma til baka. Þá er betra að eiga smávegis af aurum. Þeir verða að fara til baka.

Hvað ætlum við að gera ef við sitjum uppi með þessa vexti? Þá keyrum við bara þjóðfélagið í strand. Þetta er staðreyndin. Þeir verða að koma sér til baka og fyrir okkur er langbest að hjálpa þeim og hætta að rífast við þá um smátíma, hjálpa þeim til baka.

[17:57]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið væri gaman ef ríkisstjórnin tæki til við að hjálpa Seðlabankanum, færi að vinna með Seðlabankanum í staðinn fyrir að hún hefur fram undir það síðasta unnið gegn honum. Á það benda erlendir sérfræðingar sem koma og skoða hagstjórnina og hagkerfið. Þeir eru furðu lostnir yfir því að það virðist ekkert samræmi á milli framgöngu stjórnvalda, ríkisstjórnar og opinberra fyrirtækja annars vegar og Seðlabankans hins vegar.

Það var hárrétt sem hv. þm. Jón Bjarnason benti hérna á að það þarf að skoða fleira en ríkissjóð. Hvað með fyrirtæki ríkisins? Skipta þau ekki máli? Hvert er aðalþenslufyrirtæki landsins í dag? Það er Landsvirkjun að 50% í eigu ríkisins.

Varðandi gjaldeyrisvarasjóðinn þá get ég tekið undir það með hv. þingmanni, og ég hef margsagt að skynsamlegt hefði verið að byggja hann upp. Ég varð undrandi þegar Seðlabankinn hætti skipulögðum gjaldeyriskaupum fyrir einu og hálfi ári síðan eða svo. Ég held að það hafi verið misráðið og þetta er alls ekki galin hugmynd sem hv. þingmaður nefnir, að breyta innstæðunum að verulegu leyti í gjaldeyri.

[17:59]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vill láta taka sig alvarlega, sérstaklega í umræðum um svo mikilvægt mál sem fjárlög ársins 2007. Ég vil því spyrja hv. þingmann hvað hann telji að það hefði kostað að fresta fyllingu Hálslóns um ófyrirséðan tíma. Um þúsund manns sem hefðu unnið við álverið og við afleidd störf hefðu orðið að

bíða í einhvern tíma eftir að vera ráðnir til starfa eða jafnvel bara flutt burt af svæðinu. Hvað telur hann að það hefði kostað í ljósi þess að Alcoa hefur skuldbundið sig til að flytja úr landi framleiðslu sína og gert skuldbindandi samninga gagnvart viðskiptaaðilum sínum? Það er ljóst að íslenska ríkið hefði orðið skaðabótaskylt og í ljósi þess að framkvæmdin er svo stór sem raun ber vitni þá tel ég að við værum að tala um milljarða skaðabætur sem Landsvirkjun hefði trúlega þurft að greiða vegna slíkrar frestunar. Ég veit ekki betur en að margir hv. þingmenn Vinstri grænna hafi lýst yfir áhyggjum af stöðu Landsvirkjunar og fjárhagsskuldbindingum hennar og því að þessi framkvæmd sé ekki arðsöm. Hvað hefði þetta þýtt fyrir hið opinbera fyrirtæki sem Landsvirkjun er?

Ég vil að lokum þakka hv. þm. Steingrími Sigfússyni fyrir að útskýra þau orð sem hann lét falla á Kárahnjúkum fyrir nokkru, þar sem hann lýsti því yfir að þessi framkvæmd bæri vott um heimsku manna og hún ætti að standa. Mér þykir eðlilegt að almenningur hafi gert því skóna að hann væri að taka undir hugmyndir um að þessi virkjun eða þessi stífla ætti að standa sem dómur um heimsku manna, þá væntanlega þeirra sem stóðu að ákvörðuninni hér og fleiri aðila sem hafa unnið að henni. En nú er það sem sagt svo að það eru ekki hugmyndir Vinstri grænna að þetta verði minnisvarði um heimsku manna.

[18:01]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get svo sem ekkert svarað því nákvæmlega í tölum hvað frestun á því að hefja söfnun í Hálslón hefði kostað, ef við segjum að hún hefði staðið í þrjá mánuði á meðan nýtt og vandað óháð áhættumat var unnið. Hefði það leitt í ljós að ekki væri ástæða til að hafa af því áhyggjur að stíflan stæðist og þær rökstuddu efasemdir sem komið hafa fram hjá ýmsum jarðvísindamönnum um að þarna hafi verið vandað nógu vel til verka, nú síðast í gær frá prófessor í jarðfræði við Háskóla Íslands, hefðu sem sagt ekki reynst það alvarlegar að ástæða væri til þess, þá hefði það væntanlega breytt tiltölulega litlu vegna þess að vetrarrennsli inn í lónið frá og með þeim tíma t.d. sem nú er kominn skiptir ekki öllum sköpum. Eins og við sjáum t.d. á því hversu hratt safnaðist í það.

Það hefur að vísu annan verri ókost í för með sér því það eru allir sammála um að eina vitið er að fylla mjög varlega í lónið. Í raun og veru hefði kannski átt að hanna virkjunina frá byrjun miðað við að gera það á þrem til fimm árum. Það hefði verið varfærni. Það hefði verið varlegur akstur en ekki ofsaakstur eins og þessi framkvæmd auðvitað öll er.

Það er búið að margsanna sig að þarna styttu menn sér hrottalega leið í öllum undirbúningsrannsóknum enda unnar að mestu leyti á einu sumri, allt annað en forkönnun. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

Það er örugglega rétt, enda sagði ég það í þessari ræðu sem hv. þingmaður heyrði því miður ekki nema örlítið brot úr, að það yrði auðvitað heilmikil skrokkskjóða ef í ljós kæmi að þetta væri ekki réttlætanleg áhætta. Þá mundi þessi stífla standa sem minnismerki um heimsku mannsins, um tegundina homo sapiens sem ætlar að gera sig herra yfir öllu og öllum og þar með talið náttúrunni en er nú kannski ekki alltaf á mjög traustum forsendum í þeim efnum.

Þetta var sem sagt myndlíking, hv. þingmaður, af þessu tagi. Það var að sjálfsögðu ekki verið að vísa til einhverra tiltekinna einstaklinga heldur tegundarinnar og þeirrar herrastöðu (Forseti hringir.) sem hún hefur tilhneigingu til að taka sér í náttúrunni og lífríkinu.

[18:03]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég deili að mörgu leyti áhyggjum með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni af vaxandi viðskiptahalla við útlönd. En ég vil þó benda hv. þingmanni á að það fyrirtæki sem nú er verið að reisa á Reyðarfirði mun skapa þjóðarbúinu gríðarlegar útflutningstekjur. Ekki bara á næstu árum, heldur áratugum. Þannig að við verðum nú að halda öllu heildarsamhenginu til haga í þessari umræðu.

Mig langar svo í lok umræðunnar að spyrja hv. þingmann að því hvort hann telji að stjórnarandstaðan muni sameinast um tillögur vegna fjárlaga fyrir árið 2007. Stjórnarandstaðan tilkynnti að hún mundi vera mjög samhent á þessu þingi. Stjórnarandstaðan hefur talað út og suður hér. Þingmenn Frjálslyndra vilja draga saman. Þingmenn Vinstri grænna vilja bæta í ríkisútgjöldin og því er eðlileg spurning: Mun stjórnarandstaðan standa sameiginlega að tillögum að fjárlögum 2007?

[18:04]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég geri mjög fastlega ráð fyrir að við munum að minnsta kosti sameinast um tillögur hvað varðar fjárheimildir sem eru í samræmi við þær velferðartillögur sem við höfum flutt. Það stendur í greinargerð þeirrar tillögu að stjórnarandstaðan muni, þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga, takast á við að setja þau útgjöld sem samfara yrðu verulegum kjarabótum til aldraða og öryrkja inn í forsendur fjárlagaafgreiðslunnar, sem breytingartillögu þá væntanlega við fjárlagafrumvarpið.

Varðandi þá huggun hv. þingmanns að þótt erlendar skuldir séu miklar og viðskiptahalli þá muni það nú allt saman lagast þegar kemur að því að álið fer að streyma úr landi, þá verð ég að hryggja hv. þingmann með því að þetta er enn ein goðsögnin í þessari umræðu. Veruleikinn er sá að nettóarðsemisáhrif álvera í íslenska hagkerfinu þegar eigandinn er erlendur eru merkilega lítil. Aðeins 30% af umsvifum fyrirtækjanna staðnæmist í íslenska hagkerfinu. 30%. Innan við þriðjungur, segir OECD. Margir aðrir útreikningar vísa í það sama. 15% í rafmagn, (Forseti hringir.) 10% í laun og 5% í aðra þætti.

[18:06]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Til að koma okkur í svona rétt hugarástand fyrir ræðu mína ætla ég að fá að lesa hér smákafla úr riti sem heitir Íþróttavæðum Ísland og var gefið út af menntamálaráðherra í janúar síðastliðnum.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Fjölmargar rannsóknir á sviði félagsvísinda, bæði innlendar og erlendar, hafa á þann hátt ítrekað sýnt fram á for-

varnargildi þess að taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi í ábyrgri umsjón en því meiri þátt sem unglingar taka í skipulögðu íþróttastarfi, því ólíklegri eru þeir þannig til að neyta vímuefna, áfengis og tóbaks. Íþróttastarf getur á þann hátt veitt börnum og unglingum ákveðna fótfestu í lífinu. Þá er foreldrum barna sem taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi, líkt og íþróttastarfi, auðveldara að hafa eftirlit með börnum sínum en það stuðlar jafnframt að jákvæðu sambandi barna og foreldra en hvoru tveggja hefur forvarnargildi. Íþróttastarf virðist því kjörin tómstundaiðja þar sem bæði regluleg hreyfing og skipulagt tómstundastarf fela í sér forvörn."

Herra forseti. Við erum að ræða um fjárlögin fyrir árið 2007. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa í dag gert ýmsar athugasemdir og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þær.

Mig langar að horfa hér aðeins þröngt á ákveðna þætti og líta þá sérstaklega á málaflokk er tilheyrir menntamálaráðuneytinu, þ.e. íþrótta- og æskulýðsmál.

Einhverra hluta vegna virðast þessir málaflokkar mjög lítið vera ræddir hér á þingi og ekkert í dag fyrr en nú. Það er hægt að rífast, eins og hefur verið gert, um utanríkismál, skattamál, landbúnaðarmál o.s.frv. í allan dag. En við þurfum líka að skoða það umhverfi sem við búum æsku landsins í dag og í framtíðinni. Okkur berast æ oftar fregnir af auknum fíkniefnavanda og óreglu barna og unglinga og jafnframt berast okkur fregnir af offitu og hreyfingarleysi.

Fjárlagafrumvarpið er leiðandi fyrir það sem ríkisstjórnin ætlar sér að gera á næsta ári og þá jafnframt leiðandi fyrir stjórnmálaflokkana og þar af leiðandi alla stjórnarþingmenn. Það gefur sem sagt vísbendingar um það sem þeir ætla sér á næstunni.

Í fjárlagafrumvarpinu er því miður hvergi að finna vísbendingar þess að ríkisstjórnin ætli sér að veita aukið fé til forvarnamála. Það hefur því miður verið þannig undanfarinn áratug að meiri hluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur ekki viljað vinna frekar að forvörnum en frekar reynt að leysa vandann eftir að skaði er skeður eða þá jafnvel hreinlega breitt yfir vandann.

Ég hefði viljað sjá skýrt í þessu fjárlagafrumvarpi að meiri hlutinn ætlaði sér að efla forvarnir og koma í veg fyrir fíknaefnamisnotkun og jafnvel hreyfingarleysi barna og unglinga. Því miður sé ég ekki merki þess að það eigi að efla þær stofnanir sem vinna með börn og unglinga sem hafa leiðst út í óreglu og þurfa á aðstoð samfélagsins að halda til að komast aftur á rétta braut. Þannig að áfram mun verða viðhaldið þeirri togstreitu sem ríkisstjórnin hefur búið til á undanförnum áratug milli sín og meðferðaraðila.

Æskulýðsmál fá ekki stóran sess hér í fjárlagafrumvarpinu. Það sem er enn verra, herra forseti, er að það er lækkun á framlögum til æskulýðsmála í þessu fjárlagafrumvarpi miðað við síðustu fjárlög. Hér á bls. 305 er lítill kafli, 12–13 línur um æskulýðsmál og sá kafli snýst nánast einungis um niðurskurð til æskulýðsmála. Það er talað hér um niðurskurð til Ungmennafélags Íslands, til Bandalags íslenskra skáta, til Landssambands KFUM og K, Æskulýðsráðs, Æskulýðsmiðstöðvar KFUM í Vatnaskógi o.s.frv.

Ég taldi rétt, herra forseti, að vekja athygli á þessu hér í umræðunni. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að líta stundum þrengra á hlutina, þ.e. á það umhverfi sem við búum börnum og unglingum.

Síðan er hér, herra forseti, kafli um íþróttamál. Þar virðist stefna hæstv. fjármálaráðherra vera svipuð og í æskulýðsmálum, að lækka framlög til íþróttamála. Hér koma fram lækkanir til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Íþróttasambands fatlaðra, Íþróttasjóðs, Skáksambands Íslands, Skákskóla Íslands, Glímusambandsins, Bridgesambandsins o.s.frv.

Það virðist vera að þetta sé andstætt, herra forseti, þeim stefnumiðum sem menntamálaráðherra hefur haft þegar hún gaf út ritið Íþróttavæðum Ísland í vor. Þetta er mikið rit um hvernig ráðherrann hyggst íþróttavæða landið. Af því tilefni spurði ég hæstv. menntamálaráðherra í vor hvort þessari stefnu mundi fylgja aukið fjármagn til íþróttamála. Svarið var þá, með leyfi forseta:

„Það snertir einfaldlega fjárlagagerðina hverju sinni og við munum ræða þetta í tengslum við fjárlögin."

Herra forseti. Það er ástæðan fyrir því að ég ræði þetta hér. Samkvæmt þessum fjárlögum virðist það vera stefna ríkisstjórnarinnar að skera niður framlög til íþrótta- og æskulýðsmála og ég taldi fulla ástæðu hér í miðju argaþrasinu, um það sem menn kalla kannski stóru málin, stóriðjur, utanríkismál o.s.frv., að vekja athygli á þessari nýju stefnu ríkisstjórnarinnar, að skera niður framlög til íþrótta- og æskulýðsmála.

[18:13]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel rétt að upplýsa hv. þingmann um þennan niðurskurð á framlögum til íþróttamála. Þetta er gamalkunnugt hérna. Ástæðan fyrir þessu er svona dálítil innri spenna sem lengi hefur verið milli fjárlaganefndar og nokkurra ráðuneyta. Ég bið því hv. þingmann að vera nú alveg rólegan þar til við förum í gegnum 2. umr. fjárlaga og sjáum þá hvernig þetta mál lítur út.

En þannig er þessum málum varið að ráðuneytin hafa oft tilhneigingu til að láta framlög sem hafa komið frá fjárlaganefnd hverfa aftur. En þetta er ekki alvarlegur ágreiningur og ég bið hann að vera rólegan og hafa ekki áhyggjur af málinu. Við ræðum þetta þá við 2. umr. fjárlaga.

[18:14]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var vissulega ánægjulegt svar, ef ég tek það þannig frá hæstv. varaformanni fjárlaganefndar, Einari Oddi Kristjánssyni. Það er gott til þess að vita, bæði fyrir mig og aðra sem starfa að íþróttahreyfingunni að það megi vænta þess að framlög muni stóraukast í vinnslu fjárlaganefndar frá því sem fram kemur í þessu fjárlagafrumvarpi.

En það er alveg skýrt að ítreka að miðað við eins og frumvarpið stendur núna, þá er um að ræða stórfelldan niðurskurð hjá ríkisvaldinu til íþrótta- og tómstundamála. Ég ætla leyfa mér að taka þessi orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar alvarlega og treysta á þau.

[18:15]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni fór ég yfir ákveðna

þætti í efnahagsmálum og grunnþætti efnahagsmála. Ég vakti athygli á þeim gríðarlega viðskiptahalla og því mikla ójafnvægi sem er í íslensku efnahagslífi og þeim gríðarlega háum vöxtum sem eru í samfélaginu og eru að sliga bæði atvinnulíf og einstaklinga. Stór hluti af þessu er til kominn vegna stóriðjuframkvæmdanna á síðustu árum og afleiðinga þeirra. Þetta hefur ítarlega verið rætt hér. Segja má að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hafi í rauninni mótast af tvennu á undanförnum árum, annars vegar stóriðjuframkvæmdum, þessum hrikalegu og miklu stóriðjuframkvæmdum, og hins vegar einkavæðingu á almannaþjónustufyrirtækjum.

Ég ætla aðeins að fara inn á nokkur atriði varðandi einkavæðingu á almannaþjónustu því það er nú svo að hægt er að einkavæða burt þjónustuna og láta almenning borga og standa svo uppi með góðan afgang eða góðan rekstur á ríkissjóði, þ.e. færa byrðarnar í auknum mæli yfir á almenning.

Þannig hefur t.d. reynst með Símann. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vöruðum mjög sterklega við því að einkavæða og selja Símann. Við lögðum áherslu á að grunnfjarskiptakerfi Símans er það sem tengir okkur saman sem eina þjóð og með því að beita því gætum við haft áhrif á að jafnræði ríkti í bæði verði og þjónustu í fjarskiptum um allt land. Skoðanakannanir sem gerðar voru á lokaferli á sölu Símans sýndu að þjóðin, mikill meiri hluti almennings eða þeirra sem tók þátt í þeim skoðanakönnunum, var okkur sammála. Yfir 70% í þeim skoðanakönnunum vildu að Síminn yrði ekki seldur.

Hvað hefur síðan komið á daginn? Jú, það var varla liðinn dagur frá því að Síminn var seldur og þar til starfsstöðvum víða um land var lokað og þjónustan skert. Lokað var á Blönduósi, Sauðárkróki, Siglufirði, Ísafirði og nú síðast var verið að loka starfsemi á Egilsstöðum. Víðar var lokað.

Ekki er nóg með það, heldur hefur þjónustan líka orðið dýrari. Nýleg skýrsla var gerð hér á vegum að ég held Póst- og fjarskiptastofnunar eða á samstarfsvettvangi nokkurra landa um að taka saman þróun á verði á símkostnaði og var skýrslan birt nýlega. Sú skýrsla sýndi að áður en Síminn var einkavæddur og seldur var þjónustan hér með því ódýrari sem gerðist í Evrópu. En nú, milli áranna 2002 og 2006, á fjórum árum, hefur t.d. símkostnaður á GSM-síma hækkað hér um 40% á þeim tíma og er orðinn langhæstur í þessum samanburðarlöndum. Ástæðan getur ekki verið önnur en sú að fyrirtækið hefur keyrt upp arðsemiskröfuna á þessum rekstri, krafist hærri arðs og hækkað afnotagjöldin, notendagjöldin.

Það má vel vera að menn geti dreymt um að hér á alþéttbýlasta svæðinu geti menn búið til samkeppni á sviði fjarskiptamarkaðar þar sem fyrirtækin geta fleytt rjómann af fjarskiptunum þar sem alþéttbýlast er. En það er alveg jafnklárt líka að úti um land, úti um meginþorra landsins verður aldrei nein samkeppni, þar verður bara spurt hvaða þjónusta verði í boði. Þar hefur síðan reynst að Síminn, sem hefur þessa þjónustu á sinni hendi, hefur ekki skilað því sem vænst var.

25. september sl. var á vef Bæjarins besta greint frá því að Síminn væri búinn að skipta landinu í svæði hvað varðaði bæði þjónustustig og verð á ADSL-tengingum. Íbúar hafa mótmælt þessu. Ég veit að á vegum Snerpu á Ísafirði, sem fór af stað með þetta mál, hefur verið efnt til undirskriftasöfnunar til að mótmæla þessu framferði Símans. En einokunarstaðan, sem verður alltaf einokunarstaða því málin eru þannig, veldur því að í rauninni er ekkert val. Þarna er fjöldi manns, komið var töluvert hátt á annað þúsund manns síðast þegar ég vissi, búinn að skrifa undir þessi mótmæli í yfirlýsingu undirskriftasöfnunarinnar Aftur til fortíðar. Þar segir, með leyfi forseta: „Við undirrituð krefjumst þess að Síminn veiti þá þjónustu sem við borgum fyrir og dragi til baka þá ákvörðun að skipta landinu upp í misdýr gjaldsvæði í skjóli einokunar!“

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur mótmælt þessu líka og hefur minnt á að þetta var það sem var varað við og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sendi frá sér ályktun af þessu tilefni 29. september sl. þar sem þingflokkurinn krefst þess að litið sé á allt landið sem eina heild í þjónustustigi og gjaldtöku í fjarskiptum. Fyrirtækjum í fjarskiptum með markaðsráðandi stöðu verði gert skylt að bjóða viðskiptavinum sínum sama þjónustustig á sama verði um allt land. Í svo stóru og dreifbýlu landi verður aldrei hægt að skapa það samkeppnisumhverfi í fjarskiptum að markaðsöflin ein tryggi að allir sitji þar við sama borð. Stjórnvöld verða því að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja jafnrétti allra landsmanna til þessarar þjónustu.

Ég fékk bréf á dögunum, herra forseti, frá einum íbúa á Norðvesturlandi þar sem hann lýsti samskiptum sínum við Símann. Hann hafði sótt um síma um mánaðamótin júní/júlí og hélt í barnaskap sínum að þá fengi hann símtengingu inn mjög fljótlega. 3. október hafði hann ekki enn fengið tengingu. Eina sem hafði verið gert var að vegurinn hafði verið grafinn upp þannig að hann var ófær heim en ekkert svar var um hvenær þessi þjónusta yrði komin inn.

Okkur er minnisstætt það sem gerðist fyrir norðan þegar ljósleiðari fór í Miðfirði og fjarskiptasamband, vaktstöð siglinga, féll niður frá Vestfjörðum og til Langaness og útvarp og sjónvarp að stórum hluta landsins líka. Þetta er hluti af öryggiskerfinu. Þá var þess einmitt getið í viðtölum við bæði fulltrúa Landhelgisgæslunnar og fleiri að síðan Síminn var einkavæddur væri þetta bara á markaðsgrunni og ef menn vildu tryggja betur þjónustuna þá yrðu menn að kaupa og taka fleiri línur á leigu.

Ég held því að mjög mikilvægt sé, herra forseti, þegar við horfum til þess að nú á grunnnetið að vera til sölu, það hefur verið boðað til sölu, þá held ég að okkur beri skylda til þess að kanna hvort ekki sé rétt að leysa grunnnet fjarskipta aftur inn og geta veitt þjónustu á jafnréttisgrunni um allt land.

Herra forseti. Hægt er að rekja fleiri svona dæmi um afleiðingar einkavæðingarinnar á almannaþjónustu úti um land. Einkavæðing á raforkunni, hvernig hún kemur niður og kemur þá íþyngjandi einmitt á íbúa landsbyggðarinnar þar sem er náttúrlega útilokað að koma upp einhverri virkri samkeppni.

Maður horfir því ekki aðeins á fjárlagagerðina sem slíka heldur hvernig ríkisbúskapurinn er, hvernig stjórnvöld eru að færa greiðslubyrðina með einkavæðingunni yfir á al-

menning. Það er hluti af því að skerða lífskjör fólks og skerða samkeppnisstöðuna. Ég vildi bara koma þessum eina þætti hér á framfæri sem dæmi um á hvaða vegferð við erum. Það er alveg klárt mál að þessi þjónusta fjarskipta Símans gerir greinilega ekkert annað en að versna og versna og hækka í verði ef marka má þær skýrslur sem unnar hafa verið í þeim efnum.

[18:26]

**Gunnar Örlygsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki hissa á því að hv. þm. Jón Bjarnason hafi áhyggjur af kostnaði við símaþjónustu, hann talar svo mikið.

En ég leyfi mér að spyrja hv. þingmann tveggja spurninga: Hér í upphafi þings komu saman formenn stjórnarandstöðuflokkanna og boðuðu mikla samstöðu í þeim verkefnum sem bíða okkar á Alþingi. Nú er varla dagur liðinn frá því að þessi heilaga þrenning kom saman og lýsti því yfir í beinni útsendingu í sjónvarpsfréttum að svo skyldi verða en nú er orðið svo ástatt að þessi heilaga þrenning hefur splundrast í margar áttir. Ég vil því spyrja hv. þingmann hvað hafi valdið því að samstaðan er ekki lengur fyrir hendi svona stuttu eftir að þessi tilkynning átti sér stað. Þessu til staðfestingar vil ég nefna að hv. þingmaður Frjálslynda flokksins, Sigurjón Þórðarson, hefur talað hér fyrir sparnaði á meðan hv. þm. Jón Bjarnason hefur talað fyrir auknum útgjöldum.

Síðari spurning mín til hv. þm. Jóns Bjarnasonar er sú hvort hann telji það ekki góðan árangur hjá ríkisstjórninni að á tveggja ára tímabili eða yfir árin 2005 og 2006 sé tekjuafgangur rúmlega 100 milljarðar kr.

[18:27]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ánægjulegt að hv. þm. Gunnar Örlygsson skuli vera mættur til leiks þó svo að hann hafi greinilega lítið fylgst með því sem hér hefur fram farið fyrr í dag en betra er seint en aldrei og ég fagna því í sjálfu sér.

Það er alveg hárrétt hjá þingmanninum að þeir flokkar sem nú skipa stjórnarandstöðu hafa komið sér saman um að standa að ákveðnum málum og stilla saman strengi í ákveðnum grundvallarmálum. Ég er með eitt mál sem er að mínu viti tímamótamál, það er tillaga til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, þingskjal 3, mál nr. 3, þar sem allir þingmenn þessara þriggja flokka eru flutningsmenn að. Þar er lagt til einmitt það sem sérstaklega vantar í stefnu Sjálfstæðisflokksins og í fjárlagafrumvarpið.

Númer eitt er lagt til að ný tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr. frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem þar hafa orðið. Að frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007 og skerði ekki tekjutryggingu. Þetta er mikið réttlætismál gagnvart lífeyrisþegum, að þeir geti sótt og stundað launaða vinnu upp að ákveðnu marki án þess að það skerði lífeyrisgreiðslur þeirra.

Tillögur ríkisstjórnarinnar hljóða upp á það að árið 2009 verði veittar 20 þús. kr. á mánuði í þetta frítekjumark. (Forseti hringir.) Fleiri tillögur eru þarna sem ég get gert nánari grein fyrir sem undirstrika einmitt samstöðu þessara flokka í velferðarmálum.

[18:30]

**Gunnar Örlygsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom á daginn að hv. þm. Jón Bjarnason kaus að svara hvorugri spurninga minna. Ég lít þá svo á að þessi mikla samstaða stjórnarandstöðunnar sé þegar fyrir bí og ekki megi mikils vænta af þeirra samstöðu í störfum þingsins það sem eftir lifir vetrar, en nóg með það.

Ég spurði hann líka út í það hvort hann teldi það góðan árangur að 100 milljarðar væru í tekjuafgang núna fyrir árin 2005 og 2006. Hann svaraði ekki þeirri spurningu. Ég vil kannski tengja þennan mikla árangur við hugsanlegar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að lækka matvælaverðið. Nú höfum við notað mikið af þessum tekjuafgangi á síðustu árum til að borga niður skuldir. Sparnaður ríkissjóðs í formi vaxtagjalda er hugsanlega að tryggja okkur það að við getum olnbogað okkur áfram í slík verkefni án þess að taka lán eða taka frá öðrum verkefnum. Með öðrum orðum, ábyrg stefna og aðhald í ríkisfjármálum er að tryggja að núverandi ríkisstjórn getur stórlækkað matarverð á næstu missirum fyrir íslenska þjóð vegna þess að hún hefur sýnt ábyrgð og skynsemi í ríkisrekstrinum. Vaxtagjöld hafa lækkað stórlega eftir niðurgreiðslu skulda. Ég leyfi mér því að spyrja hv. þm. Jón Bjarnason: Telur hann þessa leið ríkisstjórnarinnar við að ná fram jafngóðum kjörum og bótum fyrir umbjóðendur sína, landsmenn alla, skynsamlega eða ekki? Telur hann árangur ríkisstjórnarinnar — að tryggja 100 milljarða í tekjuafgang á þessum tveimur árum, sem skapar miklu möguleika til að mæta þörfum fólksins í landinu — góðan árangur eða ekki? Ég vil fá svar við þeirri spurningu, hæstv. forseti.

[18:32]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fullvissað þingmanninn um að stjórnarandstöðuflokkarnir, Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn, munu hafa náið samstarf í grunnmálaflokkum, eins og t.d. í velferðarmálum sem við höfum lagt fram. Það er stefna og markmið — markmið sem eru skilgreind í krónum, hvernig við ætlum að koma til móts við kjör aldraðra og öryrkja sem hafa borið hvað skarðastan hlut frá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Hv. þingmaður þarf því ekki að hafa áhyggjur af því. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort hv. þm. Gunnar Örlygsson hafi lesið fjárlagafrumvarpið og fylgitölur með því.

Viðskiptahallinn á síðasta ári, árinu 2005, var 161 milljarður kr. Hann hefur verið áætlaður 101 milljarður í forsendum fjárlaga. (**Gripið fram í:** ... lækka matarverðið?) Á þessu ári stefnir viðskiptahallinn í 209 milljarða kr., var áætlaður tæplega 130 milljarðar og þótti öllum mjög hátt. Stýrivextir Seðlabankans eru komnir í 14% á tímum sem hv. þingmaður kallar góðæri, og vissulega er góðæri á ákveðinn hátt. En þau dæmi sem ég nefni sýna hversu efnahagsstjórnin er slöpp, hversu mikið ójafnvægi er í efnahagsmálum þjóðarinnar og á hve hættulegri braut við erum ef ekki verður snúið af leið þegar í stað. Það verður kannski

ekki gert nema með því að skipta um ríkisstjórn, herra forseti.

[18:34]

**Útbýting:**

Heildarstefnumótun í málefnum útlendinga og innflytjenda, 48. mál, þáltill. GÖg o.fl., þskj. 48.

Störf án staðsetningar á vegum ríkisins, 43. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 43.

[18:34]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni í dag gat ég þess í upphafi að það væri eitt sem menn mættu aldrei gleyma í þessari umræðu, það væri hin mikla eftirlitsskylda þingsins um fjárreiður ríkisins. Ég ætla ekki að ljúka þessum umræðum öðruvísi en að koma að að minnsta kosti tveimur athugasemdum við frumvarpið. Ég tel að sá sé vinur sem til vamms segir og ég tel mér skylt að gera það vegna þess að ég meina það innilega að hér er ekki rétt að staðið.

Í 6. gr. frumvarpsins, lið 7.7 stendur:

„Að greiða hlut ríkisins í undirbúningskostnaði Austurhafnar TR sem stofnað var á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg um rekstur og byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík." Þetta er í 6. gr. En í dag var útbýtt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 og þar kemur fram að ætlaðar eru 150 millj. kr. inn í fjárlögin 2006 einmitt vegna þessarar sömu byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss. Nú ætla ég að segja, hæstv. forseti, við hæstv. fjármálaráðherra að þetta eru vinnubrögð sem ganga ekki. Það er ekki hægt að afgreiða svona samning upp á milljarða og aftur milljarða ár eftir ár — þetta er undir: Heimildir, 6. gr. — og taka það svo inn í fjáraukalög haustið eftir. Það gengur ekki. Ég vil því benda hæstv. fjármálaráðherra á að ef það er svona eindreginn vilji minnar ágætu ríkisstjórnar að leggja fé í þetta fyrirtæki, sem ég hef allar efasemdir um, þá liggur það alveg nákvæmlega fyrir að það er ekkert annað að gera en að leggja samninginn fyrir Alþingi, að sjálfsögðu. Þannig ber mönnum að vinna og ég ætlast til þess að þannig sé gert og ég trúi því að mín ágæta ríkisstjórn muni gera það.

Í öðru lagi, herra forseti, langar mig til að vekja athygli þingheims á einu atriði varðandi þetta frumvarp til fjárlaga. Það eru útgjöld utanríkisráðuneytisins, sérstaklega tveir liðir sem þar koma fram. Í fyrsta lagi er ætlunin að hækka framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um 266 milljónir. Ég ætla að hin mikla hækkun sem varð í fyrra sé þannig að hið góða fyrirtæki, Þróunarsamvinnustofnun Íslands, eigi fullt í fangi með að eyða þeim peningum. Ég veit að þar eru ábyrgir menn við stjórn og þeir gera sér grein fyrir að það þarf mikinn og mjög vandaðan undirbúning til að tryggja að þessir peningar komi að gagni. Hörmulegar eru sögurnar og fréttirnar og þekking manna frá ýmsum löndum um það hvernig þróunaraðstoð hefur misfarist. Ég er því með efasemdir um þetta og spyr: Hvernig stendur á þessu örlæti?

Næsti liður er þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi en sá liður hækkar um 334,8 millj. kr. Samtals nemur hækkunin á þeim lið um 600 millj. kr. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Hvað veldur þessu mikla örlæti? Hvað hefur komið yfir okkur að við hækkum þennan lið allt í einu um 50%? Við hækkum hann um nákvæmlega 50%, það er tiltekið hér, úr 658 milljónum í 993. (Gripið fram í.) Þetta er liðurinn þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Það hefur enginn sagt mér frá því í þessu liði sem við erum saman í, ég og hæstv. fjármálaráðherra, að þetta örlæti stæði til og mér er það töluverð spurn hvað valdi þessu. Ég velti því fyrir mér hvernig það megi vera að við ætlum að fara að sáldra svona miklum peningum allt í einu núna. Þá dettur mér í hug hvort það gæti verið, herra forseti, að það eigi eitthvað skylt við það að við erum í framboði til öryggisráðsins hjá Sameinuðu þjóðunum. Gæti það nú bara átt sér stað að eitthvert samhengi væri þarna á milli? (Gripið fram í.) Ég læt mér detta það í hug, virðulegi forseti, að svo sé. En eins og ég hef áður sagt og bent á, þá ætla ég að kenndirnar og hugsunin á bak við það að við buðum okkur fram til öryggisráðsins væri ekki ósvipuð þeim hugrenningum sem ég veit að fóru gegnum kollinn á litla froskinum þegar hann sá stóra bolann á tjarnarbakkanum og sumir muna nú hvernig það endaði allt saman. En mig langar til að vita þetta og ég tel rétt að vekja athygli á þessu. Þetta er dálítið athyglisvert.

Að öðru leyti, herra forseti, hefur þessi umræða meira og minna snúist um virkjanamál, sem er út af fyrir sig gleðilegt. Ég vil upplýsa og veit það úr mörgum áttum að myljandi hagnaður er af álframleiðslu í dag. Verðið er um 2.500 dollarar. Það vita allir sem vilja vita að raforkuverðið fyrir austan er rétt í kringum 30 sent, sem er mjög hagstætt og fínt. Þetta stendur því allt mjög vel. Ég er ekki að upplýsa nein leyndarmál, það er rétt að alþjóð viti þetta.

Ég vil nefna það að ég var á mánudaginn viðstaddur opnun Norðuráls á Grundartanga. Það var gríðarlega skemmtileg samkoma, mjög ánægjuleg. Norðurál hefur byggst mjög hratt upp og hefur haft veruleg áhrif á byggðaþróun á Vesturlandi, mjög jákvæða og mjög skemmtilega. Ástæða er til að vera þakklátur fyrir það. Ég hitti í fyrsta skipti þann merkilega mann, Kenneth Peterson, ákaflega athyglisverður norskættaður Bandaríkjamaður. Ég hitti líka forráðamenn Norðuráls, þessa amerísku, og átti við þá skemmtilegar viðræður. Þeir sögðu mér að þeir hefðu mikinn áhuga á að stækka verksmiðjuna á Grundartanga. Það þótti mér vænt um að heyra og það er ástæða fyrir alla sem búa á Vesturlandi að fagna einmitt þessu því þetta er mjög hagstætt íslensku samfélagi ef við getum farið svona í þessi mál, eins og Norðurál hefur haft forustu um, að gera þetta í áföngum.

Þetta vildi ég segja, virðulegi forseti, í lokin um leið og ég fagna því að menn séu að átta sig á því í hvaða óefni mótmælaalda sem menn hafa reynt að reisa gegn framkvæmdum á Íslandi er komin. Við verðum að átta okkur á því að þessi þjóð á mikla framtíð. Í iðrum jarðar, fossunum og vötnunum liggja mikil verðmæti. Orkuverð er hækkandi í heiminum. Þetta mun skapa Íslandi mjög mikil og glæsileg tækifæri á komandi árum.

[18:42]

**Einar Már Sigurðarson:**

Herra forseti. Þegar ég lauk fyrri ræðu minni í dag átti

ég þó nokkuð eftir og síðan hafa umræður í dag skapað slíkar aðstæður að óhjákvæmilegt er að taka hér nokkur mál til umræðu og fara yfir. Það hefur verið áberandi í málflutningi hv. þingmanna í stjórnarliðinu að guma mjög af því hve hér er rausnarlega stigið í átt til þess að auka jöfnunaraðgerðir í samfélaginu. Það eru auðvitað svör þeirra við hárbeittri gagnrýni um hve ójöfnuður hefur aukist að undanförnu. Það sorglega við þá umræðu er að það virðist eins og sumir hv. þingmenn trúi því að þarna sé verið að stíga gífurlega stór og mikil skref, að barnabætur, vaxtabætur og skattleysismörk hafi aldrei verið hærri. Miðað við tal sumra hv. þingmanna er hægt að draga þá ályktun.

*Hins vegar er hægt að segja um alla þessa liði að þrátt* fyrir að stigin séu örlítil skref vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins og þá fyrst og fremst verkalýðshreyfingin náðu að knýja fram örlitlar lagfæringar á þeim, nær enginn þessara liða þeirri stöðu sem var þegar ríkisstjórnin tók við völdum. Í öllum tilfellum hefur ríkisstjórnin byrjað á að skerða þá eða láta þá dragast aftur úr og er nú að stíga skref í rétta átt.

Vegna orða hv. þm. Birkis J. Jónssonar, formanns fjárlaganefndar, um þróun barnabóta, þar sem hann, eftir einhvern lærdóm einhvers staðar fór með slíkan málflutning, er óhjákvæmilegt að fara örlítið yfir málið og reyna að leyfa hv. þingmanni að átta sig á hvað í raun og veru hefur gerst í þeirri þróun.

Þannig er mál með vexti að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur orðið gífurleg skerðing á barnabótum. Bæturnar voru *mun hærri að raungildi árið 1995 þegar ríkisstjórnin tók við* en í þann liðlega áratug sem hún hefur setið. Þetta er auðvitað allt önnur staðreynd en sú sem kom fram í máli hv. þingmanns. Auk þess sem ótekjutengdar barnabætur voru greiddar að 16 ára aldri barna á árinu 1995 en eru nú einungis greiddar að sjö ára aldri barna. Það er fyrst og fremst minnismerki um svikin loforð framsóknarmanna sem fyrir nokkru lofuðu, eins og alþjóð man eftir, ótekjutengdum barnabótum með öllum börnum að 16 ára aldri.

Á árinu 1995 var hlutur ótekjutengdra barnabóta af heildargreiðslum, sem allir foreldrar barna fengu óháð tekjum, um 56% en var kominn niður í um 20% á árinu 2005. Þó að framsóknarmenn segi í orði kveðnu að fólkið eigi að vera í fyrirrúmi, eins og alþjóð er kunnugt úr kosningabaráttu og hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur væntanlega sagt æðioft, þá er staðreyndin samt sú að enginn hefur svikið barnafólkið eins mikið og flokkur hv. þingmanns.

Hver man ekki eftir slagorðinu um barnakortin? Þau fólu í sér að greiða átti ótekjutengdar barnabætur með öllum börnum að 16 ára aldri. Á árinu 2005 var varið um 1 milljarði kr. lægri fjárhæð að raungildi til barnabóta en varið var á árinu 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við. Jafnvel þótt um 2,4 milljörðum kr. hærri fjárhæð verði varið til barnabóta á árunum 2006 og 2007, eins og áformað er, hafa barnabætur engu að síður lækkað verulega að raungildi frá því að núverandi stjórnarflokkar komust til valda árið 1995. Á föstu verðlagi voru útgjöld til barnabóta tæpir 6,5 milljarðar kr. á árinu 1995 en á þessu ári eru útgjöldin tæpir 6 milljarðar kr. Sem hlutfall af landsframleiðslu voru útgjöld til barnabóta um 1% á árinu 1995 en voru komið niður í um 0,5% á árinu 2005. Er þessi samanburður líklega sá raunhæfasti og sýnir hver þróunin hefur verið í þessum efnum.

Ríkisstjórnin hefur, í tengslum við kjarasamninga fyrr á þessu ári, ákveðið að draga nokkuð úr tekjutengingu bóta og skerðingarmörkum þeirra á árinu 2007, en þetta var auðvitað knúið fram af verkalýðshreyfingunni í tengslum við gerð kjarasamninga. Engu að síður er miðað við mjög lágar tekjur hjá þeim sem fá óskertar bætur. Það er varla hægt að kalla þetta barnabætur heldur er miklu nær að tengja þetta við hin lágu laun því að skerðingin byrjar langt undir lágmarkslaunum. Í stað þess að skerðing á barnabótum byrji við 77 þús. kr. mánaðartekjur hjá einstæðu foreldri eins og er nú verður miðað við 92 þús. kr. eftir breytinguna á næsta ári. Hjá hjónum verður miðað við að skerðing á barnabótum byrji við 185 þús kr. mánaðartekjur í stað 155 þús. kr. eins og er nú. Vissulega er þetta skref í rétta átt, knúið fram af verkalýðshreyfingunni. En það er spurning hvort þetta eru slík skref að hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður fjárlaganefndar, þurfi að hreykja sér af þeim. Ég hefði haldið að nær hefði verið fyrir hv. þingmann að minnast ekki á barnabæturnar hvað þá að hreykja sér svo mjög eins og hann gerði.

Sama á við um vaxtabæturnar eins og fjallað hefur verið um í dag. Þrátt fyrir þau skref sem verið er að stíga dugar það ekki til að skila því til baka sem skert hefur verið undanfarin ár.

Herra forseti. Það var auðvitað ýmislegt fleira sem ég átti eftir í fyrri ræðu minni en ég sé að tíminn er afar naumur og því verð ég að skera áfram niður úr ræðunni. Ég vil þó að *lokum nefna örfá atriði úr fjárlagafrumvarpinu* sem vekja sérstaka athygli. Í lok ræðu minnar fyrr dag ræddi ég um að það væri töluverður munur á hvaða meðhöndlun Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Reykjavík fengju í fjárlagafrumvarpinu. Rökstuðningurinn er fyrst og fremst sá að gerður hafi verið nýr samningur við Háskólann í Reykjavík. Þetta er verulegt umhugsunarefni í því samhengi að háskólarnir í landinu sitja ekki við sama borð, annars vegar hinir opinberu háskólar og hins vegar þeir háskólar sem reknir eru af öðrum aðilum.

Þessi samanburður sýnir okkur að þarna er ekki réttlátlega skipt. Þetta eru háskólar sem báðir tveir hafa verið í miklum vexti og er þess vegna hægt að bera nokkuð vel saman. Þannig er t.d. munurinn að Háskólinn á Akureyri fær aðeins framlög fyrir 85 nýnema meðan Háskólinn í Reykjavík fær fyrir 120. Loks er ekki síður athyglisvert að *rannsóknarframlagið til Háskólans á Akureyri er hækkað* um 40 millj. kr., ekki til að greiða laun þeirra sem eru að rannsaka heldur vegna húsaleigu í hinu merka rannsóknarhúsi Borgum, húsinu sem sett var í ákveðinn farveg að tilstuðlan menntayfirvalda og nú er verið að bæta hluta af því. Á meðan fær Háskólinn í Reykjavík 65 millj. kr. í rannsóknarframlag vegna þessa nýja samnings.

Herra forseti. Ekki er síður athyglisvert að bæði hjá félagsmálaráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytinu er ótrúlega mikið um að ekki hafi verið lokið samningsgerð vegna samninga sem ráðuneytin hafa gert við t.d. sveitarfélög og ýmis líknarfélög. Það eru auðvitað ekki hægt að bjóða upp á slík vinnubrögð að samningar sem renna út um næstu áramót skuli ekki liggja fyrir um leið fjárlagafrumvarpið er lagt fram. Þetta er algerlega með ólíkindum. Ég tek eftir því

að t.d. ýmis verkefni sem sveitarfélögin tóku að sér í tilraunaskyni en hafa síðan verið framlengd með þjónustusamningum eru hluti af þessari mynd hjá báðum ráðuneytunum. Það hlýtur að kalla á sérstakar skýringar af hverju ekki er búið að ganga frá þessu vegna þess að ef ekki á að halda þessum verkefnum áfram þá eru sveitarfélögin komin í þann vanda að eiga eftir að segja upp starfsfólki o.s.frv. Þetta er framkoma sem ekki er líðandi gagnvart þeim aðilum sem taka að sér verkefni fyrir ríkið. Er ástæða til þess að hæstv. fjármálaráðherra, sem mér sýnist vera eini ráðherrann í nágrenni við okkur, ræði við kollega sína og ýti við því að menn gangi betur til verks en þetta, þannig að næst þegar lagt verður fram fjárlagafrumvarp verði allir samningar frágengnir svo menn þurfi ekki að lifa í þeirri óvissu sem hlýtur að fylgja því að hafa slíka samninga lausa.

[18:54]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Aðeins fáein orð í lok þessarar umræðu sem hefur að mörgu leyti verið mjög fróðleg. Það hefur verið fróðlegt að hlýða á málflutning talsmanna Framsóknarflokksins, það hefur verið nánast samfelldur lofsöngur um stóriðjustefnuna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa tekið undir í þessum söng. Það gerði síðast hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem sagði okkur frá óskaplega skemmtilegu hófi sem hann hafði nýlega verið í með fulltrúum álfyrirtækja sem vildu stækka og láta virkja meira í sína þágu. Þetta hefur einkennt málflutning stjórnarsinna hér en athygli hefur vakið hve mjög þeir hafa forðast að ræða forsendur fjárlaganna. Þá er ég að horfa til viðskiptahallans, til skuldastöðu þjóðarbúsins og hvert stefnir í þeim málum.

Dagurinn hófst á því að við ræddum um vaxandi ójöfnuð í íslensku þjóðfélagi. Ég gerði þá grein fyrir því að ég teldi hann birtast á þrennan hátt. Í fyrsta lagi vaxandi tekjumismunun, þeim fjölgaði sem hefðu miklar tekjur og ofurtekjurnar yrðu stöðugt hærri en að sama skapi fjölgaði þeim sem ættu í erfiðleikum með að láta enda ná saman. Stjórnarsinnar hafa bent á að kaupmáttur allra hafi aukist. Við teljum svo ekki vera, að þeir sem eigi í erfiðleikum með sína heilsu eða séu að koma þaki yfir höfuðið eigi erfiðar nú en þeir höfðu áður. Þetta er eitt birtingarform aukins ójafnaðar í íslensku þjóðfélagi.

Ójöfnuðurinn birtist einnig í því hvernig skattgreiðendum er mismunað. Ef fólk aflar tekna með launavinnu greiðir það mun hærri skatta en þeir gera sem afla tekna í gegnum fjármagnið. Fjármagnstekjurnar er skattlagðar mun lægra.

Í þriðja lagi er ójöfnuðurinn og mismununin í þjóðfélaginu á milli byggðarlaga og þá einnig á milli ríkis og sveitarfélaganna almennt. Ríkissjóður hefur dafnað en sveitarfélögin hafa mörg átt í erfiðleikum.

Það sem við höfum verið að benda á núna og á undanförnum árum er að menn skyldu fara varlega í að gleðjast um of yfir bættum hag ríkissjóðs því þar kann ekki allt að vera reist á bjargi heldur hugsanlega sandi, því miður, því að hagur ríkissjóðs hefur vænkast bæði með sölu arðbærra ríkiseigna og einnig vegna þess sem kallað hefur verið þensluskattar, að því meiri lán sem við tökum í útlöndum, því meira sem við neytum, því meiri velta sem er í þjóðfélaginu, því meiri eru tekjur ríkissjóðs. Að hluta til eru þetta þensluskattar sem kallaðir eru og eru ekki til frambúðar, eru ekki varanlegir. Þess vegna vildi Vinstri hreyfingin – grænt framboð fara varlega í öllum tilboðum og yfirboðum sem fram fóru fyrir síðustu kosningar um stórfelldar skattalækkanir. Við höfum farið varlega í þeim efnum.

Spurningin snýst síðan um hvað menn vilja gera til að bregðast við þessum vanda sem ég hélt að væri óumdeildur, en er talsvert umdeildur eins og við höfum heyrt á umræðum í dag. Sumir viðurkenna ekki að ójöfnuður sé í þjóðfélaginu og að hann hafi farið vaxandi. Hvað vilja menn gera?

Stjórnarandstaðan sameinaðist um það í upphafi þingsins að leggja fram frumvarp sem miðar að því að bæta stöðu lífeyrisþega og öryrkja, bæta stöðu þeirra hópa sem standa lakast að vígi í þjóðfélaginu. Þetta er forgangsmál okkar og um það sameinaðist stjórnarandstaðan, allir stjórnarandstöðuflokkarnir.

Hvað varðar mismunun sem sprottin er af ólíkum skattheimtuleiðum þá höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði talað fyrir því að hækka fjármagnstekjuskatt. Við þessu hafa menn varað og sumpart með ágætum rökum. Sagt að því hærri skattar sem lagðir eru á fjármagnið því meiri hætta sé á því að fjármagnið streymi úr landi og á önnur mið. Um þetta hafa ríki OECD verið að reyna að sameinast, að koma í veg fyrir undirboð. Að koma í veg fyrir samkeppni velferðarkerfanna þannig að þau grafi hvert undan öðru. Þess vegna hafa OECD-ríkin í sameiningu verið að reyna að uppræta skattaparadísir. Íslenska ríkisstjórnin fékk tiltal út af því að gerast brotleg við ákvæði sem höfðu verið samþykkt á vettvangi OECD.

Þetta er umræða sem á eftir að fara fram síðar í haust þegar við tölum fyrir frumvarpi, sem við höfum reyndar lagt fram, um hækkun fjármagnstekjuskatts. En aðeins til að botna þá umræðu að þessu sinni að enda þótt það skuli viðurkennt að takmörk séu fyrir því hve hátt megi fara með skattana ef við ætlum að halda skattstofninum, þá snýst málið um þetta: Við erum öll sammála um að afla þarf ríki og sveitarfélögum skatta, skatttekna. Spurningin er með hvaða hætti við gerum það og hvort við gerum það á réttlátan eða ranglátan máta. Við segjum að skattbyrðunum í þjóðfélaginu sé ekki réttlátlega skipt, launafólkið er látið greiða óhóflega mikið, fjármagnseigendurnir, þeir sem afla tekna með fjármagnseignum sínum, sleppa óþarflega vel frá þessum skiptum. Umræðan á að snúast um þetta, alla vega í bland, um réttlæti í skattheimtunni. Varðandi þriðja atriðið sem ég nefndi, þ.e. mismunun á milli ríkis og sveitarfélaga, þá höfum við lagt fram frumvörp, talað fyrir þingmálum sem ganga út á að rétta hlut sveitarfélaganna.

Hæstv. forseti. Ég vildi síðan í lokin taka undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni varðandi fjárausturinn í kosningabaráttu ríkisstjórnarinnar, gæluverkefni fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, og núverandi utanríkisráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, um að tryggja okkur tveggja ára setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir mörg hundruð milljónir króna. Ég hef margoft talað gegn þessu og talið að þessum fjármunum væri betur varið í alþjóðasamvinnu en í öðrum farvegi. Við

getum látið gott af okkur leiða í alþjóðasamvinnu á margvíslegan hátt, t.d. í rannsóknum á ýmsu sem lýtur að sjávarútvegi, hafsbotninum. Reyndar hefur talsvert fé verið látið af hendi til slíkra rannsókna. Við hefðum getað gert betur í þeim efnum. Við gætum gengið lengra í að styðja starf á vettvangi FAO. Það tengist hagsmunum okkar jafnframt því sem ég held að við gætum látið gott af okkur leiða. Ég held að ef þessir fjármunir, hundruð milljóna, væru veittir til rannsókna vísindamanna sem sinna rannsóknum af því tagi sem ég vísaði til, þá værum við að verja þessum peningum á miklu markvissari hátt og gerðum tvennt í senn: Að láta gott af okkur leiða á alþjóðavettvangi og þjóna hagsmunum okkar betur en gert er með þessum fráleita hætti.

[19:02]

**Einar Már Sigurðarson:**

Herra forseti. Rétt í lokin er rétt að fara yfir nokkur atriði sem hafa orðið út undan í þeim tveimur ræðum mínum sem ég hef haldið. Í fyrsta lagi er rétt að fjalla örlítið um það agaleysi sem ég nefndi nokkuð í fyrstu ræðu minni og ég tók eftir að bæði hv. þm. Birkir J. Jónsson og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fjölluðu nokkuð um og tóku að hluta til undir þau aðvörunarorð mín. Ég verð þess vegna að vera örlítið bjartsýnn þó að reynslan segi mér að kannski sé ekki nú líklegt að mikil breyting verði á störfum fjárlaganefndar hvað þetta varðar, en ég held að það sé nauðsynlegt að fara örlítið yfir þessi mál þannig að það liggi alveg fyrir hvað það er sem við erum fyrst og fremst að ræða um.

Það er alkunn staðreynd að það eru auðvitað ýmsar stofnanir þannig staddar í ríkiskerfinu að þegar fjárlög eru samþykkt fyrir næstkomandi ár þá er raunverulega stór hluti fjárveitinga til þeirra upp urinn eða stór hluti búinn vegna þess að viðkomandi stofnun hefur keyrt fram yfir og þá töluvert fram yfir þau 4% sem er svona hið venjulega viðmið. Á sama tíma eru aðrar stofnanir sem eiga töluvert í sjóði og er þar af leiðandi verið með fjárlögum að samþykkja til þeirra mun meira fjármagn en talið er að kosti að reka viðkomandi stofnanir.

Vandamálið er að um allt of langan tíma hefur ekki verið gert neitt í því að kanna hvað er að hjá þessum stofnunum. Er vanáætlað fyrir þeirri þjónustu sem stofnuninni er ætlað að sinna eða er eitthvað annað að? Meðan þetta er ekki skoðað er auðvitað erfitt að bregðast við. Ég hef leyft mér að halda því fram að ástæðan fyrir því að þetta er ekki skoðað skipulega og yfir þetta farið sé í raun og veru sú að í kerfinu sé það viðurkennt að fjárlögin séu ekki nægjanlega tengd raunveruleikanum og þess vegna séu fjárlögin ekki sá grunnur sem hægt er að byggja á. Sem dæmi má nefna ef veita þyrfti forstöðumanni áminningu, sem gæti verið eðlilegt ef forstöðumaðurinn vegna slælegra starfa fer með stofnun sína fram yfir ár eftir ár ef rétt hefur verið áætlað fyrir þeirri starfsemi sem menn vilja að stofnunin sinni. Ég held hins vegar að þetta sé ekki gert því það er vitað að það er áætlað vitlaust.

Ég man eftir mjög glöggu dæmi úr síðustu skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í sumar þar sem kom í ljós t.d. að sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli hafði til nokkuð margra ára farið töluvert fram úr fjárlögum. Í skýrslunni var því hins vegar haldið fram að miðað við skoðun Ríkisendurskoðunar væri ekkert að rekstri viðkomandi embættis og það væri jafnvel á margan hátt til fyrirmyndar og það væri líka alveg ljóst að ráðuneyti viðkomandi embættis væri það fullljóst að ýmis verkefni hefðu verið sett á embættið án þess að fjárveitingar hefðu fylgt. Það er auðvitað algjörlega óviðunandi að þannig sé að verki staðið og ég trúi því, eins og fram hefur komið, að mýmörg slík dæmi séu í kerfinu og það er bagalegt að svo sé. Það er af þessum ástæðum sem Ríkisendurskoðun kemur ár eftir ár með ábendingar um að á þessu verði að taka. Stofnunin hefur reyndar bent á það í skýrslu um framkvæmd fjárlaga í mörg ár og sérstaklega í fyrra, það kom skýrast fram í skýrslunni frá því í fyrra og í skýrslunni í sumar er vísað yfir í skýrsluna frá því árið 2005. En þar segja þeir að það geti hreinlega verið þannig að það væri í anda stjórnvalda að hafa þetta svona. Það gæti verið að það hentaði stjórnvöldum að vera ekkert að breyta þessu vegna þess að með því geti menn lagt fram falleg fjárlög ár eftir ár. En í raun og veru er framkvæmdarvaldið með þessu að taka sér fjárveitingavald og það er auðvitað grafalvarlegt mál og auðvitað rétt, þó að ég hafi ekki tíma til þess að fara neitt yfir ágæta grein sem ég sá í Morgunblaðinu í dag eftir hv. þm. Bjarna Benediktsson sem einmitt fjallar um að það þurfi að styrkja stöðu Alþingis, styrkja löggjafarvaldið vegna þess að framkvæmdarvaldið hefur í raun og veru allt of sterka stöðu. Í þessu samhengi er rétt að minnast þess að þegar Þjóðhagsstofnun var niður lögð var það rætt töluvert hér á þinginu hvernig við í fjárlaganefnd gætum styrkt stöðu okkar gagnvart framkvæmdarvaldinu þegar Þjóðhagsstofnun væri farin. Þá var rætt um að það þætti eðlilegt að hér yrði sett upp einhvers konar hagdeild, kannski of stórt orð fyrir ekki marga menn, en a.m.k. að fjárlaganefnd fengi aðgang að sérfræðingum til þess að geta farið yfir ýmis mál eða látið vinna fyrir sig ýmis mál sem nefndinni þætti ástæða til. Því miður hefur ekki orðið af þessu þrátt fyrir það að þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson hafi látið líklega í umræðunum um að sér þætti a.m.k. ekki óeðlilegt að slíkt yrði skoðað alvarlega.

*Herra forseti. Ég held að það sé rétt að vitna bara orðrétt* í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í fyrra þannig að það fari ekkert á milli mála að þetta er ekki bara skoðun okkar fulltrúa Samfylkingarinnar.

Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Reyndar má spyrja hvort stjórnvöld hafi í raun nokkurn áhuga á að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur á framkvæmd fjárlaga þar sem það geti bara hentað ágætlega. Í fjárlögum megi þannig sýna aðhald með ríkisútgjöldum enda þótt ljóst sé að raunveruleg útgjöld verði í mörgum tilvikum hærri."

Þetta var orðrétt tilvitnun í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2004.

Skömmu síðar segir, með leyfi forseta:

„Strangt aðhald með ríkisfjármálum sé ekki líklegt til vinsælda á vettvangi stjórnmálanna, sérstaklega ekki þegar auknar tekjur ríkissjóðs vegna uppsveiflu í hagkerfinu geri gott betur en að mæta meiri útgjöldum."

Herra forseti. Ég held að þarna sé skýringin kannski komin vegna þess að nú um nokkuð langt skeið höfum við

lifað þá tíð að hagvöxturinn hefur verið slíkur að tekjuaukinn í ríkissjóði hefur verið fyrirséður það mikill að hann mundi dekka og jafnvel á stundum betur en það hin auknu útgjöld sem meira og minna lágu fyrir þegar fjárlög voru samþykkt. Þetta er hins vegar grafalvarlegt mál og kominn tími til að eitthvað verði gert í því og ég sagði hér í byrjun ræðu minnar að þeir hv. þingmenn formaður og varaformaður fjárlaganefndar hefðu ýjað að því í málflutningi sínum að þetta væri grafalvarlegt hlutverk fjárlaganefndar. En ég geri mér þó mátulegar vonir um að eitthvað verði reynt til þess, a.m.k. á haustdögum, ég hef fullan fyrirvara á því að úr þessum ræðustóli hefur nú ýmsu verið lofað í þeim efnum án þess að nokkuð hafi gerst. Eins og ég hef nokkrum sinnum sagt bæði í ræðu og í andsvörum í dag þá hefur það eiginlega verið megineinkenni meiri hluta fjárlaganefndar að virka þar sem stimpill fyrir ríkisstjórnina. Þetta er auðvitað alvarleg ásökun á hendur meiri hluta fjárlaganefndar en því miður er ekki hægt að sleppa því að nefna þetta ítrekað vegna þess hve slælega meiri hlutinn hefur á stundum staðið í ístaðið.

Það er nefnilega þannig að þrátt fyrir það, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði, að menn væru í sama liði þá hafa menn sem alþingismenn miklum skyldum að gegna í því að verja hlut löggjafans. Og það verður að segja alveg eins og er og það er hugsanlega hluti af þeirri skýringu að þessir stjórnarflokkar hafa starfað það lengi saman að allt virðist vera orðið smurt og í einhverri fastri rútínu og að það sé hreinlega ekki liðið í liðsskipaninni að menn geti leyft sér athugasemdir sem oft er á tíðum er full ástæða til að vera með.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson nefndi sjálfur í ræðu sinni hér áðan a.m.k. tvö dæmi, annað þeirra sérstaklega áberandi sem hv. þingmaður hefur reyndar nefnt áður og hefur verið tekið aðeins upp í fjárlaganefndinni og gæti út af fyrir sig verið ákveðinn prófsteinn á það hvort einhver meining er á bak við orðin. En það er alveg ljóst að sú framkvæmd hér við höfnina sem hv. þingmaður nefndi, þá er afar óeðlilegt að fjármunir í hana séu afgreiddir hér ár eftir ár í gegnum 6. gr. og það hlýtur að vera eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra tilkynni okkur í lokaræðu sinni að samningurinn sé væntanlegur hér í einhverri mynd til afgreiðslu í þingsalnum.

[19:13]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Það hafa verið ágætar umræður í dag um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2007, mestan part málefnalegar og ég þakka fyrir það. Sérstaklega hefur verið fjallað um forsendur fjárlaga. En í þeim efnum eins og svo oft áður lítur sínum augum hver silfrið, sérstaklega þar sem oft er um áætlaðar stærðir að ræða og jafnvel spár inn í framtíðina og er ekkert óeðlilegt að menn ræði þau atriði sérstaklega.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi OECD og tiltal frá OECD eða einhverjar OECD-samþykktir. Ég kannast ekki við þær en við gætum kannski fundið betur út úr því í sameiningu síðar. Hann nefndi einnig til öryggisráðið. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson nefndi það líka í sama samhengi við þróunarmálin. Ég nefndi hins vegar þróunarmálin sérstaklega í framsöguræðu minni þar sem verið er að auka fjármuni til þróunaraðstoðar í samræmi við áætlun sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Þessir fjármunir eru ekki tengdir framboðinu til öryggisráðsins nema á óbeinan og almennan hátt því auðvitað skiptir máli í þessu samhengi hversu virk við erum í alþjóðastarfi og þróunarmálin eru auðvitað hluti af því.

Hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson og Einar Már Sigurðarson nefndu Austurhöfn og fjárveitingar til Austurhafnar sem eru í 6. gr. frumvarpsins, en jafnframt eru tillögur um fjárveitingar til Austurhafnar í fjáraukalögunum. Einhverra hluta vegna skildist mér á hv. þingmönnum að þeir tengdu þetta líka að einhverju leyti við heimildir til samninga um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins. En þetta eru auðvitað tvö mál. Annars vegar er um að ræða rekstur og fjárveitingar til undirbúningsfélagsins Austurhafnar. Þær hafa undanfarin ár verið með tvennum hætti, annars vegar í gegnum fjárlagalið sem nú stendur þannig að á honum er afgangur. Það er heimild í 6. gr. þessa árs til þess að greiða kostnað vegna Austurhafnar af heimildarlið en það er hins vegar lagt til að það verði greitt sérstaklega inn á lið Austurhafnar en þar með verði heimildarliðurinn ekki notaður til að greiða þann kostnað sem til hefur fallið að undanförnu. Síðan er beiðni um heimild í 6. gr. í frumvarpinu fyrir 2007 um áframhaldandi möguleika til að greiða kostnað vegna Austurhafnar, þ.e. undirbúningsfélagsins. Hins vegar var samningurinn um tónlistar- og ráðstefnuhúsið gerður á grundvelli annars heimildarákvæðis í 6. gr. fjárlaga sem samþykkt var í fjáraukalögum fyrir árið 2005 og tengist þar með ekki þeim liðum sem hér voru nefndir.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur í tvígang í umræðunni kallað meiri hluta fjárlaganefndar stimpil ríkisstjórnarinnar. Þetta er litríkt líkingamál. Það er meira að segja hægt að hafa ýmsa liti á stimpilpúðunum ef menn vilja. En ég held að hv. þingmaður verði að hafa í huga að meiri hluti fjárlaganefndar, fulltrúar í meiri hlutanum eiga sæti í þingflokkum stjórnarflokkanna og áður en fjárlagafrumvarpið er lagt fram hefur það farið fyrir þingflokkana og verið samþykkt. Það er reyndar svo með öll önnur stjórnarfrumvörp þannig að ekkert er óeðlilegt við það að meiri hlutinn styðji frumvarp sem hann hefur áður samþykkt þó að eðlilega geti orðið breytingar á fjárlagafrumvarpinu í meðförum Alþingis ekkert síður en öðrum frumvörpum. Þá ber á það að líta að fjárlagafrumvarpið hefur ekki farið fyrir þingflokka minni hlutans sem tilheyrir stjórnarandstöðunni. Þar af leiðandi hafa þeir ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á efni þess og eðlilega er frumvarpið samið á grundvelli stjórnarsáttmála stjórnarflokkanna og í takt við stefnu þeirra en ekki endilega í takt við stefnu stjórnarandstöðuflokkanna þó auðvitað gæti það gerst endrum og sinnum að þar séu hlutir sem þeir séu sáttir við líka. Ég held að menn verði að hafa þetta í huga þegar verið er að fjalla um þetta á þennan hátt. Þar af leiðandi er ekki laust við að ósanngjarnrar gagnrýni gæti, að mínu mati, hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að svara fleiri brennandi spurningum hér í dag við lok þessarar umræðu. Það munu auðvitað koma upp atriði í meðförum þingsins hvað frumvarpið varðar sem eðlilegt geti verið að leitað sé til ráðuneytisins með að finna svör við og sem fyrr er sjálf-

sagt að verða vel við því og eins og ég sagði í framsöguræðu minni þá óska ég eftir góðu samstarfi við nefndina og að það takist að afgreiða frumvarpið á tilsettum tíma í samræmi við starfsáætlun þingsins eins og undanfarin ár.

[19:19]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fyrst og fremst um tiltalið frá OECD sem hæstv. ráðherra vefengir að hafi átt sér stað eða hefur efasemdir um. Það var þannig að fljótlega eftir að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur gengu í eina sæng um miðjan tíunda áratuginn var byrjað að pumpa peningum inn í Verslunarráð Íslands eins og það hét þá í samstarfsverkefni viðskiptaráðuneytis og Verslunarráðsins um að koma hér á skattaskjóli. Ég held að talað hafi verið um þetta sem aflandssvæði ef ég man rétt. Þó þori ég ekki að fullyrða um það. Á sama tíma var unnið að því innan OECD að koma í veg fyrir skattaleg undirboð á OECD-svæðinu. Ýmis ríki fengu tiltal, t.d. Lúxemborg, og síðan var vísað í umfjöllun um þetta, sem var allítarleg og tíð á þessum tíma, í það sem var að gerast á Ermarsundseyjum og einhvern tíma kom tiltal vegna þessara tilrauna Íslendinga að koma á þessu skattaskjóli, þessum vísi að skattaparadís. Þetta er núna úr sögunni en þetta var tilraun sem gerð var hér í nokkur ár með aðstoð íslenskra skattborgara. Tugir milljóna fóru í þessa vinnu. Ég man eftir einum fjárlögum þar sem var talað um 55 milljónir sem hefðu farið í þetta sameiginlega verkefni ríkisstjórnarinnar og Verslunarráðs Íslands og það kom síðan að lokum að því að tiltal kom frá OECD.

[19:21]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó ég hafi sagst ekki kannast við það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan þá var ég ekki að vefengja eða reyna að segja að hann væri að fara með rangt mál. Ég held hins vegar eftir að hafa heyrt andsvar hans að þá sé hann út af fyrir sig í grunninn að fara rétt með. Það var verið að reyna að setja hér upp löggjöf um sérstaka skattalega meðferð. Nafnið á löggjöfinni kemur ekki alveg upp í hugann. En tiltalið sem stjórnvöld fengu var ekki frá OECD heldur frá ESA, ef ég man þetta rétt. Það er alveg ástæðulaust að fara lengra út í þetta. Við getum fundið út úr því hvað er réttast í þessu. En það er hins vegar líka rétt að það var í gangi vinna á vegum OECD um að vinna gegn skattaskjólum og í þeirri vinnu hefur Ísland tekið fullan þátt. Við höfum á þeim forsendum meðal annars átt viðræður við Ermarsundseyjarnar og jafnframt verið í samstarfi við aðrar Norðurlandaþjóðir í þessu efni. Þetta var meðal annars eitt af umræðuefnunum á fundi fjármálaráðherra Norðurlandanna í vor. Ég held að þetta sé tvö mál sem þarna er verið að blanda saman en óþarfi er að gera það að einhverju deilumáli. Við finnum út úr því.

[19:23]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég sé ekki að blanda tveimur málum saman og ég held að tiltalið hafi komið frá OECD. En ég tek undir með hæstv. ráðherra að það skiptir ekki öllu máli hér. Mér er málið kunnugt vegna þess að ég vakti margoft máls á þessu við fjárlagaumræðu fyrr á tíð og flutti fjölmargar fyrirspurnir í þinginu um nákvæmlega þetta efni. En ég tek undir að við getum farið í saumana á þessum málum utan þingsalar.

[19:24]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Komið er að lokum 1. umr. um fjárlagafrumvarpið. Það sem mér finnst standa eftir er að hæstv. ráðherra hefur ekki svarað því hvernig tekið verður á væntingum um stóriðjuframkvæmdir. Hann hefur ekki tekið nógu alvarlega þá stöðu sem er í grunnforsendum fjárlaga og efnahagslífsins. Gríðarlegur viðskiptahalli, hátt vaxtastig og tekjur ríkissjóðs eru í allt of miklum mæli tengdar viðskiptahallanum sem er aftur á móti hið mikla krabbamein í íslensku hagkerfi. Það er einhvers konar heróínhagvöxtur í sjálfu sér þegar menn eru að nærast á viðskiptahallanum.

Ef maður lítur á umsagnir greiningardeilda bankanna, hvort sem það er Landsbankinn eða KB-banki, þá segja þessir aðilar báðir að ástand efnahagsmála sé mjög viðkvæmt. Það þarf að kólna. Það þarf að skapast hér jafnvægi. Það þarf að skapast grundvöllur fyrir annað atvinnulíf. Það þarf að vera hægt að lækka hér vexti. Það þarf að koma ró á. En verði ekki gefin út yfirlýsing eða tryggt að stopp verði sett á frekari stóriðjuframkvæmdir þá munu væntingar um auknar stóriðjuframkvæmdir koma fram með þeim hætti að forsendur fjárlaga koma ekki til með að standast. Ég spyr enn hæstv. fjármálaráðherra: Gerir ráðherra sér ekki grein fyrir þessari stöðu og er það ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að bregðast við?

[19:26]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef sagt hér fyrr í dag þá liggja ekki fyrir endanlegar ákvarðanir um frekari stóriðju hér á landi á næstunni þó að um það séu áætlanir. Þar af leiðandi er ekki hægt að taka tillit til þeirra í þjóðhagsáætlun okkar og forsendum okkar fyrir fjárlögin. Við getum ekki byggt fjárlögin á einhverju sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um. Við þekkjum það frá fyrri tíð þegar verið var að byggja áætlanir og fjárlög á byggingum álvera sem síðan voru aldrei reist. Ég held að við eigum ekki að endurtaka þann leik.

Ef hv. þingmaður vill gera sér grein fyrir því hvaða áhrif það hefði á forsendurnar og á það hvernig þróun efnahagsmála þjóðarinnar yrði líklega þá bendi ég honum á vorskýrslu þjóðhagsáætlunar fjármálaráðuneytisins sem gefin var út í apríl. Þar er sérstakur kafli um það hvaða áhrif þessar framkvæmdir gætu haft. Þar af leiðandi hefur verið lögð í það vinna að meta það og við vitum það og ef til kæmi höfum við forsendur til þess að bregðast við því. En enn sem komið er hefur ekki komið til þess að ákvarðanir lægju fyrir og að við gætum þar af leiðandi tekið tillit til þessara aðstæðna því þær eru ekki komnar upp.

[19:28]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það mikinn ábyrgðarhlut ef hæstv.

ráðherra vill ekki horfast í augu við þennan veruleika. Reyndar er það svo að bæði greiningardeildum bankanna og fjármálaráðuneytinu ber saman um að verði gefnar væntingar um aukna stóriðju þá muni fjárlagafrumvarpið ekki standast. Ég vitna í greiningardeild KB-banka. Hér segir, með leyfi forseta:

„Stóriðjuframkvæmdir munu halda gengi krónunnar hærra en ella." — Og áfram: — „Ef fjárfestar telja öruggt að stóriðjuframkvæmdir verði að veruleika sem nú eru í bígerð má gera ráð fyrir því að þeir munu spila á slíkar væntingar með því að gefa út krónubréf til lengri tíma og veðja þannig á hátt innlent vaxtastig. Jafnframt gætu erlendir aðilar brugðið á það ráð að framlengja þeim bréfum sem nú eru á gjalddaga fram á mitt framkvæmdatímabil þegar fyrirséð er að krónan haldist sterk." (Forseti hringir.)

Herra forseti. Það er ábyrgðarhluti ef ríkisstjórnin gerir sér ekki grein fyrir alvöru málsins hvað þetta varðar.

[19:29]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta nú afskaplega athyglisvert hjá hv. þingmanni. Sú framkvæmd sem líklegust væri til að fara af stað, er mest búið að undirbúa og væntanlega stærst af þeim sem eru á teikniborðinu, er stækkun álversins í Straumsvík, Alcan. Fyrir liggur yfirlýsing hjá bæjarstjóranum í Hafnarfirði, Lúðvík Geirssyni að farið verði í atkvæðagreiðslu um það hvort stækka eigi álverið eða ekki Það veit út af fyrir sig enginn hver yrði niðurstaðan í þeirri atkvæðagreiðslu. En fulltrúi flokks hv. þm. Jóns Bjarnasonar í bæjarstjórninni er á móti þessu álveri og flokkurinn hefur verið að beita sér gegn því. En af orðum hans hér má skilja að hann telur að flokkurinn muni ekki hafa árangur sem erfiði í þeirri atkvæðagreiðslu sem fer fram i Hafnarfirði. (**JBjarn:** Nú er ...)

[19:30]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra minntist á mál sem við hv. þingmenn, ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, nefndum varðandi samninginn sem búið er að gera vegna byggingar tónlistarhúss við höfnina. Mér fannst hæstv. ráðherra að einhverju leyti misskilja orð okkar en ég held að það sé eðlilegt að hæstv. ráðherra svari því hér og nú hvort hann sé ekki sammála okkur um það að eðlilegt sé að samningur sem — ja, menn hafa heyrt fleygt tölunni um 9 milljarða fjárskuldbindingu inn í framtíðina — hljóði upp á svo háa tölu fái hér stimplun á einhvern hátt þannig að bara komi í ljós hvort ekki sé almennur vilji hv. þingmanna til að gangast við þessari fjárskuldbindingu en að ekki sé verið að pukrast með þetta hér einhvers staðar á bak við. Það er eðlilegt að þetta sé lagt hér fyrir vegna þess að það hlýtur að teljast óeðlilegt að búið sé að gera slíka fjárskuldbindingu inn í framtíðina án þess að nokkurn tíma hafi verið um hana fjallað í þingsölum.

Herra forseti. Ég ræddi um það að meiri hluti fjárlaganefndar virkaði oft á mig eins og stimpill fyrir ríkisstjórnina. Það er kannski ósanngjörn gagnrýni, eins og hæstv. ráðherra segir, á meiri hlutann vegna þess að meiri hlutinn sé bundinn af alls konar samþykktum í þingflokkum sínum, m.a. af fjárlagafrumvarpinu. Það sem ég á við er m.a. að þegar það liggur fyrir í fjárlaganefnd, vegna upplýsinga sem þangað hafa komið, að ákveðnar stofnanir geti ekki veitt þá þjónustu sem þeim er ætlað samkvæmt lögum vegna þess t.d. að skuldahali þeirra er slíkur að fjárveitingar muni ekki duga fyrir rekstrinum á næsta ári leggur meiri hluti fjárlaganefndar samt fram tillögur sem koma ekki til móts við það annaðhvort að skerða þjónustu stofnunarinnar eða veita henni fjármuni sem duga til rekstrarins.

Þetta kalli ég að meiri hlutinn hagi sér eins og stimpill fyrir ríkisstjórnina.

[19:32]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, það er eðlilegt að leitað sé heimilda fyrir samningum eins og hv. þingmaður nefndi, enda var það líka gert í fjáraukalögum ársins 2005. Ef ég man rétt var það í upprunalega fjáraukalagafrumvarpinu þannig að það hefur farið í gegnum þrjár umræður í þinginu og meðferð í fjárlaganefnd. Ég man að í textanum sem fylgdi með var gert grein fyrir þeim upphæðum sem þarna er um að ræða þannig að þingheimur átti ekki að velkjast í neinum vafa um hvað væri að gerast og hvað væri verið að samþykkja, enda er það ekkert öðruvísi en er um aðrar ámóta og jafnvel enn stærri ákvarðanir í fjármálum ríkisins sem teknar eru á grundvelli einnar línu í 6. eða 7. gr. fjárlaganna.

[19:34]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé eiginlega lágmarkskrafa að þessi samningur verði a.m.k. sýndur í fjárlaganefnd. Ég vona að hæstv. fjármálaráðherra verði við þeirri ósk. Ég náði ekki að bera mig saman við alla félaga mína í fjárlaganefnd en náði þó í einn sem hefur setið þarna býsna lengi, jafnlengi og sá sem hér stendur, og við munum hvorugur eftir því að samningurinn hafi sést í nefndinni. Það hlýtur eiginlega að vera lágmarkskrafa að samningurinn komi til nefndarinnar vegna fjárskuldbindinganna sem felast í honum.

Herra forseti. Af því að þetta eru lokaorð mín í þessari umræðu í kvöld vil ég auðvitað taka undir það með hæstv. fjármálaráðherra að það er vonandi að samstarf milli fjárlaganefndar og ráðuneytis verði með ágætum. Ég vona að við náum því, eins og tekist hefur mörg undanfarin ár, að standa við þá áætlun sem sett hefur verið upp varðandi afgreiðslu fjárlaganna og hef enga ástæðu til að ætla annað en vona að vinnubrögð í nefndinni verði til sóma og fari frekar batnandi.

[19:35]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Ég held að það sé eflaust rétt hjá hv. þingmanni að samningurinn sem slíkur hefur ekki verið kynntur en hins vegar hefur fjárskuldbindingin sem í samningnum felst verið kynnt. Ég held að lánasamningar sem liggja að baki 7. gr. heimild til lántöku séu heldur ekki almennt kynntir í fjárlaganefndinni þannig að þarna á milli virðist fullt samræmi.

Ég get svo sem alveg hugsað mér að varðandi stærri mál eins og þessi séu viðhöfð einhver önnur vinnubrögð en að þau séu í 6. gr. Það er alveg hugsanlegt en þau vinnubrögð hafa ekki verið tekin upp enn þá og niðurstaða þessa máls var í fullu samræmi við það hvernig slík mál hafa verið unnin áður. Síðan verðum við bara að sjá hvernig við viljum hafa framhaldið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:36.

---

# 8. FUNDUR

mánudaginn 9. okt.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjárlög 2007, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
4. Afnám verðtryggingar lána, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Bjarni Benediktsson, 8. þm. Suðvest.,
Geir H. Haarde forsrh., 1. þm. Reykv. s.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

### *Varamenn taka þingsæti.*

[15:02]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hafa þrjú bréf um forföll þingmanna. Hið fyrsta er frá 7. þm. Reykv. n., Guðjóni Ólafi Jónssyni, dags. 5. október og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Reykv. n., Fanný Gunnarsdóttir, taki sæti á Alþingi á meðan."

Annað bréf er frá 8. þm. Norðvest., Jóni Bjarnasyni, dags. 6. október 2006 og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvest., Árni Steinar Jóhannsson garðyrkjustjóri, taki sæti á Alþingi á meðan."

Fanný Gunnarsdóttir og Árni Steinar Jóhannsson hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa á ný.

Þriðja bréfið er frá 3. þm. Suðvest., Sigríði A. Þórðardóttur, dags. 5. október og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvest., Þórdís Sigurðardóttir flugumferðarstjóri, taki sæti á Alþingi á meðan."

Kjörbréf Þórdísar Sigurðardóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Þórdís Sigurðardóttir, 3. þm. Suðvest., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:04]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Þórdís Sigurðardóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

### *Kosning embættismanna alþjóðanefnda.*

[15:05]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kjör embættismanna alþjóðanefnda:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins: Ásta Möller formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Íslandsdeild Vestur-Evrópusambandsins: Guðjón Hjörleifsson formaður og Gunnar Örlygsson varaformaður.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Birgir Ármannsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Íslandsdeild NATO-þingsins: Össur Skarphéðinsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs: Sigríður Anna Þórðardóttir formaður og Jón Kristjánsson varaformaður.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Halldór Blöndal formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA: Guðlaugur Þór Þórðarson formaður og Birkir J. Jónsson varaformaður.

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál: Sigurður Kári Kristjánsson formaður og Guðjón Ólafur Jónsson varaformaður.

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evr-

ópu: Pétur H. Blöndal formaður og Sæunn Stefánsdóttir varaformaður.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[15:05]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Um kl. 3.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um mögulega leyniþjónustustarfsemi á vegum stjórnvalda. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason verður til andsvara Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í eina og hálfa klukkustund.

[15:06]

**Útbýting:**

Afnám stimpilgjalda, 50. mál, þáltill. SigurjÞ o.fl., þskj. 50.

Almenn hegningarlög o.fl., 39. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 39.

Bráðaþjónusta á Suðurnesjum, 133. mál, fsp. JGunn, þskj. 133.

Brúargerð yfir Jökulsá á Fjöllum, 127. mál, fsp. HBl, þskj. 127.

Búnaðarfræðsla, 189. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 190.

Ferðasjóður íþróttafélaga, 129. mál, fsp. VF, þskj. 129.

Fjarskiptasjóður, 122. mál, fsp. KLM, þskj. 122.

Fjárframlög til Fjölmenntar, 132. mál, fsp. KLM, þskj. 132.

Fjárreiður ríkisins, 52. mál, frv. KHG, þskj. 52.

Flutningur verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, 186. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 187.

Framlög til íþróttamála, 138. mál, fsp. JGunn, þskj. 138.

Gjaldfrjáls leikskóli, 49. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 49.

Göngubrú yfir Ölfusá, 46. mál, þáltill. KÓ o.fl., þskj. 46.

Heimilislæknar í Suðvesturkjördæmi, 131. mál, fsp. VF, þskj. 131.

Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ, 119. mál, fsp. VF, þskj. 119.

Hlíðarskóli á Akureyri, 128. mál, fsp. VF, þskj. 128.

Kjör einstæðra og forsjárlausra foreldra, 85. mál, beiðni um skýrslu JóhS o.fl., þskj. 85.

Löggilding starfsheitis áfengisráðgjafa, 130. mál, fsp. VF, þskj. 130.

Mat á umhverfisáhrifum, 38. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 38.

Málefni aldraðra, 190. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 191.

Menningarsamningar, 134. mál, fsp. JGunn, þskj. 134.

Mislæg gatnamót á mótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar, 121. mál, fsp. VF, þskj. 121.

Norðfjarðargöng, 124. mál, fsp. KLM, þskj. 124.

Stytting þjóðleiðar milli Akureyrar og Reykjavíkur, 126. mál, fsp. HBl, þskj. 126.

Suðurlandsvegur, 137. mál, fsp. JGunn og BjörgvS, þskj. 137.

Tekjuskattur, 22. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 22.

Trjáræktarsetur sjávarbyggða, 51. mál, þáltill. GHj o.fl., þskj. 51.

Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, 36. mál, þáltill. HBl og ArnbS, þskj. 36.

Vaxtarsamningar, 135. mál, fsp. JGunn, þskj. 135.

### *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Stóriðjustefna og virkjanaleyfi.*

[15:09]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegi forseti. Við höfum fengið til þings nýjan iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem hefur getið sér gott orð í störfum á öðrum vettvangi, Bifröst og Seðlabankanum, og er mikilvægt fyrir okkur að kynnast viðhorfum hins nýja ráðherra.

Það er óhætt að segja að staðfestan verður ekki hinum nýja formanni Framsóknarflokksins að falli, slíkur hefur hringlandaháttur verið í yfirlýsingum ráðherrans á fyrstu vikum í embætti. Þannig er ríkisstjórnin ekki að fylgja fram neinni stóriðjustefnu aðra vikuna en þvert á móti hina vikuna tilbúin að reisa álver í hverjum fjórðungi. Á fimmtudaginn stóð ekki til að virkja í Brennisteinsfjöllum, Kerlingarfjöllum eða Torfajökli en um helgina hét það að svo yrði ekki á næstunni.

Ég held að það sé mikilvægt að hæstv. iðnaðarráðherra geri upp hug sinn í þessum grundvallaratriðum sem varða ráðuneyti hans og geri okkur grein fyrir því hvort ríkisstjórnin fylgi stóriðjustefnu og ef ekki, hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að afnumin verði sérréttindi og ívilnanir fyrir stóriðju umfram annað atvinnulíf í landinu.

Í öðru lagi þarf hæstv. ráðherra að greina frá því hvort hann telji til greina koma að úthluta einhverjum virkjanaleyfum á þessum vetri fram að næstu kosningum og þá hvaða leyfum, eða hvort formaður Framsóknarflokksins hafi sannfæringu fyrir því að einhver þau svæði séu á landinu, sem sótt hefur verið um að rannsaka virkjunarkosti í eða virkja á, sem alls ekki eigi að úthluta og komi ekki til álita að auglýsa hvað sem líður niðurstöðum auðlindanefndar.

[15:11]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þær fyrirspurnir sem hafa komið fram. Það sem ég hef sagt um þetta mál er í raun fjarskalega skýrt. Hins vegar er auðvelt ef menn vilja að misskilja það, rangfæra og leggja það út á annan veg en sagt var.

Það sem ég hef sagt er að sett voru ný lög árið 2003 sem breyttu stjórnsýslu á sviði raforku- og orkumála. Fram til þess tíma, um áratuga skeið, voru íslensk stjórnvöld virk í því að leita að erlendum samstarfsaðilum til þess að standa fyrir stóriðju og virkjunum þótt íslenskir aðilar sæju um hið síðara. Þeirri stjórnsýslu hefur verið breytt.

Nú er hlutverk iðnaðarráðuneytis að veita fyrirgreiðslu, aðstoð og upplýsingar en ekki síður aðhald og eftirlit. Ætl-

ast er til að menn sýni vönduð, fagleg, fræðileg og gegnsæ vinnubrögð og er ekki til þess ætlast að iðnaðarráðherra láti persónulegar eða pólitískar skoðanir sínar á einstökum verkefnum ráða úrslitum heldur fari hann eftir því áliti sem komið hefur frá til þess bærum stofnunum til ráðuneytisins. (Gripið fram í.)

Stefna ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna er hins vegar annað mál. Ég var að tala um stjórnsýsluna og aðild stjórnsýslustofnana og ráðuneyta að þessum málum.

Í annarri spurningu fyrirspyrjanda kemur fram mjög alvarlegur misskilningur. Hann talar um virkjanaleyfi. Það sem við höfum verið að tala um er rannsóknarleyfi og síðan höfum við á síðasta sumri lýst því yfir að stefnan sé að leggja af sérréttindi einstakra fyrirtækja.

[15:13]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Heyr á endemi. Ráðherra og pólitískar skoðanir hans í virkjunarmálum eiga ekki að ráða úrslitum um afgreiðslu mála. Í þessum sal, virðulegur ráðherra, *höfum við pólitíska afstöðu og við tökum pólitískar ákvarðanir* um grundvallaratriði eins og náttúruvernd og virkjanir í landinu.

Í fyrirspurnatíma er beint tveimur fyrirspurnum til hæstv. ráðherra og ég bið um að þeim sé svarað. Við skulum taka þá fyrri núna og seinni á eftir. Fylgir ríkisstjórnin stóriðjustefnu eða er hæstv. iðnaðarráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að við afnemum sérréttindi og sérstakar ívilnanir fyrir stóriðju umfram annað atvinnulíf í landinu þannig að annað atvinnulíf á Íslandi geti keppt við stóriðjuna á jafnréttisgrundvelli eða telur hæstv. iðnaðarráðherra og viðskiptaráðherra að íslenskt atvinnulíf sé svo vanmegnugt á árinu 2006 að ríkisvaldið þurfi með sérstökum hætti að beita sér fyrir niðurgreiðslum, ríkisábyrgðum og lágu raforkuverði til að hlutast til um að halda atvinnulífinu gangandi?

[15:15]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég hef greinilega tekið of langan tíma í fyrri hlutann í fyrra svari. Það er mjög mikilvægt að hafa í huga að það er munur á virkjanaleyfum og rannsóknarleyfum. Það sem ég hef verið að tala um eru rannsóknarleyfi. Það eru ekki ný virkjanaleyfi sem eru alveg fram undan. Það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar að einstök stórfyrirtæki njóti sérstakra kjara í íslensku viðskiptaumhverfi. Það var þvert á móti fjallað um það á ríkisstjórnarfundi í sumar að svo yrði ekki.

Hins vegar liggur fyrir að það er stefna ríkisstjórnarinnar að efla hér og örva þekkingarsamfélag þar sem smá og meðalstór fyrirtæki gegna forustuhlutverkum með góðri menntun starfsmanna og góðum lífstækifærum fyrir starfsliðið og fyrir þjóðina. Þróun iðnaðar- og orkumála er aðeins hluti af þessari heild.

[15:16]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Ég fagna yfirlýsingu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um að ekki eigi að hafa fyrirgreiðslu fyrir stóriðjuna. Þessi yfirlýsing hans hlýtur að þýða að sérstakir skattasamningar við stóriðju komi ekki til greina af hálfu ríkisstjórnarinnar enda sé eitthvað að marka orð hæstv. iðnaðarráðherra.

En ég spyr um rannsóknar- og virkjanaleyfin, hvort við megum vænta þess að fyrir kosningar úthluti ráðherra slíkum leyfum. Virkjanaleyfin í vatnsaflinu. Eins og ráðherrann veit skipta rannsóknarleyfin í jarðhitanum gríðarlegu máli. Um leið og þeim hefur verið úthlutað er búið að malbika veg inn á svæðin. Þá er búið að bora rannsóknarholur. Þá er búið að spilla hinni óspilltu náttúru þannig að það verður ekki aftur tekið.

Þess vegna er ákvörðunin um rannsóknarleyfi í raun ákvörðun um virkjanaleyfi og við hljótum að spyrja: Er fyrir formanni Framsóknarflokksins einhver staður á Íslandi, Kerlingarfjöll, Brennisteinsfjöll, Torfajökull, Gullfoss eða hver annar sem hann hefur ákveðið, tekið um það pólitíska ákvörðun, sem ekki (Forseti hringir.) komi til greina af hans hálfu að virkjaður verði?

[15:17]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það vita nú allir hvaða ákvarðanir hafa verið teknar um Gullfoss og óþarfi að eyða miklum tíma í það. Því hefur ekki verið breytt. Svipuðu máli gegnir um annað sem hv. þingmaður nefndi.

Það er ákaflega mikill misskilningur að rannsóknarleyfi megi ekki setja með skilyrðum. Það er mjög mikill misskilningur. Það má setja margháttuð skilyrði og skilmála um rannsóknarleyfi. Auk þess liggur fyrir að það er ekkert gefið til kynna með rannsóknarleyfum um framhald, hvorki um það hvaða aðili það er sem fær hugsanlegt framkvæmdaleyfi eða hvort framkvæmdaleyfi yfir höfuð verður veitt. Þetta er mikill misskilningur.

*Aðgerðir til að jafna flutningskostnað.*

[15:18]

**Árni Steinar Jóhannsson:**

Virðulegur forseti. Á árinu 2002 voru uppi hér í þinginu miklar umræður um mikinn kostnað vegna flutninga á landsbyggðinni, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga og ekki síst verslunina. Hæstv. iðnaðarráðherra þess tíma, Valgerður Sverrisdóttir, lét útbúa skýrslu um málið og niðurstöður hennar, eða hugmyndir öllu heldur, voru þær að framleiðendur og verslanir á landsbyggðinni ættu möguleika á að framvísa nótum til endurgreiðslu og þar með væri flutningakerfið til landsbyggðarinnar styrkt.

Þetta var eitt helsta kosningamál framsóknarmanna úti um landsbyggðina fyrir síðustu kosningar. Fór þar í broddi fylkingar fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra og ráðherra byggðamála, Valgerður Sverrisdóttir.

Ekkert hefur bólað á aðgerðum og því spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra hvort til standi, nú þegar örfáir mánuðir eru eftir af þessu kjörtímabili, að gera eitthvað í anda skýrslunnar, koma með tillögur og framkvæma þær í anda skýrslunnar. Sá tími sem liðinn er frá síðustu kosningum hefur ekki verið glæsilegur fyrir framleiðendur og einstaklinga og verslun á landsbyggðinni, aðallega vegna þess að um mik-

inn flutningskostnaðarauka er að ræða í langflestum tilvikum. Auk þess leggst það ofan á að vegakerfið er allt orðið miklu erfiðara vegna vaxandi þungaflutninga sem gerir flutningsfyrirtækjum og einstaklingum sem eru að flytja vöru og þjónustu á markað miklu erfiðara um vik en þó var þegar þessi umræða var uppi í þinginu.

Ég vil, virðulegur forseti, spyrja hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra einu sinni enn: Hyggst núverandi ríkisstjórn koma þeim tillögum sem voru í skýrslunni frá 2003 í framkvæmd áður en núverandi kjörtímabil rennur út?

[15:20]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur verið, eins og fyrirspyrjandi sagði, í athugun og er í athugun. Vissulega hafa orðið breytingar á innbyrðis hlutföllum í verðlagi í verslunum, sérstaklega hjá verslanakeðjunum úti á landi miðað við höfuðborgarsvæðið og þar hefur orðið nokkur framför.

En við höfum ekki komið þessu máli fram eins og hann benti á. Það er rétt, en það er enn þá í vinnslu.

[15:21]

**Árni Steinar Jóhannsson:**

Virðulegur forseti. Það er gott að stjórnarmeirihlutinn viðurkennir að hafa ekki komið kosningaloforði í verk. Ber að virða það. En ég spyr þá hvort búast megi við að fram komi tillögur sem verða settar í framkvæmd nú á þessu ári eða í byrjun næsta árs sem væru þá á grunni þeirrar skýrslu sem fram kom um málið og væri til mikilla hagsbóta fyrir öll landsbyggðarfyrirtæki, þjónustufyrirtæki og framleiðendur sem þar starfa.

[15:21]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Við munum gera það svo fljótt sem þessum athugunum og vinnslu lýkur og samkomulag verður um það. En það er ástæða til að taka það fram að einmitt í dag var tilkynnt um breytingar á virðisaukaskatti sem snertir þessi mál að hluta til.

[15:22]

**Árni Steinar Jóhannsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil benda hæstv. iðnaðarráðherra á að ég veit ekki betur en að allar athuganir sem þurfa fram að fara hafi farið fram. Við getum sótt í smiðju Norðmanna hvað þetta varðar ef menn eru hræddir við regluverk Evrópusambandsins í þessu tilliti. Þar eru allar skýrar reglur til og ég veit ekki annað en að Byggðastofnun hafi kortlagt landið þannig að allur grunnur er fyrir hendi til að taka ákvörðun um þær hugmyndir sem í skýrslunni eru ef vilji manna stendur til þess.

Þess vegna er spurningin enn og aftur: Er von á aðgerðum á þessu ári? Eða ætla menn að koma með ný kosningaloforð hvað þetta varðar í aðdraganda næstu alþingiskosninga?

[15:23]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt sem fyrirspyrjandi segir. Það er til mjög mikið efni um þetta. Það hefur verið skoðað og gaumgæft og er gert áfram. Það er áfram unnið að þessu máli.

Ég ítreka það sem ég sagði um þá tilkynningu sem var gefin í dag sem skiptir þennan málaflokk líka miklu.

*Einkavæðing í heilbrigðiskerfinu.*

[15:23]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Í Fréttablaðinu síðasta föstudag er viðtal við Jóhannes M. Gunnarsson, framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Hann segir svo komið að tilteknar aðgerðir séu ekki lengur framkvæmdar innan veggja spítalanna, ýmsar sértækar aðgerðir séu nær eingöngu framkvæmdar nú á einkastofnunum.

Hann segir orðrétt, með leyfi forseta, í þessu viðtali:

„Það er ekki heppilegt að ákveðin þjónusta hverfi algjörlega út af spítölunum eins og hefur gerst. Spítalinn er háskólastofnun sem gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki við að samtvinna þjálfun starfsfólks og heilbrigðisþjónustu. Að því leytinu er það óeðlilegt að spítalinn hafi ekki aðstöðu til þess að byggja upp þekkingu við vissar aðgerðir sem aðeins er farið að bjóða upp á utan spítala."

Þetta voru orð Jóhannesar M. Gunnarssonar í Fréttablaðinu. Í Fréttablaðinu er einnig viðtal við Siv Friðleifsdóttur, hæstv. heilbrigðisráðherra, þar sem hún segist vera alfarið á móti einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu.

Fréttamaður Fréttablaðsins hváir við þessu og bendir réttilega á að fram hafi komið frumvarp sem sé nú í farvatninu og feli í sér styrkingu heimilda til aðkomu einkafélaga að heilbrigðisþjónustunni.

Hæstv. forseti. Þarna stangast á orð og athafnir. Hver er raunveruleg stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum? Ég beini þeirri spurningu til hæstv. heilbrigðisráðherra.

[15:25]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Það er rétt sem kemur fram í Fréttablaðinu að ég er á móti einkavæðingu heilbrigðiskerfisins og tel að þau ríki sem hafa þannig fyrirkomulag hafi ekki sýnt fram á að það sé betri leið en hér er farin. Í einkavæðingunni eru svokallaðar einkagreiðslur, þ.e. að fólk borgar meira eða minna sjálft fyrir þjónustuna.

Við erum með allt annað fyrirkomulag hér. Hér stendur ríkið að þessari þjónustu og borgar megnið af þeim kostnaði sem fellur til í heilbrigðisþjónustunni. Við erum ekki með kerfi einkavæðingar á Íslandi.

Sumir telja að við eigum að fikra okkur inn á þá braut en ég er ekki sammála þeirri leið. Við höfum hins vegar kosið í nokkrum tilvikum að nýta okkur kosti einkarekstrar sem er ekki það sama og einkavæðing, eins og ég veit að hv. þingmaður veit.

Einkarekstur hefur leyst ýmis verkefni fyrir okkur og þá er það gert með þjónustusamningum sem ríkið greiðir fyrir þannig að áfram greiðir ríkið að megninu til þann kostnað sem fellur til varðandi þá samninga sem við gerum við einkaaðila.

Ég get nefnt hér sem dæmi að það er talsvert umfangs-

mikil þjónusta sem fer fram gagnvart öldruðum og fer fram með slíkum samningum. Það er líka hægt að nefna þjónustu við sjúklingahópa eins og þá sem fara í áfengissýkismeðferð. Þar er reyndar samningurinn runninn út, sá þjónustusamningur sem var gerður. En þetta eru kostir einkarekstrar. Þetta er ekki einkavæðing.

Ég deili hins vegar að vissu leyti áhyggjum lækningaforstjórans. Við erum með háskólasjúkrahús og það er eðlilegt að þar sé boðið upp á almenna kennslu. Það er matsatriði hvenær við erum að nýta of mikið (Forseti hringir.) markaðinn gagnvart því að taka af þjónustu til rekstrar úti í bæ.

[15:27]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta svar kom mér sannast sagna mjög á óvart. Hér var lýst stefnu Sjálfstæðisflokksins í heilbrigðismálum. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Fyrir nokkrum árum vildi Sjálfstæðisflokkurinn láta sjúklinginn borga að nánast öllu leyti, eða að miklu leyti. (Gripið fram í.) Síðan var dregið í land, ég skal sýna ykkur bæklinga, þið verðið að kannast við eigin orð og athafnir. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Síðan var dregið í land og sagt að skattgreiðandinn ætti að borga fyrir þjónustuna, það væri aðeins framkvæmdin sem ætti að fara á markað.

Nú er þessari stefnu líka lýst af hálfu Framsóknarflokksins. Einkavæðing í mínum huga snýst ekki bara um greiðsluna heldur einnig um framkvæmdina, hvort eigi að setja heilbrigðisþjónustuna út á markaðinn og gera hana eins og hverja aðra atvinnustarfsemi sem skapar eigendum sínum hagnað. Um þetta snýst slagurinn. Nú eru forsvarsmenn háskólasjúkrahússins að vara við þessari þróun vegna þess að hún á sér stað.

Ég vil að fram komi að heilbrigðisráðherrann talar hér í takt við hæstv. forsætisráðherra, sem kemur mér á óvart. Sem kemur á óvart vegna þess að áherslurnar hafa verið ólíkar eða okkur talin trú um það. Hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, sagði hér við stefnuumræðuna um daginn að í farvatninu væri frumvarp sem greiddi götu einkarekstursins innan heilbrigðisþjónustunnar, styrkti einkareksturinn. (Forseti hringir.) Nú tekur ráðherra Framsóknarflokksins undir þessi sjónarmið. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vekur athygli á að það er einhver villa hér í tölvukerfi þannig að hv. þingmaður hefur fengið mun meiri tíma en hann átti í rauninni rétt á.)

(**ÖJ:** Þakka þér fyrir.)

[15:29]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hvílíkt bull og hvílík vitleysa. Hér verða þingmenn vitni að því þegar hv. þingmaður reynir að snúa út úr með gamalkunnri aðferð sem heitir „Let them deny it", látum þau neita. Hann reynir að bera hér upp á Framsóknarflokkinn að við viljum einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Hvílík þvæla. Ég var einmitt að reyna að útskýra hér rétt áðan að við viljum ekki einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Við viljum ekki einkagreiðslur þar sem fólkið á að borga reikninginn allan sjálft. Við viljum það ekki.

Það stefnir í ójöfnuð ef við förum þá leið. Sú leið er farin í Bandaríkjunum og víðar. Það viljum við ekki. Hins vegar höfum við kosið að nýta okkur kosti einkarekstrar þar sem það á við. Það er allt annað. Þá eru gerðir þjónustusamningar við aðila og ríkið greiðir að mestu leyti fyrir þjónustuna.

Hér er þingmaðurinn að reyna að bera einhverjar sakir upp á okkur sem við viljum ekki sitja undir. Ég frábið mér þennan málflutning ef (Forseti hringir.) hér á að halda áfram á sömu braut.

[15:30]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra ætti að eiga orðastað við Jóhannes M. Gunnarsson, framkvæmdastjóra lækninga á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi, um nákvæmlega þetta efni. Hann segir að veigamikil þjónusta hafi verið tekin út af sjúkrahúsinu og færð í einkarekstur. Er þetta ekki einkavæðing heilbrigðisþjónustunnar? (Gripið fram í.) Út í einkarekstur.

Hæstv. forsætisráðherra segir hér í ræðu, með leyfi forseta:

„Stefnt er að því að leggja fram á þessu löggjafarþingi frumvarp til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu þar sem mælt er með skýrum hætti fyrir um grunnskipulag hins opinbera heilbrigðisþjónustukerfis um leið og heimildir heilbrigðisyfirvalda til að fela öðrum aðilum með samningum að annast heilbrigðisþjónustu eru styrktar."

Sem sagt einkaaðilum, að færa þessa starfsemi til einkaaðila. Það er kallað einkavæðing. Síðan er það önnur umræða hver það er sem greiðir fyrir þjónustuna, hvort það er sjúklingurinn sem borgar sitt beint, sem reyndar er farið að tíðkast í ríkari mæli (Forseti hringir.) en áður var, eða hvort það er skattgreiðandinn. (Forseti hringir.) Það er önnur umræða.

[15:32]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég veit nú ekki alveg á hvaða plánetu hv. þingmaður er hér, Ögmundur Jónasson. Ég er búin að reyna að útskýra þetta, ég ætla að reyna að gera það einu sinni enn.

Einkavæðing og einkarekstur er ekki það sama. Einkavæðing er þegar sjúklingurinn borgar meira eða minna sjálfur eins og á sér stað í Bandaríkjunum. Einkarekstur er þegar við kjósum að láta ákveðna þjónustu fara á markað þannig að ríkið borgar með þjónustusamningum (**ÖJ:** Ég sagði ...) til viðkomandi aðila. Þú þarft víst, hv. þingmaður, á kennslustund að halda í þessu af því að þú hamrar á því, (Gripið fram í.) virðulegur þingmaður, að Framsóknarflokkurinn styðji einkavæðingu, það er alls ekki þannig.

(**Forseti** (SP)**:** Ég ætla að biðja þingmenn um að vera ekki að kalla fram í.)

Við teljum eðlilegt að skoða einkarekstur þar sem það á við. En við viljum að hér sé kerfi jafnaðar í heilbrigðisþjónustu og þess vegna styðjum við það að ríkið standi almennt að henni en ef einkareksturinn getur tekið ákveðna þætti og þjónustað okkur (Forseti hringir.) þá segjum við já við því og gerum þjónustusamning og það eru fjölmargir slíkir

samningar til og það (Forseti hringir.) er ekki einkavæðing.

*Geðheilbrigðismál.*

[15:33]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn 10. október er á morgun og hæstv. ríkisstjórn hefur sett geðheilbrigðismál í öndvegi í stjórnarsáttmála. Því spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra:

Hvað líður aðgerðaráætlun og stefnumótun í geðheilbrigðismálum sem fyrirrennari hennar skuldbatt sig til þess að við færum í við undirritun á Helsinki-sáttmálanum í fyrra um aðgerðir til 2010, þ.e. næstu fjögur árin?

Ég spyr hér um þrjá þætti:

1. Hvað líður stefnumótun í að efla geðheilsu almennings? Þjóðarhagur kallar á að það verði gert.

2. Hvað líður stefnumótun í nálgunum vegna geðraskana? 27% þjóðar glíma við geðraskanir á hverjum tíma eða fjórði hver maður.

3. Í þriðja lagi nefni ég geðfatlaða en sem betur fer, og ég fagna því, var stefnumörkun í þeim málaflokki kynnt í morgun, fín vinna, þar sem var verið að ráðstafa milljarðinum frá Símanum og hálfum milljarði úr Framkvæmdasjóði fatlaðra í fimm ára verkefni um búsetumál. En geðfötluðum dugar ekki búsetan þó að sjálfstæð búseta sé mikilvæg. Það þarf þjónustu og hvernig er ástandið í geðheilbrigðisþjónustunni? Ég ætla að nefna hérna nokkur dæmi.

Á annað hundrað bíða þjónustu geðsviðs Reykjalundar og það er yfir sjö mánaða bið og sumir komast aldrei að. Það eru börn sem bíða eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar. Biðin þar er á annað ár. Í ljósi þessa, ég gæti nefnt mun fleiri atriði en tími minn er að renna út, þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hvar er stefnumörkunin og aðgerðaráætlunin í málaflokknum sem lofað var fyrir okkar hönd í Helsinki 2005?

[15:35]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Við höfum gripið til ýmissa úrræða gagnvart þessum hópi upp á síðkastið og hv. þingmenn hafa tekið eftir því að það er nýbúið að kynna viðamikla aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum barna með sérstaka áherslu á geðheilbrigði barna sem eru haldin ofvirkni eða athyglisbresti. Þar kynntum við nýlega að við munum fara í framkvæmdir við viðbyggingu við barna- og unglingageðdeildina á LSH. Við munum styrkja miðstöð Heilsuverndar barna þannig að þar fari fram greiningar á vægustu tilfellunum sem léttir þá á þeim biðlista sem núna er á barna- og unglingageðdeildinni á Landspítalanum og við munum líka styrkja heilsugæsluna með svigrúmi til að ráða sálfræðinga þannig að það sé hægt að sinna þessum börnum betur á heilsugæslustöðvunum, þ.e. í nærumhverfi þeirra.

Í morgun var verið að lýsa búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða, eins og fram kom. Þar höfum við verið með of stofnanamiðaða þjónustu hin seinni ár en erum núna að byggja upp úrræði í samfélaginu þannig að geðfatlaðir geta þá farið úr þeirri stofnanamiðuðu þjónustu sem hefur verið í spítalaumhverfinu og út í sambýli og íbúðir sem eru meira í ætt við hefðbundna búsetu. Þar er líka lögð mikil áhersla á þjónustu.

Ég vil líka nefna að við erum að ráða inn í ráðuneytið, og það verður kynnt betur á morgun, geðlækni í hlutastarf til að styrkja starf ráðuneytisins í þessum málaflokki og viðkomandi geðlæknir mun einmitt aðstoða okkur í því sem upp á vantar varðandi úrbætur í þessum málaflokki en það er margt sem er eftir.

[15:38]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Auðvitað er verið að gera ýmislegt en engu var svarað um heildarstefnumótun sem er búið að lofa þjóðinni og var gert fyrir ári síðan. Ég kalla eftir, hvar er sú heildarstefnumótun?

Það er sama hvert við lítum, það er alls staðar bið eftir þjónustu. Ég ætla að nefna hérna Fjölmenntarverkefnið hjá Geðhjálp. Það er endurhæfing, daglegt líf hjá hundrað geðfötluðum er í uppnámi. Þetta er fólk sem þarf öryggi. Fyrirrennarar og ráðherrar Framsóknarflokksins, sem eru nú fallnir fyrir borð úr ríkisstjórninni, hafa lofað að tryggja þetta verkefni, þrír þeirra. Það átti að tryggja það út árið 2005 og að gerður yrði þjónustusamningur. Þarna er allt í uppnámi, búið að segja upp samningum við kennarana og geðfatlaðir líða.

Ég spyr hæstv. ráðherra heilbrigðismála: Mun hún beita sér í þessu máli til að tryggja það að a.m.k. þessi geðfötluðu (Forseti hringir.) fái þjónustu sem þeir eiga rétt á?

[15:39]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Þetta hljómaði eins og stjórnvöld væru jú að gera eitthvað gott en að engin stefnumótun væri í málaflokknum en það er alls ekki þannig. Eins og ég var að lýsa hér áðan erum við nýbúin að fara í gegnum stefnumótun í málefnum barna sem eru með geðraskanir. Þetta er sá hópur sem við höfum talið að væri mjög brýnt að sinna vegna þess hve mörg börn greinast og þetta er vaxandi hópur í samfélaginu, þ.e. börn sem eru haldin geðröskunum. Þetta á sér stað á öllum Vesturlöndum, þetta er ekkert einangrað fyrirbæri hér á Íslandi, þannig að við erum búin að fara í gegnum víðtæka stefnumótun þar og það er auðvitað víðtæk stefnumótun búin að fara fram á grundvelli fjármagnsins eða sem símapeningurinn svokallaður verður notaður í og það er stefnumótunin sem ég lýsti hérna áðan sem farið hefur fram aðallega á vegum félagsmálaráðuneytisins undir forustu Dagnýjar Jónsdóttur alþingismanns, þannig að það hefur farið fram víðtæk stefnumótun en hún er ekki búin. Við erum að vinna áfram að þessum málum (Forseti hringir.) og það eru fjölmörg önnur mál sem við þurfum að leggja í á næstunni. Þar er hægt að nefna hér Sogn sem er nýbúinn að vera í umræðunni og sem væri gaman að ræða við betra tækifæri hér.

**(Forseti** (SP)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn og jafnframt ráðherra um að reyna að virða þann ræðutíma sem þeim er ætlaður hér.)

[15:40]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki hvort hún ætlaði að beita sér í Fjölmenntarmálinu. Ég óska eftir því að hún svari því hér á eftir í næsta ræðutíma eða næsta svari.

Það er verið að tala um stefnumótun í málefnum barna. Það er gott, það er fínt. En engu að síður eru mjög mörg börn sem bíða og biðin er yfir eitt ár hjá BUGL. Það eru líka ýmsar nýjar áherslur í geðheilbrigðismálum sem menn hafa verið að beita sér fyrir, þeir sem eru að nota þjónustuna, svo sem bati og valdefling sem ég veit að hæstv. ráðherra þekkir og réttur fólks til að ákveða sjálft hvaða þjónustu það fær.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er hún að gera í þeim efnum í stefnumótuninni? Það er greinilega engin heildarstefnumótun í gangi. Það er verið að tala mikið en framkvæmdirnar til að bæta þjónustuna eru minni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað ætlar hún að gera í sambandi við Fjölmenntarmálið? Hvernig ætlar hún að tryggja styttri bið fyrir börn sem þurfa að bíða á yfir annað ár o.s.frv.?

[15:42]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Það er heilmikil stefnumótun sem fer fram á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Það hafa verið unnar skýrslur og sú nýjasta er frá Anders Milton og þegar hún var í höfn þá komum við með þessa stefnumótun gagnvart börnunum sem hér hefur verið gerð að umtalsefni. Sú stefnumótun er byggð á öllum þeim skýrslum sem hafa verið gerðar hingað til þannig að við tókum það úr þeim sem við töldum vera mikilvægast að fara í og erum að hrinda því í framkvæmd. Ef þetta er ekki stefnumótun veit ég ekki hvað er stefnumótun.

Hér er spurt sérstaklega um biðlistana á BUGL eða það var dregið fram. Úrræði okkar sem við kynntum um daginn eru einmitt til þess fallin að stytta biðlistana á BUGL. Það kom fram þegar við kynntum þá stefnumótun að meira að segja sérfræðingarnir á BUGL, sem stundum hafa nú efast um að það tækist að höggva niður þessa biðlista, staðfestu að ef allir mundu vinna saman að þessari stefnumótun eins og við höfum lagt hana fram með því fjármagni sem við leggjum fram í fjárlögum yfirstandandi árs og næsta árs þá mun að öllum líkindum takast að eyða biðlistunum (Forseti hringir.) á næsta ári.

*Fjölmennt.*

[15:43]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Frá árinu 2003 hefur verið boðið upp á sérstaka kennslu fyrir geðsjúka og heilaskaðaða og í vetur stunduðu rúmlega 80 manns nám við þetta samstarfsverkefni Fjölmenntar og Geðhjálpar. Áætlað er að kostnaður nemi um 24 milljónum á ári en ár eftir ár hefur ríkt nokkur óvissa um fjármögnun verkefnisins. Árið 2004 var samþykkt á fundi ríkisstjórnar að tryggja fé til rekstursins og hæstv. menntamálaráðherra falið að fylgja þeirri ákvörðun eftir.

Nú liggur það fyrir að ekki hefur verið staðið við þá samkomulagsgerð af hálfu hæstv. menntamálaráðherra. Ekkert samkomulag var gert og forusta Geðhjálpar hefur sakað hæstv. ráðherra um að ganga á bak orða sinna. Kennurum hefur verið sagt upp og menntunarmál geðsjúkra eru í uppnámi. Það blasir ekki annað við en að þessi hópur geðsjúkra og heilaskaðaðra verði sviptur sínum eina og besta möguleika til menntunar við hæfi. Stjórn Geðhjálpar hefur til að mynda ályktað af þessu tilefni og beint til ríkisstjórnar Íslands að tafarlaust verði tryggt fé til rekstursins á yfirstandandi skólaári og teknar upp viðræður á milli Fjölmenntar og ríkisstjórnar um framtíðarskipan menntunarmála fyrir geðsjúka og heilaskaðaða. Að óbreyttu verður námið skert verulega um áramót þegar uppsagnir taka gildi. Um er að ræða einstaklinga sem eru oft hvorki læsir né skrifandi, allt upp í einstaklinga sem hafa veikst harkalega og illa andlega og eru rétt við það að ljúka háskólagráðu og í gegnum Fjölmennt hafa þeir fengið nýtt tækifæri til að ljúka námi sínu og nýtt tækifæri í lífinu.

Engum blandast hugur um mikilvægi verkefnisins. Það stendur á því að hæstv. menntamálaráðherra gangi í málið, reki af sér slyðruorðið, reki af sér það orð að hún sé að ganga á bak þess sem hún hefur áður sagt.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Stendur til að ljúka við gerð samkomulagsins og tryggja Fjölmennt nægjanlegt fjármagn til að halda náminu úti næsta vetur?

[15:45]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Rétt er að undirstrika það að hér er um mikilsvert og mikilvægt úrræði að ræða, annars vegar starfsendurhæfingu og síðan menntunarúrræði fyrir geðfatlaða í landinu. Hins vegar er rétt að undirstrika það að ekki er verið að skera neitt niður, hér er ekki verið að ganga á bak orða sinna. Ekki er verið að minnka þjónustu miðað við það sem samþykkt var og sagt var á sínum tíma. Og hvað var sagt þá? Þegar Fjölmennt tók að sér það hlutverk að annast ekki eingöngu fræðslumál fatlaðra heldur líka alls hópsins og taka inn geðfatlaða, þá var það samþykkt og talað um það við Fjölmennt að hún mundi sinna þessu fyrir 12 millj. kr. Það var það sem ríkisstjórnin samþykkti.

Það er alveg rétt að á sínum tíma, við lok ársins 2004, var þetta mál í rauninni í samvinnu og samráði við þrjú ráðuneyti, heilbrigðisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið. Og til að leysa þann hnút sem málið var komið í á sínum tíma var það að frumkvæði mínu að ráðuneyti menntamála samdi við Fjölmennt um að sinna öllum menntamálum fatlaðra, hvort sem væri um geðfatlaða að ræða eða aðra. Til þeirra samninga var gengið og það er alveg ljóst að framlag til Fjölmenntar hækkar um þær 12 milljónir sem allan tímann var ljóst að það mundi hækka um til að sinna geðfötluðum. Það hefur því ekkert verið skert, það hefur ekkert verið skorið niður frá því sem áður var.

[15:47]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Kjarni málsins er sá að ekkert samkomulag hefur verið gert eins og var ákveðið á ríkisstjórnarfundi fyrir tæplega tveimur árum að gert skyldi verða. Samkomulag sem leysti til framtíðar það menntunarfyrirkomulag sem skyldi verða í þessu samstarfsverkefni Fjölmenntar og Geðhjálpar. Það vantar núna 12 milljónir til að tryggja menntunarúrræðunum úthald í allan vetur og að sjálfsögðu vantar fyrst og fremst það að samkomulagið, sem kveðið var á um að gert skyldi verða fyrir tveimur árum, verði gert og leitt til lykta.

Hæstv. menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins er sökuð um ósannindi af framkvæmdastjóra Geðhjálpar, hún er sökuð um að ganga bak orða sinna, hún er sögð á harðahlaupum undan símaborði ráðuneytisins. Nú gefst hæstv. ráðherra tækifæri til að skýra mál sitt, koma með það svart á hvítu hvort samkomulagið verður gert annars vegar og hins vegar hvort Fjölmennt verði tryggðir fjármunir til að halda náminu úti.

[15:48]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Hæstv. forseti. Það er rétt að hv. þingmaður hafi hlutina og samhengið á hreinu. Samningsaðili ráðuneytisins er ekki Geðhjálp. Samningsaðili ráðuneytisins er Fjölmennt. Við Fjölmennt er samið og við höfum falið Fjölmennt að sinna menntamálum allra fatlaðra í samfélaginu. Málið er mjög einfalt. Það er ekki verið að skera niður fjárframlög til Fjölmenntar frá því sem áður var, síður en svo. Ef hv. þingmenn skoða fjárlögin þá er verið að bæta í. Það er ekki verið að svíkja eitt eða neitt hvað varðar menntamál eða starfsendurhæfingu geðfatlaðra, síður en svo. En það er aftur á móti umhugsunarefni ef skilaboðin frá þingmanni Samfylkingarinnar eru þau að við eigum ekki að halda okkur við fjárlög. Það er umhugsunarefni.

[15:49]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra er ekki bara á harðahlaupum undan símaborðinu í menntamálaráðuneytinu. Hún er á harðahlaupum undan því að svara með óyggjandi hætti hvort samkomulagið við Fjölmennt, sem ákveðið var á ríkisstjórnarfundi fyrir tveimur árum að menntamálaráðherra ætti að leiða til lykta með öðrum fagráðherrum í ríkisstjórninni sem að málinu koma, verði gert og aukin heldur hvort eigi að tryggja Geðhjálp og Fjölmennt þær 12 milljónir sem upp á vantar. Þetta eru smáar upphæðir. Og hvort eigi að tryggja þessa fjármuni til að halda þessu mikilvæga og merkilega námi úti, þessum mikilvægu og merkilegu menntunarúrræðum fyrir okkar minnstu bræður sem hafa veikst alvarlega á geði og fá þarna nýtt tækifæri í lífi sínu. 12 milljónir vantar, hæstv. ráðherra, og það vantar að leiða málið til lykta og gera samkomulagið sem ríkisstjórnin ákvað að hæstv. menntamálaráðherra gera skyldi fyrir tveimur árum.

[15:50]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður verður að bíta í það súra epli að sitja ekki í ríkisstjórn. Í ríkisstjórninni var það einfaldlega samþykkt að fjármagn til Fjölmenntar yrði aukið til þess að hægt yrði að halda starfseminni áfram með sama hætti, eða um 12 millj. kr. á ári. Hvað er verið að svíkja? Það er ekki verið að svíkja neitt heldur er verið að bæta og efla aðstöðu geðfatlaðra til menntunar og starfsendurhæfingar. Um það snýst málið. Að sjálfsögðu er það þannig á þessu sviði sem öðrum að bæta má í. Það er bara allt annað. Við skulum hafa það á hreinu að hér er ekki verið að skerða, minnka eða hætta við starfsemi af hálfu ríkisstjórnarinnar, svo það sé skýrt.

## *Fjárlög 2007, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

## *Umræður utan dagskrár.*

Möguleg leyniþjónustustarfsemi á vegum stjórnvalda.

[15:52]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Nú hefst áður boðuð utandagskrárumræða um mögulega leyniþjónustustarfsemi á vegum stjórnvalda. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í eina og hálfa klukkustund. Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er milli þingflokka um ræðutíma í umræðunni og er hann þessi: Málshefjandi og ráðherra hafa 15 mínútur hvor í fyrri umferð og talsmenn annarra þingflokka átta mínútur. Í síðari umferð hafa þingmenn frá hverjum flokki sex mínútur sem þeir geta skipt með sér. Að lokum fá málshefjandi og ráðherra fjórar mínútur hvor.

[15:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir að þessi umræða getur farið hér fram. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að Alþingi taki þetta mál til umræðu og taki það alvarlega og föstum tökum. Um er að ræða einhver alvarlegustu tilvik að því er virðist, misbeiting opinbers valds, sem við höfum lengi staðið frammi fyrir og um leið einhver grófustu mannréttindabrot og brot á friðhelgi einstaklinga sem saga lýðveldistímans geymir.

Með stuttu millibili hafa tveir íslenskir fræðimenn fjallað með mjög athyglisverðum hætti um símhlerana- og njósnastarfsemi stjórnvalda allt frá 3. og 4. áratug síðustu

aldar, en þó einkum frá því um miðbik aldarinnar og allt fram á þennan dag eða a.m.k. til loka kaldastríðstímans svonefnda, þ.e. allt til 1990 eða svo. Þetta eru þeir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur í erindi á söguþingi 21. maí sl. og prófessor Þór Whitehead í tímaritsgrein nú í haust. Í báðum tilvikum er dregið fram að stjórnvöld stunduðu umfangsmiklar pólitískar símhleranir og upplýsingasöfnun á pólitískum grunni. Það virðist sem sagt orðið staðfest, þannig að hafið er yfir vafa að einstaklingar, samtök fólks, hópar manna, fjölmiðlar, friðarhreyfingar, stéttarfélög og einstaklingar sem bundnir voru í slíkum samtökum máttu sæta því að friðhelgi einkalífs þeirra væri rofin, mannréttindi brotin á þeim, um þá njósnað af hálfu stjórnvalda og fyrirmælin gefin af pólitískum andstæðingum.

Ef símhleranirnar eru teknar fyrst þá hefur áðurnefndur sagnfræðingur fundið sex dæmi um þær á árunum 1949–1968. Í öll skiptin eru hleraðir símar hjá alþingismönnum, heimasímar allt upp í fimm alþingismanna í einu. Í eitt skiptið eru 16 heimasímar hleraðir, friðhelgi 16 heimila í landinu rofin. Tilefnin eru í sumum tilvikum ekki merkilegri en svo að verið er að koma heim með vondan samning í landhelgismálum við Breta 1961 eða þá að varaforseti Bandaríkjanna er að koma í heimsókn, eins og átti við 1963. Stöldrum aðeins við þetta.

Það átti að fara að taka hér á Alþingi til umfjöllunar umdeildan landhelgissamning. 14 símar eru hleraðir af því tilefni, þar á meðal hjá Verkamannafélaginu Dagsbrún, hjá Alþýðusambandi Íslands. Það er hleraður heimasími hjá alþingismanni samkvæmt tillögu frá ráðherra í ríkisstjórn sem ætlar síðan að leggja samninginn fyrir á Alþingi og þar á þingmaðurinn að skiptast á skoðunum um hann.

1963 kemur varaforseti Bandaríkjanna, Lyndon B. Johnson, í heimsókn. Samtök hernámsandstæðinga skrifa lögreglustjóra bréf og tilkynna um mótmælafund og þau hafi áhuga á að koma orðsendingu til varaforsetans. Í bréfinu er lögð sérstök áhersla á að samtökin leggi höfuðáherslu á að atburðurinn fari fram með fyllstu kurteisi og í friðsemd, eins og það er orðað. Það er ekki meira laumuspil en svo á ferð. En dómsmálaráðuneytið skrifar sakadómara og biður um heimild til handa lögreglu að hlera sex símanúmer engu að síður, hjá fjölmiðli, dagblaðinu Þjóðviljanum, hjá Sósíalistaflokknum, hjá Samtökum hernámsandstæðinga sem þó höfðu skrifað lögreglunni, beðið um samvinnu, sótt um leyfi fyrir mótmælaaðgerðum sínum og heitið því að þær færu friðsamlega fram. Og það er beðið um heimild til að hlera heimasíma tveggja einstaklinga. Annar þeirra er alþingismaður, pólitískur andstæðingur ráðherrans sem biður um heimildirnar.

Ef við stöldrum aðeins við hina hreinu leyniþjónustustarfsemi, eftirgrennslana- eða öryggisþjónustustarfsemi eða hvað við viljum kalla þetta, þá virðist mér það alvarlegasta ekki endilega vera að stjórnvöld komi þessari starfsemi á með leynd að því er ég best veit, t.d. án þess að utanríkis- eða allsherjarnefndir Alþingis hafi nokkru sinni verið settar inn í þau mál. Þessi starfsemi var án nokkurrar lagastoðar eða heimildar í fjárlögum. Starfsemin var dulbúin eða falin hjá útlendingaeftirliti og lögreglu og fleira mætti nefna sem orkar mjög tvímælis eða er ósköp einfaldlega hrein lögleysa. Það langalvarlegasta er að þessi starfsemi var pólitísk, nánast algerlega flokkspólitísk. Það var kerfisbundið fylgst með fólki með tilteknar stjórnmálaskoðanir og hugsanir. Á því voru gróflega brotin mannréttindi samkvæmt fyrirmælum pólitískra andstæðinga. Því var mismunað á vinnumarkaði og upplýsingum um einkahagi þess nokkuð örugglega komið í hendur erlendra leyniþjónustuaðila. Með öðrum orðum, dómsmálaráðuneytinu, lögreglunni og opinberu fé var misbeitt pólitískt. Á mannamáli sagt stóð Sjálfstæðisflokkurinn og að því er virðist að hluta til einnig Framsóknarflokkurinn og valdir aðilar í Alþýðuflokknum fyrir stórfelldum símhlerunum og upplýsingasöfnun á pólitískum grunni. Mannréttindi voru gróflega brotin á vinstri mönnum, friðarsinnum og verkalýðssinnum, á stjórnmálaandstæðingum hægri manna. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að nokkurn tíma hafi raunveruleg ástæða verið til þess að fara út í þessar hleranir og væri þó ósvarað spurningunni hvort slíkt væri eftir sem áður yfir höfuð réttlætanlegt. Hér var sem sagt stunduð pólitísk vöktun, pólitískt eftirlit, pólitískar njósnir. „Politisk övervakning" heitir það á norsku. Það er hugtakið sem þar er notað yfir mjög sambærilegan hlut og virðist geta átt vel við hér.

Það er góðra gjalda vert sem gert var hér á Alþingi síðasta vor að setja nefnd, eins og þar segir í ályktun Alþingis frá 3. júní, í að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálsan aðgang fræðimanna að þeim. Það er góðra gjalda vert. Sömuleiðis að styrkja lagastoð þeirrar nefndar til að fá aðgang að gögnum. En það er öllum ljóst að þar er aðeins um mjög afmarkaðan þátt málsins að ræða. Skjölin sem til eru og aðgangur fræðimanna að þeim breytir engu um að Alþingi verður að takast á við það hvað menn ætla að gera vegna málsins í heild sinni, vegna gjörningsins, vegna aðgerðarinnar sem slíkrar, vegna þeirra lagalegu, pólitísku og siðferðilegu álitamála sem snúa að meðferð gagnanna sem slíkra, hvernig þeim var safnað og hver vinnubrögðin voru.

Þessi umræða getur að mínu mati aðeins orðið upphafið að því að Alþingi takist á herðar ábyrgðina á að upplýsa þessi mál til fulls og gera upp þennan dapurlega kafla í okkar sögu. Það hlýtur að koma til skoðunar að við förum hér svipaða leið og í Noregi, t.d. að sett verði á fót opinber rannsóknarnefnd sem rannsaki málið í heild, rannsaki atburðina og aðferðirnar sem notaðar voru. Norska nefndin, Lund-nefndin svokallaða, stóð fyrir sjálfstæðum rannsóknum á málinu, á þeim aðferðum sem beitt var o.s.frv. Markmiðið hlýtur að vera að sömu hlutir endurtaki sig aldrei hér á landi. Spurningin um eftirlit Alþingis eða um vel umbúið þverpólitískt eftirlit af einhverju tagi hlýtur að koma upp í framhaldi af þessum málum öllum saman.

Spurningarnar sem vakna eru vissulega margar og ég held að ég snúi mér að þeim átta spurningum sem ég valdi úr og sendi hæstv. dómsmálaráðherra og ber hér upp við hann. Ég mun skjóta inn röksemdum fyrir spurningunum eftir því sem efni standa til og tíminn leyfir. Ég spyr:

1. Hverju sætir að dómsmálaráðuneytið hefur ekki sjálft haft frumkvæði að því að upplýsa um símhleranir og eftirgrennslana- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar frá því á umliðnum árum? Telur ráðuneytið sjálft sig engar skyldur hafa í þeim efnum að þjóna sannleikanum í málinu?

2. Hversu umfangsmikil var þessi starfsemi hvað varðar fjölda þeirra sem símar voru hleraðir hjá og/eða spjaldskrár á grundvelli stjórnmálaskoðana færðar um? Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að ekkert liggur fyrir um að þær upplýsingar sem fræðimenn hafa komist í áður en aðgangi að þeim var lokað, samanber hina dæmalausu mismunun þjóðskjalavarðar sem neitar einum sagnfræðingi og það manni sem nokkuð örugglega var brotið á, umfram það sem hann var nýlega búinn að heimila öðrum aðgang að. Sem sagt, það er engin leið að vita hvort tæmandi mynd er enn komin á umfang þessara aðgerða.

3. Nákvæmlega hvernig var háttað samvinnu lögreglu og dómsmálaráðuneytis við bandaríska sendiráðið og leyniþjónustumenn þar og njósnadeildir hersins í Keflavík? Samstarfið og samvinnan eða þjónustan við bandarísk yfirvöld virðist hafa verið með ýmsum hætti. Bandaríkjamenn gáfu öryggisþjónustunni svokallaðan njósnabúnað, þjálfuðu menn og upplýsingum var miðlað til bandaríska sendiráðsins og/eða hersins um stjórnmálaskoðanir manna og áætlun virðist hafa verið í gangi um að byggja upp íslensku leyniþjónustustarfsemina eða leyniþjónustugetu í samstarfi við bandaríska sendiráðið.

4. Hvernig var háttað samstarfi og samskiptum ráðherra og skrifstofa flokka þeirra við íslenska og bandaríska leyniþjónustuaðila, t.d. varðandi mannaráðningar Bandaríkjahers. Í þessu sambandi virðist samkrull Sjálfstæðisflokksins og í einhverjum mæli hinna flokkanna sem studdu hersetuna, þ.e. Framsóknarflokks og Alþýðuflokks, hafa náð hæstum hæðum því til viðbótar gögnum leyniþjónustunnar, gögnum úr kartótekinu fræga, sem Pétur Kristinsson hélt utan um að færa, voru notuð gögn úr merktum íbúaskrám eða kjörskrám flokkanna til að tryggja dyggum stuðningsmönnum hernámsflokkanna forgang að vinnu hjá hernum og útiloka hina. Í grein prófessorsins er talað um skrár gagnnjósnadeildar Bandaríkjahers og bandaríska sendiráðsins, sem erfitt er að ráða annað af samhenginu en íslenskir aðilar hafi hjálpað þessum aðilum að færa.

5. Hvenær lauk sérstakri eftirgrennslana- eða leyniþjónustustarfsemi hjá lögreglunni eða hefur slík starfsemi farið fram í einhverjum mæli allt til þessa dags? Svona er spurt af því að mér vitanlega hefur hvergi komið fram opinberlega að þessari starfsemi hafi verið formlega hætt á einhverjum tilteknum tímapunkti. Þvert á móti kemur fram í grein Þórs Whiteheads að Bandaríkjamenn hafi haldið áfram að gefa hingað eftirlits- og njósnatæki allt til loka kalda stríðsins, eigum við þá að segja fram yfir eða fram um 1990? Og einhverjir hafa þá verið til þess að taka við þeim. Hverjir tóku við njósnabúnaði frá Bandaríkjamönnum allt fram um 1990, hæstv. dómsmálaráðherra? Ekki þarf að taka fram þessu til viðbótar að þrálátur orðrómur hefur verið uppi bæði um símhleranir og að einstaklingar og hópar, t.d. friðarsinnar og umhverfisverndarfólk hafi sætt slíku áfram og þegar sporin hræða svo sem raun ber vitni er von að spurt sé. Er eitthvað svona lagað í gangi enn þann dag í dag?

6. Á grundvelli hvaða lagaheimilda, þar með talið fjárheimilda, voru stundaðar símhleranir og rekin eftirgrennslana- eða leyniþjónustustarfsemi? Eitthvað kostaði þetta. Var ekki farið frjálslega með fjárlög og fjárreiðulög eða slíkar heimildir síns tíma, að leyna þessari starfsemi og borga hana eftir krókaleiðum, dulbúa hana hjá stofnunum sem að lögum höfðu annað verksvið en hér átti í hlut?

7. Hverjir í stjórnsýslunni höfðu vitneskju um símhleranir og eftirgrennslanastarfsemi lögreglunnar? Fengu dómsmálaráðherrar þessa tíma eða e.t.v. fleiri ráðherrar upplýsingar sprottnar af þessari starfsemi í hendur? Voru þessi mál í einhverjum tilvikum borin upp eða kynnt í ríkisstjórn? Hefur hæstv. dómsmálaráðherra látið kanna fundargerðir ríkisstjórna í þessu sambandi?

8. Hyggst dómsmálaráðuneytið upplýsa þá einstaklinga, eða aðstandendur þeirra sem látnir eru, sem sættu símhlerunum eða öðrum persónunjósnum um það hve lengi eftirlitið stóð og annað sem máli skiptir í því sambandi? Verða þessi gögn opnuð fyrir viðkomandi aðila? Í Noregi var sett á fót önnur nefnd í framhaldi af rannsóknarnefndinni, svokölluð aðgangsnefnd, sem heldur utan um allt sem snýr að aðgangi einstaklinga að gögnunum og tryggir að þeir fái í hendur allar upplýsingar sem þeir eiga rétt á að sjá um sig sjálfa. Ráðuneytið hér hlýtur að hafa hugleitt eitthvað hvað því beri að gera í þessum efnum. Eða á kannski að skjóta sér á bak við það að allt saman hafi verið sent upp í Þjóðskjalasafn? Það er ekki stórbrotin málsvörn hjá ráðuneytinu sem hér á mesta sök.

[16:08]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Eins og venja er og fram hefur komið sendi hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mér skriflegar vísbendingar um það sem hann kysi helst að ég ræddi í þessari umræðu. Þegar ég las spurningar hv. þingmanns lenti ég í nokkrum vandræðum með svörin því að spurningar hans lúta að löngu liðnum atburðum og því hvernig taka hefði átt á málum á fyrri tíð. Hér er í raun, eins og fram kom í máli hv. þingmanns, um sagnfræðilegt úrlausnarefni að ræða. Fjallað er um það sem hv. þingmaður nefnir eftirgrennslan á leyniþjónustustarfsemi lögreglu og tilefnið er nýleg ritgerð eftir dr. Þór Whitehead, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, í tímaritinu Þjóðmálum. Enginn sem les þá ritgerð getur komist að þeirri niðurstöðu að hér hafi verið um víðtækar ólögmætar persónunjósnir á vegum lögreglunnar að ræða. (**Gripið fram í:** Jú, jú ...) Tveir til þrír lögreglumenn sem hafa það verkefni að sinna öryggisþjónustu eru nefndir til sögunnar á hverjum tíma. Það þarf mikið hugmyndaflug, byggt á ríkri tortryggni, að ætla að á þann veg hafi verið unnt að fylgjast með fjölda manns. Að gefa sér þá niðurstöðu að heimild til hlerunar jafngildi því að sími sé hleraður sýnir best hve frjálslega er komist að þessum niðurstöðum. Að kalla þetta pólitíska vöktun er einfaldlega út í hött.

Varðandi fjárheimildir verður að ætla að þessi eftirgrennslan eða leyniþjónustustarfsemi, sem svo er nefnd af málshefjanda, hafi að mestu leyti verið rekin af almennri fjárveitingu til lögreglustjórans í Reykjavík og Útlendingaeftirlitsins. Lögreglumönnum hafi einfaldlega verið skákað til svo að þeir gætu sinnt öryggismálum ef nauðsyn krefðist. Hugsanlega kann að hafa verið veitt aukafjárveiting vegna utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins hér á landi árið 1968 en sá kostnaður gæti þó jafnvel hafa verið

greiddur af safnfjárveitingu sem veitt var forsætis- eða utanríkisráðuneyti. Slíkt tíðkaðist gjarnan við opinberar móttökur og stórviðburði.

Ég hef skýrt frá því í svörum við fyrirspurn hér á hinu háa Alþingi að á ári hverju séu símar hleraðir mörg hundruð sinnum vegna rannsókna á afbrotum, ekki síst til að upplýsa fíkniefnabrot. Þessar hleranir eru stundaðar á grundvelli laga um meðferð opinberra mála og eftir úrskurð dómara. Krafan um úrskurð dómara til að tryggja lögmæti símhlerunar var lögfest hér á landi árið 1951 með fyrstu heildstæðu lögunum um meðferð opinberra mála. Í þeim lögum sagði, með leyfi forseta:

„Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota."

Þetta ákvæði leysti af hólmi sambærilegt ákvæði sem hafði verið í fjarskiptalögum síðan 1941 en í hinu eldra ákvæði var ekki gerð krafa um úrskurð dómara heldur að dómsmálaráðherra skyldi í hvert skipti fella úrskurð um að lögregla hefði aðgang að því að hlusta á símasamtöl. Með lögunum um meðferð opinberra mála frá 1951 var það skilyrði einnig sett í fyrsta sinn fyrir hlerun síma að hún skyldi alltaf vera í þágu rannsóknar sakamáls.

Í umræðum um símhleranir frá stríðslokum fram að lyktum kalda stríðsins hefur hvergi komið fram að lagaskilyrðum hafi ekki verið fullnægt við hlustanir lögreglu og þær hafi ekki byggst á úrskurði dómara. Þvert á móti liggur fyrir sagnfræðileg rannsókn sem sýnir að í öllum tilvikum sem þar eru nefnd tók sakadómari ákvarðanir um hleranir. Sé litið til skilyrða upplýsingalaga um upplýsingaskyldu stjórnvalda segir að þau gildi ekki um rannsókn eða saksókn í opinberu máli. Þetta ákvæði upplýsingalaga endurspeglar það viðhorf sem almennt hefur einkennt skyldu stjórnvalda til að miðla upplýsingum um málefni af þeim toga sem um er rætt í spurningum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Nú er mælt fyrir um það í lögum að ekki sé skylt að láta í té upplýsingar sem snerta rannsókn eða saksókn í opinberu máli. Það liggur beint við að álykta á þann veg að sömu rök og búa að baki þessu lagaákvæði hafi ráðið afstöðu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til þess að hafa ekki sjálft frumkvæði á opinberri miðlun upplýsinga um rannsóknir sem byggjast á úrskurði dómara vegna gruns um saknæmt athæfi þess sem rannsókninni sætir.

Að því virtu sem gerðist á þeim tíma sem vikið er að í spurningum hv. þingmanns tel ég af og frá að í raun sé unnt að kenna þá starfsemi við leyniþjónustu frekar en nú á tímum þegar um er að ræða að lögregla fær heimild til símhlustunar vegna t.d. gruns um fíkniefnabrot. Á þessum árum var raunar eins og enn þann dag í dag eðlilegt að á vegum ríkisins væri haldið úti öryggisgæslu vegna starfsemi erlendra sendiráða í landinu. Nýlegt atvik við rússneska sendiráðið, þegar fána þess var stolið, minnir á skyldur gistiríkis gagnvart sendiráðum. Á tímum kalda stríðsins var allt að þriðjungur starfsmanna í sovéskum sendiráðum talinn vera á vegum KGB eða GRU-leyniþjónstuhersins. Íslensk stjórnvöld hafa ekki aðeins skyldu til að gæta öryggis sendiráða í landinu heldur verða þau einnig að gæta hins að starfsemi á þeirra vegum sé innan lögmætra marka samkvæmt alþjóðasamningum.

Ég minnist þess ekki að íslensk stjórnvöld hafi sætt gagnrýni fyrir óeðlilega framgöngu gagnvart erlendum sendiráðum hér á landi á tímum kalda stríðsins. Hitt kunna hv. þingmenn að muna að löngum og oft var rætt að fjöldi starfsmanna í sovéska sendiráðinu í Reykjavík væri meiri en góðu hófi gegndi miðað við almenn umsvif þess. Árið 1986 störfuðu t.d. 37 menn í sovéska sendiráðinu hér á landi og alls voru um 80 manns frá Sovétríkjunum í tengslum við sendiráðið. Brást sendiráðið oft þunglega við þegar slíkar tölur voru nefndar og var látið að því liggja að héldu fjölmiðlar áfram að ræða samskipti ríkjanna á þessum nótum mundi það spilla fyrir viðskiptum milli þjóðanna.

Öryggisgæsla ríkisins tekur mið af aðstæðum og hættumati hverju sinni. Ég heyrði t.d. sagt frá því í morgun að þýska lögreglan hefði ráðlagt óperustjóra í Berlín að hætta við að sýna óperu eftir Mozart af ótta við reiði múslima yfir efnistökum leikstjórans. Var farið að tilmælum lögreglu en þau byggjast á greiningu hennar og hættumati.

Í fyrrnefndri grein dr. Þórs Whiteheads kemur fram að eftir Gúttóslaginn svonefnda á fjórða áratugnum og vegna atlögunnar að Alþingi 30. mars 1949 hafi verið lögð áhersla á það af hálfu lögreglu að hún yrði að geta lagt mat á áhættu með því að fylgjast með þeim sem líklegir yrðu til þess að stofna til átaka. Hér voru starfandi stjórnmálafylkingar sem sættu sig hvorki við stjórnarhætti né þjóðskipulag og töldu sumar að ekki yrði unnt að breyta stjórn ríkisins nema með valdbeitingu.

Eftir því sem hætta á átökum af þessu tagi minnkaði beindist athygli lögreglu að öðru og þá kannski einstökum hópum sem vildu nota sérstaka atburði til að vekja athygli á málstað sínum, jafnvel með ofbeldi, eins og t.d. gerðist þegar í fyrsta sinn var efnt hér til utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins árið 1968. Spennan var miklu meiri meðal Íslendinga sjálfra í kringum NATO-fundinn en fund þeirra Georges Pompidous Frakklandsforseta og Richards Nixons Bandaríkjaforseta að Kjarvalsstöðum árið 1993 eða Ronalds Reagans og Mikails Gorbatsjovs í Höfða fyrir réttum 20 árum. Enginn þarf að efast um að í tilefni af þessum fundum hafi verið gripið til víðtækra leynilegra öryggisráðstafana en líklegt er að þær hafi fremur verið á vegum erlendra aðila en innlendra.

Sama ár og þegar Reagan og Gorbatsjov hittust hér á landi skipaði ríkisstjórn undir forsæti Steingríms Hermannssonar sérstaka nefnd til að fjalla um innri öryggismál ríkisins. Hóf nefndin störf í júlí 1986 og lauk þeim í ársbyrjun 1987 með munnlegri skýrslu Baldurs Möllers nefndarformanns til forsætisráðherra eftir því sem best er vitað.

Eins og áður sagði bý ég ekki yfir þeirri þekkingu á því hvernig öryggisgæslu ríkisins var háttað fyrir mörgum áratugum að ég geti svarað einstökum spurningum hv. þingmanns. Ég tel hins vegar að Alþingi hafi þegar gert viðunandi ráðstafanir til að unnt sé að fá svör við þessum spurningum. Í tilefni af umfjöllun síðastliðið vor um sagnfræðilega rannsókn á hlerunum á dögum kalda stríðsins var samþykkt þingsályktun 3. júní 2006 þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálsan að-

gang fræðimanna að þeim. Með þessari þingsályktun var sú pólitíska stefna mörkuð að þessar upplýsingar skyldu gerðar fræðimönnum aðgengilegar og sérstakri nefnd síðan falið að gera tillögu um hvernig staðið skyldi að því en nefndin var skipuð af forsætisráðherra 22. júní 2006.

Hinn 4. október sl. samþykktum við samhljóða hér í þessum sal lög um að þrátt fyrir lögmælta þagnarskyldu sé öllum opinberum starfsmönnum skylt að svara fyrirspurnum nefndarinnar um verklag við öflun, skráningu og varðveislu upplýsinga um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991. Hið sama gildi um opinbera starfsmenn sem látið hafa af störfum. Upplýsingalög, nr. 50/1996, gildi ekki um störf nefndarinnar.

Nokkuð hefur verið rætt um skráningu persónuupplýsinga, spjaldskrár og eyðingu þeirra. Nú eru í gildi lög um persónuvernd og þar eru upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir taldar viðkvæmar persónuupplýsingar sem njóti sérstakrar verndar. Gagnaskráning og samkeyrsla gagna er miklu auðveldari nú á tölvuöld en á þeim tíma áður en lög um meðferð tölvugagna komu til sögunnar og stuðst var við spjaldskrár eða upplýsingar af því tagi. Í margnefndri grein dr. Þórs Whiteheads er skýrt frá því hvernig spjaldskrár embættis lögreglustjórans í Reykjavík voru eyðilagðar. Fleiri rök kunna að hafa legið að baki förgun þessara gagna en að lögreglustjóri hafi reiknað með að hverfa til annarra starfa. Á þessum tíma voru hafnar umræður um skráningu persónuupplýsinga. Fyrstu tölvulögin voru sett á árinu 1981. Nefnd hafði verið skipuð til að undirbúa lagafrumvörp á árinu 1976.

Virðulegi forseti. Í tíð minni sem dóms- og kirkjumálaráðherra hef ég margoft vikið að nauðsyn þess að skipa þessari starfsemi á vegum ríkisins með lögum og tryggja eftirlit af hálfu Alþingis með henni. Síðastliðinn föstudag kynnti ég tillögur um þetta efni í ríkisstjórn og í dag lagði ég þær fram á samráðsfundi með fulltrúum þingflokka. Tillögurnar byggjast á niðurstöðum starfshóps sem ég skipaði síðastliðið sumar undir formennsku Haraldar Johannessens ríkislögreglustjóra.

Megintillögur hópsins eru þessar:

1. Stofnuð verði öryggis- og greiningarþjónusta hjá embætti ríkislögreglustjóra.

2. Unnið verði að sérstökum lögum um starfsemi öryggis- og greiningarþjónustunnar.

3. Starfsemi öryggis- og greiningarþjónustu verði háð eftirliti sérstakrar eftirlitsnefndar sem skipuð verði fimm þingmönnum.

4. Byggt verði upp upplýsingakerfi fyrir öryggis- og greiningarþjónustuna og aflað verði heimilda til samkeyrslu gagna í vörslu opinberra aðila.

5. Komið verði á formlegu samstarfi við erlendar öryggisþjónustur.

Ég tel að í þessum tillögum sé tekið mið af því sem fram kom í umræðum á Alþingi síðastliðið vor þegar rætt var um nýskipan lögreglumála og sérstaka greiningar- og rannsóknardeild hjá ríkislögreglustjóra. Þá byggjast tillögurnar á vísan til skýrslu sérfræðinga frá ráðherraráði Evrópusambandsins sem gerði úttekt á hryðjuverkavörnum okkar Íslendinga og töldu brýnt að stofna deild á borð við þá sem nefnd er öryggis- og greiningarþjónusta í framangreindum tillögum. Úttekt hinna evrópsku sérfræðinga er í raun eina heildstæða opinbera skýrslan sem hér hefur verið birt um stöðu þeirra mála hér á landi sem vikið er að í spurningum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Af úttektinni má ráða að sérfræðingarnir telja lögregluna á Íslandi ekki hafa neinar heimildir til rannsókna án þess að þar búi að baki rökstuddur grunur um saknæmt athæfi. Hér sé því ekki starfandi leyniþjónusta eða rekin leyniþjónustustarfsemi af hálfu lögreglunnar.

Ég tek undir þessa niðurstöðu hinna óháðu erlendu sérfræðinga. Ég hvet þingmenn jafnframt til að horfa frekar fram á veginn í þessu efni en geta sér til um það hvað hugsanlega kunni að hafa gerst í fortíðinni. Við breytum ekki fortíðinni og rannsóknir á henni eru best komnar í höndum sagnfræðinga. Við getum hins vegar lagt grunn að öruggari framtíð með skynsamlegum ákvörðunum okkar hér á Alþingi og með hagsmuni lands og þjóðar að leiðarljósi. Í þeim anda mun ég halda áfram að vinna að þessum mikilvægu málum og óska enn á ný eftir góðu samstarfi við þingmenn um niðurstöðuna.

[16:22]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Þau atriði sem fram koma í grein eftir Þór Whitehead sagnfræðing og hæstv. dómsmálaráðherra vísaði ítrekað til eru grafalvarleg. Það er von að hæstv. ráðherra biðji menn um að skoða ekki fortíðina heldur horfa bara inn í framtíðina vegna þess að fortíð Sjálfstæðisflokksins þolir ekki skoðun í þessu máli. Það liggur fyrir að áratugum saman var haft í frammi eftirlit með vinstri mönnum á Íslandi. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að koma hingað núna og halda því fram að það hafi verið lítið að vöxtum. Í greininni sem hann ítrekað vísaði til er því lýst hvernig skjalaskápur eftir skjalaskáp fylltist og að lokum fylltu skjalaskáparnir stóra skrifstofu.

Frú forseti. Það eru fjögur atriði sem ég tel vera aðalatriði í þeim upplýsingum sem komið hafa fram til þessa. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að grein Þórs Whiteheads sýnir svart á hvítu að frá upphafi hafa verið ákaflega náin og mjög óeðlileg tengsl á milli Sjálfstæðisflokksins og þess sem sagnfræðingurinn kallar strangleynilega öryggisþjónustu. Hún var ekki aðeins sett á stofn sem formleg starfseining undir forustu forkólfa Sjálfstæðisflokksins heldur sáu þeir til þess að hún væri alla tíð fjármögnuð úr leynisjóðum innan dómsmálaráðuneytisins. Það er alveg ljóst og það raunar staðfest af því sem hæstv. ráðherra sagði, að Alþingi var dulið um þessa starfsemi og tilgang hennar og það var blekkt til þess að fjármagna það.

Í öðru lagi má ráða af grein Þórs Whiteheads að íslenska öryggisþjónustan hafi látið bandarísku leyniþjónustunni í té upplýsingar um pólitískar skoðanir Íslendinga sem í dag væri að minnsta kosti fullkomið brot á lögum. Ég lýsi sorg minni yfir því að þetta skuli hafa verið gert.

Í þriðja lagi er upplýst að upplýsingarnar sem þessi íslenska leynilögregla aflaði voru notaðar til að koma í veg fyrir að menn með óæskilegar skoðanir fengju vinnu hjá hernum eða ákveðin störf hjá hinu opinbera. En þær voru líka notaðar til að víkja mönnum úr starfi. Um það tilgreinir

Þór Whitehead dæmi.

Stjórnarskráin veitir öllum mönnum frelsi til að hafa skoðanir. En um leið og skoðanir þeirra eru notaðar til að meina þeim um atvinnu er líka búið að brjóta á þeim réttinn til frjálsra skoðana. Í þessu felst sönnun á því að að minnsta kosti skoðanafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar var brotið af Sjálfstæðisflokknum á nokkrum hópi manna.

Frú forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra talar eins og öryggisþjónustan hafi tilheyrt kalda stríðinu. Það vekur því í fjórða lagi mesta undrun mína að í grein Þórs Whiteheads koma fram upplýsingar um að hin strangleynilega öryggisþjónusta hafi starfað eftir að kalda stríðinu lauk. Þór segir skýrt, eins og hv. málshefjandi sagði áðan, að CIA gaf íslenskunni leynilögreglunni gjafir í formi tækja allt til ársins 1991. En merkilegra er þó að í framhjáhlaupi segir hann frá því að íslenskir öryggisþjónustumenn hafi gert rannsókn á því með tilstyrk þýskra kollega, eftir að kalda stríðinu lauk, hvort námsmenn austan tjalds hafi gerst erindrekar Stasi. Þetta sýnir okkur svart á hvítu að íslenska öryggisþjónustan var enn í fullu fjöri og enn að rannsaka íslenska vinstri menn eftir 1991. Heimildin sem hann vísar til um þetta er einstaklingur sem var skrifstofustjóri varnamáladeildar um þetta leyti.

Þessi síðasta rannsókn sem vitað er um beindist ekki aðeins að alþingismönnum heldur hlýtur hún að hafa beinst líka að ráðherrum, sem fram undir þann tíma sem Þór segir að rannsóknin hafi farið fram, voru svo að segja að stíga úr ríkisstjórn.

Ég spyr: Hver fyrirskipaði þá rannsókn? Ég vil að það verði rannsakað sérstaklega hvernig (Forseti hringir.) starfsemi þessarar leynilegu og löglausu þjónustu var háttað eftir kalda stríðið.

Frú forseti. Enginn er betur til þess fallinn en hæstv. dómsmálaráðherra sem hefur upplýst (Forseti hringir.) að hann er eini núlifandi stjórnmálamaður á þingi sem hefur haft beina þekkingu á þessu síðan 1974.

[16:27]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Margnefndur Þór Whitehead segir í lok sinnar frægu greinar söguna um götóttu olíutunnuna frá árinu 1976, að lögreglustjórinn í Reykjavík hefði, eins og hæstv. dómsmálaráðherra gat um, fengið vilyrði fyrir að verða hæstaréttardómari og þess vegna bað hann einhverja ótilgreinda undirmenn sína að taka njósnagögnin úr leynilögreglunni, að mestum hluta, segir Þór Whitehead, þannig að eitthvað er eftir, og farga þeim. Undirmennirnir tóku gögnin og brenndu þau á afviknum stað í götóttri olíutunnu. Það logaði glatt, er haft eftir brennumönnum.

Sú saga er auðvitað aldeilis ótrúleg að lögreglustjóri hafi beðið aðra embættismenn íslenska ríkisins að eyða gögnum sem var aflað á vegum hins opinbera og þar með þverbrotið ströng lög um skjalavarðveislu.

Atburðir síðustu daga benda þó til að götóttu olíutunnurnar séu enn þá við lýði hjá stjórnvöldum á Íslandi. Hæstv. menntamálaráðherra, sem aldrei þessu vant er ekki hér, er að vísu ekki uppvís að því enn þá að farga gögnum. En hún reynir svo sannarlega að leyna þeim með því að bregðast ekki enn við óskum og síðan stjórnsýslukæru Kjartans Ólafssonar um sama aðgang og annar sagnfræðingur fékk nýlega að gögnum í Þjóðskjalasafni, eða til vara aðgang að þeim gögnum sem snúa að honum sjálfum. Engin rök hefur ráðherrann samt til að hafna þessum kröfum Kjartans að því að séð verður.

Hvað er að gerast? Hverju er ráðherrann að leyna? Er menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins að reka pólitík götóttu olíutunnunnar?

Þá er upplýst að skjöl um hleranir frá árinu 1949 til ársins 1973 voru geymd í dómsmálaráðuneytinu fram til 5. júlí í sumar, þ.e. 2006. Ragnar Aðalsteinsson lögmaður óskaði eftir aðgangi að þeim gögnum 22. maí í vor. Í tvígang svöruðu fulltrúar hæstv. dómsmálaráðherra, Björns Bjarnasonar, erindinu með undanfærslum en þriðja bréfi Ragnars svaraði settur dómsmálaráðherra, Einar K. Guðfinnsson, hæstv. sjávarútvegsráðherra, með því að benda Ragnari á að hafa samband við Þjóðskjalasafnið, eins og segir í bréfinu, með leyfi forseta: „... um aðgang að þeim gögnum sem þar kunna að vera."

Hæstv. dómsmálaráðherra hafði nefnilega í millitíðinni læðst með þessi hlerunargögn úr ráðuneytinu upp í Þjóðskjalasafn. Sennilega vegna þess að hann gat ekki staðið gegn kröfum lögmannsins.

Hvaða feluleikur er þetta? Það er ótrúlegt, en í dómsmálaráðuneytinu ríkir enn í dag andrúmsloft leyndar og blekkingar í kringum þessi mál. Tveir ráðherrar og reyndar sá þriðji með þeim, allir úr Sjálfstæðisflokknum, eru á harðahlaupum með njósnagögnin að leita að götóttu olíutunnunni.

Forseti. Nefnd Páls Hreinssonar er því miður ekki ætlað að kanna njósnagögn íslenska ríkisins frá árinu 1991 til þessa dags.

Eins og fram hefur komið eru ýmiss konar vísbendingar um að hér hafi starfað leyniþjónusta af einhverju tagi eftir þann tíma. Þær ná hámarki í þeirri staðfestingu sem dómsmálaráðherra reiddi fram hér áðan þegar hann sagði að hann væri að beita sér fyrir því að skipa þessari starfsemi af hálfu ríkisins að lögum.

Dómsmálaráðherra á eftir að skýra fyrir okkur hvað þessi starfsemi er. Hvernig er henni háttað? Hverjar lagaheimildir eru fyrir þessari starfsemi nú sem hafa verið skipaðar að lögum? Um hverja hefur verið njósnað frá 1991? Hafa þær staðið fram til þessa dags í stofnunum ráðherrans eða fara þær fram í ráðuneytinu sjálfu? Hvaða erlend ríki hafa fengið hlutdeild í þessum upplýsingum?

Þessu þarf Björn Bjarnason, hæstv. dómsmálaráðherra, að svara áður en við tökum til við nýja tíma. Áður en við byrjum að skoða tillögur hans eða annarra um öryggisþjónustudeildir eða hvað það á að kalla. Dagar götóttu olíutunnunnar eru liðnir.

[16:31]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Umræða um leyniþjónustustarfsemi fyrri ára á vissulega rétt á sér. Ég tel rétt að draga staðreyndir í þeim efnum fram í dagsljósið enda hefur Alþingi beitt sér fyrir því að skapa grundvöll fyrir þeirri vinnu með nýsettri löggjöf. Ég tek hins vegar undir það að við megum

ekki festast svo í fortíðinni að andvaraleysi ríki um framtíðina í þessum efnum þannig að við gleymum, eða látum undir höfuð leggjast, að bregðast við hinni alvarlegu stöðu sem uppi er og snerta þær plágur sem hrjá okkur nú og aðrar þjóðir: hryðjuverkaógn, innflutning fíkniefna, vændi og alþjóðlega glæpastarfsemi.

Það er mjög áríðandi í þessari umræðu að gera mikilvægan og skýran greinarmun á ytri vörnum og innra öryggi. Herlaus þjóð hefur fáa kosti aðra en semja um varnir sínar við aðrar þjóðir. Það gerðu íslensk stjórnvöld árið 1951 með tvíhliða samningi við Bandaríkin sem nú hefur verið áréttaður með nýgerðu varnarsamkomulagi.

Aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu árið 1949, og þær gagnkvæmu varnarskuldbindingar sem felast í 1. gr. Atlantshafssáttmálans, hefur einnig tryggt ytri varnir Íslands. Það er og verður áfram mikilvægt að tryggja þessar ytri varnir landsins.

Eftir að heimsmyndin breyttist með falli Berlínarmúrsins og Sovétríkjanna og fjölgun hryðjuverkaárása hin seinni ár hafa þjóðir heims hert ráðstafanir sínar hvað varðar innra öryggi þegna sinna. Ísland er ekki lengur einangruð eyþjóð sem getur staðið álengdar og látið sig þessa þróun litlu varða. Komur erlendra skipa hingað til lands telja vel á annað þúsund á ári hverju. Alþjóðaflugvöllurinn í Keflavík tengir Evrópu og Norður-Ameríku. Umferð um völlinn eykst hröðum skrefum og er talin í milljónum manna með ferðum sem nema tugum á dag með tengiflugi um víða veröld. Fíkniefnainnflutningur hefur því miður aukist þrátt fyrir að mjög gott starf sé unnið í eftirliti í þessum efnum og fullyrt er að skipulögð alþjóðleg glæpastarfsemi hafi teygt anga sína hingað til lands. Það eru vissulega uggvænleg tíðindi og við þessu þarf að bregðast.

Við megum ekki undir neinum kringumstæðum festast í pólitískri þrætubók eða andvaraleysi gagnvart þessum málum en ég neita því ekki að stundum hefur mér þótt hálfkæringur ríkja í þessari umræðu.

Ég er þeirrar skoðunar að þræða þurfi hinn gullna meðalveg í þessum efnum sem öðrum. Leyniþjónusta að erlendri fyrirmynd hugnast mér ekki. Ég vil sérstaklega undirstrika það. Mér þykir þó augljóst að auka þurfi lögheimildir löggæsluaðila hér á landi svo að þeir geti sinnt þessu innra öryggi okkar.

Í þessum efnum er þó sérstaklega áríðandi að ganga ekki svo langt að mannréttindi séu brotin. Við höfum skuldbindingar í þeim efnum og það er grundvöllur fyrir sjálfstæðu samfélagi og í samræmi við siðferðiskennd okkar að hafa mannréttindi og persónuvernd ætíð í heiðri.

Við hljótum að líta til nágrannaþjóðanna í þessum efnum og þess sem almennt tíðkast, t.d. hjá öðrum Norðurlandaþjóðum, og styrkja enn frekar það alþjóðlega samstarf sem við eigum í, t.d. á vettvangi Schengen. Það er sannfæring mín að sá aðgangur að upplýsingakerfi sem Schengensamningurinn færði okkur á sínum tíma sé afar mikilvægur þegar rætt er um innra öryggi. Þá gerir nýgert samkomulag við Bandaríkin okkur kleift að auka getu okkar á sviði innra öryggis, ekki síst með miðlun upplýsinga.

Hæstv. dómsmálaráðherra gerði grein fyrir hugmyndum í þessum efnum sem ætlunin er að vinna með á næstunni og ég undirstrika mikilvægi þessara mála. Það þarf að ræða þau af alvöru og yfirvegun. Þetta er þess efnis að á því er full þörf.

[16:36]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Umræðan um hugsanlega leyniþjónustu hér á Íslandi, hvort fylgst hafi verið með íslenskum borgurum af lögregluyfirvöldum — þá á vegum dómsmálaráðuneytisins, vænti ég — án dóms og laga, á að sjálfsögðu fullan rétt á sér. Það er mjög alvarlegt ef yfirvöld grípa til þess ráðs að fara að fylgjast með borgurunum og safna um þá gögnum án þess að hafa til þess réttarheimildir. Við hljótum öll að gera okkur grein fyrir því út í hvers konar fúafen við komumst sem þjóð ef slík vinnubrögð líðast.

Þau dæmi sem hér hafa verið nefnd í dag eru mjög gömul. Það er vitnað í grein eftir dr. Þór Whitehead sagnfræðing, ágæta grein sem um margt er mjög áhugaverð og athyglisverð. Mér finnst Þór fara mjög vel yfir þetta og lýsa því vel hvers konar andrúmsloft ríkti á þeim árum þegar njósnir af þessu tagi áttu sér stað, sem enn og aftur eru mjög alvarlegar.

Síðasta tilvikið sem Þór nefnir gerist árið 1968. Þá var ég að halda upp á fjögurra ára afmælið mitt með vinum mínum og vinkonum. Það er svo langt síðan. Ég verð að segja að þetta tilheyrir allt fortíðinni, þetta tilheyrir sögunni. Það er verið að skoða þessa hluti. Ég vænti þess að það verði gert með góðum og skilvirkum hætti og að við fáum allt upp á borðið. Við verðum að fá allt upp á borðið í þessum efnum og hreinsa andrúmsloftið.

Virðulegi forseti. Þegar við um daginn vorum að afgreiða í snatri frumvarpið um nefndina sem á að skoða þessi mál fór ég aðeins yfir það hvernig ég teldi að þetta ætti að fara fram. Ég tel mjög mikilvægt að öllum steinum verði velt við. Ég hefði gjarnan viljað sjá að menn hefðu skoðað lengra tímabil, hefðu byrjað á árunum fyrir seinna stríð. Þór Whitehead nefnir að sennilega hafi verið byrjað að fylgjast hér með einstaklingum þegar árið 1938. Ég hefði viljað leggja ár seinni heimsstyrjaldarinnar undir líka til að fá þetta allt upp á borðið. Ég hefði þess vegna gjarnan viljað fara nær okkur sjálfum í tíma, þ.e. ekki nema staðar við árið 1991 heldur halda jafnvel áfram.

Mér finnst líka mjög mikilvægt að það sem kemur út úr þessari rannsókn verði tekið saman og þeir einstaklingar sem urðu fyrir barðinu á þessu verði skilyrðislaust látnir vita og fái fulla innsýn inn í þau gögn sem um þá hefur verið safnað. Séu þessir aðilar látnir þá verði búnar til skýrar reglur um það með hvaða hætti þeirra nánustu eftirlifandi aðstandendur fái að vita um að njósnað hafi verið um þessa einstaklinga og hvaða gögnum hafi verið safnað.

Sé það svo að einhverjum viðkvæmum persónulegum upplýsingum hafi verið safnað um einstaklinga þá verði þessum upplýsingum skilyrðislaust eytt. Þeim verði eytt ef viðkomandi óskar þess áður en það sem eftir liggur, sem kannski er ekki af persónulegum toga, verður opnað fyrir almenning eða sagnfræðinga, nú eða hvort tveggja. Þarna held ég að við ættum að íhuga alvarlega hvernig við ætlum að taka á því sem hugsanlega mun koma í ljós eftir að rannsókn hefur farið fram.

Það er á margan hátt áhugavert að skoða reynslu ná-

grannaþjóða okkar í þessum efnum. Hér hefur verið minnst á að Norðmenn fóru í gegnum heilmikla rannsókn fyrir um það bil tíu árum. Svokölluð Lund-nefnd skoðaði þessi mál eftir að uppvíst varð í Noregi að norska ríkisstjórnin, þ.e. verkamannaflokkurinn norski, hefði borið ábyrgð á að stundaðar voru mjög umfangsmiklar njósnir um fólk, sérstaklega um þá sem voru yst til vinstri í norskum stjórnmálum, um margra ára skeið. Það kom í ljós að mjög margir höfðu orðið fyrir barðinu á þessu. Þar var starfandi leyniþjónusta sem virtist gersamlega hafa gengið af göflunum í starfsemi sinni. Þessi mál voru komin út í tómt rugl.

Það var mjög sársaukafullt fyrir norsku þjóðina að gera sér grein fyrir því að þessi starfsemi hefði átt sér stað, þ.e. að menn hefðu stundað þetta árum saman á bak við þjóðina. Ég vona svo sannarlega að við Íslendingar munum ekki þurfa að ganga í gegnum það sama og Norðmenn þurftu að gera. Norðmenn eru enn þá að vinna úr þessum málum og það hafa meira að segja verið greiddar skaðabætur. Norska ríkið hefur orðið að greiða skaðabætur til þeirra einstaklinga sem urðu fyrir þessum persónunjósnum eftir að í ljós kom að því fólki hafði hreinlega verið unnið tjón, til að mynda með því að komið hafði verið í veg fyrir að það hlyti eðlilegan starfsframa. Saklaust fólk varð fyrir barðinu á fordómum og tilefnislausum njósnum af hálfu stjórnvalda.

Ég vona svo sannarlega, virðulegi forseti, að við Íslendingar lendum ekki í því að eitthvað slíkt komi upp hér á landi en við hljótum öll að bíða spennt eftir því hvað sú rannsókn sem nú á að fara fram mun leiða í ljós.

Víkjum þá að framtíðinni, hún er einmitt mikilvægust. Hvaða stefnu ætlum við Íslendingar að taka í þessum málum í framtíðinni? Ég tel að við eigum að skoða alla möguleika í þessum efnum með opnum og fordómalausum hætti. Ég tel að við þurfum að koma einhverri slíkri starfsemi í fastan farveg. Við þurfum á einhvers konar innra eftirliti að halda til að fylgjast með glæpastarfsemi og jafnvel annarri starfsemi, hugsanlega hryðjuverkastarfsemi, landráðum eða öðru þess háttar.

Við þurfum að íhuga það mjög vel á næstu mánuðum hvernig við ætlum að koma þessu í fast form. Ég held að það sé meira unnið með því að hafa svona starfsemi í föstu formi og hafa þá ákveðið eftirlit með henni. Það er meira unnið með því heldur en að láta reka á reiðanum í þessum efnum.

Ég hef aðeins verið að skoða hvað Norðmenn hafa gert. Þeir eru að sjálfsögðu með leyniþjónustu, eftirlits- og öryggisþjónustu sem fer fram af hálfu hins opinbera, eins og öll okkar nágrannalönd. Öll okkar nágrannalönd hafa svona starfsemi. En þar er það norska Stórþingið sem kýs nefnd. Það er nefnd af hálfu norska Stórþingsins sem sinnir eftirliti með þessari starfsemi. Þingið gefur út almennar reglur um það hvernig starfsemi þessarar eftirlitsnefndar skuli háttað og síðan fylgist nefndin með því hvað gert er. Hefur fulla innsýn í allt sem gert er. Getur talað við alla þá sem starfa á vegum leyniþjónustunnar og fengið upplýsingar um það á hverjum tíma hvað þeir eru að gera. Getur fengið að sjá allan tækjabúnað, húsnæði og annað þess háttar. Nefndinni ber einnig að fara eftir því ef kærur berast frá borgurunum um að þeir hafi grun um að þeir hafi orðið fyrir einhverjum njósnum af hálfu slíkrar öryggisþjónustu. Nefndinni ber einnig að kanna allar ásakanir sem koma fram opinberlega um að starfsemi af þessu tagi hafi verið beitt gegn borgurunum.

Markmið nefndarinnar er einungis að fylgjast með starfseminni. Hún má ekki gefa fyrirskipanir til leyniþjónustunnar. Leyniþjónustan má heldur ekki ráðfæra sig við nefndina. Yfirvald þessarar nefndar er sem sagt norska Stórþingið.

Þarna sýnist mér, virðulegi forseti, í fljótu bragði að Norðmenn hafi komist eða náð að koma upp ákveðnu formi til að reka þessa hluti og sjá til að þeir fari almennilega fram.

Tími minn er á þrotum. Ég verð víst að láta staðar numið að þessu sinni.

[16:44]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Lengi hefur verið á sveimi orðrómur um að í landinu hafi verið stundaðar hleranir á vegum stjórnvalda, persónunjósnir, í reynd starfsemi leyniþjónustu. Nú hefur fengist staðfesting á því að svo hafi verið. Við höfum fengið það staðfest í fyrsta lagi að stundaðar hafi verið hleranir af pólitískum toga í þrennum skilningi. Í fyrsta lagi hafi verið teknar ákvarðanir um hverjir skyldu hleraðir á grundvelli stjórnmálaskoðana þeirra. Hér er um að ræða alþingismenn, hér er um að ræða forsvarsmenn í verkalýðshreyfingu, hér er um að ræða blaðamenn, hér er um að ræða hernámsandstæðinga og friðarsinna, hér er um að ræða fólk úr heimi menningarinnar.

Í öðru lagi hefur þetta verið pólitísk starfsemi í þeim skilningi að þeir sem hafa verið viðtakendur upplýsinganna hafa þurft að hafa á sér tiltekinn pólitískan lit. Það er fyrst og fremst litur Sjálfstæðisflokksins en í sumum tilvikum einnig litur Framsóknarflokks og Alþýðuflokks.

Í þriðja lagi er athyglisvert að íhuga hvar markalínurnar hafa legið. Þær liggja fyrst og fremst um afstöðu til hernaðarbandalagsins NATO. Annars vegar hafa verið fylgismenn þessa bandalags og hins vegar gagnrýnendur, efasemdarmenn og andstæðingar NATO og þess að í landinu væri her á friðartímum. Þeir síðarnefndu hafa iðulega staðið utan við lög og rétt. Það er nefnilega ekki rétt hjá hæstv. dómsmálaráðherra að alltaf hafi verið lagastoð eða dómsúrskurður fyrir hlerun. Hvað fyrra atriðið áhrærir hefur það komið fram hjá sagnfræðingum að á fjórða áratug síðustu aldar hafi þessa lagaheimild skort, t.d. í verkfalli vörubílstjóra árið 1935. Varðandi dómsúrskurðinn mun hann einnig hafa skort við hleranir eftir atburðina hér við Alþingishúsið 30. mars 1949. Þá kom orðsending, samkvæmt Guðna Jóhannessyni sagnfræðingi, frá dómara um að hlerunum skyldi hætt daginn eftir á miðnætti. En þeim var haldið áfram að eindreginni ósk og kröfu ríkisstjórnarinnar. Með öðrum orðum, pólitískum hlerunum var haldið áfram.

Hæstv. forseti. Í þeim umræðum sem fram hafa farið í landinu á undanförnum vikum og mánuðum hefur þjóðin fengið innsýn í liðinn tíma, þá hatrömmu deilu sem hér geisaði um áratugaskeið og þær ofsóknir sem margt fólk þurfti að sæta, hrakið úr starfi vegna skoðana sinna og í sumum tilvikum svipt helgustu mannréttindum, kosningar-

rétti. Við höfum fengið innsýn í tíma þar sem pólitísku valdi var misbeitt og þar sem dómsvaldi var einnig misbeitt. Þar vísa ég í heimildir til hlerana og ég vísa þar í dóma sem kveðnir voru upp, t.d. í kjölfar atburðanna við Alþingishúsið 30. mars 1949 þegar menn voru sviptir lýðréttindum, kosningarétti á grundvelli ljúgvitna sem þeir voru bornir.

Ég tek undir með þeim sem hafa viljað horfa inn í framtíðina. En til þess að við getum það, og það eigum við eindregið að gera, þurfum við að hreinsa upp hið liðna. Þess vegna segjum við: Allt upp á borðið. Fyrstu skrefin hafa þegar verið stigin með þeirri nefnd sem skipuð var í sumar og með því að opna sagnfræðingum aðgang að gögnum á tilteknu árabili. Við viljum ganga enn lengra og opna þessi gögn öllum og að sjálfsögðu hlutaðeigandi aðilum. Það er rétt sem hæstv. dómsmálaráðherra sagði að þetta eru atburðir frá liðnum tíma, það er rétt. En á lífi er fólk sem var þátttakendur í þessum atburðum.

Til mín kom lögreglumaður fyrir helgina. Hann sagðist hafa verið hér í Alþingishúsinu 30. mars 1949. Sér hefði verið haldið innan dyra, sér hefði ekki verið treyst út á völlinn, út á Austurvöllinn vegna pólitískra skoðana sinna. Þetta fólk er enn á lífi. Þessir atburðir eru ekki fjær en svo. Og nú er krafan: Öll gögn upp á borðið.

[16:51]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þessi umræða, um mögulega leyniþjónustustarfsemi á vegum stjórnvalda, eigi sér stað hér á hinu háa Alþingi, enda hefur umræðan um þessi mál verið nokkuð fyrirferðarmikil í opinberri umræðu á síðustu vikum.

Hitt finnst mér verra að í umræðum um þessa starfsemi á tímum kalda stríðsins hefur ýmsum röngum fullyrðingum verið varpað fram sem ég tel ástæðu til að leiðrétta. Ég held að allir þeir sem fjalla um þetta mál af einhverri sanngirni og þekkingu hljóti að viðurkenna að hér á Íslandi var ekki rekin leyniþjónusta í hefðbundnum skilningi þess orðs af hálfu stjórnvalda sem hafi haft með höndum víðtækar og ólögmætar persónunjósnir um borgarana. Það segir sig í rauninni sjálft að það var einfaldlega ekki nægur mannafli til þess að sinna slíkum störfum. Tveir menn geta ekki haldið uppi leyniþjónustu sem vinstri menn á Íslandi hafa lagt að jöfnu við leyniþjónustur kommúnistaríkjanna sálugu, KGB og Stasi.

Það má ekki gleyma því við hvaða aðstæður og í hvaða andrúmslofti Hermann Jónasson, fyrrverandi forsætisráðherra og dómsmálaráðherra, sá ástæðu til að koma á sérstöku eftirgrennslanakerfi í aðdraganda styrjaldarinnar 1939 en henni var komið á fót til þess að sporna við því grófa ofbeldi og hótunum sem fyrirmyndir íslenskra vinstri manna þá um stundir beittu gagnvart lögreglu og almennum borgurum hér á landi, t.d. í Gúttóslagnum og síðan í aðförinni að Alþingi árið 1949.

Ég hef tekið eftir því að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna þegja þunnu hljóði um framgöngu íslenskra kommúnista og sósíalista og minnast ekkert á þau ofbeldisverk sem þessir menn stóðu fyrir. Nei, þeir kalla þá friðarsinna. Það fór nú ekki mikið fyrir friðnum þegar hnullungunum rigndi inn í þingsali Alþingis. Nei, þvert á móti hafa vinstri menn á Íslandi reynt að slá ryki í augu almennings með því að telja fólki trú um að hér hafi verið rekin umfangsmikil leyniþjónusta sem hafi verið starfrækt af Sjálfstæðisflokknum og hún hafi beitt óvönduðum meðulum gagnvart kommúnistum og sósíalistum. Þeir sem leggjast hvað lægst í slíkum málflutningi hafa kallað þessa starfsemi leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins. Þessi umræða, frú forseti, er nátt-úrlega ekkert annað en ómerkileg og þeir dæma sig sjálfir sem taka þátt í henni á þessum forsendum.

Það er út í hött að tala um leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins í þessu samhengi. Það kemur fram í upphafi ritgerðar dr. Þórs Whiteheads í Þjóðmálum að það hafi verið Hermann Jónasson, fyrrverandi forsætis- og dómsmálaráðherra, sem fól lögreglustjóranum í Reykjavík að koma upp þessu eftirgrennslanakerfi. Þess vegna skil ég ekki hvernig vinstri sinnaðir menn sem hafa tjáð sig um þetta mál, eins og Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður gerði í viðtali við Spegilinn í síðustu viku, geta talað um leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins. Það kemur beinlínis fram í grein dr. Þórs Whiteheads að trúnaðarmenn úr Alþýðuflokknum hafi fengið lista um umsækjendur um varnarliðsvinnu og hafi borið þá saman við merktar kjörskrár þar sem leitað var upplýsinga um stjórnmálaskoðanir manna sem voru skráðir á listanum. Það fer nú lítið fyrir þessu í umræðunni um *þetta mál, sérstaklega frá fulltrúum Samfylkingarinnar* og af hverju skyldi það nú vera? Jú, það er væntanlega vegna þess að Samfylkingin er að grunni til reist á Alþýðuflokknum.

Það er líka sorglegt að sjá hvernig þingflokksformaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, tekur í sama streng í pistlum á heimasíðu sinni sem birtust þar í gær og sömuleiðis í Fréttablaðinu í dag, sem bera einmitt yfirskriftina Leyniþjónusta Sjálfstæðisflokksins. Það er ekkert hægt að bjóða upp á svona málflutning í tengslum við þetta mál. Hér er ekkert á ferðinni annað en lýðskrum sem virðist vera þannig að sumum þeim sem taka þátt í þessari umræðu sé algjörlega sama um það hvort þeir fara vísvitandi rangt með staðreyndir ef það þjónar málstaðnum. Það hefur verið gert í þessu máli, því miður.

Frú forseti. Ég geri enga athugasemd við að hafin verði sagnfræðileg rannsókn á leyniþjónustustarfsemi á Íslandi á síðustu árum og áratugum. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að við slíka rannsókn verði farið sérstaklega yfir samstarf íslenskra kommúnista og sósíalista við ráðamenn og leyniþjónustur kommúnistaríkjanna, einkum Austur-Þýskalands og Sovétríkjanna. Það vekur reyndar furðu mína að málshefjandi skuli ekki hafa vikið neitt að þessum þætti málsins í ræðu sinni. Ég er hins vegar sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að það þurfi að hreinsa upp hið liðna, það þarf allt að koma upp á borðið. Það þarf t.d. að upplýsa hvers vegna kommúnistastjórnin í Sovétríkjunum greiddi sósíalistum á Íslandi milljónatugi úr leynisjóðum sínum á tímum kalda stríðsins, þar á meðal til Sósíalistaflokksins, Þjóðviljans, MÍR, Máls og menningar og annarra samtaka. Það þarf líka að upplýsa um tengsl íslenskra kommúnista við leiðtoga Ráðstjórnarríkjanna, það þarf að upplýsa um það hvaða menn voru sendir til náms í Austur-Þýskalandi gagngert til þess að grafa undan íslensku samfélagi og því

þjóðskipulagi sem við búum við. Það þarf að upplýsa um það hvers vegna börn voru allt fram á níunda áratuginn send til fyrirmyndarfjölskyldna í Austur-Þýskalandi til að fræðast um fyrirmyndarþjóðfélagið og það þarf að upplýsa um það hvers vegna íslenskum kommúnistum voru greidd eftirlaun frá ríkisstjórninni í Sovétríkjunum. (Forseti hringir.) Það þarf enginn að segja mér, frú forseti, að kommúnistaríkin sálugu hafi lagt í þetta allt saman af einstæðri (Forseti hringir.) góðmennsku. Þau vildu fá eitthvað í staðinn og það þarf að upplýsa hvað það var.

[16:57]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Hæstv. forseti. Fyrir liggur, samkvæmt sagnfræðilegum rannsóknum, að kerfisbundið var fylgst með fólki með tilteknar pólitískar skoðanir, líklega næstum alla síðustu öld hér á landi. Það leiddi einnig af sér nokkuð sem kallað var í Vestur-Þýskalandi kaldastríðstímans „Berufsverbot", það að menn voru útilokaðir frá ákveðnum störfum og ákveðnum framgangi auk annarra óþæginda sem slíku fylgdi.

Hæstv. dómsmálaráðherra talar um sagnfræðilegt úrlausnarefni. Ef mig misminnir ekki er þetta sami maðurinn og hefur staðið hér í pontu hins háa Alþingis margoft og beinlínis krafist þess að vinstri menn, að allir íslenskir vinstri menn, gerðu upp við fortíð sína, gerðu upp við kalda stríðið og gerðu upp við öll samskipti sín við Sovét, Austur-Þýskaland og þar fram eftir götunum.

Hingað kom reyndar í pontu hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og tók af honum ómakið og ef ég skildi hv. þingmann rétt skiptir það ekki máli hvað gerðist, hvort hér voru stundaðar kerfisbundnar njósnir og hleranir á fólki með tilteknar pólitískar skoðanir af því að Framsókn og Alþýðuflokkurinn hefðu fundið það upp. Hvers konar málflutningur er þetta eiginlega? Geta þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekki talað um það sem hér er á dagskrá. Er þeim það fyrirmunað eða er það vegna þess að það er svo óþægilegt fyrir þá vegna þess að fortíðin er svo óþægileg og hún er komin til að finna þá hér í dag á hinu háa Alþingi?

Hæstv. dómsmálaráðherra talaði í ræðu sinni um hópa sem vildu beita ofbeldi og bylta þjóðskipulaginu og nefndi sem dæmi NATO-fundinn 1968, utanríkisráðherrafund NATO 1968 á Íslandi. Það var fyrir mitt minni en ég hef séð sjónvarpsmyndir af þeim fundi og mótmælunum, friðsamlegum mótmælum sem þá fóru fram, en þá voru reyndar ungmenni dregin á brott af lögreglunni og allt í lagi með það, þeim varð varla meint af og hafa sýnt samfélagi sínu fullan sóma.

En er það þá þannig, frú forseti, að friðsamleg mótmæli túlkast sem grunur um saknæmt athæfi? Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi en að svo væri. Og enn er ósvarað spurningunni, frú forseti, enn um það hvort þessi starfsemi sé enn í gangi með einhverjum hætti. Eitt er þó víst að greinaskrif Þórs Whiteheads og öll sú umfjöllun sem hér hefur farið fram á undanförnum mánuðum og missirum hefur kallað fram, að mati hæstv. dómsmálaráðherra, hina brýnu nauðsyn þess að setja hér lög um öryggislögreglu (Forseti hringir.) og einhvers konar leyniþjónustu þó að það megi ekki kalla hana það lengur og (Forseti hringir.) hann kallar til vitnis sérfræðinga Evrópusambandsins.

[17:01]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur farið fram. Hún hefur verið afar athyglisverð.

Hæstv. ráðherra fékk átta spurningar sem beint var til hans um fortíðina, um það hvernig staðið var að því sem ríkisvaldið í reynd hefur verið sakað um, þ.e. að hafa beitt ólögmætu og kerfisbundnu eftirliti með fólki og það er spurt mjög ítarlegra og vandaðra spurninga um hvernig þessu starfi hafi verið háttað. En hæstv. ráðherra velur að svara engu, að ýta þessu undir teppið. En hér er um grundvallarumræðu að ræða. Hér er um það að ræða að rökstuddur grunur er um að ríkisvaldið hafi starfað utan laga og réttar. Um það snýst þessi umræða, þ.e. hvort ríki og ríkisvaldinu hafi verið beitt utan laga og réttar.

Hæstv. dómsmálaráðherra svarar því þannig að um sagnfræðilegt viðfangsefni sé að ræða, að það sé sagnfræðilegt viðfangsefni hvort mannréttindabrot hafi verið framin, hvort kerfisbundið eftirlit utan laga og réttar hafi verið framkvæmt o.s.frv. Hæstv. dómsmálaráðherra talar um að hér sé einvörðungu um að ræða sagnfræðilegt viðfangsefni. Ég held að þetta mál sé miklu stærra en svo. Það er mikilvægt að það verði leitt í ljós hvort starfsemi af því tagi sem hér um ræðir hafi verið stunduð utan laga og réttar þann tíma sem um ræðir og jafnvel allt til dagsins í dag, því að hér hefur ekkert verið hrakið um það sem fullyrt hefur verið að þessi starfsemi hafi farið fram heldur hafa þeir sem nú fylla flokk sjálfstæðismanna og hafa hér talað í þessari umræðu og víðar, fyrst og fremst reynt að beina sjónum að öðrum atriðum eins og framtíðinni sem nauðsynlegt er að ræða. En við verðum að gera upp fortíðina.

Athyglisverð var ræða hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar hér áðan því að umræðan snýst um það hvort ríkisvaldi hafi verið beitt utan laga og réttar. En hver eru svörin og hvernig er svarað? Jú, að hugsanlega hafi einhverjir einstaklingar sem ekki fóru með ríkisvald, sem höfðu tilteknar pólitískar skoðanir, haft samband við einstaklinga eða einhverja annars staðar en þar sem sjálfstæðismönnum þótti heppilegt. Um það snýst ekki umræðan. Umræðan snýst um það hvort ríkisvaldinu hafi verið beitt utan laga og réttar. Það hefur komið fram rökstuddur grunur um að svo hafi verið. Krafan er að þetta verði skoðað og það dugar ekki í þessari umræðu, virðulegi forseti, að benda á að menn ætli að gera (Forseti hringir.) eitthvað í framtíðinni. Menn verða að hreinsa upp fortíðina til þess að (Forseti hringir.) hugmyndir um framtíðina verði á einhvern hátt réttlætanlegar.

[17:04]

**Fanný Gunnarsdóttir:**

Frú forseti. Þegar ég horfi til baka og rifja upp það sem ég man frá tímum kalda stríðsins koma strax upp í hugann orð eins og tortryggni. Á þeim tíma sáu allir drauga í hverju horni og samsæriskenningar voru stanslaust á lofti.

Mér finnst sjálfsagt að þau gögn sem til eru frá þessum tíma verði gerð opinber. Það er óásættanlegt að liggja undir grun um að hafa tekið þátt í meintum pólitískum njósnum og að sama skapi óásættanlegt að hafa það sterklega á tilfinningunni að um sig hafi verið njósnað.

Að lokum vil ég segja að til þess að eyða allri óvissu er eina lausnin — og hún er afar einföld — að leggja spilin á borðið. Gerum fortíðina upp áður en við horfum til framtíðar en þar bíða mörg vandasöm og nauðsynleg verkefni í þessum málaflokki.

[17:05]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Sú leynd sem enn þá hvílir yfir upplýsingum og upplýsingaöflun stjórnvalda á fyrri tíð hér á landi er með öllu óásættanleg. Þær aðferðir sem notaðar voru á að upplýsa og birta. Staðreyndirnar eiga að vera okkur ljósar. Okkur á að vera það ljóst hvernig að þessum málum var staðið á fyrri tíð og þó að það sé algjörlega rétt að hér sé að hluta til um sagnfræði að ræða þá er eðlileg og sjálfsögð sú krafa að upplýsa allt sem þessi mál varðar.

Það virðist sem svo að þeirra upplýsinga sem aflað var hér á landi hafi verið aflað með símahlerunum gagnvart einstaklingum sem stjórnvöldum á hverjum tíma fannst nauðsynlegt að vakta. Hverjir voru þetta? Þetta voru sjálfsagt sósíalistar, sem sumir kalla kommúnista, menn sem höfðu menntað sig í ríkjum sem töldust kommúnistaríki á þeim tíma, menn sem störfuðu jafnvel hér í verkalýðshreyfingunni, voru aktífir þar og vafalaust aðrir sem féllu kannski undir þá skilgreiningu að vera vinstri menn og þá harðir vinstri menn í skoðunum sínum. Þetta virðist vera það fólk sem, eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggja, hafi verið beitt hlerunum og þetta fólk á að sjálfsögðu rétt á því að fá að vita allt um það hvernig að þessum málum var staðið. Sömuleiðis eiga ættingjar þessa fólks líka rétt á því að fá aflétt leynd af því hvort um feður þeirra eða afa var njósnað á þessum tímum. Það bætir á engan hátt stöðu okkar, hvað þá heldur þau verkefni okkar í framtíðinni sem við væntanlega þurfum að takast á við, ef yfir þessu máli hvílir leynd. Þó að ég geti verið sammála hæstv. dómsmálaráðherra því að við þurfum að horfa til framtíðar af ýmsum ástæðum varðandi öryggismál okkar og ýmislegt fleira þá tel ég að þessum — hvað eigum við að segja — trúnaði sem virðist vera haldið yfir þessum gögnum eigi að aflétta sem allra fyrst og það geri okkur vonandi framtíðina betri til þess að vinna hlutina eðlilega og forða okkur frá þeim mistökum sem við virðumst hafa stigið í fortíðinni að þessu leyti.

Ég held ég hafi ekki miklu fleiri orð um þetta mál. Þetta finnst mér vera meginmarkmið málsins, þ.e. að allar upplýsingar komi upp á borðið og að sérstaklega þeir sem fyrir þessu hafa orðið eigi að hafa forgang að því að fá að skoða allar þær upplýsingar sem snúa að þeim persónulega, vinum þeirra eða ættingjum.

[17:09]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

*Frú forseti. Ég vil þakka þessa umræðu og þátttöku í* henni.

Ég verð nú að segja að það var meiri reisn yfir talsmönnum Sjálfstæðisflokksins 1935 á Alþingi, þeim Ólafi Thors og Bjarna Benediktssyni, þegar þeir mótmæltu harðlega símahlerunum ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Alþýðuflokks í bílstjóraverkfallinu og töldu þær símahleranir óréttlætanlegar, það rof á friðhelgi einstaklinganna.

Nú kemur hér í ræðustól dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins sem enn, trúi ég, kennir sig við frelsi og vill standa vörð um réttindi einstaklinganna og það vottar ekki fyrir efasemdum, það örlaði aldrei á því að hæstv. dómsmálaráðherra teldi að þarna hefði kannski verið brotið með óréttmætum hætti á réttindum manna. Ræða hæstv. dómsmálaráðherra og hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar var ein samfelld málsvörn fyrir því, með kaldastríðsáróðri, að þetta hefði í raun og veru verið allt í lagi, þetta ætti sér bara allt saman eðlilegar útskýringar og að öðru leyti væri þetta svona sagnfræði sem ætti ekki að vera að tala mikið um.

Hæstv. dómsmálaráðherra reyndi líka að leggja að jöfnu lögmætar aðgerðir í nútímanum, t.d. á grundvelli vandaðrar löggjafar þegar verið er að kljást við fíkniefnasala, og það sem þarna gerðist. Er það virkilega svo að hæstv. dómsmálaráðherra leggi það að jöfnu að reyna að berjast gegn fíkniefnavánni í dag og harðsvíruðum glæpamönnum og mafíósum og að símar íslenskra alþingismanna hafi verið hleraðir aftur og aftur með vísan kannski til Gúttóslagsins 40 árum áður? Voru það rök fyrir því að hlera síma íslenskra alþingismanna 1963 og 1968? Er hæstv. dómsmálaráðherra alveg viss um út í hvað hann er að fara hér? Hefði nú ekki verið vissara fyrir hæstv. ráðherra að hafa a.m.k. einhverja fyrirvara á þessari málsvörn sinni, á þessari réttlætingu? Á hann kannski eftir að fara sömu leiðina og hinn norski kollegi hans varð að fara vegna símahlerunar- og njósnamálsins í því landi? (Gripið fram í.)

Hæstv. ráðherra svaraði engum spurningum sem fyrir hann voru bornar. Tvær þeirra eru þó um viðbrögð dómsmálaráðuneytisins í núinu, sú fyrsta og sú síðasta. Það var spurt: Hvers vegna hefur dómsmálaráðuneytið sjálft ekki reitt fram neinar upplýsingar um þetta? Það var spurt: Hefur dómsmálaráðuneytið leitt hugann því að opna einstaklingunum sem í hlut eiga eða aðstandendum þeirra sem látnir eru aðgang að þeirra persónulegu upplýsingum? Engin svör. Málinu er drepið á dreif. Það er reynt að sópa því undir teppið með kaldastríðsáróðri. Ég verð að kalla það aumkunarvert að dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins Björn Bjarnason skuli ekki hafa meira fram að færa hér til þessarar umræðu.

Að lokum um spurninguna sem líka er í núinu: Hvenær var þessu hætt eða stendur þetta enn yfir? Það athyglisverðasta að mínu mati í þessari umræðu var að dómsmálaráðherra vék sér undan því að svara. Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason þorir ekki að svara, já eða nei, hvort þetta sé enn í gangi. Hann segir að erlendir fræðimenn hafi komið og skoðað löggjöf og þeir metið það svo að lögreglan hafi ekki heimildir til leyniþjónustustarfsemi og dragi af því þá ályktun að þar með sé hún ekki í gangi og ráðherra tekur undir þetta álit þeirra. Þetta mundi nú einhvern tíma hafa heitið fjallabaksleið.

Af hverju svarar hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason mér ekki beint? Er enn verið að njósna? Er kannski verið að njósna um mig, hæstv. dómsmálaráðherra? Hef ég sætt á mínum 24 ára stjórnmálaferli njósnum af þessu tagi eins og forverar mínir margir hverjir sem ég þekkti vel hafa (Forseti hringir.) greinilega gert? Nei, (Forseti hringir.) hæstv. dómsmálaráðherra, þú ert nú ekki

sloppinn svona billega.

(**Forseti** (JóhS): Ég vil biðja hv. ræðumann að ávarpa dómsmálaráðherra rétt.)

[17:14]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Mér finnst þessar umræður fara alveg út úr öllu samhengi þegar hv. þingmaður stendur hér og hrópar: „Hefur kannski verið njósnað um mig?“ Ég hef ekki minnstu hugmyndir um það og tel — ja, nema þingmaðurinn hafi unnið sér eitthvað til saka því að samkvæmt lögum er ekki hægt að stunda hleranir hér á landi nema fyrir liggi rökstuddur grunur um saknæmt athæfi. Það er það (Gripið fram í.) sem hefur verið í gildi hér frá 1951. Og að tala um það ... (Gripið fram í.) Forseti, get ég fengið að tala hér í friði?

Það er ekki nein spurning um hvort þetta sé löglegt eða ekki. Það liggur alveg skýrt fyrir að 1941 giltu hér lög, 1951 komu ný lög og það hefur alltaf verið farið að lögum við þessar ákvarðanir. Ef hv. þingmaður hefur gerst sekur um saknæmt athæfi sem kallar á rannsókn lögreglu þá fer lögregla væntanlega fram á það við dómara að fá úrskurð um það eins og vera ber. Ekki er ég að bera þingmanninn þeim sökum að ástæða sé fyrir lögreglu að stunda slíkar rannsóknir. Það finnst mér algjörlega sýna hvað þessar umræður fara í raun (Gripið fram í.) út um víðan völl og inn á ankannalegar brautir að þingmenn standi hér og hrópi: „Hef ég verið hleraður í 24 ár?“, þegar landslög heimila ekki slíkar athafnir af hálfu lögreglu nema fyrir liggi rökstuddur grunur um saknæmt athæfi. Ég tel að þingmaðurinn liggi ekki undir neinum slíkum grun og þess vegna leyfi ég mér að ályktа að hann hafi ekki verið undir neinni smásjá hjá lögreglunni.

En mig langar til að spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem því miður er ekki hér í salnum: Hvernig kemst hann að þeirri niðurstöðu að einhverjar rannsóknir hafi verið stundaðar á Stasi-skjölum á árinu 1995, eða ég veit ekki hvaða ár hann er að nefna? (Gripið fram í.) Hvaða heimildir hefur þingmaðurinn fyrir því að þessar rannsóknir hafi verið stundaðar á þessum árum? (Gripið fram í.) Hann nafngreinir einstakling sem ætti að vera auðvelt að leita til og spyrja: Í hvers umboði fór hann og hvaða ár fór hann til þess að rannsaka þessi mál? Hann nafngreinir embættismann sem starfaði hér. Þetta er mál sem þarf að upplýsa. Það þarf að ræða það nánar og fara yfir. (Gripið fram í.) Ég tel að þetta sé eitt af því líka sem menn eru hér að kasta fram, þ.e. einhverjum fullyrðingum sem standast ekki neina skoðun þegar betur er að gáð.

Ég hef verið talsmaður þess um langt skeið að öll gögn í þessum málum verði lögð á borðið. Ég heyri að hér koma þingmenn hver á fætur öðrum og taka undir það sjónarmið mitt. En að leggja það þannig upp að ég sé þar eitthvað ósamkvæmur sjálfum mér í málflutningi sem ég hef haft hér á þingi í tíu, ellefu ár, það er algjörlega rangt. Ég tel að það eigi að leggja öll þessi gögn á borðið, það eigi að leggja öll gögn sem varða Ísland á borðið, það eigi að leggja öll gögn sem varða samskipti íslenskra stjórnmálamanna við erlend ríki á borðið og upplýsa þjóðina um þetta. Öll gögn sem eru í opinberri vörslu eiga auðvitað að vera opin. Það er mín skoðun. Ég tel að ég hafi beitt mér fyrir því hér á þingi með ályktunum, lagabreytingum og við séum að leggja út í þann leiðangur. Ég get því ekki skilið hvers vegna þingmenn kjósa síðan að koma hér og tala í einhverjum hálfkveðnum vísum eða tala eins og hv. fyrirspyrjandi og upphafsmaður umræðunnar gerði í lok máls síns. Hann fer langt út fyrir það sem skynsamlegt er í umræðum um mál af þessu tagi.

Ég man vel — ég var blaðamaður 1968 — þegar NATO-fundurinn var haldinn. Ég fylgdist nákvæmlega með því hvað þá var að gerast. Þá var meðal annars fjallað um það að hingað kynnu að koma hópar frá Grikklandi sem mundu nota þennan fund til þess að hleypa honum upp vegna herstjórnar sem var í Grikklandi á þeim tíma og hafði tekið völdin, ef ég man rétt, 1967. Það voru slíkar aðstæður sem ríktu þá hér í landinu og menn veltu fyrir sér: Þegar NATO-fundur er haldinn á Íslandi, koma þá kannski menn frá Grikklandi til þess að hleypa upp þeim fundi? Slíkar öryggisráðstafanir þurftu menn því að hafa í huga þegar sá fundur var haldinn. (**SJS:** Hlera líka ...) (Forseti hringir.)

## *Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, fyrri umr.*

Þáltill. KolH o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

[17:18]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu á þskj. 4 og felur sú tillaga í sér stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Tillagan er hluti af þeim málum sem stjórnarandstaðan leggur fram sameiginlega í upphafi þessa 133. löggjafarþings þó að saga hennar sé lengri.

Tillögutextinn er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„*Alþingi ályktar að Þjórsárver, stærsta og gróðurríkasta* votlendi á hálendi Íslands, skuli verndуð í heild sinni. Í því augnamiði skuli núverandi mörkum friðlandsins í Þjórsárverum breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna ásamt með Þjórsá og nærliggjandi svæðum að Sultartangalóni. Þá skuli unnið að því að hið stækkaða Þjórsárverafriðland verði tilnefnt inn á heimsminjaskrá UNESCO. Alþingi felur ríkisstjórn að hefja nú þegar nauðsynlegan undirbúning að framkvæmd ályktunarinnar svo að auglýsa megi hin nýju friðlandsmörk eigi síðar en vorið 2007.“

Þessa tillögu flytja auk mín hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson, allt hv. þingmenn sem sæti eiga í umhverfisnefnd Alþingis. Menn kunna að taka eftir því að í hópi stjórnarandstæðinga er einn stjórnarþingmaður, þ.e. hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, en hann stóð með sömu þingmönnum að þessari tillögu á síðasta ári.

Það er kannski til marks um hve stuðningurinn við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og það að reyna að koma friðlandinu í Þjórsárverum inn á heimsminjaskrá UNESCO er að verða mikill að hér standa sameiginlega þingmenn úr öllum flokkum utan einum að þessari tillögu á Alþingi Íslendinga.

Baráttan um Þjórsárver er löng og ströng og ekki hægt

að gera henni skil í stuttri ræðu. En þó má segja að á síðustu árum hafi vindar snúist í baráttunni því að bæði hæstv. núverandi umhverfisráðherra og fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra hafa gefið til kynna að nú kunni að verða breytingar á og að tillaga af þessu tagi nái fram að ganga. Það yrði sannarlega sögulegt og fagnaðarefni í þeim miklu átökum sem hafa staðið og oft verið hálfblóðug, vil ég eiginlega segja.

Náttúruverndarsamtök Íslands hafa kannað hug þjóðarinnar til stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum. Þau létu í árslok árið 2004 gera könnun á því hvernig þjóðin væri innstillt í þeim efnum og niðurstöður könnunarinnar sýndu að tveir þriðju hlutar þjóðarinnar væru hlynntir stækkun friðlandsins.

Rithöfundurinn Andri Snær Magnason gerði grein fyrir sögu Þjórsárvera í bók sinni Draumalandinu, sem þjóðin hefur lesið frá því að hún kom út fyrr á þessu ári. Það er athyglisvert að Andri Snær segir um friðlandsmörkin í bók sinni að þau minni helst á landamæri í Afríku, þau séu dregin með beinum línum. Það er alveg rétt. Það veit það öll þjóðin að það voru virkjanahagsmunir sem réðu mörkum friðlandsins á sínum tíma og þau voru einungis málamiðlun á milli náttúruverndarsinna og hinna svokölluðu tæknimanna sem vildu virkja og gera risastór uppistöðulón í verunum. Sjónarmið tæknimannanna voru raunar á undanhaldi árið 1981 þegar friðlýsingin var auglýst og friðlandsmörkin dregin en þó ekki nægilega því að eftir að friðlandsmörkin voru ákveðin hefur baráttan um veitu í verunum haldið áfram.

Hugmyndin um að Þjórsárver eigi skilið sæti á heimsminjaskrá UNESCO kemur fyrir alvöru inn í umræðuna sumarið 2004. Þá fékk Landvernd tvo færa sérfræðinga, þá Roger Crofts og Jack D. Ives, sem báðir eru afar vel að sér um Þjórsárver og hafa rannsakað þau árum saman, til að skila Landvernd greinargerðum um málefni veranna, verndargildi þeirra og framtíðarsýn. Í greinargerðum þeirra beggja kemur fram að núverandi friðlandsmörk séu algerlega ófullnægjandi og að þeir telji nauðsynlegt að stækka friðlandið til mikilla muna svo verndun nái tilgangi sínum. Þá fjalla þeir báðir um möguleikana á því að Þjórsárver fái sess á heimsminjaskrá UNESCO. Þeir Crofts og Ives hafa báðir unnið með UNESCO og IUCN, Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökunum, við að meta umsóknir um skráningu svæða á þennan mikilvæga lista. Þeir hafa því mikla þekkingu og reynslu í þeim efnum. Það segir sína sögu að þeir skuli báðir telja að svæðið eigi skilið að um það verði fjallað á vettvangi heimsminjaskrárinnar og kannað verði til hlítar hvort það búi yfir þeim kostum sem gætu skipað því á heimsminjaskrá.

Í greinargerð með tillögunni er í stuttu máli farið yfir stöðuna núna, þ.e. frá því að úrskurður setts umhverfisráðherra, Jóns Kristjánssonar, um verin var kveðinn upp í janúar árið 2003. Það má segja að í hnotskurn sé málið þannig að Landsvirkjun hafi áfram sótt það fast að fá heimild til þess að reisa Norðlingaölduveitu með Norðlingaöldulóni neðst í verunum og jafnframt að fá í gegn setlón og veitulón sem úrskurður Jón Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra, gerði ráð fyrir.

Það gerðist síðan að þegar hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps fjallaði um málið, þ.e. um umsókn um að setja framkvæmdina inn á aðalskipulag þar sem miðað yrði við að lónhæðin næði 566 metrum yfir sjávarmáli að sumarlagi og 567,5 yfir sjávarmáli að vetrarlagi, var það heimilað. Sú tilhögun var kynnt og auglýst í janúar 2005, bæði af hreppsnefndinni og samvinnunefnd miðhálendisins. Hreppsnefndinni bárust gríðarlega margar athugasemdir við þennan gjörning, 98 athugasemdir sem vörðuðu Norðlingaölduveitu. Þær voru undirritaðar af 275 einstaklingum. Samvinnunefndin fékk athugasemdir frá 146 aðilum sem allar, utan ein, vörðuðu Norðlingaölduveitu. Ég leyfi mér að fullyrða að þess verði langt að bíða að annar eins fjöldi athugasemda komi við skipulagstillögur á Íslandi. Í öllu falli er það von mín að ekki eigi eftir að verða svo háværar deilur um skipulagstillögur í náinni framtíð, miðað við það hvernig vindarnir virðast vera að snúast þessa dagana.

Samvinnunefnd miðhálendisins ákvað að taka tillit til hinnar miklu andstöðu með því að breyta umfangi Norðlingaölduveitu á endanlegri skipulagstillögu auk þess sem ljóst var orðið að ekki var lengur meiri hluti fyrir því í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps að heimila Norðlingaölduveitu. Hinn 12. ágúst 2005 samþykkti samvinnunefnd miðhálendis tillögu að breytingu á staðfestu svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015 fyrir svæðið sunnan Hofsjökuls. Þar voru tekin út set- og veitulón sem vakið höfðu talsverðar deilur. Þau höfðu verið skrifuð inn sem mótvægisaðgerðir í úrskurði setts umhverfisráðherra ásamt með mannvirkjum tengdum þeim. Þannig var skipulagstillagan send umhverfisráðherra til staðfestingar. Þannig ákvað hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, á fundi sínum í september 2005, að auglýsa aðalskipulag sveitarfélagsins.

Skipulagsstofnun fjallaði um tillögu samvinnunefndarinnar og taldi að með breytingunni á útfærslu Norðlingaölduveitu hefði samvinnunefndin breytt auglýstri tillögu í grundvallaratriðum og því bæri að auglýsa tillöguna á nýjan leik. Einnig taldi Skipulagsstofnun að þær breytingar sem nefndin gerði á tillögunni stönguðust á við lög um raforkuver. Þar sem útfærsla framkvæmdarinnar hefði verið lögfest með úrskurði setts umhverfisráðherra. 29. desember 2005 staðfesti umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, svo skipulagstillögu samvinnunefndarinnar að öðru leyti en því að hún synjaði þeim hluta tillögunnar staðfestingar sem varðaði breytingar á Norðlingaölduveitu. Þannig stendur málið nú og má því segja að skipulag svæðisins sunnan Hofsjökuls sé á byrjunarreit. Því telja flytjendur þessarar tillögu að nú sé lag og logn í kringum þessar hugmyndir. Nú hefur gefist tækifæri til að vernda til framtíðar dýrmætustu gróðurvin á hálendi Íslands, Þjórsárver.

Þótt ég treysti aldrei neinu sem sagt er af ráðamönnum varðandi náttúruvernd fyrr en allt er komið í höfn tel ég engu að síður að það geti verið von um Þjórsárverin. Svo virðist sem Landsvirkjun sé ekki haldin jafnsterkri þráhyggju og verið hefur undanfarin ár, að Norðlingaölduveita sé algjörlega lífsnauðsynleg í þeirri orkuöflun sem Landsvirkjun hyggst ástunda fyrir væntanlegar álversframkvæmdir.

Varðandi væntanlegar álversframkvæmdir vil ég segja að lokum, virðulegi forseti, að það var hlálegt að hafa þurft

að horfa upp á og hlusta á formann Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ræða um stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar sem heyri nú sögunni til enda séu allar hugmyndir um álver og raforkusölu komnar út á almennan markað. Hverjir skyldu hafa stefnt orkusölu til stóriðju þangað? Jú, það hafa ríkisstjórnarflokkarnir gert með dyggum stuðningi á Alþingi. Það hefur orsakað það að nú standa í iðnaðarráðuneytinu yfir 20 umsóknir um rannsóknarleyfi vegna jarðhita og vatnsafls á einum 16 svæðum á landinu. Ég tel eðlilegt, virðulegi forseti, að segja þingheimi hvaða svæði það eru sem nú eru undir hjá hinum markaðsvæddu raforkufyrirtækjum ef fram heldur sem horfir. Svæði sem sótt er um vegna jarðhita eru eftirfarandi:

Brennisteinsfjöll, Fremri-Námar, Gjástykki, Grændalur, Kelduhverfi, Kerlingarfjöll, Krýsuvík og Torfajökulssvæðið. Vegna vatnsafls er sótt um rannsóknir í Skjálfandafljóti, Hólmsá í Skaftártungum, Tungnaá ofan Sigöldustöðvar, Þjórsá neðan Búrfells, Skaftá, sem sé efri hluta Skaftár, austari og vestari Jökulsám í Skagafirði og Hagavatni. Þetta eru umsóknir frá hinum markaðsvæddu raforkufyrirtækjum til hæstv. iðnaðarráðherra, iðnaðarráðuneytisins, vegna þess að afla þarf orku til stóriðju sem stjórnvöld buðu inn á gafl með frægum bæklingi sem sendur var út um heimsbyggð alla til fjárfesta sem vildu fjárfesta í þungaiðnaði eða orkusölu til þungaiðnaðar árið 1995. Forsíðan á þeim bæklingi bar yfirskriftina: „Lowest energy prices." Þarna var Ísland sett á útsölu fyrir tilstuðlan stjórnarflokkanna á Alþingi. Við þá stefnu hefur verið haldið fram á þennan dag og við erum enn að súpa seyðið af henni.

Ef þessi ríkisstjórn leyfir sér að kippa a.m.k. Þjórsárverum endanlega undan hrammi stóriðjufyrirtækjanna, þá má svo sem þakka þeim fyrir það. Auðvitað viljum við, sem höfum barist fyrir náttúruvernd árum saman, miklu meira, en lágmarkið er að friðlandið verði stækkað. Þjórsárverunum verði bjargað undan hrammi orkugræðginnar og farið verði í það af alvöru að koma Þjórsárverafriðlandi á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Læt ég lokið máli mínu að sinni, frú forseti.

[17:31]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er góð tillaga sem hér er flutt til þingsályktunar af hv. þingmanni. Ég hef stutt hana nokkrum sinnum úr ræðustóli á hinu háa Alþingi í umræðum. Það er góðra gjalda vert og þakkarvert að hún skuli flutt hér aftur og mun ég koma að því síðar.

Það er annað mál sem tengist þessu með beinum hætti, um ný friðlandsmörk í Þjórsárverum þannig að verndunin nái tilgangi sínum. Ég tek eindregið undir það að færa friðlandsmörkin út en ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hv. þingmanns hvort komið hafi til umræðu að bæta því jafnvel við þá tillögu að skoðuð verði fyrirhuguð rennslisvirkjanaröð í neðri hluta Þjórsár sem nú stendur til að framkvæma og hafnar eru einhverjar frumathuganir á hvernig staðsettar verði og ráðgert að renni í gegnum Gnúpverja- og Ásahrepp sitt á hvað þannig að hreppurinn breytist að hluta til í eitt stórt uppistöðulón. Það beinir sjónum okkar, sem viljum vernda náttúruperlur eins og Þjórsárverin, að mikilvægi þess að gæta einnig að náttúruvernd, náttúrunýtingu og náttúruperlum í byggð, eins og t.d. í neðri hluta Þjórsár sem segja má að sé framhald af þeirri virkjanaröð þar sem Norðlingaölduveita, sem hér var lagt upp með, væri efst og síðan virkjanaröðin niður eftir sem ná mundi niður ána alla. Tekur hv. þingmaður ekki undir þau sjónarmið og mikilvægi þess að sú umræða hefjist í framhaldi af og meðfram baráttunni um stækkun friðlands í Þjórsárverum að gæta verði þess og jafnvel koma í veg fyrir fyrirhugaða virkjanaröð í neðri hluta Þjórsár, rennslisvirkjanaröð sem rætt hefur verið um á mjög sakleysislegum forsendum en blasir við að mun valda miklum náttúruspjöllum?

[17:33]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður bendir réttilega á að virkjanirnar í neðri Þjórsá hafi verið settar í ferli, umhverfismatsferli, á þeim tíma sem andstaðan við þær var kannski afar lítil. Náttúruverndarsinnar einbeittu sér á þeim tíma að miklu stærri áformum, þ.e. fyrst áformum um Fljótsdalsvirkjun og síðan Kárahnjúkavirkjun. Rennslisvirkjanirnar, sem hann kallar svo, í neðri Þjórsá hafi því farið í gegnum allt þetta ferli án þess nokkur hafi í sjálfu sér mótmælt því.

Hins vegar, eftir því sem manni skilst á landslaginu núna og eftir því sem manni virðast vindarnir vera að snúast, bæði hjá stjórnmálaflokkunum og meðal almennings, má auðvitað gera ráð fyrir, ef Landsvirkjun setur þessar virkjanir á framkvæmdastig, að þeim verði mótmælt. Ég veit að fyrir flokkinn sem sú sem hér stendur talar fyrir, Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, skiptir mestu máli til hvers orkunnar er aflað. Og hvers vegna er verið að tala um að afla orku í neðri Þjórsá? Jú, það er til að stækka álverið í Straumsvík. Erum við sátt við að stækka álverið í Straumsvík og leggja Ásahrepp eða Skeiða- og Gnúpverjahrepp að mestu leyti undir uppistöðulón? Því þótt sagt sé að þetta séu rennslisvirkjanir fylgja þeim lón og verulegar náttúruskemmdir. Þetta mundi breyta ásjónu Þjórsárdalsins svo um munar.

Ég held að ekki sé sopið kálið þó í ausuna sé komið hjá framkvæmdaraðilum hvað þetta varðar. Virkjanirnar í neðri Þjórsá eiga örugglega eftir að mæta mikilli andstöðu ef þær verða settar á framkvæmdaplan.

[17:35]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Það er ánægjulegt að heyra þessi sjónarmið hjá hv. 1. flutningsmanni þessarar tillögu sem hér hefur verið mælt nokkrum sinnum fyrir, um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Auðvitað má segja að átt hafi sér stað einhvers konar mistök, einhver yfirsjón í sambandi við það að virkjanirnar í neðri hluta Þjórsár fengu ekki meiri athygli og meiri umræðu á sínum tíma. Sjónir okkar og þeirra sem barist hafa fyrir náttúruvernd undanfarin ár, ekki síst síðustu missiri frá því að hart var tekist á hér um Eyjabakkavirkjun á haustþinginu 1999, hafa beinst að virkjanaframkvæmdum uppi á hálendinu og það er eðlilegt, en þarna er komið upp nokkuð stórt dæmi um umfangsmiklar framkvæmdir niðri í byggð sem munu hafa mjög mikil áhrif og beint fyrir framan augun á okkur. Ég held að það hljóti að kalla á nokkuð ítarlega

umræðu og viðbrögð við þeim framkvæmdum sem þar kunna að vera að hefjast, hvernig sem þeim lyktar. Auðvitað hafa þær sína kosti í för með sér en raskið er gífurlegt og þetta mun breyta mjög ásýnd þessara sveita og þessara svæða. Það kallar á umræðu. Því vildi ég spyrja hv. flutningsmann þessarar tillögu hvort slík tillögugerð um Þjórsá og virkjanastefnuna þar hefði verið rædd í framhaldi eða meðfram tillögunni um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Ég held alla vega að það sé mikilvægt að hefja þá umræðu núna, samhliða umræðunni um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, hversu langt okkur leyfist að ganga að þessu leyti líka.

[17:37]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þessi tillaga er eins og fram kom hjá hv. 1. flutningsmanni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, sameiginleg tillaga fulltrúa þriggja flokka í stjórnarandstöðu, umhverfisnefndarmanna allra saman, og síðan hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem kemur úr Framsóknarflokki og situr með okkur í umhverfisnefnd. Hún var sem slík fyrst flutt í fyrra en á sér lengri sögu eins og fram kemur í greinargerð.

Það er kannski rétt að bæta því við vegna þess að hún er hér flutt af fulltrúum fjögurra flokka á Alþingi að hinn upphaflegi flutningsmaður þessarar tillögu eða tillögu í þessum dúr var reyndar úr hinum fimmta, Katrín Fjeldsted sem sat á þingi á sínum tíma en gerir það því miður ekki lengur, sem er kannski til marks um framgang náttúruverndar í hennar flokki.

Ég sé að 1. flutningsmaður bankar í borðið þannig að ég er kannski ekki með fulla nákvæmni í mínu máli. Ég biðst þá afsökunar á því, en að minnsta kosti flutti Katrín þessa tillögu á þinginu 2003 eða 2004 að mig minnir.

Þjórsárver hafa frá því fyrir 35–40 árum verið í miðpunkti þeirrar sögu sem síðan hefur gerst hér á landi um umhverfismál og virkjanir. Það er við hæfi að samstaða stjórnarandstöðuflokkanna í umhverfismálum, að ógleymdum Kristni H. Gunnarssyni og hugsanlega einhverjum fleiri úr Framsóknarflokknum, snúist um verin.

Um 1970 var nefnilega lagt til af orkuspekúlöntum og reyndar fræðimönnum að á þessu svæði yrði búið til lón sem héti því ágæta nafni Eyjavatn. Það átti að vera um 200 ferkílómetrar sem er fjórum eða fimm sinnum stærð Mývatns. Það átti að ná yfir allt svæðið og leggja Þjórsárver nánast algjörlega undir sig og ná langt suður eftir landinu. Hæðin átti að vera 593 metrar og það var farið af stað í þann leiðangur að telja mönnum trú um eða reyna að sannfæra menn um að þetta væri skynsamleg notkun á landinu. En þetta var á þeim tímum, sem margnefndur Andri Snær Magnason hefur gert ágæt skil í bók sinni, þegar talað var um að skipta landinu í tvennt, í virkjanasvæði og veiðisvæði. Það væru svona nokkurn veginn þau landnot sem hér ættu að vera.

Það var líka merkilegt, mikilvægur punktur, samkomulagið sem gert var 1981 á milli náttúruverndarmanna og reyndar heimamanna að hluta og síðan stjórnvalda og þá sérstaklega Landsvirkjunar þegar Kvíslaveita var samþykkt, fimm áfangar hennar, en áskilið að Þjórsárver eða stór hluti þeirra yrði að friðlandi og að ekki yrði farið í það sem þá var kallað Kvíslaveita 6. Það er svo auðvitað enn einn punkturinn í þessari sögu þegar verin voru lýst Ramsarsvæði árið 1990 þó að lítið hafi verið gert í framhaldi á því.

Síðari sögu þessa máls ætla ég ekki að rekja hér þótt það væri hægt og geri það ef óskað er eftir, en hún er hingað komin að Þjórsárver eru að forminu til í mjög mikilli hættu. Það hefur ekki verið ákveðið í skipulagi hvernig því skuli háttað á þessu svæði. Í raforkulögum er kveðið á um leyfi til að koma upp Norðlingaölduveitu og stendur í sjálfu sér ekkert á því að Landsvirkjun fari í þá veitu nema skipulagið. Þannig stendur þetta að formi til en í hugum manna hefur hins vegar margt gerst. Það hefur gerst sem betur fer tiltölulega hratt á síðustu árum. Flokkar hafa tekið þá afstöðu að vernda þetta svæði, nú þrír flokkar og ég býð spenntur eftir að vita hvað gerist hjá hinum fjórða þegar hæstv. umhverfisráðherra hefur ræðu sína á eftir, sem mér sýnist hún vera að búa sig til. Það er mikils um vert ef okkur tekst að ná saman um að friða Þjórsárverin öll og stækka friðlandið, að ég tali ekki um að hefja undirbúning að því að koma öllu þessu svæði saman á heimsminjaskrá.

Rétt er og við hæfi að þakka hér úr þessum stóli þegar svona er komið, að mati a.m.k. bjartsýnna manna, þeim sem hafa borið hitann og þungann af þessu máli, því að það hafa ekki verið við stjórnmálamenn í flokkunum þó að við viljum láta þakka okkur margt. Þótt náttúruverndarmenn um allt land hafi lagt sitt lóð á vogarskálina voru það heldur ekki þeir sem réðu úrslitum heldur var það staðfesta heimamanna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, einkum hinum gamla, forna Gnúpverjahreppi, sem létu ekki sífelldan áróður, boðskap um þá asna klyfjaða gulli sem á leiðinni væru, þrýsting og hótanir, hafa áhrif á sig heldur stóðu með sínum stað, með dýrmætunum í sinni sveit allan tímann og gera enn. Ég held að við ættum að sameinast núna um að þakka þessu fólki, því sem lífs er og því sem liðið er, fyrir að hafa haldið uppi merkinu. Ég vil ljúka ræðu minni með þeim orðum.

[17:45]

**Útbýting:**

Aðgangur að háskólum, 146. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 146.

Almannatryggingar, 54. mál, frv. ÞBack og ÖJ, þskj. 54.

Áhrif gengisþróunar á rekstrarafkomu heilbrigðisstofnana, 166. mál, fsp. MF, þskj. 166.

Bann við botnvörpuveiðum, 196. mál, fsp. GHj, þskj. 197.

Barna- og unglingageðdeildin, 171. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 171.

Brottfall úr framhaldsskólum, 155. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 155.

Ekron-starfsþjálfun, 144. mál, fsp. VF, þskj. 144.

Forvarnir gegn fíkniefnum og meðferð ungra fíkniefnaneytenda, 154. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 154.

Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi, 156. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 156.

Gini-stuðull, 173. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 173.

Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, 170. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 170.

Grunnskólar, 87. mál, frv. BjörgvS o.fl., þskj. 87.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands, 164. mál, fsp. MF, þskj. 164.

Heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið, 19. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 19.

Hjúkrunarrými, 145. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 145.

Hvalsnes- og Þvottárskriður, 159. mál, fsp. HBl, þskj. 159.

Járnblendiverksmiðja á Grundartanga, 161. mál, fsp. KolH, þskj. 161.

Kostnaður vegna hjúkrunarrýma, 183. mál, fsp. MF, þskj. 184.

Kröfur tryggingafélaga um upplýsingar, 172. mál, fsp. KJúl, þskj. 172.

Leiðbeiningarreglur í anda ILO-samþykktar nr. 158, 143. mál, fsp. VF, þskj. 143.

Leiga aflaheimilda, 179. mál, fsp. GÖrl, þskj. 180.

Meðlagsgreiðslur, 116. mál, fsp. JóhS, þskj. 116.

Nám í fótaaðgerðafræði, 182. mál, fsp. AKG, þskj. 183.

Raforkuverð til garðyrkjubænda, 150. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 150.

Rannsóknarboranir á háhitasvæðum, 160. mál, fsp. KolH, þskj. 160.

Reiknilíkan heilbrigðisstofnana, 163. mál, fsp. MF, þskj. 163.

Rekstur heilbrigðisstofnunar Suðurlands, 165. mál, fsp. MF, þskj. 165.

Réttargeðdeild að Sogni, 162. mál, fsp. MF, þskj. 162.

Sjálfsvíg, 167. mál, fsp. VF, þskj. 167.

Skólagjöld í opinberum háskólum, 152. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 152.

Staðbundið háskólanám á landsbyggðinni, 157. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 157.

Starfsmannaleigur, 142. mál, fsp. VF, þskj. 142.

Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, 153. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 153.

Störf hjá Ratsjárstofnun, 181. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 182.

Tekjuskattur, 53. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 53.

Veðurathuganir á Stórasandi, 158. mál, fsp. HBl, þskj. 158.

Viðhald og endurbætur á vegum, 139. mál, fsp. GAK, þskj. 139.

Þjónusta á hjúkrunarheimilum, 180. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 181.

[17:45]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo að hlutum sé til haga haldið þá gat hv. þingmaður um það að Katrín Fjeldsted, hv. fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefði flutt sambærilega tillögu og komið fyrst með tillögu af þessu tagi fyrir Alþingi. Það er ekki alveg kórrétt. Katrín Fjeldsted flutti tillögu til þingsályktunar um friðland í Þjórsárverum á 131. löggjafarþingi þar sem hún lagði til að Alþingi skoraði á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að friðlandið í Þjórsárverum yrði stækkað og að Þjórsárver yrðu sett inn á heimsminjaskrá UNESCO.

Á sama þingi lá fyrir í fjórða sinn tillaga frá þeirri sem hér stendur um þann þátt málsins sem lýtur að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Sú tillaga var fyrst lögð fram á 127. löggjafarþingi.

Katrín gerði hins vegar eitt. Hún átti frumkvæðið að því að bæta inn í tillöguna því sem lýtur að heimsminjaskrá UNESCO. Það á hún og síðan tókum við sameiginlegu flutningsmennirnir sem fluttum tillöguna á síðasta ári hennar línu upp í okkar tillögu þannig að samsuðuna getum við öll þakkað okkur.

En það er rétt, við höfum átt dyggan stuðningsmann í Katrínu Fjeldsted, við sem höfum viljað að friðlandið yrði stækkað og að Þjórsárverum yrði komið á heimsminjaskrá. Það er því gott að hennar skuli getið í þessari umræðu.

[17:47]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Hér er mikilsvert þingmál á ferðinni sem er eitt af þeim þingmálum sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa sameinast um að flytja auk hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Þetta er eitt af mikilvægustu þingmálunum og hefur verið flutt hér áður, eins og fram hefur komið, og hefur náðst nokkur áfangi í málinu.

Fyrir fjórum, fimm árum var ég staddur á fundi uppi í Árnesi sem nokkrir heimamenn í Gnúpverjahreppi héldu til að blása til sóknar í baráttunni fyrir friðun Þjórsárvera og verndun þegar við blasti að þar ætti að reisa Norðlingaölduveitu.

Sú sókn tókst mjög vel. Þar börðust margir mjög glæsilegri baráttu. Ég held að ekki sé hallað á neinn þó Sigþrúðar Jónsdóttur sé þar sérstaklega getið. Hún leiddi þá baráttu af miklu harðfylgi og miklum dugnaði fyrir stækkun friðlands Þjórsárvera og gegn því að Norðlingaölduveita yrði þar reist. Málið var að sjálfsögðu mikið deilumál þar upp frá eins víðast annars staðar.

Þá stóðu heimamenn að mikilli undirskriftarsöfnun fyrir nokkrum árum til stuðnings málinu og gerðu margt til að vekja rækilega athygli á því hve mikilvægt er að þessi stærsta og gróðurríkasta votlendisvin á hálendi Íslands skuli vernduð í heild sinni.

Það blasir við, eins og umræðan er núna, að töluverð sátt virðist vera um það í samfélaginu að þessa náttúruperlu skuli vernda og á hana skuli ekki gengið í þágu virkjana og stóriðju. Það er mjög ánægjuleg þróun sem hefur átt sér stað í pólitískri umræðu um Þjórsárver. Þetta mál hefur verið til umræðu allt frá 1970, eða þar um bil, þegar mikill baráttufundur var fyrst haldinn um fyrirhugaðar framkvæmdir um veitu þarna upp frá sem mundi skerða mjög verin.

Það hefur sem sagt verið mikil umræða um það síðan. Frá því, eins og hér segir, að tillagan var upphaflega lögð fram hefur baráttunni um friðun Þjórsárvera aukist mjög atfylgi. Þeim hefur fjölgað mjög sem vilja að Þjórsárver njóti verndar þannig að vistkerfið raskist ekki og þessi sérstaka landslagsheild fái að halda sér eins og hún er. Það hefur verið virkjað þarna niður eftir allri ánni og gengið mjög á Þjórsána sem slíka og henni breytt mjög, farvegi hennar og fossum. Miklu hefur verið fórnað þarna.

En það er sérstaklega ánægjulegt að sátt skuli nást á milli allra stjórnarandstöðuflokkanna og þingmanna úr stjórnarliði, bæði þeirra sem nú sitja á Alþingi og þeirra sem sátu áður — og nefndir hafa verið í umræðunni — um

að þetta sé eitt af baráttumálunum. Það skuli setja ný friðlandsmörk í Þjórsárverum svo verndunin nái tilgangi sínum og Þjórsárverin verði um aldur og ævi vernduð fyrir frekari virkjunarhugleiðingum og virkjunarframkvæmdum.

Því ber að fagna og ég hef tvisvar eða þrisvar áður lýst yfir stuðningi við þetta mál. Síðan þá hefur þeim fjölgað mjög sem vilja friða Þjórsárverin og leggja þar ný friðlandsmörk. Um það er ekkert nema gott að segja.

Krafan um að hætt verði við áform um Norðlingaölduveitu er hávær. Hún er almenn. Það er að mínu mati víðtæk sátt í samfélaginu um að þessari náttúruperlu skuli ekki fórnað með neinum hætti. Það mundi upphefjast hatrömm og langvinn deila ef til stæði að ganga með nokkrum hætti á hana.

[17:51]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð frá mér um það þingmál sem hér liggur fyrir, um ályktun um að stækka Þjórsárverin og vernda þau í heild sinni, þar sem ég er einn af *flutningsmönnum* þess.

Tillaga um þetta efni var flutt á flokksþingi framsóknarmanna á síðasta ári, árið 2005, og var það til umræðu í nefnd í þinginu og var ekki útrætt. Ég geri ráð fyrir því að málið verði rætt áfram á flokksþinginu sem fram verður haldið í febrúar á næsta ári. Ég geri mér vonir um að fá jákvæða afgreiðslu á tillögunni sem lögð var fram á síðasta ári og ég flutti ásamt fyrrverandi forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni.

Síðan málið var flutt hjá okkur á síðasta ári hefur margt breyst, eins og komið hefur fram hér í umræðunni. Veruleg viðhorfsbreyting hefur orðið í þjóðfélaginu og ég vil sérstaklega geta þess að nýr umhverfisráðherra, hv. ráðherra Jónína Bjartmarz, hefur lýst yfir stuðningi við meginefni þessa máls um að stækka friðlandið og vernda það. Hún hefur sett vinnu í gang með heimamönnum um að vinna að tillögugerð um stækkun friðlandsins og endurskoða skilmálana á því.

Innan Framsóknarflokksins er því veruleg hreyfing til stuðnings við þetta mál. Ég vildi, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri til að greina frá því og lýsa því jafnframt yfir *að ég fagna þeim mikla stuðningi sem málið hefur hlotið.* Ég vænti þess að þetta þing geti afgreitt málið með farsælum hætti.

[17:53]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir ágæta umræðu um þessa tillögu til þingsályktunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Hv. 1. flutningsmaður tillögunnar, Kolbrún Halldórsdóttir, gerði grein fyrir því að þetta væri eitt af þremur málum sem stjórnarandstöðuflokkarnir hér á þingi væru sammála um að beita sér fyrir.

En eins og síðan hefur komið fram í umræðunni er stuðningsmenn um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum ekki einungis að finna innan stjórnarandstöðunnar heldur í öllum stjórnmálaflokkum hér á þingi. Hér hafa verið tilnefndir þingmenn eins og Katrín Fjeldsted sem sat á þingi fram að síðustu kosningum og var stuðningsmaður þessa máls. Eins hefur fráfarandi umhverfisráðherra, hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, lýst yfir stuðningi við þessa tillögu og það hef ég jafnframt gert eftir að ég tók við því ráðuneyti.

Stuðningurinn er því mjög víðtækur. Ég tek undir orð þingmanna sem hér hafa talað um að sá stuðningur fer vaxandi. Í öllum flokkum á Alþingi er að finna stuðningsmenn við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Eins og hv. 1. flutningsmaður, Kolbrún Halldórsdóttir, gerði grein fyrir í sinni framsögu — þar sem hún rakti stöðuna nú og ferlið allt frá 2002 fram til dagsins í dag — er málið nú á byrjunarreit. Vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í kjölfar dóms Hæstaréttar nú á dögunum, sem lagði fyrir Landsvirkjun að málið þyrfti að hluta til að fara í umhverfismat upp á nýtt — það er dómur sem Landsvirkjun hefur ekki áfrýjað — er málið, eins og hv. þingmaður sagði, á byrjunarreit. Skipulagsvaldið er hjá sveitarstjórnarmönnum. Að því skoðuðu og þeirri stöðu sem málið var í þá ákvað ég nú á dögunum, eftir að hafa fundað með sveitarstjórnarmönnum báðum megin við ána, að skipa í samráði við þá starfshóp um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og breytingu á friðlýsingarskilmálum frá því sem þeir eru núna.

Það er staðan í málinu eins og hún er. Þegar verið er að tala um að stækka friðlandið er útgangspunkturinn í baráttunni um verndun Þjórsárveranna stuðningur við að Þjórsárverin njóti víðtækrar og markvissrar verndar svo hvorki raskist vistkerfi veranna né hin sérstæða landslagsheild sem þau mynda. Þetta hlýtur að vera útgangspunkturinn hjá þeim sem vilja færa friðlandið út og stækka það.

Hv. þm. Mörður Árnason, að mig minnir, hafði orð á því hér áðan að mörk friðlandsins séu dregin eins og landamæri einhvers staðar í Afríku — eða var það hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir? Þá bið ég hv. þm. Mörð Árnason velvirðingar á því (Gripið fram í.) — hefur það eftir Andra Snæ Magnasyni. Hvaðan sem það nú kemur er mjög óeðlilegt út frá þessum forsendum friðlandsins að vernda þessa heild, að það séu dregnar eins kantaðar línur og raun ber vitni á þessu korti.

Ég geri ráð fyrir að í vinnunni sem þessi starfshópur ræðst í verði það fyrst og fremst skoðað að halda Þjórsárverunum sem heild út frá þeirri forsendu að hvorki raskist vistkerfi veranna né hin sérstæða landslagsheild sem verin mynda. Ég geri ráð fyrir að það sé útgangspunkturinn.

Verndun Þjórsárveranna, eins og hv. þingmenn í umhverfisnefnd vita, var ekki í náttúruverndaráætlun sem Alþingi afgreiddi frá sér, en var meðal þeirra 77 hugmynda sem unnið var að í undirbúningi að henni — og var lagt fram í upphafi. Það liggur náttúrlega fyrir að aldrei hefur verið ráðist í friðlýsingu í bága við heimamenn neins staðar. Ég vænti góðs af samstarfi við heimamenn og að þeir skili innan skamms niðurstöðum sínum og hugmyndum um hvernig að stækkuninni verði staðið og skilmálunum breytt.

[17:59]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að þakka fyrir yfirlýsingu hæstv. umhverfisráðherra úr þessum ræðustóli þar sem hún tekur af öll tvímæli um vilja sinn hvað varðar stækkun

friðlands í Þjórsárverum. Ég fagna því að starfshópur skuli vera farinn af stað. Ég treysti því að áfram verði unnið að málinu í umhverfisráðuneytinu svo það fái framgang og því ljúki með farsælli stækkun friðlandsins.

En hvað það varðar að koma því á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna þætti mér fengur að því að fá hæstv. umhverfisráðherra til að segja nokkur orð um hvort slíkt sé í undirbúningi og hvort hún muni beita sér fyrir því að af slíku geti orðið.

[17:59]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Seinni hluti tillögu til þingsályktunar sem við ræðum hér snýr að því að vinna að því að hið stækkaða Þjórsárverafriðland verði tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO. Ef við skoðum greinargerðina er vísað hér í tvo ágæta og mjög færa sérfræðinga um þetta mál. Þeir hafa sagt að þeirra skoðun sé sú að núverandi friðlandsmörk séu algerlega ófullnægjandi og þeir telji nauðsynlegt að stækka friðlandið til mikilla muna svo verndunin nái tilgangi sínum. Sem það gerir náttúrlega ekki endilega með þeim beinu línum sem eru dregnar á þessu korti.

Síðan segir nánar í greinargerðinni: Það segir sína sögu að báðir telja að svæðið eigi það skilið að um það verði fjallað á vettvangi heimsminjaskrárinnar og kannað til hlítar hvort það búi yfir þeim kostum.

Það er nú kannski skemmst frá því að segja að innan ráðuneytisins er enginn undirbúningur hafinn að þessu. Ég tel að næsta málið sé að ljúka þessari stækkun friðlandsins áður en menn huga að könnun á því hvort Þjórsárverin eiga heima á heimsminjaskránni.

[18:01]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var varfærnislegt svar hjá hæstv. ráðherra. Ég tek það engu að síður gott og gilt. Mér þykir fengur í að hafa fengið þá yfirlýsingu sem komin er frá hæstv. ráðherra. En mér þætti líka eðlilegt að hún beitti sér fyrir því að farið yrði í þennan undirbúning í beinu framhaldi og við settum Þjórsárver inn á listann sem við erum nú þegar aðilar að með ákveðin svæði, nefni ég þar Skaftafell og fleiri svæði sem komin eru inn á hinn svokallaða „tentatífa" lista heimsminjaskrárinnar. Þar mundu Þjórsárverin sóma sér afar vel. Ég hvet hæstv. umhverfisráðherra til að beita sér fyrir því að þangað komist þau hið fyrsta.

[18:02]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það er ekki að orðlengja að stuðningur hæstv. umhverfisráðherra við málið er ákaflega mikilsverður og verður að ætla að þau tvö, hæstv. ráðherra Jónína Bjartmarz og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, tali hér fyrir hönd Framsóknarflokksins alls. Þá eru komnir fjórir flokkar af fimm á þinginu sem vilja stækka friðlandið í Þjórsárverum.

Til að taka af öll tvímæli þá er það þannig að í landinu eru lög um raforkuver, ekki raforkulögin, eins og mér varð á að segja áðan, sem eru beinlínis andstæð þessu áhugamáli okkar. Þar er Landsvirkjun talið heimilt, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra, að reisa og reka vatnsmiðlun með Norðlingaölduveitu sem allir vita að mundi eyðileggja verulegan hluta þessa friðlands og koma í veg fyrir þessa stækkun. Hér þarf því bæði að segja A og B. Ég vil bara ganga úr skugga um það í eitt skipti fyrir öll að umhverfisráðherra hyggist, þótt síðar verði á þessu þingi eða kannski enn síðar, styðja frumvarp um breytingu á lögum um raforkuver, um að fella út heimildina til þess að reisa Norðlingaölduveitu.

[18:04]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna því samstarfi sem hæstv. ráðherra boðar við heimamenn og starfshópi sem skipaður hefur verið um friðun Þjórsárvera. Í því ljósi vildi ég nota tækifærið til að lýsa harmi mínum yfir því að hægri grænir í Sjálfstæðisflokknum hafi ekki tekið þátt í þessari umræðu og að úr þeim hægri græna flokki sé enginn flutningsmaður að þessari tillögu.

Virðulegur forseti, sem tilheyrir þeirra hópi, hef ég lesið um, kemur kannski inn í þessa umræðu síðar. En það væri fróðlegt að heyra sjónarmið sjálfstæðismanna og vitorð hinna nýhægrigrænu manna þar í þessu grundvallarmáli í íslenskri náttúruvernd, sem er friðun Þjórsárvera.

En ég vildi spyrja hæstv. ráðherra, í ljósi þess að mjög víðtæk samstaða hefur náðst um það og skilningur á mikilvægi þess að friða Þjórsárver, hvort ekki sé ástæða til að taka upp og endurskoða fyrri áform um rennslisvirkjanirnar þrjár í neðri hluta Þjórsár, hvort það sé þess virði að fórna því fallega landi sem þar fer undir lón, með gjörbreyttri ásýnd sem þær virkjanir mundu valda á hreppunum sem það færi í gegnum, í brunaútsölu á raforkuverði til stóriðju. Þarf ekki að endurskoða þau áform og þá ákvörðun?

Ég held að sýnt hafi verið ákveðið glapræði á sínum tíma þegar það mál var metið og kannað og nauðsynlegt sé að endurskoða áform um þær virkjanir og skoða út frá samhengi þeirra hluta sem við ræðum um í náttúruvernd á Íslandi í dag.

[18:06]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson spyr um afstöðu mína til virkjana í neðri hluta Þjórsár, þ.e. Þjórsár í byggð. Ég skil hv. þingmann þannig að hann sé andvígur þeim virkjunum sem þar eru komnar á framkvæmdastig.

Í allri þessari umræðu um virkjanir, hvort sem um er að ræða vatnsaflsvirkjanir eða jarðvarmavirkjanir, þá hafa menn stundað það að slá fram tilteknum stöðum og svæðum og kalla eftir afstöðu manna til þess, hvort þeir vilji virkja eða vilji ekki virkja. Ég ætla ekki, í umræðu um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, að taka beina afstöðu með eða á móti viðkomandi virkjunum. En eins og kom fram í umræðunni fyrr í dag þá er þetta komið á framkvæmdastig, að loknu öllu skipulags- og undirbúningsferli. Ég ætla að það sé með vilja heimamanna, skipulagið sem þessar virkjanir falla undir. Ég hef ekki heyrt að við það sé mikil andstaða eða nokkur andstaða við að fylgja þeim framkvæmdum eftir, a.m.k. ekki þar sem ég hef kynnt mér málið. Þetta hefur til þessa ekki verið eitt af þeim svæðum

sem hefur verið ágreiningur um í hinni almennu umræðu. Ég held, án þess að ég ætli að gera lítið úr þessu eða leggja nokkurt mat á það, að almennt sé meiri stuðningur við að náttúruverndargildi margra annarra svæða sé meira.

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þessa í umræðu um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

[18:08]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat ekki skilið ráðherrann öðruvísi en svo að hún væri fylgjandi þessum áformum. En ég þekki býsna vel, af því að ég á heima í umræddri sveit og hef átt heima þar í 30 ár, frá því að ég var 6 ára gamall, fyrst inni í Búrfellsvirkjun og núna á bænum Skarði í Gnúpverja- og Skeiðahreppi, þessa umræðu og hef fylgst mjög náið með henni í mörg ár. Ég er ekki að slá neinu fram út af því að það sé komið á framkvæmdastig.

Ég hef fylgst með umræðunni lengi og tekið þátt í henni með öðrum heimamönnum. Ég veit af andstöðu ýmissa við þessi áform. Ég gæti nefnt nöfn þeirra, fólks sem hefur vakið þjóðarathygli, eins og Jóhönnu í Haga og Sigþrúðar Jónsdóttur, sem ég nefndi áðan. Ég gæti nefnt fleiri, fólk sem liggur ekkert á skoðunum sínum og hefur kynnt þær á opinberum vettvangi.

Ég skora á hæstv. umhverfisráðherra að kynna sér það mál betur um leið og ég harma þá jákvæðu tóna sem var að finna hjá henni í garð þessara rennslisvirkjana í neðri Þjórsá.

[18:09]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því nú að það er koma fram víðtækur stuðningur við þessa tillögu og að líta megi svo á að við náum því fram á þessu þingi að friðlýsa Þjórsárverin, þetta mikla, stóra og gróðurríkasta votlendi á hálendi Íslands.

Það er vissulega ánægjulegt að fulltrúar Framsóknarflokksins skuli hafa bæst í hópinn og styðji það að útfæra mörk friðlandsins þannig að sem mest af gróðurlendi Þjórsárvera verði innan þess. Þá er væntanlega í augsýn niðurstaða um að hér á Alþingi náist sátt um hvernig Þjórsárver verði vernduð til framtíðar og það eru mikil tímamót í umræðunni.

Við í Frjálslynda flokknum styðjum þessa tillögu eins og komið hefur fram. Við teljum að hér sé hreyft afar þörfu máli og fögnum því að við það sé víðtækur stuðningur og nokkuð öruggt að það gangi eftir á þessu þingi, að það verði samþykkt til endanlegrar afgreiðslu með það að markmiði að deilum um Þjórsárver ljúki og þau verði vernduð fyrir íslenska þjóð til allrar framtíðar.

[18:11]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Til að forðast allan misskilning vil ég strax segja að ég fagna mjög þátttöku hæstv. umhverfisráðherra í þessari umræðu, sem henni var auðvitað ekki skylt að taka þátt í. Hún gerir það af fúsum og frjálsum vilja og gaf mjög mikilvægar yfirlýsingar í framhaldi af þeim sem gefnar voru í umræðunni um stefnuræðu forsætisráðherra.

Hins vegar verða menn, ef þeir ganga hér til umræðu, að sæta því að fá á sig andsvör, sem ekki eru öll endilega fjandsamleg. Það er auðvitað hverjum í sjálfsvald sett hvort hann bregst við þeim andsvörum en ég verð nú að segja að mér þykir eðlilegt og þinglegt að gera svo þegar um er að ræða beinar spurningar til ræðumanns en ef til vill síður þegar um er að ræða leiðréttingar, eins og var hér fyrr í umræðunni.

Ég lagði spurningu fyrir ráðherrann sem mér finnst eðlilegt að ráðherrann svari. Ég bið hæstv. umhverfisráðherra að gera það í andsvari við ræðu minni. Ég hef skapað tækifæri til þess að það gerist og geri ráð fyrir, a.m.k. þar til annað kemur í ljós, að þetta hafi einfaldlega verið einhvers konar mistök eða vangá af hálfu ráðherrans.

Spurningin var þessi: Þar sem okkur er annt um friðlandið í Þjórsárverum og viljum stækka það og þar sem umhverfisráðherra hefur komið á fót starfshópi þar sem sjónarmið heimamanna koma m.a. fram, tekur þá ekki umhverfisráðherra undir þá meginhugmynd framkomins frumvarps til laga — jafnvel þótt hún kunni að geyma afstöðu sína til sjálfs frumvarpsins þangað til kemur að atkvæðagreiðslu um það — að það beri að fella út úr lögunum um raforkuver leyfi það eða þá heimild sem Landsvirkjun fékk þar til þess að reisa og reka vatnsmiðlunina Norðlingaölduveitu?

[18:13]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Einhvern veginn fór það fram hjá mér, þegar hv. þm. Mörður Árnason var í ræðustól áðan í andsvari, að hann bæri upp beina spurningu til mín. Mér heyrðist hv. þm. Mörður Árnason segja að þess mætti vænta eða hann gerði ráð fyrir því, hv. þingmaður, að ég tæki afstöðu með þingmáli sem lýtur að því að afturkalla þetta leyfi. Mér fannst það í raun ekki svaravert og ekki kalla á neitt svar, heldur vera einhverjar hugmyndir sem hv. þingmaður hefði.

Nú er það svo að skipaður hefur verið starfshópur til að fara yfir þessi mál um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Ég geri ráð fyrir því að innan nokkuð skamms tíma, kannski einhverra vikna, liggi afstaðan, hugmyndir og tillögur, fyrir frá þeim starfshópi. Ef niðurstaðan verður sú að friðlandið skuli stækkað þá er eðlilegt að gera ráð fyrir því í framhaldinu að í friðlýsinguna verði ráðist. Þá segir það sig sjálft að þetta mál, þetta ágæta þingmál sem hér er til umræðu, kemur ekki nauðsynlega til atkvæðagreiðslu í þinginu né heldur sú tillaga um breytingu á raforkulögum sem hv. þingmaður hafði orð á.

Það segir sig sjálft. Afstaða mín til stækkunar friðlandsins bíður ekki eftir atkvæðagreiðslu um þetta mál, hv. þingmaður, vegna þess að ég hef lýst henni í ræðustól í umræðunni í dag og ég gerði það líka í umræðunni um stefnuræðu forsætisráðherra. Afstaða mín er sú að það eigi að ráðast í stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og hverfa frá þeim orkunýtingaráformum sem þar hafa verið uppi. Það þarf ekki að bíða eftir afstöðu minni fram að þeirri atkvæðagreiðslu og ég geri jafnvel ekki ráð fyrir því að á það reyni að frumvarp til breytinga á lögum um raforkuver komi til atkvæðagreiðslu í þinginu.

[18:15]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég er ánægður með að hér skuli hafa verið um misskilning að ræða. Ég er að vísu óvanur því að menn taki ekki eftir því hvað ég meina hér í ræðustólnum en það kann að koma fyrir hina bestu menn að lenda í slíku.

Ég er líka þokkalega ánægður með svarið sem hæstv. umhverfisráðherra gaf. Þó að hún efist um að hún þurfi að greiða atkvæði um það frumvarp til laga sem fram er komið og við ræddum um, þá styður hún meginhugmyndir þess. Það var það svar sem ég bað um að fá og það er svar sem ég er ánægður með.

[18:16]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður getur treyst því að ég legg mjög vel við hlustir þegar hann talar, ekki síst um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, en það fór fram hjá mér að hv. þingmaður óskaði sérstaklega eftir svari.

Mig langar, herra forseti, í lok þessarar umræðu að þakka fyrir hana. Það er ljóst eins og ég sagði í upphafi, að áhugamenn um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum tilheyra ekki eingöngu stjórnarandstöðuflokkunum hér á Alþingi heldur jafnframt stjórnarflokkunum og sú sem hér stendur er ein af þeim, auk þeirra sem ég hef áður tilnefnt, þ.e. fyrrverandi umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, Katrín Fjeldsted þingmaður, og ég leyfi mér að fullvissa hv. þingmenn, sem eru viðstaddir þessa umræðu og taka þátt í henni, að það eru einnig fjölmargir aðrir, eins og hefur komið fram í umræðunni. Viðhorfin hafa breyst, stuðningurinn við þessa stækkun er alltaf að eflast og ég gaf það út fljótlega eftir að ég kom í umhverfisráðuneytið í sumar, eftir að dómur gekk, að afstaða mín væri sú að stækka ætti friðlandið og ég ákvað að stíga næsta skref sem var að formgera þá afstöðu í samráði við heimamenn. Stuðningur minn við meginmál og efni þessarar þingsályktunartillögu er því alveg ljós. Ég vænti þess að stuðningur hv. þingmanna, flutningsmanna þessa máls, sé líka einhlítur við vinnu starfshópsins og við séum sammála um að bíða eftir því að sjá hver niðurstaðan úr þeirri vinnu verður og hvaða tillögur koma frá starfshópnum um stækkunina og breytingar á friðlandinu og skilmálana sem lagðir verða til grundvallar.

[18:18]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra, Jónínu Bjartmarz, og öðrum þeim sem hafa tekið þátt í umræðunni um þingmál Kolbrúnar Halldórsdóttur, Marðar Árnasonar og fleiri þingmanna í umhverfisnefnd. Ég get vel lýst því yfir að ég hlakka til að sjá niðurstöður starfshópsins, einkum ef þær fara að berast innan nokkurra vikna, og vænti þess að umhverfisráðherra greiði atkvæði með þingsályktunartillögu okkar sem þegar er ljóst að nýtur meirihlutastuðnings í þeirri nefnd sem hún fer til, nefnilega umhverfisnefndar.

[18:19]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir)**:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þakkir þingmanna fyrir þessa umræðu. Ég vil meina að dropinn holi steininn í þessum efnum. Það kom fram fyrr í umræðunni að ég flutti þessa tillögu fyrst á 127. löggjafarþingi, sem mun hafa verið haldið hér árið 2001–2002. Þar var tillagan á þingskjali 8 og síðan höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flutt hana árvisst og ég vona sannarlega að þetta sé í síðasta sinn sem ég tala fyrir hana hér. Verði það svo er það vegna þess að á þinginu næst víðtæk samstaða um að sú leið sem hér er lögð til verði farin.

Ég tel mig hafa í höndunum vonir um að slíkt geti orðið hvort sem það verður þessi tillaga sem kemur aftur til afgreiðslu á þinginu eða það verður með öðrum hætti, að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum eigi sér stað, þá get ég látið mér það í léttu rúmi liggja, tæknilega séð. Meginmarkmiðið er að staðfesta þarf þann vilja þjóðarinnar að Þjórsárver fái þann sess sem þeim ber og að náttúruvernd verði þá kannski líka hafin til vegs og virðingar á ný á Íslandi og hún eigi þá von um bjartari tíma fram undan.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson minntist á baráttufólkið í Gnúpverjahreppi og staðfestu þess í þessum málum. Ég vil taka undir það sem hann sagði. Það er á engan hallað í dag að segja að þar hafi staðið framarlega Sigþrúður Jónsdóttir frá Eystra-Geldingarholti. Hún hefur farið fyrir áhugahópi um verndun Þjórsárveranna og hefur staðið sig með stakri prýði þar. Það verður samt að geta annars manns, úr því að Gnúpverjar eru nefndir, en það er fyrrum oddviti Gnúpverja, Már Haraldsson. Már Haraldsson starfaði í Þjórsárveranefnd og barðist ötullega fyrir stækkun friðlandsins og fyrir vernd Þjórsárveranna. Hann lést langt fyrir aldur fram í apríl 2004 og af því að ég held á Draumalandinu hans Andra Snæs Magnasonar þá segir um Má Haraldsson í bókinni, þar sem vitnað er í andlátsfrétt sem birtist í Morgunblaðinu þegar hann var látinn aðeins fimmtugur að aldri eftir erfiða baráttu við krabbamein, með leyfi forseta:

„Hann leiddi meiri hluta hreppsnefndar á umbrotatímum þegar áform Landsvirkjunar um Norðlingaölduveitu voru til umfjöllunar. Barðist Már gegn þeim framkvæmdum, alveg fram á síðasta dag."

Um það get ég vitnað, það gerði hann og var einn ötulasti baráttumaður sem ég hef á ævi minni hitt. Blessuð sé minning hans.

Það er gaman í lok þessarar umræðu að segja frá því að ég var stödd á fjölmennum fundi í Árnesi sem haldinn var til verndar verunum 24. maí 2001. Þetta var einn af þessum skemmtilegu gamaldags sveitarfundum, húsið var alveg sneisafullt af fólki og afar eindreginn vilji fundarins var innsiglaður í yfirlýsingu eða ályktun sem birtist í greinargerð þeirrar tillögu sem ég flutti hér fyrst og nefndi áðan, árið 2001.

En það er annar fundur sem haldinn var í þessu sama Árnesi 17. mars 1972. Sá fundur mun hafa verið afar sögulegur. Hann sendi frá sér ályktun sem ég held að sé alveg við hæfi í lok umræðunnar að lesa og láta þá verða lokaorð í þessari umræðu.

Ályktunin var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fjölmennur sveitarfundur Gnúpverja, haldinn að til-

hlutan landgræðslunefndar Ungmennafélags Gnúpverja í Félagsheimilinu Árnesi 17. mars 1972, lýsir yfir eindreginni andstöðu við rafvæðingaráætlanir þar sem gert er ráð fyrir myndun uppistöðulóns í Þjórsárverum. Fundurinn vekur athygli á nokkrum mikilvægum atriðum varðandi Þjórsárver:

a. Þjórsárver eru geysistór og einstæð vin á miðhálendi Íslands. Þau eru umlukin auðnum á alla vegu og eiga ekki sinn líka hvaða varðar fjölbreyttan gróður og fuglalíf.

b. Gróðureyðing í aldaraðir er alvarlegasta vandamál náttúruverndar á Íslandi. Verði Þjórsárver sett undir vatn er gróðri og gróðurfari landsins unnið óbætanlegt tjón. Auk þess eru miklar líkur á því að mismunandi hæð yfirborðsvatnsins í fyrirhuguðu lóni í Þjórsárverum orsaki uppblástur.

c. Þjórsárver eru verðmætt beitiland.

d. Talið er að ¾ hlutar alls heiðargæsastofnsins í heiminum verpi í Þjórsárverum. Margar fuglategundir í heiminum eiga nú á hættu að verða útrýmt. Röskun í Þjórsárverum stofnar varplöndum heiðargæsarinnar í hættu.

Af ofangreindum ástæðum andmælir fundurinn hvers konar röskun á náttúru Þjórsárvera og skorar á almenning í landinu að sameinast um að varðveita þessa einstæðu perlu íslenskra öræfa."

Virðulegi forseti. Þessi fundarsamþykkt er frá árinu 1972. Það eru liðin meira en 30 ár síðan. Ég vona að þeir sem sátu þann fund, lífs eða liðnir, handan grafar eða hér meðal okkar, fagni því sem hér er að gerast og ég leyfi mér að vona að eigi eftir að halda áfram og verða til lykta leitt í vetur, þ.e. að Þjórsárverin verði friðuð til langrar framtíðar, friðlandið stækkað og hin landfræðilegu mörk látin ráða. Með þá góðu von í brjósti læt ég máli mínu lokið og þakka umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:25]

**Útbýting:**

Samkeppnislög, 11. mál, frv. BjarnB o.fl., þskj. 11.

Úttekt á hækkun rafmagnsverðs, 5. mál, þáltill. SigurjÞ o.fl., þskj. 5.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 18:26.

---

# 9. FUNDUR

þriðjudaginn 10. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Kjör einstæðra og forsjárlausra foreldra, beiðni um skýrslu, 85. mál, þskj. 85. *Hvort leyfð skuli.*

3. Fjáraukalög 2006, stjfrv., 47. mál, þskj. 47. — 1. umr.

4. Sameignarfélög, stjfrv., 79. mál, þskj. 79. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Bjarni Benediktsson, 8. þm. Suðvest.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Geir H. Haarde forsrh., 1. þm. Reykv. s.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.

[13:32]

**Útbýting:**

Áfengislög, 67. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 67.

Einstaklingsmiðaður framhaldsskóli, 60. mál, þáltill. EMS o.fl., þskj. 60.

Forvarnir í fíkniefnamálum, 149. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 149.

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, 65. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 65.

Háhraðanettengingar, 147. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 147.

Heimili fyrir fjölfatlaða á Suðurnesjum, 31. mál, þáltill. GÖrl o.fl., þskj. 31.

Hjúkrunarheimili og öldrunarþjónusta, 148. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 148.

Mat á fasteignum og álagningarstofn fasteignaskatts, 74. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 74.

Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, 61. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 61.

Samkomulag til Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, 69. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 69.

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, 80. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 80.

Skil á fjármagnstekjuskatti, 64. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 64.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 55. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 55.

Tekjuskattur, 66. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 66.

Úrbætur í málefnum barna og unglinga sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi, 62. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 62.

Vegagerð um Stórasand, 59. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 59.

Verkefnið Djúpborun á Íslandi, 63. mál, þáltill. MÁ o.fl., þskj. 63.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 68. mál, frv. HBl, þskj. 68.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn.

[13:33]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Í dag, 10. október, er alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn og um allan heim er dagurinn notaður til að vekja athygli á málefnum geðsjúkra og geðfatlaðra.

Um helgina ræddi ég við gamlan félaga. Hann hefur lengi átt við geðsjúkdóm að stríða og dvalið langdvölum á stofnunum. Nú var hins vegar nýr svipur á honum. Hann var brattur og bar sig vel. Hann býr nú sjálfstætt utan stofnunar, er virkur og líður vel með sjúkdómi sínum.

Þessi saga er dæmi um áherslubreytingar sem eru að verða í þjónustu við geðfatlaða og það þarf að ganga lengra á þeirri braut.

Í morgun átti ég þess kost að sækja ráðstefnu sem skipulögð var á vegum ýmissa opinberra aðila undir yfirskriftinni „Ný hugsun í geðheilbrigðismálum". Þar sagði einn aðalfyrirlesari ráðstefnunnar, Héðinn Unnsteinsson, að geðheilbrigðismál hér á landi væru á ákveðnum krossgötum. Ég tel það vera orð að sönnu. Það er ákveðin vakning í gangi í samfélaginu varðandi geðheilbrigðismál og ég hef miklar væntingar um að hún leiði til bættrar stöðu geðsjúkra og geðfatlaðra. Meginatriðið er að notendur þjónustunnar hafa skapað sér rödd og vilja hafa áhrif á áherslur, hugmyndafræði, skipulag og framboð þjónustu sem er þeim til handa. Áherslan er á að geðfötlun þarf ekki að vera viðvarandi. Hún er afturkræf og það þarf að leggja áherslu á batann, ekki sjúkdóminn. Með slíkri jákvæðri nálgun fær vonin vængi hjá hinum sjúka og aðstandendum hans sem er nauðsynleg í allri glímu við erfiðleika í lífinu. Áherslan er frá stofnanaþjónustu til samfélagslegrar þjónustu. Það þýðir að í stað stofnanavistunar er geðfötluðum gefinn kostur á sjálfstæðri búsetu utan stofnana sem hvetur þá til virkrar þátttöku í lífinu og í starfinu. Þannig stuðla þeir að bata og aðlögun að sjúkdómi sínum. Áherslan er á að auka val notenda á þjónustu sem hentar hverjum og einum.

Í tilefni dagsins vil ég spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvernig þessar breyttu áherslur birtist í stefnumótun heilbrigðisráðuneytisins og hvernig hún muni beita sér fyrir samhæfingu á þjónustu við geðfatlaða og geðsjúka, en málefni þeirra falla í dag undir fleiri en eitt ráðuneyti.

[13:35]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég var einmitt á sömu ráðstefnu og hv. þingmaður. Það var mjög gleðilegt að sjá hvað þar var góð mæting og hve vel var staðið að þessum degi, alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum. Það er alveg ljóst að breytingar hafa orðið varðandi málefni þeirra sem við geðraskanir eiga að stríða. Ný hugsun er komin inn í þann málaflokk og lögð er miklu meiri áhersla á að notendur eða þeir sem eiga við þessar raskanir að stríða komi að meðferðinni sem þeir sjálfir njóta, hafi meiri áhrif á hana, og komi líka betur að allri stefnumótun. Þessi nýja hugsun er staðfest af okkar hálfu í ýmsum lögum og ég vil nefna t.d. lög um réttindi sjúklinga. Þar kemur fram að sjúklingar eiga rétt á því að vera virkir þátttakendur í sinni meðferð og hafa áhrif á hana. Það er líka ákvæði um þetta í heilbrigðisáætlun og svo má ekki gleyma Helsinki-yfirlýsingunni sem vegur kannski þyngst í þessu sambandi. Þar hafa heilbrigðisráðherrar skuldbundið sig til að auka samstarf við notendurna.

Ég vil í tilefni dagsins upplýsa að við erum að styrkja heilbrigðisráðuneytið í því að vinna í Helsinki-yfirlýsingunni. Við erum að ráða til okkar í hlutastarf geðlækni, Ólaf Þór Ævarsson, sem mun einmitt styrkja starf ráðuneytisins á þessu sviði. Það er búið að taka mörg góð skref upp á síðkastið í þessum málaflokki. Ég vil nefna stefnumótun okkar varðandi málefni barna sem eiga við geðraskanir og ofvirkni að stríða. Þar var tekið tillit til óska foreldrasamtaka og reynt að hafa virkt samráð við þá sem best þekkja til. Ég vil líka nefna það sem verið var að kynna í gær á vegum félagsmálaráðherra, ný búsetu- og þjónustuúrræði þar sem mjög virkt samráð var haft við notendur. Ég tel því að við séum að gera stórkostlega hluti í þessum málaflokki.

[13:37]

**Kristján L. Möller:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér er tekin upp. Það er eitt atriði í viðbót sem ég vil bæta inn í umræðuna vegna þess að einmitt í dag, 10. október, munu SÁÁ halda sinn árlega hátíðarfund í Háskólabíói. Áfengissýki, sem sannarlega er vel þekktur vímuefnasjúkdómur, getur líka blandast inn í mál dagsins í dag, þ.e. geðheilbrigðismál, vegna þess að áfengissýki getur auðvitað valdið geðsjúkdómum og jafnvel dauða ef hún er ekki meðhöndluð á réttan hátt. Það er einmitt verk SÁÁ að hafa gert það með glæsilegum hætti mörg undanfarin ár.

Því tek ég þetta inn í þessa umræðu að starfsemi SÁÁ er í uppnámi nú vegna þess að samtökin hafa ekki enn fengið endurnýjaðan þjónustusamning við ríkið. Allt starf þeirra er í uppnámi vegna þess að samningurinn rann út um síðustu áramót. Ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins hefur sagt að erfitt sé að gera nýjan samning. Það má rétt vera vegna þess að í gögnum sem ég hef undir höndum segir að ekki hafi verið haldinn fundur síðan í janúar þótt ítrekað hafi verið eftir því leitað og SÁÁ kvarti yfir því að hafa hvorki náð fundi með ráðuneyti né ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég vil bæta því við að hv. þm. Helgi Hjörvar spurði þáverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, út í þetta mál 25. janúar sl. og þá sagði þáverandi heilbrigðisráðherra, með leyfi forseta:

„Það er verið að vinna að endurnýjun samningsins. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki innan tíðar. Ég er ekki með dagsetningu á því."

Virðulegi forseti. Því spyr ég hæstv. núverandi heilbrigðisráðherra hvort hún sé komin með dagsetningu á það hvenær gerður verði nýr þjónustusamningur við SÁÁ. Það væri kannski hátíðlegt og gott að segja það í tilefni dagsins að hann yrði kannski undirritaður í kvöld. Eða ætlar hæstv. ríkisstjórn að láta (Forseti hringir.) þetta mál danka áfram og setja starfsemi SÁÁ í miklu meira uppnám?

[13:40]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Það er vel við hæfi að taka upp málefni um geðheilbrigðisþjónustu á alþjóðlega geðheilbrigðisdeg-

inum 10. október. Það hefur verið mikil vakning í þjóðfélaginu varðandi geðheilbrigðismál og geðheilbrigðisþjónustu og það kemur ekki til af góðu, hæstv. forseti, þar sem úrræðaleysi er mikið og hefur verið mikið, bæði hjá fullorðnum hvað varðar búsetu og menntun — og má þar m.a. nefna málefni Fjölmenntar sem nú á í miklum rekstrarerfiðleikum og hefur þurft að draga saman seglin í vetur — og einnig hvað varðar stuðning við börn, en það vantar og hefur sárlega vantað stuðning í skóla og nánasta nærumhverfi barnanna og hvað varðar vistunarúrræði. Við höfum verið með allt of stofnanavædda geðheilbrigðisþjónustu. Krafan í dag er að nútímavæða geðheilbrigðisþjónustuna, færa hana í átt til þess sem gert er á Norðurlöndunum og víðast hvar í Evrópu.

Til þess að varpa örlítið skýrari ljósi á stöðu barna þá segja skýrslur að 2–5% barna eigi við alvarlegar hegðunar- og geðraskanir að stríða og séu í brýnni þörf fyrir sérhæfða og öfluga þjónustu, bæði í skóla- og heilbrigðiskerfinu. Með öðrum orðum má reikna með að 85–214 börn sem fæddust árið 2005, sé tekið mið af upplýsingum frá Hagstofu Íslands um lifandi fædd börn það ár, þurfi á þessari þjónustu að halda. Það þýðir að yfir 2 þúsund börn á aldrinum 1–6 ára búa við geðraskanir í dag.

Hæstv. forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra og hæstv. félagsmálaráðherra hafa á síðustu dögum birt áætlanir um bætta þjónustu í hvoru tveggja (Forseti hringir.) þessara ráðuneyta. Ég ætla að vona að það gangi allt eftir en meira þarf til.

[13:42]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Virðulegur forseti. Í gær voru sannkölluð tímamót í þjónustu við geðfatlaða og geðsjúka í samfélaginu þar sem verkefnisstjórn um bætta þjónustu við geðfatlaða kynnti stefnumótun sína og framkvæmdaáætlun til 2010 um búsetu og stoðþjónustu. Þar var verið að kynna afrakstur vinnu sem staðið hefur í rúmt ár en ríkisstjórnin ákvað á síðasta ári að verja hluta af söluandvirði Símans til aukinnar og bættrar þjónustu við geðfatlaða úti í samfélaginu. Þetta er sérstakt átak þar sem við erum að færa þjónustuna í það horf sem við viljum sjá hana í til framtíðar. Leiðarljósið í þessari vinnu hefur verið aukin lífsgæði, aukin þátttaka geðfatlaðra í samfélaginu. Ég fagna því sérstaklega að hv. þm. Ásta Möller skuli taka málið upp í upphafi þingfundar á þessum degi, alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum.

Það er einmitt svo að sú nýja hugsun sem hún talaði um áðan ríkir í þessu verkefni þar sem notendur og aðstandendur þeirra sem eiga við geðsjúkdóma að stríða taka virkan þátt í mótun og framkvæmd þessarar stefnu með því að vera í svokölluðum ráðgjafahópi með verkefnisstjórninni. Í tíð þessarar ríkisstjórnar, eins og sést í ríkisstjórnarsáttmálanum sem unnið er eftir á þessu kjörtímabili, hafa málefni geðfatlaðra og geðsjúkra verið tekin sérstaklega fyrir og er nú unnið í anda Helsinki-yfirlýsingarinnar. Í þeim anda verður unnið áfram, í þeim anda að félags- og heilbrigðiskerfið vinni áfram að þessum málum og láti það ekki koma í veg fyrir að þjónustan verði bætt þó að hún verði á hendi fleiri en eins aðila. Við eigum að færa þjónustu við geðsjúka og geðfatlaða frá stofnanaþjónustu og út í samfélagið. Ég fagna því sérstaklega að umræðan í þinginu, sem vill oft markast af því hve mörg rúm séu í boði eða hve margar deildir séu í boði, virðist vera að færast í það horf að við ræðum um aukin lífsgæði, aukna og betri þjónustu og þátttöku geðfatlaðra í samfélaginu.

[13:44]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það var vert að rifja það upp á alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum að einn af mikilvægustu þáttunum í málefnum þeirra sem eiga við andlega sjúkdóma að stríða snýr að menntunarmálum og aðgengi þeirra að menntun. Það kom því eins og köld vatnsgusa þau nöturlegu skilaboð frá ríkisvaldinu að samningurinn á milli Geðhjálpar og Fjölmenntar um menntunarmál geðsjúkra sé í uppnámi. Ég spurði hæstv. menntamálaráðherra um þetta hér í þinginu í gær og fékk ekki önnur svör en þau að hæstv. ráðherra ætli ekki að beita sér fyrir því að samkomulag náist og nægir fjármunir fáist til að tryggja áframhaldandi starfsemi Fjölmenntar, sem hefur frá árinu 2003 boðið upp á sérstaka kennslu fyrir geðsjúka og heilaskaðaða, en þar stunda hátt í 100 manns nám í vetur. Það vantar 12 millj. kr. til að tryggja að þetta nám geti haldið áfram eins og það er starfrækt núna. Þetta er gífurlega mikilvægt fyrir þá sem eiga við geðraskanir að stríða. Þetta er mjög einstaklingsmiðað nám sem hentar bæði þeim sem eiga eftir nokkra áfanga til að ljúka háskólaprófi eða eru staddir á byrjunarreit og eru rétt að læra að lesa. Þetta er gífurlega mikilvægt mál og það er áfall fyrir stöðu geðverndar á Íslandi og aðgengi fólks með andlegar raskanir að þetta nám skuli nú sett í uppnám. Það er hæstv. menntamálaráðherra ekki til sóma hvernig hún hefur komið fram í málinu. Hún er sökuð um svik og að hafa gengið á bak orða sinna. Hún svaraði ekki því sem ég þrásinnis spurði í gær, hvort hún ætlaði að beita sér í málinu og leysa þennan hnút. Því er ástæða til að endurtaka það í dag hvort ráðherrann sé sama sinnis og í gær. Auk þess spyr ég hvort hæstv. heilbrigðisráðherra sé til í að ganga í málið þar sem það kemur að henni líka og skera á hnútinn og tryggja það að Fjölmennt fái fjármuni til starfsemi sinnar og að þessu mikilvæga námi (Forseti hringir.) verði áfram haldið úti. Það væru jákvæð skilaboð á alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum.

[13:46]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að taka upp þessa umræðu í tilefni af alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum. Ég er mjög sáttur við þær áherslur sem fram hafa komið á undanförnum árum og byggjast á stefnumótandi frumkvæði og starfi sem segja má að sé sprottið úr grasrótinni hjá því fólki sem sjálft á við geðheilbrigðisvanda að stríða. Nokkur samtök hafa látið mjög að sér kveða í umræðu og starfi og má þar nefna klúbbinn Geysi sem er hlekkur í stórri keðju sem nær víða um heim.

Þótt við fögnum þeirri nýju hugsun sem byggist á samvinnuhugsjón og sjálfshjálparstarfi er ekki þar með sagt að við megum vanrækja stofnanirnar eða sjúkrahúsin. Ég minni á að þar hafa á undanförnum árum myndast langar biðraðir sem hafa verið til umræðu við afgreiðslu fjárlaga á

undanförnum árum. Við skulum ekki gleyma vanda þessara stofnana þótt við fögnum nýjum úrræðum á þessu sviði.

[13:48]

**Drífa Hjartardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að vekja athygli á alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum sem er í dag, 10. október. Við höfum unnið að mörgum góðum málum í fjárlaganefnd undanfarin ár og höfum lagt áherslu á að leggja frjálsum félagasamtökum til sem eru að vinna í geðheilbrigðismálum.

Það er afskaplega mikilvægt að úrræði séu fjölbreytt og bæti stöðu geðfatlaðra og auki þjónustu. Það var mjög ánægjulegt að fylgjast með því gær, eins og hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir greindi frá nú áðan, auknum lífsgæðum og aukinni atvinnuþátttöku.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gat áðan um klúbbinn Geysi. Á Selfossi hefur verið stofnaður klúbburinn Strókur sem vinnur í sama anda og klúbburinn Geysir. Það er mikilvægt að fólk sé að vinna sjálft í sínum málum því eins og sagt var hér áðan: Þetta er ekki lífstíðardómur, þetta er sjúkdómur sem hægt er að bæta. Ég vil óska öllum þeim til hamingju með daginn sem hafa sprottið upp úr grasrótinni, farið að vinna í þessum málum og fengið okkur þingmenn og alla landsmenn til að hlusta, og komu okkur upp úr þeim dimma dal sem þessi mál voru í þegar ekki mátti ræða þau, þegar þau voru í felum. Nú eru þau uppi á yfirborðinu og allir taka þátt í að gera lífið betra. Við skulum heita því að halda því verki áfram.

[13:50]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Það er við hæfi á þessum degi að benda hv. alþingismönnum á að geðsjúkdómar á hverjum tíma endurspegla samfélagið og breytast eftir því í hvers konar samfélagi menn búa. Það geta þeir vitnað um sem hafa lesið sögu geðsjúkdóma.

Krafan um fjölbreytta þjónustu er eðlileg. En það er líka mikilvægt að menn hafi í huga að krafan um fjölbreytta þjónustu þýðir ekki að þjónustan kosti minna. Það þarf að verja meiri fjármunum í þennan málaflokk. Það verður að verja meiri fjármunum í að bæta þjónustu við geðsjúka þannig að fleiri nái bata og komist aftur út í samfélagið. Það þarf líka að verja meiri fjármunum í baráttuna gegn fordómum sem búa innra með okkur öllum, líka þeim sem verða lasnir.

Það þarf að benda fólki ítrekað á þá staðreynd að þó að fólk verði geðveikt — og fimmti hver Íslendingur verður geðveikur einhvern tímann á ævinni — er leiðin til bata orðin greiðfærari en nokkru sinni fyrr. Það er m.a. vegna þess að þjónustan hefur batnað. Sjúklingar hafa sjálfir tekið stjórnina. Það er líka vegna þess að lyfin hafa batnað. Það má heldur ekki sveiflast pólanna á milli í þessari umræðu og halda að einn daginn sé allt leyst með einni aðferð og segja lyfjunum stríð á hendur. Lyfin bæta lífsgæði fólks. Við skulum ekki gera lítið úr því hvað það er þýðingarmikið ásamt því að geðsjúkir fái fullt umboð til að taka stjórn á sínum eigin sjúkleika og ná bata á eigin forsendum.

[13:52]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og er viðeigandi á þessum degi, alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum. Það er alveg ljóst, og hefur komið fram í máli margra hv. þingmanna hér í dag, að málefni geðsjúkra og geðfatlaðra varða fleiri en eitt ráðuneyti. Það var önnur af þeim spurningum sem ég varpaði fram til ráðherra, hvernig hún muni beita sér fyrir því að samræma sjónarmið í þessum málaflokki þar sem þau varða svo mörg ráðuneyti.

Það er nefnilega þannig að málefni geðsjúkra falla undir heilbrigðisráðuneytið, en hins vegar falla málefni geðfatlaðra undir félagsmálaráðuneytið. Mismunandi viðhorf hafa ríkt í þessum tveim geirum og þau þarf að samræma.

Jafnframt vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, varðandi hin ýmsu meðferðarúrræði sem standa til boða. Það er nefnilega þannig að þegar ný hugsun kemur inn í ákveðna þjónustu eða ákveðinn geira þá þýðir það ekki að yfirgefa eigi hin gömlu úrræði. Það þarf að hlúa að þeim líka, hlúa að því sem vel er gert.

Eitt af því sem var athyglisvert á ráðstefnunni um geðheilbrigðismál, sem ég var á í morgun, var að það þyrfti virkilega að beita sér í því að koma í veg fyrir fordóma, að takast á við fordóma, bæði eigin fordóma og annarra.

Það má hins vegar ekki verða svo að þeir fordómar sem eru í samfélaginu gagnvart geðsjúkum, en eru þó á undanhaldi, færi sig yfir á heilbrigðiskerfið og á lyfin. Það má ekki gerast. Lyfin eru mikilvægur þáttur í meðferð geðsjúkra og oft sá þáttur sem gerir fólki kleift að lifa áfram með þennan sjúkdóm. Ég fagna umræðunni og ég fagna þeim áherslubreytingum sem eru að verða í þessum málaflokki.

[13:54]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Já, það er rétt að þessi málaflokkur krefst samstarfs margra aðila og margra ráðuneyta. Ég vil nefna af því tilefni að kynningin í gær á þeim úrræðum sem félagsmálaráðuneytið hefur forgang um er unnin í nefnd sem heilbrigðisráðuneytið á fulltrúa í — þegar við útskrifum fólk af Landspítala – háskólasjúkrahúsi yfir í sjálfstæða búsetu tengist spítalinn beint við þessi nýju úrræði. Þannig að þessi ráðuneyti tengjast í þeirri vinnu.

Hér var komið inn á SÁÁ. Ég vil nú upplýsa hv. þm. Kristján L. Möller, af því ég heyri að hann hefur rangar upplýsingar, um að við höfum verið að skoða málefni SÁÁ. Það er rétt að samningurinn rann út fyrir um ári. Samt er unnið eftir gamla samningnum. Það er ekkert uppnám í þessum málaflokki. Við höfum hins vegar fundað með SÁÁ. Á fundi þann 4. október voru þrír af hálfu ráðuneytisins viðstaddir og fimm frá SÁÁ. Þannig að það er verið að ræða við SÁÁ um áframhaldandi samning.

Ef menn fletta upp í fjárlagafrumvarpi næsta árs kemur í ljós að SÁÁ fær um 579,1 millj. í rekstur sinn og verið er að hækka þá upphæð um tæpar 30 millj. að raungildi. Þar er bæði um að ræða viðhaldskostnað við húsnæði, eflingu göngudeildar og lyfjakostnað.

En ég tel mjög mikilvægt í þessu sambandi að taka und-

ir það sem hér kom fram varðandi lyfin af því þau hafa verið til mikið til umræðu í fjölmiðlum upp á síðkastið. Það er nauðsynlegt að nota lyf. Ég vil benda á að ef við notuðum ekki lyf væru líklega um 600 manns í langtímavistun á sjúkrahúsi. En þeir eru nú í kringum 50 til 60. Þannig að það er nauðsynlegt að nota lyf.

Að lokum vil ég í tilefni dagsins þakka þeim sem hafa hjálpað okkur að vinna gegn fordómum. Það eru notendurnir sjálfir. Ef ekki hefði verið fyrir kjark þeirra og þor að stíga fram værum við ekki komin eins langt í málaflokknum og við erum þó komin í dag.

### *Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, frh. fyrri umr.*

Þáltill. KolH o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

### *Kjör einstæðra og forsjárlausra foreldra.*

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 85. mál. — Þskj. 85.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Beiðni leyfð með 38 shlj. atkv.

### *Fjáraukalög 2006, 1. umr.*

Stjfrv., 47. mál. — Þskj. 47.

[13:58]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006, 47. mál þingsins á þskj. 47. Með frumvarpinu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð áætlun um tekjur í samræmi við endurskoðaða þjóðhagsspá og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2006.

Frumvarpið byggir einnig á endurmati á helstu hagrænu forsendum fjárlaganna, áhrifum af lögbundnum útgjaldaliðum, samningum og ýmsum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um mál sem fram hafa komið eftir afgreiðslu fjárlaga. Frumvarpið er lagt fram í upphafi þinghaldsins samhliða fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár. Með því móti er þinginu gert kleift og fjárlaganefnd að fjalla samtímis um áætlanir fyrir bæði árin og ljúka afgreiðslu frumvarpanna samkvæmt starfsáætlun.

Í fjárlögum þessa árs var áætlað að tekjuafgangur ríkissjóðs yrði 19,6 milljarðar kr., en nú er áætlað að hann verði 49 milljarðar. Tekjuafganginum verður varið til að bæta stöðu ríkissjóðs enn frekar og nú er gert ráð fyrir að varið verði 23,4 milljörðum kr. til að greiða niður skuldir í stað 11,4 milljarða eins og áformað var áður. Þá batnar staðan við Seðlabanka um 17 milljarða kr. í stað þess að rýrna um 0,7 milljarða. Það skal tekið fram að hér er átt við áætlaða útkomu ársins eins og fjallað er um í greinargerð frumvarpsins. Munar nokkru á því sem fram kemur í rekstraryfirliti og sjóðsstreymi í 1. og 2. gr. frumvarpsins en það stafar af því annars vegar að yfirleitt er sótt um einhverjar heimildir vegna útgjalda sem hafa verið gjaldfærð á liðnum árum, t.d. halla á tilteknum verkefnum og hins vegar að staða fjárheimilda færist frá fyrra ári og til næsta árs og það getur síðan verið nokkuð breytilegt hvernig fjárveitingar eru nýttar á hverju ári, t.d. vegna vegaframkvæmda.

Tekjur ríkissjóðs hafa verið endurmetnar í ljósi niðurstöðu ríkisreiknings 2005 og þróunarinnar það sem af er þessu ári og er áætlað að þær aukist um 40,4 milljarða kr. frá fjárlögum og verði 375 milljarðar. Efnahagsumsvif hafa verið meiri en gert var ráð fyrir bæði árin 2005 og 2006. Áætlað er að skatttekjur lögaðila verði mun meiri en áætlað var vegna betri afkomu fyrirtækja á árinu 2005 en reiknað hafði verið með. Þá aukast tekjur af tekjusköttum einstaklinga vegna meiri launabreytinga og meiri fjölgunar vinnuafls en áætlað var. Loks eru auknar tekjur af eftirsköttum vegna meiri umsvifa í efnahagslífinu og hækkunar ráðstöfunartekna heimilanna.

Meginskýring aukinna tekna eru því auknar tekjur ríkissjóðs. Er áætlað að þjóðarútgjöld aukist um 5,2% árið 2006 en áætlað var að þau ykjust um 2,9% í fjárlögum.

Aukin þjóðarútgjöld eiga að stærstum hluta rætur að rekja til meiri fjárfestinga atvinnuveganna og meiri íbúðabygginga en áætlað var í fjárlögum. Horfur eru á að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 5,7% í stað 2,7% eins og áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir.

Í frumvarpinu er lagt til að útgjaldaheimildir verði auknar um 14,3 milljarða kr. til að mæta ýmsum tilefnum. Þar af er sótt um tæplega 5,5 milljarða kr. hjá fjármálaráðuneyti en af þeim eru 3 milljarðar vegna gjaldfærslu afskrifaðra skattkrafna í ljósi endurskoðunar á tekjuáætlun og 2,5 milljarðar vegna launa- og verðlagsmála, einkum vegna hækkunar á launum ófaglærðra og áhrifa af breytingum á gengi krónunnar á árinu. Farið er fram á rúma 2,2 milljarða kr. til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, þar af eru 1,9 milljarðar kr. vegna lífeyristrygginga í kjölfar samkomulags við Landssamband eldri borgara sem nær einnig til öryrkja.

Lögð er til tæplega 1,8 milljarða hækkun á framlögum til samgönguráðuneytisins. Þar af er 1 milljarður vegna bætts öryggis á vegum úr höfuðborginni, 500 millj. kr. er framlag í Fjarskiptasjóð þar sem útboð á vegum sjóðsins eru hafin og sótt er um 100 millj. kr. til landkynningarmála.

Farið er fram á að fjárheimildir dóms- og kirkjumálaráðuneytis hækki um 1,2 milljarða kr. Þar af eru 500 millj. kr. til eflingar þyrlusveit Landhelgisgæslunnar og 500 millj. kr. til smíði á nýju varðskipi en gert er ráð fyrir að smíðin hefjist á þessu ári.

Samtals er lagt til að framlög til félagsmálaráðuneytis aukist um tæplega 400 millj. kr. en það skiptir í tvö horn. Annars vegar er farið fram á ríflega 1 milljarð kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem leiðir af auknum skatttekjum ríkis-

ins á árinu en hins vegar lækka framlög til atvinnuleysisbóta um 500 millj. kr. vegna minna atvinnuleysis.

Þá gerir endurskoðuð áætlun um Fæðingarorlofssjóð ráð fyrir 200 millj. kr. lækkun útgjalda frá áætlun fjárlaga. Farið er fram á 865 millj. kr. fjárheimild til menntamálaráðuneytis, þar af eru 240 millj. kr. vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum, 150 millj. kr. til stofnkostnaðar menningarstofnana og 120 millj. kr. til að gera menningarsamninga á landsbyggðinni. Lagt er til að fjárheimildir landbúnaðarráðuneytis verði auknar um rúmlega 740 millj. kr. og munar þar mestu um 330 millj. kr. til að styrkja byggingu reiðhalla af söluandvirði eigna Lánasjóðs landbúnaðarins, og tæplega 340 millj. kr. vegna verðuppfærslu búvörusamninga. Sótt er um 640 millj. kr. til utanríkisráðuneytisins, þar af eru 540 millj. kr. aukin útgjöld Keflavíkurflugvallar og til öryggisgæslu vegna brotthvarfs varnarliðsins. Breytingar á útgjöldum annarra ráðuneyta eru minni, en þar má helst nefna 174 millj. kr. til Hafrannsóknastofnunar vegna ýmissa verkefna og 128 millj. kr. til Ofanflóðasjóðs vegna uppkaupa á íbúðarbyggðunum í Hnífsdal. Loks aukast vaxtagjöld ríkissjóðs um 570 millj. kr. þrátt fyrir aukna niðurgreiðslu skulda og skýrist það af hækkun vaxta og ákvörðunar um að auka framboð á ríkisverðbréfum innan lands til að stuðla að virkri verðmyndun á fjármálamarkaði. Vísa ég til greinargerðar frumvarpsins til frekari skýringar á einstökum tillögum.

Frú forseti. Mun ég nú víkja nokkrum orðum að endurskoðuðu sjóðsstreymi ríkissjóðs árið 2006. Eins og fram kom í upphafi er nú áætlað að tekjuafgangur ríkissjóðs verði tæplega 50 milljarðar kr. í stað tæplega 20 milljarða eins og áætlað var í fjárlögum. Verður aðhald ríkisfjármála því mun meira en gert var ráð fyrir eða 4,4% af landsframleiðslu í stað þess að vera 1,7% eins og áætlað var í fjárlögum. Gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 47 milljarðar kr. í stað 15,5 milljarða og eykst því um 31,5 milljarða frá áætlun fjárlaga. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkissjóðs skilar.

Áætlað er að fjármunahreyfingar verði neikvæðar um 2,6 milljarða en áætlað var að þær yrðu neikvæðar um 0,8 milljarða í fjárlögum. Skýringin felst einkum í því að nú er gert ráð fyrir að leggja eins milljarðs kr. stofnfé í Nýsköpunarstöð á þessu ári en áformað var að framlagið yrði greitt árið 2005. Þá verða veitt lán ríkissjóðs 275 millj. kr. meiri en áætlað var í fjárlögum vegna aukinna lánveitinga til Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Að teknu tilliti til fjármunahreyfinga verður lánsfjárafgangur 44,4 milljarðar, sem er tæplega 30 milljörðum meiri afgangur en áætlað var í fjárlögum. Lánsfjárafgangur er það fé sem ríkissjóður hefur til ráðstöfunar til að greiða niður skuldir eða bæta stöðu sína á annan hátt. Lagt er til að lánsfjárafganginum verði varið til að greiða niður skuldir er nemi 23,4 milljörðum í stað 11,4 milljarða í fjárlögum og staðan við Seðlabanka verði bætt um 17 milljarða kr. í stað þess að rýrna um 0,7 milljarða eins og áætlað var í fjárlögum. Þannig verða skuldir ríkissjóðs lækkaðar verulega á þessu ári og staða á sjóði Seðlabanka styrkist til að mæta framtíðarskuldbindingum.

Frú forseti. Ég hef nú rakið helstu efnisatriði frumvarpsins sem sýna að afkoma ríkissjóðs og aðhald í ríkisfjármálum verður mun meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Legg ég til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar þingsins.

[14:08]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er athyglisvert nú þegar hæstv. fjármálaráðherra leggur fram sitt fyrsta fjáraukalagafrumvarp að lítið hefur áunnist í því að nálgast það að fara eftir fjárreiðulögum. Taldi ég þó að hæstv. fjármálaráðherra væri mikill áhugamaður um slíkt. Þetta er nokkuð áberandi, m.a. nefni ég dæmi um að víða er verið að mæta uppsöfnuðum halla fyrri ára í fjárlagafrumvarpi fyrir 2006. Halli sem hefur átt sér stað á öðrum árum á að sjálfsögðu heima í fjárlagafrumvarpi.

Síðan er ekki einu sinni regla á milli þess, þ.e. sums staðar er þetta gert, annars staðar ekki, og víða sjáum við afar sérkennilega hluti og, frú forseti, þar sem hæstv. fjármálaráðherra hefur nú ákveðið að bjóða sig fram í miklu hrossaræktarkjördæmi tel ég eðlilegt að spyrja hann út í eitt það sérkennilegasta sem ég hef séð í þessu frumvarpi.

Það segir á bls. 63, með leyfi forseta:

„Þá er farið fram á 22,5 millj. kr. fjárveitingu vegna ógreiddra framlaga til átaksverkefnis um kynningu og markaðssetningu á íslenska hestinum."

Síðan er fram haldið. Kemur fram að þetta er byggt á samningi sem gerður var árið 2003 milli þriggja ráðuneyta, þ.e. landbúnaðarráðuneytis, utanríkisráðuneytis og samgönguráðuneytis. Gert er ráð fyrir að frá hverju ráðuneyti sé 3 millj. kr. árlegt framlag og þess vegna er eiginlega algjörlega óskiljanlegt hvernig beðið er um 22,5 millj. kr. hjá landbúnaðarráðuneyti í fjáraukalögum fyrir árið 2006 vegna þess að heildarframlag landbúnaðarráðuneytis átti miðað við samninginn á öllum fimm árunum, frá 2003–2008, að vera samtals 15 millj. kr. Hér er því eitthvað sérkennilegt á ferli og það er augljóst mál að eitthvað hefur verið ógreitt aftur í tímann og maður hlýtur því að spyrja sig og eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra upplýsi okkur um það: Hvernig hefur þetta verkefni verið fjármagnað ef framlögin hafa ekki verið greidd? Hvaða hundakúnstir eru hér á ferðinni, frú forseti? Þetta vekur sérstaka athygli en auðvitað er hægt að nefna fleiri dæmi síðar í umræðunni.

[14:10]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður las upp skýringarnar með greiðslunni þannig að ég þarf ekki að fara með þær aftur en eins og fram kom hjá honum var verkefnið ekki fjármagnað á þann hátt sem til stóð og því hefur það verið fjármagnað þannig að það hefur verið í skuld við ríkisféhirði og er verið að gera það upp á þennan hátt eins og skilmerkilega kemur fram í greinargerðinni. Ég hef eiginlega voðalega litlu við það að bæta sem þar kom fram og hv. þingmaður las upp því það er einfaldlega sannleikur málsins í eins greinargóðu máli og hægt er að setja hann.

Ég er hins vegar að verða ýmsu vanur í því hvað er tengt við framboðsmál mín og út af fyrir sig get ég ekki annað en verið ánægður með það ef menn telja allt sem til framfara horfir hvað varðar hestamennsku, landbúnað og önnur þau

mál sem tengjast Suðurkjördæminu og landsbyggðarkjördæmunum almennt tengist því að ég skuli vera kominn í prófkjörsframboð í Suðurkjördæmi. Ég get varla ímyndað mér að hægt sé að fá betra veganesti frá félögum sínum á hv. Alþingi en einmitt slíkar umsagnir sem fram komu hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni.

[14:11]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það var nú ekki miklar skýringar að hafa hjá hæstv. fjármálaráðherra þrátt fyrir það, ef ég sé rétt, að hæstv. ráðherra hefur skreytt sig í dag með sérstöku hestabindi væntanlega í tilefni af því að hér erum við að leggja fram mikið fjármagn vegna hestsins.

Það er afar sérkennilegt, eins og ég benti á, að þessi upphæð er 22,5 millj. kr. þegar heildarframlag landbúnaðaráðuneytisins vegna verkefnisins er ekki nema 15 milljónir þessi fimm ár öll. Hér er því greinilega eitthvað annað á ferðinni en eingöngu framlag landbúnaðarráðuneytisins. Þess vegna er spurningin hvað þetta er allt saman að gera hjá landbúnaðarráðuneytinu.

Frú forseti. Ef hæstv. ráðherra vill ekki ræða eingöngu um hesta þá er rétt að spyrja hann líka varðandi samgönguráðuneytið vegna þess að þar kemur fram að nú er verið að óska eftir 100 millj. kr. fjárveitingu til landkynningar undir markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu, afar brýnt mál. En hvaða mikla átak er þetta sem er væntanlegt núna í fjáraukalögum, árið 2006? Er það eitthvert jólasveinsátak rétt fyrir jólin eða í hvað eiga þessar 10 millj. kr. að fara ?

[14:13]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð eiginlega að upplýsa hv. þingmann um að ég get ekki greint nákvæmlega frá þeim landkynningarátökum sem ferðaþjónustan er með á prjónunum. En ég geri ráð fyrir að eins og undanfarin ár sé þar um að ræða verðug og skynsamleg verkefni enda hefur núverandi ríkisstjórn aukið fjármagn til landkynningarmála verulega á undanförnum árum og mér sýnist að þeim peningum hafi verið afar vel varið ef miða má við það hvernig ferðaþjónustan stendur í dag og hvernig fjölgun ferðamanna hefur verið. Ég held að hv. þingmaður gæti kannski fengið nánari útskýringar á því hvað stendur til á næstunni og þá vona ég að það skýrist fyrir honum.

Svo held ég að ég verði að upplýsa hv. þingmann um að ég á fjölda binda með myndum af aðskiljanlegum dýrategundum, bæði spendýrum, fuglum og fiskum og ef hann hefur áhuga á því að koma og skoða bindasafnið hjá mér einhvern tíma getum við örugglega fundið okkur tíma til þess.

[14:14]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að vera ánægður með sterkari afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári en áætlanir gerðu ráð fyrir og yfir höfuð með sterka stöðu ríkissjóðs því þar sem ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum lagt ríka áherslu á að hækka skatta, einkum á lág- og meðaltekjufólk eins og við þekkjum, sló Íslandsmet í fyrra og innheimtir trúlega aldrei meira af sköttum en í ár, þá er mikilvægt að það skili sér þó a.m.k. í jákvæðri afkomu ríkissjóðs.

Það þarf sterk bein til að þola góða daga og það er þess vegna full ástæða til þess að spyrja hæstv. fjármálaráðherra um viðbrögð hans við skýrslu Ríkisendurskoðunar sem var kynnt meðan þingið var í sumarleyfi, um yfirlýsingar ríkisendurskoðanda um agaleysi í ríkisfjármálum og algerlega óviðunandi framgang í aðhaldi og eftirliti með ríkisfjármálum ár eftir ár eftir ár. Einnig er ástæða til að spyrja til hvaða aðgerða hann hyggist grípa í því efni því þetta fjáraukalagafrumvarp endurspeglar einfaldlega að hér eru enn og aftur lausatök á útgjaldahliðinni, stofnunum leyft að fara fram úr, ekki bara stöku stofnun, ekki tugum stofnana heldur 200 fjárlagaliðum, hygg ég af liðlega 400, og 100 þeirra eru viðvarandi aftur og aftur að fara fram úr heimildum sínum. Við hljótum að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann hyggist, vegna skýrslu ríkisendurskoðanda, grípa til einhverra sérstakra aðgerða til þess að hafa það aðhald og aga í ríkisfjármálum sem nauðsynlegt er og menn hafa greinilega algerlega misst tökin á í þeirri sterku tekjustöðu ríkissjóðs sem menn hafa í dag.

[14:16]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held það sé alveg óhætt að segja að ummæli hv. þingmanns um tökin á ríkisfjármálunum séu mjög ýkt og tilvitnanir hans í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjölda liða sem fara fram úr séu heldur ekki alveg nákvæmlega þær tölur sem gagnast okkur best í umræðunni. Við vitum að það eru liðir í fjárlögunum sem eru gerðir upp gegnum reiknilíkön. Þó ákveðnir fjármunir séu áætlaðir á þessa liði í fjárlögunum er þegar upp er staðið ekki eytt eins miklum peningum í þá vegna þess að reiknilíkönin gera ekki ráð fyrir því að umsvifin réttlæti slíkt. Það kemur auðvitað fyrir líka að starfsemin er aukin og þá þarf að bregðast við því þegar reiknilíkönin gera ráð fyrir því að þörf sé á meiri peningum vegna þess að meiri þjónusta er veitt og þá er það leiðrétt í fjáraukalögunum.

Það er hins vegar rétt að það eru of margir liðir sem ekki er hægt að útskýra á þennan hátt og þar er um að ræða hluti sem þarf að bregðast við. Ég get ekki séð að eitthvað meira sé um það í þessu frumvarpi en í öðrum þó kannski sé erfitt að fullyrða að það sé minna um það en áður. En við höfum svo sannarlega brugðist við því sem fram kom hjá Ríkisendurskoðun í sumar. Við verðum að vinna að því innan Stjórnarráðsins og með stofnunum þeim sem undir það heyra og ég vonast til þess að við sjáum árangur af því áður en varir. Ákveðinn ávani hefur liðist í kerfinu þar sem menn hafa komist upp með að fara fram úr fjárlögum. Það á ekki að vera þannig og við erum að vinna að því að koma í veg fyrir að það gerist í framtíðinni.

[14:18]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. fjármálaráðherra að hér hefur liðist árum saman óhóflegt agaleysi í ríkisfjármálum og algerlega nauðsynlegt að hæstv. ráðherra grípi til beinna aðgerða til að taka á því. Ég kalla enn þá eftir því hvaða aðgerðir það eru sem ráð-

herrann hyggst grípa til.

Hins vegar vildi ég að öðru leyti snúa mér að tekjuhliðinni því að fyrir ári síðan greindi okkur nokkuð á um hvernig tekjuhorfur ríkissjóðs væru fyrir árið í ár. Við stjórnarandstæðingar töldum að þær væru miklu betri en fjármálaráðuneytið hugði og vísuðum til fjárhagsspár Seðlabankans í því efni, sem sýndi fram á miklu meiri spennu en fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir. Ég hlýt að spyrja hvort þetta fjáraukalagafrumvarp sanni ekki, hæstv. fjármálaráðherra, að fullyrðingar okkar í þeim efnum voru réttar, að þjóðhagsspá Seðlabankans væri miklum mun marktækari en þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Spáin sem fjármálaráðuneytið setti fram, og fjármálaráðherra talaði fyrir, um þenslu á þessu ári hefur einfaldlega fengið falleinkunn með því fjáraukalagafrumvarpi sem hér liggur fyrir.

[14:20]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Enn, frú forseti, verð ég að gera athugasemdir við þennan ýkjutalsmáta í hv. þingmanni, sérstaklega þegar hann talar um agaleysi í ríkisfjármálum. Þó að einhverjir og of margir liðir fari fram úr er alls ekki hægt að draga þá ályktun að lausatök séu í ríkisfjármálum í heild. (Gripið fram í.) Ja, ég held að ég þekki orðalagið hjá honum betur en nokkur annar maður hér inni. Hann nefndi þjóðhagsspá Seðlabankans en hún var byggð á annars konar þenslu- og spennumælingum en var hjá fjármálaráðuneytinu. Inn í það komu síðan breyttar forsendur vegna þess að hagvöxtur fyrri ára reyndist vera meiri. Því er ekki hægt að segja að um neina falleinkunn sé að ræða. Staðreyndin er reyndar sú að Seðlabankinn hefur líka þurft að leiðrétta sínar spár vegna breyttra forsendna og skekkju sem var í útreikningunum. Við verðum einfaldlega, frú forseti, að búa við það að það eru ekki alveg nákvæm vísindi að spá fyrir um efnahagsþróunina.

[14:21]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Frumvarp til fjáraukalaga sýnir okkur að það er ekki erfitt að halda utan um heftið uppi í fjármálaráðuneyti þessa dagana, aukning í tekjum ríkisins upp á rúma 40 milljarða kr. frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlagafrumvarpi.

Þegar maður skoðar hvað veldur þessu og hvar helstu skekkjurnar eru í tekjuáætlun kemur í ljós að ríkið fær verulega hærri skatta af flestöllum tekjupóstum sínum, hvort sem það eru tekjuskattar af launasköttum, fyrirtækjaskattar, virðisaukaskattur, vörugjald og svo mætti lengi telja.

Það stendur í skýringum með fjáraukalagafrumvarpinu að hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækki nokkuð frá fjárhagsáætlun eða úr 27,3% í 31% af landsframleiðslu. Nú hefur landsframleiðsla ekki minnkað sem neinu nemur og frekar aukist. Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Er hann ekki að segja sjálfur í sínu eigin frumvarpi að skattar á Íslandi hafi hækkað verulega? Er það ekki ein skýringin á því hve miklar tekjur koma til viðbótar í ríkissjóð að skattar ríkisins á þessu ári aukast verulega? Mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra mundi svara því.

Þegar maður skoðar svo skýringar á því hvaða skattar það eru sem hafa verið að hækka kemur í ljós að gert er ráð fyrir að skattar á vöru og þjónustu aukist um 12,5 milljarða kr. Í skýringum á bls. 51 segir:

„Þessar hækkanir má rekja til enn meiri einkaneyslu en spáð hafði verið."

Á blaðsíðunni á undan kemur fram að einkaneyslan hefur aukist minna en fjárlög gerðu ráð fyrir, ekki um 4,3% eins og fjárlögin gerðu ráð fyrir heldur 4%. Er þetta prentvilla eða hvernig stendur á þessum öfugmælum?

[14:23]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Á fyrri spurningu hv. þingmanns er sú skýring, sem ég hef reyndar farið með fyrir hann og fleiri af hv. flokksbræðrum hans nokkrum sinnum í þinginu, að skattkerfið hjá okkur er stighækkandi og þegar efnahagsumsvifin aukast hækkar skattprósentan líka sem hlutfall af landsframleiðslu. Það gerist bæði vegna tekjuskattsáhrifanna og vegna þess hvernig veltuáhrifin verða í gegnum veltuskattana. Þetta hefur margsinnis verið farið ofan í.

Ég get ekki í fljótu bragði svarað síðari spurningunni en við munum reyna að koma skýringum af þeim á framfæri við nefndina, í umfjöllun nefndarinnar um málið, hvað er að gerast þar, hvort um einhverjar misvísanir er að ræða eða prentvillu. Ég skal ekki segja á þessari stundu hvaða skýringar munu berast til nefndarinnar.

[14:24]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það væri gott að fá skýringu á því þegar hvað rekst á annars horn í texta og síðan töflum í fjáraukalagafrumvarpinu. Hæstv. fjármálaráðherra segir að við eigum að skilja af hverju skattheimta er verulega að aukast á Íslandi og við skiljum það alveg. En við skiljum það líka að þegar tekjupóstar ríkisins skila miklu meiri tekjum en ráð var fyrir gert þá er hægt að bregðast við og lækka tekjurnar. Hækkun á persónuafslætti hefði t.d. slegið verulega á þessa hækkun á tekjuskatti.

Af hverju gengur það bara í eina átt að halda fjárlög? Öllum sem fara yfir þau útgjöld sem fjárlög heimila er gert að halda sig innan fjárlaga en þegar tekjur fara upp úr öllu valdi langt umfram það sem ráð er fyrir gert þá er ekkert gert til að mæta því að halda tekjunum innan ramma fjárlaga. Hvernig stendur á því, hæstv. ráðherra? Af hverju er ekki hægt að bregðast við í þá áttina alveg eins og hina?

[14:25]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er alveg hægt að bregðast við því í hina áttina líka á miðju ári með því að lækka skattana. Það er sennilega erfiðara í tæknilegri útfærslu að gera breytingar á persónuafslættinum á miðju ári þó eflaust væri það hægt. Það er auðveldara að breyta tekjuskattsprósentunni. Hins vegar er það þannig að þessi ríkisstjórn hefur frekar verið gagnrýnd fyrir það að hún væri að lækka skattana of mikið miðað við ástandið í efnahagsmálunum og hv. þingmenn sem hér hafa talað hafa verið í þeim hópi. Það er því dálítið gaman að heyra þetta sjónarmið frá þeim núna. Það verður vonandi til þess að þeir styðji heils hugar lækk-

un á tekjuskatti og hækkun á persónuafslætti og þar með lækkun skatta og lækkun virðisaukaskatts ásamt öðrum sköttum á matvæli sem nú standa fyrir dyrum.

[14:27]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Til 1. umr. er frumvarp til fjáraukalaga fyrir það ágæta ár sem nú er, árið 2006. Enn eitt árið stendur stjórnarandstaðan hér og gagnrýnir lausung í umgengni ríkisstjórnarinnar við fjárlögin. Þetta fjáraukalagafrumvarp, eins og fjáraukalagafrumvarpið í fyrra, er afar gagnrýnisvert fyrir margra hluta sakir en þá ekki síst fyrir það að enn eitt árið fer ríkisstjórnin meðvitað á svig við fjárreiðulögin. Stjórnarandstaðan er ekki ein um að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir þetta heldur er það orðinn árlegur viðburður að skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga setji fram mikilvæga gagnrýni og átelji ríkisstjórnina fyrir agaleysi í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga. Árið í ár er engin undantekning.

Þegar fjárlög eru skoðuð nokkur ár aftur í tímann er það hrópandi hversu kæruleysislega þau eru unnin. Sama gagnrýni varðandi vinnubrögðin er endurtekin ár eftir ár eftir ár. Sem dæmi um þetta vil ég, með leyfi forseta, lesa nokkrar línur úr inngangi fjáraukalagafrumvarpsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vakin er athygli á því að ekki er beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda á árinu. Kemur þar einkum tvennt til: Annars vegar er í frumvarpinu sótt um fjárheimildir vegna umframgjalda fyrri ára sem þegar hafa verið færð í reikningum ríkissjóðs. Hins vegar verða ekki öll umframgjöld bætt á árinu og færast til frádráttar fjárveitingum næsta árs eða stofnanir ganga á ónýttar fjárheimildir fyrri ára. Með sama hætti er gert ráð fyrir að fjárheimildir verði ekki að fullu nýttar á árinu og færist á næsta ár."

Virðulegi forseti. Nákvæmlega sama málsgrein var í fjáraukalagafrumvarpinu í fyrra og hvað þýðir þessi málsgrein? Jú, hún þýðir að hæstv. fjármálaráðherra gefur í þessu fjáraukalagafrumvarpi enn og aftur þá yfirlýsingu að ekki eigi að fara að fjárreiðulögum í því efni að í því eigi einungis að vera liðir sem tilheyra hverju fjárlagaári fyrir sig. Nú ættum við því að vera að ræða liði sem tilheyra árinu 2006 en enn og aftur eru menn með ásetningi, líkt og yfirlýsingin ber með sér, að fara á svig við fjárreiðulögin og greinir hæstv. fjármálaráðherra, og hefur gert verulega, á við Ríkisendurskoðun í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Þetta er skínandi dæmi um það hversu kæruleysislega menn umgangast fjárlög ríkisins. Mönnum virðist þykja eðlilegt að endurtaka sömu skrýtluna og í fyrra með einföldu copy/paste milli ára. Þetta gengur ekki ár eftir ár. Ég hefði haldið að hæstv. fjármálaráðherra mundi sýna meiri metnað en svo þegar hann leggur fram sín fyrstu fjárlög og fjáraukalög sem hann hefur komið að frá grunni en að nota copy/paste á æfingar fyrirrennara síns í embætti.

Virðulegi forseti. Í lögum um fjárreiður ríkisins er skýrt kveðið á um tilgang þeirra. Þar segir, með leyfi forseta, í 44. gr.:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga."

Því miður er það svo að í fjáraukalagafrumvörpum undangenginna ára og nú í ár eru komin verkefni sem ekki ættu að vera þar. Sem dæmi þá er í nokkrum tilfellum verið að bæta uppsafnaðan rekstrarvanda hjá stofnunum ríkisins sem með réttu ættu að koma inn á fjárlög næsta árs ef rétt væri að málum staðið. Er það afar tilviljanakennt hvaða stofnanir fá slíkar leiðréttingar á fjáraukalögum á hverjum tíma. Þetta vinnulag verður að laga svo það sama gildi fyrir allar stofnanir ríkisins og einnig svo hægt sé að taka heildstætt á málum stofnana sem búa við viðvarandi rekstrarvanda.

Staðreyndin er sú að ekki er borin virðing fyrir fjárlögunum sem lögum sem birtist í gríðarlegum frávikum. Þessi frávik hafa verið gagnrýnd harðlega í skýrslum Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga ár eftir ár.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar er árið í ár þar engin undantekning. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér nokkur orð úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga 2005 sem kom út í lok sumar og vakti mikla athygli fyrir harða gagnrýni eins og áður sagði. Þar segir m.a.:

„Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á að fjárlög hvers árs, sem samþykkt eru af Alþingi, feli í sér heimildir sem ráðuneytum og stofnunum beri að virða. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að „ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum". Þá hefur stofnunin ítrekað bent á að mikil frávik frá fjárlögum ár eftir ár séu til marks um meira agaleysi í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga hér á landi en tíðkast í löndum sem Ísland er gjarnan borið saman við. Frávikin hafa að meðaltali verið um 15 til 20% undanfarin ár og er fjárlagaárið 2005 engin undantekning. Slík frávik þekkjast ekki í nálægum löndum."

Á þessu verður að taka í eitt skipti fyrir öll. Hér er verið að of- eða vanáætla verulega á stofnanir ár eftir ár sem sýnir hve ríkisstjórnin leggur lítinn metnað í fjárlagavinnuna. Síðan er endrum og sinnum skotið inn í fjáraukalög handahófskenndum leiðréttingum á stöðu einstakra stofnana.

Virðulegi forseti. Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2005 kemur fram að fjárlagaliðir sem farið hafa 4% fram úr heimildum og fjárlagaliðir sem eiga 4% eða meira ónýtt, séu um 68%. 68% fjárlagaliða eru með 4% eða meira í frávik. Og það sem meira er þá hafa u.þ.b. þrír af hverjum fjórum þessara fjárlagaliða farið 10% fram úr eða eiga meira en 10% ónýtt. Þrír af hverjum fjórum þessara 68% eru með meira en 10% frávik.

Þessi samantekt varpar skýru ljósi á hversu léleg fjárlagagerðin er orðin. Svona er ekki hægt að standa að áætlanagerð fyrir rekstur ríkisins ef áætlanagerð á að kalla. Svona hefur ríkisstjórnin látið hlutina malla í gegnum árin. Fjárheimildir og uppsafnaður vandi er látinn flæða á milli ára þannig að alla yfirsýn vantar og þetta hefur leitt til að fjárlög ríkisins eru marklaust plagg í stað þess að vera skýr rammi sem þau eiga að vera um rekstur ríkisins.

Virðulegi forseti. Í fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar segir um þetta, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun bendir á mikilvægi þess að Alþingi

fjalli sérstaklega um þessa fjárlagaliði í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007. Eðlilegt má telja að ónýttar fjárheimildir sem eru umfram 4% verði felldar niður nema þær eigi að nýta á næsta fjárlagaári. Heimildir má síðan endurnýja í fjárlögum næstu ára eftir því sem þörf er á. Einnig þarf að ákveða hvað gera skuli í fjármálum stofnana sem eru komnar meira en 4% fram úr fjárheimildum, annaðhvort taka ákvörðun um að hækka fjárheimildir eða ganga eftir að viðkomandi stofnun dragi úr útgjöldum sínum. Ófært er að mál sem þessi séu látin velkjast ár eftir ár án þess að gripið sé til viðeigandi ráðstafana."

Vegna þessa eru fjárlögin ónýtt verkfæri við stjórn efnahagsmála. Ríkisstjórnin hefur með kæruleysislegri umgengni sinni um fjárlögin sýnt að ekki eigi að nota ríkisfjármálin sem eitt af stýritækjum í efnahagslífinu. Það getur ekki orðið þetta stýritæki ef heimildir velkjast aftur og aftur á milli ára. Fjárlög eiga að veita skýrt yfirlit yfir hvert ár fyrir sig svo vel megi vera. Þessi ríkisstjórn ætlar engu að breyta í þeim efnum.

Virðulegi forseti. Fjárlaganefnd á að öllu eðlilegu að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Staðreyndin er sú að svo er alls ekki. Merkileg uppákoma varð í haust þegar umrædd skýrsla Ríkisendurskoðunar var til umfjöllunar í nefndinni. Þá komu fulltrúar fjármálaráðuneytisins á fund nefndarinnar og greindu frá því að einn liður í eftirlitinu væri sá að fjárlaganefnd Alþingis væru send yfirlit yfir stöðu stofnana ársfjórðungslega. Þetta kom fulltrúum stjórnarandstöðunnar í opna skjöldu því undanfarið hafa þeir fulltrúar sem nú sitja þar ekki séð slík yfirlit. Þá kom í ljós, virðulegi forseti, að eitthvað höfðu boðskipti milli ráðuneytisins og nefndarinnar misfarist og yfirlitin stoppað hjá formanni nefndarinnar. Á þessu var þó beðist afsökunar og lofað bót og betrun sem ég vona að verði.

Ég dreg þetta hér fram vegna þess að þetta sýnir að meiri hluti fjárlaganefndar Alþingis hefur ekki tekið eftirlitshlutverk sitt alvarlega, eins og hér hefur margsinnis verið haldið fram af hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, heldur hefur nefndin einungis verið stimpill á það sem kemur úr ráðuneytunum.

Ráðherraræðið hér á landi er að verða nánast algert og birtist skýrlega í störfum þingsins. Ég vil nota tækifærið og taka undir með hv. þm. Bjarna Benediktssyni sem fjallaði um það í grein í Morgunblaðinu nýverið að efla verði sjálfstæði Alþingis og styrkja innviði þess. Samfylkingin hefur til að mynda lagt fram tillögur nokkur síðustu ár um að sett verði á laggirnar hagdeild innan þingsins til að efla eftirlitshlutverk þess.

Virðulegi forseti. Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum ár eftir ár farið yfir það í umræðum og í álitum í fjárlagagerð hvernig farið er á svig við fjárreiðulög í ýmsum atriðum fjáraukalaganna. Það er því miður orðið að hvimleiðu munstri hjá hv. ríkisstjórn að nota fjáraukalögin til að breyta myndinni af ríkisrekstrinum. Það er orðið að hvimleiðu munstri hjá ríkisstjórnarmeirihlutanum að slá upp glansmyndum í stað þess að fram fari raunverulegar áætlanagerð. Umgengni ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis á lögum um fjárreiður ríkisins hefur ekkert farið fram eins og sést á þessu frumvarpi. Á meðan svo er munu fjárlög og fjáraukalög ekki verða sá rammi sem þau eiga að vera um ríkisreksturinn ef farið væri að fjárreiðulögunum í einu og öllu. Við þessar aðstæður er því ekki hægt að búast við að stjórntæki á borð við fjárlög og fjáraukalög nýtist við efnahagsstjórnina eins og þeim ber ef rétt væri á málum haldið.

Þetta frumvarp til fjáraukalaga ber öll sömu merki og fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar, merki þess að hér á landi er markvisst verið að draga úr jöfnuði og þrengja að barnafólki og heimilunum í landinu. Ein skýr birtingarmynd þess er hér í frumvarpinu og vil ég taka hana sem dæmi og gera að umtalsefni.

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild Fæðingarorlofssjóðs lækki um 200 millj. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2006. Er þetta gert í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er þessu ári.

Virðulegi forseti. Rétt er að fara yfir það hvers vegna framlagið til Fæðingarorlofssjóðs lækkar. Það er ekki vegna þess að barnsfæðingum hafi fækkað. Það er ekki vegna þess að laun hafi lækkað og þar með viðmiðin. Nei, þetta er til komið vegna breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 90 árið 2004 á foreldra- og fæðingarorlofslögunum. En lagabreytingarnar voru einmitt ætlaðar til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs til fæðingarorlofsmála.

Ein þessara breytinga, og líklega sú stærsta og sem kemur hvað harðast niður á barnafólki, er sú að viðmiðunartímabil tekna var lengt verulega, eða úr 12 mánaða samfelldu tímabili í tvö síðustu tekjuár miðað við skattframtöl. Þessar breytingar hafa haft í för með sér að viðmiðunartímabilið getur orðið frá 24 mánuðum upp í 36 mánuði eftir því hvenær á árinu barnið er fætt. Því gefur augaleið að ekkert foreldri nær nálægt 80% af tekjum sínum í fæðingarorlofi lengur. Þessar breytingar hafa komið sér afar illa fyrir margar fjölskyldur af ýmsum ástæðum auk þess að vera í eðli sínu óréttlátar þar sem viðmiðunartími verður mislangur eftir því hvenær ársins börnin eru fædd. Þegar miðað er við tekjuár eins og nú er gert getur munað töluverðu hvort barn er fætt í desember eða janúar. Þannig getur eins og áður sagði viðmiðunartíminn orðið frá 24 mánuðum upp í 36 mánuði fyrir fæðingu barns.

Þetta fyrirkomulag getur haft veruleg áhrif á tekjur. Þetta kemur í fyrsta lagi illa niður á fjölskyldum þar sem foreldrar hafa verið í námi og því með lágar tekjur. Í öðru lagi kemur þetta illa niður á foreldrum sem eignast börn með skömmu millibili og hafa þannig fengið skertar tekjur í fæðingarorlofi með fyrra barni og reiknast sú skerðing inn í skerðingu á tekjum í fæðingarorlofi með því seinna. Í þriðja lagi getur margt gerst hjá ungu fólki á svo löngum tíma. Svo sem stöðuhækkun, launahækkun eða tímabundið atvinnuleysi. Ungt fólk á barneignaraldri er oft að stíga fyrstu skrefin á starfsferli sínum og því framgangur og breytingar á launum tíðar.

Virðulegi forseti. Hvers vegna nefni ég þetta mál hér? Ég nefni það vegna þess að nú eru að birtast í frumvarpi til fjáraukalaga afleiðingar af þessari niðurskurðarstefnu ríkisstjórnarinnar þegar kemur að barnafólki í landinu. Afleiðingar af breytingum á lögum um fæðingarorlof og ég leyfi mér að spá því að þetta sé eingöngu byrjunin.

Það er einnig mikilvægt að halda því til haga að síðan Alþingi samþykkti hin stórgóðu lög um fæðingarorlof árið 2000 hefur verið kroppað í þau þannig að Framsóknar-

flokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa stórskaðað lögin.

Virðulegi forseti. Annað mikilvægt mál tel ég að taka þurfi til umræðu hér um fjáraukalögin. Fyrir þinginu liggur síðan í gær frumvarp til breytinga á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Er með þessu frumvarpi verið að leggja til breytingar á vaxtabótum vegna þess áfalls sem margir fasteignaeigendur urðu fyrir í ágúst sl. þegar í ljós kom að niðurstöður álagningar af hækkun fasteignaverðs árið 2005 höfðu skert vaxtabætur þeirra svo um munaði og þurrkað þær út hjá mörgum án þess að nokkuð annað hefði breyst í þeirra högum annað en að eignir í fasteignum hækkuðu vegna hækkunar á fasteignaverði.

Í þessu máli er mikilvægt að eftirfarandi komi fram: Í vor, áður en þing fór í sumarfrí, hafði stjórnarandstaðan ítrekað lagt til að leiðréttingar yrðu gerðar strax á hámarki eignaviðmiðunar svo fasteignaeigendur fengju ekki áfallið sem raunin varð í ágúst síðastliðnum. Við lögðum til að gripið yrði til aðgerða strax. Var þá þegar ljóst að um væri að ræða a.m.k. 700 millj. kr. sem þessi heimili yrðu af. Í frumvarpinu sem ég nefndi áðan er einungis verið að bæta 300 milljónir af ónýttri heimild til vaxtabótagreiðslna, auk 200 milljóna sem lagðar verða til viðbótar. Það er því ljóst að ekki er verið að bæta þessar skerðingar vegna hækkunar fasteignaverðs að fullu.

Í öðru lagi er mikilvægt að hér komi fram að í júní síðastliðnum gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við samkomulag ASÍ og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Í yfirlýsingunni sagði að ríkisstjórnin lýsti sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði um vaxtabætur ef í ljós kæmi að niðurstöður álagningar nú í ágúst eða hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefði leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum. Í lok júlí blasti verulegur vandi við þegar fjöldi Íslendinga fékk litlar eða engar vaxtabætur þegar álagningarskrár lágu fyrir.

Virðulegi forseti. Þetta lá því allt saman fyrir. Þess vegna er rétt að spyrja: Hvers vegna eru þessar 200 milljónir, sem ljóst er að greiða verður samkvæmt áðurnefndu frumvarpi umfram heimildir ársins, ekki í fjáraukalagafrumvarpinu? Þetta lá allt saman fyrir í vor. Þetta lá líka fyrir í júní og var síðan staðfest í lok júlí.

Þetta er enn eitt dæmið um lausungina í fjárlagagerðinni. Hæstv. fjármálaráðherra leggur bæði þessi mál fram. Frumvörpin koma fram með nokkurra daga millibili. Eru múrveggir milli deilda í fjármálaráðuneytinu? Þessi vinnubrögð eru auðvitað ekki eðlileg.

Að auki, virðulegi forseti, verð ég að nefna að fyrir utan þessar skerðingar, sem verið er að bæta að takmörkuðu leyti þó í áðurnefndu frumvarpi, þá er það staðreynd eins og ég hef áður bent á að vaxtabæturnar hafa lækkað um 1,4 milljarða á verðlagi dagsins í dag það sem af er þessu kjörtímabili, þ.e. ef tölurnar fyrir árið í ár eru teknar hráar úr fjárlögum þessa árs og bornar saman við ríkisreikning árið 2003. Þetta er fyrir utan þær skerðingar sem urðu vegna hækkunar fasteigna á síðasta ári. Ef ónýttar heimildir vegna breytinga á eignarhluta fasteignaeigenda eru teknar inn í hafa skerðingarnar því verið a.m.k. 1,7 milljarðar, miðað við það sem kemur fram í áðurnefndu frumvarpi til dagsins í dag. Það er því ljóst að skerðingarnar á vaxtabótunum hafa verið verulegar á undanförnum árum. Einmitt nú þegar heimilin þurfa þau hvað mest vegna verðbólgunnar sem leggst á lánin, verðbólgu upp í allt að 10% sem til er komin vegna mistaka ríkisstjórnarinnar við stjórn efnahagsmála.

Á sama tíma skerðir ríkisstjórnin harkalega vaxtabæturnar sem heimili í landinu hafa reiknað með í áætlanagerð sinni. Ár eftir ár er því komið í bakið á fasteignaeigendum. Hver einasti fasteignaeigandi hefur fundið fyrir þessum skerðingum á undanförnum árum. Fyrir þær er ekki hægt að þræta. Þessar skerðingar eru staðreynd.

Virðulegi forseti. Það hefur líka komið fram í umræðunni að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru öll á eina leið. Sú aukna skattbyrði sem birtist núna í auknum skatttekjum frá einstaklingum í fjáraukalögunum, við vitum öll hvernig henni hefur verið skipt. Það hefur komið fram í svari við fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur hvernig hún skiptist. Skattbyrðin hefur aukist á alla nema þau 10% sem hæstar hafa tekjurnar. Ég endurtek: Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru öll á eina leið, að kroppa í þau tæki sem ríkisvaldið hefur til að létta undir með barnafólki, að kroppa í þau tæki sem ríkisvaldið hefur til að jafna kjör fólks í landinu. Þetta er stefna núverandi ríkisstjórnar og við samfylkingarfólk gagnrýnum þá stefnu, við jafnaðarmenn gagnrýnum hana og hyggjumst leiðrétta þann kúrs sem ríkisstjórnin er á þegar við tökum við stjórn landsins. Það verður okkur fyrsta verk og því má treysta.

[14:47]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. „Copy/paste," sagði hv. þingmaður. Það mætti kannski segja það um hluta af ræðu hv. þingmanns, að hann hefði verið „copy/paste". Til að útskýra það þá var fjáraukalagafrumvarpið tilbúið áður en frumvarp um breytingarnar á vaxtabótum var tilbúið, frágengið og samþykkt í ríkisstjórninni. Þess vegna var það ekki komið inn í forsendur fjáraukalaga. Það ætti hins vegar að vera lítið mál, miðað við málflutning hv. þingmanns, að gera þá breytingu á milli umræðna hjá fjárlaganefnd.

Varðandi þá þætti sem hún nefndi úr skýrslu Ríkisendurskoðunar, samanburð við önnur lönd um frávik á milli liða, finnst mér svolítið merkilegt að velta fyrir mér, þegar við berum okkur saman við önnur lönd, að þau lönd sem mest eru í umræðunni eru yfirleitt með miklu hærri opinber útgjöld en við erum með hér á landi, mikið hærri útgjöld hjá ríkissjóði en er hér á landi. Þetta eru yfirleitt lönd sem ekki skila jafnmiklum afgangi á ríkissjóði og við höfum verið með síðustu tíu ár.

Ég velti því fyrir mér, þrátt fyrir þessi ákveðnu vandamál sem við eigum við að glíma — ég gengst við að að hluta til er það rétt sem Ríkisendurskoðun hefur sagt, að við þurfum að bæta vinnubrögðin varðandi ákveðnar stofnanir — hvort samanburðurinn við önnur lönd og sú niðurstaða að þar sé ástandið betra en hjá okkur sé eðlileg í þessu samhengi. Ég velti því fyrir mér hvort vinnubrögðin sem tíðkast þar séu nokkuð betri þegar á heildina er litið og hvort okkar niðurstaða sé ekki bara nokkuð góð borið saman við þau lönd öll saman.

[14:49]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málið snýst ekki bara um að bera okkur saman við önnur lönd. Að mínu mati er það einkum notað til þess að árétta það að þetta er spurning um að fara að fjárreiðulögum, fylgja þeim. Það hefur ekki verið gert eins og kom fram í máli mínu. Þegar litið er til annarra ríkja þá er það að sjálfsögðu þegar vinnubrögðin við fjárlagagerðina eru gagnrýnd. Mesta gagnrýnin lýtur að vinnubrögðunum vegna þess að þar er lausungin. Það er eins og upphæðum sé slumpað á fjárlagaliðina þar sem stórt hlutfall, 68% þeirra er með 4% eða meira frávik.

Virðulegi forseti. Talandi um þetta vaxtabótafrumvarp þá hefur það legið fyrir frá því í vor, eins og ég kom inn á í ræðu minni, að þetta þyrfti að gera. Ég er undrandi yfir því að þetta skuli ekki hafa komið inn í fjáraukalögin. Nægur hefur tíminn verið til að leiðrétta þessa þætti.

Eins og hæstv. ráðherra sagði þá væri lítið mál að breyta þessu á milli umræðna um fjáraukalögin og setja þetta inn. Frú forseti. Það er umræða sem við eigum eftir að taka. Það er alveg ljóst, miðað við að menn ætla að setja 500 millj. kr. inn í kerfið að ætlunin er ekki að bæta til fulls þær harkalegu skerðingar sem fólk varð fyrir, bæta því það áfall sem það varð fyrir í vor þegar sumir misstu allar sínar vaxtabætur, nærri því mánaðarlaun eftir skatt vegna þessara breytinga. Það er ekki verið að bæta það til fulls. Það er umræða sem við eigum alveg eftir að taka, frú forseti.

[14:51]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að við eigum alveg eftir að fara í gegnum vaxtabótaumræðuna. En ég held að þetta sé þriðja ræðan sem ég hef heyrt á stuttum tíma í þingsölum í haust hjá hv. þingmanni um vaxtabæturnar og það er ekki enn búið að mæla fyrir frumvarpinu. Sé einhver búinn að taka forskot á sæluna hvað það varðar þá er það hv. þingmaður. (**Gripið fram í:** Þú hefur gott af því að undirbúa þig.) Já, þakka þér fyrir, hv. þingmaður, ég er mjög vel undirbúinn.

Varðandi það sem hv. þingmaður segir um fjárreiðulög og agaleysi sem við höfum fjallað um og að gott sé að bera saman árangur okkar og annarra landa þá var ég út af fyrir sig ekki að tala um það í ræðu minni áðan. Ég var bara að tala almennt um hvaða árangri við náum og hvaða árangri önnur lönd ná með sínum aðferðum.

En ef við tölum sérstaklega um fjárreiðulögin, sem ég hafði eins og hv. þingmenn vita talsverðan atbeina að að voru sett á sínum tíma, þá hlýtur auðvitað að liggja ljóst fyrir að Alþingi metur á hverjum tíma útgjaldatilefni og hvort þau útgjaldatilefni sem fjármálaráðherra óskar eftir að fá fjármagn í með fjáraukalögum séu í samræmi við fjárreiðulög eða ekki. Ég sé því ekki að hv. þingmenn þurfi að hafa svo gríðarlegar áhyggjur af því þegar þeir eru að ræða þetta frumvarp. Frumvarpið á eftir að fara í gegnum nefndina og þingnefndir fara um þetta höndum. Það er síðan meiri hluta Alþingis að taka um það ákvörðun hvort tillagan stenst fjárreiðulög eða ekki. Þar af leiðandi tekur meiri hlutinn ákvörðun um hvað eru taldar nauðsynlegar fjárveitingar af hálfu ríkisins á hverjum tíma.

[14:53]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var býsna merk yfirlýsing hjá hæstv. fjármálaráðherra. Ég met það svo að hann hafi lýst því yfir að hann muni gefa meiri hlutanum eða fjárlaganefnd meiri möguleika á að eiga við frumvörpin sem frá honum koma. Ég hlýt að fagna því að áður en meiri hlutinn stimplar komandi fjárlagafrumvörp fái hann eitthvað að eiga við þau. Auðvitað á þingið að hafa miklu meira með fjárlagafrumvarpið að gera en raunin er. Auðvitað á það að vera þannig. Ef þetta er stefna hæstv. ráðherra til framtíðar þá hlýtur maður að fagna því og þá ber ég miklar væntingar til fjárlagavinnunnar fram undan. Ég vona að meiri hluti fjárlaganefndar líti eins á málin og hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra nefndi að þetta væri þriðja ræðan sem hann hefði heyrt mig flytja um vaxtabætur það sem af er þessu þingi. Það er náttúrlega ekki undarlegt þar sem við höfum verið að fjalla um fjárlög fyrir árið 2007. Vaxtabætur eru hluti af þeim. Þær ættu líka að vera hér inni ef menn hefðu unnið almennilega í sumar.

Virðulegur forseti. Ég skil vel að hæstv. fjármálaráðherra sé viðkvæmur þegar kemur að gagnrýni á vaxtabæturnar. Staðreyndin er sú að þær hafa verið skertar gríðarlega. Almenningur situr með verðbólguna í fanginu meðan húsnæðislánin bólgna út, út af verðbólgunni og verðtryggingunni. Aðrir eru bæði með belti og axlabönd, lánastofnanirnar, en almenningur situr eftir með verðbólguna í fanginu. Það er því ekki skrýtið að hæstv. ráðherra sé viðkvæmur fyrir umræðunni. Það er staðreynd að frá árinu 2003 hafa vaxtabætur verið lækkaðar á verðlagi dagsins í dag um 1,4 milljarða kr. Frú forseti, það er staðreynd og því ekki að furða að hæstv. ráðherra sé viðkvæmur fyrir umræðunni.

[14:55]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það er undarlegur tónn í umræðunni um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006. Mér finnst það ekki góður svipur að hv. fjárlaganefndarmenn geri lítið úr störfum nefndarinnar með því að telja að við séum einungis afgreiðslunefnd ríkisstjórnarinnar, sérstaklega meiri hluti nefndarinnar. Ég legg mjög mikið upp úr sjálfstæði nefndarinnar og því mikla hlutverki sem hún gegnir við gerð fjárlaga, við framkvæmd fjárlaga og því eftirlitshlutverki sem hún á að gegna hverju sinni.

Hæstv. forseti. Ég fagna því að það frumvarp sem við ræðum skuli lagt fram svo stuttu eftir að frumvarp til fjárlaga ársins 2007 hefur litið dagsins ljós. Það er mikilvægt fyrir fjárlaganefndina að geta fjallað um þessi frumvörp í samhengi. Ég tel að það greiði fyrir störfum nefndarinnar, veiti nefndarmönnum meiri og betri yfirsýn yfir stöðu ríkisfjármála almennt. Ég tel að á undanförnum árum hafi okkur farið verulega fram hvað þetta varðar.

Við erum að fjalla um mjög gott frumvarp rétt eins og í síðustu viku þegar fjallað var um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007. Með því á að greiða niður skuldir ríkisins og bæta hag almennings til muna. Sú aukning sem verður, samkvæmt því frumvarpi sem við ræðum hér, á tekjum ríkissjóðs eru rúmir 40 milljarðar kr. og verða þar með 375 milljarðar kr. Það er gríðarlega mikil aukning sem gerir það

að verkum að við getum greitt skuldir ríkissjóðs hraðar niður en áætlanir gerðu ráð fyrir. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 var gert ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs mundu lækka um 11,4 milljarða en samkvæmt frumvarpinu sem við ræðum nú yrðu skuldir greiddar niður um 23,4 milljarða. Ríkissjóður er að verða nær skuldlaus. Það er eðlilegt að maður heyri það hjá hv. stjórnarandstöðu að þeim líði illa yfir þeim góða árangri sem ríkisstjórnin hefur náð í ríkisfjármálum á undanförnum árum.

Árið 1995, þegar Framsóknarflokkurinn kom í ríkisstjórn, voru skuldir ríkissjóðs tæplega 240 milljarðar kr. á núvirði. Í dag eru þær 27. Síðan hafa menn ákveðnar efasemdir um að ríkissjóður eigi að fara í skattalækkanir, svo sem að lækka tekjuskattinn, og skila til þjóðarinnar þeim árangri sem ríkisstjórnin hefur náð í efnahagsmálum. Ríkissjóður er að verða nær skuldlaus. Markmið stjórnarmeirihlutans er að skila þeim ávinningi til heimilanna í landinu með lækkuðum sköttum, stórhækkuðum barnabótum og svo mætti lengi telja.

Hæstv. forseti. Tölurnar tala sínu máli. Í landinu ríkir almenn velmegun. Um næstu áramót munu skattleysismörk stórhækka. Að sjálfsögðu getum við alltaf gert betur gagnvart þeim sem verst standa í samfélaginu. Í því fjárlagafrumvarpi sem við ræddum í síðustu viku mun komið til móts við þau sjónarmið. Með þessu frumvarpi til fjáraukalaga ársins 2006 stöndum við vörð um sterka stöðu ríkissjóðs.

Kaupmáttur almennings hækkaði meira en við gerðum ráð fyrir í fjárlagavinnunni í fyrra. Gert var ráð fyrir að kaupmáttaraukning almennings á þessu ári yrði um 2,7%. Samkvæmt því sem nú liggur fyrir eykst kaupmáttur almennings um 5,7% á árinu. Þetta eru mjög góðar fréttir fyrir heimilin í landinu. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hefur miklar áhyggjur af stöðu heimilanna og ég er sammála henni. Við þurfum að standa vörð um betri hag heimilanna. En það er mjög undarlegt að geta lagt málflutning sinn út með þeim hætti að kjör almennings séu að skerðast þegar við horfum á þá staðreynd að kaupmáttaraukning almennings er 5,7% á árinu, 3% meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Kaupmáttaraukningin frá 1995 er hátt í 60%. Við getum ekki fundið það land sem hefur náð viðlíka árangri í að bæta kjör alls almennings á umræddu tímabili. Þar hefur ríkisstjórnin komið mjög vel að með styrkri efnahagsstjórn og þorað að taka mjög óvinsælar ákvarðanir sem stjórnarandstaðan hefur aldrei stutt stjórnarmeirihlutann í. Ríkisstjórnin hefur þorað að taka erfiðar ákvarðanir til að standa vörð um stöðugleikann og minnka verðbólguna og það tókst í sumar. Það tókst í sumar með aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Við horfum fram á lækkandi verðbólgu og áframhaldandi kaupmáttaraukningu í samfélaginu ef skattalækkanir ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga.

Hæstv. forseti. Við erum með þessu frumvarpi að leggja fram fjármuni til handa framtíðinni svo við getum haldið áfram að standa vörð um velferðarkerfið, heilbrigðis- og menntamál. Það er mjög mikilvægt. Við greiddum gríðarlega mikla vexti af miklum skuldum þegar Framsóknarflokkurinn kom í ríkisstjórn árið 1995 og nú er ríkissjóður að verða skuldlaus og vaxtajöfnuður er orðinn jákvæður. Allt ber þetta vott um að við höfum verið að ná miklum árangri sem þjóð og sem samfélag og við viljum halda áfram á þeirri braut, meirihlutaflokkarnir sem myndum þá ríkisstjórn sem nú er við völd. Og það er alveg sama hvað hv. stjórnarandstaða reynir að kúvenda staðreyndum. Staðreyndirnar tala sínu máli. Við höfum náð mjög miklum árangri til heilla fyrir alla landsmenn.

Hæstv. forseti. Í desember sl. var mikil umræða um málefni Háskólans á Akureyri. Stjórnarandstæðingar deildu mjög hart á stjórnarliða og sögðu með réttu að ekki væri nægilegt tillit tekið til m.a. húsaleigu á Borgum. Fram fór ákveðin vinna hvað það varðar og við lukum síðustu fjárlagagerð með því loforði að komið yrði til móts við Háskólann á Akureyri hvað varðaði nemendaígildi og húsaleigu á Borgum. Stjórnarandstæðingar efuðust um að við mundum standa við það. Í frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir að 40 millj. kr. fari til Háskólans á Akureyri vegna húsaleigu og 20 millj. kr. vegna nemendaígilda. Verið er að hækka ramma Háskólans á Akureyri um 60 millj. kr. á milli ára, rétt eins og sagt var í fjárlagaafgreiðslunni á síðasta ári í desembermánuði. Öll orð hafa því staðið hvað það varðar.

Í annan stað í ljósi góðs efnahagsástands í samfélaginu eru sveitarfélögin að njóta þess að skatttekjur ríkissjóðs hafa aukist til muna. Sveitarfélögin í landinu fá samkvæmt frumvarpinu tæpar 1.100 milljónir vegna tengingar við tekjuskattinn þannig að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga getur útdeilt um 1.100 millj. kr. meira til sveitarfélaga í landinu og kannski ekki síst sveitarfélaga á landsbyggðinni sem glíma mörg hver við mikla rekstrarerfiðleika. Þessi umsvif í samfélaginu og það góða atvinnuástand sem hér ríkir er í miklum mæli að skila sér til sveitarfélaganna í landinu og kannski ekki síst, hæstv. forseti, til þeirra sveitarfélaga sem hvað höllustum fæti standa.

Hæstv. forseti. Mikil umræða var hér fyrir um tveimur árum um sölu Landssímans og sumir stjórnarandstæðingar börðust mjög hart gegn þeirri sölu en hún tókst í alla staði mjög vel. Með þeirri sölu gátum við stórlækkað skuldir ríkissjóðs og jafnframt útdeilt fjármunum til mikilvægra verkefna á sviði velferðarmála, samgöngumála, heilbrigðismála, menntamála o.s.frv. Aðgerðir sem við hefðum annars trúlega ekki getað farið í. Framsóknarflokkurinn lagði höfuðáherslu á við söluna á Landssímanum að við mundum stórbæta fjarskipti á landsbyggðinni, háhraðatengingar, GSM-þjónustu og fleira má telja. Það er mjög gleðilegt að sjá frumvarpinu að verið er að flytja 500 millj. kr. á árinu 2007 yfir á árið 2006 til þess að hraða uppbyggingu á GSM-sambandi um þjóðvegi landsins og hinum dreifðu byggðum og háhraðatengingum. Verið er að setja aukna fjármuni og meiri hraða í uppbyggingu fjarskipta á landsbyggðinni. Þetta var sérstakt baráttumál okkar framsóknarmanna í tengslum við söluna á Landssímanum. Ég er mjög ánægður með að við skulum geta fyrr en ella byggt upp góð fjarskipti á landsbyggðinni vegna þess að góð fjarskipti eru grundvöllur margra byggðarlaga. Við verðum að ná meiri árangri í þeim efnum og er hluti af því að mörg byggðarlög á landsbyggðinni verði hluti af 21. öldinni. Það er óásættanlegt á mörgum stöðum hvernig fjarskiptamálum er háttað og því er það gleðilegt að við skulum flýta þeim framkvæmdum og setja meiri fjármuni í að bæta fjarskipti á landsbyggðinni.

Hæstv. forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu en mig langar að minnast örlítið á stöðu margra stofnana sem hafa farið 4% fram úr fjárheimildum og eru jafnvel með uppsafnaðan halla til nokkurra ára. Ég tel að fjárlaganefnd verði að fara mjög gaumgæfilega ofan í þessa hluti. Það er rétt sem hefur komið fram í umræðunni að ég tel að það megi aga fjárlagagerðina betur. Ég minni á að fjárlagagerðin og framkvæmd fjárlaga er samvinnuverkefni á milli fjárlaganefndar Alþingis, viðkomandi ráðuneyta og forstöðumanna stofnana. Við þurfum að auka samvinnu þessara aðila til að ná betri árangri í framkvæmd fjárlaga þannig að einstakar stofnanir fari eftir fjárlögum. Við höfum reyndar náð árangri í þeim efnum. Á árinu 2005 fóru 135 stofnanir eða fjárlagaliðir umfram 4% af fjárheimildum, 135 af um 444 fjárlagaliðum, sem er vissulega allt of hátt hlutfall. Á fyrstu sex mánuðum ársins í ár eru þetta orðnir 104 fjárlagaliðir, þeim hefur því fækkað um 31 á milli ára, um hátt í 30%. Það er vissulega spor í rétta átt. Við sem sitjum í fjárlaganefnd Alþingis hljótum öll að sammælast um að við þurfum að halda áfram á þeirri vegferð. Sem betur fer er það svo að við erum heldur að vinna á í þessum efnum og ég tel að með samhentu átaki þeirra aðila sem eiga að fylgja eftir framkvæmd fjárlaga munum við geta aukið agann í fjármálum ríkisins og fjárlögum.

Ég vil vara sérstaklega við málflutningi sem kom fram áðan, þ.e. að einstakar stofnanir sem flytja með sér fjárheimildir á milli ára eru settar í flokk með þeim sem hafa verið í viðvarandi hallarekstri í mörg ár. Ég tel það ekki rétt skilaboð og mun ekki beita mér fyrir því að Alþingi fari að setja viðurlög á forstöðumenn stofnana sem reyna að sýna aðhald í rekstri og jafnvel reyna að leggja fyrir einhverja fjármuni til að geta mögulega komið til móts við einhver óvænt áföll í rekstri viðkomandi stofnana. Við megum ekki bera saman stofnanir sem eru í viðvarandi hallarekstri ár eftir ár og þær fyrirmyndarstofnanir sem eru að auka mögulega inneignir á milli ára því það eru mjög ábyrgir forstöðumenn sem byggja upp einhvern sjóð sem getur komið til móts við einhverjar óvæntar aðstæður sem koma upp í rekstri stofnana á viðkomandi tíma. Ef við ætlum að fara gegn þeim stofnunum sem sýna aðhald í rekstri er ljóst að við munum skapa hvata hjá þeim að skila engum afgangi, eyða bara öllu því sem fjárlög viðkomandi árs útheimta, kaupa fleiri borð, fleiri tölvur og fleiri stóla sem hugsanlega er ekki svo brýn þörf fyrir. Ég held að við þurfum að fara mjög varlega í slíkri umræðu og ég vil meina að við hljótum að vera sammála um að hér er um mjög mikinn eðlismun að ræða í vanda viðkomandi stofnana, hvort þær eru reknar með afgangi eða halla.

Hæstv. forseti. Við þurfum að fara mjög grannt og vandlega ofan í það frumvarp til fjáraukalaga sem er rætt hér. Ég óska eftir góðu samstarfi við hv. nefndarmenn fjárlaganefndar og ég veit að á síðustu árum hefur samstaða verið ágæt innan nefndarinnar. Þó að menn greini á í einstaka málum og í stjórnmálunum almennt, þá hefur það verið regla að fjárlaganefndin hefur á síðustu árum getað haldið starfsáætlun sinni. Ég er viss um að hv. nefndarmenn fjárlaganefndar eru reiðubúnir til að halda áfram á þeirri vegferð. Það er mjög mikilvægt að við höldum þeirri starfsáætlun. Þetta er sameiginlegt verkefni sem við þurfum að taka mjög alvarlega og fara yfir, sama hvort við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu. Í lok ræðu minnar vil ég óska eftir góðu samstarfi við hæstv. fjármálaráðherra í þeirri vinnu sem fram undan er og hv. embættismenn í fjármálaráðuneyti og öðrum ráðuneytum en legg enn og aftur mjög mikla áherslu á að nefndin sjálf er sjálfstæð. Henni ber að afla sér upplýsinga, virkilega vel, um stöðu ríkisfjármála. Það er hlutverk fjárlaganefndar þingsins. Hún er sjálfstæð gagnvart framkvæmdarvaldinu og ég hafna því algerlega ef menn ætla að gefa það í skyn í umræðunni að fjárlaganefndin sé einhver stimpill framkvæmdarvaldsins hvað þetta varðar því fjárlögin taka miklum breytingum í meðhöndlun nefndarinnar og ég held að við eigum að stefna að því að vinna það starf sem fram undan er mjög vel. Mikið starf er fram undan við að fara yfir bæði frumvarp til fjáraukalaga eins og frumvarp til fjárlaga ársins 2007 og ég vænti enn og aftur góðs samstarfs við hv. þingmenn í fjárlaganefnd Alþingis.

[15:11]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að fagna sérstaklega ummælum hv. þm. Birkis J. Jónssonar, formanns fjárlaganefndar, um að hann leggi gífurlega áherslu á sjálfstæði fjárlaganefndar. Við vonum svo sannarlega að það boði eitthvað gott.

Hins vegar er nauðsynlegt að hv. þingmaður útskýri örlítið nánar fyrir okkur hvernig hann ætlar að gerbreyta vinnubrögðum í fjárlaganefnd vegna þess að til að hann sýni þetta og sanni þá verður hann að gera það. Hann agar ekki fjárlagagerðina öðruvísi en að gerbreyta vinnubrögðunum. Hann sýnir ekki aðhald varðandi framkvæmd fjárlaga nema gerbreyta vinnubrögðunum.

Nauðsynlegt er að hv. þingmaður svari einu ef hann hefur upplýsingar um það: Hvenær eigum við von á því að fá lokafjárlög fyrir árið 2005? Það er algerlega vonlaust fyrir fjárlaganefnd að gegna hlutverki sínu nema hún hafi nákvæmar upplýsingar um hver staða stofnana er í lok árs 2005, ef við eigum að geta unnið fjárlög fyrir árið 2007 og fjáraukalög fyrir árið 2006 vegna þess að þá stöðu þurfum við að fá. Við þurfum líka að fá áætlaða stöðu í lok ársins 2006 ef við ætlum að láta fjárlög fyrir árið 2007 vera fjárlög fyrir árið 2007 og þá fáum við að sjá allt önnur fjáraukalög fyrir árið 2007 en við horfum upp á varðandi fjáraukalög fyrir árið 2006 sem eru í raun er hluti af fjárlögum margra ára aftur í tímann. Það elsta sem ég man eftir er árið 2003 og það er auðvitað algerlega á skjön við fjárreiðulög, sem ég vona að hv. þingmaður sé búinn að lesa kvölds og morgna alveg frá því að hann varð formaður fjárlaganefndar, vegna þess að það hlýtur að vera meginmarkmið þingmannsins á þessu fyrsta starfsári sínu, hugsanlega eina, sem formaður fjárlaganefndar að farið sé eftir þeim lögum. Þá hefur hann að sjálfsögðu unnið töluverða rós í hnappagat sitt og ég vona svo sannarlega að hv. þingmaður hafi þetta að markmiði sínu og því get ég lofað hv. þingmanni að það mun ekki frekar en fram að þessu standa á fulltrúum minni hlutans í fjárlaganefnd að aðstoða hv. þingmann við að sýna sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ekki hefur veitt af fram að þessu að aðstoð sé veitt í þeim efnum.

[15:14]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni sem hefur verið forsvarsmaður Samfylkingarinnar um árabil í fjárlaganefnd fyrir að óska eftir góðu samstarfi og ég veit að samstarf okkar á eftir að vera gott á þeim þingvetri sem fram undan er. Ég er hins vegar sammála hv. þingmanni í því að við megum bæta margt í fjárlagagerðinni. Það er ætlan mín að fjárlaganefnd standi fyrir mjög opinni umræðu í upphafi næsta árs um framkvæmd fjárlaga, fjárlagaferlið og það vinnuferli sem fram fer í störfum nefndarinnar. Ég hef trú á því að við getum náð þverpólitískri samstöðu um að fara í það verkefni að halda málstofu um þessi mál því mjög mikilvægt er að við bætum ferlið enn frekar. Eins og ég fór yfir áðan höfum við stigið mörg framfaraskref í fjárlagagerðinni á undanförnum árum. Fjárlög voru stundum að dragast fram yfir áramót en við höfum haldið starfsáætlun þingsins í heiðri á undanförnum árum og starfsáætlunum nefndarinnar en þessir tveir hlutir fara mjög mikið saman. Ég hef því trú á að ég og hv. þm. Einar Már Sigurðarson eigum eftir að ná ágætlega saman í þeirri vinnu að halda uppi upplýstri umræðu um hvernig við megum bæta þetta ferli. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra. En aðalatriðið er að okkur hefur vegnað betur í þessum efnum. Við sjáum að æ færri stofnanir fara umfram 4% af fjárheimildum sínum. Það er skref í rétta átt. Við þurfum vissulega að gera betur og við þurfum að efla eftirlitshlutverk nefndarinnar hvað þetta varðar um framkvæmd fjárlaga og um það held ég að sé enginn ágreiningur á milli mín og hv. þingmanns.

[15:16]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að það sé rétt hjá hv. þingmanni að við séum algerlega sammála um það hvernig eigi að standa að því að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Ég tók hins vegar eftir því að hv. þingmaður notaði ekki tíma sinn til að fjalla um það sem á undan því kemur, sem er áætlanagerðin. Þar held ég að sé ekki síður vandi á ferðum vegna þess að við vitum, og hv. þingmaður veit það jafnvel og ég, að allt of lengi hefur staðan verið sú að ákveðnar stofnanir hafa í raun verið langt komnar með fjárveitingar næsta árs þegar fjárlög eru samþykkt, þ.e. þá er verið að samþykkja lög á Alþingi um það að viðkomandi stofnanir muni að sjálfsögðu ekki geta sinnt því hlutverki sem þeim er falið samkvæmt öðrum lögum. Þetta gengur auðvitað ekki. En þetta er búið að ganga svo allt of lengi.

Þess vegna var ég að leggja höfuðáherslu á það, og vona að hv. þingmaður noti tækifærið í seinna andsvari sínu til að lýsa því yfir að hann muni beita sér fyrir því sem formaður nefndarinnar, að við fáum þær tölur sem nauðsynlegar eru. Vegna þess að hér er stuttur tími ætla ég bara að nefna þá mikilvægu tölu að við fáum áætlaða stöðu stofnana um áramót.

Ég vona að hv. þingmaður meini eitthvað með því sem hann sagði í ræðu sinni áðan um að nú yrði aukið samstarf við forstöðumenn stofnana. Ég vona að hv. þingmaður sendi öllum ráðuneytum í tilefni þessara orða sinna bréf um að nú sé ráðuneytunum bannað að banna forstöðumönnum að óska eftir fundum með fjárlaganefnd. En þannig hefur það verið mörg undanfarin ár og ef ég man rétt hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um slíkt.

Nú reynir á að hv. þingmaður nýti sér stöðu sína sem formaður fjárlaganefndar og standi við stóru orðin um að nú eigi að auka sjálfstæði nefndarinnar. Það væri táknræn aðgerð að senda öllum ráðherrunum eða ríkisstjórninni bréf um að fjárlaganefnd muni ekki láta bjóða sér slík vinnubrögð áfram, (Forseti hringir.) að forstöðumenn ríkisstofnana megi ekki óska eftir fundi með fjárlaganefnd.

[15:18]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er í meginatriðum þeirrar skoðunar að það sé viðkomandi ráðuneyta að upplýsa fjárlaganefnd um stöðu einstakra stofnana og að við fáum upplýsingar þaðan. Það er jú ráðuneytið og viðkomandi ráðherra sem ber faglega ábyrgð á rekstri sinna undirstofnana. Um það er ekki deilt. Ég tel að í öllum meginatriðum eigi að fylgja því þannig að ráðuneytin séu gerð ábyrg fyrir rekstri sinna stofnana sem eðlilegt er.

En af því hv. þingmaður talaði mikið um áætlanagerð þá hafa þær áætlanir og forsendur sem ríkisstjórnin hefur gefið sér við framlagningu fjárlaga hverju sinni verið gagnrýndar mjög mikið af hv. stjórnarandstöðu á undanförnum árum. Ég get verið sammála því að það er mjög erfitt að gera mjög nákvæmar áætlanir í því þensluástandi sem hér ríkir. Gríðarleg uppbygging í efnahagslífi þjóðarinnar hefur leitt til þess að tekjur ríkissjóðs hafa verið miklu meiri en áætlanir hafa gert ráð fyrir. Ríkisstjórnin hefur ekki verið að reyna að fegra frumvarp til fjárlaga ársins á eftir, (**Gripið fram í:** Ha!) hefur ekki verið að reyna það. Við höfum í fjáraukalögum nú og í fyrra þurft að sýna fram á það, og sýnt fram á það, að tekjur voru vanáætlaðar. Við höfum verið að greiða niður skuldir ríkissjóðs margfalt meira en við höfum gert ráð fyrir, margfalt meira. Enda er það svo að ríkissjóður er nánast orðinn skuldlaus. Við erum að lækka skatta á heimilin í landinu, stórauka barnabætur og kaupmáttur almennings heldur áfram að vaxa. Í meginatriðum gengur okkur mjög vel. Það er aðalatriðið, sama hvernig svo sem hv. stjórnarandstaða reynir að snúa sannleikanum við í þessum efnum og staðreyndum.

[15:20]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. þingmanns Birkis Jóns Jónssonar bar þess glöggt merki að við værum að sigla inn í kosningabaráttu. En hún var að mörgu leyti alveg ævintýraleg. Það eru nokkur atriði sem mig langar til að koma inn á.

Hv. þingmaður kvartaði undan því að stjórnarandstaðan hefði ekki komið og snúist á sveif með ríkisstjórninni í því að standa vörð um stöðugleikann.

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að fara yfir þennan stöðugleika sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson kallar svo. Undanfarin rúmlega tvö ár hefur verðbólga á Íslandi sveiflast upp og niður og slegið upp í hátt að 10% og verið fyrir ofan verðbólgumarkmið Seðlabankans. Við vitum öll hvernig þetta snertir heimilin á landinu út af fasteignalánunum í gegnum verðtrygginguna. Kallar hv. þingmaður

þetta stöðugleika?

Við vitum öll hvernig viðskiptahallinn hefur verið hér á undanförnum árum og í ár erum við líklega að slá heimsmet í viðskiptahalla. Við erum alla vega efst meðal OECD-ríkjanna. Kallar hv. þingmaður þetta stöðugleika?

Frú forseti. Á undanförnum árum hefur krónan sveiflast um allt að 40% með þeim afleiðingum að það hefur komið verulega illa við útflutninginn í landinu. Frú forseti. Kallar hv. þingmaður þetta stöðugleika? Þetta er það efnahagsumhverfi sem þessi ríkisstjórn hefur skapað. Þó hv. þingmaður kalli þetta stöðugleika og kvarti yfir að stjórnarandstaðan skuli ekki vilja snúast á sveif með honum og ríkisstjórninni í að viðhalda þessum stöðugleika þá þarf hann ekki að undra það vegna þess að þetta er ekki það efnahagsumhverfi sem við kjósum. Þetta er ekki það efnahagsumhverfi sem væri hér ef jafnaðarmenn væru hér í stjórn.

Frú forseti. Ef þetta er stöðugleiki hjá hv. ríkisstjórn þá er alveg klárt að stjórnarandstaðan vill ekki taka þátt í (Forseti hringir.) að standa vörð um slíkan stöðugleika.

[15:22]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var mjög dökkt útlit hvað verðbólguhorfur varðaði í sumar. Hv. ríkisstjórn kom þá fram með tillögur um að senda út skilaboð um að draga úr þenslu og lækka verðbólgu.

Nú skulum við fara yfir hver stefna Samfylkingarinnar var í þeim efnum. Hún mótmælti kröftuglega því að menn mundu fresta vegaframkvæmdum, kröftuglega. (Gripið fram í.) mótmælti kröftuglega því að hámarkslán Íbúðalánasjóðs og lánshlutfall Íbúðalánasjóðs yrði lækkað. Þetta var innlegg Samfylkingarinnar í því þensluástandi sem ríkti í sumar. Nú er árangur ríkisstjórnarinnar að koma í ljós. Spennan í hagkerfinu er að minnka. Verðbólgan er að lækka vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar.

Síðan vogar hv. þm. Katrín Júlíusdóttir sér að koma hér upp og bera brigður á þær framkvæmdir og áætlanir sem ríkisstjórnin boðaði í sumar til þess að mæta þessu þensluáhrifum, sem Samfylkingin var gjörsamlega á móti. Hv. þingmaður talar hér um að verðbólga hafi aukist. Það er rétt. En hún er sem betur fer að minnka núna. Ég fór nú yfir það — hv. þingmaður hefði betur átt að hlusta á ræðu mína — að kaupmáttur almennings er að hækka um 5,7% á þessu ári, er að hækka um 5,7% á ári umfram (Gripið fram í.) verðlagsbreytingar. Hv. þingmaður verður að kynna sér þessar staðreyndir, að kjör almennings eru almennt að batna meira en gert var ráð fyrir. Hv. þingmaður kemur hér upp með staðleysur og það er undarlegt, sérstaklega í ljósi þess að það var Samfylkingin og stjórnarandstaðan sem barðist gegn því að við, ríkisstjórnarflokkarnir, gætum náð þeim stöðugleika sem við stefndum að og erum að ná núna þrátt fyrir andstöðu Samfylkingarinnar.

[15:25]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður heldur því fram að ég fari með staðleysur. Það sem ég sagði nákvæmlega áðan eru staðreyndir, ekki staðleysur. Ég sagði að undanfarin rúm tvö ár séum við búin að vera yfir verðbólgumarkmiðum Seðlabankans, (**BJJ:** En kaupmátturinn?) að þá séum við búin að vera yfir verðbólgumarkmiðum Seðlabankans. Það var staðreynd númer eitt.

Staðreynd númer tvö var sú að ég sagði að við værum með bullandi viðskiptahalla sem væri líklega að slaga í heimsmet. Það er staðreynd númer tvö. (Gripið fram í.) Það var það sem ég hélt hér fram.

Í þriðja lagi hélt ég því hér fram að krónan hefði sveiflast um allt að 40% á undanförnum árum. Þetta er staðreynd númer þrjú. Og að hv. þingmaður, svo ég noti nú bara hans eigin orð, skuli voga sér að koma hér upp og kalla þetta staðlausa stafi er með hreinum ólíkindum. Bullið og vitleysan sem hér kemur upp í raun og veru endurspeglar það að þessi ríkisstjórn er ekki að takast á við og horfast í augu við vandamálin eins og þau eru. (**Gripið fram í:** En Samfylkingin?) Staðreyndin er sú. Hv. þingmaður nefnir hér verkefni sem Samfylkingin hefur mótmælt. Virðulegi forseti. Forgangsröðun Samfylkingarinnar verður og er bara allt önnur heldur en þessarar ríkisstjórnar. Við munum taka heildrænt og með allt öðrum hætti á efnahagsmálum en þessi ríkisstjórn hefur gert. Þingmaðurinn getur dregið fram einhver tvö dæmi sem við höfum mótmælt og það er bara hárrétt. Virðulegi forseti. Það eru aðrir þættir sem við hefðum ráðist í vegna þess að við (Gripið fram í.) forgangsröðum með öðrum hætti.

Virðulegi forseti. Mig langar líka aðeins að koma hér inn á það í lok máls míns að það er með ólíkindum hvernig þessi ríkisstjórn hefur skert og skert barnabætur, vaxtabætur og aðra þætti sem snúa beint að hag barnafjölskyldna og ætlar núna að skila einhverjum nokkrum krónum til baka rétt fyrir kosningar. Þetta eru líka staðreyndir sem tala sínu máli og hv. þingmanni er vel kunnugt um þær.

[15:27]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ósköp eðlilegt að hv. þingmanni sé brugðið og að hún hækki róminn í svari við andsvari við mig vegna þess að Samfylkingin vissi ekkert á sumarmánuðum hvert hún var að stefna í efnahagsmálum. Það er ósköp eðlilegt að hv. þingmanni gremjist að vera hluti af þingflokki sem talar út og suður í mjög mikilvægum málum eins og húsnæðismálum þjóðarinnar.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mótmælti því harðlega í sumar að við værum að lækka hámarkslán Íbúðalánasjóðs og skerða lánshlutfallið. Hvað gerði hv. formaður Samfylkingarinnar í þeirri umræðu? Hún taldi að ríkisstjórnin hefði átt að ganga miklu lengra í þeim efnum og sýna ábyrgð. Samfylkingin talaði því út og suður í þeim efnum, forustumenn Samfylkingarinnar. Því er ósköp eðlilegt að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hækki hér róminn í því óöryggi sínu vegna þess að Samfylkingin lagði ekki fram neinar trúverðugar tillögur í efnahagsmálum í sumar þegar reyndi á öflugan og sterkan stjórnarandstöðuflokk að koma fram með trúverðugar lausnir. Nei, þess í stað talar Samfylkingin til hægri og vinstri eins og í svo mörgum öðrum málum. (**Gripið fram í:** En af hverju var ... í sumar?) Það er ástæða til að hugleiða hvort slíkur flokkur sem talar með slíkum hætti í húsnæðismálum þjóðarinnar, út og suður, þ.e. forustumenn flokksins, (Gripið fram í.) sé stjórntækur. Ég vil

leyfa mér að efast um að hv. formaður Samfylkingarinnar hafi ástundað þau samræðustjórnmál sem hún boðaði. Við getum tekið sem dæmi lækkun á matarskattinum. Þar var skotið fyrst og spurt svo. Hún kom með sínar tillögur án samráðs við helstu aðila sem málið snerti. Í bullandi ágreiningi lagði Samfylkingin það fram að leggja íslenskan landbúnað í rúst og atvinnulíf á landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** Hvaða, hvaða!) Þetta eru ekki samræðustjórnmál heldur er hér ... (**Gripið fram í:** Hótað.) (Forseti hringir.) (**Gripið fram í:** Þetta er bara rugl.) heldur er hér um ... (**Gripið fram í:** Rugl að ræða.) (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) Ég kemst nú ekki að, hæstv. forseti.

(**Forseti** (JóhS)**:** Tíminn er löngu búinn.)

(**Gripið fram í:** Er tíminn ekki búinn?) Það er kannski eðli...

(**Forseti** (JóhS)**:** Hv. þingmaður er kominn 15, 16 sekúndum fram yfir og ég óska eftir að hann yfirgefi ræðustólinn.)

Það er erfitt út af frammíköllum, hæstv. forseti. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (JóhS)**:** Frammíköll eru algeng hér eins og hv. þingmaður veit mætavel.)

[15:29]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við erum að ræða fjáraukalögin. Það er kannski rétt í upphafi að hæla ríkisstjórninni fyrir að fjáraukalögin skuli koma hér fram nánast í upphafi þings. Það er afar gott að þau geri það og fjárlaganefnd hafi þau til hliðsjónar nógu snemma í því vinnuferli að afgreiða bæði fjáraukann og fjárlög ársins.

En hvað skyldi það vera, hæstv. forseti, sem maður staldrar helst við í þessum fjáraukalögum? Ef maður lítur heilt yfir eru það breytingar á tekjum ríkissjóðs, breytingar sem gera það að verkum að tekjur ríkissjóðs aukast verulega. Út af fyrir sig ber að fagna því að ríkissjóður hafi góða afkomu og góðar tekjur en það sýnir okkur hins vegar, og fjáraukalögin gera það mjög skilmerkilega, hvernig tekjurnar myndast hjá ríkinu og hvað það er sem er helst að koma ríkisstjórninni á óvart í þeim efnum.

Það sem hér kemur fram varðandi tekjuhliðina hef ég leyft mér að kalla að tekjurnar séu að aukast og að þetta séu þenslutekjur. Að stórum hluta eru þetta þenslutekjur. Það virðist svo, hæstv. forseti, að mikil ónákvæmni sé í áætlanagerð ríkisins um það hvaða tekjur ríkið fái á því ári sem nú er og hversu mikil frávikin verða. Það er rétt að draga fram í máli mínu nokkrar staðreyndir í þeim efnum.

Ef við lítum á bls. 7 í þessu fjáraukalagafrumvarpi þá birtist okkur að skattur á fjármagnstekjur einstaklinga er talinn vaxa um 5,6 milljarða. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2006 var hann áætlaður 12,3 milljarðar, hæstv. forseti. Hér er um 50% aukningu á þessum tekjulið að ræða, fjármagnstekjuskatti einstaklinga. Það er ekki hægt að halda því fram að þetta sé mjög nákvæm áætlanagerð miðað við staðreyndirnar sem liggja fyrir í fjáraukanum.

Ef við skoðum 2. lið, tekjuskatt lögaðila, kemur í ljós að hann mun vaxa um 12,5 milljarða. Það er nánast tvöföldun, það er nærri því að vera tvöföldun frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Þar er ekki heldur mjög nákvæm framsetning á því sem ríkið gerði ráð fyrir að það hefði í tekjur af þessum tekjustofni. Ef drepið er niður annars staðar í þessu máli vekur það líka athygli að stimpilgjöldin gefa milljarði meira en gert var ráð fyrir. Sá óréttláti skattur bitnar fyrst og fremst á lántakendum og þeim sem þurfa að skuldbreyta o.s.frv. og húsbyggjendum — má eiginlega orða það svo að að stórum hluta sé þetta húsbyggjendaskattur á Íslandi eins og hann birtist okkur hér. Ef við skoðum tekjur í virðisaukaskatti þá aukast þær um 5,2 milljarða frá fjárlögum. Skoðum hins vegar vörugjald af innfluttum vörum — og kemur þá að því sem ég sagði hér áðan, það sem ég kalla þenslutekjur ríkissjóðs, þær aukast um 1,9 milljarða á milli ára. Það vantar ekki mikið á að það sé tvöföldun miðað við fjárlagafrumvarpið og fjárlögin fyrir árið 2006.

Ef við skoðum vörugjöld af innfluttum ökutækjum þá vaxa þau um 2,9 milljarða rúma en voru áætluð 5,1 milljarður í fjárlagafrumvarpinu. Þetta er aukning um tæplega 60% eða þar um bil. Ef við skoðum olíugjaldið er gert ráð fyrir að það gefi 3,5 milljarða í tekjur. Nú er gert ráð fyrir því í fjáraukanum að það gefi 1,1 milljarð tæpan til viðbótar í tekjum eða um tæpa 30% aukningu í olíugjaldinu.

Ef við skoðum tolla og aðflutningsgjöld þá er gert ráð fyrir að tekjurnar af þeim lið aukist um 711 millj. en í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 3,6 milljörðum. Það er í engu ofmælt þegar ég segi að tekjuaukning ríkissjóðs byggist á þenslu. Þetta eru þenslutekjur, þetta eru tekjur af sköttum á vöru eða þjónustu sem fylgja því að hér hefur verið mikill innflutningur og viðskiptahallinn hefur keyrt algerlega út úr öllu korti miðað við það sem menn höfðu gert ráð fyrir. Hann er áætlaður 208 milljarðar, ef ég man rétt, hæstv. forseti, á þessu ári. Það liggur því fyrir að góð afkoma ríkissjóðs byggist að stórum hluta á því að við erum með mikla þenslu og fáum miklar þenslutekjur. Þetta eru ekki viðvarandi tekur sem við getum gert ráð fyrir í framtíðinni. Ef markmiðin eiga að nást um að draga úr þenslu og lækka verðbólgu hlýtur að draga úr þessum tekjum og það er markmið ríkisstjórnarinnar, og ég hygg að stjórnarandstaðan sé sammála því, að reyna að draga úr þenslu og draga úr verðbólgu.

Stjórnarandstaðan hefur hins vegar áherslur sem eru kannski umfram ýmislegt sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir í fjárlögum sínum fyrir næsta ár, m.a. um að bæta afkomu ellilífeyrisþega og öryrkja. Stjórnarandstaðan hefur sameiginlega lagt fram sérstakt mál um það. Það mun kosta einhverja aukna fjármuni frá því sem lagt er til í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár, árið 2007. Ekki er ólíklegt að sú upphæð leiki á bilinu 5–6 milljarðar sem við í stjórnarandstöðunni gerum ráð fyrir að sú eðlilega lagfæring kosti umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 2007.

Þá má náttúrlega spyrja, hæstv. forseti, áður en maður fer að renna yfir einstaka fjárlagaliði og vekja athygli á þeim, hvort það sé rétt forgangsröðun hjá ríkisstjórninni að halda áfram með þá skattastefnu sína að lækka tekjuskatt næstu ára um 1%.

Við höfum verið sammála því í stjórnarandstöðunni að það bæri að lækka matarskattinn, lækka virðisaukaskatt á matvælum, og ná niður verði á matvöru. Það kostar ríkissjóð fjármuni og nú er ríkisstjórnin komin fram með

áfangatillögur í þeim efnum. Þetta mun kosta verulega fjármuni þegar kemur fram á næsta ár því þetta er loforð sem tengist því að byrjað verður að efna það í mars á næsta ári — þetta verður sett fram sem kosningamál af hendi ríkisstjórnarinnar sem ekki hefur aðhafst neitt í þessum málum á 11 ára valdatíma sínum.

En það er líka fleira sem við þurfum að velta fyrir okkur þegar við erum að tala um tekjur ríkissjóðs sem m.a., eins og ég vék að í máli mínu í upphafi, myndast fyrir þenslu sem nú er ríkjandi og allir stefna í að reyna að draga úr. Að öllum líkindum mun því draga úr þenslutekjunum, sem eru afleiðing af framúrkeyrslu m.a. á viðskiptahallanum, og væntanlega mun hægja á framkvæmdum í landinu. Tekjur af þeim mikla fjölda launamanna sem nú eru í landinu munu væntanlega einnig dragast saman. Það bendir sem sagt margt til þess að á komandi ári muni draga úr tekjum ríkissjóðs. Ekki er að sjá, hæstv. forseti, að ríkissjóður geri ráð fyrir því sérstaklega í áætlunum sínum heldur er gumað af því að hagurinn sé góður nú um stundir. Það er ekki hægt að mæla á móti því. Ríkissjóður hefur fengið miklar tekjur eins og ég hef gert grein fyrir í máli mínu en þá getum við spurt: Eru líkur til þess að ríkissjóður haldi tekjuaukningunni, haldi þenslutekjunum á árinu 2007 og hvað þá heldur 2008? Ég held að svo sé ekki.

Við þurfum þá kannski að horfast í augu við að þau miklu útgjöld sem við stöndum frammi fyrir á næsta ári muni kosta verulega fjármuni. Samhliða gæti svo dregið úr tekjum ríkissjóðs, dregið úr atvinnustarfsemi og þá spyr maður sig: Er rétt að vera með sérstaka tekjulækkunarútfærslu sem fyrst og fremst gagnast þeim hópum sem hafa hærri tekjurnar í þjóðfélaginu?

Við í Frjálslynda flokknum höfum talið að það væri ekki rétt stefna. Við höfum fært fyrir því rök á undanförnum árum að skattastefnan hér ætti að vera þannig að hún legði áherslu á að hækka persónuafslátt. Við höfum einnig stutt hugmyndir, sem hér hafa verið fluttar m.a. af Samfylkingunni, um að lækka beri virðisaukaskatt af matvælum. Hvort tveggja eru liðir sem hefðu komið fjölskyldu sem væri með lægri tekjurnar til góða.

Eins og menn minnast knúði ASÍ það fram að annað prósentið af þeim tveimur sem ríkisstjórnin ætlaði að láta í flata skattalækkun um næstu áramót yrði fært yfir í hækkun persónuafsláttar. Það er athyglisvert að ævinlega skuli þurfa samtök launamanna til að knýja fram lagfæringar í skattamálum og samtök eldri borgara og öryrkja til að knýja stjórnina fram til lagfæringar á lífeyrismálum eða málum sem snúa að þeim hópi. Það hefur jafnvel gengið svo langt að viðkomandi samtök hafa þurft að fara í málaferli við ríkið til að fá lagfæringar sinna mála. En ekki meira um það í bili.

Þá skulum við spyrja okkur næst: Hver eru þessi auknu útgjöld sem koma á næsta ári ef við ætlum að reyna að fylgja því eftir sem líklegt er að verði? Í ljósi þess að það stefnir örugglega í samdrátt á árinu 2007 og jafnvel enn meiri á árinu 2008, hvernig mun fjárlagafrumvarp ársins 2008 líta út og jafnvel fjáraukinn á næsta hausti fyrir árið 2007 ef það gengur eftir að settar verða verulegar fjárhæðir í að lagfæra stöðuna varðandi lífeyrismál og afkomu þess hóps? Ef svo skyldi fara, sem við í stjórnarandstöðunni teljum vissulega og vonumst eftir, að þessi ríkisstjórn nái ekki því fylgi að verða aftur kjörin í næstu kosningum, ætlum við okkur að standa við framsetninguna varðandi lífeyrismál aldraða og öryrkja. Það mun kosta 5–6 milljarða umfram það sem nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2007 — og hér í fjáraukanum eru 2 milljarðar ætlaðir inn í lífeyrispakkann samanlagt fyrir aldraða og öryrkja. Ég hef áður vikið að lækkun matarverðsins. Það mun draga úr tekjum ríkissjóðs.

Breytingin í varnarmálunum eykur á útgjöld ríkissjóðs um nokkra milljarða. Það er algerlega fyrirséð. Efling Landhelgisgæslunnar mun einnig auka á útgjöld ríkissjóðs og tækjakaup fyrir hana, m.a. endurnýjun á þyrluflotanum, flugvél og nýbygging skips. Allt mun þetta kosta verulega fjármuni og það þarf að gera ráð fyrir þeim.

Yfirtaka okkar á alþjóðaflugvellinum í Keflavík kostar líka verulega fjármuni. Til aukins umferðaröryggis, eins og hér er boðað, er m.a. ætlaður 1 milljarður í fjáraukanum. Það er að mínu viti mjög gott mál, hæstv. forseti, og þarft. Ekki er ástæða til að bíða með að taka á umferðaröryggi út frá höfuðborginni þar sem eru miklir slysastaðir eins og á Kjalarnesi og Vesturlandsvegi. Við erum líka að auka fé til samgöngumála á næsta ári. Við höfum reyndar gert það á hverju kosningaári, ef ég man rétt, síðan 2003, ef ekki lengra aftur í tímann, en dregið úr þess á milli. Það er kannski ætlun ríkisstjórnarinnar að vera með þennan pakka eina ferðina enn sem kosningaloforð en draga svo úr fjárveitingunum á árunum þar á eftir eins og reyndin hefur verið á þessu kjörtímabili.

En allt að einu, hæstv. forseti, liggur það fyrir að við horfum til þess að við munum auka útgjöld ríkissjóðs á árinu 2007 frá því sem nú er, líka mælt á raungildi. Við munum auka útgjöldin á árinu 2008 samfara því að tekjur dragast saman. Það sem ég hef kallað hér þenslutekjur, tekjur af auknum innflutningi og viðskiptahalla, munu að öllum líkindum ekki aukast á árinu 2007 og draga úr þeim verulega á árinu 2008 ef að líkum lætur. Þess vegna held ég að menn ættu kannski aðeins að staldra við og skoða það í raunveruleikanum hvernig tekjudæmi ríkissjóðs kemur til með að líta út þegar líður á árið 2007 og til ársins 2008 en um það er gerð áætlun í fjárlagafrumvarpi ársins 2007.

Allt að einu, hæstv. forseti, þá er að mörgu að hyggja varðandi þessi mál og það er gott að fjáraukalagafrumvarpið skuli koma fram snemma á haustinu. Við í stjórnarandstöðunni munum örugglega leitast við að hafa gott samstarf í fjárlaganefndinni til þess að þessi mál geti gengið eðlilega fram og það náist að afgreiða fjárlög og fjáraukalagafrumvarp með nægum fyrirvara.

Í lokin örstutt að ýmsum atriðum sem eru í fjáraukalagafrumvarpinu. Ég staldra fyrst, hæstv. forseti, við tilraunastöð háskólans á Keldum en þar segir að það eigi að setja rúmar 90 millj. í að byggja upp rannsóknaraðstöðu á Keldum. Í fjárlagafrumvarpinu á síðasta ári var gert ráð fyrir því að Keldur yrðu seldar og í fjárlagafrumvarpi þessa árs er líka gert ráð fyrir því. Ég spyr, hæstv. forseti: Er það virkilega svo að áætlanagerð ríkisins, þó í lágum upphæðum sé í þessu dæmi, sé þannig að menn ætli fyrst að byggja upp á Keldum og rífa það svo eða selja það ári síðar? Ég held að þarna þurfi fólk að staldra við og skoða það í alvöru hvort

tilraunastöðina og rannsóknarstöðina sem við þurfum að efla, m.a. vegna fuglaflensunnar, sé ekki betra að byggja upp annars staðar. Ég nefni t.d. Hvanneyri í því sambandi, hvort ekki megi byggja upp rannsóknaraðstöðu þar varðandi fuglasjúkdómana. Ég held að menn ættu að varast að fara að byggja eitthvað upp á ákveðnum stað og ætla síðan að selja tæki, hús og land og fara að rífa niður. Það er náttúrlega bara að henda peningum út um gluggann, hæstv. forseti.

[15:50]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 og að venju er eðlilegt að nokkur umræða fari fram um þau vinnubrögð sem tíðkast hjá ríkisstjórninni og meiri hlutanum á þinginu varðandi umgengni um fjárreiðulög sem tengjast eðlilega bæði fjárlagagerðinni og fjáraukalagafrumvörpum. Ég mun ekki eyða miklum tíma í það því að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir fór nokkuð nákvæmlega yfir þau mál og hvernig við höfum undanfarin ár verið að leggja áherslu á að vinnubrögðum verði breytt. Við höfum gjarnan vitnað til skýrslna frá Ríkiendurskoðun en því miður hefur þurft að endurtaka sömu hlutina í þeim efnum ár eftir ár.

Það er eðlilegt að tengja við þá umræðu hástemmdar yfirlýsingar frá hv. þm. Birki J. Jónssyni, formanni fjárlaganefndar, um að nú verði vinnubrögðum gjörbreytt. Ég verð þó að segja það, frú forseti, að það er ekki eins og ég sé að heyra þetta í fyrsta skipti frá formönnum fjárlaganefndar. Ég er búinn að vera í fjárlaganefnd það lengi að hv. þingmaður er fjórði formaður nefndarinnar á þeim tíma. Það skiptir nokkuð ört út hjá Framsóknarflokknum eins og þingheimur veit en í fjárlaganefndinni er Birkir J. Jónsson sem sagt fjórði formaðurinn frá 1999. Það hafa oft verið mjög fögur fyrirheit hjá bæði formanni fjárlaganefndar sem þá var, Ólafi Erni Haraldssyni, og síðan þeim sem næstur var á undan Birki J. Jónssyni hv. þm., þ.e. Magnús félagsmálaráðherra okkar sem var fjárlaganefndarformaður í nokkur ár. Hæstv. ráðherra Magnús Stefánsson hafði einmitt fögur orð um það á stundum að að gjörbreyta þyrfti vinnubrögðunum en af einhverjum ástæðum — og ég efast ekkert um fullan vilja hæstv. félagsmálaráðherra til þess að breyta vinnubrögðunum — komst hann ekki áfram með málið.

Ég verð þó að setja hér í samhengi ummæli hæstv. fjármálaráðherra sem mér heyrðist í andsvari áðan boða ákveðna mildi í garð fjárlaganefndar, þ.e. hæstv. fjármálaráðherra, sem sat mjög lengi í fjárlaganefnd og þekkir þar af leiðandi vinnuferlið og ég gat ekki heyrt betur en hann gerði sér fyllilega grein fyrir því hver ábyrgð nefndarinnar væri, hver ábyrgð Alþingis væri varðandi það t.d. að meta útgjaldalið bæði fjáraukalaga og fjárlaga. Þetta er grundvallaratriði og ég vona að núverandi formaður fjárlaganefndar hafi tekið eftir þessum orðum hæstv. fjármálaráðherra og að meiri hluti nefndarinnar muni taka þessari áskorun hæstv. fjármálaráðherra að taka það hlutverk sitt mjög alvarlega að fara yfir útgjaldaþarfir stofnana og einstakra liða í fjárlögum. Það er algjört grundvallaratriði ef við ætlum að ná tökum á fjárlagaferlinu sem slíku, það verður að byrja á áætlunargerðinni, hún er grundvöllurinn fyrir því að eðlilegt sé að grípa til þeirra úrræða sem fjárreiðulögin og reglugerðin um framkvæmd fjárlaga gerir ráð fyrir. Ég hef nokkrum sinnum nefnt þetta og get endurtekið það og mun enda umræðu mína um vinnubrögðin með því að vekja athygli á að ástæðan fyrir því að menn hafa ekki getað farið eftir reglugerðinni og t.d. veitt forstöðumönnum stofnana áminningar þegar þeir fara langt yfir fjárlagaheimildir er sú að kerfið veit að í allt of, allt of mörgum tilfellum er vanáætlað til stofnana vegna þeirrar þjónustu sem þær eiga að veita og menn eru því ekki reiðubúnir til þess að tilgreina hvaða þjónustu á að skera af. En það er sem sagt mikilvægasta skrefið nú á haustdögum að fjárlaganefndin vinni málið á þennan hátt og eins og ég sagði áðan, frú forseti, þá er ekki annað að heyra, og orð eru auðvitað til alls fyrst, en að nýkjörinn formaður fjárlaganefndar og hæstv. fjármálaráðherra séu í raun og veru sammála okkur um að þannig eigi að gera þetta og þá reynir á að menn standi við orð sín í þeim efnum.

Ég var áðan í andsvörum við hæstv. fjármálaráðherra og nefndi örfá dæmi varðandi það sem vekti sérstaka athygli mína í fjáraukalagafrumvarpinu. Það eru auðvitað miklu fleiri atriði sem hægt væri að tína til en það er spurning hversu mikið við eigum að gera í þeim efnum. Ég vil aðeins nefna örfá atriði, sem þó er búið að fara nokkuð yfir og ég mun því fara mun hraðar yfir en ég hafði ætlað, þ.e. áætlunargerðin, hvernig hún kemur út. Það blasir við að það er viðskiptahallinn sem hefur hvað mest farið á skjön við fyrri áætlun og hefur aukist stórlega. Það er hins vegar rétt að vekja athygli á orðalagi í texta úr fjármálaráðuneytinu sem ég er ekki alveg sammála.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Stóran hluta hallans“ — þ.e. viðskiptahallans — „eða um 30% má rekja beint til stóriðjuframkvæmda.“

Ég er alls ekki sammála því að þetta sé stór hluti hallans, 30% vegna þessara miklu framkvæmda sem þarna eru. Ég held að það sé augljóst mál að hin 70 prósentin eru það sem hefur farið á skjön við áætlanir vegna þess að við vissum í raun og veru hvaða áhrif stóriðjuframkvæmdir mundu hafa á þennan halla þannig að vöxturinn í hallanum er ekki vegna stóriðjuframkvæmdanna. Þess vegna er í besta falli hægt að segja að þetta sé óvarlega orðað í frumvarpinu, þetta minnir á orðalag sem ónefndur stjórnmálaflokkur notar æðioft þegar hann er að reyna að sverta stóriðjuframkvæmdirnar fyrir austan.

Það er fleira en viðskiptahallinn sem vekur athygli, hann er hvað alvarlegastur í þessu, en það er verðbólgan sem slík. Það er hún sem fólkið í landinu finnur fyrst og fremst fyrir. Þá vek ég líka athygli á því að verðbólgan á ekki upptök sín að stórum hluta í stóriðjuframkvæmdunum, raunverulega miklu minni hluta en menn gerðu ráð fyrir þegar ákveðið var að fara út í framkvæmdirnar. Ástæðan er sú að það hefur verið flutt inn meira af vinnuafli en gert var ráð fyrir þannig að áhrif stóriðjuframkvæmdanna á efnahagslífið að þessu leytinu til hafa í raun og veru verið minni en margir óttuðust.

Það er fyrst og fremst óvarleg keyrsla ríkisstjórnarflokkanna sem hefur orsakað þessa miklu verðbólgu. Og það er mjög athyglisvert að heyra síendurtekna ræðustúfa hv. þm.

Birkis J. Jónssonar varðandi verðbólguna. Hv. þingmaður virðist halda að verðbólgan hafi orðið til á einu augnabliki einhvern tíma um hásumar, þá hafi allt í einu eitthvað gerst í efnahagslífinu sem enginn hafði séð fyrir. Síðan hafi ríkisstjórnin beitt hinum mögnuðu hókus pókus aðferðum, þ.e. að fresta framkvæmdum aðallega í landsbyggðarkjördæmunum tveimur stóru, þ.e. Norðausturkjördæmi og Norðvesturkjördæmi, og þá hafi allt saman breyst á einni svipstundu. Þetta er auðvitað afskaplega mikil einföldun á raunveruleikanum.

Hv. þingmaður fór mikinn og ásakaði Samfylkinguna fyrir það að því er virtist að hafa verið á móti því að lækka verðbólgu. Við höfum hins vegar lagt megináherslu á það, sérstaklega fyrir ári síðan, vegna þess að við teljum að ríkisfjármálin komi þarna við sögu og við teljum að ríkisstjórnin hafi stóru hlutverki að gegna í því að vinna gegn verðbólgu. Þess vegna lögðum við til að fjárlögin fyrir þetta ár tækju mið af því hættuástandi sem var orðið þegar fjárlögin voru hér til umræðu í fyrra. Þá var ekkert á okkur hlustað, þá hafði hv. þingmaður ekki neinar áhyggjur af verðbólgu. En ég hef sagt það áður og þetta sýnir okkur enn einu sinni að því miður starfar ríkisstjórnin þannig að hún bregst bara við orðnum hlut. Hún reynir ekki að hafa áhrif á það hvernig hlutirnir þróast heldur þegar í óefni er komið, eins og með verðbólguna í sumar, þá er allt í einu vaknað upp við vondan draum og sagt: ja, nú verðum við að gera eitthvað. Og hvað var þá gert? Jú, þá var öllum framkvæmdum sem ekki var búið að bjóða út frestað og vonað að það hefði áhrif til lækkunar verðbólgu.

Auðvitað hafði það engin eða sáralítil áhrif til lækkunar verðbólgu. Hins vegar hafði samningurinn sem gerður var við aðila vinnumarkaðarins miklu meiri áhrif. Þar var framkvæðið annars staðar, nákvæmlega eins og fyrra skiptið að við sáum verðbólguna rísa. Þá komu sömu aðilar að borðinu og leiddu ríkisstjórnina í réttan farveg til að reyna að vinna gegn því að verðbólgan skerti hlut fólksins í landinu. Þetta tókst sem betur fer í sumar.

Ég vona sannarlega að áfram verði haldið með að vinna gegn verðbólgunni þótt í því liggi ákveðin hætta að við erum að sigla inn í kosningaár. Við sjáum að ríkisstjórnin er farin að óttast úrslit kosninganna með því að stilla af ýmsa hluti. Það er athyglisvert að matarskatturinn sem slíkur, sem við höfum reynt að berja ríkisstjórnina til að lækka, skuli lækkaður 1. mars. Það er auðvitað athyglisverð dagsetning en ég sé ekki betur.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan að vissulega væri hægt að minnka það athyglisverða hlutfall, að skatttekjur hafi verið að hækka sem hlutfall af landsframleiðslu. Auðvitað væri það hægt með ýmsum leiðum. Hann taldi, sem ég tel rétt hjá hæstv. ráðherra, að það gæti verið nokkuð flókið að fara inn í persónuafsláttinn á miðju ári til að lækka þetta hlutfall. En matarskatturinn hefði hugsanlega getað komið til greina. Ég verð að segja að nægur hefur tíminn verið fyrir ríkisstjórnina til að undirbúa þetta þrep sitt þótt auðvitað hafi verið athyglisvert, þrátt fyrir orð hv. þm. Birkis J. Jónssonar, að Bændasamtökin tilkynntu að samráð við þau hafi ekkert verið. En að sjálfsögðu munu þessar tillögur hafa áhrif á kjör bænda. Það er sérstakt að ekki hafi verið leitað samráðs við þá um það. Í þessum tillögum er ekkert um það hvernig aðlögun landbúnaðarins eigi að vera með þessum breytingum. Ég vek athygli á því að þessi breyting hefði getað komið fyrr til í þrepum. Það hefði verið hægt að byrja á virðisaukaskatti af matvælum og þar með lækka skatthlutfallið sem hér kom örlítið til umræðu.

Frú forseti. Varðandi verðbólguna væri hægt að halda langa ræðu um hvernig hv. þm. Birkir J. Jónsson upplifir verðbólguþróunina. Ég vona sannarlega að hv. þingmaður átti sig á því að verðbólgan verður að sjálfsögðu ekki til bara si svona. Hún kemur ekki fljúgandi ofan úr loftinu og lendir bara allt í einu. Ýmislegt hefur gerst áður en ósköpin dynja yfir.

Ég spurði hv. þingmann, þegar hann var með heitstrengingar um breytingu á vinnubrögðum í fjárlaganefnd. Og er eðlilegt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra um það vegna þess að við erum að ræða um þessi mál. Ef við ætlum að vanda vinnubrögð, þurfum við ekki bara að hafa fjárlagafrumvarp og frumvarp um fjáraukalög. Við þurfum líka að hafa lokafjárlög. Í lögum um fjárreiður ríkisins segir að þegar ríkisreikningur er fram lagður eigi lokafjárlög að fylgja. Því miður gerist það ekki, eitt árið enn. Því er eðlilegt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvenær við eigum von á að fá lokafjárlög fyrir árið 2005. Ég vona sannarlega að það verði sem allra fyrst þannig að nefndin geti haft það plagg við hendina þegar kemur að því að fjalla um fjárlagafrumvarpið og fjáraukalagafrumvarpið sem vinna er hafin við í nefndinni.

Ég sagðist ætla að taka fyrir nokkra liði sem hafi vakið sérstaka athygli mína í frumvarpinu. Ég nefndi áðan frestun framkvæmda, vegaframkvæmda sem hv. þm. Birkir J. Jónsson virðist enn trúa að hafi haft alveg gífurleg áhrif til að keyra niður verðbólgu, úrslitaáhrif sem hafi breytt öllu. Í frumvarpinu kemur fram að þetta hafi verið framkvæmdir fyrir um 3 milljarða kr. Á sama tíma er óskað eftir milljörðum króna til vegaframkvæmda. Það er býsna athyglisvert hvað um er beðið vegna þess milljarður á að fara í að auka umferðaröryggi. Eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Óskað er eftir 1.000 millj. kr. framlagi vegna umferðaröryggis á vegum út frá höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða framkvæmdir sem munu bæta verulega umferðaröryggi.“ — Mjög þarft framlag.

Við eigum hins vegar von á að fá fljótlega inn endurskoðaða samgönguáætlun og hefði maður talið eðlilegt að þetta væri þar. En spurningin er þessi: Hve mikið af þessum framkvæmdum hefur verið farið í nú þegar? Var kannski farið í þær framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu á meðan framkvæmdum var frestað, m.a. kjördæmi hv. þm. Birkis J. Jónssonar, sem hann taldi að hefði breytt öllu í verðbólguþróun? Hve mikið af þessu verður framkvæmt nú fyrir lok þessa fjárlagaárs, fyrir þennan milljarð sem nú er beðið um fram að áramótum? Sé ekki búið að framkvæma þetta nú þegar og verði þetta ekki framkvæmt, ef við færum algjörlega eftir fjárreiðulögunum, fyrr en búið verður að samþykkja frumvarpið, þá eru þetta framkvæmdir sem á að hefja í desembermánuði. Það eru líklega hálkuvarnir eða eitthvað þess háttar. Allt saman mjög þarft, ekki efast ég um það. En hvað er áætlað að mikið af þessu fari yfir á næsta ár? Ég vona að hæstv. fjármálaráðherra geti gefið

okkur svör um þetta á eftir. Það er auðvitað mikilvægt fyrir okkur að fylgjast með umgengninni um fjárreiðulögin. Inni í þessu frumvarpi á vitanlega aðeins að hafa það sem verið hefur ófyrirséð á þessu ári. Ég veit ekki hvað var ófyrirséð í þessu.

Hugsanlega hefur samgönguáætlunin verið það gölluð að menn hafi gleymt því að auka umferðaröryggi á þessu svæði. Ekki ætla ég að draga úr því að það er mikilvægt mál. En það er nauðsynlegt fyrir okkur að fá útskýringar á þessu og fá að vita í hvaða áætlanir liggja fyrir um í hvað nýta eigi þennan milljarð á síðustu mánuðum ársins á þessu svæði. Við þyrftum að fá upplýsingar um það.

Frú forseti. Eins og oft áður kemst maður ekki yfir allt á þeim skamma tíma sem hér gefst. En það vakti sérstaka athygli mína sem fram kemur í því sem við köllum 6. gr. heimildir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Heimild 7.12 er til komin vegna þeirrar ákvörðunar ríkisins að kaupa merkilegt ritsafn sr. Ragnars Fjalars Lárussonar, prófasts, og afhenda það Hóladómkirkju að gjöf á 900 ára afmæli skóla og biskupsstóls á Hólum."

Væntanlega er allt rétt um að um mjög merkilegt ritsafn sé að ræða. En ef ég man rétt, frú forseti, var sagt frá því í fjölmiðlum að í sumar hafi þessi gjöf verið afhent. Nú er óskað eftir heimild fyrir því að framkvæma þessa hluti. Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega? Af hverju er þá a.m.k. ekki upphæðin inni? Menn eru búnir að gefa gjöfina, menn hljóta að vita hvað hún kostaði. Það kemur ekki fram hér. Hvers konar umgengni er þetta, hæstv. ráðherra, um fjárreiðulög? Hvers konar umgengni er þetta eiginlega? Er ekki mál að linni?

Hæstv. ráðherra man kannski hvaða hæstv. ráðherra afhenti þessa merku gjöf en þessi vinnubrögð eru algjörlega fyrir neðan allar hellur.

Ég get haldið áfram. Hér er beðið um 12 millj. kr., auðvitað ekki háa upphæð, til rannsóknarverkefnis sem tengist efnahagsrannsókn. Hvaða skýring skyldi gefin á því í frumvarpinu? Jú, með leyfi forseta, segir hér:

„Farið er fram á 12 millj. kr. framlag til rannsóknarverkefna á sviði skatta-, félags- og velferðarmála."

Það er ekkert annað. Nákvæmt skal það vera. Nægilegt verkefni, trúi ég, en skýringin er afar sérkennileg. Ég verð að segja, frú forseti, að orðalagið er víða mjög sérkennilegt. Ég veit ekki hvað ég á eiginlega að velja sem sérkennilegasta orðalagið. Ég staldraði aðeins við, í andsvari við hæstv. ráðherra, hestamálin miklu. Ég skil mjög vel að hæstv. ráðherra hafi ekki kunnað nákvæm skil á því sem þar var en þar er á ferðinni eitthvað það sérkennilegasta sem ég hef séð í fjáraukalagafrumvarpi. Við í fjárlaganefndinni mun um fara nákvæmlega í ástæður þessa en eitthvað hefur farið forgörðum.

Undir landbúnaðarráðuneytinu er líka merkileg stofnun sem heitir Landbúnaðarstofnun. Við getum kannski afsakað hina gölluðu áætlunargerð með því að þetta er ný stofnun sem hafi kannski ekki náð tökum á áætlanagerðinni. En það er augljóst að þar hafa menn ekki áttað sig á því hvað innréttingar og áhöld og tölvubúnaður kostaði. Menn hafa ekki áttað sig á því að greiða þyrfti biðlaun ef menn færu ekki í störf við stofnunina sem voru áður hjá þeim stofnunum sem þar voru sameinaðar og menn hafa ekki lesið dóma í Hæstarétti frá árinu 2005, þegar menn voru að undirbúa áætlun fyrir árið 2006 þannig að víða er vandinn.

Frú forseti. Að lokum verð ég að nefna það orðalag sem líklega er með því næstum því það sérkennilegasta. Með leyfi forseta, segir hér hjá iðnaðarráðuneytinu:

„Nýsköpun og markaðsmál. Lagt er til að veitt verði 25 millj. kr. framlag til leiðréttingar á óskiptum lið iðnaðarráðuneytisins til samræmis við þau verkefni sem liðnum er ætlað að fjármagna."

Frú forseti. Ég vona að hæstv. fjármálaráðherra geti upplýst okkur nánar um hvað hér er á ferðinni eða veiti iðnaðarráðuneyti verðlaun fyrir sérlega skýrt orðalag.

[16:10]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það verður að segjast eins og er, að það þarf ekki mikið til að vekja upp grunsemdir hjá hv. þingmanni. Mér finnst sjálfsagt að farið verði yfir orðalagið og hvað stendur á bak við hvert og eitt einasta orð og hverja einustu kommusetningu ef þarf til að hv. þingmaður hafi allar upplýsingar um hvað á að nýta fjármunina í.

Ég vildi hins vegar upplýsa hann um, af því að hann spurði um sérstaklega um ástæðuna fyrir því að það misfórst á síðasta þingi að skila lokafjárlögum, að þau koma ekki fram fyrr en eftir áramót. En það er fljótlega von á þeim í sali Alþingis. Ætlunin er að fjárlaganefnd geti fjallað um lokafjárlögin á sama tíma og fjárlagafrumvarpið og fjáraukalagafrumvarpið þannig að hún hafi þrjú ár undir. En ef hraðinn verður svo mikill á störfum nefndarinnar, þar sem ég veit að hv. þingmenn sem talað hafa í kvöld hafa sérstakan áhuga á stöðu einstakra stofnana, þá kemur fram í sérstöku yfirliti III, í ríkisreikningnum sem kom út í sumar og er auðvitað það plagg sem lokafjárlögin byggjast að miklu leyti á, staða stofnana. Því mun hægt að byrja á að fara yfir það, frú forseti.

[16:12]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að fagna því að við eigum von á lokafjárlögum á næstu dögum. Það er til bóta mjög og rétt hjá hæstv. ráðherra að þetta misfórst á síðasta ári. Batnandi hæstv. ráðherra er best að lifa. Vonum auðvitað að það gangi eftir.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að við höfum lagt gífurlega mikla áherslu á það að átta okkur á stöðu stofnana. Í ríkisreikningi getum við séð hana að hluta en þar er ekki það sem raunverulega færist yfir áramót. Við verðum þá að spá í hvað verður í lokafjárlögunum vegna þess að það hefur ekki alltaf verið fullkomið samræmi. Við gerum líka ráð fyrir því að þannig verði það nú.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann er ekki reiðubúinn til að gefa yfirlýsingu um að öllum tiltækum ráðum verði beitt til að fjárlaganefnd geti fengið áætlaða stöðu stofnana um næstu áramót, a.m.k. þeirra sem á undanförnum árum hafa verið utan fjárlaga, þ.e. í báðar áttir, bæði þeirra sem hafa farið yfir og þeirra sem hafa safnað inneignum. Getur hæstv. ráðherra komið því til fjárlaganefndarinnar og skapað þar með grundvöll til að fjárlaganefnd geti sinnt því mikilvæga hlutverki sem hæstv. ráðherra

nefndi fyrr í dag, þ.e. varðandi mat á útgjaldaþörf? Það er ekki hægt nema þessar upplýsingar liggi fyrir. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra komi með yfirlýsingu um að hann tryggi að ráðuneyti hans muni safna slíkum upplýsingum fyrir nefndina og koma til skila.

[16:14]

**Útbýting:**

Afkoma lunda og annarra sjófugla, 202. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 203.

Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna, 205. mál, fsp. JóhS, þskj. 206.

Greiðslur fyrir fylgdarmenn langveikra barna, 207. mál, fsp. GÖrl, þskj. 208.

Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, 81. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 81.

Hollustuhættir og mengunarvarnir og mat á umhverfisáhrifum, 76. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 76.

Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, 78. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 78.

Lagabreytingar sem fullgilding Árósasamningsins hefði í för með sér, 203. mál, fsp. MÁ, þskj. 204.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 72. mál, frv. BjörgvS o.fl., þskj. 72.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 71. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 71.

Miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, 204. mál, fsp. JóhS, þskj. 205.

Rannsóknir á sandsíli, 201. mál, fsp. MÁ, þskj. 202.

Safn- og tengivegir, 197. mál, fsp. DrH, þskj. 198.

Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, 84. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 84.

Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, 77. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 77.

Skuldir eftir aldri, 208. mál, fsp. HHj, þskj. 209.

Sprengjuleit, 206. mál, fsp. JGunn, þskj. 207.

Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, 82. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 82.

Sveitarstjórnarlög, 75. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 75.

Tekjuskattur, 86. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 86.

Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, 83. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 83.

[16:17]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér í dag frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006. Ég fagna því eins og aðrir ræðumenn að það komi snemma fram þannig að hægt sé að ræða það í tengslum við frumvarp til fjárlaga ársins 2007.

Ég vil sömuleiðis fagna því sem fram kom í máli fjármálaráðherra um að lokafjárlög ársins 2005 séu væntanleg og fjárlaganefnd geti þá rætt þessi þrjú frumvörp í tengslum hvert við annað.

Frú forseti. Frumvarpið ber vott um þann mikla uppgang sem ríkir í samfélaginu, tekjur eru ríflega 40 milljörðum kr. hærri en áætlað var í fjárlögum 2006 en um leið eru gjöldin 11 milljörðum kr. meiri. Tekjuafgangur er því áætlaður 49 milljarðar króna á árinu 2006 í stað 19,6 milljarða.

Einkum er ánægjulegt að sjá að kaupmáttaraukningin er 5,7% en í áætlun síðasta árs og í fjárlögum 2006 var gert ráð fyrir að hún yrði 2,7%. Mikilvægt er að halda því til haga.

Í frumvarpinu er farið fram á að fjárheimildir ríkissjóðs ársins 2006 verði auknar um 14,3 milljarða kr. og er þetta vegna óska ráðuneyta um aukna fjárþörf verkefna stofnana vegna frávika frá heimildum fjárlaga. Í þessu felast einnig ófyrirséð útgjöld og ber frumvarpið þess merki sérstaklega hvað varðar varnarmálin og einstaka mál, t.d. er hægt að nefna hér viðbúnað vegna fuglaflensu.

Frú forseti. Ég vil kannski fá að draga hérna fram í umræðunni einstaka fjárlagaliði og einstaka verkefni. En þar ber kannski hæst 1,9 milljarða kr. framlag vegna hækkana í lífeyristryggingum almannatrygginga í kjölfar samkomulags ríkisstjórnarinnar sem gert var fyrr í sumar við Landssamband eldri borgara. Það hefur einnig áhrif á kjör öryrkja.

Ég tel það mjög mikilvægt að ríkisstjórnin hafi til viðbótar við þau skref sem hún hefur tekið á kjörtímabilinu, tekið þetta skref sem kynnt var í sumar og sjást strax merki um það í frumvarpi til fjáraukalaga, um leið og við sjáum þess glögglega merki í því frumvarpi til fjárlaga sem liggur nú fyrir þinginu. Það er afar mikilvægt að stíga áfram skref til hækkunar bóta lífeyristrygginga, til lækkunar skerðingar lífeyristrygginga og frítekjumarksins eins og gert er í því samkomulagi og í þeim frumvörpum sem hér liggja fyrir.

Ég vil einnig draga sérstaklega fram 1,8 milljarða kr. hækkun á framlögum til samgönguráðuneytisins, eins og aðrir ræðumenn hafa einnig gert hér í dag, og ég fagna sérstaklega þeim þúsund milljónum, 1 milljarði kr. sem verja á sérstaklega vegna framkvæmda hér í höfuðborginni til að bæta öryggi í umferðinni. Umræður í sumar, þarfar umræður um mikinn ofsaakstur og þau hræðilegu slys sem því miður hafa orðið í sumar og á síðustu árum sýna okkur að við þurfum að gera enn betur en gert hefur verið í þessum málum og því fagna ég sérstaklega að það skuli vera dregið fram í þessu frumvarpi.

Ég fagna ekki síður því 500 millj. kr. framlagi sem renna á í Fjarskiptasjóð en það er eitt af þeim liðum sem felast í því að við sölu Símans gafst ríkisstjórninni einstakt færi á að fjárfesta í verkefnum sem við hefðum ef til vill annars ekki getað gert og er þetta eitt af þeim.

Í fyrsta lagi er þarna um að ræða uppbyggingu GSM-senda víða um land. En ég er eins og aðrir landsmenn orðin þreytt á því og finnst í raun óþolandi að ekki sé GSM-símsamband á öllum þjóðvegum landsins.

Í öðru lagi er þetta með dreifingu sjónvarps- og útvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins út á miðin og til strjálbýlla svæða landsins og er það einnig afar mikilvægt mál.

Síðast en ekki síst er hér um að ræða háhraðatengingarnar. Við vitum það vel að bæði vegna menntamála víða á landsbyggðinni og ekki síst vegna atvinnuuppbyggingarinnar er afar mikilvægt að landsmenn allir eigi þess kost að hafa háhraðatengingar sem nú er bætt úr með þessu máli. Ég hlakka til að fylgjast með framvindu þess.

Frú forseti. Ég vil koma örlítið inn á menntamálaráðuneytið og menntamálin. Ég fagna því að í þessu frumvarpi sjást þess strax merki að menntamálaráðherra í kjölfar viðræðna við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er að taka

hér upp það mikilvæga mál að fjölga nemendum í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Við höfum heyrt það í umræðum um stöðu Landspítala – háskólasjúkrahúss og annarra heilbrigðisstofnana að það er afar mikilvægt að bregðast við þeim skorti sem ríkt hefur á hjúkrunarfræðingum. Með þessu frumvarpi er verið að bregðast við honum með 9,1 millj. kr. framlagi sem og ég nefndi áðan og finnst mér það fagnaðarefni og vona ég að þetta gangi hratt og vel fyrir sig.

Einnig vil ég draga fram hversu gott er að brugðist skuli vera við vanda Háskólans á Akureyri með 60 millj. kr. hækkun, annars vegar vegna fjölgunar nemenda og hins vegar vegna húsaleigusamnings í Borgum.

Þá er einnig rétt að draga hérna fram 120 millj. kr. sem leggja á í menningarsamninga víða um land. En eins og við vitum hér á Alþingi hafa verið gerðir slíkir samningar á Akureyri, Austurlandi og Vesturlandi. Ég held að hið blómlega starf sem menningarsamningum fylgir hafi sannað og sýnt að brýnt sé að þarna sé farsælt samstarf ríkis og sveitarfélaga. Ég vona að við getum aukið enn frekar við þessi málefni á næstunni.

Frú forseti. Ég vil líka nefna eitt mál undir dómsmálaráðuneytinu á sviði dómsmála. Það er aukaframlag til sýslumannsins á Seyðisfirði. Það er afar brýnt að við gerum okkur grein fyrir því að í baráttunni gegn fíkniefnavánni er mikilvægt að löggæslan og tollgæslan sé þannig í stakk búin til að hún geti gripið til viðeigandi ráðstafana. Í þessu frumvarpi gerum við ráð fyrir framlagi til sýslumannsins á Seyðisfirði til að endurnýja og kaupa tæki til tollskoðunar, bæði við Seyðisfjarðarhöfn og á Egilsstaðaflugvelli.

Seyðisfjörður tekur á móti mörgum tugum eða hundruðum ferðamanna í viku hverri. Það er afar mikilvægt að sýslumannsembættið sé viðbúið því að eðlileg tollskoðun geti farið fram og einnig á Egilsstaðaflugvelli. Það er mjög gott að sjá að brugðist sé við þessu í frumvarpinu.

Jafnframt finnst mér mikilvægt að nefna hér að ég fagna því að fram skuli vera komin sérstök tillaga um 10 millj. kr. á framkvæmdum vegna undirbúningsframkvæmda við Litla Hraun og nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Því ég held að það sé mikilvægt að koma þessum fangelsismálum í ákveðinn farveg.

Að lokum vil ég segja að það er mikilvægt eins og rætt hefur verið um í dag að við vöndum gerð fjárlaga og framkvæmd þeirra. Það er kannski eitt sem ég sakna mest að sjá ekki í þessu frumvarpi til fjáraukalaga en það er að við ræðum og tökum hér upp stöðu margra heilbrigðisstofnana og dvalar- og hjúkrunarheimila um allt land. Ég vonast til þess að fjárlaganefndin sýni þar frumkvæði og dug og taki sérstaklega á hallarekstri margra þeirra stofnana. Það verður að ríkja agi hvað varðar framkvæmd fjárlaga. Ég treysti fjárlaganefndinni og þar fremstum í flokki formanni fjárlaganefndar Birki Jóni Jónssyni til að taka sérstaklega á þessu máli.

[16:26]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Eins og fram hefur komið erum við að ræða hér frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006. Í stuttu andsvari áðan átti ég smá orðastað við hæstv. fjármálaráðherra um tekjuhlið frumvarpsins til fjáraukalaga. En eins og fram kom í því andsvari hafa tekjur ríkissjóðs aukist um 40,4 milljarða kr. umfram það sem ráð var fyrir gert í fjárlögum.

Þetta eru ekki litlir fjármunir og þetta er mikil skekkja í áætlun á tekjuhlið fjárlaga. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort ekki væri full ástæða til að bregðast við í fjáraukalögum og með ráðstöfunum á miðju fjárlagaári þegar stefndi í að tekjuhlið fjárlaga væri að fara svona langt umfram það sem ráð var fyrir gert. Því við þekkjum öll til hvaða ráða er gripið þegar útgjaldahlið fjárlaga stefnir í óefni. Þá fara menn að velta fyrir sér hvernig þeir eigi að halda útgjöldunum innan þess fjárlagaramma sem búið er að setja. Í mínum huga er full ástæða til og ekkert síður innan skynsamlegra marka að hæstv. fjármálaráðherra með sínu fólki velti því fyrir sér, þegar maður sér að tekjurnar eru að fara langt upp fyrir það sem búið var að gera ráð fyrir, hvort ekki sé ástæða til þess í stað þess að taka 40,4 milljarða í viðbót inn í ríkiskassann. Væri kannski ástæða til að breyta á einhvern hátt skattheimtunni þannig að tekjurnar sem inn í ríkiskassann kæmu væru kannski nær því sem gert væri ráð fyrir í forsendum fjárlaga?

Gullkvörnin sem malar peninga inn í ríkissjóð hefur nú aldeilis bætt við sig. Enda staðfesti hæstv. ráðherra það sem ég spurði hann um að skattar sem hlutfall af landsframleiðslu hafa hækkað verulega frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlögum eða úr 27,3% á landsframleiðslu í 31%. Þetta er ekkert lítið. Þetta eru 40,4 milljarðar kr. Og fyrst hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra eru báðir hér í salnum og eru nýbúnir að kynna hugmyndir um lækkun á matarverði, ekki seinna vænna, væri þá ekki ástæða til að skoða það í fullri alvöru að þessar ráðstafanir til að lækka matarverð fyrir fjölskyldurnar í landinu hefðu komið á núna 1. nóvember á þessu ári? Hefði ekki verið ástæða til í ljósi þess að hér er um 40,4 milljarða að ræða sem koma til viðbótar í ríkiskassann að taka þær inn í fjáraukalagafrumvarpið og minnka aðeins þá rosalegu skattheimtu sem ríkissjóður stendur fyrir á fjölskyldur landsins? Hefði ekki verið full ástæða til þess? Miðað við forsendurnar sem þeir sjálfir gefa í tillögum sínum sýnist mér að það hefði kostað í kringum 2 milljarða kr. Nóvember og desember. Kannski ekki einu sinni það. Rúman milljarð. Um milljarð hefði það kostað þegar maður fer yfir þeirra eigin forsendur. Hefði nú ekki verið stórmannlegra af þeim hæstv. ráðherrum að gera tillögur um að gera þetta núna strax í ljósi þess að ríkissjóður er að fitna sem aldrei fyrr?

Hefði ekki verið nær að gera ráð fyrir því í umræðu um fjárlög að setja þar inn að þessi lækkun kæmi inn á fyrstu þrem mánuðum ársins sem fram undan er, ársins 2007 einnig. Það hefði kannski kostað 1,5 milljarða til viðbótar. Af hverju eru hæstv. ráðherrar svona tregir til þess að draga úr þeirri miklu skattheimtu sem er í landinu? Það liggur fyrir svart á hvítu í fjáraukalögunum að skattheimtan eykst úr því að vera 27,3% af landsframleiðslu, sem frekar hefur vaxið en hitt, í það að vera 31%. Er ekki rétt að hæstv. ráðherra svari því þá hvort þeir hafi ekki velt fyrir sér þeim möguleika að reyna að halda tekjuhlið fjárlaga aðeins nær því sem fjárlög gerðu ráð fyrir með því að skila til baka til fjölskyldnanna í landinu einhverju af því sem búið er að taka af þeim með offorsi á þessu ári?

Fjáraukalögin eru, eins og oft hefur komið fram, til að gera ráð fyrir óvæntum útgjöldum, til að jafna halla sem komið hefur fram og ekki hefur ráðist við og eðlilegar skýringar eru á. Því velti ég fyrir mér þegar ég tók til lestrar frumvarp til fjáraukalaga hvort ég fyndi þar ekki myndarlega upphæð til að bæta rekstrarhalla sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli, því að ég mundi eftir því að þegar ég hafði lesið skýrslu ríkisendurskoðanda um framkvæmd fjárlaga ársins 2005, sem gefin var út í júlí á þessu ári á svipuðum tíma og verið var að vinna þessi lög til fjárauka, að ríkisendurskoðandi hafi tekið sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli sérstaklega út í þessari úttekt sinni, þessari skýrslu, vegna þess að hann segir að þar hafi safnast upp mikill halli af rekstri upp á 98 millj. kr. á þremur árum. En ríkisendurskoðandi segir líka að miðað við fyrirhugaða aukningu umsvifa hjá embættinu sé ljóst að nauðsynlegt sé að bæta verulega við fjárheimildir ársins 2006 sé ætlunin að standa undir þeirri starfsemi sem í gangi var á flugvellinum. Ríkisendurskoðandi segir líka að ef ekki komi til aukningar á fjárheimildum á þessu ári verði nauðsynlegt að draga umtalsvert saman í þjónustu sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli en bætir síðan við að engin áform séu uppi um slíkt. Sem sagt utanríkisráðuneytið, sem enn fer með sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli, hæstv. fjármálaráðherra og aðrir sem ráða ríkisfjármálum hafa komið þeim skilaboðum til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli að hann skuli halda áfram að reka embætti sitt á þann hátt sem gert hefur verið og mæta þeim auknu umsvifum sem óhjákvæmilega hafa orðið á Keflavíkurflugvelli vegna mikillar aukningar umferðar á flugvellinum og með þeirri breytingu sem orðið hefur á flugvellinum við brottför varnarliðsins þaðan. Þessir hæstv. ráðherrar segja við sýslumanninn: Þú verður að sinna allri þessari þjónustu, þú verður að mæta þessari aukningu og bæta við tönn. En það kemur ekki króna til embættisins til að mæta þessu.

Í ljósi þess að í niðurstöðu Ríkisendurskoðunar, sem ég ætla að leyfa mér að lesa hér á eftir, kemur fram að þessi halli á sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli sé eingöngu til kominn vegna aukningar á verkefnum sem ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn hafa sagt að sinna þurfi, þá hélt maður satt að segja að þeir sýndu þó þá stórmennsku í fjáraukalagafrumvarpi að þar kæmi eitthvað til að bæta þennan halla.

Ríkisendurskoðandi segir í skýrslu sinni, með leyfi forseta:

„Vegna mikillar fjölgunar ferðamanna og aukins innflutnings hefur umfang verkefna embættis sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli aukist verulega á undanförnum árum. Ljóst er að við fjárlagagerð hefur ekki verið gert ráð fyrir svo mikilli aukningu. Þar sem embættið fékk ekki viðbótarfjárheimild til að mæta þessum auknu verkefnum var stjórnendum þess skylt að draga úr þjónustunni, eða a.m.k. að auka hana ekki með innleiðingu nýrra verkefna. Það liggur hins vegar fyrir að aukin umsvif embættisins hafa verið gerð með fullri vitund og vilja utanríkisráðuneytisins sem ekki hefur lagt fyrir forstöðumann að draga umtalsvert saman í starfseminni. Sé það mat stjórnvalda að vöxtur embættisins sé eðlilegur, með tilliti til aukinna og nýrra verkefna, ber að tryggja meiri fjárheimildir í fjárlögum. Mikilvægt er" — segir ríkisendurskoðandi að lokum — „að þetta mál verði skoðað og niðurstaða fengin í tengslum við breytingar sem standa yfir á skipulagi og starfsemi sýslumannsembætta í landinu."

Í ljósi þessara orða ríkisendurskoðanda átti ég von á að í þessu frumvarpi til fjáraukalaga yrði tekið á þeim halla sem myndast hefur hjá embættinu á Keflavíkurflugvelli, a.m.k. á hluta hallans, en síðan sæi maður í fjárlögum hæstv. fjármálaráðherra fyrir árið 2007 að þar væri gert ráð fyrir þessum auknu umsvifum sem eru á Keflavíkurflugvelli. En ef fjárlagafrumvarpinu er flett, af því að maður veltir fyrir sér hvernig þetta gangi fyrir sig í fjármálaráðuneytinu, hvernig menn standi að áætlunargerð og hvernig menn mæti því þegar vitlaust er áætlað, þá fer maður í gegnum allan ferilinn, fyrst fjárlögin, þ.e. skoðun og athugasemdir ríkisendurskoðanda, þá fjáraukalögin og loks fjárlögin fyrir næsta ár þar á eftir, en það er ekki króna til viðbótar. Það er ekki króna til viðbótar til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, sem heitir reyndar lögreglustjórinn á Suðurnesjum eftir áramót, því að verið er að sameina sýslumannsembættin á Keflavíkurflugvelli og í Keflavík undir einn hatt sem er lögreglustjórinn á Suðurnesjum.

Þegar maður fer í gegnum fjárlögin eins og þau liggja fyrir núna þá er ekki bætt krónu við það sem þessi tvö embætti fengu áður nema að gert er ráð fyrir að við bætist launa- og verðlagsbætur, þó það nú væri. En svo er meira að segja sett á þetta nýja embætti 13 millj. kr. hagræðingarkrafa án þess að bæta hallann sem ríkisendurskoðandi hefur sagt að verði að bæta og eigi að bæta á þessu ári. Maður skilur þetta ekki þó að maður fari svona í gegnum þetta, taki eina stofnun út eins og ég gerði núna til að reyna að skilja hvernig vélin í fjármálaráðuneytinu vinnur, reyni að skilja að það sé á einhverjum vitrænum forsendum sem menn fá áætlun og lagi sínar áætlanir, en ég skil það ekki eftir þetta. Það er ekki að sjá að það skipti neinu máli hvað ríkisendurskoðandi segir. Þó að forstöðumönnum hafi verið sagt að mæta auknum umsvifum og hafa ekki áhyggjur af peningunum þá gerist ekki neitt.

Hvað gerist eftir áramótin þegar búið verður að sameina þessi tvö embætti í lögreglustjórann á Suðurnesjum, þegar öll löggæslustarfsemi á Suðurnesjum og öll starfsemi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli verða komin undir einn hatt? Á þá að gera kröfu um að dregið verði verulega úr starfsemi og almennri löggæslu á Suðurnesjum til að mæta þessum uppsafnaða halla sem er þriggja ára gamall, hefur safnast upp á þremur árum? Hvers konar rugl og vitleysa er þetta?

Ég vona satt að segja að hæstv. fjármálaráðherra svari því á eftir hvernig á þessu standi og ég reikna með því að hæstv. fjármálaráðherra svari því líka til að þetta hljóti að koma inn á milli umræðna um fjáraukalögin, að svona augljósar vitleysur verði leiðréttar, því að ekki er hægt að bjóða forstöðumönnum á vegum ríkisins upp á svona vitleysu ár eftir ár.

Til að sjá aðeins hvað verið er að gera með fjáraukalögum er oft gaman að velta fyrir sér og skoða tölur sem fram koma í frumvarpinu og þegar ég fletti upp á blaðsíðu 62 til þess að skoða undir utanríkisráðuneytinu hvort verið gæti að þar kæmu einhverjar upphæðir til sýslumannsembættis-

ins á Keflavíkurflugvelli, sem ég fann náttúrlega ekki því að þær eru ekki þar, þá sá ég á næstu blaðsíðu að þar er liður undir landbúnaðarráðuneyti sem heitir Ýmis verkefni. Þar segir:

„Farið er fram á 330 millj. kr. framlag til að styrkja byggingu reiðhalla, reiðskemma og reiðskála sem reistir verða í samvinnu við hestamannafélög innan Landssambands hestamannafélaga og sveitarfélög."

330 millj. kr. til að reisa reiðskemmur. Það getur vel verið að það sé í fínu lagi — bara fínt að byggja yfir íslenska hestinn svo hann þurfi ekki að hrekjast úti þegar verið er að temja hann á vetrum heldur sé hægt að temja hann inni — þegar til eru nógir peningar í ríkiskassanum. Fínt, byggjum bara yfir íslenska hestinn, aumingjann. En hver er forgangsröðunin hjá ríkisstjórninni? Hvað höfum við heyrt undanfarna daga þegar verið er að kalla eftir örfáum tugum milljóna til þess að sinna verkefnum þar sem manneskjur eiga í hlut en það er ekki hægt? Veltum því fyrir okkur núna í samhengi við það sem við höfum verið að heyra um hvað ríkisstjórnin ætlar að gera, 330 milljónir til að byggja reiðskemmur. Hvað er verið að gera varðandi BUGL þar sem fárveikum börnum er vísað frá á hverjum einasta degi þegar komið er með þau á sjúkrahús? Hvað er að gerast hjá SÁÁ? Hvað er að gerast á Landspítalanum? Hvað er að gerast á heilbrigðisstofnunum vítt og breitt um landið? 330 millj. kr. framlag mundi duga til þess að hafa 24 tíma opnun á skurðstofu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem ríkisstjórnin hefur ekki treyst sér til að gera í átta eða níu ár og þá þyrfti ekki að keyra fárveikt fólk með sjúkrabíl upp á líf og dauða til Reykjavíkur. Hvað er að slíkri ríkisstjórn sem raðar svona, forgangsraðar svona í eins miklu góðæri og við vorum að horfa á hér með 40,4 milljarða í auknar tekjur? 330 milljónir þannig að hægt sé að temja íslenska hestinn innan dyra á sama tíma og það eru upp í fimm aldraðir í sama herbergi á hjúkrunarheimilum landsins. Heyr á endemi. Hvers konar forgangsröðun þetta er hjá ríkisstjórninni? Er ekki kominn tími til að koma þessari ríkisstjórn frá sem leggur svona lagað fyrir okkur? Ég held að allir hljóti að vera sammála um það.

Eitt vakti athygli mína í fjáraukalögum, tala sem svo sem ég fagnaði að sjá, 120 millj. kr. viðbótarframlag til að gera menningarsamninga við sveitarfélögin. Kannski átti þessi tala ekki heima í fjáraukalögum heldur í fjárlögum næsta árs ef menn hefðu viljað bæta við til að geta gert menningarsamninga við öll svæði landsins. En ég vona þá að hæstv. fjármálaráðherra svari mér því, þar sem þetta er í fjáraukalögum og fjármunir sem á að nota á þessu ári, hvort hér sé um að ræða áætlun um viðbótarmenningarsamninga við þau svæði sem ekki þegar hafa fengið menningarsamninga þannig að þessir fjármunir verði notaðir í slíka samninga á þessu ári, því að í fjáraukalögum hefur þetta ekkert að gera nema að annaðhvort sé búið að eyða þeim eða að það eigi að eyða þeim fyrir áramót. Reynslan af þessum samningum er afskaplega góð og ég fagna því að það sé loksins kominn vilji til að gera fleiri samninga en við sveitarfélögin á Austurlandi, á Vesturlandi og við Akureyri. Nú hljóta Suðurland og Vesturland að bætast við. Ég fagna því en óska skýringa og svara við því hvað þetta er að gera í fjáraukalögum og einnig skýringa á því hvort sveitarfélög eins og á Suðurlandi, sem væntanlega hafa hafið viðræður um menningarsamninga eða munu óska eftir viðræðum um þá á næstu vikum, geti vænst þess að fá slíkan samning fyrir áramót og framlag á þessu ári til að sinna menningarsamningnum.

Ég tek undir með félaga mínum, hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, þegar hann spurði ráðherra út í milljarðinn sem óskað var eftir til að framkvæma fyrir á þessu ári, ef ekki er búið að framkvæma fyrir hann. Ég tók eftir að hæstv. ráðherra svaraði ekki um hvaða framkvæmdir væri að ræða í nágrenni höfuðborgarsvæðisins til að tryggja aukið umferðaröryggi, hvort búið sé að eyða þessum fjármunum, hvort þeim var þá eytt meðan aðrar framkvæmdir úti á landi voru frystar eða hvort til standi að eyða þeim fyrir áramót og þá í hvað.

Það síðasta sem ég hafði hug á að spyrja um er undir forsætisráðuneytinu og það er 20 millj. kr. framlag til að stofna hlutafélag um varnarliðseignir. Auðvitað þarf að leggja nýju hlutafélagi til hlutafé. En 20 millj. kr. til að stofna svona félag og koma því af stað, ég óska eftir því að hæstv. fjármálaráðherra útskýri af hverju 20 milljónir, hvað hægt sé að hans mati að vinna fyrir 20 milljónir í eins viðamiklu verkefni og þarna liggur fyrir eða hvort hugmyndin sé sú að þetta nýja félag verði loksins stofnað — mér skilst að ekki sé búið að stofna það enn þá — og það byrji á að slá lán út á eignirnar sem við vorum að fá frá varnarliðinu, er það hugmyndin? Því að fyrir 20 millj. kr. rekur þetta félag sig ekki í margar vikur, fyrir 20 millj. kr. stendur þetta félag ekki fyrir neinni raunverulegri hugmyndavinnu um það hvað hægt sé að gera við eignirnar sem þarna eru og hefur í raun afskaplega litlum fjármunum úr að spila til þess að sinna því verkefni sem það er stofnað til.

Að endingu vil ég segja, herra forseti, að ég vona að hæstv. fjármálaráðherra svari einhverjum af þeim spurningum sem hér voru fram lagðar. Þær eru vísvitandi afskaplega einfaldar og um bein, ákveðin málefni vegna þess að það hefur verið háttur hæstv. fjármálaráðherra, þegar maður spyr um stærri myndina, að koma hér upp og oft og tíðum hálfpartinn rugla og þrugla út í myrkrið þannig að þegar upp er staðið hefur maður ekki fengið nein svör. Spurningarnar sem ég setti hér fram eru því tiltölulega einfaldaðar og meitlaðar og ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þeim.

[16:46]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er merkilegt að hlusta á þessar umræður. Fyrst er skammast gríðarlega mikið yfir því að stofnanir skuli fara fram úr. Svo er allt í einu hérna ein stofnun sem hefur farið fram úr og þá er það allt í lagi. Þá á bara að láta hana fá aukafjárveitingu eins og ekkert sé og skammast yfir því að ekki skuli vera aukafjárveiting til þeirrar stofnunar, sem fór fram úr. Og fullyrðingum haldið fram um að ráðherrar, ekki bara ráðherra, heldur ráðherrar hafi sagt forstöðumanninum að halda áfram með einhver verkefni og þess vegna sé hann farinn fram úr. Ég kannast ekki við að hafa sagt viðkomandi forstöðumanni að hann ætti að fara fram úr á einhvern hátt. Og kannast reyndar ekki við að beiðni hafi komið um aukafjárveitingu vegna

þeirrar stofnunar og geri ekki ráð fyrir að ráðuneytið ætli sér að finna út úr því máli eða vinna úr því á einhvern annan hátt.

Varðandi umferðaröryggið og fjárveitingar til þess þá vonast ég til að hægt verði að setja af stað vinnu og jafnvel útboð á þessu ári vegna þeirra verkefna þó ég geti ekki fullyrt um það. En mér finnst það vera þess virði að þess sé freistað af því það er mikilvægt mál. En auðvitað er ekki búið að vinna þessi mál á meðan annars staðar var stoppað, það er eins fráleitt og hugsast getur að detta það í hug. Sama á við um menningarsamningana. Ég vonast til að þeir geti farið af stað á þessu ári.

Við rennum vissulega blint í sjóinn með hversu mikla peninga þarf til hins nýja félags sem á að fara með þær eignir sem eru á varnarliðssvæðunum fyrrverandi. En að minnsta kosti eiga 20 millj. kr. að duga til að stofna það fyrirtæki.

Síðan varðandi virðisaukaskattslækkun, að hún komi til framkvæmda 1. nóvember, en gera ætti það á miðju ári, þá er tvennt um það að segja: Endurskoðun á tekjuáætlunum liggur ekki fyrir fyrr en að hausti eftir að ríkisreikningur fyrra árs er kominn út og eftir að álagning fyrra árs liggur fyrir.

[16:48]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra lætur eins og ég hafi komið hér að eigin frumkvæði og eftir eigin athugun og eigin rannsókn og óskað eftir að aukafjárveiting kæmi frá fjármálaráðuneytinu til sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli.

Ég verð að spyrja hæstv. fjármálaráðherra. Tekur hann ekkert mark á Ríkisendurskoðun? Hæstv. fjármálaráðherra segir að ég fari með fleipur. Í skýrslu ríkisendurskoðanda frá því í júlí á þessu ári segir skýrum stöfum, með leyfi forseta:

„Það liggur hins vegar fyrir að aukin umsvif embættisins hafa verið gerð með fullri vitund og vilja utanríkisráðuneytisins sem ekki hefur lagt fyrir forstöðumann að draga umtalsvert saman í starfseminni."

Er þetta bara bull í ríkisendurskoðanda? Er hann að setja í skýrslu um framkvæmd fjárlaga eitthvað sem eru bara staðlausir stafir? Ríkisendurskoðandi segir í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga að það beri að auka við fjárheimildir þessa embættis í ljósi þess hvernig umsvif hafa aukist og með hvaða hætti ráðherrar, sem ábyrgir eru fyrir því sem þarna fer fram, hafa sagt við forstöðumann að honum beri að bregðast við.

Létt skautaði hæstv. fjármálaráðherra yfir virðisaukaskattinn og matarskattinn. Þá er nú rétt að spyrja: Af hverju ekki áramót? Af hverju 1. mars? Það hlýtur þá að vera einfalt að gera það núna um áramótin. Það þarf ekki að bíða lengur.

Það vakti athygli mína, herra forseti, að hæstv. fjármálaráðherra svaraði engu um forgangsröð ríkisstjórnarinnar varðandi reiðskemmur, sjúkrahús og hjúkrunarheimili.

[16:50]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekkert um fleipur. Það var ekki eitt af þeim orðum sem ég notaði. Hvort sem hv. þingmaður vitnar til Ríkisendurskoðunar eða að þetta sé það sem hann er sjálfur að finna upplýsingar um, þá er það dálítið merkilegt að það skuli ein stofnun koma svona út. Engin hinna skuli þá vera með halla af þessum orsökum, þ.e. að ráðherra hafi sagt þeim að þær ættu að halda áfram með einhver verkefni sem ekki eru fjárveitingar fyrir. Það er dálítið merkilegt ef það er svoleiðis.

Er það þá Ríkisendurskoðun sem komin er með fjárveitingavaldið? Eru það tillögur Ríkisendurskoðunar sem fjárlaganefnd ætlar að fara að afgreiða? Hvaðan fær þá Ríkisendurskoðun þær upplýsingar sem hv. þingmaður vitnar til ef hann segir þær ekki komnar frá honum sjálfum? Er það þá ríkisendurskoðandi sem metur það hvort forstöðumennirnir séu að segja honum satt og rétt frá um hvað ráðherrarnir leggja fyrir hann? Þetta er auðvitað allt saman hið athyglisverðasta mál hvernig í þessu liggur.

En hvað varðar virðisaukaskattinn, ég var eiginlega í hálfnuðu svari þegar tími minn var búinn. Ég ætla að minna hv. þingmann á ýmislegt af því sem flokkssystkin hans hafa sagt hérna og kannski hann sjálfur varðandi þenslu og skattalækkanir og minna hann á það sem ASÍ hefur verið að nefna núna síðustu klukkustundirnar, að þeir telji að þetta sé jafnvel of snemmt að vera með lækkun virðisaukaskattsins 1. mars vegna þess að þenslan verði ekki liðin hjá á þeim tíma.

Jafnvel þótt hún væri liðin hjá 1. janúar þá held ég að 1. janúar væri ekki góður tími til að gera svona breytingar. Við vitum öll hvers konar dagsetning það er og hvað á undan er gengið. Þar af leiðandi væri upphaf fyrsta virðisaukaskattstímabils eftir 1. janúar betra en 1. janúar sjálfur.

[16:52]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlast til þess að hæstv. fjármálaráðherra hafi lesið skýrslu ríkisendurskoðanda um framkvæmd fjárlaga ársins 2005. Ég ætlast til þess af hæstv. fjármálaráðherra að það hafi vakið athygli hans að ríkisendurskoðandi tekur má segja eina stofnun eða embætti þarna út úr og fer yfir ástæður þess að það embætti hefur keyrt yfir fjárlög eða umframfjárlög undanfarin þrjú ár og að ríkisendurskoðandi setji þar niður niðurstöðu sína eftir að hafa skoðað málið á hlutlausan hátt.

En það er engu líkara en hæstv. ráðherra hafi ekki lesið skýrslu ríkisendurskoðanda því hann veltir því fyrir sér þegar ég les beint upp úr skýrslunni, með leyfi forseta, hvort ég sé að vitna í skýrsluna eða hvort þetta séu mínar hugrenningar.

Ég ætla láta það liggja á milli hluta, herra forseti, hvort hæstv. ráðherra hefur gefið sér tíma til að lesa skýrsluna. Ég vona það þó því full ástæða er til að fara í gegnum ábendingar ríkisendurskoðanda varðandi framkvæmd fjárlaga og full ástæða til að reyna að bæta eitthvað úr því hvernig gengið er um ríkiskassann.

Það vakti athygli mína að hæstv. ráðherra nánast sagði í andsvari sínu að það væri hættulegt að lækka matarskattinn

of snemma. Það gæti valdið þenslu. Ætli þessi ríkisstjórn hafi ekki gert annað eins? En hún gerir það ekki núna þegar það kemur þeim best sem lægst hafa launin og minnst hafa. Það er hættulegt. Það gæti valdið þenslu, herra forseti. (**Fjmrh.:** Það heldur ASÍ alla vega.)

[16:54]

**Útbýting:**

Aukin þjónusta við ungbarnafjölskyldur, 73. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 73.

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 209. mál, fsp. JóhS, þskj. 210.

Eldfjallagarður á Reykjanesi, 198. mál, fsp. KolH, þskj. 199.

Flugmálastjórn Íslands, 215. mál, fsp. ÞórdS, þskj. 216.

Foreldrar langveikra og alvarlega fatlaðra barna, 213. mál, fsp. GÖrl, þskj. 214.

Nám á framhaldsskólastigi á suðursvæði Vestfjarða, 199. mál, fsp. JBjarn, þskj. 200.

Sjófuglarannsóknir og breytingar á náttúrufari, 200. mál, fsp. MÁ, þskj. 201.

Umferðaröryggi á Kjalarnesi, 210. mál, fsp. GÓJ, þskj. 211.

Umferðaröryggismál, 214. mál, fsp. JóhS, þskj. 215.

[16:56]

**Árni Steinar Jóhannsson:**

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frumvarp til fjáraukalaga. Eins og sumir aðrir þingmenn hafa gert vil ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að koma fram með frumvarpið svo tímanlega. Öldin var önnur hér áður fyrr þegar menn voru að fjalla um þetta á seinni hluta þingvetrar. Hér er því um mikla bót að ræða.

Ég ætla að ræða almennt um frumvarpið og lýsa því yfir að það sem veldur mér alltaf vonbrigðum í fjáraukalögum er að mér finnst allt of mikið um fyrirséðar leiðréttingar, sérstaklega í heilbrigðis- og menntamálum. Margt af því sem er verið að leiðrétta finnst manni að hafi komið fram að stærstum hluta til við gerð fjárlaganna en ekki verið sinnt.

Ég geri mér grein fyrir ófyrirséðum launahækkunum, eins og hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, og gengismun sem veldur auknum lyfjakostnaði, mig minnir upp á 700 milljónir, en þetta eru hlutir sem verða að leiðréttast í aukafjárlögum. En það er nú svo að í samtölum við forstöðumenn, t.d. heilbrigðisstofnana úti um allt land, er iðulega verið að keyra með óafgreiddan og óuppgerðan hala jafnvel svo árum skiptir.

Ég held að við verðum að einhenda okkur í að leiðrétta þessa hluti við fyrsta tækifæri vegna þess að það er óviðunandi starfsumhverfi fyrir hvern þann sem rekur fyrirtæki eða stofnun að vera sífellt á hnjánum eða í ótta við að vera að gera eitthvað ólöglegt þó svo að honum sé gert að reka stofnunina áfram af yfirvöldum eins og ekkert hafi í skorist.

Nánast undantekningarlaust kvarta forstöðumenn stofnana, sjúkrahúsa, elliheimila og menntastofnana undan slíku starfsumhverfi. Þetta eru hlutir sem við verðum að laga. Frumvarp til fjáraukalaga er auðvitað spegilmynd af því sem þarf að laga hverju sinni eftir að fjárlög eru samþykkt. Vonandi og einhvern tímann í framtíðinni verða hlutirnir þannig að frumvarp til fjáraukalaga verði næstum því óþarft og þá eru menn langt komnir í fjárlagagerð að sjálfsögðu.

Ég vil staldra við eitt atriði í frumvarpinu, það er 500 millj. kr. framlag til samgönguráðuneytisins vegna fjarskiptamála og uppbyggingu á GSM-kerfinu og fjarskiptum í hinum dreifðu byggðum. Ef mig minnir rétt voru settir 1,6 milljarðar af símapeningunum í fjarskiptasjóð, en hér er frekar spýtt í og er það vel.

Ég vil þó staldra við þetta mál vegna þess, svo maður tali nú út frá eigin skinni, að ég er búinn að vera við störf í þrjú ár á þungu framkvæmdasvæði þar sem verið er að framkvæma fyrir ein ríkisfjárlög eða svo, á þessu tímabili. Það er alveg undravert að á þeim tíma hefur ekkert lagast í fjarskiptamálum á öllu svæðinu. Ef við tökum landsvæði eins og Fjarðabyggð þar sem mest umsvifin eru núna þá erum við sem störfum á því svæði bundin af því að lenda í að minnsta kosti þremur stórum fjarskiptaholum þar sem ekki næst samband.

Það gefur augaleið að það er ákaflega mikilvægt og þarf ekki að segja hv. þingmönnum það. Aðalsmerki hvers og eins samfélags er að grunnþjónustan, infrastrúktúrinn, sé í lagi. Að búa við það að allt frá sölu Símans hafi ekki verið stoppað í nein göt — ég þekki nú líka á eigin skinni norðurleiðina mjög vel. Mér vitanlega hefur ekkert gerst í þessum málum á allri austur-norðurlínu í öll þau þrjú ár sem liðin eru frá síðustu kosningum, og lofuðu menn þó miklu þar um.

Ég nefni aftur Fjarðabyggð þar sem mikil umsvif eru, stærstu fiskihöfn landsins. Á Neskaupstað er megninu af þeirri síld sem unnin er til manneldis landað og þarf að lyfta því öllu yfir Oddsskarð með miklum þungaflutningum. Þar eru fjarskipti algjörlega í lamasessi stóran hluta leiðarinnar á þessum háa fjallvegi. Þegar maður kemur niður úr Oddsskarði og yfir Eskifjörð er sömu sögu að segja á erfiðri leið yfir Hólmaháls. Þar er allt eins og það var fyrir fjórum árum þegar Síminn var seldur. Það er eins og ekkert hafi gerst í uppbyggingu fjarskiptakerfisins í dreifbýlinu eftir að fyrirtækið var selt, því miður.

Renni maður fram hjá Hólmahálsinum, þar sem er stór hola, fer maður í gegnum Reyðarfjörð og upp á Fagradal. Þar er stór kafli á versta stað sem tekur heldur ekki við boðum. Þar er svört hola án fjarskipta á aðalleiðinni með þungaflutninga vegna virkjunarframkvæmda uppi á Kárahnjúkum og vegna virkjunarinnar í Fljótsdal. Þetta er alveg makalaust. Ég held að fáum þjóðum eða ríkisstjórnum eða yfirvöldum fjarskipta í nokkru landi hefði dottið í hug að fara í framkvæmdir af þessu tagi án þess að hafa slíka grunnþjónustu í lagi, því miður. En það er vonandi að með þessu aukaframlagi komist skriður á þetta mál og við förum að sjá einhvern árangur.

Ég vil líka taka norðurleiðina þar sem verstu kaflarnir úr Jökuldal og til Akureyrar eru sambandslausir, svartar holur á alverstu stöðum leiðarinnar. Ég er ekki svo kunnugur öðrum svæðum á landinu en ég veit þó og mér er sagt að nákvæmlega það sama sé upp á teningnum á öðrum landsvæðum. Það er mjög slæmt mál og er efni til þess að leiðrétta.

Auðvitað hljóta allir landsmenn að gleðjast yfir góðri af-

komu ríkissjóðs og 40 milljarða aukning í ár er í sjálfu sér gleðiefni fyrir alla þá sem standa í rekstri, hvort sem í hlut á bæjarsjóður, ríkissjóður eða fyrirtæki. En það eru blikur á lofti og mig langar að tala um það almennt séð. Við vitum öll hvað knýr þessa vél áfram og hún verður ekki endalaust á þeirri fart sem hún er núna. Hinum gríðarlega viðskiptahalla sem skapar tekjur í ríkissjóð mun linna. Við erum bundin í verðbólguna enn á ný, sem er gríðarlegt áhyggjuefni. Við erum bundin í það líka að vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í ýmsum þjónustuþáttum hefur verðlag hækkað alveg gríðarlega. Lækkun skatta á hátekjufólk er staðreynd.

Nú á síðustu vikum er blásið til sóknar sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum samþykk. Það er 20–30 milljarða pakki sem gengur út á lækkun matarverðs, hver er á móti því? Þrír til fimm milljarðar til aldraðra og öryrkja, hver er á móti því? Það er gleðiefni að hægt er að standa þannig að málum.

En hvernig ætla menn að fjármagna þetta í framtíðinni? Stóra spurningin til hæstv. fjármálaráðherra er þessi: Hvaða sýn hafa menn á það að lenda úr þessari gríðarlegu þenslu og þar með tekjuaukningu ríkisins og fara niður á eitthvert eðlilegt plan á næstu þremur til fimm árum? Ætla menn að knýja þessa myllu áfram eins og verið hefur á undanförnum árum með frekari sölu ríkiseigna? Það gera sér allir grein fyrir því, virðulegi forseti, að stór þáttur í góðri afkomu ríkissjóðs er sala ríkiseigna. Síminn var seldur fyrir háar fjárupphæðir, Steinullarverksmiðjan var seld, Sementsverksmiðjan var seld og auk þess mörg smærri fyrirtæki sem voru einkavædd eða seld úr höndum ríkisins.

Menn guma af því í hæstv. ríkisstjórn að verið sé að lækka skatta en afleiðingin er stórkostleg hækkun á þjónustu. Hvað segja menn t.d. um formbreytinguna sem er undanfari einkavæðingar í raforkugeiranum? Hvað segja menn um formbreytinguna þar sem skilið er á milli raforkuvinnslu og raforkuflutnings, þar sem raforkuflutningskerfið er sett á markað eða látið lúta lögmálum markaðarins? Það var fullyrt hér í þinginu þá að það hefði engar breytingar í för með sér á hag fólks í landinu, en staðreyndin er nú aldeilis önnur. Bæði einkaaðilar, og ég tala nú ekki um fyrirtækin í landinu, eru að sligast undan gríðarlega hækkuðu raforkuverði í kjölfar þessara breytinga.

Hvað á að knýja þessa vél áfram? Er það sýn ríkisstjórnarinnar að keyra samfélagið Ísland áfram með sölu þeirra ríkiseigna sem eftir eru til þess að halda áfram enn um sinn hinum hraða dansi og hinni miklu verslun? Það eru eftir í pípunum fyrirtæki og stofnanir sem hægt er að selja. Eru menn með tilburði til að selja Rafmagnsveitur ríkisins? Það er spurning sem verður að svara þegar menn horfa til framtíðar. Ætla menn að byggja ríkissjóð, eins og gert hefur verið síðastliðin ár, á sölu ríkiseigna og guma síðan af góðri afkomu? Það kemur niður á fólkinu annars staðar eins og ég nefndi í sambandi við raforkureikninginn áðan, raforkureikning til einstaklinga og raforkureikning til fyrirtækja. Þó hefur fyrirtækið ekki verið selt heldur hefur forminu á því verið breytt þannig að það lýtur sömu lögmálum og markaðsvætt fyrirtæki, lýtur þeim lögmálum að skila arði í stað þess að vera þjónustufyrirtæki. Rarik og Landsvirkjun voru að vissu leyti þjónustufyrirtæki með lágmarksarðsemiskröfu en eru það ekki lengur vegna formbreytingar og sérstaklega með tilkomu Landsnets sem sérstaks fyrirtækis. Þetta er náttúrlega hlálegt í margra augum.

Ég held að það sé mikilvægt fyrir alla landsmenn að gera sér grein fyrir því á hvaða vegferð hæstv. ríkisstjórn er í þessum málum. Er meiningin að þenja enn um sinn? Ég hef lúmskan grun um að svo sé. Okkur var sagt á árum áður að ekki ætti að selja bankana, það ætti bara að breyta um form á þeim. Okkur var sagt að ekki ætti að selja Símann, það ætti bara að breyta um form á honum. Bankarnir voru allir seldir og loforð svikin um hvernig fara ætti í málin. Nú er verið að segja okkur að ekki eigi að selja raforkukerfið, einungis eigi að breyta um form á því. En það er augljóst að enn um sinn er hægt að reka ríkissjóð með allt öðru sniði ef menn ætla að fara í það að selja síðustu hreyturnar sem eftir eru í föstum eignum þessa rekstrar, það gefur augaleið.

Þrátt fyrir lækkun skatta finnur almenningur fyrir því í þessum formbreytingum öllum hvað þjónustugjöld af ýmsu tagi hafa hækkað gríðarlega. Þar er Síminn talinn með. Við höfum ekki farið varhluta af því, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum. Fyrirtækið hefur augljóslega verið selt án þess að minnsta tilraun hafi verið gerð til að búa svo um hnútana að það þyrfti að sjá til þess að eðlileg, dreifð og aðgengileg þjónusta yrði um allt þetta stóra land. Mörg önnur lönd fóru þannig að málum varðandi sölu á sínum símfyrirtækjum, en við ætlum bara að nota sumt af símapeningunum til þess að gera þetta sjálf á vegum Vegagerðarinnar og höfum ekki gert neitt síðustu fjögur árin. Ég get ekki séð að nokkur hlutur hafi gerst í þessu, því miður, alla vega ekki þar sem ég þekki til.

Það eru þessir hlutir sem verður að ræða. Hvernig á lendingin að vera? Nú hugsa ég til þess tímabils þegar Danir lifðu sína gullaldartíma á sjöunda áratugnum, milli 1960 og 1970. Mikið rosalega er það skeið líkt því skeiði sem við höfum verið að fara í gegnum á undanförnum tíu árum, gríðarleg umsvif, sérstaklega í uppbyggingu á iðnaði, massífur innflutningur á erlendu verkafólki, góður hagur ríkissjóðs og gaman að lifa. Þetta tímabil hjá Dönum varði í tíu ár og var nú mest gaman í forsætisráðherratíð Jens Ottós Kraghs. En síðan þurfti að taka á og stíga mjög harkalega á bremsurnar á áttunda áratugnum, í byrjun hans, svo að sveið undan. Það var ríkisstjórn Pouls Hartlings sem þurfti að taka upp vettlingana og fara ómjúkum höndum um hið danska samfélag.

Við verðum að vita hvert við stefnum, hæstv. forseti, í þessum málum. Það er krafa okkar þingmanna að fá nokkra framtíðarsýn vegna þess að við vitum svo sem hvað liðið er. Við vitum um þær hremmingar sem við höfum lent í. Við vitum um viðskiptahallann, við vitum um verðbólguna. Það er þess vegna mikilvægt í þessari umræðu að hæstv. fjármálaráðherra geri nokkra grein fyrir því hvert hann stefnir á næstu þremur til fimm árum á fjármálasviði.

[17:13]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var margt afar athyglisvert í ræðu hv. þingmanns og eðlilegt að ég, sem sveitungi hans nú til nokkurra ára, hafi tekið eftir ýmsu sem þar kom fram. Glöggt er gests augað, eins og við vitum. Ég tók eftir því að

hv. þingmaður hafði lært alla þá punkta á ágætri leið þar sem við missum samband í símum.

En af því að ég veit að hv. þingmaður fylgist mjög vel með í umhverfi sínu hefði ég viljað leggja fyrir hann eina spurningu, til þess að hv. þingmenn, sem hér eru viðstaddir, geti áttað sig á því hvert er brýnasta verkefni opinberra aðila í því sveitarfélagi sem við, hv. þingmaður og ég, búum í. Ég hefði viljað heyra hvort hv. þingmaður er ekki sammála mér um það að ný jarðgöng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar séu það stóra verkefni sem bíður opinberra aðila nú sem allra fyrst.

Þegar fólk flytur á stað eins og Neskaupstað, eins og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson gerði fyrir um þremur árum, sér það jafnvel betur en þeir sem búið hafa þar um nokkurt skeið hvað er mest aðkallandi að gera og hvað háir samfélaginu hvað mest. Ég tala nú ekki um hvað það er sem háir þeim byggðakjarna í Fjarðabyggð vegna hinna miklu framkvæmda sem nú eru á Reyðarfirði. Ég vona að ég fái það staðfest hér á eftir að hv. þingmaður sé sammála mér í því að þar er jarðgangagerð brýnust.

[17:15]

**Árni Steinar Jóhannsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem inn sem varaþingmaður, ég verð því ekki hér við átökin um samgönguáætlun. En það er náttúrlega augljóst í mínum huga eftir langar og miklar umræður sem áttu sér stað á síðasta þingi um það verkefni sem er í gangi fyrir austan og sérstaklega kaflann um samfélagsleg áhrif, að sú umræða hlýtur að leiða af sér í nýrri samgönguáætlun að þarna verði jarðgöng sett í forgang einfaldlega vegna þess að hin samfélagslegu áhrif nást ekki nema með því að tengja þessar byggðir saman. Það er þannig og ég held að allir geri sér grein fyrir því.

Í samtölum við forsvarsmenn fyrirtækisins gera þeir sér miklar vonir um að þessum málum verði flýtt vegna þess að Neskaupstaður er náttúrlega langstærsti þéttbýliskjarninn með fjórðungssjúkrahús, skóla, framhaldsskóla og menningarlíf og fleira. Þegar við ræddum um verkefnið sem slíkt á sínum tíma töluðu menn mikið um hin samfélagslegu áhrif og jarðgangatenging frá Norðfirði í Eskifjörð er lykill að því að það takist eins vel til og kostur er með þá uppbyggingu og samtengingu þessara svæða.

En það kemur í hlut annarra að ræða þau mál. Ég er hér inni í tvær vikur og bind við það miklar vonir að við gerð nýrrar samgönguáætlunar verði þetta verkefni sett á oddinn.

[17:17]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vissi að hv. þingmaður mundi ekki bregðast í málflutningi sínum í þessu efni. Hann er vel heima í þeim efnum. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að það eru auðvitað hin samfélagslegu áhrif sem er hin stóra ástæða fyrir framkvæmdunum. Þess vegna er afar brýnt að opinberir aðilar og ríkisvaldið átti sig á því hvert hlutverk þeirra er í þeim efnum.

Ég veit að við hv. þingmaður gætum haldið áfram að telja upp verkefni. Þetta er vissulega stærsta verkefnið en samt sem áður fyrsta skrefið í áframhaldandi jarðgangagerð fyrir austan. Sú hugmynd sem kölluð er samgöng er það sem koma skal.

En það er fleira í grunnþjónustunni sem er afar mikilvægt að opinberir aðilar komi inn á. Það er svolítið sérkennilegt miðað við þá stöðu sem við þekkjum eystra í opinberri þjónustu, að það skuli ekki vera í fjáraukalagafrumvarpinu ákveðnir þættir sem við hefðum getað sagt að hafi verið ófyrirséðir, þó ég hafi nú efasemdir um að þeir hafi verið ófyrirséðir þegar grannt er skoðað. En það hefði að minnsta kosti verið hægt að færa rök fyrir því að setja inn í fjárlagafrumvarpið fjármagn m.a. til Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Það þarf einnig að gera átak í menntamálum. Við vorum að tala um samgöngurnar. Það eru ekki bara jarðgöngin. Það eru fleiri kaflar hreinlega í nágrenni við álverið sem eru þeirrar gerðar, eins og yfir Hólmahálsinn, sem ekki eru boðlegir. Þarna þarf náttúrlega að vinna að framkvæmdum.

Það hefði verið gleðilegt að sjá það í fjáraukalagafrumvarpinu að ríkisvaldið áttaði sig á hlutverki sínu við að tryggja að hin samfélagslegu áhrif verði sem allra mest og sem jákvæðust.

[17:19]

**Árni Steinar Jóhannsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni um þessi efni. Úr því að umræðurnar berast inn á þetta svið er vert að geta þess að þetta litla sveitarfélag er búið að fjárfesta í innviðum samfélagsins vegna þessara framkvæmda fyrir um það bil 3,2 milljarða. (**BJJ:** Það er flott.) Það er flott, segir formaður fjárlaganefndar. Það er alveg rétt. Það er mjög vel af sér vikið.

En aðkoma ríkisins er mjög smá í hlutfalli við það sem sveitarsjóður hefur gert. Aðkoma ríkisins er að framkvæmdum við fjórðungssjúkrahúsið, það verður að halda því til haga sem rétt er, og að höfninni og styrking er á sýslumannsembættinu á Eskifirði. En þetta eru smáar fjárhæðir miðað við það sem sveitarsjóður hlutfallslega er að setja í þessi mál.

Sveitarsjóður er búinn að koma málum þannig fyrir að allar skólabyggingar eru fyrir hendi fyrir aukningu á þessum þremur stöðum, Norðfirði, Eskifirði og Reyðarfirði. Allar leikskólabyggingar eru til og gríðarlega mikil umsvif eru við uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir fleira fólk sem kemur til vinnu á þessu svæði.

Þess vegna held ég að það sé siðferðislegt mál fyrir þingið að fylgja þessu eftir þannig að samfélagsleg áhrif framkvæmdanna styrkist fyrir sveitarfélagið. Og sveitarsjóður Fjarðabyggðar á nokkra hönk upp í bakið á hv. Alþingi vegna þess að staðreyndin er sú að þetta er eina svæðið sem sameinaðist eftir kosningar um sameiningu við síðustu sveitarstjórnarkosningar. Í þann pakka var lofað 1,6 milljörðum og það hlýtur að koma til tekna þegar við tölum um samgöngumál á þessu svæði.

[17:21]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði það að hv. þm. er nýkominn inn sem varamaður. En þar sem hann spurði um hvernig ríkissjóður ætlaði að standa straum af þeim nýju verkefnum sem hann svo sannarlega er að taka á sig þessa dagana, eða fyr-

irhugað er að hann taki á sig, bæði gagnvart eldri borgurum og í skattalækkunum, þá eru forsendurnar fyrir því þær að ríkissjóður verði samkvæmt langtímaáætluninni áfram rekinn í plús yfir hagsveifluna.

Það þarf því ekkert að koma til sölu eigna eða til þess að ríkissjóður verði rekinn í mínus til að standa undir þeim fyrirætlunum sem ákvarðaðar hafa verið eða kynntar hafa verið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

[17:22]

**Árni Steinar Jóhannsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þetta svar vegna þess að við í Vinstri grænum erum auðvitað alltaf logandi hrædd við þær kerfisbreytingar sem hæstv. ríkisstjórn er að framkalla og erum þess vegna með spurningar um hvort menn hyggi á frekari sölu ríkiseigna. Og er raforkugeirinn þá fyrst og fremst undir.

En það gleður mitt hjarta ef menn telja að sú aukning á útgjöldum sem menn sjá fram í tímann rúmist innan þeirra langtímaáætlana sem menn eru að tala um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sameignarfélög, 1. umr.*

Stjfrv., 79. mál (heildarlög). — Þskj. 79.

[17:23]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli sem viðskiptaráðherra fyrir frumvarpi til laga um sameignarfélög á þingskjali 79, 79. mál.

Með frumvarpi þessu er stefnt að setningu heildarlöggjafar um sameignarfélög þótt vægi þeirra hafi minnkað nokkuð á síðustu árum samhliða mikilli fjölgun einkahlutafélaga.

Þannig var fjöldi einkahlutafélaga í árslok 2004 rösklega 21.000. Fjöldi hlutafélaga tæplega 1.000 en fjöldi sameignarfélaga rösklega 2.400. Frumvarpið var samið á vegum viðskiptaráðuneytisins en aðalhöfundur þess er Áslaug Björgvinsdóttir, lögfræðingur og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Það var talið rétt að semja frumvarpið til að skýra reglur um innbyrðis samband félagsmanna í sameignarfélögum og stöðu viðsemjenda þeirra. Nefna má í því sambandi að hugsanlegt er að fjárfestar, m.a. erlendir aðilar, hafi meiri áhuga á sameignarfélögum ef um þau eru skýrar reglur í löggjöf. Frumvarpið er ekki byggt á reglum Evrópska efnahagssvæðisins, enda finnast þar eingöngu reglur um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög sem eru ein tegund sameignarfélaga. Lög hafa verið sett um þau hér á landi.

Hliðsjón var við samningu frumvarpsins höfð af norsku félagalögunum og jafnframt dönskum sameignarfélagarétti en engin heildarlög eru reyndar um sameignarfélög í Danmörku.

Sameignarfélög eru í grundvallaratriðum ólík hlutafélögum, einkahlutafélögum og samvinnufélögum. Um er að ræða félagsform þar sem samstarfið byggir almennt á persónulegum forsendum og gjarnan nánu sambandi milli félagsmanna, enda bera þeir beina ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins.

Markmiðið með frumvarpinu er að setja reglur um sameignarfélög sem eru til þess fallnar að skýra réttarstöðu þeirra, einkum í þeim tilvikum er ekki liggja fyrir ákvæði í félagssamningi, sem taka á viðkomandi álitaefni. Þó er stefnt að því að tryggja áfram samningsfrelsi um innri málefni sameignarfélaga og sveigjanleika þessa rekstrarforms. Gert er ráð fyrir að lögin verði að meginreglu til frávíkjanleg, þ.e. reglurnar sem lúta að innra skipulagi og sambandi félagsmanna innbyrðis og gagnvart félaginu.

Reglur sem varða hins vegar réttarsamband félagsins út á við, m.a. ábyrgð félagsins og félagsmanna á skuldbindingum þess auk skráningar í firmaskrá, eru hins vegar almennt ófrávíkjanlegar. Ekki er þó stefnt að því að setja tæmandi reglur um hvert einasta álitaefni.

Um einstaka kafla frumvarpsins, sem eru 11 talsins, vil ég segja þetta.

Í I. kafla er að finna almenn ákvæði um gildissvið laganna, að hverju marki þau eru frávíkjanleg. Hugtakið sameignarfélag er skilgreint og kveðið er á um skilyrðislaust rétthæfi skráðra sameignarfélaga.

Í II. kafla eru ófrávíkjanlegar reglur um stofnun sameignarfélaga, hverjir geti verið stofnendur og félagsmenn. Lágmarksskilyrði um skriflegt form og efni félagssamninga skráðra sameignarfélaga og inntak ábyrgðar félagsmanna á skuldbindingum sameignarfélaga. Þarna eru reglur sem eru nýmæli í íslenskum rétti, þ.e. um lögræði einstaklinga, um fyrningu og ábyrgð nýrra félagsmanna á eldri skuldbindingum.

Reglur III. kafla geyma ákvæði um stjórnkerfi sameignarfélaga og réttarstöðu félagsmanna, þ.e. innbyrðis afstöðu þeirra og gagnvart félaginu. Í þessum kafla er að finna reglur um hverjir hafi á hendi rekstur félagsins, fari með heimildir til ákvarðanatöku og skuldbindi félagið. Hér eru frávíkjanlegar meginreglur um félagsfund, innbyrðis tengsl félagsmanna, stjórnunarheimildir þeirra og auk þess reglur um skipan og valdsvið mögulegra stjórnareininga eins og stjórnar og framkvæmdastjórnar.

Gert er ráð fyrir að ákvæði III. kafla séu alfarið frávíkjanleg. Þar verður ekki gerð sú krafa til sameignarfélaga að stofnað sé til formlegs stjórnkerfis, eins og t.d. gildir um hlutafélög og einkahlutafélög.

Meginreglan um stjórnun sameignarfélaga er að félagsmenn, félagsfundur, taki í sameiningu ákvarðanir um málefni félagsins nema þeir kjósi aðra skipan þar á. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að lögfesta reglur um skyldu til að kjósa stjórn eða ráða framkvæmdastjóra í sameignarfélögum. Á hinn bóginn geta félagsmenn samið um formlegra stjórnkerfi, um kjör stjórnar og jafnvel ráðningu framkvæmdastjóra og þykir þá mikilvægt að til sé lagarammi um störf þeirra, sé ekki nánar kveðið á um þau í félagssamningi.

Við samningu þessara reglna var höfð hliðsjón af norsku félagalögunum en þó ekki að öllu leyti, enda er þar m.a. einnig kveðið á um aðild starfsmanna að stjórnun félags. Einnig var horft til reglna IX. og X. kafla hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og

hluthafafund að því marki sem þær geta átt við um sameignarfélög.

Í IV. kafla eru ákvæði sem lúta að meðferð fjármuna sameignarfélaga og fyrirsvar. Þarna er að finna m.a. sérreglur um meðferð eigna skráðra sameignarfélaga sem ætlað er að styrkja sjálfstæði sameignarfélaga og stöðu þeirra sem lögaðila í viðskiptalífinu. Þá eru þarna reglur um úthlutun fjármuna til félagsmanna og hverjir geti skuldbundið sameignarfélög.

Í V. kafla eru ákvæði um breytingar á félagsaðild en þær þurfa almennt ekki að gefa tilefni til slita á félaginu.

Í VI. kafla eru reglur um slit sameignarfélaga og hvernig fara skuli um skipti á þeim, þ.e. þegar réttindi og skyldur félagsins eru gerð upp í tengslum við slit félagsins.

Í VII. kafla er kveðið á um skaðabótaábyrgð félagsmanna, stjórnenda og skilanefndarmanna. Um er að ræða reglur sem byggjast á almennu skaðabótareglunni og eru svipaðar skaðabótareglum hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga.

Í VIII. kafla er mælt fyrir um skráningu sameignarfélaga. Í dag gilda firmalögin, nr. 42/1903, um skráningu félaganna. Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á skráningunni. Með reglum þessa kafla er markmiðið að færa reglur um skráningu sameignarfélaga meira að núverandi aðstæðum og samræma þær meira reglum um skráningu annarra félaga sem stunda almennt atvinnustarfsemi, eins og hlutafélög og einkahlutafélög. Samkvæmt firmalögum eru einkafyrirtæki, sameignarfélög og mögulega samlagsfélög skráð í firmaskrá hjá sýslumanni í því umdæmi sem þau reka atvinnu í.

Loks eru í IX. kafla gildistökuákvæði og þar á eftir ákvæði til bráðabirgða.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins vil ég benda á þetta.

Í 6. grein er gert ráð fyrir þeirri kröfu, sem er nýmæli, að lögræði sé skilyrði fyrir þátttöku einstaklinga í sameignarfélagi. Þar með er komið í veg fyrir hættu á t.d. ótímabæru gjaldþroti barna vegna aðildar að sameignarfélagi og er sú vernd í samræmi við reglur 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýmæli um ábyrgð sem felur í sér breytingu á íslenskri réttarframkvæmd. Samkvæmt nýju reglunni munu þeir sem ganga inn í þegar stofnað sameignarfélag einnig bera ábyrgð á eldri skuldbindingum félagsins. Frá þeirri meginreglu verður þó heimilt að víkja í félagssamningi þegar um skráð sameignarfélög er að ræða. Þessi breyting á ábyrgð nýrra félagsmanna á sér hliðstæðu í norskum rétti. Sú almenna regla að nýr félagsmaður beri einnig ábyrgð á eldri skuldbindingum þykir fremur í samræmi við regluna um ótakmarkaða og óskipta ábyrgð félagsmanna og henta betur í viðskiptalífinu. Sambærileg regla gildir enn fremur um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, samkvæmt lögum þar að lútandi. Undantekningin frá meginreglunni er í samræmi við norskan rétt og lögin um evrópsku fjárhagslegu hagsmunafélögin.

Í 2. mgr. 8. gr. er gert ráð fyrir að kröfuhafar skuli krefja skráð sameignarfélag um greiðslu áður en látið er reyna á beina ábyrgð félagsmanna á skuldum félagsins. Má því segja að hin beina ábyrgð félagsmanna sé til vara. Þetta er einnig nýmæli í lögunum.

Í 3. mgr. 8. gr. er loks nýmæli varðandi fyrningu. Felur reglan í sér að félagsmaður geti borið fyrningu á kröfu á hendur félaginu fyrir sig sé krafa á hendur því fyrnd. Að sama skapi getur félagsmaður ekki borið fyrir sig fyrningu sé krafan á hendur félaginu ekki fyrnd. Hér er vikið frá dómaframkvæmd Hæstaréttar.

Eins og í nýsamþykktum breytingum á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög er gert ráð fyrir möguleika á rafrænum félagsfundum og rafrænum samskiptum í 11. gr. og rafrænum stjórnarfundum í 15. gr. Þetta eru nýmæli í löggjöf varðandi sameignarfélög.

Mismunandi reglur geta gilt í sameignarfélögum miðað við önnur félög. Þannig er t.d. í 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins ekki gert ráð fyrir að lánveitingar til stjórnenda eða félagsmanna séu almennt bannaðar eins og er í löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög.

Þá er í 19. gr. gert ráð fyrir einstaklingsbundnum stjórnunarheimildum félagsmanna með ákveðnum skilyrðum.

Af 23. gr. frumvarpsins leiðir að ekki er þörf á skilyrðislausum reglum um myndun stofnfjár og vernd eigin fjár í sameignarfélögum.

Í 24. gr. eru og sérstakar hömlur á frelsi félagsmanna til að stunda samkeppni gagnvart félaginu.

Ég vil vekja athygli á því að samkvæmt 45. gr. frumvarpsins er skylt að skrá viss sameignarfélög, þ.e. í fyrsta lagi félög sem stunda atvinnurekstur og í öðru lagi félög þar sem allir félagsmenn eru lögaðilar.

Í lok frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög um sameignarfélög öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2008 þannig að um vissan aðlögunartíma sé að ræða.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frumvarpinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

[17:36]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrir ágætis yfirferð yfir frumvarpið og er sammála því að tími hafi verið kominn til að setja heildarlöggjöf um sameignarfélög á Íslandi.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Mun þetta breyta miklu fyrir þau félög sem fyrir eru? Eru einhver nýmæli í þessari heildarlöggjöf? Ég vænti að tínd hafi verið saman ýmis ákvæði sem gilt hafa um sameignarfélög en mun þetta breyta miklu fyrir félög sem nú eru starfandi?

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það séu 2.447 sameignarfélög starfandi á árinu 2004. Þetta er mikill fjöldi og gott væri ef hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra gæti upplýst okkur um hver eru helstu og stærstu sameignarfélögin í rekstri í dag þannig að við getum nokkuð gert okkur grein fyrir því hverja löggjöfin mun hafa áhrif á.

Mig langar að bera upp nokkrar spurningar varðandi greinar frumvarpsins. Í 24. grein á bls. 6 er kveðið á um samkeppnisbann:

„Félagsmanni er óheimilt að taka þátt í annarri starfsemi sem er í samkeppni við rekstur félagsins nema með skriflegu samþykki allra félagsmanna.“

Spurningin er: Er heimilt að setja svona grein inn í lög, að banna einum manni ef hann er í sameignarfélagi með öðrum, að eiga hlut í öðru félagi, einkahlutafélagi eða félagi sem stundar svipaðan eða sama atvinnurekstur? Er ekki verið að tryggja einokun á einhverjum sviðum?

Í 31. grein segir, með leyfi forseta:

„Félagsaðild erfist ekki við andlát félagsmanns.“

Nú er það yfirleitt þannig að eignarhlutir í félögum, burt séð frá því hvaða nafni þau nefnast, erfist. Ég get ekki tekið undir athugasemdirnar sem ég sé með greininni. Ég hefði talið eðlilegra að félagsaðild erfðist og langar að spyrja hæstv. ráðherra um hver skoðun hans er á því.

[17:38]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka spurningar og athugasemdir hv. þm. Jóns Gunnarssonar. Ég hygg að þau atriði sem hann nefndi leiði að mestu leyti af því persónulega sambandi sem hlýtur að vera í sameignarfélagi. Þar er meginreglan t.d. sú að ákvörðun sé tekin af öllum saman. Það er gert ráð fyrir því að sé í félagssamningi heimilt að taka ákvörðun með meiri hluta — það er að vísu frávíkjanleg regla — þá sé það meiri hluti þeirra einstaklinga eða fulltrúa lögaðila sem eru í félaginu. Þessi ákvæði um ábyrgð sem hann nefndi leiðir held ég fyrst og fremst af þessum einkennum, að sameignarfélagið er fremur persónulegt, eðlisskylt einkafyrirtæki eða fjölskyldufyrirtæki enda eru sameignarfélög yfirleitt frekar lítil.

Á Íslandi voru ýmis fyrirtæki með samlagsformi, sem segja má að sé svolítið svipað sameignarfélögum, sem voru nokkuð stór, t.d. í afurðasölu og sjávarútvegi á sínum tíma. En þeim hefur verið breytt síðan vegna þess að þau voru kannski orðin of stór fyrir þessar ábyrgðaraðstæður. Ég ætla ekki að fullyrða um það en ég hef heyrt þá skýringu.

Sama á við varðandi samkeppnisbannið en ég vek athygli á því að það tengist hinni beinu ótakmörkuðu ábyrgð og að aðrir aðilar verði að gefa viðkomandi einstaklingi eða aðila heimild til að keppa. Ég skildi greinina þannig að hún ætti við beina samkeppni en ekki endilega aðild að öðru fyrirtæki.

[17:40]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra greinargóð svör. Á sínum tíma þegar sveitarfélögin á Suðurnesjum stofnuðu með sér fyrirtæki til að sjá um ýmsa rekstrarþætti sameiginlega var, ef ég man rétt, litið á þau félög sem sameignarfélög. Þar nefni ég Hitaveitu Suðurnesja, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja o.s.frv. Þetta eru stór og mikil fyrirtæki sem reyndar, t.d. Hitaveitu Suðurnesja, var breytt í hlutafélag síðar. En Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, sem er í miklum rekstri og miklum viðskiptum, er rekin eftir sameignarfélagsforminu. Ég hygg að það sé þannig víða úti um land að þótt menn kalli þetta byggðasamlög eru þetta eftir sem áður félög sem munu þurfa að búa við löggjöfina um sameignarfélög og því veltir maður þessum atriðum fyrir sér.

Varðandi andlát félagsmanns sem fjallað er um í 31 gr. — þá er náttúrlega gert ráð fyrir að það séu einstaklingar sem mynda með sér sameignarfélög en auðvitað geta fyrirtæki gert það líka — að þá skuli meta virði hlutarins og greiða út því að erfingjar mega ekki erfa þetta: Hvað með tap ef höfuðstóll er orðinn neikvæður? Er þá skylda erfingja að greiða slíkt upp? Það hlýtur að skipta talsverðu máli þegar einhver deyr frá svona félagi. Í 34. gr. er gert ráð fyrir að greiddur sé eignarhlutur eða tap við innlausn hluta í slíku félagi. Maður hefði því haldið, miðað við orðanna hljóðan í 34. gr., að hið sama gæti átt við ef um andlát er að ræða. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti upplýst mig um það.

[17:42]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru merkileg og umhugsunarverð atriði sem hv. þingmaður nefnir og er full ástæða til þess að skoða þau og ræða meira en við gerum í þessari umræðu. Ég geri ráð fyrir að nefndin muni skoða þau.

Það er rétt sem hv. þingmaður segir um byggðasamlögin. Það er einmitt markvert með þau eins og þau sameignarfélög sem ég nefndi áðan að hafi verið breytt í hlutafélög, að það er m.a. og ekki síst út af þeirri skilvirkni löggjafar síðari ára um hlutafélög og vegna ábyrgðaraðstæðna.

Um ákvæði í 31. gr. er það að segja að það leiðir í raun beint af hinni beinu, einstaklingsbundnu og ótakmörkuðu ábyrgð. Það verður að gera ráð fyrir því að í félagssamningi sé heimild til þess að erfingi leggi hlut sinn aftur inn í félagið til að halda þar áfram. Það leiðir aftur af hinni beinu ótakmörkuðu ábyrgð. Það losar aðra einstaklinga, þótt þeir séu lögerfingjar látins félagsmanns, undan þeirri skyldu að axla ábyrgð sem þeir þekkja kannski ekki til. Þeir eiga þá kost á því að fá sinn hlut greiddan út og þá leiðir að líkum að ákvæði erfðaréttar hljóta að eiga við um það hvort þeir bera skyldu til að greiða af tapi eður ei.

[17:44]

**Útbýting:**

Gatnagerðargjald, 219. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 220.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, 223. mál, fsp. JóhS, þskj. 224.

Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, 220. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 221.

Rannsóknir vegna Kárahnjúkavirkjunar, 222. mál, fsp. KolH, þskj. 223.

Ráðstöfun ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu, 225. mál, fsp. MÁ, þskj. 226.

Stjórnsýsla í tengslum við stækkandi þjóðlendur, 224. mál, fsp. KolH, þskj. 225.

[17:45]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um sameignarfélög og vil ég við 1. umr. þess fagna því að fram skuli kominn lagabálkur um sameignarfélögin.

Eins og sést á þróun varðandi félagsform á fyrirtækjum í athugasemdum við lagafrumvarpið þá er það ef til vill vegna þess að um sameignarfélögin hefur ekki ríkt svipuð löggjöf eða heildræn löggjöf og um hlutafélög og einkahlutafélög að þróunin hefur verið í þá átt að þeim hefur fækkað.

Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra er með frumvarpi þessu verið að stíga þau skref sem nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði árið 2004 lagði til, að leggja í vinnu við að skoða laga- og rekstrarumhverfi fyrirtækja- og félagsforma sem ekki eru hlutafélög og fagna ég því mjög. Við í efnahags- og viðskiptanefnd munum að sjálfsögðu taka þetta frumvarp til þinglegrar meðferðar og greinargóðrar athugunar.

Ég vil nefna vegna þess sem sagt var hér á undan að í frumvarpinu kemur fram ákvæði til bráðabirgða þar sem sérstaklega er kveðið á um að reglur laganna um stofnun sameignarfélaga gilda ekki um sameignarfélög sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku þeirra. Þetta munum við að sjálfsögðu hafa í huga við yfirferð málsins.

Ég vil líka nefna að þar sem einn höfuðkostur sameignarfélagsformsins hefur verið sá að ríkt hefur samningsfrelsi og visst frjálsræði í notkun formsins þá er skýrt tekið fram í greinargerð með frumvarpinu, sem ég fagna mjög, að með frumvarpi þessu er ekki verið að stefna að því að draga úr kostum sameignarfélaga að þessu leyti.

Virðulegi forseti. Við munum að sjálfsögðu taka þetta mál til greinargóðrar meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd strax og málið berst okkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:50.

---

# 10. FUNDUR

miðvikudaginn 11. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til viðskiptaráðherra:*

1. Neyslustaðall, fsp. JóhS, 102. mál, þskj. 102.
2. Staðan á viðskiptabankamarkaði, fsp. JóhS, 107. mál, þskj. 107.

*Til félagsmálaráðherra:*

3. Lánveitingar Íbúðalánasjóðs, fsp. JóhS, 105. mál, þskj. 105.
4. Húsaleigubætur, fsp. JóhS, 108. mál, þskj. 108.

*Til heilbrigðisráðherra:*

5. Þjónusta á öldrunarstofnunum, fsp. ÁMöl, 118. mál, þskj. 118.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

6. Leiga aflaheimilda, fsp. GÖrl, 179. mál, þskj. 180.
7. Bann við botnvörpuveiðum, fsp. GHj, 196. mál, þskj. 197.

[13:31]

**Útbýting:**

Háhraðanettengingar í dreifbýli og á smærri þéttbýlisstöðum, 88. mál, þáltill. BjörgvS o.fl., þskj. 88.

Hreyfiseðlar í heilbrigðiskerfinu, 99. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 99.

Kosningar til Alþingis, 94. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 94.

Kosningar til sveitarstjórna, 92. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 92.

Umferðarlög, 96. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 96.

Útvarp frá Alþingi, 97. mál, þáltill. MÞH o.fl., þskj. 97.

## *Tilkynning um stjórnir þingflokka.*

[13:32]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um stjórnir þingflokka á þessu þingi:

Þingflokkur framsóknarmanna: Hjálmar Árnason formaður, Dagný Jónsdóttir varaformaður, Guðjón Ólafur Jónsson ritari.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins: Magnús Þór Hafsteinsson formaður, Sigurjón Þórðarson varaformaður, Guðjón A. Kristjánsson ritari.

Þingflokkur Samfylkingarinnar: Össur Skarphéðinsson formaður, Kristján L. Möller varaformaður, Þórunn Sveinbjarnardóttir ritari.

Þingflokkur sjálfstæðismanna: Arnbjörg Sveinsdóttir formaður, Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður, Drífa Hjartardóttir ritari.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs: Ögmundur Jónasson formaður, Þuríður Backman varaformaður, Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

## *Neyslustaðall.*

Fsp. JóhS, 102. mál. — Þskj. 102.

[13:33]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Í desember 2004 lagði ég fram fyrirspurn til þáverandi forsætisráðherra um hvernig ríkisstjórnin ætlaði að framfylgja þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi árið 2001 um gerð neyslustaðals. Þáverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, svaraði því til að viðskiptaráðherra mundi skipa starfshóp sem ætti að hafa umsjón með gerð forkönnunar að framkvæmd slíkrar neysluviðmiðunar. Einnig átti að meta hvaða kostnaður kynni að fylgja því að viðhalda slíkum grunni þannig að hann héldi áfram að gefa raunhæfa mynd varðandi þá þætti framfærslukostnaðar sem eðlilegt væri að hafa í neyslugrunni. Ríkisstjórnin hafði þá veitt 2 millj. til þessa verkefnis.

Það verður að segjast að þetta hefur tekið mjög langan tíma hjá ríkisstjórninni frá því að Alþingi samþykkti árið 2001, fyrir fimm árum, þessa þingsályktun um gerð neyslustaðals. Lengi hefur slík neysluviðmiðun verið við lýði í nágrannalöndum okkar en ákvarðanir út af fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu og meðlagsgreiðslur taka mið af slíkum neyslugrunni. Neysluviðmiðanir eru einnig notaðar þar þegar teknar eru ákvarðanir um lánveitingar úr opinberum sjóðum, svo sem lánasjóðum námsmanna og íbúðalánasjóðum og við mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna gjalda. Þingsályktunartillagan sem samþykkt var gekk einmitt út á að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi og taka upp neyslustaðal líkt og gert hefur verið víða.

Hér á landi er þetta allt í einum hrærigraut. Hið opinbera tekur mið af a.m.k. fimm mismunandi framfærslugrunnum við ákvörðun bóta, lána, fjárhagsaðstoðar og styrkveitinga. Má þar nefna tryggingakerfi, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Íbúðalánasjóð og lánastofnanir auk þess sem Hagstofan gerir reglulegar neyslukannanir. Allur gangur virðist vera á því að hve miklu leyti kannanir liggja að baki nauðsynlegum framfærslukostnaði og mikill munur er á því neysluviðmiði sem lagt er til grundvallar hér á landi en eins og ég sagði eru margir mismunandi framfærslugrunnar í gangi. Það er því afar mikilvægt að þróaður verði einn samræmdur neyslustaðall, eitt almennt neysluviðmið sem gildi hér og opinberir aðilar byggi á við ákvarðanir sem tengjast framfærslu, hvers konar opinberum bótum, styrkjum og lánum sem byggjast á framfærsluþörf eða taka mið af tekjum. Þegar fyrrverandi forsætisráðherra svaraði fyrirspurn minni í desember 2004, þar sem hann kynnti að ráðist yrði í gerð forkönnunar á framkvæmd neyslustaðals, sagði hann að starfshópur sem fara ætti í verkið mundi skila skýrslu til viðskiptaráðherra eigi síðar en 31. desember 2005. Nú er spurt í októbermánuði 2006:

Má vænta þess að frumvarp um gerð neyslustaðals hérlendis verði lagt fram á yfirstandandi þingi? Er fyrirhugað að neyslustaðall nái til allra opinberra aðila sem byggja bætur, lán, styrki eða aðrar greiðslur á neysluviðmiðum? Hver er kostnaðurinn við gerð slíks neyslustaðals og hvað má áætla að það kosti að viðhalda honum?

[13:36]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Á þskj. 102 spyr hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir um neyslustaðal. Í fyrsta lagi er spurt hvort þess megi vænta að frumvarp um gerð neyslustaðals verði lagt fram á yfirstandandi þingi. Nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði til að kanna kosti þess og galla að gefa út neysluviðmið fyrir Ísland skilaði á síðustu dögum skýrslu og tillögum í því sambandi. Niðurstaða nefndarinnar er sú að það sé vel framkvæmanlegt að gera slík neysluviðmið á Íslandi.

Jafnframt er að finna í tillögum nefndarinnar með hvaða hætti sé unnt að útfæra slíkt viðmið án óhóflegs stjórnsýslukostnaðar við viðhald og uppfærslur á því. Einnig er ljóst af tillögum nefndarinnar að engar lagabreytingar eða ný löggjöf þarf að koma til í þessu sambandi. Af þeirri ástæðu stendur ekki til að leggja fram frumvarp um þetta efni.

Í öðru lagi er spurt hvort fyrirhugað sé að neyslustaðall nái til allra opinberra aðila sem byggja bætur, lán, styrki eða aðrar greiðslur á neysluviðmiðun. Nefndin bendir á að fjölmargir aðilar nota ýmis neysluviðmið í starfsemi sinni jafnt hjá hinu opinbera sem og einkaaðilum, t.d. í viðskiptabönkum. Opinbert neysluviðmið telur nefndin að geti komið að gagni fyrir þá fjölmörgu aðila sem vinna slík viðmið en hún telur að ekki eigi að fyrirskipa að eitt neysluviðmið skuli gilda í landinu öllu. Á það má hins vegar benda að ef slíkt viðmið er til og er uppfært reglulega mun það spara vinnu hjá ýmsum aðilum ef þeir kjósa að nota slíkt viðmið í starfsemi sinni.

Í þriðja lagi er spurt hver sé þá kostnaðurinn við gerð neyslustaðals og hvað ætla megi að það kosti að viðhalda honum. Í skýrslu nefndarinnar er bent á tvær leiðir sem eru færar í þessu máli. Kostnaður við aðra leiðina sem nefndin bendir á er alls um 36,7 millj. kr. á ári en hins vegar bendir nefndin á að önnur leið, sem hún telur álíka trausta, kosti aðeins um 6,3 millj. kr. árlega. Fréttatilkynning hefur verið gefin út í dag og skýrslan kemur á heimasíðu ráðuneytisins síðar í dag.

[13:39]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir svör hans. Ég verð að segja að þetta lofar góðu. Ég held að þetta sé fyrsta fyrirspurn sem hæstv. ráðherra svarar en hann gefur skýr og afdráttarlaus svör við því sem um er spurt og vonandi verður framhald á því hjá hæstv. ráðherra.

Ég vil fagna því að loksins sjái til lands í þessu máli sem við höfum verið að berjast fyrir í mörg ár á Alþingi, að tekið verði upp eitt slíkt neysluviðmið. Ég fagna því sem fram kemur í orðum hæstv. ráðherra að það sé vel framkvæmanlegt að gera slíkan neyslustaðal að mati starfshópsins. Enga lagabreytingu þarf, segir hæstv. ráðherra, en ég spyr: Hvenær má vænta að þetta neysluviðmið verði tekið upp? Hvenær kemur það til framkvæmda? Nú þekki ég ekki nákvæmlega hvernig það er á Norðurlöndum en ég hygg að það neysluviðmið sem þar er sé fyrst og fremst leiðbeinandi. Kannski veit hæstv. ráðherra betur um það. Hæstv. ráðherra nefnir að ekki verði fyrirskipað eitt neysluviðmið heldur verði um að ræða almennt neysluviðmið sem verði þá leiðbeinandi, sem ég hygg þá að sé með svipuðum hætti

og er á öðrum Norðurlöndum.

Ég bíð spennt eftir því að sjá hvernig þetta neysluviðmið er vegna þess að þetta verður að miða við eðlilegan framfærslugrunn fjölskyldna, mismunandi fjölskyldna, ef þetta á að koma að einhverju gagni. Ef neysluviðmið er mjög lágt gerir þetta ekkert gagn en neysluviðmið sem nú eru í gangi eru mjög mismunandi. Þau eru t.d. mjög lág hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eðli máls samkvæmt vegna þess að þar er miðað við að viðkomandi þurfi að miða framfærslu við það í stuttan tíma, en þetta verða að vera sæmileg neysluviðmið sem taki mið af raunverulegum framfærslukostnaði heimilanna. Um þetta spyr ég hæstv. ráðherra sem væntanlega hefur séð þetta neysluviðmið.

[13:41]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hlý orð í minn garð. Forstöðumaður Neytendastofu hefur verið formaður í hópnum sem hefur unnið þann neyslustaðal sem við erum að tala um. Ég treysti því að neyslustaðallinn sé raunhæfur og raunverulegur og ég geri ráð fyrir að Neytendastofa muni nota hann. Þar með verður hann væntanlega þegar tekinn til einhverra nota og vonandi breiðist sú notkun út.

Ég mun reyna að veita skýr og greið svör en það verður að fara eftir málsatvikum hverju sinni.

Umræðu lokið.

## *Staðan á viðskiptabankamarkaði.*

Fsp. JóhS, 107. mál. — Þskj. 107.

[13:42]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Í ágúst sl. kynnti Samkeppniseftirlitið stöðuna á viðskiptabankamarkaði í tengslum við könnun norrænna samkeppniseftirlita sem gerð hafði verið og áherslur eftirlitsins um hvernig taka ætti m.a. á samþjöppun á íslenskum bankamarkaði.

Í skýrslunni kemur fram að samþjöppun á íslenskum bankamarkaði sé mjög mikil, skortur á samkeppni í þjónustu banka skaði neytendur, vaxtamunur hér á landi sé meiri en annars staðar, aðgangshindranir að greiðslukerfum bankanna séu miklar og bent er á einokun á greiðslukerfum með sameiginlegu eignarhaldi banka og sparisjóða á greiðslukortafyrirtækjum. Hreyfanleiki viðskipta sé lítill, m.a. vegna skilyrða og aðgangshindrana sem bankarnir setji viðskiptavinum sínum. Ætla má að full ástæða sé til að grípa til aðgerða eftir slíkan áfellisdóm yfir bankakerfinu enda hefur Samkeppniseftirlitið beint tilmælum til ríkisstjórnarinnar og eftirlitsaðila um að gripið verði til aðgerða til að draga úr samþjöppun og bæta þjónustu við viðskiptavini bankanna. Samkeppniseftirlitið leggur til að eignarhald fárra á greiðslukerfunum verði brotið upp og kallar eftir aðskilnaði á milli eignarhalds og stjórnunar á greiðslumiðlunarkerfum. Samkeppniseftirlitið kallar eftir minni kostnaði neytenda við að færa þjónustu sína á milli banka. Það leggur áherslu á niðurfellingu stimpilgjalda, afnám uppgreiðslugjalda af lánum og takmörkun á kröfum um samtvinnun þjónustu hjá bönkunum.

Ég hef fullan hug á því að heyra hvernig nýr viðskiptaráðherra bregst við þessum tillögum Samkeppniseftirlitsins og hvort eitthvað sé í undirbúningi af hálfu hæstv. ráðherra til að bregðast við þessum hugmyndum og tillögum svo draga megi úr samþjöppun á bankamarkaði. Það er alveg skelfilegt hvernig staðan er að því er varðar bankakerfið. Það er ekki mikil samkeppni í þjónustu bankanna. Bankarnir setja ákveðin skilyrði fyrir hagstæðum lánum til fólks, eins og íbúðalánum og fleira, og ef viðskiptavinirnir vilja t.d. færa viðskipti sín annað er erfitt að losna úr þeim fjötrum. Þjónustutekjur og náttúrlega vaxtatekjur bankanna eru alveg hrikalegar og maður hefði haldið að hægt væri að lækka þessi gjöld miðað við þær gífurlegu tekjur sem bankarnir hafa. Eins og við þekkjum hefur orðið tvöföldun á vaxta- og þjónustutekjum bankanna. Þær jukust úr 54 milljörðum í 110 milljarða á fyrstu sex mánuðum þessa árs samanborið við sex mánuði fyrra árs. Ég spyr hæstv. ráðherra líka sérstaklega um stimpilgjaldið og uppgreiðslugjaldið sem eru afar erfið, stimpilgjöldin fyrir fyrirtækin og uppgreiðslugjöldin fyrir einstaklinga, og eins stimpilgjaldið. Þess vegna spyr ég sérstaklega um þessa þætti, virðulegi forseti.

[13:45]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er um afstöðu viðskiptaráðherra til tillagna Samkeppniseftirlitsins. Hún gerði nánari grein fyrir því í orðum sínum. Tillögurnar eru skynsamlegar til að auka samkeppni á markaði, en þeim er beint að markaðinum og markaðsaðilunum en ekki að löggjafanum og framkvæmdarvaldinu.

Stimpilgjaldið er einn af þeim sköttum sem margir tala um að heppilegt kunni að vera að afnema og það hefur oft verið rætt en það verður að fara eftir stöðu í hagstjórninni hvenær tími er valinn til þess.

Samkeppnisstofnun komst á sínum tíma að þeirri niðurstöðu að uppgreiðslugjald væri ekki andstætt lögum með tilliti til 16. gr. laga um neytendalán. Hins vegar stendur nú yfir endurskoðun á tilskipun um neytendalán sem innleidd eru með lögum um neytendalán og þá kann það að koma til skoðunar.

Önnur spurningin er hvort nauðsynlegt sé að hugað verði að aðgangshindrunum og greiðslukerfum bankanna og sameiginlegu eignarhaldi banka og sparisjóða á greiðslukortafyrirtækjum.

Samkeppniseftirlitið var ekki að kalla eftir löggjöf í þessa veru heldur beindust þessar athugasemdir líka að markaðinum og markaðsaðilum. Þróunin hefur verið í þá átt að minnka aðgangshindranir að greiðslukerfum bankanna. Greiðslukerfin byggjast hins vegar á frjálsum og ábyrgum samningum þessara aðila á milli og við í viðskiptaráðuneytinu álítum að tæki samkeppnislaganna ættu að duga í þessu efni. Það er matsatriði í hverju tilfelli, en við lítum svo á að svo sé. Sameiginlegt eignarhald banka og sparisjóða byggist einnig á frjálsum viðskiptum með hlutafé sem löggjafinn hefur ekki afskipti af.

Í þriðja lagi er spurning hvort ráðherra telji leiðir færar

til að koma í veg fyrir vaxandi samþjöppun á íslenskum bankamarkaði o.s.frv. Því er til að svara að ekki hefur orðið vaxandi samþjöppun á íslenskum bankamarkaði. Einkaæðing ríkisviðskiptabankanna hefur þvert á móti fjölgað eigendum á þessum markaði, víkkað út markaðinn og opnað hann. Viðskiptabankarnir eru skráðir á markaði og því háðir þeim reglum sem þar gilda um eignarhald.

Við höfum samkeppnislög og við höfum verið að styrkja þau og við höfum jafnframt verið að styrkja Samkeppniseftirlitið til að vinna að sínum verkefnum og Samkeppniseftirlitið hefur lýst því yfir að það muni fylgja málinu eftir. En Samkeppniseftirlitið er sjálfstæð stofnun þannig að ráðherra getur ekki skipt sér af daglegri starfrækslu þess.

[13:48]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Nú er ég ekki eins ánægð með svör hæstv. viðskiptaráðherra eins og við fyrri fyrirspurn. Ráðherra vísar á frelsið á markaðnum og að þessum tillögum Samkeppniseftirlitsins hafi verið beint að markaðnum.

Það er að vísu rétt, hæstv. ráðherra. Þetta snýr að hluta til að markaðnum. En hæstv. ráðherra getur nú haft skoðanir á þessum hlutum, t.d. varðandi greiðslukerfin og þá þætti sem snúa beint að markaðnum. Ráðherrann getur auðvitað látið skoðun sína í ljós sem mundi skipta verulegu máli upp á það að bankarnir mundu þá hreyfa sig í þessum efnum og koma til móts við tillögur Samkeppniseftirlitsins. Hæstv. viðskiptaráðherra getur auðvitað beint því líka til bankanna að þeir skoði og verði við þeim óskum sem Samkeppniseftirlitið lætur hér frammi.

Það er óviðunandi að bankarnir hreyfi sig ekkert þegar Samkeppniseftirlitið kallar eftir úrbótum til að draga úr samþjöppun og viðskiptaráðherra hefur enga skoðun á málinu og ætlar þá greinilega ekki að beita sér í því. Ég hvet hæstv. ráðherra til að gera það, að beina því nú til bankanna að fara að þessum tillögum og tilmælum Samkeppniseftirlitsins.

Það sem snýr að ríkinu eru auðvitað stimpilgjöldin. Þau eru afar þungur baggi, ekki síst fyrir smærri fyrirtæki og skuldug heimili og það er kominn tími á að menn fari að setjast af alvöru yfir þetta og afleggja þessi stimpilgjöld. Ég held að við séum ein fárra þjóða sem er með þau. Það er hægt minnsta kosti að setja það niður í áföngum hvernig menn hafi hugsað sér að afnema stimpilgjöldin.

Síðan varðandi uppgreiðslugjöldin. Það er auðvitað alveg furðulegt að fólki sé refsað með sérstakri skattlagningu ef það vill greiða upp sín lán. Uppgreiðslugjald getur t.d. numið um 1 millj. kr. á 8 millj. kr. láni ef einhver vill greiða upp sín lán. Þetta eru fjötrar á fólk. Það getur ekki hreyft sig í viðskiptum milli banka út af uppgreiðslugjaldinu.

Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa skoðun á (Forseti hringir.) skaðsemi þess fyrir heimilin í landinu. Ég spyr um afstöðu hans til uppgreiðslugjaldsins.

[13:50]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég get borið fulla virðingu fyrir þeim sjónarmiðum sem hv. þingmaður lét í ljós um þessi gjöld um leið og ég minni á samningsfrelsi og samningsábyrgð í samfélaginu.

Ég get líka getið þess rétt til upplýsingar að það er mikið unnið að því að þroska áfram rekstrarskipulag og rekstrarform í greiðslukerfunum og einmitt með tilliti til aðkomu og tengsla við bankana.

Umræðu lokið.

## *Lánveitingar Íbúðalánasjóðs.*

Fsp. JóhS, 105. mál. — Þskj. 105.

[13:51]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég býð hæstv. félagsmálaráðherra velkominn í stól félagsmálaráðherra og vona að við getum átt ágæta samvinnu á þinginu. Ástæða þeirra fyrirspurna sem ég legg fyrir hann er að ég held að þær breytingar sem gerðar voru fyrir nokkrum mánuðum, á miðju ári sennilega, um lækkun á hámarksláni Íbúðalánasjóðs og lækkun lánshlutfalls, auk þess að breyta ekki veðskilyrðum eigna vegna lána hafi komið mjög illa niður á lágtekju- og millitekjuhópum og illa niður á landsbyggðinni. Þessir hópar gátu auðveldlega eignast íbúð í félagslega kerfinu þar sem veitt var 90% og 100% lán, áður en það var lagt niður, og síðan með þeim viðbótarlánum sem þá tóku við til fólks innan ákveðinna tekjumarka.

Það varð gífurleg breyting á lánafyrirgreiðslu vegna íbúðakaupa til þeirra tekjulægri þegar viðbótarlánin voru felld brott og félagslega kerfið lagt niður. Sérstaklega vil ég hér nefna viðbótarlánin vegna þess að veðhæfni eigna á þeim lánum miðaðist við kaupverð eigna en ekki brunabótamat, sem ég er ekki viss um að allir hafi gert sér grein fyrir. Á þessu er gífurlega mikill munur.

Nú hefur lánshlutfallið lækkað úr 90% í 80%. Hámarkslánið er farið úr 18 millj. kr. í 17 millj. og veðhæfni eigna miðast við brunabótamat sem algengt er að sé 40% af kaupverðinu, lítillar tveggja herbergja íbúðar. Það er bara algengt að fólk fái ekki lánað, ekki 90%, ekki einu sinni 80%, heldur 40% út af brunabótamatinu. En áður fékk fólk sem hafði viðbótarlán 90% lánað af kaupverði eigna og á þessu er mikill munur.

Þessu til viðbótar hefur orðið alger verðsprenging. Ég get nefnt sem dæmi að miðað við 10 millj. kr. eign fyrir fimm árum þyrfti fólk miðað við 90% lán að leggja sjálft fram 1 millj. kr. Í dag kostar þessi sama íbúð 20 millj. kr. og vegna þessarar hækkunar og lækkunar á lánshlutfalli þarf fólk að leggja fram 4 millj. fyrir sömu íbúð, um 1 millj. fyrir fimm árum. Þessu verður að taka á. Þarna hefur ákveðinn hópur orðið á milli, fólk með lægri tekjur.

Það sem er verra er að ég tel að þessar breytingar hafi skapað mikinn þrýsting á leigumarkaðnum. Þær hafi aukið á rokdýr skammtíma- og yfirdráttarlán og fækkað lánveitingum verulega á landsbyggðinni. Nú eru t.d. um 1.600 til 1.700 manns á biðlista eftir leiguíbúðum, eingöngu í Reykjavík.

Það er alveg ljóst að þær breytingar sem hafa orðið á stöðu fólks með lægri tekjur til að eignast íbúðir hafa skapað verulegan þrýsting á leigumarkaði. Verulegan þrýsting.

Þess vegna hef ég lagt fyrirspurnir til ráðherrans sem ég má ekki vera að að lesa en þær snúa fyrst og fremst að því hvort ekki sé tímabært að huga sérstaklega að ákveðnum leiðum fyrir fólk sem er í tekjulægri hópnum til að eignast íbúð.

[13:55]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur góðar óskir í minn garð og tek undir með henni um nauðsyn þess að við eigum gott samstarf um þennan mikilvæga málaflokk sem félagsmálin eru.

Með breytingu á reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf og útgáfu nýrrar reglugerðar um lánshlutfall og fjárhæðir í ÍLS-veðbréfa í júlí síðastliðnum var lánshlutfall almennra lána Íbúðalánasjóðs lækkað úr 90% í 80% af fasteignamati íbúðar sem lánað var til. Jafnframt var hámarkslán sjóðsins lækkað úr 18 millj. í 17.

Um er að ræða tímabundna aðgerð með það að markmiði að draga úr þenslu á íbúðalánamarkaði og var hún liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Þessi þensla íbúðamarkaðar hófst, eins og hv. þingmenn vita, með því að bankarnir hófu haustið 2004 að bjóða næstum óheft íbúðalán til allra sem vildu. Þetta stóraukna framboð íbúðalána hefur vitaskuld hafa marghátttaðar afleiðingar. Sumar jákvæðar eins og að fjölmargir íbúðareigendur gátu skuldbreytt óhagstæðum eldri lánum en til lengri tíma eru áhrifin þau að íbúðaverð hefur hækkað. Fyrir vikið fer sá hópur fólks stækkandi sem á erfitt um vik með að kaupa eigið húsnæði.

Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þekkir betur en flestir sem hér eru, er verðbólgan versti óvinur þeirra sem skulda verðtryggð íbúðalán. Með því að lækka lánshlutfall Íbúðalánasjóðs tímabundið í 80% og lækka hámarkslán í 17 millj. var ríkisstjórnin markvisst að reyna að draga úr verðbólgunni sem m.a. hefur verið knúin áfram af hækkun á verði íbúðarhúsnæðis. Að mínu mati var þetta rétt ákvörðun við þær aðstæður sem þá voru uppi.

Þegar áhrif þessara aðgerða koma enn betur í ljós, með því að böndum hafi verið komið á verðbólguna er fyrirséð að þrýstingur vex á að hlutfallið verði hækkað á ný. Slík breyting væri í fullu samræmi við áform okkar framsóknarmanna í þessum efnum og við það viljum við standa eins og annað.

Almennt má segja að breyting á útlánaheimildum og minnkað framboð íbúðalána leiði fyrst og fremst til að fólk ákveði að bíða einhvern tíma með að skipta um húsnæði. Það veltur þó á aðstæðum hvers og eins hvort slík bið sé möguleg. Eflaust má finna dæmi um fjölskyldur sem hafa knýjandi þörf fyrir að skipta um húsnæði en eiga erfiðara um vik vegna minnkandi lánsframboðs, þar á meðal vegna lækkunar á lánshlutfalli Íbúðalánasjóðs.

Ekki er ólíklegt að einhverjir þeirra sem stóðu í húsnæðiskaupum eða voru langt komnir með undirbúning að slíkum viðskiptum eða gátu ekki frestað þeim, hafi orðið að leysa sín mál með auknum lántökum í bankakerfinu. Hvorki ráðuneyti né Íbúðalánasjóður búa hins vegar yfir upplýsingum um hver stór sá hópur kann að vera sem hefur þurft að leita sér annarra og dýrari fjármögnunarkosta.

Varðandi greiðslumatið er það svo að eftir að það var sett inn í rafrænt form á heimasíðu Íbúðalánasjóðs getur væntanlegur lántakandi sjálfur útbúið bráðabirgðagreiðslumat og séð þá strax hvaða lánamöguleika hann hefur. Hvað hann getur greitt af háu láni og hvað hann getur keypt dýra eign.

Af þeirri ástæðu er fremur fátítt að lánsumsókn sé hafnað vegna þess að greiðslugeta sé ekki fyrir hendi. Viðskiptavinurinn hefur oftast sjálfur gert sér grein fyrir því fyrir fram hvort hann eigi möguleika á láni. Algengara er því að lánsumsókn sé hafnað af Íbúðalánasjóði vegna vafasamrar viðskiptasögu umsækjanda. Breyting á lánshlutfalli úr 90% í 80% hefur engu breytt hvað þetta varðar heldur trúlega leitt til þess að sjóðurinn fær færri lánsumsóknir en áður.

Staðreyndin er sú, hæstv. forseti, að stærstur hluti þeirra 90% lána sem Íbúðalánasjóður hefur veitt hafa verið úti á landi. Á höfuðborgarsvæðinu hefur takmörkun vegna brunabótamats íbúða leitt til að lánshlutfall Íbúðalánasjóðs nær sjaldan hæsta mögulega veðhlutfalli. Því er óhætt að slá því föstu að það sé einkum á landsbyggðinni sem lækkunin hafi haft áhrif en á höfuðborgarsvæðinu hafa áhrifin af lækkun lánshlutfallsins ekki orðið veruleg. Þar hefur lækkun á hámarksláni úr 18 millj. í 17 millj. hins vegar haft meiri áhrif.

Að mínu mati líður senn að því að mögulegt verði að auka lánshlutfallið að nýju í 90%. Ég er þó jafnframt tilbúinn að skoða fleiri leiðir til að auka möguleika ungs fólks til að eignast eigið húsnæði. Í því sambandi bendi ég einkum á að tenging útlána Íbúðalánasjóðs miðist við annað en brunabótamat.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að setja á laggirnar sérstakan starfshóp til að fara yfir kosti og galla núverandi tilhögunar í fasteignaskráningu og fasteignamati á vegum hins opinbera. Eitt af verkefnum starfshópsins verður að leita svara við þeirri grundvallarspurningu hvort nægileg rök standi til að halda í skyldutryggingu vegna bruna á fasteignum með hliðsjón af því að slík skylda virðist einsdæmi hérlendis. Verði niðurstaðan sú að ekki sé þörf fyrir slíka skyldutryggingu virðist allur grundvöllur brostinn fyrir því að miða lánshæfi eigna við brunabótamat.

Að mínu mati er það margumrædd takmörkun útlána Íbúðalánasjóðs vegna brunabótamats sem hefur hvað mest áhrif varðandi fjármögnun íbúðakaupa hjá Íbúðalánasjóði. Hátt verð eigna og aðrar takmarkanir á borð við 80% lánshlutfall og 17 millj. kr. hámarksfjárhæð Íbúðalánasjóðs hafa einnig áhrif en þau eru að mínu mati mun minni.

[14:00]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir hvað það er sem gengur á hér. Verðhækkanir á fasteignum á Íslandi eru ekkert einstakt fyrirbrigði. Bandaríkjamenn telja að verðhækkanir á fasteignum þar á undanförnum árum sé stærsta eignabóla í sögu Bandaríkjanna og auðvitað er fasteignaverð á Íslandi

og í Evrópu hluti af því dæmi.

Við skulum því þakka fyrir það ef okkur tekst að koma standandi niður úr þessu mikla heljarstökki. Það er mjög mikil ástæða til þess að segja við alla og alltaf að við verðum að fara mjög varlega, það er mjög hættulegt þegar við lendum í svona gríðarlegum verðbreytingum. Því skiptir öllu máli að ríkisstjórninni takist að standa vörð um þau grundvallarsjónarmið sem standa á bak við húsnæðisstjórnina og lánakerfið þar og vonandi ber stjórnarandstaðan gæfu til þess að vera með okkur í því ferli.

[14:01]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna þessari fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem eins og alþjóð veit fylgist grannt með Íbúðalánasjóði og húsnæðislánum, eins og vonandi þingmenn allir. Ég tel jafnframt ástæðu til að óska hæstv. ráðherra til hamingju með embættið og spyr um leið hvort ekki sé væntanlegt fljótlega frumvarp um Íbúðalánasjóð. Ég tel rétt við þessar aðstæður að fagna því sérstaklega að nýr félagsmálaráðherra skuli hafa staðist áhlaup bankanna og framsóknarforustunnar um að gefa eða selja Íbúðalánasjóð. Ég tel sérstaka ástæðu til að fagna því að sú hugmynd skuli hafa farið með fráfarandi formanni.

[14:02]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það er stefna okkar framsóknarmanna að standa vörð um starfsemi Íbúðalánasjóðs. (**Gripið fram í:** Loksins.) Ég fagna því sem hæstv. félagsmálaráðherra lýsti yfir áðan að hugmyndir séu uppi um að efla starfsemi Íbúðalánasjóðs og styrkja grundvöll hans. Það hefur ekki staðið á framsóknarmönnum að standa vörð um þá stofnun, enda er sú stofnun sköpuð af þáverandi félagsmálaráðherra, Páli Pétursyni, eins og öllum er kunnugt.

Hæstv. forseti. Það voru teknar mjög erfiðar ákvarðanir síðastliðna sumarmánuði af hálfu ríkisstjórnarinnar til að ná tökum á verðbólgunni. Við sjáum að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin fór í á þeim tíma eru að bera árangur. Samfylkingin talaði á þeim tíma út og suður í málefnum Íbúðalánasjóðs. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gagnrýndi harðlega þær aðhaldsaðgerðir sem ríkisstjórnin fór í í þeim efnum á meðan formaður Samfylkingarinnar og forustumenn aðrir töldu að ganga hefði mátt lengra. Samfylkingin hefur því talað út og suður í þessu máli eins og svo mörgum öðrum.

[14:03]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég get fullvissað hv. síðasta ræðumann um að það er samstaða í þingflokki Samfylkingarinnar og í Samfylkingunni allri um það sem efni þessarar fyrirspurnar snýst um, að bæta þurfi stöðu fólks með lágar og meðaltekjur á íbúðamarkaðnum. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og vona að hann standi við það að breyta þessu viðmiði úr brunabótamatinu þannig að miðað verði við kaupverð eigna vegna þess að þetta er að ganga fram af fólki og gera það ofurselt leigumarkaðnum sem annars gat bjargað sér og komið sér þaki yfir höfuðið.

Formaður Félags fasteignasala, sem ég hafði samband við í dag, segir að fara þurfi marga áratugi aftur í tímann til að finna verra ástand en það sem kaupendur sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð standa frammi fyrir í dag. Þessu fólki þarf að koma til bjargar, m.a. með því að breyta þessu viðmiði. Eins og ég sagði áðan þurftu fyrstuíbúðarkaupendur að leggja fram 1 milljón kr. af 10 millj. kr. eign fyrir fimm árum síðan en í dag þurfa þeir að reiða fram 4 milljónir fyrir nákvæmlega eins íbúð. Ungt fólk hefur ekki þessa peninga. Þess vegna er orðið mjög brýnt að hæstv. ráðherra vindi sér í þetta og ég vona að hann breyti þessu fljótt og vel.

Viðbótarlánin voru með þessu viðmiði, miðað var við kaupverð en ekki brunabótamat. Hvers vegna í ósköpunum var þessu breytt gagnvart þeim sem eru að kaupa og eignast sína fyrstu íbúð? Sú breyting sem gerð var í sumar hafði engin áhrif á verðbólguna vegna þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér fengu aðeins 20 manns á fyrsta ársfjórðungi eftir að þessi breyting varð gerð 90% lán út af þessu lánshlutfalli. Þetta kom fyrst og fremst niður á landsbyggðinni. Það eru fyrst og fremst lán bankanna sem hafa keyrt upp verðbólguna. Þeir voru með 35 milljarða útlán í upphafi á árinu 2004 meðan (Forseti hringir.) Íbúðalánasjóður var að meðaltali með um 5 milljarða. Það sem fyrrverandi ráðherra gerði í sumar hafði því engin áhrif til að draga úr verðbólgunni.

[14:05]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Mér finnst hún bera þess merki að hér sé á ferðinni mál sem hv. þingmenn hafa mikinn áhuga á og ég veit að svo er.

Hv. þm. Valdimar L. Friðriksson spurði mig hvenær fram kæmi frumvarp um Íbúðalánasjóð. Ég get ekki svarað því nú en eins og hann veit og aðrir er unnið að þessum málum í ráðuneytinu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fullyrti að þær breytingar sem gerðar voru í sumar — það var að vísu sá sem hér stendur sem bar ábyrgð á þeim — hefðu ekki haft nein áhrif á verðbólguna. Ég er ekki sammála því og tel að það muni koma í ljós síðar, en svona er umræðan.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Ég legg hins vegar áherslu á að húsnæðismálin eru velferðarmál, þess vegna falla þau undir félagsmálaráðuneytið, og við höfum að sjálfsögðu fullan hug á að meðhöndla þennan málaflokk með þeim hætti og á þeirri forsendu að um velferðarmál sé að ræða.

Umræðu lokið.

## *Húsaleigubætur.*

Fsp. JóhS, 108. mál. — Þskj. 108.

[14:07]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Það kom nýlega fram opinberlega að grunnfjárhæð húsaleigubóta hafi ekki hækkað í sex ár eða

frá árinu 2000 en á þeim tíma hefði vísitala húsaleigu hækkað um rúmlega 55%, en kveðið er á um grunnfjárhæðir húsaleigubóta í reglugerð sem félagsmálaráðuneytið gefur út. Vísitala húsaleigu hefur hækkað um 55,7% frá janúar 2001–2006 og ef miðað er við október núna hefur hún hækkað um 58,9%. Það kom einnig fram að samkvæmt upplýsingum frá Leigulistanum væri leiga á þriggja herbergja íbúð komin í 90–120 þús. kr. og á tveggja herbergja íbúð í 70–90 þús. kr. Í sömu frétt í Morgunblaðinu kom fram að leiguverð færi stöðugt og hratt upp og að uppsett verð væri oft yfirboðið. Mikið er um að leiguverð sé líka vísitölubundið.

Þessi himinháa húsaleiga sem fólk sem er á leigumarkaðnum þarf að búa við bitnar auðvitað harðast á þeim sem síst skyldi, á námsmönnum og fólki með litlar tekjur sem getur ekki eignast húsnæði, eins og við ræddum áðan, sem væntanlega hefur fjölgað þeim sem þurfa að fara á leigumarkaðinn. Þess vegna gengur það ekki, virðulegi forseti, að leiguverð rjúki upp en grunnfjárhæð húsaleigubóta standi í stað.

Sem dæmi má nefna þegar um er að ræða að vísitala húsaleigu hafi hækkað um tæp 59% frá því grunnfjárhæð húsaleigubóta var síðast hækkuð fyrir sex árum þá hefur leiguverð sem var 50 þús. kr. á íbúð árið 2001 hækkað um tæpar 30 þús. kr. vegna vísitölunnar og er komið í 80 þús. kr. Á meðan hefur grunnfjárhæð húsaleigubóta algjörlega staðið í stað. Það sér hver maður í hendi sér að slíkt gengur ekki.

Það skiptir auðvitað verulegu máli fyrir tæplega 10 þúsund fjölskyldur sem fá húsaleigubætur að bæturnar taki eðlilegum vísitölubreytingum, annað er bara hrein kjararýrnun fyrir þetta fólk og er fljót að fara í hærri húsaleigu sú 15 þús. kr. kauphækkun sem láglaunafólk, sem er á þessum markaði, fékk í sumar í kjarabætur án þess að á móti komi eðlilegar húsaleigubætur sem hafa ekki hækkað í takt við vísitölu.

Út á það gengur eftirfarandi fyrirspurn sem ég legg fyrir hæstv. félagsmálaráðherra:

1. Hver er ástæða þess að ráðherra hefur ekki breytt reglugerð og hækkað grunnfjárhæðir húsaleigubóta sl. sex ár?

2. Hve mikið hefðu grunnfjárhæðirnar hækkað ef þær hefðu fylgt vísitölu greiddrar húsaleigu?

3. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því í samráði við sveitarfélögin að grunnfjárhæðir húsaleigubóta verði hækkaðar í samræmi við breytingar á vísitölu greiddrar húsaleigu frá því í árslok 2000?

[14:10]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi Jóhanna Sigurðardóttir nefndi hér dæmi um að húsaleigubætur hafi ekki hækkað í takt við húsaleigu á undanförnum árum. Ég hef fullan skilning á þessu máli og þekki sjálfur dæmi um einstaklinga í svipaðri stöðu og hv. þingmaður nefndi áðan.

Ég tel í upphafi rétt að geta þess að með lögum nr. 133/2001, um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, voru húsaleigubætur undanþegnar tekjuskatti. Þessi breyting var mikil réttarbót fyrir bótaþega og tók gildi í ársbyrjun 2002. Sá hópur sem á rétt á húsaleigubótum hefur einnig farið stækkandi. Að auki hafa fáein sveitarfélög sýnt lofsvert frumkvæði með því að taka upp greiðslu sérstakra húsaleigubóta til mjög tekjulágra einstaklinga. Meðaltalsfjárhæðir húsaleigubóta hafa hækkað umtalsvert á því tímabili sem þingmaðurinn nefnir og bótaþegum hefur einnig fjölgað mikið. Vegna þessarar miklu þenslu í málaflokknum hefur ekkert svigrúm verið til að hækka grunnfjárhæðir húsaleigubóta.

Á árunum 2000–2006 hafa útgjöld sveitarfélaga til húsaleigubóta hækkað verulega að raunvirði. Heildargreiðslur hækkuðu þannig um ríflega 110% að raunvirði milli áranna 2000 og 2005.

Eftirfarandi þættir eru einkum taldir skýra þessa útgjaldaaukningu:

1. Ýmsar laga- og reglugerðarbreytingar sem m.a. hafa aukið rétt námsmanna og fatlaðra. Einnig má nefna sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga til fjölgunar leiguíbúða, hækkun tekjumarka bótaþega, skattfrelsi húsaleigubóta og breytingar á skattlagningu leigutekna, sem í heild hafa leitt til mikillar fjölgunar bótaþega.

2. Bætt upplýsingagjöf um húsaleigubætur hefur að líkindum gert leigjendur meðvitaðri um rétt sinn til húsaleigubóta og þar af leiðandi fjölgað bótaþegum.

3. Mikil hækkun á fasteignaverði undanfarin ár hefur ásamt aukinni eftirspurn eftir leiguhúsnæði, einkum á höfuðborgarsvæðinu, einnig leitt til þess að húsaleiga á almennum markaði hefur hækkað umfram almennt verðlag, sem aftur hefur haft í för með sér hækkun húsaleigubóta. Jafnframt hafa sum sveitarfélög, til að mynda Reykjavíkurborg, hækkað leigu á félagslegum leiguíbúðum til þess að færa hana nær raunkostnaði af rekstri húsnæðisins. Áhrif þess eru þau að í stað beinnar niðurgreiðslu sveitarfélaga af húsaleigu er leigjendum beint rakleitt í húsaleigubótakerfið.

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga 4. des. 2002 var m.a. fjallað um húsaleigubætur. Í því samkomulagi var ákveði um að reglugerð um húsaleigubætur, þar sem m.a. komu fram grunnfjárhæðir húsaleigubóta, skyldi haldast óbreytt til 30. júní 2004. Á sama tíma var gerð breyting á fjármögnun húsaleigubóta sem nú tekur mið af föstu hlutfalli tekna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Með þeirri breytingu var fjármögnun húsaleigubóta alfarið færð á hendur sveitarfélaga og jöfnunarsjóðsins.

Hv. þingmaður spyr hve mikið grunnfjárhæðir hefðu átt að hækka á tímabilinu og hve háar fjárhæðir hafi sparast árlega með því að hafa grunnfjárhæðirnar óbreyttar. Ég hef þegar getið þess að framlög sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til húsaleigubóta hafa hækkað verulega að raunvirði auk þess sem meðaltalsbæturnar hafa hækkað og bótaþegum fjölgað. Af þeirri ástæðu er varla hægt að tala um sparnað í því samhengi sem hv. þingmaður gerir í fyrirspurn sinni. Réttara er að segja að útgjöld sveitarfélaga hefðu orðið enn meiri en raunin er ef grunnfjárhæðirnar hefðu verið hækkaðar.

Vísitala greiddrar húsaleigu samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands hækkaði úr 140,7 í 225,5 frá desember 2000 til september 2006. Grunnfjárhæðir húsaleigubóta hefðu því hækkað um 58,1% ef þær hefðu fylgt vísitölunni. Ég tel

mig ekki hafa forsendur til að reikna út af neinni nákvæmni hver árleg heildarfjárhæð húsaleigubóta væri á umræddu tímabili ef grunnfjárhæðir hefðu hækkað til samræmis við hækkun greiddrar húsaleigu enda er þar um flókna útreikninga að ræða. Ég tel hins vegar óhætt að upplýsa að útgjaldaauki sveitarfélaganna vegna slíkra breytinga er fljótur að hlaupa á hundruðum milljóna króna.

Hæstv. forseti. Ég er ekki tilbúinn að lofa því hér og nú að grunnfjárhæðirnar verði hækkaðar á næstunni. Ég tel hins vegar eðlilegt að ríki og sveitarfélög ræði þetta mál ásamt fleiri málum og ég hef reyndar farið yfir málin með nýjum formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ég sé ekki fyrir mér að komið geti til hækkunar nema í sátt við sveitarfélögin og það er nauðsynlegt að hafa í huga að eins og fjármögnun húsaleigubóta er nú háttað lenda allar kostnaðarhækkanir á sveitarfélögunum því framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til húsaleigubóta er ákveðið í lögum og því framlagi er síðan jafnað niður á sveitarfélögin.

Ég tel rétt að lokum að benda á að í allri umræðu um hve mikið væri sanngjarnt að hækka bæturnar verður að mínu mati að taka tillit til skattfrelsis bótanna, sem ég hef áður nefnt. Á þessu stigi tel ég hins vegar ótímabært að tjá mig frekar um hve mikil slík hækkun geti orðið eða hvort af henni getið orðið.

[14:15]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin en þau valda mér vonbrigðum. Ég taldi að hæstv. félagsmálaráðherra mundi vinda sér í það í samvinnu við sveitarfélögin að skoða hækkun á þessum grunnbótum. Ég get sjálf svarað þeirri spurningu sem hæstv. ráðherra svaraði ekki, hve mikið fjárhæðirnar hefðu hækkað ef þær hefðu fylgt vísitölu. Í staðinn fyrir 8 þús. kr. væru þær í dag 12.800 kr. og ég fullvissa ráðherrann um að fátækt fólk sem varla á fyrir mat út mánuðinn, m.a. vegna hárrar húsaleigu sem hefur tvöfaldast á stuttum tíma, munar um þennan tæpa 5 þúsund kall. Ég held að það liggi nokkurn veginn á borðinu að sveitarfélögin voru plötuð á sínum tíma af ríkisvaldinu þegar þau gerðu þennan samning við ríkisvaldið sem hæstv. ráðherra vitnaði í. Ég geri ráð fyrir að fjárhæðin sem fer í greiðslu húsaleigubóta hafi a.m.k. þrefaldast frá því að þetta samkomulag var gert. Ef ég man rétt er hún núna um 1.500 millj. kr. Ég hygg að hún hafi ekki verið nema 500 millj. þegar ríkið gerði þetta samkomulag. Mér finnst það engin afsökun og réttlæti það að þetta taki ekki mið af vísitölubreytingum að húsaleigubætur séu undanþegnar tekjuskatti. Það var auðvitað mikil búbót fyrir fólk, ég er alveg sammála því. Og að sveitarfélög hafi tekið upp sérstaka greiðslu húsaleigubóta til að greiða niður greiðslur á almennum markaði er vitaskuld mjög gott, en við verðum að hafa í huga að við erum að tala um fátækasta fólkið og það munar um þessa fjárhæð. Ég hvet því hæstv. ráðherra til að leita strax samvinnu við sveitarfélögin um það hvort ekki sé hægt að hækka þessar greiðslur vegna þess að fólk munar verulega um það.

Núna eru rúmlega 1.600 manns á biðlista eftir leiguíbúðum í Reykjavík. Það á einungis að fjölga slíkum íbúðum um rúmlega 600 á næstu fjórum árum, ef marka má ummæli borgarstjóra sem fram koma í Morgunblaðinu í dag. Það er auðvitað nauðsynlegt að breyta þessu viðmiði eins og ég hef hér lýst.

[14:18]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál upp en ég ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að þetta er mál sem við munum ræða við sveitarfélögin á samráðsvettvangi ríkis og sveitarfélaga. Ég ítreka einnig það sem ég sagði, að ég hef þegar rætt þetta við nýjan formann Sambands sveitarfélaga. Við erum því sammála um það, ég og hv. þingmaður, að þetta mál verði rætt á þeim vettvangi.

Að öðru leyti hef ég engu við það að bæta sem ég fór yfir í fyrri ræðu minni nema því sem ég hef ítrekað nú.

Umræðu lokið.

## *Þjónusta á öldrunarstofnunum.*

Fsp. ÁMöl, 118. mál. — Þskj. 118.

[14:19]

**Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):**

Virðulegi forseti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við aldraða sem kom út fyrir réttu ári er vakin athygli á því að þjónusta öldrunarstofnana er afar mismunandi. Það á jafnt við um þætti sem snúa að heilbrigðisþjónustu, eins og endurhæfingu, og annarri stoðþjónustu, eins og þvotti og félagsstarfi.

Í lögum um málefni aldraða segir að í dvalarrýmum skuli vera völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum, félags- og tómstundastarfi svo og aðstöðu fyrir endurhæfingu. Í reglugerð um greiðslu öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu kemur fram að stofnunum er ekki skylt að kosta persónulega muni og aukaþjónustu, svo sem fatnað, fatahreinsun, snyrtivörur, hársnyrtingu og fótsnyrtingu. Þó er litið svo á að stofnanir fyrir aldraða eigi að sjá um þvott hjá heimilisfólki, eins og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar og hefur jafnframt verið ítrekað frá heilbrigðisráðuneytinu til stofnananna.

Flest höfum við átt eða eigum nákominn ættingja á hjúkrunarheimili. Það er öllum ljóst að aðbúnaður og þjónusta þessara stofnana er mismunandi. Sums staðar búa allir íbúar í einstaklingsrýmum en annars staðar þurfa þeir að deila persónulegu rými sínu með öðrum. Á einum stað er persónulegt rými hins aldraða 8 fermetrar en á öðrum 26 fermetrar. Aðeins tæplega þriðjungur íbúa á hjúkrunarheimilum er með sérbaðherbergi.

Fyrirspurn mín í dag varðar þvott á fatnaði aldraðra á hjúkrunarheimilum. Tilefni fyrirspurnar minnar er að fyrir nokkru kom til mín aldraður maður sem sagði farir sínar ekki sléttar. Kona hans er á hjúkrunarheimili og veikindi hennar eru þess eðlis að hún þarf að hafa alskipti á klæðnaði a.m.k. þrisvar á dag. Það er partur af hennar veikindum. Þar sem heimilið vísar frá sér ábyrgð á þvotti vistmanna færist verkefnið á hendur gamla mannsins, hann þarf að sækja þvottinn, þvo hann og koma honum aftur til konu

sinnar sem kostar mikið umstang, peninga og áhyggjur fyrir gamla manninn. Einu tekjur konu hans eru vasapeningar og duga þeir ekki til að standa undir kostnaði við þvottinn. Það sjá allir að þetta gengur ekki upp, enda er stofnuninni gert skylt að sjá um þvottinn sem er hluti af grunnþjónustu en hún gerir það ekki.

Því spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra um skyldur öldrunarstofnana varðandi þvott heimilisfólks og hver sé kostnaður við þá þjónustu. Fyrirspurn mín er svohljóðandi:

1. Hvaða þjónustu, utan skilgreindrar heilbrigðisþjónustu, er öldrunarstofnunum skylt að veita vistmönnum?

2. Eiga öldrunarstofnanir að sjá um þvott vistmanna þeim að kostnaðarlausu? Ef svo er, hvernig er því fylgt eftir að þjónustan sé veitt?

3. Hvaða öldrunarstofnanir sjá ekki um þvott vistmanna?

4. Hver er talinn árlegur kostnaður öldrunarstofnana við þvott vistmanna?

[14:22]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. 10. þm. Reykv. n., Ásta Möller, spyr um þjónustu við aldraða á öldrunarstofnunum.

Í fyrsta lagi er spurt hvaða þjónustu, utan skilgreindrar heilbrigðisþjónustu, öldrunarstofnunum sé skylt að veita vistmönnum. Samkvæmt skilmálablöðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem fylgja umsóknareyðublöðum vegna umsókna í Framkvæmdasjóð aldraðra, skulu hjúkrunarheimili fyrir aldraða tryggja fullt fæði, þrif og þvott, lín og hreinlætisvörur, félagsþjónustu, sálgæslu, fjárvörslu og umsýslu fyrir heimilismenn. Á dvalarheimilum skal vera völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum, félags- og tómstundastarfi. Allt er þetta tíundað nákvæmlega í fyrrnefndum skilmálablöðum.

Í annan stað er spurt hvort öldrunarstofnanir eigi að sjá um þvott vistmanna þeim að kostnaðarlausu og ef svo er, hvernig því sé fylgt eftir að þjónustan sé veitt. Bæði dvalar- og hjúkrunarheimili skulu sjá vistmönnum fyrir þvotti á einkafatnaði nema um sé að ræða viðkvæman þvott sem þarfnast meðhöndlunar í efnalaug eða þvottar í höndunum. Öllum stofnunum á að vera þetta að fullu ljóst, enda kemur þetta skýrt fram í áðurnefndum skilmálablöðum og er því fylgt eftir með ábendingum til stofnana sjái þær ekki um þessa þjónustu.

Í þriðja lagi er spurt hvaða stofnanir sjái ekki þvott vistmanna. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sendi fyrirspurn um þessi efni til allra öldrunarstofnana á landinu. Því miður bárust ekki svör frá öllum. Eina stofnunin sem okkur er kunnugt um að veiti ekki þessa þjónustu er hjúkrunarheimilið Skógarbær. Þar er almennt ekki séð um þvott heimilismanna heldur aðeins fyrir nokkra sem aðstandendur hafa ekki getað séð um. Sunnuhlíð felur aðstandendum íbúa að sjá um þvott fyrir ættingja sína hafi þeir möguleika á því en í nokkrum tilfellum sér Sunnuhlíð um þvotta að öllu leyti eða að hluta. Í Sóltúni sjá aðstandendur um þvott á einkafatnaði hjá þriðjungi íbúanna þar sem þeir líta svo á að það sé liður í að aðstoða ættingja sinn og hafa hlutverk í daglegu lífi hans. Ekki er vitað um aðrar stofnanir sem ekki sjá um þvott á einkafatnaði hjá íbúum öldrunarstofnana.

Í fjórða lagi er spurt hver sé talinn árlegur kostnaður öldrunarstofnana við þvott vistmanna. Mörgum forsvarsmönnum stofnana reyndist erfitt að svara þessari spurningu þar sem ekki var auðvelt alls staðar að aðgreina þennan kostnað frá öðrum kostnaðarliðum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum er kostnaðurinn yfirleitt um 70 þús. kr. á ári fyrir hvern íbúa en dæmi er um að kostnaður stofnunar vegna þvotta á einkafatnaði sé einungis um 7 þús. kr. á íbúa á ársgrundvelli. Annað dæmi er um kostnað upp á 140 þús. kr. á íbúa á ársgrundvelli. Hv. þingmenn geta því heyrt að það er mjög mismunandi hvernig þetta er reiknað út.

Virðulegur forseti. Ég vil af þessu tilefni ítreka að stofnanirnar eiga að sjá um þessa þvotta en það kemur í ljós að sumar þeirra gera það ekki. Ráðuneytið hefur fengið slíkar ábendingar og það hefur þá verið rætt við þær stofnanir. Það hefur verið gert símleiðis. Vegna þessarar fyrirspurnar og þeirra upplýsinga sem fram komu við vinnslu hennar — en ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að vekja athygli á umræddum þvottamálum — tel ég fullt tilefni til að heilbrigðisráðuneytið árétti við stofnanirnar skriflega að þær eigi að sjá um þennan þvott. Það er auðvitað ekki eðlilegt, eins og kom fram hjá hv. þm. Ástu Möller, ef ættingjar eru að sligast undan þessum þvottamálum, eins og mér heyrðist vera sagt hér að viðkomandi aðstandandi þurfti að þvo daglega tvo til þrjá umganga af fatnaði viðkomandi ættingja. Það er auðvitað geysilega mikið álag, það vita allir. Ég tel í tilefni af þeim upplýsingum sem hér komu fram að við eigum að árétta þetta skriflega til stofnananna þannig að þeim sé þetta algerlega ljóst.

[14:26]

**Þórdís Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að bera upp þetta mál og fagna svari hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég tel afar brýnt að hér á landi sé samræmi í þjónustu öldrunarstofnana og að ekki sé bundið láni eða óláni einstaklinga hvaða þjónustu þeir fá þar. Í 14. gr. laga um málefni aldraðra er skýrt kveðið á um hvaða þjónusta eigi að vera í boði og þar er m.a. þjónusta á þvotti tekin sérstaklega fram. Það er mikilvægt að eldri borgarar, okkar virðulegustu samborgarar, og þá sérstaklega þeir sem dvelja á öldrunarstofnunum þurfi ekki að sækja þann rétt sem þeim ber samkvæmt lögum og reglum hér á landi og þurfi ekki að berjast fyrir því á neinn hátt, svo sjálfsagt ætti það að vera að fá grunnþörfum fullnægt á viðunandi hátt á öldrunarstofnunum. Ég vil líka í þessu sambandi benda á að virkt eftirlit með öldrunarstofnunum ætti að geta komið í veg fyrir að reglum sé ekki fylgt.

[14:28]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að taka á þessu máli og hæstv. ráðherra fyrir að svara á þann hátt að hún ætli að taka á því að verið sé að mismuna fólki á hjúkrunarheimilum, sérstaklega hvað varðar þvotta. Ég vil minna á að vasapeningar hjá mörgum þeirra sem eru á slíkum stofnunum eru ekki nema rúmar 22 þús. kr. á mánuði. Ég veit um dæmi þess að fólk sem hefur

ekki átt náinn aðstandanda til að sjá um þvottana hefur þurft að fara í þvottahús með þvottinn og 22 þús. kr. hafa ekki dugað til. Þetta eru peningarnir sem eiga að duga fyrir öllum þörfum hjúkrunarsjúklingsins allan mánuðinn. Það er mjög mikilvægt að taka á þessu.

Ég vil líka ítreka það að ráðherra kanni hvort ekki sé ástæða til að gera þjónustusamninga við öll þessi hjúkrunarheimili þar sem hnykkt er á því að veitt sé sú þjónusta sem verið er að borga fyrir með daggjöldunum.

[14:29]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Hér upplýsir hæstv. heilbrigðisráðherra okkar um að það séu talsvert margar öldrunarstofnanir sem uppfylli ekki þær reglur sem þeim ber að uppfylla og sinni ekki þeirri þjónustu sem þeim ber að sinna og á að vera innifalin í því gjaldi sem stofnanirnar fá.

Mér fannst hæstv. ráðherra taka heldur létt á málinu að tala um að árétta þetta við stofnanirnar. Að sjálfsögðu er það krafa að allar þessar stofnanir uppfylli þau skilyrði sem sett eru. Um leið hljótum við að velta fyrir okkur hvernig í ósköpunum standi á því að öldrunarstofnanir séu að klípa af þjónustu við vistmenn sína. Getur verið að það sé vegna þess hve naumt er skammtað til reksturs þessara heimila, dvalarheimila og hjúkrunarheimila? Ætli hæstv. ráðherra þurfi ekki að velta því aðeins fyrir sér hvort verið geti að allar þessar stofnanir séu svo á horriminni að þær séu meira að segja farnar að seilast í að klípa af þjónustu við vistmenn? 40,4 milljarðar til viðbótar í hagnað hjá ríkinu á þessu ári. Það hlýtur að vera hægt að gera eitthvað.

[14:30]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Að hluta til fagna ég þessari umræðu um þjónustu á öldrunarstofnunum. En ég velti því fyrir mér hvort þetta sé kannski dæmi um stöðuna í þjónustu við aldraða að hér á hinu háa Alþingi skulum við þurfa að rísa upp til að ræða um þvott vistmanna. Er ekki á hreinu hver eigi að sjá um þvottinn og hver eigi að greiða fyrir hann o.s.frv.?

En eins og kom fram í máli hv. þm. Þórdísar Sigurðardóttur, hér áðan, þá á þessi þjónusta að sjálfsögðu að vera til staðar og á að vera samþætt milli stofnana. Þvotturinn þarf að sjálfsögðu að vera á hreinu.

[14:31]

**Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):**

Virðulegi forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni að þvotturinn þarf að vera á hreinu. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að öldrunarstofnunum er skylt að veita þessa þjónustu. Það kom jafnframt fram að einhver misbrestur er á því að hún sé veitt.

En þó ég hafi í dag sérstaklega kosið að ræða um skyldur öldrunarstofnananna vegna þvotta vistmanna þá er það aðeins ein birtingarmynd þeirrar mismununar sem viðgengst í annars ágætri þjónustu öldrunarstofnana við aldraða. Þvottur er hluti af grunnþjónustu og það þarf að ganga eftir því við stofnanir að þær sinni þeim skyldum sem þær fá greitt fyrir að sinna.

Það skortir verulega á að stjórnvöld setji lágmarkskröfur um magn og gæði þjónustu og aðbúnaðar íbúa á stofnunum sem veita öldruðum þjónustu. Samningar við sjálfseignarstofnanir sem reka hjúkrunarheimili á daggjöldum frá ríkinu geyma engin viðmið eða lágmarkskröfur svo sem um rými, aðbúnað eða umönnun. Þetta er haft beint eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við aldraða.

Eina undantekningin er hjúkrunarheimilið Sóltún í Reykjavík, en samningur við heimilið er til fyrirmyndar þar sem aðbúnaður og þjónusta er skilgreind til hlítar.

Virðulegi forseti. Það þarf að skilgreina lágmarksrými í fermetrum, þjónustu og þjálfun sem aldraðir eiga rétt á, félagsstarf, lágmarksumönnun, menntun og þjálfun starfsmanna. Þá fyrst geta stjórnvöld fullyrt að það gæti jafnræðis í þjónustu við aldraða á stofnunum. Samkvæmt stefnumótun heilbrigðisráðuneytisins í öldrunarmálum er verið að skoða að færa ábyrgð á rekstri öldrunarstofnana til sveitarfélaga. Ég fullyrði að sveitarfélögin muni ekki líta við þessum málaflokki fyrr en þessi viðmið hafa verið sett og greiðsla fylgir.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera forgangsverkefni heilbrigðisráðuneytisins að skilgreina og samræma lágmarkskröfur um þjónustu og aðbúnað á öldrunarstofnunum og gera þjónustusamning um rekstur þjónustunnar við þá aðila sem reka öldrunarstofnanir.

[14:33]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Þessar stofnanir eiga að sjá um þvottana. Það eru þrjár sem svöruðu því að þær gerðu það ekki, þ.e. Skógarbær, Sunnuhlíð og Sóltún. Við munum skriflega koma með ábendingar um að því þurfi að kippa í lag. Þær eiga að sjá um þessi mál, eins og kom hér skýrt fram í góðri ræðu hv. þm. Þórdísar Sigurðardóttur. Þannig að við munum ganga eftir því.

Ég vil hins vegar benda á að það er nýbúið að vinna að stefnumótun í heilbrigðisráðuneytinu þar sem fram kemur að við viljum fara yfir í alveg nýja hugmyndafræði varðandi þjónustuna við aldraða. Við erum að stofna faghóp sem mun koma með tillögur um hvernig það verður gert. Sá faghópur á að skilgreina kröfur um húsnæði, umönnun, þjónustu og aðstöðu. Þetta er auðvitað grundvöllurinn fyrir því skrefi sem við viljum síðan taka sem er að vistmenn fái aukið sjálfræði. Þannig að þeir muni greiða fyrir ákveðna þætti.

Við förum þá út úr því kerfi sem er í dag þar sem fjármagn sem viðkomandi hefur fer að talsverðu leyti í gegnum Tryggingastofnun ríkisins og kemur aldrei í vasa viðkomandi vistmanns. Grundvöllur þess að við getum farið út úr því kerfi sem ríkir í dag er að við getum skilgreint kröfur um aðbúnað, aðstöðu, mat, þjónustu og annað slíkt til þess að fólk geti þá farið að greiða sjálft fyrir þá þjónustu. Þá skapast líka meira val og væntanlega meiri samkeppni á milli stofnana um þjónustuna.

En ég vil hér að lokum, virðulegi forseti, þakka fyrir fyrirspurnina því hún gaf okkur upplýsingar sem okkur voru ekki ljósar og við munum bregðast við þeim.

Umræðu lokið.

## *Leiga aflaheimilda.*

Fsp. GÖrl, 179. mál. — Þskj. 180.

[14:35]

**Fyrirspyrjandi (Gunnar Örlygsson):**

Hæstv. forseti. Á síðasta fiskveiðiári, eða á fiskveiðiárinu 2005 til 2006 var flutningur aflamarks milli skipa í eigu óskyldra aðila rúm 60 þús. tonn í þorski. Rúm 45 tonn í ýsu. Rúm 30 þús. tonn í ufsa. Rúm 25 þús. tonn í karfa og rúm 10 þús. tonn í steinbít. Flutningur milli annarra botnfisktegunda var minni í tonnum talið.

Flutningur á aflamarki á milli skipa í eigu óskyldra aðila nefnist með öðrum hætti viðskipti þar sem eigendur kvóta fá greidda leigu frá öðrum útgerðarmönnum fyrir aflaheimildir sínar.

Viðskipti af þessu tagi eru gífurlega mikil og ef tekið er mið af núverandi leiguverði eru viðskiptin af kvótaleigunni þar sem eingöngu þorskur er tekinn til útreikninga rúmlega 7 milljarðar kr. á ári. Ýsan ein og sér slagar upp í tæpa 2 milljarða kr. Viðskipti með aðrar bolfisktegundir hljóða upp á lægri tölur.

Ef tekið er mið af meðalverði á þorski samkvæmt útskrift frá Íslandsmarkaði annars vegar og hins vegar meðalverði á leigu aflaheimilda fyrir sömu tegund, kemur ýmislegt einkennilegt í ljós. Í fyrsta lagi er kvótaleiguverðið frá 58% til 79% af söluverði þorsks frá janúar til september á þessu ári. Til að mynda var leiguverð á þorski 117 kr. í febrúar á þessu ári en meðalverð á þorski frá fiskmörkuðum einungis 147 kr.

Það er ómögulegt fyrir útgerðarmann að standa straum af öllum rekstri fyrir einungis 30 kr. á kíló fyrir þorskinn sinn. Með öðrum orðum, þá er leiguverðið óeðlilega hátt hlutfall af rekstri og sér það hver sem vill að þær krónur sem eftir standa hjá leigutaka eða útgerðarmanni eftir greiðslu á kvótaleigu duga skammt til að greiða annan kostnað við rekstur útgerðar, svo sem launaliði, veiðarfærakostnað, olíu og annað sem fellur til almenns útgerðarreksturs.

Í þessu ljósi er mikilvægt að benda á að óheimilt er fyrir útgerð að láta áhöfn taka þátt í kvótakaupum. Það er greinilega einnig erfiðleikum bundið fyrir nýja aðila sem hyggjast hasla sér völl á sviði útgerðar sökum verðmyndunar á leigu á aflaheimildum. Ég fæ ekki með nokkrum hætti séð hvernig viðkomandi aðili á að komast af með rekstur sinn. Ég tel því afar mikilvægt að fundin verði ný leið til að stýra fyrirkomulagi á leigu aflaheimilda og legg því fram eftirfarandi spurningar til hæstv. sjávarútvegsráðherra:

Hyggst hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar Kristinn Guðfinnsson beita sér fyrir breytingum á framtíðarfyrirkomulagi aflaheimilda? Ef svo er, hvenær megum við vænta breytinga og með hvaða hætti?

[14:38]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa spurningu sem lýtur að máli sem heilmikið hefur verið rætt og fjallað um í sjávarútveginum á umliðnum allmörgum árum.

Við þekkjum af reynslunni að við höfum farið í ýmsa hringi í þeim efnum hvernig við teljum skynsamlegast að haga þessum viðskiptum. Við þekkjum að það sem uppi hefur verið er kannski fyrst og fremst tvennt eða þrennt.

Í fyrsta lagi er það spurningin um framsal á aflaheimildum sem deilur hafa staðið um. Í öðru lagi það sem hefur verið áhersluatriði frá hagsmunasamtökum sjómanna sem er að koma í veg fyrir að sjómenn taki þátt í kaupum á aflaheimildum. Loks er það spurning hv. þm. Gunnars Örlygssonar: Hvernig getur það staðist að þetta háa leiguverð sé við lýði til samanburðar við það verð sem fæst fyrir fiskinn?

Ég held að ég sé ekki einn um að undrast það mjög hvernig þetta leiguverð hefur verið að þróast. Það er alveg ljóst mál að það er engin einhlít skýring á því. Það kom fram í máli hv. þingmanns að viðskipti með aflaheimildir eru mjög miklar. Með öðrum orðum, framboðið á aflaheimildunum er heilmikið. Menn hafa spurt sig þeirra spurninga hvort um sé að ræða samráð útgerðarmanna til að tryggja að verðlag á aflaheimildum sé svo hátt sem raun ber vitni. Að mínu mati hefur okkur ekki tekist að sýna fram á að eitthvað slíkt sé í gangi.

Á sínum tíma var ákveðið með lögum frá 25. mars 1998 að setja upp sérstakt fyrirkomulag sem kallaðist kvótaþing og var ætlunin að reyna að tryggja að þessi viðskipti færu fram með þeim hætti að það væri erfitt fyrir menn að hafa áhrif á kvótaverðið. Hugmyndin var sú að líkja eftir verðfyrirkomulagi sem við þekkjum á ýmsum öðrum vettvangi, t.d. á skuldabréfum, hlutabréfum eða einhverju slíku.

Niðurstaðan eftir tveggja eða þriggja ára reynslu af þessu fyrirkomulagi var hins vegar sú að það var samstaða um það bæði meðal útvegsmanna og sjómanna að þetta fyrirkomulag reyndist ekki vel. Á þeim grundvelli var síðan flutt frumvarp og það gert að lögum sem kváðu á um að afnema kvótaþingið.

Kvótaþingið hljómaði vel í upphafi og mjög margir bundu miklar vonir við að þetta væri það fyrirkomulag sem við ættum að hafa varðandi þessi viðskipti en reynslan varð sem sagt önnur. Í framhaldi af því voru sett lög sem við þekkjum sem eru í meginatriðum þau lög sem gilda í dag um kjaramál sjómanna og fleira. Það kemur fram að í stað þess fyrirkomulags sem hafði verið við lýði yrði áskilið að Fiskistofa heimili ekki flutning aflamarks milli fiskiskipa nema fyrir lægi staðfesting frá Verðlagsstofu skiptaverðs um samning um uppgjör á aflahlut sjómanna.

Það eru síðan mjög ítarlegar reglur nákvæmlega hvernig staðið er að kvótaviðskiptunum. Það er gengið úr skugga um að fyrir liggi samningur útgerðarmanna og áhafnar. Það eru ýmsar aðrar kvaðir sem ég gæti rakið ef tími væri til en menn þekkja og geta lesið um í lögunum.

Að mati sjómanna og útvegsmanna hefur þetta fyrirkomulag ekki reynst illa. Að minnsta kosti hefur það komið fram hjá forustumönnum sjómanna að þau brögð sem voru að því að sjómenn tækju þátt í kvótakaupum hafi verið minni. Þetta hafi að því leytinu náð tilgangi sínum.

Það er þó til athugunar og ég hef verið að vinna því núna að undanförnu að kanna sérstaklega hvort breyta ætti lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna með það að markmiði að leggja þá ótvíræðu skyldu á Verðlagsstofu skiptaverðs að ganga úr

skugga um hvort samningum um uppgjör væri fylgt. Það yrði þá heimilt að fella úr gildi þá samninga sem ekki væri fylgt.

Með þessu móti væri flutningur aflamarks af viðkomandi fiskiskipi stöðvaður. Þetta er gert til að reyna að koma til móts við þau sjónarmið sem m.a. benda á að ef um það sé að ræða að menn sniðgangi þessi lög eða reyni að fara fram hjá þeim með einhverjum hætti, þá stuðli það ásamt öðru að því að hækka verð á leiguheimildum. Þannig að þeir sem ekki fari eftir þessum reglum hafi möguleika á að bjóða hærra í leiguverð á aflaheimildum og pressi þannig upp verðið á aflaheimildum.

Nú vitum við ekki hvort þetta sé algengt eða hafi mikil áhrif en það er auðvitað ljóst mál að ef þetta eru nokkur tilvik þá hefur það þessi áhrif og stuðlar að því að hækka verðið.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á að í lögunum um skiptaverð og greiðslumiðlun eru mjög ströng ákvæði í þessum efnum sem menn eiga auðvitað að fara eftir. Við höfum hins vegar kannski ekki haft nægileg úrræði til að fylgja þessu eftir og Verðlagsstofa skiptaverðs hefur ekki talið að henni bæri að fylgja þessu eftir með þeim hætti sem ég er að tala um hér.

Að mínu mati gæti þetta stuðlað að því sem ég held að hv. þingmaður hafi m.a. verið að leggja áherslu á og ég hygg að á þessu máli sé áhugi meðal þeirra aðila sem að málinu koma, sem er úrskurðarnefnd innan Verðlagsstofu skiptaverðs (Forseti hringir.) og í eiga sæti fulltrúar sjómanna og útvegsmanna.

[14:43]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Skýrasta dæmið um ógöngur þess kerfis sem við búum við eru einmitt þær upplýsingar sem fram komu í máli hv. fyrirspyrjanda, að leiguverð á þorskheimildum væri frá 58% upp í 79% af verði fisksins sjálfs.

Þetta endurspeglar kerfi sem einkennist af fákeppni og því að mjög fáir stórir aðilar stjórna framboði á heimildum sem er mikil eftirspurn eftir. Þetta leiðir auðvitað til að leigjendur leggja mjög háar fjárhæðir í leiguna og ganga á laun og annan kostnað.

Það eru um 10 milljarðar kr. sem renna út úr greininni til þeirra sem leigja veiðiheimildir og það eru miklu hærri fjárhæðir árlega sem renna til þeirra sem selja veiðiheimildir. Ég mundi giska á að það væri ekki undir 30 milljörðum kr. á hverju ári sem fara út úr atvinnugreininni til þeirra (Forseti hringir.) sem leigja eða selja fiskveiðiheimildir.

[14:44]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Það felast mikil verðmæti í að leigja frá sér kvóta og mikill kostnaður fyrir þá sem leigja hann til sín. Miðað við þær upplýsingar sem fram koma hér að leiguverð á þorski sé um 58% til 79% af söluverði, halda menn þá virkilega að ekki séu brögð að því að sjómenn á þessum skipum sem veiða þennan kvóta eftir að búið er að leigja hann taki ekki þátt í kvótakaupum? Eru menn svo bláeygir að halda að það sé hvergi svoleiðis?

Svona há leiga hlýtur að hvetja til svindls á kerfinu. Leiga eins og þessi hlýtur að virka sem hvati til þess að menn reyni að fara að landa fram hjá, skíra fisktegundir upp á nýtt og kasta fiski áður en komið er í land vegna þess að menn geta ekki komið í land nema með dýrasta fiskinn. Menn hljóta, miðað við þær upplýsingar sem hér eru, að reyna á einhvern hátt að komast hjá því að allt sé gefið upp til kvóta þegar leigt er með þessum hætti.

Er ráðherra svo bláeygur að halda að þetta sé ekki til?

[14:46]

**Fyrirspyrjandi (Gunnar Örlygsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra svörin og hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni.

Þessi umræða hefur verið í gangi um langa hríð og ég hef bent á nokkrar leiðir sem gætu hugsanlega nýst til aukins árangurs á þessu sviði. Vil ég nefna tvær leiðir í því ljósi. Aðra leiðina vil ég kalla prósentuleiðina en hina leiðina vil ég kalla fiskmarkaðsleiðina. Prósentuleiðin skýrir sig þannig að leiguverð á kvótadögum geti aldrei orðið hærra en sem nemur ákveðinni prósentutölu á því meðalverði sem var á fiskmarkaði vikuna á undan. Þetta er í raun inni mjög einföld leið sem yrði farin á þennan hátt en um leið mundi hún tryggja þeim útgerðarmönnum sem leigja til sín heimildir það olnbogarými til að stunda útgerð ef prósentutalan er nógu lág.

Hin leiðin, sem er svokölluð fiskmarkaðsleið, hefur gengið út á þann þátt að nýta hið rafvædda uppboðskerfi fiskmarkaðanna sem fiskkaupmenn í dag nota til að kaupa fisk, þ.e. að fara ákveðna uppboðsleið og gera mönnum þá kleift að sækja einu sinni í viku inn á hið rafvædda uppboðskerfi og kaupa sér aflaheimildir til leigu og nota einu sinni. Þessi leið er að mínu mati afar spennandi, sérstaklega í ljósi þess ef hún er skilyrt. Hún þarf að vera skilyrt með þeim hætti að útgerðarmenn geti ekki lagt inn lágmarksverð fyrir leigunni samhliða því að þeir leggi inn leiguna, og hún þarf að vera skilyrt með þeim hætti að útgerðarmenn geti ekki dregið aflaheimildir til baka.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða þessar leiðir af gaumgæfni og beita sér fyrir því að form á leigu aflaheimilda, framtíðarfyrirkomulag á leigu aflaheimilda verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar í ráðuneyti sjávarútvegsmála.

[14:48]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég er sammála fyrirspyrjanda um að við þurfum að hafa vakandi auga fyrir því fyrirkomulagi sem við höfum varðandi leigu á aflaheimildum. Ljóst er, eins og við höfum verið að tala um í þessari umræðu, að leiguverðið er ótrúlega hátt og mjög hátt með hliðsjón af því verði sem fæst fyrir fiskinn og það vekur með manni ýmsar spurningar sem ég kann út af fyrir sig ekki svör við. Komið hafa fram alls konar ábendingar í þessum efnum. Þeir eru til sem telja t.d. að það fyrirkomulag sem við höfum um takmarkanir á framsali leiði til þess að þetta verð sé hærra en það þyrfti að vera. Ástæðurnar fyrir takmörkununum eru hins vegar margvíslegar, m.a. þær — ekki einu — en m.a. þær að sjómenn hafa lagt á það mikla áherslu að reyna að draga úr þessu leiguframsali, minnka það, og það

hefur gert það að verkum að við erum með sérstakar reglur sem stuðla að því.

Það er hægt að hugsa sér að reyna að setja einhvers konar hámarksverð á aflaheimildir en ég hygg að menn yrðu tiltölulega fljótir að fara fram hjá því með einhverjum hætti og ég held að það sé ekki sú leið sem við eigum að fara. Ég skildi hv. fyrirspyrjanda þannig að hann væri í raun að ýta þeirri leið til baka, var hins vegar að velta fyrir sér hvort hægt væri að finna eðlilegri leið til að búa til markaðsverð á þessum heimildum. Ég er núna, eins og ég sagði áðan, að láta skoða það sérstaklega hvort reyna eigi að styrkja lagalega þann þátt ef á þarf að halda og a.m.k. tryggja það að Verðlagsstofu skiptaverðs, sem sjómenn og útvegsmenn leggja mikla áherslu á að starfi áfram, verði falið það aukna eftirlit sem þarf að fylgja ef menn ætla að fylgjast með því hvort menn fari nákvæmlega að kjarasamningum.

Það er alveg ljóst, ef hv. þm. Jón Gunnarsson hefur á réttu að standa, að það er auðvitað mjög alvarlegt ef menn eru að brjóta samninga og brjóta lög. Þá þurfum við að hafa einhver eftirlitstæki til að fylgjast með því og þessi hluti eftirlitsiðnaðarins er eitthvað sem við flest, held ég, viljum varðveita. Ég tel að ef við styrkjum þetta er það eitt skref í þá átt að reyna að tryggja að þessi verðmyndun verði eðlileg því að ljóst er að sá sem brýtur lögin í þessum efnum býr sér til allt annað samkeppnislegt forskot og stuðlar (Forseti hringir.) að því að hækka leiguverð á fiski.

Umræðu lokið.

## *Bann við botnvörpuveiðum.*

Fsp. GHj, 196. mál. — Þskj. 197.

[14:50]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Hjörleifsson):**

Virðulegi forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra varðandi alþjóðlegt bann við botnvörpuveiðum.

Fyrir liggur að sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna eru að íhuga þann möguleika að leggja til bann við botnvörpuveiðum. Einnig segja heimildir að nú þegar njóti þessar hugmyndir stuðnings bæði Kofis Annans, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, og vísindamanna á vegum samtakanna.

Það er ljóst að umræða um skaðsemi botnvörpuveiða fyrir lífríki sjávar hefur aukist með hverju árinu sem líður. Telja þeir aðilar er um málið fjalla að þær valdi skemmdum á sjávarbotnum og eyðileggi kóralmyndanir og jarðmyndanir og þar með lífsskilyrði ýmissa botndýra og fiska. Þar er aðalröksemdafærslan sú m.a. að botnvörpuveiðar séu ekki sjálfbærar, gjöful fiskimið eyðileggist með tímanum við notkun slíkra veiðarfæra. Íslendingar ásamt ýmsum öðrum ríkjum sem hafa stundað botnvörpuveiðar á úthafinu hafa sætt gagnrýni fyrir að leyfa þessar veiðar. Þessar fregnir eru mjög alvarlegar fyrir okkur og gætu verið fyrsta skrefið til þess að koma á einhverri yfirþjóðlegri stjórn á fiskveiðum um víða veröld. Því er jafnvel haldið fram að fyrsta skrefið í þessu væri bann við botnvörpuveiðum á úthafinu og næsta skrefið yrði að botnvörpuveiðar yrðu alfarið bannaðar.

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra:

1. Telur ráðherra að hugsanlegt bann við botnvörpuveiðum á úthafinu gæti aukið líkur á að stjórn fiskveiða færðist til alþjóðastofnana, svo sem Sameinuðu þjóðanna?

2. Telur ráðherra líklegt að ef botnvörpuveiðar verða bannaðar á úthafinu verði þær fljótlega bannaðar alls staðar?

[14:52]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessar spurningar. Ég held að þetta sé mál sem við eigum svo sannarlega að láta okkur varða. Staða Íslands er sterk, þó að við séum smátt ríki í þeirri alþjóðlegu umræðu sem fer fram um sjávarútvegsmál og auðlindanýtingu. En hvað sem öllu líður er það svo að eftir sjónarmiðum okkar er hlustað og það skiptir þess vegna máli hver sú afstaða er þegar við mótum hana á alþjóðlegum vettvangi. Ég hygg að það sé mjög gott að þessi umræða komi fram og inn í þingsali þar sem við getum skipst á skoðunum og rætt þessi mál vegna þess að við þurfum svo sannarlega að hafa ljósa stefnu í þessum málaflokki.

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði áðan að mikil og vaxandi tilhneiging er víða í alþjóðasamfélaginu til að færa stjórn á auðlindanýtingu frá þjóðríkjunum til alþjóðlegra stofnana. Við sjáum slíkrar tilhneigingar gæta víða. Í umræðu sem fer fram t.d. um ástand fiskstofna telja menn oft og tíðum að svarið við þessu sé það að færa ákvörðunarvaldið frá þjóðunum og inn í alþjóðlegar stofnanir. Umræða um botnvörpubannið er bara angi af því máli. Það er hins vegar að mínu mati mjög alvarlegt fyrir okkur vegna þess að við höfum barist fyrir því að hafa nýtingarrétt á auðlindum okkar og við verðum að verja þann nýtingarrétt. Okkur getur greint á innan lands um ýmsa þætti í þessum efnum en ég hygg að flestir séu þó sammála um að það skipti öllu máli að nýtingarrétturinn sé þjóðanna. Og í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að koma við stjórn á veiðum á einstökum fisktegundum sé það gert með svæðisbundnum hætti, eins og við t.d. gerum varðandi ýmsa stofna, loðnu, síld, kolmunna, úthafskarfa o.s.frv.

Það sem hér liggur til grundvallar er sú tilhneiging sem hv. þingmaður nefndi. Ég held að hugsanlegt bann við botnvörpuveiðum á úthafinu mundi geta aukið líkur á því að stjórn fiskveiða færðist til alþjóðastofnana, svo sem Sameinuðu þjóðanna, eins og hv. þingmaður nefndi. Þessi umræða er í sjálfu sér ekki ný af nálinni, hún fór fram fyrir nokkrum árum og þá samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að beina því til strandríkja að bæta stjórn fiskveiða innan eigin efnahagslögsögu, og einnig til svæðisbundinna fiskveiðistofnana að bæta stjórn slíkra veiða á úthafinu með sérstöku tillit til verndunar viðkvæmra vistkerfa. Þetta er það sjónarmið sem við höfum verið að reyna að fylgja eftir og á slíkum grundvelli eigum við auðvitað að vinna.

Við eigum mjög marga góða bandamenn í þessum efnum. Við erum ekki einangruð og mjög mörg ríki standa

með okkur, Bandaríkin, Rússland, Japan, Kanada, Suður-Kórea, Namibía, Kína, Suður-Ameríkuríki o.s.frv. Við erum því út af fyrir sig ekki einangruð í þessum efnum, fiskveiðiríkin, því sjávarútvegsríkin skilja mjög vel þessa hluti. Þess vegna eigum við að reyna að vinna áfram á þessum grundvelli.

Sé það hins vegar svo að fjalla þurfi með einhverjum hætti um þessi mál á alþjóðlegum vettvangi er eðlilegast að það sé gert á vettvangi FAO. Það hefur verið stefna okkar og þar er sú þekking sem þarf að vera til staðar og er til staðar á þessu sérhæfða máli sem sjávarútvegsmálin eru.

Hv. þingmaður spyr mig líka hvort ég telji líklegt að ef botnvörpuveiðar verði bannaðar í úthafinu verði þær fljótlega bannaðar alls staðar annars staðar. Auðvitað getur maður ekki svarað því ákveðið en ég hygg að þær hugmyndir sem verið var að ræða í síðustu viku í New York gangi m.a. út á það og yfir því vakir ákveðin hugmyndafræði um það sem ég nefndi hér áðan, að reyna að koma alþjóðlegri veiðistýringu á víðar. Við þekkjum mjög gott dæmi um það hvernig alþjóðleg veiðistýring virkar. Við erum búin að berjast við það núna árum og áratugum saman að reyna að taka upp hvalveiðar. Þar er alþjóðleg veiðistýring. Hún byggir á því að einhvers staðar sé hægt að benda á að tiltekinn hvalastofn sé í hættu og þá eru bara veskú allar hvalveiðar bannaðar. Við heyrðum núna nýlega umræðu frá WWF, World Wildlife Fund, sem gengur út á það að segja að af því að þorskstofnar finnast sem eru í útrýmingarhættu eigi menn ekki að borða fisk. Þetta er stórhættuleg umræða og þess vegna skiptir svo miklu máli að við færum þessa umræðu inn á annað plan.

Það er alveg rétt að hægt er að benda á að botnvörpuveiðar geta vissulega verið hættulegar við tilteknar aðstæður. Sú umræða sem fór fram í síðustu viku miðaðist að því af okkar hálfu og það fékk tiltekinn hljómgrunn í þeirri umræðu að segja sem svo: Jú, auðvitað getur þessi veiðiskapur haft neikvæð áhrif. Þá á að mæta því með viðeigandi hætti á þeim svæðum þar sem það á við. Við höfum verið að gera þetta. Við þekkjum það hér við land að það eru stór svæði sem eru lokuð fyrir botnvörpuveiðum. Á síðasta hausti tóku t.d. sjómenn og útvegsmenn saman höndum um það að banna tiltekin svæði, kórallasvæði, að frumkvæði sjávarútvegsráðuneytisins sem gætu verið viðkvæm.

Ég vek athygli á einu: Ekkert af því, ekkert af þeim skilyrðum um viðkvæm veiðisvæði, viðkvæmt lífríki á við t.d. um botnvörpuveiðar á úthafinu. Það er ekkert slíkt þar til staðar. Þess vegna vakir yfir þessi leynda tilhneiging að reyna að koma á alþjóðlegri veiðistjórn og það eigum við að varast.

[14:57]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég hef fylgst með þessari umræðu um nokkurra ára skeið og var staddur á þingi Sameinuðu þjóðanna fyrir ári þar sem þetta bann var til umræðu. Botnvörpuveiðar hafa slæma ímynd og ég held að sú ímynd eigi eftir að versna í framtíðinni. Að sjálfsögðu er það alveg rétt sem hæstv. sjávarútvegsráðherra bendir á að þessi veiðistjórn á að vera í höndum þjóðanna, og ég held að við Íslendingar ættum alveg að vera fullfærir um að geta stýrt þessu sjálfir.

Hins vegar held ég að við þurfum að hugsa okkar gang mjög vandlega. Ég er hræddur um að fiskur sem veiðist í botnvörpu muni í framtíðinni seljast á lægra verði en fiskur sem veiddur er í önnur veiðarfæri.

Ég held að það sé líka mikið umhugsunaratriði að einmitt núna, þegar við sjáum að svona umræða er komin á fulla ferð alþjóðlega, þá erum við Íslendingar að byggja risatogara, togara sem eru með 8 þúsund hestafla vélar. Tvö slík skip hafa verið pöntuð hjá skipasmíðastöð í Noregi. Þessi skip eiga að draga tvær botnvörpur samtímis. Hvers konar áhrif halda menn eiginlega að þetta muni hafa á ímynd slíkra veiða í framtíðinni þegar svona verkfæri verða farin að skarka hér uppi á grunnslóðinni? Umhverfissinnar munu án efa benda á að þetta sé nú ekki mjög (Forseti hringir.) jákvæð þróun.

[14:58]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Ef við ætlum að verja nýtingarréttinn, eins og hæstv. ráðherra minntist á, verðum við að fara með gát í þessu efni. Segja má að heimildir til botnvörpuveiða hafi verið allt of opnar og stundaðar allt of nærri landi og oft og tíðum á kórallaslóð, meira að segja. Það er eðlilegt að náttúruunnendur hafi áhyggjur. Við höfum líka áhyggjur ef rjúpnaveiði færi þannig fram að tvær stórar jarðýtur drægju á milli sín járndruslur eða bobbinga með neti á milli yfir kjarri vaxið land langa vegalengd og við sæjum hvers konar slóð slíkt veiðarfæri skildi eftir sig, jafnvel þó að einu sinni væri farið yfir slóðina en ekki aftur og aftur eins og raunin er með stór troll nútímans.

Það er erfiðara að ímynda sér hvernig hafsbotninn lítur út eftir yfirferð svona veiðarfæra. Það stendur því svolítið upp á okkur sjálfa að sýna að við getum séð um ábyrga veiðistjórn og stýrt þessu hér heima fyrir. Þá fyrst getum við gert kröfu um að aðrir skipti sér ekki af.

[15:00]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég tel að við höfum vanrækt að rannsaka áhrif veiðarfæra á lífríki hafsins, á botninn og fiskstofnana sjálfa. Ég mæli ekki bót að þeim sjónarmiðum að banna eigi botnvörpu algerlega en ég er ekki viss um að við höfum verið á réttu spori með að leyfa veiðar með þessu stórvirka tæki eins mikið og reyndin er.

Ég er heldur ekki viss um að það sé rétt að leyfa notkun á flottrolli í þeim mæli sem verið hefur. Ég hef sjálfur séð slæm áhrif af notkun flottrolls á fiskinn sem veiddur er. Það fer mjög illa með hann og ég hef ekki mikla sannfæringu fyrir því að rétt hafi verið að leyfa flottroll við veiðar á loðnu eða kolmunna í þeim mæli sem reyndin hefur verið. Ég held að almennt þurfum við að skoða betur áhrif veiðarfæra á lífríki, botnlíf og setja frekari skorður við eftir aðstæðum.

[15:01]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég hygg að við tökum um 45% af botnfiskaflanum við landið í togveiðarfæri, í troll. Það er auð-

vitað mjög stórt hlutfall. Þessum veiðum höfum við skipað með lögum og reglum á undanförnum árum. Lög um veiði í fiskveiðilandhelgi Íslands mörkuðu þá stefnu sem var tekin upp svæðaskipt fyrir mörgum árum um hvernig botnvarpan væri nýtt.

Hinu er ekki að leyna að aflið sem við notum til botnvörpuveiðanna er allt annað í dag en á árum áður. Það er rétt sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vakti athygli á áðan, að í það stefnir að við höfum skip sem draga botnvörpu með 10 þús. hestöflum með togkrafti sem fer yfir 100 tonn og spilkraft með yfir 50–60 tonn eða meira. Þessir kraftar eru mun meiri en við áður notuðum við slíkar veiðar. Þess vegna fylgir þeim veiðum ákveðin hætta. Þess vegna ber að taka þessa umræðu alvarlega og skoða hana. (Forseti hringir.) en ég tel að við eigum fyrst og fremst að reyna að stýra þessu sjálf.

[15:02]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Hjörleifsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir góð svör og þakka innlegg hv. þingmanna í þessa umræðu. Hér er um hættulegt mál að ræða og það er mjög vandmeðfarið. Allir eru sammála um að vernda þurfi viðkvæmt vistkerfi sjávar.

Fjölmiðlaumræðan hér hefur snúist um það að Bandaríkjamenn séu hlynntir þessu banni en samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér er um misskilning að ræða og ég vona að svo sé. Það er mjög mikilvægt að Bandaríkjamenn séu sammála okkur.

Ég spyr hæstv. sjávarútvegsráðherra: Hvert er mat hans á því að umhverfissinnar, sem oft eru með einfaldan en ekki alltaf skynsaman boðskap, séu farnir að hafa meiri ítök á alþjóðavísu er kemur að stjórn fiskveiða?

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort rétt sé að í fyrri hluta umræðnanna hafi af Íslands hálfu verið lögð áhersla á að halda þeirri nálgun sem samþykkt var með fiskveiðiályktun allsherjarþingsins haustið 2004, þ.e. að beina því til fánaríkja og svæðastofnana að bæta stjórn botnfiskveiða á úthafinu og að svo miklu leyti sem frekari hnattrænna aðgerða sé talin þörf beri að fela FAO það hlutverk enda sé um afar tæknilegt og flókið mál að ræða. Hvaða veiðiaðferðir eru skaðlegar og hvaða hlutar hafsbotnsins þarfnast verndar? Er ekki eðlilegast að allsherjarþingið geti m.a. beint því til FAO að semja *tæknilegar leiðbeiningarreglur um botnfiskveiðar* á úthafinu og kalla til fundar þau ríki sem stunda slíkar veiðar?

[15:04]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson spurði mig um áhrif umhverfissinna á veiðistjórnina en við sjáum að öll þeirra áhersla hefur verið á að auka hlut alþjóðlegrar *veiðistjórnar*. Þetta eru alþjóðleg samtök, samtök sem lúta engum landamærum, og þess vegna eru það þeirra hagsmunir og þeirra áhugi að reyna að breyta þessu þannig að það séu ekki þjóðríkin, ekki svæðisbundin samtök sem stjórni veiðunum, heldur sé það gert alþjóðlega. Þess vegna er það ekki tilviljun að þau sýna þessu máli mikinn áhuga og koma yfirleitt vel mönnuð, í stórum sendinefndum, til að reyna að hafa áhrif á þjóðirnar.

Ég vil vekja athygli á einu sem mér finnst skipta miklu máli. Núna eru til umræðu hjá Sameinuðu þjóðunum hugmyndir um að banna þessar veiðar á úthafinu utan svæðisbundinnar fiskveiðistjórnar. Þetta eru ekki svæði þar sem er viðkvæmur hafsbotn. Það eru ekki svæði þar sem eru kórallar og í raun ekki svæði þar sem menn eru að fiska að neinu marki. *Með öðrum orðum þá blasir þetta alveg við.* Hér er hugmyndin að stíga eitt skref til að geta stigið skrefin áfram. Þetta er alveg augljóst mál.

Ég er hins vegar alveg sammála því sem hér hefur verið sagt. Auðvitað eigum við að ganga vel um lífríki okkar og hafsbotn. Auðvitað eigum við að reyna að gæta þess að við völdum ekki umhverfisspjöllum eða spillum fiskstofnum með veiðum okkar. Það höfum við auðvitað gert eins og ég hef rakið og þarf ekki annað en skoða kort um veiðisvæðin *við Ísland til að sjá það.*

Það er rétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði, að við höfum ekki gert nægilega mikið af því að stunda veiðarfærarannsóknir. Ég hef hins vegar lagt áherslu á það. Það hefur verið að eflast. Við höfum á Ísafirði útbúið sérstakar rannsóknir í þessum efnum í samvinnu við Hafrannsóknastofnun í Reykjavík og allt er það í þessa átt.

Ég held að í þessu sé grundvallaratriði að þjóðríkin hafi vald á auðlindanýtingu sinni og ég heyri að menn eru almennt sammála um það.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 15:07.

---

# 11. FUNDUR

fimmtudaginn 12. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Fjáraukalög 2006, stjfrv., 47. mál, þskj. 47. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Sameignarfélög, stjfrv., 79. mál, þskj. 79. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Kárahnjúkavirkjun og Hálslón, munnleg skýrsla iðnaðarráðherra.
4. Gatnagerðargjald, stjfrv., 219. mál, þskj. 220. — 1. umr.
5. Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 220. mál, þskj. 221. — 1. umr.
6. Ný framtíðarskipan lífeyrismála, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Geir H. Haarde forsrh., 1. þm. Reykv. s.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 6. þm. Suðvest.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[10:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Um klukkan hálftvö í dag, að loknu hádegishléi, fara fram atkvæðagreiðslur og síðan utandagskrárumræða um vímuefnavandann. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Hæstv. félagsmálaráðherra Magnús Stefánsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:32]

**Útbýting:**

Hlerun á símum alþingismanna, 230. mál, fsp. KHG, þskj. 233.

Hrefna og botnfiskur, 229. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 232.

Málefni aldraðra, 98. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 98.

Norðurskautsmál, 228. mál, fsp. RG og JónK, þskj. 231.

Óháð áhættumat vegna Kárahnjúkavirkjunar, 234. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 237.

Áhrif rafmagnsveitulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, 101. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 101.

Staðfest samvist, 100. mál, frv. GÖg o.fl., þskj. 100.

Tekjuskattur, 90. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 90.

Varðveisla og miðlun 20. aldar minja, 227. mál, fsp. KolH, þskj. 230.

Vextir og verðtrygging, 89. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 89.

### *Kárahnjúkavirkjun og Hálslón, munnleg skýrsla iðnaðarráðherra.*

[10:33]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er á milli þingflokkanna um ræðutíma í umræðunni og er hann þessi: Ráðherra hefur 20 mínútur í framsögu sinni, síðan 5 mínútur í lok umræðunnar. Þingflokkarnir hafa að öðru leyti 15 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í síðari umferð.

[10:33]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Í skýrslu þessari verður gerð grein fyrir framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun og stöðu mála þar. Uppsett afl í Fljótsdalsstöð verður 690 megavött í 615 megavatta vélasamstæðum en til samanburðar er uppsett afl í Búrfellsstöð 270 megavött. Áætluð orkuframleiðsla virkjunarinnar verður um það bil 4.600 gígavattstundir á ári sem er um 50% aukning á allri raforkuframleiðslu í landinu miðað við árið 2005.

Nánast allir vatnsvegir Kárahnjúkavirkjunar eru neðan jarðar. Alls eru um 73 km af jarðgöngum og stöðin í Fljótsdal er inni í Valþjófsstaðafjalli. Mestu mannvirki á yfirborði eru stíflur og lón. Við Kárahnjúka eru þrjár jarðvegsstíflur. Þeirra stærst er Kárahnjúkastífla í Jökulsá á Dal, 198 metra há, klædd vatnsmegin með járnbentri steinsteypuklæðningu. Auk hennar eru tvær stíflur í lægðum, hvor sínu megin við ána.

Hálslón, sem nú er verið fylla, hefur 2.100 gígalítra miðlanlegt rými sem er 50% meira en í Þórisvatni. Flatarmál lónsins er hins vegar um tveir þriðju af stærð Þórisvatns, 57 ferkílómetrar en það er það sama og flatarmál Blöndulóns. Nánast öll framleiðsla Kárahnjúkavirkjunar verður seld til Fjarðaáls í Reyðarfirði þar sem framleidd verða árlega um 346 þús. tonn af áli og álafurðum.

Kárahnjúkavirkjun er mjög vönduð framkvæmd á allan hátt eins og aðrar virkjanir hérlendis. Undirbúningur og framkvæmd hefur byggst á ráðgjöf færustu sérfræðinga í landinu með reynslu frá fyrri virkjunum. Jafnframt hafa verið kallaðir til margir erlendir ráðgjafar vegna stærðar verkefnisins og vegna sérstakra verkþátta, svo sem heilboraðra ganga sem eru nýmæli hérlendis og vegna Kárahnjúkastíflu sem er stærsta stífla á Íslandi. Landsvirkjun hefur tekið til alvarlegrar skoðunar allar ábendingar sem fram hafa komið á rannsóknar- og framkvæmdatímanum. Ekkert annað verkefni á vegum Landsvirkjunar hefur sætt jafnmiklum rannsóknum og endurskoðun sérfræðinga sem koma að máli auk aðalráðgjafahópsins. Þeir eru allir sammála um að staðið hefur verið að framkvæmdinni eins og best verður á kosið á alþjóðlegum mælikvarða og að mannvirkin eru byggð af fullkomnasta öryggi.

Saga rannsókna til undirbúnings Kárahnjúkavirkjunar er nokkurra áratuga löng. Á árunum 1977–1983 var gert fyrsta átakið í rannsóknum á virkjunarsvæði Jökulsánna þriggja norðan Vatnajökuls á vegum Orkustofnunar og síðan einnig Rafmagnsveitna ríkisins. Annað átak í rannsóknum á svæðinu var á vegum Landsvirkjunar á árunum 1988–1992. Þriðja átak undirbúningsrannsókna hófst um 1995 og stóð til 2003, einnig á vegum Landsvirkjunar.

Jarðfræðirannsóknir við Kárahnjúka hófust nokkru fyrr eða sumarið 1992. Þessu þriðja rannsóknarátaki lauk með hönnun og útboði á byggingarframkvæmdum eftir að hætt hafði verið við að byggja Fljótsdalsvirkjun með miðlun á Eyjabökkum. Framkvæmdir hófust vorið 2003. Þær hafa í flestum atriðum gengið mjög vel ef undan eru skildir nokkrir erfiðir kaflar í gangaborun. Tímaáætlanir til þessa hafa staðist fyrir flesta verkþætti en þó er gert ráð fyrir um tveggja mánaða seinkun á gangsetningu fyrstu vélasamstæðu vegna tafa í aðrennslisgöngum. Á þessu ári og í fyrra var mest um 1.600 manns starfandi á svæðinu og að jafnaði hafa um 25–30% vinnuaflsins verið Íslendingar. Verkið er innan ramma kostnaðaráætlunar og var bókfærður kostnaður virkjunarinnar orðinn um 73 milljarðar uppfærður til verðlags í ágúst á þessu ári eða tæplega 70% af áætluðum heildarkostnaði sem er um 107,5 milljarðar kr. án flutningsvirkja.

Fylling Hálslóns hófst í lok september 2006 eins og að var stefnt frá upphafi. Fylgst er með mannvirkjunum, leka

úr lóninu og mögulegum jarðhræringum með margvíslegum mælingum og allt hefur gengið eins og best verður á kosið til þessa.

Á árunum 2000–2001 var unnið umhverfismat á áhrifum Kárahnjúkavirkjunar og þá fóru fram umfangsmiklar rannsóknir á umhverfisþáttum á virkjunarsvæðinu til viðbótar fyrri rannsóknum. Skipulagsstofnun lagðist gegn framkvæmdinni og vísaði til umhverfisáhrifa og ófullnægjandi upplýsinga. Úrskurðurinn var kærður til umhverfisráðherra. Með kærunni fylgdu frekari rannsóknargögn og margvísleg lagarök um málsmeðferð. Eftir ítarlega umfjöllun féllst umhverfisráðherra á framkvæmdina í desember 2001 með 19 skilyrðum sem fylgt hefur verið eftir síðan. Þessi málsmeðferð var síðan staðfest í Hæstarétti Íslands.

Fjölmargar athugasemdir frá almenningi og félagasamtökum komu fram í matsferlinu og nokkrar þeirra sneru að jarðfræði svæðisins, þar með talið sprungum, jarðhita, eldvirkni, landssigi, lekt jarðlaga og auk þess fjölluðu nokkrar athugasemdir um setmyndun, ástand jökla, hættumat og dýra- og plöntusvif í hafi. Nú nýverið hafa athugasemdir frá jarðeðlisfræðingi einum hlotið mikla athygli. Þær hlutu þegar í stað vandaða umfjöllun réttbærra aðila og sérfræðinga á sínum tíma. Eftirmál þessara athugasemda hafa ekki haft nýtt faglegt gildi fyrir framkvæmdirnar.

Á árinu 2004 fékk Landsvirkjun tvo jarðfræðinga til að kortleggja jarðhita í væntanlegu lónstæði Hálslóns. Þeir fundu áður óþekkt misgengi á Sauðárdal sem breytti viðteknum hugmyndum jarðvísindamanna um austurmörk sprungusveims norður af Kverkfjöllum. Rannsóknir sýndu að síðustu hreyfingar á misgenginu urðu fyrir um 4000 árum. Í framhaldinu lét Landsvirkjun yfirfara allar hönnunarforsendur fyrir stíflur við Hálslón með tilliti til jarðskjálfta og jarðskorpuhreyfinga. Ráðgert vöktunarkerfi var útvíkkað. Hönnun á stíflu var aðlöguð að nýjum forsendum. Í raun þurfti litlar breytingar að gera enda gerðu upphaflegar forsendur ráð fyrir jarðskjálftum og sprunguhreyfingum.

Samningar við Alcoa um orkusölu til Fjarðaáls á Reyðarfirði voru undirritaðir 15. mars 2003 en með því var afráðið að ráðist yrði í Kárahnjúkavirkjun. Forsenda samningsins var að arðsemismat virkjunarinnar skilaði ásættanlegri niðurstöðu. Ráðgjafar eigenda fyrirtækisins komust að þeirri niðurstöðu að afkastavextir virkjunarinnar yrðu 7,3% og núvirt sjóðsstreymi reiknaðist jákvætt um 6,6 milljarða kr. Þetta þýddi jafnframt að arðsemi eigin fjár reiknaðist vera 12,8% sem var 1,8% yfir 11% kröfu sem gerð var um arðsemi eigin fjár. Arðsemismatið var tekið til ítarlegrar umræðu í iðnaðarnefnd og efnahags- og viðskiptanefnd og virkjunin var samþykkt með miklum meiri hluta á Alþingi, 44:9 atkvæðum 16. apríl 2002.

Landsvirkjun hefur nú endurskoðað arðsemismatið fyrir virkjunina með tilliti til upplýsinga sem liggja fyrir um áfallinn virkjunarkostnað og endurskoðaðar forsendur um helstu rekstrarliði. Niðurstaðan úr þessari endurskoðun er að jákvætt núvirði virkjunarinnar er tæplega 4,4 milljarðar kr. umfram þá 11% kröfu sem gerð er á eigið fé. Þetta er um 2,2 milljarða kr. lækkun frá því í upphaflegu arðsemismati. Miðað við þessa niðurstöðu mætir Landsvirkjun kröfum um vexti á lánsfé og eigendur geta vænst 11,9% arðsemi eigin fjár.

Stíflurnar þrjár við Hálslón verða fullbúnar í byrjun desember 2006 en frágangsvinna við stíflu topp- og vegtengingu við Kárahnjúkastíflu mun teygja sig fram á næsta sumar. Borun aðrennslisganga sem verða 40 kílómetra löng frá Hálslóni niður að stöðvarhúsi í Fljótsdal mun væntanlega ljúka um miðjan nóvember 2006. Þá tekur við umfangsmikil frágangsvinna í göngunum en gert er ráð fyrir að henni ljúki fyrir 1. maí 2007 þegar áætlað er að hleypa vatni á göngin. Borun aðrennslisganga að Ufsarlóni sem verða 10 km löng mun hefjast í byrjun næsta árs og á að ljúka sumarið 2008. Samsetning á vélbúnaði og rafbúnaði í stöðvarhúsi verður í fullum gangi fram á næsta sumar en fyrstu prófanir hefjast í kringum áramótin. Gert er ráð fyrir að hefja keyrsluprófanir á fyrstu vélasamstæðu í maí nk. og afhending raforku frá virkjuninni geti hafist í júní á næsta ári. Vinna við Jökulsárveituframkvæmdir, þ.e. Ufsarstíflu og Hraunaveitu, mun komast á fullt skrið á næstu mánuðum og standa fram á sumar 2008. Allt bendir til þess að verkefninu verði lokið með fullum skilum og árangri.

Hæstv. forseti. 30 ár eru síðan umræða um orkufrekan iðnað á Austurlandi hófst. Árin eru saga vonbrigða fyrir flesta Austfirðinga allt fram til ársins 2003 er skrifað var undir samninga um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði. Staðan í atvinnumálum Austurlands einkenndist af fækkun starfa í frumvinnslugreinum, fólksfækkun, stöðnun í byggingariðnaði, lágu fasteignaverði og samdrætti í þjónustugreinum með örfáum undantekningum. Atvinnulífið á Austurlandi var í samdrætti sem nam samtals 3% af starfandi mönnum, frá 1999–2003. Starfsmönnum í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði fækkaði um 10% meðan samdrátturinn í hótel- og veitingarekstri var nokkru meiri. Störfum í samgöngu- og fjármálaþjónustu fækkaði einnig um 5%. Nokkrar atvinnugreinar voru í vexti en samtals stóðu allar þjónustugreinar á Austurlandi í sama stað 2003 og þær höfðu verið 1999. Frá 2003–2005 hefur starfandi mönnum fjölgað samtals um 26% á Austurlandi. Mest er fjölgunin í mannvirkjagerð þar sem orðið hefur fjórföldun starfa en næstum þreföldun starfa í ýmissi þjónustu við atvinnulífið. Hótel- og veitingarekstur hefur bætt við sig 45% starfa frá 2003. Fræðslustarfsemi hefur aukist um 28% en aðrar greinar nokkuð minna. Opinber þjónusta og stjórnsýsla, vildi ég sagt hafa, hefur dregist saman og er nú með um það bil jafnmarga starfandi og árið 1998.

1.760 manns störfuðu við mannvirkjagerð á Austurlandi árið 2005 samkvæmt upplýsingum Hagstofu. Íslenskum ríkisborgurum við þá grein hafði þá fjölgað um 170 en erlendum um 1.150 frá 2003. Þessar tölur eru með fyrirvörum en sýna umfang og áhrif. Ekki er að sjá að uppgangurinn við framkvæmdirnar hafi valdið samdrætti í mannaflanotkun annarra greina. Að loknu framkvæmdatímabili má gera ráð fyrir því að allt samfélagið leiti jafnvægis og út úr því komi nýtt og sterkara samfélag.

Hæstv. forseti. Talið er að um 400 manns muni starfa með beinum hætti í álverinu á Reyðarfirði þegar fullum afköstum verður náð árið 2009. Um 20 manns munu starfa við rekstur Kárahnjúkavirkjunar. Erfitt er að segja til með nákvæmni um fjölda afleiddra starfa á Austurlandi í tengslum við rekstur álvers og virkjunar. Ekki er ólíklegt að fjöldi afleiddra starfa geti orðið í kringum 450–500 störf. Það er

um 14% viðbót við vinnumarkaðinn eins og hann var 2005 að frádregnum áhrifum stóriðjuframkvæmdanna á vinnumarkaðinn sem komin eru fram nú þegar.

Störf við álverið á Reyðarfirði auka fjölbreytni atvinnulífsins á Austurlandi. Auk þess er um hlutfallslega vel launuð störf að ræða sem fylgir mikið atvinnuöryggi. Nú þegar liggja fyrir hjá Fjarðaáli 1.700 umsóknir um störf í álverinu og ráðið hefur verið í um 200 störf. Fjarðaál hefur sett sér það markmið að um helmingur starfsmanna verði konur. Hvort það markmið næst skal ósagt látið en athyglisvert var að um 350 konur á Austurlandi þágu boð Alcoa nýlega þar sem kynnt voru m.a. atvinnutækifæri kvenna hjá Fjarðaáli. Á næstu missirum er spáð að útflutningur áls aukist hratt og að hlutdeild álútflutnings vaxi einnig umtalsvert. Milli áranna 2005 og 2008 er spáð að útflutningur áls aukist um 190% að magni til og að álframleiðsla verði orðin um 26% af útflutningi á vöru og þjónustu árið 2008. Til samanburðar er gert ráð fyrir að hlutdeild sjávarafurða verði svipuð það ár eða um 28% af útflutningi vöru og þjónustu. Vegna aukinnar hlutdeildar áls í útflutningi þjóðarbúsins er líklegt að sveiflur álverðs á heimsmarkaði hafi áhrif til þess að hagsveiflan á Íslandi færist nær hagsveiflu stærri iðnríkja. Með hliðsjón af fyrri athugun á þjóðhagslegum áhrifum stóriðjuframkvæmda á Austurlandi var reiknað með 1–1,5% meiri hagvexti að meðaltali á ári á tímabilinu 2003–2006 en ella. Þess skal þó getið að upphaflega var búist við minni þátttöku erlends vinnuafls en raun hefur orðið á. Áætlað er að langtímaáhrif á landsframleiðslu verði um 1% og um 0,7% á þjóðartekjur. Upplýsingar sem fyrir liggja benda eindregið til þess að Kárahnjúkavirkjun og álverið í Reyðarfirði verði íbúum Austurlands og öllum landsmönnum til hagsældar og heilla um langa framtíð.

[10:50]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því tækifæri sem hér býðst til að tala um Kárahnjúkavirkjun. Ég fagna því út af fyrir sig að *iðnaðarráðherra eigi frumkvæði* að því að sú umræða komist á dagskrá þingsins þótt mér sé ekki alveg ljós tilgangur hans með því að efna til hennar og kannski enn síður eftir að hafa hlustað á ræðu hans. Hann fór yfir ýmsar tölur varðandi virkjunina og virkjunarframkvæmdirnar, mannaflanotkun, stærð og aðra þætti. En í sjálfu sér kom ekkert nýtt fram í því sem ráðherrann sagði.

Það er ljóst með Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdirnar fyrir austan að engu verður breytt héðan í frá. Framkvæmdin er orðin að veruleika. Hálslón er að fyllast, álver að rísa og áhrifin á náttúru og samfélag eru óafturkræf. En á þessari stundu veit enginn til fulls hvernig framkvæmdin mun reynast. Við getum bara vonað það besta úr því sem komið er.

Nú þegar þessari umdeildustu framkvæmd Íslandssögunnar er um það bil að ljúka tel ég brýnt að við notum tækifærið sem umræðan gefur okkur til að líta yfir farinn veg, draga lærdóm af því hvernig staðið var að undirbúningi og framkvæmd hennar og gerum þann lærdóm að veganesti okkar inn í framtíðina.

Undirbúningur virkjunarinnar endurspeglaði örvæntingu ríkisstjórnarflokkanna í aðdraganda síðustu kosninga. Þeir sáu að eftir átta ára stjórnarsetu þeirra var sjávarbyggðunum um land allt að blæða út. Hæstv. iðnaðarráðherra fór í sjálfu sér ágætlega yfir það hvernig komið var fyrir byggðarlögunum fyrir austan. Þeirra bjargráð var í aðdraganda kosninga að keyra í gegn þessa risaframkvæmd í kjördæmi *annars flokksformannsins* og kjördæmi þáverandi iðnaðarráðherra. Undirbúningurinn einkenndist af of miklum hraða, of litlum kröfum um arðsemi, of litlum kröfum um náttúruvernd, ónógum rannsóknum á jarðeðlisfræðilegum þáttum og yfirhylmingum, virðulegur forseti, þar sem mikilvægum upplýsingum var haldið leyndum fyrir hinu háa Alþingi þegar heimildarlög fyrir virkjunina voru til umræða. Þetta má ekki endurtaka sig.

Hæstv. iðnaðarráðherra fór yfir arðsemi virkjunarinnar. Það var svo sem allt rétt sem hann sagði um hana. Hins vegar blasir við okkur sú staðreynd að arðsemin var ekki það mikil að hún dygði til þess að hægt væri að fjármagna virkjunina af hálfu einkaaðila. Það segir sína sögu. Virkjunin varð að fjármagnast með ábyrgð opinberra aðila til að hægt væri að fá nógu ódýrt fjármagn til að framkvæmdin stæði undir sér.

Fyrsta óháða matið á arðsemi Kárahnjúkavirkjunar fór fyrst fram þegar kom til kasta Reykjavíkurborgar að veita samþykki sitt fyrir ábyrgðum. Þá hafði hin pólitíska ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir þegar verið tekin á Alþingi, reyndar af vanefnum eins og komið hefur á daginn.

Annað sem flestum er orðið ljóst er að undirbúningur þessarar umfangsmestu framkvæmdar Íslandssögunnar var keyrður áfram í gríðarlegu kapphlaupi við tímann, ekki af því að efnahagslífið væri á heljarþröm eða atvinnubrestur í landinu og þetta væri eina bjargráðið heldur af því að fram undan voru kosningar. Fylgismenn stjórnarflokkanna í mikilvægum kjördæmum kröfðust þess að þetta stóra kosningaloforð yrði efnt áður en kjörtímabilið væri á enda.

Virðulegur forseti. Hraðinn var of mikill. Til marks um það er að ekki var hlustað á varnaðarorð frá Skipulagsstofnun. Niðurstaða hennar frá 1. ágúst 2001 varðandi virkjunina var mjög skýr. Í niðurstöðu hennar segir, með leyfi forseta:

„Það er því ljóst að mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar hlýtur að verða mjög umfangsmikið. Í tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun er framkvæmdinni, gagnasöfnun og mati á umhverfisáhrifum lýst með nokkuð almennum hætti. Þannig liggja þar ekki fyrir upplýsingar um alla meginframkvæmdarþætti. Einnig er farið nokkuð almennum orðum um hvernig staðið verði að mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmdarþátta. Þannig liggur ekki fyrir í öllum tilvikum hvernig staðið verður að matinu, svo sem um gagnasöfnun, árstíma og tímalengd rannsókna, aðferðir við mat á áhrifum og hvernig fyrirhugað er að setja *niðurstöður matsins fram í matsskýrslu*."

Áfram segir í niðurstöðu Skipulagsstofnunar:

„Skipulagsstofnun telur ljóst af framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, málsmeðferð stofnunarinnar og framkomnum umsögnum og athugasemdum að svo víðtæk framkvæmdaáform sé erfitt að fella að málsmeðferð samkvæmt ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að þeir frestir sem settir eru í lögunum um kynningu og ákvörðun um matsáætlun og matsskýrslu séu

ekki til þess fallnir að tryggja fullnægjandi kynningu og umfjöllun meðal stofnana, almennings og félagasamtaka í samræmi við markmið laganna um eins umfangsmikil framkvæmdaáform og hér um ræðir."

Þetta er úr niðurstöðum Skipulagsstofnunar á sínum tíma. Í ljósi þess sem þar segir lagðist Skipulagsstofnun gegn framkvæmdinni.

Þegar litið er til baka er ljóst, að ofansögðu og röð atburða á þessum tíma, að asi stjórnvalda við undirbúning stórvirkisins var með ólíkindum. Þeim niðurstöðum Skipulagsstofnunar sem hér var vitnað til var rúmum fjórum mánuðum síðar, eins og kom fram hjá hæstv. iðnaðarráðherra, snúið við af þáverandi umhverfisráðherra eftir kæru Landsvirkjunar. Sá gjörningur var mjög umdeildur og ljóst að þar hafði pólitískur þrýstingur ráðið fremur en umhverfisleg og verkleg rök sem Skipulagsstofnun benti á í úrskurði sínum frá 1. ágúst sama ár. Eru ummæli ýmissa ráðherra frá haustmánuðum þess árs til marks um það en þeir töluðu úrskurðinn niður. Þeir sögðust jafnviljugir að virkja eftir úrskurðinn sem fyrir hann.

Af þessum vinnubrögðum þarf þjóðin að læra. Þarna hefði átt að fara sér hægar, fylgja ráðum Skipulagsstofnunar og fylgja anda laganna um umhverfismat frekar en að nýta sér þrengsta skilning þeirra. Skipulagsstofnun stóð sína plikt en þáverandi umhverfisráðherra brást, því miður.

Daginn sem iðnaðarráðherra lagði fram á Alþingi frumvarp til laga um heimild fyrir Kárahnjúkavirkjun sendir sérfræðingur Orkustofnunar, einn fremsti jarðeðlisfræðingur landsins, Grímur Björnsson, yfirmanni sínum greinargerð þar sem alvarlegar athugasemdir voru gerðar við áætlaða virkjunarframkvæmd. Yfirmaður hans sendir þær athugasemdir þegar áfram, annars vegar til Landsvirkjunar, þar sem fagaðilar tóku athugasemdirnar mjög alvarlega, en hins vegar til iðnaðarráðuneytisins. Hjá iðnaðarráðuneyti virðast menn hins vegar ekki hafa litið á athugasemdir Gríms sem merkilegan pappír. Samkvæmt upplýsingum sem Samfylkingin óskaði eftir í iðnaðarnefnd þótti starfsmönnum ráðuneytisins ekki þörf á að sýna iðnaðarráðherra athugasemdirnar.

Þetta er enn alvarlegra en ella í ljósi þess að greinargerð Gríms var ætluð alþingismönnum. Hún var ætluð alþingismönnum en náði aldrei til þeirra. Það sér hver maður sem les þessa greinargerð að hann stílar hana á þingmenn. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Óviðunandi er að mínu mati fyrir Alþingi að afgreiða virkjunarleyfið, ef ekki er tekið sérstaklega á þessum þætti." — Þá er hann að tala um sprungur undir sjálfri Kárahnjúkastíflu.

Annars staðar segir hann, virðulegi forseti:

„Eftirfarandi atriði tel ég óskýrð og/eða verulega áhættuþætti við gerð Kárahnjúkamiðlunar, sem skýra/hrekja verði áður en Alþingi samþykkir lög um virkjunina ..." — síðan kemur upptalning af hans hálfu.

Greinargerðin er því greinilega ætluð þingmönnum en hún komst aldrei til þeirra. (**HBl:** Af hverju var hún ekki send þingmönnum, fyrst hún var þeim ætluð?) Það er auðvitað spurning sem hv. þm. Halldór Blöndal verður að spyrja iðnaðarráðherra, hvernig standi á því að skýrsla sem kemur sem trúnaðarmál til ráðherra, af hverju ekki var létt af henni trúnaðinum og hún lögð fyrir Alþingi. (Gripið fram í.) En þáverandi iðnaðarráðherra varð reyndar tvísaga í málinu. Annars vegar hefur hún sagt að hún hafi ekki talið efni athugasemdanna eiga erindi til Alþingis og hins vegar segist hún ekki hafa lesið athugasemdirnar fyrr en eftir að lög um virkjunina voru samþykkt 8. apríl 2002. Þannig er ráðherra tvísaga í málinu, hv. þm. Halldór Blöndal.

Hver sannleikurinn er í raun í þessu máli liggur ekki ljóst fyrir. En hins vegar er ljóst hver ber ábyrgðina. Ábyrgðin á að mikilvægum upplýsingum, eins og grunsemdum eins fremsta jarðeðlisfræðings landsins um að sprungur undir stíflustæði virkjunarinnar væru virkar, sem síðan reyndust á rökum reistar eins og fram kom í rannsókn sem var gerð árið 2004, var haldið leyndum fyrir Alþingi allan þann tíma sem heimildarlög um virkjunina voru til umræðu hvílir á fyrrverandi iðnaðarráðherra. Hins vegar er ómögulegt að segja til um hvaða áhrif greinargerð Gríms hefði haft á niðurstöðu Alþingis. Líklegt verður að teljast að farið hefði verið fram á frekari rannsóknir. Það hefði auðvitað þýtt tafir á verkinu, sem ásamt öðru, svo sem óvissu um kaupanda að orkunni, hefði sett framkvæmdina í óvissu. Þetta hefur framkvæmdarvaldinu verið ljóst og að öllum líkindum skýrir það meðferð iðnaðarráðuneytisins á upplýsingunum. Yfirhylmingar af þessu tagi eru að sjálfsögðu vítaverðar. Af þeim verðum við að draga lærdóm.

Grímur er ekki eini jarðvísindamaðurinn sem haft hefur áhyggjur af því að ekki hafi verið staðið nægilega að rannsóknum á svæði Kárahnjúkavirkjunar á undirbúningstíma virkjunarframkvæmda. Í Morgunblaðinu nú í október birtist m.a. viðtal við Magnús Tuma Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði. Þar segir hann, virðulegur forseti, að rannsóknirnar hafi verið algjörlega ófullnægjandi. Hann segir, með leyfi forseta:

„... í ljósi þess hversu mikilvægt verk þetta var og þess hvernig þetta hefur gengið er ekki hægt að segja annað en að rannsóknirnar hafi verið algerlega ófullnægjandi."

Aftur segir hann síðar í þessu viðtali:

„Svo er að sjá að Landsvirkjun hafi ekki byrjað fyrir alvöru að huga að áhrifum lónsins á bergið fyrr en á síðustu tveim árum."

Það er auðvitað áhyggjuefni fyrir okkur leikmenn þegar jarðvísindamenn gera jafnalvarlegar athugasemdir og raun ber vitni. Þetta er áhyggjuefni fyrir Alþingi sem gaf leyfi fyrir framkvæmdinni en á auðvitað að geta treyst því að framkvæmdarvaldið, undirstofnanir þess og fyrirtæki ríkisins, sem bera ábyrgð á framkvæmdinni, standi þannig að málum að hafið sé yfir allan vafa að fyllsta öryggis og varfærni sé gætt í þessu gríðarlega mannvirki.

Hvað getum við lært, virðulegur forseti? Jú, í fyrsta lagi að ráðast ekki í virkjanir á svæðum sem ekki hafa verið rannsökuð til fullnustu út frá náttúruverndargildi til framtíðar. Svæði geta haft mikið gildi þótt þau hafi kannski ekki verið fjölsótt. Í því sambandi vil ég vísa til Brennisteinsfjalla þar sem sótt er um rannsóknar- og nýtingarleyfi. Það er ekki fjölsótt svæði en áreiðanlega gríðarlega mikilvægt svæði þegar til framtíðar er litið.

Í öðru lagi að ráðast ekki í virkjanir sem hafa jafnstórfelld óafturkræf áhrif á náttúru og umhverfið. Þarna er ég einfaldlega að segja að virkjunin er of stór.

Í þriðja lagi verðum við að standa betur að rannsóknum á jarðfræði þeirra svæða sem tekin eru til virkjunarnota.

Í fjórða lagi þarf að tryggja opið og gegnsætt ferli á undirbúningsstigi og framkvæmdatíma og gera öll gögn aðgengileg en stinga þeim ekki undir stól. Ríkisstjórnin á ekki að vera neitt leyndarráð, hvorki í virkjunarmálum né varnarmálum. En það er eins og við vitum mikil leynd sem hefur hvílt yfir þeim málum.

Í fimmta lagi getum við lært að ráðast ekki í stórframkvæmdir sem hafa veruleg áhrif á efnahagsmál, veruleg ruðningsáhrif án þess að axla pólitíska ábyrgð á mótvægisaðgerðum. Það hefur ríkisstjórnin ekki gert. Hún sýndi fullkomið ábyrgðarleysi í efnahagsmálum á framkvæmdatíma virkjunarinnar og álversins með alvarlegum afleiðingum fyrir bæði atvinnulíf og heimili.

Í sjötta lagi tel ég að það hafi verið mistök að stofna ekki sérstakt félag um virkjunina, annaðhvort félag sem gæti fjármagnað sig á markaði og þyrfti þar af leiðandi að lúta eðlilegum arðsemiskröfum eða sérstakt félag sem hefði getað verið í eigu Landsvirkjunar. Þetta var auðvitað kjörið verkefni þar sem orkan fer öll í eitt álver, er í raun óbein fjárfesting í áliðnaði og hefði átt að byggjast á viðskiptasjónarmiðum.

Virðulegur forseti. Við verðum að takast á við náttúruvernd, auðlindanýtingu og virkjanir með öðrum hætti en hingað til. Við verðum að skapa nýjar leikreglur í samræmi við verðmæti náttúrunnar og tilfinningar þjóðarinnar til landsins. Deilurnar um Kárahnjúkavirkjun hafa opnað gjá milli fólks sem gæti átt samleið, dregið víglínur sem þurfa ekki að vera, þeirra sem studdu virkjun með hagsmuni Austfirðinga að leiðarljósi en er samt annt um íslenska náttúru, og hinna sem lögðust gegn henni en er samt annt um Austfirðinga. Við getum ekki staðið þannig að málum að efnt sé til svæðisbundinna átaka um land allt og fólk ýmist munstrað nauðugt viljugt í virkjanaherinn eða verndunarherinn. Þess vegna hefur Samfylkingin unnið tillögur um hvernig styrkja megi stöðu náttúru- og umhverfisverndar og takast á við verkefnið með skipulögðum hætti.

Auðlindanefnd hefur nú skilað tillögum. Vissulega eru þær tillögur skref í rétta átt og sýna hverju hægt er að áorka ef fólk talar saman, ef stjórnvöld ryðjast ekki áfram með áform sín án tillits til stjórnarandstöðu eða tilfinninga fólksins í landinu. Nú höfum við tvö dæmi þar sem stjórnarandstaðan hefur knúið ríkisstjórnina til samstarfs um mál og náð ágætri sátt, annars vegar auðlindanefndin og hins vegar fjölmiðlanefndin, eftir að búið var að böðlast í þinginu mánuðum saman (**Gripið fram í:** Árum.) eða árum saman. Í vor þarf að stíga skrefið til fulls, auka veg náttúruverndar (Forseti hringir.) og hefja strax vinnu við rammaáætlun um náttúruvernd eins og Samfylkingin hefur lagt til.

[11:05]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka þessa umræðu og þær upplýsingar sem komu fram í máli hæstv. iðnaðarráðherra. Ég tek þar með undir orð hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur hvað það varðar.

En ég skildi hins vegar ekki orð hennar um að hún skildi ekki tilgang umræðunnar. Mér fannst nú að hún hefði ýmislegt um málið að segja og hún notaði stóryrði eins og gjarnan eru í hennar máli. Hún talaði um yfirhylmingar, leyndar upplýsingar, að virkjunin væri of stór, að ríkisstjórnin ætti ekki að vera leyndarráð. Ég held að hv. þingmaður þurfi að skýra þessi orð sín betur.

Ég skil ekki umræðu sem á að fara fram á málefnalegum grundvelli og er með þessum hætti. Hér eru upplýsingar teknar úr samhengi og lesnar upp. Hverju á það að skila hvað varðar tilgang umræðunnar? Enn og aftur eru hugleiðingar Gríms Björnssonar teknar hér fyrir. Það er búið að fara nákvæmlega yfir það hér í þinginu, þá oftar en einu sinni. Sú skýrsla var rædd fyrir nokkrum árum í umræðum í Alþingi. Það er búið að skýra öll þau atriði sem í þeim hugleiðingum koma fram. Hver er tilgangurinn með þessu? Er enn einu sinni verið að ala á illum hug gagnvart þessum framkvæmdum og gagnvart því að verið er að nota orkuauðlindirnar í landinu.

Það vill svo til að ég held að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi samþykkt þessar framkvæmdir með einum eða öðrum hætti. Þannig að mér þótti umræðan, eins og hún birtist af hennar hendi, með ólíkindum. Það eru vissulega margir sem hafa þá skoðun að ekki eigi að nota orkuauðlindir landsins til hagsbóta fyrir samfélagið. Þá eiga menn bara að hafa þá skoðun. En menn eiga að fara með rétt mál þegar verið er að ræða þessa hluti.

Það er ekki ofsögum sagt að virkjun Jöklu við Kárahnjúka hefur verið umdeild og mjög umrædd í þjóðfélaginu. Birtingarmyndir þeirrar umræðu hafa hins vegar verið með hreinum ólíkindum. Ég fagna því sem Austfirðingur að fókusinn er á Austurlandi. Menn hafa áhuga á Austurlandi og tala um Austfirðinga og Austurland og meta landið mikils. Ég er mjög ánægð með það. En ég verð þó að viðurkenna, þrátt fyrir ánægju mína með athyglina, að það hefur farið mjög um mig yfir sleggjudómum sem eru ótrúlegir og hafa birst um austfirskt samfélag og Austfirðinga.

Ég fagna vitundarvakningu þjóðarinnar um náttúruvernd. Ég held að hún sé af hinu góða. En það er von mín að sá áhugi geti birst sem heildstæður áhugi og mönnum takist að sjá skóginn fyrir einstaka merkilegum trjám, sem draga að sér athyglina. Menn verða að sjá þetta í heild.

Við höfum t.d. verið með tillögur um að stofna Vatnajökulsþjóðgarð og ég hef tekið þátt í þeirri vinnu. Gera menn sér almennt ljóst að lónið sem Kárahnjúkastífla myndar, Hálslón, er 57 ferkílómetrar að stærð en landið sem fer undir Vatnajökulsþjóðgarð, og er eingöngu norðan Vatnajökuls, er 10.600 ferkílómetrar á móti 57 ferkílómetrum sem fara undir Hálslónið? Eru menn að tala um samhengi hlutanna þarna? (Gripið fram í.)

Ég er sammála hv. þingmanni um að Geysir tekur ekki stórt pláss en er mjög merkilegur og hefur mjög mikil áhrif á ferðaþjónustu í landinu. Og það mun Vatnajökulsþjóðgarður gera og það mun Hálslón gera, og hafa áhrif á ferðaþjónustuna. Það hafa menn orðið varir við á Austurlandi. Nú þegar er Hálslónið farið að draga að sér ferðamenn sem hlýtur náttúrlega að vera áhugavert fyrir þá sem vilja styðja ferðaþjónustu í landinu og hafa talað um hana sem framtíðaratvinnugrein, sem hún sannarlega er. Því hljótum við að fagna að svo sé komið.

Í þeirri öfgaumræðu sem átt hefur sér stað í umræðum

um virkjunarframkvæmdir á Austurlandi hljóta menn að spyrja sig: Voru þeir 10.000 sem gengu niður Laugaveg að óska eftir því að framkvæmdir yrðu stoppaðar þannig að trúverðugleiki Íslands yrði núll í alþjóðaviðskiptum? Voru þeir að óska eftir því? Eru menn svo að tala um útrásarfyrirtækin, að þar eigi að vera hinn mesti vöxtur í íslensku hagkerfi, hjá útrásarfyrirtækjunum? Er eitthvert samhengi í þessu? Þegar prestur stendur vígreifur á Austurvelli í leðurjakkanum sínum og talar til Austfirðinga og talar um heilaga jörð, talar um að örfáar manneskjur hafi ákveðið að drekkja heilu landsvæði og fórna hinu heilaga fyrir græðgina. Við Austfirðingar erum auðvitað ekkert mjög heilagir, svona miðað við jörðina og landsvæðið. En ég hafna því algerlega að við séum gráðugir. Hvert er þessi umræða komin þegar prestar landsins tala með þessum hætti?

Fullyrðingar um vonda hönnun stíflunnar og undirbúningsrannsóknir, sem þó hafa staðið í áratugi, og okkar bestu vísindamenn hafa komið að þessari hönnun og þessum undirbúningi — eru menn svo í hinu orðinu að tala um þekkingarsamfélag og við séum að byggja upp vísindasamfélag á Íslandi? Þegar okkar bestu vísindamenn leggja allt sitt í að hanna þessa stíflu þá eru þeir taldir ótrúverðugir og ekki þess verðugir að hlustað sé á þá.

Nú nýlega, ég held það hafi verið í gær, komu fram fullyrðingar stjórnarmanns í Landsvirkjun um að illa sé staðið að verki við undirbúning viðbragðsáætlana. Til þess verks, og það hefur komið fram í störfum hér á Alþingi, eru fengnir hinir bestu sérfræðingar. Farið er eftir alþjóðlegum stöðlum og alþjóðlegum ferlum við að reikna út hvernig á að byggja þær viðbragðsáætlanir upp. Þessu er öllu hafnað en alið á hræðslu hjá frændum mínum á Jökuldal, sem búa nálægt þessari stíflu. Hver er meiningin hjá þessu fólki? Hvert horfum við í allri þessari dómsdagsumræðu og spádómum? Ég verð að viðurkenna að mér finnst að skáld og listamenn sem ræða þetta megi fljúga hátt og hafa skemmtilegar skoðanir á þessu sem öðrum hlutum. En þegar vísindamenn, fólk sem á að vita betur, jafnvel stjórnarmenn í Landsvirkjun, setja fram fullyrðingar af þessu tagi til þess eins að hræða fólk, þá eru menn á einhverjum villigötum. Það verð ég að segja.

Svipuð umræða átti sér stað þegar Hvalfjarðargöngin voru grafin. Hvað hefur komið fram í því? Öll sú dómsdagsumræða. Hefur hún gengið eftir? Yfir 100 sprungur og misgengi sem hafa komið fram þar. Auðvitað hefði átt að stoppa þá framkvæmd miðað við umræðuna núna um sprungur nálægt Kárahnjúkavirkjun. Það getur ekki annað verið miðað við þessa umræðu.

Hæstv. forseti. Mér finnst að hér sé um það stóra framkvæmd að ræða að menn verði að sýna fulla ábyrgð í þeirri umræðu sem þeir standa fyrir. Ég tala nú ekki um þingmenn og þá sem vilja láta taka mark á sér, að menn dragi upp þá bestu vitneskju sem völ er á til að draga af ályktanir hér í þingsölum. Við getum auðvitað spurt til hvers verið sé að ráðast í svona stóra framkvæmd. Við viljum byggja frekar undir atvinnulíf okkar. Við viljum skjóta fleiri stoðum undir útflutningstekjur okkar. Samkvæmt þjóðhagsspá mun álframleiðsla gefa okkur í útflutningstekjum 132 milljarða árið 2008. Í fyrra voru það 35 milljarðar. Sjávarafurðir gáfu okkur í fyrra 112 milljarða. Árið 2008 munu það verða 145 milljarðar. Þetta hlutfall er að breytast. Við erum að fá fleiri stoðir undir okkar útflutningsgreinar og það er vel.

Ég vil draga það fram líka að atvinnulíf á Austurlandi hefur tekið mikinn vaxtarkipp. Allt samfélagið á Austurlandi hefur tekið vaxtarkipp. Menningarlíf hefur tekið vaxtarkipp. Menntun, ferðaþjónusta, allt það sem leiðir af því þegar svona miklar framkvæmdir fara af stað og flytja aukið líf inn í fjórðunginn. Þetta skiptir okkur öll máli, allt samfélagið. Allt þjóðfélagið hefur hag af þessum framkvæmdum.

Ég ætla að vona að við megum heyra yfirvegaðri og betri umræðu og þá um staðreyndir eins og þær sem komu svo ágætlega fram í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra. Ég ætla að vona að menn byggi á upplýsingum og tölum af því tagi sem hann dró hér fram.

[11:18]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra gaf hér áðan á 20 mínútum eins konar uppskrift að mestu náttúruspjöllum sem orðið hafa af manna völdum á Íslandi frá upphafi vega. Manngerðum spjöllum á ómetanlegri náttúruarfleifð og dýraríki sem er fágætt á heimsvísu, djásn sem við erum skuldbundin samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum að varðveita fyrir heimsbyggð alla. Hæstv. ráðherra var jafnósnortinn af innihaldi ræðu sinnar og hann hefði verið að lesa fyrir okkur kökuuppskrift. Það segir sína sögu, frú forseti. Það var ekki eins og þessi hæstv. ráðherra væri að fjalla um það einstaka mál sem klofið hefur þjóðina í tvær fylkingar árum saman. Allt hefur gengið eins og best verður á kosið, sagði ráðherra, og hann sagði það oftar en einu sinni.

Hæstv. forseti. Sú framkvæmd sem hér um ræðir á eftir að verða sú framkvæmd í sögu Íslendinga, eða ég vona það alla vega, sem mestar deilur hafa orðið um. Ég óska engri þjóð þess að þurfa að fara aftur í gegnum það sem við höfum gert á síðustu árum. Ég held að allir sem um þetta mál fjalla, og ekki síst við á löggjafarsamkundunni, verði að viðurkenna að fólk hefur staðið í blóðugum slagsmálum nánast, tilfinningalegum oftar en beinlínis líkamlegum, út af grundvallaratriðum í pólitík okkar og stjórnsýslu. Átökin hafa verið gríðarleg og það verðum við að viðurkenna. Miklar tilfinningar hafa verið í málinu og við verðum líka að viðurkenna þær.

Auðvitað telja sérfræðingar Landsvirkjunar að aldrei hafi verið betur að málum staðið og auðvitað segja þeir sem að þessum framkvæmdum hafa staðið að allt hafi gengið eins og best verður á kosið — og ég vil taka það skýrt fram að það er alls ekki við það fólk að sakast sem hefur unnið þessi störf þó að ýmsu hafi verið ábótavant. Þeir einstaklingar hafa unnið sín störf af trúmennsku. En við sem höfum mótmælt þessum framkvæmdum og höfum viljað fara aðra leið í atvinnuuppbyggingu á Austurlandi leyfum okkur að taka stórt upp í okkur eða vera þung í málflutningi okkar í garð stjórnvalda. Hvers vegna? Vegna þess að ákvörðunin um Kárahnjúkavirkjun var pólitísk ákvörðun. Hún var tekin af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og hún var studd af stærsta stjórnarandstöðuflokknum, Samfylkingunni, lengst af líka af formanni Samfylkingarinnar, hv.

þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur sem talaði hér áðan. Hún var þá borgarstjóri og á þeim tíma sem ákvarðanirnar voru teknar hafði hún ekkert við hraðann á afgreiðslu mála að athuga eins og hún hefur nú og kom vel fram í ræðu hennar.

Sú afstöðubreyting sem kom fram í máli hv. formanns Samfylkingarinnar, sem hefur verið að eiga sér stað úti í samfélaginu, hefur verið að gerast hægt og bítandi og er árangur af dugandi baráttu náttúruverndara, bæði einstaklinga og frjálsra félagasamtaka og ekki síst þeirra sem barist hafa í þeim stjórnmálaflokki sem ég tala fyrir, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Ég er stolt af því að geta þakkað okkur stóran þátt í þeirri hugarfarsbreytingu sem er að verða hér í sölum Alþingis og ekki síður úti í samfélaginu. (Gripið fram í.) Það er gríðarlega mikilvægur árangur af mikilli baráttu sem hefur verið mjög erfið.

Eins og ég sagði áðan hefur Framsóknarflokkurinn lengst af dregið þennan vagn enda hefur hann farið með völdin bæði í iðnaðarráðuneytinu og umhverfisráðuneytinu á þessu tímabili. (**EOK:** Nei, nei, við höfum verið í þessu alveg á fullu.) Það er gott að fá þær yfirlýsingar frá sjálfstæðismönnum að þeir hafi verið í þessu á fullu. Það er auðvitað rétt. Hins vegar eru meiri deilur um það innan Sjálfstæðisflokksins en innan Framsóknarflokksins hvort hér hafi verið rétt að málum staðið og það skulu menn líka viðurkenna. Ákvörðunin var réttlætt með þjóðhagslegri hagkvæmni, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, og með byggðarlegum rökum. Þetta átti að lyfta atvinnulífinu á Austfjörðum í hæstu hæðir og gott og vel. Við vildum öll að teknar yrðu jákvæðar ákvarðanir fyrir atvinnulíf á Austfjörðum og atvinnulíf allrar þjóðarinnar úti um allt land, líka á Vestfjörðum sem nota bene hafna stóriðju.

En við ákvörðunartökuna og umhverfismatsferlið misbeitti ríkisstjórnin valdi sínu oftar en einu sinni. Hún keyrði málin í gegn fram hjá lögum, hún sveigði framkvæmdirnar inn á þá línu sem henni hentaði. Skýrasta dæmið um það var úrskurður umhverfisráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, þar sem hún sneri við faglegum úrskurðum Skipulagsstofnunar sem hafði gefið þessari virkjun falleinkunn. Þessi virkjun hafði líka fengið falleinkunn í rammaáætlun fyrsta áfanga sem hæstv. ráðherra flaggar nú og ætlar að fara að nota sem grundvöll leyfisveitinga um orkukosti í nánustu framtíð. Nú má draga rammaáætlunina fram og draga af henni einhvern lærdóm og segja að það sé eitthvert vit í henni en í henni er Kárahnjúkavirkjun líka hafnað eins og af Skipulagsstofnun. Skilyrðin sem hæstv. ráðherra, Siv Friðleifsdóttir, setti voru til málamynda einhvers konar mótvægisaðgerðir gegn óafturkræfum spjöllum framkvæmdanna og þær málamyndaaðgerðir voru stundum, eins og ég leyfi mér að segja núna, eins og vondur brandari. Það er kannski ekki gott að nota það hugtak þegar maður er að tala um jafnalvarlegt mál og raun ber vitni. En hvernig ætlaðist hæstv. umhverfisráðherra og þessi ríkisstjórn til þess að þjóðin gæti liðið það að horfa upp á vinnuvélar tæta upp þykka gróðurþekju á hálsinum óviðjafnanlega austan Jöklu undir því yfirskini að það væru mótvægisaðgerðir gegn foki, gegn gróðureyðingu — 18 km langt sár í hnausþykkan jarðveg og óviðjafnanlega gróðurþekju í 640 metra hæð yfir sjávarmáli uppi undir Vatnajökli í ævintýralandi öræfanna umhverfis Snæfell? Auðvitað var þetta eins og vondur brandari. Það var skammarlegt að láta sér detta í hug að koma þessari framkvæmd í gegn á mótvægisaðgerðum af þessu tagi.

Á öllum stigum þessa verks hafa blasað við vísbendingar um neikvæð áhrif, ekki bara á umhverfið heldur líka á samfélagið. Það sem skráð hefur verið og sagt um þau mál, ýmislegt af því er nú þegar að koma fram og meira á örugglega eftir að koma í ljós. (**Gripið fram í:** Hvaða áhrif á samfélagið?) Það eru ótal áhrif á samfélagið sem ég hef ekki ... (**Gripið fram í:** Hvaða neikvæðu áhrif?) Neikvæðu áhrifin á samfélagið hafa orðið gríðarleg. Kári Þorgrímsson í Garði sagði á sínum tíma: „Stærð verkefnisins er ámóta og verið sé að græða fílshjarta í barn.“ Allir á Austfjörðum vonuðust eftir lítilli, sætri 120 þúsund tonna álverksmiðju, ekki 460 þúsund tonna álverksmiðju. En ég á eftir að fjalla núna um lélega arðsemiskröfu virkjunarinnar sem hefur líka verið gagnrýnd. Frá fyrsta degi og á öllum stigum þessa máls hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar verið eins og úlfar í sauðargæru. Þeir hafa ekki þreyst á því að gefa yfirlýsingar um það hversu miklir náttúruverndarsinnar þeir væru, hversu miklir útivistarmenn þeir væru, hversu mikið þeir kynnu að meta náttúruna og hversu mikið tillit væri tekið til umhverfisáhrifa þessara framkvæmda. Menn hafa stært sig af stefnu um sjálfbæra þróun. Þeir hafa veifað fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, haft uppi fögur fyrirheit um öflugt samráð um málefni umhverfis og náttúruverndar og talað af fjálgleik um nauðsyn þess að stækka sjónarmið þeirra sem vilja nýta orkuauðlindirnar.

Þegar Ómar Ragnarsson er kominn fram í dagsljósið sem mótmælandi, búinn að viðurkenna andstöðu sína við Kárahnjúkavirkjun, og stór hluti þjóðarinnar hefur tekið undir með okkur sem allan tímann höfum viljað leita annarra leiða um atvinnuuppbyggingu, þá skýtur upp kollinum þessi nýi formaður Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðarráðherra, sem kemur úr Seðlabankanum eins og til að lappa upp á lemstraða ímynd Framsóknarflokksins, sem er lemstruð vegna framgangsins í þessu máli. Nú gefur hann út miklar yfirlýsingar þegar hann kemur hér til valda um að ríkisstjórnin reki enga stóriðjustefnu, það sé hinn mesti misskilningur. Afturvirk stefnubreyting hefur það verið kallað og auðvitað hafa menn brosað út í annað fyrir vikið.

Nú er það svo að ótalmargt mætti segja um þessi mál og áhættumatið sem fram fór á sínum tíma segir sína sögu. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fór vel yfir það á hvern hátt menn voru blekktir eða upplýsingum var haldið frá fólki. Um það vil ég líka segja að árið 1998 gaf Guðmundur Sigvaldason, einn okkar færustu jarðvísindamanna, sem nú er ekki lengur á meðal okkar, út yfirlýsingar um sprungur á stíflustæðunum og sprungur í lónstæði. Hann spurði spurningar sem Tumi Magnússon spyr í dag: Hversu mikið gliðna sprungurnar við farg lónsins? Árið 1999, 1998 eru þessar vangaveltur Guðmundar Sigvaldasonar komnar fram, hlustaði ég sjálf á hann á fundi í Reykjavík og þær vangaveltur hans leiddu til þess að jarðvísindamenn voru að skoða þetta frá fyrsta degi. Það er því ekki alls kostar rétt að við höfum fyrst verið vöruð við þessum hlutum þegar skýrsla Gríms Björnssonar kom út.

Við í þingflokki Vinstri heyfingarinnar – græns fram-

boðs höfum útbúið tillögu til þingsályktunar sem við höfum dreift í dag á þskj. 237. Þar leggjum við til að Alþingi feli *ríkisstjórninni að framkvæma nýtt óháð áhættumat fyrir* Kárahnjúkavirkjun þar sem allar stíflurnar verði metnar með tilliti til hættu á stíflurofi, auk þess sem mat verði lagt á það hvort fyrirliggjandi viðbragðsáætlanir séu fullnægjandi. Það er eitt sem hefur gleymst í þessari umræðu og við höfum ekki nefnt hér. Við skulum ekki gleyma því að hvað varðar viðbragðsáætlanir fyrir mögulegt stíflurof eða aðrar alvarlegar uppákomur hefur málum verið verulega ábótavant.

Við leggjum til að til verksins verði skipaður starfshópur óháðra sérfræðinga á sviði jarðvísinda, mannvirkjagerðar og áhættumatsgerðar og það verði áskilið að sá sérfræðingahópur eigi möguleika á að kalla til sín erlenda sérfræðinga. Við teljum ljóst að það áhættumat sem liggur fyrir sé ekki fullnægjandi enda er það unnið af sömu aðilum og Landsvirkjun hefur haft með sér í vinnu við áhættumat frá fyrsta degi. Á þessu getum við gert ákveðna bragarbót og því vil ég nefna það hér að það væri fengur að því að fá stuðning á Alþingi við þá tillögu sem við höfum lagt fram og ég hef orðað.

Það er kannski eðlilegt að við spyrjum hæstv. iðnaðarráðherra *hvað hann hafi að segja um þessa niðurstöðu* sérfræðinganna um sprungurnar í lónstæðinu og í stíflustæði virkjunarinnar. Hann talaði þannig í ræðu sinni að hér hefði allt gengið eins og best verði á kosið. Fjölmiðlar hafa sýnt okkur fram á annað og vísindamenn hafa velt upp hlutum sem ég held að hæstv. iðnaðarráðherra verði að segja álit sitt á.

Það sem skiptir verulegu máli í þessari umræðu er oftrú stjórnvalda á stóriðjunni, sú ofuráhersla sem íslensk stjórnvöld hafa lagt á uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á Íslandi. Þegar hæstv. iðnaðarráðherra talar um að nú sé búið að koma öllum hlutum út á markað og það sé fyrirtækjanna og sveitarfélaganna að taka þessar ákvarðanir verður að skoða það í réttu ljósi. Við á Alþingi höfum staðið frammi fyrir því að fara í gegnum afgreiðslu mála eins og raforkumála. Ég vil nefna vatnalagafrumvarpið frá því í fyrra. Við höfum tekist á um auðlindalögin og það hefur verið gríðarlegur ágreiningur um þá breytingu að markaðsvæða raforkukerfið og efna til einhverrar samkeppni sem fjöldinn allur af mætum sérfræðingum heldur fram að verði aldrei hægt að stunda á íslenskum orkumarkaði. Það umhverfi sem orkumarkaðurinn býr nú við er skapað á hinu háa Alþingi. Ég vil undirstrika að það umhverfi hefur aldrei verið mér að skapi og okkur sem í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum starfað. Við hefðum viljað sjá öðruvísi á málum haldið. Við töldum ævinlega að hægt hefði verið að sækja um undanþágur frá orkutilskipun Evrópusambandsins sem stjórnvöld og aðrir flokkar á Alþingi töldu að við þyrftum að innleiða.

Ég vil segja að mér finnst þessi ofuráhersla og ofurtrú stjórnvalda á stóriðjuna — þegar stjórnvöld fara af landi brott, gera út leiðangra til þess að sækja fjárfesta yfir hafið til að fjárfesta í orkuauðlindunum okkar — alvarlegt mál. Mér finnst stjórnvöld vera að segja að eini möguleiki okkar til að skapa einhver verðmæti af orkuauðlindunum sé að selja ódýra orku til erlendra stóriðjufyrirtækja. Stjórnvöld þurfa að opna augu sín fyrir því að það eru aðrar leiðir. Náttúruvernd er líka nýting og ferðaþjónustan okkar lifir ekki á því að sýna álver, virkjanir eða risastíflur. Hún lifir á því að sýna gersemarnar okkar, djásnin okkar sem við eigum á hálendi Íslands og í náttúru Íslands. Við getum ekki haldið áfram eins og við ætlum að gera núna á næstu fjórum árum að reisa álver í Húsavík, álver í Helguvík, stækka Straumsvík, klára Norðurál. Það er of mikil fórn. Það er mál að linni. Við þurfum að taka okkur hlé frá þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa leitt yfir okkur og það ákveður þjóðin vonandi í næstu alþingiskosningum að gert verði.

[11:34]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það ber að þakka að þessi umræða skuli fara fram. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir að koma hér og hefja umræðu um þetta mál og upplýsa hvernig staðan er að hans mati.

Ég vil hins vegar, hæstv. forseti, *velta því fyrir mér* hvað það er sem í raun hefur í upphafi búið til allar þær deilur sem hafa orðið um gerð Kárahnjúkastíflu og orkunotkun henni samfara. Hverjar eru áhyggjur fólks sem hafa tengst gerð Kárahnjúkastíflu og þeim atriðum að þar hafi ef til vill ekki verið nógu vel hugað að undirbúningi?

En ég vil byrja á að velta því fyrir mér hvers vegna við erum yfirleitt í umræðu um að hér hafi verið færst of mikið í fang við gerð Kárahnjúkastíflu. Stíflan sé of stór. Lónið of stórt. (Gripið fram í.) Skiptir ekki máli, hv. þingmaður. Baðkarið þitt er vafalaust svipað að stærð og mitt. Það eru engin sérstök rök hvort lón sé jafnstórt og eitthvað annað. Ég held að við ættum ekki að festast í slíkri umræðu. Hún er ekki svo markverð að við þurfum að skoða hana út frá þeim sjónarhóli.

Ég tel að uppbygging stóriðju á Austurlandi hafi verið eðlileg eins og þar var komið málum. Menn hlutu að líta til þess að finna sér tækifæri til að efla atvinnulíf á Austurlandi. Í því sambandi var alls ekki óeðlilegt að líta til þess að nýta orku norðan Vatnajökuls inn á þetta svæði og mjög eðlileg krafa heimamanna að slík orka væri nýtt á Austfjörðum.

Það sem hefur hins vegar kannski orsakað það að við höfum endað í þessum stórdeilum, m.a. vegna notkunar á því landi sem við sökkvum með Hálslóni, er undirrót þess að þær ákvarðanir voru teknar. Hvað skyldi það nú vera? Það er stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum. Algjört stefnuleysi. Í stað þess að hafa stefnu um það sem hefði verið mjög eðlilegt og æskilegt, að reisa 200.000–250.000 tonna álver á Reyðarfirði sem hefði bara verið þokkaleg stærð og alveg nægileg til að ná fram góðum áhrifum í atvinnulífi á Austfjörðum, þá lætur ríkisstjórnin álfyrirtækjunum það eftir að segja: Við viljum reisa 350.000 tonna álver. (**Gripið fram í:** Hver er munurinn?) Hver er munurinn? hv. þingmaður. Eigum við ekki aðeins að skoða það? Hver er munurinn?

Munurinn er nefnilega sá að Hálslón og stíflan þyrfti ekki að vera af þeirri stærð sem hún er og þar af leiðandi hefði kannski mörg sú umræða sem hefur farið fram um náttúrunýtingu og notkun lands norðan við Vatnajökul aldrei þurft að eiga sér stað.

Ég vil vekja athygli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur á grein sem birtist í Blaðinu í gær þar sem var viðtal við Ástu Þorleifsdóttur þar sem hún færði rök fyrir því að ef til vill væri hægt að ná þeirri orku sem þyrfti til Reyðarfjarðar með lægri lónhæð og hvað þá ef álverið hefði verið aðeins minna þannig að við hefðum ekki þurft að ná í allan þennan vatnsforða til að tryggja rafmagn fyrir 350.000 tonna framleiðslu. (Gripið fram í.) Þá hefðum við einfaldlega, hv. þm. Austfirðinga, Arnbjörg Sveinsdóttir, getað sameinast um að vera ánægð með það öllsömul, ekki bara þeir sem vilja byggja upp atvinnulíf á landsbyggðinni, heldur öllsömul um að hægt hefði verið að ná markverðum áfanga í því og líka að taka tillit til þeirrar umræðu sem hefur orðið varðandi náttúrunýtingu og umgengni við hálendi landsins. (Gripið fram í.) Þetta er sjónarmið mitt sem ég er að kynna hér. (Gripið fram í.)

Ég tel að ekkert óeðlilegt sé við það þótt fólk í hinum dreifðu byggðum Íslands horfi til þess að þar komi ný atvinnutækifæri og þau séu m.a. byggð upp á stóriðju ef svo vill vera. En ég segi, hæstv. forseti, að mér finnst skorta á að ríkisstjórnin hafi stefnu um það hvernig hún vill dreifa þessum atvinnukostum um landið og af hvaða stærðareiningum þeir eigi að vera.

Eigum við að taka eitthvað sem ef til vill er fram undan? Eigum við að tala um Húsavík? Er ástæða til að byggja upp 350.000 tonna álver á Húsavík? Ég segi nei. Það er mín skoðun. En það er fullkomlega ástæða til að horfa til þess að Húsvíkingar geti notað orkukosti sína og geti kannski reist 150.000–200.000 tonna álver. Það er fullkomleg ástæða til að skoða það. (Gripið fram í.) Ég var ekkert að spyrja að því, hv. þingmaður. Ég er bara að reyna að gera grein fyrir því hvað ég teldi að gæti verið skynsamlegt í stöðunni. (Gripið fram í.)

Ég var einfaldlega að segja að mér finnst að ríkisstjórnin hafi ekki stefnu í því hvernig hún vill dreifa þessum kostum um landið. Hún lætur álrisunum eftir að ákveða hversu stór álverin eigi að vera. Við erum svo að bregðast við því með að fara inn í ferli þess að ná í þá orku sem krafa er um fyrir þessi stóru álver, sem er alls ekki nauðsynlegt. Skyldi það vera nauðsynlegt vegna þess að þessar einingar geti ekki borið sig? Nei, alls ekki. Það hefur enginn sýnt fram á það.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur ekki dregið það fram að 100.000 tonna álver gæti ekki borið sig, enda getur hann það ekki. Norðurál í Hvalfirði fór að skila hagnaði með 60.000 tonna framleiðslu. Og enn þá meiri hagnaði í 90.000 tonna framleiðslu og hefði vafalaust skilað ágætishagnaði þó það hefði aldrei verið farið yfir 200.000 tonna framleiðslu þar. (**Gripið fram í:** Hvað er það stórt núna?) Það er núna komið í 220.000 og mun sennilega fara í 260.000, ef ég man rétt. (**Gripið fram í:** 300.000.)

Það sem ég er að segja er að við höfum ekki mótað okkur vegferð í þessum málum. Þess vegna höfum við lent þessum hörkudeilum í þjóðfélaginu vegna þess að við erum að taka stærri skref en ásættanlegt er fyrir mjög marga sem horfa á nýtingu landsins.

Í því sambandi er rétt að vekja athygli á að ég held að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafi kynnt það í gær að komin væri sátt um verkferli sem snýr að notkun vatnsafls og hvers konar uppröðun við þyrftum að búa til í því. Þetta er auðvitað stefnumótun. Þá spyr ég: Hvar er stefnumótunin varðandi stærð álvera? Hvar er hún? Hún er auðvitað orsökin að því hversu mikla orku við erum að ná í í hverju tilfelli. Þannig er það.

Ef við leyfum álfyrirtækjunum að setja kröfuna og reisa hana og hún er tekin gild í þjóðfélagi okkar, að eingöngu skuli byggt álver af þeirri stærð sem verið er að reisa austur á Reyðarfirði, þá erum við auðvitað þar með að viðurkenna að við séum sammála því að leita að þeirri orku sem þarf til framleiðslunnar. Þá erum við komin í ferli sem við erum kannski ekki öll sátt við.

Ég held að margt af þeirri umræðu og þeim deilum sem við höfum lent í sé kannski orsök þess að við höfum leyft álfyrirtækjunum að setja fram kröfu um hversu stórar einingar álfyrirtækin vildu byggja í stað þess að setja takmörk, jafnvel með skilyrðum eða fyrirskipunum um að skoða mætti síðar stækkun. Og þá yrði orkuþörf og önnur nýting metin. Þannig var þetta byggt upp við Norðurál í Hvalfirði, skref fyrir skref.

Ég er að draga þetta fram, hæstv. forseti, vegna þess að allir vita hvernig þessar deilur hafa verið um Kárahnjúka og Kárahnjúkastíflu og notkun lands í því sambandi á undanförnum árum og missirum.

Ég verð hins vegar að segja, hæstv. forseti, að eftir umfjöllun í haust um Kárahnjúkastíflu og gerð hennar og þær upplýsingar sem við fengum fram, m.a. í iðnaðarnefnd, þá hef ég miklu minni áhyggjur af Kárahnjúkastíflu heldur en áður. Ég tel að Kárahnjúkastífla sé ekki stórhættulegt mannvirki. Ég tel það ekki.

Hins vegar er það mikil spurning hvort jarðskorpan, sem var kannski ekki nægilega rannsökuð við gerð stíflunnar, muni ef til vill taka breytingum við þann mikla þunga sem áætlað er að setja í Hálslón. Þá kem ég aftur að þeirri grein sem Ásta Þorleifsdóttir var með í Blaðinu í gær.

Er það hugsanlegt, og ég beini þeirri spurningu til hæstv. iðnaðarráðherra, að við förum varlegar í að fylla stífluna með tilliti til þess, eins og Ásta rakti í grein sinni að vatnsstreymi frá jöklinum er meira vegna hlýnandi veðurfars en menn gerðu áður ráð fyrir og þess vegna minni líkur á að upp komi sú staða að þurrð verði á vatni til að ná þeirri orku sem við þurfum að ná, eins og málum er komið, til að nýta fjárfestinguna sem er á Reyðarfirði? Er það hugsanlegt? Ég spyr vegna þess að ég þekki ekki það mál. En Ásta Þorleifsdóttir færir að því nokkrar líkur að það sé alveg hugsanlegt. Að hafa lægri lónhæð og ná samt þeirri orku sem við erum að sækjast eftir.

Þetta var í meginatriðum það, hæstv. forseti, sem ég vildi sagt hafa. Hitt er alveg ljóst að ástæða þess að landsbyggðin er mjög víða að leita að nýjum atvinnutækifærum, og horfir þar til orkunnar og í því sambandi til stóriðjunnar, er auðvitað sú þróun sem víða hefur orðið í byggðum landsins. Undan því verður ekki vikist að þar á líka stefna stjórnvalda mikinn þátt, m.a. stefnan í sjávarútvegsmálum. Ekki er hægt að horfa fram hjá því, hv. þingmaður. Þannig er það. Og þó að þú búir ekki í sjávarútvegsbyggð, þá er það svo.

Við horfum á það að því miður fækkar á mörgum landsvæðum og atvinnutækifærin í gömlu undirstöðuatvinnugreinunum fækkar. Vissulega er þar tilfærsla og ný tækni

sem kemur til. Það er samt mannanna verk að hafa búið lögin um stjórn fiskveiða í þann búning sem við sitjum uppi með.

Ég vona að þær framkvæmdir sem gerðar hafa verið á Austfjörðum verði okkur til gæfu. Því ekki getur neitt okkar, hvaða skoðun sem við höfum, vonað að þær verði til ógæfu. Það held ég að hljóti að vera einkennileg hugsun ef einhver hugsar svo.

Við getum haft ýmsar skoðanir á því hvernig þetta verkferli var allt, hvernig að þessu var staðið. Ég hef lýst skoðunum mínum á því að ég tel að hægt væri að ná mjög markverðum árangri í orkunýtingu og þess vegna stóriðjunotkun með minni virkjunum og minni álverksmiðjum ef því er að skipta, eða öðrum atvinnurekstri, frekar en að reisa m.a. það stóra álver sem reist verður á Reyðarfirði.

Ég vona hins vegar að störfin þar verði Austfirðingum til heilla og ég vona vissulega að það verði vinnustaður þar sem kynjaskipting verður jafnari en verið hefur í iðnaðargreinum á undanförnum árum. Ég hef séð að í Norðuráli í Hvalfirði, þar sem ég hef komið, fjölgar konum við störf. Ég sé ekkert í störfum í álverum sem mælir á móti því að konur geti sinnt þeim til jafns við karla. Ég held því að fjölbreytni starfanna og störfin geti breyst á milli kynja. Það er æskilegt að mínu mati. Það eflir auðvitað byggð. Síðan fylgja þessu mörg afleidd störf og fólk þarf að mennta sig til þeirra starfa. Það er því engan veginn hægt að halda því fram að það sé allt neikvætt í þessari umræðu, langt í frá.

[11:49]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir greinargóða skýrslu um framkvæmdir við Kárahnjúka og þau miklu umsvif sem nú eru fram undan og eru staðreynd á Austurlandi. Ég er sammála hæstv. ráðherra í því að þessi umræða er nauðsynleg og þar af leiðandi ekki sammála málflutningi hv. formanns Samfylkingarinnar, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, þar sem hún efast um tilgang þessara umræðna.

Við höfum nú leitt það í ljós hér að sú samhenta stjórnarandstaða sem boðað hefur að hún ætli að setjast í ríkisstjórn á næsta ári kynnir þrjár ólíkar stefnur í stóriðjumálum á Íslandi. Í fyrsta lagi að Vinstri grænir eru á móti allri stóriðju. Í öðru lagi að Samfylkingin ætlar að setja a.m.k. fimm ára stóriðjustopp, svona til að nálgast Vinstri græna að einhverju leyti. Í þriðja lagi kemur svo hv. formaður Frjálslynda flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, og boðar álver við Húsavík og þakka ég honum fyrir þann stuðning í því mikilvæga máli. Hér hafa því komið þrjár ólíkar skoðanir hjá þremur stjórnarandstöðuflokkum. Ég held að við stjórnarliðar þurfum að hjálpa stjórnarandstöðunni í því að samræma málflutning sinn í þessum efnum.

Það er ekki nóg með það að stjórnarandstaðan sé ósammála innbyrðis heldur virðist hv. formaður Samfylkingarinnar vera í töluverðum vandræðum í sínum málflutningi því að þær mótsagnir sem komu fram hjá hv. þingmanni áðan voru með ólíkindum. Hv. þingmaður fór yfir hnignun byggðar á Austurlandi á undanförnum árum og talaði um að þurft hefði að styrkja atvinnulífið þar. Ég er sammála hv. þingmanni um það. Stuttu síðar fór hv. þingmaður yfir það að Framsóknarflokkurinn og stjórnarflokkarnir hefðu farið offari í því að byggja upp þennan stóra vinnustað á Austurlandi, því að það hefði enginn atvinnubrestur verið í þjóðfélaginu á þeim tíma.

Ég skora á hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að kynna sér hvernig ástatt var í atvinnumálum Austfirðinga á sínum tíma. (Gripið fram í.) Eins og hæstv. iðnaðarráðherra fór hér yfir var hnignun í nær öllum atvinnugreinum og ef það er ekki samdráttur í atvinnulífi í heilum fjórðungi og neyðarástand sem hefði þurft að bregðast við þá veit ég ekki hvað hv. þingmaður kallar samdrátt.

Síðan er það svo að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir virðist vera búin að gleyma því að hún lagði blessun sína yfir þessa framkvæmd. Það var einkavæðingartónn í ræðu hv. þingmanns þegar hún talaði um að trúlega hefði verið réttast að stofna um þetta verkefni einkahlutafélag sem mundi lúta áhrifum markaðarins. Samt sem áður er það staðreynd að hv. þingmaður studdi það að ríkið kæmi að þessu máli með ábyrgðum. Hún skrifaði fyrir hönd Reykvíkinga upp á lánsábyrgð vegna þessarar framkvæmdar. En hv. þingmaður virðist hafa töluverða eftirsjá í þessu máli, því að hún sagði á dögunum að batnandi mönnum væri best að lifa og er þar af leiðandi að tala til andstæðinga þessara framkvæmda um að Samfylkingin hafi hringsnúist á punktinum í þessu efni.

Hv. þingmaður talaði um arðsemi verkefnisins. Ég vil spyrja hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu hvers virði það sé að sjá byggðirnar rísa og fasteignaverð færast nær því sem gengur og gerist á stærri þéttbýlisstöðum eins og við sjáum núna fyrir austan. Hvers virði er það að sjá mannlífið blómgast eins og nú er staðreynd á Miðausturlandi? Og hvers virði er það að sjá þá bjartsýni sem nú ríkir á Austurlandi í stað þess hugarástands sem ríkti á þar fyrir örfáum árum? Er hægt að meta alla þessa þætti í krónum og aurum að mati hv. formanns Samfylkingarinnar, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur?

Hæstv. forseti. Það er nefnilega svo að stöðug fólksfækkun, lágt húsnæðisverð og ekki nægjanlegur fjölbreytileiki í atvinnulífi einkenndi Miðausturland fyrir örfáum árum. Fólk flutti í ríkum mæli burt og fann sér atvinnu við hæfi, oftar en ekki var það á suðvesturhorni landsins. Það var samdráttur, eins og ég sagði hér áðan, í nær öllum atvinnugreinum í fjórðungnum. (**Gripið fram í:** Hverjir höfðu ...?) Það var þungt í fólki (**SJS:** Hvers konar ...?) enda Austfirðingar búnir að berjast fyrir því, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, um áratugaskeið að byggja upp atvinnulíf á Austurlandi. Og við skulum hafa það í huga, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að eina stóriðjan sem staðsett er hér á landi er á höfuðborgarsvæðinu og ég hef ekki heyrt hv. þingmenn Vinstri grænna mótmæla stækkun á Grundartanga í miklum mæli. Nei, það skal snúa sér að Austfjörðum, umbjóðendum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. (Gripið fram í.) Það skal snúa sér að Austfirðingum.

Það er þannig, hæstv. forseti, að ég er mjög stoltur af því sem þingmaður þessa kjördæmis að áratugabaráttumál Austfirðinga virðist nú vera í höfn. Það er líka ekkert óeðlilegt að Þingeyingar og Akureyringar sameiginlega skuli berjast fyrir sams konar uppbyggingu og nú á sér stað á Austurlandi. Því miður er það staðreynd að Samfylkingin

hefur sett stóriðjustopp á þær framkvæmdir og Vinstri grænir munu aldrei samþykkja þær framkvæmdir. Er það óeðlileg krafa íbúa á landsbyggðinni að byggja upp atvinnulífið með þeim hætti líkt og við höfum verið að gera á höfuðborgarsvæðinu? (**Gripið fram í:** Hvernig væri að leyfa þeim að sækja sjóinn?) Við hljótum að gera þá sjálfsögðu kröfu að íbúar á landsbyggðinni njóti fjölbreytni í atvinnulífi líkt og íbúar á höfuðborgarsvæðinu.

Álverið í Straumsvík og álverið á Grundartanga hafa fært hundruðum manna mjög eftirsótt störf, það er eftirsótt að vinna á þessum vinnustöðum. Ég fullyrði að höfuðborgarsvæðið í dag væri allt annað ef þessir stóru vinnustaðir væru ekki til staðar í Hafnarfirði og á Grundartanga. (Gripið fram í.) Það eru mörg hundruð eða þúsundir starfa, afleiddra starfa, sem skapast í kringum þessa stóru vinnustaði. Þegar hv. stjórnarandstaða talar um þá áherslu sem við eigum að leggja á uppbyggingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja tek ég undir með stjórnarandstöðunni í þeim efnum. En hverjir eru að þjónusta þessa stóru vinnustaði? Það eru lítil og meðalstór fyrirtæki. Hverjir munu þjónusta álver á Húsavík ef það verður að veruleika, eins og við framsóknarmenn og trúlega sjálfstæðismenn ætla sér? Akureyringar munu þjónusta það fyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki á Akureyri munu þjónusta þennan mikilvæga vinnustað á Bakka við Húsavík. En það er ekkert í hendi í þeim efnum, það er mikil andstaða hér í þingsal gegn atvinnuuppbyggingu á Norðausturlandi í þeim efnum en við framsóknarmenn og stjórnarmeirihlutinn munum standa vörð um það að byggja upp slíka atvinnu þar. (**Gripið fram í:** Hvað ætlarðu að gera við Grímsey?)

Hæstv. forseti. Þær ábyrgðarlausu hugmyndir sem hafa komið fram hjá stjórnarandstöðunni um að fresta fyllingu Hálslóns eru vissulega umræðuefni í þessari umræðu. Þar er um svo óábyrgt tal að ræða að það tekur ekki nokkru tali. Það er verið að tala um að fresta eigi fyllingu Hálslóns, fara í mjög umfangsmiklar rannsóknir á þessari stóru framkvæmd sem hefur verið fullrannsökuð, en eins og kom fram hjá hæstv. iðnaðarráðherra hefur engin framkvæmd á vegum Landsvirkjunar hlotið eins miklar rannsóknir og bygging Kárahnjúkavirkjunar. Við höfum því verið að fresta orkuafhendingu Landsvirkjunar til Fjarðaáls um óákveðinn tíma, trúlega lengri tíma en skemmri. Alcoa hefur samið við viðskiptavini sína erlendis skuldbindandi um útflutning á þeirri framleiðslu sem þarna er um að ræða, þannig að íslenskir skattborgarar hefðu á endanum orðið skaðabótaskyldir upp á marga milljarða króna. Þetta er innlegg stjórnarandstöðunnar í þessu stærsta atvinnumáli Íslandssögunnar. Fyrir utan það að þeir 400 starfsmenn sem bíða eftir að fara að starfa hjá Fjarðaáli hefðu trúlega ekki haft mikið að gera á meðan, trúlega hefði þurft að seinka því að ráða í þau störf og væntanlega hefði það haft áhrif á þau 500–600 afleiddu störf sem framkvæmdin skapar. Eitt þúsund störf á Austurlandi hefðu orðið í uppnámi á Austurlandi vegna þessa. Hefði það styrkt Miðausturland? Nei, það hefði ekki styrkt Miðausturland, það er á hreinu.

Það er því mjög mikilvægt að ábyrg stjórnvöld standi að þessari framkvæmd sem er mjög vel undirbúin eins og hæstv. iðnaðarráðherra kom inn á áðan. Það er óábyrg stjórnarandstaða sem talar með þvílíkum hætti um þessa framkvæmd, sáir fræjum efa og ótta, ekki síst hjá Austfirðingum, að stíflan muni trúlega bresta og að stjórnarflokkarnir séu að tefla Austfirðingum í tvísýnu með þessari framkvæmd. Það er með ólíkindum að hlusta á málflutning hv. formanns Samfylkingarinnar sem er komin í marga hringi í þessari umræðu, það er með ólíkindum að hlusta á málflutning stjórnarandstöðunnar allrar sem er innbyrðis ósammála um alla hluti í þessu máli. En þetta er ekki eini málaflokkurinn þar sem stjórnarandstaðan er ósammála, hún hefur komið hér fram með mjög ótrúverðugum hætti.

[11:59]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Nýr iðnaðarráðherra, formaður Framsóknarflokksins, hóf þessa umræðu greinilega í þeim tilgangi að róa þá sem eru óánægðir með stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og þá sem hafa áhyggjur af Kárahnjúkavirkjun, að hún hafi ekki verið nægilega vel undirbúin.

En var það svo? Var undirbúningur þessarar risavöxnu framkvæmdar nógur? Svar mitt við því er nei. Ástæður þess eru margar. En grundvallarástæðan skiptir þar mestu. Hún er sú að stjórnvöld höfðu ekki staðið sig í stykkinu hvað varðar löggjöf á sviði náttúruverndar og auðlindanýtingar. Iðnaðar- og umhverfisráðherrar Framsóknarflokksins höfðu ekki mikinn áhuga á að koma þeim málum í framtíðarfarveg. Þeim fannst ekki ástæða til að hraða því að meðferð náttúruauðlinda, með annaðhvort vernd eða nýtingu auðlinda, væri búinn vísindalegur farvegur.

Þó var kapphlaupið um auðlindirnar hafið. Orkufyrirtækin röðuðu inn umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi. Það var ekki fyrr en í gær, eftir margra ára baráttu þeirra sem hafa viljað standa með náttúrunni og skynsamlegum leiðum til að vernda hana og nýta, að það loks grillti í einhvern árangur. Hvernig náðist hann?

Eftir að við í Samfylkingunni höfðum forustu um það náðist fyrst á vorinu 2005, eftir þref og þjark, samkomulag við iðnaðarnefndarmenn í stjórnarmeirihlutanum um að nefnd yrði sett til starfa til að leita sátta um framtíðarstefnumörkun um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsaflsrannsóknir. Þetta dugði reyndar ekki á því þingi. Vegna þess að Vinstri grænir drápu málið. (**Gripið fram í:** Já.) Þeir drápu málið og komu í veg fyrir að þetta væri samþykkt. En það sem gerðist í framhaldinu er einmitt lýsandi fyrir stjórnarmeirihlutann og sérstaklega hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, og vilja hennar til að viðhalda því handvirka geðþóttastjórnkerfi sem verið hefur við lýði í meðferð auðlinda á Íslandi. Sjaldan brá sú mey vana sínum.

Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. ráðherra, mætti nefnilega til næsta þings á eftir með frumvarpið sem nefndin hafði komið sér saman um. En það vantaði í frumvarpið nefndarskipunina. Það kostaði átök í Alþingi, eins og þið munið, í fyrravetur að ná því fram að niðurstaðan yrði sú sem iðnaðarnefnd hafði lagt til í upphafi. En hæstv. ráðherra varð að éta ofan í sig það sem hún hélt hér fram fyrir ári síðan að með þeirri lagasetningu sem þarna var fyrirhuguð gæti hún haldið áfram handvirkum útdeilingum á verkefnum hvað varðaði stóriðju í landinu. Síðan var fallist á að umrædd nefnd yrði skipuð.

Nefndin vann gott starf. Niðurstöður hennar eru gríðarlega mikilvægar. Þær taka á málum sem hefði átt að leysa fyrir löngu. Taka á því hvernig skynsamlegt er að vinna að löngu tímabærri stefnumótun um nýtingu náttúrugæða. Taka á því hvort það verður gert með friðun og vernd eða annarri nýtingu. Taka á því hvaða nýting skuli leyfð á meðan unnið verði að þessari stefnumótun. Setur um þetta skýran ramma. Þar er miðað við að einungis þeir kostir sem eru í fyrsta áfanga rammaáætlunar A og B og ekki eru gerðar athugasemdar við vegna áhrifa á náttúrufar komi til álita þar til stefnumótuninni er lokið. Hún tekur á hinu mikla deilumáli sem hefur staðið um hvernig skuli meðhöndla auðlindir í þjóðareign. Þar er líka skýr niðurstaða. Auðlindir í þjóðareign skal auglýsa séu þær til ráðstöfunar og um réttinn til nýtingar fái þeir að keppa sem eftir honum sækjast á jafnræðisgrundvelli. Þetta er auðvitað niðurstaða sem gefur fordæmi fyrir meðferð allra auðlinda í þjóðareign.

Niðurstöðurnar sem nefndin komst að eru allar sjálfsagðar og eðlilegar þegar litið er til þess umboðs sem hún hafði. En það þarf að leysa fleiri verkefni en nefndin hafði á sinni könnu. Það þarf auðvitað að láta framtíðarstefnumótunina, sem nefndin lagði til að gerð yrði um viðfangsefni sín, ná til allra auðlinda. Setja þarf náttúruverndina líka í forgang. Alþingi þarf að taka til sín ákvarðanir um hvort og þá hvar og hvenær ráðist verður í stóriðju sem hyggst nýta íslenska ákvæðið til útblásturs gróðurhúsalofttegunda.

Tillaga okkar samfylkingarmanna liggur nú þegar fyrir í þinginu um þetta mál. Þegar það sem ég nefndi hér á undan hefur verið gert verður fyrst búið að ná viðunandi tökum á þeim málefnum sem við ræðum um.

Stefna hæstv. iðnaðarráðherra hins vegar, sú sem hann kynnti þegar hann tók við embætti á liðnu vori undir kjörorðinu: Ríkisstjórnin rekur ekki stóriðjustefnu, gengur ekki. Það var reyndar athyglisvert að hlusta á hv. þm. Birki Jón Jónsson halda því fram að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn ætluðu að byggja álver á Húsavík. Það virðist ekki passa við það sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur sagt um þessi atriði.

Sú stefna að vísa því til Hafnarfjarðar og Húsavíkur, eða hvert sem er, hvort, hvar og hvenær ráðist verður í stóriðju á Íslandi — útblástursheimildir eru í boði stjórnvalda, hvort sem þær eru til eða ekki, þannig er nú kerfið núna — gengur ekki. Við skulum bara gleyma henni strax. Við skulum ekki ræða um hana. Það þarf ekki. Svona stefna gengur ekki.

Þrátt fyrir þessa furðulegu fyrstu göngu hæstv. iðnaðarráðherra bind ég miklar vonir við að hann sjái villu þessa vegar. Ég geri það vegna þess að hann sýnir nú fulla samstöðu með nefndinni sem var að skila af sér. Hæstv. ráðherra mætti á lokafund nefndarinnar með yfirlýsingu sem staðfestir þetta. Ég fagna því. Hæstv. ráðherra er skynsamur maður. Hann hlýtur að sjá að stjórnvöld verða að taka fulla ábyrgð á vernd og nýtingu auðlinda, ekki seinna, heldur núna.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur talað um virkjunina við Kárahnjúka og Hálslón og telur að vel hafi verið staðið að undirbúningi þessa mesta stórvirkis Íslandssögunnar. Það er skoðun mín að vísindamenn og verkfræðingar sem þar hafa um vélað hafi unnið frábært starf á þeim allt of stutta tíma sem þeim gafst til að vinna sitt mikla verk. En stjórnvöld í landinu geta ekki fengið jafnháa einkunn fyrir sinn hlut.

Hæstv. forseti. Það var engin stefnumörkun um vernd og nýtingu auðlinda til staðar þegar ákvörðun um virkjun við Kárahnjúka var tekin. Þetta var og er Alþingi til hneisu. Það hlýtur að vera fleirum en mér sem samþykktu þessa virkjun umhugsunarefni. Ef tillaga auðlindanefndar, sem skilaði af sér í gær, hefði verið samþykkt, tillaga sem við báðir erum ánægðir með, ég og hæstv. ráðherra, ef sú tillaga hefði verið samþykkt áður en það mál var afgreitt á Alþingi þá hefði verið útilokað að samþykkja hana. Kárahnjúkavirkjun komst nefnilega hvorki í A-flokk rammaáætlunar né B-flokk. Ekki heldur í C-flokk. Ekki einu sinni í D-flokk. Hún fékk sæti neðst í rammaáætluninni og með miklar athugasemdir um áhrif á náttúrufar.

Það voru hins vegar nógir kostir til staðar í A- og B-flokki rammaáætlunar. Það sést best á því að það er nóg eftir fyrir tvö, þrjú álver enn þá af þeim verkefnum sem þar eru. Það þarf að ræða af hreinskilni um fortíðina og hvað betur hefði mátt fara í henni. Aðdragandi virkjunar við Kárahnjúka kennir okkur að gera betur í framtíðinni. Náttúruvernd og auðlindanýting og meðferð auðlinda í þjóðareign eru einhver stærstu mál okkar tíma.

Ég skora á alþingismenn að lyfta sér upp fyrir flokkadrætti, eins og auðlindanefndinni tókst að gera, og ganga til verks með sama hugarfari og þar ríkti. Verkefnið er að móta framtíðarstefnu fyrir nýtingu allra náttúrugæða til lands og sjávar á Íslandi, hvort sem það verður gert með friðun og vernd eða annarri nýtingu. Og innsigla þá stefnumörkun með því að festa ákvæði um þjóðarauðlindirnar í stjórnarskrána. Þetta er verkefni sem við eigum að vinna saman. Ég tel að það yrði munað eftir því Alþingi sem nú situr, (Forseti hringir.) ef þingmenn eru samstiga.

[12:09]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Allir á Austfjörðum voru að vonast eftir lítilli og sætri 120.000 tonna álverksmiðju, sagði 8. hv. þm. Reykv. n., Kolbrún Halldórsdóttir. Mér þótti þetta sætt og fallegt hjá henni að rifja þetta upp. Er náttúrlega vísað til drauma Hjörleifs Guttormssonar þegar hann var iðnaðarráðherra.

Við munum eftir því að þegar Gunnar Thoroddsen var að beita sér fyrir Blönduvirkjun dró Hjörleifur Guttormsson lappirnar vegna þess að hann vildi virkja jökulárnar fyrir austan. Hann hugsaði sér að virkja við Eyjabakka og síðan yrði 40 kílómetra langur skurður norður alla heiði. Þetta var framtíðarsýn Hjörleifs Guttormssonar, þessa eina manns í Vinstri grænum sem verið hefur orku- og iðnaðarráðherra. Er spurning hvort ekki á að taka mark á því sem menn segja þegar þeir bera ábyrgðina frekar en eftir á. En þetta var nú hans draumur og var þó ekki búið að selja rafmagn fyrir einni einustu ljósaperu. Kommar austur þar í Hjaltastaðaþinghá voru svo ákafir að þeir voru farnir að rækta aspir fyrir kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði.

Ef við á hinn bóginn rifjum upp það sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði hér, fyrrverandi borgarstjóri, var t.d. athyglisvert að hún talaði um að Íslendingar skiptust í virkjanaher og verndarher. Þeir eru kannski verndar-

herinn sem eru búnir að standa að virkjun um alla Hellisheiði fyrir álver á Stór-Reykjavíkursvæðinu? Er það verndarherinn sem veitti ábyrgð Reykjavíkurborgar fyrir að ráðast í Kárahnjúkavirkjun? Eða er fyrrverandi borgarstjóri stikkfrí eftir hún fer út stólnum? Vill hún ekki bera ábyrgð á sínum gerðum? Er eitthvað að marka það sem hv. þingmaður segir um þessi efni? Ég tók ekki betur eftir en að frambjóðandi Samfylkingarinnar til formanns hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hafi verið sá mikli virkjunarmaður Smári Geirsson.

Þó var óhjákvæmilegt að skilja ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur öðruvísi en svo að hvert einasta orð væri kinnhestur á Smára Geirsson fyrir afstöðu hans í stóriðjumálum og staðfestu hans í stóriðjumálum. Ég sé að hv. þingmaður brosir. En hún sagði áðan að sjávarbyggðunum væri að blæða út og ríkisstjórnin flýtti sér af því það væru kosningar til að ráðast í álverið.

Ef sjávarbyggðunum var að blæða út, var þá ekki ástæða til að grípa í taumana og byggja upp nýjan rekstur? Eru þetta ekki einmitt rök fyrir því að rétt var að fara í þessa virkjun? Ég held að við eigum að skilja að á bak við virkjunaráform Íslendinga fyrr og síðar, við getum farið aftur í Elliðaárnar, við getum farið hvert sem við viljum, við getum farið í Sogið, er einmitt þetta að skapa atvinnu fyrir fólkið. Það sé atvinnuskapandi. Þegar þessi flokkar sem vilja kenna sig við verkalýðshreyfingu, Vinstri grænir og Samfylking, gera lítið úr því að verið er að byggja upp atvinnu á landsbyggðinni, þá er nú langt gengið vil ég segja, ef þessa tvo flokka varðar ekkert um atvinnuna. Halda menn t.d. að Lúðvík Jósepsson, Norðfirðingur, hafi á sínum tíma lagt lítið upp úr því sem var atvinnubyggjandi? Halda menn það?

Auðvitað snúast stjórnmál landsbyggðarþingmanna um það framar öðru að tryggja fólki vinnu. Það er á bak við þessa virkjun og það er á bak við ákvarðanir okkar. Það er rangt að halda því fram að við sem viljum nýta landsins kosti séum á móti náttúruvernd. Það er fullkomlega rangt. Það er hálfbroslegt að sjá menn hreykja sér og þykjast vera meiri náttúruverndarmenn en aðrir hér í salnum. Ég veit ekki um og skal ekki um það segja hvort einhverjir aðrir hafi vakað fleiri sumarnætur en ég úti. Það má vera að það sé einhver hér inni sem það hefur gert. Ég skal ekki fara að deila um það. En ljóst er að við erum náttúruverndarmenn sem ólumst upp með náttúrunni, vorum í sveit og unnum við hafið og höfum verið úti um allar trissur.

Annað var líka eftirtektarvert. Það var afstaða þessara tveggja kvenna, hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur til skýrslu Gríms Björnssonar. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lagði mikið upp úr henni og sagði að henni hefði verið haldið leyndri fyrir þingmönnum. Aftur sagði hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir að við skyldum ekki gera of mikið úr skýrslunni því að það sem þar kæmi fram hefði komið fram áður.

Verst er að hv. þm. Helgi Hjörvar má ekki tala hér í þessari umræðu vegna þess að hann fékk skýrsluna í hendur haustið 2002 áður en nokkur bindandi samningur hafði verið gerður um Kárahnjúkavirkjun. Þessum hv. þingmanni var í lófa lagið að sýna borgarstjóra, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, skýrsluna. En það gerði hann ekki, eða hvað? Var kannski hv. þingmaður á þeim tíma búin að sjá skýrsluna? Ég sá hana ekki. En á hinn bóginn, hv. þm. Jóhann Ársælsson, ræddi ég þetta mál við þann mann sem nú er bæjarstjóri í Kópavogi um daginn og er doktor í jarðvegsfræði með tilliti til bygginga og nam á miklu jarðskjálftasvæði. Hann sagði mér að það hefði verið farið nákvæmlega í gegnum þessi atriði í þeim nefndum sem hann var í hér á Alþingi á sínum tíma. Og hann ber meira skynbragð á þetta en ýmsir aðrir.

En fyrir liggur að þegar þessi skýrsla kom í hendur hv. þm. Helga Hjörvars, þá þótti honum hún ekki merkilegri en svo, að mér skilst, að hann hefur engum sýnt hana. Það er jafnframt svolítið undarlegt ef menn eru að reyna að gera mikið úr því að skýrslan kom ekki til Alþingis. Ef sá sem skýrsluna skrifaði gerði það í sínum einkatíma, hann átti auðvitað að senda alþingismönnum skýrsluna sjálfur. (**Gripið fram í:** En ekki iðnaðarráðherra?) Hann sendi ekki hæstv. iðnaðarráðherra skýrsluna. Hann ætlaði hana alþingismönnum og átti þá að senda hana alþingismönnum. Það er við engan að sakast nema hann sjálfan. Ef menn skrifa vitlaust heimilisfang á bréf þá fer bréfið auðvitað ekki á réttan stað. En þetta er ekkert flókið, hv. þm. Jóhann Ársælsson.

Það var eitt annað sem mér þótti athyglisvert sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði: Við vildum fara aðra leið í atvinnumálum Austfirðinga. Við hverjir? Skyldi hv. þingmaður ekki hafa sagt þingmönnum kjördæmisins í sínum flokki frá þessu, Steingrími J. Sigfússyni og Þuríði Backman? Þau hafa ekki bent á neina aðra leið sem máli skiptir í sambandi við atvinnumál Austfirðinga. Hver er sú leið? Hér talar á eftir Steingrímur J. Sigfússon. Það væri nú fróðlegt að hann gerði grein fyrir því sem flokkssystir hans sagði hér að hann hefði viljað fara aðra leið í atvinnumálum Austfirðinga. Hvar hefur örlað á því?

Ég ætla ekki að fara að rifja upp einhverja fjallagrasamjólk. En það munar ekki um þá leið sem þessi flokkur talar um vegna þess að hún er engin. Þetta eru innantóm yfirboð. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon greip fram í áðan og talaði um að ríkisstjórnin bæri ábyrgðina. Ríkisstjórnin bar ábyrgðina og brást við. En Steingrímur J. Sigfússon var á sínum tíma ráðherra. Á þeim tíma var það á stefnu ríkisstjórnarinnar að byggja álver og fara í stórvirkjanir að sjálfsögðu. En hvernig var ástandið þegar hann hrökklaðist úr ráðherrastól? Hér blasti við stórfellt atvinnuleysi. Lífskjör allra í landinu versnuðu hvert einasta ár sem hann var ráðherra. (Gripið fram í.) Hvert einasta ár sem hv. þingmaður var ráðherra versnuðu lífskjörin. (Gripið fram í.) Rólegur hv. þingmaður. Hann tapaði enda kosningum um haustið. (**Gripið fram í:** ... frá 1988.)

Það er rétt að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins sprakk þá vegna þess að vinstri menn komu sér saman um að mynda ríkisstjórn. En þeim gekk nú ekki vel, Steingrímur. (Forseti hringir.) Það er ekki mikið sem eftir hv. þingmann liggur.

[12:19]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég tel það auðvitað þakkarvert og athyglisvert að hæstv. iðnaðarráðherra flytur hér munnlega skýrslu um stöðu mála við Kárahnjúkavirkjun og hæstv.

iðnaðarráðherra hefur athyglisverðan stíl í framsögu sinni í stjórnmálaumræðunni. Hann hleður saman miklu magni jákvæðra lýsingarorða um hversu afbragðs vel hafi verið staðið að þessu öllu saman, hversu rækilega þetta hafi verið undirbúið, um alúðina og virðinguna sem náttúrunni hafi verið sýnd og þar fram eftir götunum.

Ég fæ ekki betur séð, frú forseti, en að hæstv. iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson sé að verða mesta „candy floss verksmiðja" íslenskrar stjórnmálaumræðu í langan tíma með þessari miklu smíði sinni á jákvæðum og fallegum lýsingarorðum. En eru nú innistæður fyrir þessu að öllu leyti?

Ég tel að besti kafli hæstv. iðnaðarráðherra hafi verið þegar hann útmálaði hörmungarástandið á Austurlandi í lok langrar stjórnarsetu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Sem sagt, hæstv. ráðherra var að lýsa ástandinu á Austurlandi upp úr aldamótunum þegar Framsóknarflokkurinn var búinn að vera hátt í tvö kjörtímabil í stjórn og Sjálfstæðisflokkurinn hátt í þrjú kjörtímabil í stjórn.

Kemur svo hér sagnfræðingurinn Halldór Blöndal og fer með þulurnar um hvernig allt hafi verið í kaldakoli 1991, horfir fram hjá þeirri staðreynd að aldrei hefur nú landsbyggðin staðið frammi fyrir öðrum eins ósköpum og haustið 1988 þegar Sjálfstæðisflokkurinn hrökklaðist út úr ríkisstjórn, atvinnulífið var að stöðvast, útflutningsatvinnugreinarnar voru að stöðvast og það þurfti mikið átak til að koma hjólunum í gang á nýjan leik. Viðskilnaðurinn var nú ekki verri en það 1991 að þá hafði í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins náðst að gera þjóðarsáttina og fylgja henni eftir með samstilltu átaki fjölmargra aðila í þjóðfélaginu, sem skilaði verðbólgu á Íslandi í fyrsta skipti í eins stafs tölu um langt árabil. Þetta fékk ríkisstjórnin í arf 1991.

Það er alveg hárrétt að metnaðarleysi og aumingjaskapur stjórnvalda — og þá má svo sem enginn vera undanskilinn — í byggðamálum á mikinn þátt í því vonleysisástandi sem gert er út á þegar menn eru látnir stökkva á hálmstrá af því tagi sem stóra lausnin að ofan, eitt stykki álver hér, er. En það er undarlegt að menn skuli reyna að bera það á borð að það geti verið einhver almenn lausn í byggðavanda fyrir landsbyggðina eins og hún leggur sig að velja eitt afmarkað svæði út úr og steypa þar öllu á hvolf með risaframkvæmdum á tilteknu árabili. Auðvitað hefur alltaf blasað við að áhrifin af þessu yrðu gríðarleg á Miðausturlandi, a.m.k. á meðan framkvæmdirnar stæðu yfir. En aðeins sagan getur dæmt um hvernig þetta reynist Austfirðingum til lengri tíma litið.

Það sem við höfum lagt til — og við höfum lagt margt til í þeim efnum, hv. þm. Halldór Blöndal, þú mátt vera því öllu ósammála ef þér sýnist svo, en að segja að við höfum ekkert lagt til, það er ekki stórmannlegt. Við höfum flutt tillögur um sérstakt atvinnuátak á þessu svæði, stofnun sérstaks atvinnuþróunarsjóðs fyrir Austurland, við höfum flutt tillögur um úrbætur í samgöngumálum, fjarskiptamálum, úrbætur í sambandi við menntamál og aðra opinbera þjónustu. Við höfum andæft niðurskurði ykkar á opinberri þjónustu, niðurskurði á vegafé í þágu stóriðjuframkvæmdanna. Hvaða áhrif hafa verið sýnilegust af þessum framkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi? Niðurskurður á vegafé, það er nú veruleikinn. Að tala því um þetta sem einhverja almenna aðgerð í byggðamálum eru öfugmæli, þetta er akkúrat öfugt. Þetta hefur haft mjög erfið áhrif og þolendur þessa ástands hafa í raun og veru verið aðrir atvinnuvegir landsins og önnur svæði en þau ein sem njóta þenslunnar þar sem hún er og soga hlutina til sín.

Það sem skiptir mestu máli að menn hafi á hreinu í sambandi við Kárahnjúkavirkjun er að þetta er ekki faglegt verkefni. Þetta á ekkert skylt við faglega ákvarðanatöku. Þetta er ekki verkefni á viðskiptalegum grunni. Það viðurkenna allir sanngjarnir menn að í þetta hefði aldrei verið ráðist ef þetta hefði átt að gerast á viðskiptalegum grunni. Þetta er mesta ríkisinngrip í atvinnumál Íslands um áratugaeða aldaskeið, ef ekki nokkru sinni. Ég veit ekki hvort biskuparnir voru svipað áhrifamiklir á miðöldum þegar mest lét hjá þeim en í seinni alda sögu Íslands hefur aldrei verið annað eins inngrip í atvinnumálin og þetta. Þetta var pólitísk ákvörðun, þetta er pólitískt verkefni, það var Halldór Ásgrímsson sem kom með þessa lausn á öllum vanda Austurlands síðsumars 1997 eða 1998.

Þegar Norsk Hydro hrökklaðist burtu, hvað gerðist þá? Stjórnvöld fóru og sóttu Alcoa. Finnur Ingólfsson fyrrverandi iðnaðarráðherra var notaður í þann leiðangur. Þegar úrskurður Skipulagsstofnunar hafnaði þessari framkvæmd, hin faglega niðurstaða lá fyrir, hvað gerðist þá? Stjórnvöld sneru honum við með pólitískri valdbeitingu og þau lágu á bráðabirgðaniðurstöðum rammaáætlunar um svipað leyti og Alþingi var hér að fjalla um lög um virkjunarframkvæmdirnar 2002, vegna þess að líka þar kolféll framkvæmdin, var ein af þremur verstu virkjunum sem nefndin skoðaði við hliðina á Jökulsá á Fjöllum og Þjórsárverum. Þetta er veruleikinn. Undirbúningi þessarar stærstu framkvæmdar Íslandssögunnar var stórlega ábótavant. Það hefur komið á daginn.

Umhverfismatsgögnunum var safnað á einu sumri. Það þarf ekki mikla þekkingu í vísindum til þess að vita hversu stórgallað slíkt úrtak er, jafnvel þó að tíminn nægði til að draga upplýsingarnar saman. Athugasemdum vísindamanna var stungið undir stól, það liggur fyrir. Það var ekkert gert með þær fyrr en menn stóðu frammi fyrir því í framkvæmdinni sjálfri að þeir höfðu haft mikið til síns máls — þegar í ljós kom að sprungusvæðið var miklu sprungnara, það var tólf metrum dýpra á fast en til stóð. Þá fóru menn að klóra sér í hausnum, þá fóru menn að endurhanna framkvæmdina, endurhanna távegginn, fara í miklar og kostnaðarsamar ráðstafanir til að reyna að bjarga sér inni í sjálfri framkvæmdinni.

Jarðvísindamenn eins og Guðmundur heitinn Sigvaldason, Grímur Björnsson og auðvitað þeir Kristján Sæmundsson og Haukur Jóhannsson með sinni skýrslugerð, Haraldur Sigurðsson, þekktasti eldfjallafræðingur Íslands eftir að Sigurð heitinn Þórarinsson leið, og nú síðast Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðfræði. Skiptir þetta engu máli? Eru þetta ekki líka virtir vísindamenn? Það er ágætt að segja að starfslið Landsvirkjunar hafi verið vel valið. Gott og vel, ekki efast ég um það. Og þar eru menn að reyna að vinna samkvæmt bestu getu. En það þýðir ekki að láta eins og önnur sjónarmið hafi ekki komið fram.

Framkvæmdin hefur síðan reynst mjög erfið og talandi um kostnaðarsamar framkvæmdir þá segir hæstv. iðnaðarráðherra hér að hún sé enn á áætlun. Hvað þýðir það á

mannamáli? Það þýðir að allt sem er tekið frá fyrir ófyrirséðan kostnað er uppurið, 10–20% af framkvæmdakostnaði einstakra liða var tekinn frá vegna mögulegra ófyrirséðra þátta og það er búið. Úr þessu má því ekkert út af bera, þá veltur þetta yfir og framkvæmdin fer að verða dýrari en kostnaðaráætlanirnar í heild sinni gerðu ráð fyrir þrátt fyrir hið ódýra tilboð Impregilo, enda er búið að bæta á annan tug milljarða kr. við umsamdar upphæðir.

Umhverfismatsskýrslan reyndist röng, það liggur algerlega fyrir. Hún reyndist röng. Í henni var fullyrt að framkvæmdin væri auðveldari en á daginn hefur komið þannig að það meira að segja fegraði myndina en umhverfismatsskýrslan var samt felld. Fegruð mynd af þessari framkvæmd fékk falleinkunn hjá Skipulagsstofnun. Hvað hefði þá raunsönn mynd gert?

Í skýrslunni stendur:

„Að mati tæknimanna hentar bergið á stíflustæðum vel sem grunnur fyrir þær. Það sama gildir um stíflur í 2. áfanga Kárahnjúkavirkjunar."

Hvað hefur komið á daginn? Þessi orð standast ekki. Þau eru öfugmæli, hið gagnstæða hefur komið á daginn og hvergi í heiminum hefur verið reynt að reisa jafnstóra jarðvegsstíflu á virku sprungusvæði í nágrenni við stór eldstöðvakerfi. Það stendur nokkrum línum síðar í skýrslunni að bergið sé yfirleitt vel fallið til gangagerðar.

Þarna voru á grundvelli flausturslegra, ónógra rannsókna settar fullyrðingar á blað sem ekki hafa staðist. Þetta er veruleikinn og það á ekkert að reyna að koma sér undan að ræða hann þó að menn gjarnan vilji. Þessi framkvæmd er þannig að af henni verður fyrst og fremst að læra eitt: Hvernig á ekki að gera hlutina. Það á ekki að kasta svona til höndum við stórar og dýrar og afdrifaríkar ákvarðanir, hvorki hvað varðar hinn faglega, tæknilega undirbúning en auðvitað þaðan af síður hinn pólitíska. Aftur og aftur reyndum við að koma þessu máli til þjóðarinnar þannig að hún fengi þó að segja sitt síðasta orð um hvort fara ætti svona með landið eða ekki og lýðræðisást flestra manna hér var nú ekki meiri en svo, því miður, en að þrjár eða fjórar tilraunir okkar til að (Forseti hringir.) koma þessu máli til þjóðarinnar fengu hér hverfandi stuðning.

[12:30]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir að flytja þessa skýrslu og að hafa fengist til þess. Það er af sem áður var þegar Framsóknarflokkurinn geystist um og kynnti Kárahnjúkavirkjun sigri hrósandi sem eitthvert geysilegt afrek. Nú er öldin önnur og menn reyna helst að komast hjá því að ræða afleiðingar þessarar virkjunar og líka ávinning þess að hafa reist þessa virkjun.

Ég vil aðeins byrja á að fjalla um hver var forsaga þess að farið var af stað með þessa virkjun. En ástandið var þannig, eins og ágætur hv. þingmaður benti á, Birkir Jón Jónsson, að það var hnignun í heilum fjórðungi og það var ekki einungis hnignun í heilum fjórðungi, það var hnignun alls staðar á landsbyggðinni og það er m.a. afleiðing stefnu Framsóknarflokksins en hann hafði þá verið í ríkisstjórn í tæpan áratug. Þetta var bein afleiðing af fiskveiðistefnu stjórnvalda sem stjórnvöld virðast enn þá keyra áfram af fullum krafti og það má sjá alvarlegar afleiðingar af þeirri stefnu enn, t.d. í Grímsey þessa dagana. Á Grundarfirði er nú verið að selja í burtu aflaheimildir þannig að enn þá er eyðileggingarmáttur Framsóknarflokksins að verki. Þetta eru staðreyndir sem fara verður yfir og þetta er ekki nein tilviljun heldur stefna helsta hugmyndafræðings flokksins, Jóns Sigurðssonar, sem nú er orðinn hæstv. byggðamálaráðherra. Hann birti grein um þetta í Borgfirðingabók þar sem hann fjallar ítarlega um framtíð Íslands. Ég vil segja það við Skagfirðinga sem fylgjast með þessari umræðu að formaður Framsóknarflokksins hefur ekki trú á Skagfirðingum. Hann hefur ekki trú á að hægt sé að reisa byggð í Skagafirði. Það kemur fram í grein hæstv. byggðamálaráðherra þar sem hann segir fyrir tveimur árum að það þurfi a.m.k. 10–12 þúsund manns þannig að lífvænlegt sé að búa á stöðunum. Þetta er það ástand sem blasir við. Það er ekki einungis að Framsóknarflokkurinn hafi ráðist á undirstöðuatvinnugrein byggðanna, þ.e. sjávarútveginn, og heldur því áfram enn í dag heldur hefur hann líka flutt opinber störf í miklum mæli frá byggðunum og flutt framkvæmdir þaðan í burtu. Þegar hæstv. fjármálaráðherra var spurður út í þessa stefnu yppti hann bara öxlum en nú virðist hann eitthvað vera að taka við sér ef marka má það að hann virðist vera að flytja til fjármuni rétt fyrir prófkjörsslag Sjálfstæðisflokksins, m.a. í reiðhús og eitt og annað. Þetta er afleiðing stefnu ríkisstjórnarinnar. Það sem átti að gera var að það átti að komast hjá þessari umræðu með því að segjast vera að gera eitthvað. Þá var ráðist í Kárahnjúkavirkjun.

Kárahnjúkavirkjun átti að vera bjargvættur Austurlands. En við sem höfum fylgst vel með málum á Austurlandi sjáum hvað hefur verið að gerast þar á þeim svæðum sem ekki hafa notið ávinnings af virkjuninni svo sem Breiðdalsvík. Þar hefur Framsóknarflokkurinn jafnvel komið með opinbert fé og greitt fyrir lokun atvinnufyrirtækja. Framsóknarflokkurinn hefur stutt þá stefnu m.a. á Stöðvarfirði að loka frystihúsinu þar. Þetta er alveg með ólíkindum. Maður furðar sig á því að menn skuli halda áfram og stilla fólki víða á landsbyggðinni svona upp við vegg: Ef þið viljið ekki álver eða virkjun þá fáið þið ekki neitt. Þannig er dæmið sett upp. En við búum við það að búið er að reisa virkjunina við Kárahnjúka og það þarf að ná sátt um þessa virkjun.

Hver er leiðin til þess? Það er ekki leið Framsóknarflokksins með orðagjálfri og skrúðmælgi sem hefur verið líkt við „candy floss" sem streymir úr barka hæstv. iðnaðarráðherra heldur þarf að veita alvöruupplýsingar. Það þarf að segja fólki hver ávinningurinn er af þessu. Veita þarf almennar upplýsingar um hvert rafmagnsverðið er. Hvað erum við að fá fyrir þessa virkjun? Það er leyndarmál, það fær enginn að vita. En það sem við höfum séð sem höfum fylgst náið með rafmagnsverðinu, m.a. hjá fólki sem er að sýna okkur rafmagnsreikninga í Norðausturkjördæmi og Norðvesturkjördæmi, er að rafmagnsreikningurinn á venjulegu bændabýli hefur jafnvel tvöfaldast en þegar taka á saman skýrslu um þetta virðist allt vera í felum.

Nú höfum við í stjórnarandstöðunni reynt að létta leynd af því hvað rafmagnsverðið hefur í raun hækkað og það er ekki hægt að bera fyrir sig, frú forseti, að það sé eitthvert viðskiptaleyndarmál. Rafmagn til stóriðjunnar er selt á föstu verði og að tala um einhverja viðskiptaleynd er af og

frá og á ekki við. Fyrsta leiðin til að ná sátt um málið er því að aflétta allri leynd.

Í öðru lagi þarf að aflétta leyndinni af því hvað umrætt mannvirki hefur farið fram úr kostnaðaráætlun. Þegar spurt er er alltaf sagt: Ja, þetta er innan áætlana. Innan hvaða áætlana? Er verið að tala um tilboð Impregilo eða er verið að tala um kostnaðaráætlun Landsvirkjunar? Það þarf að fá þetta á hreint ef menn vilja sátt um málið en ef menn vilja liggja undir ámæli, eins og mér sýnist hæstv. iðnaðarráðherra vilja gera, um að þessi framkvæmd standi mögulega ekki undir sér, þá er það ekki góð leið hvorki fyrir Framsóknarflokkinn né þá sem vilja ná raunverulegri sátt um þetta verk.

Einnig hefur verið fáheyrt að fylgjast með svörum og málflutningi fráfarandi iðnaðarráðherra í þessu máli, Valgerðar Sverrisdóttur. Þegar hún hefur verið spurð, m.a. í skriflegri fyrirspurn frá mér í þinginu, um gang mannvirkjanna þar fyrir austan, þá fást engin svör, bara eitthvert píp á blaði sem er varla pappírsins virði. Mér finnst að sá hæstv. iðnaðarráðherra sem nú situr ætti að fara yfir verk fráfarandi iðnaðarráðherra og bæta um betur, veita fólkinu í landinu raunverulegar upplýsingar. Eins finnst mér grátlegt að horfa upp á fólk eins og hv. þm. Halldór Blöndal koma hér og tala um og láta að því liggja að maðurinn sem beitti sér fyrir því að farið yrði í nánari rannsóknir sem reyndar kom í ljós að veitti ekkert af, Grímur Björnsson, sem lagði sig fram um það og hefur örugglega goldið fyrir að einhverju leyti hvað varðar starf sitt, hafi ekki gert skyldu sína og sent þessa pappíra í vitlausar áttir. En vel að merkja, umrætt skjal var merkt sem trúnaðarmál og ekki nóg með það, það virtist vera svo mikill trúnaður um málið að fráfarandi hæstv. iðnaðarráðherra virtist ekki hafa séð þetta mikla trúnaðarskjal en samt sem áður tjáði hún sig um efni þess, þegar það barst í tal, um að ekkert nýtt hefði komið fram í þessu trúnaðarskjali sem hún hafði aldrei séð. Svona hefur umræða Framsóknarflokksins verið. Framsóknarflokkurinn er *náttúrlega orðinn gríðarlega þreytt afl sem þarf að fara frá*. Sérstaklega er það mikilvægt fyrir byggðir landsins.

Ég ætla að ljúka þessari ræðu með því að segja að það er ekki heldur hægt að tala niður til fólks eins og stjórnarmeirihlutinn gerði með því að segja að viðkomandi maður, Grímur Björnsson, hafi ekki veitt þessar upplýsingar réttum aðilum, sérstaklega í ljósi þess að einn valdamesti maður landsins fordæmdi mann, litla Landssímamanninn, gott ef það var bara ekki úr þessum ræðustól, fyrir það að veita upplýsingar, réttar upplýsingar sem urðu til þess að einn af vildarvinum Sjálfstæðisflokksins þurfti að taka pokann sinn í Landssímamálinu. Við verðum að gæta sanngirni.

Að lokum vil ég minna framsóknarmenn á að veita réttar upplýsingar og forðast ekki umræðuna. Það er lykillinn að því að sátt náist um þessi mál. Það er ekki heldur hægt að halda áfram hernaði gegn landsbyggðinni, sjávarbyggðunum umhverfis landið, og lofa síðan álverum og einhverri stóriðju sem bót fyrir þau hryðjuverk sem flokkurinn hefur framið í byggðum landsins.

[12:40]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu sem hefur að langmestu leyti verið mjög gagnleg fyrir utan nokkur stóryrði sem fallið hafa og að fulltrúi Frjálslyndra tyggur upp misskilning og rangtúlkanir á grein sem ég skrifaði fyrir nokkru sem ég fæst ekki mikið um.

Við þurfum að skilja og skynja nýtingu og vernd auðlinda og orkulinda í sama hugtaki. Þetta kemur vel fram í nýlegu nefndaráliti auðlindanefndar sem einmitt var borið fram í umræðunni áðan og ég vil ítreka það sem ég hef áður sagt um að þakka þeirri nefnd ágæt störf. Það kemur reyndar fram í nefndarálitinu að gert er ráð fyrir þeim möguleika á þeim árum sem fram undan eru að Alþingi og ríkisstjórn þurfi að taka sérstakar ákvarðanir. Það er í öðrum hluta, 3. tölulið, sem ástæða er að nefna vegna þess að það var borið *í tal í umræðunni*.

Upplýsingar staðfesta að framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun eru vönduð framkvæmd samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem sett hafa verið. Undirbúningur hefur verið rækilegur og unnar hafa verið vandaðar rannsóknir samhliða framkvæmdum eins og ævinlega var vitað að gera yrði og gera þyrfti og viðbrögð hafa verið mjög vönduð og til fyrirmyndar. Framkvæmdir hafa gengið í eðlilegu samhengi við þær áætlanir sem gerðar höfðu verið um kostnað, tímasetningar og aðra þætti. Við þessar framkvæmdir hefur verið fylgt og er fylgt viðmiðum um umhverfisáhrif samkvæmt þeim 19 skilmálum sem settir voru. Sama má segja um áhrif á atvinnumál, áhrif á byggðaþróun og mat um hagkvæmni og arðsemi. Og vegna þess að það var nefnt í umræðunni líka, þá er rétt að það komi fram að það er óskynsamlegt að vera með eitt almennt viðmið um stærð fyrirtækja. Stærð fyrirtækja og umsvif verður auðvitað að ákvarða í hverju atviki fyrir sig. Allt bendir til þess að þessar framkvæmdir muni skapa miklar tekjur, þar á meðal gjaldeyristekjur, stöðugt og fjölbreytt og kröftugt atvinnulíf og verði þjóðinni til heilla og hagsbóta um langa framtíð.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 12:43]

## *Heimsókn forseta norska Stórþingsins.*

[13:30]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Ég vil vekja athygli hv. alþingismanna á því að forseti norska þingsins, Thorbjørn Jagland, er staddur á þingpöllum. Forsetinn er staddur hér á landi í boði Alþingis. Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða forseta norska þingsins velkominn í Alþingishúsið og vænti þess að för hans til Íslands verði til þess að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru milli Alþingis og Stórþingsins.

Alþingi vottar forseta norska þingsins og norsku þjóðinni vináttu og virðingu. Ég bið hv. alþingismenn að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

***Fjáraukalög 2006, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 47. mál. — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

***Sameignarfélög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 79. mál (heildarlög). — Þskj. 79.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***

Vímuefnavandinn.

[13:33]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Vímuefnabölið er eitt stærsta og þjóðfélagslega dýrasta vandamál sem við eigum við að glíma á Íslandi. Varla er nokkur einasta fjölskylda til í landinu sem hefur ekki orðið fyrir því að eiturlyf eða áfengissýki hafi valdið miklum félagslegum vandamálum sem bitna harkalega á lífi neytendanna sjálfra eða aðstandenda þeirra.

Félagslegu vandamálin sem fylgja fíkniefnaneyslu og áfengissýki eru þess eðlis að huga þarf að þeim frekar en nú er gert. Því spyr ég hæstv. félagsmálaráðherra: Með hvaða hætti hyggur hann og ráðuneyti hans á aukin viðbrögð í þessum málum?

Okkur er öllum ljóst að sá félagslegi vandi sem fylgir misnotkun fíkniefna og áfengis hverfur ekki úr þjóðfélagi okkar næstu áratugi. Þrátt fyrir mjög merkilegt og ágætt starf samtaka eins og SÁÁ og fleiri í áratugi að forvarna- og meðferðarmálum vex þörfin. Og þrátt fyrir að við setjum fjármuni í forvarnir og meðferð, sem varið er af opinberu fé, er ljóst að vandinn sem snýr að meðferð sjúkra neytenda vímuefna er ekki að dragast saman. Líkur eru á því að neyslan aukist og meðferðarvandinn samfara því fari vaxandi.

Dómsmálaráðuneytið fer með mál sem snúa að smygli leiðum ólöglegra fíkniefna, afbrotum, refsingum og fangelsismálum. Fangelsisvistun fíkniefnaneytenda getur líka orðið mikið félagslegt vandamál og er vissulega áhugavert að skoða önnur meðferðarúrræði samfara vistun sem falla betur að þeim markmiðum að gera viðkomandi neytanda fíkniefna eða áfengis á ný heilbrigðan þjóðfélagsþegn. Slík breyting í vistunar- og meðferðarmálum kallar á sameiginlega stefnumótun og aðkomu félagsmálaráðuneytisins að þeim úrræðum sem snúa að neytandanum sem dæmdur var, fjölskyldu hans og vinum.

Hvernig lítur hæstv. ráðherra félagsmála til þess að ráðuneyti hans komi að þessari hlið félagslegra vandamála og er sú vinna e.t.v. hafin? Ég vil í þessu sambandi lýsa þeirri skoðun minni að mjög stórar einingar fangelsa þar sem öll mismunandi vistunar- og meðferðarúrræði eru til staðar eru ekki heppilegasta lausnin til framtíðar. Ég tel að minni einingar og fjölskylduvænni leiðir á félagslegu sviði skili betri og varanlegri árangri til endurbata einstaklinga en nú er. Þess vegna eru stofnanir víða um land sem ekki væru of stórar, t.d. í átt við stærð Kvíabryggju, betri og fjölskylduvænni kostur. Hvaða afstöðu hefur hæstv. ráðherra til þessara sjónarmiða um stærð, gerð og fjölda úrræða á mismunandi stofnunum?

Heilbrigðisráðuneytið kemur einna mest að ákvörðunum í meðferðarmálum á sjúkrastofnunum sem takast á við vímuefnavandann og að forvörnum samfara þeim málum. Samkvæmt skýrslu um þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur, sem heilbrigðisráðherra lagði fram á Alþingi, var m.a. fjallað um forvarnir og fjölskylduþjónustu. Ýmsar ábendingar og tillögur voru í skýrslunni sem birtist í mars 2005.

Í henni segir, með leyfi forseta:

„Bent er á að lagasetning, fjármögnun, árangursmat og gæðakröfur þarfnist endurskoðunar. Þá sé of mikil áhersla lögð á innlagnir á stofnanir, en of lítil að sama skapi á vægari meðferðarúrræði, heilsugæslu og göngudeildarþjónustu, svo dæmi séu tekin."

Í skýrslunni segir einnig, með leyfi forseta:

„Mestu skiptir að skýrslan, hugmyndirnar og umræðurnar um málefnið verði til þess að skapa forsendur til að ná á Alþingi sem víðtækastri sátt um stefnumótun í málaflokknum."

Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að samstarfsnefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis annars vegar og félagsmálaráðuneytis hins vegar endurskoði lög sem varða þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur og leggi til breytingar. ... Lagt er til að fjárveitingar til áfengis- og vímuefnameðferðar verði bundnar við málaflokkinn en ekki stofnanir."

Varðandi þjónustu um allt land segir í lokamálsgrein, með leyfi forseta:

„Einnig kæmi til greina að kanna grundvöll fyrir heimaþjónustu við afeitrun og stofnun lítilla meðferðarheimila í landshlutum þar sem fólki gæfist tækifæri til að ljúka meðferð í heimabyggð sinni. Kanna mætti möguleika á að auka og efla þjónustu á vegum sveitarfélaga á slíkum heimilum."

Um forvarnir og fjölskylduþjónustu segir:

„Lagt er til að heilsugæslan verði efld."

Þarna er vikið að ýmsu áhugaverðu sem e.t.v. gæti horft til betri vegar. Mér er hins vegar ekki kunnugt um eftirfylgni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í þessum málum. Á vef heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fann ég mikið af fræðsluefni en ekki nýja stefnumótun. Ég man það hins vegar frá sl. sumri að hæstv. félagsmálaráðherra sendi frá sér frétt um að hann legði ríka áherslu á forvarnir. Í þeirri frétt sagði að ríkisstjórnin hefði falið félagsmálaráðherra að leiða samstarf þeirra sem starfa að forvörnum og móta heildstæða stefnu í málaflokknum.

Lokaspurning mín er því: Hvað líður verkinu og hvaða afstöðu hefur ráðherra til þeirra viðhorfa sem ég hef rætt?

[13:38]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, fyrir að taka þetta mikilvæga mál hér til umræðu. Þau mál sem við ræðum hér í dag eiga sér margar hliðar og snertifletir við stjórnvöld eru margir. Félagsmálaráðuneytið fer með málefni barna og unglinga, fjölskyldumál og fleiri málaflokka sem málið varða. Það má þó segja að það sem snýr að félagsmálaráðuneytinu séu fyrst og fremst forvarnir og meðferð fyrir þau börn og ungmenni innan 18 ára aldurs sem hafa leiðst út í óreglu með neyslu og því sem því miður oft tilheyrir.

Á þeirri forsendu að félagsmálaráðuneytið fer með þessa málaflokka ákvað ég fljótlega eftir að ég tók við embætti félagsmálaráðherra að taka frumkvæði er varðar stefnumótun í forvarnamálum. Ég hef átt fjölmarga fundi með ýmsum aðilum sem hafa á einhvern hátt komið að þessum málum og ekki síst vegna þeirra upplýsinga sem þar komu fram var þessi ákvörðun tekin.

Auk þess kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„Að markvisst verði unnið í baráttunni gegn fíkniefnavandanum. Mótuð verði heildstæð forvarnastefna í samvinnu við lögreglu, skólayfirvöld, íþróttafélög og foreldra. Hafnað er hvers kyns eftirgjöf gagnvart fíkniefnum, innflutningi þeirra, dreifingu og notkun. Meðferðarúrræðum verði fjölgað og rík áhersla lögð á forvarnir."

Þann 18. júlí sl. lagði ég fram minnisblað um málið á fundi ríkisstjórnarinnar og samþykkti hún að fela félagsmálaráðuneytinu að leiða samstarf þeirra sem starfa að forvörnum og móta heildstæða forvarnastefnu er byggi á samræmdum leiðum í þágu forvarna og markvissri nýtingu þeirra fjármuna sem þegar er veitt í verkefni á þessu sviði. Ég hef þegar skipað fimm manna stýrihóp til þess að leiða verkefnið undir forustu Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, en sú heiðurskona beitti sér mjög fyrir forvörnum í ráðherratíð sinni. Í hópnum eru auk hennar og fulltrúa félagsmálaráðuneytisins, fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Hópurinn hefur þegar fundað með fjölmörgum aðilum sem þekkja fíkniefnavandann og forvarnastarf af eigin raun, einkaaðilum, félagasamtökum og opinberum aðilum. Stýrihópurinn mun skila mér tillögu að heildstæðri forvarnastefnu og er unnið að því markmiði að sú tillaga verði kynnt ríkisstjórn eigi síðar en á fullveldisdaginn 1. desember nk.

Þar fyrir utan hef ég beitt mér í ræðu og riti í umræðu um þessi mál og margir komu í lið með okkur í félagsmálaráðuneytinu í herferð sem við fórum í fyrir síðustu verslunarmannahelgi. Ég fann greinilega mikinn samhug og eindreginn vilja til þess að samhæfa kraftana betur en gert hefur verið. Kallaðir voru saman auk fulltrúa ráðuneyta fulltrúar opinberra stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja.

Eins og fyrr segir hefur stýrihópurinn, sem starfar undir forustu Ingibjargar Pálmadóttur, þegar komið saman og á fyrsta fundi hans voru kallaðir til ýmsir aðilar sem láta sig forvarnamál varða og var farið yfir hugsanlegar aðgerðir. Stýrihópurinn vinnur m.a. að því að móta 1., 2. og 3. stigs forvarnir en þær eru í fyrsta lagi aðgerðir sem miða að samfélaginu í heild sinni, almennri fræðslu til barna og foreldra, í öðru lagi að leita uppi áhættuhópa og í þriðja lagi að veita þeim sem hafa ánetjast vímuefnum viðeigandi hjálp og stuðning.

Ráðuneyti, opinberar stofnanir og sveitarfélög hafa með beinum og óbeinum hætti komið að margvíslegum forvarnaverkefnum, m.a. í samstarfi við frjáls félagasamtök. Slíkt starf hefur einnig verið unnið á vettvangi ráðuneytis heilbrigðismála, menntamála, dómsmála og félagsmála og stofnana þeirra auk forsætisráðuneytisins. Þá hafa fjölmörg félagasamtök unnið ómetanlegt starf á þessu sviði í langan tíma.

Árlega rennur umtalsvert fé til forvarna, m.a. með beinum greiðslum úr ríkissjóði og sem hlutfall af áfengisgjaldi. Mikilvægt er að upplýsingar sem veita yfirsýn yfir starf allra sem koma að forvörnum og fjárveitingar til verkefna liggi fyrir þannig að löggjafinn og samfélagið í heild hafi á hverjum tíma af þeim glögga mynd og að fjárveitingar grundvallist á heildstæðri stefnumótun.

Hæstv. forseti. Sumt af því sem frummælandi beindi til mín heyrir undir önnur ráðuneyti og því get ég því miður ekki svarað nákvæmlega öllu sem fram kom í hans máli. Hins vegar vil ég taka fram að í félagsmálaráðuneytinu hefur um nokkurt skeið verið unnið með hugmyndir um sampætta fjölskyldustefnu í þeim málaflokkum sem heyra undir félagsmálaráðuneytið. Ég geri ráð fyrir að meginstoðir þeirrar vinnu verði kynntar eftir áramótin. En eins og ég hef þegar sagt og vil endurtaka að lokum ákvað ég að eiga frumkvæði að því að mótuð verði heildstæð forvarnastefna á þeirri forsendu að félagsmálaráðuneytið fer með málefni barna og unglinga ásamt fjölskyldumálum. Að því verkefni verða leiddir sem allra flestir sem málið varðar og vænti ég mikils af því samstarfi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta hér. Það eru verkin sem skipta máli og við skulum sjá hvað setur. Ég fullyrði að það er ýmislegt að gerast í þessum málum og margt í gangi sem snýr að forvörnum. Í þeim efnum megum við aldrei slaka á, heldur frekar herða róðurinn með markvissum hætti. Ég vil undirstrika það mjög ákveðið að ég lít ekki á að sú vinna sem ég hef ýtt úr vör í félagsmálaráðuneytinu sé átak í forvörnum. Forvarnir eru langtímaverkefni sem má líkja við langhlaup og í því verður samfélagið allt að vera virkur þátttakandi og halda vöku sinni. Í þessum málum er mikið í húfi.

[13:43]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir að taka upp þessa umræðu. Það er mjög gott að fylgja eftir þeirri samræðu sem hefur verið úti í samfélaginu.

Við þurfum að hafa heildarsýn í málaflokknum að leiðarljósi í þeirri tiltekt og stefnumótun sem er nú að fara fram. Margt hefur verið rætt í þinginu um þessi mál, hvort sem það er lyfjaneysla í framhaldsskólum eða í fangelsum, meðferðarúrræði eða forvarnir. Ég vil leggja áherslu á unga fólkið og foreldrana í þessu stutta innleggi hér. Það sem er mikilvægast að hafa í huga er að forvarnir eru og verða lykilatriði í þessum málaflokki. Við þurfum að byrgja brunn-

inn áður en barnið er dottið ofan í og það er einungis gert með öflugu samstarfi foreldra, skóla, sveitarfélaga og þeirra sem að málinu koma eins og ráðuneyta.

Styrking á foreldrastarfi er nauðsynleg eins og t.d. með Vímulausri æsku, að þau geti verið styrkur bakhjarl bæði í forvörnum, fræðslu og stuðningi við ungmenni og fjölskyldur þeirra í vanda. Þangað leitar fjöldi foreldra á hverjum einasta degi og hægt er að grípa inn í þau mál sem þar verða áður en þau verða mjög stór. Þar fá ungmenni stuðning og styrkingu og það sama á við um foreldrana. Við þekkjum öll hér Saman-hópinn og hann er mjög gott dæmi um hvernig við getum lagt áherslu á skýrar siðferðisreglur og mörk gagnvart börnunum okkar. Við þurfum að styrkja enn frekar foreldra í sínu mikilvæga hlutverki. Foreldrar verða að læra að segja nei börnum til góðs. Og rannsóknir hafa sýnt að því meiri samvera sem er milli foreldra og ungmenna, þá drögum við úr líkum á því að þau neyti vímuefna.

Við verðum að huga að tengslum vímuefnaneyslu og ýmiss konar hegðunarvanda eins og ofvirkni og athyglisbrests og skoða þar og meta hvort þessum krökkum er hættara en öðrum við að leiðast út í neyslu. Talsvert hefur verið hugað að þessu en við verðum að gera enn betur til þess að geta fylgt þeim krökkum eftir.

Virðulegur forseti. Það hefur orðið mikil hugarfarsbreyting hjá foreldrum vegna áfengisneyslu ungs fólks. Foreldrar kaupa ekki lengur brennivín ofan í börnin sín, nú skilja flestir að því lengur sem ungmennum er haldið frá víni þeim mun betur mun þeim farnast.

[13:45]

**Drífa Hjartardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mikilvæga samfélagslega mál til umfjöllunar. Því miður þekkjum við öll dæmi um hvaða áhrif þessi vandi getur haft og við verðum að taka á málunum af fullri alvöru. Þetta er vandi sem fólk á öllum aldri og úr öllum þjóðfélagshópum glímir við.

Ég fagna því að verið sé að vinna að þessum málum nú á vegum félagsmálaráðherra og að allir sem áhrif geta haft og þekkingu hafa séu leiddir að einu og sama borði. Það er ljóst að margt getur haft áhrif og unnið gegn þeim vágesti sem vímuefnaneysla er og afleiðingar hennar. Þetta er eitt af þeim atriðum sem tekið var fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að vinna ætti að og það er verið að gera á skynsamlegan hátt með því að horfa til framtíðar. Hér megum við ekki tjalda til einnar nætur. Hér nægir ekki að grípa til átaks. Við verðum að leita allra leiða til að vinna á öllum sviðum með öllum þeim verkfærum sem tiltæk eru á hverjum tíma. Það er aldrei of oft bent á þá staðreynd sem rannsóknir sýna að góð tengsl við fjölskyldu og iðkun íþrótta eða annarra tómstunda geta skipt sköpum. Þar getum við öll haft áhrif og margir lagt hönd á plóg. Það er afar mikilvægt að foreldrar hafi sterk tengsl við unglingana sína og veiti þeim bæði aga og stuðning. Slíkt skiptir verulegu máli sem forvörn gegn vímuefnaneyslu. Takist okkur að halda þeim frá neyslu í lengstu lög eru líkur á því að þeir geti orðið góðir samfélagsþegnar í framtíðinni. Hvað er mikilvægara en það? Ekkert, leyfi ég mér að fullyrða, hæstv. forseti.

[13:47]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka frummælanda, Guðjóni Arnari Kristjánssyni, fyrir að taka málið hér upp.

Neysla vímuefna hefur aukist ár frá ári, bæði áfengis og sterkari efna. Neysluvenjur á áfengum drykkjum hafa breyst og að mörgu leyti til batnaðar, en það má vera hverjum manni áhyggjuefni hve innflutningur eykst mikið og hve hratt neyslan eykst að meðaltali á mann. Við verðum fyrst og fremst að viðurkenna að vímuefnavandinn eykst ár frá ári og þeirri þróun verður ekki snúið við nema með samhentu átaki allra landsmanna. Þá liggur ábyrgðin einnig hjá hinu háa Alþingi, í þeim ramma sem það setur, m.a. með markaðssetningu á áfengi, refsilöggjöf og síðast en ekki síst þeirri fjölskyldustefnu sem hér er mótuð á hverjum tíma. Því er stórundarlegt, hæstv. forseti, að við slíkar aðstæður liggi frammi tillaga þess efnis að koma léttvíni og bjór inn í matvöruverslanir.

Aðgengi hefur í sjálfu sér mikið forvarnagildi. En neysla ólöglegra vímuefna hefur einnig stóraukist. Inn á markaðinn eru kominn hörðustu og hættulegustu fíkniefni. Smygl á ólöglegum vímuefnum væri ekki í þeim mæli sem allt bendir til að sé hér á landi í dag ef ekki væri markaður eða að glæpasamtök teldu Ísland ekki vera vænlegan framtíðarmarkað. Hvað er til ráða? Það þarf að mynda samræmda vímuefnavarnastefnu og tryggja fjármagn til þeirra stofnana og félagasamtaka sem málið varðar. Það þarf að mynda hér ábyrga fjölskyldustefnu og viðhalda kröftugu forvarnastarfi í skólum, m.a. með lífsleikninámi. Það þarf hert eftirlit tollgæslu, eins og t.d. eftirlit tollgæslunnar á Seyðisfirði. Það þarf að koma þeim skilaboðum til erlendra glæpahringa að Ísland (Forseti hringir.) sé ekki vænlegur framtíðarmarkaður fyrir fíkniefni.

[13:49]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við ræðum vanda sem snertir nánast hverja fjölskyldu í landinu. Við í Frjálslynda flokknum höfum oft velt því fyrir okkur hvað sé til ráða. Við höfum komist að því að ekki er til nein patentlausn sem ráða mun bót á vandanum, og við höfnum leiðum þar sem auglýsingaskrumi er beitt, svo sem eins og „Fíkniefnalaust Ísland árið 2000“, heldur er mjög mikilvægt að breyta viðhorfum til þessa vanda.

Ég get tekið undir með Þórarni Tyrfingssyni að það eigi að líta á notkun á þessum efnum eins og sjúkdómseinkenni, það eigi að ráðast á þennan vanda með faraldsfræðilegum aðferðum og ræða um fíkla eins og þeir séu sjúkir og eigi bágt. Það á ekki einungis að leysa hann með því að koma í veg fyrir að sýkin berist til landsins með markvissum aðgerðum af hálfu lögreglu og tollvarða heldur þarf að bólusetja ungmenni landsins með markvissum aðgerðum. Við eigum að vanda okkur þegar við tölum um þennan vanda. Við eigum að varast að tala um hörð efni, harðari heim fíkniefna, handrukkanir, stórfelldan gróða af fíkniefnaviðskiptum og skipulagðar glæpaklíkur. Við eigum að forðast það í lengstu lög. Með því að tala um þessi mál með slíkum hætti getum við verið að senda ungmennum röng skilaboð, skilaboð um að það geti verið spennandi að tengjast þessum

afkima mannlífsins. Einhverjum getur jafnvel þótt það vera töff að tengjast hörðum heimi en sjaldnast þykir krökkum töff að tengjast heilsuleysi, peningaleysi, atvinnuleysi eða því að flosna upp úr námi. Þess vegna skiptir mjög miklu máli að senda rétt skilaboð út í samfélagið og tala um þessa hluti eins og þeir eru í raun og veru.

[13:52]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með öðrum þingmönnum og þakka málshefjanda fyrir þessa þörfu umræðu í dag og sömuleiðis félagsmálaráðherra fyrir ræðu hans og það frumkvæði sem hann sýnir í þessu máli.

Ég vil draga sérstaklega fram mikilvægi fjölskyldunnar í þessari umræðu um vímuefnavandann, hvernig við getum styrkt stöðu hennar, hvað við höfum gert vel og hvað við þurfum að gera betur. Við vitum öll að lífskjör og aðstæður hafa tekið stakkaskiptum til hins betra undanfarna áratugi en hefur velmegun og tækniþróun fært okkur óæskilega hluti sem við verðum að beita nýjum vinnubrögðum gegn?

Íslenskar rannsóknir hafa leitt í ljós að samvera með foreldrum getur oft skipt sköpum. Nauðsynlegt er því að ná athygli foreldra. Rannsóknir sýna einnig að þar sem gott tengslanet er á milli foreldra er vímuefnaneysla barna minni. Í slíkum tilvikum hafa allir ávinning, einnig þeir sem ekki eiga foreldra í tengslanetinu. Samstarf skóla og foreldra er mikilvægt svo og samstarf íþróttafélaga og annarra.

Forvarnir og eftirfylgni eru á vegum sveitarfélaganna og hefur m.a. Reykjavíkurborg sett sér forvarnastefnu sem ég tel til mikillar fyrirmyndar og tel ég að önnur sveitarfélög þurfi að gera slíkt hið sama. Það er einnig sveitarfélaganna að sjá um eftirfylgnina þegar börn og ungmenni koma úr meðferð með það að markmiði að auðvelda þeim endurkomu út í samfélagið. Að mínu mati felst besta forvörnin í góðu og gefandi uppeldi. Það eru foreldrarnir sem bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Ég tel mjög mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um þær hættur sem leynast víða og allt það áreiti sem dynur á börnum og unglingum í dag. Þannig geta þeir unnið markvisst forvarnastarf með börnum sínum. Foreldrarnir eru afar mikilvægir í forvörnum og við þurfum þess vegna að styðja þá í uppeldishlutverki sínu. Í raun þarf allt samfélagið að taka höndum saman og vinna markvisst að útrýmingu þessa vágests sem farið hefur svo illa með margar fjölskyldur.

[13:54]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir að hefja þessa utandagskrárumræðu um fíkniefnavandann. Það er í sjálfu sér engin nýlunda að það komi í hlut stjórnarandstöðuþingmanna að vekja athygli á mikilvægum málum.

Á ráðstefnu um forvarnir sem forseti Íslands og íþróttahreyfingin hélt í síðasta mánuði kom fram að framleiðsla fíkniefna sé starfrækt hér á landi og að stutt sé í að sú framleiðsla fullnægi þörfinni á Íslandi. Ég velti því fyrir mér, frú forseti, hvort félagsmálaráðherra sé kunnugt um þessar staðreyndir. Gerir ráðherra sér grein fyrir því að fleiri deyja í dag af slysum, vímuefnum og sjálfsvígum en í stóru sjúkdómsfaröldrunum hér áður fyrr? Ég held jafnframt að ágangur fíkniefnasala gagnvart unglingunum okkar sé orðinn það mikill að það þurfi hreinlega að vera með fíkniefnahunda á skólaböllum. Ég ráðlegg hæstv. félagsmálaráðherra að skoða þann möguleika.

Í fjárlagafrumvarpinu sem er leiðandi fyrir ríkisstjórnina um hvað þeir ætla sér að gera á næsta ári, og jafnframt leiðandi fyrir stjórnarflokkana og þar af leiðandi alla stjórnarþingmenn, er því miður hvergi að finna vísbendingar um að ríkisstjórnin ætli sér að veita aukið fé til forvarnamála. Æskulýðsmál fá ekki stóran sess og það sem verra er, frú forseti, það er lækkun á framlögum til æskulýðsmála í frumvarpinu, framlögum til Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, Landssambands KFUM og KFUK, Æskulýðsráðs, Æskulýðsmiðstöðvar og jafnframt til íþróttahreyfingarinnar, Íþróttasambandsins, Íþróttasjóðs o.s.frv. Samkvæmt þessum fjárlögum er stefna ríkisstjórnarinnar að skera niður framlög til forvarnamála. Það dugar ekki að funda og semja stefnu ef hvorki athafnir né fjármagn fylgir, hæstv. ráðherra.

[13:56]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég ætla að byrja á að taka undir með þeim sem hafa stigið hér í ræðustólinn og fagna því að þessi umræða um fíkniefnavandann eigi sér stað og þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir að vekja athygli á honum.

Fíkniefnavandinn er auðvitað staðreynd og þessi vandi stækkar sífellt að því er virðist. Það grípur mann náttúrlega ákveðinn óhugur þegar maður les það í fréttum að sölumenn fíkniefna séu farnir að beina spjótum sínum að æ yngri neytendum. Það er ekki langt síðan fréttir bárust af því að 11 eða 12 ára börn væru að kaupa fíkniefni af fíkniefnasölum sem sýnir okkur að þessum mönnum er ekkert heilagt og það er engu eirt í þessum efnum. Hér er á ferðinni miskunnarlaus og skipulögð glæpastarfsemi sem þarf að bregðast gegn.

Ég held að í sjálfu sér sé kannski ekkert eitt úrræði sem virkar í baráttunni gegn fíkniefnavandanum. En menn verða að horfast í augu við það að við þurfum að efla löggæslu, við þurfum að efla heimildir tollgæslunnar og lögreglunnar til að bregðast við auknum innflutningi á fíkniefnum. Það þarf líka að vekja fjölskyldurnar í landinu til umhugsunar um þennan vanda og auka forvarnir, ekki bara fyrir börn heldur líka fyrir aðstandendur þeirra. Ég held að við getum notað menntakerfið með öflugri hætti en nú er gert. Ég man að þegar ég var í skóla, og það er ekki svo langt síðan, hafði það áhrif á mann þegar maður sá með eigin augum hverjar afleiðingar fíkniefnaneyslu voru á andlegt, líkamlegt og félagslegt atgervi þeirra sem leiddust út í slíka neyslu. Ég held að það sé besti skólinn sem krakkar geta fengið í þessum málum.

[13:58]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég tek undir það með öðrum hér að þessi umræða er þörf og þó lengri væri. Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að ræða stöðu meðferðarstofnana, ræða úrræði í

sambandi við afeitrunar-, meðferðar- og eftirmeðferðarmál vegna þeirra sem eru orðnir háðir fíkniefnum og þá björgun mannslífa sem þar á sér stað. Þar má búa betur að hlutunum og ekki síst flaggskipinu SÁÁ. Fíkniefnaheimurinn er greinilega orðinn harðari, veltan hefur aukist og vopn eru orðin staðreynd þar sem menn eru að passa upp á illa fenginn gróða af ólöglegri starfsemi.

Langvænlegustu aðgerðirnar og þær sem við þurfum í raun og veru að setja miklu meiri kraft í eru þær sem lúta að því að koma í veg fyrir að eftirspurnin myndist, því það verða alltaf einhverjir til þess annars vegar að búa hana til og hins vegar að fullnægja henni. Þá erum við komin að forvörnunum og því hvað verið er að gera til að reyna að hindra það að þessi markaður myndist. Þar held ég að allt samfélagið verði að taka höndum saman, fjölskyldurnar, skólarnir og sveitarfélögin, sem kannski hafa verið fullóvirk í þessu starfi á köflum hingað til, og að sjálfsögðu ríkisstjórn og Alþingi sem fjárveitingavald, og í raun og veru allir ábyrgir aðilar, þar með talið t.d. verslunin sem reynir að brjóta niður bann við áfengisauglýsingum. Það er ekki siðferðilega ábyrg afstaða og ekki mikil þátttaka í almennri baráttu þjóðfélagsins í þessum málum þegar slíkir hlutir eru að gerast.

Ég hef flutt á Alþingi endurtekið tillögu um eflingu þess sem ég kalla félagslegt forvarnastarf. Staðreyndin er sú að fyrir utan aukna samveru fjölskyldu þá er vænlegasta leiðin að ungt fólk hafi aðgang að hollu og uppbyggilegu tómstunda- og afþreyingarstarfi en slíkt starf í landinu er að mestu leyti rekið í sjálfboðavinnu og þar eru menn að kikna undan m.a. erfiðleikum við að ná endum saman í rekstri þannig að með tiltölulega litlum fjármunum mætti örva slíka starfsemi geysilega og það mundi hafa góða hluti í för með sér, frú forseti.

[14:01]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þingmönnum fyrir þátttöku í þessari umræðu og hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf sem mér fundust að vísu ekki fullnægjandi vegna þess að ég spurði hæstv. ráðherra: Hvaða afstöðu hefur ráðherrann til þeirra viðhorfa sem ég hef rætt? Ég var ekkert sérstaklega að spyrja hvort hann hefði tillögur í dómsmálum eða tillögur í heilbrigðismálum heldur um afstöðu hans til þess verkefnis sem honum hefur verið falið af ríkisstjórninni, þ.e. að leiða þetta verk. Þess vegna fannst mér forvitnilegt að heyra viðhorf hans sem mér fundust ekki koma nægilega fram í svari hans þó að ég geti tekið undir mjög margt sem hæstv. ráðherra sagði varðandi stefnumótun og að vissulega eru forvarnir langtímaverkefni, hæstv. forseti.

Í lok málsins vil ég vekja athygli á því að í skýrslu SÁÁ segir, með leyfi forseta:

„SÁÁ getur gert miklu betur ef aukinn stuðningur fæst."

Síðan er talið upp, með leyfi forseta:

„Viðurkenning á auknum kostnaði vegna þess að SÁÁ hefur óhjákvæmilega þurft að auka bráðaþjónustu, hefur ekki fengist. Samþykki fyrir fjárveitingu til eðlilegrar sálfræði- og geðlæknisþjónustu á Sjúkrahúsinu Vogi fæst ekki. Með öðrum orðum, væntingar til stjórnvalda eru of miklar og ekki hefur tekist að vinna því fylgi meðal ráðamanna að veita bestu áfengis- og vímuefnameðferð sem völ er á. Þekking og tækifæri til að veita mun betri þjónustu eru til staðar en fjármunir fást ekki."

Þetta er auðvitað alvarleg framsetning sem birtist í skýrslu SÁÁ og bendir til þess að hjá stjórnvöldum skorti á að taka upp virkt samstarf við SÁÁ og tryggja þar fjárveitingar. En ég fagna því að hæstv. félagsmálaráðherra hefur það starf á sinni hendi, að leiða samstarf ráðuneytanna, en það er einfaldlega svo að víða spila saman fjölskyldumálin, heilbrigðismálin, dómsmálin og félagslegi þátturinn í þessu máli.

[14:03]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Í fyrri ræðu minni fjallaði ég að mestu um forvarnamál en vegna tímatakmarkana hafði ég nánast ekkert svigrúm til að ræða um meðferðarmál. Á vegum Barnaverndarstofu og reyndar annarra aðila einnig er unnið mjög mikilvægt starf við að veita börnum og unglingum yngri en 18 ára meðferðarúrræði. Eftir að sjálfræðisaldurinn var hækkaður var meðferðarkerfi fyrir börn og unglinga stokkað upp og nú er t.d. hægt að halda unglingum upp að 18 ára aldri í meðferð gegn vilja þeirra sem ekki var áður hægt. Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu sem taka börn í langtímameðferð eru sjö talsins og eru öll staðsett á landsbyggðinni. Um er að ræða rými fyrir 51 barn á aldrinum 13–17 ára. Auk þess rekur Barnaverndarstofa meðferðarstöðina Stuðla. Þar er greiningar- og meðferðarvistun fyrir átta unglinga og að auki fimm rými í neyðarvistun. Það má því segja að Barnaverndarstofa hafi yfir að ráða 64 rýmum á stofnunum og heimilum.

Það er skoðun félagsmálaráðuneytisins að leita eigi leiða til að þróa áfram meðferðarúrræði á þessu sviði þar sem m.a. verði byggt á því góða starfi og þeirri reynslu sem við höfum frá undanförnum mörgum árum. Allt er það í þágu þeirra samborgara okkar, barna og unglinga sem þurfa á þessari þjónustu að halda með það að markmiði að viðkomandi geti á nýjan leik verið virkir þátttakendur í samfélaginu með jákvæðum formerkjum.

Hæstv. forseti. Ég vil enda ræðu mína á því að þakka mjög málefnalega umræðu um þessi mál. Ég tel mikilvægt að slík umræða sé málefnaleg og það hefur hún sannarlega verið hér í dag. Þetta er að sönnu samfélagslegt mál sem snertir okkur öll og ég leyfi mér að kalla alla til verka og þátttöku í þeim verkefnum sem við höfum rætt hér í dag.

## *Gatnagerðargjald, 1. umr.*

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 220.

[14:05]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um gatnagerðargjald. Um er að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga sem ætlað er að leysa af hólmi lög nr. 17/1996, um gatnagerðargjald. Frumvarpið er lagt fram að tillögu nefndar sem þáverandi félagsmálaráðherra skipaði til að endur-

skoða lög nr. 17/1996, um gatnagerðargjald. Nefndin var skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og studdist jafnframt við álit og ráðgjöf frá ýmsum sérfræðingum.

Meginmarkmið frumvarpsins er að skilgreina gatnagerðargjald sem skatt af fasteignum í þéttbýli. Í lögum nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, og í lögskýringargögnum með þeim er gengið út frá því að gatnagerðargjald teljist til þjónustugjalda en á sl. ári komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ákvörðun um fjárhæð gatnagerðargjalds lyti í meginatriðum hefðbundnum skattalegum sjónarmiðum. Verði þetta frumvarp að lögum verður allri óvissu eytt um þetta grundvallaratriði.

Með frumvarpinu er jafnframt leitast við að einfalda álagningu gatnagerðargjalds. Lagt er til að eingöngu verði miðað við flatarmál bygginga við útreikning gatnagerðargjaldsins í stað þess að veita sveitarstjórnum val milli flatarmáls lóðar, rúmmáls húss og fermetrafjölda húss eða blöndu af þessum leiðum líkt og gert er í núgildandi lögum.

Gert er ráð fyrir að fjárhæð gatnagerðargjaldsins nemi 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis sem er sama hlutfall og markar hámark gatnagerðargjaldsins í núgildandi lögum. Breytingin hefur þar af leiðandi engin áhrif á tekjumöguleika sveitarfélaganna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögin hafi rúmar heimildir til reglusetningar um gatnagerðargjald og er þannig viðhaldið því svigrúmi sem þau hafa í gildandi lögum. Til að auka fyrirsjáanleika og gegnsæi gatnagerðargjalds og auðvelda um leið samanburð milli sveitarfélaga er gert ráð fyrir því að hvert sveitarfélag setji sér sérstaka samþykkt um gatnagerðargjald. Í samþykktinni skal eftir atvikum kveðið á um álagningu gjaldsins, gjalddaga, greiðslufyrirkomulag og annað er varðar innheimtu þess sem og ákvarðanir um beitingu heimilda til að lækka eða fella niður gatnagerðargjald við sérstakar aðstæður svo sem af sambýlum fatlaðra, þjónustuíbúðum fyrir aldraða eða félagslegu leiguhúsnæði.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, vísa ég til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins og að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hæstv. félagsmálanefndar og til 2. umr.

[14:08]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég reikna með því að þetta frumvarp verði sent til umfjöllunar í félagsmálanefnd þar sem það er félagsmálaráðherra sem mælir fyrir því og þetta heyrir undir sveitarfélögin.

Ég hef aðeins verið að blaða í frumvarpinu og hef kannski ekki neitt voðalega margar athugasemdir við það á þessari stundu, við eigum jú eftir að fjalla um þetta í nefndinni. Hins vegar finnst mér skorta á eitt í frumvarpinu og það er í raun og veru vernd, því þeir sem borga þessi gjöld fá enga tryggingu fyrir því að þeir fái eitthvað í staðinn, þ.e. að ekki sé lögð nein skylda á herðar sveitarfélögunum að peningarnir verði notaðir strax í að leggja götur í nýjum hverfum. Mér finnst þetta svolítill galli á frumvarpinu því að maður hefur stundum orðið vitni að því að töluvert langur tími getur liðið frá því að húsbyggingar hefjast og jafnvel frá því að fólk flytur inn í ný hús þangað til að sveitarfélögin taka sig til og ganga frá götunum. Ég hefði gjarnan viljað sjá í þessu litla frumvarpi að lögð væri einhvers konar skylda á herðar sveitarfélögum að þau verji þessum peningum í það að ganga frá götunum sem allra fyrst og helst ætti þetta að vera þannig að það yrði lokið við að leggja götur áður en húsbyggingar hæfust, þannig ætti það að vera í öllum fyrirmyndarsveitarfélögum. Maður sér að það er gert sums staðar og ég tel að það sé til mikillar fyrirmyndar. Annars staðar hef ég heyrt fólk kvarta yfir því að það sé látið borga þessi gjöld til sveitarfélaganna og síðan geti liðið langur tími þangað til farið er í að ganga frá götunum og þá má í raun og veru líta svo að neytendur, þ.e. þeir sem borga þessi gjöld, séu á vissan hátt að lána sveitarfélögunum peninga til óskilgreinds tíma og vita ekki nákvæmlega hvenær þeir eiga að fá það sem þeim ber, sem eru jú að sjálfsögðu viðunandi götur.

Þetta var svona stutt athugasemd af minni hálfu, virðulegi forseti, sem ég vildi koma að hér við 1. umr. En þar sem þetta fer nú til umfjöllunar í félagsmálanefnd reikna ég með því að við munum taka þennan þátt til skoðunar þar og að sjálfsögðu verður leitað umsagna um þetta frumvarp og þá ekki síst frá sveitarfélögum, en ég ætlast til að það verði líka leitað umsagna frá þeim sem hafa með hagsmuni húseigenda, húsbyggjenda að gera.

[14:10]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Virðulegur forseti. Aðeins út af því sem kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Í öðrum lögum er fjallað um þau atriði sem hann nefndi hér og vísa ég þar m.a. til skipulags- og byggingarlaga og einnig er fjallað um þetta í byggingarreglugerðum. Í þessu frumvarpi er eingöngu verið að fjalla um skattheimtuna og innheimtuna sjálfa og í sjálfu sér er þar engin breyting frá gildandi lögum er varðar það sem hv. þingmaður nefndi. En ég geri ráð fyrir að í félagsmálanefndinni muni nefndarmenn hugsanlega fjalla um þau mál sem hann nefndi hér.

[14:11]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta frumvarp um gatnagerðargjald er nú svo spennandi að mér finnst að það verðskuldi myndarlega umræðu.

En að öllu gamni slepptu er kannski ástæða til, þó að frumvarpið sé góðra gjalda vert og maður skilji augljóslega hvað fyrir mönnum vakir, að eyða óvissu um það hvers eðlis þessi gjaldstofn er og reyndar að útkljá fleiri óvissuatriði þar sem dómaframkvæmd hefur fyrst og fremst varðað veginn að undanförnu, þá er nú kannski samt ástæða til að fara rækilega yfir það. Mér dettur í hug fyrir það fyrsta að það væri ekki galið að félagsmálanefnd sendi efnahags- og viðskiptanefnd málið til skoðunar vegna þess að í raun og veru er verið að slá því hér föstu, ef ég les rétt, að gatnagerðargjald sé skattur en ekki þjónustugjald og það er dálítil breyting frá þeirri hugsun sem almennt hefur verið lögð til grundvallar heimildar sveitarfélaganna af þessu tagi. (**Gripið fram í:** Nýr tekjustofn.)

Hérna er þá í raun og veru um að ræða skattlagningar-

vald sem færist til sveitarfélaganna og er ákaflega rúmt að öllu öðru leyti en því að það er sett hámark á það hlutfall sem leggja má á. Hins vegar er álagningarvaldið í raun algjörlega í höndum sveitarfélaganna að öðru leyti vegna þess að þeim er heimilt að leggja þetta með mismunandi hætti á einstakar tegundir húsnæðis og þeim er heimilt að veita sérstaka afslætti þegar svo ber undir o.s.frv. Hér er því í raun og veru verið að breyta þessu þjónustugjaldi sem áður var kannski talið að væri — mig minnir að það hafi staðið svo í lögum — yfir í skatt og gera það með mjög frjálslegum hætti.

Hér eru tekin af tvímæli um að ekki er heimilt að leggja á gatnagerðargjald í strjálbýli og það er góðra gjalda vert. Um það mun hafa verið tekist á einhvers staðar og þetta er þá bundið við þéttbýli, hvaða skilgreiningu nákvæmlega sem á nú að viðhafa í þeim efnum, og fleiri atriði eru hér sem eru allrar athygli verð.

Mér finnst líka — þó að þetta sé auðvitað bara einn afmarkaður þáttur rekstrar sveitarfélaganna og skipti sjálfsagt ekki sköpum í rekstri þeirra og grunnhugsunin eftir sem áður sú að þetta sé tekjustofn sem mæti útgjöldum sem sveitarfélögin hafa af gatnakerfi sínu og þá einhverri tengdri þjónustu við þær byggingar sem í hlut eiga, þá er þetta auðvitað tekjustofn eins og hver annar og það er spurning hvort ekki hefði jafnvel verið ástæða til að skoða þá í leiðinni fleira sem að sveitarfélögunum snýr. En það sem ég ætlaði aðallega að benda á og leggja í púkkið er hvort ekki sé ástæða til þess að sú nefnd þingsins sem fer með skattamál skoði þetta líka úr því að verið er að slá því föstu að gatnagerðargjöld séu skattur en ekki þjónustugjöld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:15]

**Útbýting:**

Áfengislög, 91. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 91.

Álbræðsla á Grundartanga, 93. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 93.

Bættar samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, 185. mál, þáltill. LB o.fl., þskj. 186.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 95. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 95.

Heilbrigðisáætlun fyrir ungt fólk, 174. mál, þáltill. GÖg o.fl., þskj. 174.

Teikning af legu raflínu frá Skagafirði til Húsavíkur, 235. mál, fsp. AKG, þskj. 238.

Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, 231. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 234.

## *Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 220. mál (óheimil skráning lögheimilis í frístundabyggð). — Þskj. 221.

[14:15]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu er það lagt fram að tillögu starfshóps sem í áttu sæti fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Starfshópnum var falið að fjalla um hugsanleg réttaráhrif dóms Hæstaréttar Íslands frá 14. apríl 2005 sem fjallar um rétt til lögheimilisskráningar í húsi sem samkvæmt skipulagi taldist frístundahúsnæði. Í niðurstöðu Hæstaréttar er byggt á því að lagaákvæði hafi skort til að hægt væri að synja um skráningu lögheimilis.

66. gr. stjórnarskrárinnar veitir löggjafanum svigrúm til að setja í lög ákvæði sem takmarka rétt til búsetu og verður dómur Hæstaréttar ekki skilinn á þann veg að hann útiloki löggjöf sem hafi það að markmiði að gera sveitarfélögunum mögulegt að framfylgja skipulagsáætlunum innan sinna marka. Vegna fyrirmæla stjórnarskrárinnar um rétt manna til að ráða búsetu sinni geta ákvæði í skipulagi hins vegar ekki ein og sér takmarkað rétt manna til skráningar á lögheimili í húsnæði sem þeir sannanlega búa í og telst íbúðarhæft.

Í þessu felst að í ljósi áðurnefnds hæstaréttardóms eru úrræði sveitarstjórna til að marka stefnu um þróun íbúðarbyggðar takmarkaðri en áður var talið. Dómur Hæstaréttar hefur ekki enn þá leitt til mikilla breytinga á búsetu fólks hér á landi eða haft veruleg áhrif á starfsemi sveitarfélaganna. Ef slíkir flutningar fólks færast í vöxt verður á hinn bóginn að telja að áhrifin gætu orðið víðtæk. Opinber þjónusta getur til að mynda orðið dýrari og af þeim sökum getur þurft að draga úr þjónustu þar sem tekjustofnar sveitarfélaganna eru takmarkaðir.

Það er mikilvægur þáttur í sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga að þau geti innan marka laga forgangsraðað verkefnum og ákveðið útfærslu þeirrar þjónustu sem þau veita, m.a. í þeim tilgangi að nýta tekjustofna sína af hagkvæmni. Algert frjálsræði í vali á búsetu innan sveitarfélags getur þannig ekki aðeins grafið undan forræði sveitarfélaga í skipulagsmálum heldur getur það einnig haft áhrif á rekstrargrundvöll þeirra. Eru slíkar afleiðingar sérstaklega nærtækar í víðfeðmum sveitarfélögum þar sem stórar sumarhúsabyggðir eru og eigendur sumarhúsa jafnvel margfalt fleiri en íbúar viðkomandi sveitarfélags. Auk þess eru aðstæður víða þannig í frístundabyggðum að erfitt er að tryggja þjónustu allt árið um kring vegna þess að aðgengi er erfitt og t.d. er snjómokstur nánast útilokaður nema með óheyrilegum kostnaði.

Hæstv. forseti. Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við 1. gr. lögheimilislaga ákvæði um að dvöl í húsnæði sem byggt er á svæði sem skipulagt er sem frístundabyggð geti ekki talist ígildi fastrar búsetu og skráning lögheimilis í slíku húsnæði verði af þeirri ástæðu óheimil. Til að tryggja skýrleika laga eru jafnframt lagðar til breytingar á skipulags- og byggingarlögum þar sem einkum er fjölgað orðskýringum. Rétt er að benda sérstaklega á að framangreind lagabreyting mun ekki hafa þau áhrif að útilokað verði að fá samþykki fyrir lögheimilisskráningu í skipulagðri frístundabyggð ef viðkomandi einstaklingur á þar fasta búsetu

eða raskar lögheimilisskráningu þeirra sem þegar eru skráðir með lögheimili í sumarhúsi.

Verði þetta frumvarp að lögum getur skráning lögheimilis í skipulegri frístundabyggð hins vegar ekki farið fram fyrr en sveitarstjórn hefur samþykkt breytingu á skipulagi fyrir viðkomandi svæði. Jafnframt skal bent á að breytingin útilokar ekki skráningu lögheimilis í sumarhúsum sem standa utan skipulagðrar frístundabyggðar ef viðkomandi einstaklingur á þar fasta búsetu.

Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu er fremur hentug og einföld í framkvæmd, hæstv. forseti. Má jafnframt benda á að með þessari breytingu yrðu reglur um skráningu lögheimilis og búsetu í frístundabyggð færðar í sama horf og almennt var talið að væri við lýði áður en fyrrnefndur dómur Hæstaréttar féll í apríl 2005.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu en legg til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og til félagsmálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ný framtíðarskipan lífeyrismála, fyrri umr.*

Þáltill. ISG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[14:20]

**Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála en í þeirri tillögu felst að Alþingi feli ríkisstjórninni að endurskoða lífeyriskafla laga um almannatryggingar. Endurskoðunin verði unnin í fullu samráði við samtök aldraðra og öryrkja. Skoðað verði í þessari vinnu samspil almannatrygginga og lífeyriskerfisins með það að markmiði að einfalda tryggingakerfið, draga úr skerðingaráhrifum tekna og auka möguleika lífeyrisþega til að bæta kjör sín. Þá verði komið á afkomutryggingu sem tryggi viðunandi lífeyri. Til undirbúnings afkomutryggingunni verði þegar í stað gerð úttekt á framfærslukostnaði lífeyrisþega sem grunnlífeyrir þeirra og tekjutrygging byggist síðan á.

Lagt er til að skilgreining á neysluútgjöldum lífeyrisþega, sem afkomutryggingin byggist á eins og fyrr sagði, liggi fyrir eigi síðar en 1. desember 2007 ásamt tillögum um hvernig draga megi frekar úr skerðingu lífeyrisgreiðslna vegna annarra tekna. Þegar úttekt hefur verið gerð á framfærsluþörf lífeyrisþega skal í samráði við hagsmunasamtök þeirra gera áætlun um tímasetta áfanga afkomutryggingarinnar. Það er þessi afkomutrygging, virðulegur forseti, sem er stærsti liðurinn í þeirri þingsályktun sem hér er flutt þó að fjölmargt annað komi þar líka til sem ég mun fara yfir á eftir.

Tillaga þessi er flutt sameiginlega af öllum þingmönnum Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins. Fulltrúar þingflokkanna hafa að undanförnu rætt um og samræmt áherslur sínar á sviði almannatryggingamála. Allir hafa þessir flokkar flutt tillögur um málið á undanförnum þingum. Þessir flokkar hafa ályktað og sett fram sín sjónarmið á þessu sviði með margvíslegum hætti og tekur tillagan mið af þeim málatilbúnaði. Við höfum sem sagt farið yfir sviðið, skoðað tillögur og ályktanir þessara flokka og sett saman þessa tillögu í kjölfar þess. Tillagan endurspeglar það sameiginlega viðhorf stjórnarandstöðunnar að eitt allra brýnasta verkefnið á sviði velferðarmála hér á landi sé að bæta kjör öryrkja og aldraðra. Óumdeilt er að allur þorri þeirra sem þessum hópum tilheyrir hefur alls ekki notið sambærilegs lífskjarabata og aðrir landsmenn undanfarin ár. Úr því vill stjórnarandstaðan bæta án frekari tafar með þeim aðgerðum sem þessi tillaga felur í sér.

Þessar tillögur koma til viðbótar og ganga mun lengra en þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur fallist á að grípa til eftir mikinn þrýsting af hálfu eldri borgara og öryrkja. Eins og kunnugt er hefur mikil óánægja og reiði byggst upp í samfélaginu sökum þess hvernig aldraðir og öryrkjar hafa setið eftir.

Tillagan felur í sér annars vegar tafarlausar aðgerðir sem fela í sér verulegar kjarabætur til þessa hóps þegar á þessu ári og svo frá næstu áramótum. Hins vegar felur tillagan í sér aðgerðir eins og fyrr sagði sem leggja grunn að breyttri grundvallarskipan þessara mála. Þar eru veigamestu breytingarnar sú lífsafkomutrygging sem ég gat um áðan sem tekur mið af raunverulegum framfærslukostnaði sem og tilkoma innbyggðs hvata eða auknir möguleikar elli- og örorkulífeyrisþega til að bæta stöðu sína með viðbótartekjuöflun án þess að til skerðingar komi.

Kostnaður sem fylgir framkvæmd tillögunnar er vel viðráðanlegur og rúmast að mati stjórnarandstöðunnar innan þess ramma sem núverandi tekjuöflun ríkissjóðs og áætlaður hagvöxtur býður upp á. Það má heldur ekki gleyma því að breytingum af þessu tagi fylgir sparnaður annars staðar, svo sem hjá sveitarfélögunum, og jafnvel einnig nokkrar skatttekjur til sveitarfélaganna og ríkisins samfara aukinni atvinnuþátttöku aldraðra og öryrkja ef kerfið virkar hvetjandi í þeim efnum. Mikilvægastur er þó hinn samfélagslegi ávinningur og aukin lífsgæði þeirra sem breytinganna munu njóta. Þingflokkar stjórnarandstöðunnar munu fjalla frekar um kostnaðarlið tillögunnar við afgreiðslu fjárlaga og tillögunni verður þá fylgt eftir með flutningi tillagna um *viðeigandi fjárheimildir, og fjármögnun verður þá skoðuð nánar.*

Meginmarkmið þessarar þingsályktunartillögu er að hækka lífeyrisgreiðslur aldraðra og öryrkja svo og að auka svigrúm þeirra til að afla sér tekna án þess að það skerði lífeyrisgreiðslur þeirra. Sérstök áhersla er lögð á að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og að tekin verði upp, eins og ég sagði, afkomutrygging sem komi til handa öllum öldruðum og öryrkjum.

Ég mun nú, virðulegi forseti, fara yfir einstök atriði þessarar tillögu en veigamesta breytingin og sú sem kemur *nú strax til framkvæmda er hækkuð tekjutrygging. Gert er* ráð fyrir að ný tekjutrygging hækki í 85 þús. kr. hjá öldruðum í 1. áfanga og í 86 þús. kr. hjá öryrkjum að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa að undanförnu. Lífeyrisþegi sem býr einn á kost á heimilisuppbót til viðbótar til að mæta aukakostnaði við það að vera einn og þeir sem einnig fá heimilisuppbót mundu því hækka úr rúmlega 126 þús. kr. í rúmar 133 þús. Þá er lagt til að skerðingarprósentan,

þ.e. það sem lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar skerðast um vegna tekna lífeyrisþegans, fari þegar um áramótin úr 45% í 35%, en ríkisstjórnin áætlar að lækka hana í 39,95% um áramótin og aftur í 38,35% árið 2008. Hér eru því lagðar til minni tekjuskerðingar þegar frá 1. janúar 2007 sem skapar öldruðum meira svigrúm og tekjuauka en verið hefur.

Þá er lagt til, virðulegi forseti, að tekið verði upp frítekjumark vegna atvinnutekna sem verði 900 þús. kr. á ári eða 75 þús. kr. á mánuði þegar frá 1. janúar 2007. Tillaga ríkisstjórnarinnar, sem hún lagði fram seinni part sumars, felur í sér 200 þús. kr. frítekjur á ári frá 1. janúar 2009. Þær koma ekki til framkvæmda fyrr en 2009, 200 þús. kr. frítekjumarkið og upp í 25 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2010, þannig að aldraðir þurfa þá að bíða allt árið 2007 og allt árið 2008 til að geta notið 200 þús. kr. frítekjumarks eða 17 þús. kr. á mánuði sem ríkisstjórnin leggur til, sem við leggjum til að fari sem sagt þegar í 75 þús. kr. þann 1. janúar 2007. Það þýðir auðvitað að aldraðir geta unnið sér inn 75 þús. kr. á mánuði án þess að það skerði þær greiðslur sem þeir fá frá Tryggingastofnun í tekjutryggingu.

Það er líka gert ráð fyrir því í tillögunni að rétt sé að skoða hvort heimila eigi að nýta einhvern hluta þessa frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóði í stað þess að lífeyristekjur skerði tryggingagreiðslur strax frá fyrstu krónu. Með því yrði komið til móts við þann hluta hópsins sem ekki er fær um að afla sér atvinnutekna og bæta þannig stöðu sína en hefur hins vegar einhverjar tekjur frá lífeyrissjóði. Við leggjum sem sagt til að það verði skoðað sérstaklega hvort þarna megi færa á milli. En tillagan um frítekjumark upp á 75 þús. kr. á mánuði er mjög mikilvæg í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið, m.a. fyrir tilstuðlan stjórnvalda sem hafa verið að hvetja aldraða til að taka aukinn þátt í atvinnulífinu. Það hefur verið talað um leikskólann í því sambandi, það hefur verið talað um verslanirnar í því sambandi en hvers vegna í ósköpunum ættu aldraðir að afla sér atvinnutekna þegar atvinnutekjurnar skerða jafngróflega það sem þeir fá í lífeyrisgreiðslu og raun ber vitni.

Þá gerir þessi tillaga ráð fyrir því að ráðstöfunarfé og vasapeningar lífeyrisþega sem dveljast á stofnunum hækki um 50% samhliða afnámi frítekjumarks og það verði afturvirkt frá 1. júlí 2006. Þá gerum við ráð fyrir að vasapeningarnir hækki sem sagt um 11 þús. kr. rúmar og verði rúmar 34 þús. kr. á mánuði hjá vistmanni með engar aðrar tekjur. Við gerum jafnframt ráð fyrir því að ef þeir sem fá núna tekjur úr lífeyrissjóði og halda eftir af því 50 þús. kr. á mánuði fara á hjúkrunarheimili, haldi þeir eftir 75 þús. kr. Þessi viðmiðun er líka fyrir þá sem fá úr lífeyrissjóði en greiða stærstan hluta jafnvel af því sem þeir þaðan fá til hjúkrunarheimilisins. Þeir geti haldið eftir 75 þús. kr. og að vasapeningar hinna sem ekkert hafa nema frá Tryggingastofnun hækki um 11 þús. kr.

Tillagan gerir líka ráð fyrir því að lífeyrir verði aftengdur tekjum maka og aldraðir öryrkjar haldi sinni örorkuuppbót. Með þessu viljum við stuðla að því að litið sé á einstaklingana, hina öldruðu, sem efnahagslega sjálfstæða einstaklinga sem hafi sínar eigin sjálfstæðu tekjur án þess að þær séu tengdar við tekjur maka. Við teljum að það sé mjög mikilvægt að þetta komi til framkvæmda en í tillögum ríkisstjórnarinnar er einungis gert ráð fyrir að afnema þetta að hluta. Við viljum stíga skrefið til fulls og aftengja þarna alveg á milli.

Þær tillögur sem hér er verið að fjalla um koma til viðbótar því sem ríkisstjórnin samdi um, ef við notum það orðalag, við Landssamtök eldri borgara og þær breytingar sem því eru samhliða, en það er alveg ljóst að það er gífurleg óánægja með það hjá lífeyrisþegum hversu skammt var gengið í þessu svokallaða samkomulagi, hversu skammt var gengið í því að bæta lífeyri aldraðra. Forsvarsmenn Landssamtaka eldri borgara hafa lýst yfir óánægju sinni og sagt að lífeyrishluti viljayfirlýsingarinnar sé allt of rýr. Það hefur reyndar komið fram opinberlega hjá forsvarsmönnum þeirra að þeir hafi fallist á þessa niðurstöðu í lífeyriskafla samkomulagsins frá því í sumar vegna þess að þeir hafi fengið skýr skilaboð um að gerðu þeir það ekki stefndu þeir í hættu þjónustuþætti yfirlýsingarinnar sem tekur á því hvernig byggja eigi upp öfluga heimaþjónustu fyrir aldraða og hvernig eigi að byggja upp fleiri hjúkrunarrými en hér hefur verið gert á undanförnum árum. En eins og menn þekkja hefur Framkvæmdasjóður aldraðra verið skertur á hverju ári og verið gengið í þann sjóð. Hann hefur þar af leiðandi ekki verið í stakk búinn til að standa undir þeirri uppbyggingu á hjúkrunarrými fyrir aldraða sem honum var þó ætlað að standa undir.

Ég gæti, virðulegur forseti, farið frekar yfir þessar tillögur en hef rétt drepið á það helsta sem í þeim er að finna. Við teljum, flutningsmenn þessarar tillögu, að það eigi að vera eitt af forgangsverkefnum í þjóðfélaginu á næstu árum að bæta kjör lífeyrisþega og þessi tillaga endurspeglar þennan vilja okkar. Það er hægt að bæta kjör þeirra m.a. með þeirri nýskipan lífeyrismála sem hér er lögð til með því, eins og fyrr sagði, að gera neyslukönnun, koma á afkomutryggingu þannig að lífeyrisþegar fái eðlilegan og sanngjarnan hlut í auknum hagvexti og þjóðartekjum en meðan unnið er að því teljum við engu að síður að ekki sé hægt að bíða og mikilvægt sé að grípa til aðgerða strax sem geta bætt kjör aldraðra. Þar vegur þyngst, eins og ég sagði, virðulegur forseti, að tekjutrygging aldraðra verði hækkuð, að frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús kr. á mánuði, að dregið verði úr skerðingaráhrifum tekna á lífeyri, að ráðstöfunarfé við dvöl á stofnun hækki um 50%, að afnumin verði tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka og að öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á ellilífeyri.

Þetta eru meginþættirnir í þessari tillögu, virðulegi forseti, sem ég tala hér fyrir fyrir hönd stjórnarandstöðunnar allrar.

[14:34]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að í sölum þingsins ræðum við þau mikilvægu mál sem lífeyrismálin eru. Það hefur oft skort á að hér sé einmitt málefnaleg umræða um forgangsröðunina og hvernig við viljum haga þessum málum.

Ég vil aðeins koma inn á ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á undan mér þar sem hún ræddi um atvinnuþátttöku eldri borgara. Ég vil spyrja hana hvað hún telji valda því að í norrænum samanburði er það svo að at-

vinnuþátttaka eldri borgara er hæst hér á landi. Það er staðan. Vegna þess að í máli hennar kom fram að þeir sæju sér enga ástæðu til að vinna. En raunin eru nú önnur. Atvinnuþátttaka eldri borgara er með því hæsta sem þekkist á Norðurlöndum og er það ein af ástæðum þess að við komum ágætlega út í norrænum samanburði.

En ég vildi koma aðeins inn á jöfnunina og spyrja betur út í þá hugsun eða þá hugmyndafræði sem er að baki þessari þingsályktunartillögu, því ég velti fyrir mér í forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna hvort nauðsynlegt sé að koma upp þessu frítekjumarki, sem ég sé að gert er ráð fyrir í tillögunni, ég á svo sem eftir að kynna mér það enn betur og ég geri ráð fyrir að við gerum það í heilbrigðis- og trygginganefnd. Hvort nauðsynlegast sé, þegar deilt er út takmörkuðum fjármunum ríkisins, að koma á frítekjumarki til þeirra sem geta unnið meðan það er hópur fólks sem ekki getur unnið og mun ef til vill ekki geta unnið. Hver er þá staða þeirra þegar við skiljum þá eftir í þeim tillögum sem hér eru kynntar?

[14:36]

**Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur fyrir þær spurningar sem hún ber fram. En ég vil byrja á að segja að ég held að það sé nú ekki við stjórnarandstöðuna að sakast í því efni að skortur sé á málefnalegri umræðu um forgangsröðun þegar kemur að útdeilingu fjármuna. Síst af öllu ef talað er um forgangsröðun fjármuna í þágu aldraðra. Því ef einhver hefur verið duglegur að tala um þau mál á þingi þá eru það þingmenn stjórnarandstöðunnar. Ég veit að ef þingmaðurinn lítur hér um bekki og sér þá þingmenn sem hér eru þátttakendur og ætla að taka þátt í umræðunni, þá eru það þeir þingmenn sem hafa verið óþreytandi við nákvæmlega þetta, þ.e. að standa fyrir málefnalegri umræðu um forgangsröðun í þágu aldraðra og öryrkja.

Varðandi atvinnuþátttöku eldri borgara, að hún sé hæst hér á landi af Norðurlöndunum, þá er ástæðan fyrir því mjög einföld. Það er vegna þess að eftirlaunaaldurinn er hærri hér en víðast hvar annars staðar. Fólk fer almennt seinna á eftirlaun á Íslandi en annars staðar. 67 ára gamalt fer fólk hér á eftirlaun. Ef við horfum á Norðurlöndin í kringum okkur nær það allt niður í 62 ára aldur þegar fólk fer á eftirlaun. Það er því ólíku saman að jafna. Þess vegna er þetta svona.

Ástæðan fyrir því að fólk sem er komið á ellilífeyri frá Tryggingastofnun, er orðið 67 ára eða sjötugt, og fer ekki að vinna er auðvitað sú að fólkið verður fyrir svo mikilli skerðingu í lífeyriskerfinu ef það reynir að bæta lífskjör sín með því að taka örlitla vinnu. Þó ekki sé nema hluti af vinnu, skerðast lífeyrisbæturnar um 45% eins og málum er háttað í dag.

Til að fólkið finni fyrir þeim hvata og finni fyrir þeirri viðurkenningu frá samfélaginu sem í því felst að það taki þátt í vinnumarkaðnum er mikilvægt að koma á frítekjumarki og draga úr þeim skerðingum sem hér um ræðir.

Þetta vildi ég segja, virðulegur forseti, og varðandi frítekjumarkið er það krafa aldraðra að því sé komið á.

[14:38]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu fyrir svörin. Ég verð þó að segja að í þessum norræna samanburði NOSOSKO, sem við notum oft til samanburðar í lífeyrismálum, þá er þess gætt að þetta sé samræmt á milli landa. Ef ég fer rétt með tel ég að búið sé að taka til greina þá sérstöðu sem Ísland hefur í samanburði við hin löndin.

En ég vil koma aftur inn á jöfnunina. Ég nefnilega velti þessu fyrir mér þegar við ræðum þessi mál að þetta skiptir afar miklu máli. Þetta er auðvitað spurning um grundvallarhugmyndafræði almannatrygginga og um samtrygginguna.

Er það svo að Samfylkingin, jafnaðarmenn, séu að hverfa frá þeirri hugsun að samfélagið komi til móts við þá sem minnst hafa og minnst geta komið sér upp úr þeim sporum sem þeir eru í með því að forgangsraða þannig að leggja aðaláherslu á að koma á frítekjumarki fyrir þá sem geta unnið?

[14:39]

**Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir fari vill vegar þegar hún talar um að það sé samræmt á milli landa. Það er auðvitað verið að skoða eldri borgara almennt. Það er alveg ljóst og öllum kunnugt og það reka allir upp stór augu þegar maður talar um það erlendis að hér sé eftirlaunaaldurinn miðaður við 67 ár vegna þess að annars staðar er rétturinn allur annar.

Hins vegar varðandi jöfnunina er það ekki þannig að hér sé bara verið að leggja til frítekjumark. Hér er verið að leggja til verulegar breytingar í átt til jöfnunar vegna þess að hér er verið að leggja til afkomutryggingu í þágu aldraðra og öryrkja þannig að öllum séu tryggð ákveðin tiltekin lífskjör. Til grundvallar fyrir tryggingu sé lögð neyslukönnun sem við leggjum til að verði unnin.

Einnig er lagt til að tekjutryggingin verði hækkuð til þeirra sem ekkert hafa annað en tekjutrygginguna. Þetta er ekki bara tillaga um frítekjumark. Þetta er samsett tillaga sem tekur á ýmsum þáttum í lífeyriskerfinu og þær miða allar í sömu átt, að tryggja kjör aldraðra og öryrkja og tryggja líka möguleika þeirra til að bæta stöðu sína og kjör. Því það hlýtur líka að vera mikilvægt fyrir það fólk sem er t.d. með lítið úr lífeyrissjóðum, að það eigi möguleika á að bæta stöðu sína og afkomu með einhverjum launatekjum án þess að því sé refsað beinlínis fyrir það eins og er í kerfinu í dag.

[14:41]

**Útbýting:**

Íslenskt efni á dagskrá Ríkisútvarpsins, sjónvarps, 212. mál, fsp. MÁ, þskj. 213.

Sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum, 211. mál, fsp. MÁ, þskj. 212.

[14:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Hér kemur til umræðu þessi sameiginlega tillaga stjórnarandstöðunnar um aðgerðir í lífeyrismálum og er sú fyrsta af nokkrum þingmálum sem stjórnarandstaðan

hefur sameinast um að flytja hér við upphaf þings. Það endurspeglar líka þá staðreynd að innan stjórnarandstöðunnar er mjög góð samstaða um að þetta sé eitt allra brýnasta verkefnið sem þarf að ráðast í í íslensku samfélagi, þ.e. að bæta verulega kjör þessa hóps almennt talað, aldraðra og öryrkja, og undirbúa nýja skipan þessara mála inn í framtíðina sem tryggir þessum hópum betur bærilega afkomu í okkar ágætlega ríka samfélagi.

Tillagan er tvíþætt. Felur annars vegar í sér bráðaaðgerðir sem koma eiga til framkvæmda strax um næstu áramót og hins vegar stefnumótun eða undirbúning undir stefnumótun og breytingar í þessum efnum til framtíðar litið. Þar er sérstaklega átt við vandaða könnun á raunverulegum framfærslukostnaði, raunverulegum kostnaði þessa fólks við að reka heimili sín eða framfleyta sér. Og síðan afkomutryggingu sem byggir á slíkum grunni.

Ýmsar æfingar hafa verið í þessum efnum undanfarin ár. Menn hafa ýmist tengt þetta vísitölum eða aftengt þær. Á tímabili gætti mjög ríkrar tilhneigingar til tekjutenginga sem menn síðan komust að raun um að hefðu gengið út í öfgar og eru svo að reyna að vinda ofan af núna.

Fyrsti liður tillögunnar er almenns eðlis, að hækka hina almennu tekjutryggingu til allra. Þess njóta allir og auðvitað ekki síst þeir sem fyrst og fremst verða að reiða sig á greiðslur úr almannatryggingakerfinu. Þar með er strax að hluta til svarað spurningu hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur áðan um viðhorf okkar til annars vegar þeirra sem geta aflað sér einhverra viðbótartekna og bætt þannig stöðu sína og hinna sem ekki eru í aðstöðu til þess. Það er hugsað um báða hópana í tillögunni. Hún er í mjög góðu jafnvægi hvað það snertir. Það er gert með því að hækka tekjutrygginguna. Það er gert með því að hækka vasapeningana og það er gert með því að horfa til framtíðar og leggja grunn að nýrri lífskjaratryggingu eða afkomutryggingu.

Það er hins vegar hárrétt og fullgilt að spyrja spurningarinnar hvernig kerfið eigi að vera að þessu leyti. Svarið er: Bæði. Það er nefnilega alveg á hreinu að ekki verður samstaða um að fara aftur á bak með almannatryggingakerfið á Íslandi í átt til aukinnar fátæktarnauðþurftahugsunar. Þetta er kerfi sem um langt árabil hefur samanstaðið af tveimur þáttum. Annars vegar almennri tryggingu og hins vegar tekjutengdum viðbótargreiðslum. Þannig er þetta búið að vera alllengi.

Vandinn er hins vegar sá að menn fóru á löngu árabili offari í að færa yfir í tekjutengda hlutann miklu meira og meira af greiðslunum þangað til eftir stóð nánast enginn almennur grunnur. Þannig veikist kerfið og samstaðan um það rofnar. Aðalsmerki norrænu kerfanna hefur alltaf verið það að í þeim er fólgin almenn samtrygging sem allir njóta. Hitt er svo augljóst mál að það getur verið, þegar menn hafa takmarkaða fjármuni handa á milli, að freistandi sé að tekjubinda ráðstöfun þeirra með þá hugsun að leiðarljósi að ná til þeirra sem í mestri eru þörfinni.

Þeirri leið er ekki hafnað hér. Ég mundi aldrei standa að tillöguflutningi sem hafnaði með öllu tekjutengdum ráðstöfunum til að reyna að skila fjármunum til þeirra hópa sem eru í mestri þörf. Því getur hv. þingmaður alveg treyst. Þá stæði ég ekki hér sem einn af flutningsmönnum þessarar tillögu. Hún er þvert á móti að mínu mati í mjög góðu jafnvægi milli þeirra meginsjónarmiða að innihalda sterka almenna tryggingu á félagslegum eða samtryggingarlegum grunni, „sólídarískum", eins og stundum er sagt á norrænum málum, og hins vegar ráðstafanir þar til viðbótar. Verið er að draga úr þessari tekjutengingu sem komin var út í ógöngur. Það er líka fagnaðarefni að afnema á tengingu við tekjur maka. Það er spurning um sjálfstæði og mannlega reisn sem þar býr að baki.

Frítekjumarkið hefur þann stóra kost, eins og hér hefur komið fram, að bjóða upp á möguleika fyrir fólk að bæta stöðu sína en kannski ekki síður að vera þátttakendur áfram í samfélaginu í einhverjum mæli og kraftar þess séu nýttir. Við getum alveg eins litið á aðgerðina sem hvatningaraðgerð í því sambandi eins og að líta endilega á hana sem aðgerð fyrst og fremst til að bæta kjör hópsins. Þetta er kannski ekkert síður tilboð um það. Við erum að segja við þetta fólk: Þeir sem hafa aðstöðu til, vilja og getu eru boðnir velkomnir til að leggja áfram sitt af mörkum í samfélaginu í einhverjum mæli. Ég held að með auknu langlífi og batnandi heilsu sé full ástæða til að gera þetta. Jafnvel þó að atvinnuþátttaka aldraðra á Íslandi sé mikil.

En má ég þá minna á að atvinnuþátttaka Íslendinga er almennt mikil. Það eru ekki bara aldraðir sem vinna miklu meira en samanburðarhópar í nálægum löndum, það gera allir Íslendingar. Það nemur næstum tíu stundum á viku hjá mörgum hópum. Það er ekki óalgengt að íslenskar starfsstéttir, t.d. iðnaðarmenn, vinni 47 til 50 tíma að meðaltali á viku á sama tíma og starfsbræður þeirra annars staðar á Norðurlöndunum vinna 35 til 40 tíma. Aldraðir í samfélagi okkar eru þarna bara á sama báti.

En tillagan tekur líka mið af útgangspunkti í þeirri staðreynd og vissu okkar að það eru ekki og munu ekki verða allir í færum til að nýta sér þetta tilboð. Það er alveg ljóst. Við vitum það. Það verða aldraðir og þá verða það sérstaklega öryrkjar sem ekki eru í aðstöðu til þess að njóta góðs af slíku frítekjumarki. Þess vegna m.a. nefnum við þann möguleika að skoðað verði að menn megi þá nýta það að einhverju leyti á móti lífeyrissjóðsgreiðslum, tekjum frá lífeyrissjóði og jafna þá aftur úr þeirri áttinni svolítið aðstöðu þessara tveggja ólíkt settu hópa.

Ástæður þess að menn geta ekki nýtt sér að bæta við tekjum með vinnu geta verið mismunandi. Það geta verið heilsufarsástæður og það geta líka verið samfélagslegar ástæður, ástandið í atvinnumálum, svæðisbundið geta verið litlir möguleikar til þess kannski fyrir fólk á viðkomandi svæði að fá vinnu o.s.frv.

Að lokum vil ég segja, frú forseti, að ég held að ákaflega mikilvægt sé að við nálgumst þetta viðfangsefni með því hugarfari að við erum í millibilsástandi með þessi mál á Íslandi. Við eigum enn 15, 25 ár eða svo í land að lífeyrissjóðakerfi landsmanna verði fulluppbyggt og þroskað. Á meðan það er ekki munu verða hópar sem fara inn á eftirlaunaaldur með mun lakari kjör en síðar verður og aðstaða fólks verður þarna að þessu leyti mjög mismunandi.

Við viljum jafna þá stöðu. Hvaða einstaki stóri hópur er það sem hér kemur til með að eiga mest í hlut? Það eru konur. Munum eftir því. Þær búa til muna við lakari lífeyrisrétt en karlar. Þær fá lægstu greiðslurnar úr kerfinu. Ef við ætlum ekki að dæma þær til lakari lífskjara líka á síðustu

æviárunum þá (Forseti hringir.) tökum við á þessu.

[14:50]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér er flutt mjög merkileg tillaga, hæstv. forseti. Við í stjórnarandstöðunni sameinumst um að takast á við að bæta stöðu eldri borgara og öryrkja til framtíðar hér á landi. Eins og allir í þessum sal og fleiri í þjóðfélaginu vita eru heildargreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins ekki nægilegar til að fólk hafi framfærslu af þeim einum. Þær eru einfaldlega of lágar miðað við þörf einstaklinga til að lifa af. Þó tekst einum og einum eldri borgara og jafnvel einum og einum öryrkja að skrimta af lágmarksbótum, hinum svokölluðu samsettu lágmarksbótum lífeyrisþega. Það er ekki sú framtíð sem við viljum sjá.

Við viljum að fólk, hvort sem það eru lífeyrisþegar eða eldri borgarar, hafi nokkurn veginn þann lífeyri sem þarf til að lifa eðlilegu lífi, til að standa undir venjulegum neysluútgjöldum einstaklings. Þess vegna er grunnhugsunin í þessu máli sú að við viljum láta fara fram sérstaka úttekt á framfærslukostnaði lífeyrisþega þar sem skoðaður sé framfærslukostnaður einstaklinga, fjölskyldna o.s.frv. og reynt að meta hver er hin raunverulega þörf fyrir tekjur ef fólk hefur engar aðrar tekjur en úr tryggingakerfinu til að lifa mannsæmandi lífi.

Hv. þingmenn sem talað hafa á undan mér, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrsti flutningsmaður og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hafa rakið sumt af þessu máli. Ekki er víst að ég fari í öll þau atriði eða með sama hætti og þau.

Ég tel um mjög markverða tillögu að ræða og að með henni séu stigin mjög merkileg skref. Í fyrsta tölulið tillögunnar leggjum við t.d. til að hin svokallaða skerðing, sem núna er hjá Tryggingastofnun og er 45% á bætur frá Tryggingastofnun, verði lækkuð niður í 35%. Það yrði gert 1. janúar næstkomandi. Við leggjum einnig til að lágmarksbætur verði hækkaðar fyrir þá sem hafa ekkert annað, úr 126 þús. kr. í 133 þús. kr. á mánuði.

Síðan er lagt til ákveðið frítekjumark til að fólk geti aflað sér atvinnutekna án þess að verða fyrir skerðingarreglunum, strax frá fyrstu krónu. Við leggjum til að frítekjumarkið sé 75 þús. kr. á mánuði og það taki gildi 1. janúar næstkomandi.

Hvers vegna skyldu menn leggja þetta til með þessum hætti? Fyrir því eru margar ástæður, hæstv. forseti. Ein er m.a. sú að 25% lífeyrisþega í landinu sem eiga réttindi í lífeyrissjóði og fá þaðan greiðslu um hver mánaðamót fá greiðslu, hæstv. forseti, sem er undir 21 þús. kr. á mánuði. Því miður eru mörg dæmi um að fólk fái örfáa þúsundkalla út úr lífeyrissjóðum sínum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vakti réttilega athygli á því áðan að fleiri konur eru í þeim hópi en karlar. Fyrir því eru margar ástæður sem fólk þekkir. Konur voru ekki á vinnumarkaði hér áður fyrr, voru heimavinnandi sem kallað var. Þegar þær fóru á vinnumarkað fóru þær kannski að vinna í hálfu starfi og höfðu þar af leiðandi ekki jafnhá laun og útivinnandi karlar. Þar sem lífeyriskerfið okkar er þannig uppbyggt að við söfnum réttindum miðað við það sem við greiðum inn í lífeyrissjóðinn á starfsævi okkar þá hafa konur iðulega aflað sér mun minni lífeyrisréttinda en karlar, af ýmsum ástæðum. Konur sem hafa verið heimavinnandi alla ævina eiga oft og tíðum engan lífeyrisrétt, því miður.

Fjölmargar stéttir eiga lítinn lífeyrisrétt. Við skulum ekki gleyma því að almennt fórum við ekki að greiða í lífeyrissjóði fyrr en um 1970. Réttindin sem við unnum okkur inn á fyrstu árum lífeyrissjóðakerfis hér á landi byggðust ekki einu sinni á því að við greiddum af öllum atvinnutekjum okkar, hæstv. forseti. Í upphafi greiddu menn aðeins af einum þriðja launanna í sjóð, síðan af dagvinnu, þá af yfirvinnu og loks af öllum launum.

Sjómenn greiddu t.d. af hálfri tekjutryggingu. Þeir greiddu ekki af hlut sínum, aflahlutnum sem var þó meginuppistaða kaupsins. Þeir greiddu af hálfri kauptryggingu fyrstu árin og síðan af heilli kauptryggingu háseta. Yfirmenn voru undir sömu reglu þótt skipstjórar hefðu, samkvæmt hlutaskiptareglunni, tvöföld laun á við háseta. Það tók langan tíma fyrir þessar stéttir, verkamenn og verkakonur og sjómenn, að öðlast einhver veruleg réttindi í lífeyrissjóði sem skiptu verulegu máli.

Hvaða möguleika á þetta fólk til að bæta stöðu sína eins og reglurnar eru í dag, miðað við skerðingarreglur Tryggingastofnunar? Það á þann möguleika að geta farið út á vinnumarkaðinn. Hins vegar hefur verið sýnt fram á, hæstv. forseti, að þegar fólk fer út á vinnumarkaðinn, miðað við þá skerðingarreglu sem nú er 45% og skattprósentan eins og hún hefur verið um tæp 30%, þá heldur það sáralitlu eftir af atvinnutekjum sínum sáralitlu, allt niður í 25–27% af atvinnutekjum. Menn geta fengið skerðingu upp á 60–70%.

Þetta er óviðunandi ástand, hæstv. forseti. Við horfum inn í næstu framtíð, til 20 ára, þangað til gullöldin kemur, eins og Ásmundur Stefánsson orðaði það. Gullöld eldri borgara held ég að sé nú lengra inni í framtíðinni því miður. En fram að því er nauðsynlegt að taka á þessu vandamáli. Við getum ekki verið þekktir fyrir það, þingmenn, sjálfir með ágætis lífeyrisréttindi, að lagfæra ekki stöðu eldri borgara og öryrkja í landinu. Það er hreinlega skömm að henni.

[14:59]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem er flutt hér sameiginlega af allri stjórnarandstöðunni sýnir vel þá áherslu og samstöðu sem ríkir í allri stjórnarandstöðunni um að setja málefni lífeyrisþega í forgang í íslensku samfélagi. Það er svo, virðulegi forseti, að þessi hópur virðist hafa verið afgangshópur í tíð þessarar ríkisstjórnar og hefur sætt miklum skerðingum hvernig sem á það er litið, hvort sem það er varðandi skattbyrðina eða lífeyrisgreiðslur. Á þessu viljum við að verði breyting.

Kannski er það lýsandi fyrir áhuga stjórnarflokkanna á þessu máli að fáir sitja hér, raunar enginn, í þessum sal núna til þess að hlýða á þessa umræðu nema hæstv. heilbrigðisráðherra sem við kölluðum til umræðunnar og ég sé ekki að nokkur einasti stjórnarliði sé á mælendaskrá. (**Gripið fram í:** Sæunn.) Hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir tók aðeins til máls áðan og hún hefur einlægan áhuga á þessu máli eins og flestir vita. Hún var að kalla eftir umræðu en

ég spyr: Hvar eru stjórnarliðar til að taka þátt í þessari umræðu?

Það er svo að lífeyrisþegar hafa sætt 15–17 þús. kr. skerðingu á mánuði í tíð þessarar ríkisstjórnar ef miðað er við það að lífeyrir héldi raungildi sínu eins og hann var 1995. Lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega væru um 170 þús. kr. hærri á ári ef þær hefðu haldið raungildi sínu. Skattarnir eru alveg kapítuli út af fyrir sig. Ef ég tek sem dæmi lífeyrisþega með 130 þúsund á mánuði, sem á við um stóran hluta lífeyrisþega, þá hefur skattbyrði þessa einstaklings, þessa lífeyrisþega með 130 þús. kr. á mánuði árið 2006 og jafngildi þeirra 1995, miðað við þróun launavísitölu, hátt í fjórfaldast í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Á sama tíma hefur skattbyrði þeirra sem hafa stærstan hluta síns framfærslueyris af fjármagnstekjum minnkað. Maður spyr t.d.: Hvað er það, virðulegi forseti, sem réttlætir það að þeir ríkustu í þjóðfélaginu, auðmennirnir, greiði 10% skatt af stærstum hluta sinna tekna meðan ellilífeyrisþegar, lífeyrisþegar, aldraðir og öryrkjar þurfa að borga af sínum lífeyri úr lífeyrissjóðum 37% rúmlega? Þessu viljum við breyta, virðulegi forseti, þ.e. að lífeyrir lífeyrisþega beri fjármagntekjuskatt en ekki tekjuskatt eins og nú er.

Kaupmáttur lífeyrisþega — af því að stjórnarliðar tala iðulega um kaupmátt — kaupmáttur lífeyrisþega hefur aukist helmingi minna en annarra á árunum 1995–2005 eða um 25% þegar kaupmáttur lágmarkslauna hefur aukist um 56%. Svo ræðum við lífeyrismálin hér. Það er alveg ljóst að í þeim tillögum sem við setjum hér fram er að verulegu leyti komið til móts við það sem lífeyrisþegar sjálfir hafa lagt áherslu á. Grundvallaratriði í þessari tillögu er að komið verði á afkomutryggingu, en undanfari þess er að gerð verði neysluúttekt eða neyslugrunnur á framfærsluþörf lífeyrisþega og á þeim grunni viljum við byggja afkomutryggingu sem tekur mið af raunverulegri framfærsluþörf lífeyrisþega. Fyrst í stað, meðan verið er að útbúa þennan lífeyrisgrunn, viljum við að sú nýja tekjutrygging sem á að koma á og var gerð í yfirlýsingu Samtaka aldraðra við ríkisstjórnina, verði hækkuð. Við viljum að hún verði hærri en um var samið í þeirri yfirlýsingu, eða um 6.500 kr.

Við viljum einnig að frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði og það strax 1. janúar núna eða um komandi áramót. Ég spyr, af því að hæstv. ráðherra er hér: Hvers vegna í ósköpunum var ekki hægt að semja um frítekjumark sem tæki fyrr gildi en um var samið í þessari yfirlýsingu? Það er bæði ávinningur fyrir lífeyrisþega sjálfa og fyrir þjóðfélagið og samfélagið allt að lífeyrisþegar geti unnið sér inn einhverjar tekjur samfara lífeyrisgreiðslunum án þess að þær skerðist. Skerðingarnar eru alveg gífurlegar núna. Fram hefur komið t.d. hjá lífeyrisþegum að skattar og skerðingar þyddu um 67–85% skerðingu að því er varðar atvinnutekjurnar.

Nú kostar það ekki mikið að fara með frítekjumarkið upp í 17 þús. kr. eins og ríkisstjórnin ætlar að gera 2009 og 25 þús. kr. árið 2010, 300–400 millj. kr. Ég spyr hæstv. ráðherra: Kemur til greina af hálfu ríkisstjórnarinnar að flýta því að frítekjumarkið taki gildi, að það þurfi ekki að bíða í tvö, þrjú ár eða jafnvel fjögur ár eftir að frítekjumarkið taki gildi þegar þessi ríkisstjórn er löngu farin frá? Ég spyr um hvort það komi til greina vegna þess að það skiptir verulegu máli fyrir lífeyrisþega að tekið verði upp frítekjumark eins og við leggjum til, sem eru 900 þús. kr. á ári eða 75 þús. kr. á mánuði.

Við leggjum einnig til að ráðstöfunarfé, vasapeningar, við dvöl á stofnun hækki um 50% og það frá 1. júlí 2006. Ég skil bara ekki, virðulegi forseti, hvers vegna allir fengu hækkun á sínum lífeyri um mitt þetta ár en þeir sem hafa ráðstöfunarfé eða svokallaða vasapeninga fá ekkert fyrr en um næstkomandi áramót. Við leggjum til að þetta ráðstöfunarfé hækki um 50% og það taki gildi afturvirkt frá 1. júlí 2006. Ég spyr hæstv. ráðherra: Af hverju var verið að skilja þá eftir sem minnst hafa, sem eingöngu hafa ríflega 22 þús. kr. í vasapeninga?

Við viljum einnig að afnumin verði að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka og að öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar þeir fara á ellilífeyri.

Gerður hefur verið af hálfu Landssambands eldri borgara samanburður á okkar tillögum og tillögum ríkisstjórnarinnar. Þar kemur fram að ef viðkomandi hefur 60 þúsund í atvinnutekjur þá þýðir það að tillögur okkar gefa honum um 32–33 þús. kr. hærri framfærslueyri á mánuði en tillögur ríkisstjórnarinnar. Það munar um minna. Þetta eru staðreyndir sem liggja á borðinu. Þar sem atvinnutekjurnar skerða strax þá fær sá sem hefur 60 þús. kr. í atvinnutekjur þetta miklu meira út úr okkar tillögum.

Ég vil líka segja það, virðulegi forseti, að það er staðreynd að hér á landi rennur miklu minna til velferðarútgjalda en á hinum Norðurlöndunum. Við eigum að setja málefni lífeyrisþega í forgang. Það er ætlun stjórnarandstöðuflokkanna þegar þeir komast til valda og það endurspeglast vel í þeirri tillögu sem við ræðum hér í dag.

[15:07]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er verið að ræða tillögu stjórnarandstöðunnar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Hv. þingmaður spurði út í nokkur atriði sem ég ætla að reyna að gera grein fyrir í stuttu andsvari. Þar var aðallega tiltekið frítekjumark vegna atvinnutekna og svokallaðir vasapeningar. Varðandi þau atriði og reyndar önnur atriði líka þá vita hv. þingmenn að umfangsmikið nefndarstarf fór fram um málefni aldraðra. Þar var bæði þjónustuþátturinn undir og líka lífeyristekjur eða þær tekjur sem skipta máli varðandi afkomu þessara hópa. Samkomulag náðist. Þessi vinna fór fram undir forustu Ásmundar Stefánssonar og ég verð að segja að ég er mjög ánægð með að það náðist samkomulag við þennan hóp. Það sýndi mér fram á það að Landssamband eldri borgara er hæft í svona samstarf. Mjög gott samstarf átti sér stað í þessari nefnd. Það að ná niðurstöðu sýnir manni að hægt er að ræða við Landssamband eldri borgara og ná niðurstöðu í svona erfiðu máli. Þetta er mjög erfitt mál. Það má nánast líkja þessu við hálfgerða kjarasamninga, mundi ég segja.

Þetta er samkomulag sem stendur til fjögurra ára. Auðvitað er alltaf hægt að breyta því með lögum ef svo skipast veður í lofti. En þetta samkomulag ætlar ríkisstjórnin að standa við. Ég heyri að hv. þingmaður segir að stjórnarandstaðan muni breyta þessu hugsanlega ef hún fær kraft til

þess. Það er þá hennar mál. En ég er ánægð með þetta samkomulag. Það eru tólf milljarðar sem komu þarna inn, bæði í þjónustuþætti og auknum lífeyrisgreiðslum, og ríkisstjórnin mun standa (Forseti hringir.) við það upplegg sem var lagt af stað með.

[15:10]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu sem gerð var skal ég fullvissa hæstv. ráðherra um að það er bullandi óánægja í röðum aldraðra með þessa yfirlýsingu. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi lesið blöðin og ýmsar greinar sem þar hafa komið fram, þar sem kemur fram óánægja eldri borgara. Þeir segja að þeir hafi verið knúnir til þessa samkomulags að því er varðar lífeyriskaflann, sem þeir eru fyrst og fremst óánægðir með, vegna þess að þeim hafi verið tjáð að annars yrði búsetuþátturinn, sem þeir leggja mikið upp úr, í uppnámi. Þeim hafi því í reynd verið þröngvað til þessa samkomulags að því er varðar lífeyriskaflann.

Ég hef heyrt sérstaka óánægju með þetta frítekjumark og að það skuli ekki verða fyrr en eftir fjögur ár sem það verður 25 þús. kr. á mánuði, en við leggjum til 75 þús. kr. á mánuði strax 1. janúar. Ég er sannfærð um að þeir munu gera kröfu til þess þegar þingmálið kemur inn í þingsali að þetta frítekjumark verði strax hækkað. Það er ekkert annað en skammsýni hjá hæstv. ríkisstjórn að koma ekki þegar á þessu frítekjumarki. Það er ávinningur fyrir samfélagið ef lífeyrisþegum er gert kleift að geta aflað sér smávægilegra tekna án þess að skerða lífeyrisgreiðslurnar. Þess vegna bið ég hæstv. ráðherra lengstra orða að skoða það að þetta frítekjumark taki gildi strax. Öllu er raunverulega ávísað á næstu ríkisstjórn. Því litla sem ríkisstjórnin ætlar þó að gera er mestmegnis ávísað á næstu ríkisstjórn.

Því til viðbótar var samið um 15 þús. kr. hækkun sem kom til framkvæmda á miðju þessu ári. Það var þegar í hendi, virðulegi forseti, vegna þess að búið var að semja um þessar 15 þús. kr. á almenna markaðnum og lífeyrisþegar fengu þessar 15 þús. kr. Það var því ekkert samið til viðbótar við lífeyrisþega í þessu samkomulagi.

[15:12]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get nú alls ekki tekið undir það að það hafi verið lítið sem lagt var til málefna aldraðra núna með samkomulaginu. Það eru tólf milljarðar sem fara bæði í þjónustuþáttinn og í greiðslur. Ég held að það sé alveg ljóst að það er ekki lítið. Það eru verulegar upphæðir. (Gripið fram í.) Þetta var samkomulag sem var gert við þá sem tóku þátt í þessu starfi, Landssamband eldri borgara. Þetta er samkomulag, yfirlýsing sem felur í sér samkomulag og það náðist niðurstaða.

Auðvitað er það alltaf þannig þegar menn ræða þessi mál og reyna að semja — ég líkti þessu áðan við kjarasamninga — að þeir fá ekki allt fram sem þeir vilja. Það er ósköp eðlilegt. En þetta er niðurstaða sem menn ákváðu að fara fram með og ljúka nefndarstarfinu með þessu samkomulagi. Þetta er niðurstaða. Ég tel að hún sé góð og stend á bak við hana og ætla að gera mitt til þess að koma henni í framkvæmd og nú er verið að vinna að frumvarpi til að koma þessu samkomulagi í gagnið.

Hv. þingmaður sagði að það væri verið að vísa öllu hér inn í framtíðina. Það er nú ekki rétt. Ég var að segja hérna áðan að ef draumur hv. þingmanns rætist og Samfylkingin kemst í ríkisstjórn þá getur Samfylkingin auðvitað breytt lögum. Það er bara þannig. Ný ríkisstjórn getur alltaf breytt lögum, nýtt þing. En þetta samkomulag er mjög mikið framfaraskref og við það munum við standa.

Hér var sagt að þetta væri of lítið. Ég vil þá draga fram að við erum nýbúin að koma með aðgerðaáætlun til þess að lækka verð á matvælum. En þá segir Samfylkingin: „Þetta er allt of lítið. Þetta ætti að vera miklu meira.“ Ég bara spyr, af því að þetta eru mikil útgjöld: Er Samfylkingin enn þá á þeirri leið að vilja bara útgjöld, útgjöld og geta ekki sýnt fram á tekjuaukningu á móti? Mér finnst það óábyrgur málflutningur.

[15:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er allt spurning um forgang. Við höfum sett í forgang að lækka matvæli fyrir heimilin í landinu. Við höfum gert það síðustu fimm ár. Ríkisstjórnin kemur hér tveim mánuðum fyrir kosningar og ætlar að lækka þau í marsmánuði og hefur haft ellefu ár til þess. Ríkisstjórnin kemur núna rétt fyrir kosningar og gerir samkomulag við aldraða sem aldraðir eru hundóánægðir með, þ.e. lífeyriskaflann,. Hún kemur rétt fyrir kosningar alveg eins og hún gerði fyrir fjórum árum og skammtar lífeyrisþegum örlítið brot af því sem hún hefur tekið af þeim áður. Fyrst er tekinn af lífeyrisþegum stór hluti af þeirra framfærslu eða kjörum sem þeir ættu að hafa ef lífeyrir þeirra hefði haldið raungildi sínu frá 1995. Það eru 15–17 þús. kr. á mánuði sem af þeim hefur verið haft. Síðan á að rétta þeim lítilræði yfir borðið af því sem þegar hefur verið tekið. Þetta er ekki leið, herra forseti. Það er ekki bjóðandi lífeyrisþegum að haga sér svona gagnvart þeim.

Veit hæstv. ráðherra að kaupmáttur lífeyrisþega hefur aukist helmingi minna en t.d. þeirra sem eru á lágmarkslaunum? Af hverju er alltaf ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, á tekjulægsta fólkið í samfélaginu sem hefur þurft að sæta verulega aukinni skattbyrði í tíð þessarar ríkisstjórnar? Skattar hafa þrefaldast og stundum fjórfaldast hjá fólki með 130 þús. kr. í tekjur í tíð þessarar ríkisstjórnar. Af hverju er alltaf ráðist á þá sem minnst hafa?

Veit hæstv. ráðherra að með þessu er ríkisstjórnin vísvitandi að auka á þann ójöfnuð sem er í samfélaginu fyrir? Ríkisstjórnin gerir ekkert, hvorki í gegnum skattkerfið né gegnum almannatryggingakerfið til þess að leiðrétta með eðlilegum hætti þá sem verst standa í þjóðfélaginu og bæta þeim upp það sem af þeim hefur verið tekið til þess að reyna að jafna kjörin í landinu, til þess að reyna með þeim hætti sem þeir geta að taka á þeim ójöfnuði sem hefur vaxið stórlega í tíð þessarar ríkisstjórnar.

[15:16]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér þingmál allra þingmanna stjórnarandstöðunnar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Eins og komið hefur fram í umræðunni eru lagð-

ar til verulegar kjarabætur til lífeyrisþega. Þar er byggt ofan á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og fulltrúa eldri borgara. Ég verð að segja, eftir að hafa hlustað á þessa umræðu, að um þessi mál náðst ekki samkomulag. Að minnsta kosti halda eldri borgarar og fulltrúar þeirra því fram að þetta hafi ekki verið samkomulag. Þetta hafi verið yfirlýsing sem þeir skrifuðu undir vegna þess að þeim var stillt upp við vegg, ef þeir gerðu það ekki þá væri allt í uppnámi sem þeir voru búnir að ná fram varðandi hjúkrunarþáttinn.

Ég heyrði á hæstv. ráðherra að hún er ánægð með yfirlýsinguna. Það eru eldri borgarar ekki. Þeir hafa lýst yfir stuðningi við þingmálið sem við mælum fyrir hér. Við leggjum til að farið verði í að endurskoða almannatryggingalögin, þá helst lífeyriskaflann sem er náttúrlega orðið löngu tímabært að endurskoða. Það er búið að gera margar atrennur að því að endurskoða almannatryggingarnar frá 1971. Við búum við almannatryggingar sem eru í grunninn 36–37 ára gamlar. Þetta er orðið eins og bútasaumsteppi. Það eru komnar alls konar gloppur í kerfið eins og margoft hefur verið bent á og meira að segja í nefndarstarfinu sem hæstv. forsætisráðherra stýrði.

Ég vil nefna nokkur atriði sem snúa að þeim breytingum sem við leggjum til að gerðar verði nú þegar á kjörum eldri borgara. Við leggjum til að nýja tekjutryggingin, sem tekur að öllum líkindum gildi um áramótin eftir því sem yfirlýsing ríkisstjórnarinnar kveður á um, verði mun hærri en hjá ríkisstjórninni og eldri borgurum og öryrkjum. Ég ætla að minna á að þetta snýr ekki bara að öldruðum. Þetta snýr líka að öryrkjum, að þeim verði gefinn kostur á að auka tekjur sínar án þess að greiðslurnar frá Tryggingastofnun skerðist. Við leggjum til 75 þús. kr. strax um áramótin og við munum gera breytingartillögur í þá veru við mál ríkisstjórnarinnar.

Það að lífeyrisþegar geti verið virkir á vinnumarkaði skilar sér. Með 75 þús. kr. atvinnutekjur skilar það sér í skattpeningum inn til ríkissjóðs og fólk heldur betri heilsu með því að geta verið virkt á vinnumarkaði og félagslega virkt. Ég man eftir að Árbæjarsafn auglýsti eftir eldri borgurum til að sitja þar yfir sýningum og segja fólki frá gömlum þjóðháttum. Það kom enginn vegna þess að það skilaði sér ekkert í vasann af því sem þeir áttu að fá fyrir þetta, a.m.k. mjög lítið. Við gætum virkjað þann auð sem býr í eldri borgurum.

Mig langar að nefna vasapeningana. Ég hef iðulega talað um að það verði að breyta því vasapeningakerfi sem við búum við, þar sem þeir sem fara inn á hjúkrunarheimili eða dvalarheimili missa lífeyrisgreiðslur sínar og halda eftir vasapeningi sem eru 22 þús. kr. í dag. Þeir fengu enga kjarabót í júlí síðastliðnum. Við leggjum til að kjarabótin skili sér afturvirkt frá 1. júlí til þessa hóps og þær hækki um 50% meðan ríkisstjórnin leggur til 25% hækkun frá áramótum. Í raun er það niðurlægjandi fyrir þá sem eru á hjúkrunarheimilum að búa við vasapeningakerfið. Þetta er bara gamaldags, frá liðinni öld, að skammta vasapeninga til fólks þótt það missi heilsu og lendi inni á stofnun.

Við viljum að komið verði á sama kerfi og fyrir fatlaða, að fólk haldi greiðslum sínum og greiði síðan fyrir þá þjónustu sem það fær og að það hafi eitthvert val um þjónustu. Eins og við þekkjum vel er að þessu leyti allt of lítið val hvað varðar þjónustuna, t.d. böð. Við töluðum um þvottana í gær þar fólki er meira að segja mismunað innan hjúkrunarheimilanna vegna þess að sumir fá þvott á fatnaði sínum en aðrir ekki. Ég hef bent á að 22 þús. kr. vasapeningar dugi skammt ef þvo þarf alklæðnað, kannski mörgum sinnum á dag og senda allt í þvottahús úti í bæ. Þarna þarf að taka á og gera aldraða, þótt þeir missi heilsuna, fjárhagslega sjálfstæða.

Við leggjum til að afnumin verði að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka. Það er búið að berjast fyrir þessu mjög lengi. Öryrkjadómurinn, á sínum tíma, snerist um að tekjutryggingin væri óháð tekjum maka. Niðurstaða hans var sú að fara ætti þessa leið. En enn þann dag í dag er verið að tekjutengja lífeyrisgreiðslur við tekjur maka. Auðvitað á þetta að vera einstaklingsbundinn réttur eins og atvinnuleysisbætur. Þessu viljum við koma á strax.

Ég vil nefna annað, þ.e. að við leggjum til að öryrkjar haldi aldurstengdri uppbót þegar þeir fara á ellilífeyri. Í dag missir öryrki örorkuuppbótina þegar hann verður 67 ára. En útgjöld hans minnka ekki. Hann á kannski lítinn sem engan rétt í lífeyrissjóði. Það er verið að bæta honum það upp með aldurstengdu örorkuuppbótinni að hann á lítinn rétt í lífeyrissjóði hafi hann orðið öryrki snemma. Þessum þáttum erum við að taka á vegna þess að þetta er réttlætismál og þarf að gera þetta strax. Ég furða mig á því að ríkisstjórnin skuli ekki taka á því nú þegar, að bæta kjör þessa hóps.

Við munum leggja til breytingartillögur þegar ríkisstjórnin leggur fram frumvarp sitt. Málið mun fara til heilbrigðis- og tryggingaefndar þar sem ég á sæti. Við fulltrúar Samfylkingarinnar munum leggja fram breytingartillögur um bætt kjör lífeyrisþega í þá veru sem lagt er til hér í þessu máli.

Að lokum vil ég benda á að það er verulega mikilvægt að farið verði í þá vinnu sem við leggjum til, að reiknuð verði út neysluútgjöld lífeyrisþega þannig að hægt sé að miða greiðslur frá Tryggingastofnun við hvað það kostar að vera til og hafa misst starfsorku.

Virðulegi forseti. Ég mun koma að þessu máli í heilbrigðis- og tryggingaefnd. Þar mun ég auðvitað taka á þessum þáttum. Við munum leggja fram breytingartillögur. En mig langar til að nefna í lokin, eins og bent var á fyrr í umræðunni, að þessar breytingar koma öllum öldruðum til góða, ekki síst fullorðnum konum sem eiga lítinn rétt í (Forseti hringir.) lífeyrissjóðum.

[15:24]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Þingsályktunartillagan sem hér er til umræðu er 3. þingmál þessa þings. Það er sameiginleg tillaga allrar stjórnarandstöðunnar, með hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingarinnar í broddi fylkingar, um nýja framtíðarskipan lífeyrismála.

Á þeim stutta tíma sem ég hef til umráða er ekki hægt að koma öllu að sem ég vildi nefna. Inn í málið blandast það sem ríkisstjórnarflokkarnir vilja kalla samkomulag við eldri borgara. En eldri borgarar segja, og forustumenn þeirra, að það hafi ekki verið samkomulag heldur yfirlýsing.

Það hefur hálfpartinn komið fram að varðandi þá yfirlýsingu hafi eldri borgurum nánast verið stillt upp við vegg. Annaðhvort sættu menn sig við yfirlýsinguna eða ekkert yrði gert og aðrir þættir settir í uppnám. Það er í takt við framkomu ríkisstjórnarflokkanna við eldri borgara að koma fram á þennan hátt. Um það mætti segja margt og bera saman yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem eldri borgarar þurftu að sætta sig við hálfnauðugir, og þær tillögur sem við leggjum fram en, virðulegi forseti, á milli þessa tveggja er töluverður munur. Fulltrúar eldri borgara sem hafa tjáð sig um þetta mál segja að mikill munur sé á þessu og töluvert annar bragur á því sem stjórnarandstaðan er að leggja hér fram. Það er auðvitað sýn okkar í stjórnarandstöðunni á hvernig við mundum vilja gera þetta sætum við við völd. Við viljum lagfæra þessi mál og það er í takt við málflutning okkar undanfarin ár, virðulegi forseti, hvað þetta varðar.

Virðulegi forseti. Skattpíning, sem ég vil kalla, ríkisstjórnarinnar á eldri borgurum er náttúrlega það sem hefur gert ástandið hvað verst. Frá árinu 1995, þegar þessir stjórnarflokkar tóku við, hefur það gerst að eldri borgarar og öryrkjar þurfa að borga heilmikið af bótum sínum í skatt til ríkissjóðs. Talað er um að sem svarar til allt að eins og *hálfs til tveggja mánaðartekna þeirra renni í skatt til ríkissjóðs.*

Skattbyrði almennings hefur stóraukist síðastliðin ár og er nánast heimsmet. Það kemur til vegna rýrnunar skattleysismarka sem aðallega hefur bitnað á lágtekjufólki og fólki með meðaltekjur, öldruðum og öryrkjum, lágtekjufólki og millitekjuhópum. Ríkisstjórn ójafnréttis og ranglætis, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hefur fundið breiðu bökin til að skattleggja. Þeir koma svo í ræðustól hins háa Alþingis og guma af mettekjum ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Má ég minna á að ríkissjóður fékk á síðasta ári, árið 2005 um 65 milljörðum kr. meira í kassann en ætlað var. Þar tel ég ekki með tekjur af sölu Símans. Ef það væri gert væru það 110 milljarðar kr. Á sama tíma hafa útgjöld til velferðar- og menntunarmála einungis aukist um 4% af þjóðarframleiðslu.

Neysluskattarnir hafa stóraukist líka vegna aukinnar neyslu o.s.frv. Allt gerir það að verkum að ríkissjóður bólgnar út. Svo koma ráðherrar og hæla sér af því að ríkissjóður sé að verða skuldlaus og greiði lítið í vaxtagjöld. Allt í lagi, það er hægt að finna þetta út ef gjaldeyrisvarasjóðurinn er tekinn með. En við skulum hafa í huga, virðulegi forseti, að m.a. aldraðir og öryrkjar leggja í þessa hít ríkissjóðs gegnum skatta. Enda er talið, virðulegi forseti, að skattbyrði 66–70 ára hafi aukist um tæp 10%. Ef við förum svolítið hærra í skattbyrði 71–75 ára, er talið að hún hafi aukist um rúm 13% á því tíu ára tímabili sem ég hef verið að tala um. Regla ríkisstjórnarinnar virðist vera: Því eldri, því meiri skattar. Af þessu guma þeir. Ég segi: Þetta er auðvitað ríkisstjórninni til skammar og ljótur blettur á okkar annars ágæta þjóðfélagi, hvernig við komum fram við aldraða og öryrkja.

Virðulegi forseti. Það verður að hrósa því að tveir þingmenn stjórnarliðsins sitja við þessa umræðu. Hæstv. heilbrigðisráðherra og hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir. Þær eru báðar framsóknarmenn, sem hafa mátt þola ýmislegt frá höfuðbólinu, frá Sjálfstæðisflokknum og verið teymdir áfram til ýmissa óhæfuverka eins og þeirra sem við erum að tala um. En Sjálfstæðisflokkurinn skilar auðu og lætur ekki sjá sig. Mér er kunnugt um, virðulegi forseti, að óskað hafi verið eftir að fleiri ráðherrar yrðu viðstaddir en þeir hafa ekki getað orðið við því. Ég sakna þess mjög að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki viðstaddur þessa umræðu.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir talaði áðan um atvinnuþátttöku aldraðra, að hún sé hæst hér af Norðurlöndum. Það er alveg rétt. En miðað við Norðurlönd er á Íslandi, virðulegi forseti, mest skattpíning á eldri borgurum sem fara út á vinnumarkaðinn. Það er nánast þannig að vinni aldraður eða öryrki sér inn 100 kr. þá skerðast þær um 45 kr. Þetta er bæði Norðurlandamet og sennilega heimsmet eins og svo margt hjá þessari ríkisstjórn þegar kemur að innheimtu skatta.

Ég segi það, virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur fundið breiðu bökin. Það eru aldraðir og öryrkjar. Sú yfirlýsing sem eldri borgarar skrifuðu undir er aðeins byrjunin, að þeirra sögn. Þeir eiga eftir að koma aftur og tala um önnur atriði. Yfirlýsingin kom til vegna hálfgerðrar hótunar um ýmislegt er varðar Framkvæmdasjóð aldraðra sem ég reyndar skil ekki af hverju þarf að semja um vegna þess að hann á náttúrlega ekki að skerða eins og gert hefur verið.

Virðulegi forseti. Það hefði mátt ræða um ýmislegt fleira, t.d. frítekjumarkið sem við leggjum til að verði 75 þús. kr. eða 900 þús. kr. á ári strax á næsta ári. En ríkisstjórnin skilar einungis 17 þús. eftir tvö ár og 25 þús. kr. eftir fjögur ár. Reikningurinn á sem sagt að fara, eins og svo margt annað hjá þessari ríkisstjórn, á næsta kjörtímabil. Þeir ætla ekki að taka þátt í þessu.

Virðulegi forseti. Ég fagna því hvernig stjórnarandstaðan kemur fram með tillögu sína. Það er okkar stefnumið (Forseti hringir.) að þetta verði eitt af forgangsmálum þjóðarinnar.

[15:33]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Núna í upphafi þings leggja Samfylkingin, Frjálslyndi flokkurinn og Vinstri hreyfingin – grænt framboð sameiginlega fram tillögu til þingsályktunar sem tekur á kjörum lífeyrisþega. Eins og komið hefur fram í dag ber tillagan heitið Ný framtíðarskipan lífeyrismála og ber vott um forgangsröðun stjórnarandstöðuflokkanna.

Þegar maður lítur síðan yfir þingsalinn sér maður glöggt að hér er enginn þingmaður eða ráðherra frá Sjálfstæðisflokknum og lýsir það áhugaleysi þeirra og forgangsröðun, þeir nenna varla í þingsalinn eða í umræður ef ekki er verið að ræða um einkavæðingu eða eitthvað slíkt.

Fulltrúar Landssambands eldri borgara hafa lýst yfir ánægju með þessa þingsályktunartillögu. Jafnframt er það staðfest að þessi tillaga gengur mun lengra en yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá því fyrr á árinu og auk þess taka þessar aðgerðir okkar gildi mun fyrr en í umræddri yfirlýsingu.

Frú forseti. Er þörf á þessari tillögu nú á dögum góðæris og útrásar? Já, svo sannarlega því að þótt sumir séu í raun tregir til að viðurkenna það er öllum ljóst að kaupmáttur lífeyris er ekki í neinu samræmi við það sem hefur verið að gerast á vinnumarkaðnum. Afkoma eldri borgara á Íslandi

er ekki mannsæmandi og alls ekki fjórðu ríkustu þjóð heims. Fjármagnið er til, þetta er einungis spurning um vilja og forgangsröðun.

Á tíu ára tímabili, frá 1995–2005, hefur kaupmáttur lágmarkslauna aukist um allt að 56% en kaupmáttur lífeyris aðeins um 25%. En það var einmitt árið 1995, eins og oft hefur komið fram hér áður, sem ríkisstjórnin klippti á tengsl launa og lífeyris. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur samfélagið verið að þróast í átt til aukins ójafnaðar, bæði með mælanlegum og áþreifanlegum hætti.

Í blaðagrein í fyrra skrifaði eldri borgari um kjör sín að framin væru á honum mannréttindabrot daglega og að Alþingi fyndist það allt í lagi. Þessi alhæfing á sem betur fer ekki við um okkur öll, ekki alla þingmenn, og ætti þessi tillaga að bera vott um hug okkar og forgangsröðun.

Sú tillaga til þingsályktunar sem við í stjórnarandstöðunni leggjum nú fram tekur í aðalatriðum á tekjutryggingu, frítekjum vegna atvinnutekna, ráðstöfunarfé eða svokölluðum vasapeningum, skilgreiningu neysluútgjalda, afnámi tengsla lífeyrisgreiðslna við tekjur maka og að öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á lífeyri.

Frú forseti. Þingmenn stjórnarandstöðunnar með formann Samfylkingarinnar í fararbroddi hafa farið nokkuð ítarlega yfir tillöguna og er það að sjálfsögðu von okkar að hún fái skjóta og jákvæða afgreiðslu á þinginu. Tillagan mun bæta afkomu margra eldri borgara og öryrkja og rétt er að ítreka það að stór hluti í þeim hópi eru konur. Því er hér um jafnréttismál að ræða. Í þessum töluðu orðum heyrast hér hróp og köll frá Austurvelli. Þar eru námsmenn að mótmæla framgangi ríkisstjórnarinnar í skólamálum. Þeir bera kröfuspjöld og á einu þeirra stendur: Jafnrétti til náms.

Frú forseti. Það er í raun sama hvert litið er á valdatíma þessarar ríkisstjórnar, alls staðar rísa menn upp og krefjast jafnréttis, krefjast jafnaðar. Þessi tillaga stjórnarandstöðuflokkanna er góð viðleitni í því skyni.

[15:38]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við ræðum hér mjög mikilvægt mál þar sem stjórnarandstaðan sameinast um að bæta kjör þeirra sem hafa orðið eftir í samfélaginu í þeirri lífskjaraþróun sem orðið hefur á síðustu árum. En það er athyglisvert í þessari umræðu að annaðhvort láta stjórnarliðar sig vanta eða reyna að draga úr nauðsyn þessarar umræðu.

Staðreyndin er sú að á umliðnum árum hafa lífeyrisþegar og aldraðir dregist mjög aftur úr og misskipting í samfélaginu hefur aukist gríðarlega á sama tíma og hið opinbera hefur tekið til sín æ stærri hluta af þjóðartekjunum. Á þetta minntist einn ágætur þingmaður stjórnarliðsins og taldi að vegna þess að ríkið tæki til sín æ stærri hluta af þjóðarframleiðslunni væri samfélagsþjónustunni borgið. Svo er bara alls ekki, frú forseti, vegna þess að hið opinbera, sem stýrt er af Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki, skiptir þessu misjafnt niður. Þriðji hver aldraður hefur t.d. úr lægri upphæð að spila en 120 þús. kr.

Manni finnst grátlegt að menn skuli ekki koma hér fram sameinaðir, ekki bara við í stjórnarandstöðunni, Frjálslyndi flokkurinn, Samfylkingin og Vinstri grænir, heldur einnig Framsóknarflokkurinn. Nei, í stað þess berst hann um á hæl og hnakka við að gera lítið úr þessum tillögum og veifar hér einhverri yfirlýsingu sem Framsóknarflokkurinn gerði í vor þegar hann stillti öldruðum upp við vegg og sagði: Ef þið látið ekki taka mynd af ykkur með þessu þá verða engar úrbætur.

Við ætlum svo sannarlega að gera betur í stjórnarandstöðunni vegna þess að þetta ástand er algjörlega ólíðandi. Hvað kostar þetta? Hvað kostar t.d. frítekjumarkið? Ef við skoðum tillögur eða yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 19. júlí sl. virðist ekki kosta mikið að leyfa gamla fólkinu að vinna. Þar koma fram útreikningar á kostnaði við að hækka frítekjumark upp í 200 þús. kr. sem ríkisstjórnin þráast algjörlega við að gera og vill ekki lyfta því upp fyrr en árið 2009. Það kostar 142 milljónir, útreiknað af ríkisstjórninni. Það eru nú öll ósköpin. Mér finnst að menn ættu að skoða þessa tölu og sjá þá að þetta er ekki há upphæð. Ég er sannfærður um að þetta kostar ekki eina einustu krónu ef tekið er með í reikninginn að greiddir verði skattar af þeim tekjum sem eldra fólk vinnur sér inn, þetta mun einnig koma sér vel fyrir lífeyrissjóðina vegna þess að það mun eflaust spara greiðslur og líka gera lífið skemmtilegra. Við flytjum inn vinnuafl til þess að taka þátt í atvinnulífinu en á sama tíma komum við í veg fyrir að fólk vinni sér inn tekjur, eldra fólk. Þetta er alveg með ólíkindum. Maður spyr sig: Á hvaða vegferð eru þessir flokkar?

Í fyrra vorum við akkúrat á sama tíma að ræða sparnað hjá ríkisstjórnarflokkunum. Þá höfðu þeir sameinast um að spara í bílastyrk til gamla fólksins. Núna virðast þeir ekki sjá þessa tillögu sem við leggjum fram. Það er ekki einungis sátt meðal okkar í stjórnarandstöðunni um tillöguna heldur er ég viss um að allur meginþorri almennings getur stutt það að gera eigi betur við þá sem hafa byggt um samfélagið. Maður botnar í rauninni ekkert í því að ríkisstjórnarflokkarnir skuli ekki koma með jákvæðara viðmót til þessara tillagna.

Það var reiknað út í yfirlýsingunni, sem vitnað hefur verið til sem samkomulags og birtist í júlí, að þetta muni kosta ríkissjóð gríðarlegar upphæðir. En nú hefur hagfræðingur eldri borgara reiknað út að eftir u.þ.b. ár muni eldri borgarar verða nánast jafnsettir og áður, þ.e. ef verðbólgan æðir áfram með þeim hraða sem Seðlabankinn hafði spáð fyrir um séu eldri borgarar jafnsettir og áður. Ég held að það sé líka kominn tími til að bæði eldri borgarar og öryrkjar vari sig á slíkum yfirlýsingum, vari sig á svona yfirlýsingum sem koma ári fyrir kosningar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við sjáum að menn koma ári fyrir kosningar með slíkt. Frægasta dæmið er auðvitað þegar handsalaður var í Þjóðmenningarhúsinu samningur við öryrkja um þá sem yrðu öryrkjar ungir en var síðan svikinn um leið og búið var að telja upp úr kjörkössunum.

Ef fólk vill raunverulegar úrbætur í kjörum aldraðra, og einnig að leyfa eldri borgurum að vinna án þess að teknar séu nánast 8 eða 9 krónur af hverjum 10 krónum sem þeir vinna sér inn, þá á fólk að sameinast um að velta þessari ríkisstjórn úr sessi. Það er löngu orðið tímabært, þetta er ríkistjórn sem hefur staðið fyrir ójöfnuði samtímis því að taka til sín æ meira af þjóðartekjunum. Svo sólundar hún öllu í vitleysu og ef taka á upp einhverjar hugsanlegar sparnaðaraðgerðir þá er það gert annars vegar í bílastyrk til

eldri borgara eins og í fyrra og hins vegar reglulega í vegamálunum, en síðan er bætt í skömmu fyrir kosningar.

Aðalatriðið er að hér er um tillögu að ræða, sem við í stjórnarandstöðunni flytjum og sameinumst um, sem mun gera kjör aldraðra betri og ég er sannfærður um að það er mikil sátt um það í samfélaginu. Fólk vill ekki það ástand sem nú ríkir.

Einhvern tíma í sumar lýsti einn ráðherra Framsóknarflokksins því yfir að það væri óþolandi að standa í þeim sporum að vera að deila við foreldra sína. Samt gerir hann samkomulag, og lætur taka mynd af sér, um einhverja yfirlýsingu sem bæta kjör aldraðra nánast ekki neitt. Þetta er stórundarlegt. Síðan kemur fólk hér upp í ræðustól og reynir að draga úr tillögum okkar og í stað þess að hrósa þeim og lyfta þeim upp og hrinda þeim í framkvæmd reyna stjórnarliðar að drepa þeim á dreif. En það sem verra er, sjálfstæðismenn láta sig algjörlega vanta í umræðuna og það sýnir náttúrlega, sem ætti að vera löngu vitað og aldraðir ættu að vera búnir að finna á eigin skinni eftir langa stjórnarveru Sjálfstæðisflokksins, að þeir hafa bara engan áhuga á þessum málum. Það er náttúrlega alvarlegt.

Fyrst og fremst ætti fólk að hugsa til þess að ef breytingar eiga að verða til hins betra í þessum málum þurfa breytingarnar að gerast í kjörklefunum. Við í Frjálslynda flokknum ætlum svo sannarlega að hrinda þessum málum í framkvæmd vegna þess að hér er um tillögur að ræða sem sjálf ríkisstjórnin hefur reiknað út að kosta nánast ekki neitt en hefur samt sem áður þráast við að fylgja eftir.

[15:46]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar fá að fylgja þessari tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála úr hlaði. Hv. framsögumenn, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Steingrímur J. Sigfússon, hafa bæði gert grein fyrir þingsályktunartillögunni og farið vel yfir hana og svo hafa aðrir þingmenn gert.

Ég vil fyrst og fremst segja að með þingsályktunartillögunni erum við að leggja áherslu á sjálfstæði og sjálfstæðan fjárhag aldraðra. Við erum að reyna að fara inn í nýtt umhverfi í öldrunarmálum, þ.e. að draga úr dvalarheimils- og hjúkrunarvistun og fara inn í allt annað umhverfi. En til að það sé hægt verða kjör aldraðra að vera trygg. Það verður að vera tryggt að lífeyrisgreiðslur og almannatryggingagreiðslur standi undir framfærslukostnaði og geri fólki kleift að búa áfram sem sjálfstæðir einstaklingar í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði eða eftir því sem hverjum og einum hentar. Það á ekki að búa svo að öldruðum að þeir verði að hrekjast úr sjálfstæðri búsetu yfir í dvalarheimili eingöngu vegna þess að viðkomandi geti ekki lengur séð fyrir sér. En mörg dæmi eru um, eins og fram hefur komið hér á þinginu á undanförnum árum, að kjör margra eru orðin þannig að þeir standa ekki undir rekstri af eigin húsnæði eða leigu og fara því meira á þjónustu- og dvalarheimili en í raun þyrfti.

Það sem ekki kemur fram og er ekki tekið á í þingsályktunartillögunni er að verið að sveigja inn á nýja braut, að styrkja sjálfstæða búsetu aldraðra eins og þeir óska sjálfir. En þá þarf fyrir utan það að tryggja eigin fjárhag, að tryggja félagslegu þjónustu og það umhverfi sem styrkir aldraða í að búa lengur heima. Þetta verður allt að fylgjast að. Það má ekki eiga sér stað að einhver kúvending verði og hætt verði að sinna dvalarheimilisþjónustunni og fara út í sjálfstæða búsetu en svo fylgi ekki með allt annað sem til þarf, bæði hvað varðar einstaklinga og samfélagsþjónustu.

Það verður til framtíðar litið að tryggja að hver og einn hafi trygga afkomutryggingu og viðunandi lífeyri, það er bara svo einfalt. Ég held að ég tali fyrir hönd margra sem vilja verða gamlir en vilja ekki verða gamalmenni. Það er eitt að verða gamall og annað að verða gamalmenni. Við viljum auðvitað geta lifað sem sjálfstæðir einstaklingar við góða og þokkalega heilsu þannig að við getum séð um okkur sjálf fram á efri ár. Á þessu tekur þingsályktunartillagan.

Við erum vel meðvituð um það samkomulag sem gert var við eldri borgara. Eldri borgarar eru mjög ósáttir við að verið sé að tala um það sem samning eða einhverja sameiginlega niðurstöðu, heldur líta eldri borgarar á að þetta sé eingöngu spor í rétta átt og það sé margt sem vanti inn í þetta samkomulag svo að það sé viðunandi.

Það sem við tökum hér upp, fyrir utan að hækka tekjutrygginguna og frítekjumarkið, er að að hækka vasapeningana sem eru ráðstöfunarfé þeirra sem eru á stofnunum og að þeir hækki frá 1. júlí sl. Það er okkur náttúrlega til skammar það fyrirkomulag um vasapeningagreiðslur sem nú er, að fólk sem af einhverri ástæðu fer á dvalarheimili, dvalarheimilisíbúðir eða slíka þjónustu, verði ölmusuþegar. Þetta er hugsun sem við eigum sem allra fyrst að koma okkur út úr og vinna sameiginlega að því að breyta þessu fjáröflunarkerfi fyrir rekstur dvalarheimilanna þannig að þeir einstaklingar sem þar eru geti lifað með reisn.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég finn fyrir auknum skilningi á því að ekki megi dragast að bæta hag aldraðra og að tryggja verði að þegar við eldumst getum við haldið okkar reisn og búið eins og við sjálf kjósum og höfum þá afkomutryggingu sem nægir eða er lágmark fyrir framfærslukostnaði. Það er alveg ljóst að við erum að brúa bil til nokkurra ára, bilið sem er þar til lífeyrissjóðirnir taka að mestu við hlutverki almannatrygginga sem við höfum búið við fram að þessu. En þetta er viðkvæmt tímabil og sérstaklega er það viðkvæmt fyrir konur og það verður áfram, eftir að lífeyrissjóðakerfið tekur alfarið við, huga þarf vel að stöðu kvenna því að eins og við vitum hafa þær í gegnum árin fram undir þetta ekki greitt eins í lífeyrissjóði og karlar af þeirri einföldu ástæðu að þá þótti eðlilegt að konur væru heima og hugsuðu um börnin. Þær hafa frekar verið í hlutastörfum en karlar, þannig að af ýmsum ástæðum eiga þær minna í lífeyrissjóðum en karlar og því verður að huga sérstaklega að því þegar hið almenna lífeyrissjóðakerfi tekur við af núverandi kerfi.

[15:54]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Virðulegur forseti. Við erum að ræða tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar kynna sameiginlega á þessu þingi. Það hefur margoft komið fram í máli þeirra að þetta er ein af sameiginlegum tillögum þeirra og það er í sjálfu sér

fagnaðarefni að svo skuli vera og sú sama stjórnarandstaða nánast sem við höfum búið við í ellefu og hálft ár skuli koma sér saman um einhver mál, og hver er áherslan? Jú, það eru þrjú mál. Þetta sem við erum að ræða nú, þingsályktunartillaga um verndun Þjórsárvera, en það mál er nú í vinnslu á vegum ríkisstjórnarinnar, og síðan þriðja málið, endurskoðun jafnréttislaga sem er í sjálfu sér mjög fínt mál og að mér skilst fjallar einkum um auknar heimildir til handa Jafnréttisstofu. Þá bendi ég á að á vettvangi félagsmálaráðuneytisins er í gangi vinna við að endurskoða lögin og er Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari þar í forsvari sem formaður nefndarinnar.

Eins og ég sagði í andsvari mínu við ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur finnst mér afar mikilvægt að á vettvangi þingsins sé rætt einmitt um velferðarmálin og um almannatryggingarnar og ég fagna því að við fáum tækifæri til þess.

Ég tel í sjálfu sér að almannatryggingakerfið eigi að vera með þeim hætti að það sé sem sanngjarnast, einfaldast og að það sé gagnsætt. Þess vegna tek ég undir það sem hér hefur verið sagt að nauðsynlegt er að ráðast í endurskoðun almannatryggingakerfisins. Nú megum við ekki gleyma því að til þess hafa verið gerðar allnokkrar tilraunir. Einhverra hluta vegna hefur mönnum ekki tekist að klára það verk og hafa þar komið að allnokkrar ríkisstjórnir. Ég tel samt mikilvægt að menn skoði það og hefur hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, rætt um að skoða það verkefni.

Ég vil í þessu sambandi einnig ræða svolítið um hugmyndafræðina. *Að mínu mati er mikilvægt að í kerfi eins* og almannatryggingakerfinu horfum við frekar á það sem fólk getur frekar en að horfa á það sem fólk getur ekki. Það eru lítil atriði eins og t.d. að tala frekar um að fólk sé 10% vinnufært fremur en að tala um að fólk sé 90% öryrkjar. Ég held að í því felist um leið viss grundvallarbreyting á viðhorfum til almannatrygginga og til örorkulífeyris og til lífeyriskerfisins alls.

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að gera að umtalsefni sérstaklega þá yfirlýsingu ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara sem þingmönnum hefur orðið tíðrætt um. Ég vil samt segja að menn geta ekki horft fram hjá þeim mikilvægu skrefum sem þar eru tekin. Þar eru tekin skref í átt til þess að hækka bætur lífeyristrygginga, tekin skref í þá átt að lækka áfram, eins og við höfum verið að gera, skerðingarhlutfallið og svo síðast en ekki síst er þarna um að ræða merkilegar tillögur sem miða að því að bæta úr búsetukostum eldri borgara og þeirri þjónustu sem þeir eiga rétt á og finnst mér mikilvægust sú aukning sem menn ætla að setja í heimaþjónustu og auka þjónustu heim til lífeyrisþega og eldri borgara.

Svo geta menn ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að þessi umrædda yfirlýsing er upp á tólf milljarða þegar hún verður komin að fullu til framkvæmda og það er engin smáfjárhæð, tólf milljarðar, virðulegi forseti. Frumvarp um þetta er væntanlegt á þinginu og munum við auðvitað taka það til efnislegrar meðferðar og ég vona að okkur takist að klára það mál.

Ég get heldur ekki látið hjá líða að minnast örlítið á það sem þegar hefur verið gert. Ef menn skoða árangur ríkisstjórnarinnar, ekki einungis á þessu kjörtímabili heldur þeim síðustu, þá hefur hún staðið fyrir því að bætur hafa verið hækkaðar og menn hafa lækkað skerðingarnar. Við munum eftir að einu sinni var þetta króna á móti krónu þegar fólk vann úti en í dag er búið að lækka það skerðingarhlutfall niður í 45% og í þeim yfirlýsingum og tillögum sem nú liggja fyrir og munu koma fram í frumvarpi er gert ráð fyrir að lækka það enn þá meira.

Mér finnst í þessu tilliti rétt að rifja aðeins upp vegna umræðu um þróun útgjalda til velferðarmála hvernig staðið hefur verið að þessu. Ef við tökum einungis framlög ríkisins til heilbrigðismála frá 1998 til ársins 2006 er þar um að ræða 49% hækkun á framlögum ríkisins, nærri 50% hækkun á framlögum ríkisins til heilbrigðismála.

Ef við tökum saman framlög ríkisins til almannatrygginga og velferðarmála er um að ræða hvorki meira né minna en 45% hækkun frá 1998, virðulegi forseti. Menn geta ekki gleymt þessu.

Af því að við heyrðum í kröftugum hópi stúdenta úti á Austurvelli og ræðumaður fór hér að ræða um menntamálin skulum við ekki gleyma því að ríkisstjórnin hefur einnig staðið fyrir allverulegri aukningu til menntamála eða um 60% og til háskólastigsins eingöngu 80%, ef við tökum saman aukningu framlaga frá 1998. Mér finnst það vel að stúdentar minni á sig og minni á með þeirri meðmælagöngu vegna menntamála, að verkefnin eru mikilvæg og við munum að sjálfsögðu beita okkur áfram á þeirri braut sem við höfum verið á.

Virðulegur forseti. Af því sem fram kemur bæði í greinargerð með þingsályktunartillögunni og í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, ef ég fer rétt með, ræddi hún um þróun útgjalda til félagsmála og bar saman Norðurlöndin. Ef við horfum einungis á félagsútgjöldin, og vísa ég í tölur NOSOSKO, þá er það rétt miðað við nýjustu tölur sem ég hef hér í höndum frá árinu 2002, að Ísland er þar með lægsta hlutfallið. En ef við tökum saman útgjöldin til félagsmála og til heilbrigðismála, af því að það kerfi sem er hér er ekki að fullu samræmanlegt í þeim ríkjum, þá stöndum við Íslendingar þarna um miðja vegu, í meðaltali þessara tveggja þátta. Ég held að það sé mikilvægt að halda því til haga.

Ef við skoðum hvað er að gerast annars staðar á Norðurlöndunum, t.d. í félagsmálunum og vísa ég í þessa samantekt NOSOSKO, þá eru Danir, Finnar, Norðmenn og Svíar allir að draga saman útgjöld sín til félagsmála frá 1995 til ársins 2003 meðan Íslendingar hafa aukið þau úr 19% í 24,2% á árinu 2003. Vísa ég hérna í fyrrnefndar NOSOSKO-tölur.

Virðulegur forseti. Það er afar brýnt að við ræðum um framtíðarskipan lífeyrismála. Ég hef í þessari stuttu ræðu minni farið aðeins yfir hvað við höfum staðið fyrir og ég tel að ríkisstjórnin og Framsóknarflokkurinn þar í fyrirrúmi muni að sjálfsögðu áfram berjast fyrir bættum hag öryrkja og eldri borgara. Þetta er mikilvægt umræðuefni og ég veigra mér ekki við að taka þátt í því.

[16:02]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta nú ágæt viðleitni og sýnir ákveðna hreysti og hugrekki af hálfu hv. þingmanns

að vera sá eini stjórnarþingmaður sem kemur hér upp til þess að verja gjörðir ríkisstjórnarinnar í málefnum lífeyrisþega, fyrir utan ráðherra sem svaraði mér áðan.

Ég vil spyrja hv. þingmann, sem ég veit að þekkir vel til þessa málaflokks, nokkurra spurninga. Ég vil spyrja hana hvort hún telji það skynsamlegt í tillögum ríkisstjórnarinnar að frítekjumarkið taki ekki gildi fyrr en eftir þrjú eða fjögur ár og þá mjög lítið, 17 þús. kr. árið 2009 og 25 þús. kr. á árinu 2010. Þá er ég að tala um bæði gagnvart lífeyrisþegum af því að hv. þingmaður sagði hér áðan að hún vildi — ég man ekki hvernig hún orðaði það — horfa á það sem fólk getur. Það er einmitt það sem við erum að gera, við viljum skapa öldruðum svigrúm til þess að afla sér atvinnutekna án þess að skerða um leið lífeyristekjur þeirra og þær eru skertar mjög grimmt eins og hv. þingmaður veit. Fólk heldur mjög litlu eftir ef það aflar sér tekna, skammarlega litlu, þetta er skert allt upp í 85%. Ég býst við að slíkar skerðingar þekkist hvergi á byggðu bóli, að svo mikið sé skert ef lífeyrisþegar reyna að sýna af sér smá viðleitni í því að afla sér tekna.

Því vil ég spyrja hv. þingmann hvort hún sé ekki tilbúin að beita sér fyrir því að þetta frítekjumark verði fært fram þannig að það taki gildi um næstkomandi áramót eins og við leggjum til. Ég veit að aldraðir og öryrkjar leggja á þetta gífurlega mikla áherslu og ég held að það mundi breyta miklu ef stjórnarflokkarnir færu þá leið. Við erum einungis að tala um kannski 200–300 milljónir þegar þetta er að fullu komið til framkvæmda. Þetta er enginn peningur og ef aldraðir nota þetta til að auka atvinnuþátttöku sína mun það skila sér til baka í auknum sköttum.

[16:04]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í mínum huga er ekki fyllilega sambærilegt að horfa til frítekjumarks öryrkja og eldri borgara. Það sem ég átti við hér áðan um það að horfa á það sem fólk getur frekar en að horfa á það sem fólk getur ekki, er akkúrat að ég held að við þurfum að auka atvinnuþátttöku í hópi öryrkja, hún er of lág. Í samanburði við hin Norðurlöndin er hér enn og sem betur fer mikil atvinnuþátttaka meðal eldri borgara þannig að ég vildi þá fyrst og fremst horfa til öryrkja í þessu sambandi heldur en til alls hópsins.

Svo vil ég vekja athygli á því að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar í sumar þar sem seinkað var síðasta hluta lækkunar tekjuskattsprósentunnar notuðu menn það fjármagn til þess að hækka frekar skattleysismörkin. Ég held að það sé að koma til móts við þessa hópa sem mér finnst vera mikilvægt.

[16:05]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst nú þingmaðurinn ansi brattur og kaldur að fara að opna umræðu um skattleysismörkin í þessari umræðu hér. Vissulega eru þau að hækka um tíu þúsund kall, ef ég man rétt, (**Gripið fram í:** Tólf.) tólf þúsund í tengslum við þá samninga eða yfirlýsingu sem var gerð í sumar en það hefur verið reiknað út að til þess að skattleysismörkin mundu halda raungildi sínu eins og var þegar þessi ríkisstjórn tók við ættu þau að vera 130 þúsund en þau verða um það bil 90 þúsund þegar þessar tólf þús. kr. eru komnar til framkvæmda. Það er þessi skerðing á skattleysismörkunum sem hefur farið mjög illa með lífeyrisþega, aukið verulega skattbyrði þeirra umfram annarra í þjóðfélaginu, sem er auðvitað alveg til skammar. Skattleysismörkin eru einmitt skjól og skjöldur þeirra sem hafa litlar tekjur.

Varðandi það að auka frekar möguleika öryrkja en aldraðra til atvinnuþátttöku þá horfi ég til beggja þessara hópa. Það er ákveðið svigrúm hjá öryrkjum núna eins og hv. þingmaður þekkir að þeir hafa möguleika til að afla sér tekna þar sem eingöngu 60% atvinnutekna þeirra skerða lífeyrisgreiðslur. En í tillögu okkar er lagt til að frítekjumarkið verði 75 þús. kr., og það þýðir að þeir sem eru með yfir 1,5 millj. kr. í tekjur, öryrkjar, hagnast meira á þessari gildandi reglu en þeir sem eru undir 1,5 millj. í tekjur munu hagnast miklu meira á því frítekjumarki sem við erum að boða, eða um 900 þús. kr. frítekjumark á ári.

Ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst það mjög sérstakt ef Framsóknarflokkurinn og hv. þingmaður vilja ekki líka horfa til þess að auka atvinnuþátttöku og atvinnumöguleika aldraðra. Við þekkjum það að miðaldra fólk þarf oft að hverfa af vinnumarkaði, fólk sem er komið yfir fimmtugt (Forseti hringir.) og yfir sextugt er oft rekið af vinnumarkaðnum. Ég mun koma nánar inn á þetta í máli mínu (Forseti hringir.) hér á eftir en ég hef óskað eftir að fá að taka til máls aftur.

[16:08]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki svo að sá þingmaður sem hér stendur vilji ekki beita sér fyrir aukinni þátttöku eldri borgara á atvinnumarkaðnum. En staðan er sú að hlutfall eldri borgara á atvinnumarkaðnum er mun hærra hér en þekkist í löndunum í kringum okkur en aftur á móti eigum við lengra í land hvað varðar atvinnuþátttöku öryrkja. Þess vegna tók ég það upp hér og mér finnst ekki gilda nákvæmlega sömu lögmál um þessa tvo hópa.

Ég vildi líka kannski nefna það hér að menn verða auðvitað líka að hafa í huga tekjuflæðið, ef svo má segja, eða þær tekjur sem menn hafa á lífsleiðinni. Því þegar fólk er að koma úr námi, koma yfir sig húsnæði, stofna fjölskyldu, byggja upp starfsframa og þar fram eftir götunum, sem vanalega útheimtir mikil útgjöld og ungt fólk þarf vanalega að vinna mikið til að standa undir þeim byrðum sem þessu fylgja, þá er mikilvægt að tekjur þeirra séu góðar. Maður veltir fyrir sér hvort rétt sé að forgangsröðun ríkisins sé með þeim hætti að þegar fólk fer síðan út af vinnumarkaðnum og á ellilífeyri skuli tekjur þess eiga að hækka mjög mikið meðan það þurfti kannski á tekjunum að halda þegar það stóð í baslinu. Mér finnst að menn verði alltaf að hafa þetta í huga þegar þessi mál eru rædd.

[16:09]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir það líka að það er ánægjulegt að einn þingmaður Framsóknarflokksins skyldi koma hér og voga sér í þessa umræðu, það þarf dálítið hugrekki, það er rétt, til að reyna að réttlæta gjörðir ríkisstjórnarinnar

hvað varðar framkomu til aldraðra og öryrkja. Það er hinn nýviðtekni þingmaður Sæunn Stefánsdóttir, en hún tók við af fyrrverandi formanni Framsóknarflokksins, Halldóri Ásgrímssyni, sem hefur verið annar forustumaður ríkisstjórnarinnar frá 1995 og hefur tekið þátt í þeirri vinnu sem við höfum gagnrýnt hér hvað mest, þ.e. hvernig skattheimta af öldruðum hefur aukist í tíð núverandi ríkisstjórnar, sem gerir það að verkum að það er verið að taka tvo mánuði af bótum þeirra í skatt til ríkissjóðs. Svo koma ríkisstjórnarflokkarnir og hæla sér fyrir hvað þeir hafi mikið skattfé í ríkiskassanum.

En er hv. þingmaður, nýkjörinn ritari Framsóknarflokksins, ánægð með þá skattastefnu að aldraðir og öryrkjar skuli vera látnir borga svona mikið af sínum litlu bótum í skatt til ríkissjóðs?

[16:11]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð líka að minna á það hér að einmitt vegna þess að við höfum aukið svo vöxtinn og vegna þess að staða ríkisfjármála er með þeim hætti sem hún er, þess vegna getum við rætt hér tillögur og borið fyrir þingið frumvarp til fjárlaga sem gerir ráð fyrir mikilli aukningu til þessara mála. Það er einmitt vegna sterkrar stöðu efnahagsmála, og stjórnar, sem menn hafa getað aukið útgjöldin. En þetta er auðvitað sífellt viðfangsefni og ég mun eins og aðrir beita mér fyrir því að gera betur í þessum málaflokki. Ég minni þó á þau verk sem við höfum staðið fyrir vegna þess að eins og ég las hérna yfir áðan, ef við horfum á útgjöld til velferðarmála, ef við tökum velferðarmál eða félagsmál og tryggingamálin saman frá 1998 hefur aukningin verið 45%.

[16:12]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek eftir því að hv. þingmaður, ritari Framsóknarflokksins, svarar ekki afdráttarlaust þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hana. Ég tek þó eftir því að hún talaði um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en ekki um samkomulag.

Nú er það svo að kaupmáttur eldri borgara, eins og ég hef hér gert að umtalsefni, hefur rýrnað mjög verulega frá því að núverandi ríkisstjórn tók við. Núna liggur það fyrir að einungis þriðjungur af þessum litlu breytingum sem hefur verið talað um í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar — sem sumir kalla samkomulag — er raunveruleg bót. Hinn hlutinn, tveir þriðju hlutar, rétt heldur í við verðbólgu miðað við verðbólguspá ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Er ritari Framsóknarflokksins ánægð með þessa niðurstöðu?

[16:13]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þær tillögur sem þarna liggja fyrir og eru afrakstur yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara eru tillögur sem unnið hefur verið að í rúmlega ár undir styrkri stjórn Ásmundar Stefánssonar og þarna er um að ræða mjög merkilegt samkomulag. Já, ég er ánægð með það samkomulag að því leyti að við erum að verja þarna 12 milljörðum, virðulegur forseti, til aukningar og bættrar þjónustu.

[16:13]

**Útbýting:**

Búnaðargjald, 175. mál, frv. PHB, þskj. 175.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 192. mál, frv. JBjarn, þskj. 193.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni, 177. mál, frv. AKG o.fl., þskj. 177.

Jarðalög, 191. mál, frv. JBjarn og ÞBack, þskj. 192.

Merking varðskipa, 237. mál, fsp. KHG, þskj. 240.

Sýslur, 188. mál, þáltill. ÞBack og JBjarn, þskj. 189.

Varðveisla Hólavallagarðs, 176. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 176.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 236. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 239.

[16:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Samkvæmt mælendaskrá er nú að koma að lokum þessarar umræðu. Ég fagna mjög þeirri umræðu sem hefur orðið hér um kjör og aðbúnað lífeyrisþega. Hún þyrfti að vera miklu meiri á þingi vegna þess að það er alveg ljóst að við þurfum að setja málefni lífeyrisþega í meiri forgang en við höfum gert. Væntanlega verður önnur umræða tekin um þetta mál þegar frumvarp hæstv. heilbrigðisráðherra lítur dagsins ljós. Ég á ekki von á öðru en að við munum láta við þá umræðu reyna á þær tillögur sem við höfum lagt fram og vita hvort þær hafi ekki fylgi hér á þingi. Hvort það geti verið að allir stjórnarliðar ætli að láta sér nægja það litla sem lífeyrisþegum er skammtað í yfirlýsingu með Samtökum aldraðra.

Lífeyriskaflinn í því samkomulagi er ómögulegur og það þarf að lagfæra hann. Ég fagna því sem á að gera á búsetuhliðinni í því máli. Það er mjög brýnt að gera átak í þeim efnum. Mín skoðun er sú að við þurfum að skoða málefni aldraðra og lífeyrisþega mjög heildstætt. Ég held að það þurfi að gera úttekt á stöðu lífeyrisþega, bæði aldraðra og öryrkja, í íslensku samfélagi og hvernig framfærslu- og búsetuskilyrði hafa þróast í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég held að það væri þarft viðfangsefni að skoða það.

Við þekkjum skattbyrðina og við höfum margfarið í gegnum það hvernig hún hefur verið að aukast í tíð þessarar ríkisstjórnar, alveg gífurlega. Það liggur fyrir um það staðfesting í svörum hæstv. fjármálaráðherra hér á þingi að skattbyrði á einstakling með 130 þús. kr. tekjur árið 2006 hefur hátt í fjórfaldast milli áranna 1995 og 2006. Ég sá núna á netinu frétt um að skattbyrði hafi hækkað langmest á Íslandi á síðasta ári. Þetta er enn ein staðfestingin á aukinni skattbyrði á heimilin í landinu. Það hefur komið fram að mesta aukningin hefur orðið á Íslandi á sl. ári í aukinni skattbyrði, eða 3,7%. Það kemur fram í þessari frétt að hún sé núna 42,4%.

Skattamálin eru alveg kapítuli út af fyrir sig. Það er staðreynd að fólk með lágar tekjur, fólk með meðaltekjur og raunverulega allir nema þeir sem hæstar hafa tekjurnar hafa orðið að sæta hærri skattbyrði en þeir höfðu. Það þýðir

ekkert að mótmæla því, það eru til margar staðreyndir um það mál. Það hlýtur að vera forgangsverkefni í íslensku samfélagi að lækka skattbyrði á fólk með lágar og meðaltekjur. Ég held að við hljótum að reyna að leita samstöðu um það að greiðslur lífeyrisþega úr lífeyrissjóðum beri ekki tekjuskatt, heldur ekki hærri skatt en fjármagnstekjurnar. Það gengur ekki að auðmennirnir í þessu landi, sem hafa mest af sinni framfærslu af fjármagninu, borgi 10% skatt á sama tíma og lífeyrisþegar borga af lífeyrisgreiðslum sínum úr lífeyrissjóði 37% skatt. Þetta á því að vera forgangsmál og það er sanngirnismál að leiðrétta þetta.

Varðandi lífeyrisgreiðslurnar liggur fyrir að kaupmáttur lífeyris hefur hækkað miklu minna en hjá öðrum. Hann hefur hækkað helmingi minna en hjá öðrum vegna þess að stjórnarliðar — þegar þeir koma hér í ræðustól og berja sér á brjóst og tala um 60% aukinn kaupmátt, þá er það svo að það er einungis hjá litlum hluta aldraðra, eða hjá 300–400 öldruðum sem hafa eingöngu framfæri sitt úr almannatryggingunum, sem kaupmátturinn hefur hækkað eitthvað samhliða og hjá öðrum. Almennt hefur kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hækkað miklu minna en hjá öðrum og munar þar alveg um helming. Hér kemur þetta fram, kjör aldraðra batna minnst, og samtök lífeyrisþega segja að tölur forsætisráðherra um að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hafi aukist um 60% á sl. tíu árum eigi ekki við um meiri hluta aldraðra — það er það sem ég er að segja — kaupmáttur þeirra hafi aðeins aukist um tæp 10% á sama tíma, segja þeir. Hvernig sem á þetta er litið hefur það verið margsett fram að stór hluti lífeyrisþega hefur ekki búið við sama kjarabata og aðrir í samfélaginu.

Ef við lítum á búsetumál aldraðra eru þau auðvitað til skammar og ekki vonum seinna að á því sé tekið í því samkomulagi eða yfirlýsingu sem gerð var. Skýringin á því að við erum með langa biðlista eftir hjúkrunarrýmum er sú að í langan tíma hefur Framkvæmdasjóður aldraðra verið skertur. Framkvæmdasjóður aldraðra átti að fara í uppbyggingu á hjúkrunarrýmum m.a. en hann hefur verið skertur verulega þannig að ekki hefur verið hægt að fara í þá uppbyggingu sem þörf er á. Aldraðir hafa ekki fengið þá heimaþjónustu sem þeir þurfa á að halda ef draga á úr stofnanarými eins og víðast hefur verið gert. Hjá þjóðum sem við berum okkur saman hefur heimaþjónustan og heimahjúkrunin aukist verulega einmitt til þess að draga úr stofnanarými. Það gengur ekki að við búum þannig að öldruðum, eins og þetta hefur verið hér, að það séu einir eitt þúsund aldraðir þar sem tveir eða þrír þurfa að deila saman herbergi, fólk sem kannski þekkist ekkert. Það er ekki bjóðandi upp á það, fólk á að geta haldið fullri reisn alla sína lífstíð en vera ekki boðið síðustu æviárin upp á slíkan aðbúnað sem skömm er að. Það hlýtur að vera markmið okkar að á tiltölulega stuttum tíma verði ráðist í að leysa þessi búsetumál þannig að það heyri sögunni til í íslensku samfélagi að bjóða öldruðum upp á það síðustu æviárin að deila saman tveir eða þrír herbergi.

Við vitum líka að húsnæðismálin almennt hjá þeim sem eru fullfrískir — hjá þeim sem þurfa að leita á leigumarkaðinn hefur leigan rokið upp á síðustu mánuðum og árum. Er það bjóðandi að fólk, kannski aldraðir og öryrkjar, þurfi að borga fyrir litla tveggja herbergja íbúð 70–90 þús. kr. á mánuði, fólk sem er kannski með 130 þús. kr. í tekjur, að það fari ¾ þeirra tekna bara í húsaleigu? Það eru margar skýringar á því og ríkisstjórnin á verulegan hlut að máli hvernig þar er komið.

Ef við skoðum allt umhverfi lífeyrisþega verður líka að taka hér upp kostnað aldraðra og öryrkja í heilbrigðiskerfinu, hann hefur verið að aukast. Lyfjakostnaður og lækniskostnaður þessa hóps hefur verið að aukast. Við þekkjum dæmi um það, sem margsinnis hefur komið fram, að verulegur hluti af tekjum lífeyrisþega fer í lyfja- og lækniskostnað og stundum hafa þeir ekki getað leyst út sitt lyf eða leitað til læknis. Þannig er nú komið í íslensku samfélagi að stór hluti tekna þessa fólks dugir ekki fyrir framfærslunni og það er viðleitni okkar hér með (Forseti hringir.) þeirri tillögu sem rædd er í dag að bæta verulega kjör aldraðra og lífeyrisþega.

[16:23]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talar hér um málefni aldraðra og ég tek undir með hv. þingmanni að það er mjög mikilvægt að gera vel í þeim efnum. Enda er það svo að á síðustu ellefu árum hafa kjör aldraðra almennt batnað í samfélaginu. Það deilir enginn um það að kjör aldraðra almennt hafa batnað verulega á þessu tímabili, þó alltaf megi gera betur. Ég fagna því samkomulagi sem var gert fyrr á árinu milli aldraðra og ríkisstjórnarinnar.

Hins vegar var það svo, og hv. þingmaður ætti að muna það, að á tímum hv. þingmanns sem hæstv. félagsmálaráðherra var tekjusamdráttur í þjóðfélaginu sem bitnaði kannski hvað harðast á þeim sem lægstar höfðu tekjurnar. Ríkisstjórnin hefur verið að byggja upp öflugt velferðarkerfi, við höfum aukið framlög til almannatrygginga og velferðarmála frá árinu 1998 um 45%. Svo koma hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar og gera því skóna að menn hafi verið að skerða framlög til þessara málaflokka, það er alrangt.

Hæstv. forseti. Ég fagna því að við höfum verið að ná núna áföngum í samstarfi við eldri borgara sem m.a. fela í sér að skattleysismörkin hækka úr 78 þús. kr. upp í 90 þús. kr. Ég tel að það megi gera betur á þeim vettvangi í framtíðinni.

Við erum að setja 115 milljónir í Framkvæmdasjóð fatlaðra sem á að fara úr rekstri sem sjóðurinn er í í stofnkostnað.

Hv. þingmaður talar um að það verði að framkvæma þessar tillögur Samfylkingarinnar en ég ætla að minna á að Samfylkingin er með margar aðrar útgjaldatillögur, eins og t.d. í matarskattinum, þar sem fullyrt er að muni kosta helmingi meira fyrir ríkissjóð en það sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa lagt upp með. Hvar ætlar hv. þingmaður að fá alla þessa fjármuni, þeir vaxa ekki á trjánum einum? Það verður að sýna ábyrgð í þessum málum.

[16:25]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér kemur hv. þingmaður og ber sér á brjóst og segir að velferðarkerfið hafi batnað í tíð þessarar ríkisstjórnar, ef ég hef skilið hv. þingmann rétt. Ég bið hv.

þingmann um að tala við öryrkja og aldraða og spyrja hvort kjör þeirra séu betri núna en þau voru fyrir tíu árum. Ég er viss um að svarið er nei, vegna þess að öryggisnet velferðarkerfisins hefur brostið í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það finna lífeyrisþegar á kjörum sínum eins og ég var að rekja hér áðan. Það er miklu dýrara fyrir lífeyrisþega að lifa vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa verið að skerða kjör lífeyrisþega, kjör þeirra miðað við raungildi eins og það var 1995.

Lífeyrir aldraðra og öryrkja væri 15–17 þús. kr. hærri á mánuði í dag ef þessar lífeyrisgreiðslur, grunnlífeyrir og tekjutrygging, hefðu fengið að halda raungildi sínu eins og það var 1995. (Gripið fram í.) Þar munar 170 þús. kr. á ári sem þið hafið verið að taka af lífeyrisþegum, sem þið skuldið lífeyrisþegum og ættuð að borga þeim þegar í dag. Þið voruð einungis að skila til þeirra með þessari yfirlýsingu 15 þús. kr. sem voru kjarabætur sem aðrir á vinnumarkaðnum höfðu fengið. Þið voruð ekki að bæta þeim upp þá skerðingu sem þeir hafa orðið fyrir í tíð þessarar ríkisstjórnar. Fyrir utan það að lyfja- og lækniskostnaður hefur verið að hækka og húsnæðiskostnaður hefur verið að hækka.

Velferðarkerfið er brostið. Það verður fyrsta verk í stjórn jafnaðarmanna að endurreisa velferðarkerfið sem þið hafið brotið á bak aftur. Það finna lífeyrisþegar sannarlega á kjörum sínum. Kaupmáttur þeirra er minni, hefur vaxið minna en annarra í þjóðfélaginu í þeirri gósentíð sem þið ... (Gripið fram í.) Kaupmáttur þeirra hefur vaxið minna en annarra, aðrir hafa fengið miklu meiri kaupmátt en lífeyrisþegar. Þið hafið skilið þá eftir í stjórnartíð ykkar. Hafið (Forseti hringir.) skömm fyrir það.

[16:27]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé vert að ræða málin af stillingu hér. Hv. þingmaður fullyrti að stjórnarflokkarnir hefðu verið að skerða kjör þessara hópa. Ég sé að hv. þingmaður tekur undir það. Allar opinberar tölur sýna að kaupmáttur allra þjóðfélagshópa hefur aukist frá árinu 1995. Hv. þingmaður getur ekki komið hér upp og sagt að kaupmáttur aldraðra hafi rýrnað frá árinu 1995. Það hefur sannarleg kaupmáttaraukning átt sér stað.

Ég legg áherslu á að við getum alltaf gert betur í þeim efnum og við þurfum að halda áfram að eiga samráð við aldraða hvað það varðar. Við náum engum árangri með því að hafa einhver hróp og köll í þessum málaflokkum. Það þarf að ræða þessi mál með rökum. Við þurfum að segja satt og rétt frá hlutunum en ekki að koma, eins og hv. þingmaður gerði hér áðan, með staðleysur. Það er rangt. Við erum að stíga mjög stór skref í því að bæta kjör aldraðra um 15 þús. kr. eins og hv. þingmaður nefndi áðan. Við erum líka að hækka skattleysismörkin um 12 þús. kr. Auðvitað eigum við að gera betur. Við ætlum líka að verja meiri fjármunum til heimaþjónustu, til uppbyggingar hjúkrunarrýma. Það eru miklir fjármunir sem fara í þetta, 12 milljarðar á næstu fjórum árum.

Ég vil bara benda á, þeim sem hlusta á það, að Samfylkingin er með yfirboð í svo mörgum málaflokkum, eins og t.d. matarskattinum, sem mundi rústa íslenskum landbúnaði, eins og í svo mörgu öðru. Samfylkingin yfirbýður einfaldlega alla flokka í hvaða umræðu sem er, hvort sem það er um umhverfismál, um matarskattinn eða hvað eina. Samfylkingin er einfaldlega ekki flokkur sem talar með ábyrgum hætti. Hún verður að leggja stefnu sína heildstætt fram. Ég lofa því að við framsóknarmenn munum standa vörð um réttindi eldri borgara og bæta kjör þeirra á næstu árum (Forseti hringir.) sama hvað hv. þingmaður segir í þeim efnum.

[16:29]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Er það ábyrgt af hálfu stjórnarflokkanna, sem setið hafa í nærri tólf ár, að ætla að lækka útgjöld heimilanna vegna matarkostnaðar tveimur mánuðum fyrir kosningar og ávísa því síðan á næstu ríkisstjórn að sjá um hvernig fjármagna eigi kostnaðinn við þetta? Er það ábyrgt? Þeir hafa haft nærri tólf ár til að lækka matarskattinn en koma svo tveim mánuðum fyrir kosningar og segjast ætla að lækka hann. Hver á að sjá um fjármögnun af því? Ný ríkisstjórn þegar hún tekur við. En við höfum verið að berjast fyrir þessu máli í fimm ár í þinginu að fá matarskattinn lækkaðan.

Ég spyr: Hvað hafa lífeyrisþegar gert af sér til að þurfa að búa við það að fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar 1996 var að slíta á tengsl launa og lífeyris með þeim afleiðingum að þið skuldið lífeyrisþegum (**Gripið fram í:** Við?) 15–17 þús. kr.? Lífeyrir þeirra væri 15–17 þús. kr. hærri ef þið hefðuð ekki gert það. Af hverju hefur kaupmáttur þeirra vaxið helmingi minna en annarra? Af hverju hafa skattleysismörkin verið skert svo mikið í tíð þessarar ríkisstjórnar að fólk með lágar tekjur, 130 þús. kr. tekjur, er farið að borga verulegan skatt sem það gerði ekki áður? Skattleysismörkin ættu að vera 130 þúsund í dag en ekki 79 þúsund eða 91 þúsund eftir breytinguna sem gerð verður í tengslum við samkomulagið við aðila vinnumarkaðarins. Þetta er nú afrekaskráin sem skilin er eftir, þetta er það sem ríkisstjórnin skilur eftir sig. Ég efa að það hafi nokkurn tíma setið nokkur ríkisstjórn sem hefur farið jafnilla með lífeyrisþega og þessi ríkisstjórn. Ríkisstjórnin hefur vaðið í peningum en samt látið sér sæma að skerða kjör lífeyrisþega, bæði lífeyrisgreiðslurnar og aukið skattbyrði þeirra, en skattbyrði fólks með 130 þús. kr. á mánuði hefur fjórfaldast í hennar tíð.

Þess vegna segi ég það, virðulegi forseti, að það er auðvitað lífeyrisþegum fyrir bestu að þegar verði skipt um (Forseti hringir.) ríkisstjórn og við taki stjórn okkar jafnaðarmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:33.

# 12. FUNDUR

mánudaginn 16. okt.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning eins aðalmanns í stað Gísla S. Einarssonar í stjórn Viðlagatryggingar Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 2. gr. laga nr. 55 2. júní 1992, um Viðlagatryggingu Íslands.
2. Gatnagerðargjald, stjfrv., 219. mál, þskj. 220. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 220. mál, þskj. 221. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ný framtíðarskipan lífeyrismála, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 56. — 1. umr.
6. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
7. Útvarpslög, prentréttur og samkeppnislög, stjfrv., 58. mál, þskj. 58. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[15:02]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill láta þess getið að að loknum atkvæðagreiðslum um fjögur fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um skerðingu lífeyrissjóða á lífeyrisgreiðslum til öryrkja. Málshefjandi er hv. þm. Helgi Hjörvar. Hæstv. fjármálaráðherra Árni M. Mathiesen verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:02]

**Útbýting:**

Framboð verk- og tæknináms, 218. mál, fsp. SæS, þskj. 219.

Fæðingar- og foreldraorlof, 194. mál, frv. KJúl o.fl., þskj. 195.

Lífeyrissjóðir, 233. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 236.

Löggæsla vegna umferðaröryggis, 216. mál, fsp. JóhS, þskj. 217.

Siglingavernd, 238. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 241.

Skipulögð leit að krabbameini í ristli, 221. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 222.

Stuðningur atvinnulífsins við háskóla, 217. mál, fsp. SæS, þskj. 218.

Umferðarlög, 178. mál, frv. VF o.fl., þskj. 178; frv. JóhS o.fl., þskj. 196.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Álit Samkeppniseftirlitsins um búvörulögin.

[15:03]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Ég geri hér að umtalsefni tilmæli Samkeppniseftirlitsins til landbúnaðarráðherra um að landbúnaðurinn skuli lúta samkeppnislögum. Hæstv. landbúnaðarráðherra er hins vegar samur við sig og neitar að þjóna almannahagsmunum í þessum málum. Í viðbrögðum hæstv. ráðherra kom sömuleiðis fram ein undarlegasta hagfræði sem sögur fara af þar sem hann fullyrðir að samráð og samkeppnishindranir leiði til hagkvæmni í atvinnugreininni. Fróðlegt væri að fá álit forsætisráðherra og viðskiptaráðherra á þeirri speki. Síðan ræðst hæstv. landbúnaðarráðherra á viðkomandi eftirlitsstofnun með fáheyrðum hætti og segir hana pólitíska í áliti sínu þegar hún er eingöngu að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

*Frú forseti. Hér er hreyft mikilvægu grundvallarmáli.* Fólk sem vill hasla sér völl í landbúnaði er barið niður af einokunarfyrirtækjum sem starfa í skjóli Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Hin dauða hönd ríkisstjórnarinnar og Framsóknarflokksins ræður för. Hvergi er að heyra orðræður sjálfstæðismanna um hið frjálsa framtak enda túlkar hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson stefnuna fyrir hönd þeirra.

Samfylkingin var eini flokkurinn á þingi sem kaus gegn því að mjólkuriðnaðurinn yrði undanþeginn frá samkeppnislögunum með sérstökum hætti eins og gert var árið 2004. Því boða ég hér með að Samfylkingin mun leggja fram þingmál þar sem gert verður ráð fyrir að landbúnaðurinn lúti samkeppnislögum eins og annar atvinnurekstur.

Það er bændum í hag að hafa fleiri en einn kaupanda að vöru sinni. Innkoma Mjólku á markaðinn sýndi það. Á sama tíma og ég fagna því að löggjafarvaldið sé enn hjá Alþingi langar mig að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra af hverju hann ætli ekki að verða við tilmælum Samkeppniseftirlitsins. Sé hæstv. landbúnaðarráðherra enn þeirrar skoðunar að samráð og samkeppnishindranir tryggi hagkvæmni, telur hann þá ekki að fleiri atvinnugreinar eigi að vera undanþegnar samkeppnislögum?

[15:05]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

*Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi taka fram að mjólkuriðnaðurinn* er ekki ríkisstyrktur nema að því leyti að hann býr við tollvernd og opinbera verðlagningu. Þetta á við um hinn hefðbundna mjólkuriðnað og Mjólku einnig. Hvort tveggja fyrirtækið á rétt á sér.

Landbúnaðurinn hefur á síðustu árum verið að undirbúa sig undir nýja WTO-samninga sem hafa dregist á langinn. Það er markmið íslenskra bænda að halda fast um heimamarkað sinn og vera samkeppnisfærir bæði í verði og gæðum. Alþingi ákvað 2004 að mjólkuriðnaðurinn væri áfram undir búvörulögum. Þetta var gert með skýrum og ótvíræð-

um hætti. Undir þeirri löggjöf hafa bændur unnið að hagræðingu og mátt hafa samráð og samvinnu með sér um þau atriði.

Meginástæða þessarar stefnu Alþingis er sú að greinin þarf svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni. Verðlagsnefnd ákvarðar heildsöluverð á mjólk og nokkrum öðrum mjólkurvörum. Þar eiga sæti fulltrúar launafólks og neytenda, bæði frá ASÍ og BSRB. Þannig er tryggt gagnsæi í verðlagningu afurðanna.

Ég ætla ekki að halda því fram að þetta fyrirkomulag sé gallalaust. En ég teldi mig koma aftan að bændum og mjólkuriðnaðinum ef ég eða Alþingi breytti þessu núna. Þetta var sáttargjörð sem sneri að nýjum mjólkurvörusamningi við bændur og væntanlegri breytingu í alþjóðaumhverfinu. Við skulum heldur ekki gleyma því að þetta var einnig gert út frá jafnræði og jöfnum aðgangi smærri verslana í miskunnarlausri samkeppni við stórar verslunarkeðjur.

Hæstv. forseti. Ég svara seinni spurningu hv þingmanns þannig: Það er sameiginleg stefna ríkisstjórnarflokkanna að opna samkeppnisumhverfi á sem flestum sviðum í lengri framtíð. Það á við um landbúnaðinn einnig. Íslendingar vilja ákveðna sérstöðu um sjávarútveg og auðlindir í náttúru landsins, svo og orkumál og að landbúnaðurinn fái tíma og geti staðist róttæka alþjóðasamninga eins og WTO. (Forseti hringir.) Þessi sérstaða er undirbúningur þess. Viðskiptaumhverfi landbúnaðarins, hæstv. forseti, er í örri þróun (Forseti hringir.) og umbreytingu með hagsmuni neytenda og bænda í huga.

[15:08]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Þessi upphlaup frá Samfylkingunni eru orðin nokkuð algeng. Sannleikurinn er sá að landbúnaðurinn starfar undir búvörulögum. Það var samþykkt á Alþingi og liggur alveg klárt fyrir. Við vitum hvernig verðlagning á landbúnaðarafurðum hefur gengið fyrir sig. Framlög til landbúnaðar hafa lækkað verulega á undanförnum tíu árum og bændur hafa sannarlega tekið þátt í mikilli hagræðingu og fært miklar fórnir.

Þetta er kannski ekki kerfi sem við ættum að hafa um alla eilífð en það hefur gengið vel núna. Við vitum að það er að koma samkeppni. Það verður mikil samkeppni og Íslendingar verða að standa saman alveg eins og danskir og sænskir bændur eru í einu félagi. Norskir bændur eru í einu félagi. Yfir 90% af þeim sem framleiða eru í þessum félögum. Samt verðum við að tryggja að ef einstaklingar vilja framleiða þá séu þeir ekki beittir ofbeldi. Hafi það gerst verður að skoða það því það var aldrei meiningin að líða ofbeldi gagnvart frjálsri verðmyndun eða frjálsu framtaki.

Við styðjum íslenskan landbúnað. Það er ekkert launungarmál. Það hefur gengið mjög vel. Það er rangt þegar menn segja hvað eftir annað að landbúnaðurinn hamli hér betri lífskjörum Íslendinga. Landbúnaðarvörur eru 5,7% af neysluvísitölu Íslendinga. Þær hafa lækkað verulega og átt verulegan þátt í góðum lífskjörum Íslendinga. Bændur hafa átt sinn þátt í að svo vel hefur tekist til. Við verðum að átta okkur á þessu. Það þýðir ekki að hlaupa upp þótt einhver mistök kunni að hafa orðið hjá Osta- og smjörsölunni, ég veit það ekki. Við skulum bara fara ofan í það. Við eigum ekki að hlaupa frá gildandi samningum um mjólkurvörurnar. Við hlaupum ekki upp til handa og fóta.

Við verðum hins vegar að gera mönnum grein fyrir því að lögin eru ekki til að vernda ofbeldi í einum eða neinum skilningi.

[15:10]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ræða hæstv. landbúnaðarráðherra kom mér dálítið á óvart áðan. Það er augljóst að hann hefur dregið ögn í land miðað ummæli hans í upphafi máls. Hann vill skoða þetta með jákvæðara hugarfari heldur en hann kannski sýndi fyrst þegar hann brást við tilmælum Samkeppniseftirlitsins.

Hins vegar kom mér ekki síður á óvart að fulltrúi Sjálfstæðisflokksins á hinu háa Alþingi, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, telji hag bænda best borgið með því að einn kaupandi sé að mjólkurvörum, að það tryggi hag bænda, í því felist vernd gagnvart þeim og það tryggi hagsmuni þeirra til lengri tíma. (**EOK:** Já.) Þetta kemur mér í opna skjöldu, virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að þetta er þá eitt fárra dæma í hagfræðisögunni að menn telji nokkuð víst að hagsmunir framleiðenda séu best tryggðir með einn kaupanda að vörunni. Þetta er mjög athyglisverð kenning og mun sjálfsagt lifa lengi í sölum Alþingis.

Virðulegi forseti. Lykilatriðið er að við þurfum að horfa til lengri tíma þegar við ræðum þessi mál. Fyrir tveimur árum þegar þetta var samþykkt lögðumst við eindregið gegn því að taka búvörur undan samkeppnislögum og greiddum atkvæði gegn þeirri leið. Það er að koma á daginn enn og aftur að hagsmunum bænda er ekki best borgið með þessu. Ekki heldur þeirra sem vilja koma inn í þessa grein og framleiða. Nú hafa verið sett fram tilmæli í þá veru um að þetta verði skoðað. Ég verð að segja að það kom mér skemmtilega á óvart að hæstv. landbúnaðaráðherra skuli kominn á þá línu núna að vilja skoða þetta mjög eindregið.

[15:12]

**Birgir Ármannsson:**

Hæstv. forseti. Ég tel fullt tilefni til að skoða tilmæli Samkeppniseftirlitsins og meta hvort þau gefi tilefni til breytinga á búvörulöggjöfinni. Það er auðvitað ekki rétt sem hefur komið fram í þessari umræðu, að það hafi verið sérstakt nýmæli í lagabreytingunni 2004 að hluti búvörulaganna væri undanþeginn ákvæðum samkeppnislaga. Það hefur verið svo frá upphafi, að ég held. Þótt áherslubreyting yrði í lagabreytingunni 2004 þá var skýrt að fyrir þann tíma voru víðtækar undanþágur frá samkeppnislögunum í búvörulöggjöfinni.

Ég tel mikilvægt að við skoðun þetta mál í ljósi þess að breytingarnar og þessar undanþágur voru samþykktar með þeim formerkjum að um tímabundnar ráðstafanir væri að ræða. Ég held að það sé fullt tilefni fyrir okkur að skoða hvort þær aðstæður eru uppi að þessu þurfi að breyta.

Ég held að framtíðin í þessum málum hljóti að verða að samkeppni ríki á þessum sviðum atvinnulífsins eins og í öðrum greinum atvinnulífsins. Ég tel mikilvægt að hafa í

huga að á hverjum tíma þegar einokun hefur verið aflétt, eða samkeppnishömlum aflétt, þá hefur verið varað við því á þeirri forsendu að þær greinar sem í hlut ættu mundu bera skarðan hlut frá borði. Reynslan er hins vegar sú að greinarnar hafa styrkst, hagur neytenda batnað með aukinni samkeppni. Ég held að það sé mikilvægt að við skoðum breytingar til framtíðar á þessu sviði út frá því að auka samkeppni og tryggja að sömu lög mál gildi í þessum viðskiptum sem í öðrum viðskiptum í landinu.

[15:15]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það er athyglisvert að hlýða á, sérstaklega málflutning sjálfstæðismanna þar sem annar þingmaðurinn talar upp í sveit og hinn til borgarbúa.

Ég held að það hvernig Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa brugðist við í þessu máli lýsi í raun viðhorfum ríkisstjórnarinnar til samkeppnismála. Þegar í ljós kemur það álit samkeppnisyfirvalda að brotið hafi verið á ákveðnu fyrirtæki þá segir viðkomandi ráðherra að forstjóri Samkeppniseftirlitsins sé í pólitík. Allir muna eftir athugun Samkeppnisstofnunar á olíusamráðssvikunum sem endaði með því að sú stofnun var lögð niður. Þetta lýsir viðhorfum til samkeppnismála sem þarf að breyta.

Ég er á því að það blasi við bændum, en við í Frjálslynda flokknum berum hag þeirra sérstaklega fyrir brjósti, að þetta ráðslag sem ríkisstjórnin hefur uppi núna, þ.e. að búa til eitt fyrirtæki og koma í veg fyrir að eðlileg samkeppnislög gildi um þennan atvinnurekstur, er ekki til hagsbóta fyrir bændur. Bændur þurfa á almennum velvilja í samfélaginu að halda. Þeir þurfa á því að halda að skattborgarar vilji greiða til þeirra ríkisstyrki og halda uppi innflutningsvernd. Þess vegna þurfum við að koma á almennum friði um þessa atvinnugrein en stökkva ekki upp á nef okkur, eins og hæstv. landbúnaðarráðherra gerir þegar sannarlega hefur verið brotið á ákveðnu fyrirtæki af markaðsráðandi starfsemi.

Ég ætla að lokum að benda á alvarlegri álit sem hafa komið fram frá samkeppnisyfirvöldum sem varða hag íslensku þjóðarinnar. Þá á ég við þau álit sem varða sjávarútveginn. En í áliti nr. 2 frá árinu 2000 var bent á að sjávarútvegsráðherra ætti að gera gangskör að því að ekki væri brotið á sjávarútvegsfyrirtækjum sem standa höllum fæti gagnvart þeim sem hafa markaðsráðandi stöðu og hafa yfir kvóta að ráða.

[15:17]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Það var furðulegt að hlusta á hæstv. landbúnaðarráðherra halda því fram að mjólkuriðnaðurinn á Íslandi væri ekki ríkisstyrktur. Hvar elur hæstv. landbúnaðarráðherra manninn, vitandi það að ríkið leggur hvergi meira fram en til framleiðslu á mjólk í þessu landi og bændur eiga þennan mjólkuriðnað?

Það er líka furðulegt að hlusta á sjálfstæðismenn koma hvern á fætur öðrum og tala hver í sína áttina, eftir að hafa samið um að í þessari atvinnugrein, þ.e. landbúnaði, eigi frelsið ekki heima og sett lög um það á þinginu. Þar skal ekki ríkja samkeppni. Fyrir þessa atvinnugrein eru Öskjuhlíðarfundir ekki bara leyfðir heldur lögbundnir. Og þeir sem ógna íslenska samyrkjubúinu með kröfum um samkeppni eru auðvitað í bullandi pólitík, það er augljóst. Íslenska samyrkjubúið á að standa um eilífð. Sovétskipulagið féll en íslenska samyrkjubúið skal lifa. Þetta er það sem er í gangi.

Bændur í mjólkuriðnaði á Íslandi stefna að því að búa til eitt fyrirtæki. Þetta vita stjórnvöld ósköp vel og styðja við þá leið. Ég er algjörlega ósammála þeirri leið. Ég tel að það muni ekki verða neytendum á Íslandi til bóta og leiða til þess að verðlag á landbúnaðarvörum muni aldrei lækka eins og það gæti gert í samkeppni. Auðvitað verður þessi atvinnugrein að búa við samkeppni í framtíðinni. Það gerist bara með frelsi, með reglum þar sem menn geta keppt í atvinnugreininni á markaðnum. Það gerist ekki með Öskjuhlíðarfundum. Það gerist ekki með lögum sem lögbinda að menn hafi allt annan hátt á í þessari atvinnugrein en öðrum.

Hæstv. forseti. Ég skora á hæstv. landbúnaðarráðherra (Forseti hringir.) að snúa af braut sinni.

[15:19]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það er almenn stefna stjórnvalda að vinna að frjálsu viðskiptaumhverfi og markaðsaðstæðum á sem allra flestum sviðum hagkerfis og þjóðlífs eins og kunnugt er. Það hefur verið víðtæk sátt um að m.a. í landbúnaði séu þær aðstæður ekki fyrir hendi að unnt sé, til skamms tíma litið, að vinna að því. En eins og fram kom í máli hæstv. landbúnaðarráðherra er það stefnan til lengri tíma.

Við Íslendingar erum skuldbundinn aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og þar er unnið að mjög róttækum breytingum. Þótt þar hafi orðið uppstytta um skeið er engin ástæða til að ætla annað en að þær viðræður fari aftur af stað. Þar erum við skuldbundnir aðilar og viljum vinna þar áfram í skynsamlegum þrepum að því að breyta markaðsaðstæðum á sem flestum sviðum í slíka átt. Við verðum reyndar að hafa í huga sérstakar markaðsaðstæður í smásöluversluninni þar sem orðið hefur mikil samþjöppun á undanförnum árum.

Reyndar er ástæða til að nefna að í nýlegum og nýbirtum aðgerðum ríkisstjórnarinnar um matvöruverð, eru markverðar breytingar sem snerta líka rekstrarumhverfi landbúnaðarins og ganga í sömu átt.

[15:21]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Fundið er að því að íslensk landbúnaðarvara, einkum mjólkurafurðir, heyri ekki undir samkeppnislög heldur búvörulög og séu háðar verðlagsákvæðum. Er þetta gott eða er þetta slæmt? Í mínum huga er svarið tvíþætt. Það snýst um praktík og prinsipp, svo maður sletti á erlenda tungu.

Hver hefur reynslan verið? Reynslan hefur verið sú að fyrirkomulagið sem við höfum búið við hefur fært okkur almennt hagstæðari verðlagsþróun fyrir neytendur en á öðrum sviðum. Þetta er staðreynd. Mjólkurafurðir hafa hækkað minna en neysluvarningur almennt hefur gert. Þetta er staðreynd.

En þegar horft er til samkeppninnar og menn veifa heilagri ritningu frjálsrar samkeppni þá er hún á ýmsum svið-

um við lýði en aðeins í orði. Við þekkjum hvernig samkeppnin hefur leikið þjóðina, t.d. varðandi olíu og bensín.

Síðan eru það prinsippin. Á að vera heimilt að undanskilja tiltekna vöru og þjónustu samkeppnislögum? Að sjálfsögðu á það að vera heimilt. Eða vilja menn fara með velferðarþjónustuna, einnig þá sem fengið hefur verðmiða á markaði, undir samkeppnislög og lúta ákvæðum og valdboði Samkeppnisstofnunar? Ég segi nei.

Ég vara við fólki sem hefur eitt auga í miðju enni og horfir aðeins fram á við og aldrei til hliðar og er aldrei tilbúið að læra neitt af reynslunni eða draga af henni lærdóma.

[15:23]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er ekkert nýtt að mjólkuriðnaðurinn búi við sérskipulag. Við höfum verið stuðningsmenn þess að hann fengi að ástunda tiltekna verkaskiptingu og hafa með sér samvinnu um hana. Það er enginn vafi á því að sú verkaskipting hefur skilað árangri. Hún hefur skilað lækkandi vöruverði og mikilli vöruþróun og ef ekki væri fyrir þessa verkaskiptingu mætti spyrja hvort t.d. iðnfyrirtæki eins og mjólkursamlagið í Búðardal, kjölfesta í atvinnulífi síns svæðis, væri yfir höfuð til. Í gegnum slíka hluti er m.a. hægt að skipuleggja framleiðsluna og á grundvelli tiltekinnar verkaskiptingar sem ella væri ómögulegt. Menn verða náttúrlega að horfa á myndina í heild sinni.

Hitt verð ég að segja, að forsvarsmenn mjólkuriðnaðarins launa þann stuðning kannski ekki mjög vel með framgöngu sinni um þessar mundir. Ég vil hvetja hæstv. landbúnaðarráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra — það eru nú hæg heimatökin þar sem fara varaformaður og formaður Framsóknarflokksins — að ræða það við forsvarsmenn mjólkuriðnaðarins: Er sú gríðarlega samþjöppun eða samruni í eitt fyrirtæki sem menn þar stefna á hyggileg, m.a. í ljósi þessarar umræðu og þeirrar stöðu sem greinin er í með sín mál? Við höfðum miklar efasemdir margir um sameiningu Mjólkurbús Flóamanna og Mjólkursamsölunnar. Hvað má þá segja um að allt þetta renni saman í eina samsteypu um næstu áramót? Ég held að menn ættu þar að staldra við, m.a. til að fórna ekki þeim möguleikum sem þeir ella kunna að hafa áfram á pólitískum stuðningi við tiltekna verkaskiptingu.

Svo segi ég um samkeppnislögin, að þau virðast misjafnlega heilög eftir því hvað í hlut á og hvað hentar hverju sinni. Ætli þurfi nú ekki að skoða fleira þar sem fákeppni, svo ekki sé sagt einokun, hefur verið að skella á á hverju sviði viðskipta á fætur öðru undir nefinu á mönnum án þess að samkeppnisyfirvöld segðu nokkurn skapaðan hlut eða rækju upp bofs yfir því? Við skulum þá taka allt sviðið undir, ekki bara mjólkuriðnaðinn.

[15:25]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Það er ánægjulegt að vissir stjórnarþingmenn taki undir tillöguflutning Samfylkingarinnar um að samkeppnislög skuli taka til landbúnaðarins. En það er einfaldlega ekki nóg því að ríkisstjórnin þrjóskast við og boðar engar breytingar í náinni framtíð. Tíminn skiptir máli því að nú stefnir í samruna í risavaxið mjólkursamlag sem aldrei yrði leyft ef samkeppnislögin mundu gilda um þessa grein.

Þetta mál er ósköp einfalt. Það snýst um hvort við eigum að undanskilja heila atvinnugrein frá samkeppnislögum. Að mínu mati er það rangt og úreltur hugsanagangur. Það má ekki gleyma því að samkeppnislög eru ekki einungis neytendum til hagsbóta heldur einnig atvinnurekendum, sem fá hærra verð fyrir vöru sína og þau auðvelda nýliðum að komast inn á markaðinn.

Mál Mjólku er sýnishorn af sérhagsmunagæslu ríkisstjórnarinnar. Hið háa Alþingi verður að grípa í taumana, frú forseti. Bændur munu fá hærra verð fyrir framleiðslu sína starfi þeir í samkeppnisumhverfi. Innkoma Mjólku á markaðinn sýndi það. Núverandi stefna ríkisstjórnarinnar í samkeppnismálum landbúnaðarins er hernaður gegn fólkinu í landinu, skilar bændum verri kjörum en ella, neytendum hæsta matarverði í Evrópu og einokun og ófrelsi í öllu framtaki. Sem fyrr er hæstv. landbúnaðarráðherra óvinur neytenda og dragbítur á bændur.

Frú forseti. Hann er ekki einn. Meiri hluti sjálfstæðismanna fylgir á eftir. Hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson er á ábyrgð þeirra og hann túlkar þeirra stefnu. Það ættu kjósendur að muna.

***Um fundarstjórn.***

Álit Samkeppniseftirlitsins um búvörulögin.

[15:27]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Þetta er óvenjuleg fundarstjórn, þegar slík umræða fer fram, að sá sem spjótunum er beint að fái ekki í lokin að segja nokkur falleg orð.

Ég vil bara nota tækifærið og þakka þessa ágætu umræðu sem var málefnaleg og prýðileg og mjólkuriðnaðinum mikilvæg. Ég þakka þann góða stuðning sem mér finnst sú stefna sem mörkuð var hér 2004 — að mjólkuriðnaðurinn verði áfram undir búvörulögum, að vísu tímabundið — eiga hjá þorra þingmanna. Ég þakka fyrir þetta, hæstv. forseti.

[15:28]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Umræður um fundarstjórn forseta eiga að beinast að fundarstjórn forseta. (**Landbrh.:** Þetta er óvenjulegt.) Forseti vill líka benda á að í lok 50. gr. þingskapa segir að umræður um athugasemdir megi ekki standa lengur en 20 mínútur.

***Kosning eins aðalmanns í stað Gísla S. Einarssonar í stjórn Viðlagatryggingar Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 2. gr. laga nr. 55 2. júní 1992, um Viðlagatryggingu Íslands.***

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Grindavík.

***Gatnagerðargjald, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 220.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 220. mál (óheimil skráning lögheimilis í frístundabyggð). — Þskj. 221.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Ný framtíðarskipan lífeyrismála, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ISG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***

Skerðing lífeyrissjóða á lífeyrisgreiðslum til öryrkja.

[15:32]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Það er verið að brjóta gegn stjórnarskrá Íslands og ræna örorkulífeyrisþega lífeyriseign sinni um hábjartan dag. Fjórtán lífeyrissjóðir hafa sett reglur eftir á til að skerða lífeyrisgreiðslur til 2.300 öryrkja sem flestir hafa 1–2 milljónir í árstekjur og þetta hefur verið blessað með staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Þetta hljóta að vera mistök. Ég kalla þess vegna eftir að hæstv. fjármálaráðherra stígi fram og lýsi því yfir að þessi gjörð verði afturkölluð og segi skýrt: Svona gerir maður ekki.

Hvað er það sem hér hefur verið gert? Það hefur verið ákveðið að taka að meðaltali 20 þús. kr. greiðslu af 2.300 örorkulífeyrisþegum í landinu á þeirri forsendu að þeir hafi of miklar tekjur annars staðar frá. Hversu miklar tekjur hefur þetta fólk? Flest hefur það liðlega 100 þús. kr. á mánuði sér til framfærslu eða er með á bilinu 1–2 milljónir í árstekjur. Öll vitum við að fólk sem þær tekjur hefur getur ekki haft of miklar tekjur.

Hvernig má þetta vera? Jú, það sem er gert er að eftir á eru settar reglur, eftir að þessir 2.300 öryrkjar hafa hafið töku lífeyris, um að þeir megi ekki hafa hærri fjárhæð en sem nemur neysluverðshækkunum frá þeim tíma þegar þeir urðu veikir eða urðu fyrir slysi, þ.e. að meðan við öll hin njótum hagsældarinnar og kaupmáttaraukningarinnar og velsæld okkar vex frá einu ári til annars og einum áratugs til annars á að dæma þá sem lenda á örorku til þess að vera skildir eftir með sama kaupmátt og það ár þegar þeir veiktust eða slösuðust. Vill einhver í þessum sal þurfa að lifa af kaupmættinum sem við höfðum árið 1975? Vill einhver reyna að taka þátt í samfélaginu árið 2006, taka þátt í því sem hver og ein fjölskylda þarf að taka þátt í, með kaupmættinum sem hann hafði árið 1975?

Hér er, virðulegur forseti, ef þessi regla væri fest, þó ekki væri nema til framtíðar fyrir þá lífeyrisþega sem eftir eiga að koma, í raun og veru verið að vega gegn hugsjóninni um almannatryggingar og lífeyriskerfið, vegna þess að lífeyrissjóðirnir voru þeim sem urðu fyrir slysum og sjúkdómum í raun og veru vonin um það að komast út úr fátæktargildrunni sem Tryggingastofnun ríkisins og almannatryggingalöggjöfin er. Sá helmingur öryrkja sem er svo heppinn að hafa einhvern lífeyrissjóð, þeir áttu að vera hinir hólpnu, en með þessum nýju reglum mun það heyra sögunni til. Þeir lífeyrissjóðir sem eru að gera þetta gera það með tilvísun til erfiðrar stöðu sinnar. Ég vek athygli á því að stærsti sjóðurinn, Gildi, jók eignir sínar á síðasta ári um 36 milljarða kr., söguleg ávöxtun úr 145 milljörðum í 181 milljarð. Ekki var afkoman verri en það.

Um síðustu áramót var ákveðið að auka réttindi sjóðfélaga almennt meðan réttindi öryrkja eru skert. Virðulegur forseti. Það alvarlegasta er að hér er verið að skerða eignarréttindi 2.300 öryrkja sem eiga þessi lífeyrisréttindi. Það er brot á eignarréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og það er yfirlýst af hálfu ríkisstjórnar Íslands, og hún hefur fyrir því lögfræðiálit, að það sé hæpið að ganga gegn þeim eignarréttarákvæðum. Þess vegna hlýtur staðfesting hæstv. fjármálaráðherra á reglugerðum lífeyrissjóðanna að vera mistök því að staðfestingin gengur gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar og þeim lögfræðiálitum sem ríkisstjórnin sjálf styðst við. Fjármálaráðuneytið var ranglega upplýst um að áhrifin af þessum breytingum væru óveruleg. Það getur ekki verið óverulegt að svipta 2.300 fátæka Íslendinga greiðslum sínum úr lífeyrissjóði. Ég kalla þess vegna eftir því að hæstv. (Forseti hringir.) fjármálaráðherra lýsi því yfir að staðfestingin verði afturkölluð.

[15:37]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég skil mjög vel að öryrkjar og talsmenn þeirra vilji fá skerðingu örorkulífeyris þeirra frá lífeyrissjóðunum hnekkt. Þar er augljóslega um mikla kjararýrnun að ræða.

Það er hins vegar ekki svo að leiðin til að hnekkja þessum ákvörðunum sé í gegnum fjármálaráðherra eða fjármálaráðuneytið. Það er samkvæmt lögunum ekki hlutverk ráðherrans eða ráðuneytisins. Hlutverk ráðuneytisins og ráðherrans er að staðfesta samþykktir eftir að þær hafa verið bornar efnislega undir eftirlitsaðilann, sem er Fjármálaeftirlitið, og ganga þannig úr skugga um að þær standist lögin.

Í öðru lagi skipar fjármálaráðherra í stjórnir nokkurra lífeyrissjóða, að mestu leyti eftir tilnefningar, en hefur að öðru leyti ekkert með það að gera hvernig þeir starfa innan stjórnar, þeir eru sjálfstæðir stjórnarmenn eins og allir aðrir.

Hv. þingmaður nefnir sérstaklega stjórnarskrárvarin réttindi vegna lífeyrisgreiðslna. Það er örugglega rétt hjá hv. þingmanni að það er mjög líklegt að slík réttindi séu varin með stjórnarskránni ef þau hafa frá upphafi verið rétt útreiknuð. Það gæti hins vegar verið annað mál ef þeir reikningar sem lagðir hafa verið til grundvallar í upphafi eru ekki réttir.

Ég nefndi áðan að Fjármálaeftirlitið væri eftirlitsaðilinn. Sá aðili hins vegar sem samkvæmt lögunum er ætlað að úrskurða um deilumál í þessum efnum, og hnekkja eftir því sem tilefni gefst til ákvörðunum stjórnar lífeyrissjóðanna, er gerðardómur sem hægt er að skipa samkvæmt lögunum. Leiðin er ekki í gegnum fjármálaráðherra eða fjármálaráðuneytið heldur í skipun gerðardóms samkvæmt lögunum. Ég held að skynsamlegast sé fyrir þá sem ósáttir eru við þessar niðurstöður að fara þá leið og ég vænti þess að út úr því fáist þær niðurstöður sem réttar geta talist.

[15:40]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Helga Hjörvars um að verið er að brjóta á lífeyrisþegum, örorkulífeyrisþegum, með þeim gjörðum sem lífeyrissjóðirnir standa fyrir um þessar mundir. Með ósæmilegum hætti er verið að skerða lífeyrisgreiðslur til örorkulífeyrisþega og ef svo heldur fram sem horfir, að ekki verði gerðar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðanna, myndast neikvæður spírall hvað varðar greiðslur til öryrkja. Það myndast skerðing hjá almannatryggingum, greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins, það verður víxlverkun á milli lífeyrissjóðanna og almannatryggingakerfisins þannig að tekjur lífeyrisþeganna lækka. Skerðingin mun halda áfram næstu þrjú árin ef þessar reglur verða ekki afturkallaðar. Mér þykir miður, hæstv. forseti, að hvert málið á fætur öðru í málefnum örorkulífeyrisþega skuli þurfa að fara fyrir gerðardóm eða Hæstarétt til að fá úrskurð og lausn fyrir þessa hópa. Það er óþolandi að búa við slíkar aðstæður og þessu verður að linna.

[15:42]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Helga Hjörvar, fyrir að taka þetta mikilvæga mál upp á Alþingi.

Í sumar bárust fréttir af því að hluti lífeyrissjóðanna væri að yfirfara gögn félagsmanna sinna langt aftur í tímann, gera könnun eins og sagt var, sem síðan leiddi í ljós að hluti öryrkja var með hærri tekjur eftir örorku en fyrir. Á sama tíma er uppi sú umræða meðal lífeyrissjóðanna að skuldbinding þeirra vegna örorkugreiðslna sé orðin meiri en gert var ráð fyrir í forsendum og að taka þurfi tillit til þeirra sem nú greiða í sjóðina og þeirra skuldbindinga sem sjóðirnir hafa nú og í framtíðinni.

Frú forseti. Við höfum borið gæfu til þess að koma á lífeyrissjóðakerfi hér á landi og hlutur þeirra í velferðarkerfi okkar er mjög mikilvægur. Lífeyrissjóðirnir eru hluti velferðarkerfisins og þurfa því að axla sína ábyrgð. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að staða þeirra er misjöfn og að þeir hafa lengi viljað að ríkið tæki við lífeyrisgreiðslum til öryrkja. Því hefur verið hafnað af ríkisstjórninni og ég tel að það sé rétt ákvörðun. Staða einstakra lífeyrissjóða er síðan sérstakt mál sem rétt væri að taka upp á Alþingi við tækifæri.

Maður hlýtur að spyrja sig nú hvort lífeyrissjóðirnir séu að lauma greiðslunum yfir til ríkisins bakdyramegin. Ég tel að þeir verði að axla sína ábyrgð. Þessar aðgerðir munu hafa mikil áhrif á þá einstaklinga sem um ræðir svo ekki sé minnst á útgjöld ríkissjóðs. Hér er um að ræða aðgerðir sem hafa áhrif á það fólk sem stendur hvað höllustum fæti í samfélaginu og það með þriggja mánaða fyrirvara. Ekkert efnislegt samráð er haft við stjórnvöld eða þeim tilkynnt um aðgerðirnar þó að vitað sé að aðgerðirnar hafi í för með sér kostnaðarauka. Mér finnst framkvæmdin ekki vera lífeyrissjóðunum til sóma. Það kemur í ljós að margir eiga rétt á leiðréttingu en frestur til að ná fram þeim leiðréttingum er ekki mikill þar sem lífeyrissjóðirnir verða að fara yfir hvert og eitt tilvik.

Virðulegur forseti. Ég hvet lífeyrissjóðina til að fara sér hægt í þessum efnum. Þeir bera mikla ábyrgð með hlutverki sínu í hinu íslenska velferðarkerfi. Framkvæmdin hefur verið gagnrýnd og þeir verða að hlusta á þá gagnrýni. Menn verða að velta fyrir sér hvort verið sé að hrinda af stað ferli sem við vitum (Forseti hringir.) ekki nákvæmlega hvert leiðir okkur.

[15:44]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir að færa þetta mál til umræðu. Stór hópur öryrkja getur ekki bætt sér upp tekjumissi sinn með atvinnutekjum. Fólkið lifir af bótum sem það fær frá Tryggingastofnun og tekjum úr lífeyrissjóði, hafi það átt þar rétt sem dugað hefur til framreiknings. Vandi öryrkja er mjög sértækur þar sem viðmið þeirra til framreiknings launa úr lífeyrissjóði eru oft mjög lítil og gefa þar af leiðandi aðeins rétt til mjög lágra greiðsla úr viðkomandi lífeyrissjóði. Tökum dæmi.

Skipstjóri sem slasast í starfi var oftast á góðum launum. Hann verður 75% öryrki og er metinn út frá því. Hann var í fullu starfi með góðar tekjur. Framreikningur hans er byggður á tekjum í fullu starfi og réttur úr lífeyrissjóði um 300 þús. kr. á mánuði. Svona dæmi eru til þó enginn hamingja felist í því að slasast og verða öryrki.

Annað dæmi er af konu úr sveit sem starfaði við heimilishald og búrekstur. Hún var á lágum launum enda staða bænda lengi þannig að varla var afgangur til lágmarkslauna. Auk þess var aðdragandinn að örorku hennar bæði veikindi og slys. Þannig kom örorka hennar til á nokkrum árum, fyrst tímabundin og síðan 25% þar til að því dró að hún varð 75% öryrki nokkrum árum síðar.

Viðmiðunarárin hennar gáfu lága tekjuviðmiðun og ekki var framreikningur til launa úr lífeyrissjóð hár. Á þessu ári fær hún greiðslu upp á 24 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóði og á rétt á örorkubótum. Með ákvörðun um endurreikning sem tekin var af stjórnum 14 lífeyrissjóða verður greiðsla til hennar nánast engin. Svo virðist sem uppbót vegna lyfja-

kostnaðar og lágur bensínstyrkur hafi verið reiknaður sem tekjur í endurreikningi en ekki sem endurgreiðsla á móti kostnaði. Þegar hringferðinni milli lífeyrissjóðalækkunar til hennar og endurreiknings hjá Tryggingastofnun ríkisins lýkur er líklegt að hún haldi 40–42% af áðurgreindum 24 þús. kr. eða 10–12 þús. kr. á mánuði.

Hæstv. forseti. Þessi breyting á lífeyrissjóðsmálum öryrkja er gersamlega óásættanleg og henni ber að fresta.

[15:47]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur oft hlunnfarið öryrkja í stjórnartíð sinni. Þeir hafa þurft að sækja rétt sinn og bætt kjör til dómstóla landsins. En það er þyngra en tárum taki að öryrkjar sjái sig knúna til að leita réttar síns fyrir dómstólum vegna þeirrar gífurlegu kjaraskerðingar sem lífeyrissjóðirnir ætla að beita fátækasta fólkið í landinu. Maður spyr: Heyra þær samfélagslegu skyldur, félagslega samhjálp og tryggingavernd, sem eru hornsteinn lífeyriskerfisins sögunni til? Það er engu líkara en við séum komin aftur til fortíðar, fyrir daga lífeyriskerfisins og verkalýðhreyfingarinnar þegar fátækt fólk var hýrudregið og illa farið með það.

Svipta á öryrkja stórum hluta lífeyristekna sinna á afar hæpnum forsendum, sem hlýtur að ganga gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Með þessu er verið að gera grundvallarbreytingar á þeirri tryggingavernd og samtryggingu sem lífeyrissjóðirnir hafa staðið fyrir. Þannig eru um 77% þeirra 2.300 einstaklinga sem í þessu lenda með heildartekjur undir 125 þús. kr. á mánuði. Tveir af hverjum fimm eru með tekjur undir 88 þús. kr. Að fullu falla niður greiðslur hjá 745 öryrkjum sem höfðu greiðslur undir 1 millj. kr.

Þeir sem til mín hafa leitað vegna þessa eru fullir örvæntingar og óttа um afkomuöryggi sitt eftir þessa breytingu. Þetta fólk sér fram á að ef ekki verður snúið til baka með þessa skerðingu missi það íbúð sína, geti það ekki staðið undir leigu, ekki leyst út lyfin sín og ekki átt fyrir brýnustu matvöru út mánuðinn. Ábyrgðin af þessari aðför, sem verður að stöðva, liggur líka hjá hæstv. fjármálaráðherra sem varla hefur blindandi skrifað undir samþykktir lífeyrissjóðanna, ekki bara vegna þess að þær svipta lífeyrisþega stórum hluta framfærslu sinnar heldur líka, hæstv. forseti, vegna þess að undirskrift ráðherrans hefur í för með sér hundruða milljóna kr. útgjöld fyrir ríkissjóð.

[15:49]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Hv. efnahags- og viðskiptanefnd hefur rætt þetta mál í tvígang, fengið til sín gesti og fengið upplýsingar um málið. Við þetta mál hef ég þrjár athugasemdir.

Í fyrsta lagi hef ég bent á að óraunhæft er að miða laun við verðlag, launaviðmiðunina. Það á að sjálfsögðu að miða við launavísitöluna þegar sett eru mörk á hvað menn mega hafa miklar tekjur. Þó að lífeyrir frá lífeyrissjóðum sé ekki verðtryggður nema með neysluvísitölu þá finnst mér óeðlilegt að miða heildarlaunin við annað en launavísitölu.

Í öðru lagi gerði ég þá athugasemd að þessi framkvæmd er afskaplega vélræn og ómanneskjuleg. Það er ekki gefinn langur tími til að aðlagast þessum breytingum og framkvæmdin er nánast með skipun í tölvu.

Í þriðja lagi vildi ég gera athugasemd við þann stutta tíma sem menn hafa til að aðlagast þessum breytingum. Þau dæmi sem ég hef fengið eru þrjú og öll frá 1990–1995. Frá þeim tíma hafa laun í landinu hækkað langt umfram verðlag sem gerir þennan vanda sérstaklega mikinn. En þetta mál er ekki á forræði Alþingis eða framkvæmdarvaldsins. Þetta er á forræði aðila vinnumarkaðarins og ákvörðunin er tekin með réttum hætti á aðalfundum lífeyrissjóðanna þar sem aðilar vinnumarkaðarins ráða en ekki sjóðfélagar. Það veltir náttúrlega upp þeirri spurningu hvort ekki skorti á lýðræði í lífeyrissjóðunum þannig að hinn almenni sjóðfélagi taki á þessum vanda.

Þetta er að sjálfsögðu eitt af þeim málum sem ég ef margoft bent á, að það þarf að auka lýðræði sjóðfélaganna í lífeyrissjóðum því þeir mundu gæta þess að svona breytingar yrðu gerðar á manneskjulegri hátt þannig að fólk geti aðlagast þeim breytingum sem gerðar eru.

[15:51]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þeir sem tala fyrir séreignarhugsjón í lífeyrissjóðunum ættu að tala svolítið varlegar um manneskjuleg viðhorf.

Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Helga Hjörvar og þakka honum fyrir að taka þetta mál upp. Hann vekur athygli á því að 2.300 öryrkjar verða fyrir umtalsverðri tekjuskerðingu. Þetta eru ekki bara einhverjir einstaklingar í þjóðfélaginu. Þetta er fólk úr tekjulægsta hlutanum á íslensku samfélagi. Hvernig má það verða?

Nú er það svo að lífeyrissjóðirnir hafa reglur um að sjóðsfélagar fá framreiknaðan lífeyri verði þeir fyrir þeirri ógæfu að missa starfsorku. Ákvæði eru um að í slíkum tilvikum skuli öryrkjanum tryggður lífeyrir sem þó er ekki hærri en hann aflaði með launavinnu sinni fyrir orkutapið. Þessar greiðslur úr lífeyrissjóðunum eru síðan reglulega uppfærðar því hugmyndin er sú að þrátt fyrir verðbreytingar haldi öryrkinn óbreyttum kjörum. En nú er komið að því að spyrja hvernig þessar verðbreytingar eru reiknaðar. Þær eru reiknaðar samkvæmt almennri neysluvísitölu, almennri verðlagsþróun í landinu en taka ekki tillit til launaþróunar, ekki til launavísitölunnar.

Á undanförnum árum hefur kaupmáttaraukning átt sér stað en þessi hópur setið eftir og í reynd orðið fyrir kjaraskerðingu sem er að birtast í því að lífeyrissjóðirnir ætla að klippa kjörin af þessu fólki. Ég hef tekið undir með Öryrkjabandalagi Íslands og það hef ég gert fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Við höfum tekið undir þessi sjónarmið jafnframt því sem við höfum beint sjónum að vanda lífeyrissjóðanna, sem margir hverjir eru að greiða milli 40 og 50% til örorkubóta. Þar á ríkið að koma myndarlega að verki.

Hæstv. forseti. Nú heyrum við talsmenn stjórnarmeirihlutans hér á þingi gleðjast yfir því að þetta mál komi þeim ekki við. (Forseti hringir.) Þetta mál kemur þeim að sjálfsögðu við. Við erum að tala um kjör öryrkja í landinu og þau eru að verulegu leyti ákveðin í þessum sal og við þetta borð.

[15:54]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Kjör öryrkja koma okkur öllum við óháð stjórnmálaflokkum og stöðu fólks. Við Íslendingar höfum lengi státað okkur af því að eiga líklega besta lífeyrissjóðakerfi í veröldinni og horfa margar þjóðir öfundaraugum til okkar fyrir þetta frábæra kerfi, sem oft hefur verið kallað svo og réttilega. En það er svo sem ekki hafið yfir gagnrýni. Meðal annars hafa heyrst þær gagnrýnisraddir að það byggi á einokun þar sem launþegar eru skyldaðir til að vera í tilteknum lífeyrissjóði eftir starfsgreinum, eftir landsvæðum og þar fram eftir götunum, að það sé lítið lýðræði innan lífeyrissjóðanna eins og komið hefur fram í umræðunum.

Svör talsmanna lífeyrissjóðanna við þessari gagnrýni hafa á hinn bóginn verið þau að lífeyrissjóðirnir gegni samábyrgð, samábyrgð sé meginþema og lykilhlutverk í uppbyggingu lífeyrissjóðanna. En hvað er að gerast nú, virðulegi forseti? Það má segja að lífeyrissjóðirnir, með þessari ákvörðun sinni, ráðist gegn okkar minnsta bróður, hafi tekið ákvörðun um að bregðast félagslegum skyldum sínum, tekið ákvörðun um að bregðast þeirri samábyrgð sem ávallt hefur verið haldið fram sem meginröksemd fyrir skylduaðild að lífeyrissjóðum. Þess vegna, virðulegi forseti, hljótum við að spyrja, hvort lífeyrissjóðirnir ætli sér bæði að halda og sleppa. Það mun aldrei ganga upp.

Ef lífeyrissjóðirnir snúa ekki af vegferð sinni, afturkalla ekki þessa ákvörðun sína, þá hlýtur þingið að taka til endurskoðunar þá uppbyggingu og í raun þá einokun sem lífeyrissjóðirnir hafa núna hvað varðar aðild einstaklinga. Þessi vegferð er sannarlega óþolandi og vonandi að lífeyrissjóðirnir snúi af henni.

[15:56]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti réttilega á það áðan að stór hópur öryrkja gæti ekki bætt sér upp tekjumissi með atvinnutekjum. Útreikningur lífeyrissjóðanna byggir á neysluvísitölu, þ.e. á verðlagsþróun en ekki launavísitölu eins og bent hefur verið á af fyrri ræðumönnum. Verði kaupmáttaraukning, þ.e. að laun hækki umfram almennt verðlag eins og gerst hefur á undanförnum árum, dregst öryrkinn náttúrlega aftur úr í launum.

Lífeyrissjóðirnir hafa nú lagst í þá vinnu að skoða réttindi hvers og eins lífeyrisþega sem fær örorkubætur úr sjóðunum. Reglur sjóðanna gera ráð fyrir að þeir horfi eingöngu til neysluvísitölunnar. Niðurstaðan hlýtur því að verða sú að stór hópur fólks verði fyrir skerðingu. Sú niðurstaða er röng að mati okkar í Frjálslynda flokknum, miðað við fyrirheit um tekjutryggingu öryrkja. Lífeyrissjóðunum ber tvímælalaust að haga reglum sínum á þann veg að framreikningurinn byggi á launavísitölu en ekki á neysluvísitölu. Aðeins þannig er hægt að ná fram samsvörun við launakjör sem fyrirheit voru um að tryggja.

Almannatryggingakerfið þarf að koma betur til móts við öryrkja. Þetta þarf að gera beint gagnvart öryrkjanum en má líka gera óbeint með stuðningi við lífeyrissjóðina líkt og Alþýðusamband Íslands hefur gert að kröfu sinni. Það er hægt að grípa til sértækra aðgerða gagnvart þeim lífeyrissjóðum sem bera mestu örorkubyrðarnar. En þess eru dæmi að örorkubætur séu yfir 40% heildargreiðslna úr sjóðum. Það sjá allir, virðulegi forseti, að slíkar útborganir án iðgjalda geta orðið sjóðunum mjög erfiðar til lengri tíma litið.

[15:58]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Við þessa umræðu hafa fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi gert þungar og alvarlegar athugasemdir við framgöngu lífeyrissjóðanna í þessu máli. Ég fagna þeirri þverpólitísku samstöðu sem virðist um að standa vörð um það fátæka fólk sem hér er ráðist að. Lífeyrissjóðirnir hljóta að taka þessi skilaboð frá Alþingi alvarlega, taka ákvörðun sína til endurskoðunar og skerða ekki greiðslurnar nú þegar 1. nóvember.

En hæstv. fjármálaráðherra verður að gera betur. Málið er á borði hæstv. fjármálaráðherra. Það er rétt sem kom fram hjá honum, að hann á að staðfesta samþykktirnar, séu þær í samræmi við lögin. Nú veit hæstv. fjármálaráðherra að samþykktirnar voru ekki í samræmi við lögin þótt hann hafi kannski verið ranglega upplýstur um að þetta væru óverulega áhrif þá veit hann nú að samþykktirnar brjóta gegn stjórnarskrá. Hvers vegna veit hann það? Vegna þess að ríkisstjórnin lét vinna lögfræðiálit vegna eftirlaunamáls alþingismanna og ráðherra. Ríkisstjórnin lét vinna lögfræðiálit sem segir að það geti stangast á við ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrétt að afnema þær greiðslur til sendiherra og ríkisforstjóra, upp á hundruð þúsunda sem við veittum á Alþingi bara fyrir tveimur árum, vegna þess að það séu orðin virk eignarréttindi þessara manna og þau megi ekki af þeim taka. Ef það er svo þá er auðvitað algerlega fráleitt að sama ríkisstjórn geti staðfest samþykktir sem taka t.d. 20 þús. kr. af fólki sem hefur haft þær í áratugi sem áunnin réttindi sín og hluta af efnahag sínum.

Það er alveg klárt (Forseti hringir.) að ef það má ekki skerða afturvirkt eftirlaunaréttindi alþingismanna og ráðherra þá getur hæstv. fjármálaráðherra ekki staðfest (Forseti hringir.) sviptingu lífeyrisréttinda fólks með þessum hætti. Hann hlýtur að afturkalla það.

[16:00]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Það er rangt sem hv. þm. Helgi Hjörvar og Jóhanna Sigurðardóttir halda fram að samþykktir eða breyttar samþykktir lífeyrissjóðanna hafi einar og sér leitt til þeirra skerðinga sem stjórnir sjóðanna hafa ákveðið. Mér er reyndar til efs að þessar breytingar hafi raunverulega nokkur áhrif þar á. Ef þær hafa áhrif þar á er það vegna þess að þær eru innan þess lagaramma sem gildir í dag og ég hygg að langsamlega flestir sem sitja á Alþingi í dag hafi átt einhvern atbeina að því að setja þau lög og þá bera þeir ábyrgð á þeim. Það er því ekki um það að ræða að breyttar samþykktir séu það sem ráði í þessu máli. Það er lagaramminn sem í gildi er í dag sem ræður hvað þetta varðar.

Hv. þm. Helgi Hjörvar kýs að blanda þessu saman við hið svokallaða eftirlaunamál, sem er gott og blessað út af fyrir sig, og það er alveg í samræmi við það sem ég sagði áðan um þetta sama málefni að sé það svo að viðkomandi

aðilar hafi haft lífeyrisgreiðslur sem eru rétt út reiknaðar frá upphafi tel ég mjög líklegt að það stangist á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. En hafi greiðslurnar verið rangt út reiknaðar gæti málið horft öðruvísi við, því getur eitthvað sem er gert á rangan hátt orðið að eignarrétti og þar með notið verndar stjórnarskrárinnar? Ég skal ekki kveða upp úr með það. En ég held það sé röng aðferðafræði í þessu máli að reyna að hnekkja ákvörðununum með því að leita þeirrar hnekkingar í fjármálaráðuneytinu. Lögin eru mjög skýr um það hvernig fara á með málið, það á að fara með það í gerðardóm og ég treysti því að hann (Forseti hringir.) muni finna réttlátu lausnina, frú forseti.

## *Ríkisútvarpið ohf., 1. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 56.

[16:03]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill láta þess getið að hæstv. menntamálaráðherra hefur óskað eftir því að 5. og 6. dagskrármál verði rædd saman, samanber heimild í 3. mgr. 63. gr. þingskapa. Ef ekki koma fram athugasemdir við þessa tilhögun hyggst forseti verða við þeirri ósk flutningsmanns málanna.

[16:04]

**Mörður Árnason** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Þetta mál hefur nú verið rætt tvisvar í sölum Alþingis. Í bæði hin fyrri skiptin í 1. umr. tiltók forseti þessa ósk frá hæstv. menntamálaráðherra. Í bæði skiptin var gerð athugasemd við það úr sæti og forseti fór að sjálfsögðu að þingsköpum og tók mark á þeirri athugasemd. Nú virðist forseti hafa breytt út af og vill fá sérstakan rökstuðning fyrir þeim athugasemdum sem gerðar eru við tillögu um afbrigði á *þingsköpum eða samkvæmt þingsköpum um það* að mál séu flutt saman og skal ég gera það forseta til ánægju.

Það er þannig að hér er um tvö mál að ræða sem koma fram á sama tíma en eru í raun aðskilin. Annars vegar er um að ræða tillögur menntamálaráðherra um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi með stjórnskipulagi sem er sérkennilegt og óeðlilegt. Um þetta hafa verið miklar deilur í samfélaginu. Frumvarpið hefur breyst fimm sinnum en það er augljóst að engin sátt er um frumvarpið enn þá og menntamálaráðherra kemur nú með það í þriðja sinn án þess að nokkur sátt ríki um það. Það er annað málið. Ég geri ráð fyrir að þingið þurfi að fá allan þann tíma sem til ráðstöfunar er í 1. umr. til þess að ræða það og sjálfsagt í hinum umræðunum líka.

Hitt málið, forseti, fjallar um allt annan hlut þó að hann sé tengdur, og er um það að Ríkisútvarpið verði ekki lengur tengt Sinfóníuhljómsveit Íslands með þeim hætti sem verið hefur, að Ríkisútvarpið eigi að greiða tiltekinn hluta af kostnaði við rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem ríkisstjórnin hefur reyndar ekki gert í mörg ár án þess að menntamálaráðherra hafi við því hreyft. Þetta er mál sem *miklu breiðari sátt er um þó að hún nái nú ekki út í öll horn.* Umræða um þetta hefur ekki tekið langan tíma á þinginu og *málið er allt, allt annars eðlis en það fyrra sem hér er fjallað* um.

Svo má reyndar nefna það, forseti, fyrst við erum að ræða um dagskrá þingsins, að þriðja málið á dagskránni er fjölmiðlafrumvarpið og það tekur líka ákaflega langan tíma. Ég þakka fyrir að menntamálaráðherra skuli ekki hafa ætlað okkur að tala um þessi þrjú mál saman, en fjölmiðlamálið og Ríkisútvarpið eru miklu efnislega samtengdari en mál 1 og 2.

[16:07]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Þar sem gerð hefur verið athugasemd við þá tilhögun að 5. og 6. mál verði rædd saman verður ekki af þeirri fyrirætlan.

[16:07]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég tel að það sé skynsamlegt og eðlilegt að verða við þeim óskum að þessi tvö mál séu ekki rædd saman. Þetta eru í sjálfu sér alveg aðskilin mál og ég held að málefnum Sinfóníunnar séu enginn sérstakur greiði gerður með því að draga hana inn í umræður um þetta umdeilda útvarpsfrumvarp, hæstv. menntamálaráðherra.

Það sem ég ætlaði að gera hér athugasemdir við, og sé ekki betra tækifæri til þess en að gera það undir liðnum um fundarstjórn forseta, er röð mála í þessari umræðu. Það undrar mig mjög að 7. dagskrármálið, hin almenna löggjöf um málefni fjölmiðla, skuli ekki rædd fyrst. Nú er það virðulegur forseti sem setur upp dagskrá þingsins eða hún er á ábyrgð forseta og ég vil spyrja hæstv. forseta um rökin fyrir því að það skuli ekki farið þannig í hlutina að ræða fyrst almennu löggjöfina og þá Ríkisútvarpið síðan í framhaldinu. Ég vil spyrja hvort það sé að ósk hæstv. ráðherra að þessi undarlega og að mínu mati óeðlilega röð sé höfð á *hlutunum.* Það hlýtur að vera eðlilegra að ræða fyrst hina almennu löggjöf og snúa sér síðan að sértækari löggjöf um einn af fjölmiðlum landsins, þ.e. Ríkisútvarpinu, þó að sá fjölmiðill sé vissulega mikilvægur og stór.

Ég hlýt líka að nota tækifærið og harma að ekki skuli vera reynt að vinna að þessum málum með öðrum hætti, þ.e. í meiri sátt og meiri samstöðu og ég held að hæstv. ráðherra og meiri hlutinn hér í þinginu gerði rétt í því að hugleiða hvort lykillinn að a.m.k. eitthvað skárra andrúmslofti í kringum þessi mál gæti ekki einmitt verið fólginn í því að snúa röð þessara mála við og láta fyrst á það reyna hvort sæmilegur jarðvegur sé hér fyrir samkomulagi um hina almennu löggjöf og láta frekar málefni Ríkisútvarpsins bíða á meðan. Væru menn búnir að ná því fram, sem væru auðvitað ekki lítil tíðindi, að setja hér nýja og nútímalega almenna rammalöggjöf um fjölmiðla þá hlyti að vera tilraunarinnar virði að reyna að klára dæmið með því að ná sáttum um málefni Ríkisútvarpsins. Ég hef aldrei skilið að það geti verið nokkrum manni keppikefli að standa í illdeilum um jafnmikilvæga stofnun og Ríkisútvarpið er og að menn skuli ekki leggja meira á sig til að reyna að hafa betri vinnufrið um það mál og málefni þeirrar stofnunar. Það er mér mjög torskilið hverju menn ætla að ná fram með hinu laginu, að standa í endalausum illdeilum um þetta, það á ég

mjög bágt með að skilja.

Ég óska sem sagt eftir því að forseti upplýsi og þá eftir atvikum rökstyðji hvað veldur því að þessi röð er höfð á hlutunum. Ég veit ekki betur en þeirri ósk hafi verið komið á framfæri úr okkar þingflokki að þetta yrði haft öðruvísi þannig að forseti hefur þá væntanlega ekki séð sér fært að verða við því og hefur einhver rök fyrir þeirri niðurstöðu sinni, trúi ég.

[16:10]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Varðandi þá ósk hv. þingmanns að forseti breyti röð dagskrármála og taki 58. mál til umræðu á undan 56. og 57. máli vill forseti taka fram að sú röðun mála sem kemur fram á prentaðri dagskrá er í samræmi við ósk menntamálaráðherra sem er flutningsmaður málanna. Þó að forseti ráði samkvæmt þingsköpum röð mála hlýtur forseti jafnframt að byggja ákvörðun sína hverju sinni á eðlilegum óskum sem fram koma. Í þessu tilviki er það eindregin ósk flutningsmanns, hæstv. menntamálaráðherra, að röð mála sé með þeim hætti sem fyrir liggur. Ósk flutningsmanns hlýtur að vega þyngra en annarra þingmanna og því hefur forseti orðið við þeirri beiðni.

Forseti vill enn fremur taka fram að honum er ekki kunnugt um nokkur dæmi þess að forseti gangi gegn ósk ráðherra um röð mála þegar ráðherra leggur fram lagafrumvörp um efnislega áþekk efni.

[16:11]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér er hafin gamalkunnug stjórnmálaumræða um hvernig eigi að raða frumvörpum á dagskrá sem ber keim af því að menn eru á móti þessum frumvörpum og hafa boðað málþóf. Þetta er upphafið að því og við skulum bara taka þessa umræðu sem slíka, m.a. það að menn neita að ræða saman Sinfóníuhljómsveitina og Ríkisútvarpið, sem eru mál sem leiða hvort af öðru. Sinfóníuhljómsveitarfrumvarpið kemur fram sem afleiðing af frumvarpinu um Ríkisútvarpið og það væri fullkomlega eðlilegt að ræða þau mál saman. Við vitum það og það er alveg hægt að segja það beint út að það að menn vilja ekki ræða þessi frumvörp saman er til þess að teygja hér lopann og búa til málþóf. Það er ekki til neins annars og þau rök sem komu fram hjá hv. þingmönnum sem töluðu á undan mér um fundarstjórn forseta eru bein afleiðing af þeirri ósk manna að vilja setja þessi mál í málþóf.

Hæstv. forseti. Það er mín ósk að þessi mál séu rædd saman. Eðlilega er það umræðunnar vegna og málanna vegna að gera það. En eins og kom fram í máli hæstv. forseta er það ekki mögulegt þegar stjórnarandstaðan hefur neitað því að þessu sinni og auðvitað verður orðið við því, en ég held að eins og stjórnarandstaðan hefur boðað verði hér löng umræða og þess vegna sé mjög mikilvægt að hefja þá umræðu þannig að menn komist að með sjónarmið sín í málinu.

[16:13]

**Birgir Ármannsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tek ábendingar síðasta hv. ræðumanns afar alvarlega og mun því stytta mál mitt eins og kostur er. Mér finnst hins vegar rétt að aðeins sé rifjað upp hver forsaga þeirra mála sem núna koma fyrir þingið er.

Frumvarp um Ríkisútvarpið hefur tvisvar verið tekið til umræðu á þinginu og fengið mjög mikla og ítarlega umræðu eins og hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þekkja sérstaklega og einnig hv. 7. þm. Reykv. s., Mörður Árnason. Þeim er það ljóst að þetta mál hefur fengið mjög mikla og ítarlega umræðu hérna. Það var hins vegar í samkomulagi í vor að afgreiðslu þess var skotið á frest fram á haustið m.a. til þess að hægt væri að taka til umræðu á sama tíma fjölmiðlafrumvarpið svonefnda sem felur í sér breytingu á samkeppnislögum og útvarpslögum. Krafa stjórnarandstöðunnar síðasta vetur um að þessi mál þyrfti að ræða saman var mjög hávær, það væri algjörlega ófært að ræða um Ríkisútvarpið nema fjölmiðlalögin væru komin fram. Þegar þau voru komin fram var ekki nóg að þau væru til í þingskjali heldur þurfti líka að taka þau til umræðu á sama tíma.

Nú ber svo við að það er ekki hægt að taka þau saman, það verður að taka málin hvert í sínu lagi. Þá er einhver ákveðin regla á því í þeirra huga að eðlilegra sé að byrja á því máli sem minni umræðu hefur hlotið hér í þinginu en skjóta á frest því sem hefur fengið mikla umfjöllun, það er sett á undan sem ekki hefur fengið sömu umfjöllun. Þetta er auðvitað fundarbragðaleikfimi sem ber þess merki að menn vilja tefja fyrir afgreiðslu mála hérna og ég held að forseti hafi hárrétt fyrir sér þegar hann tekur þá ákvörðun að breyta ekki út frá þeirri röð sem hér hefur verið boðuð.

[16:15]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ekki byrjar ballið vel. Ég tek eindregið undir þá ósk frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ný lög um íslenska fjölmiðla verði rædd á undan sérlögum um Ríkisútvarpið, að sjálfsögðu. Það er fráleit ráðstöfun að ætla sér að ræða fyrst í 1. umr. ný ríkisútvarpslög á undan umræðum um ný fjölmiðlalög. Við hljótum að líta til baka eins og menn hafa nefnt.

Fjölmiðlalögin sem tekist var á um árið 2004 er eitthvert eitraðasta og illskeyttasta pólitíska átakamál á síðari tímum. Ríkisstjórn Íslands var að mörgu leyti rjúkandi rúst. Hægt er að fullyrða að átökin um það mál hafi að mörgu leyti markað endalok valdatíma þeirra Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar. Ríkisstjórnin hefur aldrei náð sér á strik, átakalínan lá þvert um hlaðið á Bessastöðum að lokum og nú er verið að boða nýjan ófrið í málinu með því að verða ekki við sjálfsögðum óskum stjórnarandstöðunnar um að ræða ný fjölmiðlalög fyrst og á undan sérlögum um Ríkisútvarpið. (**Gripið fram í:** Það myndast gjá.) Það myndist gjá á milli þings og þjóðar eins og gerðist um árið og hv. þm. Birgir Ármannsson rifjar svo upp.

Að sjálfsögðu á að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að bresti á með svo harkalegum og illvígum átökum eins og gerðist um árið. Því er það dapurlegt að hæstv. menntamálaráðherra ætli að misstíga sig í fyrsta spori með því að þvinga í gegn að fyrst verði rætt um sérlög um Ríkisútvarp áður en rætt verður um ný lög um fjölmiðla. Það er ekki hægt að slá því upp í einhverja léttvæga umræðu um mál-

þóf og annað slíkt eins og hv. þingflokksformaður sjálfstæðismanna gerði áðan. Hér er um að ræða viðkvæmt og stórt mál sem varðar frjálsa fjölmiðlun í landinu, frelsi íslenskra fjölmiðla. Við sáum hvaða kyrkingartaki átti að taka þá í fjölmiðlalögunum fyrir nokkrum árum þegar allt varð hér vitlaust og ríkisstjórnin endaði á því að afnema sín eigin lög áður en þau færu fyrir dóm þjóðarinnar, eins og þau hefðu að sjálfsögðu átt að gera eftir að forseti lýðveldisins vísaði þeim þangað með málskotsrétti sínum.

Því eiga sporin að hræða og við eigum að taka mark á þeim aðvörunarröddum sem uppi eru um þau mál og að sjálfsögðu á að færa dagskrána þannig til að fyrst verði rætt um ný fjölmiðlalög og síðan sérlög um Ríkisútvarpið.

[16:19]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill eindregið fara fram á það við hv. þingmenn að þeir haldi sig við að ræða um fundarstjórn forseta en ræði ekki efnislega um mál. Forseti vill líka ítreka að hann hefur þegar látið í ljós skoðun sína á þessu máli, að dagskráin verður í þessari röð þannig að ekki þarf að ræða það neitt frekar, það er bara venju samkvæmt hér á hinu háa Alþingi.

[16:19]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég get eiginlega ekki setið á mér að taka þátt í þessari umræðu vegna þess að ég verð að segja það að stjórnarandstaðan kemur manni sífellt meira á óvart fyrir það hversu ófyrirleitin og ósanngjörn hún er í garð okkar sem flytjum þetta mál. (Gripið fram í.)

Við höfum rætt þessi mál, málefni Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar, á tveimur þingum. Búið er að fara með þessi mál í gegnum menntamálanefnd tvisvar ef ekki þrisvar og búið er að velta við hverjum steini í málinu. Enn kemur hún hingað upp og neitar því að þessi mál, sem eru í rauninni fullrædd, séu rædd saman. Það er ekkert efnislegt í því, frú forseti. (Gripið fram í.) Það eru ekki efnislegar ástæður fyrir því að þessi beiðni er komin fram. Það er bara greinilegt að stjórnarandstaðan er enn og aftur að setja sig í stellingar varðandi það hvernig hún ætlar að halda á málinu á þinginu. Svo kalla menn eftir betra andrúmslofti, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ég segi nú bara: Það var reynt að mynda betra andrúmsloft við stjórnarandstöðuna.

Hvað gerðist á síðasta þingi? Það sem gerðist var að meiri hluti í menntamálanefnd kom til móts við fjögur af meginsjónarmiðum stjórnarandstöðunnar varðandi frumvarpið um Ríkisútvarpið. (**MÁ:** Fjögur?) Fjögur atriði, hv. þm. Mörður Árnason. (**MÁ:** Hv. þingmaður ...) Í fyrsta lagi lögðum við til að upplýsingalög mundu gilda um Ríkisútvarpið hf. Í öðru lagi lögðum við til að í frumvarpið yrði bætt ákvæði sem mælti fyrir um það að Ríkisútvarpinu væri óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð. Í þriðja lagi lögðum við til að í lögunum yrði kveðið á um sérstakan þjónustusamning milli Ríkisútvarpsins og menntamálaráðherra. Í fjórða lagi er sérstaklega tekið fram í nefndaráliti meiri hlutans, sem nú liggur fyrir í þessu frumvarpi, að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu.

Maður skyldi hafa ætlað að þessi atriði ættu að leiða til þess að það mundi skapast eitthvað betra andrúmsloft í þessum sal, en það er nú eitthvað annað. Sjaldan launar kálfur ofeldi. Nú eru allir risnir upp á afturfæturna, sömu menn og eru búnir að standa hér og halda mörg hundruð ræður um ekki neitt — það er búið að ræða þessi mál fram og til baka — og hóta öllu illu.

Verði þeim að góðu, verði ykkur að góðu, hv. þingmenn. Ég held að allir séu búnir að fá leiða á þessum sömu ræðum sem þið hafið haldið hérna aftur og aftur og aftur um sömu málin. Allir þeir sem fjalla um þetta mál og hafa af því hagsmuni vilja að þessari vitleysu ljúki. (Forseti hringir.) Nú held ég að við ættum að fara að ræða málið og klára afgreiðslu þessara laga. Það er kominn tími til.

[16:22]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill enn og aftur ítreka þau tilmæli sín að hv. þingmenn haldi sig við að ræða um fundarstjórn forseta en ekki efnislega um málsmeðferðina á málinu.

Enn fremur vill forseti láta þess getið að hæstv. menntamálaráðherra hefur lagt sig fram um að greiða fyrir öðrum störfum á hinu háa Alþingi og hefur því þurft að bíða nokkuð með sín mál hér, þannig að það er nú ástæðan fyrir því að þessi mál eru á dagskrá í dag en ekki fyrr á þessu þingi.

[16:23]

**Hjálmar Árnason** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Á að ræða þessi mál saman eða hvert í sínu lagi? Það kemur mér eins og öðrum sannarlega á óvart að heyra sérstaklega fulltrúa Samfylkingarinnar koma hér upp núna og krefjast þess að þau séu slitin hvert frá öðru við umræðu á hinu háa Alþingi því að það er þessi sama Samfylking sem beinlínis hélt því fram að ekki væri hægt að fjalla um Ríkisútvarpið öðruvísi en að gera það í tengslum við fjölmiðlalögin almennt. Svarið við því hvort ræða eigi þessi mál saman eða hvert í sínu lagi fer eiginlega eftir því hvort því er svarað að vori eða hausti þegar Samfylkingin á í hlut.

Við skulum hafa það í huga að fjölmiðlanefnd starfaði og skilaði tillögum til hæstv. ráðherra sem fjölmiðlafrumvarpið byggir á og þar er þverpólitísk samstaða. Í þeirri umræðu og þeim mörgu umræðum sem hafa farið fram á Alþingi um fjölmiðlamál og um Ríkisútvarpið hefur því einmitt verið haldið fram að mikilvægt sé að ræða um hlutverk Ríkisútvarpsins sem hins eina ríkisfjölmiðils í tengslum við þetta allt saman. Þess vegna er það mjög eðlilegt í alla staði, virðulegi forseti, að þessi mál séu rædd saman, bæði vegna sögunnar, vegna þeirra óska og krafna sem áður komu fram og vegna þeirrar stöðu sem þau eru í núna er eðlilegt að sú umræða verði sameiginleg í þinginu. Innan menntamálanefndar að sjálfsögðu og við lok atkvæðagreiðslu verða þau afgreidd hvert um sig, eins og svo oft hefur verið gert hér í sölum Alþingis.

Ég tel því eðlilegt, virðulegi forseti, að við förum að snúa okkur að því sem er efni dagsins, að ræða um fjöl-

miðlafrumvarpið, Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem er auðvitað tengd Ríkisútvarpinu í dag, og við snúum okkur að þeirri umræðu. Hvort það gerist í illdeilum eða ekki — ég geri mikinn greinarmun á því hvort um illdeilur er að ræða eða skoðanaskipti. Ég á seint von á því að almenn samstaða verði um málið. En við þurfum að hafa þann þroska að geta rætt það og komist að einhverri niðurstöðu en ekki að eyða tímanum í að (Gripið fram í.) ræða um form frekar en innihald.

[16:26]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við málflutning þingmanna stjórnarmeirihlutans sem hafa hafið efnislega umræðu um frumvarpið. Ég ætla líka að láta liggja á milli hluta hrósyrði hæstv. forseta Alþingis í garð ríkisstjórnar og ráðherra fyrir að greiða fyrir þingstörfum. Ég tel að það sé ekki beint fallið til að greiða fyrir þingstörfum að hefja þinghaldið með þessu umdeilda máli sem útvarpslögin eru. Við erum að ræða um dagskrá fundarins og athygli hefur verið vakin á því að það eru þrjú mál í einni spyrðu, Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveit Íslands og útvarpslög, prentréttur og samkeppnislög, þessi þrjú frumvörp.

Það eru allir sammála um að eðlilegt sé að hafa hliðsjón af þessum málum öllum og að þau séu þess vegna í einni spyrðu. Menn greinir á um röðina. Við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til að byrjað verði á að ræða sjálfan grunninn, fjölmiðlalöggjöfina í landinu, og síðan verði tekið til við að ræða sértæk lög, lögin um Ríkisútvarpið eru það óumdeilanlega, en það er umdeildasta frumvarpið eins og við þekkjum.

Hæstv. forseti bendir á að jafnan sé tekið tillit til óska 1. flutningsmanns — sem er þá hæstv. menntamálaráðherra í þessu tilviki — um röðunina. Við erum ekki sátt við það. En ég vil spyrja hæstv. forseta þingsins hvort ekki sé rétt að taka tillit til 1. flutningsmanns frumvarps um Ríkisútvarpið sem liggur fyrir Alþingi, en hann stendur hér í þessari pontu núna.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur lagt fram frumvarp um Ríkisútvarpið sem gerir ráð fyrir umtalsverðum breytingum á stjórnsýslufyrirkomulagi Ríkisútvarpsins og svarar að okkar mati þeim kröfum sem hafa komið upp um nauðsynlegar breytingar á þeirri stofnun. Ég vil spyrja: Fyrir þá sem vilja hafa allt í einni spyrðu, er það ekki sanngjörn ósk og eðlileg af okkar hálfu og þá að við henni verði orðið, að færa umræðu um þetta mál inn í umræðu um Ríkisútvarpið? Þetta skiptir nefnilega máli.

Þegar 1. umr. um mál lýkur er það sent til nefndar. Frá nefnd er það sent til umsagnar út í þjóðfélagið og kallaðir eru fyrir einstaklingar og samtök til að fjalla um þau frumvörp sem verið er að eiga við. (Forseti hringir.) Þá tel ég eðlilegt að öll þau frumvörp (Forseti hringir.) sem taka á þessu viðfangsefni séu undir. (Forseti hringir.) Ég óska eftir að heyra rökstuðning fyrir því að hafna þessari kröfu ef það verður ofan á.

[16:29]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir)**:

Forseti vill rifja það upp fyrir hv. þingmanni að hann lét þess getið að það væri ekki vaninn að synja um óskir hæstv. menntamálaráðherra, sem er flutningsmaður í þessu tilviki, þegar flutt eru mál sem eru um áþekkt efni. Vafalaust mundi það sama gilda um hv. þingmenn ef þeir væru með fleiri en eitt frumvarp sem væru um áþekkt efni.

[16:30]

**Mörður Árnason** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ófyrirleitin og ósanngjörn stjórnarandstaða, sagði formaður menntamálanefndar um þessa umræðu. Þá er hægt að rifja upp hvernig hún hófst. Hún hófst með því að ég gerði athugasemd úr sæti mínu, eins og ég hef gert áður, við það að flutt séu saman tvö frumvörp sem ekki eru efnislega skyld. Forseti kaus að misskilja þá athugasemd og túlka hana þannig að ég vildi tala um fundarstjórn forseta, sem ég gerði. Ég þóknaðist honum í því og talaði í þrjár mínútur um fundarstjórn forseta og skýrði fyrir forseta og þingheimi hvað ég ætti við með þessari athugasemd og hversu fullkominn rétt hún ætti á sér miðað við þingsköp og venju hér í þinginu.

Síðan hafa menn misskilið þetta á alla vegu og mér heyrist að hv. þm. Hjálmari Árnasyni, sem er nú mikil mannvitsbrekka, tækist að misskilja þetta líka á þann veg að ég hefði verið að neita því að fjölmiðlafrumvarpið og Ríkisútvarpsfrumvarpið væru rædd í sömu andrá. Því var aldrei neitað vegna þess að aldrei var farið fram á það. Hjálmar Árnason verður í villu og svíma en tekur upp þrjár mínútur af ræðutíma Alþingis til þess að koma andlitinu á sér í eitthvert kastljós, (Gripið fram í.) í eitthvert sjónvarp. Nei, mér dettur ekki í hug að fara fram á það vegna þess að ég veit að ræðutíminn þyrfti þá að vera svo langur að við höfum varla ráðrúm til þess. (Gripið fram í.)

Ófyrirleitni og ósanngirni, sagði þingmaðurinn. Annar þingmaður hér, Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður sjálfstæðismanna, hv. þm., taldi að hér hefði verið boðað málþóf. Hver gerði það? Ég sagði að við þyrftum örugglega í 1. umr. og sjálfsagt í þeim tveimur síðari að nota þann tíma sem okkur gæfist til þess að ræða þetta mikilvæga mál og þess vegna væri ekki rétt að blanda í það Sinfóníuhljómsveitinni. (Gripið fram í.) Málþóf? Ja, ófyrirleitni og ósanngirni, ef hún kemur einhvers staðar fram þá kemur hún fram í því að nú á þessu þingi, þennan dag, 16. október, hálfum mánuði eftir að þing hófst, koma þau boð frá forseta þingsins — ég er hér að ræða um fundarstjórn hans — að það eigi að halda hér áfram í kvöld, að einmitt núna, 16. október, eigi að halda áfram í kvöld að ræða málin og það sé ekki ljóst hvenær þessu lýkur. Kannski þetta verði eins og á fundinum sem stóð til sex um morguninn hérna eitt sinn þegar forsetar þingsins tveir — að vísu ekki sá sem hér situr — hæstvirtir píndu umræðu áfram af fullkominni ófyrirleitni og ósanngirni þannig að notuð séu orð hv. formanns menntamálanefndar, Sigurðar Kára Kristjánssonar.

[16:33]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir)**:

Forseti vill láta þess getið að hann sér ekki í hverju mis-

skilningurinn felst. Hann gerði það að tillögu sinni að mál nr. 5 og 6 á dagskrá yrðu rædd sameiginlega ef ekki væru gerðar athugasemdir við málið. Hv. þm. Mörður Árnason gerði athugasemdir við málið og forseti féllst á þá athugasemd. (**MÁ:** Að sjálfsögðu.) Þar með eru 5. og 6. mál ekki rædd sameiginlega. Þess vegna fær forseti ekki alveg séð í hverju misskilningur hans á að felast.

[16:33]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til að ræða um fundarstjórn forseta og þá ósk sem hefur komið fram, að mér heyrist frá stjórnarliðum, ekki síst frá formanni menntamálanefndar, að því ég best fæ skilið, að þessi mál veðri rædd saman, þ.e. frumvarpið um Ríkisútvarpið og síðan frumvarpið um hin svokölluðu fjölmiðlalög.

Mig langar að rifja aðeins upp söguna. Ég sat í fjölmiðlanefndinni sem var skipuð, fjölmiðlanefndinni sem náði þverpólitískri sátt um tillögur að nýrri löggjöf um fjölmiðla hér á Íslandi, þ.e. þeirri löggjöf sem liggur fyrir hér. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að rifja það upp að í skipunarbréfi þessarar nefndar frá þeim sama hæstv. menntamálaráðherra og er hér nú í dag var undirstrikað að nefndin skyldi eingöngu fjalla um markaðsstöðu og hlutverk Ríkisútvarpsins í samhengi við aðra fjölmiðla. Þar fyrir utan átti nefndin alls ekki að fjalla um Ríkisútvarpið og hún gerði það ekki.

Á lokadögum í störfum nefndarinnar kom fram fyrsta frumvarpið um Ríkisútvarpið eins og þruma úr heiðskíru lofti og nefndin hafði aldrei á sínum starfstíma nokkurn tíma verið upplýst um það hvað hugsanlega mundi standa í því frumvarpi. Þarna var sem sagt frá upphafi vandlega aðskilið af hálfu stjórnarliða annars vegar Ríkisútvarpið og hins vegar hin almenna löggjöf um fjölmiðla, þannig að þau sögðu a og þar af leiðandi mjög eðlilegt að við segjum núna b.

Ég vil líka segja, virðulegi forseti, að mér finnst stjórnarliðar snúa svolítið út úr málflutningi okkar stjórnarandstæðinga varðandi óskina um að þessi mál yrðu rædd samtímis. Við vorum að sjálfsögðu að tala um að þessi mál færu samhliða í gegnum þingið. Við höfum aldrei talað um að það yrði mælt fyrir þeim samtímis í einum pakka og sama umræða yrði um bæði frumvörpin, hins vegar að það yrði talað um þau samtímis, eins og mér sýnist að nú eigi að gera, og þau fari nokkurn veginn samhliða til þinglegrar meðferðar í menntamálanefnd, og það er ekki nema gott eitt um það að segja.

Ég hefði þá viljað, virðulegi forseti, að fjölmiðlafrumvarpið sjálft hefði fyrst verið tekið til umræðu í 1. umr. Það hefði verið betri áferð á því fyrir þingið og ég hygg að við hefðum þá verulega getað stytt okkur leið, þ.e. í umræðum um frumvarpið um Ríkisútvarpið. Þá hefðum við getað rætt heildstætt um starfsumhverfi fjölmiðla á Íslandi, mál sem við þurfum að ræða og þurfum að taka ákvarðanir um og þurfum að setja reglur um — ég er alveg sammála því, skoðanir mínar hafa ekkert breyst frá því haustið 2004. En það hefði verið miklu áferðarbetra fyrir þingið og fyrir okkur öll sem ætlum að fara að vinna að þessu að við hefðum fyrst talað um fjölmiðlafrumvarpið, síðan um Ríkisútvarpið og sent frumvörpin samhliða í menntamálanefnd og síðan farið að vinna.

[16:36]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Auðvitað harmar maður að þessi mál séu á fyrstu mínútum komin í þann farveg sem við höfum orðið vitni að hér í dag.

Hv. þm. Mörður Árnason rifjaði það upp að ég hefði sagt að stjórnarandstaðan væri ófyrirleitin og ósanngjörn gagnvart óskum okkar í stjórnarmeirihlutanum og hæstv. menntamálaráðherra um að þessi tvö mál, frumvarpið um Ríkisútvarpið og frumvarpið um Sinfóníuhljómsveitina, yrðu rædd saman, að það yrði ekki orðið við því, og ég stend við þá fullyrðingu mína. Ég skil ekki hvaða hagsmunum það á að þjóna að keyra málið áfram með þeim hætti sem hv. þm. Ögmundur Jónasson berst fyrir hér á fyrstu metrum þessa máls.

Auðvitað er það rétt hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að stjórnarandstaðan er að munstra sig upp í meiri háttar málþóf um þetta mál. Það á að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að þetta frumvarp verði að lögum þrátt fyrir allt það sem stjórnarmeirihlutinn hefur gert til þess að verða við beiðnum stjórnarandstöðunnar. Ég hygg að sjaldan hafi menn gengið jafnlangt og rétt fram jafnstóra og hressilega sáttarhönd gagnvart stjórnarandstöðunni í nokkru máli eins og þessu. En það er ekki bara slegið á útrétta sáttarhönd, hún er sko nánast rifin af, það er nú það sem stjórnarandstaðan hefur upp á að bjóða í þessum málum.

Við þurfum nægan tíma til þess að fjalla um þetta mál, sagði hv. þm. Mörður Árnason. Það er allt í lagi, verði ykkur að góðu, þið getið staðið hér og haldið ykkar gömlu, góðu ræður enn einu sinni. En ef þið þurfið svona mikinn tíma verið þið þá ekki að óska eftir því að um málið verði rætt en kvarta síðan yfir því í hinu orðinu að það sé gert á kvöldin.

[16:39]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla að halda mig við fundarstjórn forseta og röð þessara mála á dagskránni sem ég tók hér upp í byrjun. Ég ætla ekki að fara út í efnisumræður eins og t.d. hv. síðasti ræðumaður, Sigurður Kári Kristjánsson, — búinn að halda hér að vísu tvær mjög athyglisverðar efnislegar ræður um þetta mál. Í þeirri fyrri gerði hann grein fyrir vinnu menntamálanefndar og breytingartillögum í einstökum atriðum. Það var mjög fróðlegt en kannski ekki beinlínis, undir liðnum um fundarstjórn forseta, það sem mest liggur á að ræða. (Gripið fram í.)

Ég hlýt líka að vekja á því athygli að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, brýtur hér blað í þingsögunni. Ég hef aldrei orðið fyrir því áður að vera sakaður um málþóf í umræðu sem er ekki hafin. Ég held að það sé algert nýmæli (Gripið fram í.) að slíkar ásakanir séu komnar upp af hálfu meiri hlutans áður en ein einasta efnislega ræða hefur verið flutt um málið. Það komu hér fram vel rökstuddar óskir um að forseti svaraði fyrir röð dagskrármála og hvers vegna ekki væri byrjað á að

ræða almennu löggjöfina fyrst. Svör forseta voru þau ein að menntamálaráðherra kysi að hafa þetta svona. Það eru ekki efnisleg rök, það er ekki rökstuðningur fyrir því hvers vegna efni máls liggi þannig að það sé eðlilegra að byrja á sérlögum um Ríkisútvarpið heldur en að ræða fyrst hina almennu fjölmiðlalöggjöf. Það er í fullkomnu samræmi við afstöðu stjórnarandstöðunnar í gegnum þetta mál allan tímann. Þess vegna var óskað eftir því að fjölmiðlalöggjöfin kæmi fyrir þingið, til þess að menn hefðu hinar almennu leikreglur á borðinu áður en þeir færu að ræða um málefni Ríkisútvarpsins. Þar af leiðandi er það alveg rökrétt í samræmi við þær áherslur sem hér hafa verið hafðar uppi allt frá því á vordögum 2004 að menn nálgist hlutina með þessum hætti og fyrst séu rædd hin almennu fjölmiðlalög.

Ég hlýt líka að taka undir að það væri sjálfsögð kurteisi af hálfu forustu þingsins að hafa hér á dagskránni, þó að það væri þá 8. og síðasta dagskrármálið, frumvarp frá þingmönnum eða þingflokki sem fyrir liggur um málefni Ríkisútvarpsins. Það er nú ansi mikil þjónkun satt best að segja undir framkvæmdarvaldið að geta ekki einu sinni leyft frumkvæði þingmanna á þingmálum sem varða nákvæmlega það sem er þá á dagskrá að vera með á dagskránni. Það mundi nú ekki saka, herra forseti, að gera það.

Varðandi óskir ráðherra og númer þingskjalanna hér, sem eru nr. 56, 57 og 58, þá breytir það að sjálfsögðu engu um í hvaða röð menn geta gert samkomulag um að taka þau fyrir og það er það sem þetta snýst um. Af hverju var ekki reynt að leita samkomulags a.m.k. þó um það í hvaða röð málin kæmu til umræðu? Það er ekkert sem bannar mönnum að gera slíkt samkomulag nema ef niðurstaðan er einfaldlega sú að ráðherra vill það ekki, það á að þröngva einkavæðingu Ríkisútvarpsins í gegn fyrst og þá er ráðherra ekki að biðja um neitt samstarf, enga samvinnu, engan frið um þessi mál. Hún er að velja leið átaka og deilna og þá hefur það sínar afleiðingar.

[16:42]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt annað en að ítreka þá sjálfsögðu sanngirniskröfu, sem kom fram hjá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar hér í dag, að hin almennu fjölmiðlalög verði rædd fyrst og á undan sérstökum lögum um Ríkisútvarpið. Síðan hefur þeirri sjálfsögðu ósk, þeirri sjálfsögðu sanngirniskröfu stjórnarandstöðunnar, sem heilbrigð skynsemi knýr fram, verið svarað með taugaveiklunarlegum og óttablöndnum dylgjum af hálfu stjórnarliða og sérstaklega formanns menntamálanefndar sem sakaði okkur, vegna þessarar sjálfsögðu sanngirniskröfu, um óbilgirni og ósanngirni. Hér var rokið upp með fráleitar ásakanir um málþóf sem að sjálfsögðu liggur (Gripið fram í.) hvergi undir niðri þessari umræðu um inntak þessara mikilvægu mála.

Það að hv. formaður menntamálanefndar gangi hér um eins og fíll í postulínsvöruverslun strax á fyrstu andartökum umræðunnar um fjölmiðlalögin á þessu hausti hlýtur að vera fyrirboði um að ríkisstjórnarflokkarnir ætli að keyra í gegn með góðu eða illu ný lög um fjölmiðla, ný lög um Ríkisútvarp, algjörlega án tillits til þess hvernig er heilbrigt og eðlilegt út frá lýðræðislegum sjónarmiðum að málin gangi fram hér á Alþingi. Þess vegna var það hryggðarefni að hv. formaður menntamálanefndar gengi svo harkalega fram strax í fyrstu skrefunum þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar voru ekkert að gera annað en að bera fram sjálfsagða ósk um rétta röðun við umræður um þessi mál.

Því, hæstv. og virðulegur forseti, er ekki hægt annað en endurtaka þá sjálfsögðu ósk að málið um hina almennu fjölmiðlalöggjöf, lögin um fjölmiðla, verði rædd fyrst og síðan sérstök lög um Ríkisútvarpið. Það er sjálfsagt mál og það ber á engan hátt með sér neitt sem tengist ósanngirni eða óbilgirni af hálfu stjórnarandstöðunnar að fara fram á jafnsjálfsagt mál og það nú er. Hv. formaður menntamálanefndar hlýtur að sjá að sér, koma hér í ræðustól og biðja hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar afsökunar á nokkuð ruddafengnum ummælum um þessa sjálfsögðu sanngirniskröfu um röð mála í umræðum á Alþingi.

[16:45]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé öllum ljóst og hafi verið margítrekað, m.a. af hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem hefur boðað það allt frá síðasta þingi, að hér yrði haft uppi málþóf um frumvarp um Ríkisútvarpið. Ég held að það þurfi ekki að koma nokkrum manni á óvart, hvað sem menn vilja svo að öðru leyti segja um fundarstjórn forseta og röð mála hér.

Rétt er að rifja það upp varðandi röð þeirra þriggja mála sem hér eru á dagskrá, um Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveitina og fjölmiðlafrumvarpið, að það kom fram á fundi þingflokksformanna og var afgreitt þar að stjórnarandstaðan mundi ekki fallast á að ræða frumvarpið um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið saman. Forseti var ekkert að fara fram á það hér að þau yrðu rædd saman, hann lagði hins vegar til að Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveitin yrðu rædd saman sem er fullkomlega eðlilegt, algerlega sambærileg mál, og þurfa í raun að ræðast saman. Stjórnarandstaðan hefur nú mótmælt því svo að þau mál, sem hefði verið eðlilegt að ræða saman, verða ekki rædd saman að þessu sinni. Því er alveg ljóst að hér eru menn að hefja umræðu sem þeir ætla að hafa í málþófi og alls ekki ræða á efnislegum forsendum. Það er það sem stjórnarandstaðan boðar.

Ég ítreka, hæstv. forseti, að það er kominn tími til að menn komist að til að ræða efnislega þessa miklu lagabálka, þau frumvörp sem hér liggja fyrir, til að að sjónarmið manna megi komast á framfæri.

[16:48]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ekki hef ég tekið orðið málþóf mér í munn. Ég er ekki einn um það í stjórnarandstöðunni að boða baráttu gegn þessu stjórnarfrumvarpi, við tökum þar undir raddir víðs vegar um þjóðfélagið, nú síðast frá Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins.

*Hér hafa verið látin falla mjög þung orð í garð stjórnarandstöðunnar á Alþingi.* Það hefur verið talað um að hún hafi slegið á útrétta sáttarhönd. (**Gripið fram í:** Verið rifin af.) Hún hafi jafnvel verið rifin af sú hönd, og þar vísa ég til orða hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Hann er for-

maður menntamálanefndar Alþingis og var helsti talsmaður þessa frumvarps við fyrri umræður. Hann hafði uppi miklar heitstrengingar um að til stæði að styrkja Ríkisútvarpið og aldrei hvarflaði það að nokkrum manni að selja það hér á ríkisstjórnarbekknum. Á sama tíma hefur hann flutt frumvarp á Alþingi um að leggja Ríkisútvarpið niður.

Er að undra að við í stjórnarandstöðunni viljum vera varkár í samskiptum við stjórnarmeirihluta sem talar svona tveimur tungum? Er það undarlegt? Er það undarlegt að við viljum vanda til þess hvernig þessi umræða fer fram? Eru það ekki sanngirnisrök og eðlileg rök að óska eftir því að fyrst fari fram umræða um grundvöll löggjafarinnar, lög sem taka á fjölmiðlaumhverfinu almennt, og síðan verði rædd hin sértæku lög. Er það annað en sanngirniskrafa að saman verði rædd þau frumvörp sem lúta að Ríkisútvarpinu?

Hér liggja fyrir fleiri en eitt frumvarp um Ríkisútvarpið. Þegar litið er lengra aftur í tímann hafa allir flokkar á þingi (**MÁ:** Ekki Framsókn.) flutt mál sem snúa að Ríkisútvarpinu. Ekki Framsókn, segir hv. þm. Mörður Árnason. Það er dapurleg saga sem verður rifjuð rækilega upp hér við umræðuna. Því get ég lofað mönnum.

Hæstv. forseti. Mér finnst við hafa fært fram efnisleg rök fyrir því að saman fari umræða um það frumvarp sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram og frumvarp ríkisstjórnarinnar og að þessi frumvörp fari samhliða út til umsagnar og þegar gestir koma fyrir menntamálanefnd og hugsanlega aðrar nefndir sem koma til með að fjalla um málið verði tekið á þessum málum samhliða. Mér finnst þetta vera efnisleg rök (Forseti hringir.) og mér finnst þau vera sanngjörn.

[16:51]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Borist hefur ósk um það frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að ræðutími við 1. umr. dagskrármálsins sem hér um ræðir, Ríkisútvarpið ohf., verði tvöfaldaður vegna mikilvægis málsins, sbr. 3. mgr. 31. gr. þingskapa. Verður við því orðið í samræmi við þingsköp.

[16:52]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. Eins og þingmenn þekkja — og ég hef rakið í nokkrum framsöguræðum mínum fram til þessa, í tveimur vegna þessa frumvarps til laga um Ríkisútvarpið og breytingar á rekstrarfyrirkomulagi því tengdum — hefur endurskoðun laga um Ríkisútvarpið átt sér töluvert langan aðdraganda. Um þá sögu vísa ég til upphafsumfjöllunar í almennum athugasemdum við það frumvarp sem við ræðum hér og snertir Ríkisútvarpið ohf.

Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförnum árum um nauðsyn þess að endurskoða lög um Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið stendur nú á tímamótum líkt og aðrir ríkisfjölmiðlar í Evrópu. Gerðar eru ríkari kröfur um að skilgreina hlutverk þeirra. Það sama gildir einmitt um hlutverk Ríkisútvarpsins, gerð verður skýrari og skarpari krafa auk þess sem stafræn útsendingartækni og samruni fjölmiðla og fjarskipta víðs vegar um heim allan hafa áhrif á starfsemi ríkisfjölmiðla líkt og fjölmiðla á markaði. Þá hafa verið gerðar athugasemdir við að núverandi skipulag stofnunarinnar feli í sér ójafnræði á fjölmiðlamarkaði vegna þess að starfsemi í samkeppnisrekstri og almannaþjónusta stofnunarinnar sé ekki nægilega aðskilin.

Í ljósi þessa er mikilvægt að endurskoða lögin, skilgreina þær kröfur sem gerðar eru til stofnunarinnar og breyta skipulagi Ríkisútvarpsins. Núverandi skipulag stofnunarinnar hefur ítrekað verið gagnrýnt. Ég leyfi mér að halda því fram að það sé almenn skoðun hér á landi að rétt sé að breyta rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins með það að markmiði að styrkja rekstur þess og efla hið mikilvæga menningar-, almannaþjónustu- og lýðræðishlutverk sem stofnunin gegnir í þjóðfélaginu. Það er einmitt ætlunin með því frumvarpi sem við erum að ræða nú, hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Núverandi fyrirkomulag við fjármögnun stofnunarinnar með afnotagjöldum hefur einnig verið gagnrýnt lengi. Menntamálaráðuneytið hefur unnið að tillögum um breytingar á lagaákvæðum um Ríkisútvarpið. Í sumar hafa verið gerðar breytingar á frumvarpinu til samræmis við þær fjölmörgu tillögur sem lagðar voru fram í menntamálanefnd á síðasta þingi og fram kom í dag að þetta frumvarp kemur m.a. til móts athugasemdir stjórnarandstöðunnar.

Virðulegi forseti. Eins og þingmenn þekkja lagði ég á síðasta löggjafarþingi fram frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. Í því frumvarpi var gert ráð fyrir töluverðum breytingum á rekstrarumhverfi útvarpsins. Það var ráðgert að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og nýtt félag, opinbert hlutafélag, tæki þá við rekstri þess. Að mínu mati hlaut frumvarpið mjög góða og mikla umræðu og umfjöllun í þinginu, mjög mikla og tímafreka umfjöllun sem skilaði sér m.a. í breytingum inn í það frumvarp sem við ræðum nú og vert er að undirstrika.

Frumvarp þetta byggist fyrst og fremst á þeirri pólitísku stefnumörkun að nauðsynlegt sé að skapa Ríkisútvarpinu tækifæri til að dafna og styrkjast, m.a. með því að breyta rekstrarformi þess til nútímahorfs svo það geti staðið undir þeim kröfum sem við gerum til þess sem útvarps í almannaþágu. En þá verður Ríkisútvarpið líka að hafa tækin til að uppfylla þetta hlutverk, þetta mikilvæga menningar- og almannaþjónustuhlutverk sem fyrst nú er ítrekað og skerpt miðað við það sem áður var, m.a. með vísan í drög að samningi sem fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal.

Með hliðsjón af því sem ég hef sagt hér að framan eru helstu nýmæli frumvarpsins frá núgildandi lögum um rekstur stofnunarinnar eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er ráðgert að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis opinbert hlutafélag um reksturinn. Með því er rekstrarformi Ríkisútvarpsins breytt og rekstur yfirfærður í félagsform með takmarkaðri ábyrgð ríkisins. Í stað ótakmarkaðrar ábyrgðar ríkisins á rekstri RÚV leiðir hlutafélagsformið til þess að ábyrgð ríkisins takmarkast við eignir félagsins og það hlutafé sem lagt verður í Ríkisútvarpið ohf.

Í öðru lagi er mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2009 og lagt til að rekstur hlutafélagsins verði eftir það grundvallaður á sérstöku gjaldi, svokölluðu

útvarpsgjaldi, framlagi af fjárlögum, auglýsingatekjum og öðrum tekjum sem Alþingi kann síðar að ákveða sérstaklega.

Í þriðja lagi er stjórnun félagsins breytt. Þessi breyting er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er ytra eftirlit útvarpsráðs lagt af með niðurlagningu þess og hins vegar er innra eftirlit framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins lagt niður. Gerir breytingin því ráð fyrir að hlutafélagið verði rekið á rekstrarlegum forsendum og stjórnunarvald fyrirtækisins verði alfarið í höndum stjórnar þess.

Í fjórða lagi er mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á fjárreiðum reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu eins og það er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins og alls annars reksturs sem ekki fellur undir þá skilgreiningu, þar á meðal samkeppnisreksturs.

Í fimmta lagi er leitast við að skilgreina hvað felst í útvarpsþjónustu í almannaþágu með drögum að samningi milli menntamálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins. Markmiðið *með samningnum er* að lýsa nánar tilgangi og hlutverki RÚV og þeim kröfum sem gerðar eru til félagsins á grundvelli laganna. Í samningnum er útvarpsþjónusta í almannaþágu skilgreind, m.a. til að afmarka hana frá annarri starfsemi á fjölmiðla- og samkeppnismarkaði.

Auk framangreinds er lagt til að fella niður þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands en fyrir þeirri breytingu er mælt fyrir, eins og við þekkjum, í öðru frumvarpi sem er afsprengi þess frumvarps sem við ræðum núna, en við munum síðar taka umræðu um það frumvarp.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan byggir frumvarp þetta á því að stofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og nýtt félag, *opinbert hlutafélag, taki við réttindum og* skyldum þess. Ég legg áherslu á að gert er ráð fyrir að ríkið eigi allt hlutafé í Ríkisútvarpinu ohf. og að sala félagsins eða eignarhluta þess, svo og slit þess, sé óheimil. Orðalagið er frábrugðið því sem tíðkast hefur í lögum þar sem ríkisstofnunum er breytt í hlutafélag. Þar hefur verið tekið fram að sala hlutafjár væri óheimil nema með samþykki Alþingis. Í þessu frumvarpi kemur ekki fram fyrirvarinn „nema með samþykki Alþingis" til þess að leggja áherslu á að breytingin er að sjálfsögðu ekki gerð til að selja félagið. Allt annað eru rangfærslur. Það verður einungis gert með nýrri lagasetningu að leggja það niður og selja. Ég legg þunga áherslu á að engin áform eru uppi um slíkt af hálfu núverandi ríkisstjórnar.

Rekstrarformi Ríkisútvarpsins verður breytt með því að stofnað verður opinbert hlutafélag, eins og ég hef áður komið inn á, um rekstur Ríkisútvarpsins sem ber heitið Ríkisútvarpið ohf. Ætlunin er að í meginatriðum hagi félagið starfsemi sinni í samræmi við lög nr. 2 frá 1995, um hlutafélög, og Ríkisútvarpið fái þann sveigjanleika í rekstri sem fylgir því að breytast úr ríkisstofnun í hlutafélag.

Eins og ég sagði áðan verður íslenska ríkið eini eigandi félagsins eða alls hlutafjár í félaginu og verður sala þess og slit eða innkoma nýrra eigenda óheimil. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbreytingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins. Þá fær Ríkisútvarpið ohf. með lögunum leyfi til útvarps á þeim rásum og á þeim tíðnisviðum sem Ríkisútvarpið hefur til umráða eða Ríkisútvarpinu ohf. kann síðar að verða úthlutað.

Ég legg einnig sérstaka áherslu á að í frumvarpinu er aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins ohf. skilgreind með skýrum hætti sem útvarp í almannaþágu eða útvarp með opinbert þjónustuhlutverk, á ensku Public Service Broadcasting eins og notað er í alþjóðasamfélaginu. Jafnframt því er Ríkisútvarpinu ohf. heimilað að standa að annarri starfsemi eða rekstri sem tengist aðalstarfsemi félagsins.

Mælt er fyrir um fjárhagslegan aðskilnað þess reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu, sbr. 3. gr., og alls annars reksturs, þar á meðal nýrrar starfsemi sem félagið kann að fara út í eitt og sér eða með öðrum og reksturs sem telja má samkeppnisrekstur og ekki fellur undir skilgreiningu um útvarp í almannaþágu.

Menntamálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu. Í því felst m.a. að ráðherra kýs stjórn á aðalfundum félagsins. Hins vegar er ekki mælt fyrir um vald hans til ráðningar á tilteknum starfsmönnum Ríkisútvarpsins, eins og nú er gert ráð fyrir í lögum um Ríkisútvarpið, heldur ræður stjórn félagsins útvarpsstjóra og hann fer með ráðningarvald allra annarra starfsmanna félagsins. Þetta er mikilvæg breyting.

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. En áður en sú kosning fer fram skulu kosnir jafnmargir stjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn, hlutbundinni kosningu á Alþingi sem síðan skulu kosnir í stjórnina á aðalfundi. Hlutverk stjórnarinnar verður í meginatriðum hið sama og stjórna almennt í hlutafélögum, þ.e. yfirumsjón með rekstri félagsins. Stjórninni er ætlað að skipuleggja starfsemi félagsins ásamt stjórnendum þess. Felld eru brott öll ákvæði um deildaskiptingu fyrirtækisins. Slík ákvæði þykja ekki lengur *eiga heima í lögum heldur heyrir það undir eðlilegt starfs*svið stjórnenda Ríkisútvarpsins ohf. að taka ákvarðanir um skiptingu fyrirtækisins í rekstrareiningar eins og almennt tíðkast í fyrirtækjarekstri. Það er ekki talið meðal verkefna stjórnar fyrirtækisins að hafa afskipti af dagskrá. Útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar og tryggir þetta fyrirmæli ritstjórnarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins ohf.

Í samræmi við það sem ég hef rakið hér verður útvarpsstjóri æðsti stjórnandi Ríkisútvarpsins ohf. í daglegum rekstri, bæði sem framkvæmdastjóri og sem yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum félagsins. Er þetta í stórum dráttum í samræmi við núverandi fyrirkomulag en þó er sjálfstæði útvarpsstjóra aukið frá því sem nú er. Útvarpsráð *verður þar með lagt niður og afskiptum þess af dagskrá* hætt.

Ég legg sérstaka áherslu á að tryggilega er búið um réttindi núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins. Verði frumvarp þetta að lögum munu allir þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku þeirra eru ráðnir ótímabundinni ráðningu eða eru skipaðir eiga rétt á störfum hjá Ríkisútvarpinu ohf. við yfirtöku þess á starfsemi Ríkisútvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu er þeim veittur fortakslaus réttur til starfa hjá félaginu, sambærilegum þeim sem þeir gegndu áður hjá Ríkisútvarpinu. Þá eru ákvæði um rétt starfsmanna hins nýja félags til aðildar að A-deild LSR auk þess sem biðlaunaréttur til starfsmanna helst óbreyttur þiggi þeir starf hjá hinu nýja félagi.

Frumvarp þetta byggist á því, eins og frumvarpið frá

síðasta þingi, að tekjustofnar Ríkisútvarpsins breytast þannig að sérstakt gjald er lagt á þá einstaklinga sem skattskyldir eru, samkvæmt 1. gr. laga nr. 90 frá 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt 2. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða V. Fram að þeim tíma, það er til og með 31. desember 2008, verður lagt á og innheimt afnotagjald með sama hætti og verið hefur. Þar með er gert ráð fyrir því að frá og með 1. janúar 2009 falli niður öll ákvæði núgildandi laga um Ríkisútvarpið er varða afnotagjald og innheimtu þess en það verður þó að gerast í áföngum til að tryggja innheimtu þeirra afnotagjalda sem gjaldfalla í tíð núgildandi laga, sbr. gildistökuákvæði frumvarps þessa.

Svo ég víki, virðulegi forseti, að fjárhæð hins fyrirhugaða útvarpsgjalds, þá er sú fjárhæð ákveðin með tilliti til núverandi tekna Ríkisútvarpsins, að þær haldist því sem næst óbreyttar nema fjárframlag til Sinfóníuhljómsveitarinnar verði lagt af. Það hefur numið um 25% af tekjum hljómsveitarinnar, eða sem svarar til 120 millj. kr. á ári.

Við útreikning útvarpsgjaldsins er við það miðað að Ríkisútvarpið ohf. standi straum af 2,9 milljörðum. Það er 2,9 milljarða kr. skuldabyrði stofnunarinnar vegna áður áfallinna lífeyrisskuldbindinga við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. En afborgun af því á ári nemur um 220 millj. kr.

Miðað er við innheimtu afnotagjalda til og með 31. desember 2008 með sama hætti og verið hefur en frá og með 1. janúar 2009 falli niður öll ákvæði núgildandi laga um Ríkisútvarpið er varða afnotagjald og innheimtu þess. Til að tryggja stofnuninni sömu tekjur og hún nýtur í dag er talið að gjald það sem lagt er á hvern einstakling og lögaðila þurfi að nema um 14.580 kr. á ári. Alls leggst gjaldið á um 160.000 einstaklinga á aldursbilinu 16 til 70 ára og um 22 þús. lögaðila. Gjaldið lýtur sömu lögmálum og sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt lögum um málefni aldraðra til tekjuöflunar fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra. Tekjutenging gjaldsins þýðir að tekjulausir eða tekjulágir einstaklingar greiða ekkert gjald.

Með útvarpsgjaldinu er jafnframt brugðist við tæknibreytingum á markaði, það er vert að hafa í huga. Áhorfendur og hlustendur Ríkisútvarpsins eru í auknum mæli farnir að horfa og hlusta á efni á netinu. Því þykir rétt að binda gjaldið ekki við hljóðvarp eða sjónvarp heldur leggja útvarpsgjald á einstaklinga og lögaðila sem er frjálst að nýta þjónustu Ríkisútvarpsins á þeim útsendingarleyfum sem í boði eru hverju sinni.

Ákvæði útvarpslaga eiga að gilda um Ríkisútvarpið ohf. að því leyti sem ekki eru sett sérákvæði um félagið samkvæmt þessu frumvarpi. Almenn ákvæði útvarpslaga, nr. 53 frá 2000, eiga því að gilda um Ríkisútvarpið ohf. eins og aðrar útvarpsstöðvar, svo sem ákvæði um auglýsingabirtingu, ákvæði til verndar börnum, önnur fyrirmæli sem sett verða í samræmi við Evrópusambandstilskipanir, svo sem um hluta evrópsk efnis í útvarpsdagskrá og hlutfall efnis frá sjálfstæðum framleiðendum, ákvæði um eftirlit útvarpsréttarnefndar og ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni.

Ekki þykir ástæða til að taka upp í frumvarp þetta ýmis ákvæði sem nú er að finna í lögum um Ríkisútvarpið. Við gerð frumvarps þessa hefur verið leitast við að einfalda innra skipulag útvarpsins. Vísað er til þess að í texta frumvarpsins er einungis lýst helstu atriðum er varða innra skipulag Ríkisútvarpsins ohf. Þannig er ekki gert ráð fyrir að rekstrarleg atriði séu upptalin í lögunum sem eðlilegast er að stjórn félagsins og daglegir stjórnendur taki ákvarðanir um eins og gengur og gerist í almennum hlutafélögum. Í stórum dráttum munu gilda svipaðar reglur um Ríkisútvarpið ohf. og giltu áður um Ríkisútvarpið samkvæmt útvarpslögum að því leyti sem ekki hefur verið gerð grein fyrir breytingum hér að framan.

Virðulegi forseti. Um kosti þess að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag vil ég fyrst og fremst benda á að lagarammi um starfsemi opinberra hlutafélaga er skýr hér á landi auk þess sem löng hefð er fyrir rekstri hlutafélaga. Eins og menn þekkja eiga sér stað stöðugar breytingar og framfarir á öllum sviðum fjölmiðlunar og því skiptir miklu máli að stjórnendur fjölmiðlafyrirtækja geti brugðist skjótar við breyttum aðstæðum. Það á líka við um Ríkisútvarpið.

Ég tel mig geta fullyrt að rekstrarform ríkisstofnana henti illa í þessu sambandi og hlutafélagaformið muni tryggja Ríkisútvarpinu svigrúm sem er nauðsynlegt við þessar aðstæður til að vera í stakk búið til að sinna hlutverki sínu og standa sig í þeirri þjónustu sem því er ætlað að veita. Ég er jafnframt sannfærð um að aukið sjálfstæði félagsins og svigrúm þess til athafna eigi eftir að skila sér til allra starfsmanna þess í betri möguleikum, m.a. til framgangs í starfi og þar með áhugaverðari starfsvettvangi. Því mæla öll rök, virðulegi forseti, með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag þó að ríkið verði áfram einn eigandi félagsins.

Vert er að geta þess að viðskiptaráðherra lagði fram á síðasta þingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög þar sem fjallað var um hlutafélög sem eru að öllu leyti í eigu hins opinbera, þ.e. opinber hlutafélög. Opinbert hlutafélag merkir í nýju lögunum félag sem hið opinbera eitt, eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti beint eða óbeint. Slíkum félögum er samkvæmt lögunum rétt og skylt að hafa orðið opinbert hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ohf. Eignarhald á Ríkisútvarpinu féll einmitt að því formi.

Með lögunum var sköpuð eðlileg umgjörð utan um rekstur hlutafélaga í eigu ríkisins. Með lögunum var jafnframt gert ráð fyrir að sérreglur um opinber hlutafélög fælust m.a. í auknu aðgengi að upplýsingum um rekstur slíkra félaga.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir helstu meginþætti frumvarpsins. Ég hef farið nokkuð ítarlega yfir það að Ríkisútvarpið sé opinbert hlutafélag í eigu ríkisins og frumvarpið styrki nú enn frekar sjálfstæði Ríkisútvarpsins með breyttri stjórnun þess. Ritstjórnarlegt sjálfstæði er treyst með því að útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar og sjálfstæði hans aukið auk þess sem ekki þarf lengur að leita tillagna pólitísks kjörins útvarpsráðs um ráðningu starfsfólks og afskipti þess af dagskránni eru afnumin. Öll ákvæði frumvarpsins sem ætlað er að styrkja sjálfstæði Ríkisútvarpsins ohf. sem útvarps í almannaþágu eru í samræmi við tillögu og tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1996 til aðildarríkja þess um tryggingu fyrir sjálfstæði útvarps í almannaþágu, einkum að því er varðar ritstjórnarlegt og stofnanalegt sjálfstæði þeirra.

Í 3. gr. er fjallað um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins ohf. og hlutverk þess sem útvarps í almannaþágu er skilgreint nánar. Er sú skilgreining sett fram með enn nákvæmari hætti í drögum að þjónustusamningi við Ríkisútvarpið ohf. Almennt má segja, virðulegi forseti, að fylgt sé nokkuð hefðbundinni skilgreiningu á skyldum útvarps í almannaþágu í frumvarpinu, að flutt sé vandað og fjölbreytt dagskrárefni sem nái til allra landsmanna. Lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi séu virt. Lögð sé rækt við þjóðleg gildi. Efnisval sé miðað við þarfir sem flestra þjóðfélagshópa, gætt sé óhlutdrægni, stutt sé við ýmiss konar menningarstarfsemi, haldið uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu. Rétt er að vekja athygli á að það er gert í fyrsta skipti með þessu frumvarpi, þ.e. að minnst sé sérstaklega á öryggishlutverk Ríkisútvarpsins, og starfsemin sé innt af hendi með sem fullkomnustum tækjabúnaði.

Varðandi þetta ákvæði vil ég minna á að ríkisstyrkjareglur, sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu, leggja þær skyldur á herðar okkar að skilgreint sé í löggjöf hvað telst falla undir útvarpsþjónustu í almannaþágu sem nýtur ríkisstyrkja. Mikilvægt er að heimildir í þessu sambandi séu víðtækar til að hefta ekki þátttöku Ríkisútvarpsins í þeirri hröðu framþróun sem er í útvarpsrekstri og þeirri tækniþróun sem henni fylgir. Um starfsemi Ríkisútvarpsins verður að ríkja breið sátt. Ef Ríkisútvarpið fær að beita afli sínu og ríkisstyrkjum til að berja á einkareknum fjölmiðlum á samkeppnismarkaði og færa út kvíarnar stefnulaust væri rofin sú sátt sem ríkt hefur fram til þessa um Ríkisútvarpið. Það getur hins vegar ekki þjónað markmiðum Ríkisútvarpsins sem menningarstofnunar að fara í einstaka tilfellum út fyrir hið hefðbundna svið sjónvarps og útvarps. Innan Ríkisútvarpsins er t.d. að finna gífurleg menningarleg verðmæti, hljóðvarps- og sjónvarpsupptökur er hafa ómetanlegt menningarlegt gildi. Ég tel mikilvægt að þessi verðmæti rykfalli ekki í hirslum Ríkisútvarpsins heldur hafi RÚV svigrúm til að gera þau aðgengileg almenningi, hvort sem er í gegnum netið eða með sölu á geisla- og DVD-diskum. Þetta gæti til að mynda átt við um útvarpsleikritin, tónleika eða gamla sjónvarpsþætti, að teknu tilliti til höfundalaga hverju sinni.

Virðulegi forseti. Ég undirstrika hér að lokum að Ríkisútvarpið gegnir afar mikilvægu og brýnu hlutverki sem menningarstofnun í íslensku samfélagi. Það er því mikilvægt að lagarammi Ríkisútvarpsins sé skýr á hverjum tíma og til þess fallinn að tryggja að Ríkisútvarpið geti sinnt þeirri starfsemi sem því er ætlað. Sú starfsemi er skilmerkilega og skýrt útfærð í fylgiskjali með frumvarpinu, þ.e. með þeim samningsdrögum sem liggja fyrir milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins. Það er vert að geta þess að við höfum sótt fyrirmyndir til m.a. þeirra ríkja sem við höfum oft og iðulega verið að benda á að við eigum að líta til, m.a. héðan úr þessum ræðustóli. Þá er ég að tala um til að mynda samning sem gerður hefur verið við BBC í Bretlandi, við Danmarks Radio og í Svíþjóð við sænska ríkissjónvarpið.

Í skýrslu fjölmiðlanefndar var lögð mikil áhersla á að treysta bæri stöðu Ríkisútvarpsins á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði og taldi nefndin mikilvægt að hlutverk RÚV sem almannaþjónustuútvarps yrði styrkt eftir föngum. Vil ég sérstaklega taka undir þau sjónarmið fjölmiðlanefndarinnar. Ég tel að með því frumvarpi sem við ræðum hér í dag megi ná þeim markmiðum sem fjölmiðlanefndin umrædda setti fram í sinni ágætu skýrslu sem þverpólitísk sátt er um.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hæstv. menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[17:14]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það vekur athygli í þessu þriðja frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra, um rekstrarformsbreytingu á Ríkisútvarpinu, að hér er endurtekin frá því í fyrra frumvarpi talan 5 millj. í ákvæði til bráðabirgða I. Til gamans má rifja upp að hv. þm. Hjálmar Árnason hélt að það væru 5 milljarðar í umræðu um þetta sama frumvarp á síðasta þingi. Og hefði ekki veitt af.

Í fyrra var svo komið að menn ræddu um skuldir Ríkisútvarpsins við ríkið vegna framlaga sem ekki hefðu verið goldin í sjóði Sinfóníunnar. Þá var að minnsta kostiýjað að því eða látið að því liggja að ríkið ætlaði að setja meira hlutafé í þetta en þessar 5 millj. Var talað um hundruð milljóna í því samhengi. Það kemur ekkert fram í þessum texta hér, hvorki lagatextanum né í greinargerðinni né í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins þar sem það ætti þó að vera samkvæmt eðli máls. Hverju sætir þetta?

[17:15]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir þessa athugasemd og rétt að koma því á framfæri að það stendur sem kom m.a. fram, að ég tel, fyrir hæstv. menntamálanefnd. Það mun verða tryggt. Það er til skriflega að það mun vera tryggt að eiginfjárhlutfall Ríkisútvarpsins ohf. við stofnun þess verði 10–12%.

[17:16]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Nú hefur gefist töluverður tími til að fara í gegnum frumvarpið hjá menntamálaráðherra. Það hefur legið í allt sumar hjá henni vegna þess að því var kastað út af þinginu af tilteknum ástæðum sem við förum kannski aðeins yfir á eftir. Þó stendur þetta eins, það er talað um að minnsta kosti 5 millj. kr. í hlutafé.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er ekkert minnst á þetta fyrirheit. Einungis sagt að eigið fé stofnunarinnar hafi verið neikvætt um 186 millj. kr. í árslok síðasta árs. Síðan er reyndar sagt að málið sé svo skammt á veg komið að það sé vonast til að tillaga að stofnefnahagsreikningi verði lögð fram á næstunni. En það átti að vera bara nokkrum dögum eftir síðasta fund menntamálanefndar, ef ég man rétt. Ég er því ekki ánægður með þetta. Ég tel að það sé kominn tími til að ráðherrarnir, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. menntamálaráðherra segi okkur hvernig þetta á að vera og séu ekki með fyrirheit út í bláinn. Þau hafa ekki reynst vel hjá núverandi menntamálaráðherra.

[17:17]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Talandi um fyrirheit þá er alveg ljóst að það verður tryggt að eigið fé Ríkisútvarpsins ohf. verður aldrei minna en 10–12%. Ég held að það sé einfaldlega svarið við spurningunni. Það er líka tryggt í frumvarpinu að Ríkisútvarpið mun aldrei vera verr statt en það er núna. Það er líka ljóst að það eru ákveðnar skuldbindingar sem ríkissjóður mun yfirtaka þannig að Ríkisútvarpinu ohf. verði skilað með 10–12% eiginfjárhlutfalli þegar þar að kemur.

[17:18]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru vissulega vonbrigði að fylgjast með því að af þeim fjölmörgu efnislegu athugasemdum sem voru gerðar við inntak þessa máls í fyrra er lítið komið til móts við þær. Málið kemur núna í þriðja sinn. Í þriðja sinn á að reyna að berja málið í gegnum þingið lítið breytt nema að núna er þriðja útgáfan komin að rekstrarforminu.

Það sem ég vildi spyrja hæstv. menntamálaráðherra um á þessari stuttu andsvarsmínútu er: Af hverju er sú leið ekki farin að takmarka hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði? Eins og margoft hefur komið fram er það sanngirnismál gagnvart öðrum fjölmiðlum á okkar litla markaði. Af hverju er sú leið ekki farin að í þrepum eða skrefum sé náð einhverjum áfanga um einhvers konar takmörkun á umfangi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði um leið og hlutverk þess sem almannamiðils er endurskilgreint upp á nýtt og stofnuninni þannig markaður slíkur bás?

[17:19]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla því strax í upphafi að frumvarpið sé lítið breytt. Það segir manni náttúrlega ýmislegt um að til lítils er að koma til móts við athugasemdir stjórnarandstöðunnar. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fór gaumgæfilega yfir það að frumvarpið er breytt í töluverðum atriðum, m.a. í ljósi þeirra athugasemda sem hv. stjórnarandstöðuþingmenn settu fram t.d. í menntamálanefnd. Svo kemur hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson og segir: Frumvarpið er lítið breytt. Það er verið að taka inn athugasemdir hv. þingmanna út stjórnarandstöðunni.

Varðandi atriði sem snertir auglýsingamarkaðinn er alveg rétt að farið var gaumgæfilega yfir hvaða fyrirkomulag væri hentugast. Menn mátu það svo að ekki væri rétt að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði. Ekki væri rétt að hækka útvarpsgjaldið sem því nemur, heldur var hlustað m.a. á talsmenn neytenda, talsmenn Samtaka verslunar og þjónustu sem ítrekað (Forseti hringir.) töluðu gegn því að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði.

[17:20]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enda er ég ekki að mæla fyrir því að útvarpið verði tekið af auglýsingamarkaði. Það er sanngirnismál gagnvart einkareknu fjölmiðlunum að umfang þess á auglýsingamarkaði verði takmarkað. Algjört grundvallaratriði. Það er eitt af því sem rennir stoðum undir þá fullyrðingu mína að málið er í sjálfu sér lítið breytt. Komin er önnur útgáfa af hlutafélagi. Áfram stendur hæstv. menntamálaráðherra hér án þess að geta útskýrt það fyrir þingheimi af hverju það er svona mikilvægt að hlutafélagavæða útvarpið. Af hverju er ekki þrengt að hlutdeild þess á auglýsingamarkaði? Af hverju er versta leiðin til fjármögnunar valin, sem er nefskattur? Af hverju er versta leiðin valin?

Það sem skiptir mestu máli er að inntak hins nýja almannaútvarps nýrra tíma er ekki skilgreint þarna með neinum boðlegum hætti þótt stigin séu skref í rétta átt. Þess vegna segi ég: Málið er að þessu leyti jafnhrátt og það var á síðasta þingi og þarsíðasta og veldur því djúpstæðum vonbrigðum, virðulegi forseti.

[17:21]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sem betur fer eru margir ósammála hv. þingmanni, m.a. Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda þar sem þeir hvetja eindregið til þess að frumvarpið verði samþykkt. Menn vilja sjá breytingar á rekstrarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins og þeir sjá tækifæri í þeirri breytingu sem felst í þessu varðandi Ríkisútvarpið ohf. Það eru tvímælalaust tækifæri. Tækifæri fyrir innlenda dagskrárgerð. Tækifæri fyrir menninguna okkar. Tækifæri til að miðla ákveðnum þáttum enn betur til samfélagsins. Ríkisútvarpið getur ekki lengur verið í staðnaðri umgjörð og stöðnuðu formi. Það lifir á síbreytilegum markaði og það verður að fá tækifæri til að vinna og sinna þeim kröfum sem við gerum til Ríkisútvarpsins. Einmitt á þessum markaði.

Ég hef líka sagt varðandi auglýsingarnar að það er ekki til lengri tíma heilagt í mínum huga að Ríkisútvarpið verði algjörlega óbundið á auglýsingamarkaði. En að þessu sinni tel ég mikilvægt að (Forseti hringir.) að Ríkisútvarpið verði ekki tekið af auglýsingamarkaði. Miklu frekar að það verði sett eins og það er í dag, út í (Forseti hringir.) ohf.

[17:22]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum að fá smám saman innsýn í framvinduna. Hæstv. ráðherra sagði að ekki stæði til að selja Ríkisútvarpið þrátt fyrir þessa breytingu. Ég vil vekja athygli á að flokksfélagar hæstv. ráðherra, þar á meðal á þingi, hafa sagst styðja frumvarpið vegna þess að það auðveldi sölu þegar fram líða stundir. Ekki svo að skilja að frumvarpið geri ráð fyrir því núna.

Í annan stað vil ég vekja athygli á að það er ekki rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að vel sé búið að réttindum starfsfólksins og þau séu í engu skert. Það eru sett sérákvæði um starfsmannamál er varðar takmörkun á rétti til töku lífeyris úr B-deild LSR samhliða starfi. Það eru engin ákvæði sem opna fyrir nýja félagsmenn eða engin fyrirheit um það í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þá kemur fram að biðlaunarétturinn er takmarkaður miðað við hina almennu reglu. Og varðandi pólitíkina, hæstv. forseti, þá er verið að setja Ríkisútvarpið undir hinn pólitíska hæl og fela pólitískt ráðnum (Forseti hringir.) útvarpsstjóra al-

ræðisvald yfir starfsmannahaldi og allri dagskrárgerð.

[17:24]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Ég mótmæli því, virðulegi forseti, að ætlunin sé að selja Ríkisútvarpið og frumvarpið auðveldi það. Þvert á móti. Það er alveg jafnauðvelt að leggja niður Ríkisútvarpið í núverandi mynd og koma fram með tillögu til að selja það. Þetta eru ekkert annað en útúrsnúningar. Þetta eru gamlar þreyttar lummur af hálfu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Gamlar þreyttar lummur. Mér telst svo til að hv. þingmaður sé búinn að tala hér í einar tíu klukkustundir um frumvarpið og ekkert nýtt hefur komið fram. Og þetta er mælskumaður mikill. En ekkert nýtt kemur fram annað en að sá fræjum tortryggni í málinu í staðinn fyrir að sjá tækifærin sem felast í frumvarpinu. Tækifæri fyrir íslenska menningu og innlenda dagskrárgerð. Við verðum að fara að horfast í augu við framtíðina, hv. þingmaður.

[17:25]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var að vísa í umræðu á Alþingi og í staðhæfingar sem komu fram á Alþingi frá samflokksmönnum hæstv. ráðherra. Ég mótmæli því að ég hafi ekki flutt efnislega og málefnalega ræður um þetta mál. Ég hef lagt mig fram um að kynna mér málefnið, ekki bara hér á landi heldur á Norðurlöndum og víðs vegar um heiminn og reynt að færa þær upplýsingar og fróðleik sem ég hef aflað inn í umræðuna á Alþingi.

Ég mótmæli því líka að í þessum kerfisbreytingum sem slíkum felist einhver sérstök tækifæri fyrir Ríkisútvarpið. Þvert á móti er verið að takmarka slík tækifæri. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur ráðherrann kynnt sér þær tillögur sem fram hafa komið af hálfu stjórnarandstöðunnar um breytingar á stjórnsýslu Ríkisútvarpsins sem svara þeim kröfum sem hafa komið fram innan stofnunarinnar? Ekki frá einum manni eða þeim sem standa í kringum útvarpsstjórann heldur frá starfsmannafélögum og fólkinu (Forseti hringir.) sem þar starfar almennt. Hefur ráðherrann kynnt sér það frumvarp (Forseti hringir.) og þær tillögur? Hvers vegna má ekki ræða (Forseti hringir.) þær samhliða þessu frumvarpi og senda þær samhljóða til umsagnar?

[17:26]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór með vitlaust mál. Það voru ekki tíu klukkustundir heldur átta klukkustundir sem hv. þingmaður hefur talað um þetta mál. Ég segi það enn og aftur. Það er ekkert nýtt í máli hv. þingmanns í málinu. Hann hefur flutt málefnalegar umræður hér. (Gripið fram í.) En það er ekkert nýtt annað heldur en að sá fræjum tortryggni.

Það er nú einu sinni þannig, herra forseti, og verið er að vísa til Norðurlandanna. Í Noregi er hlutafélag, í Svíþjóð er hlutafélag. Hvað hefur verið gert? Hefur ríkið sett það á markað? Að sjálfsögðu ekki. (**ÖJ:** Hvað með Danmörku?) Menn sjá tækifærin í að breyta Ríkisútvarpinu þar í hlutafélag. Hv. þingmaður talar um Danmörku. Ég vil geta þess að Svíar byrjuðu með sjálfseignarstofnun en voru fljótir að breyta því yfir í hlutafélag af því það er virkara form á markaðnum. Það er virkara form á þeim síbreytilega markaði sem fjölmiðlamarkaðurinn er. Við verðum að veita Ríkisútvarpinu sömu tækifæri til að vinna að á þessum markaði (Forseti hringir.) og aðrir fjölmiðlar gera. (**ÖJ:** Það er allt önnur staða ...) (Forseti hringir.)

[17:27]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn á ný ræðum við frumvarp um Ríkisútvarpið. Það veldur okkur áhyggjum að ekki skuli vera vandað til verka. Eins og kom fram í andsvari hjá hv. þm. Merði Árnasyni er enn sama upphæð uppi, um að minnsta kosti 5 millj. kr. hlutafé sem augljóslega mun ekki duga til að tryggja það hlutfall sem hæstv. menntamálaráðherra nefndi. En við vonum auðvitað að þetta verði lagfært í nefnd.

Það sem vekur sérstakar áhyggjur okkar er þegar hæstv. ráðherra talar um sjálfstæði og aukið sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Hvernig má það vera að hægt sé að auka sjálfstæði Ríkisútvarpsins þegar fjárhagur þess er í rúst? Hvernig má það vera? Hæstv. ráðherra verður að segja okkur það hvernig Ríkisútvarpið á að geta verið sjálfstætt með fjárhag sinn í rúst. Það liggur ljóst fyrir að rekstrarfé er í raun neikvætt um líklega milljarð kr. nú um stundir. Hvernig á það, þó að félaginu sé breytt í opinbert hlutafélag, hvernig getur það breyst með því? Hæstv. ráðherra verður að gefa (Forseti hringir.) fullnægjandi svör við slíku.

[17:28]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er hægt að tryggja fjárhaginn með því fyrirkomulagi sem getið er um í frumvarpinu í gegnum útvarpsgjaldið, í gegnum auglýsingatekjur og þær tekjur sem Ríkisútvarpið er að vinna sér, bæði eins og fyrirkomulagið er í dag og eins og það verður síðan í nýju og breyttu fyrirkomulagi.

Að sjálfsögðu mun Ríkisútvarpið verða sjálfstætt. Það kveður alveg skýrt á um það að við erum að leggja niður útvarpsráð. Við erum að koma með faglega rekstrarlega stjórn inn í Ríkisútvarpið sem mun hafa eftirlit með rekstri félagsins. Ný framkvæmdastjórn mun ekki skipta sér af dagskránni. Það er verið að skera á þessi pólitísku tengsl. (**ÖJ:** ...maður sem er ráðinn.) Öðruvísi mér áður brá í umræðum í þessum þingsal. Það hefur oft verið tilefni til að ræða málefni Ríkisútvarpsins og hv. þingmaður hefur verið framsögumaður að því, m.a. vegna undirskriftalista og fleira sem (Forseti hringir.) hefur átt sér stað í Ríkisútvarpinu. En öðruvísi mér áður brá. Núna er málum þannig fyrir komið að nokkuð mikil sátt er um að ýta þessu máli áfram í samfélaginu. En Ögmundur Jónasson, hv. þingmaður, þverskallast við.

[17:30]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra er greinilega ekki alveg með það á hreinu hver er í andsvörum við hæstv. ráðherra.

Ég var að spyrja um fjárhag stofnunarinnar og hvernig það mætti vera að stofnunin gæti orðið sjálfstæð með þann fjárhag sem hún hefur nú. Það liggur ljóst fyrir að hæstv. ráðherra veit að tekjuþróun stofnunarinnar hefur ekki fylgt þeim breytingum sem orðið hafa í umhverfi hennar og þess vegna hefur hún orðið stöðugt veikari og það er þess vegna sem ýmsir spyrja sig: Hefur það verið meðvituð stefna ríkisstjórnarinnar að veikja stofnunina svo að ýmsir séu farnir að kalla á að eitthvað verði að gera bara til þess að reyna að bjarga því það geti aldrei orðið verra? Hæstv. ráðherra notaði sjálf orðalagið „aldrei verr statt en nú". En nú er staða Ríkisútvarpsins þannig að hún getur ekkert verri orðið. Ef þetta væri hlutafélag á almennum markaði væri löngu búið að gera apparatið upp. Það að hefja nýtt rekstrarform með slíkri stöðu mun því að sjálfsögðu ekki tryggja neitt sjálfstæði heldur eingöngu tryggja það að stofnunin, því miður, verður enn veikari en hún er nú.

[17:31]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Þvert á móti, ef Ríkisútvarpið hefði verið rekið sem hlutafélag á síðustu missirum væri staða Ríkisútvarpsins núna — það er rekið með töluverðu tapi, með um 400 millj. kr. tekjutapi á ári — þá væri Ríkisútvarpið ekki í þeirri aðstöðu í dag. Það verður að hafa rekstrarlegt svigrúm til þess að svara þeim þörfum sem eru gerðar til fjölmiðlafyrirtækja á markaði. Það er bara þannig. (**Gripið fram í:** ... segja upp.) Nei, það er ekki verið að tala um að segja upp. (Gripið fram í.) Þá þekkir hv. þm. Einar Már Sigurðarson greinilega ekki til rekstrar ef það er eina úrræðið sem menn sjá. Það er alveg ljóst að forsvarsmenn (Gripið fram í.) stofnunarinnar hafa lagt áherslu á það og sjá tækifærin í því að breyta Ríkisútvarpinu í þetta form, veita því þetta tækifæri, veita því tækifæri til þess að styrkja innlenda menningu og innlenda dagskrárgerð. Fleiri taka þátt í þessum kór með okkur sem stöndum að þessari breytingu, m.a. SÍK, m.a. frambjóðendur Samfylkingarinnar í góðu kjördæmi rétt við Reykjavík.

[17:32]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þetta er í þriðja sinn, eins og hér var áður sagt, sem þetta frumvarp er flutt eða frumvarp svipað þessu. Þegar taldar eru breytingarnar sem hafa orðið á frumvarpinu, samþykktar eða til lagðar, mun þetta vera fimmta gerð frumvarpsins sem hæstv. menntamálaráðherra hefur komið með inn í þingið. Ég hef haldið nokkrar ræður um þessi frumvörp öllsömul fyrir og eftir ýmsar breytingar og ætla ekki að endurtaka þær hér heldur fjalla um nokkur lykilatriði málsins og þessa nýgamla frumvarps.

Rétt er að segja strax að þetta frumvarp er að því leyti eins — þannig að úr þeirri deilu sé skorið sem hér var áðan háð — og í fyrra, eða réttara sagt á síðasta þingi, að teknar hafa verið upp í það þær breytingar sem meiri hluti menntamálanefndar lagði til eftir nefndarstörf á milli 2. og 3. umr. um málið. Eina önnur breyting sem fram í því kemur er sú að nú heitir það ohf. en ekki hf. eins og áður og sem sé ekki sf. eins og það hét fyrst. Þessar breytingar eru mjög mismiklar og af ýmissi rót runnar. Ég skal ekki taka frá meiri hluta menntamálanefndar það afrek hennar frá því í fyrra að taka mark á okkur stjórnarandstæðingum og gagnrýnendum úti í samfélaginu um að setja inn ákvæði um að upplýsingalög gildi um þetta fyrirtæki. Ég fagnaði því þá og ég fagna því enn að það skuli gerast vegna þess að það sýnir að stjórnarliðið er ekki þorrið öllu viti. Það hefur reynt að lappa upp á þetta rekstrarform og þessa stjórnskipun með því þó að taka inn þann gagnrýnispunkt sem var einn af þeim helstu hjá okkur á síðasta þingi og þar áður og það er mikils virði. Það er mikils virði að upplýsingalögin skuli eiga að gilda um þetta fyrirbæri ef það kemst einhvern tíma á fæturna.

Aðrar breytingartillögur komu fram hjá meiri hluta menntamálanefndar á milli 2. og 3. umr. Það er reyndar mjög óvenjulegt að nefnd fundi af því harðfylgi sem raunin varð á milli 2. og 3. umr. Það skýrist af því að fram höfðu komið margvíslegir gallar og miklar ábendingar um að breyta þyrfti frumvarpinu. Meðal annars kviknuðu þær spurningar um stjórnarskrá sem enn eru í fullu gildi og hefur í raun ekki verið svarað og við eigum eftir að fara í gegnum það í menntamálanefndinni og kannski annars staðar í þinginu hvernig því beri að svara. Öfugt við það sem Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, hélt fram hér áðan og öfugt við það sem lá í orðum hæstv. menntamálaráðherra hér áðan voru þetta ekki tillögur frá minni hlutanum þótt auðvitað væru þær sprottnar af gagnrýni minni hlutans á málið. Það er rétt að fara yfir þær.

Breytingarnar þrjár í viðbót auk upplýsingalaganna koma þegar fram í 1. gr. Þar er tiltekið að Ríkisútvarpinu, sem nú heitir ohf., sé óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð. Hér var ekki um að ræða neina sérstaka ósk stjórnarandstöðunnar og hér var ekki um að ræða uppfinningu meiri hluta menntamálanefndar heldur er þessi klausa orðrétt úr fjölmiðlafrumvarpinu sem menntamálaráðherra lagði fram á síðustu dögum þingsins og vakti þar með fleiru sem varðaði Ríkisútvarpið í því frumvarpi mikla athygli og meiri hluti menntamálanefndar tók hana hér upp í breytingartillögur sínar. Ég skil það vel og fannst það eðlilegt. En ekki er um það að ræða gefist hafi verið upp fyrir einu eða neinu eða menn hafi eitthvað verið að bakka.

Svo er það þriðja breytingin sem á að vera komin frá okkur. Það er rétt að ábending kom frá okkur stjórnarandstæðingum og kannski mér sérstaklega sem varð til þess að meiri hluti menntamálanefndar tók hana upp. Það er í lok 3. gr. frumvarpsins þar sem tiltekið er að menntamálaráðherra og ríkisstjórninni beri að gera sérstakan þjónustusamning. Það er að vísu ekki það orðalag sem við hefðum viljað í þessari grein. En það er rétt að þetta er vegna ábendingar frá okkur vegna þess að um þennan þjónustusamning var ekkert að finna í því frumvarpi sem við ræddum á síðasta þingi, ekki neitt, og það hafðist upp á honum með því að fara í bréfaskipti menntamálaráðuneytisins við Eftirlitsstofnun EFTA, þ.e. ESA. Þar var á einum stað fjallað um þjónustusamning sem augljóst var sem sé að átti að gera. Það er eðlilegra að hafa þetta ákvæði uppi á borðinu og eitt af því sem við þurfum að ræða hér í salnum og í nefndinni er hvernig hátti til um þennan þjónustusamning, hvaða skil-

yrðum hann sé háður, hver eigi að samþykkja hann og hvað eigi í honum að standa, því að þau drög sem nú eru komin fram um þjónustusamning eru umræðu virði einmitt að þessu leytinu og ætla ég að geyma mér það þangað til síðar í þessari ræðu.

Í fjórða lagi kom svo það ákvæði inn í þessa breytingartillögu meiri hlutans sem nú er síðast í 4. gr. og fjallar um að Ríkisútvarpinu sé þó óheimilt að selja frá sér menningarlegt og sögulegt verðmæti. Það er sprottið af gagnrýni mikilli á síðari stigum umræðu í þinginu um það frumvarp vegna safnefnis, sem við höfðum ekki haft tíma til eða sinnu á að ræða og sýnir auðvitað að frumvarpsflytjandinn, hæstv. menntamálaráðherra, hafði ekki einu sinni hugleitt hvað yrði um þetta safnefni sem er einhver verðmætasta menningareign Ríkisútvarpsins. Það hafði ekki verið hugleitt. Starfsmenn hennar höfðu ekki hið minnsta vit á því hvað við vorum að ræða um þegar það kom fram. Ég man — heiður þeim sem heiður ber — að Atli Gíslason var einna sneggstur í þessari umræðu um safnefnið þó að við vissum nú kannski fleiri af því. Það er til þess að svara þeirri hvössu gagnrýni sem þetta er hér sett inn í 3. gr., til þess að bjarga sér úr sjálfu klúðrinu sem hæstv. menntamálaráðherra og starfsmenn hennar höfðu komið sér í að þessu leytinu.

Fleiri eru þessar breytingar ekki þannig að við skulum fagna þeirri einu sem skiptir einhverju máli hér en láta vera að hæla okkur af þeim öðrum sem til eru komnar úr öðrum textum eða vegna klúðurs sem upp komst í umræðu um frumvarpið.

Reyndar er ein breyting í viðbót. Hún er þannig að meiri hluti menntamálanefndar var búinn að koma fyrir því atriði sem nú er í 13. lið 3. gr., að Ríkisútvarpinu væri skylt að varðveita til frambúðar frumflutt efni o.s.frv. Það var búið að koma því fyrir af einhverjum ástæðum í 13. lið 3. gr., var búið að koma fyrir í 4. gr., þannig að sú starfsemi öll var flokkuð undir aðra starfsemi, þ.e. undir samkeppnisstarfsemi. Það vakti auðvitað hugleiðingar um hvað menn ætluðust fyrir. En þó er ljóst núna, og ég þakka fyrir það, að sú varðveisla átti ekki að vera á samkeppnissviði.

Fyrir utan þetta sem ég taldi núna þá hefur ekkert gerst í sumar. Ekkert hefur gerst frá því í 3. umr. í vor. Ekkert nýtt hefur komið inn í þetta frumvarp frá því þá var nema ohf.-ið. Hæstv. menntamálaráðherra hefur frá því 30. maí og til dagsins í dag, 16. október, hvorki reynt að bjóða til gagnlegrar umræðu um þetta frumvarp né reynt að ná sáttum svo sem hægt væri milli stjórnmálaflokkanna á þinginu um frumvarpið. Það er merkilegt, því að við í stjórnarandstöðunni settum fram í fyrra sérstaka tillögu í bréfi til formanns menntamálanefndar, Sigurðar Kára Kristjánssonar — 24. apríl var það bréf skrifað — tillögu eða boð um að starfa að þessu máli. Við lögðum til verklag sem, með leyfi forseta:

„... gæti leitt til samstöðu milli stjórnmálaflokkanna og sátta í samfélaginu um framtíð Ríkisútvarpsins“.

Tilboðið var svona, með leyfi forseta:

„1. Frumvarpið verði ekki afgreitt á þessu þingi“ — þ.e. síðasta — „en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að ljúka lagasetningu fyrir áramót.“ — Þau sem næst eru.

„2. Í störfum sínum kanni nefndin sérstaklega að Ríkisútvarpið verði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpinu verði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess.“

Þetta boð gekk sem sé út á að menn settust niður í alvöru við þetta tiltekna verkefni og athuguðu heiðarlega og í einlægni hvort hægt væri að ná málamiðlun um sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri miðað við þær forsendur sem stjórnarliðar sjálfir hafa lýst að liggi að baki þessum tillögum þeirra um hlutafélagsform. Við höfum efast um það en við lýstum okkur þarna tilbúin til að ganga á þann lista, til þess að fá þennan lista fyrir framan okkur og ganga á hann og athuga hvað væri merkilegt við hlutafélagsformið, hvað hlutafélagsformið gæti gefið Ríkisútvarpinu, hvað Ríkisútvarpið gæti grætt á hlutafélagsforminu og hvort þar væri eitthvað þar sem í raun þyrfti hlutafélagsformið til og ekki væri hægt annaðhvort að bæta við núverandi lagaramma, sem vissulega þarfnast endurskoðunar og hefur lengi gert, eða hægt að koma fyrir í sjálfseignarstofnun sem — af því að það var nú sagt hér áðan — er sama fyrirkomulag og ríkisútvarpið í Svíþjóð hefur. Hæstv. menntamálaráðherra hélt hér áðan fram að það væri í hlutafélagsformi. Það er ekki rétt. Hæstv. ráðherra og aðrir þeir sem á mig hlýða geta sannfærst um það með því að lesa örlítinn pistil um sænska ríkisútvarpið í greinargerð menntamálaráðherra með frumvarpi sínu. Þar segir að útvarpið sé að vísu rekið í þremur hlutafélögum en yfirstjórn þess og yfirapparatið sé sem sagt sjálfseignarstofnun, sem síðan velur sér eitthvert rekstrarform til þess að reka einstaka hluta í útvarpinu.

Það er nú rétt að fara varlega, forseti, sérstaklega ef maður er menntamálaráðherra og er að tala um það sem maður á að hafa vit á. Við sögðum í þeirri tillögu okkar að nefndin ætti að ræða margvíslegar ábendingar um úrbætur á fyrirliggjandi frumvarpi, þar á meðal um 3. gr. frumvarpsins, um hlutverk og skyldur, ræða það hvort þessi skilgreining væri ekki of víð í heildina og hvort hún næði nógu langt sem leiðbeining um dagskrá almannaútvarps, m.a. í ljósi Evrópuréttar og í ljósi tilmæla Evrópuráðsins.

Það sem hefur gerst í þessu er, eins og ég sagði áðan, ekki neitt. Í þeim þjónustusamningi sem átti að fylla út í reglur í 2. gr. er ekki skýrt hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. sem almannaútvarps umfram þau atriði vissulega sem menntamálaráðherra hæstvirtur og útvarpsstjórinn — ég er ekki lögskyldur til að nota lýsingarorð um útvarpsstjórann í þessum ræðustól — umfram það sem þau hrósuðu sér af um innlenda dagskrá á kjörtíma og aukin kaup efnis af sjálfstæðum framleiðendum.

Við töluðum líka um það í þessu bréfi okkar að við ættum að fara í gegnum stjórnarhættina samkvæmt III. kafla. Þar ættum við sérstaklega að ræða fyrirkomulag annars vegar um stjórnina og hins vegar um einhvers konar eftirlitsráð eða akademíu, þannig að ekki myndaðist sjálfkrafa ríkisstjórnarmeirihluti í þeirri stjórn eins og er í frumvarpi menntamálaráðherrans.

Sjálfstæði, kallaði menntamálaráðherra hér úr stólnum í andsvörum sínum áðan yfir salinn. Sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Það er vegna þess að það er orðið hlutafélag. Þá er það orðið sjálfstætt. Hvert er það sjálfstæði? Í staðinn fyrir út-

varpsráð núna, þar sem sitja fjórir þingkjörnir meirihlutamenn og þrír þingkjörnir minnihlutamenn, kemur útvarpsstjórn þar sem sitja þrír þingkjörnir meirihlutamenn og tveir þingkjörnir minnihlutamenn. Það hefur að vísu annað hlutverk. En við vitum hvert er aðalhlutverk þeirrar stjórnar. Það er meira. Það er auknara en útvarpsráðs því það er að ráða útvarpsstjórann sjálfan og reka hann þegar ráðinu hentar. Sjálfstæðið felst í því hjá hæstv. menntamálaráðherra, að búa til apparat sem er að vísu aðeins öðruvísi en útvarpsráð er nú, sem hefur reyndar liðast í sundur, skilst mér, að mestu. Þar á að sitja meiri hluti sem er ekki bara kosinn á fjögurra ára fresti, sem gefur mönnum nú visst sjálfstæði gagnvart þeim sem þá kusu, sem ég held að sé hollt í slíkum störfum almennt, heldur á að kjósa þennan meiri hluta núna á eins árs fresti þannig að það sé nú alveg klárt að menn geri ekkert af sér á meðan í útvarpsstjórninni, í nýja útvarpsráðinu.

Við ræddum líka um það í bréfi okkar að við þyrftum að fara betur í gegnum almenna starfsemi, samkvæmt 4. gr. frumvarpsins, þ.e. samkeppnisreksturinn og skilgreina hana betur, átta okkur á til hvers þau ákvæði ná og hvað er líklegt að komi þar inn í. Sérstaklega töluðum við um að menn þyrftu að gera sér grein fyrir því hvort hér væri átt við að Ríkisútvarpið ætlaði sér í beina samkeppni við aðrar útvarpsstöðvar eða sjónvarpsstöðvar með því að reka á sínum vegum samkeppnisstöðvar útvarps eða sjónvarps. Því fulltrúar hæstv. menntamálaráðherra í nefndinni í fyrra voru ekki á einu máli um þetta, frá einum manni til annars. Ég skil það enn þá svo að í 4. gr. sé m.a. átt við að Ríkisútvarpið geti stofnað einhvers konar Sirkus-stöðvar eða einhverjar undirstöðvar sem séu reknar á samkeppnisgrunni og séu í beinni samkeppni við svipaðar stöðvar einkarekinna fyrirtækja um áhorf, auglýsingar og kostun. Það má auðvitað ræða. Það eru sjálfsagt ekki allir sammála um hvort svo eigi að vera eða ekki. En hins vegar er eðlilegt að um það séu gefin mjög skýr svör. Við sögðum líka að við þyrftum að fara í gegnum réttindi starfsmanna, bæði þau sem að lögum færu og þau sem um skyldi semja. Það er jafnmikil þörf á því núna og var þá því sá kafli hefur ekkert breyst og sú gagnrýni stendur óhögguð sem borin var fram á þann kafla á síðasta þingi.

Í e-lið var síðan fjallað um stöðu safnefnisins. Það er vissulega ástæða til að fara enn yfir þá stöðu þótt hið nýja ákvæði kunni að vernda það dýrmætasta sem nú býr í söfnum Ríkisútvarpsins. Meðal annars þarf að fara yfir þessa stöðu vegna þess að það er alls ekki sjálfsagt að það sem nú er í hirslum og vörslu Ríkisútvarpsins flytjist yfir í einhvers konar safnadeild hins nýja hlutafélags. Það er ekki sjálfsagt vegna þess að hlutafélagið hefur alls ekki aflað sér slíkrar safneignar og hún er í raun ekki í eigu Ríkisútvarpsins sem stofnunar nú, heldur er hún í eigu margra, eins og menn kannast við í kringum höfundarrétt á slíku efni. Þar að auki má deila um — ég geri ráð fyrir að þær athugasemdir komi fram núna í haust sem ekki gerðu síðast því þá voru menn ekki vakandi gagnvart þessu safnefni, — hvort safnefni Ríkisútvarpsins sem ríkisstofnunar eigi að ganga allt yfir í nýtt hlutafélag, hreinlega vegna þess að aðrar útvarpsstöðvar sem nú eru til og þær sem í framtíðinni kynnu að verða til, gætu álitið að þær hefðu jafnmikinn rétt til að sækja í þann sjóð og Ríkisútvarpið. Ég skal ekki segja um það en þetta hefur í rauninni aldrei verið rætt nema rétt tæpt á því í umræðum á miklum hraða í menntamálanefnd í vor.

Í f-lið bréfsins töluðum við um fjármögnunarleiðir, að við þyrftum að fara yfir það, forseti, hvaða fjármögnunarleiðir kæmu til greina aðrar en sú sem nú er uppi í þeirri stofnun sem enn er til og í hinu nýja hlutafélagi samkvæmt frumvarpinu, nefnilega nefskatturinn. Við höfum rakið í þingsályktunartillögu sem við fluttum á næstsíðasta þingi, við samfylkingarmenn, hvaða leiðir koma til greina. Það er alls ekki, svo ég segi það vægilega, augljóst að nefskatturinn eigi að taka við af afnotagjaldinu, að það sé heppilegasti kosturinn. Ég hef litið svo á að við ættum að íhuga blandaða leið í þessu efni. En fyrst og fremst leið sem tryggði Ríkisútvarpinu öruggar tekjur sem ekki sveifluðust mjög og tekjur sem hefðu sem minnst áhrif á valkosti í dagskrá. Ég get farið yfir þetta betur en ég held að aðrir verði til þess á eftir í þessari umræðu og ég geymi mér það þess vegna.

Þá ræddum við um að tala þyrfti um eiginfjárstöðu hins nýja fyrirtækis og æskilega upphæð stofnfjár. Þetta vandamál var til umræðu í andsvörum áðan. Það er því miður skemmst frá því að segja að hæstv. menntamálaráðherra æstist upp við spurningar um þetta. Við spurningar um einhvers konar fyrirheit sem gefin voru síðast í menntamálanefnd um að fjármálaráðherra ætlaði að koma inn með nýtt hlutafé til að hreinsa með einhverjum hætti skuldir Ríkisútvarpsins við ríkið. Það kemur hins vegar ekki fram í frumvarpinu og við höfum ekkert fyrir okkur í því nema fullyrðingu menntamálaráðherrans hæstv. sem ekki er studd neins konar yfirlýsingu frá fjármálaráðherra, að minnsta kosti ekki enn þá, og ekki á sér neina stoð í frumvarpinu. Þó hefur liðið heilt sumar frá 30. maí til 16. október til að gera grein fyrir því. Það er auðvitað skrýtið eftir þetta allt saman, sérstaklega fyrir þá sem sátu í menntamálanefnd og tóku á móti þeim gestum sem þangað komu, að sjá að þegar greinargerðin er skrifuð þá er vonast til, með leyfi forseta, „að tillaga að stofnefnahagsreikningi verði lögð fram á næstunni."

Hvaða næstu? Hvaða næsta er það sem þarna liggur undir? Það er undarlegt að geta ekki verið búinn að því, því þetta starf átti að vera komið af stað í vor og voru nefndir til þess sérstakir heiðursmenn, valinkunnir heiðursmenn, sem áttu að klára þetta innan skamms. Þá var það líka á næstunni. Þessi næsta framlengist í frumvarpinu.

Það er beinlínis sagt, forseti, að Ríkisútvarpið eigi að endurgreiða ríkissjóði þessar 900 millj. kr. sem það skuldaði í árslok 2005. Starfsmenn fjármálaráðherra á fjárlagaskrifstofu segja, hvað sem líður yfirlýsingu hæstv. menntamálaráðherra, með leyfi forseta:

„Gera verður ráð fyrir að hlutafélagið verði krafið um vexti af skuldinni og ef miðað yrði við 9% vexti mundi það greiða ríkissjóði um 80 millj. kr. í tekjur á ári næstu árin."

Þeir gera því ekki aðeins ráð fyrir að skuldin sé greidd til baka heldur á að vaxtareikna hana eins og auðvitað er eðlilegt að gera í sjálfu sér. En hér hefur þeim sem sé ekki verið sagt frá því, sem menntamálaráðherra upplýsti okkur um áðan og við vissum frá því í vor, að menn töluðu um 10–12% eigið fé í stofnunina, töldu það vera nóg sem aðrir

töldu nú ekki. Það hefur því einhvern veginn gleymst að setja þetta inn í frumvarpið.

Að lokum töluðum við um að við þyrftum að ræða, í þeirri nefnd sem við vorum reiðubúin að setjast í til þess að starfa í sumar, um heimild til að selja eignir úr fyrirtækinu vegna þess að það var ekki fullljóst við lok 2. umr. með hvaða hætti Ríkisútvarpið sem hlutafélag hefði rétt til að selja eignir sínar og hvaða eignir væru þá undanteknar í því dæmi. Auðvitað hafa menn verið að spjalla um það sín á milli hvort eigi að leysa þessa bágu fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins í hinu nýja fyrirtæki til að koma í veg fyrir að það verði gjaldþrota á fyrsta degi, með því að selja allt húsið eða hluta af húsinu. Fyrir það fengjust nokkrar milljónir sem síðan mætti nota til að borga t.d. ríkinu aftur þessa miklu skuld vegna Sinfóníunnar.

Þetta er í rauninni allt í gildi, öll þau atriði frá a til h sem við lögðum til að rædd yrðu í sumar í þessari sérstöku nefnd. Formaður menntamálanefndar og stjórnarmeirihlutinn allur höfnuðu hins vegar þessu tilboði í fyrravor og menntamálaráðherra hefur ekki notað tímann síðan 30. maí til að íhuga þetta mál með því að hafa samband við stjórnarandstöðuna og ræða við stjórnarandstæðinga og auðvitað alla þá fjölmörgu áhugamenn og hagsmunaaðila sem er að finna utan þessa salar, um raunverulegar sættir og um raunverulega rannsókn á þeim atriðum sem við töldum upp í vor.

Þessi metnaður menntamálaráðherra, svo við notum jákvæð orð um skringilega hluti, þessi einbeitti vilji ráðherrans og Sjálfstæðisflokksins skilar okkur að lokum í sömu stöðu 16. október og við stóðum í hinn 30. maí, sama frumvarpi og í vor með örlitlum leiðréttingum og það er sama málefnalega staðan. Þetta frumvarpsmál er sem sé á þriðja ári núna og það er komin óþreyja í samfélagið og óþreyja er í Ríkisútvarpinu og í kringum það út af þessu máli. Fólk skilur ekki þetta rugl. Af hverju má ekki bara breyta því sem þarf að breyta og tiltaka þá hvað það er sem þarf að breyta? Af hverju þurfa stjórnmálaflokkarnir á Íslandi alltaf að vera að rífast um Ríkisútvarpið á sama tíma og almannaútvarp í öllum nágrannalöndum okkar styðst við samkomulag allra helstu stjórnmálaflokka, það er ekki algjört, allir helstu stjórnmálaflokkar hafa náð samkomulagi í þeim löndum um hvernig á að hafa ríkisútvarp? Það er í krafti þessa samkomulags sem speglar líka vilja þjóðanna til að hafa gott almannaútvarp sem ríkið á með einhverjum hætti eða styður við. Það er það sem samkomulag þessara flokka endurspeglar. Það tryggir auðvitað að ekki er um að ræða það vantraust sem hér ríkir gagnvart áformum t.d. um hlutafélag. Það er rétt að sum af almannaútvörpum í öðrum löndum, þótt þau séu miklu færri en hæstv. menntamálaráðherra telur upp, eru í einhvers konar hlutafélagsformi.

Það er t.d. í Noregi. En þar er sagan allt önnur. Þar eru í fyrsta lagi engar auglýsingar og hafa aldrei verið í NRK. Það er ekki að keppa með sama hætti og er hér á þessum markaði okkar. Það dettur engum í hug að nokkur ríkisstjórn, hversu slæm sem hún er, mundi misnota sér ríkisútvarpið NRK, eina af hjartfólgnustu eignum norsku þjóðarinnar, að þar sé um að ræða pólitískan undirróður, að þar séu menn með einhverjar hugmyndir um að leggja það niður eða minnka hlut þess. Þar eru allir sáttir við það, líka hægri menn — líka held ég Arbeidernes kommunistiske parti, Marxist-leninisterne, ef ég man það nafn rétt á svolitlum vinstri flokki, mjög vinstri sinnuðum, sem þar komst held ég einu sinni eða tvisvar á þing — að Noregur eigi að hafa almannaútvarp fyrir Norðmenn og það eigi að starfa samkvæmt tilteknum reglum sem flokkarnir koma sér saman um.

Nú eru menn farnir að segja að ástandið á útvarpinu sé orðið þannig að það megi ekkert gera, það megi ekkert hreyfa sig. Og þegar beðið er um skýringar inn á við, af hverju gerist ekkert, af hverju eru engar breytingar, af hverju er ekki reynt að skipuleggja hlutina eins og tíminn gerir ráð fyrir, og út á við, af hverju má ekki gera viðskiptasamninga um kaup á myndum eða útvarpsefni eða öðru því um líku? þá er alltaf svarað: Frumvarpið er ekki komið, við vitum ekki hvað verður. Auðvitað eru menn orðnir þreyttir á þessu þar, bæði innan útvarpsins og utan þess. Menn eru orðnir svo þreyttir á því að þessi mikli vilji SÍK sem hæstv. menntamálaráðherra nefnir komi ekki fram eins og maður skyldi ætla í ítarlegri áætlun byggðri á stórri og langri greinargerð um það hvers vegna Ríkisútvarpið eigi að vera í hlutafélagsformi, heldur í lok mikillar spurningahríðar sem stjórnin samþykkti vegna þjónustusamningsins sem hæstv. menntamálaráðherra gerði og þegar þær spurningar eru allar búnar kemur þessi setning, eftir minni: „Þá hvetur stjórn SÍK, Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, til þess að lög um breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins séu afgreidd hið allra fyrsta."

Hæstv. menntamálaráðherra hefur tekist sitt pólitíska spil að því leytinu að víða eru menn orðnir svo þreyttir að þeir vilja bara einhverja breytingu, bara eitthvað, bara að eitthvað gerist, og er í raun og veru orðið sama hvað það er, bara að losna úr þessari pattstöðu, úr því hreyfingarleysi sem menntamálaráðherra og hinn nýi útvarpsstjóri hafa gert að gunnfána sínum, bara að eitthvað gerist, alveg sama hvað. Þetta er því miður ekki viðunandi og það sjá menn auðvitað ef þeir hugsa út fyrir þetta eðlilega andvarp. Við getum ekki sætt okkur við að það gerist bara eitthvað þegar um er að ræða Ríkisútvarpið sjálft. En ábyrgðin á þessari stöðu er ljós. Hæstv. menntamálaráðherra og félagar hennar halda ræður um málþóf á þinginu og skamma einstaka hv. þingmenn fyrir að vera lengi í ræðustól en ábyrgðin á þessu öllu er á einum stað. Hún er á herðum forustumannsins, hæstv. menntamálaráðherra, sem valdist til þess að hafa forustu í menningarmálum og þar með forustu í málefnum Ríkisútvarpsins.

Menntamálaráðherra hefur ekki haft auðnu til að ná samstöðu vítt um stjórnmálasviðið um þetta mál sem snertir alla Íslendinga og snertir sjálfan kjarnann í því samfélagi sem við búum í á Íslandi og höfum gert í nærfellt átta áratugi. Hæstv. menntamálaráðherra skellti frumvarpi inn í þingið án þess að íhuga hvernig við því yrði tekið og er síðan föst með þetta frumvarp með miklum og skaðlegum afleiðingum fyrir Ríkisútvarpið og miklum og skaðlegum afleiðingum fyrir íslenska menningu líka, vegna þess að Ríkisútvarpið er eitt kjarnaatriðið í íslenskri menningu.

Út á það, forseti, ganga þessi orð í ályktun SÍK. Í raun og veru ætti hæstv. menntamálaráðherra að útskýra fyrir okkur af hverju menn andvarpa þessu út úr sér á þennan

hátt frekar en að hrósa sér af því að hún sé að afla stuðnings við málið.

Það hefur tvennt staðið í veginum frá upphafi í þessu máli milli menntamálaráðherra og stjórnarandstæðinga. Það er margt sem við út af fyrir sig gætum komist að samkomulagi um, gætum teygt okkur, ef menn vildu, í áttina og náð einhvers konar samstöðu um. En tvennt hefur auðvitað staðið í veginum og það er það sem kemur í veg fyrir að sáttir náist á þinginu um málið. Annars vegar er það rekstrarformsbreytingin og stjórnskipanin sem við það er miðuð, hlutafélagsvitleysan, og hins vegar er það spurningin um sjálfstæði Ríkisútvarpsins og hlutverk þess sem almannaútvarps í þágu þjóðarinnar.

Rekstrarformsbreytingarnar og stjórnskipanin sem af þeim leiðir. Við spurðum í hittiðfyrra, spurðum á síðasta þingi, spyrjum enn í andsvörum í dag og eigum eftir að spyrja í þessari umræðu og í umræðunum sem eftir koma: Af hverju hlutafélag? Af hverju þessar breytingar á rekstrarformi? Hvar eru rökin fyrir hlutafélagsforminu? Svarið er aldrei neitt. Það koma óljós svör um að hlutafélagslögin séu svo ágæt og síðan þekki menn þetta form svo vel. Já, en hvað græðir RÚV á hlutafélaginu? Það er hagræði og skilvirkni og það er svigrúm, eins og hæstv. menntamálaráðherra sagði áðan. Það er svo mikið svigrúm sem fylgir þessu, en hvar eru þau ákvæði um hlutafélög sem vísa okkur á þetta hagræði, þessa skilvirkni og þetta svigrúm? Hvað er það í núverandi lögum um Ríkisútvarpið, fyrir utan það að menntamálaráðherra eigi að ráða þrjá framkvæmdastjóra, sem ég get alveg skilið að menn vilji koma í burtu og kannski eitthvert smáræði annað, en hvað kemur í veg fyrir að þessi hagræðing og skilvirkni og svigrúm fáist núna vegna þess að hin almennu rök um hlutafélög eiga ekki við? Það hefur jafnvel hæstv. menntamálaráðherra skilið með þeim breytingum sem gerst hafa á frumvarpinu frá því það fyrst kom fram og auðvitað með þeim takmörkunum sem voru á hlutafélaginu eða sameignarfélaginu eins og það hét nú fyrst þvert á alla skynsemi. Því hefur aldrei verið svarað og hefur aldrei verið skýrt. Hlutafélag getur auðvitað verið hið besta mál eins og allir vita. Það er gott fyrir fyrirtæki sem starfar á samkeppnismarkaði. Það gerir ráð fyrir tiltekinni stjórnskipan og það gerir ráð fyrir að menn hafi ákveðnar leiðir út úr vanda sem skapast eða til að nýta tækifæri sem upp koma. En hvernig er þetta hlutafélag, forseti? Hvernig er það í laginu? Jú, það er þannig: Hlutafélagið Ríkisútvarpið ohf. hefur einn hluthafa. Það er einn maður, menntamálaráðherra, sem hefur allt hlutaféð, fer með það allt. Það er ekkert hluthafalýðræði, það er ekkert aðhald, sem menn tala um í viðskiptalífinu, frá almennu hluthöfunum, litlu hluthöfunum eða frá minni hluta hluthafa sem er þá í hálfgerðri stjórnarandstöðu við meiri hlutann. Það er ekkert slíkt, það er einn hluthafi. Þetta hlutafélag nýtur væntanlega ekki þess hagræðis sem venjuleg hlutafélög á markaði njóta, því að það getur ekki aukið hlutafé sitt sjálft með hlutafjárútboði, það getur ekki sameinast öðru hlutafélagi, og þó það nú væri með Ríkisútvarpið. Það getur ekki stofnað hlutafélag með öðrum um rekstur á sínu sviði, það er nýjasta breytingin. Ég fagna henni út af fyrir sig vegna þess að ég sé enga ástæðu til þess að ríkið sé í einhverju slagtogi við einkaaðila um rekstur útvarps og sjónvarps. En það skerðir auðvitað möguleika þess sem hlutafélags. Rökin fyrir því að það eigi að vera hlutafélag rýrna alltaf. Væntanlegt hlutafélag býr líka við upplýsingaskyldu sem við fögnum vissulega en það er óþægilegt fyrir venjulegt hlutafélag að búa við upplýsingaskyldur. Það er því ekkert orðið eftir af hinum almennu hlutafélagsrökum og önnur koma ekki fram.

Niðurstaða mín er sú að það sem RÚV á að græða á hlutafélagsforminu sé tvennt. Það sé annars vegar, og ég bið um að það sé leiðrétt ef ég fer ekki með rétt mál, það hagræði og sú skilvirkni sem menn ímynda sér að hlutafélagið hafi af því að eiga við starfsfólk sitt umfram það sem nú er, að menn álíti að núverandi starfsfólk Ríkisútvarpsins njóti of mikillar verndar í starfi, að það sé erfitt að reka menn á Ríkisútvarpinu. Ef það er málið finnst mér að hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóri eigi að segja það, eigi að ræða það hreinskilnislega. Það getur nefnilega vel verið að eitthvað í fyrirkomulagi og starfskjörum sé þannig að það hefti Ríkisútvarpið í núverandi stöðu. Þá skulum við bara ræða það og athuga hvernig hægt er að koma þeim breytingum á sem hjálpa ríkisstjórninni til að losna við slíkt með fullri virðingu þó fyrir starfsmönnum og þeim kjörum sem þeir njóta.

Ég held að hin ástæðan sé sú að með því að vitna sífellt í hlutafélagalög og skipulag hlutafélags þá er hægt að koma fyrir þessari vitleysislegu stjórnskipan sem ætlað er að framlengja ósjálfstæði Ríkisútvarpsins, sem er ætlað er að koma í veg fyrir að Ríkisútvarpið verði það sjálfstæða og öfluga almannaútvarp sem við samfylkingarmenn höfum talað um að slík stofnun ætti að vera. Að það fyrirkomulag sem varið er með hlutafélagaskipaninni, að það sé ríkisstjórnarmeirihluti á þinginu sem ræður og rekur útvarpsstjóra sem síðan gerir einn samkomulag við menntamálaráðherra um kjarnann í starfsemi Ríkisútvarpsins og menntamálaráðherra getur síðan tekið upp í því af hverju hann framkvæmi ekki þetta og framkvæmi ekki hitt, sé hin ástæðan fyrir því að menn vilji hafa þetta sem hlutafélag.

Forseti. Ég hef talað hér í 39 mínútur og nokkrar sekúndur að auki og ég harma það að margt er órætt enn, ég á að vísu aðra ræðu síðar eftir þingsköpum. Ég hef ekkert minnst á eitt mikilvægt atriði í þessu máli og það er Framsóknarflokkurinn. Ég biðst afsökunar á því, forseti, að hafa ekkert minnst á hann, af því að hans hlutur er ekki síðri en hins flokksins sem ég hef einkum beint orðum mínum að. Framsóknarflokkurinn, hinn gamli félagshyggjuflokkur, varðstöðuflokkurinn um þjóðleg gildi með hinn nýja þjóðhyggjumann af einhverju tagi sem formann, hann stendur hér og er attaníoss Sjálfstæðisflokksins og hæstv. menntamálaráðherra í því að koma Ríkisútvarpinu, einhverri dýrmætustu sameign okkar, í þann öldusjó sem bíður ef þetta frumvarp verður samþykkt.

[18:12]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans. Reyndar er það svo, eins og kom fram hjá hv. þingmanni Merði Árnasyni, að við erum við að ræða þetta frumvarp í þriðja skipti og því fátt nýtt sem kom fram hjá hv. þingmanni, allt atriði sem við höfum farið yfir áður.

Tekið hefur verið tillit til flestra þeirra atriða sem hann tíundaði og eru þau nú í frumvarpinu og fagna ég því sérstaklega að í frumvarpinu er tekið tillit til breytinga sem meiri hluti menntamálanefndar lagði til í vor.

Vegna þess að hv. þingmaður kom inn á þátt Framsóknarflokksins í lok ræðu sinnar, rétt skaut honum að, þá er það nú þannig — og ég tók það líka fram í ræðu minni í vor og mér finnst kannski ekki mikil ástæða til að endurtaka mig, ólíkt öðrum hv. þingmönnum — að við stöndum fyllilega við stefnu Framsóknarflokksins. Á þeim tíma þegar síðasta flokksþing var haldið og við ályktuðum (Gripið fram í.) um málefni Ríkisútvarpsins þá var alveg ljóst að ástæða þess að við töldum að hægt væri að ganga lengra var ekki síst sú að aðstæður á markaði eru breyttar. Við teljum að það sé enginn pólitískur vilji fyrir því að selja Ríkisútvarpið. Ég veit ekki hve margir hv. þingmenn á Alþingi vilja það, ég vil leyfa mér að fullyrða að það er enginn hv. þingmaður í þessum sal en ég veit ekki hvað þeir eru margir allt í allt sem mundu vilja selja Ríkisútvarpið, kannski tveir. Ég held að það sé því ekki rétt að segja að Framsóknarflokkurinn sé að hossast aftan í Sjálfstæðisflokknum vegna þess að það er ekki rétt. Við stöndum við ályktun okkar um málefni Ríkisútvarpsins og stöndum fyllilega við þetta mál, sérstaklega með þeim breytingum sem hafa orðið á frumvarpinu og teljum að þær séu til góðs.

[18:14]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það eru deilur um það innan þingflokks Framsóknarflokksins hvaða stefnu Framsóknarflokkurinn hafi í málinu því að túlkun ályktunar sem samþykkt var á næstsíðasta flokksþingi Framsóknarflokksins er ekki einhlít.

Framsóknarmenn sögðu sl. vor það sama og hv. þm. Dagný Jónsdóttir segir hér, að það sé einhvers konar pólitísk sátt um að selja ekki Ríkisútvarpið. Ég kannast ekki við hana nema úr yfirlýsingum stjórnarliða. En það er auðvitað alveg klárt að þrír hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa borið fram um það frumvarp hér að leggja Ríkisútvarpið niður og koma starfsemi þess fyrir kattarnef eða a.m.k. eitthvert annað þar sem hún kæmist fyrir í einkarekstri. Það eru engir smá þingmenn, það eru þeir Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, sem nú stefnir á 4. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins eða réttara sagt á 2. sætið á öðrum hvorum lista Sjálfstæðisflokksins hér í borginni, það er Birgir Ármannsson, sem mun hafa mjög svipaða drauma um sæti í prófkjörinu sem nú er fram undan, og það er Pétur H. Blöndal, sem stefnir á ráðherrasæti á þessum sama lista, þannig að þetta eru nokkuð voldugir menn.

Ég hef aldrei haldið því fram að það standi til á næstu árum að einkavæða Ríkisútvarpið. Ég tel hins vegar að þetta sé skref í áttina og ég bendi ósköp einfaldlega á rökstuðning Péturs Blöndals sjálfs um það mál á sínum tíma, þegar hann var að því spurður þá sagðist hann styðja þetta frumvarp vegna þess að hann taldi að það væri þó skref í áttina.

En að lokum væri fróðlegt að vita hvað hv. þm. Dagný Jónsdóttir segir um það sem ég ræddi um sjálfstæði Ríkisútvarpsins, um ríkisstjórnarmeirihlutann í útvarpsráði og um það að hann reki og ráði útvarpsstjóra eftir hentugleikum.

[18:16]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Mörður Árnason kom hér inn á að túlkun væri misjöfn á stefnu Framsóknarflokksins varðandi Ríkisútvarpið. Ég tel að túlkunin sé mjög skýr.

Það segir orðrétt í stefnu Framsóknarflokksins, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu og sjálfstæði þess eflt. Hraða ber endurskoðun laga um Ríkisútvarpið þar sem m.a. stjórnskipulag stofnunarinnar verður endurskilgreint og mið tekið af nýju fjölmiðlaumhverfi. Skoðaðar verði mismunandi leiðir til að standa undir rekstrarkostnaði."

Það er náttúrlega meginatriði í þessu og í frumvarpinu að fyrirvari varðandi söluna er numinn á brott til að leggja áherslu á að ekki eigi að selja Ríkisútvarpið og jafnframt að tryggja að nýja lagasetningu þurfi frá Alþingi til að svo geti orðið. Þess vegna tekur 1. gr. af öll tvímæli um sölu Ríkisútvarpsins og mér finnst það vera í raun og veru stærstu tíðindin í því máli sem hér er fjallað um. Það hefur ekki verið þannig í umræðunni undanfarin ár að sátt hafi verið um Ríkisútvarpið og eins og hv. þm. Mörður Árnason kom inn á hér áðan að þetta væru þrír hv. þingmenn sem gætu hugsað sér að selja Ríkisútvarpið. Ég man ekki betur en hér í umfjöllun á hinu háa Alþingi síðustu tvö ár hafi formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sagt að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið og ég ætla ekki að fara að túlka orð hans mikið meira en hins vegar trúi ég og treysti þeim orðum.

Það er því alveg ljós vilji beggja stjórnarflokka í þessu máli, það stendur ekki til að selja Ríkisútvarpið og ég er þess reyndar fullviss að það mun lifa lengi í eigu okkar allra, og ég veit að það er heldur ekki vilji hv. þm. Marðar Árnasonar.

[18:18]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Mér er kunnugt um að hv. þm. Dagný Jónsdóttir heldur sér dauðahaldi í ákvæði — í orð sem ekki eru í 1. gr. þessa frumvarps eins og það er nú, þ.e. „nema samþykki Alþingis komi til". Það má vissulega segja að þegar þessir textar eru bornir saman svona tiltölulega bláeygt, þeir textar sem venjulega eru með þessari aukasetningu og sá texti sem ekki er það, þá skipti það einhverju máli. Í raun er þetta nú þannig að það þarf jafneinföld lög til þess að einkavæða Ríkisútvarpið með þessu ákvæði og án þess, það er ósköp einfaldlega hægt að gera það með atkvæðagreiðslu hér á þinginu hvort sem þetta er inni eða ekki.

Það skiptir hins vegar verulegu máli að pólitísk sátt sé um Ríkisútvarpið og ég efast ekkert um að a.m.k. hv. þm. Dagný Jónsdóttir er þeirrar skoðunar að ekki eigi að selja RÚV. Mér er hins vegar ekki ljóst hvernig þingmaðurinn getur stutt þetta frumvarp af svo miklum kjarki sem hún gerir vegna þess að jafnvel þótt við gerum ráð fyrir að hið opinbera hlutafélag Ríkisútvarpið yrði ekki selt á allra næstu árum, jafnvel með áframhaldandi stjórnarsamstarfi, þá er með ýmsum hætti verið að setja Ríkisútvarpið í krappan dans og meðal þeirra galla sem helstir eru á þessu frumvarpi er að það er ekki gert sjálfstæðara. Með nýjum hætti er Ríkisútvarpið látið vera háð stjórnmálamönnum í

landinu, einkum ríkisstjórninni, og síðan er líka viðhaldið því ósjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart viðskiptahagsmunum ýmiss konar sem núna er einn af helstu göllum þess. Þetta finnst mér skrýtið hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttir

[18:20]

**Útbýting:**

Endurskipulagning á skattkerfinu, 28. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 28.

Stjórnarráð Íslands, 70. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 70.

[18:21]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið hér við umræðuna er þetta ekki í fyrsta skipti sem við ræðum þetta málefni, þetta er þriðja frumvarpið sem fram kemur á tiltölulega skömmum tíma um Ríkisútvarpið og hlutafélagavæðingu þess. Það var talað um það fyrr í dag að hverjum steini hefði verið velt við, eins og það var orðað, en svo vill til að þegar steinum var velt við sáu menn ástæðu til að gera breytingar á frumvarpinu og viðurkenndu þar með hve gallað það hefði verið.

Þegar frá var horfið sl. vor í miklu ósætti um þetta frumvarp bregður svo við að í Morgunblaðinu birtist opið bréf til alþingismanna frá þremur fyrrverandi menntamálaráðherrum sem vöruðu allir við því í þessari sameiginlegu grein sinni, sameiginlega bréfi til alþingismanna, að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi.

Þetta opna bréf er ekki langt, það eru rúmlega 20 línur á blaði sem ég hef fyrir framan mig og ætla ég að lesa það hér upp, með leyfi forseta:

„Íslendingar teljast með helstu velmegunarþjóðum heimsins og halda því til jafns við stórþjóðir um efnisleg gæði.

En auður þjóðar felst ekki einungis í mælanlegum markaðsverðmætum. Varla greinir menn á um að ríkidæmi þjóðar er ekki síður metið á mælikvarða andlegra verðmæta, skapandi listmenningar og auðugs þjóðlífs, þar á meðal þroskaðrar þjóðtungu og bókmennta.

Íslensk þjóð er fámenn, búsett á eylandi á ystu nöfum Norður-Atlantshafsins, fjarri meginlandi Evrópu. Á Íslandi hefur samt þróast þjóðmenning, sem vissulega er mótuð af samevrópskum menningaráhrifum og lífsviðhorfum, en er eigi að síður sér á parti, mörkuð sérkennum, sem ráðast af legu landsins, náttúrufari þess og búsetuskilyrðum í harðbýlu landi.

Öll viljum við að Íslendingar haldi sínu í samskiptum við aðrar þjóðir. Það gerum við best með ræktarsemi við þjóðlega menningu okkar, enda er menningarrækt smáþjóðum höfuðnauðsyn. Þann vilja geta Íslendingar ekki síst sýnt í verki með því að styrkja menningarstofnanir þjóðarinnar, mennta- og menningarsetrin, skólana og söfnin, sem löngum hefur verið litið á sem samfélagseign, m.a. Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðleikhúsið og Ríkisútvarpið. Við, sem stöndum að þessu bréfi, teljum að samfélagseignir á menningarsviði séu ekki söluvara.

Á Alþingi er nú til umræðu stjórnarfrumvarp til breytinga á gildandi útvarpslögum. Þar er m.a. lagt til að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi. Nái sú tillaga fram að ganga væri stigið varhugavert spor, enda ljóst að hlutafélagsformið er sniðið að fésýsluþörfum og hentar ekki menningarstofnun í almannaeigu. Þótt til kæmi sú varúðarregla að banna sölu slíks hlutafélags með lögum, er hæguinn hjá, þótt síðar yrði, að nema sölubannsákvæðið úr gildi. Þá opnast leið til þess að bjóða hlutabréf stofnunarinnar til sölu. Fésýslumenn, þar á meðal alþjóðleg fégróðafyrirtæki, færu þá að kaupslaga með eina mikilvægustu menningarstofnun þjóðarinnar, en í raun er engin leið að meta verðgildi hennar í peningum, því að menningarverðmæti eru í eðli sínu ómetanleg. Það á ekki síst við um eignasamsetningu Ríkisútvarpsins.

Við undirritaðir ítrekum það, sem fyrr hefur komið fram, að við teljum að best fari á því að Ríkisútvarpið haldi stöðu sinni sem sjálfstæð þjóðareign og mælum gegn því að breyta rekstrarformi þess í hlutafélag. Sérstaklega leyfum við okkur að beina því til alþingismanna að þeir greini muninn sem er á þjóðmenningarstofnun og viðskiptafyrirtæki."

Undir þetta opna bréf til Alþingis sem birtist í Morgunblaðinu hinn 1. júní sl. rita nöfn sín þrír fyrrverandi menntamálaráðherrar, þ.e. Ingvar Gíslason, Ragnar Arnalds og Sverrir Hermannsson.

Þeir eru komnir úr þremur stjórnmálaflokkum, Ingvar Gíslason var menntamálaráðherra úr Framsóknarflokki, Ragnar Arnalds fyrir Alþýðubandalagið og Sverrir Hermannsson fyrir Sjálfstæðisflokkinn en sem kunnugt er er hann einn helsti frumkvöðull þess að Frjálslyndi flokkurinn varð til.

Það má nefna fleiri menn úr menningarlífinu sem hafa varað við þessum breytingum, nú síðast má vísa til ummæla Hrafns Gunnlaugssonar sem lengi gegndi mikilvægri stöðu innan Ríkisútvarpsins og hefur látið til sín taka í kvikmyndaiðnaðinum eins og allir þekkja. Hann hafði stór orð uppi um þetta frumvarp í fréttaumfjöllun í Ríkisútvarpinu ekki alls fyrir löngu. Fleiri mætti að sjálfsögðu nefna til sögunnar, ekki aðeins varðandi Ríkisútvarpið heldur Sinfóníuna, ég nefni þar Jón Þórarinsson, sem eftir því sem ég veit best hefur gegnt trúnaðarstöðum á vegum Sjálfstæðisflokksins.

Það er því víða sem fram hefur komið gagnrýni á þetta frumvarp og þær breytingar sem hér er verið að leggja til. Þá hafa samtök launafólks varað við frumvarpinu og bent á að verið sé að skerða réttindi starfsfólksins. Það er nefnilega ekki rétt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að svo sé ekki gert með þessu frumvarpi. Hér er að finna sérákvæði sem takmarka rétt til töku lífeyris úr B-deild LSR, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, samhliða starfi. Það er ekki einhlítt. Það á t.d. við hjá starfsmönnum í hinum einkavædda síma, Landssímanum, að þar átti þetta ákvæði ekki við þannig að þarna er verið að setja takmarkandi ákvæði.

Varðandi biðlaunaréttinn er hann einnig takmarkaður en í greinargerð með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Meginreglan er sú að réttur til biðlauna flyst ekki til hlutafélagsins."

Síðan er gerð undanþága frá þessari meginreglu og sett inn tímamörk á hana.

Þá hef ég nefnt að engin trygging er fyrir því að nýráðn-

ir starfsmenn Ríkisútvarpsins fái aðild að sambærilegum lífeyriskjörum og þeir starfsmenn sem nú eru í starfi hjá stofnuninni. Maður spyr sjálfan sig hvort stjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi leggist svo lágt að setja fram lagafrumvarp sem er beinlínis sniðið að því að skerða og rýra kjör starfsfólksins, sem óumdeilanlega er gert með þessu frumvarpi.

Annað er að við höfum verið að þróa löggjöf í tengslum við opinberan rekstur á undanförnum áratugum og það hafa verið sniðin lög til þess að þjóna þeim tilgangi, upplýsingalög, stjórnsýslulög og síðan að sjálfsögðu ýmis réttindi sem snúa að starfsfólkinu, þar á meðal sitthvað sem snýr að starfsöryggi. Allt þetta á að skerða, grafa undan og skerða. Ég velti því fyrir mér hvort stjórnarmeirihlutinn hafi hugsað þetta mál alveg til enda.

Hér hefur verið staðhæft, bæði af hálfu hæstv. ráðherra og einnig þingmanna úr stjórnarliðinu, að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði áðan að viðsnúningurinn hjá Framsókn — menn höfðu talið margir, þar á meðal ég, að þeir mundu standa í fæturna í þessu máli — hefði orðið þegar Framsókn áttaði sig á því að ekki var vilji innan Alþingis að selja Ríkisútvarpið. Ég tek undir með hv. þingmanni, ég held að þetta sé alveg rétt. Það er ekki vilji í þinginu eins og það er skipað núna að selja Ríkisútvarpið. Það hafa að vísu komið fram frumvörp þess efnis sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt, þar á meðal hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem var talsmaður hlutafélagavæðingar Ríkisútvarpsins. Hann hefur lagt fram frumvarp ásamt hv. þm. Birgi Ármannssyni og Pétri H. Blöndal um að selja Ríkisútvarpið. Það er ekki beint trúverðugt. En ég tek undir að það er ekki meirihlutavilji eins og sakir standa til að selja Ríkisútvarpið. En undirliggjandi er þessi krafa, og ég hef rakið ályktanir Sjálfstæðisflokksins í gegnum tíðina hvernig hann hefur alltaf jafnt og þétt verið að koma fram, sá pólitíski vilji.

Síðan verðum við náttúrlega að sýna hv. þm. Pétri H. Blöndal þá virðingu að taka hann alvarlega þegar hann sagði í atkvæðagreiðslu sl. vor eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í því frumvarpi sem við greiðum atkvæði um er verið að stofna hlutafélag um Ríkisútvarpið. Starfsmenn þess verða ekki lengur opinberir starfsmenn. Það er jákvætt. Hins vegar vildi ég gjarnan ganga lengra. Ég hef lagt fyrir Alþingi frumvarp ásamt fleirum um að selja Ríkisútvarpið og ganga síðan þá braut til enda. Ég held að ekki sé meiri hluti fyrir því í Alþingi sem stendur að samþykkja þá leið en ég hygg að eftir svona tíu til fimmtán ár muni menn verða jafnhissa á því hér á hinu háa Alþingi að til skuli vera opinberir starfsmenn sem stunda fréttamennsku og menn eru hissa á því í dag að það hafi þurft opinbera starfsmenn til að stunda bankastarfsemi. Þar sem þetta eru ákveðin skref á þeirri leið að einkavæða RÚV segi ég já.“

Þetta var atkvæðaskýring og við skulum bara taka þetta alvarlega. Það er mergurinn málsins að verið er að setja Ríkisútvarpið í réttu pakkninguna til að halda áfram. Það er alla vega sú krafa sem hefur dunið á Sjálfstæðisflokknum í langan tíma að svo verði gert. Ég endurtek hins vegar að ég hef engar efasemdir um að hæstv. núverandi menntamálaráðherra muni beita sér fyrir slíku. Ég tek hennar orð alveg trúanleg hvað þetta snertir. En hinu verður ekki hnikað í mínum huga að sporin hræða. Sá hefur verið gangurinn á nánast allri einkavæðingu sem fram hefur farið. Þegar bankarnir voru gerðir að hlutafélögum var að finna ákvæði í lögum um að sérstaka heimild Alþingis þyrfti ef til stæði að selja þá. Þetta um að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið.

Hæstv. menntamálaráðherra segir að þetta sé sett fram til þess að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins. Hvernig væri hægt að ímynda sér að staða Ríkisútvarpsins yrði styrkt, er það með því að tryggja því meiri tekjur? Er það með því að skapa því hagstæðari ramma þannig að það geti farið betur með þá fjármuni sem það á annað borð hefur á sinni hendi? Er það það sem gerist? Horfum á báða þessa þætti.

Ég tók eftir því að hæstv. menntamálaráðherra sagði í inngangsræðu að enda þótt Ríkisútvarpið byggi núna við auglýsingatekjur, hefði auglýsingar og hefði tekjur af auglýsingum, þá sæi hún fyrir sér — ég held að ég hafi tekið rétt eftir — að á komandi árum kynni að verða breyting þar á. Hún var ekki að boða neinar, hæstv. ráðherrann, breytingar sjálf en var þarna með vangaveltur um framtíðina, hver líkleg framtíðarþróun yrði hvað þetta snertir. Hvað mundi þetta þýða? Þetta mundi þýða minni tekjur fyrir Ríkisútvarpið en það hefur núna. Hvað þá með aðra möguleika? Jú, á Ríkisútvarpið að eiga möguleika á því að fara inn í aðrar lendur, tengdar lendur? Nei. Það mundi grafa undan þeirri þjóðarsátt sem ríkir um Ríkisútvarpið ef það færi inn á svið þar sem aðrir aðilar eru að sýsla. Með öðrum orðum er ekki verið að auka sveigjanleikann heldur eru þetta takmarkandi þættir hvort tveggja. Ég velti því fyrir mér hvort það er rétt að hugsa á þessa vísu.

Þetta er uppi í rauninni gagnvart öllum opinberum rekstri nú um stundir, að honum eru settar mjög strangar skorður. Við þekkjum það hvernig fór með Landmælingar á sínum tíma. Þar komu þessar takmarkanir inn. Ef fyrirtæki kemur til hugar og framkvæmir þá hugmynd að setja upp rekstur á samkeppnissviði er höggvið á möguleika fyrirtækisins eða stofnunarinnar til að færa út kvíarnar. Þetta getur verið hamlandi, getur verið takmarkandi, getur átt rétt á sér í sumum tilvikum en ekki öllum. Þarna held ég að menn eigi ekki að hugsa mjög ferkantað þannig að við erum ekki að tala um auknar tekjur og meiri sveigjanleika fyrir hönd stofnunarinnar í þessum skilningi.

Ég vek einnig athygli á því að jafnan þegar þessi mál hefur borið á góma á Alþingi, og ég hef spurt fulltrúa stjórnarandstöðunnar hvort þeir sjái fyrir sér að meira fjármagn renni til Ríkisútvarpsins, hefur svarið jafnan verið á þá leið að svo sé ekki heldur sé þetta spurning um hagræðingu og með hagræðingu, með því að nota fjármuni stofnunarinnar betur, muni hagur hennar batna og rýmkast. Þetta er hugsunin.

Þá er komið að því hvað það er raunverulega sem á að gera. Það á að laga reksturinn að því sem gerist almennt á markaði, það á að gera rekstur Ríkisútvarpsins svipaðan því sem gerist hjá einkafyrirtækjum á markaði. Þannig er útvarpsstjóri gerður að einhvers konar forstjóra. Hann á að ráða algerlega yfir mannahaldinu og hann á líka að ráða yfir dagskrárgerðinni. Hver skyldi ráða þennan forstjóra Ríkisútvarpsins? Það er pólitískt kjörið útvarpsráð sem endur-

speglar stjórnarmeirihlutann á Alþingi hverju sinni. Finnst mönnum þetta vera skref fram á við? Þetta er ein megingagnrýni sem fram hefur komið á Ríkisútvarpið í tímans rás.

Í framhjáhlaupi langar mig til að vísa í það sem hæstv. menntamálaráðherra sagði áðan. Hún var að tala um sköpunarkraftinn og hina nýju möguleika og samanburðinn við Norðurlönd, hvernig þau höguðu þessum málum. Þá vil ég vekja athygli á því að þar er ólíku saman að jafna. Við verðum að horfa á söguna og allar forsendur og aðstæður í því ljósi sem þær birtast okkur, t.d. í Finnlandi, þar sem finnska útvarpið var upphaflega einkastofnun. Það var stofnun sem var í einkaeign og svo er allar götur frá árinu 1926 fram til 1934. Þá er gerð sú breyting að ríkið kemur inn í þessa stofnun þannig að þar eru allt aðrar forsendur. Menn voru ekki að taka ríkisútvarp og gera það að hlutafélagi heldur er þetta á hinn veginn. Það var einkafyrirtæki sem var fært undir almannavaldið.

Síðan hefur verið vísað í Noreg, að þar sé hlutafélag og það er alveg rétt. Þar er hlutafélag og því var breytt með lögum árið 1996. Þá vil ég nefna, af því að við vorum að tala um stjórnarfyrirkomulagið, að þar eru í útvarpsráði þrír fulltrúar af níu kjörnir af starfsmönnum, svo dæmi sé tekið um að forsendur eru ekki sambærilegar. Síðan er það Danmarks Radio. Það ríkisútvarp á Norðurlöndum, það almannaútvarp á Norðurlöndum sem hefur staðið sig best í hinni margrómuðu samkeppni, selt flesta framhaldsmyndaþætti úr sjónvarpi, það er ríkisstofnun. Svo er okkur birt sú auglýsingabrella í haust að því aðeins verði samkomulag sem menntamálaráðuneytið og Ríkisútvarpið hafi gert um dagskrárefni á komandi árum að veruleika að við samþykkjum áður frumvarp um að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Hvers konar tal er þetta og hvernig stenst þetta samanburð við Danmarks Radio þar sem gerður hefur verið svipaður samningur án þess að það hafi verið gert að hlutafélagi?

Það er margt annað sem mætti taka til samanburðar úr almannaútvarpi á Norðurlöndum og þá ekki síst þætti er varða stjórnsýsluna og stjórnarfyrirkomulagið. Í Svíþjóð er t.d. kappkostað að búa svo um hnúta að kosningaúrslit endurspegli ekki stjórn og pólitísk yfirráð yfir sænska útvarpinu gagnstætt því sem hér er uppi á teningnum.

Við heyrðum í vor frá ýmsum samtökum listamanna og sáum síðan í greinaskrifum útvarpsstjóra, Páls Magnússonar, að það yrði að aflétta óvissunni, þeirri óvissu sem ríkti um Ríkisútvarpið. Ég tek undir þetta, það þarf að gera það. En hvernig verður það gert? Verður það gert með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi sem er fjármagnað með nefskatti? Halda menn, og þetta bið ég menn um að hugsa um í mikilli alvöru, að það verði þjóðarsátt um þennan nefskatt, um útvarp sem er undir pólitískum meirihlutahæl stjórnarmeirihlutans hverju sinni sem ræður útvarpsstjóra, getur rekið hann, útvarpsstjóra sem ræður auk þess yfir allri dagskrárgerðinni og hann er háður því að pólitískt skipað útvarpsráð geti rekið hann. Eru menn virkilega trúaðir á það, trúa menn því að þjóðin muni sætta sig við slíkan nefskatt? Menn skulu bara hugsa þetta mál til enda. Og það er ekki ég einn sem tala í þessa veru. Við höfum heyrt ritstjóra Fréttablaðsins, fyrrv. formann Sjálfstæðisflokksins, Þorstein Pálsson, fyrrv. forsætisráðherra, núverandi ritstjóra, vara við þessu og einmitt á þeim forsendum að verið sé að sundra þjóðarsátt.

Hæstv. menntamálaráðherra vék að þessari þjóðarsátt í ræðu sinni fyrr í dag en í öðru samhengi. Það var fyrst og fremst í fyrirtækjasamhenginu, að ef Ríkisútvarpið færi inn á svið sem önnur fyrirtæki eða aðrar stofnanir væru að sýsla með væri ástæða til að óttast að um það skapaðist ekki sátt. En ég spyr um þessa sátt. Ég spyr þá ágætu listamenn sem hafa hvatt til þess að óvissunni sé eytt hvort þeir hafi hugsað þessa hugsun alveg til enda. Ég óttast að menn hafi ekki gert það.

Síðan spyr ég: Er ekki ástæða til að hlusta á það sem Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins hafa verið að segja og álykta? Er ekki ástæða til að hlusta á fólk sem sér ástæðu til að stofna samtök til styrktar og stuðnings Ríkisútvarpinu, hvað það segir? Í yfirlýsingu frá Hollvinum Ríkisútvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Nú eru allar líkur á því að nýtt frumvarp um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins verði samþykkt á Alþingi við upphaf þings. Við skulum vona að svo verði ekki."

En þetta eru áhyggjur þessara samtaka. Og áfram, með leyfi forseta:

„Samtökin okkar eru trú þeirri meginstefnu sinni sem verið hefur frá upphafi, að berjast gegn einkavæðingu Ríkisútvarpsins og gegn hverju skrefi sem kynni að verða stigið í þá átt, hvort sem það væri svokölluð hlutafélagavæðing eða eitthvað annað. Hollvinasamtökin hafa ávallt lagt áherslu á að snúa vörn í sókn og efla Ríkisútvarpið til að gegna því hlutverki sem það hefur samkvæmt núgildandi lögum svo það megi áfram vera ríkisútvarp í almannaeign og hornsteinn menningar og lýðræðis í landinu. Fulltrúar Hollvinasamtakanna hafa m.a. kynnt starfsemi samtakanna í útvarpi, sjónvarpi og með blaðaskrifum. Fari svo að Ríkisútvarpið verði hlutafélagavætt með lögum nú væri eina von okkar sú að breytingar yrðu á ríkisstjórn næsta vor og sú nýja stjórn gæti numið þau ólög úr gildi. Við munum berjast áfram gegn því að fleiri spor verði stigin á þessari óheillabraut til einkavæðingar. Við hvetjum félagsmenn í samtökunum til að mæta" — svo er hvatning um að mæta á fund — „til þess að ræða þá stöðu sem uppi er."

Ég sótti þennan fund sem var mjög fróðlegur. Þarna voru flutt ágæt erindi og allir sem töluðu höfðu uppi varnaðarorð af þessu tagi. Það er að vissu leyti breyting frá því sem áður var. Vegna þess að á fyrri fundum sem ég hef sótt, opnum fundum sem Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins hafa efnt til, höfðu verið uppi ýmsar vangaveltur um ágæti þess að breyta rekstrarfyrirkomulaginu. Mér finnst þótt ég geti ekkert fullyrt um það, en það er mín tilfinning að tóninn hafi heldur verið að breytast hvað þetta snertir.

Nú er það svo að Hollvinasamtökin og einstaklingar sem vilja Ríkisútvarpinu vel vilja gera ýmsar breytingar á stjórnsýslunni og færa ýmislegt til betri vegar. Ég vísa í þingmál sem allir þingflokkar stjórnarandstöðunnar hafa lagt fram hér á Alþingi. Það hafa verið mismunandi áherslur en þegar á heildina er litið hefur þar verið að finna samhljóm. Í máli allra sem talað hafa af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur verið sett fram sú ósk að það verði reynt að byggja á víðtækri sátt um framtíð Ríkisútvarpsins. Þess

vegna er það dapurlegt að ríkisstjórnarflokkarnir skuli berja höfðinu við steininn og hvika hvergi frá þeirri ákvörðun sinni að vilja gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sett fram frumvarp um breytingar á Ríkisútvarpinu þar sem gert er ráð fyrir allróttækum breytingum á sjálfri stjórnsýslu stofnunarinnar. Við viljum færa ákvarðanir sem lúta að henni, að stjórnsýslunni, inn fyrir veggi stofnunarinnar í ríkari mæli en nú er. Við viljum leggja útvarpsráð niður í þeim skilningi sem það starfar nú eða er gert ráð fyrir að starfi samkvæmt nýjum lögum. Þess í stað viljum við efna til eins konar dagskrárráðs sem geti komið ábendingum á framfæri við stofnunina. Það sé ekki með einhlít völd á sinni hendi heldur sé þetta fyrst og fremst lýðræðislegur vettvangur sem hleypi mismunandi sjónarmiðum að. Þar viljum við ekki, fremur reyndar en er í þessu frumvarpi sem ríkisstjórnin talar fyrir, klippa á tengslin við Alþingi. Það viljum við ekki. Við viljum að þingið kjósi einhverja af fulltrúunum í þessu dagskrárráði. En við viljum koma í veg fyrir að dagskrárráðið endurspegli stjórnarmeirihlutann. Við erum með hugmyndir um að samtök listamanna, neytendasamtök og sveitarfélögin í landinu komi að við skipan í ráðið.

Síðan erum við með hugmyndir um að í stað þess — ég skal bara lesa það upp hverjir það eru sem við viljum að verði í þessu dagskrárráði. Hér segir í 5. gr., með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar í dagskrárráð Ríkisútvarpsins eftir hverjar alþingiskosningar einn fulltrúa tilnefndan af hverjum þingflokki," — ekki hlutfallshugsunin og síðan áfram með leyfi forseta: — „tvo fulltrúa tilnefnda af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúa tilnefndan af Neytendasamtökunum, einn fulltrúa tilnefndan af Bandalagi íslenskra listamanna, útvarpsstjóra, framkvæmdastjóra hljóðvarps og sjónvarps og einn fulltrúa tilnefndan af starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Dagskrárráð skiptir með sér verkum."

Síðan er útlistun á stjórnsýslunni. Ég ætla ekki að fara að lesa það allt saman. En vil vekja athygli á einni annarri nýbreytni sem þarna er. Það er um fjármögnun stofnunarinnar. Við teljum að það eigi að byggja á auglýsingatekjum. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að mér finnst auglýsingar hvorki slæmar né góðar. Það fer allt eftir því hvernig þær eru gerðar. Góðar auglýsingar og upplýsandi eru nauðsynlegt ágætisefni. Hins vegar ef við erum að tala um kostun eða áróðurskenndar innihaldslausar og misvísandi auglýsingar, þá eru þær að sjálfsögðu til skaða. En við teljum að Ríkisútvarpið í okkar fámenna landi verði að treysta og reiða sig á auglýsingar að einhverju leyti og það til frambúðar.

En það þurfa að koma peningar annars staðar frá. Þar höfum við lagt til að gjöldin til Ríkisútvarpsins verði tengd fasteign. Verði fasteignatengd. Um það verði settar sérstakar reglur, sanngjarnar reglur um hvernig megi haga þeirri gjörð. En það er prinsippafstaða að skoða eigi iðgjöld til Ríkisútvarpsins sem tengist fasteign, en alls ekki þennan nefskatt. Hann frábiðjum við algerlega.

Ég hef eflaust upplýst það áður við fyrri umræðu um þetta mál að í nefnd sem ég veitti forstöðu og var starfandi á árunum 1989 og 1990 á vegum þáverandi ríkisstjórnar um útvarpslög, fórum við mjög rækilega yfir fjármögnunarleiðir og fjármögnunarmöguleika. Það kom á daginn að ríkisútvarpsstöðvar, þar sem Ríkisútvarpið er hvað sterkast, í Danmörku, Bretlandi og víðar, reiddu sig á iðgjöld. Vildu halda sér algjörlega aðgreindum frá ríkisstjórn og fjárveitingavaldi, halda sjálfstæði sínu. Niðurstaðan varð þá sú að fara ekki með þetta inn í fjárlög og ekki inn í þennan nefskattsfarveg sem ríkisstjórnin hefur haldið inni. Ég spái því að það eigi eftir að verða miklar umræður og miklar deilur um það mál áður en yfir lýkur.

Það hefur verið hálfdapurlegt að fylgjast með því hvernig forsvarsmenn Ríkisútvarpsins og hæstv. menntamálaráðherra hafa verið að reyna að undirbúa jarðveginn fyrir þessa umræðu nú í haust. Ég hef áður vísað til þessa samnings, hann er settur fram í því samhengi að það eigi að hlutafélagavæða. Eftir því sem ég heyrði best þá er eitthvert samhengi hérna á milli. Þannig var þetta alla vega kynnt þjóðinni. Samhengi á milli þess að gera samning til frambúðar um dagskrárefni í Ríkisútvarpinu, annars vegar þess og hins vegar að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Það var sett fram í einum pakka eftir því sem ég heyrði best.

Síðan hef ég áður gagnrýnt skoðanakönnun sem Ríkisútvarpið fékk Gallup til að gera þar sem spurt var afar misvísandi og efnið síðan sett fram á afar misvísandi hátt. Það var byrjað á að staðhæfa að til stæði að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi í eigu ríkisins og í framhaldinu var síðan spurt hvort fólk væri almennt ánægt eða óánægt, „með þetta nýja rekstrarfyrirkomulag." Með þessari spurningu var verið að gefa í skyn að þetta nýja rekstrarfyrirkomulag, þ.e. hlutafélagavætt Ríkisútvarp, væri þegar orðið að staðreynd. Í framhaldinu var síðan spurt eins og þetta væri óumflýjanlegur veruleiki. Staðreyndin er hins vegar sú, eins og við þekkjum, að það er aldeilis ekki búið að ákveða að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Það eru fá mál sem fram hafa komið á Alþingi á síðustu árum sem hafa valdið eins miklum deilum og þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar. Ég spyr: Væri nú ekki ráð að láta þetta frumvarp bíða? Að við göngum til alþingiskosninga næsta vor og látum þann stjórnarmeirihluta sem þá verður á Alþingi stýra framvindunni í stað þess að á síðustu metrunum sé reynt að koma þessu máli í gegn. Framsóknarflokkurinn hefur hlaupið frá fyrirheitum sínum. Hann sagðist mundu standa vörð um Ríkisútvarpið en er núna ámátlega að reyna að verja kúvendingu sína og segir að það sé óhætt að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi vegna þess að það sé ekki meiri hluti fyrir því á Alþingi núna að selja þá merku stofnun. Þetta finnst mér ekki vera haldmikil rök og ekki rismikil afstaða.

Ég á aðeins stuttan tíma eftir af máli mínu hér og langar til að beina því til hæstv. menntamálaráðherra hvort hún vilji beita sér fyrir því að frumvarp þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, verði tekið til umræðu á þinginu áður en 1. umr. um stjórnarfrumvarpið lýkur, þannig að þau mál geti verið rædd samtímis og það sem meira er, fari samhliða til umfjöllunar í menntamálanefnd þingsins og þá þeim nefndum öðrum sem hugsanlega koma til með að fjalla um þessi frumvörp. Þetta skiptir miklu máli. Það skiptir miklu máli að umsagnaraðilar um þetta

frumvarp fái valkosti til umfjöllunar. Valkosti sem teflt hefur verið fram í þessari stöðu. Þá vísa ég til frumvarps þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs.

Ég hef einnig vakið athygli á öðrum þingmálum sem fram hafa komið og snerta þetta efni og eiga það öll sammerkt að vilja leita eftir víðtækri sátt um framtíð Ríkisútvarpsins.

[Fundarhlé. — 19:00]

[19:32]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Nú er komið að því að ræða frumvarp til laga um Ríkisútvarp ohf. Eins og fram hefur komið í ræðum þeirra þingmanna sem tekið hafa til máls fram að þessu er þetta þriðja rekstrarformið sem lagt er til á Ríkisútvarpinu því að það virðist vera, eins og ég hef svo sem sagt áður, sáluhjálparatriði fyrir þennan ríkisstjórnarmeirihluta að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Það virðist vera meginatriði málsins en ekki hitt að gera Ríkisútvarpinu kleift að standa undir menningarlegum skyldum sínum og þeim markmiðum sem allir þeir sem hafa að rekstri Ríkisútvarpsins komið hingað til hafa viljað setja því og hafa viljað keppa að.

Það er afar miður að þetta mál skuli hafa farið í þann hnút sem ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur siglt því í vegna þess að Ríkisútvarpið og menningarstofnanir þjóðarinnar eiga það skilið að við á hinu háa Alþingi fjöllum um skyldur þessara menningarstofnana af víðsýni og skilningi og ekki síst að við sitjum saman við borðið og reynum að ná bestu fáanlegu niðurstöðu.

Því miður hefur því ekki verið að heilsa í þessu máli. Hér hefur óbilgirni ríkt og einstrengingsháttur, að því er ég vil meina Sjálfstæðisflokksins sem dregur þennan vagn, og Framsóknarflokkurinn hefur þurft að láta yfir sig ganga eitt og annað í málinu sem ég geri ekki ráð fyrir að Framsóknarflokkurinn sé mjög ánægður með, enda hafa heyrst óánægjuraddir innan úr þeim flokki sem mér finnst skipta máli að sé hlustað á. Mér finnst eins og þingmenn Framsóknarflokksins séu að skella skollaeyrum við röddum, nokkuð áberandi röddum innan flokksins, meðal flokksmanna sinna. Ég vildi óska að það þyrftu framsóknarþingmenn ekki að gera, því að ég teldi vera mun gáfulegra að verki staðið ef við sætum hér, eins og ég sagði, saman við borðið og reyndum að skapa bestu fáanlegu niðurstöðu fyrir Ríkisútvarpið og fyrir menningu þjóðarinnar.

Frú forseti. Ég er hugsi yfir fyrstu setningunni í greinargerð frumvarpsins, þ.e. þar sem ráðherrann lýsir sjónarmiðum sínum, því að ég geri ráð fyrir að hér sé ráðherrann að tala í umræddri greinargerð sem er nokkuð löng og viðamikil. Það er ekki fyrsta setningin í greinargerðinni heldur fyrsta setningin í 2. kafla greinargerðarinnar sem fjallar um meginefni frumvarpsins.

Sú setning hljómar, með leyfi forseta:

„Helstu nýmæli með frumvarpi þessu eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er ráðgert að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið ...“

Meginefnið er sem sagt fólgið í því að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið. Ég verð hugsi yfir þessari setningu, ekki af því að ég skilji hana ekki heldur vegna þess að ég held að þarna sé kannski kjarni málsins í því ósætti og því sundurlyndi sem er til staðar vegna málsins. Það fer fyrir brjóstið á mér að sjá í opinberu þingskjali þá yfirlýsingu að það sé helsta markmið ríkisstjórnarinnar með frumvarpinu að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið.

Hvers vegna skyldi maður leggja niður stofnun af þessu tagi? Hefur stofnunin verið óþekk? Hefur hún verið frek á fjármuni? Hefur þar ríkt óstjórn, þarf að refsa henni? Er hún til óþurftar? Er hún slæm? Þessum spurningum, frú forseti, mundi ég öllum svara neitandi og ég vona að flestir sem í þessum sal sitja geri það líka. Stofnunin hefur ekki verið slæm. Þar hefur ekki ríkt óstjórn. Þar hafa menn reynt að gera sitt besta við afar erfiðar aðstæður. Þær hafa verið erfiðar pólitískt séð og þær hafa verið erfiðar fjárhagslega.

Ég vil meina að það fólk sem haldið hefur uppi merki þeirrar merku ríkisstofnunar áratugum saman hafi verið fórnfúsara og útsjónarsamara en margir sem starfa og farið hafa með opinbert fé. Ég er sannfærð um að þá spennitreyju sem Ríkisútvarpið er í núna fjárhagslega megi rekja fyrst og síðast til vilja eða öllu heldur skorts á vilja stjórnarflokkanna, ríkisstjórnarinnar, stjórnarmeirihlutans á Alþingi til þess að gera betur við stofnunina. Það hefur ekki verið vilji hjá stjórnarmeirihlutanum til að veita lofti undir vængi Ríkisútvarpsins og þeirra sem þar starfa. Þess vegna hefur stofnuninni verið haldið í kreppu fjársveltis. Þess vegna hefur stjórnarmeirihlutinn á Alþingi fellt mörg ár í röð tillögu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að auknir fjármunir yrðu settir í Ríkisútvarpið, fyrst og fremst til þess að auka hlut innlendrar dagskrárgerðar í efni Ríkisútvarps og sjónvarps.

Ég hef því þá kenningu, frú forseti, að hér sé sterkur vilji ríkisstjórnarmeirihlutans í þessum efnum að svelta þessa ríkisstofnun, þessa merku ríkisstofnun til hlýðni inn á þá braut sem hér er verið að fara og leggja upp með. Þetta eru ekki fögur ummæli, frú forseti, ég viðurkenni það. Þau eru afar alvarleg og þetta væru að mínu mati ekki eftirsóknarverð eftirmæli. Ég vona satt að segja, eins og ég hef vonað áður, að umræðan í þinginu geti orðið til þess að koma almennilegri hreyfingu á málið, þ.e. að grafist verði almennilega fyrir rætur þessara hluta til að þjóðinni verði það ljóst hvað það er sem að baki býr. Þegar öllu er á botninn hvolft skortir enn sannfærandi rök frá stjórnarmeirihlutanum og hæstv. menntamálaráðherra fyrir því að þær breytingar sem lagðar eru til skuli gerðar.

Hv. þm. Mörður Árnason fór afar vel yfir þetta í ræðu sinni áðan hvað það er sem borið er á borð fyrir okkur í þeim efnum en jafnframt gagnrýndi þingmaðurinn það að rökin væru ekki haldgóð og það hlyti að búa þarna meira að baki en sagt er eða látið er í veðri vaka.

Frú forseti. Það kemur upp hjá mér og örugglega miklu fleiri Íslendingum ákveðin nostalgía eða fortíðarfíkn þegar fjallað er um Ríkisútvarpið og það í afar jákvæðri merkingu þess orðs. Öll eigum við einhverjar minningar frá bernsku okkar þar sem við sátum við Ríkisútvarpið eða hlustuðum á útvarpið og það talaði til okkar og það greypti sig inn í hug okkar og hjörtu það sem sagt var. Einhvers staðar eru því rótfastar minningar frá bernskuárunum tengdar Ríkisútvarpinu sem einhver konar stólpar sem hægt var að treysta

á, sem einhvers fyrirbæris sem var hluti af heimilislífinu, hluti af uppeldi manns, hluti af þeirri væntumþykju sem manni var innprentuð, hluti af þeirri menningu sem maður hefur innbyrt, hluti af alheimskúltúr. Ég er algjörlega sannfærð um að þessi hlýja sem fólk ber í garð Ríkisútvarpsins er eitthvað sem ber að varðveita og hún er eitthvað sem gæti verið í hættu, ekki bara með breyttu rekstrarformi heldur líka með breyttum tíðaranda. Ef við teljum eftirsóknarvert að skapa minningar meðal íslenskra barna sem væru ámóta og þær sem við eigum í dag, eigum við þá ekki frekar að standa vörð um það sem bjó minninguna til innra með okkur heldur en að fórna því? Mitt svar við því er jú, auðvitað eigum við að varðveita þetta sérstaka við Ríkisútvarpið. Það liggur í augum uppi með þeim breytingum sem verið er að fara út í og hér er verið að boða, að þetta sérstaka við Ríkisútvarpið gæti verið í hættu ef farið verður inn á þá braut sem hér er lagt til.

Við búum vissulega við breytta tíma. Íslensk börn alast ekki upp við sömu hluti og ég ólst upp við eða þeir sem í þessum sal sitja, allir komnir vel af barnsaldri. Það er ekki þar með sagt að þessir breyttu tímar séu endilega svo mikið betri en þeir tímar sem við hin lifðum þegar við vorum að vaxa upp og vaxa úr grasi. Það er heldur ekki þar með sagt að allt sem er að taka við af því sem var sé merkilegra eða betra en það sem áður var og það er ekki þar með sagt að við þurfum endilega að hraða eða auka á möguleika hinnar nýju tækni eða hins nýja tíðaranda að taka yfir þann gamla.

Mér hefur verið hugleikin í þessari umræðu grein sem ég rakst á í Lesbók Morgunblaðsins síðasta sumar, hún birtist þar þann 17. júní og er eftir Elfu Ýr Gylfadóttur sem var sérfræðingur útvarpsréttarnefndarinnar, þ.e. fjölmiðlanefndarinnar sem starfaði á vegum menntamálaráðherra og skilaði af sér þeirri skýrslu sem fjölmiðlafrumvarpið, sem við ræðum auðvitað líka í þessari spyrðu, gat af sér. Elfa Ýr er afar vel að sér og hefur kynnt sér mjög vel málefni fjölmiðla og hún fjallar um það í greininni á hvern hátt tíðarandinn er að breytast og á hvern hátt það kunni að vera stórum ríkisfjölmiðlum í óhag og komi sjálfstæðum einkafjölmiðlum til góða. Mig langar til að vitna aðeins til greinar Elfu Ýrar Gylfadóttur þar sem hún er að fjalla um ríkisfjölmiðla á tímamótum.

Þar segir hún, með leyfi forseta:

„Í þjóðfélagi síðnútímans" — sem er þýðing Elfu á „póstmódernisma" — „reyna ríkisfjölmiðlar Evrópu að finna sér nýjan farveg. Ljósvakamarkaðurinn hefur tekið miklum breytingum frá því ríkisfjölmiðlar voru í einokunarstöðu. Samkeppnin við einkamiðla hefur knúið ríkisfjölmiðla til að endurskilgreina hlutverk sitt, hagræða, færa sjónvarpsefni, dagskrá og efnisframleiðslu til nútímahorfs og rökstyðja tilvist sína á samkeppnismarkaði. Þeir verða að varpa af sér þungri brynju stofnanabrags þess nútíma sem skapaði þá og laga sig að síbreytilegu markaðsumhverfi upplýsingasamfélagsins. Nú er helsta einkenni á fjölmiðlamarkaði í Evrópu tvíkeppni milli ríkisfjölmiðla annars vegar og einkamiðla hins vegar."

Ég verð hugsi yfir orðanotkuninni hér og nú tek ég það skýrt fram að ég ætla Elfu ekki neinar annarlegar hugmyndir eða hugsanir í þessum efnum. En í þeim greinum sem maður les um þessi mál nú til dags heyrir maður einmitt mjög gjarnan talað um ríkisfjölmiðla í einokunarstöðu. Maður les um að það sé lífsnauðsynlegt að ríkisfjölmiðlarnir endurskilgreini sig, þeir þurfi að hagræða, það þurfi að færa sjónvarpsefni, dagskrána eða efnisframleiðsluna til nútímahorfs. Það er talað um að þessir ríkisfjölmiðlar þurfi að varpa af sér þungri brynju stofnanabrags til að þeir geti lagað sig að síbreytilegu markaðsumhverfi upplýsingasamfélagsins. Það er svo létt og leikandi að vera í svona síbreytilegu markaðsumhverfi á meðan það er ofsalega þunglamalegt og ömurlegt að vera í brynju stofnanabrags.

Ég viðurkenni að þetta eru sjónarmið sem njóta verulegrar fylgni, þ.e. margir styðja þessi sjónarmið og telja í alvöru að ríkisstofnanir þurfi að vera svo þunglamalegar. En í allri þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og hjá öllum þeim stjórnarþingmönnum sem reynt hafa að svara spurningunni um það hvort ekki sé hægt að létta þessari þungu brynju stofnanabrags af Ríkisútvarpinu án þess að breyta því í hlutafélag hefur orðið fátt um svör. Því miður hafa menn ekki getað fundið orðum sínum stað í þessum efnum. Það hafa ekki komið fram nein sannfærandi sjónarmið um að þessi léttleiki geti ekki orðið Ríkisútvarpsins án þess að rekstrarformi stofnunarinnar verði breytt.

Ég hef tilhneigingu til að ætla eða halda að t.d. með verulega auknu fjármagni inn í innlenda dagskrárgerð mundi verða til ákveðinn léttleiki í stofnuninni. Mín kenning er sú að þetta þunglamalega yfirbragð sem menn gera athugasemdir við geti að hluta til verið því að kenna að stofnunin hefur ekki fengið það fóður eða þá viðurkenningu sem stjórnvöld höfðu eðli málsins samkvæmt átt að láta henni í té fyrir löngu. Það ætti fyrir löngu að vera búið að létta þeirri byrði af Ríkisútvarpinu að þurfa að safna skuldum og standa stöðugt í skuld við ríkissjóð. Það hefði fyrir löngu átt að vera búið að létta af því samviskubiti sem fólk hefur gagnvart því að vera þvílík byrði á ríkissjóði — ríkissjóði sem er sameign okkar landsmanna, sú uppspretta fjármuna sem við viljum nota til að styrkja og styðja við íslenska menningu. Ég held því fram fullum fetum að viljaskortur stjórnvalda til þess að efla Ríkisútvarpið í því rekstrarformi sem það er í núna hafi verið tilfinnanlegur. Viljaskorturinn hefur verið tilfinnanlegur og engin haldbær rök hafa að mínu mati komið fram sem krefja okkur um það að ganga þau svipugöng að fara inn í það að búa til þetta rekstrarform, hlutafélagaformið yfir Ríkisútvarpið.

Ég hef verið að spyrja svona í kringum mig — þegar fólk spyr hvað ég sé að gera í dag segi ég að ég sé að búa mig undir að taka þátt í umræðunni um Ríkisútvarpið ohf. Fólk hváir: Oh hvað? Ohf. Og hvað er það? Er það nokkur von þó að fólk spyrji: Er það ofurhlutafélag? Nei, það er ekki ofurhlutafélag, það er opinbert hlutafélag sem á að vísu að heyra undir upplýsingalög, sem er breyting frá því sem áður var skrifað inn í hugmyndafræði og hugmyndir ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, og það ber að þakka það. Það ber sannarlega að þakka það. Það ber sannarlega að þakka þær breytingar sem hafa orðið á þessu frumvarpi í meðförum þingsins. Þær eru nokkrar. Allar hafa þær verið til bóta. Hv. þm. Mörður Árnason fór yfir það áðan í ræðu sinni hverjar þær eru helstar og undir það vil ég taka. En það breytir því ekki að meginröksemdirnar, þ.e. meginmál frumvarpsins, það að leggja eigi niður ríkisstofnunina Rík-

isútvarp og stofna hlutafélag um reksturinn, hafa ekki verið rökstuddar að mínu mati á fullnægjandi hátt af þeim sem hér draga vagninn.

Það hefur auðvitað líka verið óhönduglega að verki staðið hjá stjórnarmeirihlutanum við það að knýja fram þær breytingar sem hér eru lagðar til. Fyrr í dag voru ræddar samfélagslegar skyldur okkar gagnvart fátæku fólki. Mér fyndist að umræða af því tagi, þ.e. um samfélagslegar skyldur okkar gagnvart menningunni og gagnvart starfsfólki í opinberri þágu og opinberri þjónustu, þyrfti að fara fram í tengslum við umræður um þetta frumvarp. Við höfum reynt að taka þá þætti inn í umræðuna í þau fyrri skipti sem við höfum fjallað um Ríkisútvarpið og mögulegar breytingar á rekstrarformi þess fram að þessu. Þar hafa skoðanaskiptin geigað og okkur hefur gengið afar illa að skiptast á skoðunum við stjórnarmeirihlutann um slík mál.

Hægri sinnuð stjórnvöld hafa að mínu mati, þau hægri sinnuðu stjórnvöld sem við búum hér við, gert í því að gera Ríkisútvarpinu erfitt fyrir, gera það þunglamalegt í augum þjóðarinnar, búa til í kringum það áru steinrunninnar ríkisstofnunar í því augnamiði að fá þjóðina, og þess vegna starfsfólkið og okkur hér, með á þennan vagn, það muni létta svo rosalega mikið á þessari þunglamalegu ríkisstofnun að fá hlutafélagaformið af himnum sent. Mér finnst ótrúverðugt, frú forseti, að ekki sé hægt að létta undir með Ríkisútvarpinu og gera fólki sem þar starfar lífið auðveldara án þess að farið sé út í þær breytingar sem hér eru lagðar til varðandi rekstrarformið.

Ekki hefur einasta verið alið á því að hér sé um þunglamalega ríkisstofnun að ræða heldur hefur líka verið gert í því að mínu mati að koma óorði á afnotagjöldin. Um þau hefur verið talað á afar neikvæðan hátt sem skylduáskrift. Það er skylduáskrift að ríkismiðlinum. Þvílíkt og annað eins. Það er þvílík byrði að þurfa að dragnast með þessa skylduáskrift. Jafnvel þeir sem aldrei horfa á Ríkissjónvarpið þurfa að borga skylduáskrift. Stjórnvöld hafa ekki verið að hjálpa neitt til í þeim efnum að létta þessum neikvæða blæ, þessu neikvæða orðspori af afnotagjöldunum. Öðru nær. Þau hafa farið með í þennan leiðangur, að gera fólk meðvitað óánægt með afnotagjöldin, og nú kemur hæstv. menntamálaráðherra með þá lausn að leggja nefskatt á þjóðina.

Engin rök hafa verið færð fram í þessum sal fyrir því að nefskattur verði svo miklu vinsælli en afnotagjöld, engin rök. Og það eru auðvitað ekki til nein rök fyrir því að nefskatturinn verði svo miklu vinsælli en afnotagjöld. Er eitthvað sem kemur í veg fyrir að nefskatturinn fái á sig orðspor skylduáskriftar? Það er ekkert því til fyrirstöðu. Það er meira að segja mjög líklegt að það komi mjög fljótt. Reyndar hefur okkur í menntamálanefnd verið bent á ýmsar vísbendingar um að nefskatturinn sé, þar sem hann hefur verið við lýði, ekki síður óvinsæll og jafnvel óvinsælli en dæmigerð afnotagjöld. Hvers vegna gæti það verið? Jú, í mínum huga eru afnotagjöldin þess eðlis að fólk finnur fyrir því á eigin skinni og í eigin buddu, í eigin reikningi, í hverjum mánuði að það er að greiða til Ríkisútvarpsins ákveðna prósentu sem gerir því kleift að samsama sig í Ríkisútvarpinu og fá mánaðarlega staðfestingu á því að það eigi eitthvað í því. Við, þjóðin, eigum Ríkisútvarpið og við finnum fyrir því gegnum afnotagjöldin.

Mér finnst afnotagjaldastofninn heilbrigð leið til að afla tekna fyrir dagskrárgerð Ríkisútvarps og sjónvarps. Mér finnst það leið sem gerir þjóðina meðvitaða um þá ábyrgð sem hún ber gagnvart Ríkisútvarpinu og um það á hvern hátt Ríkisútvarpið á að standa undir þeirri ábyrgð. Þjóðin getur sem sagt í gegnum afnotagjöldin auðveldlega fundið að hún getur gert kröfur til stofnunarinnar, hún á hana. Ég óttast að þessi tengsl rofni þegar við erum farin að greiða nefskatt sem við finnum fyrir á annan hátt. Þá er það bara inni í skattahítinni, inni í skattframtalinu, og við getum öll verið neikvæð út í skattana og allt það, agnúast út í þá — þó að ég sé þeirrar skoðunar að þeir sem hafa vinnu eigi að vera stoltir af því að geta borgað skatta, þeir eru þá ekki atvinnulausir á meðan. Á sama hátt er ég sannfærð um að stærstur hluti þjóðarinnar, ef hann yrði spurður, fyndi fyrir þessum tengslum milli sín og Ríkisútvarpsins.

Nú er ekki þar með sagt, frú forseti, að ég hafi alltaf verið afskaplega ánægð með allt sem hefur gerst innan Ríkisútvarpsins eða að ég telji að þar megi ekki færa hluti til betri vegar. Það er ekki svo. Ríkisútvarpið getur auðvitað gert margt til að færast nær nútímanum eða ganga í endurnýjun lífdaga. Það má blása miklu lífi í þessa stofnun eins og allar stofnanir. Það er hlutverk stjórnvalda á hverjum tíma að sjá til þess að sá jarðvegur sé til staðar sem gerir stofnunum kleift að njóta sín.

Ég hef fylgst vel með frá því að samkeppni var innleidd á fjölmiðlamarkaði og kannski eitt orð um það. Mér þykir alltaf fremur miður og hvimleitt þegar menn tala um að frelsi hafi verið innleitt á fjölmiðlamarkaði. Það eru í mínum huga mikil öfugmæli að þegar einkaaðilum var heimilaður útvarps- og sjónvarpsrekstur — sem mér þótti sjálfsagt mál og hefur alltaf þótt sjálfsagt mál að eigi að vera til staðar — hafi upphafist frelsi, að frelsi hafi verið innleitt á fjölmiðlamarkaði. Ég er ekki búin að skanna greinargerð þess frumvarps sem hér liggur fyrir til að athuga hvort orðinu „frelsi“ bregði fyrir í þeim texta. En það er allt of oft að mínu mati að við fáum setningu af því tagi að frelsi hafi verið innleitt á fjölmiðlamarkaði þegar einkaaðilar fengu heimild til að reka fjölmiðil — eins og við höfum verið svo rosalega ófrjáls með Ríkisútvarpið á þeim tíma. Það eru mikil öfugmæli og því ekki rétt að mínu mati að tala þannig um hlutina og enn ein aðferð kannski sem þeir sem vilja gera þjóðina óánægða með Ríkisútvarpið beita til að ala á þeirri óánægju.

Ég hef ekki verið sátt við útvarpsráð heldur. Ég stend að frumvarpi sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytja og hafa lagt fram. Þetta er sennilega þriðja árið sem við leggjum það fram. Þar gerum við ráð fyrir að hægt sé að breyta Ríkisútvarpinu innan þess ramma sem stofnunin býr við og innan þeirra laga sem hún býr við í dag, þ.e. að ekki þurfi að breyta henni úr ríkisstofnun í hlutafélag til þess að aflétta pólitískum afskiptum útvarpsráðs af mannaráðningum eða dagskrá eða íhlutun í innri mál Ríkisútvarpsins. Það er í okkar huga hægt að fara mjög skapandi leiðir í þeim efnum að búa til útvarpsráð og yfirstjórn yfir þessa skapandi stofnun sem yrði í meiri sátt við tíðarandann og kannski óskir og þarfir þjóðarinnar og ekki síst óskir og þarfir starfsfólksins heldur en það útvarpsráð

sem hefur verið til staðar samkvæmt núgildandi lögum. En þó svo þessu útvarpsráði, sem við höfum búið við hingað til, verði sagt upp og það aflagt er ekki þar með sagt að útvarpsstjóranum, einvaldinum sem samkvæmt þessu frumvarpi á að ráða yfir stofnunina, takist eitthvað betur til. Eins og bent hefur verið á má færa rök að því að þessi útvarpsstjóri sé ráðinn pólitískri ráðningu því það er hæstv. menntamálaráðherra, sem eðli málsins samkvæmt er pólitískur fram í fingurgóma, að skipa það fólk sem ræður útvarpsstjórann. Ég held því að það sé ákveðin hætta á ferðum sem tryggi ekki breiða og skapandi stjórn eins og þær hugmyndir sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram.

Við teljum það vera stofnuninni og hlutverki hennar til góða að hafa breiða stjórn sem gæti ólíkra sjónarmiða, ólíkra og breiðra hagsmuna sem eiga rætur í samfélaginu öllu, menningarsamfélaginu, atvinnusamfélaginu og hinu pólitíska samfélagi. Því þegar fólk er sett niður við sama borð og það á að koma sér saman um, þó það séu margir, meginatriði varðandi svona öfluga stofnun eins og Ríkisútvarpið er sem hefur svo miklu menningarhlutverki að gegna, þá eigi það og sé það eðli málsins samkvæmt gefandi að starfa í slíkri stjórn. Alveg eins og við sem störfum í pólitík teljum að það sé og eigi að vera gefandi að starfa í pólitík þó að við í stjórnarandstöðunni óskum þess oft að stjórnarmeirihlutinn sýni meiri víðsýni og meiri vilja til samtals og samráðs við stjórnarandstöðuna en raun ber vitni. Af því við teljum að samtalið á milli andstæðra fylkinga geti verið skapandi.

En það þarf þá að vera vilji til að ná sameiginlegri niðurstöðu og þann vilja hefur skort í þessu máli hjá stjórnvöldum, tilfinnanlega. Ég verð að segja að mér þykir það mjög miður því ég er sannfærð um að ef við hefðum ákveðið að setjast niður við sama borð, þessar fylkingar sem við höfum skipað okkur í í þessum sal í málinu, hefði verið hægt að ná farsælli niðurstöðu ef menn hefðu lagt af þennan einbeitta vilja sem ekkert virðist ætla að hagga, þ.e. að ekkert sé hægt að gera fyrir Ríkisútvarpið nema breyta því í hlutafélag.

Frú forseti. Á það hefur verið bent í umræðunni að stjórnarmeirihlutinn tali tveimur tungum. Hefur það verið rifjað upp að meira að segja hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, hafi flutt þingmál á sínum tíma sem gerði ráð fyrir að Ríkisútvarpið yrði selt. Það er mjög eðlilegt að stjórnarmeirihlutinn og stjórnarþingmenn séu gagnrýndir fyrir að tala tveimur tungum í þessu máli því Sjálfstæðisflokknum hefur verið legið á hálsi fyrir það og talsmönnum þessa frumvarps, að undir þessari rekstrarformsbreytingu liggi ásetningur um að selja Ríkisútvarpið. Þetta hafa sjálfstæðismenn og hæstv. menntamálaráðherra ævinlega svarið af sér hátt og skýrt. Það er ekki af því að við höfum ekki heyrt þær yfirlýsingar sem hafa komið héðan úr þessum stóli og frá fjölmiðlum og víðar varðandi þetta atriði, heldur treystum við ekki orðum stjórnarliða eða hæstv. menntamálaráðherra þegar slíkar yfirlýsingar eru gefnar. Hvers vegna treystum við ekki Sjálfstæðisflokknum í þessum efnum? Jú, ósköp einfaldlega vegna þess að sporin hræða.

Það var svarið hér og sárt við lagt úr þessum ræðustóli og í fjölmiðlum og öllum þeim póstum sem hefur verið svarið og sárt við lagt að Ríkisútvarpið yrði ekki selt, að Síminn yrði ekki seldur þegar hann var hlutafélagavæddur. Svo þekkja allir sem eru í þessum sal eftirleikinn í þeim efnum og þjóðin þekkir eftirleikinn. Má ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort hún sé ánægð með þá niðurstöðu sem sala Símans hefur fært okkur og fært þjóðinni. Nú er fyrirtækið á markaði með grunnnetið, bitbein sjálfstæðu fyrirtækjanna sem eru að keppa við Símann. Það var auðvitað ekki við það komandi að stjórnarmeirihlutinn færi inn á það spor sem hér var reynt að koma þeim inn á, að aðskilja grunnnetið og tryggja að það væri í almannaeigu, áfram í þjóðareigu, enda hluti af mikilvægri almannaþjónustu, alveg á sama hátt og Ríkisútvarpið og framleiðsla þess á menningarefni og tengsl Ríkisútvarpsins við þjóðina eru hluti af mikilvægri almannaþjónustu, og hafa þess vegna að mínu mati ekkert að gera í hlutafélagaformið.

Ef við með því erum að opna á möguleikana á að ríkisstjórn, ekki þessi ríkisstjórn — ég er ekki að segja að þessi ríkisstjórn komi til með að ætla að selja Ríkisútvarpið, ég trúi hæstv. menntamálaráðherra þegar hún segir að núverandi stjórnvöld hafi ekki í hyggju að selja Ríkisútvarpið. En þessi hæstv. menntamálaráðherra verður ekki í ríkisstjórn alltaf og kannski ekki bara á næsta kjörtímabili. Ég vil reyndar leyfa mér að segja vonandi ekki á næsta kjörtímabili, en það er nú af öðrum ástæðum.

Hins vegar tel ég verulega hættu á að þannig innréttuð stjórnvöld eftir eitt kjörtímabil, tvö eða þrjú gætu mjög auðveldlega ákveðið að selja Ríkisútvarpið og þessi gjörningur mundi auðvelda það. Þess vegna segi ég úr þessum ræðustóli: Ég vara við því að þjóðin og þingmenn styðji þessi áform því það auðveldar þeim stjórnvöldum sem það vilja að selja Ríkisútvarpið þegar þar að kemur, þegar það dettur í menn.

Það kann að vera, frú forseti, að þess verði ekki langt að bíða. Það kann að gerast fyrr en varir að slík stjórnvöld komist til valda. Það segir líka sína sögu að ákveðnir sjálfstæðismenn hafa tekið upp hanskann fyrir þau sjónarmið sem ég og við í stjórnarandstöðunni tölum fyrir. Það var athyglisvert þegar Fréttablaðið birti leiðara í apríl í vor þegar Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins, velti upp spurningu um þá menningarstefnu sem lægi að baki þeim tillögum um breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins og sagði í leiðaranum, með leyfi forseta:

„... að eini sjálfstæði tilgangur ríkisútvarps er menningarlegt hlutverk þess. ... En að uppistöðu til hefur rekstur Rásar 2 og sjónvarpsins verið markaðsvara sem deila má um hvort er betri eða verri en einkarekin fyrirtæki á þessu sviði hafa boðið upp á.“

Síðar í leiðaranum segir Þorsteinn Pálsson:

„Annaðhvort er undirbúningurinn í skötulíki eða ekki er allt með felldu um raunveruleg áform að reka hér menningarútvarp og sjónvarp ...“

Hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, svaraði því til í frétt í NFS 5. apríl 2006 að hún væri algerlega ósammála Þorsteini Pálssyni hvað þetta varðaði og sagði að maður yrði auðvitað að hafa í huga að þarna talaði og skrifaði ritstjóri fjölmiðlasamsteypu sem væri í mikilli samkeppni, m.a. við Ríkisútvarpið.

Þetta segir okkur talsvert um hvað er í sjálfu sér langt í land að ná um þessi áform sátt og niðurstöðu. Ég hefði haldið að hér hefði mátt standa betur að verki heldur en gert hefur verið.

Mér hefur líka fundist athyglisvert að rifja upp leiðara úr Morgunblaðinu frá því 7. desember 2005 og ég hef kannski vitnað í þennan leiðara áður úr þessum ræðustóli. En í þeim leiðara fullyrðir leiðarahöfundur að Morgunblaðið hafi aldrei verið í þeim hópi sem vilji einkavæða Ríkisútvarpið þótt blaðið hafi hins vegar lýst þeirri skoðun að rétt væri að selja Rás 2 og ríkið ætti ekki að vera í samkeppni við aðrar afþreyingarstöðvar á sviði hljóðvarps.

Það er auðvitað ekki óeðlilegt að hér komi upp umræðan um Rás 2 sem margir vilja telja að sé eingöngu samkeppnismiðill við stöðvar á hinum opna markaði þó svo ég sé því fullkomlega ósammála og hafi rökstutt það mál mitt með því að Rás 2 hafi verulegu hlutverki að gegna varðandi nýja íslenska tónlist sem eðlilegt sé að ríkisútvarp sinni. Ég minnist þess að hæstv. menntamálaráðherra hafi tekið undir þau sjónarmið mín.

Ég hefði líka talið eðlilegt að það ætti að efla Ríkisútvarpið á sviði íþróttanna. Ég teldi það mjög athugandi að Ríkisútvarpið eigi möguleika á að opna sjálfstæða íþróttarás. Í mínu tilfelli er það ekki af því að ég hafi svo mikinn áhuga á íþróttum heldur vegna þess að ég hef svo mikinn áhuga á að horfa á eitthvað annan en íþróttir í sjónvarpinu og finnst sá tími sem þær taka upp frá almennri sjónvarpsdagskrá allt of dýrmætur. Ég teldi full efni standa til þess að þjóð sem telur ekki nema um 300.000 manns reki ríkisfjölmiðil sem hefur ráð á að búa til sjálfstæða íþróttarás. Ég tel líka að ríkisfjölmiðill á borð við Ríkisútvarpið eigi að senda beint frá fundum Alþingis á sérstakri útvarpsrás. Þannig að fólk sem hefur tök á að hlusta í dagsins önn geti hlustað á útsendingar á útvarpsrás frá fundum Alþingis. Það sé ekki nóg að senda það út eins og gert er núna í hléi á milli dagskráratriða um miðjan daginn í sjónvarpinu eða fyrir þá sem hafa aðgang á breiðbandinu, því það eru ekki allir sem hafa tök á að fylgjast með fundunum í sjónvarpi en hefðu kannski gaman af að gera það í útvarpi.

Þingmál liggur frammi í sölum Alþingis um þetta sem Frjálslyndi flokkurinn á frumkvæði að og ég hef fengið að vera meðflutningsmaður að því á þessu þingi. Ég hefði talið að það væri eitt af þeim málum sem hefði átt að ræða í spyrðu í umræðu um Ríkisútvarpið, hlutverk þess og möguleika. En eins og kom fram í umræðunni um fundarstjórn forseta áður en þessi umræða hófst var ekki vilji til að taka önnur frumvörp sem varða málefni Ríkisútvarpsins inn í umræðuna.

Svo í lokin og af því ég var með opinn leiðara úr Morgunblaðinu frá 7. desember vil ég taka fram að ritstjóri Morgunblaðsins eða leiðarahöfundur tekur undir þau sjónarmið sem ég talaði um áðan varðandi útvarpsstjórann og hversu valdamikill hann gæti orðið. Ég leyfi mér að halda að þar séu sjónarmið uppi sem hæstv. menntamálaráðherra ætti að íhuga og leggja við hlustir því þar talar jú einstaklingur sem er á hennar eigin bandi pólitískt.

Ég læt fyrri ræðu minni lokið og lýsi því yfir að ég bið hæstv. forseta að setja mig aftur á mælendaskrá með seinni ræðu.

[20:12]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hennar. Það var margt í ræðu hv. þingmanns sem hljómaði kunnuglega enda höfum við rætt þetta málefni ítrekað eins og fram hefur komið.

Það var eitt atriði sem varð til þess að ég ákvað að koma hingað upp í andsvar. Það var þegar hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á að sporin hræða og tilgreindi þá sölu Símans. Ég vil segja það hér og nú að það var alveg ljóst að þegar Síminn var hlutafélagavæddur var ekki tekið fram í þeim lögum að ekki skyldi selja Símann. Þetta er náttúrlega munurinn á Símanum og því frumvarpi sem við erum að ræða að í 1. gr. frumvarps til laga um Ríkisútvarpið kemur fram að salan sé ekki heimil. Það finnst mér vera mjög veigamikið atriði. Það er því ekki rétt að blanda þessum tveimur hlutum saman. Ég vildi aðeins koma inn á þetta atriði í andsvari mínu.

[20:13]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir kemur inn á kannski þá setningu sem skiptir sköpum fyrir Framsóknarflokkinn. Það er akkúrat þessi setning sem Framsóknarflokkurinn kom inn í frumvarpið. Að ekki megi selja Ríkisútvarpið. Það skyldi þó ekki vera að reynslan frá Símanum hafi orsakað að Framsóknarflokkurinn sá sig knúinn til að setja þá setningu í frumvarpið? Ég tel svo vera.

Þess vegna tel ég að hv. þm. Dagný Jónsdóttir eigi bara að viðurkenna að sporin hræða í þessum efnum. Hvort það er einhver trygging fyrir því þótt þessi setning sé núna í frumvarpinu um að Ríkisútvarpið verði ekki selt um aldur og ævi, þá efast ég nú um að eitthvert hald sé í þeirri trú. Svo vil ég minna hv. þingmann á að þáverandi hæstv. samgönguráðherra, Halldór Blöndal, sem var samgönguráðherra þegar Síminn var háeffaður gaf hástemmdar yfirlýsingar um það úr þessum stóli, fyrir fjölmiðla og fyrir alþjóð að ekki stæði til að selja Símann. Nákvæmlega sömu hástemmdu yfirlýsingarnar hafa verið settar fram í þessari umræðu, að það standi ekki til að selja Ríkisútvarpið.

Frú forseti. Ég treysti ekki þessum orðum. Mér finnst traust Framsóknarflokksins vera mikið þó þessi litla setning lafi þarna inni.

[20:15]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sporin hræða ekki. Ég fór yfir muninn á þessum tveimur frumvörpum áðan þannig að það var ekki ástæðan fyrir því að þessi setning var sett hér inn. Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. þingmanni að okkur framsóknarmönnum þykir mjög mikilvægt að hafa þessa setningu í frumvarpinu. Við erum þannig gerð að við treystum fólki. Hv. þingmaður kom inn á það áðan að enda þótt hún treysti núverandi hæstv. menntamálaráðherra viti hún ekki hvort sá ráðherra verði í ríkisstjórn á næstunni. Ég held að hv. þingmaður sé þá með því að segja að þeir sem nú skipa stjórnarandstöðuna, þeir hafa háleit markmið um að komast í ríkisstjórn, hafi þá jafnvel hug á að selja Ríkisútvarpið, en það kæmi mér alla vega mjög á óvart miðað við þann mál-

flutning sem hér hefur verið viðhafður.

Ég ítreka að það stendur ekki til að selja Ríkisútvarpið, það er enginn meiri hluti fyrir slíku. Þrír hv. þingmenn hafa lagt fram frumvarp þess efnis. Einn þeirra hv. þingmanna hefur sagt hér að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið, það andrúmsloft hafi breyst. Ég er alveg sannfærð um að það er staða sem við munum horfa á til framtíðar og ekki síst í ljósi þeirrar samkeppni og aðstæðna sem nú ríkja á markaði. Ég ítreka að við framsóknarmenn treystum fólki fyllilega og við treystum þingmönnum framtíðarinnar til þess að hafa sölu Ríkisútvarpsins ekki á dagskrá.

[20:16]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir gott að heyra það og vita að Framsóknarflokkurinn treystir fólki. Ég geri það líka. Ég held að við höfum öll innbyggða þá tilhneigingu að vilja treysta fólki. Þess vegna og einmitt þess vegna hefði ég viljað að við öll í þessum sal, ólík sem við erum, með ólík pólitísk sjónarmið, hefðum sest saman yfir það verkefni að hjálpa Ríkisútvarpinu að ganga í endurnýjun lífdaga. Við hefðum ekki náð sátt um hlutafélagaformið en við hefðum kannski náð sátt um að stofnunin fengi loft í vængina af því að við treystum fólki.

En Sjálfstæðisflokkurinn treysti okkur ekki til að setjast yfir þetta mál. Sjálfstæðisflokkurinn treysti ekki þeim ólíku sjónarmiðum sem eru í þessum sal fyrir því verkefni að búa til umgjörð eða jarðveg fyrir Ríkisútvarpið þar sem það gæti blómstrað. Það er mergurinn málsins. Það er Sjálfstæðisflokkurinn sem ekki treystir fólkinu.

Hverjir hafa klifað á því að það eigi að selja Ríkisútvarpið? Það eru sjálfstæðismenn, ekki hvað síst ungir sjálfstæðismenn. Ályktun eftir ályktun hefur verið samþykkt hjá SUS og Heimdalli um að selja eigi Ríkisútvarpið. (Gripið fram í.) Margir SUS-ararnir eru orðnir fullorðnir núna og komnir í eldri deildina. Einhvers staðar blundar enn með því fólki sá vilji að selja Ríkisútvarpið í fyllingu tímans. Þetta er skref í þá átt. Framsóknarflokkurinn verður að fara að opna augu sín fyrir því. Það er þó sennilega of seint. Já, sennilega er það of seint. En þjóðin á möguleika á að opna augu sín fyrir því og þá á þjóðin þann möguleika að kjósa aðra ráðamenn í ráðherrastólana í næstu alþingiskosningum. Það er ekki svo langt í þær. Stjórnarandstaðan er tilbúin.

[20:19]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Enn á ný ræðum við frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, nú að vísu í fyrsta sinn ohf. áður hafa aðrar skammstafanir verið aftan við nafnið. Þrátt fyrir að við séum að ræða þetta frumvarp í þriðja sinn, auðvitað hafa orðið breytingar á því í hvert sinn sem það hefur komið hér, þá er samt margt líkt með þessu frumvarpi og þeim sem áður hafa verið flutt. Slíkt hið sama má að sumu leyti segja um þá umræðu sem hér hefur farið fram, t.d. voru síðustu andsvörin til þess að rifja upp ýmislegt sem við höfum áður heyrt í umræðunni. Og ég verð að segja, frú forseti, að það vakti sérstaka athygli mína að hv. þm. Dagný Jónsdóttir var enn að því er mér virtist með sömu trú á setningunni miklu í 1. gr., setningunni sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil."

Ég man ekki betur en hv. þingmaður hafi setið með okkur í menntamálanefnd síðastliðinn vetur þegar við fórum yfir þetta frumvarp. Þá komu ýmsir í heimsókn til nefndarinnar og þessi setning var rædd við nokkra virðulega gesti nefndarinnar. Ég man ekki betur en það hafi verið samdóma álit allra sem tjáðu sig um þessa setningu að hún skipti akkúrat engu máli, væri í raun merkingarlaus sem slík. En enn á ný vekur hv. þingmaður athygli okkar annarra hv. þingmanna á því að þessi setning er ætluð Framsóknarflokknum einum og sér. Það er enginn annar sem leggur neina merkingu í þessa setningu en hún virðist hafa dugað til að róa einhverja framsóknarmenn til þess að gerast stuðningsmenn frumvarpsins. Þessi setning breytir engu um það að enda þótt hún stæði ekki þá þyrfti lagabreytingu til að selja Ríkisútvarpið, nákvæmlega eins og þarf við þetta frumvarp. Setningin sem slík breytir engu þar um en hefur augljóslega verið notuð í einhverjum hrossakaupum milli stjórnarflokkanna.

Það er rétt að rifja upp, eins og nokkrir hv. þingmenn hafa gert í þessari umræðu, að þeir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hvað ákafastir hafa verið í því að nauðsynlegt væri að selja Ríkisútvarpið hafa sagt að þeir gætu stutt þetta frumvarp vegna þess að það auðveldaði sölu Ríkisútvarpsins síðar. Það er auðvitað hægt að leggja ýmsa merkingu í þessi orð hv. þingmanna en það er augljóst mál að það verður einfaldara að samþykkja sölu Ríkisútvarpsins eftir þessa breytingu en áður og það er væntanlega sú merking sem þeir leggja í þetta. En það gæti líka verið önnur merking og ég leyfi mér að geta þess að það gæti líka verið að hv. þingmenn ættu við það að með því að breyta þessu og gera ekki neitt annað til að bæta stöðu Ríkisútvarpsins, eins og blasir augljóslega við núna, sé styttra í að ýmsir fari að kalla á að gera þurfi enn frekari breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins til þess að breyta megi þó einhverju og þá þurfi að stíga næsta skref vegna þess að augljóslega hafi þetta skref engu skilað.

Þegar við horfum aðeins aftur í tímann og veltum fyrir okkur hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur leikið Ríkisútvarpið, vegna þess að ég leyfi mér ekki að halda að Sjálfstæðisflokkurinn eða stjórnarflokkarnir hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera, þ.e. að það sé algjör tilviljun hvernig fjárhagur og starfsemi Ríkisútvarpsins hefur þróast. Ég leyfi mér ekki þann munað að halda að fólk hafi ekki vitað hvað það var að gera. Ég tel það augljóst og þegar maður fer yfir söguna blasir svo við hver tilgangurinn hefur verið. Þegar maður leggur síðan við rökstuðninginn sem m.a. hæstv. menntamálaráðherra notar í málflutningi sínum fyrir því að þetta frumvarp sé nauðsynlegt og það þurfi að breyta rekstrarforminu passar þetta enn betur inn í myndina, þá mynd að starfsemi Ríkisútvarpsins hafi skipulega verið veikt til þess að fá ákveðna aðila til að segja: Þetta gengur ekki lengur, við getum ekki búið við þessar aðstæður lengur, það verður að gera eitthvað. Að þá sé búið að svelta fólk svo mikið að það sé farið að segja „gera eitthvað" og það sé alveg sama hvað gert verði, það geti aldrei orðið verra.

Hæstv. menntamálaráðherra sagði úr þessum ræðustól

fyrr í dag að staða Ríkisútvarpsins verði aldrei verri en hún er nú — ég endurtek: aldrei verri en hún er nú — þegar búið er að gera hana svo slæma að það eina sem gæti gerst, ef hún yrði verri, er að starfseminni yrði hætt. Það er það eina sem gæti gerst ef hún yrði verri vegna þess að í raun og veru er staðan orðin sú að við allar eðlilegar kringumstæður væri búið að loka. (**Menntmrh.:** Hvenær á að vera málefnalegur?) Ef þetta er ekki málefnalegt, hæstv. ráðherra, þegar hæstv. ráðherra hefur aldrei nokkurn tíma treyst sér til að ræða málefnalega um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins, aldrei, heldur bara sagt að það verði aldrei verra þá er merkingin auðvitað þessi: Hún getur ekki orðið verri nema loka starfseminni, hætta starfseminni. Þá er hún verri. Vegna þess að ef hún verður verri er ekki hægt að gera neitt. Staðan er þannig, hæstv. ráðherra.

Og bara til að rifja upp fyrir hæstv. ráðherra hvað hefur gerst, vegna þess að hún ber að sjálfsögðu ekki ábyrgð á þessari sögu allri, þá skulum við hefja leikinn árið 1994. Hvernig var staðan þá hjá Ríkisútvarpinu? Jú, þá var fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins bara býsna góð. Eignir í fasteignum námu 2 milljörðum kr., tæki og innréttingar tæpum 300 millj. kr. Þá voru langtímaskuldir Ríkisútvarpsins engar en skammtímaskuldir námu tæpum 400 millj. kr., en Ríkisútvarpið átti fyrir skammtímaskuldum árið 1994, því að viðskiptakröfur og birgðir námu einnig 400 millj. kr. Þetta þýðir að rekstrarfjárjöfnuður stóð á núlli. Allar forsendur voru fyrir áframhaldandi góðri rekstrarafkomu Ríkisútvarpsins. Það er nauðsynlegt fyrir hæstv. ráðherra að vita eitthvað örlítið um fortíðina líka, sérstaklega þegar farið er að tala um að staða Ríkisútvarpsins verði alla vega ekki verri. En hún er miklu verri í dag en hún var 1994. Hún er gjörbreytt. Núna á Ríkisútvarpið ekki lengur fyrir skuldum. Eiginfjárstaðan var neikvæð um tæpar 200 millj. kr. um síðustu áramót og það hefur ekkert gerst í starfsemi Ríkisútvarpsins sem bendir til þess að það hafi lagast heldur hefur líklega sigið enn á ógæfuhliðina og væri ekki ólíklegt að eiginfjárstaðan væri nú neikvæð um rúmlega 200 millj. kr.

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra telur það ekki málefnalega umræðu að ræða um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Það skyldi þó ekki vera að það væri einmitt sú málefnalega umræða sem hæstv. ráðherra vill síst taka þátt í af þeirri einföldu ástæðu að þar er málstaður ráðherrans gjörsamlega vonlaus.

Staðan er þannig að söluhæfar eignir, þ.e. fasteignir, innréttingar og tæki, duga vart fyrir langtímaskuldum. Skammtímakröfur nema rúmum 700 millj. kr. en skammtímaskuldir nú nálgast 1,7 milljarða. Rekstrarfé er því neikvætt um tæpan milljarð króna. Í einkafyrirtæki eða hlutafélagi hjá ríkinu væri þetta kallað neyðarástand, þ.e. að staðan gæti ekki orðið verri öðruvísi en að það þýddi að það yrði að loka. Hæstv. ráðherra kemur hér og lýsir því yfir að með breytingunni verði staða Ríkisútvarpsins a.m.k. ekki verri og það á að tryggja að það verði hugsanlega hægt að skrimta eitthvað áfram. Það er þó algjörlega óvíst vegna þess að ef ekki verður brugðist við einu eða neinu í því að bæta fjárhagslega stöðu stofnunarinnar bíður ekkert annað en að hún verði svo veik að hún verði að grípa til einhverra örþrifaráða.

Af því að tími vannst til í sumar hefði hæstv. menntamálaráðherra mátt fara örlítið yfir bréf sem ég man að hæstv. útvarpsstjóri sendi menntamálanefnd með umsögn sinni um frumvarpið í fyrra þar sem útvarpsstjórinn benti m.a. á að nú væri búið að spara, búið væri að hagræða öllu sem hægt væri að hagræða og það dygði ekki að breyta bara um rekstrarform til þess að hægt væri að bæta stöðuna, það yrði að koma eitthvert fjármagn inn í stofnunina. Öðruvísi væri ekki hægt að snúa af þeirri braut sem stofnunin hefði verið á undanfarið, þ.e. að draga úr þjónustu. Þá er auðvitað spurningin sem hæstv. ráðherra hlýtur að þurfa að svara í þessari umræðu: Hvaða þjónustu á að skera niður hjá Ríkisútvarpinu?

Hæstv. ráðherra vildi ekki meina að þessi breyting auðveldaði það að segja upp fólki og það væri ekki tilgangurinn að segja upp fólki. Það ætti, eins og segir í frumvarpinu, að bjóða öllu núverandi starfsfólki vinnu, en það skyldi þó ekki vera að í því lægi einhver ósk um að ekki vildu allir vinna hjá Ríkisútvarpinu áfram og þannig væri hægt að fækka fólki?

Hvaða þjónusta er það sem skera á af? Hæstv. ráðherra verður auðvitað að gera þingheimi grein fyrir því hver tilgangurinn er með þessari breytingu. Hann er augljóslega m.a. sá að það er auðveldara að segja upp fólki. Hvaða starfsfólki á þá að segja upp, hvaða þjónustu á að skera af? Það eru engar yfirlýsingar frá hæstv. ráðherra um að bæta eigi fjárhag stofnunarinnar. Að vísu kom fram í andsvari ráðherra áðan að eiginfjárhlutfallið ætti að vera 10–12%. Ef ég man rétt fengum við í menntamálanefnd í fyrra bréf frá endurskoðanda Ríkisútvarpsins sem taldi nauðsynlegt að eiginfjárhlutfallið væri ekki lægra en 30% til að viðunandi væri. Hæstv. ráðherra segir að það verði 10–12%.

Vinnan er stutt komin þótt okkur væri sagt í fyrra að endurmat á eignum stofnunarinnar væri um það bil að koma og yrði örugglega klárt áður en við afgreiddum þetta mál úr þinginu. Gert var ráð fyrir að það yrði klárað síðasta vor, að það væri á næsta leiti. Ríkisendurskoðun hafði verið falið að vinna að endurmati á eignum stofnunarinnar og það var sagt rétt handan við hornið. Í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur hins vegar fram að enn er verið að vinna að þessu. Þetta liggur ekki enn fyrir. Það sem skorti á í fyrra skortir enn. Ekkert virðist hafa verið gert annað en fara yfir þær tillögur sem komin var niðurstaða í hjá meiri hluta menntamálanefndar þegar málið var stoppað í nefnd í fyrravor. Ekkert annað hefur gerst í millitíðinni þrátt fyrir að endurmatið a.m.k. hefði getað legið fyrir og þar af leiðandi einhverjar tillögur um hvernig menn vildu fara í hina fjárhagslegu endurskipulagningu.

Frú forseti. Ég get auðvitað haldið áfram og trúlega er nauðsynlegt að rifja upp fyrir hæstv. menntamálaráðherra hvernig stendur á því að fjárhagsstaða stofnunarinnar hefur þróast á þennan hátt. Það er búið að éta upp allt eigið fé og það orðið neikvætt og skuldum hefur verið safnað til að reksturinn geti gengið.

Það er líklega hægt að tiltaka fjórar meginástæður fyrir þessari þróun. Í fyrsta lagi hefur tekjuþróunin ekki verið í takt við útgjaldaþróunina. Tekjurnar eru annars vegar afnotagjöldin og hins vegar auglýsingatekjur. Hvorugt hefur haldið í við útgjöldin. Það hefur dregið úr auglýsingatekjum vegna þess að á þessu tímabili hefur samkeppnin aukist

verulega. Afnotagjöldin hafa ekki hækkað í takt við útgjöld og þar hefur myndast gap sem skapar stóran hluta af þeim rekstrarvanda sem við er að glíma.

Í öðru lagi má nefna lífeyrissjóðsskuldbindingar. Auðvitað var gert ráð fyrir því mjög lengi, vegna þess að annað hafði ekki verið gefið í skyn, að það væri bara tímaspursmál hvenær ríkissjóður tæki þær yfir. Árið 1995 var aftur á móti ákveðið að þær féllu af fullum þunga á stofnunina sjálfa. Lífeyrisskuldbindingarnar hafa lagst algerlega á Ríkisútvarpið og hefur þurft að borga af þeim stórar upphæðir ár hvert. Nú er reiknað með því í frumvarpinu að skuldir við ríkissjóð, sem ekki hafa verið vaxtareiknaðar, lendi á opinbera hlutafélaginu. Þær munu því skapa enn erfiðari efnahag hjá opinbera hlutafélaginu en er í dag. Þetta hefur eðlilega valdið töluvert miklum vanda.

Í þriðja lagi er það auðvitað í fersku minni flestra að árið 1999 var ákveðið að flytja starfsemi sjónvarpsins af Laugaveginum í útvarpshúsið. Sú framkvæmd ein og sér kostaði tæpan milljarð kr. Hún var að mestu leyti fjármögnuð með langtímabankalánum vegna þess að ekkert var gert í að aðstoða stofnunina við að fjármagna flutninginn.

Í fjórða og síðasta lagi hefur það verið mjög áberandi að frá árinu 2000 hafa stjórnendur Ríkisútvarpsins tekið ákvarðanir um aukningu skammtímaskulda úr 500 millj. kr. í 1,7 milljarða kr. Það blasir við að þessar auknu skammtímaskuldir hafa einvörðungu staðið undir þrálátum rekstrarhalla. Rekstrarhallinn hefur verið fjármagnaður með skammtímalánum. Það hefur væntanlega, að mati stjórnenda, engin önnur leið verið til eins og fram kemur í bréfinu sem ég vitnaði í áðan frá útvarpsstjóra, þar sem staðfest var að það væri búið að hagræða eins og hægt væri í stofnuninni og ekkert eftir annað en að skera niður þjónustu.

Síðan kemur hæstv. menntamálaráðherra og telur að með því að breyta um rekstrarform muni allt saman batna og Ríkisútvarpið, að því er mér skilst, dafna og vaxa og þjónusta þess aukast sjálfkrafa. Þetta minnir á hókus pókus aðferðina sem ríkisstjórnin notaði í sumar og ýmsir hv. þingmenn í stjórnarliðinu virðast trúa að hafi gerbreytt þróun verðbólgunnar, þ.e. þegar framkvæmdum á svæðum landsins þar sem engin þensla mældist var frestað um þriggja mánaða skeið til að draga úr þenslu. Sumir hv. þingmenn trúa því að þetta hafi öllu breytt í verðbólguþróuninni. Svo virðist sem hæstv. menntamálaráðherra trúi því sama, að með því að breyta um rekstrarform muni enginn vandi lengur til staðar í rekstri Ríkisútvarpsins. Þetta er alger misskilningur.

Forsenda þess að við færum að ræða um breytt rekstrarform og hvaða rekstrarform væri réttast fyrir Ríkisútvarpið er að farið yrði sérstaklega í að koma fjárhagnum í það horf að Ríkisútvarpið geti sinnt því hlutverki sem við verðum að telja að meiri hluti Alþingis vilji. Það er algerlega vonlaust að það gangi við núverandi aðstæður.

Frú forseti. Ég sagði áðan augljóst mál að það væri engin tilviljun að þessi staða væri komin upp. Hún er auðvitað sköpuð. Hún er skipulögð. Það má rifja upp í þessu samhengi að fyrrverandi menntamálaráðherra, núverandi hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, sagði árið 1996 að stefna ætti að því að jafna aðstöðu ríkis- og einkastöðva. Hann sagði jafnframt að á Alþingi væri þungt fyrir fæti þegar kæmi að því að rétta hlut einkastöðva.

Frú forseti. Það skyldi þó ekki vera að í þessum orðum felist að fyrst ekki er hægt að jafna þetta með því að rétta hlut einkastöðva þá sé rétt að veikja stöðu Ríkisútvarpsins. Var það leikurinn, alla tíð frá því að þessi orð voru sögð 1996 og fram á þennan dag? Ég verð að segja að ef það hefur verið markmiðið þá hefur það tekist býsna vel. Staða Ríkisútvarpsins er í fjárhagslegu tilliti orðin þannig nú að engin einkastöð væri rekin við þær aðstæður. Þetta hefur því tekist og trúlega hafa þeir gleymt að stoppa nógu snemma. Nú er staðan orðin svo alvarleg að engin einkastöð væri rekin við slíkar aðstæður. Að sjálfsögðu væru allir aðrir búnir að loka.

Það er rétt að rifja upp það sem hæstv. ráðherra sagði fyrr í dag, að staðan hafi aldrei verið verri en nú hjá Ríkisútvarpinu eftir breytingu, aldrei verri. Skiljanlega, því að ef hún væri verri þá væri hún engin, þá væri þessu lokið. Það er allt á síðasta snúningi ef litið er til efnahagslegrar stöðu Ríkisútvarpsins, því er nú verr og miður. (**Gripið fram í:** Og nú er að selja ...) Það skyldi þó ekki vera, hv. þingmaður, markmið sumra a.m.k.? Eins og ég sagði örlítið fyrr í ræðu minni mætti ætla það af ferlinu þegar það er skoðað aftur í tímann. Það er búið að ná því markmiði að ýmsir þeir sem vildu alls ekki breyta rekstrarforminu áður eru í dag farnir að tala um að eitthvað verði að gera til að stofnunin komist úr þeirri klemmu sem hún er í núna. Þá er það niðurstaðan að jafnvel sé betra að fara þessa leið en gera ekkert. En það er ljóst að breytingin mun engu breyta að því leyti og þá mun ekki langur tími líða þar til ýmsir rísa upp og segja: Sjáið þið, þetta dugir ekki og verður að koma þessu í annað form. Þá er ekkert eftir annað en að selja þetta apparat og koma því í hendur einkaaðila. Það skyldi þó ekki vera að þá segi þeir sem verið hafa á móti sölu hingað til: Það var ekkert annað að gera vegna þess að staðan var orðin sú að við vildum halda því gangandi og var betra að láta einhverja aðra fá það sem gætu þá rekið það. Með þessum hætti er ekki hægt að reka þetta áfram.

Þetta er auðvitað alvara málsins. Sjálfstæðisflokkurinn með Framsóknarflokkinn í eftirdragi hefur allt frá árinu 1995 verið á þessari leið. Það er auðvitað skýringin á því að Framsóknarflokkurinn ætlar vegna einnar setningar að gangast inn á þetta mál. Í þeirra huga er staðan svo erfið að það verður eitthvað að gera og bara af því þau fá þessa setningu í 1. gr., sem ég er búinn að fara nokkrum sinnum yfir í umræðum og var því ákaflega hissa á að hv. þm. Dagný Jónsdóttir skyldi einnig minnast á hana. Þessi setning í 1. gr. er gerð fyrir Framsóknarflokkinn. Ýmsir sem komu í heimsókn til menntamálanefndar í fyrra sögðu að þau orð hefðu enga merkingu. Það verður auðvitað að breyta lögum ef selja á Ríkisútvarpið hvort sem þessi setning er í 1. gr. eða ekki. Hún hefur enga merkingu í því tilliti.

En séu stjórnarherrarnir á þeirri leið að undirbúa söluna þá er þetta frumvarp, eins og nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa bent á, til að auðvelda það. Eigi ekki að gera annað en þetta þá bíður Ríkisútvarpsins ekkert annað, því miður, en að halda áfram í endalausum rekstrarvanda. Það getur ekki endað nema á einn hátt ef ekkert verður að gert. Það er auðvitað alvara málsins. Það er með ólíkindum að hæstv. menntamálaráðherra skuli í þriðja sinn koma fram

með frumvarpið án þess að nefna það einu orði til hvaða aðgerða skuli grípa til að leysa stofnunina úr þeim rekstrarvanda sem hún hefur verið í til fjölda ára. Ekki nóg með það heldur gengur hæstv. ráðherra, þegar farið er að tala um þetta, um ganga og kallar fram í hvort hér eigi ekki að fara fram málefnaleg umræða. Hæstv. ráðherra telur það ekki málefnalega umræðu að tala um rekstrarvanda Ríkisútvarpsins. Það er greinilega eitthvað sem enginn má tala um. Það er eitthvað sem enginn á að vita um og nokkuð sem hæstv. ráðherra vill ekki tengja við þetta frumvarp.

Þannig er staðan, frú forseti, að ekkert í frumvarpinu bendir til þess, nema að vísu örlítil upphæð vegna þess að Ríkisútvarpið verður í ööruvísi tengslum við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það breytir örlítið í félagslegu tilliti en á móti kemur að greiða þarf vexti af lausaskuldum við ríkissjóð sem éta það upp og líklega rúmlega það, ef ég man rétt. Ljóst er að ef ekkert verður að gert hefur Ríkisútvarpið ohf. ekkert annað úrræði en að skera duglega niður í rekstri. Hvað það á að vera vitum við að sjálfsögðu ekki. En það væri auðvitað eðlilegt að hæstv. ráðherra gerði okkur grein fyrir því hvað hún telur eðlilegt að skera niður, hvað á ekki heima í Ríkisútvarpinu. Það verður vart meira en óskhyggja að innlend dagskrárgerð verði stórlega aukin. Það verður að teljast afar ólíklegt við því við þessar aðstæður. Þetta skyldi þó ekki þýða að jafnvel verði dregið enn meira úr innlendri dagskrárgerð? og má þó vart við því. Það hlýtur að vera eitt af stóru hlutverkum Ríkisútvarpsins að efla íslenska dagskrárgerð en ekki að skera hana niður. Ef við leggjum saman allar þessar upplýsingar þá blasir við að líklega þarf að skera þarna niður um 15–20%.

Frú forseti. Það er rétt að fara yfir fleiri þætti í frumvarpinu sem hér liggur fyrir. En aðeins um sjálfstæðið, sem hæstv. menntamálaráðherra fjallaði örlítið um í ræðu sinni áðan og í nokkrum andsvörum. Hún vakti athygli á því að verið væri að stórauka sjálfstæði stofnunarinnar. Því miður, frú forseti, verður að draga í efa að svo sé. Ég hef farið yfir fjárhagslega þætti og niðurstaðan af því er ekki sú að sjálfstæði stofnunarinnar muni aukast. Það felst ekkert sjálfstæði í því að stofnunin taki við miklum rekstrarvanda og haldi þannig áfram.

Til viðbótar er rétt að vekja athygli á, eins og hv. þm. Mörður Árnason gerði í ágætri framsöguræðu sinni áðan, stjórn Ríkisútvarpsins ohf. Hún verður að sjálfsögðu ekki algerlega óháð. Hún eykur ekki sjálfstæði stofnunarinnar vegna þess að hún verður kosin árlega hlutfallskosningu á Alþingi. Hún verður þar með tengd meiri hlutanum á Alþingi hverju sinni. Það er ekki einu sinni reynt að milda þetta ákvæði, t.d. með því að stjórnin verði kosin til fjögurra ára og þá ekki látin fylgja kjörtímabili heldur í fjögur ár þannig að hún geti lifað mismunandi meiri hluta á þingi. Þar með mundi sjálfstæði hennar aukast. Nei, þetta er ekki gert. Stjórnin á síðan að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum. Stjórnin, sem er undir þessum árlega þrýstingi, hefur því í för með sér stöðugan þrýsting á útvarpsstjóra. Hann er ekki einu sinni bundinn því, eins og flestir forsvarsmenn ríkisstofnana, að vera ráðinn til ákveðins tíma. Útvarpsstjóri þarf líka að vera háður því að hægt sé að segja honum upp fyrirvaralítið. Þar með er því komin bein tenging við þennan mikla valdamann í stofnuninni, við meiri hlutann á Alþingi hverju sinni. Það er ekki einu sinni reynt að skera á þetta.

Varnaglarnir eru alls staðar hjá þeim hinum sömu og tala um að nauðsynlegt sé að auka sjálfstæði stofnunarinnar. Hvernig stendur á því að þeir ganga ekki alla leið í að auka sjálfstæði stofnunarinnar? Það eru auðvitað ýmsar leiðir til þess, innan þessa forms sem sami meiri hluti hefur ákveðið, að auka sjálfstæðið. En það er eins og það sé ekki áhugi á því, hvorki þegar litið er til fjárhagsins, kosningar stjórnar eða ráðningar útvarpsstjóra.

Frú forseti. Ég minntist á það áðan að við í menntamálanefnd hefðum í fyrra fengið ágæta umsögn frá útvarpsstjóra sjálfum. Ég held að ég hafi farið þokkalega yfir það en þó mætti rifja örlítið upp, með því að vitna orðrétt í umsögn útvarpsstjóra, það sem þar segir varðandi hallareksturinn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Um langt árabil hefur verið verulegur halli á rekstrinum og er eigið fé stofnunarinnar neikvætt. Á þessu er nauðsynlegt að taka áður en nýtt hlutafélag verður skráð.“

Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir er ekki að sjá að á nokkurn hátt hafi verið tekið á þessu. Að vísu kom yfirlýsing frá hæstv. ráðherra um 10–12% eiginfjárhlutfall, þrátt fyrir að endurskoðendur stofnunarinnar hefðu talið að það mætti ekki vera lægra en 30%. Þar er þó gengið örlítið lengra en segir í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem talaði um að það yrði a.m.k. 5 millj. kr. Það segir að sjálfsögðu ekkert um hve hátt það fer. En það er eiginlega með ólíkindum að þrátt fyrir alla umræðuna í menntamálanefnd og hér í þingsal í fyrra varðandi þetta atriði skuli þessu ekki hafa verið breytt, a.m.k. í þá veru sem hæstv. ráðherra sagði að tryggt yrði, að það yrði 10–12%. Það væri þó í áttina.

Mig langar að vitna aðeins meira í umsögn útvarpsstjóra þannig að hæstv. menntamálaráðherra átti sig á því að það eru ekki bara örfáir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem vakið hafa athygli á stöðu Ríkisútvarpsins. Útvarpsstjóri segir sjálfur, með leyfi forseta, aðeins aftar:

„Þessum taprekstri verður ekki mætt einvörðungu með hagræðingu.“ — Þrátt fyrir að rekstrarformi verði breytt og unnt að hagræða meira, trúlega með því að fækka fólki, segir útvarpsstjóri að það verði ekki nægjanlegt og eitthvað meira þurfi að koma til. — „Á undanförnum árum hefur Ríkisútvarpinu tekist að hagræða verulega í rekstri, enda ítrekað verið farið ofan í rekstur einstakra deilda. Ekki verður séð að hægt sé að ganga mikið lengra á því sviði án þess að skerða þjónustuna.“

Þetta segir útvarpsstjóri. Það er því eðlilegt að við spyrjum, frú forseti, hæstv. menntamálaráðherra: Hvaða þjónustu ætlar hæstv. ráðherra sér að skerða, eða á að bæta fjárhagsstöðu stofnunarinnar á einhvern hátt?

Útvarpsstjóri nefnir fleira og ég ætla að leyfa mér að vitna a.m.k. einu sinni enn í umsögn hans sem send var til menntamálanefndar. Útvarpsstjóri heldur áfram, með leyfi forseta:

„Þá er ýmis kostnaður þess eðlis að litlu verður um hnikað auk þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að öllum starfsmönnum verði boðið starf hjá hinu nýja félagi. Loks ríkir mikil óvissa með ýmsa kostnaðarliði. Taprekstrinum verður því einnig að mæta með tekjuaukningu.“

Frú forseti. Útvarpsstjóri telur að mæta verði taprekstrinum með tekjuaukningu. Sú tekjuaukning er hvergi í frumvarpinu. Ekkert hefur breyst í frumvarpinu að því leyti frá því að útvarpsstjóri ritaði þetta bréf. Það hlýtur því að teljast, frú forseti, málefnaleg umræða að velta fyrir sér hvernig hæstv. ráðherra sjái fjárhagslega stöðu stofnunarinnar til framtíðar. Það er ekki nægjanlega málefnalegt, frú forseti, að hæstv. ráðherra vísi eingöngu til þess að breyta eigi rekstrarforminu. Það er ekki málefnaleg umræða um fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Það nægir ekki og ég hef vitnað í útvarpsstjóra sjálfan sem telur það heldur ekki nægja.

Ég hef áður minnst á eiginfjárhlutfallið, sem hæstv. ráðherra nefndi einnig. Endurskoðendur Ríkisútvarpsins telja að það þurfi að vera a.m.k. 30%. Ég er klár á því að um það má auðvitað deila en það er eðlilegt að það verði rætt betur í menntamálanefnd. Gerð var tilraun til þess í fyrri störfum en prósentutalan frá ráðuneytunum, um 10–12% eiginfjárhlutfall, kom ekki fyrr en í lok umfjöllunar nefndarinnar, jafnvel eftir að nefndin var búin að skila af sér þótt ég þori ég ekki alveg að fullyrða það. En það var rétt um það bil á síðasta fundi nefndarinnar að þær tölur voru ljósar og um þær varð engin umræða frekar en um ýmsa aðra þætti sem fengust í raun ekki ræddir. Það fékkst t.d. ekki rætt hvort hægt væri að velta fyrir sér einhverju öðru rekstrarformi, sjálfseignarstofnunarforminu sem dæmi. Um það fékkst engin umræða. Því var bara ýtt út af borðinu af meiri hluta nefndarinnar með því að segja að það kæmi bara ekki til greina og væri ekki til umræðu.

Þetta form var hið eina sem meiri hlutinn vildi tala um. Minni hlutinn mátti benda á það sem betur mætti fara og vissulega tók meiri hlutinn tillit til ýmissa slíkra þátta, sem blöstu augljóslega við þegar búið var að fara yfir málið en ég er sannfærður um að við hefðum náð fram betra frumvarpi ef því hefði verið haldið lengur í umræðunni.

Einn mjög stór þáttur í þessu máli er tekjuöflunin, þ.e. nefskatturinn. Um hann fékkst engin umræða. Ég ætla að ræða aðeins um hann í lok ræðu minnar en áður vil ég þó örlítið minnast á stærra mál en svo að ég muni gera því fyllilega skil. En það eru réttindi starfsmanna. Ég vænti þess að um það verði betur fjallað af öðrum hv. þingmönnum.

Það blasti við okkur í menntamálanefnd í fyrra þegar búið var að fara yfir réttindi starfsmanna — til þess var gefinn nokkur tími og við fengum fulltrúa á fund nefndarinnar sem fóru býsna vel yfir málið — að meiri hluti nefndarinnar hafði engan áhuga á að tryggja stöðu starfsmannanna betur en gert er í frumvarpinu, þrátt fyrir að hin stóru samtök BSRB og BHM hafi sameiginlega bent á að farið væri á svig við ákveðin lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Fulltrúar þeirra skildu í raun ekki frekar en við, og það er rétt að það komi fram, hvernig á því stæði að meiri hluti Alþingis hefði ýmislegt við þau lög að athuga en virtist ekki treysta sér til að koma hér hreint fram og leggja fram breytingartillögur við þau lög eða reyna að semja um það við starfsmenn ríkisins hvernig breyta megi þessum lögum þannig að meiri hlutinn sé sáttur við þau. Þess í stað er farin sama leið og í hvert skipti sem slík breyting er gerð á rekstrarformi, þ.e. farið á svig við lögin þótt lögin kveði alveg skýrt á um hvernig að þessu skuli staðið.

Frú forseti. Ég sagði að mikilvægt væri að tryggja tekjustofna stofnunar eins og Ríkisútvarpsins. En eins og ég hef rakið hefur þess ekki verið gætt. Það hefur ekki verið samhengi á milli þess sem ætlast hefur verið til af stofnuninni og þeirra tekna sem stofnunin hefur fengið. Þess vegna hefur þróunin verið sú sem ég benti á. Leiðin sem meiri hlutinn og hæstv. ráðherra velja í frumvarpinu, nefskatturinn, er þó að ýmissa mati, og við erum þeirrar skoðunar í stjórnarandstöðunni, afar óheppileg. Við teljum margar mun vænlegri leiðir til þess að tryggja tekjurnar. Hún er að vísu einföld, þessi nefskattsaðferð, en hún skilar sér ekki eins og eðlilegt getur talist, þ.e. jöfnuður gagnvart fólki er ekki tryggður.

Við fengum afar athyglisvert bréf frá ríkisskattstjóraembættinu varðandi þetta mál. Þar kom ýmislegt fróðlegt fram sem ég hef ekki tíma til, frú forseti, að fara yfir í ræðu minni. En ríkisskattstjóraembættið, sem auðvitað hefði verið eðlilegt að ráðgast við áður en ráðist væri í svo viðamikla breytingu, bendir á ýmsa vankanta. Ríkisskattstjóri fer síðan í skemmtilega sögulega upprifjun á nefsköttum en kemst að þeirri niðurstöðu, sem er reyndar mjög skýr og raunar afar sérstakt að slíkt komi frá orðvörum embættismönnum. Í niðurlagi umsagnar ríkisskattstjóra segir, með leyfi forseta:

„Með vísan til alls framangreinds verður ekki hjá því komist að draga í efa að sú tillaga frumvarpsins að afla Ríkisútvarpinu tekna með álagningu nefskatts sé heppileg."

Það er eðlilegt að draga í efa að aðferðin sé heppileg. Þetta er afar embættismannslegt orðalag en með öðrum orðum eru til miklu heppilegri leiðir til að gera þetta. Hægt væri að fara fjölmargar leiðir. Afnotagjöldin hafa verið notuð en þau hafa verið óvinsæl, líklega vegna þess að þau eru mun hærri en í öðrum löndum þar sem sú aðferð hefur verið notuð. En það er þekkt aðferð sem hefur bæði kosti og galla. Bent hefur verið á að fjármagna megi stofnunina með beinum framlögum úr ríkissjóði með þjónustusamningi hennar við ríkið eins og gert er með ýmsar opinberar stofnanir. Það er líka einföld leið en hún hefur þann galla að meiri hluti á þingi, sem er viðkvæmur fyrir því sem gert er í stofnuninni, gæti minnkað fjárframlög eða sleppt því að auka þau, eins og færa má rök fyrir að hafi verið gert með afnotagjöldin. Þau hafa auðvitað verið háð því að hækkanir í samræmi við verðlagsþróun í landinu yrðu samþykktar. Þar munar vitanlega allverulegu.

Bent hefur verið á að nota mætti hluta af tekjuskattinum til að afla þessara tekna. Margt bendir til þess að það væri ein heppilegasta leiðin. Bent hefur verið á að tengja þetta við fasteignagjöld sem hefði einnig ákveðna galla eins og flest af þessu. En það er lágmarkskrafa að menntamálanefnd gefi sér tíma til að fara yfir málið að þessu leyti og kanni hvaða leið er vænlegust og réttlátust þannig að ná megi sem allra mestri sátt um tekjuöflun Ríkisútvarpsins.

Auðvitað væri nauðsynlegt að ná sem mestri sátt um frumvarpið í heild sinni (Forseti hringir.) en því miður skortir meiri hlutann áhuga á því.

[20:59]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eins með þessa ræðu og aðrar sem fluttar hafa verið hér í dag að hún hljómaði nokkuð kunnuglega, enda höfum við rætt málið þó nokkuð oft. Það var eitt atriði sem ég hnaut um og mér þótti einkennilegt en það var þegar hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði að þessi setning í 1. gr. frumvarpsins hefði ekki neitt gildi, hún væri merkingarlaus sem slík. Þetta skrifaði ég orðrétt eftir hv. þingmanni og hann leiðréttir mig þá ef hann hefur verið að hugsa um eitthvað annað.

Mér þykir þetta mjög einkennilegt vegna þess að að fyrstu greinar í lögum eru þýðingarmiklar, eins og reyndar allar greinar í lögum, en mér finnst mjög ódýrt að afgreiða 1. gr. frumvarpsins á þennan hátt. Við vitum að við núverandi aðstæður eins og lögin eru í dag er mjög auðvelt að setja verðmiða á Ríkisútvarpið og selja það með manni og mús með einfaldri heimild í fjárlögum, það er ekkert flóknara en það. (Gripið fram í.) Ef meiri hluti væri fyrir því á Alþingi væri löngu búið að selja Ríkisútvarpið. Mér finnst því ódýrt að afgreiða þetta svona vegna þess að við erum að setja inn þessa skýru grein að það standi ekki til og sé ekki heimilt að selja Ríkisútvarpið. Hér er náttúrlega í gangi ákveðinn hræðsluáróður. Það er verið að reyna að stimpla inn óvissu og óöryggi hjá fólki og ef það er gert nógu oft og fjölmiðlar fara að lepja það upp þá vonast auðvitað hv. stjórnarandstaða til að fólk fari að trúa þessu.

Ég fullyrði að það stendur ekki til að selja Ríkisútvarpið og ég mun ekki gefast upp á að ítreka það hér í ræðustól.

[21:01]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var auðvitað ekki að gera lítið úr 1. gr. sem slíkri heldur að vekja athygli á setningunni sem eignuð er Framsóknarflokknum og hv. þingmaður er stöðugt að vekja sérstaka athygli á. Svo það fari ekkert á milli mála, hv. þingmaður, á ég við setninguna „Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil." En fyrsta setningin segir það sem segja þarf: „Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins." Þessum lögum þarf því að breyta ef einhver breyting verður á því eignarhaldi íslenska ríkisins. Setningin sem kemur á eftir skaðar að sjálfsögðu ekki neitt en hún bætir engu við eins og ég hélt að hv. þingmaður hefði heyrt ýmsa merka lögspekinga segja á fundi menntamálanefndar í fyrra.

Ég ætla hins vegar ekki að dvelja meira við þetta vegna þess að ég er hvorki að gera meira né minna úr þessari setningu en efni standa til, hún skiptir engu máli en það er mér algjörlega að meinalausu að hún sé þarna inni.

Það vakti hins vegar athygli mína áðan og ég gleymdi því eða kom því ekki að í ræðu minni að hv. þingmaður sagðist treysta þingmönnum framtíðarinnar til að sjá til þess að Ríkisútvarpið yrði ekki selt. Nú vill svo til, frú forseti, að hv. þingmaður hefur nýlega gefið yfirlýsingu um að hún hafi ekki hugsað sér að vera einn af þingmönnum framtíðarinnar. Hv. þingmaður mun því ekki ætla sér að vera hluti af þeim þingmönnum sem hún treystir til að gera þetta. Það skyldi þó ekki vera að það væri hluti af ákvörðun hv. þingmanns að hún telji að það séu meiri líkur en minni á því að gæti hún þurft að standa við þessi orð og treysti sér hreinlega ekki til þess?

[21:03]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson má eiga hrós skilið fyrir að koma þó með nýjan punkt í þessa umræðu sem ekki hefur verið gert hér í dag. Það er gaman að hér skuli vera einhver smá fjölbreytni í gangi.

Ég vil byrja á að svara því sem hann segir, að setningin sem slík skaði ekkert og honum finnist ágætt að hafa hana inni. Ég er sammála honum í því. Varðandi orð mín um það að ég treysti þingmönnum framtíðarinnar og hvort þetta mál sé ástæðan fyrir því að ég gef ekki kost á mér til áframhaldandi setu á Alþingi, þá er það stórlega ofmetið. Ég fullvissa hv. þingmann um að það er ekki ástæðan fyrir því að ég hef ekki hug á að sitja hér áfram um sinn, enda hef ég gefið það út að ég útiloki ekki endurkomu. Ég álít bara að það sé enginn pólitískur vilji fyrir því að selja Ríkisútvarpið og ég treysti þingmönnum framtíðarinnar. Ég held að þeir hv. þingmenn verði ávallt í mjög miklum minni hluta sem hafa hug á því að selja Ríkisútvarpið. Kannski svipuð tala og við sjáum í dag, tveir þingmenn. (Gripið fram í.) Einn hefur dregið sig til baka.

En ég endurtek að ég get fullvissað hv. þingmann um að það frumvarp sem við fjöllum um hér á engan þátt í ákvörðun minni og ég get staðið fyllilega við það að minn flokkur og þeir stjórnarflokkar sem nú eru við völd munu ekki standa að sölu Ríkisútvarpsins í framtíðinni.

[21:05]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að þetta frumvarp hefur ekki þær afleiðingar í för með sér að fólk hætti þingmennsku í stríðum straumi. En það væri eiginlega svolítið skemmtilegt ef einhver hv. þingmaður Framsóknarflokksins sýndi þann dug að leggja hreinlega þingsæti sitt að veði gagnvart svona máli vegna þess að svo mjög hefur afstaða flokksins breyst að full ástæða væri til þess að einhver hv. þingmaður hans gengi hreinlega svo langt.

Það má hins vegar ekki gera lítið úr því að hv. þingmaður er mjög lifandi í umræðunni og það er auðvitað fagnaðarefni því að við höfum oft saknað Framsóknarflokksins sérstaklega í þessari umræðu. Það er gleðiefni að einn hv. þingmaður flokksins skuli leggja það á sig að vera á formannsvakt í umræðunni. Það vekur sérstaka athygli, ég hafði eiginlega ekki áttað mig á því, frú forseti, að formaður nefndarinnar hefur lítið sem ekkert sést í umræðunni. Það er eitthvað öðruvísi en áður var því ef ég man rétt var hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson afskaplega lifandi í umræðum en hann hefur líklega einhverjum öðrum hnöppum að hneppa þessa dagana. Það er augljóst að það er farið að setja svip á þingstörfin, eðlilega kannski, að ýmsir eru að berjast og hafa ekki gefið svipaðar yfirlýsingar og hv. þingmaður og þurfa þess vegna að sinna slíku. Það er ekkert skrýtið með hv. þingmenn sem hafa miklar hugsjónir í þessu máli. Það vill svo til að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er einn þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem hefur

viljað selja Ríkisútvarpið. Það skyldi þó ekki vera að hv. þingmaður sé að vekja athygli á því í sínum hópum að hann (**Gripið fram í:** Varaformaðurinn er hér.) sé þeirrar skoðunar enn? Það er rétt, hv. þingmaður, að það er hlutverk varaformanns að taka við hlutverki formanns þegar formaður getur ekki sinnt því og það er auðvitað fagnaðarefni (Forseti hringir.) að Framsóknarflokkurinn skuli enn hafa burði í sér til þess.

[21:07]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér í þriðja sinn á jafnmörgum þingum frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, í þetta sinn er það frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Ég vil fá að nota fyrstu setningar ræðu minnar til að lýsa þeirri skoðun minni að ég hefði talið, eins og ég sagði fyrr í dag þegar við ræddum fundarstjórn forseta, að það hefði verið betri svipur á því ef við hefðum tekið fyrst til umræðu frumvarpið um starfsumhverfi fjölmiðla sem dreift hefur verið í þinginu og stendur einnig til að mæla fyrir þegar þessari umræðu um Ríkisútvarpið og síðan Sinfóníuna lýkur.

Það hefði farið betur á því, virðulegi forseti, ef við hefðum gert þetta þannig því að þá hefðum við náð að ræða um framtíðarskipan í heildarumhverfi fjölmiðla á Íslandi og þar með náð að afgreiða þá umræðu og kannski að skýra línurnar í þessu öllu svolítið um leið. Við hefðum tekið hlutina í réttri röð, ef svo má segja, og hefðum þá náð að ræða m.a. þessa ágætu skýrslu, skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla sem kom út í apríl árið 2005. Þar liggur fyrir mikið efni sem þarf að ræða, mikilvægt mál sem þarf að ræða og að sjálfsögðu heyrir Ríkisútvarpið undir þá umræðu að stórum hluta þrátt fyrir að sú nefnd sem vann þessa ágætu skýrslu hafi í raun fengið hálfgildings fyrirmæli um það frá menntamálaráðherra að hún ætti ekki að ræða málefni Ríkisútvarpsins. Ég kannast mjög vel við það því að ég var einn af þeim sem sátu í þeirri nefnd.

Gott og vel. Við erum sem sagt byrjuð að ræða í þriðja sinn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Einhvers staðar segir svo, nokkurn veginn a.m.k., að þegar Íslendingar deila um hluti og þeir komast að kjarna málsins setji menn yfirleitt hljóða. Það er eflaust svolítið til í þessu og ég held að þetta eigi kannski vel við hér. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór áðan yfir fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins eins og hún lítur út í dag. Þar komu fram upplýsingar sem ég hygg að þingheimur hafi ekki vitað um, til að mynda í fyrra þegar við ræddum málefni Ríkisútvarpsins.

Eftir að hafa litið aðeins yfir þessar tölur og skoðað hvernig fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins er núna er þá er mér verulega illa brugðið. Ég sakna þess mjög, eins og bent hefur verið á af ræðumönnum sem hafa talað á undan mér, að hvergi nokkurs staðar sjáist nein merki þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn hafi einhverja skýra framtíðarsýn um það hvernig leysa eigi úr þeim mikla fjárhagsvanda sem stofnunin á við að glíma. Þessi stofnun er í raun og veru gjaldþrota, hún er á hausnum. Og að ætla að fara að stofna hlutafélag með 5 millj. kr. hlutafé fyrir svona stóra stofnun sem er á hvínandi kúpunni er mikið ábyrgðarmál og mjög alvarlegur hlutur.

Við getum svo sem farið aðeins yfir þetta aftur. Ég held að það sé alveg rétt að hamra svolítið á því hvernig staðan hefur hríðversnað hjá þessu fyrirtæki sem ávallt hefur verið fremsta fjölmiðlafyrirtæki þjóðarinnar og er það enn í dag, afskaplega dýrmætt þjóðardjásn, hvernig staða þessa fyrirtækis hefur hríðversnað á örfáum undanförnum árum, einmitt á þeim árum sem núverandi ríkisstjórnarflokkar, sem vilja keyra þetta frumvarp í gegn núna, hafa verið við völd.

Árið 1994 var eigið fé Ríkisútvarpsins hvorki meira né minna en 2,7 milljarðar kr. Það voru engar langtímaskuldir á fyrirtækinu. Skammtímaviðskiptaskuldir voru þá 400 milljónir, viðskiptakröfur voru einnig 400 milljónir. Með öðrum orðum, virðulegi forseti, þetta var ákaflega sterkt fyrirtæki sem stóð afskaplega vel, mjög sterk staða í blómlegum rekstri, og það var full eining og sátt um fyrirtækið eða svona nokkurn veginn. Það voru að vísu komnar upp raddir um að þjarma ætti að því. Þær raddir heyrðust úr herbúðum Sjálfstæðisflokksins og eflaust kann einhver að verða hissa við að heyra það en þannig var það.

Tíu árum áður höfðu geisað verkföll, verkföll hjá Blaðamannafélaginu og Ríkisútvarpinu haustið 1984. Þá gerðist það í þessu verkfalli að menn settu á fót ólöglegar einkastöðvar, fóru að reka ólöglegar einkastöðvar. Það var bannað að reka slíkar stöðvar, Ríkisútvarpið hafði einkaleyfi á því að stunda útvarpsrekstur á Íslandi þegar þetta var. Þessar stöðvar fóru í loftið. Yfirvöld, stjórnvöld sem eiga að sjá til þess að lögum sé framfylgt í landinu, reyndu náttúrlega að bregðast við þessu og það voru ýmsar uppákomur í kringum þetta. Meðal annars sagði maður nokkur þá, sem í dag er dómsmálaráðherra, eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Við sem vildum ekki sætta okkur við að ríkið sæti eitt að útvarps- og sjónvarpsrekstri vorum hundelt af lögreglunni."

Þetta er haft eftir Birni Bjarnasyni, núverandi dómsmálaráðherra. Þarna var hann í hlutverki lögbrjóts og viðurkennir með þessum hætti að hann hafi komið að rekstri ólöglegra útvarpsstöðva á þessum tíma.

Gott og vel. Síðan var ákveðið að aflétta þessum einkarekstri Ríkisútvarpsins á rekstri hljóðvarps og sjónvarps árið 1985 og árið 1986 fór fyrsta einkastöðin í loftið, Íslenska útvarpsfélagið hóf útsendingar. En eins og ég sagði áðan var staðan hjá Ríkisútvarpinu, þrátt fyrir að hafa fengið þessa samkeppni fyrir tíu árum, afskaplega sterk, gríðarlega sterk, eigið fé var 2,7 milljarðar.

Þarna fór að syrta í álinn. Einmitt um það leyti sem núverandi ríkisstjórnarmeirihluti tók við byrjuðu menn að þjarma að Ríkisútvarpinu. Björn Bjarnason var orðinn menntamálaráðherra í apríl árið 1995 og þá lýsti hann því yfir að stefna eigi að því að jafna aðstöðumun ríkisstöðva og einkastöðva. Þetta sagði hæstv. menntamálaráðherra fyrir ellefu árum síðan.

Árið 1995 voru lífeyrisskuldbindingar lagðar af fullum þunga á Ríkisútvarpið. Í sjálfu sér voru engin haldbær rök fyrir því að gera það. En þetta var nú samt gert. Afnotagjaldið hefur hækkað mun minna en verð og launaþróun allar götur frá þessum tíma, þ.e. Ríkisútvarpið var sett í skrúfstykki. Tekjumöguleikar þess voru skertir. Lífeyrisskuldbindingarnar sem fóru á Ríkisútvarpið árið 1995 eru

nú komnar upp í 2,6 milljarða.

Eins og nefnt var áðan var farið út í miklar fjárfestingar árið 1999. Þetta voru nauðsynlegar fjárfestingar. Ég þekki það vel. Þarna var ég að vinna á fréttastofu Sjónvarps og ég vann m.a. í gamla húsnæðinu á Laugavegi. Þar var Ríkissjónvarpið orðið afskaplega aðþrengt. Það hafði verið fjársvelt í mörg ár, litlu fé varið til að mynda til endurnýjunar og tækjakaupa. Ríkissjónvarpið allt bjó við afskaplega bágan kost. Það var í rauninni löngu kominn tími til að Ríkissjónvarpið yrði flutt upp í Efstaleiti þar sem það átti að vera og þar sem það er í dag. Þar var húsnæði fyrir hendi sem stóð lengi nánast fokhelt og ekkert var gert í þeim málum. Á meðan drabbaðist tækjabúnaður og annað niður á Laugaveginum. Það kostaði því afskaplega mikið fé að flytja sjónvarpið. Því um leið og sjónvarpið var flutt þurfti að endurnýja mjög mikið af tækjabúnaði. Það var keyptur mjög góður tækjabúnaður. Það var vel staðið að þeim flutningum.

Maður skyldi nú ætla, af því að þetta var ríkisfyrirtæki, að þetta hefði verið fjármagnað úr ríkissjóði af fjárlögum. Ríkisútvarp, ríkissjónvarp allra landsmanna. Nei. Það var ekki gert. Þetta var fjármagnað með langtímalánum. Reikningurinn fór upp í 1 milljarð. Þetta leiddi náttúrlega til þess að skuldir fyrirtækisins jukust mjög mikið.

Ef við lítum á hluti eins og rekstrarkostnaðinn við Ríkisútvarpið þá hefur hann hækkað jafnt og þétt eftir því sem árin hafa liðið. En það hefur yfirleitt haldist í hendur að dagskrárgjöld og afnotagjöld hafa nokkurn veginn náð að dekka kostnaðinn, sjálfan rekstrarkostnaðinn.

Nú, árið 2006, er staðan þannig, virðulegi forseti, eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson benti á áðan, að eigið fé Ríkisútvarpsins er horfið og það er neikvætt um 200 millj. Söluhæfar eignir duga vart fyrir langtímaskuldum. Viðskiptakröfur nema 700 millj. kr. en viðskiptaskuldir eru 1,7 milljarðar. Þar af á ríkissjóður 900 millj. Rekstrarfé fyrirtækisins er neikvætt um milljarð. Þetta segir manni náttúrlega að fyrirtækið er á hausnum.

Þess vegna finnst mér það mikið ábyrgðarmál að koma með þetta frumvarp um breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins þegar það liggur hvergi fyrir á neinn hátt hvernig eigi að fara að því að koma Ríkisútvarpinu út úr þessari alvarlegu kreppu.

Mér sýnist í fljótu bragði að fyrirtækið þurfi 1–2 milljarða af beinni innspýtingu í peningum til að rétta það af. Það er hvergi hægt að heyra á málflutningi stjórnarliða að þeir hafi uppi neinar áætlanir um að gera það. Þá hlýtur maður að velta fyrir sér: Hvað gerist ef þetta frumvarp verður að lögum eins og staðan er núna? Að það hafi verið *búið til hlutafélag með 5 millj. í hlutafé*?

Það hlýtur að verða þannig, virðulegi forseti, að hér verði skorið alvarlega niður eða það verði reynt að selja eignir með einhverjum hætti. Þótt það standi reyndar hér að sala félagsins eða hluta þess sé óheimil. Eitthvað þarf að gera. Það væri mjög gott að fá að heyra frá stjórnarliðum og kannski frá hæstv. menntamálaráðherra hvað sé nú í hendi til þess að hægt sé að rétta af hag Ríkisútvarpsins og tryggja því góðan rekstrargrundvöll í framtíðinni. Sjá til þess að hér verði til öflugt hlutafélag, vel stætt hlutafélag með góða eiginfjárstöðu og skuldir sem hægt er að afbera. Hvað hyggjast stjórnvöld gera til að ná slíku markmiði sem hlýtur að vera eðlilegt markmið og eðlileg krafa? Ég held það hljóti að vera eðlileg krafa hjá okkur öllum sem sitjum á Alþingi og eigum að fjalla um þessi lög, eðlileg krafa hjá okkur að við heimtum það úr hendi ráðherra hæstv. að fá að vita þetta. Öðruvísi getum við alls ekki gengist undir það að samþykkja eitthvert frumvarp í þessa veru. Það verður fyrst að leysa úr þessum vanda áður en við förum að gera eitthvað annað.

Þetta er meginástæðan, virðulegi forseti, fyrir því að þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur tekið þá afstöðu að leggjast eindregið gegn þessu frumvarpi. Vegna þess, eins og ég segi, að Ríkisútvarpið er á hausnum og við förum ekki að taka þá áhættu að hreyfa við rekstrarforminu þegar staðan er jafnslæm og raun ber vitni. Það kemur ekki til mála. Fyrst verðum við að leysa úr þessum vanda. Við verðum að fá að vita hvað eigi að gera til að greiða úr honum. Því við viljum sjá hér áfram Ríkisútvarp, öflugt sterkt útvarp í almannaþágu. Það hefur ávallt verið mjög sterk krafa hjá okkur í Frjálslynda flokknum að hér yrði áfram öflugt ríkisútvarp.

Við höfum lagt fram þingmál um þetta. Síðast þingsályktunartillögu sem var lögð fram á 130. löggjafarþingi 2003–2004, þar sem við ályktuðum að kosin yrði nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Það yrðu gerðar hér ákveðnar breytingar. En hryggjarstykkið, grundvöllurinn í því yrði samt sem áður að Ríkisútvarpið ætti að vera áfram til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign. Hér yrðu almannahagsmunir settir algerlega í fyrsta sæti.

Það er okkar bjargfasta trú enn þann dag í dag, virðulegi forseti, að Ríkisútvarpið sé alger hornsteinn í íslenskum fjölmiðlum. Þegar við lítum á íslenska fjölmiðla og skoðum hvernig hinir svokölluðu frjálsu fjölmiðlar hafa verið að þróast þá verð ég að segja að þar er margt sem hræðir. Ríkisútvarpið er í mínum huga eini sjálfstæði fjölmiðillinn sem er til á Íslandi í dag. Eini algerlega sjálfstæði og óháði fjölmiðillinn sem til er á Íslandi í dag. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur sem íslenska þjóð til framtíðar, fyrir okkur sem menningarþjóð, fyrir menningararf okkar og annað þar fram eftir götunum. Það er mjög mikilvægt að okkur takist að verja Ríkisútvarpið, að það verði áfram þjóðareign og veiti hinum fjölmiðlunum sem eru í eigu einkaaðila þannig jafnframt nokkurs konar aðhald. Það eru fjölmiðlar sem geta breyst frá degi til dags, fjölmiðlar sem oft er hægt að nota til að mynda af eigendum þeirra til að halda á lofti ákveðnum sjónarmiðum og viðhorfum, pólitískum viðhorfum ekki síst. Það er mjög mikilvægt að við höfum hér sterkan miðil í þjóðareign sem getur nokkurn veginn gætt hlutleysis. Fjölmiðil þar sem öll sjónarmið geta komist að og fengið að njóta sín. Það er mjög mikilvægt að þetta verði svona til framtíðar. Á þetta leggjum við algera ofuráherslu.

Við höfum í sjálfu sér ekki verið andvíg því í Frjálslynda flokknum að skoða breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins eins og fram kom í *þingsályktunartillögunni* sem ég nefndi hér áðan. En eins og ég segi, við getum ekki farið út í þetta verk núna þegar við sjáum hve Ríkisútvarpið er illa statt fjárhagslega og við fáum ekki að vita neitt um hvað hugsanlega eigi að gera til að reyna rétta af hina

skelfilegu stöðu fyrirtækisins. Við fáum ekki að vita neitt hvaða hugmyndir menn hafa um að skera niður sem mér sýnist að sé alveg borðliggjandi að þurfi að gera ef það koma ekki peningar inn í þetta fyrirtæki úr ríkissjóði. Þá verður að skera mjög harkalega niður.

Það eru algerlega orðin tóm að skrifa hér upp á einhvern þjónustusamning með loforðum um að það eigi að fara út í meiri innlenda dagskrárgerð og annað þar fram eftir götunum. Mér finnst það algerlega orðin tóm þegar við sjáum hvernig staðan er á fyrirtækinu. Það er í raun og veru tómt píp. Við verðum að fá að vita hvernig eigi að koma fyrirtækinu úr þessari úlfakreppu. Mér þætti mjög vænt um að fá að heyra það frá hæstv. ráðherra í þessari umræðu nú, fyrstu umræðu þessa máls, hvað eigi að gera. Við náum ekki að tvöfalda textun sjónvarpsefnis, auka íslenskt sjónvarpsefni um 50%, sjá til að hljóðvarpsdagskrárgerð minnki ekki og gera margt annað sem er mjög dýrt. Við náum ekki að gera þetta eins og fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins er í dag. Það er ósköp einfalt. Þetta er ekkert flóknara en það.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki ómálefnaleg umræða eins og hæstv. menntamálaráðherra sagði hér áðan, alls ekki. Við erum einfaldlega að benda á staðreyndir. Séu þessar staðreyndir rangar þá hvet ég hæstv. ráðherra að leiðrétta okkur og leiðrétta þá þennan misskilning. Ef það er svo að staða Ríkisútvarpsins er miklu sterkari en hún virðist vera þá verðum við sem sitjum hér á Alþingi og erum með löggjafarvaldið í okkar höndum að fá skýlausar upplýsingar um það ekki seinna en strax.

Virðulegi forseti. Ég kom aðeins inn á það að Ríkisútvarpið í dag væri eini fjölmiðillinn á Íslandi sem í raun og veru er hlutlaus. Ég stend við það. Ríkisútvarpið hefur á margan hátt verið afskaplega góð stofnun hjá okkur Íslendingum. Við höfum borið gæfu til þess að eiga þetta fyrirtæki allar götur síðan 1930. Þetta fyrirtæki hefur skilað gríðarlega mikilvægu og merku verki í gegnum áratugina og verið mjög mikilvæg menningarstofnun, stofnun sem þjóðin hefur getað treyst á.

Ég hef alvarlegar athugasemdir við það hvernig stjórn þessa félags, ef af verður miðað við þetta frumvarp, verður skipuð. Ræðumenn sem hafa talað á undan mér hafa einnig bent á þetta. Ég tel að það sé ekki heillavænlegt að skipa fimm manna stjórn og jafnmarga til vara sem verða í raun og veru ekkert annað en pólitískir útsendarar sem eiga síðan að deila og drottna yfir Ríkisútvarpinu og það verði hægt að skipta þeim aðilum út á hverju ári ef mönnum sýnist svo. Mér finnst þetta ekki vera mjög gæfuleg stjórnarmyndun fyrir svona fyrirtæki. Að sjálfsögðu mun fyrirtækið þá um leið verða undir járnhæl ráðandi meiri hluta á Alþingi hverju sinni. Ég er ekki viss um að það sé mjög sniðugt.

Ég hefði gjarnan viljað sjá að stjórnin yrði skipuð fleiri aðilum og að sjálfsögðu að starfsmenn hefðu átt að eiga fulltrúa í þessari stjórn, þ.e. starfsmenn Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið býr yfir mjög miklum mannauð. Þar starfar margt afskaplega hæft fólk sem hefur mjög mikið vit á því sem það er að gera. Gerir sér góða grein fyrir því hvert hlutverk Ríkisútvarpsins er. Ég tel að fulltrúum þess starfsfólks sé fyllilega treystandi til að eiga aðild að stjórn stofnunarinnar í framtíðinni.

Við sjáum, virðulegi forseti, þegar við flettum þessu frumvarpi og förum að skoða hvernig þessum málum er háttað í öðrum löndum. Það er hér í fylgiskjali með frumvarpinu yfirlit yfir hvernig þessu er háttað í löndunum hér í kringum okkur. Þar sjáum við alls staðar að stjórnir ríkisútvarps- og sjónvarpsfyrirtækjanna í nágrannalöndunum eru miklu fjölmennari. Í stjórn Danmarks Radio sitja til að mynda 10 manns og þeir eru valdir til fjögurra ára í senn. Formaðurinn er tilnefndur af menntamálaráðherra, þrír eru skipaðir af menntamálaráðherra, sex eru kosnir á þinginu. Einn ráðsmaður er síðan fulltrúi starfsmanna stofnunarinnar.

NRK í Noregi, sem ég þekki nokkuð vel, er hlutafélag. Þar er útvarpsráðið skipað níu mönnum. Þar af eru þrír fulltrúar starfsmanna. Formaður, varaformaður. Fjórir ráðsmenn eru síðan valdir á aðalfundi NRK, norska ríkisútvarpsins og sjónvarpsins.

Í Svíþjóð er þetta þannig að þar skipar ríkisstjórnin 11 manna stjórn að fengnum tilnefningum frá þingflokkum. Formaður er skipaður til fjögurra ára. Aðrir eru skipaðir til átta ára. Skipuninni er háttað þannig að helmingi stjórnar er skipt út í kjölfar þingkosninga hverju sinni til að kosningaúrslitin endurspegli ekki stjórnskipunina á hverjum tíma.

Þetta tel ég að mörgu leyti ágætis útfærslu. Við sjáum svipaða hluti í Finnlandi, í Bretlandi og Hollandi. Í Hollandi eru 13 stjórnarmenn. Í Austurríki eru hvorki meira né minna en 35 stjórnarmenn. Að hluta eru þeir valdir eftir stærð flokkanna á þinginu. Sex eru valdir þannig. Níu eru síðan valdir af héraðsstjórnum. Gera mætti ráð fyrir að fulltrúar stærstu sveitarfélaganna mundu fá aðild að stjórn Ríkisútvarpsins hér á landi. Níu er valdir af ríkisstjórninni, sex af dagskrárráðinu og fimm eru starfsmenn stofnunarinnar. Í Austurríki eru sem sagt bæði fulltrúar þings, héraðsstjórna, sveitarfélaga með öðrum orðum, ríkisstjórnarinnar og einnig starfsmanna.

Ég hefði gjarnan viljað sjá slíka útfærslu á stjórn Ríkisútvarpsins í framtíðinni ef við viljum á annað borð skipta út því fyrirkomulagi sem við höfum í dag, sem er útvarpsráð.

Í þingsályktunartillögunni sem við í Frjálslynda flokknum lögðum fram á 130. löggjafarþingi höfðum við hugmynd um að sett yrði allfjölmennt útvarpsráð til að stjórna þessu fyrirtæki. Einhvers konar akademía, þ.e. 15 menn sem væru valdir af samtökum og stofnunum í samfélaginu, úr menningar- og listaheiminum, af fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknageiranum, af landsbyggðinni, frá almannasamtökum launþega og ef til vill af fleiri sviðum. Seta í útvarpsráði væri í raun mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða.

Í þetta ráð mundi einungis setjast hið hæfasta fólk. Við mundum, þótt það takist náttúrulega aldrei alveg, geta kúplað frá hina pólitísku stjórn sem hefur að vissu marki verið á Ríkisútvarpinu fram til þessa. Mér sýnist sem ríkisstjórnarmeirihlutinn ætli að leggja ofuráherslu á að slík stjórn verði áfram, sem á margan hátt er mjög slæmt fyrirkomulag. Stjórnin mun á hverjum tíma ráða hver verður útvarpsstjóri og útvarpsstjóri mun síðan ráða því hverjir fá að vinna hjá fyrirtækinu og það er bara þannig í þessum pólitíska hráskinnsleik að mönnum hættir yfirleitt til að ráða einhverja sem eru þeim nálægir í skoðunum, jafnvel í pólitískum skoðunum, jafnvel flokksfélaga. Við höfum séð það, virðu-

legi forseti. Reynslan kennir okkur að í íslensku þjóðfélagi hefur það yfirleitt verið með þeim hætti.

Varðandi nefskattinn, sem á að fjármagna þetta fyrirtæki, þ.e. halda því gangandi með einhverjum hætti þótt ljóst sé að nefskattur muni aldrei duga til að rétta af fjárhag Ríkisútvarpsins nema þar verði skorið allheiftarlega niður. Ég held að þessi skattur eigi eftir að verða mjög umdeildur. Ég er alls ekki búinn að sannfærast, þótt ég hafi setið fjölmarga fundi í menntamálanefnd þar sem við höfum haft þetta mál til umræðu og farið yfir það frá ýmsum hliðum, um að þetta sé fyrirkomulag sem einhver friður muni skapast um í framtíðinni. Alls ekki. Þetta verður jafnumdeilt ef ekki umdeildara en afnotagjaldið sem við höfum í dag.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég skil ekki hvers vegna í ósköpunum þarf að breyta þessu. Ég botna ekki í því hvernig í ósköpunum fólki dettur í hug að fara úr skatti sem er umdeildur yfir í skatt sem verður mjög umdeildur. Það finnst mér skrýtin pólitík. En sú pólitík er náttúrlega á ábyrgð þeirra sem hafa mælt fyrir þessu frumvarpi og barist fyrir því í þrjú ár að það nái fram að ganga og verði að lögum. Ég tel afskaplega misráðið af ríkisstjórnarmeirihlutanum að koma með þetta frumvarp inn í þingið rétt fyrir kosningar. Það er afskaplega misráðið og heimskuleg ákvörðun að taka þá áhættu að leggja frumvarpið fyrir þingið rétt fyrir kosningar.

Fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins er afskaplega bágborin. Ef þetta frumvarp verður að lögum án þess að nokkuð verði gert til að rétta af stöðu Ríkisútvarpsins er ljóst að gríðarlega miklar deilur verða um Ríkisútvarpið. Það verður umdeilt ef þeir sem taka að sér stjórn Ríkisútvarpsins munu frá fyrsta degi þurfa að skera heiftarlega niður, það er ljóst, segja upp starfsfólki, leggja niður deildir og annað þar fram eftir götunum. Það mun ekki ganga hljóðalaust fyrir sig.

Það mun heldur ekki ganga hljóðalaust fyrir sig ef hið nýja opinbera hlutafélag mun leggjast í að selja frá sér eignir, selja til að mynda útvarpshúsið, landið umhverfis útvarpshúsið. Ef það selur frá sér þessar eignir þá mun það ekki gerast án þess að miklar deilur verði um þær ráðstafanir.

Ég held, virðulegi forseti, að Ríkisútvarpið skipi það ríkan sess í þjóðarsálinni að fólki sé ekki sama. Ég hef heyrt þær raddir, sérstaklega hjá stjórnarliðum, að þetta sé ekki mikið mál og öllum sé nokkurn veginn sama um þetta Ríkisútvarp. Þetta frumvarp, hvers vegna í ósköpunum nennið þið að tuða um þetta ár eftir ár? Fólk hefur engan áhuga á þessu. Ég held að ríkisstjórnarmeirihlutinn vanmeti þjóðarsálina allhrikalega og hafi feilreiknað sig illa og misstigið sig. Ég held að það skipti í raun engu máli hvernig þetta mál fer núna. Segjum að það fari í gegnum 1. umr., fari inn í menntamálanefnd, komi aftur til 2. umr. og verði rætt aftur í þaula, fari aftur inn í menntamálanefnd og rætt þar í þaula, komi til 3. umr. og verði rætt í þaula og verði kannski að lögum í vetur eða á vordögum — það er eiginlega alveg sama hvernig þetta fer. Þetta mál verður kosningamál í vor. Framtíð Ríkisútvarpsins verður kosningamál í vor. Það verður eitt af stóru málunum í vor.

Ríkisstjórnin er búin að leggja málið upp með þeim hætti. Hún hefur haldið þannig á spilunum í þessu máli að ég tel óhjákvæmilegt, fari þetta frumvarp í gegn, að það verði að kosningamáli. Þjóðin mun ekki sitja þegjandi og hljóðalaust og horfa á það gerast að þetta fyrirtæki verði eyðilagt umfram það sem ríkisstjórnarmeirihlutanum hefur tekist nú á 10 árum eins og ég fór yfir áðan.

Að rústa fjárhag þessa fyrirtækis, sem var afskaplega sterkur, svona svakalega á ekki lengri tíma er í raun með ólíkindum. Ég verð að segja, virðulegi forseti, þegar maður lítur um öxl og hugsar sig svolítið um eins og ég hef verið að gera í sumar, ég hef verið að velta þessu fyrir mér, þá verður þetta augljóst. Það eru öfl í þjóðfélaginu sem ætla sér að eyðileggja þetta fyrirtæki. Þau ætla sér að koma því fyrir kattarnef með einum eða öðrum hætti.

Það má vel vera að margir núverandi stjórnarliðar, m.a. hv. þm. Dagný Jónsdóttir sem kemur hér upp og segir að hún treysti þingmönnum framtíðarinnar fyrir því að Ríkisútvarpið verði ekki selt, tali í einlægni. Hún trúir því að það verði ekki gert. En ég treysti því ekki þegar ég skoða hvernig þetta fyrirtæki hefur verið látið gossa fram af hengiflugi nú með fullum vilja og vitund þeirra sem hafa ráðið, þeirra sem hafa haldið um stjórnartaumana. Þegar maður sér það og setur það allt saman í samhengi þá læðist að manni mjög heiftarlegur grunur um að eitthvað meira liggi þar á bak við.

Ég held að það sem vakir fyrir þeim sem virkilega halda um þræðina sé að gera þetta núna að hlutafélagi, mjög veiku hlutafélagi sem standi frá fyrsta degi afskaplega veikt, standi frammi fyrir því að það verði að gera eitthvað til að reyna að rétta það af. Það mun á mjög skömmum tíma leiða til þess, að ég tali ekki um ef sá stjórnarmeirihluti sem nú er heldur áfram, sem maður vonar náttúrulega að verði ekki, að fyrirtækinu verði slátrað á tiltölulega skömmum tíma. Hvort sem það verður selt eða bútað niður, selt burtu í hlutum og stórlega dregið úr starfseminni og skorið niður, til að mynda í dagskrárgerð og öðru. Það er sama hvernig menn fara að þessu, staða þess verður mjög veik innan örfárra ára vegna þess, eins og tölurnar segja okkur, að staða fyrirtækisins er ofboðslega slæm í dag.

Ég held, virðulegi forseti, að mjög margir hafi ekki gert sér grein fyrir því hve veik staða fyrirtækisins er í raun og veru einmitt núna þegar á að breyta því í hlutafélag. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar held ég að það væri miklu nær að rétta af rekstur fyrirtækisins og koma með fjármagn inn í það. Setja í það það fjármagn sem þarf til að það verði aftur að öflugu og heilbrigðu fyrirtæki. Síðan getum við gert upp við okkur, t.d. með þjónustusamningnum sem var gerður, hvernig skapa má skilyrði til að hægt verði að standa við hann. Síðan verðum við að gera upp við okkur með öðrum hætti hvernig við viljum að þetta fyrirtæki sinni hlutverki sínu í framtíðinni. En fyrst og fremst þarf að leggja áherslu á að fyrirtækið verði eflt og gert sterkt þannig að utanaðkomandi aðilar geti ekki, við tilteknar aðstæður, hirt það fyrir slikk, lítinn pening.

Þannig lítur málið a.m.k. út í mínum huga núna. Þess vegna munum við í Frjálslynda flokknum leggjast gegn því að þetta frumvarp nái fram að ganga í þessari mynd, á meðan staða fyrirtækisins er jafnhörmuleg og raun ber vitni. Það verður okkar afstaða í þessari þriðju tilraun til að koma málinu í gegn. Hún mun ekkert breytast nema þá að við sjáum að ríkisstjórnin, sem ég á ekki von á, sé reiðubúin að

leggja fram það fjármagn sem þarf til að rétta við fyrirtækið. Þar erum við ekki að tala um neina smápeninga, virðulegi forseti. Þar erum við sennilega að tala um fjárhæð sem hleypur eitthvað á bilinu 1–2 milljarðar íslenskra króna.

[21:43]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það hefur verið farið vel og vandlega yfir stöðu Ríkisútvarpsins í dag á þeim tímamótum þegar þriðja atlagan er gerð að því að breyta rekstrarfyrirkomulagi stofnunarinnar og ýmsu öðru um leið. Hinar atlögurnar tvær misheppnuðust mjög herfilega og er nokkuð dæmalaust að lesa sig í gegnum þær umræður sem fram fóru á þeim tíma um Ríkisútvarpið.

Í fyrstu atrennu þegar lagt var til að um sameignarfélag yrði að ræða sóru framsóknarmenn það og sárt við lögðu hér úr ræðustólnum, og beið ég spenntur eftir því fyrr í kvöld að heyra ræðu þingflokksformanns Framsóknar þar sem hann útskýrði í þriðja sinn afstöðu flokksins til rekstrarformsins. En í fyrstu umferð var Framsóknarflokkurinn algjörlega og eindregið á móti því að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi í nokkurri mynd. Það kæmi aldrei til greina af þeirra hálfu. Það var frágangssök af hálfu Framsóknarflokksins.

Sinnaskipti og sveiflur Framsóknarflokksins í afstöðu sinni til framtíðar Ríkisútvarpsins er því sérstakt rannsóknarefni. Kannski er það besta dæmið um það pólitíska öngþveiti sem ríkir innan Framsóknarflokksins og má að sjálfsögðu að hluta til rekja til þeirra nokkuð dæmalausu ófara sem ríkisstjórnin hefur lent í aftur og aftur á síðustu missirum með fjölmiðlamálin. Fyrst að sjálfsögðu með hið makalausa fjölmiðlafrumvarp sem er einhver sérkennilegasta og þekktasta stjórnmálaorrusta síðari tíma á Alþingi Íslendinga og lyktaði með þeim ósköpum sem alkunna er. Síðan hefur Framsóknarflokkurinn í raun ekki borið sitt barr og staða flokksins verið afleit og farið snöggtum versnandi á milli missira.

Meginuppistaðan í því að það kom ekki til greina af hálfu Framsóknarflokksins, frekar en það kemur til greina að mínu áliti að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, var sú að Framsóknarflokkurinn taldi það merki um að það væri fyrsta skrefið á vegferð hægri aflanna í Sjálfstæðisflokknum. Hægri mannanna í Sjálfstæðisflokknum sem eru komnir til mun meiri áhrifa og metorða en áður með formannsskiptunum í fyrra í Sjálfstæðisflokknum. Nú eru hægri sjónarmiðin þar mjög uppi og hægri mennirnir sem fluttu þingmálið, frumvarp til laga um Ríkisútvarp, fyrir tveimur árum, hv. þm. Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson, eru miklir og eindregnir baráttumenn fyrir því að Ríkisútvarpið verði selt.

Ég er algjörlega sannfærður um að það er skoðun meirihlutans í Sjálfstæðisflokknum að einkavæða og selja Ríkisútvarpið þó sjálfsagt séu ýmsir þar sem hafa aðra skoðun. Það er ekki hægt annað en að vera þeirrar skoðunar þegar maður fylgist með og fer í gegnum stjórnmálaumræður sjálfstæðismanna síðustu missira, sérstaklega þeirra sem yngri eru, að einhvers konar andúðar gæti á ríkisrekstri á fjölmiðlamarkaði.

Ég lít svo á að þessi þriðja atlaga að breytingu á rekstrarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins sé skref hægri aflanna í Sjálfstæðisflokknum í að einkavæða stofnunina. Ég velkist ekki í nokkrum einasta vafa um það. En að sjálfsögðu er það samkomulag á milli stjórnarflokkanna að það sé ekki á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar. Það er ég einnig sannfærður um enda er það tekið fram í upphafi málsins. Hins vegar þarf sérstaklega að taka það fram því það er sáttin á milli stjórnarflokkanna. Framsóknarflokkurinn má þó eiga það að hann er trúr þeirri sannfæringu sinni að það eigi ekki að einkavæða eða selja Ríkisútvarpið þó hann hafi gefið eftir og kúvent í afstöðu sinni í þessu prinsippmáli aftur og aftur með svo vandræðalegum hætti að framsóknarmenn sjást ekkert við þessa umræðu frekar en þeir sáust við hana síðast.

Nú eru þær skýringar fram komnar að þetta rekstrarform henti núna utan um þessa ríkisstofnun. Þó hef ég aldrei heyrt hvorki hæstv. menntamálaráðherra né aðra málsvara málsins útskýra það með neinum boðlegum hætti af hverju breyta þarf Ríkisútvarpinu í hlutafélag ef það er ekki ætlunin að selja það í framtíðinni. Það er auðveldara að ráða og reka fólk og það breytir stjórnsýslunni en ég hef ekki séð að það náist nein markmið fram sem ekki er hægt að ná með öðrum hætti ef það er pólitískt markmið stjórnmálaflokkanna í landinu, Sjálfstæðisflokksins einnig, eins og hæstv. menntamálaráðherra heldur fram í þessari umræðu, að stofnunin eigi að vera í ríkiseigu um ókomna tíð. Þá eru til miklu hentugri leiðir eins og t.d. þær sem hafa verið notaðar utan um almannaþjónustu hvers kyns sem er ekki rekin í ágóðaskyni eins og sjálfseignarstofnunarformið, það hefur gefist mjög vel. Saga sjálfseignarstofnana í íslenskri almannaþjónustu er mjög farsæl. Það er nokkur sátt um að ýmiss konar stofnanir á sviði menntunar, heilsugæslu, heilbrigðisþjónustu, almannaþjónustu hvers konar, sjálfstætt reknar, séu sjálfseignarstofnanir þegar þær eru ekki reknar í ágóðaskyni. Það hefði því verið miklu boðlegri leið fyrst stjórnvöld telja svo brýnt að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins.

Það er margt annað sem er óásættanlegt í málinu af minni hálfu við fyrstu sýn. Að sjálfsögðu á málið eftir að fara í gegnum 1. umr. og í menntamálanefnd þar sem það tekur vonandi breytingum. Það er löng leið eftir.

Á þeim 40 mínútum sem ég hef í fyrri umferð í kvöld gefst ekki færi nema rétt að tæpa á þessum atriðum. Svo ég stikli á stóru áður en ég fer í einstaka þætti er eitt af þeim um hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Þar hef ég um árabil verið talsmaður þess að hlutdeild þessa auglýsingamarkaðar verði takmörkuð. Ég er á þeirri skoðun að Ríkisútvarpið eigi að vera á auglýsingamarkaði. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir stofnunina að hafa þar einhver umsvif, fyrir almenning að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem mjög oft koma fram í auglýsingum og eins fyrir auglýsendur að geta auglýst vöru sína og þjónustu í þessum öfluga og mikla miðli.

Til að koma til móts við einkareknu ljósvakamiðlana á Íslandi á þeim litla og þrönga fjölmiðlamarkaði sem við erum með þá hefði ég talið það sanngirnismál að takmarka hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og gefa þannig einkareknum fjölmiðlum, ljósvakamiðlum, aukið svigrúm. Aukið vægi, aukið lífsrými og aukna möguleika á

því að skjóta hér rótum og að undir þeim væru styrkar stoðir.

Á þeim 20 árum sem frjáls og einkarekin fjölmiðlun hefur verið á Íslandi í ljósvakamiðlun hefur að sjálfsögðu gengið á ýmsu. Við höfum horft upp á voldug fyrirtæki í öðrum greinum koma að rekstri fjölmiðlanna og þá fyrst taka þeir nokkrum stakkaskiptum og fyrirtækin virðast fara að bera sig að einhverju leyti eða fá alla vega fjármagn til að athafna sig tímabundið. Til að mæta því og bæta stöðu einkarekinna fjölmiðla með sanngjörnum hætti af hálfu ríkisvaldsins tel ég að að takmarka eigi umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði en ekki að auka forskot þess enn frekar eins og forustumenn frjálsu fjölmiðlanna halda fram með því að gera það annars vegar að hlutafélagi og hins vegar að gefa því óheft og ótakmarkað svigrúm á auglýsingamarkaði. Ég tel mjög fjandsamlega fram gengið gegn einkareknu fjölmiðlunum og mjög ósanngjarnt að öllu leyti. Þetta á að sjálfsögðu að skoða og vera til grundvallar nú þegar þriðja atrennan er gerð að því að setja Ríkisútvarpinu nýjan ramma.

Það er dapurlegt að Ríkisútvarpið skuli lenda í því aftur og aftur að tilstuðlan Sjálfstæðisflokksins að verða það pólitíska bitbein í íslenskri stjórnmálaumræðu eftir að um það og rekstur þess hefur ríkt nokkur sátt í þess glæstu og löngu sögu þangað til á síðustu missirum þegar fjölmiðlamálin fóru að vera einhver stærstu og mestu átakamál á íslenskum stjórnmálavettvangi. Það er ekkert undarlegt við það að mikil tortryggni sé ríkjandi í garð Sjálfstæðisflokksins og þeirra fyrirætlana sem ríkisstjórnin hefur uppi með Ríkisútvarpið þegar engin rök koma fyrir því að breyta eigi rekstrarforminu með þessum hætti önnur en nánast „af því bara", ef ekki á að selja útvarpið eða búa í haginn fyrir einkavæðingu þess síðar.

Að sjálfsögðu eru einnig mörg önnur atriði mjög vafasöm, sérstaklega í pólitísku ljósi. Til dæmis, eins og hér hefur verið nefnt, hvernig standa eigi að kjöri í stjórn Ríkisútvarpsins og sá pólitíski járnhæll sem þannig er verið að setja yfir stofnunina. Kosið er í hana árlega og þessi beina tenging með sitjandi meiri hluta á Alþingi hverju sinni, árlegt kverkatak Alþingis á stofnuninni, er algerlega óþolandi.

Bent hefur verið á ýmsar skynsamlegri leiðir til að auka sjálfstæði stofnunar af þessu tagi frá Alþingi og sitjandi meiri hluta hverju sinni. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson gat um þær áðan af skandinavískum vettvangi. Það hlýtur því að verða skoðað mjög vandlega. Málið var rætt ítarlega í menntamálanefnd í fyrra og það kom mér mjög spánskt fyrir sjónir að sjá að því var ekki búið að breyta núna. Eins hélt ég að það væri til þess nokkur vilji í Sjálfstæðisflokknum að gefa einkareknu miðlunum aukið svigrúm á markaði með því að þrengja að Ríkisútvarpinu, takmarka umsvif þess á auglýsingamarkaði. Ég tek það fram aftur vegna misskilnings sem stundum gætir þar um, að það á ekki að mínu mati að taka útvarpið út af auglýsingamarkaði, heldur að sníða því þrengri stakk.

Þá kemur það mér einnig á óvart að enn skuli vera lagt til að fjármagna eigi Ríkisútvarpið með nefskatti. Ég held að það sé versta mögulega leiðin til að fjármagna Ríkisútvarpið. Ég held að óbreytt afnotagjöld hefðu verið mun farsælli leið. Enn þá betra hefði verið að setja það á fjárlög og semja um framlög til þess til einhverra ára í senn til að koma þannig einnig í veg fyrir pólitískt kverkatak á stofnuninni. En nefskattur er klárlega versta leiðin og líklegust til að verða mjög óvinsæl hjá almenningi og ala enn frekar á andúð í garð ríkisrekstrar á fjölmiðlamarkaði miðað við reynslu annarra ríkja.

Komum við þá að meginmálinu sem er inntak almannamiðilsins nýja, nýrra tíma, þar sem hlýtur að felast réttlætingin á rekstri ríkissjónvarps og útvarps af einhverju tagi. Að mínu mati er ekkert sjálfsagt mál að ríkið standi í fjölmiðlarekstri. Fyrir því þurfa að vera mjög brýnar forsendur og þær felast að sjálfsögðu í því hlutverki sem ríkismiðillinn innir af hendi. Það hefur Ríkisútvarpið gert vel eins og það hefur haft umsvif til í gegnum tíðina. Menningartengt efni og fréttastofur Ríkisútvarpsins hafa í gegnum tíðina staðið nokkuð upp úr og verið mjög kraftmiklar og góðar. Til þeirra getum við gert þá skýlausu kröfu að þær séu hlutlausar, að þar sé enginn vafi á því að eigendur miðlanna séu ekki að eiga við ritstjórnarstefnuna. Á móti kemur að þess vegna þarf að tryggja svo óyggjandi sé að pólitískur járnhæll, eins og núna Sjálfstæðisflokksins, troði ekki ofan á stofnunina. Þess er ekki gætt í þeim frumvarpsdrögum sem við ræðum.

Það veldur vonbrigðum þegar rýnt er ofan í það sem segja má að verði inntak hins nýja ríkissjónvarps, að þar eru mjög yfirborðskennd markmið um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Tilverurétt þeirrar stofnunar. Það er ekki tekið á því með neinum boðlegum hætti að mínu mati í frumvarpinu og þarf að færa miklu öflugri rök fyrir því hvernig stofnunin undir hinu nýja rekstrarformi eigi að starfa í framtíðinni og hvers konar efni hún eigi að miðla. Þó þar séu ágæt markmið sett fram um aukna hluta af innlendu efni, aukna textun o.s.frv. er það allt mjög losaralega framsett og mjög ósannfærandi í ljósi þeirrar fjárhagslegu stöðu sem Ríkisútvarpið býr við þessi missirin.

Þá vekur það sérstaka athygli að í þriðja sinn kemur fram í hlutverkakaflanum í frumvarpinu, 2. lið, með leyfi forseta:

„Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring."

Við ræddum það ítarlega við hæstv. menntamálaráðherra og formann menntamálanefndar í fyrra hvort í þessu fælist einhvers konar viljayfirlýsing um að selja ætti Rás 2. Um það spunnust talsverðar umræður á síðasta vetri sem mátti túlka sem svo að það væri ekki almennur vilji þingmanna að leggja niður eða selja Rás 2. Skorað var á hæstv. ráðherra að þessu ætti að breyta og kveðið væri skýrt á um að það væri hlutverk Ríkisútvarpsins að reka tvær hljóðvarpsrásir því Rás 2 gegnir að mínu mati ekki síður menningarlegu hlutverki en Rás 1. Hún miðlar af miklu kappi íslenskri dægurtónlist sem engin önnur útvarpsstöð gerir af neinum sérstökum metnaði nú um stundir. Hún hefur staðið sig frábærlega í því að miðla því sem er að gerast í íslenskri tónlist og að bera okkur Íslendingum nýja strauma úr tónlist hvers konar erlendis frá.

Þegar farið er í gegnum frumvarpið kemur í ljós að engar boðlegar skýringar eru gefnar í frumvarpinu á því af hverju lagt er til að Ríkisútvarpinu eigi að breyta í hlutafé-

lag í eigu íslenska ríkisins sem áður. Ekkert er tekið á hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Nefskattur er valinn en það er versta mögulega leiðin til að fjármagna Ríkisútvarpið. Þegar rýnt er í málið kemur í ljós að það er meira og minna sama klastrið og málið sem kom fram í fyrra. Enda byrjar umræðan um það eins og henni lauk síðast, í ófriði. Ekki er farin sú leið að móta þetta frumvarp til að mynda eftir að fram hefur farið umræða um almenna löggjöf um fjölmiðla eins og á að ræða hér síðar í vikunni. Ekkert í þessu máli bendir til þess að ná eigi friði og sátt um stofnunina.

Að mínu mati á það að vera meginhlutverk sjónvarpsins að standa í einhverri mynd að framleiðslu og miðlun á íslensku efni sem er t.d. forsenda þess að Rás 2, eins og ég nefndi áðan, eigi að vera til. Þessi rúmlega tvítuga útvarpsstöð stendur vel undir nafni og hefur þróast þannig að hún ein útvarpsstöðva á landinu miðlar í einhverjum mæli íslenskri poppmúsík. Þannig hefur hún unnið sér sess og tilverurétt og því ætti að koma fram skýr pólitískur vilji um það hvernig henni eigi að reiða af í framtíðinni. Það er því óheppilegt að hér standi að miðla eigi að minnsta kosti einni hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá. Kveða ætti skýrt á um að áfram ætti að reka Rás 2.

Það vekur sérstaka athygli að núna án nokkurra skýringa, eins og ég gat um áðan, hefur Framsóknarflokkurinn hvikað í því grundvallaratriði sem flokkurinn setti hér fram, þ.e. að aldrei kæmi til greina að hvika að þessu leyti. Ríkisútvarpið ætti aldrei að gera að hlutafélagi. Það var algert grundvallaratriði að félagið yrði sameignarfélag eða sjálfseignarstofnun en alls ekki hlutafélag. Síðan þá hefur ekki margt annað gerst en að Framsóknarflokkurinn hefur, að því er virðist, gefið fullkomlega eftir gagnvart Sjálfstæðisflokknum í þessu máli. Hann hefur ekki komið með nein sérstök eða boðleg svör um það hverju sætir og af hverju flokkurinn hefur ekki staðið fastar í fæturna hvað það varðar að ekki komi til greina að stofnunin verði gerð að hlutafélagi og af hverju ekki er frekar farin sú leið að hún verði sjálfseignarstofnun.

Ítrekað var það nefnt við umræðuna í fyrra að fram hefði komið mjög föst röksemdafærsla fyrir því frá ýmsum af hægri væng Sjálfstæðisflokksins að selja Ríkisútvarpið. Héldu þeir því fram að engin sérstök rök væru fyrir því að ríkið ætti að reka sjónvarps- eða útvarpsstöðvar frekar en ríkisdagblað eða ríkistímarit, eins og kom fram í tilvitnaðri athugasemd í því máli. Þar var því fundið allt til foráttu að ríkið stæði í útvarps- eða sjónvarpsrekstri af einhverju tagi. Það þætti mjög fráleitt. Því hljóta að vakna þær spurningar sem ég gat um hér í upphafi, þ.e. hvort hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins sé ekki fyrsta skref þess hluta ríkisstjórnarinnar sem Sjálfstæðisflokkurinn myndar í því að selja stofnunina eða koma henni einhvern veginn í hendur einkaaðila. Ég tel svo vera og er sannfærður um að ekkert annað hangir á spýtunni enda hafa engin önnur rök komið fram fyrir því af hverju verið er að fara þessa leið.

Ég vonaðist einnig eftir að sjá nokkur atriði betur útfærð í nýja frumvarpinu, atriði sem ekki var að finna í þeim tveimur frumvörpum sem mælt var fyrir á síðustu tveimur þingum, atriði sem þarf að skoða sérstaklega. Þar er eins og ég gat um, það á að takmarka hlutdeild og umfang útvarpsins á auglýsingamarkaði, sem er í kringum 30% í dag, líklega á bilinu 50–60% á auglýsingamarkaði á ljósvakamiðluninni einni og er að sjálfsögðu mjög umfangsmikil þar. Má færa rök fyrir því að Ríkisútvarpið þurfi og eigi að vera á auglýsingamarkaði eins og ég gat um áðan? Ég held að svo eigi að vera. Það væri ósanngjarnt að ætlast til að stofnunin væri tekin algjörlega út af markaði. En þá hefði átt að reyna að takmarka hlutdeildina hvort sem hún yrði helmingur niður á við eða fundin einhver ásættanleg markmið sem hægt væri að sameinast um.

En auðvitað er meginmálið, ásamt fjármögnun og rekstrarformi sem er hlutverk Ríkisútvarpsins til framtíðar, endurskilgreining á almannaútvarpi og þá pólitísk tilraun til að endurmóta og endurskilgreina hlutverk og markmið Ríkisútvarpsins þannig að það standi undir nafni sem almannaútvarp og sé ekki meira og minna notað til að dreifa og miðla til okkar erlendu og oft ódýru afþreyingarefni, skemmtiþáttum og þeirri sjónvarpsdagskrá sem er að finna á hinum íslensku sjónvarpsstöðvunum í mjög miklum mæli.

Ríkisútvarpið hefur gert það að sérstöku metnaðarmáli sínu á síðustu árum og áratugum að keppa um það við einkareknu sjónvarpsstöðvarnar hver þeirra nái í vinsælustu sjónvarpsþættina að utan og hefur barist á þeim markaði við þær stöðvar í staðinn fyrir að einbeita sér að því að framleiða og miðla íslensku efni. Auðvitað þarf líka að skoða sérstaklega menntunarhlutverk Ríkisútvarpsins. Það þarf að efla það verulega og skilgreina það og skoða sérstaklega í þessu ljósi.

Að mínu mati á meginhlutverk sjónvarpsins að vera að standa í einhverri mynd eða stuðla að framleiðslu og miðlun á íslensku efni sem er t.d. grundvöllur þess að Rás 2 eigi að vera til, eins og ég gat um áðan. Að mínu mati á að lögbinda það með einhverjum hætti eða setja skorður eða skilyrði um hlutfall af innlendu efni í sjónvarpinu þannig að það liggi alveg fyrir hvert það eigi að vera. Það er stefnt að því hér í samningnum en er ósannfærandi í ljósi fjárhagsstöðu stofnunarinnar eins og hún er nú, og var rakið mjög ítarlega áðan.

Grundvöllurinn að tilveru og tilverurétti Ríkisútvarpsins er að miðla og stuðla að dreifingu á íslensku sjónvarpsefni, framleiðslu þess og miðlun og að sjálfsögðu á kostnað þess erlenda efnis sem hefur verið miðlað af miklum móði í sjónvarpi á síðustu missirum. Þó þarf að sjálfsögðu að blanda því inn í dagskrána við vandaða innlenda dagskrárgerð. Allir vita að ekki skortir vilja innan stofnunarinnar til að rækja það hlutverk vel af hendi. Að sjálfsögðu ekki. En stofnunin þarf að hafa fjárhagslega burði til að standa að framleiðslu á slíku efni. Það svigrúm hefur Ríkisútvarpið ekki haft á síðustu árum. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða.

Þegar litið er yfir stöðuna eins og hún er og hefur verið, dagskrá sjónvarpsstöðvar sem sendir út á landsvísu eftir meginflokkum árið 2003, kemur í ljós að sjónvarpið stendur hinum stöðvunum ekkert framar í miðlun á t.d. upplýsingum og menningu. Er þar svona nokkuð á pari við Stöð 2 eða heldur að baki. Sjónvarpið þarf virkilega að fá svigrúm til að bæta sig í því. Það á að sjálfsögðu að vera markmið hins nýja almannaútvarps nú þegar verið er að sníða stofnuninni nýjan stakk til framtíðar.

Það eru mikil vonbrigði að í frumvarpinu er ekki tekið á skilgreiningum á inntaki útvarpsins. Ekkert mið er tekið af því að Ríkisútvarpið stígi skref frá því að vera sá blendingur í dagskrárgerð og miðlun sem það er núna yfir í að vera fyrsta flokks almannamiðill í framtíðinni. Kaflinn Skilgreining á hlutverki útvarpsstjórans í almannaþágu, eins og kaflinn heitir, er mjög almennur þó hann hafi tekið miklum breytingum frá því sem fyrst var þegar hann kom hér fram hátt í 30 liðum minnir mig. Það eru orðnir 13 liðir núna.

Eitt af því sem þarf að ræða sérstaklega, og ekki hafa komið fram sannfærandi rök um, er hvað varðar fjármögnun á stofnuninni. Töluvert hefur verið rætt um algjöran skort á jöfnunaráhrifum inni í nefskattinum. Það hefur ekki verið rætt eða útskýrt neitt sérstaklega af hverju nefskattsleiðin er farin, t.d. frekar en sú að setja stofnunina á fjárlög, fjárlög sem yrðu þá gerð fimm eða tíu ár fram í tímann þannig að Alþingi hefði ekki pólitískt tak á stofnuninni við fjárlagagerð á hverju ári og væri ekkert frekar en með hækkun eða lækkun á nefskattinum í því máli. Það vantar að mínu mati sannfærandi rök fyrir því af hverju sú leið er farin frekar en einhver önnur. Það er einhver undarleg niðurstaða án þess að færð séu pólitísk rök fyrir því af hverju verið er að leggja t.d. afnotagjöldin til hliðar. Afnotagjöldin eru vissulega óvinsæl og þau eru há.

Um afnotagjöldin t.d. í Bretlandi ríkir nokkur sátt þar sem þau eru svo miklu lægri. En hér eru þau há. Það þarf að endurskoða fjármögnunarleiðina. Það liggur algerlega fyrir. Það er engin niðurstaða úr neinni pólitískri umræðu að fara nefskattsleiðina í staðinn. Ég er sannfærður um að nefskattsleiðin er versta hugsanlega leiðin til að fjármagna Ríkisútvarpið. Ég er algerlega sannfærður um það. Það hefði verið miklu farsælla annaðhvort að halda sig við afnotagjöldin eða setja stofnunina á fjárlög, sem hefði kannski verið sú leið sem mest sátt hefði náðst um á meðal almennings, en ekkert einboðið samt að þá leið eigi að fara. Hægt er að fara margar leiðir en það hefur ekkert verið rætt. Boðaðar eru í frumvarpi eftir frumvarpi um Ríkisútvarpið, ár eftir ár, sömu hrakfarirnar í málinu en alltaf stendur þetta eftir. Enda hefur umræðan kannski snúist um önnur og enn veigameiri atriði en það.

Hér hefur verið vakin sérstök athygli á því að sú pólitíska stjórn sem lagt er upp með í útvarpinu, með árlegri kosningu á stjórn stofnunarinnar, er algjörlega fráleit. Það er algjörlega fráleitt að sitjandi meiri hluti hverju sinni, og Sjálfstæðisflokkurinn nú, hafi pólitískt tak á útvarpinu þar sem svo bein tenging liggur á milli stjórnarinnar, ráðherrans og þess útvarpsstjóra sem situr hverju sinni. Það kemur að sjálfsögðu ekki til greina. Það er algjörlega fráleitt. Það er augljóst að umboð hinnar nýju stjórnar sem Alþingi þarf að kjósa árlega er mjög skert. Það er mjög undarleg ráðstöfun í jafnviðkvæmum rekstri og fjölmiðlarekstur er að hlutirnir séu lagðir upp með þeim hætti sem hér er gert. Í fjölmiðlarekstri er mikilvægt að það sé almennt viðhorf að þar sé gætt hlutleysis og pólitísk tök séu þar sem allra minnst þó svo að hin pólitíska ábyrgð liggi hjá Alþingi hverju sinni.

Komið hafa fram margar og mjög vel rökstuddar athugasemdir við þetta fyrirkomulag og ástæða er til að skora á hæstv. menntamálaráðherra að losa nú um það pólitíska kverkatak sem hún er að setja á Ríkisútvarpið með þessum hætti með því að breyta þessu gagngert í meðförum málsins á næstu vikum. Það er algjörlega tilgangslaust að búa svo um hnúta eins og hér er gert því hægt er að fara miklu farsælli leiðir en lagt er upp með. Það hlýtur að verða skoðað mjög vandlega í menntamálanefnd að breyta þessu ákvæði sérstaklega. Þetta er eitt af meginatriðunum í málinu sem er hvað mikilvægast að girða fyrir, þ.e. pólitísk íhlutun sitjandi meiri hluta hverju sinni við rekstur og stjórn á stofnuninni. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Margir hafa gert það að umræðuefni síðustu missiri þegar þetta mál hefur verið hérna í þinginu hvernig viðsnúningur Framsóknarflokksins átti sér stað í þessum málum og hvað olli því að flokkurinn gaf eftir í málinu af því að það hefur aldrei komið fram nein boðleg skýring á því. Hv. þingflokksformaður Framsóknar er sagður hafa skroppið á fund austur fyrir fjall og sé þá væntanlegur hingað í umræðuna síðar. Bíður maður að sjálfsögðu spenntur eftir að heyra sjónarmið og útskýringar hans sem talsmanns flokksins í þessum málaflokki á því hvað átti sér stað, sérstaklega í ljósi þeirra stóru orða sem framsóknarmenn höfðu uppi við umræðuna um Ríkisútvarpið fyrir tveimur árum þegar þeir hreyktu sér mjög af því að hafa náð að beygja Sjálfstæðisflokkinn og þvingað hann til að sættast á að um einhvers konar sameignarstofnun, sameignarfélag, yrði að ræða og það kæmi aldrei til greina af þeirra hálfu að samþykkja að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi, enda væri það þáttur í vegferð Sjálfstæðisflokksins til að einkavæða Ríkisútvarpið. Fyrir það mundi flokkurinn leggja sitt pólitíska líf að veði og láta brjóta á í stjórnarsamstarfinu ef á reyndi. Þeir fóru í málið af miklu kappi og mikilli hörku, framsóknarmennirnir á því tímabili, en allir vita hvernig fór og árið var ekki liðið þegar þeir voru reknir hérna inn í þingið af Sjálfstæðisflokknum með þau skilaboð að nú væri allt í lagi að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, þeir væru búnir að fá tryggingu fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði ekki að selja Ríkisútvarpið.

Það sem veldur því að ég hef jafnmikinn fyrirvara á því og ég geri grein fyrir nú, að rekstrarformi Ríkisútvarpsins verði breytt á þann hátt sem lagt er til, er að ég tortryggi fyrirætlanir Sjálfstæðisflokksins í málinu fullkomlega. Ég treysti Sjálfstæðisflokknum ekki. Þar hafa verið uppi háværar og sterkar raddir um að ríkið eigi að draga sig algjörlega út úr rekstri fjölmiðla. Þar hafa þeir þingmenn flokksins sem eru hvað háværastir talsmenn hans í mennta- og menningarmálum flutt um það þingmál að selja eigi Ríkisútvarpið. Þetta eru ráðandi aðilar í Sjálfstæðisflokknum, menn sem hafa þar gífurleg áhrif og ítök. Í ljósi þess hvernig flokkurinn hefur gengið fram á síðustu missirum og talað um Ríkisútvarpið, talað af mikilli andúð um ríkisrekstur hvers konar á fjölmiðlum, þá treysti ég Sjálfstæðisflokknum ekki í þessu máli og mun aldrei gera. Ég mun aldrei treysta því að Sjálfstæðisflokkurinn muni ekki einhvern tíma freista þess að selja Ríkisútvarpið og breyta því í hlutafélag. Hvort sem það er sjálfstætt, ohf. eða hvað, þá er Sjálfstæðisflokkurinn að sjálfsögðu að undirbúa það að þegar færi gefst, þegar pólitískt svigrúm gefst til, hvort sem það er í upphafi kjörtímabils eða að flokkurinn hafi fundið sér þann samstarfsflokk í ríkisstjórn sem hann geti fengið

til að fallast á einkavæðingu, sem ég er reyndar farinn að hallast að að Framsóknarflokkurinn mundi í sjálfu sér á einhverjum tímapunkti gefa eftir og standa að.

Hann er hins vegar rúinn pólitísku trausti almennings og er ekki í neinni stöðu til að standa að slíku. Það yrði líklega enn eitt áfallið fyrir flokkinn og þess vegna er ekki lengra gengið en raun ber vitni. En hér er verið að búa í haginn fyrir einkavæðingu Ríkisútvarpsins síðar meir og ég tortryggi Sjálfstæðisflokkinn fullkomlega í þessu öllu. Það hafa verið allt of háværar raddir um annað innan þess flokks þannig að hægt sé að taka það trúanlegt þó að örfáir einstaklingar innan flokksins haldi því nú fram að það sé að sjálfsögðu ekki í fyrirrætlunum flokksins að selja Ríkisútvarpið, enda eru ekki margir sjálfstæðismenn sem taka þátt í umræðunni. Hérna er alveg æpandi tómur stólinn hans Péturs Blöndals, hv. þingmanns, sem er einn helsti baráttumaður flokksins fyrir því að einkavæða og selja Ríkisútvarpið. Þeir pólitísku baráttumenn yst af hægri væng Sjálfstæðisflokksins, hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson og Guðlaugur Þór Þórðarson, eru allir fjarverandi þessa umræðu, því miður, af því að sjónarmið þeirra hljóta að skipta miklu máli í þessu. Þetta eru mennirnir sem fluttu frumvarp til laga um að selja ætti Ríkisútvarpið á þessu sama kjörtímabili og Sjálfstæðisflokkurinn reynir að telja okkur trú um að hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins sé ekki áfangi á leið ríkisstjórnarinnar til að einkavæða og selja Ríkisútvarpið.

Að mínu mati á ríkið að reka öflugan almannamiðil eins og Ríkisútvarpið er, á að vera og getur orðið enn þá betri og öflugri fái hann til þess frið frá Sjálfstæðisflokknum sérstaklega til að vaxa og dafna og ekki sé gerð atlaga að stofnuninni ár eftir ár af Sjálfstæðisflokknum með það augljósa pólitíska markmið að síðar meir verði Ríkisútvarpið selt. Um það blandast mér enginn hugur, ég er algjörlega sannfærður um að það er sú pólitíska vegferð sem Sjálfstæðisflokkurinn er á í þessu máli og hlýtur að vera okkur leiðarljós við umræðuna.

[22:23]

**Mörður Árnason** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Í dag er 16. október. Það þýðir að 15 dagar eru liðnir af þessum mánuði og þetta er sá 16. en þing hófst 2. október og nú mun standa yfir 9. þingdagur, mér telst það til. Svo háttar til að forseti hefur ákveðið að hafa kvöldfund 16. október. Ég hygg að það séu fá dæmi þess í þingsögunni að haldnir séu kvöldfundir svo snemma þings.

Vegna þess að forseti hefur ekki skýrt þessa ákvörðun sína, hefur ekki gefist tækifæri til að skýra þessa ákvörðun sína úr ræðustóli og raunar ekki tilkynnt hana með neinum hætti vil ég gefa forseta tækifæri til þess og spyr hverju valdi að haldinn sé kvöldfundur svo snemma þings. Ég spyr enn fremur hversu lengi hann eigi að standa eða hvort þetta sé kannski næturfundur sem við erum hér á og hvort eigi kannski að endurtaka afrekin frá síðasta þingi sem mæltist svo vel fyrir, forseti, og urðu til að auðvelda þingstörfin þá þegar forsetar héldu hér fundi langt fram á nótt. Einn fundurinn stóð til rúmlega sex um morgun og þótti nú ekki hafa hjálpað til við að koma mönnum til sæmilegra verka á þinginu.

Mér finnst þetta afar einkennilegt vegna þess að auðvitað hlýtur forseti að vera að reyna að flýta störfum þingsins með því að hafa þennan kvöldfund. Kvöldfundirnir eru eðlilegir þegar mikið liggur á og þegar þingi er að ljúka eða þarf að afgreiða fjárlög eða eitthvað af því tagi og allir taka saman nokkurn veginn og leggjast á árarnar að reyna að ljúka málum. En kvöldfundir utan þeirra tíma hafa ekki reynst heppilegir til þess að flýta þingstörfum. Á kvöldin eru menn oft langorðari en þeir eru á venjulegum vinnutíma og þegar forseti setur á kvöldfundi í málum sem ekki virðast vera kvöldfundar virði tekur hann þá áhættu að það sé misskilið sem einhvers konar áhersla af hans hálfu á að umræðu sé flýtt eða hún sé a.m.k. tekin úr kastljósinu og það er eiginlega ekki það sem við erum að gera á þinginu. Við erum að reyna að ræða málin í heyranda hljóði þannig að almenningur allur viti af og þar sem hver maður hafi rétt til þess að koma skoðunum sínum sæmilega á framfæri.

[22:26]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir)**:

Eins og hv. þingmanni er kunnugt eru margir hv. þingmenn á mælendaskrá og þurfa eðlilega sinn tíma til að ræða þetta frumvarp. Þess vegna hefur forseti séð til þess að tími gefist til þess. Það er löng mælendaskrá.

[22:26]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni að gott hefði verið að fá það algjörlega á klárt hvenær hæstv. forseti hyggst ljúka þessari umræðu í kvöld. Það væri líka viðkunnanlegra undir þessari umræðu að hæstv. menntamálaráðherra væri í salnum við 1. umr. — Já, ágætu þingmenn, ég hef góða hliðarsjón og út undan mér sé ég hæstv. menntamálaráðherra, ég hef lítið séð til hennar í salnum í kvöld. Mér finnst það lágmarks ... (Gripið fram í.) Það er nú einfaldlega þannig að ég hef verið hér í allt kvöld meira og minna. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra sé einhvers staðar hulin sjónum venjulegra manna í hliðarsölum. En það eru almennir mannasiðir í þessum sölum að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir umræður á meðan þær er á framfæri þeirra. Fyrsta umræða er þannig.

Ég kem þó ekki hér til að kvarta undan hæstv. ráðherra því ég er löngu hættur því. Hins vegar vil ég að það komi alveg skýrt fram að þessi kvöldfundur er ekki haldinn með samþykki formanns þingflokks Samfylkingarinnar. Það er vel hugsanlegt að það hafi verið misskilningur milli mín og hæstv. forseta og annarra þingflokksformanna um hversu langt skyldi haldið á þessu kvöldi en ég hafði tekið það svo að ekki væri efnt til slíkrar umræðu. Ég er ekki að halda því fram að hæstv. forseti hafi blekkt mig eða neitt slíkt en ég skildi þetta svona. Ég vil að það komi alveg skýrt fram gagnvart þingmönnum að þessi fundur er ekki með samþykki þingflokks Samfylkingarinnar. Ég tel að það sé í þágu góðs samstarfs í þessu erfiða máli að menn reyni að komast að samkomulagi við stærsta stjórnarandstöðuflokkinn í málinu.

Ég vil líka segja, frú forseti, að það mundi henta þeim þingmönnum sem eru í salnum og eiga eftir að tala að vita nákvæmlega hvernig á að fylgja þessari umræðu fram. Ég

vil líka að það komi alveg skýrt fram að ég tel að það sé ekki í þágu góðs friðar á þinginu ef það á síðan, til að klára þetta mál að kröfu hæstv. menntamálaráðherra, að halda hér kvöldfundi dag eftir dag. Ég tel, eins og fram hefur komið, að það mál sem er til umræðu væri betur geymt utan sala þingsins. Hins vegar er það svo að ég virði rétt meiri hlutans til að ná vilja sínum fram.

Við alþingismenn höfum hins vegar líka okkar rétt og alveg sama hverjar þarfir hæstv. menntamálaráðherra eru þá er það svo að í þessum sölum vinnur fjölskyldufólk og hefur líka sinn rétt til að lifa eðlilegu fjölskyldulífi en þurfi ekki að vera hér kvöld eftir kvöld í upphafi þings bara til þess að þjóna dyntum hæstv. ráðherra.

[22:29]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki annað hægt en að taka undir þær sjálfsögðu athugasemdir sem hér hafa komið fram hjá hv. þingmönnum um að það er mjög undarleg tilhögun af hálfu virðulegs forseta að setja hér á kvöld- eða næturfund til að reyna að keyra 1. umr. um þessa þriðju tilraun ríkisstjórnarinnar til að koma nýjum lögum á um Ríkisútvarpið fram í skjóli myrkurs. Það er mjög undarlegt að beita með þessum hætti hálfgerðum brögðum til að tóna niður umræðuna, til að reka þessa umræðu hér að kvöldlagi þannig að það verði minna úr henni, til að reyna að taka úr henni dampinn með einhverjum hætti þegar Alþingi er rétt komið saman. Afar fá stjórnarfrumvörp eru komin fram, ef þá nokkur fyrir utan fjárlögin, og því eru engin rök fyrir því af hverju þetta mál er rekið inn í kvöldfund núna 16. október. Það vita allir að þegar líður að þinglokum, annaðhvort skömmu fyrir jól eða í maí þegar þingi lýkur að vori, að þá eru rök fyrir því að mál séu rædd að kvöldlagi og stundum inn í nóttina til að flýta fyrir störfum Alþingis. Svo háttar ekki nú og því fer víðs fjarri. Þess vegna er þetta mjög undarleg ráðstöfun af forseta þingsins, sem var kosinn hér á dögunum nokkuð glæsilegri og almennri kosningu af, held ég, þorra alþingismanna þannig að ég held að flestir alþingismenn líti nú svo á að forsetinn starfi í þeirra umboði og hljóti að gæta hagsmuna þeirra allra burt séð frá flokkadráttum og pólitískum bolabrögðum ríkisstjórnarflokkanna hverju sinni. Þess vegna hlýtur virðulegur forseti að gefa okkur alþingismönnunum boðlega skýringu á því af hverju verið sé að reka þetta mál hér inn í myrkrið, af hverju verið sé að reyna að tæma 1. umr. um málið hér inn í nóttina þegar engin rök hafa komið fram um að svo þurfi að gera. Af hverju er málið ekki rekið með eðlilegum hætti en ekki þeim óttaslegna vandræðagangi sem einkennir málið af hálfu ríkisstjórnarmeirihlutans þegar hæstv. menntamálaráðherra virðist vera að gera þá kröfu á virðulegan forseta að málið sé rekið hérna einhvern veginn inn í nóttina þannig að minna verði úr umræðu og það flýti einhvern veginn fyrir málsmeðferð? Þetta eru bolabrögð, virðulegur forseti. Ég fer fram á það að fundi verði frestað og honum haldið áfram á morgun.

[22:32]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir)**:

Forseti vill eindregið mótmæla því að hér sé um bolabrögð að ræða. Þannig er mál með vexti að hæstv. menntamálaráðherra hefur lagt sig fram um að vera liðleg hér varðandi framgang mála og hefur vikið með sitt fyrir ýmsum öðrum málum sem hér hafa þurft að komast á dagskrá þar sem meðal annars hv. stjórnarandstöðuþingmenn hafa lagt áherslu á að slík mál kæmust að á undan. Þess vegna telur forseti eðlilegt með tilliti til þess hversu seint þessi mál komust að á dagskrá hér í dag að halda áfram með þetta mál vegna þess að mjög margir hv. þingmenn eru á mælendaskrá og vilja eðlilega fá að tjá sig um þetta mál.

[22:33]

**Einar Már Sigurðarson** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég bað nú um orðið áður en hæstv. forseti veitti hér örlitlar skýringar á því hvernig á því stæði að hér er kvöldfundur nú á þriðju viku þings þetta haustið. Helstu skýringar virðulegs forseta eru þær að hæstv. menntamálaráðherra hafi sýnt sérstaka lipurð hér gagnvart málum hv. þingmanna og meðal annars að vegna þess að þetta mikilvæga mál komst hér seint á dagskrá í dag þá sé eðlilegt að halda áfram.

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir að það hefði verið, vegna þess hversu seint þetta mál komst á dagskrá, allt í lagi að fara hér örlítið inn í kvöldið til þess að vinna upp þann tíma sem fór framan af fundi ef það hefði verið ætlunin að skipuleggja hér dagskrá þannig að við yrðum hér kannski fram að kvöldmat ef til þess hefði ekki komið. En ég sé ekki betur, virðulegi forseti, en að liðið sé nokkuð fram yfir þann tíma sem fór í þau mál sem hér voru fyrr rædd í dag. Klukkan tíu hefði ég haldið að væri vel rúmlega orðinn tíminn sem fór í hin málin þannig að það hefði nú verið í lagi að ljúka hér störfum um tíuleytið. En svo virðist ekki vera og virðulegur forseti gaf engar vísbendingar um það hversu lengi væri ætlunin að halda hér áfram í kvöld. Það er bagalegt.

Virðulegur forseti gaf heldur ekki vísbendingar um það hvort gert væri ráð fyrir því að haldið yrði áfram strax í byrjun fundar á morgun ef umræðu lyki ekki í kvöld og hversu lengi yrði þá fram haldið. Það vekur sérstaka athygli að þetta mál skuli keyrt svo hratt fram því að við þingmenn höfum ekki orðið varir við að slík ósköp af stjórnarfrumvörpum að minnsta kosti lægju fyrir að það þyrfti að flýta svo mjög umræðu um þetta mál. Ég geri ekki ráð fyrir því til dæmis að við þurfum allan veturinn í nefndarstörf þó að við þurfum trúlega nokkuð drjúgan tíma í nefndarstörf í menntamálanefnd. En því er ekki að neita að við höfum nokkuð fjallað um þetta mál áður þar þannig að ég get ekki ímyndað mér að við eigum ekki að minnsta kosti að ráða við það að ljúka nefndarstörfum þannig að vel fyrir vorið verðum við búin með þau störf. Ég sé því ekki að það sé heldur ástæða fyrir því að svo mikið þurfi að hraða störfum.

Ég tek eftir því að það er áberandi miklum mun minni mæting hér til dæmis af hálfu stjórnarliða úr menntamálanefnd en við höfum átt að venjast þannig að það er augljóst mál að þessi kvöldfundur kemur líka illa við ýmsa stjórnarliða sem ég trúi að hafi mikinn áhuga á því að vera hér. Ég vænti þess því að virðulegur forseti sýni þessu máli þann skilning og átti sig á því að það er ekki mjög sniðugt að egna þingheim með kvöldfundum að minnsta kosti kvöld

eftir kvöld svona rétt í byrjun þings. Ég vænti þess að virðulegur forseti gefi okkur skilmerkileg svör um að þessu verði ekki miklu lengur fram haldið og þá hvenær virðulegur forseti gerir ráð fyrir að ljúka kvöldfundi.

[22:37]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Nú hefur það verið rifjað upp að við höfum staðið hér í pontu allmarga klukkutíma í dag og rætt þetta mál. En ég vil minna á hvernig þessi umræða hófst hér í dag. Hún hófst á ósamkomulagi um fyrirkomulag þessarar mikilvægu umræðu.

Á dagskrá þingsins eru þrjú þingmál, í fyrsta lagi frumvarp um Ríkisútvarpið, frumvarp um Sinfóníuna og frumvarp um sjálfan grundvöll fjölmiðlalöggjafar í landinu. Stjórnarandstaðan hafði sett fram þá ósk að við hæfum umræðuna á því máli sem sett hefur verið aftast, þ.e. sem varðar sjálfan grundvöllinn, og síðan tækjum við til við að ræða hin sértæku mál, Ríkisútvarpið og Sinfóníuna.

Ég hef síðan aldrei fyrir mitt leyti fengið svör við því hvernig á því standi að stjórn þingsins og hæstv. menntmálaráðherra stendur gegn því að mál sem varða Ríkisútvarpið verði tekin til umfjöllunar samhliða umræðu um Ríkisútvarpið. Þetta skiptir mjög miklu máli þegar kemur til afgreiðslu málsins. Þegar það kemur til nefndar, þegar það er sent út til umsagnar hjá hagsmunaaðilum og þeim sem til þekkja er eðlilegt að menn hafi alla þá valkosti sem bjóðast á löggjafarsamkomunni. Þess vegna er eðlilegt að frumvörp og þingmál sem tengjast Ríkisútvarpinu í þessu tilviki verði rædd samhliða. Ég hef ekki fengið svör við því, hvorki frá hæstv. forseta þingsins né hæstv. menntamálaráðherra sem ég hef ítrekað beint spurningu til, hvort fallist yrði á þetta fyrirkomulag. Ég hef ekki fengið einu sinni svör við þessari spurningu.

Hæstv. forseti. Þetta er ástæða þess að þessi umræða hefur dregist á langinn. Við erum að sjálfsögðu ósátt við þetta frumvarp í heild sinni, frumvarpið um Ríkisútvarpið. En við höfum einnig verið að mótmæla fyrirkomulaginu á þessari umræðu og getum ekki sætt okkur við það.

[22:39]

**Mörður Árnason** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég þakka þau svör sem gefin hafa verið, að þau skuli hafa verið gefin að minnsta kosti, en er ekki sáttur við þau. Ég spurði um tvennt. Ég spurði í fyrsta lagi hvað þessi fundur ætti að standa lengi og fékk engin svör við því og í öðru lagi hvað ylli þessum kvöldfundi. Taka má undir með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni að það sé skiljanlegt að menn fari út í kvöldfund af því að umræðan hófst seint á degi. Ég sé nú ekki að það sé neinum að kenna sem hér stendur hversu seint á degi þessi umræða hófst. Það er alvanalegt að umræða á mánudegi hefjist með athugasemdum um störf þingsins, við hvað sem þær athugasemdir eru nú í raun og veru, og utandagskrárumræða er hér sett á með vilja og vitund forseta væntanlega til þess að koma henni að. Það má kannski deila um það hvort heppilegt er að hafa utandagskrárumræðu á mánudegi. Það er að minnsta kosti ekki ég sem kem þeim á á mánudögum til þess að tefja mál. Einhver annar tekur ákvörðun um það.

Hins vegar er það nokkuð ævintýraleg röksemdafærsla að kvöldfundur sé haldinn á mánudegi á níunda starfsdegi þingsins, 16. október, til þess að vera góður við hæstv. menntamálaráðherra, vegna þess að hún hafi þurft að bíða svo lengi með einhver mál sín. Það er eiginlega röksemdafærsla, forseti, sem ekki gengur upp. Jafnvel þótt menn kunni að vera persónulegir vinir og geri hvor öðrum greiða svona með einhverjum hætti þá er ekki gagnvart þingstörfunum og almenningi sem kaus okkur til veru hér á þinginu boðlegt að færa það fram sem ástæðu að forseti sé að vera vinsamlegur við hæstv. menntamálaráðherra. Ég veit ekki hvað þau rök eiga eiginlega að þýða. Ég er ekki viss um að það sé neinn vinargreiði við menntamálaráðherra að bjóða ráðherranum upp á þetta því að eins og ég var að reyna að koma frá mér áðan þá hefur það oft heldur lengt þingstörfin að setja hér á langa fundi á kvöldin og ekki skapað þann frið og þá sátt um afgreiðslu mála sem vera þyrfti og er eiginlega hlutverk forseta að reyna að beita sér fyrir.

[22:42]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir)**:

Forseti vill geta þess að hún hafði fyrr í kvöld stuttan fund með þingflokksformönnum til þess að ræða framgang mála á hinu háa Alþingi, svo að forseti leggur sig fram um að leita eftir samkomulagi við alla þingflokka.

[22:43]

**Einar Már Sigurðarson** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég þakka þann lipurleik að hleypa mér að undir þessum dagskrárlið. Það er út af fyrir sig ekki miklu við það að bæta. Það er greinilegt að hæstv. forseti telur sig standa sig býsna vel í því að reyna að ná sátt um þingstörfin. En það er rétt að vekja athygli á því að það kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, þingflokksformanni okkar samfylkingarmanna, að þessi kvöldfundur væri ekki með samþykki hans sem þingflokksformanns okkar þannig að eitthvað hefur mistekist í því að ná fullri sátt um það. Síðan er líka hægt að ræða það að kvöldfundur og kvöldfundur getur verið býsna misjafn. Kvöldfundi gæti verið lokið núna þegar klukkan er að verða ellefu eða það væri svona kvöldfundur í styttra lagi.

Frú forseti. Þetta er umhugsunarefni, ekki síst í ljósi þess að virðulegur forseti hélt merka ræðu hið fyrsta sinn er virðulegur forseti náði kjöri þegar hún talaði um að breyta hér vinnubrögðum. Ýmsir skildu það að minnsta kosti svo, þó að ég muni ekki nákvæmlega orðalag ræðunnar, að það yrði til þess að tekið yrði meira tillit til þess að þingmenn væru fjölskyldufólk og það yrði dregið frekar úr kvöldfundum en hitt. Því er spurning hvað hafi valdið þeim áherslubreytingum virðulegs forseta að setja hér á kvöldfund nú svo snemma þings þegar engin rök hafa komið fram um að mikil nauðsyn sé á slíku. Að vísu er eðlilegt að taka tillit til hæstv. ráðherra innan ákveðinna marka. En ég get ekki séð að það dugi til þess að rökstyðja kvöldfund sem þennan. Síðan gefur virðulegur forseti þingheimi ekki svör við því hvernig framhaldið er hugsað. Breytist þessi kvöldfundur hugsanlega í næturfund eða má búast við því að á morgun verði kvöldfundur sem hugsanlega gæti líka breyst í næturfund eða mun þetta ráðast af einhverju sem ekki er ljóst nú?

Virðulegur forseti. Ég er sannfærður um að það muni frekar greiða fyrir þingstörfum heldur en hitt ef virðulegur forseti svaraði skýrt og greinilega því hvernig þetta væri hugsað.

Það er ekki gott að hefja þingið með þeim hætti að ekki skuli vera samkomulag um það til dæmis hvernig umræðu er háttað um mál eins og Ríkisútvarpsmálið sem við erum nú að ræða því það er þess eðlis að eðlilegt væri að ekki bara hæstv. ráðherra heldur líka virðulegur forseti legðu sig sérstaklega fram um að reynt yrði að ná sem allra mestri sátt um leið því stofnunin er þess eðlis að hún þarf á því að halda. Þetta er þess vegna ekki rétta leiðin til þess. Ég vænti þess að virðulegur forseti gefi okkur að minnsta kosti skýr svör við því hvernig ætlunin sé að halda þessu áfram.

[22:46]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni. Það er eðlilegt að fá skýr svör um það hvenær ráðgert er að ljúka þingfundinum. Hins vegar, svo að allir séu látnir njóta sannmælis, er í rauninni ekki við hæstv. forseta Alþingis að sakast í þessu efni. Hæstv. forseti boðaði okkur til samráðsfundar fyrir stundu og vildi leita fyrir sér um hvort unnt væri að ná einhvers konar samkomulagi. Ég sé hins vegar ekki að það sé neinn samkomulagsvilji frá hendi ríkisstjórnarinnar og frá hendi hæstv. menntamálaráðherra.

Við skulum ekki gleyma því að í þessu máli og í þessum vinnubrögðum erum við að kynnast pólitískri forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Það eru ýmis mál sem brenna á þjóðinni. Hér í dag í utandagskrárumræðum og utan dagskrár hefur verið rætt um málefni öryrkja, fátækasta hlutans í íslensku samfélagi sem er að verða fyrir kjaraskerðingu þessa dagana, nokkuð sem ríkisstjórnin gæti leyst eða bætt úr með því að flýta starfi sem fram fer um endurskoðun á samspili lífeyrissjóða og almannatrygginga. Því er öllu vikið til hliðar.

Landbúnaðarmál brenna á þjóðinni. Allt leikur á reiðiskjálfi í samfélaginu vegna hlerunarmála. Því er öllu vikið til hliðar vegna þess að ríkisstjórnin verður að ná því fram að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi. Nú er það að endurtaka sig sem gerðist í vor að öllu var sópað út af borðinu til þess að þetta pólitíska áhugamál ríkisstjórnarinnar yrði látið hafa allan forgang. Þetta erum við að upplifa núna.

Það er þess vegna sem verið er að boða til kvöldfunda og setja allt annað þingstarf úr skorðum, vegna þess að ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja þetta pólitíska gæluverkefni frjálshyggjunnar í Sjálfstæðisflokknum á oddinn. Framsóknarflokkurinn dansar að sjálfsögðu með. Margir höfðu bundið vonir við að Framsóknarflokkurinn mundi standa í fæturna í þessu máli. Nei, hann lyppast niður eina ferðina enn. Eina ferðina enn lyppast Framsóknarflokkurinn niður, leggst undir Sjálfstæðisflokkinn og gerir allt það sem honum er skipað. Það er afskaplega dapurlegt hlutskipti.

[22:49]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson rifjaði hér upp hina glæsilegu ræðu sem hæstv. forseti flutti hið fyrsta sinni sem hún var kjörin forseti þessa þings. Með mikilli ánægju hlýddu menn á þá ræðu, ekki síst við sem höfum árum saman kvartað undan því að vinnubrögð Alþingis séu úr takti við þá þróun sem hefur orðið í samfélaginu. Breytingin sem hefur orðið meðal fólks er sú að menn vilja fá tóm til þess að sinna fjölskyldu sinni, það er partur af lífsgæðunum.

Það er sjálfsagt að horfa í gegnum fingur sér við forseta og þá sem stýra þessu þingi þó að í upphafi þingvetrar sé ráðist í að halda einn kvöldfund. En þegar við blasir að með offorsi á að reyna að keyra þetta mál fram með því að halda hér fundi bersýnilega kvöld eftir kvöld segi ég: Mér er nóg boðið. Mér er nóg boðið fyrir hönd forseta Alþingis sem lofaði okkur þingmönnum því að reynt yrði að koma skikkan á þingstörf þannig að menn gætu unnið þau eins og hverja aðra vinnu en þyrftu ekki að vera stöðugt vinnandi hér — þó að ég telji það ekki eftir mér — á tímum sem menn eiga að vera heima og sinna fjölskyldu sinni. Það lagði hæstv. forseti upp með. En ég virði henni það til vorkunnar að hún er fórnarlamb ráðherrafrekjunnar sem hér hefur tekið völdin. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Ég er ekki að tala hér um einn einstakan hæstv. ráðherra. Ég vil taka skýrt fram að ég tel að hæstv. menntamálaráðherra sé ekkert frekari en aðrir ráðherrar. Hins vegar eru þeir allir þessu marki brenndir, frú forseti. Ráðherrafrekjan, sem er annað orð yfir það sem kalla má ráðherraræði, hefur tekið hér völdin. Framkvæmdarvaldið er farið að hringla með þingið og þrýsta á þingið til þess að koma vilja sínum fram í hvaða máli sem er. En það er þingið sem á að setja sér sínar vinnureglur og þingið er samansett af stjórnarandstöðu og stjórnarliði og það hlýtur að þurfa að finna einhvers konar málamiðlun varðandi þingstörfin.

Hæstv. forseti fann þá málamiðlun í fyrstu ræðu sinni hér og hún hefur sannarlega sýnt vilja. Hún hefur ekki fengið frið fyrir þeirri afskræmingu á þingræðinu sem ég kalla ráðherraræði, og annað orð yfir það er ráðherrafrekja. Af hverju erum við hér til þess að ræða þetta mál, sem er stál í stál og verður erfitt að ná samkomulagi um, sem hæstv. ríkisstjórn tók af eigin hvötum af dagskrá á síðasta vori? Vegna þess að það er hæstv. ráðherra sem, kurteislega orðað, „af dæmafárri ýtni“ þrýstir þessu máli fram, þrýstir því í gegnum þingflokk sinn, þar sem hún vissulega hefur meiri hluta fyrir því. Hún hefur tæpast meiri hluta í stjórnarliðinu, það vita allir að verið er að valtra yfir Framsóknarflokkinn. Ég ætla reyndar að geyma mér þá ræðu.

Frú forseti. Minn punktur er þessi: Það er forsetinn sem á að ráða, (Forseti hringir.) ekki ráðherrafrekjan sem er að taka völdin í þessu þingi.

[22:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég hef beðið eftir því um stund að hefja ræðu mína. Ég skorast svo sem ekkert undan því að tala eitthvað inn undir miðnættið úr því að sú hefur orðið niðurstaðan að hafa kvöldfund eins og það mun hafa verið orðað. Í sjálfu sér er ég ekki alveg óvanur því að hér sé fundað á kvöldin eða þess vegna fram á nótt, en það er þá eðlileg og

sjálfsögð kurteisi að slíkt sé skipulagt með sæmilegum fyrirvara og menn viti að hverju þeir gangi í þeim efnum. Ég skil kvöldfund þannig að hann standi ekki lengur en fram undir miðnættið, það er ómögulegt að líta á það öðruvísi en svo að þá sé það næturfundur ef farið er þar fram yfir. Það er engin sérstök ástæða til þess að halda kvöldfundi nema þegar þannig háttar til að orðið er knappt um tíma þingsins. Ég verð að segja eins og er að ég man ekki eftir því að gripið sé til kvöldfunda strax á fyrstu eða annarri eða þó að það sé í byrjun þriðju viku þings. Mér er nær að halda að oft hafi 2. umr. fjárlaga undir lok nóvember eða í byrjun desember verið fyrsta meiri háttar kvöld- eða næturumræða sem farið hefur fram á hverju þingi, þannig að hér er eitthvað brotið í blað. Ekki eru nú mörg frumvörp komin frá hæstv. ríkisstjórn þannig að hún ætti ekki að þurfa að fara á taugum þess vegna. Það hefði ekki átt að vera neitt vandamál að koma þessu máli og þessum frumvörpum til nefndar með eðlilegum hætti á virkum dögum.

Það sem vekur sérstaka athygli og er umhugsunarefni í þessu sambandi er sú staðreynd að hæstv. ríkisstjórn, hæstv. menntamálaráðherra, skuli nú bera þetta frumvarp um Ríkisútvarpið eina ferðina enn á borð, þriðju útgáfu þess frá því að lagt var upp, og að ekki skuli enn takast betur til en svo að um málið er bullandi ágreiningur. Það er mjög ógæfulegt að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki hafa náð landi í málinu með einhverjum hætti og náð að vinna þannig úr því að um það skapist einhver friður.

Það er óhjákvæmilegt að rifja aðeins upp samhengi þessara mála, þ.e. hvernig til tókst allt frá því að hér skall á fárviðri má segja með fjölmiðlaupphlaupinu mikla á sínum tíma undir forustu þáv. forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins, Davíðs Oddssonar, sem leiddi síðan til logandi átaka hér á aukaþingi að sumri um málefni fjölmiðla og sögulegra atburða í íslenskum stjórnmálum, hrikti í innviðum ríkisstjórnarsamstarfs og stór orð féllu um samskipti þings, forsetaembættis, ríkisstjórnar og þjóðar.

Því máli lauk með algjörum ósigri ríkisstjórnarinnar. Því lauk með mjög magnaðri niðurlægingu ríkisstjórnar sem átti að heita að styddist við meiri hluta á Alþingi. Á endanum valdi ríkisstjórnin það sér til lífs — ætli megi ekki orða það þannig — að fella það mál allt saman niður. Hún þorði ekki með það í kosningar eins og stjórnarskráin þó mælir fyrir um.

Þá vöknuðu vonir um að menn hefðu svolítið lært og til stæði að vinna öðruvísi að þessum málum. Sett var á laggirnar fjölmiðlanefnd, það var strax í áttina að vinna þó að málinu með einhverjum þeim hætti að það væri vandaður faglegur undirbúningur. Síðan kom önnur nefnd, sú sem skilaði af sér mikilli skýrslu og þann afrakstur er að uppistöðu til að finna í frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum sem hér liggur líka fyrir og er 58. mál þessa þings. Leit nú bara heldur betur út með að hugsanlega væri aftur hægt að ná þjóðinni saman og þingi og helstu aðilum þessa máls.

Þá kemur ríkisstjórnin undir forustu hæstv. menntamálaráðherra enn með sín frumvörp um Ríkisútvarpið og sundrar þessu öllu á nýjan leik. Og það sem alvarlegra er, það er valið að láta hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins hafa forgang fremur en að fylgja nú samstöðunni eftir úr fjölmiðlanefnd og klára það mál. Ég verð að segja eins og er að ég undrast eiginlega gæfuleysi eða lánleysi hæstv. menntamálaráðherra í þessum efnum. Það má alveg koma fram hér að ég hef líka í einkasamtölum við hæstv. ráðherra lagt að henni að velja frekar þá leið að ljúka fyrst setningu eða umfjöllun um rammalöggjöf um fjölmiðla og reyna að ná því máli í höfn. Ég tel að það hefði verið skrautfjöður í hatt hæstv. menntamálaráðherra ef hún hefði borið gæfu til að fara þá leið. Það hefði í sjálfu sér ekkert verið lítið á spýtunni ef, eftir öll ósköpin sem búin voru að ganga á í fjölmiðlamálunum, hæstv. ráðherra hefði náð að hafa síðan forgöngu um að ná mönnum saman á nýjan leik og afgreiða nýja rammalöggjöf um fjölmiðla í sæmilegri sátt. Ég sé ekki annað en að hæstv. ráðherra sé að stofna því öllu í uppnám enn á ný með þessari framgöngu. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi mögulega glutrað niður tækifæri til þess að ná þessu í land í fyrravor. Ef Ríkisútvarpsmálið hefði verið látið bíða en fjölmiðlafrumvarpið lagt fram og áhersla lögð á afgreiðslu þess hefði verið fróðlegt að sjá hvað hefði getað komið út úr því — ef ríkisstjórnin hefði ekki lagt niður skottið hér í byrjun júnímánaðar sl. og sent þingið heim, sem til stóð að yrði hér við störf í einhverjar vikur eftir sveitarstjórnarkosningar.

En hvað um það. Allur sá tími sem menn hafa haft til að reyna að sjá að sér í þessum efnum og vinna öðruvísi að málum hefur farið fyrir lítið. Þá veltir maður því fyrir sér: Hvernig stendur á því? Af hverju eru málin föst í þessum farvegi? Ég kem eiginlega ekki auga á neina nothæfa skýringu aðra en þá að Sjálfstæðisflokkurinn er með einhverja meinloku í þessu máli. Það er bara einhver meinloka í ráðandi sveit Sjálfstæðisflokksins, að það skuli breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag.

Þó að engin sérstök rök standi til þess og auðvitað minni en ekki nein og þó það sé pólitískt greinilega og bersýnilega mjög óskynsamlegt. Þó að ríkisstjórnin eða hæstv. ráðherra stofni mögulega í hættu og geri út um árangur sem gæti náðst á öðrum sviðum og í þessum málefnum í heild sinni, þ.e. með setningu almennrar fjölmiðlalöggjafar, þá er samt valið að þrjóskast áfram með hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Það hlýtur því að vera einhver algjör meinloka sem þar er á ferðum.

Ekki trúi ég að þetta sé sérstakt keppikefli hins stjórnarflokksins. Það er þá að minnsta kosti nýtt ef svo er komið að það sé orðið að hugsjónamáli hjá Framsóknarflokknum að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Það var nú eitthvað annað hér áður. Það er að vísu dapurlegt, og ég mun koma aðeins að því síðar í ræðu minni, hvert andstaðan sem framsóknarmenn einu sinni hugðust halda uppi í þessu máli hefur farið. En við skulum nú samt ætla að það sé nú ekki orðið þannig að það sé orðið sérstakt keppikefli og stefnumál hjá Framsókn að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag og undirbúa mögulega alls kyns markaðsvæðingu ef ekki einkavæðingu þess.

Nei. Þá hlýtur þetta að vera eitthvert algerlega kvikusárt meinlokumál hjá Sjálfstæðisflokknum. Það er auðvitað hægt að velta vöngum yfir því hvernig sambúð Sjálfstæðisflokksins og menningarstofnana Ríkisútvarpsins hefur verið gegnum tíðina. Það er auðvitað orðin mjög skrautleg saga sú 15 ára saga sem Ríkisútvarpið hefur verið í klóm Sjálf-

stæðisflokksins. Ég hef einhvern tímann orðað það þannig úr þessum ræðustóli, virðulegi forseti, án þess að vera neitt áminntur, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi lagt Ríkisútvarpið í einelti. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ástundað mjög sérkennilega húsbóndamennsku í Ríkisútvarpinu í tíð sinna menntamálaráðherra hvað varðar mannaráðningar og fleira á þeim bæ. Það er almennt viðurkennt.

Nú er það þannig að Sjálfstæðisflokkurinn hafði lengi þá stefnu, a.m.k. harðlínumenn á þeim bæ, að í raun og veru ætti ekki að vera neitt ríkisútvarp. Það var sáluhjálparatriði t.d. hjá ungum sjálfstæðismönnum um árabil að leggja niður eða selja Rás 2. Sjálfstæðismenn hafa í raun og veru iðulega afhjúpað efasemdir sínar um þetta skipulag mála að hér sé rekið opinbert menningar-almenningsútvarp. Það hefur oft mátt ætla af framgöngu sjálfstæðismanna að þeir teldu í raun og veru að Ríkisútvarpið væri ekkert öðruvísi en hver önnur afþreyingarstarfsemi í einkafjölmiðlum og þar af leiðandi gæti þetta einfaldlega verið verkefni hjá markaðnum.

Nú er það að vísu svo að það eru ákaflega falleg orð um annað hér í frumvarpinu. Ég held að sjálfstæðismenn hafi áttað sig á því og kannski gert það upp við sig á einhverju stigi málsins að ekki væri hyggilegt, ekki pólitískt skynsamlegt að hjóla beint í Ríkisútvarpið, bara ganga beint framan að því og koma sem sagt þannig til dyranna. Og þá eru farnar einhverjar svona leiðir. En að láta það vera, láta það í friði og leyfa því að dafna sem eiginlegu ríkisútvarpi, eiginlegri sameign þjóðarinnar í einhverju því rekstrarformi eða þannig sé um það búið sem eðlilegt getur talist með hliðsjón af viðfangsefnunum, það ræður Sjálfstæðisflokkurinn ekki við. Þar kemur einhver meinloka til sögunnar. Niðurstaðan er þessi dapurlega þráhyggja með að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið.

Það er svo undarlegt að í raun og veru koma röksemdirnar gegn því að það sé heppilegt form fyrir Ríkisútvarpið úr báðum áttum, ef svo má að orði komast. Það eru ýmsir góðir og gegnir markaðssinnar og samkeppnisrekstrarsinnar á hægri væng stjórnmálanna sem hafa bent á það með mjög sannfærandi rökum að frá þeirra bæjardyrum séð, út frá þeirra hugmyndafræði sé einmitt vitlaust að þvæla menningarstofnun og almannaþjónustustofnun, eins og Ríkisútvarpið er, inn í samkeppnis- og rekstrarumhverfi. Þetta sé alls ekki svoleiðis viðfangsefni. Það spilli bara fyrir að reyna að troða viðfangsefni af þessu tagi inn í hlutafélagalöggjöfina af því að hér sé augljóslega ekki um eiginlegan og venjulegan samkeppnisrekstur að ræða og alls ekki í ábataskyni. Ríkisútvarpið er ekki rekið til að græða á því. Enda hefði það haft lítið haft upp á sig undanfarin ár. Svoleiðis hefur nú afkoman verið á þeim bænum. Ríkisútvarpið er starfrækt í allt öðrum tilgangi og það má bókstaflega ekki rugla því saman við hefðbundinn atvinnurekstur sem hefur það að meginmarkmiði, stundum kannski eina takmarkinu, að skila eigendum sínum gróða.

Arðurinn af Ríkisútvarpinu er fólginn í blómlegri og þróttmikilli starfsemi þess og að það sinni hlutverki sínu vel. Sá arður er fólginn í því að menningararfur þjóðarinnar sé þar fóstraður og nærður. Almenningur á að geta gengið að traustum, heiðarlegum, hlutlægum fjölmiðli, bæði fréttamiðli og miðli sem miðlar menningarefni og stendur fyrir dagskrárgerð. Styður við bakið á hvers kyns menningarstarfsemi og listsköpun og þar fram eftir götunum, fyrir utan auðvitað ýmis önnur hlutverk sem óumdeilt er að Ríkisútvarpið skuli hafa eins og að dreifa efni til allra landsmanna, sinna því öryggishlutverki sem Ríkisútvarpinu er uppálagt og þar fram eftir götunum.

Nú er það auðvitað ekkert nýtt að málefni Ríkisútvarpsins beri á góma og menn hafi haft hugmyndir um breytingar á starfsemi þess og löggjöf og stjórnsýslu lengi. Það er þó tiltölulega nýtt, og í raun og veru alveg nýtt, að menn ræddu þau mál og að drifkraftur þeirra hugmynda væri að viðskiptavæða eða markaðsvæða starfsemina. Í raun man ég satt að segja ekki eftir því að menn hafi talið að það væri eitthvað sem þyrfti að fást við eða væri tilefni til að gera skipulagsbreytingar gagnvart. Nei, það hafa verið hlutir eins og þeir að Ríkisútvarpið þyrfti að verða sjálfstæðara. Það þyrfti að verða öflugra. Það þyrfti að vera betur hafið yfir mögulega pólitíska íhlutun og pólitíska valdbeitingu, svo maður segi nú ekki pólitíska misnotkun. Menn hafa velt vöngum yfir því, hvernig við getum varið Ríkisútvarpið, slegið skjaldborg um það. Er það það sem er verið að gera hér með þessu frumvarpi? Nei, það er aldeilis ekki. Á margan hátt er verið að fara úr öskunni í eldinn ef þetta nýja stjórnfyrirkomulag Ríkisútvarpsins verður lögtekið.

Það liggur hér annað frumvarp fyrir þinginu, virðulegi forseti, þótt það sé nú ekki á dagskrá, sem er að mínu mati mikil yfirsjón hjá forseta að leyfa ekki öðrum þeim þingmálum sem þegar eru komin fram og meira segja með lægra þingskjalsnúmer, að vera hér að minnsta kosti inni á dagskránni. Ég á hér við 24. mál þessa þings, frumvarp sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs flytjum um málefni Ríkisútvarpsins. Frumvarp til breytinga á gildandi lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið. Þar er lögð til allt önnur nálgun hvað varðar stjórnsýslu eða fyrirkomulag í málefnum, bæði rekstrarlegri stjórn og dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins. Þar er verið að reyna að búa um þessa hugsun að mikilvægt sé að Ríkisútvarpið sé hvort tveggja í senn, öflug stjórnsýslueining, þ.e. hvað varðar rekstur og framkvæmdastjórn þar sem helstu yfirmenn koma að málum. Þar sem starfsmenn eiga aðild, þar sem starfsmannalýðræði er í heiðri haft og svo hins vegar mjög öflugt dagskrárráð og að þessum hlutum sé haldið aðskildum. Af hverju er það gert? Vegna þess að sú leið hefur verið farin mjög víða og hún hefur gefist vel, þ.e. að um hina menningarlegu og faglegu ákvörðunarþætti sé búið sérstaklega. Þá er hugsunin slík að þetta er að því leyti eins og fyrirtæki að það þarf að sjálfsögðu að stjórna því, starfsmannahaldi og daglegum rekstri. Það þarf að gera fjárhagsáætlun. Það þarf að starfa samkvæmt henni.

En svo koma aðilar sem spila úr þeim ramma sem til ráðstöfunar er og þar á að vera faglegt sjálfstæði. Þar þarf að geta verið menningarlegur metnaður. Hann má ekki að vera mældur einungis í krónum og aurum rekstrarmanna, peningamanna. Það fylgir því líka heilmikil dínamík, ef svo má að orði komast, heilmikill sköpunarkraftur ef vel tekst til. Að láta þannig kallast á, annars vegar rekstrarlega stjórnun og utanumhald og hins vegar skapandi og frjóa hugsun í sambandi við dagskrárgerð og framleiðslu menningarefnis. Fyrir nú utan að það er langur vegur frá slíku

þar sem mikill fjöldi manna, sérfróðra aðila annars vegar á sviði rekstrar og stjórnunar og hins vegar á sviði dagskrárgerðar og menningar koma að málum og hinu að fara þá ótrúlegu leið sem hér er lögð til í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Og hver er hún?

Hún er sú, virðulegi forseti, að í raun og veru á að fela einum manni alræðisvald í þessu fyrirtæki. Þessari stofnun sem auðvitað er rangt að kalla fyrirtæki. Ríkisútvarpið er ekkert fyrirtæki í hefðbundnum skilningi þess orðs. Það er nú einn grundvallarfeillinn að nálgast viðfangsefnið þannig. Þetta er í raun og veru menningarstofnun. Þetta er þjóðareign. Þetta er fyrirbæri sem varðar alla, sem allir vilja láta sig varða. Það er angi af mikilli ranghugsun í þessum efnum að reyna að þvinga það inn í ramma venjulegrar hugsunar um einn forstjóra sem síðan ræður og rekur og drottnar og deilir eftir eigin geðþótta.

Ég verð að segja alveg eins og er. Ég er búinn að lesa þetta aftur til að rifja upp hvort þetta væri virkilega svona með stjórnskipulag Ríkisútvarpsins ohf. Það er nú eins gott að hafa þetta rétt. Þetta er svona. Þetta er í alvöru þannig. Eftir allt talið um nauðsyn þess að gera Ríkisútvarpið sjálfstætt og óháð, eftir allt talið um — skyldu það nú ekki stundum hafa verið sjálfstæðismenn sem hafa sett á ræðurnar um hina pólitísku drottnun yfir Ríkisútvarpinu og pólitískt útvarpsráð sem lengi var mikið skammaryrði? En hvað á að gera? Á aldeilis að fjarlægja þetta? Nei. Það á að kjósa fimm manna pólitíska stjórn hér á Alþingi þannig að það verða þá þrír frá meiri hlutanum sem ráða. Þessir þrír erindrekar stjórnarflokkanna eða meiri hlutans á hverjum tíma eiga að ráða eitt stykki útvarpsstjóra sem fær nánast alræðisvald í stofnuninni. Hann, eins og segir í 10. gr., er framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf. og skal uppfylla skilyrði 2. mgr. Hann er jafnframt æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar. Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. Það þarf ekki frekar vitnanna við. Einn maður ræður allri dagskrárgerð og ræður eða rekur alla starfsmenn.

Þetta er því eins langt frá öllu sem talist getur dreifræði, talist getur lýðræði, svo maður tali nú ekki um starfsmannalýðræði, og nokkuð getur verið. Það er eiginlega dálítið merkilegt ef ekki er hrollur í einhverjum fleirum en okkur stjórnarandstæðingum yfir því sem þarna á að fara að gera. Finnst mönnum það notaleg tilhugsun að þetta verði svona í þessari mikilvægu opinberu stofnun? Þar sem jafngríðarlega mikilvægt er að menn geti t.d. treyst því að ekki sé blandað pólitík inn í mannaráðningar. Er þá notalegt að það sé einn pólitískt ráðinn útvarpsstjóri? Því það verður hann augljóslega þegar þrír eða þess vegna fleiri mynda meiri hluta í hinu kjörna útvarpsráði, eða hinni kjörnu stjórn Ríkisútvarpsins ohf., og ráða síðan útvarpsstjórann sem fær slíkt alræðisvald.

Nei. Ætli væri þá ekki þess virði að minnsta kosti að velta því fyrir sér hvort ekki væri gott fyrir Ríkisútvarpið að einhvern veginn öðruvísi væri að þessu staðið? Gæti nú ekki verið gott fyrir Ríkisútvarpið að það væri betur varið fyrir þó ekki væri nema tortryggni og ásökunum sem líklegt er að þetta fyrirkomulag bjóði upp á. Menn gleyma því oft að þegar menn eru að velta fyrir sér umbúnaði um hluti af þessu tagi er það ekki endilega vegna þess að menn gefi sér að vald af þessu tagi verði misnotað. Það þarf ekki endilega til. Það getur verið meira en nógu skaðlegt ef tortryggni ríkir um að svo sé. Þess vegna þarf fyrirkomulagið helst að vera hafið yfir vafa í þeim efnum. Ég held að það verði seint hafið yfir vafa ef staðið verður svona að málum ef það liggur nú í loftinu, ef menn hafa það á tilfinningunni að ráðningin sé pólitísk. Það sé fyrir fram ákveðið jafnvel. Þannig að auglýsingar, ef þær verða nú viðhafðar, eða hvað það nú er, séu til málamynda o.s.frv.

Það hefur ekki verið svo lítið af stórbrotnum pólitískum ráðningum hér að undanförnu eða embættaveitingum hjá ríkisstjórn. Það yrði ekkert skrýtið þó þjóðinni dytti það í hug að að minnsta kosti í höndum sömu valdhafa, ef þeim endist aldur til, yrði þetta með svipuðum hætti. Fara menn ekki létt með að ráða rammpólitískt í embætti útvarpsstjóra þegar þannig er ráðið í embætti t.d. seðlabankastjóra? Þó þar standi í lögum að það sé ákaflega mikilvægt að Seðlabankinn sé óháður stjórnvöldum og hann hafi á grundvelli núgildandi laga algerlega sérstaklega valdaða sjálfstæða stöðu gagnvart ríkisstjórn? Það var hugsun allra að það þyrfti að segja skilið við þá tíma að stjórnvöld gátu beinlínis verið með puttana í hagstjórn Seðlabankans. En við vitum nú hvernig ráðið var þar síðast þegar embætti losnaði.

Þannig að þetta fyrirkomulag, herra forseti, er ekki gæfulegt. Ég held að öll rök skorti til að hafa þetta svona. Ef þetta væri fyrirtæki í grimmri samkeppni við að framleiða einhverja staðlaða vöru og það þyrfti að mati manna að geta gripið til harkalegra ráðstafana í starfsmannahaldi sínu, rekið og ráðið á víxl eftir því hvernig sveiflur væru á samkeppnismarkaði með einhvern varning eða einhverja þjónustu, gætu menn sjálfsagt trúað á þannig fyrirkomulag, sótt sér einhver rök í að þar yrði að vera valdamikill forstjóri sem gæti dregið starfsemina sundur og saman og haft hlutina eins og honum hentaði — ráðið og rekið á víxl, deilt og drottnað. Það er að mínu mati ekkert sérstaklega gæfuleg aðferðafræði en sumir trúa á hana.

En þetta er bara ekki svoleiðis starfsemi. Við ætlum Ríkisútvarpinu ekki að vera undirorpið einhverjum átökum og sviptingum dag frá degi og ár frá ári. Það á þvert á móti að vera algjörlega öruggt. Það er mjög mikilvægt að þar ríki stöðugleiki og festa. Þar sé atvinnuöryggi og fólk sé sæmilega tryggt með störf sín. Það verður alltaf þannig að fréttamenn, jafnvel þótt vandaðir og hlutlægir séu fram í fingurgóma, komast ekki hjá því — sérstaklega ef þeir standa fyrir gagnrýnni fréttamennsku sem er jú eitt aðalsmerki góðrar fréttamennsku — að fréttir þeirra séu í bland hæfilega gagnrýnar. Það verður aldrei hjá því komist að um þá blási einhverjir vindar. Þá er mjög mikilvægt að þeir séu vel varðir, að þeir séu öruggir og það sé ekki bara hægt að taka þá úr sambandi.

Hvernig ætla menn að tryggja, ef svona geðþóttafyrirkomulag er orðið innbyggt í lögunum hvað varðar mannahald, að ekki verði meiri hætta á árekstrum af því tagi eða að minnsta kosti tortryggni? Nú tek ég það skýrt fram að að sjálfsögðu er engin ástæða til — og ég er ekki að ræða þetta hér út frá einhverjum einstökum starfsmönnum, hvorki yfirmönnum né fréttamönnum — að lesa út úr þessu einhver skilaboð um þá menn sem þarna eru við störf núna eða þá sem kunna að verða það á næstu missirum. Þetta snýst ekki um persónur eða einstaklinga. Þetta snýst um fyrirkomulag.

Þetta snýst um að menn reyni að hafa hlutina þannig að það fyrirbyggi árekstra, fyrirbyggi vandræði og að þeir búi vel um hnútana.

Ríkisstjórnin er með þetta mál sitt þannig úr garði gert að við erum hér í október að ræða um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið og að stofna skuli Ríkisútvarpið ohf. og það taki til starfa 1. janúar nk. Ég verð nú að segja eins og er að mér finnst menn ætla að vera býsna snöggir að drífa í að stofna þetta hlutafélag. Ef við segjum nú kannski að þingið teldi sig geta afgreitt þetta mál í desember, sem mér finnst nú reyndar ólíklegt, ætla menn þá virkilega að hafa það þannig að skella þessu í gang strax um áramótin? Að útvarpsstjóri verði bara rétt að byrja áramótaávarpið þegar hann breytist allt í einu í hlutafélag, og allt sem undir honum er? Nei. Ég hefði talið að það væri þá ástæða til að leggja ferlið eitthvað öðruvísi og betur yfirvegað upp. Og aðra grundvallarbreytingu á að gera. Það eru kannski fyrst og fremst þrír hlutir sem eru langstærstir og veigamestir í þessu máli. Það er formbreytingin yfir í hlutafélag, það er stjórnarfyrirkomulagið og það er tekjustofninn, það er nefskatturinn.

Það mál er svo illa unnið eða umdeilt eða heitt, eða hvað við eigum að kalla það, að það á ekki að reyna að koma því til framkvæmda fyrr en tveimur árum síðar. Nú eru ýmis rök fyrir því að það þurfi að undirbúa. En ríkisstjórnin ætlar ekki að fara í þann storm. En hún telur sig geta dengt Ríkisútvarpinu yfir í hlutafélag kannski bara á nokkrum dögum á jólaföstunni.

Ekki á nú heimanmundurinn að vera glæsilegur satt best að segja. Nú er það svo að Ríkisútvarpið hefur búið við miklar þrengingar í afkomu sinni um langt árabil. Það er í raun sorgarsaga hversu illa hefur verið búið að því. Það hefur alls ekki haft fjármuni handa á milli til að bæta dreifikerfi sitt og byggja sig upp þannig, þjónusta landsmenn betur hvað það varðar. Það eru allt of léleg hlustunarskilyrði víða um landið og sendar lélegir. Þetta þekkja menn. Svo hefur afl Ríkisútvarpsins til metnaðarfullrar innlendrar dagskrárgerðar verið allt of lítið.

Er þá verið að veifa einhverri myndarlegri gulrót í þessu frumvarpi um bætta tíma í þessum efnum? Ekki sé ég það nú. Ég sé ekki betur en að til standi að stofna þetta hlutafélag með 5 millj. kr. í hlutafé. Það eigi að leggja Ríkisútvarpinu til, væntanlega úr ríkissjóði, 5 millj. kr. Afganginn á þá bara að taka úr útvarpinu sjálfu, þ.e. breyta eftir atvikum í hlutafé eða hafa sem dulda eign inni í fyrirtækinu þau verðmæti sem þar eru.

Þó þau séu vissulega mikil í vissum skilningi, þ.e. byggingar, lóðir og annað sem er nauðsynlegt fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins, eru þau í raun og veru óeiginleg verðmæti, þ.e. ef menn ætla ekki að selja þau. Reksturinn og afkoman og það fé sem þar er og þær skuldir sem þar er að finna eru veruleikinn sem menn standa frammi fyrir í hinum daglega rekstri. Nema að ætlunin sé að selja þá eignir og ná upp fé í fyrirtækinu þannig, ná upp haldbæru fé þannig. Þá er náttúrlega heiðarlegra að segja það. Ég held að aðstandendur frumvarpsins verði að skýra betur hvernig þetta á að ganga upp ef þeir ætla að telja einhverjum einasta manni trú um að það verði til góðs fyrir stofnunina að breyta þessu á þennan hátt. Og einhver lítils háttar tekjuauki, sem reiknaður er út í forsendum frumvarpsins hvað varðar álagningu nefskatts frá og með 2009, er nú sýnd veiði en ekki gefin, enda stendur beinlínis í frumvarpinu, eða fylgiskjali með því, að það verði nú að endurreikna það þegar nær dragi.

Ég hef heyrt að sú gulrót sem helst sé veifað framan í einn og einn mann, þegar menn eru teknir undir fjögur augu og rætt við þá um þessa breytingu, sé sú að Ríkisútvarpið fái svigrúm til að hækka kaupið hjá sumum starfsmönnum sínum. En hvar á þá að taka það? Með því að segja öðrum upp? Ekki vaxa peningarnir við að velja út einhverja tiltekna gæðinga og hækka hjá þeim laun? Það er það sem hefur gerst þegar ríkisfyrirtækjunum hefur verið breytt í hlutafélag. Hvað gerðist hjá Pósti og síma? Það var nákvæmlega það sem gerðist. Það rokhækkaði kaupið hjá æðstu yfirstjórn. Þeir fengu fín farartæki og hvað það nú var. En það var þá frekar á kostnað hins að lágtekjufólki var sagt upp á hinum endanum. Er það þannig framfaraþróun sem menn sjá fyrir sér í Ríkisútvarpinu? Halda menn að það verði gott fyrir starfsmannamóralinn? Nei. Ég held að menn þyrftu að gá betur að sér í þeim efnum.

Ég minntist á það fyrr í ræðu minni, virðulegi forseti, að það hefði verið dapurt að sjá Framsóknarflokkinn kokgleypa þessa hlutafélagavæðingu eins og svo margar aðrar. Það þarf nú bráðum að fara að skrifa þessa sögu, áður en Framsóknarflokkurinn er horfinn í meira mæli en orðið er héðan af vettvangi, sá sem ber á þessu ábyrgð. Ég er að tala um þá sem hafa staðið hér fyrir stefnumálum hans undanfarin ár. Þeir hafa verið að týna tölunni hér í þingsölum eins og kunnugt er að undanförnu sumir. Að rifja þetta nú upp hvernig Framsókn hefur staðið eða öllu heldur ekki staðið við stóru orðin í hverju málinu á fætur öðru. Þar sem framsóknarmenn hafa iðulega fyrir kosningar lofað að ekki kæmi til greina að einkavæða þetta eða selja hitt. Ég man í fljótu bragði ekki eftir einu einasta atriði sem hefur staðist, ekki einu einasta atriði.

Það stóðst ekkert af því sem sett var inn í forsendur t.d. frumvarpa um breytingar á fjárfestingalánasjóðum atvinnuveganna sem síðan runnu inn í bankana. Það stóðst ekkert af því. Það stóðust meira að segja ekki greinargerðir stjórnarfrumvarpa þar sem voru gefin, að því er virtist, bindandi loforð um að t.d. yrði eignarhlutur ekki seldur fyrstu fjögur árin. Það stóðst ekki. Hvernig var þetta með Símann? Það var lengi stefna Framsóknarflokksins að ekki kæmi til greina að einkavæða hann. Svo kom millileikurinn. Í ein tvö, þrjú ár var Framsókn með þá stefnu að það kæmi út af fyrir sig til greina að selja Símann en ekki grunnnetið. Það hélt kannski í tvö ár. Gott ef Framsókn fór ekki í gegnum einar kosningar á því varadekki að þeir mundu ekki láta selja grunnnetið. Þið megið treysta okkur með það, sögðu framsóknarmenn kjósendum og margir glöptust. Svo var það auðvitað gefið eftir. Það var kokgleypt.

Hvað er Framsókn búin að segja um Ríkisútvarpið? Það eru ekki nema einhver missiri síðan, ekki mörg, mánuður jafnvel, framsóknarmenn sögðu að það kæmi aldrei til greina að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Þeir töluðu um sjálfseignarstofnun held ég mjög mikið. Svo töldu þeir sig hafa gefið eftir og samþykktu að þetta yrði sameignarfélag. Gott ef þeir hrósuðu sér ekki af því að þeir hefðu náð þeim mikla árangri að koma í veg fyrir að Ríkisútvarpið yrði að

hlutafélagi. Það yrði sameignarfélag. Ég held að ég muni eftir svoleiðis ræðu.

En nú er svo komið að Framsóknarflokkurinn er ábyrgur fyrir stjórnarfrumvarpi um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, (Gripið fram í.) opinbert, sem breytir nú ósköp litlu, hv. þingmaður. Því satt best að segja var sú löggjöf, ef löggjöf skyldi kalla, óskaplegt yfirklór. Það hefði vissulega getað skipt máli ef hér hefði verið sett öflug löggjöf sem hefði slegið skjaldborg um opinber fyrirtæki og þá auðvitað fyrst og fremst hugsuð til að búa um fyrirtæki sem eru eiginleg fyrirtæki í venjulegum rekstri en eru í eigu opinberra aðila. Hefði slík löggjöf virkilega skipt máli hefði mátt athuga það. En Ríkisútvarpið hefði eftir sem áður ekkert erindi átt inn í það umhverfi.

Það er ekki einu sinni svo því hún var óskaplega loppin sú löggjöf sem kunnugt er. Snýst aðallega um að menn megi mæta á aðalfundi og bera þar upp spurningar og hvað það nú er.

Þannig er þetta nú því miður að Framsókn er að leka niður í þessum efnum. Er það þá nokkuð skrýtið þó menn séu tortryggnir í ljósi þess hvernig sporin hræða? Í ljósi þess að það hefur aldrei verið neitt að marka svardaga og fyrirheit um að t.d. breytingar í hlutafélög af þessu tagi væru ekki undanfari einkavæðingar. Hér stóð samgönguráðherra í ræðustóli á tíunda áratugnum, hv. þm. Halldór Blöndal, og sór og sárt við lagði að aldrei kæmi til greina að einkavæða Póst og síma. Póstur og símí yrði að vísu gerður að hlutafélagi en það yrði bara eitt hlutabréf í því. Eins og allir sæju þá væri ekki hægt að skipta því. Maður fékk það eiginlega á tilfinninguna að hlutabréfið ætti að vera úr ryðfríu stáli til að ekki yrði hægt að skipta því. En hvað gerðist? Það stóð nú ekki lengi sá svardaginn að ekki yrði hróflað við Pósti og síma. Honum var skipt upp og síðan einkavæddur eins og kunnugt er, þ.e. símahlutinn.

Herra forseti. Það er mjög dapurlegt að svona skuli vera komið með málefni Ríkisútvarpsins. Þetta er stofnun sem er býsna djúpt í þjóðarsál Íslendinga, alla vegana eldra fólks. Því er almennt mjög annt um Ríkisútvarpið enda ólst það upp við að tilkoma þess og uppbygging var stór hluti af menningarlegri og efnahagslegri endurreisn þjóðarinnar. Gamalt fólk eins og móðir mín rifjar upp sögur af því þegar það reið milli bæja með rafhlöður til að hlaða þær þar sem voru rafstöðvar svo hægt væri að hlusta á útvarpið. Menn lögðu mikið á sig og það voru hátíðisstundir þegar vissir dagskrárliðir voru í útvarpinu.

Ég kynntist líka mörgum góðum starfsmönnum og hef gegnum tíðina kynnst mörgum góðum starfsmönnum af Ríkisútvarpinu og vann þar reyndar sjálfur um skeið. Ég á marga vini sem þar unnu eða átti. Ég held að ég hafi varla í annan tíma upplifað jafnmikla væntumþykju gagnvart sínum vinnustað eins og mjög margir af mætum starfsmönnum Ríkisútvarpsins sýndu. Þeim var Ríkisútvarpið ákaflega hjartfólgið og þeir lögðu mikið á sig fyrir það. Margir þjóðþekktir menn sem unnu þar um áratugaskeið og voru sumir áberandi og fyrirferðarmiklir í þjóðlífinu af ýmsum ástæðum, en áttu það sameiginlegt, þrátt fyrir gjörólíkar skoðanir á mönnum og málefnum og pólitík, að þeir voru allir miklir útvarpsmenn og unnu þeirri stofnun. Þeir hefðu viljað og vilja hafa um hana frið, að hún sé hafin yfir deilur.

Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er, með fullri virðingu fyrir okkar ágæta menntamálaráðherra hæstv., að mér finnst ekki nógu gott að hún skuli lenda í þessu og ekki finna sér einhverja leið í land með málefni Ríkisútvarpsins og hafa það í svona illdeilnafarvegi.

Er það mjög gæfulegt núna rétt fyrir kosningar, herra forseti, að hæstv. menntamálaráðherra skuli hafa þetta þannig? Eigum við þá ekki bara frekar að láta málið liggja og leyfa nýjum þingmeirihluta og nýjum stjórnvöldum að gera aðra tilraun? Að láta á það reyna hvort hægt er að fara leiðir sem tryggja meiri sátt um málefni Ríkisútvarpsins. Það er engum til góðs að hafa þau í bullandi ágreiningi.

Segjum nú að það verði, sem maður sannarlega vonar, stjórnarskipti í landinu næsta vor. Hvað hefur þá hæstv. menntamálaráðherra unnið með því að þræla hér á allra síðustu metrum sínum í embætti og þessarar ríkisstjórnar deilumáli af þessu tagi um Ríkisútvarpið í gegnum þingið? Ég sé það ekki. Ég sé ekki að það geti verið til nokkurs gagns og fyrst og fremst málefnum þessarar stofnunar til ógagns. Menn bera ríkar skyldur hvað það varðar að skapa þessari stofnun starfsfrið og búa sæmilega að henni.

[23:33]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans. Hann kom víða við en það sem ég hnaut um voru kannski ekki síst ummæli hans um minn ágæta flokk, Framsóknarflokkinn, og þykir mér eðlilegt að koma upp og svara fyrir það. Reyndar held ég að ég hafi farið í andsvör við flesta hv. þingmenn sem hér hafa tekið til máls og mun því endurtaka svör mín eina ferðina enn og gefst ekkert upp í því.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á málefni Símans. Þó að ég hafi ekki setið á þingi þegar allt það ferli fór í gegn — ég veit að hv. þingmaður þekkir það mjög vel — þá var það þannig að ekki var kveðið á um það í lögum að Síminn skyldi ekki verða seldur, eins og gert er í 1. gr. þessa frumvarps til laga um Ríkisútvarpið. Mér finnst það vera mjög veigamikið atriði og því er ekki rétt að blanda þessum tveimur málum saman.

Ég veit að þegar þessi umræða var á byrjunarstigi í mínum flokki og á flokksþingi okkar árið 2001 var t.d. ályktað um Símann, með leyfi forseta:

„Að ekki komi til sölu Símans fyrr en tryggt hefur verið að þessi markmið nái fram“ — þ.e. markmið um að fjármagni verði varið til að byggja upp dreifikerfi um landið.

Það er nákvæmlega það sem menn stóðu var vörð um að gera. Það er því ekki rétt að segja um Framsóknarflokknum í þessu máli að sporin hræði, við stöndum við orð okkar. Ég vildi koma þessu á framfæri vegna þess að hv. þingmaður var að líkja þessu ferli við sölu Símans.

[23:35]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Vandinn er auðvitað sá að í raun og veru er sama hvað menn setja inn í lög eða hvort menn setja ekkert inn í lög um að það megi eða megi ekki selja hlut í opinberu fyrirtæki, Alþingi getur alltaf breytt því. Það vald verður aldrei frá Alþingi tekið að breyta lögum.

Það sem skiptir máli er að það liggi skýr og heiðarlegur pólitískur vilji fyrir um hvað menn ætla sér. Það sem ég var að gagnrýna er að menn hafa sett alls konar hluti inn í lög eða greinargerðir með stjórnarfrumvörpum í pægindaskyni og til þess að reyna að auðvelda sér að koma málum í gegn og svo hefur aldrei staðið til að standa við það. Það er veruleikinn sem einkavæðingarferlið er varðað af og það eru þau spor sem hræða í þessum efnum.

Nú man ég ekki hvernig það var með Símann í byrjun eða Póst og síma, hvort það stóð jafnvel þar, sem er auðvitað tátólógía og út í loftið að setja inn í lög, að það mætti ekki selja nema með sérstöku samþykki Alþingis, sem aldrei má hvort sem er. Það er náttúrlega eins og hver önnur vitleysa þegar menn hafa gripið til þess að setja slíkt inn en það hefur stundum verið gert. Hér stendur að það sé óheimilt að selja og það er nákvæmlega eins lagabreytingarvinna og hver önnur að koma með frumvarp og segja: Þrátt fyrir ákvæði í 2. málslið 1. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. er heimilt að selja þetta eða gera hitt. Það er bara eitt frumvarp hér í gegn. Menn verða auðvitað að átta sig á þessu.

Varðandi Símann, af því að hv. þingmaður nefndi hann í andsvari og var að hrósa því hve Framsókn hefði staðið vel að því máli í samræmi við ályktanir frá 2001. Hver er nú reynslan? Í fyrsta lagi hefur einkavæðing Símans leitt af sér einkavædda einokun, einkavædda fákeppni með grenjandi klögumálum um gjaldskrármál. Í öðru lagi liggur fyrir að gjaldskrárnar hafa stórhækkað á Íslandi á sama tíma og þær lækka í nágrannalöndunum. Það er nú árangurinn sem snýr að neytendum. Og í þriðja lagi hefur enn ekkert gerst þrátt fyrir loforðin um að styrkja dreifikerfið, um að bæta fjarskiptin. Það er ekki einu sinni komið af stað (Forseti hringir.) fyrsta útboðið sem fara á í í þeim efnum.

[23:38]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins fá að svara þessu þar sem umræða okkar er farin að snúast um Símann. Það er nú ekki alveg rétt sem hv. þingmaður segir um að ekkert hafi gerst í því að byggja frekar upp dreifikerfið vegna þess að við vitum að það eru nokkur svæði, t.d. í okkar ágæta kjördæmi, þar sem dreifikerfið hefur verið bætt aðeins, ég get til að mynda minnst á Jökuldalinn og uppi á Hárekstaðaleið. En ég ætla ekki að fara nánar út í það vegna þess að ég ætla ekki að fara að verja allt sem Síminn hefur verið að gera upp á síðkastið, en það má líka minna á það sem hann var alls ekki að gera áður en hann var seldur.

Ég tek undir með hv. þingmanni að það er mikilvægt að fyrir liggi fyrir hver vilji stjórnmálamanna er varðandi Ríkisútvarpið þegar farið er með það í gegnum svona ferli. Ég vil meina að fyrir liggi skýr vilji stjórnvalda um að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið. Það er enginn pólitískur vilji fyrir því að selja það. Örfáir þingmenn hafa talað fyrir því á hinu háa Alþingi og þeir eru í miklum minni hluta, til að mynda vill enginn í mínum þingflokki selja Ríkisútvarpið. Það eru örfáir aðilar innan Sjálfstæðisflokksins og ég veit ekki um neinn innan stjórnarandstöðunnar.

Ég held að þessi skýri vilji liggi fyrir: Ríkisútvarpið er ekki til sölu og verður ekki. Ég sagði það í fyrri andsvörum mínum í dag að eins og markaðurinn hefur verið að þróast og umhverfið á fjölmiðlamarkaði þá er ríkisrekinn fjölmiðill að styrkja sig og það mun verða svo í framtíðinni, ég er alveg handviss um það. Ég ítreka því að það er enginn pólitískur vilji fyrir sölu á Ríkisútvarpinu.

[23:39]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dáist að elju hv. þingmanns að standa í því að reyna að svara fyrir Framsóknarflokkinn linnulaust í þessari umræðu. Það er ekki öfundsvert hlutskipti og hv. þingmaður á heiður skilið fyrir úthaldið í þeim efnum, það er aðdáunarvert. Mér finnst hins vegar að hv. þingmaður ætti, af því að nú liggur fyrir að hv. þingmaður hyggst ekki bjóða sig fram á nýjan leik að vori, að eyða síðustu mánuðum sínum á Alþingi í eitthvað uppbyggilegra en það að reyna að verja hlut Framsóknarflokksins í þessum málum, að láta frekar liggja vel á sér og ræða um eitthvað skemmtilegt.

Varðandi þetta með Símann og síðan Ríkisútvarpið, að þar sé ólíku saman að jafna og það sé engin hætta á að sú saga endurtaki sig. Ja, hver veit það? Er ekki verið að gera það sem gæti átt eftir að reynast mjög afdrifaríkt og misráðið, að setja Ríkisútvarpið í söluumbúðir? Það er verið að því, það er verið að setja það í söluumbúðir. Það er t.d. verið að opna möguleika fyrir einkavæðingu tiltekinna hluta og þátta starfseminnar út um bakdyrnar. Alvaldurinn, útvarpsstjórinn, fær mikið svigrúm til að úthýsa starfsemi. Hvað gæti orðið eftir á Ríkisútvarpinu ef vindar blésu þannig á þeim bæ, kannski með stuðningi menntamálaráðherra sem lýsti velþóknun sinni og blessun yfir því að starfsemi væri úthýst og selt undan fyrirtækinu þetta og hitt þannig að eftir stæði að lokum kannski bara gamla gufan tiltölulega berstrípuð? Menn gætu sagt: Ja, þetta er Ríkisútvarpið, sem væri kannski ekki orðið neitt neitt.

Það geta margar hættur legið í þessu og það er opnað á þær allar með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, að setja það í þessar söluumbúðir. Þar í liggur hin mikla ábyrgð Framsóknar hvað sem um málið má segja að öðru leyti.

[23:42]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi ganga úr skugga um hvort ekki standi til að ljúka þessum fundi hér og nú. Þessi umræða er búin að standa nær linnulaust frá því klukkan fjögur eða fimm sennilega. Hér var haldinn kvöldfundur gegn mótmælum stjórnarandstöðunnar og við höfum ekki fengið það nákvæmlega skilgreint hvað kvöldfundur þýðir en samkvæmt okkar skilningi gengur hann ekki inn í næsta sólarhring, það er alveg ljóst. Klukkan er að verða tólf á miðnætti, vantar 16 mínútur í tólf. Ræðutími í 1. umr. eru 40 mínútur, þannig að það er ljóst að næsti ræðumaður gæti farið með umræðuna vel inn í næsta sólarhring. Ég tel ekki forsvaranlegt að halda fundinum áfram og óska eftir svörum frá hæstv. forseta við þeirri fyrirspurn minni hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að fundi verði slitið núna.

[23:43]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti vill geta þess að stefnt hafði verið því að hafa umræður fram eftir kvöldi og forseti hugðist leitast við að ljúka a.m.k. einni ræðu til viðbótar af mælendaskrá áður en fundi yrði slitið.

[23:44]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau mótmæli sem hv. þm. Ögmundur Jónasson bar hér fram fyrir hönd sameinaðrar stjórnarandstöðu í þessu máli. Við höfðum ekki fyrir okkar leyti fallist á að hér væri yfir höfuð kvöldfundur. Ég tel að það sé algjörlega fráleitt að hefja þingveturinn með þessu offorsi.

Ég virði hins vegar viðleitni hæstv. forseta til þess að reyna að ná friði og spekt í þessum sölum og það gleður mig þegar hæstv. forseti segir að það hafi verið ætlunin að halda fundi fram eftir kvöldi. En þó að ég dáist að glæstu málfari hæstv. forseta og beri engar brigður á að hann hafi kannski mörgum öðrum fremur gott skyn á hvað felst í íslensku orðtaki þá verð ég að leyfa mér í fullri vinsemd að leita eftir því að hæstv. forseti skýri út hvað felist í því sem kalla má hugtakið „fram eftir kvöldi". Nú er að koma miðnætti.

Við höfum mörgum sinnum í kvöld leitað eftir því að fá upplýsingar frá hæstv. forseta meðan aðalforseti sat hér í stólnum um það hversu lengi ætti að halda fram þessum fundi. Við fengum engin skýr svör við því. Nú má hins vegar segja að þessi viðleitni okkar hafi þokað málinu nokkuð fram. Hæstv. forseti hefur lýst yfir vilja sínum til þess að halda fundi fram eftir kvöldi. En hann hefur ekki talað nógu skýrt eins og þó er jafnan einn af hans mörgu kostum. Hvað felst í því sem hæstv. forseti segir? Hvenær lýkur kvöldi hans?

Nú verð ég að segja það af nokkuð sárri reynslu að sá skilningur sem sá hæstv. forseti sem nú situr í stólnum hefur stundum lagt í kvöld er í fullkominni andstöðu við þann skilning sem ég öðlaðist í uppeldi mínu á því hugtaki. Nú hallar langt í nótt, herra forseti, og ég vildi mjög gjarnan fá gleggri upplýsingar um það hversu lengi þetta kvöld, sem hæstv. forseti nefndi í sinni ágætu tölu áðan, stendur. Er það til klukkan tólf, er það til klukkan eitt eða tvö? Ekkert af því sem fram fór á fundum þingflokksformanna og forseta þingsins í dag, í kvöld og reyndar áður, fól það í sér að þess væri að vænta að menn mundu ræða þetta óþurftarmál inn í nóttina. Ég, a.m.k. fyrir mitt leyti og Samfylkingarinnar, segi það alveg skýrt að það var gegn mótmælum mínum sem þingflokksformanns Samfylkingarinnar og ég vil líka segja það alveg skýrt að það kemur ekki til mála af okkar hálfu að hér verði annar kvöldfundur annað kvöld bara til þess að hlaupa eftir dyntum ráðherra sem þurfa af (Forseti hringir.) einhverri hégómagirni að koma málum fram.

[23:47]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir orðalaginu hjá hæstv. forseta þegar hann sagði að hann hefði haft í hyggju að veita einum hv. þingmanni til viðbótar orðið í kvöld, hann hefði haft í hyggju að gera það og ráðgert það.

Nú hefur það hins vegar gerst að fulltrúar tveggja stjórnarandstöðuflokka, Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs — ég veit ekki betur en ég hafi einnig heyrt hv. fulltrúa Frjálslynda flokksins biðja um orðið áðan nema mér hafi misheyrst — hafa óskað eftir því að þessum fundi verði lokið núna og frekari umræða verði ekki í kvöld. Ég spyr hæstv. starfandi forseta Alþingis hvort þessar óskir okkar verði teknar til greina eða þær virtar að vettugi.

[23:48]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fá að koma hér upp stutt til að mælast til þess að hæstv. forseti íhugaði það að fara að slíta fundi. Klukkuna vantar tíu mínútur í tólf á miðnætti. Margir þingmenn eru í húsinu og fylgjast með umræðum en þurfa að mæta á nefndarfundi í fyrramálið kl. 8.30. Mörg okkar eiga um langan veg að fara heim, a.m.k. sum okkar. Ég tel að þetta sé orðið ágætt í kvöld. Þingið hefur nægan tíma til stefnu til að sinna störfum sínum. Við erum rétt að hefja þriðju þingvikuna. Eins og komið hefur fram hjá mjög þingreyndum mönnum í okkar hópi, til að mynda hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, eru það mikil fádæmi ef ekki algert einsdæmi að slegið skuli á bæði kvöldfundum og næturfundum strax í upphafi máls. Ef ég man rétt er númerið á málinu sem við ræðum í kvöld, þ.e. frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf., mjög lág tala, þingskjal 56. Ég held því að það yrði mjög góður svipur á þinginu að við einsettum okkur að ljúka þingfundi nú um miðnætti og geta síðan frekar haldið áfram störfum okkar og rætt þetta blessaða frumvarp, sem hefði kannski betur aldrei komið inn í þingið, á morgun eftir hádegi. Þingfundur hefst á morgun kl. 13.30 með utandagskrárumræðu og síðan myndum við þá taka til óspilltra málanna.

Ef við tökum eina ræðu í viðbót, sem ég reikna með að taki 40 mínútur, erum við sennilega til a.m.k. 20 mínútur í eitt og síðan taka þá eflaust við andsvör þannig að þeim umræðum mundi þá sennilega ekki ljúka fyrr en tíu mínútur í eitt. Klukkan tifar ansi hratt en nóttin hefur ekki marga tíma. Ég mundi vilja beina þessum orðum mínum til virðulegs forseta um það hvort hann vildi ekki íhuga að fara að slá botninn í þetta.

[23:51]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti hefur hlýtt á ræður hv. formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar og í von um að það verði til að greiða fyrir störfum þingsins telur forseti rétt að fresta þessari umræðu og halda henni áfram á morgun.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–7. mál.

Fundi slitið kl. 23:52.

# 13. FUNDUR

þriðjudaginn 17. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 56. — Frh. 1. umr.
2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
3. Útvarpslög, prentréttur og samkeppnislög, stjfrv., 58. mál, þskj. 58. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.

[13:32]

**Útbýting:**

Fátækt barna og hagur þeirra, 184. mál, beiðni um skýrslu HHj o.fl., þskj. 185.

Kostnaður við þjóðlendumál, 239. mál, fsp. JGunn, þskj. 242.

Ófaglært starfsfólk í heilbrigðisþjónustu, 240. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 243.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Rannsóknir á meintum hlerunum – áhrif Kárahnjúkavirkjunar á efnahagslífið.

[13:34]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins og ég bið forseta forláts á því ef henni hefur ekki borist tilkynning um að ég hygðist gera það í upphafi fundar, en menn hafa mæðst í mörgu í morgun eins og forseta mun væntanlega vera kunnugt og einhver boð kannski dottið á milli skips og bryggju, ef svo má að orði komast, í önnum morgunsins.

Ég kveð mér hljóðs vegna þeirrar umræðu sem farið hefur fram að undanförnu um meintar hleranir þingmanna og ráðherra. Ég kem upp til að spyrja dómsmálaráðherra og eftir atvikum aðra sem að málinu gætu komið, hvort þeir telji að nóg sé að gert í þessum málum, þ.e. að annars vegar sé starfandi nefnd sem eigi að kalla fram þau skjöl sem til eru um meintar hleranir og eftirlit með þingmönnum og ráðherrum og öðrum á tímum kalda stríðsins eða fram til ársins 1991, og svo hins vegar sú ákvörðun ríkissaksóknara að rannsaka tiltekið hlerunarmál, þ.e. þegar sími fyrrverandi utanríkisráðherra eða uppi eru grunsemdir um að sími fyrrverandi utanríkisráðherra hafi verið hleraður árið 1993. Á bak við það mat ríkissaksóknara liggur væntanlega sú skoðun hans að það sé sterk vísbending um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað, að öðrum kosti hefði hann væntanlega ekki ráðist í rannsóknina. Það er auðvitað sjálfstætt ákvörðunarefni. En ég vil spyrja hvort menn telji ekki ástæðu til að skoða þessi mál heildstætt eins og gert var í Noregi. Thorbjørn Jagland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, hefur útlistað fyrir þingmönnum og fjölmiðlum hversu vel sú leið hafi gefist. Til að eyða allri tortryggni í þessum málum og fá þau upp á borðið hefði ég talið rétt að formenn þingflokkanna kæmu sér saman um að fara svipaða leið á Íslandi og þar var farin og vil ég því spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því.

[13:36]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég tel að ekki sé hægt að bera þau mál saman sem hér eru til umræðu og það sem gerðist í Noregi og ekki sé hægt þess vegna að búast við því að menn taki sambærilegar ákvarðanir á þessu þingi eins og gert var í norska Stórþinginu vegna mála sem komu þar upp. Ég hef orðið var við að það hefur sætt gagnrýni einhverra að ríkissaksóknari tæki þetta mál fyrir og menn hafa velt því fyrir sér hvort eðlilegt væri að hann fjallaði um mál sem snertu lögregluna. Ég vil rifja það upp að þegar lögreglulögin voru til umræðu árið 1996 sagði hv. þm. Össur Skarphéðinsson m.a., með leyfi forseta:

„Er rétt að lögreglan rannsaki sín eigin brot með þessum hætti? Er ekki betra fyrir alla aðila, bæði þá sem lenda í því að fá slíka kæru á sig og fyrir lögregluliðið í heild að tekið verði með einhverjum hætti öðrum á þessu, t.d. að slík mál yrðu falin forsjá ríkissaksóknaraembættisins sem tæki þá ákvörðun um það hvernig ætti að vinda málunum fram og rannsaka þau til hlítar."

Síðan var lögum breytt árið 1998 á þann veg að rannsókn í slíkum málum var falin ríkissaksóknara og þá sagði hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir í ræðu á þingi, með leyfi forseta:

„Eins og fram kom hjá framsögumanni nefndarinnar, hv. þm. Árna R. Árnasyni, þá hefur hv. allsherjarnefnd nú þegar brugðist við þeirri gagnrýni sem kom fram á þetta ákvæði frv. með því að leggja til að kæru á hendur lögreglumanni fyrir meint refsivert brot skuli beina til ríkissaksóknara og tel ég þá breytingu til bóta."

Ég skil ekki þá þingmenn sem sitja hér eða annars staðar og gagnrýna þá málsmeðferð að ríkissaksóknari taki þetta mál til athugunar.

[13:38]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að ná sönsum í þessum hlerunar- og leyniþjónustumálum. Það verður ríkisstjórninni aðeins til minnkunar og bakar henni vandræði að halda áfram að þæfa þetta mál. Alþingi getur ekki látið bjóða sér að framkvæmdarvaldið þumbist við eins og allt er í pottinn búið. Þetta mál snýst ekki bara um einhver skjöl og ekki bara um hleranir á einhverjum einum eða fáeinum símum. Það þarf að rannsaka þessa atburði, aðferðirnar, vinnubrögðin ofan í kjölinn og síðan þarf að bregðast við. Það þarf m.a. að ákveða hvort ekki sé rétt að bjóða upp á

skaðabætur eða miskabætur því fólki sem sannanlega hlaut skaða af, ólögmætri innrás í friðhelgi einkalífs þess, varð af stöðuveitingum og hvaðeina vegna skoðana sinna einna. Við þurfum ekki í þessu tilviki að sækja vatnið yfir lækinn. Það vill svo vel til, eins og ég hef áður bent á í umræðum um þessi mál, að við getum í öllum aðalatriðum fylgt fordæmi Norðmanna þar sem almenn samstaða ríkir nú um að vel hafi tekist til með að gera slík mál upp á grundvelli rannsókna Lund-nefndarinnar og tillagna í framhaldinu hvernig norsk stjórnvöld skyldu bregðast við.

Ég legg til og fer fram á það að formenn stjórnmálaflokkanna og formenn þingflokkanna hittist á allra næstu dögum til að fara sameiginlega og rækilega yfir þessi mál. Það er öllum fyrir bestu að reyna að taka málefnalega og uppbyggilega á þessu. Ef ríkisstjórnin hins vegar heldur áfram að þumbast við með þeim hætti sem viðbrögð því miður hæstv. dómsmálaráðherra fram að þessu hafa bent til, þá er ekki um annað að ræða en Alþingi taki alfarið málið í sínar hendur og setji niður rannsóknarnefnd sem hér verður þá að starfa, sem er reyndar svipað og gerðist í Noregi því ónefndur flokkur þar þæfðist lengi við.

[13:40]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Þetta mál er komið í mjög undarlegt ferli. Hér liggur fyrir að fyrrverandi utanríkisráðherra brigslar embættismönnum innan lögreglu og embættismanni hjá Pósti og síma um að standa fyrir hlerunum á símum stjórnmálamanna. Auðvitað eiga þessir embættismenn allan rétt á því að fá öll gögn á borðið og að það upplýsist hvort eitthvað sé á bak við þessar þungu ásakanir fyrrverandi utanríkisráðherra.

Eins og umræður hafa fallið hér er ekki við því að búast að þessir embættismenn beri mikið traust eða mikinn trúnað til þeirra stjórnmálamanna sem hafa talað um þessi mál með þeim hætti sem þau gerðu hér, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Tala um að framkvæmdarvaldið þumbist við og tala niður til ríkissaksóknara. Ég sé að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon brosir. En það er ekki broslegt, hv. þingmaður, þegar fyrrverandi ráðherrar eru að brigsla embættismönnum um refsiverðan verknað, það er ekki broslegt. Það er skylda löggjafarvaldsins, skylda ríkissaksóknara að fara ofan í þessi mál og upplýsa hvernig þau eru vaxin.

[13:42]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það er mikill misskilningur ef hæstv. dómsmálaráðherra heldur að einhver sé að efast um að ríkissaksóknari hafi heimild til að fara í þá rannsókn sem hann hefur lýst yfir að hann muni gera. Hann hefur heimildir til þess.

Það sem við erum að segja og er tilefni þessarar umræðu er hins vegar þetta: Sú rannsókn sem beinist að tveimur tilteknum málum er ekki nægileg. Það þarf að leggja spilin á borðið í þessu óþægilega máli. Það hefur komið fram að fyrrverandi utanríkisráðherra hefur með sjálfstæðum hætti gengið úr skugga um að líklega var sími hans hleraður. Málsatvik eru þannig að ríkissaksóknari telur bersýnilega að þar hafi verið um alvarlegt brot að ræða og þess vegna tekur hann það til rannsóknar. Þá má spyrja: Er þá hugsanlegt að brot af þessu tagi séu útbreiddari? Þarf ekki að rannsaka það, frú forseti? Það er það sem við erum að leggja áherslu á, að þetta mál verður ekki afgreitt með einhverri rannsókn ríkissaksóknara.

Það besta sem menn gera er að nálgast þetta í sáttarhug og frá sjónarhóli fyrirgefningarinnar alveg eins og Norðmenn gerðu. Það gerum við með því að þingið samþykki nefnd sem í sitja ekki alþingismenn eða stjórnmálamenn heldur sérfræðingar sem eru valdir með samþykki Alþingis til að komast til botns í málinu og því verður að fylgja lagasetning. Hún á að miðast að þeim að þeir sem hugsanlega kunna að hafa gerst brotlegir við lög séu fyrir fram gefnar upp sakir, ella er ekki hægt að gera ráð fyrir því að nokkur maður leggi sig og framtíð sína í þá hættu að koma og bera vitni um að hann hafi brotið lög. Málið snýst um það og þess vegna er ekki hægt að fara þá leið til að hreinsa málið.

Þetta gerðu Norðmenn þar sem kalda stríðið skildi eftir sig jafnmikil svöðusár og það gerði hér á landi. Ég hvet þingmenn til að íhuga það að fara þessa leið í nafni sátta og friðar.

[13:44]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að hér er ekki broslegt mál á ferðinni. Við erum að ræða það hvort fyrrverandi utanríkisráðherra hafi verið hleraður í starfi og þá af hverjum og hvers vegna. Það er tímafrekt starf að hlera ef það á að skila einhverju. Það þarf tæknimenn, hlerunarbúnað og mannskap til að hlusta daginn út og væntanlega daginn inn líka. Eru menn líka hleraðir á kvöldin og væntanlega þarf þá einnig mannskap til að fylgja mönnum eftir þegar þeir eru ekki að tala í síma.

Ef hlerun átti sér stað velti maður fyrir sér hverjir hafi séð um það verkefni. Var þetta sérstök deild innan lögreglunnar? Ef svo er, hversu fjölmenn var slík deild? Hversu margir höfðu atvinnu af slíkri starfsemi og undir hvern heyrði þessi deild? Og er hún kannski enn þá starfandi? Að sjálfsögðu á að setja á fót sérstaka rannsóknarnefnd. Þetta er væntanlega einungis toppurinn á ísjakanum og við eigum að fara að eins og Norðmenn gerðu við mjög svo svipaðar aðstæður. Það er mál manna að annaðhvort sé Sjálfstæðisflokkurinn að fela eitthvað eða þessir menn að spinna þetta upp. Hvort tveggja, frú forseti, er jafnalvarlegt.

[13:46]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Fyrst um málsmeðferð. Þetta er liðurinn um störf þingsins. Ég sé ekki að menn hafi hingað til verið að ræða um störf þingsins. Þetta er fyrirspurn til ráðherra og menn eru að ræða hleranir úti í bæ, ég vissi ekki að það tilheyrði liðnum um störf þingsins.

Ég ætla hins vegar að tala um störf þingsins og ræddi það í morgun við þingflokksformann minn. Ég ætla að ræða um störf efnahags- og viðskiptanefndar sem hélt fund í morgun að beiðni hv. fulltrúa Vinstri grænna í nefndinni um efnahagsleg áhrif Kárahnjúkavirkjunar og álversframkvæmda á Austurlandi sem ég sem formaður nefndarinnar

féllst á að ræða. Við fengum til okkar gesti frá greiningardeildum bankanna þriggja, Seðlabanka Íslands og kennara frá Háskóla Íslands. Niðurstaðan varð sú að áhrif þessara virkjana á þenslu og verðbólgu eru miklu minni en menn höfðu búist við, jafnvel minni en helmingur, og að óskyld atriði eins og vaxtalækkun á lánamarkaði í íbúðalánum, sem er að sjálfsögðu mjög jákvætt fyrir landsmenn, hafi ekki síður áhrif á þenslu og verðbólgu.

Þá kom einnig fram á fundinum að innflutningur á erlendu vinnuafli hefði breytt þessari þenslu í þjóðarframleiðslu, sem er líka mjög jákvætt. Ég vildi því upplýsa þingheim um niðurstöðuna af starfi efnahags- og viðskiptanefndar í morgun, sem er um störf þingsins. (**Gripið fram í:** Er hægt að sækja um að vera gestur nefndarinnar?)

[13:47]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Málshefjandi hóf máls á því að óeðlilegt væri að ríkissaksóknari tæki að sér að rannsaka svokölluð hleranamál sem upp hafa komið á undanförnum dögum í fréttum. Þingmenn í þessari umræðu, eins og ýmsir fjölmiðlamenn og fleiri, hafa ruglað saman þessu máli og því sem varðar kaldastríðsárin sem búið er að setja í sérstakan farveg.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson og fleiri töluðu um þetta sem einn og sama hlutinn, eitt og sama málið. Ég tel að búið sé að koma þessum málum báðum í eðlilegan farveg með ákvörðun ríkissaksóknara í gær. Þingið tók ákvörðun um kaldastríðstímabilið. Ef sú ákvörðun sem þar var tekin er ekki nægileg fara menn betur yfir það þegar sú nefnd hefur lokið störfum. En ákvörðun ríkissaksóknara snýr að þessum tiltölulega nýju málum sem upp hafa komið eftir að kalda stríðinu lauk og ég sé ekki betur en það sé fullkomlega eðlileg ákvörðun hjá honum að rannsaka þetta mál.

Menn hafa verið að gera því skóna að þessi mál, hvernig svo sem þau líta út, séu til komin vegna innlendra aðila sem hafa staðið fyrir einhverjum pólitískum njósnum, jafnvel samherjar eða samstarfsmenn viðkomandi ráðherra. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var eitt sinn yfirmaður fjarskiptamála á Íslandi sem samgönguráðherra. Aldrei mundi mér detta í hug og væntanlega engum hér inni að bera það á hann að hann hefði í því starfi beitt sér fyrir svo grófum brotum að njósna um samráðherra sína eða samstarfsmenn. Auðvitað er það ófyrirgefanleg aðdróttun að bera það á menn í öðrum flokkum að þeir standi fyrir slíku athæfi. Ef þetta er hins vegar erlendur aðili sem hefur staðið fyrir einhverjum njósnum eða hlerunum er það auðvitað stóralvarlegt öryggismál sem þarf að rannsaka. Og hver á þá að rannsaka það? Að sjálfsögðu ríkissaksóknari.

[13:49]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra sagði eitthvað á þá leið að mál hér á landi væru engan veginn sambærileg við það sem gerðist í Noregi. Ég er ekki alveg sammála því áliti hans. Ég hef verið að skoða og kynna mér söguna í Noregi og hygg að ansi margt af því sem gerðist í Noregi hafi hugsanlega einnig gerst á Íslandi.

Stundaðar voru mjög umfangsmiklar njósnir á fólki í Noregi sem var lengst til vinstri í norskum stjórnmálum um margra ára skeið. Hjá norska verkamannaflokknum fundust m.a. skrár yfir tíu þúsund manns sem norski verkamannaflokkurinn hafði safnað um fólk, um kommúnista í verkalýðshreyfingunni, í stjórnmálasamtökum og öðrum félagasamtökum.

Ég held að það væri okkur öllum fyrir bestu að þetta yrði rannsakað af þinginu eins og Norðmenn gerðu á sínum tíma. Þeir rannsökuðu þetta, skipuðu nefnd, Lund-nefndina, og hún rannsakaði þessi mál allar götur fram til þess tíma að hún skilaði af sér árið 1996. Við ættum að gera það sama hér á Íslandi, rannsaka þetta allt fram á þessa stundu og sjá hvað kemur í ljós. Það er að sjálfsögðu óafsakanlegt ef einhverjir hafa stundað hleranir hérna, en í ljósi reynslu frænda okkar í Noregi tel ég fulla ástæðu til þess að gera þetta.

Í rannsókninni í Noregi kom nefnilega fram að mynduð voru samtök, sambönd við leyniþjónustur í öðrum ríkjum sem slógu sér saman og skiptust á upplýsingum. Það má vel vera að hér á landi hafi verið safnað upplýsingum um einhverja einstaklinga sem kannski síðar meir eiga eftir að finnast í skjalasöfnum í Noregi, Danmörku, Bandaríkjunum, Þýskalandi eða öðrum löndum. Ég vil ekki að við, íslenska þjóðin, lendum í þeirri stöðu að frétta af þessum njósnum utan frá. Við eigum að taka til í okkar eigin ranni. Við eigum að takast á við fortíðina, við eigum að gera þessi mál upp og síðan eigum við að koma þessum öryggismálum í fastan farveg, m.a. með tilliti til þess hvernig Norðmenn hafa hagað sínum málum. Þeir hafa gengið mjög vel frá þeim eftir að þetta var hreinsað út af borðinu og við eigum að fylgja því fordæmi.

[13:52]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég hóf umræðuna á því að ég teldi eðlilegt að þingið léti þetta mál til sín taka og beindi m.a. þeirri spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann væri tilbúinn að beita sér fyrir því. Ég taldi jafnframt að formenn þingflokkanna og formenn flokkanna ættu að ræða þetta mál sín á milli og undir það tók hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Ég tel í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þó að ríkissaksóknari ákveði að rannsaka þetta mál. Hann leggur á það sjálfstætt mat hvort hann vill gera það en þetta er afmarkað mál sem hann er að rannsaka og nær ekki heildstætt yfir þetta. Hann telur að það sé vísbending um að það hafi átt sér stað refsivert athæfi. Það er mat hans og ekkert við því að segja. Hins vegar hafa margir þingmenn talað þannig að þeir vilji fá þetta allt upp á borðið. Þannig hefur hæstv. utanríkisráðherra talað, þannig hefur hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins talað, þannig hefur þingflokksformaður Framsóknarflokksins talað og fleiri. Þess vegna spurði ég hvort það væri ekki eðlilegt að við gerðum þetta.

Hér kom hv. þm. Halldór Blöndal og sagði að embættismenn ættu til þess allan rétt að fá þessi mál upp á borðið. Ég er sammála honum. Ég er líka sammála honum um það sem hann sagði áðan að það væri skylda löggjafarvaldsins

að fara ofan í þessi mál. Hvernig uppfyllir löggjafarvaldið þá skyldu sína nema með því að skipa nefnd eins og hér var talað um og var gert í Noregi? Þannig uppfyllum við skylduna, ekki bara gagnvart ráðherrum og þingmönnum heldur líka embættismönnum sem hugsanlega eru bornir sökum í þessu efni. Það er ekki hægt að búast við því að ríkissaksóknari eltist við hvert og eitt mál sem upp kann að koma, við þurfum að ná heildstætt yfir það og það er þingið sem á að gera það og uppfylla skylduna sem hv. þm. Halldór Blöndal talaði um áðan.

[13:53]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég vil andmæla því að ríkisstjórnin hafi staðið gegn því að þessi mál verði upplýst. Ríkisstjórnin flutti tillögu á sl. vori til þingsályktunar um að skipuð yrði sérstök nefnd. Síðan hefur ríkisstjórnin líka beitt sér fyrir því að hér hefur verið samþykkt frumvarp sem veitir þessari nefnd aukið umboð til þess að ljúka störfum sínum á þann veg sem viðunandi er talið. Einnig hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir því að menn fái aðgang að skjölum í Þjóðskjalasafninu og úrskurður menntamálaráðherra um það svarar kröfu einstaklings að því leyti. Síðan hefur ríkissaksóknari ákveðið að rannsaka sérstaklega þá þætti sem síðast hafa verið til umræðu í þessu máli.

Það er því algjörlega röng mynd dregin upp ef menn tala um að ríkisvaldið standi í vegi fyrir því að þessi mál séu rannsökuð. Það er algerlega á valdi Alþingis, þegar niðurstöður í þessum rannsóknum liggja fyrir, að taka ákvarðanir um það og þar getur ríkisstjórnin haft frumkvæði eins og aðrir ef menn telja að stíga þurfi einhver frekari skref.

Ræða hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar sannaði enn betur fyrir mér að það er ekki sambærilegt sem gerðist í Noregi og hér á landi. Að lesa bækur um Noreg og ætla að heimfæra það yfir á Ísland í þessu tilliti sýnir bara að menn hafa gott hugmyndaflug, en þeir líta þá ekki til þess sem fram hefur komið hér á landi varðandi þessa þætti og liggur nú þegar fyrir. Það að ætla að flytja vandamál Norðmanna hingað inn í þingsalinn er alveg fráleitt þegar er verið að ræða þessi mál og gefur algerlega ranga mynd af því sem gerðist í Noregi. (Gripið fram í.)

## *Um fundarstjórn.*

Rannsóknir á meintum hlerunum.

[13:56]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Samkvæmt þingskapalögum á þessi dagskrárliður að taka 20 mínútur. Þær 20 mínútur eru orðnar nokkuð bólgnar og það hefur iðulega gerst að undanförnu að þær hafa bólgnað nokkuð út. Ég var í ljósi þessa óánægður með að fá ekki að koma hér upp og gera athugasemdir, m.a. við þau ummæli sem hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar hafði um fund nefndarinnar frá í morgun þar sem hann vísaði í orð gesta nefndarinnar. Frásögn hans var einhliða og hún var villandi og ég vil mótmæla henni.

Varðandi það sem hér hefur verið rætt vil ég vekja athygli á því að sl. vor var ákveðið að setja niður nefnd sem hefur það hlutverk að opna fræðimönnum aðgang að gögnum sem lúta að njósnum og hlerunum á kaldastríðstímanum. Það var gagnrýnt á þeim tíma að hlutverk nefndarinnar væri of þröngt skilgreint varðandi viðfangsefnið, tímann og aðra þætti.

Nú hefur komið fram tillaga, hana setti hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fram fyrir stundu, að formenn stjórnmálaflokkanna á Alþingi og þingflokksformenn setjist saman og reyni að ná breiðri samstöðu um aðkomu að þessu máli. Það er og hlýtur að vera skýr krafa Alþingis og þjóðarinnar allrar að öll spil verði lögð á borðið og hætt verði öllum blekkingum og feluleik gagnvart þjóðinni.

[13:57]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill láta það koma skýrt fram að samkvæmt þingsköpum eru ætlaðar 20 mínútur til umræðu um störf þingsins, eins og fram kemur í lok 50. gr. þingskapa. Í þessu tilviki var liðin 21 mínúta þegar hæstv. dómsmálaráðherra hafði lokið máli sínu. Hver hv. þingmaður hefur tvær mínútur. Ef tímanum er ekki lokið er næsta ræðumanni á dagskrá gefið orðið.

Nýlega hafa komið upp atvik í þinginu þar sem hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar hafa kvartað yfir því að hafa ekki komist að. Skýringin er sú að tíminn er ekki lengri. Reynt er að miða við að um tíu hv. þingmenn komist að í þessari umræðu, þeir hafa tvær mínútur á mann. Þetta er því auðvelt og einfalt reikningsdæmi og ég hygg að hv. þingmönnum eigi að vera fullkunnugt um þessi ákvæði þingskapa.

## *Umræður utan dagskrár.*

Framtíð hvalveiða við Ísland.

[13:59]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða um framtíð hvalveiða við Ísland. Við formaður Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson upplifðum í morgun afskaplega ánægjulega stund þegar við brugðum okkur niður á höfn í þessu fallega veðri sem nú er í dag. Þar gat að líta Hval 9. Það var verið að gera skipið klárt til að fara á sjó. Skipið leysti festar og hélt úr höfn við lófatak og ferfalt húrrahróp mannfjölda sem stóð á bryggjunni. Þetta var söguleg stund. Ég held að allir á bryggjunni og að sjálfsögðu hin ágæta áhöfn á Hval 9 sem lagði úr höfn hafi gert sér grein fyrir því hvað hér var að gerast.

En ég hefði gjarnan viljað fá staðfestingu á því frá hæstv. sjávarútvegsráðherra sjálfum hvað sé að gerast í hvalveiðimálum okkar Íslendinga og hvernig standi á því að hvalveiðiskipum hefur fækkað um eitt í Reykjavíkurhöfn núna í morgun.

[14:00]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 9. þm. Suðurk., Magnúsi Þór Hafsteinssyni, fyrir að hefja þessa

umræðu og greina þá jafnframt frá því sem ég hef farið yfir á fundi utanríkismálanefndar og sjávarútvegsnefndar í morgun og jafnframt kynnt fyrir forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna, að ég hef í dag ákveðið að heimila veiðar á allt að níu langreyðum og 30 hrefnum á yfirstandandi fiskveiðiári til viðbótar þeim 39 hrefnum sem teknar verða árið 2007 við framkvæmd vísindaáætlunar Hafrannsóknastofnunar, en þá verður lokið því verki sem hófst árið 2003 með 200 dýra úrtaki á hrefnu. Hér eru sem sagt að hefjast atvinnuveiðar á hval eftir áralanga bið.

Þetta er í rökréttu framhaldi af þeirri vinnu sem við höfum unnið og þeirri stefnumótun sem fram fór á Alþingi 10. mars árið 1999. Alþingi ákvað þá með mjög miklum meiri hluta að hvetja til þess að hvalveiðar skyldu hafnar hið fyrsta hér við land og alveg frá þeim tíma hefur verið unnið að því með ýmsum hætti.

Við gengum í Alþjóðahvalveiðiráðið með tilteknum fyrirvörum. Nú er ljóst að fyrirvararnir hafa að fullu tekið gildi. Þjóðréttarlegar heimildir okkar til að hefja hvalveiðar eru að öllu leyti til staðar. Meðal annars fólu þessir fyrirvarar það í sér að við mundum ekki hefja atvinnuveiðar á hval fyrr en eftir árið 2005. Árið 2006 er runnið upp og allar forsendur eru til staðar til að hefja veiðarnar.

Við höfum líka farið á þann hátt í málin að við höfum reynt að stíga hvert skref mjög varlega. Við hófum vísindaveiðar árið 2003. Þær hafa smám saman aukist. Á þessu ári var tekin um það ákvörðun í upphafi að heimila veiðar í vísindaskyni á 50 hrefnum. Í ágústmánuði var sá fjöldi aukinn upp í 60 dýr þannig að það er ljóst mál að við höfum verið að stunda umtalsverðar hvalveiðar hér við land og það er athyglisvert að viðbrögðin við þeim hafa verið næsta lítil. Við höfum ekki fengið yfir okkur þá holskeflu mótmæla sem margir óttuðust og það er vissulega vel.

Við höfum farið mjög að þeim ráðum sem við höfum viljað þiggja í þessum efnum, þ.e. ráðum sérfræðinga. Hafrannsóknastofnun hefur metið stærð hvalastofna, hrefnu og langreyðar, og vísindanefndir Alþjóðahvalveiðiráðsins og Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins NAMMCO hafa báðar samþykkt það mat að 44 þúsund hrefnur séu á landgrunni við Ísland og 26 þúsund langreyðar í miðju Norður-Atlantshafi.

Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að við getum árlega veitt með sjálfbærum hætti allt að 200 langreyðar og 400 hrefnur. Við erum að stíga agnarsmátt skref einfaldlega í anda þess sem við höfum verið að reyna að gera í þessum efnum, þ.e. að stíga varlega til jarðar og taka stutt skref en ákveðin að því markmiði að hér séu stundaðar atvinnuveiðar með sjálfbærum hætti alveg eins og við teljum eðlilegt að nýta auðlindir hafsins með sjálfbærum hætti.

Við erum ekki heldur í neitt í amalegum félagsskap. Aðrar þjóðir sem starfa innan Alþjóðahvalveiðiráðsins líkt og við stunda hvalveiðar, þ.e. Bandaríkin, Rússland, Noregur, Japan og Grænland. Þær stunda allar löglegar og sjálfbærar veiðar í samræmi við reglur Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Ég nefndi það hér áðan að sá fyrirvari sem við settum í upphafi þegar við gengum í Alþjóðahvalveiðiráðið er núna virkur þannig að þjóðréttarleg staða okkar er alveg skýr. Við höfum allar heimildir okkar megin. Að þessu leytinu er staða okkar algerlega sambærileg við það sem er hjá Norðmönnum sem hafa eins og menn vita stundað hvalveiðar um árabil.

En vegna þess að við höfum ekki stundað hvalveiðar í atvinnuskyni mjög lengi þá höfum við ekki verið að hyggja að því lagaumhverfi sem hvalveiðarnar þurfa að búa við til lengri tíma og jafnframt þessari ákvörðun hyggst ég undirbúa lagafrumvarp þar sem reynt er að sníða starfsumhverfi hvalveiðanna að nútímanum, bæði varðandi veitingu veiðileyfanna og eins til að vel sé að öllu staðið hvað vinnsluþáttinn áhærir. Þetta frumvarp hyggst ég leggja fram síðar í vetur og þá er eðlilegt að mínu mati að endurskoða þær aflaheimildir sem ég hef núna þegar gefið út í kjölfar þess að ný lög verði samþykkt hér á Alþingi ef svo vel tekst til sem ég held að sé ákaflega þýðingarmikið.

Ég geri ekki lítið úr þeim neikvæðu áhrifum sem kunna að verða af þessari ákvörðun. Við gerum okkur grein fyrir því að þrátt fyrir að hér á landi sé allt að því þjóðarsátt um þessi mál þá er andstaða við þessi mál sums staðar erlendis. Sú andstaða hefur sem betur fer ekki birst okkur í miklum mæli enn þá. Við skulum hins vegar búa okkur undir að hér komi mikil mótmæli. Við höfum verið að reyna að undirbúa okkur undir þetta með því að leggja heilmikla vinnu í hvers konar upplýsingaöflun, gagnasöfnun og undirbúning að því að svara þessu og vekja athygli þar með jákvæðum hætti á málstað Íslendinga. Ég tel því að þegar fram í sækir muni þessi góði málstaður sigra eins og alltaf gerist að lokum.

[14:05]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Meiri hluti Alþingis ákvað árið 1983 að mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um bann við hvalveiðum. Þetta bann stendur sem kunnugt er enn þá. Íslensk stjórnvöld ákváðu árið 1992 að ganga úr ráðinu og svo í það aftur árið 2002 með yfirlýsingu um að ríkið hygðist virða bannið til sumars 2006 að minnsta kosti. Á grunni þeirrar yfirlýsingar ræðum við nú um leyfi til hvalveiða.

*Rétt er að muna að þessi yfirlýsing var og er einstæð.* Líklegt er að réttur til hvalveiða í krafti yfirlýsingarinnar verði vefengdur jafnskjótt og slíkar veiðar hefjast. Við getum ekki vænst þess að alþjóðasamfélagið telji yfirlýsinguna gefa okkur skýlausan rétt til að rjúfa bannið sem samþykkt var eða ekki var mótmælt hér árið 1983.

Ekki þarf að rekja hér þann vanda sem nú getur komið upp, margvíslegan skaða fyrir ímynd lands og þjóðar, álitshnekki og mótbyr fyrir Íslendinga í alþjóðastarfi, vandræði á helstu fiskmörkuðum, tjón í ferðaþjónustu, að ógleymdum erfiðleikum eða uppgjöf við hvalaskoðun sem víða um landið hefur auðgað atvinnulíf á síðari árum.

Við eigum að standa á rétti okkar til að nytja allar auðlindir lands og sjávar án rányrkju með virðingu fyrir móður náttúru og í samstarfi við aðrar þjóðir þegar um far- eða flökkustofna er að ræða. Er slíkt samstarf hafið nú?

Okkur er líka lífsnauðsyn, fámennri þjóð, að bera virðingu fyrir alþjóðlegu samkomulagi. Það eina sem getur réttlætt að brjótast út úr ramma alþjóðareglna er að um lífsgrundvöllinn sjálfan sé að tefla. Það var málstaður okkar í landhelgismálinu forðum. Er svo komið nú?

Forseti. Ég tel að ríkisstjórnin hafi ekki sýnt skynsemi í

þessu máli. Ég gagnrýni skort á samráði við alla nema einn tiltekinn hagsmunaaðila og ég óttast afleiðingarnar fyrir atvinnulíf okkar og þjóðlíf.

[14:07]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég verð að segja að ég undrast nokkuð hvaða stefnu þessi hvalveiðimál okkar eru að taka núna á síðustu klukkutímum. Ég hlýt að gagnrýna það mjög harðlega að þá fyrst er boðað til fundar meðal annars með utanríkismálanefnd þegar hvalveiðiskipið er farið á veiðar. Það má nú með sanni kalla samráð eftir á.

Það er engin deila um það að við Íslendingar ætlum að halda til haga rétti okkar til að nýta sjávarspendýr eins og aðrar nytjategundir í lífríkinu. Það höfum við reyndar gert, m.a. með hrefnuveiðum að undanförnu, veiðum í vísindaskyni sem reyndar mönnum sýnist sitt hvað um. Hitt er talsvert annað mál hvort það er skynsamlegt og jafnvel hvort okkur er heimilt vegna aðildar okkar að alþjóðasamningum eins og alþjóðahafréttarsáttmálanum, náttúruverndar- og viðskiptasamningum, svo og vegna stöðu okkar eftir endurinngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið, að hefja núna veiðar á stórhval í atvinnuskyni. Ég hef miklar efasemdir um að það sé ráðlegt á þessum tímapunkti meðan nokkur óvissa ríkir enn að mínu mati um þjóðréttarlegar skuldbindingar, meðan alls óvíst er að hægt sé að koma afurðum í verð og við gætum jafnvel lent í verulegum vandræðum af þeim sökum.

Það er nokkuð ljóst að lítils háttar atvinnuveiðar munu ekki gefa af sér nema smáar fjárhæðir og þar af leiðandi er allt eins líklegt að við séum að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Við verðum fyrir miklu meira tjóni á öðrum sviðum atvinnulífs okkar heldur en þessar takmörkuðu veiðar að minnsta kosti geta gefið af sér.

Við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs getum ekki mælt með því að ráðist verði í veiðar nú við þessar aðstæður og ekki stutt það á þessum tímapunkti.

[14:09]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Fyrir rúmum sjö árum eða 10. mars 1999 samþykkti Alþingi ályktun um hvalveiðar með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða, 37 atkvæðum gegn aðeins sjö mótatkvæðum. Upphaf ályktunarinnar er þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 stendur ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda."

Það liggur því fyrir að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur mjög skýrt pólitískt umboð frá Alþingi til að taka þá ákvörðun sem Alþingi fól honum að taka fyrir rúmum sjö árum við það tækifæri sem hann teldi hentugt. Veiðarnar fara fram á þeim grundvelli sem Alþingi setti, vísindalegri ráðgjöf og undir eftirliti stjórnvalda þannig að þau skilyrði eru öll uppfyllt.

Nú hefur hæstv. ráðherra ákveðið að stíga það skref að hefja atvinnuveiðar á hval bæði á stórhveli og smáhveli þannig að þetta eru tímamót í þessu máli sem reyndar, eins og ég undirstrika, Alþingi samþykkti fyrir rúmum sjö árum.

Í öðru lagi eru þessi tímamót grundvölluð á því að um sjálfbærar veiðar er að ræða, einungis sé leyft að veiða níu langreyðar af þeim 200 sem vísindamenn telja árlega unnt að taka úr stofninum eða aðeins um 4% af mögulegri veiði án þess að ganga á stofninn. Varðandi hrefnur er leyft að veiða um 17% af árlegum kvóta sem vísindamenn telja óhætt að mæla með þannig að veiðarnar falla að öllu leyti undir þau skilyrði sem Alþingi setti á sínum tíma.

[14:12]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Því ber að fagna að við séum að hefja atvinnuveiðar á sjávarspendýrum og kannski var ekki seinna vænna, hæstv. forseti, en að við brygðumst við eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur nú gert.

Réttarstaða Hvals hf. er slík að ef honum hefði verið meinað að veiða eftir að vera búinn að gera sín skip klár til veiða og aðstöðu klára til að vinna og verka afurðir þá hefði ríkisstjórnin, að mínu viti, orðið skaðabótaskyld gagnvart fyrirtækinu. Menn eiga rétt á að nýta þá stofna sem taldir eru þola veiðar og ekki fer á milli mála að langreyðarstofninn þolir veiðar og hrefnustofninn þolir veiðar. Reyndar hefur komið í ljós á undanförnum árum að hrefnan er tækifærissinni í íslensku lífríki sjávar og tekur til sín miklu meira af botnfiskum í sínu fæðunámi en gert var ráð fyrir áður en vísindaveiðarnar hófust. Öll rök hníga því að því að hefja atvinnuveiðar bæði á stórhvelum og hrefnunni. Ég fagna því að það skref skuli stigið í dag. Reyndar finnst mér kvótinn, níu langreyðar, afar naumt skammtaður miðað við þau 200 dýr sem hægt væri að veiða undir sjálfbærri nýtingu ef litið er til þeirra tillagna sem við höfum fengið á undanförnum árum. En það er kannski orðin vani að skammta litla kvóta. Sjávarútvegsráðherra er kannski orðinn vanur því og situr í því fari, því miður.

[14:14]

**Guðjón Hjörleifsson:**

Frú forseti. Ég vil í upphafi óska hæstv. sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórninni, svo og okkar Íslendingum til hamingju með þá ákvörðun að heimilaðar verði hvalveiðar í atvinnuskyni.

Íslendingar hafa haft það að leiðarljósi að nýta auðlindir sjávar með sjálfbærum og skynsamlegum hætti og með það að markmiði að byggja upp sterka stofna nytjafiska. Það er mikilvægt að hvalir séu jafnframt teknir með í reikninginn. Ástand hvalastofna hér við land er gott og margir stofnar þola vel skynsamlega sjálfbæra nýtingu.

Í upphafi er heimilað að veiða níu langreyðar og 30 hrefnur en samkvæmt upplýsingum frá Hafró mundu árlegar veiðar á allt að 200 langreyðum og 400 hrefnum samrýmast markmiðum um sjálfbæra nýtingu. Talið er að stofnar hrefnu og langreyðar séu nærri sögulegu hámarki.

Vísindamenn Hafró hafa áætlað að hvalir hér við land éti um 6 milljónir tonna af fæðu á ári, þ.e. um 3 milljónir tonna krabbadýra, 2 milljónir tonna af fiski og 1 milljón tonna af smokkfiski. Hrefnan lætur mest að sér kveða í fiskáti og étur milljón tonn af fiski. Til samanburðar má geta þess að heildarafli á Íslandsmiðum fiskveiðiárið

2005/2006 var 1,3 milljónir tonna samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskistofu. Vísindamenn Hafró hafa leitt að því líkur að ef hvalastofnum verði haldið við 70% af sögulegu hámarki geti menn aukið afrakstur þorskstofnsins um 20% eða um allt að 60 þúsund tonn.

Verðmæti 60 þúsund tonna af þorski eru mikil fyrir íslenskt þjóðfélag og ef til vill sér í lagi byggðarlög sem byggja sitt á einni af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar, þ.e. sjávarútvegi. Hve oft höfum við á hinu háa Alþingi ekki tekið umræðu um ástand þorskstofnsins. Það væri ábyrgðarleysi gagnvart framtíð sjávarútvegs og sjávarbyggða að bregðast ekki við með þessum hætti. Allar kannanir sem gerðar hafa verið sýna að mikill meiri hluti þjóðarinnar eða þrír af hverjum fjórum séu hlynntir hvalveiðum í atvinnuskyni og það kæmi mér ekki á óvart þó margir muni draga fána að hún í dag því miklum áfanga er náð.

Virðulegi forseti. Það er búið að skerpa skutla og nú er að hefja veiðar. Til hamingju með daginn!

[14:16]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Frú forseti. Sjálfbær þróun er stefna Samfylkingarinnar. Það þýðir að ef hvalastofn er nægilega stór til þess að þola veiðar að mati vísindamanna má veiða úr honum. Sú er raunin við Ísland eins og fram hefur komið í máli manna. Þessar niðurstöður Hafró eru samþykktar bæði af NAMMCO og vísindaráði Alþjóðahvalveiðiráðsins og hafa birst í ráðgjöf Hafró mörg undanfarin ár.

Það er staðreynd að ferðaþjónusta er orðin önnur mikilvægasta atvinnugrein Íslendinga og hvalaskoðun hefur notið mikilla vinsælda meðal ferðamanna. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að taka tillit til ferðaþjónustunnar ef við ætlum ekki að eyðileggja eða stórskaða þann árangur sem náðst hefur í markaðsstarfi hvalaskoðunarfyrirtækja.

Veiðar og ferðamennska fara saman á Grænlandi og þar er hvalurinn hluti af hefðbundnu fæðuvali Grænlendinga sjálfra. Við erum í annarri stöðu og hvalveiðar eru ekki mikilvægar fyrir afkomu íslensku þjóðarinnar. Við höfum einnig hagsmuna að gæta á hefðbundnum fiskmörkuðum okkar þar sem hvalverndarsinnar hafa beitt áhrifum sínum. Staðreynd málsins er því sú að við verðum að fara afar varlega í þessum efnum ef við ætlum ekki að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.

Frú forseti. Tímasetning þessarar ákvörðunar núna er athyglisverð á árstíma þar sem hvalveiðar fara ekki fram. Það skyldi þó ekki vera reyndin að það sé verið að reyna að beina athygli landsmanna frá þeim málum sem virkilega skipta máli á landinu eins og t.d. hlerunum, stóraukinni misskiptingu skattbyrði á Íslendingum eða heilbrigðis- og velferðarkerfi í rúst og ýmsu fleiru sem núverandi ríkisstjórn vill helst ekki að sé verið að tala um? Við skulum því ekki rífast um hvalveiðar, sem eru allt í lagi í hófsemd og ef tillit er tekið til ferðaþjónustunnar. Við skulum muna eftir því sem skiptir máli.

[14:18]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hvalurinn er alþjóðlegt tákn fyrir umhverfisvernd og hvalir eru alþjóðlegt tákn fyrir verndun dýra í útrýmingarhættu. Það ríkir hvalveiðibann á úthöfunum. Mér finnst þetta vera dapurlegur dagur, frú forseti. Það er auðvitað ákveðin skynsemi í því að halda til haga sögulegum og þjóðréttarlegum rétti okkar til að nýta tegundir hér við land. En að hefja hvalveiðar nú með þau rök helst í farteskinu að hvalir spilli fyrir afrakstursgetu fiskstofna Íslands, það eru rök sem eru algjörlega út í hött og dæma sig sjálf.

Ég tel ekki rétt að styðja hugmyndir um atvinnuveiðar á hvölum þegar svona stendur á eins og hér háttar nú til. Þegar samanlagðir hagsmunir Íslendinga og markaðsstaða varðandi hvalaafurðir eru lögð til grundvallar er það að mínu mati út í hött.

Forstöðumaður landvinnslu Samherja hélt því fram á fundi um daginn að 200–400 hrefnur breyttu engu fyrir afrakstursgetu fiskstofna á Íslandsmiðum. Hins vegar gæti slík veiði haft þau áhrif að viðskiptavinir Samherja í Bretlandi, Sainsbury's, Marks & Spencer og fleiri ámóta aðilar, færu fram á verðlækkun á fiski frá Íslandi á þeirri forsendu að það sé orðið erfiðara að selja afurðirnar. Jafnvel þó að sú yrði ekki raunin gætu þeir samt knúið fram slíka lækkun. Slík verðlækkun væri bein afleiðing af skaddaðri ímynd okkar og framleiðsluvara okkar, og ég á ekki von á að sjávarútvegsfyrirtækin taki þessu með þegjandi þögninni. Hvalaskoðunarfyrirtækin gera þetta, samtök ferðaþjónustunnar gera það ekki. Hvalaskoðunarfyrirtæki stunda í dag sjálfbæra nýtingu á hvölum og við vitum í gegnum þau að hegðun hrefnunnar á Faxaflóa hefur breyst vegna þess að 25% þeirra dýra sem hafa verið tekin hafa verið tekin á Faxaflóa (Forseti hringir.) og hrefnan er hætt að koma upp að hvalaskoðunarbátunum eins og hún gerði fyrir 2003.

[14:21]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Hvort heldur fólk lítur á þennan dag sem dapurlegan eða gleðilegan dag þá er þetta sögulegur dagur þar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur tekið þá ákvörðun sem hér er til umræðu. Sannarlega hef ég mikið álit á hæstv. ráðherra en ekki hvarflaði að mér að hann væri svo hugmyndaríkur að með þessari ákvörðun væri verið að fela allt það sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir taldi hér upp.

Þessi ákvörðun á ekki að koma neinum á óvart eins og hér hefur verið rakið. Hér hefur hæstv. ráðherra verið að fylgja eftir ákvörðun frá hv. Alþingi og í umræðum úr þessum ræðustóli, fleiri en einni og fleiri en tveimur, hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra verið skammaður fyrir að fylgja ekki eftir ákvörðunum Alþingis. Það á því ekki að koma neinum á óvart að þessi ákvörðun skuli tekin.

Hér stangast að sjálfsögðu á nokkur sjónarmið. Það er í fyrsta lagi sjónarmið um veiðar, að við getum stundað sjálfbærar veiðar sem eru hluti af sjálfsákvörðunarrétti þjóðar og það er auðvitað fjöregg okkar sem við megum aldrei líta frá. Hins vegar stangast það sjónarmið á við sjónarmið ferðamennskunnar, sem fulltrúar ferðamennskunnar hafa haldið á lofti, t.d. hvalaskoðun og þá ekki síður markaðssjónarmiðin á erlendri grundu. Ég vil þess vegna taka undir það sem aðrir hafa nefnt að hér er varlega stigið til jarðar, hér er verið að fylgja eftir ákvörðun Alþingis. En ég vil

jafnframt leggja áherslu á að samhliða þessari ákvörðun verði skilgreind vel þau svæði þar sem hvalaskoðun er stunduð og þau vel aðgreind frá veiðisvæðum á hval og jafnframt verði kynningarstarfi bæði innan lands og ekki síst erlendis, eins og í bígerð er, og að því verði vel fylgt eftir. Þannig munum við ná bestum árangri í þessu viðkvæma máli.

[14:23]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Þetta voru svo sannarlega ánægjuleg tíðindi sem hæstv. sjávarútvegsráðherra flutti okkur úr ræðustól: Ísland hefur hafið veiðar á nýjan leik á stórhvelum. Þar með er lokið allt of löngu tímabili sem liðið hefur án þess að við nýttum með sjálfsögðum hætti þessa nytjastofna og ég tel að þetta sé mikið framfaraskref.

Ég hef í sjálfu sér ekkert miklar áhyggjur af því að við munum þurfa að bíða skaða vegna þess ef við höldum rétt á spilunum, ef við stöndum saman, kynnum málstað okkar út á við, þá hef ég í sjálfu sér ekki miklar áhyggjur af því að þetta verði okkur til tjóns. Það er sjálfsagt og eðlilegt að nýta þessi dýr alveg eins og við nýtum dýr til að mynda uppi á landi, hreindýr, dádýr, önnur spendýr. Hvalir eru ekkert öðruvísi en þessi dýr og það er sjálfsagður og eðlilegur hlutur að þeir séu nýttir alveg eins og önnur dýr. Við eigum ekkert að hlusta á eitthvert kjaftæði um að hér sé verið að ganga of nærri náttúrunni, það er alls ekki rétt. Það er mjög mikið af hval í hafinu allt í kringum Ísland, maður þarf ekki annað en bregða sér hérna rétt út á sjó til að sjá það. Þær stórhvalaveiðar sem hefjast núna fara fram í úthafinu, djúpt austur af landinu, og þær munu á engan hátt rekast á við hagsmuni þeirra sem stunda hvalaskoðun.

Virðulegi forseti. Ég tel að það hafi verið mikil mistök þegar Alþingi samþykkti hér í þessum sal árið 1986 að mótmæla ekki alþjóðahvalveiðibanninu. (Gripið fram í.) Já, 1983, það var samþykkt að hætta frá og með 1986. Þetta voru mikil mistök sem við erum enn þá að súpa seyðið af. Fram undan er mikil vinna, mikil barátta, við skulum ekkert reyna að draga fjöður yfir það, það er mikil vinna fram undan en ég lýsi því hér með yfir að Frjálslyndi flokkurinn mun styðja þá baráttu með ráðum og dáð og starfa að því að sjá til þess að sá slagur muni vinnast og þetta muni ekki verða okkur Íslendingum til tjóns. Við getum ekki látið erlenda hagsmunahópa segja okkur fyrir verkum þegar nýting okkar á þessum nytjastofnum er annars vegar. Gildir þá einu hvort um er að ræða fiskstofna, hvalastofna eða aðra dýrastofna. Við getum ekki látið erlenda hagsmunaaðila segja okkur fyrir verkum í þessum efnum. Við eigum að stjórna þessu sjálf, við erum sjálfstæð þjóð, um þetta snýst málið. Þetta er stórmál.

Þó að við séum aðeins að tala hérna um níu hvali á þessu fiskveiðiári, vonandi verða þeir fleiri, þá er þetta miklu, miklu meira mál en svo að það snúist bara um þessi tilteknu dýr. Þetta er stórmál, þetta varðar sjálfstæði þjóðarinnar í framtíðinni. Þetta varðar það hvernig við Íslendingar getum nýtt okkar náttúruauðlindir í framtíðinni. Um það snýst málið, virðulegi forseti.

[14:26]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt sem hv. þingmaður Magnús Þór Hafsteinsson sagði hér í lokaorðum sínum, að þó að skrefið sé í sjálfu sér stutt þá er þetta heilmikið mál sem við erum að ræða hér um.

Ég verð svo að segja það strax að hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir ofmetur snilli mína mjög mikið. Ég held að ég hafi talað um þessi hvalamál í 15 ár eða frá því að ég kom á þing og ég ætla að fullvissa hana og aðra um að ekki vakti það fyrir mér að þann 17. október 2006 mundi sú umræða síðan leiða til þess að ég væri að þyrla svona ryki yfir alla umræðuna um aðra hluti í pólitískri umræðu í landinu. Svona snjall er ég ekki en ég vil hins vegar þakka kærlega fyrir það álit sem fram kom í þessum orðum.

Kjarni þessa máls kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan og hann er sá að Alþingi hefur markað stefnu í þessum efnum. Alþingi markaði þá stefnu að við skyldum hefja hvalveiðar með tilteknum skilyrðum sem við höfum núna uppfyllt. Það var þannig að við gengum inn í Alþjóðahvalveiðiráðið á sínum tíma með tilteknum skilyrðum. Þessir fyrirvarar eru núna í fullu gildi. Hinar þjóðréttarlegu heimildir okkar til að hefja þessar veiðar eru algjörlega til staðar.

Því var velt upp áðan hvort við værum á einhvern hátt að ganga á svig við þessar þjóðréttarlegu heimildir. Svo er ekki. Við styðjumst við alþjóðahafréttarsáttmálann. Þar er m.a. kveðið á um tiltekið samráð sem þurfi að eiga sér stað og það uppfyllum við með starfi okkar innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og innan NAMMCO. Allar heimildir okkar til þess að hefja þessar veiðar eru því til staðar og við værum út af fyrir sig að hverfa frá stefnumörkun Alþingis, sem væri mjög alvarlegt, ef við hefðum ekki reynt að vinna áfram á þessari braut, að stefna að því að hefja aftur atvinnuveiðar á hval. Þess vegna er þessi dagur fyrst og fremst ákveðin lok á því ferli sem Alþingi samþykkti og mótaði stefnuna gagnvart og ég hefði sem ráðherra verið að ganga á svig við vilja Alþingis ef ég hefði unnið með öðrum hætti en þeim að reyna að vinna að því að hefja hér atvinnuhvalveiðar. Þess vegna er þetta sjálfsagður hlutur sem ég heyri að Alþingi fagnar og tekur þar með undir almenna þjóðarviljann í þessum efnum.

## *Ríkisútvarpið ohf., frh. 1. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 56.

[14:29]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Nú höldum við áfram umræðu um Ríkisútvarpið ohf., umræðu sem lauk á miðnætti í gærkvöldi. Ég vil, hæstv. forseti, byrja á því að rifja upp þær athugasemdir sem komu fram áður en við fórum í umræðuna, þ.e. athugasemdir um upprðun á dagskrá Alþingis í gær, sem heldur sér í dag. Það eru þrír liðir á dagskrá þessa þingfundar og í þeirri sömu röð og var í gær. Fyrst er Ríkisútvarpið, síðan Sinfóníuhljómsveit Íslands og síðast útvarpslög, prentréttur og samkeppnislög. Það er þriðji dagskrárliðurinn.

Við óskuðum eftir því, hæstv. forseti, í gær að þessum dagskrárliðum yrði snúið við með þeim rökum að eðlilegra væri og betra að fara í umræðuna þannig að við hefðum þennan ramma, þennan grunn sem við ætluðum að setja allt inn í, sem sé Ríkisútvarpið og hina frjálsu fjölmiðla hvort sem það heita ljósvaka- eða prentmiðlar. Ég tel að rök sem stjórnarandstaðan færði fram séu fullgild, hvort sem er við þetta frumvarp eða önnur hliðstæð. Það sé eðlilegra og betra að hafa heildarmyndina skýra og setja svo inn í þann ramma. Ég tel að umræðan um Ríkisútvarpið væri með öðrum hætti ef við hefðum gert þetta, hæstv. forseti. Við þessu var ekki orðið og við munum halda áfram að ræða um Sinfóníuhljómsveitina og svo útvarpslögin í beinu framhaldi af þessari umræðu.

Hæstv. menntamálaráðherra og forseti hafa orðið við óskum stjórnarandstöðunnar frá því síðasta vor að taka þessi frumvörp þrjú saman í einni spyrðu, ekki þannig að þau þyrfti endilega að ræða sem einn dagskrárlið eða undir einum hatti en að þau færu öll samhliða í gegnum umræðu á þinginu. Það er heppilegra að öllu leyti. En ég sakna þess að hér skuli ekki hafa verið fjórða málið sem er af sama toga. Það er mál á þskj. 24, sem sé með lægra skráningarnúmer, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum. Það frumvarp hefur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt fram og er um að ræða breytingar á núverandi útvarpslögum. Þar er lagt til að breyta útvarpsráði og styrkja stjórnina og einnig útskýrt með hvaða hætti hægt er að styrkja stofnunina. En að þessu kem ég síðar, hæstv. forseti.

Hvað er verið að gera? Með því frumvarpi sem hér liggur frammi er verið að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Það er verið að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og samkvæmt frumvarpinu er sala þessa opinbera hlutafélags óheimil.

Það er alveg ljóst að það sem skiptir máli í þessari þriðju tilraun hæstv. menntamálaráðherra til að breyta rekstri Ríkisútvarpsins yfir í hlutafélag — það er hlutafélagaformið sem skiptir máli hvort sem það heitir ehf., ohf. eða hvað annað. Það sem skiptir máli er að koma Ríkisútvarpinu í hlutafélag og í því liggur breytingin. Í 1. gr. laganna segir um eignarhaldið:

„Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil."

Þetta er ein grein í frumvarpinu og þessari einu grein er hægt að breyta með einni setningu í nýju frumvarpi. Ég er sannfærð, hæstv. forseti, um að framtíðarsýnin með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag er sú að koma því enn frekar út á markað. Það að halda svona stíft við að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag er pólitísk hreintrúarstefna Sjálfstæðisflokksins. Það getur ekki verið neitt annað. Það er ljóst að á því er áhugi, sérstaklega hjá ungum sjálfstæðismönnum, að koma ríkisfyrirtækjum, og þá ekki síst Ríkisútvarpinu, úr ríkisrekstri og yfir í hlutafélagaform eða hreinlega selja þau. Þetta er ákveðin hreintrúarstefna því ef markmiðið væri eingöngu að standa vörð um Ríkisútvarpið, efla það og gera það hæfara til að aðlagast breytingum í þeirri miklu grósku og iðu sem er á ljósvakamiðlunum í dag og í íslenskri fjölmiðlaflóru, þarf enga lagabreytingu til.

Ríkisútvarpið kom á laggirnar nýrri rás, Rás 2. Það gerðist innan stofnunarinnar og þurfti enga lagabreytingu til. Aftur á móti hefði þurft meira fjármagn til að reka Rás 2 eins og metnaður og vilji stóð til hjá stofnuninni, að hafa stöðvar úti um allt land. Það er hægt að bregðast við, það er hægt að koma með nýja starfsemi, það er hægt að efla starfsemina úti um allt land án þess að breyta félaginu í hlutafélag. Það er sú dínamík í stofnuninni sjálfri sem á að styðja. Það er hægt án þess að breyta stofnuninni í hlutafélag.

Það er líka ljóst, hæstv. forseti, að ákvæðið um að ekki mætti selja Ríkisútvarpið varð að vera inni til að Framsóknarflokkurinn gæti stutt og skrifað upp á frumvarpið. Framsóknarflokkurinn hefur haft það á stefnuskrá sinni, og farið með það út í kosningar oftar en einu sinni, að hann muni standa vörð um að Ríkisútvarpið fari ekki á markað og verði ekki selt. Með því að gangast inn á þessa formbreytingu á rekstri útvarpsins tel ég að Framsóknarflokkurinn sé að láta teyma sig vísvitandi eða með blekkingum inn á óheillaspor. Ég veit ekki hvernig þingmenn þess ágæta flokks ætla að fara út í næstu kosningar og verja það að hafa stutt þetta frumvarp þar sem það blasir við að um tímabundið ástand getur verið að ræða. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir, sem sat með okkur í gærkvöldi og fylgdist með, var ótrauð í að koma upp í andsvör og mótmæla því að til stæði að selja Ríkisútvarpið eða selja út úr Ríkisútvarpinu. Ég vil trúa því að hv. þingmaður standi í þeirri meiningu að það loforð eða ákvæði í frumvarpinu muni halda um ókomna tíð. En það getur framtíðin ein skorið úr um.

Hvað er Ríkisútvarpið? Ég held að í hugum okkar flestra sé Ríkisútvarpið, eða gamla, góða Gufan, samofin þjóðarvitundinni, að svo sé a.m.k. hjá okkur sem erum komin um og yfir miðjan aldur. Stór hluti af minningum bernskunnar, alla vega hjá okkur sem ólumst upp áður en nýju stöðvarnar komu á markaðinn sem ungt fólk í dag kveikir kannski frekar á — í hugum okkar flestra er Ríkisútvarpið hluti af menningunni, hluti af því sem við erum enda geymir það í fórum sínum ómetanlegar þjóðargersemar. Þó að þær gersemar séu ekki í formi málverka eða annars konar listaverka, sem við geymum á listasöfnum, eru þær menningarverðmæti sem eru jafndýrmæt íslensku þjóðinni og þau sem eru geymd bæði í Þjóðminjasafninu og í Listasafni Íslands. Þetta eru menningarverðmæti sem eru geymd á spólum og á vínylplötum og öðrum slíkum tækjum sem hafa verið notuð til upptöku bæði í hljóðvarpi og síðar í sjónvarpi. Þetta eru hljóðupptökur, þetta eru raddir okkar fremstu skálda. Við höfum heyrt í Þórbergi, Halldóri Kiljan Laxness og fleirum.

Við höfum verið að hlusta undanfarið á ómetanlegar upptökur af tónlist, söngvurum og hljóðfæraleikurum og við eigum upptökur á leikritum og þáttum í sjónvarpi — afþreyingarefni þegar það var flutt á sínum tíma en er nú ómetanlegt menningarverðmæti. Þetta hefur Ríkisútvarpið eignast í gegnum tíðina og þetta verður eign hins nýja hlutafélags ef af verður. Það má aldrei verða að slíkar upptökur, rétt eins og Listasafn Íslands eða Þjóðminjasafnið, verði ekki áfram í eigu þjóðarinnar, skilyrðislaust. Við eigum að hafa lært af reynslunni að taka ekki upp nýja sölu bankanna eins og sú sala fór fram. Þá gleymdust öll listaverkin sem þar voru og fóru bara með si svona. Það á við

um Ríkisútvarpið og aðrar stofnanir sem hafa haft menningu og metnað innan sinna vébanda og komið sér upp listaverkum, en það hefur verið hlutverk Ríkisútvarpsins að safna, geyma og stuðla að menningu í landinu.

Hæstv. forseti. Fyrir skömmu var send út fréttatilkynning frá menntamálaráðuneytinu um samning við Ríkisútvarpið um almannaþjónustu. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið og Ríkisútvarpið hafa náð samkomulagi um drög að samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Hlutverk samningsins er að skilgreina og lýsa nánar tilgangi og hlutverki RÚV og þær kröfur sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins á grundvelli þess frumvarps sem lagt verður fram á fyrstu dögum þingsins."

Gert er ráð fyrir að samningurinn taki gildi samhliða breyttu rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Helstu nýmæli í samningnum eru stóraukin áhersla á íslenskt efni og kemur fram að þá muni fjöldi textaðra klukkustunda aukast um 100% frá upphafi. Í samningnum skuldbindur Ríkisútvarpið sig til að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008.

Hæstv. forseti. Þessi drög að samningi, eins og ég las upp og var fréttatilkynning frá menntamálaráðuneytinu, koma fram í II. kafla frumvarpsins, um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins eftir að búið er að gera það að hlutafélagi. Það verð ég að segja að ég get tekið undir hvern einasta lið í þessum drögum eða um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins ohf., nema að ég tel að Ríkisútvarpið hafi verið að sinna þessum skyldum og eigi að sinna þeim og til framtíðar. Með fjárlögum og breytingum á stjórn og með því að breyta innri málefnum stofnunarinnar á þann veg að Ríkisútvarpið geti sinnt þessum skyldum — það eina sem við þurfum í raun að gera er að sjá til þess að Ríkisútvarpið hafi fjármagn til að uppfylla þetta. Annað ekki.

Í frumvarpinu sem liggur frammi frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, og hefur verið dreift, leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til í 1. gr. að við 3. mgr. 3. gr. núverandi laga um Ríkisútvarpið bætist, með leyfi forseta: „Stefnt skal að því að hlutur innlends efnis sé sem mestur og vandað sé til þess sem verða má."

Við leggjum einnig til að í staðinn fyrir útvarpsráð sem nú er starfandi komi sérstakt dagskrárráð sem verði ráðgefandi og það verði mjög öflugt ráð innan stofnunarinnar, bæði með utanaðkomandi aðilum og eins fulltrúum fagaðila innan stofnunarinnar til að sjá um þetta metnaðarfulla og mikla menningarstarf sem er samkvæmt hlutverki og skyldum Ríkisútvarpsins, eins og fram kemur í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra.

Innan Ríkisútvarpsins hefur nefnilega verið alveg frá upphafi og til dagsins í dag mikill mannauður og það er það mikið mannafl sem stofnunin hefur í þjónustu sinni að við eigum eingöngu með auknu fjármagni að geta ráðið við mjög metnaðarfulla dagskrá og íslenska dagskrárgerð.

Hæstv. forseti. Í umræðunni í gær kom fram að fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins er mjög alvarleg. Stofnunin hefur tekið há lán og miklar skuldir hafa safnast upp. Stór hluti þeirra skulda er vegna flutnings í nýtt húsnæði sem stofnunin var alfarið látin bera. Þurfti hún að taka langtímalán þegar sjónvarpið var flutt frá Laugaveginum og í hús við Háaleitisbraut. Það var stofnuninni mjög dýrt og mjög óeðlilegt að gera ekki sérstakar ráðstafanir til að sjónvarpið gæti komið sér fyrir með nýjum búnaði og endurnýjað allan búnað sinn með því að leggja fram sérstakar fjárveitingar í því skyni. Þetta höfum við séð gerast á fleiri stöðum samanber sameiningu sjúkrahúsanna, Borgarspítalans og Landspítalans, á sínum tíma þegar ekki var tekið tillit til mikilla flutninga sem var þeirri sameiningu samfara. Eins var það með Ríkisútvarpið. Þegar það fékk nýtt húsnæði voru ekki gerðar sérstakar ráðstafanir á fjárlögum til að auðvelda stofnuninni að koma sér fyrir og efla tækjakost sinn og þá var sjónvarpsaðstaðan til útsendinga langdýrasti þátturinn. Því er það enn frekar umhugsunarefni miðað við rekstrarstöðu stofnunarinnar hvers vegna verið er að breyta stofnuninni í hlutafélag akkúrat núna. Ef af þessu frumvarpi verður, sem ég ætla að vona að verði ekki, hvernig á þá nýtt hlutafélag að komast á laggirnar, opinbert hlutafélag, og verða öflug menningarstofnun eins og henni er ætlað með eingöngu 5 millj. kr. tannfé? Ég held að það hljóti að vanta einhver núll inn í tillögurnar ef af þessu á að verða til að geta farið af stað með einhverjum myndarskap.

Ekki er hægt að greina það í fjárlögum að því eigi að fylgja eftir að styrkja rekstrarstöðu Ríkisútvarpsins. Það er milljarður eða meira sem þyrfti að koma inn miðað við stöðuna í dag til að gera Ríkisútvarpið starfhæft. Maður sér það fyrir sér að með breyttu rekstrarformi og uppsögnum á starfsfólki og því mikla valdi sem nýr útvarpsstjóri mun hafa, þá verði auðveldara að hreinsa til, bæði í mannskap og dagskrárgerð því öðruvísi mun þessi nýja stofnun eða gamla stofnunin í nýju rekstrarformi ekki geta starfað áfram. Ef á að negla alveg niður hlutverk og skyldur með óbreyttu framlagi á næsta ári í formi afnotagjalda, þá virðist það blasa við að hreinsanir verði hjá starfsmönnum og í dagskrárgerðinni.

Hæstv. forseti. Það hefur verið rekin sveltistefna hvað varðar rekstur opinberra stofnana. Það hefur verið gert meðvitað og markvisst á öllum ríkisstofnunum. Ég þekki ekki til nokkurrar stofnunar sem hefur komið til fjárlaganefndar eða maður heimsótt eða heyrt af sem telur sig una sátta við sitt og að komið sé til móts við óskir stofnunarinnar um rekstrarfé til að standa undir lögboðinni starfsemi. Það er hver einasta stofnun sem maður heimsækir eða fer ofan í saumana á sem á í erfiðleikum með að láta enda ná saman, erfiðleikum með að halda starfsmönnum, erfiðleikum með að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um lögbundnar skyldur. Það hefur verið stöðugur niðurskurður og mikið aðhald hefur verið á undanförnum árum.

Það virðist vera ljósara með hverju árinu sem líður að þetta sé meðvituð stefna. Svo virðist sem verið sé að koma hverri opinberu stofnuninni á fætur annarri í þá stöðu og í þær þrengingar í rekstri að samstaða starfsmanna og þjóðarinnar um mikilvægi rekstursins bresti. Því að þegar ástandið er þannig að það er stöðugur niðurskurður með stöðugu álagi og stöðugu aðhaldi og allt snýst bara um að láta hlutina ganga þá gefast menn að lokum upp. Þetta sér maður hvað gleggst núna á heilbrigðisstofnunum sem eru meira og minna að kikna undan álagi. Þar sér maður það trúlega

hvað best því álagið bitnar á sjúklingum, á langveikum og á öldruðum og það er miklu erfiðara að ganga að kvöldi eða að loknum vinnudegi burt frá þeim sem maður á að þjóna, lifandi veru, en frá stabbanum á skrifborðinu sem ekki lækkar heldur bara hækkar, eða verkefnum sem hlaðast upp og ekki er hægt að komast í gegnum að sinna. Þetta er sú tilfinning sem langflestir búa við. Þegar starfsmenn og þeir sem njóta þjónustunnar eru orðnir alveg vonlausir um að ástandið muni lagast, að þetta muni vera svona áfram, og þurfa að bíða í meira en klukkutíma eftir að komast að í síma hjá þjónustufulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins, svo ég haldi áfram að nefna stofnanir, sökum þess að stofnunin er undirmönnuð, þegar þjónusta stofnunar er á þennan hátt þá segja starfsmenn: Þetta getur ekki orðið verra, það skiptir ekki máli hverjir reka þetta. Eða þeir sem þjónustuna þiggja: Það skiptir ekki máli hvort þetta er selt eða ekki. Þetta er hvort sem er ómögulegt eins og það er.

Þá trú og það traust sem fólk hefur haft á opinberum stofnunum í grunnþjónustu er markvisst verið að mylja niður.

Sporin hræða, hæstv. forseti, því þegar búið er að vera með stofnanir í kyrkingaról svo lengi er auðvelt að selja. En svo eru þetta tískubylgjur, eins og hvað annað, sem heita frjálsræði, samkeppni, markaðslögmál og að við séum í alþjóðlegri samkeppni. Þessi hugmyndafræði um markaðsvæðinguna veður yfir allt og alla og þá er eins og margir telji að við þurfum að fylgjast með og vera ekki svona gamaldags og auðvitað þurfum við ekki að eiga Símann. Það getur hver sem er rekið hann. Og það átti ekki að selja Símann. En Síminn var seldur og grunnnetið var selt með Símanum og þessa dagana erum við að heyra frá fyrirtækjum sem kvarta hástöfum undan þjónustu Símans og því misrétti sem önnur félög í fjarskiptaþjónustu telja sig verða fyrir, að einokun sé á þessu sviði, grunnnetið sé í eigu eins aðila. Eins kvarta neytendur undan hækkuðum afnotagjöldum og símgjöldum. Þróunin fór akkúrat í öfuga átt en haldið var fram að mundi verða. Það hefur allt hækkað í staðinn fyrir að lækka og þjónustan hefur rýrnað, hún hefur versnað, sérstaklega úti um land. Starfsöryggi starfsmanna er orðið fyrir bí. Góðum starfsmönnum, konum á miðjum aldri og þar yfir er sagt upp án annarra skýringa en að um hagræði sé að ræða.

Þegar slík stefna og hugmyndafræði er undirliggjandi verður Ríkisútvarpið ekki undanþegið. Ég er hrædd um að starfsmennirnir verði fyrstir til finna fyrir þessari hagræðingarstefnu sem verður þá að innleiða ef stofnunin á ekki að fá umtalsvert fjármagn. En það eru ekki eingöngu ráðningar og uppsagnir sem munu breytast ef Ríkisútvarpinu verður breytt í opinbert hlutafélag því það mun fara eftir hlutafélagalögum. Eins og útvarpsráð er kosið í dag eru það að hluta til fulltrúar frá Alþingi sem þar sitja en samkvæmt frumvarpinu á áfram að halda hinu pólitíska afli í stjórn. En það sem mun skipta öllu máli er það að vald útvarpsstjóra samkvæmt frumvarpinu er nær algert, bæði í mannaráðningum og dagskrárgerð. Hann mun sjá alfarið um og bera ábyrgð á starfsmannaráðningum og uppsögnum, hann mun ráða um kjör því að samningar opinberra starfsmanna verða fyrir bí. Það verður ráðið samkvæmt einstaklingssamningum þar sem hvílir launaleynd og launabilið milli starfsmanna mun þar af leiðandi aukast eins og á öllum þeim stofnunum þar sem þetta form gildir. Réttindi og skyldur starfsmanna verða skert.

Það verður örugglega, hæstv. forseti, farið yfir þá kafla sem snúa að þessum breytingum í meðferð þingsins og hv. menntamálanefndar þegar hún fær frumvarpið til umsagnar. Þetta er gerbylting og breyting á starfsöryggi, kjörum og ráðningarformi sem verður hjá starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Hæstv. forseti. Hvernig er samkeppnisstaða Ríkisútvarpsins gagnvart öðrum sjálfstætt starfandi ljósvakamiðlum í dag? Hún er sterk og hún á að vera það því að Ríkisútvarpið gegnir skyldum í menningar- og öryggisþáttum sem öðrum fjölmiðlum er ekki ætlað að gegna. Þar lít ég sérstaklega til öryggisþáttanna sem engin önnur stofnun á að gæta. Og þar sem við búum á eyju norður í Atlantshafi, eldfjallaeyju að auki, þar sem veður geta verið válynd og verða það, þar sem eldgos verða með reglubundnum hætti eða koma í skorpum, þar sem við megum búast við alls konar vá af náttúrunnar völdum og einnig ýmiss konar vá sem kalla þarf til almannavarnir og lögreglu, þá skiptir miklu máli að hafa öryggistæki eins og Ríkisútvarpið. Þetta er krafa, þetta er ábyrgð sem þessi stofnun ber og því eigum við ekki stöðugt að bera hana saman við hina frjálsu fjölmiðla sem eru á allt öðrum markaði og geta aflað sér tekna með allt öðrum hætti en Ríkisútvarpið. En það er búið að veikja stöðu stofnunarinnar. Það er búið að gera það með sveltistefnu þeirrar ríkisstjórnar sem hefur verið hér við völd undanfarin ár, sveltistefnu á ríkisfyrirtæki og á mörgum sviðum menningarlífsins. Skuldastaða stofnunarinnar er mjög alvarleg, hún hefur veikt og mun veikja stofnunina og það þarf að fara í alveg sérstakt átak til að styrkja Ríkisútvarpið. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram breytingartillögur við afgreiðslu fjárlaga á hverju einasta ári þar sem við höfum lagt til að fjármagn til Ríkisútvarpsins verði aukið, og ég veit að það hafa fleiri gert, og við höfum viljað standa vörð um Ríkisútvarpið.

Ég tel að við eigum að ljúka þessari yfirferð núna og 1. umr. um frumvarpið og vísa því síðan til hv. menntamálanefndar til skoðunar og þar eigi að halda áfram að vinna að málinu og gera það vel. Ég tel að Ríkisútvarpið og rekstur þess eigi að vera óbreyttur að sinni, að við eigum að vísa öllum hugmyndum um breytingar inn í næstu alþingiskosningar þegar sérhver flokkur verður búinn að leggja fram sína sýn, sína stefnu og að við leggjum það í hendur kjósenda að kjósa sér þá stefnu og flokk sem tekur tillit til Ríkisútvarpsins eins og annarra opinberra stofnana. Ég hvet til þess að hver einasti stjórnmálaflokkur taki málefni Ríkisútvarpsins sérstaklega fyrir í stefnuskrárvinnu sinni og kynningu fyrir næstu alþingiskosningar svo að kjósendur geti þá með atkvæðagreiðslu sinni og stuðningi við flokka sagt til um hvernig þeir sjái og vilji hafa Ríkisútvarpið í framtíðinni. Það á að ekki að hreyfa við Ríkisútvarpinu núna rétt fyrir kosningar. Það er stórhættulegt. Við eigum að vera það þroskuð að nota lýðræðislegar leiðir til að ná niðurstöðu í svona mikilvægu máli. Sporin hræða, hæstv. forseti, á svo mörgum sviðum í þeim fjölmörgu stofnunum sem teknar hafa verið úr ríkisrekstri og breytt í hlutafélög eða seldar. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum

ekki staðið vörð um allar stofnanir og sagt að engu megi breyta og að ekki megi fara í innri skoðun til að sjá hvort viðkomandi stofnanir gætu ekki þjónað betur svo sem eins og ... ja, það væri svo langur listi ef telja ætti það allt upp.

Ég hvet hæstv. menntamálaráðherra til að hlusta vel á framsöguerindin og hvet til þess að vinnan í menntamálanefnd verði málefnaleg og nefndin taki sér þann tíma sem hún þarf til að vinna vel að þessu máli. Afgreiðsla málsins verður svo í höndum kjósenda í vor.

[15:08]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Við ræðum enn og aftur í sölum þingsins frumvarp til laga um Ríkisútvarpið. Fyrst var það sf. að mig minnir, síðan hf. á síðasta þingi og nú ræðum frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.

Það er skoðun mín og okkar sem höfum talað fyrir Samfylkinguna að það sé löngu kominn tími á að nútímavæða Ríkisútvarpið. Það hefur verið skoðun okkar lengi og við höfum lagt fram talsvert af tillögum þar að lútandi. Einnig hefur verið lagt fram frumvarp þessa efnis að frumkvæði Marðar Árnasonar og fleiri. Við höfum líka greint frá því í ræðu og riti hvernig við hefðum viljað sjá slíka nútímavæðingu á útvarpinu fara fram.

Virðulegi forseti. Ríkisútvarpið er gríðarlega mikilvæg stofnun í samfélagi okkar eins og ég hef áður sagt í þessum stóli. Það hefur gríðarlega mikilvægt gildi fyrir lýðræðið í landinu, fyrir menningu okkar og sögu og einnig fyrir öryggi borgaranna. Þess vegna hefði ég kosið að um þetta mál ríkti sátt, að unnið væri að nútímavæðingu Ríkisútvarpsins á þverpólitískan hátt og í samstarfi allra flokka sem sæti eiga á Alþingi auk þeirra fjölmörgu aðila sem hafa tengsl og taugar til Ríkisútvarpsins. Við sáum glöggt á þeim umsögnum sem komu um frumvarpið sem lá fyrir á síðasta þingi að fjölmargir hafa góðar og mikilvægar ábendingar fram að færa varðandi Ríkisútvarpið og framtíð þess.

Ég tel að ekki hafi verið komið nægilega til móts við þær athugasemdir í því frumvarpi sem nú liggur fyrir, Ríkisútvarpinu ohf., að of litlar breytingar hafi verið gerðar frá því að við vorum að ræða Ríkisútvarpið hf. en ég tek þó fram að auðvitað hafa einhverjar af þeim athugasemdum verið teknar inn. Ég fagna því sérstaklega að tekið hafi verið á þáttum er varða innlenda dagskrárgerð og menn hafi sýnt það í verki að þar eigi að taka á málum og skilgreina hvert hlutverk Ríkisútvarpsins er í því að miðla innlendri dagskrárgerð.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan hefur verið sátt um að það verði að gera breytingar á Ríkisútvarpinu og breyta lögum um Ríkisútvarpið. Á þetta hefur verið kallað vegna þess að við búum nú við við gerbreytt fjölmiðlaumhverfi. Fjölmiðlaumhverfið hefur gerbreyst á undanförnum árum og áratugum eða frá því að útvarp var gefið frjálst fyrir 21 ári. Ég tel að við þurfum að ræða þetta mál á þverpólitískan hátt vegna þess, og ég ætla að koma inn á það í ræðu minn, að það eru sérstaklega þrjú atriði, sem ég tel vera stærstu og umdeildustu atriðin í þessu frumvarpi, sem hefði þurft að taka þverpólitíska umræðu um. Það er í fyrsta lagi fjármögnun Ríkisútvarpsins. Ég tel að hér sé verið að fara vonda leið, þ.e. að leggja afnotagjöldin niður og taka upp svokallaðan nefskatt í staðinn og er ósammála því að sú leið sé farin. Í öðru lagi er ég undrandi á því að hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin ætli að halda áfram að láta stjórn Ríkisútvarpsins endurspegla valdahlutfall á Alþingi hverju sinni. Þetta er auðvitað afar umdeilt atriði og hefur verið það. Ég hefði talið farsælla að fara þarna aðra leið og hlusta á þá sem hafa gagnrýnt þetta. Mun ég koma betur inn á það síðar í ræðu minni. Í þriðja lagi finnst mér því ekki hafa verið svarað á fullnægjandi hátt hvers vegna hlutafélagaformið var tekið fram yfir sjálfseignarformið. Það hefur sýnt sig í okkar samfélagi að sjálfseignarformið hefur gagnast mjög vel sem rekstrarform á fyrirtækjum í ríkiseigu og fyrirtækjum með almannahag að leiðarljósi. Ég tel því að þeirri spurningu ekki hafa verið svarað nægilega.

Virðulegi forseti. Eins og ég kom inn á áðan vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvers vegna ekki var farin sú leið þegar ljóst var að leggja þyrfti fram þriðja frumvarpið um Ríkisútvarpið á jafnmörgum árum að kalla alla að einu borði og skapa sátt um þessa mikilvægu stofnun, eins og gert var í fjölmiðlamálinu. Ég vona að því verði svarað vegna þess að ég tel mikilvægt að við fáum rökstuðning fyrir því hvers vegna sú leið var ekki farin þar sem um svo mikilvæga stofnun er að ræða.

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi þá eru þrjú atriði sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni, þar sem þetta mál er nú að fara til umfjöllunar í nefnd, og vona að nefndarmenn eigi eftir að ræða vel í störfum nefndarinnar. Það eru hin afar umdeildu atriði sem eru hvernig stjórnskipulagið verður á stofnuninni og ekki síst nefskatturinn.

Í fyrsta lagi vil ég ræða örlítið um nefskattinn en eins og ég sagði áðan tel ég nefskattinn vera afar vonda leið til að fjármagna Ríkisútvarpið. Mér finnst þetta vera arfavond hugmynd vegna þess að hún mismunar borgurum landsins. Hún getur leitt til mikils álags og aukinna útgjalda til Ríkisútvarpsins á stórar fjölskyldur þar sem ungmenni yfir 16 ára eru í heimahúsum og, frú forseti, þá verð ég að segja að þetta er pólitík sem mér líkar afar illa vegna þess að slíkur nefskattur mismunar hópum. Honum hefur verið mótmælt í fjölda umsagna sem komu fram á síðasta þingi með frumvarpi um Ríkisútvarpið hf. og ég geri ráð fyrir að sömu mótmæli eigi eftir að koma fram núna við umræðuna um Ríkisútvarpið ohf.

Það sem ég tel líka að verði að koma fram í þessari umræðu er umsögn ríkisskattstjóra um nefskattinn sem kom fram á síðasta þingi og var í rauninni mjög merkileg. Þar mótmælti ríkisskattstjóri þessari leið í afar vel rökstuddu og löngu máli í umsögn. Þar er sagt að helsti ókostur nefskatts sé sá að ekki sé tekið tillit til greiðslugetu og að hann sé íþyngjandi fyrir tekjulága þar sem þeir greiði hlutfallslega meira en hinir tekjuháu. Í umsögninni sagði ríkisskattstjóri líka að þetta væri gamaldags leið og hann rakti sögu nefskatts á mjög skemmtilegan hátt. Hann nefnir einnig að fyrr á öldum hafi nefskattar verið algengir en þeir séu að mestu leyti horfnir og rökstyður að þetta sé gamaldags leið til að fjármagna stofnun eða skattleggja menn.

Það sem mér þykir í rauninni allra mikilvægast í þessu, og kemur líka fram í umsögn ríkisskattstjóra, er að allstór hópur manna í samfélaginu hefur miklar tekjur af eignum

en lágar launatekjur og yrði þar með undanþeginn nefskattinum, þannig að þeir sem í raun eru tekjuháir í gegnum eignir og greiða þar af leiðandi fjármagnstekjuskatt þeir væru undanþegnir slíkum nefskatti vegna frítekjumarksins sem er tengt launatekjum.

Frú forseti. Þetta hlýtur að vera ákveðið hugsunarleysi eða einhver örlítil villa í þessu hjá hæstv. ríkisstjórn því hér er enn og aftur verið að leggja skatt á venjulega launamenn og algjörlega óháð tekjum þeirra og stórir fjármagnstekjuskattseigendur verða undanþegnir greiðslu á þessum skatti vegna frítekjumarkanna og lágra uppgefinna launatekna. Það segir í frumvarpinu að það verði skattfrelsismörk en þau eru með þeim annmarka að það er eingöngu miðað við almennar tekjur, þ.e. launatekjur, en ekki fjármagnstekjur.

Þetta skiptir mig miklu máli vegna þess að í fyrirliggjandi tilviki er þetta þannig að sá hópur sem hefur mjög lágar launatekjur en mjög háar tekjur af eignum þarf ekki að greiða þennan skatt. Ég vonast til þess að hv. menntamálanefnd fari vel yfir þessa gagnrýni. Mér þykir í raun miður að menn hafi ekki skoðað þetta betur í sumar á meðan var verið að fara yfir það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta dæmi um hversu stutt ríkisstjórnin hugsar málið og málin ekki vera hugsuð til enda og þetta á eftir að bitna á þeim tekjulægstu og þeim fjölskyldum þar sem unglingar yfir 16 ára aldri búa í heimahúsum og hafa einhverjar örlitlar tekjur en frítekjumarkið er afar lágt. En 16 ára og eldri ungmenni sem búa í heimahúsum hafa oft einhverjar tekjur en þó ekki nægjanlegar til að standa á eigin fótum.

Virðulegi forseti. Þessi nefskattur á að mínu mati eftir að verða afar umdeildur en ég skil á hvaða ferðalagi hæstv. ríkisstjórn er. Þau afnotagjöld sem við höfum núna eru vægast sagt umdeild og hafa verið það í gegnum tíðina, en ég tel að hér sé verið að setja á enn umdeildari skatt til að fjármagna Ríkisútvarpið, vegna þess að hann felur í sér mismunun á borgurum eftir fjölskyldustærð og því hvernig menn skila skattinum sínum. Við vitum að venjulegt launafólk á enga möguleika á að breyta sköttum af launum yfir í fjármagnstekjuskatt. Það geta hins vegar hinir efnameiri sem lifa á eignunum. Þetta gengur auðvitað ekki, frú forseti, að endalaust sé verið að setja byrðar á láglaunafólkið í landinu. Þetta er alls ekki leiðin til þess að skapa sátt um hvernig skuli fjármagna Ríkisútvarpið.

Virðulegi forseti. Örlítið í viðbót varðandi nefskattinn en það er margt í umsögn ríkisskattstjóra frá því í fyrra sem mér finnst að menn verði að skoða betur. Þar er t.d. dálítið merkileg og góð ábending en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögaðilar verði skattlagðir en ríkisskattstjóri benti á í umsögninni að lögaðilar sem yrðu gjaldskyldir samkvæmt frumvarpinu væru um 26 þúsund. Hann nefndi að af þeim hafi um helmingur greitt tekjuskatt eða aðra skatta til ríkissjóðs, þ.e. verið með einhverja virka starfsemi. Því væru nýir skattgreiðendur úr hópi lögaðila um 13 þúsund þegar þetta frumvarp hefur verið gert að lögum. Þá segir í líka umsögninni að vert sé að hafa í huga að ætla mætti að verulegur hluti hina nýju skattgreiðenda yrðu félög sem séu ekki starfandi, eins og ég áður nefndi, og hafi því engar tekjur til að greiða gjaldið af.

Frú forseti. Í þessari umsögn tel ég að fram komi afar sterk rök gegn því að fara nefskattsleiðina og ég tel að hv. menntamálanefnd ætti að skoða þetta mál afar gaumgæfilega vegna þess að við viljum ekki búa til nýtt stríð um það hvernig Ríkisútvarpið sé fjármagnað heldur verðum við að reyna að leita sátta og fara leiðir sem flestir geta sætt sig við. Ég tel það ekki vænlega leið til þess að skapa frið um Ríkisútvarpið að fara leið sem veldur því að einn hópur Íslendinga sleppi hreinlega við nefskattinn, þ.e. þeir sem eru tekjuháir.

Þá er líka vert að benda á umsögn ASÍ frá í fyrra en ég tel mjög mikilvægt að það komi fram að þar lýsti ASÍ yfir efasemdum um að þessi fjármögnunarleið væri rétt leið til að fjármagna Ríkisútvarpið.

Virðulegi forseti. Nóg um nefskattinn en hann verður án efa ræddur frekar í umræðum um Ríkisútvarpið. Það er annað atriði sem ég nefndi áðan að ég ætlaði að ræða sem finnst mér afar undarlegt og það er að í þessu frumvarpi er annað jafnumdeilt atriði og fjármögnunarleiðin, þ.e. stjórnunin innan Ríkisútvarpsins og samsetning stjórnarinnar. Ekki verður lengur um að ræða að það verði útvarpsráð, eins og það er í núverandi mynd, heldur verður fækkað í því og útvarpsráðið gamla kallað stjórn félagsins.

Virðulegi forseti. Það sem er þó afar umdeilanlegt við þessa stjórn, er að það er verið að gefa pólitískum ítökum framhaldslíf vegna þess að valdahlutföll á Alþingi munu áfram endurspeglast í þessari stjórn. Núna verður stjórnin fimm manna þannig að það verða þrír frá þingmeirihluta hverju sinni og tveir frá stjórnarandstöðu. Þetta atriði, virðulegi forseti, hefur verið afar umdeilt og ég tel að það verði að skoða þetta vel. Það hafa komið mjög góðar ábendingar um hvernig megi breyta stjórninni þannig að hún endurspegli fleiri en eingöngu flokka og samsetningu flokka á Alþingi. Ég skil ekki hvers vegna menn vilja ríghalda í þetta form. Ríkisútvarpið á að vera hafið yfir allan vafa um pólitísk ítök en það getur ekki orðið ef stjórnin endurspeglar pólitísk ítök ríkisstjórnarmeirihluta og valdahlutföll á Alþingi hverju sinni.

Það sem mér finnst öllu verra í þessu frumvarpi er að það er í rauninni gefið í hvað pólitísku ítökin varðar vegna þess að þessi stjórn, sem eins og áður sagði er skipuð af ríkisstjórnarmeirihlutanum, hún ræður öllu um hvaða útvarpsstjóri er ráðinn og hún hefur það í hendi sér hvenær hann er rekinn. Virðulegi forseti. Mér finnst það afar varhugavert ef við ætlum að eyða allri tortryggni um pólitísk ítök innan Ríkisútvarpsins að hafa slíkt fyrirkomulag. Við verðum að geta veitt metnaðargjörnum útvarpsstjórum framtíðarinnar starfsfrið frá stjórn sem er að meiri hluta skipuð ríkisstjórnarflokkunum hverju sinni. Ætlum við að gefa útvarpsstjóra starfsfrið þannig að hann fái tækifæri til að setja mark sitt á stofnunina hverju sinni þá getur hann ekki unnið undir þeim kringumstæðum að séu störf hans ekki þóknanleg ríkisstjórn hverju sinni geti stjórnin rekið hann.

Frú forseti. Á þessu verður að taka og ég vona að góð umræða fari fram um þetta í hv. menntamálanefnd og þetta verði rætt vel innan nefndarinnar vegna þess að mér finnst þetta afar ófrjó niðurstaða hjá ríkisstjórninni að fara þessa leið og sérstaklega vegna þeirrar umræðu sem verið hefur um hin pólitísku ítök innan Ríkisútvarpsins. Ég er ekki endilega að halda því fram að svo sé og þarna vinnur gríð-

arlega sterkt og sjálfstætt starfsfólk en það sem ég vil að komi skýrt fram er að stofnunin Ríkisútvarpið, sem hefur þetta menningarlega mikilvægi, hefur þetta lýðræðislega mikilvægi, fái að starfa í friði án tortryggni um pólitísk ítök.

Ég hefði haldið, frú forseti, að menn vildu gera slíkar breytingar núna samhliða þeim róttæku breytingum á rekstrarformi, rekstri og umhverfi Ríkisútvarpsins sem fram undan eru. Að þá ætti að veita stofnuninni raunverulegt sjálfstæði til að starfa í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Það er ekki gert með þessu.

Það á, frú forseti, að skapa Ríkisútvarpinu skarpa og skýra lagagrind sem skilgreinir almannaútvarpið vel en það á að afnema þessi sterku pólitísku ítök. Þegar útvarpsstjóri hverju sinni er farinn að búa við það að á hverjum degi geti hangið yfir honum uppsagnarbréf sé ekki farið að vilja ríkisstjórnarinnar þá erum við komin inn á slæmar brautir og þá er ekki skapaður sá friður sem á að ríkja um rekstur ríkisútvarps í samfélaginu.

Frú forseti. Þetta var gagnrýnt í fjölmörgum umsögnum sem bárust um málið á síðasta þingi. Í þeim umsögnum kom fram gagnrýni á að ekki skuli aðrir en pólitískir fulltrúar komast að í stjórnina. Var m.a. lagt til af nokkrum aðilum að sett yrði á laggirnar nokkurs konar neytendaráð eða svokölluð akademía innan Ríkisútvarpsins sem væri ráðgefandi. Það kom m.a. fram í umsögn talsmanns neytenda. Neytendasamtökin nefndu þetta líka og sömuleiðis starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins og Blaðamannafélagið. Blaðamannafélagið sagði m.a. að aðkoma eigenda, þ.e. almennings, og starfsmanna að stjórn fyrirtækisins væri ónóg. Ég hefði viljað að menn hefðu í sumar farið yfir umsagnirnar. Þær eru gríðarlega mikilvægar og frá aðilum sem tala máli þeirra sem bera hag þessarar stofnunar fyrir brjósti. Það er nefnilega ekki mál okkar stjórnmálamanna hvernig Ríkisútvarpið er rekið. Það getur viðhaldið þeim óróa sem verið hefur og hefur endrum og sinnum skotist upp í kringum Ríkisútvarpið ef við ríghöldum í þetta fyrirkomulag.

Frú forseti. Ég hefði t.d. viljað að það hefði verið rætt fyrir alvöru að fá tvo utanaðkomandi aðila inn í stjórnina þannig að hún yrði sjö manna, þannig að það verði ekki ríkisstjórnarmeirihluti hverju sinni sem stýrir Ríkisútvarpinu. Hv. þm. Mörður Árnason nefndi í fyrra að það væri t.d. eðlilegt að inn kæmu tveir fulltrúar frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins eða tveir utan stofnunarinnar og þannig þyrfti að ná samstöðu um málin innan stjórnarinnar — það kæmu ekki skipanir úr ráðuneytinu um stjórn útvarpsins heldur þyrftu menn að koma sér saman um niðurstöðu. Það er farsælast þegar um jafnmikilvæga stofnun er að ræða og Ríkisútvarpið.

Ríkisútvarpið á að vera dínamiskt. Þar á að vera raunveruleg og kraftmikil umræða um starfsemina. Þar á að fara fram raunveruleg menningarleg stefnumótun og þar eiga allar raddir að heyrast. Þar á fólkið í landinu úr hinum ýmsu hópum að fá efni við sitt hæfi en þá verður það líka að eiga almennilega aðkomu að Ríkisútvarpinu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ég tel algerlega vonlaust að menn skuli ætla að halda umræddu fyrirkomulagi áfram. Ég hefði líka, frú forseti, viljað spyrja hæstv. menntamálaráðherra að því hvers vegna ekki hafi verið hlustað á þessi rök og hvers vegna ríghaldið sé í það að eingöngu þingmeirihluti hverju sinni stýri því hvernig stjórnin er skipuð.

Ég vil líka nefna hér að stjórn Blaðamannafélagsins lagði til í fyrra að fleiri aðilar en Alþingi fái að skipa fulltrúa í stjórn félagsins — ég nefndi það áðan — og lagði t.d. til að starfsmenn Ríkisútvarpsins fái þar aðild. Er í því sambandi bent á að slíkt eigi sér fordæmi í nágrannalöndum okkar. Útvarpsráð NRK sé til að mynda skipað níu mönnum og þar séu þrír fulltrúar starfsmanna. Þannig megi stuðla að því að önnur sjónarmið en flokkspólitísk ráði för hjá stjórn hlutafélagsins, t.d. þegar um er að ræða ráðningu útvarpsstjóra — og þá ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að í þessu frumvarpi hefur stjórnin líka fullt vald til að reka útvarpsstjóra hvenær sem henni hentar.

Frú forseti. Mér finnst að það hefði líka átt að skoða það mjög vandlega að útvarpsstjóri fengi sömu stöðu og t.d. þjóðleikhússtjóri. Hann yrði þá ráðinn til fimm ára og yrði með umboð til að starfa fyrir þjóðina að kröftugri uppbyggingu Ríkisútvarpsins þann tíma. Þar með sæti hann, sá sem situr þar hverju sinni, á friðarstóli og gæti sett sitt mark á stofnunina. Þetta finnst mér gríðarlega mikilvægt.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það en mér finnst dapurt að ríkisstjórnin og menntamálaráðherra hafi ekki tekið og skoðað þessi tvö atriði betur eða í það minnsta svarað því hvers vegna þessu sé haldið til streitu. Ég tel að aldrei skapist friður um Ríkisútvarpið í framtíðinni ef nefskattur verður að lögum og ef stjórnin verður áfram þannig að hún endurspegli valdahlutföll á Alþingi hverju sinni. Við verðum að fá önnur og fleiri sjónarmið inn í stjórnina til að tryggja þar kraftmikla og dínamiska umræðu. Það er ekki hægt að láta Ríkisútvarpið starfa undir því að ríkisstjórnarmeirihluti hverju sinni fari með meiri hluta í stjórninni. Þessu verðum við að breyta. Ég tel það algert glapræði af þinginu að ætla að samþykkja slíkt fyrirkomulag fyrir Ríkisútvarpið til framtíðar.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað nefna fleiri þætti. Ég ætla að koma örlítið inn á það. Ég vona að menntamálanefnd muni taka þessi tvö stóru umdeildu atriði til verulegrar endurskoðunar. Ég vona svo sannarlega að út úr þeirri vinnu komi breyting á þessu. Við getum ekki farið nefskattsleiðina og ég vona að menn komi einnig með breytingar á fyrirkomulagi stjórnarinnar.

Frú forseti. Það er ekki hægt að fara í gegnum þessa umræðu án þess að ræða örlítið um rekstrarformið og þá leið sem verið er að velja þar. Í allri þessari umræðu hafa menn talað eins og ekki sé hægt að fara nokkra aðra leið en gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Ég hef verið þessu algerlega ósammála. Það hefur sýnt sig að sjálfseignarstofnun er mjög þekkt rekstrarform í almannaþjónustu sem er oft að stórum hluta til rekið fyrir almannafé. Það er reynsla af því fyrirkomulagi í rekstri stórra glæsilegra stofnana, nokkurra skóla á háskólastigi svo eitthvað sé nefnt. Form sjálfseignarstofnunar er einkaréttarlegs eðlis líkt og hlutafélög og gæfi RÚV það svigrúm og það sjálfstæði sem stofnunin þarf á að halda. Ég tel einnig að ef leið sjálfseignarstofnunar yrði farin skapaðist betri sátt um Ríkisútvarpið en með hlutafélagaleiðinni. Því hefur ekki verið svarað hvers vegna ríkisstjórnin afskrifaði sjálfseignarstofnunarformið svo

snemma í ferlinu. Ég hef sagt það hér áður að þetta lítur út fyrir að vera hálftrúarlegs eðlis hjá Sjálfstæðisflokknum að fara þessa leið vegna þess að rökin hafa ekki fylgt. Við getum alveg tekið undir að það þarf að breyta rekstrarforminu hjá Ríkisútvarpinu. Ég nefndi það áðan að við þurfum að nútímavæða það, gefa því meira sjálfstæði þannig að það geti verið öflugt. Ég tel að sjálfseignarstofnunarformið sé betur til þess fallið að ná markmiðum um öflugt almannaútvarp til framtíðar.

Ég hef verið að nefna nokkrar umsagnir sem komu fram í fyrra. Þær eru í fullu gildi um það frumvarp sem hér liggur fyrir. Mér fannst t.d. áhugavert að talsmaður neytenda telur að hagsmunum neytendaþjónustunnar sé betur borgið ef Ríkisútvarpið verður rekið í formi sjálfseignarstofnunar. Það fannst mér, áhugavert, frú forseti að heyra. Þetta var mjög vel rökstutt í ítarlegri umsögn talsmanns neytenda á síðasta þingi og er enn í gildi.

Frú forseti. Ég tel mjög varhugavert að halda áfram á þeirri braut og halda svo til streitu þessum nefskatti. Við vitum að hann verður umdeildur vegna þess að hann mismunar borgurunum. Ég tel líka að við verðum að skapa Ríkisútvarpinu starfsfrið. Það verður að taka til greina þær tillögur sem hafa komið fram um að tveir utanaðkomandi aðilar verði teknir inn í stjórnina þannig að ekki sé ríkjandi innan stjórnar Ríkisútvarpsins þingmeirihluti hverju sinni. Ég vil líka fá svör við því hvers vegna menn telja þá leið ekki færa að útvarpsstjóri hverju sinni hafi starfsfrið, að ekki hangi yfir honum uppsagnarbréf ef gerðir hans eru ekki þóknanlegur ríkisstjórnarmeirihluta hverju sinni, að hann fái að sitja á friðarstóli og setja í alvörunni mark sitt á stofnunina með því að fá fasta ráðningu í ákveðinn tíma, t.d. fimm ár eins og við höfum góð dæmi um og góða reynslu af í öðrum menningarstofnunum hér á landi.

Frú forseti. Ég hef miklar væntingar um starf menntamálanefndar með þetta frumvarp. Ég vona svo sannarlega að nefndin fari í efnislega umræðu um þá þætti sem ég hef nefnt þannig að við fáum í eitt skipti fyrir öll svör við því hvers vegna menn halda þessum vægast sagt umdeildu atriðum til streitu.

[15:42]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Hv. þm. Þuríður Backman lét þau orð falla í ræðu sinni áðan að næði þetta frumvarp RÚV ohf. fram að ganga verði hreinsanir meðal starfsmanna. Ég ætla ekki að taka svo djúpt í árinni en þetta lýsir áhyggjum margra varðandi réttindi þeirra starfsmanna sem starfa við RÚV verði því breytt í opinbert hlutafélag.

Það kom fram í framsöguræðu hæstv. menntamálaráðherra í gær að í sumar hefðu verið gerðar ýmsar breytingar á frumvarpinu til samræmis við þær fjölmörgu tillögur sem voru lagðar fram í menntamálanefnd á síðasta þingi og m.a. komið til móts við stjórnarandstöðuna. Ég get ekki séð að það eigi við um réttindi starfsmanna miðað við þær ábendingar sem komu í umsögnum, bæði frá hinum ýmsu starfsmannasamtökum svo og frá stjórnarandstöðunni.

Þær umsagnir sem komu með frumvarpinu RÚV hf. eru að mestu leyti í fullu gildi og ég ætla aðeins að grípa niður í nokkrar er varða beint starfsmenn. Félagið Útgarður hjá Ríkisútvarpinu telur að ákvæði um réttindi starfsmanna í frumvarpinu séu ekki nægilega skýr og vísar jafnframt í lög um stofnun hlutafélaga Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands frá því í maí 1997, en í þeim eru ákvæði um réttindi starfsmanna þar sem tekið er nákvæmar á málum starfsmanna. Óskuðu Útgarðsmenn eftir því að þau yrðu höfð til hliðsjónar.

Hér er jafnframt umsögn sem kom við frumvarpið um RÚV hf. Hún á jafn vel við núna. Hún er frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins, eða SRÚ, þar sem þeir ítreka að þeir vilji fá að halda sínum samningsrétti fyrir hönd núverandi starfsmanna og þeirra sem koma til með að ráðast eftir breytingu á rekstrarformi, verði það samþykkt. Ég spyr: Hvað verður, fá þeir að halda þeim samningsrétti eða ekki?

Við frumvarpið í vor kom einnig umsögn Félags fréttamanna um RÚV-frumvarpið þar sem þeir krefjast þess að félagsmenn verði áfram í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þeir gera að sjálfsögðu skýlausa kröfu um að halda samningsrétti sínum og starfa áfram sem fag- og stéttarfélag fréttamanna.

Frú forseti. Fleiri umsagnir komu með frumvarpinu í vor sem eiga enn við, m.a. frá stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins. Þeir benda réttilega á það sem hefur margoft komið fram í umræðunni í dag og í gær, að þeir telja að starfsmenn eigi skilyrðislaust að eiga tvo fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins, þeir hafi í rúm 25 ár átt tvo áheyrnarfulltrúa í framkvæmdastjórn RÚV og telja eðlilegt að svo verði áfram hjá RÚV ohf., verði það samþykkt.

Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins ítreka einnig að kaflanum um réttindi og skyldur starfsmanna sé ábótavant og telja ljóst að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geti ekki gilt um starfsmennina eftir breytingu Ríkisútvarpsins í Ríkisútvarpið ohf. og hluti af kjörum þeirra teljist því skertur. En að sjálfsögðu er það krafa SSR að starfsmenn haldi öllum áunnum kjörum sínum.

Ég fæ ekki betur séð en að nái þetta frumvarp fram að ganga þá falli niður ýmis atriði varðandi réttindi og skyldur starfsmanna, m.a. svokallaður andmælaréttur, áminningarskylda eða áminningarferli, skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn og auglýsingaskylda á lausum störfum, svo eitthvað sé nefnt.

Við þessa rekstrarformsbreytingu yrði jafnframt skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. En iðgjöld þar miðast við þau laun sem starfsmaður hafði þegar staða hans var lögð niður. Iðgjaldagreiðslurnar breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum en hér virðist eiga að verða nokkurs konar frysting á launununum.

Í kafla um meginefni frumvarpsins segir að tryggilega sé búið að réttindum núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins. Þetta stóð líka í frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. og frumvarpinu um Ríkisútvarpið sf. Því miður er þessi fullyrðing ekki rétt, eins og ég hef bent á og margir umsagnaraðilar jafnframt. Í ákvæði til bráðabirgða II., um réttindi starfsmanna, með leyfi forseta:

„Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður, frá og með 1. janúar 2007, fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr.

72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á."

Þýðir þetta að réttarstaða ríkisstarfsmanna hjá Ríkisútvarpinu breytist ekki? Þegar maður les frumvarpið er ekki annað að sjá en að réttarstaðan bæði breytist og skerðist þegar Ríkisútvarpinu verður breytt í opinbert hlutafélag. Hvað um lögin, frú forseti, sem í gildi eru um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lög nr. 94/1986? Munu þau ekki gilda um starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf.? Ef ekki, þá er þar um skerðingu að ræða.

Í umræðunni hefur verið minnst á upplýsinga- og stjórnsýslulög. Með þessu frumvarpi virðist Ríkisútvarpið nánast fært undan ákvæðum þessara laga. Má þar t.d. nefna reglur um auglýsingu á lausum störfum. En í aðilaskiptalögum, lögum nr. 72/2002, segir í II. kafla varðandi réttarvernd starfsmanna, Launakjör og starfsskilyrði, með leyfi forseta:

„Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á færast yfir til framsalshafa.

Framsalshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda."

Samkvæmt þessu á Ríkisútvarpið ohf. að taka yfir gildandi ráðningarsamninga með þeim réttindum og skyldum, bæði atvinnurekanda og starfsmanna, sem þeim fylgir. Ég spyr: Verður það gert?

Það er rétt að taka fram, frú forseti, að í ráðningarsamningi er tilgreint í hvaða lífeyrissjóð starfsmaðurinn greiðir og þá í hvora deildina hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Varðandi biðlaunarétt segir í frumvarpinu í ákvæðum til bráðabirgða um réttindi starfsmanna að starfsmenn haldi biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2009. Þar er að vísu komin smábreyting, úr 2008 í 2009. En í þessu sambandi er rétt að benda flutningsmönnum á að í 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir, með leyfi forseta:

„Nú er embætti lagt niður og skal þá embættismaður jafnan halda óbreyttum launakjörum er embættinu fylgdu í sex mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í tólf mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila."

Ég fæ ekki betur séð, frú forseti, en að frumvarpið stangist á við þessa grein. Það er ekki heimilt að skerða biðlaunaréttinn, rétt sem starfsmenn hafa áunnið sér og eiga. Hann er eins og fram hefur komið í umræðunni verndaður í stjórnarskránni. Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir skerðingu á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna í dag. Ekki er minnst á þá sem greiða til A-deildar lífeyrissjóðsins og þá er það spurningin: Hvað með framtíðina? Hvað með nýja starfsmenn, eftir að stofnunin hefur tekið þessum breytingum, ef af verða? Geta nýir starfsmenn verið í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins?

Það er ekki heimilt, frú forseti, að skerða áunnin lífeyrisréttindi eins og ætlunin virðist að gera með þessu frumvarpi. Maður spyr líka: Hverjir verða viðsemjendur starfsmanna Ríkisútvarpsins ohf.? Er það BHM eða SA?

Ég hef, frú forseti, farið yfir mörg atriði varðandi réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins og fæ ekki betur séð en að frumvarpinu sé ætlað að skerða réttindi þeirra. Um það hefur verið deilt en mér virðist eftir nokkra yfirlegu og það sem ég hef farið skýrt og vel yfir að það sé ekki spurning að menn ætli sér að skerða réttindi starfsmanna. Mörgum hafa verið þyrnir í augum þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa í dag. Þetta frumvarp er kannski hluti af því að ná niður þeim kjörum, sem er mjög slæmt.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa ræðu mína mikið lengri. Ég vil að lokum benda á að í 10. tölulið í upptalningu á meginefni frumvarpsins í athugasemdum, segir:

„Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. án umsagnar eða tillagna annarra aðila gagnstætt því sem nú er. Skv. 6. mgr. 9. gr. laga um Ríkisútvarpið ræður útvarpsstjóri starfsfólk við dagskrá aðeins að fengnum tillögum útvarpsráðs og menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra einstakra deilda."

Þetta þýðir þá væntanlega að útvarpsstjóri getur ekki aðeins ráðið heldur og rekið menn, jafnvel eftir geðþóttaákvörðun, eins og menn kalla.

Hér eru því, frú forseti, atriði sem virðast hreinlega til að skerða rétt starfsmanna sem starfa hjá stofnuninni í dag og munu koma til með að starfa þar. Ég ætla að vona að þau orð sem ég vitnaði í í upphafi, úr ræðu hv. þm. Þuríðar Backman, eigi ekki við, a.m.k. ekki að öllu leyti, þ.e. að nái þetta frumvarp fram að ganga þá verði hreinsanir meðal starfsmanna. Ég tel fulla ástæðu fyrir okkur öll að hafa áhyggjur af þeim möguleika. Það virðist, miðað við þau atriði sem ég hef tínt til, að þetta frumvarp sé að hluta lagt fram til að skerða kjör þeirra.

[15:57]

**Útbýting:**

Ákvörðun aflamarks 1984, 169. mál, svar sjútvrh., þskj. 228.

Friðlýsing Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði, 193. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 194.

Námsframboð í loðdýrarækt, 241. mál, fsp. MÞH, þskj. 244.

Þjóðvegur á Akranesi, 242. mál, fsp. MÞH, þskj. 245.

[15:57]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að ræða enn einu sinni um Ríkisútvarpið, ekki í fyrsta sinn og örugglega ekki í það síðasta. Ég þarf í sjálfu sér ekki að halda langar tölur um frumvarpið enda í þriðja sinn sem það kemur hér til umræðu að meginuppistöðu til þó að í hvert skipti hafi það tekið ákveðnum breytingum og þroskast og breyst eins og gengur með frumvörp sem teljast mikilvæg. Fyrri frumvörp hafa fengið afskaplega ítarlega umfjöllun og umræðu í þingsölum og þá ekki síður í hv. menntamálanefnd. Ýmsir umsagnaraðilar hafa sent nefndinni álit og margir gestir komið á fund hennar. Hv. þingmenn hafa líka rætt þetta mál í þaula. Ég tel því ekki ástæðu til að halda langar ræður en

langar þó til að víkja að atriði sem nokkrir hv. þingmenn hafa gert að útgangspunkti. Það er spurningin um það hvort með frumvarpinu sé verið að leggja drög að sölu Ríkisútvarpsins eða ekki.

Í rauninni, virðulegur forseti, finnst mér það óheiðarlegur málflutningur þegar þingmenn koma hver á fætur öðrum og fullyrða að til standi að selja þá þjóðargersemi sem Ríkisútvarpið sannarlega er. Mér vitanlega er enginn þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi með áætlun um að selja Ríkisútvarpið, hafa ekki vilja til þess eða áhuga á því og sameinast um það þverpólitískt að halda uppi öflugu ríkisútvarpi. Ég lít svo á að það sé meginhlutverk frumvarpsins að styrkja og efla Ríkisútvarpið. Í framsöguræðu hæstv. menntamálaráðherra, sem er flutningsmaður frumvarpsins, kom það sjónarmið mjög skýrt fram. Að halda öðru fram þjónar einhverjum öðrum hvötum. Menn eru sjálfsagt að reyna að slá einhverjar pólitískar keilur með því.

Það má segja að þvert á móti sé með frumvarpinu verið að festa í sessi ríkiseign á þeirri mætu stofnun sem Ríkisútvarpið er með því beinlínis að taka það fram að óheimilt sé að selja það. Með því er að sjálfsögðu verið að gefa afskaplega skýr skilaboð og hefðu menn ætlað sér eitthvað annað stæði annað í frumvarpinu. Það er þannig að ef vilji verður til þess, sem augljóslega er ekki á Alþingi í dag, að selja Ríkisútvarpið munu menn gera það. Sá vilji er ekki til staðar og mér er mjög til efs að fyrir því verði meiri hluti á hv. Alþingi að selja Ríkisútvarpið. Af ástæðum sem hafa verið raktar og eru raktar í frumvarpinu, m.a. í ítarlegri greinargerð; vegna menningarlegs hlutverks þess, vegna öryggishlutverks þess og lýðræðishlutverks þess. Það þjónar öðrum lögmálum en hinir markaðsreknu fjölmiðlar sem gegna öðru hlutverki. Það fylgir ekki markaðslögmáli en er sannarlega í harðri, bullandi samkeppni við markaðsfjölmiðlana, samkeppni um hlustun og áhorf.

Hér er sem sagt fyrst og fremst verið að breyta um form. Við getum endalaust deilt um það hvaða form er réttast og hvaða form er best varðandi rekstur á opinberri stofnun, á ríkisstofnun. Menn geta haft og hafa ýmsar skoðanir á því. Minn flokkur hefur sannarlega ekki farið varhluta af því að þar eru ólíkar skoðanir. Á síðustu þremur flokksþingum hefur farið fram mjög ítarleg og mikil vinna varðandi framtíð Ríkisútvarpsins. Niðurstaðan er ávallt sú sama, að það skuli vera í ríkiseigu.

Á síðasta flokksþingi varð niðurstaðan sú eftir mjög vandlega og mikla vinnu sérstaks vinnuhóps, sem lagði fram tillögur fyrir flokksþingið, að breytt var fyrri ályktunum eins og gengur og gerist hjá lifandi flokkum. Þar var engin afstaða tekin til rekstrarforms, með öðrum orðum er opnað fyrir nánast hvaða rekstrarform sem er en útgangspunktur og skilyrði að eignarhaldið sé ávallt skýrt. Það er gert í þessu frumvarpi með því ákvæði sem ég gat um áðan og því formi sem hér er valið og heitir opinbert hlutafélag. Með öðrum orðum eru menn að finna sér farveg fyrir ríkisstofnanir, stofnanir sem ætlunin er að verði í eigu ríkisins en geti notfært sér kosti hlutafélaga. Það er nú samt svo, svo merkilegt sem það hljómar, að í hvert skipti sem hugtakið hlutafélag ber á góma hleypur eins og hland fyrir brjóstið á ýmsum aðilum.

Við verðum að hafa í huga að hlutafélagaformið hefur reynst afskaplega vel í samfélagi okkar. Það hefur reynst vel að því leyti til að það getur verið afskaplega dínamískt og sveigjanlegt og menn geta fljótlega brugðist við breyttum aðstæðum. Ég lít svo á að með þessu formi sé verið að skapa Ríkisútvarpinu aukinn sveigjanleika til að standast harða og mikla samkeppni sem það á í. Það stendur sig prýðilega í þeirri samkeppni en gæti staðið sig enn betur og mun ugglaust standa sig enn betur. Þar að auki er mikilvægt að það er líka verið að skerpa á stjórninni, það er verið að ganga út frá því að einn kapteinn sé á skútunni en ekki margir eins og segja má að séu í dag. Það hefur oft komið fram í umræðunni að það eru hin óljósu mörk um stjórn Ríkisútvarpsins — í allri stjórnunarumræðu held ég að menn séu sammála um að það er mjög mikilvægt að skerpa stjórnunarstrúktúr og það sé klárt hver stjórni, hver beri ábyrgð og þar fram eftir götunum. Það hefur alls ekki verið ljóst, það hefur verið nokkuð á reiki og hefur sannarlega háð þessari stofnun.

Ég tel afskaplega merkilegt og ánægjulegt að sá samningur sem hæstv. menntamálaráðherra á grundvelli frumvarpsins hyggst gera við Ríkisútvarpið — ég tel hann vera afskaplega jákvæðan og fela í sér margt sem skírskotar til framtíðarhlutverks Ríkisútvarpsins. Tekið er á því sem kom fram í fyrri frumvörpum þar sem hlutverk þess var talið kannski um of opið og óljóst. Við þurfum að hafa í huga að þegar lög eru fyrst sett hér um ríkisútvarp eru allt aðrar aðstæður en nú. Þá var aðeins um eitt útvarp að ræða, það var útvarpið með stórum staf nánast. Nú eru útvarps- og sjónvarpsstöðvar orðnar margar, ekki bara innlendar heldur erlendar. Hin merka og mæta stofnun sem hefur starfað í áratugi er ekki bara að keppa við innlendar stöðvar, hún er líka að keppa um áhorf og hlustun við erlendar stöðvar og nútímatækni. Það er því mjög mikilvægt fyrir þá stofnun að hafa sveigjanleikann, geta brugðist við, geta staðist þessa samkeppni, hafa góða stjórnun og skýrt hlutverk. Samningurinn sem hæstv. ráðherra hefur kynnt felur það m.a. í sér.

Virðulegi forseti. Ég tel þetta skipta miklu máli í upphafi þessarar þriðju atlögu að því að mæla fyrir þessu frumvarpi. Ég tel ekki þörf á að lengja umræðuna frekar, öll meginsjónarmið hafa komið fram. Ég legg áherslu á að við lítum á það, þingmenn Framsóknarflokksins, að með þessu sé verið að styrkja grunninn að ríkisútvarpi í þjóðareign eins og það hefur verið og mun verða, en með breyttu rekstrarformi muni það geta plumað sig enn betur í harðri samkeppni um hylli áhorfenda og hlustenda.

[16:08]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason segir það óheiðarlegt af hálfu stjórnarandstöðunnar að gefa í skyn að verið sé að leggja drög að sölu Ríkisútvarpsins með frumvarpinu. Það sem við höfum sagt er að með frumvarpinu er verið að stíga skref í þá átt þótt það vaki ekki fyrir núverandi meiri hluta að selja Ríkisútvarpið á þessu stigi. Það eru hins vegar ýmsir aðrir, sérstaklega innan Sjálfstæðisflokksins, sem eru áhugasamir um slíkt.

Hv. þm. Hjálmar Árnason vísaði í hæstv. menntamálaráðherra sem sagði í framsöguræðu sinni að frumvarpið væri sett fram til að styrkja Ríkisútvarpið og hv. þingmaður

sagði að það þjónaði öðrum hvötum að halda öðru fram. Þetta er náttúrlega ekki gott innlegg í málefnalega umræðu. Við höfum reynt að færa rök fyrir okkar máli, að þetta frumvarp sé ekki til þess fallið að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins.

Telur hv. þm. Hjálmar Árnason að fjárhagsleg staða Ríkisútvarpsins verði betri með þessu frumvarpi? Munu meiri peningar koma inn til stofnunarinnar eða verður fjárhagur hennar rýmri á einhvern hátt? Er það í samræmi, vil ég enn fremur spyrja, við hugmyndir Framsóknarflokksins um lýðræði að fela einum kapteini, eins og hv. þingmaður komst að orði, yfirstjórn yfir öllu mannahaldi og allri dagskrárgerð og hafa þann sama kaptein síðan háðan flokkspólitísku útvarpsráði sem ræður hann og rekur, getur rekið hann? Er það lýðræðislegt að það flokkspólitíska ráð endurspegli stjórnarmeirihlutann á hverjum tíma? Er þetta í samræmi við hugmyndir Framsóknarflokksins um lýðræði?

Er Framsóknarflokkurinn einhuga um nefskattinn? Er það áhugamál Framsóknarflokksins að leggja nefskatt á alla Íslendinga til að fjármagna þessa stofnun? Að lokum vil ég spyrja: Telur hv. þingmaður að um það muni ríkja þjóðarsátt að greiða slíkan skatt í stofnun sem hefur verið fjarlægð almannavaldinu eins og gert er með þessu frumvarpi?

[16:10]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn hamast hv. þingmaður á því að hér sé verið að stíga skref í átt til sölu á Ríkisútvarpinu. Eins og margsinnis hefur komið fram í ræðum þeirra sem standa að frumvarpinu, þeirra sem styðja það og þeirra sem flytja það, er ekki verið að stíga skref í þá átt heldur ef til vill þvert á móti. Það er verið að stíga skref frá því með því að kalla þetta opinbert hlutafélag, hlutafélag í eigu hins opinbera. Þess vegna velja menn það form en ekki eignarhaldsfélag eða einkahlutafélag eða eitthvað í þeim dúr. Þar að auki er þess getið sérstaklega að óheimilt sé að selja. Í dag er tiltölulega auðvelt að selja hluta af og jafnvel Ríkisútvarpið allt einungis með einni klausu við fjárlagagerðina. Í raun og veru, hv. þingmaður, er verið að stíga skref frá söluátt en ekki í áttina að sölu. Ég veit að hv. þingmaður skilur það.

Hv. þingmaður beindi til mín mörgum spurningum. Það er erfitt að svara þeim öllum á stuttum tíma. Hvað varðar fjármögnunina liggur það fyrir, og yfirlýsing um það m.a. frá hæstv. menntamálaráðherra, að fjármögnun og fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins verði tryggð. Það liggur líka ljóst fyrir að það þarf m.a. — og það er grunnurinn að þessu öllu saman — að styrkja umhverfið, það er að skapa þann sveigjanleika sem ég fór hér yfir í ræðu minni, með því rekstrarformi sem hér er verið að skapa. Þegar hið nýja hlutafélag í eigu hins opinbera siglir út á þennan samkeppnissjó mun því verða tryggð sú fjárhagslega staða sem nauðsynleg er. Ég verð að koma að því í síðara andsvari mínu hvort sátt ríkir um nefskatt eða ekki

[16:12]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður getur líka beðið um orðið og gert betur grein fyrir sínu máli því að það er margt óljóst í afstöðu hans.

Þeir sem standa að frumvarpinu vilja ekki selja Ríkisútvarpið. Helsti talsmaður frumvarpsins á síðasta þingi var hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar. Hann hefur lagt fram frumvarp sem gerir ráð fyrir sölu Ríkisútvarpsins, að það verði hreinlega lagt niður eða selt. Aðrir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru sama sinnis og ályktanir og yfirlýsingar frá flokknum hafa verið í þessa veru.

Síðan hef ég ekki fengið svör við nefskattinum, er Framsóknarflokkurinn sammála um það fyrirkomulag? Er Framsóknarflokkurinn sáttur við að hér verði pólitískt útvarpsráð sem endurspegli stjórnarmeirihlutann, geti ráðið og rekið útvarpsstjóra sem einn ræður mannahaldi og allri dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu? Er það Framsóknarflokknum að skapi?

Ég vildi síðan aðeins heyra (Forseti hringir.) eitt dæmi (Forseti hringir.) um hvað á að verða svona sveigjanlegra við að fela einum einræðisherra vald yfir þessari stofnun.

[16:14]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson veit að í öllum stjórnunarfræðum, alveg sama hvar á er litið, er gert ráð fyrir því að skilvirkasta stjórnunin sé þar sem einn stjórnandi ber hina faglegu ábyrgð. Þar sem stjórnendur eru margir og ábyrgðin óljós — það kann aldrei góðri lukku að stýra. Í öllum kenningum í stjórnunarfræðum er einhugur um það. Það er það sem frumvarpið felur í sér hvað varðar stjórnunarstrúktúrinn. (Gripið fram í.)

Um nefskattinn verður örugglega mikið deilt. Ég minni á að í umræðum, ekki síst á hv. Alþingi, um hið óvinsæla innheimtukerfi sem hefur verið við lýði hefur á liðnum árum úr öllum flokkum, hygg ég, heyrst sú rödd að frekar eigi að taka upp nefskatt en að halda uppi hinu dýra og óvinsæla ... (Gripið fram í.) — Við stöndum að þessu frumvarpi og það svarar (Forseti hringir.) þínum spurningum, hv. þingmaður.

[16:15]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingflokksformaður Framsóknar gerði áhlaup að því að útskýra það fyrir þingi og þjóð hvað olli þeim umskiptum sem urðu á afstöðu Framsóknarflokksins til rekstrarformsins um Ríkisútvarpið. Fyrir tveimur árum kom ekki til greina af hálfu framsóknarmanna að breyta því í hlutafélag eða í neina slíka mynd en nú hafa þeir gefið það eftir og færa fyrir því rök. Ég vil spyrja hv. þingmann hvað valdi því að þetta form er valið og hvar það hafi gefist svona vel. Hann nefni dæmi um hvar hlutafélag af þessu tagi hafi gefist svona vel. Af hverju er verið að breyta Ríkisútvarpinu yfir í þetta rekstrarform? Hver eru rökin fyrir því? Hvar hefur þetta gefist svona vel?

Það má meira að segja draga í efa að opinbert hlutafélag, eins og hér er lagt til, njóti þeirra kosta sem hefðbundið hlutafélag getur búið yfir í rekstri fyrirtækja sem eru rekin í ágóðaskyni úti á hinum frjálsa markaði, sem mér finnst að eigi alls ekki við um rekstur á stofnun á borð við þessa. En

hvað er það við þetta rekstrarform sem er svona heppilegt utan um rekstur Ríkisútvarpsins? Þeirrar miklu gersemar, sem hv. þingmaður lýsti áðan að væri fyrir þjóðinni. Hvar hefur þetta gefist svona vel? Hvaða dæmi getur hv. þingmaður nefnt okkur því til stuðnings? Hvers konar rekstur er það sem þetta hefur gefist svona vel um? Hver eru dæmin?

[16:17]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningarnar. Til að svara fyrst hvernig framsóknarmenn breyttu um skoðun, eins og hv. þingmaður nefndi, þá er þetta að verða 90 ára gamall flokkur og til allrar hamingju hefur flokkurinn reynt að laga sig að breyttum tímum í samfélaginu.

Ég nefndi áðan að á síðustu a.m.k. þremur flokksþingum hafa vinnuhópar unnið saman, en eins og gengur og gerist á flokksþingum skiptast flokksþingsfulltrúar í hópa. Sérstakur vinnuhópur fjallaði um Ríkisútvarpið og á síðasta flokksþingi varð það niðurstaða þess vinnuhóps að breyta afstöðu flokksins m.a. á grundvelli þeirrar reynslu sem hefur fengist af hlutafélögum. Þá svara ég næstu spurningu þegar hv. þingmaður spyr: Hvar hefur það gefist vel að vera með hlutafélög? Ég held að nægjanlegt sé að vísa hv. þingmanni á umhverfi okkar, að í öllu okkar umhverfi hafa einmitt hlutafélög verið að ryðja sér til rúms vegna þess að þeir sem standa í rekstri telja að það form sé heppilegast, það sé sveigjanlegast og fljótast að bregðast við í hörðu samkeppnisumhverfi. Og ef einhvers staðar ríkir hörð, miskunnarlaus og grimm samkeppni þá er það í fjölmiðlaheiminum. Ríkisútvarpið, þessi þjóðargersemi, þarf auðvitað að geta brugðist við í hinni hörðu samkeppni um hlustendur og áhorfendur. (**Gripið fram í:** Þetta eru klisjur.) Það eru engar klisjur. Það er samkeppni.

[16:19]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svarið en ég verð að endurtaka spurninguna að því leytinu til: Hvaða dæmi um rekstur í almannaþjónustu eru um það á Íslandi, eða sem þingmaðurinn getur talið til, sem hafa gefist svona vel og eru heppileg utan um almannaþjónustu af þessu tagi? Hvaða dæmi? Það þýðir ekki að vísa á hinn frjálsa markað þar sem fjöldinn allur af fyrirtækjum er rekinn í hagnaðarskyni sem hlutafélög að sjálfsögðu. Hvar hefur það gefist svona vel að reka almannaþjónustu af þessu tagi sem er ekki í ágóðaskyni — og það á ekki að selja útvarpið? Hvaða dæmi getur hv. þingmaður nefnt okkur akkúrat um það?

Hann gaf til kynna að kostirnir sem verið væri að sækjast eftir væru þeir að líklega væri auðveldara að reka fólk og ráða en í núverandi fyrirkomulagi. En hann verður að útskýra þetta aðeins betur, hv. þingmaður. Hvar eru dæmin sem tekin eru til að réttlæta þetta og gera að þeim álitlega kosti sem hann dregur upp?

[16:20]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hlýtur, jafnötull og hann er, að ferðast um kjördæmi sitt þar sem mörg fyrirtæki eru. Hann hlýtur að hafa tekið eftir því að í atvinnulífinu hafa hlutafélög verið að ryðja sér til rúms með ástæðum sem ég gat um áðan. Það sem verið er að gera með þessu frumvarpi um opinber hlutafélög, er að verið er að taka þá kosti sem fylgja hinum sveigjanlegu og dínamísku hlutafélögum og færa þá inn í opinberar stofnanir með því að kalla það opinber hlutafélög, ekki einkahlutafélög. Það er verið að sækja þennan sveigjanleika sem hefur gefist svo vel í atvinnulífinu og reyna að láta hann njóta sín í opinbera geiranum. (Gripið fram í.) Ef hv. þingmaður á erfitt með að skilja þetta vil ég vísa honum á hv. formann Samfylkingarinnar sem sagði í umræðu og í fjölmiðlum að það gæti vel komið til greina að láta hlutafélagalög gilda um Ríkisútvarpið, væntanlega með sömu rökum og var verið að reyna að færa hér.

[16:21]

**Árni Steinar Jóhannsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason talar mikið um gæði hlutafélagaformsins. Ég held að á hinu háa Alþingi séu menn yfir höfuð ekki ósammála um að gæði hlutafélagaformsins eru mikil. En hér erum við að tala um almannaþjónustu og almannarekstur sem allt önnur lögmál eiga og skulu gilda um.

Nú vil ég spyrja hv. þingmann: Hann segir að hægt sé að fara með sölu á fyrirtæki eins og Ríkisútvarpinu beint í gegnum fjárlög. Hvers vegna er það þá að í máli eftir mál styður Framsóknarflokkurinn aðför að sölu með því að hlutafélagavæða fyrst, og tökum við nú fyrirtækin eitt af öðru?

Það stóð upp úr framsóknarmönnum í umræðu um Landssíma Íslands að hann ætti ekki að hlutafélagavæða og að minnsta kosti ætti að skilja grunnnetið eftir í almannarekstri. En Framsóknarflokkurinn hefur í þessu máli eins og öðrum skipt um skoðun á ótrúlega stuttum tíma, og þá spyr maður: Ef það er svona auðvelt að fara með þetta í gegnum fjárlögin, af hverju er það ekki gert? Og ég vil svara án þess kannski að hafa heyrt svar hv. þingmanns, að Framsóknarflokkurinn treystir sér ekki með þessi fyrirtæki í beina sölu. Það þarf að vera aðlögun. Það þarf að vera ráðrúm til að segja: Við ætluðum ekki að gera þetta. En gerðu það samt, nokkrum mánuðum seinna. Og þá helst eftir nýafstaðnar kosningar.

Ég spyr því hv. þingmann: Er Framsóknarflokkurinn orðinn afhuga t.d. því rekstrarformi sem var flaggskip hreyfingarinnar á sínum tíma, samvinnuforminu?

[16:23]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér voru bæði spurningar og svör. Hv. þingmaður svaraði líka, það er því kannski óþarfi að vera að svara. Fyrst hv. þingmaður veit svörin er óþarfi að spyrja. En það er mjög auðvelt að svara þeirri spurningu hvers vegna Framsóknarflokkurinn mælir ekki með því að farið sé með þetta í sölu. Það er mjög einfalt og búið er að svara því, hv. þingmaður veit það. Ég lít á þessar athugasemdir hans sem hreinan útúrsnúning. Það hefur komið ítrekað fram að enginn áhugi er á því að setja Ríkisútvarpið í sölu heldur er þvert á móti verið að stíga í allt aðra átt. Það

er verið að gera Ríkisútvarpið að opinberu hlutafélagi af því að menn vilja halda því í opinberri eigu. Verið er að setja inn ákvæði um að ekki megi selja það af því að menn vilja halda því í opinberri eigu. Og að halda öðru fram er í rauninni útúrsnúningur og hv. þingmaður veit það. En ef hann hefur gaman af að skemmta sér við það þá er honum það velkomið. (Gripið fram í.)

[16:24]

**Árni Steinar Jóhannsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur margoft komið fram í umræðum um málið að sporin hræða, sérstaklega varðandi opinber fyrirtæki í samfélagsrekstri. Þess vegna hafa menn þessi orð uppi. Ég skil ekki fyrir mitt leyti miðað við hve litlar breytingar eru í raun í frumvarpinu, af hverju hv. þm. Hjálmar Árnason og Framsóknarflokkurinn fara í þessa vegferð með þessu nýja frumvarpi þegar breytingarnar eru í raun svona litlar, með þeirri stóru undantekningu þó sem ég mun fjalla um í ræðu minni á eftir. Hvers vegna er verið að fara yfir í þetta form ef menn eru allir sammála, og þá sérstaklega Framsóknarflokkurinn, um að Ríkisútvarpið eigi að vera í opinberum rekstri? Af hverju þessar breytingar? Af hverju gat þetta fyrirtæki ekki verið á sínum nótum eins og það var, með þó þeirri uppstokkun sem allir hér sem um þetta mál hafa fjallað eru sammála um að þurfi að fara í? Af hverju að fara í hlutafélagsformið? Við spyrjum eina ferðina enn.

[16:26]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Til að svara spurningu hv. þingmanns frá því áðan, að framsóknarmenn vilja ekki útiloka neitt eitt rekstrarform frá öðru. Það sem einkennir Framsóknarflokkinn er að vilja fylgjast með tíðarandanum og bregðast við breyttum aðstæðum í samfélaginu. Við teljum að það sé skynsamlegra en að festast í einhverri fortíð og láta nútímann og framtíðina sigla fram hjá.

Af hverju að velja þetta form? Ég held að ég hafi nefnt það þrisvar sinnum á þessum degi, í ræðu minni og tvisvar sinnum í andsvari. Það er vegna þess að það form hefur gefist vel í atvinnulífinu. Um það eru flestir sammála. (Gripið fram í.) Þess vegna er þróunin sú að flest félög eru að verða að hlutafélögum, en hér er um að ræða opinbert hlutafélag af því að hlutafélagið verður í eigu hins opinbera. Það er enginn sem hefur í hyggju að selja það. Þetta er einfalt mál, hv. þingmaður.

[16:27]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Það er dálítið sérkennilegt að standa hér og flytja ræðu um mál sem verið hefur til umfjöllunar á þingi nokkuð oft áður, þ.e. um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Ég hef fylgst með þeim umræðum sem hafa átt sér stað og get ekki orða bundist að nefna að við þessa umræðu hefur ekkert bæst, ekki nokkur skapaður hlutur frá því að við sátum í þessum þingsal fyrir nokkrum mánuðum og ræddum nákvæmlega sama hlut.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa spurt sömu spurninganna og þeir hafa margoft spurt áður, spurningar sem hefur verið svarað í vandlegri umfjöllun og meðferð á þessu máli. Það er nefnilega þannig að málið er í eðli sínu og að efni til sama mál og við fjölluðum um á síðasta þingi að öðru leyti en því að nú er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði gert að opinberu hlutafélagi, sem stafar af nýsettri löggjöf sem samþykkt var á Alþingi á síðasta löggjafarþingi.

Það verður að játast að þegar maður situr undir slíkum ræðum og undir þeim spurningum sem komið hafa frá stjórnarandstöðuþingmönnum líður manni dálítið eins og maður sé staddur í þekktri bandarískri kvikmynd sem heitir „Groundhog Day" og gekk út á það að ágætur maður lenti í því að hann upplifði alltaf sömu atburði sama dags aftur og aftur. Mér líður dálítið eins og aðalpersónunni í þeirri kvikmynd. Maður situr hér undir sömu spurningunum og sama málflutningi, nákvæmlega sömu gömlu tuggunum og voru viðhafðar fyrir nokkrum mánuðum. (**ÖJ:** Þess vegna er svo gaman að heyra svona ferskan málflutning.) Ja, ég ætla mér ekki, hv. þingmaður, að vera með neinn ferskan málflutning hérna, ég sé enga ástæðu til þess. Við erum búin að ræða öll efnisatriði málsins alveg ofan í kjölinn og það hefur ekkert nýtt bæst við, hvorki frá flutningsmanni frumvarpsins, þeim sem að því standa og allra síst frá stjórnarandstöðunni.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því og koma að því atriði sem skiptir kannski mestu máli í þessu og það er að þegar við ræddum þessi mál á síðasta þingi þá var það þannig í 1. umr. að helstu talsmenn stjórnarandstöðunnar, þ.e. helstu talsmenn Samfylkingarinnar í málinu, hv. þingmenn Mörður Árnason og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, tóku því alls ekki illa að það gæti vel komið til greina að reka Ríkisútvarpið í hlutafélagaformi. Hins vegar voru í ræðum þeirra og málflutningi gerðar athugasemdir við ýmis atriði frumvarpsins sem þá var rætt. Þær athugasemdir lutu einkum að því að upplýsingalög væru ekki látin gilda um Ríkisútvarpið og að hætta kynni að stafa af því að hugsanlega yrðu menningarleg verðmæti seld út úr hinu nýja hlutafélagi. Auðvitað voru gerðar fleiri athugasemdir en þetta voru að mínu mati meginathugasemdir Samfylkingarinnar á þeim tíma.

Lagt var út í mikla vinnu við meðferð málsins og meiri hluti menntamálanefndar skilaði af sér tveimur vönduðum nefndarálitum. Mig langar sérstaklega til að vekja athygli hv. þm. Ögmundar Jónassonar, sem er staddur í salnum, og öðrum gagnrýnendum þessa frumvarps, á að lesa það framhaldsnefndarálit vegna þess að í því nefndaráliti, framhaldsnefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar, er sérstaklega fjallað um eiginfjárstöðu hins nýja félags. Í nefndarálitinu er tekið upp orðrétt minnisblað frá menntamálaráðherra og fjármálaráðherra til nefndarinnar, sem dagsett er 24. apríl 2006, þar sem gerð er grein fyrir því með hvaða hætti eiginfjárhlutfall félagsins verður og hvernig fjármálum þess verður komið fyrir við stofnun þess. Á þeim grunni sem þetta minnisblað og sú stefnumörkun sem þar kemur fram verður unnið í tengslum við það félag sem hér er til umfjöllunar.

Á síðasta löggjafarþingi lagði stjórnarmeirihlutinn sig virkilega fram við að reyna að lægja öldurnar sem voru í þingsalnum vegna þessa máls. Stjórnarmeirihlutinn lagði

sig í framkróka við að koma til móts við þær athugasemdir sem fram komu frá stjórnarandstöðunni og segja má að sjaldan hafi verið gengið jafnlangt á síðustu árum eða bara í þingsögunni til móts við — ég sé að hv. þm. Ögmundur Jónasson hlær en ég bið hann um að benda mér á önnur dæmi og betri vegna þess að þau verður erfitt að finna. En ég man ekki til þess að stjórnarmeirihlutinn hafi komið jafnhressilega til móts við athugasemdir stjórnarandstöðunnar og gert var á síðasta löggjafarþingi vegna þess að við lögðum til að gerðar yrðu fjórar breytingar á frumvarpinu eftir 2. umr. málsins, eins og ég veit að hv. þingmanni er í fersku minni. Í fyrsta lagi var lagt til að Ríkisútvarpinu hf. yrði gert óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað og rekur sjónvarpsstöð og sú málsgrein bættist við 1. gr. þess frumvarps sem við ræddum í fyrra. Sú viðbót var tilkomin vegna fjölmiðlafrumvarps sem lagt var fram á þinginu og fulltrúar allra stjórnmálaflokka stóðu að.

Í annan stað lögðum við til að inn í lögin yrði tekið ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu hf. bæri að gera með sér sérstakan þjónustusamning um markmið og umfang og nánari kröfur um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þetta var gert til að koma til móts við þær athugasemdir sem menn höfðu haft uppi varðandi hugsanlegar athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA um frumvarpið og var talið og við teljum enn að með því ákvæði sé girt fyrir þann möguleika að sú ágæta stofnun geri einhverjar athugasemdir við efni frumvarpsins. Nú hefur hæstv. menntamálaráðherra gengið enn lengra en gert var síðasta vor með því að birta þennan samning. Ekki verður annað sagt en að öll spilin hafi verið lögð á borðið fyrir stjórnarandstöðuna í þeim efnum og ekki verið að fela neitt í því sambandi.

Í þriðja lagi er komið til móts við eina af meginathugasemdum stjórnarandstöðunnar sem var sú að það yrði að girða fyrir að mikilvæg menningarverðmæti, eins og upptökur, söfn og fleira yrðu seld út úr hinu nýja félagi og það var gert með því að bæta inn í frumvarpið ákvæði sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpinu er óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu.“

Maður hefði ætlað að fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mundu fagna þeirri breytingu vegna þess að varaþingmaður þeirra, hv. þm. Atli Gíslason, var sá þingmaður sem barðist hvað harkalegast fyrir því að þessari lagabreytingu yrði komið á í meðförum nefndarinnar á málinu. En ég hef hins vegar ekki orðið mjög var við fagnaðarlætin hjá hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og undrast það að þeir virði það ekki við okkur í stjórnarmeirihlutanum að hafa komið með þessum hætti til móts við kröfur þeirra. En það er nú einhvern veginn þannig að sjaldan launar kálfur ofeldi og menn vilja og hafa viljað mála skrattann á vegginn hvað alla hluti varðar þegar um Ríkisútvarpið er rætt.

Í fjórða lagi er það sú breyting sem fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu gríðarlega áherslu á að næði fram að ganga við 1. umr. málsins síðasta vor og það var að upplýsingalög yrðu látin gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins, sem er undantekning frá því sem verið hefur varðandi hlutafélög í opinberri eigu. Ég man ekki eftir neinu hlutafélagi sem er í ríkiseigu sem er fellt undir upplýsingalög, en sú breyting var gerð síðasta vor á frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf. til að reyna að rétta stjórnarandstöðunni sáttarhönd í málinu. Á þá sáttarhönd var slegið og það kom reyndar í ljós í umræðum í nefndinni á sínum tíma að það var enginn sáttatónn, að minnsta kosti ekki í þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þeir verða þá að eiga það við sig. Ég held að þjóðin sé orðin leið á umræðum og málþófi stjórnarandstöðunnar um málið. Það er búið að velta öllum steinum við í málinu sem fyrir okkur hafa orðið. Ég held að öllum spurningum um það hafi verið svarað. Það stendur því í sjálfu sér ekkert út af borðinu.

Það hlýtur að vekja athygli hjá stjórnarandstöðunni að nú eru ýmsir þeir sem hafa hagsmuni af starfsemi Ríkisútvarpsins, ekki bara starfsmenn þess heldur einnig aðrir, sem standa að dagskrárgerð eða kvikmyndagerð, og eiga ýmislegt undir þeirri ágætu stofnun, farnir að hvetja til þess að málinu verði lokið. Með öðrum orðum, ég get ekki betur séð en fulltrúar hinna ýmsu stéttarfélaga séu farnir að sveigja sig frá stjórnarandstöðuflokkunum yfir til okkar sem viljum ljúka vafanum og efanum um framtíð Ríkisútvarpsins. Þess vegna held ég að við ættum að fara að stytta þessar umræður og fara að taka málið til vinnslu í nefndinni. Það er fátt sem stendur út af. Öllum spurningum hefur verið svarað, ekki nema eitthvað nýtt komi frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar, hv. þingmönnum, við þessa umræðu en ég hef ekki orðið var við að nýjar röksemdir eða ný álitaefni hafi skotið upp kollinum í þeim umræðum sem hér hafa farið fram, að minnsta kosti ekki fram til þessa.

[16:40]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú hefur ríkt víðtæk sátt um Ríkisútvarpið. Þó er það svo að ýmsir, ekki síst úr pólitískum ranni hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, hafa mótmælt því að fjármagna opinbera stofnun í heimi fjölmiðlanna. Telur hv. þingmaður að víðtækari sátt verði um nefskatt til stofnunar sem hefur verið fjarlægð þjóðinni með þessum nýju lögum? Telur hv. þingmaður að víðtæk sátt verði um nefskattinn? Er hann mjög eindreginn og sannfærður talsmaður nefskatts til að fjármagna Ríkisútvarpið?

Í öðru lagi vil ég spyrja hv. þingmann hvernig hann réttlæti pólitíska stjórn yfir stofnuninni sem endurspeglar stjórnarmeirihlutann hverju sinni, sem fær það hlutverk að ráða alvald yfir mannahaldi og allri dagskrárgerð og er síðan háður þessari pólitísku stjórn að því leyti að hún getur einnig rekið hann. Finnst honum þetta vera eðlilegir og lýðræðislegir stjórnarhættir? Ég óska eftir svörum við þessum spurningum.

[16:41]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að svara þeim spurningum sem hv. þm. Ögmundur Jónasson varpaði fram til mín. Hann spurði í fyrsta lagi hvort ég teldi að víðtæk sátt mundi nást um fyrirkomulag nefskatts sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Til að svara þeirri spurningu þá vil ég segja að ég tel að það muni nást víðtækari sátt um það fjármögn-

unarkerfi en það kerfi sem nú er viðhaft vegna þess að afnotagjaldakerfið er úr sér gengið, það er dýrt og að mörgu leyti ósanngjarnt og það er gengið sér til húðar. Ég held að allir séu sammála um að það verði að skipta um aðferðir til að fjármagna rekstur stofnunarinnar.

Auðvitað er alltaf erfitt að mæla með skattheimtu, að minnsta kosti fyrir mann í minni stöðu. En ég held að það fyrirkomulag sé skárra en núverandi kerfi og ég held að almenningur sem mun greiða þennan nefskatt muni fylkja sér á bak við hann frekar en afnotagjöldin, ég tala nú ekki um þegar í ljós kemur að greiðslubyrði af afnotum og aðgangi að ríkissjónvarpinu verður minni en samkvæmt núgildandi kerfi.

Síðan spurði hv. þingmaður um hina pólitísku stjórn og alvald stjórnarinnar yfir félaginu. Nú er það þannig að við höfum komið okkur saman um að ríkið eigi þetta fyrirtæki og reki það. Þá er spurningin: Hver á að stjórna fyrirtækinu? Það hlýtur að vera eigandinn. Og hver úr röðum eigandans á að stjórna því? Það eru kjörnir fulltrúar eigandans, kjörnir fulltrúar almennings. Ég geri því engar athugasemdir við að það séu kjörnir fulltrúar á Alþingi eða pólitískir aðilar sem stjórna þessu fyrirtæki.

[16:44]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á Norðurlöndunum þar sem menn hafa pólitískt kjörið útvarpsráð að hluta til hefur alls staðar verið búið svo um hnútana að ekki verði um að ræða speglun á stjórnarmeirihlutanum hverju sinni til að koma í veg fyrir að ríkisútvarpsstöðvarnar verði háðar hinu pólitíska valdi eins og hér er gert ráð fyrir.

Varðandi sáttina um nefskattinn, sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er talsmaður fyrir, þá er það svo að um fjármögnun Ríkisútvarpsins hefur verið víðtæk sátt nema þá helst svona yst á frjálshyggjukantinum. Nú er ég að reyna að færa rök fyrir því að ýmsir úr félagshyggjuvæng stjórnmálanna hafi efasemdir um þetta breytta fyrirkomulag á Ríkisútvarpinu og þeir séu komnir með vaxandi efasemdir um þetta fyrirkomulag yfirleitt, og á þann hátt er ég að reyna að leiða rök að því að verið sé að grafa undan hinni félagslegu sátt og tek ég þar undir með Þorsteini Pálssyni, fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins.

[16:45]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú farið að kólna í neðra þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson er farinn að gera Þorstein Pálsson, fyrrum formann Sjálfstæðisflokksins, að talsmanni sínum. En öðruvísi mér áður brá. Það er ágætt.

Mig langar að víkja áfram að hinni pólitísku stjórn. Eins og ég sagði áðan er gert ráð fyrir að ríkið eigi þetta fyrirtæki. Það er eðlilegt að stjórn félagsins sé skipuð fulltrúum frá eigandanum. Ég geri engar athugasemdir við það.

En við erum hins vegar að fjalla um hvað þessi stjórn á að gera. Hún á að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör og taka síðan ákvarðanir um rekstur, lántöku o.s.frv., sinna störfum sem stjórnir í venjulegum hlutafélögum gera. Ekkert umfram það. Ég geri engar athugasemdir við það, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson, að stjórn fyrirtækis hafi heimildir (Forseti hringir.) til að ráða og reka stjórnendur í félagi, hvort (Forseti hringir.) sem það er í Ríkisútvarpi eða annars staðar. (Forseti hringir.) Mér finnst óeðlilegt að starfsmenn hjá Ríkisútvarpinu, (Forseti hringir.) eins og framkvæmdastjóri þess, sé æviráðinn.

[16:46]

**Forseti (Birgir Ármannsson)**:

Forseti vill áminna hv. þingmenn um að virða takmarkaðan ræðutíma í andsvörum.

[16:47]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að einn alvarlegasti ágallinn á því frumvarpi sem við ræðum hér í dag er hvernig það er selt undir pólitískan meiri hluta á Alþingi hverju sinni með því að kosið sé í stjórnina hér á hverju ári. Það er alvarlegur ágalli sem hlýtur að verða tekinn til endurskoðunar í menntamálanefnd. Þar sem hv. nefndarformaður er nú heldur mildari á manninn og sjálfum sér líkari en í gær hljótum við að vænta jákvæðra svara frá honum í því máli.

Annar alvarlegur ágalli á þessu frumvarpi um Ríkisútvarpið snýr að hlutdeild þess á auglýsingamarkaði. Ég tel það mikið sanngirnismál á okkar litla fjölmiðlamarkaði gagnvart einkareknum ljósvakamiðlum að hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði sé takmörkuð. Ekki að það sé tekið af auglýsingamarkaði. Fyrir því eru full rök að það eigi þar heima, bæði hvað varðar aðgengi auglýsenda að miðlinum og neytenda að upplýsingum frá auglýsendum.

Verið er að endurskoða og endurskilgreina Ríkisútvarpið, finna því nýtt rekstrarform, finna því nýja fjármögnun — ég tel að hinn óheppilegi og vondi nefskattur eigi eftir að reynast Sjálfstæðisflokknum erfiður ljár í þúfu þegar fram í sækir og skil ekki röksemdafærslu hv. þingmanns fyrir honum — og því vil ég spyrja hv. þingmann: Hvaða pólitísku réttlætingu telur hann vera fyrir ríkisrekstri í fjölmiðlum þegar ekki er komið til móts við slíkt með einhverri takmörkun á umfangi á auglýsingamarkaði til að gæta sanngirni og hófs gagnvart einkareknu fjölmiðlunum? Mér er fyrirmunað að skilja hvernig menn sem kenna sig við frjálshyggju og einkarekstur í auknum mæli geta staðið á því að réttlæta þetta fyrirkomulag þar sem verið er að greiða einkareknum ljósvakamiðlum talsvert högg með hinu nýja frumvarpi.

[16:49]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í fyrirkomulagi og skipan stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. felist enginn alvarlegur ágalli í þessu frumvarpi, eins og hv. þingmaður hélt fram. Ég var að reyna að skýra það út í fyrra andsvari í þessari umræðu að auðvitað er eðlilegt að það sé fulltrúi hluthafans, sem í þessu tilfelli er einn, sem skipi þá aðila sem sitja í stjórninni. Þannig er það í öllum hlutafélögum.

Í hlutafélögum eru það fulltrúar hluthafanna sem skipa menn í stjórnir. Það sama gildir hér. Það vill hins vegar þannig til að hluthafarnir eru býsna margir og hluthafinn að

mörgu leyti dálítið óskilgreindur. Hann er ríkið.

Hverjir eru það sem fara með hagsmuni ríkisins og hagsmuni almennings í þessu máli? Það er Alþingi og ríkisstjórn. Því er eðlilegt að Alþingi sem fulltrúi almennings, fulltrúi ríkisins, skipi fulltrúa í stjórnina. Mér finnst það liggja í augum uppi og vera eðli málsins samkvæmt.

Hér var vikið að hlutdeild þessa félags á auglýsingamarkaði og kallað eftir pólitískri réttlætingu. Ég get ekki séð að neitt í þessu frumvarpi leiði til þess að verið sé að veita einkareknu fyrirtækjunum þyngra högg en þeim er veitt nú. Ég hef alltaf verið opinn fyrir því að skoða þann möguleika að takmarka hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Eins og hv. þingmaður veit hefur ekki skapast um það (Forseti hringir.) pólitísk sátt.

[16:51]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þingmaður lýsir því yfir að hann tekur undir með mér, að það þurfi að veita einkareknum fjölmiðlum á ljósvakamarkaði aukið svigrúm með því að takmarka hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.

Ég held hins vegar öfugt við hv. þingmann að um það ríki nokkur pólitísk sátt. Mér hefur heyrst það í umræðum um þetta mál í þinginu. Því spyr ég hv. þingmann: Af hverju beitir hann sér ekki fyrir því sem formaður menntamálanefndar og einn af höfundum og helstu arkitektum frumvarpsins sem við ræðum hér í þriðja sinn í breyttri mynd? Af hverju beitir hann sér ekki fyrir því? Fyrst það er ekki markmiðið að selja Ríkisútvarpið heldur halda úti ríkisreknum fjölmiðli á ljósvakamarkaði hvaða pólitíska réttlæting er fyrir því, að hans mati, að ríkið geri það um leið og það heldur óskertri hlutdeild á auglýsingamarkaði og geri, það sem (Forseti hringir.) forustumaður 365 ljósvakamiðla kallaði í fyrra, aðför (Forseti hringir.) að ljósvakamiðlum á Íslandi?

[16:52]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki alveg hvar hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur verið í allri þeirri umræðu sem við höfum átt um Ríkisútvarpið og framtíð þess. Ég hef aldrei útilokað að hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði verði tekin til skoðunar og takmörkuð frá því sem nú er. Ég hef margoft lýst því úr þessum ræðustól og í opinberri umræðu um málefni Ríkisútvarpsins.

Ég mundi fagna því ef sátt næðist um slíkt. Ég veit ekki til þess að hæstv. menntamálaráðherra hafi útilokað að gerðar yrðu breytingar á hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Við skulum ræða það í nefndinni og skoða það.

Hv. þingmaður hefur verið að tala fyrir þessum sjónarmiðum hér á þinginu. Mér er vel kunnugt um það. En hann hefur hins vegar aldrei sett fram skoðanir á því hvernig eigi að leysa þann tekjumissi sem af því skapast. (Forseti hringir.) Vill hv. þingmaður t.d. hækka nefskattinn? Eða hvernig ætlar hann að mæta þeim tekjumissi?

[16:54]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það er nánast hlægilegt að Sigurður Kári Kristjánsson, hv. formaður menntamálanefndar, komi í stólinn hvað eftir annað og rífi af sér sáttarhendurnar og kasti þeim um salinn eins og hver annar aumingi. Staðreyndin er sú að aldrei hefur verið boðið upp á neina sátt í þessu máli. Það var komið með þetta frumvarp inn í þingið í hittiðfyrra án nokkurs samráðs við nokkurn mann. Það þurfti að pressa til að fá að vita hverjir hefðu samið það. Það kom í ljós að það voru tveir lögfræðingar úti í bæ sem höfðu að vísu ágætt vit á fyrirtækjarekstri en ekki hundsvit á fjölmiðlarekstri. Það hefur ekki verið boðið upp á eina einustu sátt í þessu máli.

Við og aðrir í samfélaginu höfum bent á stóra galla í málinu. Það hefur komið fyrir að annaðhvort menntamálaráðherra á sumrin eða menntamálanefndarformaðurinn og meiri hluti hans á veturna hafa tekið eitthvert mark á því. Það má t.d. segja um safnefnið og fleira af því tagi.

Auðvitað benti sjálft Evrópusambandið á hinn stærsta galla í þessu frumvarpi í fyrstu gerð þess og er vonandi enn að. Því það hefur blessunarlega haft vit fyrir íslenskum stjórnvöldum upp á síðkastið.

Nú skal gerð sú mikla undantekning að í vor var vissulega rétt fram ein sáttarhönd. Þá féllst sem sagt meiri hluti menntamálanefndar á þau rök okkar, eitt af þremur aðalatriðunum í málflutningi okkar fyrir utan málefni starfsmanna og fjármögnunina, að upplýsingalög þyrftu að gilda í slíku fyrirtæki, ef taka ætti eitthvert minnsta mark á því að þetta væri eitthvað annað en fyrirtæki sem væri verið að leiða til slátrunar í söluáformum.

Um hin atriðin hefur aldrei verið boðin nein sátt. Um hlutafélagsformið hefur aldrei verið nein sátt. Það hefur verið sine qua non, án þess ekkert. Og um stjórnkerfi sem gerir ráð fyrir áframhaldandi ósjálfstæði og pólitískri undirokun útvarpsins og er varin með hlutafélagsforminu (Forseti hringir.) hefur heldur aldrei verið nein sátt eða boðin.

[16:56]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti biður hv. ræðumenn að gæta orða sinna og vísar þar til fyrsta hluta andsvars hv. þingmanns.

[16:56]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki alveg hverju ég á að svara. Ég vil frekar eiga orðastað við forseta. Hingað upp í ræðustól kemur hv. þm. Mörður Árnason og lýsir málflutningi mínum í þessu máli þannig að ég hafi komið hingað upp eins og hver annar aumingi. Við erum að ræða um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. og þingmenn þurfa að sæta því að vera kallaðir aumingjar. Í mínum bókum og samkvæmt mínum skilningi á þeim þingskapalögum sem eru í gildi í landinu eru þessi ummæli vítaverð.

Ég óska eftir því að hæstv. forseti taki þau til gagngerrar skoðunar og taki ákvörðun um hvort víta beri þingmanninn fyrir slík ummæli. Að ganga svona upp í ræðustól Alþingis og kalla menn aumingja er fyrir neðan allar hellur og fyrir neðan virðingu hv. þingmanns og fyrir neðan virðingu

þessarar stofnunar, hins háa Alþingis.

Ég vildi koma þessari athugasemd minni á framfæri. Ég mun ekki svara neinum spurningum sem frá þessum hv. þingmanni hafa komið í þessari umræðu. Þær eru kannski til marks um það á hvaða grundvelli og á hvaða nótum stjórnarandstaðan ætlar að fjalla um þessi mál. Þar með er það komið í ljós að enginn sáttargrundvöllur er í málinu. Ég hef að minnsta kosti fyrir mína parta enga ánægju eða vilja til að eiga samstarf við menn og gera einhverja sátt, eða reyna að lægja öldur, við hv. þingmenn sem kalla mig aumingja.

En verði honum að því að gera það með þessum hætti. Það er ekki honum til stækkunar heldur til verulegrar minnkunar. Ég ítreka það sem ég sagði, hæstv. forseti, að þessi ummæli verði tekin til gagngerrar skoðunar í forsætisnefnd.

[16:58]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti vill taka fram að hann gerði athugasemdir við þessi tilteknu ummæli.

[16:58]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Já, ætli ég hafi ekki gengið fulllangt í þessu. Það er best að ég biðjist afsökunar á því við forseta og þann þingmann sem fyrir varð. Ég teiknaði upp myndina sem þingmaðurinn sjálfur gerði af sér í gær þar sem hann hafði rétt út sáttarhendurnar og þær höfðu verið rifnar af honum ein af annarri. Urðu greinilega margar. Endaði með því að sjá fyrir mér aumingja af einhverju tagi sem léti fara svo með sig. En það er hægt að misskilja þetta og þetta var ekki til vanvirðu ætlað þingmanninum.

En hann tók þetta hins vegar óstinnt upp og kaus að nota þetta til að svara ekki því sem ég beindi til hans þó það væru ekki beinar spurningar — spurningin um það hvernig stendur á því að stjórnarmeirihlutinn, hann sjálfur hv. og hæstv. menntamálaráðherra hafa ekki hreyft sig af þessari línu hlutafélagsins og af þessari línu hinnar pólitísku stjórnunar.

Ég held að það sé vegna þess að þetta sé samloka. Þetta séu tvær skeljar utan um sömu lífveruna sem er að halda fullri stjórn á Ríkisútvarpinu meðan um það er vélað hver framtíð þess eigi að vera.

[17:00]

**Árni Steinar Jóhannsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Eins og fram kom í andsvörum er mönnum heitt í hamsi. Ég hef ekki komið að þessari umræðu sem þingmaður en um þetta mál hefur margt verið sagt og mér finnst með ólíkindum að stjórnarmeirihlutinn skuli ekki freista þess, það má enn vona að svo verði, að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna. Manni sýnist kannski fimm eða sex atkvæði standa út af og verulegur ágreiningur er um.

Eftir að hafa hlustað á ræður stjórnarliða er náttúrlega stærsta málið í þeirra augum formbreytingin í opinbert hlutafélag. Ef það er ásetningur manna að Ríkisútvarpið verði ekki selt í nánustu framtíð þá spyr maður sig: Af hverju í ósköpunum er ekki hægt að ná til stjórnarandstöðunnar varðandi þetta mál og hverfa t.d. frá atriðum eins og opinberu hlutafélagi og stjórn hins nýja opinbera hlutafélags samkvæmt frumvarpinu?

Það er von mín og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að fram fari góð umræða um þessi mál og menn geti enn á ný sest niður og reynt að ná sáttum í málinu. Þurfi að vera sátt um einhverja stofnun í samfélagi okkar þá er það Ríkisútvarpið. Við höfum töluverða sérstöðu, Íslendingar. Við erum fá, 300 þúsund manns í 103 þúsund ferkílómetra landi eða þar um bil. Ríkisútvarpið gegnir lykilstöðu í að byggja þetta land fyrir alla landsmenn. Við verðum að átta okkur á því að margir afskekktir landshlutar njóta ekki fjölmiðlunar frá útvarpsstöðvum eða sjónvarpsstöðvum. Þó verður að segjast að Ríkisútvarpið nær til hér um bil allra landsmanna og út á mið þótt þar megi bæta um betur. Þess vegna hræðir mann sú hugsun sem læðist að manni í ljósi sögunnar, að ráðist sé í formbreytingu í opinbert hlutafélag til að á seinni stigum verði farið í að selja Ríkisútvarpið. Setja það á markað.

Í Ríkisútvarpinu eru kannski ein stærstu menningarverðmæti þjóðarinnar geymd, hin nýja saga þjóðarinnar frá því að Ríkisútvarpið var stofnað. Þetta er stór og mikil saga sem alltaf er sótt í, hún endurspiluð eða endursýnd og er mörgum okkar gríðarlega mikils virði. Vegna stöðu sinnar hefur Ríkisútvarpið þá stöðu, eitt fjölmiðlafyrirtækjanna, að geta kúplað nánast alla landsmenn til hlustunar á einum stað. Það hefur margkomið fram að Ríkisútvarpið gegnir lykilhlutverki varðandi almannavarnir í landinu. Þetta eru verðmæti og öryggi sem ég og félagar mínir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði megum ekki hugsa til að verði látin lúta lögmálum markaðarins.

Við erum ekki á móti hlutafélagaformi í rekstri en við drögum skýr skil á milli almenningsþjónustu og samkeppnisreksturs. Við erum ekki á móti því að fyrirtæki í samkeppnisrekstri séu hlutafélög. En eins og ég drap á áðan þá hræða sporin. Ég nefni sérstaklega til sögunnar Framsóknarflokkinn sem í umræðunni og aðdraganda að sölu Símans sór það þráfaldlega af sér að til stæði að selja Símann í heilu lagi. Lengst af var hangið á því að a.m.k. ætti ekki að selja grunnnetið. Landssíminn hafði og hefur gríðarlegt vægi í fjölmiðlun í svo stóru landi á sama hátt og Ríkisútvarpið hefur í þessu stóra fjallalandi þar sem er mjög fátt fólk miðað við annars staðar í heiminum.

Við samþykkt á frumvarpi um sölu Símans ber að geta þess að engar kvaðir voru á hendur hinu nýja fyrirtæki, hlutafélaginu, um að þjónusta landið. Þar kem ég að aðaláhyggjuefninu til lengri tíma litið hvað varðar Ríkisútvarpið. Ég óttast að þetta frumvarp, með þessari klásúlu um opinbert hlutafélag, sé undanfari þess að Ríkisútvarpið verði selt eða bútað niður. Hið sama óttaðist ég um stöðu mála varðandi Landssímann, sérstaklega þó á seinni stigum þess máls er rætt var um að undanskilja grunnnetið.

Hvernig stöndum við núna varðandi Landssímann og fjarskiptin? Við stöndum í þeim sporum að eftir hlutafélagavæðingu stendur ríkissjóður eða samgönguráðuneytið uppi með það að til að koma fjarskiptum í nútímalegt horf þarf að taka peninga af ríkisfé til að setja í uppbyggingu.

Eftir einkavæðingu Landssímans hefur uppbygging í fjarskiptum stöðvast á mörgum sviðum. Með fjárframlögum úr Fjarskiptasjóði og nú síðast með aukaframlögum á fjáraukalögum þarf að setja verulegar upphæðir til að stoppa í hin svörtu göt, aðallega á Þjóðvegi 1 vítt og breitt um landið. Við sem höfum unnið úti á landsbyggðinni í kjölfar einkavæðingar á Landssímanum vitum fullvel að enn eru sömu holurnar hvað fjarskipti varðar óuppfylltar, enda engin kvöð á fyrirtækinu að gera slíkt.

Verði Ríkisútvarpið selt skapast nákvæmlega sama ástand og varðandi sölu Landssímans, þ.e. að dreifbýlið og þjónusta við dreifbýlið lendir að öllu leyti á ríkissjóði, standi hugur manna til þess að bæta þjónustuna um fram það sem verið hefur, ég tala ekki um að fara yfir í nútíðarvæðingu og uppsetningu nýrra tækja.

Þeir flokkar sem standa að ríkisstjórn Íslands í dag hafa staðið í sölu ríkisfyrirtækja, selt bankana og selt Landssímann, sem allt var í ríkiseign. En undanfari þess að selja hefur ávallt verið að breyta viðkomandi stofnun eða fyrirtæki í hlutafélag til að auðvelda söluna.

Það er mikilvægt fyrir fjölmiðil eins og Ríkisútvarpið, ég held að við getum litið til allra nágrannalanda okkar í því efni, að mennirnir innan stofnunarinnar, starfsfólkið er líka gríðarlega dýrmætt. Það hefur reynslu og þekkingu sem það getur miðlað. Mér finnst mikilvægt að búa svo um hnútana að þess sé gætt að öryggi starfsmanna á Ríkisútvarpinu sé tryggt hvað varðar vinnu og skoðanir. Það er lykilatriði í mínum huga í þessari umræðu. Við verðum að átta okkur á því að með því að reiða fram fé til opinbers reksturs á stofnun eins og Ríkisútvarpinu hafa starfsmenn í gegnum árin haft viss forréttindi umfram einkareknar stöðvar til að fara ofan í mál sem gróðafyrirtæki mundi ekki treysta sér í, t.d. alls konar grúsk í sögulegu samhengi og framleiðsla á svoleiðis efni. Slíkt tekur eðli málsins samkvæmt gríðarlega langan tíma og verður ekki gert nema með stuðningi.

Við sem hlustum mikið á Ríkisútvarpið gerum okkur grein fyrir þeirri gríðarlegu vinnu sem liggur að baki vinnu starfsmanna sem kafa ofan í mál og fá til þess tíma og þar af leiðandi fjármuni sem mundi að mínu mati vera ógerlegt á einkaljósvakamiðlum. Þar þurfa menn að vera á hlaupum og framleiða og framreiða ódýrt. Það eru lögmál þess markaðar. Ég held að enginn geti verið ósáttur við þá framsetningu mála þótt ég dragi ekki í efa að þeir starfsmenn sem vinna á einkafjölmiðlum leggi sig fram og geri sitt besta. En Ríkisútvarpið er þess eðlis, svo mikið sögulegt skrín sem hefur margt að geyma, Til þess þarf starfsfólk sem getur, má og vill fara ofan í þær hirslur og reiða fram fyrir okkur hin sem viljum hlusta á eða sjá efni sem er úr fortíðinni, sögulegs eðlis o.s.frv. Ég tel mikilvægt að halda í þennan rekstur og þess vegna er mér mjög mikils virði að standa vörð um Ríkisútvarpið okkar og það megi dafna til langrar framtíðar. Við höfum ekki svo góða reynslu af einkareknum fjölmiðlum. Þar er mikið umrót.

Í landi sem er svo ungt og hefur svo fáar hefðir og venjur — við getum sagt að við höfum mótað okkar nútímasamfélag bara á síðustu 100 árum — er Ríkisútvarpið ein af stoðunum undir því samfélagsmunstri sem við Íslendingar höfum byggt á líftíma útvarpsins, undanfarin 80 ár eða svo. Í mínum huga er Ríkisútvarpið a.m.k. hluti af ímynd minni sem Íslendings, það samstillir okkur á helgidögum og tyllidögum o.s.frv. sem eina þjóð og gætir menningarverðmæta okkar.

Ég tel þetta mjög mikilvægt vegna þess að þjóðin á svo fáar slíkar stoðir, með ríka hefð og ríkar venjur og það ber að halda í þá hluti, gæta vissrar íhaldssemi. Það þarf ekki alltaf að breyta bara til að breyta og koma hlutunum í annað form, auka hraðann. Til hvers? Til að ná hvaða markmiðum? Til þess að brjóta öll þau gildi niður sem þorri þjóðarinnar hefur haft að leiðarljósi um áratuga skeið varðandi fjölmiðla. Þetta tel ég mikilvægt að komi fram. Ég vil standa vörð um Ríkisútvarpið.

Virðulegi forseti. Ríkisútvarpið á að mínu mati og okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að vera rekið af opinberum aðilum, rekið af ríkinu um langa framtíð enn. Þess vegna vil ég beina því til hv. þingmanna á hinu háa Alþingi að reyna eins og kostur er, ég hóf nú ræðu mína á þeim orðum, að ná út úr þessu frumvarpi sem á steytir. Fyrst og fremst þarf að taka út ákvæði um opinbert hlutafélag og hafa stofnunina á svipuðum nótum og verið hefur. Síðan er svo greinilegt, sem okkar flokkur hefur lagt áherslu á, er mikilvægt að skoða stjórnunarformið. Það þarf að taka til endurskoðunar og menn verða að sameinast um það.

Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að ríkisstjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi ætli að keyra þetta mál í gegn í ósátt við stjórnarandstöðuna. Ég held að það sé mjög óheppileg aðferð. Ef menn meina það sem þeir segja í þingræðum að þetta sé bara formbreyting, hlutafélagið skipti ekki máli, þá getur það heldur ekki skipt máli að gera það sem stjórnarandstaðan vill, að halda gamla forminu en með breytingum, sem eru margar ágætar á frumvarpinu, á áherslum á ýmsum hlutum og endurskoðun á rekstri að öðru leyti. Ef stjórnarþingmenn og stjórnarmeirihlutinn brýtur odd af oflæti sínu í þessum liðum, þetta eru fimm eða sjö liðir, tel ég allar líkur á að hægt sé að komast í höfn með þetta mál ef menn vilja fara í þá vinnu. Ég hef reynslu af því að vinna á hinu háa Alþingi í þingsölum og nefndum og sporin hræða eina ferðina enn. Það hefur verið starfsvenja að keyra mál í gegn í krafti meiri hluta þingsins hvað varðar mörg átakamál sem nú eru í gangi. Þótt maður voni er maður kannski ekki alveg eins bjartsýnn og maður ætti að geta verið miðað við framsetningu mála hjá þeim hv. þingmönnum stjórnarinnar sem hafa úttalað sig í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa ræðu mína langa í þessari umferð um málið. Ég tel þetta mjög mikilvægt mál og vil að farið sé með það af nærgætni og varúð vegna eðlis þess.

Ég hef tekið eftir því í þinginu að það er eins og tískubylgja í dag að gera sé ekki grein fyrir muninum á samfélagsrekstri og hlutafélagi, sérstaklega hjá ungliðum stjórnarinnar, nýju fólki á þingi, og ég vil að það komi fram í þessari umræðu að unga fólkið okkar er efnilegt að mörgu leyti, margt hvert, en ég hef tekið eftir því að hvort heldur talað er um almenningsþjónustu eins og strætisvagna í Reykjavík eða aðra almenningsþjónustu þá talar fólk fjálglega um að það sé bara eins og að reka hvert annað fyrir-

tæki. Auðvitað er það ekki þannig. Við á hinu háa Alþingi erum ekki í hlutafélagarekstri, við rekum samfélag.

Af því að ég staldra við þessa hugsun, sérstaklega hjá yngra fólkinu hér, með annars fullri virðingu fyrir því, þá er það náttúrlega svo að hlutafélag sem ræður og rekur fólk þarf ekki mikið að vita af því fólki sem það rekur út á gaddinn vegna einhverra mála, í framhaldi af uppsögnum eða slíku, vegna þess að hlutafélagið er ekkert bundið af því. Við rekum ekki fólk út úr samfélagi, það er ekki gert. Samfélagið þarf að þjóna öllum sem inn í það fæðast og sá er munurinn á hlutafélagarekstri og samfélagsrekstri. Maður ætlast til þess í umræðum á hinu háa Alþingi að hv. þingmenn geri sér grein fyrir þeim mikilvæga mun sem er á þessum tveimur hlutum. Þess vegna hryggir það mann að menn skuli í ræðu og riti og ræðum á hinu háa Alþingi tala um hlutafélagaformið sem virkasta og nýtískulegasta formið í rekstri, það gefi besta raun. Ég efast ekkert um að hlutafélagaformið sé ágætt í sjálfu sér. Þar er hægt að taka snöggar ákvarðanir, það er hægt að ráða og reka fólk og reka viðkomandi fyrirtæki. En um samfélagsrekstur gilda, enn og aftur, allt önnur sjónarmið.

Ef menn geta hugsað sér á þessum tímapunkti að búa til hlutafélag úr Ríkisútvarpinu þá gef ég mér að ekki líði nema kannski þrjú til fimm ár — miðað við tískuna og hvað er „in" í dag, eins og krakkarnir segja, varðandi rekstur í samfélaginu — þangað til menn fara að tala hér í fullri alvöru um Landspítalann ohf. og í framhaldi af því allt sem á eftir kemur, vegna þess að Landspítalinn, sem væntanlega yrði ohf. ef sama stjórnin ræður ríkjum, er að vissu leyti að fara í gegnum sömu breytingar frá grunni og ríkisfyrirtækjum hefur verið uppálagt að gera um árabil. Það hefur færst mjög mikið í vöxt að menn séu að kaupa dagskrárgerð frá einkaaðilum sem ekki eru bundnir á launaskrá viðkomandi fyrirtækja.

Við vitum öll hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í heilbrigðiskerfinu. Þar segja menn: Við erum bara að fara í einkarekstur, við erum ekkert að gera neitt annað. Ég hef flutt langar ræður um áhyggjur mínar af því að verið sé að breyta öllu samfélaginu, sem við höfum áður byggt á samfélagslegri þjónustuhugmynd, yfir í einkarekin fyrirtæki sem eiga síðan að þjóna öllum almenningi í landinu. Þetta tel ég ákaflega vonda þróun og eins og margoft hefur komið fram hræða sporin í þessu samhengi. Ég var persónulega viðstaddur umræðuna um einkavæðinguna í bankakerfinu, hlutafélagavæðinguna þar, þar sem ríkisbankarnir voru teknir. Ég var við umræðuna um Landssímann og manni finnst svo ótrúlega líkt á komið með umræðunni núna og ég geri mér grein fyrir skýringunni. Skýringin er náttúrlega einföld, hún fylgir bara formúlu virtra manna á hægri kanti í efnahagsmálum þar sem þeir hafa sett fram handbók um aðferðir til að einkavæða. Það þarf að nota einhverjar aðrar aðferðir en að setja bara á fjárlög að nú eigi að selja ríkisfyrirtæki sem er vinsælt og þjóðin vill ekki selja. Það þarf að nota aðrar aðferðir og þá er sú aðferð notuð að segja við þjóðina: Þið þurfið engar áhyggjur að hafa vegna þess að það er bara verið að breyta um form.

Ég tel að það hafi verið borðleggjandi á sínum tíma að ef þjóðinni hefði verið gefinn kostur á því að kjósa um hvort hlutafélagavæða ætti Símann hefði stór meiri hluti þjóðarinnar sagt nei í þeim kosningum. Ég er líka hér um bil viss um að ef fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort hlutafélagavæða ætti Landssímann mundi þorri þjóðarinnar segja nei við þeirri spurningu. Það er ekki gert, vegna þess að þeir sem keyra fram breytingar að sínu skapi varðandi þjóðfélagsreksturinn þora ekki í þá vegferð og þeir viðurkenna að fara þurfi lengri leiðina og taka þetta í smáum skömmtum. Þannig er farið að með þetta mál, á nákvæmlega sama hátt og gert var við hlutafélagavæðingu Símans og síðan sölu Símans.

Virðulegi forseti. Þetta eru aðferðir sem eru mér ekki að skapi. Ég tel að þær séu til stórtjóns fyrir landið að ég tali nú ekki um fyrirtækið Ríkisútvarpið sem við erum að ræða um og það er mál að linni.

Það er líka aðferð í sjálfu sér, burt séð frá þessari aðfaraaðferð sem byggir á því að þora t.d. ekki að fara í atkvæðagreiðslu um mál eins og Landssímann eða Ríkisútvarpið, í þessari framkvæmd allri að taka stofnanir út eins og Ríkisútvarpið eða Landssímann á sínum tíma og hefja sultargöngu. Þá eru stöðvaðar allar framkvæmdir í viðkomandi stofnun eða þjónusta þar til menn eru gjörsamlega að bugast. Það er ein leið sem notuð er í þessum ferli öllum. Það er ekki eins og það sé eitthvað nýtt af nálinni vegna þess að öll Vestur-Evrópulönd eru búin að fara í gegnum þennan fasa að meira og minna leyti, öll samfélagsrekin fyrirtæki. Það er búið að fara um álfuna á síðustu 15 árum með þessum aðferðum, bæði á Norðurlöndunum og víðar, þó að þar hafi menn verið miklu fastari fyrir en okkar samfélag hefur verið. Norðurlandabúar hafa haft miklu þroskaðri samstöðu til að standa á móti einkavæðingar- og einkageiraöflum en við nokkurn tíma hér. Við virðumst vera nýjungagjarnari en samt held ég að þetta sé fyrst og fremst vegna þess að við erum svo hrekklaus. Við trúum þessu ekki. Ég hef talað við fjölda kjósenda úti um allt land og þeir trúa þessu ekki þó að maður reyni að tala um hvað verið sé að gera, þeir trúa ekki að það eigi að gera þetta. Maður kom fram á sínum tíma, kannski fyrir fullum sal af fólki, og talaði um Landssímann og sölu hans og menn sögðu: Ég er innilega sammála því að Síminn verður aldrei seldur og alls ekki grunnnetið. Þeir segja að þeir ætli ekki að gera það, þetta er bara formbreyting.

Lái okkur hver sem vill að þessi spor hræði, vegna þess að það eru ekki bara þau fyrirtæki sem búið er að selja sem um ræðir, nú erum við að tala um Ríkisútvarpið, en það er margt, margt annað eftir í þessu samhengi. Allur heilbrigðis- og umönnunargeirinn er eftir ef menn vilja fara að horfa á hann. Þar eru nú aldeilis fúlgur sem hægt er að ráðskast með ef menn komast í þann leik með einhverjum ráðum. Maður hefur heyrt það í umræðunni utan veggja Alþingis að hugur manna standi til þess, auðvitað, að komast á sama hátt inn í heilbrigðis- og umönnunargeirann til að geta átt greiðari aðgang bæði að ríkisfjármunum í gegnum Tryggingastofnun að ég tali nú ekki um lífeyrispeningum landsmanna með komugjöldum og dýrari þjónustu þegar fram í sækir.

Það er alveg augljóst að þeir sem keyra þetta mál áfram hér, stjórnarmeirihlutinn og þingmenn stjórnarinnar, ætla sér áfram og um það snýst málið. Hugur manna stendur til þess að fara inn á önnur svið samfélagsins. Hugur manna í

einkarekstri og umsýslu peninga stendur til þess að komast yfir og reka allt sem þjóðinni er í grundvallaratriðum nauðsynlegt að hafa til að geta lifað og er þá kalda vatnið ekki undanskilið. Það eru þessi mál sem við verðum að horfa á.

Af því að hæstv. menntamálaráðherra er kominn í salinn á ný vil ég beina þeim tilmælum til hæstv. ráðherra að hún beiti sér fyrir því að þau atriði sem standa út af hér í umræðunni og menn hafa rifist mikið um verði tekin með miklum velvilja til endurskoðunar í nefndinni og farið þannig höndum um þau að hér verði sæmileg þingsátt um þessar breytingar. Það er óhugsandi í mínum huga að fara þannig með þetta mál að klofningur verði hjá þjóðinni um það, um Ríkisútvarpið sem er svo mikilvægt. Það er í mínum huga næsti bær við þjóðkirkjuna ef menn ætla að fara að framkalla þar breytingar á kaldranalegan hátt.

Ég tel mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að farið sé í þessi mál og að stjórnarandstaðan fái enn á ný tækifæri til að koma að þeim atriðum sem út af standa, en það er stjórnarliðurinn á fyrirtækinu, það er breytingin á forminu sem stendur aðallega upp úr og loks fjármögnunin.

Virðulegi forseti. Ef við tölum um peninga og fjármögnun í þessu sambandi tökum þá fjarskiptin eftir sölu Landssímans, sem ég talaði um áðan. Það er nú ekkert frýnilegt að standa frammi fyrir því. Ríkisútvarpið er einhverjir smámunir miðað við það sem við þurfum að setja af opinberu fé inn í þá samfélagsþjónustu sem fjarskiptin eru. Eru ekki komnir 1,5 milljarðar í það mál núna eða 1,7? Svo er mér sagt. Það er að vísu úr Fjarskiptasjóði, það eru peningar sem koma af sölu Landssímans, ég held að það séu 1.200 milljónir þar en síðan koma 500 milljónir beint úr ríkissjóði eins og ekkert sé.

Auðvitað átti það að vera þannig við sölu Landssímans að það markaðsráðandi fyrirtæki hefði þjónustuskyldu og uppbyggingarskyldu vegna sölunnar, en svo var ekki. Fyrirtæki á markaði hefur engan áhuga á að veita strjálbýlum héruðum þjónustu, ég tala nú ekki um á fjallvegum sem tiltölulega fáir fara um, þjónustu sem er algjör samfélagsleg nauðsyn fyrir okkur að hafa í gangi fyrir margra hluta sakir, út frá öryggismálum, út frá okkur sjálfum vegna samskipta og viðskipta þegar við erum á ferð. Þetta gildir líka um Ríkisútvarpið. Það er sá aðili sem þjónustar okkur með upplýsingar þegar við erum úti um víðan völl við leik og störf í okkar stóra landi. Það eru slík atriði sem þurfa að koma fram í þessari umræðu. Við megum ekki bara hugsa um okkur sem hluta af einhverju þéttbýli sem hægt er að þjóna með tiltölulega einföldum, ódýrum sendum með fáu fólki. Það er ekki þannig.

Það hangir margt á spýtunni í sambandi við hina samfélagslegu þjónustu og spyrði ég nú saman Ríkisútvarpið og fjarskiptin. Við erum með ferðaþjónustu sem er ein okkar stærsta atvinnugrein. Það er stórmál og mikið atriði fyrir ferðaþjónustuna að aðgengi sé að upplýsingum og samskiptum. Ríkisútvarpið hefur rækt það með myndarskap að gefa upplýsingar til fólks sem er uppi um fjöll og firnindi og þarf að vita um stöðu mála, færð og veður og því um líkt. Það eru svona atriði sem menn gleyma en þurfa að hafa með í öllu bókhaldi þegar talað er um þessi mál.

Virðulegi forseti. Vilja menn einkavæða Veðurstofuna? Ég get haldið áfram. Það er samfélagsleg þjónusta. Það eru margir sem vilja gera það og það eru margir sem vilja fara svona á lið eftir lið og fara ofan í það allt saman og einkavæða það.

Af því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er kominn í dyragættina þá var nú brosað góðlátlega að öllum þessum einkavæðingarbollaleggingum á sínum tíma, fyrir sex eða sjö árum þegar verið var að tala um bankana. Menn í hans flokki, Framsóknarflokknum, sögðu: Við förum aldrei þá vegferð, við seljum kannski annan. Með það var farið í kosningar. Þetta er svona eitt af öðru það sem menn hafa staðið fyrir.

Það merkilega er að hingað til hefur stjórnarmeirihlutanum og þingmönnum stjórnarinnar tekist að fara með þetta í kosningar tvisvar sinnum. Fólk hefur ekki trúað að hlutir mundu ganga svo langt fram sem raun ber vitni. Það eru kannski sérstaklega málefni Símans sem hafa staðið upp úr. Ég hef ekki séð skoðanakönnun nýlega en ég fullyrði að 70–80% þjóðarinnar eru algjörlega andvíg því að Ríkisútvarpið fari í einhvern hlutafélagarekstur. Fólk vill hafa þetta sem Ríkisútvarp en auðvitað ekki án gagnrýni. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn átti sig á því.

Það er leið einkavæðingarsinna og það er leið fjármagnsins til að brjóta niður opinbera þjónustu, eins og ég drap á áðan, að gera þetta í þeim þrepum sem raun ber vitni. Þetta eru klárir menn og vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera í stöðunni. Það kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni áðan að það væri hægt að einkavæða eða hlutafélagavæða á auðveldari hátt með því að fara með þetta í gegnum fjárlögin. Það væri óðs manns æði. Það gera menn ekki í þessari stöðu vegna þess að þeir vita að það er massíf andstaða úti í samfélaginu við þá leið. Þess vegna er það ekki gert. Það er það sem skiptir máli í þessu öllu.

Virðulegi forseti. Ég vil, af því að ég er hér sem varaþingmaður, láta virða það við mig að ég vil koma því inn í þingræðurnar mínar að ég tel að e.t.v. gæti maður staðið hér í sömu sporum eftir tvö, þrjú ár og verið að tala um opinbert hlutafélag á öðrum formum svo sem ég nefndi áðan. Hv. þm. Ögmundur Jónasson greip fram í og sagði: Hvað með Veðurstofuna, vilja menn hafa hana í einhverju hlutafélagsformi?

Svo er það þetta: Vegna smæðar íslenska samfélagsins er ekki allt sérlega flott rekið ef maður lítur á aðkomu almennings að ýmsum fyrirtækjum sem hafa verið markaðsvædd eða slegið saman í háeffinu. Hvað með allan flutningsgeirann? Hvað með alla einokunina sem við þurfum að búa við? Það kostar jafnmikið fyrir mig að koma utan af landi frá Egilsstöðum og fara í flug suður í Keflavík og sjálf ferðin til útlanda. Við höfum mjög vonda reynslu af flutningsgeiranum þar sem menn hafa slegið sér saman og myndað tvær stórar blokkir að stofni til.

Hvað ætla menn að leysa úr læðingi með þessu ef menn skipta nú um skoðun, eins og maður heldur að geti gerst hjá Framsókn innan nokkurra mánaða? Hvað ætla menn að gera á fjölmiðlamarkaðnum? Á þetta að sullast einhvern veginn áfram án þess að menn viti nokkuð að hverju þeir stefna? Við erum með tvö flutningsfyrirtæki í landinu sem okkur sem búum þar finnst okra alveg stórlega á þjónustunni við okkur. Maður ímyndar sér að þar sé samráð og samvinna. Við erum með eitt fyrirtæki sem þjónustar okkur

í fluginu af því að menn náðu saman eða bitust þangað til annar búkkaði undir. Það virðist vera á svo mörgum sviðum, þar sem allt hefur verið látið damla á frjálsum nótum, að samfélagið sé bara ekki nógu stórt að mati þeirra sem eiga hlut í hlutafélögum og það verði alltaf samruni.

Hvað eru menn að tala um núna í mjólkuriðnaðinum, algjörlega andstætt því sem ætti að vera? Menn eru að tala um að gera bara einn pott, eitt stórt fyrirtæki sem selur Íslandssúrmjólk eða Íslandsjógúrt. Erum við þá ekki í krafti markaðarins og þeirra sem stjórna peningunum komnir að tillögu skáldsins úr Alþýðubókinni, að keyra um landið með góða Íslandssúpu í hádeginu á hverjum degi, vera ekkert að standa í því að malla í mörgum pottum? Maður veltir því fyrir sér hvert verið sé að stefna með þessu brölti öllu, nú í þessu tilfelli með Ríkisútvarpið sem mér er svo kært.

Ég hef notað mikið af tíma mínum til að draga fram þessar samlíkingar vegna þess að ég hef lesið ræðurnar mínar frá síðasta þingi. Þá valdi ég alltaf í umræðunni, hvort sem það var um bankana eða Landssímann, að líta fram á veginn og horfði þar á meðal til þess sem menn ætluðu að gera varðandi Ríkisútvarpið, varðandi sjúkrahúsin og umönnunarþjónustu. Mér finnst að sú framtíðarsýn og hræðslan við hana gangi nokkuð taktfast eftir eftir því sem maður gat séð fyrir, og reynir að sjá fyrir varðandi aðra hluti sem eru að gerast í samfélaginu.

Það varð hér um daginn mikil rimma milli hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hæstv. heilbrigðisráðherra um einkarekstur og einkavæðingu. Hæstv. ráðherra vildi meina að hv. þm. Ögmundur Jónasson vissi ekki muninn, vissi ekki hvað væri einkarekstur og hvað væri einkavæðing. Eins og ég drap á áðan í sambandi við allar þessar stofnanir er aðferðafræðin sú að fara inn í þær um sinn með einkarekstur að hluta til þangað til einkarekstur er orðinn það viðamikill innan stofnunar að menn geta vel hugsað sér að fara í einkavæðingu eða fara að ræða um það. Þetta tekur allt saman nokkur missiri eða nokkur ár. Þannig er farið að þessum málum, virðulegi forseti.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég brýna hæstv. menntamálaráðherra til að senda nú þau skilaboð inn í hv. nefnd að allra leiða verði leitað til þess að ná breiðfylkingu eða sáttum í þinginu um nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu sem mér sýnist að menn, alla vega í stjórnarandstöðunni, séu sammála um að þurfi að gera á frumvarpinu.

[17:39]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti hefur boðað til fundar með formönnum þingflokka og verður nú gert hlé á þessum fundi í u.þ.b. stundarfjórðung. Stefnt er að því að fundur hefjist hér að nýju klukkan fimm mínútur í sex. Fundi er frestað.

[Fundarhlé. — 17:39]

[17:58]

**Útbýting:**

Aflagning dagabátakerfisins, 246. mál, fsp. MÞH, þskj. 249.

Farþegaflug milli Vestmannaeyja og lands, 245. mál, fsp. MÞH, þskj. 248.

Strætisvagnaferðir milli Akraness og Reykjavíkur, 244. mál, fsp. MÞH, þskj. 247.

Tvöföldun Hvalfjarðarganga, 243. mál, fsp. MÞH, þskj. 246.

[17:59]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta er önnur ræðan mín um þetta þingmál. Fyrri ræðu mína flutti ég í gær. En ég vil rifja það upp í upphafi og árétta þá afstöðu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við gerðum kröfu til þess að frumvarp þingflokksins til laga um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið verði rætt samhliða stjórnarfrumvarpinu sem hér er á dagskrá. Það er ófært að þessi mál séu aðskilin þannig að þeir sem fá þessi þingmál til umfjöllunar sjái ekki þá valkosti sem í boði eru á löggjafarsamkundunni. Ríkisstjórnin, eins og fram hefur komið, féllst ekki á þessa málaleitan okkar.

Við höfum heyrt ýmsar röksemdir gegn hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins en einnig hefur stjórnarmeirihlutinn hamrað á málstað sínum. Hefur þar verið sýnu stórfenglegastur í málflutningi sínum hv. þm. Hjálmar Árnason, fulltrúi Framsóknarflokksins, við umræðuna í dag. Hann hélt því fram að ástæðan fyrir því að menn væru að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi væri sú að menn vildu styrkja Ríkisútvarpið sem ríkisstofnun eða öllu heldur sem stofnun í eigu ríkisins. Þess vegna væri brugðið á það ráð að gera stofnunina að hlutafélagi.

Slíkar röksemdir gætu framsóknarmenn einir held ég sett fram því svo mikils hugarflugs krefst þetta og sveigjanleika í skoðunum og afstöðu. Það sem menn söknuðu í afstöðu Framsóknarflokksins til þessa máls var að hann stæði ekki við heitstrengingar sem gefnar voru á fyrri þingum um að Ríkisútvarpið yrði ekki fært í markaðsbúning eins og verið er að gera með frumvarpinu. Það er nefnilega mikill misskilningur hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að með þessu sé verið að styrkja Ríkisútvarpið sem stofnun í eigu ríkisins.

Við ræddum um réttmæti gagnrýni Samkeppnisstofnunar á verðlagningu búvara, sérstaklega mjólkurafurða, á Alþingi fyrir fáeinum dögum. Gagnrýnin gekk út á að öll markaðsvara ætti í reynd að heyra undir samkeppnislög. Á það var bent að innlendar landbúnaðarafurðir sættu verðlagsákvörðunum og heyrðu undir búnaðarlög á sama hátt og Ríkisútvarpið heyrir undir sértæk lög. Þessi umræða var þegar til staðar hvort ætti að vera ráðandi þáttur, samkeppnislöggjöfin eða hin sértæku lög.

Þetta er umræða sem ég tel að við þurfum að fara mjög rækilega í saumana á. Það er þetta sem við vörum við sem teljum að með þessari breytingu á forminu sé verið að gera Ríkisútvarpið að markaðsvöru. Að færa það út á markaðstorgið og gera það að markaðsvöru. Sami þingmaður sagði okkur eina ferðina enn að hlutafélagaformið væri svo gott form, margreynt og hefði gefið svo góða raun. Þess vegna hlytum við að vera því fylgjandi að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að hlutafélagaformið er prýðisform á fyrirtækjum. Það hefur gefið ágæta raun þar sem það á við. Hlutafélagavæðing fyrirtækja auðveldaði t.d. sölu á þeim. Það var oft erfitt að

selja fyrirtæki í einu lagi, en auðveldara þegar það var hlutafélag og hægt að selja hlutina í skömmtum. Þetta auðveldaði eigendaskipti, sérstaklega á stórum fyrirtækjum. Þetta var ágætt.

Hlutafélagaformið getur líka verið ágætt fyrir fyrirtæki sem þurfa að geta brugðist hratt við, eins og sagt er, í fjárfestingum og í fyrirtækjaumhverfinu. Þetta var okkur reyndar sagt í aðdraganda hlutafélagavæðingar Landssímans. Síðan þekkja allir framhaldið þegar ný stjórn fór að braska með hluti þjóðarinnar og töpuðu í einu slíku ævintýri hálfum milljarði á fjárfestingaræintýri í Bandaríkjunum. En þetta var þá sagt til þess einmitt að auðvelda Símanum að höndla á markaði.

Er það þetta sem við sækjumst eftir með Ríkisútvarpið? Að það sé sveigjanlegt að þessu leyti? Að það geti staðið í fjárfestingum eins og fyrirtæki á markaði? Er það það sem við sækjumst eftir? Hvað er það í sveigjanlegu formi hlutafélagsins sem menn sækjast eftir þegar Ríkisútvarpið er annars vegar?

Okkur er sagt við þessa umræðu, og það fullyrðir hæstv. menntamálaráðherra, að það standi ekki til að Ríkisútvarpið færi sig inn á svið þar sem önnur fyrirtæki eru að sýsla. Það beri meira að segja að reisa múra hvað það snertir, að hafa landamærin skýrari. Ég er ekki sammála ráðherranum hvað þetta varðar en þetta voru röksemdir sem fram komu þar. Með öðrum orðum þá er ekki verið að tala um sveigjanleika fyrir fyrirtæki sem markaðsfyrirtæki sem er að fást við fjárfestingar að færa út kvíarnar eða taka markaðsákvarðanir. Hvað er það þá í þessum sveigjanleika sem menn sækjast eftir? Menn verða að færa rök fyrir máli sínu.

Ég spurði talsmann Framsóknarflokksins ítrekað við umræðuna í dag, hv. þm. Hjálmar Árnason, hvað það væri nákvæmlega í sveigjanleikanum sem hann ætti við. Ef það eru ekki fjárfestingar, ef það er ekki sókn inn á ný markaðssvæði eða ný athafnasvæði, hvað er það sem menn þurfa að geta tekið skjótar ákvarðanir um? Eru það ekki mannahöldin? Það skyldi þó aldrei vera í mannahaldinu. Að þeir sem ráða yfir mannahaldinu hjá þessari stofnun geti ráðið og rekið óhindrað án þeirra kvaða sem hvíla á þeim vegna þess að þeir reka opinbera stofnun. Þá erum við að tala um réttarstöðu opinberra starfsmanna. Þá erum við að tala um kvaðir á borð við þær að forstjóri geti ekki sagt starfsmanni upp nema að tilgreina ástæður, nema að veita honum áminningu. Er það þetta sem þarf að fara? Er það þetta í samningum opinberra starfsmanna sem þarf að eyðileggja til að skapa forstjóranum meiri sveigjanleika í starfi til að hann geti farið sínu fram?

Ég hef velt því fyrir mér þegar ég hef hlustað á fólk sem talar fjálglega um að það sé að halda á vit framtíðarinnar í framfarasókn fyrir þessa stofnun. Getur verið að þetta eigi að gera á kostnað starfsfólksins? Að veikja og grafa eigi undan réttindum þess? Ætla Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn að standa sameiginlega að þessari aðför gegn starfsfólkinu? Er það með þeim hætti sem á að skapa sveigjanleika í hinu nýja hlutafélagi? Getur það verið? Er sveigjanleikinn fólginn í því að draga úr öðrum réttindum einnig?

Fram kemur í frumvarpinu að biðlaunaréttur sem er skilgreindur í almennum lögum er skertur. Lífeyrisréttindin rýrna í frumvarpinu. Nýráðnir starfsmenn fá ekki heimild til að fara í A-deild LSR sem þeir hafa núna. Það dregur þannig úr réttindum þeirra. Starfsmenn sem fara til starfa hjá hinu nýja hlutafélagi geta ekki tekið eftirlaun úr B-deild lífeyrissjóðsins þegar þeir hafa aldur til, samhliða starfi, eins og þeir geta hjá Símanum. Þetta er skerðing frá almennum lögum. Þarna er verið að skerða almenna réttarstöðu.

Er það þetta sem menn eru að grobba sig af og stæra sig af, þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins? Eruð þið svona stoltir af þessari aðför gagnvart starfsmönnum að rýra réttarstöðu þeirra? Getur það verið að mönnum finnist það horfa til framfara að setja þessa stofnun undir flokkspólitískt vald, ríkisstjórnarvaldið hverju sinni? Vegna þess að útvarpsráð á að endurspegla stjórnarmeirihlutann hverju sinni. Það er þetta pólitíska útvarpsráð sem á að ráða alvald í stofnunina sem einn ræður og rekur starfsfólk og ræður yfir allri dagskrárgerð.

Finnst mönnum þetta horfa til framfara? Ætlast menn til þess að við tölum ekkert um þetta? Eru menn að tala um að það sé málþóf þegar á þessar röksemdir er bent? Finnst mönnum það líka vera léttvægt þegar samtök sem eru stofnuð til að verja hag Ríkisútvarpsins, Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins, vara við þessu og biðja Alþingi að falla frá þessum áformum? Er það léttvægt? Á ekki að hlusta á slík rök? Eru menn ekki reiðubúnir að horfa á og ræða aðra valkosti í stöðunni?

Ég hef árum saman og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þingmenn í stjórnarandstöðunni úr öðrum flokkum talað fyrir því að stjórnsýslunni í Ríkisútvarpinu verði breytt á ýmsa lund. Það er hægt að gera það án þess að skerða réttindi starfsfólksins. Án þess að fela einum manni alræðisvald yfir öllu mannahaldi og allri dagskrárgerð í stofnuninni sem síðan á að fjármagna með lögbundnum lögþvinguðum skatti. Það er nöturlegt að hlusta á postula frjálshyggjunnar á Alþingi, hina ungu þingmenn Sjálfstæðisflokksins, tala fyrir nefskattinum. Lögþvinguðum nefskatti í stofnun sem verið er að færa frá almenningi en ekki lengra inn í faðm almannavaldsins. Þetta er ekki lýðræðisleg hugsun. Þetta er aldeilis ekki lýðræðisleg hugsun.

Hvaða hugmyndir höfum við til úrbóta? Áður en ég kem að þeim vil ég reyndar minna á annan þátt sem hefur nokkuð borið á góma í umræðunni og það er fjárhagsleg staða Ríkisútvarpsins. Þegar gengið hefur verið á þingmenn stjórnarmeirihlutans og þeir spurðir hvort þeir vilji styrkja hag Ríkisútvarpsins þegar til lengri tíma er litið, við erum ekki að tala þá um skammtíma ávinning af sölu eigna, heldur til lengri tíma litið, þá er svarið að það standi hreinlega ekki til. Við heyrum hins vegar hæstv. menntamálaráðherra tala fyrir því og tekið er undir það af öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins kunni að verða skertar. Fjárhagurinn verði með öðrum orðum rýrður. Það verði minni peningar til ráðstöfunar en nú er. Hins vegar er bent á það á móti að þetta verði rekið á svo hagkvæman hátt, væntanlega þegar búið er að reka þá sem ekki eru þóknanlegir, að það verði meira af þeim sökum til ráðstöfunar. Með öðrum orðum. Framhald verði á bágri og rýrnandi fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Hún hefur

stórlega rýrnað á undanliðnum áratug að raungildi og það hefur endurspeglast í minna mannahaldi. Ríkisútvarpið hefur sagt upp fjölda starfsmanna til að laga sig að nýjum fjárhagsaðstæðum.

Það er margt sem ég vildi gera að umræðuefni hér en því miður hef ég ekki nema 20 mínútur í þessari seinni umferð og á ekki nema rúmar 5 mínútur eftir. Ég hefði viljað fara út í samanburðinn við önnur lönd. Við BBC sem byggir á tæplega aldargömlum sáttmála sem er endurnýjaður til 5 og 10 ára eftir atvikum, ég man ekki hvert árabilið er nákvæmlega, þar sem byggt er á þverpólitískri sátt um ríkisútvarp Breta.

Við fyrri umræðu hér sem fékk þá einkunnagjöf frá stjórnameirihlutanum að hefði flokkast undir málfþóf fór ég í gegnum þennan sáttmála og þá umræðu sem fram hefur farið í Bretlandi um þessi mál og er mjög gagnleg fyrir umræðuna hér. Það væri gagnlegt fyrir stjórnarmeirihlutann sem ætlar að ana út í þetta fen að kynna sér þetta og líka fyrirkomulagið á Norðurlöndum. Fyrirkomulagið hjá Danmarks Radio sem er ríkisstofnun. Sú stofnun á Norðurlöndum sem hefur haft mestan árangur í sölu á útvarps- og sjónvarpsefni um allan heim. Ríkisstofnun sem gerði samning við ríkið án þess að vera stillt upp við vegg og sagt að því aðeins yrði samningur um dagskrárgerð staðfestur að stofnunin yrði gerð að hlutafélagi. Það fengum við að heyra hér. Það var ekkert slíkt upp á teningnum í Danmörku.

Í Svíþjóð og Noregi er kappkostað að stjórn stofnunarinnar endurspegli ekki stjórnarmeirihlutann. Allt þetta er forsómað hér heldur bara anað áfram. Menn sem kenna sig við frjálshyggju fallast á að setja stofnunina undir pólitískan hæl sem endurspeglar stöðuna í Stjórnarráðinu hverju sinni. Þessi pólitíski stjórnarmeirihluti ræður og getur rekið þann mann sem einn fer með völdin í þeirri stofnun. Ræður starfsfólkið, rekur það að vild og hefur einn yfirvald yfir dagskrárgerðinni.

Hvers konar fornaldarhyggja er þetta eiginlega? Getur verið að það sé þingmeirihluti fyrir þessari ráðstöfun? Því miður þá óttast ég það því dæmin náttúrlega hræða. Við erum búin að sjá mjög gallaða lagasetningu fara í gegn vegna þess að stjórnarmeirihlutinn í þingsalnum virðist ganga svipugöngin og hlíta þeim fyrirskipunum sem koma héðan frá þessum bekk, ráðherrabekknum.

Hvaða úrræði höfum við fram að færa? Ég sakna þess að fá ekki að ræða það við þessa umræðu. Við getum vikið að frumvarpi okkar en síðan ekki söguna meir. Síðan er það látið frjósa í þingsalnum og fær ekki að fara út með frumvarpi ríkisstjórnarinnar til umsagnar. Það er dapurlegt. Við gerum tillögu um veigamiklar breytingar á stjórnsýslukerfi Ríkisútvarpsins. Við færum rekstrarákvarðanir inn í stofnunina. Höggvum þar í því tilliti á hin pólitísku tengsl. Við gætum að því, að þegar um er að ræða stöður sem lúta að dagskrárgerðinni komi að því fleiri en einn maður. Þá komi framkvæmdastjórnin að því máli og fleiri. Það er líka aðkoma starfsmanna. Nokkuð sem Norðurlandafólkið tryggir kirfilega í lagasetningu sinni. Við tryggjum líka aðkomu utan úr þjóðfélaginu á miklu víðari hátt en gert er í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Við köllum til fulltrúa frá Samtökum listamanna. Frá sveitarfélögunum í landinu. Við viljum horfa til landsins alls. Við horfum til Neytendasamtakanna og starfsmanna Ríkisútvarpsins í dagskrárráði, sem er fyrst og fremst ráðgefandi, hefur ekki völd, en er fyrst og fremst hugsað sem vettvangur, veita utan úr samfélaginu inn í þessa stofnun.

Ég hef orðið var við það að þær tillögur sem við höfum fram að færa fá góðan hljómgrunn með þjóðinni og einnig innan stofnunarinnar. Það á einnig við um hugmyndir okkar um fjármögnunina sem við viljum tengja fasteign. Við höfnum algerlega nefskatti ríkisstjórnarinnar sem hér hefur verið talað fyrir fjálglega af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. (Forseti hringir.) Sigurður Kári Kristjánsson og hæstv. menntamálaráðherra hafa talað fyrir því að settur verði nefskattur til að fjármagna (Forseti hringir.) stofnun sem verið er að færa frá almenningi en ekki til almennings eins og efni hefðu verið til að gera.

[18:20]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Við 1. umr. um lög um Ríkisútvarpið hafa alvarlegustu ágallarnir á frumvarpinu dýpkað mjög. Það hefur verið dregið fram í dagsljósið hve margir og alvarlegir ágallar eru á frumvarpinu og hve fjarri við erum því að ná einhverri pólitískri sátt um starfsemi Ríkisútvarpsins. Pólitískri sátt sem hlýtur að vera grundvöllur þess að ríkið haldi úti fjölmiðli á ljósvakamarkaði, haldi úti útvarpi og sjónvarpi.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson fjallaði hér um BBC, breska útvarpið, en um það hefur ríkt pólitísk sátt. Í öllum þeim hörðu átökum og öllu því mikla róti sem hefur verið í breskri pólitík síðustu tvo, þrjá áratugina, hefur alltaf ríkt sátt um starfsemi BBC.

Hér gegnir allt öðru máli um Ríkisútvarpið þar sem það er af Sjálfstæðisflokknum gert að pólitísku bitbeini, pólitísku átakamáli og því teflt inn í miðjan eld pólitískra átaka ár eftir ár þvert ofan í grimmúðleg átök um löggjöf um fjölmiðla þar sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar var rekin heim og nánast lögð í pólitíska rúst á þeim tíma — sem sér ekki fyrir endann á enn þar sem átökin um það mál voru svo áköf og hatröm hér í samfélaginu.

Í stað þess að draga af því lærdóm og fara þá leið að ná sátt um nýjan ramma utan um starfsemi Ríkisútvarpsins, að vinna það á breiðum pólitískum grunni, koma hér inn í þingið með mál sem væri búið að leiða til lykta að einhverju leyti áður, ná sátt um rekstrarformið, ná sátt um fjármögnunina, ná sátt um hlutdeildina á auglýsingamarkaði, ná sátt um alla þessa stóru hluti, ná sátt um inntak almannamiðilsins, í stað þess var málinu teflt inn í þingið aftur og aftur og ár eftir ár inn í harkaleg pólitísk átök. Það stefnir allt í nýjan ófrið um Ríkisútvarpið sem verður jafnvel enn harðari og átökin enn meiri en í fyrra og árið þar áður.

Alvarlegustu ágallarnir við þetta frumvarp um Ríkisútvarpið snúa í fyrsta lagi að rekstrarforminu. Það hefur ekki verið sýnt fram á, hvorki af hæstv. menntamálaráðherra, hv. formanni menntamálanefndar, eða formanni þingflokks framsóknarmanna, sem hér hefur talað fyrir hönd framsóknarmanna í umræðunni, að þetta rekstrarform hafi nokkra þá kosti til að bera að það henti utan um almannaþjónustu á borð við Ríkisútvarpið. Enga. Nema þá að það sé auðveldara að ráða og reka fólk. Enga aðra kosti.

Þvert á móti hefur rökunum fjölgað fyrir því að það fyrirkomulag sem nú er um rekstur á Ríkisútvarpinu henti því miklu betur, að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun heldur en að gera það að hlutafélagi. Engin rök hafa komið fram við það, hvorki í ræðuhöldum né í beinum andsvörum eða beinum spurningum um þetta mál. Og því síður nein pólitísk réttlæting á því að svo sé fram stigið nema þetta sé áfangi að þeirri leið að einkavæða og selja Ríkisútvarpið, alla vega af hálfu sjálfstæðismanna. Og Framsóknarflokkurinn hafi fallist á að fara með í leiðangurinn að hálfu leyti, að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. En lengra yrði ekki gengið í bili af þeirra hálfu. Þetta er að mínu mati, af hálfu sjálfstæðismanna, fyrsta skref í átt að sölu enda eru sölumennirnir í Sjálfstæðisflokknum fjöldamargir og hafa verið háværir hér áður í umræðunni þó lítið hafi heyrst frá þeim núna.

Þá tel ég að nefskatturinn sé versta hugsanlega leiðin við fjármögnun Ríkisútvarpsins. Versta leiðin er valin og um það hefur engin umræða farið fram. Fjöldamargar leiðir koma til greina. Það hefur verið bent á að tengja þetta fasteignagjöldum. Það hefur bent á þá leið að setja stofnunina á fjárlög þar sem gerður er samningur til fimm til tíu ára. Það hefur verið bent á að gömlu afnotagjöldin, eins umdeild og þau nú eru, eru líklega mun betri kostur en nefskattur. Ég held að nefskattur eigi eftir að auka enn á ófriðinn um Ríkisútvarpið, minnka þá sátt sem er um það og ala á því að fólki finnist óþarfi að setja í þetta fjármagn með þessum hætti.

*Nefskattur er versta leiðin.* Það hlýtur að verða tekið til endurskoðunar í nefndinni. Nú fer frumvarpið væntanlega í þriðja sinn úr 1. umr. inn í menntamálanefnd til meðferðar þar, þar sem málið hefur tekið talsverðum breytingum á köflum. Hlaupið hefur verið úr einu víginu í annað hvað varðar rekstrarform á Ríkisútvarpinu eins og frægt er. Því er ekki vonlaust að í vinnu nefndarinnar verði nefskattsleiðin nú tekin til alvarlegrar umræðu enda eru formælendur þeirrar leiðar ákaflega fáir og mjög grunnt á stuðningi þeirra sjálfstæðismanna sem fyrir nefskattinum tala hér í þinginu, t.d. hv. formanns menntamálanefndar hér fyrr í dag. En það var mjög erfitt að henda reiður á því af hverju hann var að mæla fyrir nýjum nefskatti sem fjármögnunarleið til að fjármagna Ríkisútvarpið. Nefskattur er afleit leið, versta hugsanlega leiðin til að fjármagna stofnunina og frá henni á að hverfa.

Þá hef ég gert að umtalsefni við 1. umr. að það á að stíga skref í þá átt að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Við vísum í stofnanir eins og BBC þar sem slíkt er gert með góðum árangri. Það er enn mikilvægara að gera það hér. Við eigum að styðja við og mæta frjálsum fjölmiðlum með sanngirni. Við verðum að gefa þeim svigrúm á markaði til að öðlast rekstrarforsendur. Besta leiðin til að gera það er að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins – sjónvarps á auglýsingamarkaði.

Ég held að það væri ekki vænlegur kostur að taka Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði. Þá væri stofnuninni allt of þröngur stakkur sniðinn. Allt of stór hluti tekna Ríkisútvarpsins hyrfi og því væri erfitt eða útilokað að mæta nema með gífurlegum niðurskurði á rekstri og umfangi. En það er hægt að mæta kröfum um hlutdeild á auglýsingamarkaði með nokkuð skýrum hætti án þess að stofnunin verði fyrir tjóni þannig að hægt sé að mæta því með öðrum hætti. Enda hlýtur endurskilgreining á rekstri útvarpsins og inntaki að þurfa að eiga sér stað samhliða því þannig að Ríkissjónvarpið sé fyrst og fremst að miðla fréttum, fræðslu, innlendu leiknu efni og stuðla að framleiðslu á leiknu íslensku sjónvarpsefni í stað þess að funkera eins og léleg vídeoleiga á köflum, þar sem obbinn í sjónvarpsdagskránni er annars flokks ameríkst sjónvarpsefni sem stendur ekki undir neinu nafni. Þannig að inntakið hlýtur að vera undir líka og til gagngerrar endurskoðunar.

Ég spurði hv. formann menntamálanefndar, frjálshyggjumanninn Sigurð Kára Kristjánsson, að því hver væru rökin fyrir nefskattinum og hver væri hin pólitíska réttlæting á að ríkið héldi úti jafnöflugum fjölmiðli, dómerandi yfir íslenskan fjölmiðlamarkað, án þess að takmarka eitthvað á móti umsvif stofnunarinnar á auglýsingamarkaði, til að gefa einkareknu miðlunum eðlilegt og sanngjarnt svigrúm til að öðlast rekstrarforsendur. Hv. formaður menntamálanefndar, mér til undrunar, tók nokkuð undir að takmarka ætti umsvif Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaði. Ef ég skildi hann rétt og túlkaði orð hans rétt mundi hann taka það upp í menntamálanefnd eftir 1. umr. um málið þegar það kæmi til meðferðar nefndarinnar að það yrði skoðað í nefndinni að hlutdeild og umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði yrði takmörkuð.

Ég held að það væri eitt skref í þá átt að ná sátt um starfsemi Ríkisútvarpsins. Við þurfum líka að ná sátt við einkareknu ljósvakamiðlana. Þeir starfa á þessum litla og þröngu markaði. Ég tel mjög nauðsynlegt að hér séu reknir öflugir einkamiðlar á ljósvakamarkaði við hliðina á Ríkisútvarpinu. Við verðum að mæta þeim af sanngirni. Besta leiðin til þess er að takmarka umsvif útvarpsins á auglýsingamarkaði. Það held ég að sé langbesta leiðin. Forskotið er mikið sem ríkismiðillinn nýtur við hliðina á einkareknu miðlunum. Afnotagjöldin í dag, sem breytast því miður í nefskatt ef þetta frumvarp nær fram að ganga, eru þvílík meðgjöf að erfitt er fyrir einkarekinn miðil að starfa við hliðina á því og ná samkeppni á þeim forsendum þegar ríkismiðillinn hefur líka ótakmörkuð umsvif á auglýsingamarkaði og getur notað ríkisfé til að styrkja stöðu sína enn frekar í þeirri samkeppni. Bjóða niður auglýsingar, bjóða í efni, hirða efni frá einkareknu miðlunum. Ég tel það gífurlega mikilvægt til að styrkja stöðu íslenskra fjölmiðla að efla stöðu einkareknu miðlanna með þessum hætti. Sérstaklega sker það í augun hvernig Sjálfstæðisflokkurinn gengur fram í að brjóta Ríkisútvarpið undir pólitíska járnhæl flokksins. Það er dapurlegasti kaflinn í frumvarpinu.

Eins og vakin var rækileg athygli á í umræðunni í dag og í gær er lagt til að kjósa skuli árlega á Alþingi í stjórn hins nýja hlutafélags, Ríkisútvarpsins ohf. Með því móti er verið að setja slíkt pólitískt kverkatak á stofnunina að stjórnandi hennar, sem ráðinn er beint af menntamálaráðherra, yrði undir þann pólitíska járnhæl settur að þurfa árlega að sæta því að kosin sé ný stjórn í stað þess að kosið sé til margra ára í stjórnina þannig að það skarist við kjörtímabil o.s.frv. Það eru til margar mjög auðveldar og færar leiðir til að koma í veg fyrir og girða fyrir þá gröfu og óeðlilegu pólitísku íhlutun sem hér er lögð til.

Það er grafalvarlegt fyrir lýðræðið þegar lagt er til af sitjandi meiri hluta að pólitísk íhlutun, pólitísk tök meiri hluta hverju sinni á Ríkisútvarpinu sem gegnir grundvallarhlutverki í lýðræðinu á Íslandi, gegnir mjög mikilvægu hlutverki við að miðla fréttum, miðla upplýsingum utan úr samfélaginu til almennings. Þetta er fjölmiðillinn sem við getum gert skýlausa kröfu til um hlutlausan fréttaflutning og umræður um stjórnmálin á hverjum tíma sem við getum ekki gert með sama hætti til einkarekinna miðla eða með allt öðrum hætti. Það þarf að ná sáttmála við frjálsa fjölmiðlun í landinu, það þarf að ná sátt við þjóðina um rekstur Ríkisútvarpsins og þá miklu peninga sem varið er af almannafé til reksturs útvarpsins á hverju ári.

Með þessu máli er verið að rjúfa þá sátt. Verið er að efna til pólitísks ófriðar um Ríkisútvarpið, sama hvar borið er niður í málinu, hvort heldur það er rekstrarformið — hlutafélagaformið á ekki við um rekstur á Ríkisútvarpinu að mínu mati, þá almannaþjónustu sem það innir af hendi, nefskatturinn sem er versta leiðin eða að takmarka hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Að mínu mati er verið að stíga skref í átt að sölu, sölumenn Sjálfstæðisflokksins eru að stíga skref í þá átt að einkavæða Ríkisútvarpið. Það dylst engum sem skoðar.

Það er grátlegt hvernig búið er að brjóta Framsóknarflokkinn á bak aftur í þessu máli, niðurlægja flokkinn og gera hann að því pólitíska rekaldi í málinu sem raunin er. Fyrir tveimur árum fullyrtu talsmenn Framsóknar við umræðuna um frumvarpið þá, þegar lagt var til að Ríkisútvarpið yrði sameignarfélag, að það kæmi aldrei til álita af þeirra hálfu að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Það væri að þeirra mati skref hægri mannanna í Sjálfstæðisflokknum í átt til þess að selja Ríkisútvarpið, sem kæmi heldur aldrei til greina að þeirra mati. Ég legg fullan trúnað á að það er enginn vilji innan Framsóknarflokksins til að selja Ríkisútvarpið eða einkavæða það en það er ríkur vilji innan Sjálfstæðisflokksins til að selja Ríkisútvarpið og einkavæða. Frumvarp þriggja áhrifamikilla þingmanna í Sjálfstæðisflokknum, hv. þingmanna Birgis Ármannssonar, Péturs Blöndals og Sigurðar Kára Kristjánssonar, í þá veru færir að sjálfsögðu heim sanninn um það. Ég held að sá málflutningur njóti almenns stuðnings innan Sjálfstæðisflokksins þó að það séu örugglega undantekningar á því líka. Það er verið að stíga skref í þá átt að selja og einkavæða Ríkisútvarpið af hálfu sjálfstæðismanna og Framsóknarflokkurinn er að gefa eftir að hluta.

Þetta mál er allt hið sorglegasta að því leyti til að áfram er verið að tefla Ríkisútvarpinu inn í pólitískan ófrið. Hér er verið að takast á um grundvallarmál. Við erum að takast á um grundvöll lýðræðisins á Íslandi. Ríkisútvarpið gegnir þar miklu og ríku hlutverki. Verið er að tefla því í óvissu. Það er verið að brjóta það enn frekar undir pólitískan hæl Sjálfstæðisflokksins sem ætlar sér að deila þar og drottna og styrkja stöðu sína í framtíðinni til að hafa þar öll tögl og hagldir. Engin boðleg rök hafa komið fram fyrir því af hverju lagt er til að Ríkisútvarpið verði hlutafélag nema að það auðveldi sölu síðar, að það sé skref í átt að sölu. Sölumennirnir í Sjálfstæðisflokknum hafi unnið þar áfangasigur.

Þetta eru alvarlegustu ágallarnir á frumvarpinu sem gera það enn og aftur að því pólitíska bitbeini sem reyndin er. Líklega er 1. umr. um Ríkisútvarpið í dag og í gær að verða með lengri fyrstu umræðum um nokkurt mál um árabil og gefur það sterkar vísbendingar um það ósætti sem er í þinginu um málið og hve langt er frá því að nokkur sátt hafi náðst um Ríkisútvarpið sem hlýtur að vera alger grundvallarforsenda.

Það dylst engum að hægt er að ná sátt um Ríkisútvarpið en Sjálfstæðisflokkurinn virðist ekki hafa haft neinn áhuga á að ná sátt um málið. Því er teflt inn í þingið aftur og aftur inn í eldinn miðjan. Málið versnar frekar en batnar á milli ára og lítið tillit er tekið til athugasemda um alvarlegustu meinsemdirnar á málinu í umræðunni á hverjum vetri. Og þá hljótum við að líta sérstaklega til þess við þessa umræðu, og kalla eftir miklu skýrari svörum frá talsmönnum meiri hlutans á Alþingi, forustumönnum ríkisstjórnarinnar, af hverju nefskattsleiðin er valin til að fjármagna Ríkisútvarpið til framtíðar. Það er sú fjármögnunarleið þar sem erfiðast er að koma með einhver jöfnunaráhrif inn eftir því hvernig efnalega er ástatt hjá fólki. Þetta er almennt óvinsæll skattur og til eru mörg fræg dæmi um hve umdeildur slíkur skattur er. Verði skatturinn settur á með þeim afleiðingum að hann verði óvinsæll og umdeildur verður það til þess að rýra traust almennings á Ríkisútvarpinu og búa í haginn fyrir þá sem vilja selja það og einkavæða. Það skapar þann jarðveg úti í samfélaginu að rekstur þess verði óvinsæll meðal fólks og almenningur finni fyrir rekstrinum með óþægilegum hætti. Það er miklu farsælla að mínu mati að setja stofnunina á fjárlög. Það eru a.m.k. margar aðrar leiðir sem hægt er að skoða til að finna Ríkisútvarpinu heppilega fjármögnunarleið til framtíðar þannig að rekstur þess sé tryggur og öruggur og sátt milli þjóðarinnar og Ríkisútvarpsins um fjármögnun stofnunarinnar.

Ágallarnir á málinu eru því fjölmargir og þeim fer ekki fækkandi á milli þeirra orrusta sem hér eru háðar ár eftir ár um Ríkisútvarpið. Það er leitt hvernig hæstv. menntamálaráðherra kýs að koma með málið inn í þingið aftur og aftur án þess að freista þess að ná víðtækri pólitískri sátt um það. Því skiptir varla miklu máli hvort það taki nokkra mánuði í viðbót að vinna slíkt mál.

Það er hægt að ná sátt um Ríkisútvarpið. Þetta er ekki leiðin til þess, þetta er leið til að skapa enn þá meiri ófrið um rekstur þess. Það er verið að gera það að pólitísku bitbeini. Átakapunktarnir eru svo margir í málinu, hvort heldur það er rekstrarformið, hlutdeildin á auglýsingamarkaði, sölumennskan í Sjálfstæðisflokknum um Ríkisútvarpið, nefskatturinn sem er versta hugsanlega leiðin eða sú fráleita tillaga að ætla að setja þessa almannaþjónustu inn í hlutafélag í stað þess að skoða mjög vandlega og ítarlega þá leið að mynda sjálfseignarstofnun utan um rekstur stofnunarinnar sem hefur reynst svo vel í rekstri á ýmiss konar almannaþjónustu á Íslandi. Það er undrunarefni hvers vegna hæstv. ráðherra og meiri hlutinn hafa ekki lagt það til.

[18:40]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það er mér sönn ánægja að koma hér og halda ræðu um þetta þingmál sem hæstv. menntamálaráðherra flutti hér. Ekki síst eftir að hafa hlustað á þær skel-

eggu ræður sem félagar mínir í stjórnarandstöðunni fluttu fyrr í dag og fyrr í þessari umræðu.

Það er alveg ljóst að hæstv. menntamálaráðherra leggur gríðarlegt kapp á að koma þessu máli í gegn. Það má velta því fyrir sér hvers vegna. Í þessari umræðu, sem og í þeim mörgu umræðum sem áður hafa farið fram um málið, höfum við gengið mjög harkalega eftir því að fá þau rök sem hæstv. ráðherra hefur væntanlega fyrir þessari þvergirðingslegu afstöðu sem virðist marka allt hennar far. Okkur hefur ekki enn þá tekist að fá fram neitt sem hægt er að kalla haldbæran rökstuðning fyrir þessu máli.

Það virðist, frú forseti, að það sé orðið að persónulegu metnaðarmáli hæstv. ráðherra að ná fram máli, ekki bara af því að það er þetta mál, heldur að ná fram einhverju máli. Hæstv. menntamálaráðherra, sem er varaformaður Sjálfstæðisflokksins, þarf með einhverjum hætti að setja spor sín á þetta kjörtímabil. Hún hefur verið ráðherra núna í hátt á þriðja ár og enn þá hefur henni ekki tekist að ná fram neinum málum hér sem máli skipta. Ástæðan er auðvitað sú, sem við sjáum speglast í þessu máli, að undirbúningur hæstv. ráðherra er einfaldlega ekki nógur góður. Það sem liggur þessu máli hæstv. ráðherra til grundvallar sýnir handarbakavinnubrögðin og hversu illa er að verki staðið.

Þetta er í þriðja skipti, frú forseti, sem þetta mál er lagt hér fram af hálfu hæstv. ráðherra. Í fyrsta skipti sem málið var lagt fram kom náttúrulega í ljós að það var svo illa undirbúið að flestir, meira að segja hennar eigin stuðningsmenn í liði stjórnarinnar, urðu að lokum sammála um að það þyrfti að endurbæta og endurgera málið. Þegar það kom til þingsins í fyrra í annað sinn blasti því miður við að hæstv. ráðherra hafði einfaldlega ekki unnið heimavinnuna sína. Hér spurðu menn um lykilatriði aftur og aftur í umræðunni, svo sem eins og það hvernig fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins væri háttað. Það voru engin svör þá. Hæstv. ráðherra hafði ekki undirbúið málið þannig að hún gæti greint þingheimi frá því hver staða Ríkisútvarpsins væri þegar hið væntanlega hlutafélag yrði að veruleika. Það er auðvitað harður áfellisdómur yfir ungum ráðherra að leggja fram svo veigamikið mál en hafa unnið heimavinnuna svo slælega.

Maður skyldi ætla, frú forseti, að þegar málið er lagt fram enn einu sinni liggi staðreyndir sem þessar fyrir. Mér þótti þess vegna einkar mikilvægt þegar talsmaður Samfylkingarinnar í ríkisfjármálum kom hér í umræðuna í gær og spurði hæstv. ráðherra einfaldra spurninga um hver skuldastaða og eiginfjárstaða Ríkisútvarpsins væri. Við því fengust engin svör. Engin önnur svör en þau að tryggt yrði að eiginfjárhlutfall yrði 10–12%. Það var ekki hægt að greina þinginu frá því hvað þyrfti að leggja Ríkisútvarpinu til mikið fé til að það hlutfall næðist.

Er hægt að draga aðra ályktun af því en að hæstv. ráðherra hafi einfaldlega ekki gert reka að því að láta reikna það út? Má draga þá ályktun af því að það sé óljóst í menntamálaráðuneytinu hversu mikið þarf að leggja þessu fyrirtæki til af fé skattborgaranna til að hægt sé að fullyrða að hlutfall eigin fjár við stofnun hlutafélagsins næmi þessari tölu, 10–12%? Um það vitum við ekki neitt.

Við sem erum kjörnir fulltrúar landsmanna, og eigum að fara vel bæði með stofnanir þeirra og fjármagn þurfum auðvitað að hafa einhverjar ákveðnar grundvallarupplýsingar í höndunum til að geta dregið okkar ályktanir, til að geta með einhverjum hætti metið stöðu fyrirtækis af þessu tagi. Það er eiginlega lágmarkskurteisi gagnvart þinginu að málið sé búið í hendur þess með þeim hætti að hægt sé að taka rökrænar ákvarðanir á grundvelli gagnanna sem fyrir eru lögð.

Svo er þó ekki, frú forseti. Það eru slík vinnubrögð sem hafa sí og æ markað farveg alls þessa máls. Þetta er ástæðan fyrir því að hér hefur ekki tekist að ná málinu í gegn. Sú vinna sem þarf jafnan að hafa verið unnin, svo menn séu að minnsta kosti sáttir við vinnuna, hún hefur ekki verið unnin af hálfu hæstv. ráðherra sem leggur málið fyrir. Þetta er með algerum ólíkindum og að því leyti til verður að segja að þessi vinna sker sig algerlega frá vinnubrögðum annarra ráðherra.

Við sem höfum fylgst náið með þessu máli höfum líka tekið eftir því að það tekur stöðugum breytingum. Málið er gjörbreytt frá því sem það var þegar það kom fyrst inn í þingið. Það breytir ekki hinu að okkur skortir enn þá röksemdirnar fyrir því að þetta sé endilega það rekstrarform sem allt standi og falli með.

Staðreyndin er sú að Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með menntamálin í áratugi með undantekningu örfárra ára þegar Svavar Gestsson, merkur stjórnmálamaður af vinstri vængnum, réð fyrir þeim málaflokki.

Á þeim tíma hefur Sjálfstæðisflokknum tekist að búa svo um hnúta að fjárhagur fyrirtækisins, þessa merkilega almannafyrirtækis, er nánast í rúst. Ég tel að það skipti máli í umræðunni. Ekki bara sökum þeirra atriða sem ég rakti hér áðan heldur vegna þess að ég segi það alveg hreinskilnislega, ég gruna Sjálfstæðisflokkinn um græsku.

Ég tel að það frumvarp sem hér er verið að leggja fram sé fyrsta skrefið að því að Ríkisútvarpið verði selt í bútasölu. Það þýðir ekkert fyrir ágæta þingmenn Framsóknarflokksins, sem ég bæði virði og skil að eru í þröngri stöðu, að koma hingað og halda því fram að Ríkisútvarpið verði ekki selt vegna þess að inn í frumvarpið er búið að setja lagagrein sem segir að ekki sé áformað að selja það. Við höfum séð það gerast áður. Ég hef sjálfur tekið þátt í því hér, í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum, að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækis í hlutafélag og hef gert það á þeirri forsendu að það væri ekki ætlan ríkisstjórnarinnar að selja viðkomandi fyrirtæki. Ég held að það hafi liðið þrjú eða fjögur ár þegar búið var að setja það fyrirtæki í sölu. Þó þar sé um að ræða alls eðlis óskylt fyrirtæki miðað við Ríkisútvarpið þá óttast ég þessa stöðu.

Þegar ég les yfir frumvarpið sem kemur hérna fram í þriðju eða fjórðu útgáfu sé ég að lykilatriðum er ekki breytt. Það kemur enn þá fram í þessu ólukkufrumvarpi að þær skyldur sem lagðar eru á herðar Ríkisútvarpinu felast til að mynda einungis í að reka eina sjónvarps- og hljóðvarpsrás. Við vitum hins vegar í dag samkvæmt könnun sem kom fram í gær að vinsælasta rás Ríkisútvarpsins er Rás 2.

Það vill svo til, frú forseti, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur, aldrei þessu vant, komið til dyranna eins og hann er klæddur og fæddur varðandi Rás 2. Það var tekin ákvörðun um það á landsfundi Sjálfstæðisflokksins fyrir tæpum 11 árum, að stefna að því að selja Rás 2. Er það þá tilviljun að

það er hvergi í gadda slegið í frumvarpinu að það sé m.a. skylda Ríkisútvarpsins að reka slíka rás? Það kemur stundum fram og kom fram á þeim árum í máli forustumanna þáverandi Sjálfstæðisflokksins, tek fram frú forseti, til að vera sanngjarn að það hefur alls ekki komið fram í máli hæstv. núverandi menntamálaráðherra, að sú rás væri að einhverju leyti ómerkari en gamla góða gufan.

Því er hins vegar þveröfugt farið. Ég tel að þar sé um að ræða tvenns konar hljóðvarpsrásir sem gegna báðar, hvor með sínum hætti, ákaflega mikilvægu hlutverki. Rás 1 heldur sannarlega uppi góðri menningarumfjöllun og er oft og tíðum aðdáunarverð. Sömuleiðis vil ég segja það líka að með nýjum sjónvarpsstjóra hefur maður tekið eftir að sjónvarpið, innlend dagskrárgerð og ýmsir þættir hafa batnað. Ber sérstaklega að þakka það. En Rás 2 hefur líka menningarlegu hlutverki að gegna.

Enginn hefur skýrt það jafnvel og minn ágæti flokksbróðir og félagi Jakob Frímann Magnússon, varaþingmaður, sem sat um sinn fyrir nokkrum missirum. Hann er einn af frumkvöðlum í nýgildri tónlist á Íslandi. Hann hefur lýst því mjög vel í ítrekuðum blaðagreinum hversu mikilvægu hlutverki Rás 2 gegnir við að koma á framfæri nýgildri íslenskri tónlist. Við vitum að slík tónlist er að verða útflutningsvara. Hún ber hróður Íslands vítt um álfur. Það er líka menningarleg skylda almannaútvarps að styðja við sköpun slíkrar tónlistar, bæði af sjónarhóli menningar en líka vegna þess að í því felast verðmæti sem breytast í beinharðan pening fyrir íslenskt samfélag.

Þegar við skoðum þetta saman, í fyrsta lagi vilja ákveðins hluta Sjálfstæðisflokksins til að selja Ríkisútvarpið, í öðru lagi þá staðreynd að það er opnað á að Ríkisútvarpið starfræki einungis eina hljóðvarpsrás, í þriðja lagi fjárskortinn sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur kallað yfir Ríkisútvarpið og í fjórða lagi þá peningalegu nauð sem mér finnst blasa við stofnuninni eins og staðan er núna, þá er einboðið að teikna upp tiltölulega nálæga framtíð þar sem hlutafélagið Ríkisútvarpið ohf. bregst við fjárhagsskorti með því að byrja að selja eigur sínar. Hugsanlega yrði byrjað á að selja þær fasteignir sem það á, losa fé þannig og leigja síðan aftur af fasteignafélagi eins og tíðkast.

Í öðru lagi yrði hugsanlega farin sú leið að selja dýrmætar lóðir sem Ríkisútvarpið sannarlega á og er eftirsótt byggingarland. En í þriðja lagi, og hugsanlega hefði ég átt að segja í fyrsta lagi, þá er alls ekki hægt að skjóta neinni loku fyrir það að menn beiti einmitt fjárskortinum sem röksemd til að selja Rás 2. Þá væri uppfyllt hin gamla stefna Sjálfstæðisflokksins sem mörkuð var fyrir 11 árum á landsfundinum 1995, að það ætti að selja Rás 2.

Í þessu samhengi vil ég taka alveg skýrt fram að ég tel að hæstv. menntamálaráðherra sé komin í töluvert öngstræti með þetta mál og þar sé eins konar nauðsynleg og óhjákvæmileg manndómsvígsla hjá hæstv. ráðherra að koma þessu máli í gegn. Það er prófið sem Sjálfstæðisflokkurinn leggur á hana.

Með öðrum orðum. Ég held ekki að hæstv. ráðherra sé haldin þeirri pólitísku kreddu að það þurfi endilega stofnunarinnar vegna, þjóðfélagsins vegna, að koma fyrirtækinu á þetta rekstrarform. Ég held fyrst og fremst að það sem hún lítur svo á að þurfi að gera sé að ná ákveðnu prófi til þess að hún geti færst á milli bekkja í áfangakerfi Sjálfstæðisflokksins. Mér finnst það alvörumál ef það er einhver sérstök innanflokksstaða í Sjálfstæðisflokknum sem gerir það að verkum að hæstv. ráðherra rekur þetta mál áfram af því offorsi sem við höfum séð á síðustu árum og missirum. Því þetta frumvarp er farið að verða gamall draugur, gengur aftur eins og þingdraugurinn sem býr hér uppi á loftinu, fylgir húsinu núorðið. Ég er ekki að segja að það muni fylgja þinginu mjög lengi úr þessu. Í fyrsta lagi vænti ég þess að hæstv. ráðherra, þrátt fyrir allt, sé það vel innrætt og vel gefin að það renni upp fyrir henni að það sé tóm vitleysa að þjösnast áfram með þetta mál. En í öðru lagi vænti ég þess auðvitað að kjósendur í landinu sjái til að það kunni að verða aðrir ráðherrar sem sitji með landsstjórnina í höndum sér að loknum næstu kosningum. Þá er hægt að leiðrétta mistökin sem ágætur hæstv. menntamálaráðherra er að gera núna.

Ég sagði það, frú forseti, og það var mælt í nokkurri einlægni, að ég held að hæstv. menntamálaráðherra sé ekki jafndjúpt sokkin í fen frjálshyggjukreddunnar og margir ágætir félagar hennar í þingflokki sjálfstæðismanna. Meira að segja er hún pólitískt þannig ættuð hugmyndalega að það mætti ætla að hún hefði svona hugsað sig betur um, ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur jafnvel þrisvar, áður en hún lagði út á þessa braut. En hún er komin út á hana. Það er ekkert sem getur bjargað henni af henni núna.

Hún er hins vegar í flokki með mönnum sem eru miklu dýpri í sannfæringu sinni fyrir því að það sé samfélaginu farsælt í fyrsta lagi að setja alla skapaða hluti yfir á hlutafélagaform sem reknir hafa verið sem stofnanir af ríkinu og í öðru lagi að selja þá. Sem betur fer, segi ég, fyrir lýðræðislega umræðu, þá hafa þessir félagar hæstv. ráðherra ekkert verið að fela þetta. Við höfum hér tvo unga og mjög efnilega þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem bókstaflega hafa borið þetta, ekki sem kross, heldur sem djásn um háls sér, þá stefnu að það eigi ekki bara að taka Ríkisútvarpið og gera það að hlutafélagi heldur að selja það. Þeir hafa haft sér til fylgdar gamlan erkibiskup frjálshyggjutrúboðsins, hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem hefur ekki á heilum sér getað tekið eftir að hann missti einkaréttinn á því að vera eini trúboði þessa vonda fagnaðarerindis.

Það vill svo til, frú forseti, að í Sjálfstæðisflokknum eru menn ekki einungis metnir eftir því hversu langt þeir ganga í þessum kreddum heldur eru menn bókstaflega mældir og þeim eru gefin stig á hverju ári. Þá er valinn sá erfðaprins Sjálfstæðisflokksins sem nær lengstu máli að því er varðar erindrekstur fyrir frjálshyggjuna. Það heitir — nú man ég ekki lengur, frú forseti, hvað það heitir hjá Heimdalli, en þar er árlega krýnd frelsishetja. Sá þingmaður sem gengur lengst í að boða þetta fagnaðarerindi einkavæðingarinnar og sölu ríkiseigna.

Löngum sat hv. þm. Pétur H. Blöndal einn að þessu en tveir ungir þingmenn sem nú þreyta mikla prófraun í pólitískri glímu innan Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og hv. þm. Birgir Ármannsson, þeir hafa beinlínis lagt hér fram frumvarp þar sem sagt er svart á hvítu: Ríkisútvarpið skal selt. Þetta er kannski ekki stór hluti af þingflokki sjálfstæðismanna. En hann er öflugur.

Þetta er heldur ekki einangraður skoðanastraumur innan

Sjálfstæðisflokksins. Þetta er óvart stefna sem nýtur í fyrsta lagi stuðnings þess félags sem innan Sjálfstæðisflokksins hefur hvað öflugast starfað frá stofnun, þ.e. Heimdallar. Þetta er í öðru lagi stefna sem hefur verið samþykkt af þingunum sem hæstv. menntamálaráðherra hugsanlega mótaðist af í pólitískri ásku sinni hjá Sambandi ungra sjálfstæðismanna. Við þurfum ekkert annað en að fara yfir söguna til að sjá það að af færibandi þessa stóra og öfluga flokks koma flestir forustumenn Sjálfstæðisflokksins. Það er ekkert óeðlilegt við það. Það er partur af styrkleika flokksins.

En það þýðir hins vegar að innan tíðar skolar hingað á fjörur löggjafarsamkundunnar fleiri þingmönnum sem eru sama sinnis. Ég gæti kannski nefnt tvo sem nú berjast fyrir þingsæti í mínu kjördæmi í Reykjavík og eru líklegir til að ná því máli meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins að komast inn í þessa sali eftir kosningar. Þannig malar tímans tönn og breytir öllu.

Kynslóðirnar sem taka við af þeim sem fyrir eru færa með sér nýja skoðanastrauma. Færa með sér nýja menn og nýja talsmenn. Þeir sem nú eru ungir og eru að slíta sínum sokkaböndum og skóm innan þessarar uppeldisstofnunar Sjálfstæðisflokksins þeir munu, eða hinir bestu í hópi þeirra, að lokum koma hingað.

Við höfum séð það í undangengnum kosningum að þeir sem hafa komið úr þessari grjótkvörn ungíhaldsins hafa verið þessarar skoðunar. Það er ágætt fyrir hæstv. menntamálaráðherra að koma hingað og leggja hönd á enni og segja: Ég sver og ég lofa, það er ekki ætlan mín að selja Ríkisútvarpið. Ég trúi henni. Ég trúi því jafn vel og þegar Tómas lagði höndina í sárið á síðu meistarans forðum að það verði hlutskipti æ fleiri þingmanna Sjálfstæðisflokksins að berjast fyrir þeirri stefnu sem ég tel að þetta frumvarp sé undanfari fyrir. Þegar ég gef hæstv. menntamálaráðherra það að hún sé ekki af þeim hvötum að leggja fram frumvarpið að hún vilji selja Ríkisútvarpið er ég samt sem áður að segja að hún er verkfærið í höndum þeirra ágætu manna sem sjá í þessu tækifæri. Það er helsta ástæðan fyrir því, svo ég segi það undanbragðalaust, að ég er á móti þessu frumvarpi og ég hef verið það frá upphafi. Það er ekkert sem hefur gerst í sögu frumvarpsins sem hefur breytt einhverju um þá afstöðu mína. Það breytir ekki hinu að í lýðræðinu er málum þannig farið að pólitískt kjörinn meiri hluti ræður. Ég hef hins vegar sem hluti af stjórnarandstöðu, sem stjórnarskráin og þingskapalögin hafa líka gefið ákveðin tæki til að leggja með ofurkappi eins þunga áherslu á andstöðu mína við mál og hægt er, minn rétt til að tjá þá djúpu andstöðu mína með því að halda hér örstutta ræðu til að skýra afstöðu mína. Þetta er það sem ég er í grundvallaratriðum á móti.

Ég minnist þess, frú forseti, að ég og slyndra af ágætum þingmönnum úr liði stjórnarandstöðunnar höfum gengið eftir því gagnvart ráðherranum af hverju þessi mikli ofsi er í að fá að samþykkja þetta. Jú, ráðherrann hefur reynt að skýra það fyrir sitt leyti. Skýringarnar má eima niður í eftirfarandi og það er kannski fullmikil einföldun, en samt sem áður þegar ég reyni að eima röksemdirnar kemst ég bara að þessu, að það er nauðsynlegt til að geta sagt upp einhverjum örfáum yfirmönnum á Ríkisútvarpinu sem í dag eru undir beinu boðvaldi eða skipunarvaldi hæstv. ráðherra en ekki útvarpsstjóra. Gott og vel, ég er bara sammála hæstv. ráðherra að í straumlínulagaðri stofnun, sem þarf að geta hreyft sig á markaði og brugðist við samkeppni, þarf að vera sterkur útvarpsstjóri, hann á að hafa mikil völd. Hann á líka að vera verndaður en hann á að hafa mikil völd, hann á að hafa völd til að geta ráðið þá menn í lykilstöður sem hann vill. Það er algjörlega rétt sem fram hefur komið, m.a. að ég hygg hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, að óheppilegt er fyrir þennan strúktúr að hafa menn, undirmenn útvarpsstjóra, sem hann valdar ekki, getur engu um ráðið, menn sem í krafti laga njóta ákveðinnar verndar, það er óþægileg staða. Þess vegna segi ég að það er hægt að breyta lögum og fjarlægja þessar tengingar án þess að breyta rekstrarforminu.

Hæstv. ráðherra segir líka að hlutafélagsformið sé nauðsynlegt til þess einmitt að stofnunin geti brugðist við samkeppni og samkeppnin eykst, er alltaf að aukast. Ég hef haldið því fram að hægt sé að ná þeim sveigjanleika og þessari lipurð sem þarf í reksturinn með því að breyta rekstrarforminu yfir í sjálfseignarfélag. Það er mjög athyglisvert að þegar maður las, ég held 2. útgáfu af frumvarpinu, eftir að það hafði verið gert afturreka frá ESA úti í Evrópu, þá er fjallað um hvaða skilyrði stofnunin þyrfti að uppfylla til að hún næði því að standast alþjóðlegar kröfur og fylgja samningum sem við höfum axlað, og á grundvelli þeirrar skoðunar og þeirrar greinargerðar sem komin var frá ESA — sem tók hv. þm. Mörð Árnason hálfan vetur að rífa með afli og frekju út úr menntamálaráðuneytinu — þá skrifar hæstv. ráðherra eða leggur a.m.k. fram texta í sínu umboði þar sem kemur alveg skýrt fram á tveimur stöðum í greinargerðinni að það stenst skuldbindingarnar sem við höfum undirgengist með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, að reka Ríkisútvarpið sem sjálfseignarfélag í atvinnurekstri.

Að vísu er rétt að á því rekstrarformi er ekki eins mikil reynsla í íslensku atvinnulífi og hlutafélagaforminu. Hlutafélagaformið er mjög vel þekkt, það er lipurt og flest vandamál sem þar koma upp þekkja menn og vita hvernig á að leysa. Það sama gildir líka um sjálfseignarformið. Það hefur verið notað til þess að taka utan um rekstur margra stofnana sem eru í eigu hins opinbera, sem eru í eigu almennings, og um leið að selja það undir einkaréttarrammann. Af því að hér hefur ágætur formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, haft sig nokkuð í frammi og stundum átt svolítið bágt má rifja það upp að sá ágæti þingmaður hlaut einmitt menntun sína í skóla sem var rekinn með því formi. Og einn af þeim ágætu kandídötum sem slást um að vera þingmenn fyrir Sjálfstæðisflokkinn er einmitt kona sem hefur starfað og veitt forustu stofnun sem til skamms tíma var rekin með sama formi. Það hefur ekki tekist að sýna fram á neina þá galla á sjálfseignarforminu sem gera það að verkum að ekki sé hægt að svipta stofnuninni inn fyrir vébönd slíks rekstrarforms.

Þá spyr maður sig auðvitað: Ef það er svo að stjórnarandstaðan gæti fallist á það rekstrarform og ef það er þannig að hæstv. ráðherra getur ekki fellt sig við núverandi rekstrarform og ef í þriðja lagi sjálfseignarformið nær upp þessari lipurð sem þarf í rekstrinum að sögn ráðherra, af hverju sameinast menn þá ekki um það? Af hverju er þá

ekki hægt að búa til sátt um það? Það er af því að hæstv. ráðherra fór öfugt fram úr þegar hún lagði af stað neðan úr ráðuneyti með þetta mál til þingsins. Eða vegna þess að hún hafði ekki hugsað málið til þrautar? Eða, eins og var nú fremur háttalag hennar á þeim missirum þegar hún var hér í upphafi ráðherraæsku sinnar, að henni var bara fjandans sama um alla sátt. Hæstv. ráðherra má að vísu virða það til vorkunnar að hún hefur sem betur fer lært af reynslunni og hún er búin að læra að til þess að ná málum fram þarf stundum að beygja af leið og þá þarf stundum að tala við þá sem örlögin hafa sett í þá stöðu að vera tímabundið fulltrúar minni hluta í samfélaginu, en það breytist skjótt.

Þannig er það sem menn ná málum fram. Þeir kanna hvaða möguleikar eru í stöðunni, þeir skoða andstæð sjónarmið og þeir reyna að sverfa og hefla til og athuga það hvort hægt sé að búa til einhvers konar form á máli sem hugsanlega er ekki það besta úr þeim heimi sem hæstv. ráðherra kann að þykja allra bestur en er ásættanlegur. Það rekstrarform sem Samfylkingin hefur lagt til er ásættanlegt, það kemur fram á tveimur stöðum í greinargerðinni með frumvarpinu. Það kemur líka fram á öðrum stöðum í málum hæstv. ríkisstjórnar þar sem hún leggur til breytingar á rekstrarformi, að sjálfseignarformið er rekstrarform sem hentar. Ég er t.d. að vísa til Matvælarannsókna hf., en þar kom fram að ráðherrum þótti hitt henta betur. Það er hugsanlegt að þeim þyki það. En ef menn vilja sátt hljóta þeir að skoða þá möguleika sem liggja í þessu. Það hefur aldrei gerst, aldrei verið skoðað af hálfu hæstv. ráðherra, en ég vona að hún sé búin að læra lexíuna sína ef hún ætlar að koma einhverjum málum fram áður en hennar pólitísku ráðherradagar kunna að teljast á enda eftir tiltölulega skamman tíma.

Frú forseti. Ég hef fyrr í umræðum getið þess að mér þyki það nokkru varða að þau tilmæli sem fjölmiðlaskrifstofa Evrópuráðsins hefur beint til aðildarþjóða sinna séu uppfyllt. Ég hef oft gengið eftir því á fyrri stigum þessarar umræðu. Er þá rétt að rifja upp að virðing hins ágæta lögfræðings og hv. formanns menntamálanefndar, Sigurðar Kára Kristjánssonar, fyrir þeim skuldbindingum sem okkur ber að hlíta með aðild okkar að Evrópuráðinu er ekki meiri en svo að hann sagði efnislega að það kæmi Íslendingum ekkert við. Fjölmiðlaskrifstofan og Evrópuráðið hefur einkum látið sig varða mannréttindi og pólitísk réttindi. Hún hefur gefið út fjölmargar ábendingar og tilmæli um hvernig réttast sé að haga málefnum opinberra fjölmiðla þannig að tryggt sé í fyrsta lagi að breið skoðanamyndun sé tryggð í samfélaginu, í öðru lagi að enginn einn aðili einoki skoðanamyndun. Niðurstaðan er alltaf sú sama. Númer eitt ber að efla almenningsútvarp. Það er reyndar sú niðurstaða sem allar þær nefndir sem hafa fjallað um fjölmiðlamál af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa komist að. En númer tvö kemur jafnan fram: Þeir sem ráða fyrir útvarpi sem almenningur á verða að hafa hlíf og skjól fyrir pólitískum íhlutunum.

Ég rifja það upp, frú forseti, að í miklum atgangi sem varð í einu aðildarríkja Evrópuráðsins fyrir fimm árum og endaði á þann hátt sem fjölmiðlalögin hin fyrstu næstum því enduðu í, þ.e. þjóðaratkvæðagreiðslu, þar var það sérstakt áfellisefni Evrópuráðsins að útvarpsstjórinn, sem þar var ráðinn eða þar var mælt fyrir um hvernig ætti að ráða, skorti pólitískt skjól vegna þess að hann var einungis ráðinn til fimm ára. Ráðningartími þess útvarpsstjóra sem lögin gera ráð fyrir er nú ekki alveg í þeim anda. Það sem mestu skiptir þó er að ég tel að umbúnaðurinn um stjórn stofnunarinnar hafi með vissum hætti aukið möguleika á því að beita pólitísku ofbeldi gagnvart útvarpsstjóra.

Stjórn stofnunarinnar ber að haga þannig samkvæmt frumvarpinu að þingið tilnefnir og handhafi hins eina hlutabréfs í reynd skipar, og þingið á að tilnefna einu sinni á ári. Á því er engin breyting. Þetta er verulega alvarlegur galli á umbúnaðinum um stjórn Ríkisútvarpsins. Ég er þá ekki að vísa endilega til reynslunnar af Sjálfstæðisflokknum síðustu ár en allir vita að Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt mjög ríkt upp úr því að hafa sterk pólitísk ítök á ríkismiðlunum. Við höfum fundið fyrir því sem erum í stjórnarandstöðu. Það mætti kannski deila með hæstv. ráðherra reynslu minni af því að hafa verið formaður stjórnmálaflokks og ekki einu sinni tekist á umbyltingarárum í íslensku efnahagslífi að koma sjónarmiðum mínum um íslensk efnahagsmál á framfæri mánuðum saman. Það var ekki fyrr en þessi þingmaður greip til sinna ráða og fór að berja þetta ríkissjónvarp með því að kalla það „Bláskjá“ til að draga athygli að þessu framferði, sem því var kippt í lag. Svona var það nú.

Ég ætla ekki, frú forseti, að fara að rekja endilega með hvaða hætti starfsmannamálum ríkissjónvarpsins er skipað en ég sofna ekki alltaf glaður. Ég er ekki alltaf kátur þegar ég sé hvernig verið er að ráða inn menn þar, hvaðan þeir koma, hjá hvaða stjórnmálaflokkum þeir hafa starfað, jafnvel svo. En Sjálfstæðisflokkurinn hefur lostið hrammi sínum æ ofan í æ með sýnilegum og ósýnilegum hætti ofan í ríkismiðlana. Þar skjálfa menn fyrir Sjálfstæðisflokknum. Ég er ekki að halda því fram að þessi hæstv. ráðherra hafi endilega skakað skellum eða byrst sig persónulega gegn starfsmönnum Ríkisútvarpsins en það gerði sá sem réð fyrir þeim flokki og sem hæstv. ráðherra kannski aðeins fann til tevatnsins hjá á landsfundi Sjálfstæðisflokksins fyrir skömmu.

Það vita auðvitað allir hvernig fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins lét hafa sig í það að skelfa og ógna starfsmönnum með ýmiss konar hætti og það eru fleiri sem hafa í þann knérunn höggvið, að ég ekki segi eins og Pétur tólfti í sögu Stefáns Jónssonar, „það knérör“.

Umbúnaðurinn um stjórn Ríkisútvarpsins er svona: Ráðherrann skipar stjórn sem er tilnefnd af pólitísku Alþingi. Þessi stjórn er þar af leiðandi pólitísk og hún ræður útvarpsstjórann. Það er ekki hægt að halda því fram að fjarlægðin frá handhafa hlutabréfsins og útvarpsstjóra sé mikil, en látum það vera. Jafnvel við slíkar aðstæður er hægt að búa til skjól fyrir hann. Það gera menn með því að tryggja að hann sé ráðinn til langs tíma þannig að hann geti starfað óhræddur um að að honum verði sótt með pólitískum hætti. En sú staðreynd að þingið á samkvæmt frumvarpinu að kjósa á ári hverju í stjórn Ríkisútvarpsins gerir auðvitað að verkum að það er stöðugt ósýnilegt gult spjald á lofti. Sá útvarpsstjóri sem vill fá frið frá handhöfum valdsins hagar sér vel. Ég tek það skýrt fram, frú forseti, að ég tek núverandi persónur og leikendur, sem eru í hlutverkum útvarpsstjóra í dag og menntamálaráðherra, út fyrir sviga. En við höfum séð hvernig Sjálfstæðisflokkurinn vinnur og vitum að yfirvöld-

in eru ekki alltaf jafnmild í þeim húsakynnum og þau eru í dag. Þetta er verulegur galli.

Frú forseti. Ég get svo ekki annað að lokum en drepið á það sem ég kalla nefskatt Þorgerðar Katrínar. Mér finnst með ólíkindum að menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins skuli leggja fram frumvarp með nefskatti. Þetta er eitt af því sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf barist gegn og eitt af því sem helstu talsmenn Sjálfstæðisflokksins á sviði ríkisfjármála berjast gegn. Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra eða Sjálfstæðisflokkinn að halda því fram að þetta sé ekki skattur. Þetta er einn af felusköttum ríkisstjórnarinnar.

Það sem mér þykir hins vegar ótrúlegt í þessu máli er að þeir sem nú ganga harðast fram í slagnum til að tryggja að þetta gælumál hæstv. ráðherra komist til byggða eru menn sem hafa sérstaklega lagt fram þingmál þar sem þetta er áfellst. Hv. þm. Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Pétur Blöndal lögðu fram þingmál þar sem í 13 liðum var farið yfir það hvað nefskattur væri ranglátt, hættulegt og heimskulegt fyrirbæri. Hæstv. menntamálaráðherra hefur fullkominn rétt til að vera allt annarrar skoðunar en þessir menn. En maður veltir því fyrir sér: Hvernig í ósköpunum geta þessir ungu sjálfstæðismenn, sem nú leggja sig á vogarskálar kjósenda, komið hingað og beinlínis ekki bara greitt atkvæði með máli sem þeir hafa sjálfir fært sterkustu rökin fyrir að er heimskulegt heldur beinlínis vaðið fyrir það eld og brennistein?

Frú forseti. Ég tel að þessir ungu þingmenn séu hinir efnilegustu. Ég hef oft dáðst að þeim í þessum sölum. En eitt verða þeir að læra ef þeir ætla að erfa ríkið: Menn verða að fara eftir sannfæringu sinni. Það gengur ekki að menn leggi fram frumvarp um Ríkisútvarp, eins og þessir menn hafa gert, þar sem ráðist er sérstaklega, í fjölmörgum tölusettum liðum, gegn því sem er ekkert annað en nefskattur. Síðan koma þessir sömu menn og berjast fyrir því að það sem þeir hafa átalið hvað harðast verði að veruleika. Svo lengi lærir sem lifir, frú forseti, en fyrr átti ég á dauða mínum von en að sjá þessa ungtyrkja stuttbuxnaíhaldsins taka með slíkum hætti fullkomna U-beygju í þessu máli.

[Fundarhlé. — 19:20]

[20:00]

**Útbýting:**

Fangabúðir Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa, 248. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 251.

Málefni fatlaðra, 247. mál, fsp. JóhS, þskj. 250.

Rannsóknir á sjófuglum, 254. mál, fsp. MÞH, þskj. 257.

Rannsóknir á ýsustofni, 252. mál, fsp. MÞH, þskj. 255.

Reglur um aflífun og flutning búfjár, 250. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 253.

Sendingar Ríkisútvarpsins um gervitungl, 249. mál, fsp. GHall, þskj. 252.

Umferðaröryggismál, 255. mál, fsp. JóhS, þskj. 258.

Öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar, 251. mál, fsp. SJS, þskj. 254.

[20:02]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það eru nokkur atriði í sambandi við þetta mál sem ég ætlaði að gera aðeins betur að umtalsefni en mér vannst tími til að gera í 1. umr. Í allan dag hefur staðið fróðleg umræða um málið. Það er þó kannski helst að maður sakni þess að aðstandendur málsins, stjórnarliðar, stuðningsmenn málsins, sem maður verður að ætla að almennt séu í þeirra röðum, hafi komið fram og auðgað umræðuna með því að færa fram rök sín fyrir frumvarpinu. Við eiginlega sitjum að mestu leyti uppi með framsöguræðu menntamálaráðherra í þeim efnum og það hefur verið heldur fátæklegur málflutningur af hálfu stjórnarliða nema helst svona í andsvörum og það hefur þá gjarnan falist í að ónotast út í það að menn skuli yfirleitt vera að ræða málið.

Málið á sér langa sögu eins og menn vita og frumvarpið hefur tekið breytingum. Þetta hefur verið ein meira og minna samfelld hrakfallasaga hjá hæstv. ríkisstjórn og við erum að fá í hendur í raun þriðju útgáfu, þriðju atrennu ríkisstjórnarinnar að því að breyta Ríkisútvarpinu og eiginlega að sumu leyti þá verstu, þ.e. að núna er það í gadda slegið að Ríkisútvarpið skuli verða hlutafélag, það skuli búið í fyrirtækjarekstrarform, undirbúið þannig undir þess vegna einkavæðingu að einhverju leyti. Skilgreiningu þess sem fyrirbæris í samfélaginu í raun og veru breytt því að Ríkisútvarpið sem ríkisstofnun á grundvelli sérlaga hefur auðvitað verið skilgreind, og það hefur verið undirstrikað í lögum, sem menningarstofnun, sem þjónustustofnun, sem almannaútvarp, en nú á rekstrarformið sem sagt að færast yfir í það sem notað er í fyrirtækjaheiminum á samkeppnismarkaði, samkeppnisrekstri.

Ég nefndi það reyndar í gær, frú forseti, að sérstök ástæða væri til að fá Framsóknarflokkinn til umræðunnar. Það hefur farið ákaflega lítið fyrir honum í umræðunni og maður hefur eiginlega ekkert heyrt Framsóknarflokkinn færa nein rök af sinni hálfu fyrir því að standa að þessu frumvarpi. Ég nefni sem dæmi að það hefði verið ákaflega fróðlegt fyrir okkur þingmenn að fá nýjan formann Framsóknarflokksins til umræðunnar, hæstv. iðnaðarráðherra, Jón Sigurðsson. Það er nú almennt forvitnilegt að fá hæstv. ráðherra svona til skrafs á sínum fyrstu metrum í pólitík, ef svo má að orði komast, því að hæstv. ráðherra gerðist nú stjórnmálamaður á miðju sumri og var kallaður úr Seðlabankanum til að lappa upp á ríkisstjórnina og gerast ráðherra og tók síðan við flokknum undir haust. Eðlilega leikur okkur nokkur forvitni á að kynnast viðhorfum hæstv. ráðherra, formanns Framsóknarflokksins, þar á meðal t.d. hvernig Framsóknarflokkurinn undir forustu hans rökstyður og réttlætir aðild sína að þessu máli. Það á alveg sérstakt erindi inn í umræðuna vegna þess að Framsóknarflokkurinn þóttist ætla að standa í lappirnar í þessu útvarpsmáli lengi vel og um það var ályktað á þeim bæ og þeir gengu jafnvel til kosninga og skreyttu sig með þeim fjöðrum að kjósendur vissu nú hvar þeir hefðu Framsóknarflokkinn því að þeir mundu ekki standa að því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, svona svipað og þeir sögðu einu sinni að þeir mundu ekki selja Símann með grunnnetinu.

Það fór nú fyrir lítið eins og kunnugt er. Ein kenningin sem var uppi var sú að fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra hefði orðið að kaupa stólinn svo dýru verði. Maður var stundum farinn að hugsa þetta svona í huganum svipað og sögu Nóbels-

skáldsins góða af brauðinu dýra, að það hefði eiginlega þurft að skrifa aðra sögu um stólinn dýra, (**Gripið fram í:** ... margborgaðasti stóll Íslandssögunnar.) einhver allra dýrasti og margborgaðasti stóll Íslandssögunnar, er hér lagt til umræðunnar og sennilega rétt. Það var a.m.k. sú skýring sem menn gripu oft til þegar þeir stóðu frammi fyrir eiginlega alveg óskiljanlegri uppgjöf Framsóknarflokksins í hverju málinu á fætur öðru.

Ég held t.d. að þetta Ríkisútvarpsmál hafi verið með allra makalausustu magalendingum Framsóknarflokksins í málum af þessu tagi vegna þess að þetta er auðvitað ákaflega táknrænt. Ég hafði í raun trúað því að Framsóknarflokkurinn í hjarta sínu meinti það sem hann væri að segja um Ríkisútvarpið, að hann vildi helst ekki fara að atast í því og breyta því í hlutafélag. En þá hefur væntanlega niðurstaðan orðið sú að flokkurinn hefur verið í þeirri klemmu, settur þannig upp við vegg af samstarfsflokknum eða af einhverju, að hann hefur talið sig verða að fórna þessu, éta þetta ofan í sig, láta þetta yfir sig ganga. Hvað gat það þá verið nema hugsanlega þetta, að formaður flokksins átti í vændum að fá að setjast í forsætisráðherrastólinn ef allt gengi nú upp, ef stjórnarsamstarfið héldi. Það er auðvitað mjög margt sem bendir til þess að Sjálfstæðisflokkurinn hafi heldur betur kunnað að meta þennan gambít, þennan gaffal, eins og sagt er í bridgespilamennsku þegar andstæðingurinn er settur í þá erfiðu aðstöðu að hann verður að kasta af sér vörninni í öðrum lit af tveimur eða eitthvað svoleiðis, að Framsóknarflokkurinn hafi einfaldlega orðið að færa slíka fórn, í það skipti fyrir stólinn.

Nú má spyrja: Af hverju gerir flokkurinn það aftur í haust? Nú er enginn forsætisráðherrastóll lengur sem Framsóknarflokkurinn þarf að borga fyrir, hann er búinn að missa hann. Hvers vegna er þá Framsóknarflokkurinn aftur að standa að því að leggja þetta frumvarp fram eftir skipbrot þess á þingi síðasta vor, eftir þá miklu andstöðu sem ljóst er að uppi er í málinu, bæði hér innan þingsala og í þjóðfélaginu líka? Hafa þá farið fram ný kaup, hefur Framsóknarflokkurinn selt endurframlagningu þessa frumvarps fyrir eitthvað annað? Hefur hann kannski fengið skjól með einhver gælumál sín í staðinn? Það er von að maður spyrji vegna þess að samstarf þessara stjórnarflokka virkar yfirleitt á þennan veg. Það má nánast gefa sér að ef lending hefur tekist í erfiðu máli sem varðar annan stjórnarflokkinn miklu eða annar stjórnarflokkurinn leggur mikla áherslu á, þá hefur hinn fengið eitthvað í staðinn. Það er bara reglan, við þekkjum það, hvort sem það er í bankasölum, þegar verið er að selja banka eða gera eitthvað annað. Það hefði verið mjög fróðlegt, eins og ég segi, frú forseti, að fá formann Framsóknarflokksins til umræðna um þessi mál. Ég ætla ekki að gera þá kröfu að hann verði ræstur út eða sóttur hingað úr því að hann er ekki viðstaddur og hlýtur þá að hafa öðrum skyldum að gegna. Reyndar mætti segja það sama um mjög marga hæstv. ráðherra, að þeir hljóta að hafa öðrum skyldum að gegna því að hér sjást þeir ekki, nema hæstv. menntamálaráðherra lítur hér í gættina af og til og það gerist náttúrlega æ augljósara að menn taka þingskyldur sínar ekki mjög alvarlega, þeir sem þær eiga að rækja.

Nú er það að vísu svo að hæstv. iðnaðarráðherra er ekki kjörinn þingmaður en hann er ráðherra og á sem slíkur setu-rétt, málfrelsi og tillögurétt á Alþingi en það má auðvitað velta því fyrir sér hvort honum beri alveg sömu ríku þingskyldurnar í ljósi þessa. Alla vega er þó ljóst að hann ætti að vera hér við umræður sem varða málaflokka hans sem ráðherra og umræður sem varða hans flokk sem hann er í forsvari fyrir. Ég lýsi því yfir fyrir mína hönd, frú forseti, að það verður þá ekki síðar en í 2. umr. málsins, ef til hennar kemur, sem við munum krefjast þess að formaður Framsóknarflokksins mæti hér til leiks og reyni að svara fyrir málefni flokks síns og útskýri fyrir okkur hvernig í ósköpunum geti staðið á því að Framsóknarflokkurinn skuli hýða sjálfan sig með því að standa að framlagningu þessa frumvarps núna á kosningavetri þegar ljóst má vera að þetta verður eitt af allra umdeildustu og harðvítugustu deilumálum þingvetrarins.

Það er svo sem líka rannsóknarefni, sérstaklega fyrir áhugamenn um stjórnmál hvað valdi þessari þráhyggju Sjálfstæðisflokksins. Hvað veldur því að hlutafélagasýkin, háeffmeinlokan hjá Sjálfstæðisflokknum eða a.m.k. hæstv. menntamálaráðherra og einhverjum fleirum þar á bæ, ber þá svo gjörsamlega ofurliði að flokkurinn velur að þjösna þessu máli áfram og láta almennu löggjöfina um fjölmiðla bíða, velur að stofna aftur til átaka og deilna um fjölmiðlamál á þingi í stað þess að fara einhverja sáttaleið? Það þarf eitthvað mikið til til að fá botn í það af hverju Sjálfstæðisflokkurinn undir forustu hæstv. menntamálaráðherra velur þetta verklag.

Ég vil nota þetta tækifæri og mun gera það víðar á næstunni að hvetja almenning í landinu, hvetja þjóðina til þess að setja sig inn í þessi mál. Ég held að almenningur þyrfti að fara yfir það og velta því fyrir sér hvort þetta sé ekki eitt af þeim málum sem ástæða sé til að fara ofurlítið í saumana á í vetur og sjá gjarnan til að verði haft með í farteskinu þegar kemur að því að krefja stjórnarflokkana reikningsskap gjörða sinna.

Það er alveg á hreinu að margir í þjóðfélaginu láta sig málefni Ríkisútvarpsins varða. Mörgum er annt um þessa stofnun. Ríkisútvarpið á sér mjög dyggan aðstandenda- og stuðningsmannahóp í samfélaginu. Það á sér öflug hollvinasamtök en það á sér öflugasta hópinn í formi þeirra fjölmörgu hlustenda og áhorfenda sem halda tryggð við þennan miðil. Það er t.d. alveg ljóst að eldra fólk og eftirlaunafólk, sem hefur meira næði til, eyðir verulegum tíma í samvistum við Ríkisútvarpið. Það hlustar mikið á gömlu, góðu Gufuna. Það horfir t.d. merkilega mikið á útsendingar héðan frá Alþingi þann hluta dagsins sem þær eru ekki rofnar eða þeim er ekki drekkt í annarri dagskrá, og minnir mig í leiðinni á það sem ég hef oft ætlað mér að taka betur á, að það er til skammar að ekki skuli núna á tækniöld og við með öll þessi efni sjá til þess að það sé órofin útsending héðan af fundum Alþingis á öldum ljósvakans. Það er alveg yfirgengilegt að það skuli ekki fyrir löngu hafa verið gert og því komið út um allt land. Það er vissulega ekki bara við Ríkisútvarpið að sakast í þeim efnum, það er aumingjaskapur þingsins líka að hafa ekki séð til þess að svo sé gert. En svo mikið veit ég, vegna þess að ég fæ mjög iðulega viðbrögð frá fólki sem fylgist með útsendingum héðan, þar á meðal viðbrögð þar sem kvartað er yfir því þegar útsendingin rofnar og dagskrá hefst síðdegis, að það er býsna

drjúgur hópur sem nýtur þess eða notar sér það að fylgjast með stöfum hér í gegnum sjónvarpið eða þá styttir sér stundir með því að njóta annarrar dagskrár.

Þessum tugum þúsunda og auk þess held ég landsmönnum almennt er ekki sama um Ríkisútvarpið. Ég held að viðfangsefni okkar núna á næstu mánuðum, eftir að þetta mál fer til nefndar, sem ég geri ráð fyrir að verði því að ríkisstjórnin mun væntanlega ekki bera gæfu til að láta hér staðar numið, að við hvetjum til þess að umræða verði um málefni Ríkisútvarpsins. Það verði tekin almenn, breið umræða um hvort hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins er það sem landsmenn vilja. Það væri t.d. líka fróðlegt að sjá vandaða skoðanakönnun um það mál.

Ég hef ærna ástæðu til að ætla að stór hluti þjóðarinnar mundi hafna því. Stór hluti þjóðarinnar mundi vilja hafa sitt Ríkisútvarp áfram sem Ríkisútvarp, sem ríkisstofnun, sem almannaútvarp í þannig rekstrarformi. Og fyrst og fremst vilja að búið yrði betur að því.

Það er að vísu þannig að afnotagjöldin hafa verið mikið milli tannanna á fólki. Mikið hefur verið gert úr því að þau séu ósanngjörn eða einhver þvingunaraðgerð, að menn séu skyldugir til að borga þau. Einhvern veginn þarf að fjármagna rekstur almannaútvarps ef á það eru lagðar menningarskyldur og öryggisskyldur og aðrir slíkir hlutir, ef menn ætla því metnaðarfullt hlutverk í innlendri dagskrárgerð o.s.frv. Það er augljóst að slíkt mun ekki takast á markaðsforsendum einum, á grundvelli tekna sem aflað verður með þeim hætti. Þá er það bara fyrirkomulagsatriði hvernig menn sjá fyrir því að tryggja slíkri starfsemi nægjanlegar tekjur. Það er alveg sjálfsagt mál og rétt og skylt að fara rækilega yfir það.

Ég hallast að því, og ég býst við að mjög margir séu þeirrar skoðunar, að eðlilegast væri að Ríkisútvarpið væri einfaldlega á fjárlögum. Aðaláhyggjur manna hafa verið þær að því yrði illa að treysta að á niðurskurðar- og þrengingartímum yrði ekki gripið til þess að leika Ríkisútvarpið grátt og skammta því naumt. Að vísu má segja að það hafi nú ekki riðið feitum hesti frá núgildandi fyrirkomulagi undanfarin ár. Það er aldeilis ekki þannig.

En í öllu falli mundu menn þurfa að skoða þetta mjög rækilega og það stendur ekkert á mönnum að gera það. Ef hæstv. ríkisstjórn og hæstv. menntamálaráðherra eru ekki hér að reyna að þröngva fram þeim vilja sínum, þeirri meinloku, að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið.

Ég held að ærin ástæða sé til að menn staldri við og hugsi sinn gang í sambandi við þetta mál. Það er ágætur tími til stefnu að gera það fram að áramótum. Það væri alveg fráleitt að fara að ástunda eitthvert óðagot í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Það eru engin efni til þess. Við þurfum að sjálfsögðu að ræða hér síðan í framhaldinu þau frumvörp sem málinu tengjast. Það er frumvarp um Sinfóníuhljómsveitina. Það er frumvarp okkar þingmanna Vinstri grænna um Ríkisútvarpið þar sem í frumvarpsformi er lögð til önnur leið, sérstaklega hvað varðar stjórnsýslu stofnunarinnar og stjórnun dagskrármála. Lýðræðisleg leið sem byggist á valddreifingu og lýðræði og aðkomu margra aðila, aðkomu fagaðila, að því að listamenn og starfsmenn og aðrir slíkir fái að hafa sitt orð og fái að hafa hönd í bagga en ekki þetta miðaldaeinræðisskipulag sem hæstv. menntamálaráðherra vill beita sér fyrir með því að gera einn handvalinn útvarpsstjóra að alræðisvaldi þarna innanbúðar eins og frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið ohf. gengur því miður út á.

Frú forseti. Það er alveg ljóst að við eigum ýmislegt órætt og ýmislegt óskoðað í þessum málum. Gæfulegast væri auðvitað ef ríkisstjórnin tæki sönsum og kæmi öllum þessum málefnum — og þá líka og ekki síður frumvarpinu um fjölmiðlalöggjöfina almennt. Frumvarpinu sem er einnig á ferðinni til breytinga á útvarpslögum og lögum um prentrétt, samkeppnislög og allt það. Fjölmiðlafrumvarpið eins og það er gjarnan kallað. Það væri miklu meira gaman að takast á við þessi mál ef í boði væri að reyna að landa sæmilega uppbyggilegu heildarsamkomulagi um meðferð þessara mála.

Það blasir svo við hvað það er lítið sem hæstv. menntamálaráðherra þarf að leggja á sig í þeim efnum. Hvað það er lítið. Það eru bara tveir stafir, þeir eru nú orðnir þrír núna, sem þurfa að hverfa. Ég held að það sé töfraformúlan. Þrír stafir hverfa, ohf. Um leið og hæstv. menntamálaráðherra fellst á að fara ekki að þröngva þessari hlutafélagavæðingu í gegn — í mjög harðri andstöðu við stóran hluta þingheims, og ég trúi meiri hluta þjóðarinnar, jafnvel heilmikilli dulinni andstöðu innan sjálfra stjórnarflokkanna sem lætur lítið fyrir sér fara — gjörbreytast aðstæður til að vinna að málinu.

Auðvitað þyrfti þá líka að taka upp þessar hugmyndir um stjórnsýslu Ríkisútvarpsins. Það er alveg ljóst að menn geta ekki sæst á hana í þessu hlutafélagaformi, þó svo að hlutafélagavæðingin sjálf hyrfi. En ég trúi því, og ég segi fyrir mitt leyti og vil lýsa því yfir fyrir hönd okkar flokks, að við útilokum ekkert í þeim efnum hvað varðar rekstrarfyrirkomulagið, bara ef ekki er farin sú leið að henda Ríkisútvarpinu inn í fyrirtækjalöggjöfina eins og hverjum öðrum atvinnurekstri í gróðaskyni og hverjum öðrum samkeppnisatvinnurekstri.

Eins og ég minntist á í ræðu fyrr í umræðunni, sennilega í gærkvöld, frú forseti, hefur gagnrýnin á það fyrirkomulag komið bæði frá hægri og vinstri. Það er merkilegt hve hljótt er um það að ýmsir ágætir hægri menn, markaðshyggjumenn, samkeppnisrekstrarsinnar miklir, hafa gagnrýnt það að Ríkisútvarpið sé sett inn í fyrirtækjalöggjöfina eins og hver annar atvinnurekstur sem sé í samkeppni á markaði. Það eigi þar ekkert heima. Þessi fjölmiðill, þessi menningarstofnun, þessi almannaþjónustustofnun sem Ríkisútvarpið á að vera.

Frú forseti. Tíma mínum er lokið og ég held að ég hafi að mestu leyti komið því að sem ég hafði hugsað mér að gera hér við fyrri umræðu. En ég endurtek að ég er ekki skilinn að skiptum við Framsóknarflokkinn og mun sjá til þess að þeir komi hér og standi fyrir máli sínu í síðasta lagi þegar eða ef 2. umr. verður um málið.

[20:22]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Vegna þess að sættir og sáttatal hefur verið algengt í þessari umræðu einkum í munni hv. formanns menntamálanefndar, vil ég taka undir orð síðasta ræðu-

manns, þau sem hann beindi að hæstv. menntamálaráðherra.

Leiðin til að skapa sættir í þessu máli og koma þessu máli á nýjan grunn er tiltölulega einföld. Hún er sú, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, að menntamálaráðherra taki út þessa þrjá stafi, ohf. Þegar það Sesam væri sagt úr munni menntamálaráðherrans tel ég að dyr mundu opnast og það skapaðist til þess leið, sköpuðust til þess möguleikar að ná samkomulagi milli allra flokka á þingi. Breið sátt sem menntamálaráðherra gæti verið ánægður með fyrir sitt leyti og sinna manna um næstu framtíð í útvarpsmálum.

Ég segi alveg eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon af minni hálfu, og þarf ekki að setja mikinn fyrirvara við það, að við útilokum ekkert í öðrum efnum. Raunar ætti hæstv. menntamálaráðherra og þeim sem hafa fylgst með þessari umræðu að vera nokkuð ljóst hvaða áherslur við höfum. Að sumu leyti fara þær saman við áherslur sem menn að minnsta kosti í orði í stjórnarflokkunum hafa haft um Ríkisútvarpið. Að öðru leyti miklu síður.

Ef þetta gerðist, annaðhvort í ræðunni sem menntamálaráðherra heldur kannski hér á eftir eða á þeim tíma sem líður á milli 1. og 2. umr. hér á þinginu meðan málið er í nefnd, væri hægt að gera Ríkisútvarpinu og unnendum þess, þjóðinni allri, stjórnmálaflokkunum og stjórnmálunum á Íslandi mikinn greiða með því að flokkarnir tækju, í fyrsta sinn mjög lengi, höndum saman um ákveðna sókn og varðstöðu fyrir almannaútvarpið á Íslandi. Það væri niðurstaða sem mér þætti, að nýhafinni þriðju lotu í þeim bardaga sem staðið hefur um Ríkisútvarpið í þrjú ár, ákaflega æskileg.

Ég hélt hér ræðu eftir að menntamálaráðherra hafði mælt fyrir frumvarpinu. Þótt hún væri heilar 40 mínútur komst ég ekki yfir allt sem ég ætlaði þar að segja. Ég ætlaði þess vegna að verja þeim mínútum sem ég á inni til að ræða nokkuð kannski einu raunverulegu nýjungina í þeim texta sem hér liggur fyrir, sem er þjónustusamningur eða drög að þjónustusamningi sem menntamálaráðherra og útvarpsstjóri hafa gert. Ég tel að sá samningur verðskuldi að vera hér ræddur vegna þess að hann er mikilvægur. Það þarf að skoða hann sérstaklega vel, tildrög hans, í menntamálanefnd þegar við förum yfir frumvarpið.

Það er um þennan þjónustusamning að segja, forseti, að hann á sér nokkra sögu og þá glæsilegasta þegar hann fannst í bréfum sem Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, og menntamálaráðuneytið höfðu sent sín á milli. Þá hafði hann verið týndur um nokkurt skeið og var því haldið fram af hálfu menntamálaráðuneytisins að sú hugmynd væri sofnuð eða dauð. Þegar hann loksins fannst gerði meiri hluti menntamálanefndar það að lokum að tillögu sinni að setja ákvæði um hann inn í frumvarpið og því er nú komið fyrir í lok 3. gr. þess, þar sem segir að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu ohf. beri að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur samkvæmt 2. mgr. um útvarpsþjónustu í almannaþágu. 2. mgr. mun það vera.

Það var eðlilegt að óska meiri hluta menntamálanefndar til hamingju með þetta á sínum tíma. Því ákvæðið um þjónustusamninginn var miklu betur komið í frumvarpinu en í bréfum til alþjóðlegrar stofnunar. Þjónustusamningur af þessu tagi getur verið gott og þarft tæki.

Það er að vísu óskýrt enn þá hvaða stöðu sá þjónustusamningur sem á að gera hefur og hér liggja fyrir drög að. Það er t.d. óskýrt við hvern menntamálaráðherra gerir þennan þjónustusamning því hér stendur, Ríkisútvarpið ohf. Drögin eru gerð við útvarpsstjóra. Það kemur ekki fram í drögunum hvort ætlast er til að stjórn, hið nýja útvarpsráð, samþykki þessi drög eða hvort útvarpsstjóri á að gera það aleinn.

Það er að minnsta kosti enginn annar aðili í Ríkisútvarpinu ohf. sem kemur til greina nema útvarpsstjóri og stjórn því ekki er til nein þriðja stofnun þar — sem við höfum íhugað í Samfylkingunni og reyndar líka í Frjálslynda flokknum og að einhverju leyti í VG sem héti eftirlitsráð eða akademía og starfaði t.d. við hlið þessara tveggja stofnana hinna, útvarpsstjórans og útvarpsráðsins. Við höfum prófað það módel að láta þessa akademíu m.a. samþykkja samning af þessu tagi svo það sé klárt að Ríkisútvarpið geri hann af fullri einurð og af fullum þrótti. Það sé sem sé ákveðin samningsstaða sem útvarpsstjóri hefur gagnvart menntamálaráðherranum, sem virðist ekki vera í þeim drögum að þjónustusamningi sem nú hefur verið kynntur við afar hátíðlega athöfn á svokölluðu Markúsartorgi í Ríkisútvarpshúsinu við Efstaleiti.

Ég man eiginlega ekki eftir að haldin hafi verið hátíðlegri og glæsilegri blaðamannafundur í því húsi. Enda sýndi hann vel hversu samhljóma útvarpsstjóri og menntamálaráðherrann sem réð hann eru í þessu máli og hvað útvarpsstjórinn hefur teygt sig langt til að láta að vilja menntamálaráðherra um þetta frumvarp. Útvarpsstjórinn hefur frá því hann tók við sínu embætti varla gert annað en að lýsa því yfir að ekkert sé hægt að gera fyrr en þetta frumvarp komi. Það síðasta sem var haft eftir honum var einmitt það að eftir þessi drög að þjónustusamningi væri bara að bíða eftir frumvarpinu.

Það er undarlega afstaða hjá útvarpsstjóra, sérstaklega vegna þess að hann hefur aldrei skýrt eftir hverju sé verið að bíða eða með hvaða hætti hann geti rækt sín störf betur þó eftir því hafi margoft verið kallað, m.a. í lítilli grein sem ég birti í Morgunblaðinu nú í haust og hann hefur ekki lagst svo lágt að svara. Kannski er hægt að eiga við hann umræður um það fyrir menntamálanefnd en sá galli er á þeirri gjöf Njarðar að sú umræða er ekki opin almenningi. Ég hefði helst viljað að hún færi fram með þeim hætti.

Það er um þjónustusamningsdrögin sjálf að segja að þegar þau komu fram var þeim heldur fagnað af ýmissa hálfu. Þar á meðal var sá sem hér stendur, sem gerði það fyrir hönd síns flokks vegna þess að að minnsta kosti þrennt var ákaflega mikilvægt í þeim drögum. Það var það að tiltekið er að innlent efni skuli aukið á svokölluðum kjörtíma, milli kl. 7 og 11 að kvöldi. Það var það að tiltekið var í krónum um aukningu á efniskaupum af svokölluðum íslenskum framleiðendum. Það var það í þriðja lagi, sem vert er að nefna, að talað var um að auka töluvert textun sjónvarpsefnis. Ég taldi upphaflega að það ætti líka við um táknmálstúlkun en varð síðar fyrir vonbrigðum með það — hefði kannski ekki átt að hrósa þessari klausu jafnmikið og ég gerði — því þar er tiltekið að táknmál skuli að minnsta kosti vera jafnmikið notað og nú er. Eins er það með barna-

efni. Það er hið sama og nú er. Þannig að metnaður nær kannski ekki mikið umfram þessa tvo eða þrjá liði.

Á hinn bóginn vöknuðu ýmsar spurningar um form þjónustusamningsins að öðru leyti. Þegar upp í hann eru tekin ýmis ákvæði úr 3. gr. frumvarpsins um útvarpsþjónustu í almannaþágu án þess að skýra þau betur, veit maður ekki alveg hvað það á að þýða. Það vakna að sjálfsögðu spurningar um hvað það eigi að fyrirstilla að taka upp í þjónustusamning af þessu tagi, þar sem menntamálaráðherra semur við útvarpsstjóra, fyrirmæli um ritstjórnarlegt efni á fréttastofum, um snið á fréttaflutningi, um hlutlægni o.s.frv.

Fyrsta spurningin sem vaknar, þegar slíkt er sett í samning milli menntamálaráðherra og útvarpsstjóra, er þessi: Er þá hægt að breyta þeim hlutum í næsta samningi milli menntamálaráðherra og útvarpsstjóra? Er hægt að bæta við kaflann um fréttaþjónustu og ritstjórn á fréttastofum, sem nú er ekki hægt að finna mikið að, að þetta skuli ekki vera með þeim hætti sem það er núna.

Vaninn er sá að ef um eitthvað er samið í samningi af þessu tagi þá er hægt að breyta því í næsta samningi. Er ekki réttara að hafa ákvæði sem þessi, ef þau eru, sem ég trúi, fyrirheit og skuldbinding af hálfu beggja ráðherrans og fréttastjórans, í lögunum?

Önnur spurningin sem vaknar við að sjá þessi ákvæði er: Hver er dómarinn sem fylgist með að þessi ákvæði séu virt í samningnum? Nánast allar greinar samningsins hefjast með orðunum: „Ríkisútvarpið skal". Á þá að líta svo á að menntamálaráðherra sé sá dómari? Að menntamálaráðherra muni með einhverjum hætti áminna Ríkisútvarpið ef hann telur að ekki hafi verið farið eftir þessum ákvæðum um ritstjórnarlegt sjálfstæði og um hlutlægni í fréttaflutningi?

Því miður, forseti, verður að hafa áhyggjur af þessu. Það er þannig hér á okkar ágæta landi að áhrif stjórnmálaafla, einkum Sjálfstæðisflokksins, á Ríkisútvarpið hafa verið með þeim hætti að það ber að hafa áhyggjur af opnunum, af sprungum, af gjám eins og þessari, í textanum þó við fyrstu sýn virðist allt vera í góðu lagi.

Ég ætla aftur að víkja að kostunum í þessum þjónustusamningi. Þegar farið er að athuga orðalagið betur koma vomur á menn. Þær hafa komið í þessu máli, bæði á þann sem hér stendur og á hagsmunaaðila, m.a. framleiðendafélagið SÍK en í ályktun þess var vitnað áður. Það gerði menntamálaráðherra en hann vitnaði bara til síðustu setningarinnar en ekki til hins eiginlega efnis. En SÍK spyr í þeirri ályktun um skilgreiningu Ríkisútvarpsins á innlendu efni, á leiknu efni, á annars vegar fréttum og hins vegar íþróttum. Það er spurt um greinarmun sem gerður sé á hugtökunum íslenskt dagskrárefni og íslenskt sjónvarpsefni og um það hvað sé sjálfstæður framleiðandi.

Það vill svo til þegar ég fékk þessa ályktun var ég nýbúinn að senda af stað fyrirspurn um nákvæmlega þessi sömu efni. Fyrirspurn sem átti sér rót í því að ég reyndi, bæði í menntamálaráðuneytinu og á Ríkisútvarpinu, að fá upplýsingar um innlent dagskrárefni, hlutfall þess, og um það hverjir væru þessir sjálfstæðu framleiðendur, hver skilgreiningin væri á þeim og hvað þeir hefðu lagt til í dagskrá. Ein af spurningunum sem maður mætir í þessu, þegar maður fer að flokka efni, er t.d. Landsvirkjun. Telst hún vera sjálfstæður framleiðandi í þessari miklu þáttaröð um Kárahnjúkavirkjun sem væntanlega er skráð sem íslenskt efni? Enda er það með réttu skráð sem íslenskt efni í skýrslu Ríkisútvarpsins o.s.frv.

Þess vegna bar ég fram þessa fyrirspurn sem menntamálaráðherra svarar vonandi hér í næstu viku. Í næstu viku gerir hún það ekki en í þarnæstu viku gerir hæstv. menntamálaráðherra það ef til vill eða eitthvað síðar. Þá fáum við gott efni til að ræða í menntamálanefnd því við þurfum á þessum upplýsingum að halda. Orðalagið er nefnilega þannig að það er ekki ljóst hvað ríkisstjórnin „skal gera" í þessum málum.

Þegar rætt er um að auka innlent efni á kjörtíma, úr 44% frá árinu 2005 í 65% fyrir lok samningstímans, verða menn náttúrlega að vita um hvaða innlenda efni er að ræða. Í þessu innlenda efni milli 19 og 23, í þessum í 44%, munar auðvitað mikið um fréttirnar, sem byrja kl. 19, og um Kastljósið, sem kemur þar á eftir og er einhver stærsti liður í innlendu efni í Ríkisútvarpinu og allt gott um það að segja, og um seinni fréttir, sem þarna koma líka inn í. Þá er nú búið að telja margt. Auðvitað vill maður vita hvað liggur þarna undir? Hvernig á að uppfylla þessi ákvæði?

Á sama hátt hefur ekki legið ljóst fyrir hverjir eru taldir sjálfstæðir framleiðendur og hvað til er af þeim. Tölur sem hafa komið frá Ríkisútvarpinu um þetta hvort tveggja hafa verið misvísandi, þannig að ég noti frekar kurteislegt orð. Ég skil þá vel í framleiðendafélaginu SÍK og aðra þá sem láta sig þetta mál varða að þráspyrja Ríkisútvarpið og menntamálaráðherra að þessu.

Ef verið er að reisa potemkintjöld í þessum þjónustusamningsdrögum, ef sú er niðurstaðan, þá er það ekki fallegt verk. Því þá er verið að blekkja menn til stuðnings við þá rekstrarformsbreytingu frumvarpsins sem hér er um að ræða. Ef þetta þýðir raunverulega eitthvað — textunin er aukning og kostar peninga, ef það á í raun og veru að auka innlent efni á kjörtíma, ef það á að kaupa meira af sjálfstæðum framleiðendum, þá þarf til þess fé. En í þjónustusamningsdrögunum er alltaf tiltekið að Ríkisútvarpið „skuli" og „skuli" og „skuli", en menntamálaráðherra á ekki að „skulu" neitt.

Það fylgir ekkert fé þessum drögum að þjónustusamningi og því hefur ekki verið svarað hvort það verði eða ekki. Þannig að ef útvega á fé til þess arna verður ekki betur séð en eitthvað gerist af þessu þrennu:

1. Að það þurfi að skera niður eða segja upp, nema hvort tveggja sé, annars staðar í Ríkisútvarpinu. Það væri gott að fá upplýsingar um það. Hvar er það og hvernig á það að fara fram?

2. Að það eigi að afla þessa efnis með auglýsingum og kostun og þar með sé verið að auka sókn Ríkisútvarpsins á þeim markaði, sem ekki hefur komið fram að sé helsta markmið menntamálaráðherra eða annarra stuðningsmanna frumvarpsins.

3. Að það eigi að afla þessa fjár með því að herja á útvarps- eða hljóðvarpshlutann af Ríkisútvarpinu, t.d. Rás 1. Það er rétt að Rás 1 kostar kannski mest af þessum þremur pörtum vegna þess að þar koma ekki inn hinar miklu tekjur af sjónvarpsauglýsingum. Þess vegna er freistandi að taka

út ýmsa liði á Rás 2 til að útvega fé til að standa sig í loforðunum gagnvart menntamálaráðherra, þeim loforðum sem orðuð eru: „Ríkisútvarpið skal".

Gott væri að fá spurningar um þetta. Ég vil líka, af því að einungis 30 sekúndur eru eftir af tíma mínum, hvetja menntamálaráðherra til að svara grunnspurningum sem hafa hljómað hér í umræðunni frá upphafi: Hvað græðir Ríkisútvarpið á því að vera hlutafélag? Af hverju getur menntamálaráðherra ekki náð samkomulagi við okkur hin hér, bæði innan sals og utan, um það að Ríkisútvarpið verði raunverulega sjálfstætt og þurfi ekki að sæta sífelldri íhlutun og sífelldri yfirstjórn og kúgun frá flokksræði á Íslandi, og aðallega frá einum flokki undanfarin 10 til 15 ár?

Ég vil ekki frá svörin: hagkvæmni, almenn skilvirkni, almennt svigrúm. Heldur hvað er það sem Ríkisútvarpið á að fá út úr þessu vegna þess að mér sýnist að það sé ekki neitt. Ég vil að lokum segja um þennan þjónustusamning sem ég tók hér til umræðu í 20 mínútur: Hvað er það í honum af því jákvæða sem þar er nefnt, sem þarf (Forseti hringir.) hlutafélag til að efna?

[20:43]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Í lok ræðu sinnar beindi hv. þm. Mörður Árnason því til mín að reyna að svara þeim spurningum sem fram hafa verið settar og ber hæst í umræðunni sem hefur staðið á annan sólarhring um þá mikilvægu stofnun Ríkisútvarpið. Ég mun gera mér far um að reyna að svara þeim spurningum eftir bestu getu en ég get sagt hv. þingmanni og öðrum að það er ekki alltaf víst að þeim líki svörin.

Ein af fyrstu spurningunum sem menn hafa sett fram í umræðunni er: Af hverju hafa menn ekki reynt að ná sáttum? Fyrir það fyrsta er rétt að draga fram að við erum að ræða um frumvarp um Ríkisútvarpið í þriðja skiptið, í raun fyrstu frumvörpin með heildstæðum breytingum á Ríkisútvarpinu í ríflega 75 ára sögu þess. Það er ekki þannig að menn hlaupi í að breyta þessari merku stofnun en hins vegar verða menn að horfast í augu við veruleikann, við samkeppni á fjölmiðlamarkaði og alþjóðlegar leiðbeiningar, allt að því kröfur, sem Evrópuráðið setur fram, sem undirstrikar að ríkisútvörp eru mikilvæg upp á menningarlega fjölbreytni.

En eftir að hafa hlustað á umræðu um Ríkisútvarpið í 44 klukkustundir, áður en við höfum þessa lotu, er ekki hægt að segja annað en að það sé nokkurn veginn útilokað að ná fullkominni sátt við stjórnarandstöðuna í þessu máli. Við höfum gert okkur far um að nálgast hana eins og hægt er og eftir bestu getu. Við leggjum fram frumvarpið í breyttri mynd með tilliti til athugasemda, fjölmargra góðra athugasemda og ábendinga sem stjórnarandstaðan setti fram á síðasta ári, t.d. varðandi upplýsingalögin, sem við höfum tekið inn og Ríkisútvarpið heyrir undir. Ýmis önnur atriði hef ég jafnframt nefnt í fyrri ræðu minni.

Ég bendi á að við höfum fengið að heyra þrjár mismunandi skoðanir varðandi það hvert Ríkisútvarpið eigi að fara, af hálfu stjórnarandstöðunnar. Það er ekki þannig að hún tali hér einum rómi eða einni röddu, það er ekki þannig.

Hvað sagði hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson um Ríkisútvarpið? Hann gæti hugsanlega sætt sig við þessa breytingu ef fjármagnið væri örugglega tryggt. Ég kem inn á það síðar, fjármagnið verður tryggt. En hann segir að verði fjármagnið tryggt þá megi sætta sig við breytingarnar. Þá er hægt að gefa færi á hlutafélagavæðingu.

Hv. þm. Mörður Árnason sagði í umræðum um Ríkisútvarpið, mig minnir að það hafi verið í vor, að hugsanlega væri hægt að athuga hlutafélagaformið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það var sem sagt hægt að ljá máls á hlutafélagsforminu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, m.a. að uppfylla upplýsingalögin, sem ég hef komið til móts við með þessu frumvarpi.

Síðan koma hv. þm. Ögmundur Jónasson og vinstri grænir. Það er ljóst að þeir vilja ekki breyta neinu sem heitir ríkisstofnun. Það á allt að vera ríkisstofnun. Svo einföld er sú fílósófía sem sett er fram og sú stefna sem sett er fram af hálfu Vinstri grænna.

Þetta er það sem ég greini af þessari umræðu. Það er ekki samhljómur á meðal stjórnarandstöðunnar varðandi Ríkisútvarpið.

Ég ætla að fara yfir nokkur atriði sem hæst hefur borið í umræðunni, m.a. þá lensku stjórnarandstöðunnar að telja frumvarpið vera undanfara sölu. Það er sama hve oft því er mótmælt úr þessum ræðustól, hversu oft það er fullyrt af flutningsmanni frumvarpsins og helstu talsmönnum stjórnarflokkanna. Það er ekki hlustað þegar kemur að þessu atriði, frekar farið í að sá fræjum tortryggni og efast um það sem sagt er. (Gripið fram í.) Ég spyr: Í stefnu hvaða stjórnmálaflokks er gert ráð fyrir að selja Ríkisútvarpið? Það kemur hvergi fram. Ekki í stefnu Sjálfstæðisflokksins og ekki í stefnu Framsóknarflokksins. (**MÁ:** Rás 2.) Varðandi Rás 2 þá kem ég að henni síðar.

Það ber að þakka hv. þm. Mörður Árnason fór yfir þjónustusamninginn sem ég tel afar mikilvægt plagg til að stuðla að því að við uppfyllum þær kröfur sem við gerum til Ríkisútvarpsins varðandi aukna innlenda dagskrárgerð til að efla menninguna. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hafa einmitt bryddað upp á þjónustusamningnum. Hvað kemur fram í þjónustusamningnum sem tryggir m.a. veru Rásar 2? Þar segir að Ríkisútvarpið skuli a.m.k. vera með eina sjónvarpsstöð — og hvað? Er það ein útvarpsstöð eins og sagt er í frumvarpinu? Nei þar er talað um tvær. Í þjónustusamningnum er tryggt að Rás 2 haldi áfram enda hef ég margoft ítrekað að Rás 2, og ég veit að við hv. þingmaður erum sammála um það, gegnir menningarpólitísku hlutverki að því leyti að þar er spiluð mikilvæg íslensk tónlist sem alla jafna er ekki spiluð á öðrum stöðvum. Þar er mikilvæg miðlun íslenskrar menningar, nútímamenningar, íslenskrar nútímatónlistar, meðan Rás 1 er það akkeri Ríkisútvarpsins sem uppfyllir að mínu mati, sem er náttúrlega persónulegt mat líka, hvað best menningarlegur skyldur sínar. Rás 1 hefur sinnt þeim skyldum afbragðsvel í gegnum árin.

Það að við ætlum okkur að selja Ríkisútvarpið er fásinna. Mér þykir reyndar vænt um að sumir hv. þingmenn, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson, treysti því sem ég hef sagt í þessu efni meðan aðrir tala eins og eitthvað sé málum blandið. Svo er ekki. Þingmenn samstarfsflokks okkar í rík-

isstjórn hafa margoft ítrekað hið sama og ber að taka það alvarlega. Maður veltir því oft fyrir sér hvort það séu ekki bara ákveðnar kreddur, að halda svona fram og allt að því vantrú á þingræðinu.

Það er alveg ljóst að núverandi meiri hluti á þinginu ætlar sér ekki að selja eða stuðla að því að selja Ríkisútvarpið. Þar fyrir utan skiptir rekstrarformsbreyting engu máli ef við ætlum að leggja niður Ríkisútvarpið eða selja það. Af hverju ekki? Af því að það dugir að fá einfaldan meiri hluta á þingi, ekki aukinn meiri hluta heldur einfaldan meiri hluta sem getur í sama frumvarpi lagt til formbreytingu og sölu. Það er einfaldlega útúrsnúningur að halda því fram að þetta sé undanfari sölu, lykilþáttur í því að selja Ríkisútvarpið. Það er rangt. Vilji einhvern tímann þannig til í framtíðinni að samstaða myndist um að selja Ríkisútvarpið þá skiptir engu máli hvort það er hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða ríkisstofnun.

Varðandi aðra þætti sem menn hafa komið inn á þá hefur t.d. hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur farið á nokkuð athyglisverðan hátt yfir það hvort Ríkisútvarpið eigi að vera á auglýsingamarkaði. Það má velta því fyrir sér af hverju Ríkisútvarpið eigi að vera á auglýsingamarkaði. Ákveðnir hagsmunaaðilar hafa fært fyrir því góð og gild rök að það sé mikilvægt þjónustutæki, almannaþjónusta, að hafa Ríkisútvarpið á auglýsingamarkaði. Það hafa t.d. samtök auglýsenda gert. Ýmsir á landsbyggðinni hafa lagt áherslu á að það sé mikilvægt að Ríkisútvarpið sé á þeim markaði, þangað berist blöðin seint og því sé mikilvægt að hafa Ríkisútvarpið sem miðli upplýsingum, sem auglýsingar eru í sjálfu sér einnig. Það er sjónarmið út af fyrir sig.

Það er líka sjónarmið út af fyrir sig að menn voru ekki reiðubúnir að hækka útvarpsgjaldið um sem næmi þeim hluta sem auglýsingatekjurnar eru í dag af tekjum Ríkisútvarpsins. Menn voru ekki reiðubúnir til þess. En það er þar með ekki algilt til framtíðar að Ríkisútvarpið verði ávallt á auglýsingamarkaði. Menn verða að meta það þegar þar að kemur. En í dag sé ég ekki ástæðu til að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði.

Ríkisútvörp eru rekin í ýmsu formi í Evrópu. Hér er söguleg hefð og sagan skiptir máli í þessu samhengi. Hér er hefð fyrir því að Ríkisútvarpið sé á auglýsingamarkaði. Svo hefur verið allt frá upphafi. Því er ekki þannig háttað þannig hjá NRK, DR eða sænska sjónvarpinu. Í Þýskalandi, hjá ARD og ZDF eru takmarkaðir auglýsingatímar. Mig minnir að þeir séu á milli sex og átta. Þetta er ekki á dagskrá í dag en engu að síður fannst mér rétt að minnast á þetta þar sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom nokkrum sinnum inn á þetta atriði.

Í þessu máli er gagnrýnin annars vegar sú varðandi Ríkisútvarpið og þetta frumvarp að við styrkjum Ríkisútvarpið allt of mikið, að það sé ógn við samkeppni og fjölbreytni á markaði. Ég tel svo ekki vera. Breytingarnar á Ríkisútvarpinu eru gerðar með ákveðin markmið í hug. Hver eru þau markmið? Þau eru að það sinni almannaþjónustu, öryggishlutverki, sem er í fyrsta skipti sett inn í lagabálk, og menningarhlutverkið skiptir einnig miklu máli. Ef Ríkisútvarpið sinnir þessu ekki þá er enginn tilgangur með ríkisútvarpi, þá fyrst er enginn tilgangur með ríkisútvarpi.

Hinar raddirnar sem heyrast gjarnan í þessum þingsal segja að við veikjum Ríkisútvarpið með þessum breytingum af því að þær séu allar svo óljósar. Þá er ég komin að forminu, sem þingmenn hafa komið inn á en það er ljóst að ekki er samstaða meðal stjórnarandstöðunnar, eins og ég kom inn á í upphafi máls, um hvort fara skuli þessa leið. (**MÁ:** Hvaða leið?) Frumvarpið sem við erum að ræða um, ég vona að hv. þingmaður átti sig á því, er um Ríkisútvarpið sem opinbert hlutafélag.

Ég kom inn á það í framsöguræðu minni að það hefur verið deilt um hvort rekstrarform Ríkisútvarpsins sé rétt og menn hafa talið að á því þyrfti að gera skipulagsbreytingar. Síðan er þetta spurning um leiðir. Ég er sannfærð um að leiðin sem erum að fara sé hin rétta. Af hverju segi ég það? Menn verða bara að hlusta þó að menn kunni ekki við það en hlutafélagaformið er þekkt form. Það er ekki ástæðulaust að menn leita í þetta form, að 95% eða 96% af fyrirtækjum sem hér starfa eru undir hlutafélagsforminu. Af hverju er það, ef menn vilja ekki hlutafélagaformið? Af hverju kalla menn eftir lögum um opinber hlutafélög, ef menn vilja síðan ekki nota lög um opinber hlutafélög? Til hvers er það? (Gripið fram í.) Menn segja annars vegar: Við viljum fá lög um opinber hlutafélög. Nú þegar hafa verið samþykkt um þau skýr lög. Þessu kölluðu t.d. þingmenn Samfylkingar hástöfum eftir meðan vinstri grænum hefur ekki verið sérstaklega umhugað um hlutafélög. Þeirra stefna er skýr í þessu efni.

Ýmsar stofnanir eða fyrirtæki hafa verið tilgreind, t.d. menntastofnanir, sem betra væri að reka undir sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagi, sem er óljóst fyrirkomulag. Það er rétt að draga það fram að hér var minnst á Háskólann í Reykjavík. Hann var sjálfseignarstofnun. En hvað gerðist við sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, sem stjórnarandstaðan var á móti að sameina? Hvað gerðist við þá sameiningu? Leitaði nýr sameinaður háskóli, sem var að sækja fram á við eftir nýjum tækifærum, í sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið, sem hann þekkti? Það er ekki hægt að halda því fram að menn hafi ekki þekkt það. Þeir þekktu sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið. Leitaði skólinn í það fyrirkomulag? Nei, hann gerði það ekki. Hann fór inn í hlutafélagaformið af því að það er þekkt rekstrarfyrirkomulag. Þess vegna fór sá góði skóli í það form.

Hvað gera þeir sem telja að þessi hlutafélagavæðing sé undanfari sölu? Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa hamast gegn því formi í flestum þingræðum. En hvað gerðu þessir flokkar þegar þeir voru sjálfir við stjórn í Reykjavíkurborg? Þeir breyttu Félagsbústöðum í hlutafélag. Þeir nýttu sér hlutafélagaformið. Mér skilst að slagorð Félagsbústaða í Reykjavík, sem eru í fullu fjöri og gegna örugglega hlutverki sínu með sóma, sé: „þjónustufyrirtæki á húsnæðismarkaði". Það er nákvæmlega það sem Ríkisútvarpið verður, það verður þjónustufyrirtæki á fjarskiptamarkaði, með ákveðið skilgreint hlutverk.

Drögin að þjónustusamningnum ramma þetta allt inn. Þjónustusamningurinn er ekki þannig að hann sé fundinn upp í menntamálaráðuneytinu. Við höfum farið og leitað í reynslu og gagnabanka vinaþjóða okkar, Breta og þeirra sem hafa komið að svipuðum málum í Danmörku og Svíþjóð. Svipaðir þjónustusamningar hafa verið gerðir í þeim

löndum við ríkisútvörp í þeim löndum og við leituðum m.a. þangað.

Það hefur verið farið nokkuð inn á fjármögnunina og menn eru að reyna að segja að allt sé svo óljóst, að það eigi að segja upp fjölda fólks af því allt sé svo óljóst varðandi fjármögnun. Það er ekkert óljóst með fjármögnun, alls ekki. Hv. þingmaður og formaður menntamálanefndar fór ágætlega yfir það, m.a. það bréf sem við fjármálaráðherra sendum til hv. menntamálanefndar. Það var staðfest fyrir hönd ráðuneytanna að Ríkisútvarpið yrði sett inn í nýtt umhverfi með jákvætt eiginfjárhlutfall. Jákvætt eiginfjárhlutfall upp 15%.

Af hverju er ekki tekið mark á því? Þetta er til í gögnum. En þá verða menn að hafa í huga, ef menn þekkja lögin, að það þarf að búa til stofnefnahagsreikning. Það er einfaldlega þannig. Menn þurfa að búa til stofnefnahagsreikning. Sá reikningur þarf að vera eins réttur og mögulegt er og þá rétt fyrir stofnun fyrirtækisins. Það eru matsnefnd að störfum, m.a. með Ríkisendurskoðanda innan borðs, sem hefur það hlutverk að skila því m.a. inn í nýtt umhverfi miðað við bestu fáanlegar upplýsingar rétt fyrir stofnun félagsins. Það er ekki verið að stofna það á morgun. Við ætlum að gera það um áramótin miðað við gildistökuákvæði þessara laga. Ég vil undirstrika að félaginu verður tryggt í það minnsta 12–15% eiginfjárhlutfall. Við það verður staðið.

Verðum við ekki að treysta því að stjórnendur standi við það? Ég fagna því sérstaklega sem hefur komið fram í ræðum hv. þingmanna Samfylkingarinnar, að þeir treysti því sem forstöðumaður eða útvarpsstjóri gerir í þessu tilviki. Hann hafi óskorað vald. Þetta hefur margoft komið fram, hv. þm. Ögmundur Jónasson, í ágætum ræðum margra þingmanna Samfylkingarinnar að þeir treysti því og að þeir vilji hafa ábyrgðina skýra og mikla á herðum forstöðumanns Ríkisútvarpsins.

En þar er hins vegar enn og aftur mikill munur á skoðun stjórnarandstöðuflokkanna. Vinstri grænir vilja þetta ekki. Vinstri grænir vilja ekki hafa einn ábyrgan aðila. Það hefur margoft komið fram. Meðan hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa undirstrikað, bæði núna og í vor, að þeir telji rétt að vald útvarpsstjóra verði mikið og ríkt og að hann sæti ábyrgð, þá vilja vinstri grænir fara allt aðra leiðir í þessu efni.

Ég tel líka það vera athyglisvert að það er verið að nota orðfæri eins og „það er svo mikil óvissa“. „Það er bara verið að lúta að vilja ráðamanna innan Ríkisútvarpsins.“ Því við þekkjum það frá fyrri tíð, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, að oft hefur verið hávaði í kringum Ríkisútvarpið. Það hefur oft verið hávaði og sá hávaði hefur verið dreginn hingað inn í ræðustól þingsins. Undirskriftalistar, oft mikil mótmæli meðal starfsmanna, stundum með réttu, stundum ekki að mínu mati. En þau hafa oft verið dregin hingað inn. Þessi háværu mótmæli eru ekki núna. Þau eru ekki núna af því það er að sögn þingmanna stjórnarandstöðunnar verið að láta að vilja, eins og einn hv. þingmaður komst að orði, láta að vilja stjórnarherranna. Það þarf að eyða óvissu. Þess vegna verður bara að samþykkja eitthvað. Mér finnst þetta vera vanmat. Mér finnst þetta vera vanmat á sjálfstæði skoðun og skoðanamyndun vel menntaðs fólks sem starfar hjá Ríkisútvarpinu.

Eins og það sé ekki fært um að móta sér skoðun á frumvarpi alveg eins og hv. þingmenn hér í þessum þingsal? Að sjálfsögðu hefur það sjálfstæða og mótaða skoðun gagnvart þessu. (Gripið fram í.) Það hefur margoft komið fram að það styður rekstrarformsbreytingar á Ríkisútvarpinu. Það hefur komið fram. Ekki nóg með það því þótt mér þyki ekki alltaf jákvætt að vitna í skoðanakannanir og að það sé hættulegt að móta sínar skoðanir eftir skoðanakönnunum, þá er það engu að síður þannig að það er rangt sem hefur komið hér fram, m.a. í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að meiri hluti þjóðarinnar sé á móti breytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag. Það kom skýrt fram í skoðanakönnun að það eru 60% með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag en 40% á móti.

Það er sagt að það eigi að hlusta á ákveðin samtök. En það má ekki hlusta á önnur samtök sem hafa ályktað með breytingunni. Stjórnarandstaðan vill að eingöngu sé hlustað á þær raddir sem hafa gagnrýnt, eins og Hollvinasamtökin. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að Hollvinasamtökin hafa ályktað gegn breytingunni. Það hafa nokkrir aðilar talað gegn henni aðrir en þingmenn hérna í stjórnarandstöðunni.

En það hafa líka aðrir komið fram og sagt að það sé mikilvægt að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag af því menn eru ekki að mála skrattann á vegginn. Menn eru komnir til nútímans og segja: Hlutafélagaformið hentar í þessu tilfelli, í síbreytilegu umhverfi fjölmiðlanna. Og með því að niðurnjörva hlutverkið skýrt og afmarkað, eins og verið er að gera í þessu frumvarpi, er verið að draga fram hlutverkið í gegnum þjónustusamninginn og þar með erum við að uppfylla það sem við viljum sjá. (Gripið fram í.)

Til að mynda í vor lýsti Bandalag íslenskra listamanna, BÍL, því yfir og hvatti til að þetta mál yrði afgreitt í vor, SÍK sömuleiðis og hér var einnig minnst á Gallup-könnun. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, vitnaði í leiðara í Morgunblaðinu frá 7. desember síðastliðnum. Og af því hv. þm. Ögmundur Jónasson er að spyrja hverjir hafi lýst yfir stuðningi við hlutafélagaformið þá vil ég vitna í annan leiðara Morgunblaðsins frá 2. október, en sá sá leiðari dregur skýrt og skorinort fram að það skiptir máli, það sé ekki bara eitthvað út í loftið, að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Af hverju? Ekki út af einhverjum kreddum, eins og hv. þingmenn úr stjórnarandstöðunni vilja meina, bara hlutafélagavæða til þess að hlutafélagavæða. Hlutafélagavæðing hefur tilgang. Tilgangurinn er alveg skýr að mínu mati í þessu máli. Það er að styrkja Ríkisútvarpið í því hlutverki sínu að uppfylla þær kröfur sem við gerum til þess.

Ég er sannfærð um að þetta sé leiðin til að gera það. Ég vil sjá aukna innlenda dagskrárgerð. Ég vil sjá aukið íslenskt efni. Ég vil sjá aukna textun. Ég vil sjá fleiri norrænar myndir. Ég vil sjá fleiri kvikmyndir frá öðrum þjóðum en enskumælandi þjóðum. Inn á þetta er allt saman komið í þjónustusamningnum. Það er vonandi að við, ég og hv. þm. Mörður Árnason og fleiri, getum tekið ítarlega umræðu einmitt um þann samning. Því sá samningur, og ég er sannfærð um það, mun stuðla því að við munum sjá aukið framleitt íslenskt efni. Við þurfum á því að halda. Það er alveg

rétt og ég get tekið undir þá gagnrýni sem hefur verið sett fram á undanförnu missirum, að það vanti aukið framleitt íslenskt efni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Hvað erum við að koma inn á í samningnum? Við vitum að fjármagnið til þeirra dagskrárliða sem fara til sjálfstæðra framleiðenda hefur farið lækkandi, til að mynda þegar stórir íþróttaviðburðir eiga sér stað, eins og Ólympíuleikarnir og fleiri stórir íþróttaviðburðir. En með þessum samningi er tryggt að það verði aldrei lægra en ákveðnar fjárhæðir og þær fjárhæðir eru töluvert hærri en verið er að setja í þetta í dag. Byrjar 2008 með 150 millj. Síðan aukið í 200 millj. og síðan í 250 millj.

Það er rétt sem hv. þingmaður kom inn á áðan, að auðvitað er íslensk dagskrá að líka að hluta til fréttir, Kastljós og þeir þættir sem eru þarna inni. En með því að skerpa á hlut íslenskrar dagskrár og hækka hlutfallið úr 44% upp í 66% á þessum besta tíma í sjónvarpi frá kl. 7 til 11, samhliða ákvæðinu um aukið fjármagn til innlendrar dagskrárgerðar og sjálfstæðra framleiðenda, þá aukum við þrýstinginn til að koma með framleitt íslenskt efni inn í þann tíma. Ég er því sannfærð um að með öllum þeim breytingum erum við að færa Ríkisútvarpið til nútímans um leið og við gerum auknar kröfur til þess varðandi menningarhlutverk.

Það er líka rétt sem hefur komið fram varðandi nefskattinn og útvarpsgjaldið að skattur er aldrei vinsælt tæki. Þetta er ekki endilega gallalaus leið, síður en svo. Ég ætlaði aldrei að tala fyrir því að útvarpsgjaldið sé gallalaus leið. En hún er þó betri en það fyrirkomulag sem við búum við núna, þ.e. afnotagjaldið sem er bundið við viðtæki. Afnotagjaldið er í rauninni lýsandi fyrir það form sem við búum við í dag og höfum búið við síðastliðin 75–76 ár varðandi Ríkisútvarpið. Útvarpsgjaldið mun gera það að verkum að það er hægt að koma til móts við nýja tækni. Það er ekki háð einu viðtæki eins og sjónvarpið. Þetta er ekki háð því hvort við tökum útsendingar Ríkisútvarpsins í gegnum netið eða í framtíðinni í gegnum síma. Það má í rauninni segja að þetta gjald komi til móts við nýja tíma í miðlun sjónvarps- og útvarpsefnis.

Hæstv. forseti. Ég sé að tími minn er senn á enda í þessari umræðu. Ég hef reynt að fara yfir helstu atriðin sem menn hafa verið að koma inn á, meinta sölu, auglýsingar, fjármögnunina, formið, útvarpsgjaldið. En ég er sannfærð um að þessi breyting á Ríkisútvarpinu mun stuðla að eflingu þess. Mun stuðla að auknum tækifærum hjá forstöðumanni og forstöðufólki sem ég treysti. Það er ekki þannig að það sé eitt „dírektív" og að ekki sé haft samráð við samningu þessa frumvarps. Þetta er unnið í samvinnu. Það eru nútímastjórnunarhættir. Ef menn vilja hugsa til þeirra.

Ég er jafnframt sannfærð um að ef frekari töf verður á afgreiðslu þessa frumvarps þá jafngildir það líka töf og seinkun á eflingu innlendrar dagskrárgerðar. **(Gripið fram í:** Hótun?) Það er engin hótun í þessu, hér er tækifæri og ég er sannfærð um að þetta er rétta leiðin til að efla og styrkja innlenda dagskrárgerð. Þetta er leiðin og þess vegna erum við að ræða þetta og þess vegna er ég að stuðla að því að það verði breyting á Ríkisútvarpinu til framtíðar, til að stuðla að menningarlegri fjölbreytni.

[21:13]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ein leiðrétting á því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra. Samtök starfsmanna Ríkisútvarpsins hafa mótmælt fyrirhuguðum breytingum ríkisstjórnarinnar á rekstrarformi stofnunarinnar. Sama gildir um Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins sem leggjast alfarið gegn þessu frumvarpi.

Það hefur verið mjög víðtæk sátt í þjóðfélaginu um Ríkisútvarpið. Það er helst að á frjálshyggjuvæng stjórnmálanna hafi óánægju gætt svo mjög að menn hafi jafnvel viljað neita að greiða til Ríkisútvarpsins. En að öðru leyti hefur verið tiltölulega mikil sátt.

Nú er ríkisstjórnin að rjúfa þessa sátt. Enn er frjálshyggjukanturinn óánægður. Hann vill helst ekkert ríkisútvarp hafa. Við höfum heyrt slíkar raddir hér á Alþingi. En að auki er nú verið að auka óánægjuna á félagshyggjuvæng stjórnmálanna og jafnvel inni á miðjunni. Menn eins og Þorsteinn Pálsson, fyrrum formaður Sjálfstæðisflokksins og núverandi ritstjóri, hafa gagnrýnt þessar breytingar mjög harðlega á nákvæmlega þessari forsendu. Að það sé rangt að lögþvinga fólk til að borga skatt til stofnunar sem ekki lýtur almennum stjórnsýslulögum og almennum lögum sem eiga að tryggja rétt borgaranna.

Það var vísað í samþykktir frá Bandalagi íslenskra listamanna frá því í vor. Sú samþykkt gekk út á að eyða óvissu um Ríkisútvarpið. Ekki að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag. Ég mótmæli því að samþykktir samtaka af þessu tagi séu rangtúlkaðar, eins og hér hefur verið gert. Ég mótmæli líka og ítreka mótmæli mín gegn pólitískri misnotkun útvarpsstjóra og Ríkisútvarpsins á skoðanakönnun sem var gerð síðastliðið haust og ég hef gert grein fyrir í rituðu máli.

[21:15]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er náttúrlega grafalvarlegt ef hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem jafnframt er formaður BSRB, kemur hingað upp í ræðustól því þar verður ekki skilið á milli, hann hefur að mörgu leyti staðið sig ágætlega, en líka með þeim hætti að hægt er að gagnrýna það. Ég vil leyfa mér að gagnrýna það harkalega að hv. þingmaður komi upp í ræðustól og væni útvarpsstjóra um pólitíska misnotkun. Það er rangt og það er firra að halda slíku fram. Sá útvarpsstjóri sem nú er hefur gegnt starfi sínu af mikilli samviskusemi og stýður einmitt þetta mál, ekki út af því að hann er að láta að vilja stjórnvalda, eins og sumir vilja væna hann um — hvers konar er þetta? — heldur miklu frekar sér hann tækifæri í þessum breytingum, tækifæri sem stuðla að því að hann ásamt starfsfólki sínu geti rekið stofnunina til að þjóna og fullnægja þeim kröfum sem við gerum til Ríkisútvarpsins, sem ég er margoft búin að koma inn á. Ég vil því sérstaklega leyfa mér að mótmæla því sem hefur verið sagt hér í ræðustól þingsins varðandi þetta efni.

Það er ekkert launungarmál að við erum einfaldlega ósammála um leiðir. Við erum sammála um eitt, ég og hv. þingmaður, við viljum hafa ríkisútvarp sem sinnir menningarlegu hlutverki en við erum ósammála um leiðir. Við höf-

um ávallt verið ósammála um leiðir til að stuðla að eflingu Ríkisútvarpsins. Ég er hins vegar sannfærð um að sú leið sem við ræðum nú er sú rétta og til þess fallin í því umhverfi sem við búum við og með tilliti til ákvarðana m.a. Evrópuráðsins að við séum að fara rétta leið til að uppfylla og fullnægja þessari menningarlegu fjölbreytni.

[21:18]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka fyrri ummæli mín og staðhæfi að útvarpsstjóri hefur verið í pólitískri áróðursherferð með hæstv. menntamálaráðherra fyrir hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóri hafa birst sameiginlega í Kastljósi að tala fyrir þessum breytingum, birtust nýlega til að kynna samkomulag um dagskrárefni í Ríkisútvarpinu sem var kynnt í tengslum við hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Þetta er alveg ótvírætt.

Ég hef áður gert grein fyrir þeirri skoðanakönnun sem hæstv. ráðherra leyfir sér að vitna í og er mjög misvísandi og var misvísandi framreidd í fréttum Ríkisútvarpsins, en hún var framkvæmd á vegum þess. Ég aflaði mér upplýsinga um hvort útvarpsráð hefði komið þar við sögu, nei, það var Ríkisútvarpið og embættismenn þess sem höfðu þetta með höndum. Starfsmenn Ríkisútvarpsins og samtök þeirra hafa mótmælt fyrirhugaðri hlutafélagavæðingu, enda er verið að skerða réttindi starfsmanna, verið er að skerða lífeyrisréttindi og önnur réttindi sem þeir búa við. Hins vegar er verið að færa einum manni, útvarpsstjóra, alræðisvald yfir allri dagskrárgerð og öllum mannaráðningum, réttinum til að ráða og reka fólk. Þetta hefur ekkert með nútímann eða framtíðina að gera. Þetta er afturhald og verið er að grafa undan Ríkisútvarpinu með þessum hætti. Það hefði verið hægt að ná sátt og það er enn hægt að ná sátt ef menn setja sér sameiginleg markmið um að vilja raunverulega tryggja og styrkja Ríkisútvarpið, bæta fjárhagslega stöðu þess og rekstrarfyrirkomulagið. Um það liggja fyrir tillögur í þinginu, en ríkisstjórnin með hæstv. menntamálaráðherra í broddi fylkingar kemur í veg fyrir að það frumvarp fái núna umfjöllun og verði sent til umsagna samhliða þessu frumvarpi. Eru það lýðræðisleg vinnubrögð?

[21:20]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki verið að brjóta neina sátt varðandi Ríkisútvarpið í þessu. Það er verið að efla fjölmiðilinn með það í huga að hann geti sinnt þessu hlutverki sínu. Mér finnst það mjög ankannalegt að hv. þm. Ögmundur Jónasson og formaður BSRB skuli koma hingað og segja forstöðumann stofnunar, forstöðumann opinberrar stofnunar, vera nokkurs konar strengjabrúðu ráðherra. Það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en að hv. þm. Ögmundur Jónasson sé að segja það. (Gripið fram í.)

Gott og vel, en ég undirstrika að eins og það kom frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni var eins og útvarpsstjóri gæti ekki mótað sér og myndað sjálfstæðar skoðanir (Gripið fram í.) með hagsmuni fyrirtækisins í huga. Það er nákvæmlega það sem hann hefur í huga og þess vegna styður hann málið, það er ekki út af neinu öðru. Það eru hagsmunir Ríkisútvarpsins sem hann ber fyrir brjósti og ekki neitt annað.

Að menntamálaráðherra geti ekki birst á blaðamannafundum eða öðrum fundum með útvarpsstjóra er náttúrlega reginmisskilningur, frú forseti. Síðan getur formaður BSRB — sem vill svo til að er líka þingflokksformaður Vinstri grænna — þrammað upp í Ríkisútvarp og haldið hvaða fundi sem hægt er að halda ef honum þóknast svo, í nafni BSRB.

[21:22]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil þakka menntamálaráðherra ágæta ræðu, ég á ekki við andsvörin heldur ræðuna sjálfa sem er sennilega sú besta sem hún hefur haldið um þetta efni og ég hef hlustað á. Það er leiðinlegt að geta ekki haldið áfram umræðu, samræðu við hæstv. menntamálaráðherra eftir þessa ræðu þar sem hún ræddi ýmislegt sem þörf væri á að eiga frekari skoðanaskipti um.

Ég bað sérstaklega um það í ræðu minni áðan að hæstv. menntamálaráðherra reifaði eitt af því sem við höfum beðið margoft um, þ.e. rökin fyrir því af hverju Ríkisútvarpinu ætti að líða betur, hvað það ætti að græða á því að verða að hlutafélagi. Hæstv. menntamálaráðherra, þrátt fyrir það hrós sem ég hafði um hana áðan, gerði það með þeim hætti að annars vegar tók hún sér töluverðan tíma í að segja okkur frá því að hlutafélagsformið á Íslandi væri þekkt form og nefndi til tvö fyrirbæri, Háskólann í Reykjavík og Félagsbústaði, sem fást nú við aðra hluti en Ríkisútvarpið, sem dæmi um hvað þetta væri þekkt form og hins vegar sagði hún síðar í ræðunni að hlutafélagsformið væri til þess að styrkja Ríkisútvarpið í meginhlutverki sínu. Það þriðja sem hæstv. menntamálaráðherra sagði um þetta var að hún var farin að vitna í Evrópuráðið, hún var búin að uppgötva Evrópuráðið í sumar. Það veit ég um Evrópuráðið að það hefur aldrei mælt með því sérstaklega að til verði hlutafélagsform í kringum Ríkisútvarpið, þó að það sé auðvitað til í ríkisútvörpum með aðra hefð en okkar, af því við vorum að ræða um hefðina líka.

Það sem ég vil fá að vita er: Hvað er það í þessu andsvari, þó ekki sé annað, sem er svona gott við hlutafélagsformið, hvað er það sem RÚV græðir á því? Vegna þess, forseti, að hér kom fram í ræðu minni og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að við erum reiðubúnir og flokkar okkar til að beita okkur eftir megni ef hæstv. menntamálaráðherra fellur frá hlutafélagaþráhyggju sinni í málinu.

[21:24]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessar athugasemdir. Ég tek undir með honum að ég hefði gjarnan viljað ræða, eins og ég kom inn á áðan, enn frekar um þjónustusamninginn sem hann í rauninni einn þingmanna bryddaði sérstaklega á og kom inn á í ræðu sinni og fyrir það ber að þakka.

Verið er að spyrja um hlutafélagsformið. Ég kom inn á það áðan og það er ekkert launungarmál og ég trúi ekki að það sé viðkvæmt, að þegar vinstri flokkarnir voru við völd í Reykjavík stofnuðu þeir Félagsbústaði hf. Ég spyr: Er í lagi

að breyta félagslegu úrræði í hlutafélagsform en gera það tortryggilegt þegar er komið að fjölmiðlarekstri, er það tortryggilegt?

Við verðum að átta okkur á því að Ríkisútvarpið verður að geta hreyft sig, með ákveðnum takmörkunum þó, í formi opinbers hlutafélags vegna þess að það eru upplýsingalög sem gilda um það og eitt og annað sem tengist opinberum hlutafélögum sem er líka niðurnjörvað í þessu frumvarpi varðandi hlutafélagið, það er ákveðin takmörkun. Það þarf samt að fá tækifæri til að hreyfa sig. Ég er einfaldlega sannfærð um að það úrræði sem hlutafélagsformið er, og ég er ekkert ein um það heldur flestallir rekstraraðilar fyrirtækja, að rétt sé að fara þá leið. Það er miklu frekar þannig að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar þurfi að sannfæra menn um ágæti sjálfseignarstofnunar, sem er í rauninni einkavæðing, sjálfseignarstofnun sem ekki er í skýrri eigu neins er einkavæðing. Það er ekkert öðruvísi. Af hverju er betra að fara sjálfseignarstofnunarleiðina þegar fyrirtæki, menntastofnanir og aðrar mikilvægar stofnanir í samfélaginu eru að hörfa undan sjálfseignarstofnunarfyrirkomulaginu og fara inn í hlutafélagaformið? Af hverju eigum við þá (Forseti hringir.) að setja Ríkisútvarpið inn í fyrirkomulag sem stjórnendur fyrirtækja vilja ekki?

[21:26]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég er ekki að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag eða eitthvert annað rekstrarform, það er hæstv. menntamálaráðherra sem hefur staðið fyrir því núna á þremur þingum að gera það. Það dugir ekki fyrir hæstv. menntamálaráðherra að svara spurningu minni um „af hverju" með spurningunni „af hverju ekki". Það stendur upp á hæstv. menntamálaráðherra að skýra það út — fyrst það gerist ekki í þessari umræðu verður það að gerast í 2. umr. og 3. umr. um málið og á næsta þingi og þarnæsta þingi ef við förum svo langt — af hverju á að breyta þessu í hlutafélag. Hin almennu rök gilda ekki vegna þess að hlutafélagið, eins og ég rakti í ræðu minni í kvöld — ég er tilbúinn að tala um þetta, bæði af hverju og af hverju ekki — er ósköp einfaldlega ekki almennt. Í raun er búið að tína af því allar þær fjaðrir sem prýða eitt venjulegt hlutafélag, sem er vissulega þekkt form og ágætt fyrir fyrirtæki sem eru í samkeppnisrekstri á markaði. Þetta fyrirtæki er það ekki, eða hvað? Er það þannig? Þá stendur ekki steinn yfir steini í hugsun menntamálaráðherra um málið.

Þess vegna vil ég ósköp einfaldlega fá að vita — meira en það að hún sé einfaldlega sannfærð, meira en það að hlutafélagsformið sé þekkt form og meira en það að hún telji að það muni styrkja Ríkisútvarpið í meginhlutverki sínu — hvers vegna hlutafélagsformið á Ríkisútvarpinu er betra en annars vegar sjálfseignarstofnunarformið eða þá ríkisstofnunarformið eins og nú er með þeim breytingum sem hægt er að gera á því innan ramma laganna.

Ég hef heyrt þær skýringar að það sé til þess að auðveldara sé að reka menn og ráða nýja, það séu launakjörin og það séu starfsaðstæðurnar. Það er sjálfsagt eitthvað til í þessu, menntamálaráðherra verður að svara því. Ég held að það sé til að koma á þessu vitleysislega stjórnskipulagi sem til þess er ætlað, hvort sem hæstv. menntamálaráðherra veit það eða ekki, að halda áfram hinni pólitísku stjórn á Ríkisútvarpinu þannig að það færi sig ekki um of frá Sjálfstæðisflokknum sem á að halda um öll völd í fjölmiðlun hér eftir sem hingað til.

[21:28]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil minna hv. þingmann á að við umræðu fyrr á þessu ári léði hv. þingmaður einmitt máls á því að færa Ríkisútvarpið undir hlutafélagsform. Það var á þessu ári, það var ekki einhvern tíma fyrir 70 árum, heldur á þessu ári sem hv. þingmaður léði máls á því að færa það í þá átt, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sem ég tel að mörgu leyti að við höfum komið til móts við í gegnum upplýsingalögin og þær kröfur og hugmyndir sem hv. þingmaður hafði uppi til þess að hægt væri að una því að Ríkisútvarpið færi undir (Gripið fram í.) hlutafélagsformið. Það hlýtur að vera ákveðin stefna, ákveðin hugsjón að geta séð fyrir sér að Ríkisútvarpið eflist og styrkist til að sinna þessum kröfum, þessum skýrt afmörkuðu kröfum með því að fara þessa leið. (Gripið fram í.) Það dugar ekki og þá fellur Ríkisútvarpið undir regluverk sem er þekkt og hefur langa sögu hér á landi. (Gripið fram í.)

Í lögum um hlutafélög (Gripið fram í.) og nú skal hv. þingmaður hlusta, (Forseti hringir.) er að finna skýr ákvæði um réttindi og skyldur stjórnar, framkvæmdastjóra, (**MÁ:** Og hluthafa.) já, já, hluthafa. Við vitum alveg að hér er löggjöf um opinber hlutafélög. Af hverju er ákvæði og löggjöf um opinber hlutafélög, eins og ég gat um áðan, ef menn ætla sér ekki að nota þau? Er það bara út af einhverju, til þess að hafa uppi einhverjar klisjur og kreddur? (Gripið fram í.) Auðvitað er það ekki þannig. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP): Menn eiga ekki að vera að kallast á hér á milli ræðustóls og sætis úti í sal.)

Síðan er — (Gripið fram í.) ef ég fæ að halda áfram að svara, frú forseti, fyrirspurn hv. þingmanns, þá eru til þekktar reglur og til er fjöldi fordæma í þá veru hvernig hægt er að leysa úr álitamálum sem oft koma upp í tengslum við rekstur hlutafélaga. Þetta er einfaldlega þekkt form. Af hverju á að setja Ríkisútvarpið í form sem er miklu frekar hreinn einkarekstur, miklu meiri einkarekstur í formi sjálfseignarstofnunar en hlutafélag, sem (Forseti hringir.) allir þekkja og allir eru að leita eftir að reka fyrirtæki eftir? (Gripið fram í.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. mál.

Fundi slitið kl. 21:32.

# 14. FUNDUR

miðvikudaginn 18. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til utanríkisráðherra:*

1. Störf hjá Ratsjárstofnun, fsp. SigurjÞ, 181. mál, þskj. 182.

*Til samgönguráðherra:*

2. Flugmálastjórn Íslands, fsp. ÞórdS, 215. mál, þskj. 216.

*Til félagsmálaráðherra:*

3. Fötluð grunnskólabörn, fsp. JóhS, 103. mál, þskj. 103.

4. Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna, fsp. JóhS, 205. mál, þskj. 206.

*Til umhverfisráðherra:*

5. Rannsóknarboranir á háhitasvæðum, fsp. KolH, 160. mál, þskj. 160.

*Til menntamálaráðherra:*

6. Framhaldsskóli í Mosfellsbæ, fsp. VF, 120. mál, þskj. 120.

7. Staðbundið háskólanám á landsbyggðinni, fsp. BjörgvS, 157. mál, þskj. 157.

8. Nám í fótaaðgerðafræði, fsp. AKG, 182. mál, þskj. 183.

*Til iðnaðarráðherra:*

9. Útræðisréttur strandjarða, fsp. SigurjÞ, 140. mál, þskj. 140.

10. Raforkuverð til garðyrkjubænda, fsp. BjörgvS, 150. mál, þskj. 150.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:31]

**Forseti (Þuríður Backman):**

Klukkan 15.30 í dag verða atkvæðagreiðslur og jafnframt fer fram umræða utan dagskrár um þjónustu við heilabilaða. Málshefjandi er hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir. Hæstv. heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

**Útbýting:**

Nýbyggingar, 115. mál, svar félmrh., þskj. 229.

## *Störf hjá Ratsjárstofnun.*

Fsp. SigurjÞ, 181. mál. — Þskj. 182.

[13:32]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Það eru fáir ráðherrar sem eiga jafnsvarta skrá í byggðamálum og frú Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. fyrrverandi byggðamálaráðherra og núverandi utanríkisráðherra. Hún hefur staðið eins og klettur vörð um kvótakerfið sem hvað eftir annað hefur höggvið skörð í byggðir landsins. Nú síðast er það Grímsey sem verður fyrir barðinu á kerfinu og hún hefur hafnað öllum breytingum á því og kallað allar breytingar eitthvert föndur við kerfið. En það er ekki nóg með það heldur hefur hún afnumið þá litlu flutningsjöfnun sem er á vörum landsmanna og síðan hækkaði hún ótæpilega rafmagnsreikning fólks sem hitar upp hús sín með raforku. Nú óska ég eftir því við hæstv. ráðherra að hún líti um öxl og skoði verk sín og spyrji sjálfa sig hvort ekki sé nóg komið og hvort ekki eigi að snúa við blaðinu og hvort hún ætti ekki að beita sér í ljósi sögu sinnar, hvort ekki eigi að hætta við að höggva enn og aftur í skörð í byggðir landsins. Þá á ég við það að hætta við að flytja störf sem unnin eru á landsbyggðinni á vegum Ratsjárstofnunar frá landsbyggðinni, svo sem frá Bolungarvík, Langanesi og Höfn. Þessar breytingar fela bæði í sér uppsagnir og tilfærslu á störfum frá landsbyggðinni hingað á suðvesturhornið. Er ekki nóg komið?

Í viðtali í Morgunblaðinu í gær sagði virtur skipstjóri og fyrrverandi oddviti sveitarfélags norður í landi að fækkun starfa Ratsjárstofnunar væri enn eitt dæmi um hvernig stjórnvöld Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks eru að draga máttinn úr byggðum landsins og hann kallaði þetta einfaldlega landráðastefnu viðkomandi flokka.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra utanríkismála sem fer með þennan málaflokk hvort það hafi verið metið hvernig öryggi ratsjárstöðvanna muni skerðast við að flytja þessi störf suður en það er ljóst að þegar enginn tæknimaður verður starfandi á viðkomandi stöðum þá taka allar lagfæringar lengri tíma en þær gera nú. Viðgerðin tekur auðvitað lengri tíma þegar flytja þarf starfsmenn sem þurfa að gera við og yfirfara bilun á viðkomandi landshorn. En fyrst og fremst er það fáránlegt að leggja fram í byrjun árs áætlun um byggðamál en koma síðan að hausti til sem hæstv. utanríkisráðherra og skera niður störf á landsbyggðinni. Þetta er alveg furðulegt.

Hvað er verið að spara? Það er verið að spara í ráðuneyti utanríkisþjónustunnar sem hefur þanist út og á að þenjast út á næsta ári um einhverja milljarða. (Forseti hringir.) Er ekki nóg komið og ef það þarf að spara, (Forseti hringir.) hvers vegna þarf þá að fara á þá staði sem standa höllum fæti, frú forseti?

[13:35]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Áður en ég fer að svara fyrirspurnum hv. þingmanns vil ég fyrst segja utan dagskrár að þegar ég skoða verk mín sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra þá er ég ákaflega stolt yfir því að það náðist mikill árangur í byggðamálum á þeim tíma sem ég fór með þau mál.

Þá kemur að því að svara fyrirspurn hv. þingmanns sem er svona, með leyfi forseta:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hætt verði við að flytja störf á vegum Ratsjárstofnunar frá landsbyggðinni, svo sem frá Bolungarvík, Langanesbyggð og Höfn?“

Ratsjárstöðvarnar fjórar sem hér um ræðir eru reknar af

Bandaríkjastjórn — ég endurtek: eru reknar af Bandaríkjastjórn, sem hefur gert stífar kröfur um hagræðingu í rekstri þeirra m.a. vegna tilkomu tæknibreytinga sem stuðlað hafa að sjálfvirkni stöðvanna og fækkun starfsmanna samfara þeirri þróun, sem hefur reyndar alls staðar átt sér stað. Það er því misskilningur hjá hv. þingmanni sem sagði áðan að það væri verið að tala um að spara í utanríkisráðuneytinu. Það er Bandaríkjastjórn sem rekur þessar stöðvar.

Þess má geta að það reyndist unnt að bjóða sumum þeirra starfsmanna sem sagt var upp störf á Miðnesheiði þar sem stjórnstöð og miðstöð ratsjáreftirlitsins er staðsett. Við skulum hafa hugfast að í upphaflegum áætlunum Bandaríkjamanna í viðræðum við íslensk stjórnvöld um framtíð varnarsamstarfsins var gert ráð fyrir lokun norðurstöðvanna tveggja. Þeir ætluðu að loka þeim. Þær lokanir hefðu þegar verið komnar til framkvæmda ef ekki hefði náðst sá árangur í viðræðunum sem raun ber vitni. Eins og fram kemur í samkomulagi Íslands og Bandaríkjamanna um varnarmál, sem undirritað var í Washington 11. október sl., þá hyggjast þjóðirnar ræða framtíðarfjármögnun og fyrirkomulag íslenska loftvarnakerfisins sín á milli og við NATO og ég vænti þess að farsæl niðurstaða náist í þeim viðræðum og að áfram verði reknar fjórar ratsjárstöðvar á Íslandi.

Síðari spurning, með leyfi forseta:

„Telur ráðherra að öryggi ratsjárstöðva skerðist við að enginn tæknimaður verður starfandi þar?"

Svarið er eftirfarandi: Nei, ég tel ekki að svo sé. Sjálfvirkar ratsjárstöðvar hafa verið reknar með góðum árangri í öðrum löndum árum saman. Ratsjárstofnun verður með mjög öflugt kerfi sem verður áfram vaktað allan sólarhringinn. Auk þess verður haldið áfram fyrirbyggjandi viðhaldi með reglulegum viðhaldsferðum út á stöðvarnar. Á undanförnum árum hefur sjálfvirkni í rekstri ratsjárkerfa aukist til muna og telja verður eðlilegt að rekstur ratsjárstöðvanna hér á landi verði aðlagaður þeim tæknilegu breytingum sem þar hafa orðið ásamt þeirri hagræðingu sem fólgin er í þeim. Það er komin liðlega 10 ára reynsla af rekstri fjarstýrðra ratsjárstöðva víða í Evrópu og Norður-Ameríku og þær hafa gefist vel.

Ég get svo bætt við, hæstv. forseti, þar sem tíma mínum er ekki lokið að að sjálfsögðu er það mér ekki gleðiefni að sú ákvörðun hafi verið tekin af hálfu Bandaríkjastjórnar, að draga þarna saman í rekstri, en við verðum hins vegar að horfast í augu við þær tæknibreytingar sem hafa átt sér stað. Það sem er aðalatriðið í dag er hvernig framtíðarrekstri þessara stöðva verður háttað og það er það sem við ætlum að ræða við Bandaríkjamenn frekar og sennilega líka við NATO en ég tel algerlega augljóst að Íslendingar þurfi að taka á sig einhverjar skyldur í þessu sambandi líka.

[13:40]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Vissulega þurfa menn að aðlaga sig breytingum sem kunna að verða í alþjóðastjórnmálum eða á tæknisviði sem hafa áhrif á rekstur stöðva eins og ratsjárstöðvanna. Hitt vil ég leggja áherslu á að Ratsjárstofnun er íslensk stofnun. Hún er á fjárlögum íslenska ríkisins og lýtur valdi íslenskra ráðherra. Ég tel það ekki skynsamlega stefnu hjá Bandaríkjamönnum að flytja störf frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Suðausturlandi til Miðnesheiðar. Íslensk stjórnvöld eiga ekki eiga að gera þá stefnu að sinni. Þau eiga að hafa sína eigin stefnu og dreifa þessum störfum í líkingu við það sem verið hefur. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir því.

Í öðru lagi vil ég hvetja hæstv. ríkisstjórn og sérstaklega hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra til þess að vinna að mótvægisaðgerðum á þeim atvinnusvæðum þar sem um samdrátt er að ræða í störfum vegna þessara breytinga.

[13:41]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Í nauðvörn byggðanna skiptir hvert starf sem lagt er niður eða glatast gífurlega miklu máli, í þeirri nauðvörn sem núverandi ríkisstjórn hefur rekið landsbyggðina út í. Bæði kvótakerfið í sjávarútvegi og hin meinta byggðastefna stjórnvalda hefur brugðist nánast fullkomlega fyrir utan uppgang á einstökum svæðum og kannski hefur fólksfjölgunin gengið best þar sem stjórnvöld hafa minnst skipt sér af. Því má spyrja stórra spurninga um gildi og inntak þeirrar byggðastefnu sem nú er framfylgt.

Hv. þingmaður sem mælti á undan mér kom að kjarna málsins. Hér glatast störf á landsbyggðinni, landsbyggðin er í nauðvörn og sérstaklega það svæði sem hér um ræðir, Vestfirðir. Til hvaða mótvægisaðgerða ætlar hæstv. ráðherra að grípa? Það er kjarni málsins.

[13:42]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Frú forseti. Það var furðulegt að heyra í hæstv. utanríkisráðherra hér áðan. Hæstv. ráðherra kennir Bandaríkjastjórn um allt sem er að gerast í þeim stofnunum sem um er rætt og ég er að velta því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra líti virkilega svo á að ráðherrann lúti stjórn Bandaríkjastjórnar og ef svo er þá tel ég það verulegt áhyggjuefni. Það hefur komið fram í máli annarra þingmanna að Ratsjárstofnun lýtur stjórnar Íslendinga og ég held að hæstv. ráðherra ætti að reyna að axla þá ábyrgð sem því fylgir og sjá til þess að hæstv. ríkisstjórn sitji ekki uppi með þá skömm að draga endalaust úr opinberri starfsemi úti á landi.

[13:43]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ratsjárstofnun er íslensk stofnun. Það liggur fyrir að Íslendingar, íslensk stjórnvöld eru nauðug viljug, að mér skilst, að taka yfir rekstur þessarar stofnunar. Þá hljóta menn að þurfa að koma sér upp stefnu um með hvaða hætti eigi að reka hana. Ég lít svo á að það hafi verið gert og þeirri stefnu sé verið að framfylgja með ákvörðunum þeirra sem ráða í Ratsjárstofnun því það getur ekki verið annað en að menn séu að hugsa um framtíðina þegar tekin er sú ákvörðun sem liggur fyrir. Hún er sú að flytja skuli störfin af landsbyggðinni á Miðnesheiðina. Ég tel að það sem hér er að gerast sé mjög ádeiluvert og að mjög góð rök þurfi að leggja fram fyrir því að standa svona að málum.

Svo vil ég segja í lokin, hæstv. forseti, (Forseti hringir.) að hæstv. ráðherra ætti að hafa færri orð um stolt sitt af byggðastefnunni. (Forseti hringir.) Hún hefur ekki tekist nema þar sem hafa verið byggð álver á Íslandi.

[13:45]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Sem þingmaður Reykjavíkur og áður forseti borgarstjórnar hef ég iðulega gagnrýnt það þegar stofnanir hafa verið teknar upp og fluttar út á land eða hugmyndir hafa verið uppi um að flytja opinber störf héðan af suðvesturhorninu út á landsbyggðina og það fólk sem þar vinnur.

Hins vegar er hér allt annar hlutur á ferðinni. Það er á vegum ríkisstjórnarinnar, og undir forustu eins af helstu trúnaðarmönnum Framsóknarflokksins á síðasta áratug, verið að leggja niður opinber störf í byggðum sem helst eiga undir högg að sækja en halda óbreyttri starfsemi að mestu á suðvesturhorninu.

Mér þykir að hæstv. ráðherra, sem áður var ráðherra byggðamála, skuldi þinginu miklu betri skýringar en hún hefur veitt hér á þessari pólitísku ákvörðun, að láta þessa staði á landinu helst taka á sig skellinn. (Forseti hringir.).

[13:46]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég sýni því ákveðinn skilning að hæstv. ráðherra sem er ný í starfi átti sig ekki á að hún fer með yfirráð yfir umræddri stofnun og getur þess vegna haft áhrif á þessa ákvörðun.

Ég vona að eftir þessa umræðu upplýsist ráðherrann þannig að hún geti tekið um þetta ákvörðun og átti sig á því að þetta mál heyrir undir viðkomandi ráðherra en ekki Bandaríkjastjórn. Þetta er íslensk stofnun sem lýtur valdi ráðherra. Það er ekki hægt að fara til Bandaríkjanna og skýla sér þar á bak við verk sín. Þetta er einfaldlega ákvörðun hennar eða vilji og ég get ekki séð að hæstv. ráðherra ætli að breyta einu né neinu.

Frú forseti. Málið snýr einnig að byggðastefnunni, byggðastefnu Framsóknarflokksins sem hefur birst undanfarin ár og hæstv. ráðherra segir að þetta sé góð stefna. En við sjáum það einfaldlega í umfjöllun blaða, svo sem Fréttablaðsins, að byggðunum hefur hrakað. Það er ekki nein tilviljun, heldur er það stefna stjórnvalda í atvinnumálum og hvar störfum er niður komið, opinberum störfum. Hér var fyrirspurn svarað og kom fram að hið opinbera hefur fjölgað opinberum störfum hér um mörg þúsund meðan þau hafa staðið í stað eða jafnvel fækkað á landsbyggðinni.

Hér er hæstv. ráðherra enn að. Hún er komin í nýtt ráðuneyti og vill halda áfram. Fækka störfum og flytja þau til. En þetta er staðreyndin og þetta er verk sem rekja má til hugmyndafræðings flokksins til margra ára sem er nú starfandi formaður flokksins og hæstv. iðnaðarráðherra. Hann hefur skrifað grein um að hér væri risið borgríki.

Þetta er stefna hugmyndafræðings og formanns Framsóknarflokksins sem er hér í verki, frú forseti. (Forseti hringir.) Þetta er alvarlegt. Við í Frjálslynda flokknum (Forseti hringir.) höfum þá trú að hægt sé að snúa þessari stefnu við.

[13:48]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu og góð ráð sem hér komu fram. En ég vil segja að ef þessi ákvörðun og þessi breyting snýr að einhverju leyti að byggðamálum þá er það í raun byggðastefna Bandaríkjastjórnar sem þarna á í hlut.

Eins og hv. þingmenn hljóta að vita eru það ekki íslensk stjórnvöld sem reka umræddа stofnun. (Gripið fram í.) Þegar Bandaríkjamenn draga saman í rekstri og skammta þessari stofnun minna fjármagn en áður er bara eitt ráð til. Það er að draga saman í rekstri. Það var gert.

Svo má líka segja að þau störf sem lögð voru niður á þessum stöðum, sem er sársaukafullt, það geri ég mér allra manna best grein fyrir, eru ekki endilega þau sömu störf og viðkomandi var boðið að taka á Miðnesheiði. Svo var ekki. Við skulum líka hafa það í huga að verið var að fækka störfum þar um kannski allt í allt upp undir þúsund. En enginn talar um það í þessari umræðu. Kannski gæti það verið eitthvað sem hefði komið við á því svæði.

Þetta er í rauninni ósköp einfalt mál, en engu að síður er það sársaukafullt. Það þarf að draga saman í rekstri þessarar stofnunar. Hvað gerist eftir 15. ágúst næstkomandi er óljóst á þessari stundu. Íslensk stjórnvöld munu að sjálfsögðu ræða það við Bandaríkjamenn að halda áfram að koma að þeim rekstri, að hve miklu leyti sem það verður. Auk þess er ekki ólíklegt að rætt verði við Atlantshafsbandalagið um að gera það einnig, þar sem við teljum að þarna sé um mikilvæga starfsemi að ræða í sambandi við loftvarnir og það að fylgjast með því svæði sem er hér norðan við okkur.

Þetta eru aðalatriði málsins (Forseti hringir.) og ekki óeðlilegt að þetta sé rætt á hv. Alþingi.

Umræðu lokið.

## *Flugmálastjórn Íslands.*

Fsp. ÞórdS, 215. mál. — Þskj. 216.

[13:50]

**Fyrirspyrjandi (Þórdís Sigurðardóttir):**

Virðulegi forseti. Á Íslandi eru reknar tvær flugmálastjórnir. Annars vegar Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli sem heyrir undir utanríkisráðuneytið og hins vegar Flugmálastjórn Íslands sem heyrir undir samgönguráðuneytið.

Starfssvið þessara tveggja flugmálastjórna eru mjög lík en meðan á veru varnarliðsins stóð þótti ákveðið hagræði í að hafa stofnanirnar tvískiptar undir sitt hvort ráðuneytið.

Keflavíkurflugvöllur þjónaði að stórum hluta herflugi vegna varnarsamningsins við Bandaríkin og aðildar íslenska ríkisins að Norður-Atlantshafsbandalaginu.

Nú eftir brotthvarf varnarliðsins frá Keflavík tel ég að forsendur þess að halda úti tveimur stofnunum með sömu markmið og starfsemi séu brostnar. Að sameina Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli Flugmálastjórn Íslands tel ég að mundi stuðla að einfaldari stjórnsýslu. Sameiginleg eining yrði sterkari og markvissari og hægt væri að samnýta sérfræðiþekkingu starfsmanna á þessum tveimur vinnustöðum. En það er alveg ljóst að verkefni starfsmanna hjá þessum stofnunum skarast á fjölmörgum sviðum.

Einnig má nefna einkennilega aðstöðu sem Flugmálastjórn Íslands er í, að bera faglega ábyrgð á flugumferðar-

þjónustu sem innt er af hendi í Keflavík án þess að koma að nokkru leyti við stjórn eða skipan fyrirtækisins. Ég tel að sameining hefði í för með sér fjárhagslegan sparnað. Öll flugmál mundu lúta einu ráðuneyti og Keflavíkurflugvöllur og málefni hans verða loksins hluti af samgönguáætlun.

Á nýafstöðnu flugþingi sem haldið var í byrjun október lýstu flugrekendur áhyggjum sínum af kostnaði við þjónustu, flugvernd og eftirlit sem mun fara vaxandi þar sem sífellt fleiri öryggisstaðla þarf að uppfylla. Á flugþinginu kom einnig skýrt fram eindreginn vilji, bæði flugrekenda og þeirra sem veita flugumferðarþjónustu, flugöryggissvið og flugvallasvið, að sameining þessara tveggja stofnana undir eitt ráðuneyti væri nú tímabær, ekki síst sökum þeirrar hagræðingar sem í henni felst og gæti komið til móts við aukinn kostnað samfara hertum öryggiskröfum.

Nú er búið að segja varnarsamningnum upp og ekkert því til fyrirstöðu að fækka ríkisstofnunum um eina. Vil ég því beina fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra hvenær þess er að vænta að Flugmálastjórn Íslands taki yfir Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.

[13:53]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Það er kannski rétt í fyrstu, um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir, að vekja athygli á mismæli. Samningnum hefur ekki verið sagt upp, heldur hafa orðið breytingar. Varnarliðið er farið. Það er rétt að það komi fram.

Eins og þekkt er rekur Flugmálastjórn Íslands alla flugvelli landsins nema Keflavíkurflugvöll. Skoðun mín og afstaða er sú að tvískiptingin sé ekki heppileg. En það fyrirkomulag er barn síns tíma og á sér þær skýringar sem hv. þingmenn þekkja og tengist veru varnarliðsins hér.

Um þetta hefur verið fjallað bæði í samgönguráðuneytinu og sömuleiðis hefur flugráð þar sem eru sérfræðingar okkar og þeir aðilar sem þekkja best til hvað varðar rekstur flugmálanna. Flugráð hefur m.a. ályktað svo sem hér segir, með leyfi forseta:

„Flugráð vill ítreka“ — segir í samþykkt flugráðsins — „að nauðsynlegt sé að taka til endurskoðunar þá tvískiptingu sem nú er í stjórn flugmála hér á landi vegna sérstakrar réttarstöðu Keflavíkurflugvallar. Þessi tvískipting veldur því að ábyrgð stjórnsýslu og eftirlitsaðila í hinum ýmsu þáttum starfseminnar er óljós og veldur vaxandi erfiðleikum í samskiptum við alþjóðlegar stofnanir á sviði flugmála sem gera ráð fyrir því að aðeins einn aðili sé í forsvari fyrir flugmál í hverju ríki. Kostnaður vegna þessa tvöfalda kerfis er jafnframt verulegur. Með því að færa stjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli undir beina yfirstjórn Flugmálastjórnar Íslands mætti ná samlegðaráhrifum, auka á skilvirkni og efla öryggi í flugi. Sameiginlegur rekstur allra flugvalla í landinu mundi hafa í för með sér verulegan ávinning fyrir flugsamgöngur landsins.“

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september í tengslum við brottför varnarliðsins kemur fram í 8. lið eftirfarandi texti þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við brotthvarf varnarliðsins er eðlilegt að yfirstjórn málaflokka og stjórnsýsla á Keflavíkurflugvelli breytist til samræmis við það sem almennt tíðkast í landinu og mun ríkisstjórnin vinna í því.“

Það sem hér er um að ræða er að gert er ráð fyrir því að umhverfismál falli að sjálfsögðu undir umhverfisráðuneyti með sama hætti og dómsmál og lögreglumál falli að verkefnum dómsmálaráðuneytis. Er að því unnið á sama hátt að samgöngumál og þar með flugvallarreksturinn heyrir þá undir samgönguráðuneytið.

Þetta er held ég hinn eðlilegi gangur málsins. Það tekur einhvern tíma að vinna að þessu. Við þurfum að vanda allar þær breytingar og gera þær þannig að sem best takist til.

Af þessu tilefni er rétt að fara aðeins yfir það að samkeppnin í fluginu í veröldinni er geysilega hörð. Við Íslendingar búum svo vel að vera í miðju Atlantshafinu og njótum þess að sinna þjónustu vegna tengiflugsins sem fer hér um og nýtur þjónustu á Keflavíkurflugvelli. Þar er margs konar rekstur og starfsemi. Ljóst er að vaxandi og auknar kröfur eru, það þekkjum við vel í samgönguráðuneytinu, um hagkvæmni í þessari starfsemi og kröfur um aukna afkastagetu og aukna flugvernd. Því eru flugöryggiskröfur stöðugt til meðferðar.

Það er því verkefni okkar, m.a. í samgönguráðuneytinu, að vinna að þeim breytingum sem eru nauðsynlegar til þess að við Íslendingar getum áfram staðið okkur vel í þeirri hörðu samkeppni sem er á þessum flugleiðum og veitt sem besta, öruggasta og ódýrasta þjónustu. Mat mitt er að það gerum við best með því að ná saman kröftum okkar undir einum stjórnunaraðila sem ræki alla flugvelli landsins. Falla þar með skoðanir mínar saman við það sem m.a. flugráð, forsvarsmenn flugfélaganna (Forseti hringir.) og fleiri aðilar hafa sett fram.

[13:58]

**Fyrirspyrjandi (Þórdís Sigurðardóttir):**

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr og greinargóð svör og fagna áliti hans og vil því hvetja hæstv. samgönguráðherra í ljósi þess sem komið hefur fram að hefja undirbúning að sameiningu þessara tveggja stofnana, Flugmálastjórnar Íslands og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli.

Ég vona hins vegar að undir því verði þá flugstöðin á Keflavíkurflugvelli. Hún hefur verið undir utanríkisráðuneytinu síðustu ár en nær væri að flugstöðin sameinaðist nýju opinberu hlutafélagi sem sérhæfir sig í flugstarfsemi og heitir Flugstoðir, og kemur til með að hefja starfsemi 1. janúar 2007. En þannig væri hægt að nýta krafta og sérhæfingu starfsmanna og til að efla samkeppni á sviði flugsins og takast á við hinar auknu kröfur sem eru lagðar á flugstarfsemi.

[14:00]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Það er hverju orði sannara að kröfurnar sem gerðar eru til þessarar þjónustu eru stöðugt að aukast og mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að standa vel að henni. Það höfum við vissulega gert. Þess vegna hefur ferðaþjónustan og flugstarfsemin á nánast öllum sviðum verið að aukast. Hér hefur vaxið upp feiknalega öflugur hópur sem hefur mikla reynslu og þekkingu bæði á sviði flugumsjónar og margs konar starfsemi sem fer fram í Keflavík, á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík og varðar

þjónustu við millilandaflugið. Í því ljósi er ekki undarlegt að okkur Íslendingum hefur verið falið mjög mikilvægt verkefni á sviði flugumsjónar á Norður-Atlantshafi með sérstökum samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina sem gerir miklar kröfur til okkar um þá þjónustu. Ég tel að starfsfólkið sem þar starfar hafi staðið afskaplega vel undir þeim væntingum og þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra sem sinna flugumsjóninni. Ég hlýt að nota tækifærið til að láta það koma hér fram.

Ég á von á því að í framtíðinni verði ef til vill hægt að auka þessa starfsemi alla. Við erum meðal annars í útrás ef svo mætti segja á vettvangi flugumsjónar og flugvallarrekstrar. Flugmálastjórn Íslands hefur tekið að sér verkefni erlendis bæði í Kosovo og Kabúl þannig að okkar fólk er út um víðan völl í veröldinni að nýta þekkinguna í þágu uppbyggingar og frekari starfsemi íslenskra flugmála. Fyrir það hljótum við að vera þakklát.

Umræðu lokið.

## *Fötluð grunnskólabörn.*

Fsp. JóhS, 103. mál. — Þskj. 103.

[14:02]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram opinberlega að deilur eru milli ríkis og sveitarfélaga um greiðsluþátttöku þessara aðila í kostnaði vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna. Um er að ræða lengda viðveru í grunnskólum hjá fötluðum börnum 10–16 eða 18 ára. Ágreiningurinn snýst um hvort lengd viðvera falli undir lög um málefni fatlaðra eða almenna þjónustu sveitarfélaga við grunnskólabörn. Svo virðist sem komin sé upp alger pattstaða. Það gengur ekki því að á meðan líður fjöldi fatlaðra einstaklinga, en opinberlega hefur verið nefnt að um sé að ræða 370 fatlaða einstaklinga, foreldra þeirra og aðstandendur sem þurfa jafnvel að minnka við sig vinnu vegna þessara kerfisdeilna ef svo má kalla það.

Það er ólíðandi að deilur milli ríkis og sveitarfélaga bitni með fullum þunga á hundruðum fatlaða grunnskólabarna og foreldrum þeirra. Ekki er deilt um hvort þörfin sé fyrir hendi heldur um það hvort það sé hlutverk ríkis eða sveitarfélaga að veita þessa þjónustu og síðan hvað hún kostar. Ef lagaákvæði eru óljós á strax að breyta þeim.

Ríki og sveitarfélög greinir líka á um útgjöldin vegna þessarar þjónustu sem ríkið metur á rúmlega 100 millj. kr. en sveitarfélögin meta á nær 200 millj. kr. Ríkið vill setja hámark á greiðslurnar og greiða einungis samanlagt 50–55 millj. kr. og inni í því er 45 millj. kr. kostnaður sem þegar er greiddur vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna á sjálfseignarstofnunum sem hagsmunasamtök fatlaðra reka, eins og Lyngás. Ríkið virðist því einungis vera tilbúið til að leggja fram 10 millj. kr. af heildarkostnaði á bilinu 100–200 millj. kr. sem lengd viðvera 10–16 ára fatlaðra barna kostar og auðvitað er um að ræða óskir um enn lengri viðveru eða að minnsta kosti fram til 18 ára aldurs.

Þetta er að mínu viti, virðulegi forseti, óviðunandi ástand sem verður að leysa og það strax. Ef þarf að breyta lögunum þá á að gera það og ef það eru deilur um hvað þessi þjónusta kostar — og það ber verulega í milli ríkis og sveitarfélaga í því efni — þá hefði ég talið að hæstv. félagsmálaráðherra ætti að skera úr því með því að fá óvilhallan aðila eins og Ríkisendurskoðun eða einhvern sambærilegan aðila til þess að meta með hlutlausum hætti hvað þessi þjónusta kostar. Síðan á auðvitað bara að skipta því á milli ríkis og sveitarfélaga þar til komin er niðurstaða í þetta mál, þ.e. lagalega, hvorum megin þetta á að liggja kostnaðarlega séð. En það er óviðunandi, virðulegi forseti, að þessi kerfisdeila skuli bitna á fötluðum börnum og foreldrum þeirra meðan stjórnvöld geta ekki hoggið á þennan hnút. (Forseti hringir.) Ég spyr því hæstv. ráðherra hvernig hann ætli að leysa þessa deilu sem upp er komin.

[14:05]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðar fötluð grunnskólabörn á aldrinum 10–16 ára. Með lengdri viðveru er átt við dægradvöl og aðstoð við heimanám sem veitt er grunnskólabörnum eftir að skólastarfi lýkur um kl. 1 og stendur til kl. 17 hvern skóladag. Fyrir liggur að hluti þeirra barna sem hér um ræðir nýtur þegar þjónustu ýmist hjá hagsmunasamtökum með greiðsluþátttöku ríkisins, hjá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra sem starfræktar eru á vegum ríkisins eða á vegum sveitarfélaga.

Varðandi yngri grunnskólabörnin á aldrinum sex til níu ára sem eru í fyrsta til fjórða bekk þá stendur þeim almennt til boða að fá þessa þjónustu hjá sveitarfélögum. Ekki skiptir þó máli hvort um fötluð eða ófötluð börn er að ræða.

Í 1. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, segir að sveitarfélögum sé skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára og í 27. gr. sömu laga segir að sveitarstjórn geti boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma. Í því felast engin sérstök tímamörk eða takmörk réttara sagt fyrir sveitarfélög hvað varðar umfang, form og fyrirkomulag þjónustu. Sveitarfélögum er falið að móta hana og útfæra. Í dag bjóða sveitarfélögin almennt upp á lengri viðveru fyrir grunnskólabörn á aldrinum sex til níu ára. Þá skiptir ekki máli hvort um fötluð eða ófötluð börn er að ræða. Þó liggur fyrir að erfiðleikar við mönnun á þjónustunni hafa sett hér strik í reikninginn.

Eins og skýrt kemur fram í 7. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, skal ávallt leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þá segir í athugasemdum með frumvarpi til laganna að einungis eftir að í ljós hafi komið að hinn fatlaði hafi þörf fyrir aðra þjónustu en þá sem rúmast innan almennra laga skuli honum veitt þjónusta samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Hæstv. forseti. Í mars 2005 var skipaður starfshópur til þess að fjalla um lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum ráðuneyta og sveitarfélaga auk þess sem sérfræðingar frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Tryggingastofnun ríkisins og fulltrúi notenda komu að vinnunni. Starfshópurinn hélt alls 19 fundi og skilaði síðan af sér áfangaskýrslu með tillögum og

greiningu hópsins þann 17. ágúst síðastliðinn. Starfshópurinn lagði til að gert yrði bráðabirgðasamkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að lengd viðvera fatlaðra grunnskólabarna yrði tryggð áfram. Samhliða yrðu lög um málefni fatlaðra endurskoðuð og settur yrði skýr rammi þannig að skilgreina mætti hlutverk og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga enn betur þegar kæmi að lengri viðveru fatlaðra grunnskólabarna. Reynt var að komast að samkomulagi um kostnað og kostnaðarskiptingu verkefnisins og var af hálfu ríkisvaldsins lagt fram tilboð um framlag ríkisins til verkefnisins.

Tilboð ríkisins byggðist á tilteknu fjármagni auk þess að reiknuð voru með núverandi framlög ríkisins til þeirra sjálfseignarstofnana og hagsmunasamtaka sem sjá um þjónustu við fötluð grunnskólabörn og jafna má við lengda viðveru. Hið sama á við þá starfsemi sem svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra veita og jafna má við lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna. Núverandi framlög til þessa kæmu þannig til frádráttar útreiknuðum greiðslum ríkisins til lögheimilissveitarfélags.

Sveitarfélögin hafa fram að þessu ekki viljað samþykkja þetta tilboð ríkisins en ég get upplýst hv. fyrirspyrjanda um það hér og nú að ég tel að lausn sé nú í sjónmáli. Ég hef litið á þetta mál sem forgangsmál sem okkur, bæði ríki og sveitarfélögum, beri að leysa. Ég hef þó ítrekað fundað með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna málsins bæði fyrrverandi og núverandi formönnum og óskað eftir ítarlegri upplýsingum af þeirra hálfu um hugsanlegan heildarkostnað.

Síðast í gær áttum við afar gagnlegan fund þar sem mikill samhljómur var um málið. Allir málsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að úrræði þetta standi fötluðum unglingum og foreldrum þeirra til boða og mér finnst ófært að óljósar upplýsingar um kostnað og framboð á þörf og þjónustu í dag standi í vegi fyrir því að þeir sem það kjósi fái þessa þjónustu. Fyrir þann fatlaða og fjölskyldu hans skiptir engu máli hvaða opinber aðili veitir þjónustuna eða greiðir fyrir hana. Mestu skiptir að hún sé veitt þannig að fjölskyldan geti lifað sem eðlilegustu lífi í sínu samfélagi.

Hæstv. forseti. Ég er bjartsýnn á að gengið verði frá samkomulagi á milli ríkisins og sveitarfélaganna sem tryggir umrædda þjónustu fyrir fötluð grunnskólabörn innan skamms. Það verðum við einfaldlega að gera og til þess stendur fullur vilji beggja aðila. Það fullyrði ég.

[14:10]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Foreldrar fatlaðra grunnskólabarna eiga við það óviðunandi ástand að stríða að fá ekki gæslu fyrir börn sín að loknum skóladegi. Hvernig bregðumst við við? Jú, málið er í nefnd í eitt og hálft ár og það er enn þá óleyst.

Ég fagna þeim vilja sem lýsir af orðum nýs félagsmálaráðherra og treysti því að orð hans hér um að samkomulag sé innan seilingar standi og eftir þeim verður gengið í þinginu. En ég hlýt líka að kalla eftir því að við tryggjum þessum börnum og unglingum réttinn til þessarar þjónustu með lögum en undirseljum þau ekki samningum eða velvild sveitarfélaganna og ríkisins á hverjum tíma. Ég hvet hæstv. félagsmálaráðherra til að hafa forgöngu um þær lagabreytingar og fullvissa hann um að (Forseti hringir.) stjórnarandstaðan mun liðka fyrir afgreiðslu slíks máls í þinginu.

[14:11]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Allir eiga að vera jafnir. Lengd viðvera eða svokallaðar frístundamiðstöðvar fyrir grunnskólabörn sem ekki geta séð um sig sjálf að loknum skóladegi hefur öðlast fastan sess í þjóðfélagi okkar. Hugmyndin að þessu fyrirkomulagi tengist upphaflega jafnréttissjónarmiðum, að gera báðum foreldrum kleift að vinna utan heimilis. Þessi þjónusta á að ná til allra, jafnt fatlaðra sem ófatlaðra. Ríki og sveitarfélög verða að koma sér saman um hverjir eiga að greiða kostnaðinn því áralöng deila bitnar á þeim sem síst skyldi.

[14:12]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra svörin. Það er hverju orði sannara sem hæstv. ráðherra segir að það er ófært að óljósar upplýsingar um kostnað eða hver eigi að standa að þessari þjónustu, standi í vegi fyrir því að þessi þjónusta sé veitt. Fötluð börn og foreldrar þeirra hafa beðið ansi lengi. Það er ansi langt nefndarstarf að það taki eitt og hálft ár að komast að niðurstöðu um það hvernig eigi að taka á málinu.

Hæstv. ráðherra upplýsir að lausn sé í sjónmáli og það innan skamms. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra nánar út í þetta samkomulag. Má ekki líta svo á, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra hafi hér verið að lýsa því yfir að samkomulag sé í höfn milli ríkis og sveitarfélaga? Ég spyr um það. Hefur samkomulag náðst bæði varðandi kostnaðarhliðina og varðandi það hvernig staðið skuli að lagabreytingu þannig fyrir liggi hvort ríki eða sveitarfélög eigi í framtíðinni að standa undir þessu eða hvort ríki og sveitarfélög eigi að gera það sameiginlega? Ég spyr hæstv. ráðherra hvort við eigum von á frumvarpi inn í þingið til að tryggja réttinn með lögum þannig að það liggi alveg fyrir að ekki verði eilífar deilur um þetta frá ári til árs, þ.e. að þetta mál verði leyst til frambúðar og fatlaðir og foreldrar þeirra geti gengið að því vísu að þeir fái þessa sjálfsögðu þjónustu. Ég spyr: Hvenær fæst þessi niðurstaða? Þurfum við að bíða eftir að frumvarp verði lagt inn í þingið eða verður viðunandi lausn fyrir þessa aðila fundin strax? Ef ég skil málið rétt þá fá ekki fötluð börn núna á aldrinum frá 10–16 ára neina þjónustu. (Forseti hringir.) Þess vegna bið ég hæstv. ráðherra um skýrari svör við spurningum mínum.

[14:14]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Fyrst aðeins út af því sem hér hefur komið fram og byggir á gögnum, þ.e. hver fjöldi viðkomandi barna er sem hér um ræðir, þá vil ég taka það fram að það hefur komið út úr þeirri vinnu sem unnin hefur verið að það er mjög erfitt að gera sér grein fyrir því nákvæmlega hversu mikill fjöldi barna mundi nýta sér þessa þjónustu. Það er einn af þessum óljósu þáttum í þessu.

Síðan er hitt að sum sveitarfélög veita þessa þjónustu á

sínum forsendum þannig að ef við horfum yfir allt sviðið þá er þetta mál alls ekki einhlítt. Það er mjög mismunandi hvernig á þessu er tekið. Ríkið er að leggja ákveðna fjármuni í að veita tilteknum hópi þessa þjónustu. Ég nefni dæmi að Reykjavíkurborg gerir það einnig þannig að þetta er ekki mjög einfalt mál.

Ég vil segja frá því að verið er að vinna að endurskoðun á lagaumhverfinu í þessu máli og ég vona svo sannarlega að því ljúki sem fyrst. En ég vil líka segja að mér finnst persónulega þetta mál dæmi um mál sem er á hinu gráa svæði sem liggur á milli ríkis og sveitarfélaga og segir okkur kannski hversu mikilvægt sé að fá hreinar línur í þessa verkaskiptingu. Ég nefni það hér að mér finnst þetta gott dæmi um hversu mikilvægt sé að skerpa þessar línur til fá á hreint þessa verkaskiptingu. Við höfum verið að ræða þetta bæði hjá félagsmálaráðuneyti og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég geri ráð fyrir að við munum fara í gegnum þá umræðu núna fljótlega hvað varðar hugsanlegan flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna. En það er allt of snemmt að segja til um það reyndar núna.

Hv. þingmaður spurði um samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga. Ég get því miður ekki upplýst um það á þessari stundu. Ég sagði frá því í minni fyrri ræðu að við áttum fund síðast í gær um málið og ég er mjög bjartsýnn á að okkur takist að leysa þetta mjög fljótlega.

Umræðu lokið.

## *Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna.*

Fsp. JóhS, 205. mál. — Þskj. 206.

[14:17]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Fyrir tveimur til þremur árum flutti ég ásamt nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna. Tillagan fól í sér að ríkisstjórninni yrði falið að láta undirbúa framkvæmdaáætlanir til sex ára með það að markmiði að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna í samræmi við ákvæði 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Framkvæmdaáætlanirnar áttu að vera tvær, annars vegar fyrir opinbera vinnumarkaðinn og hins vegar fyrir almenna vinnumarkaðinn. Þær átti að vinna í samráði við aðila vinnumarkaðarins og Samband ísl. sveitarfélaga og í þeim settar fram tímaáætlanir um aðgerðir. Það átti einnig að vera heimilt að beita ákvæðum 22. gr. jafnréttislaga um jákvæða mismunun að undangenginni rannsókn á launamun kynjanna og öðrum þáttum launakjara.

Efnislega var þessi tillaga samþykkt héðan frá Alþingi þannig að hún var felld inn í framkvæmdaáætlun um jafnréttismál til fjögurra ára sem var samþykkt á Alþingi fyrir tveimur og hálfu ári síðan. Efnislega tók því þingið undir það að þessi framkvæmdaáætlun yrði gerð. Nú eru liðin tvö og hálft ár. Ég spurði þáverandi félagsmálaráðherra Árna Magnússon fyrir um það bil ári um hvað liði framkvæmd þessarar tillögu og hæstv. fyrrverandi félagsmálaráðherra upplýsti þá að hann hefði ýtt af stað vandaðri og góðri könnun um launamyndun og kynbundinn launamun sem væri endurtekning á viðurkenndri könnun sem Félagsvísindastofnun vann árið 1995. Jafnframt upplýsti ráðherrann að fyrir lægi að nýtt launakerfi sem byggði á nýjum stofnanasamningum mundi taka gildi 1. maí 2006. Þegar þetta tvennt lægi fyrir, þessi endurtekna könnun Félagsvísindastofnunar og stofnanasamningar — þ.e. þetta tvennt mundi leggja grunn að þessari framkvæmdaáætlun sem ráðherra boðaði að yrði hrint í framkvæmd og kæmi til framkvæmda af fullum krafti á þessu ári.

Í þessari tillögu til þingsályktunar sem ég vitnaði til og ég flutti ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar var vitnað til þess hvað launamunur kynjanna er gífurlega mikill hér á landi. Bæði var það í þessari könnun Félagsvísindastofnunar og eins í könnun sem var gerð á vegum Sambands íslenskra bankamanna. Þar kom fram — ég hef ekki tíma til að nefna það —gífurlega mikill launamunur og auðvitað er nauðsynlegt að taka á þessu skipulega eins og við höfum lagt til og fram kom í þessari framkvæmdaáætlun. Það eru 45 ár á þessu ári síðan fyrst voru sett lög um launajafnrétti kynjanna sem átti að ná fram á næstu sex árum. En eins og við þekkjum þá var það ekki gert vegna þess að atvinnurekendur hafa fundið aðrar leiðir og hið opinbera líka til að fara fram hjá lögunum með alls konar duldum greiðslum og fríðindum. (Forseti hringir.) Því spyr ég hæstv. félagsmálaráðherra í fyrirspurn í tveim töluliðum um hvað líði gerð þessarar framkvæmdaáætlunar.

[14:20]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr hvenær megi vænta þess að framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna taki gildi. Í því sambandi ber fyrst að nefna að gerð þessarar áætlunar er einn af 16 liðum í gildandi framkvæmdaáætlun um jafnréttismál sem félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á eða er samstarfsaðili í. Áætlunin er til fjögurra ára og nær til ársins 2008. Ég mun á yfirstandandi þingi leggja fram tillögu til þingsályktunar um að endurskoða framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum ásamt skýrslu um stöðu og þróun í jafnréttismálum þar sem gerð verður ítarleg grein fyrir stöðu mála og verkefna.

Verkefni um framkvæmdaáætlun um launajafnrétti hefur verið undirbúið með rannsóknum og kortlagningu á stöðu mála hér á landi. Árið 2004 þegar Ísland gegndi formennsku í norrænu samstarfi beitti félagsmálaráðuneytið sér fyrir norrænu samanburðarverkefni undir heitinu Mælistikur á launajafnrétti á Norðurlöndum. Voru niðurstöður þeirrar könnunar kynntar í vor. Rannsóknin telst jafnframt hluti af gildandi framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og í niðurstöðum könnunarinnar kom fram að viss stöðnun virðist ríkja í þróun launajafnréttis á Norðurlöndum.

Í samræmi við gildandi framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára réðst félagsmálaráðuneyti jafnframt í viðamikla könnun á launamyndun og kynbundnum launamun hér á landi. Rannsóknin er endurtekning á rannsókn sem gerð var fyrir rúmum áratug eða árið 1994, eins og hv.

fyrirspyrjandi hefur þegar nefnt um, þá þætti sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla. Rannsóknin tók til fjögurra opinberra fyrirtækja og fjögurra einkafyrirtækja, þeirra sömu og tóku þátt í könnuninni fyrir rúmum tíu árum. Það þykir auka mjög gildi hennar. Markmiðið með könnuninni var að fá fram stöðu mála og kanna hvort sömu þættir hafi enn áhrif á laun karla og kvenna nú og fyrir rúmum tíu árum.

Ég vil hér með upplýsa hv. þingmann um það að niðurstöður þessarar viðamiklu könnunar voru kynntar mér í fyrradag og ég hyggst kynna þær á morgun á blaðamannafundi. Niðurstöðurnar eru mjög áhugaverðar. Að vissu leyti eru þær mjög jákvæðar og gefa tilefni til bjartsýni en því miður að vissu leyti neikvæðar og benda til stöðnunar. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að allnokkrar breytingar hafi orðið á starfsumhverfi og starfsháttum, vinnutíma og viðhorfi kynjanna. Þá er launamunurinn minni hjá hinu opinbera en á almenna markaðnum en auðvitað með öllu óásættanlegur á báðum sviðum. Það vil ég undirstrika sérstaklega í þessari umræðu.

Ég vil nefna hér auk þeirra tveggja rannsókna sem ég nefndi áður að unnið er að nánari útfærslu launakerfis hjá hinu opinbera en nýtt launakerfi sem byggir á nýjum stofnanasamningum tók gildi 1. maí síðastliðinn. Það kerfi kemur að fullu til framkvæmda 1. maí 2007 en nú stendur yfir lokavinna við útfærslu kjarasamninga og stofnanasamninga. Heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga hafa að sjálfsögðu komið að þeirri vinnu sem m.a. miðaði að því að útrýma kynbundnum launamun.

Í félagsmálaráðuneytinu höfum við afhent kyngreindar upplýsingar og ég veit að slík upplýsingagjöf hefur bæði vakið menn til umhugsunar og haft jákvæð áhrif á launajafnrétti. Við höfum líka haft forgöngu um að vekja athygli á þessum málum hjá öðrum ráðherrum í ríkisstjórninni og yfirstjórnum annarra ráðuneyta og stofnana. Við verðum að sýna gott fordæmi og sem stjórnendur og áhrifafólk eigum við að beita öllum tiltækum verkfærum.

Hvað er til ráða þegar launamisrétti er annars vegar? Reynslan sýnir að ekki hefur tekist að uppræta launamisrétti eingöngu með rökrænum aðferðum eins og fræðslu, þekkingu, menntun og lagasetningu. Takmarkið launajöfnun gerir miklar kröfur til baráttuaðferða og aðgerða sem beitt er. Það hefur sýnt sig að konur tryggja sér ekki sömu laun og karlar með því einu að mennta sig. Lausnirnar hljóta því að byggja bæði á vilja og valdi og því að aðilar vinnumarkaðarins axli ábyrgð á vandanum og leysi hann í samvinnu við stjórnvöld sem bera ábyrgð á eftirfylgni gildandi laga á hverjum tíma.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vil ég upplýsa að félagsmálaráðuneytið hefur þegar óskað eftir samstarfi við jafnréttisráð um gerð framkvæmdaáætlunar um launajafnrétti enda er hlutverk ráðsins að stuðla markvisst að jafnari stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaði. Þar eiga sæti fulltrúar helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins, bæði á almenna og opinbera vinnumarkaðnum, og þótti því ástæða til að kalla ráðið til samstarfs. Verkefnið er því liður í vetrardagskrá jafnréttisráðs á komandi vetri og mun ráðið hafa samráð við þá aðila ef það telur ástæðu til við vinnu sína. Ekki er ljóst hvenær vinnu við framkvæmdaáætlun um launajafnrétti lýkur en markmiðið er að öllum verkefnum er falli undir ábyrgðarsvið félagsmálaráðuneytisins verði lokið á gildistíma áætlunarinnar eða árinu 2008.

Í mínum huga leikur ekki nokkur vafi á því að brýnasta málið á sviði jafnréttismála er að vinna gegn launamun kynjanna. Einboðið er að leita nýrra leiða og hrinda í framkvæmd nýjum verkefnum til að ná þessum markmiðum. Þegar niðurstöður könnunarinnar voru kynntar mér nú í upphafi vikunnar ákvað ég þegar að kalla saman hóp fólks sem hefur greinargóða (Forseti hringir.) þekkingu á viðfangsefninu til að yfirfara niðurstöðurnar og gera tillögur um aðgerðir.

[14:25]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrirspurnina og eftirgangssemina. Það þarf að ganga sífellt á eftir þessari ríkisstjórn þegar farið er út í einhverjar aðgerðir sem eiga skila árangri. Mér þykir dapurlegt að heyra hæstv. ráðherra lýsa getuleysi ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Þessi ríkisstjórn getur mælt og hún getur rannsakað og hún getur endurrannsakað og hún getur endurendurrannsakað og kannað og endurkannað áratugum saman. En hún getur ekki sýnt árangur í því að leiðrétta það misrétti sem konur þurfa að búa við úti á launamarkaði. Ríkisstjórnin er fullkomlega getulaus í þessum efnum og ræða hæstv. ráðherra ber þess auðvitað glöggt merki því menn eru ekki að setja orku sína í réttan farveg eða á rétta staði. Það hefur verið komið með tillögur inn á þingið um öflug tæki til að fara í að leiðrétta þann mismun sem er til staðar og þessi ríkisstjórn skellir skollaeyrum við þeim og vill ekki sjá þau.

[14:27]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að stöðnun ríkir í þessum málum. Launamunur kynjanna er áfram gífurlegur. Áfram líðast mannréttindabrot í íslensku samfélagi. Launamunur kynjanna, ólík laun, lægri laun til kvenna fyrir sambærileg störf, er óþolandi smánarblettur á íslensku samfélagi. Það ríkir alger stöðnun í málaflokknum og það er ekkert að gerast. Það kallar að sjálfsögðu á ný tæki, ný úrræði og róttækari aðgerðir til að vinna bug á þessum mannréttindabrotum af því að þetta er ekkert annað. Það er óþolandi að þurfa að búa við það að konur fái ekki sömu laun og karlar og því fer meira að segja víðs fjarri. Úti á hinum almenna vinnumarkaði er þetta dýpri og alvarlegri vandi en nokkurn tíma fyrr og ef eitthvað er þá fer hann versnandi. Það er staðreynd sem við búum við og þess vegna verðum við að grípa til róttækari og harðari aðgerða til að vinna bug á þessu vandamáli.

[14:28]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að byrja á því að hrósa félagsmálaráðuneytinu fyrir að hafa í þessum efnum tekið til í eigin ranni. En þar vinna nú kannski ekki ýkja margir Íslendingar. Ég held að sú lýsing sem hæstv. félagsmálaráðherra gaf á ástandinu sé lýsandi fyrir stefnuleysi

ríkisstjórnarinnar í málinu því að þegar við ræddum þetta hér fyrir nærri þremur árum síðan þá sögðum við að ef menn meintu eitthvað með því að þeir ætluðu að taka á hlutunum þá gerðu þeir áætlun um hvað þeir ætluðu að gera og framkvæmdu það síðan. Nú í lok kjörtímabilsins þegar ríkisstjórnin er að fara frá eru þeir ekki byrjaðir að gera neitt og þeir eru rétt að hefjast handa við að gera áætlun um það sem þá væntanlega næsta ríkisstjórn á að gera.

Hæstv. félagsmálaráðherra er nýr á sínum stóli og ekki er hægt að álasa honum fyrir þetta. En þetta framtaksleysi ríkisstjórnarinnar lýsir bara því almenna áhugaleysi á launamisrétti kynjanna sem þar hefur ríkt allt þetta kjörtímabil (Forseti hringir.) og verður ekki úr bætt úr þessu.

[14:29]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég lýsti því hér áðan að 45 ár eru liðin síðan fyrst voru sett lög um launajafnrétti kynjanna. Ég held að í grófum dráttum megi segja að við stöndum í sömu sporum og þá. Launamisréttið hefur einungis tekið á sig aðra mynd með duldum greiðslum og fríðindum o.s.frv. og það er alveg sama hve oft lög eru sett um launajafnrétti kynjanna, sem hefur verið gert margsinnis á síðustu 45 árum. Unnar eru 100 skýrslur og kannanir, settar fram framkvæmdaáætlanir o.s.frv. en við stöndum í sömu sporum. Hæstv. ráðherra lýsir því yfir að nú muni ný könnun líta dagsins ljós og meginboðskapur hennar sé að áfram sé stöðnun ríkjandi í að koma á launajafnrétti kynjanna. Þetta gengur ekki, virðulegi forseti, og ég held að það sé nauðsynlegt að við fáum að ræða þá könnun sem hæstv. ráðherra boðar. Ég mun í framhaldi af þessari umræðu óska eftir umræðu utan dagskrár um þessa könnun ráðherra og það á að ræða frekar þessi mál. Það er komið að því, virðulegi forseti, að við þurfum að setja fram róttækar breytingar til að ná fram launajafnrétti kynjanna. Hið opinbera er ekkert betra en almenni vinnumarkaðurinn. Það hefur stuðlað, með duldum greiðslum og fríðindum, að launamisrétti kynjanna.

Það kemur fram í þeirri tillögu sem ég lýsti áðan að konur sem starfa hjá einkafyrirtækjum eru með 35% hærri laun en konur í sambærilegu starfi og með sambærilega menntun hjá því opinbera. Hið opinbera þarf að taka til í sínum ranni. Ég vek athygli á því að tvö og hálft ár eru liðin frá því að þessi framkvæmdaáætlun átti að hefjast og eitt og hálft ár er eftir af þeim tíma sem hún á að vera í gildi. Ráðherra boðar að vísu endurskoðun hennar en lítið annað hefur verið gert en það sama og gert hefur verið undanfarin ár og áratugi, að setja fram skýrslur og kannanir.

En við þurfum að fá að ræða þetta við hæstv. ráðherra frekar þegar ég er búin að leggja inn þessa beiðni um utandagskrárumræðu.

[14:31]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Ég get tekið undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það er mjög mikilvægt og nauðsynlegt að við ræðum þessi mál hér. Þetta er ástand sem við eigum ekki að sætta okkur við og gerum raunar ekki.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að elta ólar við háttstemmda umræðu af hálfu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem er hennar einkennismerki í ræðustóli. Ég læt það eiga sig. En ég vil geta þess að ég ætla mér að leita eftir samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir til að vinna gegn launamun kynjanna. Ég vísa til sambærilegra aðgerða sem teknar voru upp í Finnlandi í þessu sambandi og hafa gefið góða raun. Ég vil líka segja að við þurfum og verðum að ná einhvers konar þjóðarsátt um þessi mál. Það er ljóst að stjórnvöld ein geta ekki náð tilætluðum árangri. Þetta er miklu stærra og viðameira mál en svo.

Endurskoðun jafnréttislaga stendur yfir og ég tel fulla ástæðu til að kanna hvort við getum fetað í fótspor Svía og Finna t.d. varðandi aðgengi trúnaðarmanna að launaupplýsingum. Ég mun senda niðurstöður þessarar nýju könnunar, sem ég minntist á áðan, til endurskoðunarnefndarinnar og óska eftir tillögum um úrbætur. Ég mun jafnframt koma þeim upplýsingum sem við höfum aflað okkur frá Finnlandi og Svíþjóð á framfæri við nefndina sem er að endurskoða jafnréttislögin.

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim sem hafa lýst því að þetta ástand er ekki viðunandi og við verðum að leita allra leiða sem hugsanlegar eru til að bæta hér úr. Það fer ekkert á milli mála að til þess er fullur vilji og áhugi í félagsmálaráðuneytinu. Ég vil taka það skýrt fram þrátt fyrir það sem ýmsir hafa sagt í þessari umræðu og ég vísa til föðurhúsanna.

Umræðu lokið.

## *Rannsóknarboranir á háhitasvæðum.*

Fsp. KolH, 160. mál. — Þskj. 160.

[14:33]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Síðasta miðvikudag kynnti auðlindanefnd skýrslu sína, Framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls, Í henni kemur fram að í ágúst sl. hafi verið í gildi fimm rannsóknarleyfi í jarðhita vegna orkuöflunar til stóriðjufyrirtækja. Þau leyfi eru á Hengilssvæðinu, Kröflusvæðinu, Þeistareykjum, Hágöngum og í Tröllladyngju á Reykjanesi. Einnig kemur fram í skýrslunni að fyrirliggjandi umsóknir um rannsóknarleyfi vegna jarðhita séu 12. Þau svæði sem þar um ræðir eru Brennisteinsfjöll, Fremri-Námar, Gjástykki, Grændalur, Kelduhverfi, Kerlingarfjöll, Krýsuvík og Torfajökulssvæðið. Það er svo sem ekki tilefni til að rekja í löngu máli þá vaxandi andstöðu sem áform orkufyrirtækjanna um orkuöflun vegna stóriðju hafa mætt en vegna þessarar ásóknar hafa áhugasamir náttúruverndarar reynt að finna leiðir til að setja einhver mörk, reisa orkufyrirtækjunum einhvers konar skorður í þeim efnum.

Landvernd setti nýverið fram hugmyndir um eldfjallagarð á Reykjanesi og fyrirspurn varðandi þann garð liggur reyndar fyrir á þskj. 199 til umhverfisráðherra, sem hæstv. ráðherra fær vonandi tækifæri til að svara í næsta fyrirspurnatíma Alþingis. Þann 7. september gekkst Landvernd

fyrir málþingi um hugmyndina um eldfjallagarð á Reykjanesi í Norræna húsinu. Þar talaði fyrir hönd umhverfisráðuneytisins Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri. Í máli hans komu fram áhyggjur af stöðu háhitasvæðanna vegna ásóknar orkufyrirtækjanna. Ingimar sagði mikilvægt að ekki yrði ráðist í framkvæmdir á þeim háhitasvæðum sem ekki hefðu verið metin út frá verndargildi og að takmarka yrði útgáfu rannsóknarleyfa, jafnt á Reykjanesi sem og annars staðar á landinu, þar til framtíðarstefna um verndun og nýtingu hefði verið mörkuð. Slík framtíðarstefna mun verða mótuð á næstu árum verði farið að tillögum auðlindanefndar. Það verður þó ekki fyrr en í fyrsta lagi 2010 sem gert er ráð fyrir að þær tillögur liggi fyrir samkvæmt þeirri skýrslu sem ég áður nefndi.

Nú er það lögum samkvæmt iðnaðarráðuneyti sem veitir leyfi til rannsóknar og nýtingar á orku á háhitasvæðum en því ber að leita umsagnar umhverfisráðuneytis áður en leyfin eru veitt. Í máli Ingimars Sigurðssonar á áðurnefndu málþingi kom fram að í ráðuneytinu lægju fyrir óskir frá orkufyrirtækjunum um rannsóknarboranir, að stofnanir ráðuneytisins hefðu gefið álit í samræmi við hlutverk þeirra og að málið væri til afgreiðslu í ráðuneytinu. Því spyr ég hæstv. umhverfisráðherra:

1. Hvaða umsagnir hefur ráðuneytið gefið iðnaðarráðuneytinu vegna umsókna um rannsóknarleyfi vegna orkuöflunar á háhitasvæðum á tímabilinu 2004–2006?

2. Hver er stefna ráðuneytisins varðandi orkuöflun á háhitasvæðum sem jafnframt hafa mikið verndargildi?

[14:36]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spyr mig tveggja spurninga. Fyrri spurningin lýtur að því hvaða umsagnir ráðuneytið hafi gefið iðnaðarráðuneytinu vegna umsókna um rannsóknarleyfi vegna orkuöflunar á háhitasvæðum og tímabilið er 2004–2006. Svo háttar til að á þessu árabili hefur umhverfisráðuneytið gefið umsagnir um átta erindi frá iðnaðarráðuneytinu um umsóknir um leyfi til rannsóknarborana vegna orkuöflunar á jarðhitasvæðum, bæði á háhita- og lághitasvæðum. Svar mitt er í átta liðum.

1. Umsókn Hitaveitu Suðurnesja um nýtingu háhita innan iðnaðarsvæðisins á Reykjanesi var svarað 11. mars 2004. Í umsögn sinni gerði ráðuneytið ekki athugasemd við að veitt yrði leyfi innan iðnaðarsvæðisins á Reykjanesi enda yrði út frá því gengið að skilyrði í úrskurði ráðuneytisins um nýtingu jarðhita á Reykjanesi frá 17. maí 2000, og samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og öðrum lögum og reglum, verði fylgt.

2. Umsókn Landsvirkjunar vegna jarðhita við Gjástykki í Mývatnssveit var svarað af hálfu ráðuneytisins 8. desember 2004 og 25. janúar 2005 en í því tilviki gerði umhverfisráðuneytið ekki athugasemd við að veitt yrði leyfi á grundvelli umsóknarinnar.

3. Umsókn Hitaveitu Suðurnesja um rannsóknarleyfi fyrir orkuöflun í Brennisteinsfjöllum var svarað 3. júní 2006. Í því tilviki lagðist umhverfisráðuneytið gegn því að veitt yrði leyfi til rannsókna og nýtingar jarðhita í Brennisteinsfjöllum.

4. Umsókn Hitaveitu Suðurnesja um rannsóknarleyfi fyrir orkuöflun í Krýsuvík og Tröllladyngju var svarað 19. september 2006. Í því tilviki kvaðst umhverfisráðuneytið ekki geta tekið afstöðu til rannsókna á svæðinu fyrr en svæðið hefði verið afmarkað betur, minnkað og borunarstæði tilgreint. Jafnframt var bent á að jarðeðlisfræðilegum rannsóknum, sem ekki spilla landi, verði lokið áður en ákvörðun um áhrifameiri aðferðum verður beitt.

5. Umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um stækkun staðarmarka og rannsóknarleyfi ásamt forgangi að nýtingarleyfi á jarðhita á Hellisheiðar- og Hengilssvæðinu var svarað 2. maí 2006. Í því tilviki óskaði ráðuneytið eftir því að lagðar yrðu fram ítarlegri upplýsingar um málið áður en gefin verður umsögn um það.

6. Umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um rannsóknarleyfi og fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi í landi Berserkjaeyrar við austanverðan Kolgrafarfjörð var svarað 11. maí 2006. Í því tilviki gerði ráðuneytið ekki athugasemd við að leyfið yrði veitt.

7. Umsókn Sunnlenskrar orku ehf. um rannsóknir á jarðhita í Grændal í Ölfusi var svarað 24. maí 2006. Ráðuneytið óskaði í því tilviki eftir ítarlegri upplýsingum um rannsóknir og hvernig þær verði stundaðar án þess að svæðinu verði raskað.

8. Umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um nýtingarleyfi á jarðhita í landi Munaðarness í Borgarfirði var svarað 1. mars 2004. Ráðuneytið gerði ekki athugasemd við að leyfið yrði veitt.

Í öðru lagi spyr hv. þingmaður hver sé stefna ráðuneytisins varðandi orkuöflun á háhitasvæðum sem jafnframt hafa mikið verndargildi. Því er til að svara að það er mjög mikilvægt að sátt náist um vernd og nýtingu háhitasvæða. Í því tilviki legg ég áherslu á að hafa ber í huga að vernd er nýting og getur jafnvel verið þjóðhagslega arðsamari en orkunýting, t.d. ef litið er til ferðaþjónustu og ótvíræðrar sérstöðu á náttúru landsins á heimsvísu. Við mat á verndun háhitasvæða legg ég mikið upp úr því að sem stendur er unnið að öðrum áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Stefnt er að því að ljúka því verki á árinu 2009. Í þeirri vinnu er sérstaklega litið til háhitasvæða út frá verndargildi. Ég tel að það eigi að fara varlega í veitingu leyfa sem geta haft í för með sér röskun á háhitasvæðum og tel rétt að bíða niðurstaðna 2. áfanga áætlunarinnar áður en ákvarðanir þar að lútandi verða teknar.

[14:41]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. umhverfisráðherra þessi svör. Ég vil lýsa ánægju með að hæstv. ráðherra skuli gefa þá yfirlýsingu hér að hún telji rétt að bíða með veitingu frekari leyfa til orkuöflunar á háhitasvæðunum þar til 2. áfangi rammaáætlunar hefur litið dagsins ljós og þá væntanlega umfjöllun hennar eða staðfesting hennar á Alþingi. Sömuleiðis sýnist mér að í þeim leyfisveitingum eða umsögnum sem ráðuneytið hefur látið frá sér fara, og ég fæ svör við, að þar hafi verið uppi ákveðin tilhneiging til þess að rasa ekki um ráð fram í þessum efnum. Er það ánægjulegt. Því til staðfestingar er þessi afgreiðsla mála á óskum um rannsóknarboranir í Brennisteinsfjöllum, Krýsuvík, Tröllladyngju og Hellisheiði og Grændal.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að veruleg átök standa yfir þessa stundina um þau svæði sem hér um ræðir. Við sjáum það á skýrslu auðlindanefndar. Samkvæmt henni ætti að heimila, án þess að Alþingi fengi þar nokkuð um sagt, ákveðna orkuöflun á jarðhitasvæðum sem falla í A- og B-flokk rammaáætlunar, rammaáætlunar sem hefur ekki fengið neina staðfestingu á Alþingi eða umfjöllun. Það er því mjög mikils virði að umhverfisráðuneytið skuli hafa þá afstöðu sem kemur fram í svari ráðherra.

Ég vona þá líka að hæstv. ráðherra geti staðið í ístaðinu í þessum efnum í ráðuneyti sínu nú alveg á næstunni. Það má búast við því að á grundvelli skýrslu auðlindanefndar komi veruleg krafa frá orkufyrirtækjunum um að rannsóknarleyfi á þeim svæðum sem getið er um í A- og B-flokki rammaáætlunar 1. hluta verði gefin út.

[14:43]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Hv. þingmaður leggur áherslu á hversu mikils virði það sé að ráðuneytið hafi þá afstöðu sem fram hafi komið í svörunum. Af því tilefni vil ég árétta að umsögn ráðuneytisins er gefin að fenginni umsögn bæði Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar. Á grundvelli þeirra umsagna kemur umhverfisráðuneytið sjónarmiðum sínum á framfæri við þann aðila sem er leyfisveitandinn, þ.e. iðnaðarráðuneytið í þessu tilliti. Það er rétt að halda því til haga í þessu að umsagnir umhverfisráðuneytis hafa verið ákvarðandi um útgáfu leyfanna til þessa, þ.e. engin leyfi hafa verið veitt í bága við umsagnir ráðuneytisins. Með þessu vil ég leggja áherslu á mikilvægi umsagna umhverfisráðuneytis í umræddum leyfisveitingum.

Ég árétta að ég lít þannig á að þar til þessi mál hafa verið til lykta leidd eigi að fara eftir ábendingum verkefnisstjórnar 1. áfanga rammaáætlunar. Niðurstöður hennar, eins og við vitum, voru kynntar í nóvember 2000. Við eigum að líta til þeirra svæða sem fengu einkunnina A og B og þá að teknu tilliti til þess að gögn um umhverfisáhrif séu nægjanlega góð. Hvað varðar þau svæði sem fengu einkunnina B, tel ég að eingöngu eigi að líta til þeirra kosta þar sem ekki er ágreiningur um umhverfisáhrif. Ég tel að á þann hátt sé hægt að skapa góða sátt um framkvæmdina þar til niðurstöður úr öðrum áfanga rammaáætlunarinnar liggja fyrir. Í framhaldi af því verki er fyrirhugað að vinna samræmt heildarmat fyrir allar þær virkjanir sem hafa verið til umfjöllunar í 1. og 2. áfanga áætlunarinnar og þá með hliðsjón af umhverfisáhrifum, heildarhagnaði og loks arðsemi.

Umræðu lokið.

## *Nám í fótaaðgerðafræði.*

Fsp. AKG, 182. mál. — Þskj. 183.

[14:46]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Lengi hefur verið þörf á að koma á laggirnar námi í fótaaðgerðafræði á Íslandi. Starfsgreinaráð heilbrigðis- og félagsgreina, sem menntamálaráðherra skipaði á sínum tíma, fjallaði um tillögur að námskrá í fótaaðgerðafræði og sendi menntamálaráðherra tillögur sínar. Þar var lagt til að nám í fótaaðgerðafræði yrði þriggja ára nám á framhaldsskólastigi. Nám í fótaaðgerðafræði hefur verið að lengjast erlendis. Í reglugerð um menntun, réttindi og skyldur fótaaðgerðafræðinga er vandlega farið yfir þær kröfur sem gerðar eru til stéttarinnar og þeirra skóla erlendis sem mennta þessa fagstétt. Þar kemur jafnframt fram að fótaaðgerðafræðingum er m.a. gert að þekkja ákveðin sjúkdómseinkenni og leita samráðs við lækna í slíkum tilfellum. Við erum að tala um fagstétt sem m.a. fær fólk með alvarlega og hættulega sjúkdóma í hendur og því afar mikilvægt að vel sé til náms hennar vandað.

Nú er búið að auglýsa nám í fótaaðgerðafræði sem hefjast á hjá einkaskóla í janúar á næsta ári. Samkvæmt heimildum mínum á að vera um 14 mánaða nám að ræða og engar kröfur gerðar um grunnnám samkvæmt auglýsingu. Kostnaður við námið á að vera hátt á aðra milljón á nemanda. Það er ansi langt á milli 14 mánaða og þriggja ára námstíma eins og starfsgreinaráð heilbrigðis- og félagsgreina leggur til, virðulegi forseti. Á heimasíðu skólans kemur fram að menntamálaráðherra hafi veitt leyfi og að námskrá sé væntanleg. Í menntamálaráðuneytinu fást þau svör að námskrá liggi ekki fyrir. Mér er því spurn: Hvaða faglegar forsendur liggja til grundvallar leyfisveitingu til skólans?

Í lögum um framhaldsskóla og lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara og skólastjóra eru skýr ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra er veita námi eða skóla forstöðu og til þeirra er kenna, þeim ber að hafa kennsluréttindi og reynslu af kennslu. Á Íslandi eru fjórir fótaaðgerðafræðingar með kennsluréttindi. Enginn þeirra hefur ráðið sig til skólans eða hyggst ráða sig þangað. Skólastjórinn er ekki með kennsluréttindi og ekki kennslureynslu. Menntamálaráðherra virðist því heimila að gengið sé fram hjá lögum sem heyra til hennar eigin fagráðuneytis. Að ofangreindu sögðu tel ég ástæðu til að efast um að nægilega faglega sé staðið að þessu námi og spyr því:

Hefur menntamálaráðherra veitt leyfi til kennslu í fótaaðgerðafræði á Íslandi? Ef svo er, hvaða faglegar kröfur eru gerðar til starfseminnar og hvaða faglegar kröfur eru gerðar til þeirra sem annast kennslu í fótaaðgerðafræði?

Hefur verið tekið tillit til niðurstöðu nefndar sem starfaði á vegum heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis við undirbúning náms í fótaaðgerðafræði við leyfisveitinguna?

Hefur starfsmenntaráð verið með í ráðum við undirbúning skólans?

[14:49]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er ágætt að fá að koma því á framfæri og rétt að koma að því strax í upphafi þessa svars, því það hefur greinilega mikið verið sagt og mikið skrifað varðandi þessa fyrirspurn, að ekki hefur verið gefið leyfi til að kenna fótaaðgerðafræði hér á landi en hins vegar liggur fyrir umsókn um viðurkenningu á námi í fótaaðgerðafræði. Hafa

ber í huga, frú forseti, að menntamálaráðherra veitir skólum viðurkenningu samkvæmt 41. gr. framhaldsskólalaga og lögum nr. 108/1999, um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi. Viðurkenning getur annars vegar náð til framhaldsskóla þar sem starfsemi þeirra miðast við að veita nemendum undirbúning til starfa í atvinnulífinu í samræmi við almennar kröfur og/eða að starfrækja nám á framhaldsskólastigi, annaðhvort heildstætt nám samkvæmt aðalnámskrá eða hluta þess.

Menntamálaráðuneytið hefur haft til skoðunar tillögur að námskrá til kennslu í fótaaðgerðafræði sem Snyrtiskólinn í Kópavogi hyggst taka upp kennslu í, en sá skóli hefur haft viðurkenningu menntamálaráðuneytisins frá árinu 2002 til að kenna snyrtifræði. Í bráðabirgðasvari menntamálaráðuneytisins til skólans í sumar eftir að fyrri námskrárdrögin höfðu borist voru tilgreind ýmis skilyrði sem uppfylla þyrfti til að námskráin yrði samþykkt. Meðal annars þurfti að gera grein fyrir hvaða inntökuskilyrði skólinn setti, fyrirkomulagi starfsþjálfunar, útvega kennara sem uppfylltu faglegar kröfur og enn fremur að fullgera námskrána. Gefið var vilyrði fyrir viðurkenningu skólans til kennslu í fótaaðgerðafræði og þar með samþykki námskrárinnar að öllum þessum skilyrðum fullnægðum. Þá fyrst er hægt að fá viðurkenningu ráðuneytisins þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt.

Eins og ég sagði hafa nú borist endurbætt námskrárdrög sem verða að sjálfsögðu send nýskipuðu starfsgreinaráði heilbrigðis- og félagsgreina til efnislegrar umsagnar. Það er rétt að menn hafi þetta í huga. Að fenginni þeirri umsögn verður fyrst tekin ákvörðun um viðurkenningu skólans til kennslu í fótaaðferðafræði á grundvelli samþykktrar námskrár í faginu eða hvort gera þurfi viðbótarkröfur til innihalds námsins.

Síðan spyr hv. þingmaður: „Hefur verið tekið tillit til niðurstöðu nefndar sem starfaði á vegum heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis við undirbúning náms í fótaaðgerðafræði?“ Hér er væntanlega átt við starfshóp sem ráðuneyti menntamála skipaði 1998 með fulltrúum Félags fótaaðgerðafræðinga, heilbrigðisráðuneytis og Ármúlaskóla til að athuga möguleika á að koma á fót námsbraut í fótaaðgerðafræði hér á landi og semja námskrá fyrir slíkt nám. Starfshópurinn skilaði tillögum til menntamálaráðherra árið 2000. Þar var lagt til að komið yrði á fót námi í fótaaðgerðafræði hér á landi um leið og aðstaða sé fyrir hendi. Námið yrði þá 157 einingar á framhaldsskólastigi — rétt er að geta þess að í Danmörku sem margir vitna til eru einingarnar sambærilegar við 73 á Íslandi — og stefna ætti að því að koma þessu námi fyrir við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Forsenda þess að skólinn gæti tekið við náminu var hins vegar að húsnæði hans yrði stækkað. Viðbygging við Ármúlann hefur dregist á langinn en er nú loks komin á skrið eins og menn þekkja eftir samkomulag Reykjavíkurborgar og ráðuneytisins um stækkun fimm framhaldsskóla. Vegna aðstöðuleysis í skólanum var því ekki hægt að hrinda tillögum starfshópsins í framkvæmd en það kemur væntanlega til athugunar með stækkun Fjölbrautaskólans við Ármúla. Starfshópurinn gerði einnig tillögur um innihald námskrár og verða þær að sjálfsögðu hafðar til hliðsjónar við námskrárgerðina sem nú er að hefjast.

Loks er spurt: „Hefur starfsmenntaráð verið með í ráðum?“ Ég tel mig þegar hafa gert grein fyrir aðkomu starfsgreinaráðs í heilbrigðis- og félagsgreinum en það kom fram hjá mér áðan að við munum að sjálfsögðu senda námskrárdrögin til umsagnar starfsgreinaráðsins í heilbrigðis- og félagsgreinum.

[14:53]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, fyrir að taka þetta mál upp. Hæstv. menntamálaráðherra kom inn á það áðan að ekki liggi fyrir leyfi fyrir þessu námi. Ég spyr því af hverju verið sé að bjóða upp á námið strax í janúar. Ég verð að viðurkenna að ég hef kynnt mér þetta mál ágætlega og finnst ýmsu vera ábótavant, ekki síst þar sem segir í lögum að þegar fara eigi af stað með slíkt nám verði að eiga sér stað samráð við fagstéttina. Það hefur greinilega ekki verið gert á byrjunarstigi málsins en er komið í farveg núna og ég vona að fagstéttin muni þá fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að. Ég held að menn hefðu kannski átt að hinkra aðeins við og gefa ekki græna ljósið svo fljótt. Í þessu felst líka viðurkenning ráðuneytisins, ef ég fer rétt með, þannig að nemendur geta fengið námslán og þar með viðurkennir ríkið auðvitað nám og greiðir með því vegna þess að ríkið greiðir með námslánum. Mér finnst röðunin í þessu máli ekki alveg vera rétt.

[14:54]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Já, þetta er ákaflega sérkennilegt mál. Ég fagna því að hæstv. menntamálaráðherra lýsir því yfir að hún hafi ekki gefið leyfi fyrir þessu námi en því var haldið fram á aðalfundi fótaaðgerðafélagsins á dögunum af fulltrúum frá Snyrtiakademíunni sem hyggst hefja þetta nám nú um áramótin að þeir hefðu þetta leyfi og að menntamálaráðuneytið mundi veita undanþágu fyrir því að þeir sem ætluðu að kenna þarna hefðu ekki kennsluréttindi. Fótaaðgerðafræðingar sem starfa hér á landi sem heilbrigðisstétt hafa ekki einu sinni leyfi til að taka nema en svo ætlar Snyrtiakademían að fara að hefja kennslu, eftir því sem fulltrúar þaðan segja, með fótaaðgerðafræðingum sem hafa ekki einu sinni kennsluréttindi. Ég bið hæstv. ráðherra að hafa allan varann á. Þetta er gert í algerri andstöðu við fagfélag fótaaðgerðafræðinga sem sinna mjög mikilvægu heilbrigðisstarfi, sinna fótum þeirra sem eru með sjúkdóma (Forseti hringir.) sem leggjast á fætur fólks eins og t.d. sykursýki.

[14:56]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir að koma með þessa fyrirspurn og ráðherra í sjálfu sér fyrir svörin. Ég tel fulla ástæðu til að hafa nokkrar áhyggjur af því hvernig þessi mál hafa verið að þróast. Það kom fram hjá ráðherra að ekki hafi verið veitt leyfi fyrir þessu námi en ég veit ekki betur en að þær sem eru að hefja nám í þessum skóla núna gangi út frá því sem vísu — ég segi þær því þetta eru yfirleitt konur — gangi út

frá því sem vísu að þessi mál séu í réttum farvegi. Það er verið að rukka þessa nemendur um skólagjöld upp á um 1,5 millj. kr. Ég tel að það sé algerlega óforsvaranlegt að á sama tíma og mikið er talað um að bjóða upp á aukna möguleika til starfsnáms fyrir fólk á framhaldsskólastigi sé veruleikinn sá að það geti þá og því aðeins fengið kennslu í þessari grein að það fari í einkaskóla og borgi fyrir það 1,5 millj. kr. í skólagjöld.

Virðulegi forseti. Þetta er mál sem verður að taka föstum tökum.

[14:57]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Kjarni málsins er sá að vilyrði ráðuneytisins í þessu máli er gulls ígildi. Þar með er t.d. komin heimild til að lána nemendum fyrir háum skólagjöldum og þar með er ríkið að sjálfsögðu farið að greiða fyrir námið og svo gott sem komið leyfi fyrir náminu. Það er alvarlegt mál. Því er haldið fram að um sé að ræða klíkuskap af hálfu ráðuneytis og ráðamanna, samráðs hafi ekki verið gætt við fagstéttirnar og gengið hafi verið fram hjá öllum eðlilegum grundvallarreglum við að koma á fót menntun og námsefni af hvaða tagi sem er. Þetta andrúmsloft þarf hæstv. ráðherra að sjálfsögðu að hreinsa að fullu því að mikil óánægja er meðal fagstéttanna í þessu máli, eins og kom nokkuð skýrt fram í máli nokkurra hv. þingmanna við umræðuna áðan. Þetta er vont mál og hreinsa þarf andrúmsloftið í því af því að það er búið að valda skaða að þessu leyti.

[14:58]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin sem voru í sjálfu sér ágæt. En það breytir ekki því að skólinn auglýsir að búið sé að fá leyfi fyrir rekstri þessa skóla og viðurkenningu ráðuneytisins, skólinn auglýsir að komin sé trygging fyrir námsláni, skólinn auglýsir að nám eigi að hefjast í byrjun janúar. Ef það leyfi liggur ekki fyrir tel ég að hæstv. ráðherra beri að sjá til þess að skólinn beri ekki á borð rangar upplýsingar því að þetta hlýtur allt að teljast rangt meðan leyfið liggur ekki fyrir frá ráðuneytinu.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að þetta fyrirkomulag og þessi vinnubrögð eru í algerri andstöðu við fagfélag þess fólks sem við þetta vinnur. Það hlýtur að teljast mjög neikvætt og þýða að eitthvað sé öðruvísi en best er á kosið. Ef fram fer sem horfir er líka verið að bjóða upp á nám hér á landi sem er styttra en á Norðurlöndunum, nágrannaríkjum okkar, og þar stendur til að lengja námið, en slíkt nám er mjög víða miklu lengra en það er hér og á Norðurlöndunum.

Það hlýtur líka að vera mjög umhugsunarvert að ráðuneyti menntamála ætli að samþykkja að sett sé á fót ný námsleið án þess að nokkur sem þar komi að uppfylli þau skilyrði sem ráðuneytið sjálft setur kennurum og skólastjórum.

[15:00]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég vona að þessi umræða sé ekki sprottin út frá því að við erum að ræða hér um rekstrarform og að menn séu að agnúast út í rekstrarformið einkaskóla, ég vona að það sé ekki ástæðan. Fyrst og fremst verða menn að hafa í huga að það hefur ekki verið veitt leyfi og það er greinilega einhver bábilja í gangi, einhver della í andrúmsloftinu. Það er alveg ljóst að við erum ekki búin að viðurkenna námskrána eins og hún hefur verið lögð fyrir okkur. Hvað gerist síðan þegar við fáum námskrárdrögin endurbætt til umfjöllunar? Við munum að sjálfsögðu senda þau nýskipuðu starfsgreinaráði heilbrigðis- og félagsgreina til efnislegrar umsagnar. Ég get ekki fylgst með heimasíðum hvers skóla og hverrar stofnunar hér á landi. Það er einfaldlega þannig. Það er alveg á hreinu hvernig ráðuneytið hefur haft þetta til umfjöllunar. Það er okkar að tryggja að skólarnir uppfylli ákveðin gæði. Það er okkar að tryggja að þeir uppfylli þau skilyrði sem gerð eru samkvæmt lögum og reglugerðum. Við getum ekki útfært þau skilyrði frekar. Við þurfum að fylgja þeim eftir og við munum að sjálfsögðu halda uppi slíkum kröfum þegar verið er að koma á fót þessum skóla sem öðrum enda höfum við margítrekað að eitt helsta hlutverk ráðuneytis menntamála er ákveðið gæðaeftirlit, gæðaeftirlit með opinberum skólum sem einkaskólum. Það er því gott að þetta mál sé rætt og í raun inni kærkomið tækifæri að fá möguleika á því að koma hingað í ræðustól þingsins og greina frá því hvernig þessum málum er háttað. Það er verið að fara yfir þetta eins og við gerum jafnan við alla skóla sem sækja um heimild til þess að kenna ákveðin fræði en að sjálfsögðu er það viðkomandi að uppfylla þær kröfur sem við gerum til þessa náms sem annars og við fáum að sjálfsögðu umsagnir þar til bærra aðila varðandi þetta mál eins og önnur.

Umræðu lokið.

## *Framhaldsskóli í Mosfellsbæ.*

Fsp. VF, 120. mál. — Þskj. 120.

[15:02]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Ég beindi sömu fyrirspurn til ráðherrans í mars 2004 og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir beindi síðan fyrirspurn til ráðherra um framhaldsskóla í Suðvesturkjördæmi í maí síðastliðnum. Ég kom inn í þá umræðu vegna fregna af skýrslu frá menntamálaráðuneytinu um að framhaldsskóli í Mosfellsbæ væri forgangsverkefni. Þá spurði ég ráðherra hvort það væri rétt að næsti framhaldsskóli á höfuðborgarsvæðinu risi í Mosfellsbæ. Í svari menntamálaráðherra kom m.a. fram, með leyfi forseta:

„Ég mun sérstaklega líta til þessara tillagna og þessarar skýrslu frá hópnum sem vísbendingar og vegvísis til þess að móta starfið. Það er alveg ljóst að hann segir Mosfellsbær fyrst og síðan uppbygging á norðausturhluta höfuðborgarsvæðisins ásamt utanverðum Eyjafirði."

Til að halda málinu gangandi, frú forseti, þá spyr ég enn og aftur um framhaldsskóla í Mosfellsbæ og vænti já-

kvæðra viðbragða. Það er rétt að taka fram að Mosfellsbær telur nú um 7.500 íbúa og fer þeim mjög ört fjölgandi. Samkvæmt mannfjöldaspá er gert ráð fyrir að íbúarnir verði um 10 þúsund árið 2010 eða eftir fjögur ár. Á framhaldsskólaaldri eru nú um 110 unglingar í hverjum árgangi og er bærinn eitt af þeim sveitarfélögum sem hafa hæst hlutfall barna og unglinga af heildarfjölda íbúa. Framhaldsskóli í Mosfellsbæ mundi geta þjónað nærliggjandi hverfum Reykjavíkur, t.d. Kjalarnesi og nám í framhaldsskólanum mætti jafnvel tengja við umhverfið t.d. endurhæfingartengt nám í tengslum við Reykjalund, listnám í tengslum við mikla liststarfsemi í Álafosskvos. Þetta er spurning um kostnað íbúanna m.a. að þurfa ekki að ferðast langar leiðir til að komast til og frá námi. Þetta er líka spurning um öryggi á Vesturlandsvegi að þurfa ekki að keyra á þeim þjóðvegi niður í bæ til að komast í nám.

Frú forseti. Að framansögðu beini ég fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra: Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framhaldsskóli rísi í Mosfellsbæ eins og nefnd á vegum ráðuneytisins hefur mælt með samkvæmt svari ráðherra við fyrirspurn frá Rannveigu Guðmundsdóttur í vor? Ef svo er, hvenær er áætlað að skólinn taki til starfa?

[15:05]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni og fyrirspyrjanda Valdimar L. Friðrikssyni fyrir að koma inn á þetta mikilvæga mál. Það er rétt sem fram kom í máli hans að nefnd á vegum ráðuneytis menntamála hafði það verkefni síðastliðið vor að meta þörfina á nýjum framhaldsskólum því það eru margir sem hafa áhuga á að byggja upp framhaldsskóla. Til þess verður að hafa ákveðnar forsendur, t.d. íbúafjölgun, spá um íbúaþróun en einnig þarf að taka tillit til annarra þátta, þ.e. til byggðalegra þátta. Þó að færri íbúar séu á ákveðnum svæðum þá verður líka að taka tillit til annarra sjónarmiða en eingöngu íbúafjölgunar og aðgengis að framhaldsskólum.

Nefndin lagði fram hugmyndir um hvar framhaldsskólarnir ættu að rísa og þá í ákveðinni röð til að reyna að forgangsraða málum. Hún lagði m.a. til að skóli yrði reistur við utanverðan Eyjafjörð og að síðan yrði reistur skóli í Mosfellsbæ og þetta eru þeir skólar sem eru fremstir í röð nýrra framhaldsskóla. Ég tók ég undir þessi sjónarmið nefndarmanna í svari mínu við fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, eins og hv. þingmaður kom inn á, og þau hafa ekki breyst síðan.

Í báðum þessum tilvikum komu fleiri en eitt sveitarfélag að málum og ég hef átt í samræðum við heimamenn fyrir norðan og um leið lagt ríka áherslu á samstöðu Siglfirðinga, Ólafsfirðinga og Dalvíkinga um stofnun slíks skóla og að sjálfsögðu skiptir miklu máli að göngin verði þá komin. Ég greini samhljóm í máli okkar þingmanna um að menn reki skólakerfið strax frá upphafi og þessa nýju skóla þannig að þeir verði skipulagðir í samræmi við ýtrustu gæðakröfur og af faglegum metnaði og það er fagnaðarefni að hv. þingmenn taka undir það. Þetta hafa að sjálfsögðu sveitarfélögin bæði syðra og nyrðra rætt og skoðað.

Hvað varðar Mosfellsbæinn þá byggðu Mosfellsbær og Reykjavík Borgarholtsskóla sameiginlega á móti ríkinu á sínum tíma. Því má segja að eðlilegt sé að þessi sveitarfélög ræði hugsanlegt samstarf um staðsetningu nýs skóla ekki síst með tilliti til nýrrar uppbyggingar hugsanlega í Geldinganesi eða við Úlfarsfell. En ég tek undir það með hv. þingmanni og nefndarmönnum að það skiptir máli að tekið verði á þessu og þá að menn móti stefnuna um að það rísi framhaldsskóli í Mosfellsbæ. Það er rétt að það er enginn framhaldsskóli í Mosfellsbæ, í ört vaxandi sveitarfélagi en það er líka athyglisvert að skoða framhaldsskólakosti á suðvesturhorninu. Ef mig man rétt eru allt að 80% af framhaldsskólum og þeir nemar sem stunda nám þar vestan við Elliðaár. Þegar maður skoðar kortið þá vantar greinilega skóla á því svæði sem nefndarmenn komu inn, þ.e. í Mosfellsbænum og ekki bara vegna staðsetningarinnar heldur líka vegna íbúafjölda og væntanlegrar íbúaþróunar. Hið sama gildir um annan hluta á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Norðlingaholtið sem er að byggjast upp í Reykjavík. Kópavogur er líka að þenjast út, Salahverfið, þannig að það er líka þörf á nýjum framhaldsskóla á því svæði miðað við íbúaþróun en það skiptir máli að sveitarfélögin vinni saman eins og gerðist gæfulega með Borgarholtsskóla og gerist vonandi fyrir norðan í samvinnu við ríkið. Þörfin er til staðar og við erum búin að forgangsraða hvar væntanleg skólauppbygging þarf að eiga sér stað á næstu árum.

Það liggur í hlutarins eðli að ekki er unnt að tímasetja nákvæmlega hér og nú úr þessum ræðustóli hvenær byggingarframkvæmdir hefjast eða hvenær skólastarfið hefst, sem er náttúrlega mikilvægasti parturinn. En að mínu mati má í hvorugu tilfellinu missa mikinn tíma og ég er þess mjög hvetjandi, eins og mér heyrist hv. þingmaður einnig vera, að þessu máli verði hraðað fremur en hitt.

[15:10]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra ágæt svör og fagna því að framhaldsskóli í Mosfellsbæ skuli vera í augsýn en ég átti kannski von á nákvæmari svörum miðað við þá skýrslu sem m.a. flokksbræður hæstv. ráðherra notuðu í kosningabaráttunni í vor, þar sem þeir tilkynntu bæjarbúum hátíðlega degi fyrir kosningar að framhaldsskóli í Mosfellsbæ væri í algerri forgangsröð. Það örlar því á smávonbrigðum hjá mér, frú forseti.

Ég vil benda á að frá því að ég spurði fyrst um framhaldsskóla fyrir tveimur árum hefur íbúafjölgun í bænum orðið 17% þannig að þetta er orðið aðkallandi og ég tel að það eigi að stefna að því að opna fyrsta áfanga framhaldsskóla í Mosfellsbæ ekki seinna en 2010.

[15:11]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að yfirbjóða hv. þingmann varðandi tímasetningar. Það sem mér finnst skipta mestu máli er að við höfum nú á hreinu forsendur fyrir því að það þurfi að byggja upp frekari framhaldsskóla á suðvesturhorninu.

En síðan er hitt sem skiptir mestu máli og hv. þingmaður m.a. kom inn á í sínum fyrri hluta, það er innihald skóla-

starfsins. Hvers konar skóla viljum við bæta við inn í framhaldsskólaflóruna á suðvesturhorninu? Hvaða sérhæfingu eigum við að beina inn í þá skóla sem við þurfum til þess að geta komið öllu fólkinu á suðvesturhorninu inn í framhaldsskóla, hvers konar skólakerfi og framhaldsskóla viljum við bjóða upp á í Mosfellsbænum og síðan í suðausturhluta Reykjavíkursvæðisins? Þessir nýju skólar verða stórir skólar en munu skipta miklu máli upp á þá fjölbreytni sem við þurfum að viðhafa á sviði framhaldsskóla. Ég ætla mér ekki að fara í yfirboð. Aðalmáli skiptir að við höldum áfram að vinna að þessu og að unnið sé faglega. Við höfum reynt að gera okkur far um það hingað til og munum gera það áfram og þá ekki síst í samvinnu við þá aðila sem hlut eiga að máli, þ.e. sveitarfélögin.

Umræðu lokið.

## *Staðbundið háskólanám á landsbyggðinni.*

Fsp. BjörgvS, 157. mál. — Þskj. 157.

[15:12]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Næsti áfangi í menntasókn okkar Íslendinga á að mínu mati að vera uppbygging á staðbundnu háskólanámi á landsbyggðinni. Besta byggðaaðgerð Íslandssögunnar, síðari tíma a.m.k., var uppbygging Háskólans á Akureyri. Samfélagið þar tók stakkaskiptum og að mörgu leyti má sama segja um samfélagið í Borgarfirðinum eftir að Viðskiptaháskólinn eða Háskólinn á Bifröst tók þar til starfa á síðustu missirum og hefur vaxið og gengið frábærlega vel. Staðbundin háskólamenntun skiptir sköpum fyrir samfélagið að öllu leyti, samsetningu þess og uppbyggingu.

Vísir að háskólamenntun er víða annars staðar á landinu. Í gegnum símenntunarstöðvarnar og fræðslunetin á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra stunda nú 400–500 manns háskólanám í fjarnámi á ári hverju. Aukningin hefur verið mikil og er þetta að verða að stærsta einstaka þættinum í starfsemi símenntunar- og fræðslumiðstöðvanna sem upphaflega voru settar á stofn til að þjóna endurmenntun og símenntun fyrir fullorðna. Þetta er glæsileg þróun, þetta er jákvæð þróun.

Tölurnar eru hins vegar óhagstæðar fyrir háskólamenntun á landsbyggð. Í dag er það svo að árið 2005 var um 12 milljörðum kr. varið til háskólamenntunar 16.625 Íslendinga, eru kannski orðnir fleiri núna, og á fjárlögum fyrir árið 2007 er reiknað með yfir 12 milljörðum kr. til háskólamenntunar. Það eru átta íslenskir háskólar og staðan er sú að 82% nemenda við háskóla eru í háskólum á Reykjavíkursvæðinu en einungis 18% úti á landsbyggð og þá eru teknir með háskólarnir sem landbúnaðarráðuneytið veitir fjármuni til. Án þeirra væru þetta 15% frá menntamálaráðuneytinu. Á sama tíma búa 83% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu en hins vegar stunda 85% háskólanema þar nám. 36% allra nýnema eru utan af landi en einungis 18% háskólanema stunda nám úti á landi, fyrir utan Reykjavík. Þetta er mikið ósamræmi og mikið ójafnvægi og það er ástæða til að ráðast í mikla menntasókn og uppbyggingu á staðbundnu háskólanámi úti á landi. Það er ekki bara besta byggðaaðgerðin, það er einhver besta samfélagslega fjárfesting sem við getum ráðist í, það er fjárfestingarátak í menntun og ekki síst í staðbundnu háskólanámi úti á landi. En staðan er eins og ég rakti áðan um muninn á framlögum til háskólamenntunar annars vegar í Reykjavík og hins vegar úti á landi. Því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra þeirra spurninga sem ég legg fyrir hana í dag hvort það standi til að ráðast í frekari uppbyggingu á staðbundnu háskólanámi úti á landi.

[15:16]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég vil taka heils hugar undir með hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni varðandi mikilvægi þess að efla menntun, ekki bara á suðvesturhorninu heldur um land allt og háskólamenntun er þar ekki undanskilin. Þetta er besta byggðaaðgerðin, markvissasta, raunhæfasta og sú sem mun skila hvað mestum arði varðandi byggðauppbyggingu. Það erum við að sjá víðs vegar um landið.

Tölurnar tala sínu máli og það var ágætt að hv. þingmaður fór yfir þetta en engu að síður hefur framboð háskólanáms á landsbyggðinni aukist gífurlega á undanförnum árum, ekki síst með eflingu háskóla utan Reykjavíkur, uppbyggingu símenntunarmiðstöðva og háhraðanetsins. Í umræðum um framboð á háskólanámi, hvort sem það er í Reykjavík eða á landsbyggðinni, verður að hafa hugfast að það er raunverulega á verksviði hvers háskóla og ekki síst í samræmi við nýsamþykkt háskólalög um sjálfstæði háskóla hvernig þeir setja fram námsframboð sitt og ákveða útfærslurnar á eigin námsframboði. Háskólarnir bjóða því mismunandi nám og námsáfanga í samvinnu við símenntunarmiðstöðvarnar og fræðslunetin víðs vegar um landið. Það er jafnframt ákvörðunaratriði hjá þeim eftir aðstæðum hverju sinni hvort námið sem fer fram fer í gegnum fjarkennslu, staðbundið nám eða sé síðan einhver blanda af þessu en við erum að sjá mismunandi útfærslur á því.

Ráðuneytið hefur í rauninni ekki haft bein afskipti af því hvers konar nám sé í boði né í hvaða formi það fer fram enda breytilegt frá einum stað til annars og frá einum tíma til annars. Þörfin fyrir sjálft námsframboðið er metin af háskólanum og símenntunarmiðstöðvunum, þekkingarnetinu á hverjum stað fyrir sig, og það er mismunandi eftirspurn eftir háskólanámi eða tegundum háskólanáms eftir því hvernig maður lítur yfir landið.

Aðalmálið að mínu mati er að efla aðgengi að háskólanámi, að menn geti farið í háskólanám. Í alþjóðlegri umræðu um háskóla er æ meiri áhersla lögð á samfélagslegt hlutverk háskóla, sem er vaxandi samhliða kennslu og rannsóknum. Stefnan hefur verið að auka námsframboð á háskólastigi í landinu og satt að segja hafa framfarir í þeim efnum verið ótrúlega miklar síðustu missirin. Þetta hefur ekki síst sést á nemendafjölgun í þeim háskólum sem eru starfandi á landsbyggðinni hvort sem það er Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskólinn eða Hólaskóli. Uppbygging hefur því verið töluverð á landsbyggðinni.

Ég vil þessu til viðbótar nefna að á þessu ári hafa verið opnuð háskólasetur jafnt á Ísafirði sem Egilsstöðum þar sem ríkir að mínu mati mikill metnaður. Með tilkomu þeirra er verið að styrkja háskólanám og rannsóknir á landsbyggðinni en það eru heimamenn, og vert að hafa það í huga, á hverjum stað í samvinnu við háskólana í landinu sem móta síðan stefnu háskólasetranna.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er gerð grein fyrir fjárveitingu vegna verkefnis um rafræna innritun og háskólanet um allt land sem verkefnastjórn um upplýsingasamfélagið hefur samþykkt. Samtals eru áætlaðar 16 millj. kr. til þess verkefnis og í tengslum við verkefnið vinnur Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri nú að skýrslugerð fyrir menntamálaráðuneytið þar sem gerð verður grein fyrir skipulagi að fjarkennslu á háskólastigi, annars vegar erlendis í fjórum löndum og hins vegar hér á landi. Sú skýrsla liggur fyrir síðar á þessu ári og munu niðurstöður verða kynntar síðar fyrir háskólunum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni og samráðs leitað um frekari þróun á þessum vettvangi. Það er að sjálfsögðu von mín að þetta verkefni muni efla samvinnu háskóla og símenntunarmiðstöðva um framboð háskólanáms á landsbyggðinni enn frekar en verið hefur. Hvort námið er síðan staðbundið eða skipulagt á annan hátt verður að meta einfaldlega eftir aðstæðum hverju sinni í samráði við viðkomandi háskóla og símenntunarmiðstöðvar. Maður skilur þær kröfur en það verður að gerast í samræmi við þær kröfur sem við gerum til háskólanáms. Það sem við erum hins vegar að gera með því að auðvelda aðgengi og fjölga tækifærum er að það verður auðveldara í framtíðinni að koma upp staðbundnu námi en verið hefur, ef menn óska þess og telja það vera í þarfir við byggðina og við háskólanámið.

[15:21]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir þessa þörfu og ágætu fyrirspurn. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra að mjög mikilvægt er að efla aðgengi að háskólanámi og reyndar ekki aðeins háskólanámi heldur hvers kyns námi á landsbyggðinni því að það hefur birst okkur í svörum með fyrirspurnum að menntunarstig er mun lægra úti á landi.

Það vill þannig til að menntamálaráðuneytið er aðeins að axla örlítinn hluta af þeim kostnaði sem fellur til við t.d. háskólanám úti á landi því það er sett á herðar sveitarfélaganna að standa undir námsverunum vítt og breitt um landið, alls staðar þar sem símenntunarmiðstöðvarnar eru sjálfar með höfuðstöðvar sínar, þar taka sveitarfélögin reyndar líka þátt. Þar með er menntamálaráðherra að mismuna þeim sem búa á þeim stöðum þar sem háskólarnir sjálfir eru til staðar og þeim sem búa annars staðar á landinu. Þetta er algerlega óviðunandi fyrir landsbyggðarfólk.

[15:22]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég ætla að lýsa því yfir að ég er ósammála hæstv. ráðherra um að þetta sé mesta byggðaaðgerðin. Ég er á því að mesta byggðaaðgerðin séu sjávarútvegsmálin og síðan hvernig stjórnvöld hafa byggt upp opinbera starfsemi í miklu meira mæli á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Það sýna einfaldlega tölur frá fjármálaráðuneytinu.

Síðan hefur einnig komið fram að tæplega þriðjungs skattfjár er aflað á landsbyggðinni en einungis 15% er varið á landsbyggðinni. Ójöfnuðurinn er því víða. Ég skora á hæstv. ráðherra að svara því hvort hún ætli að beita sér fyrir aukinni uppbyggingu á háskólanámi þannig að Háskólinn á Akureyri standi jafnfætis hvað varðar fjárveitingar miðað við aðrar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Ég spyr að því vegna þess að ekki virðist vera hægt að hreyfa við sjávarútvegsmálunum. Það má ekki snerta við þeim en það má mögulega færa einhverja fjármuni til dreifbýlisins í gegnum menntakerfið.

[15:23]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Svör ráðherra voru mér nokkur vonbrigði. Ég spurði: Stendur til að auka framboð á staðbundnu háskólanámi á landsbyggðinni? Ef svo er, hvar og hvers konar nám verður í boði? Háskólamenntunin um fjarnám á símenntunarstöðvunum er meira og minna upp á annars vegar fjárlögin komin og fjárlaganefnd og hins vegar upp á sveitarfélögin, sem standa mjög að því námi líka. Ég vil fá það fram hvort auka eigi framboð á staðbundnu námi til að háskólasetrin standi undir nafni, hvort eigi að byggja upp háskólastofnun á Ísafirði, hvort eigi að byggja upp staðbundið háskólanám á Suðurlandi og Norðurlandi vestra. Hver er framtíðarsýn hæstv. ráðherra í þessu nákvæmlega?

Það er mikið ójafnvægi á milli þeirra fjármuna sem varið er til háskólamenntunar annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar úti á landi eins og ég rakti áðan. Af þeim 12 milljörðum sem varið er til háskólamenntunar á næsta ári er einungis 15% þeirra fjármuna ráðstafað í háskólamenntun úti á landi. Ég tel að stórauka eigi framboð á staðbundnu háskólanámi úti á landi, ekki með einhverri hægfara þróun í gegnum símenntunarstöðvarnar eingöngu, heldur með fastri stefnumótun af hálfu stjórnvalda um uppbyggingu á háskólanámi rétt eins og gert var með Háskólann á Akureyri á sínum tíma. Það er kjarni málsins. Auðvitað á að tengja starfsemi símenntunarmiðstöðvanna og gera þeim kleift að vaxa og dafna og þróast í það að vera háskólastofnanir en það skortir skarpa og afgerandi framtíðarsýn af hálfu hæstv. menntamálaráðherra í nákvæmlega þessu máli, í uppbyggingu staðbundins háskólanáms úti á landi og hvar og hvort eigi ekki að nýta þá fjármuni sem væri eðlilegt að nýta út frá þeirri skiptingu sem ég rakti áðan á annars vegar íbúafjölda úti á landi og í Reykjavík og síðan hvernig fjármununum er varið nú í dag.

[15:25]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það sem skiptir máli er að auka aðgengi fólks að háskólanámi. Þá skiptir líka máli að hafa í huga umhverfið þegar Háskólinn á Akureyri var stofnaður. Hvað voru margir háskólar hér á landi þá? Það var einn háskóli. Síðan var Háskólinn á Akureyri stofnaður og nú höfum við átta háskóla þannig að framboðið á háskólanámi og háskólum hefur gerbreyst og tekið stakkaskiptum síðan Háskólinn

á Akureyri tók til starfa á sínum tíma.

Það sem mér finnst vera lykilatriði í þessu er aðgengi fólks að náminu og að háskólanámið verði sem best. Það getur vel verið að það þróist út í það að vera staðbundið nám, þ.e. ef háskólastofnanirnar meta það heppilegast í ljósi gæðanáms og þess að uppfylla þær kröfur sem fólk gerir á viðkomandi stað hverju sinni. Ég tel mikilvægt að háskólarnir verði í miklu samstarfi eftir sem áður við símenntunarmiðstöðvarnar.

Það er ekki rétt sem kom fram áðan að menntamálaráðuneytið og það sem undir það heyrir sé ekki að fjárfesta í menntun eða háskólaígildum á landsbyggðinni því að að sjálfsögðu er borgað líka fyrir nemendur og þá sem stunda nám úti á landi. Það fer að sjálfsögðu gegnum reiknilíkanið og til háskólanna og það skiptir engu máli hvar þeir eru staðsettir. Það er að sjálfsögðu borgað fyrir þá.

Ég vil líka geta þess að sú þróun hefur verið t.d. í Danmörku að háskólastofnanir eru, eins og kannski má segja hér, að sameinast í ríkari mæli. Menn eru að leggja meginálersluna á að gera einingarnar stærri en aðgengið betra víðs vegar um landið. Þetta er að gerast í Danmörku, í Noregi og þetta er að gerast á Íslandi.

Við höfum verið sammála um það, ég og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, að það sem þurfi líka að tryggja er gæði námsins. Ég held að núna verði meginálerslan í öllu menntakerfinu, frá leikskóla til háskóla, á að efla gæðastarfið. Alþjóðlegar kröfur eru settar fram í því efni og þar verðum við Íslendingar líka að standa okkur.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá voru tekin 9.–10. mál.

Fundi slitið kl. 15:28.

---

# 15. FUNDUR

miðvikudaginn 18. okt.,
að loknum 14. fundi.

**Dagskrá:**

1. Fátækt barna og hagur þeirra, beiðni um skýrslu, 184. mál, þskj. 185. *Hvort leyfð skuli.*

2. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 56. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.

***Fátækt barna og hagur þeirra.***

Beiðni HHj o.fl. um skýrslu, 184. mál. — Þskj. 185.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]

Beiðni leyfð með 32 shlj. atkv.

***Ríkisútvarpið ohf., frh. 1. umr.***

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, DJ, EKG, EOK, GHj, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, JBjart, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞórdS, ÞBack.

3 þm. (BjörgvS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

30 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, DrH, EMS, FG, GHH, GAK, GÞÞ, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SÞorg, SJS, StB, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***

Þjónusta við heilabilaða.

[15:33]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Á Íslandi eru nú þrjú þúsund manns með heilabilun á einhverju stigi. 60% þeirra eru með alzheimer. Heilabilun hefur verið kallaður fjölskyldusjúkdómur 21. aldarinnar. Hann er óvæginn sjúkdómur sem hefur mjög mikil áhrif á aðstandendur, börn, barnabörn og ekki síst maka. Áætlað er að um 12 þúsund aðstandendur líði fyrir hann. Þeim mun fjölga mjög á næstu árum vegna þess að þjóðin er að eldast.

Undanfarin ár hafa 300–400 nýir einstaklingar greinst árlega en þar af eru um 15 manns á ári yngri en 65 ára. Sjúkdómurinn lýsir sér fyrst í gleymni, persónuleikaeinkenni hverfa, og svo hættir sjúklingurinn að geta sinnt daglegum athöfnum, missir stjórn á líkamsstarfsemi og verður svo ósjálfbjarga að lokum. Þetta tekur mislangan tíma hjá hverjum einstaklingi.

Á ráðstefnu í september, þegar 100 ár voru liðin frá því að alzheimersjúkdómurinn var fyrst uppgötvaður, kom fram að aðgerðum í málefnum heilabilaðra er mjög ábótavant hér á landi. Fleiri sérhæfð úrræði vantar tilfinnanlega fyrir þennan hóp sem á ekki samleið með öðrum sjúklingum. Þjónustan sem er til staðar er mjög góð en hún dugir ekki til. Vandinn er mikill og mun aukast því heilabiluðum mun fjölga um helming á næstu 15 árum. Nánustu aðstandendur sjúklinga með heilabilun ganga oft mikla þrauta-

göngu til að fá þjónustu fyrir þá. Þegar við skoðum úrræðin þá eru þau eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. Í dreifbýlinu er nánast engin þjónusta í boði.

Fyrst þarf sjúkdómsgreiningu sem fer fram í minnismóttökunni á Landakoti. Þar ættu sjúklingar og aðstandendur að geta fengið ráðgjöf en minnismóttakan getur engan veginn annað þörfinni. Biðin eftir fyrstu skoðun er margir mánuðir og lengist ef ekkert verður að gert. Minnismóttakan er löngu sprungin og það í annað sinn frá árinu 1997 en hún var stækkuð árið 2000. Næsta úrræði eru sérhæfðar dagdeildir þar sem sjúklingar fá þjálfun og virkni á meðan aðstandendur geta um frjálst höfuð strokið eða jafnvel sótt vinnu.

Dagdeildir eru nú sex á höfuðborgarsvæðinu, fín úrræði, sem flestir aðstandendur eru ánægðir með. En þær anna ekki nema broti eftirspurnar og sinna sjúklingnum aðeins frá klukkan átta til fjögur. Restina af sólarhringnum eru aðstandendur bundnir yfir honum. Þar eru 116 rými fyrir allt að 130 sjúklinga og samt bíða 90 manns. Biðin eftir slíkri dagþjálfun má alls ekki vera löng því fólk getur ekkert nýtt sér þjálfunina ef það er búið að sitja of lengi aðgerðarlaust heima og fer því fyrr en ella á hjúkrunarheimili.

Af þessum upplýsingum má sjá að margir heilabilaðir eru heima í umsjá aðstandenda. En þessir sjúklingar þurfa mikið eftirlit og krefjandi umönnun. Þá spyr maður: Hver er staðan í skammtímavistun til að hvíla aðstandendur? Allir hafa skilning á því að foreldrar langveikra barna þurfi reglulega hvíld til að hlaða batteríin. Það er enn meira bindandi og meira álag að annast sjúkling með heilabilun heima. Það er miklu erfiðara að fá einhvern til að leysa sig af. Það eina sem býðst núna eru tvö rúm á Landakoti á þriggja manna stofum innan um veikustu sjúklingana. Aðeins er boðið upp á þriggja vikna dvöl með löngum fyrirvara. Ekki er hægt að bregðast við ef maki veikist eða eitthvað óvænt kemur upp á í fjölskyldunni, t.d. að makinn gefist upp.

Á höfuðborgarsvæðinu bíða á fjórða hundrað manns eftir hjúkrunarrými. Af tæpum 1.200 rýmum eru rúmlega 200 fyrir heilabilaða, eða 19%. Þau þyrftu að vera að minnsta kosti 50–60%. Af þessum sökum bíða þessir sjúklingar að jafnaði langlengst heima eða á Landakoti eftir vistun.

Forseti. Ég hef lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra um stöðu mála í þjónustu við sjúklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra og um hvort áform séu um frekari sérhæfða þjónustu og ráðgjafarmiðstöð sem vantar tilfinnanlega.

En hæstv. ráðherra hefur fengið spurningarnar frá mér sem ég vænti að hún svari í ræðu sinni.

[15:38]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda alþingismanninum Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka þessi mál upp. Ég tel að full ástæða sé til að ræða um málefni þessa hóps og aðstandenda þeirra.

Í fyrsta lagi er spurt um bið á minnismóttöku á Landakoti þar sem koma 1.500 til 1.700 á ári hverju, þar af eru 200 til 300 nýkomur. Biðtími þar er nú fjórir til fimm mánuðir. Biðtími eftir þeirri þjónustu er ekki óeðlilegur í ljósi eðlis sjúkdómsins en fjögurra til fimm mánaða bið reynir mjög á starfsemina. Best væri að biðtíminn væri ekki lengri en um tveir mánuðir. Umræður eru um það innan spítalans hvaða möguleikar eru á að ná þeim tíma niður. Starfsfólk minnismóttökunnar leggur sig fram um að stytta biðtímann með nákvæmri skipulagningu. Von mín er sú að þennan tíma megi stytta.

Í öðru lagi spyr hv. þingmaður hve margir sjúklingar rúmast á þeim sérhæfðu dagdeildum sem hér eru og hve margir sjúklingar með heilabilun bíði eftir dagvist. Hve löng er bið hjá þeim sem lengst hafa beðið?

Í dag bíða 85 eftir dagvistun heilabilaðra á höfuðborgarsvæðinu. 19 umsóknir eru óafgreiddar eða frá liðnu ári. Tíu eru mjög brýnar og samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér í morgun ættu þeir að geta fengið lausn sinna mála á næstu vikum. Á árinu hefur verið úthlutað 71 plássi í dagvistun. Rúmlega 100 umsóknir hafa verið teknar af biðlistanum á þessu ári, sem skýrist af úthlutun dagvistarrýma, hjúkrunarrýma og því að plássi hefur verið hafnað þegar það hefur boðist.

Fjöldi dagvistarrýma á svæðinu, með Drafnarhúsi sem var ánægjuleg viðbót á árinu ásamt fjögurra rýma viðbót á Eir, er samtals 117 rými: 24 á Eir, 20 í Drafnarhúsi, 15 í Fríðuhúsi, 20 í Hlíðabæ, 20 í Roðasölum og 18 á Lindargötu. Á landinu öllu eru 129 dagvistarrými skilgreind fyrir minnissjúka en víðast hvar um landið nýtast hvíldarrými líka heilabiluðum.

Í þriðja lagi spyr hv. þingmaður hve mörg pláss í skammtímadvöl eða hvíldarinnlögn eru fyrir heilabilaða hér á landi og hversu löng bið er eftir skammtímainnlögn. Á Landakoti eru tvö skilgreind pláss til hvíldarinnlagna. Tvö verða í Roðasölum í lok nóvember fyrir utan pláss, eins og t.d. á Eir, sem nýtast heilabiluðum en eru ekki eyrnamerkt þeim ef svo má að orði komast. Þar eru t.d. sex pláss sem nýtt eru til hvíldarinnlagna almennt, sem nýtast þessum sjúklingahópi líka eins og raunar gerist víða um land.

Plássum fyrir hvíldarinnlagnir þyrfti að fjölga. Til dæmis telja sérfræðingar að á Landakoti að þau ættu að vera fjögur en þau eru tvö í dag. Í þessu sambandi er brýnt að hafa í huga að öll þessi úrræði spila vitaskuld saman. Það verða 30 ný rými fyrir heilabilaða á nýja hjúkrunarheimilinu við Suðurlandsbraut. Þegar það kemur mun þrýstingurinn að sjálfsögðu almennt minnka.

Bið eftir skammtímainnlögn er mjög breytileg. Hún sveiflast mjög eftir aðstæðum. Samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér í morgun er t.d. ekki bið núna. En stundum myndast teppa. Upp koma brýn mál sem starfsmenn reyna að leysa úr. Það leiðir að næstu spurningu þar sem spurt er um fyrirvaralausa skammtímainnlögn. Það kemur oft í hlut minnismóttökunnar að leysa úr slíkum vandamálum sem menn reyna þó að koma í veg fyrir með skipulagningu. En þegar það dugir ekki er bráðaspítalinn eðlilega sú aðstoð sem gripið er til. Þar er fólk lagt inn uns tekist hefur að finna viðhlítandi úrræði sem menn fara að sjálfsögðu strax í að finna.

Í fimmta lagi spyr hv. þingmaður um hlutfall af hjúkrunarrýmum sem sérstaklega eru ætluð heilabiluðum og hve mörg þau þyrftu að vera hlutfallslega. Á hjúkrunarheimilum eru 70–80% af hundraði vistmanna með minnisskerð-

ingu að einhverju leyti. Af þessum hópi er um helmingur með væga heilabilun og um 15–20% ættu að vera á sérstökum deildum og eru á sérstökum deildum. Nú þegar eru þeir aðilar, 15–20% af þessum hópi, í rýmum sem eru sérútbúin fyrir þann sjúklingahóp.

*Í sjötta lagi er spurt hvort til standi að koma á sérhæfðri* þjónustu og ráðgjafarmiðstöð fyrir sjúklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra. Í dag er minnismóttakan sjálf á Landakoti kjarninn í hinni sérhæfðu þjónustu og ráðgjöf sem við veitum hér á landi. Þar eru læknar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar og aðrir starfsmenn til að veita þjónustuna. Þar er líka mökum og aðstandendum veitt þjónusta. Þar fara fram stuðningsviðtöl og annað sem nauðsynlegt er talið. Ég tel eðlilegt að við eflum minnismóttökuna á Landakoti sem hina sérhæfðu minnismóttöku á Íslandi.

Ég vil líka benda á að við erum að vinna að því núna með Landssambandi eldri borgara að stórefla upplýsingar og ráðgjafarþjónustu við aldraðra með því að styrkja starfsmann á þeirra vegum. Við erum að vinna að því núna.

[15:44]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka upp mál minnisskertra í þessari utandagskrárumræðu.

Minnissýki eða alzheimer hefur verið þekkt vandamál um árabil en er að verða meira vandamál. Greiningin hefur batnað. Fólk eldist, þjóðin eldist og fjölskyldumunstrið er að breytast. Það má ekki gleyma því. Hin trygga umgjörð fjölskyldunnar þar sem einhver var heima er ekki lengur til staðar. Flestir eru úti á vinnumarkaðnum.

Það verður að segjast eins og er, að velferðarkerfið hefur ekki fylgt þessari þróun, þessum sjúkdómi, og brugðist rétt við, því miður. Það þarf að stórefla félagsþjónustu sveitarfélaga eins og við höfum margtalað um og með tilliti til þessa líka. Það þarf að efla heilsugæsluþjónustuna og sjá til að samþætting þessara tveggja þátta verði efld til að þjóna þessum hópi og aðstandendum þeirra og það í heimahúsum.

Það þarf að koma upp sérstakri öldrunarþjónustu á heilsugæslustöðvunum. Það þarf að bjóða upp á viðtöl og kalla fólk inn við ákveðin aldursmörk. Það þarf að vera hægt að bjóða upp á að fara í vitjanir heim, gera úttekt á heimilinu, úttekt á fjölskyldumunstrinu og kortleggja þann stuðning sem sá minnissjúki og fjölskylda hans þarf á að halda.

Við getum gert margt til að styrkja hinn minnissjúka og aðstandendur hans, sem við höfum ekki sinnt fram til þessa. *Ástæðan er ein.* Hún er bara ein, þ.e. fjárskortur og aftur fjárskortur. Það er svelti hjá sveitarfélögunum og á heilbrigðisstofnunum. Þær hafa enga möguleika á að koma með nýbreytni, betri þjónustu eða sinna þessum málum frekar en öðrum.

[15:46]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að lagt hefur verið á það mat að um 3.000 manns hér á landi séu með heilabilun og þar af um 60% með alzheimersjúkdóm en samt á misháu stigi. Talið er að um 64% þeirra sem eru á öldrunarstofnunum þjáist af minnistapi á einhverju stigi.

Þessi sjúkdómur gengur mjög nærri sjúklingnum og fjölskyldu hans, rænir hann getu til að bjarga sér sjálfur í daglegu lífi og getu til innihaldsríkra samskipta við umhverfi sitt. Persónuleikabreytingar fylgja iðulega þessum sjúkdómi. Umönnun sjúklinga með minnistap krefst mikillar alúðar og skilnings frá hendi fjölskyldu og annarra umönnunaraðila. Þar skiptir öryggi einna mestu og að samskipti einkennist af virðingu og þolinmæði þannig að sjúklingurinn fái haldið reisn sinni þrátt fyrir erfiðan sjúkdóm.

Ljóst er að ýmis úrræði eru til staðar til að mæta þörfum einstaklinga með heilabilun og fjölskyldum þeirra. Þar ber fyrst að nefna að virk greining, meðferð og endurþjálfun minnissjúkra fer fram á Landspítala Landakoti og dagvistarrými eru til staðar en þau eru aðallega á Reykjavíkursvæðinu. Á fjórða hundrað hjúkrunarrýma víða á landinu eru skilgreind sérstaklega fyrir heilabilaða en eins og ég benti á hér á undan eru fjölmargir heilabilaðir á hjúkrunarheimilum. Þá eru hvíldarinnlagnir mikilvægar. Það sem mér fannst athyglisverðast í svari hæstv. ráðherra var hve fá úrræði eru þar til staðar sem þarf að efla verulega. Lögð hefur verið áhersla á þessa uppbyggingu á þjónustu við heilabilaða á síðustu árum en samt er ekki nóg að gert og bið eftir þjónustu er víða. Af svörum hæstv. ráðherra má þó ráða að þessi mál eru ofarlega á borðum ráðuneytisins en betur má ef duga skal.

Virðulegi forseti. Við eigum ekki að sætta okkur við annað en að þjónusta við aldraða og ekki síst meðal heilabilaðra sé til fyrirmyndar. Við eigum að hlúa að þeim fjölskyldum sem hafa vilja og getu til að styðja við heilabilaðan ættingja sinn að búa í eigin umhverfi. Til þess þurfa að vera til staðar næg úrræði á borð við dagvistun og hvíldarinnlagnir auk annars stuðnings við fjölskyldur.

[15:48]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Á næstu áratugum er augljóst að samfélagið mun taka miklum breytingum hér á landi eins og hv. málshefjandi, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, benti á. Vaxandi ævilíkur og aukið hlutfall aldraðra mun setja mark sitt á framtíðarþróunina, þjóðin er að eldast og hún eldist hratt. Stóru árgangarnir sem fæddust eftir stríð fara nú að færast í hóp aldraðra hér á landi. Ég hygg að þær tölur sem hér hafa verið nefndar séu einmitt merki þess að það er orðið mjög brýnt að gera átak í öllum þessum málum, ekki síst því máli sem við ræðum í dag. 3.000 manns með heilabilun, þar af 60% með alzheimer, biðtími í 4–5 mánuði. Það er ljóst að gera þarf gangskör að því.

Í aðdraganda kosninga síðastliðið vor var mikið talað um byggingu nýrra hjúkrunarheimila, ekki minnst af núverandi stjórnarflokkum, enda var þörfin brýn þá og hún er brýnni nú og hún verður enn brýnni í fyrirsjáanlegri framtíð. Sú kynslóð sem dvelur nú á hjúkrunarheimilum er kynslóðin sem lagði hornsteininn að þeirri velmegun sem við búum við í dag. Þetta fólk verðskuldar að sjálfsögðu að við launum því, sýnum því virðingu og þakklæti með því að gefa því kost á bestu umönnun sem völ er á svo það megi

búa við öryggi á ævikvöldinu.

Við hljótum að gera þá kröfu að við höfum hér skýr viðmið. Við verðum að setja lágmarkskröfur um heilbrigðisþjónustu við hjúkrunarsjúklinga þar sem ríkið tryggir þeim sem umönnunina veita þá tekjustofna sem duga. Við verðum að skylda hjúkrunarheimili til að setja sér gæðastaðla og markmið með starfsemi sinni ef þau hafa ekki þegar gert það. Síðast en ekki síst megum við ekki gleyma því að sá hópur sem við ræðum um í dag er einmitt sá hópur sem vart getur borið hönd fyrir höfuð sér eða barist fyrir eigin réttindum vegna eðlis sjúkdómsins, þ.e. heilabilunar. Því skulum við ekki gleyma, virðulegi forseti, og ég lýk ræðu minni á sömu orðum og ég hóf þau: Hér þarf átak til.

[15:51]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Viss verkefni í samfélagi okkar eru þess eðlis að okkur ber siðferðisleg skylda til að bregðast við þeim. Eitt slíkra úrlausnarefna eru málefni heilabilaðra. Þetta er einn af þeim málaflokkum sem réttlæta tilvist ríkisvaldsins, þ.e. að fullnægjandi þjónusta og úrræði fyrir þennan hóp og aðstandendna þeirra á að vera efst í forgangsröðun stjórnvalda, langt fyrir ofan reiðhallir og sendiráðsbústaði.

Hins vegar blasir við að ríkisvaldið sinnir ekki þessu máli af nægilegum krafti. Það skortir bæði á búsetumöguleika og möguleika á fleiri dagdeildum og hvíldarinnlögnum. Það skortir einnig á að hlustað sé á aðstandendur og að þörfum þeirra sé mætt en þegar kemur að heilabilunarsjúkdómum eru aðstandendur í lykilhlutverki.

Um helmingur þeirra sem eru 85 ára og eldri eru taldir vera með heilabilun af einhverju tagi. Hér er því á ferðinni stór vandi sem snertir fjöldann allan af fólki og nánast allar fjölskyldur í landinu á einn eða annan hátt. Við erum væntanlega öll sammála um markmiðið. Við skulum því líka vera sammála um að leysa þennan vanda í eitt skipti fyrir öll.

Hæstv. ráðherra staðfesti sjálf að biðtími sé of langur og að of fá pláss séu til fyrir þennan hóp en það vantar vilyrði ráðherrans fyrir fjárhagslegum úrbótum, sem er kjarni málsins. Fjárlögin eru enn þá opin og því er einstakt tækifæri fyrir ríkisstjórnina að vera sammála okkur í stjórnarandstöðunni um að setja aukið fjármagn í þennan málaflokk svo að hið opinbera geti sagt að það sinni sínu verki með sóma þegar kemur að heilabiluðum og aðstandendum þeirra.

[15:53]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég tek undir með hv. þingmönnum sem hér hafa hafa sagt í dag að mikilvægt sé að ræða málefni og aðstæður heilabilaðra í samfélaginu. Ég get tekið undir það sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sagði áðan að það er einmitt afar brýnt að við tökum höndum saman um að færa þessi mál til betri vegar.

Ég vil draga það fram í umræðunni að ég tel að á undanförnum árum hafi forgangsröðun stjórnvalda hvað varðar málefni aldraðra beinst mjög að þessum hópi. Þar með er ekki sagt að við höfum náð þeim markmiðum sem við höfum sett okkur. Það kom glöggt fram í svörum ráðherra að þessi mál eru í forgangi á hennar borði um leið og hún taldi upp þau verkefni sem fram undan eru.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara gengur einmitt mikið út á þjónustuþáttinn, að við gerum bragarbót á þjónustunni, og ég tel brýnt að draga það fram hér.

Ég tel afar mikilvægt að við höldum áfram á þeirri braut sem hæstv. heilbrigðisráðherra er, þ.e. að við verðum að efla áfram heimahjúkrunina, við verðum að fjölga dagvistarúrræðunum, fjölga rýmum fyrir hvíldarinnlagnir og sérhæfðum rýmum á hjúkrunarheimilum. Ég tel líka mikilvægt að efla grunnþjónustuna og ekki síður fagfólkið í grunnþjónustunni um land allt til að gera því kleift að sinna betur þjónustunni við þennan hóp heima í héraði og styðja um leið fjölskyldur og aðstandendur í hlutverki þeirra. Það gleðilega er, frú forseti, að í sífellt meira mæli er verið að horfa á hagsmuni fjölskyldunnar og aðstandenda og draga fram mikilvægi þess að við styðjum við þá í verkum þeirra.

Því fagna ég mjög orðum ráðherra þegar hún talaði um að hún vildi auka veg og starfsemi minnismóttökunnar á Landakoti sem ég tel að geti, ásamt aukinni upplýsingagjöf og ráðgjöf, orðið mikil lyftistöng í þjónustu við heilabilaða.

[15:55]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla að bíða með minn fögnuð þangað til við afgreiðum fjárlögin. Við höfum rætt þetta mál ár eftir ár en það reynir á hinar pólitísku yfirlýsingar þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga.

Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að vekja máls á þessu brýna málefni sem ætti að vera á dagskrá Alþingis hvern einasta dag þar til viðunandi lausn hefur fundist. Við þurfum að ræða þetta mál í víðu samhengi. Bent hefur verið á að ef heimaþjónustan væri umfangsmeiri, ef dagdeildarþjónustan væri meiri, ef hvíldarinnlagnir væru auðveldari þyrfti færri stofnanaúrræði.

Það hefur líka verið bent á að víða úti á landsbyggðinni skortir sérhæfð úrræði fyrir heilabilaða. Það þýðir að fólk hafnar fyrr inni á stofnunum en ella mundi gerast. Síðan er á hitt að líta að þeir sem bíða lengi í löngum biðröðum eiga ekki kost á endurhæfingarúrræðum og hrakar einnig fyrr en ella og hafna inni á stofnunum.

Ég vil sérstaklega nota tækifærið til að vekja athygli á hlutskipti þeirra sem eru í yngri aldurshópunum, undir 67 ára aldri, og þurfa að ganga í gegnum alveg ótrúlegt skrifræði til þess að fá stofnanamat.

Að lokum þetta: Þjónusta við heilabilaða verður ekki slitin úr samhengi við aðbúnað og kjör starfsfólksins. Staðreyndin er sú að ef ekki verður gert stórátak á því sviði stefnir í stórslys.

Öll þessi orð eru góðra gjalda verð en við skulum dæma stjórnvöld af gjörðum þeirra þegar við afgreiðum fjárlögin frá okkur síðar í haust.

[15:57]

**Þórdís Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Unnið hefur verið markvisst að því í mörg ár að minnka biðlista eftir meðferð og úrræðum í heilbrigðiskerfinu, en betur má ef duga skal. Árangur hefur

náðst á mörgum sviðum en því miður eru enn þá deildir og svið sem huga þarf betur að. Hækkandi lífaldur og stærri árgangar aldraðra valda því að það fjölgar í þeim hópi fólks sem glímir við heilabilun. Sem betur fer eru augu almennings og stjórnvalda að opnast fyrir þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í málefnum heilabilaðra. Það er ekki síst að tilstuðlan fjölmargra aðstandenda heilabilaðra sem hafa tjáð sig um þetta málefni undanfarið í fjölmiðlum, í nýútkominni bók eftir Hönnu Láru Steinsson og einnig á nýafstöðnu málþingi um málefni heilabilaðra. Aðstandendur hafa vakið athygli okkar hinna og vil ég þakka sérstaklega fyrir það og segja að það snertir mann djúpt að lesa þessar greinar aðstandenda fyrir utan að auka skilning á málefninu.

Við skulum vera raunsæ þegar kemur að úrræðum. Vandamálin í málefnum heilabilaðra verða því miður ekki leyst einn, tveir og tíu. Taka þarf þetta málefni sérstaklega fyrir, stefnumótunar er þörf og gera þarf markvissa framkvæmda- og fjárhagsáætlun. Aukið fjármagn þarf til og því þarf endurskoðun á forgangsröðun verkefna. Möguleikar á aukinni þjónustu við heimahjúkrun og almennri aðstoð við athafnir daglegs lífs heilabilaðra er hugsanlega þáttur sem leggja ætti meiri áherslu á eins og komið hefur fram í fyrri ræðum. Rannsóknir sýna að ef sjúklingur fær aðstoð umönnunaraðila í heimahúsi minnkar það líkur á vistun á heilbrigðisstofnun. Þær tölur koma auðvitað ekki á óvart og þarf því að huga vel að þeim þætti.

Athygli mína vekur einnig hversu stutt á veg rannsóknir á heilabilun eru komnar og (Forseti hringir.) því tel ég skynsamlegt að efla þær rannsóknir.

[15:59]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem snertir þúsundir aldraðra og á annan tug þúsunda aðstandenda og þetta er mál sem þarf að leysa. Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt mikla og þunga áherslu á málefni aldraðra og við erum á því að hægt sé að gera betur og við erum ekki einir um það.

Í Morgunblaðinu birtist grein eftir hjúkrunarfræðing sem hafði starfað um árabil sem hjúkrunarfræðingur og lektor við Háskólann á Akureyri, Dagbjörtu Þyrí Þorvarðardóttur, þar sem hún bendir á skipulagsleysi. Hún bendir á að fjármunum sé ekki vel varið og að hægt sé að gera betur fyrir sömu fjármuni. Það væri fróðlegt í þeirri umræðu sem hér fer fram að hæstv. ráðherra svaraði því hvort hún sé sátt við núverandi kerfi eða vilji breyta því að einhverju leyti. Er hæstv. ráðherra sátt við það sem kom fram hjá frummælanda að það sé engin þjónusta á landsbyggðinni fyrir heilabilaða? Ég tel að það sé óásættanlegt og því þurfi að breyta.

Einnig þarf að fara yfir stöðu þeirra sem vinna á slíkum heimilum. Forstöðumenn þessara stofnana gáfu út yfirlýsingu um að kjör þeirra yrðu bætt í vor þegar þeir þrýstu á að fá sömu laun og þeir sem unnu hjá sveitarfélögunum en einhverra hluta vegna ákvað hæstv. fjármálaráðherra að veita ekki fjármuni til þess að forstöðumenn viðkomandi stofnana gætu uppfyllt þær yfirlýsingar. Það væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra sem kemur í pontu á eftir hvort það sé ekki einmitt eitt af því sem standi þessari starfsemi fyrir þrifum.

Frú forseti. Þetta er alvarlegt mál sem við eigum að ræða og finna lausn á. Það er ekki hægt að búa við biðlista og núverandi ástand.

[16:01]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Ég vil þakka þessa umræðu og svörin frá hæstv. ráðherra um þetta brýna málefni. Það er mjög margt sem vantar upp á og ég vil byrja á því að segja að þessi bók, Í skugga alzheimers, þar sem ástvinir segja frá, ætti að vera skyldulesning hvers einasta þingmanns og þeir ættu að vera búnir að lesa hana áður en þeir fara í fjárlagaafgreiðsluna nú fyrir jólin.

Það vantar sérhæfða þjónustumiðstöð, það sýnir sig þegar maður les þessa bók, og það þarf að styrkja minnismóttökuna, ég fagna því að hæstv. ráðherra gerir sér grein fyrir því. Það þarf líka að hlusta á fólkið sem greinist með þennan sjúkdóm og það þarf að hlusta á aðstandendur um það hvernig þjónustu þarf. Það eru sérfræðingarnir úti í samfélaginu.

Hér eru tvö skammtímapláss sérhæfð inni á þriggja manna deildum á Landakoti. Á Norðurlöndum eru tvö pláss á hverja fjögur þúsund íbúa. Við erum með tvö pláss á hverja 300 þúsund íbúa. Við verðum að taka þarna á. Það vantar líka helgarúrræði fyrir þá sem eru útivinnandi og eru með maka sína alla vikuna nema þegar þeir eru í vinnunni og sjúklingarnir eru í dagvist.

Það þarf að auka hluta sérhæfðra rýma á hjúkrunarheimilum. Og mig langar að nefna það hérna af því að það var verið að tala um heimaþjónustuna og heimahjúkrun að það kom fram á þessari ráðstefnu sem ég minntist á áðan að hún gagnast t.d. takmarkað þeim sem eru heilabilaðir og eru einir heima. Það voru átakanleg dæmi sem komu frá félagi aðstandenda. Sjúklingar fá heimsendan mat en þeir borða hann ekki, þeir gleyma að borða hann og nærast ekki. Þeir fá lyfjaskammtana heim og þeir taka lyfin ekki inn. Þeir eru settir fyrir framan sjónvarpið að kvöldi og þeir sitja þar enn þá að morgni án þess að hafa háttað sig. Þetta er eðli sjúkdómsins þannig að þessi úrræði gagnast takmarkað.

Það er mikilvægt að við horfum fram á veginn og búum okkur undir það sem koma skal, stærri hópa slíkra sjúklinga og aðstandenda þeirra. Ég vona að þessi umræða verði til þess að orðum fylgi athafnir.

[16:04]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Eins og komið hefur fram í umræðunni er búið að gera mjög mikið í þessum málum hin seinni ár og ég vil taka það fram að það eru tveir málaflokkar sem ég hefði viljað beita mér sérstaklega í í heilbrigðisráðuneytinu nú, og það eru málefni aldraðra og lýðheilsumál. Að sjálfsögðu ber hér að draga fram bæði hlut aðstandenda og fagfólks sem hefur verið mjög leiðbeinandi í þeim úrræðum sem gripið hefur verið til.

Að mínu mati er Landspítalinn að sinna þessum hópi vel, það er alveg ljóst. Það er mjög góð þjónusta á Landakoti og á öldrunardeildinni í Fossvogi og það er verið að sinna hópnum almennt vel, ég held að ekki sé hægt að segja

annað með neinu réttmæti. Hér kom fram að tvö hvíldarrými væru á Landakoti og það er rétt. Og bráðlega verða opnuð tvö í Roðasölum. Ég dró hér fram að það væru sex hvíldarrými á Eir sem einnig eru nýtt til innlagna fyrir heilabilaða, en sérfræðingarnir tala um að þeir vildu gjarnan fjölga slíkum rýmum á Landakoti upp í fjögur og það þarf að skoða innan spítalans hvort hægt er að mæta því á næstunni.

Við erum að fara að stórfjölga hjúkrunarrýmum almennt en líka fyrir heilabilaða og ég vil nefna þessi 30 rými á Suðurlandsbrautinni. Það er líka hægt að þjónusta þennan hóp í rýmum sem eru ekki stúkuð af í sérstakar deildir vegna þess að einstök tilvik í þessum hópi eru mjög mismunandi og þá hvaða þjónustu viðkomandi þarf.

Ég vil taka það fram að það er þjónusta úti á landsbyggðinni, það er ekki rétt að svo sé ekki. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson kom hér upp og ég vil benda honum á að í hans kjördæmi, á Sauðárkróki, er deild með tíu rýmum fyrir heilabilaða þannig að það er ekki rétt að enginn þjónusta sé á landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** ... það er verið að tala um sérhæfða þjónustu.) Sérhæfð þjónusta fyrir heilabilaða er á Sauðárkróki.

Ég vil draga það fram, virðulegi forseti, að við erum að gera góða hluti. Þjónustan er ekki bara á höfuðborgarsvæðinu, hún er líka úti á landsbyggðinni en það eru ýmis úrræði sem þarf að skoða betur eins og þessi plúss á Landakoti.

Fundi slitið kl. 16:07.

---

# 16. FUNDUR

fimmtudaginn 19. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
4. Flutningur verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, stjfrv., 186. mál, þskj. 187. — 1. umr.
5. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 189. mál, þskj. 190. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

### *Tilkynning um embættismenn kjörbréfanefndar.*

[10:32]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um kosningu embættismanna kjörbréfanefndar: Arnbjörg Sveinsdóttir formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

### *Varamaður tekur þingsæti.*

[10:32]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá Halldóri Blöndal, 2. þm. Norðaust., dagsett 16. október:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðaust., Sigríður Ingvarsdóttir, taki sæti á Alþingi á meðan."

Sigríður Ingvarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[10:33]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst nú strax á eftir og er um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga. Málshefjandi er hv. þm. Þuríður Backman. Hæstv. heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir verður til andsvara.

Hin síðari hefst um kl. 11 árdegis og er um aðgerðir gegn ofsaakstri í umferðinni. Málshefjandi er hv. þm. Hjálmar Árnason. Hæstv. samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

Forseti vill geta þess að atkvæðagreiðslur til að vísa dagskrármálunum til nefndar verða að loknum umræðum síðar í dag.

[10:34]

**Útbýting:**

Jafnræði fiskvinnslu í landi og á sjó, 257. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 260.

Líf- og sjúkdómatryggingar, 260. mál, fsp. KJúl, þskj. 263.

Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, 258. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 261.

Skráning nafna í þjóðskrá, 259. mál, fsp. KJúl, þskj. 262.

### *Rannsókn kjörbréfs.*

[10:35]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Forseti hyggst áður en hann hleypir fyrsta ræðumanni að um störf þingsins taka fyrir fyrsta dagskrármálið Rannsókn kjörbréfs ef enginn hreyfir andmælum.

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Jóhanni Ársælssyni, 2. þm. Norðvest., dagsett 16. október sl.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Norðvest., Eiríkur Jónsson lögmaður, taki sæti á Alþingi á meðan en Sigríður Ragnarsdóttir 1. varamaður á listanum getur ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá Sigríði Ragnarsdóttur, 1. varaþingmanni Samfylkingarinnar í Norðvest., dags. 13. október sl.:

„Sökum anna get ég ekki tekið sæti á Alþingi sem varamaður Jóhanns Ársælssonar, 2. þm. Norðvest., að þessu sinni."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Eiríki Jónssyni sem er 2. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Norðvest. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund í hádeginu í gær til að fjalla um kjörbréfið.

[10:36]

**Frsm. kjörbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):**

Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd kom saman í gær og fór yfir kjörbréf Eiríks Jónssonar, 3. varaþingmanns. Samfylkingarinnar í Norðvest., sem landskjörstjórn gaf út 17. október sl. Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréf Eiríks Jónssonar verði samþykkt.

[10:36]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Kjörbréfanefnd mælir einróma með samþykkt kjörbréfsins og telst það samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Eiríkur Jónsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Eiríkur Jónsson, 2. þm. Norðvest., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:37]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Eiríkur Jónsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Hvalveiðar.

[10:37]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að ég tel ástæðu til að hæstv. sjávarútvegsráðherra skýri betur ýmis atriði sem varða ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hefja hvalveiðar. Það bar við í gær að hæstv. umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, kom fram og lýsti sig hafa efasemdir um ágæti þessara veiða og tók beinlínis svo til orða að hún setti fyrirvara við hvalveiðar nú. Hæstv. sjávarútvegsráðherra upplýsti Alþingi ekki um að ekki væri full samstaða um málið í ríkisstjórn þegar hann kynnti það fyrir þinginu og ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geri nánari grein fyrir því hver staða málsins sé í ríkisstjórn. Er það þannig að ekki hafi verið full samstaða um að ríkisstjórnin stæði á bak við þessa ákvörðun sjávarútvegsráðherra á sínum tíma?

Þá verður einnig að lýsa nokkurri undrun yfir því að sjávarútvegsráðuneytið skuli úthluta veiðiheimildum og heimila fyrirtæki að hefja veiðar sem að því er best verður séð fullnægir síðan ekki skilyrðum laga um vinnslu afurðanna eða meðferð afurðanna því að það hefur komið fram að fyrirtækið Hvalur hf. og hvalstöðin í Hvalfirði hefur ekki vinnsluleyfi til manneldisvinnslu á hvalaafurðum. Hugmyndir fyrirtækisins um að vinna hvalkjöt í fiskvinnsluhúsi eða frystihúsi virðast heldur ekki ganga upp því að sjávarspendýr falla ekki undir hefðbundna skilgreiningu laga á sjávarfangi. Hér virðast menn því hafa flýtt sér ansi mikið, satt best að segja, og ég held að hæstv. ráðherra verði að gera okkur betur grein fyrir því hvernig þessum undirbúningi var háttað. Ég man ekki betur en sláturhús í Búðardal hafi ekki fengið að slátra heilt haust af því að dýralæknir hafði ekki gefið því vinnsluleyfi. Það var engin miskunn sýnd þá. Það fékk ekkert leyfi heldur var því einfaldlega bannað að hefja starfsemi en annað virðist gilda um hval.

Við megum ekki við því í þessu erfiða máli að verða fyrir einhverjum áföllum eða klaufaskap. Veðrið er skollið á og við þurfum auðvitað að standa það af okkur en ég held að hæstv. ríkisstjórn verði að útskýra hvernig hún hefur staðið að þessum undirbúningi.

[10:40]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Staða málsins er mjög einföld. Það er þannig að sjávarútvegsráðherra hefur vald til þess að gefa út veiðiheimildir á hval. Ég kynnti þá ákvörðun mína í ríkisstjórn og ríkisstjórnin stendur að baki henni þannig að málið er ákaflega skýrt. Það þarf ekki að efast neitt um það. Heimildir ráðherrans og ráðuneytisins til að gefa út þessi veiðileyfi eru alveg skýr og þess vegna hefur þetta allt saman verið kunngert með reglugerð sem ég greindi frá 17. október sl.

Það er hins vegar þannig að þegar verið er að hefja veiðar eftir 20 ára hlé eða þar um bil þá koma upp ýmis praktísk mál. Það var t.d. frá því greint strax við umræðuna að lagaumhverfið væri á margan hátt annað en við mundum setja í dag ef við værum að setja slík lög. Það er hins vegar alveg ljóst mál að það gilda sérlög um hvalveiðar. Þau lög eru skýr og þau lög eru auðvitað nægjanleg til þess að gefa út vinnsluleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Það er einfaldlega svo að það fyrirtæki sem hér um ræðir er nú að reyna að koma til móts við og er að vinna að því að ljúka því að uppfylla þau skilyrði sem verða sett til að hægt sé að hefja vinnsluna. Það er ekkert nýtt að slík atriði komi upp þegar menn eru að hefja vinnslu jafnvel á fiskafurðum eða öðrum þeim afurðum sem þó er rík hefð fyrir og stendur yfir á hverjum degi þannig að það er ekki við öðru að búast en að upp komi tilvik þar sem menn þurfi að skýra sína hluti betur þegar við erum að hefja veiðar á ný eftir 20 ár. Þessi mál eru í mjög eðlilegum farvegi milli fyrirtækisins og annarra.

Ég vek athygli á einu. Þann 17. október lá ég undir ámæli fyrir að ég hafi haft óeðlilegt samráð við fyrirtækið Hval hf. Bendir þetta atvik til þess að svo hafi verið? Auðvitað ekki. Það var ákvörðun ráðuneytisins og ráðherrans að gefa út þetta leyfi. Síðan er það þeirra sem ætla að vinna innan þessara marka að uppfylla þau skilyrði önnur sem verða sett af þar til bærum aðilum.

[10:42]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra virðist hafa farið af meira kappi en forsjá til þessara hluta og þar er ekki tímaskorti um að kenna því það er ljóst að þessi ákvörðun var tekin fyrir löngu. Kynningarefni hefur verið dreift í sendiráð og ýmiss konar undirbúningur hefur verið framinn — þó ekki nægur — miklu fyrr en ákvörðun er sögð hafa verið kynnt í ríkisstjórninni.

Svo er spurning: Hvernig fór þessi kynning fram í ríkisstjórninni? Okkur var sagt í fréttum að ríkisstjórnin hefði samþykkt ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar um þetta mál. Látið var að því liggja. Í gær kom ráðherra í ríkisstjórninni, Jónína Bjartmarz, hæstv. umhverfisráðherra, fram og sagði frá því að hún hefði fyrirvara við þessa ákvörðun vegna þess að hún teldi að þetta gæti skaðað ímynd Íslands út á við í alþjóðasamfélaginu og hún sagði í sjónvarpinu að henni fyndist þeir hagsmunir, ímynd Íslands út á við, svo sterkir, svo ríkir að hún velti fyrir sér hvort hinir hagsmunirnir væru þess eðlis að það væri rétt að láta þá ráða för.

Umhverfisráðherra er því miður ekki stödd hér þó að ég hafi gert ráðstafanir til að hún væri það. Hún kaus frekar að ræða kurteisismál við finnska sendiherrann en að standa hér og skýra fyrirvara sinn og þessa ákvörðun frammi fyrir þinginu og þjóðinni en spurningarnar vaka samt í loftinu: Komu þessir fyrirvarar fram í ríkisstjórn? Er Jónína Bjartmarz, hæstv. umhverfisráðherra, sammála þessari ákvörðun eða var ákvörðun ríkisstjórnarinnar tekin með meirihlutakosningu gegn minni hluta? Er þetta þannig, ef maður á að túlka orð Jónínu Bjartmarz, hæstv. umhverfisráðherra, að hagsmunir umhverfisráðuneytisins hafi vikið fyrir hagsmunum sjávarútvegsráðuneytisins? Hafa einhverjar kannanir verið gerðar fyrir utan þessa vitlausu skýrslu sem Sturla Böðvarsson lét Einar K. Guðfinnsson, formann ferðamálaráðs þá, búa til um ímynd Íslands í ljósi hvalveiða? Eru til einhverjar skýrslur á vegum umhverfisráðuneytisins, samgönguráðuneytisins eða sjávarútvegsráðuneytisins um ímynd Íslands vegna hvalveiðanna? Nei, það er ekki svo.

[10:44]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum styðjum þessar hvalveiðar heils hugar. Við erum sannfærðir um að ef þjóðin og sérstaklega stjórnarandstöðuflokkarnir væru sammála okkur og stjórnvöldum í þessu máli, að fylgja samþykkt Alþingis eftir, þá stæðum við betur að vígi. En það er enn þá alvarlegra að hæstv. umhverfisráðherra virðist gefa upp með það að hún sé ósátt við þessa ákvörðun. Það veikir stöðu Íslands miklum mun meira en afstaða stjórnarandstöðuflokkanna og það er mjög alvarlegt að ríkisstjórnin geti ekki komið einhuga fram í þessu máli og þetta er í raun fáránlegt að umhverfisráðherra sé ekki viðstödd þessa umræðu og fari yfir afstöðu sína og geri grein fyrir henni gagnvart þinginu.

Í dag fara fram viðræður við sjávarútvegsráðherra Breta um þetta mál og ég álít að þessar yfirlýsingar hennar hafi veikt stöðu Íslands. Við höfum mjög góða stöðu í þessu máli gagnvart viðkomandi ráðherra vegna þess að það liggur fyrir að Bretar hafa ekki verið barnanna bestir hvað varðar umgengni við sjóinn. Það liggur fyrir að þeir skulda íslenskum stjórnvöldum svör við þeirri geislavirkni sem þeir voru valdir að snemma á síðasta ári og það er mín skoðun að sendiherra Íslands eigi að fara á þennan fund sem fer fram í dag og krefjast þess að Bretar, sem lýsa yfir áhyggjum yfir umhverfismálum, geri grein fyrir þeirri geislavirkni sem þeir hafa valdið á höfunum í kring áður en þeir fara að skipta sér af sjálfbærum veiðum sem eru langt innan marka þess sem hvalastofnarnir þola.

[10:46]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Mér þykir þetta mál í sérkennilegum farvegi. Fram hafa komið nokkuð mótsagnakenndar yfirlýsingar frá ráðherrum um hvernig samráði á milli ráðherra hafi verið háttað.

Hér segir hæstv. sjávarútvegsráðherra að ríkisstjórnin standi að baki þessari ákvörðun. Ríkisstjórnin standi heils hugar að baki þessari ákvörðun. Hann sagði líka á fundi með okkur formönnum stjórnarandstöðuflokkanna á þriðjudagsmorguninn kl. 11.30, þegar við vorum boðuð með hálftíma fyrirvara á fundinn til að tilkynna okkur um þetta, að þetta hefði verið samþykkt kl. 10. Í því hlýtur að felast að ríkisstjórnin hafi samþykkt þetta kl. 10 þann morgun.

Nú segir umhverfisráðherra hins vegar að hún hafi fyrirvara á málinu. Þá hlýtur sú spurning að vakna: Að hverju lýtur sá fyrirvari? Hvaða gildi hefur sá fyrirvari umhverfisráðherra? Er þá hugsanlegt að umhverfisráðherra hafi staðið andspænis því kl. 10 á þriðjudagsmorguninn að ákvörðun yrði tekin um hvalveiðar án undangengins samráðs við umhverfisráðherra? Ég hefði talið að ef einhver ætti að vera inni í samráðinu allan tímann og vera með í öllu ferlinu, þá væri það umhverfisráðherrann. Vegna þess að þessi mál koma auðvitað ekki síst til kasta umhverfisráðherra þegar umhverfisverndarsamtök fara af stað, eins og nú hefur gerst.

Þá skiptir máli að ríkisstjórnin tali einum rómi en það sé ekki sjávarútvegsráðherra sem segi eitt og svo kannski umhverfisráðherra eitthvað allt annað við umhverfisverndarsamtökin.

Ég get hins vegar vel skilið hæstv. umhverfisráðherra. Ég held að það sé rangt hagsmunamat hjá ríkisstjórninni sem hafi farið fram í þessu máli. En það er önnur saga. Hitt er alvarlegra að menn tali tungum tveim í ríkisstjórninni. Sjávarútvegsráðherra segi eitt og umhverfisráðherra annað. Því þetta eru þeir tveir ráðherrar sem mest hlýtur að mæða á í þessu máli.

Við hljótum að spyrja: Hver er fyrirvarinn? Að hverju lýtur hann og hvert er gildi þessa fyrirvara sem umhverfisráðherra hefur?

[10:48]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Það er ljóst að komið er upp misræmi í ríkisstjórninni varðandi þessa ákvörðun hæstv. sjávarútvegsráðherra sem hann segir í ræðustóli núna að hafi verið sín ákvörðun sem hann hafi tilkynnt ríkisstjórninni.

Ég beini máli mínu til hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðna Ágústssonar, og til ferðamálaráðherra, hæstv. samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssonar. Það kom fram í grein í Skessuhorni í gær að Halldór Runólfsson yfirdýralæknir hefði sagt í samtali við Skessuhorn að löggjöfin við veiðarnar væri orðin gömul, hún væri frá 1949. Samkvæmt lögfræðiáliti sem unnið hafði verið fyrir Landbúnaðarstofnun væri ljóst að endurskoða yrði allt lagaumhverfið við vinnslu.

Þetta var vitað á Vesturlandi í september því heilbrigðiseftirlit Vesturlands fjallar um þessi mál 27. september. Á fundi heilbrigðisnefndar Vesturlands 27. september voru rædd málefni Hvals hf. og hugmyndir um að fara að vinna kjöt í hvalstöðinni. Það var ljóst af þeim fundi að það kæmi aldrei til með að verða heimilað, að vinna kjöt til manneldis í hvalstöðinni.

Sömuleiðis kemur í ljós í grein Skessuhorns að á Fíflholti á Mýrum, sem er urðunarstaður Sorpurðunar Vesturlands, sé kannski ekki pláss til að urða allt það sem til fellur af þessum gríðarlegu skepnum. Fram kemur að 20 tonn af sláturúrgangi eru urðuð í hverjum mánuði í Fíflholti. En hins vegar sé ljóst að það séu 20 tonn af hverri skepnu sem veiðist sem gangi af og komi til urðunar á þeim sama urðunarstað. Þessi urðunarstaður komi til með að eiga erfitt með að taka á móti þessu öllu. Ég er því ekki hissa þó að fyrirvari hæstv. umhverfisráðherra sé kominn fram. Hann kemur kannski fullseint.

En ég held að ljóst sé að í þessu máli öllu þurfi hæstv. samgönguráðherra og hæstv. landbúnaðarráðherra að kveðja sér hér hljóðs og segja hv. þingheimi (Forseti hringir.) og þjóðinni hver sjónarmið þeirra séu í þessum efnum. Hafa þeir líka fyrirvara?

[10:51]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það er óhjákvæmilegt að draga þá ályktun af þeim orðum sem fallið hafa af munnum ráðherra að það sé rangt hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að einhugur ríki innan ríkisstjórnarinnar um ákvörðun hans um hvalveiðar. Það hefur komið alveg skýrt fram hjá hæstv. umhverfisráðherra að hún hefur fyrirvara, og eins og hún hefur skýrt þann fyrirvara í fjölmiðlum þá eru þeir ekki einn, heldur tveir.

Ég gerði hins vegar alvarlega athugasemd við að hæstv. umhverfisráðherra er lögð á flótta. Af hverju, frú forseti, er hæstv. umhverfisráðherra ekki í þessum sal til að svara fyrir sig og sinna þeirri skyldu að greina Alþingi frá þeim fyrirvörum sem hún er að láta leka út til fjölmiðla?

Hæstv. umhverfisráðherra hefur enga afsökun. Hún var látin vita af því í gærkvöldi að þetta mál yrði tekið upp á þinginu. Hún var látin vita af því að þingmenn stjórnarandstöðunnar mundu ganga sérstaklega eftir því að hún skýrði fyrirvara sína. En hæstv. umhverfisráðherra leggur ekki í að koma til umræðunnar. Hvers vegna? Vegna þess að ef hún hefði komið, þá hefði komið í ljós að ágreiningur ríkir um þetta mál innan ríkisstjórnarinnar.

Það er alveg ljóst að hæstv. umhverfisráðherra er ósátt við þá ákvörðun sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur tekið. Það er ekki hægt annað en draga þá ályktun að hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála hafi undirbúið þetta á bak við Framsóknarflokkinn. Á bak við hæstv. umhverfisráðherra. Það er hið alvarlega í málinu.

Hérna er enn einu sinni verið að niðurlægja Framsóknarflokkinn og beygja hann í duftið. Umhverfisráðherra hefur sagt að þetta gangi ekki gagnvart alþjóðlegum samningum og þetta gangi ekki gagnvart hreinleika hafsins. Ef einhver dugur er í henni á hún að stappa niður fæti fyrir málaflokki sínum (Forseti hringir.) og hún á ekki að fara eins og hrædd kona, hlaupandi í burtu, af vettvangi umræðunnar.

[10:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég verð að segja að ég er litlu nær eftir svör hæstv. sjávarútvegsráðherra. Rétt er að það komi fram að ég lét hæstv. umhverfisráðherra vita um leið og ég bað um þessa umræðu eða tilkynnti að ég hygðist fara hér upp. Þá aðvaraði ég hæstv. umhverfisráðherra jafnt og hæstv. sjávarútvegsráðherra með tölvubréfi seint í gær.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra orðar það svo að ríkisstjórnin standi að baki ákvörðun sinni um að hefja hvalveiðar. Hvað þýðir það? Hvað þýðir fyrirvari umhverfisráðherra nákvæmlega og kom sá fyrirvari fram í ríkisstjórn?

Frú forseti. Það er algjörlega nauðsynlegt að hæstv. sjávarútvegsráðherra svari því skýrt. Lá fyrirvari umhverfisráðherra fyrir þegar málið var tekið fyrir í ríkisstjórn eða er þetta einhver sérstakur fyrirvari sem hæstv. umhverfisráðherra kýs að hafa sér til friðþægingar úti í bæ? Eða lá það fyrir að einn að minnsta kosti og jafnvel fleiri af ráðherrum ríkisstjórnarinnar hefðu fyrirvara gagnvart ákvörðun sjávarútvegsráðherra? Þá er málið ekki lagt rétt upp við Alþingi, að algjör samstaða ríki í ríkisstjórn um það.

Við verðum að fá þetta á hreint, ekki síst vegna þess að umhverfisráðherra er væntanlega sá af tveimur fagráðherrum í ríkisstjórn sem fær hvað mest að svara fyrir þetta mál. Hinn er reyndar ekki hæstv. sjávarútvegsráðherra, heldur utanríkisráðherra. Það eru nefnilega aðrir ráðherrar í ríkisstjórn sem væntanlega lenda mest í því að svara fyrir stöðu Íslands í málinu heldur en í raun hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Varðandi svo vinnsluleiðir aftur, þá er þetta auðvitað stórkostlegt umburðarlyndi hjá stjórnvöldum. Nú, þetta er bara eins og stundum gerist, segir hæstv. sjávarútvegsráðherra. Það vantar eitthvað af leyfum og menn bara redda þeim. Þeir fengu ekki sömu miskunn í Búðardal. Ég endurtek það. Þetta er ný tegund umburðarlyndis í stjórnsýslunni, að menn megi bara bjarga sér einhvern veginn og einhvern veginn (Forseti hringir.) þó þeir hafi ekki tilskilin leyfi til að stunda þá starfsemi sem þeir eru að hefja.

[10:55]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Menn mega ekki gleyma því að þessi ákvörðun var tekin af Alþingi en ekki ríkisstjórn, að hefja hvalveiðar. Það er pólitísk ákvörðun Alþingis, löggjafar-

valdsins, að hefja þessar veiðar og fela ríkisstjórninni framkvæmdina. Sjávarútvegsráðherra fer með málið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Um það er enginn vafi.

Menn eiga ekki að flýja undan ábyrgð, menn sem hér í þessum sal fyrir sjö árum stóðu að því, (**Gripið fram í:** Ég stóð ekki að því.) að Alþingi tók þessa ákvörðun með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða, með 37 atkvæðum gegn 7, virðulegi forseti.

Menn mega ekki — þeir sem í hjarta sínu eru á móti málinu eiga þá að segja það, en ekki að skýla sér á bak við hjásetu eða gagnrýna formsatriði. Vegna þess að það er gagnrýni á formsatriði í þeim tilgangi að grafa undan pólitískum stuðningi stjórnvalda við ákvörðunina sem liggur að baki orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og fleiri í þessum sal, (**Gripið fram í:** Segðu þetta við flokkssystur þína, umhverfisráðherra.) sem eru að vinna að þessu í þessum sal, herra forseti. (**Gripið fram í:** Æstu þig við annan.) (**MÁ:** Hvað með Jónínu, er hún að svíkja?)

Virðulegi forseti. Þeir eru órólegir, þingmennirnir.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti óskar eftir að það sé hljóð í salnum.)

Þeir eru órólegir, þingmennirnir sem eru á móti málinu en þora ekki að segja það og ráðast á formsatriði. Það er eðlileg stjórnsýsla að taka ákvörðun um veiðar. Síðan er það líka eðlileg stjórnsýsla að þeir sem vilja fá að veiða eða vinna, verði að uppfylla almenn skilyrði.

Í þeim farvegi er málið, virðulegi forseti, að þeir sem ætla sér að fá að veiða hval verða að uppfylla almenn skilyrði til þess. Og þeir sem ætla sér að fá að vinna hvalaafurðir verða að uppfylla almenn skilyrði til þess. Það er ekkert að því þó öll leyfi liggi ekki fyrir hjá þeim sem hafa áhuga á því. Þeir verða bara að uppfylla leyfin, rétt eins og menn þurftu að gera í Búðardal, virðulegi forseti.

[10:57]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að sjávarútvegsráðherra hefur á grundvelli ályktunar Alþingis tekið þessa ákvörðun. Hann margkynnti hana í ríkisstjórn og þar var farið yfir málið. Þar er enginn fyrirvari bókaður.

Við stöndum einhuga að baki þessari ákvörðun og það er auðvitað mikilvægt í svo erfiðu máli að Íslendingar allir standi einhuga að málinu. Við svona aðstæður þarf Ísland að eiga eina þjóðarsál. Það skiptir máli að menn reyni ekki að tæta málið út um víðan völl eins og hér er reynt af hálfu stjórnarandstöðunnar. (**Gripið fram í:** Og umhverfisráðherra í gær.)

Ég tel að hæstv. umhverfisráðherra hafi verið að fjalla um málið eins og margir gera. Það getur haft sín áhrif, alveg eins og hæstv. samgönguráðherra hefur minnst á, það getur haft sín áhrif. En ef við stöndum saman munum við draga úr þeim áhrifum. Við álítum það rétt Íslendinga, (Gripið fram í.) þrátt fyrir að Mörður Árnason sé til, að það megi hefja hvalveiðar. Það sé okkar þjóðarréttur. (**MÁ:** Ertu viss um að umhverfisráðherra ...?)

Við höfum lagt upp í þá siglingu og þess vegna skulum við standa saman. Það er engin spurning um að vinna á þessar afurðir í löggiltu fiskvinnsluhúsi á Akranesi og hvað varðar að koma afurðinni þangað, þá eru landbúnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið, Landbúnaðarstofnun og Fiskistofa að leysa það vandamál. Þar verða engir hnökrar.

Ég segi við hv. þingheim: Við skulum núna verja hagsmuni Íslands. Það var réttur Íslendinga að veiða hval. Það var okkar afurð í gegnum áratugi og við skulum ekki láta veikja okkur í þeirri orustu. Við skulum standa saman. Við skulum eiga eina þjóðarsál. (Gripið fram í.)

[10:59]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Það er alveg stórfurðulegt að verða vitni að því að stjórnarandstaðan kemur hér upp og kallar eftir samstöðu. Þessi tætingslega stjórnarandstaða sem hefur ekki einu sinni þorað að segja neitt upphátt. Hver er afstaða hennar til þessa máls?

Það er undarlegt að vita til þess að hv. stjórnarandstaða reynir að tala sig fram hjá því að greina frá afstöðu sinni til hvalveiða með því að reyna að tala um allt aðra hluti. (Gripið fram í.) Það er einfaldlega þannig, eins og ég hef marglýst hérna yfir, og lýsti yfir þann 17. október, á þriðjudaginn var, og lýsti því yfir hérna í morgun, að formlega séð er það á valdi sjávarútvegsráðherra að taka þessa ákvörðun. Það var gert að afloknu ítarlegu samráði í ríkisstjórn, eins og hæstv. landbúnaðarráðherra greindi frá. Og ríkisstjórnin stendur vitaskuld heils hugar að baki þessari ákvörðun sjávarútvegsráðherrans. Það er augljóst mál og það blasir við. Það þarf ekkert um það frekar að tala. Þannig er þetta og það liggur fyrir.

Svo er það hitt sem hér hefur verið rætt um. Ég fór ítarlega yfir það á þriðjudaginn var hvernig lagaumhverfinu er háttað. Fyrir liggur að það eru til staðar sérlög um hvalveiðar sem gefa allar þær heimildir sem þarf að gefa í þessum efnum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem nú er verið að útfæra.

Það er þannig að þegar málin eru að koma upp eftir 20 ár og ákvörðun er tekin að hún er ekki tekin þannig að ég hafi verið að anda ofan í hálsmálið og fylgjast nákvæmlega með öllum handarverkum þeirra sem ef til vill gætu stundað hvalveiðar í landinu. Þessi ákvörðun er tekin þegar hún er orðin fullbær til að slík ákvörðun sé tekin. Þá er farið í það af hálfu þeirra sem eiga að vinna innan þessarar löggjafar að aðlaga sig þeirri ákvörðun. Það liggur fyrir að undirbúningur hefur staðið yfir, bæði hjá Hval hf. og hjá ýmsum öðrum í hvalstöðinni í Hvalfirði, fyrir þetta ef til ákvörðunar kæmi. Síðan er ákvörðunin tekin. Þá kemur í ljós að það er ýmislegt sem þarf að uppfylla frekar. Þá er farið í það.

Eins og hæstv. landbúnaðarráðherra sagði eru þessi mál í mjög eðlilegum farvegi milli þeirra stofnana og þeirra aðila sem eru til þess bærir (Forseti hringir.) að fjalla um málið. Þessi tilraun stjórnarandstöðunnar til að reyna að þyrla upp (Forseti hringir.) moldviðri er bara tilraun til þess að felast í moldviðrinu vegna þess að hún (Forseti hringir.) hefur ekki afstöðu í þessu einfalda máli frekar en svo mörgum öðrum. Tætingslegt lið.

***Umræður utan dagskrár.***

Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga.

[11:02]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Tilefni þessarar utandagskrárumræðu eru aðgerðir og áætlanir hæstv. heilbrigðisráðherra á sviði heilbrigðisþjónustu barna og unglinga með hegðunar- og geðraskanir sem ráðherra kynnti í lok september. Hæstv. ráðherra er að bregðast við alvarlegu ástandi sem hefur skapast hjá mörgum fjölskyldum vegna langs biðtíma eftir greiningu, meðferð og síðan eftirfylgni vegna geðraskana barna og unglinga. Þetta ástand er ekki nýtt en hefur versnað ár frá ári. Ekki hefur vantað að skýrslur hafi verið lagðar fram þar sem vandinn var greindur. Bent hefur verið á margvíslegar leiðir til betri þjónustu en því miður hefur hvorki verið ráðist í heildarstefnumótun í málaflokknum né lagt til hans nauðsynlegt fjármagn þar til nú að hæstv. ráðherra kynnir aðgerðir sínar og áherslur.

Það ber að geta þess sem vel hefur verið gert og margir lítið til meðferðarteymis heilsugæslunnar í Grafarvogi sem fyrirmyndar í framtíðarskipan fyrir fjölskyldur í vanda. Eftir að meðferðarteymið komst í gang hefur tilvísunum á BUGL eða til barna- og unglingageðdeildarinnar fækkað mjög á því svæði, þ.e. í Grafarvoginum. En tilraunaverkefnið hefur nú staðið yfir á annað ár og hefur að margra mati fullsannað árangur og góða nærþjónustu. Með slíkri þverfaglegri vinnu á heilsugæslustöðvum er hægt að fyrirbyggja og aðstoða fjölskyldur í stað þess að sjúkdómsgreina hegðunarvandamálin.

Það er nú svo, hæstv. forseti, að ég tek undir flesta liði í áherslum hæstv. ráðherra, þ.e. að efla heilsugæsluna á geðheilbrigðissviði og draga úr eftirspurn eftir greiningu á barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss eða BUGL, eins og deildin er kölluð. En samkvæmt áætluninni á að efla barna- og unglingageðdeildina í hlutverki sínu sem miðstöð faglegs starfs á því sviði. Deildin býr yfir mikilli sérþekkingu og öflugum starfsmönnum en með tilliti til þess að deildin á að taka að sér aukin verkefni vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort starfseminni verður tryggt aukið rekstrarfé til að uppfylla auknar skyldur. Mikið álag hefur verið á starfsmönnunum og þá ekki síst barnageðlæknum sem hafa sprengt umsaminn einingafjölda Tryggingastofnunar ríkisins.

Göngudeildarþjónustu BUGL á að efla og er það vel. Samhliða aukinni göngudeildarþjónustu þarf að búa fjölskyldum utan af landi aðstöðu til dvalar meðan á meðferð stendur og hvet ég hæstv. heilbrigðisráðherra til að hafa frumkvæði í því máli. Því ber að fagna að nú er loksins búið að tryggja fjármagn til viðbyggingar fyrsta áfanga deildarinnar af þremur. Starfsemin hefur í mörg undanfarin ár búið við neyðarástand í húsnæðismálum og er ljóst að full þörf er á öllu því húsnæði sem er á teikniborðinu. Það skiptir því máli fyrir starfsmenn og skjólstæðinga stofnunarinnar að fá hið fyrsta framkvæmdaáætlun allra áfanga viðbygginganna þriggja, framkvæmdaáætlun sem þeir geta treyst því að byggingarsaga BUGL er núverandi heilbrigðisráðherra stjórnarflokkanna ekki til sóma.

Hæstv. forseti. Inn í áætlunina finnst mér vanta áætlun um uppbyggingu og eflingu barna- og unglingageðdeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem meðferðar- og ráðgefandi sérfræðiþjónustu. Það skiptir miklu máli fyrir íbúa á Norðausturlandi að hafa öfluga geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sem auk þess mundi enn frekar létta álagið á BUGL. Á áætluninni er hvergi komið inn á stöðu BUGL í skipulagi og stjórnsýslu Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þó hefur komið fram mikilvægi þess að taka deildina undan geðsviði fullorðinna, koma á kennslu í barna- og unglingageðlækningum og prófessorsstöðu við Háskóla Íslands. Sú skipulagsbreyting mundi stórefla rannsóknir á sviði og geðþjónustu barna og unglinga.

Hvað varðar nýtt hlutverk Miðstöðvar heilsuverndar barna í greiningu á meðferð og vægari einkennum þá tel ég að þann þátt þurfi að skoða vel með tilliti til mönnunar. Miðstöð heilsuverndar barna hefur ekki haft fjármagn til að ráða til sín barnageðlækni og úr því verður að bæta ef miðstöðin á að gegna enn frekari greiningar- og meðferðarhlutverki. Er til skoðunar að gera Miðstöð heilsuverndar barna enn sjálfstæðari einingu og ef svo er, ætti þá ekki að styrkja hana enn frekar með því að koma aftur á stöðu skólayfirlæknis? Hvers vegna er sú leið farin að fela Miðstöð heilsuverndar barna greiningar- og meðferðarhlutverk vægari einkenna í stað þess að taka upp þá fyrirmynd sem við höfum í Grafarvogi? Það er auðvelt að setja upp aðgerðaáætlun, auka fjármagn til starfsemi stöðvanna og áætlun um fjölgun stöðugilda á heilsugæslustöðvum.

Hæstv. forseti. Ég hef lagt nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra sem ég óska eftir að hún svari í ræðu sinni.

[11:07]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Það voru sendar til mín nokkrar spurningar í gær og ég heyri að hv. þingmaður komst ekki yfir þær allar enda tíminn naumur en ég mun gera mitt besta til að reyna að svara sem flestu. En ég vil sérstaklega fagna því að þessi málefni eru tekin hér upp og þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að gera það og að taka líka undir aðgerðaáætlunina í meginatriðum, ég vil sérstaklega þakka fyrir það.

Aðgerðaáætlunin sem ég kynnti fyrir stuttu er byggð á nokkrum skýrslum og úttektum sem hafa verið gerðar að undanförnu. Þær tillögur sem þar hafa komið fram eru mjög góðar. Núna síðast fengum við tillögur frá sænskum sérfræðingum og við gerð tillagnanna var líka tekið tillit til þeirra en þær eru flestar samhljóða eða svipaðar og það einfaldaði málið mjög þegar ákveðið var að ráðast í aðgerðaáætlunina.

Aðgerðirnar sem ég er að fara í byggjast í fyrsta lagi á því að vera raunhæfar. Í öðru lagi byggjast þær á því að vera innan fjárhagsramma, að sjálfsögðu, og í þriðja lagi er verið að taka á brýnustu vandamálunum þannig að það er mjög markviss forgangsröðun sem felst í aðgerðaáætluninni. Hún byggir á því að styrkja heilsugæsluna þannig að heilsugæslan geti tekið meira á sig. Það er verið að styrkja Miðstöð heilsuverndar barna þannig að þar sé hægt að sinna greiningunum betur og þannig er létt á BUGL og biðlistinn þar mun þá styttast. Það kom fram í fjölmiðlum

hjá sviðsstjóra geðsviðs LSH að ef vel er að verki staðið verður hægt að stytta biðlistann niður í ekki neitt, líklega síðla á næsta ári. Ég er búinn að kynna allar þessar aðgerðir opinberlega en ég ætla samt að renna hratt yfir þær núna.

Hér er spurt hvort aðgerðaáætlunin verði að fullu komin í framkvæmd bráðlega og hvenær og hvort hún hafi verið kostnaðargreind. Já, aðgerðaáætlunin er komin í framkvæmd. Það er mjög mismunandi hve langan tíma tekur að hrinda henni í framkvæmd. Flestar aðgerðirnar munu koma til framkvæmda alveg á næstunni en bygging BUGL er það sem tekur lengstan tíma og það er 2008 sem viðbótarbyggingin verður tilbúin. Hún kostar um 334 millj. kr. og af því eru 80 millj. gjafafé en þjónustuþátturinn í aðgerðaáætluninni kostar 60 millj. kr.

Hér er spurt hvort ég telji að stofnanirnar hafi fjármagn til að uppfylla það sem kemur fram í aðgerðaáætluninni. Áherslurnar eru allar raunhæfar. Þær falla bæði innan fjárhagsramma stofnana og svo hefur verið tryggt sérstakt fjármagn til að koma til móts við aðgerðirnar.

Varðandi greiðsluþátttöku TR í starfi fleiri sérfræðinga þá er því til að svara að áherslurnar sem eru í aðgerðaáætluninni gera ráð fyrir uppbyggingu teyma sem skipuð verða ýmsum sérfræðingum. Það fer eftir því hvað heilsugæslan telur eðlilegt í því sambandi og réttmætast og það er ekki gert ráð fyrir því að greiðsluþátttaka TR verði gagnvart þessum teymum. Það verður greitt fyrir þá þjónustu í því umhverfi sem heilsugæslan vinnur í, innan heilsugæslunnar.

Það er spurt hvort ég telji að nægjanlegt framboð verði á barnageðlæknum og öðrum sérfræðingum í meðferð þessara barna en það er alveg ljóst að ég tel að í náinni framtíð munum við áfram búa við skort á barnageðlæknum og væri mjög brýnt verkefni að reyna að fjölga þeim sem ekki hefur tekist enn.

Það er spurt hvort Miðstöð heilsuverndar barna eigi að sinna vægari greiningu barna á landsbyggðinni en það er þannig að miðstöðin á að sinna þjónustu á landsvísu m.a. með alls kyns ráðgjöf og fræðslu en vægari greiningar barna með geðraskanir munu færast meira út til landsbyggðarinnar í framtíðinni. Nú þegar er verið að greina að hluta til á landsbyggðinni en það er eðlilegt að það verði gert í auknum mæli. Það er miklu betra fyrir börnin og fjölskyldurnar.

Það er spurt af hverju barna- og unglingageðsvið FSA sé ekki inni í aðgerðaáætluninni og hvort starfsemin þar verði efld. Við þessa aðgerðaáætlun er fyrst og fremst litið til brýnustu vandamálanna þar sem vandinn er mestur og það er alveg ljóst að vandinn er mestur á BUGL þannig að aðgerðaáætlunin beinist að því að stytta biðlistana þar og efla þjónustuna innan heilsugæslunnar en á FSA er búið að opna mjög öfluga barna- og unglingageðdeild og hún mun að sjálfsögðu sinna sínum málum áfram eins og verið hefur.

Spurt er um samstarf ráðuneyta. Já, ég mun beita mér fyrir að efla samstarf ráðuneytanna því það er alveg ljóst að tillögurnar ganga mjög mikið út á samstarf þeirra því þessi málaflokkur gengur þvert á ráðuneytin.

Virðulegur forseti. Mér hefur ekki tekist að svara öllum spurningum sem mér bárust en ég mun reyna það í seinna svari mínu.

[11:13]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu fögnum við öllum viðbótum og stækkunum á barna- og unglingageðdeild og allri styrkingu sem þar er. Það er svo sannarlega ekki vanþörf á því. Það eru 108 börn á biðlista og staða þeirra og fjölskyldna þeirra er vægast sagt afleit þar til úr leysist. Hér erum við líka að tala um erfiðustu tilfellin. Þau geta verið mjög slæm og ég fagna þeim fram komnu hugmyndum um almenna aðkomu heilsugæslunnar og Miðstöðvar heilsuverndar barna en þar verðum við að setja inn sterka fagþekkingu og styrkingu ef þessi breyting á að ganga eftir. Talað er um að þangað verði vísað greiningu vægari geð- og hegðunarvanda hjá börnum eins og t.d. ofvirkni og athyglisbresti en ég spyr: Er hegðunarvandi sjúkdómur? Hann þarf ekki að vera það þó að börn séu á lyfjum.

Ég játa að ég sakna mjög hugmynda um teymisvinnu og samstarfs milli heilsugæslu, félagsþjónustu og skólanna. Við höfum mjög góða reynslu af starfinu í Grafarvogi og það módel er hægt að nýta um allt land. Ég óttast líka að við séum að sjúkdómsvæða hegðunarvanda barna um of með því að horfa ekki heildstætt á það sem laga þarf. Við þurfum auðvitað að auka sérþekkingu mjög víða. Ég held að við verðum að skipta um sjónarhorn á þeim vanda sem talinn er vægari, þ.e. hópurinn sem á að fara í heilsugæsluna, og að miklu fleiri aðilar komi að greiningu og síðan meðferðarvinnu heldur en koma að henni í dag því meðferðarvinnuna skortir. Allir eru að greina og ég held að það sé mikil og staðgóð þekking og reynsla sem hægt er að nýta sér í félagsþjónustu og hjá öllum þeim sálfræðingum og félagsráðgjöfum sem þar vinna. Það þarf meiri aðkomu slíkra fagstétta í skólunum. Það er raunhæft eins og ráðherrann benti á. Mér finnst að við höfum ekki hugsað þetta alveg til enda og ekki algerlega heildstætt og við þurfum að nýta þessa reynslu í öllum geirum, fjölskyldu og börnum til velfarnaðar og að teymisvinnan verði að fara fram þvert á ráðuneytið.

[11:15]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Móðir barns sem glímir meðal annars við geðfötlun sagði við mig í gær: „Við erum að vinna verk sem er óþrjótandi og stundum jafnvel óyfirstíganlegt.“ Önnur móðir sagði við mig: „Þegar barnið er annars vegar er uppgjöf ekki valkostur.“ Ég held að mörg okkar þekki til þess hvernig vandi barns eða ungmennis sem stafar af geðröskun getur verið mikil byrði á fjölskyldunni. Í mörgum tilvikum er fjölskyldulífið undirlagt af geðveiki barnsins. Gengið er á rétt systkina þess og öryggi fjölskyldunnar er jafnvel í hættu.

Fagfólk og aðstandendur barna með geðröskun hafa ítrekað kallað á stjórnvöld til að bæta þjónustu við þennan hóp. Ekki hefur vantað viljann að gera betur en seint hefur gengið, meðal annars vegna þess að vandinn fer vaxandi. Því hljótum við að fagna stefnuyfirlýsingu hæstv. heilbrigðisráðherra um umbætur í þessum málum sem kynnt var í síðasta mánuði.

Mörg atriði í útfærslu tillagna hæstv. ráðherra eru hins vegar óljós. Af því hafa foreldrar áhyggjur. Munu til dæmis

greiningar sem barnið fær á Miðstöð heilsuverndar barna verða teknar jafngildar í skólakerfinu og á öðrum þjónustuaðilum og þær sem BUGL og Greiningastöðin hafa séð um hingað til? Hvernig verður eftirfylgni í málum barnsins háttað og hvernig verður stutt við skólann til að hann geti tekið á vanda barnsins á þeim vettvangi?

Í nýrri rannsókn Ingvars Sigurjónssonar og fleiri á hegðunarvanda í grunnskólum kemur fram að erfiðustu málin eru að sliga starfsfólk og er kvartað stórum undan úrræðaleysi og samskiptaleysi milli kerfa sem veita þessum börnum þjónustu. Í þessu sambandi spyr ég hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst útfæra tillögur sínar þannig að þær svari þessum áhyggjum kennara og reyndar einnig foreldra. Mun aukið fjármagn verða veitt til þessa og hver mun bera ábyrgð á því verkefni? Er það Heilsugæslan, Miðstöð heilsuverndar barna eða aðrir aðilar?

Geðsjúkdómar verða ekki læknaðir í einni svipan. Þetta er langvinnur sjúkdómur sem krefst þolinmæði og langtímastuðnings við hinn sjúka og fjölskyldu hans. Við verðum að leggja áherslu á að opinber stuðningskerfi vinni saman að því að leysa vandann en auki hann ekki. Nóg eiga fjölskyldurnar við að glíma samt.

[11:17]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda, hv. þm. Þuríði Backman fyrir að taka þetta mikilvæga mál hér til umræðu, og það er reyndar ekki í fyrsta sinn, um vandamál í geðheilbrigðisþjónustu barna og unglinga.

Geðsjúkdómar snerta fjölmarga í samfélaginu og ekki einungis þá sem veikjast heldur einnig og oft ekki síður aðstandendur þeirra. Fullyrða má að viðhorf til geðsjúkdóma hafi breyst til batnaðar á síðustu áratugum. Staðan er erfið og verður sífellt brýnna að efla geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga á öllum þjónustustigum, bæði hjá sveitarfélögum og ríki. Lengi hefur verið ljóst að auka þarf úrræði í nærumhverfi barna og unglinga sem glíma við geðraskanir af einhverju tagi. Gríðarlegt álag hefur verið á barna- og unglingadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss um langa hríð, biðlistar langir og mikið álag á starfsfólki deildarinnar. Eins og kunnugt er hafa framkvæmdir við stækkun deildarinnar tafist verulega. Það er orðin mikil nauðsyn á uppbyggingu og stækkun barna- og unglingadeildar og tryggja verður fjármagn til að minnsta kosti næstu þriggja ára svo að stækkun og ný og betri aðstaða leysi þann vanda sem lengi hefur verið í málefnum barna- og unglingageðdeildar.

Aðgerðaáætlun hæstv. ráðherra ber því vissulega að fagna. Um mitt þetta ár var staðan þannig að þeim sem komu á göngudeild BUGL hafði fjölgað um 30% milli ára og meira en hundrað börn biðu eftir fyrstu komu á göngudeild auk þess sem tugir barna biðu eftir innlögn. Af þessu má sjá að það þarf að bæta grunn- og geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga almennt. Einnig þarf að bæta aðstöðu barna- og unglingageðdeildar eins fljótt og unnt er.

Öllum er ljóst að stjórnvöld verða að sinna þessum málaflokki mun betur en gert hefur verið og ég vona svo sannarlega að þessi umræða á hinu háa Alþingi skili börnum og unglingum ávinningi og forráðamenn sjái fram á að markvisst verði tekist á við þann vanda sem er í þessum málum.

Þó vandinn sé vissulega mestur á höfuðborgarsvæðinu eru svo sannarlega óleyst mál í öðrum landshlutum sem hæstv. ráðherra verður einnig að veita athygli. Það má ekki vera neyðarúrræði fjölskyldna utan af landi að þurfa að flytja búsetu sína til Reykjavíkur í von um betri þjónustu fyrir börn sín á geðheilbrigðissviði.

[11:19]

**Árni Steinar Jóhannsson:**

Virðulegi forseti. Hér er svo sannarlega hreyft mikilvægu máli. Talið er að börn og unglingar með geðraskanir geti verið nálægt tvö þúsund í þessu samfélagi á mismunandi stigum þannig að hér er verið að ræða um stóran hóp fólks að viðbættum fjölskyldum þeirra. Það er fagnaðarefni að hæstv. heilbrigðisráðherra hyggst ganga í úrbætur hvað varðar þennan málaflokk vegna þess að við höfum upplýsingar um það sjálfsagt öll og þekkjum öll fjölskyldur sem hafa haft við þennan vanda að glíma. Ég vil sérstaklega benda á að í mörgum tilfellum er verið að búa til skýrslur á skýrslur ofan þar sem fram kemur að hverju stefnir. Ég hef dæmi um skýrslu sem var tekin fjórum sinnum frá sex ára til þrettán ára aldurs og það var fyrir séð hvert stefndi en engin úrræði fyrir hendi.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að það er algjörlega nauðsynlegt í mínum huga að efla nærþjónustuna þannig að fólk neyðist ekki til þess að flytja búferlum, sérstaklega utan af landi, þannig að horft verði til þess við úrlausn í málaflokknum að stöðvar eins og FSA verði efld og síðan nærþjónusta, heilsugæslan úti um land og samspil skóla, heilsugæslu og félagsþjónustu í nærumhverfi fjölskyldnanna og þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda.

[11:21]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég tel að við eigum í æ meira mæli að ræða á Alþingi um börn og unglinga þessa samfélags, líðan þeirra, þjónustuna við þau og þar á meðal geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga. Hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra kynnti nú á dögunum áherslur og aðgerðir ráðherrans í þessum málaflokki sem er afrakstur undirbúnings ráðuneytisins og skýrslna sem unnar hafa verið á undaförnum missirum.

Málefni barna og unglinga hafa verið forgangsmál hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra síðustu árin eins og sést á framlögum til málaflokksins. En enn er nokkuð ógert. Ég tek undir þá áherslu sem lögð hefur verið á uppbyggingu og eflingu grunnþjónustunnar, heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustaðar heilbrigðisþjónustunnar. Á síðustu árum hafa verið stigin skref í þá átt með því að ráða inn á heilsugæsluna aðrar fagstéttir eins og sálfræðinga, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa. Vil ég nefna teymi sem sett var af stað í Grafarvogi eins og aðrir þingmenn hafa hér nefnt en það var sett af stað að frumkvæði Jóns Kristjánssonar, þáverandi heilbrigðisráðherra, og er það vel við hæfi þar sem Grafarvogur er jú eitt barnmesta hverfi Reykjavíkur. Víða um land er kominn vísir að svipaðri þjónustu. Við eigum að halda áfram á sömu braut.

Með því að auka hlut heilsugæslunnar í geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga tökum við fyrr á vanda barnanna og aukum um leið forvarnir á þessu sviði. Um leið gerum við BUGL og annarri sérfræðiþjónustu kleift að sinna betur þjónustunni gagnvart veikari börnum. Afar brýnt er líka að efla foreldra í sínu hlutverki enn frekar og styðja þá í því.

Virðulegur forseti. Ég get ekki látið hjá líða að nefna þátt skólanna og þar með sveitarfélaganna. Ég tel að til að ná fram enn betri þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir þurfi heilbrigðisþjónustan, menntakerfið og sveitarfélögin að taka höndum saman og mæta þörfum þessara barna sem og fjölskyldna þeirra. Samhljómur er hér í máli þingmanna um það og ég tel að með opinni umræðu og samstarfi þessara aðila þar sem hver og einn leggi sitt af mörkum er ég fullviss að við munum taka mörg skref fram á veginn í þróun og eflingu þjónustunnar við börn og unglinga með geðraskanir.

[11:23]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Enn og aftur kveður stjórnarandstaðan sér hljóðs um aðgerðir eða öllu heldur aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í málefnum barna með geðraskanir. Eins og öllum er kunnugt lét heilbrigðisráðherra Kristján Má Magnússon vinna skýrslu um aukna samþættingu í þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir. Þetta var góð skýrsla og þarna komu margar góðar tillögur fram þann 31. ágúst 2004.

Þann 5. apríl síðastliðinn spurði ég hæstv. heilbrigðisráðherra um þessa skýrslu og viti menn, skýrslan var komin undir stól. (Gripið fram í.) Á heimasíðu heilbrigðisráðuneytisins kom fram að þrjú ráðuneyti væru að skoða skýrsluna, menntamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið. Ég bar því upp fyrirspurn til þeirra ráðherra. Báðir fögnuðu skýrslunni. Hvorugur kannaðist við að vera að vinna í málinu og vísuðu á heilbrigðisráðuneytið.

Í svari heilbrigðisráðherra kom jafnframt fram:

„Ég hef fullan hug á að eiga gott samstarf við alla þá sem koma að þessum málum og mun leggja mitt af mörkum til þess að svo verði á næstunni."

Frú forseti. Nú er liðið hálft ár og ekkert að gert. (Gripið fram í.)

Þegar ný grunnskólalög litu dagsins ljós 1995 var gerð sú meginbreyting á VIII. kafla um sérfræðiþjónustu skóla að meðferð var ekki lengur skilgreind sem hlutverk hennar. Tilgangurinn með þessum breytingum virðist hafa verið sá að þrátt fyrir yfirfærslu grunnskólakerfisins til sveitarfélaga ætti ríkið að halda áfram að sinna þeim meðferðarþætti sem sérfræðiþjónusta skóla hafði sinnt. Hins vegar voru engar ráðstafanir gerðar til að stofnanir á vegum ríkisins gætu sinnt þessu verkefni. Aðgerðaleysi ríkisins hefur knúið sveitarfélög eins og til dæmis Akureyri til að bregðast við og setja upp úrræði. En hver á að borga? Ætlar ríkið að greiða kostnaðinn við slík úrræði eins og til dæmis Hlíðarskóla á Akureyri? Megum við eiga von á nokkur hundruð milljón króna bakreikningum vegna aðgerðaleysis ríkisins?

Frú forseti. Aðgerðaáætlun. Nú er búið að steypa saman nefndarálitum, skýrslum og svo framvegis í eitt fallegt orð, loforð: Aðgerðaáætlun. (Forseti hringir.) Frú forseti. Ekki fleiri áætlanir. Aðgerðir. (Gripið fram í.)

[11:26]

**Gunnar Örlygsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil hefja ræðu mína á því að þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að vekja athygli á hinni þörfu umræðu er lýtur að geðheilbrigðismálum barna og unglinga. Málaflokkurinn er að sjálfsögðu viðamikill og víða hægt að drepa niður fæti á þeim stutta tíma sem gefst við þetta tækifæri í ræðustól Alþingis.

Ég vil nota tækifærið og upplýsa þingheim um árangursríkt starf sem Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar hefur innt af hendi á síðustu árum. Fræðsluskrifstofan hefur lýst yfir vilja sínum til að hanna og þróa forvarnalíkan sem eykur lífshamingju barna og fjölskyldna þeirra. Ef vel tekst til er hægt að nota líkanið á landsvísu.

Aðferðafræðin er með þeim hætti að öllum foreldrum tveggja ára barna á þjónustusvæði skrifstofunnar er boðið upp á námskeið í uppeldistækni sem eykur líkur á að börn verði vel upp alin og minnkar líkur á að börn þrói með sér alvarlega hegðunarörðugleika. Þetta tiltekna starf er nú þegar innt af hendi og eru áfangaskýrslur þar að lútandi til staðar er upplýsa um góðan árangur verkefnisins. Í starfinu er börnum einnig í almennum bekkjardeildum á unglingastigi veitt fræðsla um hvernig best sé að taka á einkennum þunglyndis og kvíða og með þeim hætti er reynt að koma í veg fyrir að þau þrói með sér áðurnefnd einkenni. Árangur af verkefninu er metinn með vísindalegum hætti í samvinnu við sérfræðinga þar sem gerð er nákvæm tímasett verkáætlun líkt og tíðkast í viðamiklum rannsóknarverkefnum sem og með áfangaskýrslum sem skilað er til ráðuneyta einu sinni á ári sem verkefninu fleygir fram.

Þegar til lengdar er litið mun börnum fækka sem þurfa á stofnanavistun að halda vegna erfiðrar hegðunar. Nefna má að eftir að tekið var að kenna foreldrum uppeldistækni í Reykjanesbæ hefur tilvísunum til BUGL, Barna- og unglingageðdeildar Landspítala fækkað mikið frá svæðinu.

Virðulegi forseti. Til að frekari árangur verði raunin er mikilvægt að ráðherrar heilbrigðis-, félags- og menntamála sýni frumkvöðlastarfi Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar viðhlítandi áhuga og tryggi í verki með ákvörðunum sínum að þróun og frekari útfærsla á starfinu fleygi fram. Starfið á að mínu viti að fara fram á landsvísu.

[11:28]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og undirtektir hv. þingmanna. Eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra er þessi áætlun raunhæf. Það á að setja þessa áætlun í gang innan fjárhagsramma heilbrigðisstofnananna. Af því hef ég miklar áhyggjur, að hún sé svo raunhæf að hinn þröngi fjárhagsrammi heilbrigðisstofnananna sem eiga að koma að þessu máli, heilsugæslunnar, Miðstöðvar heilsuverndar barna, BUGL og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri vonandi, sé slíkur að þær hafi ekki möguleika á að uppfylla góðan vilja ráðherra. Það gerist ekkert í þessum málum nema ráðherra sjái til þess og fylgi því eftir að fé fylgi. Þetta gengur ekkert öðruvísi. Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka geðsvið Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri inn í

myndina. Þar er rekin núna göngudeild. Landspítali – háskólasjúkrahús er í Reykjavík. Fjórðungssjúkrahúsið er á Akureyri. Þetta eru tveir stólpar meginsérfræðiþjónustu í landinu. Við eigum að efla fjórðungssjúkrahúsið á þessu sviði. Ég hvet hæstv. ráðherra að sjá til þess að deildinni verði gert mögulegt að leggja inn sjúklinga, sem sé koma á fót raunhæfri barna- og unglingageðdeild.

Hæstv. forseti. Við viljum koma að svo mörgu. Ég vil bara segja að lokum að hegðunar- og geðraskanir barna og unglinga á að taka alvarlega. Rannsóknir hafa leitt í ljós að alvarlegustu einkennin hafa veruleg áhrif og varanleg áhrif. Geðvernd og meðferðarúrræði geta þótt dýr en þau skila sér margfalt til baka. Það er ekki nóg að vera með góð áform, kynna aðgerðir (Forseti hringir.) og setja fram áætlanir ef þær stofnanir sem eiga að sinna verkefnunum er að sligast undan erfiðri fjárhagsstöðu í dag og það mun ekki batna (Forseti hringir.) ef þær fá fleiri verkefni.

[11:30]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Það er verið að setja viðbótarfé í þennan málaflokk. Auðvitað er ekkert hægt að gera nema fé fáist. Það er búið að tryggja það fjármagn, bæði á yfirstandandi ári en það verður mun meira á næsta ári. Þetta var allt kynnt þegar ég kynnti aðgerðaáætlunina.

Það er verið setja 60 millj. kr. í viðbótarþjónustu og svo fara háar upphæðir í viðbótarbygginguna við BUGL. Það er því verið að setja viðbótarfé í málaflokkinn til að við getum tekið á þessum vanda.

Það er ekki búið að stinga neinu undir stól. Engum skýrslum hefur verið stungið undir stól. Aðgerðaáætlunin sem ég byggði á og er að koma fram með byggir á skýrslunum öllum, bæði eldri og nýrri skýrslum.

Ég fagna því hversu jákvæðir langflestir þingmenn hafa verið í garð aðgerðaáætlunarinnar. Hún er að mínu mati mjög góð. En það er rétt að hún tekur, eins og ég sagði í upphafi, á brýnasta vandanum. Hún tekur ekki á öllu til enda. Það er ekki raunhæft að hún geri það eins og staðan er núna. Hún tekur á brýnasta vandanum og við forgangsröðum svo við náum árangri hratt.

Þess vegna einbeitum við okkur að barna- og unglingageðdeildinni, að létta á henni með því að styrkja Miðstöð heilsuverndar barna og styrkja heilsugæsluna almennt bæði á höfuðborgarsvæðinu og líka úti á landi. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Þetta er allt að fara í gang. Við munum sjá þetta allt á næstu vikum og missirum. Fjármagn er tryggt. Menn þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur af því. Þegar menn munu ýta á grænu takkana í fjárlagagerðinni þá er endanlega verið að staðfesta það.

Ég vil benda á að við erum að efla nærþjónustuna úti á landsbyggðinni líka. Til stendur að styrkja sérstaklega þrjár heilsugæslustöðvar með farþjónustu svo þær geti ráðið sérfræðinga til sín. Þessir staðir eru Ísafjörður, Austurland og Suðausturland. Þar verður gert sérstakt átak. En ég tek undir það sem fram hefur komið, að efla þarf samráð milli ráðuneyta og ég vil vera þar í fararbroddi og mun einbeita mér að því.

## *Umræður utan dagskrár.*

Aðgerðir gegn ofsaakstri í umferðinni.

[11:33]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Samkvæmt heimildum frá Umferðarstofu urðu á árinu 2005 12.972 skráð umferðarslys á Íslandi. Í sumum tilvikum urðu ekki meiðsli á fólki. Í flestum tilvikum varð um töluvert eignatjón að ræða. Á því herrans ári létust 19 einstaklingar í umferðinni. Þetta þýðir að á þriggja klukkustunda fresti verður umferðarslys á Íslandi. Það má líkja þessu við rússneska rúllettu. Á hverjum þremur klukkustundum megum við búast við umferðarslysi og verðum að bíða og vona að ekki sé um alvarlegt tjón á fólki að ræða.

Þegar á þessu ári hafa 22 einstaklingar beðið bana í umferðinni. Það má því með sanni segja að hér ríki neyðarástand í umferðinni og því þarf að breyta. Því þarf að breyta fyrr en síðar og það gerist auðvitað ekki nema með samstilltu átaki allrar þjóðarinnar.

Svo einkennilega sem það hljómar má að sumu leyti halda því fram að umferðarmenningu okkar hafi hrakað á síðustu árum, þrátt fyrir þá staðreynd að bílar eru mun betri í dag en þeir voru fyrir ekki svo mörgum árum með breyttum öryggisbúnaði. Vegir eru miklu betri. Víða á takmörkuðum svæðum hefur verið dregið úr ökuhraða og þannig má áfram telja. Þrátt fyrir það fer slysum fjölgandi.

Við þessu þarf að bregðast. Þá hljótum við að spyrja: Hvað er hægt að gera? Það liggur fyrir að bílaeign hefur vaxið óskaplega mikið. Það liggur líka fyrir að við sem erum að verða líklega ein mesta bílaþjóð veraldar, að meðal ökumanna eru fleiri ungir ökumenn á kraftmeiri bílum en nokkru sinni fyrr. Bílar verða kraftmeiri og ökumenn verða yngri, ef þannig má að orði kveða.

Niðurstaðan er sú að það hefur eitthvað gerst í umferðarmenningu okkar. Það er þetta „eitthvað" sem við verðum að breyta og menningu breytum við ekki nema með samstilltu átaki. Þá kemur spurningin: Hvað er hægt að gera? Auðvitað er ýmislegt hægt að gera og ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri og hrósa hinni húsvísku móður sem hreinlega tók bílinn af syni sínum, þeim sem hafði sýnt vítaverðan akstur, fjarlægði hann og seldi. Það eru ábyrgðarfull viðbrögð og ber að fagna þeim og fleiri mættu sýna slík viðbrögð. En hvað er hægt að gera?

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu eru langsamlega flest slysin af völdum ökumanna á aldrinum 17 til 20 ára. Þeir skera sig verulega frá öðrum ökumönnum. Eftir 17 til 20 ára aldursbilið verður mjög hratt fall hvað varðar að vera orsakavaldur að slysum. Þess vegna hljótum við að draga þá ályktun að þar sé verk að vinna, meðal ungra ökumanna. Í tilefni af því leyfi ég mér að beina þeirri spurningu til hæstv. samgönguráðherra hvort m.a. komi til greina að auka möguleika til ökuleyfissviptinga meðal ökumanna sem hafa gert sig seka um vítaverðan ofsaakstur í umferðinni.

Það virðist nefnilega vera þannig að þeim sem kalla má ökuníðinga þyki vænst um tvennt. Annars vegar um ökuskírteinið sitt og hins vegar um bílinn sinn. Þess vegna hljótum við í refsiákvæðum að vilja horfa á þá möguleika

hvort ekki megi svipta ökuníðinga sem sýna glæpsamlegt athæfi þessu skírteini og jafnvel bílum sínum.

Í annan stað spyr ég hæstv. ráðherra hvort til greina komi að takmarka réttindi ungra ökumanna. Við getum spurt okkur: Hvað hefur 17 ára unglingur að gera við 400 hestafla bíl?

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvort til standi að auka eftirlit með hraðakstri. Það þarf ekki annað en að nefna lögregluna á Blönduósi, alræmda gagnvart ökuníðingum, en rómaða gagnvart þeim sem virða umferðarreglur. Það þarf ekki að færa fleiri rök fyrir því.

Ég leyfi mér að beina þessum spurningum til hæstv. ráðherra í því neyðarástandi sem segja má að ríki í umferðinni í dag.

[11:38]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Þegar ég fékk það verkefni í ársbyrjun 2004 að samgönguráðuneytið sinnti umferðaröryggismálum, þá tók ég ákvörðun um að fella umferðaröryggisáætlunina strax inn í samgönguáætlun. Það var síðan gert og Alþingi samþykkti samgönguáætlun fyrir tímabilið 2005–2008 með umferðaröryggisáætluninni inni þar sem verkefnin voru skýrt skilgreind og fjármunir ætlaðir til þeirra allra. Eftir þessari áætlun hefur síðan verið unnið.

Við framkvæmd umferðaröryggisáætlunarinnar er sambættingu lagasetningar, eftirlits, áróðurs og vegabóta beitt til að ná hámarksárangri í baráttunni gegn umferðarslysum. Til að framfylgja núgildandi umferðaröryggisáætlun voru á síðasta þingi gerðar breytingar á umferðarlögunum og sneri það fyrst og fremst að ölvunar- og fíkniefnaneyslu ökumanna. Afar mikilvæg lagabreyting sem styrkir stöðu þeirra sem sinna þessu verkefni.

Markmið stjórnvalda með áformum og með umferðaröryggisáætlun er að ná niður slysum, að sjálfsögðu, og að því er unnið. En það er alveg ljóst að ofsaakstur og óvarkárni í umferðinni hefur leitt til þess að slys eru allt of tíð. Ofsaakstur er að mínu mati þetta mikilvæga verkefni sem við þurfum sérstaklega að beina sjónum okkar að. Hvers vegna er það? Samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar fóru ökumenn í júní, júlí og ágústmánuði mjög hratt um marga þjóðvegi landsins. Þeir sem fóru á hraðanum 150 til 200 km á klukkustund á Esjumelunum voru nærri 1.200. Í Norðurárdal óku tæplega 500 ökumenn á þessu tímabili á hraðanum yfir 150 km. Á Reykjanesbrautinni óku 784 á 150 til 200 km hraða í mánuðunum júní, júlí og ágúst.

Þetta segir okkur að ástandið hjá ökumönnum er algerlega skelfilegt. Þess vegna er alveg hárrétt hjá hv. málshefjanda að við þurfum að beina sjónum okkar að því hvernig við getum komið í veg fyrir þennan ofsaakstur.

Reynsla annarra þjóða er sú að það er fyrst og fremst eftirlit og hörð viðurlög sem gagnast í baráttunni við ofsaaksturinn. Á þeim nótum vinna samgönguráðuneytið, Umferðarstofa og lögregla núna. Við vinnum hörðum höndum að því að gera breytingar og það er verið að undirbúa breytingar á umferðarlögunum til þess að skapa okkur enn sterkari aðstöðu, og þá sérstaklega lögreglu, til þess að beita þeim leiðum og þeim aðferðum sem talið er líklegt að dugi. Unnið er í samstarfi við lögreglu og Vegagerðina að því að forma aukið eftirlit lögreglu á völdum svæðum. Það er gert á grundvelli sérstaks samnings sem gerður var á milli Umferðarstofu, ríkislögreglustjóra og samgönguráðuneytisins þar sem út úr samgönguáætluninni eru teknir sérstakir fjármunir til að auka aðgerðir lögreglunnar. Unnið er að því að setja upp eftirlitsmyndavélar á þjóðvegunum og fylgjast þannig með umferðinni, taka myndir og skapa þannig skilyrði til aðgerða.

Í annan stað er unnið að því að herða viðurlög. Gefin verður út reglugerð á næstunni sem hækkar sektargreiðslur allverulega. Þetta er allt saman unnið í góðu samstarfi við ríkissaksóknara. Stefnt er að því að sú reglugerð taki gildi í haust og hún felur í sér hækkun á viðurlögum.

Í þriðja lagi, og það sem hv. málshefjandi nefndi, er unnið að því að gera breytingar á (Forseti hringir.) lögum sem snúa að ungum ökumönnum til að takmarka (Forseti hringir.) réttindi þeirra, eins og hann nefndi réttilega að er mikilvæg aðgerð.

[11:44]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Það er ástæða til að velta því fyrir sér hvað valdi ofsaakstri á íslenskum vegum, hver sé rót þessa vanda. Því þótt einstaklingar eigi í hlut er hér um samfélagsvanda að ræða.

Við erum oftast að tala um kornunga karlmenn á aldrinum 17 til 20 ára, kannski 17 til 25, sem ástunda áhættuhegðun í allt of kraftmiklum bílum og valda tjóni, stundum slysum, og eru í raun ógnvaldar í umferðinni.

Hvað veldur þessu taumleysi eða sturlun eins og einn félagi minn í Samfylkingunni nefndi þetta á félagsfundi um daginn? Hvað er að gerast? Við vitum að það eru allt of margir bílar á vegunum. Við vitum líka að sinna þarf umferðaröryggi miklu betur og hafa það sem leiðarljós við samgönguáætlanagerð og vegagerð. Við vitum líka að við þurfum að kenna betur. Ökukennslan þarf að vera betri. Það þarf að bjóða fólki upp á símenntun. Koma þarf á fót og reisa æfingarbrautina sem búið er að tala um síðan ég tók ökuprófið mitt fyrir um 25 árum og það þarf að gera fólki kleift að aka við ólíkar aðstæður.

Á tímum hlýnandi veðurfars þarf að kenna fólki að keyra í hálku og snjó. Það gerist ekki oft hér á suðvesturhorninu, alla vega ekki síðustu missirin. Og foreldrar þurfa að taka hlutverk sitt alvarlega. Þeir eiga ekki að afhenda börnum sínum og unglingum bíla til afnota um leið og þau fá ökuskírteinið.

Við eigum að herða viðurlögin. Ég er yfirleitt á móti hertum viðurlögum en í þessum málaflokki vil ég að við tökum fast á fólki. Ég vil helst að við tekjutengjum sektargreiðslurnar. Kannski ekki við tekjur fólks, kannski við virði bílanna sem þeir aka og við stöndum þannig að verki (Forseti hringir.) að menn finni fyrir því þegar þeir ástunda þá glæpsamlegu hegðun sem ofsaakstur er.

[11:46]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við erum öll sammála um að fórnirnar í umferðinni séu orðnar of miklar. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum úrræði strax, að umferðaröryggisáætlunin sem

við keyrum eftir sé of seinvirk. Við getum lagað vegina okkar smám saman en við þurfum úrræði strax.

Hvernig eigum við að sjá til þess að þeir ökumenn sem hæstv. ráðherra nefnir, sem keyra á yfir 150 km hraða og eru mældir í þessum umferðargreinum Vegagerðarinnar, snúi frá villu síns vegar? Í mínum huga er úrræðið eitt og aðeins eitt: Aukum löggæslu. Ég segi fullum fetum að áherslan í löggæslumálum sé röng. Við sendum hraustustu og fílefldustu karlmennina okkar í lögreglunni upp í Hvalfjörð um daginn til þess að æfa einhverja aðgerð gegn hryðjuverkum, til að gera sprengju óvirka. Ég spyr: Hversu margir hafa dáið á Íslandi vegna hryðjuverka? Hversu margir á Íslandi hafa dáið vegna mótmæla á hálendi Íslands?

Sú áhersla er auðvitað ekki eðlileg, frú forseti, að 55–60 manns í löggæslu á Íslandi skuli starfa núna í greiningardeildum á vegum lögregluyfirvalda. Áherslan á að vera á umferðina. Við eigum að fjölga löggæslumönnum á vegum úti. Það er búið að lama svo til umferðarlögregluna í Reykjavík. Sú deild hefur minnkað verulega. Við vitum að úti um land eru engir sérbúnir bílar í umferðareftirliti að staðaldri. Þarna eigum við að grípa til aðgerða.

Mín hvatning er sú til hæstv. ráðherra að leita þessara úrræða strax. Við þurfum að endurreisa umferðareftirlit lögreglu. Vegina getum við síðan lagað smátt og smátt samkvæmt umferðaröryggisáætlun. En aukum löggæsluna á vegunum núna.

[11:48]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér erum við að ræða mjög mikilvægt mál og ber að þakka hv. málshefjanda fyrir að færa það hér á dagskrá. Efst á blaði í málefnahandbók Frjálslynda flokksins er einmitt. að bæta umferðaröryggi og fækka slysagildrum til muna á þjóðvegum landsins.

Það skiptir einnig máli í þessari umræðu að við einbeitum okkur að þeim hópum sem hætt er við að brjóta reglurnar. Nefnt hefur verið til sögunnar í umræðunni unga fólkið. Einnig hefur verið bent á vélhjólamenn. Ég var í sumar á baráttufundi vélhjólamanna fyrir bættu umferðaröryggi og þar kom fram að það skorti á að haft væri samráð við þessa hópa. Ég skora á yfirvöld að bæta þar úr.

Umferðaröryggi á einnig að vera í forgangi hvað varðar löggæsluna. Ég get tekið heils hugar undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um að úr því þurfi að bæta. Hæstv. dómsmálaráðherra leggur allt of mikla áherslu á greiningardeildir og víkingasveitir á sama tíma og á þriðja tug manna farast í umferðinni og á sama tíma og fjöldi manns slasast alvarlega. Þetta eru mál sem snerta venjulegt fólk og þarna ættu áherslur yfirvalda að liggja.

Það er mín skoðun að hægt sé að ná verulegum árangri. Ég vil vara fólk við að fara fram úr sér hvað varðar að herða öll viðurlög. Viðurlög við umferðarbrotum eru mjög ströng. Hvað er hægt að hafa þau strangari en að missa lífið eða stórslasast? Það er einmitt það sem gerist ef fólk brýtur reglurnar, þverbrýtur þær og fer langt fram úr. (Gripið fram í.) Þá er það útsett fyrir þessu. (Forseti hringir.) Ég vara við þessu. En sjálfsagt er að gera þessar reglur skilvirkari.

[11:50]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ofsaakstur er dauðans alvara. Okkur er öllum brugðið við nánast daglegar fréttir um skelfilegt kæruleysi ökumanna sem leggja líf sitt og okkar allra í hættu. Það er ólíðandi ástand fyrir okkur hin og nógar eru nú samt áhyggjurnar í umferðinni.

Við Íslendingar verðum að horfast í augu við þá staðreynd að hér er þjóðvegakerfi sem að hluta ræður ekki við þann hámarkshraða sem hér er leyfður lögum samkvæmt. Ég gæti talið upp vegarkafla til dæmis eingöngu á hringveginum þar sem Vegagerðin hefur sett upp merkingar um viðmiðunarökuhraða miðað við aðstæður. Þetta er óviðunandi og enn hræðilegra að er fólk skuli aka slíka vegi með þeim hætti sem hér er um rætt.

Á meðan ríkissjóður er nánast skuldlaus ætti það að vera markmið okkar að setja enn meira fjármagn í vegakerfið og á það jafnt við höfuðborgarsvæðið sem og landsbyggðina. Það eitt og sér mun ekki koma í veg yfir ofsaakstur. En það eykur hins vegar á öryggi á þjóðvegum og það út af fyrir sig er nægileg ástæða.

Ég velti fyrir mér hugarheimi þeirra ökumanna sem hlut eiga að máli. Er þetta birtingarmynd einhvers konar firringar í okkar samfélagi? Umræða sem þessi er af hinu góða. En hún ein og sér mun ekki skipta sköpum. Við verðum að grípa til sameiginlegra aðgerða til að tryggja öryggi okkar og fjölskyldna okkar á vegum úti.

[11:52]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Til að ná utan um þann yfirþyrmandi vanda sem glæfraakstur og ofsaakstur er á Íslandi í dag þarf að herða viðurlög við umferðarbrotum. Það þarf að stórauka sýnilega löggæslu á vegum úti og það er stór þáttur til að ná utan um ofsaaksturinn. Fólk er jú með manndrápstæki í höndunum og aki það eins og ábyrgðarlausir brjálæðingar verður það oft mannsbanar. Svo einfalt er málið. Sýnileg löggæsla skiptir þar mjög miklu máli. Rangar áherslur í löggæslu eru til staðar og það þarf að bæta verulega þar úr.

Hitt er að til lengri tíma litið þarf að ráðast í nýtt átak í samgöngumálum, eins og Morgunblaðið til dæmis fjallaði um í leiðara á dögunum, sem snýr að tvöföldun veganna. Það ásamt stóraukinni löggæslu og hertum viðurlögum er meginmálið. Á umferðarþyngstu vegarköflunum eru umferðartoppar gífurlegir og þungaflutningar um vegina miklir enda voru þeir jú færðir af sjó á land. Besta dæmið um þetta er tvöföldun á Suðurlandsvegi þar sem átt hefur sér stað um 90% umferðaraukning á tíu árum sem hefur skilað sér í því að vegurinn er nú umferðarþyngri en Reykjanesbrautin var þegar ráðist var í tvöföldun hennar. Þá eru slysin þar fjórfalt dýrari en á öðrum vegum utan þéttbýlis.

Þetta skiptir miklu máli. Við eigum að ráðast í nýtt átak í samgöngumálunum, í tvöföldun veganna — ég tek þar undir með hv. þingmanni Framsóknarflokksins um að þetta skiptir máli — auk tafarlausra úrbóta í hertum viðurlögum og sýnilegri löggæslu.

Þessu tengt vildi ég spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort hann muni í þessu ljósi beita sér fyrir því að til dæmis tvöföldun á Suðurlandsvegi verði tekin upp við endurskoð-

un samgönguáætlunar núna í haust. Þetta er gífurlega mikilvægt mál og eitt af því sem við verðum að ráðast í í sérstöku þjóðarátaki við að tvöfalda og bæta vegina.

[11:54]

**Sigurrós Þorgrímsdóttir:**

Frú forseti. Hér eru til umræðu aðgerðir vegna hraðaksturs og ber að þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli.

Eins og fram hefur komið eru nú þegar 22 einstaklingar látnir vegna umferðarslysa sem rekja má að einhverju leyti til beins hraðaksturs. Þá eru ónefndir þeir sem lenda í bílslysum og verða örkumla allt sitt líf. Nýlokið er undirskriftasöfnun stopp.is sem er hluti af herferð um bætta hegðun í umferðinni, Nú segjum við stopp, sem Umferðarstofa hefur staðið fyrir ásamt samgönguráðuneytinu. Á þeim mánuði sem söfnunin stóð yfir skrifuðu yfir 37 þúsund Íslendingar undir áheitið um bætta hegðun í umferðinni. Þetta sýnir svo ekki verður um villst vilja fólks í landinu til þess að gert verði eitthvað róttækt til að bæta umferðarmenningu hér á landi og ekki síst koma í veg fyrir hraðakstur. Það er lífsnauðsynlegt að stöðva hraðakstur eða ofsaakstur eins og ég hef kallað það þegar ungir menn aka á 150–200 km hraða hér innan bæjar eins og í Ártúnsbrekkunni. Því miður virðast þessir ökumenn sem leika sér að því að aka langt yfir hámarkshraða vera ungir karlmenn.

Eins og fram hefur komið eru til ýmis úrræði sem verður að grípa til. Það hefur verið nefnt hér að hækka sektir en ég er sammála því sem hér hefur verið rætt að það væri kannski áhrifameira að taka af þeim ökutækin eða svipta þá ökuleyfi. (**ÖS:** Setja þá í gapastokk.) (Gripið fram í.)

Ég fagna því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan að það er verið að vinna í þessu og ég vænti þess að innan tíðar verði komnar fram skýrari reglur sem hafa meiri áhrif.

[11:56]

**Árni Steinar Jóhannsson:**

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu um hraðakstur. Þjóðin er raunar lömuð og veit ekki sitt rjúkandi ráð varðandi umferðina, sérstaklega dauðsföllin og örkumlin. Að mörgu leyti verður mér oft hugsað núna til sjöunda áratugarins þegar ég var unglingur og maður fór að kvíða fyrir vondum veðrum vegna þess að við vorum að missa á hverju ári marga sjómenn í hafið. Það var stóra vandamálið okkar á þeim tíma. Menn sátu hnípnir heima í vondum veðrum og áttu von á hinu versta.

Í rauninni er staðan í umferðarmálum núna orðin sú sama. Þegar þjóðin fer á flakk á stórum stundum vegna skemmtana eða annars situr almenningur heima og á von á hinu versta enda er það tilfellið í langflestum tilfellum núorðið og stóra málið í þessu öllu er hraðakstur. Við gerðum stórátak í öryggismálum sjómanna á áttunda áratugnum. Það var gert með fræðslu, með eftirliti, með áróðri, sérstaklega fræðslu fiskimannanna sjálfra. Þar náðist gríðarlegur árangur eins og menn vita.

Virðulegur forseti. Ég held að sömu aðferðir dugi og að allir styðji hvaða aðferðir sem er til þess að stemma stigu við þessari vá og við verðum að taka með í reikninginn gerð bíla, fræðsluna, eftirlitið og þar með löggæsluna, áróðurinn og vegakerfið og auðvitað sektirnar líka. Við styðjum áreiðanlega öll hæstv. samgönguráðherra í þeirri vinnu.

Ég spyr hæstv. samgönguráðherra hvort hann telji koma til greina að gera kröfu um gerð bíla fyrir akandi fólk á aldursbilinu frá bílprófi og upp að 25 ára aldri.

[11:59]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Eins og ástandið er á þjóðvegum okkar er alveg ljóst að við verðum bæði að efla löggæsluna og ekki síður auka fræðsluna um þær hættur sem fylgja þeirri umferð sem núna er á þjóðvegum landsins.

Reykjanesbrautin er tvær akreinar aðskildar í báðar áttir. Til þess fordæmis eigum við að líta varðandi helstu umferðaræðar hér. Þannig lausnir eigum við að skoða í framtíðinni varðandi þær leiðir þar sem umferð er þyngst.

Við erum mikil aksturþjóð, Íslendingar. Við notum mikið þjóðvegina til allra hluta. Núna eru allir þungaflutningar meðal annars komnir á þjóðvegina þó að þjóðvegirnir eins og þeir eru víða um landið séu varla burðugir til þess að hægt sé að flytja þar um með sómasamlegum hætti allar vörur. Margt þarf því að athuga í þessum málum. Ég held að fræðsla og aukin löggæsla sé nauðsynleg eins og ástandið er. Síðan eigum við auðvitað til framtíðar að horfa til þess að búa til betri vegi. Við eigum að reyna að stytta vegalengdir. Við eigum að taka upp sem víðast aðskildar akstursleiðir svo framarlega sem hægt er að koma því við. Við eigum að horfa til láglendisvega. Við eigum að horfa til þess að gera fleiri jarðgöng til að losna við hættulega vegarkafla og fjallvegi. Það hefur sýnt sig að jarðgöngin hafa aukið mikið umferðaröryggi hér á landi. Það hljóta allir að minnast slysanna í Hvalfirði sem voru nánast ársviss og sem betur fer hafa ekki verið undanfarin ár eftir að Hvalfjarðargöng komu til sögunnar. Sama má segja um reynsluna af Vestfjarðagöngum.

Mikil og nauðsynleg verk eru því fram undan og við (Forseti hringir.) getum ekkert annað en sett aukið fjármagn í það að efla vegakerfið og við verðum að gera það markvisst en ekki bara á kosningaári.

[12:01]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin sem og þeim hv. þingmönnum sem hér hafa lagt orð í belg. Það er fagnaðarefni að í þessu mikilvæga og stóra máli skuli ríkja þverpólitísk sátt enda málið grafalvarlegt. Hér er um dauðans alvöru að ræða í orðsins fyllstu merkingu.

Auðvitað tek ég undir það að vegabætur auka öryggi. En ég vek jafnframt athygli á því að flest þau slys og alvarlegustu slysin, þau sem við erum í rauninni að tala um, eiga rætur sínar að rekja til ofsaaksturs og það er ofsaakstur sem fyrst og fremst er meðal yngstu ökumanna og merkilegt nokk meðal ungra karlmanna, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir benti á. Með öðrum orðum, við verðum að ráðast á þessa ökumenn sem sýna þetta glæpsamlega athæfi í umferðinni. Það er ekki hægt að kalla þetta annað en glæpsamlegt athæfi því að það ógnar lífi og limum saklausra borgara. Það er einmitt það sem átak Umferðarstofu,

Stopp átakið, gengur út á, þ.e. að taka höndum saman um að breyta þessari menningu.

Ég vil fagna því sem hæstv. ráðherra boðar hér. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að það var mikið gæfuspor að fella öryggisþáttinn inn í samgönguáætlun og ég fagna sérstaklega þeim frumvörpum sem hæstv. ráðherra boðar og breytingum á reglugerð sem mun auka viðurlög. Þó ég sé ekki almennt refsiglaður maður frekar en aðrir sem hér hafa talað þá brýtur nauðsyn lög gagnvart þessum hópi. En það má líka grípa til annarra aðgerða. Bent hefur verið á ökurita sem gefur foreldrum kost á að fylgjast með akstursmáta barna sinna. Benda má á samning milli foreldra og barna, aksturssamning, sem hefur verið reyndur í nágrannalöndum okkar og það hefur verið bent á aukna virkni lögreglu með myndavélum.

Aðalatriðið er að það verða slys á þriggja tíma fresti og við verðum að grípa til aðgerða strax og ég tel að það sem hæstv. ráðherra sagði hér feli í sér (Forseti hringir.) skjótvirkar aðgerðir.

[12:03]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa orðið. Þær eru mjög mikilvægar. Í þessu vandasama verkefni skiptir miklu máli að þingmenn taki höndum saman um að finna leiðir. Ég heyri það á málflutningi þeirra að það er mikill vilji til þess.

Það er rétt sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði að það ríkir taumleysi í umferðinni og við verðum að finna leiðir til þess að taka í taumana. (**KolH:** Aukin löggæsla.) Ég tek undir það út af fyrir sig sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði að það þarf að auka löggæslu. Ég kom sérstaklega að því hér og við höfum nú þegar aukið löggæsluna með þeim sérstaka samningi sem gerður var með auknum fjármunum og með uppsetningu myndavéla. En þessu þarf að fylgja að sjálfsögðu eftir. Það hefur verið gripið til þessara úrræða, sem sagt að lögreglan komi meira fram og hennar kraftar verði nýttir enn frekar.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson nefndi að vélhjólamenn kvörtuðu undan að ekki væri samráð. Ég vil vekja athygli á því að ég skipaði sérstakan fulltrúa vélhjólahópanna í Umferðarráð. Ég tel að það hafi verið ágæt ráðstöfun til þess að njóta þeirra góðu ráða.

Ég er sammála því sem hv. þm. Björgvin Sigurðsson nefndi að við þurfum nýtt átak í samgöngumálum. Það nýja átak var sett af stað með nýtingu söluandvirðis Símans í þessi sérstöku verkefni og við beinum sjónum okkar sérstaklega að því núna að taka æðarnar út úr höfuðborginni, Suðurlandsveginn austur fyrir fjall og Vesturlandsveginn upp í Borgarfjörð, í sérstaka aðgerð sem verður byrjað (Forseti hringir.) á strax og er í rauninni þegar byrjað á. Vegagerðin vinnur að undirbúningi og hönnun við að bæta (Forseti hringir.) umferðaröryggið á þessum köflum. Ég fagna því viðbrögðum þingmanna hér og þeim undirtektum sem ég hef fengið við þær aðgerðir sem við erum í.

## *Sinfóníuhljómsveit Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 57. mál (rekstraraðilar). — Þskj. 57.

[12:06]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eins og menn þekkja er þetta frumvarp liður í endurskipulagningu á rekstri Ríkisútvarpsins í tengslum við frumvarp til laga sem við höfum nú þegar rætt, um Ríkisútvarpið, og varðar meðal annars þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sama verði gert um þátttöku Seltjarnarnesbæjar í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar, þ.e. að Seltjarnarnesbær muni ekki lengur greiða þetta eina prósent sem hann hefur fram til þessa greitt til hljómsveitarinnar og ríkið þá yfirtaka þann hluta.

Með frumvarpi þessu ráðgert að fella úr gildi þá lagaskyldu sem felst í b-lið 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndra laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands, að Ríkisútvarpið greiði sem nemur 25% af rekstri hljómsveitarinnar. Að teknu tilliti til þessarar breytingar er eðlilegt að Ríkisútvarpið eigi ekki lengur fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar og því er lagt til að ráðuneytið tilnefni mann í stjórn í stað Ríkisútvarpsins, eins og segir í 2. gr. frumvarpsins..

Varðandi niðurfellingu á greiðsluþátttöku Seltjarnarnesbæjar í rekstri hljómsveitarinnar, sem 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, hefur bæjarstjórn Seltjarnarness ítrekað mótmælt því að greiðsluþátttaka sveitarfélagsins í gildandi lögum standi óhögguð og óskað eftir því að lagabreyting verði gerð á þann veg að fella hana niður. Hefur bæjarstjórn bent á að þegar hún samþykkti aðild að rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar á árinu 1982 hafi verið gert ráð fyrir því að fleiri sveitarfélög en Reykjavík og Seltjarnarnes tækju þátt í rekstrinum, en svo hefði ekki orðið. Með frumvarpinu er orðið við þessum óskum Seltjarnarnesbæjar og því lagt til að d-liður 1. mgr. 3. gr. gildandi laga falli brott. Áfram er hins vegar gert ráð fyrir greiðsluþátttöku Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, enda náin og ágæt samvinna milli ríkisins og Reykjavíkurborgar á ýmsum sviðum menningarstarfsemi, svo sem vegna Listahátíðar í Reykjavík og nú síðast samstarfsverkefnis ríkis og Reykjavíkurborgar um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík þar sem meðal annars hljómsveitin mun hafa aðstöðu.

Í samræmi við niðurfellingu á greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins og Seltjarnarnesbæjar gerir a-liður 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins því ráð fyrir að framlag ríkissjóðs hækki sem nemur þessum framlögum úr 56% í 82%.

Þá er í 1. gr. frumvarpsins lögð til orðalagsbreyting á 4. mgr. 3. gr. gildandi laga sem fjallar um samning milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins til flutnings á tónlistarefni hljómsveitarinnar. Verði frumvarp þetta að lögum verður ekki lengur um að ræða flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar á móti framlagi útvarpsins, eins og fram kemur í ákvæðinu, og er því lagt til að Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið geri með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitar-

innar til að tryggja áframhaldandi samstarf þeirra. Vilji er til þess, það er rétt að undirstrika það, af hálfu Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins að viðhalda samstarfi um flutning tónlistarefnis hljómsveitarinnar, og frekar að auka hann en draga úr.

Að síðustu er í 3. gr. frumvarpsins lögð til orðalagsbreyting 7. gr. gildandi laga sem fjallar um sjö manna verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar. Samkvæmt gildandi lögum tilnefnir Ríkisútvarpið einn í nefndina, en í ljósi frumvarps þessa þykir rétt að sá fulltrúi falli brott. Þar sem breyta þarf umræddu ákvæði hefur komið fram vilji af hálfu Sinfóníuhljómsveitarinnar um að breyta enn frekar orðalagi þess og einfalda það á þann veg sem hér er lagt til. Í stað þess að kveða á um skyldu til að velja verkefnavalsnefnd er lagt til að stjórn hljómsveitarinnar verði heimilt að skipa verkefnavalsnefnd um verkefni hljómsveitarinnar. Stjórnin ákveði síðan nánar um skipulag og hlutverk nefndarinnar.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið efni þessa frumvarps. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntamálanefndar og 2. umr.

[12:11]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Áður en umræðan um málið hefst hef ég hug á að fá svar við einni spurningu hjá hæstv. ráðherra. Ég sé að það eru ákveðnar breytingar sem hafa verið gerðar á frumvarpinu frá fyrra frumvarpi sem var hér til meðferðar á síðasta þingi en engin þeirra lýtur að greiðsluþátttöku Reykjavíkurborgar. Í meðförum nefndarinnar á síðasta ári komu í ljós afar skýrar óskir frá fulltrúa Reykjavíkurborgar sem kom fyrir menntamálanefnd um að fram færu einhvers konar samtal á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um greiðsluþátttöku Reykjavíkurborgar. Fulltrúinn kom með ákveðnar hugmyndir í þeim efnum, þ.e. úr því að Seltjarnarnesbær ætti að losna af önglinum í þessum efnum og að hætta að fjármagna sveitina að hluta væri kannski eðlilegt að málið yrði tekið upp í heild sinni og efnt yrði til sérstakra viðræðna allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um þátttökukostnað í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Nú langar mig að vita frá hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið gert eða hvort eitthvað hafi verið leitað til Reykjavíkurborgar í þessum efnum.

[12:12]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og margoft hefur komið fram er þetta frumvarp að mínu mati afsprengi þess eða hluti af því frumvarpi sem við höfum rætt varðandi Ríkisútvarpið ohf.

Varðandi þátttöku Seltjarnarnesbæjar er, eins og ég talaði um og kom inn á í minni framsöguræðu, ekki sambærilegt að ræða það að fella niður þátttöku Seltjarnarnesbæjar og það að fella niður þátttöku eða breyta fyrirkomulagi eða aðkomu Reykjavíkurborgar að Sinfóníuhljómsveitinni. Það er alveg ljóst. Við vitum að töluverður ágreiningur var meðal fulltrúa fyrrverandi meiri hluta í Reykjavíkurborg. Ef mig minnir rétt undirstrikaði einmitt fulltrúi Vinstri grænna hve mikilvægt væri að Reykjavíkurborg kæmi á markvissan hátt að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar meðan fulltrúar Samfylkingarinnar höfðu aðrar skoðanir. Þetta er miklu stærra mál en svo að við förum í gagngera endurskipulagningu á greiðslufyrirkomulagi til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Ég tel persónulega, og þess vegna meðal annars kemur það fram í þessu, að Reykjavíkurborg sem höfuðborg landsins, sem skiptir mjög miklu máli varðandi miðlun menningar og menningararfs, (Gripið fram í.) komi að þessu. (**Gripið fram í:** Hlustar þú á ...?) Þess vegna er mikilvægt að hún sé áfram hérna inni. Það er mikið og gott samráð haft við Reykjavíkurborg um málefni hljómsveitarinnar, um tónlistar- og ráðstefnuhúsið, um listahátíð (Gripið fram í.) þar sem við höfum rætt þetta. Varðandi þetta tiltekna mál, ágæti hv. þingmaður Mörður Árnason, þá er rétt að í tengslum við þetta frumvarp hefur ekki verið rætt sérstaklega við Reykjavíkurborg enda er málið mun stærra ef það á að fara að endurskipuleggja greiðsluaðkomu Reykjavíkurborgar að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar.

[12:14]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ósammála hæstv. ráðherra um að ekki sé tækifæri einmitt núna til þess að fjalla um það á breiðum grundvelli hvernig greiðsluþátttöku sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu verði hagað til framtíðar. Mér finnst einmitt að tækifærið hafi verið núna og ég átel hæstv. ráðherra fyrir að hafa ekki látið það samtal fara fram í sumar. Ráðherrann hefur haft mánuði til þess að undirbyggja þau frumvörp sem hún er að flytja fyrir Alþingi. Þetta er eitt af ágreiningsefnunum varðandi Sinfóníuhljómsveitina og varðandi þessi skil eða slit á milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins.

Nú er það alveg rétt sem hæstv. ráðherra bendir á að það hafa ekki verið alveg einróma sjónarmið stjórnenda í Reykjavíkurborg varðandi þátttöku Reykjavíkurborgar í fjármögnun sveitarinnar. Það er annað mál. En það sýnir hins vegar kannski að hæstv. ráðherra hefur borið ákveðna ábyrgð í þessum efnum sem mér sýnist hæstv. ráðherra ekki hafa verið að sinna. Mér finnst nauðsynlegt að þessi mál séu skoðuð í stóru samhengi og að Sinfóníuhljómsveitin og þeir sem þar starfa hafi fullvissu um það á hvern hátt sveitin verði fjármögnuð til framtíðar og hvernig tengsl hennar við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu verða. Mér finnst ábyrgðin vera hæstv. menntamálaráðherra en ekki stjórnenda í Reykjavíkurborg að sjá til þess að þetta samtal fari fram.

[12:16]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu eins og svo mörgu erum við einfaldlega ósammála. Ég tel mikilvægt að Reykjavíkurborg komi með afgerandi hætti að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Varðandi aðkomu annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að rekstri Sinfóníunnar þá er ég ekkert viss um að einhugur sé um það.

Höfuðborgin hefur margvíslegum skyldum að gegna. Það er bara þannig. Þess vegna er hún höfuðborg, Reykjavík. Aðrir bæir í kringum Reykjavík hafa ekki þessum

skyldum að gegna og hafa ekki heldur þau forréttindi að hafa ýmsar menningarstofnanir sjálfkrafa starfandi innan sinna marka. Ég tel því mikilvægt, ekki síst með það í huga að við erum að fara í mjög umfangsmikið samstarf með því að reisa tónlistar- og ráðstefnuhús, að Reykjavík komi eftir sem áður að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar.

[12:17]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan hafa orðið ákveðnar breytingar á frumvarpinu frá því sem það var þegar það var lagt fram hér í fyrra og við ræddum það í hv. menntamálanefnd. Þetta eru ekki veigamiklar breytingar. Í fyrsta lagi er það 3. gr. sem varðar stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar, þ.e. að Ríkisútvarpið hafi ekki lengur rétt til að skipa fulltrúa í verkefnavalsnefnd Sinfóníuhljómsveitarinnar og svo er það d-liður 1. gr. sem varðar það að Sinfóníuhljómsveitin og Ríkisútvarpið eigi að gera með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar.

Athugasemdir um bæði þessi atriði komu til okkar nefndarmanna frá Sinfóníuhljómsveitinni á síðasta ári og við könnuðum þessi mál afar vel í menntamálanefnd og sáum að þarna voru ákveðnar fallgryfjur í uppsiglingu sem hæstv. ráðherra hefur greinilega ákveðið að girða fyrir. Er það auðvitað vel svo langt sem það nær. Í grunninn eru hins vegar hættur hér á ferðinni sem ég tel alveg rétt að fara aðeins í og vara við.

Ég hefði haldið og mín sjónarmið hafa verið þau að tengsl Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins séu mjög mikilvæg. að verulegu máli skipti að halda þeim tengslum opnum og skapandi og dínamískum vegna þess að Sinfóníuhljómsveitin þarf að svo mörgu leyti að reiða sig á Ríkisútvarpið eins og hún hefur gert hingað til og Ríkisútvarpið á Sinfóníuhljómsveitina. Ég álít að við höfum ákveðnum menningarlegum skyldum að gegna við Sinfóníuhljómsveitina. Við þurfum að tryggja Sinfóníuhljómsveitinni að hún hafi verkefni við hæfi og að hún hafi möguleika á að starfa og að við leggjum talsvert á okkur við það að Sinfóníuhljómsveitin geti fengið þau starfsskilyrði að sómi verði að fyrir menningarþjóð á borð við okkur Íslendinga. Mér finnst að það sé í hættu með þessum sambandsslitum á milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins.

Auðvitað tengist sá ótti minn því að ég tel að hér sé verið að fara fram með hætti sem skapar okkur í raun óviðunandi ástand hvað varðar áframhaldandi rekstur Ríkisútvarpsins þar sem hæstv. ráðherra heldur sig við það að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins í hlutafélag. Hluti af þeirri gagnrýni sem við höfum haft hér fram að færa, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, er þannig vaxinn að við teljum að Ríkisútvarpið eigi að vera þjóðarútvarp í þjóðareigu. Það sama á auðvitað um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Við höfum talið mikilvægt að Sinfóníuhljómsveitin standi styrkum fótum í okkar menningarsamfélagi og teljum að það geri hún best með öflugum tengslum við Ríkisútvarp og hættan sem er til staðar hér á því að Ríkisútvarpinu verði gert að starfa eingöngu samkvæmt markaðslögmálum meira eða minna geri það að verkum að Sinfóníuhljómsveitin gæti átt erfiðara uppdráttar og það verði erfitt að tryggja að efni frá sveitinni fáist flutt í Ríkisútvarpinu.

Ég hef svo sem fjallað um málefni Sinfóníuhljómsveitarinnar á ýmsum vettvangi, meðal annars átti ég sæti í nefnd sem endurskoðaði leiklistarlög á sínum tíma. Árin 1994 og 1995 setti þáverandi menntamálaráðherra á laggirnar nefnd sem gert var að endurskoða leiklistarlögin og eitt af því sem sú nefnd fjallaði um var einmitt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þar veltum við fyrir okkur vinnuskyldu Sinfóníuhljómsveitarinnar í leikhúsunum og þeim möguleika sem við hefðum á því að efla Sinfóníuhljómsveitina enn frekar með því að tryggja leikhúsunum aðgang að sveitinni. Það hefði mögulega getað gert það að verkum að stöðugildum innan hennar hefði fjölgað, verkefnum hennar hefði fjölgað eða að það hefði breikkað grunnurinn undir starfssvið sveitarinnar ef hún hefði haft ákveðna vinnuskyldu hjá Íslensku óperunni og varðandi óperuflutning í Þjóðleikhúsinu. Nú breyttust leiklistarlögin reyndar á annan veg en sú nefnd sem ég starfaði í óskaði eftir og við töldum að gæti verið til hagsbóta bæði fyrir leiklistina og Sinfóníuhljómsveitina þannig að þær hugmyndir eru kannski ekki alveg uppi á borðinu núna. Það breytir því ekki að við eigum að standa vörð um möguleika Sinfóníuhljómsveitarinnar á að starfa og blómstra en það sýnist mér hæstv. menntamálaráðherra ekki gera á nægilega sannfærandi hátt með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Þá er ég bæði að fjalla um breytingarnar á lögunum um Ríkisútvarpið og sömuleiðis breytingarnar á lögunum um Sinfóníuhljómsveitina.

Varðandi síðan það atriði sem við hæstv. menntamálaráðherra ræddum í andsvari rétt áðan þá er alveg ljóst að málefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa verið á borðum Reykjavíkurborgar á síðustu missirum. Nú er mér ekki kunnugt um hvort nýr meiri hluti í Reykjavík hefur tekið málefni sveitarinnar til umfjöllunar, en af því hefur í öllu falli ekki heyrst í fjölmiðlum. Hitt er ljóst að fulltrúi Reykjavíkurborgar sem heimsótti menntamálanefnd þann 24. mars síðastliðinn þegar verið var að fjalla um þetta mál — sá fulltrúi var Stefán Jón Hafstein, þáverandi formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, — sagði það alveg fullum fetum að Reykjavíkurborg teldi það hluta af sinni skyldu að fjármagna sveitina og rökin eru að hluta til þau sem hæstv. menntamálaráðherra færði fram áðan. Reykjavíkurborg er jú höfuðborg. Það breytir því ekki að fleiri sveitarfélög eru á höfuðborgarsvæðinu og þau ættu eðli málsins samkvæmt að hafa skyldum að gegna gagnvart sveitinni. Hvers vegna? Jú, vegna þess að íbúar á höfuðborgarsvæðinu eiga greiðari aðgang að tónleikum sveitarinnar eðli málsins samkvæmt en þeir sem fjær búa. Að því leytinu til er því nauðsynlegt að sveitarfélögin og ríkisvaldið taki upp umræður um það hvernig þjóðin eigi að finna fyrir því að hún eigi öfluga og kraftmikla sinfóníuhljómsveit.

Ég hefði haldið líka að í ljósi breyttra aðstæðna hér í samgöngum hefði verið hægt að víkka umræðuna um þetta út til Stór-Árborgarsvæðisins, eins og þeir segja fyrir austan, eða Stór-Borgarnessvæðisins, eins og þeir segja fyrir vestan, því að við erum að horfa á það í auknum mæli að atvinnusvæði höfuðborgarinnar er að stækka. Það stækkar í áttina að Borgarnesi og austur að Árborg þannig að við

hefðum í sjálfu sér, ef við ætluðum að vera verulega metnaðarfull, átt að skoða þessa hluti ofan í kjölinn. Við hefðum átt að efna til samræðu við öll sveitarfélögin á þessu svæði og hæstv. menntamálaráðherra er lykilmanneskja í þeim efnum. Hæstv. menntamálaráðherra hefði átt að beita sér fyrir því í hléinu sem við höfðum í umfjöllun um þessi mál í sumar að efna til viðræðu við þessi sveitarfélög til þess að tryggja öflugan rekstrargrundvöll Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Svo kemur reyndar inn í þetta líka samstarf Sinfóníuhljómsveitarinnar hér við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Í sjálfu sér held ég að það hafi alveg verið full efni til að ræða það á breiðum grunni. Ég tel og ítreka að það hefði átt að vera í verkahring hæstv. menntamálaráðherra að gera það og gangast fyrir slíkum umræðum.

Samkvæmt umsögn Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem kom til menntamálanefndarinnar á síðasta vetri eða síðasta vor, þá taldi starfsmannafélagið að ýmsir lausir endar væru í þessum málum og taldi að mörg atriði væru óskýr um það hvað hæstv. menntamálaráðherra sæi fyrir sér í þeim samningi sem starfsmannafélagið taldi nauðsynlegt að gerður yrði milli sveitarinnar og Ríkisútvarpsins. Maður spyr sig til dæmis: Hvað ef útvarpsstjóri sem samkvæmt lögunum um Ríkisútvarpið verður afar valdamikil persóna, hvað ef einhver útvarpsstjóri verður nú alls ekki áhugasamur um Sinfóníuhljómsveitina eða um tónlist Sinfóníuhljómsveitarinnar? Verður það þá í hans verkahring á einhvern hátt eða gæti það orðið í hans verkahring að stjórna því á hvern hátt Sinfónían kæmist að í Ríkisútvarpinu? Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að svara spurningum á borð við þessa.

Starfsmannafélagið taldi líka nauðsynlegt — og ég kannski kalla þá eftir því úr því að hæstv. ráðherra hefur lagt það hér til að Sinfóníuhljómsveitin og Ríkisútvarpið eigi að gera með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar — þá er kannski nauðsynlegt að það sé sagt örlítið meira í þeim efnum þar sem ólík sjónarmið gætu ráðið hjá Ríkisútvarpinu og hjá sveitinni. Mér finnst vanta þarna einhvers konar „mandat" eða einhvers konar vegvísi frá stjórnvöldum, frá hæstv. menntamálaráðherra um það hvað ráðherrann sjálf sér í þessum efnum því að mér finnst það ekki liggja ljóst fyrir að Sinfóníuhljómsveitin eigi jafngreiðan aðgang að Ríkisútvarpinu og verið hefur með þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitarinnar benti á ákveðið misræmi í lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands sem varðaði orðalag b-liðar 1. mgr. 3. gr. um framlag útvarpsins sem félli brott. Sinfóníuhljómsveitin óskaði þar eftir ákveðnum skýringum sem ég sé ekki að þetta nýja frumvarp eða þetta endurnýjaða frumvarp leysi úr. Svo hófst reyndar líka í menntamálanefnd um þetta leyti umræða um hljóðfæraeign Sinfóníuhljómsveitarinnar. Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitarinnar sagði okkur í bréfi sem nefndinni var sent að það teldi rétt að hljóðfæri sem keypt hefðu verið til notkunar í Sinfóníuhljómsveit Íslands en væru eign Ríkisútvarpsins kæmu í hlut Sinfóníuhljómsveitar Íslands með þessum breytingum þegar þessi lagalegu tengsl stofnananna yrðu rofin. Hæstv. menntamálaráðherra nefndi það ekkert í flutningsræðu sinni hvort einhver breyting yrði hér gerð á. En það væri fengur að því að fá frekari sjónarmið í þeim efnum fram nú í umræðunni.

Það hefur ekki verið orðið við hugmynd starfsmannafélagsins sem taldi nauðsynlegt að listrænum sjónarmiðum yrði gert hærra undir höfði í stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Starfsmannafélagið talaði um að með því mundi skerpast listræn stefnumótun hljómsveitarinnar og að stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands mundi þá veita hljóðfæraleikurum og öðru starfsfólki Sinfóníuhljómsveitarinnar nauðsynlegan stuðning til listrænna afreka. Í þessu sambandi benti starfsmannafélagið á hvernig skipað væri í þjóðleikhúsráð og gerði að tillögu sinni að Félag íslenskra hljómlistarmanna fengi tækifæri til þess að skipa fulltrúa í verkefnavalsnefnd sveitarinnar. En við því hefur heldur ekki verið orðið þó ekki séu sýnileg rök gegn því að verða við þeim tilmælum starfsmannafélagsins.

Hæstv. forseti. Í grunninn lít ég svo á að Sinfóníuhljómsveit Íslands eigi það inni hjá okkur alþingismönnum að við förum nákvæmar í málefni sveitarinnar en mér sýnist vera ætlunin hér. Nú tek ég það raunar fram að við eigum eftir að senda málið til umsagnar þeirra aðila sem veittu okkur umsagnir í fyrra og jafnvel einhverra fleiri. Það er komin fram í menntamálanefnd ósk um að Ríkisútvarpsfrumvarpið verði sent út til umsagnar, en ákveðin mótmæli voru nú bókuð við það á fundi nefndarinnar í morgun þar sem hv. formaður nefndarinnar hafði þá ekki í huga að senda það frumvarp sem við hér ræðum í sama pósti heldur virtist hann ætla að aðskilja málin og greinilega líka að aðskilja þessi mál frumvarpinu um umhverfi fjölmiðla almennt. Við það gerði ég athugasemd því ég tel mjög mikilvægt að skoða þessi mál heildstætt, málefni Ríkisútvarpsins, málefni Sinfóníuhljómsveitarinnar og málefni á fjölmiðlamarkaði almennt. Ég vona því að enn sé von í þeim efnum, þ.e. að nefndin geti sent þessi mál samhliða út þannig að við getum fengið umræðuna sem breiðasta í nefndinni.

Hæstv. forseti. Að þessu mæltu geri ég ráð fyrir því að menntamálanefnd eigi eftir að taka hér til umfjöllunar frekar þær breytingar sem gerðar voru á milli þinga á frumvarpinu. Ég lít svo á að hér eigi eftir að verða ákveðin átök á milli sjónarmiða þeirra sem vilja að Sinfóníuhljómsveitin verði áfram sterk og hafi rótföst tengsl við Ríkisútvarpið og hinna sem vilja kannski slíta þessi tengsl, en það hefur fólgnar í sér þær hættur sem ég hef gert grein fyrir í máli mínu.

[12:31]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ljóst sé, miðað við þær fréttir sem hv. þingmaður sagði áðan um fundinn í menntamálanefnd, að eftir að stjórnarandstaðan hafnaði því að þessi mál yrðu rædd saman, Ríkisútvarpið ehf. og Sinfóníuhljómsveitin, að ekki sé gefið að þau verði send út saman. Stjórnarandstaðan hafnaði því að þessi mál yrðu rædd saman og hvaða rök eru þá með því að þau verði send út saman? Það segir sig sjálft að það er ekkert sem hægt er að gefa sér í þeim efnum. Mér finnst það í rauninni sjálfafgreitt miðað við afstöðu stjórnarandstöðunnar varðandi umræðuna um Ríkisútvarpið. Fyrst hún neitaði að ræða þessi tvö mál saman, þetta mál sem er sérstaklega afsprengi eins og ég gat um

Ríkisútvarpsins ohf. — af hverju ætti þá að bíða með að senda þau út þar til þetta er líka búið? Þetta er því afskaplega eðlilegt viðhorf hjá formanni menntamálanefndar.

En það var ekki þess vegna sem ég kom hingað upp heldur fyrst og fremst til að taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur varðandi það að tengsl Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins séu mikilvæg. En við vitum að það er að sjálfsögðu ágreiningur um rekstrarform Ríkisútvarpsins ohf. og við vitum hver afstaða hv. þingmanns í því máli er. Það er hins vegar alveg ljóst að fyrir liggur skýr vilji til að efla tengslin við Sinfóníuhljómsveitina ef eitthvað er.

Það má líka segja að sem betur fer hafa menn alltaf skoðanir á dagskrá Ríkisútvarpsins. Ég var á fundi síðast í gær með góðum hópi af skólafólki og þar spyrja menn: Sinnti Ríkisútvarpið nægilega vel umfjöllun og umsögnum um frábæran flutning á Eddunni eftir Jón Leifs sem var frumflutt um daginn hjá Sinfóníuhljómsveitinni? Hver og einn hefur sínar skoðanir á því hvernig og hversu miklu á að miðla. Ég ítreka að það er mikilvægt að tengslin verði áfram sterk á milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar.

[12:34]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að hæstv. ráðherra er sammála okkur í því að þessi tengsl eigi að vera sterk. Þá verðum við líka að gera lagaumgerðina þannig úr garði að það sé tryggt. Ég tel svo ekki vera með þeim breytingum sem hæstv. ráðherra ætlar að fara í á Ríkisútvarpinu og um leið á Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Hvað varðar kröfu stjórnarandstöðunnar þess efnis að rætt verði heildstætt um fjölmiðlamál á Alþingi Íslendinga þá hefur sú krafa alltaf verið á þann veg að frumvörpin þrjú sem um ræðir verði rædd heildstætt. Að sjálfsögðu ekki öll í einum og sama ræðutímanum, hvert mál fyrir sig á að hafa sérstakan ræðutíma. Annað væri fullkomlega óeðlilegt. Við gerðum þá kröfu, þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að hin almennu mál, almennt umhverfi fjölmiðla, yrðu rædd fyrst sem er eðlilegt. Síðan gætum við rætt sérlögin, Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveit Íslands, og okkar mál sem hefur verið lagt fram, þ.e. mál Ríkisútvarpsins. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ævinlega lagt það mál fram á sama tíma og hæstv. menntamálaráðherra hefur lagt fram hugmyndir sínar til breytinga. Það er því krafa okkar að málin fari öll á sama tíma til umsagnar, þ.e. mál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, málið um Ríkisútvarpið, málið um Sinfóníuhljómsveitina og síðast en ekki síst málefni fjölmiðla almennt. Umsagnaraðilar eiga ekki að fá þessar beiðnir í fjórum mismunandi umslögum eins og nefndin geri ráð fyrir að umsagnaraðilar gefi fjórar ólíkar umsagnir. Það er mergurinn málsins að við óskum eftir umsögnum um þetta heildstætt frá þeim aðilum úti í bæ sem við krefjum um umsagnir.

[12:36]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum ræða hlutina eins og þeir eru. Það var alveg ljóst að stjórnarandstaðan ætlaði að reyna að stoppa bæði þetta og Ríkisútvarpið ohf., neitaði að ræða það saman. Það er vitað mál að það frumvarp sem við erum að ræða núna — og ég bið hv. þingmenn að sýna sanngirni — hefði ekki komið fram nema af því að við erum að ræða Ríkisútvarpið ohf. Því var eðlilegt að fara fram á að þessi tvö mál að minnsta kosti yrðu rædd saman en því hafnaði stjórnarandstaðan. Ef hún segir A getur hún ekki sleppt því að segja B eins og margir hafa rætt um. Því er afar eðlilegt að menn velti þeim möguleika fyrir sér að þau verði send út hvort í sínu lagi.

Ég skil að stjórnarandstaðan hafi sömu sjónarmið og ég hvað það varðar að þessi mál hangi saman. En við vitum náttúrlega varðandi fjölmiðlaumræðuna sem slíka (Gripið fram í.) að þess var alltaf krafist að ræða þessi mál saman. Það var aldrei talað um að ræða þetta í aðskildum ræðutímum. Það var alltaf talað um að ræða þessi mál saman.

Síðan voru önnur atriði sem hv. þingmaður kom inn á í ræðu sinni áðan, m.a. aðkoma Reykjavíkurborgar. Ég tel mig hafa farið nokkuð ítarlega yfir það í ræðu minni. Ég er engu að síður þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að Reykjavíkurborg og ríkið komi saman að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég tel ekki sjálfgefið að bæirnir í kringum Reykjavík, hvort sem það er kraginn, Selfoss eða Árborg og Borgarnes, komi sjálfkrafa inn í reksturinn. Þessir bæir koma t.d. ekki að rekstri tónlistar- og ráðstefnuhússins. Hvernig verður framtíðin varðandi umhverfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands? Það verður náttúrlega glæsilegt með tilkomu tónlistar- og ráðstefnuhússins. En það eru ríkið og Reykjavíkurborg sem eru að byggja það upp saman. Ég tel því mikilvægt að þeir tveir aðilar hafi líka og beri ábyrgð á því að reka Sinfóníuhljómsveitina.

[12:38]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst ámælisvert að hæstv. ráðherra skuli ekki beita sér fyrir því að samtalið fari fram á milli Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytis og mögulega á milli Reykjavíkurborgar, menntamálaráðuneytis og sveitarfélaganna hér í kring. Þó að Seltjarnarnesbær vilji ekki leggja til sveitarinnar eins og málum er háttað horfði málið kannski öðruvísi við ef öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu væru inni í þeirri umræðu og ef verið væri að búa til tryggari vettvang undir starfsemi sveitarinnar. Þá ætla ég bæði sveitarstjórnarmönnum á Seltjarnarnesi og í öðrum sveitarfélögum í kringum höfuðborgina að þeir átti sig á því að Sinfóníuhljómsveit Íslands sé þjóðarhljómsveit og að þeir íbúar sem eru á svæðinu eigi greiðari aðgang að henni og tónleikum hennar en aðrir sem fjær búa. Ég hefði talið eðlilegt að frumkvæðið að umræðunni væri hjá hæstv. menntamálaráðherra en ekki að hæstv. menntamálaráðherra lokaði á möguleikann eins og mér sýnist hafa gerst hér.

Varðandi umfjöllun þessara mála í þinginu er alveg ljóst hver krafa okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefur verið allan tímann. Það er vitað að um deilumál er að ræða. Það vitum við öll. Það er því kannski í verkahring hæstv. menntamálaráðherra að sýna ákveðið umburðarlyndi og víðsýni í þeim efnum, að við fáum að ræða þessi mál eins og við viljum ræða þau. Það er fullkomlega eðlileg

krafa frá stjórnarandstöðunni að fá sjálfstæðan ræðutíma um hvert mál af þessum þremur.

Það var líka sjálfsagt mál hjá stjórnarliðum og hjá þingstjórninni og forsetum Alþingis að heimila að mál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væru til umfjöllunar úr því að búið var að leggja það fram áður en þessi mál komu til umræðu. Sú krafa sem við setjum fram er því eðlileg, að okkar mál fái að fylgja þessum málum til umsagnar hjá þeim aðilum sem gefa Alþingi umsagnir og góð ráð í þessum efnum. Ég held enn þá vakandi þeirri kröfu í menntamálanefnd að öll þessi mál fái að fara saman í einni spyrðu og sama umslagi til umsagnaraðila utan þings.

[12:40]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Vegna þessarar sérkennilegu umræðu milli hæstv. menntamálaráðherra og hv. þingmanns er rétt að taka fram í fyrsta lagi að allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lagt fram á síðustu þingum mál um Ríkisútvarpið. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa veri duglegir að endurflytja mál. Ég held að það komi nú fram í þriðja sinn sem hér hefur verið minnst á. Frjálslyndi flokkurinn hefur líka lagt fram athyglisverða þingsályktunartillögu. Ég held að hann hafi gert það í þriðja sinn á síðasta þingi, hefur ekki gert það núna. Á næstsíðasta þingi lögðum við fram þingsályktunartillögu sem í sjálfu sér er í fullu gildi þó við höfum ekki sinnt um, og hefðum kannski betur gert, að leggja hana fram aftur. Þegar um þetta er rætt er því rétt að hafa í huga að fyrir liggur frá ríkisstjórnarflokkunum báðum, eða a.m.k. einhverjum parti af Framsóknarflokknum auk Sjálfstæðisflokksins — nema þá náttúrlega þeim þremur í sölunefndinni, sem eru hv. þm. Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson sem allir stefna hátt í prófkjörinu. Auk þessarar tillögu um hlutafélag með einræðislega stjórnskipun undir pólitískum áhrifum liggja sem sagt fyrir þrjú þingmál um Ríkisútvarpið frá síðustu þingum. Auðvitað ættu þau öll að fara í sameiginlega umræðu hjá umsagnaraðilum og úti í samfélaginu.

Í öðru lagi er sérkennilegt að menntamálaráðherra skuli koma hingað upp og segja það sem í kurteislegri umræðu í Frakklandi er kallaður andsannleikur, af því að menn vilja ekki taka stórt upp í sig í franska sjónvarpinu, um afstöðu stjórnmálamanna í borgarstjórn Reykjavíkur til málsins. Því var haldið fram að einn af þeim flokkum sem stóðu að síðasta borgarstjórnarmeirihluta væri á einni skoðun og annar á einhverri annarri skoðun.

Athugasemdir formanns menntaráðs — held ég að það hafi heitið á þeim tíma líka — vörðuðu einmitt það að Reykjavíkurborg vildi gjarnan ræða við ríkisvaldið, við menntamálaráðherra, um framtíð Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þær athugasemdir var ekki öðruvísi að skilja og alls ekki á þann hátt sem menntamálaráðherra er að reyna að túlka hér í þingsal og koma í Alþingistíðindi, að hann — Stefán Jón Hafstein er hér um að ræða, ágætan stjórnmálamann og virtan á menningarsviði — eða flokkur hans væri að lýsa því yfir að Reykjavík ætlaði ekki að koma nálægt rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Það er bara, svo ég vitni aftur í Frakkana, andsannleikur svo maður tali kurteislega eins og ber að gera við hæstv. menntamálaráðherra sem er ákaflega kurteis stjórnmálamaður eins og dæmin að sjálfsögðu sanna.

Þegar menntamálaráðherra reynir að verjast þessari spurningu um samráð við Reykjavíkurborg verður að muna að í sjálfum lögunum, eins og þau standa núna, er tiltekið um samráð. Það er í 2. mgr. 3. gr. og það er gert með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Með samþykki rekstraraðila“ — sem eru núna ríkissjóður, Reykjavík, Seltjarnarnes — „getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.“

Það er sem sagt tiltekið að ef breytingar verða á rekstraraðildinni eigi menntamálaráðherra að hafa samband við hina rekstraraðilana og bera það undir þá með hvaða hætti þetta getur gerst. Þó það standi ekki hér berum orðum mundi hvaða lögfræðingur sem vera skal gagnálykta að ef verið er að hleypa burt einum rekstraraðila eða reka burt hlóti að vera haft samráð við hina. Annað væri fullkomlega óeðlilegt í venjulegum samskiptum í mannlífinu og sérstaklega vegna þess að það stendur í lögunum. Það opnast því kannski möguleiki á því fyrir hinn nýja og djarfhuga meiri hluta í Reykjavíkurborg að fara í mál við menntamálaráðuneytið á grunni þessarar setningar í lögunum.

Athugasemdir Reykjavíkurborgar fyrr og væntanlega síðar fjalla um að Reykjavíkurborg vill gjarnan hafa samráð við aðra rekstraraðila, nú menntamálaráðuneytið eitt sér ef þessi lög ganga í gegn, um það hver eigi að vera framtíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það forðast hins vegar menntamálaráðherra af einhverjum ástæðum. Hún vill ekki fara í þær samræður. Kannski vegna þess að þær varða önnur samstarfsmál skrifstofu menntamálaráðherra og Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Það kann að vera. Af því að allt er strand á einhverjum öðrum sviðum þá borgi sig ekki fyrir hæstv. menntamálaráðherra af einhverjum samningatæknilegum ástæðum að gera það.

En þetta á Sinfóníuhljómsveitin ekki skilið. Þetta á hin 57 ára gamla dóttir Ríkisútvarpsins, Sinfóníuhljómsveit Íslands, ekki skilið. Hún á það skilið að menntamálaráðherra taki hana í alvöru og taki lög um hana og lagabreytingar á því sviði alvarlega, sem hinn ágæti fyrrverandi menntamálaráðherra, Svavar Gestsson, bar hér fram til sigurs á sínum tíma. Það gerir menntamálaráðherra ekki, heldur lítur menntamálaráðherra á þetta lagafrumvarp um Sinfóníuhljómsveitina sem einhvers konar botnlanga, einhvers konar viðhengi eða hala á frumvarpi sínu um hlutafélagsvæðingu og áframhaldandi pólitíska stjórn á Ríkisútvarpinu.

Þess vegna hef ég gert athugasemdir í hvert einasta sinn sem menntamálaráðherra hefur komið þeim tilmælum til forseta að þetta væri rætt í einu lagi. Vegna þess að það er auðvitað alveg augljóst að ef við hefðum hlýtt þeim tilmælum menntamálaráðherra, þá hefði ekkert verið rætt um Sinfóníuhljómsveitina vegna þess að Ríkisútvarpið sjálft, hlutafélagsvæðing þess og þessi stjórnskipan sem þar á að leggja til, auk nefskattsins og þess alls saman svo ég eyði ekki meiri tíma í Ríkisútvarpið nú, hefði komið í veg fyrir að við ræddum hana.

Þetta er ákaflega furðuleg afstaða hjá menntamálaráð-

herra. Það er líka furðulegt að hún skuli vera að snúa út úr því hvaða mál menn vildu ræða saman að öðru leyti. Að hún skuli rugla saman fjölmiðlafrumvarpinu og Sinfóníuhljómsveitinni í þessu efni. Ég lít á Sinfóníuhljómsveitarmálið, svo það sé klárt, sem sjálfstætt mál. Ég er algjörlega ósammála menntamálaráðherra um að það hefði ekki komið fram nema Ríkisútvarpsmálið hefði komið fram. Vegna þess, eins og menn vita sem hafa komið nálægt annarri hvorri þessari stofnun eða fyrirtæki, eða báðum, þá hefur lengi verið um það rætt báðum megin borðs, að það fyrirkomulag sé óheppilegt að Ríkisútvarpið sé rekstraraðili Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég er sammála því sjónarmiði og þess vegna sammála meginefni þessa frumvarps, alveg öfugt við frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. vegna þess að ég tel að það gamla fyrirkomulag eigi ekki að gilda lengur. Tíminn hafi sýnt fram á að það sé ekki heppilegt.

Ég hef áður rakið í umræðum um þetta mál, vegna þess að það hefur aldrei mátt samþykkja þetta, þó menn væru reiðubúnir að taka það til afgreiðslu, þá hefur það aldrei mátt gera vegna stífni í menntamálaráðherra. Við hefðum getað afgreitt þetta í vor og líka í fyrravor. En það hefur ekki staðið til vegna þess að menntamálaráðherra vill þjappa þessu öllu saman í einn punkt, í einn átakspunkt, samanber þjónustusamningsdrögin sem ekki koma hlutafélaginu neitt við en samt er sagt að hlutafélagið sé forsenda þeirra, þannig að breytingar séu allar háðar þessari pólitísku þráhyggju menntamálaráðherra með hlutafélagsvæðingu Ríkisútvarpsins. — Nú man ég ekki hvernig þessi setning byrjaði en bið áheyrendur og seinna lesendur að afsaka það.

Ég held ég þurfi ekki að rekja rökin frekar fyrir því að ég sé sammála þessu. Ég hef gert það áður. Hins vegar legg ég, eins og aðrir ræðumenn, áherslu á samvinnu Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar sem verið hefur allt of lítil þrátt fyrir þessi tengsl. Það er bara staðreynd. Ég var glaður að sjá að margar sjónvarpsvélar voru á hinum merkilegu hljómleikum þar sem frumflutt var Edda I, eftir Jón Leifs. Ég vona að það hafi verið sjónvarpsvélar Ríkisútvarpsins. En það er satt að segja í fyrsta sinn í langan tíma sem ég verð var við sjónvarpsvélar á sinfóníutónleikum. Ég er ekki tíður gestur en hef þó verið áskrifandi hin síðari ár. Þetta er í fyrsta sinn sem ég sé það og ég hef heldur ekki orðið var við það á dagskrá sjónvarpsins mjög lengi að þar sé þessum tónleikum eitthvað sinnt. Veit ég vel að þeir eru sendir út á fimmtudagskvöldum á Rás 1.

Ég vil að auki í umræðunni, þó að það hafi komið fram áður, ég tel mig hafa gert þátttöku Reykjavíkurborgar og þessari skrýtnu vendingu með Seltjarnarnes nokkur skil, hrósa meðan ég man menntamálaráðherra fyrir að nú í fyrsta skipti, í þriðja sinn sem þetta frumvarp er lagt fram, stenst frumvarpið sjálft. Það hefur frumvarpið nefnilega ekki gert áður. Það hefur þurft okkur í minni hluta menntamálanefndar, og okkur hér sem höfum rætt þetta úr þessum stól, til að benda á það.

Ég held að í fyrsta sinn hafi það verið þannig að þrátt fyrir að þessi tengsl væru afnumin átti Ríkisútvarpið að eiga fulltrúa í stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar af ókunnum orsökum. Síðan gleymdist í fyrra að taka út klausuna um að Ríkisútvarpið, vegna rekstraraðildarinnar, hefði rétt til að útvarpa tónleikunum. Ég vil hrósa menntamálaráðherra og hennar fólki fyrir að hafa tekið mark á þessum ábendingum loksins og fyrir að leggja nú fram frumvarp sem stenst. Ef það verður samþykkt þá stenst það við þau lög sem það á að breyta. Það var nefnilega ekki áður.

Ég vil svo gera orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að mínum. Við höfum rætt það áður að það er undarlegt og sýnir kannski þau handarbakavinnubrögð sem enn leifir af í frumvarpinu að menntamálaráðherra eða ráðuneytið, eins og hér er sagt, skrifstofa ráðherra, og er náttúrlega ekki annað en skrifstofa ráðherra, skuli eiga að eiga tvo fulltrúa í stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar sem er algjörlega óþarft og miklu nær að að þessu komi fagmenn, t.d. hljómlistarmenn, eins og Kolbrún rakti úr áliti — ég man nú ekki hvort það voru starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar eða FÍH — við frumvarpið síðast.

Ég hef, að vísu nokkuð samhengislausara en ég ætlaði, lýst meginafstöðu okkar samfylkingarmanna til málsins, sem er sú að við erum sammála meginefni þess. Við leggjum áherslu á, þar sem við fengum vísbendingar um það í fyrra í starfi menntamálanefndar þó maður viti ekki hvaða hald er í því, að Sinfóníuhljómsveitin og Ríkisútvarpið verði áfram eins og systur og starfi vel saman.

Ég hef gert athugasemdir við einstakar greinar í frumvarpinu, sérstaklega við starfsmannagreinina. Ég hef gert athugasemdir, og aðrir stjórnarandstæðingar með mér, þrem sinnum við það að ekki skuli vera haft samráð við rekstraraðila, eins og þó er tiltekið í lögunum, þ.e. við Reykjavík. Mér finnst dapurlegt að menntamálaráðherra skuli ekki hafa drifið sig í — vegna þess að þetta frumvarp er ekki flutt í fyrsta sinn, aldrei mátt sem sé afgreiða það — að gera ofurlítið heildstæðari endurskoðun á lagaramma Sinfóníuhljómsveitarinnar og kannski könnun á framtíðarmöguleikum hennar.

[Fundarhlé. — 12:54]

[13:30]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. forseta ræðum við frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hæstv. menntamálaráðherra hefur talað fyrir frumvarpinu.

Fyrir okkar hönd í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefur hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gert grein fyrir afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þessa máls.

Ég vil bæta örfáum orðum við frá eigin brjósti og byrja á að taka undir þá röksemd sem kom frá hv. þm. Merði Árnasyni, að í reynd væri hægt að aðskilja þetta frumvarp frá frumvarpi ríkisstjórnarinnar um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins.

Það var athyglisvert að hlýða á málflutning hæstv. menntamálaráðherra hvað þetta snertir því hún sagði að þetta frumvarp væri óaðskiljanlegur hluti af markaðsvæðingu Ríkisútvarpsins eða frumvarpi ríkisstjórnarinnar um að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Enda segir í upphafi greinargerðar með frumvarpinu einmitt á þá leið að frumvarpið sé liður í endurskipulagningu á rekstri Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytið hefði unnið að samningu frumvarps þar sem ráðgert sé að breyta rekstri Ríkisútvarpsins í hluta-

félag. Og af þeim sökum, vegna þessa, sé eðlilegt að fella úr gildi þá lagaskyldu að Ríkisútvarpið greiði sem nemur 25% af rekstri hljómsveitarinnar. Þannig að ríkisstjórnin sér þetta sem óaðskiljanlega hluta af hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Það er athyglisvert að vegna markaðsvæðingarinnar þurfi að skera á tengslin milli Ríkisútvarpsins annars vegar og Sinfóníuhljómsveitarinnar hins vegar.

Mig langar til að gera þessi nánu tengsl á milli þessara tveggja stofnana að umfjöllunarefni í fáeinum orðum. Rifja upp að það var Ríkisútvarpið og tónlistardeildin þar sem hafði forgöngu um að hrinda Sinfóníuhljómsveitinni af stokkunum fyrir 56 árum. Því þá var það gert með samþykki yfirstjórnar Ríkisútvarpsins. Það fékkst styrkur frá ríkinu og Reykjavíkurborg sem veittur var á fyrstu árunum en það gekk á ýmsu á þessum uppvaxtarárum stofnunarinnar, Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hún lenti í mikilli fjárhagskrísu í upphafi 7. áratugarins en þá hljóp Ríkisútvarpið undir bagga og tryggði stöðu hljómsveitarinnar í meira en tvo áratugi.

Það var svo ekki fyrr en árið 1982 að sett voru lög um Sinfóníuhljómsveitina og er sá lagagrunnur enn við lýði. Þar var kveðið á um að hlutur Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands skyldi vera 25% en á móti bæri Sinfóníuhljómsveitinni að veita stofnuninni þjónustu sem skilgreind var í ítarlegum samningi sem gerður var milli þessara aðila.

Hann var í þremur liðum. Í fyrsta lagi, heimild til að útvarpa beint eða síðar upptökum af öllum áskriftartónleikum hljómsveitarinnar og öðrum tónleikum á hennar vegum. Í þessu var innifalin þátttaka stjórnenda, einleikara og söngvara. Í öðru lagi, heimild til að sjónvarpa tónleikum eða taka þá upp fyrir sjónvarpið til flutnings án endurgjalds. Í þriðja lagi, vinna við upptökur í þágu Ríkisútvarpsins, 25 vinnulotur á ári, allt að 3½ klukkustund hver lota, ásamt ótakmörkuðum flutningsrétti á upptökum.

Hvað fyrsta atriðið snertir þá hefur því verið bærilega sinnt því útvarpað hefur verið um 35 sinfóníutónleikum á ári, eða sem svarar til 80–90 klukkustunda af útvarpsefni. Ég held það deili enginn um að tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands sé glæsilegur þáttur í íslenskum tónlistarflutningi Rásar 1 og mikil skrautfjöður í dagskránni. Þess má geta að þetta efni hefur einnig verið notað bæði í endurflutningi og í efnisskiptum við erlendar útvarpsstöðvar.

Varðandi annan liðinn, þ.e. sjónvarpsheimildina, þá hefur hún ekki verið nýtt sem skyldi. En þarna eru að sjálfsögðu mikil verðmæti sem Ríkisútvarpið hefur vannýtt.

Hvað þriðja liðinn áhrærir, þá var upptökutími Ríkisútvarpsins lengi vel nýttur bærilega. En á því hefur slaknað á síðustu árum. Eins og ég gat um var talað þar um 25 vinnulotur. Upphaflega var talað um 5 vinnuvikur. Það er um 10% af virkum árlegum starfstíma hljómsveitarinnar og ef þetta væri nýtt erum við að tala þarna um á sjötta tug millj. kr. í verðmætum.

Ég vil minna á að ástæðan fyrir því að Ríkisútvarpið gerði sitt til að Sinfóníuhljómsveit Íslands varð til, var til að styrkja og bæta tónlistarflutninginn í Ríkisútvarpinu. Þetta var til að styrkja Ríkisútvarpið. Þegar þessi samningur er skoðaður, bæði hvernig hann hefur verið nýttur og einnig hitt hvernig hann hefur verið vannýttur, þá kemur í ljós að framlag Ríkisútvarpsins til Sinfóníuhljómsveitarinnar hrekkur varla til að dekka þann kostnað. Þannig að það eru mikil áhöld um hvort Ríkisútvarpið fer vel út úr þessum skiptum. Ég hef miklar efasemdir um það.

Auk þess sem ég minnist þess vel, sem starfsmaður Ríkisútvarpsins, hvernig sjónarmið þáverandi forstöðumanna stofnunarinnar voru, þ.e. Andrésar Björnssonar, Jóns Þórarinssonar og þeirra sem þá réðu ríkjum, hve mjög þeir báru hag Sinfóníunnar fyrir brjósti, Ríkisútvarpsins vegna. Ekki aðeins vegna Sinfóníunnar heldur Ríkisútvarpsins vegna. Þeir litu jafnan svo á að Ríkisútvarpið ætti að sækjast eftir því að axla menningarlegar skyldur. Þetta væri veigamikill þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Nú er hins vegar talað um Sinfóníuna sem bagga á Ríkisútvarpinu og að bæta þurfi stöðu og hag Ríkisútvarpsins með því að létta þeim bagga af stofnuninni. Þannig hefur það oft verið orðað í þessari umræðu. Það var hins vegar ekki upp á teningnum í máli hæstv. menntamálaráðherra í framsögu hennar áðan. Því eins undarlegt og það kann nú að hljóma sagði hún að frumvarpið væri sett fram til að efla tengslin á milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníunnar ef eitthvað væri. Ég man ekki nákvæmlega hvernig hæstv. ráðherra orðaði það. En eitthvað á þá leið að frumvarpið yrði og væri til þess fallið að efla tengslin á milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníunnar.

Ég spyr þá: Í ljósi þessa samnings sem nú er til staðar sem ekki hefur verið uppfylltur, hvers vegna í ósköpunum beitir hæstv. menntamálaráðherra sér ekki fyrir því að Ríkisútvarpið sæki rétt sinn til Sinfóníunnar? Og axli auk þess þær menningarlegu skyldur sem því ber að axla?

Mér finnst óskaplega dapurlegt hvernig komið er fyrir ríkisstjórninni og þeim sem ráða ríkjum í Ríkisútvarpinu, að vilja skera á þessi tengsl. Mér finnst það óskaplega dapurlegt. Áður kvað við annan tón innan úr Sjálfstæðisflokknum. Þar hafa verið mjög sterkar raddir sem hafa talað í alveg gagnstæða átt og ég minni þar á greinaskrif t.d. Jóns Þórarinssonar tónskálds, fyrrverandi dagskrárstjóra hjá Ríkisútvarpinu, sem hefur varað mjög við þessu í blaðagreinum sem hann hefur skrifað.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frumvarp að sinni. Það á eflaust eftir að koma aftur til umfjöllunar hér í þingsölum fari svo að samstaða náist um það í menntamálanefnd að setja þetta aftur fyrir þingið. En ég vil hins vegar ítreka þá kröfu sem fram hefur komið frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að frumvarp þingflokksins um Ríkisútvarpið verði tekið hér á dagskrá, tekið til umfjöllunar samhliða því sem hæstv. menntamálaráðherra talar um sem óaðskiljanlegan pakka, Ríkisútvarpið, Sinfóníuna og annað frumvarp, tekið samhliða til umfjöllunar í menntamálanefnd og sent út til umsagnar samhliða, þannig að allir þeir sem fái frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið og þá þessi tengsl sem skera á við Sinfóníuna, til umfjöllunar, fái þann pakka heildstæðan.

Ég frábið mér að þurfa eina ferðina enn að hlusta á að stjórnarandstaðan sé andvíg þessu. Við vorum andvíg því að þessi mál yrðu rædd í einum og sama ræðutímanum. Við vildum að þau færu öll saman, reyndar í annarri forgangsröð en ríkisstjórnin vildi, og yrðu öll rædd í samhengi. En hæstv. menntamálaráðherra er að reyna að drepa þessu máli

á dreif og blekkja fólk með því að segja að við höfum hafnað því að svo yrði gert vegna þess að við vildum ekki að þau yrðu rædd í sama ræðutímanum. Þetta eru útúrsnúningar og ég ætla að vona að hæstv. ráðherra reyni ekki eina ferðina enn að drepa málinu þannig á dreif. Þess vegna spyr ég alveg beint: Finnst hæstv. menntamálaráðherra ekki eðlilegt að þau frumvörp sem liggja fyrir þinginu um breytingar á stjórnskipan Ríkisútvarpsins, komi samhliða til afgreiðslu og að þeir sem fá málin til umfjöllunar fái þau samtímis þannig að hægt sé að fjalla um þá valkosti sem Alþingi býður upp á?

[13:43]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það tal sem hv. þingmaður nefnir útúrsnúninga þá held ég að í því samhengi sé hollt að benda einfaldlega á að stjórnarandstaðan hafnaði því að ræða þessi tvö mál saman, Ríkisútvarpið og Sinfóníuna. Stjórnarandstaðan getur því ekki í sömu mund og hún hafnaði að ræða málin saman í þingsal krafist þess að málin verði samferða þegar þau eru komin úr þingsalnum. Stjórnarandstaðan sjálf kom í veg fyrir að málin væru rædd saman hér inni í þingsal.

Það er líka hollt fyrir okkur, herra forseti, að rifja upp sögu í þessu samhengi. Ég man að fulltrúi Vinstri grænna, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, kom að máli við mig þegar Ríkisútvarpið var til umræðu fyrir páska, fyrir einu og hálfu ári síðan. Þá var sérstaklega farið fram á það við mig að bíða með umræðuna til að hægt væri að ræða tvö mál saman. Hvaða mál? Fjölmiðlafrumvarpið og Ríkisútvarpið. Svo allt í einu koma menn hingað og segja: Nei, það má ekki ræða þau saman en samt saman. Menn verða að fara að ákveða sig í þessu máli.

Málið er bara að menn eru að reyna tefja umræðuna. Það er eins og það megi ekki segja það hérna í þingsalnum. Það er eins og það megi ekki segja það úr þessu ræðupúlti að stjórnarandstaðan er með sínum tækjum, sínum lýðræðislegu tækjum, sem heita þingsköp Alþingis, að tefja ákveðna umræðu. Þetta vitum við og þekkjum og þetta þekkir hv. þm. Ögmundur Jónasson manna best.

[13:45]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um það hvort við viljum þessi mál út af borðinu er svarið að sjálfsögðu já. Það höfum við sagt alveg tæpitungulaust, að sjálfsögðu viljum við það. En við fáum því ekki ráðið þannig að við erum að reyna að finna næstbesta kostinn, sem er að fá þessi mál rædd heildstætt. Við höfum sagt að það sé mikilvægt að ræða fyrst grunnlöggjöfina og síðan hin sértæku mál, Ríkisútvarpið og önnur sem þessu tengjast.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta. Mér finnst hæstv. ráðherra vera með útúrsnúninga og reyna að drepa málinu á dreif, en látum hlustendur um að meta það, við erum búin að segja þetta nægilega oft. Þess vegna spyr ég núna alveg beint aftur og vil fá svar við þeirri spurningu: Það liggur fyrir stjórnarfrumvarp um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi með breytingum á stjórnsýslu stofnunarinnar. Það er mjög umdeilt frumvarp. Það liggur fyrir annað frumvarp, sem einnig kann að vera umdeilt, frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, um breytingar á skipulagi Ríkisútvarpsins, tekur á svipuðum málum en á annan hátt. Er ekki eðlilegt og sanngjarnt að þessi mál komi samhliða til umfjöllunar og þá kannski fyrst og fremst hitt, að þau fari samhliða til umsagnar og verði samhliða rædd í þingnefndinni sem um þetta vélar? Nú langar mig til að fá svar við þessari einföldu spurningu minni.

[13:47]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki frekar en hv. þingmaður að dvelja lengur við það hvort ræða eigi málin saman. Það er a.m.k. ljóst að þegar tækifæri gafst, þegar stjórnarandstaðan var búin að tala um það á tveimur þingum að ræða þyrfti málin saman, og loksins þegar tækifærið gafst að ræða málin öll saman þverskallaðist stjórnarandstaðan við það. (Gripið fram í.) Það var allan tímann ljóst af hálfu stjórnarandstöðunnar að hún vildi ræða Ríkisútvarpið, hún vildi ræða Sinfóníuna og hún vildi ræða fjölmiðlafrumvarpið saman. Loksins þegar færi gafst gaf stjórnarandstaðan eftir, kiknaði í hnjáliðunum.

Síðan komum við að spurningu hv. þingmanns og ég segi eins og er: Það verður að líta til þingsögunnar um hvernig svona mál eru afgreidd. Ég tel það ekki sjálfkrafa og eðlilegt að öll þessi mál séu afgreidd saman, enda ber allt að sama brunni. Það sem má ekki segja héðan beint úr þingsalnum þegar menn koma fram með svona tillögur, hvað eru menn að gera þá? Þá eru menn ekkert annað að gera en að reyna að tefja framgöngu mála. Og ég segi sem flutningsmaður þriggja þessara mála: Að sjálfsögðu vil ég að mín mál komist áfram. Ég berst fyrir þeim alveg eins og hv. þingmaður og þingflokksformaður Vinstri grænna berst fyrir framgangi sinna mála á þingi og það eru lýðræðislegar reglur sem gilda um það hvernig málin koma fram. Á þeim er tekið í forsætisnefnd o.s.frv. Ég vil undirstrika það.

Síðan vil ég sérstaklega hnykkja á því að það er rangt sem hv. þingmaður kom inn á áðan í ræðu sinni. Við erum þó sammála um að báðar stofnanirnar, Ríkisútvarpið og Sinfónían, eru mikilvægar menningarstoðir í samfélaginu. Ég hef aldrei litið svo á að Sinfónían sé baggi á Ríkisútvarpinu. Ég lít hins vegar ekki þannig á að frumforsendan fyrir því að Sinfónían vaxi og dafni séu lagaákvæði til að binda og hnýta Ríkisútvarpið og hana saman. Ég hef trú á hlutafélagsforminu. Ég hef trú á því, eins og ég gat um í ræðu minni, (Forseti hringir.) að tengslin á milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníunnar, herra forseti, muni eflast ef eitthvað er.

[13:49]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Frumvarp þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs byggir á mikilli vinnu, á sér langar rætur og hefur fengið mjög góðan hljómgrunn hjá þeim sem um málið hafa fjallað, hvort sem það eru starfsmenn, hollvinasamtök eða aðrir. Að bera það á borð nú að það frumvarp sé sett fram einvörðungu til að tefja fyrir máli ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið er náttúrlega ekki boðlegt.

Ég spurði einnar einfaldrar spurningar, hvort ríkisstjórn-

inni þætti það vera sanngjarnt að mál sem snúast um sama hlutinn frá stjórn og stjórnarandstöðu fái ekki að koma saman til umfjöllunar í menntamálanefnd og fara saman út til umsagnar þannig að þeir sem fá málin til umsagnar sjái hvaða valkost er um að tefla, hvort þetta sé ekki sanngjarnt.

Þetta eru svörin sem við fáum. Ég ætla einfaldlega að láta hlustendum það eftir að dæma hver fyrir sig, hvað er sanngjarnt í þessu efni og ætla ég ekki að hafa frekari orð um það að sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:51]

**Útbýting:**

Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, 232. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 235.

Hrefnuveiðar, 262. mál, fsp. MÁ, þskj. 265.

Lega þjóðvegar nr. 1, 253. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 256.

Lyfjalög, 226. mál, frv. KJúl o.fl., þskj. 227.

Menntun blindra og sjónskertra, 263. mál, fsp. HHj, þskj. 266.

## *Almenn hegningarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 20. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 20.

[13:51]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Frumvarpið er samið að frumkvæði mínu af Ragnheiði Bragadóttur prófessor og felur í sér endurskoðun á ákvæðum laganna um eftirtalin brot: Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, kynferðisbrot gegn börnum og vændi.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi í kjölfar kynningar bæði á heimasíðu ráðuneytisins og umræðu í málstofu í Háskóla Íslands. Frumvarpið er nú lagt fram óbreytt og er það von mín að það verði samþykkt á Alþingi á þessu löggjafarþingi. Ég mun því ekki hafa framsöguræðu mína langa því að ég tel að þingmönnum sé vel ljóst hvað í frumvarpinu felst.

Helstu nýmælin eru:

Lagt er til að hugtakið nauðgun verði rýmkað mjög frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir að önnur kynferðisnauðung og misnotkun á bágu andlegu ástandi og því að þolandinn getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans teljist nauðgun. Við það munu brot þessi varða mun þyngri refsingu en nú er, eða fangelsi frá einu ári og allt að 16 árum í stað fangelsis allt að sex árum.

Þá er lagt til að lögfest verði ákvæði um nokkur atriði sem verka skuli til þyngingar við ákvörðun refsingar fyrir nauðgun. Eitt þeirra er ungur aldur þolenda.

Í öðru lagi er lagt til að lögfest verði almennt ákvæði um refsiábyrgð vegna kynferðislegrar áreitni.

Í þriðja lagi að refsing fyrir samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára verði þyngd og verði refsimörkin hin sömu og fyrir nauðgun, þ.e. fangelsi frá einu ári og allt að 16 árum. Með því er lögð áhersla á hve alvarleg þessi brot eru þegar þau beinast gegn börnum og tel ég þá nauðgun og kynmök við börn yngri en 14 ára alvarlegustu kynferðisbrotin í stað nauðgunar einnar áður.

Í fjórða lagi að lögfest verði ákvæði um heimild til refsilækkunar eða refsibrottfalls ef sá sem gerist sekur um samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en 14 ára er sjálfur á svipuðum aldri og þroskastigi og barnið.

Í fimmta lagi að upphaf fyrningarfrests kynferðisbrota miðist við 18 ára aldur brotaþola en ekki 14 ára eins og nú er. Refsihámark fyrir kynferðislega áreitni gegn börnum verði hækkað þannig að brot gegn yngstu börnunum munu fyrnast á lengri tíma en samkvæmt núgildandi lögum.

Í sjötta lagi að ákvæði 1. mgr. 206. gr. um refsingu fyrir að stunda vændi sér til framfærslu falli niður. Þess í stað verði lögfest ákvæði um refsinæmi þess að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan mann í opinberum auglýsingum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[13:54]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Virðulegur forseti. Nú hefur hæstv. dómsmálaráðherra mælt að nýju fyrir frumvarpi um breyting á almennum hegningarlögum og varðar málið fyrst og fremst kynferðisbrot. Þetta er ekki nýtt af nálinni og ég veit að mjög spennandi tímar eru fram undan í hv. allsherjarnefnd við að fara í gegnum það. Líka vil ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir afar gott vinnulag í málinu, þ.e. að standa fyrir umræðum, fá umsagnir í gegnum netið og annað til að styðja það besta í málinu og sjá í rauninni hvar mætti gera betur. Ég vil því fagna þessu nýja vinnulagi.

Ég veit að frumvarpið mun klárast hjá okkur í hv. allsherjarnefnd og í rauninni er allt gott í þessu frumvarpi. Auðvitað er það svo að sumir vilja ganga aðeins lengra í vissum málum, t.d. um fyrningarfrestinn í kynferðisafbrotum, hvort hann eigi að vera þannig að enginn fyrningarfrestur sé. Jafnframt þekkjum við öll umræðuna um sænsku leiðina varðandi vændið. Það munum við ræða í hv. allsherjarnefnd og kalla til sérfræðinga og fá skýrslur.

Ég er mjög ánægð með að ekki sé lengur brotlegt að selja líkama sinn því það er í rauninni fyrst og fremst félagslegur vandi sem á að mæta með félagslegum úrræðum. Því fagna ég mjög að við skulum vera komin þangað. Ég hef alla tíð talað fyrir því að þetta yrði tekið úr hegningarlögunum.

Það er gríðarlega margt sem er gott í frumvarpinu. Ég vil minnast á t.d. kynferðislega misnotkun varðandi einstaklinga í bágu ástandi. Ég hef unnið mjög lengi meðal fatlaðra og auðvitað hafa komið upp tilfelli á slíkum stofnunum. Gerðar hafa verið um það skýrslur, sem eru trúnaðarmál, en auðvitað hefur þetta gerst hér eins og alls staðar annars staðar í heiminum. Þessi mál eru því mjög vandmeðfarin og mjög mikilvægt að þyngja allar refsingar í slíkum tilfellum.

Mér finnst líka afar jákvætt að kynfrelsi fólks sé virt. Nauðgun er mjög alvarlegur glæpur og mjög alvarlegt mál

og tekið er á því í frumvarpinu. Í því er falin ákveðin virðing við þá sem í því lenda.

Ég hef tekið það upp margoft á Alþingi í sambandi við vændið að við megum ekki gleyma ungu drengjunum sem lenda í því. Við munum reyna að halda þeirri umræðu dálítið til haga í nefndinni til að tryggja að málefni ungra drengja í nauðgunarmálum séu líka uppi á yfirborðinu, þó svo að í 99% tilfella séum við yfirleitt að tala um konur. Ég er því mjög ánægð með að við séum ekki alveg að fara aftur með því að kynleysa, þ.e. að tala um karla og konur í sama vetfangi, það er afar brýnt.

Ég tel einnig afar mikilvægt að setja inn, og spurning hvort það yrði þá gert í greinargerð eða í nefndaráliti, þennan gríðarlega mikilvæga stuðning við það unga fólk sem gerist brotlegt gagnvart enn yngri börnum. Þá er ég að hugsa um hlutverk Barnaverndarstofu, sem er gríðarlega mikilvægt þar. Slík mál koma til kasta hennar þar sem þau ungmenni eru send eða fá meðferð í gegnum þær stofnanir sem á hennar vegum eru. Við þurfum einmitt að ræða hvort við verðum ekki að fastsetja meðferðina í lögum.

Að fyrningarfresturinn miðist við 18 ára aldur en ekki 14 ára eins og er í lögunum — við þekkjum umræðuna um hvort yfir höfuð eigi að vera fyrningarfrestur í mjög alvarlegum kynferðismisnotkunarmálum og sifjaspellsmálum. Þetta er umræða sem við munum taka og ég bendi í því sambandi á undirskriftasöfnun hjá samtökunum Blátt áfram. Þetta eru hópar sem við þurfum að styrkja með öllum þeim ráðum sem okkur eru möguleg.

Ég lít svo á að ég þurfi ekki að setja á langa ræðu. Þetta er afar spennandi og brýnt mál, alvarlegt eins og ég sagði, og við þurfum að gera það vel. Ég veit að hv. allsherjarnefnd mun gera það og við gerum þá ekki annað en að koma með breytingartillögur um það sem okkur finnst ganga of skammt. En ég vil fagna frumvarpinu enn einu sinni.

[14:00]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að það sé svo sem ekki þörf fyrir að hafa langa umræðu um þetta mál núna, enda tókum við umræðu um það í vor er leið þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir málinu í byrjun apríl síðastliðnum.

Það sem mig langaði að segja hér í ræðustól er eingöngu að ítreka þau sjónarmið mín að hér er afar margt fært til betri vegar og mikill fengur að þeim breytingum sem verið er að gera. Líka er verulegur fengur að þeirri greinargerð sem fylgir með frumvarpinu, því að hér er afar vel útskýrt á hvern hátt frumvarpshöfundur kemst að þeim niðurstöðum sem komist er að og rökstuðningur fyrir þeim breytingum sem verið er að gera þar af leiðandi mjög góður. Það er auðvitað alltaf til bóta þegar svo er. En eins og kunnugt er, og hæstv. ráðherra tók fram, tók Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, að sér að semja þau frumdrög sem unnið hefur verið með. Ég kann henni miklar þakkir fyrir því eins og ég sagði hefur hún farið mjög vel í saumana á erfiðum lagaákvæðum og að mörgu leyti náð góðri lendingu.

Þó eru nokkur atriði sem ég veit að eiga eftir að verða til umfjöllunar í nefndinni. Það eru t.d. atriði sem varða breytingarnar á 194. gr. laganna, ákvæði er varða kynfrelsi og þá ekki síst kynfrelsi kvenna. Það sem hefur verið gagnrýnt þar er að enn skuli verknaðaraðferðin skipta jafnmiklu máli og raun ber vitni, þ.e. að í fyrstu setningu frumvarpsgreinarinnar skuli vera tekið fram að til að nauðgun geti talist nauðgun þurfi ofbeldi eða hótanir að koma til. Engu að síður er þó hugtakið útvíkkað að ýmsu leyti í greininni þar sem ákveðið er að til ofbeldis teljist sömuleiðis svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum, eða með öðrum sambærilegum hætti. Sömuleiðis er í 2. mgr. greinarinnar talað um að það sé einnig nauðgun og varði sömu refsingu og mælt er fyrir í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök.

Það sem er mikilvægt í þessum efnum er auðvitað að réttur inn til kynlífs sé á hreinu og hver það er sem í raun og veru gefur samþykki sitt til kynmakanna. Það kemur fram í greinargerðinni að lönd hafi farið ólíkar leiðir í þessum efnum, norrænu löndin hafi farið aðrar leiðir en hin engilsaxnesku. Það er auðvitað rétt að menn hafa verið að skilgreina þetta út frá ólíkum sjónarmiðum en mér finnst skipta verulegu máli að skilgreiningin sem við nýtum okkur hér á landi verði sú sem í sjálfu sér gerir það kynlíf að nauðgun sem ekki hefur legið samþykki fyrir. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við eigum eftir að fara verulega vel yfir.

Réttarvernd barna er aukin til mikilla muna í þessu frumvarpi og er það auðvitað vel. Varðandi fyrningarfrest kynferðisbrota gerði ég þá játningu hér í ræðustóli í vor að ég hefði snúist fram og til baka í því máli og get gert þá játningu aftur. Það þvælist enn fyrir mér hvort hér sé gengið nógu langt eða hvort hér sé um hina einu réttu leið að ræða. Enn hneigist ég til þess að þetta sé í öllu falli til verulegra bóta en ég áskil mér enn rétt til að skoða hvort ég telji þar með að nóg sé að gert.

Virðulegi forseti. Að lokum eru hér ákvæði er varða vændi. Ég hef lýst yfir ánægju minni með að hæstv. ráðherra skuli leggja til að aflétt sé refsingu af þeim sem leiðast út í vændi, að refsinæmi þess verknaðar að selja aðgang að líkama sínum sé í sjálfu sér aflétt. Hins vegar hefði ég viljað fara aðrar leiðir varðandi kaup á vændi. Ég hefði viljað sjá það lagt til í þessu frumvarpi að kaup á vændi yrðu gerð refsiverð og þar með yrði ábyrgðin af vændinu sett á herðar þeim sem býr til eftirspurnina en ekki þeim sem leiðast út í að selja líkama sinn.

Þetta segi ég hér vegna þess að ég hef verið frumkvöðull að flutningi frumvarps varðandi það að gera kaup á vændi refsiverð. Ég hef ekki lagt fram sjálfstætt þingmál á þessu þingi varðandi þá leið en kem til með að láta á það reyna innan nefndarinnar þegar umfjöllun um málið fer fram hvort sátt náist um að gera breytingartillögu við þetta frumvarp í þeim efnum. Ég kem því til með að reyna að beita mér fyrir því áfram að sænska leiðin verði farin og það verði gert refsivert að kaupa vændi.

Ég tel að nefndin eigi mikla vinnu fram undan við þetta mál og treysti því auðvitað og veit að hv. formaður nefndarinnar kemur til með að stýra þeirri vinnu vel og af röggsemi eins og hans er von og vísa. Ég geri ráð fyrir að við komum til með að kalla talsvert af gestum fyrir nefndina

sem koma þá til með að varpa frekara ljósi á þau sjónarmið sem uppi eru í þessum vandmeðfarna málaflokki.

[14:06]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil einungis hafa örfá orð við 1. umr. þessa máls og þá fyrst og fremst til að fagna því að það sé komið fram og lýsa þeirri skoðun minni að þetta er eitt af þeim málum sem við hljótum að þurfa að stefna að að klára á þessu þingi.

Eins og fram hefur komið og getið er um í greinargerð með frumvarpinu er þetta frumvarp lagt fram óbreytt frá fyrra þingi. Ekki vannst tími til þess á fyrra þingi að fullvinna málið í nefnd og taka það til efnislegrar umfjöllunar enda ýmis álitamál í málinu. Það eru ýmis álitamál reifuð í greinargerð með frumvarpinu og það er einmitt ástæða til að fagna því hversu ítarleg og greinargóð greinargerðin er sem fylgir málinu.

Það liggur fyrir að ágreiningur er í þinginu um einstök atriði varðandi hvaða leiðir eigi að fara þegar kemur að kynferðisbrotakafla hegningarlaganna sem hér er verið að taka til endurskoðunar. Eins og fram hefur komið í umræðunni á þetta við um vændi og um kynferðisbrot gegn börnum. Jafnvel á þetta við um nauðgun, þ.e. hvernig við viljum hafa verknaðarlýsinguna í hegningarlögunum.

Ég vil almennt vara við því að menn endurskilgreini ofbeldishugtakið. Mér hefur þótt bera dálítið á því í umræðu um hegningarlögin að hitt og þetta sé talið ofbeldi, að rýmka þurfi ofbeldishugtakið og jafnvel leggja í það einhvern nýjan skilning sem áður hefði ekki verið gert í ljósi rannsókna eða annars þess háttar. Ég held að mikilvægt sé að við höldum okkur við hefðbundna skilgreiningu á ofbeldi þó að ýmislegt kunni að hafa komið fram við rannsóknir sem gefi ástæðu til að bæta við atriðum og gera refsivert það sem áður hefur kannski ekki fallið undir verknaðarlýsingu í hegningarlögunum. Þetta á til að mynda við um nauðganir og þess vegna fagna ég því að í þessu máli er nauðgunarhugtakið rýmkað eins og fram kemur í greinargerðinni.

Ég vonast til að almennt geti orðið einhugur um það á þinginu að vinna þessu máli framgang. Ég held að þetta mál komi fram á réttum tíma. Það kemur fram í kjölfar þó nokkuð mikillar umræðu um kynferðisbrot gegn börnum, um vændi, um nauðganir og hvernig við eigum að taka á þeim brotum í hegningarlögunum. Þess vegna er það fagnaðarefni og ég held að það hafi verið mjög skynsamlegt hjá dómsmálaráðherra að beita sér fyrir því að kynferðisbrotakafli hegningarlaganna væri allur tekinn til endurskoðunar í einu eins og hér er gert og það er mjög vel.

Ég vek líka athygli á að í greinargerð með þessu máli eru tekin þau sjónarmið sem hafa verið uppi vegna allra þessara brota og þeim er velt upp. Það er ekki dregin fjöður yfir eitt eða neitt og öll sjónarmið sem hafa almennt verið í umræðunni eru tekin til umfjöllunar í greinargerðinni og krufin til mergjar. Hlutirnir eru vegnir og metnir og komist að niðurstöðu. Þetta er afar skýrt. Þetta er mjög gagnlegt fyrir þá vinnu sem við eigum fyrir höndum og við munum að sjálfsögðu leita álits og umsagna hjá umsagnaraðilum eins og venja er til. Ég skal ekkert útiloka að fleiri sjónarmið en þau sem reifuð eru í greinargerðinni komi þá fram en ég held að það sé engu að síður afar gagnlegt að málinu sé stillt fram með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Ég hlakka til þeirrar vinnu með nefndinni sem nú fer í hönd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Flutningur verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, 1. umr.*

Stjfrv., 186. mál. — Þskj. 187.

[14:11]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Í tengslum við þá nýskipan lögreglumála sem samþykkt hefur verið og taka mun gildi 1. janúar næstkomandi, samanber lög um breytingu á lögreglulögum, nr. 46/2006, ákvað ég að finna leiðir til að efla og styrkja sýslumannsembættin utan höfuðborgarsvæðisins með flutningi verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til embættanna.

Farið var yfir hvaða verkefni ættu heima hjá ráðuneytinu sem æðra stjórnvaldi og hvaða verkefni væru til þess fallin að þau yrðu færð til stofnana ráðuneytisins. Niðurstöðuna má finna í frumvarpi því sem hér er til meðferðar.

Þegar hafa verið flutt nokkur verkefni. Í fyrsta lagi hefur umsýsla vegna bótanefndar verið flutt til sýslumannsembættisins á Siglufirði en til þess þurfti ekki lagabreytingu. Í öðru lagi hefur innheimta sekta og sakarkostnaðar á milli Norðurlandanna, sem áður var á hendi ráðuneytisins, verið flutt til Innheimtumiðstöðvar sekta- og sakarkostnaðar á Blönduósi, samanber lög nr. 70/2006, sem samþykkt voru á Alþingi í júní síðastliðnum um breytingu á lögum um fullnustu refsidóma sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Í þriðja lagi hefur verið hafinn undirbúningur að því að sýslumaðurinn í Vík annist útgáfu Lögbirtingablaðs á vegum ráðuneytisins frá og með næstu áramótum eða jafnvel fyrr. Í frumvarpi þessu er síðan gert ráð fyrir lagabreytingu þess efnis að útgáfan geti alfarið verið á vegum sýslumannsembættis.

Virðulegi forseti. Áður en ég vík að einstökum verkefnum sem gert er ráð fyrir að flytjist til sýslumannsembættanna vil ég nefna að lögð er til veigamikil breyting varðandi úrræði aðila máls til að fá stjórnvaldsákvörðun endurskoðaða. Almennt eru ákvarðanir lægra setts stjórnvalds kæranlegar til æðra stjórnvalds. Ákvarðanir sýslumanna í þeim málum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að þeim verði falin verða því samkvæmt almennum reglum kæranlegar til dómsmálaráðuneytisins og til að taka af allan vafa verður mælt fyrir um það sérstaklega í lagatextanum.

Er þetta fyrirkomulag um tvö stjórnsýslustig í samræmi við þau meginviðhorf í stjórnsýslurétti að aðili stjórnsýslumáls geti fengið stjórnvaldsákvörðun endurskoðaða hjá öðru stjórnvaldi en því sem ákvörðunina tók. Eðli máls samkvæmt sæta þau mál sem ráðuneytið tekur nú ákvarðanir í ekki endurskoðun annars stjórnvalds. Flutningur verkefna til sýslumanna og kæruheimildir ráðuneytisins stuðlar þannig að auknu réttaröryggi í stjórnsýslunni. Um stjórnsýslukærur, svo sem um kærufrest og fleira, fer samkvæmt

stjórnsýslulögum nema lög kveði á um annað.

Þá er rétt að nefna að vegna smæðar sumra sýslumannsembætta og takmarkaðs málafjölda í sumum málaflokkum er nauðsynlegt að dóms- og kirkjumálaráðherra geti falið einum sýslumanni að annast tiltekinn málaflokk. Er það fyrirkomulag því almennt lagt til í frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi verkefni verði flutt til sýslumanna:

Í fyrsta lagi staðfesting skipulagsskráa fyrir sjóði og sjálfseignarstofnanir, samanber ákvæði I. kafla frumvarpsins.

Í öðru lagi að halda allsherjarskrá um skráða kaupmála, samanber II. kafla frumvarpsins.

Í þriðja lagi veiting leyfis til að reka útfararþjónustu, samanber III. kafla frumvarpsins. Þeir einir mega reka útfararþjónustu sem hafa leyfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Nánari reglur um leyfisveitinguna er að finna í reglugerð þar sem kveðið er á um umsóknir um leyfi, skilyrði og fleira. Lagt er til að leyfisveitingar þessar verði fluttar til sýslumanna. Æskilegt er að þær verði á hendi eins sýslumannsembættis og gerir frumvarpið því ráð fyrir heimild ráðherra til að ákveða að þær verði á hendi eins sýslumanns á landsvísu.

Í fjórða lagi veiting ættleiðingarleyfis og forsamþykkis, samanber VI. kafla frumvarpsins. Ættleiðingarmálum hefur fjölgað talsvert hin síðari ár. Á árinu 2005 voru stjúpættleiðingar 28. Ættleiðingar íslenskra fósturbarna 7 og ættleiðingar erlendra barna 39. Vinnsla þessara mála er alfarið skrifleg ef undan er skilin staðfesting á samþykki ásamt leiðbeiningum um réttaráhrif hennar en slíkrar staðfestingar hefur um árabil mátt leita hvort sem er hjá dómsmálaráðuneytinu eða sýslumönnum. Fer vel á því að þessari stjórnsýslu sé sinnt utan höfuðborgarsvæðisins. Málaflokkurinn fellur vel að þeim verkefnum sem sýslumenn fara þegar með en þeir hafa með höndum margvísleg sifjamál. Mikilvægt er hins vegar að þessi mál séu á einni hendi vegna þess að hve sérhæfð þau eru og vegna takmarkaðs málafjölda. Er því lagt til að dómsmálaráðherra geti valið einum sýslumanni leyfisveitingar.

Í fimmta lagi að sýslumönnum verði falin löggilding dómtúlka og skjalaþýðenda, samanber VII. kafla frumvarpsins.

Í sjötta lagi að sýslumaður hafi með höndum löggildingu fasteignasala, samanber VIII. kafla frumvarpsins. Með lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, sem gildi tóku 1. október 2004, var eftirlit með starfsemi fasteignasala flutt úr ráðuneytinu til sjálfstæðrar stjórnsýslunefndar, eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að fasteignasalar starfi í samræmi við fyrirmæli laganna, siðareglur Félags fasteignasala og góðar venjur í fasteignasölu. Reglubundið eftirlit með fasteignasölum er því ekki lengur í ráðuneytinu og hefur reynslan af fyrirkomulagi þessu almennt þótt góð.

Í sjöunda lagi verði útgáfa Lögbirtingablaðs á hendi eins sýslumanns, eins og ég nefndi hér í upphafi, samanber IX. kafla frumvarpsins.

Loks veitir sýslumaður leyfi til fyrir leyfisskyldum happdrættum í stað dómsmálaráðherra, samanber X. kafla frumvarpsins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Búnaðarfræðsla, 1. umr.*

Stjfrv., 189. mál (Háskólinn á Hólum). — Þskj. 190.

[14:18]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum. Frumvarpið er flutt á þskj. 190 og er mál nr. 189 á þessu þingi.

Frá árinu 1999 hefur farið fram umfangsmikil endurskoðun á stofnlánakerfi landbúnaðarráðuneytisins, m.a. á stöðu og hlutverki rannsókna- og menntastofnana landbúnaðarins. Með lögum nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, var sú breyting gerð að Bændaskólinn á Hvanneyri fékk formlega stöðu háskóla. Með lögum nr. 71/2004, um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, og með lögum nr. 979/2004, um breytingu á lögum um rannsóknastofnanir atvinnuveganna, nr. 64/1965, var síðan stigið annað skref í endurskoðun á stofnlánaskipan landbúnaðarráðuneytisins á sviði rannsókna og fræðslu með sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins í eina stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmiðið með þessum breytingum var að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með það fyrir augum að þær þjóni betur þörfum landbúnaðarins í breyttu starfsumhverfi. Í áliti landbúnaðarnefndar Alþingis um breytingu á lögum sem leiddu til stofnunar Landbúnaðarháskóla Íslands vorið 2004 kemur fram að mikilvægt sé að fara jafnframt yfir stöðu og málefni Hólaskóla.

Hólaskóli hefur á undanförnum árum eflst sem vísindaleg kennslu- og rannsóknastofnun á sviði fiskeldis, hrossaræktar, hestamennsku og ferðamála. Með lögum nr. 71/2004 fékk skólinn formlega heimild til kennslu á háskólastigi og með frumvarpi því sem hér er flutt er lagt til að skrefið verði stigið til fulls og Hólaskóli verði gerður að háskóla er starfi á afmörkuðum sviðum landbúnaðarins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skólinn starfi á þremur afmörkuðum sviðum kennslu og rannsókna, þ.e. á sviði hrossaræktar og hestamennsku, á sviði fiskeldis og á sviði ferðaþjónustu í dreifbýli. Nýjung er að kveðið er á um að við skólann sé heimilt að starfrækja alþjóðlega deild í hestafræðum. Mikil eftirspurn er eftir slíku námi erlendis frá og brýn þörf að efla alþjóðlega þekkingu og þjálfun og meðferð íslenska hestsins. Miðað er við að kennsla fari fram á ensku og meginhluti nemendanna verði erlendir. Lagt er til að heimilt verði að innheimta skólagjöld fyrir slíkt nám.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að gildandi ákvæði um búfræðsluráð verði felld niður. Samkvæmt núgildandi ákvæðum er hlutverk búfræðsluráðs að vera land-

búnaðarráðherra til ráðuneytis um mörkun heildarstefnu í búfræðslumálum og samræmingu starfa þeirra er að þeim vinna. Verði frumvarpið samþykkt verða eftirleiðis tvær rannsókna- og fræðslustofnanir á háskólastigi starfandi á sviði landbúnaðarins sem hvor um sig lýtur stjórn háskólaráðs sem er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans og ásamt rektor markar stefnu í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag skólans og samþykkir starfs- og rekstraráætlanir. Það er mat landbúnaðarráðuneytisins að við slíka skipan mála hafi hlutverk búfræðsluráðs færst til háskólaráðanna og sé ráðið því óþarft. Jafnframt er kveðið á um að gæði menntunar sem menntastofnanir landbúnaðarins veita skuli uppfylla skilyrði nýsamþykktra háskólalaga, nr. 63/2006, og laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Nýjung er að frumvarpið gerir ráð fyrir að menntastofnunum landbúnaðarins sé heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem þeim er skylt að veita. Ákvæðið er hliðstætt ákvæðum í 18. gr. laga um Háskóla Íslands.

Stjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor. Sem fyrr segir markar háskólaráð stefnu í rannsóknum og kennslu, mótar skipulag skólans og samþykkir starfs- og rekstraráætlanir. Lagt er til að skipan háskólaráðs verði með þeim hætti að í ráðinu eigi sæti auk rektors og fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins, fulltrúar annarra ráðuneyta sem tengjast starfssviði skólans, eða fulltrúar sjávarútvegsráðuneytis og samgönguráðuneytis. Til þess að tryggja tengsl við háskólaumhverfið í landinu er lagt til að í háskólaráði eigi einnig sæti fulltrúi menntamálaráðuneytisins og fulltrúi háskólaráðs Háskóla Íslands. Þá er gert ráð fyrir að Félag tamningamanna og starfsmenn og nemendur skólans tilnefni fulltrúa í háskólaráð. Ákvæði um ráðningu prófessora, dósenta, lektora og stundakennara og kröfur sem gerðar eru um menntun og starfsreynslu slíkra starfsmanna eru hliðstæðar ákvörðunum sem gilda um aðrar háskólastofnanir. Kennsla á vegum Hólaskóla getur verið á háskólastigi og framhaldsskólastigi. Gert er ráð fyrir að störf hjá Hólaskóla verði lögð niður við gildistöku laganna en starfsfólki stofnunarinnar boðin störf hjá Hólaskóla, Háskólanum á Hólum. Ákvæði þetta er hliðstætt þeim ákvæðum sem sett voru í lögin um stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí 2007. Ljóst er að það kallar á nokkra vinnu að undirbúa framkvæmd laganna og því er lagt til að rektor og háskólaráð taki til starfa 1. janúar 2007 til að undirbúa starfsemi hinnar nýju stofnunar. Eðlilegt þykir að nemendur geti haldið áfram námi óháð því að þeir flytjist til nýrrar stofnunar og því er þeim gefinn kostur á því að ljúka núverandi námi samkvæmt gildandi námskrám. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í nýsamþykktum lögum um háskóla, nr. 63/2006, er kveðið á um endurskoðun laga um búnaðarfræðslu fyrir 1. júní 2008 til þess að samræma og auka samvinnu við gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi.

Hæstv. forseti. Að svo mæltu geri ég það að tillögu minni að lokinni umræðunni verði málinu vísað til hv. landbúnaðarnefndar til meðferðar þar og vonandi afgreiðslu aftur inn í þingið á þessu haustþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:27]

[15:03]

**Útbýting:**
Loftslagsráð, 256. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 259.
Stjórn fiskveiða, 261. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 264.

### *Sinfóníuhljómsveit Íslands, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 57. mál (rekstraraðilar). — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

### *Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 20. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Flutningur verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 186. mál. — Þskj. 187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Búnaðarfræðsla, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 189. mál (Háskólinn á Hólum). — Þskj. 190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:06.

# 17. FUNDUR

þriðjudaginn 31. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Úttekt á hækkun rafmagnsverðs, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.
2. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
3. Samkeppnislög, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
4. Stjórnarskipunarlög, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
5. Láglendisvegir, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Fyrri umr.
6. Iðnaðarmálagjald, frv., 16. mál, þskj. 16. — 1. umr.
7. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
8. Almenn hegningarlög og skaðabótalög, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
9. Ríkisútvarpið, frv., 24. mál, þskj. 24. — 1. umr.
10. Sala áfengis og tóbaks, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
11. Endurskipulagning á skattkerfinu, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Fyrri umr.
12. Heimili fyrir fjölfatlaða á Suðurnesjum, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Fyrri umr.
13. Tekjuskattur, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.

**Aðalmenn taka sæti á ný:**

Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n.,
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde forsrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Valgerður Sverrisdóttir utanrrh., 1. þm. Norðaust.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[13:31]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá Einari K. Guðfinnssyni, 4. þm. Norðvest., dagsett 30. október:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvest., Guðjón Guðmundsson, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Guðjón Guðmundsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[13:31]

**Útbýting:**

Embætti landlæknis, 273. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 282.

Framkvæmd skólahalds í grunnskólum, 282. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 295.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 266. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 275.

Heilbrigðisþjónusta, 272. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 281.

Heyrnar- og talmeinastöð, 274. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 283.

Hjólreiðabraut meðfram Þingvallavegi, 265. mál, þáltill. MÁ o.fl., þskj. 268.

Nám í listdansi, 270. mál, fsp. KolH, þskj. 279.

Náttúruminjasafn Íslands, 281. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 294.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 279. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 292.

Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 280. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 293.

Réttarstaða íslenskrar tungu og staða annarra tungumála í löggjöf og stjórnkerfi, 267. mál, fsp. MÁ, þskj. 276.

Skattaívilnanir vegna framlaga til mannúðar- og menningarmála, 271. mál, þáltill. MÁ o.fl., þskj. 280.

Skipan áfrýjunarstigs dómsmála, 268. mál, fsp. EirJ, þskj. 277.

Störf láglaunahópa og hlutur þeirra í tekjuskiptingu, 264. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 267.

Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 276. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 286.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:33]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti vill geta þess að 7., 8. og 12. dagskrármál eru tekin af dagskrá.

### *Úttekt á hækkun rafmagnsverðs, fyrri umr.*

Þáltill. SigurjÞ o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

[13:33]

**Flm. (Sigurjón Þórðarson):**

Herra forseti. Ég flyt þingsályktunartillögu um að gerð verði úttekt á hækkun rafmagnsverðs í kjölfar nýrra raforkulaga um breytta skipan raforkumála sem tók gildi í ársbyrjun 2005 en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að gerð verði úttekt á því hvaða breytingar hafa orðið á rafmagnsverði til almennra notenda og fyrirtækja í kjölfar breytinga sem urðu á skipulagi raforkumarkaðarins áramótin 2004/2005. Gerð verði grein fyrir þróun raforkuverðs, sundurliðað eftir helstu notendaflokkum og gjaldskrársvæðum. Niðurstaða úttektarinnar, sem nái til allra tegunda viðskipta með raforku, liggi fyrir 15. febrúar 2007."

Það er ekki svo að ég sé einn áhugamaður um þetta heldur flytur öll stjórnarandstaðan tillöguna með okkur og fleiri hafa ályktað um þessi mál, t.d. hagsmunaaðilar og samtök sveitarstjórna því þetta mál liggur mjög þungt á mörgum, ekki síst bændum. Rafmagnsreikningar þeirra hafa hækkað gríðarlega og ég furða mig eilítið á því að hæstv. byggðamálaráðherra og formaður Framsóknarflokksins og núverandi iðnaðarráðherra skuli ekki vera hér til að gera grein fyrir þessu máli en forveri hans í því starfi, sem nú gegnir stöðu utanríkisráðherra, sagði þegar var verið að innleiða þessi lög að hækkunin yrði u.þ.b. 100 kr. Það er þó alls ekki þannig að þessi breyting hafi leitt til 100 kr. hækkana á raforkuseðlum landsmanna heldur hefur hækkunin jafnvel numið tugþúsundum eða a.m.k. tugprósentum. Og það er algerlega óþolandi að stjórnvöld innleiði hækkun sem þessa án þess að gerð sé grein fyrir í hverju hún felst og þetta kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum því það var búið að boða allt annað þegar þessi breyting var innleidd á Alþingi. Ég skora á framsóknarmenn og sjálfstæðismenn að gera grein fyrir þessu.

Þetta frumvarp átti að leiða til samkeppni og hagræðingar á raforkumarkaði en almennir neytendur hafa einungis séð hækkun og það er stórundarlegt að ekki sé gerð betri grein fyrir málinu en gerð hefur verið. Að vísu kom raforkuskýrsla sem hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra kynnti á þingi en það var ekki nokkur leið að sjá hver hækkunin var og hvers vegna hún varð. Það var hækkun hér og lækkun þar og öllu grautað saman en þó var eitt mjög áberandi í skýrslunni. Þar kemur fram, á bls. 25, samanber súlurit og eins og sjá má á þskj. 5, að ef raforkuverð hér er borið saman við raforkuverð á Norðurlöndum eða í Bretlandi og Frakklandi, þá segir einfaldlega í skýrslunni að raforkuverð til stærri iðnfyrirtækja sé í hærri kantinum á Íslandi miðað við samanburðarlöndin. En þó hefur ekki verið gerð grein fyrir því hvað hækkunin varð mikil né hversu mikið hún stafaði af breytingunni á raforkumarkaðnum.

En það er í rauninni ekkert undarlegt þegar menn fara af stað með samkeppni á markaði þar sem eingöngu eru opinber fyrirtæki að menn sjái einungis hækkun. Það verður líka að líta til þess að þessi svokallaða samkeppni nær einungis til lítils hluta af raforkumarkaðnum og eftir að Reyðarál verður komið í notkun er hinn svokallaði samkeppnismarkaður bara fimmtungur af öllum raforkumarkaðnum. 80% eru í föstum samningum. Það þarf að gera grein fyrir þessu og ég skora á stjórnvöld að veita tillögu okkar brautargengi og það væri fáheyrt ef menn ætluðu að fara með þetta mál allt í þoku í næstu kosningar og gera ekki grein fyrir því hver raunveruleg hækkun varð við breytinguna. En eins og áður segir eru fleiri en við í stjórnarandstöðunni sem hafa talað um þessi mál og ég vil minna á að bakarar landsins hafa orðið fyrir barðinu á þessari hækkun og hafa sent frá sér ályktun sem mér finnst rétt að lesa upp, en aðalfundur Landssambands bakarameistara ályktaði um málið þann 4. mars sl. og mótmælti harðlega þeirri hækkun sem orðið hefur á raforku til bakaría við það að ný raforkulög tóku gildi í byrjun árs 2005. Við það breyttust taxtar sem orkufyrirtæki á öllu landinu innheimta eftir. Í ályktun þeirra segir, með leyfi forseta:

„Stærstur hluti raforkunotkunar í bakaríum fer fram á þeim tíma sólarhrings þegar almenn orkunotkun er í lágmarki. Bakarí hafa hingað til notið betri kjara af þeim sökum gegn því að hægt væri að rjúfa rafmagn til þeirra á öðrum tíma sólarhringsins.

Við breytingar á raforkulögum var þeim samningum rift með einu pennastriki og við það hækkaði rafmagnsverð bakaría um allt að 50%. Þessar hækkanir hafa smám saman verið að koma í ljós frá því að nýju orkulögin tóku gildi og enda óhjákvæmilega í hærra vöruverði. Bakarameistarar telja þessa hækkun ekki vera í samræmi við vilja stjórnvalda til að lækka verð á matvælum og hvetja orkusala til að koma til móts við óskir bakara um að leita leiða til að lækka orkuverð."

Það er ljóst, herra forseti, að bakarar hafa orðið fyrir gífurlegri hækkun og það er rétt að spyrja hvað hækkunin hefur orðið mikil í þeim hluta kerfisins sem hefur átt að njóta samkeppninnar. Það hefur ekki verið gerð grein fyrir því. Það er ekki svo að raforkuneytendur í Reykjavík hafi notið einhverrar lækkunar, alls ekki. Í viðtali við forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur kom fram að orðið hefði hækkun vegna raforkulaga. En hvert runnu þeir peningar? Það er rétt að gerð verði rækilega grein fyrir þessu vegna þess að þeir hafa ekki runnið út á land, a.m.k. sjá hvorki bændur þá peninga í lægra raforkuverði né aðrir skattgreiðendur, vegna þess að niðurgreiðslur almennra skattgreiðenda hafa verið auknar um hundruð milljóna síðan þessi lög tóku gildi. Það er því víða pottur brotinn hvað þessa framkvæmd varðar hjá Framsóknarflokknum með aðstoð Sjálfstæðisflokksins og ég undra mig á því að þessir flokkar hafi ekki gert betur grein fyrir ástæðunum. Á þingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra á Gauksmýri í ágúst sl. var m.a. samþykkt eftirfarandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„SSNV ... ítrekar að stjórnvöld standi við gefin loforð um að ekki komi til hækkunar á raforkuverði vegna breytinga á raforkulögum og brugðist verði við þeim hækkunum sem þegar hafa orðið. Hækkandi raforkukostnaður er verulega íþyngjandi og við því verða stjórnvöld að bregðast nú þegar."

Hafa stjórnvöld brugðist við? Nei. Þau hafa heldur ekki brugðist við með því að vera hér og svara fyrir. Hæstv. byggðamálaráðherra er í einhverjum allt öðrum verkum. Ég veit ekki hvað hann er að gera. En hér væri tækifæri til að

gera grein fyrir máli sínu og svara því hver sé ástæðan fyrir þessum hækkunum. Fjölmargir hagsmunaaðilar kvarta sáran yfir þeim og það er hægt að leiða mörg rök að því að landsmenn hefðu almennt átt að sjá mikla lækkun á raforkureikningum, m.a. vegna þess að það er búið að byggja upp gott kerfi hringinn í kringum landið og öflugar virkjanir og farið að greiða þær niður. Gengið hefur verið hagstætt til að greiða niður erlend lán á sl. ári og því hefði bæði bætt tækni og annað átt að verða til þess að rafmagnsreikningar lækkuðu. En það er alls ekki svo. Því miður er það einnig þannig að rafmagnsreikningarnir eru svo flóknir að hinn almenni neytandi á mjög erfitt með að fara í gegnum þá. Þetta eru jafnvel 2–3 blaðsíður hjá hinum almenna neytanda. Gamall maður á Siglufirði kom með reikninginn sinn til mín. Þetta var reikningur m.a. vegna húss á Laugavegi og svo var hann með skúrgarm og þetta var sex blaðsíðna reikningur. Úr þessu þarf að bæta, að fólk fái einhvern skilning á reikningum sem hafa einungis hækkað en ekki lækkað þrátt fyrir loforð stjórnvalda sem gefin voru þegar farið var af stað með þessa breytingu á raforkumarkaðnum. Mig undrar að Sjálfstæðisflokkurinn, sem kennir sig stundum við markaðsöflin, skuli halda á spilunum eins og raun ber vitni vegna þess að þetta kemur óorði á markaðsöflin. Þegar á að fara að hleypa markaðsöflunum af stað í samkeppni á raforkumarkaði þá sjá neytendur einungis hækkanir en ekki lækkanir. Ég skora á stjórnarmeirihlutann að veita þessu máli brautargengi í gegnum þingið vegna þess að þetta mál varðar marga mjög miklu, t.d. bakara landsins og bændur sem sjá gríðarlega háa rafmagnsreikninga í kjölfar þessara laga, herra forseti.

Að lokum vil ég að málinu verði vísað til iðnaðarnefndar.

[13:45]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil hér í andsvarsformi gera smáathugasemd þótt ég sé reyndar fyllilega sammála þessu máli og tel að gera þurfi að úttekt á þeim breytingum sem hafa orðið á rafmagnsverði eftir að gerðar voru breytingar á lögum á Alþingi. Þær lagabreytingar áttu sér stað þegar ég átti sæti í iðnaðarnefnd og þar kom fram að iðnaðarráðuneytið lýsti því yfir að raforkuverðið mundi ekki hækka þó svo að andstæðingar lagasetningarinnar héldu því fram að hún mundi valda verulegri hækkun á rafmagnsverði. Það er því full ástæða til þess að gera úttekt á þessu því að ég held að það hafi verið mistök að breyta þessum lögum. Lagasetningin var miðuð við að við værum í samkeppni um kaup á raforku milli landa eins og er á Norðurlöndunum. Það hefur reyndar sýnt sig, þó að sá háttur sé á að menn geti keypt milli landa þar, að raforkuverð hefur líka hækkað eftir þessa breytingu á lögunum á Norðurlöndum. Þetta hefur því haft hækkun í för með sér þó svo að stjórnvöld hafi haldið því fram að svo yrði ekki.

Ég tek svo einnig undir að reikningarnir eru náttúrlega fáránlega flóknir, eins og hv. þingmaður benti á í framsöguræðu sinni, og því full ástæða til að fara í þessa úttekt. Ég hvet til þess að menn skoði þetta mál gaumgæfilega vegna þess að þær yfirlýsingar sem stjórnvöld höfðu uppi þegar þessi lagabreyting var gerð hafa alls ekki staðist, þær hafa fallið algjörlega um sjálfar sig.

[13:47]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Þessi tillaga til þingsályktunartillaga um úttekt á hækkun rafmagnsverðs er flutt af þingmönnum allra stjórnarandstöðuflokkanna, Frjálslynda flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, af fulltrúum frá öllum þessum flokkum.

Eins og hv. framsögumaður, Sigurjón Þórðarson, gerði grein fyrir hljóðar tillögugreinin á þá leið að gerð verði úttekt á því hvaða breytingar hafa orðið á rafmagnsverði til almennra notenda og fyrirtækja í kjölfar breytinga sem urðu á skipulagi raforkumarkaðarins áramótin 2004/2005 og gerð verði grein fyrir þróun raforkuverðs sundurliðað eftir helstu notendaflokkum og gjaldskrársvæðum. Lagt er til að niðurstaða úttektarinnar nái til allra viðskipta með raforku og liggi fyrir 15. febrúar 2007.

Það er ekki að ástæðulausu að þessi tillaga er flutt. Einkavæðing á rafmagni, markaðsvæðing á raforkugeiranum, sem keyrð var í gegnum þingið á árunum 2002–2003 og kom til framkvæmda að fullu um áramótin 2004/2005, var í sjálfu sér háskaleikur. Rafmagn til almennra notenda og til atvinnulífsins vítt og breitt um landið er hluti af þeirri grunnþjónustu sem íbúarnir þurfa að eiga aðgang að á jafnræðisgrunni óháð búsetu. Þetta var einmitt það sjónarmið sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðum áherslu á í allri þessari umræðu.

Við lögðumst gegn einkavæðingu og markaðsvæðingu á rafmagninu. Við lögðum áherslu á að þetta væri grunnalmannaþjónusta og við ættum að beita sameiginlega kröftum okkar og orku til að byggja upp öflugt dreifikerfi fyrir raforkuna og raforkuvinnsluna á félagslegum grunni sem nýttist öllum landsmönnum jafnt. Markaðsstjórnin, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, vildi hins vegar einkavæða raforkukerfið. Það var mjög sérstakt að hlusta á það og upplifa að það var einmitt ráðherra Framsóknarflokksins sem hafði forgöngu um það verk. Það var iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins sem hafði forgöngu um það verk að markaðsvæða raforkugeirann. Því var lofað í þessu ferli að þetta mundi leiða til lækkunar á raforkuverði, a.m.k. ekki hækkunar, og ætti í sjálfu sér ekki að hafa áhrif á neina slíka verðmyndun. Þrátt fyrir það komu þráfaldlega fram ábendingar, yfirlýsingar og ályktanir frá íbúum landsins á hinum ýmsu stöðum um að hið þveröfuga hefði gerst, að raforkuverð hefði hækkað og þar af leiðandi skekkt samkeppni búsetu og atvinnulífs. Það er alveg hárrétt sem kemur hér fram, og hv. framsögumaður, Sigurjón Þórðarson, gerði grein fyrir að það eru einungis liðlega 20% af raforkunni sem eru á einhverjum slíkum markaðsgrunni, þ.e. bara sú raforka sem fer til almennra notenda og annarrar atvinnu en stóriðju. Stóriðjan er nú þegar með bundna samninga til næstu áratuga um raforkuverð og mun taka á næsta ári nálægt 80% af því rafmagni sem er á markaðnum á bundnu verði.

Hverjir eru þá að axla aukinn kostnað í raforkukerfinu? Það eru hinir almennu neytendur, það er hið almenna atvinnulíf í landinu. Hvaða sanngirni er það að stóriðjan borgi kannski 1/5 eða 1/7 eða 1/8 af því raforkuverði sem

almennt atvinnulíf þarf að borga í landinu? Hvers konar samkeppnisstaða er það, hvers konar samfélag er verið að búa þannig út að allur almenningur eigi að greiða niður raforkuna til stóriðju?

Stjórnvöld og ráðherrar hafa ítrekað neitað að viðurkenna hér í ræðustól eða verið með undandrátt í því að greina frá hver niðurstaðan er í raforkuverðsþróuninni hér á landi eftir að einkavæðing raforkunnar hóf innreið sína. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt þar sem þess er krafist að þetta komi allt upp á borðið og það ætti síst að vera stjórnvöldum á móti skapi að fá allan sannleikann í ljós ef þau halda fram að þetta hafi allt verið til bóta.

Eitt vildi ég nefna líka til dæmis um hvað gerist nú. Það búa ekki allir við sama borð hvað gæði raforkunnar varðar. Stór hópur notenda, stór hópur landsvæða fær einungis einfasa rafmagn. Allir vita að einfasa rafmagn nýtist ekki með sama hætti til atvinnulífsins, til að reka raforkumótora og annað slíkt sem þar þarf og þarna skekkist samkeppnisstaðan stórlega. Meðan Rarik var að fullu ríkisfyrirtæki var þó varið ákveðnu fjármagni á ári til fyrirtækisins til þess m.a. að styrkja dreifilínur í sveitum og til þess að breyta úr einfasa í þrífasa rafmagn. Núna er Rarik orðið að hlutafélagi og rekið á markaðsgrunni eins og það heitir á máli einkavæðingarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, og þá er ekkert í hendi með frekari þróun á þrífösun rafmagns þannig að þeir sem eru með einfasa rafmagn verða ekki einungis að borga það á sama verði og aðrir heldur með miklu lélegri gæðum til atvinnustarfseminnar.

Herra forseti. Þessi tillaga er flutt til að fá hið sanna í ljós. Við heyrum nú hvað gerðist við einkavæðingu Símans, að nýjasta skýrslan sem kom þar út sýndi að símgjöld hafa hækkað um 40% á fjórum árum þrátt fyrir að því hafi verið lofað við einkavæðingu og sölu Símans að annað mundi gerast. Áður en einkavæðing Símans fór fram vorum við með lægstu símgjöld í Evrópu, eða a.m.k. með þeim lægstu, en núna eftir fjögurra ára einkavæðingu, eftir tvö ár frá því Síminn var seldur, rjúkum við upp og símgjöld t.d. hvað GSM-þjónustu varðar hafa hækkað yfir 40% og nú trónum við þar á toppnum. (Forseti hringir.) Einkavæðing þessara flokka, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, kemur því alls staðar hart niður. Og við skulum fá (Forseti hringir.) hið sanna í ljós varðandi rafmagnið, herra forseti.

[13:56]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Sú þingsályktunartillaga sem hér er til umfjöllunar er í sjálfu sér allrar athygli verð og ekki nema sjálfsagt mál að taka saman og gera úttekt á breytingum á raforkuverði sem hafa orðið í kjölfar þeirrar kerfisbreytingar sem samþykkt var hér fyrir líklega þremur árum eða svo. Ég held að menn þurfi að skoða reynsluna af þessari kerfisbreytingu, ég er ekki viss um að nægilega langur tími sé liðinn til að unnt sé að meta breytingarnar af fullri sanngirni en ég rifja upp að þegar þessar breytingar voru gerðar hér á meðan ég var formaður iðnaðarnefndar þá lét ég koma fram að ég hefði vissar efasemdir um markaðsvæðingu í þessum geira vegna þess að markaðsvæðing byggir á því, ef hún á að vera til gagns fyrir almenning, að samkeppni sé fyrir hendi, og nægilega mikil samkeppni til þess að verðið hækki ekki heldur lækki frekar en hitt, og fyrirtækin veiti góða þjónustu.

Við höfðum byggt upp, að vísu undir opinberri forsjá, raforkukerfi sem reyndist okkur vel og verðþróun í því var með þeim hætti á undaförnum áratugum að almenningur hér á landi gat í sjálfu sér vel við unað. Það er því alltaf umhugsunarefni hvort skipta eigi um kerfi sem hefur reynst vel og taka upp annað sem auðvitað er einhver óvissa fólgin í hvort reynist jafn vel og það sem fyrir var.

Hinu er ekki að neita að almennt hefur það orðið ofan á í stjórnmálunum og víðar að menn líta svo á að markaðsþjóðfélag sé betra en opinber áætlunarbúskapur og þó að finna megi dæmi um að hið síðarnefnda hafi reynst vel eins og auðvitað má segja um gamla raforkukerfið — það var auðvitað opinbert kerfi sem var algjörlega stýrt af pólitískum aðilum, framleiðsla, ráðstöfun, verðlagning og annað — þá hefur það almennt orðið ofan á að menn eigi að stefna í markaðsvæðingu og treysta á samkeppni til að skila þeim árangri sem sóst er eftir, hagstæðu verði og góðri þjónustu. Þetta hefur verið skrefið sem menn hafa stigið á síðasta áratug, ekki aðeins í raforkukerfinu heldur líka á fjármálamarkaðnum, lyfjamarkaðnum og fleira má nefna.

Það er út af fyrir sig ástæða til að skoða hvort hið smáa hagkerfi hér á landi hefur forsendur til að vera markaðshagkerfi bara vegna smæðar og fámennis og hvort aðstæður fyrir markaðshagkerfi með samkeppni að leiðarljósi séu fyrir hendi í öllum helstu atvinnuvegum okkar. Ég ætla ekki að halda því fram að fyrir liggi með óyggjandi hætti að samkeppnis- og markaðsvæðingin sé betri eða a.m.k. skili því sem ætlast er til. Þegar meta á allt þetta þurfa menn lengri tíma, því að þetta gerðist fyrir ekki löngu síðan og það þarf kannski að skoða hlutina í lengra ljósi áður en menn fella endanlegan dóm yfir kerfisbreytingunni, ekki bara á raforkusviðinu heldur öðrum sviðum líka. Ég held að menn þurfi líka að hafa farið í gegnum löggjöfina og styrkt hana til að koma á samkeppninni. Ég held að það sé ekki skynsamlegt að snúa af þessari braut í skyndingu, það er ekki liðinn nægilega langur tími, heldur eigi menn að reyna til þrautar að koma því á sem ætlað er. Ég viðurkenni að á mörgum sviðum viðskiptanna virka markaðslögmálin ekki með þeim hætti sem við ætlumst til. Viðskiptabankarnir veita ekki neytendum nægilega góða þjónustu á því verði sem þeir og keppinautar þeirra erlendis veita sínum viðskiptavinum. Við sjáum svipaða stöðu í flutningum innan lands og milli landa og við sjáum í flugi að það skortir samkeppni í innanlandsflugi og víðar. Skortur á samkeppni er því alvarlegt vandamál í íslensku markaðshagkerfi.

Ég held að við því verði að bregðast með aðgerðum sem eru til þess fallnar að koma á samkeppni. Í fyrsta lagi að skoða það í fullri alvöru hvort ekki sé nauðsynlegt að brjóta upp fyrirtæki sem hafa stóra markaðshlutdeild og skipta þeim upp þannig að fleiri fyrirtæki keppi á hverjum markaði og að setja ríkari skorður við möguleikum þeirra á stækkun og ráðandi hlutdeild á markaði. Ég held að þetta þurfi menn að skoða af mikilli alvöru. Þetta getur auðvitað átt við um raforkumarkaðinn að vissu marki því að Landsvirkjun er náttúrlega yfirgnæfandi í framleiðslunni. Ég er ekki viss um að það sé endilega slæmt að opnað hafi verið

fyrir það að fleiri gætu komið að framleiðslu rafmagns en Landsvirkjun ein og hún ráði í raun og veru öllu um það hvar rafmagn er framleitt, hvenær o.s.frv. Ég er ekki sannfærður um að það sé rétt að hafa alla þræði í þessu í höndum Landsvirkjunar, ég held að hitt sé til bóta að fleiri geti komið að framleiðslu rafmagns.

Verðlagning á rafmagni hefur hins vegar ekki verið eins og við væntum. Við gerðum ráð fyrir að breytingin leiddi ekki til hækkunar raforku. Það hefur því miður orðið, m.a. vegna breytinga á töxtum, og ég held að það sé slæmt. Það var ekki það sem við stefndum að og menn verða auðvitað að leggja sig fram um að verðlagning á raforku til einstaklinga og smærri fyrirtækja verði í takt við það sem fyrirheit voru gefin um á sínum tíma.

Virðulegi forseti. Ég vil almennt segja um þetta mál og markaðsvæðinguna að ég held að menn verði að grípa til aðgerða til að styrkja samkeppnina fremur en að fara til baka í opinbert kerfi. Ég spyr því flutningsmenn hvort þessi tillöguflutningur þeirra sé til marks um það að þeir hyggist snúa af braut markaðshagkerfisins og taka upp opinbera (Forseti hringir.) forsjá í fleiri atvinnugreinum eins og var hér áður fyrr.

[14:04]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það mál sem við ræðum er þingsályktun um að gera úttekt á þróun rafmagnsverðs hér á landi í kjölfar lagasetningar um raforkulögin svokölluðu sem ollu miklum deilum á Alþingi á sínum tíma. Málsmeðferðin varð að vissu leyti nokkuð sérstæð því inn í málsmeðferðina var sett sérstök nefnd til að taka m.a. á þeirri gagnrýni sem kom upp fyrst eftir að málið kom fram og sneri einkum að því að mjög margir alþingismenn á hv. Alþingi, einnig í stjórnarliðinu, höfðu áhyggjur af því að sú breyting sem stefnt var að mundi verða til þess að raforkuverð í landinu mundi hækka. Niðurstaðan varð sú að menn kláruðu þetta mál eftir að nefnd sú sem sett var á laggirnar skilaði áliti sínu og raforkulögin voru gerð að lögum.

Það hefur hins vegar ekki breytt því, hæstv. forseti, að það sem menn óttuðust, m.a. sá sem hér stendur og ræddi nokkrum sinnum úr þessum ræðustól, að raforkuverð, einkum í dreifbýli, mundi hækka verulega og þetta yrði m.a. til þess að vega enn frekar að veikri stöðu landsbyggðarinnar og búsetuskilyrðum fólks í hinum dreifðu byggðum. Það virðist því miður hafa gengið eftir, að raforkuverð hafi hækkað með allt öðrum hætti en gert var ráð fyrir og að það fyrirkomulag niðurgreiðslna og annað sem tekið hefur verið upp til að vega á móti þessum breytingum hafi ekki náð þeim markmiðum að tryggja jöfnuð sem var þó markmiðið með lögunum að hluta, þ.e. að tryggja jöfnuð um landið og að ekki yrðu verulegar breytingar á raforkuverðinu til einstakra notenda, því það var ekki beint markmið laganna.

Nægir í því sambandi, hæstv. forseti, að vitna til andsvars hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, við þeirri ræðu sem sá sem hér stendur flutti um málið, 14. mars 2003, en þar sagði, með leyfi forseta:

„...auðvitað höfum við miklar áhyggjur af því hvernig þetta mál er í pottinn búið því að ef ekki verður eðlileg niðurstaða varðandi verðlagningu, flutning og jöfnun raforkuverðs út úr þessari nefndarskipun“ — sem þá var verið að ræða og niðurstaðan ef til vill með þeim hætti að „það væri eiginlega það versta sem gæti hent landsbyggðina.“ — Það voru mín orð og enn fremur: „Frumvarpið eins og það er er hótun gagnvart landsbyggðinni um að enn verði vegið að kjörum fólks þar. Þess vegna lýsi ég því yfir, herra forseti, að við í Frjálslynda flokknum munum greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi.“ Sagði ég á þeim tímapunkti.

Við þessum orðum mínu brást hæstv. iðnaðarráðherra með stuttu andsvari. Nægir að lesa hennar síðustu orð í niðurlagi andsvarsins við þeim orðum mínum, með leyfi forseta:

„Það er ekki rétt sem hann“ — þ.e. sá sem hér stendur — „er að reyna að koma á framfæri, að það sé minn vilji, sem legg fram þetta frumvarp og ber ábyrgð á því, að níðast á landsbyggðinni. Það er ekki rétt.“ — Síðan segir: „Það verður séð til þess, því skal ég lofa,“ — þetta eru orð iðnaðarráðherra — „að það gangi ekki eftir sem hv. þingmaður talaði um í ræðu sinni.“ — Þ.e. að orkuverð til hinna dreifðu byggða, bænda og iðnfyrirtækja um landið, muni hækka verulega

Við flytjum þessa tillögu vegna þess að við viljum fá úttekt á þessu máli um hvernig rafmagnsverð hafi þróast. Tillagan skýrir þetta mál, en í henni segir:

„Alþingi ályktar að gerð verði úttekt á því hvaða breytingar hafa orðið á rafmagnsverði til almennra notenda og fyrirtækja í kjölfar breytinga sem urðu á skipulagi raforkumarkaðarins áramótin 2004/2005. Gerð verði grein fyrir þróun raforkuverðs sundurliðað eftir helstu notendaflokkum og gjaldskrársvæðum. Niðurstaða úttektarinnar, sem nái til allra tegunda viðskipta með raforku, liggi fyrir 15. febrúar 2007.“

Það er ósk okkar að úttektin verði kláruð á tilteknum tíma þannig að okkur takist að bregðast við niðurstöðum könnunarinnar á yfirstandandi þingi.

Auðvitað er það svo að búið er að stíga þessi skref um markaðsvæðinguna. Ég hygg að ekki verði snúið ofan af því öllu saman sem gerst hefur í þeim efnum.

Hvað er þá til ráða ef í ljós kemur, sem við sem erum að biðja um þessa úttekt óttumst og þykjumst vita, að niðurstaðan hafi orðið sú að fólk hafi fengið allt aðrar útkomur út úr þessu máli en áður hafði verið boðað af stjórnvöldum með hækkun raforkuverðs? Hvað er þá til ráða?

Það er annaðhvort að auka niðurgreiðslurnar og jafna orkuverðið til heimila í dreifbýlinu og þeirra sem verst hafa farið út úr þessari breytingu. Eða þá, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vék að, að efla samkeppnismarkmiðin, m.a. með því að velta upp hvort æskilegt væri að skipta raforkumarkaðnum upp þannig að það væru fleiri aðilar sem væru í samkeppni á markaðnum en nú er. Ég tel að það komi alveg til greina. Markmið okkar er eingöngu að leiða í ljós hverjar afleiðingar þessara laga hafa verið og ná svo að koma fram lagfæringum og taka á því máli.

Það hlýtur að vera skylda okkar þingmanna, þegar við höfum sett lög sem við höldum, a.m.k. mörg okkar, að hafi ekki náð þeim markmiðum sem stjórnvöld stefndu að, þá beri að takast á við það mál og þess vegna er eðlilegt að slík könnun sem við leggjum til fari fram og síðan vonandi berum við gæfu til að lagfæra málið. (Forseti hringir.)

[14:13]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, að deilur hafi verið um málið á Alþingi þegar það var afgreitt og vissulega voru ekki allir á einu máli. Því er mjög auðvelt að halda fram og finna stað. En deilur voru kannski ekki eins háværar og ætla mátti af ummælum hv. þingmanns, því þetta mál er afgreitt frá iðnaðarnefnd með átta atkvæðum. Aðeins einn nefndarmanna stóð ekki að meirihlutaáliti. Þegar greidd voru atkvæði um málið að lokum í þinginu féllu atkvæði þannig að 45 studdu málið. Enginn greiddi atkvæði á móti. En fimm greiddu ekki atkvæði. Af þeim 50 sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni voru 45 sem studdu það, fimm sem sátu hjá og enginn sem greiddi atkvæði á móti.

Þetta vildi ég taka fram vegna þess að það var mjög víðtæk samstaða á Alþingi að stíga þetta skref, jafnvel þótt menn væru meðvitaðir um það, eins og alltaf er þegar við förum inn í eitthvað nýtt umhverfi, að því fylgir óvissa og í óvissunni gat falist að breytingar yrðu að einhverju leyti ekki okkur að skapi sem stóðum að málinu. Það er auðvitað rétt að taka það fram líka.

Ég er alveg sammála því sem kom fram í máli hv. þingmanns að eðlilegt er að taka málið út, gera úttekt á málinu og skoða hvernig til hefur tekist og gera síðan aðgerðir í framhaldi af því, eins og ég var líka svolítið að leggja áherslu á í máli mínu.

Ég held að við ættum ekki bara að gera úttekt á hækkun rafmagnsverðs heldur áhrifum laganna í heild. Hvernig til hefur tekist með alla þætti málsins, eins og framleiðsluþátturinn, dreifingarþáttinn, jöfnunarþáttinn og annað. Þannig fáum við mat á heildaráhrifum laganna, því það kann að vera jákvætt að sumu leyti (Forseti hringir.) og öðru leyti ekki. Þá vitum við hvað það er sem við þurfum að laga.

[14:15]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri á máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að við erum ekki mjög ósammála um að þetta mál verði skoðað og til hvers það eigi að leiða. (**Gripið fram í:** Sammála Kristni?) Velkominn í þingsal, hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Það sem menn ættu að geta verið nokkuð vissir um er að hluti ríkisstjórnarflokkanna, a.m.k. hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og ég vona svo sannarlega að fleiri þingmenn úr ríkisstjórnarflokkunum taki undir að eðlilegt sé að taka málið út með þeim hætti sem við leggjum til og geri ekki athugasemdir við það þótt úttektin verði víðtækari. Menn geta þá útfært málið í nefnd ef það fær afgreiðslu í nefnd. En ég vonast vissulega til þess að skilja megi orð hv. þingmanns þannig að ríkisstjórnarhlutinn í þinginu muni fallast á að þetta mál verði unnið hratt og skipulega. Það eru sem sagt ekki nema rúmlega þrír og hálfur mánuður til þess að úttektin eigi að liggja hér fyrir og ég vona svo sannarlega að ríkisstjórnarflokkarnir séu sammála okkur um að þetta verði unnið á þeim tíma og að þeir styðji málið. Ég heyri á máli hv. þingmanns að hann gerir það fyrir sitt leyti en ég spyr hv. þingmann hvort ætla megi að þingflokkur Framsóknar sé almennt sammála því að þessi mál verði endurskoðuð og að lagt verði mat á niðurstöðurnar og ég vona að svo sé og iðnaðarráðherra núverandi og fyrrverandi muni ekki leggjast gegn því að þannig verði unnið.

[14:17]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er hlynntur því og tek undir það sem fram kemur í máli flutningsmanna að gera úttekt á þessum þætti málsins. Ég er að vísu með efasemdir um að nægilega langur tími sé liðinn frá því að lögin tóku gildi til þess að unnt sé að leggja raunhæft mat á breytingarnar en ég skal ekki gera ágreining um það og er tilbúinn að stuðla að því að málið fái framgang eins og það er.

Ég vil þó láta skoða alla þætti málsins. Eins og komið hefur fram í máli þingmanna horfa þeir til jöfnunarþáttarins. Hvernig hefur hann breyst? Í öðru lagi eru svo niðurgreiðslur og í þriðja lagi samkeppnisþátturinn. Ég vil síðan bæta við framleiðslu- og dreifingarþættinum. Ég held að við ættum að skoða alla þessa þætti og sjá hvernig til hefur tekist og átta okkur á því hvar við þurfum að gera breytingar til að ná því fram sem til stóð. Ég held t.d. að menn séu orðnir býsna kaþólskir í reglum um niðurgreiðslur eða færslu á kostnaði á milli einstakra notenda sem var drjúgur þáttur í gamla raforkufyrirkomulaginu. Ég held að menn hafi farið of langt í hina áttina, að láta hvern þátt standa undir sér og niðurgreiðslur komi síðan úr ríkissjóði, í stað þess að láta raforkunotendur sjálfa um að greiða hluta af jöfnuninni.

Ég held t.d. að framleiðsluþátturinn sé áhugaverður, sérstaklega fyrir landsbyggðina því hann opnar fyrir möguleika manna heima í héraði til að standa fyrir framleiðslu á rafmagni og fá til sín aðila til að nota raforkuna. Það mundi brjóta upp miðstjórnarvald sem áður var í höndum Landsvirkjunar og menn í hverjum landshluta gætu þannig haft meiri tök á atvinnuuppbyggingu en áður.

[14:19]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafa fært skynsamleg rök fyrir því að framleiðslu- og dreifingarþátturinn verði einnig skoðaður en á undanförnum missirum hafa verið reistar þó nokkrar einkastöðvar til að framleiða og selja raforku inn á dreifingarnetið. Auðvitað væri mjög fróðlegt að það verði skoðað þó að það sé rétt hjá hv. þingmanni að það er nokkuð stuttur tími síðan menn fóru að eiga raforkufyrirtæki í einkaeigu og selja þau inn á netið. Það er samt vaxandi og þó nokkur orkuver hafa risið í þessa veru.

Ég tek undir að vissulega er athyglisvert að skoða framleiðsluþáttinn og dreifingarþáttinn og sé ekkert því til fyrirstöðu. Ef menn telja að þetta sé of knappur tími þá er auðvitað hægt að færa þetta til um einn mánuð eða eitthvað slíkt en ég tel hins vegar að við eigum að reyna að fá þessa mynd fram á yfirstandandi þingi þannig að við vitum hvar við erum stödd. Það fóru fram langar umræður í hv. þingi um þetta mál og það fékk sérstaka meðferð eins og ég vék að í upphafi með því að setja nefnd og síðan kom málið aftur inn og þá í öðrum búningi og m.a. sérstakt frumvarp, ef ég man rétt, um niðurgreiðslur. Ég tel það því af hinu góða

ef menn geta náð fram meiri og gagnlegri upplýsingum en við höfum lagt til í þessari þingsályktunartillögu en tíminn er hins vegar frekar knappur til þess að vinna verkið og það þarf að fá nokkurn hraða í gegnum nefnd og síðan aftur inn í þing ef mönnum á að verða eitthvað úr verki. Ég lít svo á að ríkisstjórnin vilji ekki samþykkja þetta mál ef hún leggst á það og frystir það inni í nefnd.

[14:22]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Það voru örfá atriði til viðbótar sem ég hefði viljað koma að í máli mínu. Við erum að ræða tillögu til þingsályktunar um úttekt á hækkun rafmagnsverðs, að gerð verði formleg úttekt á vegum þingsins á hvaða breytingar hafa orðið á raforkuverði til almennra notenda, til heimilisnotenda og til atvinnurekstrar vítt og breitt um landið á síðastliðnum 4–5 árum eða frá því að lög voru samþykkt á Alþingi um markaðsvæðingu raforkukerfisins. *Ég held að það sé mjög þarft og nauðsynlegt að þetta sé* gert og ætti að vera hafið upp yfir alla flokkadrætti. Þetta var mjög umdeild löggjöf á sínum tíma, árið 2003, þegar þessi lög um markaðsvæðingu og einkavæðingu raforkukerfisins voru samþykkt á Alþingi. Það er að vísu rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, fulltrúa Framsóknarflokksins á Alþingi í umræðunni um þetta mál, að það voru ekki margir á móti þessum lögum en eitt er víst, að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðust gegn raforkulögunum. Við litum svo á að raforkan væri einn af grunnþáttum samfélagsins, væri hluti almannaþjónustunnar, væri hluti velferðarkerfisins og hér á landi væri ekki grundvöllur til þess að sú þjónusta yrði rekin á samkeppnisgrunni. Nógu erfiðlega hefur það gengið í öðrum löndum þar sem þó er hægt að kaupa rafmagn annars staðar frá. En á eylandi sem Íslandi er í rauninni ekki um annað að ræða en að kaupa rafmagnið innan lands. Landið er líka dreifbýlt og það er kostnaðarsamt að leggja línur og halda uppi og veita aðgang að rafmagni á jafnréttisgrunni á sem hagstæðasta verði. Og þetta var á leiðinni að takast.

Raforkukerfið var eitt öflugasta almannaþjónustukerfi landsins, skapaði grunn fyrir samkeppnishæft atvinnulíf og búsetu. Það var ekki öllu lokið þar, það var mikið eftir. En engu að síður var þetta rekið á þeim grunni. Þetta var ekki atvinnurekstur í þeim skilningi, samkeppnisatvinnurekstur, heldur átti aðgengið að rafmagni og jafnrétti til rafmagnsins að skapa öðru atvinnulífi rekstrargrundvöll og arð. Síðan kemur Framsóknarflokkurinn inn í ríkisstjórn undir forustu iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins í þessum efnum og hefur forgöngu um einkavæðingu og markaðsvæðingu raforkukerfisins sem ekki einu sinni gengur í nágrannalöndum okkar.

Við höfum t.d. heyrt sögurnar frá Finnlandi, Danmörku og Noregi — sérstaklega frá Noregi þar sem farin var hliðstæð leið og hér í markaðsvæðingu raforkukerfisins. Það leiddi til mikillar hækkunar á raforku og miklu lélegra afhendingaröryggis vegna þess að það hvíldi ekki sú skylda á orkufyrirtækjunum að sitja uppi með forða, að taka á sig sveiflur í úrkomu, hita eða öðru slíku sem gat haft breytileg áhrif á raforkuþörfina. Þegar kerfið er orðið markaðsvætt þá hefur það ekki sömu skyldur. Meðan raforkukerfið er sameiginlega á ábyrgð allra landsmanna hvílir sú ábyrgð á að nægilegur forði sé til, til að halda uppi jöfnuði í raforku í landinu. Slík markaðsvæðing hefur reynst illa í Noregi og hún hefur líka reynst mjög illa hér. Við höfum fengið ályktanir frá hverjum landshlutasamtökunum á fætur öðrum, frá sveitarfélögum og fyrirtækjum um allt land þar sem kvartað er undan þessu og bent á hækkun á rafmagni nú á síðustu 3–4 árum þrátt fyrir loforð stjórnvalda um annað. Ég held að það sé því brýnt að fram komi með þessari þingsályktunartillögu, um að gerð verði á þessu úttekt, að þetta sé sameiginlegt áhugamál okkar allra.

Varðandi atkvæðagreiðslurnar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson minntist á þá vil ég minna á að þegar greidd voru atkvæði um raforkulögin í heild sinni og innleiðingu markaðskerfisins þá voru nokkrir þingmenn sem greiddu atkvæði gegn því og höfðu aðra pólitíska sýn en flokkur hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, Framsóknarflokkurinn, sem virðist rúinn samvinnuhugsjóninni. Nei. Þeir þingmenn sem samþykktu þetta ekki og vildu að rafmagnið væri áfram á félagslegum grunni hvað grunnþætti varðaði og sögðu nei voru, með leyfi forseta: Adolf H. Berndsen, Árni Steinar Jóhannsson, Einar Oddur Kristjánsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs auk tveggja sjálfstæðismanna. Þetta var þegar raforkulögin voru afgreidd í heild og tekin var sú ákvörðun sem síðan er í gildi. Í þeirri atkvæðagreiðslu sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var að vísa til, þegar við sátum hjá, þá var verið að gera leiðréttingar og frekari útfærslu á þegar samþykktum lögum. Mig minnir að það sé rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni — sem þá hafði verið, ég held í eina skiptið, trúað fyrir formennsku af hálfu flokksins fyrir iðnaðarnefnd, sem hann var síðan sviptur — að þá hafi verið rætt um gjaldskrár, gildistöku og annað því um líkt og þá voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu undir hans stjórn sem voru yfirleitt til bóta. Reyndar fluttu þingmennirnir Guðjón Arnar Kristjánsson og Steingrímur J. Sigfússon tillögu um að gildistökunni yrði frestað meðan farið væri betur ofan í málið. Því var hafnað og þess vegna skall þetta á okkur með þessum þunga.

Þó að Kristni H. Gunnarssyni hafi á tímabili verið trúað fyrir formennsku í iðnaðarnefnd, sem hann var síðan sviptur, þá hefur hin klára stefna Framsóknarflokksins því miður verið sú að keyra þessa markaðsvæðingu raforkukerfisins í gegn og af þeirri hörku sem við höfum kynnst í málflutningi hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, sem var í forsvari fyrir þann málaflokk. Og það er hart að það skuli enginn framsóknarmaður annar en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vera til svara fyrir stefnu flokksins en þetta kemur allt í ljós, herra forseti. (Forseti hringir.) Ef þessi þingsályktunartillaga verður samþykkt þá verður gerð könnun á þessu máli.

[14:30]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert sem fram kemur í umræðunni um þetta mál, að það er grundvallarmunur á afstöðu einstakra flutningsmanna til málsins sem gera á úttekt

á. Fulltrúi Frjálslynda flokksins telur ekki rétt að stíga til baka úr markaðsvæðingunni heldur beri að reyna að gera bragarbót þar sem þörf er á. En fulltrúi Vinstri grænna lýsir yfir algerri andstöðu við markaðsvæðingu. Hann vill hafa raforkuframleiðslu, dreifingu og sölu sem opinbera þjónustu.

Það eru út af fyrir sig tvær ólíkar skoðanir á þessu máli. Ég er hræddur um að hv. þm. Jón Bjarnason þurfi frekar að gera grein fyrir því hvers vegna hann telur að til framtíðar litið verði það besta kerfið. Af hverju hafnar hann því að menn hafi frelsi og svigrúm til að nýta auðlindir landsins án þess að fá leyfi hjá einhverjum æðsta presti í Landsvirkjun eða ríkisstjórninni? Af hverju er hv. þm. Jón Bjarnason og flokkur hans á móti möguleikum manna heima í héraði til að nýta sér orkulindirnar til atvinnuuppbyggingar á sínu svæði? Það felst í orðum hans að hann er á móti því að einstaklingar geti virkjað, framleitt rafmagn og selt, það eigi að vera hlutverk hins opinbera.

Það er því mikill munur á afstöðu flutningsmanna þessa máls, virðulegi forseti.

[14:32]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil að hv. þm. Kristin H. Gunnarsson sé á handahlaupum og flótta í þessu máli. Engu að síður verður hann að axla þá ábyrgð að vera fulltrúi Framsóknarflokksins, sem hefur barið markaðsvæðinguna á raforkukerfinu í gegn. Þótt hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi oft og tíðum hlaupið út undan sér í þeim efnum þá er hann engu að síður ábyrgur fyrir stefnunni sem flokkurinn hefur þar rekið. Þá er gripið til svona útúrsnúninga. Ég hef alls ekki sagt að það væri ekki eðlilegt að menn nýttu orkuauðlindir til að virkja þegar það telst hentugt og liggur vel við.

Ég vil leggja áherslu á, og þar greinir okkur hv. þm. Kristin H. Gunnarsson á, að ég lít á raforkuna sem grunnalmannaþjónustu fyrir atvinnulíf og búsetu vítt og breitt um landið. Ég sé ekki að samkeppnishugmyndir Framsóknarflokksins tryggi rafmagn á bestu kjörum, t.d. norður um Strandir eða út um Vestfirði, að samkeppni í raforkusölu tryggi jafnræði í framboði raforku til allra landsmanna. Á stórum svæðum mun það sjálfsagt hægt en við verðum að minnast þess að það eru aðeins liðlega 20% af raforkunni sem eru á þessum markaði. Hitt er allt bundið í stóriðjusamningum sem hafa síðustu árin m.a. verið gerðir að frumkvæði og undir forustu Framsóknarflokksins.

Þeir raforkusamningar eru ekki á neinum markaði, herra forseti.

[14:34]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru tveir þættir sem mér finnst að hv. þingmaður þurfi að skýra betur afstöðu sína. Varðandi framleiðsluna mátti skilja hann núna í andsvari þannig að hann væri hlynntur því að einkaaðilar framleiddu rafmagn.

En síðan er það söluþátturinn. Í dag er kerfið þannig að hver sem er getur selt rafmagn. Kaupendur á höfuðborgarsvæðinu geta keypt rafmagn af hvaða fyrirtæki sem er. Þeir þurfa ekki að kaupa það af Orkuveitu Reykjavíkur. Þeir geta keypt það af Orkubúi Vestfjarða eða öðrum slíkum aðilum. Þannig er kerfið.

Það er samkeppni, eða á a.m.k. að vera samkeppni á söluþættinum. Það eru að minnsta kosti margir aðilar sem selja rafmagn. Það er svo athugunarefni hvort ekki sé samkeppni á milli þeirra um verð. Það þurfum við að skoða.

En er hv. þingmaður á móti því að margir aðilar megi selja rafmagn og margir aðilar megi framleiða rafmagn? Það var breytingin. Hitt er óbreytt í eðli sínu, að dreifingin er eitt miðstýrt kerfi, fyrst og fremst í opinberri eigu. Á því hefur ekki orðið breyting frá því sem var. Varla er þingmaðurinn að lýsa yfir andstöðu við að hafa það óbreytt í meginatriðum sem var.

Breytingar á verðlagningu vegna innbyrðis jöfnunar hafa haft áhrif á gjaldskrá. Ég hygg að gagnrýnin á verðmyndunina sé fyrst og fremst á þær breytingar. Ég get að mörgu leyti tekið undir að þær breytingar hafa leitt til hækkunar umfram það sem eðlilegt er hjá ákveðnum notendum. Menn hafa látið dreifbýlisnotendur borga meira og þéttbýlisnotendur borga minna og losað þá undan því að taka þátt í jöfnuninni út í sveitirnar eins og áður var. Ég held að sá þáttur sé hvað umdeildastur og hafi vakið hvað mesta óánægju.

[14:37]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson víkur sér undan því að ræða þessa tillögu og hvort við erum reiðubúin að standa saman að því að þessi úttekt fari fram. Hún snýst um það.

Við erum endalaust ósammála um tilhögun raforkukerfisins. (**KHG:** En hvað viltu gera?) Það er ekkert nýtt. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson getur haldið fram skoðunum Framsóknarflokksins um að ekki hafi verið hægt annað en að markaðsvæða raforkukerfið. Ég er ekki sömu skoðunar.

Ég tel að sú ábyrgð hvíli á samfélaginu að raforka sé til dreifingar, til ráðstöfunar, um allt land á jafnræðisgrunni, bæði hvað varðar verð og gæði. Hvaða meðölum þurfum við að beita í þeim efnum? Sú ábyrgð hvílir á okkur á Alþingi, að tryggja að svo verði.

Það er klárt að samkeppnissjónarmið og samkeppni innan raforkugeirans mun ekki tryggja jafnræði í dreifingu og verði á raforku til íbúa á Vestfjörðum og dreifðum byggðum. Þar verðum við að vera á verði.

Raforkuframleiðslan hefur að meginhluta verið í höndum tveggja eða þriggja fyrirtækja: Landsvirkjunar, Rariks og Orkuveitu Reykjavíkur, auk örfárra smærri fyrirtækja, svo sem Norðurorku og Hitaveitu Suðurnesja. En á okkur hvílir hin samfélagslega skylda, að rafmagni sé veitt á samkeppnishæfum grunni um allt land þannig að byggðirnar séu samkeppnishæfar. Þessi þingsályktunartillaga miðar að því að gera úttekt á því hvort svo sé.

[14:39]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að skýra betur hvað vakir fyrir mönnum með þessari úttekt. Ég geri ekki ágreining um að láta gera úttektina. Ég tek undir að hún yrði að vera víðtæk og ná til allra þátta breytinganna þannig að menn geti lagt mat á þær. En svo þarf að svara því, sem

mér finnst að hv. þm. Jón Bjarnason hafi ekki svarað: Hvað ætlar hann að gera við niðurstöðuna?

Mér heyrist á honum að hann ætli að nota niðurstöðuna sem rökstuðning í því að fara aftur í tímann og taka upp gamla fyrirkomulagið. Það er út af fyrir sig skoðun og ég geri ekki ágreining við að hann hafi þá skoðun þótt ég sé ekki sammála henni, að fara aftur í tímann úr því sem komið er. Ég hafði að vísu efasemdir um að rétt væri að stíga öll þessi skref en það var gert og þá stendur maður að því og leitast við að vinna að málinu þannig að það nái fram að ganga eins og til var ætlast. Hv. þm. Jón Bjarnason verður að skýra af hverju hann er á móti í núverandi kerfi.

Ég skal fara yfir málið eins og það blasir við mér. Breytingin var miklu minni en ætla mætti. Breytingin laut bara að því að framleiða rafmagn. Hún var sú að opnað var fyrir að fleiri aðilar fengju að framleiða rafmagn en áður og ná samningum um sölu á umtalsverðu magni. Áður fyrr var það bara Landsvirkjun, sem fyrirtæki hins opinbera, sem hafði leyfi til þess að ráðast í stórar virkjanir og semja um að selja rafmagn til stórra fyrirtækja, hvort sem það var stóriðja eða eitthvað annað.

Er það það sem hv. þingmaður er á móti, að hafa tekið þetta vald af Landsvirkjun? Vill hann að Landsvirkjun fái í megindráttum aftur einkaleyfi á framleiðslu rafmagns þannig að menn norður í Skagafirði, í Þingeyjarsýslum eða á Austurlandi, hafi ekkert um það að segja hvort ráðist verði í raforkuframleiðslu á þeirra svæði? Þeir verði bara að hafa leyfi frá stjórnvöldum, sem þýðir í reynd, miðað við kerfið eins og það var, leyfi frá ríkisstjórninni á hverjum tíma. Er hv. þm. Jón Bjarnason að segja: Ég vil hafa það kerfi að enginn megi framleiða rafmagn í nokkrum mæli nema að ég leyfi það? Þannig skil ég hv. þingmann. Ég bið hann þá að leiðrétta mig ef það er rangt. Þetta var ein meginbreytingin, að opna fyrir að afnema einkaleyfi á framleiðslu rafmagns.

Hin breytingin var að afnumið var einkaleyfi á smásölu rafmagns. Nú geta allir raforkuframleiðendur selt rafmagn og kaupendur keypt af öllum og kerfi útbúið sem gerir mönnum það kleift. Er hv. þingmaður á móti því? Er hann á móti því að Orkubú Vestfjarða geti selt rafmagn til heimila á höfuðborgarsvæðinu? Eða er hann á móti því að orkufyrirtæki í Þingeyjarsýslu, svo ég nefni dæmi, sem kann að fara að framleiða rafmagn, selji það á Akureyri eða í Reykjavík? Vill hann að það verði bara einn aðili sem geti selt rafmagn, þ.e. Landsvirkjun eða dreififyrirtæki í eigu hins opinbera sem kaupa af Landsvirkjun?

Dreifingin er óbreytt í meginatriðum. Hún var á hendi hins opinbera og er það áfram. Það er opinbert kerfi í opinberri eigu með opinberri verðmyndun. Ég býst ekki við að hv. þm. Jón Bjarnason andmæli þeim þætti málsins. Hann telur vafalítið að það sé skynsamlegt kerfi og leggur væntanlega ekki til að breyta því.

Fjórði þátturinn sem ég vil nefna, sem hefur breyst, er jöfnunin í kerfinu. Áður verðlögðu fyrirtæki söluna, en ekki endilega eftir því hvað kostaði að framleiða og flytja rafmagn til tiltekins notanda. Það var innri verðjöfnun, sérstaklega þannig að þéttbýli borgaði meira en það þurfti til að dreifbýlið borgaði minna en kostnaðinum nam. Það var sem sé innri verðjöfnun. Þessu var breytt þannig að settur var fullur þungi á dreifbýlið. Þéttbýlið fékk lægra verð og naut þess en hugmyndin var að dreifbýlið ætti ekki að gjalda fyrir hækkunina vegna þess að niðurgreiðslur úr ríkissjóði áttu að aukast á móti hækkuninni.

Ég held að þessi þáttur hafi farið úr skorðum. Ég held að niðurgreiðslan úr ríkissjóði hafi ekki verið nógu mikil til að jafna verðbreytinguna í dreifbýlinu. Ég hugsa að óánægjan með breytinguna sé fyrst og fremst, þegar hún er skoðuð, afmörkuð við þennan þátt málsins. Ég held að það sé einmitt ágætt að gera úttekt á málinu til að draga fram hvernig þessi breyting hefur verið til að við getum lagað hana, af því að menn sögðu að breytingin ætti ekki að leiða til neinnar verulegrar hækkunar. Við eigum auðvitað að láta það standa.

Rökin fyrir að gera þessa breytingu á jöfnuninni voru að ella mundi kerfið ekki samrýmast reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, um ríkisstuðning eða slíkt. Ég er algerlega ósammála því. Ég held að menn séu orðnir kaþólskari en páfinn ef menn afnema alla innri jöfnun í verðlagningu á raforku. Hún er auðvitað áfram fyrir hendi því það er ekki hægt að ákvarða verð á raforku eftir notendum. Þeir skipta náttúrlega þúsundum eða tugum þúsunda. Verð til hvers og eins er breytilegt eftir vegalengdum flutnings og öðru slíku. Auðvitað eru menn með innri verðjöfnun áfram og geta haft hana í svipuðum mæli og var áður. Mér finnst að þéttbýlið geti alveg lagt á sig að borga, eins og áður var, meira til að jafna verðlagninguna í þéttbýli. Ég held að við ættum að færa okkur til baka að því leyti.

Ég bíð spenntur eftir að heyra sjónarmið hv. þm. Jóns Bjarnasonar um þetta, hverju hann er á móti. Vill hann laga jöfnunarþáttinn eða afnema breytinguna í framleiðslunni og sölunni?

[14:47]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þeir sem hlýða á mál hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar spyrji: Hver er hin eiginlega afstaða þingmannsins? Vegna þess að af og til hleypur þingmaðurinn í persónulega skoðun og þess á milli í stefnu flokks síns og við vitum að þar er einn hrærigrautur.

Ljóst er að Framsóknarflokkurinn hefur staðið fyrir markaðsvæðingu rafmagnsins, orkunnar hér á landi og ekki er öll sagan sögð hjá hv. þingmanni þegar hann talar um þær breytingar sem urðu. Það sem gerðist var að þessu var skipt upp í þrennt. Nýtt fyrirtæki, Landsnet, var stofnað og það er vissulega fagnaðarefni að það skuli ekki enn vera selt, en það er á opinbera ábyrgð og í opinberri eigu. Það sér um meginflutninginn og þar kemur inn milliliður sem tekur sinn kostnað. Síðan er það orkuöflunin og þá dreifing til neytenda þannig að þetta er meiri breyting en hv. þingmaður lýsti.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Er hann í rauninni alveg sáttur við þetta eins og þetta er nú, þá mismunun sem okkur hefur verið kynnt úti um land, þá mismunun sem raforkunotendur telja sig verða fyrir bæði hvað varðar verð og gæði rafmagnsins? Er hann sáttur við það, finnst honum það allt í lagi?

Í öðru lagi: Finnst honum allt í lagi að stóriðjan fái raforkuna alla á samningsverði og það séu einungis liðlega

20% sem raunverulega eru á þeim markaði sem við erum hér að ræða um? Finnst honum það eðlilegt í þessu raforkumarkaðskerfi sem hann er búinn að koma á, hv. þingmaður, með flokki sínum? (Forseti hringir.)

Í lokin: Skilur hann þá tillögu sem hér er flutt?

[14:49]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú gerist þingmaðurinn gamansamur. Ég skal svara honum þó að það hafi komið skýrt fram í máli mínu hver afstaða mín er.

Ég er ekki sáttur við breytingarnar á innri verðjöfnun í kerfinu á milli notenda, eins og ég lýsti áðan í ræðu minni. Ég tel að menn hafi gengið of langt inn á þá braut að láta dreifbýlið bera fullan þunga af dreifingarkostnaðinum til þess og aflétta því af þéttbýlinu að taka þátt í því. Mér finnst gengið of langt í þá veru. Ég held að aðalóánægjan í kerfinu sé sú að þessar gjaldskrárbreytingar hafa leitt það af sér að t.d. bændur hafa mátt þola hærra verð og hærra verð en við sögðum að mundi verða. Þess vegna segi ég og ítreka: Það á að standa sem menn sögðu. Menn eiga að gera lagfæringar á þessu þannig að kostnaður þeirra í dreifbýlinu verði í samræmi við það sem menn sögðu á sínum tíma. Það er því enginn efi um afstöðu mína í þeim efnum.

Ég er ekki viss um að menn eigi að stíga til baka yfir í einkaleyfi ríkisins í framleiðslu rafmagns. Það er kannski aðalgallinn á stóriðjunni til þessa að ríkið hefur verið að semja við einn aðila, veita sérstaka afslætti í formi ívilnandi skattareglna og slaka niður orkusöluverðinu þannig að menn taki hagnaðinn bara út í þjóðhagslegum umsvifum en ekki arðsemi framkvæmdarinnar. En með því að einkavæða framleiðsluna fara menn ekki í stórar virkjanir nema kaupandinn borgi það verð sem þarf til að standa undir kostnaðinum og ég held að það sé til bóta, virðulegi forseti.

[14:52]

**Flm. (Sigurjón Þórðarson)**:

Frú forseti. Þessi þingsályktunartillaga sýnir samstöðu stjórnarandstöðunnar í þinginu um að draga fram hve óhönduglega hefur tekist hjá stjórnarflokkunum, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki, við það að breyta rafmagnskerfinu í landinu. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Kristin H. Gunnarsson að segja að allir hafi stutt þetta frumvarp á sínum tíma og að þessar breytingar yrðu ekki fyrirséðar.

Það er ekki svo. Þeir sem studdu þetta á sínum tíma í stjórnarandstöðuflokkunum gerðu það vegna þess að gefin voru ákveðin fyrirheit um að ekki yrðu gríðarlegar hækkanir og ekki mjög miklar breytingar. En því miður berast fréttar hvaðanæva að úr þjóðfélaginu, frá iðnaðinum, frá sveitarfélögum, um að afar illa hafi tekist til hjá Framsóknarflokknum við að breyta þessu. Ég spyr: Eigum við þá ekki að skoða málið og fara yfir það?

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tekur undir að fara eigi í gegnum slíka umræðu og skoða málið. En ég er ekki viss um að hann tali fyrir hönd alls þingflokksins vegna þess að ég þráspurði þáverandi hæstv. iðnaðarráðherra um hvað hefðu orðið miklar hækkanir á raforku í þeim hluta sem samkeppni ríkti en engin svör fengust. Þess vegna hef ég það á tilfinningunni að sumir hverjir í Framsóknarflokknum og meiri hlutinn vilji ekki að þessar staðreyndir komi fram.

Stundum er sú röksemd notuð að þetta sé eðlileg afleiðing þessara breytinga og hækkanir séu réttlættar með því að núverandi skipan hafi það í för með sér að allir raforkunotendur eigi að sitja við sama borð. Það á stundum við og stundum ekki. Að minnsta kosti ákvað ríkisstjórnin í sumar að gefa sérstakan afslátt til sumra og annarra ekki. Umræða og þessi könnun þarf því að fara fram og þetta verður að skoða rækilega ofan í kjölinn.

Reynt hefur verið að draga það fram að einhver óeining ríki um hvað eigi að gera síðan við niðurstöðurnar og hvort menn ætli að snúa ofan af núverandi skipan og fara til baka eða halda áfram. Ég verð að segja að sú leið sem farin hefur verið, sem hefur leitt til hækkana hjá almennum notendum, hjá iðnfyrirtækjum, er ekki heillavænleg þróun. Þetta er í rauninni sýndarsamkeppni opinberra fyrirtækja, fyrirtækja sem eru nánast í eigu sömu aðila. Það á því að spyrja gagnrýnna spurninga: Á hvaða vegferð erum við í þessum málum?

Ég furða mig eilítið á því að sjálfstæðismenn skuli ekki taka þátt í umræðunni og láti Vinstri græna vera eina um það að draga niður þennan markaðsbúskap með raforkuna vegna þess að þeir eru í aðstöðu til að færa rök fyrir markaðsbúskap með raforkuna. Það er ekki heillavænlegt fyrir þá sem styðja frjálsan markað á sem flestum sviðum, að hafa þetta dæmi fyrir augunum á sér, að fá ekki viðhlítandi röksemdir hjá stjórnvöldum hvers vegna almenningur og minni iðnfyrirtæki, svo sem bakarar, fara svona illa út úr þessari breytingu á raforkumarkaðnum.

Ég hefði stutt að breytingar yrðu í markaðsátt en þetta kerfi kemur óorði á markaðsöflin, að sjá eingöngu hækkanir hjá þeim aðilum sem eru í svokölluðu samkeppnisumhverfi sem er að verða í rauninni einungis fimmtungur, eins og kom fram í fyrri ræðu minni, af heildarraforkunotkun í landinu. 80% af allri raforkunotkuninni kemur þessu breytta fyrirkomulagi ekki nokkurn skapaðan hlut við. Það er raforka sem er í föstum samningum og kemur þessari hækkun ekkert við. Einnig hefur verið leitt getum að því að að einhverju leyti hafi verið fært af þessum hluta yfir á samkeppnishlutann. Þessu þarf að svara en þáverandi hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, kom sér ítrekað undan að svara því og hefur orðið uppvís að því að gera ekki rétt grein fyrir því hverjar afleiðingarnar verða fyrir landsmenn. Þetta skiptir verulega miklu máli.

Ef til vill hefur Framsóknarflokkurinn fjarlægst að mörgu leyti hinar dreifðu byggðir. Sérstaklega má færa rök fyrir því með nýkjörnum formanni, sem skrifaði merka grein um borgríkið Ísland í Borgnesingabók fyrir um tveimur árum og þá var hann einn helsti hugmyndafræðingur Framsóknarflokksins.

Þar kemur fram, með leyfi forseta, orðrétt:

„Tæplega verður litið á byggð sem einingu ef þar búa færri en átta til tólf þúsund manns nema sérstakir landshættir valdi.“

Þetta eru orð núverandi formanns Framsóknarflokksins og ef til vill sjáum við þessa hugsun formannsins speglast í því tómlæti sem hann sýnir þessari þingsályktun og þeim ályktunum sem koma frá sveitarfélögunum víða um landið.

Við verðum að gæta að því að raforkuverðið skiptir

mjög miklu máli fyrir iðnfyrirtæki og þetta er einn sá þáttur, ef við héldum vel á spilunum, sem við gætum boðið á lægra verði en þau lönd sem við erum í samkeppni við. En því miður kom fram í úttekt iðnaðarráðherra, skýrslu hans um raforkumálefni, að iðnfyrirtækin eru að fá orkuna á hærra verði. Ég segi: Við erum lengra frá mörkuðunum og við ætlum okkur ekkert að greiða lægri laun á Íslandi en á Norðurlöndunum, Bretlandi, Frakklandi og þeim löndum sem voru gefin upp sem samanburðarlönd í skýrslunni. Við gætum mögulega komið upp markaðsforskoti hvað varðar raforkuna en því miður er raforkuverð hér hærra en í þeim löndum sem við ættum að geta boðið rafmagn á lægra verði.

Ég vil að lokum þakka ágætar undirtektir sem þingsályktunartillagan hefur fengið og vonast svo sannarlega til að þau viðhorf sem komu fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni endurspegli að nokkru leyti viðhorf annarra framsóknarmanna, þó svo að ég efist að einhverju leyti um það vegna þess m.a. að honum var ekki treyst af flokkssystkinum sínum til áframhaldandi setu sem formaður í iðnaðarnefnd. Þess vegna óttast maður að þetta mál muni daga að einhverju leyti uppi, að menn reyni að ýta málinu út af borðinu. En ég er á því og það er skoðun mín að við það verði í rauninni ekki unað og að lokum muni koma fram hvað þessi hækkun hefur orðið mikil á þeim hluta markaðarins sem átti að vera í svokölluðu samkeppnisumhverfi og átti miklu frekar að fá lækkun en hækkun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.*

Frv. KolH o.fl., 9. mál (upplýsingaskylda, málshöfðunarréttur). — Þskj. 9.

[15:01]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Er þetta mál eitt af þeim málum sem stjórnarandstaðan á Alþingi ber fram sameiginlega í upphafi þessa haustþings.

Frumvarpið byggist á þremur málum sem öll hafa verið flutt á Alþingi áður af stjórnarandstöðuflokkunum Samfylkingunni og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Flutningsmenn þessa frumvarps, þegar þessi mál hafa verið sameinuð í eitt, eru auk mín hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og formenn stjórnarandstöðuflokkanna, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Málin þrjú sem hér eiga í hlut er í fyrsta lagi mál sem ættað er frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem felur í sér tæki til að framfylgja lagaskyldu um jöfn laun karla og kvenna. Síðan eru tvö frumvörp frá Samfylkingunni, annað varðar afnám launaleyndar og hitt varðar úrskurði kærunefndar jafnréttismála, þ.e. að þeir verði bindandi.

Í greinargerð með þessu frumvarpi má lesa rökstuðning sem ég renni yfir í stuttu máli. Þar ber fyrst að nefna hugmyndir varðandi launaleynd en það er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja að launaleynd er eitt af þeim atriðum sem virðist hafa fest í sessi landlægan og kerfisbundinn launamun milli kynjanna. Það má færa rök að því að launaleyndin stangist á við jafnréttislög þar sem hún getur beinlínis stuðlað að lögbroti, þ.e. broti á þeim lögum sem hér um ræðir, ef hún er þess valdandi, sem kannanir sýna ítrekað, að viðhalda launamun kynjanna.

Þessi launaleynd hefur tíðkast lengi án þess að látið hafi verið reyna á lögmæti hennar. Við sem flytjum þetta mál teljum rétt að taka af öll tvímæli um að það sé skýlaus réttur launamanns að veita hverjum sem er, hvenær sem er, upplýsingar um laun sín og önnur starfskjör ef hann svo kýs. Við teljum að þessi réttur þurfi að vera lögbundinn þannig að ljóst sé að hann verði hvorki af launamanni tekinn með starfs- eða ráðningarsamningi né á nokkurn annan hátt.

Við vitum öll sem í þessum sal sitjum að það eru 45 ár síðan fyrstu lögin um launajafnrétti kynjanna tóku gildi. Það var árið 1961 sem fyrsta lagasetning þess efnis var sett á Alþingi og við sjáum það í afar nýlegri könnun hversu hægt hefur miðað. Í könnun sem félagsmálaráðuneytið lét gera og birtar voru upplýsingar um í fjölmiðlum hinn 20. október sl. kemur í ljós að kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði hefur ekkert breyst undanfarin 12 ár, frá því að síðasta viðamikla könnun í þessum efnum var gerð. Launamunurinn eykst stöðugt hjá einkafyrirtækjunum og til marks um það að við teljum launaleyndina geta verið virkan þátt í því má auðvitað geta þess að launaleynd og samningar sem binda launamenn trúnaði um launagreiðslur eru fremur gerðir hjá einkaaðilum. Það leiðir af sjálfu sér þar sem kjarasamningar opinberra starfsmanna gera ekki ráð fyrir að launaliðirnir fari leynt.

Það er auðvitað alvarlegt mál sem taka þyrfti til ítarlegrar umfjöllunar að í niðurstöðu þeirrar könnunar sem félagsmálaráðuneytið lét gera kemur í ljós að í einkafyrirtækjunum eru hæstu dagvinnulaun með aukagreiðslum á klukkustund næstum því 26 sinnum hærri en þau lægstu. Það kemur líka í ljós að munurinn á hæstu og lægstu launum karla er miklu meiri en munurinn á hæstu og lægstu launum kvenna hjá einkafyrirtækjum. Sömuleiðis má nefna að munurinn hjá opinberu stofnununum er talsvert minni en hjá einkafyrirtækjunum eða innan við tífaldur og þar er jafnframt meiri munur á hæstu launum kvenna en karla.

Það er ljóst að ef taka á á þessum málum af alvöru verður að beita ráðum sem virka. Það kemur í ljós þegar hæstv. félagsmálaráðherra tjáir sig um þessi mál að hann telur brýnasta verkefnið í jafnréttismálunum að leiðrétta þennan landlæga launamun milli kynjanna. Hann segir að niðurstöður þessara rannsókna hafi valdið sér miklum vonbrigðum. Hann tiltekur að það sé auðvitað jákvætt að konur virðist samkvæmt könnuninni hafa sýnt meiri dugnað upp á síðkastið við að sækjast eftir stöðuhækkunum og hann segir líka að stjórnendur séu eftir því sem fram kemur í henni líklegri en áður til að hvetja konur til að sýna frumkvæði í starfi og koma fram fyrir hönd fyrirtækjanna. Hins vegar viðurkennir ráðherrann að þetta skili sér ekki í launaumslagi kvennanna. Hann tekur þannig til orða að nú þurfi allir að bretta upp ermarnar eina ferðina enn, hæstv. félags-

málaráðherra, sem ekki hefur verið sami einstaklingurinn undanfarin 12 ár en er núna hv. þm. Magnús Stefánsson, segir: Við viljum útrýma þessum launamun. Nú er það svo að það hefur verið vilji ríkisstjórna frá árinu 1961. Það hefur verið vilji Alþingis sem Alþingi hefur reynt að leiða í lög en lagasetningin virðist ekki hafa skilað tilætluðum árangri. Mér finnst að ekki hafi verið tekið nægilega hraustlega á og við sem erum aðstandendur þessa frumvarps leggjum til leiðir sem eiga að vera öflugri en þær sem menn hafa talið sig hafa tök á að beita í þessum efnum hingað til.

Þá er ég komin að öðrum þætti í þessu frumvarpi sem varða tæki til handa Jafnréttisstofu sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna til að reyna að ná þessum launamun niður og reyna að leiðrétta hann en hún hefur hingað til ekki haft þau tæki í höndunum sem að okkar mati eru nægileg eða duga til að skipta sköpum í baráttunni. Gert er ráð fyrir því samkvæmt frumvarpinu að Jafnréttisstofa geti hafið rannsókn og gagnaöflun að eigin frumkvæði að mótteknum kvörtunum eða í kjölfar kæru til kærunefndar jafnréttismála. Þetta eru heimildir sem væru svipaðar þeim heimildum sem mælt er fyrir um í skattalögum, í samkeppnislögum og lögum um eftirlit með fjármálastarfsemi og okkur flutningsmönnum frumvarpsins þykir í raun og veru veigameiri rökin fyrir því að veita Jafnréttisstofu sambærilegar heimildir til að hægt sé að tryggja konum þau mannréttindi sem konur eiga bundin í stjórnarskrá. Í 5. gr. þessa frumvarps er því mælt fyrir um að settur verði jafnréttisfulltrúi í fyrirtæki og stofnanir, bæði í einkafyrirtæki og opinberar stofnanir. Það teljum við vera í anda heimilda og þeirra úrræða sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. gildandi laga um skipun jafnréttisfulltrúa hjá sérhverju ráðuneyti og hlutverk þeirra. Þó er mælt fyrir um aukin verkefni jafnréttisfulltrúa hjá einkafyrirtækjum.

Það hefur komið í ljós í umræðum um þessi mál að það sé mat sérfróðra aðila um jafnréttismál og sömuleiðis virðast tölfræðilegar upplýsingar sýna það að staða kvenna hjá einkafyrirtækjunum sé talsvert verri en hjá ríki og sveitarfélögum og jafnréttisáætlanir, hvort heldur er einkafyrirtækja eða ríkis og sveitarfélaga en kannski fyrst og fremst einkafyrirtækja, virðast vera haldlitlar og þær skila að engu leyti þeim árangri sem til var ætlast. Þar er bæði kynbundinn launamunur og munur á heildartekjum karla og kvenna meiri en í opinbera geiranum. Sömuleiðis má auðvitað nefna að valdaleysi kvenna í stjórnum einkafyrirtækja, einkum stórfyrirtækjanna, er auðvitað sláandi og það endurspeglar ekki að neinu leyti menntun kvenna, hæfni þeirra eða reynslu, sem er líka alvarlegur hlutur og verður að taka til umfjöllunar þegar þessi mál eru rædd.

Eins og ég sagði áðan eru starfsmenn ríkis og sveitarfélaga kannski betur settir vegna þeirra réttinda sem þeir njóta samkvæmt kjarasamningunum. Þeir njóta meiri verndar en starfsmenn á almenna markaðnum gegn mismunun, samkvæmt stjórnsýslulögum og samkvæmt upplýsingalögum sem ekki hafa verið færð yfir á einkarekstur eins og vitum. Auðvitað er það hættulegt í hvaða átt stefnir í þessum efnum þegar haldið er á spöðunum eins og ríkisstjórnin gerir varðandi hlutafélagavæðingu opinberra stofnana og fyrirtækja og einkavæðingu opinberra stofnana og fyrirtækja því allt ber þetta að sama brunni: Ef fyrirtækjum eða stofnunum er kippt undan upplýsingalögum og stjórnsýslulögum eru líkur á að launaleyndin fari að gera vart við sig. Þar af leiðandi náum við ekki að brúa þennan kynbundna launamun.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að sami háttur verði hafður á við skipun og tilnefningu í nefndir, ráð og stjórnir ríkis og sveitarfélaga og er við tilnefningar á skipun í Jafnréttisráð. Lagt er til að tilnefningaraðilar tilnefni einn karl og eina konu þannig að veitingarvaldið hafi þar val og geti við það gætt þess að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Með lögfestingu þessarar tillögu má ætla að það heyri sögunni til að nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga verði eingöngu eða að miklum meiri hluta skipaðar körlum og er sannarlega mál til komið.

Að lokum geri ég grein fyrir þeim þætti frumvarpsins sem varðar kærunefnd jafnréttismála en þar er um að ræða mál sem kemur upphaflega frá Samfylkingunni eins og ég sagði áðan og var 1. flutningsmaður þess hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hún hefur sem kunnugt er gert hér að umræðuefni oftar en einu sinni málefni sem varða kærunefnd jafnréttismála og að nauðsynlegt sé að gera úrskurði kærunefndarinnar bindandi. Eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um réttindi kvenna hefur gagnrýnt Ísland fyrir að niðurstöður kærunefndarinnar skuli ekki vera bindandi, sérstaklega þegar stjórnvöld eiga hlut að máli. Nefndin hefur gert það að tillögu sinni í skýrslu til íslenskra stjórnvalda að álit kærunefndarinnar verði bindandi og er það skýrt nánar í greinargerð á hvern hátt verkefni kærunefndar jafnréttismála eru. Sömuleiðis er að finna í greinargerðinni upplýsingar frá kærunefndinni um fjölda erinda og afdrif þeirra í stuttu yfirliti. Stjórnvöldum ber auðvitað skylda til að sjá til þess að jafnréttislögum sé framfylgt. Það er kunnara en frá þurfi að segja og þarf ekki að ítreka það úr þessum ræðustóli. Jafnréttislög kveða á um það að jafnréttissjónarmiða skuli gætt á öllum sviðum samfélagsins og unnið sé að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku. Reynslan sýnir að ákvæðið um kærunefndina virkar ekki eins og til var ætlast, því að veruleg brögð eru að því að álit nefndarinnar sé ekki virt. Þetta frumvarp er flutt til að reyna að bæta úr þeirri brotalöm. Þess ber að geta að Norðurlöndin hafa vakið athygli víða um heim fyrir framsýni og baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og þau hafa öll kappkostað að ganga eins langt í löggjöf og hægt er til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna. Með samþykkt þessa frumvarps væri framkvæmd þessa ákvæðis jafnréttislaga okkar fært nær því sem er annars staðar á Norðurlöndunum og teljum við vera mál til komið.

Loks má geta þess að á vorþinginu 2004 var frumvarp sem var að mestu leyti um sama efni tekið til 1. umr. Því máli var vísað til félagsmálanefndar. Nefndin fjallaði því miður ekki um málið eins og oft gerist en engu að síður viljum við taka fram að það hlýtur að vera sameiginlegur vilji þeirra sem starfa í félagsmálanefnd og okkar á þinginu, sem viljum auðvitað fara að lögum, að tekið sé á þessum málum svo eftir verði tekið. Það er enn brýnni nauðsyn á þeim úrræðum sem þetta frumvarp felur í sér nú en nokkru sinni fyrr því að við getum ekki haldið öllu lengra áfram inn á 21. öldina með öll þessi mál í þeim ólestri sem raun ber vitni. Það hefur ekkert þokast í þjóðfélaginu í átt til

launajafnréttis á síðustu árum, við vitum öll að verið er að fremja mannréttindabrot á konum með viðvarandi kynbundnum launamun og sömuleiðis með áberandi fákvenni í nefndum, stjórnum og ráðum og það breytist ekkert því lengra sem við höldum áfram á þessari braut. Þetta verður meira óþolandi og sýnilegra eftir því sem tímarnir líða og það er auðvitað hjákátlegt þegar ríkisstjórnin hefur yfirlýst markmið og er að fara eftir samþykktri jafnréttisáætlun að ekkert skuli þokast varðandi breytingar. Það þokast ekkert í átt að útrýmingu launamunarins og sáralítið í átt að jafnrétti við opinbera stefnumótun.

Það er athyglisvert þegar litið er yfir umfjöllun fjölmiðla núna síðustu daga vegna þeirrar könnunar sem ég gat um áðan að atvinnurekendur virðast ekki hafa sömu áhyggjur og við í stjórnarandstöðunni af þessari þróun eða staðreyndum sem ég nú hef rakið. Þannig vekur það athygli þegar Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir á forsíðu Morgunblaðsins föstudaginn 20. október að rannsóknir hafi sýnt að óútskýrður launamunur — sá óútskýrði launamunur sem fram kemur í könnuninni sem ég gat um — eigi sér efnislega skýringar en sé ekki kerfisbundin kynjamismunun.

Þetta er afar athyglisvert og stangast á við þær fullyrðingar okkar stjórnarandstöðuþingmanna sem höldum því einmitt fram að þessi launamunur sé kerfisbundinn. Það hlýtur að vekja athygli þegar frammámaður úr atvinnulífinu kemur fram með þessi sjónarmið. Þetta vekur upp hugsunina um það að almenni vinnumarkaðurinn virðist, ég veit ekki hvort ég á að segja sætta sig við, eða alla vega gera afar lítið í því að reyna að færa mál hér til betri vegar. Það sýnir sig þegar við skoðum muninn á þessum málum annars vegar hjá á opinbera geiranum og hins vegar hjá almenna geiranum eða einkageiranum.

Í Viðskiptablaðinu 25. október síðastliðinn skrifaði Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélagsins, afar athyglisverða grein þar sem hún heldur því fram að miðað við núverandi hraða við það að minnka launamun kynjanna muni karlar og konur njóta sömu launa fyrir sömu störf eftir 628 ár. Ég spyr þingheim: Finnst okkur þetta ásættanlegt? Ég ætti auðvitað að spyrja ríkisstjórnina og stjórnarþingmenn, þingmenn stjórnarflokkanna: Finnst ykkur þetta ásættanlegt? Finnst þeim þetta ásættanlegt sem stjórna hér, fara fyrir ríkisstjórn í landinu og styðja ríkisstjórnina? Finnst þeim ásættanlegt að það skuli eiga eftir að taka okkur 628 ára í viðbót með sama hraða að jafna þennan launamun? Við í stjórnarandstöðunni höfum talað skýrt í þessum efnum. Okkur finnst þetta ekki ásættanlegt.

Við viljum grípa til úrræða sem virka, úrræða sem ríkisstjórnin hefur veigrað sér við að grípa til hingað til. Við vitum það öll að baráttan fyrir launajafnrétti er ekkert að hefjast í dag eða í fyrradag og hún hófst ekki heldur 1961 þegar fyrstu lögin sem bönnuðu launamun á grundvelli kynferðis voru sett. Baráttan fyrir launajafnrétti hefur staðið í yfir 100 ár. Hvað ætla menn að láta þá barátttu hér úti á akrinum halda áfram lengi? Við kjósum þingmenn til starfa á Alþingi Íslendinga á fjögurra ára fresti. Stjórnmálaflokkarnir fara allir fram með fögur fyrirheit. En þeir stjórnmálaflokkar sem nú fara fyrir ríkisstjórninni og hafa farið fyrir þessari ríkisstjórn síðan 1995 eru vita gagnslausir í þessum efnum. Svo móðgast hæstv. félagsmálaráðherra sem sýnir okkur hv. þingmönnum ekki einu sinni þá tillitssemi að vera viðstaddur umræðuna. Hann móðgaðist þegar ég um daginn leyfði mér að segja fullum fetum í þessum ræðustóli að ríkisstjórnin sé vita gagnslaus í þessum málum. Þá var hann í orðaskiptum við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vegna þessara brota á lögum um jafnan rétt karla og kvenna og það mátti vart orðinu halla við hann. Hann, eins og ég segi, „fornemast" við það að maður leyfi sér að tala hér tæpitungulaust. En staðreyndirnar tala sínu máli í þessum efnum. Ríkisstjórnin er liðónýt í baráttunni við launamun kynjanna.

Eitt af því sem verður að hafa í huga þegar við skoðum þessi mál er að ekki er allt sem sýnist varðandi launamun sem við nú erum að fjalla um, sem er u.þ.b. 16% eftir því sem könnunin leiðir í ljós og uppsláttur fjölmiðla sýnir þjóðinni. Staðreyndin er sú að búið er að leiðrétta heilan helling áður en þessar tölur, 16%, verða til eða koma í ljós. Hvernig rökstyð ég það? Jú, heildarmyndin, sem sagt óleiðréttur launamunur kynjanna, fæst með því að skoða muninn á atvinnutekjum karla og kvenna, þ.e. tekjum samkvæmt skattframtali og samkvæmt þeim tölum sem ég er hér með nýjastar — þær eru frá 2004 — er munurinn á atvinnutekjum karla og kvenna 63% árið 2004.

Við þetta hafa oft verið gerðar athugasemdir, þ.e. að verið sé að leiðrétta launamuninn og tala hann niður úr 63% niður í 16%. Meðal fræðimanna sem hafa tekið á þessum málum er Þorgerður Einarsdóttir, dósent í kynjafræði við Háskóla Íslands. Hún sagði í grein í Morgunblaðinu fyrir ári síðan, 2. nóvember 2005, að umræðan hafi snúist talsvert um forsendur og aðferðafræði kannananna og það hvernig mælt sé eða með hvaða aðferðum og hvernig beri að túlka niðurstöðurnar, en minna sé fjallað um hinn raunverulega mun sem sýnir sig þegar atvinnutekjurnar eru skoðaðar hráar. Þær tölur sýna einföldustu nálgunina, segir Þorgerður, og í þeim er ekki tekið tillit til vinnutíma, ekki tekið tillit til þess að konur og karlar sinni ólíkum störfum. Kosturinn við að skoða atvinnutekjur er að mati Þorgerðar sá að þær sýna mismunandi vinnuframlag kynjanna í launaðri og ólaunaðri vinnu í samfélaginu. Konur vinna mikla ólaunaða vinnu inni á heimilum landsins sem allt þjóðfélagið nýtur góðs af en kemur hvergi fram í þjóðhagsreikningum og telst þeim aldrei til tekna. Atvinnutekjurnar sýna því hvað konur og karlar bera úr býtum launalega fyrir vinnuframlag sitt í þjóðfélaginu.

Þegar farið er að leiðrétta launamuninn með tilliti til þeirra þátta sem menn telja vera málefnalega er skoðaður vinnutími, menntun, starfsaldur og fleira í þá veruna. Eftir slíka skoðun eru laun kvenna ekki eins miklu lægri en karla. En þá spyr maður sig: Hvers vegna ætti maður að draga þessa þætti frá eða láta þessa þætti hafa áhrif því að þetta eru kannski bara hinar eiginlegu kynjabreytur? Það sem við þurfum að leiðrétta í samfélaginu eru hlutir eins og þeir að konur hafi í auknum mæli mannaforráð í störfum sínum, að konur hafi í auknum mæli þau störf sem lúta að stjórn fyrirtækja, stjórn í rekstri, að þær fái yfirmannastöður. Þá fengjum við út miklu réttari mynd eða miklu sanngjarnari mynd en við fáum þegar við skoðum þetta með leiðréttum breytum.

Þorgerðar Einarsdóttur, sem ég nefndi áðan, er getið í grein sem birtist í Morgunblaðinu á sunnudaginn var þar sem fjallað er um launamun kynjanna og hina 45 ára löngu baráttu frá því 1961 að því markmiði að reyna að jafna þennan mun. Vitnað er í Þorgerði í þeirri grein þar sem hún segir að þessar skýribreytur svokölluðu séu umdeildar og eigi að vera það því að skýribreyturnar skipti grundvallarmáli. Almennt gildi að því fleiri skýribreytur sem teknar eru inn í reiknilíkön launakannana því meira má skýra af launamun kynjanna.

Vitað er að margir þættir hafa áhrif á laun án þess að geta talist málefnalegar skýribreytur. Þannig hafa hjúskaparstaða og barneignir tilhneigingu til að hækka laun karla en neikvæð eða engin áhrif á launamun kvenna. Fræðimenn hafa gagnrýnt að þessar breytur séu notaðar sem skýribreytur og að líta beri á þennan mun sem mismun í launasetningu. Þá hefur verið gagnrýnt að nota málaflokka eða starfssvið sem skýribreytu því vitað er að kvennastörf eru verr metin til launa en karlastörf. Það er merki um kerfislæga mismunun og gildismat á störfum öðru kyninu í óhag. Með því að taka slíka breytu sem málefnalega skýribreytu inn í reiknilíkan er horft fram hjá samfélagslegri kynjun og fyrri mismunun. Þar með er í raun verið að skýra kynbundinn launamun í burtu með þáttum sem orsaka hann. Færð hafa verið fyrir því margvísleg rök að of langt hafi verið gengið í leit að skýribreytunum, segir Þorgerður Einarsdóttir, þar sem vitnað er til orða hennar í Morgunblaðinu um síðustu helgi.

Þetta er alvarlegt og til umhugsunar í þessari umræðu og sýnir okkur að launamunurinn er talsvert meiri þegar grannt er skoðað en þessi 16% gefa okkur tilefni til að ætla. Ég held að þegar öllu er á botninn hvolft sýni þær umræður, sem hafa verið í blöðum og fjölmiðlum upp á síðkastið um þessi mál og í sölum Alþingis ár eftir ár, á hverju einasta ári, það er árvisst fjallað um þessi mál hér, að karlveldið lifir góðu lífi á Íslandi og því miður eru afar fá sýnileg merki um að það sé á undanhaldi. Það er í mínum huga mjög alvarleg staðreynd. Ég held að ég láti það verða lokaorð mín í þessari flutningsræðu minni að hvetja þingheim til að vakna af þyrnirósardvala, viðurkenna að þau tæki og aðferðir sem menn hafa beitt hingað til eða sagst vera að beita til þess að fást við launamun kynjanna séu vita gagnslaus, fara að hlýða á hugmyndir stjórnarandstöðunnar sem eru vel útfærðar í þessu frumvarpi og leyfa sér þann munað að koma frumvarpinu alla leið í gegnum nefndir Alþingis, færa það hingað aftur fram til atkvæðagreiðslu og samþykkja það fyrir vorið. Það væri okkur, þingheimi, til sóma því að þar með værum við komin með raunhæft tæki sem gæti gefið möguleika á að koma í veg fyrir áframhaldandi lögbrot og mannréttindabrot sem konur í þessu landi þurfa að þola.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, óska ég eftir að þessu máli verði vísað til félagsmálanefndar.

[15:28]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni og framsögumanni þetta frumvarp. Ég tel engan veginn ásættanlegt, eins og hún sagði, að launamunurinn lagist ekki nema á svona löngum tíma. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með þessa skýrslu sem sýndi að okkur hefur lítið sem ekkert miðað á undanförnum áratug.

Ég vil hins vegar spyrja hv. þingmann. Nú erum við stöðugt að ganga inn á persónuvernd af ýmsum ástæðum. Þær eru hryðjuverk, mansal, eiturlyf og svo eru það hleranir. Við erum alltaf að ganga inn á persónuverndina af góðum og gildum ástæðum: Hversu langt vill hv. þingmaður ganga í því að rjúfa friðhelgi persónufrelsisins og einkalífsins með góðum og gildum rökum?

Nú er hv. þm. Ögmundur Jónasson, samflokksmaður hv. þingmanns, afskaplega varkár í því að ganga á rétt einstaklinga. Hér er verið að ganga á rétt og aflétta ákveðinni persónuvernd sem eru laun. Það getur vel verið að einhver úti í þjóðfélaginu hafi töluverðan áhuga á því að vita hvað ákveðin kona eða ákveðinn maður hefur í laun.

Svo er það misskilningurinn um starf og vinnu. Einn maður getur verið óskaplega duglegur og atvinnulífið vill borga honum kannski tvöfalt hærri laun þess vegna, annar er með menntun, þriðji snjall og leysir öll mál skynsamlega. Annar hefur mikla reynslu og honum er borgað sérstaklega því að hann þekkir sögu fyrirtækisins langt aftur í tímann. Sumir hafa mikla og góða ástundun, aðrir eru stundvísir, sumir eru skemmtilegir og lífga upp á félagsskapinn. Allt eru þetta ástæður til að borga mönnum mismunandi laun. Hvernig ætlar hv. þingmaður að taka á því þegar í ljós kemur að tveir einstaklingar eru með mismunandi laun vegna þess að annar er með meiri menntun, hinn er miklu skemmtilegri eða þá miklu duglegri?

[15:30]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr hve langt ég vilji ganga varðandi friðhelgi einkalífsins eða persónuvernd einstaklinga í þessum efnum. Staðreyndin er sú að þegar um mannréttindabrot er að ræða og að öllum líkindum lögbrot gagnvart einstaklingum, það ekki bara örfáum heldur stórum hluta kvenna á Íslandi, vil ég auðvitað ganga eins langt og hægt er til að aflétta þeim mannréttindabrotum.

Ég tel að tækin sem hér er verið að fjalla um, varðandi launaleyndina, séu þess eðlis að þau yfirvöld sem með færu gerðu það með fullri virðingu fyrir viðkomandi einstaklingum og viðkomandi upplýsingum. Við vitum að Fjármálaeftirlitið og skattayfirvöld hafa ákveðin völd. Við teljum að sambærileg völd eigi að vera í höndum Jafnréttisstofu. Við teljum ekki að með þessum leiðum yrði nein hætta á að misfarið yrði með þessar upplýsingar. Þær yrðu eingöngu notaðar til að leiðrétta mannréttindabrot og mismunun sem er bönnuð með lögum en konur verða fyrir í samfélagi okkar í dag.

Í öðru lagi nefnir hv. þingmaður breyturnar: að vera duglegur, stundvís og skemmtilegur. Ég spyr hv. þingmann á móti. Úr því að karlar eru svona miklu hærra launaðir en konur í dag, ætlar hv. þingmaður þá að segja mér að það sé að öllum líkindum vegna þess að karlmenn séu duglegri, skemmtilegri og stundvísari en konur? Auðvitað ekki. Konur er líka duglegar, skemmtilegar og stundvísar. Það má líka launa þeim fyrir það. Eins og málin standa í dag virðist það ekki gert. Ég vil breyta því.

[15:32]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók sérstaklega fram að þetta væru tveir einstaklingar. Ég tók ekkert fram um kyn. Ég hef enga trú á að karlmenn séu almennt duglegri en konur. Ég hef enga trú á að þeir hafi yfirleitt meiri reynslu en konur, alls ekki. Ég spurði hvernig menn ætluðu að taka á því þegar launað er mismunandi fyrir starf og atvinnurekandi segir: Það er vegna þess að viðkomandi kona er svo dugleg, þess vegna fær hún hærri laun. Til að snúa dæminu við.

Ég hef margoft spurt hv. þingmann og spyr enn: Hvað ætla menn að gera þegar konu er mismunað gagnvart konu, þegar dóttir forstjórans eða yfirmanns stofnunar fær miklu hærri laun? Þá er ekki hægt að gera neitt. Þá er yfirleitt ekki hægt að kæra nokkurn skapaðan hlut. Ef konu er mismunað með því að dóttir forstjórans er gerð að deildarstjóra en hin fær ekki stöðuna þótt hún sé miklu hæfari, duglegri, snjallari og með meiri menntun þá á ekki að gera neitt. Hvernig ætlar hv. þingmaður að taka á þeim vanda?

Mér sýnist þessi launakönnun sýna að við nýtum ekki konur að fullu, að við nýtum ekki ákveðna auðlind sem eru kraftar kvenna. Mér finnst miklu meira vandamál að konur fái ekki framgang, verði ekki deildarstjórar, forstjórar eða stjórnarformenn í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera. Það er miklu meira vandamál heldur en svo að menn eigi að vera að bítast um hvort fólk sinni starfi sínu með ákveðnum hætti og fái laun fyrir það.

[15:34]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að hv. þm. Pétur H. Blöndal þurfi að hefja sig upp fyrir smáu dæmin, að bera saman einn einstakling við annan, eina konu við aðra. Þá sjáum við ekki skóginn fyrir trjánum. Við erum að reyna að sjá allan skóginn. Við reynum að hefja okkur upp yfir einstök dæmi og reyna að skoða heildina. Við teljum að tækin sem hér er verið að fjalla um séu þess eðlis að þau virki fyrir heildina.

Ég tel rétt að setja mikla orku í að leiðrétta misréttið sem heildin verður fyrir. Ef við sitjum þá uppi með einstaklinga sem er mismunað af einhverjum sökum þá sjáum við þau dæmi betur, þegar búið er að leiðrétta heildarórétttlætið.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum fyrst að takast á við stóru línurnar. Um leið og við sjáum að við erum þess megnug að vinna á kynbundnum launamun þá skulum við tala um konu sem er mismunað vegna konu. En núna reynum við að einbeita okkur að hinu, stóru myndinni, heildardráttunum.

Varðandi það að konur fá ekki framgang í samfélaginu þá er ég hjartanlega sammála hv. þingmanni. Ég veit að við erum sammála að mörgu leyti. Þess vegna tel ég að ég að hv. þingmaður gæti fylgt okkur í stjórnarandstöðunni við að kúska þessa ríkisstjórn til þannig að við sjáum einhverjar breytingar. Hér erum við með tæki sem er þess megnugt að breyta stóru dráttunum, heildarmyndinni. Það þurfum við að gera og við þurfum til þess stuðning allra sem eru sama sinnis í þessum sal.

[15:36]

**Jóhanna Sigurðardóttir**:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni afar merkilegt mál að mínu viti þar sem lagðar eru fram áætlanir um aðgerðir til að ná fram launajafnrétti kynjanna í reynd. Eins og hv. framsögumaður nefndi áðan hefur ítrekað á þessu kjörtímabili verið flutt mál til að ná fram jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla. Það er merkilegt að stjórnarandstaðan nái saman um að flytja saman eitt mál, fella saman þau frumvörp sem flutt hafa verið um málið á þessu kjörtímabili í eitt frumvarp. Ég tel afar bitastæð ákvæði í þessu frumvarpi sem vekja vonir um að hægt sé að ná jafnari stöðu og rétti kvenna og karla en verið hefur hingað til.

Það er afar sorglegt til þess að vita hve hægt gengur. Ítrekaðar kannanir hafa sýnt fram á það. Það er ekki bara um að ræða mikið launamisrétti kynjanna heldur gengur afskaplega hægt að jafna hlut kvenna í stöðuveitingum í hærri embættum hjá hinu opinbera og á almennum markaði.

Í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram á þessu kjörtímabili kom glöggt í ljós hve lítill hlutur kvenna í stjórnum fyrirtækja er hér á landi, hvort sem litið er til stjórna í stærri hlutafélögum eða hjá lífeyrissjóðum. Mig minnir að hlutur karla hafi verið yfir 90%, hvort sem litið var til stjórna lífeyrissjóðanna eða stjórna í stærri hlutafélögum. Ég held að það hafi verið um 50 hlutafélög sem ég spurði hæstv. fjármálaráðherra um. Í öllum tilvikum var hlutur kvenna innan við 10%. Sú skoðun hefur komið upp, sem ætti alvarlega að hugleiða, hvort lögbinda ætti ákveðinn hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja.

Ég tel að hér séu á ferðinni gagnlegar aðgerðir til að jafna rétt kvenna og karla. Það hafa verið reyndar ýmsar aðferðir í þessum, náttúrlega eilífar launakannanir sem ávallt staðfesta hið sama, þ.e. mikinn launamun kynjanna.

Það var afar sorglegt að hlýða á hæstv. félagsmálaráðherra fyrir nokkrum dögum þegar hann lýsti nýlegri könnun sem þá sá dagsins ljós. Hún sýndi að nánast enginn ávinningur hefði orðið á síðastliðnum tíu árum í að jafna launamun kynjanna. Reyndar má segja að sú skýrsla hafi staðfest þá stöðnun sem ríkt hefur þennan áratug og reyndar lengur.

Það eru 30 eða 35 ár síðan samþykkt voru lög um að jafna launamun kynjanna á sex árum. Þegar það hafði tekist þannig að taxtar voru jafnaðir þá fundu menn aðrar leiðir til að viðhalda þeim launamun sem er á milli karla og kvenna. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafa menn ekki fundið leið til að ná upp á borðið þeim launamun sem er í alls konar duldum greiðslum, fríðindum og bílastyrkjum á hinum opinbera markaði og reyndar á almenna markaðnum líka.

Það er afleitt að enn skuli vera launamunur í þessu formi hjá hinu opinbera. Kannanir sem hafa verið gerðar og fyrirspurnir sem m.a. ég hef borið fram í þingsal hafa sýnt fram á að bílastyrkir og ýmislegt sem hið opinbera hefur til að viðhalda þessum launamun, að slíkar hlunnindagreiðslur renna í meiri mæli til karla en kvenna. Það er alvarlegt að stjórnvöld geri ekki meira í málinu til að vera í fararbroddi fyrir því þá að ná fram launajafnrétti. Það er kannski forsenda þess að almenni markaðurinn hreyfi sig í þá átt að jafna launin, að hið opinbera og stjórnvöld vinni að því eins og lög gera ráð fyrir, að ekki sé mismunur í launamálum kynjanna.

Í umræðunni um daginn ræddum við hæstv. félagsmálaráðherra nokkuð tillögu sem var flutt fyrir tveimur til þremur árum og felld inn í framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna. Raunar hefur ekkert gerst í því máli, virðulegi forseti, á þeim tveimur og hálfa ári síðan Alþingi samþykkti tillögu um áætlun til nokkurra ára sem felld yrði inn í þessa framkvæmdaáætlun. Í þeirri áætlun var kveðið á um að beita mætti svokallaðri jákvæðri mismunum til að ná fram launajafnrétti kynjanna. Það er miður að ekki skulið lengra á veg komið með þá áætlun vegna þess að hún átti að líta dagsins ljós fyrir a.m.k. einu til tveimur árum síðan.

Hæstv. ráðherra nefndi að forsendan fyrir þeirri áætlun væri sú launakönnun sem nú hefur verið gerð opinber. Við skulum vona að hæstv. ráðherra vindi sér í að ganga frá slíkri áætlun í samráði við aðila vinnumarkaðarins, bæði á almenna vinnumarkaðnum og hinum opinbera. Þessi tillaga gerði ráð fyrir tveimur framkvæmdaáætlunum, annars vegar fyrir opinbera markaðinn og hins vegar fyrir almenna markaðinn. Ég held að það sé þess virði að reyna, m.a. í gegnum kjarasamninga, að jafna þann mun sem er á launum karla og kvenna.

Það hefur sýnt sig að Reykjavíkurborg náði allgóðum árangri í því á tímum R-listans að minnka þann kynbundna launamun sem viðgengist hafði hjá Reykjavíkurborg. Ef ég man rétt þá held ég að hinn kynbundni launamunur hafi þá minnkað um helming. Þá var gert ráð fyrir ákveðinni púllíu í kjarasamningum, fjármagni til að nýta sérstaklega til að jafna hlut karla og kvenna í launum. Það held ég að sé aðferð sem hafi reynst vel og eigi að nýta betur en gert hefur verið.

Það á auðvitað að fara út í það sem menn hafa aldrei treyst sér í, þ.e. að kortleggja hvernig hægt er að beita því ákvæði sem er til staðar í jafnréttislögunum, þ.e. ákvæðinu um jákvæða mismunun. Menn hafa aldrei lagst almennilega yfir það hvernig hægt sé að beita því ákvæði, sem ég held að mundi gagnast, sem hefur í þó nokkur ár verið inni í jafnréttislögum.

Hv. framsögumaður hefur gert góða grein fyrir þessum þremur leiðum sem hér eru settar fram, sem saman mynda ákveðna heild til að hafa áhrif á að ná fram jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna. Í fyrsta lagi frumvarpi sem Vinstri grænir hafa flutt á þessu kjörtímabili, um tæki til að framfylgja lagaskyldu um jöfn laun karla og kvenna. Hins vegar frumvarpi Samfylkingarinnar um afnám launaleyndar. Þetta tvennt tel ég að sé afar mikilvægt til að ná fram launajafnrétti, þ.e. hvernig launamisréttið er falið í duldum greiðslum og fríðindum sem aldrei koma upp á yfirborðið. Það er auðvitað staðreynd að í krafti launaleyndar hefur launamisréttið þrifist.

Hér er gerð tillaga um að afnema launaleynd til hægt sé að fá upp á borðið við hvað er á að takast í þessu og hvernig er best hægt að gera það, ef afnám launaleyndar verður samþykkt.

Ég hef síðan flutt frumvarp um að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála verði bindandi og ég held að það ásamt því að afnema launaleyndina sé ákaflega mikilvægt. Við höfum það fyrir okkur að kærunefnd jafnréttismála hefur margsinnis úrskurðað að um hafi verið að ræða brot á jafnréttislögum. Það eru tilvik sem snerta stöðuveitingar og síðan að því er varða launamisrétti milli kynjanna en síðan hefur málið yfirleitt stoppað og ekki verið úrræði til að framfylgja niðurstöðum kærunefndar jafnréttismála.

Ég hef upplýsingar um úrskurði kærunefndar frá árunum 1991–2001, og þyrfti auðvitað að fá nýrri, en þá kom fram að í 55% tilvika taldi nefndin ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafa verið brotin en þau lutu flest að stöðuveitingum. Fjöldi þeirra laut einnig að launajafnrétti kynjanna. En hlutverk Jafnréttisstofu er að fylgja eftir áliti kærunefndar og getur hún samkvæmt 3. gr. jafnréttislaga höfðað mál til viðurkenningar á rétti kærenda á grundvelli álitsgerðar kærunefndar jafnréttismála þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurðir dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis og/eða ef hagsmunir kærenda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þyki að fá úrlausn dómstóla. Hins vegar hefur komið fram að það er verulega flókið og ýmsum vandkvæðum bundið að fylgja álitum kærunefndar og iðulega hafa niðurstöður kærunefndar jafnréttismála verið teknar upp á Alþingi bæði varðandi stöðuveitingar og launajafnrétti kynjanna.

Ég tók sérstaklega upp eitt mál eftir að ég hafði fengið svar við fyrirspurn á Alþingi. Það laut að bifreiðastyrkjum og hlunnindum í bankakerfinu, hjá bönkunum. Mér fannst á því svari sem ég fékk frá viðskiptaráðherra í því máli að augljóslega væri um að ræða brot á jafnréttislögum þar sem konur, þó þær gegndu algerlega sambærilegu starfi og karlar, fengu miklu lægri launastyrki og hlunnindi. Því máli vísaði ég til kærunefndar jafnréttismála sem fjallaði um það og komst að þeirri niðurstöðu að ætla mætti að jafnréttislög hefðu verið brotin að því er varðar þessar greiðslur og því var sérstaklega beint til bankanna — þetta var fyrir nokkrum árum — að leiðrétta þennan mun sem kærunefndin hafði samþykkt. Þegar ég spurðist fyrir um þetta nokkru síðar var lítið um svör hvað hefði verið gert til að framfylgja þessu áliti kærunefndar. Þetta er bara eitt dæmi um það, virðulegi forseti, hve nauðsynlegt er að hafa úrskurði kærunefndar bindandi. Eins og ég sagði áðan er verulega flókið og ýmsum vandkvæðum bundið að fylgja eftir álitum kærunefndar og þess vegna er þetta ein leið til að ná fram jöfnum rétti og jafnri stöðu kvenna og karla.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að hafa fleiri orð um málið. Það hefði vissulega verið ástæða til að ræða þá launakönnun sem hér hefur verið birt og var rædd lítillega í fyrirspurnatíma fyrir viku síðan. Ég taldi þá ástæðu til að biðja um umræðu utan dagskrár um þá niðurstöðu sem þar kom fram, sem ég tel ástæðu til að ræða að viðstöddum félagsmálaráðherra og vil því bíða með að ræða það mál þar til félagsmálaráðherra er viðstaddur. Hæstv. félagsmálaráðherra verður að svara því hvernig hann ætlar að bregðast við þeim upplýsingum og niðurstöðum sem þarna koma fram, þeirri stöðnun sem þessi könnun lýsti greinilega um það sem gerst hefur hér á síðustu tíu árum, að nákvæmlega ekkert hefur gerst til að jafna launamun kynjanna. Það er ekki nóg eins og hæstv. ráðherra sagði opinberlega að hann mundi kalla til aðila vinnumarkaðarins til samstarfs við stjórnvöld, bæði atvinnurekendur og stéttarfélög, í þessu efni. Það verður kannski að fara róttækari leiðir eins ég nefndi í máli mínu með jákvæðri mismunun. Þau hænufet sem okkur miðar í að jafna launamun

kynjanna eru algerlega óþolandi. Það er sláandi sem kom fram í grein í Viðskiptablaðinu fyrir ekki löngu síðan, en höfundur þeirrar greinar var viðskipta- og markaðsfræðingur, Katrín Anna Guðmundsdóttir. Hún og fleiri hafa látið reikna það út að með þessum sömu aðferðum og beitt hefur verið og þeirri sömu þróun og verið hefur á umliðnum árum, þá taki 628 ár að ná fram launajafnrétti. Það er auðvitað óþolandi að eiga að búa við það í næstu framtíð. Þess vegna hvet ég til þess að við beitum róttækum aðferðum til að taka á launamun kynjanna. Þær leiðir og aðferðir sem lýst er í frumvarpinu eru vissulega til þess fallnar að feta okkur frekar áfram í að jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla heldur en okkur hefur tekist á umliðnum áratug eða áratugum.

[15:50]

**Útbýting:**

Almenn hegningarlög, 291. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 304.

Kaup og sala heyrnartækja, 286. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 299.

Vísindaveiðar á hval, 283. mál, fsp. MÞH, þskj. 296.

[15:51]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það er mjög við hæfi að við skulum ræða þetta frumvarp sem stjórnarandstaðan sameinuð leggur fram um endurbætur á jafnréttislögunum til að draga úr launamisrétti kynjanna. Þetta launamisrétti er hneyksli í samfélagi okkar hinu íslenska árið 2006.

Þess er að minnast að í fyrra var haldið upp á afmæli, reyndar mörg en þó einkum eitt í sögu jafnréttismála á Íslandi og það var 30 ára afmæli kvennadagsins, kvennaverkfallsins sögðu sumir, árið 1975. Aðalkrafan þann dag var um launajafnrétti og það er sorglegt að við skulum 31 ári síðar ekki vera komin lengra að fylla þær væntingar sem konur og karlar létu í ljósi þann dag. Að það skuli vera svo að við séum að tala um endurbætur á jafnréttislögum og um launamisrétti kynjanna eftir allan þennan tíma og allt það tal sem úthellt hefur verið yfir þessi mál.

Það er við hæfi að við skulum ræða þetta í dag, forseti, vegna þess að í síðustu viku, eða þarsíðustu, kom einmitt í ljós að sú könnun sem félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa gerðu góðu heilli eða létu fyrirtæki gera, sem nú heitir Capacent af óljósum ástæðum en hét áður Gallup, sýnir að launamisrétti er hið sama árið 2006 og var árið 1994, fyrir 12 árum. Hið sama segi ég en það er ekki rétt að tvennu leyti. Í fyrsta lagi því að hinn óútskýrði launamunur, sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði um áðan og ég tek undir þau orð, en það er það hugtak sem er notað í könnuninni, er 15,7% en var 16% í hliðstæðri könnun fyrir 12 árum, þannig að þokast hefur í áttina um 0,3% sem er auðvitað ákaflega lítið ef nokkuð.

Hin athugasemdin er öllu stórvægilegri en hún er sú að í könnuninni er aðeins rætt um laun fyrir skatta, þau laun sem standa efst á launaseðlunum sem fólk fær í hendurnar.

Á þeim tíma, frá 1994–2006, sem væntanlega fyrir tilviljun eða sumir kunna að álíta það er nokkurn veginn stjórnartími þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, hafa laun eftir skatta fengið þá útreið að laun lágtekjumanna og meðaltekjumanna flestra hafa verið skattlögð meira en laun hátekjumanna og þeirra sem eru í hærri meðaltekjuhópum, þó einkum þeirra sem hæstar tekjur fá. Þetta þýðir að sá launamunur sem félagsmálaráðuneytið kynnti þegar skýrslan kom út með þeim orðum að hann væri jafn og fyrir 12 árum, og sagði reyndar að niðurstöðurnar væru bæði jákvæðar og neikvæðar, það er því miður rangt hjá félagsmálaráðuneytinu. Hann er ekki jafn, hann hefur aukist. Misréttið hefur versnað á þessum 12 árum vegna þess að menn verða að reikna inn í þá skattastefnu ríkisstjórnarinnar sem leiðir til þess að lágtekjufólk og meðaltekjufólk borgar meira en hátekjufólk minna. Auðvitað er hægt að tala um að kaupmáttur hafi batnað og það hefur hann vissulega gert en fólk fær sem sé ekki að njóta þess kaupmáttar í sömu hlutföllum heldur er það þannig samkvæmt rannsóknum sem ég held að jafnvel stjórnarsinnar, jafnvel hv. þm. Pétur Blöndal, séu hættir að reyna að hrekja.

Konur og karlar eru ekki jöfn gagnvart þessu frekar en á öðrum sviðum. Það kemur fram í skýrslu Capacents að meðallaun karla í febrúar–mars á þessu ári, og þá er verið að tala um fólk í fullri vinnu, voru 482 þús. kr. en meðallaun kvenna á sama tíma 326 þús. kr. Það munar sem sé um 160 þús. kr. Þessar tölur segja einfaldlega þá sögu að konur eru miklu fleiri í lágtekju- og meðaltekjuhópum en karlar. Launamunurinn hefur því versnað og nú þarf bara einhver að reikna út hvað hann hefur versnað mikið. Hafi þessi tillaga verið brýn þegar hún var sett saman þá er hún enn þá brýnni nú.

Ég þarf ekki eftir ræður tveggja flutningsmanna að fara yfir í smáatriðum hvað felst í frumvarpinu. Það eru þessar þrjár höfuðleiðir sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi áðan. Það er sú leið að fá Jafnréttisstofu verkfæri í hendur til að kanna launamun innan fyrirtækjanna. Það er að banna launaleynd eða banna þvingun til launaleyndar með því ákvæði að launamaður geti alltaf sagt öðrum frá launum sínum ef honum svo sýnist og það sé bannað að láta hann skrifa undir samning sem margir kannast við um að laun hans séu leyndarmál. Það er sú þvingun sem er verið að afnema en ekki út af fyrir sig verið að þvinga neinn til að skýra frá launum sínum — það var misskilningur sem kom fram í andsvörum áðan — heldur er það sú þvingun að launamaður sé látinn skrifa undir samning þess efnis sem verið er að banna með þessu.

Í þriðja lagi að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála séu bindandi og þar með gildir að lögum, sem á vantar núna og er galli í kerfinu.

Tvennt annað felst í frumvarpinu. Í fyrsta lagi að jafnréttisfulltrúar, sem hafa sömu réttindi og skyldur og trúnaðarmenn, séu að störfum í öllum fyrirtækjum með 25 eða fleiri starfsmenn, en nú er í lögunum aðeins getið um ráðuneyti í þessu efni. Síðan það að þegar nefndir eru skipaðar, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu hlutföll kynjanna vera sem jöfnust og tilnefningaraðilar eins og hér segir skulu tilnefna bæði karl og konu í slíka nefnd.

Þarna þarf að vísu, ef ég má bæta því við, að athuga í verki hvernig þessu er háttað því þessi siður, sem m.a. nokkur ráðuneyti hafa tekið upp, hefur skapað tilnefnandanum fullmikil völd. Hann getur sem sé valið úr þessum

hópi sjálfur sem ekki stóð til þegar menn tóku upp og féllust á þessa tillögu á sumum stöðum. Það þarf því að athuga í framhaldinu hvernig farið er með þessar tvær tilnefningar, hvort þær eru stokkaðar saman af tilviljun eða hvernig menn gera það.

Ég held að þetta frumvarp til laga sem hér er fram lagt af hálfu stjórnarandstöðunnar marki ákveðin tímamót, ekki af því að málin séu ný, þau eru það ekki, en það gerir það vegna þess að stjórnarandstaðan hefur sameinuð ákveðið að jafnréttismálin og launamunur kynjanna sé eitt af áherslumálum stjórnarandstöðunnar í vetur á þinginu og væntanlega í vor í kosningunum. Þar með hefur stjórnarandstaðan lyft jafnréttismálunum á mjög myndarlegan hátt og táknrænan, einkum þegar miðað er við þá áherslu sem jafnréttismálin hafa fengið hjá þeirri ríkisstjórn sem nú hefur staðið í 12 ár eða mun verða á vori komanda og staðið sig með þeim hætti í þessum málum sem könnun Capacents, félagsmálaráðuneytisins og Jafnréttisstofu sýnir.

[16:01]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við erum að ræða um að jafna stöðu og rétt karla og kvenna, jafnréttislögin, og stjórnarandstaðan hefur sameinast um flutning á einu máli sem er stefnumarkandi um að ná fram auknu jafnrétti karla og kvenna.

Sú úttekt sem hér hefur verið minnst á, um að nánast ekkert hafi miðað áfram í þeim málaflokki á síðastliðnum tíu árum, vekur athygli og undirbyggir enn þá frekar að tekið verði á þessum málum og jafnframt að farnar verði leiðir sem tryggi að frekari árangur náist svo ekki ríki áfram sú kyrrstaða sem ríkt hefur á undanförnum áratugum. Við leggjum til að það verði gert með því að tryggja að Jafnréttisstofa eigi rétt á að fá upplýsingar um laun fólks, karla og kvenna, og krefji sveitarfélög, stofnanir, atvinnurekendur og félagasamtök um upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að láta fara fram athugun og úrvinnslu á verkefnum og athugun á einstökum málum sem m.a. geti ýtt þessu máli inn í framtíðina með þeim hætti sem flutningsmenn vilja stefna að, þ.e. að ná fram launajafnrétti karla og kvenna.

Nú er það þannig, hæstv. forseti, að launamunur í opinberum störfum er minni en á hinum almenna vinnumarkaði og það er athyglisvert sem kemur fram í greinargerðinni að heildaratvinnutekjur kvenna eru að jafnaði 60% af atvinnutekjum karla á hinum almenna vinnumarkaði en heildaratvinnutekjur kvenna meðal opinberra starfsmanna eru 86% af atvinnutekjum karla. Það hefur einnig verið bent á það í umræðunni að því miður þokar okkur ekki áfram í þessum málum og að á vegum einkafyrirtækjanna væri jafnvel hægt að finna dæmi um að launamunur væri vaxandi.

Gegnum tíðina hafa verið uppi sjónarmið um að reyna að ná fram jöfnum rétti karla og kvenna, annars vegar með lögum og hins vegar hefur verið horft til þess í kjarasamningum, þó að þau markmið hafi ekki náðst. Spurning er hvort hægt sé að setja sterkari ákvæði inn í kjarasamninga sem gætu tryggt slík markmið en okkur sem flytjum þetta mál hér og mælum fyrir því sýnist að það verði að auka réttarstöðuna í þessum málum. Þess vegna leggjum við til að það sé gert m.a. með því að Jafnréttisstofa geti krafist upplýsinga og í annan stað að launaleyndin verði bönnuð þannig að ekki sé hægt að meina einstaklingi að gefa upplýsingar um laun sín, það sé ólöglegt að hafa slík ákvæði inni í samningum launamanna við einstök fyrirtæki að þeir geti ekki gefið upplýsingar um laun sín af hvaða kyni sem þeir eru eða hvaða stöðu sem fólk gegnir. Okkur virðist vera nauðsynlegt að sú leið verði farin. Menn geta auðvitað sagt sem svo: Er rétt að ganga að upplýsingum sem snúa að einni persónu með þessum hætti og þar af leiðandi að fara inn á eitthvert grátt svið varðandi persónuréttindi fólks? Ég held að eins og þetta er lagt upp hér í frumvarpinu sé rétt að sú leið verði farin og að þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru í þessu máli verði ekki náð fram öðruvísi en að launaleyndinni verði aflétt og okkur muni ekki þoka áfram nema það verði gert. Það er a.m.k. mín skoðun.

Við höfum haft það sem sjónarmið í þjóðfélagi okkar að allir eigi að fá sömu laun fyrir sömu vinnu. Við skulum vona að það sé meginsjónarmið sem allir geti gengist undir en reyndin hefur hins vegar sýnt að karlar hafa að jafnaði hærri laun en konur í fyrirtækjum og á almennum vinnumarkaði og sú staða hefur ekki breyst.

Ég verð þó að geta þess, hæstv. forseti, af því að ég var þátttakandi í gerð kjarasamninga í áratugi hjá einni ákveðinni stétt, sjómannastéttinni á Íslandi, að ég þurfti aldrei að takast neitt sérstaklega á við það í kjarasamningum fyrir sjómenn að semja sérstaklega um réttindi karla eða kvenna. Ég hygg að það sé alveg hægt að halda því fram og rétt að draga það fram í umræðunni að það séu áratugir síðan, hæstv. forseti, því fyrirkomulagi hafi verið komið á varðandi laun þeirra sem stunduðu sjómennsku — en eins og allir vita þá voru konur jafnan í miklum minni hluta þeirra sem stunduðu þau störf af mörgum ástæðum þó að nútímaaðbúnaður um borð í skipum og tækni hafi vissulega gert konum mun auðveldara að stunda þau störf en áður var — en allt að einu var það samt sem áður staðreynd, hæstv. forseti, að það var aldrei samið sérstaklega um að konur hefðu lægri laun en karlar. Það var eingöngu samið um stöðurnar og störfin og skipti ekki máli hvort það var karl eða kona sem gegndi starfinu, það voru greidd sömu laun. Ég held að það sé allt í lagi að draga það hér inn í þessa umræðu og vekja athygli á því að þannig hefur það verið varðandi störf til sjós áratugum saman og á það jafnt við hvort sem menn voru á fiskiskipum með hlutaskiptakerfi eða störfin voru unnin á fraktskipum, varðskipum, hafrannsóknaskipum, ferjum eða öðrum þeim skipum sem notuð voru hér við land, það voru greidd sömu laun fyrir sama starf. Svo kann að vera, hæstv. forseti, að t.d. á ferjum hafi konur frekar en karlar gegnt ákveðnum störfum sem voru á þjónustusviðinu og þar af leiðandi haft lægri laun. Það átti hins vegar ekki við á fiskiskipunum og að ég hygg ekki heldur á farskipunum, vöruflutningaskipunum. Þetta vildi ég láta koma fram í máli mínu, hæstv. forseti, að svona er þetta að því er þessar stéttir varðar.

Það breytir ekki því að það mál sem við færðum nú er afar nauðsynlegt. Við hljótum að spyrja okkur: Hvers vegna fá konur ekki framgang til stöðuhækkunar og ábyrgð innan fyrirtækja til jafns við karla? Það eru sjálfsagt margar ástæður fyrir því, kannski eimir enn þá eftir af því frá eldri tíma að menn hafi litið svo á að konur ættu erfiðara með að sinna störfum en karlar vegna fjölskylduhaga eða vegna

barnauppeldis en ég tel að þau viðhorf eigi ekki við í dag og geti ekki verið ástæða fyrir því að konur séu með lægri laun en karlar.

Ég vil eingöngu lýsa yfir miklum stuðningi við þetta mál og tel að það verði að fara í annan farveg en verið hefur á undanförnum árum. Sú launakönnun um stöðu karla og kvenna í þjóðfélaginu sem nýverið var kynnt sýnir að við höfum ekki náð neinum markverðum árangri síðastliðin tíu ár og þess vegna er hér lagt til að farnar verði leiðir sem mönnum kunna að finnast róttækar, þ.e. að Jafnréttisstofa eigi ævinlega rétt á upplýsingum, að þeim verði ekki haldið leyndum, að launaleyndin sé bönnuð í kjarasamningum og að menn séu ekki ráðnir í kjarasamningum með ákvæði um að þeir megi ekki segja frá launum sínum og upplýsa um þau.

Síðan er auðvitað sú hugsun að tryggja rétt kvenna til jafnrar stöðu og jafnra starfa og ábyrgðar sem er auðvitað markmið sem mun til framtíðar leiða til þess að laun karla og kvenna jafnast. En óbreytt staða er óásættanleg og þess vegna hljótum við að reyna að fara þá leið sem lögð er til í þessu frumvarpi.

[16:13]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga sem fulltrúar allra flokka stjórnarandstöðunnar hafa sameinast um en flutningsmenn eru hv. þingmenn Kolbrún Halldórsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón A. Kristjánsson.

Flutningsmenn, þar á meðal 1. flutningsmaður, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hafa gert ágætlega grein fyrir frumvarpinu en megininntak þess lýtur að því að jafna stöðu kvenna og karla. Ég ætla að vísa aðeins í tvær tilteknar greinar í frumvarpinu á eftir en vekja athygli á því sem fram hefur komið undanfarna daga eða verið staðfest eina ferðina enn, hve mikill hinn kynbundni launamunur er í þjóðfélaginu og hve lítið hann hefur breyst þrátt fyrir miklar heitstrengingar á undanförnum árum.

Fyrir nokkrum dögum var birt könnun sem unnin var á vegum félagsmálaráðuneytisins. Það var Gallup sem hafði það verk með höndum. Hún sýndi fram á að kynbundinn launamunur væri um 16% og hefði lítið sem ekkert breyst frá því sambærileg könnun var gerð fyrir 12 árum. Samkvæmt þessari könnun er munurinn sagður vera 15,7% nú en var 16% árið 1994.

Aðrar kannanir sem hafa verið gerðar hafa sýnt fram á mjög svipaðar niðurstöður. Í könnun sem HASLA gerði, Hagrannsóknastofnun samtaka launafólks í almannaþjónustu, á árinu 2004, hjá ríkisstofnunum, kom fram að karlmenn voru að jafnaði með 7% hærri mánaðarlaun en konur þegar tekið hafði verið tillit til starfsaldurs, aldurs, menntunar og vinnutíma. En ef heildarlaun voru borin saman miðað við sömu forsendur, voru karlar með 17% hærri laun en konur. Þessar tölur eru ívið hærri, og sums staðar talsvert hærri á hinum almenna vinnumarkaði. En þarna er hrópandi misrétti á ferðinni engu að síður hjá hinu opinbera.

Það má geta þess að í könnun félagsmálaráðuneytisins, eða Gallup-könnuninni, kom fram að launamunur almennt á milli þeirra sem hafa lægstu launin og hin hæstu hefur aukist verulega á undanförnum árum og hæstu dagvinnulaun með aukagreiðslum á klukkustund eru nærri 26 sinnum hærri en þau lægstu. Þannig að launamisréttið er orðið geigvænlegt á íslenskum vinnumarkaði. En við erum hér fyrst og fremst að ræða kynbundinn launamun og leiðir til að bæta þar úr.

Mig langar til að vekja athygli á blaðagrein sem birtist miðvikudaginn 25. október og er eftir Árna Stefán Jónsson, formann SFR, stéttarfélags í almannaþjónustu almannaþjónustu. Grein hans er undir fyrirsögninni: Sögulegt tækifæri til að jafna launamun karla og kvenna. Þar vísar hann í könnun HASLA, Hagrannsóknastofnunar samtaka launafólks í almannaþjónustu, frá árinu 2004, sem ég vék að, og kjarasamninga sem gerðir voru í kjölfarið þar sem samið var um að ráðast gegn kynbundnu launamisrétti. Og nú þessa dagana sé tíðinda að vænta.

Það var settur niður starfshópur sem átti að stýra þessu verkefni og ég leyfi mér að vitna í grein Árna Stefáns Jónssonar, en hann segir, með leyfi forseta:

„Þessa dagana er forstöðumönnum ríkisstofnana að berast bréf og annað efni frá starfshópnum þar sem kemur fram hvernig eigi að vinna að verkefninu. Þeir eiga því næsta leik sem felst í að taka saman umbeðnar upplýsingar um starfsmenn viðkomandi stofnunar sem eru félagsmenn í SFR."

Ég nefni hér dæmi um tilraun til að taka af alvöru á þessu máli. En þarna er einn hængur á og það er launaleyndin. Það var samdóma álit allra þeirra sem stóðu að umræddri könnun HASLA að hún væri sennilega eitt alvarlegasta meinið sem við væri að glíma. Launaleyndin. Því í ljósi, eða skjóli hennar öllu heldur, þrífst misréttið. Samkvæmt upplýsingalögum á að upplýsa um öll föst launakjör hjá hinu opinbera. Það er beinlínis lagaskylda að gera það. Lagaskylda sem ekki er framfylgt. Ég hef verið að hlusta á yfirlýsingar ráðamanna undanfarna daga, alvöruþrungnar yfirlýsingar þeirra um að nú þurfi að gera eitthvað róttækt í málinu. Og þá segi ég: Það fyrsta sem menn eiga að gera er að aflétta launaleyndinni. Að aflétta launaleyndinni og fara að lögum í því efni. En við viljum ganga lengra.

Í þessu frumvarpi er mjög róttæk tillaga í 2. gr. um breytingar því þar er gert ráð fyrir því að Jafnréttisstofa geti krafið opinberar stofnanir, sveitarfélög og atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði, svo og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar og athugunar á einstökum málum. Þarna er sem sagt verið að opna leið fyrir Jafnréttisstofu til þess að fá upplýsingar um launakjörin, ekki bara hjá hinu opinbera, heldur á almennum vinnumarkaði einnig.

Ég vek einnig athygli á 6. gr. lagafrumvarpsins. Þar segir á þá leið, að launamanni sé hvenær sem er heimilt að veita þriðja aðila upplýsingar um laun og önnur starfskjör sín. Þetta er grundvallaratriði vegna þess að það tíðkast hjá sumum fyrirtækjum, og reyndar opinberum stofnunum hygg ég einnig, að fólki sé beinlínis meinað að upplýsa um launakjör sín. Þetta er afleitt. Ég tel það vera hreint mannréttindabrot að slík kvöð sé sett á fólk. Ég ítreka að í skjóli leyndarinnar, í skjóli myrkursins þrífst misréttið. Þetta frumvarp gengur út á þetta, a.m.k. að verulegu leyti. Þar er

einnig önnur ákvæði að finna sem hefur prýðilega verið gerð grein fyrir. En að meginuppistöðu til gengur frumvarpið út á það að aflétta launaleyndinni. Það tel ég vera grundvallaratriði til þess að útrýma, ekki laga, ekki bæta, heldur til að útrýma kynbundnum launamun.

[16:22]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil í lok umræðunnar þakka fyrir hana. Hún hefur verið hreinskiptin og góð að öðru leyti en því að við söknum hæstv. félagsmálaráðherra. Hann er orðinn afar leiður sá plagsiður ráðherra að þeir skuli láta sig vanta þegar rætt er um mál á þeirra málasviði, þingmannamál sem, í þessu tilfelli, öll stjórnarandstaðan stendur sameinuð að baki.

Það verður að segjast eins og er, að umræðan í þingsal þyldi alveg að vera líflegri og skoðanaskipti vera á þeim nótum að hér tækjust á ólík sjónarmið. Maður skyldi ætla að ríkisstjórnin þyrfti að horfast í augu við þau mistök sem gerð hafa verið undanfarin ár og áratugi. Mistökin eru fólgin í því að ekki hefur verið tekið á málunum með þeim tækjum sem möguleg eru til að sýna árangur. Það liggur dagljóst á borðum okkar.

Í þessu sambandi má nefna fleiri atriði. Af því bárust fregnir fyrir skemmstu, þ.e. á síðasta ári minnir mig að það hafi komið fram í viðtali við hæstv. ráðherra, að þáverandi félagsmálaráðherra hafi sent bréf til atvinnurekenda þar sem þeim var bent á að þeir ættu að fara eftir jafnréttislögum og draga úr launamun kynjanna. Ég minnist þess að þetta hafi komið fram annaðhvort hér í umræðunni fyrir skemmstu eða í blaðaviðtölum við hæstv. félagsmálaráðherra, að fyrrverandi ráðherra tók á málinu með þeim hætti.

Það að senda kurteisislegt bréf til atvinnurekenda og tilkynna þeim að þeir eigi að fara að lögum er auðvitað með ólíkindum, þ.e. að ekki skuli gert eitthvað meira. Ég vil taka undir orð Katrínar Önnu Guðmundsdóttur sem spyr í Viðskiptablaðinu fyrir skömmu: Í hvaða öðrum brotaflokki tíðkast að semja við lögbrjótana á þann hátt að þeim sé gefið formlegt leyfi til að halda áfram að brjóta lögin en bara örlítið minna en þeir hafa gert?

Við verðum að opna augu okkar fyrir alvöru þessara mála. Það þarf að taka á róttækan hátt á málum. Frumvarpið sem við hér erum að senda til félagsmálanefndar leggur til að það sé gert. Stjórnarandstaðan stendur sameinuð á bak við þetta mál sem er til marks um, eins og hv. þm. Mörður Árnason orðaði það, að stjórnarandstaðan forgangsraðar í þágu jafnréttismála. Hún forgangsraðar sameinuð í þágu þeirra mála sem varða misrétti sem kynin, konur hafa orðið fyrir og verða fyrir dag hvern á vinnumarkaði, bæði hinum opinbera vinnumarkaði og hinum almenna, þótt meira misrétti ríki á hinum almenna.

Ég tel að okkur eigi ekki að vera neitt að vanbúnaði. Við eigum að geta staðið saman um að fara í þessar róttæku breytingar. Ég treysti því að málið fái brautargengi á Alþingi á þessu síðasta þingi þessa kjörtímabils.

[16:25]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég má til með að spyrja hv. þingmann, framsögumann þessa máls, aftur hvað hún ætlar að gera. Ég var nefnilega einu sinni í þeirri stöðu að vera framkvæmdastjóri fyrirtækis. Þar var ekki launaleynd en þar voru menn aldrei sammála um hvað ætti að leggja til grundvallar.

Þeir sem voru duglegir vildu að sjálfsögðu fá borgað fyrir það. Þeir sem sköffuðu tvöfalt meira, unnu tvöfalt hraðar, vildu fá borgað fyrir það. Þeir sem höfðu reynsluna vildu fá borgað fyrir reynsluna. Þeir höfðu starfað hjá fyrirtækinu í áratugi og vildu fá borgað fyrir það. Þeir sem höfðu menntun sögðu: Við viljum fá borgað fyrir menntunina. Svo voru sumir starfsmenn rosalega snjallir, fundu lausn á öllum vanda, (Gripið fram í.) og þurftu aldrei neina verkstjórn. Þeir leystu allan vanda sjálfir. Þeir vildu fá borgað fyrir það.

Starfsmenn voru ekki sammála um það innbyrðis hvað ætti að leggja til grundvallar. Það að upplýsa um öll laun í fyrirtækjunum gæti því valdið gífurlegum óróa innan þeirra, milli fólks af sama kyni. Þessu hefur hv. þingmaður ekki svarað. Hvernig ætla menn að ráða við það þegar einn starfsmaður segir: Ég á að fá hærri laun af því ég er duglegur. Annar segir: Ég á að fá hærri laun af því ég er með reynslu. Og þriðji segir: Ég á að fá hærri laun af því ég er svo trúr fyrirtækinu og mæti alltaf á réttum tíma. Það yrði allt upp í loft ef launin yrðu upplýst, ekki vegna þess að fyrirtækið vilji það heldur vegna þess að starfsmennirnir væru ekki sammála um hvað eigi að leggja til grundvallar.

[16:27]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður verður að átta sig á því að hér er ekki verið að leggja til að launatölur hvers einasta starfsmanna í öllum fyrirtækjum verði birtar opinberlega með mynd af starfsmanni. Það er eingöngu lagt til að starfsmaðurinn eigi þann rétt, lagalega varinn, að geta upplýst um sín laun.

Það stendur ekki í launatöxtum opinberra fyrirtækja hvaða starfsmenn viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar séu nákvæmlega í hvaða launataxta. Hv. þingmaður er kominn út á mjög hálan ís og hálfgerðar villigötur þegar hann, í einhverju þráhyggjukasti, vill ræða um hvernig eigi að launa fólki fyrir dugnað, snilligáfu, reynslu, menntun eða trúmennsku.

Nú vil ég bara segja við hv. þingmann: Ef kenning hv. þingmanns stenst þá ætti raunin að vera sú að öll sú yfirborgun sem tíðkast núna, þ.e. að karlmenn eru með 65% hærri atvinnutekjur en konur, sé vegna þess að karlmenn séu í 65% tilvika duglegir, með reynslu og þeim sé hyglað út á snilligáfu, vegna menntunar eða trúmennsku. Ég segi við hv. þingmann: Þarna er eitthvað að og eitthvað sem þarf að leiðrétta því konur eru jafnsnjallar og karlar, jafntrúar og jafnduglegar og karlar. Misréttið sem er við lýði úti í samfélaginu núna getur ekki verið vegna þess að menn heimili yfirborganir út af dugnaði, snilligáfu eða trúmennsku. Það getur bara ekki verið.

Ef það er svo skulum við leiða það í ljós með því að aflétta leyndinni og gefa starfsmanninum heimild og rétt til að segja frá því sem hann hefur í laun.

[16:29]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir leitt ef ég er dottinn í eitthvert þráhyggjukast en mér finnst sú athugasemd ekkert sérstaklega málefnaleg. Því miður. Ég benti á ákveðinn vanda sem felst í að upplýsa um laun, í því að fólk leggur mismunandi mælikvarða á hvaða laun það sjálft á að hafa. Það leggur mismunandi áherslur á hvaða eiginleika á að verðlauna. Ég benti á það.

Ég talaði aldrei um karl eða konu. Aldrei. Ég meira að segja tók það fram áðan í ræðu minni að mér þætti það dapurleg niðurstaða sem þessi launakönnun hefði sýnt. Mér þykir mjög slæmt að ekki miði betur í launajafnrétti en reyndin sýnir. Mér þykir sérstaklega slæmt að konur fái ekki framgang. Það finnst mér eiginlega verst. Það er mjög athyglisvert. En það næst ekki fram með þessu frumvarpi, ekki framgangurinn. Hann næst ekki fram. Það er bara verið að bera saman sambærilegar stöður, sem segir eiginlega ekki neitt.

Mér finnst það slæmt að því skuli tekið illa þegar maður bendir á ákveðin vandamál í raunverulegum rekstri. Ég hef reynslu af þessu, að greiða laun og ákveða laun. Það er ekki öfundsvert, alls ekki, þegar fólk leggur mismunandi mælikvarða á hvaða laun það eigi skilið. Ég benti á þetta út frá minni eigin reynslu. Ég held að það sé ekkert þráhyggjukast þótt ég bendi á að ég hef lent í þessu sjálfur. Ég vildi greiða réttlát laun. Það vildi svo til að þetta voru allt saman konur, sem ekki voru sammála um launin.

Ég hef aldrei sagt að karlmenn væru eitthvað duglegri eða snjallari. Það eru orð hv. þingmanns sem hún leggur mér í munn. Ég tel að konur séu ekkert síður snjallar, duglegar og reyndar en karlar. Ég gat um það í fyrri ræðu minni. Mér finnst þessi málefnafátækt ótrúleg og það að núa mér því um nasir að ég sé í (Forseti hringir.) einhverju þráhyggjukasti.

[16:31]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bið hv. þingmann afsökunar á því að ég skyldi nota þetta orð. Ég viðurkenni að það var vegna þess að mér hljóp kapp í kinn í umræðunni og mér þykir leitt að hv. þingmaður skuli taka því eins og hann gerir. Það sem mér fannst erfitt við þessa spurningu hv. þingmanns er það að vera að hengja sig í að ekki sé hægt að umbuna fólki fyrir snilli eða dugnað ef við förum að því frumvarpi sem hér er mælt fyrir.

Ég get alveg sagt sem svo að ef starfsmaður er svo duglegur eða snjall og greiða þurfi honum umfram umsaminn launataxta vegna þess þá tel ég auðvitað eðlilegt að atvinnurekendur hafi ákveðið svigrúm til þess. En það þarf ekki að vera leyndarmál, það þarf ekki að vera einhvers staðar bak við hurð og það þarf ekki að vera stimpill á því skjali sem gerir launamanninum ókleift að tala um að hann fái umbun vegna ákveðinna eiginleika sem hann búi yfir sem talið er að sé þess virði að greiða honum umfram það sem strípaður launataxti er eða guð veit hvað. Við erum ekki að tala um það í þessu máli að hlutirnir verði þannig niðurnjörvaðir að það verði ekkert svigrúm og engar leiðir til að umbuna fólki eða greiða fólki fyrir það sem það leggur fram í sínu starfi. Hv. þingmaður verður að athuga það að við erum fyrst og síðast að fókusera á bætta stöðu kvenna með tilliti til launa. Ef hv. þingmaður er sammála okkur, eins og hann segir í orði kveðnu og ég hef ástæðu til að ætla að hann sé, þá tel ég að hann verði að skoða þær hugmyndir sem hér eru til staðar með opnum huga og átta sig á að baráttan sem við segjum í orði kveðnu að við höfum verið að reka hingað til hefur ekki skilað neinum árangri. Launaleyndin hefur fært okkur aftur á bak. Þess vegna teljum við rétt að afnema hana til að ná árangri í þessum efnum, til að tryggja að hætt verði (Forseti hringir.) að brjóta mannréttindi á konum hvað þetta varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Láglendisvegir, fyrri umr.*

Þáltill. GAK o.fl., 15. mál (öryggi og stytting leiða). — Þskj. 15.

[16:33]

**Flm. (Guðjón A. Kristjánsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um láglendisvegi. Þetta er tillaga sem við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum flutt nokkrum sinnum, a.m.k. tvisvar á undanförnum þingum. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að Vegagerðinni skuli falið að vinna tillögur sem byggist á því að allar helstu leiðir á þjóðvegi 1, Vestfjörðum og norðausturhluta landsins verði á láglendi, undir 200 m hæð yfir sjó. Einkum verði lagt til grundvallar aukið öryggi og stytting leiða milli suðvesturhornsins og annarra landsvæða, svo og innan landsvæða.

Meginhersla verði lögð á jarðgöng og þverun fjarða við útfærsluna og horft til mesta mögulega sparnaðar miðað við 50 ára notkun mannvirkja. Reiknaður verði út sparnaður samfara nýju vegakerfi um jarðgöng, t.d. við mögulegan flutning á raforku og flutning á heitu vatni til húshitunar. Jafnframt verði lagt mat á ávinning af hugsanlegri fækkun flugvalla og hafskipahafna vegna bættra samgangna."

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er hafa flutningar hér á landi, vöruflutningar og fólksflutningar, færst í meira mæli á þjóðvegi landsins á undanförnum árum, bæði vegna þess að vegakerfið hefur smátt og smátt verið að lagast, þó að þar vanti auðvitað mikið á og sú tillaga sem við flytjum hér er í raun og veru spurning um að lagt sé upp með ákveðna forgangsröðun og horft til arðsemi langt fram í tímann að því er varðar þær framkvæmdir sem við leggjum til, og svo hitt að með slíkum framkvæmdum styttist flutningstíminn og leiðirnar verða öruggari. Við sjáum auðvitað að samgöngukerfið okkar, þjóðvegakerfið, hefur þurft að taka við öllum flutningum á undanförnum árum þar sem skipaflutningar hafa lagst af. Þar af leiðandi teljum við mjög margar ástæður fyrir því að fara þá leið sem hér er lögð til og leggjum því til í tillögu til þingsályktunar að Vegagerðinni verði falið að gera úttekt í þessa veru.

Í greinargerð sem fylgir með tillögunni segir:

„Að líkindum má koma öllum þjóðleiðum á láglendisvegi með gerð innan við 20 jarðganga sem yrðu samanlagt

um 100 km eða styttri og því litlu lengri í kílómetrum talið en þau göng og jarðhellar sem fylgja gerð Kárahnjúkavirkjunar. Ekki fer á milli mála að þekkingu við gerð jarðganga hefur fleygt fram hér á landi og að kostnaður fer lækkandi á hvern kílómetra í jarðgangagerð. Verkhraði er einnig meiri en áður, eins og sást við gerð jarðganganna undir Almannaskarð og milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar." — Það er líka rétt að láta það koma fram, hæstv. forseti, að kostnaðurinn á hvern kílómetra við gerð jarðganganna undir Almannaskarð annars vegar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar, sem eru hvort tveggja afar þarfar lagfæringar og framtíðarlausnir varðandi vegakerfið á Austfjörðum, lá á bilinu 650–700 milljónir á núverandi verðlagi hvað þessar framkvæmdir varðar.

„Öllum er ljóst eftir reynsluna af Vestfjarða- og Hvalfjarðargöngum hvaða hag menn hafa af svo öruggum þjóðvegum, styttri leiðum milli staða og landsvæða, sem og tíma- og eldsneytissparnaði sem fylgir varanlegum samgöngubótum sem endast í áratugi og aldir. Gefin var út áætlun um jarðgöng í janúar árið 2000 og lagt til að hún yrði endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Þar eru talin upp 24 jarðgangaverkefni."

Unnið hefur verið að gerð nýrra, góðra fjallvega um nokkra þá staði sem stungið var upp á eða lagt til að yrðu kannaðir fyrir jarðgöng svo varla verður farið í jarðgöng þar á næstunni og því eru þeir staðir ekki taldir upp í þessari tillögu. Búið er að leggja veg yfir Klettsháls á Barðaströnd sem var mikill farartálmi. Reyndar var varað við því að sá vegur yrði ævinlega erfiður vegna staðhátta og veðurhæðar ásamt því að veðurkerfið er nokkuð sérstakt á Klettshálsi en þar verður oft snjósöfnun á ákveðnum stöðum sem lokar fyrir leið ásamt veðurhæð. Sá sem hér stendur er a.m.k. þeirrar skoðunar og hafði hana löngu áður en þessi nýi vegur var gerður að misráðið hafi verið að fara yfir Klettshálsinn í stað þess að fara neðar með það vegstæði og gera göng undir hann sem hefði leyst af þennan farartálma sem alltaf er til staðar á Barðaströndinni eins og útvarpshlustendur heyra jafnan þegar eitthvað breytir veðri.

Búið er að leggja nýjan veg um Bröttubrekku sem ekki er lengur brött heldur aflíðandi vegur og mjög góður yfirferðar. Einnig er búið að leggja nýjan veg um svokallaða Vatnaleið á Snæfellsnesi sem er einhver besta vegarlagning sem maður hefur séð yfir fjall eða fjallgarða og hann leysti af hólmi þær hugmyndir sem áður voru uppi um göng jafnvel yfir í Staðarsveit og Kolgrafarfjörð.

Lokið er gerð jarðganganna um Almannaskarð og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar eins og áður var getið og hafin er vinna við svokölluð Héðinsfjarðargöng sem eru nú komin á framkvæmdastig. Láglendisvegur verður væntanlega lagður um Mjóafjörð í Djúpi fyrir Reykjanes og Vatnsfjörð og yfir Skálavíkurháls þannig að hugmyndir um göng undir Eyrarfjall, sem hafa m.a. verið reifaðar af þeim sem hér stendur, úr botni Mjóafjarðar yfir í botn Ísafjarðar verða ekki á dagskrá á næstu árum eða áratugum að því gefnu að þessi vegarlagning fari fram með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í dag.

Þá standa eftir þær leiðir þar sem gera þyrfti jarðgöng, eins og Arnarfjörður – Dýrafjörður. Þar er búið að rannsaka og gera kannanir á berglögum og ekkert því til fyrirstöðu að fara í þá framkvæmd en hins vegar þarf að leggja línur um hvert framhaldið eigi að vera þegar þeirri gangagerð lýkur, sem væntanlega gæti orðið innan tveggja, þriggja ára ef bjartsýnin fær svolítið að ráða. Það þarf að ákveða um vegarstæðið áfram og við höfum lagt mikla áherslu á það, Vestfirðingar, að með því að rjúfa einangrunina milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar væri búið að opna möguleika fyrir menn af norðursvæði og suðursvæði að hafa eðlilegar samgöngur og eðlileg samskipti. Dynjandisheiðin er hins vegar farartálmi og annaðhvort þarf að leggja þar nýjan veg eða, sem ég held að væri betra, að gera göng á milli fjarða vestur úr Borgarfirði, sem er innfjörður Arnarfjarðar þar sem Mjólkárvirkjun er svo staðháttum sé lýst fyrir fólki, og tengja þannig saman með sem stystum leiðum Bíldudal annars vegar og Patreksfjörð, Tálknafjörð og Barðaströndina við norðurhluta Vestfjarða. Það er auðvitað markmið sem Vestfirðingar hafa óskað eftir í áratugi að gera þetta að einu samgöngusvæði.

Ég hef haft efasemdir um að gera göng undir Dynjandisheiði, þau yrðu bæði löng og þar að auki er ætlast til að þau komi út í Vatnsfjarðarbotni, sem er að því er ég best veit snjóþungur staður ef á annað borð snjóar á Vestfjörðum og það gerist alltaf annað slagið, hæstv. forseti, og þá verður snjóþungt í dölum og botnum fjarða á Barðaströnd. Ég hef haft aðrar hugmyndir, að skoða annað vegarstæði til að tengja saman þessar byggðir enda er meginmarkmiðið að ná þessum byggðum saman með sem stystum vegi þannig að í framtíðinni geti orðið klukkustundar akstur eða eitthvað þar um bil á milli Bíldudals og Ísafjarðarsvæðisins á öruggum láglendisvegi þar sem menn þurfa hvergi að fara upp á fjall. Það er sú framtíðarsýn sem ég hef fyrir þessa samgöngubót.

Við vitum að hlíðin milli Ísafjarðar og Súðavíkur er stórhættuleg ásamt Óshlíð auðvitað, hvort tveggja hlíðar þar sem er mikið grjóthrun, og nú er verið að fara af stað með tillögu um hvað gert verði við Óshlíðina. Það verður væntanlega farið í jarðgöng til að leysa það mál og hætt við veginn um Óshlíð sem hefur kostað mikla fjármuni og aldrei veitt það öryggi sem menn sóttust eftir.

Ákveðið hefur verið að fara yfir Tröllatunguheiði en ekki undir úr dalbotnunum tveimur, þ.e. Arnkötludal og Gautsdal. Að mínu viti hefði auðvitað verið æskilegt að skoða það að fara með göng undir heiðina og vera með algjöran láglendisveg á milli Stranda og Dala, einkum með tilliti til þess að þegar komið er vestur í Dali er hægt að aka á láglendisvegi til Reykjavíkur því að ef svo færi að Brattabrekka væri ófær, sem ekki er lengur brött eins og áður sagði, þá er enn þá opið að fara um Heydal sem er vestar og er lægri og snjóléttari leið. Þar af leiðandi væri margt unnið við slíka samgöngubót.

Ef við gefum okkur að miðað við núverandi stöðu — ég sé nú að tíma mínum er að verða lokið, hæstv. forseti, og ég verð sennilega að biðja aftur um orðið — kosti um 700 milljónir á verðlagi dagsins í dag að gera kílómetra í jarðgöngum, ég er búinn að telja hér upp nokkur jarðgangastæði sem þegar er búið að ljúka eða búið að gera þar vegi þannig að þau eru fallin út og eftir standa kannski 60–80 kílómetrar í jarðgöngum til að koma öllum vegum á láglendi eða undir 200 metra hæð yfir sjó, þá gæti verið um að

ræða í kringum 50 milljarða, 56 milljarða ef við tölum um 80 kílómetra, sem þyrfti í þessa áætlun. Við erum að tala um áætlun til 20 ára þannig að það sem þyrfti að merkja í slíka áætlun væru kannski 3–3,5 milljarðar á ári til að vinna mætti samfellt að jarðgangagerð hér á landi og við værum ekki alltaf að lenda í þeim stoppum sem við höfum verið að lenda í.

Gera þarf göng í Vaðlaheiði, Vopnafirði og Héraði og horfa á göng milli Norðfjarðar og Eskifjarðar og Seyðisfjarðar og Héraðs, í Skriðdal og Reynisfjalli í Mýrdal o.s.frv. Og væntanlega þurfum við í framtíðinni, miðað við umferðina um Hvalfjarðargöng, að horfa til nýrra Hvalfjarðarganga. Þar höfum við mannvirki sem hefur fært okkur mikið umferðaröryggi og auðvitað ber að horfa til slíkra lausna sem hafa gert það að verkum ásamt því að stytta vegalengdir, því að framtíðin er sú að það fara enn þá meiri flutningar um þjóðvegina en þó eru komnir í dag og finnst þó mörgum nóg um.

[16:49]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Hér er um mikilsvert mál að ræða sem er það að horfa til framtíðar hvað varðar vegagerð og samgöngumál. Við höfum því miður dæmin fyrir okkur um að á síðustu árum, ég vil segja frá árinu 1998, hafi ekki verið horft til framtíðar heldur til kosninga. Við sjáum það ef við skoðum útgjöld til vegamála að þau taka mikinn kipp á fjögurra ára fresti. Í þessu frumvarpi sem við leggjum hér fram í Frjálslynda flokknum horfum við 20 ár fram í tímann og sjáum fyrir okkur að leggja 3–4 milljarða á hverju ári til gangagerðar í stað þess að horfa ætíð til kosninga.

Ef við skoðum t.d. útgjöld ríkisins til vegamála frá 1998–2007 sjáum við að það er áberandi hvað útgjöldin taka mikinn kipp árið 1999. Þá eru kosningar. Síðan dragast þau saman og taka svo aftur kipp 2003. Hvað gerðist þá? Jú, þá var kosið til Alþingis og þá var blásið til sóknar í vegamálum. Síðan er aftur boðað til mikilla útgjalda 2007, á kosningaári, en að sama skapi er hægt að sjá að alltaf dregur úr útgjöldum til vegamála árin þar á milli.

Það sem er einna alvarlegast við þá stöðu sem uppi er ef maður skoðar þessi samgöngumál í víðara samhengi er að með auknum samgöngum og flutningum á vegum landsins hefði þurft að fara meira í viðhald vega og tryggja að vegum væri vel við haldið. Svo er alls ekki. Það er mjög áberandi að frá kosningunum 2003 hefur verið dregið gríðarlega úr útgjöldum. Við verjum nú helmingi minna til viðhalds vega en gert var kosningaárið 2003. Ef við berum líka saman hvað við notum hátt hlutfall af tekjum ríkisins til vegamála hefur það einnig dregist saman.

Á þessu ári er áætlað að við notum 2,3% af útgjöldum ríkisins til vegamála en árið 1999 var upphæðin tæplega tvisvar sinnum hærri. Það er orðið tímabært að stjórnmálamenn hugsi ekki um vegamál eingöngu með kosningar í huga. Við höfum séð ýmsar framkvæmdir, svo sem Héðinsfjarðargöng, sem eru blásnar á fyrir kosningar og af eftir kosningar, og síðan aftur á. Þessu þarf að breyta og það ætlum við í Frjálslynda flokknum að gera.

[16:52]

**Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):**

Hæstv. forseti. Ég náði ekki að ræða alveg allt efni þessarar tillögu eins og mér líkaði í fyrri ræðu minni og ætla þar af leiðandi að taka nokkurn tíma í annarri ræðu til að ræða það betur.

Í upptalningu okkar um það hvar við teljum að gera þurfi jarðgöng höfum við m.a. bent á það hvort ekki væri æskilegt að skoða það að gera göng undir Öxi á Austfjörðum sem yrðu til verulegrar styttingar inn á svæðið, þ.e. upp á Hérað, og einkanlega með tilliti til þess að vöruflutningar eru jú allir komnir á þjóðvegi landsins. Menn hafa reynt að nýta sér þann veg sem nú er yfir Öxi og var vissulega lagfærður en er samt sem áður ekki fær allan ársins hring. Bæði er þetta enn þá malarvegur og þar að auki víða erfiður og brattur. Eigi að síður hafa flutningabílstjórar reynt í meira mæli að fara þessa leið enda er um mikla styttingu að ræða upp á Hérað þegar flutningabílar koma sunnan að og ætla sér beint á Egilsstaði. Það skiptir verulegu máli að við reynum að stytta þessar leiðir og gera þær eins öruggar og mögulegt er og þess vegna höfum við bent á það í þessari tillögu að þetta sé m.a. jarðgangastæði sem þurfi að skoða með tilliti til framtíðar og með tilliti til þeirra flutninga sem núna fara um þjóðvegi landsins.

Við erum ekki með jarðgöng til Vestmannaeyja í þessari tillögu okkar enda teljum við að ef af þeim yrði einhvern tíma í framtíðinni mundu auðvitað ferjusiglingar leggjast af og þar af leiðandi mundi sú fjármögnun sem farið hefur í að tryggja ferjusiglingar milli lands og Eyja leggjast af og þeir fjármunir væntanlega þá ganga til jarðgangagerðar á komandi árum, ef það telst fær leið sem ég leyfi mér reyndar að efast um, hæstv. forseti. Ég held að þetta svæði sé ekki öruggt til að fara með jarðgöng um. En þótt af þeim yrði höfum við ekki gert ráð fyrir þeim í þeim kostnaðartölum sem við höfum nefnt í þessari umræðu. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því, eftir því sem ég veit best, að farið verði í að gera höfn í Bakkafjöru og stytta þar af leiðandi ferjusiglingar verulega milli lands og Eyja, og vonandi tekst sú framkvæmd vel ef af verður.

Þessi verkefni í jarðgangagerð sem við bendum á í tillögunni eru misjafnlega brýn, og nýjar aðstæður kalla oft á breytta forgangsröðun. Það má m.a. benda á þá forgangsröðun sem ríkisstjórnin hefur nú tekið upp eftir mikinn þrýsting frá íbúum Bolungarvíkur sem felur í sér göng á milli Bolungarvíkur og a.m.k. yfir í Hnífsdal, fyrir Óshlíð, þannig að vegurinn um Óshlíð verði ekki aftur sleginn til Bolungarvíkur eins og verið hefur. Við höfum undanfarna daga hlustað á fréttir og séð í sjónvarpi hvernig vegstæðið um Óshlíð lítur út í miklum haustrigningum þegar á það hrynja bæði skriður og gríðarleg björg. Það er náttúrlega enginn öruggur með að fara þá leið við ákveðnar aðstæður, því miður. Á þetta var svo sem bent fyrir áratugum síðan þegar menn fóru þá leið að byrja að breikka þar veginn og byggja vegskála o.s.frv. en sumir höfðu trú á því að það yrði framtíðarlausnin varðandi Óshlíð.

Það á reyndar ekki við um þann sem hér stendur því að hann hreyfði því máli þegar 1983 ásamt þáverandi félögum sínum á Vestfjörðum að það væri eðlilegt að horfa til þess að leysa samgöngurnar við Bolungarvík með því að gera

jarðgöng úr Hnífsdal og yfir í Bolungarvík. Það varð sem sagt ekki ofan á þá en núna eru allt önnur viðhorf til jarðgangagerðar en voru fyrir 20 árum. Þá var iðulega nefnt í umræðunni um jarðgöng að berg á Íslandi væri laust og sprungið og erfitt að gera göng í gegnum það, kannski illframkvæmanlegt. Reynslan og þekkingin hefur þó sýnt að það er víða hægt að gera jarðgöng með mjög góðum árangri hér á landi. Við höfum auðvitað getað lært af öðrum þjóðum í þessu efni, eins og Færeyingum og Norðmönnum, því að meðal flestallra þjóða sem búið hafa, og búa, í fjöllóttum löndum hafa samgöngurnar að þessu leyti, hvort sem er varðandi járnbrautir eða þjóðvegi, verið leystar með því að menn hafa gert jarðgöng og farið í gegnum fjöllin en ekki yfir þau. Hvað þá heldur hér á Íslandi þar sem við eigum við það að búa, hæstv. forseti, að hér koma snjóavetur af og til. Reyndar höfum við búið við mjög snjólétta vetur undanfarið sem er auðvitað guðsþakkarvert í sjálfu sér en hins vegar er það engin trygging til framtíðar að treysta á það að guð muni láta svo viðra í framtíðinni eins og verið hefur undanfarin ár þó að hann vilji okkur sjálfsagt vel sem þjóð hér úti á eylandinu í miðju Atlantshafi. Þau sem lengra muna hljóta að muna eftir snjóþungum vetri 1983 og öðrum 1995 svo að a.m.k. tveir séu nefndir.

Slíkir vetur, auðvitað ekki þeir sömu en sams konar, koma örugglega aftur, hæstv. forseti. Því miður, það á eftir að snjóa hér á landi og valda miklum erfiðleikum. Þess vegna teljum við til framtíðar litið að menn eigi að horfa til láglendisvega og gera jarðgöng þar sem því verður við komið en halda ekki áfram að baksa yfir fjöllin með tilheyrandi kostnaði sem verður síðan ævinlega þeim annmörkum háð sem eru veður, vindar og úrkoma, en horfa til framtíðar og framtíðarlausna að þessu leyti.

Þegar upp verður staðið telja flutningsmenn þessarar tillögu að það muni horfa til sparnaðar og tvímælalaust til mikils umferðaröryggis umfram það sem ella væri. Þurfa menn ekki annað en að minnast þess þetta haustið sem nú er að líða, þegar fólk hefur slasast á fjallvegum, m.a. hérna sunnan lands, við erfiðar aðstæður og leiðindafærð.

Það fer ekkert á milli mála að jarðgöng sem tryggja að menn geti farið undir fjöllin í staðinn fyrir að fara yfir þau hafa fært okkur geysilega mikið öryggi. Ég tala nú ekki um Hvalfjarðargöngin sem fara undir Hvalfjörðinn, þau hafa vissulega einnig fært okkur mikið umferðaröryggi miðað við það sem áður var, að ég tali ekki um styttingu akstursstíma og annað slíkt. Þannig að við teljum, hæstv. forseti, að af þeim 20 jarðgöngum sem við nefndum hér í upphafi tillögunnar séu í dag, miðað við stöðuna, sennilega um 15 jarðgöng sem þarf að gera til að koma þessum helstu flutningsleiðum okkar og samgönguleiðum á láglendisvegi og tryggja þar með örugga flutninga fólks og farms á milli landshluta, fyrir utan það að ná mikilli styttingu í flutningstíma og miklu öruggari og betri akstursleiðum og þar af leiðandi bættu umferðaröryggi sem er ekki vanþörf á, svo mörg sem slysin eru í þjóðvegakerfinu og því miður allt of mörg alvarleg slys og dauðaslys.

Ég vil einnig láta þess getið, og hef haldið því fram í mörg ár, að það væri mjög áhugaverður kostur sem ætti að skoða í fullri alvöru að gera göng úr Ísafjarðardjúpi yfir í Fjarðarhornsdal á Barðaströnd. Fjarðarhornsdalur gengur norðaustur úr Kollafjarðarbotni, svo að það sé upplýst, en Kollafjörður er einn af þeim stöðum sem menn hyggjast stytta akstursleiðir verulega til. Það hefur verið gert með tillögu sem gengur út á það að þvera Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð og komast þar af leiðandi hjá því að fara Hálsana sem núna eru farnir og fyrir fjarðarbotnana sem auðvitað eru farartálmar, vegirnir eins og þeir eru eru reyndar nánast illfærir oft og tíðum vegna þess hvernig þeir eru lagðir.

Þess vegna hafa Vestfirðingar sameinast um að gera kröfu til þess að fá að leggja þessa vegi yfir þessa firði og ná þar af leiðandi fram verulegri styttingu í kílómetrum og aksturstíma á þessari leið frá Bjarkalundi og vestur um til Vesturbyggðar, Tálknafjarðar og vesturhluta Barðastrandarinnar. Það er auðvitað mikið mál. Ef það yrði gert eða þá einhver önnur útfærsla sem jafngilti þessari styttingu og möguleikum tel ég að það væri orðinn mjög áhugaverður kostur, hæstv. forseti, að gera göng undir Kollafjarðarheiði með því að tengja saman Fjarðarhornsdal í Kollafirði og Ísafjarðardjúp, nota Múladalinn og síðan þá Austurárdalinn til að leggja veg og fara síðan undir þá fjóra til fimm kílómetra sem eftir væru til að tengja þessar leiðir saman. Ef það yrði gert væri allt í einu komin upp sú staða að jafnvel norðanverðir Vestfirðir væru komnir með samgönguleið alla leið til Reykjavíkur sem aldrei færi yfir fjöll.

Hefðu það þótt tíðindi fyrir áratugum síðan ef menn hefðu nefnt það sem möguleika. En það er vissulega mjög raunhæfur möguleiki. Menn eiga að horfa til þess í framtíðinni í staðinn fyrir að reyna að halda áfram að fara yfir fjöllin. Menn gleyma sér í góðri tíð undanfarinna ára og halda að þannig verði það í framtíðinni en það er næsta víst að það sem einu sinni hefur verið hér á landi varðandi snjóalög mun verða aftur. Þá lenda menn í miklum vandræðum með alla þá flutninga sem núna fara um vegakerfi landsins, hæstv. forseti.

Þetta vildi ég sagt hafa og ég tel að sú tillaga sem við leggjum hér fram, þingmenn Frjálslynda flokksins, eigi að fá fulla athygli í sölum þingsins og afgreiðslu í samgöngunefnd. Vonandi gengur hún aftur til þingsins þannig að við getum samþykkt hana og Vegagerðinni verði falið að vinna svona áætlun þar sem við horfum til þess að stytta vegalengdir, búa til öruggari vegi, öruggari flutningsleiðir, öruggari akstursleiðir fyrir fólk, vegi sem spara mikla orku og tíma í flutningum um landið og horfa til framtíðar. Til þess að það verði gert þurfum við að merkja fjármagn í þessa þætti vegagerðar, sennilega um 3 milljarða á ári næstu 20 árin, og þá sæjum við verulega til lands í því að klára þessa vegagerð. Það eru nokkur dæmi sem eru brýnni en önnur. Ég ætla að nefna t.d. Hellisheiði fyrir austan, frá Vopnafirði yfir á Hérað, sem er afar brýnt verkefni og mundi stytta akstursleið Vopnfirðinga til Héraðs verulega fyrir utan aukið öryggi.

Svoleiðis er auðvitað um fleiri staði. Meginmálið er að menn leyfi sér að horfa til framtíðar í þessum efnum og hætti að horfa á lausnir sem væntanlega eru ætlaðar til kannski næstu 10–15 ára en færa okkur ekki þá merku áfanga sem við gætum náð í vegagerð með svona markvissum vinnubrögðum. Þótt það kosti örlítið meira fé í upphafi erum við að leysa samgöngumálin til langrar framtíðar með

því mesta öryggi sem við getum náð í vegakerfi hér á landi, með því að fara undir fjöllin og yfir firði og stytta vegalengdir þar sem það á við, hæstv. forseti.

Ég hef lokið máli mínu og vona að þetta mál fái góða afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:08]

**Útbýting:**

Búsetumál geðfatlaðra í Reykjavík, 284. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 297.

Fjölgun hjúkrunarfræðinema, 287. mál, fsp. DJ, þskj. 300.

Framhaldsskóli í Rangárvallasýslu, 285. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 298.

Jafnrétti til tónlistarnáms, 289. mál, fsp. JBjarn, þskj. 302.

Loftslagsmál, 293. mál, fsp. HHj, þskj. 306.

Opinber innkaup, 277. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 287.

Réttur nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta, 290. mál, fsp. JBjarn, þskj. 303.

Vegrið, 292. mál, fsp. MÞH, þskj. 305.

Veiðiheimildir úr sameiginlegri fiskveiðiauðlind þjóðarinnar, 288. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 301.

## *Iðnaðarmálagjald, 1. umr.*

Frv. PHB, 16. mál. — Þskj. 16.

[17:09]

**Flm. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um brottfall laga um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, með síðari breytingum. Frumvarpið er að finna á þingskjali 16.

Með frumvarpinu er lagt til að iðnaðarmálagjald verði fellt niður. Það var tekið upp á sínum tíma, árið 1975, að frumkvæði Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Herra forseti. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Lög sem kveða á um greiðslu úr ríkissjóði, önnur en fjárlög eða fjáraukalög, hljóta því að vera í andstöðu við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og því ógild. Þing sem setur slík lög um árlega ráðstöfun á fjármunum ríkissjóðs er búið að binda hendur allra þinga þaðan í frá hvað varðar greiðslur þessara gjalda því að lögin hljóta að eiga að gilda eins og önnur lög frá Alþingi. Síðari þing þurfa árlega að taka fram í fjárlögum að þetta gjald skuli renna til verkefnisins og hafa því ekki óskorað fjárveitingavald. Farist fyrir að geta um útgjöldin í fjárlögum kemur upp sú staða að lögin kveða á um að greiða skuli fé úr ríkissjóði sem stjórnarskráin bannar.

Í 1. mgr. 3. gr. laga um iðnaðarmálagjald stendur: „Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins." Hér eru bein fyrirmæli til framkvæmdarvaldsins um að þessa fjármuni skuli greiða úr ríkissjóði þrátt fyrir bann stjórnarskrárinnar þar um. Þó að þessa gjalds og ráðstöfunar þess sé getið í fjárlögum hvers árs, þá er það ákvæði fjárlaganna þvingað og Alþingi getur ekki sett fjárlögin óbundið af lögum um iðnaðarmálagjald. Lög um iðnaðarmálagjald eru því í andstöðu við stjórnarskrá og það eitt og sér styður það frumvarp sem hér er lagt fram.

Lagasafnið hefur reyndar að geyma fjölmörg lög af þessu tagi. Oft er um að ræða skatta, tekjur, sem renna eiga til ákveðinna verkefna eða aðila og eru slíkar tekjur ríkissjóðs oft nefndar „markaðar tekjur" þ.e. tekjur ríkissjóðs sem renna skulu til ákveðinna verkefna eða aðila, markaðar þessum verkefnum eða aðilum. Dæmi um slíkar tekjur eru: búnaðargjaldið, sem rennur aðallega til stéttarsamtaka bænda; iðnaðarmálagjald, sem rennur til Samtaka iðnaðarins; fiskræktargjald sem rennur til Fiskræktarsjóðs, sem veitir m.a. styrki til fiskeldis og fiskræktar; höfundaréttargjöld, t.d. 1% af verði tölva og STEF-gjöld sem renna til einstaklinga, tónskálda.

Ríkið er notað til að innheimta skatt sem rennur til einstaklinga, sem brýtur í bága við það ákvæði stjórnarskrárinnar að ekkert megi greiða út úr ríkissjóði nema með fjárlögum.

Þetta gjald, iðnaðarmálagjald, er auk þess skattur. Gjaldstofn þess er sá sami og gjaldstofn virðisaukaskatts og ríkissjóður innheimtir gjaldið og leggur það á. Ríkið fær meira að segja 0,5% í eins konar innheimtuþóknun.

Þegar litið er á lög um iðnaðarmálagjald virðist sem hópur manna, stjórnir Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga, hafi fengið löggjafann til þess að innheimta fyrir sig félagsgjöld og nota þannig ægivald ríkisins með heimild til sekta og fangelsa til að ná fénu af öllum iðnfyrirtækjum og gera þau um leið félagsbundin.

Þá ætla ég, herra forseti, að ræða rétt aðeins um félaga- og tjáningarfrelsi. Félagafrelsi er meginregla á Íslandi. Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar má engan skylda til aðildar að félagi nema sérstakar aðstæður krefjist þess. Skoðanafrelsi er nátengt félagafrelsinu en í því felst að óheimilt er að neyða menn til að hafa tilteknar skoðanir eða losa sig við aðrar. Kveðið er á um skoðanafrelsi í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki reynir oft á skoðanafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar en hér er því öfugt farið. Skyldugreiðslur til félags sem greiðendur kunna að vera á móti í sjálfu sér brýtur í bága við hugmyndir um skoðanafrelsi. Þá er sáralítill munur á því að skylda menn til félagsaðildar og að skylda menn til þess að greiða gjald til félags. Sé gjaldið greitt er varla annað hægt en að vera í félaginu og njóta þeirra réttinda sem í því felast. Skyldugreiðslur til félags fela því í sér gervifélagsskyldu.

Sama gildir reyndar einnig hjá opinberum starfsmönnum sem eru skyldugir til að greiða til stéttarfélags þótt þeir séu þar ekki félagar. — Hér gengur fram hjá hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Samtök iðnaðarins hafa haft uppi mjög ákveðnar skoðanir um ýmis pólitísk álitamál eins og aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar. Eflaust finnast í fjölmennum hópi iðnfyrirtækja aðilar sem eru á öndverðri skoðun og eru sannfærðir um að slíkar lausnir mundu skaða hagsmuni

þeirra og þjóðarinnar. En þeir verða samt að greiða iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins og fjármagna þannig upplýsingar og áróður gegn eigin skoðun án þess að geta komið henni að. Slíkt getur ekki verið í samræmi við ákvæði stjórnarskrár um skoðanafrelsi.

Hæstiréttur hefur í tvígang fjallað um þetta gjald og sagði þar að gjaldið stæðist þrátt fyrir félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar þar sem löggjafanum væri heimilt að leggja á skatt og ráðstafa honum, auk þess sem meiri hluti Hæstaréttar nefndi að það ætti að verja tekjum af iðnaðarmálagjaldi til að efla iðnað og iðnþróun í landinu og til hagsbóta þeirri iðngrein sem skattlögð er. Þannig er talið að löggjafinn hafi ekki farið út fyrir heimildir sínar. Síðan kom fram í sératkvæði eins dómarans að Samtök iðnaðarins hefðu ekki getað sundurgreint með glöggum hætti hvernig iðnaðarmálagjaldinu væri varið, það væri sem sagt inni í almennum rekstri samtakanna. Stefnandi væri skyldaður til að greiða umrætt gjald þrátt fyrir að vera ósamþykkur markmiðum samtakanna og í raun teldi hann samtökin vinna gegn hagsmunum sínum.

Telja verður að lög um iðnaðarmálagjald gangi gegn þeim meginsjónarmiðum sem félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hvílir á, ekki síst þegar ákvæðið er lesið með skoðanafrelsisákvæðið í huga. Það er engan veginn nauðsynlegt fyrir framgang einstakra iðnfyrirtækja að þau séu félagar í samtökunum né búi þar að baki mikilvægir almannahagsmunir og þess vegna má ekki beita þeim rökum fyrir því að leggja þetta gjald á iðnfyrirtæki.

Svo getum við líka skoðað, herra forseti, jafnræðið. Ef ný samtök væru stofnuð af iðnrekendum fengju þeir engan rétt til sambærilegrar skattheimtu. Þá gæti sú staða komið upp að þau iðnfyrirtæki sem væru félagar í þessum nýju samtökum þyrftu að greiða bæði til Samtaka iðnaðarins og jafnframt til sinna samtaka sem væru þá að berjast við Samtök iðnaðarins, t.d. um ákveðin mál og ákveðna hagsmuni. Það er því komið í veg fyrir að iðnfyrirtæki geti stofnað samtök.

Samtök iðnaðarins eru í samkeppni við önnur samtök atvinnulífsins um félaga. Vegna lagaskyldu um innheimtu félagsgjalda til Samtaka iðnaðarins eru þau í allt annarri og betri stöðu en önnur samtök sem verða að treysta á vilja fyrirtækja til að vera félagar og greiða félagsgjald. Að auki er það nánast óvinnandi vegur fyrir hóp fyrirtækja í iðnaði að stofna hagsmunafélag í andstöðu við Samtök iðnaðarins til að berjast fyrir hagsmunum sínum, eins og ég gat um áðan, því að þau yrðu bæði að fjármagna eigið félag og andstöðuna við það. Þó að þetta frumvarp yrði að lögum er ekkert sem bannar fyrirtækjum að greiða til Samtaka iðnaðarins ef þeim þættu samtökin hafa hlutverk og gegna því vel.

Kveðið er á um jafnræði allra fyrir lögum í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Iðnaðarmálagjald er eigi að síður eitt sinnar tegundar. Aðrar atvinnugreinar hafa ekki sambærileg forréttindi eða kvaðir. Alla jafna má beita þeirri þumalfingursreglu við mat á því hvort jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé brotin að íhuga hvort eins fer um ólík tilvik eða hvort ekki fer eins um sambærileg tilvik. Verður ekki séð að Viðskiptaráð Íslands, Samtök verslunar og þjónustu eða Félag íslenskra stórkaupmanna, svo dæmi séu tekin, séu svo eðlisólík að önnur sjónarmið eigi við um þau félög en Samtök iðnaðarins. Þrátt fyrir að upptalin samtök njóti ekki sérstakra forréttinda verður ekki annað séð en starfsemi þeirra sé með miklum blóma.

Hagsmunir iðnrekenda falla ekki alltaf saman í einu og öllu. Samtök iðnaðarins munu því jafnan eiga erfitt með að gera öllum til hæfis. Í þeim tilvikum er eðlilegt að mögulegt sé fyrir fyrirtæki að hætta að greiða til félags. Jafnvel þó að allir séu jafnan sammála er sjálfsagt og eðlilegt í lýðfrjálsu þjóðfélagi að möguleikinn sé fyrir hendi.

Samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald skal verja gjaldinu til eflingar iðnaði og iðnþróun í landinu. Ekki er auðvelt að sjá hvernig skattur á iðnaðinn er heppilegur til að ná þessu marki. Æskilegri leið til að efla iðnaðinn hlýtur að vera sú að leyfa iðnfyrirtækjunum að ráðstafa þessum fjármunum sjálft. Þá er iðnaðarmálagjald lagt á alla veltu fyrirtækja en ekki aðeins hagnað. Í vissum tilvikum er því um skatt á tap iðnfyrirtækja að ræða.

Í greinargerð með upphaflegum lögum um iðnaðarmálagjald segir: „Starfsemi samtaka iðnaðarins hefur að höfuðmarkmiði eflingu iðnaðarins og mótun almennrar iðnaðarstefnu, er stuðlar að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun. Nauðsynlegt er að auka starfsemi samtakanna verulega, t.d. á sviði alhliða kynningar og útbreiðslustarfsemi, sviði hagrannsókna, útgáfustarfsemi o.fl. Enn fremur þurfa samtökin að hafa bolmagn til að taka virkan þátt í aðgerðum er miða að jákvæðum breytingum á skipulagsbyggingu einstakra iðngreina, framleiðniaukandi aðgerðum í einstökum iðngreinum eða iðnfyrirtækjum, sölu- og útflutningseflandi aðgerðum og loks í fræðslu og þjálfun starfsfólks og stjórnenda iðnfyrirtækja.“ Markmið þessi bera með sér aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú eru uppi. Þegar hin upphaflegu lög voru sett á áttunda áratug tuttugustu aldar þótti enn sjálfsagt að hið opinbera kæmi að skipulagningu atvinnugreina og stýrði þróun þeirra. En síðan hafa viðhorf til skipulagningar gerbreyst.

Þau rök sem skynsamleg þóttu 1975 eiga síður við nú á tímum þar sem frelsi í atvinnulífi hefur verið aukið stórlega og dregið hefur verið úr skattheimtu með þeim afleiðingum að íslenskt atvinnulíf stendur í meiri blóma en nokkru sinni fyrr. Hvað svo sem segja má um markmið iðnaðarmálagjaldsins skýtur einnig skökku við að félagasamtökum skuli vera falin skipulagning atvinnugreina. Félagið sem hlýtur iðnaðarmálagjaldið er þannig með einhverjum hætti gert ábyrgt fyrir framfylgd opinberrar skipulagsstefnu ríkisins.

Upphæðir iðnaðarmálagjaldsins síðustu ár hafa verið frá 150 milljónum upp í 287 milljónir.

Að lokinni umræðu um frumvarpið legg ég til að því verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar. Reyndar eru áhöld um hvort það eigi að fara til iðnaðarnefndar og ég fel hæstv. forseta að úrskurða um það.

[17:22]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir mjög áhugaverða ræðu og get tekið undir ýmislegt sem fram kom þar og málið er ákaflega vel rökstutt.

Mig langaði að beina einni spurningu til hv. þingmanns. Hún varðar það hvort þetta fyrirkomulag hafi að einhverju

leyti slævt umrædd samtök, Samtök iðnaðarins, í baráttu sinni fyrir ýmsum málum sem varða iðnaðinn, t.d. hækkun raforkuverðs eða betri og bættri starfsaðstöðu skipasmíðaiðnaðarins þannig að hann verði meira í samræmi við það sem gerist í Evrópu. Og hvort einmitt þetta samkrull og innheimta ríkisins geti þá leitt til þess og hafi jafnvel leitt til þess að þetta hafi slævt samtökin í baráttu sinni fyrir bættum og betri reglum til handa iðnaðinum.

[17:23]

**Flm. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnir hans. Það er rétt, eins og kemur fram í greinargerð og ég sleppti að lesa áðan, að svona fyrirkomulag með skattheimtu í stað félagsgjalda getur valdið því að viðkomandi félagasamtök stofnanagerist. Þau þurfi ekki lengur að gæta að því að vinna að hagsmunum umbjóðenda sinni, þau þurfi ekki lengur að vera á tánum varðandi það að menn vilji vera félagar í samtökunum. Þau hafa tekjurnar á hreinu alveg sama hvað á bjátar og vissulega getur það slævt samtökin og gert þau kannski meira stofnanagerð og nánast allt að því opinber. Það er sú hætta sem vofir yfir félögum sem fá félagsgjöldin í formi skattheimtu, að þau séu ekki lengur að gæta hagsmuna félagsmanna sinna.

Þau dæmi sem hv. þingmaður nefndi geta vel verið dæmi einmitt um það að menn séu ekki nægilega vakandi fyrir því sem er að gerast og ég tel að niðurfelling skyldu til að greiða iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins muni efla þau til dáða og gera þau ekki síður blómleg en önnur samtök atvinnulífsins.

[17:25]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið þótt hún sé verðug þess, svo sannarlega. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hreyfði ýmsum grundvallaratriðum sem verðskulda mikla og langa umræðu. Það lýtur m.a. að félagafrelsi og félagaskyldu eða skylduaðild að verkalýðsfélögum þar á meðal. Það var þessi þáttur sem varð til þess að ég kvaddi mér hljóðs.

Þetta er mjög flókið mál en ég hef mjög afdráttarlausa skoðun á því. Ég tel það samfélaginu mjög til góðs að menn sameinist á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og myndi þar mótvægi við fjármagnið og vald þess í samfélaginu, að einstaklingarnir komi saman til að standa sameiginlega að kjarasamningum og semji um réttindi ýmis. Þá náttúrlega vaknar sú spurning ef við opnum á það að fólk geti almennt staðið utan stéttarfélaganna, hvort það fólk eigi þá að njóta góðs af hinu sameiginlega átaki. Eiga einstaklingarnir sem ekki greiða krónu, hvorki krónu né eyri til baráttu fyrir bættum veikindarétti, lífeyrisréttindum og þar fram eftir götunum, að njóta ávaxtanna, aðildar að þeim sjóðum sem veita þessi réttindi síðan? Þetta eru spurningar sem óneitanlega vakna.

Hitt vildi ég einnig nefna að frelsið til að standa utan félagsskapar getur hæglega snúist upp í öndverðu sína. Það gerðist og hefur gerst í Bandaríkjunum, svo dæmi sé tekið. Það gerðist í Bretlandi, sérstaklega á Thatcher-tímanum þegar ríkisvaldið réðst gegn verkalýðshreyfingunni þar í landi og reyndi að veikja hana, þá varð félagafrelsið til þess að atvinnurekendur nýttu sér þá bágborið atvinnuástand, stilltu launamanninum eða þeim sem sótti um vinnu hjá þeim upp við vegg: Þú getur fengið vinnu að því tilskildu að þú standir utan verkalýðsfélagsins.

Þetta eru aðeins víddir í tilverunni sem mér finnst hollt að hafa í huga þegar við ræðum um félagafrelsi og skylduaðild að verkalýðsfélögunum.

Ég lít svo á að verkalýðshreyfingin sinni mjög mikilvægu félagslegu hlutverki og þar er ég kominn að því sem ég hóf mál mitt með, að leggja áherslu á mótvægið gegn valdi atvinnurekenda og fjármagnsins í samfélaginu, þannig að þegar upp er staðið beri að líta á verkalýðshreyfinguna sem mikilvæga stofnun í fjölþátta lýðræðisþjóðfélagi sem allir eiga að hafa aðild að. Þetta voru orð sem ég vildi aðeins koma inn í umræðuna.

[17:29]

**Flm. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni athugasemdir hans, þær eru gildar. Hann kom inn á það að ég hafi lagt fram nokkur frumvörp. Ég hef t.d. lagt fram frumvarp um að afnema búnaðargjaldið eða skyldu til að greiða búnaðargjald. Ég hef enn fremur á liðnum þingum ítrekað lagt fram frumvarp um að afnema skyldu opinberra starfsmanna til að greiða til stéttarfélags, hvort sem þeir eru í því eða ekki, og þetta er svona má segja ákveðinn rauður þráður í heimsmynd minni að ekki eigi að nota ríkið til þess að innheimta fé og félagsgjöld til félagasamtaka sem ég færi rök fyrir að sé andstætt stjórnarskránni.

Nú er það svo að t.d. BSRB hefur lagt mikla áherslu á vatnið, vatnsréttindi og annað slíkt, og það hefur lagt áherslu á mörg önnur mál. Ég hef ítrekað rætt við félagsmenn sem eru neyddir til að borga þessa stefnu sem þeir eru á öndverðum meiði við, á öndverðum meiði við hv. þm. Ögmund Jónasson, sem er formaður BSRB, en verða samt að borga, borga það sem þeir kalla áróðurinn og fræðsluna um eitthvað sem þeir eru hjartanlega andsnúnir.

Þess vegna tel ég að þetta sé mjög varasamt sem hv. þingmaður segir, að það sé gott að menn séu skyldaðir til að borga í verkalýðsfélög. Hins vegar get ég alveg fallist á það að verkalýðshreyfingin hefur ákveðið hlutverk og hún á bara að vera nógu aðlaðandi fyrir félagsmenn sína að þeir vilji af frjálsum vilja ganga í verkalýðshreyfinguna og standa að því sem hún er að vinna að. Auðvitað er það óréttlátt að einhverjir skuli standa utan við og njóta ávaxtanna (Forseti hringir.) en þannig er það bara því miður alltaf.

[17:31]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er það svo í öllum félagsskap að menn eru ekki sáttir við allt sem meiri hlutinn tekur sér fyrir hendur eða ákveður. En ég vil taka undir það grundvallarsjónarmið að ef um skylduaðild er að ræða þá hvílir að sjálfsögðu rík ábyrgð á herðum þess sem við slíkum iðgjöldum tekur.

Hv. þingmaður nefndi dæmi um herferð BSRB varðandi vatnið þar sem settar voru fram svipaðar áherslur og uppi

eru hjá Sameinuðu þjóðunum og Alþjóðaverkalýðshreyfingunni, að líta beri á vatn sem grundvallarmannréttindi en ekki sem hverja aðra verslunarvöru. Ég get fullvissað hv. þingmann um að þótt ég taki hann að sjálfsögðu trúanlegan varðandi gagnrýnisraddir innan þeirra samtaka sem ég er í forsvari fyrir, varðandi þá herferð, þá er yfirgnæfandi meiri hluti því fylgjandi. Enda fór fram um málið löng og ítarleg umræða á lýðræðislegum vettvangi.

Ég get upplýst hv. þingmann um það að það eru ýmis efni sem BSRB, svo dæmi sé tekið, sneiðir hjá, mikilvæg hitamál í samfélaginu á hverjum tíma, einfaldlega vegna þess að skoðanir eru svo skiptar um þau. En varðandi meginbaráttumál BSRB, varðandi einkavæðingu, það að verja samfélagsþjónustuna, almannaþjónustuna, og hafa hana undir forræði almennings, ríkir mjög breið samstaða í BSRB. Sú samstaða er þverpólitísk og byggir á skoðunum manna úr öllum þeim stjórnmálaflokkum sem eiga sæti hér á Alþingi. (Forseti hringir.)

[17:33]

**Flm. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt einn félagsmaður sem neyddur er til að greiða til BSRB væri á móti, t.d. stefnu samtakanna í einkavæðingarmálum, þá dugir það ekki þeim manni að þurfa að borga áróður gegn sinni eigin skoðun.

Sama á við í Samtökum iðnaðarins. Ef einn félagsmaður er á móti því að ganga inn í Evrópusambandið, ég geri reyndar ráð fyrir að þeir séu miklu fleiri, þá þarf hann að fjármagna áróður sem er gegn hans eigin stefnu og lífsviðhorfum.

Nú vill svo til að hv. þingmaður er á móti því að ganga inn í Evrópusambandið. Hann hlýtur því að vita hvernig honum liði ef hann ætti að borga þann áróður.

Ég er að gagnrýna þetta, að menn eru neyddir til að borga áróður gegn eigin sannfæringu. Þótt hv. þingmaður hafi það á tilfinningunni að breið samstaða sé um þetta í BSRB þá er það alls ekki víst. Lýðræðinu er nú einu sinni þannig farið, í þeirri verkalýðshreyfingu eins og í flestum, að raddir hinna einstöku félagsmanna, lengst niðri í rótinni, komast ekki til skila.

[17:35]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að flestar þær raddir komist til skila. Ég ítreka að það er rétt hjá hv. þingmanni að ef um er að ræða skylduaðild þá þurfa menn að vanda sig í því sem þeir taka sér fyrir hendur. Ég ítreka, að þau samtök sem ég er í forsvari fyrir gera það. Það eru mörg hitamál sem brenna á samfélaginu og hafa gert á undanförnum árum sem þessi samtök hafa sneitt hjá og hafa frekar talið eiga erindi á hinn flokkspólitíska vettvang.

Við ræðum hér á eftir um málefni Ríkisútvarpsins sem menn vilja gera að hlutafélagi. Hv. þm. Pétur H. Blöndal er í hópi þeirra sem ætla að leggja nefskatt á þjóðina, lögþvingaðan nefskatt, á fyrirtæki sem ég er ekkert viss um að allir komi til með að skrifa upp á. Ég er ekki viss um að mjög rík og breið samstaða sé um nefskatt Sjálfstæðisflokksins fyrir Ríkisútvarpið ohf. En það er umræða sem bíður betri tíma. Ég vildi hins vegar gera grein fyrir almennum sjónarmiðum til málsins sem við höfum haft til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ríkisútvarpið, 1. umr.*

Frv. ÖJ o.fl., 24. mál (stjórn, afnotagjöld). — Þskj. 24.

[17:37]

**Flm. (Ögmundur Jónasson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið. Þetta frumvarp var lagt fram á 131. löggjafarþinginu sem og á hinu 132. og nú á því löggjafarþingi sem nú stendur og er 133. í röðinni.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem hafa þann tilgang að renna styrkari stoðum undir rekstur þess og efla lýðræðislega stjórn þess með beinni þátttöku starfsmanna og kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi í yfirstjórn þess. Reyndar er gert ráð fyrir að fleiri aðilar komi síðan að stjórnsýslunni en þá ekki til að hafa áhrif á innri rekstur hennar.

Eins og við þekkjum liggur einnig fyrir frumvarp frá ríkisstjórninni um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og breyta skipulagi stofnunarinnar, fela einum manni, útvarpsstjóra, yfirráð yfir öllu mannahaldi þannig hann hafi vald til að ráða og reka starfsmenn. Sjálfur verði hann skipaður af útvarpsráði sem endurspegli stjórnarmeirihlutann á Alþingi hverju sinni. En sama ráð getur einnig rekið viðkomandi. Þetta finnst mönnum horfa til geysilegra framfara en ég tel þetta stórt skref aftur á bak, í afturhaldsátt. Eiginlega sætir furðu hve langt þetta mál er komið. Að vísu hefur það verið stöðvað öðru hverju í þinginu vegna mikillar andstöðu, bæði utan Alþingis og innan. Ég vona að við berum gæfu til að setja það frumvarp í salt fram yfir næstu kosningar þannig að þjóðinni gefist færi á að taka málið upp í aðdraganda komandi þingkosninga.

Í greinargerð með þessu frumvarpi, sem er flutt af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er lagt mikið upp úr lýðræðislegum og menningarlegum skyldum Ríkisútvarpsins auk þess sem við lítum á það sem mikilvægt öryggistæki fyrir alla landsmenn. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins og að það hafi góðar tekjur svo að það rísi undir skyldum sínum. Stöðugur og traustur rekstur Ríkisútvarpsins er kjölfesta í lýðræðislegri umræðu í þjóðfélaginu og tryggir hlutlæga umfjöllun og þátttöku landsmanna í landsmálum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnsýslu og stjórnarformi Ríkisútvarpsins sem fela í sér að dagskrárráð og framkvæmdastjórn skipi veigamikinn sess í rekstri þess. Frumvarpið byggist á núgildandi ákvæðum um hlutverk Ríkisútvarpsins en í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skerpt verði á skyldum Ríkisútvarpsins til að sinna innlendri dagskrárgerð.

Ég vek athygli á því að nú nýlega undirrituðu útvarpsstjóri og hæstv. menntamálaráðherra samkomulag um nákvæmlega þetta, að innlend dagskrárgerð yrði efld á kom-

andi árum. Það var tengt hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins, sem er furðulegur hlutur þar sem hægt er að gera slíkan samning óháð rekstrarformi stofnunarinnar í reynd. Ég minni á að danska útvarpið DR, sem er ríkisstofnun, byggir á slíkum samstarfssamningi við stjórnvöld. Svipað er upp á teningnum gagnvart breska útvarpinu BBC sem er einnig ríkisstofnun.

Ég vek athygli á því að nýlega undirrituðu útvarpsstjóri og hæstv. menntamálaráðherra samkomulag um þetta, að innlend dagskrárgerð verði efld á komandi árum.

Í frumvarpinu er lögð til ný skipan og nýtt hlutverk framkvæmdastjórnar. Lagt er til að framkvæmdastjórn beri ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og í 3. gr. frumvarpsins er samsetning hennar og valdsvið skilgreint. Lagt er til að fulltrúi dagskrárráðs eigi sæti í framkvæmdastjórn með málfrelsi og tillögurétt til að styrkja tengsl innan stofnunarinnar. Flutningsmenn telja rétt að áhrif starfsmanna í stjórn stofnunarinnar verði efld til þess að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum, fagmennsku og samábyrgð.

Þetta er lykilhugtak: samábyrgð. Þessi stofnun er dauð ef hún er sett undir einræðisvald. Það leyfi ég mér að fullyrða. Þetta er samstarfsverkefni sem á að byggja á samábyrgð fólksins sem þarna vinnur. Það hefur oft verið talað um heiðir og djúpar rætur sem Ríkisútvarpið hvílir á og nýtur góðs af. En þær eru einmitt af þessum toga, samábyrgðar starfsmanna en ekki því að lúta einræðisvaldi. Það er afturhaldshugsun sem á ekki að eiga upp á pallborðið nú á dögum.

Við gerum ráð fyrir að að útvarpsstjóri verði skipaður af ráðherra en samkvæmt tillögu dagskrárráðs. Verði frumvarpið að lögum verður tillaga dagskrárráðs bindandi en þannig er lýðræðisleg skipun tryggð betur en nú. Hlutverk dagskrárráðs við mannaráðningar verður því aðeins að gera tillögu um útvarpsstjóra, ekki aðra.

Ég vek athygli á því að dagskrárráð er mjög frábrugðið útvarpsráði eins og það er skipað nú og endurspeglar hlutfall þingflokka á Alþingi. Við gerum ráð fyrir því að eftir hverjar alþingiskosningar verði skipað í dagskrárráð einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki. Tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einn fulltrúi tilnefndur af Neytendasamtökunum. Einn fulltrúi tilnefndur af Bandalagi íslenskra listamanna og síðan sitji þar útvarpsstjóri og framkvæmdastjórar hljóðvarps og sjónvarps auk fulltrúa sem tilnefndur er af starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Þarna erum við með miklu breiðari hóp og meiri aðkomu úr samfélaginu. Þótt Alþingi eigi fulltrúa í dagskrárráðinu, sem ég tel eðlilegt og æskilegt, að hafa góð tengsl við þingið, þá á það ekki að endurspegla völdin á þingi heldur þau viðhorf sem er að finna hér innan dyra.

Þá er þess að geta að við leggjum til að Ríkisútvarpið verði ekki fjármagnað með afnotagjöldum í þeirri mynd sem við þekkjum þau núna, heldur verði stuðst við fasteignir, gjöldin verði tengd fasteignagjöldum, stofn afnotagjalds verði þannig íbúðar- og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á.

Þetta frumvarp var sent til umsagnar í samfélaginu og ýmsar athugasemdir bárust sem er vert að hyggja að. Ég ætla ekki að fara að lesa þær allar en nefni að STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, lagði til breytingar á 1. gr. frumvarpsins þar sem bætt yrði við 3. mgr. 3. gr. laganna eftirfarandi, með leyfi forseta: „svo og að hlutur nýsköpunar á sviði íslenskrar tónlistar verði snar þáttur í dagskrá Ríkisútvarpsins". Þetta er áréttað af hálfu Tónskáldafélags Íslands og ég verð að viðurkenna að við höfðum þetta ekki við höndina þegar frumvarpið var lagt núna fram en við hefðum gjarnan viljað að svo hefði verið þannig að ég leyfi mér að skjóta þessari góðu tillögu til umfjöllunar í menntamálanefnd þegar frumvarpið verður tekið þar til skoðunar.

Mig langar til að víkja að umfjöllun Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins um þetta frumvarp en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins hefur fjallað um frumvarp Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Með þessu frumvarpi er mikilvægi Ríkisútvarpsins virt og einnig að það skuli hafa varanlegan sess sem menningarstofnun og almannaútvarp. Hollvinasamtökin fagna sérstaklega þeim almenna skilningi á sérstöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaðnum sem fram kemur í frumvarpinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem fela í sér að komið verði á bæði dagskrárráði og framkvæmdastjórn. Með því er ætlunin að renna styrkari stoðum undir rekstur Ríkisútvarpsins og efla lýðræðislega stjórn þess með beinni þátttöku starfsmanna og kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi í yfirstjórn stofnunarinnar. Með breyttri stjórnsýslu, eins og gerð er tillaga um í frumvarpinu, kæmu þar að auki fleiri aðilar að stjórn Ríkisútvarpsins. Markmið með þessari breyttu stjórnsýslu virðist vera að flokkspólitískri stjórn í stofnuninni verði breytt þannig að fulltrúar Alþingis komi að stjórnuninni en þeir ráði ekki í krafti meirihlutavalds sem endurspeglar ríkisstjórn eins og nú er."

Þetta er hárréttur skilningur, þetta er það sem við stefnum að með frumvarpinu hvað þennan þáttinn varðar.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Hollvinasamtök RÚV telja breiðari stjórn geta verið til bóta og að slík stjórn gæti eflt sjálfstæði stofnunarinnar. Það er einnig ánægjulegt að í frumvarpinu er hnykkt á þeirri skyldu Ríkisútvarpsins að efla íslenska dagskrárgerð. Meginhlutverk Ríkisútvarpsins á að vera metnaðarfull innlend dagskrárgerð og að standa vörð um tunguna og menninguna. Það er forsenda þess að við viljum hafa ríkisrekinn fjölmiðil, það er þjónusta sem íslenska þjóðin vill og á rétt á."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Í samþykktum Hollvinasamtakanna er þó lögð sérstök áhersla á að Ríkisútvarpið verði ekki gert að hlutafélagi. Þetta frumvarp stangast ekki á við þá áherslu og er það vel. Mikilvægt er einnig að yfirstjórn Ríkisútvarpsins hafi breiða skírskotun til almennings, eigenda, og starfsmanna stofnunarinnar án þess að flokkspólitísk áhrif verði alls ráðandi. Þær hugmyndir sem settar eru fram í þessu frumvarpi samræmast þeim viðmiðunum í meginatriðum."

Svo eru fleiri atriði nefnd í umsögn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins. Þau taka ekki afstöðu til þeirrar leiðar sem hér er lögð til, og er að sjálfsögðu ekkert sáluhjálparatriði með fjármögnunina varðandi tengingu við fasteignir — sem ég tel þó vera mjög skynsamlega — en Hollvinasamtökin eru með efasemdir um að yfirleitt sé réttlætanlegt að

leggja afnotagjöld niður með öllu.

Auglýsingar nefna Hollvinasamtökin einnig, ég er alveg sammála þeim um þær, það væri fráleitt að leggja niður auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins. Það væri nær ef farið væri með útvarpið alveg út á markað að fjármagna það þá alveg með auglýsingum. Menn verða að velja og hafna. Það eru skýrar línur, við erum með opinbera starfsemi og um hana gilda ákveðin grundvallarlög. Það eru til að mynda stjórnsýslulög, og ef við ætlum að taka stofnanir undan þeim lögum fara bara önnur lögmál að gilda. Þetta verða menn að horfast í augu við, þetta er spurning um að velja og hafna.

Síðan eru fleiri umsagnir. Það er mjög afdráttarlaus stuðningur við frumvarpið frá BSRB og fleiri aðilum, en það er ekkert undarlegt því að þar eru á ferðinni samtök starfsmanna, stærstu samtök starfsmanna innan Ríkisútvarpsins, sem hafa farið í málið og eru að skoða það út frá sínum hagsmunum, hagsmunum starfsmanna. Þarna er verið að tryggja lýðræðislega aðkomu þeirra að stjórn stofnunarinnar sem ekki gerist í stjórnarfrumvarpinu, þar er dregið úr öllu slíku.

Ég minni á að á sínum tíma var samið um aðkomu starfsmanna að framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Ég þekki það vel, ég sat í mörg ár í slíkri framkvæmdastjórn sjálfur sem formaður Starfsmannafélags sjónvarpsins. Samkvæmt þessu frumvarpi á að henda öllu þessu út. Þetta er náttúrlega slíkt virðingarleysi við starfsfólkið og samtök þess að það eru ekki einu sinni teknar upp viðræður um þetta atriði, menn bara blása á gamla samninga. Þetta er fullkomið virðingarleysi.

Ég á eftir að sjá verða sátt um það að borga einhvern sérstakan nefskatt sem Sjálfstæðisflokkurinn og hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ætla að setja á þjóðina til að fjármagna hlutafélag. Ég spyr hvort Sjálfstæðisflokkurinn hafi hugsað þetta mál alveg til enda. Ég veit að sumir hafa gert það, hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert það. Hann hefur sagt hér, og gerði við atkvæðaskýringu þegar frumvarp ríkisstjórnarinnar var til umfjöllunar, að hann liti á það sem mikilvægt skref í átt til einkavæðingar, (Gripið fram í.) ekki útvarpsgjaldið en að gera stofnunina að hlutafélagi. Ég hef sýnt hv. þingmanni þann heiður að lesa þennan gullaldartexta upp í ræðustól og það hefur verið gert nokkrum sinnum því að það er mjög mikilvægt þegar menn opna vilja sinn í þessum efnum.

Síðan er maður náttúrlega búinn að fá alveg upp í háls af þessu tali frá Framsóknarflokknum og mörgum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins líka, að ekki standi til að selja og það sé meiri hluti fyrir því að svo verði ekki gert o.s.frv., nokkuð sem við erum búin að hlusta á í tengslum við öll frumvörp ríkisstjórnarinnar, svo lengi sem ég man eftir, um hlutafélagavæðingu ríkisfyrirtækja. Enda er það rökrétt, það er fullkomlega rökrétt, ef menn ætla að gera stofnun að hlutafélagi er það náttúrlega til þess að fara með það út á markað, væntanlega. Það er rökrétt, ég skil það, ég virði það. Ég er ósammála því, mér finnst það ekki vera rétt en þar eru menn þó sjálfum sér samkvæmir sem hinir eru ekki sem koma upp í ræðustól og sverja og sárt við leggja að ekkert slíkt sé á prjónunum. Kannski trúir fólkið þessu, það má vel vera, kannski trúa hv. þingmenn þessu. En það er afskaplega erfitt að taka því ár eftir ár að þessi ósannindi séu alltaf tuggin upp.

Hér, hæstv. forseti, teljum við okkur vera komin með skynsamlega leið til að bæta stjórnsýsluna innan Ríkisútvarpsins, gera hana miklu markvissari og lýðræðislegri. Við teljum okkur vera komin með leið sem svarar þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á undanförnum árum og lýtur m.a. að því að útvarpinu sé stjórnað á miðstýrðan, pólitískan hátt um of tengdan ríkisvaldinu hverju sinni — þetta hefur verið gagnrýnt harðlega — og hins vegar sé mörgu ábótavant innan stofnunarinnar sjálfrar, þar þurfi að vera markvissari stjórnsýsla og við erum komin fram með tillögu þar að lútandi.

Við höfnum náttúrlega hinu sem ríkisstjórnin leggur til, að þetta verði allt sett bara í vald eins manns sem öllu ráði og alla geti rekið og sé síðan í þokkabót undir járnhæl ríkisstjórnarinnar hverju sinni.

[17:56]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvær spurningar sem ég vildi beina til hv. þingmanns um leið og ég þakka honum þessa ræðu. Ég tek ekki undir að það sé markvissara eða lýðræðislegra fyrirkomulag að láta einn pínulítinn þingflokk hafa jafnmörg sjónarmið og stærsta þingflokk þjóðarinnar o.s.frv. Ég ætlaði að spyrja hann að því hvernig hann ætlaði að hegða sér með þetta gjald.

Þarna stendur, með leyfi forseta:

„Öllu íbúðar- og atvinnuhúsnæði í landinu fylgir réttur til að nýta þjónustu Ríkisútvarpsins. Gjaldstofn afnotagjalds miðast við íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á.“

Hvað er átt við? Í fyrsta lagi, bílar eiga ekki rétt, þ.e. þeir sem aka um á bílum, eiga þeir ekki rétt? Í öðru lagi: Eiga menn við að hver íbúð eigi að borga eina krónu, eða sem sagt einn gjaldstofn, eða fer þetta eftir flatarmáli, rúmmáli, verðmæti? Eftir hverju fer þetta? Fer þetta eftir íbúafjölda eða hvernig ætla menn að leggja skattinn á íbúðar- og atvinnuhúsnæði? Eitthvað þarf að hafa til viðmiðunar.

Þá kemur hin spurningin sem mér finnst miklu veigameiri. Mér skildist á hv. þingmanni eftir því sem hann las upp að stjórn BSRB, sem eru fjöldasamtök sem í eru sennilega um 20 þúsund félagsmenn alls staðar á landinu, fólk sem kýs alla flokka — væntanlega eru 8 þúsund af þeim sem kjósa Sjálfstæðisflokkinn, svona miðað við 40% af þjóðinni — að þetta fólk allt saman, fulltrúar þess í stjórn BSRB, hafi stutt frumvarp eins þingflokks á Alþingi, og styðji það. Hvert erum við komin í skoðanafrelsinu þegar stór hluti af BSRB-fólki þarf að fjármagna stuðning BSRB við ákveðið frumvarp á þingi sem mjög mikill pólitískur ágreiningur er um? Eða er BSRB bara félag starfsmanna RÚV?

[17:58]

**Flm. (Ögmundur Jónasson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. BSRB er ekkert hrætt við að taka afstöðu til þingmála, hvaða flokkur sem í hlut á. BSRB styður iðulega frumvörp sem koma frá ríkisstjórnarflokkunum. BSRB hefur iðulega stutt frumvörp sem koma frá Sjálfstæðis-

flokknum, frá Framsóknarflokknum, frá Samfylkingunni, frá VG eða Frjálslyndum. Menn eru ekkert að skoða hinn pólitíska lit á frumvarpinu út frá slíkum forsendum, heldur efnislega og út frá innihaldi. Ef fram kemur frumvarp sem svarar grundvallarhugmyndum innan samtakanna er það að sjálfsögðu stutt. Ég ítreka það að fólk úr öllum flokkum hefur komið að umræðu um þessi mál innan BSRB.

Innan BSRB hafa menn verið að ræða aðra tilburði sem nú eru uppi um einkavæðingu, t.d. á öryggisþjónustunni í Keflavík þar sem verkefni sem hafa verið hjá tollgæslunni og lögreglunni hafa verið markaðsvædd, sett í hendur einkafyrirtækja. Það er þverpólitískur stuðningur innan samtakanna við að mótmæla þessu. Sömuleiðis taka félagsmenn úr öllum stjórnmálaflokkum þátt í því að verja hagsmuni félaga sinna innan Ríkisútvarpsins, og sem þjóðfélagsþegnar vilja þeir að sjálfsögðu einnig hafa þessi mál í góðu lagi.

Varðandi stofngjaldið segir hér í 8. gr.:

„Öllu íbúðar- og atvinnuhúsnæði í landinu fylgir réttur til að nýta þjónustu Ríkisútvarpsins. Gjaldstofn afnotagjalds miðast við íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á."

Þetta er síðan ekki búið að útfæra. Það er búið að setja fram þessa grundvallarhugsun en það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þar er ekki öllu svarað, heldur er grundvallarhugsunin sett fram og síðan væri verkefni að (Gripið fram í.) útfæra hana. (Forseti hringir.) Það má vel vera að hv. þingmaður vilji gera þetta að einhverju svona meiri háttar (Forseti hringir.) umræðuefni en þetta er náttúrlega ekki stóra (Forseti hringir.) málið. Þetta er grundvallarhugsunin sem hér hefur verið sett fram.

[18:01]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ansi mikill ljóður á frumvarpinu ef menn vita ekki einu sinni hvort þeir eiga að borga eftir fermetrastærð, rúmmáli, verðmæti eða íbúafjölda og eins að þeir sem eru í bílum eigi engan rétt til að hlusta á Ríkisútvarpið. Eða er það líka innifalið? Það er stór ljóður á frumvarpinu að hafa ekki klárað þetta dæmi og geta sagt mönnum hvað skuli miða við.

En varðandi BSRB þá má ég til með að nefna, herra forseti, að fólk er skyldað með lögum frá Alþingi til að borga til BSRB, háar fjárhæðir. Það er að fjármagna pólitískar skoðanir stjórnar BSRB sem á fulltrúa á Alþingi, hv. þm. Ögmund Jónasson. Er þetta eðlilegt? Hvernig fær þetta staðist stjórnarskrána og það að menn skuli vera frjálsir skoðana sinna? Þetta fær engan veginn staðist. Ég held að BSRB þurfi virkilega að gæta sín í því að taka ekki pólitíska afstöðu til deilumála í þjóðfélaginu, t.d. þess hvort það eigi að hlutafélagsvæða RÚV eða ekki.

Ég lýsti skoðunum mínum á frumvarpinu um RÚV fyrir hálfu ári og taldi ekki ástæðu til að gera það aftur. En ég var á móti útfærslunni á útvarpsgjaldinu. Ég er á móti þeirri útfærslu. Hins vegar studdi ég frumvarpið sjálft vegna þess að ég tel, eins og ég gat um og hv. þingmaður nefndi, að þá verði auðveldara að selja það.

[18:03]

**Flm. (Ögmundur Jónasson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vísa þessum ummælum algjörlega á bug. Við höfum oft heyrt það í tímans rás að reynt hafi verið að skipa starfsfólki til að þegja og hagsmunasamtökum þess. En það er nokkuð sem gengur ekki upp í dag og á ekki að ganga.

Þessi samtök, sem önnur í landinu, taka málefnalega afstöðu til málefna. Í þessu tilviki snerta þau hagsmuni fólksins og hvort lýðræðislegur réttur þess sé virtur. (**PHB:** Hvaða fólks?) Fólksins sem starfar í þessum stofnunum, í þessu tilviki Ríkisútvarpinu.

Hér er um að ræða frumvarp sem eflir lýðræðislega aðkomu starfsfólksins að stjórn stofnunarinnar í samræmi við það sem það hefur óskað eftir og samtök þess. Hér kemur fram frumvarp sem tryggir réttindi starfsfólksins. Þá ætlar hv. þm. Pétur H. Blöndal, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins við þessa umræðu, að skipa fólkinu að þegja. Hann spyr hvort það eigi eitthvert erindi upp á dekk með sín sjónarmið.

Ég ítreka það að þau samtök sem hér um ræðir taka málefnalega afstöðu til þeirra frumvarpa sem fram koma, hvort sem þau eru frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Sjálfstæðisflokknum, Framsóknarflokknum, Samfylkingunni eða Frjálslynda flokknum. Þau láta ekki hv. þm. Pétur H. Blöndal segja sér fyrir verkum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–4., 7.–8. og 10.–13. mál.

Fundi slitið kl. 18:06.

---

# 18. FUNDUR

miðvikudaginn 1. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til félagsmálaráðherra:*

1. Fæðingarorlofsgreiðslur og umönnunarbætur, fsp. JóhS, 104. mál, þskj. 104.
2. Miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, fsp. JóhS, 204. mál, þskj. 205.
3. Starfsmannaleigur, fsp. VF, 142. mál, þskj. 142.
4. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga, fsp. BjörgvS, 151. mál, þskj. 151.

*Til iðnaðarráðherra:*

5. Vaxtarsamningar, fsp. JGunn, 135. mál, þskj. 135.
6. Útræðisréttur strandjarða, fsp. SigurjÞ, 140. mál, þskj. 140.

7. Raforkuverð til garðyrkjubænda, fsp. BjörgvS, 150. mál, þskj. 150.

*Til viðskiptaráðherra:*

8. Kröfur tryggingafélaga um upplýsingar, fsp. KJúl, 172. mál, þskj. 172.

*Til dómsmálaráðherra:*

9. Skipan áfrýjunarstigs dómsmála, fsp. EirJ, 268. mál, þskj. 277.

10. Myndatökur fyrir vegabréf, fsp. KLM, 123. mál, þskj. 123.

11. Hlerun á símum alþingismanna, fsp. KHG, 230. mál, þskj. 233.

12. Merking varðskipa, fsp. KHG, 237. mál, þskj. 240.

13. Skráning nafna í þjóðskrá, fsp. KJúl, 259. mál, þskj. 262.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[13:30]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá Sturlu Böðvarssyni, 1. þm. Norðvest., dagsett 31. október:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 2. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, Adolf H. Berndsen, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Adolf H. Berndsen hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:30]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Um klukkan hálffjögur í dag fer fram utandagskrárumræða um vopnaburð lögreglumanna. Málshefjandi er hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

**Útbýting:**

Afnám refsiákvæða vegna ærumeiðinga, 294. mál, þáltill. EirJ, þskj. 307.

Ráðherraábyrgð, 275. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 284.

Sveitarstjórnarlög, 278. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 288.

Umferðarlög, 297. mál, frv. KolH, þskj. 310.

Upplýsingalög, 296. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 309.

Vísinda- og tækniráð, 295. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 308.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Kaup ríkisins á hlut Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun.

[13:32]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Ég vildi fá að nota tækifærið í upphafi þingfundar og inna hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra eftir því sem við höfum fregnað í morgun að ríkið hafi keypt hluta Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun, en sem kunnugt er hefur þetta stóra mál lengi verið í deiglunni. Hér virðast vera á ferðinni algjör reyfarakaup af hálfu ríkisins, því að Reykjavíkurborg og Akureyri fá aðeins 30 milljarða fyrir sinn hlut. Sérstaka athygli vekur að í samningnum virðist vera ákvæði um að ef ríkisvaldið selji Landsvirkjun öðrum aðila muni seljendurnir njóta góðs af því. Það hlýtur að vekja spurningar hjá okkur í þinginu hvort eitthvað slíkt standi til af hálfu iðnaðarráðherra, að selja Landsvirkjun til einkaaðila, fyrst þetta ákvæði er inni og hvort hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra telur yfir höfuð að það komi til greina að selja einkaaðilum það sem nú er orðið ríkisins eign, Landsvirkjun.

Sömuleiðis hljótum við að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort það komi til álita að renna saman við Landsvirkjun Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins og skapa þannig algeran einokunaraðila nánast á öllum sviðum raforkuframleiðslunnar í landinu eða hvort iðnaðarráðherra telur ekki nauðsynlegt að skapa einhverjar samkeppnisaðstæður á þessum markaði, og með hvaða hætti hann sér skipan raforkumála fyrir sér nú þegar ríkið er orðið nær allsráðandi á þessum markaði með því að eiga algerlega Landsvirkjum. Við hljótum líka að spyrja hvort ábyrgðum sé þá létt af Reykvíkingum vegna Kárahnjúkavirkjunar með því samkomulagi sem nú hefur verið gert um kaup ríkisins á Landsvirkjun eða hvort Reykvíkingar sitji eftir sem áður í tvöfaldri ábyrgð fyrir Kárahnjúkavirkjun, annars vegar í gegnum ríkisvaldið og hins vegar í gegnum borgina. Ég hlakka til að heyra svör hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

[13:34]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessar spurningar sem lýsa málefnalegum áhuga á þeim merka áfanga sem náðist í dag.

Það sem um er að ræða er að viðræður aðila hafa borið árangur með því að gerður er samningur um það að ríkið kaupi til sín eignarhluti Reykjavíkurborgar sem eru liðug 44% og eignarhluta Akureyrarbæjar sem er liðug 5% í Landsvirkjun.

Fyrirspyrjandi spyr um ábyrgðir. Ég hef skilið það svo að þessi kaup séu með öllu sem tilheyrir þannig að þá sé Landsvirkjun að öllu leyti á vegum ríkisins og þær ábyrgðir sem þar fylgja með. Þannig hef ég skilið þetta.

Fyrirspyrjandi spurði líka um tiltekið samningsákvæði um hugsanlegt endurmat. Ég hef skilið það svo að þarna sé einfaldlega um að ræða samningsákvæði sem algeng eru í viðskiptum með fyrirtæki þar sem lagt er til grundvallar eitthvert tiltekið mat. Þá er alltaf vitað að það er einhver

viðskiptaleg óvissa og ef aðrar ákvarðanir eru teknar innan skamms tíma vilja seljendur gjarnan hafa ákvæði af þessu tagi. Ég hef skilið það þannig að hér sé einfaldlega um viðskiptalega niðurstöðu í samningum að ræða. Það liggur ekki fyrir að fyrirtækið verði selt og allra síst einkaaðilum. Það liggur þvert á móti fyrir að við þetta verður látið sitja. Landsvirkjun verður áfram sameignarfyrirtæki í opinberri eigu og við munum reyna að láta orkumarkaðinn þróast áfram á komandi árum án þess að breyting verði á því og það er ekki fyrirsjáanlegt.

[13:36]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þessar fréttir komu svolítið á óvart þegar þær bárust hér laust fyrir hádegi. Ég veit ekki til þess að þetta hafi verið rætt, hvorki í bæjarstjórn á Akureyri né í borgarstjórn Reykjavíkur.

Það vekur líka furðu mína að málshefjandi, hv. þm. Helgi Hjörvar, skuli koma hér upp fyrir hönd Samfylkingarinnar því að ég veit ekki betur en að Samfylkingin sé í meiri hluta með Sjálfstæðisflokki á Akureyri og það hefðu kannski verið hæg heimatökin hjá Samfylkingunni að fá upplýsingar um þetta með því að hringja norður til Akureyrar og spyrja bæjarfulltrúa þar að því hvað væri hér í gangi.

Um leið og þessar fréttir bárust í morgun sendi F-listinn í Reykjavíkurborg frá sér yfirlýsingu. Ég tel rétt að hún sé lesin hér upp og þetta fari inn í þingtíðindi. Yfirlýsingin hljóðar svona, með leyfi forseta:

„F-listinn lýsir eindreginni andstöðu við fyrirhugaða sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun sem hann telur aðeins fyrsta skrefið í einkavæðingu fyrirtækisins. F-listinn varar við því að við einkavæðingu fyrirtækisins sé líklegt að vildarvinum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks verði afhent fyrirtækið á vildarkjörum. Það gæti orðið fyrsta skrefið að því að einkavæða einnig Orkuveitu Reykjavíkur og að einkaaðilar fengju smám saman yfirráð yfir orkulindum sem nú eru í almannaeigu. F-listinn krefst þess að ef sala á hlut borgarinnar í Landsvirkjun gengur eftir verði ábyrgðum borgarbúa vegna lántaka fyrirtækisins aflétt. Jafnframt ítrekar F-listinn að tilkynnt sé í fjölmiðlum um söluna án þess að málið hafi áður verið afgreitt í borgarstjórn. Þessi vinnubrögð bera keim af valdníðslu og að verið sé að sniðganga almenning í Reykjavík og kjörna fulltrúa þess."

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að þessi yfirlýsing kæmi fram við upphaf þessarar umræðu og að sjálfsögðu styðjum við í þingflokki Frjálslynda flokksins eindregið okkar menn í borgarstjórn Reykjavíkur.

[13:38]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það ákvæði í samningnum sem við erum að tala um er ekki algengt í samningum sem ríkið stendur að. Það væri t.d. önnur staða á ríkissjóði ef þetta samningsákvæði hefði verið að breyttu breytanda sett inn í sölu bankanna á sínum tíma þar sem verðmæti þeirra hefur á nokkrum árum farið langt fram úr því sem menn létu sér detta í hug þegar bankarnir voru afhentir ýmsum aðilum í samfélaginu. Það að á svona ákvæði sé fallist af hálfu þess sem kaupir getur ekki verið annað en vísbending um að hann telji það mögulegt, hugsanlegt og jafnvel æskilegt að selja þetta fyrirtæki.

Nú eru sjö mánuðir til kosninga, sjö mánuðir eftir fyrir hæstv. iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson að sitja í sínum stóli. Í hvaða krafti fullyrðir hann að málum sé komið þannig að Landsvirkjun verði hér sameignarfélag með einhverjum hætti til eilífðarnóns? Hefur það verið samþykkt í ríkisstjórninni? Liggja fyrir því samningar stjórnarflokkanna? Þessu er eðlilegt að Jón Sigurðsson svari.

Það er líka eðlilegt að ríkisstjórnin í gegnum sinn hæstv. iðnaðarráðherra svari því nú þegar hún hefur keypt Landsvirkjun hvaða hlutverk hún ætlar Landsvirkjun í framtíðinni. Ætlar hún Landsvirkjun það hlutverk að vera yfirgnæfandi fákeppnis- og einokunaraðili í raforkuframleiðslu og raforkudreifingu eða ætlar hún að gera eitthvað annað? Hvernig ætlar hún að fara með þær eigur sem hljóta að teljast almenningseigur? Hvernig ætlar hún að haga markaðssamkeppni á raforkumarkaði, sem við í raun og veru tókum við viljug nauðug á sínum tíma? Ætlar hún virkilega að hafa þetta ákvæði ógilt (Forseti hringir.) í samningnum eða ætlar hún kannski að einkavæða þetta fyrirtæki á næsta kjörtímabili?

[13:40]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ítrekað lýst því yfir að hún sé andvíg því að verið sé að versla eða selja hluti Reykjavíkur eða Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Landsvirkjun hefur verið þannig félagsleg eign í opinberri eigu ríkis og þessara sveitarfélaga. Eignamyndun af hálfu Reykjavíkurborgar eða Akureyrar hefur verið með þeim sérstæða hætti að það hefur nánast gerst af sjálfu sér án þess að þessir aðilar hafi beint lagt þar mikið fjármagn til. Í raun var aðeins um eignarform að ræða af hálfu þjóðarinnar allrar. Þessu á nú að fara að breyta. Það er ekki sanngjarnt gagnvart íbúum landsins að þetta sé framkvæmt með þessum hætti.

Í öðru lagi hefur það ítrekað komið fram á Alþingi í umræðum fyrr bæði í fyrra og hittiðfyrra um einkavæðingu í raforkukerfinu að einn liður í því væri að ríkið næði til sín hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun þannig að þá opnaðist leið til að einkavæða og selja fyrirtækið. Fyrr væri ekki hægt að taka það á dagskrá. Það er marklítið þó að hæstv. núverandi iðnaðarráðherra segi að ekki standi til að selja fyrirtækið. Það má vel vera að það standi ekki til á morgun. En hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra og hv. formaður Sjálfstæðisflokksins lýstu því yfir hér bæði í fyrra og hittiðfyrra að það væri í sjálfu sér áform þeirra til framtíðar litið að einkavæða og selja fyrirtækið. Sá vilji hefur því verið ljós. Við erum þess vegna að stíga skref í enn þá frekari einkavæðingu raforkugeirans nákvæmlega hliðstætt og þegar við fórum í gang með Símann. Landssíminn var einkavæddur, Landssíminn var hlutafélagavæddur undir yfirlýsingu um að hann yrði aldrei seldur en var svo seldur nokkrum árum seinna. Við erum að fara inn á sömu braut hér. Þetta er hættuleg braut, þetta er röng braut og aðferðafræðin öll til skammar (Forseti hringir.) varðandi þennan málatilbúnað allan. Við þurfum að koma í veg fyrir að þetta gerist, frú forseti.

[13:42]

**Kristján L. Möller:**

Frú forseti. Ég ætla ekki að gera söluverðið að umtalsefni. Það hlýtur að vera þannig að það sé rétt vegna þess að allir aðilar, bæði seljendur og kaupendur, samþykkja það. Ég ætla ekki að gera það að umtalsefni og ekki gagnrýna það.

Ég hef sjálfur haft þá skoðun, virðulegi forseti, að sveitarfélög eigi ekki að vera í raforkugeiranum, hvorki framleiðslu né sölu, og þess vegna held ég að það sé ekkert að því að hlutur í Landsvirkjun sé seldur til ríkisins en gagnrýni það og tek ekki undir að fyrirtækið verði einhvern tíma selt einkaaðilum eða braskað með það eins og formaður Sjálfstæðisflokksins hefur m.a. gefið í skyn.

Virðulegi forseti. Það er annar þáttur sem ég vil draga inn í þessa umræðu og spyrja hæstv. iðnaðarráðherra út í og það er hvort kannað hafi verið gagnvart Íslendingum öllum hvernig eignarhlutur Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun varð til. Verð ég þá fara aftur til seinni heimsstyrjaldarinnar og samnings sem Bandaríkjastjórn gerði með svokallaðri Marshall-aðstoð við Íslendinga alla, sama hvar á landinu þeir bjuggu, en hluti af þeim peningum var notaður til að byggja upp Sogsvirkjun sem svo rann inn í Landsvirkjun og þannig byrjaði eignarhlutur Reykjavíkurborgar að myndast. Það er þetta, virðulegi forseti, sem ég hef áður rætt á Alþingi og spurt um, sem ég gagnrýni og vil fá að vita hvort hafi verið kannað, þ.e. þessi eignarhlutur. Með öðrum orðum: Marshall-aðstoðin var fyrir Íslendinga alla. Ef hluti hennar hefur farið í að byggja Sogsvirkjun eins og sagt hefur verið og rétt er og hafi svo verið lagður inn sem eignarhlutur Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun, var vitlaust gefið í upphafi. Þess vegna spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra hvort þetta hafi verið kannað og hvort ekki sé svo að Íslendingar allir, jafnt útí á landi sem á höfuðborgarsvæðinu, eigi stóran hluta í því sem telst nú eignarhluti Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun.

[13:44]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Það er full ástæða til að hafa áhyggjur af þeim svörum sem hæstv. ráðherra gaf hér áðan. Mér fannst hæstv. ráðherra alls ekki svara skýrt þeim spurningum sem fram voru settar og ég ítreka að við þurfum að fá skýrari svör en hér hafa fengist.

Landsvirkjun er langstærsta fyrirtækið á raforkumarkaði. Landsvirkjun ber höfuð og herðar yfir önnur fyrirtæki en við eigum að vera á svokölluðum samkeppnismarkaði þar sem keppa á í frjálsri samkeppni milli fyrirtækja og mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra: Telur hann nokkra leið til þess að raforkumarkaðurinn á Íslandi virki sem samkeppnismarkaður miðað við stærð Landsvirkjunar og kemur til greina eða er það ætlan hæstv. ráðherra að renna Rarik og Orkubúi Vestfjarða inn í Landsvirkjun eftir að ríkið er orðinn einn eigandi og stækka Landsvirkjun enn frekar?

Vegna ákvæðisins um að þau sveitarfélög sem eru að selja njóti þess ef selt er til þriðja aðila fyrir hærra verð en nú er verið að kaupa á, þá langar mig að biðja hæstv. ráðherra að segja okkur hver fordæmin eru í svona stórum samningum sem hann vitnaði til áðan vegna þess að mér er ekki kunnugt um að þetta sé algengt ákvæði í samningum þar sem verið er að selja stór fyrirtæki eins og verið er að gera með sölu Landsvirkjunar til ríkisins. Einu dæmin um slík samningsákvæði sem ég veit um er þegar verið er að selja fótboltamenn á milli fótboltafélaga og menn velta fyrir sér hvort verðmæti þeirra komi til með að aukast. Þegar verið er að selja fyrirtæki og einhver óvissa er uppi þá er gerður fyrirvari um áreiðanleikakönnun. Menn fara í gegnum áreiðanleika þeirra upplýsinga sem fyrir liggja og taka ákvörðun um kaupverðið upp eða niður miðað við þær. Ég held að hæstv. ráðherra verði að tala skýrar hvað varðar þetta ákvæði og einnig verður hæstv. ráðherra að tala mun skýrar um það hvort komi til greina að einkavæða Landsvirkjun á næstu missirum.

[13:46]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það hefur nú verið ljóst um nokkurt skeið að ríkið hefði áhuga á að kaupa sveitarfélögin út úr Landsvirkjun þannig að fyrirtækið væri einvörðungu á hendi ríkisins. Það þarf því ekki að koma á óvart að viðræður hafi verið í gangi sem stefndu að því að ná niðurstöðu.

Það er rétt að bíða með að fella dóma yfir samningnum þar til hann hefur verið lagður fram og kynntur. Við höfum getað áttað okkur á einstökum atriðum hans. En ég held að menn þurfi að hafa ákveðin atriði í huga.

Í fyrsta lagi liggur það fyrir í þingskjölum að seljendur í þessu máli hafa ákaflega lítið lagt fram til þess eignarhlutar sem þau eru að taka út úr fyrirtækinu núna. Óverulegar fjárhæðir hafa sveitarfélögin á Akureyri og Reykjavík lagt fram en þau eru að selja verðmætisaukninguna í fyrirtækinu sem orðið hefur til m.a. vegna einokunarstöðu fyrirtækisins um allt land, líka í sveitarfélögunum utan þessara tveggja.

Ef þessi tvö sveitarfélög geta selt þessa eign fyrir svona miklar fjárhæðir þá er ríkið í raun að búa til mismun á milli þessara tveggja sveitarfélaga og annarra sveitarfélaga. Það verður að skoða málið í því ljósi að ríkisvaldið geti ekki verið að skekkja myndina milli sveitarfélaga innbyrðis með þessu móti.

Í öðru lagi þurfa menn að hafa í huga að Landsvirkjun er ákaflega stórt fyrirtæki á ófullkomnum samkeppnismarkaði og hefur mikið af réttindum. Ef til þess kemur, sem greinilega er ekki útilokað í samningnum, að fyrirtækið verði selt úr höndum ríkisins, þá eru mörg helstu réttindi til virkjunar í landinu komin í eigu annarra aðila. Við sjáum þá að samkeppnisstaða annarra fyrirtækja við hið einkavædda fyrirtæki verður ákaflega erfitt.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni, virðulegi forseti, að ég tel að það eigi ekki á næstu árum að minnsta kosti, (Forseti hringir.) að huga að sölu Landsvirkjunar. (**KolH:** En hvað segir Framsóknarflokkurinn?)

[13:49]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir svörin. Það er ánægjulegt að búið sé að kaupa borgina út úr Landsvirkjun því það gat auðvitað ekki gengið í samkeppnisumhverfi að hún ætti bæði Orkuveituna og þennan stóra hlut í Landsvirkjun.

Ég fagna líka yfirlýsingu iðnaðarráðherra um að með þessu sé ábyrgðum vegna virkjanaframkvæmda Landsvirkjunar létt af Reykvíkingum. Þeir séu ekki í tvöfaldri ábyrgð. Ég treysti því að sú yfirlýsing standi. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra hvernig verði staðið að því að létta þeim ábyrgðum af Reykvíkingum því þeir eru augljóslega í ábyrgð núna, sérstaklega fyrir þeim skuldbindingum sem stofnað hefur verið til vegna Kárahnjúka.

Ég fagna því líka að iðnaðarráðherra lýsir því yfir að ekki standi til að selja Landsvirkjun á næstunni. Það virðist þó vera ágreiningur í ríkisstjórninni því forsætisráðherra, Geir Haarde, hefur lýst því yfir að það sé eitthvert stærsta pólitíska verkefnið á Íslandi í dag, að einkavæða Landsvirkjun.

Þegar Framsóknarflokkurinn svarar svona dræmt og segir: Á næstunni. Þá hljótum við að spyrja hvað „á næstunni" þýðir. Kemur ekki til greina á næsta kjörtímabili að selja Landsvirkjun að áliti formanns Framsóknarflokksins? (Gripið fram í.) Eða er hann tilbúinn til að fara með formanni Sjálfstæðisflokksins í þann leiðangur að einkavæða orkuauðlindir landsins með sama hætti og þessir flokkar einkavæddu auðlindir okkar sameiginlega í hafinu?

Það er mikilvægt að formaður Framsóknarflokksins tali skýrt í þessu. Það er líka mikilvægt að hann tali skýrt um það hvort steypa eigi saman í eitt Rafmagnsveitum ríkisins, Orkubúi Vestfjarða og Landsvirkjun. Vegna þess að þó það sé sjálfsagt að reyna að greiða markaðsöflunum leið inn á framleiðslumarkaðinn í raforku þá er ekkert eins vont rekstrarform til í heiminum og einkavædd einokunarfyrirtæki. Ef það er ætlun ráðherrans að byggja upp slíkt fyrirtæki sem hér er lýst með því að steypa þessum þremur fyrirtækjum saman í eitt, þá er nauðsynlegt að (Forseti hringir.) þjóðin fái að vita það strax.

[13:51]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Þessi samningur um kaup á eignarhlutum er ekki fyrsta skref í einkavæðingu og tengist slíku ferli á engan hátt. Ákvæðið um leiðréttingu kaupverðs tengist að því leyti þeim ábyrgðum sem hv. þingmaður spurði um, að gert er ráð fyrir ákveðnu tímabili til að hreinsa þetta út sem er til 1. janúar 2012.

Ég get ekki á þessu stigi svarað spurningu um tilurð eignarhluta Reykvíkinga en eftir þeim upplýsingum sem ég hafði um Marshall-aðstoðina var ekki gert ráð fyrir að þar yrði breytt eignaraðstæðum á stofnunum og fyrirtækjum. Ekki liggja fyrir á þessu stigi neinar niðurstöður um frekari skipulagsbreytingar sem snerta Rarik eða Orkubú Vestfjarða.

Þessi samningur er einfaldlega til þess að koma í veg fyrir óeðlileg tengsl og hagsmuna- og trúnaðarárekstra á markaði, til þess að gera eignaraðstæður og hagsmuni skýra. Þetta er merkur og mikilvægur áfangi í mótun raforkumarkaðar. Hann er gerður að sjálfsögðu með fyrirvara um samþykkt Alþingis og frumvarp væntanlegt í því sambandi.

## *Fæðingarorlofsgreiðslur og umönnunarbætur.*

Fsp. JóhS, 104. mál. — Þskj. 104.

[13:53]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Fyrir nokkru var í umræðunni og á því vakin athygli að umönnunargreiðslur vegna fatlaðra barna séu ekki greiddar samtímis fæðingarorlofsgreiðslum og sýnt fram á hve gífurlega illa þetta óréttlæti bitnar á foreldrum fatlaðra barna. Sjónvarpið sýndi viðtal við foreldra þriggja ára fatlaðs barns sem þurftu lengi að vera utan vinnumarkaðar vegna mikillar umönnunarþarfa barnsins. Auðvitað voru þessir foreldrar bitrir út í stjórnvöld og sögðu að þau hefðu aldrei komið yfir þetta nema með aðstoð og hjálp vina sinna.

Það er, virðulegi forseti, aldeilis furðulegt að hvorki ábendingar umboðsmanns Alþingis né mótmæli frá ýmsum aðilum, m.a. okkur í Samfylkingunni, við þessu óréttlæti og tillöguflutningur á Alþingi hafi ekki dugað til að leiðrétta þetta mál og þá annmarka á fæðingarorlofslöggjöfinni. Félagsmálaráðherra sagði af því tilefni þegar þetta birtist í sjónvarpi að hann ætlaði að athuga málið.

Á Alþingi hef ég margsinnis vakið athygli á þessu. Síðast fyrir tveimur árum fluttum við í Samfylkingunni breytingartillögu við fæðingarorlofslögin um að það bæri að greiða umönnunargreiðslurnar samhliða fæðingarorlofsgreiðslum vegna fatlaðra barna. Því miður var sú tillaga felld og því er þetta óréttlæti enn við lýði.

Stjórnarliðum má fullvel vera ljóst, ef þeir kynntu sér málið, hve mikið réttlætismál það er að breyta lögunum til hagsbóta fyrir foreldra fatlaðra barna. Nægir eru erfiðleikarnir sem þeir þurfa að takast á við þó stjórnvöld hafi kosið að horfa algerlega fram hjá þessu óréttlæti. Það hefur allan tímann legið í augum uppi að umönnunargreiðslur eru ætlaðar til að mæta viðbótarútgjöldum sem foreldrar verða fyrir vegna fötlunar barnsins og því er ekkert sem réttlætir það að ekki sé hægt að greiða þær samtímis.

Það mæla, virðulegi forseti, sem sagt engin rök með því að foreldrar sem eignast börn sem þurfa sérstakrar umönnunar við samkvæmt mati verði án þeirra greiðslna í fæðingarorlofi, enda eðli málsins samkvæmt um viðbótarútgjöld að ræða.

Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. félagsmálaráðherra eftirfarandi fyrirspurn: Hvaða rök eru fyrir því að umönnunargreiðslur eru ekki greiddar samtímis fæðingarorlofsgreiðslum? Og í annan stað: Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir lagabreytingu sem tryggi að foreldrar fatlaðra barna geti fengið umönnunargreiðslur samtímis greiðslum í fæðingarorlofi?

Rétt er að rifja upp að í svari við fyrirspurn minni á Alþingi fyrir fjórum árum kom fram að 112 börn fædd árin 2001 og 2002 hafa fengið umönnunarmat. Í svarinu kom fram að telja megi nokkuð ljóst að í tilvikum 36 barna sem fæddust á árinu 2001 og tíu barna sem höfðu fæðst á árinu 2003, þegar svarað var, hefðu umönnunarbætur verið greiddar frá fæðingu, ef umönnunargreiðslur og fæðingarorlof mætti greiða saman, en það er bannað samkvæmt núgildandi ákvæði.

Félagsmálaráðherra hefur gefið vonir um að hann muni

bregðast við með jákvæðum hætti og leiðrétta þetta ranglæti og ég vona að það verði svarið sem við fáum í þessum ræðustóli í dag.

[13:56]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur lýtur að samræmingu greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði annars vegar og umönnunargreiðslna til framfæranda fatlaðra og langveikra barna, samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, hins vegar.

Eftir að ég tók við embætti félagsmálaráðherra síðasta sumar hef ég látið fara mjög vel yfir þessi mál. Eftir þá yfirferð er ég þeirrar skoðunar að þessar greiðslur séu samrýmanlegar í eðli sínu. Tilgangur þeirra er ekki sá sami þar sem greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði er ætlað að mæta tekjumissi foreldra er þeir annast barn sitt í fæðingarorlofi, en umönnunargreiðslunum er ætlað að mæta útgjöldum fjölskyldna sem rekja má til veikinda eða fötlunar barna.

Ég svara því síðari spurningu hv. þingmanns játandi. Ég mun beita mér fyrir því að gerðar verði breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof á yfirstandandi þingi í þá veru að þessar greiðslur fari saman.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að með þeim orðum hafi ég svarað þeim spurningum sem hv. þingmaður beindi til mín og hef ekki fleiri orð um málið að sinni.

[13:57]

**Sigríður Ingvarsdóttir:**

Hæstv. forseti. Á vef Tryggingastofnunar ríkisins kemur fram að tímabil umönnunargreiðslna geti verið frá lokum greiðslna í fæðingarorlofi til 18 ára aldurs og heimilt sé að hefja greiðslur fyrr. Velur þá foreldrið umönnunargreiðslur í stað greiðslna í fæðingarorlofi sem falla niður.

Það að hefja ekki greiðslur umönnunarbóta fyrr en að lokum greiðslna fæðingarorlofs eða að skikka foreldra til að velja á milli umönnunargreiðslna eða greiðslna vegna fæðingarorlofs, er kolrangt og velferðarþjóðfélagi okkar ekki sæmandi. Því fagna ég svari hæstv. félagsmálaráðherra. Samfélagið á að koma til móts við foreldri ef um veikindi barna er að ræða. Ekki er ásættanlegt að efnahagur foreldra ráði hvort þeir geti sinnt foreldrahlutverkinu ef um veikindi barna er að ræða eða ekki. Nægilegir eru erfiðleikar fólks samt.

[13:58]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félagsmálaráðherra, Magnúsi Stefánssyni, fyrir að taka svona vel í þær breytingar sem við höfum verið að leggja margsinnis til og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur vakið hér máls á. Þetta hefur verið ákaflega óréttlát regla, að fólk sem er með fötluð börn og ber mikil útgjöld vegna þess skuli ekki fá umönnunargreiðslur á sama tíma og fæðingarorlofsgreiðslur. Því það er auðvitað verið að greiða fyrir allt aðra hluti með umönnunargreiðslunum, verið er að greiða fyrir útgjöld vegna veikinda og fötlunar þessara barna.

Ég tel því að þetta sé tímamótayfirlýsing frá hæstv. ráðherra. Þessi óréttláta regla hefur verið allt of lengi í gildi og löngu tímabært að breyta þessu. Það eru að meðaltali 20 börn á ári og foreldrar þeirra sem lenda í þessu óréttlæti. Þetta er ekki dýrt fyrir samfélagið en fullkomlega réttlátt og löngu tímabært, eins og ég sagði áðan. Ég vil þakka fyrir þessa yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra.

[14:00]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég gleðst mjög yfir svörum ráðherra og það er full ástæða til að þakka honum innilega fyrir hvað hann hefur brugðist vel við í málinu. Það hefur verið beðið mjög lengi eftir þessari breytingu og þeirri yfirlýsingu sem hér kemur fram og ég er sannfærð um að margir foreldrar langveikra barna munu fagna yfirlýsingu ráðherra sem að mínu mati er tímamótayfirlýsing. Það er mjög ánægjulegt að finna þann skilning sem kemur fram hjá hæstv. félagsmálaráðherra í málinu vegna þess að þó að við höfum verið að kalla eftir því hjá forverum hans að leiðrétta það ranglæti sem þarna er þá hefur ekki verið brugðist við því. Ég er sannfærð um að ef brugðist hefði verið fyrr við þessu hefði það bætt stöðu og kjör fjölmargra foreldra fatlaðra barna. Þetta er sannarlega ekki mikill kostnaður eða útgjöld fyrir ríkissjóð en getur skipt sköpum fyrir foreldra langveikra barna.

Ég vænti þess að ráðherrann komi fljótt með málið inn í þingið þannig að það geti orðið að lögum fyrir jól og spyr hæstv. ráðherra hvenær við megum vænta þess að fá þetta frumvarp inn í þingið. Ég mun sannarlega beita mér fyrir því að það fái eins skjótan og greiðan aðgang í gegnum þingið og kostur er, en ég mun væntanlega fá það til umfjöllunar í félagsmálanefnd.

Ég vænti þess einnig að hæstv. ráðherra, sem hér sýnir velvilja sinn og hug í garð foreldra fatlaðra barna, skoði líka þær tillögur sem við erum með í þinginu um að lagfæra þá annmarka sem eru á lögum um greiðslu til foreldra langveikra barna sem urðu að lögum á síðasta þingi en á því máli eru miklir annmarkar sem þarf að skoða. En ég lýsi aftur þakklæti mínu til hæstv. ráðherra.

[14:02]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem ég hef áður sagt, ég vil bara fá að þakka fyrir góð orð í minn garð og vonast til þess að við munum eiga gott samstarf um að afgreiða frumvarpið þegar það kemur hér fram.

Vegna spurningar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um hvenær það verði get ég því miður ekki sagt fyrir um það núna en hugur minn stendur til að það verði sem allra fyrst þannig að við getum lokið málinu eins fljótt og verða má.

Umræðu lokið.

## *Miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði.*

Fsp. JóhS, 204. mál. — Þskj. 205.

[14:03]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil beina fyrirspurn til félagsmálaráð-

herra um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði. Í fyrsta lagi spyr ég hæstv. ráðherra:

Hvað hefur verið gert til að framfylgja tillögum nefndar um aðgerðir til að bæta stöðu eldra fólks á vinnumarkaði, samanber skýrslu sem nefndin gaf ráðherra í nóvember 2004? Hvernig verður framfylgt fimm ára áætlun um aðgerðir sem nefndin lagði til?

Ég átti sæti í nefndinni sem fjallaði um málið en hún lauk störfum fyrir tveimur árum og þá átti að leggja fram ákveðna framkvæmdaáætlun til þess að bæta stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.

Í öðru lagi:

Hversu miklu fé hefur verið varið til þessa verkefnis á árunum 2005, 2006 og hver eru áformin fyrir næsta ár? Hefur verið lagt sérstakt fjármagn í starfsmenntasjóð vegna þessa?

Ég spyr sérstaklega að því vegna þess að ég óttaðist að fjármagn til þess að bæta stöðu miðaldra fólks yrði bara tekið út úr starfsmenntasjóði en ekki yrði varið til þess sérstöku fjármagni. Ég spyr því sérstaklega um þetta en á það var lögð áhersla í nefndinni sem ég átti sæti í.

Í þriðja lagi:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir að sett verði rammalöggjöf gegn mismunun vegna aldurs í starfi og á vinnumarkaði?

Um þetta var vissulega ágreiningur í nefndinni og fulltrúi Samfylkingarinnar, sem hér stendur, og fulltrúi Vinstri grænna ásamt fulltrúum BSRB og ASÍ lögðu til að sett yrði löggjöf um þetta efni.

Að öðru leyti var nefndin sammála um að ráðist yrði í þessa fimm ára framkvæmdaáætlun og að auknu fé yrði varið til þess að bæta stöðu þessa hóps á vinnumarkaði og ég vænti þess að ráðherra hafi fylgt áliti nefndarinnar. Ég spurði forvera hæstv. ráðherra um þetta mál á síðasta þingi. Þá var aðeins byrjað að ýta úr vör þeim tillögum sem nefndin lagði til en mér fannst þá að töluvert langt væri í land að við sæjum einhvern árangur af starfi nefndarinnar sem sýndi sig í því að bæta stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Þess vegna er ég að vonast til að málið sé komið miklu lengra og að við getum farið að sjá árangur í þessu efni.

Það er nefnilega svo að staða margra sem eru komnir á miðjan aldur og þar yfir er afleit á vinnumarkaði. Þetta fólk á oft undir högg að sækja að fá vinnu ef því hefur verið sagt upp störfum af einhverjum ástæðum, t.d. ef fyrirtæki leggjast af o.s.frv., þá er oft erfitt fyrir miðaldra fólk að fá starf að nýju á vinnumarkaðnum. Það þarf að verða hugarfarsbreyting vegna þess að þetta fólk býr yfir vinnukrafti sem er nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið að nýta. Við eigum að greiða götu þess eins og lagt var til í nefndinni með þeim tillögum sem þar eru vegna þess að ég er sannfærð um að þær munu skila árangri verði þeim hrundið í framkvæmd.

[14:06]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Þetta mál á sér nokkra forsögu eins og hv. þm. rakti hér áðan. Nefnd var skipuð í febrúar 2004 á grundvelli þingsályktunar Alþingis þar sem þingflokkar og helstu samtök aðila vinnumarkaðarins áttu fulltrúa. Nefndin var sammála um að stjórnvöld stæðu að fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði og að það hæfist á skipun sjö manna verkefnisstjórnar.

Það er ástæða til að nefna það í upphafi svars míns að atvinnuþátttaka miðaldra og eldra fólks á Íslandi hefur sérstöðu í vestrænum samanburði og er mun meiri hér en tíðkast víða í nágrannalöndunum. Enn fremur er atvinnuleysi meðal þessa aldurshóps ekki meira en annarra aldurshópa hér á landi og tekur minni árstíðasveiflum en almennt gerist. Þetta tel ég vera þýðingarmikið og við eigum að viðhalda þeirri stöðu.

Í samræmi við tillögu þverpólitísku nefndarinnar skipaði félagsmálaráðherra verkefnisstjórn í apríl 2005. Verkefnisstjórnin hefur fengið á fund sinn ýmsa sérfræðinga á þessu sviði og leitað eftir áliti þeirra á nauðsynlegum aðgerðum. Á grundvelli þess sem fram hefur komið á þeim fundum og annarra upplýsinga sem aflað hefur verið innan lands og utan hefur verkefnisstjórnin sett sér verkáætlun. Verkáætlunin tekur mið af mismunandi þörfum miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði og lögð verður áhersla á þrjú atriði, fræðslustarf, rannsóknir og áhrif á viðhorf.

Verkefnisstjórnin telur mikilvægt að stuðla að umræðu um gildi eldri starfsmanna fyrir fyrirtækin og atvinnulífið í heild og hefur ákveðið að beita sér fyrir fundaröð um þetta efni og var fyrsti fundurinn haldinn þann 17. október sl. Á þessum fundum verður leitast við að fá til samræðu alla þá aðila sem láta sig málefni vinnumarkaðarins varða, t.d. atvinnurekendur vinnumiðlara, rannsakendur, stéttarfélög sem og síðast en ekki síst hinn almenna launamann. Þetta er vænleg leið til þess að koma í veg fyrir að fordómar í garð þessa hóps grafi um sig.

Þetta er í samræmi við það hlutverk verkefnisstjórnarinnar að stuðla að jákvæðri umræðu hér á landi um þennan aldurshóp á vinnumarkaði, bæta ímynd hans og móta farveg fyrir viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu. Til að byrja með verður meginhersla lögð á aldurshópinn 50–65 ára í vinnu verkefnisstjórnarinnar. Síðar verður lögð áhersla á einstaklinga sem teljast til þess hóps sem farinn er að nálgast starfslok.

Verkefnisstjórnin hefur komið á samstarfi Háskólans á Bifröst og þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum vegna verkefna sem tengjast brotthvarfi varnarliðsins. Áætlað er að opna vefsíðu verkefnisstjórnarinnar þar sem birtar verða ýmsar upplýsingar, t.d. niðurstöður innlendra og erlendra rannsókna sem fjalla sérstaklega um stöðu þessa hóps. Jafnframt er stefnt að því að veita árlega viðurkenningu aðila eða aðilum sem hafa vakið athygli á gildi miðaldra og eldra fólks fyrir atvinnulífið eða styrkt stöðu þess á vinnumarkaði. Þá eru ýmis verkefni ótalin. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnin starfi til ársins 2010.

Hæstv. forseti. Gert er ráð fyrir að kostnaður við störf og verkefni verkefnisstjórnarinnar nemi um 5 millj. kr. árlega. Starfsmenntasjóður félagsmálaráðuneytisins fær um 60 millj. kr. árlega á fjárlögum. Árið 2005 ákvað starfsmenntaráð að tveir flokkar verkefna er varða sérstaklega stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði hljóti árlega styrki úr sjóðnum. Þessir flokkar verkefna bera yfirskriftina „Tækifæri miðaldra og eldra fólks til starfsmenntunar“ annars vegar og hins vegar „Yfirfærsla þekkingar og reynslu

innan fyrirtækja og stofnana". Þar er m.a. lögð áhersla á að menntun, þekking og færni þeirra sem öðlast hafa mikla starfsreynslu nýtist innan atvinnulífsins og þar með stuðlað að áframhaldandi eftirspurn eftir þeim hópi á vinnumarkaði. Enn fremur þykir mikilvægt að í boði sé nám og þjálfun fyrir þennan aldurshóp auk þess sem einstaklingunum innan hans verði gert kleift að viðhalda þekkingu sinni í samræmi við kröfur vinnumarkaðarins hverju sinni.

Hv. þingmaður spyr svo í þriðja lagi hvort ég hafi hug á að beita mér fyrir að sett verði rammalöggjöf gegn mismunun vegna aldurs í starfi og á vinnumarkaði. Ég geri ráð fyrir því að þessi spurning tengist hugsanlegri innleiðingu á efni Evróputilskipunar um almennan ramma gegn mismunun í starfi og á vinnumarkaði sem m.a. fjallar um bann við mismunun á grundvelli aldurs.

Eins og áður hefur komið fram hér á Alþingi, hæstv. forseti, hafa stjórnvöld lýst yfir vilja sínum til að endurspegla efni tilskipunarinnar í löggjöf hér á landi. Nefnd hefur verið skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og fulltrúum stjórnvalda til að kanna á hvern hátt þetta verði best gert. Nefndin hefur ekki skilað mér tillögum, ég tel því ekki tímabært að tjá mig frekar um það efni en vil endurtaka það sem áður hefur verið sagt að fullur vilji stendur til þess að efni tilskipunarinnar gildi á Íslandi með sama hætti og í öðrum aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

[14:11]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fyrirspurn inn í þingsali og ráðherra fyrir þau svör sem hann veitti. Það er af ókunnugleika sem ég spyr, ég heyri að hæstv. ráðherra talar um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, mér þætti vænt um að fá hvaða skilgreining liggur þar að baki. Hvað er miðaldra fólk á vinnumarkaði og hvað er eldra fólk á vinnumarkaði? Þetta er eingöngu fyrir ókunnugleika minn að ég veit ekki hver skilgreiningin er á þessu. Af hverju er verið að tala um tvö hugtök, annars vegar miðaldra og hins vegar eldra? Ég hélt að miðaldra fólk væri í kringum fimmtugt en ráðherra skýrir það kannski fyrir mér.

Svo þætti mér vænt um ef hæstv. ráðherra gæti upplýst varðandi verkefnið sem hann vakti athygli á á Suðurnesjum vegna starfsloka þeirra sem unnu hjá varnarliðinu, hvort ríkið ætli að koma inn í það og greiða að verulegu leyti þann kostnað sem varð vegna þess verkefnis.

[14:12]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að við getum verið sammála um að bæta þurfi stöðu eldra fólks á vinnumarkaði. En ég vil líka benda á að mjög margt eldra fólk sem er á vinnumarkaði í dag neyðist til að vera þar en vildi kannski frekar fá að njóta ævikvöldsins, en vegna skattastefnu ríkisstjórnarinnar og aðbúnaðar í málefnum aldraðra neyðist fólk til að vinna miklu meira en það ella hefði þurft að gera. Við skulum hafa það í huga.

Annað sem ég vil benda á í sambandi við möguleika eldra fólks á vinnumarkaði eru lögin sem við samþykktum í vor en hefðum aldrei átt að gera, þ.e. lögin um frjálst flæði vinnuafls frá útlöndum. Þetta vinnuafl hefur flætt inn í landið í stríðum straumum undanfarna mánuði og keppir að sjálfsögðu við eldra fólk um störf. Ég veit að eldra fólk hefur átt í erfiðleikum með að finna vinnu einmitt vegna þess að útlendingar hafa farið í þau störf sem hefðu kannski ella fallið þeim í hlut.

[14:13]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir svörin og þá yfirferð hans um stöðu málsins. Af svörum ráðherra má ráða að það er nokkuð farið að vinna í þeirri verkefnaáætlun, tillögum og hugmyndum sem nefndin setti fram á árinu 2004 og ég fagna því. Allt er þetta mjög jákvætt sem er byrjað að gera.

Ég vil þó lýsa óánægju minni með eitt atriði, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt. Það var lögð áhersla á að sett yrði sérstakt fjármagn inn í Starfsmenntasjóð til þess að ráðast í þessi verkefni og að það fjármagn yrði ekki tekið af því takmarkaða fé sem í sjóðnum er því þá er auðvitað verið að taka frá öðrum. Það eru mörg verkefni sem heyra undir Starfsmenntasjóð og hann getur ekki sinnt nærri öllum þeim verkefnum sem hann hefur. Þess vegna var lögð áhersla á viðbótarfjármagn en ég skildi hæstv. ráðherra þannig að þetta væri tekið af því fjármagni sem fyrir væri í sjóðnum en ekki væri um neinar viðbætur að ræða.

Ég spyr hæstv. ráðherra um þetta og spyr hann varðandi fjárlög næsta árs hvort ekki sé þá gert ráð fyrir því að bætt verði sérstaklega inn í Starfsmenntasjóð til þess að hægt sé að halda vel utan um þetta verkefni og ná einhverjum árangri án þess að verið sé að taka fjármagn af öðrum.

Síðan vil ég fagna því að ráðherra lýsir vilja — sínum vilja og þá vilja ríkisstjórnarinnar væntanlega — til þess að innleiða þessa tilskipun Evrópusambandsins um jafna meðhöndlun í atvinnu og starfi og bann við mismunun vegna aldurs, vegna þess að nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins, m.a. vegna þess að fulltrúar fjármálaráðuneytisins og vinnuveitenda lögðust gegn því að sett yrðu nokkur lög um þetta efni eða að þessi tilskipun yrði innleidd. (Forseti hringir.) Þess vegna fagna ég því ef hæstv. ráðherra beitir sér fyrir því og ef það er vilji fyrir því í ríkisstjórn að koma með tilskipunina inn í þingið og innleiða hana.

[14:16]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég ætla að svara því sem ég hef upplýsingar um núna. Í fyrsta lagi var hv. þm. Jón Gunnarsson að velta fyrir sér hvað telst vera miðaldra og hvað eldra fólk á vinnumarkaði. Ég er ekki með þessa skilgreiningu í texta við höndina en ég geri ráð fyrir að við gætum hugsanlega báðir, a.m.k. ég bráðum, farið að teljast miðaldra en í svari mínu áðan talaði ég um aldurshópinn 50–65 ára og síðan eldri þannig að ég geri ráð fyrir að það sé skilgreiningin.

Það er alveg rétt eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir dró ályktun af að töluverð vinna er hafin í þessu verkefni og það er auðvitað mjög vel. Ég veit að það er mikill áhugi hjá verkefnisstjórninni sem fer með þetta mál þannig að ég vænti þess að við eigum eftir að sjá góðan árangur af því

starfi í þágu þess aldurshóps á vinnumarkaði sem við fjöllum hér um.

Umræðu lokið.

### *Starfsmannaleigur.*

Fsp. VF, 142. mál. — Þskj. 142.

[14:17]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Herra forseti. Ég ber upp fyrirspurn um starfsmannaleigur. Það er staðreynd að erlent vinnuafl og starfsmannaleigur eru komin inn á íslenskan vinnumarkað og því miður hafa fylgt því miklar deilur síðustu árin.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallaði eftir lögum um starfsmannaleigur í utandagskrárumræðu í október 2003. Það kom síðan fram frumvarp frá félagsmálaráðherra í fyrra og við þá umræðu lýsti ég m.a. áhyggjum yfir því að frumvarpið gengi ekki nógu langt og þá helst varðandi notendaábyrgð fyrirtækja og aðgang fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar að upplýsingum um kaup og kjör leigðra starfsmanna. Þess vegna lögðum við í Samfylkingunni fram breytingartillögu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Notendafyrirtæki bera ábyrgð á því að allir sem hjá þeim starfa njóti launa og annarra starfskjara sem fullnægi áskilnaði 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þrátt fyrir að starfssamband viðkomandi starfsmanns og notendafyrirtækis sé byggt á milligöngu starfsmannaleigu."

Þessi tillaga var því miður ekki samþykkt af meiri hlutanum síðasta haust en þetta hefði bætt lögin til muna. Sökum þess hve lifandi íslenski vinnumarkaðurinn er og hve skammt mörgum fannst lagasetningin ganga fékkst það framgengt í félagsmálanefnd að lögin skyldu endurskoðuð innan tveggja ára. Nú eru, herra forseti, liðnir um tíu mánuðir og miðað við þær upplýsingar sem mér berast af vinnumarkaðnum frá launþegahreyfingunni tel ég rétt að staldra hér við og athuga reynslu af þessum lögum. Ég spyr því hæstv. félagsmálaráðherra:

1. Hver er reynslan af lögum um starfsmannaleigur sem sett voru í fyrra?

2. Hversu margar starfsmannaleigur starfa í tengslum við íslenskan vinnumarkað?

3. Hversu margir erlendir starfsmenn á vegum starfsmannaleigna starfa hérlendis, hvernig skiptast þeir eftir starfsgreinum og hversu margir þeirra eru með viðurkenningu á menntun frá heimalandi sínu?

[14:20]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr hver reynslan sé af lögum um starfsmannaleigur sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2005, en með setningu þeirra laga var að mínu mati stigið mjög mikilvægt skref. Hins vegar er alltaf erfitt að svara á einfaldan hátt hvernig reynsla er af framkvæmd laga, enda er hægt að meta það út frá mörgum mismunandi forsendum. Ég tel að þegar á heildina er litið hafi lögin náð tilgangi sínum. Þó ber að hafa í huga að innan við ár er liðið frá því að lögin komu til framkvæmda.

Vinnumálastofnun hefur borið ábyrgð á skráningu þeirra starfsmannaleigna sem eru starfandi hér á landi. Hafi þær ekki verið skráðar hafa þær að frumkvæði stofnunarinnar verið leitaðar uppi. Ég tel því að Vinnumálastofnun hafi rækt með ágætum það hlutverk sem henni er falið samkvæmt þessum lögum.

Starf Vinnumálastofnunar er ekki hvað síst fólgið í því að leiðbeina forsvarsmönnum þeirra um að fara að settum leikreglum og að starfsemin hér á landi sé með löglegum hætti. Þetta á ekki síst við um það að launagreiðslur séu í samræmi við gildandi kjarasamninga. Flestir forsvarsmenn starfsmannaleigna hafa tekið vel leiðbeiningum starfsmanna Vinnumálastofnunar þótt á því séu nokkrar undantekningar. Ég er ekki í vafa um að framkvæmd Vinnumálastofnunar á ákvæðum laganna og eftirlit með störfum starfsmannaleigna hafi skilað sér í því að meiri regla er á þessari starfsemi en var fyrir gildistöku laganna. Ég er þeirrar skoðunar að gera megi betur og horfi einkum til nánara samstarfs Vinnumálastofnunar, verkalýðshreyfingarinnar og þeirra fyrirtækja sem njóta þjónustu starfsmannaleigna.

Þrátt fyrir jákvæða reynslu af lögum um starfsmannaleigur vil ég ítreka hér að það er stefna stjórnvalda að milliliðalaus ráðning starfsmanna til fyrirtækja sé áfram meginreglan á íslenskum vinnumarkaði. Það ráðningarform hefur reynst best. Við viljum varðveita sveigjanleika í ráðningum og lítum svo á að bein ráðning starfsmanna sé hluti af því fyrirkomulagi.

Hv. þingmaður spyr: „Hversu margar starfsmannaleigur starfa í tengslum við íslenskan vinnumarkað?" Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar eru 30 starfsmannaleigur nú skráðar hjá stofnuninni. Þess ber að geta að öllum starfsmannaleigum er skylt að skrá starfsemi sína hjá Vinnumálastofnun hvort sem þær eru innlendar eða með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Af þessum 30 eru 23 sem við getum sagt að séu með virka starfsemi hér á landi en sjö þeirra hafa annaðhvort ekki hafið starfsemi eða eru ekki með starfsmenn á sínum vegum á Íslandi. Á síðustu vikum hafa samtals verið skráðir um 990 starfsmenn hér á landi sem starfa á vegum starfsmannaleigna en þar af eru rúmlega 900 erlendir ríkisborgarar. Það má gróflega áætla að þessi fjöldi starfsmanna nemi um 0,6% af áætluðu vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði. Flestir þeirra komu frá Portúgal en Pólverjar eru næstfjölmennastir. Næst þar á eftir koma Eistlendingar og Litháar og Þjóðverjar reka lestina hvað varðar fjölda einstaklinga.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum starfa flestir þessara starfsmanna við virkjanaframkvæmdir hér á landi og er þriðjungur þeirra verkamenn þegar litið er til starfsgreina. Tæplega fjórðungur þeirra eru skráðir trésmiðir en einnig er um að ræða sérhæfða verkamenn, hjúkrunarfræðinga og iðnaðarmenn, svo sem málmiðnaðarmenn, pípulagningamenn, rafvirkja og rafsuðumenn.

Hv. fyrirspyrjandi spyr enn fremur hversu margir þessara einstaklinga séu með viðurkenningu á menntun sinni frá heimalandi sínu. Því er til að svara að Vinnumálastofnun hefur hingað til ekki gengið eftir því að fá prófskírteini

þeirra einstaklinga sem starfsmannaleigur skrá hjá stofnuninni en einbeitt sér að því að leiðbeina starfsmannaleigum almennt um ráðningarkjör á íslenskum vinnumarkaði. Þannig hefur rík áhersla verið lögð á að þegar starfsmannaleiga skráir iðnaðarmenn á sínum vegum gilda um störf þeirra kjarasamningar iðnaðarmanna hér á landi, svo sem kjarasamningur Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins. Jafnframt liggur fyrir að hluti notendafyrirtækja hefur gengið úr skugga um að menntun þeirra starfsmanna sem starfa innan þeirra fyrir milligöngu starfsmannaleigna sé viðurkennd hér á landi. Mun ég leggja ríka áherslu á að þeim þætti verði fylgt betur eftir en gert hefur verið fram til þessa. Til þess verðum við að virkja allar leiðir, gildandi löggjöf, framkvæmd Vinnumálastofnunar, notendafyrirtækin og samtök aðila vinnumarkaðarins. Ég vil ítreka hér það sem ég hef áður sagt að ég tel mjög mikilvægt að fjölgun erlendra fyrirtækja og útlendinga á innlendum vinnumarkaði raski ekki þeim reglum og samskiptaheföum sem hafa mótast hér í gegnum tíðina fyrir tilstuðlan aðila vinnumarkaðarins. Tryggja þarf að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda hér á landi sem og að stuðla að því að milliliðalaust ráðningarsamband milli vinnuveitenda og starfsmanna verði áfram meginreglan svo eitthvað sé nefnt. Í því efni þykir mér mikilvægt að kalla atvinnulífið til ábyrgðar ekki síður en stjórnvöld. Af heimild til að ráða erlendan starfsmann leiðir ábyrgð um að uppfræða hann um réttindi og skyldur.

[14:25]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og tek undir með hæstv. félagsmálaráðherra að þessi lög eru góð og voru auðvitað mikill áfangi. Við vitum það sem erum í félagsmálanefnd og kynntum okkur þessi mál í haust að það er alveg ljóst að það vantar fjármagn til Vinnumálastofnunar og ekki síst vegna þessara mála. En ég er þeirrar skoðunar að taka þurfi harðar á þeim leigum sem enn fara á skjön við þessa lagasetningu og ég fagna því þeim dómi sem nýlega féll í Héraðsdómi Austurlands. Ég tel að við verðum að taka hart á þeim sem ekki hafa tekið til hjá sér og það orðspor þarf að berast út að við líðum ekki slíka framkomu. Við eigum ekki að þurfa að horfa upp á ýmislegt sem hefur viðgengist hjá sumum starfsmannaleigum sem nýta sér neyð manna og að þeir skilja ekki tungumálið og þekkja ekki réttindi sín. Það er ljótur blettur á starfsemi starfsmannaleigna sem flestar starfa þó lögum samkvæmt.

[14:26]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það hefur oft gerst á síðustu missirum að starfsemi starfsmannaleigna og framkoma Íslendinga við útlendinga í gegnum þær hefur verið smánarblettur á íslensku samfélagi. Auðvitað voru lögin til bóta og auðvitað horfir til betri vegar og margt er ágætt gert í þessu máli en það þarf að taka fast á því. Útlendingaandúðin fer vaxandi, popúlísk sjónarmið hægri öfgasinnaðrar útlendingaandúðar heyrast æ oftar og nú síðast í Blaðinu í dag var grein sem heitir „Ísland fyrir Íslendinga?" Mjög sérkennilegir tónar þar. Útlendingaandúð fer vaxandi og við þurfum að grípa mjög fast um taumana þar og bregðast við þessu ástandi. Það þýðir ekki að láta reka á reiðanum í því af því að það stefnir í að málefni útlendinga og útlendingaandúð verði eitt af stærstu vandamálunum í íslensku samfélagi og það þarf að bregðast við því strax af því að vaxandi útlendingaandúð er andstyggileg meinsemd í samfélaginu.

[14:27]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Það vakti athygli mína í svari hæstv. ráðherra að hann sagði að hér væru 990 starfsmenn á vegum starfsmannaleigna og hann sagði að hér væru fjölmargir iðnaðarmenn, trésmiðir, píparar, málmsmiðir, rafvirkjar o.s.frv. en svo sagði hæstv. ráðherra að íslensk yfirvöld spyrðu ekki um prófskírteini þessara manna.

Ég velti fyrir mér hvort aðrar reglur gildi um útlendinga sem hér starfa sem iðnaðarmenn, réttindamenn, en um Íslendinga. Ég veit ekki betur en að íslensk stjórnvöld gangi eftir því að íslenskir iðnaðarmenn sýni fram á að þeir hafi réttindi til að starfa í iðngrein sinni og selja sig út sem slíkir. Gilda aðrar reglur um þá útlendinga sem koma á vegum starfsmannaleigna? Getur verið að íslensk stjórnvöld kanni ekki hvort þeir aðilar sem koma hingað sem trésmiðir, rafvirkjar eða einhverjir aðrir iðnaðarmenn hafi réttindi til að kalla sig þeim starfsheitum sem þarna um ræðir? Það getur vel verið að ég hafi misskilið hæstv. ráðherra og helst vona ég að ég hafi misskilið hann.

[14:28]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég samþykkti þau lög sem á sínum tíma voru samþykkt á hinu háa Alþingi um starfsmannaleigur nánast grátandi. Ástæðan var sú að þó að vissulega fælist í þeim framfaraspor gengu þau ekki nándar nærri nógu langt. Eins og hv. þm. Jón Gunnarsson reifaði og rifjaði upp áðan svaraði hæstv. ráðherra því til að hér væru tæplega þúsund manns sem skráðir væru í gegnum starfsmannaleigur. Staðreyndin er hins vegar sú að hér eru miklu, miklu fleiri erlendir starfsmenn starfandi. Mjög margir þeirra hafa með einhverjum hætti komið í gegnum starfsmannaleigur. Margar þeirra eru hálfgerðar bílskúrsleigur sem starfa fram hjá lögum og það verður með einhverjum hætti að koma lögum yfir þessa starfsemi. Þær leiða fyrst og fremst til þess að verið er að undirbjóða íslenskt vinnuafl og fótumtroða réttindi sem menn hafa unnið sér og margar þeirra sjá til þess að starfsmennirnir greiða ekki skatta af launum. Ég tel að hér sé komið í töluvert óefni og það rek ég fyrst og fremst til þess að lögin eru ekki nægilega sterk.

[14:30]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Það var vægast sagt einkennileg ræða sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson flutti áðan. Að segja að það sé hægri popúlismi eða útlendingahatur að menn vilji ræða yfirvegað um stórkostlegan innflutning á erlendu vinnuafli til Íslands undanfarna mánuði og hvaða áhrif það muni hafa á íslenska þjóðfélagsgerð til framtíðar er þingmanninum hreinlega til háborinnar skammar.

Hann gjaldfellir sjálfan sig í umræðunni með því að tala svona. Við óskum eftir sanngjarnri, eðlilegri umræðu um hvernig þjóðfélagsgerð við viljum hafa á Íslandi í framtíðinni. Ég ætla ekki að sitja undir því að vera ásakaður um einhvern popúlisma, hægri popúlisma eða annað þaðan af verra þegar ég vil taka þessi mál til umræðu í þinginu.

[14:30]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Það er mjög vafasamt að úthrópa alla umræðu um málefni útlendinga sem popúlisma. Þessi umræða lyktar af ákveðnum menntahroka, að öll umræða um útlendinga sé einhvers konar popúlismi. Innflutningur á útlendu vinnuafli er oft í beinni samkeppni við ófaglærða og iðnaðarmenn. Laun þeirra eru í hættu. Markaðslaunakerfið er í hættu. Hættan er sú að þegar fer að draga saman á vinnumarkaðnum þá muni laun þessa fólks lækka.

Mér finnst þetta mikilvæg umræða og vonast til að Samfylkingin taki ekki svona á málum þegar um er að ræða alvarleg mál eins og markaðslaunakerfið og þróun íslensks samfélags, að sú umræða verði bara úthrópuð.

[14:32]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra ágæt svör. Ég minni á að þessari umræðu var ætlað að vekja athygli á baráttu verkalýðsfélaganna við starfsmannaleigur með hag launafólks í huga. Hér kom fram að það væru 990 starfsmenn á vegum starfsmannaleigna. Mér finnst það ótrúlega lág tala miðað við þann mikla fjölda sem maður verður var við af erlendu vinnuafli.

Staðan er einfaldlega þannig núna að stéttarfélög vita í raun ekki hvort erlent vinnuafl er ráðið í gegnum starfsmannaleigu eða með beinu ráðningarsambandi, einungis vegna þess að þau hafa ekkert í höndunum til að geta staðfest það.

Jafnframt hef ég hér eftir, með leyfi forseta, einum verkalýðsforingja á Vesturlandi:

„Það flæðir inn í landið erlent vinnuafl og að mínu mati algerlega eftirlitslaust. Það var svartur dagur hjá íslensku launafólki þegar Alþingi samþykkti að aflétta takmörkunum af frjálsri för launafólks frá hinum nýju ríkjum EES."

Frú forseti. Við þurfum að hafa þetta í huga en það sem ég var að reyna að fá fram í þessari umræðu, eins og fram kom hjá hæstv. félagsmálaráðherra, þá er ekki gengið eftir því að fá prófskírteini. Það er akkúrat svarið sem ég vildi fá. Þetta var það sem mig grunaði. Inn í landið flæða á vegum starfsmannaleigna verkamenn eða iðnaðarmenn sem hafa í raun ekki löggilda pappíra til að sinna þeirri vinnu.

Á hverjum bitnar það í framtíðinni? Nú eru menn að vinna hér ýmis verk. Byggja hús o.s.frv. Ég held að menn ættu að kanna þetta betur. Er þetta vinnuafl hæft til að sinna þeim verkum sem það er ráðið til á Íslandi?

[14:34]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og vil byrja á að taka undir það sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði, að við eigum að taka hart á þeim sem ekki virða lög og reglur, hvort sem um er að ræða þetta mál eða önnur. Ég fullyrði að Vinnumálastofnun hefur lagt sig fram í því efni, eins og ég rakti í fyrri ræðu minni.

Það gætir smámisskilnings í umræðunni. Ég nefndi áðan að á síðustu vikum hafi samtals verið skráðir um 990 starfsmenn á vegum starfsmannaleigna. Þeir eru að sjálfsögðu fleiri. Ég er því miður ekki með heildartöluna.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson taldi að lögin væru ekki nægjanlega sterk. Það er ekki langt síðan að þessi lög tóku gildi. Það hefur ekki fengist fullnaðarreynsla af þeim. Hins vegar hefur gengið mjög vel að innleiða þau. Ég vil meina að það hafi gengið ágætlega. Þau hafa reynst ágætlega það sem af er. Að sjálfsögðu munum við fylgjast með því hvernig þau reynast. Ef mönnum þykir tilefni til þá verður að sjálfsögðu farið yfir það mál.

Að öðru leyti ætla ég ekki að segja mikið meira um þetta en rétt út af því sem var rætt milli einstakra hv. þingmanna um málefni útlendinga og innflytjenda þá hvet ég til að umræða um þau mál sé málefnaleg. Hún þarf að fara fram. Ég hef hvatt til þess alls staðar þar sem ég hef haft tækifæri. Við þurfum að halda umræðunni málefnalegri og halda vel á spöðunum hvað það varðar.

Umræðu lokið.

## *Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga.*

Fsp. BjörgvS, 151. mál. — Þskj. 151.

[14:36]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga, um hvort hafinn sé undirbúningur á vegum ríkisstjórnarinnar á frekari flutningi á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga, t.d. á rekstri framhaldsskóla eða löggæslu. Í öðru lagi spyr ég hvort tekjuskipting á milli ríkis og sveitarfélaga sé til endurskoðunar í ljósi breyttrar verkaskiptingar stjórnsýslustiganna.

Ég er eindregið á þeirri skoðun, frú forseti, að við eigum að stefna að því að stækka sveitarfélögin verulega. Okkur mistókst það í kosningum um það í fyrra en þó er ekki til þrautar reynt. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. félagsmálaráðherra að því í leiðinni hvort til skoðunar væri annað átak til að stækka sveitarfélögin. Með hvaða hætti yrði það framkvæmt og kemur t.d. lagasetning til greina?

Við eigum að stefna að því að stækka sveitarfélögin, dreifa til þeirra valdi og verkefnum. Rekstur framhaldsskóla er það skref sem við eigum að stíga næst. Þá hefðu sveitarfélögin á sinni könnu rekstur skólastiganna þriggja: leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kostirnir við það eru margir en auðvitað þurfa sveitarfélögin að stækka um leið.

Ég held að allir séu sammála um að rekstur grunnskólans hafi tekið miklum framförum eftir að sveitarfélögin tóku við honum. Þangað eigum við að dreifa valdi, verkefnum og ábyrgð en um leið öflugum tekjustofnum.

Tekjustofnar sveitarfélaganna eru að mínu mati of veikburða. Það þarf að rétta þeirra hlut og gera þeim kleift að standa fyllilega undir verkefnum sínum. Við þurfum að forðast þá óheppilegu skörun sem oft er á milli stjórnsýslustiga sem bitnar til að mynda harkalega á uppbyggingu hjúkrunarheimila. Í sumum sveitarfélögum úti á landi, t.d. í Árborg, stefnir í hálfgert neyðarástand. Um margra ára bil hefur staða hjúkrunarheimilismála þar verið óviðunandi og með því eru bókstaflega brotin mannréttindi á öldruðu fólki.

Þetta getum við komið í veg fyrir í miklu meiri mæli með því að dreifa valdi og verkefnum til sveitarfélaganna ef öflugir tekjustofnar fylgja, t.d. hlutdeild í veltusköttum og slíku. Við eigum að stefna að því að færa löggæsluna, framhaldsskólann, öldrunarþjónustuna og heilsugæsluna til sveitarfélaganna í fyllingu tímans. Víða á Norðurlöndunum sinna sveitarfélögin 70% af opinberri þjónustu en hér er hlutfallið þveröfugt eða aðeins um 30%.

Við eigum að stefna í þá átt að færa vald, verkefni, ábyrgð og öfluga tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga. Því beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra.

[14:39]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég tel ljóst að mikill vilji er til að efla sveitarstjórnarstigið með flutningi á verkefnum og tekjustofnum frá ríki til sveitarfélaga. Ég lýsi mig reiðubúinn til að beita mér í því máli.

Í könnun á viðhorfi sveitarstjórnarmanna og alþingismanna til framtíðar íslenska sveitarstjórnarstigsins, sem Rannsóknamiðstöð Viðskiptaháskólans á Bifröst vann að beiðni félagsmálaráðuneytisins síðastliðið vor, kom sá vilji skýrt fram. Í könnuninni töldu þrír af hverjum fjórum þátttakendum æskilegt að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga og voru málefni aldraðra og fatlaðra oftast nefnd. Áhugi á áframhaldandi vinnu við flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga, einkum á sviði velferðarmála, kom einnig skýrt fram á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var í september síðastliðnum.

Í tengslum við sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins var verkefnisstjórn m.a. falið að gera tillögur um hvaða verkefni unnt væri að færa frá ríki til sveitarfélaga með það að markmiði að treysta sveitarstjórnarstigið og efla sjálfsforræði byggðarlaganna. Verkefnisstjórnin fjallaði um og gerði tillögur um skoðun á flutningi á málefnum fatlaðra, öldrunarþjónustu, heilsugæslu, heimahjúkrun, svæðisvinnumiðlun og atvinnuráðgjöf.

Jafnframt lagði verkefnisstjórnin til að kannað yrði hvort æskilegt og mögulegt væri að gera aðrar breytingar á verkaskiptingu hins opinbera, t.d. að sveitarfélögum væri gefinn kostur á að taka að sér rekstur framhaldsskóla með þjónustusamningum, auk þess sem unnið yrði að því að flytja opinber eftirlitsverkefni frá ríki til sveitarfélaga.

Bæði ríki og sveitarfélög hafa gengið út frá því að fækkun og stækkun sveitarfélaga sé forsenda þess að sveitarfélög geti tekið að sér aukin verkefni og sinnt þeim með faglegum og ábyrgum hætti. Þrátt fyrir fækkun sveitarfélaga á nýliðnu kjörtímabili sveitarstjórna, úr 105 í 79 sveitarfélög, hefur ekki náðst fram sú grundvallarbreyting á sveitarfélagaskipaninni sem að var stefnt. Hátt í helmingur sveitarfélaga er með færri en 500 íbúa og mörg sveitarfélög eru því enn veikburða, bæði hvað varðar fjárhagsgrundvöll og stjórnsýslu.

Ég tel að ríki og sveitarfélög séu sammála um að það þjóni engum tilgangi að flytja umfangsmikil verkefni til sveitarfélaga sem ekki hafa bolmagn til að taka við þeim. Til að verkefnaflutningur geti orðið að veruleika þurfum við í sameiningu, þ.e. ríkið og sveitarfélögin, að leita nýrra lausna.

Ég var viðstaddur afar málefnalegar umræður um þessi mál á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga í september og hef átt frumkvæði að því að möguleikar á verkefnaflutningi verði til umræðu á næsta samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga. Ég tel ljóst að áherslan þar verði á velferðarmálin, þ.e. málefni fatlaðra og aldraðra. Þau verkefni falla mjög vel að þeim verkefnum sem sveitarfélögin annast í dag.

Önnur verkefni sem hv. fyrirspyrjandi nefnir í fyrirspurn sinni, þ.e. löggæslu og framhaldsskóla, tel ég ekki hafa sama hljómgrunn meðal sveitarstjórnarmanna. Því sé rétt að slá því einfaldlega föstu að þau séu ekki á dagskrá að sinni, hvað sem síðar verður.

Að mínu mati er ekki tímabært að hefja vinnu við endurskoðun á tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga með tilliti til verkefnaflutnings fyrr en ákvörðun um að hefja formlegar viðræður liggur fyrir. Ég bendi hins vegar á að tekjustofnanefnd skilaði vorið 2005 tillögum til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga og þeim tillögum hefur þegar verið hrundið í framkvæmd.

Jafnframt vil ég geta þess að fyrir lá mikil undirbúningsvinna varðandi mat á kostnaði árið 2001 þegar flutningur á þjónustu við fatlaðra til sveitarfélaganna var nánast orðinn að veruleika. Undanfarin missiri hefur geysilega mikil vinna verið lögð í það af hálfu félagsmálaráðuneytisins að leggja mat á stöðuna í þeim málaflokki í dag, að meta þörf fyrir aukna þjónustu og móta framtíðarsýn á því sviði. Ég tel að við getum byggt á þeirri vinnu þegar og ef kemur að því að ákveða hvaða tekjustofnar eigi að fylgja málaflokkum.

Ég vil undirstrika það í þessu samhengi að ég tel afar mikilvægt, ekki síst í ljósi reynslunnar, að þegar og ef ákveðið verður að hefja formlegar viðræður um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, þá verði samhliða fjallað um faglega og fjárhagslega þáttinn. Slík vinnubrögð eru í senn vönduð, skynsamleg og eðlileg.

Varðandi flutning á málefnum aldraðra þá er jafnframt stefnt að því að hefja skoðun á því hvort flytja beri málaflokkinn í heild til sveitarfélaga eða hvort æskilegt sé að flytja einhverja verkþætti sem nú er sinnt af sveitarfélögunum til ríkisins. Skilgreina þarf þá þjónustu sem hugsanlegt er að færa megi yfir og um leið tryggja að ekki dragi úr hagkvæmni þeirrar þjónustu sem ríkið veitir áfram.

Í áfangaáliti starfshóps sem skilaði skýrslu árið 2004 var t.d. bent á að erfitt sé að rjúfa tengslin á milli starfsemi minni sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila og heilsugæslu víða úti á landi. Í umræðu um flutning þessa málaflokks til sveitarfélaga tel ég jafnframt mikilvægt að hafa í huga að flestir

eldri borgarar eru sem betur fer jafnheilbrigðir og yngra fólk og þess vegna ber að varast að hugsa um málaflokkinn sem heilbrigðismál.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka að á næsta samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga verður umræðan um verkefnaflutning í fyrirrúmi. Vilji sveitarstjórnarmanna skiptir (Forseti hringir.) vitaskuld meginmáli og verkefnin verða ekki flutt til sveitarfélaganna nema af þeirra hálfu liggi fyrir skýr vilji til að taka við þeim.

[14:44]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Verkaskipti milli ríkis og sveitarfélaga eru alls ekki skýr. Víða skarast verksvið þessara tveggja stjórnsýslustiga og nægir þar að nefna málefni aldraðra og málefni fatlaðra.

Mín reynsla er sú að þar sem verkefni ríkis og sveitarfélaga skarast þá sinni ríkið ekki sínu lögbundna hlutverki og sveitarfélögin þurfi að taka við boltanum og veita þá þjónustu sem þarf að veita. Sveitarfélögin og sveitarstjórnarmennirnir finna hvar þörfin er og á þeim brennur mest að sinna þjónustunni. Þar sem verkefni skarast þá gengur ríkið því miður yfirleitt á lagið og sveitarfélögin þurfa að leggja til meiri fjármuni en þeim ber, meiri vinnu og meira afl en ríkið dregur sig smátt og smátt til baka.

Hvað varðar tekjuskiptinguna þá hlýtur að vera komið að því að ræða í fullri alvöru um að sveitarfélögin fái hlutdeild í veltusköttum og þau séu ekki eingöngu háð launum og launatengdum tekjum. Það væri gott að heyra frá hæstv. ráðherra hvort til greina komi að hans mati að sveitarfélögin fái hlut í veltusköttum.

[14:45]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni að taka þetta hér upp. Ég er sammála hv. þingmanni um að flytja verkefni í auknum mæli til sveitarfélaga. Það hefur gefist vel. Ég vil þó taka undir með hæstv. félagsmálaráðherra varðandi málaflokkana, þar finnast mér velferðarmálin vera efst á listanum og sérstaklega málaflokkur fatlaðra og síðan aldraðir og það hefur gengið mjög vel í reynslusveitarfélögunum.

Hins vegar tek ég ekki undir hugmyndir hv. þingmanns varðandi löggæsluna. Við höfum nýlega gert góðar breytingar á lögregluumdæmum landsins sem ná oft yfir mörg sveitarfélög og er mikilvægt að fá reynslu á það en það er mín skoðun að þetta komi ekki til greina að sinni.

[14:46]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hæstv. ráðherra talaði um áherslu á málefni fatlaðra og ég velti fyrir mér hvort ég hafi skilið ráðherra rétt að ekki sé búið að loka algerlega á þá umræðu að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Ég mundi gjarnan vilja fá það alveg skýrt fram að ef svo er ekki, hvernig er þá nákvæmlega staðan í því að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og sér ráðherra fyrir sér að það gerist á næstu missirum?

[14:47]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Aldrei þessu vant hef ég miklar áhyggjur af Framsóknarflokknum. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði að hún vildi að málefni fatlaðra og aldraðra yrðu flutt frá ríki til sveitarfélaga. En það er eins og hv. þingmaður hafi ekki talað við hæstv. félagsmálaráðherra. Hvað sagði hann? Jú, um málefni fatlaðra: Þegar og ef. Um málefni aldraðra: Hefja skal skoðun. Með öðrum orðum, það kemur fram að jafnvel þó Framsóknarflokkurinn, hinir almennu þingmenn séu sammála okkur í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni um að a.m.k. þessa málaflokka eigi að flytja til ríkisins þá hefur hæstv. ráðherra einhverja allt aðra skoðun eða kannski enga skoðun.

Hæstv. ráðherra sagði að afstaða sveitarstjórnarmanna skipti mestu máli. Rétt er það, hún skiptir miklu. En það skiptir líka miklu að hæstv. ráðherra hafi einhverja skoðun á þessu. Er ekki mál til komið að hann taki á sig rögg áður en hann verður fluttur með valdi úr ráðuneytinu af kjósendum og lýsi þeirri skoðun?

[14:48]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Mig langar að beina tveimur spurningum til hæstv. félagsmálaráðherra sem varða það hvort rétt sé að setja öll sveitarfélög undir sama hatt þegar komið er að þeirri spurningu hvort rétt sé að flytja verkefni til þeirra, þ.e. hvort ekki sé einfaldlega rétt að flytja verkefni til sveitarfélaga sem hafa til þess styrk eins og á höfuðborgarsvæðinu og víðar og vera síðan ekkert að hugsa um að flytja verkefnið til allra sveitarfélaga, svo sem minni sveitarfélaga sem eiga einfaldlega fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum sem þau hafa nú þegar.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það geti ekki komið upp sú staða að sveitarfélögin verði einfaldlega of stór, t.d. þegar komin eru upp hverfasamtök í sveitarfélögum, eins og t.d. í Skagafirði. Þar eru komin upp hverfasamtök austan vatna. Það kemur eflaust sá tími að þessi hverfasamtök vilja hafa eitthvað um málin að segja. Og ef sveitarfélög verða of stór, þá verður komið upp þriðja stjórnsýslustigið.

[14:50]

**Jón Bjarnason:**

Virðulegi forseti. Þetta sem hér er til umræðu, verkaskipting og tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga, er í sjálfu sér stórmál rekstrarlega og gagnvart þeim sem hafa það undir höndum á hverjum tíma. En gagnvart íbúum landsins á það ekki að vera mál því þeir eiga að hafa jafnan rétt til þjónustu, til samfélagslegrar ábyrgðar hvar sem þeir búa og það er það sem skortir á.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður framkvæmd þess samkomulags sem gert var milli Sambands sveitarfélaga og ríkisins um að ávallt skuli fylgja kostnaðarmat á nýjum lögum, reglugerðum eða stjórnvaldsákvörðunum gagnvart sveitarfélögunum áður en það er samþykkt frá Alþingi eða látið koma til framkvæmda? Þetta er grundvallaratriði, að jöfnuður sé í þeim samskiptum og (Forseti hringir.) ríkisstjórnin á ekki að vera að samþykkja íþyngj-

andi lög sem sveitarfélögin verða svo að axla kostnað af.

[14:51]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum nokkuð flókið og umfangsmikið mál sem er flutningur á hugsanlegum verkefnum frá ríki til sveitarfélaga. Ég er sammála hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni um að varasamt sé að skera öll sveitarfélög hér á landi yfir sama kamb í þessum málum því sveitarfélög eru að sjálfsögðu misjafnlega vel stæð, misjafnlega vel í stakk búin til að taka við svona verkefnum.

Ég vil hins vegar nota tækifærið, virðulegi forseti, til að hvetja hæstv. félagsmálaráðherra til að skoða þessi mál með mun opnari huga en stjórnvöld hafa gert fram til þessa. Ég minni m.a. á að í mínu heimasveitarfélagi, Akranesi, þar sem ég er varabæjarfulltrúi, sendum við bréf til félagsmálaráðuneytisins í sumar þar sem við óskuðum eftir viðræðum við ráðuneytið um að taka við öldrunarmálunum. Við teljum okkur vel í stakk búin til að gera það í þessu tiltekna sveitarfélagi en það er þó alveg ljóst, virðulegi forseti, að með svona tilfæringum hljóta að fylgja einhverjir tekjustofnar á móti frá hendi ríkisins.

[14:52]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég tek í sjálfu sér undir og það gleður mig sá góði vilji sem kom fram hjá hæstv. ráðherra um að færa verkefni og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga þó svo ég taki undir áskoranir til hæstv. ráðherra um að taka þar skýrar af skarið hvað varðar hans eigin framtíðartónlist í þeim málum. Það skiptir máli að ráðherra dragi upp skarpa framtíðarsýn um sín eigin viðhorf í málinu burt séð frá því hvað út úr öðrum nefndarstörfum kemur. Ég þóttist greina góðan vilja og það eru tíðindi og það er fyrirboði um jákvæð skref í þá átt.

Skörun á verkefnum ríkis og sveitarfélaganna eru stór vandamál. Það hefur komið fram í uppbyggingu hjúkrunarheimila. Það hefur komið fram í ýmiss konar þjónustu við aldraða og fatlaða. Reynslan frá Hornafirði og Akureyri þar sem gerður var tilraunasamningur um rekstur heilsugæslunnar fyrir nokkuð löngu síðan og er núna verið að endurnýja er, að ég held, mjög góð. Það er mjög jákvæð og farsæl reynsla. Þau sveitarfélög hafa verið vel í stakk búin til að taka við verkefnum og þess vegna skora ég á hæstv. félagsmálaráðherra að koma hreyfingu á málið, leita nýrra lausna eins og hann nefndi áðan, hefja formlegar og kraftmiklar umræður um tekjuskiptinguna þar sem sveitarfélögin fái aukna hlutdeild í veltusköttunum. Það er eina sanngirnin gagnvart sveitarfélögum og þau njóti þess í auknum mæli inn í tekjustofna sína af því að við eigum að mínu mati að hefja á næstu árum stórbrotinn flutning. Við eigum að stækka sveitarfélögin verulega og dreifa valdi frá ríki til sveitarfélaga.

Allir þekkja deiluna sem kom upp á sínum tíma út af kennarasamningunum. Nú eru þeir lausir aftur. Sveitarfélögin verða að vera í stakk búin til að leysa sín verkefni af hendi með sóma og eins og þeirra pólitíski vilji stendur til og þess vegna þarf að gæta sanngirni í tekjuskiptingunni sem allir hér inni leggja áherslu á. En ég skora aftur á hæstv. ráðherra að draga upp fyrir okkur framtíðarlandið hvað þetta varðar.

[14:54]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa umræðu. Umræða um málefni sveitarfélaga í sölum Alþingis er oft athyglisverð. En ég vil taka fram vegna þess að hv. þingmenn eru að kalla eftir afstöðu minni, að ég lýsti því m.a. í ræðu á landsþingi sveitarfélaga í september að ég teldi mikilvægt að viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um þessi mál færu af stað fljótlega og nefndi þar sérstaklega málefni fatlaðra og málefni aldraðra og byggði það m.a. á þeirri könnun sem ég sagði frá áðan. Minn hugur er því alveg ljós í þessu máli. Ég hef margoft sagt hann. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni verða þessi mál rædd á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga síðar í vetur. Ég vona að hv. þingmenn þurfi ekki að velkjast í vafa um minn hug í þessu máli, hann er skýr. En ég vil líka taka undir það sem hér hefur verið sagt og ég hef reyndar margoft sagt sjálfur að það er ekki nóg að færa verkefni, við þurfum að hafa tekjustofnana í lagi einnig. Það er ekki flóknara en það.

Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir ítrekaða umhyggju fyrir Framsóknarflokknum. Það er gott að eiga hauka í horni í þessum sal, ég er auðvitað ánægður með það. Hins vegar veit ég ekki hvaða hugur fylgir máli nú frekar en fyrr en það er þó gott (Gripið fram í.) og yljar manni að heyra þessi góðu orð.

Umræðu lokið.

## *Vaxtarsamningar.*

Fsp. JGunn, 135. mál. — Þskj. 135.

[14:56]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Frú forseti. Ég spyr hæstv. iðnaðarráðherra um gerð vaxtarsamnings fyrir Suðurnes. Tilefnið að þessari fyrirspurn er aðalfundur sambandsins sem haldinn var í Vogunum 9. september sl. en þar var mikil umræða meðal sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum um nýgerða menningarsamninga og síðan vaxtarsamninga sem sveitarfélög víða um land eða samtök þeirra höfðu verið að gera við ríkið hvert á sínu svæði.

Á aðalfundinum var samþykkt ályktun þar sem hvatt var til þess að ráðist yrði í viðræður við iðnaðarráðuneytið um gerð vaxtarsamnings við sveitarfélögin á Suðurnesjum. Slíkir samningar hafa í mjög auknum mæli verið gerðir við aðra landshluta og reynslan af þeim hefur yfirleitt verið góð. Gerð svona samnings hefur haft í för með sér að farið er yfir svæðin kerfisbundið. Menn skoða hvaða styrkleikar það eru sem eru á hverju svæði og hvaða tækifæri þeir gefa. Einnig fara menn yfir veikleika svæðisins og hvar þarf að bæta í til að svæðin geti haldið sínum hlut og sérstaklega er hugað að tækifærum á hverju svæði, tækifærum bæði sértækum og almennum til að byggja upp sterkara atvinnulíf og nýsköpun á hverju svæði fyrir sig. Samningarnir hafa yf-

irleitt tryggt fjárhagslegan grundvöll atvinnuþróunarstarfs á þeim svæðum sem um ræðir og yfirleitt hafa komið mun meiri fjármunir inn á svæðin í gegnum vaxtarsamninga en í gegnum hefðbundna samninga milli sveitarfélaga eða sambanda þeirra og Byggðastofnunar. Má því segja að vaxtarsamningarnir séu hið nýja form að atvinnuþróun og atvinnustyrkingu í byggðum landsins og eðlilegt að sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum horfi til þess hvort ekki komi til greina að slíkur samningur verði gerður við Suðurnes. Fundurinn lagði áherslu á það að stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum mundi hefja viðræður við ráðuneytið með það í huga að gera samning.

Sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum lýstu þeirri skoðun sinni og þeim vilja sínum að það tæki skamman tíma að gera svona samning en við vitum að ef samningurinn á að vera vandaður og hægt á að vera að ná inn í hann fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu þá tekur það ákveðinn tíma að fara inn í svona vinnu.

Nýbúið er að skrifa undir vaxtarsamning við Suðurland og Vestmannaeyjar og sá samningur er frábrugðinn þeim samningum öðrum sem ég hef séð að því leytinu til að meira er um það að fyrirtæki á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum og stofnanir sveitarfélaganna komi að samningnum heldur en við höfum séð áður. Það er styrkleikamerki og það er merki sem gefur til kynna að þessir samningar virðast vera að gera sig.

Ég ætla ekki að lesa upp spurningarnar sem ég sendi hæstv. ráðherra eða lagði inn en þær snúast um hvað þetta taki langan tíma, hvort það sé vilji til að gera þetta, hvaða samningar séu í gildi og hvaða fjármunir séu í samningunum.

[14:59]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning hv. þm. Jóns Gunnarssonar er:

„Sér ráðherra eitthvað því til fyrirstöðu að gerður verði vaxtarsamningur við sveitarfélögin á Suðurnesjum, leiti þau eftir slíkum samningi?"

Það er rétt að hafa það í huga að vaxtarsamningar eru hluti af aðgerðum stjórnvalda til að jafna lífskjör í landinu innan þeirra svæða sem byggðaáætlun nær til og sem samþykkt hefur verið af eftirlitsstofnuninni ESA. Byggðakortið er í endurskoðun núna, sem á að ljúka árið 2008, ætla ég, og sveitarfélögin á Suðurnesjum eru ekki að öllu leyti í núgildandi byggðakorti.

Margt bendir til þess að sérstaklega beri að vara við þeirri þróun að vaxtarsamningar verði mjög margir og þá gerðir hver um sig við of lítið svæði að þá náist ekki þau sameflingaráhrif og samlegð sem að er stefnt með vaxtarsamningum yfirleitt. Ekki er talið ráðlegt að gera vaxtarsamninga við afmarkaðan hóp sveitarfélaga á tilteknu litlu svæði og taka þau út úr samhengi við stærra áhrifasvæði ef um það er að ræða. Þetta gildir almennt og þá einnig um hugsanlegan afmarkaðan fjölda sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem eru a.m.k. að einhverju leyti hluti af stærra atvinnusvæði höfuðborgarsvæðisins eða Suðvesturlands almennt.

Vaxtarsamningar byggjast á fyrirmynd frá t.d. OECD og reynslu margra landa og við höfum m.a. miðað þá við reynslu Finna. Vaxtarsamningar eru leið til að efla atvinnuþróun á tilteknum svæðum þar sem byggt er á sérkennum svæðanna og á möguleikum þeirra til nýsköpunar og almennrar eflingar atvinnulífi. Byggðir eru klasar fyrirtækja og stofnana á tilteknum kjarnasviðum. Í starfsemi innan einstakra klasa er m.a. lögð áhersla á að skapa aðstæður fyrir tækniþróun og nýsköpun, efla mannauð og styrkja starfsþjálfun og menntun, yfirfærslu og nýtingu nýjustu þekkingar á hverju sviði og auka samvinnu um markaðssetningu. Skilgreining á styrkleikum svæða og áherslum samningsins er á ábyrgð heimamanna hverju sinni. Ábyrgð á framkvæmd samningsins er einnig hjá heimamönnum.

Upphaflega stefndi ráðuneytið að því að gera einn vaxtarsamning og láta reyna á framkvæmd og gagnsemi hans. Það var vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðisins sem undirritaður var í júní 2004. Eyjafjarðarsvæðið var talið hafa nægilegan styrk og umfang til þess að þetta form gæti gengið. Talið var ráðlegt að fá t.d. tveggja ára reynslu af þessu samstarfsformi áður en ákvörðun um fleiri slíka samninga yrði tekin. Vestfirðingar höfðu þá þegar unnið svokallaða byggðaáætlun fyrir Vestfirði og lögðu þunga áherslu á að fá vaxtarsamning fyrir Vestfirði. Ráðuneytið varð við þessu sem sjálfsagt er og var gengið frá þeim samningi í lok maí 2005. Þar með opnuðust færi fyrir önnur svæði til að sækjast eftir sambærilegum vaxtarsamningum.

Á þeim stutta tíma sem þessir tveir samningar hafa verið í gildi hafa komið fram áleitnar spurningar um vaxtarsamninga almennt. Veigamest þeirra lýtur að viðhorfi heimamanna til samningsins. Einkum varðar þetta þátttöku fyrirtækja sem almennt þyrfti að vera miklu meiri en orðið er enda verður ekki til neitt klasasamstarf án fyrirtækjanna. Þá hafa staðarmörk samninganna komið til umræðu, t.d. staðarmörk vaxtarsamnings Eyjafjarðar, þar sem ekki er tekið tillit til þess að atvinnusvæðið umhverfis Akureyri og um Norðurland og Norðausturland er mun stærra en afmörkun vaxtarsamningsins. Meðal annars hefur verið bent á að ferðaþjónustuklasi í Eyjafirði sé veigaminni án Hólaskóla í Skagafirði og að ferðaþjónusta í Skagafirði sé veigaminni án tengsla við Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur. Þá sé atvinnusvæði Eyjafjarðar og t.d. Húsavíkur að renna meira og meira saman eins og komi vel fram í mati á staðsetningu stóriðju við Húsavík.

Önnur spurning hv. fyrirspyrjanda er:

„Hvað má ætla að gerð slíks samnings taki langan tíma?"

Greiningarvinna og tillögugerð sem var undanfari vaxtarsamnings við Eyjafjarðarsvæðið tók um 15 mánuði og lauk með skýrslu í mars 2004. Samningurinn var síðan undirritaður í júlí sama ár þannig að undirbúningsvinnan tók rúmlega eitt og hálft ár. Svipaða sögu er að segja um aðra samninga.

Þriðja spurningin er:

„Hvar eru slíkir samningar í gildi nú og hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs við þá?"

Vaxtarsamningarnir sem gerðir hafa verið eru til fjögurra ára. Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðisins, þar er hlutur iðnaðarráðuneytis 90 milljónir, vaxtarsamningur Vestfjarða, þar er hlutur iðnaðarráðuneytis 75 milljónir,

vaxtarsamningur Vesturlands, þar er hlutur iðnaðarráðuneytis 60 milljónir og vaxtarsamningur Suðurlands og Vestmannaeyja, sem nýlega var gerður, þar er hlutur iðnaðarráðuneytisins 75 milljónir.

[15:05]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Geri vaxtarsamningarnir það gagn sem þeim er ætlað má örugglega hafa af þeim heilmikil not fyrir svæðin. Skýrslugerðin sem liggur þeim til grundvallar er nokkuð góð og hún dregur upp mjög afdráttarlausa mynd af stöðu á hverju svæði og maður bindur óneitanlega nokkrar vonir við að þeir skili afli og krafti inn á svæðin þar sem þeir hafa verið gerðir — ég hef fylgst með því eins og í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi þar sem þessir samningar hafa verið gerðir — þó að það gæti nú töluverðrar vantrúar hjá mörgum t.d. sveitarstjórnarmönnum á því að þetta séu annað en pólitískar skrautsýningar, þetta skili einhverju, en við verðum að trúa því besta.

Við erum að ræða um vaxtarsamning við Suðurnesin. Mér finnst einboðið að gera einnig slíkan samning við Suðurnesin eins og þau svæði sem hafa verið nefnd hér í dag. Suðurnesin hafa verið að ganga í gegnum miklar breytingar, brottför hersins o.s.frv. sem hefur að sjálfsögðu breytt samfélaginu þar verulega og það væri mikið gagn að vaxtarsamningi fyrir Suðurnesin, án nokkurs vafa.

[15:06]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra minntist ekkert á Norðurland vestra í umfjöllun sinni.

Það kom fram í máli fyrirspyrjanda að reynslan væri góð af þessum samningum. Það má vera að verkefnin hafi reynst ágætlega, en hvernig metur maður svona verkefni? Maður hlýtur að meta þau af því hvort fólki fækkar eða fjölgar og hvort störfum fækki eða fjölgi. Ef við setjum þann mælikvarða á vaxtarsamning Vestfjarða þá er samningurinn ekki góður vegna þess að stjórnvöld hafa því miður grafið undan öðru atvinnulífi á Vestfjörðum, m.a. með því að setja trillurnar í kvóta. Það er búið að boða niðurskurð hjá Menntaskólanum á Ísafirði, störfum hefur verið fækkað hjá Ratsjárstofnun á Bolungarvík og svona má lengi telja. Það er ekki hægt að komast hjá umræðu um almenna byggðaþróun og hve stjórnvöld hafa staðið illa að málum með því að draga fram einhverja ljósritaða bæklinga eins og t.d. vaxtarsamninga Vestfjarða. (Forseti hringir.) Það er nauðsynlegt að taka á í byggðamálum.

[15:07]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Frú forseti. Ég er afar óánægður með svör hæstv. ráðherra. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það komi til greina að gera vaxtarsamning við sveitarfélögin á Suðurnesjum, leiti þau eftir slíkum samningi. Ég get helst skilið svörin þannig að það komi ekki til greina.

Í fyrsta lagi að vegna mistaka ráðuneytisins á sínum tíma þá eru Suðurnesin ekki á byggðakorti, þ.e. Grindavík er á byggðakorti en ekki önnur sveitarfélög á Suðurnesjum eins og Vogar, Garður eða Sandgerði. Fyrir þau mistök sem þar voru gerð notar hæstv. ráðherra byggðakortið til þess að segja að ekki megi gera vaxtarsamning við sveitarfélögin á Suðurnesjum.

Í öðru lagi segir hæstv. ráðherra að vaxtarsamningar séu til að jafna lífskjör og það þurfi ekkert að jafna lífskjör á Suðurnesjum.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að við fáum svona svör frá hæstv. iðnaðarráðherra? Er ekkert lát á fjandskap iðnaðarráðherra hæstvirtra Framsóknarflokksins gegn Suðurnesjum? Við áttum við það að etja með fyrrum iðnaðarráðherra og nú virðist núverandi hæstv. iðnaðarráðherra og formaður Framsóknarflokksins höggva nákvæmlega í sama knérunn.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum eru einhver afmarkaður hópur í hans huga. Hæstv. ráðherra er nýbúinn að skrifa undir vaxtarsamning við Suðurland, sem er í nágrenni við Reykjavík, en Suðurnesin geta ekki fengið vaxtarsamning, segir hæstv. ráðherra, af því að þau liggja svo nálægt Reykjavík. Þetta er ótrúlegur fjandskapur í garð Suðurnesja og ég verð að biðja hæstv. ráðherra að útskýra hvað hann á við.

Hæstv. ráðherra fór hér yfir kostnaðinn sem iðnaðarráðuneytið hefur af þessum samningum. Þetta er frá 60 milljónum upp í 90 milljónir eftir svæðum. Suðurnesin fá 12 milljónir til atvinnuþróunar og nýsköpunar frá ríkinu, frá Byggðastofnun og hér segir hæstv. ráðherra að ekki komi til greina að gera vaxtarsamning við Suðurnesin.

[15:09]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Síðustu orð hv. fyrirspyrjanda byggjast á misskilningi. Það er verið að vinna að því að endurskoða svokallað byggðakort og við höfum í sjálfu sér alls ekkert gefið það upp á bátinn að þar verði breytingar einmitt á þeim þáttum sem við ræðum hér um. Ég get fullvissað hann og aðra um að ráðuneytið og ráðherrann munu alls ekki láta neinn mismun koma þar fram gagnvart Suðurnesjamönnum, það kemur ekki til mála að okkar leyti.

Varðandi það sem fyrirspyrjandi og aðrir sem tóku til máls hafa sagt vil ég aðeins geta þess að vaxtarsamningarnir þurfa meiri tíma og meiri reynslu áður en við getum kveðið upp yfir þeim dóm, a.m.k. er alveg tilhæfulaust að kveða upp þann dóm sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson gerði. Það er alls ekki komin sú reynsla á vaxtarsamningana að ástæða sé til þess að fordæma þá með þessum hætti, þvert á móti eru allar ástæður til þess að ætla að þeir séu hið ágætasta tæki og ágætasta aðferð, eins og réttilega kom fram í máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar, og ég tek undir viðhorf hans að því leyti.

Norðurland vestra var aðeins nefnt hér líka og það er hægt að upplýsa að það er verið að vinna að vaxtarsamningi fyrir það svæði.

Umræðu lokið.

## *Útræðisréttur strandjarða.*

Fsp. SigurjÞ, 140. mál. — Þskj. 140.

[15:11]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. byggðamálaráðherra og formanns Framsóknarflokksins:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að útræðisréttur strandjarða verði virtur að nýju?

Hér er um mjög mikilvægt byggðamál að ræða og ég vil benda á að t.d. á Ströndum hafa jarðir ýmis gæði, t.d. æðarrækt og sauðfjárrækt, en ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins hefur svipt eigendur sjávarjarða réttinum til að nýta jarðirnar, rétti til að nýta grásleppumið sem eru í eignarlandinu. Ég vil því spyrja hvort hæstv. byggðamálaráðherra ætli að snúa blaðinu við og leyfa fólkinu að nýta eignarlönd sín, en útræðisréttur sjávarjarða snýr einnig að því að bændur geti nýtt nálæg fiskimið eins og þeir hafa gert frá þjóðveldisöld, en nú hefur nýi Framsóknarflokkurinn einhverra hluta vegna svipt þá þeim réttindum.

Ég hef áður borið þessa spurningu upp, m.a. hér á Alþingi við hæstv. landbúnaðarráðherra og hann brást hinn versti við og taldi ákveðinn dónaskap vera fólginn í að spyrja slíkrar spurningar. Mér finnst það ekki. Mér finnst þetta snúast um hvort fólk fái raunverulega að bjarga sér á landsbyggðinni fyrir ofríki stjórnvalda.

Ég hef einnig spurt núverandi hæstv. félagsmálaráðherra sömu spurningar og hann virtist ekkert gera sér grein fyrir því hversu mikilvægt byggðamál þetta væri. Þetta er afar mikilvægt mál og það er mjög sérstakt að Framsóknarflokkurinn hafi daufheyrst við kröfum eigenda sjávarjarða fram á þennan dag. Þeir hafa þurft að leita á náðir dómstóla, ekki einungis hér á Íslandi — þar sem þeir hafa því miður ekki fengið jákvæðar niðurstöður — heldur hafa þeir þurft að fara núna til Evrópu, til sjálfs Mannréttindadómstóls Evrópu til þess að leita ásjár hvort þeir fái að nýta eignarlönd sín. Mér finnst þetta vera hið furðulegasta mál einmitt í ljósi þess að í flokkssamþykktum Framsóknarflokksins er þetta ein af samþykktunum. Samt sem áður vilja ráðherrar Framsóknarflokksins ekki beita sér og finnst þessi samþykkt flokksins í rauninni ekki vera mikilvæg og það kemur fram í svörum þeirra hér.

Auðvitað vitum við hvað liggur hér að baki. Framsóknarflokkurinn er hræddur við að verði bændum leyft að nýta eignarlönd sín muni það að einhverju leyti raska kvótakerfinu sem Framsóknarflokkurinn hefur staðið vörð um. (Forseti hringir.) Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. byggðamálaráðherra hvort hann ætli að virða eignarlönd bænda.

[15:14]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn frá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni. Hann beinir þeirri spurningu til mín hvort ég hyggist sem iðnaðarráðherra beita mér fyrir því að útræðisréttur strandjarða verði virtur að nýju.

Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þingmanns, það er samþykkt stefnumið á flokksþingi Framsóknarflokksins að vinna að því að útræðisréttur strandjarða verði virtur. Um er að ræða afar forn réttindi jarðareigenda sem eiga sér m.a. stoð í rekabálki Jónsbókar og veiðitilskipun frá árinu 1849. Hins vegar rekast þessi réttindi á sjónarmið um nýtingu og verndun fiskstofna og það er nauðsynlegt að horfa til þess líka.

Það má ekki gleyma því að miklar breytingar hafa orðið á heimildum eigenda fasteigna til nýtingar á eignum sínum með breyttum lifnaðarháttum og breyttu atvinnulífi. Ýmis lagaákvæði takmarka rétt fasteignareigenda til notkunar á landi sínu og koma þar til sjónarmið, m.a. skipulag, umhverfisvernd, verndun fugla og dýra og fleira. Þessar takmarkanir þykja réttlætanlegar í nútímaþjóðfélagi út frá sjónarmiðum um verndun og skynsamlega nýtingu. Ákvæði sem þessi geta vissulega orðið til þess að bótaréttur stofnast en slíkt verður að meta í hverju tilviki.

Kunnugt er að uppi hafa verið deildar meiningar meðal lögfræðinga um það hvort með lögum um stjórn fiskveiða hafi verið gengið of nærri stjórnarskrárvörðum eignar- og atvinnuréttindum þeirra bænda sem land eiga að sjó. Einnig liggur fyrir að eigendur sjávarjarða hafa af þessu tilefni stofnað samtök sem hafa þann tilgang m.a. að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný.

Mér vitanlega hefur ekki reynt á túlkun þessa beinlínis fyrir dómstólum en Hæstiréttur hefur með dómi frá árinu 2004 staðfest heimild löggjafans til að vernda nytjastofna í fiskveiðilandhelginni og stuðla að hagkvæmri nýtingu þeirra með því að banna landeigendum veiðar úr þeim innan netlaga sem utan, nema með sérstöku leyfi.

Verndun og nýting fiskstofna er hins vegar málefni sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Af þeirri ástæðu, í fjölskipaðri ríkisstjórn, er ekki unnið að breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu í iðnaðarráðuneytinu.

[15:17]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Útræðisréttur strandjarða er hluti af möguleikum íbúa landsins til að nýta auðlindir þess sér til atvinnusköpunar. Um aldaraðir hefur farið saman það búskaparform meðfram ströndum landsins að bændur hafa samtímis nýtt gæðin til landsins og til sjávarins. Ég er uppalinn við það að þá var til helminga stundaður sjór og landbúnaður.

Það að gefa strandjörðum rétt til ákveðins útræðis finnst mér vera skýlaus krafa sem þess vegna byggðamálaráðherra ætti að beita sér fyrir. Þetta er réttur sem fylgir jörðinni, réttur sem fylgir búsetuskyldu, réttur sem ekki er hægt að selja frá jörðinni eða leigja, heldur einungis nýta af þeim sem (Forseti hringir.) situr jörðina á hverjum tíma. (Forseti hringir.) Þennan rétt, frú forseti, þurfum við að standa vörð um og endurvekja.

[15:18]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða mál sem er á margan hátt mjög mikilvægt, þ.e. að þessi forni réttur bænda til að nýta auðlindir sínar sé virtur. Að sjálfsögðu tek ég fyllilega undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni í þessum efnum.

Svör hæstv. ráðherra koma hins vegar ekki á óvart. Það

er greinilega enginn vilji hjá ríkisstjórnarflokkunum til að virða þessi fornu réttindi bænda og það ber að harma. Ég hygg að þetta málefni verði til umræðu í kosningunum á vori komanda. Þetta snýst um grundvallarmál.

En afstaða ríkisstjórnarinnar kemur alls ekki á óvart. Hún stendur mjög dyggan vörð um það að halda þessum nýtingarrétti á höndum örfárra einstaklinga og útilokar að sama skapi almenning, þjóðina, frá því að fá að nýta þessar sjálfsögðu auðlindir sem tilheyra landsbyggðinni. Þetta er stefna sem ber mjög að harma. Það er alveg sjálfsagt mál og eðlilegt að þetta verði allt saman tekið til endurskoðunar og það verði gerðar úrbætur í þessum efnum um leið og ný ríkisstjórn tekur við á vori komanda.

[15:20]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Útræðisréttur strandjarða er forn réttur sem ríkið hefur tekið bótalaust af eigendum jarðanna. Ríkið fer þarna fram í valdi þess að vera hinn sterki og þeir sem eiga jarðirnar verða fyrir bótalausu eignarnámi vegna þess að þeir geta ekki varist ríkisvaldinu.

Þetta minnir mig að hluta til á það sem gerist í framkvæmd ríkisins á þjóðlendulögunum. Þar fer ríkið líka fram í krafti þess að vera hinn sterki gegn þeim sem erfitt eiga með að verja sig. Ég fullyrði t.d. varðandi þjóðlendulögin að þeir þingmenn sem samþykktu þau á sínum tíma á hinu háa Alþingi gerðu sér aldrei grein fyrir því að ríkið mundi fara fram með því offorsi sem ríkið hefur gert og taka eignarlönd og lönd sem menn hafa þinglýsta pappíra fyrir og þinglýsta kaupsamninga af mönnum bótalaust, eins og gert var með útræðisrétt strandjarða.

[15:21]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Það var sorglegt að hlýða hér á hæstv. byggðamálaráðherra. Auðvitað ber þó að þakka honum fyrir að koma hreint fram, koma eins og hann er klæddur til dyranna. Hann segir okkur frá því að hann ætli í rauninni ekki að virða þennan rétt, og að honum finnist það réttlætanlegt. Ég vil að hann skoði hug sinn og spyrji sig hvort það sé réttlætanlegt með einhverri verndun fiskstofna að svipta bændur réttinum til að nýta eignarlönd sín sem ná 115 metra út í sjó. Er í lagi með svona hugsanagang?

Ég get ekki séð að það sé hægt að finna einhverja stoð eða einhver rök fyrir því að þetta snúist um vernd fiskstofna, að svipta menn leyfi til grásleppuveiða í eignarlöndum sínum, svo að dæmi sé nefnt, eða veiða þar á krók eða í net. Þetta er í rauninni hrein og klár della.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem hæstv. byggðamálaráðherra kemur hreint fram, heldur hefur hann áður komið fram með sína byggðastefnu. Það gerði hann fyrir tveimur árum. Þá skrifaði hann í Borgfirðingabók að hér ætti að mynda einhvers konar borgríki. Orðrétt segir í þessum skrifum hæstv. byggðamálaráðherra, með leyfi forseta:

„Íslenska sveita- og þorpasamfélagið er úr sögunni. Í stað þess er hér risið nokkurs konar borgríki, samfélag sem ber mjög ólík einkenni og lýtur allt öðrum lögmálum."

Þetta er hinn nýi Framsóknarflokkur. Það er ágætt að bændur landsins viti að ef þeir merkja við B-ið í næstu kosningum eru þeir sömuleiðis að skrifa undir það að vera áfram sviptir eignarrétti sínum. Það er alveg stórundarlegt að Framsóknarflokkurinn sé kominn í þá stöðu (Forseti hringir.) að ráðast svo gegn hagsmunum bænda.

[15:23]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það reiknast til misskilnings að ruglast á lýsingu í riti og stefnulýsingu eða óskalista. (**SigurjÞ:** Á ég að halda áfram með hana?) Það er mikill munur á því hvort menn eru blindir á staðreyndir og eru kannski að harma þær eða hvort menn hvetja til tiltekinnar þróunar. Ég hef reynslu sem íslenskukennari og þekki þetta vandamál hjá nemendum.

Það er hins vegar talsverður samhljómur í því sem hér hefur komið fram um viðhorf til þessara fornu réttinda strandbænda. En ég vísa aftur til þess sem ég sagði um lögformleg rök og stjórnsýsluaðstæður í fjölskipaðri ríkisstjórn.

Umræðu lokið.

## *Raforkuverð til garðyrkjubænda.*

Fsp. BjörgvS, 150. mál. — Þskj. 150.

[15:24]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um lækkun á raforku til garðyrkjuframleiðslu og hvort til skoðunar sé í ráðuneytinu að mæta brýnni þörf garðyrkjunnar fyrir ódýrara rafmagn og þá sérstaklega í tengslum við þau raforkulög sem tóku gildi á sínum tíma.

Það er hægt að halda því fram að ríkisvaldið hafi brugðist þessari gjaldeyrissparandi hollustugrein á síðustu árum og býr sú stóriðja sem grænmetisframleiðslan er að mörgu leyti við miklu lakari kjör en hin hefðbundna stóriðja í kaupum sínum á raforku sem liggur greininni algerlega til grundvallar. Framleiðsla á grænmeti og blómum byggist að miklu leyti á notkun á rafmagni og hefur framleiðsla garðyrkjubænda margfaldast eftir að þeir tóku í sína þjónustu lýsingu af ýmsu tagi.

Það var til að mynda mjög sláandi frétt á dögunum þar sem fram kom að garðyrkjubóndi einn á Flúðum borgar 3 millj. á mánuði í rafmagn, 3 millj. fyrir ylræktarstöð sína á mánuði. Þar segir að fyrir 10 árum hafi garðyrkjubændur lýst miklu minna en nú noti þeir margfalt rafmagn og uppskeri að sjálfsögðu margfalt meira. Uppskerutíminn er miklu styttri og þeir ná að framleiða miklu meira, og fá betri vöru. Þess vegna er svo brýnt sem raunin er að mæta þörf garðyrkjunnar fyrir ódýrara rafmagn.

Raforkuverðið á, virðulegi forseti, að mínu mati að færa eins langt niður og hægt er. Garðyrkjan er gjaldeyrissparandi hollustugrein. Hún er sannkölluð græn stóriðja. Það er ósanngjarnt að grein sem á svo mikið undir raforkunni og raforkuverði skuli lúta svo ósanngjörnum kjörum samanborið við erlenda stóriðju í landinu. Í leiðinni er verið að skekkja framleiðslustöðu grænmetis verulega í samanburði

við innflutta vöru. Besta leiðin til að hlúa að greininni og byggja undir hana er að bjóða ódýrt rafmagn. Því spyr ég hæstv. ráðherra þeirrar spurningar sem hér er lögð fram.

Það verður að mínu mati, virðulegi forseti, að finna leið til að lækka raforkuverðið. Annars lendir garðyrkjuframleiðslan í enn þá meiri vanda en hún er í nú og greininni hrakar. Við eigum að byggja undir greinina, sérstaklega í ljósi breyttra laga eins og ég nefndi áðan, þannig að heilsársframleiðsla á grænmeti komist í betri farveg. Þau tímamót sem mundu felast í því að lækka raforkuverðið til garðyrkjubænda mundu skjóta mjög stoðum undir greinina. Það væri t.d. fróðlegt að heyra hjá hæstv. iðnaðarráðherra, ef hann hefði á hraðbergi, hve mikill munur er á raforkuverði til grænmetisframleiðenda og hefðbundinnar stóriðju.

[15:27]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Frá síðustu áramótum hafa allir kaupendur raforku haft frelsi til að velja raforkusala. Hvað varðar framleiðslu og sölu á raforku er það svo að orkusölum er heimilt að veita afslætti til gróðurhúsabænda eða annarra ef fyrirtækin sjá sér í hag í því og gæta þess að fara ekki á svig við samkeppnisreglur.

Hins vegar leiddu breytingar á skipulagi raforkumála til þess að óheimilt er að taka mishátt gjald fyrir flutning og dreifingu raforku eftir því til hvers orkan er notuð. Það kemur þó ekki í veg fyrir að við setningu gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu sé tekið tillit til þess að orkunotkun gróðurhúsabænda er talsverð og að hluta til er hægt að haga henni þannig að hún falli utan álagstoppa. Slík gjaldskrárákvæði byggja á því að þeir notendur sem eru eins settir varðandi orkunotkun og -nýtingu njóti sömu kjara en ekki er gert ráð fyrir sérstökum afsláttarkjörum til einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa.

Eins og fram kom í svari þáverandi iðnaðarráðherra við samhljóða fyrirspurn hv. þingmanns í febrúar 2005 heyra málefni gróðurhúsabænda undir verksvið landbúnaðarráðuneytisins. Í gildi er aðlögunarsamningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, frá árinu 2002, milli fjármála- og landbúnaðarráðherra annars vegar og Bændasamtaka Íslands og Sambands garðyrkjubænda hins vegar.

Á grundvelli þessa aðlögunarsamnings hefur landbúnaðarráðuneytið, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, unnið að því að koma til móts við þarfir garðyrkjubænda varðandi ódýrara rafmagn. Þessi vinna skilaði sér í því að vorið 2005 undirrituðu landbúnaðarráðherra og Samband garðyrkjubænda samninga við Rafmagnsveitur ríkisins annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur hins vegar um raforkudreifingu til gróðurhúsalýsingar sem gilda til 31. desember 2011.

Þá skuldbindur landbúnaðarráðuneytið sig til að greiða niður flutning og dreifingu raforku til lýsingar plantna í gróðurhúsum með því að magnliðir í gjaldskrám orkufyrirtækjanna fyrir flutning og dreifingu eru greiddir niður um 95% en framleiðendur garðyrkjuafurða greiða 5%.

Í samningum þessum skuldbinda orkufyrirtækin sig jafnframt til að selja flutning og dreifingu raforku til garðyrkjubænda samkvæmt þeim gjaldskrárlið sem að jafnaði er hagstæðastur hverjum notanda fyrir sig miðað við heildargjöld af flutningi og dreifingu.

[15:30]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Raforkan er jú undirstaða atvinnulífs hér á landi. Nærri 80% af henni eru bundin í einni atvinnugrein, stóriðju, erlendri stóriðju á umsömdu verði, verði sem ríkisvaldið sjálft hefur samið um undirboð á. Aðeins liðlega 20% eru á almennum markaði. Gróðurhúsaframleiðslan ætti mikla möguleika hér á landi ef hún nyti jafnréttis við erlenda stóriðju.

Hæstv. ráðherra svaraði því ekki hér hvert verð væri á raforku annars vegar til garðyrkjunnar og hins vegar til erlendu stóriðjunnar. Það er þetta jafnræði til atvinnulífs sem á að vera hér en ekki það að stjórnvöld ráðstafi 80% af raforkunni (Forseti hringir.) á einhverjum spottprís en síðan keppa aðrir (Forseti hringir.) á verði sem heldur viðkomandi stóriðju uppi. (Forseti hringir.) Það gengur ekki, herra forseti.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill áminna þingmenn um að virða þau knöppu tímamörk sem eru í umræðum af þessu tagi.)

Þetta er nú svo mikið stórmál.

[15:31]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að hreyfa við þessu máli vegna þess að hér er um að ræða gríðarlega stórt hagsmunamál fyrir íslenska neytendur. Grænmetisneysla fer ört vaxandi, sem betur fer, í samfélagi okkar og þá skekkir það auðvitað samkeppnisstöðuna fyrir íslenska grænmetisbændur gagnvart innfluttu grænmeti ef þeir þurfa að greiða þetta himinháa raforkuverð.

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, auðvitað á að ríkja og verður að ríkja jafnvægi milli atvinnugreina í þessu tilliti. Ég tel að það eigi að koma til móts við garðyrkjuframleiðendur í landinu og lækka raforkuverð til þeirra vegna þess, eins og ég kom inn á í upphafi, að það er mjög stórt hagsmunamál fyrir íslenska neytendur að þeir fái hér íslenskt grænmeti á sanngjörnu og góðu verði.

[15:33]

**Kristján L. Möller:**

Herra forseti. Það verður örugglega svo um ókomin ár að hér verður rætt um raforkuverð eftir þá breytingu sem hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra beitti sér fyrir á síðasta þingi, þ.e. breytinguna í frjálsræðisátt.

Hér hefur verið gert að umtalsefni raforkuverð til garðyrkjubænda, áður hefur verið rætt um fiskeldið. Því var reddað fyrir horn á síðustu stundu en eftir stendur, og það vil ég spyrja hæstv. núverandi iðnaðarráðherra út í, formann Framsóknarflokksins, sú stórkostlega hækkun sem hefur orðið á raforkuverði til fólks í dreifbýli og þá alveg sérstaklega til bænda og fólks á minni stöðum: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í því að lækka þann raforkukostnað, þann raforkureikning sem hefur hækkað um allt að 40–50% frá því að þessi breyting var gerð? Hvað hyggst formaður Framsóknarflokksins leggja til í þessum málum eða á þetta fólk að bera þá hækkun sem þarna hefur komið fram,

(Forseti hringir.) breytingu sem var sagt þegar málið var flutt að mundi ekki hafa neina hækkun í för með sér fyrir neina aðila?

[15:34]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Breytingar sem urðu á skipan raforkumála vegna nýrra raforkulaga hafa einungis leitt til hækkana hjá iðnaðinum, hjá þeim sem nota mikla raforku. Þetta er orðið þannig mál að það þarf að fara í gegnum það. Nú liggur fyrir þingsályktunartillaga um það að rækilega verði farið í gegnum þetta og það er spurning hver afstaða hæstv. ráðherra er þannig að við þurfum ekki að deila hér um hvert og eitt fyrirtæki, bakarí, fiskeldisfyrirtæki sem fá sérsamning, gróðurhúsin og hvaðeina.

Það væri mjög áhugavert að fá afstöðu hæstv. ráðherra til þessa máls, sérstaklega í ljósi þess að þessi skipan átti að leiða til þess að allir sætu við sama borð. Núna er ríkisvaldið að lyfta undir þennan atvinnuveginn, það var fiskeldið í sumar og hvað verður það á morgun?

[15:35]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra las hér upp úr svarinu sem embættismennirnir höfðu útbúið að óheimilt væri að taka mismunandi verð fyrir flutning á raforku. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort þá sé ekki hægt að ályktа að hann haldi því fram að það sé sama verð fyrir flutning á kílóvattstund til stóriðju og til almenns iðnaðar. Ætli það geti ekki verið að heildarverðið til stóriðjunnar með flutningi og öllu saman sé lægra en bara flutningurinn á rafmagninu til atvinnufyrirtækja og heimila á Íslandi? Ég hefði haldið ef maður skoðaði það mál að það væri þannig.

Að öðru leyti var fátt í svari hæstv. ráðherra sem vakti athygli mína og ég verð bara að viðurkenna alveg eins og er að upplesturinn á þessu var með þeim hætti að ég skildi fátt af því sem fram kom.

[15:36]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Mér finnst í raun og veru undrunarefni að stjórnvöld skuli ekki sýna þessu máli meiri skilning, þ.e. að ekki skuli vera gert meira til þess að reyna að mæta þörf garðyrkjubænda fyrir ódýra raforku. Garðyrkjan er víða stóriðja, hún er ekkert annað en stóriðja og skapar mörg mikilvæg störf úti á landsbyggðinni, ekki síst á Suðurlandi. Ég minni líka á að á Suðurlandi er ein mesta raforkuframleiðsla landsins. Mér finnst mjög undarlegt að ekki skuli vera gert meira til að reyna að gera þessum atvinnuvegi hærra undir höfði. Þvert á móti höfum við séð beinar aðfarir að honum, til að mynda áttum við hér í fyrra mjög athyglisverða umræðu um tollamál þegar landbúnaðarráðuneytið felldi niður tolla á garðyrkjuvörum innfluttum til landsins sem kom þessum iðnaði mjög illa. Við sjáum á sama tíma einnig að málefni Garðyrkjuskólans á Reykjum, mjög merkilegrar skólastofnunar, eru meira og minna í uppnámi og mikilli óvissu þessa dagana.

Ég hlýt að lýsa miklum vonbrigðum með það, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) hvernig staðið er að þessari merku atvinnugrein nú um stundir.

[15:37]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Svar hæstv. ráðherra var ákaflega kaldar kveðjur til garðyrkjuframleiðslunnar í landinu. Það voru ákaflega nöturleg skilaboð og í skeytingarleysi hæstv. ráðherra felst aðför að stöðu atvinnugreinarinnar. Skeytingarleysið er algjört, og skilningsleysið, á þörfinni og það að skjóta sér á bak við óheimila mismunun eftir atvinnugreinum þegar verið er að niðurgreiða margfalt verð á raforku til stóriðjunnar í landinu og skjóta sér á bak við það að ekki sé hægt að mæta hinni brýnu þörf grænu stóriðjunnar, sem þessi gjaldeyrissparandi hollustu- og undirstöðugrein er í íslenskri matvælaframleiðslu, með neinum hætti eru stórfurðuleg pólitísk skilaboð og hljóta að kalla á ögn skarpari svör frá hæstv. ráðherra.

Það undraði mig mjög að í svari hæstv. ráðherra fælist ekki einu sinni ádráttur um að það kæmi til greina að mæta þeirri brýnu þörf sem garðyrkjan er í fyrir ódýrara rafmagn sem liggur frekari framleiðslu og öflugri rekstri þessara fyrirtækja fullkomlega til grundvallar. Þetta voru kaldar kveðjur, hæstv. forseti, nöturleg skilaboð til garðyrkjunnar í landinu og ég skora á hæstv. ráðherra að lýsa vilja sínum til góðra verka í þessa átt í staðinn fyrir að fara með þá rullu sem hann fór með hér áðan þegar allir vita að það er brunaútsala í gangi á rafmagni til erlendrar stóriðju og sú grein sem hér um ræðir mætir um leið algjöru skilningsleysi.

[15:39]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég vísa til þess sem ég sagði áðan um samninga sem gerðir voru að frumkvæði landbúnaðarráðuneytisins og eru í framkvæmd. Þar er talsverðum fjármunum varið í þann málaflokk sem hér er verið að tala um. Í iðnaðarráðuneytinu er talsvert verið að athuga ýmis erindi sem borist hafa vegna raforkukostnaðar í dreifbýli, sem hér var einnig nefnt, og ég get í þriðja lagi nefnt að mér er kunnugt frá Orkustofnun um að þar er í undirbúningi verkefni um orkusparnað í lýsingu í gróðurhúsum.

Umræðu lokið.

***Umræður utan dagskrár.***

Vopnaburður lögreglumanna.

[15:41]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Hæstv. forseti. Starf lögreglunnar hefur orðið hættulegra hér á landi á síðustu áratugum en áður var. Baráttan gegn fíkniefnasmygli og -sölu, gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi svo sem mansali og kynlífsþrælkun setur sinn svip á störf lögreglumanna en sú þróun einskorðast ekki við Ísland eins og menn vita.

Nýlega voru sagðar af því fréttir að maður sem var handtekinn hefði verið með hlaðna skammbyssu innan klæða. Ekki er vitað til þess að þetta hafi gerst áður við handtöku hér á landi. Það er við því að búast að við slík tíð-

indi slái óhug á almenning og að sjálfsögðu á lögreglumenn. Einnig er ljóst að inn í landið flæða alls kyns eggvopn, hnífar og hnúajárn og önnur barsmíðatól sem ekkert erindi eiga í hendur almennings. Þetta gerist þrátt fyrir skýr ákvæði vopnalaga um að vopnaburður hvers konar sé bannaður á almannafæri. Þegar svo er komið er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að taka á málum af yfirvegun og ábyrgð.

Í tíð núverandi hæstv. dómsmálaráðherra hefur sérsveit lögreglunnar verið efld en sérsveitarmenn eru þeir einu sem mega fara með vopn innan lögreglunnar. Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir því en á höfuðborgarsvæðinu eru að lágmarki tveir sérsveitarmenn á vakt í sérútbúnum lögreglubíl sem í eru vopn sem hægt er að grípa til fyrirvaralaust.

Hæstv. forseti. Nýlega mun starfshópur ríkislögreglustjóra hafa gert það að tillögu sinni að lögregluliðin í landinu fái aukinn sérbúnað. Samkvæmt fréttum er um að ræða skammbyssur, skotheld vesti og skothelda hjálma. Eftir því sem ég kemst næst er tillagan sú að slíkur búnaður sé tiltækur á hverri lögreglustöð. Þessar tillögur munu hafa verið kynntar fyrir dómsmálaráðherra og því er ástæða til þess að inna hann eftir því hver viðbrögð hans við þeim séu. Telur hæstv. dómsmálaráðherra t.d. koma til greina að lögreglumenn noti almennt svokölluð léttvesti sem mun vera ein tegund skotheldra vesta?

Burt séð frá umræðunni um öryggisbúnað lögreglumanna er ljóst að fari lögreglan að vopnbúast munu glæpamennirnir gera það líka. Það skapar hættulegra og ofbeldisfyllra samfélag í stað þess að veita borgurunum betri vernd, og menn verða að horfast í augu við það. Menn verða líka að svara því hvaða vanda aukinn vopnabúnaður lögreglu eigi að leysa ef af slíku yrði.

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram, m.a. hjá framkvæmdastjóra Landssambands lögreglumanna, að landssambandið er ekki meðmælt því að lögreglan vopnist, til þess höfum við sérsveitina. Ég vil líka taka það fram að ég hef ekki heldur heyrt hæstv. dómsmálaráðherra leggja slíkt til. Vegna fréttaflutnings að undanförnu, m.a. um tillögur starfshópsins, tel ég nauðsynlegt að þetta mál sé rætt utan dagskrár á hinu háa Alþingi. Það er nauðsynlegt að hv. þingmenn ræði það hér við þessa umræðu og væntanlega nánar í störfum þingsins í vetur hvort einhver vilji sé fyrir því að fara inn á þessa braut hér á landi, eða ekki, og hvaða aðgerðir það kallar á eða hvort við viljum halda í gildi þess — hið menningarlega og siðferðislega gildi þess, vil ég halda fram — að hafa vopnlausa lögreglumenn á Íslandi.

[15:44]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Landssamband lögreglumanna vakti athygli dómsmálaráðuneytisins á því í lok síðasta árs að meðferð og úrvinnsla mála er varðar hótanir og ofbeldi gegn lögreglumönnum væri ekki í nógu góðum farvegi og var m.a. vísað til þess að ákveðins þekkingarleysis og áhugaleysis gætti við meðferð slíkra mála.

Þá hefur embætti ríkislögreglustjóra komið að vinnu vegna starfsumhverfis lögreglumanna. Þar á meðal unnið að úttekt á rannsóknum lögreglu vegna meintra brota gegn 106. gr. almennra hegningarlaga, unnið að gerð tillagna um skipuleg viðbrögð við alvarlegum áföllum sem lögreglumenn verða fyrir í starfi og lýst viðhorfum sínum til 106. gr. almennra hegningarlaga og mála er varða mótþróa við handtökuaðgerðir.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á undanförnum mánuðum unnið að samantekt um lagaumhverfi þessara brota og litið m.a. til réttarumhverfis í Danmörku og Noregi í vinnu sinni. Hefur samantekt ráðuneytisins þar sem lýst er tillögum til úrbóta verið send refsiréttarnefnd sem nú fjallar um 106. gr. almennra hegningarlaga með það að markmiði að vinna að gerð frumvarps til breytinga á ákvæðinu.

Helstu tillögur til úrbóta að því er varðar lögreglumenn sérstaklega felast í því að hækka refsiramma 1. mgr. 106. gr. ef brot gegn greininni beinist að opinberum starfsmanni sem að lögum hefur heimild til líkamlegrar valdbeitingar. Í slíkum tilfellum megi beita fangelsi allt að átta árum í stað sex ára hámarks eins og ákvæðið er nú úr garði gert. Þá felast tillögur til úrbóta jafnframt í því að skýra nánar framsetningu 2. mgr. 106. gr. á þann veg að sá sem tálmar því á annan hátt að lögreglumaður gegni skyldustörfum sínum skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þá tel ég einnig koma til greina að skipaður verði starfshópur fulltrúa ráðuneytisins, ákæruvaldsins, ríkislögreglustjóra, Landssambands lögreglumanna og eftir atvikum fulltrúa úr röðum tollvarða og fangavarða sem vinna að gerð tillagna að verklagsreglum um rannsókn og meðferð mála þar sem grunur leikur á að opinber starfsmaður sem heimild hefur að lögum til líkamlegrar valdbeitingar hafi sætt broti gegn 106. gr. almennra hegningarlaga.

Það hefur lengi verið ríkjandi stefna íslensku lögreglunnar að lögreglumenn séu óvopnaðir við almenn löggæslustörf og hefur engin breyting orðið á þeirri stefnu þrátt fyrir vaxandi fjölmiðlaumræðu um alvarleg mál þar sem lögregla hefur þurft að yfirbuga vopnaða einstaklinga. Það er skoðun mín að ekki sé ástæða til að hverfa frá þeirri meginstefnu að hin almenna lögregla í landinu sé óvopnuð við dagleg störf. Þessi mál eru reglulega til umræðu hjá lögregluyfirvöldum enda mikilvægt að lögreglan sé sjálf lykilþátttakandi í umræðunni þar sem um starfsöryggi lögreglumanna er að ræða.

Ég tel það mun betri kost að leggja áfram auknar áherslur á uppbyggingu sérsveitar lögreglunnar, en á undanförnum árum hefur sérsveitarmönnum verið fjölgað ásamt því sem markvisst hefur verið hugað að þjálfun sérsveitarmanna. Hefur verið unnið að uppbyggingu sérsveitarinnar í góðri sátt við helstu hagsmunaaðila. Sérsveitin hefur verið efld á síðustu þremur árum. Frá 1. nóvember eru um 45 menn í henni, þar af 36 á höfuðborgarsvæðinu, 4 á Akureyri og 5 á Suðurnesjum. Sérsveitin hefur frá 1992 haft vopnabúnað með í útkallsbifreið.

Vegna fámennis í sérsveitinni var áður fyrr ekki alltaf unnt að tryggja að sérsveitarmenn væru á vakt en nú hefur verið bætt úr því þannig að ávallt eru að lágmarki tveir sérsveitarmenn á vakt allan sólarhringinn.

Sérsveitin var stofnuð árið 1982 og fram til 1992 kom iðulega til þess að ræsa þurfi út alla sveitina vegna vopnamála. Árið 1992 var því fyrirkomulagi breytt í þá veru að sérsveitin mannaði útkallsbifreið á vöktum sem leiddi til þess að oft tókst að leysa mál á frumstigi án þess að kæmi

til allsherjarútkalls sveitarinnar. Engin breyting hefur orðið á eðli starfa sérsveitarinnar frá 1992.

Með fjölgun sérsveitarmanna hefur hins vegar verið tryggt að ávallt séu sérsveitarmenn til staðar. Auk þess tryggir fjölgunin viðbúnað sérsveitarinnar til að takast á við stærstu verkefni. Vegna fjölgunarinnar geta verið allt að 12 sérsveitarmenn á vakt á næturvöktum um helgar.

Sérsveitin gerir út útkallsbifreiðir frá höfuðborgarsvæðinu og nær eftirlitssvæðið til Keflavíkur, Selfoss og Borgarness. Þá eru gerðar út útkallsbifreiðir frá Akureyri og Keflavíkurflugvelli. Fjarskiptamiðstöð lögreglu stýrir útkallsliðinu til starfa þar sem þörfin er mest hverju sinni. Sérsveitin er þannig hreyfanlegur liðsstyrkur lögreglunnar sem er óbundin af umdæmamörkum. Þá er fyrirvaralaust hægt að senda sérsveitarmenn um allt land þegar á þarf að halda.

[15:49]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Staðreyndin er að frá stofnun embættis ríkislögreglustjóra árið 1997 hefur kostnaður ríkisins vegna löggæslumála meira en tvöfaldast í krónum talið. Hefur kostnaður við embætti ríkislögreglustjóra sexfaldast í krónum talið á tímabilinu frá 1998–2005 og fjórfaldast að raungildi. Þetta er meðal þeirra staðreynda sem við rekum okkur á þegar farið er að skoða löggæslumálin, ásamt aukinni áherslu á umræðu um öryggislögreglu, óeirðalögreglu og sérsveit. Angi af þessu máli er hin aukna áhersla á þessa þætti löggæslunnar.

Ég er í sjálfu sér ánægð með að heyra hæstv. dómsmálaráðherra lýsa því hér yfir að ekki sé ætlunin að hverfa frá þeirri meginreglu að lögreglan á Íslandi sé óvopnuð við störf sín. Það skiptir okkur verulegu máli að þeirri stefnu sé framfylgt enda vitum við það af rannsóknum sem gerðar hafa verið í nágrannalöndum okkar að ef hin almenna lögregla býst vopnum er voðinn vís. Þá kallar hún á meira ofbeldi. Það hafa finnskar rannsóknir sýnt fram á og Finnar hafa verið að gera átak hjá sér í að reyna að minnka notkun skotvopna hjá almennri lögreglu. Við erum því algerlega með það á hreinu að það þarf ekki og á ekki að að fara inn á þá braut.

Hins vegar skilur maður að lögreglan, sem í auknum mæli þarf að takast á við ribbalda og ofbeldisseggi við störf sín, þurfi á því að halda að hafa einhvern öryggisbúnað til taks hjá lögregluembættunum. Hér þarf að sjálfsögðu að fara bil beggja í þessum efnum. En það er auðvitað alveg klárt að við höfum ákveðna sérstöðu sem við þurfum að varðveita. Hin almenna löggæsla á Íslandi á að fara fram án þess að lögreglan þurfi að vera vopnum búin.

[15:52]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál hér upp. Ég man að við ræddum fyrir nokkrum árum áherslur hæstv. dómsmálaráðherra í löggæslumálum og þá með vísan í sérsveitir. Ég fagnaði áherslum hæstv. ráðherra á þeim tíma og er þeirrar skoðunar að efling sérsveitar lögreglunnar hafi haft jákvæð áhrif. Það er því ánægjulegt að heyra af þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar að samstaða ríkir um það mál vegna þess að ég man að það var aldeilis ekki á hinu háa Alþingi á þeim tíma.

Óvopnaðir lögreglumenn njóta liðsinnis sérsveitarmanna, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Akureyri. Sérsveitarmenn eru alltaf á vakt og geta verið komnir á vettvang á skömmum tíma. Varðandi vopnaburð almennra lögreglumanna þá kalla þeir sjálfir ekki eftir þeirri breytingu. Lögreglumenn hafa ekki haft frumkvæði að því og það er mikilvægt að staðan haldist þannig að til þess þurfi ekki að koma. Hvorki lögreglumenn né glæpamenn almennt ganga með skotvopn þó að auðvitað séu sorglegar undantekningar á því, þ.e. í hópi glæpamanna. Það verður að haldast þannig. Að sjálfsögðu er ekkert útilokað í þessum málum og ef þetta mundi þróast til verri vegar yrði að taka á því. Vonandi getum við haldið sem lengst í óvopnaða almenna lögreglu en ég legg áherslu á að við getum áfram eflt sérsveitina og gert hana enn hreyfanlegri. Ég styð hæstv. dómsmálaráðherra í þeirri þróun og er þess fullviss að áherslur hans í löggæslumálum undanfarin ár séu mjög til góðs. Ég tek undir með hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur að gildi þess að geta haldið lögreglunni óvopnaðri en jafnframt tryggt öryggi hennar er ómetanlegt. Ég fagna því orðum hæstv. ráðherra um að ekki standi til að breyta þeirri stefnu.

[15:53]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hér er tekið til umræðu mál sem er á margan hátt mjög flókið og vandmeðfarið, mál sem hefur á sér marga fleti. Ég tel að sjálfsögðu að lögreglumenn sem sinna almennum löggæslustörfum eigi alls ekki að vera vopnaðir. Það væri mjög varhugavert að fara út á þá braut. Hins vegar sjáum við dæmi þess að glæpamenn hér á landi, sumir hverjir, eru farnir að bera vopn. Við höfum líka séð dæmi þess í löndunum í kringum okkur, nágrannalöndunum, að óvopnaðir lögreglumenn hafa verið myrtir við störf sín af vopnuðum glæpamönnum. Þeir hafa verið sendir óvopnaðir í útköll jafnvel þegar vitað var að menn væru hugsanlega gráir fyrir járnum og biðu komu þeirra. Þetta er á margan hátt mjög vandmeðfarið.

Sérsveitin er góð svo langt sem hún nær en það má spyrja sig hvort hún dugi alltaf til. Það má spyrja þeirrar spurningar hvort ástæða sé til að vopn séu til staðar á lögreglustöðvum víða um land sem grípa mætti til eftir ákveðnum reglum ef í harðbakkann slægi. Þarna er ég náttúrlega fyrst og fremst að hugsa um öryggi borgaranna og líka um öryggi lögreglumanna. Að lögreglumenn geti þá brugðist við aðstæðum sem kynnu að koma upp með mjög skömmum fyrirvara og varið hendur sínar og um leið varið borgarana. Ég ætla ekki hér og nú að taka afstöðu til þess hvort þetta eigi að gera en ég tel að við eigum að skoða þessi mál með opnum huga. Við verðum líka jafnframt að hafa í huga að vopnaburður lögreglu mun sennilega kalla á það að glæpamenn vígvæðist einnig á móti. Þetta er því mjög erfitt og vandmeðfarið mál.

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt og mjög gott að við tökum þessa umræðu. Það er sjálfsagt og mjög gott að við hugleiðum þessi mál og skoðum þau með opnum huga og séum mjög á varðbergi gegn því að þróun (Forseti hringir.)

mála verði með neikvæðum hætti.

[15:56]

**Eiríkur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég held að mörgum hafi brugðið í brún við nýlegar fréttir af hugmyndum um skipan lögreglumála hér á landi. Það virðist á einhvern hátt vera þannig að ákveðinn vígvæðingar- og hörkuandi hafi gripið um sig innan framkvæmdarvaldsins. Nú á m.a. að auka samstarf við bandarísk lögregluyfirvöld, þau miklu hörkutól sem ítrekað hafa orðið uppvís að mannréttindabrotum. Þá eru uppi hugmyndir um stofnun leyniþjónustu og nýjasta nýtt er síðan tillaga starfshóps ríkislögreglustjóra um að vopnbúa að lágmarki 20% lögregluliðs á hverri einustu lögreglustöð.

Ég fagna auðvitað þeim samhljómi á Alþingi að slíkt sé óeðlilegt en þetta er fyrirliggjandi tillaga. Það getur vel verið að aukin harka afbrotamanna kalli á meiri viðbúnað af hálfu lögreglu en ég leyfi mér reyndar að efast um að aukinn vopnaburður komi til með að draga úr hörku afbrotamanna.

Það sem ég vil hins vegar leggja sérstaka áherslu á er nauðsyn þess að Alþingi komi á einhvern hátt að þessum ákvörðunum af því að Ísland hefur verið, a.m.k. lengst af, friðsöm og vopnlaus þjóð og mikil þjóðarsátt hefur ríkt um það. Ef ætlunin er að gera breytingar á þessu, sem vel að merkja liggur fyrir tillaga um, þá er nauðsynlegt að hinir þjóðkjörnu fulltrúar á Alþingi komi að þeirri ákvörðun. Það má hreinlega ekki gerast að slík aukin vígvæðing hér á landi laumi sér inn bakdyramegin án fullnægjandi umræðu á þjóðþinginu og í andstöðu við þjóðina.

Þetta segi ég ekki síst í ljósi sögunnar því það er því miður ekki fordæmalaust að ráðherrar á Íslandi hafi laumað þjóðinni til þátttöku í vopnabrölti að ráði yfirvalda í Washington en án fullnægjandi samráðs við Alþingi og í andstöðu við meiri hluta þjóðarinnar. Það er auðvitað ákveðið áhyggjuefni að alþingismenn heyri það í fjölmiðlum að 20% lögreglumanna eigi jafnvel að taka upp vopnaburð sem og aðrar hugmyndir um vígvæðingu. (Forseti hringir.) Það má ekki gerast að þessu sé laumað inn án fullnægjandi umræðu á Alþingi.

[15:58]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Mér þykir mönnum hafa tekist hér að teygja tiltölulega afmarkað umfjöllunarefni yfir býsna breitt svið öryggis- og varnarmála, en ég ætla að reyna að halda mig við það sem málshefjandi vakti máls á sem er grundvallaratriðið um að við höfum ekki vopnaða lögreglu hér á landi, að almenna lögreglan er ekki vopnuð.

Það má segja að umræðan hér í dag hafi leitt í ljós að nýlegar fréttir af skýrslu frá starfshópi ríkislögreglustjóra hafi verið einhvers konar „ekki-frétt" vegna þess að ekki er verið að leggja til að vopnvæða almennu lögregluna. Og ekki nóg með það heldur er umrædd skýrsla, sem mun vera rúmlega ársgömul eða um það bil, sett fram í fjölmiðlum í einhverjum tengslum við fréttir af því að brotamenn hafi verið vopnaðir þegar þeir voru handteknir við störf af lögreglunnar og reynt að setja einhverja tengingu þarna á milli sem er algjörlega ástæðulaust.

Við fylgjum þeirri meginstefnu sem ráðherrann hefur kynnt hér að almenna lögreglan sé ekki vopnuð. Það er sama stefna og fylgt er í Noregi og Bretlandi til að mynda. Það stendur ekki til að breyta því. Dómsmálaráðherra hefur á undanförnum þingum þurft að berjast mjög fyrir þeirri stefnu sinni að styrkja sérsveitina. Mér heyrist að þingheimur sé að verða meðvitaðri um að það hafi verið skynsamleg stefna og að hann hafi sýnt mikla framsýni með þeim áherslum sínum. Þetta er að sýna sig í störfum almennu lögreglunnar í þeim brotamálum sem við heyrum af í fréttunum. Það hefur ekki verið vanþörf á þeirri styrkingu sem þar hefur verið barist fyrir og dómsmálaráðherra hefur beitt sér fyrir. Ég held að það sé vel og við séum á réttri leið í þessum málaflokki.

[16:00]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Það er mjög eðlilegt að ræða hér búnað, jafnvel vopnaburð íslenskra löggæslumanna, skiptast á skoðunum um það því að þetta er alvörumál. Þetta er alvörumál í okkar þjóðfélagi þar sem við erum vopnlaus þjóð. Við höfum ávallt sótt mál okkar og varið okkur án vopna, að minnsta kosti nokkur hundruð undanfarin ár. Ekkert er fjær okkur en að vopnbúa starfsmenn þjóðarinnar við almenn störf. Það er mjög mikilvægt að standa vörð um og halda því stöðugt á lofti að almennir löggæslumenn beri ekki vopn.

Ég vil líka vara hér við þeim tón af vopnvæðingu sem virðist fara vaxandi í þjóðfélaginu ekki síst einmitt vegna gerða og orða hæstv. dómsmálaráðherra. Vöxt sérsveitar lögreglunnar og aukin verksvið hennar, jafnvel inn á almenn löggæslusvið, ber að varast. Ég held að það eigi að setja enn skýrari mörk um verksvið þessarar vopnuðu sérsveitar, ef hennar er þörf, þannig að hún hvetji á engan hátt til aukinnar hörku í samfélaginu eða geti verið hluti af þeirri sýn að hér sé að verða til vopnuð löggæslusveit.

Fréttaflutningur til dæmis af mótmælum austur á landi þar sem löggæslumenn komu að því er virtist með hjálma og skildi til þess að takast á við friðsama mótmælendur eða ferðafólk (Forseti hringir.) á hálendi Íslands þýðir auðvitað það að það er verið að gefa hörku-skilaboð sem ég (Forseti hringir.) tel mjög mikilvægt, herra forseti, (Forseti hringir.) að við forðumst og höfnum alfarið.

[16:02]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Hæstv. forseti. Það er að vísu rétt að ákveðinn samhljómur er hjá hv. þingmönnum við þessa umræðu og í sjálfu sér átti ég ekki von á öðru. Það hefði komið mér verulega á óvart ef annað hljóð hefði verið í strokknum. Við erum öll sammála um að hinir almennu lögreglumenn, þ.e. næstum allir lögreglumenn á Íslandi utan þeir 45 sem tilheyra sérsveitinni, skuli vera vopnlausir.

Björn Bjarnason hæstv. dómsmálaráðherra sagði að ekki væri ástæða til að hverfa frá þeirri meginstefnu. Það held ég að hann hafi sagt orðrétt. En það sem hæstv. dómsmálaráðherra sagði ekki eða réttara sagt svaraði ekki var hvort hann hefði tekið afstöðu til þeirra tillagna, sem eru að því er virð-

ist árs gamlar, þ.e. tillögur starfshóps ríkislögreglustjóra um starfsumhverfi lögreglu og um það hvort með einhverjum hætti eigi að setja vopn inn á almennar lögreglustöðvar þannig að þau séu þar tiltæk með einhverjum hætti eða þannig að í þau geti hinir almennu lögreglumenn komist. Ég skil ekki tillöguna með öðrum hætti. Það væri mjög gott að fá skýrt svar við því hvort þetta sé til umræðu hjá framkvæmdarvaldinu. Ég vil taka undir orð hv. þm. Eiríks Jónssonar að þessi umræða á ekki að fara fram þar bara. Hún þarf að fara fram hér á löggjafarsamkomunni, hvort heldur í þessum sal eða í þeim þingnefndum sem hana varðar því að þetta er algjört grundvallarmál í íslensku samfélagi.

Ég vil að lokum taka undir orð hæstv. dómsmálaráðherra um að tryggja þurfi betur vernd lögreglumanna lögum samkvæmt og ég veit að slíkt er í farvatninu. Það féllu hér dómar í vor sem sýndu misræmið í þeirri vernd sem opinberir starfsmenn hafa. Það er gott að verið skuli að vinna að því. (Forseti hringir.) En allir þurfa, lögreglumenn og aðrir einnig, að fara varlega (Forseti hringir.) með það vald sem þeim er gefið.

[16:05]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Varðandi vopnabúnað lögreglumanna þá hefur það nú verið hér alveg frá fyrstu tíð að lögreglumenn hafa haft aðgang að vopnum. Þeir hafa æft skotfimi og þeir hafa verið þjálfaðir í meðferð skotvopna. Það er ekkert nýtt. Þeir hafa haft aðgang að vopnum og í lögreglustöðvum eiga menn að geta haft aðgang að vopnum og þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að gæta síns öryggis. Þannig er það. Þannig hefur það verið.

Ég tel því bara að það sé mikil fáviska hjá þingmönnum ef þeir koma hér og tala eins og það sé eitthvert nýmæli að lögreglumenn á Íslandi hafi æft skotfimi eða búið sig undir að beita skotvopnum ef á þarf að halda og að það sé einhver vígvæðing að ræða það að lögreglumenn hafi slíkan búnað. Það er algjör misskilningur og bara fáfræði og ótrúlegt að menn standi hér í þinginu og ræði þetta og láti eins og það sé eitthvert algjört nýnæmi hér að menn fjalli um þetta. Það hefur verið fjallað um þetta hér áratugum saman. Menn hafa rætt þetta í þinginu hvernig lögreglan skuli búin. Alveg frá því á fjórða áratugnum liggja fyrir skýrslur um þetta og menn hafa rætt þetta opinberlega og farið yfir þetta þannig að það er ekkert nýmæli.

Nýmæli er hins vegar skipulagið sem var tekið upp með sérsveitinni frá og með mars árið 2004. Þá urðu líka miklar umræður um þetta í þinginu, allt annars konar umræður en fara fram hér nú um þetta mál. Þá var miklu minna skilningsleysi á málinu en kemur fram hér í dag. Að vísu er hér einn nýr ungur þingmaður sem ekki hefur tekið þátt í þessum umræðum og nálgast málið frá heldur sérkennilegum sjónarhóli þegar hugað er að öryggi borgaranna og öryggi lögreglumanna. Það er ekki verið að vígvæða þjóðina. Það er ekki verið að vígvæða lögregluna. Það er verið að tryggja öryggi lögreglunnar og tryggja öryggi borgaranna.

## *Skipan áfrýjunarstigs dómsmála.*

Fsp. EirJ, 268. mál. — Þskj. 277.

[16:07]

**Fyrirspyrjandi (Eiríkur Jónsson):**

Herra forseti. Ástæða þessarar fyrirspurnar er hin umtalsverða fjölgun áfrýjaðra mála hjá Hæstarétti Íslands. Árið 2001 var 461 máli áfrýjað til Hæstaréttar. Hins vegar, eins og fram kemur í síðustu tveimur ársskýrslum réttarins, hefur orðið talsverð fjölgun áfrýjaðra mála sem orðið hefur á síðustu árum og nú er svo komið að 564 málum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar það sem af er þessu ári. Ef fram heldur sem horfir má gera ráð fyrir því að fjöldinn fari í um það bil 700 mál í ár, sem væri þá um það bil 50% aukning frá árinu 2001. Þess má geta til samanburðar við þessi 700 mál að Hæstiréttur Danmerkur virðist kveða upp um það bil 300 dóma á ári og Hæstiréttur Bandaríkjanna kveður upp um það bil 100 dóma á ári.

Vinnuálag réttarins við þessar aðstæður er gríðarlegt. Þessu aukna álagi hefur Hæstiréttur þurft að mæta með deildaskiptingu sinni og aukinni verkaskiptingu dómara. Af þessu hefur leitt að í dag er það í rauninni þannig að það eru ekki nema þrír dómarar Hæstaréttar sem dæma mál í flestum tilvikum. Dómar Hæstaréttar eru því í raun réttri ekki samdir nema af einum þriðja hluta réttarins í flestum tilvikum. Þetta er mjög frábrugðið stöðunni í ýmsum öðrum ríkjum þar sem áhersla er lögð á æðsta dómstigi á aðkomu allra dómaranna, meðal annars í því skyni að tryggja samræmi í dómaframkvæmd.

Ég tel í ljósi þessarar þróunar að efni séu til þess að huga að breytingum á áfrýjunarstigi dómsmála, að eftir atvikum verði rykið dustað af gömlum og góðum hugmyndum sem bornar voru hér fram um að koma á fót millidómstigi sem mundi tryggja sama góða aðgengið að dómstólunum en um leið tryggja að fullur og óskiptur Hæstiréttur dæmdi í sem flestum málum. Hæstiréttur mundi þá einbeita sér að því að dæma í stærstu og viðamestu málunum ólíkt því sem tíðkast núna þegar Hæstiréttur þarf í raun að sinna öllu milli himins og jarðar, allt frá grundvallarspurningum um stjórnskipun niður í einföldustu skuldamál.

Í ljósi þeirrar þróunar sem hér hefur verið rakin, sem sagt hins aukna málafjölda og hinnar auknu verkaskiptingar Hæstaréttar sem af honum hefur leitt beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra sem fram kemur á þingskjali 277, hvort ekki sé rétt að huga nú að breytingum á skipan áfrýjunarstigs dómsmála.

[16:09]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég svara hv. fyrirspyrjanda í stuttu máli. Er svar mitt á þann veg að ég tel sjálfsagt og eðlilegt að menn ræði millidómstig hér á landi. Mér sýnast hins vegar gallarnir við slíka breytingu í fljótu bragði fleiri en kostirnir. Hitt er að mínu mati ekki síður vert að íhuga hvort rétt sé að breyta dómstólaskipan á annan veg, sem sé þann að endurvekja að nýju skiptingu dómstóla í þá sem dæma í sakamálum og svo þá sem dæma í almennum einkamálum. Slíkur aðskilnaður gæti leitt af sér sérhæfðari dómara sem hefðu fyllri tök á flóknum viðfangsefnum.

Hv. þingmaður nefnir það sem ástæðu fyrir millidómstigi að áfrýjuðum málum hefur fjölgað. Vissulega er það rétt og vinnuálag á hæstaréttardómara er mikið. Á hinn bóginn tekst þeim að halda svo vel á málum að ekki er um neinn málahala að ræða og leyfi ég mér að segja að hér sé skilvirkni Hæstaréttar að þessu leyti meiri en í nokkru öðru landi. Það þarf því önnur rök fyrir millidómstigi en þau að dómarar í Hæstarétti hafi ekki undan í störfum sínum.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um meðferð sakamála sem hefur verið í opinberu kynningarferli á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er vikið að því álitaefni hvort hér eigi að verða þrjú dómstig með vísan til meginreglunnar um milliliðalausa sönnunarfærslu enda sé erfitt að koma henni við í framkvæmd vegna þess mikla álags sem hvíli á Hæstarétti. Réttarfarsnefnd sem samdi frumvarpið hafnar hugmyndinni um þrjú dómstig með þeim rökum að það mundi auka umtalsvert kostnað við dómskerfið og gera það jafnframt flóknara þannig að hætt yrði við að það tæki mun lengri tíma að afgreiða mál hjá dómstólunum en verið hefur hin síðari ár. Af þessum sökum sé ekki lagt til að svo afdrifaríkt skref verði stigið að þessu sinni þótt sjálfsagt sé að kanna kosti og galla slíkrar kerfisbreytingar.

Hins vegar er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að það verði framvegis almenn regla að þrír dómarar skipi héraðsdóm ef ákærði neitar sök og sýnt er að niðurstaða kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Það er því niðurstaða réttarfarsnefndar sem er undir formennsku Markúsar Sigurbjörnssonar hæstaréttardómara að það mundi aðeins flækja mál og tefja fyrir málum að taka upp millidómstig. Þess vegna er þetta ekki lagt til í frumvarpinu um meðferð sakamála sem er nú til skoðunar og umsagnar hjá ráðuneytinu og höfundar þess frumvarps telja að það eigi ekki að gera það. En vafalaust getur þetta mál komið hér til umræðu þegar og ef þetta frumvarp verður lagt fram á þessu þingi núna í vetur.

[16:12]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Eiríki Jónssyni fyrir að hreyfa við þessu máli vegna þess að þetta er eitt af þeim málum sem við höfum talsvert rætt í hv. allsherjarnefnd og einmitt með fulltrúum frá réttarfarsnefndinni, þ.e. um þessa skipan mála.

Jafnframt langar mig aðeins að benda á það að ég veit að við viljum ekki vera með sérdómstóla. En það tengist líka örlítið þessari umræðu. Það væri fróðlegt, ef hæstv. dómsmálaráðherra kemur hér upp aftur, að heyra álit hans á því hvort það væri möguleiki að skoða til dæmis fjölskyldudómstóla, unglingadómstóla, vegna þess að málum fer sífellt fjölgandi. Sérhæfing er að aukast og þetta er spurning um að vinna eins vel og hægt er í hverju máli fyrir sig. Sérhæfingin er þegar mikil þannig að hún mundi þá jafnvel nýtast betur. Þetta er því spurning um sérdómstóla á neðri stigum. Ég er jafnvel að hugsa um þessa millidómstóla og síðan væru stærstu málin fyrst og fremst í Hæstarétti.

[16:14]

**Fyrirspyrjandi (Eiríkur Jónsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir svörin og ég fagna því að hann ræði að minnsta kosti einhverjar hugmyndir um breytingar á skipan dómsmála af því að ég held að hér verði með einhverjum hætti að grípa inn í. Ég vil leggja áherslu á það að fjöldi málanna er ekki eina ástæðan. Ég skal alveg taka undir það að Hæstiréttur vinnur, tel ég, mjög gott starf við mjög erfiðar aðstæður.

Það verður hins vegar að líta til þess að ákveðnar ástæður eru fyrir því að æðstu dómstólar í mörgum ríkjum eru þannig að allir dómarar dæma í hverju einasta máli. Hér er það þannig að einn þriðji hluti réttarins tekur þátt í afgreiðslu flestra mála. En ástæða þess að önnur ríki leggja áherslu á að meiri hluti dómenda eða allir dómarar komi að málum er auðvitað sú að lögð er áhersla á að tryggja að allir dómendur komi að mótun fordæma og að fullt samræmi sé í dómaframkvæmd. Þótt núverandi Hæstiréttur standi sig mjög vel þá segir það sig sjálft að ákveðin hætta er fólgin í því að ef hinn níu manna Hæstiréttur er vinnandi í þriggja manna einingum þá viti hægri höndin hugsanlega ekki alltaf fyllilega hvað sú vinstri sé að gera. Ég er alls ekki að segja að það sé þannig núna. Þvert á móti, ég held að Hæstiréttur standi sig núna mjög vel. En þessi hætta er augljóslega fyrir hendi og ég held að það verði að huga að því að breyta þessu.

Ég legg líka áherslu á að þetta eru 700 mál á ári. Hæstiréttur Bandaríkjanna dæmir 100 mál á ári. Þetta er ekkert smávegis vinnuálag. Þetta þýðir að þeir þurfa að hlýða á fjölda mála í hverri einustu viku. Álagið þarna er gríðarlegt. Álagið hér í þingsölum held ég að blikni hreinlega samanborið við það álag sem er á hæstaréttardómurum. (Gripið fram í.) Ég held að það verði að grípa hér inn í og ég tel að upptaka millidómstigs væri mjög góð leið í þessum efnum. Það mundi tryggja sama góða aðgengið en tryggja um leið fullan og óskiptan Hæstarétt í sem flestum málum.

[16:16]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég man í sjálfu sér eftir umræðum sem voru hér á þingi þegar ákveðið var að taka upp deildaskiptinguna í Hæstarétti. Þá sat ég í allsherjarnefnd þingsins og nefndin ræddi þetta mjög gaumgæfilega og við sérfræðinga og niðurstaðan varð sú að leggja til þessa deildaskiptingu í Hæstarétti sem hér hefur orðið að umtalsefni. Ef fyrirspurnin hefði lotið að deildaskiptingu í Hæstarétti og þeim álitamálum sem þar koma fram hefði ég náttúrlega getað svarað þeirri fyrirspurn. Mér heyrist hv. fyrirspyrjandi aðallega hafa áhyggjur af því að ekki sé samræmi í niðurstöðum Hæstaréttar vegna þess að hann er deildaskiptur. Það er álitaefni sem er náttúrlega alveg sérstakt mál sem væri hægt að fara yfir. Ég veit ekki til þess að nokkrar rannsóknir liggi fyrir sem sýni það hér á landi að þessi deildaskipting hafi leitt til misræmis í dómum eða að Hæstiréttur sé ekki sjálfum sér samkvæmur.

Þegar talað er um þessi 700 mál — ég er ekki að gera lítið úr því en þá er nú rétt að hafa í huga hvaða mál það eru sem þrír dómarar fjalla um. Það eru kærumál og það eru minni háttar mál sem Hæstiréttur þarf að taka afstöðu til.

Mál eru vissulega mismunandi viðamikil og það er ekki sama sigti hér á málum eins og gagnvart Hæstarétti Bandaríkjanna þannig að við erum að bera saman svolítið ólík kerfi að því er það varðar. Álagið á hæstaréttardómara er mikið en hins vegar hefur tekist að koma þeirri skipan á að hér er ekki málahali, hér er mjög skilvirkt dómskerfi hjá Hæstarétti og það er engin gagnrýni á Hæstarétt fyrir það að hann ljúki ekki verkum sínum innan eðlilegra tímamarka.

Umræðu lokið.

[16:18]

**Útbýting:**

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 298. mál, fsp. ÞBack, þskj. 311.

Fíkniefni, 113. mál, svar dómsmrh., þskj. 269.

Heildarstefna í nýsköpun og atvinnuþróun, 300. mál, þáltill. SI og ArnbS, þskj. 315.

Hvalsnes- og Þvottárskriður, 159. mál, svar samgrh., þskj. 272.

Ráðstöfun ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu, 225. mál, svar forsrh., þskj. 270.

Skapandi starfsgreinar, 301. mál, þáltill. SI og ArnbS, þskj. 316.

Umferðaröryggismál, 214. mál, svar samgrh., þskj. 271.

Þáttur flugsamgangna í losun gróðurhúsalofttegunda, 299. mál, fsp. KolH, þskj. 312.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 10.–13. mál.

Fundi slitið kl. 16:19.

---

# 19. FUNDUR

fimmtudaginn 2. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Úttekt á hækkun rafmagnsverðs, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Láglendisvegir, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Iðnaðarmálagjald, frv., 16. mál, þskj. 16. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ríkisútvarpið, frv., 24. mál, þskj. 24. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Útvarpslög, prentréttur og samkeppnislög, stjfrv., 58. mál, þskj. 58. — 1. umr.
7. Stjórnarskipunarlög, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
8. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
9. Almenn hegningarlög og skaðabótalög, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Geir H. Haarde forsrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

[13:30]

**Útbýting:**

Ársreikningar, 302. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 317.

Fjárframlög til Fjölmenntar, 132. mál, svar menntmrh., þskj. 290.

Gini-stuðull, 173. mál, svar fjmrh., þskj. 291.

Skuldir eftir aldri, 208. mál, svar hagstrh., þskj. 274.

Slysavarnir aldraðra, 269. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 278.

Stytting þjóðleiðar milli Akureyrar og Reykjavíkur, 126. mál, svar samgrh., þskj. 273.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Íslensk málnefnd.

[13:31]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Vöxtur og viðgangur íslenskrar tungu er eitt af því sem ætti að vera mikilvægt verkefni stjórnmálamanna og stjórnvalda á þessari öld hnattvæðingar og á tímum nýs fjölmenningarsamfélags á Íslandi. Íslensk málnefnd hefur undanfarna áratugi verið mikilvægur vettvangur við þetta verk, að styðja vöxt og viðgang íslenskrar tungu.

Íslensk málnefnd er ekki á vegum stjórnvalda þótt nafnið bendi til þess heldur er málnefndin samvinnuvettvangur þar sem fulltrúar ráðuneytis, háskólastofnana ýmissa, félaga og áhugamanna um allt samfélagið koma saman og ráða ráðum sínum um það hvernig best megi standa að því verkefni sem nefndin hefur fengið. Nefndin hefur gert mikið gagn fyrir lítið fé.

Hlutur málnefndarinnar var gagnrýndur mjög í fyrra

þegar Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum varð til með atbeina Alþingis. Því lauk svo að þingið samþykkti töluverðar breytingar. Hluti af umfjöllun menntamálanefndar var að sjá til þess að hefja íslenska málnefnd til vegs með því að hún fengi fjárveitingu samkvæmt sérstökum fjárlagalið í fjárlögum. Öll nefndin, allir níu nefndarmennirnir, fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og allra stjórnarandstæðinga voru með í þessu.

Skipunartími síðustu málnefndar rann út um síðustu áramót. Hún var að vísu beðin um, þegar liðið var á árið, að starfa til 1. september. Þá hætti hún störfum og í tvo mánuði og tvo daga, nema eitthvað hafi gerst í morgun sem ég veit ekki um, hefur ekki verið til nein íslensk málnefnd. Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra þess vegna:

1. Hverjir skipa íslenska málnefnd í dag, 2. nóvember árið 2006?

2. Hvar er hin sérstaka fjárveiting til nefndarinnar?

3. Hvernig sér menntamálaráðherra fyrir sér hlutverk og erindi nefndarinnar miðað við þessa frammistöðu og miðað við það að á næstunni er 16. nóvember, 199. dagur frá afmæli Jónasar Hallgrímssonar og hinn sérstaki dagur íslenskrar tungu þar sem Íslensk málnefnd hefur leikið töluvert hlutverk?

[13:34]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að vekja athygli á Íslenskri málnefnd og íslenskri tungu en honum er annt um það efni eins og við höfum öll margsinnis orðið vitni að í þingsalnum.

Það er rétt, eins og hv. þingmaður kom inn á áðan, að við sameinuðum fimm stofnanir á síðasta þingi þar sem meginmarkmiðið var að reyna að efla íslenskuna og menningararfinn. Það var stóra markmiðið með slíkri sameiningu. Inni í því var líka Íslensk málstöð sem var um leið skrifstofa Íslenskrar málnefndar og það fjármagn sem fylgdi Íslenskri málstöð fór inn í Árnastofnun.

Það má segja að með tilkomu nýju laganna hafi Íslensk málnefnd fengið meira vægi en áður, m.a. með því að móta málstefnu og koma með tillögur til ráðherra varðandi málstefnuna. Henni var jafnframt ætlað að álykta um stöðu íslenskrar tungu auk annarra mikilvægra hlutverka. Staða Íslenskrar málnefndar hefur því verið styrkt frá því sem áður var.

Ég vil geta þess að það er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að seta nefndarmanna var framlengd frá því um áramót en við höfum á síðustu dögum fengið tilnefningar inn í þessa stóru og miklu nefnd sem er 15 manna nefnd. Það verður að segjast að þær tilnefningar hafa því miður borist seint en ég hef þá reynslu, m.a. af skipun í höfundaréttarnefnd, að ákvæði sem ég sendi út í öll skipunarbréfin, um að í nefndir og ráð skuli skipað bæði körlum og konum, geti orðið til þess að lengja tímann, þ.e. ef ýtt er á eftir því ákvæði.

Núna eru allir nefndarmenn komnir. Ég get talið upp tilnefningaraðila og jafnframt getið þess að formaður íslenskrar málnefndar verður Guðrún Kvaran og varaformaður Þórarinn Eldjárn.

[13:36]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Einhvern veginn er það svo með þessa ríkisstjórn að þegar hæstv. menntamálaráðherra kemur í salinn og segir að breytingar hafi verið gerðar til að efla málaflokk þá kemur lítill efasemdarpúki á öxina á mér. Ég efaðist um að þetta væri megintilgangur breytinganna. Mér sýnist eitt og annað benda til þess að megintilgangurinn, eins og hæstv. ráðherra segir, sé aðeins að fara á skjön í höndunum á þessari ríkisstjórn. Það er miður.

Hæstv. ráðherra segir í ræðu sinni að búið sé að styrkja stöðu Íslenskrar málnefndar eins og ákveðið var með nýju lögunum. Samt kemur í ljós í máli hennar, og eins og hv. þm. Mörður Árnason bendir á, að ekki er búið að skipa nefndina. Það er ekki búið að ákveða fjárveitingu til hennar og dagur íslenskrar tungu ef til vill í uppnámi. Ég segi því: Ég efast um að heilindin í talinu um eflingu málaflokksins.

Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að vera vakandi á þessum verði. Það skiptir verulegu máli að stjórnvöld hafi það aðhald sem hér er sýnt. Auðvitað sjáum við að hæstv. ráðherra svaraði engu varðandi spurningar hv. þingmanns um fjárveitingu til Íslenskrar málnefndar.

Það kemur mér á óvart að ekki sé gert ráð fyrir því að efna loforð sem gefin voru í umfjöllun um málið fyrir örfáum mánuðum þegar Alþingi náði saman eftir mikla og góða vinnu menntamálanefndar um þessa niðurstöðu. Stjórnvöld verða að sjá sóma sinn í að halda því merki á lofti sem menntamálanefnd Alþingis stóð undir sameinuð og sjá til að því verði fylgt. Á hinn bóginn eru merki á lofti um að ekki eigi að gera það og það er miður. Hvatning okkar stjórnarandstöðunnar til ráðherrans er að taka hraustlega á málum og tryggja stöðu Íslenskrar málnefndar í þessu kerfi.

[13:38]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það er eðlilegt að hv. þm. Mörður Árnason veki athygli á því ástandi sem verið hefur á Íslenskri málnefnd. Staðan er því miður ekki mjög traustvekjandi miðað við að við lögðum ákveðnar línur varðandi Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum þegar sú stofnun var til umfjöllunar. Menntamálanefnd sameinaðist um að leggja á það sérstaka áherslu að Íslensk málnefnd yrði efld, m.a. á þann táknræna hátt að verða sérstakur fjárlagaliður. Það sést ekki og hæstv. ráðherra notaði ekki tækifærið áðan til þess að lýsa yfir vilja sínum til að fjárlögum yrði breytt í þá átt.

Frú forseti. Það er eðlilegt að óska eftir því að hæstv. ráðherra komi með yfirlýsingu í þá átt þannig að tryggja megi að a.m.k. þetta skref verði stigið.

Síðan er það auðvitað alveg sérstök athugasemd að ekki skuli hafa verið skipað fyrr í Íslenska málnefnd. Það er sérkennilegt af hæstv. ráðherra að kenna tilnefningaraðilum þar um. Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra gefi upp dagsetningar í því sambandi, hvenær óskað var eftir tilnefningum frá viðkomandi aðilum þannig að það sé skýrt að nægur frestur hafi til þess gefist. Fyrst var framlengdur tími Íslenskrar málnefndar sem er eðlilegt að gera og það nokkuð ríflega, til 1. september. Flestir hefðu talið að sá tími nægði til að ganga frá tilnefningum eða reka á eftir þeim

sem langan tíma tók að afla tilnefninga frá en að enn í dag skuli ekki búið að skipa íslenska málnefnd sýnir að einhvers staðar hefur verið staðið slælega að verki.

Það er hins vegar fagnaðarefni að hæstv. ráðherra skuli búin að ná nefndinni í hús. Við gerum ráð fyrir því að hæstv. ráðherra tjái okkur það hér á eftir að fyrsta verk hæstv. ráðherra, þegar þessum fundi lýkur, verði að ganga frá skipun nefndarinnar.

[13:40]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að vekja máls á þessu máli. Það er rétt sem komið hefur fram, að á síðasta þingi beitti hæstv. menntamálaráðherra sér fyrir því að sameina fimm stofnanir í eina, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Það var gert með það að markmiði að styrkja rannsóknir í íslenskum fræðum, stöðu íslenskrar tungu og menningar.

Lagt var upp með að styrkja stöðu Íslenskrar málstöðvar og Íslenskrar málnefndar. Ég veit ekki betur en allir sem að þessu máli komu, hvort sem þeir voru í stjórnarandstöðu eða meiri hlutanum hafi verið sammála um þá niðurstöðu sem fékkst. Nú gagnrýna menn hæstv. ráðherra fyrir það að vera ekki búnir að skipa þá nefnd sem hér um ræðir. En ég held að hæstv. ráðherra hafi gefið góðar skýringar á því hvers vegna málið er í þeim farvegi sem það er í.

Ég held að aðalmálið sé að Íslensk málnefnd sé vel skipuð. Það skiptir meira máli en það hvort nefndin sé skipuð vikunni fyrr eða síðar en áætlað var. Ég held að við ættum að fagna því að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sé að komast á legg með undirstofnunum sínum. Við ættum að geta verið sammála um að með henni sé staða Íslenskrar málnefndar styrkt og íslensk tunga og íslensk menning færð á þann stall þar sem þessir ágætu hlutir eiga heima.

[13:42]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég þakka fyrir svör menntamálaráðherra. Það er stundum talað um að Alþingi sé valdalítið en hér hefur það gerst að á einum morgni varð til nefnd sem ekki áður var til, voru skipaðir menn í nefnd sem ekki höfðu verið skipaðir í hana áður. Athygli heils hæstv. ráðherra vaknaði skyndilega á máli sem hann hafði ekki sinnt áður. (Gripið fram í.) Umboð síðustu málnefndar rann út um áramót, sagði ég. Lögin voru samþykkt í maí. Framlengt umboð nefndarinnar rann út í september og núna, 2. nóvember, eru líkur til þess að nefndin verði loksins skipuð. Ég fagna sérstaklega tilnefningum ráðherra sjálfs til formanns og varaformanns. Það er duglegt fólk og vel að sér.

Við spurðum hins vegar um fleira. Við spurðum um fjármál nefndarinnar. Það var athyglisvert að hv. formaður menntamálanefndar skyldi ekki hafa gripið það í ræðu minni vegna þess að við skrifuðum öll, níu menntamálanefndarmenn, undir áskorun til menntamálaráðherra sem ég leit svo á að mundi tryggja að nefndin fengi sérstaka fjárveitingu á fjárlagalið í fjárlögunum. Það er ekki að ástæðulausu. Þegar málnefndin er beinlínis færð inn í lög stofnunarinnar þá verður hún að hafa ákveðið sjálfstæði gagnvart stofnuninni. Næsta setning í nefndarálitinu er svona, með leyfi forseta:

„Nefndin telur eðlilegt að hin nýja stofnun og Íslensk málnefnd geri með sér samning til ákveðins tíma í senn um verkefni, aðstöðu og starfslið og kynni hann menntamálaráðherra.“ — Þetta hefur auðvitað ekki getað gerst í þá tvo mánuði meðan nefndin hefur ekki verið til.

Hið þriðja sem ég spurði um var hvort þetta slugs stafaði af vandræðum hjá starfsliði hæstv. menntamálaráðherra eða hvort þetta væri beinlínis stjórnmálastefna hennar, að koma málnefndinni út og hugsanlega láta starfið í kringum íslenska tungu þróast af sjálfu sér. Ég hef ekki fengið svar við því en nú tekur hæstv. menntamálaráðherra til máls.

[13:45]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka fyrir orðið. Ég tek undir það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði áðan. Aðhald í þinginu, hvort sem það er af hálfu stjórnarandstöðu eða stjórnarþingmanna, þarf að vera til staðar en það þarf líka að vera málefnalegt. Það þarf að vera málefnalegt og þarf líka að vera heiðarlegt. Ég hef gert mér far um að svara hér heiðarlega. Það er alveg rétt að það hefur dregist að skipa nefndina (Gripið fram í.) en það eru málefnalegar ástæður fyrir því að það hefur dregist. Núna sjáum við að við erum komin með alla þessa tilnefningaraðila sem eru margir. Eins og hv. þingmaður veit er Íslensk málnefnd fjölskipuð. Það eru 15 manns sem skipa þá nefnd. Ég fyrir mína parta legg mikla áherslu á að það gæti jafnræðis milli kynja þegar ráðherrar skipa í nefndir á vegum ríkisins. Ég hef gert mér sérstakt far um það og viðurkenni að það hefur á stundum dregið tímann varðandi það að tilnefna og skipa í nefndir.

Varðandi fjármálin þá er algerlega ljóst að það er skýr vilji að Íslensk málnefnd hafi sama fjárframlag og helst meira til að sinna sínu mikilvæga hlutverki, sem er orðið meira en var áður eins og við töluðum um áðan. Það er alveg skýr vilji bæði ríkisstjórnarinnar og nýskipaðs forstöðumanns að tryggja að svo verði. Ég sé því hins vegar ekkert til fyrirstöðu að Íslensk málnefnd, þegar fram í tímann er litið, verði síðan sérstakur fjárlagaliður.

Við verðum að hafa það í huga að stofnunin er ný, hún er rétt að fara af stað núna. (**Gripið fram í:** Ekki málnefndin.) Það þarf að gefa henni tíma, m.a. til að koma á þessum samningi sem mun væntanlega verða gerður milli Íslenskrar málnefndar og hinnar nýstofnuðu stofnunar.

[13:47]

**Jón Bjarnason:**

Virðulegi forseti. Íslensk málnefnd á að vera ákveðið flaggskip fyrir þá ímynd sem íslensk tunga er og fyrir það hvernig hún þróast hér á landi í íslensku samfélagi.

Í 9. gr. laganna um Árnastofnun segir svo, með leyfi forseta:

„Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem

betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út."

Þarna er verið að setja einhvers konar opinberan mælikvarða á það hvernig íslensk tunga þróast bæði í talmáli og sérstaklega ritmáli og þá einkum að því sem snýr að því opinbera. Ég legg því áherslu á, frú forseti, að sú virðing sem starf þessarar nefndar á að spegla gagnvart íslenskri tungu er mikils virði. Þess vegna þurfum við að gæta þess, líka í stjórnsýslunni, að skipan nefndar eins og hér er verið að tala um, nefndar sem á að hafa þetta viðamikla hlutverk, lendi ekki í neinum undandrætti.

Ég hvet líka hæstv. ráðherra menntamála, þegar sett verður reglugerð varðandi þessi lög, að kveða þá á um t.d. að þeir sem smíða lög og reglugerðir af hálfu hins opinbera, af hálfu ráðuneyta, hafi samband við Íslenska málnefnd þannig að við þurfum ekki oftar að sjá þær hryllilegu ambögur sem birtast í frumvörpum eða reglugerðum frá hinu opinbera, frú forseti.

## *Útvarpslög, prentréttur og samkeppnislög, 1. umr.*

Stjfrv., 58. mál (eignarhald á fjölmiðlum o.fl.). — Þskj. 58.

[13:50]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Á undanförnum árum, eða allt frá því að breytingar á útvarpslögum tóku gildi hér á landi á árinu 1986 og leiddu til frelsis í fjölmiðlun, hefur mikil gróska og örar breytingar einkennt íslenskan fjölmiðlamarkað. Lagaumhverfi fjölmiðla hefur verið einfalt og litlar sem engar hindranir verið fyrir stofnun nýrra fjölmiðla og fjölmiðlafyrirtækja. Bæði hér á landi og í fjölmörgum öðrum löndum heims hefur þróunin orðið sú að fjölmiðlafyrirtæki hafa stækkað og eflst, auk þess sem samruni fjölmiðla, tölvutækni og fjarskipta hefur átt sér stað. Jafnframt hefur ör tækniþróun, ekki síst á fjarskiptamarkaði, kallað á heildstæða löggjöf eða reglusetningu sem nær m.a. til þeirrar samþættingar sem orðið hefur á sviði fjölmiðlunar og fjarskipta. Við þessar aðstæður hefur sífellt færst aukinn þungi í þá umræðu að þörf sé á ítarlegri löggjöf um þessa starfsemi.

Eins og kunnugt er hafa á undanförnum tveimur árum verið skipaðar tvær nefndir til að fjalla um eignarhald á fjölmiðlum og málefni fjölmiðla. Hin fyrri lauk störfum í apríl 2004 en hin síðari skilaði mér skýrslu sinni í apríl 2005.

Fyrri nefndin, sem starfaði undir forustu Davíðs Þórs Björgvinssonar, komst að þeirri niðurstöðu að í ljósi hlutverks fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og þarfarinnar fyrir fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, og með hliðsjón af almennri þróun löggjafar og tilmælum Evrópuráðsins, væri óhjákvæmilegt að gera breytingar á þeim lögum sem marka starfsskilyrði fjölmiðla hér á landi. Lagði nefndin til að ríkisstjórnin brygðist við aðstæðum á íslenskum fjölmiðlamarkaði með lagasetningu sem hefði það að markmiði að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun og hamla gegn samþjöppun eignarhalds

Frumvarp það sem unnið var á grundvelli tillagna fyrri fjölmiðlanefndarinnar olli hörðum deilum eins og við öll þekkjum. Í kjölfarið ákvað ég, hæstv. forseti, að skipuð skyldi önnur fjölmiðlanefnd til að sátt gæti náðst um þetta mikilvæga mál. Hin síðari nefnd var skipuð í nóvember 2004 og áttu í henni sæti fulltrúar allra þingflokka. Var nefndinni falið eftirfarandi verkefni:

að skoða þá þróun er á sér stað í evrópskri fjölmiðlalöggjöf,

að leggja mat á þá þróun sem fram undan er á fjölmiðlaumhverfi jafnt á Íslandi sem annars staðar í Evrópu með tilliti til stafrænna útsendinga,

að fjalla um markaðsstöðu Ríkisútvarpsins og hlutverk þess í samhengi við aðra fjölmiðla án þess þó að gera tillögur um breytingar á lögum um stofnunina, enda sérstök vinna þegar í gangi á vegum stjórnarflokkanna um þau mál,

að skoða samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum á Íslandi og gera tillögur um það til hvaða aðgerða beri að grípa til að sporna við of mikilli samþjöppun á eignarhaldi,

að meta hvaða breytingar og nýmæli séu æskileg í íslenskri löggjöf til samræmis við þá þróun og aðrar niðurstöður af almennri umfjöllun nefndarinnar.

Síðari fjölmiðlanefndin skilaði vandaðri og yfirgripsmikilli skýrslu sem hlaut ítarlega kynningu og umfjöllun, og var m.a. tekin umræða um hana á hinu háa Alþingi eftir að hún var komin út. Var það skoðun nefndarmanna að tryggja yrði með öllum tiltækum ráðum menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði svo að fjölmiðlar gætu sinnt þeim skyldum sínum gagnvart almenningi að koma fram með ólíkar skoðanir og fjölbreytt sjónarhorn, veita yfirvöldum og sterkum hagsmunaaðilum aðhald og efla lýðræðislega umræðu. Megintillögur nefndarinnar voru eftirfarandi:

að Ríkisútvarpið yrði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp með áherslu á sérstöðu þess og skyldur sem fjölmiðils í eigu allra landsmanna,

að settar yrðu reglur sem tryggðu gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum,

að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps yrðu teknar til endurskoðunar með það að markmiði að aðgreina ólíka miðla,

að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, yrði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum yrðu sett hófleg takmörk um heimilan eignarhlut,

að settar yrðu reglur sem tryggðu aukið val neytenda þannig að efnisveitur fái aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fái flutningsrétt á fjölbreyttu efni,

að mótaðar yrðu reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum,

að stjórnsýsla á þessu sviði yrði einfölduð þannig að málefni fjölmiðla væru sem flest á verksviði eins og sama

stjórnvaldsins sem starfað gæti sjálfstætt og/eða í tengslum við núverandi Póst- og fjarskiptastofnun.

Í skýrslu síðari fjölmiðlanefndarinnar kom fram að leggja bæri áherslu á að öflug almenn umræða ætti sér stað um skýrsluna, efni hennar og tillögur áður en til lagasetningar kæmi. Því var síðan fylgt eftir. Á því eina og hálfu ári sem liðið er frá því að nefndin skilaði skýrslu sinni hefur átt sér stað mikil umræða um efni hennar og innihald. Jafnframt lá ljóst fyrir að töluverð vinna væri eftir áður en hægt væri að leggja fram frumvarp á Alþingi byggt á niðurstöðum nefndarinnar. Á þessum tíma hefur menntamálaráðuneytið viðað að sér margvíslegum upplýsingum um fyrirkomulag þessara mála í nágrannalöndum okkar og kannað þróun löggjafar að teknu tilliti til samruna fjölmiðla og fjarskipta, auk þess sem litið hefur verið til tilmæla Evrópuráðsins í þessum efnum.

Í lok desember á síðasta ári tók ég þá ákvörðun, í samráði við formenn stjórnarflokkanna, að skipa nefnd til að undirbúa og semja frumvarp til laga sem byggja átti á tillögum síðari fjölmiðlanefndarinnar. Upphaflega var hugmyndin sú að tilgreindir lögfræðingar yrðu fengnir, ásamt fulltrúum allra flokka á Alþingi, til að semja frumvarpið og var öllum þingflokkum því boðið að tilnefna fulltrúa sína í nefndina. Í byrjun janúar afþökkuðu stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi að tilnefna fulltrúa í slíka nefnd og tóku sérstaklega fram að þeir treystu þeim lögfræðingum sem tilnefndir voru til að vinna það verk, þ.e. að færa tillögur fjölmiðlanefndarinnar í þann búning sem við erum síðan að ræða um hér í dag.

Með skipunarbréfi, dags. 19. janúar sl., skipaði ég nefnd til að semja frumvarp til laga um fjölmiðla undir forustu dr. Páls Hreinssonar, prófessors við lagadeild Háskóla Íslands. Tekið var fram í skipunarbréfinu að við samningu frumvarpsins skyldi nefndin leggja til grundvallar umfjöllun og niðurstöður nefndar um íslenska fjölmiðla frá apríl 2005. Nefndin skyldi eiga samráð við fulltrúa allra þingflokkanna við samningu frumvarpsins. Frumvarp þetta er því afrakstur framangreindrar nefndarvinnu.

Virðulegi forseti. Ég mun nú fara yfir það hvernig stefnumótun hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar var síðan sett í lagabúninginn í frumvarpi þessu.

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að settar yrðu reglur sem tryggðu gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum. Má í þessu sambandi nefna að í tilmælum Ráðherranefndar Evrópuráðsins er mælt með því að aðildarríkin setji sér slíkar reglur og hafa þær m.a. verið settar á öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi. Taldi fjölmiðlanefndin að reglurnar ættu að ná jafnt til útvarpsstöðva sem dagblaða og að almenningur ætti að eiga greiðan aðgang að upplýsingum um hverjir ættu fjölmiðlana á hverjum tíma.

Taldi nefndin að gagnsæi á eignarhaldi væri nauðsynlegt til að almenningur gæti tekið afstöðu til annars vegar ritstjórnarstefnu/dagskrárstefnu og efni miðlanna hins vegar eins og það birtist almenningi.

Var stefnumörkun fjölmiðlanefndarinnar útfærð í frumvarpinu með þeim hætti að á heimasíðu útvarpsréttarnefndar skuli birtar upplýsingar um þann sem hefur hlotið útvarpsleyfi, útvarpsstjóra sem ber ábyrgð á útvarpsefni, dagskrárstefnu leyfishafa og síðari tilkynningar á breytingu hennar, reglur útvarpsstöðvarinnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu hennar, nafn þess einstaklings eða eigendur þess lögaðila sem rekur útvarpsstöðina, svo og úrskurði útvarpsréttarnefndar í málum útvarpsstöðvarinnar. Með því að gera framangreindar upplýsingar almenningi aðgengilegar á að vera tryggt að þau markmið náist sem fjölmiðlanefndin lagði til grundvallar stefnumótun sinni. Þetta er svipuð leið og farin hefur verið í norskum rétti.

Í frumvarpinu er jafnframt mælt fyrir um tilkynningarskyldu þegar breytingar verða á eignarhaldi á útvarpsstöðvum. Í ákvæðinu segir að seljandi og kaupandi beri ábyrgð á því að tilkynning um sölu á hlut í útvarpsstöð sé send útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Til þess að hægt sé að hafa eftirlit með því að allir samningar hafi verið tilkynntir er einnig mælt svo fyrir að eftir sérhvern aðalfund í félögum sem hafa útvarpsleyfi skuli stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Þá er jafnframt fjallað um viðurlög við því þegar tilkynningarskylda er vanrækt. Sambærilegar breytingar eru lagðar til í lögunum um prentrétt.

Fjölmiðlanefndin lagði enn fremur til að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, verði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum verði sett hófleg takmörk um heimilan eignarhlut. Þessi leið sem fjölmiðlanefndin leggur til felur í sér að fjölmiðlar verða að vera í eigu fleiri en eins aðila. Er þessi regla m.a. við lýði í Frakklandi varðandi stöðvar sem hafa leyfi til að sjónvarpa á landsvísu. Er hugsunin sú að eigendurnir veiti hverjir öðrum aðhald þannig að ólík sjónarmið fái að njóta sín og að efnið í fjölmiðlunum verði fjölbreyttara.

Var það álit nefndarinnar að rétt væri að setja eignarhaldi skorður enda væru þær málefnalegar, almennar og meðalhófs gætt. Hafði nefndin m.a. eftirfarandi þætti í huga eins og segir í skýrslu nefndarinnar:

Evrópuráðið hefur lagt fram þau tilmæli til aðildarríkjanna að huga að því að setja í lög reglur til að hamla gegn samþjöppun sem gæti stefnt markmiðinu um fjölbreytni fjölmiðla í hættu. Mælt er með því að ríki skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum, við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd, þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar. Einnig megi huga að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum. Séu slíkar takmarkanir settar skuli hafa í huga stærð fjölmiðlamarkaðarins í viðkomandi landi og fjárhagslegt bolmagn hans.

Svo sem ítarlega er rakið hér að framan einkennist fjölmiðlamarkaðurinn hér á landi, eins og víða erlendis, af verulegri samþjöppun á eignarhaldi. Slík samþjöppun er áhyggjuefni fyrir neytendur/almenning í ljósi þess að fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi enda er gjarnan talað um fjölmiðla sem „fjórða valdið". Þeir upplýsa, fræða og móta skoðanir almennings. Þeir skemmta, eru vettvangur fyrir auglýsingar og tilkynningar og farvegur fyrir skoðanir stjórnvalda, hagsmunahópa og almennings. Fjölmiðlar hafa það hlutverk að veita aðhald þeim sem fara með pólitískt og efnahagslegt vald á hverjum

tíma. Í ljósi þessa verður að stuðla að fjölræði á markaðnum með það að markmiði að tryggja menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni.

Virðulegi forseti. Hér ber að hafa í huga að fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði var lítið rætt hér á landi fyrr en árið 2004 þegar skýrsla fjölmiðlanefndarinnar hinnar fyrri var lögð fram. Víða erlendis hafa þessi hugtök hins vegar um langt árabil verið veigamikill þáttur umfjöllunar um stefnumótun í fjölmiðlamálum.

Rétt er að skýra hvað átt er við með fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði. Með fjölbreytni er átt við að í fjölmiðlum sé ávallt í boði fjölbreytt efni af ýmsu tagi úr ólíkum áttum. Þá er einnig átt við að ólíkar lífsskoðanir og pólitísk viðhorf komi fram. Hugtakið er því bæði af menningarpólitískum toga auk þess sem það er samofið lýðræðishugmyndinni. Með fjölræði er síðan vísað til þess að fjölmiðlar séu ekki undir yfirráðum fárra aðila.

Hafa ber í huga að þessi markmið um fjölbreytni og fjölræði eiga að mörgu leyti undir högg að sækja. Fjölmiðlamarkaður víða um lönd einkennist af vaxandi samþjöppun eignarhalds. Þar sem fjarskipti og fjölmiðlar hafa runnið saman hefur það jafnframt ýtt undir svokallaða lóðrétta samþjöppun þar sem sami aðilinn ræður yfir öllum þáttum virðiskeðjunnar. Í frumvarpinu er brugðist við þessari þróun með þeim hætti að mælt er fyrir um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum og prentmiðlum. Þar er miðað við 25% markið sem fjölmiðlanefndin lagði til. Þó er sá þröskuldur settur að þetta eigi aðeins við þær útvarpsstöðvar sem hafa þriðjungs markaðshlutdeild í heildaráhorfi eða heildarhlustun íslenskra dagskrárstöðva.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndarinnar er mælt svo fyrir að ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði, þ.e. hljóðvarps- eða sjónvarpsmarkaði, skuli leggja saman markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva. Sá varnagli er þó sleginn að aðeins skuli leggja saman markaðshlutdeild fjölmiðla eigi einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar 10% eða meira í sérhverri útvarpsstöð. Að öðrum kosti gæti eignarhlutur, hversu smár sem hann annars væri í útvarpsstöð eða dagblaði sem hefði þriðjungs markaðshlutdeild, valdið því að 25% reglan yfirfærðist sjálfkrafa á aðra útvarpsstöð eða héraðsfréttablað ef eigandi hans keypti einnig mjög lítinn hlut í öðrum fjölmiðli. Breytti þar engu enda þótt eigandinn gæti í krafti hinna smáu eignarhluta engin raunhæf áhrif haft á rekstur útvarpsstöðvanna eða dagblaðanna.

Í tillögum fjölmiðlanefndarinnar um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum var rætt um skylda aðila, annars vegar þegar reikna bæri hvort útvarpsstöð hefði þriðjungs markaðshlutdeild, en þegar einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar ættu fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði skyldi leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva. Hins vegar var á því byggt að fyrirtæki og skyldir aðilar ættu ekki samanlagt meira en 25% eignarhlut.

Í frumvarpinu merkir hugtakið „skyldir aðilar" fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi samkeppnislaga og fyrirtæki sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða samkvæmt samkeppnislögum. Til þess að tryggja samræmda skýringu á samkeppnislögum er mælt svo fyrir að útvarpsréttarnefnd geti leitað umsagnar Samkeppniseftirlitsins um skýringu ákvæða í einstökum málum.

Í frumvarpinu er jafnframt sleginn sá varnagli að ef útvarpsstöð á í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verði við með fjárhagslegri endurskipulagningu geti stjórn útvarpsstöðvarinnar sótt um tímabundna undanþágu til Samkeppniseftirlitsins frá takmörkunum á eignarhaldi.

Fjölmiðlanefndin lagði einnig til í skýrslu sinni að settar yrðu reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum. Slíkar reglur ættu að tryggja betur stöðu einstakra blaða- og fréttamanna, þar með talið stjórnenda á því sviði, gagnvart eigendum fjölmiðilsins. Taldi nefndin að slíkar reglur þyrftu að ná til starfsumhverfis blaða- og fréttamanna, fjalla um skilyrði áminningar og brottvikningar og miða að því með öðrum hætti að útiloka svo sem frekast er kostur afskipti einstakra eigenda fjölmiðils af fréttaflutningi og annarri sjálfstæðri dagskrárgerð. Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði taka á innihaldi fjölmiðla og er ætlað að draga úr skaðlegum áhrifum samþjöppunar eignarhalds. Slíkar reglur eru venjulega settar án íhlutunar stjórnvalda og gjarnan í samkomulagi milli eigenda fjölmiðils og starfsmanna hans. Oft er það því eftirlátið fjölmiðlinum sjálfum að ákveða hvort slíkar reglur séu settar. Í Austurríki og Portúgal eru til að mynda ákvæði í lögum um að setja beri hliðstæðar reglur af hálfu fjölmiðla.

Í frumvarpinu var stefnumörkun fjölmiðlanefndarinnar útfærð með þeim hætti að útvarpsstöðvar sem reka fréttastofu skuli setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar og skuli þær samdar í samráði við starfsmenn fréttastofu og starfsmannafélög þeirra.

Í frumvarpinu er ætlast til þess að í reglunum sé fjallað um starfsskilyrði stjórnenda fréttastofu og fréttamanna við að framfylgja dagskrárstefnu útvarpsstöðvarinnar, starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttamanna gagnvart eigendum útvarpsstöðvarinnar og skilyrði áminningar og brottvikningar fréttamanna. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í breytingum á lögum um prentrétt. Þess ber þó að geta að engin viðurlög eru við því þótt slíkar reglur séu ekki settar. Frekar ber að líta á lagasetninguna sem hvatningu til setningar slíkra reglna.

Þá lagði fjölmiðlanefndin til í skýrslu sinni að settar yrðu reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu á sjónvarpsefni. Sérstök áhersla var á það lögð að lögfestingarreglum um flutningsrétt og flutningsskyldu mundu auka val neytenda og draga úr áhrifum lóðrétts eignarhalds. Með hugtakinu „flutningsreglur" er átt við tvennt. Annars vegar er átt við flutningsskyldu sem þýðir að hægt er að skylda dreifiveitur til að flytja ákveðna dagskrá frá efnisveitum í kerfum sínum, hins vegar á hugtakið við flutningsrétt sem þýðir að dreifiveitum verði gert kleift að fá til dreifingar það efni eða þær dagskrár sem þær kjósa frá efnisveitum.

Ástæðan fyrir aukinni umræðu um flutningsreglur er sú að eftirsóknarvert sjónvarpsefni hefur á undaförnum árum safnast á fárra hendur og er oft aðeins aðgengilegt á dreifikerfum tengdum ákveðnum efnisveitum. Ein leiðin er að nota flutningsreglur til þess að gera eftirsóknarvert sjón-

varpsefni aðgengilegt öllum almenningi. Markmiðið með flutningsreglum er að auka val neytenda, stuðla að samkeppni og lækka aðgangsþröskuld nýrra efnisveitna og dreifiveitna inn á stafrænan sjónvarpsmarkað enda ná reglurnar einungis til stafrænna kerfa.

Í frumvarpinu er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að hægt sé að skylda fjarskiptafyrirtæki að ósk útvarpsstöðvar til þess að flytja dagskrá útvarpsstöðvarinnar um fjarskiptanet fyrirtækisins. Meðal skilyrðanna er að um sé að ræða sjónvarpsdagskrá sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. Þá er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að fjarskiptafyrirtæki geti fengið að dreifa dagskrá útvarpsstöðvar á dreifikerfi sínu. Rýmri reglur gilda um flutningsrétt en flutningsskyldu. Reglur um flutningsrétt taka ekki einvörðungu til íslenskrar dagskrár útvarpsstöðva sem staðfestu hafa hér á landi heldur einnig erlendra sjónvarpsdagskráa sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um svo og útsendingu á ákveðnum listviðburðum sem ekki fylla heila dagskrá, svo sem íþrótta- og listviðburðum.

Í frumvarpinu er byggt á þeirri meginreglu að samningsfrelsi ríki á milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja. Takist hins vegar ekki samningar innan 30 daga um flutning á sjónvarpsdagskrá getur hvor aðili vísað málinu til útvarpsréttarnefndar. Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um allan ágreining sem upp kann að rísa við framkvæmd á flutningi efnis í tilefni af úrskurði nefndarinnar um flutningsrétt eða flutningsskyldu og getur lagt á dagsektir fari útvarpsstöð eða fjarskiptafyrirtæki ekki að úrskurðum hennar.

Að lokum fjallaði fjölmiðlanefndin í skýrslu sinni um stjórnsýslu á sviði fjölmiðlamála. Ástæðan er sú að þær breytingar á löggjöfinni sem settar eru fram af hinni þverpólitísku nefnd útheimta grundvallarbreytingar á tilhögun allrar stjórnsýslu varðandi fjölmiðla. Við samningu frumvarpsins var ákveðið að leggja fyrri tillögu fjölmiðlanefndarinnar til grundvallar. Í frumvarpinu er því lagt til að hlutverki útvarpsréttarnefndar verði breytt og það rýmkað. Lagt er til að nefndin fái heimild til að ráða sér til aðstoðar framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir því sem fjárveitingar til nefndarinnar leyfa hverju sinni. Þá er fellt undir starfssvið nefndarinnar eftirlit og framkvæmd á nýjum ákvæðum í útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum. Af þeim sökum er skipunarhætti nefndarinnar breytt og er lagt til að dómsmálaráðherra tilnefni hér eftir einn nefndarmann, Hæstiréttur annan og sá þriðji verði skipaður án tilnefningar af menntamálaráðherra.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir meginþætti frumvarpsins. Ég hef farið nokkuð ítarlega yfir tillögur hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar og hvernig tillögur hennar hafa síðan verið útfærðar í þessu frumvarpi. Með frumvarpinu er í öllum meginatriðum fylgt þeirri stefnumótun í fjölmiðlamálum sem nágrannalönd okkar í Evrópu hafa fylgt fram til þessa. Einnig er brugðist við tilmælum Evrópuráðsins um hvernig tryggja beri fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði og draga megi úr lóðréttri samþjöppun.

Ég legg áherslu á að fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðisþjóðfélögum eins og við vitum. Fjölmiðlar eru m.a. frétta- og upplýsingaveitur svo að almenningur geti verið upplýstur, geti myndað sér skoðanir og tekið afstöðu til ólíkra mála. Sá munur er því á fjölmiðlum og öðrum fyrirtækjum á markaði að þeir miðla upplýsingum og skoðunum og hafa þannig áhrif á viðhorf almennings til manna og málefna.

Hæstv. forseti. Mál það sem ég hef hér mælt fyrir er á margan máta sérstakt og aðdragandi þess ber því órækan vitnisburð. Ég vil leyfa mér að ítreka þá skoðun mína að hér sé á ferðinni mál sem varðar miklu um það hvernig þeirri umræðu sem nauðsynleg er í sérhverju lýðræðissamfélagi vindur fram. Ég hvet til þess að þetta mál fái ítarlega og gaumgæfilega meðferð hér í þinginu og að þingið ákvarði nú hver og hvaða meðferð sé þessu máli þóknanleg enda í rauninni fyrsta tækifærið sem þingið fær til þess að fara yfir í frumvarpsformi tillögur nefndarinnar sem byggjast á hinni svokölluðu þverpólitísku sátt.

Að þessu mæltu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að umræðu lokinni.

[14:11]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni frumvarp sem er talsvert stórt í sniðum, eða a.m.k. greinargerðin sem því fylgir og frumvarpið sjálft í allmörgum greinum. Bak við þetta frumvarp er svo aftur enn stærri skýrsla, skýrsla nefndar menntamálaráðherra, hinnar þverpólitísku nefndar sem átti að fjalla um íslenska fjölmiðla, þannig að bæði í frumvarpinu sjálfu og síðan í skýrslu nefndarinnar er saman dreginn mikill fróðleikur um fjölmiðlamál sem áhugavert er fyrir þá sem fylgjast vel með fjölmiðlum að kynna sér.

Frumvarpið er að stærstum hluta til samið af Páli Hreinssyni, eins og hér kom fram í máli hæstv. menntamálaráðherra, og fjölmiðlanefndin þverpólitíska var undir forustu Karls Axelssonar hrl. Þar sem ég var sjálf í fjölmiðlanefndinni og kom aðeins að frumvarpinu og var kynnt það þegar það var í drögum vil ég þakka þessum ágætu mönnum, Páli Hreinssyni prófessor og Karli Axelssyni hrl., fyrir það hvernig þeir hafa leitt þessa vinnu á undanförnum mánuðum og missirum. Hér er auðvitað mjög vandasamt verk á ferðinni sem þeim var fengið að stýra, ekki síst vandasamt í ljósi þeirra miklu deilna sem hér urðu um fjölmiðlamál á árinu 2004. Segja má að þá hafi allt samfélagið logað stafna á milli vegna deilna um fjölmiðla og það frumvarp til fjölmiðlalaga sem hér var lagt fram af ríkisstjórninni og varð, reyndar með nokkrum breytingum, að lögum á vormánuðum 2004 sem forseti synjaði síðan staðfestingar 2. júní 2004. Menn muna þann darraðardans allan sem þá varð um fjölmiðlamálin þannig að þegar sú niðurstaða lá fyrir að lögin sem samþykkt voru á þingi næðu ekki fram að ganga vegna þess að staðfestingu forseta skorti, þá varð ljóst að úr talsvert vöndu var að ráða. Niðurstaðan varð á endanum sú að ráðherra skipaði sérstaka fjölmiðlanefnd sem við áttum sæti í, þrír þingmenn úr stjórnarandstöðunni, nefnd sem vann mjög gott verk og skilaði síðan þessari skýrslu sem fyrr er nefnd.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir er gerólíkt því frumvarpi til laga sem hér var lagt fram árið 2004. Himinn og haf skilja að þessi tvö frumvörp. Það er í raun merkilegt í ljósi þess sem gerst hefur á umliðnum missirum, að skoða upphaflega frumvarpið sem lagt var fram af ríkisstjórninni

á sínum tíma og í raun makalaust að slíkt frumvarp skuli hafa komið inn í þingið. Það eiginlega datt af himnum ofan inn í þingið, kom eins og þruma úr heiðskíru lofti.

Ef frumvarpið er skoðað, virðulegur forseti, gengur það allt út á boð og bönn. Ríkisstjórn sem kennir sig við frjálshyggju og frjálslyndi leggur fram frumvarp til fjölmiðlalaga, um fjölmiðla sem eru mikilvægustu grunnstofnanir í lýðræðisríkjum, sem gengur allt út á boð og bönn. Þegar maður skoðar 1. gr. þess frumvarps þá hefst hún svo, virðulegur forseti:

„Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig er óheimilt að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem að hluta eða öllu leyti er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu ... Þá er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 25% eignarhlut í því. Sömuleiðis er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 25% eignarhlut í því. Jafnframt er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga hlut í útgefanda dagblaðs ...“

Svona var það frumvarp. Það er allt um það sem óheimilt er og byggir algerlega á boðum og bönnum. Það byggist að stærstum hluta á vanþekkingu á fjölmiðlamarkaði. Það hrópar á mann frá þessu frumvarpi hvað það byggir á mikilli vanþekkingu á fjölmiðlamarkaði. Það byggist m.a. á því að hægt sé að gera algeran og skýran greinarmun á ljósvakamiðli annars vegar og dagblaði hins vegar. En allir sem flakka um á netinu í dag vita að þar rennur saman dagblað, netmiðill og ljósvaki. Það er ekki hægt að gera þennan greinarmun miðað við þá tækni notuð er nú til dags.

Hins vegar byggði málið líka á algerri vanþekkingu á rekstrarumhverfi í fjölmiðlum. Það rekstrarumhverfi hefur verið mjög erfitt alla tíð. Það hefur verið erfitt að fjármagna fjölmiðlafyrirtæki. Dagblöð og ljósvakamiðlar hafa lagt upp laupana vegna þess að fyrirtækin hafa ekki getað náð í það fjármagn sem þau þurftu til að reka sig. Frumvarpið byggði því á algerri vanþekkingu, annars vegar á þeim tæknibreytingum sem þá voru að verða að veruleika og hins vegar á rekstrarumhverfi fjölmiðla.

Í þeirri umræðu sem þá fór fram um fjölmiðlafrumvarpið lagði Samfylkingin megináherslu á gegnsæi, á gegnsæi í eignarhaldi og gegnsæi varðaði ritstjórnarstefnu, að fjölmiðlar hættu að skýra út fyrir kaupendum sínum, lesendum sínum, áhorfendum eða hlustendum, hver ætti viðkomandi miðil, hverjir stæðu á bak við hann og hver væri ritstjórnarstefna viðkomandi miðils þannig að áhorfendur, hlustendur eða lesendur, gætu borið saman fréttaflutninginn og umfjöllunina sem miðillinn stendur fyrir og hins vegar hvort hann væri smitaður af eignarhaldinu sem að baki býr. Þeir gætu þá borið saman hvort fréttaflutningur og umræða í viðkomandi miðli endurspeglaði raunverulega þá ritstjórnarstefnu sem viðkomandi miðill hefði í orði kveðnu. Þetta töldum við aðalatriði málsins, að þetta gegnsæi væri til staðar.

Þá voru þau sjónarmið uppi í Samfylkingunni að í stað þess að setja ákveðnar reglur um eignarhaldið ættu almenn sjónarmið að ríkja um að hamla gegn misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Við töldum það aðalatriðið rétt eins og gengið er út frá í samkeppnislöggjöf okkar. Samfylkingin lagði mikla áherslu á að verja sjálfstæði ritstjórnar gagnvart afskiptum eigenda og töldum að setja þyrfti um það sérstakar reglur og þá mátti einu gilda í okkar huga hvort eigandinn væri ríkið, með menntamálaráðherrann sem fulltrúa eigenda í fararbroddi eða hvort eigandinn væri annar aðili sem hefði einhverja viðskiptalega hagsmuni, hvort sem það væri ríkið og pólitískir hagsmunir eða aðrir eigendur og viðskiptalegir hagsmunir eða pólitískir, sem sannarlega fyrirferðarmiklir hjá aðilum í viðskiptalífinu. Þetta töldum við aðalatriði málsins.

Við bentum á það í umræðunni þá, virðulegi forseti, að óþarfi væri að vera með þessi mál í slíkri deilu og úlfúð í þinginu eins og þá var. Við töldum hægt að ná sæmilegri samstöðu um fjölmiðlamál ef menn bara reyndu.

Allir þingmenn sögðust vilja tryggja sem mesta fjölbreytni og mest fjölræði á fjölmiðlamarkaði og það var ljóst, ef hlustað var eftir þeim undirtóni sem var í umræðunni, að hægt væri að ná sæmilega breiðri samstöðu ef menn legðu sig fram um það. Það hefur auðvitað orðið raunin. Það hefur komið á daginn, eins og þverpólitíska nefndin er órækasti vitnisburðurinn um. Auðvitað teygðu menn sig þar í átt til samkomulags. Þar fékk enginn allt sem hann vildi og menn gerðu málamiðlanir en það var hægt að ná sæmilegu samkomulagi í nefndinni.

Fyrra frumvarpið sem kom fyrir þingið er skólabókardæmi um hvernig ekki á að vinna. Til dæmis fór ekki fram nein stefnumótandi umræða í þinginu áður en frumvarpið var samið. Það kom út skýrsla sem var unnin af hópi sérfræðinga. Hún var sett fram og örfáum dögum seinna var komið frumvarp, sem ekki einu sinni byggir á þeirri skýrslu heldur er bara samið sisvona. Hina pólitísku umræðu til undirbúnings, stefnumótandi umræðu, vantaði. Það var efnt til átaka að nauðsynjalausu og samfélagið og mikilvægustu stofnanir þess voru settar á annan endann til að þjóna lund ráðamanna. Þannig var það.

Það gefur manni hins vegar tilefni til að segja örfá orð um vinnubrögð ríkisstjórnar og Alþingis. Í sjálfu sér hefði ég kosið að skýrsla fjölmiðlanefndarinnar sem kom fram í apríl 2005 hefði verið lögð fyrir þingið til stefnumótandi umræðu, að þingið hefði tekið umræðu á grundvelli skýrslunnar og síðan hefði það ályktað að fela ríkisstjórninni að semja frumvarp á grundvelli þessarar stefnumótunar. Það finnst mér vera hinn eðlilegi farvegur mála, að þingið taki fyrst stefnumótandi umræðu og feli síðan framkvæmdarvaldinu að vinna á grundvelli þess sem menn koma sér saman um eða meiri hluti þingsins kemur sér saman um.

En gott og vel. Það er ekki á allt kosið. Það sem við erum með hér er þó sannarlega framför frá því sem áður var. Ég hefði kosið að við hefðum staðið þannig að málum gagnvart Ríkisútvarpinu. Það hefði einmitt átt að setja saman skýrslu um Ríkisútvarpið, tíunda þar hvert ætti að vera hlutverk Ríkisútvarpsins, menningarlegt hlutverk, pólitískt hlutverk, eftirlitshlutverk; hvernig hugsanlegt sé að fjármagna slíka stofnun, hvert sé mögulegt rekstrarform o.s.frv. Þingið hefði átt að taka stefnumótandi umræðu um Ríkisútvarpið og á grundvelli þess hefði síðan átt að semja frumvarp um Ríkisútvarpið. Ég er sannfærð um að það

hefði gengið betur að koma málum fram með þeim hætti en hefur gengið með Ríkisútvarpið, eins og þar hefur verið staðið að málum.

Virðulegur forseti. Þetta segi ég vegna þess að mér finnst brýnt að þingið, ráðherrarnir og ríkisstjórnin, taki þetta samspil þings og framkvæmdarvalds til endurskoðunar og að menn standi með öðrum hætti að málum í þinginu en tíðkast hefur hingað til. Þar er ég ekki að draga menn í pólitíska dilka. Þetta er vinnulag sem hefur þróast og að mínu viti hefur það þróast í ranga átt. Ég tel mikilvægt að við gerum meira af því að ræða stefnumótandi skýrslur á þinginu og fela á grundvelli þeirra ríkisvaldinu að semja frumvörp um tiltekin mál. En það er hægt að ræða síðar.

Virðulegur forseti. Himinn og haf skilur að þetta frumvarp og hið fyrra. Hér hefur verið vandað til verka þó að eflaust geti verið skiptar skoðanir um einstaka þætti málsins. Þótt sæmilega breið samstaða náist í svona nefnd er ekki þar með sagt að allur ágreiningur eða öll skoðanaskipti séu úr sögunni og menn geti ekki haft aðeins mismunandi áherslur eftir sem áður. Við skulum ekki gera ráð fyrir að við getum múlbundið alla þingmenn vegna þess að við náðum saman í nefndinni. Það væri heldur ekki eðlilegt. Það hlýtur að vera áherslumunur á milli manna í svona máli og ekkert við það að athuga.

Að mínu viti er merkasti þáttur þessa frumvarps sá sem lýtur að reglum um flutningsrétt og flutningsskyldu, þ.e. að efnisveitur og sjónvarpsstöðvar eigi rétt á að fá dreifingu hjá þeim dreifiveitum sem þær óska eftir, að þær komist eftir þeim dreifiveitum sem tiltækar eru, að efnisveiturnar, sjónvarpsstöðvarnar komist eftir þessu þjóðvegakerfi sem tiltækt er í dreifiveitunum. Svo þarf reglan auðvitað að ganga í báðar áttir, þ.e. að dreifiveiturnar eigi rétt á að fá til flutnings á sínu dreifikerfi það efni sem þær kjósa. Þetta finnst mér meðal merkustu nýmæla í þessu frumvarpi. Mér finnst þetta marka talsverð tímamót, sú tillögugerð sem uppi er í þessu efni.

Þetta þýðir að Vodafone og 365 miðlar geta ekki neitað að flytja Skjá einn í gegnum sitt dreifikerfi og Síminn getur ekki neitað að flytja Stöð 2 í gegnum sitt kerfi. Þetta er gríðarlega mikilvægt, virðulegur forseti, fyrir neytendur. Þar með á að komast í veg fyrir að þeir geti lokast inni í tilteknum kerfum hjá fjarskiptafyrirtækjunum sem farin eru að bjóða upp á pakkalausnir fyrir heimilin, pakkalausnir fyrir nettengingu, fastlínusíma, farsíma, myndbandaleigu o.s.frv. Þau eru kannski með tilboð í gangi til fólks sem hljómar vel en gæti haft í för með sér, sé þetta ekki til staðar, að fólk læstist inni í tilteknum dreifiveitum og ætti ekki völ á efni frá öðrum en þeim sem hafa gert samninga við þær dreifiveitur eins og málum er háttað í dag.

Á þessu eru auðvitað ákveðnar takmarkanir engu að síður, virðulegur forseti. Það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að auðvitað er ekki hægt að skikka dreifiveitur til að flytja hvað sem er ef rými inni á kerfinu er takmarkað. Það er ekki hægt að skylda þær til að gera það á hvaða verði sem er þannig að setja verður ákveðnar takmarkanir á þetta. Það kemur fram, virðulegur forseti, að sá varnagli er sleginn að aðeins megi skylda fjarskiptafyrirtæki til að flytja efni sem nemur einum þriðja flutningsgetu fjarskiptanetsins, þannig að einhver einn aðili geti ekki tekið upp bróðurpartinn af netinu.

„Ef fleiri útvarpsstöðvar óska eftir að dagskrár þeirra verði fluttar en fjarskiptanet annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær dagskrár sem hafa mest áhorf samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Ávallt skal þó flytja dagskrá Ríkisútvarpsins sé þess óskað."

Mér finnst það eðlilegur varnagli sem hér er sleginn. Síðan kemur ýmislegt um gjaldskrár og uppgjörsreglur sem er nokkuð flókið og viðurhlutamikið. Það kann vel að vera að það þurfi skoðunar við í nefndinni hvernig þeim málum er háttað.

Ég tel einnig mikilvægt, virðulegur forseti, að hér eru settar reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í frumvarpið þótt ég sé ekki svo bernsk að halda að það þýði að eigendur sjónvarpsstöðva, útvarpsstöðva eða dagblaða reyni ekki þar með að hafa áhrif, að reglurnar komi í veg fyrir að þær reyni að hafa áhrif á það sem skrifað er eða sagt í viðkomandi miðli. Engu að síður tel ég að þetta geti skapað aðhald og búið til ákveðna festu í störf blaðamanna og ritstjórna.

Varðandi eignarhaldið tel ég þær reglur sem hér eru settar um gegnsæi í eignarhaldi mjög mikilvægar. Á það var reyndar lögð mikil áhersla í nefndinni, að slíkar reglur væru mjög skýrar og almenningur ætti greiðan aðgang að upplýsingunum um hverjir ættu fjölmiðla, eins og ég sagði áðan. Varðandi síðan almennar skorður við eignarhaldi á fjölmiðlum þá gerði nefndin tillögur um ákveðnar skorður. En þær skorður voru að okkar mati málefnalegar og almennar. Við töldum að með því væri meðalhófs gætt þótt auðvitað megi alltaf deila um hvert hlutfallið eigi að vera. Hvert er hið rétta hlutfall? Ég held að það verði seint hægt að finna leiðir til að skera úr um það. Hins vegar má segja að við gerðum tillögu um að settar yrðu ákveðnar skorður en þá og því aðeins ná þær til fjölmiðla að viðkomandi fjölmiðill hafi verulegt dagskrárvald, hann hafi mikla útbreiðslu og þar af leiðandi mikið dagskrárvald, ef svo má segja. Hann getur verið ráðandi í umræðunni á fjölmiðlamarkaði. Þá og því aðeins ættu þessar reglur að ná til fjölmiðlanna. Hugsunin var að reyna að stuðla að fjölræði með þessu en okkur var líka mjög vel ljóst í nefndinni að þetta hefði hins vegar lítil áhrif á fjölbreytni.

Út af fyrir sig geta allir þessir fjölmiðlar sent út eins efni, sams konar sápuóperu, sams konar umræðuþætti, sams konar tónlistarkeppni eða hvað þetta er allt saman. Þetta hefur því kannski ekki mikið með fjölbreytnina sem slíka að gera, hina menningarlegu fjölbreytni eða pólitísku, en tryggir á hinn bóginn fjölræði.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er að verða búinn en það voru örfá atriði sem ég hjó eftir í sjálfu frumvarpinu sem mér finnst ástæða til að spyrja út í. Það er m.a. í 2. gr. þar sem segir:

„Útvarpsréttarnefnd er heimilt að gera samning við Hagstofu Íslands um að annast söfnun framangreindra upplýsinga og úrvinnslu þeirra."

Ég fór að velta því fyrir mér af hverju sett er inn í frumvarpstextann að heimilt skuli að gera samning við Hagstofu Íslands. Því skyldi ekki vera hægt að gera samning við hvern sem er um þetta? Við Háskóla Íslands eða einhvern annan aðila. Ég vildi spyrja út í þetta.

Í 4. gr. finnst mér svolítið sérkennilegt þegar segir:

„Útvarpsstöðvar skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er, svo og fyrirhugaðri grundvallarbreytingu á áður kynntri dagskrá."

Það getur ekki verið að þær þurfi alltaf að láta vita um breytingar á dagskrá eins og hún er send út frá degi til dags heldur er þarna væntanlega átt við dagskrárstefnuna. Um það vildi ég spyrja, virðulegur forseti.

Varðandi reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þá finnst mér það svolítið viðurhlutamikið að inni í textanum sé að þær skuli endurskoðaðar árlega. Kannski kemur það ekki að sök og gæti þess vegna verið með þeim hætti að þær séu óbreyttar frá ári til árs þótt þessi regla sé þarna inni. En út í þetta vildi ég spyrja, virðulegi forseti, áður en ég vík úr pontu.

[14:32]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Nú er komið til Alþingis frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum sem beðið hefur verið eftir því það er orðið eitt og hálft ár síðan nefnd sú sem á grunninn í þessu frumvarpi skilaði af sér störfum. Rétt er að taka undir með hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að það verk var vandasamt. Það var vandasamt að leiða til lykta í frumvarpsform þær niðurstöður sem nefndin komst að á sínum tíma og kynnti á vordögum 2005.

Mér virðist af þeim stutta tíma sem ég hef haft til að kynna mér frumvarpið og greinargerð þess að þetta verk hafi verið leyst afar vel af hendi af þeim færu lögfræðingum sem um það mál véluðu og það má líka segja þeim til hróss að fundirnir sem haldnir voru með fulltrúunum sem sátu í fjölmiðlanefndinni voru afar gagnlegir og upplýsandi og vinnubrögðin í alla staði til fyrirmyndar að mínu mati. Ég hef síðan ekki haft tækifæri eða tíma til að bera saman í smáatriðum þær textatillögur sem bornar voru undir okkur í því samráðsferli og það sem á endanum kom niður í frumvarpstextann, en ég geri ráð fyrir að þar hafi ekki verið hvikað frá meginatriðunum sem okkur voru kynnt.

Ég get líka tekið undir með hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að fyrirliggjandi frumvarp afhjúpar vissulega þá forheimskun sem réði för þegar fjölmiðlafrumvarpið hið fyrra var hér til umræðu. Það er óþarfi að rifja það upp í smáatriðum, þeir sem tóku þátt í þeirri umræðu eru þess minnugir á hvaða nótum hún var. Það er eitthvað sem heyrir sögunni til en auðvitað er erfitt að rjúfa tengsl þessa máls við þann ótrúlega og forpokaða upptakt, leyfi ég mér að segja.

Svo ég haldi áfram að vitna til orða hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, af því að ég er upptekin af þeim punktum sem ég tók þegar hún flutti ræðu sína, þá er rétt að Samfylkingin lagði mikla áherslu á gagnsæi eignarhalds í þeirri umræðu sem fram hefur farið um þessi mál á Alþingi og sömuleiðis sjálfstæði ritstjórna og þótt við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ævinlega tekið undir þær hugmyndir og áherslur höfum við samt sem áður lagt mesta áherslu á að samhliða því að löggjöf um fjölmiðla yrði endurskoðuð, yrði staða Ríkisútvarpsins tryggð. Sjónarmið okkar hafa ævinlega gengið út á það að stórt og öflugt ríkisútvarp, sem hefði miklum skyldum að gegna við menningu þjóðarinnar, gæti tryggt kröftugan lággróður á almennum fjölmiðlamarkaði. Við álítum að í samfélagi sem ekki er stærra en okkar, 300 þúsund manna samfélag, þurfi að tryggja, til að viðhalda menningu þjóðarinnar, mjög öflugt ríkisútvarp sem standi traustum fótum og sé stutt með ráðum og dáð af þjóðinni og hinu opinbera og sé fjármagnað á þann hátt sem gert hefur verið hingað til, þ.e. að þjóðin finni fyrir því að hún eigi þá stofnun. Fái sú stofnun byr undir vængina og fái hún að vera sá öflugi máttarstólpi menningar, erum við þess fullviss að fjölbreytt fjölmiðlaflóra geti þrifist í skjóli sterks ríkisútvarps, nota bene, ekki í skugganum af því.

Ég nefni dæmi sem við höfum í samfélagi okkar sem mér finnst alltaf vera svolítið sambærilegt við þetta. Það kemur norðan úr Eyjafirði. Allir vita að eftir að Leikfélag Akureyrar fékk þá stöðu sem það hefur nú, þ.e. var gert að atvinnuleikhúsi og fékk þar af leiðandi kraft og viðurkenningu, þá gerðist það að áhugamannasamfélagið í leiklist við Eyjafjörð og í nágrannasveitum Eyjafjarðar, blómstraði sem aldrei fyrr. Sú merkilega menningarheild sem er við Eyjafjörðinn hefur viðhaldist og hún er í raun og veru að sanna núna þá kenningu okkar vinstri grænna að stór og máttugur aðili sem stendur traustum fótum og hefur stuðning frá hinu opinbera getur lyft grettistaki í þeim gróðri sem þrífst þar í kring.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum líka lagt verulega áherslu á lýðræðislegt hlutverk fjölmiðla í þessari umfjöllun um fjölmiðla. Við höfum verið þess fullviss að með þessum lögum sé hægt að tryggja að óvilhöll umræða um þjóðmál og hvaðeina sem varðar þjóðina geti farið fram eða verið studd í öllum fjölmiðlum. Það er verulega mikilvægt að talað sé á þeim nótum að þjóðmálaumræða, hvort heldur hún varðar börn eða ungmenni, miðaldra fólk eða gamalt, konur eða karla, fatlaða eða ófatlaða, sé til staðar á sem breiðustum grunni og í sem flestum fjölmiðlum.

Auðvitað má til sanns vegar færa að verið sé að nútímavæða löggjöf um fjölmiðlana með þessu frumvarpi. Mér finnst afar mikilvægt að það skuli gert því satt að segja er búið að vera hálfönugt að þurfa að horfa upp á það, nánast hvern einasta dag, hvernig núgildandi lög um fjölmiðla eru þverbrotin og nánast ekki hægt að fara eftir þeim. Í fyrsta lagi vegna þess að tækninni hefur fleygt fram miðað við það sem hún var þegar þau lög voru sett, og í öðru lagi vegna þess að ákveðnar hefðir eru að skapast sem menn leyfa sér að láta skjóta rótum, jafnvel þótt ekki sé lagaleg stoð fyrir því eins og lagaumhverfið er í dag. Það er auðvitað fullkomlega óviðunandi og því segi ég að þessi löggjöf er langþráð. Það verður sannarlega fagnaðarefni þegar við getum, vonandi fyrir lok þessa þings, horft fram á að fá löggjöf sem er betur í takt við tímann, betur í takt við þá tækni sem er til staðar og þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi hvað þetta varðar.

Virðulegi forseti. Fyrsta setningin í greinargerðinni með þessu frumvarpi, sem var jafnframt fyrsta setningin í ræðu hæstv. menntamálaráðherra, er mér nokkuð hugleikin. Hún fær mig til að hugsa um meginlínurnar í þeirri stöðu sem við búum við í dag á fjölmiðlamarkaði. Fyrsta setningin í inngangi athugasemda við lagafrumvarpið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum, eða allt frá því að breytingar á útvarpslögum tóku gildi hér á landi á árinu 1986 og leiddu til frelsis í fjölmiðlun, hefur mikil gróska og örar breytingar einkennt íslenskan fjölmiðlamarkað."

Ég undirstrika orðið frelsi í þessari setningu, þ.e. ég spyr sjálfa mig að því hvort ríkt hafi svo mikið ófrelsi eða svo mikil höft fram að þeim tíma. Svar mitt við þeirri spurningu er auðvitað nei. Fyrir 1986 var hér til staðar öflugt ríkisútvarp sem fullnægði þjóðinni afar vel að mínu mati. Síðan urðu ákveðnar breytingar sem höfðu grósku í för með sér. Ekki skal ég draga dul á það. Auðvitað hafa orðið örar breytingar, ekki bara af því að fjölmiðlum hafi fjölgað heldur líka, eins og ég vék að áðan, vegna þess að tækninni hefur fleygt fram og í því tilliti hefur umhverfið breyst verulega mikið.

Ástæðan fyrir því að ég geri frelsishugtakið að umræðuefni er sú að eitt af meginatriðunum í því sem við þurfum að skoða þegar við fjöllum um þetta mál er hvaða dagskrárefni það er sem við erum að fá í okkar íslensku fjölmiðlum. Þegar við skoðum afar góða greinargerð með þessu frumvarpi, sem er mjög efnismikil og fín og uppfærir að sumu leyti upplýsingar sem koma fram í skýrslu fjölmiðlanefndar, rekum við augun í það þegar við skoðum dagskrárefnið að það hefur í sjálfu sér lítið eða ekkert breyst. Mér finnst svo alvarlegt, miðað við það hversu mikil fjölgun hefur orðið í flórunni, að horfa upp á það þegar við lítum á greinargerðina og skoðum kaflann um dagskrárefnið að það er nánast hið sama. Það eina sem virðist hafa gerst er að það hefur dregið úr krafti og styrk Ríkisútvarpsins.

Ég ætla að fá að vitna aðeins til greinargerðarinnar, hæstv. forseti, þar sem fjallað er um dagskrárefni, á bls. 29. Þar er sérstakur kafli sem fjallar um uppruna dagskrár. Þar segir:

„Allar götur frá því að innlent sjónvarp hófst árið 1966 hefur eitt helsta einkenni þess verið óvenjuhátt hlutfall erlends efnis af útsendri dagskrá."

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta athyglisvert í ljósi þess að það má sannarlega fullyrða að þetta háa hlutfall — við sjáum það hér á línuritum — erlends efnis er nánast það sama og það var fyrir hina meintu frelsisbylgju sem átti sér stað 1986.

Ástæða þess að mér finnst sérstaklega athyglisvert að beina sjónum að sjónvarpinu í þessari ræðu — þetta er náttúrlega ekki langur tími — er auðvitað sú staðreynd að sjónvarpið er öflugasti miðillinn af þeim miðlum sem við fjöllum um í þessu frumvarpi. Það hefur sýnt sig að sjónvarpið hefur ákveðna yfirburði í fjölmiðlaumræðunni, í lýðræðislegri umfjöllun um þjóðmálin, á við aðra fjölmiðla.

Það kemur í ljós í þessari greinargerð að í alþjóðlegum samanburði hefur íslenskt sjónvarp í gegnum árin yfirleitt alltaf verið nánast í botnsætinu á öllum samanburðarlistum hvað varðar hlutdeild innlends efnis af dagskrá. Þá gildir einu hvort um hefur verið að ræða samanburð á efni stöðva í almannaþjónustu eða einkarekinna stöðva. Ef aðeins er miðað við uppruna leikins efnis er samanburðurinn jafnvel enn þá óhagstæðari fyrir íslenskt sjónvarp. Ástæða þess er sögð sú að framleiðsla leikins efnis sé kostnaðarsöm og regluleg framleiðsla slíks efnis hafi verið ofviða íslensku sjónvarpi. Íslensk og innlend dagskrárgerð hefur mestmegnis einskorðast við fréttir og fréttatengda dagskrárliði og framleiðslu efnis sem ekki er eins frekt á mannafla og fjármuni og sem ekki kallar á umtalsverða forvinnu og eftirvinnslu, svo sem viðtals- og skemmtiþættir hvers konar, gestakomur í sjónvarpssal og upptökur og beinar útsendingar til að mynda frá íþróttakeppnum og kappleikjum.

Þetta eru auðvitað orð að sönnu, hæstv. forseti, þetta var raunin í árdaga sjónvarps. Þá tókum við upp á filmu útvarpsþætti, viðtalsþætti í sjónvarpssal, og í sjálfu sér hefur sáralítið breyst í þessum efnum. Mér finnst það alvarlegt þegar við erum að skoða þessa hluti í heild og skoða samhengi hlutanna að okkur skuli ekkert hafa miðað fram á við í framleiðslu innlends, leikins efnis á þeim tíma sem liðinn er frá því að íslenskt sjónvarp hóf göngu sína 1966 og heldur ekkert frá 1986, þegar öllum var opnuð greið leið að því að reka fjölmiðla af þessu tagi.

Hins vegar hefur framboðið á erlenda efninu margfaldast með þessari fjölgun stöðva og með þeirri samkeppni sem leidd var inn á þennan markað á sínum tíma. Í greinargerð kemur fram að árið 2003 hafi sjónvarpsáhorfendum hér á landi staðið til boða yfir 4.500 stundir af innlendu efni á þeim fjórum stöðvum sem sendu út á landsvísu en innan við 700 stundir 1987.

Svo spyr maður sig: Bíddu, hverju erum við bættari að hafa nú 4.500 stundir af sjónvarpsefni úti á öldum ljósvakans og við höfðum bara 700 áður? Ég fullyrði að við erum í sjálfu sér engu bættari vegna þess að efnið hefur ekkert breyst. Fjölbreytnin hefur ekki komið með þessu fjölræði eða fjölgun stöðva eða samkeppni. Mér finnst það grafalvarlegt mál og ég held að þetta sé eitt af því sem við verðum að ræða í þessum sal og í menntamálanefnd þegar við förum ofan í saumana á frumvarpinu, hvort það er eitthvað sem löggjafinn getur gert í þessum efnum, þó ekki væri annað en að fara ofan í saumana á þessu og hvetja til umræðu um nákvæmlega þennan þátt þessara mála.

Það sem skiptir verulegu máli, virðulegur forseti, er að hlutdeild sjónvarpsins í íslensku leiknu efni er lítil. Það er ábyrgðarhluti þegar við reynum að skoða þá ábyrgð og þá meðvitund sem þarf að ríkja hjá okkur sem byggjum þetta fámenna málsamfélag og skoðum í heildrænu samhengi þá ábyrgð sem við höfum á herðunum til að viðhalda því málsamfélagi og þeirri menningu sem hér þrífst.

Þegar þetta er allt saman skoðað sýnist mér þessi heildaráhorfsskoðun leiða það í ljós að þó að hún skiptist á fleiri aðila en hún gerði áður en samkeppnin var innleidd, þá er afleiðingin í sjálfu sér kannski bara veikari stöðvar og í öllu falli að mínu mati veikara Ríkisútvarp, sem hefur ekki fengið þann bakhjarl í ríkisstjórninni eða í stjórnvöldum sem nauðsynlegt hefði verið að mínu mati til að það geti verið einn af máttarstólpum menningar á Íslandi. Vegna þess hver veruleikinn er höfum við, talsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, verið þeirrar skoðunar að um Ríkisútvarpið ættu að ríkja efnismiklar reglur um meginstefnu og um ábyrgð enda hefði sú stofnun hlutverki að gegna í menningarlegum efnum umfram sjálfstæðu stöðvarnar eða stöðvar sem reknar eru á einkamarkaði. Aðrir fjölmiðlar ættu hins vegar að okkar mati að geta haft nokkuð frjálsar hendur innan sanngjarnra marka og í sjálfu sér má segja að ég hafi alltaf verið efins um lagaklásúlur sem

ekki er eða hefur verið ætlunin að fara eftir — já, fyrirgefið, þetta var ég búin að segja, ég er farin að rugla saman punktunum, frú forseti, þannig að ég held ég láti þessari hugsun bara lokið.

Að mínu mati er það svo að vopnið í þessari baráttu við einsleitnina er að stórefla ríkisrekið útvarp og sjónvarp, hljóðvarp og sjónvarp. Um það erum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og núverandi stjórnvöld ekki sammála, því miður. Til vitnis um það eru frumvörp undangenginna ára um Ríkisútvarpið. Það er sjónarmið mitt að stjórnvöld hefðu í sjálfu sér átt að taka því boði sem þau stóðu frammi fyrir á síðasta ári, að sjá til þess að þessi frumvörp tvö héldust í hendur í gegnum umfjöllun á Alþingi. Því hefur aldrei verið sinnt. Það hefur greinilega verið lítill vilji á stjórnarheimilinu til þess að hægt væri að taka umræðuna í samhengi, því að eins og kunnugt er í þessum sal hefur Ríkisútvarpsfrumvarpið nú þegar verið sent út til umfjöllunar og umfjöllunin um það kemur til með að verða ótengd umfjöllun um fjölmiðlafrumvarpið, a.m.k. hjá þeim umsagnaraðilum sem um ræðir og koma til með að gefa nefndinni umsögn sína, því að þeir hafa ekki verið beðnir um að senda eina sameiginlega umsögn eða umsögn þar sem málin tengjast heldur þvert á móti. Ríkisútvarpsfrumvarpið er farið út og á að vera komið til nefndarinnar fyrir þessi vikulok. En síðan komum við til með í næstu viku að öllum líkindum að senda þetta stóra frumvarp til umsagnar til að mestu leyti sömu aðila sem eiga þess þá ekki kost að vega og meta samhengi þessara tveggja frumvarpa. Það hefur mér alltaf þótt afar miður og nefni það þess vegna nú, eins og ég hef svo sem áður vikið að.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um tekjur af fjölmiðlarekstri og fjallað um tekjur af auglýsingum. Af því að tími minn er nú orðinn af skornum skammti ætla ég aðeins að fara á hundavaði yfir það sem segir um auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins, hljóðvarps. Þær hafa lækkað um nær helming að raunvirði frá því að samkeppnin var innleidd. Ég vil leyfa mér að fullyrða, frú forseti, að meginástæða þess að menn, sérstaklega á hægri væng stjórnmálanna eða hlynntir kapítalisma í stjórnmálum, hafa sótt svo fast að fá að reka fjölmiðla á Íslandi hafi verið ásóknin í auglýsingatekjur á þessum markaði, kannski síður vegna einhverrar innri ástríðu um að efla fjölmiðla eða auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði eða vegna þess að þeim lægi eitthvað á hjarta.

Mér sýnist á öllu að ég hafi haft á réttu að standa þegar greinargerðin með frumvarpinu er skoðuð grannt. Þó að þetta sjónarmið hafi ef til vill stjórnað þeim fjársterku aðilum sem hafa haft bolmagn til þess að fara inn á þennan markað með útvarpsstöðvar eða sjónvarpsstöðvar og dagblöð, þá er alls ekki þar með sagt að ekki hafi valist gott fólk og gagnmerkt fjölmiðlafólk til starfa á einkareknum stöðvum. Það er kannski það sem við helst höfum grætt á þessari samkeppni, að við höfum fengið fleiri hæfa fjölmiðlamenn til starfa og það hefur verið blómstrandi atvinnuvegur að reka fjölmiðla. Við eigum orðið mjög öfluga sveit fjölmiðlafólks sem er alveg lífsnauðsynlegt að fái möguleika á að blómstra áfram í umhverfi sem er hliðhollt fjölmiðlum, umhverfi sem hefur rætur í menningu okkar og umhverfi sem heimilar fjölmiðlafólki eða gefur því frelsi til að fara djúpt ofan í saumana á málum og bæta umfjöllun um þjóðmál, bæta fréttir og bæta almennt fjölmiðla á Íslandi. Ég vona sannarlega að þetta frumvarp eigi eftir að verða til þess.

[14:52]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins um það sem þingmaðurinn sagði um Ríkisútvarpið, sem ekki gafst mikið tóm til að koma inn á í ræðu minni. Ég vil vekja athygli á sameiginlegri bókun sem við fluttum í nefndinni, ég ásamt Kolbrúnu Halldórsdóttur og Magnúsi Þór Hafsteinssyni, þar sem við lögðum einmitt mikla áherslu á mikilvægi þess að tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og að við gerðum ákveðinn fyrirvara um það í nefndinni að ásættanleg niðurstaða næðist um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins, en það er nú kannski ekki alveg í sjónmáli að sú sé raunin. Það er sem sagt sameiginleg áhersla hjá okkur á Ríkisútvarpið og ég get fyllilega tekið undir að það er gríðarlega mikilvægt að eiga öflugt ríkisútvarp sem á að tryggja ákveðna fjölbreytni, þarf ekki að vera ofurselt markaði og getur staðið undir öflugu menningarhlutverki í samfélaginu. Mikilvægt er fyrir aðrar stöðvar að það sé öflugt ríkisútvarp, rétt eins og það er mikilvægt fyrir hina frjálsu leikhópa að eiga öflugar stofnanir á sviði leiklistar, þjóðleikhús og borgarleikhús, það er mikilvægt fyrir tónlistina í landinu að eiga sinfóníuhljómsveit vegna þess að þessar stofnanir ala upp nýtt fólk, þær gefa viðmiðanir, þær halda uppi svona ákveðnum „standard" getum við sagt á þessum sviðum.

Ég tel hins vegar að mikilvægt sé að auka þetta menningarlega hlutverk og við getum gert kröfu til Ríkisútvarpsins. En við getum líka gert kröfu til hinna svokölluðu frjálsu fjölmiðla ef við gefum þeim t.d. betri aðgang að tekjustofnum eins og auglýsingum en værum ekki með Ríkisútvarpið með sama hætti og aðra fjölmiðla á auglýsingamarkaðnum. Eins með styrkjum til framleiðslu á innlendu leiknu efni eða til heimildamyndagerðar. Það er hægt að stýra þessu að vissu leyti í gegnum ýmsa slíka miðla, í gegnum auglýsingatekjur, í gegnum styrki og í gegnum Ríkisútvarpið. (Forseti hringir.) Þau tæki eigum við að nýta.

[14:54]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður bendir á að stjórnarandstaðan stóð saman um bókun með skýrslunni sem fjölmiðlanefnd sendi frá sér. Mér láðist að minnast á þá bókun í ræðu minni. En það er alveg hárrétt, stjórnarandstöðunni hefur lánast að standa mjög vel saman í þessu máli og ég held að við getum verið sammála um þetta meginstef í bókuninni, að samhliða því að innleiða nýja löggjöf á fjölmiðlamarkaði þá þurfi að efla stöðu Ríkisútvarpsins.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur svo sem tekið undir þau sjónarmið okkar þó svo að ég leyfi mér ævinlega að efast um að full eindrægni ríki í yfirlýsingum sjálfstæðismanna hvað það varðar því að við vitum að þar eru tvö sjónarmið á lofti. Ákafinn í að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið gerir það að verkum, að mínu mati, að það komi til

með að veikja stofnunina enn frekar frá því sem verið hefur og stjórnvöld hafa tekið þátt í þeirri veikingu sem átt hefur sér stað fram að þessu. Þau hafa því ekki sýnt vilja sinn í verki fram að þessu varðandi öflugt ríkisútvarp.

Varðandi síðan það sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði að hægt sé að stýra með einhverjum hætti því sem frjálsu fjölmiðlarnir svokölluðu leggja af mörkum, þá er það auðvitað rétt. Hins vegar er ég samt svolítið vantrúuð á að það eigi í sjálfu sér að vera að stýra því svo mikið. Ef við náum að efla menningarstofnunina okkar, Ríkisútvarpið, sem í mínum huga er máttarstólpi menningar í landinu á þessu sviði, þá treysti ég því að það veiti fjölmiðlunum sem eru þar í kring ákveðið aðhald og líka samkeppni, tryggi það að þeir verði betri og keppi hærra. Við höfum BBC sem dæmi um það í Bretlandi, við höfum Arte sem dæmi um það í Frakklandi. Ég er því enn þá alveg sannfærð um að sterkt og gott Ríkisútvarp eigi eftir að geta skilað öflugri fjölmiðlun og öflugri fjölmiðlum úti á hinum almenna markaði.

[14:56]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég nefndi áðan nokkra hvata sem hægt væri að nota til að efla innlenda dagskrárgerð hjá öðrum fjölmiðlum en Ríkisútvarpinu og ég held að það geti verið mikilvægt að reyna slíkt. Þar vil ég sérstaklega nefna einmitt líka auglýsingatekjurnar vegna þess að sá er jú munurinn á Ríkisútvarpinu og BBC, sem hér var nefnt, að BBC er ekki á auglýsingamarkaði. Það hefur ekki bæði aðgang að opinberu fé eða sérstökum mörkuðum tekjustofnum í gegnum hið opinbera og síðan óheftan aðgang að auglýsingamarkaðnum eins og Ríkisútvarpið okkar hefur, sem auðvitað sneiðir svolítið að hinum sem eru að berjast um bitana á þeim markaði, við skulum alveg horfast í augu við að það sneiðir svolítið að þeim. Ég tel því að ef við höfum þetta með öðrum hætti gætum við jafnhliða gert meiri kröfur til þeirra fjölmiðla sem eru að keppa á þessum fjölmiðlamarkaði.

[14:57]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Bara örlítið um þetta. Varðandi auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins, ég hef alltaf verið svolítið efins um að við getum alveg borið okkur saman við Breta hvað þetta varðar, enda erum við svo miklu fámennara samfélag. Ég hef haft nokkurn vara á því að við ættum að aflétta eða taka auglýsingarnar frá Ríkisútvarpinu. Í fyrsta lagi vegna þess að ég hef aldrei treyst þeim stjórnvöldum sem hafa verið hér við völd til að sjá þá Ríkisútvarpinu fyrir tekjustofnum að sómi gæti verið að því, það hefur kannski verið meginástæðan fyrir því.

En líka hitt, að ég held að auglýsingar séu ákveðin þjónusta við samfélagið og í þessu dreifða samfélagi okkar held ég að sé líka ákveðin þörf fyrir að hafa a.m.k. að einhverju marki auglýsingar og tilkynningar frá hinu opinbera og það sem við þekkjum úr Ríkisútvarpinu til staðar í Ríkisútvarpinu. (**ISG:** ... annaðhvort eða.) Nei, auðvitað þarf það ekki að vera annaðhvort eða, þetta má vissulega vera í bland. Ég hef líka hugsað sem svo að þær hugmyndir eigi fullan rétt á sér að trappa það þá niður að einhverju leyti því að auðvitað getum við líka verið sammála um að of mikið magn af auglýsingum á dagskrártíma er náttúrlega ekki dagskrárefni og beinlínis leiðinlegt að sitja undir. Það þekkja allir þörfina hjá sér til að skipta um stöð þegar auglýsingatímarnir byrja. Já, já, ég held að líka sé hægt að finna ásættanlega leið í þessum efnum og ásættanlega niðurstöðu.

[14:59]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Loksins er runnin upp sú stund að við ræðum við 1. umr. um frumvarp til laga um svokallað fjölmiðlafrumvarp sem hefur verið afskaplega áberandi frá upphafi þessa kjörtímabils. Það má kannski segja að kjörtímabilið hafi hafist á þessu máli og mér sýnist að kjörtímabilið ætli einnig að enda á sama máli. Í sjálfu sér er ekki nema gott eitt um það að segja.

Við í Frjálslynda flokknum fögnum því að frumvarpið skuli loks komið fram. Þetta hefur verið löng og erfið fæðing. Þetta hófst í raun haustið 2003, í nóvember fyrir þremur árum þegar lögð var fram þingsályktunartillaga þingmanna fjögurra flokka, Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins þar sem sagði, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi.“

Samfylkingin var ekki með á þessu máli. Hún kom um svipað leyti fram með aðra þingsályktunartillögu sem gekk út á að réttlætis væri gætt í málflutningi fjölmiðla, það ríkti gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Virðulegi forseti. Þegar á þeim tímapunkti, þ.e. í nóvember 2003, kom fram mjög skýr vilji á Alþingi hjá öllum flokkum um að setja þyrfti einhvers konar ramma um starfsumhverfi íslenskra fjölmiðla. Við vitum síðan öll hvað gerðist. Fram kom frumvarp af hálfu ríkisstjórnarinnar eins og þruma úr heiðskíru lofti. Það olli gríðarlega miklum deilum sem ég ætla ekki að rekja hér og nú en það er löng og erfið saga sem ég vona að allir hafi lært af, ekki bara stjórnarandstaðan heldur fyrst og fremst stjórnarmeirihlutinn.

Þessu lyktaði með því að það var skipuð nefnd um málið, eftir að ríkisstjórnin felldi úr gildi sitt eigið frumvarp sem var náttúrlega sögulegur og einstæður viðburður eftir að forseti Íslands hafði neitað að undirrita hin svokölluðu fjölmiðlalög. Í þeirri fjölmiðlanefnd sat ég ásamt fulltrúum allra flokka. Hún var, ef ég man rétt, skipuð í nóvember árið 2004, þ.e. fyrir tveimur árum. Hún skilaði af sér í byrjun apríl árið 2005 og nú í nóvember árið 2006, þremur árum eftir að sagan hófst liggur frumvarp fyrir Alþingi. Ég hef átt hlutdeild í allri þessari vinnu frá upphafi, þ.e. í fjölmiðlanefndinni en einnig átt hlutdeild að því sem fulltrúi Frjálslynda flokksins að smíða þetta frumvarp, ef svo má segja, upp úr fjölmiðlaskýrslunni sem liggur fyrir. Þykk bók, 200 síður.

Við tókum þátt í þessu, fulltrúar allra flokka á fundum með sérfræðingum, lögfræðingum, lögspekingum og embættismönnum í menntamálaráðuneytinu eftir áramót í fyrra þannig að ég get alveg viðurkennt að ég hef átt verulegan hlut að því máli sem hér liggur til umfjöllunar á Alþingi. Ég væri ekki alveg samkvæmur sjálfum mér ef ég færi að setja á ræðu þar sem ég tætti þetta mál í mig og færi að gagnrýna það. Ég vil hins vegar lýsa því yfir að ég er opinn fyrir því að í því þurfi kannski eitthvað að lagfæra enn frekar. Ég á sæti í menntamálanefnd og ég hlakka til að takast á við að fara yfir þetta frumvarp í nefndinni og kalla til fundar við okkur þá sem eiga hagsmuna að gæta í þessu máli, fá inn umsagnir og reyna eftir bestu getu að sníða af þá agnúa sem hugsanlega kunna að vera á þessari lagasmíð. Hér er í raun um að ræða breytingu á þremur lagabálkum, útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum.

Maður hlýtur að velta fyrir sér, þegar upp er staðið, til hvers öll þessi orrusta var háð? Það er augljóst, miðað við hversu vel þessi vinna gekk þegar farið var af stað í hana með fulltrúum allra flokka, þ.e. bæði í fjölmiðlanefndinni og síðan þeim vinnuhóp sem vann að gerð þessa frumvarps, hve vel þessi vinna gekk. Það er umhugsunarefni til hvers refirnir voru skornir upphaflega. Hvers vegna í ósköpunum þurftum við að eyða öllum þeim tíma og fjármunum í þær hatrömmu deilur sem stóðu um þetta mál? Hefði verið farið í málið af fullri friðsemd og í fullu samráði allra flokka þá værum við sennilega fyrir löngu búin að samþykkja frumvarp til laga um breytingu á þessum lagabálkum, útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum. Það kom þægilega á óvart að þegar fólk settist niður og fór að tala saman í bróðerni þá var þetta alls ekki ókleifur múr að komast yfir.

En enn og aftur, virðulegi forseti. Ég hygg að okkar bíði mjög spennandi og skemmtilegt verkefni í menntamálanefnd, að fara yfir þetta mál. Ég vona að okkur takist að ljúka þessu fyrir þinglok, að þetta verði samþykkt sem lög frá hinu háa Alþingi áður en þingi verður slitið í vor og gengið verður til kosninga.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra að sinni. Ég vil að það komi fram að ég er tímabundinn og þarf að vera kominn á annan stað. Ég þarf að vera viðstaddur opnun á málverkasýningu uppi á Akranesi kl. 4 sem formaður menningar- og safnanefndar Akraness og verð því miður að hlaupa. Ég hefði gjarnan viljað fá að tala lengur en ræða mín um þetta mál bíður 2. umr.

[15:06]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, og fulltrúi okkar flokks í nefndinni sem samdi skýrsluna sem þetta frumvarp á rætur til að rekja fór yfir frumvarpið áðan og ég hef ekki miklu við það að bæta. Ég vil þó, vegna þess að ég verð væntanlega einn af þeim samfylkingarmönnum sem fer yfir frumvarpið í menntamálanaefnd, bæta nokkrum atriðum við sem þörf er á að nefna.

Í umræðunni, sem ég hef ekki átt kost á að fylgjast með að öllu leyti, hafa menn eðlilega nefnt forsögu málsins. Ég get ekki rakið hana að fullu, þótt vert væri, á þeim tíma sem ég hef til ráðstöfunar. En frumvarpið sem nú liggur fyrir sýnir árangurinn af feikilegri vinnu eða baráttu okkar samfylkingarmanna og annarra stjórnarandstæðinga á þinginu og fjölda fólks í kringum fjölmiðlana á landinu, þjóðarhreyfingarinnar sem spratt upp í þessu máli og þess vilja sem allur almenningur lét í ljós þegar fjölmiðlamálið fyrra kom inn í þingið og inn í samfélagið, fyrra frumvarpið sem að lokum þurfti forseta Íslands til að stöðva. Hann ákvað að bera ákvörðun stjórnarmeirihlutans um þá lagasetningu undir þjóðina í almennri atkvæðagreiðslu og tók þar djarfa ákvörðun og rétta að ég hygg. Það er skynsamlegt að minna á að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn sem þá sat, sem er reyndar sami stjórnarmeirihluti og nú er og sama ríkisstjórn og nú situr, þorðu ekki í þá atkvæðagreiðslu. Þannig endaði það mál. Ríkisstjórnin þorði ekki í þá atkvæðagreiðslu sem forsetinn hafði sent málið til.

Að hugsa sér, forseti, fyrir aðeins rúmum tveimur árum, vorið 2004, samþykkti meiri hluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, meiri hluti „Sjálfstæðisframsóknarflokksins“ lög frá Alþingi um þetta inngrip í tjáningarfrelsi og atvinnulíf, afar hæpin lög gagnvart stjórnarskránni, lög sem beindust gegn einu fyrirtæki sérstaklega, lög sem hefðu getað skemmt fjölmiðlun til langframa. Í sögulegu ljósi er frumvarpið sem hér liggur fyrir áfellisdómur yfir þeim lögum og því æði sem rann á stjórnarmeirihlutann þá mánuði. Það sýnir líka að stjórnarandstaðan og aðrir fulltrúar skynsemi og framsýni í fjölmiðlamálinu höfðu á réttu að standa.

Með umræðu sem byggist á fræðilegum forsendum og lýðræðislegum vinnubrögðum var hægt að ná talsverðri sátt og vinna samfélaginu og framtíðinni verulegt gagn eins og fram kemur í þessu frumvarpi og skýrslunni sem að baki liggur, sem að mörgu leyti eru mjög merkileg plögg. Áður vildu menn ekki hlusta, þá þurfti forsetann til, sem fer með löggjafarvaldið ásamt Alþingi, til að þingmenn og ráðherrar stjórnarliðsins loksins vöknuðu upp af þeim draumi sem þeir höfðu legið í.

Ég ætla nú að reyna að fjalla um frumvarpið sjálft en það verður auðvitað að gerast í ljósi þess fyrirvara sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem töluðu áðan, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Magnús Þór Hafsteinsson, höfðu þegar fjölmiðlaskýrslunni var skilað í apríl 2005. Þá lýstu þau því yfir að þau hefðu teygt sig í átt að samkomulagi um þetta og reynt sættir í því ljósi. — Nú ætla ég að biðja hv. þm. Eirík Jónsson að rétta mér fjölmiðlaskýrsluna sem mun vera á borði mínu, blá bók. Ég þakka honum fyrir og lofa að trufla hann ekki aftur við þingstörf hans. — En í bókun sinni sögðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar að þeir væru þeirrar skoðunar að mikilvægt væri að ná sátt um heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem tæki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Þeir sögðu að slíkt væri einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið færi fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf sem nú er orðin hugsanleg. Þau sögðu þetta, með leyfi forseta:

„Sjálfstætt almannaútvarp stuðlar að pólitískri og menningarlegri fjölbreytni og er forsenda þess að fjölmiðlar geti gegnt aðhaldshlutverki og verið útverðir lýðræðis í samfélaginu. Það er mat okkar að eigi að nást víðtæk sátt í samfé-

laginu um almenna rammalöggjöf um fjölmiðla, eignarhald og starfsumhverfi verði að tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar."

Þau segja síðan í bókun sinni að þau skrifi undir þessa skýrslu, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Magnús Þór Hafsteinsson, í því trausti að ásættanleg niðurstaða náist um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins. Það er í því ljósi sem við göngum nú til þessarar vinnu, stjórnarandstæðingar í þinginu. Rétt er að minna á það að við þekkjum núna vinnulagið við meðferð frumvarpsins um Ríkisútvarpið eins og það hefur verið hingað til, sem menn þekktu ekki þá. Ráðherra og stjórnarmeirihlutinn hafa hrakist með það frumvarp frá umræðu til umræðu, breytt því a.m.k. fimm sinnum en framtíð Ríkisútvarpsins er enn í tvísýnu eins og fulltrúarnir þrír sögðu í bókun sinni að væri fyrirsjáanlegt. Ríkisútvarpinu á að breyta í hlutafélag án þess að fyrir því hafi verið færð nokkur rök sem mark er á takandi og þar eiga áfram að vera pólitísk yfirráð. Þar á sem sagt ekki að vera faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum og með því er spillt því trausti sem ríkir milli Ríkisútvarpsins og eigenda þess, þ.e. þjóðarinnar. Í þessu ljósi fer umræðan fram í dag. Fjölmiðlamálið er nátengt Ríkisútvarpsmálinu. Frumvörpin verða auðvitað samferða gegnum þingið og ég sé ekki betur en afgreiðsla þessara mála sé háð því að samstaða náist um bæði málin í sameiningu. Það er minn skilningur.

Ég sagði við 1. umr. um Ríkisútvarpið, og það sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, einnig, að ef hæstv. menntamálaráðherra tekur burt háeffið, tvo bókstafi úr frumvarpinu, og er tilbúinn til umræðu um allar leiðir þá erum við það líka. Þá er allt til umræðu upp á nýtt. Við lögðum til þessa leið til samstöðu og sátta um Ríkisútvarpið en ráðherrann neitaði því í þeirri umræðu. Nú er það að vísu ekki endanlegt. Ráðherra hefur áður þverneitað við 1. umr. því sem hún hefur verið beðin um en að lokum fallist á skynsamlegar lausnir. Það getur því verið að hún sé að hugsa sig um. Tilboðið stendur a.m.k. af minni hálfu og okkar í Samfylkingunni.

Við í Samfylkingunni höfum flutt fjögur mál í þinginu um fjölmiðla á þessu kjörtímabili. Við fluttum, sem er kannski merkasta almenna málið, í mars 2004 tillögu um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Að því stóðu hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Ásgeir Friðgeirsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Jóhann Ársælsson, auk mín sem var 3. flutningsmaður. Þetta var aðaltillaga okkar. Þar sögðum við að ráðin til að bregðast við hættum af samþjöppun á fjölmiðlavettvangi væru fyrst og fremst eftirlit með samkeppnisforsendum, sérákvæði um gagnsæi í eignarhaldi og rekstri líka að ákveðnu leyti og sjálfstætt öflugt almannaútvarp.

Annað málið sem við fluttum á þinginu á þessu kjörtímabili var um vernd heimildarmanna fjölmiðla og um bótarétt höfunda og heimildarmanna. Þetta voru raunar tvö mál. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir átti jafnframt frumkvæði að því máli og var 1. flutningsmaður þess ásamt hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni. Það kom fram í október 2003, merkilegt mál sem hefur vakið verðskuldaða athygli og Bryndís vann mjög gott starf í málinu. Þegar maður lítur yfir þessi frumvörp hennar sér maður hvað við höfum misst mikils, samfylkingarmenn, þótt vissulega höfum við fengið ákaflega góðan þingmann í staðinn fyrir hana. Þetta mál hefur síðan verið endurflutt tvisvar eftir að hún yfirgaf þingið.

Þriðja fjölmiðlamál okkar var þingsályktunartillaga um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp sem ég bar fram sem 1. flutningsmaður, ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur og Helga Hjörvar, í desember 2004. Þetta er megintillaga okkar um ríkisútvarpsmálin. Þar voru þau mál reifuð. Við gengum út frá almannaútvarpi. Við nefndum margar leiðir um það hvernig það gæti starfað. Við sögðum hins vegar að það yrði að vera sjálfstætt og það yrði að vera öflugt. Þessi þingsályktunartillaga hefði einmitt verið gott grundvallarplagg fyrir almennt samstarf hér í þinginu meðal stjórnmálaflokkanna um Ríkisútvarpið.

Fjórða þingmálið sem við höfum flutt á þessu kjörtímabili um fjölmiðlamál er frumvarp sem ég bar fram sem 1. flutningsmaður í fyrra, ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, Jóhanni Ársælssyni og Helga Hjörvar, í febrúar á þessu ári. Það frumvarp er auðvitað samhljóða nokkurn veginn því sem sagt er um þá hluti hér í skýrslunni og var flutt til að leggja áherslu á að þátturinn um flutningsgetu og flutningsrétt er brýnasti hlutinn af þeim efnisþáttum sem í þessari skýrslu felast. Þegar það var flutt var ekki vitað hver yrðu afdrif frumvarpsins, hvort það yrði samið eða flutt og þess vegna var þetta sett fram hér á sjálfstæðan hátt.

Fjórir meginflokkar í þessu frumvarpi hljóta að teljast, í fyrsta lagi, vel á minnst, flutningsskylda og flutningsréttur. Ég segi að það sé brýnast og ég tel að í því skamma yfirliti sem ég hef getað gefið mér séu góðar reglur á ferðinni og góð vinna hjá frumvarpshöfundum sjálfum. Mér þykir í raun og veru, eins og í fyrra, koma til greina að afgreiða það sérstaklega hvað sem öðru líður.

Í öðru lagi nefni ég ritstjórnarlegt sjálfstæði og gagnsæi í eignarhaldi fjölmiðla. Um það fjallaði hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vel hér áðan. Þetta hefur verið einn af okkar helstu punktum í þessu máli, samfylkingarmanna. Auðvitað getur ritstjórnarlegt sjálfstæði aldrei orðið tryggt með þeim hætti og ráðum sem hér er um að ræða en við eigum að styðja við heföir á ritstjórnum og í blaðamennsku og við eigum að styrkja hið faglega markmið í innlendri og alþjóðlegri blaðamennsku. Við eigum að gera það þótt það kosti að eigendum sé gert erfiðara fyrir að ráða sínu fólki.

Þetta hefur verið gagnrýnt og það er auðvitað sjálfsagt að skoða fyrirkomulagið og lagareglurnar betur. En ég geri ekkert með kjarnann í þeirri gagnrýni sem heyrst hefur á reglurnar um þetta hér í frumvarpinu, sem er sú að blaðamenn séu einhvers konar róbótar sem eiga að gera það sem þeim er sagt. Blaðamennska er sérstakt fag, ólíkt öllum öðrum, lýtur eigin lögmálum. Það verður að taka tillit til þess. Það er kjarninn í fjölmiðluninni. Vondir blaðamenn eru vissulega til en það eru líka til vondir þingmenn án þess að það í sjálfu sér eigi að skerða rétt hinna góðu og þá viðmið-

un sem við höfum.

Í þriðja lagi er svo stjórnsýslan þar sem sú leið er valin að hafa nýja og endurskapaða útvarpsréttarnefnd. Þetta er rétt að fara vel yfir. Menn hafa líka rætt um Póst- og fjarskiptastofnun, eða fjölmiðladeild þar og sérstaka fjölmiðlastofnun, og þetta þarf að gaumgæfa vandlega.

Í fjórða lagi eru svo eignarhaldsreglur, ákaflega ítarlegar og mikil ákvæði fram og aftur um þær. Þá er fyrst að segja að þessar eignarhaldsreglur eru auðvitað langt í burtu frá ákvæðum fyrra frumvarps um þetta efni, Fjölmiðlafrumvarpsins með stóru F-i, þótt þessi leið sé farin.

Næst er að segja að við samfylkingarmenn höfum ekki haft mikla trú á þessari leið. Við höfum þó aldrei útilokað hana. Við föllumst á þær reglur í Evrópu að stjórnvöld hafi rétt til að grípa meira inn í sjálfstæði og svigrúm atvinnufyrirtækja á sviði fjölmiðlunar en annarra atvinnufyrirtækja. Við föllumst á það, höfum alltaf gert og lagt fram tillögur sem út á það ganga. Við höfum hins vegar þá grundvallarafstöðu að hlutverk stjórnvalda og stjórnmálamanna sé að setja reglur og búa til ramma, leikreglur og ramma en miklu síður boð og bönn, og það sé ekki nema að annað gangi ekki og það sé sýnt að það gangi ekki. Við viljum ekki fara, nema tilneydd, bannleiðina í þessum efnum eða öðrum. Reynum fyrst leikreglur og ramma og virðum regluna um meðalhóf.

Þetta hefur kannski snúist við frá því sem áður var alltaf talað um, að vinstri menn vildu beita ríkisvaldinu til að banna, hefta, handtaka, og ég veit ekki hvað og hvað valt upp úr hægri mönnum hér á árum áður og gerir jafnvel enn. En nú er það Sjálfstæðisflokkurinn sem er með bönnin og hin hörðu boð í hverju lagafrumvarpinu af öðru. En Samfylkingin vill gæta meðalhófs og takmarka afskipti hins opinbera af atvinnulífinu og tjáningarfrelsi og framtaki einstaklingsins, takmarka það við það sem sannarlega er nauðsynlegt vegna heildarhagsmunanna.

Ég segi það fyrir sjálfan mig að prósentureglur um eignarhald umfram venjulegar samkeppnisreglur eru ekki vænleg leið til að ná því markmiði sem við erum að reyna að ná með þessu. Prósentureglurnar skapa vanda, skapa jaðartilvik, geta þrengt að framþróun í fjölmiðlun, geta takmarkað fjárstreymi sem fjölmiðlun þarf á að halda og þar með þrengt að víðar, skemmt jafnvel eða skaðað framþróun og vöxt í skapandi atvinnugreinum sem nú er spáð að verði fjórða stoðin í atvinnulífi hinnar nýju aldar þekkingarsamfélagsins. Fjölmiðlarnir eru hluti af þessum skapandi atvinnugreinum. Í kringum fjölmiðlana aukast aðrar deildir í hinum skapandi atvinnugreinum sem þjóna þeim og eru í ýmiss konar samspili við þá.

Það þarf ekki að rekja að eignarhald hefur verið rætt mikið. Við fórum í gegnum hitt fjölmiðlafrumvarpið, það gamla, einkum með þá hluti hér í umræðunni. Við vitum að sú aðferð er notuð víða um lönd. Það er reyndar áberandi að reglurnar um hana eru afar ólíkar. Það eru engin heildareinkenni sem hægt er að sjá í þessum reglum um takmörkun á eignarhaldi. Víða er t.d. bönnuð krossmiðlun og var mikið stundað hér á fyrri öld. Það var í gamla frumvarpinu um fjölmiðla. Það er ekki gert núna. Við höfum fallið frá því núna.

Þegar maður lítur yfir ríkin, við tökum bara Evrópu, sést að þessar takmarkanir á eignarhaldi þar sem þær eru við lýði eru staðbundnar. Þær eru sérstakar. Þær eru fram settar til að leysa staðbundin vandamál. Þá er rétt að líta á okkar úrlausnarefni hér, og nú hef ég til þess 2 mínútur og 45 sekúndur. Hver eru þau? Ja, annars vegar erum við hér með samþjöppun í fjölmiðlun sem getur haft óheppileg áhrif og sumir segja að hún hafi haft það. Með eignarhaldssamþjöppun er ákaflega erfitt að koma í veg fyrir þau áhrif á almenn viðskipti umfram eftirlit samkeppnisyfirvalda. Það er athyglisvert að hér í frumvarpinu eru engar reglur, engin ákvæði sem leysa t.d. það mál sem hefur verið rætt um hér á síðustu vikum, um að fjölmiðill sem lýtur sömu eigendum og ýmis verslunarfyrirtæki birti með einhverjum hætti fleiri auglýsingar frá verslunarfyrirtækjunum, væntanlega vegna þess að þeim er gefinn sérstakur afsláttur og þar með hafi eigendurnir, eða að minnsta kosti systur og bræður í eignarskapnum, meiri möguleika til að auglýsa vörur sínar í fjölmiðlum.

Því miður tökum við ekkert á þessu í þessu frumvarpi. Það er slæmt. Eignarhaldstakmörkunin tekur ekkert á því. Ef maður á 24,5% í miðli með yfir 30% markaðshlutdeild nýtur hann góðs veðurs hjá auglýsingastjóranum. Alveg eins og sá sem á 26%. Um pólitískar og menningarlegar hættur er hægt að tala mikið. Þær eru fyrir hendi. Nú er hins vegar málum þannig háttað að margir kvarta yfir því að fjölmiðlarnir sem við búum við nákvæmlega núna séu ákaflega líkir, bæði að efnisframboði, sjónvörpin þrjú, dagblöðin þrjú, að efnisframboðið sé mjög líkt frá sjónvarpsstöð til sjónvarpsstöðvar, mjög líkt frá dagblaði til dagblaðs þannig að rætt sé nú um hina miðlana. Aðrir segja að pólitískur litur á þessum miðlum sé mjög svipaður. Þorsteinn Pálsson er hér. Styrmir Gunnarsson er þar. Ari Edwald er á þriðja staðnum og útvarpsstjóri menntamálaráðherra er þá á fjórða staðnum. Þetta er mjög sviplíkt þegar þessi nöfn eru nefnd.

Ég segi hér úr ræðustólnum áður en ég yfirgef hann: Guði sé lof fyrir Arnþrúði Karlsdóttur. Hún virðist vera eina undantekningin á þessu sem forstöðumaður á fjölmiðli. Hún er þó a.m.k. kona.

Ég vil svo segja þetta, á þeim skamma tíma sem eftir er, að það vantar í frumvarpið ákvæði um auglýsingaskyldur aðila og það vantar líka einhver ráð við vandamáli sem við vitum af sem eru einkaréttarsamningar á efni. Við þurfum auðvitað í menntamálanefndinni m.a. að rannsaka hvort Samkeppniseftirlitið getur leyst þessi vandamál fyrir okkur og hvort það gæti leyst fleiri vandamál fyrir okkur ef það væri nógu sterkt og hefði nægt fjármagn til að (Forseti hringir.) gera það.

[15:26]

**Eiríkur Jónsson:**

Herra forseti. Ég fagna því fyrst og fremst að þetta frumvarp sé komið hér fram og til umræðu á þinginu loksins. Ég ætla svo sem ekki að fjalla ítarlega um einstaka þætti þess en ég vil samt í nokkrum orðum leggja áherslu á mikilvægi þess að meginstefið í frumvarpinu nái fram að ganga.

Ég tel að það grunnstef sem er í frumvarpinu fái mikla stoð í nútímaviðhorfum til tjáningarfrelsis. Það er enginn vafi á því að ein helsta ástæða þess að lýðræðisríki verja

tjáningarfrelsið er sú að það tryggir opna, gagnrýna og lýðræðislega umræðu um þau málefni sem varða almenning. Þennan tilgang má alveg ótvírætt ráða af lögskýringargögnum með stjórnarskránni, dómaframkvæmd, skrifum fræðimanna og annarra þeirra sem um þetta hafa ritað. Ekki síður má rekja þennan tilgang af öllum þeim gögnum sem frá Evrópuráðinu hafa komið, af 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins og annarra stofnana í Evrópu.

Það liggur alveg fyrir að grundvallarástæða tjáningarfrelsisverndarinnar hérna í Evrópu er þessi samfélagslega þörf fyrir opna og gagnrýna lýðræðisumræðu. Þetta er að sumu leyti talsvert ólíkt, en tíðkast t.d. í Bandaríkjunum þar sem mun meiri áhersla er lögð á þau einstaklingsbundnu gæði sem í tjáningarfrelsinu felast, hvernig menn þroskast á því að tala og hlusta. Hér er meginröksemdin fyrir tjáningarfrelsinu augljóslega þeir lýðræðislegu hagsmunir sem felast í opinni og gagnrýninni umræðu.

Af þessum markmiðum leiðir að á ríkinu hvílir ekki bara neikvæð skylda. Með öðrum orðum er ekki bara verið að slá á hendurnar á ríkinu, að það megi ekki takmarka tjáningu, heldur felast einnig í tjáningarfrelsinu ákveðnar jákvæðar skyldur til að tryggja að þetta markmið um opna, lýðræðislega og gagnrýna umræðu nái fram að ganga, að tjáningarfrelsið fái þannig notið sín.

Þannig hefur t.d. upplýsingaskylda stjórnvalda verið rökstudd með beinum hætti með vísan til þessara mannréttindaákvæða. Það er skemmst að minnast hæstaréttardómsins sem féll 14. mars 2002 þar sem beinlínis var vísað til tjáningarfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar til stuðnings því að Öryrkjabandalag Íslands ætti að fá aðgang að tilteknum gögnum, sem sagt minnisblaði sem kom ofan úr forsætisráðuneyti. Ég efast ekki um að þingheimur muni eftir þessu máli.

Þarna er sem sé greinilega um jákvæðar skyldur á grundvelli þessara ákvæða að ræða. Það má færa að því góð rök að í þessum jákvæðu skyldum ríkisins, á grundvelli þessara mannréttindaákvæða, felist m.a. sú skylda að tryggja tiltekna fjölbreytni í fjölmiðlun. Enda leiðir það í raun af meginmarkmiðinu um að tryggja opna og gagnrýna umræðu að tiltekin fjölbreytni þarf að vera til staðar. Markmiðið næst einfaldlega ekki með of mikilli einsleitni á fjölmiðlamarkaði.

Enda er þess réttilega getið í frumvarpinu að ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur lagt áherslu á þessa skyldu. Ég fagna því auðvitað að núverandi ríkisstjórn sem oft kennir sig við frjálshyggju skuli leggja þessa áherslu á þessar jákvæðu skyldur sem í tjáningarfrelsinu felast. Ég tel að þarna sé réttilega verið að leggja áherslu á að það verði að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun með takmörkun á eignarhaldi. Ég legg áherslu á það líka að í þessu felst fleira. Ef þetta markmið á að ná fram að ganga um opna, lýðræðislega og gagnrýna umræðu er einnig mjög mikilvægt að tryggja Ríkisútvarpið. Ég tel að með nákvæmlega sama hætti og við getum rökstutt meginstefið í þessu frumvarpi getum við rökstutt að hér verði að vera öflugt ríkisútvarp sem sé miðpunktur umræðu um samfélagsmál. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að þingheimur hafi nákvæmlega þessi sjónarmið, þessi grunnsjónarmið að baki tjáningarfrelsinu og þessu frumvarpi, í huga þegar farið verður að ræða hérna málefni Ríkisútvarpsins og vinni að því að styrkja það sem allra mest. Slíkt er ákaflega mikilvægt.

Ég ætla mér ekki á nokkurn hátt að rekja einstök atriði frumvarpsins. Það má án efa hafa skiptar skoðanir um einstakar útfærslur í því. Hv. þm. Mörður Árnason hefur tæpt hér á ýmsum atriðum og án efa má hafa hér góðar rökræður um það t.d. hversu há prósentutalan nákvæmlega á að vera eða með hvaða öðrum hætti eigi að takmarka þetta eignarhald.

Ég vil bara leggja áherslu á það hér að ég tel að þetta grundvallarstef um að takmarka eignarhald á fjölmiðlum með einhverjum hætti sé mjög nauðsynlegt og ég er innilega sammála þessu grundvallarstefi. Ég fagna þessu frumvarpi að því leyti að ég tel það mjög vandlega unnið. Það verður að segjast að það er allt annar bragur á málinu núna en var árið 2004.

Fjaðrafokið sem varð hérna á árinu 2004 þekkja auðvitað allir. Það var að öllu leyti réttmætt enda var gengið fram af slíkum yfirgangi og slíkri hörku af hálfu ríkisstjórnarinnar að þjóðinni hreinlega ofbauð. Ég hef hins vegar tilfinningu fyrir því að það sem þjóðinni hafi ofboðið fyrst og fremst hafi verið sú aðferð sem notuð var, sá yfirgangur sem þá ríkti, en ekki í sjálfu sér grundvallarhugmyndin að baki frumvarpinu. Ég held að flestir hér inni og flestir þjóðfélagsþegnarnir geti verið sammála um að það þurfi að takmarka þetta með einhverjum hætti. Það er helst að harðasta frjálshyggjufólk, held ég, geti mælt því á móti.

Ég fagna því sem sagt að hér virðist þokast í átt til ákveðinna sátta og að sátt hafi náðst þarna um grundvallaratriðin. Ég hvet auðvitað þingmenn til að halda þessari samvinnu áfram og að menn láti kannski ekki sárin frá 2004 rugla sig um of. Sú orrahríð er búin. Þá orrahríð vann stjórnarandstaðan og þjóðin. En hún skiptir ekki máli hér lengur. Þótt vissulega megi deila enn þá um einstök efnisatriði frumvarpsins er grunnstefið mjög gott. Frumvarpið er vandlega unnið. Ég vonast til þess að sátt náist mjög fljótlega um þetta fjölmiðlafrumvarp og að það nái fram að ganga því að ég tel það mjög nauðsynlegt.

[15:33]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem farið hefur fram um þetta stóra og mikla mál. Mér heyrist á flestum að málið sé vel unnið og ég tel líka að svo sé. Við erum margoft búin að fara í gegnum það og höfum fengið okkar færasta fólk til þess að koma að því í því skyni að frumvarpið sé byggt á faglegum grunni. Og það er ekki einungis færasta fólk á meðal fagmanna sem hefur komið að málinu heldur hafa ötulir þingmenn komið að því að mynda og móta þessa pólitísku sátt og hvað felst í henni. Ég held að það hafi líka komið fram, m.a. í máli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, að slíkt þýði ekki endilega að menn séu sammála um öll atriði en menn hafi verið sammála um að það þurfti að ná sátt. Þá gefa menn eftir og koma til móts við ákveðin sjónarmið, því, eins og m.a. kom fram í máli hv. þm. Eiríks Jónssonar, þótt fyrra fjölmiðlamálið hafi leitt til mikilla deilna í samfélaginu þá voru menn sammála um

það meginstef þegar upp var staðið að hér ætti að móta almenna rammalöggjöf sem stuðlaði að fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum. Þannig væri stuðlað að umhverfi þar sem fyrirtækin gætu dafnað en um leið sinnt þeirri mikilvægu skyldu sem slíkir fjölmiðlar verða að geta sinnt. Allir eru sammála um að aðrar reglur gilda um fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði vegna þeirra lýðræðislegu markmiða og hugmynda og krafna sem hægt er að gera til þeirra sem reka og starfa við þannig fjölmiðla.

Mönnum hefur verið tíðrætt um að það hefði átt að ræða þessi mál saman. Ég veit ekki betur en að við umræðuna um Ríkisútvarpið þegar öll málin voru sett hér á dagskrá saman þá hafi menn ekki verið reiðubúnir til þess að taka málin saman. Það kom fram tillaga þess efnis en menn voru ekki reiðubúnir í hana og fyrst svo er, fyrst ekki er hægt að ræða málin saman í þingsal er ekki endilega eðlilegt að þau verði síðan meðhöndluð saman í þingnefnd. En gott og vel, þetta er búið og ég held að það sé hollt og gott fyrir alla að læra af sögunni og reyna síðan að gera betur næst. En undirtektir við frumvarpinu sem við ræðum nú hafa verið góðar, menn hafa komið með fínar ábendingar sem ég tel mikilvægt að hv. menntamálanefnd fari vel yfir og að allir komi með ákveðin sjónarmið.

Ég ætlaði líka að reyna að svara hér fyrirspurnum sem komu m.a. frá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurði, að mig minnir, um 2. gr. í frumvarpinu varðandi söfnun upplýsinga, af hverju standi í greininni að útvarpsréttarnefnd skuli semja við Hagstofuna en ekki við háskólann eða einhverja aðra aðila, ef ég hef skilið hv. þingmann rétt. Þá er því til að svara að þarna er um mjög viðkvæmar upplýsingar að ræða, það viðkvæmar að sum fyrirtæki vilja helst ekki láta þær frá sér nema þau geti verið þess fullviss að þær séu aðeins notaðar til þess að safna og vinna ákveðna tölfræði og það er hlutverk Hagstofunnar að sinna slíku. Fyrirtækin hafa helst viljað senda upplýsingar sínar þangað og það hefur meira að segja oft verið erfitt fyrir menntamálaráðuneytið að fá og nálgast slíkar upplýsingar. Það ríkir ákveðið traust í garð Hagstofunnar til þess að vinna úr slíkum upplýsingum og leggja fram tölfræði sem síðan nýtist útvarpsréttarnefnd til þess að hún geti sinnt því hlutverki sem henni er falið í frumvarpinu.

Hv. þingmaður spurði einnig um dagskrárstefnuna. Ég legg nákvæmlega sama skilning í þetta og hv. þingmaður, þ.e. í tilkynningu um nýja dagskrárstefnu í 4. gr., þar er í rauninni ekki um neina breytingu að ræða miðað við núgildandi lög. Það er sambærilegt ákvæði í núgildandi lögum varðandi veitingu útvarpsleyfa og það er engin efnisbreyting hvað þetta atriði varðar.

Hvað varðar ritstjórnarlegt sjálfstæði, þ.e. endurskoðun sem er kveðið á um að eigi að vera árlega, þá er ekki gert ráð fyrir því í þessum reglum að viðmiðunum sé breytt árlega, heldur er hugsunin sú að stefnan sé sífellt til umræðu og að bæði ritstjórar og blaðamenn séu meðvitaðir um reglurnar sem settar hafa verið til þess að tryggja það sem menn vildu fá í gegn með skýrslunni, þ.e. að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði og þær reglur sem það snertir. Það er eingöngu verið að ræða um að menn séu meðvitaðir um nauðsyn þess að umræða fari reglulega fram um hvernig málum er háttað hverju sinni, að þetta sé rætt árlega.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræddi að það hafi ekki orðið mjög miklar breytingar á fjölmiðlamarkaðnum eftir 1986. Ég er einfaldlega ósammála þessu. Útsendum stundum efnis hefur fjölgað úr 700 í 2.400 og mér finnst það skipta máli. Auðvitað hafa menn misjafna skoðun á því hvaða efni er verið að bjóða upp á en það eru fleiri en ein stöð sem senda út efni, það eru fleiri en Ríkisútvarpið, og ég tel að mörgu leyti að frjálsu stöðvarnar, einkareknu stöðvarnar hafi staðið sig afar vel á síðustu árum varðandi framleiðslu á íslensku efni.

Mér fannst stundum við vera komin út í ákveðna umræðu varðandi Ríkisútvarpið sem við tókum ekki alls fyrir löngu í þingsalnum. Það er margt hægt að segja um það sem kom fram, en ég álít að þetta frumvarp tryggi þá fjölbreytni og það sjálfstæði sem menn eru að tala um, þetta rekstrarlega sjálfstæði, eins og hv. þm. Mörður Árnason orðaði það, gagnvart stjórnvöldum. Ég er sannfærð um að frumvarpið kemur til með að skýra og skerpa á hlutverki Ríkisútvarpsins. Við gerum auknar kröfur til þess og það gerum við enn frekar með samningnum og samningsdrögunum sem liggja fyrir. Með frumvarpinu munum við m.a. fjölga þeim stundum sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræddi um — þær voru reyndar 4.500 sé ég hér — þeim stundum sem koma frá sjálfstæðum framleiðendum í innlendu dagskrárefni, íslensku efni, mun fjölga. Við erum að forgangsraða, eins og ég gat um í ræðum mínum 1. umr. um Ríkisútvarpsins, minnir mig, því fjármagni sem fer til Ríkisútvarpsins í þágu íslenskrar dagskrárgerðar, í þágu íslenskrar framleiðslu til þess að stuðla að því að Ríkisútvarpið nái að sinna menningarhlutverki sínu.

Ég legg áherslu á, eins og ég gat um áðan, að það frumvarp sem við ræðum hér byggist á þeirri pólitísku sátt sem við náðum í gegnum fjölmiðlanefndina og ég vil þakka þeim sem komu og áttu þar hlut að máli og eru m.a. staddir hér í þingsalnum. Það er afar mikilvægt að menntamálanefnd fari mjög gaumgæfilega yfir frumvarpið núna. Eins og ég gat um áðan er þetta í fyrsta sinn sem við höfum tækifæri hér í þinginu til þess að ræða lagafrumvarp á þessum grunni. Við erum búin að taka umræðuna um skýrsluna sem slíka og það voru margar athyglisverðar ábendingar og sjónarmið sem komu þar fram en núna erum við sem sagt að ræða lagafrumvarpið og þá hafa bæði nefndarmenn og þingmenn tækifæri til þess að koma að sjónarmiðum sínum og ábendingum og ég vona innilega að það tækifæri verði nýtt og málið gaumgæfilega yfirfarið.

Hæstv. forseti. Að svo mæltu vil ég undirstrika, eftir að hafa hlustað á ræður þingmanna, að ég tel að markmiðið með þessu frumvarpi sé að reyna að tryggja fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum. Það er byggt þannig upp að fjölmiðlar geti rekið sig sjálfstætt, að rekstrarlegar forsendur séu fyrir fjölmiðla. Það er þetta sem við erum að reyna að ná og að stuðla að, þ.e. fjölbreytni og fjölræði. Mér sýnist að breið samstaða geti myndast um þetta mál en engu að síður er mikil vinna fram undan hjá hv. menntamálanefnd sem mun fá tækifæri til að hitta m.a. hagsmunaaðila og fleiri aðila sem þetta mál varðar og það verður athyglisvert að fylgjast með allri þeirri framvindu.

[15:43]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði í ræðu minni að einsleitnin væri hættulega mikil í íslenskum fjölmiðlum, ég var reyndar sérstaklega að tala um sjónvarpið. Hæstv. menntamálaráðherra tekur það fram í ræðu sinni að hún sé ósammála mér að því leytinu til að hún telur að einkastöðvarnar hafi staðið sig afar vel og að fjölgun útsendra stunda hafi í raun og veru aukið fjölbreytni efnisins.

Það er ekki það sem kemur í ljós í línuritum og úttekt sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Það sem ég held að við þurfum að hafa í huga þegar stundafjöldinn er skoðaður, 4.500 útsendar stundir í sjónvarpi á Íslandi en voru 700 fyrir samkeppnina, er hvað fólk er að horfa á. Það er ekki að horfa á vandað íslenskt menningarefni eða vandaða íslenska fréttaskýringaþætti, það er ekki að horfa á efni frá Norðurlöndunum eða efni frá öðrum málasvæðum en enskum málasvæðum. Langmest kemur frá Ameríku og eitthvað frá Bretlandi. Þannig að fjölbreytni í sjónvarpsdagskrá íslenskra sjónvarpsstöðva er því miður ekki til staðar. Við getum svo velt því fyrir okkur hvort einhver reglusetning í þeim efnum væri góð eða hvort hún gæti skilað árangri.

Mín sjónarmið eru þau að öflugt, sterkt ríkisútvarp sem hefur sæmileg fjárráð, nægilega góð fjárráð til þess að stunda eða sinna því hlutverki sem það á að gera samkvæmt lögum, er að mínu mati lausnin í þessum efnum. Þess vegna höfum við, Vinstri hreyfingin – grænt framboð talað fyrir því að fyrst og síðast þurfi að tryggja stöðu þess. Ef Ríkisútvarpið gengur á undan með góðu fordæmi í þessu tilliti og getur boðið upp á öfluga innlenda framleiðslu og fjölbreytt erlent efni þá komi hinar stöðvarnar til með að njóta þess (Forseti hringir.) og komi í kjölfarið.

[15:45]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að íslenskt dagskrárefni hefur aukist. En hlutfallið hefur ekki hækkað þrátt fyrir frjálsu stöðvarnar. Frjálsu stöðvarnar hafa hins vegar að mínu mati, og það er mín skoðun, sinnt þessu hlutverki sínu ágætlega.

En nákvæmlega þau atriði sem hv. þingmaður kom inn á áðan varðandi efni frá öðrum málsvæðum en enskumælandi löndum, efni frá norrænu löndunum gegnum m.a. norrænt samstarf, meiri upplýsingar fá Norðurlöndunum, á þeim er einmitt tekið í samningsdrögunum við Ríkisútvarpið. Við erum að leggja meiri kvaðir og meiri skyldur, ríkari skyldur á herðar Ríkisútvarpinu gegnum þau samningsdrög sem liggja fyrir. Við erum einmitt að tala um þau atriði sem hv. þingmaður talar um. Við erum að auka framleiðslu hjá sjálfstæðum framleiðendum verulega miðað við það sem nú er. Við segjum: Forgangsraðið út frá því. Forgangsraðið og kaupið inn efni frá öðrum málsvæðum en enskumælandi löndum. Kaupið meira, mig minnir að talað sé um 5%, alla vega 5% efni frá Norðurlöndunum þannig að við höldum hinu norræna yfirbragði okkar og því ágæta samstarfi sem við eigum við Norðurlöndin.

Á þessu er tekið og mörgum öðrum málum sem ég tel, í gegnum það frumvarp sem er núna til meðferðar hjá hv. menntamálanefnd, einmitt koma til móts við það sem hv. þingmaður hefur verið að segja, þ.e. að tryggja skýrt og skarpt hlutverk Ríkisútvarpsins en þó ekki þannig að það fari út um allt. Það skiptir miklu máli.

Við höfum nú þegar tekið hátt í 20 klukkutíma að ræða hvort rekstrarformið sé hv. þingmanni þóknanlegt eða ekki, og ljóst er að það form hugnast ekki hv. þingmanni. Ég tel hins vegar það vera tækifæri fyrir Ríkisútvarpið til að sinna þessum menningarlegu skyldum sem við ætlumst til að það sinni.

[15:47]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað rétt sem hæstv. ráðherra segir, að samningurinn sem gerður hefur verið við Ríkisútvarpið gefur okkur svo sem vonir um að þar geti eitthvað breyst. En á sama tíma vitum við að fjármunirnir sem stofnunin kemur til með að hafa úr að spila breytast ekki. Tekjumöguleikar stofnunarinnar breytast ekki. Það verður ekki hægt að efla og auka innlenda dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpi, sjónvarpi öðruvísi en að til komi auknir fjármunir eða að einhverjir þættir í starfsemi stofnunarinnar sem eru til staðar í dag verði skornir niður.

Við höfum ekki fengið svör við því frá hæstv. menntamálaráðherra hvaða deildir eigi að skera burtu af Ríkisútvarpinu í því augnamiði að auka möguleika á framleiðslu innlends sjónvarpsefnis.

En við erum ekki að tala um Ríkisútvarpið kannski í smáatriðum hér. Málið er bara það að málin eru núna til skoðunar í menntamálanefnd. Mér finnst það auðvitað enn, og ítreka það, mjög miður að þetta skyldi ekki hafa getað fylgst að sem ein samloka í umsagnarferli til umsagnaraðila úti í samfélaginu. Mér finnst það draga úr gildi þess að við erum þó að tala um málin tvö á sama tíma. Ég kem til með að beita mér engu að síður fyrir því í menntamálanefnd að hlutirnir verði skoðaðir heildstætt og málin tvö skoðuð heildstætt þannig að við áttum okkur á því hvers konar heildarumhverfi fjölmiðla við fáum út úr þessum tveimur mikilvægu málum sem eru að fara í gegnum þingið núna.

[15:49]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn og aftur vil ég benda á að það gafst tækifæri til að ræða þessi mál öll saman hér um daginn og því var hafnað. Gott og vel.

Ég náði ekki að svara einu atriði um það sem tengist einsleitni á móti fjölbreytni. Hv. þingmaður talaði um að það væri of mikil einsleitni og hefur rætt það ítrekað að of mikil einsleitni væri í íslenskum fjölmiðlum.

Hluti þess frumvarps sem við erum að ræða nú, fjölmiðlafrumvarpsins, kemur í rauninni til með að stuðla að því að meiri möguleikar verði á að auka fjölbreytni í íslenskum fjölmiðlum. Af hverju segi ég það? Jú, það er með tilkomu flutningsréttarins. Flutningsrétturinn getur mjög líklega stuðlað að því að við fáum þessa fjölbreytni sem hv. þingmaður var að kalla eftir og er í rauninni liður í því sem ég tel vera mikilvægan þátt í þessu frumvarpi og mér heyr-

ist allir hafa stutt fram til þessa.

[15:50]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. menntamálaráðherra hefur sagt það ítrekað í ræðustól að því hafi verið hafnað að ræða þessi tvö mál saman hér í þingsalnum, þ.e. annars vegar frumvarpið um Ríkisútvarpið og hins vegar þetta fjölmiðlafrumvarp. Það kann rétt að vera. En það er líka fullkomlega óeðlilegt að þau séu rædd saman í þingsalnum. Það breytir ekki því að þau geti verið samferða í gegnum þingið og í gegnum þingnefnd og unnin samhliða í þingnefndinni.

Hér er um að ræða tvö stór frumvörp. Þegar þess er gætt að fjölmiðlaskýrslan var aldrei rædd í þinginu og fjölmiðlafrumvarpið hafði ekki fengið neina umfjöllun í þinginu, þá var fullkomlega óeðlilegt að þessi tvö mál væru undir í einni og sömu umræðunni í þingsalnum. Mér finnst það ekki nema eðlilegt að þau séu tekin fyrir hvort fyrir sig. En auðvitað var hugsunin sú að það væri hægt að gera það í beit hér í þinginu þó það hafi síðan ekki tekist vegna kjördæmavikunnar.

En eins og ég segi, það er engin ástæða til annars en að þessi mál verði samferða í gegnum menntamálanefnd og verði unnin þar samhliða og komi hingað til afgreiðslu saman að þeirri umfjöllun lokinni.

Ég sagði ævinlega þegar fjölmiðlafrumvarpið var til umræðu 2004 að ég væri sannfærð um að hægt væri að ná sátt í því máli ef menn legðu sig fram um það. Ég er líka býsna sannfærð um að hægt hefði verið að ná meiri sátt, ég veit ekki hvort hún hefði verið fullkomin, um Ríkisútvarpið ef menn hefðu lagt sig fram um það og unnið að málefnum Ríkisútvarpsins með þeim hætti að setja niður nefnd til að fjalla um Ríkisútvarpið, gera um það skýrslu og vinna á grundvelli þess síðan frumvarp um Ríkisútvarpið. Ég tel mjög mikilvægt, virðulegur forseti, að við (Forseti hringir.) reynum að ná sátt um grundvallarstofnanir í samfélagi okkar.

[15:52]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er raunar alveg hægt að taka undir það að menn vonist til að hægt verði að ná sem mestri sátt um grundvallarstofnanir í samfélagi okkar. En það er nú bara einu sinni þannig að þegar maður hlustar á það sem sagt hefur verið um Ríkisútvarpið, þó ekki sé tekið annað en það sem stjórnarandstaðan hefur sagt um Ríkisútvarpið í gegnum tíðina, þá er alveg ljóst að það er ekki einu sinni samhljómur hennar á meðal.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ekki er hægt að ráða annað — eftir að hafa lesið yfir ræður þingmanna frá síðasta vetri um Ríkisútvarpið og átt ágæt samskipti við þingmenn í stjórnarandstöðunni, sem m.a. fóru þess á leit við mig síðasta vor að fresta umræðu um Ríkisútvarpið þar til hægt væri að ræða skýrsluna og Ríkisútvarpið saman — en að menn hafi allan tímann viljað ræða þetta saman. En svo þegar það bauðst um daginn að ræða málin saman, það var líka farið fram á það í vor sem leið ... (Gripið fram í.) Af hverju tóku menn þá ekki því að ræða þetta saman? Ég get ekki annað sagt en að þetta sé fyrirsláttur.

Við vitum líka að þessi vinna varðandi Ríkisútvarpið hefur lengi legið fyrir. Ég geri mér hins vegar vonir um það eftir að hafa fylgst með þeirri vinnu og tekið í rauninni þátt í henni núna með því að kalla fram þetta frumvarp til umræðu í dag varðandi fjölmiðlana, að við náum að halda þeirri vinnu áfram sem átt hefur sér stað á grundvelli fjölmiðlaskýrslunnar hinnar síðari. Og að menn vinni þetta mál í sem mestri samstöðu innan hv. menntamálanefndar og að sjálfsögðu er það formaðurinn þar sem ræður för í samráði við nefndarmenn sem þar eru.

[15:54]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eitt er að vinna mál samhliða og ræða mál samhliða og annað að gera það í einni umræðu hér í þinginu. Það er ekki sami hluturinn.

Í nefndinni og í bókuninni sem við í stjórnarandstöðunni lögðum fram í fjölmiðlanefndinni kemur þetta sjónarmið einmitt skýrt fram, að við teljum að þetta eigi að vinnast samhliða. Við sögðum þar, virðulegur forseti, að við værum þeirrar skoðunar að mikilvægt væri að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem tæki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf, þ.e. vinnan eigi sér stað samhliða svo að menn hafi heildarsýnina. Þá hefði náttúrlega þurft að skoða allan auglýsingamarkaðinn í heild með tilliti til þess hvort og þá hvernig ætti að skipta honum á milli einkareknu miðlanna og ríkisfjölmiðlanna. Þá hefði þurft að skoða hlutafélagaformið heildstætt miðað við Ríkisútvarpið annars vegar og einkareknu fjölmiðlana hins vegar. Fleira mætti nefna í því sambandi.

Eitt er að gera hlutina samhliða og annað að gera það í einum pakka í þingsalnum í 1. umr. um þetta mikla mál sem fjölmiðlafrumvarpið óneitanlega er eftir alla þá vinnu sem á undan er gengin.

En ég ítreka það, virðulegur forseti, að ég er sannfærð um að hægt hefði verið að ná miklu betri sátt og vinna málið hraðar í gegnum þingið um Ríkisútvarpið ef staðið hefði verið öðruvísi að þeim málum og ef ríkisstjórnin hefði tekið stjórnarandstöðuna með inn í vinnuna eins og gert var í þessu.

[15:56]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég er algerlega ósammála hv. þingmanni. Nú er maður búinn að vera nokkuð lengi, þó ekki mjög lengi en þó það lengi á þingi, til að sjá hvenær menn setja málin upp í búning til að tefja þau, koma þeim í þann farveg sem hægt er að segja að þau nái sjaldan eða aldrei í gegn.

Ljóst var frá upphafi, og ef maður hefur lesið það sem hv. þingmenn hafa sagt, bæði í stjórnarliðinu og stjórnarandstöðu, að himinn og haf er á milli sjónarmiða þeirra sem hafa komið að því að tjá sig um Ríkisútvarpið og almennt í gegnum þá umræðu. Það var ekki bara árið 2004 heldur

líka árið 2006. Það er alveg ljóst eftir 1. umr. um Ríkisútvarpið að þrjú sjónarmið greindust bersýnilega við 1. umr. hjá stjórnarandstöðunni. Það er allt í lagi að fara yfir það.

Frjálslyndi flokkurinn sagði: Við erum reiðubúnir að styðja þetta ohf. ef nægilega miklir peningar fylgja. Sem sagt, ohf. er í lagi. Samfylkingin sagði: Við viljum sjálfseignarstofnun. Síðan segja Vinstri grænir: Við viljum ekki breyta neinu. Við viljum bara hafa þetta sem ríkisstofnun. Svoleiðis er það. Ekki breyta neinu. (Gripið fram í.)

Það eru því mjög mismunandi sjónarmið, ekki bara á milli stjórnar og stjórnarandstöðu heldur innan stjórnarandstöðunnar sjálfrar varðandi Ríkisútvarpið. Það hefði kannski verið fyrsta vers áður en við hefðum farið í þá umræðu alla.

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um áðan fer þetta mál til hv. menntamálanefndar þar sem nefndarmönnum mun gefast tækifæri á að hlusta á þau sjónarmið sem hagsmunaaðilar hafa fram að færa og fara í þá miklu vinnu sem fram undan er, m.a. til að meta hvaða breytingar hafa átt sér stað á fjölmiðlamarkaðnum á undanförnum mánuðum, eða frá því að nefndin skilaði af sér á síðastliðnu ári.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:58]

**Útbýting:**

Byggðakvóti, 303. mál, fsp. SI, þskj. 320.

Ferðasjóður íþróttafélaga, 129. mál, svar menntmrh., þskj. 313.

Hlíðarskóli á Akureyri, 128. mál, svar menntmrh., þskj. 314.

Járnblendiverksmiðja á Grundartanga, 161. mál, svar umhvrh., þskj. 289.

Kjör framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar, 305. mál, fsp. MÞH, þskj. 322.

Stuðningsforeldrar, 306. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 323.

## *Almenn hegningarlög og skaðabótalög, 1. umr.*

Frv. SKK o.fl., 21. mál (ærumeiðingar og hækkun miskabóta). — Þskj. 21.

[15:59]

**Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og skaðabótalögum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að gerðar verði breytingar á þremur ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga sem fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að við miskabótaákvæði 26. gr. skaðabótalaga bætist ný málsgrein sem rýmkar bótarétt þolenda meingerðar gegn æru eða persónu sinni og fjölskyldu mjög frá því sem nú er. Frumvarpið var áður flutt á 132. löggjafarþingi en komst ekki til umræðu þá og er því endurflutt hér.

Markmið flutningsmanna frumvarpsins eru einkum tvenns konar. Annars vegar að auka friðhelgi einkalífs einstaklinga og fjölskyldna þeirra umfram það sem núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Hins vegar er markmiðið að auka verulega skaðabótarétt þeirra sem verða fyrir aðför gegn æru sinni eða persónu. Er frumvarpinu því einkum ætlað að bæta réttarstöðu þolenda ærumeiðinga og aðdróttana. Frumvarpið gerir hins vegar ekki ráð fyrir að gerðar verði breytingar á refsiákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga eins og þau eru nú. Hins vegar kom til álita við vinnslu frumvarpsins að breyta sektarákvæðum kaflans þannig að kveðið yrði á um lágmarkssektarfjárhæð vegna brots sem varðaði við ákvæði hans, en niðurstaðan varð sú að leggjast ekki í tillögugerð að þessu sinni.

Hugmyndir um nauðsyn þess að taka til endurskoðunar ákvæði laga sem fjalla um meiðyrði og friðhelgi einkalífs og bótarétt vegna slíkra meingerða eru ekki nýjar af nálinni. Um margra ára skeið hafa komið fram ábendingar um að miskabætur vegna slíkra meingerða séu of lágar. Má t.d. nefna að árið 1996 var lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga sem mælti fyrir um endurskoðun meiðyrðalöggjafarinnar.

Herra forseti. Friðhelgi einkalífsins nýtur stjórnarskrárvarinnar verndar samkvæmt ákvæðum VII. kafla stjórnarskrárinnar frá 1944 og kemur sú vernd fram í 71. gr. hennar þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.“

Sambærilega vernd friðhelgi einkalífs og fjölskyldu er að finna í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.“

Eins og sjá má af tilvitnuðum ákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu er friðhelgi einkalífs borgaranna, fjölskyldna þeirra og heimila ætlað að njóta ríkrar verndar í löggjöfinni, enda má telja slíka friðhelgi til mikilsverðra mannréttinda borgaranna. Hins vegar er ljóst að vernd friðhelgi einkalífsins er ekki takmarkalaus samkvæmt framangreindum ákvæðum því framkvæmdarvaldinu er heimilt að skerða hana. Slíkt verður þó ekki gert nema að uppfylltum ströngum skilyrðum. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að friðhelgi einkalífsins megi takmarka ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra, þó ekki nema sérstök lagaheimild liggi henni til grundvallar. Ákvæði 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu setur slíkum takmörkunum einnig ströng skilyrði því þar segir að framkvæmdarvaldinu sé óheimilt að ganga á þessi mikilsverðu mannréttindi nema lög mæli svo fyrir og nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla og annarra ástæðna sem teljast verða þjóðhagslega mikilsverðar. Það má því ljóst vera að friðhelgi einkalífs borgaranna, fjölskyldna þeirra og heimilis er að meginstefnu ætluð rík vernd sem framkvæmdarvaldinu er einungis heimilt að takmarka þegar mikið liggur við og almannahagsmunir eru í húfi.

Friðhelgi einkalífsins nýtur hins vegar ekki einungis verndar í samskiptum borgaranna við hið opinbera. Samkvæmt íslenskri löggjöf nær verndin einnig til samskipta einstaklinga. Segja má að um langa hríð hafi löggjafinn litið svo á að vernda beri æru manna samkvæmt lögum. Má

þar nefna að æra manna naut verndar eldri hegningarlaga, frá árinu 1869. Raunar má hverfa aftur til Grágásar, laga íslenska þjóðveldisins, til að sjá að löggjafi þess tíma taldi ástæðu til að lögvernda æru manna. Samkvæmt XXV. kafla núgildandi hegningarlaga er felld refsiábyrgð á þá sem sekir eru dæmdir fyrir ærumeiðingar í annarra garð og brot gegn hinni stjórnarskrárvörðu friðhelgi einkalífsins. Af ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga er ljóst að hver sá sem talinn er af dómstól hafa brotið gegn æru eða persónu manns eða gegn friðhelgi einkalífs hans getur bakað sér refsingu, ýmist sektir eða fangelsisvist, með háttsemi sinni.

Þá er rétt að geta þess að fórnarlömb slíkra afbrota geta samkvæmt núgildandi ákvæði 26. gr. skaðabótalaga krafist miskabóta frá hendi þeirra sem brjóta gegn æru þeirra eða persónu, eins og ég mun víkja að á eftir. Af öllu framangreindu er ljóst að íslenskri löggjöf er ætlað að standa dyggan vörð um friðhelgi einkalífs einstaklinga og fjölskyldna þeirra, þar með talið æru þeirra og mannorð. Hver sá sem brýtur gegn þeim rétti getur, samkvæmt gildandi lögum, bakað sér refsiábyrgð og skaðabótaábyrgð.

Herra forseti. Eins og áður segir mæla ákvæði 26. gr. núgildandi skaðabótalaga fyrir um skaðabótarétt þolenda ærumeiðinga. Segir í ákvæðinu að heimilt sé „að láta þann sem ... ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við."

Þá er rétt að geta þess að samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga er heimilt að dæma þann sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun til þess að greiða þeim sem misgert er við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum. Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að gerð verði breyting á þessu ákvæði almennra hegningarlaga. Hins vegar er lagt til að réttur þolenda ærumeiðinga og aðdróttana verði aukinn þannig að miskabætur *vegna slíkra meingerða verði í framtíðinni hærri en nú er* raunin.

Þegar litið er til þeirra dóma sem fallið hafa í málum sem þessum og metnar eru þær bætur sem dæmdar hafa verið í slíkum tilvikum er í sjálfu sér ekki um auðugan garð að gresja, enda hafa fáir dómar fallið á þessu réttarsviði á undanförnum árum. Af þeim dómum sem þó liggja fyrir má fullyrða að fjárhæðir þeirra miskabóta sem dæmdar hafa verið þolendum hafa verið afar lágar, raunar í algjöru skötulíki. Má því segja að dómstólar hafi fram til þessa metið æru manna lágu verði. Vera kann að sú staðreynd hafi leitt til þess að færri en ella hafi leitað réttar síns fyrir íslenskum dómstólum vegna slíkra meingerða þar sem slíkar málsóknir hafi fram til þessa haft litla þýðingu fyrir þá sem telja að á sér hafi verið brotinn réttur.

Herra forseti. Á sama hátt og ákvæði stjórnarskrár og almennra laga standa vörð um friðhelgi einkalífsins er tjáningarfrelsið varið í stjórnarskránni og ákvæði þess efnis er að finna í 73. gr. stjórnarskrárinnar sem ég ætla ekki að lesa upp hér í heild sinni.

Um það er ekki deilt að tjáningarfrelsið er meðal dýrmætustu mannréttinda og hefur verið varið í íslenskum lögum allt frá því að fyrsta stjórnarskrá Íslands var lögleidd árið 1874. Þó svo að í tjáningarfrelsinu felist mikilvæg mannréttindi hefur löggjafinn ekki talið ástæðu til að lögleiða skilyrðislausan rétt manna til þess að láta skoðanir sínar í ljós án þess að ábyrgð fylgi orðum. Því er kveðið á um það í 73. gr. stjórnarskrárinnar að þó svo að hver maður eigi rétt á að láta hugsanir eða skoðanir sínar í ljós, þá verði hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Umgangist menn því ekki tjáningarfrelsið með þeim hætti sem til er ætlast af löggjafanum og dómstólum geta þeir bakað sér refsiábyrgð og eftir atvikum skaðabótaskyldu. Þegar slík álitamál koma til kasta dómstóla takast venjulega á sjónarmið er varða rétt manna til að láta skoðanir sínar í ljós annars vegar og friðhelgi einkalífs þeirra sem skoðanirnar varða hins vegar. Við úrlausn slíkra mála meta dómstólar hvar mörkin liggja milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífsins.

Flutningsmenn frumvarps þessa telja að á síðustu árum og missirum hafi friðhelgi einkalífs einstaklinga og fjölskyldna þeirra átt undir högg að sækja. Sem dæmi um það má nefna að í opinberri umræðu á Íslandi hefur færst í vöxt að mjög nærri hafi verið gengið persónu og æru einstaklinga í fjölmiðlum, þeir nafngreindir, af þeim birtar ljósmyndir og sagðar fréttir af persónulegum högum þeirra og fjölskyldna þeirra. Svo langt hefur reyndar verið gengið upp á síðkastið að fjallað hefur verið um ætlaðar misgjörðir, jafnvel ætluð lögbrot, nafngreindra manna og af þeim verið birtar ljósmyndir án þess að þeir hafi verið dæmdir af dómstólum landsins fyrir þau ætluðu afbrot sem á þá hafa verið borin. Ætla má að slíkur fréttaflutningur sé afar þungbær þeim sem fyrir honum verður, en gjarnan hefur hann verið réttlættur með því að tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar heimili slíkt inngrip í einkalíf manna.

Það frumvarp sem ég mæli hér fyrir skerðir ekki að mínu mati og flutningsmanna hið stjórnarskrárvarða tjáningarfrelsi, enda telja flutningsmenn þess það ekki vera hlutverk löggjafans að kveða á um það hvaða skoðanir sé heimilt að láta í ljós um einstaklinga í opinberri umræðu og *hverjar ekki. Telja flutningsmenn frumvarpsins það heldur* ekki hlutverk löggjafans að kveða á um það hvaða fréttir séu fluttar í fjölmiðlum og hverjar ekki, eða hlutast til um framsetningu þeirra. Hins vegar telja flutningsmenn frumvarpsins nauðsynlegt að tryggja réttarstöðu þeirra sem fyrir slíkri umfjöllun verða með því að láta þá sem nýta sér tjáningarfrelsið til að tjá skoðanir sínar bera ríkari ábyrgð á orðum sínum að lögum en nú er raunin, brjóti þeir gegn rétti þeirra sem þeir fjalla um.

Virðulegi forseti. Mig langar þá að þessari yfirferð lokinni að víkja stuttlega að meginatriðum frumvarpsins. Annars vegar að ákvæðum 1.–4. gr. frumvarpsins og hins vegar sérstaklega að 5. gr. þess.

Eins og áður segir kveður 71. gr. stjórnarskrárinnar á um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þegar skoðuð eru ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga, einkum ákvæði 233. gr. a, 234. gr. og 235. gr., sem fjalla um ærumeiðingar, aðdróttanir, háð, smánun, róg og fleira, má sjá að réttarvernd þeirra ákvæða nær eingöngu til þess einstaklings sem telst vera fórnarlamb slíkrar meingerðar. Í 1.–3. gr. frumvarpsins er lagt til að réttarvernd ákvæðanna nái einnig til fjölskyldna þolenda slíkra meingerða. Með frum-

varpinu er því lagt til að réttarvernd áðurnefndra ákvæða almennra hegningarlaga verði breytt til samræmis við ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar og reyndar 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Felur frumvarpið því í sér aukna vernd friðhelgi einkalífs frá því sem nú gildir. Telja flutningsmenn frumvarpsins að meingerðir gegn æru og persónu einstaklinga geti ekki síður komið illa við fjölskyldur þeirra sem fyrir slíkri háttsemi verða og að því sé sjálfsagt að þeir sem næst standa fórnarlömbum meingerðanna njóti sambærilegrar réttarverndar og þeir sem verða fyrir þeim með beinum hætti. Ekki þykir ástæða til að skilgreina hugtakið „fjölskylda" í frumvarpstextanum heldur er gert ráð fyrir að hugtakið hafi hér sömu þýðingu og fjölskylduhugtak 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá er lagt til að verknaðarlýsingum fyrrgreindra ákvæða almennra hegningarlaga sem mælt er fyrir að séu refsiverð verði breytt og þau útvíkkuð þannig að réttarvernd borgaranna og friðhelgi þeirra verði aukin. Lagt er til í 1.–3. gr. frumvarpsins að í 233. gr. a., 234. gr. og 235. gr. almennra hegningarlaga verði auk ærumeiðinga, aðdróttana, háðs, smánunar og rógs jafnframt gert refsivert að hafa uppi ummæli eða aðdróttanir sem valda eða kunna að valda einstaklingum og fjölskyldum þeirra óþarfa sársauka eða vanvirðu. Slík ákvæði eru að nokkru leyti í samræmi við ákvæði 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Eftir sem áður er mat um það hvort tiltekin ummæli teljast þess eðlis að þau séu til þess fallin að valda þeim sem ummælin beinast að eða fjölskyldu hans óþarfa sársauka eða vanvirðu í höndum dómara á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem fyrir liggja í hverju máli.

Loks er lagt til, skv. 4. gr. frumvarpsins, að við 242. gr. almennra hegningarlaga bætist ný málsgrein sem mælir fyrir um að sé sá sem misgert var við látinn, geti eftirlifandi maki og börn hins látna höfðað mál í hans stað, enda standi þau saman að slíkri málshöfðun. Brot þau sem hér um ræðir geta komið illa við fleiri en þann sem brotið beinist sérstaklega að, t.d. þá sem standa honum næst. Þykir því rétt að veita tilgreindum aðstandendum heimild til þess að hafa frumkvæði að málshöfðun. Lagt er til að sett verði sú sérstaka regla að allir þeir sem heimildin nær til, og á lífi eru þegar mál er höfðað, þurfi að standa saman að málshöfðuninni, enda má ætla að minni ástæða sé til þess að nýta heimildina í þeim tilvikum þegar einhver svo nákominn þeim sem misgert var við vill láta kyrrt liggja.

Herra forseti. Víkjum þá að 5. gr. frumvarpsins. Eins og að framan greinir tryggir ákvæði 26. gr. skaðabótalaga þolendum ærumeiðinga rétt til skaðabóta úr hendi þess sem ábyrgð ber á slíkri meingerð. Þeir dómar sem fyrir liggja í slíkum málum sýna á hinn bóginn að miskabætur vegna meingerða og brota á friðhelgi einkalífsins eru afar lágar. Hafi það verið ætlun löggjafans að tryggja þolendum meiðyrða eða brota gegn friðhelgi einkalífs sanngjarnar bætur vegna slíkra meingerða telja flutningsmenn frumvarpsins að slíku markmiði hafi ekki verið náð, enda sýnir dómaframkvæmd að dómstólar hafa metið æru manna lágu verði. Þá telja flutningsmenn frumvarpsins að löggjöfin hafi haft lítil sem engin varnaðaráhrif gagnvart þeim sem kjósa að láta skoðanir sínar í ljós um einstaklinga því afleiðingar þess að brjóta gegn æru þeirra, persónu eða friðhelgi verða í ljósi dómaframkvæmdar að teljast afar léttvægar.

Samkvæmt 5. gr. frumvarps þessa er lagt til að við 26. gr. núgildandi skaðabótalaga bætist ný málsgrein sem mælir fyrir um að við ákvörðun um fjárhæð bóta vegna meingerðar gegn æru eða persónu annars manns eða fjölskyldu hans, skuli lagt til grundvallar að bótafjárhæð skuli vera fjárhagslega íþyngjandi fyrir þann sem dæmdur er til greiðslu þeirra. Jafnframt leiðir af ákvæði frumvarpsins að hafi meingerð gegn æru eða persónu manns eða fjölskyldu hans verið sett fram í ágóðaskyni skuli það að jafnaði leiða til ríkari bótaskyldu og hærri bótafjárhæðar til þolanda meingerðarinnar. Þá er lagt til að við ákvörðun bótafjárhæðar skuli einnig litið til þess hversu hinn bótaskyldi hefur lagt sig fram um að koma meingerð sinni á framfæri, sem og til þess hvort hann hefur lagt sig fram um að bæta fyrir brot sitt. Færa má góð rök fyrir því að eðlilegt sé að þeir sem hyggjast hagnast sjálfir á kostnað æru og persónu annarra manna skuli bera ríkari bótaskyldu en aðrir sem uppvísir verða að slíkri háttsemi. Jafnframt má færa rök fyrir því að litið verði til þess hvort sá sem bótaskyldur telst hafi lagt sig fram um að bæta fyrir brot sitt, enda mundi slíkt að jafnaði leiða til lækkunar bótafjárhæðar.

Flutningsmenn frumvarpsins telja að hið nýja ákvæði bæti til muna réttarstöðu þeirra sem beittir eru slíkum órétti sem felst í ærumeiðingum og brotum gegn friðhelgi einkalífs. Verði frumvarpið að lögum geta þolendur slíkra meingerða vænst mun hærri miskabóta en nú þekkjast vegna þeirra brota sem þeir kunna að verða fyrir. Gerir ákvæðið ráð fyrir að dómurum verði eftir sem áður falið mat um það hversu háar slíkar miskabætur skuli vera í hvert skipti, en matsheimildir þeirra eru þó bundnar því skilyrði að við ákvörðun bóta sé lagt til grundvallar að þær séu fjárhagslega íþyngjandi fyrir þann sem ábyrgð ber á meingerðinni. Ætla verður að slíka ábyrgð kunni að bera allir þeir sem þátt taka í opinberri umræðu, hvort sem um er að ræða almenna borgara, stjórnmálamenn eða þá sem atvinnu hafa af þátttöku í slíkri umræðu, svo sem blaðamenn, ritstjóra, útgefendur eða eigendur fjölmiðla. Af ákvæðinu leiðir að fjárhæð dæmdra miskabóta hverju sinni taki mið af fjárhagsstöðu þess sem dæmdur er til greiðslu þeirra. Meginröksemdin að baki slíkri bótareglu er að hún leiðir til þess að afleiðingar meingerðar verði þungbær þeim sem uppvís verður að slíku, óháð fjárhagsstöðu. Leiðir reglan til þess að miskabætur kunna að verða breytilegar eftir því hvort í hlut á fjárhagslega sterkur aðili eða ekki. Miðað er við að afleiðingarnar hafi hlutfallslega sambærileg áhrif á fjárhag þeirra sem dæmdir er til greiðslu bótanna hvort sem þeir eru fjárhagslega vel settir eða ekki. Má því segja að hér sé lagt til að komið verði á svokölluðum sektarbótum til handa þolendum líkt og tíðkast samkvæmt meiðyrðalöggjöf í Bretlandi, eða svokölluðum „punitive damages".

Af framangreindu má ljóst vera að markmið ákvæðisins er annars vegar að auka bótarétt þolenda slíkra meingerða, en ekki síður að haga löggjöfinni þannig að afleiðingar þess að brjóta gegn rétti einstaklinga séu verulegar, einkum ef slíkt brot er framið í ágóðaskyni.

Telja flutningsmenn að verði frumvarpið að lögum muni ákvæðið hafa í för með sér mun meiri varnaðaráhrif gagnvart þeim sem tjá sig opinberlega um samborgara sína. Ef

ærumeiðinga- og skaðabótalöggjöfinni verður þannig hátt-að að ærumeiðandi ummæli um annað fólk gætu leitt til hárra miskabóta mundu þeir sem telja æru þeirra sem þeir fjalla um með meiðandi hætti lítils virði hugsa sig tvisvar um áður en þeir létu til skarar skríða gegn þeim, enda þyrftu þeir hinir sömu þá að standa sjálfir skil á bótagreiðslum. Jafnframt telja flutningsmenn að sú regla sem mælt er fyrir um í 5. gr. frumvarpsins mundi leiða til þess að rekstraraðilar og eigendur fjölmiðla mundu gera aðrar og ríkari kröfur til starfsmanna sinna hvað varðar frjálslega umfjöllun um einstaklinga, enda kynnu ærumeiðandi ummæli í garð annars fólks og brot gegn friðhelgi einkalífs að leiða til ríkrar bótaskyldu eigenda og útgefenda. Slíkir aðilar bera ríka ábyrgð brjóti efni fjölmiðilsins í bága við lög og má þar vísa til 13.–17. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frumvarp. Ég vil þó taka fram að markmið frumvarpsins er annars vegar að auka friðhelgi einkalífs einstaklinga og fjölskyldna þeirra og hins vegar að auka skaðabótarétt þeirra umfram það sem nú er, sem verða og teljast vera þolendur slíkra meingerða. Eflaust má deila um hvort rétt sé að fara þá leið lagatæknilega sem fram kemur í þessu frumvarpi eða hvort það eigi að ná þessum markmiðum fram með einhverjum öðrum hætti. Ég er alveg fús til þess að viðurkenna að það má hugsa sér ýmsar aðrar leiðir við breytingu bæði á ákvæðum skaðabótalaga og einnig á ákvæðum almennra hegningarlaga til þess að ná fram þessum markmiðum. En ég lít hins vegar þannig á að þetta frumvarp sé grunnur sem gott er að vinna með hafi menn á annað borð áhuga á því að gera breytingar á meiðyrðalöggjöfinni eins og hún er, sem ég tel fulla ástæðu til. Enda er það nú þannig þegar menn líta yfir dómaframkvæmd Hæstaréttar að bætur í slíkum málum hafa fram til þessa verið skammarlega lágar og í algeru skötulíki.

Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu opinn fyrir því þegar þetta mál verður tekið fyrir í hv. allsherjarnefnd að ræða þá möguleika sem eru í stöðunni til að ná þessum markmiðum fram hvort sem það er gert með þeim hætti sem fram kemur í þessu frumvarpi eða með einhverjum öðrum hætti sem lögspekingar telja skynsamlegt.

Ég vona að hv. þingmenn taki þessu máli vel. Ég held að tími sé til kominn að málefni sem varða meiðyrðalöggjöfina verði tekin til endurskoðunar og faglegrar umræðu hér á þingi og vonast til að þetta frumvarp, sem er þingmannamál sem er flutt af mér sem 1. flutningsmanni og 15 öðrum hv. þingmönnum, fái framgang á hinu háa Alþingi öfugt við flest þau þingmannamál sem lögð eru fram hér.

[16:24]

**Eiríkur Jónsson:**

Herra forseti. Ég skil að sumu leyti vel tildrög þessa lagafrumvarps og þá hugsun sem að baki liggur enda skal fúslega tekið undir það að miskabætur vegna meingerða gegn æru og persónu hafa í sumum tilvikum verið allt of lágar. Ég tek undir það líka að það er sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi fjalli með einhverjum hætti um meiðyrðalöggjöfina. Það tel ég mjög af hinu góða. Því æruverndin er vissulega mikilvæg. En á hitt ber að líta, að andspænis æruverndinni stendur hið stjórnarskrárvarða tjáningarfrelsi sem löngum og réttilega hefur verið talið meðal hinna dýrmætustu mannréttinda. Það er ekkert hægt að fela það að með þessu frumvarpi er verið að takmarka tjáningu meira en nú er. Hér er fullyrt að ekki sé verið að takmarka tjáningarfrelsi. En það er nú bara einu sinni þannig að undanfarandi og eftirfarandi takmarkanir á tjáningarfrelsinu eru verndaðar, tjáningarfrelsið er sem sagt verndað í báðum tilvikum þannig að dæmdar bætur og dæmd refsing eftir að tjáningin fer fram verður líka að uppfylla skilyrði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Þetta ættu frændur okkar Norðmenn vel að þekkja því þeir hafa einmitt ítrekað verið fundnir brotlegir gegn mannréttindasáttmálanum fyrir bætur samkvæmt samsvarandi grein í norskum skaðabótalögum og hér er í 26. gr. skaðabótalaga. Tjáningarfrelsið nýtur því verndar bæði fyrir undanfarandi takmörkunum og eftirfarandi takmörkunum.

Þrátt fyrir að ég skilji, eins og ég segi, mjög vel að hv. flutningsmenn frumvarpsins finni hjá sér þörf til að bregðast með einhverjum hætti við þessum lágu miskabótum þá tel ég hér of langt seilst með ákvæðum frumvarpsins um skaðabótalög og á hinn veginn tel ég allt of langt seilst með ákvæðunum um hegningarlög.

Ég tel raunar að ýmis atriði í frumvarpinu kunni að standa tæpt gagnvart nútímaviðhorfum og ákvæðum um tjáningarfrelsi. Það er nauðsynlegt að rökstyðja þetta enda tekur frumvarpið á ýmsum atriðum sem varða með margvíslegum hætti grundvallarmannréttindi borgaranna. Hér er vel að merkja ekki um einfalt og lítið mál að ræða. Hér er um mál að ræða sem varðar skil 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar, grundvallarmannréttindi borgaranna.

Frumvarpið gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því að gerð verði breyting á helstu meginákvæðum almennra hegningarlaga um ærumeiðingar, sem eru 234. og 235. gr., og þau skrúfuð upp, ef svo má að orði komast. Það á að herða þessi ákvæði. Þessi ákvæði hegningarlaga hafa staðið nánast óbreytt frá árinu 1940, frá því fyrir lýðveldisstofnunina. Það þarf náttúrlega ekki að hafa mörg orð um það að hér hafa orðið alveg stórkostlegar þjóðfélagsbreytingar og viðhorfsbreytingar til mannréttinda. Þar á meðal höfum við gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar á sviði mannréttinda og við höfum endurskoðað stjórnarskrá okkar margoft og raunar sett hana. Því þetta var sett fyrir lýðveldisstofnunina. Þar á meðal hefur alltaf verið aukin vernd tjáningarfrelsisins.

Ákvæðin sem hér er verið að leggja til að verði endurstaðfest af hinu háa Alþingi á árinu 2006 eru að mínu viti úrelt að mjög mörgu leyti. Ég tel að þau samrýmist tæplega nútímaviðhorfum til tjáningarfrelsis. Nú skulu nokkur dæmi nefnd.

Í fyrsta lagi mæla þessi ákvæði berum orðum fyrir um að það megi fangelsa fólk fyrir tjáningu sína. Þannig segir í 2. gr. frumvarpsins varðandi 234. gr. laganna að fyrir það eitt að móðga samborgara sinn megi kasta honum í tukthúsið í eitt ár. Þetta er nú það sem stendur berum orðum í ákvæðinu. Það er verið að leggja til að þetta verði endurstaðfest. Ég þarf auðvitað ekki að hafa mörg orð um það að þetta er náttúrlega í engu samræmi við nútímaviðhorf. Af hverju í ósköpunum á þá Alþingi að fara að setja þetta á árinu 2006? Enda hafa alþjóðlegar mannréttindastofnanir ít-

rekað barist gegn fangelsi, að sjálfsögðu, sem úrræði við ærumeiðingum. Það verður ekki séð að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi nokkru sinni staðfest fangelsisvist vegna ærumeiðinga. Þeir hafa eingöngu gert það í tilviki hatursáróðurs á þjóðernisgrundvelli eða þá hreinlega þegar um hvatningu til ofbeldis er að ræða, en ekki í tilviki venjulegra ærumeiðinga. Þetta er því löngu úrelt og ég hvet Alþingi til að fara aðra leið en að endurstaðfesta þessi úreltu ákvæði.

Í öðru lagi mæla þessi ákvæði fyrir um að útbreiðsla ummæla sé sjálfstætt brot. Þegar breidd eru út ummæli þá er það sjálfstætt brot og jafnrefsivert og frummeiðingin. Þetta er heldur ekki í neinu samræmi við dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu sem Íslendingar ættu að þekkja mjög vel frá því að dómur í máli Þorgeirs Þorgeirsonar féll þar Íslendingum til skammar, enda var mikil áhersla lögð á það þar að Þorgeir hefði ekki verið að fullyrða sjálfur um ofbeldi af hálfu lögreglu heldur var hann að hafa eftir það sem aðrir höfðu sagt. Þetta var grundvallaratriði í úrlausn dómsins. Þetta má sjá í mörgum öðrum dómum. Í mörgum nýlegum dómum hefur Mannréttindadómstóllinn verið mjög skýr um þetta. Það getur verið í lagi að dreifa ummælum í ákveðnum tilvikum. Svona er bara framkvæmd Mannréttindadómstólsins og þessi ákvæði eins og þau eru núna og verið er að leggja til að verði endurstaðfest eru í algeru ósamræmi við þetta og ég tel að það fáist trauðla staðist Mannréttindasáttmála Evrópu.

Eins og margir fræðimenn hafa bent á þá stendur mjög tæpt það úrræði, að einfaldar móðganir geti varðað refsingu. Ýmsir fræðimenn hafa bent á þetta og ég tel að þeir segi það réttilega að það standi mjög tæpt gagnvart mannréttindaviðhorfum. Burt séð frá einstaka veilum sem maður sér þá ber að nefna þann aukna þrýsting sem er í alþjóðasamfélaginu á að ríkið afnemi refsingu sem úrræði við ærumeiðingum. Það hefur sífellt verið að myndast aukinn þrýstingur á þetta. Ýmsar alþjóðastofnanir og samtök hafa beitt sér í þá veru. Fjölmargir málsvarar mikilsverðra stofnana, eins og fulltrúar Sameinuðu þjóðanna og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, hafa ályktað um þetta. Sífellt fleiri ríki hverfa frá refsingu vegna ærumeiðinga. Hér er lagt til að Íslendingar gangi í hina áttina, þvert á það sem mörg austantjaldsríki og önnur sem nýlega hafa fengið lýðræði gera.

Ég vísa í þessu sambandi til þingsályktunartillögu minnar sem útbýtt var fyrr í vikunni á þskj. 650, sem ég vonast til að geta mælt fyrir á morgun. Þar er gert ráð fyrir því að við hverfum frá refsingum vegna ærumeiðinga og flytjum það yfir í úrræði einkaréttarins eins og alþjóðastofnanir hafa gert kröfu um.

Þrátt fyrir góðan vilja frumvarpshöfunda — ég get verið sammála þeim um að bætur hafi í ýmsum tilvikum verið of lágar — tel ég það tímaskekkju að hið háa Alþingi fari á árinu 2006 að endurstaðfesta ákvæði sem með berum orðum mæla fyrir um að kasta megi fólki í tukthús fyrir að móðga hvert annað. Slík úrræði tilheyra einfaldlega annarri öld en þeirri 21.

Ég vil nefna tvennt til viðbótar um hegningarlagaþátt frumvarpsins. Ég set spurningarmerki við það hvort hin nýja viðbót um fjölskyldu brotaþola fái fyllilega staðist meginregluna um skýrleika refsiheimilda í lögum, sem má leiða af 69. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt ákvæðinu getur það varðað fangelsi í allt að ár að valda öðrum manni eða fjölskyldu hans óþarfa sársauka eða vanvirðu. Það er sem sagt í lagi að valda sársauka eða einhverjum sársauka en um leið og sársaukinn verður óþarfur er í lagi að kasta mönnum í fangelsi í allt að eitt ár. Spurningin er vitanlega: Á hvaða stigi verður sársaukinn óþarfur og hvernig á dómari nákvæmlega að skilja þetta og beita þessu? Ég ætla ekki að fullyrða að þetta sé algjörlega ófullnægjandi að þessu leyti en ég set a.m.k. spurningarmerki við þetta. Ég tel rétt að við nánari meðferð frumvarpsins verði reynt að skýra þetta aðeins nánar svo að dómarinn hafi eitthvað á að byggja.

Hið sama gildir um viðbótina við 242. gr. sem er gert ráð fyrir í 4. gr. frumvarpsins. Ég set mjög stórt spurningarmerki við það að nokkur þörf sé á að lögfesta þessa viðbót. Svipuð regla og raunar að sumu leyti rýmri er þegar í 3. mgr. 25. gr. hegningarlaga. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Sé sá dáinn, sem misgert var við, eða verknaður, sem beinist að dánum manni, er refsiverður, hafa eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn, kjörbörn, barnabörn og systkin rétt til að höfða mál eða bera fram kröfu um opinbera málshöfðun.“

Þetta er þegar til staðar í hegningarlögum og er því í raun um algera tvítekningu að ræða. Ég tel rétt að kalla eftir nánari skýringum af hálfu hv. flutningsmanns um hvernig þetta atriði er hugsað. Af hverju þessi tvítekning? Í rauninni er þegar til staðar slíkur málshöfðunarréttur og það meira að segja rýmri.

Þá vík ég næst að 5. gr. frumvarpsins sem leggur til viðbót við 26. gr. skaðabótalaga. Flest þau sjónarmið eru í gildi þegar litið er til dómaframkvæmdar. Vissulega hefur verið horft til þeirra við dómaframkvæmd og ég tel það mjög til bóta og frekari styrkingar á þessum sjónarmiðum að lögfesta þau með skýrum hætti. Ég er líka efnislega sammála flestum þeim skilyrðum utan eins mjög mikilvægs atriðis sem ég verð að gjalda mikinn varhuga við. Það atriði er í 1. málslið 5. gr. frumvarpsins en þar segir:

„Við ákvörðun um fjárhæð bóta vegna meingerðar gegn æru eða persónu annars manns eða fjölskyldu hans skal lagt til grundvallar að bótafjárhæð hafi verulega fjárhagslega þýðingu fyrir þann sem dæmdur er til greiðslu þeirra.“

Það er berum orðum tekið fram í greinargerðinni með frumvarpinu og var svo sem rakið rétt áðan að hugsunin sé sú að um sektarbætur verði að ræða, þ.e. sem kallað er upp á engilsaxnesku „punitive damages“. Þótt ég geti fúslega fallist á að miskabætur í meiðyrðamálum hafi verið of lágar tel ég að með þessari tillögu sé of langt gengið. Í íslenskum skaðabótarétti gildir sú ótvíræða meginregla að dæmdar bætur skuli samsvara því tjóni sem valdið er með skaðabótaskyldri háttsemi, jafnt miskabætur sem skaðabætur. Það er því markmið bótanna að bæta tjónið en ekki að refsa. Þetta er ótvíræð grundvallarregla.

Hér er lagt til að á einu tilteknu sviði skuli bótaréttur rýmri og sektarbætur teknar upp. Hvaða svið er valið til slíks? Það er sjálft svið tjáningarinnar, sem þó nýtur sérstakrar verndar stjórnarskrárinnar og alþjóðlegra mannrétt-

indasáttmála. Með öðrum orðum, maður sem verður fyrir fólskulegri og tilefnislausri líkamsárás, á einungis rétt á venjulegum miskabótum samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga. Kona sem verður fyrir nauðgun á bara rétt á venjulegum miskabótum samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga. En þegar brotið felst í tjáningu, þegar við stöndum andspænis sjálfu stjórnarskrárvernduðu tjáningarfrelsinu og einstaklingur fremur meingerð gegn æru þá skal tjónvaldur dæmdur til að greiða sérstakar og rýmri sektarbætur. Ég segi nú bara að ef ætlunin er að innleiða sektarbætur að einhverju marki í íslenskum rétti þá var vitlaust svið valið.

Er það virkilega ætlun Alþingis að á þessu sviði, þar sem við stöndum andspænis sjálfu tjáningarfrelsinu, skuli þeir sem meingerð fremja bera ríkari miskabótaskyldu en þeir sem fremja líkamsárásir og kynferðisbrot? Ég trúi því hreinlega ekki að allir flutningsmenn frumvarpsins hafi hugsað þetta til enda þótt ég skilji enn og aftur hvatann, eins og ég hef sagt, þá er hér of langt gengið.

Vegna tilvísunar í meiðyrðalöggjöf í Bretlandi skal tekið fram að Bretar virðast á sífelldum flótta undan þessu réttarfyrirbrigði enda hafa þeir ítrekað fengið áfellisdóm hjá Mannréttindadómstólnum í Strassborg. Skemmst er að minnast stórs máls frá árinu 2005 þar sem dæmdar höfðu verið venjulegar bætur miðað við enska réttinn. Þær voru taldar of háar og staðfest brot á 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Svipað verður sagt um mörg önnur ríki sem hafa búið við þetta réttarfyrirbrigði eins og Bandaríkin. Menn eru á flótta undan þessu fyrirbæri.

Einnig ber að nefna að reglan eins og hún er sett fram gerir allt meðalhóf við ákvörðun bóta miklu erfiðara. Það segir bara að annaðhvort eigi að dæma bætur eða þá bætur sem hafa verulega fjárhagslega þýðingu. Það leiðir af orðalagi ákvæðanna að þegar dómarinn ákveður bætur skuli það hafa verulega fjárhagslega þýðingu. Þetta gerir allt meðalhóf mjög erfitt, sem skiptir grundvallarmáli við skýringu á mannréttindasáttmálanum og stjórnarskránni. Það má vel vera að í ákveðnum tilvikum séu lágar bætur hæfilegar. En í þessum tilvikum leiðir af beinu orðalagi frumvarpstextans að það komi ekki til greina, það eru bara annars vegar engar bætur eða þá bætur sem hafa verulega fjárhagslega þýðingu. Ég held að þetta gæti í ákveðnum tilvikum leitt til engra bóta af því að dómari veigri sér frekar við að dæma áfelli þegar hann þarf að dæma verulegar bætur eða ekki neitt.

Eins og ég hef þegar rakið get ég fallist á að miskabætur hafi verið lágar í hinum alvarlegu tilvikum og þær megi hækka. Sem betur fer virðist þróunin hafa verið í þá átt samanber nýlega dóma Héraðsdóms Reykjavíkur á þessu ári, einkum dóm sem féll 16. júní 2006 þar sem dæmdar voru 1,5 millj. kr. í bætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru í dagblaði. Það er að mínu mati alls ekki tilefni til svo viðurhlutamikillar aðgerðar að Alþingi fari að taka upp sektarbætur í meiðyrðamálum.

Það sem að mínu mati má gera og er hugsanlega mikilvægast í þá átt að skerpa ábyrgð vegna meiðyrða er að breyta ábyrgðarreglum prentlaga þannig að bótaábyrgð nái skýrlega til útgáfufyrirtækjanna líka. Útgefandinn ber ekki ríka ábyrgð eins og ástandið er í dag, eins og fullyrt var hér áðan. Það er ekki þannig. Það leiðir af ákvæðum prentlaga eins og þau eru núna, að ef höfundur hefur nafngreint sig, t.d. blaðamaður, þá ber hann sjálfur persónulega ábyrgð en ekki útgáfan. Sé hann hins vegar ekki nafngreindur ber ritstjórinn persónulega ábyrgð en ekki útgefandinn. Þetta byggist á dómvenju sem m.a. birtist í dómi sem ég nefndi, frá 16. júní 2006, og fleiri dómum.

Staðan er þannig núna að útgáfan er í raun alltaf stikkfrí og ábyrgðin lendir persónulega á blaðamanninum eða á ritstjóranum. Þetta tel ég ósanngjarnt. Ég held að það megi telja líklegt að þetta haldi fjárhæð bóta að einhverju leyti niðri af því að það er ekki ólíklegt að dómarar veigri sér fremur við að dæma einstakling persónulega til greiðslu frekar hárra miskabóta en útgáfuna.

Þetta tel ég stærsta meinbuginn á meiðyrðamálum. Ég hefði talið eðlilegast að grípa þar inn í ef grípa ætti til aðgerða og færa ábyrgðina með skýrari hætti yfir á útgáfuna. Því miður tekur frumvarpið ekki á því heldur á öðrum atriðum. Það gengur, eins og ég hef rakið, allt of langt í þeim efnum. Ég hvet til að þetta atriði sem ég var að nefna síðast verði sérstaklega athugað í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar enda herðir frumvarpið, eins og það er, bara ábyrgð einstaklinga en ekki útgáfunnar. Það er ranglega fullyrt, bæði í greinargerð og í ræðu hér áðan, að útgáfurnar muni hugsa sig tvisvar um. Þær sleppa eins og ástandið er núna.

Að lokum ítreka ég að ég skil hvatann að málinu og fagna þessari umræðu. Ég skil alveg þá reiði sem upp hefur komið á köflum í þjóðfélaginu vegna blaðaumfjöllunar hér á landi. Það er réttlát reiði. Fjölmiðlar hafa í ákveðnum tilvikum gengið allt of langt. Við verðum hins vegar að sjá skóginn fyrir trjánum og þrátt fyrir góðan vilja gengur þetta frumvarp allt of langt og fer að ýmsu leyti í bága við nútímaviðhorf til mannréttinda og ákvæði um tjáningarfrelsi. Ég verð því að leggjast eindregið gegn frumvarpinu eins og það er og legg áherslu á að þingmenn skoði það vel og geri sér grein fyrir mikilvægi málsins. Hér er ekki um einfalt og lítið mál að ræða eins og ráða mætti af fjarveru þingmanna í þingsal. Hér er um ákaflega mikilvægt mál að ræða sem snertir grundvallarmannréttindi borgaranna. Þetta er ekki lítið, saklaust mál sem sjálfsagt er að fari í gegnum þingið. Þetta þarf að ræða vel og skoða sérstaklega með tilliti til alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga.

[16:41]

**Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað af hálfu hv. þm. Eiríks Jónssonar og vildi gjarnan koma að nokkrum atriðum sem hann vék að í ræðu sinni. Hans ábendingar voru fyrir margra hluta sakir áhugaverðar og ýmsar gagnlegar en ég tel samt ástæðu til þess að bregðast við nokkrum atriðum sem fram komu í ræðu hans.

Mér fannst til dæmis, herra forseti, of mikið lagt upp úr því að með þessu frumvarpi sé hvatt til þess að mönnum verði stungið í tukthús fyrir ærumeiðingar gagnvart samborgurum sínum og mikil áhersla á það lögð eða mælst til slíks. Það sem þetta frumvarp gengur út er í raun ekki annað en að breyta núgildandi lögum hvað það atriði varðar. Það er ekkert hreyft við þessum ákvæðum núgildandi almennra hegningarlaga eins og þau hafa verið frá því að þau

voru sett árið 1940. Það sem hv. þingmaður kallar að skrúfa upp ákvæði almennra hegningarlaga, sem vísað er til í frumvarpinu og lagt er til að gerð verði breyting á, er einfaldlega viðleitni frumvarpshöfunda til þess að færa þá vernd sem ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga, sem kveður á um ærumeiðingar og vernd, friðhelgi einstaklingsins, til samræmis við þau ákvæði sem fram koma í stjórnarskránni, mannréttindasáttmála Evrópu og 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Það er nú öll hugsunin á bak við þetta frumvarp.

Þessi ákvæði kveða á um friðhelgi einkalífs einstaklinga og fjölskyldna þeirra en það gera hin gömlu ákvæði almennu hegningarlaganna ekki. Eins og ég sagði undir lok ræðu minnar má vel vera, eins og hv. þingmaður benti á og ég viðurkenndi það strax, að útfæra megi efnislegar breytingar á almennum hegningarlögum með öðrum hætti en gert er í þessu frumvarpi til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. En ég bendi á þetta af því að hv. þingmaður ræddi mikið um fangelsisákvæðin, að með þessum breytingum er verið að reyna að færa þau til samræmis við ákvæði stjórnarskrár mannréttindasáttmála Evrópu og 3. gr. siðareglna Blaðamannafélagsins.

Hv. þingmaður nefndi hér að verið væri að veðja á rangan hest og beina spjótum á rangt svið með því að hvetja til þess, með framlagningu þessa frumvarps, að hækka bætur vegna ærumeiðinga og slíkra meingerða í stað þess að einblína frekar á aðra þætti hegningarlaga, eins og bætur vegna líkamsárása og kynferðisbrota. Það má það vel vera og ég get alveg tekið undir það að bætur í kynferðisbrotamálum og líkamsárásarmálum eru allt of lágar, en þetta frumvarp fjallar ekkert um það. Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni ef hann er þeirrar skoðunar að ástæða sé til að taka almennu hegningarlögin til endurskoðunar, að það sé rétt að gera það og sömuleiðis að taka til endurskoðunar þann bótarétt sem þolendur í slíkum málum njóta. Þetta mál fjallar bara ekkert um það. Hér er einfaldlega verið að leggja til að réttarstaða þolenda ærumeiðinga verði bætt. Ég veit að hv. þingmaður, sem starfar sem lögmaður, hlýtur að viðurkenna að æra manna hefur fram til þessa verið — nema kannski í þessum nýjasta dómi sem hv. þingmaður nefndi — verðlögð ákaflega lágt. Það er náttúrlega meginþunginn í þessu frumvarpi, þ.e. annars vegar að reyna að tryggja fólki friðhelgi í einkalífi sínu gagnvart ýmsum sem taka þátt í opinberri umræðu og hins vegar að tryggja aukinn skaðabótarétt fólks gagnvart þeim brjóta gegn rétti þess. Ég vona að allir geti tekið undir það að sá réttur hefur fram til þessa verið fyrir borð borinn.

Hvað varðar 5. gr. frumvarpsins og hvort rétt sé að mæla svo fyrir um í lögum að teknar verði upp sektarbætur vegna brota sem þessara, þá heyrði ég ekki betur en hv. þingmaður legðist gegn slíku ákvæði. Það er alveg sjónarmið út af fyrir sig að gengið sé langt með því ákvæði sem hér er lagt til, en ég tel og við flutningsmenn að ástæða sé til að gera það í ljósi þeirra atburða sem hafa verið í opinberri umræðu á síðustu árum og missirum. Hugsunin á bak við þetta er sú að ef menn vilja á annað borð taka á þessum málum af einhverri alvöru þá eru tveir kostir í stöðunni. Annars vegar að herða refsingar við brotum sem þessum, annaðhvort að endurskoða fangelsisákvæðin, sem ég er ekkert að leggja til, eða leggja til að sektir verði hækkaðar. Það er hægt að fara þá leið. Ég er á móti því að sú leið sé farin. Ég tel miklu skynsamlegra að kveða á um sektarbætur, „punitive damages", eins og tíðkast í mörgum öðrum löndum, þar á meðal í Bretlandi, vegna þess að kosturinn við þá reglu er sá að þegar réttur er brotinn á einstaklingi renna slíkar bætur í vasa þolandans en greiðast ekki í ríkissjóð. Það er einmitt kosturinn við þessa reglu að það er þolandinn sem stendur uppi með pálmann í höndunum verði einhver dæmdur fyrir meingerð eins og þessa í hans garð en ekki ríkissjóður.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi um takmörkun á tjáningarfrelsi þá held ég að ég hafi farið nokkuð ítarlega yfir það í ræðu minni að ég tel að í þessu frumvarpi felist ekki takmörkun á tjáningarfrelsi. Auðvitað er það svo þegar slík álitaefni koma upp að þá vegast á annars vegar sjónarmið um tjáningarfrelsi og hins vegar um friðhelgi einkalífsins. Tjáningarfrelsið nær ekkert lengra en þangað sem friðhelgi einkalífsins tekur við og það er síðan mat dómstóla hvar mörkin liggja. Ég get ekki séð að það skerði tjáningarfrelsi manna þó svo að bætur vegna slíkra meingerða séu hækkaðar.

Í ritstjórnargrein Morgunblaðsins, frá 13. janúar 2006, þar sem fjallað var einmitt um þetta frumvarp segir, með leyfi forseta:

„Það er rétt hjá Sigurði Kára, að þetta er hægt að gera án þess að skerða tjáningarfrelsið. Það hefur enginn breskur þegn orðið fyrir skerðingu á tjáningarfrelsi sínu vegna breyttrar löggjafar í Bretlandi. Það er auðvelt að koma skoðunum sínum á framfæri án meiðandi ummæla um annað fólk. Það er hægt að halda uppi gagnrýni á menn og málefni án ærumeiðandi ummæla um annað fólk."

Það er einmitt kjarni málsins og undir þetta tek ég. Menn geta fjallað um hitt og þetta í opinberri umræðu án þess að gera það með meiðandi hætti. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ef menn fara yfir línuna, sem erfitt er að segja hvar er, taki þeir afleiðingunum. Frumvarpið hvetur til þess að menn verði í ríkari mæli en áður gerðir ábyrgir fyrir orðum sínum. Ég er talsmaður þess að tjáningarfrelsið sé virt en frelsinu fylgir hins vegar ábyrgð og ef menn fara yfir strikið finnst mér ástæða til að þeir sem gera slíkt verði látnir blæða fyrir það. Það er einfaldlega þannig.

Herra forseti. Það má svo deila um það hvort ástæða sé til að kveða skýrar á um þá þætti sem eru í 4. gr. frumvarpsins, þ.e. kveða á um það hvort réttur afkomenda þess sem verður fyrir meingerðum eftir að hann er látinn eigi að hljóta ríkari rétt til að höfða mál vegna slíks. Þetta eru atriði sem við þurfum að taka til umræðu í nefndinni þegar málið kemur þangað til umfjöllunar. Ég er alveg tilbúinn til að skoða það og viðurkenni það, alveg reiðubúinn til að skoða hvort það sé yfir höfuð ástæða til að binda þetta ákvæði í lög. Ef í ljós kemur að mér fróðari menn á þessu sviði telja að svo sé ekki þá er það bara svo. Gott og vel, þá komumst við að þeirri niðurstöðu. Ef svo er ekki liggur þessi tillaga fyrir í frumvarpinu, hún er a.m.k. ekki til skaða, að ég tel. En meginatriðið er þetta: Ég tel, og við flutningsmenn þessa frumvarps, að ástæða sé til að einhverjir taki upp hanskann fyrir almenna borgara í þjóðfélaginu og reyni að bera hönd fyrir höfuð þeirra, reyni að bæta réttarstöðu

þolenda brota af þessu tagi með því að tryggja það að verði menn dæmir fyrir að fara á svig við lögin renni þær bætur sem til koma og eru dæmdar í vasa þess sem verður fyrir brotinu í stað þess að þær renni í ríkissjóð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, þau eru orðin býsna mörg. Að þessari umræðu lokinni legg ég til að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

[16:54]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég ætla að þakka fyrir þá fróðlegu umræðu sem farið hefur fram í þingsalnum um breytingu á almennum hegningarlögum og skaðabótalögum og hefur ekki síst fjallað um tjáningarfrelsið og mikilvægi þess að við varðveitum það og setjum ekkert vanhugsað í lög sem vegið getur að þessum grundvallarmannréttindum okkar. Ég hef orðið margs vísari eftir þessa umræðu og hefðu fleiri þingmenn mátt sitja hér og hlusta því að þingmannabekkurinn er orðinn heldur fáliðaður hér, en það breytir ekki því að málið er alveg þess vert að ræða það.

Mér finnst, eftir að hafa hlustað á umræðuna, að það sé ekki sjálfgefið að þetta mál renni eins lipurt í gegnum þingið og allsherjarnefnd og hv. 1. flutningsmaður, þingmaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson, gerði ráð fyrir. Ég vil auðvitað þakka honum fyrir ágæta greinargerð um málið og hvernig hann leggur þetta upp og hvernig hann lítur á þetta mál. En ég vil ekki síður þakka hv. þingmanni Samfylkingarinnar, Eiríki Jónssyni, fyrir innlegg hans í umræðuna, því að það sem mér fannst svo athyglisvert og áhugavert við það sem hann hafði fram að færa var hvernig hann braut upp þá vanahugsun sem menn eru kannski allt of fastir í þegar kemur að því að skoða gildandi lög, hvort ýmis ákvæði sem í þeim eru eigi yfirleitt rétt á sér miðað við þær breytingar sem orðið hafa í samfélaginu. Þó svo að þau hafi lifað í okkar lagabókstaf með einhverjum hætti allt frá tíma Grágásar getur sá tími verið kominn að þau eigi ekki rétt á sér lengur. Mér fannst hann vekja ágætlega athygli á því að það væru auðvitað áhöld um hvort það ætti rétt á sér í íslenskri löggjöf í dag og hvort það ætti rétt á sér á Alþingi Íslendinga árið 2006 að við værum að endurstaðfesta í lögum ákvæði sem gerðu ráð fyrir því að menn gætu sætt fangelsi allt að einu ári fyrir það að móðga annan mann. Þannig eru lögin og ef þetta mál nær fram að ganga erum við að endurstaðfesta það. Og þótt ég geri ekki ráð fyrir því að flutningsmenn séu almennt að tala fyrir því að mönnum sé varpað í fangelsi og það sé það sem þeim gangi helst til, þá er það samt svo að þetta er í lögunum og þessi heimild er til staðar og það segir auðvitað sína sögu. Það segir sína sögu um það viðhorf sem lögin byggja á og spurning hvort ekki sé orðið tímabært að breyta lögunum til samræmis við nútímalegri viðhorf sem ættu að vera hér í þingsalnum meðal annars.

Tjáningarfrelsið er mjög mikilvægt og við megum ekki umgangast það af léttúð og þess vegna megum við ekki samþykkja neitt í þinginu sem við óttumst og teljum að vegi að þeim réttindum. Hv. þm. Eiríkur Jónsson vakti athygli á að þarna væri verið að taka inn bótafjárhæðir í þessum brotum, sem væru brot gegn æru manna, með allt öðrum hætti en gerðist með þá sem eru t.d. þolendur ofbeldisbrota eða kynferðisbrota. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði að þetta frumvarp fjallaði ekki um ofbeldisbrot eða kynferðisbrot og þess vegna væri ekki rétt að tala um það í þessu samhengi. En það er kannski mergurinn málsins, af hverju bera menn fyrst niður í ærumeiðingunum, í þeim málum, en ekki í þeim sem lúta að miklu alvarlegri brotum og brotum sem almennir borgarar verða frekar fyrir en ærumeiðingum? Ég hygg, öndvert við það sem þingmaðurinn hv. sagði hér áðan, Sigurður Kári Kristjánsson, að hér sé kannski ekki fyrst og fremst verið að taka upp hanskann fyrir hina almennu borgara vegna þess að hinir almennu borgarar verða ekkert mjög mikið fyrir ærumeiðingum og almennir borgarar reka ekki oft mál sín fyrir dómstólum vegna þess að þeir verði fyrir ærumeiðingum. Það er tiltölulega fátítt að slík mál séu rekin fyrir dómstólum, það eru einhver tiltekin, afmörkuð mál sem þangað rata. Ég held að ef við værum að huga að réttarstöðu hins almenna borgara og taka upp hanskann fyrir hann ættum við frekar að bera niður með þessar sektarbætur annars staðar en í ærumeiðingunum. Það segi ég af fullri virðingu fyrir því að auðvitað er ekkert okkar þeirrar skoðunar að menn eigi að komast upp með það að valda mönnum, einstaklingum og fjölskyldum þeirra skaða með ærumeiðingum. Það ber ekki að skilja það svo, heldur að þarna sé kannski ekki rétti staðurinn til þess að bera niður með sektarbætur og ef við viljum taka þær almennt upp eigi að skoða það heildstætt en ekki taka það afmarkað fyrir í ærumeiðingunum.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson leitaði ásjár hjá Morgunblaðinu og taldi það greinilega vera heilbrigðisvottorð fyrir sig og málstað sinn að Morgunblaðið hefði blessað hann í leiðaraskrifum sínum og Morgunblaðið hefði sagt að það væri ekki skerðing á tjáningarfrelsi þó að bætur væru hækkaðar. Ég lít ekki svo á að Morgunblaðið sé einhver æðsti dómstóll þegar kemur að slíkum hlutum og geti sagt þinginu til um hvað séu rétt lög og hvað ekki. Mér finnst þessi málflutningur, þessi röksemdafærsla sem kom fram hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, einhvern veginn vera eins og að hafa svolítil endaskipti á hlutunum, vegna þess að almennt tala menn um að refsingar hafi einhvers konar varnargildi, þ.e. að þyngd refsinga eigi að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á því að menn aðhafist eitthvað tiltekið. Ef refsingar eru þyngdar við ærumeiðingum getur það haft áhrif á hvað menn þora að segja, það virkar því auðvitað hvað inn á annað og er ekki hægt að líta alveg fram hjá því.

Mér fannst umræðan fróðleg og ég vona að málið fái ágæta umfjöllun í þingnefnd og þar verði skoðaðir allir þeir fletir á málinu sem hér hefur verið brugðið upp. Þeir eru fyllilega þess eðlis að það þarf virkilega að velta við steinum og skoða hvaða áhrif þetta geti almennt haft og hvort ekki væri nær að Alþingi færði sig meira til nútímahorfs og til þeirra viðhorfa sem gilda um tjáningarfrelsið og hvernig það skuli best varið í stað þess að færa sig yfir í það stjórnlynda horf sem þarna er á ferðinni.

Mér finnst dálítið merkileg, þegar ég hugsa um það, viðhorfin sem mér sýnast vera uppi í Sjálfstæðisflokknum í dag og hafa birst okkur m.a. í fjölmiðlamálinu eins og það kom hér inn, í þessu máli og í fleiri málum, og hvað Sjálf-

stæðisflokkurinn er orðinn stjórnlyndur. Stjórnlyndið á heima í Sjálfstæðisflokknum en frjálslyndið í Samfylkingunni.

[17:01]

**Eiríkur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka þær áhugaverðu umræður sem farið hafa fram. Ég legg áherslu á að æruverndin er mjög mikilvæg og ég get tekið undir allt það sem sagt hefur verið um að það verði að vernda æru borgaranna. Á hinn bóginn verður að gera það á réttan hátt og eins og ég hef ítarlega rakið tel ég refsingu alls ekki leiðina til þess.

Af því að hér er því haldið fram að þetta leiði af stjórnarskránni, þá langar mig aðeins til að nefna að í fyrsta lagi stendur náttúrlega hvergi í stjórnarskránni að refsa eigi fyrir ærumeiðingar. Í öðru lagi stendur hvergi í stjórnarskránni að taka eigi upp sektarbætur vegna ærumeiðinga. Það á aðeins að vernda æruna og eins og ég hef lagt til er betra að gera það á sviði einkaréttar.

Mig langar að nefna þau lönd sem nýverið hafa horfið frá refsingum við ærumeiðingum. Það eru lönd eins og Albanía, Argentína, Bosnía-Hersegóvína, El Salvador, Gana, Georgía, Hondúras, Ítalía, Kambódía, Króatía, Kýpur, Mið-Afríkulýðveldið, Moldavía, Perú, Rúmenía, Sri Lanka, Tógó, Úganda og Úkraína. Þetta eru allt saman lönd sem hafa nýlega horfið frá refsingum vegna ærumeiðinga, annaðhvort að hluta eða að öllu leyti.

Hér í þessu vestræna lýðræðisríki er hins vegar lagt til að þetta eigi að skrúfa upp og auðvitað er ekki hægt að neita því að verið er að skrúfa þetta upp með þessu frumvarpi. Og af því að menn eru að tala um að ég geri mikið úr fangelsinu þá er það nú vegna þess að þar stendur berum orðum, með leyfi forseta:

„Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun ... skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

Það er því ekki að ástæðulausu sem ég tala um þetta.

Varðandi fullyrðingu um Morgunblaðið er hún að vissu leyti skondin og ég tek undir það sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði, að Morgunblaðið kveður auðvitað ekki upp dóma í þessum málum. Ég skildi nú ekki alveg þá fullyrðingu að enginn hefði orðið fyrir skerðingu í Bretlandi vegna hækkaðra bóta. Ég nefndi það í ræðu minni áðan að Bretar hafa ítrekað fengið áfellisdóma hjá Mannréttindadómstóli Evrópu, nú síðast árið 2005, þannig að eitthvað hafa þeir í Strassborg verið á annarri skoðun en Morgunblaðið ef þetta er rétt eftir haft.

Að öðru leyti fagna ég því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafi sagt að aðrar lagatæknilegar aðferðir komi til greina því að eins og ég hef tekið fram fellst ég fyllilega á að mikilvægt er að vernda æruna. Ég tel mun eðlilegra og í samræmi við nútímakröfur á alþjóðasviðinu að hafa þetta á sviði einkaréttarins. Ég fagna því að hann taki undir það og er ánægður með að hafa ekki móðgað hann því þá lendi ég a.m.k. ekki í fangelsi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:05]

**Útbýting:**

Safn- og tengivegir, 197. mál, svar samgrh., þskj. 318.

Sakaferill erlends vinnuafls, 304. mál, fsp. MÞH, þskj. 321.

Veðurathuganir á Stórasandi, 158. mál, svar samgrh., þskj. 319.

Út af dagskrá voru tekin 1.–5. og 7.–8. mál.

Fundi slitið kl. 17:06.

---

# 20. FUNDUR

föstudaginn 3. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Úttekt á hækkun rafmagnsverðs, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Láglendisvegir, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Iðnaðarmálagjald, frv., 16. mál, þskj. 16. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ríkisútvarpið, frv., 24. mál, þskj. 24. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Útvarpslög, prentréttur og samkeppnislög, stjfrv., 58. mál, þskj. 58. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Almenn hegningarlög og skaðabótalög, frv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Málefni aldraðra, stjfrv., 190. mál, þskj. 191. — 1. umr.
9. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 272. mál, þskj. 281. — 1. umr.
10. Embætti landlæknis, stjfrv., 273. mál, þskj. 282. — 1. umr.
11. Heyrnar- og talmeinastöð, stjfrv., 274. mál, þskj. 283. — 1. umr.
12. Afnám refsiákvæða vegna ærumeiðinga, þáltill., 294. mál, þskj. 307. — Fyrri umr.
13. Heildarstefna í nýsköpun og atvinnuþróun, þáltill., 300. mál, þskj. 315. — Fyrri umr.
14. Stjórnarskipunarlög, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
15. Endurskipulagning á skattkerfinu, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Fyrri umr.
16. Tekjuskattur, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.

17. Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
18. Skapandi starfsgreinar, þáltill., 301. mál, þskj. 316. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

[13:32]

**Útbýting:**
Rannsóknarnefndir, 307. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 324.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Niðurskurður á framlagi til verknámsskóla.

[13:33]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins í tilefni af bréfi sem okkur þingmönnum Norðvesturkjördæmis barst í gær. Það er ákall frá kennurum verknámsdeilda fjölbrautaskólanna í kjördæminu, þ.e. á Akranesi, Ísafirði og Sauðárkróki, vegna niðurskurðar á framlögum til verknáms í framhaldsskólum landsins. Þessi niðurskurður bitnar harðast á minni skólum á landsbyggðinni þar sem iðnnámið er einn mikilvægasti þátturinn í námsframboðinu. Í bréfi kennaranna segir, með leyfi forseta:

„Iðnnám er í eðli sínu dýrt nám. Nemendur eru vegna öryggissjónarmiða fáir og aðstaða og búnaður dýr. Nú þegar á iðnnám undir högg að sækja í þessum skólum. Nái þessi niðurskurður fram að ganga er augljóst að framhaldsskólar í kjördæminu verða að skera niður í iðngreinum og jafnvel að fella þær út."

Á fundi fjárlaganefndar með fulltrúum menntamálaráðuneytisins í morgun og einnig fulltrúum menntamálanefndar kom fram að fulltrúar menntamálaráðuneytisins höfðu í tillögum sínum gert ráð fyrir að 500 millj. kr. þyrfti til viðbótar á næsta ári til framhaldsskólanna samkvæmt gildandi reiknilíkani um kostnað og einnig samkvæmt spá þeirra um nemendafjölda. Svar fjármálaráðuneytisins var hins vegar að í stað 500 millj. kr. fengi framhaldsskólinn einungis 200 millj. kr. og yrði fjármagnið að skiptast á skólana samkvæmt því. Fjárlagaramminn væri sjálfur samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og því á ábyrgð hennar.

Frú forseti. Ég vek athygli á þessu bréfi kennaranna og skora á meiri hluta Alþingis að beita sér fyrir því að þessi niðurskurður verði leiðréttur.

[13:36]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Hér er hreyft afar stóru og mikilvægu máli sem nokkuð hefur verið á dagskrá í þinginu. Við ræddum málið töluvert í 1. umr. um fjárlagafrumvarp næsta árs. Við höfum rætt þetta töluvert í fjárlaganefnd og eins og fram kom í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar að síðast á fundi í morgun fórum við yfir gögn með menntamálaráðuneytinu.

Ég er klár á því, frú forseti, að allir nefndarmenn, bæði í fjárlaganefnd og menntamálanefnd, hafa áttað sig á því hve grafalvarlegt þetta mál er. Það blasir við að skera á niður um 300 millj. kr. í framhaldsskólum landsins. Það blasir líka við að það kemur hlutfallslega verst niður á litlu skólunum þar sem mikið er lagt upp úr verknámi. Þetta mál er þess eðlis að víðtæk pólitísk samstaða þarf að nást um að þetta verði leiðrétt.

Til okkar hafa streymt upplýsingar um málið. Eins og ég sagði áðan, frú forseti, trúi ég ekki öðru en allir hv. þingmenn í menntamálanefnd og fjárlaganefnd hafi áttað sig á alvarleika málsins. Það blasir við að við höfum í mörg ár svelt verknámsskóla. Á því var að vísu gerð leiðrétting árið 2004. Það rétti nokkuð hlut þeirra en engan veginn nægjanlega. Þeir hafa ekki fengið að njóta þess vegna þess að fram að þessum degi hafa þeir þurft að nota það sem þeir hafa hagnast af því til að greiða niður uppsafnaðan eldri halla. Til framtíðar litið voru skólarnir jafnvel farnir að horfa til þess að geta farið að njóta þess sem breytt var 2004 en með þeim tillögum sem hér liggja fyrir er það allt dregið til baka.

Frú forseti. Það er mikilvægt að víðtæk pólitísk samstaða náist um að snúa þessari óheillaþróun við.

[13:37]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir furðu á þessari uppákomu. Hv. málshefjandi Jón Bjarnason situr í fjárlaganefnd. Málið er í höndum fjárlaganefndar. Það hefur verið unnið að málinu í þrjár vikur. Honum er fullkunnugt um það. Það vita það allir. Honum er líka fullkunnugt um að alger samstaða er í fjárlaganefnd um að vinna að málinu til heilla þessum skólum. Það er enginn ágreiningur þar. Síðast í morgun sátum við ásamt menntamálanefnd á fundi. Þar var enginn ágreiningur heldur.

Málið er hins vegar flókið og erfitt viðureignar vegna þess að reiknimódelið þarf mjög náinnar skoðunar við. Það hefur verið samkomulag í meira en áratug milli menntamálaráðuneytis og fjárlaganefndar um að allar þær breytingar sem gerðar væru skyldum við reyna að gera í sátt.

Hv. fyrirspyrjandi veit að við erum að vinna að þessu. Hann veit það að við höfum dag eftir dag farið í gegnum þetta. Hann veit að það er einlægur vilji okkar að leysa þetta. Það er ekki, virðulegur forseti, til að hjálpa skólunum sem menn koma með svona umræðu. Það er bara til þess að reyna að taka viðkvæmt mál sem allir eru að vinna að og reyna að fleyta einhverjar pólitískar kerlingar. Það er ámælisvert.

Þetta er bara til að tefja störf þingsins en ekki til að upplýsa eitt eða neitt.

[13:39]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Vinna við fjárlagagerðina stendur yfir. Eitt af þeim verkefnum sem fjárlaganefnd hefur undir höndum er að skoða þær breytingar sem gerðar hafa verið á reiknilíkani framhaldsskólanna. Þar er um mjög stórt mál að ræða og mikilvægt að nefndarmenn í fjárlaganefnd og menntamálanefnd séu vel að sér um þær breytingar sem gera þarf. Þess vegna var fundað sameiginlega í fjárlaganefnd og menntamálanefnd í morgun með fulltrúum menntamálaráðuneytisins til að menn gætu gert sér glögga mynd af þeim breytingum sem þar eiga sér stað. Þetta er gert í góðri samvinnu við hæstv. ráðherra og ráðuneytið. Í raun stendur sú vinna yfir núna og ég tel litla ástæðu til að taka þetta mál upp með þessum hætti í þingsal meðan reynt er að leysa málið á þverpólitískum vettvangi í þingnefnd. En hver verður að hafa sinn hátt á því.

Ég vil minna á í þessu sambandi að við höfum nýlega samþykkt stefnumótandi byggðaáætlun til fjögurra ára þar sem kveðið er á um nýja forgangsröðun. Þar er fyrsti punkturinn hækkun menntunarstigs á landsbyggðinni og öflugri menntastofnanir. Ef stefnumótandi byggðaáætlun til fjögurra ára á að hafa einhverja þýðingu þá er ljóst að þess verður að sjást stað í fjárlögum viðkomandi árs. Við höfum samþykkt stefnumótandi byggðaáætlun, allir flokkar, og það er mikilvægt að þær áherslur endurspeglist í fjárveitingum.

Ég legg áherslu á að í þeirri vinnu sem fram undan er innan fjárlaganefndar höfum við þá byggðaáætlun sem nú er í gildi til hliðsjónar. Það er unnið að þessu máli í mjög góðu samstarfi við hæstv. menntamálaráðherra og ráðuneyti hennar og mikilvægt að við náum góðri lendingu í því.

[13:41]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Engum þarf að koma á óvart þó menn sýni viðbrögð við þeirri stefnumótun sem birtist í fjárlagafrumvarpinu. Hún er á skjön við það sem við lögðum upp með sameiginlega. Ég held að byggðaáætlun hafi verið samþykkt samhljóða í þinginu þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Á gildistíma byggðaáætlunar skulu stjórnvöld hafa þrjú meginatriði að leiðarljósi:

a. Að stórefla menntun á landsbyggðinni.

b. Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.“ — Og svo framvegis.

Því miður er ekki hægt að sjá það á markmiðum menntamálaráðuneytisins í þessum málum að það hafi tekið mið af byggðaáætlun sem þingheimur var sammála um að leggja áherslu á. Þess vegna er ekki undarlegt að fram komi í bréfi kennaranna til okkar þingmanna Norðvesturkjördæmis, með leyfi forseta:

„Á sama tíma og eftirspurn eftir iðnmenntuðu fólki hefur aukist er kreppt að skólum með þessum aðgerðum. Nú langar okkur undirritaða að spyrja ykkur þingmenn þessa kjördæmis hvernig geti staðið á þessari vitleysu.“

Það er ekkert skrýtið þó svona sé spurt þegar stefnumörkunin liggur fyrir. Það verður að segjast eins og er að okkur sem erum í fjárlaganefnd kom á óvart að þessi staða skyldi koma upp í fjárlagafrumvarpinu. Ég trúi því og treysti að menn séu sammála um það í fjárlaganefnd að taka á þessu vandamáli. Sá fundur sem var í morgun var m.a. til að upplýsa það. Ég held að menn hljóti að reyna að sameinast um að snúa ofan af þessu máli eins og það liggur fyrir núna.

[13:43]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég get ekki annað en tekið undir það sem fram kom í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar vegna þeirrar umræðu sem hér er farin af stað. Ég skil ekki þetta upphlaup hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að vera að blása upp þetta mál, sem allir eru sammála um að þurfi að leysa. Allir fulltrúar í menntamálanefnd og allir fulltrúar í fjárlaganefnd. Það liggur fyrir samstaða hjá fulltrúum allra stjórnmálaflokka um að reyna að leysa þessi mál.

Ég hefði frekar haldið að hv. þm. Jón Bjarnason mundi koma hingað upp til að ræða um stöðu verk- og starfsnáms í íslenska menntakerfinu. Hann gerir það ekki. Þar eru vandamál, það liggur alveg fyrir. Starfs- og verknám hefur orðið undir í samkeppninni við bóknám. En ég hef saknað þess að einhverjar tillögur kæmu frá hv. þingmanni sem leitt gætu til að starfsnám og tækninám yrði metið til jafns við bóknám. Ég hlakka til að heyra sjónarmið hv. þingmanns í þessum málaflokki en þetta eru verkefni sem við þurfum að vinna að.

Ég vil benda á það, úr því að hv. þingmaður nefndi það ekki, að nýlega kom út skýrsla svokallaðrar starfsnámsnefndar sem starfaði undir forustu rektors Fjöltækniskólans og varaformaður þeirrar nefndar var skólameistari Iðnskólans í Reykjavík. Þar er lagt til að starfsnám og tækninám verði sett á sama stað og bóknámið og þetta eru tillögur sem við eigum að ræða í þinginu en ekki einhverja fjármuni sem þarf á einu ári inn í þennan málaflokk. Það verður að horfa til framtíðar og ræða tillögur sem eru til þess fallnar að rétta þennan kúrs um alla framtíð, ekki bara til að leysa einhvern tímabundinn vanda.

[13:46]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er furðulegt að heyra stjórnarliða amast við því að þetta mál sé tekið upp og þrýst á um lausn þess. Það er það sem verið er að gera hér. Allt slíkt er kallað upphlaup af hálfu stjórnarliða af því að þeim finnst auðvitað óþægilegt að athygli dragist að því hver frammistaða ríkisstjórnarinnar er og hvað stendur í stjórnarfrumvarpinu. Það er raunverulegt vandamál og það sem verið er að segja hér er að þetta mál verður að leysa. Það er tekið upp til þess að skapa þrýsting á að það verði leyst.

Það er eitthvað nýtt hér í þingsölum ef ekki má taka upp mál og berjast fyrir því að þau hljóti úrlausn. Stjórnarliðar verða því að gera betur en þetta þó að þeir skammist sín fyrir sitt eigið fjárlagafrumvarp. Auðvitað er metnaðarleysið alveg dæmalaust í því sem birtist frá menntamálaráðuneytinu og í tillögum þess eða vinnubrögðum stjórnarliðsins að þessu fjárlagafrumvarpi. Það að verknámið skuli vera svona svelt og svona að því búið ofan í allt talið und-

anfarin ár um að það verði að fá forgang, ég tala nú ekki um verknám á landsbyggðinni þar sem aðsóknin hefur þó helst haldist uppi, er auðvitað alveg dæmalaust.

Ég skil vel að þeir séu ekki stoltir af þessu, stjórnarþingmennirnir, hvort heldur er í Norðvestur- eða Norðausturkjördæmi. Það þarf ekki litlu skólana til. Ég heimsótti Verkmenntaskólann á Akureyri sem er flaggstofnun í þessum efnum hvað varðar verknám og fjarkennslu á sviði verknáms í landinu, einn stærsti framhaldsskóli ef ekki stærsti framhaldsskóli landsins með 1.200 nemendur, hann býr líka við miklar þrengingar. Þar á meðal er alls ekki að honum búið eins og skyldi til þess að hann geti áfram verið sá brautryðjandi og sú flaggstofnun á sviði verknáms og náms í fjarkennslu og hann hefur verið. Það er nú allur metnaðurinn sem þarna á í hlut.

Þetta þarf einfaldlega að laga og það er dálítið dapurlegt, frú forseti, að ráðherrabekkirnir skuli vera jafnþunnskipaðir og raun ber vitni. (Gripið fram í.) Við erum að hefja fund, það á að fara að greiða atkvæði og þá er staðan þessi. (Forseti hringir.)

Ég mótmæli því að nokkuð sé við það að athuga að þetta mál sé tekið upp undir þeim formerkjum sem hér er gert til þess að krefjast lausnar á því.

[13:48]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim félögum mínum sem hér hafa talað að það er nokkuð einkennilegt upphlaup sem hér á sér stað, ekki síst í ljósi þess að nefndir þingsins sem hafa yfir þessum málum að segja eru að vinna mjög vel að úrlausn mála og þar nefni ég hv. fjárlaganefnd sem og menntamálanefnd. Við áttum mjög góðan fund í morgun, báðar þessar nefndir, með fulltrúum úr menntamálaráðuneytinu. Ég ítreka að það er algjör samstaða um að leysa málið og þess vegna tek ég ekki undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að okkur finnist eitthvað óþægilegt að ræða þetta mál. Okkur finnst það ekkert óþægilegt. Við erum hins vegar á fullu að leysa það á vettvangi þingsins, það er í eðlilegum farvegi í nefndum Alþingis. (Gripið fram í.) Í þessu tilfelli þurfti ekkert upphlaup til að þrýsta á um að leysa þetta mál. Við erum að því. (Gripið fram í.) Þess vegna verðum við auðvitað að treysta því að svo verði.

Hins vegar get ég alveg sagt að við erum með þá stefnu að styðja vel við verknám í landinu (Gripið fram í.) og því verð ég að segja að mér þótti mjög sérstakt að sjá þessar tillögur. Ég tek undir að það er mjög mikilvægt að við leysum þetta. Ég get nefnt sem dæmi, af því að hv. þingmaður nefndi skólana, að bara í tilviki Verkmenntaskólans á Akureyri, þýðir þetta um 70 milljónir sem þeir verða að skera niður. Það er háalvarleg staða. Ég vil alls ekki gera lítið úr því en hins vegar finnst mér þetta ekki réttur farvegur þegar svo góð samstaða hefur skapast um að leysa þetta mál milli okkar þingmanna í hv. menntamálanefnd og fjárlaganefnd sem og með ráðuneytinu. Við erum að vinna að lausn þessara mála og það er í réttum farvegi í nefndum Alþingis.

[13:50]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Um það hefur verið tekin pólitísk ákvörðun af þessari ríkisstjórn að hækka skuli menntunarstig þjóðarinnar. Ef fylgja á þeirri pólitísku stefnumörkun eftir og þeirri pólitísku stefnumörkun sem kemur fram í byggðaáætlun leggja menn ekki fram fjárlagafrumvarp með þeim hætti sem gert hefur verið hér. Menn leggja ekki fram fjárlagafrumvarp þar sem framhaldsskólarnir eru skornir á þeim nótum sem gert er í því fjárlagafrumvarpi sem við höfum í höndunum og erum að tala um, bæði í þingsölum og í nefndum þingsins. Auðvitað þurfa stjórnarliðar að átta sig á því að það er eðlilegt að gagnrýni komi, bæði utan úr samfélaginu frá því fólki sem á að starfa undir þessum kringumstæðum og ekki síður frá okkur sem sitjum á Alþingi Íslendinga.

Það er auðvitað til minnkunar fyrir ríkisstjórnina að hún skuli vera að reyna að lappa upp á fjárlagafrumvarpið á þessum nótum. Af hverju standa menn ekki fyrir því og segja að það hafi orðið mistök og leiðrétta þetta í eitt skipti fyrir öll? Þetta er spurning um 300 milljónir sem menntamálaráðuneytið þarf að skera niður. Af hverju segja menn ekki að það hafi orðið mistök og þau verði leiðrétt? Af hverju þarf marga langa fundi í nefndum þingsins til að ræða þetta fram og til baka ef þetta eru mistök?

Þetta er í öllu falli á skjön við það sem hér hefur verið samþykkt, þetta er líka á skjön við það sem ráðherrar hafa sagt í hátíðaræðum um stöðu verknáms og starfsnáms í landinu. Það er fullkomlega eðlilegt að menn rukki stjórnarliða um þá pólitísku stefnu sem þeir þykjast fylgja. Það er auðvitað þyngra en tárum taki að maður skuli þurfa að horfa á hagræðinguna innan framhaldsskólakerfisins á þeim nótum sem við fáum upplýst að hún sé orðin núna. Það er búið að skera þar hvern skólann af öðrum inn að beini og skilaboð fjárlagafrumvarpsins núna eru svo köld að það er fullkomlega eðlilegt að við fáum ákall af því tagi sem sent var til þingmanna Norðvesturkjördæmis í gær. Því ákalli (Forseti hringir.) erum við auðvitað að reyna að svara hér.

[13:52]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Þetta mál snýr með þeim hætti að mér að við fáum bréf, ákall frá kennurum við starfsmennta- og verknámsbrautir á Norðurlandi vestra og ég spyr: Er eitthvað að því að taka þetta mál hér upp? Ég get ekki séð það. Mér finnst ekki við hæfi að tala um að eitthvert upphlaup sé í gangi þegar við fáum ákall um það að ef þetta mál gengur eftir eins og ríkisstjórnin hefur lagt upp með muni starfsnám leggjast af og verknám í heilu kjördæmi. Mér finnst þetta vera alveg þess virði að ræða það á þinginu.

Ég get tekið undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að víða er pottur brotinn hvað varðar verknám og að taka þurfi á þessum málaflokki. Það er einfaldlega svo að verknám hefur setið eftir í hinni svokölluðu menntasókn sem hæstv. menntamálaráðherra hefur staðið fyrir og því þurfum við að breyta. Við sjáum það víða að skólar á landsbyggðinni sem hafa verknám með höndum hafa setið eftir. Við fréttum það, þingmenn Norðvesturkjördæmisins, að Menntaskólinn á Ísafirði hefði orðið fyrir á annan tug pró-

sentna í niðurskurð. Það þarf að taka þessi mál upp og ég sé ekkert að því að þau séu rædd hér, alls ekki.

Mér finnst miður að menn skuli ekki taka þessa umræðu með jákvæðari hætti en raun ber vitni þegar verið er að ræða málefni landsbyggðarinnar og verknámsins, eins og þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa gert. Það er kannski tímanna tákn með þingmenn Framsóknarflokksins, þeir vilja nú helst ekki ræða neitt varðandi málefni landsbyggðarinnar og formaður flokksins hefur sagt í riti að flokkurinn stefni í rauninni að því að reisa hér borgríki og hafi einfaldlega gefist upp á byggðastefnunni. En það höfum við í Frjálslynda flokknum ekki gert.

***Úttekt á hækkun rafmagnsverðs, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SigurjÞ o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.***

Frv. KolH o.fl., 9. mál (upplýsingaskylda, málshöfðunarréttur). — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Láglendisvegir, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GAK o.fl., 15. mál (öryggi og stytting leiða). — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Iðnaðarmálagjald, frh. 1. umr.***

Frv. PHB, 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Ríkisútvarpið, frh. 1. umr.***

Frv. ÖJ o.fl., 24. mál (stjórn, afnotagjöld). — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Útvarpslög, prentréttur og samkeppnislög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 58. mál (eignarhald á fjölmiðlum o.fl.). — Þskj. 58.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Almenn hegningarlög og skaðabótalög, frh. 1. umr.***

Frv. SKK o.fl., 21. mál (ærumeiðingar og hækkun miskabóta). — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Tilhögun þingfundar.***

[13:59]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Forseti vill geta þess að mál heilbrigðisráðherra, sem eru 8.–11. dagskrármál, verða tekin fyrir klukkan þrjú í dag.

***Afnám refsiákvæða vegna ærumeiðinga, fyrri umr.***

Þáltill. EirJ, 294. mál. — Þskj. 307.

[13:59]

**Flm. (Eiríkur Jónsson):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu á þingskjali 307 um afnám refsiákvæða vegna ærumeiðinga. Tillagan gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra verði falið að vinna að endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga og 26. gr. skaðabótalaga, er miði að því að refsingar vegna ærumeiðinga verði aflagðar. Markmið breytinganna á að vera að réttarúrræði vegna ærumeiðinga færist alfarið af sviði refsiréttar yfir á svið einkaréttar.

Hvatinn að tillögunni er einkum sá að ég tel umrædd ákvæði löngu úrelt og í ósamræmi við nútímaviðhorf til

mannréttinda og setji mjög slæmt fordæmi í samfélagi þjóðanna. Þá er hvatinn ekki síður að vekja þingheim til umhugsunar um aðra leið en þá sem farin er í því frumvarpi sem liggur fyrir á þingskjali 21, um ærumeiðingar og hækkun miskabóta, sem ég tel ganga allt of langt með hliðsjón af grundvallarreglunni um tjáningarfrelsi.

Það frumvarp var til umræðu hér í gær þar sem ég og 1. flutningsmaður þess, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, áttum góð skoðanaskipti. Tók hv. þingmaður fram að vel væri hugsanlegt að fara mætti aðra lagatæknilegar leiðir en þar var mælt fyrir um til að ná því markmiði sem stefnt er að með frumvarpinu. Ég fagnaði því sérstaklega enda tel ég afar óheppilegt að Alþingi fari að endurstaðfesta umrædd ákvæði hegningarlaga og skrúfa þau upp núna á árinu 2006, heldur sé nærri lagi að fella þessi ákvæði hegningarlaga úr gildi og færa verndina alfarið yfir á svið einkaréttarins.

Mér gefst nú tækifæri á að gera nánari grein fyrir af hverju ég tel þetta nauðsynlegt. Ég legg áherslu á að fjallað verði sameiginlega um þessi tvö mál í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar, þ.e. frumvarpið á þingskjali 21 og þá þingsályktunartillögu sem ég mæli nú fyrir. Því þó að flutningsmenn beggja mála greini vissulega á um hvað beri að gera með 26. gr. skaðabótalaga, þá tel ég, eða vona að minnsta kosti, að sátt geti náðst um að flytja æruverndina úr hegningarlögunum og alfarið yfir á svið einkaréttarins.

Af hverju er svona mikilvægt að afnema refsiákvæði hegningarlaga um ærumeiðingar? Það verður núna nánar rakið.

Það skal fyrst nefnt að hegningarlögin voru sett árið 1940. Þau hafa staðið nánast óbreytt frá því þau voru sett. Vart þarf að fullyrða um þær miklu þjóðfélagsbreytingar sem hafa orðið á þeim tíma. Í fyrsta lagi stofnuðum við lýðveldi og settum okkur lýðveldisstjórnarskrá. Sú stjórnarskrá hefur verið uppfærð með tilliti til mannréttinda. Við höfum gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar á sviði mannréttinda, svo sem með mannréttindasáttmála Evrópu og allt hér hefur breyst verulega. Það er eitt helsta megineinkennið á þessari þróun að tjáningarfrelsið hefur hlotið sífellt aukna vernd. Það er klárlega eitt af grundvallarstefunum í þeirri mannréttindaþróun. Þessi ærumeiðingarákvæði hegningarlaga eru einfaldlega í miklu ósamræmi við þá þróun og þau nútímaviðhorf sem nú ríkja til mannréttinda.

Ég ætla að nefna nokkur dæmi um gallana á hegningarlögunum eins og þau eru núna. Í fyrsta lagi mæla ákvæðin berum orðum fyrir um að fangelsa megi fólk fyrir tjáningu. Þau mæla berum orðum fyrir um það samkvæmt 234. gr. að fangelsa megi fólk fyrir það eitt að móðga hvert annað. 235. og 236. gr. gera ráð fyrir því að aðdróttun geti varðað allt að tveggja ára fangelsi. Ef aðdróttunin beinist að forseta Íslands getur fangelsið orðið allt að fjórum árum. Það er heilt kjörtímabil. Við getum lent í að dúsa í fangelsi samkvæmt berum orðum ákvæðanna. Þetta er auðvitað löngu úrelt og ég held að sjái það allur þingheimur að þetta stenst ekki með nokkrum hætti nútímaviðhorf, hvorki mannréttindaviðhorf né almenn viðhorf í þjóðfélaginu. Enda hafa alþjóðastofnanir ítrekað lýst yfir andstöðu sinni við fangelsi sem úrræði við ærumeiðingum og Mannréttindadómstóll Evrópu ítrekað snúið við dómum þar sem fólk hefur verið fangelsað vegna ærumeiðinga.

Það er fleira í ákvæðunum eins og þau eru sem veldur miklum vafa. Til dæmis er refsað fyrir útbreiðslu ummæla sem sjálfstætt brot, þ.e. það er ekki aðeins frummeiðingin sem er refsiverð heldur er útbreiðsla meiðingarinnar jafnrefsiverð. Þetta stangast mjög á við dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu, eins og fram kom m.a. í máli Þorgeirs Þorgeirsonar gegn Íslandi þar sem ein helsta niðurstaða dómsins um að áfella yfir íslenska ríkinu byggði á því að Þorgeir hafði bara verið að greina frá því sem aðrir höfðu fullyrt um ofbeldi af hálfu lögreglu en hann hafi ekki verið að semja það sjálfur.

Það eru fleiri svona mál, t.d. málið Salov gegn Úkraínu árið 2005. Þá kvað Mannréttindadómstóllinn mjög skýrt á um það að 10. gr. sáttmálans bannar ekki dreifingu upplýsinga jafnvel þótt að fyrir liggi sterkur grunur um að upplýsingar séu rangar. Þetta er sú dómaframkvæmd sem kemur frá Strassborg og við verðum að líta til. Ákvæði sem leggur frummeiðinguna og útbreiðsluna að jöfnu fær að mínu mati ekki staðist.

237. gr. gerir ráð fyrir að meiðandi ummæli séu refsiverð jafnvel þótt sönnuð séu. Þetta brýtur mjög í bága við nútímaviðhorf enda er það almennt grundvallarviðhorf að sönn ummæli varða ekki ábyrgð. Svo hafa fræðimenn bent á að þetta bann við einföldum móðgunum sem fram kemur í 234. gr. fái ekki heldur staðist mannréttindasáttmála og stjórnarskrá. Ég held að megi að ýmsu leyti taka undir það.

Ég get nefnt fleiri dæmi en læt staðar numið hér. Enda held ég að ég hafi gert grein fyrir meginmálinu að þessi ákvæði eru úrelt og þeim þarf að breyta og þau þarf að uppfæra. Þá vakna auðvitað spurningar með hvaða hætti á að gera það. Hér er lagt til að endurskoðun ákvæða verði skipað utan almennra hegningarlaga og á svið einkaréttarins, skaðabótalaga eða annarra laga á sviði einkaréttar.

Af hverju legg ég svona mikla áherslu á það? Það er í fyrsta lagi vegna þess að sífellt aukinn þrýstingur hefur verið að myndast á alþjóðasviðinu á að ríki leggi af refsingar vegna ærumeiðinga og snúi sér í staðinn að einkaréttarlegum úrræðum. Ýmsar stofnanir og samtök á sviði mannréttinda hafa barist mjög fyrir þessu og skemmst er að minnast sameiginlegrar yfirlýsingar fulltrúa Sameinuðu þjóðanna og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og samtaka Ameríkuríkja sem getið er um í tillögunni. En þessir fulltrúar ályktuðu árið 2002 í lauslegri þýðingu minni, með leyfi forseta:

„Refsingar vegna ærumeiðinga eru ekki réttlætanleg skerðing á tjáningarfrelsinu. Öll refsilög vegna ærumeiðinga ætti að afnema og taka þess í stað upp löggjöf á sviði einkaréttarins."

Það er í raun þannig að jafnt tjáningarfrelsisfulltrúar Sameinuðu þjóðanna og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu hafa barist mjög einarðlega gegn refsiákvæðum vegna ærumeiðinga og ítrekað lýst yfir andstöðu sinni við slík ákvæði. Það eru ýmsar aðrar svæðisbundnar stofnanir á sviði mannréttinda sem hafa gert hið sama. Ég get nefnt mannréttindanefnd Afríku og ýmsar sameiginlegar ráðstefnur alþjóðasamtaka. Þá hefur þing Evrópuráðsins lýst yfir áhyggjum af misnotkun slíkra úrræða og hvatt tiltekin ríki til að fella slík ákvæði úr gildi eða endurskoða þau að verulegu leyti.

Eins og réttilega var getið um í því fjölmiðlafrumvarpi sem við ræddum í gær skiptir álit Evrópuráðsins verulegu máli. Það er töluvert gert úr álitum Evrópuráðsins og það sama verður auðvitað að gilda í þessu. Evrópuráðið hefur mjög verið að vara við þessu. Ég held að þingheimur verði jafnt hér og í fjölmiðlamálinu að líta til þess.

Ég vil líka nefna að til samræmis við þennan þrýsting hafa sífellt fleiri ríki verið að hverfa frá refsingum vegna ærumeiðinga. Mig langar að telja hérna aðeins upp nokkur lönd sem hafa gert þetta á síðustu árum, því þetta eru ekki lönd sem við tengjum endilega við hugmyndir um vestræn lýðræðisríki. Eftirtalin lönd hafa alfarið, eða að hluta, horfið frá refsingum vegna ærumeiðinga á síðustu árum: Albanía, Argentína, Bosnía-Hersegóvína, El Salvador, Gana, Georgía, Hondúras, Ítalía, Kambódía, Króatía, Kýpur, Mið-Afríkulýðveldið, Moldavía, Perú, Rúmenía, Srí Lanka, Tógó, Úganda og Úkraína.

Það er að mínu mati rétt að Íslendingar taki þessa þróun til athugunar og sláist í hóp þeirra ríkja sem afnumið hafa refsingar vegna ærumeiðinga. Ég legg áherslu á að slík breyting yrði ekki eingöngu mikilvæg sem liður í því að Íslendingar leggi sig fram um að löggjöfin hér samrýmist nútímamannréttindaviðhorfum, heldur yrði hún einnig mjög mikilvægt fordæmi í samfélagi þjóðanna. Það er nú einu sinni þannig að refsingar vegna ærumeiðinga eru misnotaðar víða um heim af valdhöfum m.a. til að þagga niður í pólitískum andstæðingum og loka þá inni. Því miður eru núgildandi ákvæði íslenskra laga notuð sem röksemd fyrir því að slíkar aðgerðir teljist í lagi. Þessu kynntist sá sem hér stendur nýverið af eigin raun og skal fúslega viðurkennt að sú reynsla er ein af helstu ástæðum þess að ég ber þessa tillögu hér fram og legg svona mikla áherslu á þetta.

Þannig er mál með vexti að í framhaldsnámi mínu í lögfræði vann ég að verkefni á þessu sviði í landi þar sem pólitískum andstæðingum stjórnarinnar hafði nýlega verið varpað í fangelsi fyrir skoðanir sem ekki hentuðu þjóðarleiðtogunum. Ég aðstoðaði þarna staðbundin mannréttindasamtök í baráttunni fyrir breyttri löggjöf og það upphófust miklar rökræður um það hvort slík úrræði, refsingar og fangelsi, væru eðlileg eða ekki. Rökstuðningur þeirra sem mæltu slíkum aðgerðum bót var mjög áhugaverður, en þeir bentu á þau vestrænu lýðræðisríki þar sem slík refsiákvæði væru í gildi, þar á meðal á Íslandi. Á Íslandi mætti refsa og fangelsa fólk fyrir tjáningu sína.

Mér brá óneitanlega í brún og tel rétt að nefna þetta til að vekja þingmenn til umhugsunar, að það eru ekki bara við Íslendingar sem horfum á löggjöfina, heldur er horft til hennar úti í heimi. Eins og löggjöfin stendur núna fullnægir hún því miður að sumu leyti þeirri röksemdafærslu valdstjórna að þetta sé í lagi.

Hér skal lögð sérstök áhersla á það í lokin að það er á engan hátt lagt til að vernd ærunnar verði aflögð. Æran er varin af 71. gr. stjórnarskrárinnar sem og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Sú vernd er mikilvæg og við þá endurskoðun sem gerð er tillaga um þyrfti að sjálfsögðu að tryggja æru fólks þá vernd sem henni ber samkvæmt tilnefndum ákvæðum og eðlilegar teljast. Tillagan felur einfaldlega í sér að núgildandi ærumeiðingarákvæði verði endurskoðuð þannig að tryggt verði að þau uppfylli nútímamannréttindakröfur um tjáningarfrelsið og setji ekki slæmt fordæmi í samfélagi þjóðanna.

Það samrýmist einfaldlega hvorki nútímalegum mannréttindaviðhorfum né almennum viðhorfum í samfélaginu að lögin mæli berum orðum fyrir um að varpa megi borgurunum í fangelsi fyrir tjáningu sína og það meira að segja allt að fjórum árum.

[14:11]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara í mikla og langa efnislega umræðu um þessa ágætu þingsályktunartillögu sem hv. þm. Eiríkur Jónsson mælti fyrir. Ég vil aðeins vekja athygli á að hér er hreyft afar brýnu og mikilvægu máli og nálgunin virðist mér vera með þeim hætti að það sé eðlilegt að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar hugleiði það mjög alvarlega hvort þetta sé ekki einmitt hin rétta nálgun.

Við höfum áður heyrt koma fram óskir um að refsingar verði frekar auknar á þessu sviði, sem ég tel í raun alveg fráleitt. Mér fannst hv. flutningsmaður gera afar glögglega grein fyrir hinu alþjóðlega samhengi hlutanna líka. Hvernig við erum orðuð við ríki sem við viljum alls ekki eiga samleið með.

Ég held, frú forseti, að rétt sé að vekja sérstaka athygli á því að hér er hreyft afar brýnu máli og eðlilegt að það verði skoðað með réttu hugarfari að sú leið verði farin sem hv. þm. Eiríkur Jónsson bendir á.

Ég vil einnig, frú forseti, vekja sérstaka athygli á að hér er mál sem hv. þingmaður er að flytja í fyrsta skipti. Hann er að flytja sitt fyrsta mál. Þar er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur heldur afar mikilvægur og ég tel því rétt, frú forseti, að sú nefnd sem mun fjalla um þetta veiti þessu alveg sérstaka athygli.

[14:13]

**Kristján L. Möller:**

Frú forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hv. þm. Eiríki Jónssyni fyrir að flytja þetta mál inn til þeirrar umræðu sem hér hefur verið gerð svo rækileg skil og jafnframt segja að það var sérstaklega ánægjulegt að hlusta á þá umræðu sem hv. þingmaður átti í gær, þann orðastað sem hann átti við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, sem flutti mál sitt í gær sem var allt annars eðlis en það var um að þyngja refsingar og annað slíkt. Var það mjög ánægjulegt. Auðvitað var ég mjög stoltur af mínum manni hvernig hann rúllaði hinum unga þingmanni Sjálfstæðisflokksins, Sigurði Kára Kristjánssyni, upp í röksemdafærslu fyrir málflutningi hans.

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir að koma með þetta hingað inn og tek undir það sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði áðan. Ég held að það sé mjög mikilvægt að sú þingnefnd sem fær málið til umfjöllunar taki það til gaumgæfilegrar skoðunar og málið fari hér í gegn og við reynum að klára það á þessu þingi.

Vonandi leggjast stjórnarliðar ekki gegn málinu vegna þess eingöngu að það kemur frá stjórnarandstæðingi. Hér er flutt mikilsvert mál. Það krefst mikillar og góðrar skoðunar.

Mér datt í hug, virðulegi forseti, þegar hv. þingmaður taldi upp ýmis lönd og sagði að pólitískum andstæðingum ríkjandi stjórnvalds sé varpað þar í fangelsi, og við heyrum

oft um það í fjölmiðlum hvernig farið er með stjórnarandstæðinga í þeim löndum. Ekki er þetta nú svo slæmt á Íslandi. En einhverra hluta vegna kom allt í einu upp í huga minn sá ótti sem ég stundum kalla þrælsótta forstöðumanna ríkisstofnana þegar verið er að ræða fjárlög og fjárlagabeiðnir ríkisstofnana.

Þar er þetta komið á það stig, virðulegi forseti, í tíð núverandi ríkisstjórnar, að forstöðumönnum stofnana er nánast bannað að sýna fjárlagabeiðnir sínar. Kemur upp í huga minn eitt atvik sem ég hef áður gert að umtalsefni og var ákaflega sérstakt. Þegar forstjóri Hafrannsóknastofnunar var á fundi í sjávarútvegsnefnd til að ræða fjárlagabeiðnir og beðið var um fjárlagabeiðnir Hafrannsóknastofnunar, þá var því neitað. Af hverju var því neitað? Jú, vegna þess að sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórn hefur bannað forstöðumönnum ríkisstofnana að afhenda fjárlagabeiðnir sínar til þingmanna eða þingnefnda.

Það gekk svo langt, virðulegi forseti, að árið eftir þegar sama beiðni af þeim þingmanni sem hér stendur var borin fram var svarið þetta: Í ár var þess sérstaklega óskað af fjármálaráðuneytinu að engar skriflegar beiðnir væru lagðar fram til þingnefndar vegna fjárlagabeiðni Hafrannsóknastofnunar, heldur væru þær munnlegar. Það voru sem sagt pappírslaus viðskipti, ef svo má að orði komast.

Það er náttúrlega mjög alvarlegt mál þegar þetta kemur upp í huga manns við umræðu um þetta. Sem betur fer er það nú ekki þannig að forstöðumönnum ríkisstofnana verði varpað í fangelsi ef þeir láta þetta fram koma, eins og gerist í ýmsum bananalýðveldum úti um allan heim með pólitíska andstæðinga. En það er ákaflega sorglegt að það skuli vera komið svo fyrir stjórnsýslunni að forstöðumönnum ríkisstofnana skuli vera bannað að gera þetta eins og ég hef gert hér að umtalsefni.

Það er einmitt þess vegna sem okkur berast skýringar á því á hverju ári og oft og tíðum fljótlega í byrjun árs þegar fjárlög hafa verið samþykkt, að ríkisstofnanir fá ekki það fé sem vantar til rekstrar og nægir þar t.d. að nefna Landspítala – háskólasjúkrahús og ýmsar aðgerðir sem gera á í heilbrigðiskerfinu. Það er átakanlegt að hitta fólk sem er sárkvalið og þarf að komast í liðskiptaaðgerðir en það er ekki hægt lengur vegna þess að kvótinn er búinn. Hann var búinn í ágúst/september. Þeir sem eru svo óheppnir að vera svona aftarlega á listanum við slíkar aðgerðir verða bara að þjást fram í janúar/febrúar þar til að ný fjárveiting er komin, sem svo auðvitað dugar ekki fyrir öllu.

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. þingmanni fyrir að hreyfa þessu máli og flytja það inn í sali Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Heildarstefna í nýsköpun og atvinnuþróun, fyrri umr.*

Þáltill. SI og ArnbS, 300. mál. — Þskj. 315.

[14:18]

**Flm. (Sigríður Ingvarsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu sem fram kemur á þskj. 315 þar sem lagt er til að forsætisráðherra og iðnaðarráðherra verði falið að skipa nefnd til að móta heildarstefnu í nýsköpun og þróun og gera framkvæmdaáætlun í formi skýrslu sem skila á til Alþingis fyrir árslok 2007. Nefndin skal skipuð sjö fulltrúum og skal einn tilnefndur af forsætisráðherra sem jafnframt verður formaður, einn af iðnaðarráðherra, einn tilnefndur fyrir hönd opinberra stofnana, einn tilnefndur af samtökum fyrirtækja, tveir frá háskólum og einn frá frumkvöðlum tilnefndur af iðnaðarráðherra.

Í heildarstefnu í nýsköpun og atvinnuþróun er mikilvægt að skoðaðar séu leiðir til að efla rannsóknastarf innan háskólanna og tengja það fyrirtækjum. Þá þarf einnig að skoða hvernig unnt sé að auka framboð fjármagns til nýsköpunar, t.d. hvernig nota megi skattkerfið til að koma til móts við fyrirtæki á sviði þróunar og nýsköpunar og skoða hvernig skattumhverfi nýsköpunarfyrirtækja er hjá þeim þjóðum sem koma hvað best út á lista stofnunarinnar.

Víða í nágrannalöndum okkar fjárfestir hið opinbera ríkulega í nýsköpun með langtímaaðgerðum. Ágóðinn kemur síðan fram í formi öflugs, fjölbreytts atvinnulífs, bættrar samkeppnishæfni og skatttekna í framtíðinni. Þar sem hins vegar er ekki fjárfest í nýsköpun verður atvinnulíf einsleitara, samfélög staðna og verða viðkvæmari fyrir sveiflum. Það leiðir til þess að láglaunastörfum fjölgar sem getur þýtt byggðaröskun og atgervisflótta. Nýsköpun, menntun og símenntun sporna við slíkri þróun.

Við Íslendingar áttum því láni að fagna að fá Michael E. Porter, einn helsta fræðimann á sviði stefnumótunar og stjórnunar, hingað til lands 2. október sl. Á fundi á Nordica-hóteli var fjallað um samkeppnishæfni þjóða og þar kom fram margt athyglisvert, enda afar fróðlegt að heyra manninn sem á hugmyndafræðina að baki mælingum um samkeppnishæfni þjóða fjalla um stöðu Íslands og fara yfir styrkleika og veikleika landsins og áhersluatriði ýmiss konar sem þarft er að benda á.

Porter byrjaði reyndar á að óska Íslendingum til hamingju með þann góða árangur sem náðst hefði á síðustu 10–15 árum en minnti jafnframt á að það væri endalaus vinna að viðhalda samkeppnishæfninni. Stöðugt þyrfti að skoða hver samkeppnisstaða okkar væri á hinum ýmsu sviðum og leita leiða til að styrkja hana. Porter minnti á að aðeins fyrirtæki gætu skapað gróða. Ríkið getur eflt arð í formi auðlinda en fyrirtækin eiga að skapa verðmæti. Porter fullyrti að allar atvinnugreinar væru hátæknigreinar og varaði eindregið við því að gefast upp á atvinnugreinum, heldur byggja upp þekkingu í kringum þær og ná þannig fram meiri framleiðni og bæta samkeppnisstöðuna. Nýsköpun og þróun skipa í þessu sambandi mikilvægan sess en Ísland er ekki nema rétt í meðallagi hvað nýsköpun varðar og er það ekki ásættanlegt þar sem nýsköpun er undirstaða hagvaxtar landsins.

Porter varð tíðrætt um klasa og klasasamstarf, m.a. til að auka nýsköpun og bæta þekkingu og samkeppnishæfni fyrirtækja. Hann sagði að þjóðir eða svæði kepptu í því að bjóða afkastamesta umhverfið fyrir fyrirtækin og Porter lagði enn fremur mikla áherslu á samvinnu fyrirtækja, háskóla og hins opinbera til eflingar atvinnulífinu. Er það afar nauðsynlegt til styrktar nýsköpun og þróun. Íslenskt þjóðfélag þarf að hafa á að skipa vinnuafli með kunnáttu og hæfni til að uppfylla allar starfsgreinar og gera þær samkeppnishæfari.

World Economic Forum flokkar þjóðir á þrjá vegu eftir þróunarstigi þeirra. Ísland tilheyrir stigi þrjú sem er nýsköpunarstig því að vaxtarmöguleikar eru taldir grundvallast á nýsköpun. Flokkunin tekur einnig mið af þjóðartekjum á mann, og þær þjóðir sem flokkaðar eru sem nýsköpunarþjóðir eru taldar eiga mikið undir því að þróa nýja tækni og ná þar með auknu samkeppnisforskoti en aftur á móti geta minna þróaðar þjóðir aukið framleiðni sína með því að tileinka sér textatækni og þekktar framleiðsluaðferðir.

Michael Porter sagði að ríki fengju ekki samkeppnisstöðu sína í arf. Hæfni fyrirtækjanna til nýsköpunar og þróunar væri það sem skipti meginmáli fyrir samkeppnishæfnina. Þjóðir skapa sér samkeppnisforskot í þeim greinum þar sem umhverfið heima fyrir sé framsýnast, sveigjanlegast og mest krefjandi. Geta einstakra landa til nýsköpunar er háð því að stoðkerfið sé styrkt og ríkið styðji við hátækni- og sprotafyrirtæki. Það verður að viðurkennast að stoðkerfi annarra Norðurlandaþjóða er mun þróaðra á mörgum sviðum en Íslendinga, e.t.v. vegna langrar iðnsögu þar.

Þegar litið er á hlutfall hátækni í útflutningi landsins kemur í ljós að vægi hennar er einungis 7% í útflutningi á meðan Finnland og Svíþjóð eru með um og yfir 20% og Írland yfir 40% samkvæmt GEM-rannsókn og Frumkvöðlapúlsi HR 2005. Mikilvægt er að tengja betur saman háskólana, einkafyrirtækin og hið opinbera. Í flóknari viðskiptaheimi þar sem hátækni er að ryðja sér til rúms hlýtur að þurfa vel menntað fólk til að takast á við krefjandi verkefni frumkvöðla en samkvæmt Frumkvöðlapúlsi HR 2005 sem unninn var í samstarfi við GEM-rannsókn er hlutfall háskólamenntaðra einstaklinga 18–64 ára sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi einungis 9,5%. Samkvæmt sömu könnun kemur í ljós að heildarhlutfall frumkvöðla með háskólamenntun er aðeins 22,8% sem verður að teljast verulega lágt. Efla þarf rannsóknastarf innan háskólanna og tengja það betur fyrirtækjunum í landinu. Eins er vert að skoða hvort hægt sé að nota skattkerfið til að koma til móts við fyrirtæki á sviði þróunar og nýsköpunar.

Sviss trónir nú í fyrsta sæti á lista World Economic Forum yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims. Það sem Svisslendingum hefur tekist á undanförnum árum er að byggja upp öruggt stofnanakerfi, frábæra innviði, skilvirka markaði og tækninýsköpun á afar háu stigi auk þess sem fyrirtækin þar verja miklum fjármunum í þróunarkostnað. Eins er setningavernd sterk og stofnanir á vegum hins opinbera gagnsæjar og traustar. Með aukinni menntun vinnuafls sem síðan skilar sér inn í fyrirtæki í hátækniiðnaði og nýsköpun getum við líka farið að dæmi Finna sem eru nú í 2. sæti sem samkeppnishæfasta hagkerfi veraldar samkvæmt World Economic Forum en á síðustu sjö árum hefur Finnland fimm sinnum verið í efsta sæti.

Finnar komust á sínum tíma út úr kreppu með því að leggja áherslu á menntun vinnuafls og nýsköpun. Sagan sýnir að hagkerfi þeirra breyttist frá því að vera hráefnadrifið yfir í að vera þekkingardrifið og frá 1990 til ársins 2006 fór útflutningur hátæknivara þeirra úr 6% upp í 20%. Það sem gerst hefur í Finnlandi er að menntunarstig þjóðarinnar er orðið afar hátt og gæði menntunar í stærðfræði og raungreinum eru mikil. Atvinnulífið hefur tekið upp nýja tækni fljótt og vel og stundar öfluga nýsköpun og rannsókna- og þróunarstarfsemi. Miklum fjármunum hefur á undanförnum árum verið varið í rannsóknir og þróun og kerfisbundin hagnýting tækninýjunga hefur átt sér stað í rekstri og þjónustu. Hagstjórn er traust auk þess sem stofnanakerfið er í hæsta gæðaflokki.

Vilji virðist vera fyrir því hjá ráðamönnum þjóðarinnar að leggja áherslu á nýsköpun. Í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra þann 3. október sl. kom fram í máli hæstv. ráðherra Jóns Sigurðssonar mikill vilji og þung áhersla af hálfu ríkisstjórnarinnar til að efla nýsköpun í landinu.

Þjóðir eru líklegar til að ná samkeppnisforskoti í atvinnugreinum eða afmörkuðu sviði greina þar sem samspil áhrifaþátta og vaxtarþátta eru hvetjandi. Fram kemur í könnun World Economic Forum að veikleikar Íslands felist m.a. í getu til nýsköpunar. Fjármögnunarferli sprotafyrirtækja hefur reynst mörgum frumkvöðlunum mjög erfitt og margir tala um að óbrúuð gjá ríki varðandi nýsköpunarþætti, og hana þarf að brúa. Nýsköpunarfyrirtækjum þarf að standa til boða heillegt fjármögnunarferli þar sem eitt tekur við af öðru á meðan fyrirtækin ganga í gegnum ákveðið þróunarþrep. Margir segja að eitthvað sé ómögulegt en allar framfarir hafa orðið fyrir tilverknað þeirra sem héldu hinu gagnstæða fram. Það skulum við Íslendingar hafa í huga og marka metnaðarfulla stefnu hvað varðar nýsköpun og þróun. Fyrirtækjaumhverfi á Íslandi er mjög gott og fyrirtækjaskattar eru með því lægsta sem gerist og margir aðrir jákvæðir þættir styðja við fyrirtækjarekstur hér á landi. Nýsköpun er undirstaða hagvaxtar hér á landi og því ber okkur að hlúa vel að henni.

Samkeppni þjóða eða svæða felst í að bjóða upp á afkastamesta og frjóasta umhverfið að mati Porters. Þar sem ekki er fjárfest í nýsköpun verður atvinnulíf einsleitara og samfélagið getur staðnað. Hér á landi hefur verið unnið nokkuð í nýsköpunar- og þróunarmálum, m.a. með stofnun Tækniþróunarsjóðs og einnig hefur framboð fjármagns aukist nokkuð. Þá hefur Vísinda- og tækniráð samþykkt vísinda- og tæknistefnu 2006–2009 þar sem fram kemur ákveðin framtíðarsýn og lagðar eru til leiðir til að ná henni. Flutningsmenn telja þó að sú tillaga sem hér um ræðir sé mun víðtækari og feli í sér meiri heildarsýn þar sem lögð er áhersla á að skoða hvers vegna staða Íslands í nýsköpun og þróun er ekki betri og hvernig aðrar þjóðir hafa snúið þessari þróun sér í hag. Þannig er nauðsynlegt að auka framboð fjármagns til nýsköpunar til framtíðar litið. Þá er einnig nauðsynlegt að skoða hvernig hægt er að hvetja til aukinnar samvinnu þvert á atvinnugreinar og styrkja rannsókna- og fræðslustarf með það að markmiði að koma betur til móts við þarfir fyrirtækja og frumkvöðla. Ég tel mikilvægt að

mótuð verði heildarstefna og tekin saman sú vinna sem fram hefur farið á þessu sviði. Það er mikilvægt að litið verði til þess hvernig aðrar þjóðir sem eru ofarlega á listum World Economic Forum styðja við nýsköpun og þróun og hvernig það hefur reynst.

Ég tel aðkallandi að opinberar stofnanir, fyrirtæki, frumkvöðlar og háskólar taki höndum saman til að virkja þá hugmyndaauðgi og áræðni sem býr í nýsköpun með því að styðja við hana með virkum hætti. Það er frumkvöðlanna og fyrirtækjanna að sýna frumkvæði og sinna nýsköpun og þróun en það er ríkisins að skapa góða umgjörð, hafa sanngjarnt lagaumhverfi og skýra framtíðarsýn í þessum efnum.

Að lokinni umræðu um þetta legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. allsherjarnefndar.

[14:31]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég get ekki annað en lýst mig efnislega sammála þessari tillögu eða hugsuninni sem á bak við hana er í öllum aðalatriðum, þ.e. að þörf sé fyrir heildarstefnu í nýsköpunar- og atvinnuþróunarmálum og að slík stefna hafi ekki legið nægjanlega skýrt fyrir. Því er ég alveg sammála. Ég kýs að skilja tillöguna svo að hún nálgist hlutina út frá því.

Nú vill svo til að Alþingi hefur þegar samþykkt að ríkisstjórnin vinni framkvæmdaáætlun í þessum anda. Hún er kannski ekki undir alveg sama nafni en þannig er að 16. mars 2004 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Þar stendur m.a. í tillögugreininni sem samþykkt var að:

„Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. "

Það má segja að eini munurinn sé kannski að sú tillaga hafi horft meira til minni aðila, þ.e. smáfyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja. En þá fer reyndar eftir því hvaða skilgreining er notuð hvort það tekur til mestalls atvinnulífs á Íslandi eða ekki. Þannig er nefnilega mál með vexti að ef við notum hinar evrópsku skilgreiningar, þ.e. viðmiðunartölu Evrópusambandsins um stærðir eininga í þessum efnum, hvað skuli teljast lítil og hvað meðalstór fyrirtæki, þá eru það ekki nema nokkrir tugir eða kannski hundrað stærstu fyrirtækja landsins sem fara upp fyrir þau mörk. Þar er um að ræða fyrirtæki sem velta meira árlega en vissum upphæðum í evrum eða hafa fleiri en 250 starfsmenn ef ég man rétt. Stór hluti íslenskra fyrirtækja telst því lítill eða meðalstór samkvæmt evrópskum skilgreiningum.

Þessi tillaga var flutt af okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og iðnaðarnefnd lagði til afgreiðslu hennar vorið 2004. Alþingi tók á sig rögg og samþykkti tillöguna þannig að hún er mótuð stefna Alþingis og liggur fyrir. Hins vegar hefur ríkisstjórnin ekki enn lagt fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun um aðgerðir á þessu sviði sem tillagan felur framkvæmdarvaldinu að vinna. Síðast þegar ég grennslaðist fyrir um stöðu málsins, sem var á útmánuðum í fyrra að mig minnir, var upplýst að þessi vinna væri í gangi. Hún hafði sem sagt dregist nokkuð umfram það sem tillagan gerði ráð fyrir, að slík áætlun lægi þegar fyrir og kæmi til staðfestingar strax á haustinu 2005 eða fyrir ári.

Gott og vel. Framkvæmdarvaldinu eða ráðuneytum og undirstofnunum þess hefur ekki unnist tími til að vinna verkið hraðar en þetta. En ég tek því ekki þegjandi ef vilji Alþingis, sem liggur ótvírætt fyrir í þessu efni, verður ekki virtur.

Ég er sammála hv. þm. Sigríði Ingvarsdóttur um að ýmislegt má vel segja um það sem hér hefur verið gert á undanförnum árum. Aðrir hlutir eru ekki í eins góðu horfi. Ég tel að tvennt hafi verið nýsköpun, þróun og starfi sprotafyrirtækja mótdrægt undanfarin ár. Annars vegar eru það óhagstæð ytri skilyrði sem leiða af stóriðjustefnunni og af ástandi í okkar hagkerfi sem stóriðjustefna og ýmsir fleiri þættir bjuggu til og lýstu sér lengst af í mikilli þenslu, háu gengi krónunnar og gríðarlega háum vöxtum sem síðan hefur slegið út í snörpu gengisfalli á fyrstu mánuðum þessa árs og ýmiss konar jafnvægisleysi í hagkerfinu en áframhaldandi háum vöxtum. Seðlabankinn sér enn ekki fært að hefja lækkunarferli, samanber nýjustu fréttir úr þeirri átt. Fleiri atriði þessu tengd mætti nefna sem tvímælalaust hafa valdið óhagstæðum skilyrðum fyrir nýsköpunar- og þróunarstarf. Aðstæður á vinnumarkaði hafa sitt að segja, samkeppni um húsnæði, vinnuafl og annað á þenslutímum af því tagi sem við höfum upplifað. En sérstaklega er það auðvitað óhagstætt hvers kyns nýsköpunarviðleitni á sviði útflutnings rétt eins og þetta er óhagstætt útflutningsgreinum og samkeppnisgreinum almennt.

Við verðum víst að viðurkenna og horfast í augu við það að við Íslendingar höfum ýtt úr landi með þessu ástandi þó nokkrum eftirsjárverðum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem ýmist hafa farið í heilu lagi en í öðrum tilvikum hefur uppbygging á vegum slíkra fyrirtækja orðið erlendis, sem ella hefði kannski getað orðið hér.

Hinn meginþröskuldurinn sem viðleitni af þessu tagi þarf að yfirstíga, sem hefur verið allt of hár undanfarin ár, er aðgangur að fjármagni. Þar verð ég að vera ósammála hv. þingmanni ef ég átti að skilja það svo að hv. þingmaður teldi að undanfarin ár og eins og sakir standa núna sé ástandið fullnægjandi í þeim efnum. Því fer fjarri að mínu mati. Staðreyndin er sú að allt of mörg af þessum verkefnum verða úti á bilinu frá því að fæðast sem góð hugmynd og komast eitthvað af stað, fá jafnvel svolítinn stuðning í fæðingunni frá því veikburða kerfi sem við lýði er í gegnum atvinnuþróunarfélögin, Nýsköpunarmiðstöð o.s.frv. en ná aldrei þangað í ferli sínu að verða virkilega aðlaðandi kostur fyrir stærri fjárfesta að leggja í þá fjármuni. Hið stóra bil sem þar myndast á æviferli nýsköpunar- og sprotafyrirtækja er þannig að mörg þeirra verða einfaldlega úti, frjósa í hel á þessum tíma í þeim næðingi sem ríkir í þessum efnum svo maður taki sér miklar myndlíkingar í munn. Einhvers staðar á þessu bili verða menn uppiskroppa með fé, búnir með allt sem þeir áttu sjálfir og við þekkjum öll örugglega margar áhugaverðar og spennandi tilraunir þar sem einstaklingar, fjölskyldur eða jafnvel einstök byggðarlög hafa lagt mikið á sig við að reyna að koma áhugaverðum viðskiptahugmyndum og nýsköpunarhugmyndum úr vöggu og til manns en menn tomma aldrei alla leið.

Þarna þarf að taka á. Í þeirri tillögu sem Alþingi samþykkti 16. mars 2004 er sérstaklega horft á þennan þátt. Það er því almennt þörf aðgerða á þessu sviði og þarft að farið verði yfir þetta. Ég tel hið besta mál að viðkomandi þingnefnd fari yfir þessa tillögu. Þá má kanna hvar viðleitni stjórnvalda að öðru leyti er á vegi stödd í þessum efnum.

En aðalatriðið er að ef við ætlum virkilega að láta stóra hluti gerast í þessum efnum, Íslendingar, þá verðum við að skapa mun hagstæðari skilyrði en hér hafa ríkt undanfarin missiri. Annars flæmum við þessa starfsemi úr landi eða hún kemst einfaldlega ekki á legg. Við verðum að leggja talsvert meiri fjármuni í þetta, t.d. í starf atvinnuþróunarfélaganna úti um landið. Þau eru allt of veikburða og geta nánast ósköp lítið umfram það að ná endum saman í eigin rekstri, þ.e. að greiða atvinnuþróunarfulltrúunum, tveimur, þremur mönnum laun og eiga fyrir bréfsefni. Mikið meira geta þau ekki mörg hver. Það er ófremdarástand og þar þarf að taka á. Ég ætla mér ekki, forseti, vegna þess að tími minn er búinn að nefna stöðu Byggðastofnunar og ýmislegt fleira sem taka mætti inn í samhengið.

[14:39]

**Flm. (Sigríður Ingvarsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni kærlega fyrir umfjöllun sína um málið. Mér heyrist við mjög sammála í þessum efnum. Hið eina sem hann deildi á í ræðu minni var byggt á misskilningi. Hann hefur greinilega ekki hlustað nógu vel. Ég sagði áðan að fjármögnunarferli sprotafyrirtækja hefði reynst mörgum frumkvöðlinum mjög erfitt og að margir hefðu talað um að óbrúuð gjá væri varðandi nýsköpunarþætti. Hana þarf svo sannarlega að brúa. Þetta hefur oft verið nefnt nýsköpunargjá, þar sem við höfum nokkra sjóði fyrst í ferlinu en síðan tekur ekkert við þar til fjárfestar eða „englar" koma að málum. Þessa gjá þurfum við að brúa.

Ég sagði líka að nýsköpunarfyrirtækjum þyrfti að standa til boða heillegt fjármögnunarferli þar sem eitt tekur við af öðru á meðan fyrirtækin ganga í gegnum ákveðin þróunarþrep. Við höfum ákveðna sjóði fyrir fyrirtæki á frumstigum en allt of oft ná efnileg fyrirtæki ekki að halda út nógu lengi og gefast upp þrátt fyrir góðar hugmyndir. Við þekkjum það meira að segja af stórfyrirtækjum eins og Össuri, Marel og Actavis að lengi vel áttu þessi fyrirtæki í mjög miklum erfiðleikum. Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda ef þau hefðu ekki komist yfir þann hjalla.

En í nýsköpunarfyrirtækjum búa miklir vaxtarmöguleikar fyrir landið. Ég held að við þurfum að hlúa vel að þessum fyrirtækjum. Ég þekki það í gegnum starf mitt sem verkefnisstjóri á Impru nýsköpunarmiðstöð að ýmislegt gott er að gerast en betur má ef duga skal.

Varðandi þá tillögu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að hefði verið samþykkt hérna 2004 þá er mér er fullkunnugt um hana. En ég er að hugsa um þetta víðar og í stærra samhengi. Þar var aðallega tekið mið af litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Ég er að hugsa um heildarstefnu, að hið opinbera, fyrirtækin og háskólarnir taki höndum saman um að mynda heillegt stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun og þróun.

[14:42]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átti svo sem ekki von á öðru en að við reyndumst sammála einnig hvað varðar aðgang nýsköpunarstarfsins að fjármagni. Ég veit að hv. þingmaður þekkir það ágætlega vegna starfa sinna. Þetta kerfi er almennt of veikt og of litlir fjármunir þar á ferð. Þar er einmitt ákveðið bil sem mönnum gengur illa að brúa hvað sem við köllum það: gjá, nýsköpunargjá, fjármögnunargjá eða hvað það nú er.

Vert er að nefna að meira að segja það tæki sem helst átti að nýtast í þessum efnum, þ.e. Nýsköpunarsjóður var þannig á sig kominn hér á alllöngu árabili að hann var í raun fullfjárfestur, búinn með handbært fé og gerði ekki betur en verja sinn hlut í þeim efnum. Það kom t.d. langt tímabil er hann hafði úr engu að moða. Það hefur eitthvað lagast eða á að lagast með fjármunum sem hrjóta áttu af borðum við sölu Símans, held ég, en miklu betur þyrfti að gera.

Varðandi aðstöðu fyrirtækjanna er óhjákvæmilegt að nefna annað, úr því að við erum að tala um söguna og fyrirtæki eins og Marel, Össur, Sæplast þess vegna eða mörg önnur, að sú var tíðin að öflugir innlendir aðilar settu umtalsvert fjármagn, í formi nýs hlutafjár, inn í nýsköpunarfyrirtæki af þessu tagi. Ég spyr: Hvar er það í dag? Ég verð ekki var við annað en að öll orka hinna stóru fjárfesta á Íslandi fari nú til útlanda. Það heyrir nánast sögunni til að þau leggi með yfirveguðum, markvissum hætti fé inn í nýsköpunarfélög eins og gert var hér á alllöngu árabili, t.d. Burðarás hjá Eimskip og fleiri slíkri aðilar gerðu það og meira að segja Sambandsfyrirtækin á meðan þau voru á sinni tíð. Þótt þar gengi ekki allt upp þá gekk margt upp og sum þau fyrirtæki sem við erum svo stolt af í dag eiga þessu að verulegu leyti tilvist sína að þakka.

Ég vil svo segja það um mismunandi ályktanir eða mismunandi nálgun mála að auðvitað verður í öllu falli að fara rækilega yfir það og samræma hvernig menn ætla framkvæmdarvaldinu að leggja þessa hluti (Forseti hringir.) upp í hendur Alþingis.

[14:44]

**Útbýting:**

Fjárreiður ríkisins, 308. mál, frv. JBjarn, þskj. 326.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórnarskipunarlög, 1. umr.*

Frv. KHG, 12. mál (bráðabirgðalög, þingseta ráðherra). — Þskj. 12.

[14:45]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga. um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. Í því frumvarpi eru lagðar til breytingar í þremur liðum á núverandi stjórnarskrá. Hver og ein breyting er ákaflega þýðingarmikil og miða þær allar að sama marki,

þ.e. að tryggja það sem mælt er fyrir um í stjórnarskránni um þrískiptingu valdsins, sérstaklega aðgreiningu framkvæmdarvalds og löggjafarvalds.

Ég tel að það sé ákaflega þýðingarmikið að hinir þjóðkjörnu fulltrúar sem sitja á Alþingi sinni verkefnum sínum í samræmi við ákvæði stjórnarskrár. Það að fara með löggjafarvald er ákaflega mikilvægt vald og við megum ekki veikja það með því að færa það vald að hluta, stundum að verulegu leyti, í hendurnar á framkvæmdarvaldinu þar sem enginn þjóðkjörinn fulltrúi er. Eins og menn vita þá er ríkisstjórn ekki kosin í beinum kosningum og enginn ráðherra hefur beint umboð frá kjósendum sínum. Embættismenn eru heldur ekki kosnir eins og tíðkast sums staðar erlendis þannig að þeir eru allir í þannig stöðu að enginn þeirra hefur almennt umboð.

Til þess að vinna að þrískiptingunni legg ég til í fyrsta lagi til að ákvæði stjórnarskrárinnar um bráðabirgðalagavald framkvæmdarvaldsins eða vald einstakra ráðherra til að gefa út lög verði fellt brott. Þetta ákvæði hefur mikið verið notað frá því að það var sett í stjórnarskrána 1874 sem þá var af eðlilegum ástæðum. Alþingi sat þá aðeins annað hvert ár og í örfáar vikur hvert sinn að sumri. Þess á milli þurfti einhver að hafa umboð Alþingis til að ganga frá nauðsynlegum ákvörðunum í formi lagasetningar. Líklega hefur bráðabirgðalagavaldinu verið beitt um 450 sinnum frá upphafi, mjög oft framan af og t.d. á 8. og 9. áratug síðustu aldar var því beitt um 100 sinnum af ýmsum ástæðum. Hins vegar hefur dregið mjög úr notkun þess eftir breytinguna á skipan Alþingis 1991 þegar deildaskipting var afnumin. Líklega hefur bráðabirgðalögum aðeins verið beitt innan við tíu sinnum frá þeim tíma, sem er til mikilla bóta og kannski sterk röksemd fyrir því að stíga skrefið til fulls og afnema þetta vald.

Segjum að menn séu á þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að einhver hafi lagasetningarvald við kringumstæður sem Alþingi gæti ekki komið saman og sett lög þá er það mín skoðun, þótt ég vilji ekki fallast á að svo eigi að vera, að eðlilegast væri að bráðabirgðalagasetningarvaldið væri í höndum fulltrúa Alþingis en ekki fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Fulltrúar Alþingis væru forseti Alþingis eða einhver slíkur aðili sem mundi hafa þá heimild eftir því sem menn teldu nauðsynlegt. En ráðherrar eru ekki fulltrúar Alþingis vegna þess að þingræðið hér á landi er ekki þannig að ráðherrar séu kosnir af Alþingi. Þeir eru einungis kosnir af þingflokkum en ekki þinginu sjálfu. Þeir eru ekki formlega fulltrúar Alþingis. Ég vildi draga þetta sjónarmið fram.

Síðast var bráðabirgðalagavaldinu beitt fyrir þremur árum við mjög óvenjulegar aðstæður og á mjög óvenjulegan hátt sem færði mér heim sanninn um að mönnum tekst alltaf að finna nýjar röksemdir eða nýjar leiðir sem ekki hafa áður verið farnar. Það hefur orðið mér tilefni að komast að þeirri niðurstöðu að loka beri fyrir þennan möguleika. Mér er ekki kunnugt um að menn hafi áður stigið það skref sem þá var stigið, að taka frumvarp sem lá fyrir Alþingi og var komið til fagnefndar Alþingis og nefndin vildi ekki gera að lögum, að taka það frumvarp og gera að lögum með bráðabirgðalagavaldi. Mér er ekki kunnugt um að menn hafi stigið það skref fyrr og vonandi munu menn aldrei gera það síðar. Þetta var mjög óvanalegt enda kom í ljós að þegar bráðabirgðalögin voru lögð fyrir Alþingi til staðfestingar eins og skylt er að gera þá staðfesti Alþingi ekki lögin heldur breytti þeim umtalsvert og þannig voru þau samþykkt. Í raun afgreiddi Alþingi þessi bráðabirgðalög þannig að þau voru aldrei staðfest eins og þau voru látin gilda. Þetta er um bráðabirgðalagavaldið.

Í öðru lagi er nauðsynlegt vegna þess að þjóðfélagið er orðið miklu flóknara en áður var að alþingismenn einbeiti sér að því að sinna því starfi og ráðherrar einbeiti sér að því að sinna því starfi og séu ekki samhliða áhrifamestu þingmenn löggjafarvaldsins. Þess vegna held ég að stíga verði þetta skref, skilja þarna á milli og fá menn til að gera það upp við sig að annaðhvort leggi þeir út á þá braut að sækjast eftir kjöri á löggjafarþingið og starfa þar ellegar að komast á hina brautina, að ná frama á öðrum vettvangi til að verða ráðherrar en ekki hvort tveggja. Ég held að í þessum efnum dugi ekki annað en skýrar línur, annaðhvort eða en ekki bæði og.

Ég ætla ekki að segja meira um þennan þátt málsins að öðru leyti en því að minna á samþykktir flokksþings Framsóknarflokksins sem hafa verið á þá lund sem ég hef talað fyrir, að styrkja þrígreiningu valdsins og í öðru lagi, sem er annar þáttur frumvarpsins, að ráðherrarnir sitji ekki á Alþingi. Ég hef að nokkru leyti komið inn á það fyrr í ræðu minni. Það að taka af ráðherrum vald til að setja lög og að ákveða að ráðherrar sitji ekki á Alþingi eru að mínu viti nauðsynlegar breytingar til að framkvæmdarvaldið sinni því sem því er ætlað og löggjafarvaldið því sem því er ætlað.

Til viðbótar því sem fram kemur í 1. og 2. gr. frumvarpsins og þeim rökstuðningi sem fram hefur komið með þeim minni ég á að ég hef flutt frumvarp um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins sem er að vísu ekki á dagskrá þessa fundar en mun verða síðar í vetur. Það er af sama toga. Þar legg ég til að úr þeim lögum verði felld brott heimild fjármálaráðherra til að ákveða útgjöld úr ríkissjóði án lagaheimildar. Ég tel að það gangi gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar sem er mjög skýr að mínu viti, þess efnis að engin útgjöld megi greiða úr ríkissjóði án heimildar í lögum. Ég tel að 33. gr. fjárreiðulaganna sé ekki í samræmi við stjórnarskrána og mun leggja til, þegar það mál verður á dagskrá, að sú heimild verði felld brott. Hún er einmitt lögð fram af sömu ástæðum og þessar tillögur um breytingar á stöðu ráðherra og bráðabirgðalagavaldi.

Þriðja breytingin í þessu stjórnarskipunarfrumvarpi er um hvernig eigi að ákvarða breytingar á stjórnarskránni. Það hefur verið þannig að Alþingi sjálft ákvarðar breytingar á stjórnarskránni. Það tel ég óeðlilegt vegna þess að þjóðin setur stjórnarskrána í upphafi í almennri atkvæðagreiðslu. Það er ekki löggjafarvaldið og ekki framkvæmdarvaldið og ekki dómsvaldið heldur þjóðin sjálf. Það er óeðlilegt að framkvæmdarvaldið geti síðan ákvarðað allar breytingar á stjórnarskránni án þess að leggja þær fyrir þjóðina, sem er stjórnarskrárgjafinn sem kallað er. Það hafa stjórnarflokkar gert í gegnum áratugina með því að ná samkomulagi um breytingar, afgreiða þær á Alþingi, síðan eru þingkosningar á milli og nýtt þing staðfestir breytingarnar en breytingarnar sjálfar eru aldrei bornar undir kjósendur. Kjósendur hafa aldrei greitt atkvæði um þær og hvað þeim finnst um þær

tilteknu breytingar. Þeir munu aldrei geta það vegna þess að í almennum þingkosningum eru auðvitað fjöldamörg önnur mál í umræðunni sem kosið er um þannig að það verður aldrei hægt að fá skýra vitneskju um vilja almennings til tiltekinna breytinga á stjórnarskránni.

Ég legg til að þessu verði breytt þannig að allar breytingar á stjórnarskránni sem Alþingi kann að gera verði lagðar fyrir atkvæði þjóðarinnar þannig að þjóðin þurfi á endanum að ákveða breytingar á stjórnarskránni. Það er ákveðin málamiðlun, að Alþingi kemur sér saman um breytingar á stjórnarskránni sem síðan eru lagðar fyrir þjóðina sem ákveður hvort þær nái fram að ganga eða ekki. Það teldi ég til verulegra bóta og í samræmi við þau sjónarmið sem hafa rutt sér til rúms á undanförnum árum, að sami aðili sé ekki með marga hagsmuni í sama málinu. Það er ekki eðlilegt að þingmenn, sem eiga stöðu sína undir úrslitum kosninga, geti ráðið því hvernig kjördæmaskipan er, kosningareglur og annað slíkt sem hefur áhrif á stöðu þeirra, á sama hátt og talið er eðlilegt að menn blandi ekki saman hagsmunum á öðrum sviðum í stjórnsýslunni.

Virðulegi forseti. Ég held að ég láti framsögu minni lokið með þessum fáu orðum um þetta mál. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og sérstakrar nefndar sem tekur við frumvörpum til stjórnarskipunarlaga.

Umræðu frestað.

## *Málefni aldraðra, 1. umr.*

Stjfrv., 190. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 191.

[14:58]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 3,94%, eða úr 6.075 kr. í 6.314 kr. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga en byggingarvísitala hækkaði um 3,94% á tímabilinu desember 2004 til desember 2005.

Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem eru skattskyldir samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Úr sjóðnum eru m.a. veittir styrkir til byggingar öldrunarstofnana. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra stjórnar sjóðnum og gerir árlega tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úthlutun úr honum.

Virðulegi forseti. Ég tel brýnt að frumvarp þetta hljóti afgreiðslu á haustþingi en það fylgi fjárlagafrumvarpi og ég leyfi mér hér með að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

[14:59]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Þetta frumvarp lætur lítið yfir sér og munar ekki stóru. Það er verið að leggja þarna um 239 kr. aukalega viðbótar á hvern landsmann. Það er í þágu góðs málefnis, þ.e. byggingar heimila fyrir aldraða og allt er þetta hið besta mál að öðru leyti en því að um er að ræða nefskatt sem ætíð hlýtur að vera mjög ófélagslegur þar sem þá sem hafa háar tekjur munar ekkert um hann en hina sem hafa lágar tekjur getur munað um þetta gjald sem verður 6.314 kr. á ári.

Það sem ég er aðallega að tala um, frú forseti, og hef gert áður er sú flæking sem felst í þessu gjaldi. Við erum nefnilega með annað gjald sem er neikvæður persónuafsláttur eða nefskattur sem er persónuafslátturinn. Hvers vegna í ósköpunum lækkum við hann ekki um 6.314 kr. sem kemur nánast eins út fyrir alla í stað þess að vera með þetta á tveimur stöðum? Þegar ég segi nánast eins þá kemur hann ekki eins út fyrir þá sem eru 70 ára eða eldri. Þeir sleppa við þetta gjald sem hér er um rætt en ég tel að það sé ekki vandamál. Það má laga með því að hækka ellilífeyri sem því nemur.

Ég hef margoft lagt til að við breytum þessu. Við verðum með óbreyttan persónuafslátt, sem reyndar er einnig lagt til að breyta í frumvarpi sem við ræðum næstu daga. Við verðum með ákveðinn persónuafslátt og síðan standi: Persónuafslátturinn skal lækka um 6.314 kr. sem renni til þeirra verkefna sem Framkvæmdasjóði aldraðra er falið. Ég hef líka lagt það til varðandi hið nýja útvarpsgjald sem menn hyggjast leggja á, sem líka er nefskattur og tengist þessu gjaldi en samt ekki alveg því að útvarpsgjaldið er líka lagt á öll fyrirtæki í landinu, þar á meðal 20 þús. einkahlutafélög sem flest eru ekki til, ekki starfandi og munu því aldrei greiða gjaldið. Ég hef lagt til að hvort tveggja verði sett inn í persónuafsláttinn, hann verði lækkaður og tekið fram að hann sé ákveðin krónutala. Síðan lækki hann um 6.314 kr. sem renni til Framkvæmdasjóðs aldraðra og svo lækki hann um 15.500 kr. sem er minnir mig gjaldið til RÚV. Sú lækkun rynni til RÚV. Allt væri þetta mjög einfalt, bara einn skattur, ekki tvenn skattalög. Þetta yrði einföldun á málinu í flóknu þjóðfélagi og einfaldara að útskýra fyrir fólki sem vill fá skýringu á því hvað það er að greiða.

[15:02]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra með síðari breytingum. Það er næstum árviss atburður að inn í þingið kemur hækkun á þessum nefskatti sem eru greiðslurnar í Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég bjóst frekar við að hæstv. ráðherra kæmi með aðeins viðameira frumvarp um þetta mál. Sérstaklega í ljósi þess að það kom yfirlýsing frá ríkisstjórninni og fulltrúum frá eldri borgurum þar sem var ákveðið að skila ætti þessum peningum meira í uppbyggingu en gert hefur verið á undanförnum árum. Samkvæmt því samkomulagi á að auka greiðslurnar til uppbyggingar á næsta ári um helming, minnir mig, og síðan heldur meira á næstu árum þar á eftir. Ég hefði talið fulla ástæðu til að taka á því við þessa lagasetningu og gera á því lagabreytingu. Ég bendi á að sá þingmaður sem hér stendur hefur, ásamt fimm öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar, lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra einmitt um þetta ákvæði sem snýr að Framkvæmdasjóði aldraðra, þar sem lagt er til að þessir pening-

ar, þessi nefskattur sem fer í framkvæmdasjóðinn, fari ekki í rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða nema í sérstökum tilvikum og að það þurfi þá að koma fyrir þingið og Alþingi að samþykkja það, vegna þess að þessi sjóður var settur á laggirnar til að byggja upp hjúkrunarþjónustu fyrir þá sem þurfa á henni að halda.

Í dag er það svo að á fimmta hundrað manns bíður eftir hjúkrunarplássum. Flestir þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu samkomulagi við eldri borgara, sem ég vil frekar kalla yfirlýsingu, er talað um að gert sé ráð fyrir að þetta mál verði leyst á næstu árum. En svo er ekki. Það þarf meiri uppbyggingu. Það er líka talað um að það eigi að auka heimaþjónustuna. Ég vil minna á að það er stór hópur fólks sem getur ekki nýtt sér heimaþjónustuna. Það kom einmitt fram í umræðu um stöðu heilabilaðra og aðstandenda þeirra hér fyrir skömmu í þinginu að það fólk getur margt hvert ekki nýtt sér heimaþjónustuna. Sömuleiðis vantar tilfinnanlega skammtímavist fyrir þennan hóp, en talið er að um 3.000 manns séu haldnir þeim sjúkdómi í dag á Íslandi.

Í dag er það svo að tvö skammtímavistunarúrræði eru fyrir þennan hóp á Landspítalanum eða á Landakoti innan um mjög mikið veika einstaklinga á þriggja manna stofum, tvö pláss á sama tíma og Norðurlandaþjóðirnar, a.m.k. Danir, eru með eitt pláss á hverja þúsund íbúa í skammtímavist. Og í ljósi þess hve margir þessara sjúklinga eru í heimahúsum verður að koma til móts við þær fjölskyldur sem eru með sitt veika fólk heima undir miklu álagi. Það þarf sérstaklega að fjölga skammtímaúrræðum fyrir þennan hóp.

Auðvitað ættu peningar úr Framkvæmdasjóði aldraðra að fara í það. Hæstv. heilbrigðisráðherra viðurkenndi það og sagði í þessum ræðustóli þegar við ræddum málefni heilabilaðra að þessi úrræði þyrftu að vera fleiri. Ég tek undir það. Þau voru fleiri, þeim hefur verið fækkað, bara nýverið var þeim fækkað um helming. Þau voru fjögur en eru nú tvö.

Ég get því ekki orða bundist núna þegar við ræðum greiðslur í Framkvæmdasjóð aldraðra, um það hvernig ástandið er í þessum málaflokki, hvernig ástandið er í hjúkrunarmálunum, og minni á að stór hluti greiðslna í sjóðinn hefur ekki skilað sér í það sem honum var ætlað, þ.e. í uppbyggingu. Þó svo að áform séu uppi núna, nokkrum mánuðum fyrir kosningar, að það eigi að fara að skila þessum peningum þá er það ansi seint.

Ég tel, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra hefði átt að koma með lagabreytingu í anda þess samkomulags sem gert var við fulltrúa eldri borgara í nefnd Ásmundar Stefánssonar á vegum forsætisráðherra. Ég spyr hæstv. ráðherra heilbrigðismála hvort ekki standi til að gera breytingar á lögum um málefni aldraðra í framhaldi af þeirri yfirlýsingu og hvenær slíkt frumvarp sé þá væntanlegt inn í þingið. Því það dugar lítt að vera með einhver loforð um þessi mál ef lagasetning fylgir ekki í kjölfarið. Ég minni bara á loforðið við öryrkjana fyrir síðustu kosningar þar sem aldurstengda örorkuuppbótin sem þeir töldu að þeim hefði verið lofað skilaði sér ekki og dómur í máli þeirra núna í vikunni segir að slík samkomulög haldi ekki, að það sé ekkert hægt að treysta því að staðið verði við þau. Ég tel að þarna þyrfti að koma til lagasetning, að þau atriði sem yfirlýsingin við eldri borgara fjallaði um þyrftu að koma í frumvarpsformi frá hæstv. ráðherra. Þess þarf auðvitað og að kveða fastar á um það að þessir peningar, þessi nefskattur skili sér í það verkefni sem honum er ætlað.

Hvert einasta mannsbarn sem borgar skatt greiðir þennan skatt nema þeir sem orðnir eru 70 ára og eldri og þeir sem eru undir ákveðnum tekjuviðmiðunum. Fyrst ég er farin að ræða þessi mál get ég ekki annað en tekið undir með hv. þm. Pétri Blöndal um að nefskattar eru ósanngjarnir þegar allir borga sömu upphæð. Ég minni á að það er fjöldi fólks með mjög lágar tekjur og það munar um 6.000–7.000 kr. í aukinni skattbyrði þó svo að hátekjufólkið muni ekkert um þetta. Þetta eru bara smápeningar fyrir það. Þetta er ósanngjarn skattur. En þetta er markaður tekjustofn til að byggja upp hjúkrunarþjónustuna fyrir þennan hóp aldraða sjúklinga sem þegar er búinn að skila sínu til samfélagsins. Ég vil því fara fram á að frumvarpið sem ég er 1. flutningsmaður að, þskj. 98, um að peningar úr sjóðnum fari ekki í rekstur nema Alþingi samþykki það sérstaklega, verði tekið til umfjöllunar um leið og þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra aftur: Má vænta frumvarps frá hæstv. ráðherra í anda þess samkomulags eða yfirlýsingar sem gerð var milli ríkisstjórnarinnar og eldri borgara?

[15:11]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu kemur fram frumvarp. Það hefur alltaf verið talað um það og var alveg ljóst þegar samkomulagið var gert við Landssamband eldri borgara í sumar að það þyrfti lagafrumvarp til að hrinda því öllu í framkvæmd. Það er ekki hægt að vinna eftir því samkomulagi nema breyta lögum. Það er frumvarp á leiðinni í þingið. Ég vonast til að geta mælt fyrir því í lok næstu viku, ég vona að það takist. Það fer síðan til heilbrigðisnefndar og er mikilvægt að það fái góða og skjóta afgreiðslu þar. Ég held að þingmenn þekki þetta, a.m.k. þeir sem eru inni í þessum málum þekkja ágætlega til samkomulagsins og Landssamband eldri borgara þekkir það auðvitað mjög vel. Málið á því ekki að þurfa að taka mikinn tíma í þinginu. Það er brýnt að það verði að lögum fyrir jól því að ýmis ákvæði í því eiga að taka gildi frá og með áramótum þannig að það þarf að klára það.

Í því frumvarpi mun verða ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að það á að fasa út það fjármagn sem tekið hefur verið í rekstur í öldrunarþjónustunni og fjármagnið á að fara í uppbyggingu nýrra rýma. Og m.a. á grundvelli samkomulagsins og viðbótarfjármagns upp á um 1,3 milljarða samtals verður hægt að byggja upp ný rými á næstu árum eins og samkomulagið felur í sér.

Þetta frumvarp er á leiðinni og ég vonast til að geta mælt fyrir því í lok næstu viku. Það var alltaf ljóst að slíkt frumvarp yrði að koma fram.

[15:13]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Vissulega var öllum ljóst sem hafa fylgst með þessu samkomulagi að leggja yrði fram frumvarp, sérstaklega hvað varðar breyt-

ingarnar á almannatryggingunum og atriði sem snúa að þeim. Ég geri mér fyllilega ljóst að þær breytingar verða ekki nema með því að breyta lögunum því að það eru að mörgu leyti viðamiklar breytingar. Það er verið að breyta eðli bótaflokkanna.

Hér spyr ég auðvitað sérstaklega um þennan lagabálk, lögin um málefni aldraðra. Eftir því sem mér skildist á hæstv. ráðherra kemur annað frumvarp um breytingar á lögum um málefni aldraðra og þá um það sem snýr að greiðslunum úr sjóðnum. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Verður því komið þannig fyrir að ekki fari peningar úr sjóðnum í rekstur nema Alþingi samþykki að slíkt verði gert? Að það verði ekki áfram þannig að ríkisstjórn, hver sem hún er á hverjum tíma, geti ákveðið að taka þessa mörkuðu tekjustofna sem eiga að fara í uppbyggingu í rekstur eftir því sem þeim hentar? En það hefur eins og við vitum komið niður á uppbyggingu á hjúkrunarheimilunum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort tekið verði á því og hvort gerð verði lagabreyting, eins og við leggjum til, ég og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar, á þskj. 98, þar sem við leggjum til að slík breyting verði gerð einmitt á þessum greinum í lögunum um málefni aldraðra.

[15:15]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að taka fram vegna þessarar umræðu að eins og fram kom áðan þá borgar lágtekjufólk ekki í Framkvæmdasjóð aldraðra. Það kom fram áðan en mér finnst rétt að árétta það.

Varðandi samkomulagið er ljóst að flytja þarf lagafrumvarp út af mörgum ákvæðum sem í samkomulaginu eru eins og komið hefur fram. Ég er reyndar ekki með það frumvarp til framsögu þannig að ég vil ekki fara mjög náið í það en ef ég man rétt eru í því frumvarpi ákvæði um að fasa út þær upphæðir sem hafa runnið til rekstrar og er það gert í ákveðnum þrepum. Upphæðirnar sem lúta að þessum þrepum eru alveg naglfastar og frumvarpið mun endurspegla það samkomulag. Ég held að það þurfi því enginn að óttast neitt um það.

Að sjálfsögðu ætla stjórnvöld að standa við þetta samkomulag. Samkomulagið nær yfir fjögurra ára tímabil en hv. þingmaður veit eins og ég að það er alltaf hægt að breyta lögum á Alþingi. Það er þó yfirleitt ekki skynsamlegt að gera nema það horfi til góðs. Við munum því standa við það samkomulag sem við höfum gert við eldri borgara. Það felur í sér að að lokum fer allt fjármagnið úr sjóðnum í byggingu nýrra rýma, ekki í rekstur.

Frumvarpið sem kemur inn í þingið mun endurspegla það. Þá getum við farið út í tæknilegri umræðu um útfærsluna á samkomulaginu og hvernig hún kemur fram í frumvarpinu. En það stendur að sjálfsögðu til að standa algjörlega við samkomulagið.

[15:17]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, við munum ræða þingmálið þegar það kemur fyrir þingið. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að á sama tíma verði afgreitt til umræðu í heilbrigðis- og trygginganefnd þingmál mitt sem snýr einmitt að sömu greinum.

Vegna orða hæstv. ráðherra um að lágtekjufólk borgi ekki til Framkvæmdasjóðs aldraðra þá eru þar mjög lág tekjuviðmið sem snúa að greiðslum í sjóðinn. Ég verð að segja að fyrir fólk með innan við 100 þús. kr. til ráðstöfunar er það erfitt og miklir peningar að þurfa að borga þennan nefskatt. Það fólk er yfir þeim tekjuviðmiðunum sem þessi lög eða reglugerð gerir ráð fyrir sem að sjóðnum snýr.

Ég minni á að nefskatturinn er ósanngjarn. Hann bitnar verst á þeim sem minnst hafa og þar get ég verið sammála hv. þm. Pétri Blöndal. En við erum með þennan nefskatt. Ég hef verið á því að á meðan hann er á hann að skila sér í það sem honum er ætlað.

[15:19]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Frú forseti. Þetta mál er ekki í fyrsta skipti til umfjöllunar í sölum Alþingis. Að því var látið liggja áðan af hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að enn einu sinni væri þetta mál komið í sali þingsins til umræðu. En eins og hún veit manna best þarf að taka þetta mál til umræðu í þinginu vegna þeirrar breytingar sem gera þarf á gjaldstofninum til hækkunar. Það er hið sama og þingmaðurinn þyrfti að gera ef nota ætti fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra til annars en nýbygginga þá væri hún að óska eftir því að það mál kæmi til kasta þingsins sem er ekkert óeðlilegt í sjálfu sér.

Ég minnist þess þegar þessar breytingar voru gerðar á Framkvæmdasjóði aldraðra og hluti af honum var tekinn í rekstur. Þá höfðu í tvö skipti verið tekin í notkun hjúkrunarheimili sem hófu rekstur á miðju ári án þess að nokkuð væri til á fjárlögum það ár til reksturs. Svo mikil var þörfin á hjúkrunarrýmum að menn töldu þá ekki óeðlilegt að þetta ákvæði væri tekið upp.

Hins vegar hafa tímarnir mikið verið að breytast varðandi hjúkrunarheimili og afstöðu manna til þeirra. Það er t.d. umhugsunarefni hvort við eigum að byggja hjúkrunarheimili af fullum krafti eins og óskir manna eru um í dag og vistunarmatsskrá hljóðar upp á. Ég held að við ættum að gæta okkar í að geysast ekki um of fram. Vissulega er mikil vöntun á hjúkrunarrýmum en það hefur hins vegar komið í ljós að þegar öðrum úrræðum er beitt þá er ásóknin í þau ekki jafnmikil og ætla mætti. Ég nefni sem dæmi að á Norðurlöndunum hafa verið tekin upp önnur úrlausnarefni varðandi aldraða, t.d. leiguíbúðir fyrir aldraða þar sem veitt er þjónusta eða þá að byggður er sérstakur þjónustukjarni þar sem fólk getur leitað þjónustunnar. Fyrir vikið sækir fólk ekki jafnmikið í að komast á vistheimili eða hjúkrunarheimili. Eitt dæmi um það nú er að Hrafnista og sveitarfélagið Kópavogur eru að hefja framkvæmdir í þessa veru. Ég tel að það sé af hinu góða. Það verður mjög áhugavert að sjá hvað kemur út úr því samstarfi og reynsluna af því máli. Það má segja að það byggist m.a. á þeim óskum sem aldraðir hafa lagt fram hér á landi, að fá að halda fjárforræði sínu svo lengi sem mögulegt er, greiða lyf og læknishjálp og húsaleigu. Það er að gerast á hinum Norðurlöndunum.

Við gerum okkur öll grein fyrir því að auðvitað þarf að bæta við hjúkrunarrýmum svo fljótt sem verða má. Hins vegar er ekki þar með sagt að við eigum að bæta við 500

hjúkrunarrýmum af því að 500 séu metnir á öllu landinu í brýnni eða mjög brýnni þörf fyrir að komast á hjúkrunarheimili.

Ég tel að einnig þurfi að líta á rými á hjúkrunarheimilum þar sem tveir eða jafnvel fjórir eru í herbergjum. Það þarf að vinna að því að breyta eldri hjúkrunarheimilum og vistheimilum þannig að hver einstaklingur hafi herbergi út af fyrir sig ef hinn aldraði eða ættingjar hans óska þess. Eins eru líka dæmi um að sjúkdómur sem hrjáir hinn aldraða sé með þeim hætti að hann vilji gjarnan vera með öðrum í herbergi og telji í því ákveðið öryggi.

Framkvæmdasjóður aldraðra borgar 40% af byggingarkostnaði nýrra hjúkrunarheimila. Eins og þetta hefur verið fyrir sjálfseignarstofnanir þá hafa þær átt erfitt með að bæta upp það sem á vantar. Ég nefni sem dæmi að nýlega var byggt við Hrafnistu í Reykjavík 60 rýma hjúkrunarálma sem kostaði 720 millj. kr. Framkvæmdasjóður aldraðra ætlar að greiða 40% en það kemur á nokkrum árum. Rekstrarstaða þessara hjúkrunarheimila er þannig að það er ekki mikið í afgang til að leggja fyrir þegar ákveðið er að byggja ný hjúkrunarheimili.

Ég kom fyrst og fremst upp, virðulegi forseti, til að rifja upp hinn sögulega bakgrunn þeirra breytinga sem urðu á greiðsluformi Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það var fyrst og fremst vegna þess að hjúkrunarheimili sem voru tekin í notkun á miðju ári og jafnvel hafði ekki verið gert ráð fyrir á fjárlögum þess árs stóðu frammi fyrir miklum vanda og þess vegna urðu þessar breytingar gerðar á lögum sjóðsins.

[15:25]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja, vegna athugasemda hv. þingmanns, að mér finnst fullkomlega eðlilegt að þetta mál komi inn í þingið. Mér hefur alltaf fundist það, í hvert skipti sem það hefur komið hér inn. Ég tel eðlilegt að við ræðum það í hvert skipti, hvort það skuli hækkað eða ekki og það afgreitt hér.

Ég sammála hv. þingmanni um að það er umhugsunarefni hvernig við nýtum þessa peninga. Það er ljóst að við erum 15–20 árum á eftir öðrum Norðurlandaþjóðum í uppbyggingu og þjónustu fyrir aldraða í hjúkrunarþjónustunni. Þar þurfa að vera heimilislegar einingar. Þessar stóru stofnanir eru liðin tíð. Það að fólki sé þröngvað í herbergi með öðrum er líka arfur gamals tíma. Fólk verður að geta haft val, ef það vill vera í herbergi með öðrum á það að geta verið það. En það á líka að geta haft sitt prívat, eins og sagt er á vondri dönsku.

Við þurfum fleiri úrlausnir. Við getum verið með þjónustukjarna þar sem fólk fær þjónustuna heim eins og er víða á Norðurlöndum og fólk geti valið um hvort það fer í bað á hverjum degi eða hvernig þjónustu það fær, hvers konar mat það vill borða o.s.frv. Þessar stóru stofnanir eru gamaldags, arfur frá gömlum tíma þó að þær henti mörgum þeim allra veikustu. Við verðum að vera með þær líka en þá þurfa að vera fleiri úrræði.

Það sem hv. þingmaður nefndi áðan, varðandi það hvernig fólk greiðir fyrir þetta þá eru það líka gamaldags og niðurlægjandi aðferðir, þessi vasapeningaleið, það hvernig fjárráð eru tekin af fólki þegar það verður veikt eða lendir inni á sjúkrastofnunum. Það fær vasapeninga ef það er með lítil fjárráð eða heldur eftir litlu af lífeyrisgreiðslum sínum. Það á auðvitað að greiða sína leigu, fyrir matinn o.s.frv. en hafa fjárráð engu að síður.

[15:27]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er varla að um andsvar sé að ræða nema við hluta af ræðu hv. þingmanns.

Ég held að við séum alveg sammála um að nútíminn andmælir því að hjúkrunarheimili sé lítill spítali. Ég held að við séum öll sammála um það, nema kannski ákveðnir aðilar í heilbrigðisgeiranum sem vilja hafa þetta svona áfram.

En sú breyting sem fyrirsjáanleg er sem heyrist af úr herbúðum heilbrigðisráðuneytisins, að það vilji horfa á málið með öðrum hætti, er mjög skiljanleg og væri hið besta mál. En við þurfum samt sem áður að hafa vistunarmöguleika fyrir aldraða sjúka þannig að þeim sé sinnt eins og gert er í dag, að þjónustan við þá verði ekki lakari. Hins vegar er of lítill greinarmunur gerður á því hvernig þjónustuþátturinn sjálfur er og hve mikill hann er. Það er t.d. til forskrift frá landlæknisembættinu um að hver og einn sem sé á hjúkrunarheimili skuli fá fjórar til fimm klukkustundir á dag í þjónustu. Þá er hjúkrunarheimilið ekkert skilgreint frekar, þrátt fyrir að komið sé svokallað RAI-mat sem á þó að vega og meta einstaklinginn og þjónustuþörf hans.

Varðandi svo daggjöldin og greiðslur til aldraðra erum við sammála um að það form tilheyrir grárri forneskju og er barn síns tíma. Það þarf að skoða upp á nýtt. Hvers vegna á sjúkur aldraður maður sem hefur búið í heimahúsi að missa stjórnina á fjárhag sínum þótt hann fari á hjúkrunarheimili? Ég held að það skapaði sterkari kostnaðarvitund hjá fólki ef það væri sjálft þátttakandi í greiðslunni. Ég tala ekki um ef það fylgist þá líka nánar með þvotti og öðru sem á þarf að halda, en að það sé ekki einhver óþekkt tala (Forseti hringir.) og sumir ættingjar sinni þeim verkefnum en aðrir ekki.

[15:29]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er dásamlegt að hlusta á stjórnarþingmenn núna vera svona sammála um að þetta hefði þurft að vera allt öðruvísi. Hér eru stjórnarþingmenn búnir að vera við stjórnvölinn, sjálfstæðismenn í 16 ár og framsóknarmenn í 12 ár. Samt er þetta enn þá svona. Samt er enn þá þetta gamaldagskerfi, enn þá getur fólk á hjúkrunarheimilunum ekki valið hvaða þjónustu það fær. Það eru tekin af fólki fjárráð þegar það er búið að missa heilsuna, fer inn á hjúkrunarheimilin o.s.frv.

Hvernig stendur á því að þetta hefur verið látið drabbast svona mikið niður? Þetta á auðvitað ekki að líðast. Ég segi hér að ég vona að þetta verði til þess að við breytum þessu. Ég er þeirrar skoðunar að hér þurfi að koma ný ríkisstjórn með fólki með ný viðhorf þannig að þetta verði raunverulega þannig að við náum þó Norðurlandaþjóðunum í því að vera með fjölbreytta, góða og markvissa þjónustu fyrir aldraða sem eru á hjúkrunarheimilum eða þurfa hjúkrun.

Ég verð t.d. að segja að ég hefði haldið að á Sóltúnsheimilinu væru þessar litlu einingar mjög fín úrræði fyrir þá sem eru mikið veikir og þurfa þjónustu en hafa samt sitt

einkaheimili inni á stofnun. Ég efast ekki um að það sé einmitt það sem Hrafnista stefnir að. Ég veit til þess að í nágrenni við Sóltún hafa eldri borgarar óskað eftir að fá svona þjónustumiðstöð þannig að það væri hægt að þjóna þeim inni á heimili í nágrenninu. Auðvitað þurfum við að horfa á alla þessa þætti. Við gætum auðvitað talað um þessi mál öll lengi, í allan dag. Þetta er þannig málaflokkur og það er svo margt ógert. Því miður hefur svo mikið drabbast niður, dregist aftur úr eða kannski verið hægari uppbygging en ella vegna þess að þessir peningar úr framkvæmdasjóðnum skiluðu sér ekki í uppbyggingu. Sú uppbygging verður að vera fjölbreytt.

[15:32]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við séum öll sammála um að betur megi gera í þessu máli. En ég held líka að sú skoðun hafi verið almenn hér á Íslandi að besta úrlausnarefni varðandi aldraða sjúka væri að byggja hjúkrunarheimili.

Mér hefur fundist bera mikið á því að menn hafa ekki horft á nýjar leiðir eða hvernig mætti betur gera. Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem það hefur komið upp.

Aðeins varðandi Sóltún og Hrafnistu, við erum með nýja 60 rýma hjúkrunarálmu við Hrafnistu í Reykjavík sem er ekkert síðri en Sóltún. Það er dálítið merkilegt hvað Sóltún er mikið hér í umræðunni eins og það sé hið eina sem hafi gerst í málefnum aldraðra á undanförnum árum. Það er bara rangt.

Varðandi svo aftur þá öldruðu, hvað menn ætla að gera og að ekkert hafi gerst hjá þessari ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er rangt. Ég var einmitt að vitna til hæstv. heilbrigðisráðherra sem hefur boðað nýja stefnu. Það gerist kannski ekki alveg á einni nóttu. (Gripið fram í.) En vonandi er það að koma. Það er í þá veru, eins og ég sagði áðan, DAS er með bæjarfélaginu í Kópavogi að fara aðrar leiðir. Það er ekki langt síðan að Hrafnista skrifaði undir viljayfirlýsingu við borgaryfirvöld um að byggja 100 þjónustuíbúðir ásamt þjónustukjarna sem á að þjóna þeim öldruðu sem eiga búsetu í næsta nágrenni. Þetta er allt á fleygiferð sem betur fer. Það þarf bara að gefa þessu aðeins tíma en þetta munu menn sjá mjög fljótlega.

[15:33]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)**:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta litla mál sem kemur hingað inn reglulega á hverju ári. Mig langar aðeins að leggja orð í belg af því að hér hefur orðið mjög skemmtileg umræða um málefni aldraðra vítt og breitt, og gaman að heyra þingmenn sem þekkja vel til mála ræða þau hér.

Það er auðvitað ekki hægt að segja að hér hafi allt drabbast niður. Það er mjög fjarri sannleikanum. Hér hefur ekkert drabbast niður. Það er búið að gera stórkostlega hluti en auðvitað þarf að gera ýmislegt meira. Það er rétt.

Ég vil draga það fram að hér er hærra hlutfall aldraðra á stofnunum en er annars staðar á Norðurlöndunum. Þess vegna þykir mér svolítið vænt um það þegar ég heyri hv. þm. Guðmund Hallvarðsson tala um að menn skuli ekki geysast of hratt. Hv. þingmaður þekkir mjög vel til þessara mála og hefur staðið fyrir góðri uppbyggingu á þessu sviði og ég held að þetta sé algerlega rétt hjá honum. Við eigum ekki að geysast of hratt af því að við erum komin með svo hátt hlutfall inn á stofnanir. Við eigum að byggja ný rými þar sem þeirra er þörf. Þeirra er þörf sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Við þurfum líka að leyfa þessum málum að þroskast eðlilega, ef ég get tekið þannig til orða. Við þurfum að auka heimaþjónustuna, bæði ríkið og ekki síður sveitarfélögin. Ég tel að sveitarfélögin þurfi að gera verulegt átak í þessum málum. Þau eru reyndar mörg að gera margt gott og hafa verið að gera síðustu árin þó að það hafi valdið mörgum vonbrigðum að meira en helmingur sveitarfélaga dró úr félagslegri heimaþjónustu fyrir örfáum árum. Það sýndi skýrsla Ríkisendurskoðunar. Sumir er að gera góða hluti en aðrir þurfa að slá í klárinn.

Það þarf að auka heimaþjónustuna. Við höfum verið að því en það þarf að auka hana enn þá meira. Sveitarfélögin þurfa að koma sterkar inn í þjónustuna. Það á að koma með fjölbreyttari búsetuúrræði eins og m.a. hefur verið gert hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að þjónusta fólk annaðhvort inni í einkaíbúðum þess, eins og þær eru í dag, vítt og breitt, eða í einkaíbúðum þess eða leiguíbúðum sem eru þá byggðar saman í einhverjum kjörnum þar sem hægt er að koma inn með heimahjúkrun og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Staðan er þannig núna að við munum byggja upp á næstu árum í Reykjavík 200 rými, 110 við Suðurlandsbrautina og 90 á Lýsislóðinni. Samkomulagið sem gert var við eldri borgara mun tryggja viðbótarrými sem ég mun bráðlega kynna hvar verður. Meiri hluti þeirra verður hér á höfuðborgarsvæðinu en það verða nokkrir staðir úti á landi sem fá rými líka.

Það er alveg ljóst að við erum með hátt hlutfall núna inni á stofnunum. Ég hef sagt það áður og hika ekkert við að segja það að á sínum tíma, fyrir mörgum árum, fórum við í vissa kerfisvillu. Það er engum einum um að kenna í því sambandi. Sveitarfélögin voru þar auðvitað miklir gerendur. Það var þegar dvalarheimilin voru byggð upp á sínum tíma, þá fóru þar inn einstaklingar, ekki vegna þess að þá vantaði svo mikla hjúkrunarþjónustu, heldur meira af félagslegum aðstæðum, að vera með öðrum öldruðum, taka þátt í félagsstarfi o.s.frv. Þetta fyrirkomulag er algerlega á leiðinni út í dag. Við erum að breyta dvalarrýmum núna á þessum dvalarheimilum. Þetta er meira og minna að fara yfir í hjúkrunarrými. Dvalarheimili eru á útleið. Þau munu ekki hverfa algerlega, held ég, en þau verða ekki framtíðarúrræði sem við munum byggja upp. Við munum hins vegar byggja upp dagvistarúrræði og hvíldarrými, eins og hér hefur verið drepið á.

Ég vil líka taka fram að hér var skemmtileg umræða um val á þjónustu, að menn geti þá borgað fyrir þá þjónustu sem þeir fá á hverjum stað. Það er módel sem menn hafa rætt víða og m.a. í Kópavogi. Það höfum við rætt líka í heilbrigðisráðuneytinu. Það er á stefnuskrá okkar að við viljum fara inn í þetta nýja kerfi þar sem fólk getur valið meira hvaða þjónustu það vill fá og borgað fyrir hana. Það er hins vegar ekki hægt að gera það eins og lögin eru í dag. Það þarf að breyta lögunum ef ríkið á að koma þar að.

Bráðlega tekur til starfa faghópur í heilbrigðisráðuneyt-

inu sem mun einmitt vinna að þessum lagabreytingum. Ég á von á því að frumvarp komi hér inn í þingið, það verður ekki alveg á næstunni en það mun skila sér þegar þessi vinna er búin. Þá munu þingmenn geta staðfest nýtt kerfi þar sem fólk kaupir ákveðna þjónustu. Meðan kerfið er ekki komið verðum við auðvitað að vinn eftir núgildandi lögum. Þegar nýja kerfið verður komið upp og við búin að breyta lögunum munu eldri borgarar hafa fjármagnið meira í sínum vasa og greiða þá fyrir þjónustuna en ekki eins og þetta er núna þegar allt fer meira og minna í gegnum Tryggingastofnun ríkisins, inn til heimilanna, borgun fyrir þjónustu.

Það er rétt að það er mjög margt að gerast í þessum málaflokki. Það er allt á fullri ferð og við munum sjá miklar breytingar hér á næstunni. Það er réttmætt að halda því fram að við eigum ekki taka þetta of hratt af því að það er ekki gott að byggja hér of mikið heldur. Þetta eru dýr rými. Það kostar 15 millj. að byggja eitt hjúkrunarrými. Það kostar 5 millj. í rekstur á ári. Það er eðlilegt að við sinnum þessu af alúð eins og menn hafa gert. Við eigum að horfa til Norðurlandanna, þar er lægra hlutfall aldraðra á stofnunum en hérna.

Hér hafa líka orðið nokkrar umræður bæði um Sóltún og Hrafnistu. Ég hef heimsótt bæði þessi heimili, m.a. skoðað sérstaklega Sóltún og H-deildina á Hrafnistu. Ég get alveg staðfest það sem hér kom fram að á báðum stöðunum er rekin algjör fyrirmyndarþjónusta. H-deildin sem ég heimsótti fyrir stuttu á Hrafnistu er mjög glæsileg.

Það er búið að gera margt mjög gott, virðulegi forseti, í þessum málaflokki en það verður gott þegar við fáum meira fjármagn í hendurnar til að setja í þjónustuna og það erum við að fá einmitt með að samþykkja þetta frumvarp sem hér er til umræðu og líka frumvarpið sem ég mun koma með líklega í næstu viku eða þarnæstu sem lýtur að útfærslu á samkomulaginu við Landssamband eldri borgara.

[15:41]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í mínu fyrra andsvari hér vildi ég spyrja ráðherrann út í þau hjúkrunarrými sem yfirlýsingin gerir ráð fyrir að eigi að skapa. Hún talar um 200 rými á höfuðborgarsvæðinu og svo eitthvað fleira og eitthvað af því yrði hér á höfuðborgarsvæðinu.

Við vitum það í dag að alls staðar á landinu er beðið um fleiri hjúkrunarrými og eru kröfur uppi um það og vöntun á þeim. Þess vegna langar mig að spyrja heilbrigðisráðherra: Hvað á að koma í hlut landsbyggðarinnar af þessu samkomulagi sem þarna var gert? Munu falla bara nokkrir brauðmolar út af borðinu?

[15:41]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á næstunni verða byggð 200 rými í Reykjavík, eins og menn vita, á Lýsislóðinni og við Suðurlandsbraut. Þetta gengur að vísu hægar en ég hefði viljað sjá en ég er búin að vera stutt í ráðuneytinu. Við erum að ýta þessu áfram.

Í samkomulaginu sem var gert við eldri borgara í sumar er ekki kveðið á um hvar rýmin eiga að vera. Það er okkar verkefni að forgangsraða í þeim efnum miðað við þær upplýsingar sem við höfum. Það er algerlega ljóst að samkvæmt biðlistunum, sem reyndar endurspegla að mörgu leyti ekki raunveruleikann, er mesta þörfin á höfuðborgarsvæðinu. Það er bara þannig. Biðlistarnir eru, ég hef leyft mér að segja það, að hluta til falskir. Við höfum gert rannsóknir á þeim og gerum það áfram. Það sýndi sig t.d. að meira en helmingurinn sem var á biðlistanum eftir rýmum í Hafnarfirði taldi sig geta verið lengur heima með aukinni heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu. Fyrri rannsóknir í Reykjavík hafa sýnt það sama. Við erum að gera núna rannsókn aftur í Reykjavík.

En þó að þeir séu langir er samt biðlisti til staðar. Það er alveg óumdeilt. Þeir eru lengstir á höfuðborgarsvæðinu. Það eru biðlistar á þó nokkrum stöðum á landsbyggðinni þar sem eru fá rými á íbúa. Þeir staðir munu fá rými. Við erum núna að raða þessu upp þannig að það verður kynnt bráðlega hvert þessi rými fara.

Það eru margir staðir á landsbyggðinni sem tala um þessi rými en það er meira umræða um að endurbyggja rými sem fyrir eru. Rýmin eru gamaldags, úr sér gengin, margir í einu rými, salerni úti á gangi, ekki inni í rýminu o.s.frv. Það er svo annað mál sem við munum fara í líka, að raða upp hvernig við viljum endurbyggja núverandi rými á landsbyggðinni þar sem ekki vantar ný rými, ekki fleiri rými, heldur að gera þau betur sem fyrir eru.

[15:44]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör en ítreka jafnframt að það skal gæta jafnræðis í þessu milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar eins og í svo mörgu öðru. Það er hárrétt að mörg rými úti á landi eru gömul og þarfnast endurbóta. Við vitum það auðvitað sem störfum í þessum landsbyggðarkjördæmum að þar er þörfin brýn og þar er mikið pressað á að lagfæra en fé hefur ekki verið veitt til þess mörg undanfarin ár.

Mér er það minnisstætt þegar þingflokkur Samfylkingarinnar var í heimsókn á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fyrir nokkrum mánuðum að við fengum þær upplýsingar að þar lægju inni 120–130 fullorðnir einstaklingar sem annars ættu að vistast á hjúkrunarrýmum eða dvalarheimilum úti í bæ. Ástæðan fyrir því að það var ekki hægt var ekki sú að það vantaði pláss. Það var svo merkilegt þar sem við erum að ræða núna um að það vanti pláss. Það vantar ekki pláss fyrir þá einstaklinga á dvalar- eða hjúkrunarheimilum sem við erum að tala um heldur vantar starfsfólk til að sinna þeim fjölda sem hægt er að leggja inn á heimilin.

Hvers vegna vantaði starfsmenn? Jú, vegna þess sem hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu, að það fólk sem sinnir þessu mikilvæga starfi er svo illa launað að það hverfur úr því.

Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Væri ekki ástæða til að fara betur í gegnum þennan þátt eins og við höfum orðið vör við í hetjulegri baráttu þessa fólks sem var hér fyrir nokkrum missirum síðan, að lagfæra þetta þannig að aftur verði eftirsóknarvert fyrir fólk sem vill leggja þessa mikilvægu vinnu fram og tryggja að það hafi þokkalegt lífsviðurværi úr því? Þannig nýttum við þau pláss sem eru ónýtt í dag í staðinn fyrir að (Forseti hringir.) láta

fólk liggja inni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eða hátæknispítölum.

[15:46]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér var talað um jafnræði varðandi hjúkrunarrými. Ég tel að jafnræðis hafi ekki verið gætt gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Þar eru biðlistarnir og þar er mesta þörfin fyrir ný rými. Ef eitthvað er hefur landsbyggðin fengið hlutfallslega fleiri rými en höfuðborgarsvæðið en það þarf að laga mörg rými þar og í það verður sett fjármagn. Hluti af því fjármagni kemur einmitt út úr samkomulaginu sem gert var við eldri borgara í sumar.

Varðandi LSH þá voru í upphafi sumars um 80 manns þar inni sem spítalinn taldi að ætti að útskrifa, þ.e. eldri borgarar sem vantaði önnur úrræði fyrir, og þetta er mikill útskriftarvandi eins og við höfum kallað hann. Sú tala er nú komin niður í 50–60 einstaklinga eða lægra. Það var haft var samband við heimilin og þau hvött til að taka hærra hlutfall beint af LSH og minnka það hlutfall sem tekið var utan úr bæ og það hefur verið gert. Það eru reyndar tvö heimili sem alltaf taka 90% frá LSH, þ.e. Vífilsstaðir og Sóltún, en önnur hafa tekið minna og sum frekar lítið. En nú hefur það hlutfall verið hækkað þannig að heimilin hafa brugðist vel við þessu og þar með léttir á LSH.

Nú er líka farið að nota nýtt úrræði sem er sérhæfð heimaþjónusta en þá útvegar sjúkrahúsið heimaþjónustu, heimahjúkrun og meiri þjónustu fyrir aldraða. Þeir eru útskrifaðir heim með mikla þjónustu. Ef fólkið getur verið heima í a.m.k. þrjá mánuði eða lengur færist þjónustan yfir á heilsugæslustöðvarnar þar sem slík þjónusta er almennt í kerfinu, þ.e. heimahjúkrunin. Þetta er algjörlega nýtt úrræði en á næstu dögum munu þó nokkrir einstaklingar nýta sér það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.*

Stjfrv., 272. mál (heildarlög). — Þskj. 281.

[15:48]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu. Frumvarpið er samið af nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í október 2003 til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi auk fulltrúa Læknafélags Íslands og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, landlæknir, fulltrúar sjúklingasamtaka, aðila vinnumarkaðarins o.fl.

Nefndin skilaði tillögum sínum í apríl síðastliðnum og er frumvarpið sem ég mæli nú fyrir að mestu í samræmi við tillögur nefndarinnar. Jafnframt skilaði nefndin drögum að frumvarpi til laga um embætti landlæknis, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Grundvallarákvæði um starfsemi landlæknisembættisins er nú í lögum um heilbrigðisþjónustu en auk þess eru ákvæði um embættið í fjölda annarra laga. Nefndin taldi nauðsynlegt að endurskoða og útfæra nánar ákvæði um landlæknisembættið og lagði til að sett yrðu sérlög um það.

Auk þess hefur ráðuneytið samið frumvarp til nýrra laga um Heyrnar- og talmeinastöð, sem einnig er lagt fram samhliða þessu frumvarpi en núgildandi ákvæði um stöðina eru í lögum um heilbrigðisþjónustu. Grundvallarákvæði um landlæknisembættið og um Heyrnar- og talmeinastöð falla því brott verði þetta frumvarp að lögum og er því gert ráð fyrir að þessi þrjú frumvörp verði afgreidd samhliða á þinginu.

Núgildandi lög um heilbrigðisþjónustu eru að stofni til frá árinu 1973. Þótt ýmsar breytingar hafi verið gerðar á lögunum frá þeim tíma er ljóst að lögin þarfnast heildstæðrar endurskoðunar, einkum hvað varðar ákvæði laganna um skipulag heilbrigðisþjónustunnar, stjórn heilbrigðisstofnana, eftirlit með rekstri heilbrigðisþjónustu og samninga um heilbrigðisþjónustu.

Eins og rakið er í athugasemdum með frumvarpinu eru meginmarkmið frumvarpsins fjögur. Í fyrsta lagi að mæla með skýrum hætti fyrir um grunnskipulag hins opinbera heilbrigðisþjónustukerfis. Í öðru lagi að setja ráðherra og öðrum heilbrigðisyfirvöldum og heilbrigðisstofnunum skýran lagaramma. Í þriðja lagi að tryggja virkt eftirlit með heilbrigðisþjónustu og gæðum hennar og í fjórða lagi að skilgreina nánar stefnumótunarhlutverk ráðherra innan marka laganna og tryggja að hann hafi á hverjum tíma fullnægjandi valdheimild til að framfylgja stefnu sinni, m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna og hvar þjónustan skuli veitt.

Á Íslandi hefur ríkt góð sátt um þá grundvallarstefnu að hér skuli rekið opinbert heilbrigðisþjónustukerfi sem veiti heilbrigðisþjónustu á samfélagslegum forsendum þar sem þegnarnir eigi jafnan rétt til þjónustunnar. Þetta er samfélagsstefna sem byggir á sjónarmiðunum um mannúð, jöfnuð og samtryggingu. Er frumvarpinu sem ég mæli nú fyrir ætlað að styrkja og treysta undirstöður slíks heilbrigðisþjónustukerfis hér á landi.

Nútímaheilbrigðisþjónusta er í senn margslungin og flókin. Meðferðarúrræði breytast hratt og verða stöðugt sérhæfðari vegna framfara í læknavísindum og öðrum heilbrigðisgreinum. Heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisyfirvöld hafa tekið fullan þátt í þeirri framþróun með þeim árangri að Íslendingar eru í fremstu röð þjóða á sviði heilbrigðisþjónustu. Frumvarpinu er ætlað að veita viðspyrnu til frekari framþróunar og eflingar heilbrigðisþjónustu bæði innan og utan heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu.

Samkvæmt frumvarpinu skal landinu skipt upp í heilbrigðisumdæmi og skulu mörk þeirra ákveðin með reglugerð. Í tillögum nefndarinnar sem samdi frumvarpið var gert ráð fyrir því að landinu yrði skipt í tiltölulega stór heilbrigðisumdæmi og innan hvers þeirra yrði starfrækt ein heilbrigðisstofnun sem sæi um og bæri ábyrgð á veitingu almennrar heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Fólu tillögur nefndarinnar þannig í sér nokkuð umfangsmiklar áætlanir um sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni með svipuðum hætti og orðið hefur á Austurlandi og Suðurlandi.

Þótt reynslan af sameiningu heilbrigðisstofnana á Aust-

urlandi og Suðurlandi hafi almennt verið góð og frekari sameiningar heilbrigðisstofnana því frekar álitlegur kostur á mörgum svæðum tel ég nauðsynlegt að góð sátt ríki um slíkar breytingar meðal heimamanna enda er það ein meginforsenda þess að vel takist til við framkvæmd sameiningar. Frumvarpinu hefur því verið breytt þannig að heimilt verður að starfrækja fleiri en eina heilbrigðisstofnun í hverju heilbrigðisumdæmi. Nú er því gert ráð fyrir að unnið verði að sameiningu heilbrigðisstofnana á sama grundvelli og gert hefur verið hingað til með samráði og samvinnu við þá aðila sem málið varðar enda sé talið að sameiningin sé til þess fallin að bæta og efla gæði þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er á viðkomandi svæði. Með þessum breytingum verður ákvörðun um skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi óháð ákvörðunum um sameiningu heilbrigðisstofnana og mun samþykkt frumvarpsins því ekki knýja á um sameiningu heilbrigðisstofnana eins og tillögur nefndarinnar gerðu ráð fyrir.

Á hinn bóginn gerir frumvarpið ráð fyrir að heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í sama umdæmi hafi með sér samstarf um skipulag heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Er heilbrigðisumdæmunum þannig ætlað að skapa ákveðna umgjörð við skipulagningu almennrar heilbrigðisþjónustu í landinu og tryggja að í hverju heilbrigðisumdæmi sé veitt sú heilbrigðisþjónusta sem veita ber samkvæmt frumvarpinu. Hérna er sem sagt um samstarf að ræða en ekki einhverja nýja mikla yfirbyggingu.

Heimildir ráðherra til að ákveða sameiningu heilbrigðisstofnana verða því óbreyttar frá núgildandi lögum að öðru leyti en því að skylt verður að hafa samráð við sveitarfélög og samtök sveitarfélaga áður en ákvörðun um sameiningu er tekin og er það í samræmi við það sjónarmið mitt að sameining heilbrigðisstofnana skuli ekki ákveðin nema að höfðu samráði við heimamenn. Miðað við það sem nú gildir er því verið að bæta við að það eigi að hafa samráð um sameiningar. Það er því meira ferli sem fer fram samkvæmt þessum lögum, verði þau samþykkt, en gerð er krafa um í dag.

Í frumvarpinu er heilbrigðisþjónustu skipt í tvo meginflokka, þ.e. almenna heilbrigðisþjónustu annars vegar og sérhæfða heilbrigðisþjónustu hins vegar. Undir almenna heilbrigðisþjónustu fellur heilsugæsluþjónustan, almenn sjúkrahúsþjónusta og hjúkrunarþjónusta í hjúkrunarrýmum stofnana, þar með talið á hjúkrunarheimilum. Í frumvarpinu er mælt fyrir um starfrækslu heilsugæslustöðva umdæmissjúkrahúsa og hjúkrunarrýma í hverju heilbrigðisumdæmi þannig að tryggt sé að allir landsmenn hafi aðgengi að grunnþjónustu í heimabyggð. Undir sérhæfða heilbrigðisþjónustu fellur hins vegar sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, þjónusta sérhæfðra heilbrigðisstofnana og heilbrigðisþjónusta sem veitt er á starfsstofum lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sérhæfð sjúkrahúsþjónusta fyrir alla landsmenn verði veitt á Landspítala og á sjúkrahúsinu á Akureyri. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir því að önnur sjúkrahús geti, eins og nú er raunin, sinnt tiltekinni sérhæfðri sjúkrahúsþjónustu samkvæmt ákvörðun ráðherra eða samningum við Landspítala eða sjúkrahúsið á Akureyri.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á stefnumótunarhlutverk ráðherra og eru heimildir hans til að skipuleggja þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er af ríkinu eða með greiðsluþátttöku ríkisins styrktar verulega í frumvarpinu. Ljóst er að heimild ráðherra til að semja við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðra rekstraraðila um veitingu heilbrigðisþjónustu er afar mikilvægt stjórntæki í höndum ráðherra, m.a. um forgangsröðun verkefna. Til að þetta stjórntæki ráðherra sé virkt verður að tryggja að hann hafi á hverjum tíma fullnægjandi lagaheimildir til að haga samningsgerð sinni þannig að hann geti hrundið í framkvæmd stefnumörkun sinni í heilbrigðismálum.

Kostnaður við rekstur heilbrigðisþjónustu er mikill og við því að búast að hann fari vaxandi á komandi árum með hækkandi meðalaldri landsmanna. Þótt þessum fjármunum sé almennt vel varið má öllum vera ljós nauðsyn virkrar stjórnunar og aðhalds. Því er nauðsynlegt að ráðherra hafi skýrar og ótvíræðar heimildir til að marka stefnu um heilbrigðisþjónustu innan marka laganna og til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. með samningum eða með því að hafna samningsgerð.

Í frumvarpinu er leitast við að tryggja að ráðherra hafi nauðsynlega valdheimild til að stýra hinu opinbera heilbrigðiskerfi og skipuleggja það innan ramma laganna og ákveða hvort og þá í hvaða mæli tiltekin heilbrigðisþjónusta sé veitt með greiðsluþátttöku ríkisins, hvar hún sé veitt og af hverjum. Þá eru heimildir einstakra heilbrigðisstofnana til samninga eftir atvikum með leyfi ráðherra auknar.

Það hefur lengi verið stefna heilbrigðisyfirvalda að leggja skuli áherslu á uppbyggingu heilsugæslu í landinu þannig að hún geti sinnt grunnþörfum allra landsmanna fyrir heilbrigðisþjónustu. Heilsugæsluþjónustan er persónuleg nærþjónusta sem ætlað er að veita einstaklingum og fjölskyldum tiltekið öryggi. Heilsugæslunni er ekki aðeins ætlað að veita heilbrigðisþjónustu heldur er hlutverk hennar jafnframt að leiðbeina sjúklingum og vísa þeim áfram í heilbrigðiskerfinu þannig að þeir fái ávallt bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á í samræmi við þarfir sínar. Í frumvarpinu er því lögð áhersla á að ráðherra skipuleggi heilbrigðisþjónustu þannig að hún sé ávallt veitt á viðeigandi þjónustustigi og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Þetta byggir jafnframt á því að heilsugæslulæknar séu almennt hæfastir til að leggja mat á það á hvaða þjónustustigi rétt sé að meðhöndla sjúkling þegar hann leitar sér heilbrigðisþjónustu vegna óskilgreinds sjúkdóms eða meins í fyrsta skipti og til að leiðbeina honum í því sambandi. Í því ljósi verður það að teljast eðlilegt markmið laga um heilbrigðisþjónustu að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Þá er til þess að líta að mikið starf hefur verið unnið í uppbyggingu heilsugæslunnar á undanförnum árum og sýna athuganir sem landlæknir hefur gert á einstökum heilsugæslustöðvum að þeim gangi almennt vel að anna eftirspurn og að biðtími sjúklinga sé að jafnaði innan marka sem telja má viðunandi. Með áframhaldandi uppbyggingu heilsugæslunnar er því ekki óraunhæft að ætla að unnt sé að auka hlutverk hennar í framtíðinni og legg ég áherslu á að svo verði.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar talsverðar breytingar á stjórnun opinberra stofnana. Þær hafa fyrst og fremst miðað að því að auka vald og ábyrgð forstöðumanna

sem æðstu yfirmanna hverrar stofnunar. Breytingarnar voru gerðar á árunum 1996 og 1997, með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum um fjárreiður ríkisins. Í frumvarpinu eru ákvæði um stöðu forstöðumanna heilbrigðisstofnana samræmd almennum ákvæðum fyrrgreindra laga um forstöðumenn ríkisstofnana. Þannig bera forstöðumenn eða forstjórar, eins og þeir eru nefndir í frumvarpinu, allra heilbrigðisstofnana ótvírætt óskipta ábyrgð gagnvart ráðherra bæði á rekstri og þjónustu sinnar stofnunar en tekið er fram að faglegir yfirstjórnendur beri ábyrgð á faglegri þjónustu gagnvart forstjóra.

Starfsemi læknaráða og hjúkrunarráða innan heilbrigðisstofnana hefur í gegnum tíðina haft mikla þýðingu fyrir faglega starfsemi þeirra heilbrigðisstofnana þar sem þau hafa starfað. Hafa ráðin veitt stjórnendum stuðning og aðhald í mikilvægum málum sem varða faglega starfsemi stofnunarinnar. Svokölluð fagráð með þátttöku allra heilbrigðisstétta innan stofnunar hafa hins vegar ekki svo vitað sé verið starfrækt innan heilbrigðisstofnana hér á landi. Ýmis veigamikil rök mæla þó með starfrækslu slíkra ráða. Vegur þar þyngst að með starfrækslu fagráða má tryggja að allar heilbrigðisstéttir innan viðkomandi heilbrigðisstofnunar eigi aðkomu að mikilvægum ákvörðunum um heilbrigðisþjónustu stofnunar en ekki einungis læknar og hjúkrunarfræðingar. Þá má ætla að fagráð geti verið góður vettvangur fyrir umræðu, samráð og samvinnu milli heilbrigðisstétta innan stofnunar og loks má ætla að fagráð geti að ýmsu leyti verið færari en sérráð einstakra fagstétta til að veita forstjóra og framkvæmdastjórn heildstæða og eftir atvikum þverfaglega ráðgjöf og álit um fagleg málefni stofnunar. Í frumvarpinu er því lagt til að heimild til að starfrækja fagráð heilbrigðisstofnana, sem geti með samþykki viðkomandi stétta komið í stað læknaráðs og hjúkrunarráðs.

Landspítali – háskólasjúkrahús er þungamiðja sérhæfðrar sjúkrahúsþjónustu hér á landi og gegnir lykilhlutverki við veitingu sérfræðiþjónustu í flestum greinum læknisfræði og hjúkrunar. Engin ákvæði eru þó í lögum um hlutverk spítalans. Í því frumvarpi sem hér er til umræðu er lagt til að staða spítalans sem aðalsjúkrahúss landsins og háskólasjúkrahúss verði staðfest í lögum og meginverkefni hans skilgreind.

Þótt Landspítalinn sé stór stofnun á íslenskan mælikvarða er hann þó ekki stór í samanburði við sjúkrahús með sambærileg verksvið í öðrum löndum. Má öllum vera ljóst að hér á landi verður einungis með góðu móti starfrækt eitt slíkt fjölgreinasjúkrahús og byggði sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík árið 2000 á því sjónarmiði. Þótt ýmis vandamál og spenna hafi vissulega komið upp við þá sameiningu, eins og eðlilegt er, hefur það sýnt sig svo ekki verður um villst að ákvörðunin var rétt og tímabær. Þó ber jafnframt að hafa í huga að fullur ávinningur, jafnt faglegur sem fjárhagslegur, næst ekki fyrr en sameining spítalans og starfsemi hefur verið sameinuð í nýrri sjúkrahúsbyggingu við Hringbraut í samræmi við þær áætlanir sem nú liggja fyrir.

Starfsemi sjúkrahússins á Akureyri hefur eflst verulega á undanförnum árum, m.a. í tengslum við uppbyggingu háskólanáms í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Í frumvarpinu er lagt til að staða sjúkrahússins sem kennslusjúkrahúss verði lögfest og meginverkefni sjúkrahússins skilgreind en sjúkrahúsinu er jafnframt ætlað að vera kjölfesta sérhæfðrar sjúkrahúsþjónustu á landsbyggðinni og varasjúkrahús Landspítalans.

Í frumvarpi þessu og frumvarpi til laga um embætti landlæknis er lögð mikil áhersla á að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar og efla eftirlit heilbrigðisyfirvalda með því að hún uppfylli á hverjum tíma þær faglegu kröfur sem gerðar eru til hennar. Í því skyni verður sett reglugerð um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum og verður óheimilt að hefja rekstur á heilbrigðisþjónustu nema landlæknir hafi áður tekið út og staðfest að faglegar kröfur séu uppfylltar. Þessum breytingum er jafnframt ætlað að tryggja samfellu í eftirliti landlæknis um leið og tryggt er að nýir aðilar sem hefja rekstur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar kröfur.

Í frumvarpinu er sett fram það nýmæli að sjúkrahús og aðrar sérhæfðar heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríkinu geti með leyfi ráðherra skipulagt heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli fyrir ósjúkratryggða einstaklinga sem koma til landsins gagngert í því skyni að gangast undir tiltekna aðgerð eða meðferð enda skerði það ekki lögbundna þjónustu stofnunarinnar. Hér er um nýmæli að ræða sem ætlað er að veita sjúkrahúsum og sérhæfðum heilbrigðisstofnunum tækifæri til útrásar eða „útflutnings“ á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu sem veitt er hér á landi. Er hugsanlegt að þarna séu tækifæri sem nýta má til hagsbóta fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi og samfélagið í heild sinni. Þá má ætla að starfsemi af þessu tagi geti styrkt og eflt læknavísindin hér á landi, t.d. á þeim sviðum þar sem óraunhæft eða óhagkvæmt hefur talist að halda uppi starfsemi vegna fámennis. Gerir heimildin þannig ráð fyrir að heilbrigðisstofnanir sem fengið hafa slíka heimild geti markaðssett tiltekna heilbrigðisþjónustu, svo sem sérhæfðar skurðaðgerðir o.fl., fyrir ósjúkratryggða einstaklinga á einkaréttarlegum grundvelli og veitt hana í hagnaðarskyni. Sé heimildin nýtt verður að gera þá kröfu að veiting þjónustunnar hafi ekki áhrif á þá þjónustu sem sjúkratryggðum einstaklingum stendur til boða og er það áskilið í frumvarpinu. Rétt er að taka það skýrt fram að þessi heimild er einskorðuð við veitingu heilbrigðisþjónustu til ósjúkratryggðra einstaklinga sem hingað koma gagngert til að fá þjónustuna.

Ég vil að lokum ítreka það sem kom fram í ræðu minni hér á undan að horfið hefur verið frá áformum sem fólust í tillögum nefndarinnar sem samdi drög að frumvarpinu um víðtækar sameiningar heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Mun samþykkt frumvarpsins því ekki knýja á um slíkar sameiningar heldur verða ákvarðanir um slíkt í sama farvegi og verið hefur.

Ég vil líka, virðulegi forseti, draga það fram að hin fjölmenna nefnd sem starfaði að þessu frumvarpi og var skipuð fulltrúum frá öllum flokkum skilaði tillögunum án fyrirvara. Það var reyndar einn fyrirvari frá fulltrúa Samfylkingarinnar sem laut að 15% ákvæðinu sem sveitarfélögin greiddu í hjúkrunarrýmum sem voru inni á heilbrigðisstofnunum en nú hefur fallið úrskurður í því máli þannig að það mál er frá, má segja. Ég er því mjög ánægð með að pólitísk samstaða náðist um þetta frumvarp. Auðvitað hafa menn ýmsar skoðanir á innihaldi þess, sem ég virði, en ég tel

mjög mikilvægt að málið fái góða umfjöllun í heilbrigðisnefnd þingsins því það er mikið framfaramál fyrir heilbrigðisþjónustu í landinu að þetta frumvarp nái fram að ganga. Frumvarpið endurspeglar að mestu niðurstöðuna í nefndinni fyrir utan það sem ég drap á áðan, þ.e. að búið er að gera verulegar breytingar þannig að það knýr ekki eins á um sameiningar og var í upphaflegum tillögum.

Virðulegur forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu breytingum sem þetta frumvarp felur í sér og legg til að því verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[16:05]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í stuttu andsvari um það frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu sem hæstv. ráðherra mælti hér fyrir og gat um í lok ræðu sinnar að væri allmikil og góð pólitísk sátt um, vil ég segja að auðvitað vona ég að svo sé og verði. Mér sýnist vera margt mjög jákvætt í því og segi kannski svolítið um það hvernig þetta er rekið í dag.

Mér er kunnugt um að þegar fyrstu frumvarpsdrögin voru send út í upphafi þessa árs voru líka send út drög að reglugerð til þeirra sem þau fengu. Það er ánægjulegt að fram kemur að 101 aðili sendi inn umsögn og það kemur líka fram að töluvert hafi verið orðið við þeim. En andsvar mitt lýtur að 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um heilbrigðisumdæmin. Þessi grein er mjög víðtæk þannig að ráðherra getur nánast tekið hvaða heilbrigðisstofnanir sem er og sameinað þær án tillits til ýmissa þátta sem maður vildi sjá í því. Spurning mín til hæstv. ráðherra er því sú: Hvers vegna fylgja þessi drög að reglugerð ekki hér með þannig að við þingmenn getum séð þetta strax og hyggst ráðherra fara þá leið að sameina heilbrigðisstofnanir eitthvað í takt við það sem kvisast hefur út og verið rætt um, eins og t.d. á Norðurlandi allt frá Blönduósi austur á Þórshöfn?

Það er mjög mikilvægt að heyra hverjar hugmyndir hæstv. ráðherra eru í þessum efnum við 1. umr. málsins sem verður svo auðvitað tekið til meðferðar í heilbrigðis- og trygginganefnd sem ég á sæti í.

Mig langaði að spyrja um þetta og heyra svar ráðherra við því, virðulegi forseti.

[16:07]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Kristjáni Möller að unnin voru drög að reglugerð sem sýndu stór heilbrigðisþjónustusvæði. Þau eru stór núna, það er eitt stórt á Suðurlandi og eitt stórt á Austurlandi og búið að sameina þar stofnanir í eina heilbrigðisstofnun. Þetta var hugsað þannig í upphafi, hluti af þessu frumvarpi.

Ég gerði mér strax grein fyrir að það var mikil andstaða við þetta, sérstaklega á Norðausturlandi, á Vestfjörðum og að hluta til á Vesturlandi. Menn voru hræddir við þessar breytingar og töldu að þetta væru of miklar sameiningar og svæðin yrðu of stór. Ég býst líka við að menn séu mannlegir og séu eins og gengur og gerist viðkvæmir fyrir breytingum.

Ég gerði mér grein fyrir þessu og ákvað þess vegna að að koma ekki með þessa reglugerð inn í þingið þar sem ég taldi að hún yrði ekki að veruleika. Hún mundi bara æsa upp málið og yrði ekki til góðs. Ég sá því enga ástæðu til að flagga þessari reglugerð og mun ekki gera það. Fyrir utan það var frumvarpinu breytt þannig að gerðar voru enn þá meiri breytingar til að koma til móts við þann titring sem maður varð var við. Það endurspeglast í 5. og 6. gr. frumvarpsins. Þar er búið að setja inn núna heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir í stað þess að í hverju umdæmi, heilbrigðisumdæmi, skuli vera ein heilbrigðisstofnun. Þannig að þær geta verið fleiri eins og frumvarpið er í dag. Þær eru fleiri í dag.

Það er búið að breyta frumvarpinu til að koma til móts við þá andstöðu sem maður fann við sameiningar. Það er líka búið að setja inn að það á að hafa samráð við sveitarfélögin og Samband íslenskra sveitarfélaga. Það var tekið út úr gildandi lögum á sínum tíma og er ekki í gildandi lögum í dag. Það eru meiri girðingar í frumvarpinu núna, verði það að lögum, en gilda í dag gagnvart sameiningu. Ég tel því að búið sé að koma algjörlega til móts við þessar áhyggjur.

[16:10]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta svar. Ég tók eftir því að hún taldi að þessi hugmynd að reglugerð ætti ekki erindi til okkar, til að æsa upp lýðinn ef svo má að orði komast, æsa okkur þingmenn upp hvað þetta varðar.

Virðulegi forseti. Það má enginn skilja orð mín svo að ég sé á móti sameiningu heilbrigðisstofnana ef það er gert á þeim grunni að ekki sé eingöngu verið að spara fé og sameina sameiningarinnar vegna. Það verður auðvitað að vera einhver merkilegur og góður tilgangur með slíkri sameiningu þannig að það verði aukin og fjölbreyttari þjónusta sem kemur út úr því. Það er ekki eingöngu hægt að horfa á þetta sem stofnanir á blaði heilbrigðisráðuneytisins eða í fjárlögum og gera þetta þannig, landafræðin og landakortið verður að sjálfsögðu líka að vera þar með.

Ég fagna því sem hér kom fram hjá hæstv. ráðherra en ég mun kalla eftir því í heilbrigðis- og trygginganefnd að hugmynd að þessari reglugerð komi fram þar svo menn geti séð hana. Ég vænti þess líka og vona að heilbrigðisráðherra lýsi því yfir að ekki sé ætlunin, í framhaldi af þessu, að fara í hraðvirkar sameiningartilraunir án þess að þeir þættir verði hafðir að leiðarljósi sem ég gerði að umtalsefni rétt áðan.

Virðulegi forseti. Það er örstutt eftir af andsvari mínu og það er annað sem snýr að reglugerðum í frumvarpinu en á mjög mörgum stöðum er kveðið á um að ráðherra setji frekari reglur um þetta og hitt og að kveðið verði á um þetta í reglugerð o.s.frv. Spurning mín til hæstv. ráðherra er um það sem ég held að sé dæmi um góða stjórnsýslu: Eru til drög að öllum þessum reglugerðum og munum við í (Forseti hringir.) heilbrigðis- og trygginganefnd fá að sjá þau drög?

[16:12]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki alveg svarað þessu með reglugerðardrögin, hvort þau eru til á öllum sviðum, en það

verður hægt að fara yfir það í heilbrigðisnefnd.

Hvað varðar reglugerðina sem unnin var á sínum tíma eða drögin, þá held ég að hún sé á netinu þannig að hv. þingmaður getur nálgast hana. Hún er búin að fara um allt heilbrigðisþjónustukerfið og allir vita hvernig hún lítur út. En sú reglugerð er ekki að verða að veruleika. Það er búið að breyta frumvarpinu þannig að verið er að fara frá þessari reglugerð ef eitthvað er, frekar en nær henni. Auðvitað munu menn geta sameinað stofnanir í framtíðinni ef það þykir skynsamlegt en frumvarpið kallar ekki á það eins og það gerði. Núna skal ekki vera ein heilbrigðisstofnun í heilbrigðisumdæmi, þær geta verið margar. Við gætum því verið með heilbrigðisumdæmi Norðausturlands eða Norðvesturlands þar sem væru óbreyttar stofnanir eða eins og þær eru í dag en þær ættu þá að hafa samráð og samstarf sín á milli. Við erum samt ekki að búa til einhvers konar þriðja stjórnsýslustig, þetta á ekki að vera flókið og þungt samstarf. Þetta á að vera eðlilegt samstarf.

Eins og staðan er núna eru ekki áætlanir uppi um sameiningu heilbrigðisstofnana. Hins vegar hefur sameiningin að mínu mati og margra annarra, ekki allra en margra, tekist vel á Suðurlandi og Austurlandi. Það eru ekki allir sammála því en ég tel að hún hafi tekist vel. Maður heyrir ekki raddir uppi um að kljúfa ætti heilbrigðisstofnun Suðurlands eða heilbrigðisstofnun Austurlands upp í minni einingar.

Menn sameina til að bæta þjónustuna. Þeir aðilar sem vinna við þessa þjónustu eru sérhæfðir, þetta er dýr starfskraftur og mikilvægur. Maður heyrir líka að þeir vilja vinna í stærri stofnunum þar sem meiri sveigjanleiki er í vaktaþjónustu og menn geta farið meira um. Sameiningin á að sjálfsögðu að vera til góðs en það er ekkert sem kallar á sameiningu (Forseti hringir.) samkvæmt frumvarpinu.

[16:14]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég ætla ekkert að hafa mörg orð um þetta frumvarp á þessu stigi málsins. En nokkur atriði vil ég nefna. Ég vil í fyrsta lagi að mörgu leyti hrósa undirbúningi frumvarpsins. Í þeim starfshóp sem þarna vann sátu fulltrúar allra flokka sem og talsvert samráð var viðhaft í vinnsluferlinu. Það er góðra gjalda vert og þannig mætti oftar standa að málum. Ég tala nú ekki um þegar um mikilvæga viðkvæma þjónustu af þessu tagi er að ræða. Það er líka fagnaðarefni að í aðalatriðum er sæmileg sátt um tillögur nefndarinnar sem frumvarpið byggir í grunninn á. Reyndar er ekki hér um að ræða mikla stefnubreytingu. Ef maður les þetta frumvarp og ber það saman við gildandi lög þá er ekki í neinum veigamiklum mæli verið að hverfa frá þeirri stefnu sem þar hefur verið. En það ber að hafa í huga að á þeim lögum höfðu orðið nokkuð umdeildar breytingar á undangengnum árum, til dæmis sem varða stjórnsýslu og fyrirkomulag á þessu sviði. Þar á ég til dæmis við það þegar lagðar voru af stjórnir heilsugæslustöðva og fleira mætti nefna í þeim dúr.

Það sem ég vil í fyrsta lagi nefna hér sérstaklega er skipulag heilbrigðisumdæmanna og ákvæði 5. gr. og annað sem því viðkemur. Þar er gert ráð fyrir að landinu sé skipt í heilbrigðisumdæmi og að um þá skiptingu fari samkvæmt reglugerð. Með öðrum orðum er ráðherra veitt þarna mjög mikið vald til að ákveða skipulag heilbrigðisþjónustunnar að þessu leyti.

Síðan er heilbrigðisþjónustan greinilega þannig hugsuð í framhaldinu að þjónustustigið eða starfsemin á viðkomandi sviði er skoðuð út frá umdæmunum. Með öðrum orðum, fyrst getur ráðherra með reglugerð breytt umdæmunum, stækkað þau að vild og síðan er sagt: Tiltekna, almenna grunnþjónustu ber að veita innan hvers heilbrigðisumdæmis. En þar með er svigrúmið orðið gríðarlega mikið til þess að ákveða í hvaða byggðarlögum eða hvar innan viðkomandi svæða þjónustan verði veitt. Í raun hefur því sá ráðherra sem það vill meira og minna algerlega í hendi sér að ákveða hvernig þjónustan að þessu leyti væri byggð upp.

Þetta má segja reyndar um ákvæði þessa frumvarps í fleiri tilvikum, þ.e. að hér er um að ræða tiltölulega almennt orðaða rammalöggjöf sem felur framkvæmdarvaldinu geysilegt svigrúm til þess að ákveða, þ.e. í fyrsta lagi skilgreina þjónustuna, í öðru lagi ákveða umfang heilbrigðisumdæmanna og í þriðja lagi hvaða þjónusta eða hvernig þjónustan er veitt innan viðkomandi heilbrigðisumdæmis.

Þetta leiðir eðlilega til þess að talsmenn ýmissa minni byggðarlaga eru mjög áhyggjufullir um sinn hlut því þeir vita að svo getur farið að innan ramma þessa svigrúms komi til mikilla breytinga ef svo ber undir. Nú er ég ekki endilega að segja að slíkar áætlanir séu uppi en augljóslega býður fyrirkomulagið upp á vangaveltur um þetta. Því var það að sumir urðu mjög langleitir, að sagt er, þegar drög að reglugerð fylgdu með frumvarpinu til kynningar og varð eitthvað hljóðbært hér og þar í landinu.

Ég held að til þess að hafa sem besta samstöðu um þessi mál og til að fyrirbyggja tortryggni sem vonandi er ástæðulaus þá verði í staðinn — ef frágangur mála er þessi í lögum — að gera þær kröfur að fyrir liggi á hverjum tíma með mjög skýrum hætti markmið stjórnvalda um heilbrigðisþjónustuna, hvernig þjónustustigið er skilgreint og hvernig það skuli veita lárétt landfræðilega og síðan aftur lóðrétt milli stofnana. Gera verður þá kröfu því annars er þetta allt saman svífandi og í allt of lausu lofti. Það er ómögulegt fyrir forstöðumenn, fyrir starfsemi, hvort sem það er sjálfstæð stofnun eða eining innan stærri heildar, að vita aldrei almennilega ár frá ári hvað þeim er ætlað að gera, hvaða heimildir þeir hafa til þess og svo framvegis.

Um stækkun eða sameiningu heilbrigðisumdæma og stofnana í stærri einingar vil ég segja að ég held að að mörgu leyti hafi ágætir hlutir gerst þar hvað það varðar að faglega og hvað varðar stjórnsýslu hafi þetta víða tekist ágætlega. Ég nefni bara það dæmi sem ég þekki best, þ.e. Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og út af fyrir sig mætti nefna líka Heilbrigðisstofnun Austurlands. En hitt er alveg ljóst að þetta hefur ekki orðið þessari starfsemi til þess styrktar rekstrarlega sem menn vonuðust til. Mönnum finnst jafnvel að þeir hafi verið neyddir til þess í gegnum þessa stækkun og sameiningu að fara samtímis í kostnaðarfullar hagræðingaraðgerðir.

Ég man nú þá tíð að hver og ein heilsugæslustöð á þessum svæðum var sjálfstæð eining með sjálfstæðri stjórn og sjálfstæðu fjárlaganúmeri. Síðan til dæmis sameinuðust heilsugæslustöðvarnar í Norður-Þingeyjarsýslu fyrst, þrjár í eina. Það var að mörgu leyti góð aðgerð því það gaf færi á

að ráða framkvæmdastjóra fyrir þá starfsemi í fullt starf. Það gerði auðveldara um vik að læknar skiptust á og væru á bakvakt hver fyrir annan og svo framvegis. Síðan varð úr þessu sameining starfseminnar í Norður-Þingeyjarsýslu við starfsemina í Suður-Þingeyjarsýslu og þar varð til Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sem að mörgu leyti er ágæt eining vegna þess að þar er um að ræða heilsugæslustöðvar og sjúkrahús með legudeildum á Húsavík.

Ég spyr mig hins vegar: Hvaða tilgangi mundi sameining slíkrar einingar við aðrar nokkurn veginn hliðstæðar þjóna? Það er algerlega lárétt sameining, ef menn skilja hvað ég er að fara. Ég hef efasemdir um að það mundi í sjálfu sér skila neinni sérstakri hagræðingu. Það er bara verið að stækka eininguna gríðarlega og gera jafnvel flóknari viðfangsefni sem lúta þá að því að skilgreina þjónustuna, hvar hún skuli veitt og hvernig innan afmarkaðs landfræðilegs svæðis eða búsetusvæðis. Ég bara endurtek það að þetta snýst um að skilgreina þjónustuna og að hún verði ekki gengisfelld í gegnum það svigrúm sem búið er til með þessum hætti ef svo bæri undir.

Alveg sama má segja um annan þátt þessa máls sem er svigrúm ráðherra til að semja um rekstur og form á þjónustunni á öðrum grunni en þeim að hún sé veitt með hefðbundnum hætti af hinu opinbera. Það kann vel að vera að sé eðlilegt eða óumflýjanlegt að eitthvert slíkt svigrúm sé til staðar. En það ræðst allt af því hvernig með það er farið hvaða pólitík, hvaða stefna gildir hverju sinni. Það er að mínu mati ekki gott að þessu sé svipt fram og til baka eftir því hvaða persónuleg viðhorf viðkomandi ráðherra hefur á hverjum tíma. Þá er spurning: Er ekki búið að ganga of langt í þá átt að hafa hér bara rammalöggjöf með gríðarlegu framsali til ráðherrans í formi framkvæmdar eða í formi reglugerðarútgáfu, en það er það sem þarna er á ferðinni.

Ég vil nefna aðeins háskólasjúkrahúsin eða háskólasjúkrahúsið og kennslusjúkrahúsið eins og það er hér samkvæmt þessum lögum. Ég ætla ekkert að útiloka að þetta geti verið eðlilegur eða sanngjarn framgangur málsins. Ég spyr mig þó: Er eitthvað að því að þarna sé bara gengið frá málum þannig að hér á landi séu tvö háskólasjúkrahús? Það er þannig að kennsla á háskólastigi í heilbrigðismálum fer fram á tveimur stöðum, við Landspítala – Háskólasjúkrahús og á Akureyri. Ég sé ekki endilega að það þurfi að aðgreina þau með þessum hætti þó það kunni að vera styrkur að því út af fyrir sig svo langt sem það nær fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að fá þarna lagalega viðurkenningu, má segja, í þessu nafni á þeirri heilbrigðiskennslu sem þar er og starfsemi á því sviði. En þá þarf líka að svara því hvað felst í því. Felur það í sér til dæmis að kennslusjúkrahús, í skilningnum kennsla á háskólastigi í heilbrigðisgreinum, opni möguleika á stöðu prófessora, rannsóknastarfsemi, akademískri starfsemi af því tagi? Ef ekki, af hverju ekki? Ef svo væri, má þá bara ekki kalla hlutina réttum nöfnum og kalla FSA háskólasjúkrahús bara með minna umfangi heldur en Landspítalinn? Ég sé ekki alveg rökin fyrir þessari aðgreiningu en hafna henni svo sem ekki fyrir fram áður en ég hef heyrt þetta útlistað.

Ég ætlaði einnig að nefna stjórnsýsluþáttinn, hvað varðar einfaldlega starfsmannalýðræði og aðgang heimamanna. Ég var ekki hrifinn af þeirri breytingu sem farið var út í á sínum tíma, að slá af stjórnir heilbrigðisstofnananna eða heilsugæslustöðvanna. Mér fannst eftirsjá að því að heimamenn ættu aðild að þessum þáttum og starfsmenn. Það er dapurlegt að í íslenskri löggjöf hefur allt sem hægt er að kalla starfsmannalýðræði verið á hraðri útleið. Það er búið að fella slíka hluti niður í lögum þar sem voru þó vísar að þeim á einstökum sviðum, eins og innan heilbrigðisgeirans. Þessi þjónusta verður ekki veitt, þessari starfsemi verður ekki haldið uppi nema með góðum starfsmönnum og að vinnuandrúmsloft sé gott — nóg er nú samt — er þá ekki gott að starfsmennirnir séu aðilar að þessu þannig að þeir geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri og átt sæti við borðið þar sem ræddir eru praktískir hluti sem snúa að rekstrinum, uppbyggingu og fyrirkomulagi starfsins? Það held ég. Mér finnst því hér ekki endilega verið að fara í skynsamlega átt.

Ég held að það sé nauðsynlegt að hv. þingnefnd fari mjög rækilega ofan í saumana á þeim hlutum sem meðal annars ég hef gert hér að umtalsefni, hafa komið hér einnig fyrir í andsvörum og svörum ráðherra áðan og varða meðal annars framtíðaráformin í þessum efnum. Við skulum bara viðurkenna að það myndaðist þó nokkur tortryggni í garð þeirra áforma sem hér væru á bak við. Það er verk að vinna að henni og eyða. Hæstv. ráðherra viðurkenndi það og gaf þá skýringu að þess vegna hefðu áformin samkvæmt reglugerðardrögunum verið slegin af. En þá held ég að líka þyrfti að fá svör við því hver sé þá stefnan ef svo er. Eru menn þá að gera ráð fyrir í aðalatriðum óbreyttu skipulagi, óbreyttu umfangi heilbrigðisumdæmanna til næstu ára? Annað væri náttúrlega fráleitt þegar menn fara hér í gegn með heildarendurskoðun á löggjöf en að þeir horfðu þá til einhvers tíma. Menn eru vonandi ekki bara að redda sér hér í gegnum kosningaár af því þeir hafa óttast að breytingar gætu orðið óvinsælar og ætla að taka það svo upp úr pússi sínu ef þeir verða í aðstöðu til í júnímánuði næstkomandi. Nei. Við skulum þá vona að menn séu af heilum hug og í alvöru að horfa á hlutina með eitthvað öðrum augum og það eigi sem sagt að hugsa þetta skipulag til einhverra ára í tengslum við endurskoðun löggjafarinnar.

Við þessu þurfa að fást skýr svör. Það er hlutverk þingnefndarinnar að fara ofan í saumana á þessum hlutum og vonandi sjáum við, til dæmis í formi nefndarálits og upplýsinga sem þar kæmu fram, nákvæmlega hvernig þessir hlutir eru hugsaðir til næstu framtíðar, þ.e. hvernig menn ætli að nálgast skilgreiningu á umfangi og gæðum þjónustunnar og hvernig hún verður veitt í einstökum atriðum, á einstökum svæðum og í einstökum byggðarlögum.

[16:27]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Við erum að ræða hér frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, frumvarp sem var undirbúið af nefnd sem í sátu fulltrúar frá stjórnmálaflokkunum og ýmsum öðrum. Þetta er, eins og komið hefur fram í umræðunni, viðamikið plagg sem heilbrigðis- og trygginganefnd mun auðvitað fá til umfjöllunar. Það er alveg ljóst að það verður heilmikil vinna fyrir nefndina að fara yfir þetta frumvarp til laga.

Ég hef ákveðið að tala hér sem þingmaður Reykvíkinga.

Ég tel orðið tímabært að hér verði komið með sjónarhorn Reykvíkinga inn í þessa umræðu. (**Gripið fram í:** ... prófkjörs ...?) Ég hef alltaf talað sem þingmaður Reykvíkinga. (**Gripið fram í:** ... þingmaður alls landsins?) Jú, en sérstaklega þarf að tala um Reykjavík hér vegna þess að á sama tíma og lögð er fram heildstæð löggjöf um heilbrigðisþjónustu er hér mikil aðför að Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. En hún er, eins og kannski margir þekkja, stofnun sem er yfir öllu svæðinu, þ.e. Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Mosfellsbæ og auðvitað Reykjavík. Hún hóf starfsemi sína fyrir tæpu ári, þ.e. 1. janúar 2006, og þegar hún hóf starfsemi var búið að selja undan henni húsnæðið sem var Heilsuverndarstöðin í Reykjavík, fínt húsnæði sem var byggt sérstaklega sem húsnæði fyrir heilbrigðisþjónustu. Þegar húsnæðið var selt var ekki búið að kanna hverjar þarfirnar væru fyrir heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Engin þarfagreining hafði farið fram.

Þarna erum við að fjalla um þriðju stærstu opinberu stofnunina á landinu. Ef við horfum til fjölda starfsmanna eru þar 700 starfsmenn og undir stofnunina heyra 15 heilsugæslustöðvar. Það var ekkert hugsað um það hvernig þessi framtíðarstofnun ætti að vera með tengsl við t.d. hið nýja þekkingarþorp sem snýr að háskólanum og Landspítalanum. Ítrekað var bent á það þegar Heilsuverndarstöðin var seld að þetta mundi setja starfsemina sem þar var í uppnám, sérstaklega þjónustuna við þungaðar konur sem eru í áhættuhópi eða konur með meðgönguvanda eins og það er kallað. Sömuleiðis höfðu menn áhyggjur af því að framtíð Miðstöðvar heilsuverndar barna væri í uppnámi við þá breytingu sem varð þarna vegna þess að menn óttuðust atgervisflótta frá þeirri stofnun.

Starfsmennirnir fengu mjög stuttan tíma til umþóttunar, einn eða tvo daga, til að leggja fram tillögur um húsnæðisþörf þeirrar starfsemi sem var í Heilsuverndarstöðinni. Það verður eiginlega að segjast sem er að þetta eru mjög ámælisverð vinnubrögð þegar um er að ræða svo mikilvæga starfsemi sem er og var í Heilsuverndarstöðinni. Það er ekki gæfulegt til framtíðar þegar maður sér hvernig staðið var að þessum málum.

Síðan er auglýst eftir húsnæði. Það er ákveðið að taka á leigu húsnæði í Mjóddinni sem var alveg í útkanti þess svæðis sem menn miðuðu við að hafa þessa þjónustu. Síðan kom í ljós að þetta húsnæði hentaði alls ekki fyrir þá starfsemi (Gripið fram í.) sem þarf nú að fara fram, inni í miðri verslunarmiðstöð. Ég verð að benda á að það er mjög erfitt fyrir marga sjúklinga að leita að heilbrigðisþjónustu inni í verslunarmiðstöð. Bæði þunglyndissjúklingar og margir aðrir sjúklingahópar eiga erfitt með að þurfa að leita þjónustu inni í verslunarmiðstöð.

Það er alveg ljóst að þetta fyrirkomulag allt saman mun gera það að verkum að öll sú starfsemi sem var í Heilsuverndarstöðinni mun tvístrast. Það er verið að setja lungna- og berkladeildina í bráðabirgðahúsnæði í Glæsibæ. Það eru líka hugmyndir um að atvinnusjúkdómadeildin fari þangað. Nú er ljóst í framhaldi af þessu, á sama tíma og við erum að ræða hér framtíðarskipan heilbrigðismála, að Miðstöð mæðraverndar verður lögð niður í núverandi mynd. Hún átti að deila heilli hæð með Miðstöð heilsuverndar barna og hafa sameiginlega móttöku. Það er búið að fara út í mikinn kostnað við breytingar á þessu húsnæði fyrir t.d. Miðstöð mæðraverndarinnar en nú er ljóst að undirbúningur er hafinn að því að þeim konum sem eiga við meðgönguvanda að stríða verði þjónað á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, við mjög þröngar aðstæður er mér sagt af þeim sem til þekkja.

Þetta gerist mánuði áður en á að fara að flytja þessa starfsemi í verslunarmiðstöðina í úthverfi borgarinnar. Þá er það eiginlega þannig að í raun er Miðstöð mæðraverndar lögð niður og þarna í Mjóddinni, í Þönglabakkanum, er tómt húsnæði. Ég velti fyrir mér hvað svona ráðslag kosti skattborgara. Við áttum fínt húsnæði í Heilsuverndarstöðinni en nú er búið að taka á leigu húsnæði hér í verslunarmiðstöð sem þurfti að breyta mikið. Það er búið að setja alla þjónustuna á Heilsuverndarstöðinni í uppnám.

Ég vildi gjarnan fá svör við því hjá hæstv. ráðherra. Ef hún getur ekki svarað því núna mun ég leggja fram formlega fyrirspurn um það: Hvað er þetta ráðslag búið að kosta? Hvað hefur það kostað að láta breyta húsnæðinu í Mjóddinni? Hversu mikið af hagnaðinum við sölu á Heilsuverndarstöðinni hefur farið í þetta? Er einhver afgangur? Hver tekur svona ákvarðanir?

Ég held að ég muni þurfa að leggja fram formlega fyrirspurn til hæstv. ráðherra um þetta. Mér er mjög mikið niðri fyrir vegna þess hvernig staðið hefur verið að þessari aðför að heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Ég vildi gjarnan fá að heyra hjá hæstv. ráðherra, og ég er með fyrirspurn til hennar, ég sé að hún er í símanum hérna frammi: Hver er framtíðarhugsun ráðuneytisins í sambandi við uppbyggingu heilsugæslunnar og tengsl hennar við Háskóla Íslands? Háskólana í landinu yfirleitt því að það er ekki bara Háskóli Íslands, heilsugæslan þyrfti að hafa samskipti við fleiri háskóla eins og t.d. Háskólann í Reykjavík.

Þeir sem standa að Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins telja niðurlægingu stofnunarinnar algjöra. Á hátíðarstundum er talað um að heilsugæslan skuli vera grundvöllur og grunnþjónusta allrar heilbrigðisþjónustu. Það var talað um það hér þegar mælt var fyrir þessu frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu að þetta væri til að tryggja þjónustu og gæði heilbrigðisþjónustunnar. Því miður verð ég að segja að á því hvernig stjórnvöld hafa stigið fram gagnvart heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins má greinilega sjá að gæði þjónustunnar eru ekki höfð í fyrirrúmi. Þetta hefur þvert á móti komið verulega niður á allri þeirri þjónustu sem verið hefur í Heilsuverndarstöðinni.

Ég bið hæstv. ráðherra að upplýsa hér um þau atriði sem ég hef spurt um í sambandi við þetta ráðslag allt saman með heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ég spyr: Hefur verið reynt að fá þetta húsnæði í Heilsuverndarstöðinni á leigu eða jafnvel kaupa það til baka? Það er alveg ljóst að ef áfram á að halda á þeirri braut sem nú er farin mun öll þessi þjónusta sem þar var tvístrast og jafnvel leggjast niður að einhverjum hluta eins og þjónustan við konur með meðgönguvanda.

Ég hef verulegar áhyggjur af því hvernig staðið hefur verið að þessum málum og spyr hæstv. ráðherra: Hvernig ætlar hún að taka á þessu máli? Á að láta þessa hluti danka eins og er að gerast núna eða ætlar ráðherrann að taka á þessu þannig að það sé hægt að vinna þessa heilbrigðis-

þjónustu alla saman á einum stað?

Varðandi annað í þessum lagabálki munum við auðvitað skoða þetta gaumgæfilega og kalla fyrir alla þá sem það mál varðar. Ég tel fulla ástæðu til þess að við köllum til fulltrúa frá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og þeir upplýsi heilbrigðis- og trygginganefnd um stöðu mála. Þær upplýsingar sem ég hef fengið um þau mál sem ég hef reifað hér eru mjög alvarlegar fyrir höfuðborgarsvæðið allt saman, bæði börnin sem þurfa að treysta á þjónustu Miðstöðvar um heilsuvernd barna, mæðraverndina og aðra þá þjónustu sem að Reykvíkingum snýr og öðrum höfuðborgarbúum.

Af því að ég er farin að vekja máls á þessu atriði vil ég líka nefna að mér finnst það vera orðin sérkennileg vinnubrögð þegar við eigum hús eins og Heilsuverndarstöðina — sem reyndar hefur drabbast niður vegna þess að því hefur ekki verið haldið við sem skyldi en hefði verið hægt að halda við og byggja upp, húsnæði sem var sérstaklega byggt fyrir heilbrigðisþjónustu og ríkið átti — sé það selt. Svo er verið að leigja úti um allan bæ undir þessa þjónustu og ég hef verulegar efasemdir um að það skili nokkrum hagnaði eða neinu nema auknum útgjöldum fyrir almenning og óþægindi. Það er ömurlegt að horfa upp á hvernig þetta er að verða. Ég minni á það aftur að það er erfitt fyrir marga að fara inn í verslunarmiðstöðvar til að leita að heilbrigðisþjónustu, t.d. á margt eldra fólk erfitt með að fara inn á þannig erilsama staði, þunglyndissjúklingar, fatlaðir og ýmsir fleiri.

Ég vil bara vekja sérstaklega athygli á stöðu heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, á stöðu Miðstöðvar heilsuverndar barna og Miðstöðvar mæðraverndar þar sem allt virðist vera í uppnámi. Mér finnst það verulegt umhugsunarefni þegar við ræðum hér frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu þar sem á að bæta þjónustuna og allt á að vera svo gott og fallegt að svona sé staðan á höfuðborgarsvæðinu í grunnþjónustunni sem á auðvitað að vera til fyrirmyndar. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hún gert eitthvað í því að fá aftur Heilsuverndarstöðina? Það er ekki búið að leigja það húsnæði út. Jafnvel kaupa það til baka? Það er greinilega algert ófremdarástand sem blasir við í málefnum Reykvíkinga hvað þetta varðar.

[16:41]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram erum við að ræða um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu sem er afrakstur vinnu stórrar og mikillar nefndar sem starfað hefur allt þetta kjörtímabil, þverpólitískrar nefndar skipaðri fulltrúum allra stjórnmálaflokka og mjög margra hagsmunaaðila sem að þessum mikilvæga málaflokki koma.

Það mun vera sá sem nú situr í forsetastól, hv. þm. Jón Kristjánsson, sem skipaði þessa nefnd 8. október 2003. Hún hefur skilað þessu frumvarpi sem hér um ræðir, sem vafalaust er að mörgu leyti mjög til bóta. Í frumvarpinu er sennilega margt af því sem við erum að framkvæma í heilbrigðisþjónustunni í dag, eða ætti ég fremur að segja ætluðum að framkvæma. Tilgangurinn er vafalaust skýr hjá öllum, að veita þá bestu þjónustu sem mögulegt er en síðan er það háð fjárveitingum hvers árs. Það er auðvitað þar sem skórinn kreppir. Fjársveltistefna núverandi hæstv. ríkisstjórnar hefur mjög verið gagnrýnd enda bitnar hún verst á veiku fólki og fólki sem býður eftir að komast í aðgerð.

Virðulegi forseti. Þegar gluggað er í frumvarpið kemur í ljós að ýmsir þættir lagatextans eru nokkuð opnari en í núgildandi lögum og fremur farið almennum orðum um þau atriði. Dæmi um slíkt er ákvæði um verkefni heilsugæslunnar í 17. gr. Einhverjir kunna vafalaust að telja að það skapi aukinn sveigjanleika í framkvæmd laganna og sé ótvíræður kostur. Hitt sjónarmiðið er að þetta sé losaraleg lagasetning og skapi hættu á hentiákvörðun stjórnvalda hverju sinni og framkvæmdin verði háð því sem ég gerði að umtalsefni í upphafi ræðu minnar, þ.e. fjárveitingum Alþingis, því sem hæstv. ríkisstjórn leggur til viðkomandi málaflokks. Það er undir ákvörðun ráðherra hverju sinni komið og dregur úr stöðugleikanum.

Ég gerði að umtalsefni hér áðan að á fjölmörgum sviðum er talað um að nánar verði kveðið á um framkvæmd í reglugerð. Í enn öðrum atriðum skal samið við ráðherra um framkvæmdina sérstaklega. Þetta atriði virðist manni mun ríkara en í núgildandi lögum. Þetta kann að vera til bóta og í samræmi við tíðarandann, að skapa möguleika til sveigjanleika og bregðast við breyttum þörfum frá einum tíma til annars. Þess vegna er brýnt, virðulegi forseti, að reglugerðir verði samdar strax. Ég ítreka að ég teldi það dæmi um góð vinnubrögð að viðkomandi nefnd þingsins, í þessu tilviki hæstv. heilbrigðis- og trygginganefnd, verði sýnd drög að reglugerðum sem ráðherra hyggst setja þegar frumvarpið verður að lögum. Það getur margt breyst í því sem ráðherra setur í reglugerð. Þess vegna ítreka ég það enn. En það á ekki eingöngu við um þetta frumvarp eða þann hæstv. ráðherra sem hér flytur mál sitt. Það á við um alla ráðherra vegna þess að oft breytist áherslan þegar reglugerðir líta dagsins ljós.

Ég gat áðan um, virðulegi forseti, varðandi 5. gr. í II. kafla þessa frumvarps, hugmyndir um sameiningu heilbrigðisstofnana. Ég tel að ráðherra hafi svarað því þannig að ég þarf ekki að kalla eftir frekari svörum við því. Ég tel að það sé komið fram en ég vona að það sé ekki eingöngu þannig að menn ætli að fresta þessu fram yfir kosningar vegna þess að það yrði óvinsælt. Nægar eru óvinsældirnar fyrir hjá ákveðnum stjórnmálaflokki og væri ekki á bætandi. En horfa verður á landakortið í leiðinni og skoða hvernig samstarfið er milli svæða.

Virðulegi forseti. Í III. kafla er rætt um forstjóra heilbrigðisstofnana. Ég tek eftir því að í þessum kafla er ekki tekið inn í menntunarviðmið heldur metur þriggja manna nefnd hæfi viðkomandi. Vafalaust yrðu reglur um það frekar settar í reglugerð, eins og ég hef gert að umtalsefni. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til tals að setja það þarna inn í og hver sé ástæðan fyrir því að svo er ekki. Það má auðvitað líka segja að heimilt sé að ráða forstjóra til bráðabirgða í fimm ár, gegn áliti ráðgjafanefndar ef ég skil það rétt.

Í 13. gr. er talað um fagráð, læknaráð og hjúkrunarráð. Ég hef ekki miklar skoðanir á því máli en spyr ráðherra hvort 13. gr. sé ekki dálítil flækjugrein. Þar er fjallað um að sé starfandi fagráð þá sé það til ráðuneytis en sé það hins vegar ekki þá sé læknaráð og hjúkrunarráð en ef meiri hluti

lækna og meiri hluti hjúkrunarfræðinga á stofnun komi sér saman um það megi fella starfsemi læknaráðs og hjúkrunarráðs undir fagráð.

Bíddu við, virðulegi forseti, er þetta ekki frekar flókið? Er þetta í takt við nútímastjórnunarhætti? Nú hef ég ekkert á móti þátttöku starfsmanna í því eða að þeir hafi um það að segja hvernig viðkomandi stofnun er skipuð. Ég get sagt í framhjáhlaupi að ég sakna þess mjög sem hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra beitti sér fyrir, að leggja af allar stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á árum áður. (**JBjarn:** Þú samþykktir það samt.) Ég minnist þess nú ekki. En það var búið að fella tillögu okkar á undan ef ég man það rétt, hv. þm. Jón Bjarnason, sem kannski man betur en ég hvernig ég greiddi atkvæði á þeim árum.

Aftur að 13. gr. Getur verið hugsanlegt, og kom það til tals við samningu þessa frumvarps, að snúa þessu við, hafa fagráðið sem fyrsta kost en vilji meiri hlutinn búa til læknaráð og hjúkrunarráð verði sú leið farin? Ég ætlaði líka að spyrja: Hvað ef aðrar starfsstéttir innan heilbrigðisstofnana biðja um sérstakt fagráð, fagráð sjúkraliða, sjúkraliðaráð? Ég ítreka að að það er ekki vegna þess að ég sé á móti því að starfsfólk hafi áhrif á stjórn viðkomandi stofnunar. Ég velti því fyrir mér hvort verið er að flækja þetta of mikið og hvort þetta er í takt við allra nýjustu og bestu stjórnunarhætti.

Síðan má auðvitað segja að ef fagráðið er, eins og hér er talað um, starfandi þá sé það sett innan hverrar stofnunar og starfsreglur þess settar og staðfestar af viðkomandi forstjóra. Það er líka spurning, ef þessi leið er farin, hvort það ætti ekki að vera ein reglugerð — svo ég kalli eftir einni reglugerðinni í viðbót — sem fjallaði um það gagnvart öllum heilbrigðisstofnunum, að það sé samræmt en ekki sett af hverri stofnun fyrir sig.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að orðlengja mikið meira um þetta. Málið var unnið af þverpólitískri nefnd og mér finnst hafa verið unnið faglega að samningu frumvarpsins, með nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka og fjölda fólks fyrir hönd hinna ýmsu samtaka, lækna og annarra. Eins finnst mér góður bragur á að frumvarpsdrögin, eins og þau voru til 3. febrúar á þessu ári, hafi verið send út til aðila og að 101 umsögn hafi borist til þessa. Þær voru almennt jákvæðar þótt gerðar væru athugasemdir við einstök atriði. Hér kemur fram að nefndin hafi farið yfir þau og tekið tillit til sumra þátta eins og mér heyrðist hæstv. heilbrigðisráðherra skýra frá áðan varðandi 5. gr.

Þetta er að mínu mati faglega unnið og vinnubrögð sem eiga að vera til þess að skapa sem mesta sátt um frumvarpið og þau lög sem við viljum setja í þessu. Ég vona, virðulegi forseti, hins vegar það að lögin, ef samþykkt verða, verði ekki til þess að auka meira þá miðstýringarárátttu sem er í þessum geira eins og svo mörgum öðrum. Ég gerði þá árátttu að umtalsefni ekki alls fyrir löngu í athugasemdum við að launagreiðslur, útreikningar launa og annað slíkt væru dregin hingað í eitthvert miðstýrt apparat á höfuðborgarsvæðinu frá heilbrigðisstofnunum sjálfum. Ég gagnrýndi það og geri enn. Ég held að það væri betra að hafa slíkt í nærumhverfi. Ég veit ekki hvort svo mikill fjárhagslegur ávinningur hefur fengist af þeirri tilhögun. En það var sannarlega sú ríkisstjórn sem nú situr, sem stundum kennir sig við frelsi, sem gekk þar í forðabúr gömlu Sovétríkjanna til að búa til miðstýrt apparat.

Virðulegi forseti. Í lokin langar mig að nefna 1. gr., um gildissvið og markmið, sem er afar fögur. Ég vil lesa hana, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til skipulags heilbrigðisþjónustu. Markmið þeirra er að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði í samræmi við ákvæði laga þessara, lög um almannatryggingar, lög um réttindi sjúklinga og önnur lög eftir því sem við á.“

Þetta er fagurt og gott markmið sem vafalaust allir geta tekið undir og samþykkt en spurningin er hvort það muni nást. Sem stendur er ekki annað hægt en að gagnrýna núverandi ríkisstjórn fyrir framkvæmdina. Það liggur í augum uppi að fjárskortur er mikill í heilbrigðiskerfinu og margir hafa kvarta yfir því. Til dæmis fannst mér mjög merkilegt að heyra það á nýlegri ferð minni um kjördæmi mitt vegna prófkjörs þar sem ég hitti fjölda fólks, að margir kvörtuðu yfir því að komast ekki í sjálfsagðar og nauðsynlegar liðskiptaaðgerðir vegna þess að á þessum tíma ársins er fjárhagslegur kvóti heilbrigðisstofnana búinn hvað það varðar. Mér skilst að það ástand hafi orðið í ágúst eða september á þessu ári.

Maður getur rétt ímyndað sér hvernig væri að vera í sporum þeirra sem bíða eftir slíkum aðgerðum. Menn líða miklar kvalir vegna þess að ákveðnir liðir í líkamanum virka ekki þegar brjóskið hefur eyðst. Þessu hljóta ábyggilega allir þingmenn að hafa heyrt lýsingar á og að hin stórkostlega og fullkomna heilbrigðisþjónusta sem við veitum, að geta skipt um liði hvort sem er um er að ræða mjaðmaliði eða hnjáliði, skuli ekki sinna slíkum aðgerðum seinni hluta ársins vegna þess að fjárveitingar til þessa þátt-ar í fjölmörgum heilbrigðisstofnunum landsins eru búnar. Þar með þarf blessað fólkið sem hefur fengið greiningu á þessum sjúkdómi eða tilvísun á að fara í liðskiptaaðgerð í upphafi þessa árs að bíða. Það hefur kannski verið á biðlista í fjóra, fimm eða sex mánuði og hefði átt að komast í aðgerð á þessum tíma ársins eða í september, eins og ég sagði áðan. Það fólk þarf að þjást enn meira og bíða eftir nýju fjárhagsári íslenska ríkisins. Það er náttúrlega á skjön við hin fögru markmið sem ég las hér upp og eru í 1. gr. þessa frumvarps. Það er í raun hæstv. ríkisstjórn til skammar hvernig komið er fram við ýmsar heilbrigðisstofnanir landsins, þótt að ég ætli ekki að fara út í umræðuna um fjárhagsmál þeirra á þessu stigi. Ég tók þetta eingöngu sem dæmi, virðulegi forseti, hér að lokum.

[16:55]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu. Ég get tekið undir þau orð hv. þingmanna um undirbúning frumvarpsins þar sem var kvaddur til hópur, þ.e. fulltrúar allra þingflokka við að undirbúa samningu þess.

Heilbrigðisþjónustan er einn af grunnþáttum almannaþjónustu í landinu og staða hennar er mælikvarði á velferð okkar. Það velferðarkerfi sem við viljum byggja upp bygg-

ist einmitt og hvílir á heilbrigðisþjónustunni. Þess vegna hefði ég viljað sjá í lagafrumvarpinu kveðið á um að það yrði skylt að skilgreina þjónustustig gagnvart íbúunum vítt og breitt um landið, til að skapa þar stöðugleika bæði gagnvart íbúunum og einnig þeim sem vinna viðkomandi þjónustustörf hjá þeim stofnunum sem hlut eiga að máli.

Tökum dæmi. Hvers eigum við að vænta t.d. hjá heilbrigðisstofnunum í Húnavatnssýslum, á Hvammstanga, Blönduósi eða Patreksfirði? Getum við búist þar við frekari niðurskurði og skerðingu á þjónustu? Þetta finnst mér að eigi að vera skilgreint. Að íbúar á þeim svæðum og um allt land, hvort sem það er í Reykjavík eða annars staðar, eigi aðgang að skilgreindri þjónustu og hún verði ekki skert, nema einhverjar sérstakar aðstæður verði til þess að svo megi verða.

Við búum líka við stöðuga ásókn einkavæðingar í heilbrigðisþjónustunni. Einn angi af því er það sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kom inn á í ræðu sinni, að verið er að taka á leigu húsnæði. Heilbrigðisstofnanirnar eiga stundum ekki lengur húsnæðið heldur er það byggt af öðrum aðilum og síðan tekið á leigu. Hún minntist á Heilsuverndarstöðina í Reykjavík, þetta tákn heilbrigðisþjónustunnar hér á landi, ekki bara í Reykjavík heldur um allt land, þetta gamla og fornfræga hús. Að sú leið skuli vera valin að selja það hús og vera síðan að taka annað húsnæði, ekkert hentugra, á leigu fyrir heilbrigðisþjónustuna á því svæði í Reykjavík. Svona mætti áfram telja. Einkavæðingarárátta, hvort heldur á að vista út starfsemi af heilbrigðisstofnunum til einkageirans eða að einkavæða húsnæði heilbrigðisþjónustunnar, finnst mér vera röng stefna. Mér hefði fundist að í lagafrumvarpið ætti að koma leiðbeinandi stefnumörkun hvað þetta varðar, þannig að lögð væri áhersla á að hin opinbera heilbrigðisþjónusta ætti og bæri ábyrgð á þeim tækjum, búnaði og húsnæði sem hún annars starfar í. Þetta er hluti af þeirri heild sem skapar öryggi og festu í þessari þjónustustarfsemi og einnig þjónustustigið.

Varðandi þjónustustigið vil ég benda á það sem hefur verið að gerast í mörgum heilbrigðisstofnunum, sérstaklega úti á landi, að þar er verið að vista út æ fleiri möguleika þessara stofnana til að sinna starfseminni. Tökum rannsóknirnar. Það að geta rannsakað blóð, tekið myndir og önnur slík grunnstarfsemi sem verður að vera fyrir hendi á heilbrigðisstofnunum til að þær geti þjónað þeim verkefnum sem þar koma inn, nú er tilhneigingin til að reka þetta sem sjálfstæðar rekstrareiningar inni á heilbrigðisstofnunum. Og þessar rannsóknarstofur út af fyrir sig verða að fara að skila þessum og þessum rekstrarárangri, þessi grunnþjónusta fyrir starfsemi á heilbrigðisstofnunum, og jafnvel er farið að bjóða þetta út til einkaaðila frá heilbrigðisstofnuninni sjálfri.

*Allur svona samdráttur, öll svona óvissa varðandi* grunnþætti í starfsemi heilbrigðisstofnunar skapar henni óvissu, skerðir möguleika hennar til að þróast, takast á við verkefni og fylgjast með tímanum. Afleiðingarnar verða þær að samkeppnis- og þjónustuhæfni heilbrigðisstofnunarinnar dregst saman, dregst aftur úr og þá kemur fjárveitingavaldið og segir: Það er alveg augljóst að æ fleiri verkefni eru að fara héðan burt og annað. Þess vegna getum við skorið niður fjárveitingar til stofnunarinnar.

Tökum dæmi um hvað miklu máli skiptir t.d. fyrir þjónustu í sjúkrahúsinu á Selfossi að vera með öfluga rannsóknarstofu sem starfar þar, ekki bara á daginn heldur er hún reiðubúin að takast á við viðfangsefni sem koma inn í stóru umdæmi. Það skiptir miklu máli að þarna sé öflug rannsóknarstarfsemi, rannsóknarstofa sem er rekin sem hluti af þjónustunni á viðkomandi sjúkrahúsi en ekki sem eitthvert sérstakt rekstrarviðfangsefni sem þurfi að bera sig eða skila þessum og þessum fjárhagslegum hagkvæmnisárangri. Sé verið að brjóta þetta niður á þennan hátt er aðeins verið að brjóta stofnanirnar niður.

Ég hef áhyggjur af því sem er að gerast á mörgum sjúkrastofnunum. Við höfum verið með sjúkrastofnanir eða heilbrigðisstofnanir, t.d. á Blönduósi, Hvammstanga, Patreksfirði og Bolungarvík sem hafa verið að lenda í því að stöðugt er verið að herða að með fjárveitingar til þeirra, sem þýðir að þá minnkar þjónustustigið sem þær stofnanir geta veitt. Ég tel þetta ranga þróun og í lögum eigi að vera yfirlýsing, vera kveðið á um þjónustustigið sem verði staðinn vörður um hjá viðkomandi stofnunum og einnig um þá þætti sem ég nefndi, þ.e. að geta stundað hinar og þessar þjónusturannsóknir vegna sjúkdóma og tilfella sem koma upp.

Íbúar úti á landi hafa brugðist við þessu með þeim hætti að gefa tæki og búnað á stofnanirnar til þess að þær standist samkeppni. Þannig þekki ég til að núna er verið að leggja áherslu á að sjúkrahús fái t.d. sneiðmyndatæki til þess að standast samkeppnina — ég nefni Akranes og Ísafjörð — til að geta staðist þessa samkeppni. Það er ekki stefnumörkun af hálfu stjórnvalda, það er ekki á stefnu þeirra að umrædd sjúkrahús hafi þessi tæki. Það er ekki á stefnuskrá þeirra að þjónustustigið á þessum heilbrigðisstofnunum hækki eða nái að sækja fram með því að vera með sneiðmyndatæki. Hvað gerist þá? Jú, íbúarnir reyna að standa vörð um sína stofnun og safna og gefa tækin. Þannig er það nú. Og það er oft og tíðum eins og íbúarnir á svæðunum séu í einhvers konar varnarstríði við stjórnvöld um þjónustustigið á heilbrigðisstofnunum vítt og breitt um landið. Þannig upplifi ég það og þannig upplifa íbúarnir það oft og tíðum.

Ég lagðist mjög gegn þeirri breytingu sem gerð var á lögunum um heilbrigðisþjónustu árin 2002–2003 að leggja niður stjórnir heilbrigðisstofnananna, leggja niður og afnema aðkomu sveitarfélaganna, aðkomu íbúanna að stjórnum heilbrigðisstofnananna á sínum svæðum. Það var þannig að viðkomandi sveitarfélög áttu fulltrúa í stjórnum heilbrigðisstofnananna og gátu þar með fylgst með og lagt fram tillögur sínar um þjónustustig, verkefni og áherslur. Þetta var fellt burt árin 2002–2003 og ég tel að það hafi verið rangt. Því það er nú svo að heilbrigðisþjónustan er *fyrir fólkið en ekki fólkið fyrir heilbrigðisþjónustuna.* Aðkoma stjórnvalda hvað varðar heilbrigðismálin ber allt of mikinn keim af því að þetta sé rekstur en ekki þjónusta. Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á því að þetta er þjónusta við íbúana. Þjónustustigið úti um land og hvar sem er ræður samkeppnishæfni til búsetunnar, ræður velferðarstiginu í landinu. Þetta mætti koma enn skýrar fram í þessu lagafrumvarpi.

Það hefur verið minnst á að framkvæmd laganna skipti

máli. Nú er t.d. verið að vinna að því að búa til eins konar reiknilíkan fyrir kostnaðargreiningu á verkefnum á einstökum heilbrigðisstofnunum og eftir því sem mér skilst er gengið inn í þá þróun sem er í gangi í dag og reiknilíkanið metið út frá því og af því dregnar ályktanir um hvað muni gerast á næstu árum hvað það varðar. Þær stofnanir sem hafa átt í vök að verjast á síðustu árum, nái þessi stefna fram að ganga að reikna það ástand áfram, munu því verða reiknaðar áfram niður. Í staðinn fyrir að skilgreina fyrst á viðkomandi svæðum, hvort sem það er Patreksfjörður, Bolungarvík eða Hvammstangi, og segja: Við viljum hafa þetta þjónustustig á þessu svæði og það kostar þetta mikið og við ætlum að axla þá ábyrgð svo lengi sem tök eru á. Nálgast þetta frá þeim grunni en ekki frá kostnaðargreiningargrunninum sem virðist vera allt of mikið allsráðandi og er að hefja innreið sína inn í heilbrigðiskerfið.

Forseti. Ég vildi bara draga þessi atriði sérstaklega fram. Ég tel að horfa eigi til þess að frumvarpinu verði breytt þannig að aðkoma íbúanna á viðkomandi svæðum í stjórnum, ákvarðanatöku og forgangsröðun á verkefnum heilbrigðisstofnananna verði meiri, þeir komi inn í þær stjórnir. Eins og þetta er nú eru frumvörpin fyrst og fremst send inn á sjúkrahúsin til þeirra starfsmanna sem eru þar og stjórna, gott og vel, en íbúarnir og sveitarfélögin eiga ekki með sama hætti aðgang að því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eins og áður þegar þau áttu aðild að stjórnum heilbrigðisstofnananna. Ég tel að úr því eigi að bæta og þeir eigi að koma aftur inn í stjórn heilbrigðisstofnananna.

Í umræðunni hefur verið minnst á hvað t.d. er að gerast varðandi bókhald og launaafgreiðslu og annað því um líkt á heilbrigðisstofnunum sem verið er að færa frá stofnunum og hingað miðlægt til Reykjavíkur. Heilbrigðisstofnanirnar eru líka mikilvægur starfsvettvangur og skaffa mikilvæga atvinnu í byggðarlögum þar sem þær eru staðsettar. Það skiptir líka máli og standa þarf vörð um þau verkefni að þau séu ekki að ástæðulausu dregin til Reykjavíkur frá stofnunum úti á landi eins og núna er allt of mikil tilhneiging til. Það ætti frekar að vera á hinn veginn að menn beittu frekar þrýstingi á að flytja verkefni frá ríkinu, frá heilbrigðisráðuneytinu til stofnananna sjálfra hvað þetta varðar í staðinn fyrir að gera það öfugt, eins og dæmi er með launa- og rekstrarmál heilbrigðisstofnananna þar sem þau eru komnar miðlægt hingað suður.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Málið fer í nefnd. Ég legg áherslu á það í lokin að setja þarf sterkari varnagla gagnvart þeirri einkavæðingartilhneigingu sem er í heilbrigðiskerfinu. Sterkari varnaglar þurfa að koma inn í lagafrumvarpið gagnvart einkavæðingunni og það þarf að koma enn sterkar fram að þjónustustigið sé skilgreint, að heilbrigðisþjónustan sé fyrst og fremst fyrir fólkið en ekki að heilbrigðisþjónustan sé rekstrarviðfangsefni. Heilbrigðisþjónustan er til fyrir fólkið og það á að vera meginmarkmið laganna og mér finnst það mega koma skýrar fram.

[17:11]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þessa ágætu umræðu sem hefur orðið hér um frumvarpið. Ég heyri að þingmenn hafa almennt dregið fram að frumvarpið sé vel undirbúið og sumir hafa talað um að það sé óvenju vel undirbúið og hrósa undirbúningnum. Það er alveg rétt að þetta frumvarp hefur fengið mikla skoðun. Það var unnið í stórri nefnd. Allir stjórnmálaflokkar áttu þar sæti og fleiri aðilar. Frumvarpsdrögin voru send til umsagnar og 101 umsögn barst. Frumvarpið var á netinu og tekið var tillit til athugasemda þannig að það er erfitt að vinna mál betur en þetta mál hefur verið unnið. Ég tek undir það að búið er að vinna mjög faglega að undirbúningi þess. Það fær svo skoðun enn á ný í heilbrigðisnefnd Alþingis og verður væntanlega sent til umsagnar aftur til þeirra sem hafa nú þegar sent inn umsagnir þannig að það ætti að geta gengið hratt fyrir sig.

Samt hefur frumvarpið tekið breytingum síðan við fórum í gegnum alla þessa skoðun og það er meðal annars út af þessari tortryggni um sameiningu stofnana sem kom upp og búið er að gera að umtalsefni hér. En ég heyri að breytingarnar sem við höfum gert á frumvarpinu hafa mætt þeirri tortryggni. Það er ekki verið að gera kröfu um eina heilbrigðisstofnun í heilbrigðisumdæmi. Þær geta verið fleiri eins og nú er þannig að frumvarpið er ekki hvati til sameiningar, ef svo má að orði komast. Það er meira að segja búið að reisa meiri girðingar, ef hægt er að kalla það svo, í frumvarpinu en gilda í dag af því að það er kveðið á um samráð við sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga áður en til sameiningar kemur. Slíkt samráð er ekki í dag. Það var tekið viljandi út úr lögunum á sínum tíma vegna þess að ríkið er að greiða kostnaðinn við þessa þjónustu og þá var það fellt út á sínum tíma að það ætti að vera samráð þegar um sameiningar væri ræða. En það er verið að setja það aftur inn.

Hér er búið að gera að umtalsefni ýmislegt sem ég vil reyna að bregðast við. Margt í umræðunni sem hér hefur farið fram snýst reyndar ekkert um frumvarpið. Það er nú eins og það er. Menn ræða það sem þeim liggur mest á hjarta. Varðandi skilgreininguna á háskólasjúkrahúsi því að hér var rætt um það hvort að á Akureyri gæti orðið háskólasjúkrahús líka. Samkvæmt frumvarpinu á Landspítalinn að vera Landspítali – háskólasjúkrahús og það á að vera háskólasjúkrahús. En hvað með sjúkrahúsið á Akureyri, af hverju á það að vera kennslusjúkrahús?

Þetta var rætt í nefndinni. Það er ákveðinn stigsmunur á þjónustunni sem veitt er á þessum tveimur sjúkrahúsum. Landspítalinn veitir sérfræðiþjónustu í nær öllum viðurkenndum greinum læknisfræðinnar og hjúkrunar. Það er talið að háskólasjúkrahús sem á að standa undir nafni sem háskólasjúkrahús þurfi að vera í tengslum við læknadeild. Það er nú kannski meginmunurinn. Því er eðlilegt að Landspítalinn sé háskólasjúkrahús en sjúkrahúsið á Akureyri kennslusjúkrahús. Hins vegar er hægt að hafa prófessorsstöðu við sjúkrahúsið á Akureyri ef menn telja grundvöll fyrir því. Það er ekkert sem bannar það. Gæðin þurfa bara að vera þess eðlis í viðkomandi grein.

Hér hefur verið talað svolítið um að það væri vont að hafa slegið stjórnirnar af á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Ég er ekki sammála því. Ég tel að það hafi verið gott skref og ég studdi það. Ég hef reyndar talið það almennt til bóta að þar sem um ríkisstofnanir er að ræða eigi ábyrgðarsvið að vera miklu skýrari en það hefur verið um langan tíma. Ég hef meðal annars staðið að því að búið er

að fella niður ákvæði um stjórnir í ýmsum stofnunum. Get ég þar nefnt Landmælingar Íslands sem dæmi, sem ég stóð að á sínum tíma. Það er óeðlilegt að forstöðumenn hafi ekki óskorað vald og ábyrgð á því sem þeir eru að sýsla með. Þegar stjórnir voru í stofnunum af þessu tagi urðu allt of mörg dæmi um alls konar togstreitu milli stjórna og forstöðumanna og það var sko ekki til bóta. Það var ekki til bóta fyrir starfsfólkið, alls ekki, þannig að ég hef verið því fylgjandi að vera ekki með stjórnir í ríkisstofnunum af þessu tagi.

Hér var líka talsvert rætt um Heilsuverndarstöðina og þá stöðu sem þar er uppi núna. Það er auðvitað ekkert í frumvarpinu sem tengist því. En allt í lagi, menn geta rætt það ef þeir vilja. Hér var gerð sala á Heilsuverndarstöðinni að umræðuefni. Þessi mál voru sem sé ekki uppi á mínu borði. Þetta átti sér stað miklu fyrr. En ég hef nú reynt að kynna mér aðdragandann eins og ég hef getað í mínum störfum. Menn eru kannski ekki nákvæmlega sammála um hvernig aðdragandinn var. En eins og ég skil þetta var mikill vilji hjá Reykjavíkurborg að selja Heilsuverndarstöðina. Þeir vildu losna úr því samkrulli sem þar var. Það eru til mikil bréfaskipti um þann vilja Reykjavíkurborgar sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur skrifað undir í krafti þess að vera borgarstjóri. Þetta var síðan skoðað. Heilbrigðisráðuneytið sér reyndar ekki um sölu fasteigna heldur fjármálaráðuneytið. Það var ákveðið meðal annars vegna þrýstings frá Reykjavíkurborg að setja Heilsuverndarstöðina á sölu. Að einhverju leyti skilst mér að það hafi verið gert til að reyna að verðmeta húsið, fá verðmat á það. Ég held að það hafi verið opið á sínum tíma að ríkið gæti komið inn í einhver kaup. En það barst mjög hátt tilboð frá einkaaðila úti í bæ. Í þeirri stöðu — eins og ég hef skilið þetta — þá taldi ríkið ekki stætt á því að ganga inn í það tilboð af því tilboðið var mjög hátt. Því var ákveðið að selja. Það var hins vegar ekki hagsmunamál heilbrigðisráðuneytisins, eins og ég skil það. Við sjáum ekki um sölu fasteigna. Það var enginn þrýstingur frá því ráðuneyti að selja. En þetta var staðan. Það var búið að setja húsið á sölu og það kom mjög hátt tilboð þannig að það var selt. (**KLM:** Þið lögðust ekki gegn því.) Fjármálaráðuneytið hefur séð um sölu af þessu tagi og þingmenn geta þá snúið sér þangað ef þeir vilja fara sérstaklega ofan í söluna á þessari fasteign af því ég þekki þetta ekki alveg í grunninn.

Í kjölfarið var farið að undirbúa flutning á Heilsuverndarstöðinni. Það lá bara fyrir. Það var búið að selja húsið. Það var auglýst eftir leiguhúsnæði og tekið húsnæði á leigu uppi í Mjóddinni. Það var talið að sú leiga væri ásættanleg. Það er líka mál sem við höfum ekki fullt vald á. Fjármálaráðuneytið hefur þar að sjálfsögðu líka miklu hlutverki að gegna.

Húsnæðið í Mjóddinni er ágætt og það er búið að undirbúa flutning og sá flutningur stendur yfir þannig að það er alveg ljóst að þessi mál voru löngu frágengin áður en ég kom að þessu ráðuneyti.

Það er líka búið að gera hér að umræðuefni heilsugæsluna í heild sinni. Hér voru þau orð látin falla að heilsugæslustarfsemi væri í uppnámi. Ég held að það sé nú orðum aukið. Heilsugæslan fer aðallega fram á heilsugæslustöðvunum sem eru allar í fullum rekstri. Starfsemin þar er í fullum gangi og ekkert við hana að athuga.

Hér var rætt um tengsl heilsugæslunnar við háskólaumhverfið. Ég vil sérstaklega benda á 15. gr. í því sambandi. Ég held að það hafi verið hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sem gerði það líka að umtalsefni. Í 15. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins skal taka að sér kennslu heilbrigðisstétta á grundvelli samninga við háskóla og aðrar menntastofnanir, háskólasjúkrahús eða kennslusjúkrahús og stunda vísindarannsóknir á sviði heilsugæslu.“

Heilsugæslan hefur því hlutverki að gegna varðandi menntun.

Síðan var rætt hér um reglugerðir. Það er rétt að mörgum atriðum sem felast í frumvarpinu þarf að koma í framkvæmd með reglugerðum. Það er ekki búið að vinna þær reglugerðir. Það mun taka marga mánuði. Þær eru örugglega margar flóknar og starfskraftur heilbrigðisráðuneytisins er í mörgum verkefnum. En að sjálfsögðu munum við vinda okkur í að undirbúa þessar reglugerðir. Þær eru mjög mikilvægar. En þannig eru svona heildarlög og rammalöggjöf eins og við erum hér að setja og þetta mál fjallar um að mörg atriði á að fjalla um í reglugerðum.

Varðandi menntunarviðmið í 9. gr. sem hv. þm. Kristján Möller gerði að umtalsefni þá var rætt í nefndinni hvort ætti að setja inn menntunarviðmið. En ákveðið var að gera það ekki heldur treysta á það fyrirkomulag sem þarna er fjallað um, þ.e. að treysta á að það fyrirkomulag valdi því að sá hæfasti verði ráðinn í starfið. Þetta eru misjafnlega stórar stofnanir og kannski er erfitt að gera miklar kröfur um mjög sérhæfða menntun. Því var talið eðlilegt að gera það ekki sérstaklega.

Varðandi 13. gr., flækjugreinina, eins og hv. þm. Kristján Möller kallaði hana, þá var hún rædd mikið í nefndinni, er mér sagt. Hún fékk mikla umfjöllun. Það hefur verið læknaráð og hjúkrunarráð, læknaráð sérstaklega með mjög langa sögu á bak við sig þannig að ákveðið var að segja ekki að það ætti að vera bara fagráð heldur er þarna opnað fyrir alla möguleikana, þ.e. að hafa læknaráð og hjúkrunarráð og ef menn komast að þeirri niðurstöðu að betra sé að hafa fagráð þá sé það líka mögulegt. (Gripið fram í.) Þetta er mjög opið. Fagráð er nokkuð sem ég tel vera mjög æskilegt miðað við þá starfsemi sem fer fram á sjúkrahúsunum. Þar fjalla margar sérhæfðar stéttir um einstaklingana. Ef menn velja ekki fagráð sem fyrsta kost þá er sem sagt hægt að hafa hin ráðin starfandi. En ég tel æskilegt að hafa fagráð á sem flestum stöðum.

Svo var hér að lokum, virðulegi forseti, rætt aðeins um að einkavæðingartilhneigingar væru í þessu frumvarpi. Svo er alls ekki. Einkavæðing á ekki upp á pallborðið í þessu frumvarpi og ég hef ekki áhuga á að fara út í einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar þar sem átt er við einkagreiðslur og að menn eigi að borga hátt verð fyrir þjónustuna, þ.e. svona ameríska kerfi. Ég hef engan áhuga á að fara út í það. Hins vegar tel ég eðlilegt að skoða einkarekstur eins tíðkast hefur um langa hríð og ég veit að allir flokkar meira og minna styðja, einkarekstur, líka hv. þingmenn Vinstri grænna. Við erum með einkarekstur núna. Fjölmörg hjúkrunarheimili eru rekin í einkarekstri, með sem sagt ákveðnum daggjöldum. Við erum með einkarekstur hérna uppi á SÁÁ. Við

gerum þjónustusamning og greiðum eftir honum. Ég var að skrifa undir samning upp á 2,5 milljarða um daginn við Náttúrulækningafélagið. Það fékk reyndar ekki eina einustu setningu í fjölmiðlum sem er nú svolítið merkilegt fyrir svona háan samning. Þar eru aðilar úti á markaði að veita þjónustu sem við greiðum fyrir með þjónustusamningi. Ég veit að þingmenn styðja það að unnt sé að nýta einkarekstrinn. En þetta er alls ekki einkavæðing. Það er allt annað fyrirbæri. Ég vil bara leiðrétta það. Ekkert bendir til neinnar einkavæðingar í þessu frumvarpi. Það er langt frá því. En það er opið í því eins og verið hefur að gera þjónustusamninga við aðila um að reka ákveðna þjónustu fyrir ríkið en þá með greiðslum frá ríkinu. Það mun verða áfram til skoðunar. Þeir sem hafa tekið að sér svona verkefni hafa yfirleitt staðið sig mjög vel.

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa góðu og uppbyggilegu umræðu og vona að málið fái góða umfjöllun í heilbrigðisnefndinni.

[17:27]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins varðandi orð hæstv. ráðherra um sölu á Heilsuverndarstöðinni eða öðrum eignum sem heilsugæslan notar. Ég vil bara upplýsa að þó að fjármálaráðuneytið sé ábyrgt fyrir framkvæmd sölunnar þá er það jú ríkisstjórn sem leggur það til að Alþingi fjalli um það á fjárlögum og það er ekki gert nema með samþykki viðkomandi fagráðuneytis. Hæstv. ráðherra ber náttúrlega stjórnsýslulega ábyrgð á þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar á undan henni í ráðuneytinu. Ég tel að það hafi verið rangt að selja Heilsuverndarstöðina, svo það komi fram.

Varðandi það sem ég sagði um stjórnir þá tek ég undir að framkvæmdastjóri viðkomandi heilbrigðisstofnunar eigi að vera ábyrgur fyrir rekstri hennar og ráðningu fólks. En svo er nú samkvæmt gildandi lögum og áfram er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi að það verði einhvers konar framkvæmdastjórn sem skipa fyrst og fremst bara æðstu starfsmenn — ef svo má kalla það — innan heilbrigðisstofnunarinnar sem á að fjalla um það hvernig taka eigi á málum innan stofnunarinnar. Gott og vel. En tengslin við íbúana þar sem viðkomandi heilbrigðisstofnun starfar skortir. Þar er ég ekki að tala um bein rekstrarleg tengsl út frá gefnum verkefnum heldur ber að tryggja að stefnumörkun varðandi þjónustu heilbrigðisstofnana sé gerð í nánu samráði við íbúana og að tryggt sé með þessari aðkomu að þeir eigi þar aðila að stjórn.

Sveitarfélögin eiga að leggja áfram heilmikið til eins og lóð og gatnagerðargjöld (Forseti hringir.) og annað því um líkt. En hér er ég fyrst og fremst að tala um þjónustustigið. (Forseti hringir.)

[17:29]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta andsvar gekk aðallega út á stjórnirnar sem búið er að leggja niður. Ég tel að tengsl íbúanna við þessar stofnanir séu frekar góð miðað við þar sem ég þekki til. Sveitarstjórnarmenn, alþingismenn og heilbrigðisráðherra sjálfur hrærast meira eða minna í þessum samfélögum og vita alveg hvað á sér stað og hvað verið er að gera inni á þessum stofnunum og hvaða þjónusta þar er veitt. Ég get bent á það sem dæmi að ég er núna að taka tillit til meðal annars áhyggna íbúanna, sveitarstjórnarmanna og þingmanna hvað varðar sameiningu stofnana. Ég er að taka tillit til þeirra. Ég er að breyta frumvarpinu og leggja það fram hérna í breyttum búningi. Þessi tengsl eru því fyrir hendi og eru að mínu mati ágæt.

Ég sagði í fyrri ræðu minni að komið hafa upp ýmis vandamál sem tengjast stjórnum yfir þessum stofnunum og þau vandamál voru ekki starfseminni til framdráttar heldur til skaða. Þetta átti sér ekkert stað í öllum stjórnum. Sums staðar gekk þetta ágætlega en annars staðar ekki. Því er eðlilegra að hafa ábyrgðarsviðið skýrt, að það sé forstjóri sem beri ábyrgð, ábyrgð gagnvart ráðherra, ábyrgð gagnvart starfseminni, bæði fjárhagslega og faglega, en faglega að sjálfsögðu ásamt þeim fagaðilum sem þar eru inni og í umboði þeirra. Ég hef því stutt það og studdi það á sínum tíma að leggja niður stjórnirnar sem voru á þessum stofnunum.

[17:31]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég legg áherslu á að heilbrigðisþjónustan er fyrir fólkið og tengslin við íbúana, fólkið sem á að njóta hennar, verða seint of mikil og okkur ber að standa vörð um slík náin tengsl.

Varðandi einkavæðinguna sem hæstv. ráðherra kom inn á, þá er það sitt hvað hvort gerður er samningur eða samningar við félagssamtök sem eru skilgreind á einhverjum ákveðnum vettvangi og eru ekki með þjónustuna í arðsemisskyni, ellegar hvort það er einkafyrirtæki eða fyrirtæki sem rekur þjónustuna í arðsemisskyni. Tökum t.d. Sóltún, sem ríkið gerði samning við. Sú stofnum er nánast alfarið rekin í arðsemisskyni og þar er krafist ákveðinnar arðsemi í rekstrinum í samningum við ríkið. Því miður eru agnúarnir einmitt þarna, vandamálin innan heilbrigðisþjónustunnar, það er þessi togstreita um einkavæðingu (Forseti hringir.) þar sem einstaklingar taka að sér hluta af slíkri þjónustu og almennum (Forseti hringir.) opinberum rekstri. Um þetta verður að standa vörð, herra forseti.

[17:32]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get fullvissað hv. þm. Jón Bjarnason um að ég er ekki einkavæðingarsinni í heilbrigðisrekstri en ég styð einkarekstur og er búin að benda á að það eru fjölmargir sem stunda einkarekstur í heilbrigðisþjónustu með þjónustusamningum við ríkið og hafa gert í áratugi og það hefur gengið mjög vel.

Varðandi Sóltún þá er halli á rekstrinum þar og við höfum átt í viðræðum við þá sem reka stofnunina og það mál hefur ekki verið útkljáð. Þar er rekin mjög mikilvæg starfsemi og Sóltún léttir t.d. mjög mikið á Landspítalanum með því að taka 90% af öldrunarsjúklingunum þangað inn. En þetta tal um að vera alltaf að gera okkur upp einhverja einkavæðingu í heilbrigðisrekstri, ég frábið mér það, það er ekki þannig, við styðjum ekki einkavæðingu í heilbrigðisrekstri, alls ekki.

[17:34]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni orð mín um aðför að Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem er verulegt áhyggjuefni. Mér er alveg fullkomlega kunnugt um að það gerðist ekki á hennar valdatíma í ráðuneytinu, enda er hæstv. ráðherra tiltölulega nýkomin í það embætti, en það voru fyrirrennarar hennar sem komu því þannig fyrir að Heilsuverndarstöðin var seld. Ég tel þetta vera skylt því máli sem við erum að ræða því að heilbrigðisþjónustan undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er í uppnámi eins og ég rakti í ræðu minni áðan, bæði Miðstöð heilsuverndar barna og sömuleiðis Miðstöð mæðraverndar. Nú er þjónustan fyrir „þungaðar konur í áhættu", eins og það kallast, eða konur með meðgönguvanda, ekki lengur undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eða undir sömu stjórn og hún var þegar Heilsuverndarstöðin var og hét. Sá þáttur hefur verið tekinn út úr þjónustunni og það er verið að hefja móttöku kvenna með meðgönguvanda á Landspítala – háskólasjúkrahúsi við mjög þröngan kost, er mér sagt. Sömuleiðis er verið að dreifa þjónustunni, það er verið að senda hluta af henni í bráðabirgðahúsnæði í Glæsibæ o.s.frv. eins og ég rakti hér.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hún ekki áhyggjur af þeirri þróun sem hefur orðið í kjölfar þess að Heilsuverndarstöðin var seld og hefur hún reynt að fá það húsnæði á leigu, þ.e. Heilsuverndarstöðina, eða kaupa hana til baka til þess að leysa þann vanda og það uppnám sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er í eftir að hún var seld?

[17:36]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er sagt að einhver aðför sé í gangi að Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. (Gripið fram í.) Nei, hér er engin aðför í gangi. Heilsugæslustöðvarnar starfa allar eins og venjulega, þar er allt í stakasta lagi og gengur vel. Það er engin aðför í gangi gegn heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu, ég átta mig ekki á því af hverju hv. þingmaður fjallar um þessi mál á þennan hátt.

Varðandi söluna, sem menn hafa rætt mjög lengi um og er greinilega enn þá til umræðu miðað við það sem hefur komið fram í andsvörum núna, þá vildi borgin selja og fyrrverandi borgarstjóri, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir núverandi hv. þingmaður, sendi ýmis bréf af því tilefni og ég hef skoðað hluta þeirra. Það var ákveðið að fara í sölu og ég rakti það ferli áðan. Í framhaldi af því var auglýst eftir húsnæði og það var tekið húsnæði á leigu í Mjóddinni. Þetta er sem sagt orðinn hlutur, það er búið að leigja nýtt húsnæði þannig að það er staðan sem við erum að vinna út frá. Þetta er ágætt húsnæði, það er miðsvæðis, mjög miðsvæðis og gott aðgengi, reyndar miklu betra aðgengi en að Barónsstígnum, varðandi bílastæði og annað slíkt. En það er ekki í næsta nágrenni við LSH, það er alveg ljóst, það er lengra þar á milli. En það er búið að leigja þetta húsnæði og við erum að koma stjórnsýslunni og fleiri verkþáttum þar inn núna eftir okkar bestu getu og það er verið að innrétta húsnæðið og flytja í það.

[17:38]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað veit hæstv. ráðherra hvað ég er að tala um. Ég er að tala um hina nýju stofnun, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem er yfirstofnun yfir heilsugæslustöðvarnar. Auðvitað eru margar heilsugæslustöðvar og flestar sem ganga ágætlega. En yfirstofnunin og öll sú þjónusta sem var í Heilsuverndarstöðinni, eins og Miðstöð heilsuverndar barna og Miðstöð mæðraverndar, sú þjónusta er í uppnámi. Húsnæðið í Mjóddinni sem tekið var á leigu er óviðunandi, að því er mér er sagt af þeim sem helst þekkja þetta.

Varðandi það að þjónustan sé miðsvæðis og kennslulutverk heilsugæslunnar, sem ég gerði líka að umtalsefni, verður að segjast eins og er að auðvitað er búið að færa þennan hluta heilsugæslunnar, sem hún ætti að sinna, langt frá háskólanum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hún ekki áhyggjur af því hvaða áhrif salan á Heilsuverndarstöðinni hefur haft á þá þjónustu sem þar er innan dyra og mun hæstv. ráðherra skoða þetta mál og ráða bót á því ástandi sem þar er innan dyra?

[17:39]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég mun vinna áfram að því að aðstoða Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við að koma sér vel fyrir í nýju húsnæði, það er mitt hlutverk. (Gripið fram í.) Það er verið að innrétta það núna og við höfum verið í miklu samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins varðandi það og í þeim farvegi er þetta mál. Flutningur stendur yfir, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins mun flytja inn í þetta húsnæði og við munum taka það í notkun bráðlega og búa um starfsemina á nýjum stað eins vel og okkur er frekast unnt, þannig er staðan.

Ég veit að það hefur verið langur aðdragandi að þessu öllu, sölunni og flutningnum, og ekki eru allir sáttir við staðsetninguna. Mér er fyllilega ljóst hvernig það mál er vaxið og ég veit að sumir starfsmennirnir hafa ekki verið sáttir við flutninginn, ég þekki það, þeir hafa afhent mér undirskriftalista (Gripið fram í.) og gerðu það — það er langt síðan — á sínum tíma. (Gripið fram í.)

[17:40]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki haft tök á því að fylgjast með allri þeirri umræðu sem hefur farið fram um þetta mál og því kann að vera að hæstv. ráðherra sé búinn að svara því sem mig langar að víkja að í þessu andsvari varðandi sameiningu innan heilbrigðisumdæma. Ég sé að ráðherrann fær ansi mikið vald samkvæmt þessum greinum, þ.e. 5. og 6. gr., og getur sett skiptinguna með reglugerð o.s.frv. varðandi almenna heilbrigðisþjónustu.

Mín spurning er einfaldlega sú og ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti — þó að hér sé reyndar sagt að samstarf skuli haft við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga, og allt gott um það — hvort einnig verði tekið tillit til aðstæðna á landsvæðum og hvort ráðherra hafi gert sér í hugarlund einhverjar verulegar breytingar á því fyrirkomulagi sem er í dag. Ég er aðallega að tala um þegar

vegalengdir á milli staða eru kannski vel yfir 100 kílómetra og þegar færð er þannig að það er ekki hægt að koma við eðlilegum samgöngum á milli svæða. Ég nefni t.d. Vestfirði þar sem vetrarsamgöngur hindra þetta einfaldlega.

Nú kann að vera að hæstv. ráðherra hafi þegar svarað þessum vangaveltum mínum en um þetta vildi ég aðallega spyrja. Ég hef af því áhyggjur ef einhver sérstök stefnumótun er um að þjappa þessu saman sem gæti leitt til þess að ekki yrði unnt að veita þjónustuna og ekki haft nægilegt samráð í stjórninni.

[17:43]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skildi hv. þingmann þannig að hann væri að spyrja um sameiningarnar. Við fjölluðum aðeins um það áðan en ég get alveg endurtekið það af því að þetta er mjög mikilvægt atriði.

Eins og frumvarpið var og kom úr nefndinni þá átti að vera ein heilbrigðisstofnun í hverju heilbrigðisumdæmi og landinu átti að vera skipt í heilbrigðisumdæmi. Þetta ákvæði olli miklum titringi. Nú þegar er búið að sameina í þeim anda á Suðurlandi og Austurlandi. Þetta ákvæði olli miklum titringi, sérstaklega á Norðausturlandi og líka á Vesturlandi og Austfjörðum. Við því hefur verið brugðist þannig að nú stendur í 6. gr. frumvarpsins, með leyfi virðulegs forseta:

„Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu."

Það er sem sagt opnað á það að fleiri stofnanir séu í umdæmi, þannig að það er ekki sami þrýstingur á um sameiningu stofnana eins og var í fyrra frumvarpi. Það er líka búið að taka inn í 5. gr. að það eigi að hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga áður en menn ganga til einhverra sameininga. Þetta er ekki í núgildandi lögum. Það var í lögunum en var tekið út á sínum tíma. Við erum að setja það inn aftur. Þannig að ef eitthvað eru nú settar inn hærri — ef við getum kallað það girðingar, það eru kannski ekki beint girðingar — það er sett inn samráðsskylda sem var ekki fyrir hendi. Ég tel því að við séum að koma til móts við þennan titring. Við erum ekki að gefa það út að með þessu frumvarpi eigi að verða miklar sameiningar, eins og mátti lesa úr fyrra frumvarpi, það eru engar áætlanir um sameiningar í ráðuneytinu núna. Ég er t.d. ekki að sýna drög að reglugerð sem fyrst stóð til að sýna, (Forseti hringir.) sem ollu miklum titringi.

[17:45]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið og skil það þannig að ekki standi til að fara í neinar skipulagðar aðgerðir í þessa veru eins og við vorum hér að ræða og að ráðherra hafi í raun og veru sett þessa fyrirvara eins og fyrr er getið um. Ég skildi orð hennar einnig þannig að ekki væru á döfinni neinar sérstakar áætlanir um sameiningar þannig að ég fagna því bara ef fólk hefur tekið þá skynsamlegu ákvörðun að fara sér hægt í þessum málum og skoða vandlega framtíðina í þessum efnum. Ég held að ekki sé ástæða til að fara of hratt í svona málum, þau eru viðkvæm í byggðarlögunum og skiptir miklu máli hvernig að þessari þjónustu er staðið.

[17:46]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt skilið hjá hv. þingmanni (Gripið fram í.) að það eru engar áætlanir um skipulagðar sameiningar. Og þetta er ekki tengt kosningum eins og hér er kallað fram í. Ég tel mikilvægt að þegar um sameiningar er að ræða, sem geta orðið í framtíðinni, það getur enginn útilokað það, sé mikilvægt að haft sé samráð við heimamenn. Heimamenn hafa samt ekki neitunarvald en það verður samráð, bæði við heimamennina og Samband íslenskra sveitarfélaga. Það er mikilvægt að það takist vel til þegar sameinað er.

Það er búið að sameina á Suðurlandi og Austurlandi og það hefur tekist frekar vel, það er mín skoðun en sumir telja að svo sé ekki. Það á að sameina til þess að efla þjónustu, það er meginmarkmiðið. Það hefur verið svigrúm til að efla þjónustu að mínu mati, bæði á Suðurlandi og Austurlandi þar sem búið er að sameina og þar hefur verið auðveldara t.d. að manna af því að menn hafa getað farið í vaktir á milli svæða.

Það er ekki hægt að útiloka sameiningar í framtíðinni, það getur enginn, en frumvarpið felur ekki sameiningar í sér eins og var.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:47]

**Útbýting:**

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 209. mál, svar fjmrh., þskj. 325.

Erlent starfsfólk, 310. mál, fsp. MÞH, þskj. 328.

Leiðbeiningarreglur í anda ILO-samþykktar nr. 158, 143. mál, svar félmrh., þskj. 329.

Stuðningur við smá og meðalstór fyrirtæki, 309. mál, fsp. SJS, þskj. 327.

## *Embætti landlæknis, 1. umr.*

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 282.

[17:48]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til nýrra laga um embætti landlæknis.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu sem ég hef mælt fyrir. Er frumvarpið eins og hið fyrrnefnda samið af nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í október árið 2003 til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu.

Grundvallarákvæði gildandi laga um embætti landlæknis og verkefni hans er að finna í núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Ákvæði um eftirlit landlæknis með heilbrigðisstéttum eru í læknalögum, í lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og öðrum sérlögum um heilbrigðisstéttir. Þá eru landlækni falin ýmis verkefni í öðrum

lögum. Með frumvarpinu er lagt til að helstu ákvæði laga um verkefni landlæknis verði útfærð nánar og felld í sérstakan lagabálk um embætti landlæknis.

Þótt embætti landlæknis standi á gömlum merg eru ákvæði núgildandi laga um embættið og hlutverk þess tiltölulega fábrotin. Hlutverk landlæknis samkvæmt gildandi lögum er í grófum dráttum þríþætt, þ.e. ráðgjafarhlutverk, eftirlitshlutverk og upplýsingasöfnum og úrvinnsla þeirra. Á þessu verða engar breytingar með frumvarpinu. Tilgangur þess er fyrst og fremst að kveða skýrar á um þessi hlutverk og verkefni sem þeim eru tengd, skerpa á hlutverki embættisins sem eftirlits- og stjórnsýslustofnunar á sviði heilbrigðismála og fella helstu ákvæði um embættið í ein lög.

Ráðgjafarhlutverk landlæknis samkvæmt núgildandi lögum felst m.a. í ráðgjöf til ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál. Í frumvarpinu er lagt til að þetta ráðgjafarhlutverk landlæknis verði aukið með þeim hætti að honum beri jafnframt að veita öðrum stjórnvöldum, svo sem ráðuneytum og ríkisstofnunum eftir því sem við á og tilefni gefst til, ráðgjöf um heilbrigðismál. Þá ber honum jafnframt samkvæmt frumvarpinu að veita heilbrigðisstarfsfólki og almenningi ráðgjöf um heilbrigðismál. Ekki er kveðið á um slíkt í núgildandi lögum en landlæknir hefur engu að síður veitt heilbrigðisstarfsmönnum faglega ráðgjöf og leiðbeiningar í formi ýmiss konar tilmæla og klínískra leiðbeininga auk þess sem hann hefur gefið út leiðbeiningar til almennings um heilbrigðismál.

Ráðgjafarhlutverk landlæknis er nátengt eftirlitshlutverki hans með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum og hlutverki hans við söfnun upplýsinga um heilbrigðisþjónustu. Við framkvæmd þeirra starfa verður til mikil þekking á heilbrigðisþjónustunni sem mikilvægt er að heilbrigðisráðherra og önnur stjórnvöld eigi aðgang að. Þá er ekki síður mikilvægt að landlæknir miðli upplýsingum til heilbrigðisstarfsmanna og almennings þegar ástæða er til. Eftir því sem heilbrigðisþjónustan hefur orðið flóknari og stéttum heilbrigðisstarfsmanna hefur fjölgað hefur þörfin fyrir virkt eftirlit landlæknis aukist. Hlutverk landlæknisembættisins sem eftirlitsstofnunar á sviði heilbrigðismála hefur því fengið aukið vægi á undanförnum árum. Megininntak eftirlitshlutverks landlæknis samkvæmt frumvarpinu er þó óbreytt frá núgildandi lögum. Ákvæði sem að þessu lúta hafa hins vegar verið útfærð nánar.

Þá er í frumvarpinu mælt fyrir um útgáfu reglugerða um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum en með setningu slíkra reglugerða verður lagður styrkari grundvöllur undir faglegt eftirlit landlæknis. Þá er óheimilt samkvæmt frumvarpinu að hefja rekstur heilbrigðisþjónustu nema landlæknir hafi áður tekið út og staðfest að reksturinn uppfylli þær faglegu kröfur sem gerðar eru til heilbrigðisþjónustu á viðkomandi sviði.

Annar þáttur í eftirlitshlutverki landlæknis lýtur að umfjöllun hans um kvartanir og kærur er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Í frumvarpinu eru heimildir almennings til að bera fram slíkar kvartanir og kærur skilgreindar nánar og kveðið er ítarlega á um meðferð og úrlausn slíkra mála hjá embættinu. Miða þær breytingar að því að styrkja lagagrundvöll umfjöllunar landlæknis og samræma málsmeðferð. Í frumvarpinu er kveðið á um skyldur heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna til að skrá upplýsingar um óvænt atvik sem verða við veitingu heilbrigðisþjónustu og tilkynna þau til landlæknis. Ákvæði svipaðs efnis er nú í læknalögum en það hefur ekki þótt nægilega skýrt. Mikilvægt er að atvikaskráningu af þessu tagi sé vel sinnt enda er hún forsenda þess að heildaryfirsýn fáist yfir þau atvik sem betur mega fara við veitingu þjónustunnar. Þá er atvikaskráningin mikilvæg við almennt eftirlit landlæknis með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um hlutverk landlæknis og gerð áætlana um gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar og um gæða- og árangursmælingar landlæknis og er það nýmæli í lögum. Gert er ráð fyrir að landlæknir meti gæði og árangur heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt tilteknum mælikvörðum og að samanburðarhæfar niðurstöður gæða- og árangsursmælinga séu birtar í heilbrigðisskýrslum. Tilgangurinn með birtingu slíkra gæða- og árangursmælinga er að veita heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisstofnunum aðhald við veitingu heilbrigðisþjónustu, auka gæðavitund þeirra og skapa samkeppni á milli þeirra um árangur og gæði.

Ákvæði núgildandi laga um upplýsingasöfnun landlæknis og skýrslugerð eru mjög fábrotin. Þannig segir einfaldlega í lögum um heilbrigðisþjónustu að landlæknir skipuleggi skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og innheimti þær. Þetta hlutverk landlæknis er þó viðamikið og að sama skapi viðkvæmt enda teljast heilsufarsupplýsingar um einstaklinga til viðkvæmra persónuupplýsinga. Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði mun ítarlegra ákvæði um þetta hlutverk landlæknis, þ.e. um þær heilbrigðisskrár sem landlækni er heimilt að halda og um útgáfu heilbrigðisskýrslna. Miða ákvæði frumvarpsins um þetta efni annars vegar að því að styrkja heimildir landlæknis til að safna upplýsingum um heilbrigðismál í þeim tilgangi að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með heilsufari og heilbrigðisþjónustu, meta árangur þjónustunnar og gera áætlanir um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu og hins vegar að tryggja persónuvernd þeirra einstaklinga sem upplýsingarnar fjalla um.

Reynsla undanfarinna ára og áratuga hefur leitt í ljós að heilbrigðisskrár á landsvísu hafa ómetanlegt gildi fyrir heilbrigðisyfirvöld til að meta hvaða þættir hafa áhrif á heilsu og til að gera langtímaáætlanir um heilbrigðisþjónustu. Slíkar skrár eru þegar til hér á landi á einstökum sviðum, svo sem krabbameinsskrá, skrár Hjartaverndar, skrá um notkun lyfja og dánarmeinaskrá, sem haldin er af Hagstofunni. Umræddar skrár eiga það sameiginlegt að vera grundvöllur reglulegrar tölfræðivinnslu sem hefur m.a. þann tilgang að sjá viðeigandi stjórnvöldum fyrir nauðsynlegum upplýsingum til skipulagningar og áætlanagerðar og að veita tækifæri til samanburðar milli tímabila og á milli landa. Þá eru þær undirstaða vöktunar á tíðni mismunandi sjúkdóma og meðferðar. Skrárnar skapa einnig grundvöll fyrir vísindarannsóknir, t.d. á orsökum sjúkdóma, einkum faraldsfræðilegar rannsóknir. Loks eru þær mikilvæg undirstaða þess að tryggja gæði og árangur heilbrigðisþjónustu. Nauðsynlegt er því að kveða skýrt á um heimildir land-

læknis til að halda slíkar skrár og hvernig öryggi persónuupplýsinga skuli tryggt.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum frumvarpsins og helstu breytingum frá núgildandi ákvæðum laga sem fjalla um embætti landlæknis. Ég leyfi mér því að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

[17:56]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er býsna viðamikið frumvarp sem hér er lagt fram um embætti landlæknis og þó að þar sé í flestu í rauninni tekið á þeim verkefnum sem nú þegar eru fyrir hendi er þar líka árétting um önnur og ný stjórnsýsluverkefni, býsna viðamikil.

Ég velti fyrir mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki kæmi til greina að landlæknisembættið, svo viðamikið eftirlitshlutverk sem það hefur, gerði ráð fyrir að það ræki með formlegum hætti fulltrúa úti um land svipað og héraðslæknarnir voru á sínum tíma sem höfðu þá eftirlit með framkvæmd á heilbrigðisþjónustunni. Einnig á almenningur, notendur heilbrigðisþjónustunnar, að geta komið þangað inn og leitað til embættisins með kvartanir sínar eða ábendingar. Einnig gátu þá héraðslæknarnir verið tengiliðir við almenning gagnvart þeirri þjónustu. Núna er þetta eitt miðstýrt apparat í Reykjavík en þjónustan í sjálfu sér úti um allt land víðtæk. Í ljósi þeirra auknu eftirlitsskyldna og eftirlitshlutverks sem verið er að færa undir embætti landlæknis vil ég spyrja hæstv. ráðherra þegar þetta verður skoðað hvort við ættum þá að taka upp deildir eða fulltrúa úti um land svipað og héraðslæknarnir voru áður fyrr.

[17:57]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nei, þetta var ekki skoðað sérstaklega við undirbúning þess frumvarps sem við erum að fjalla um hérna. Ég hef efasemdir um að við eigum að taka það upp, satt best að segja. Embætti landlæknis er auðvitað geysilega mikilvægt, þetta er eftirlitsembætti sem hefur eftirlit með þjónustunni og menn geta snúið sér til embættisins. Þetta fer mest fram í bréfaformi, að einhverju leyti í síma, en ég tel mikilvægt að til sé miðlæg þekking á heilbrigðisþjónustunni og gæðum hennar og að eftirlitið sé miðlægt. Ég sé ekki fyrir mér að það væri til bóta að setja upp einhverja fulltrúa landlæknis hingað og þangað um landið, ég sé ekki að það mundi skila auknum gæðum í þjónustunni.

[17:59]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð bara að vísa aftur til þess að hér er orðið til eitt viðamesta embætti landsins og ég geri ekki athugasemdir þó að það sé styrkt og eflt í eftirlitshlutverki sínu og þjónustuhlutverki. Þetta er mikilvægt embætti í almannavörnum, sóttvörnum o.s.frv. og líka eftirlitsembætti gagnvart þjónustu og þjónustustigi, bæði sem veitt er af opinberum stofnunum en líka einkaaðilum sem samningar hafa verið gerðir við.

Ég hélt að það væri markviss stefna að færa þjónustuna sem næst fólkinu og það er býsna langt fyrir íbúa landsbyggðarinnar að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í höfuðborginni, hvort sem þeir búa á Ísafirði eða austur á Raufarhöfn. Þetta hlutverk héraðslækna á sínum tíma í breyttri mynd tel ég alveg fyllilega ástæðu til að skoða. Þetta landlæknisembætti er ekki til fyrir sjálft sig, heldur fyrir fólkið í landinu hvar sem það býr og þá þjónustu sem þar er veitt eða það á að eiga aðgang að.

Ég hvet til þess að í nefnd verði skoðað hvernig þetta embætti getur þá þjónustað og staðið undir þeim kröfum og væntingum sem um það eru settar í þessu lagafrumvarpi.

[18:00]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki að það mundi bæta þjónustuna að setja upp fulltrúa landlæknisembættisins hingað og þangað um landið. Héraðslæknarnir höfðu á sínum tíma litlu hlutverki að gegna undir lokin enda eru þeir horfnir. (Gripið fram í.) Ef maður ætlar að setja upp einhverja starfsemi þá þarf að vera eitthvert vit í því. Það þarf að vera einhver tilgangur með því. Það á ekki að búa til einhver embætti af því bara.

Ég get ekki séð að það mundi auka gæði þess embættis að setja fulltrúa þess hingað og þangað um landið. Ég tel mikilvægt að til sé miðlæg þekking og menn geti haft samband við embætti í gegnum þær leiðir sem notaðar eru í dag. Það er mest í bréfaformi og mikið um síma. Ég tel að þetta sé ekki mál sem brýnt er að taka á. Alls ekki.

[18:02]

**Pétur H. Blöndal**:

Herra forseti. Ég ætla ekki lengja þessa umræðu mikið. En ég mátti til með að ræða um þær skrár sem getið er um í 8. gr. Þar er talað um sjö skrár sem halda má. Mig langar að vita hvort þetta sé tæmandi upptalning af skrám eða hvort landlæknir eða aðrir geti búið til aðrar skrár eða haldið áfram að færa skrár sem eru færðar í dag, fyrir utan þessar skrár.

Þetta var mikið rætt þegar við ræddum um gagnagrunnsfrumvarpið á sínum tíma, fyrir löngu síðan. Nú hafa tveir spítalar verið sameinaðir eftir það. Þá sameinuðust náttúrlega gögnin líka, allar skrár sem þeir tveir spítalar höfðu. Ef við mundum sameina alla spítala í landinu í einn spítala þá hefðum við eina landskrá yfir allt sem varðar heilbrigði manna á einum stað. Þá erum við eiginlega komin með nákvæmlega sama fyrirbærið og stefnt var að á sínum tíma utan þess að kröfurnar um dulkóðun og persónuvernd eru kannski ekki eins stífar.

Það sem mig langar til að fá upplýsingar um er t.d. skrá sem ég hef aldrei skilið að hverju er færð, þ.e. fóstureyðingaskrá. Hún er haldin einhvers staðar. Ég get ekki séð að hún hafi nokkurn einasta tilgang læknisfræðilega eða að öðru leyti. En samt eru þessi gögn geymd, afskaplega viðkvæmar persónuupplýsingar. Hún er ekki talin upp hérna. Mín spurning er sú: Verður þá hætt að safna gögnum í þá skrá eða verður því haldið áfram?

[18:04]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í stuttu andsvari get ég upplýst hv. þm. Pétur Blöndal um að í 8. gr. er tæmandi upptalning. En landlæknisembættið og reyndar við í heilbrigðisráðuneytinu töldum að það hefði verið ágætt ef þetta hefði verið aðeins opnara en Persónuvernd lagði mikla áherslu á að þetta yrði lokað, þ.e. tæmandi upptalning. Það er niðurstaðan.

Þetta er tæmandi upptalning á skránum. Hins vegar eru ákvæði um skrár í nokkrum öðrum sérlögum. Ég hef ekki tæmandi yfirlit yfir það hér. Ég átti ekki von á þessari spurningu. En mér skilst, varðandi fóstureyðingaskrána, að hún sé tilgreind í lögunum um fóstureyðingar. Það eru líka skrár tilgreindar í tengslum við sóttvarnalæknisembættið ef ég man rétt. Þannig eru aðrar skrár tilgreindar í sérlögum.

En varðandi landlæknisembættið og þær skrár sem það heldur utan um þá er þetta tæmandi upptalning.

[18:05]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir upplýsingarnar. En þær eru eiginlega í mótsögn við það sem hún sagði um 9. gr. Þar stendur að halda skuli skrá yfir óvænt atvik og í 10. gr. sömuleiðis. Þannig að þar er ein skráin í viðbót sem er skrá óvæntra atvika. Hún bætist við og hefði átt að vera í þessari upptalningu yfir skrár.

Ég skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að kynna sér þær skrár sem eru á gangi í kerfinu og spyrja lækna og aðra hvort þær hafi læknisfræðilegan tilgang. Ég sé engan tilgang í að geyma afskaplega viðkvæmar persónulegar upplýsingar um aldur og ævi sem ekki hafa læknisfræðilegan tilgang, eins og t.d. fóstureyðingaskrár.

[18:06]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það er rétt að í 8. gr. er upptalning á ákveðnum skrám tæmandi upptalning. En það er líka getið um skrá í 9. gr. Það er skráning óvæntra atvika. Hafi það farið á milli mála þá er það rétt, að þar er sérstök skrá sem ekki er tekin með í 8. gr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Heyrnar- og talmeinastöð, 1. umr.*

Stjfrv., 274. mál (heildarlög). — Þskj. 283.

[18:07]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Heyrnar- og talmeinastöð. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu og frumvarpi til laga um embætti landlæknis. Er þessum frumvörpum ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um heilbrigðisþjónustu.

Á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um Heyrnar-, tal- og sjónstöð en með frumvarpinu var gert ráð fyrir að Heyrnar- og talmeinastöð og Sjónstöð yrðu sameinaðar. Eins og kunnugt er náði frumvarpið ekki fram að ganga í þinginu.

Núgildandi ákvæði laga um Heyrnar- og talmeinastöð eru í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Við endurskoðun þeirra laga þykir ekki fara vel á því að hafa svo ítarleg ákvæði sem hér um ræðir um eina heilbrigðisstofnun í löggjöf sem ætlað er að vera rammalöggjöf um skipulag heilbrigðisþjónustu. Er því lagt til að efnisákvæði laganna um Heyrnar- og talmeinastöð verði tekin upp í sérlög um stofnunina. Slík sérlög voru í gildi fram til ársins 2001 en þá voru ákvæði þeirra felld inn í lög um heilbrigðisþjónustu. Felur frumvarpið því í sér afturhvarf til þess fyrirkomulags.

Engar efnislegar breytingar eru gerðar á starfsgrundvelli eða hlutverki Heyrnar- og talmeinastöðvar í frumvarpinu og eru ákvæði um gjaldtöku jafnframt óbreytt. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að ákvæði núgildandi laga um útgáfu rekstrarleyfa til annarra sem veita þjónustu á sama sviði og Heyrnar- og talmeinastöð verði felld niður. Er breytingin í samræmi við niðurfellingu ákvæða um útgáfu rekstrarleyfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, samanber frumvarp til þeirra laga. Hins vegar er gert ráð fyrir að landlæknir taki út og staðfesti, á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu, að aðilar sem hyggjast veita þjónustu á þessu sviði uppfylli faglegar kröfur. Þá er ráðherra veitt heimild til fela öðrum aðilum með samningum, í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, að annast þá þjónustu sem greinir í 2. gr. frumvarpsins eða hluta hennar. Um samningsheimild ráðherra er fjallað nánar í umfjöllun um 7. gr. frumvarpsins hér að neðan

Engar efnislegar breytingar eru gerðar á starfsgrundvelli eða hlutverki Heyrnar- og talmeinastöðvar í frumvarpinu og eru ákvæði um gjaldtöku óbreytt. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að ákvæði núgildandi laga um útgáfu rekstrarleyfa til annarra sem veita þjónustu á sama sviði og Heyrnar- og talmeinastöð verði felld niður. Er breytingin í samræmi við niðurfellingu ákvæða um útgáfu rekstrarleyfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, samanber frumvarp til þeirra laga. Hins vegar er gert ráð fyrir að landlæknir taki út og staðfesti að aðilar sem hyggjast veita þjónustu á þessu sviði uppfylli faglegar kröfur. Þá er ráðherra veitt heimild til semja við aðra aðila um að þeir veiti þá þjónustu, eða hluta þeirrar þjónustu sem Heyrnar- og talmeinastöð er ætlað að veita.

Virðulegi forseti. Ég hef fjallað um aðdraganda þess að lagt er fram frumvarp um Heyrnar- og talmeinastöð og hef gert grein fyrir meginefni þess. Ég leyfi mér því að leggja til að frumvarpinu verði vísað til heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 15.–18. mál.

Fundi slitið kl. 18:10.

# 21. FUNDUR

mánudaginn 6. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 190. mál, þskj. 191. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 272. mál, þskj. 281. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Embætti landlæknis, stjfrv., 273. mál, þskj. 282. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Heyrnar- og talmeinastöð, stjfrv., 274. mál, þskj. 283. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Afnám refsiákvæða vegna ærumeiðinga, þáltill., 294. mál, þskj. 307. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Heildarstefna í nýsköpun og atvinnuþróun, þáltill., 300. mál, þskj. 315. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Tekjuskattur, stjfrv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.
9. Lífeyrissjóðir, stjfrv., 233. mál, þskj. 236. — 1. umr.
10. Opinber innkaup, stjfrv., 277. mál, þskj. 287. — 1. umr.
11. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 276. mál, þskj. 286. — 1. umr.

**Aðalmenn taka sæti á ný:**

Halldór Blöndal , 2. þm. Norðaust.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir utanrrh., 1. þm. Norðaust.

## *Varamenn taka þingsæti.*

[15:02]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hafa tvö bréf um forföll þingmanna. Hið fyrra er frá Ögmundi Jónassyni, 9. þm. Reykv. s., dagsett í dag, 6. nóvember:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í einkaerindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavíkurkjördæmi suður, Álfheiður Ingadóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Álfheiður Ingadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Síðara bréfið er frá 6. þm. Reykv. s., Jónínu Bjartmarz, dagsett 3. nóvember, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður, Björn Ingi Hrafnsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Kjörbréf Björns Inga Hrafnssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Björn Ingi Hrafnsson, 6. þm. Reykv. s., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:04]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Björn Ingi Hrafnsson hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[15:05]

**Útbýting:**

Bótaréttur heimildarmanna, 312. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 331.

Vernd trúnaðarsambands fjölmiðla og heimildarmanna þeirra, 311. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 330.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Nýtt þjóðhagsmat Seðlabankans.*

[15:05]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og sem yfirmann efnahagsmála hvort ríkisstjórnin hafi rætt stöðu þeirra mála nú eftir útgáfu nóvemberheftis Peningamála eftir vaxtaákvörðun Seðlabankans og eftir að nýtt mat Seðlabankans á stöðu efnahagslífsins liggur fyrir. Þar kemur fram að þó að skammtímaverðbólguhorfur hafi heldur skánað eru þær engu að síður enn þá óviðunandi að mati bankans og langt utan viðmiðunarmarka, og langtímaverðbólguþrýstingur hefur ekki minnkað. Ytri jöfnuður þjóðarbúsins hefur enn versnað og það stefnir í hrikalegri viðskiptahalla en áður var talið, þ.e. yfir 20% miðað við verga landsframleiðslu.

Seðlabankinn víkur bæði ljóst en þó kannski aðallega leynt að frammistöðu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og það er ljóst að honum finnst hann fá lítinn stuðning þaðan. Þar er sagt að of snemma hafi verið slakað á framkvæmdaaðhaldi. Tímasetning skattalækkana er gagnrýnd. Það er sagt að lækkun óbeinna skatta og vörugjalda muni tefja aðlögun hagkerfisins og leiða til þess að þörf verði fyrir allt að hálfu prósenti hærri stýrivexti en ella. Það er varað við því að rýmka útlánareglur Íbúðalánasjóðs og það er sagt að það muni draga úr spennu komi ekki til nýrra stórframkvæmda. Gagnályktun af því er sem sagt sú að ella

muni spennan ekki minnka og jafnvægisleysið jafnvel aukast frekar en hitt. Því eru spurningar mínar til hæstv. forsætisráðherra eftirfarandi:

1. Hefur ríkisstjórnin rætt stöðuna nú í framhaldi af þessu haustmati Seðlabankans? Ég vísa til þess að hæstv. forsætisráðherra hefur verið fámáll og þögull við fjölmiðla og vísað á fjármálaráðherra í þeim efnum. Síðast þegar ég vissi fór þó hæstv. forsætisráðherra engu að síður með yfirstjórn efnahagsmála.

2. Kemur til greina í ljósi þessa að endurskoða áform í skattamálum og stöðva undirbúning frekari stóriðjuframkvæmda?

3. Hefur hæstv. forsætisráðherra sömu áhyggjur af lánshæfismati þjóðarbúsins og Seðlabankinn?

[15:08]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Vitanlega ræðir ríkisstjórnin reglulega um efnahagsmálin í landinu. Eitt af hennar stærstu viðfangsefnum er að fást við þau. Skýrslur Seðlabanka Íslands sem koma með reglulegu millibili eru að sjálfsögðu mikilvægt innlegg í slíkar umræður, bæði á vettvangi ríkisstjórnarinnar og hér á Alþingi og svo að sjálfsögðu í þjóðfélaginu almennt.

Ég met mikils það sem Seðlabankinn hefur fram að færa í þessum efnum og hef gert lengi, sennilega mun lengur en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem hefur í gegnum tíðina frekar lítið gert með það sem þaðan kemur. Það þýðir ekki það að menn séu endilega alltaf sammála öllu sem Seðlabankinn lætur frá sér fara. Markmið hans eru reyndar þau að sjá til þess að hans eigin verðbólguspár rætist ekki og það gerir hann með því að breyta stýrivöxtunum eins og kunnugt er til að koma í veg fyrir að spár hans sjálfs rætist. Allt er þetta eins og vera ber samkvæmt bókinni eins og sagt er eða samkvæmt lögum.

Ég er ósammála því að hér sé ekki að draga úr þenslu. Þenslan er á mikilli niðurleið. Hafa menn veitt því athygli hversu hagstæð tilboð Vegagerðin fékk í nokkur verkefni eins og dregið er fram í dagblöðum í dag og hefur verið á vefsíðu Vegagerðarinnar um nokkra hríð? Þetta er auðvitað til marks um það að spennan á þessu sviði er mjög að minnka. Ég held að allar efnahagsspár, þar á meðal spár Seðlabankans, sýni fram á það að sú spenna sem hér hefur verið í efnahagslífinu á undanförnum mánuðum er mjög á undanhaldi, sem betur fer.

Við höfum tímasett skattalækkanir með þeim hætti að þær komi til framkvæmda þegar dregið hafi úr spennunni. Það hefur verið vitað allt þetta kjörtímabil að áður en því lyki yrðu gerðar ráðstafanir hér hvað varðar virðisaukaskatt á matvælum og nú er ráðgert að þær komi til framkvæmda 1. mars þegar enn á að vera búið að draga úr spennunni.

[15:10]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það sem Seðlabankinn segir er að skammtímaverðbólguhorfur séu heldur skárri en þó engu að síður óviðunandi. Það er vegna þess að Seðlabankinn spáði hækkandi verðbólgu í sumar en spáir núna í raun og veru óbreyttri verðbólgu, þ.e. 7–8% á næstu missirum. Seðlabankinn vekur hins vegar athygli á því að viðskiptahallinn er enn þá hrikalegri en nokkru sinni fyrr hefur verið spáð. Það stefnir í vel á þriðja hundrað milljarða kr. viðskiptahalla á þessu ári. Seðlabankinn dregur athygli að því að Ísland komi til með að eiga mikið undir velvilja hins alþjóðlega fjármálamarkaðar á næstu mánuðum til að fjármagna þennan halla, og þjóðarbúið verður viðkvæmara en nokkru sinni fyrr fyrir sveiflum í þeim efnum og umtali, hvort sem það byggir á réttum eða röngum staðreyndum um íslenskt efnahagslíf.

Atburðir fyrstu mánaða þessa árs ættu að vera mönnum í fersku minni í þeim efnum, segir Seðlabankinn, og mér finnst hæstv. forsætisráðherra skauta létt yfir það að með því einu að vísa til þess að tímabundið virðist heldur vera að draga úr þenslu séu hlutirnir í lagi. Ætlar ríkisstjórnin að halda óbreyttri siglingu hvað varðar skattalækkanir og undirbúning (Forseti hringir.) stóriðjuframkvæmda þó að það sé einmitt það sem Seðlabankinn varar við?

[15:11]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegur forseti. Það hefur ekki verið vandamál fyrir íslenska ríkið að afla sér lánsfjár til að standa undir skuldbindingum sínum enda er ríkissjóður rekinn með góðum afgangi eins og kunnugt er og hefur staðið í því að greiða niður skuldir sínar í útlöndum í stórum stíl. Núna hefur reyndar verið ákveðið að taka sérstakt lán til að efla gjaldeyrisstöðu og -forða Seðlabankans en það er ekki hefðbundið lán sem tekið er til að ráðstafa til innkaupa eða innflutnings þannig að ég hef ekki áhyggjur af þessu. Bankarnir hafa líka sýnt það og sannað á þessu ári að þrátt fyrir hrakspárnar sem á þeim dundu fyrr á árinu hafa þeir fyllilega staðið sig í því að tryggja sína eigin fjármögnun. Þaðan er náttúrlega uppsprettan fyrir þeim halla sem er á viðskiptum við útlönd. Sá halli stafar ekki af opinbera geiranum sem hefur sýnt mikið aðhald, heldur eru það einkaaðilarnir í þjóðfélaginu og einkageirinn í gegnum fjármálastofnanirnar sem þar eiga hlut að máli.

[15:13]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég mundi segja að eiginlega eina glætan í því sem ríkisstjórnin hefur verið að gera sé ákvörðun um að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans, og þótt fyrr hefði verið. Það er dýrara að kaupa inn á hann núna en hefði þurft að vera ef Seðlabankinn hefði ekki, og ríkisstjórnin, ákveðið að hætta gjaldeyriskaupum á sínum tíma fyrir nokkrum missirum.

Ríkissjóður er eitt og þjóðarbúið íslenska er annað. Þegar heildarskuldir þjóðarbúsins út á við eru skoðaðar eru þær meiri en nokkru sinni fyrr. Hreinar erlendar skuldir íslenska þjóðarbúsins nálgast nú 170% af landsframleiðslu og eru með því allra hæsta sem þekkist. Þó að bankarnir hafi getað, m.a. með því að róa á ný mið, fjármagnað skammtímaþörf sína með dýrari lánum segir það ekki að fram undan geti ekki verið mikill ólgusjór í þessum efnum. Það er ástæða til að hafa af því miklar áhyggjur, virðulegur forseti, að enn örlar ekki á því að ríkisstjórnin annars vegar og Seðlabankinn hins vegar séu að ná neinum takti í því að ná

tökum á jafnvægisleysinu í íslenska hagkerfinu.

[15:14]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Þessi síðasta fullyrðing hv. ræðumanns er bara einfaldlega röng. Ríkisstjórnin hefur t.d. með því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir þinginu sýnt það og sannað að henni er full alvara hvað varðar þau atriði sem að henni snúa í baráttunni við verðbólguna. Við settum hér bann á opinberar framkvæmdir á nýjum útboðum í nokkra mánuði í sumar. Það vantaði ekki að það væri gagnrýnt af stjórnarandstöðunni hvers lags svívirða það væri. Hv. þm. Kristján Möller — ég óska honum til hamingju með árangur sinn í prófkjörinu — skrifaði t.d. digrar greinar í blöðin um þá svívirðu að við skyldum hafa frestað framkvæmdum um nokkra mánuði. Það hafði sín áhrif. Það vantaði ekki að það væri gagnrýnt og því væri mótmælt, og nú er því mótmælt að því banni skuli aflétt. Vilja menn ekki reyna einu sinni, þótt ekki væri nema einu sinni, að vera sjálfum sér samkvæmir? (Gripið fram í.)

*Upplýsingar til þingmanna.*

[15:15]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra um það hvort hann telji það vera hlutverk ríkisstjórnar að meina fulltrúum opinberra stofnana að veita þingmönnum og Alþingi upplýsingar um stöðu stofnananna sem þeir eru í forsvari fyrir.

Forsaga þessarar fyrirspurnar er sú að ég var að kynna mér hvaða afleiðingar hálfs milljarðs skuldahali og fyrirsjáanlegur milljarðs halli hefði á rekstur Landspítalans á næstunni. Spítalinn hefur verið rekinn á óbreyttum raunfjárframlögum undanfarin sex ár og er ætlað að gera það áfram samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar þótt íbúum hafi fjölgað um 7%, öldruðum yfir áttrætt um 25% og aðgerðum og komum á spítalann fjölgað geysilega, að því ógleymdu að starfsfólkið hefur unnið þrekvirki við þessar aðstæður. Þá fæ ég þær upplýsingar að það verði að segja upp að minnsta kosti 300 manns á næstunni og skerða almenna spítalaþjónustu við höfuðborgarbúa að öllu óbreyttu. Sem sagt, skert þjónusta og uppsagnir vofa yfir 300 manns.

En hvers vegna eru Alþingi og þingmenn ekki upplýst um þetta alvarlega ástand? Jú, ástæðan er sú að ríkisstjórnin sendi út fyrirmæli með ríkisstjórnarsamþykkt þann 6. október til ráðuneyta um að stofnanir leiti ekki beint til Alþingis með mál sem þetta. Fyrirmæli frá ríkisstjórninni um að það megi ekki upplýsa þingið, eins og sjá má í þessu bréfi hér.

Þetta er ótrúleg framkoma við Alþingi og þingmenn, kjörna fulltrúa almennings. Með þessu er ríkisstjórnin að gera okkur þingmönnum ókleift að sinna lögbundnum skyldum okkar. Ég verð að segja að mér er gróflega misboðið.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann eðlilegt og löglegt að framkvæmdarvaldið beiti svona vinnubrögðum gagnvart löggjafanum? Hvað gengur ríkisstjórninni til með svona háttalagi?

[15:17]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Ef ég skil hv. þingmann rétt er hún að kvarta yfir þeirri vinnureglu sem tíðkast hefur í mörg ár varðandi vinnu fjárlaganefndar með einstaka þætti í fjárlagafrumvarpinu. Þar hefur reglan verið sú að ráðuneytin svara fyrir stofnanir sínar gagnvart nefndinni en ekki stofnanirnar sjálfar, þær komi ekki sjálfar, enda eru þær fjölmargar, í löngum bunum fyrir fjárlaganefnd með sínar hugsanlegu fjárlagaóskir.

Það er vegna þess að það er ákveðið kerfi í þessu. Fagráðuneytin bera ábyrgð á fjármálum stofnana sinna gagnvart þinginu og síðan bera þær auðvitað sína ábyrgð gagnvart ráðuneytunum. Ég veit ekki alveg hvað þingmaðurinn er að fara ef hún er að tala hér um einhverja nýja hluti. Hitt veit ég að það var eitt mitt síðasta verk sem fjármálaráðherra fyrir rúmu ári að beita mér fyrir mjög stórfelldri aukafjárveitingu til Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þá þóttu mönnum góðar horfur á að spítalinn kæmist í jafnvægi.

Ég get ekki sagt mikið meira um það hér en þykist vita að bæði heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra hafi fullan hug á að standa vel á bak við þá stofnun, ef það er það sem þingmaðurinn var að tala um.

[15:19]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Vinnureglan hefur verið sú að stofnanir hafa komið fyrir þingið. Þær hafa komið fyrir fjárlaganefnd, heilbrigðisstofnanirnar hafa komið fyrir heilbrigðisnefnd. Nú er komið út bréf frá ríkisstjórninni sem er sent öllum ráðuneytum og þau senda síðan stofnununum um að stofnanirnar eigi ekki að koma fyrir nefndirnar, ekki að upplýsa þingmenn.

Er hæstv. ráðherra að fara fram á að stofnanirnar komi ekki fyrir fjárlaganefnd ef fjárlaganefnd biður um það? Auðvitað er framkvæmdarvaldið með svona háttalagi að bregða fæti fyrir kjörna fulltrúa til þess að þeir geti ekki gætt réttar almennings. Það er verið að takmarka upplýsingar til þingmanna. Ég vil sérstaklega huga að þessu vegna heilbrigðismála og tek þau sem dæmi.

Ég ætla bara að vona að við stöndum ekki frammi fyrir því að 300 manns verði sagt upp á næstunni og að þjónustan við höfuðborgarsvæðið verði skert. Það er alls ekki boðlegt. En það verður þannig ef ekkert verður að gert.

Ég bið hæstv. ráðherra um að svara mér: (Forseti hringir.) Finnst honum þetta þingræðisleg vinnubrögð?

[15:20]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Mér heyrist þingmaðurinn vera að tala um tvennt, annars vegar vinnubrögð og hins vegar stöðuna innan tiltekinnar stofnunar, Landspítalans. Varðandi vinnubrögðin er mér ekki kunnugt um að þar séu neinar nýjar reglur á ferðinni frá því sem verið hefur undanfarin ár. Auðvitað getur fjárlaganefnd kallað til sín fulltrúa hverrar þeirrar stofnunar sem hún vill. Auðvitað hefur hún vald til þess. En ríkisstjórnin hefur búið sér til vinnulag í þessum efnum sem hefur gefið góða raun á undanförnum árum og

örugglega hjálpað fjárlaganefndinni líka í skipulagsvinnu sinni hvað þetta varðar.

Ég ætla ekki að svara fyrir fjármál Landspítalans neitt frekar en auðvitað er hagur allra að rekstur hans sé í góðu horfi.

[15:21]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Ég tel alvarlegast í þessu máli að ríkisstjórnin sé með svona fyrirmæli til stofnana eins og koma fram í bréfinu sem ég er að vitna hér í um þessa samþykkt ríkisstjórnarinnar. Þar eru tilmæli frá heilbrigðisráðuneytinu til Landspítalans: „Mælst er til að ráðuneytið komi því á framfæri við stofnanir sínar að þær leiti ekki beint til fjárlaganefndar Alþingis með erindi." Það stendur hér í þessu bréfi. Yfirmenn heilbrigðisstofnana kannast ekki við að þessi háttur hafi verið hafður á áður.

Ég verð að segja að ríkisstjórn sem hegðar sér svona gagnvart þinginu er búin að sitja of lengi. Hún er orðin of einráð. Hún á auðvitað að fara frá. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Ég spyr hæstv. ráðherra að því aftur hvort hann telji þessi vinnubrögð þingræðisleg.

*Erlent vinnuafl og innflytjendur.*

[15:22]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Nú um áramótin ganga Búlgaría og Rúmenía í Evrópusambandið. Ég kem hér upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra. Það sem ég vil fá að grennslast fyrir um er hvaða stefnu ríkisstjórnin hefur í málefnum þessara ríkja, þ.e. varðandi frjálst flæði vinnuafls frá þessum löndum. Í þessum löndum búa um 30 millj. manns. Þetta eru mjög fjölmenn ríki, hundrað sinnum fjölmennari en Ísland, fátæk ríki, og mig fýsir að vita hvort vænta megi einhvers konar frumvarps frá ríkisstjórninni hingað inn í þingið þar sem breyta þarf þá lögum, vænti ég, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, með svipuðum hætti og gert var með fádæma sleifarlagi hér í vor þegar frjálst flæði vinnuafls var samþykkt frá öðrum löndum sem eru nýgengin í Evrópusambandið. Þetta miðaðist við 1. maí á þessu ári.

Það væri gott að fá svar við þessari spurningu: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í þessu máli? Hvers er að vænta af hálfu ríkisstjórnarinnar? Ég minni á það að tíminn líður hratt og það er ekki langur tími eftir af störfum þingsins. Áætlun segir að við skulum hætta hér störfum og fara í jólafrí 15. desember, þ.e. eftir rétt rúman mánuð.

Ég mundi líka vilja fá að grennslast fyrir um það hjá hæstv. ráðherra hvað líði framkvæmdaáætlun varðandi málefni innflytjenda sem átti að kynna fyrir félagsmálanefnd fyrir 1. október 2006, þ.e. á þessu ári, fyrir rúmum mánuði. Það var talað um að það ætti að fara í þessa vinnu þegar lögin um frjálst flæði voru samþykkt hér þann 28. apríl sl. en ég veit ekki til þess að neitt bóli á þeirri framkvæmdaáætlun.

Einnig átti starfshópur að fara yfir þessi málefni þar sem fulltrúar stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins áttu að eiga sæti. Þessi starfshópur átti að skila af sér 1. nóvember sl. en ég hef ekki séð að af því hafi orðið.

[15:24]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Hvað varðar Búlgaríu og Rúmeníu liggur ekki fyrir ákvörðun um hvernig á því máli verði tekið svo að ég svari því bara örstutt. Varðandi málefni innflytjenda og stefnumótun í því var innflytjendaráð skipað fyrr á þessu ári, í upphafi ársins. Það hefur unnið að þessari stefnumótun og ég vænti þess að við sjáum afrakstur þeirrar vinnu fljótlega.

Í þriðja lagi varðandi nefnd sem hefur verið að störfum í ráðuneytinu sem m.a. aðilar vinnumarkaðarins eiga aðild að varðandi lagaumhverfi útlendinga á vinnumarkaði hefur verið mikil vinna í gangi í þeim efnum undanfarnar vikur og mánuði. Ég vænti þess einnig að niðurstaða þeirrar vinnu liggi fyrir mjög fljótlega. Ég mun m.a. eiga fund síðar í dag með fulltrúum ASÍ út af því máli.

[15:25]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Þetta svar fannst mér alveg fádæma lélegt. Það kemur sem sagt í ljós að ríkisstjórnin hefur enn þá ekki gert upp hug sinn varðandi það hvað gera eigi þegar Rúmenía og Búlgaría verða aðilar að Evrópusambandinu núna um áramótin. Það liggur ekki fyrir nein stefna í þessu máli.

Eins og ég sagði áðan í ræðu minni eru ekki margir dagar eftir af störfum þingsins fram að jólum. Við hér á Alþingi, við þingmenn sem erum með löggjafarvaldið í þessu landi, þurfum að fá þetta mál til meðferðar. Ég reikna með að það sé réttur skilningur hjá mér að svo verði.

Á þá virkilega að fara sömu leið og hér í vor þegar lögin um frjálst flæði voru keyrð í gegnum þingið á örfáum dögum, afgreidd út úr félagsmálanefnd, nánast með valdi, og allir þingmenn greiddu því atkvæði nema þrír, þ.e. þingmenn Frjálslynda flokksins, eini flokkurinn sem hélt haus í þessu máli? Ætlum við virkilega að halda áfram þessum vinnubrögðum á hinu háa Alþingi? Hvernig í ósköpunum stendur á því að þessir starfshópar sem voru skipaðir hér í vor — það var lofað að farið yrði í þessa vinnu — af hverju er ekki búið að fara í þessa vinnu? (Forseti hringir.) Þetta þýðir náttúrlega að þessi mál eru í algerum ólestri.

[15:27]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil biðja hv. þingmann að gæta orða sinna og fara rétt með. Þessir starfshópar sem ég nefndi hér og fór yfir, annars vegar innflytjendaráð og hins vegar nefndin sem er að fjalla um atvinnumál útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, hafa unnið mjög mikið starf. Það er ekki rétt að ekkert hafi gerst í því. Hins vegar liggur ekki fyrir niðurstaða úr því starfi enn þá.

Ég vildi bara taka það mjög skýrt fram hér að sú vinna hefur verið í fullum gangi í margar vikur og mánuði. Ég vonast til að sú niðurstaða liggi fyrir sem allra fyrst. Ég er sammála hv. þingmanni í því að við þurfum auðvitað að ljúka því máli sem fyrst.

[15:27]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Upp úr stendur í þessu máli að ekki hefur verið staðið við þau fyrirheit sem þingmönnum voru gefin hér þegar þetta nefndarálit meiri hluta félagsmálanefndar var lagt fram í þinginu. Það hefur ekki verið staðið við þessi fyrirheit. Það hefur ekki verið staðið við þessar dagsetningar. Það var talað um 1. október, að þann dag ætti að liggja fyrir þessi áætlun þar sem mótuð yrði stefna í málefnum innflytjenda. Það er ekki enn þá búið að gera þetta.

Það liggur sem sagt ekki fyrir nein stefna af hálfu stjórnvalda um málefni innflytjenda í þessu landi sem hafa flætt inn í landið á örfáum vikum og mánuðum fyrir tilstilli þessarar hroðalegu lagasetningar sem Alþingi samþykkti hér þann 28. apríl sl.

Hvernig væri þá að félagsmálaráðherra sýndi að minnsta kosti þá döngun að svara spurningu minni: Er þess að vænta að hér komi fram eitthvert frumvarp frá ríkisstjórninni áður en Alþingi fer í jólafrí þann 15. desember, eða ekki? Getum við þá að minnsta kosti fengið einhver svör um það?

[15:28]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. þingmaður hefur vitnað í um tímasetningar á skilum þess starfs sem annars vegar lýtur að innflytjendaráði og hins vegar varðandi nefndina sem vinnur að málefnum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði vitnar hann í nefndarálit félagsmálanefndar þar sem það kemur fram. Það er rétt. Hins vegar þekki ég því miður ekki hvort fyrirheitin hafa verið gefin af hálfu félagsmálaráðuneytisins. Ég verð þá bara að kynna mér það. (Gripið fram í.) Vegna þess að ég var ekki þá í því ráðuneyti.

En ég bara ítreka að varðandi Rúmeníu og Búlgaríu liggur ekki fyrir endanleg niðurstaða um það en ég vonast til að það verði sem fyrst. (Gripið fram í.)

*Lækkun virðisaukaskatts á geisladiskum.*

[15:29]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að inna hæstv. fjármálaráðherra eftir afstöðu hans til lækkunar virðisaukaskatts á íslenskri tónlist, þ.e. á geisladiskum. Ég vil líka segja að ég fagna þeim áformum sem hæstv. ríkisstjórn hefur lýst í þá veru að lækka virðisaukaskatt á bókum eins og ýmsum öðrum varningi.

Nú er það svo að bækur eru í harðri samkeppni við geisladiska. Þegar í dag liggur fyrir að geisladiskar eru með 24,5% virðisaukaskatt en bækur með snöggtum minna. Nú á að lækka þær niður í 7%. Þetta þýðir að það er enn verið að skekkja samkeppnisstöðu íslenskrar tónlistar frá því sem er. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að það er afstaða mín og Samfylkingarinnar að við teljum að það eigi að hygla og hlúa að íslenskri menningararfleifð eins og hún birtist í bókum og rituðu máli með því að hafa hagstæðara skatthlutfall á henni. Hið sama á líka að gilda um þann hluta menningararfleifðarinnar sem felst í tónlistinni.

Þess vegna langar mig, frú forseti, til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann telji ekki rétt, eins og Samfylkingin, að fella geisladiska í sama flokk og bækur og hafa þá 7% virðisaukaskatt á því líka?

[15:31]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Sú aðgerð sem má segja að sé í gangi, að lækka matarverð hér á landi og þar á meðal virðisaukaskatt, hafði í sjálfu sér ekki beinlínis með aðra vöruflokka að gera nema þá að því leytinu til sem varðar þær vörur sem voru í lægra þrepinu, að þær yrðu lækkaðar til samræmis við matvælaverðið til að við kæmum ekki upp þremur gjaldflokkum. Þetta er út af fyrir sig eitt af þeim vandamálum sem koma upp þegar við erum með fleiri en eitt virðisaukaskattsþrep, að við þurfum að velja hvaða vörur eiga að vera í hvaða gjaldflokki. Það má segja að þær ákvarðanir hafi verið teknar fyrir þó nokkuð mörgum árum.

Út af fyrir sig má færa fyrir því rök að það að færa þessar tilteknu vörur sem eru í lægra þrepinu niður um 7% geri muninn enn meiri á milli þess sem hugsanlega er sambærilegt eða staðkvæmdarvara og er í efra þrepinu. Það hafa verið lögð fram gögn og röksemdir fyrir því að einhverjar þeirra yrðu færðar í neðra þrepið samfara þessari breytingu. Þau gögn eru til athugunar hjá okkur í ráðuneytinu eins og staðan er. Kannski er þó ekki tímabært að kveða upp úr með það hver niðurstaðan er en sjálfsagt þegar lagt er í þá vinnu að færa góð rök fyrir breytingum eins og þessum að það sé skoðað. Það kemur auðvitað að því og varla síðar en þegar gengið verður frá frumvarpi og frumvarpið síðan afgreitt frá Alþingi að endanlega verður tekin afstaða til þessa máls.

Eins og svo oft áður, frú forseti, er svarið til hv. þingmanns það að málið sé í athugun.

[15:33]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur öfundsverðan hæfileika til að tala eins og véfréttin í Delfí. Það var í raun inni alveg ómögulegt að skilja neitt á hæstv. ráðherra um áform hans í þessu. En vegna þess að hann ber réttlætið í hjarta, sagði hann, þó að það væri alveg ljóst að með því að lækka virðisaukaskatt á bókum mundi samkeppnisstaða geisladiska og íslenskrar tónlistar skekkjast enn meira, er þá ekki verið, frú forseti, að rjúfa jafnræðið sem okkur er svo annt um?

Hæstv. ráðherra hefur líka sýnt lofsverðan hæfileika til þess að fara að stefnu Samfylkingarinnar. Hann hefur barist fyrir því að lækka virðisaukaskatt á bókum, eins og Samfylkingin hefur gert og reyndar Framsóknarflokkurinn líka, og ég fagna því framtaki ríkisstjórnarinnar. En ég spyr hæstv. ráðherra: Ef hann ætlar að láta tónlistina bera skarðan hlut frá borði, er hann þá ekki að brjóta jafnræðisregluna sem okkur er öllum svo annt um?

[15:34]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ekki er alveg víst að það væri verið að brjóta jafnræðisregluna en eins og ég sagði áðan hafa verið

færð fyrir því rök að það væri verið að breyta þessari samkeppnisstöðu. Ég hef fallist á að skoða það. Ég held hins vegar að það sé eðli málsins samkvæmt að á meðan svona mál eru í skoðun í fjármálaráðuneytinu verði fjármálaráðherrann að tala eins og véfréttin í Delfí því að fyrr en niðurstaðan liggur fyrir getur hann ekki kveðið upp úr með það hvað lagt verður til.

Við verðum hins vegar að virða það við hv. þingmann að hann hefur greinilega mikinn áhuga á þessu máli og hann er fimur í rökræðum og kann að (**Gripið fram í:** Þú ert slæmur í ...) leggja málin vel og skynsamlega fyrir hér í þinginu. Þrátt fyrir það verður hann, eins og aðrir hv. þingmenn, að bíða eftir því að við (Forseti hringir.) leggjum fram frumvarpið.

[15:35]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að kalla rök mín skynsamleg. Hæstv. ráðherra sagði jafnframt að málið væri í skoðun og að ekki væri enn búið að komast að niðurstöðu. Má ég þá ekki, frú forseti, bjóða hæstv. fjármálaráðherra aðstoð mína í þessu máli? Hæstv. ráðherra hefur sagt að rök mín um að verið sé að brjóta jafnræðisreglu gagnvart íslenskri tónlist séu rétt. Hæstv. ráðherra hefur sömuleiðis tekið undir með mér um að þarna sé verið að skekkja samkeppnisstöðuna. Ég hef lagt hérna fyrir ákveðin rök, ég hef skoðað þetta mál og ef hæstv. véfrétt í Delfí í fjármálaráðuneytinu á erfitt með að komast að niðurstöðu er ég í þessu máli, eins og flestum öðrum, reiðubúinn til að leggja mitt af mörkum til þess að leiða þessa ríkisstjórn af villu síns vegar. Ég tel að hér sé verið að brjóta jafnræðisregluna gagnvart íslenskri tónlist vegna þess að það er verið að skekkja samkeppnisstöðuna.

Frú forseti. Ég er til þjónustu reiðubúinn fyrir ríkisstjórnina í þessu máli.

### *Málefni aldraða, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 190. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 272. mál (heildarlög). — Þskj. 281.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Embætti landlæknis, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 282.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Heyrnar- og talmeinastöð, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 274. mál (heildarlög). — Þskj. 283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Afnám refsiákvæða vegna ærumeiðinga, frh. fyrri umr.*

Þáltill. EirJ, 294. mál. — Þskj. 307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Heildarstefna í nýsköpun og atvinnuþróun, frh. fyrri umr.*

Þáltill. SI og ArnbS, 300. mál. — Þskj. 315.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

### *Tekjuskattur, 1. umr.*

Stjfrv., 22. mál (vaxtabætur). — Þskj. 22.

[15:41]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, vegna hækkunar á lágmarki eignaviðmiðunar að frádregnum skuldum til skerðingar á vaxtabótum.

Frumvarp þetta er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní á þessu ári til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Í yfirlýsingunni segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin lýsir sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kemur við niðurstöðu

álagningar í ágúst nk. að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefur leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum."

Þegar ákvörðun vaxtabóta vegna vaxtagjalda, sem greidd voru á síðasta ári, lá fyrir í ágúst sl. kom í ljós talsverð skerðing á heildarfjárhæð vaxtabóta frá því sem reiknað hafði verið með samkvæmt forsendum fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Jafnframt var um umtalsverða fækkun vaxtabótaþega að ræða. Hafa ber í huga að vaxtabótakerfið er grundvallað á mörgum ólíkum þáttum sem saman mynda grunn að rétti einstaklinga til vaxtabóta. Þeir þættir sem hafa haft hvað mest áhrif á vaxtabætur undanfarin ár og almennt leitt til skerðingar vaxtabóta eru annars vegar tekjuaukning og hins vegar hækkun á fasteignamati á milli ára. Hækkun á fasteignamati hefur áhrif á eignaviðmið vaxtabóta en athuga ber að inni í eignaviðmið vaxtabóta komi ekki bara fasteignir heldur jafnframt aðrar eignir eins og t.d. hlutabréf á nafnvirði, önnur verðbréf, bankainnstæður og ökutæki. Aukning í öðrum eignum en fasteignum hefur því áhrif á eignaviðmið og leiðir til skerðinga á vaxtabótum.

Mikilvægt er því að gæta þess að með frumvarpi því sem hér er lagt fram er í samræmi við áðurnefnda yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar einvörðungu verið að bregðast við þeim þætti útreikninga vaxtabóta sem snýr að hækkun á fasteignamati. Ekki er með frumvarpinu verið að bregðast við þróun annarra þátta sem áhrif hafa á útreikninga vaxtabóta, svo sem mikla tekjuaukningu.

Í fjárlögum þessa árs var reiknað með að útgjöld ríkissjóðs vegna vaxtabóta yrðu 5,1 milljarður króna að teknu tilliti til þeirra vaxtabóta sem alla jafna bætast við frumálagningu skattstjóra við kærur og endurúrskurði. Sú viðbótarfjárhæð var áætluð 300–400 millj. kr. Það þýðir að í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að frumálagning skattstjóra gæti orðið nálægt 4,8 milljörðum króna. Niðurstaða hennar varð hins vegar sú, samkvæmt álagningartölum sem birtust í ágúst sl., að ákvarðaðar vaxtabætur voru tæpir 4,5 milljarðar króna, þ.e. um 300 millj. kr. lægri upphæð en reiknað hafði verið með í fjárlögum.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins hækkaði fasteignamat á íbúðarhúsnæði á landinu öllu um nálægt 30% að meðtalinni magnaukningu. Breytingin er hins vegar mjög mismikil milli landshluta, allt frá því að vera 35% á sérbýli á Stór-Reykjavíkursvæðinu niður í 5% á smærri stöðum úti á landi. Sem dæmi hækkaði matsverð fjölbýlishúsa í Reykjavík um 30%, íbúðarhúsnæðis á Akureyri um 20% og um 15% í Stykkishólmi. Þá sýna heildartölur úr skattframtölum að framtalin nettóeign allra framteljenda hækkaði um tæp 25% milli áranna 2004 og 2005 og um rúmlega 20% að frátalinni fjölgun framteljenda.

Það er ekki nýtt fyrirbæri að fasteignamat hækki mismikið á mismunandi stöðum á landinu, jafnvel innan sama svæðis. Eins og vaxtabótakerfið er byggt upp er hins vegar óhjákvæmilegt að öll viðmið þess séu sett fram á einum grunni fyrir alla og á það því við um eignaviðmiðið sem eins og áður hefur verið rakið tekur til fleiri þátta en fasteigna.

Þar sem hækkun fasteignamats var mismikil bæði milli landshluta og einstakra sveitarfélaga er í frumvarpi þessu valin sú leið að leggja til hækkun eignaviðmiða á grundvelli meðaltalshækkana. Er ekki annað talið framkvæmanlegt en að notast við meðalviðmiðun fyrir landið allt þegar kemur að útfærslu á ofangreindri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, enda byggja bæði eignaviðmið og önnur viðmið vaxtabótakerfisins á almennum mælikvörðum. Verður og að hafa í huga í því sambandi að við útreikning vaxtabóta er ekki aðeins horft til fasteigna heldur og til annarra eigna.

Á grundvelli framangreindra forsendna er því í frumvarpi þessu lagt til að lágmark eignaviðmiðunar að frádregnum skuldum til skerðingar á vaxtabótum verði hækkað afturvirkt um 25%. Sú breyting er talin kosta ríkissjóð um 500 millj. kr. en það þýðir að ætla má að vaxtabætur í ár muni nema 200 millj. kr. umfram það sem reiknað var með í fjárlögum þessa árs, þ.e. 5,3 milljörðum króna í stað 5,1 milljarðs króna í fjárlögum þegar endanlegar tölur liggja fyrir.

Verði frumvarpið að lögum er talið að vaxtabótaþegum muni fjölga um u.þ.b. fimm þúsund við þessa breytingu. Sem dæmi um áhrif hækkunar skerðingarmarka eigna við útreikning á vaxtabótum má taka tvö einföld dæmi um hjón, einstætt foreldri og einstakling. Í fyrra dæminu er tekjustofn einstæðs foreldris og einhleypings 4 millj., eignastofn 6 millj., skuldir vegna íbúðarkaupa 10 millj. og vextir 520 þús. kr. Fyrir hjón eru þessar fjárhæðir tvöfalt hærri. Tekjustofn er 8 millj., eignastofn 11 millj., skuldir vegna íbúðarkaupa 20 millj. og vextir 1.040 þús. kr.

Við ákvörðun vaxtabóta í ágúst sl. fengu þessir aðilar engar vaxtabætur. Við endurákvörðun vaxtabóta, verði frumvarp þetta að lögum, mundu hjónin fá 94 þús. kr. í vaxtabætur, einstætt foreldri 134 þús. kr. og einhleypingur 132 þús. kr. Í síðara dæminu er um tekju- og eignaminni aðila að ræða sem fengu vaxtabætur í ágúst sl. Í dæminu er tekjustofn einstæðs foreldris og einhleypings 3 millj., eignastofn 5 millj., skuldir vegna íbúðarkaupa 8 millj. og vextir 416 þús. kr. Fyrir hjón eru þessar fjárhæðir tvöfalt hærri, þ.e. tekjustofn er 6 millj., eignastofn 8 millj., skuldir vegna íbúðarkaupa 16 millj. og vextir 832 þús. kr. Í ágúst sl. fengu hjónin 222 þús. kr. í vaxtabætur en fá við endurákvörðun 280 þús. kr. Einstætt foreldri fengi 94 þús. en við endurákvörðun fær það 193 þús. kr. Einhleypingur fékk 94 þús. kr. í vaxtabætur en við endurákvörðun 170 þús. kr.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[15:48]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Hæstv. fjármálaráðherra mælir fyrir frumvarpi sem felur í sér að leiðrétta þá skerðingu á vaxtabótum sem fjöldi fólks varð fyrir vegna mikillar hækkunar á fasteignamati. Ástæða er til að rifja það upp við þessa umræðu að Samfylkingin krafðist þess í umræðum utan dagskrár, áður en þingi lauk síðastliðið vor, að lögunum yrði breytt þannig að komið yrði í veg fyrir þann skell á fjárhag heimilanna sem var yfirvofandi þá vegna skerðingar á vaxtabótum. Hæstv. fjármálaráðherra varð ekki við þeirri eindregnu ósk, sem reyndar kom fram frá fleirum í stjórnarandstöðunni líka, um að lögunum yrði breytt þá þegar síðastliðið vor og því fór svo, eins og við sögðum, að fjöldi

fólks varð fyrir mikilli skerðingu í vaxtabótum í ágústmánuði síðastliðnum. Er hér um verulegar fjárhæðir að ræða eins og hæstv. fjármálaráðherra las upp áðan. Reyndar var það svo að sumir sem höfðu haft fullar vaxtabætur, kannski 200 þús. kr., fengu engar vaxtabætur í ágúst. Það segir sig sjálft, virðulegi forseti, að það raskaði verulega öllum greiðsluáætlunum fólks að þessi dráttur varð á því að hæstv. ráðherra leiðrétti þessa skerðingu. Það var reyndar verkalýðshreyfingin sem knúði það í gegn í samningum í sumar að hæstv. ráðherra fór í þessa leiðréttingu.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Voru þeir útreikningar sem þetta frumvarp byggir á unnir í samráði við Alþýðusamband Íslands? Ég held ekki, vegna þess að ég er hér með ályktun frá miðstjórn ASÍ um vaxtabætur, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Mikil hækkun fasteignaverðs á síðasta ári leiddi til þess að vaxtabætur margra skertust verulega. Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í sumar lofaði ríkisstjórnin að leiðrétta skerðinguna. Jafnframt voru gefin fyrirheit um að haft yrði náið samráð við ASÍ um útfærslu leiðréttinganna.

Nú hefur fjármálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingar á ákvæðum laga um vaxtabætur án samráðs við ASÍ. Frumvarpið, sem er samhljóða tillögum sem ASÍ hafnaði í viðræðum við ríkisstjórn í sumar, tryggir engan veginn leiðréttingu á þeirri skerðingu sem margir urðu fyrir vegna hækkaðs fasteignaverðs. Miðstjórn ASÍ lýsir furðu sinni á þessum vinnubrögðum og krefst þess að ríkisstjórnin standi við gefin loforð."

Ég varð ekki vör við það, hæstv. forseti, að hæstv. fjármálaráðherra færi neitt inn á þessa yfirlýsingu sem ASÍ sendi frá sér og hæstv. ráðherra kemst ekki hjá því að ræða hana lítillega við okkur úr þessum ræðustóli og svara þeirri spurningu: Hvers vegna var ekki haft samráð við ASÍ um þessa útreikninga? Er það rétt að hæstv. ráðherra sé að leggja fram frumvarp sem ASÍ hafnaði í sumar? Það er mjög nauðsynlegt að fá þetta fram og einnig hvers vegna ekki var haft samráð við ASÍ eins og það lýsir hér. Það er greinilegt að ekki er eining um þetta mál milli ASÍ og ríkisstjórnarinnar og skil ég það reyndar vel miðað við þær forsendur sem lagt er upp með í þessu frumvarpi.

Þegar við ræddum þetta mál áður en þingi lauk í vor töldum við að hér væri um verulegar fjárhæðir að ræða í heild sem skerðing vaxtabóta gæfi. Ég man ekki betur en það hafi komið fram hjá fjármálaráðherra síðla sumars að um 700 millj. kr. væri að ræða, að skerðingin sem fólk varð fyrir væri um 700 millj. kr. Ég gekk því út frá því að setja þyrfti um 700 millj. kr. í endurgreiðslu vaxtabóta til að þessir einstaklingar væru jafnsettir og áður miðað við að fasteignamatið hækkaði ekki eins mikið og raun ber vitni. Nú segir fjármálaráðherra að setja þurfi 200 millj. til viðbótar þeim 300 sem eru í fjárlögum þannig að um sé að ræða 500 millj. í heild. Það þarf að fara yfir skýringu á því í félagsmálanefnd hvar munurinn á þessum 700 og 500 milljónum liggur. Er það vegna þess að hæstv. ráðherra kýs að fara meðaltalsleiðina og miða útreikningana við meðaltal á hækkun á fasteignamati á landinu öllu eða 25% í stað þess að skoða hvert svæði fyrir sig með tilliti til hækkunar á fasteignamati? Þær upplýsingar sem ég fékk þegar ég skoðaði þetta á miðju sumri, og reyndar þegar við ræddum þetta á þinginu í vor, voru að fasteignamatið mundi hækka um nálægt 35%. Ef þetta er rétt, sem ég held fram, þá fær fjöldi fólks ekki fulla leiðréttingu miðað við hækkunina á fasteignamatinu. Þessa útreikninga er mjög brýnt og nauðsynlegt að fara yfir í félagsmálanefnd.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hæstv. ríkisstjórn skerðir greiðslur á vaxtabótum. Ég hygg að ég fari rétt með að frá 2003 hafi skerðingin sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir með ýmsum leiðum í formi lagafrumvarps á Alþingi sparað ríkissjóði um 1,4–1,5 milljarða kr. og það eru þeir 1,4–1,5 milljarðar sem hafðir hafa verið af fólki frá 2003. Fólk hefur því fengið lægri vaxtabætur en það lagði kannski upp með í greiðsluáætlunum sínum þegar það tók lán. Hæstv. ráðherra verður að skoða málið í því ljósi að vaxtabætur eru hluti af greiðsluáætlunum fólks, m.a. þegar það tekur íbúðalán í bönkum eða hjá Íbúðalánasjóði. Það er ekkert annað en að koma aftan að fólki þegar verið er að skerða vaxtabæturnar aftur og aftur, ár eftir ár, þannig að fólk geti engu treyst í þessu efni.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra, af því að nú er þetta, ef ég skil það rétt, bara frumvarp um að endurgreiða til þeirra hópa sem urðu fyrir verulegri skerðingu vegna hækkunar á fasteignamati, hvort hann telji ekki ástæðu til að breyta þessu til frambúðar. Eða eiga útreikningar á vaxtabótum miðað við eignaviðmið að vera háð sífelldum sveiflum á fasteignamarkaði? Er ekki nær að hafa einhverja aðra viðmiðun en fasteignamatið? Ég hefði gjarnan viljað sjá að hæstv. ráðherra hefði skoðað það og að við sæjum þess stað í frumvarpinu að verið væri að breyta til frambúðar útreikningunum þannig að eignaviðmiðunarmörkunum væri sleppt eða þau hækkuðu þá í samræmi við vísitölu vegna þess að það er ekki hægt að búa við slíkar sveiflur ef svo miklar sveiflur verða á fasteignamati að það hafi þessi áhrif á vaxtabæturnar eins og raun ber vitni.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem fjallar um þetta mál, félagsmálanefnd, og ég mun auðvitað fyrir mitt leyti stuðla að því að málið verði afgreitt þar fljótt og vel. Að vísu þurfum við að fá allar forsendur um útreikninga til nefndarinnar þannig að við getum lagt sjálfstætt mat á þá. Ég veit að fólk úti í samfélaginu bíður mjög eftir því að frumvarpið verði að lögum og það er miður að liðinn sé rúmur mánuður frá því að þingið var sett og að hæstv. fjármálaráðherra sé fyrst núna að afgreiða málið, vegna þess að ég man ekki betur en hæstv. fjármálaráðherra hafi sagt að hann mundi beita sér fyrir að þetta yrði fyrsta málið sem kæmi fyrir þingið og yrði afgreitt þar fljótt og vel. Það er miður að við skulum fyrst núna vera að ræða þetta mál í 1. umr. og einhvern tíma tekur að fjalla um það í nefndinni. Ég veit að fólk sem hafði reiknað með þessum vaxtabótum í ágústmánuði hefur verið að taka lán og gera ýmsar ráðstafanir og bíður eftir því að þetta frumvarp verði að lögum þannig að það fái endurgreiðslur sínar. En ég hef lagt ákveðnar spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem ég vona að hann svari við þessa umræðu.

[15:58]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi að greiðslumatið kynni að hafa ruglast út af því að vaxtabæt-

urnar voru skertar. Nú kemur fram í greinargerð þessa frumvarps að lækkun upphæðanna er einungis 300 millj. af 4,8 milljörðum, þ.e. þetta lækkar að meðaltali eingöngu um 6%. Þessu frumvarpi er ætlað að bæta þetta og gott betur því samkvæmt greinargerð þess fara greiðslur ríkissjóðs upp fyrir það sem áætlað var í fjárlögum, í 5,3 milljarða í staðinn fyrir 5,1 milljarð.

Það sem ég vildi gera athugasemd við í ræðu hv. þingmanns er greiðslumatið. Það byggir á áætlun um laun fólks í framtíðinni, áætlun um neyslu og áætlun um greiðslu af lánum. Nú fer neyslan og greiðslan af lánum hvort tveggja eftir neysluvísitölu, hvort tveggja er verðtryggt með því. Það sem skekkist í þessu dæmi er að launin hafa hækkað almennt töluvert miklu meira en verðlag, a.m.k. á síðustu 2–3 árum. Greiðslumatið sýnir því betri stöðu núna en gert var ráð fyrir vegna þess að launin hækka meira en verðlag. Síðan kemur inn í myndina að eignamyndunin er töluvert mikil vegna þess að íbúðarhúsnæði hefur hækkað miklu meira en skuldirnar þannig að fólk er að eignast miklu meira en gert var ráð fyrir í greiðslumatinu.

[16:00]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég varð ekki vör við að hv. þingmaður væri að beina einhverri fyrirspurn sérstaklega til mín varðandi þetta mál. Hann var bara að lýsa því yfir að laun hefðu hækkað meira en neysluvísitala á ákveðnum tíma. Það er náttúrlega misjafnt hvað kaupmáttur hefur vaxið í landinu. Við vitum að t.d. lífeyrisþegar, öryrkjar hafa fengið helmingi minni kaupmátt en aðrir á umliðnum árum og þetta eru hópar sem eru líka með vaxtabætur. Þegar verið er að meta greiðslugetu fólks og lánamöguleika til að standa undir því þá eru vaxtabæturnar líka lagðar til grundvallar, þ.e. hvað viðkomandi getur búist við að fá í vaxtabætur og endurgreiðslu á vöxtum, þannig að vaxtabæturnar eru auðvitað mikilvægur þáttur í greiðslumati hjá fólki. Eins og ég nefndi hafa þær sífellt verið skertar á umliðnum árum, bara frá 2003 um 1,4–1,5 millj. kr., og þegar fólk getur aldrei treyst hve mikið það fær í vaxtabætur þá hefur það áhrif á greiðsluáætlanir þess. Það væri fróðlegt að heyra hvort hv. þingmaður telur að þetta eignaviðmið sem byggt er á fasteignamati sé eðlilegt viðmið og hvort hann telji ekki að það eigi að breyta því til frambúðar að vera ekki að miða útreikninga á vaxtabótum við þessi eignamörk eða eignaviðmið sem eru jafnsveiflukennd og við höfum séð á umliðnum missirum.

[16:02]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var einmitt að gera athugasemd við það að hv. þingmaður nefndi að greiðslumatið kynni að skekkjast, að þetta greiðslumat sem menn fóru í á sínum tíma kynni að verða fyrir bí. Ég benti á að ef það skekkist þá er það helst í hina áttina, að það sé betra vegna þess að launin hafa hækkað mikið meira en greiðslur á lánum og greiðslur fyrir mat og annað slíkt sem fjölskyldan þarf til neyslu. Ég var bara að benda á þetta.

Með frumvarpinu er verið að laga þá vankanta sem voru í lögunum sem eru vegna þess að fasteignaverðið hefur hækkað mikið meira en flest annað, fólkinu til góða vegna þess að það á meira af því að skuldirnar hafa ekki hækkað eins og fasteignirnar, þannig að bilið milli eigna og skulda er alltaf að gliðna. Menn eiga alltaf meira og meira. Það er verið að nálgast þann vanda, ef vanda skyldi nefna, með því að hækka mörkin í frumvarpinu um 25%.

Ef hv. þingmaður vill fella niður eignamörk í vaxtabótunum þá er dálítið undarlegt að heyra það úr munni jafnaðarmanns að stóreignamenn eigi að fá vaxtabætur úr ríkissjóði.

[16:03]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég nefndi var hvort ekki ætti að skoða breytingu á viðmiðunum, að miða þetta út frá breytingum á vísitölu en ekki út frá þeim sveiflum sem eru í fasteignamatinu. Ég held að hjá því fólki sem varð fyrir skerðingu núna, kannski um 200 þús. kr., það munar um það, að þótt eign þeirra hafi hækkað í einhvern tíma þá hefur ekkert annað breyst í stöðunni hjá því, (Gripið fram í.) eignin hefur hækkað eitthvað tímabundið en ekkert annað í fjárhagsstöðunni hefur breyst. Það verður að horfa á þetta í samhengi. Það munar um það fyrir lágtekjufólk, með kannski um 100–250 þús. kr. á mánuði, að það sé svipt um 200 þús. kr. sem eru heil mánaðarlaun þess. Þetta skiptir því vissulega miklu máli. Og eins og ég kom inn á áðan þá er það líka svo að það er alls ekki verið að leiðrétta þetta að fullu fyrir þetta fólk miðað við þá skerðingu sem það varð fyrir út af fasteignamatinu vegna þess að þar er farin meðaltalsleiðin og einungis miðað við 25% hækkun á fasteignamati þegar fasteignamatið hefur víða hækkað um allt að 35%. Ég gæti trúað að bara það að fara þessa meðaltalsleið gæti munað töluverðu, kannski einhverjum tugum þúsunda t.d. fyrir einhverja á Reykjavíkursvæðinu þar sem fasteignamatið hefur hækkað hvað mest.

[16:05]

**Kolbrún Halldórsdóttir**:

Hæstv. forseti. Við ræðum tillögu ríkisstjórnarinnar um að breyta eða færa til betri vegar skerðingar vegna vaxtabóta. Nú er þess skemmst að minnast að á þingi á síðasta vori, nánar tiltekið 3. júní, fékk þingheimur tækifæri til að greiða atkvæði með tillögu af sama stofni, sama meiði og sú tillaga sem hæstv. fjármálaráðherra hefur hér mælt fyrir en þá brá auðvitað svo við að hv. stjórnarliðar í þingsal felldu þá tillögu, breytingartillögu við lögin nr. 90/2003, um tekjuskatt, og varðaði það lagafrumvarp reyndar gengishagnað en þetta atriði var algerlega fyrirséð síðastliðið vor. Flutningsmaður breytingartillögunnar sem stjórnarliðar sáu til að yrði felld þann 3. júní var hv. þm. Atli Gíslason, varaþingmaður okkar Vinstri grænna í Reykv. n.

Þegar álagning skatta 2006 var kunngerð kom auðvitað í ljós að þeim sem fengu vaxtabætur vegna hækkunar fasteignamatsins fækkaði um 10 þúsund einstaklinga á milli ára og ég fullyrði og tel að raunar liggi fyrir sú niðurstaða að fækkunin hafi að langflestu leyti orðið vegna breytinganna á verðmæti fasteigna. Það segir í fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu sem birt var 26. júlí í sumar um helstu niðurstöður skattálagningar árið 2006, með leyfi forseta:

„Ákvarðaðar vaxtabætur vegna vaxtagjalda af íbúðarlánum, sem einstaklingar greiddu af á árinu 2005, nema 4,5 milljörðum króna í ár sem er lækkun um rúm 13% frá fyrra ári, eða tæpar 700 millj. kr. Mikil hækkun fasteignamats á íbúðarhúsnæði milli áranna 2004 og 2005 ásamt tekjuaukningu veldur væntanlega mestu um lækkunina, en vaxtabætur skerðast með auknum eignum og tekjum. Vaxtabótaþegum fækkar til muna, eða um 10 þúsund einstaklinga og verða þeir tæplega 44 þúsund talsins. Vaxtabótum er skipt á milli hjóna og sambýlisfólks. Meðalbætur á hvern vaxtabótaþega eru 102 þúsund krónur samanborið við tæpar 96 þúsund krónur í fyrra og hækka því um tæplega 7% milli ára."

Í framhaldi af því ástandi sem skapaðist vegna hins háa verðs á fasteignum kom yfirlýsing frá ríkisstjórninni sem hæstv. fjármálaráðherra gat um í máli sínu og í 2. tölulið þeirrar yfirlýsingar segir að ríkisstjórnin lýsi sig reiðubúna til að endurskoða þessi ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós komi við niðurstöðu álagningar að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hafi leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum. Það hefur komið í ljós að 10 þúsund einstaklingar urðu að lúta skerðingunni, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór yfir máli í máli sínu áðan, og í langflestum tilvikum er það fólk sem er illa statt fjárhagslega, fólk sem er kannski að kaupa sér sína fyrstu íbúð eða fólk sem þarf að fjármagna íbúðakaup með háum lánum en það þurfa auðvitað flestir að gera í dag.

Það sem er önugt við þetta er auðvitað að í tillögu ríkisstjórnarinnar, í því frumvarpi sem við ræðum hér, er lagt til að ákveðið lágmark eignaviðmiðunar að frádregnum skuldum til skerðingar á vaxtabótum verði hækkað um allt að 25%. En það liggur fyrir og segir sig sjálft í því hve margir einstaklingar misstu vaxtabæturnar við síðustu álagningu að 25% er ekki nægilega hátt. Að öllum líkindum þarf að fara upp undir 35% til þess að við getum sagt að allir þeir sem urðu fyrir skerðingu við síðustu álagningu fái leiðréttingu. Ég held að ekki sé eðlilegt að gera hér einhvern mannamun og til að réttlætis sé gætt verði hæstv. ráðherra að átta sig á því að það þarf að stíga stærra skref en hér er lagt til.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, af því að þetta kemur inn á verðlagningu á fasteignum og mat á verðmæti og fasteignum, að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram í þriðja sinni á þessu löggjafarþingi tillögu til þingsályktunar um mat á fasteignum og um álagningarstofn fasteignaskatts. Við erum þeirrar skoðunar að það þurfi og sé brýnt að fara ofan í saumana á því og leggjum til að skipuð verði nefnd sem falið verði það verkefni að gera tillögur um breytingar á reglum um ákvörðun matsverðs íbúðarhúsnæðis og sömuleiðis sumarbústaða- og sumarhúsalóða, en við höfum rekið okkur á sömu tilhneigingu varðandi sumarhús og sumarbústaðalóðir eins og almennt íbúðarhúsnæði.

Að okkar mati þarf að endurskoða reglur um álagningarstofn og álagningu fasteignaskattsins þannig að tengsl álagningarstofnsins við skyndilegar breytingar á markaðsverði fasteigna verði rofin en í stað þess taki álagning fasteignaskatts breytingum í takt við almennar verðlagshækkanir. Menn hljóta að sjá það, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að, að þegar fólk situr einungis í íbúðum sínum án þess að gera nokkuð til að innleysa þá verðmætaaukningu sem verður á fasteigninni við hækkun fasteignamatsins þá er það önugt að menn skuli missa þær vaxtabætur sem ævinlega hefur verið gert ráð fyrir í öllum greiðsluáætlunum þeirra einstaklinga. Þannig að fólk sem á síðustu tveimur, þremur árum hefur gert ráð fyrir þessum vaxtabótum í útreikningum varðandi kaup á húsnæði og niðurgreiðslu skulda sinna verður fyrir verulegum búsifjum og verulegu áfalli þegar í ljós kemur að álagningarstofninn hefur hækkað. Þetta hefur bein áhrif á fjárhagslega stöðu og afkomu fólksins. Þetta er mál af því tagi að það er bara vonum seinna sem þetta kemur fram og auðvitað hefði átt að samþykkja breytingartillöguna frá Atla Gíslasyni í fyrra. En ég tek undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að það verður að fara vel ofan í saumana á þessu í félagsmálanefndinni til að ganga úr skugga um að réttlætis sé gætt og ég tel að það verði ekki gert fyrr en prósentan er komin úr 25% upp undir 35%.

[16:12]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég ætlaði aðeins að bæta því við í þessari umræðu að mér finnst þetta óskaplega dapurleg málafylgja af hálfu hæstv. fjármálaráðherra. Það má í raun og veru segja að hann bregðist við hér með jafndapurlegum hætti og hann skildi við málið síðastliðið vor. Það hlýtur að vera ósköp snautlegt fyrir hæstv. fjármálaráðherra, ekki síst í ljósi eigin orða og ræðuhalda í fyrravor, að þurfa svo að koma með þetta mál og gera það ekki af meiri reisn en þetta, einfaldlega vegna þess að það lá allt fyrir sem liggja þurfti fyrir um þetta mál í fyrra. Það lá algerlega fyrir að hækkanir á fasteignaverði mundu skerða vaxtabætur hjá þúsundum fólks og það þurfti enga álagningu í sumar til að leiða það í ljós.

Þess vegna er orðalagið í greinargerðinni með frumvarpinu dálítið sérkennilegt. Þar er talað um að þegar ákvörðun vaxtabóta vegna vaxtagjalda, sem greidd voru á síðasta ári, lá fyrir í ágúst sl. hafi komið í ljós talsverð skerðing á heildarfjárhæð vaxtabóta frá því sem reiknað hafði verið með samkvæmt forsendum fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Jafnframt hafi verið um umtalsverða fækkun vaxtabótaþega að ræða og þyki sýnt að mikil hækkun á fasteignamati milli áranna 2004 og 2005 sé meginskýring þessarar þróunar þótt aðrir þættir, eins og meiri tekjubreytingar en áætlað hafði verið, hafi einnig átt sinn þátt í skerðingunni.

Það er ekki seinna vænna að þetta renni upp fyrir fjármálaráðuneytinu, sem lá algerlega fyrir og var borðleggjandi og var bent á hér síðastliðið vor. Dæmin sem reidd voru fram, t.d. af hv. þm. Atla Gíslasyni, útreiknuð raunveruleg dæmi á grundvelli framtals einstaklinga sem hann sem lögmaður hafði annast, dugðu ekki til að fá hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. ríkisstjórn til að horfast í augu við veruleikann sem blasti við, sem var borðleggjandi. Fasteignaverðshækkunin lá fyrir. Það var ekkert sem ekki lá fyrir í sambandi við hana.

Gagnvart þessu pumbaðist hæstv. fjármálaráðherra síðastliðið vor og verður svo að koma hér með svona vandræðalegt frumvarp um eftirálagfæringu á þessu máli. Niður-

staðan var sú að fólk hefur beðið mánuðum saman eftir því sem það hafði reiknað með að fá í vaxtabætur á árinu. Ekki bætir úr skák þegar svo kemur í ljós að ríkisstjórnin ætlar bara alls ekkert að bæta þetta að fullu. Þá er ekki hægt að hafa um það önnur orð en þau að það kemur seint og illa það litla sem kemur frá ríkisstjórninni. Maður veltir því fyrir sér af hverju menn fást ekki til að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru og hvað svona feluleikur eigi að þýða. Var þetta svona óskaplega erfitt? Var það af því að þetta var flutt af stjórnarandstöðunni? Var það af því að utanaðkomandi aðilar vöktu athygli ríkisstjórnarinnar á því sem var að gerast? Er auðveldara að láta réttlætið ná fram að ganga ef ríkisstjórnin er pínd til þess frekar en ef hún bara fellst á það þegar henni er bent á að þarna verði fólk fyrir skerðingu nema gerðar séu tilteknar ráðstafanir? Ég veit það ekki, virðulegi forseti, en þetta er þá orðið eitthvað sálfræðilegt. Ekki er þetta efnislegt eða eitthvað sem varðar rök því þau lágu öll fyrir.

Ég tek líka undir það sem tveir síðustu ræðumenn á undan mér tóku upp og spurðu að, það eru hinar reikningslegu forsendur þessarar leiðréttingar. Hvernig á t.d. að taka tillit til þess að fólk hefur orðið af þessum fjárhæðum um margra, margra mánaða skeið? Hvaða vaxtakostnaður eða vandræði geta fylgt því? Ef eitthvað væri hefði átt að hafa leiðréttinguna heldur ríflegri en ella til að bæta fólki upp það óhagræði og þau vandræði sem þetta hefur haft í för mér sér. Það er ærin ástæða til að ætla, m.a. í ljósi hækkandi vaxta, hárra vaxta og af fleiri ástæðum, að fólk hafi orðið verr úti í þessu sambandi en hin eiginlega skerðing í beinum krónum mælt, sem fasteignaverðshækkunin hefur leitt til, ber með sér. Það er eiginlega augljóst mál að óþægindin liggja frekar á þá hliðina en að menn hafi notið þess á nokkurn hátt.

Síðan á að sjálfsögðu ekkert að rugla saman, annars vegar skerðingunni sem leiðir af fasteignaverðshækkununum og hins vegar skerðingunni sem leiðir af því, að því marki sem það raunverulega er þannig, að hækkandi tekjur valdi skerðingum. Það er auðvitað mjög misjafnt eftir einstaklingum. Dæmin sem reidd voru fram hér og reiknuð út af hv. þm. Atla Gíslasyni voru hlutlaus hvað það varðaði. Þau gengu út frá einstaklingum sem voru í óbreyttri stöðu hvað varðaði skuldir og tekjur og þar sem fasteignaverðshækkunin ein leiddi til skerðingarinnar.

Það er algerlega ósambærilegt. Þessi tvenn skerðingarákvæði eru algerlega ósambærileg. Vegna þess að hafi menn fengið hærri laun eru þeir auðvitað í allt annarri stöðu til að borga af lánum sínum heldur en ef hitt er veruleikinn að dæmið sé óbreytt að öllu öðru leyti en því að fasteignamat á íbúðinni eða húsinu sem fólk býr í hafi hækkað og ekkert annað breyst. Það er tala á blaði sem verður mönnum að sjálfsögðu að engu liði þegar kemur að því að borga af lánunum. Fólk sem ekki selur íbúðina sína nýtur þess ekki á nokkurn hátt þó að fasteignaverðið hafi hækkað og frekar hitt að það leiði til hærri gjalda á öðrum stöðum í kerfinu. Ef menn gera ekkert annað milli ára en að búa í sinni íbúð og reyna að láta enda ná saman og borga af lánunum sem á henni hvíla, og það eina sem hefur breyst er þessi hækkun fasteignaverðsins vegna blöðrunnar eða ástandsins á þeim markaði, þá myndast einfaldlega þetta gat í dæminu hjá fólki, sem getur numið verulegum fjárhæðum hjá þeim sem eru með bogann spenntan fyrir.

Þetta er dæmi um hegðun af hálfu ríkisstjórnarinnar og framgöngu sem mér finnst ákaflega dapurlegt að þurfa að horfa upp á, satt best að segja. Að það skuli svo þurfa að kúska ríkisstjórnina með samningum við aðila vinnumarkaðarins, sem reyna að nota þann þrýsting sem þeim tekst að skapa í tengslum við mögulega uppsögn kjarasamninga, til að fá einhverja málamyndaeftirálagfæringu sem þó dugar skammt í þessum efnum og reynist svo alls ekki fullnægjandi þegar á hólminn er komið.

Í raun og veru er þetta fyrirkomulag á engan hátt nógu gott, að það skuli vera einhvers konar geðþóttaákvörðunaratriði, ein breyta í þessu dæmi ef menn vilja gera eitthvað með greiðslumatið og þær forsendur sem verið er að reyna að leggja fyrir fólk til að taka ákvarðanir þegar það ræðst í fasteignakaup eða stillir af sitt dæmi. Þetta var innleitt á sínum tíma, m.a. og ekki síst í tengslum við breytingar á fjármögnun húsnæðislána. Menn vildu reyna að innleiða þar stöðugleika og kerfi sem tryggði fólki ákveðið öryggi og gerði því kleift að gera raunhæfar fjárhagsáætlanir inn í framtíðina, að ganga í gegnum greiðslumat var meira að segja lögskyldað eða innbyggður hluti í kerfinu eins og menn vita. Bankarnir hafa síðan tekið við því hlutverki. En eftir stendur að fólk reynir að gera þetta, að stilla upp greiðsluáætlun, fara í gegnum mat á greiðslugetu sinni og stemma af fjárfestingar sínar með hliðsjón af því, að kaupa ekki dýrari íbúð eða ráðast ekki í meiri fjárfestingu en dæmið á að gera mögulegt eða á að geta gengið upp miðað við aðstæður þess.

Þá kemur aðili eins og ríkisstjórnin og gerir grín að því öllu saman, gefur því langt nef. Og þó svo að hæstv. ríkisstjórn sé sýnt fram á hvað er að gerast kostar það margra mánaða eftirrekstur og atburðarás af því tagi sem við stöndum núna frammi fyrir að menn þar fáist til að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru en þó varla það, því að lagfæringin sem hér kemur er svo eins og raun ber vitni. Ég held því að gefa verði hæstv. ríkisstjórn algera falleinkunn fyrir framgönguna í þessum efnum, annað er ekki hægt að gera.

Ég vonast svo til að hv. þingnefnd fari rækilega ofan í saumana á reikningslegum forsendum þessa máls þannig að hægt sé að gera breytingar á frumvarpinu þótt seint sé, betra er seint en aldrei, má kannski segja, sem tryggi það að mönnum verði tryggðar raunvaxtabætur í samræmi við það sem menn gátu reiknað með áður en þessi fasteignaverðshækkun skall á og einkum það sem hér á við sérstaklega á milli áranna 2004 og 2005.

Þetta snýst ekki um slíkar fjárhæðir fyrir ríkissjóð eða í heildardæminu að það skipti neinum sköpum. Það er í raun og veru hálfhallærislegt að takast hér á um hluti sem skipta kannski nokkrum hundruðum milljóna króna til eða frá fyrir ríkissjóð í vaxtabótadæmi sem er upp á um eða yfir 5 milljarða kr. hvort sem er og í heildarfjárhag ríkisins sem hleypur á hundruðum milljarða eins og kunnugt er. En þetta getur skipt viðkomandi einstaklinga mjög miklu. Tekjulægri hópinn sem hefur reitt sig á vaxtabætur, sem allt í einu gufa upp af stærðargráðunni 100 til jafnvel upp í 200 þús. kr., munar alveg gríðarlega um það þegar þeim er allt í einu kippt í burtu og þær skila sér ekki eins og áætlanir

gerðu ráð fyrir við álagninguna síðsumars.

Þetta þarf að skoða rækilega ofan í kjölinn og vonandi er hægt að gera eins gott úr því og hægt er með því að breyta upphæðum eða viðmiðunarmörkum þannig að raunveruleg lagfæring skili sér.

[16:24]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var alveg hárrétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék hér að. Þessi mál lágu öll fyrir. Þau voru lögð fyrir á síðastliðnu vori í umræðum í þinginu með útreiknuðum dæmum, eins og þingmaðurinn vitnaði réttilega til, um hvað mundi gerast varðandi vaxtabæturnar. Þar af leiðandi er nokkuð furðulegt að sjá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að þegar þetta hafi komið í ljós í ágúst síðastliðnum — eins og það hafi komið öllum mjög á óvart að þetta gæti gerst. Það var auðvitað ekki þannig, þetta lá fyrir.

Það eru fleiri hliðar á þessu máli varðandi fasteignagjöldin sem ég vildi aðeins víkja að þó að það snúi ekki beint að vaxtabótunum. Það er þegar fasteignagjöld hækka verulega milli ára hjá öllum landsmönnum, misjafnt samt eftir landsvæðum, og þegar fasteignaverð keyrir langt fram úr launaþróun hjá ákveðnum hópum. Ég tala nú ekki um hópum eins og eldri borgurum og öryrkjum sem hafa setið eftir varðandi uppbætur á sínar bætur og þegar skattastefna ríkisstjórnarinnar hefur svo ofan í kaupið komið inn í álagningu á tekjur þessara einstaklinga með öðrum hætti en menn höfðu gert ráð fyrir og þyngri. En það liggur auðvitað fyrir að þegar fasteignaverð hækkar um kannski 30–35% og kaupgjald innan ársins situr eftir, ég tala nú ekki um bæturnar, lendir greiðslubyrðin af fullum þunga á hópum sem fá ekki tekjur á móti. Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess að þetta er hluti af málinu þó að það snúi ekki beint að vaxtabótunum.

[16:26]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni þannig að ég þarf ekki að hafa mörg orð um það. Það eru margar hliðar á þessum málum sem þarf að skoða. Við höfum lagt til, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði grein fyrir, að farið verði í aðgerðir til að fyrirbyggja að svona hlutir komi upp. Þetta er ómögulegt. Ef skyndilegar verða breytingar sem hafa margþætt áhrif út fyrir vaxtabótakerfið þarf að vera einhvers konar innbyggt kerfi sem grípur í taumana og kemur í veg fyrir að svona röskun verði á högum manna.

Tillaga okkar gengur einmitt út á að skipuð verði nefnd til að fara ofan í saumana á því hvernig matsverðið myndast með hliðsjón af því að álagning fasteignaskatts, sem tekjustofns sveitarfélaga, og svo aftur vaxtabótakerfið, sem tekur mið af þessu vegna skerðingarmarkanna, fari ekki allt saman á flot.

Ég held því að setja ætti þetta fyrirkomulag sem slíkt í endurskoðun og reyna að finna kerfi sem tekur á því og bregst við því sjálfkrafa þegar svona snöggar breytingar verða. Það er auðvitað meiningarlaust að vera með kerfi af þessu tagi ef svo augljósir ágallar eru á fyrirkomulaginu, augljós göt, að slíkir hlutir geti gerst eins og við stöndum frammi fyrir núna, og þurfa svo að fara að baksa við að reyna að lagfæra það afturvirkt. Það er náttúrlega alltaf ambögulegt og veldur þeim óþægindum sem við eiga að búa, þannig að það er öllum fyrir bestu að reyna að sjá fyrir því.

[16:28]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi umræða einkennist dálítið mikið af alhæfingum. Ef við tökum í fyrsta lagi greiðslumatið, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um, þá hafa laun hækkað um 7% umfram verðlag. Þannig að laun manns sem sér einn fyrir fjölskyldu og er með meðallaun ASÍ, 300 þús. kr. á mánuði, 3,6 millj. á ári, hafa hækkað um rúmlega 200 þús. kall á árinu umfram það sem greiðslumatið gerði ráð fyrir. Hann ræður því vel við það að borga lánin og neyslu heimilisins og auk þess að missa alveg vaxtabæturnar ef því væri að skipta, en með þessu frumvarpi er það lagað þannig að hann missir ekki vaxtabæturnar. Greiðslumatið sem slíkt stendur fyrir sínu vegna ófyrirséðra launahækkana.

Ef við tökum í öðru lagi eignirnar, þá erum við að tala um nettóeign. Við erum að tala um eign mínus skuldir. Það hefur mikið verið einblínt á eignina sem hefur hækkað að meðaltali um 25% og að hámarki upp í 35% í sérbýli, í einbýlishúsum í Reykjavík. Skuldirnar sem eru á móti, sem yfirleitt eru um 80% og meira að segja meira en það, hafa líka hækkað um 7%, því að verðbólgan er orðin 7%. Það má ekki gleyma þeim endanum líka.

Að meðaltali hefur eignin mínus skuldirnar ekki hækkað um 35% ein sér, heldur töluvert miklu minna, um 30 og jafnvel niður í 25% þegar um hæstu mörkin er að ræða, þegar við erum að tala um sérbýli í Reykjavík. Nú er almennt launafólk ekki að kaupa einbýlishús í Reykjavík, ekki svona alla daga. Fjölbýli í Reykjavík hefur hækkað um 30% og ef maður tekur inn í myndina hækkun á skuldunum vegna verðbólgu, 7%, þá lítur dæmið öðruvísi út.

[16:30]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað lengi hægt að ræða um fólk sem meðaltal. Þetta eru sjálfsagt allt saman réttar meðaltalstölur hjá hv. þingmanni, en þær breyta bara engu um veruleika þess fólks sem er ekki svo heppið að vera í þessu meðaltali. Þarna eiga hundruð eða þúsundir einstaklinga í hlut sem hafa alls ekki náð þessum meðaltalslaunahækkunum, 7% umfram verðlag. Það er til fólk sem hefur ekkert hækkað í launum. Hið hlutlausa dæmi er einstaklingur sem hefur þá algerlega óbreytta aðstöðu hvað varðar bæði laun og skuldir. Þær hafa jú vissulega hækkað sem verðtryggð lán á tímum verðbólgu en það má þá draga verðbólguprósentuna frá fasteignamatshækkuninni. En eru 28% þá ekki nóg fyrir hv. þingmann ef eignin hefur hækkað sem því nemur, þ.e. 35% mínus 7% verðbólgu?

Ef viðkomandi einstaklingur er ekki í þessum 7% hópi, sem hefur hækkað það í launum umfram verðlag, heldur ekki neitt, býr í sinni íbúð, er bara með sín verðtryggðu lán og er að reyna að berjast við að borga af þeim, þá hefur fasteignaverðshækkunin af honum vaxtabæturnar. Það voru raundæmi sem lágu þegar fyrir síðasta vor sem sýndu að fólk sem fékk fullar vaxtabætur árið á undan fengi lítið eða

jafnvel ekkert í ár. Þetta er bara veruleikinn sem ríkisstjórnin seint og um síðir er núna að viðurkenna með hundshaus þó. Mér finnst því frammistaðan ekki vera til þess að stæra sig af. Ég held að hv. þingmaður ætti að sleppa þessu meðaltalstali sínu og viðurkenna að menn fóru illa að ráði sínu, komu illa fram við þúsundir manna sem ekki eru í miklum færum til að bæta á sig byrðum.

Við erum ekki að tala um hátekjufólk því að það er hvort sem er vaxtabótalaust út af skerðingarákvæðunum. Við erum ekki að tala um þá sem hafa rokhækkað í launum og eru þar af leiðandi vel staddir miðað við það greiðslumat sem lá til grundvallar hjá þeim (Forseti hringir.) á sínum tíma. Við erum akkúrat að tala um hina sem þetta á ekki við um.

[16:33]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Vaxtabótakerfið er meingallað því að það er að borga vaxtabætur til hjóna sem eru með yfir milljón á mánuði í laun. En það sem fullyrt er hérna um að einstaka menn hafi ekki hækkað í launum, mig langar til að sjá það. Verkalýðshreyfingunni tókst að hækka lægstu laun um 15 þús. kr. síðasta sumar, bætur hafa hækkað sambærilega bæði hjá ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sérstaklega lægstu laun. Þau hafa hækkað um 10–15% meðan hærri laun hafa hækkað prósentulega minna.

Ef einhver maður hefur ekki hækkað í launum þá held ég að sá hinn sami ætti að tala við verkalýðsfélagið sitt sem hefur þá ekki verið með í þessu samfloti allrar verkalýðshreyfingarinnar um að hækka lægstu laun, eða þá eitthvað er mjög skrýtið að, því að laun hafa almennt séð hækkað umtalsvert á síðasta ári og á síðasta sumri hækkuðu sem betur fer lægstu launin langt umfram það sem er hjá flestum öðrum og ég tel það mjög jákvætt. Það lagar líka stöðu þess fólks gagnvart þessum málum.

Ég er formaður hv. efnahags- og viðskiptanefndar sem þetta mál fer til. Ég mun því leggja til að nefndin skoði öll þessi dæmi, fari í gegnum mörg dæmi og reikni út hvort það sé ekki rétt sem ég er að segja, að hækkun eigna mínus hækkun skulda sé alltaf eða nánast alltaf undir þessum 25% sem við erum að tala um.

[16:35]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að efnahags- og viðskiptanefnd fari ofan í saumana á þessu og reikni dæmi og ég held að hún ætti að fá til sín þá aðila sem gætu vel lagt nefndinni til mikla þekkingu og m.a. sá lögmaður sem ég nefndi áðan, Atli Gíslason, sem hefur langa reynslu af framtölum og var búinn að sýna fram á það með raunverulegum dæmum úr raunverulegu lífi fólks hvernig þetta kæmi út. Það þýðir ekkert að hrista hausinn, hv. þingmaður, þetta liggur svona. Ég er alveg viss um að lögmaðurinn er tilbúinn til þess að koma núna með álagningarseðla fólksins sem hann taldi fram fyrir og reka þá upp í nefið á efnahags- og viðskiptanefnd ef þess þarf og þá skulum við sjá hvort þetta sé ekki nákvæmlega eins og sagt var að þetta yrði hérna síðasta vor.

Talandi um meðaltölin einu sinni enn. Úr því að þetta er 7% hækkun umfram verðlag, það þýðir þá að einhverjir hafa hækkað minna, er það ekki, hv. þingmaður og stærðfræðingur? Meðaltal þýðir ævinlega það að sumir hafa hækkað meira og aðrir minna. Við vitum að misskiptingin hefur verið að aukast. Við vitum að ákveðnir hópar hafa verið að taka til sín gríðarlegar launahækkanir, þeir sem eru á efri endanum, og við vitum að það eru láglaunastéttir í landinu sem hafa ekki náð að rétta sinn hlut þar sem fólk er að flýja úr störfum í stórum stíl af því að það hefur verið kvalið á mjög lágum launum. Ég er algjörlega viss um að það eru fjölmennir hópar sem eiga hér í hlut sem hafa ekki gert mikið betur en að fá launahækkun sem nemur verðbólgu á árinu. Það held ég að sé veruleikinn, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Skoðum aðeins prósentuhækkanirnar á almennum kauptöxtum, t.d. þeirra sem liggja rétt ofan við 15 þúsund kr. hækkunina og lægstu launin. Það er áfram fólk sem hefur reitt sig á vaxtabætur, það er áfram fjöldi fólks í nákvæmlega þeim hópi. Kannski eru það einmitt lægri meðaltekjurnar þar sem menn hafa setið hvað alvarlegast eftir, fólk sem er með bogann spenntan fyrir.

Ég held því að við ættum að fara varlega í að ræða mannleg örlög í þessu samhengi sem meðaltöl.

[16:37]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)**:

Frú forseti. Það hefur verið haft á orði að umræðan væri dapurleg. Það getur vel verið. (**SJS:** Það er framganga ríkisstjórnarinnar.) Framganga ríkisstjórnarinnar, já. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst umræðan vera ósanngjörn. Það er talað um að verkalýðshreyfingin hafi knúið fram, ríkisstjórnin hafi verið kúskuð til að gera einhverja hluti, en í sömu ræðunni vitnar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon til orða ráðherrans, væntanlega þá þegar hann er að tala um hina dapurlegu framgöngu ríkisstjórnarinnar.

Það liggur fyrir að ég hef alltaf tekið jákvætt undir það að ef breytingar yrðu sem hefðu einhver veruleg áhrif á útgreiddar vaxtabætur væri ég tilbúinn að skoða hvernig hægt væri að leiðrétta það. Mér finnst því svolítið eins og — þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar ræða málin — að þeir séu aðeins að keppast um það hver var fyrstur til að fatta að fasteignamatshækkanirnar mundu hafa áhrif á vaxtabæturnar, hver flutti tillöguna og þar fram eftir götunum.

Síðan það að allt hafi legið fyrir þá má nú öllum vera ljóst sem tóku þátt í umræðunum um þetta í vor og taka þátt í umræðunum núna, að það lá ekkert allt fyrir því að tölurnar sem um er að ræða núna eru raunverulega miklu lægri en menn vísuðu til í umræðunni í vor. Breytingin var raunverulega miklu minni.

Þá er mér ljúft að leiðrétta það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði og vísaði til þess að ég hefði talað um 700 milljónir. Ég hef þá væntanlega haft þær tölur úr fréttatilkynningunni en þar var ekki gerður greinarmunur á frumálagningunni og síðan leiðréttingunni eftir kærurnar, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, trúi ég, a.m.k. kom það fram í ræðu minni áðan, að verður að taka tillit til í þessu sambandi því að niðurstaðan þegar kærufresturinn og endanleg álagning liggur fyrir er að jafnaði hærri en eftir frumálagninguna. Niðurstaðan varð því sú

eftir frumálagninguna að 300–400 milljónir vantaði upp á.

Ef þetta gengur eftir sem lagt er til í frumvarpinu og síðan þær leiðréttingar sem jafnan eru gerðar eftir frumálagninguna verður um að ræða 200 millj. kr. meiri útgjöld hjá ríkinu vegna vaxtabóta en frumvarpið gerði ráð fyrir. Það ætti þá öllum að vera ljóst miðað við þær forsendur sem lagt var upp með að verið er að bæta í vaxtabætur á þessu ári til að ná fram þeirri leiðréttingu sem um er að ræða. En einmitt vegna meðaltalanna er erfitt að ná þeirri leiðréttingu fram að fullu hjá öllum. Það er einfaldlega þannig að þegar verið er að fjalla um hluti sem reiknaðir eru út með breytilegum stærðum þá er erfitt að ná sömu niðurstöðunni fyrir alla. Það hefur alltaf verið þannig með vaxtabótakerfið vegna hinna breytilegu stærða sem þar koma inn, að erfitt hefur verið að áætla þær langt fram í tímann þó að auðvitað þegar verið er að reikna út skattframtalið og forsendurnar liggja fyrir sé hægt að reikna það hver niðurstaðan verður með þó nokkuð mikilli nákvæmni.

Þá kemur einmitt að því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi, hún spurði: Af hverju er ekki hækkað um 35% frekar en 25%? Þrjátíu og fimm prósentin eru sérbýli í Reykjavík þar sem mesta hækkunin hefur verið. Og eins og hv. þm. Pétur Blöndal sagði eru þeir sem síður eru vel staddir fjárhagslega ekki að kaupa þannig húsnæði á hverjum degi. Meðaltalið er hins vegar yfir landið 25% og það verður það sama að ganga yfir alla í svona útreikningum, það er ekki hægt að gera það svæðisbundið og ekki er hægt að gera það einstaklingsbundið. Ekki er hægt að taka upp framtölin og segja: Þú átt að fá sömu vaxtabæturnar á þessu ári eins og þú hefðir fengið ef fasteignamatið hefði ekkert breyst. Vegna þess að þá værirðu að reikna út bæturnar á einstaklingsgrunni en ekki á almennum grunni eftir almennum reglum. Þá værirðu með sértækar reglur fyrir hvern og einn einstakan og það gengur eðlilega ekki upp. Það er því til fólk sem mun fá meira út úr þessari breytingu sem hér er verið að leggja til en aðrir fá vegna þess að hækkunin á fasteignamatinu hjá þeim hefur verið undir meðaltali.

Þannig hefur þetta verið í mörg ár eða allan þann tíma sem þetta kerfi hefur verið í gangi því að allan tímann hefur fasteignamatið verið að breytast og það hefur verið að breytast mismunandi. Það er því ekkert nýtt sem er að gerast í þessu annað en stærðirnar og þar af leiðandi er bitamunur en ekki fjár á því sem er að gerast á milli ára. Það réttlætir það að farið er út í þessa breytingu. Eins og ég sagði áðan var ég alla tíð tilbúinn til að skoða það kæmi í ljós að þetta væri vaxið á þennan hátt og hefur komið í ljós að þetta voru heldur minni breytingar en menn höfðu verið að tala um og þá væntanlega vegna þess m.a. sem ég talaði um í vor, að sumir aðilar hafa tök á því að bregðast við þróuninni og hafa þess vegna getað gert hluti sem tryggðu það að þeir fengju vaxtabæturnar sínar eins og þeir höfðu reiknað með, með því t.d. að auka skuldirnar hjá sér á einhvern annan hátt og tengja það við húsnæðið. Þetta er hluti af því sem gerir það að verkum að þetta vaxtabótakerfi okkar er gallað. Það ýtir undir skuldsetningu og ýtir undir það að fólk taki lán til þess að hafa sem hæstan stofn til vaxtabóta og það er auðvitað ekki jákvætt.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði um að ASÍ hefði kvartað yfir því að ekki hefði verið haft samráð en það er einfaldlega rangt að ekki hafi verið haft samráð. Fulltrúar ASÍ komu á fund í ráðuneytinu þar sem kynnt var fyrir þeim hvernig að þessu ætti að standa. Þeir óskuðu síðan eftir upplýsingum og fengu þær sendar og þannig stóðu málin gagnvart þeim. (Gripið fram í.) Samráð er ekki það að sá sem er haft samráð við segi já eða nei. Samráð er það að hann viti um hvað er að ræða og hann hafi tækifæri til þess að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og það var í þessu tilfelli.

Frú forseti. Það hefur verið gagnrýnt hvernig vaxtabótakerfið er vaxið og ég get að vissu leyti tekið undir það að ég hefði gjarnan viljað sjá það á annan hátt. En það er alltaf erfitt að breyta hlutum eins og þessum því að þá er verið raunverulega að taka frá einum og færa til annars. En sé vilji til þess hjá hv. þingmönnum að við skoðum þessi mál nánar og reynum að finna leið sem geri það að verkum að þeir fjármunir sem til þessa þáttar er varið renni í ríkari mæli til þeirra sem á þeim þurfa að halda, þá er ég reiðubúinn til að fara í þá hluti. En þá þyrftum við líka að gera það þannig að þeir hvetji ekki til skuldsetningar. Ég gæti vel ímyndað mér að það gæti farið saman, vaxtabótakerfi sem ekki hvetti til skuldsetningar og að það rynni í ríkari mæli til þeirra sem meira þurfa á því að halda.

Hitt þykir mér hins vegar lakara sem kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að við værum að fjalla um upphæðir sem ekki skipta neinu máli þegar við erum að fjalla um þær viðbætur sem fara í vaxtabótakerfið, að hálfur milljarður skipti engu máli. Það er verið að tala um að jafnvel litlar upphæðir skipti máli fyrir einstaklingana og ég er alveg sammála því að það er þannig, en ég held að við eigum ekki að tala þannig um opinbert fé að hundruð milljóna, hálfur milljarður skipti ekki neinu máli.

[16:47]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra mótmælir því að ekki hafi verið haft samráð við ASÍ. Ég spyr þá hæstv. ráðherra: Hvað segir hann um þessa ályktun miðstjórnar ASÍ um vaxtabætur, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nú hefur fjármálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingar á ákvæðum laga um vaxtabætur án samráðs við ASÍ. Frumvarpið, sem er samhljóða tillögum sem ASÍ hafnaði í viðræðum við ríkisstjórn í sumar, tryggir engan veginn leiðréttingu á þeirri skerðingu sem margir urðu fyrir vegna hækkaðs fasteignaverðs."

Ég spyr hæstv. ráðherra hvað hann segi um þetta. Er verið að leggja fram sömu tillögur og ASÍ hafnaði í viðræðum við ríkisstjórnina í sumar? Ég held að það sé brýnt að við sem erum að fara að vinna málið í efnahags- og viðskiptanefnd fáum svar við spurningunni.

Ég spyr hæstv. ráðherra líka: Er hann tilbúinn til þess, og telur hann það sanngjarnt og eðlilegt, að greiða þessu fólki til baka það sem samsvarar þessari skerðingu, með dráttarvöxtum? Hvað tekur ríkið sjálft af þessu fólki ef það skuldar ríkinu? Hvað eru það háir vextir? Er hann tilbúinn til að greiða þessu fólki sambærilega vexti og þá sem hæstv. fjármálaráðherra tekur af fólkinu sem skuldar ríkiskassanum einhverjar fjárhæðir? Það er auðvitað ekki nema

eðlilegt og sjálfsagt. Þetta er frá ágústmánuði og sennilega verður kominn desembermánuður þegar þetta verður afgreitt. Við erum að tala um nokkra mánuði sem eðlilegt er að þetta fólk fái líka dráttarvexti af þessum fjárhæðum.

Það kom fram í álagningunni í ágúst að um 10.000 manns hefðu þurft að sæta þessari skerðingu á vaxtabótum og því vil ég spyrja hann: Hvað er það mikill fjöldi — hafi það komið fram í máli ráðherrans hefur það farið fram hjá mér — sem fær leiðréttingu samkvæmt frumvarpi ráðherrans? Eru það þessar 10.000 manneskjur sem fram komu í álagningunni eða er það einhver annar fjöldi?

Ég spyr sérstaklega um dráttarvextina og samráðið við ASÍ og bið ráðherra að skýra það sem fram kemur í þessari ályktun ASÍ.

[16:49]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það voru þrjár spurningar. Það mun fjölga um 5.000 frá þeim hópi sem fékk vaxtabætur við álagninguna í ágúst. Það fækkaði um 10.000 á milli ára en það er ekki endilega þar með sagt að þeim hafi öllum fækkað vegna fasteignamatsins. Það eru aðrir þættir, eins og farið hefur verið yfir hér margsinnis í umræðunni, sem hafa áhrif á vaxtabæturnar. En þeim mun fjölga um 5.000 og það kom fram í framsöguræðu minni.

Um fjárhagsleg viðskipti einstaklinganna við skattkerfið gilda ákveðnar reglur um það hvernig farið er með innstæður og skuldir. Ég man bara ekki alveg nákvæmlega hvernig þær eru en það verður að sjálfsögðu farið eftir þeim eðli málsins samkvæmt.

Síðan varðandi ályktun ASÍ, hún kom mér verulega á óvart, að ályktað skyldi vera á þennan hátt. Það er ekki í samræmi við staðreyndir málsins að svo sé gert. Ég hef aldrei heyrt ASÍ hafna einhverjum tilteknum leiðum í þessu á fyrri stigum málsins en ég held að það hljóti líka að vera augljóst að í svona flóknu úrlausnarefni, má segja, sem er að leiðrétta vaxtabætur eftir á — ég verð að viðurkenna að það er talsvert flókið — er erfitt að finna leið sem er tiltölulega einföld. Vaxtabótakerfið er í sjálfu sér flókið, flóknir útreikningar sem þar liggja á bak við.

En þegar við erum með einn tiltekinn þátt sem um er að ræða er einfaldara að leiðrétta hann og það er það sem við erum að gera. Við látum leiðréttinguna koma fram á þeim þætti. Það hefur eins og ég sagði líka aðeins mismunandi áhrif. Til að lina þau er um það að ræða að upphæðin sem í þetta er varið er heldur meiri en skerðingin nam, frú forseti.

[16:51]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þessi svör. Ég heyri ekki annað á máli ráðherrans, og miðað við þá ályktun sem ég hef hér verið að lesa, en að það sé bullandi ágreiningur milli fjármálaráðherra og ASÍ um þessa endurútreikninga á vaxtabótum. Þetta verðum við auðvitað að fara nákvæmlega yfir í efnahags- og viðskiptanefnd vegna þess að ályktun ASÍ er mjög skýr. Hún krefst þess að ríkisstjórnin standi við gefin loforð og það er greinilegt að ASÍ telur að ríkisstjórnin standi ekki við gefin loforð. Þetta var gert í tengslum við kjarasamningana þannig að það er auðvitað mikilvægt að sú leiðrétting sem hér fer fram gagnvart þeim sem fengu skertar vaxtabætur í ágúst sé gerð í góðu samráði við ASÍ sem náði þessu fram í viðræðum við ríkisvaldið í tengslum við kjarasamninga. Þetta er nokkuð sem við þurfum að fara mjög vel yfir í efnahags- og viðskiptanefnd.

Varðandi það hvort fólkið sem fær þarna leiðréttingu á sínum málum fái greiðsluna til baka með dráttarvöxtum eða ekki voru nokkuð óljós svör frá ráðherra. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hann teldi það ekki rétt og eðlilegt að að lágmarki fengi þetta fólk leiðréttinguna til baka með sambærilegum vöxtum eins og fjármálaráðherra tekur af fólki sem skuldar skattkerfinu.

Ég er ekki alveg klár á því hvernig þær reglur eru. Ég heyri að hæstv. ráðherra er það ekki heldur. Ég veit þó að fólk sem skuldar ríkinu þarf að greiða dráttarvexti. Ef það er með einhverja skuld sem fellur í gjalddaga og fjórir mánuðir líða þar til fólkið greiðir skuldina þarf það væntanlega að greiða dráttarvexti.

Ég spyr hæstv. ráðherra aftur hvort hann telji það ekki sanngjarnt, og eðlilegt þá, að fólkið fái þetta til baka með dráttarvöxtum ef þetta er staðreyndin. Það er þá bara sanngjarnt miðað við skuldir einstaklinganna við ríkið að það sé greitt með dráttarvöxtum.

[16:53]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé kannski of í lagt að tala um þetta sem skuld. Í ágúst fengu þeir aðilar sem fengu vaxtabætur þær samkvæmt þeim lögum sem þá voru í gildi. Jafnvel þó að gerðar séu afturvirkar breytingar gerir það ekki það að verkum að um skuld verði að ræða. Eins og ég sagði áðan verður farið með þetta eins og hefðbundið er í viðskiptum milli þessara aðila.

Varðandi síðan það hvort staðið sé við það sem lofað var er fullkomlega staðið við það, og meira en það. Vaxtabætur á árinu verða meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir og við það var miðað í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar á grundvelli þeirra breytinga sem orðið hafa á fasteignamatinu.

Kjósi síðan einhverjir aðilar, jafnvel þó að það sé ASÍ, að gera ágreining um það get ég einfaldlega ekki borið ábyrgð á því. Það er ekkert einfaldara en að gera ágreining við stjórnvöld um ýmsa hluti, ekkert einfaldara. En þeir aðilar verða að bera ábyrgð á því gagnvart sjálfum sér og sinni samvisku ef þeir kjósa að gera það þannig. Af minni hálfu er staðið við gefin loforð, fullkomlega og meira en það.

[16:55]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gengst við því að hafa kallað framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessu máli dapurlega og ég stend við það. Mér fundust orðaskipti hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og ráðherra hér áðan um það hvort þetta skuli teljast skuld eða ekki og hvort þetta skuli bera vexti eða ekki algerlega segja í hnotskurn hversu vandræðalegt þetta er, þessi eftiráleiðrétting ráðherrans á hlutum sem blöstu við og lágu fyrir síðasta vor. Af einhverri undarlegri þrjósku valdi hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin að fara þá ekki í nauð-

synlegar breytingar á lögunum sem hefðu getað stytt mönnum leið og komið í veg fyrir þessa eftiráleiðréttingu núna.

Menn gátu þá haft vaðið fyrir neðan sig og haft mörkin þannig að það væri ljóst að ef mönnum var sérstaklega sýnt um að missa ekki út of margar krónur væru þá frekar höfð neðri mörk á því sem líklegt væri að fasteignaverðshækkunin mundi skerða vaxtabætur en þau efri. Mér sýnist að í ljós hafi komið að menn voru mjög nálægt því að vera þar á réttu lagi þegar maður ber saman tillögurnar, upphæðirnar í breytingartillögu okkar frá síðasta vori, sem var felld, og svo því sem kemur inn í frumvarpið núna. Þá er ekki mikill munur þar á.

Má ég þá líka minna á að skerðingarmörkin eru ekki einhver nákvæmnisvísindi. Þau eru auðvitað einfaldlega pólitísk ákvörðun um tölur sem eru settar inn í lög. Mönnum var í lófa lagið á nýjum grundvelli að setja mörkin þannig að tryggt yrði að enginn yrði fyrir skerðingu. Það hefði þá ekki verið neinn héraðsbrestur þó að einhver fámennur hópur hefði fengið ívið meira en minna.

Varðandi það sem ég sagði hér um upphæðir sem skipta ekki sköpum stend ég við það. Ég var ekki að vísa til heildarupphæðar vaxtabóta, ég var ekki að vísa sérstaklega til þessara 500 millj., ég var að vísa til þess sem gætu kannski verið 100–200 millj. eða hvað það væri til þess að öruggt væri að menn bættu þetta að fullu. Ég stend við það. Það er ekki upphæð sem skiptir sköpum í ríkisbúskapnum hvort þarna fara út 100–200 millj. kannski meira en ella (Forseti hringir.) til að tryggja að allir fái sanngjarna leiðréttingu.

[16:57]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki hverju ég á að svara því að hv. þingmaður var svo sem ekki með miklar spurningar eða athugasemdir við það sem ég var að segja annað en það sem hann er búinn að fara yfir. Ég held ekki að framkvæmdirnar hefðu verið neitt betri ef menn hefðu farið að giska á einhverjar breytingar í vor. Ég held bara að þá hefði aftur komið upp sami söngurinn núna ef menn hefðu eitthvað feilað sig í því og ætti að fara ofan í þetta enn eitt skiptið. Það er oft sagan í þessu.

Ég held reyndar að þegar upp verður staðið sé það sú staðreynd að niðurstaðan í öllu heila málinu verður sú að útgreiddar vaxtabætur á árinu 2006 verða meiri eftir þær breytingar sem þetta frumvarp leggur til verði það samþykkt.

Það sýnir, held ég, hug ríkisstjórnarinnar til þessa máls alls að hún hefur verið tilbúin til að bæta í til þess að bæta úr eins og hægt er í svo flóknu dæmi eins og vaxtabæturnar eru. Strax í upphafi í vor var lýst vilja til að gera það en þó ekki fyrr en niðurstaðan lægi fyrir og þá væri hægt að vita nákvæmlega hvað um væri að ræða frekar en að skjóta eitthvað út í myrkrið. Ég held að menn ættu frekar að hafa það í huga og hugsa dæmið út frá því en að liggja mönnum á hálsi fyrir að vilja gera hlutina eins vel og hægt er að gera.

[16:59]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér virðist fjármálaráðherra vera að fara fram á það að við föllum fram og þökkum ríkisstjórninni fyrir góðmennskuna, að hún skuli vera tilbúin til og vilja, þótt eftir á sé, gera breytingar til þess að vaxtabætur skerðist ekki. Ég tel það ekkert sérstakt til að þakka fyrir.

Ég tel hitt hins vegar gagnrýnivert að menn báru fyrir sig að það væri mikil óvissa um það sem í vændum væri þegar svo var alls ekki. Það þurfti ekkert að giska á það, frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra þurfti ekki að giska á það. Það er ekki skotið út í loftið. Fasteignaverðshækkunin á tímabilinu 2004–2005 lá orðið fyrir. Hún var veruleiki. Það er hún sem fer inn í framtöl fólks sem verið er að gera á fyrstu mánuðum þessa árs. Upp úr þeim framtölum voru reidd hér fram raunveruleg dæmi þar sem í raun og veru allar breyturnar lágu orðið fyrir. Fasteignaverðshækkunin, laun fólks og skuldir, eignir og skuldir, og eignamyndunin þar með sem hv. þm. Pétur Blöndal var og hefur verið að tala um. Það þurfti engra ágiskana við.

Ég segi og endurtek að skerðingarmörkin eru ekki einhver raunvísindi. Þetta er ekki útreikningur á einhverjum raunvísindum, frú forseti, eins og mér finnst hæstv. fjármálaráðherra stundum tala og að þess vegna sé svo lofsverð sú nákvæmni í framkvæmdinni að lagfæra þetta ekki fyrr en eftir á.

Þetta eru pólitískar ákvarðanir um að fólk fái tiltekinn stuðning til að mæta þessum kostnaði vegna húsnæðisöflunar. Mér finnst að fólk eigi að njóta vafans frekar en hið gagnstæða. Það er gert að þolendum með þeirri aðferðafræði fjármálaráðherrans að þykjast ekki hafa grænan grun um að þetta sé í vændum fyrr en það birtist í gegnum álagninguna.

Það þurfti ekkert að bíða eftir henni, hæstv. fjármálaráðherra. Það er það sem ég hef verið að reyna að segja hér og mér finnst að hafi sannast. Það kom bara á daginn að þetta var eins og sagt var að þetta væri síðasta vor og ríkisstjórnin hefði betur þá tekið í útrétta hönd og gert þær breytingar sem stungið var upp á að gera og þá hefði aldrei þurft að standa í þessum barningi.

[17:01]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér mundi ekki líða betur þótt hv. þingmaður félli fram í þökk, ég er einfaldlega ekki þeirrar gerðar að það hafi einhver þannig áhrif á mig. Ég held hins vegar, af því að ég held að hv. þingmaður sé þeirrar gerðar, að hann ætti, þótt ekki væri nema að litlu leyti, að virða það sem vel er gert. Þá held ég að við getum öll gengið þokkalega sátt frá þessu verki, að bæta úr þeim mismun sem varð á vaxtabótaafgreiðslunni í ágúst síðastliðnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lífeyrissjóðir, 1. umr.*

Stjfrv., 233. mál (lágmarksiðgjald og breytingar á samþykktum sjóða). — Þskj. 236.

[17:03]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)**:

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting

á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvíþættar breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Annars vegar er lögð til breyting á lagaumhverfi lífeyrissjóða þess eðlis að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað til samræmis við það sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði, eða úr 10% í 12%. Samið hefur verið um 2% hækkun á mótframlagi vinnuveitenda á almennum vinnumarkaði í tveimur áföngum eða úr 6% í 7% frá og með 1. janúar 2005 og síðan úr 7% í 8% frá og með 1. janúar 2007.

Í frumvarpi sem lagt var fyrir 132. löggjafarþing var gert ráð fyrir að lágmarksiðgjaldið hækkaði fyrst í 11% þann 1. janúar 2006 og í 12% þann 1. janúar 2007. Þar sem það frumvarp varð ekki að lögum fyrir 1. janúar 2006, eins og að var stefnt, og æskilegt þykir að hækkanir á iðgjöldum komi til framkvæmda um áramót er hér lagt til að hækkun lágmarksiðgjaldsins miðist við 1. janúar 2007, og hækki þá lágmarksiðgjaldið í einu lagi upp í 12%.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna tillögur um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem fela í sér hækkun á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða úr 10% í 12%. Til að raska ekki gildandi kjarasamningum er jafnframt lagt til bráðabirgðaákvæði við lögin um að þar sem kveðið er á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera 10% í núgildandi kjarasamningi skuli heimilt að miða áfram við hlutfallstöluna 10% í 2. málslið 1. mgr. 2. gr. laganna þar til nýr kjarasamningur öðlast gildi.

Í II.–V. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á sérlögum um einstaka lífeyrissjóði til samræmis við þá hækkun á lágmarksiðgjaldi sem fjallað er um í I. kafla frumvarpsins. Snúa þær að því að hækka hlutföll þartilgreindra lagagreina til samræmis. Auk þess er lagt til að framangreind hækkun á lágmarksiðgjaldinu taki einnig til þeirra sjóðfélaga sem óska eftir að greiða áfram iðgjald eftir að starf þeirra eða staða er lögð niður.

Hins vegar er með frumvarpinu lögð til breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem varðar möguleika lífeyrissjóða sem njóta, eða nutu, bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. þeirra laga.

Samkvæmt núgildandi lögum eru slíkir lífeyrissjóðir undanþegnir 39. gr. laganna en sú grein kveður á um að leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur sé á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga, samkvæmt 1. mgr. 39. gr., er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins.

Í ljós hefur komið að þegar 39., 51. og 54. gr. laganna eru lesnar saman þá virðist sem tilteknir lífeyrissjóðir eigi að halda sig innan þeirra marka sem sett eru í 2. mgr. 39. gr. laganna en sé hins vegar óheimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins þar sem slíkt stangist á við ákvæði 54. gr. laganna. Með öðrum orðum er viðkomandi lífeyrissjóði þá óheimilt að skerða réttindi þrátt fyrir að mismunur eigna og skuldbindinga sé umfram þau mörk sem fram koma í 2. mgr. 39. gr. Um nokkurs konar þversögn er því að ræða innan laganna. Þessi lagalega óvissa hefur haft ýmis vandkvæði í för með sér og er því með frumvarpi þessu lagt til að leyst verði úr þeirri óvissu og umræddum lífeyrissjóðum gert heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[17:07]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um hækkun á iðgjaldi í lífeyrissjóð um 2%. Fyrir meðaljón í ASÍ sem er með 300 þús. kr. tekjur á mánuði eru þetta 6 þús. kr. á mánuði eða 72 þús. kr. á ári sem við erum að tala um, ekki smápeningar. Þetta eru samanlagt um 11 milljarðar á allan landslýð í aukningu á útgjöldum til lífeyrissjóðanna.

Að einu leyti er ástæðan í sjálfu sér ánægjuleg þar sem 1% hækkunarinnar er vegna aukins langlífis þjóðarinnar og allir vilja jú verða gamlir þótt kannski vilji ekki margir vera gamlir. Menn telja eftirsóknarvert að langlífi aukist. Hitt prósentið er vegna aukinnar örorku í þjóðfélaginu sem er hins vegar ekki eins gott, hvorki fyrir þá sem eru öryrkjar né fyrir þjóðfélagið.

Ég sakna þess að lífeyrissjóðirnir og verkalýðshreyfingin hafi ekki skoðað aðrar leiðir til að lækka þennan kostnað. Það er ljóst að þó að atvinnurekendur greiði gjald eins og tryggingagjaldið þá er það í rauninni launþeginn sem greiðir það því að hækka mætti öll laun í landinu sem því nemur og láta launþega greiða það sjálfa án þess að nokkur yrði var við neitt. Það kæmi nákvæmlega eins út og hið sama á við um tryggingagjaldið. Þetta er því mjög mikið hagsmunamál fyrir launþega og ég sakna þess að menn hafi ekki skoðað aðrar leiðir.

Ellilífeyrir og ellilífeyrismörkin voru ákveðin fyrir langa löngu, eitthvað um 1930. Þau voru þá ákveðin við 67 ára aldur, að þá mættu menn fara á eftirlaun og væru þá búnir að skila starfævi sinni. Síðan þá hefur meðalævin lengst allverulega. Ég hygg að á þeim árum hafi það farið nálægt væntum meðalaldri Íslendinga, þess sem menn gátu vænst, sem nú er kominn í um 85 ár. Ég sakna þess að menn hafi ekki skoðað þá leið að hækka þessi mörk og leyfa þeim sem þess óska að vinna. Ég tek það sérstaklega fram að þeir sem þess óska ættu að eiga þess kost, til að það verði ekki mistúlkað. Þeir sem hafa gaman af því að vera í vinnunni, sem eru sem betur fer margir, og njóta þar félagsskapar — vinnan er félagslegt atriði — megi vinna lengur og þannig sé létt á lífeyrissjóðunum. Ég sakna þess að menn skuli ekki hafa skoðað þá leið að einhverju leyti að nýta vinnugetu og reynslu eldri borgara. Þeir eru margir hverjir mjög sprækir. Hins vegar þyrfti kannski að gera ráðstafanir til að þeir geti minnkað vinnuframlagið, unnið styttra á hverjum degi, tekið lengri sumar- eða vetrarfrí o.s.frv.

Varðandi öryrkjana, það prósent sem fer til aukinnar örorku, þá er það nokkuð sem ætti að vera sameiginlegt baráttumál allra, að örorkubyrði minnki, jafnt öryrkja sem hinna vinnandi. Ég vil að menn fari, í stað þess að líta á vangetu manna, að skoða getu manna til að vinna, þ.e. skoða hvað getur öryrkinn unnið og reyna að rækta þann eiginleika, rækta þann hæfileika með endurhæfingu og end-

urmenntun og láta það hafa algjöran forgang að fólk sé hvatt til að halda áfram tengslum við atvinnulífið og stunda vinnu eða nýta þá hæfileika sem hver og einn hefur þrátt fyrir fötlun. Þetta vil ég að lögð verði áhersla á.

Það væri til hagsbóta fyrir öryrkjana. Það vill enginn vera öryrki. Örorkunni fylgir ákveðin einangrun sem er slæm fyrir öryrkjann. Ég legg áherslu á að menn reyni frekar að skoða hvort ekki megi horfa frekar á getu manna og reyna að lækka þennan kostnað. Eins og ég gat um áðan vill enginn verða öryrki og þetta er slæmt fyrir öryrkjana og slæmt fyrir þjóðfélagið hve mikið öryrkjum hefur fjölgað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Opinber innkaup, 1. umr.*

Stjfrv., 277. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 287.

[17:13]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um opinber innkaup. Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögum um opinber innkaup, nr. 94/2001. Þótt aðeins fimm ár séu liðin frá setningu þeirra laga eru með frumvarpi þessu lagðar til margar efnislegar breytingar og viðbætur við lögin. Þótti því rétt að semja heildstætt frumvarp til nýrra laga um opinber innkaup í stað þess að leggja til breytingar á gildandi lögum.

Megintilefni þessara breytinga stafar af tveimur nýlegum heildartilskipunum Evrópusambandsins um opinber innkaup sem Evrópuþingið og ráðið samþykktu þann 31. mars 2004. Það var svo hinn 2. júní 2006 sem þessar gerðir voru teknar upp í XVI. viðauka EES-samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Við aðlögun tilskipananna að EES-samningnum er gert ráð fyrir að þær verði leiddar í lög aðildarríkjanna fyrir 1. janúar 2007.

Tilskipanir þær sem um ræðir eru annars vegar tilskipun nr. 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga, eða „útboðstilskipunin“ eins og hún er nefnd, og hins vegar tilskipun nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu, oftast nefnd „veitutilskipunin“. Útboðstilskipunin er birt í heild í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal við frumvarp þetta.

Þótt reglur um opinber innkaup leggi að meginhluta skyldur á herðar opinberum aðilum um hvernig þeir skuli haga innkaupum sínum þykir einnig rétt að líta til þess að lögin varða mikilvæga fjárhagslega hagsmuni einstaklinga og lögaðila. Í frumvarpinu er því lagt til grundvallar að efnisákvæði verði að meginstefnu í lögum í stað reglugerða. Ráðherra eru þó á nokkrum stöðum veittar sérstakar heimildir til setningar nánari reglna í reglugerðum auk þess sem gert er ráð fyrir því að viðmiðunarfjárhæðir EES verði auglýstar sérstaklega.

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja jafnræði bjóðenda við opinber innkaup og stuðla að virkri samkeppni og hagkvæmni í opinberum rekstri, sbr. 1. gr. þess. Til viðbótar hefur því verið bætt inn í greinina að tilgangur þess sé einnig að efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Frumvarpið hvílir þannig á þeim forsendum að með því að tryggja réttarstöðu bjóðenda og skapa með því betri aðstæður fyrir virka samkeppni sé stuðlað að skynsamlegri meðferð almannafjár við opinber innkaup en jafnframt að sé rétt að málum staðið geti þau hvatt til nýsköpunar og þróunar á vörum, verkum og þjónustu, einkum á innlendum markaði.

Tilgangsyfirlýsing frumvarpsins styðst þannig við innkaupastefnu ríkisins frá nóvember 2002, útboðsstefnu ríkisins frá því í júní 2006 en fellur auk þess að meginmarkmiðum reglna Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup. Frumvarpið gerir ráð fyrir að efnislegt gildissvið reglna um opinber innkaup verði hið sama og áður, hvort sem um er að ræða innkaup yfir eða undir viðmiðunarfjárhæðum EES. Er það afmarkað í II. kafla þess. Innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES eru þó aðeins útboðsskyld innan lands sem fyrr. Þannig yrði aðili sem ekki er útboðsskyldur samkvæmt reglum EES sömuleiðis ekki útboðsskyldur innan lands. Samkvæmt frumvarpinu gilda í grundvallaratriðum sömu reglur um útboð innan lands og samkvæmt reglum EES. Sérreglur gilda þó eðli málsins samkvæmt um auglýsingar, tilkynningar o.fl. vegna útboðs á EES.

Frá því að gildandi lög, nr. 94/2001, voru sett hefur verið samræmi á milli innkaupareglna EES og reglna um innkaup innan lands. Almennt hefur þetta fyrirkomulag mælst vel fyrir. Þetta hefur þann augljósa kost að eitt einsleitt regluverk gildir um opinber innkaup, hvort sem þau eru undir eða yfir viðmiðunarfjárhæðum EES. Frá þessu er þó sú mikilvæga undantekning að frumvarpið tekur ekki til innkaupa stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu að frátöldum ákvæðum XIII. og XIV. kafla sem fjalla um réttarúrræði einstaklinga og skaðabætur.

Veitustofnanir, sem svo eru nefndar og eru í opinberri eigu, lúta í megindráttum sömu reglum og innkaup annarra opinberra stofnana samkvæmt frumvarpinu. Engu að síður gilda á vissum sviðum nokkuð önnur lögmál um rekstur og innkaup slíkra stofnana en gerist meðal annarra stofnana. Af þeim sökum hefur sérstök tilskipun um innkaup þessara stofnana verið sett sem fyrr segir, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/17/EB. Samkvæmt EES-samningnum ber Íslandi að taka efnisákvæði hennar upp í íslenskan rétt líkt og þá er varðar innkaup annarra opinberra stofnana.

Í frumvarpi þessu hefur verið farin sú leið að í stað þess að tiltaka einstök efnisatriði varðandi tilhögun útboða veitustofnana í reglugerð eins og nú er verður sett ný reglugerð þar sem gert er ráð fyrir að vísað sé beint til ákvæða tilskipunar nr. 2004/17/EB. Er þetta til þess fallið að einfalda framsetningu laga og reglna hvað þetta varðar. Þeir aðilar sem falla undir frumvarpið eru ríkið, sveitarfélög, stofnanir þeirra og aðrir opinberir aðilar líkt og í gildandi lögum. Við úrlausn á því hverjir teljast aðrir opinberir aðilar er í grundvallaratriðum litið til þess hversu náin tengsl fyrirtæki eða stofnun hefur við ríki eða sveitarfélög. Ef að-

ilar starfa að fullu á sviði iðnaðar eða viðskipta og lúta þannig hefðbundnum lögmálum markaðarins falla þeir utan gildissviðs laganna.

Frumvarpið tekur til samninga um innkaup á vörum, þjónustu og verkum eins og þessir samningar eru nánar skilgreindir. Niðurgreiddir samningar á sviði verk- og þjónustukaupa falla undir gildissvið laganna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ýmsir samningar á sviði þjónustu eru þó undanskildir gildissviði laganna og eru þær undantekningar í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Þá eru vissir samningar sem snerta grundvallarhagsmuni ríkisins og varnarmál undanskildir lögunum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðmiðunarmörk hvað varðar útboðsskyldu innan lands verði 5 millj. kr. vegna innkaupa á vörum en 10 millj. vegna þjónustu- og verkframkvæmda. Til samanburðar má nefna að útboðsskylda á EES varðandi kaup á vörum og þjónustu nema um 162 þús. til 249 þús. evrum eftir atvikum en það samsvarar 14–21 millj. kr. og miðast útboðsskyld mörk vegna verksamninga að sama skapi við 6.242 þús. evrur sem jafngildir um 537 millj. kr. miðað við núverandi gengi. Líkt og í gildandi lögum er við það miðað að ráðherra birti viðmiðunarfjárhæðir samkvæmt EES-samningnum með reglugerð en þessar fjárhæðir ber að uppfæra á tveggja ára fresti til samræmis við gengi íslensku krónunnar gagnvart evrunni.

Líkt og í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir því að ríkari skyldur séu lagðar á sveitarfélög en leiðir af skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Svo sem verið hefur er sveitarfélögum þannig í sjálfsvald sett hvort þau undirgangast þær auknu skyldur við opinber innkaup sem felast í öðrum þætti frumvarpsins sem gildir um innkaup ríkisins og ríkisstofnana.

Í aðdraganda að setningu núgildandi laga árið 2001 voru uppi þau sjónarmið, bæði í nefndarvinnu þeirri er fram fór innan ráðuneytisins sem og í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, að fella ætti sveitarfélög undir sömu viðmiðunarfjárhæðir og ríkið er varðar skyldu til útboðs. Í dag er sveitarfélögum einungis skylt að bjóða út kaup á vörum, verkum og þjónustu til samræmis við viðmiðunarfjárhæðir þær sem gilda fyrir EES-svæðið. Á þessu ári hefur fjármálaráðuneytið átt viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg með þátttöku félagsmálaráðuneytisins um hvort og hvernig færa mætti innkaup sveitarfélaga til samræmis við reglur um innkaup ríkisins. Ekki hefur náðst niðurstaða um efnið en ástæða er hins vegar til þess að viðræðum verði haldið áfram þó svo að umrætt frumvarp hljóti lögfestingu á komandi þingi án breytinga hvað þetta varðar.

Meðal helstu efnisatriða sem breytast með frumvarpinu og leiða af nýjum reglum EB eru að aðferðir opinberra aðila um tilhögun útboða eru skilgreindar með ítarlegri hætti en áður. Hefur ýmsum atriðum er varða framkvæmd útboða og tilhögun innkaupa, og óvissa hefur verið um, verið eytt og þau skýrð eftir atvikum. Reglur um aðferðir við opinber innkaup, eða innkaupaferli eins og það er nefnt í frumvarpinu, eru að meginstofni óbreyttar. Meginreglan er þannig áfram sú að opinber innkaup fara fram á grundvelli útboða, annaðhvort lokaðs útboðs að undangengnu forvali eða almenns útboðs. Mikilvæg breyting á innkaupaferlum felst hins vegar í því að sett hefur verið inn nýtt ákvæði um svonefndar samkeppnisviðræður. Þessi útboðsaðferð er einkum hugsuð til að leiða fram lausnir á flóknum innkaupaþáttum sem erfitt kann að reynast að skilgreina fyrir fram til hlítar og þar sem útboð með almennu eða lokuðu útboði hentar illa þörfum kaupenda.

Tilskipunin felur einnig í sér nýjar reglur um rammasamninga, en ekki er gert ráð fyrir því að þessar reglur muni fela í sér óhjákvæmilegar breytingar á rammasamningskerfi Ríkiskaupa. Þá verður í fyrsta sinn heimilt að viðhafa svokallað örútboð en í því felst að hægt er að óska eftir nýjum tilboðum um tilteknar valforsendur sem verið höfðu óákveðnar samkvæmt upprunalegum rammasamningi.

Í frumvarpinu er að finna reglur um gagnvirkt innkaupakerfi svo og rafræn uppboð sem má að vissu leyti telja til sérstakra innkaupaferla. Þessar reglur eru til marks um þær nýjungar sem hafa átt sér stað í innkaupaháttum fyrirtækja og stofnana á undanförnum árum og getur horft til mikils hagræðis við dagleg innkaup og til eflingar samkeppni, einkum meðal bjóðenda vöru og þjónustu og ættu að vera til þess fallin að veita hagstæðasta verð á hverjum tíma.

Ekki er um að ræða neinar verulegar breytingar frá gildandi lögum að því er varðar þá samninga sem reglur um opinber innkaup taka til. Sérleyfissamningar um verk eru áfram undanþegnir þegar um er að ræða innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins. Ef um er að ræða veitingu sérleyfissamninga um verk yfir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins gilda hins vegar nokkuð ítarlegri reglur en áður, sbr. XI. kafla frumvarpsins. Sérleyfissamningar á sviði þjónustu falla í meginstefnu ekki undir reglur um opinber innkaup. Ráðherra er sem fyrr heimilt að setja reglur um gerð þessara samninga að því er varðar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki og leggja þannig á þau ríkari skyldur en leiða af almennum reglum frumvarpsins.

Reglur frumvarpsins um útboðsgögn, framkvæmd útboða og val tilboðs eru í nokkrum atriðum ítarlegri en samkvæmt gildandi lögum. Í frumvarpinu er þannig að finna nokkuð ítarlegar reglur um framkvæmd hönnunarsamkeppni sem að meginstefnu svarar til reglna tilskipunarinnar um þetta efni. Ef hönnunarsamkeppni er yfir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins ber hins vegar að fylgja beint reglum tilskipunarinnar, sbr. XI. kafla frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu er heimilt að gera kröfu til þess að samningur, t.d. um verk, sé framkvæmdur með ákveðnum hætti, t.d. með tilliti til umhverfisverndar eða samfélagslegra sjónarmiða.

Mikilvæga breytingu er að finna í 76. gr. frumvarpsins þess efnis að frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt þar til tilboðið er endanlega samþykkt skuli almennt líða a.m.k. 10 dagar. Kemur þannig mun síður upp sú staða að bjóðandi, sem telur á sig hallað, standi frammi fyrir því að samningur hafi þegar verið gerður. Samkvæmt reglum frumvarpsins hefur hann a.m.k. 10 daga til að koma á framfæri kæru hjá kærunefnd útboðsmála og krefjast þess að samningsgerð verði stöðvuð um stundarsakir. Ef fallist er á þá kröfu hans og ákvörðun um val á tilboði er felld úr gildi í framhaldinu hefur bjóðandi raunhæfa möguleika á að verða valinn til samningsgerðar. Með þessu gefst bjóðendum kostur á að koma á framfæri kæru hjá kærunefnd útboðsmála og krefjast þess að samningsgerð verði stöðvuð

um stundarsakir. Er bjóðendum þannig betur en áður tryggt raunhæft úrræði til þess að fá ákvörðun kaupanda um val á tilboði hnekkt.

Ákvæði frumvarpsins um Ríkiskaup svara til ákvæða gildandi laga, þó þannig að tekið hefur verið tillit til ákvæða tilskipunarinnar um miðlægar innkaupastofnanir og lagt er til að sérstök stjórn Ríkiskaupa verði lögð niður. Ekki verður séð að þessi ákvæði hafi í för með sér efnislegar breytingar fyrir starfsemi Ríkiskaupa.

Ákvæði XIV. kafla um kærunefnd útboðsmála er að meginstefnu efnislega sambærileg og í gildandi lögum. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir því að tekið verði upp 50 þús. kr. kærugjald vegna kæra sem lagðar eru fyrir kærunefnd útboðsmála. Þetta er lagt til til að stemma stigu við tilefnislausum kærum en hafa ber í huga að ef greiðandi kærumáls vinnur málið yrði honum úrskurðaður málskostnaður sem m.a. ætti að gera hann skaðlausan af þessum kostnaði.

Þá eru reglur um fresti skýrðir til samræmis við framkvæmd nefndarinnar. Reglur XV. kafla um gilda samninga og skaðabætur eru óbreyttar.

Frú forseti. Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við flesta þá aðila sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta á þessu sviði. Umsagnir bárust frá Ríkiskaupum, Vegagerðinni, Reykjavíkurborg, Framkvæmdasýslu ríkisins, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra stórkaupmanna og kærunefnd útboðsmála. Ýmsar ábendingar og tillögur voru settar fram af hálfu þessara aðila og var leitast við að taka tillit til þeirra í meginatriðum.

Reynslan sem fengin er af lögum um opinber innkaup frá því árið 2001 er góð. Hefur frumvarpið því verið unnið með hliðsjón af því að gera sem minnstar breytingar á gildissviði laganna, skýra og færa til betri vegar þau atriði sem ástæða var til, m.a. með hliðsjón af ábendingum Eftirlitsstofnunar EFTA í kjölfar lagasetningar árið 2001. Þá hefur verið leitast við að aðlaga hinar nýju reglur sem leiða af tilskipunum Evrópusambandsins sem best hinni íslensku löggjöf og til samræmis við skuldbindingar okkar sem leiða af EES-samningnum.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að afloknni þessari umræðu.

[17:26]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að nota tækifærið hér við 1. umr. og spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í frumvarpið. Hér er um mikilvægt mál að ræða þar sem opinberar reglur, skýrar og gagnsæjar, tryggja að vel sé farið með opinbert fé og einnig tryggja þær að ákveðins jafnræðis sé gætt á milli aðila.

Það sem mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra um eru mál sem eru nú mikið í umræðunni er varða kaup á öldrunarþjónustu. Það hefur m.a. komið fram í blöðunum að 15 milljörðum sé varið til kaupa á þessari þjónustu og að ekki sé gætt útboða við kaup á þjónustunni og að jafnvel standi til að fara í að reisa nýjar stofnanir þar sem ekki eigi að fara í útboð, heldur eigi að ráðstafa þessum framkvæmdum til ákveðinna aðila. Ég spyr hvort með samþykkt þessa frumvarps verði tekið á því og einnig hvort þá verði gerðir þjónustusamningar og þjónustan skilgreind sem viðkomandi aðilar eigi að inna af hendi. Þetta eru þau atriði sem ég tel mjög mikilvægt að svör fáist við.

Kannski í öðru lagi, sem væri ákaflega fróðlegt að fá svör við hér í umræðunni, er nokkuð sem varðar t.d. mál sem kom upp á Akureyri er varðar útboð á varðskipum. Munu þær reglur og þau lög sem verið er að kynna hér tryggja að ekki verði farið í þessi verkefni, svo sem eins og á Akureyri, þannig að ýtt verði út af borðinu íslenskum tilboðum og tekin útlensk tilboð? Þegar dæmið er gert upp hefði verið miklu hagstæðara að taka íslenska tilboðinu frá Slippstöðinni sem var á Akureyri í stað þess að fara með varðskipið til útlanda þar sem því fylgdi bæði ferðakostnaður og aukaverk. Verður gerð krafa um að dæmið verði (Forseti hringir.) gert upp í heild sinni?

[17:29]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Sú þjónusta sem hv. þingmaður vitnar til varðandi hjúkrunarheimili er ekki útboðsskyld þó að upp hafi komið tilvik þar sem þjónustan hefur verið boðin út, þ.e. kannski er of mikið að segja boðin út en leitast við að nota þann grundvöll sem í útboðinu felst hvað það varðar. Út af fyrir sig er ekki loku fyrir það skotið að það verði gert þó að það sé ekki gert ráð fyrir neinum meiri háttar breytingum í þeim efnum. Ef hins vegar um það væri að ræða að útboð færi fram mundu að sjálfsögðu þessar reglur gilda um það í öllum meginatriðum.

Varðandi hins vegar það útboð sem hv. þingmaður nefndi með varðskipið á sínum tíma eru mjög takmarkaðar heimildir til þess að taka inn í útreikningana aðra þætti en þá sem beinlínis tengjast útboðinu. Hins vegar er auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að það er mjög nauðsynlegt að gott samráð og samstarf sé á milli opinberra aðila og þeirra iðngreina innan lands sem að slíkum málum koma til þess að þar sé vitneskja um til hvers sé ætlast og að aðilar geti nýtt sér það að vera heimaaðilar og eiga þá að vita betur hvernig hlutirnir standa án þess að nokkuð sé verið að brjóta á öðrum. Einmitt í framhaldi af þessu tiltekna máli sem þarna um ræðir hefur verið tekið upp miklu meira og ítarlegra samstarf við Samtök iðnaðarins um slík málefni. Nýlega var skrifað undir samstarfssamning við þá aðila um hvernig ætti að standa að útboðum sem sérstaklega gætu tengst og stuðlað að nýsköpun íslensks iðnaðar. Ég held að þó nokkuð hafi miðað í þá átt að styrkja stöðu íslensks iðnaðar hvað þessi mál varðar og að þetta frumvarp og þær reglur sem því munu fylgja verði mjög jákvætt innlegg í slík mál.

[17:31]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér heyrðist hæstv. ráðherra segja að öldrunarþjónusta væri stundum boðin út og stundum ekki. Maður veltir fyrir sér hvort það sé endilega rétt aðferð að gera þetta stundum og stundum ekki, hvort ekki væri þá réttara að ganga einfaldlega hreint til verks og bjóða þjónustuna út. Það væri meiri sanngirni fólgin í því og þannig væri tryggt að jafnræðis væri gætt og að vel væri farið með opinbert fé. Það liggur fyrir skýrsla frá ríkisendurskoðanda

þar sem hann fer í rauninni fram á að þessi þjónusta við öldrunarstofnanirnar verði skilgreind þannig að hún verði kostnaðargreind og að tilviljun ráði ekki hver fái ákveðna upphæð heldur verði því fylgt eftir með þjónustusamningi. Þannig verði tryggt að fyrir ákveðna þjónustu verði greidd ákveðin upphæð en ekki að viðkomandi stofnun sé í sjálfsvald sett hvernig hún skilgreini þjónustuna.

Það er líka mjög erfitt fyrir þá sem hafa eftirlit með viðkomandi starfsemi að ekki liggi hreint fyrir að ákveðinn þjónustusamningur sé á bak við ákveðna upphæð, þ.e. að ef ákveðin upphæð fylgir tiltekinni þjónustu inn á stofnun, eins og dæmi eru um hjá einkareknum eða sjálfseignarstofnunum, þá sé vitað í hvað fjármunirnir eigi að fara.

[17:33]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Já, það má eflaust hugsa sér þjónustusamninga sem tæki til þess að halda utan um þá þjónustu sem hjúkrunarheimilin veita. En þeir eru hins vegar ekki eina tækið sem hægt er að nota í þeim tilgangi. Til dæmis hefur verið haft annað lag á hjá heilbrigðisráðuneytinu sem felst í því að áður en til framkvæmda hefur komið þar sem hið opinbera hefur komið að eða áður en farið er að greiða daggjöld fyrir þá þjónustu sem veitt er á hjúkrunarheimilunum þarf að koma til sérstök leyfisveiting og síðan hefur verið komið upp sérstöku gæðaeftirlitskerfi með þeirri þjónustu sem þarna er verið að veita og skilgreiningar á því hvaða þjónustu á að veita. Þeir aðilar sem að þessu koma eiga að vita að hverju þeir ganga og eftir því sem ég best veit er verið að þróa enn frekar þetta gæðaeftirlitskerfi hjá heilbrigðisráðuneytinu til þess að það verði enn tryggara en áður að verið sé að veita þá þjónustu sem til er ætlast og í samræmi við þá fjármuni sem verið er að veita til málsins.

Það er oft og tíðum fleiri en ein leið að sama markmiðinu og ég trúi því að hv. þingmaður sé í rauninni að tala um sama markmið og ráðuneytið er að reyna að ná þó að menn geti síðan greint á um hvaða leið sé heppilegust í hverju tilfelli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 1. umr.*

Stjfrv., 276. mál (lækkun tekjuskatts o.fl.). — Þskj. 286.

[17:35]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)**:

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar í takt við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í júní síðastliðnum til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga ásamt fleiri breytingum.

Fyrsta má nefna að lagt er til að frá og með 1. janúar 2007 lækki tekjuskattur einstaklinga um 1% í stað 2% lækkunar sem áður var fyrirhuguð, þ.e. úr 23,75% í 22,75%. Er þessi tillaga í samræmi við áðurnefnda yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og er hluti af aðgerðum sem ætlað er að stuðla að áframhaldandi stöðugleika á vinnumarkaði. Verði frumvarpið að lögum kemur breytingin til framkvæmda við staðgreiðslu á næsta ári og við endanlega álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna á árinu 2007.

Þá er í öðru lagi lögð til breyting á aldursmarki barnabóta. Er sú tillaga einnig í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að „um næstu áramót verði teknar upp greiðslur barnabóta til 18 ára aldurs í stað 16 ára aldurs". Þessi breyting kemur til viðbótar við áður ákveðna 25% hækkun skerðingarmarka barnabóta og lækkun skerðingarhlutfalla. Áætlað er að greiðslur barnabóta muni aukast um 500 til 600 millj. kr. verði frumvarpið að lögum. Þá er til samræmis lagt til í frumvarpinu að aldursmark ívilnunar vegna útgjalda til menntunar barna verði hækkað í 18 ár.

Í þriðja lagi er lögð til hækkun á persónuafslætti, sjómannaafslætti og vaxtabótum frá 1. janúar 2007. Verði frumvarpið að lögum mun persónuafsláttur einstaklinga hækka úr 356.180 kr. í 385.800 kr. á ári. Með þessari hækkun, og breytingu tekjuskatthlutfalls, hækka skattleysismörk einstaklinga úr 79 þús. kr. í 90 þús. kr. á mánuði, eða um 14%. Fjárhæð sjómannaafsláttar mun hækka um 6%, þ.e. úr 787 kr. í 834 kr. á dag og viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta munu hækka um 6%. Er það í samræmi við áætlaðar launahækkanir á almennum vinnumarkaði á miðju þessu ári og í byrjun næsta árs. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs vegna hækkunar viðmiðunarfjárhæða vaxtabóta verði um 350 millj. kr.

Í fjórða lagi er með frumvarpinu lagt til að persónuafsláttur verði endurskoðaður árlega, í fyrsta sinn frá 1. janúar 2008, og breytist fjárhæð hans þannig í samræmi við breytingar á gildandi vísitölu neysluverðs síðastliðinna tólf mánaða.

Þá er í fimmta lagi lagt til með frumvarpinu að undanþegnar verði frá skattskyldu leigugreiðslur til erlendra leigusala sem eru heimilisfastir eða reka fasta starfsstöð erlendis vegna tekna af leigu loftfara og skipa sem notuð eru til flutninga á alþjóðaleiðum. Hluti flugvéla í rekstri íslenskra flugfélaga er ekki í eigu þeirra heldur á leigu frá erlendum leigusölum. Hinir erlendu leigusalar leigja flugvélakostinn út frá starfsstöðvum víðs vegar um heim og rekur enginn þeirra eiginlega flugstarfsemi á Íslandi. Sú breyting sem hér er lögð til mun enga tekjuskerðingu hafa í för með sér fyrir ríkissjóð þar sem slíkar leigugreiðslur hafa hingað til ekki verið skattlagðar og það sem ræður úrslitum um skattskylduna er staðsetning starfsstöðvarinnar.

Í sjötta lagi er með frumvarpinu lagt til að styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barns fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima verði undanþegnir skattskyldu. Undanþágunni er ætlað að taka til greiðslna frá því er fæðingarorlofi lýkur og allt til þess er leikskólavistun eða grunnskólanám hefst. Niðurgreiðslur sveitarfélaga á leikskólagjöldum og daggreiðslugjöldum í heimahúsum eru ekki skattskyldar hjá foreldrum eða forráðamönnum barna. Með tilliti til

jafnræðis er því lagt til að framangreindir styrkir verði ekki taldir til skattskyldra tekna.

Í sjöunda lagi er með frumvarpinu lagt til að arður sem úthlutað er á milli aðila sem samskattaðir eru skv. 55. gr. laganna verði undanþeginn staðgreiðslu. Arður er frádráttarbær frá tekjum félaga og kemur því ekki til skattlagningar í álagningu.

Að lokum er í áttunda lagi lagt til að það skilyrði arðsfrádráttar frá tekjum af atvinnurekstri hlutafélaga sem skráð eru erlendis, að skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), taki einnig til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Þykir það eðlilegt með tilliti til jafnræðis þar sem Eistland, Kýpur, Liechtenstein, Litháen, Malta og Slóvenía eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu en ekki Efnahags- og framfarastofnunin í París.

Frú forseti. Ég legg til að að aflokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr.

[17:40]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að fagna ýmsu sem fram kemur í þessu frumvarpi um leið og önnur atriði sem hér eru nefnd og taka á á, kalla á ýmsar spurningar og umræður. Hér er verið að hverfa frá 2% lækkun á tekjuskatti sem var fyrirhuguð og í staðinn kemur 1% lækkun á tekjuskattinum og fram kemur að þessi tillaga sé í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júlí 2006 og er hluti af aðgerðum sem ætlað er að stuðla að áframhaldandi stöðugleika á vinnumarkaði.

Hæstv. ríkisstjórn hefur einnig boðað lækkun á sköttum, virðisaukaskatti, vörugjaldi og tollum á matvælum og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvenær við megum eiga von á að það mál komi inn í þingið og hvort ætlunin sé að afgreiða það fyrir áramót.

Það er alveg ljóst að þær breytingar sem hérna eru lagðar til og eru til hagsbóta fyrir mörg heimili, eins og hækkun á skattleysismörkum, breyting á barnabótum o.s.frv., koma ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu 2008 vegna tekna 2007. Útgjaldaáhrifanna af þessu mun því ekki gæta fyrr en vonandi ný ríkisstjórn hefur tekið við og þessi farin frá. En það er nú síður í þessari ríkisstjórn að koma með ýmislegt til hækkunar á útgjöld svona rétt fyrir kosningar en víxillinn af því á svo ekki að greiðast fyrr en að loknum kosningum.

Mig langar aðeins að ræða breytingarnar á barnabótum. Þær felast í því að verið er að hækka aldursviðmið í barnabótum úr 16 í 18 ár, þ.e. þeir sem hafa tekjutengdar barnabætur. En hér er engin viðbót við það sem áður var áformað að því er varðar ótekjutengdu barnabæturnar.

Nú er það þannig varðandi barnabætur að þetta eru raunverulega ekkert annað en láglaunabætur og ríkisstjórnin hefur verið afar dugleg í því frá því að hún settist að völdum fyrir tæpum tólf árum að skerða barnabótakerfið. Og jafnvel þó að það sé verið að skila einhverju af því aftur með þeirri breytingu sem hér er lögð til og með hækkun á skerðingarmörkunum sem höfðu verið ákveðin þá er engu að síður raungildi barnabóta lægra en það var á árinu 1995. Þá voru t.d. greiddar ótekjutengdar barnabætur með öllum börnum, ekki að 7 ára aldri heldur að 16 ára aldri.

Þegar ég segi að þetta séu láglaunabætur, virðulegi forseti, þá er það þannig núna að barnabætur byrja að skerðast við 77 þús. kr. mánaðartekjur hjá einstæðu foreldri og við 155 þús. kr., mánaðartekjur hjá hjónum. Jafnvel þó að hæstv. ríkisstjórn mundi rýmka skerðingarmörkin um 25% þá byrjar skerðingin hjá einstæðu foreldri eftir þá breytingu við 92 þúsund og hjá hjónum við 185 þús. kr. mánaðartekjur. Þetta eru auðvitað ekkert annað en láglaunabætur þegar skerðingin á barnabótunum byrjar að skerðast við þessi tekjumörk.

Við í Samfylkingunni höfum lagt til að þessi skerðingarmörk verði rýmkuð enn meira og miðum við að óskertar barnabætur verði greiddar einstæðum foreldrum með tekjur að 125 þús. kr. á mánuði eða 1,5 milljón í árstekjur og að hjón með tekjur að 250 þús. kr. eða 3 milljónir í árstekjur fengju einnig óskertar barnabætur.

Ef við lítum til dæmis til ársins 2003 þá fengu aðeins um 11,3% einstæðra foreldra óskertar barnabætur og aðeins um 3% hjóna. Með þeirri breytingu sem við leggjum til mundi þetta breytast verulega. Þá mundi um 31,3% einstæðra foreldra fá óskertar barnabætur miðað við að nú eru það 11,3%. Einstæðum foreldrum sem fá óskertar barnabætur mundi því fjölga verulega. Við erum að tala um að á árinu 2003 fengu um 3% hjóna óskertar barnabætur en með þessari breytingu sem við leggjum til þá fengju 10,5% af hjónum óskertar barnabætur.

Mér finnst eiginlega lágmark að fara þessa leið, þ.e. að byrja skerðinguna ekki fyrr en við 125 þús. kr. sem er miðað við lægstu laun í dagvinnu. Ég tel að hér sé því allt of skammt gengið og það eigi raunverulega að vera eitt af forgangsmálunum við breytingu á skattkerfinu að hækka barnabætur.

Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra:. Hefur það ekki komið neitt til skoðunar í hæstv. ríkisstjórn eða í ráðuneyti hæstv. fjármálaráðherra að hækka aldursviðmiðið á ótekjutengdum barnabótum sem einungis er til sjö ára aldurs? Nú er greinilega miðað við þegar börn eru á leikskóla. En þegar þau hætta á leikskóla og fara í grunnskóla, svo við tökum dæmi, þá minnkar kostnaður vegna barnanna ekkert við það. Ef miðað er við að ótekjutengdar barnabætur séu fyrst og fremst ætlaðar börnum á leikskóla þá er kostnaðurinn alveg eins mikill þegar grunnskólinn tekur við hjá þeim og útgjöld foreldranna ekkert síðri en er börnin voru í leikskóla.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til greina að hækka þetta viðmið. Við í Samfylkingunni höfum viljað hækka það og miða við að tíu ára aldri. Það þýddi að þá yrðu greiddar ótekjutengdar barnabætur með um 13.000 fleiri börnum en í dag og þá yrði komið til móts við mikil útgjöld foreldra barna á grunnskólaaldri. Ég tel að það sé mjög brýnt og mikilvægt að bæta barnabótakerfið frá því sem nú er og finnst að ríkisstjórnin gangi allt of skammt í því.

Ég fagna því sem fram kemur í þessum tillögum, þ.e. að lagt er til að styrkir frá sveitarfélögum til foreldra barna þar til þau byrja í leikskóla eða grunnskóla teljist ekki til skatt-

skyldra tekna. Mér finnst til mikilla bóta að þessi leið skuli farin. Raunverulega á sama athugasemdin við þetta og barnabæturnar, þ.e. einungis er gert ráð fyrir þessu varðandi leikskólavistun.

Ég spyr hæstv. ráðherra því hér er um að ræða styrki frá sveitarfélögunum sem ekki teljast til skattskyldra tekna — þarna er verið að stíga skref í áttina til þess að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga verði ekki skattskyld, sem er alveg óhæfa að mínu viti. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna eða styrkir frá sveitarfélögunum ganga aðeins til þeirra sem hafa allra minnst á milli handanna. Þeir fá viðbót fyrir framfærslunni hjá sveitarfélögunum en þá kemur ríkiskrumlan og skattleggur allt saman þannig að fólk nær sér aldrei út úr erfiðleikunum — ég spyr því hæstv. ráðherra líka varðandi fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hvort hann telji það ekki réttlætismál að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga almennt verði undanþegin skatti.

Ég vil líka ræða aðeins um skattalækkanir almennt sem við tókum allgóða rispu um á síðasta þingi, þ.e. hvaða áhrif þær skattbreytingar sem ríkisstjórnin hefur farið í hafa haft á skattbyrði fólks almennt. Ég held að það sé varla hægt að neita því, virðulegi forseti, og liggja fyrir um það alls konar útreikningar og gögn sem staðfesta það, meira að segja frá fjármálaráðherranum sjálfum að skattbyrði á fólk með lágar og meðaltekjur hefur þrefaldast til fjórfaldast í tíð núverandi ríkisstjórnar. Til vitnis um það eru nú bara svör fjármálaráðherra sjálfs á hv. Alþingi. Það sem hefur verið gert til þess að lækka skatta í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur einungis runnið til 10% þeirra sem mest hafa á milli handanna hér á landi.

Vissulega er góðra gjalda vert að hækka skattleysismörkin úr 79 þús. kr. í 90 þús. kr. Ég man ekki betur en að þessi breyting hafi komið inn í tengslum við kjarasamningana. En hæstv. ráðherra hlýtur að vita að ef skattleysismörkin hefðu haldið raungildi sínu frá því sem þau voru þegar þessi ríkisstjórn tók við fyrir tæpum tólf árum þá ættu þau að vera 137 þús. kr. núna eða 47 þús. kr. hærri en þau verða eftir þessa breytingu. Það er alveg ljóst að skerðingin á skattleysismörkunum hefur komið mjög illa niður á fólki með lágar tekjur, meðaltekjur, ég tala nú ekki um lífeyrisþegana. Ríkissjóður hefur orðið sér út um ófáa milljarðana — mig minnir að ég hafi séð töluna yfir 30 milljarða — miðað við þá skerðingu sem hefur orðið á skattleysismörkum. Það hefur verið nýtt til þess að lækka skatta þeirra sem betur hafa það. Þetta eru nú staðreyndir málsins.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um lífeyrisþegana sem hafa orðið hvað harðast úti vegna skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Fólk sem greiddi engan skatt fyrir tólf árum er farið að greiða kannski 12–14% af tekjum sínum í skatt. Telur hæstv. ráðherra það nú ekki vera skoðunarinnar virði að greiðslur úr lífeyrissjóðum beri ekki tekjuskatt heldur sama skatthlutfall og fjármagnstekjur? Tveir þriðju af lífeyrisgreiðslum sem fólk fær úr lífeyrissjóðunum eru ekkert annað en fjármagnstekjur.

Við sjáum við álagninguna núna á þessu ári að þessi hópur fjármagnseigenda sem hefur bara fjármagnstekjurnar sér til framfærslu og greiðir ekki nema 10% skatt fer sístækkandi. Sumir hafa verulegan hluta af framfærslu sinni í fjármagnstekjum og kannski minni hlutann í almennum launatekjum og greiða hlutfallslega miklu minna í skatt en til dæmis lífeyrisþegar og almennir launþegar. Mér finnst því að hæstv. ráðherra ætti nú að skoða það af alvöru að fara þá leið að láta lífeyrisgreiðslurnar bera fjármagnstekjuskatt. Það er eitt af því sem til dæmis Samtök aldraða hafa mjög sett á oddinn, þ.e. að fá inn í lagabókstafinn þessa leið til að lækka skatta þeirra.

Þetta eru þær spurningar sem ég hef fram að færa til hæstv. ráðherra nú við 1. umr. þessa máls. Ég fjalla um þetta mál í efnahags- og viðskiptanefnd. Ég sakna þess að hér séu ekki ýmsir útreikningar sem við hefðum þurft að hafa við höndina þegar við fjöllum um þetta mál í efnahags- og viðskiptanefnd, til dæmis hvernig þessi 1% skattalækkun kemur niður á ákveðnum tekjuhópum. Ég spyr hæstv. ráðherra um það hvort hann eigi ekki slíka útreikninga til vegna þess að kallað verður eftir þeim í efnahags- og viðskiptanefnd. Eins er nauðsynlegt að fá að vita hvaða áhrif þessar breytingar á barnabótakerfinu varðandi skerðingarmörkin sem áður voru ákveðin koma út fyrir hina ýmsu tekjuhópa.

Sömuleiðis þurfum við að fá útreikninga varðandi skattleysismörkin. Ég sakna þess að ekki skuli fylgja hér með í fylgiskjali útreikningar um áhrifin á einstaka tekjuhópa Það hefði verið mjög til hagræðis fyrir efnahags- og viðskiptanefnd sem hefur nú ekki mjög langan tíma til að fjalla um þetta mál. Hér er stórt mál á ferðinni og ýmislegt er þarna til bóta frá því sem verið hefur fyrir heimilin í landinu. Ástæða er til að fagna því sem vel er gert og ekkert undan því að draga. En ég hef nú við 1. umr. látið koma fram athugasemdir mínar og ég kalla eftir svörum hæstv. ráðherra við þeim.

[17:55]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi gera athugasemd við tvennt sem kemur þó eiginlega hvorugt frumvarpinu við. En hv. þingmaður nefndi það. Það er í fyrsta lagi tekjutenging barnabóta. Þær voru stórauknar einmitt á þeim árum þegar hv. þingmaður var hæstv. félagsmálaráðherra. (**JóhS:** Stórauknar?) Þá voru bæturnar auknar og tekjutengingin tekin upp. Þá var hún tekin upp í þessum mæli sem menn eru að tala um. Það er dálítið undarlegt að menn skuli gleyma sögunni.

Svo er það fjármagnstekjuskattur á lífeyri. Lífeyrir í lífeyrissjóðum hefur ekki verið skattlagður. Hvorki 6% — þau hafa aldrei verið skattlögð — né 4% nema á ákveðnu árabili eftir að staðgreiðslan var tekin upp, í sjö ár.

Peningar lífeyrissjóðanna hafa því ekki verið tekjuskattaðir. Sá sem hefur sparað í lífeyrissjóði er með fulla upphæð í sparnaði. Sá sem sparaði fyrir utan lífeyrissjóði þurfti fyrst að borga tekjuskatt af því og síðan fékk hann ávöxtun á restina. Það er auðvelt að sjá að þegar hann tekur það út að lokum úr lífeyrissjóðnum þá er hann með sem svarar tekjuskattinum meira í innstæðu. Þess vegna er eðlilegt að hann borgi tekjuskatt af lífeyrinum því þessi peningur hefur aldrei verið tekjuskattaður, nema eins og ég nefndi, í þessi örfáu ár. Auk þess hefur lífeyrissjóðurinn ekki borgað fjármagnstekjuskatt af því. Þeir eru algerlega skattfrjálsir á meðan sá maður sem sparaði utan lífeyrissjóðanna þurfti að

borga fjármagnstekjuskatt. Þessi umræða er því mjög á villigötum og kæmi náttúrlega að sjálfsögðu þeim sem eru með hæsta lífeyrinn langbest. Þessir með 300–400 þús. kr. á mánuði mundu græða mest á slíkri breytingu.

[17:57]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú verið að fjalla um barnabætur í þessu frumvarpi þannig að það kemur málinu við þar sem ég ræddi hér um barnabæturnar. Það er alveg sama hvernig þetta mál er skoðað og borin saman staðan í barnabótakerfinu eins og hún var 1995 og hvernig hún er í dag, að í ljós kemur að barnabæturnar voru hagstæðari fólki árið 1995 en þær eru í dag. Útgjöld vegna barnabóta að raungildi voru hærri á árinu 1995 en þau eru í dag. Á föstu verðlagi voru útgjöld til barnabóta tæpir 6,5 milljarðar á árinu 1995 en á þessu ári eru útgjöld til barnabóta tæpir 6 milljarðar. Sem hlutfall af landsframleiðslu voru útgjöld til barnabóta um 1% árið 1995 en voru komin niður í um 0,5% árið 2005.

Hv. þingmaður hlýtur líka að muna að ótekjutengdar barnabætur voru greiddar með öllum börnum að 16 ára aldri á árinu 1995 en nú eru þær einungis greiddar með öllum börnum að sjö ára aldri. Ísland er raunverulega eitt landa innan OECD sem tekjutengir barnabætur og það er staðreynd að þetta eru láglaunabætur eins og ég hef hér verið að lýsa vegna þess að skerðingin er mjög mikil. Ótekjutengdi hlutinn var miklu hærri árið 1995 en hann var á þessu ári. Því er alveg sama hvernig þetta er borið saman. Barnabótakerfið var hagstæðara heimilunum í landinu á þeim tíma en það er í dag.

Varðandi það að lífeyrisgreiðslur beri fjármagnstekjuskatt eða sama hlutfall og hann en ekki tekjuskatt þá greinir okkur hv. þingmanni einfaldlega á um það. Hv. þingmaður telur það fjarstæðu að lífeyrisþegar borgi einungis 10% fjármagnstekjuskatt af sínum lífeyri en honum finnst allt í lagi að fjármagnseigendur (Forseti hringir.) með milljarða á milljarð ofan í fjármagnstekjur (Forseti hringir.) greiði einungis 10%.

[17:59]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hv. þingmaður var hæstv. félagsmálaráðherra — því vill hún gjarnan gleyma — tók hún upp, samþykkti og stóð að hækkun barnabóta en stórlegri tekjutengingu þeirra með þá hugsun í huga að það fólk sem hefði háar tekjur þyrfti ekki eins miklar barnabætur. Þetta er alveg skiljanlegt og ég tek alveg undir þetta.

Vandamálið í huga hv. þingmanns er að síðan hafa laun hækkað þvílík ósköp, um 60% umfram verðlag, að fleiri og fleiri hafa hærri tekjur og þurfa þar af leiðandi, samkvæmt skilgreiningu hv. þingmanns frá því hún var félagsmálaráðherra, ekki á bótunum að halda af því að þeir hafa svo háar tekjur. Ég veit ekki hvort þetta sé mjög erfitt vandamál. Mér þykir þetta ánægjulegt vandamál, þ.e. að alltaf þurfi færri og færri á barnabótum að halda vegna hárra tekna. Mér finnst það ánægjulegt.

Varðandi lífeyrissjóðina og tilvísun í að einhverjir séu með óskaplega háar fjármagnstekjur einhver staðar. Það má vel vera. En það fólk er líka að taka mikla áhættu. Sumir tapa mjög miklu sem hafa grætt áður myndarlega. Í fjármagnstekjuskattinum felst því einmitt áhættan sem er ekki fyrir hendi í lífeyrisgreiðslum, alla vega á meðan eftirlitskerfið vinnur þannig að lífeyrissjóðirnir fara ekki á hausinn. Þá er mjög mikið öryggi í lífeyrisgreiðslunum. Þeir peningar hafa ekki verið tekjuskattaðir nema örfá ár og 6% hafa alltaf verið tekjuskattsfrí og 4% hafa alltaf verið tekjuskattsfrí nema í sjö ár.

Það að taka upp fjármagnstekjuskatt á lífeyrisgreiðslur kæmi því eingöngu þeim sem hafa mjög háan lífeyri til góða því hinir falla nefnilega undir frítekjumörkin að mestu leyti.

[18:01]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf spurning hvaða mælikvarðar eru notaðir þegar við erum að ræða um barnabætur. Það hlýtur náttúrlega að segja sína sögu, virðulegi forseti, að ef minna er eytt í barnabætur á þessu ári í útgjöldum að raungildi en var árið 1995 segir það sína sögu um að barnabótakerfið var betra árið 1995 en það er í dag. (Gripið fram í.) Ríkisstjórnin hefur komið barnabótakerfinu svo fyrir að í dag eru það einungis 3% hjóna sem fá óskertar barnabætur. Við hvaða tekjur er miðað hjá þessum hjónum? Miðað er við 155 þús. kr. samanlagðar tekjur hjóna og eftir það er byrjað að skerða. Þetta eru ekkert annað en láglaunabætur. Einstæðir foreldrar með 77 þús. kr. mánaðartekjur, þetta nær ekki einu sinni lágmarkslaunum og þá er byrjað að skerða barnabæturnar. Enda eru það ekki nema 11,3% einstæðra foreldra sem fá óskertar barnabætur. Þetta hlýtur að segja sína sögu.

Ég sé framsóknarmennina hérna hægra megin í salnum en það var á árinu 1999 sem þeir lofuðu að öll börn mundu fá ótekjutengdar barnabætur. Ekki er búið að efna það loforð nema að hálfu, það eru bara börn að 7 ára aldri sem fá ótekjutengdar barnabætur. Það vantar því ansi mikið t.d. upp á loforð framsóknarmanna enda eru það sjálfstæðismenn sem hafa ráðið ferðinni í niðurskurðinum á barnabótakerfinu og framsóknarmenn láta sig hafa það. Þannig er nú komið fyrir barnabótakerfinu okkar sem er ekkert annað en láglaunabætur.

Ég held að við ættum að taka t.d. Norðurlöndin okkur til fyrirmyndar á þessu sviði þar sem miklu meira fjármagni úr velferðarkerfinu er varið til barnabóta og til barna almennt í samfélaginu en hjá okkur. Það væri meiri (Forseti hringir.) sómi að því en að standa hér eins og hv. (Forseti hringir.) þingmaður gerði og tala hátt um að það sé nú allt í lagi með þetta barnabótakerfi.

[18:03]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var eitt atriði í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem mig langaði til að ræða örlítið frekar. Það var þegar hv. þingmaður kom að persónufrádrættinum og þeirri breytingu sem fyrirhuguð er á honum með því frumvarpi sem er til umræðu.

Hv. þingmaður gagnrýnir eins og oft áður það að persónufrádrátturinn hafi ekki hækkað meira en raun ber vitni

og gefur í skyn að þingmaðurinn og hans ágæti flokkur hefði staðið sig svo miklu betur ef þau hefðu haft til þess tækifæri í ríkisstjórn. Ég get ekki annað en rifjað upp af þessu tilefni að fyrir síðustu kosningar voru skattamál mjög til umræðu og þar á meðal var af hálfu t.d. okkar sjálfstæðismanna lögð fram mjög eindregin stefna um lækkun tekjuskatta og á lokaspretti kosningabaráttunnar var mjög skýrt af hálfu Samfylkingarinnar hvað Samfylkingin vildi gera í stað þeirrar tekjuskattslækkunar sem við boðuðum. Því var slegið föstu af hálfu talsmanna Samfylkingarinnar að það sem Samfylkingin hygðist gera væri það að beita sér fyrir breytingum með það að markmiði að skattleysismörk hækkuðu um 10 þús. kr., úr u.þ.b. 70 þús. kr. sem talan stóð í á þeim tíma og upp í um 80 þús. kr.

Nú er staðan reyndar sú að skattleysismörkin eru komin upp í 79 þús. kr., sem sagt nokkurn veginn þá upphæð sem Samfylkingin lofaði fyrir síðustu kosningar og nú er ríkisstjórnin að leggja til að gert verði enn betur og farið í um 90 þús. kr. Mér finnst það mjög ósannfærandi af hálfu hv. þingmanns að gera mikla rellu út af þessu (Forseti hringir.) vegna þess að ríkisstjórnin er að gera betur en Samfylkingin lofaði að þessu leyti.

[18:06]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skattleysismörkin, eins og ég nefndi áðan, ættu að vera miklu hærri ef þau hefðu haldið í við raungildi þeirra eins og þau voru árið 1995. Það liggur því alveg fyrir að skattleysismörkin ættu að vera 137 þús. kr. núna, hvorki meira né minna. Þarna vantar því verulega á. (Gripið fram í.)

Við vildum fara ýmsar aðrar leiðir að því að laga skattbyrðina hjá fólki með lágar tekjur og meðaltekjur, m.a. með lækkun á virðisaukaskatti og með ýmsum ráðstöfunum í skattkerfinu sem hefðu komið barnafólki verulega til bóta. Það er alveg ljóst að fyrir fjórum árum var náttúrlega allt önnur staða uppi en núna er varðandi skattleysismörkin og þess vegna mundum við alveg treysta okkur til að fara verulega hærra í skattleysismörkunum núna en var á þeim tíma. Ljóst er að sú lækkun sem hefur orðið á skattleysismörkunum hefur verið notuð tvíþætt af ríkisstjórninni, annars vegar til að lækka skuldir og einnig til að lækka skattbyrði á 10% þjóðarinnar sem hæstar hafa tekjurnar. Þetta eru um 30–40 milljarðar sem hafa sparast með þessum hætti.

Ég hefði viljað sjá það fjármagn sem var notað til að lækka skattana á fólki með hærri tekjur, 30–40 milljarða, fara í að hækka skattleysismörkin og breyta persónuafslættinum frekar en fara þær leiðir sem hæstv. ríkisstjórn hefur farið. Það er sú leið sem ég mundi beita mér fyrir ef maður hefði haft milli handanna eins mikið og þessi ríkisstjórn hefur haft, þ.e. um 36 milljarða. Miðað við það að lækka skattleysismörkin hefði ég kosið að fara þá leið að þetta skilaði sér til fólks með lágar tekjur og meðaltekjur með hækkun skattleysismarka frekar en að skerðingin á skattleysismörkunum (Forseti hringir.) færi eingöngu til þess að lækka skattbyrðina hjá þeim sem hæstar hafa tekjurnar.

[18:08]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var alveg skýrt fyrir síðustu kosningar og allir stjórnmálaflokkar, nema ef vera skyldi Vinstri grænir, gerðu ráð fyrir að verulegt svigrúm mundi skapast til skattalækkana á kjörtímabilinu. Deilan í kosningabaráttunni snerist ekki um það hvort forsendur væru til þess að lækka skatta heldur hvernig. Það sáu allir fram á að mikil tekjuaukning yrði í samfélaginu og svigrúm yrði til skattalækkana.

Nú er það reyndar rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að þetta svigrúm hefur reynst meira en spár gerðu ráð fyrir árið 2003. Uppgangurinn í samfélaginu hefur verið slíkur að jafnvel bjartsýnustu menn sáu það ekki fyrir. Tekjuaukinn í samfélaginu hefur orðið mjög mikill og það hefur orðið veruleg tekjuaukning og kaupmáttaraukning hjá öllum tekjuhópum í landinu. Það er auðvitað það sem skýrir að tekjuskattar skila meiru til ríkisins en áður var talið. Það eru í rauninni, eins og komið hefur verið inn á í þessu sambandi, gleðilegar fregnir að tekjuaukinn í samfélaginu hefur verið svona mikill. Kaupmáttaraukning eftir skatta hjá öllum tekjuhópum hefur verið mikil. Það er því ekki hægt að halda því fram, eins og mér fannst hv. þingmaður gera, að skattastefna ríkisstjórnarinnar hefði skert kjör einhverra í samfélaginu vegna þess að þegar tekið er tillit til verðlagshækkana og horft er á þann tekjuauka eftir skatta sem hefur komið fram hjá öllum tekjuhópum þá er hann verulegur.

Þegar við stóðum frammi fyrir því árið 2003 að velta fyrir okkur hvernig ætti að fara í skattalækkanirnar þá var þetta útspil Samfylkingarinnar. Ef ég man rétt var það á vorþingi Samfylkingarinnar í apríl sem því var slegið fram og gert að fréttaefni að Samfylkingin ætlaði að hækka skattleysismörkin um 10 þús. kr., vitandi það eins og við vissum raunar líka, að fyrirsjáanleg væri mjög mikil tekjuaukning í samfélaginu. Mér finnst því dálítið klént að koma hér eftir á og segja: (Forseti hringir.) Við vildum ekki hækka skattleysismörkin bara um þennan tíu þúsund kall sem við sögðum fyrir kosningar, (Forseti hringir.) heldur miklu, miklu meira.

[18:10]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að fæstir hafi séð fyrir það svigrúm sem ríkisvaldið hafði til skattalækkana eins og kom í ljós síðar, eins og hv. þingmaður viðurkenndi áðan. Við hefðum notað það skattasvigrúm með allt öðrum hætti þegar það hefði komið í ljós að við hefðum haft meiru úr að spila en var fyrirséð fyrir kosningarnar 2003. Ég held að þetta hafi verið svipaðar fjárhæðir sem Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin ætluðu að verja til skattalækkana en við vildum verja þeim með allt öðrum hætti til að það gagnaðist betur láglaunahópunum og heimilunum í landinu.

Þegar hv. þingmaður heldur því fram að skattastefna ríkisvaldsins hafi ekki skert kjör heimilanna þá er það bara rangt. Það liggja fyrir svör frá hæstv. fjármálaráðherra um að skattar á fólk með lágar og meðaltekjur hafi hækkað þrefalt til fjórfalt (**Gripið fram í:** ... en kaupmátturinn ...) á þessu kjörtímabili, (Gripið fram í.) það liggur alveg ljóst fyrir. (**Gripið fram í:** ... kaupmáttur ...) Svör ráðherra

staðfesta það, virðulegi forseti.

Þegar verið er að tala um kaupmáttaraukninguna þá hefur hún ekki gengið jafnt til allra hópa. Hv. þingmaður ætti að kynna sér það hvað t.d. lífeyrisþegar hafa fengið mikið af kaupmáttaraukningunni á þessu kjörtímabili. Það hefur t.d. verið reiknað út af hálfu Landssamtaka eldri borgara að kaupmáttur grunnlífeyris og tekjutryggingar er ekki nema 25% þegar hann hefur verið helmingi meiri til annarra.

Það sem hefur gerst í tíð núverandi ríkisstjórnar er að láglaunahóparnir og lífeyrisþegarnir hafa verið skildir eftir. Það er alveg sama hvaða mælikvarðar eru notaðir, hvort það er kaupmáttarmælingin eða hvort við mælum þetta í skattbyrði og hvernig hún hefur þróast hjá einstaka tekjuhópum á kjörtímabilinu, það hallar alltaf á þessa tekjulægstu og lífeyrishópana alveg sama hvernig málið er skoðað og hvað menn reyna að halda öðru fram.

Mælingar sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa leyft sér að halda fram hérna úr ræðustól eru alveg með ólíkindum þegar þeir bera saman 100 þús. kr. vorið 1995 og 100 þús. kr. í dag og fá út að skattbyrðin hafi lækkað hjá fólki. Það eru aldrei bornar (Forseti hringir.) saman raungildistölur, sem á auðvitað að gera. (**Gripið fram í:** Jú, jú, ráðherrann er alltaf að því.)

[18:13]

**Útbýting:**

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 313. mál, frv. MF og JóhS, þskj. 335.

Framboð talsmanns neytenda til Alþingis, 316. mál, fsp. MÞH, þskj. 338.

Kostnaður við þjóðlendumál, 239. mál, svar fjmrh., þskj. 332.

Löggæsla vegna umferðaröryggis, 216. mál, svar dómsmrh., þskj. 333.

Starf trúfélaga í grunnskólum og framhaldsskólum, 314. mál, fsp. MÁ, þskj. 336.

[18:14]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta frumvarp hæstv. ráðherra er að hluta til afsprengi samkomulags aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda á síðastliðnu sumri og varðar stærsta einstaka efnisþátt þess, þ.e. breytta álagningu tekjuskatts frá því sem lögfest var í upphafi þessa kjörtímabils eða snemma á þessu kjörtímabili. Það var nefnilega farin sú óvenjulega leið, óhefðbundna leið, satt best að segja, að lögfesta skattbreytingar langt fram í tímann í framhaldi af síðustu alþingiskosningum en þá skall á með miklum skattalækkunarloforðum eins og einhverja rekur sjálfsagt minni til. Og til að sýna einbeitni sína í því að lækka nú skatta höfðu sjálfstæðismenn það fram að þetta var ekki gert jafnóðum og það átti að koma til framkvæmda heldur voru áformin lögfest þrjú ár inn í framtíðina, og þar með auðvitað sagt að algjörlega óháð efnahagsaðstæðum, hagsveiflunni, nauðsyn aðhalds í hagstjórn eða öðru slíku skyldi þetta ganga fram. Sem sagt forgangsmál af því tagi og allt annað skyldi aðlaga sig að því. Inni í þessu var hið langþráða og mikla hugsjónamál sjálfstæðismanna að leggja niður hátekjuskattinn, þetta litla álag sem var á hærri tekjur í samfélaginu.

Skattastefna núverandi ríkisstjórnar og í raun og veru allt frá því að Sjálfstæðisflokkurinn kom inn í Stjórnarráðið 1991 hefur verið því marki brennd að fletja skattkerfið út, draga úr tekjuöfnunargildi skattkerfisins í rauninni á báðar hliðar, því að annars vegar er teknanna aflað á þann hátt að það felur í sér minni tekjujöfnun hvernig menn greiða inn og síðan er þeim ráðstafað þannig í gegnum útgjöld ríkisins að þar dregur líka úr tekjujöfnunargildinu, m.a. með því að velta kostnaði af ýmiss konar þjónustu yfir á notendur, óháð þeirra efnahag.

Þetta hefur síðan leitt til þess, herra forseti, eins og allar mælingar sýna núna, að ójöfnuður hefur aukist gríðarlega á Íslandi. Vissulega er þar að hluta til við að glíma þróun á launamarkaði hvað dregur hratt í sundur með hinum tekjuhæstu og hinum tekjulægstu en þar við bætist það ástand að tekjujöfnunargildi skattkerfisins fer minnkandi og þá er ekki á góðu von. Þetta frumvarp er þar af leiðandi bara breyting á þessum áður lögfestu áformum og felur í sér að stærsta einstaka þrepið í skattalækkunum í samræmi við loforðin frá kosningunum 2003 og átti að koma nú til framkvæmda, 2% lækkun frá og með næstu áramótum á tekjuskatti einstaklinga flatt, er nú breytt yfir í 1% lækkun og nokkra hækkun persónufrádráttar eða skattleysismarka. Þann þátt málsins á að heita að aðilar vinnumarkaðarins eða verkalýðshreyfingin hafi knúið fram í samskiptum við stjórnvöld á síðastliðnu vori.

Skattleysismörkin eru engu að síður, eins og komið hefur fram í umræðunni, langt frá því að hafa fylgt þróun verðlags, hvað þá launa, eins og hún hefur verið undanfarin ár. Hvernig sem menn þrasa um þá hluti þá sýnir einfaldur framreikningur á núgildandi verðlagi á skattleysismörkunum að miðað við verðlag, hvort sem við tökum útgangspunkt í upptöku staðgreiðslunnar á sínum tíma, 1988, eða þó að við tækjum skattleysismörkin við stjórnarskiptin 1991, ættu þau að vera af stærðargráðunni 110 þúsund hið minnsta miðað við þróun verðlags, og 130–140 þúsund miðað við þróun launa. Þetta eru óhrekjandi staðreyndir og þó að menn haldi hér þúsund ræður um eitthvað annað mun því ekki verða breytt.

Í gegnum þessa lymskulegu aðferð, að halda skattleysismörkunum niðri en lækka síðan tekjuskattsprósenturnar ofan frá, er skattbyrðin flutt til frá háum tekjum niður á lágar tekjur. Þetta endurspeglast eins og áður sagði í minnkandi tekjujöfnunargildi skattkerfisins. Það sýna samanburðarmælingar. Ef t.d. svonefndur Gini-stuðull er reiknaður út fyrir Ísland, en hann tekur mið af launamun að teknu tilliti til almannatrygginga og tekjujöfnunargildis skattkerfisins og samneyslunnar, þá hefur Ísland siglt hraðbyri burt frá öðrum Norðurlöndum hvað þetta varðar og ójöfnuður fer hér mikið og ört vaxandi.

Við vinstri græn skárum okkur úr umræðum um þessi mál á sínum tíma og vorum ekki þátttakendur í hinum víðtæka skattalækkunarkór sem brast á í alþingiskosningunum 2003. Í fyrsta lagi vegna þess að við viljum tryggja ríki og sveitarfélögum traust og fullnægjandi tekjustofna til að standa myndarlega undir samneyslunni og velferðarþjónustunni í landinu. Við erum sjálfum okkur samkvæm í því að ef lagðar eru til aðgerðir til að bæta kjör aldraðra og öryrkja, til að byggja upp í samfélagi okkar og til að styrkja

innviði samfélagsins, þá þarf til þess tekjur og þær koma ekki af himnum ofan. Menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir og vera tilbúnir til að afla þeirra og það erum við og höfum alltaf verið. Við sögðum: Að því marki sem svigrúm verður til skattalækkana á komandi kjörtímabili ætlum við að nota það svigrúm, ef við fáum því ráðið, til að bæta stöðu hinna lakast settu og lægst launuðu í landinu. Við munum ekki lækka skatta á hátekjufólki en það hefur ríkisstjórnin nákvæmlega gert. Forgangsmál hennar var að lækka skatta á hátekju- og stóreignafólki og það hefur hún gert með þeim afleiðingum sem blasa við hverjum manni.

Í öðru lagi var það og er þannig að það er feiknarlega óskynsamlegt að ákveða skattalækkanir og umtalsverðar breytingar í ríkisfjármálum mörg ár fram í tímann, óháð því hvernig efnahagsástand og aðstæður verða þegar þær eiga að koma til framkvæmda. Þetta er margbúið að segja við ríkisstjórnina, ekki bara af okkur heldur öllum helstu sérfræðistofnunum á sviði hagstjórnar og efnahagsmála, bæði innan lands og utan, en ríkisstjórnin hefur það að sjálfsögðu að engu. Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar og áformin sem slík, með þeim væntingum sem þeim hafa fylgt, hafa verið einn þátturinn sem hér hefur kynt upp jafnvægisleysi og verðbólgu, það er óhrekjandi. Og enn undrast menn að ríkisstjórnin skuli, algjörlega óháð aðstæðum, ætla út í skattalækknir eða breytingar af því tagi.

Það nægir að bregða hér á loft, herra forseti, síðasta hefti Peningamála Seðlabankans. Þar er enn spurt hvort það sé virkilega svo að menn ætli ekkert að haga tímasetningu þessara aðgerða, burt séð frá þeim sem slíkum, með einhverri hliðsjón af ástandinu í hagkerfinu. Seðlabankinn er auðvitað að segja: Ef ríkisstjórnin fer fram með skattalækkanir um næstu áramót upp á 2%, *ígildi tveggja prósentna í* tekjuskatti, svona útfært eins og þetta frumvarp ber í sér, og bætir svo þar við þeim lækkunum 1. mars nk. sem nú á að fara í á virðisaukaskatti, vörugjöldum og óbeinum sköttum, þá dregur það einfaldlega úr því efnahagslega aðhaldi sem stýrivaxtaákvarðanir Seðlabankans og önnur viðleitni felur í sér. Til dæmis er það mat Seðlabankans að stýrivextirnir þurfi að vera allt að hálfu prósentustigi hærri vegna breytinganna sem fyrirhugaðar eru 1. mars. Þannig meta menn einfaldlega efnahagsleg áhrif þessara aðgerða og það eykur þá vandann á hina hliðina hvað varðar hagstjórn bankans.

Þá er einn þáttur enn ónefndur í þessu, herra forseti, og það er að á sama tíma hefur ríkið selt verðmætar eignir og talið sig vera og hefur kannski að mörgu leyti verið í aðstöðu til þess að lækka beina skatta vegna þess að það hafa komið gríðarlegar tekjur inn í ríkissjóð vegna þenslunnar og jafnvægisleysisins í hagkerfinu. Viðskiptahallinn, sem þýðir á mannamáli gríðarlegan innflutning og eyðslu þjóðarinnar langt umfram efni, er auðvitað ávísun á tekjur ríkissjóðs, mikil ósköp, t.d. allur bifreiðainnflutningurinn með þeim gjöldum sem þar eru lögð á. Þá er auðvelt að vera miklir menn og telja sig hafa efni á að lækka beina skatta. Það hefur ríkisstjórnin gert en án þess að horfa til lengri tíma, án þess að horfa til þess hvernig takast eigi á við hagstjórnina og án þess að horfast í augu við hvernig öðrum aðilum reiðir af á sama tíma í landinu.

Hvaða aðra aðila er ég þá að tala um m.a.? Að sjálfsögðu heimilin og atvinnulífið en ég er líka að tala um sveitarfélögin. Það er auðvitað alveg með ólíkindum ef ríkisstjórnin kemst upp með það, og við undarlega þögn a.m.k. flokksmanna sinna í forustu sveitarfélaganna í landinu, að lækka skatta á þessu kjörtímabili með þessum hætti án þess að gera minnstu tilraun til að laga stöðu sveitarfélaganna. Væri ekki nær að taka a.m.k. eitthvað af því svigrúmi sem menn telja vera til skattalækkana og færa það yfir í traustari tekjustofna sveitarfélaganna? Hverju sætir það að menn skuli ekki einu sinni líta á það að færa t.d. 1% af þessum fjórum eða þremur — þó að þau verði nú ekki nema þrjú þegar upp er staðið sem tekjuskatturinn verður lækkaður flatt, hin almenna prósenta hans — yfir í sambærilegar heimildir í útsvari á móti?

Þetta höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lagt fram í formi frumvarps ár eftir ár. Strax þegar fyrsta prósentið kom til framkvæmda í hittiðfyrra, þegar næsta prósent kom til framkvæmda í fyrra og við munum gera það enn nú, annaðhvort með sjálfstæðu frumvarpi eða *með breytingartillögum við þetta frumvarp þegar það fær* afgreiðslu, ef það fær afgreiðslu fyrir jólin, af því að menn eiga ekki að komast upp með annað en að svara því í leiðinni: Hvað með afkomu sveitarfélaganna?

Sum þeirra hafa vissulega notið nokkurs góðs af þenslunni í hagkerfinu en önnur ekki. Önnur hafa bara alls ekki fengið neitt af því. Það eru tugir sveitarfélaga í landinu sem eiga í gríðarlegum erfiðleikum með að ná endum saman, eiga engan veginn fyrir rekstri, hvað þá einhverjum fjárfestingum. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í málefnum þeirra sveitarfélaga? Veit ríkisstjórnin af því að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga var á ferðinni á dögunum? Hún var að heimsækja sveitarfélögin á listanum, válistanum, mjög *gjarnan minni og meðalstór þéttbýlissveitarfélög á lands*byggðinni, hvert sveitarfélagið á fætur öðru var að fá heimsókn frá eftirlitsnefndinni sem spyr: Þið eruð að fara á hausinn, hvað ætlið þið að gera?

Hver er niðurstaðan af þeim fundum? Er hún einhver von um betri afkomu sveitarfélaganna og traustari tekjustofna? Nei, hún er blóðugur niðurskurðarhnífurinn í höndum sveitarstjórnarmanna. Þegar eftirlitsnefndin fer þá er eitt skilið eftir á staðnum, ekki loforð um betri afkomu, ekki fjárveitingar, heldur blóðugur niðurskurðarhnífurinn í höndum sveitarstjórnarmannanna, herra forseti. Það er veruleikinn, m.a. sveitarfélaga í okkar kjördæmi. Þetta er staðan.

Hér kemur svo ríkisstjórnin og sperrir stél og segist hafa svigrúm til að lækka skatta, óháð því hvernig Seðlabankanum gengur að slökkva eldana í hagkerfinu, óháð því hvernig aðstæður annarra aðila eru í þjóðfélaginu, sveitarfélögin mega éta það sem úti frýs.

Herra forseti. Hvert prósentustig í tekjuskatti eða samanlagðri álagningu tekjuskatts og útsvars eru umtalsverðar fjárhæðir. Á milli 60 og 70% tekna sveitarfélaganna í landinu koma úr útsvarinu þannig að það verður ekkert stórt gert í þeirra málum nema útsvarið komi þar eitthvað við sögu. Vissulega má hugsa sér að bæta stöðu lakar settu minni sveitarfélaganna með meiri fjármunum í gegnum tekjujöfnun og útgjaldajöfnun í jöfnunarsjóði ef það verður þá í boði, en maður á eftir að sjá hvernig því starfi reiðir af. Með útsvarsheimildum væru þó a.m.k. þeim sveitarfélögum

sem það kjósa gefnir einhverjir möguleikar til að afla sér meiri tekna og það mundi þýða að skattbyrðin eða skattastigið héldist óbreytt eða lækkaði minna en ella yrði og sem næmi þá nýtingu sveitarfélaganna á nýjum heimildum til útsvars. Ég mundi ætla að allmörg sveitarfélög, sem nú þegar fullnýta heimildir sínar til útsvarsálagningar, notuðu sér það að fá þar eitt prósentustig í viðbót og þannig mundu sveitarfélögin eða sveitarfélagastigið afla kannski 2–3 milljarða í viðbótartekjur og það mundi vissulega muna verulega um það. (**Gripið fram í:** Hvaðan?) Hvaðan? (Gripið fram í.) Heldur hv. þingmaður að sá sem hér talar viti ekki hvaðan skattar koma? Vill hv. þingmaður byrja í leikskólastílnum í umræðum um þessi mál? Ég held að hv. þm. Pétur Blöndal ætti að reyna að ræða þetta á einhverjum öðrum nótum en þessum eða kalla eitthvað gáfulegra fram í en þetta, svo ég leyfi mér að segja það.

Ég veit vel hverjir borga skatta. Það eru launamenn og það eru lögaðilar í landinu. Það eru þeir sem hafa fjármagnstekjur o.s.frv. Gallinn er hins vegar sá, hv. þm. Pétur Blöndal, ef ég má leyfa mér að brjóta hér þingsköp, herra forseti, og beina máli mínu að frammíkallanda, (Gripið fram í.) gallinn er sá, herra forseti, að þessi ríkisstjórn, þessi hægri stjórn, þessi nýfrjálshyggjustjórn hefur verið á fullri ferð með að ameríkanísera skattkerfið, (Gripið fram í.) hlífa hátekjufólki og færa byrðarnar yfir á lágtekjufólk. Ef stóra samhengið í skattkerfisbreytingum á Íslandi er tekið síðastliðin 15 ár þá er það frá skatti af hlutabréfagróða og arði — og brosa nú sumir hérna í salnum. Það er frá hagnaði fyrirtækja yfir í skatta launamanna og innan launamannahópsins frá háum tekjum yfir á lágar tekjur. Þetta er tilfærslan í skattbyrðinni, hún er svona. Þetta er skattastefna ríkisstjórnarinnar. Þetta er það sem eftir er af félagshyggju Framsóknarflokksins sem einu sinni átti að heita að væri einhver.

Hér hefur verið rekin grófari hægri stefna í skattamálum en í flestum öðrum vestrænum ríkjum að Bandaríkjunum og einhverju leyti Bretlandi einum undanskildum. Ég held að þetta sé að vísu svæsnara hjá Bandaríkjamönnum, repúblikönum þar, vegna þess að kannanir sýna að aðeins á bilinu 1–5% af Bandaríkjamönnum hafa hagnast á skattkerfisbreytingum stjórnvalda þar.

Ég býst við að það séu kannski 10–15% hér en miklu meira er það ekki, því að ítarlegar kannanir og rannsóknir sýna að allur þorri launamanna hér á landi og allt fólk með lægri og meðaltekjur borgar hlutfallslega meiri skatta í dag. Þeir einu sem virkilega hafa grætt er hátekjufólkið, það hefur fengið sérstaka skattalækkun upp á 4% eða 6% eftir því hvaða ár við tökum til viðmiðunar í hátekjuskattinum. Við vitum hvert eignarskattarnir eru að fara. Og síðan er stóra jólagjöfin sem menn glöddust yfir á Alþingi fyrir allmörgum árum þegar skattur af hlutafélagagróða og arði var færður niður úr venjulegri skattlagningu og niður í þau 10% sem hann er í dag og stærri jólagjafir hafa nú ekki margir fengið.

Svona hefur skattkerfið verið flatt út, það eru áherslur þessarar ríkisstjórnar í skattamálum, þannig er það. Það þarf að tryggja að mönnum sé það ljóst og menn gíni ekki við loforðum af því tagi sem gefin voru hér á sínum tíma fyrr en menn átta sig á hvað í þeim er fólgið, hvaða áhrif þau hafa í samfélaginu. Svo óskapast allir yfir misskiptingunni, það sé alveg skelfilegt mál hvernig hún vex. En af hverju er hún að vaxa? Jú, það er af því að unnið er að því hörðum höndum af stjórnarflokkunum og ýmsum öflugum hagsmunaaðilum á bak við þá, fjármagnseigendum og fyrirtækjum, að búa til þannig samfélag á Íslandi. Það er veruleikinn og hér er einn örlítill angi af því á ferðinni.

Það væri jöfnun fólgin í því að færa t.d. þetta svigrúm að einhverju leyti yfir til sveitarfélaganna, vegna þess að eitt af því sem veldur vaxandi ójöfnuði í landinu er mismunandi og bág fjárhagsstaða sveitarfélaganna. Það er eitt af því sem er að veikja okkar velferðarkerfi að sveitarfélögin, mörg hver, eru verr og verr í stakk búin til að sinna sínum mikilvægu verkefnum á því sviði. Það er veruleikinn. Þau eru að safna á sig skuldum, þau hafa neyðst til að selja eignir og mörg hver eru þannig komin í gjörgæsludeild eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga eins og kunnugt er. En að ríkisstjórnin sé að gera eitthvað til þess að taka á því máli, nei, ekki verð ég var við það, og undarlega mikið fylgi sem þessir flokkar fengu í sveitarstjórnarkosningunum síðastliðið vor. Að vísu voru það kannski ekki alls staðar nein ósköp sem Framsókn fékk en allt of mikið samt, að ég tali nú ekki um Sjálfstæðisflokkinn sem ber höfuðábyrgð á því hvernig sveitarfélögin hafa verið svelt til hlýðni á undanförnum árum. (Gripið fram í.)

Ég boða það, herra forseti, að við munum fylgja okkar málum eftir í þessum efnum og sjá til þess að þingmenn fái þá eina ferðina enn að svara því með atkvæði sínu hvort þeir vilja halda áfram að pína sveitarfélögin eins og þeir hafa gert að undanförnu. Þá getur verið, eins og stundum gerðist á árum áður, að einn og einn sveitarstjórnarmaður sem jafnframt á sæti á þingi gufi allt í einu upp í þingsalnum þegar fara á að greiða atkvæði um slíka hluti. Upp á það hefur maður nú horft og þá er flokksholustan tekin fram yfir hitt að standa vaktina fyrir sveitarstjórnirnar hér, ef menn rata hingað inn á þing verandi jafnframt kjörnir á því stigi.

Það er ýmislegt fleira í þessu frumvarpi, herra forseti, sem mætti staldra við en er kannski ekki jafnstórt í sniðum og þetta stóra atriði sem ég hef sérstaklega gert að umtalsefni, það er tekjuskatturinn, það eru skattleysismörkin og breytingarnar um komandi áramót og áhrif þessa yfir í hagstjórnina og stöðu efnahagsmála.

Svo ætla ég aðeins að segja það að lokum að hæstv. ríkisstjórn hefur verið býsna dugleg við að selja eignir og lækka skatta á hátekjufólki og stóreignafólki og hún hefur í raun og veru getað gert það vegna þess að tvennt var fyrir hendi, verðmætar eignir til að selja, eins og Síminn, og miklar tekjur sem voru að flæða inn í ríkissjóð af þenslunni og sérstöku ástandi í efnahagsmálum, sérstaklega vegna viðskiptahallans. Það er ekki víst að það verði til staðar (Forseti hringir.) um aldur og ævi, og örugglega ekki, og þá er ekki víst að það verði eins gaman að verða fjármálaráðherra á Íslandi.

[18:34]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi gera nokkur atriði í máli hv. þingmanns að umtalsefni en fer yfir efni frumvarpsins í

ræðu hér á eftir. Honum var tíðrætt um samhengi hlutanna. Ég er sammála honum um það. Ég minnist vel skattalækkunarumræðunnar í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Gott ef hv. þingmaður talaði þá ekki um loforðafyllirí, eða hvaða orð hann hafði um það. Það má vissulega segja að vinstri grænir hafi haft þar ákveðna sérstöðu.

Þegar rætt er um samhengi hlutanna er ég honum sammála um að ekki sé sjálfgefið að tekjurnar aukist. En þegar samhengi hlutanna er skoðað þá er það einmitt út af pólitískri stefnumörkun að tekjur hafa aukist. Í því sambandi langar mig að spyrja hv. þingmann hvort hann sé sammála flokksbróður sínum, þingflokksformanni Vinstri grænna, sem lýsti því yfir um helgina að hann vildi helst senda viðskiptabankana úr landi til að auka tekjujöfnuð í þjóðfélaginu. Er hann er sammála þingflokksformanni Vinstri grænna um að viðskiptabankarnir fari úr landi, þúsundir manna missi störf sín og ríkissjóður, sem hann hefur verið ötull talsmaður fyrir í gegnum tíðina, verði af tugmilljarðatekjum í formi tekjuskatts, fjármagnstekna og annars slíks? Það væri fróðlegt að heyra viðhorf hv. þingmanns til þess og hvort hann er sammála þessu. Ef ekki þá er augljóslega kominn upp djúpstæður klofningur hjá Vinstri grænum um þessi mál?

Varðandi tekjuskiptingu til sveitarfélaga get ég verið sammála hv. þingmanni. Ég tel að sveitarfélögin eigi að fá stærri hluta í þessu sambandi. Ég er ekki talsmaður þess að skattar verði hækkaðir en tel að 20–30% hlutur af tekjum ríkissjóðs vegna fjármagnstekna ætti að koma þar inn. Þær tekjur hafa reynst meiri en ráð var fyrir gert auk þess sem þróunin hefur verið sú að einkahlutafélögum hefur fjölgað mjög á kostnað þeirra sem greiða almennan tekjuskatt af launatekjum.

[18:36]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka hið síðara fyrst. Við höfum reyndar verið talsmenn þess að sveitarfélögin fengju hlutdeild í breiðari tekjustofnum. Það stendur í sveitarstjórnarstefnu okkar. Þar gæti fjármagnstekjuskattur eða veltuskattar vissulega komið inn til að draga úr mismun á tekjudreifingu og tekjustreymi til sveitarfélaga og ríkis. Það er ekki hollt að þar sé mikið ójafnvægi.

Varðandi hið fyrra sem hv. þingmaður spurði um, ummæli þingflokksformanns Vinstri grænna, Ögmundar Jónassonar, þá verður hv. þm. Björn Ingi Hrafnsson að temja sér, ef hann ætlar að spyrja menn út í afstöðu til ummæla annarra, að fara þá rétt með þau. Hefur hann einhvers staðar heyrt eða séð Ögmund Jónasson segja að hann vilji helst koma viðskiptabönkunum úr landi? Þau orð hafði hv. þingmaður hér í ræðupúltinu. Það hefur Ögmundur Jónasson ekki sagt. Ögmundur Jónasson hvatti viðskiptabankana og fjármálamenn til þess að sýna hóf. Það er annað mál. Hann sagði að ef þeir ekki gerðu það og vildu ekki vera í einhverju samræmi við íslenskan veruleika þá yrði að hafa það þó að þeir færu úr landi. Hann sagði að ekki ætti að láta hvað sem er eftir þeim. Það var það sem hv. þingmaður var að segja.

Ætli það sé nú ekki býsna stór hluti þjóðarinnar sammála því, ef rétt er vitnað í Ögmund Jónasson, og það eigi eftir að koma á daginn að stór hluti þjóðarinnar sé sammála honum en ekki hv. þm. Birni Ingu Hrafnssyni, a.m.k. ekki útúrsnúningum hans. Menn verða að kunna sér hóf. Það þýðir ekki fyrir þá að setja sig upp á móti öllum hugmyndum um að þeir leggi sitt af mörkum til íslensks samfélags, m.a. í formi hóflegra skattgreiðslna. Hér er t.d. brugðist við hugmyndum okkar um að álagningu fjármagnstekjuskatts verði breytt. Þeir aðilar hafa sett sig upp á móti því og vilja ekki leggja meira af mörkum til íslensks samfélags en þeir gera, þrátt fyrir hina gríðarlega góðu afkomu sem þeir búa við. Við vitum hver launakjör þeir hafa skammtað sér (Forseti hringir.) í þeim geira o.s.frv. Ætli það sé mikið að því að segja að þeir eigi að kunna sér hóf?

[18:38]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gallinn er sá að í þessum ívitnuðu ummælum sagði hv. þingmaður ekki að bankarnir ættu eitthvað sérstaklega að gæta hófs. Hann tók m.a. afstöðu til þeirrar hugmyndar hvort best væri, til að auka á tekjujöfnuðinn í samfélaginu, að þeir færu úr landi. Ég vek athygli hv. þingmanns á að þetta hefur verið umtalað nokkuð í fjölmiðlum síðan þau orð voru viðhöfð. Það eru þá ansi margir sem hafa misskilið það. Ef maður rýnir í málflutning hv. þingmanns þá jaðrar við að hann taki undir það, sem mér finnst að vísu mikið umhugsunarefni. En látum það vera.

Staðreyndin er sú að fjármálastofnanirnar okkar, sem hafa eflst mjög að burðum, m.a. út af hinni svokölluðu útrás, greiða miklu meira til samfélagsins en jafnvel bjartsýnustu menn óraði fyrir hér fyrir fáum árum. Tekjur þeirra af fjárfestingum, hvort sem er í Bretlandi eða Skandinavíu, skila sér í skatttekjum til íslenska ríkisins. Það var upplýst í síðustu viku að KB-banki greiðir meira en Fjársýsla ríkisins, 6–7 milljarða kr. í tekjuskatt. Bara það að hann færði hluthöfum sínum einhvern tiltekinn eignarhlut í öðru fyrirtæki, Exista held ég að það hafi heitið, færði ríkissjóði meira en 2 milljarða kr. í fjármagnstekjuskatt fyrir einhverjum þremur vikum síðan, 2 milljarða sem ég er viss um að hæstv. fjármálaráðherra hefur hvergi gert ráð fyrir í sínum áætlunum. Hann upplýsir örugglega á eftir hvernig hann ætlar að koma því fyrir, vonandi með ráðdeildina að leiðarljósi.

Allt sýnir þetta, hv. þingmaður, að tekjur okkar af þessari starfsemi eru meiri en ráð var fyrir gert. Ég get ekki fallist á það sjónarmið að þessir aðilar kunni sér ekki hóf og tali með þeim hætti að þeir vilji ekki vera hluti af okkar síðaða samfélagi. Ég hef ekki orðið var við þau sjónarmið. Ég mundi helst vilja hrinda í framkvæmd áformum um að Ísland verði alþjóðleg fjármálamiðstöð til að við getum fengið fleiri slíka aðila hingað til lands.

[18:40]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé einfaldast að ræða þetta út frá grundvallaratriðum þessa máls og grundvallarstefnu flokka í þessum efnum. Hver er grundvallarstefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvað þetta varðar? Hún er sú að skattlagning, bæði tekjuhárra einstaklinga, sem þess vegna gætu þá flúið land ef þeir sætta sig ekki við sín

kjör, og fyrirtækja sem eru í alþjóðlegum rekstri og umsvifum vítt og breitt verði að vera samkeppnisfær. Við höfum aldrei talað fyrir því að Ísland fari með skatta upp fyrir það sem er hliðstætt við nágrannalöndin.

Það sem við gagnrýnum hins vegar eru sérstakar niðurgreiðslur og að hér séu búnar til nánast skattasmugur og að það megi ekki einu sinni ræða það að breyta álagningu fjármagnstekjuskatts þannig að hún sé í meira samræmi við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Veruleikinn er sá að við erum með einhverja allra lægstu skattlagningu á fjármagnsgróða sem þekkist innan OECD. Það er veruleikinn.

Þótt frumvarp okkar, um það að taka upp frítekjumark í fjármagnstekjuskatti og síðan hærri prósentu á hærri tekjur, næði fram að ganga væri skattlagning slíkra tekna enn hófleg á Íslandi. Það er okkar stefna. Við þurfum að sjálfsögðu samkeppnisfært umhverfi að þessu leyti því að auðvitað bera menn saman skattakjör eins og margt fleira þegar starfsumhverfi fyrirtækja í hnattvæddum heimi viðskipta er skoðað.

En að við eigum að fara að elta einhverjar Karíbahafseyjar og búa til lágskattasmugur til að halda rekstri í landinu eða lokka til okkar aðra erum við ekki tilbúin að gera, enda gengur öll alþjóðleg viðleitni út á að loka slíkum smugum. Ætlar Ísland þá að verða ein slík úti í Norður-Atlantshafi?

Svo segi ég við hv. þingmann að lokum, sem er ekki seinna vænna en menn fari að átta sig í: Í vissum tilvikum verður ekki bæði sleppt og haldið. Við verðum að átta okkur á því hvernig samfélag við ætlum að hafa í landinu. Á það að vera öflugt, samábyrgt velferðarsamfélag með traustum tekjustofnum undir samneyslunni (Forseti hringir.) eða á það að vera eitthvað annað?

[18:43]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Þetta hafa verið athyglisverðar umræður og málefnalegar að mestu eins og oftast. Ég verð því miður að hverfa af vettvangi þar sem ég þarf á fundi vegna prófkjörs. En ég get ekki farið úr salnum án þess að leiðrétta það sem fram kom í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það eru þrjú atriði.

Í fyrsta lagi sagði hún að skattalækkanir ríkisstjórnarinnar á virðisaukaskatti og vörugjaldi til þess að lækka matarverð væru kosningavíxill. Af langtímaáætlun sem fylgir fjárlagafrumvarpinu er ljóst að ríkissjóður getur vel staðið undir þessum skattalækkunum og þolir að missa þessar tekjur til hagsbóta fyrir neytendur.

Í öðru lagi vísaði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir til þess að skattleysismörk sem færu upp í 90 þús. kr. um næstu áramót væru mun lægri en þau hefðu verið 1995 þegar núverandi ríkisstjórn kom til valda og hún og hennar flokkur fóru úr ríkisstjórn. Hún nefndi að þau hefðu verið 130 þús. kr. Þetta er rangt hjá henni því að þessar 130 þús. kr. sem þar er verið að miða við eru frá því 1988 og mesta lækkunin á persónuafslættinum og skattleysismörkunum varð í þá tíð að hún sat í ríkisstjórn og hennar flokkur. (**GAK:** Og þið.) Nei, ekki við.

Hins vegar var það þannig 1995 þegar Jóhanna Sigurðardóttir og hennar flokkur fór úr ríkisstjórninni að þá voru skattleysismörkin tæplega 90 þús. að raungildi miðað dagginn í dag. Þannig verða skattleysismörkin um áramótin hin sömu og þau voru 1995. Það hefur auðvitað heilmikið gerst á þeim tíma. Hagvöxtur hefur verið mikill og kaupmáttur aukist og skattprósentur lækkað gríðarlega mikið þannig að út frá því má sjá að skattbyrðin er miklu lægri nú en hún var þá.

Í þriðja lagi nefndi hún barnabæturnar, að þær væru lágar í dag og yrðu lágar á næsta ári. Ef við reiknum það hins vegar verða barnabæturnar að raungildi á næsta ári, þegar þær hækkanir sem ég var að ræða um áðan verða komnar til framkvæmda, hærri heldur en þær hafa verið nokkru sinni á tímabilinu frá 1991. Ég hef ekki tölur lengra aftur í tímann. En frá 1991 hafa þær ekki verið hærri. Þær voru hæstar á árinu 1991 en verða hærri á næsta ári en þær voru þá og umtalsvert hærri að raungildi heldur en þær voru 1995 þegar Jóhanna Sigurðardóttir og hennar flokkur fóru úr ríkisstjórn.

Ég vona að umræðan geti haldið áfram, hvort sem hún klárast eða ekki. En við munum örugglega fá tækifæri til að ræða þessi mál frekar í vetur. Ég þakka fyrir málefnalega umræðu.

[18:46]

**Útbýting:**

Stofnun háskólaseturs á Akranesi, 317. mál, þáltill. JBjarn og KolH, þskj. 339.

Stofnun háskólaseturs á Selfossi, 318. mál, þáltill. JBjarn og KolH, þskj. 340.

[18:47]

**Álfheiður Ingadóttir:**

Herra forseti. Ég ætla eingöngu að fjalla um lítinn þátt þessa frumvarps sem hér liggur fyrir. Það er 2. gr. frumvarpsins og ég verð að segja, herra forseti, að mér þykir miður að hæstv. fjármálaráðherra þurfi að víkja af fundi því ég hafði hugsað mér að beina til hans spurningu sem snertir þetta mál. En það gefst vonandi tækifæri til að ganga eftir svari hans við henni þótt síðar verði.

Ég vil taka þessa grein sérstaklega til umræðu en hún fjallar um það, eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barns fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima, frá lokum fæðingarorlofs fram til þess að það hefur leikskólavistun eða grunnskólanám, teljast ekki til tekna hjá móttakanda."

Ég tel varhugavert að hvetja til þess með þessu móti að verið sé að borga mæðrum fyrir að vera heima með börn sín, jafnvel árum saman allt fram til þess að grunnskólaganga hefst. Þetta geta verið allt að fimm árum samkvæmt þessari tillögu og því sem vitað er frá yfirlýsingum hinna hægri sinnuðu sveitarfélaga sem hafa haft slíkar áætlanir uppi.

Tilboð af þessu tagi hafa verið kallaðar mömmugildrur vegna þess að í þær rata eingöngu konur, mæður. Þetta er ekki tilboð til beggja foreldra eða til feðra þó það segi í greininni. Við þekkjum það frá rannsóknum sem gerðar hafa verið erlendis að það eru mömmurnar sem falla í slíka gildru.

Það er augljóst öllum sem skoða að með því að konur stimpli sig út af vinnumarkaði í tvö til fimm ár þá veikist staða kvenna á vinnumarkaði verulega. Sú staðreynd að þær stimpli sig út á þennan hátt mun hafa hamlandi áhrif á starfsframa þeirra og laun. En konur standa nú þegar, eins og menn vita, mjög höllum fæti á vinnumarkaði hér á landi og bera ekki úr býtum nema um 66% af launum karla.

Herra forseti. Laun kvenna munu ekki hækka meðan þær eru heima eins og hér er verið að hvetja til. Þetta mun líka hafa áhrif á lífeyrisréttindi þeirra, á veikindarétt, á bætur ef slys ber að höndum, og eins og ég nefndi áðan, möguleika á starfsframa og þar fram eftir götunum. Staðreyndin er sú að þegar og ef þær fara aftur á vinnumarkað mun þeim reynast erfitt að fóta sig þar á nýjan leik.

Í athugasemdum við frumvarpið segir, herra forseti, að með greininni sé ætlað að styðja við foreldra sem leggja áherslu á að vera með börnum sínum eftir að fæðingarorlofi lýkur.

Það er augljóst mál að ef menn vildu bjóða mæðrum upp á raunverulegt val um að vera heima með börnum sínum væri ekki verið að líta til 30–40 þús. kr. greiðslna sem þarna er um að ræða að hámarki á mánuði, heldur kemur ekki annað í stað þess að vera úti á vinnumarkaðnum en að lengja fæðingarorlofið. En það er ekki verið að bjóða upp á það.

Það að hvetja með þessu móti til að konur séu heima gerir ekki annað en að auka á samviskubit og sektarkennd kvenna sem ekki geta og ekki hafa efni á því að vera heima þótt þær fengju þessar 30–40 þús. kr. að hámarki á mánuði.

Það segir í athugasemdum við frumvarpið að verið sé að líta til jafnræðis. Að þarna sé um samræmingu að ræða vegna þess að þær greiðslur sem sveitarfélagið innir af hendi til niðurgreiðslu á dagvistargjöldum séu ekki skattlagðar og því eigi greiðslur af þessu tagi ekki að vera skattlagðar heldur. Ég verð að segja, herra forseti, að þetta finnst mér hreinn útúrsnúningur. Þarna er um að ræða þjónustu sveitarfélags sem ekki er hægt að meta til skattgreiðslna eða skattskyldu með þessum hætti. Eða ætlar fjármálaráðherra að hvetja til þess að þeir sem ekki nota strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu fái skattafslátt og endurgreiðslur frá sveitarfélaginu? Eða þeir sem ekki nota gangstéttir eða gatnakerfið?

En það er þó ekki það jafnræði sem er verst brotið með frumvarpinu, heldur er það sú staðreynd að þarna er verið að leggja til að skattfrjálsar verði greiðslur sem lúta að því að halda konum heima með börn sín en ekki aðrar greiðslur, önnur fjárhagsaðstoð eða aðrar greiðslur frá sveitarfélaginu. Þarna er ekki um jafnræði að ræða þótt orðið samræmi og jafnræði komi fyrir í athugasemd við þessa grein.

Það sem verra er að ekki er gert ráð fyrir, eftir því sem ég best veit, að umönnunarbætur fyrir foreldra sem þurfa og verða að vera heima hjá langveikum börnum eða fötluðum njóti skattfríðinda. Slíkar bætur njóta engra skattfríðinda. Þvert á móti eru þær skattlagðar og notaðar til að skerða aðrar greiðslur þegar upp að ákveðnu marki er komið.

Ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvar jafnræðið væri í þessu tilliti og hvort hann hyggist flytja frumvarp um skattleysi raunverulegra umönnunarbóta til þeirra foreldra og forráðamanna barna sem verða að vera heima, jafnvel eftir að 18 ára aldri barnsins er náð, vegna langvarandi veikinda eða fötlunar. Og þá til samræmis við þetta frumvarp sem hér er lagt fram.

Eins og ég sagði mun ég ganga eftir svörum frá hæstv. fjármálaráðherra við þessu þó á öðrum vettvangi verði eða síðar. En ég vil leggja áherslu á að þessi tillögugrein frumvarpsins er einungis til þess fallin að hvetja til þess að fleiri hægri sinnuð sveitarfélög í landinu snúi sér frá því að byggja upp leikskólakerfið og styðja þannig við barnafjölskyldur í umdæmi sínu og það mun bitna fyrst og fremst á stöðu kvenna á vinnumarkaði sem er veik fyrir.

[18:55]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það ber vel í veiði fyrir formann fjölskyldunefndar ríkisstjórnarinnar að þessi mál skuli vera til umræðu vegna þess að sá sem hér stendur er einn af þeim sem hafa gert þessi mál talsvert mikið að umtalsefni, m.a. með hugmyndum um svokallaðar fjölskyldugreiðslur sem er væntanlega nákvæmlega það sem hv. þingmaður á við í ræðu sinni. Ég tel að ákveðins misskilnings gæti í máli hv. þingmanns.

Hér er ekki um að ræða neina tilraun eða ætlun til að skerða jafnrétti kynjanna til þátttöku á vinnumarkaði. Þessum greiðslum hefur verið lýst sem valkvæðum. Hugmyndin eins og hún hefur helst komið fram gengur út á að jafna eða brúa bilið frá því fæðingarorlofi lýkur og þangað til að börnin komast á leikskóla, sem er venjulega um 18 mánaða aldur.

Ég hef fyrir mína parta lýst þeirri skoðun minni að ég tel að fæðingarorlofið ætti að lengjast upp í 12 mánuði. Reykjavíkurborg, svo dæmi mætti nefna, hefur ákveðið að færa leikskólaaldurinn niður í 12 mánaða aldur, en það gerist auðvitað á löngum tíma vegna þess að það kallar á gríðarlega fjárfestingu og ákveðna grundvallarbreytingu í rekstri leikskólanna í borginni.

En það sem ég hef lagt áherslu á er að fyrir foreldra barna á þessum aldri í dag eru þetta bara takmörkuð svör. Annars vegar að það standi til í framtíðinni að lengja fæðingarorlof og hins vegar að byggja smábarnaleikskóla. Það eru ekki svör í dag og þess vegna komu fram þessar hugmyndir um fjölskyldugreiðslur, að þær gætu orðið til að brúa þetta bil núna, verði valkvæðar þannig að foreldrar geti notað þær til að vera lengur heima með börnunum sínum, geti notað þær til að ráða aðra til þess, t.d. ömmu eða afa, au pair eða eitthvað slíkt eins og au pair greiðslur borgarinnar leyfa nú þegar. Nú eða til niðurgreiðslu dagforeldra vegna þess að þessar greiðslur eru ígildi þess sem sveitarfélögin nota í dag til að greiða niður þá mikilvægu þjónustu.

[18:57]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil hvetja hv. þingmann til að lesa tillögugreinina því þar er ekki verið að tala um að brúa bil frá 6 mánaða aldri barns til 18 mánaða, heldur fram að grunnskólaaldri. Það er ekki verið að fjalla um greiðslurnar sem slíkar heldur er verið að fjalla um að gera þær skattfrjálsar, þ.e. að hvetja sveitarfélög til þess að taka þetta fyrirkomulag upp.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði. Ef menn vilja, hvort sem menn eru í fjölskyldunefnd ríkisstjórnarinnar eða annars staðar á ríkisstjórnarheimilinu, bæta stöðu barnafjölskyldna í landinu þannig að konur hafi það sem raunverulegt val að vera heima með börnum sínum eða fara út á vinnumarkaðinn, þá duga 30–40 þús. kr. á mánuði ekki til. Það er aðeins eitt sem þar kemur til greina, það er að lengja fæðingarorlofið og búa betur að barnafjölskyldum í landinu.

[18:59]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við hv. þingmaður getum vel verið sammála um þau tvö atriði sem hún nefndi síðast og um það sé ekki neinn ágreiningur.

Spurningin lýtur hins vegar að þessu bili sem ég hef áður nefnt milli þess að fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast á leikskóla. Við megum ekki gleyma því að það hefur orðið ákveðin grundvallarbreyting í þeim efnum. Börn komast miklu fyrr á leikskóla en áður. Hin almenna regla í Reykjavíkurborg, þar sem ég þekki best til, eru 18 mánuðir, og við ætlum að lækka það enn frekar vegna þess að nú eru ekki lengur fyrir hendi biðlistar á því sviði.

Ekki langt er síðan borgarstjórn Reykjavíkur ákvað samhljóða að lækka leikskólagjöld um 25%. Það er rétt sem hv. þingmaður segir að þessar tillögur um fjölskyldugreiðslur — þetta kveður ekki beinlínis um það, heldur kveður á um skattfrelsi slíkra greiðslna, sem ég held að sé algert lykilatriði til að sveitarfélögin ráðist í þær. Sveitarfélögin hafa hvorki burði né áhuga á að færa fjármagn eitthvað sérstaklega til ríkissjóðs með slíkum greiðslum og þess vegna var þetta algjört grundvallaratriði og ég ætla reyndar í ræðu á eftir að fagna þessu alveg sérstaklega.

Hins vegar er það þannig að í þeim sveitarfélögum þar sem þetta hefur þegar verið ákveðið, t.d. í Kópavogi, var samstaða um þetta meðal meiri hluta og minni hluta. Þegar forráðamenn meiri hlutans í Kópavogi kynntu þetta mál á bæjarráðsfundi stendur bókað í fundargerð að fulltrúi Samfylkingarinnar í bæjarráði hafi sérstaklega óskað eftir því að fá að vera meðflutningsmaður að tillögunni. Um þetta virðist því vera nokkuð breið pólitísk samstaða þegar að er gáð.

[19:00]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að Reykjavíkurlistanum tókst á valdatíð sinni í Reykjavíkurborg að byggja dagvistarkerfið og leikskólakerfið mjög vel upp þannig að þar eru ekki biðlistar lengur. Og já, það er líka rétt að Reykjavíkurlistinn hafði forgöngu um það að gera áætlun um að gera leikskólann smám saman gjaldfrían en það voru einmitt Vinstri grænir, minn flokkur, sem vöktu máls á því og gerðu að stefnu sinni fyrir kosningarnar 2003. Ég óttast að miklar breytingar muni verða í leikskólamálum í Reykjavík eftir stjórnarskiptin þar sl. vor. Ég hef ekki þá trú að sú stjórn sem þar er tekin við, sá meiri hluti sem þar er tekinn við völdum, muni halda áfram þeirri uppbyggingarstefnu sem Reykjavíkurlistinn hafði á stefnuskrá sinni. Við þekkjum spor Sjálfstæðisflokksins í þeim efnum og þau voru mjög slæm í Reykjavík. Við vitum líka að það er ekki sama góða ástandið alls staðar úti um land eins og er í Reykjavík.

Ég ætla ekki að svara fyrir afstöðu samfylkingarmanna hér í þessum efnum en það er vissulega rétt að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lýsti áðan stuðningi við 2. grein frumvarpsins. Það þýðir ekki að það sé klappkór á öllum vígstöðvum fyrir hlutum sem þessum.

[19:03]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu skatta á fjármagnstekjur. Í því felast ýmsar breytingar, bæði jákvæðar og neikvæðar að mínu mati og ætla ég nú að fara í gegnum þær.

Í fyrsta lagi vil ég gjarnan tala um þetta sem bar síðast á góma í ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur um styrki til foreldra sem þeir fá frá sveitarfélögum. Nú er það þannig að sá sem sendir barn í leikskóla eða til dagmömmu fær styrk frá sveitarfélaginu sem samkvæmt strangasta skilningi skattalaga ætti að teljast til hlunninda og ætti að skattleggjast en hefur ekki verið gert. Það sem gerist núna er að ýmis sveitarfélög ætla að fara að greiða þetta til foreldranna beint og síðan geti þeir valið hvort þeir sendi barnið í leikskóla eða ekki.

Nú hef ég ekki skoðað það nýlega og veit því ekki hvað leikskólapláss kostar en mér segir svo hugur um að hvert pláss á leikskóla muni kosta um 100 þús. kr. og af því borgi foreldrarnir 30 þús. og sveitarfélagið um 70, mismunandi eftir sveitarfélögum, mismunandi eftir stöðu foreldra, hvort þeir eru námsmenn eða ekki o.s.frv. en svona er þetta í grófum drættum. Í rauninni gæti sveitarfélagið borgað foreldrunum 70 þús. kr. og svo ráða þeir hvort þeir borga 30 þús. kr. til viðbótar og setja barnið í leikskóla eða skiptast á um að vera heima. Ég sé ekki þennan vanda hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur að eingöngu konur verði heima. Ef svo er er þetta mjög illa farið. Ég held nefnilega að fæðingarorlofið hafi gert það að verkum að feður kunni sífellt betur að meta umgengni við börnin sín og ég get alveg séð fyrir mér að foreldrar með tvö börn á leikskólaaldri sem fengju þá 140 þús. kr. gætu verið hálfan daginn hvort heima með börnunum og haft mikla ánægju af. Og ég held að foreldrarnir séu ekkert verri uppalendur barnanna sinna en fólk á leikskóla sem starfar þar sem launþegar.

Ég er mjög hlynntur þessari breytingu. Ég mundi jafnvel vilja orða greinina enn almennar þannig að ef menn tækju t.d. upp á því að láta fólk fá ávísanir fyrir grunnskóla eða framhaldsskóla þar sem fólk gæti valið sér skóla sem mundi auka samkeppnina frekar yrði það ekki skattskylt heldur. Þetta er það sem menn fá í dag. Það kostar 400 þús. kr. eða eitthvað slíkt að hafa barn í grunnskóla og ef ríkisvaldið eða sveitarfélagið tæki það upp að láta foreldra fá ávísun fyrir þessu og foreldrarnir gætu svo valið sér skóla finnst mér að það ætti ekki að vera skattskylt. Það er ekki skattskylt í dag.

Síðan er hækkun á aldri barna til barnabóta. Það finnst mér jákvætt. Það er ákveðin þróun í gangi. Við teljum núna unglinga upp að 18 ára aldri sem börn og þá finnst mér eðlilegt að það sé gert hérna líka. Það myndast reyndar ákveðið bil frá því að barnabótum sleppir og þar til náms-

lánakerfi tekur við. Þarna er verið að minnka það bil. Það voru fjögur ár en eru núna tvö ár en veldur oft miklum vandræðum því að námslánakerfið tekur yfirleitt við þegar fólk fer í háskóla þó að það séu undantekningar á því.

En svo komum við að því sem ég kannski helst vildi tala um, herra forseti, og það er að hækka tekjuskattinn um 1%. Það var sett í lög fyrir nokkrum árum að lækka tekjuskatt um 4% sem þýðir fyrir venjulegan launþega í ASÍ sem er með að meðaltali um 300 þús. kr. að hann er nú þegar búinn að njóta 6 þús. kr. á mánuði í lækkun á tekjuskatti. Hann nýtur þess raunverulega í dag að hann hefur 6 þús. kr. meira til ráðstöfunar og með þessari breytingu átti hann að hafa 12 þús. kr. meira til ráðstöfunar um næstu áramót. En vegna áhrifa ASÍ, vil ég segja, þar sem nokkrir einstaklingar hafa mikinn áhuga á því að taka upp meiri skatta á hærri tekjur, þ.e. sem sagt flóknara skattkerfi, var fallist á það að lækka þessa prósentu, falla frá þessari skattalækkun þannig að hún verður ekki nema 1% í staðinn fyrir 2%. Það þýðir að meðalmaður í ASÍ mun hafa 9 þús. kr. meira til ráðstöfunar eftir þessa skattalækkunarhrinu í stað 12 þús. (**GAK:** Gleymirðu ekki persónuafslættinum?) Ég kem inn á persónuafsláttinn rétt strax, hækkun hans er 2.500 kr. á mann. Meðalmaðurinn hefði engu að síður verið með meira til ráðstöfunar.

Áhrif ASÍ á lagasetningu á Alþingi er svo kapítuli út af fyrir sig, herra forseti, mjög athyglisverður kapítuli vegna þess að starfsmenn og fulltrúar ASÍ hafa ekki verið kosnir almennri kosningu á Íslandi eins og þingmenn þurfa að sæta. Þingmenn þurfa að fara í prófkjör o.s.frv. Meira að segja einn af starfsmönnum ASÍ ætlaði að fara í prófkjör en hætti við, taldi sig væntanlega hafa meiri áhrif hjá ASÍ en á Alþingi. Mér finnst mjög varasamt að Alþingi láti hagsmunasamtök úti í bæ hafa áhrif á lagasetningu sína en svona er nú reyndin einu sinni.

Í staðinn var farin sú leið að hækka persónuafsláttinn sem hér er talað um. Hann hækkar um 29.620 kr. á ári, tæpar 2.500 kr. á mánuði. Fyrir mann sem er með 100 þús. kr. í tekjur munar þetta 1.500 kr. sem hann hefur meira með því að hækka persónuafsláttinn en fá 1% lægri skatt. Verkalýðshreyfingunni hefur verið í lófa lagið að hækka lægstu laun, ekki um 15 þús. kr. heldur um 16.500, og hækka þá hæstu laun ekki eins mikið af því að þau njóti 1% skattalækkunarinnar. Mér hefur alltaf þótt skorta á það við þessa skattalækkunarhrinu að samráð sé haft við aðila vinnumarkaðarins um það að þegar skattar eru lækkaðir þurfa hæstu tekjurnar ekki að fá eins mikla launahækkun af því að þær njóta skattalækkunarinnar meira. Það sem vinnst með því að hafa prósentulækkun í staðinn fyrir hækkun á persónuafslætti er að það myndast hvati hjá fólki til að auka tekjur sínar, annaðhvort með því að mennta sig eða með því að skipta um vinnu, fá sér betri vinnu, betur borgaða vinnu o.s.frv. Núna er hvatinn mjög lítill. Það eru svokallaðar fátæktargildrur sem menn hafa talað um. Vegna svo margra atriða, alls konar bóta, barnabóta, vaxtabóta o.s.frv. sem eru tekjutengdar er ekkert mjög mikill hvati hjá fólki til að auka tekjur sínar. Það er einmitt það sem hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar, að auka hvatann þannig að tekjur manna hækki, menn vilji auka tekjurnar enda hefur það sýnt sig að tekjur í þjóðfélaginu hafa hækkað eins og hvergi annars staðar. Ég held að óhætt sé að fullyrða að hvergi hafa laun hækkað annað eins og á Íslandi umfram verðlag. Kaupmátturinn hefur hvergi aukist annað eins sem sést náttúrlega á mjög góðri afkomu ríkissjóðs. En mér finnst mjög varasamt að aðilar sem ekki hafa verið kosnir lýðræðislegum kosningum hafi áhrif á lagasetningu á Alþingi eins og við erum að fjalla um hér.

Í frumvarpinu er auk þess lagt til að sjómannaafslátturinn verði hækkaður um eitthvert lítilræði. Ég hef margoft bent á það að hann er tímaskekkja og ætti að falla niður. Hann er ekkert annað en styrkur til útgerðar og hún þarf ekki styrk í dag þannig að ég hefði helst viljað sjá hann hverfa. Það eru fleiri sem vilja það.

Svo eru ýmsar breytingar við barnabætur sem eru eðlilegar og í samræmi við ýmsa hækkun sem hefur orðið á verðlagi og launum. Í heild sinni er þetta frumvarp jákvætt þó að ég sé mjög óhress með það að hvatinn til að stækka kökuna hafi svo að segja fallið í gryfju þeirra sem eru uppteknir af því að skipta kökunni. Ég tel að skattkerfið sé fyrst og fremst ætlað til að afla velferðarkerfinu tekna en ekki til þess að hafa áhrif á hegðun manna eða breyta tekjuskiptingu. Það er annað mál sem við leysum á öðrum vettvangi en í gegnum skattkerfið en hér veit ég að menn hafa mjög mismunandi skoðanir og sumir eru svo uppteknir af því að láta skattkerfið jafna tekjur að þeir eru jafnvel til í að sjá á bak stórfyrirtækjum úr landi bara til að láta launajafnréttið halda sér.

[19:13]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef svo sem margt við ræðu hv. þingmanns að athuga en ætla þó bara að staldra við eitt atriði til að vita hvort ég hef skilið hv. þingmann rétt. Hann sagði, hafi ég tekið rétt eftir, að þegar farin væri sú skattalækkunarleið að beita flatri prósentulækkun, sem vissulega yrði til þess að auka meira tekjuhlið þeirra sem hærri hefðu launin, ætti vinnumarkaðurinn á móti að taka niður launahækkanir hjá þeim sem hæst hefðu launin. Ég skildi orð hv. þingmanns þannig.

Þá kemur til viðbótar spurning við þetta: Telur hv. þingmaður að verkalýðshreyfingin eigi að taka mið af slíkum lagasetningum sem ríkisstjórnin hefur sett í forgang varðandi skattalækkanir og fara þá leið að lækka launin hjá þeim sem hæstar hafa tekjurnar? Hversu mikið telur þá hv. þm. Pétur H. Blöndal að launin hjá þeim hæst launuðu hefðu átt að lækka þegar hátekjuskattur var afnuminn í áföngum frá 7% og niður í 0%? Samkvæmt því sem hv. þingmaður sagði áðan hefði vinnumarkaðurinn átt að bregðast við því að tekjur þessa hóps manna voru verulega auknar með sérstökum aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem ríkisstjórnin setti reyndar í forgang sinnar skattalækkunarstefnu, að lækka tekjur á þeim hæst launuðu. Þá langar mig til að vita, af því að ég veit að hv. þingmaður er töluglöggur maður: Hversu miklu lægri ættu laun mannsins sem er með milljón á mánuði, eða hefði verið það fyrir nokkrum árum þegar ríkisstjórnin fór af stað með þessa stefnu, að vera í dag miðað við þessa framsetningu?

[19:15]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hvergi nokkurs staðar lagt til að laun verði lækkuð. Aldrei nokkurn tíma. Laun hafa hækkað á Íslandi og mér þykir það bara fínt. Laun hafa hækkað miklu meira hér á landi en nokkurs staðar annars staðar og það þykir mér mjög gott. Ég held nefnilega að sú stefna ríkisstjórnarinnar að taka upp algilda skatta hafi leitt til þess að laun hafa hækkað.

Hins vegar er ákveðinn launamunur í þjóðfélaginu og hann stafar af ýmsum náttúrulegum ástæðum. Til dæmis verður fólk sem er með menntun að fá hærri laun en þeir sem eru ómenntaðir vegna þess að það þarf að borga menntunina, fjárfestinguna til baka. Þeir sem eru duglegir fá borgað fyrir það, af því þeir eru duglegir. Sjómenn sem afla mikið fá jafnvel tvöfalt hærri laun en aðrir sjómenn sem afla lítið. Það þykir eðlilegt. Þeir sem vinna uppi á hálendinu vilja fá borgað fyrir að geta ekki skroppið í bíó og vera fjarri fjölskyldum sínum.

Það er ákveðinn eðlilegur launamunur í þjóðfélaginu. Þegar reynt er að skatta hann burtu þá eykst launamunurinn fyrir skatta. Ég held því fram að þegar skattar eru lækkaðir, þegar hátekjuskatturinn er felldur niður, þá munu margir sem voru með há laun sætta sig við lægri laun. Til dæmis hafa þeir sem fengið hafa launatilboð erlendis frá, sérfræðingar og aðrir, komið til landsins af því að skattarnir voru lægri. Þetta hefur áhrif á svo margt.

Mér finnst að samspil launa og skatta eigi að vera miklu greinilegra, að þegar skattarnir eru lækkaðir í prósentum þá eigi hæstu laun ekki að þurfa að hækka eins mikið, það liggur í hlutarins eðli, eins og lægstu laun. Þetta er það sem ég held að verkalýðshreyfingin hafi verið að gera í sumar með 15 þús. kr. hækkuninni til lægstu launanna, það var einmitt að mæta þeirri breytingu sem hefur orðið. Síðan geta menn deilt um hvort launamisrétti sé orðið of mikið, hvort hátekjustörf séu orðin of mörg og hvort gott sé að slík störf fari úr landi. Það finnst mér hins vegar ekki gott.

[19:18]

**Björn Ingi Hrafnsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, staðgreiðslu skatta og fjármagnstekjur. Ég vil aðeins ítreka nokkra hluti sem ég kom inn á í andsvörum við tvo hv. ræðumenn fyrr í dag. En fyrst og fremst vil ég fagna 2. gr. þessa frumvarps og verð að vera ósammála hv. þm. Álfheiði Ingadóttur þar um. Ég held reyndar að við séum sammála um meginmarkmiðið með hugsuninni þótt auðvitað geti verið pólitískur ágreiningur um leiðina að því.

En greinin hljóðar þannig:

„Við 2. tölulið A-liðar 7. gr. laganna bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barns fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima, frá lokum fæðingarorlofs fram til þess að það hefur leikskólavistun eða grunnskólanám, teljast ekki til tekna hjá móttakanda."

Í athugasemd um þessa grein segir enn fremur í frumvarpinu:

„Í 2. tölul. A-liðs 7. gr. tekjuskattslaga er að finna tegundir greiðslna sem ekki teljast til skattskyldra tekna og er með frumvarpi þessu lagt til að skýrt sé að styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barna fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima séu undanþegnir skattskyldu. Nokkur sveitarfélög hafa kynnt áform um slíka styrki og eru með ákvæðinu tekin af öll tvímæli um hugsanlega skattskyldu slíkra greiðslna. Tilgangurinn með greiðslum sem þessum er að styðja við foreldra sem leggja áherslu á að vera með börnum sínum eftir að fæðingarorlofi lýkur. Niðurgreiðslur sveitarfélaga á leikskólagjöldum og daggæslugjöldum í heimahúsum eru ekki skattskyldar hjá foreldrum eða forráðamönnum barna. Með tilliti til jafnræðis er því lagt til að framangreindir styrkir verði ekki taldir til skattskyldra tekna."

Ég sakna þess raunar, herra forseti, að ekki sé sérstaklega fjallað um þennan hlut málsins í umsögn fjárlagaskrifstofunnar. Það er ekki tekið sérstaklega fram hvað þetta kosti eða hvaða tekjutap verði vegna breytingarinnar, eða hvernig má orða það. En sjálfsagt er ekki einfalt að áætla það vegna þess að það liggur fyrir að mörg sveitarfélög hafa lýst því yfir að þau muni ekki taka upp greiðslur sem þessar ef einhver vafi leikur á því að ríkissjóður ætli hluta af þeim greiðslum til tekna hjá sér.

Í því sambandi hefði ég, svo sem eins og hv. þingmaður, óskað eftir að fjármálaráðherra veitti ákveðnar upplýsingar vegna þess að staðreyndin er sú að það eru áform um fleira en þetta. Reykjavík, þar sem ég er formaður borgarráðs og raunar formaður ÍTR líka, hefur t.d. áform um að kynna á næstunni svokölluð frístundakort sem eru niðurgreiðslur til barna og unglinga til íþróttastarfsemi eða annarrar æskulýðsstarfsemi. Það geta verið umtalsverðar upphæðir á ári.

Ég hef áhuga á að fá að vita hvert viðhorf fjármálaráðherra er til þessa, þ.e. hvort hann telji að slíkar greiðslur séu hlunnindi til barna og unglinga. Ég veit að mörg önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa haft áhyggjur af þessu vegna þess að það sama hlýtur að gilda um slíkar tómstundagreiðslur, eða frístundakort, eins og við ætlum að láta það heita í Reykjavík, og þær fjölskyldugreiðslur sem hér um ræðir, að sveitarfélögin hafa hvorki áhuga né nokkra burði til að færa fjármagn til ríkissjóðs með þessum hætti. Ætlunin með þessu er að koma til móts við þarfir barna og unglinga til að geta tekið þátt í tómstundastarfi. Það er því afar mikilvægt að hæstv. fjármálaráðherra skeri úr um að þær greiðslur falli með sama hætti undir þessa skilgreiningu, eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég hvet þess vegna hv. nefndarmenn hér á Alþingi sem fá þetta mál til umfjöllunar í nefnd til að skoða sérstaklega hvort ekki komi fleiri greiðslur þar til umræðu.

Að mörgu leyti get ég reyndar tekið undir með hv. þm. Álfheiði Ingadóttur varðandi umönnunarbætur. Þegar maður veltir þeim fyrir sér þá tel ég ekki ósanngjarnt, satt að segja, að þær féllu undir þetta líka, svo dæmi sé tekið.

Í sjálfu sér ætlaði ég fyrst og fremst að vekja athygli á þessu. Ég hefði einnig haft áhuga á því að fara aðeins yfir þátt barnabótanna í ljósi ummæla hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í dag. En mér skilst að hún sé horfin af vettvangi. Ég vil þó leggja áherslu á að í upphafi þessa kjörtímabils við myndun stjórnarsáttmála lagði Framsóknarflokkurinn áherslu á að hækka barnabæturnar umtalsvert og

það hefur verið gert. Um það hefur verið ágæt samstaða. Við getum sjálfsagt deilt um hvort það hafi verið nægilega mikið og verðum kannski aldrei fullkomlega sammála um það.

En ég er sammála því sjónarmiði að það eigi með ýmsum hætti að reyna að bæta stöðu fjölskyldufólks á Íslandi. Við höfum ýmis tæki til þess. Fyrst og fremst tel ég nauðsynlegt að fjölskyldufólk sem og annað fólk á vinnumarkaði hafi örugga atvinnu. Ég held að atvinnuleysi sé einhver mesti bölvaldur fjölskyldnanna í landinu. Sömuleiðis er nauðsynlegt að ekki séu lagðar ósanngjarnar álögur á fólk sem er tilbúið til þess að vinna og jafnvel mikið, samhliða því að við stuðlum að fjölskylduvænu umhverfi þar sem fólk hefur líka frítíma, til að auka lífsgæðin og vera með börnunum sínum.

Ég vek athygli á því að mörg sveitarfélög hafa uppi metnaðarfull áform um samþættingu skóladags þannig að frístundir, íþróttir, listnám og annað falli í auknum mæli undir skólatímann, fari jafnvel inn í töflu. Þetta kostar allt mikla peninga því þetta mun þýða mikla grundvallarbreytingu, t.d. hjá íþróttahreyfingunni, sem þarf þá í auknum mæli að ráða til sín menntaða leiðbeinendur sem sinna þessu í aðalstarfi en ekki í aukastarfi eftir hefðbundna vinnu.

Ég tel því að íslenskt samfélag sé í rauninni í mjög auknum mæli að feta sig inn á fjölskylduvænni aðstæður. Það tekur hins vegar tíma og kostar mikla peninga. Ég held að um það sé ekki pólitískur ágreiningur. Hins vegar er ágreiningur um hvernig við öflum þeirra peninga. Ég verð að viðurkenna að ég skil stundum ekki alveg þá flokksmenn hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur sem í einu orðinu koma með metnaðarfull áform um útgjöld hins opinbera, í mörgum tilfellum til mjög góðra mála, en taka í hinu orðinu jafnvel fyrir aukna tekjumöguleika ríkisins, t.d. í formi uppbyggingar atvinnustarfsemi. Þá er ég ekki bara að tala um stóriðju, heldur einnig t.d. starfsemi viðskiptabankanna, eins og ég kom hér inn á áðan.

[19:25]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er hvorki staður né stund til að efna til málfundar um skattastefnu Vinstri grænna né þær ógöngur sem stóriðjustefnan hefur leitt þjóðina í.

En ég vil spyrja hv. þm. Björn Inga Hrafnsson, vegna þess að hann nefndi í andsvörum fyrr í umræðunni að greiðslur sveitarfélagsins sem um er að ræða í 2. gr. frumvarpsins, mætti fólk gjarnan nota til að kaupa einhvern til þess að gæta barnanna, t.d. afa og ömmur eða einhverja aðra:

Óttast formaður borgarráðs Reykjavíkur og formaður fjölskyldunefndar ríkisstjórnarinnar ekki að þessi orð hans hvetji til þess að þessi leið verði til þess, ekki bara að draga úr þörf fyrir leikskólapláss og fela biðlista heldur til að grafa undan leikskólakerfinu sem slíku, með því að hægt verði að smala saman börnum úr tilteknum fjölskyldum, hverfum eða hópum og fá fólk til að gæta þeirra á þeim lúsarlaunum sem þarna er um að ræða, 30–40 þús. kr. á mánuði?

[19:27]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið er nei. Ég held að það hljóti að gæta ákveðins misskilnings hjá hv. þingmanni. Ég og margir aðrir höfum margoft talað fyrir þessu og það hefur aldrei nokkur maður bent á þessa hættu áður. Staðreyndin er sú að ef fjölskyldugreiðslur væru á bilinu 40–50 þús. þá er það svipað og sveitarfélögin nota núna til að niðurgreiða þjónustu dagforeldra.

Gallinn er bara sá að þeir eru allt of fáir. Ég vil leita allra leiða til að fjölga þeim. Það eru mjög margir á biðlista eftir þjónustu dagforeldra. Samningarnir við þá hafa verið endurskoðaðir ítrekað. Það er verið að reyna að gera betur við þá en áður. Hins vegar er ástæða þess að dagforeldrum hefur fækkað eða gengið erfiðlega að fá fólk í þau störf að stórum hluta til vegna breytinga sem voru gerðar af hálfu hins opinbera, t.d. að því er varðar ýmis skilyrði sem dagforeldrar þurfa að uppfylla, sem leiðir til þess að þeir geta ekki haft jafnmörg börn og áður. Það skerðir auðvitað tekjumöguleika dagforeldra, svo sú hlið snúi upp í málinu, og hefur orðið til vandkvæða.

Ég hef hins vegar ekki áhyggjur af því að þessi leið verði farin vegna þess að lausnin yrði valkvæð. Foreldrar geta notað þetta til að vera heima, geta fengið einhverja nákomna aðila til að sjá um barnið og þegar hv. þingmaður talar um einhverja aðila úti í bæ, þá eru þeir aðilar auðvitað til í dag. Margir nota þjónustu dagforeldra. Aðrir nota þjónustu au pair eða skiptinema. Enn aðrir geta notað þetta til beinnar niðurgreiðslu hjá dagforeldrum þannig að ég hef ekki óttast að þessi möguleiki yrði fyrir valinu og hef reyndar aldrei heyrt það sjónarmið áður og hefur nú talsvert verið fjallað um þetta á opinberum vettvangi.

[19:28]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki varð mér rórra við þessa ræðu hv. þingmanns. Það, að gefa upp boltann eins og hann gerir, með að fólk geti notað þessar greiðslur til að kaupa — hann segir nákomna ættingja, hver á að fylgjast með því? — eftirlit með börnum. Það er gerólíkt því góða leikskólakerfi, sem svo sannarlega hefur verið í uppbyggingu hér í Reykjavík og víðar um land, og eins kerfi dagforeldra sem svo sannarlega lýtur mjög ströngum eftirlitsreglum. Það er mjög ólíkt þessum kerfum báðum að fá einhvern til að gæta barna fyrir, hann segir 40–50 þús. kr. á mánuði.

Það kann vel að vera að þetta atriði hafi ekki komið inn í þessa umræðu áður. Það er þá kannski vegna þess að hv. þingmaður hefur ekki áður orðað þá hugsun sína að þetta væru ekki greiðslur beint til foreldra eða mæðra, sem ég vil fullyrða að verði, heldur megi nota þær til annars.

Ég vil fullyrða að gott leikskólakerfi gerir börnunum okkar mjög gott. Það hefur sýnt sig að börn sem koma úr leikskólunum inn í grunnskólana standa betur að vígi en þau sem ekki hafa getað notið leikskólavistar. Þess vegna óttast ég ekki aðeins að verið sé að senda konur í þessar mömmugildrur sem ég nefndi, heldur að með þessu sé verið að grafa undan því góða leikskólakerfi sem við höfum.

[19:30]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessu rekst hvert á annars horn. Hugmyndin um þessar greiðslur er að þær séu valkvæðar til að koma í veg fyrir hættuna á að mömmurnar, eins og hv. þingmaður nefndi, lendi í mömmugildru. Þess vegna yrðu þær valkvæðar þannig að fólk geti notað greiðslurnar til niðurgreiðslu á þjónustu dagforeldra til að vera lengur heima með börnunum eða fengið nákomna ættingja til þess. Það er akkúrat hugmyndin til að koma í veg fyrir að þetta beinist að mömmunum í þessu tilviki. Það er mikill misskilningur ef hv. þingmaður hefur lesið það úr ræðu minni eða því sem ég hef sett fram um þessi mál í opinberri umræðu, að þetta eigi að koma í staðinn fyrir þjónustu leikskóla.

Ég setti þessa hugmynd fram til að brúa bilið þar til börnin fara á leikskóla. (**ÁI:** Ekki grunnskóla?) Ég tel ekki að þetta komi í staðinn fyrir leikskóla. Ég tel að þetta brúi bilið fram að 18 mánaða aldri, svo það liggi fyrir, frá 12 mánaða aldri þegar fæðingarorlofið verður komið í það horf. Ég hef ekki talað fyrir þeim sjónarmiðum að þetta komi í staðinn fyrir leikskólavist og þótt það sé heimild í þessu frumvarpi að þetta gildi fram að grunnskólaaldri þá hefur það t.d. ekki verið rætt í fjölskyldunefndinni eða af hálfu þessara sveitarfélaga. Ég hef skilið þessa umræðu þannig að aðeins væri verið að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til leikskólavistun hefst, svo ég sé alveg skýr með það.

[19:32]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil ræða nokkur atriði í þessu máli og ætla að nefna þau áður en ég vík að skattastefnu ríkisstjórnarinnar sem ég ætla að hafa sem útgangspunkt í þessu máli.

Í fyrsta lagi langar mig að nefna það sem hér stendur í 4. gr. og ekki hefur verið vikið að í þessari umræðu, þ.e. að færa aldursmörkin úr 16 í 18 ár. Við það, hæstv. forseti, verður sú breyting, eins og lýst er í athugasemdum um 4. gr., að þar með fellur niður heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni samkvæmt 4. tölul. 65. gr. þar sem skattstjóra er heimilt að taka til greina umsókn manns um lækkun á tekjuskattsstofni ef hann þarf að standa straum af verulegum útgjöldum vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára.

Ég geld varhuga við þessu, einkum vegna landsbyggðarinnar. Tökum dæmi af byggð þar sem ekki er framhaldsskóli og fólk þarf að senda börnin sín í framhaldsskóla um langan veg, nærtækast væri að nefna dæmi sem lagt var á borð fyrir okkur þingmenn í Norðvesturkjördæmi um kostnað fólks á suðurfjörðum Vestfjarða við að koma börnum sínum í framhaldsskóla. Þar var kostnaðurinn við það nákvæmlega tilgreindur út frá þeim möguleikum sem eru í boði, þ.e. Reykjavík, Akureyri, Stykkishólmi eða Ísafirði auk þess að hafa leiguhúsnæði fyrir börnin á viðkomandi stöðum. Þar var sýnt fram á að sá kostnaður gæti farið yfir milljón á barn á hverjum vetri.

Mér finnst ekki rökrétt, og vil endilega að það sé mjög vel skoðað í viðkomandi nefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, sem hér stendur til vegna þess að dreifbýlisstyrkurinn er, ef ég man rétt, um 180 þús. kr. á ári. Fólk í dreifbýli sem þarf að senda börn sín til að þau komist í framhaldsskóla þarf að greiða miklu hærri upphæðir en sem nemur þessum dreifbýlastyrk. Fólk hefur sem sagt átt þann möguleika í skattalögum, ef það hefur sýnt fram á veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna, að fá þann kostnað dreginn frá tekjuskattsstofni. Ég tel að barnabæturnar, þótt þær komi inn milli 16 og 18 ára aldurs við þessa breytingu, dekki með engum hætti þann kostnað. Þarna munu verulegar upphæðir lenda milli stafs og hurðar, ef hægt er að segja svo, og lenda á dreifbýlisfólki þar sem ekki er hægt að bjóða upp á menntun í heimabyggð á framhaldsskólastigi, þ.e. þurfi fólk að koma börnum sínum til mennta með því að senda þau um langan veg.

Vissulega er sú stefna við lýði í þjóðfélaginu að tryggja skuli framhaldsmenntun í heimahéraði eða því sem næst og ber nýr framhaldsskóli á Snæfellsnesi vitni um hvað hægt er að gera í þeim efnum. En ég bendi á þetta, hæstv. forseti, vegna þess að víða í hinum dreifðu byggðum landsins er framhaldsskóli ekki til staðar. Ég held að með þessu sé vegið að þeim foreldrum sem leggja hundruð þúsunda með börnum sínum til að koma þeim til mennta í framhaldsskóla á þessu aldursbili, frá 16–18 ára. Ég tel fyrir mína parta að barnabæturnar séu ekki nema brot af því sem þarna fellur út, heimild í skattalögum til að draga frá tekjuskattstofni. Ég geld varhuga við því að þessi liður 4. gr. sé afgreiddur, herra forseti, eins og hann stendur hér. Ég trúi ekki öðru en menn skoði það mjög vandlega.

Ég trúi ekki að það sé vilji Alþingis eða ríkisstjórnarinnar að vega frekar að fólki í dreifðum byggðum en orðið er. Það er a.m.k. ekki í samræmi við nýsamþykkta byggðaáætlun, þar sem menntunin á að vera í forgangi, ef jafnvel kostnaður við að koma börnum sínum til mennta fæst ekki dreginn frá tekjuskattsstofni þótt hann sé verulega miklu meiri en hjá öðru fólki sem hefur framhaldsskólann við bæjardyrnar eða a.m.k. svo nærri að koma megi börnum til skóla með tiltölulega litlum kostnaði. Þetta vildi ég sagt hafa um 4. gr. vegna þess að hún hefur ekki verið til umræðu, hæstv. forseti. Ég vildi þess vegna vekja athygli á því að þetta ákvæði þarf að taka til gagngerrar endurskoðunar.

Ég vil, hæstv. forseti, því næst víkja að skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Hún hefur á undanförnum árum sett í forgang, eins og ég gat um í andsvari áður, að afnema allt sem hét hátekjuskattur, en hér var tekinn upp hátekjuskattur í nokkur ár. Menn geta deilt um útfærsluna á honum. Ég hygg t.d. að undir lokin hafi viðmiðunartala fyrir hátekjuskatt verið of lág. Ég held hins vegar að það hefði verið skynsamlegt að halda inni einhverjum hátekjuskatti en hækka kannski viðmiðunartöluna varðandi launin og fá meiri tekjur af hæstu tekjum. Ég og flokkur minn teljum að það hafi ekki verið rétt stefna að fella algerlega niður hátekjuskatt og gera það að forgangsmáli í breytingum á skattkerfinu, að byrja á því í þrepum að fella algerlega út hátekjuskattinn.

Menn hefðu fremur átt að horfa til þeirra breytinga sem eru að verða í þjóðfélagi okkar þar sem margir hafa háar tekjur, hækka frekar viðmiðunartöluna varðandi launin en halda inni hátekjuskattsþrepi sem ég er svo sem ekkert endilega að segja að ætti að vera 7% en gæti t.d. alveg eins verið 3% eða 5%. Ég held að það hafi verið mistök, hæstv.

forseti, af ríkisstjórninni að velja þessa forgangsröð.

Ég vil líka segja, hæstv. forseti, varðandi þær breytingar sem hér er verið að leggja til, að draga úr flötu tekjuskattslækkuninni um næstu áramót úr 2% og niður í 1%, sem var reyndar að kröfu ASÍ að við í Frjálslynda flokknum hefðum farið þá leið að hækka persónuafsláttinn í stað þess að lækka tekjuskattsprósentuna, sem kemur þeim frekar til góða sem hærri hafa tekjurnar. Það sýnir öll úttekt, hæstv. forseti, m.a. gögn sem lögð hafa verið fram um tekjuskiptingu af Stefáni Ólafssyni og öðrum, m.a. Landssambandi eldri borgara, að tekjuskattsgreiðslur hafa hækkað hlutfallslega hjá þeim sem lægri tekjur hafa og í raun mest á tekjulægstu hópana en lækkað hjá hinum tekjuhæstu, hæstv. forseti. Það hefur fylgt stefnu ríkisstjórnarinnar.

Frjálslyndi flokkurinn sagði fyrir síðustu alþingiskosningar að ef hér yrði svigrúm til mikilla skattalækkana þá ætti að hækka persónuafsláttinn. Í stefnuskrá okkar fyrir síðustu alþingiskosningar töldum við æskilegt að stefna að því að hækka persónuafsláttinn um 10 þús. kr. Þá spurðu menn: Kostar það ekki óhemjufjármuni að hækka persónuafsláttinn í 10 þús. kr.? Jú, það kostar svipað í fjármunum fyrir ríkissjóð og sú stefna sem ríkisstjórnin valdi, eða um 16 milljarða. Það kostar um 16 milljarða að fara á leið sem ríkisstjórnin valdi með flatri prósentulækkun. Það hefði kostað svipað að fara persónuafsláttarleiðina. En okkar aðferð hefði nýst betur fyrir þá sem lægri launin hafa. Rauntekjur þeirra hefðu hækkað en þær hefðu lækkað í krónutölu upp eftir stiganum en ekki sem hlutfall. Þar af leiðandi hefði skattalækkun þeirra sem eru með hæstu tekjurnar ekki verið eins mikil og með þeirri aðferð sem ríkisstjórnin valdi til að lækka skatta. Þess vegna knúði ASÍ á um breytingar fyrir þá sem lægri tekjurnar höfðu og krafðist þess að ríkisstjórnin félli frá 2% flatri skattalækkun um áramótin og færði annað prósentið yfir í persónuafslátt.

Þá má spyrja: Hvað má hækka persónuafsláttinn mikið fyrir 16 milljarða kr.? Eins og það var reiknað út fyrir mig fyrir tveimur árum þá jafngilti hækkun persónuafsláttar um 2.600 kr á mánuði, 4 milljörðum kr. þ.e. ef við ætlum að lækka skattprósentuna um 4%, þá kostaði hvert prósent í því 4 milljarða kr. Með sama hætti kostaði 4 milljarða kr. fyrir ríkissjóð að hækka persónuafsláttinn um 4.600 kr. á mánuði. Þar var í raun um svipaðar stærðir að ræða en munur á viðhorfum okkar í stjórnmálaflokkunum til þess hvaða leið skyldi fara. Ríkisstjórnin vildi fara þá leið sem ég hef getið um og er hér verið að breyta að kröfu ASÍ en við í Frjálslynda flokknum vildum hækka persónuafsláttinn ef fara ætti þessa leið.

Ég sagði það í fjárlagaumræðunni á þessu hausti, hæstv. forseti, og ætla að endurtaka úr þessum ræðustól í umræðum um breytingu á lögum um tekjuskatt að það er engan veginn sjálfgefið þótt vel hafi árað um sinn að inn komi mikið af eyðslupeningum. Ég kalla það eyðslupeninga vegna þess að hér hefur fólk eytt miklum fjármunum. Þá koma miklar tekjur inn vegna vörugjalda, innflutningsgjalda, tolla og virðisaukaskatts. Það eru tekjur af eyðslu. Það er ekki sjálfgefið að þær komi inn áfram og er t.d. mjög líklegt að bílainnflutningur dragist verulega saman. Veltutekjur af eyðslu í ríkissjóð eru ekki gefinn peningur um alla framtíð. En óhjákvæmilega efla þær tekjur ríkissjóðs þegar þensluástand er í landinu. Menn reyna vissulega að hafa áhrif á það ástand og vonandi verður hægt að draga úr þenslunni og verðbólgunni og þar af leiðandi er hætt við að draga muni úr þessum þenslutekjum.

Við erum hins vegar sammála um það, bæði ríkisstjórnarflokkarnir og stjórnarandstaðan, að lagfæra eigi kjör aldraðra og öryrkja. Ríkisstjórnin gerði samkomulag við eldri borgara um það. Við teljum að þar hafi verið of skammt gengið auk þess sem markmiðið nær langt inn í framtíðina. Það töldum við í stjórnarandstöðunni og sameinuðumst um tillögu um að laga ástandið hraðar og láta hlutina koma til framkvæmda þegar um næstu áramót í staðinn fyrir 2009 eins og var í tillögum ríkisstjórnarinnar. Það er hins vegar ljóst að sá pakki sem ríkisstjórnin samdi um við eldri borgara og öryrkja mun í framtíðinni kosta um 12 milljarða kr. á ári. Það að flýta málinu samkvæmt okkar tillögum kostar sennilega um 6 milljarða kr. Þar til viðbótar fáum við á okkur kostnað vegna þess að varnarliðið er farið úr landinu, við erum að taka yfir flugið og ýmsa öryggisþjónustu og eftirlitsstörf sem snúa að öryggi, flugi og þjónustu hér á landi. Allur þessi kostnaður mun falla á ríkið, efling Landhelgisgæslunnar, bygging nýs varðskips, stækkun flugflota Landhelgisgæslunnar, þyrlusveitin o.s.frv. Auk þess viljum við halda uppi velferðarkerfi og góðri þjónustu við sjúklinga og þá sem lasburða eru og minna mega sín.

Það er ekki sjálfgefið, hæstv. forseti, að sú skattalækkunarstefna sem nú er boðuð eigi við rök að styðjast þegar fram í sækir. Það getur verið að þetta gangi upp á næsta ári miðað við tekjurnar en þegar við lítum til ársins 2008, að því gefnu að það muni draga verulega úr þenslunni á næsta ári, er alls ekki víst að við getum leyft okkur, með tilliti til aukins kostnaðar, að halda áfram að lækka skatta. Þar að auki erum við í Frjálslynda flokknum á þeirri skoðun að sé svigrúm til skattalækkana þá eigi það að nýtast til þess að efla stöðu þeirra sem hafa lakari afkomu frekar en að það veiti þeim meira ráðstöfunarfé sem hafa þegar mest fyrir. Þarna greinir okkur á við stefnu ríkisstjórnarinnar og þess vegna höfum við í stjórnarandstöðunni talið að fara eigi leiðir sem jafna skattbyrðina til að meira verði til ráðstöfunar fyrir þá sem hafa lægri tekjur. En þeir sem hafa hærri tekjurnar ættu áfram að greiða sitt hlutfall a.m.k. eins og var og jafnvel meira ef á þarf að halda. Við teljum að horfa eigi til þess að skattkerfið er líka tekjujöfnunartæki en um það veit ég að ríkisstjórnarflokkarnir og við í stjórnarandstöðunni erum ósammála.

Ég velti fyrir mér, hæstv. forseti, af því að hér var talað um barnafjölskyldur og skattfrelsi, greiðslum frá bæjarfélögum til foreldra leikskólabarna eða barna sem ekki eru á leikskólaaldri sem yrðu undanþegnar skattgreiðslum. Ég skil hugsunina á bak við þetta en mér finnst sú leið vekja margar spurningar. Við getum t.d. spurt: Hvað með bætur, svokallaðar félagslegar bætur, frá sveitarfélögum til öryrkja, aldraðra eða annarra sem hafa mjög litlar tekjur til að þeir komist af? Framfærslulífeyririnn frá Tryggingastofnun og lífeyrisréttindi sumra eru það lítil að þau duga ekki fólki til eðlilegrar framfærslu. Það er því margt sem þarf að skoða, hæstv. forseti, varðandi einstakar greiðslur frá sveitarfélögum til borgaranna, hvort sem það eru bætur sem eiga að brúa bil frá fæðingarorlofi fram að því að börn komast á

leikskóla eða hvort það eru aðrar bætur sem gera fólki kleift að komast af í viðkomandi samfélagi.

Hæstv. forseti. Ég tel að málið sem við ræðum hér þurfi mikillar skoðunar við almennt. Við þurfum að velta því vel fyrir okkur hvaða skref við ætlum að stíga. Ég fagna því að hækka eigi persónuafsláttinn þótt hann verði ekki til þess að skattleysismörkin fari hærra en í kringum 90 þúsund kr. Það er auðvitað algerlega rétt sem komið hefur fram, að ef skattleysismörkin hefðu átt að halda raungildi sínu frá því að persónuafslátturinn var tekinn upp þá hefðu skattleysismörkin í dag þurft að vera um 130 þús. kr. miðað við árið 1988, (**Gripið fram í:** Miðað við launaþróun.) miðað við launaþróun.

Virðulegur forseti. Hér er talað um tekjutap ríkissjóðs og farið um það nokkrum orðum. Ég ætla ekki að gera það að sérstöku umræðuefni hér. Þar er annars vegar talað um 12,2 milljarða kr. og hins vegar um 13 milljarða og sagt:

„Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er áætlað að lögfesting þessara ákvæða leiði til þess að tekjur ríkissjóðs verði 800 millj. kr. hærri en annars hefði orðið."

Ég ætla ekki að gera það að sérstöku umræðuefni. Ég held að ég sé búinn að koma inn á þau atriði sem mér fannst skipta mestu máli. Ég vona að sú umræða sem hér hefur farið fram komist til skila í efnahags- og viðskiptanefnd og menn fari þar vandlega yfir málið.

[19:52]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru þrjú atriði sem ég vil gera athugasemdir við í ræðu hv. þingmanns. Í fyrsta lagi sagði hann að skattar hafi hækkað á lægstu laun og vísaði þá til könnunar sem prófessor við Háskóla Íslands hefur gert á tekjuskiptingu landsmanna og skipti þá landsmönnum í tíundir eftir tekjum og bar saman árin 1995 og 2005. Slík könnun væri í sjálfu sér eðlileg ef ekki hefðu orðið þjóðfélagsbreytingar og kerfisbreytingar á tímabilinu. Við erum t.d. núna með um 10.000–14.000 útlendinga sem raða sér allir sennilega í neðsta tekjubilið og ryðja þar með Íslendingum úr því tekjubili upp í næsta tekjubil þannig að það er ekki lengur sambærilegt. Síðan höfum við séð miklu aukningu stúdenta, úr 5.000 í 9.000 sömuleiðis. Þeir eru yfirleitt með lágar tekjur meðan þeir eru í námi og fara þar af leiðandi í lægsta eða næstlægsta tekjuþrepið núna og eru því engan veginn sambærilegir við tekjurnar sem voru 1995. Þetta eru ekki sömu hóparnir.

Í öðru lagi má nefna að fjármagnstekjuskattur var ekki til 1995, var tekinn upp seinna og tekjurnar voru ekki einu sinni taldar fram, þ.e. vaxtatekjur. Það hefur því orðið kerfisbreyting líka og þetta er ekkert sambærilegt. Þegar gamall maður eða kona fer á elliheimili og selur íbúðina sína fær hún oft og tíðum fjármagnstekjuskatt vegna þess að mikill söluhagnaður verður, sérstaklega eftir þessa síðustu hækkun á íbúðaverði og það er oft gamla fólkið sem fær miklar fjármagnstekjur og borgar fjármagnstekjuskatt.

Síðan varðandi það að hækka persónuafsláttinn í staðinn fyrir prósentuna, hv. þingmaður er mjög upptekinn af því að skipta kökunni, hann vill ekki stækka hana. Hann vill búa til fátæktargildru með því að fólk borgi háa prósentu og komist ekki út úr fátæktinni. Mér finnst þetta undarleg afstaða hjá manni sem hefur verið forustumaður sjómanna sem yfirleitt hafa verið mjög duglegir menn og haft háar tekjur.

[19:54]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli þessum síðustu orðum hv. þingmanns um að ég hafi einhvern sérstakan áhuga á því að fólk á Íslandi hafi lágar tekjur og eigi ekki að geta haft góðar tekjur. Það á ekkert skylt við þá umræðu sem hér er, að bera þetta á borð með þessum hætti.

Ég hef hins vegar ævinlega talið, hæstv. forseti, og hef sagt það áður í þessum ræðustól og á ýmsum opinberum fundum sem ég hef mætt á, að þeir sem hafa hæstu tekjurnar og besta afkomu í þjóðfélaginu þurfi ekki að kvarta undan því þó að þeir leggi þjóðfélaginu meira til en hinir sem hafa lakasta afkomuna og eru að sinna þeim störfum sem vissulega þarf að vinna í þjóðfélagi okkar þó að það séu ekki hálaunastörf. Þar erum við m.a. að tala um ýmis þjónustustörf o.s.frv. sem eru ekki hálaunuð og verið er að inna af hendi og nauðsynlegt að sinna samt í þjóðfélagi okkar. Það er auðvitað ekki þannig að það séu bara útlendingar í þeim störfum þó að það hafi farið vaxandi á undanförnum árum. En það eru líka oft útlendingar sem vinna mikið, vinna langan vinnudag.

Það er algjörlega rétt, hæstv. forseti, að hér hafa komið til fjármagnstekjur til að standa undir þeim verkum sem við viljum standa að í þjóðfélaginu og ber að fagna því að það skuli gerast að hér hafi ýmsir efni á að borga fjármagnstekjuskatt, og ég hef ekki mikið við það að athuga í sjálfu sér, hæstv. forseti, þó að þjóðfélagið breytist með þeim hætti. Það sem ég hef einfaldlega sagt er að ég tel að skattkerfið eigi að vera til tekjujöfnunar og að hófleg skattheimta, þó að hún sé þannig útfærð að hún sé til tekjujöfnunar og þeir beri meira úr býtum og haldi meiru eftir hlutfallslega af launum sínum sem eru með lægstu tekjurnar, þá þýðir það ekki að menn vilji ekki vinna í íslensku þjóðfélagi.

[19:57]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir 15 árum og um það leyti sem núverandi ríkisstjórn tók við einkenndist þjóðfélagið af ofsköttun. Fyrirtækin voru ofsköttuð, þau sýndu engan hagnað. Það var enginn vilji til að sýna hagnað, það var enginn hvati til þess. Sköttum á fyrirtæki var aflétt og þau réttu úr kútnum, fóru að sýna mikinn hagnað og borga há laun, sem þau gátu ekki áður. Það er því beint samhengi á milli þess að vera með ofsköttun og drunga í þjóðfélaginu og í atvinnulífinu, atvinnuleysi o.s.frv. Sú árátta að vera stöðugt að reyna að jafna launin með því að skattleggja hærri tekjurnar meira, hagnað og slíkt, minnkar kökuna, þjóðarkökuna. Það er stefna Sjálfstæðisflokksins og ríkisstjórnarinnar að stækka kökuna þannig að allir hafi það miklu betra. Ég fullyrði að þeir sem hafa lægstu launin í dag eru miklu, miklu betur settir en þeir sem höfðu lægstu launin fyrir 10 eða 15 árum, miklu betur settir, bæði lífeyrisþegar og fólk með lægstu laun, sem betur fer.

Hv. þingmaður talaði um skattleysismörkin og hann not-

ar 135 þús. kr. sem viðmiðun. Það væru skattleysismörkin ef skattarnir og persónuafslátturinn hefðu verið óbreyttir frá 1988 og ef persónuafslátturinn hefði hækkað eins og laun frá 1988. En það var vinstri stjórnin sem byrjaði að skerða persónuafsláttinn fyrstu árin þannig að aðalskerðingin kom fyrstu tvö árin, 1989 og 1990, áður en Sjálfstæðisflokkurinn komst að í stjórn. Ég held því að hv. þingmaður ætti að tala við þá flokka en ekki við Sjálfstæðisflokkinn.

Núverandi skattleysismörk eru svipuð og 1993 og hafa með síðustu hækkun (Forseti hringir.) náð því marki.

[19:59]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nokkuð merkileg söguskýring, verð ég að segja, hæstv. forseti, að vinstri stjórnin á árunum 1989–1990 — því að skattleysismörkin voru tekin upp 1988 — hafi náð þeim árangri að rýra skattleysismörkin svo mikið að 15 ára valdatími Sjálfstæðisflokksins við völd hér í landi hafi ekki dugað til til þess að leiðrétta það. Þetta er alveg makalaust af svona vel menntuðum manni að setja þetta svona fram, hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Já, ég vona að hv. þingmaður reikni þetta út og sýni alþjóð fram á það að rýrnun skattleysismarkanna hafi eingöngu átt sér stað á árunum 1989–1990 og þar megi leita alls vafans og allra vandræða sem af því stafi.

Varðandi það sem hv. þingmaður talaði um ofskattað atvinnulíf vill nú svo til, held ég, hæstv. forseti, ef mig brestur ekki minni, að ég held að allir þingflokkar á Alþingi hafi staðið að því að samþykkja lækkun tekjuskattsprósentu á atvinnulífið, mig minnir það. (Gripið fram í.) Það er rétt, Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið hér við völd í 15 ár en það var enginn ágreiningur um það, ef ég man rétt, að lækka tekjuskatt af atvinnulífinu og taka þar upp aðra skattprósentu. Það hefur hins vegar verið mikill ágreiningur um hvernig ríkisstjórnin hefur beitt skattalækkunarreglum sínum gagnvart launþegum, sem hefur orðið til þess að þeir lakast settu er verr settir en áður, en þeir best settu, sem höfðu hæstu launin, eru enn betur settir en þeir voru áður. Þetta er bara einfaldlega stefna sem ég held að menn geti ekki náð sátt um og ef Sjálfstæðisflokkurinn hefur það á stefnuskrá sinni að halda svona áfram þá er greinilegt að stjórnarandstaðan mun ekki ná saman um neinar skattbreytingar í þessa veru með Sjálfstæðisflokknum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:02.

---

# 22. FUNDUR

þriðjudaginn 7. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Tekjuskattur, stjfrv., 22. mál, þskj. 22. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lífeyrissjóðir, stjfrv., 233. mál, þskj. 236. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Opinber innkaup, stjfrv., 277. mál, þskj. 287. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 276. mál, þskj. 286. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 95. mál, þskj. 95. — 1. umr.
6. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 266. mál, þskj. 275. — 1. umr.
7. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 93. mál, þskj. 93. — 1. umr.
8. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 279. mál, þskj. 292. — 1. umr.
9. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 280. mál, þskj. 293. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir utanrrh., 1. þm. Norðaust.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Að loknum atkvæðagreiðslum um fjögur fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um fjölgun útlendinga á Íslandi. Málshefjandi er hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson. Hæstv. félagsmálaráðherra Magnús Stefánsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Lækkun virðisaukaskatts á geisladiskum.

[13:32]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að lækka virðisaukaskatt á margvíslegum varningi, þar á meðal á bókum og því höfum við í stjórnarandstöðunni fagnað. Við erum sammála því að lækka eigi virðisaukaskatt á bókum vegna þess að það á að hlúa að hinni íslensku menningararfleifð.

Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra í gær um afstöðu

hans til þess að stíga sama skref varðandi íslenska tónlist. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hann mundi ekki beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að lækkaður yrði virðisaukaskattur á geisladiskum til þess að jafna þann mun sem skapast vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar milli bókarinnar sem vöru og geisladisks. Svör hæstv. ráðherra voru heldur loðin. Mér finnst skipta máli að vita afstöðu beggja stjórnarflokkanna í þessu máli og því hef ég kvatt mér hljóðs til að inna forustu Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, eftir afstöðu Framsóknarflokksins í þessu máli. Vill hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra upplýsa um það hvort Framsóknarflokkurinn er þess fýsandi og hyggst beita sér fyrir því að virðisaukaskattur á tónlist verði lækkaður til jafns við þá lækkun sem á að framkvæma gagnvart bókinni?

[13:33]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspurn hv. þingmanns sem auglýsir áhuga sinn til að styðja listastarfsemi og tónlist á Íslandi og er það út af fyrir sig vel. Að öðru leyti vísa ég til svars hæstv. fjármálaráðherra sem hann veitti hér við sömu spurningu í gær, ef ég man rétt.

Það hefur verið rætt um þessi mál og þau eru í athugun í ríkisstjórninni. Það er ekki búið að tímasetja það. Í raun og veru var um það að ræða að breyta neðra stigi virðisaukaskattsins í núgildandi kerfi. Þá fylgdu með ýmis fleiri atriði eins og rafmagn til húshitunar, gistiþjónusta o.s.frv. og allt er það mjög vel. Við höfum nú þegar rætt nokkuð um tónlist, myndlist o.s.frv. í þessu sambandi eins og hv. þingmaður nefndi og það er áfram til athugunar.

[13:34]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það hefur margsinnis komið fram í þessum sölum að það er mikill vilji hjá þingmönnum til að jafna þá samkeppnisstöðu sem hefur um árabil verið nokkuð skökk milli bókarinnar og tónlistarinnar að þessu leyti. Ég fagna því að hæstv. ríkisstjórn ætlar að lækka neðra þrepið í virðisaukaskattinum. Það vill hins vegar svo til að íslensk tónlist, geisladiskar, eru í efra þrepinu og verða áfram í 24,5% flokknum. Það þýðir með lækkun neðra þrepsins að samkeppnisstaða þessara tveggja vara skekkist allverulega við þetta. Það er auðvitað ekki í anda þess jafnræðis sem við höfum verið að tala um.

Mér er kunnugt um að forsvarsmenn íslensks tónlistariðnaðar hafa gengið á fund ríkisstjórnarinnar til að reyna að ná fram réttlæti í þessu máli og mér er það ekki nóg þegar hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir að málið sé í athugun og skoðun.

Ég hjó þó eftir einu sem mér þótti mikilvægt hjá hæstv. ráðherra. Hann sagði að enn væri ekki búið að tímasetja þetta og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er það sem ekki er búið að tímasetja? Er hann að segja að það sé í reynd búið að ákveða að fara þessa leið og lækka virðisaukaskatt á tónlistinni? Ef svo væri er það mikið fagnaðarefni en ég vil biðja hæstv. ráðherra í fullri vinsemd að skýra hvað hann átti við.

[13:36]

**Halldór Blöndal:**

Hæstv. forseti. Mér Þykir vænt um að heyra það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er nú orðinn þeirrar skoðunar að rétt sé að láta geisladiska fylgja prentuðu máli varðandi virðisaukaskatt. Þetta mál hefur verið til athugunar og verður áfram. En svo var það líka þegar við vorum saman í ríkisstjórn að ég man eftir því að þá lagðist Alþýðuflokkurinn mjög hart gegn því að láta hljómdiskana fylgja prentuðu máli, eins og hv. þingmaður getur gengið úr skugga um ef hann flettir upp í þingtíðindum og rifjar upp umræður um þessi mál og hvernig ráðherrar Alþýðuflokksins töluðu á sínum tíma.

Þetta gefur á hinn bóginn tilefni til að segja að almennt er meira að marka það sem stjórnmálamenn segja þegar þeir eru í stjórnarmeirihluta en þegar þeir eru í stjórnarandstöðu og láta allt fjúka. Ef það er einhver maður í þingsalnum sem lætur allt fjúka þá er það hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Stundum held ég að hann meini það sem hann segir, stundum er ég ekki viss, og stundum er ég sannfærður um að hann meinar ekki orð af því sem hann segir.

[13:37]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það sem ég vildi sagt hafa er einfaldlega þetta: Það er búið að tímasetja þær aðgerðir sem auglýstar hafa verið og tilkynntar varðandi 1. mars. Annað hefur ekki verið tímasett í þessu máli.

### *Tekjuskattur, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 22. mál (vaxtabætur). — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Lífeyrissjóðir, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 233. mál (lágmarksiðgjald og breytingar á samþykktum sjóða). — Þskj. 236.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Opinber innkaup, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 277. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 276. mál (lækkun tekjuskatts o.fl.). — Þskj. 286.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***

Fjölgun útlendinga á Íslandi.

[13:40]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að flestum Íslendingum sé ljós sú þróun sem verið hefur hér á undanförnum missirum. Við sjáum að fólki af erlendu bergi brotnu hefur fjölgað mjög hratt á Íslandi og það er þess vegna sem ég kem upp í dag, virðulegi forseti, með utandagskrárumræðu þar sem ég vil fá að setja í gang umræðu um fjölgun útlendinga á Íslandi.

Það var þannig, virðulegi forseti, að fram til 1. maí sl. var sæmilega góð stjórn á þessu öllu saman. Þótt við upplifðum þenslutíma, uppbyggingartíma, höfðum við Íslendingar þokkalega góða stjórn á þessu vil ég meina, þ.e. stjórnvöld gáfu út atvinnuleyfi og dvalarleyfi til útlendinga sem hingað vildu koma í vinnuleit og það var ekki gert nema sýnt og sannað þótti að Íslendingar fengjust ekki í störfin. En á lokadögum apríl síðastliðins kom allt í einu frumvarp inn í þingið frá hæstv. félagsmálaráðherra, þ.e. forvera þess sem nú er, og það var mælst til þess að tekið yrði upp frjálst flæði vinnuafls frá löndum sem gengu inn í Evrópusambandið árið 2004, Austur-Evrópuríkjum, mjög fjölmennum, þar sem víða er mikið atvinnuleysi og fátækt. Þessi lönd höfðu gengið í Evrópusambandið og samkvæmt skilmálum evrópska efnahagssamningsins bar okkur að taka upp frjálst flæði vinnuafls frá þessum löndum.

Hins vegar, og gleymum því alls ekki, gátum við fengið frest til aðlögunar til 2009, jafnvel alla leið til 2011. Af einhverjum óútskýranlegum ástæðum völdu ríkisstjórnarflokkarnir ekki að fara þá leið, þrátt fyrir að allir sem skoðuðu málin af raunsæi og yfirvegun sæju að við værum ekki reiðubúin til að taka á móti þeim fjölda sem hingað mundi eflaust streyma. Stjórnsýslan, skólakerfið, heilbrigðiskerfið, félagslega kerfið, og eftirlitsstofnanir voru ekki í stakk búin til þess.

Við höfðum líka séð ljót dæmi um að brotið hafði verið á erlendu vinnuafli sem hafði komið hingað af sumum atvinnurekendum. Verkalýðsfélögin höfðu sýnt okkur mörg dæmi um þetta og sum þeirra voru ansi ljót. En þetta varð hins vegar að veruleika. Frumvarpið var keyrt í gegnum þingið á einni viku, hneykslanlegar aðferðir og þinginu til skammar, verð ég að segja, að það skuli hafa verið gert með þessum hætti. Okkur þingmönnum var stillt upp við vegg og við fengum val um að samþykkja þetta ellegar mundum við lenda í vandræðum, sem var auðvitað tóm blekking. Við hefðum getað farið fram á þessa fresti en það var ekki gert.

1. maí árið 2006 var svartur dagur í sögu þjóðarinnar og það voru sendar sennilega köldustu kveðjur sem verkalýðshreyfingin og launþegar í landinu höfðu nokkru sinni fengið því það sem gerst hefur eftir þetta er að erlent vinnuafl hefur flætt inn í landið sem aldrei fyrr. Sennilega eru komin hingað í kringum 10 þúsund manns frá áramótum. Við vitum ekki nákvæma tölu. Það eru vísbendingar um að fjölmargir séu hér jafnvel án þess að vera með kennitölur. Svart vinnuafl sem í raun og veru er hvergi til.

Nýjustu tölur sem við höfum séð eru frá því í júní. Hvað gerðist í júlí, ágúst og september eða október vitum við lítið um. Þetta er stjórnlaust ástand og þetta er mjög alvarlegt ástand. Það hefur sýnt sig að stjórnvöld hafa ekki staðið við fyrirheit sem þau gáfu til að mynda í vor um að fara í vinnu við að marka stefnumótun fyrir innflytjendur hér á landi. Enn bíður félagsmálanefnd eftir því að fá kynnta þessi stefnumótun sem henni var lofað að yrði kynnt fyrir 1. október. Það bólar hvergi á henni. Frá starfshópi sem átti að fjalla um þessi mál og skila af sér niðurstöðum 1. nóvember hefur ekkert heyrst heldur. Hins vegar sjáum við ótal vandamál úti í þjóðfélaginu. Við sjáum jafnvel merki um að Íslendingar eru farnir að missa vinnuna núna vegna þess að þeir eru ekki samkeppnisfærir við erlent vinnuafl sem er reiðubúið til að vinna hér á lágmarkstöxtum og jafnvel undir lágmarkstöxtum. Stjórnvöld virðast ekkert ráða við ástandið. Við hljótum öll að sjá, ef við skoðum málið bara kalt og raunsætt og víkjum til hliðar pólitískum rétttrúnaði, að hér stefnir í óefni. Það sjá allir skynsamir menn að hér stefnir í óefni. Því hvað gerum við síðan þegar hægist á, þegar fer að kólna í hagkerfinu? Hvað gerum við þá? Þá verður Íslendingum sennilega boðin vinna á mörgum stöðum á strípuðum lágmarkstöxtum og vilji þeir ekki þiggja vinnuna er þeim einfaldlega sagt að hypja sig vegna þess (Forseti hringir.) að það er svo auðvelt að fá erlent vinnuafl.

[13:46]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að hvetja til þess að gætt sé fyllstu virðingar í umræðum um þessi mál. Ég vil hvetja hv. þingmenn sérstaklega til að vera öðrum góð fyrirmynd í umræðum um þau mál sem við ræðum hér í dag. Okkar ábyrgð er mikil. Það er öllum ljóst.

Ég hef gert mér grein fyrir því og vil undirstrika í upphafi að geysilega mikil vinna hefur verið lögð í mál sem varða erlent vinnuafl og innflytjendamál undanfarin missiri. Að þeirri vinnu hafa margir komið, enda er það grundvallaratriði þegar unnið er að málum eins og þessum, málum sem varða allt samfélagið. Málum sem varða okkur öll, fólk um allt land. Ég geri mér mjög vel grein fyrir þessu og get fullvissað þingheim um að vel er fylgst með framvindu mála.

Þær upplýsingar sem ég hef að byggja á sem félagsmálaráðherra í dag eru fengnar frá ýmsum aðilum, þar á meðal frá fulltrúum Alþýðusambands Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Ég átti í gær fund með Alþýðusambandi Íslands og í morgun með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins. Þar lýstu þeir áhyggjum af þeim farvegi sem umræðan hefur verið í undanfarna daga. Þessir sömu aðilar tóku þátt í að

semja frumvarp til laga um starfsmannaleigur. Þeir komu með okkur að undirbúningi fyrir 1. maí síðastliðinn og koma nú með okkur að gerð frumvarpa sem eiga enn frekar að styrkja innviði vinnumarkaðarins.

Ég segi það hér og hef alltaf sagt að við verðum að vera vel vakandi og gera okkur grein fyrir því að hér bera allir ábyrgð, stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og samfélagið í heild.

Hv. þingmaður talar eins og hér hafi skollið á flóðbylgja útlendinga eftir 1. maí síðastliðinn vegna tilkomu frjálsrar farar launafólks frá nýjum aðildarríkjum að samningnum við Evrópska efnahagssvæðið og kerfið hafi ekki verið viðbúið þeim fjölda. Líkt og hér hafi ekki áður starfað útlendingar á íslenskum vinnumarkaði. Það er mál manna sem fylgjast best með að ráðningar erlends vinnuafls hafi færst til betra horfs, ég undirstrika, til betra horfs en var fyrir 1. maí síðastliðinn. Þá var starfsmannaleiguformið allsráðandi en eftir 1. maí hefur orðið breyting á.

Nú eru erlendir starfsmenn fyrst og fremst ráðnir með beinum hætti með ráðningarsamningum sem byggjast á íslenskum kjarasamningum. Þannig viljum við hafa það og það var meginástæða þess að Alþýðusamband Íslands, eins og Samtök atvinnulífsins studdu opnunina 1. maí síðastliðinn. Þeir vildu ekki sjá hér erlenda starfsmenn fyrst og fremst starfandi á vegum starfsmannaleigna eða sem þjónustuveitendur án tengsla við íslenska kjarasamninga. Þetta var afstaða þeirra sem gerst þekkja til á vinnumarkaði og á henni byggðu stjórnvöld sína ákvörðun.

Það er ekki svo að ríkisborgarar nýju aðildarríkjanna geti komið hingað í tugatali og valsað hér um eins og hv. þingmaður hefur lagt að í máli sínu á opinberum vettvangi um þessi mál. Ég tel að hv. þingmaður ætti að vita betur. Ríkisborgarar innan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins þurfa að sjálfsögðu að hlíta ákveðnum leikreglum.

Það er sérstaða þeirra erlendu ríkisborgara sem til Íslands koma að þeir koma hingað til að vinna. Þeir eru mikilvægt framlag á vinnumarkaði þegar atvinnuleysið mælist jafnvel undir 1% í vissum landshlutum.

Vinnumarkaður okkar Íslendinga hefur afar marga kosti og það vil ég undirstrika. Óvenjuhátt hlutfall beggja kynja er virkt á vinnumarkaði og við Íslendingar vinnum lengur fram eftir aldri en flestar aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við. Við höfum þörf fyrir þetta vinnuafl. Við erum aðilar að EES-samningnum og höfum notið kosta hans í svo ótalmörgu tilliti.

Hæstv. forseti. Ég vil undirstrika það, að sú umræða sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur haft uppi undanfarna daga endurspeglar alls ekki hlutverk erlends vinnuafls hér á landi í dag og framlag þess til uppbyggingar í samfélagi okkar og efnahagslífsins í heild. Viljum við frekar að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína til annarra landa? Ég segi nei. Höldum mikilli uppbyggingu á atvinnustarfsemi áfram hér á landi.

Við hv. þingmann vil ég segja þetta og tala skýrt: Ég vil í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins auka sýnilegt eftirlit með kjörum og aðbúnaði erlends vinnuafls og að því vinn ég. Ég vil í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins sjá til þess að lögin okkar varðveiti íslenskan vinnumarkað og að því vinn ég. Ég vil að þeim sem hingað koma bjóðist vandaðar upplýsingar um okkar samfélag og íslenskukennsla. Að því er unnið. Ég vil að þessu fólki sé sýnd virðing og það verður að tryggja með margvíslegum hætti. Það get ég fullyrt. Að því koma fjölmargir sem hafa langa og góða reynslu af fólki sem er af erlendu bergi brotið, svo sem Fjölmenningarsetrið á Ísafirði sem þjónar öllu samfélaginu. Hið sama gerir Alþjóðahús sem ég hef nýlega gert samning við um tiltekið verkefni og mun eiga frekara samstarf við á næstunni.

Ég vil ekki nota þennan stutta tíma sem ég hef hér til að telja upp allt sem hefur verið gert. Nei. Ég vil segja frá því sem við ætlum okkur að gera. Ég hef nú í haust átt samráð við aðila vinnumarkaðarins og rætt við ýmsa og undirbúið afstöðu Íslands til þess hvort íslenskur vinnumarkaður verði opnaður þann 1. janúar fyrir vinnuafli frá Búlgaríu og Rúmeníu. Ég tók málið upp í ríkisstjórn í morgun og að höfðu samráði við forsætisráðherra lýsi ég því hér með yfir að íslensk stjórnvöld munu gera hið sama gagnvart Búlgaríu og Rúmeníu og gert var vorið 2004 gagnvart þeim ríkjum sem þá gerðust aðilar að EES-samningnum.

Við höfum þannig ákveðið að nýta okkur fyrstu tvö árin til að sjá hver þörf verður fyrir vinnuafl hér á landi og hver ásóknin verður og (Forseti hringir.) taka yfirvegaða ákvörðun í framhaldi af því fyrir 1. janúar 2009.

[13:51]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég held að mjög mikilvægt sé að við ræðum þetta mál sem hér er til umfjöllunar á réttum forsendum. 1. maí síðastliðinn var enginn örlagadagur í þessu máli. 1. janúar næstkomandi verður það heldur ekki. Þó svo að ríkisstjórnin hafi nú ákveðið að nýta sér aðlögunartímann gagnvart Rúmeníu og Búlgaríu þá þýðir það fyrst og fremst að taka þarf miklu fastar á málum hvað varðar starfsmannaleigurnar, ábyrgð atvinnurekenda, þ.e. notendaábyrgðina sem snýr að starfsmannaleigunum. Því það var auðvitað málið sem menn voru að reyna að takast á við 1. maí þegar þeir ákváðu það að fólk ætti að geta komið til landsins á eigin forsendum en ekki einvörðungu í gegnum starfsmannaleigur.

Fólk hefur komið hingað til landsins af því að kallað hefur verið eftir því og það finnur sér farveg inn í landið, annaðhvort í frjálsri för eða í gegnum starfsmannaleigur. Stjórnvöld og atvinnurekendur hafa kallað eftir erlendu vinnuafli en þau hafa kannski gleymt því að það kom hingað að sjálfsögðu fólk með langanir, með þrár, með væntingar um gott líf. Þessu fólki verðum við að mæta á þeirra forsendum. Þetta eru íslenskir skattgreiðendur og þeir eiga rétt á þjónustu við hæfi.

Vandamálið sem við stöndum andspænis í hnotskurn er það að íslenska hagkerfið hefur einfaldlega verið þanið of mikið. Það er ójafnvægi á öllum sviðum. Það er verkefni sem við verðum að takast á við. Ójafnvægið lýtur að háum vöxtum, að verðbólgu, að gengissveiflu, að viðskiptahalla, að miklu flæði vinnuafls inn í landið. Það er verkefni okkar að takast á við að koma á jafnvægi í samfélaginu og huga að fólki og samfélagi en ekki bara hagvexti. Þegar ég segi fólki og samfélagi þá á ég bæði við okkur sem erum fædd hér og uppalin og eins hina sem hafa kosið að setjast hér að

og auðga okkar samfélag með aðsetri sínu hér á landi. Þetta er ekki verkefni sem núverandi ríkisstjórn ræður við. Það þarf nýja ríkisstjórn til þess.

[13:53]

**Gunnar Örlygsson:**

Virðulegi forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra Magnús Stefánsson hefur glögglega komið til skila að varast ber öfgar í þeirri umræðu sem fram fer í dag.

Frjálslyndi flokkurinn hefur því miður farið of geyst í umræðuna á stundum með öfgafullum hætti. Það er athyglisvert að flokkur skuli breyta grundvallarstefnu og afstöðu sinni á viðhorfi til útlendinga eins og raunin hefur verið. Umburðarlyndir og frjálslyndir draga ekki lengur vagninn í þessum efnum.

Árið 2002 lögðu þingmenn Samfylkingar fram breytingartillögu við frumvarp um atvinnuréttindi útlendinga. Breytingartillögurnar voru settar fram til að liðka fyrir aðgengi erlendra starfsmanna inn á íslenskan vinnumarkað. Í ræðu sinni um málið árið 2002 ítrekaði hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, stuðning sinn við breytingartillögur Samfylkingarinnar.

Fyrir réttu ári í umræðum utan dagskrár á Alþingi um sömu mál hnykkti formaður Frjálslynda flokksins á undir lok ræðunnar og sagði, með leyfi forseta, orðrétt:

„Ég tel hins vegar í ljósi reynslunnar ekki sjálfgefið að við tökum okkur aftur það vald hér í Alþingi að takmarka frjálsa för launafólks frá Evrópusambandinu."

Hér er nú vert að staldra örlítið við og spyrja hvort hún sé ekki vægast sagt undarleg og ódýr þessi stefnubreyting hjá Frjálslynda flokknum.

Hins vegar er það rétt að okkur ber að taka umræðuna föstum tökum og spyrja okkur hvert skuli stefna. Eigum við að taka harðar á íslenskum fyrirtækjum sem brjóta á lögbundnum rétti starfsmanna sinna? Getur verið að löggjafi og dómsvaldið geti tryggt samborgurum okkar, bæði aðfluttum borgurum sem og þeim sem hafa fæðst hér á landi og lifað hér allt sitt líf, meira öryggi og um leið tryggara starfsumhverfi? Þetta er umræðan sem við eigum að taka af fullum þunga. Við eigum að tala um útlenda samborgara okkar en ekki erlent vinnuafl. Við eigum að tala um félaga okkar af virðingu og forðast alla öfga í þessari umræðu.

[13:55]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er skiljanlegt að mönnum bregði í brún þegar tölur birtast um mjög snögga og mikla fjölgun fólks af erlendum uppruna sem flutt hefur til landsins eða dvelur hér tímabundið vegna vinnu. Snöggir og miklir búferlaflutningar hvort sem er innan lands eða milli landa valda alltaf í eðli sínu ákveðnu umróti.

En það er afar margt sem menn þurfa að vanda sig við í þessari umræðu og forðast ber allar alhæfingar og að blanda ólíkum hlutum saman. Það er t.d. mikill munur á fjölskyldufólki sem hingað flyst erlendis frá til varanlegrar búsetu og erlendum farandverkamönnum sem hingað koma án fjölskyldu til tímabundinnar vinnu.

Margir verða eflaust til að segja að umræðan sé í öllu falli þörf og af hinu góða. Ekki skal ég draga úr því, enda sé hún á hófstilltum og uppbyggilegum nótum og fjalli yfirvegað um það vandamál sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir. Hún verði ekki til þess að æsa upp útlendingaandúð og aðgreiningarhyggju. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar því að ræða þessi mál á þeim nótum.

Það er mikilvægast að átta sig á því að það er ekki, ég endurtek, ekki, við fólkið að sakast sem hingað kemur og fer í störf sem því standa til boða eða það er beinlínis fengið hingað til að vinna. Það voru ekki pólskir eða kínverskir verkamenn sem tóku ákvörðun um að byggja Kárahnjúkavirkjun. Það eru þær aðstæður í hagkerfinu sem hér hafa skapast sem soga til sín þetta fólk.

Við skulum ekki gleyma að fyrir 14 árum var sú ákvörðun tekin að Ísland skyldi verða aðili að hinum samevrópska opna vinnumarkaði. Við vöruðum við því þegar ákveðið var að ráðast í stóriðjuframkvæmdirnar að þær mundu valda jafnvægisleysi á íslenskum vinnumarkaði. Fáir tóku undir með okkur þá. En við höfnum því hins vegar að ræða þessi mál nú eins og vandamálið sé það fólk sem er hingað komið fyrir tilverknað okkar Íslendinga sjálfra og er hér á okkar ábyrgð. Við höfnum allri aðgreiningarhugsun í þessum efnum. Við höfnum því að þetta séu þau og við.

[13:58]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Sú umræða sem við erum í varðandi þessi mál er nokkuð vandasöm og menn þurfa að gæta þess að fara ekki með umræðuna inn á það svið að hér sé verið að amast við fólki af ákveðnum litarhætti eða af ákveðinni trú.

Stefna Frjálslynda flokksins — það er rétt að gera hana aðeins að umræðuefni að gefnu tilefni. Það vill svo til að hún er óbreytt og stendur í þessari bók hérna, málefnabók Frjálslynda flokksins, og henni verður ekki breytt fyrr en við höldum þá landsfund ef við þurfum að breyta henni. sem við sjáum reyndar ekki.

Við tókum þá afstöðu í Frjálslynda flokknum á síðastliðnu vori þegar við fórum að skoða nánar þessi málefni um að hér yrði frjáls för launafólks inn í landið, að vara við því að nýta okkur ekki fyrirvarann að minnsta kosti til ársins 2009 og reyna þar af leiðandi að hafa stýringu á þessum málum, reyna að skipuleggja að taka vel á móti því fólki sem væri að koma hingað og koma í veg fyrir þá stöðu sem m.a. er nú að koma upp, að hér er mikill fjöldi fólks sem vissulega á rétt á að koma hingað miðað við núgildandi lög. En það er mjög hætt við því að umræðan verði á þeim nótum á komandi missirum, m.a. vegna þeirra breytinga sem örugglega verða á vinnumarkaði, að það dregur hér úr atvinnu ef að líkum lætur.

Við sjáum þegar tilhneigingu til þess að atvinnurekendur segja upp Íslendingum í byggingariðnaði og halda erlendu vinnuafli. Það vill svo til að við erum með kjarasamninga þar sem fólk vinnur sér inn starfsaldurstengd réttindi. Fólk fær hærra kaup yfirleitt með lengri starfsaldri. Þeir sem inn koma geta farið að vinna hér á lægri launum. Það er mjög mikil hætta á að það verði vandamál í framtíðinni.

[14:00]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við höfum upplifað miklar breytingar á íslensku samfélagi á skömmum tíma. Ein þeirra er sú að hér á landi hefur innflytjendum fjölgað mjög hratt. Hliðar umræðunnar um málefni innflytjenda eru margar og á þeim tíma sem okkur er gefinn hér getur maður einungis komið inn á nokkrar þeirra.

Við megum ekki gleyma því hvað hefur drifið þessar breytingar en það hefur auðvitað verið hið góða atvinnuástand og hin mikla eftirspurn eftir fólki, eftir fleiri vinnandi höndum og fleiri skapandi hugum og það var þess vegna sem stjórnvöld féllust á breytingarnar sem gerðar voru í maí síðastliðnum. Þeir útlendingar sem hingað hafa komið hafa verið virkir atvinnuþegar frá fyrsta degi og ég held því fram að þeir hafi breytt þenslu í hagvöxt og það er mikilvægt að halda því til haga.

Þróunin hefur auðvitað orðið hröð og það er ekkert skrýtið að sumir staldri við og það er auðvitað full ástæða til að fylgjast enn grannt með þróun mála, rétt eins og hæstv. félagsmálaráðherra kom inn á í máli sínu áðan. Við eigum auðvitað að þora að ræða þessi mál og þora að horfast í augu við breytingarnar. Við megum auðvitað ekki stimpla hvert annað eða stimpla okkur út úr umræðunni, hún verður að vera byggð á rökum, vera málefnaleg og yfirveguð og mér finnst að tónninn á áherslum Frjálslynda flokksins hafi breyst bara nú á síðustu tveim dögum, sem sýnir að umræðan kallar ýmislegt fram.

Frú forseti. Auðvitað horfum við til reynslu nágrannaþjóða okkar hvað þetta varðar. En það er mjög mikilvægt að halda til haga sérstöðu Íslands. Hér er atvinnuþátttaka útlendinga 86% meðan Danir eru að reyna að ná því hlutfalli upp í 50%. Það gefur okkur allt önnur færi á því að aðlögun útlendinga gangi vel hér á landi. Stofnanirnar þurfa auðvitað að taka sig á eins og við höfum verið að fara yfir og ég get ekki látið hjá líða að ræða um fjármálin og peninga til málaflokksins. Það er mikilvægt að við sem höfum fjárlagafrumvarpið til umræðu förum vandlega yfir það og veitum meira fjármagn til þessara mála. Við verðum að búa svo um hnútana að innflytjendur eigi þess kost að læra íslensku en tungan er lykillinn að þátttöku í samfélaginu og samskiptunum sem við þurfum að eiga. (Forseti hringir.) Án tungumálsins tapar orðtakið „maður er manns gaman" merkingu sinni. Við sem samfélag, einstaklingarnir sjálfir sem hingað kjósa að koma, (Forseti hringir.) og atvinnurekendurnir, við verðum öll saman að bera ábyrgð á því að aðlögun útlendinga takist.

[14:02]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Frú forseti. Við verðum að greina á milli þess hvað eru útlendingar og innflytjendur. Við megum ekki rugla fólk svona ofboðslega í ríminu með því að ægja öllu saman. Stærsti hópurinn kemur hingað vegna vinnu og hún er næg sem stendur. Þetta er ekki hópur sem leggst á félagslega kerfið, það vita allir, og þetta fólk, sem er stærsti hópurinn stoppar ekki mjög lengi. Við verðum að tryggja samráð og eftirlit og að ekki verði undirboð á markaðnum og raunveruleikinn komi ekki þannig á bakið á okkur. Við verðum að standa vörð um réttindi farandverkafólks. Þar er hlutverk verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda, Vinnumálastofnunar og yfirvalda mjög ríkt, þar er skyldan mjög rík. Því miður hefur ríkisstjórnin ekki komið með heildarstefnumótun í þessum málaflokki en það höfum við í Samfylkingunni gert. Það er plagg sem ég legg til að ríkisstjórnin leggist yfir því að við erum algjörlega tilbúin til þess að vinna saman í því máli.

Við þurfum að uppræta fordóma en ekki að kynda undir þá. Það er hættan í umræðunni í dag. Þar er ábyrgð okkar þingmanna afar mikil. Við eigum að vera talsmenn mennsku og skilnings í samfélaginu og við eigum að tala niður dómhörku og fordóma sem hér liggja undir niðri. Okkar ábyrgð er gríðarlega mikil í málinu og við eigum ekki að dansa á línu rasismans, það er hvorki þingmönnum né þjóðinni samboðið.

[14:04]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Við erum eitthvert minnsta málsamfélag sem þekkist, við erum ákaflega lítil þjóð, það er mjög eðlilegt að menn vilji vera á varðbergi og telji rétt að vera á varðbergi í stórum, opnum heimi. Því var það rétt og skylt fyrir nokkrum árum að ríkisstjórnin legði hér fram lagafrumvarp um útlendinga, lög nr. 96/2004. Þau lög þrengdu mjög aðgang erlends fólks til Íslands. Þau voru samin að danskri fyrirmynd. Stjórnin og stjórnarsinnar urðu fyrir miklu aðkasti stjórnarandstöðunnar fyrir að gera þetta, við vorum taldir mjög miklir óvinir útlendinga, þetta væri mjög rangt af okkur. Það voru mörg litbrigði sem voru notuð í því orðasafni þegar menn mótmæltu.

Stjórnarandstaðan vildi öll fara gegn þessu frumvarpi, 24, 31 var með, það voru stjórnarsinnar. Einn af þeim sem greiddu atkvæði gegn frumvarpinu var hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, þó að hann hafi nú gerst umsnúningur og skipt um skoðun. Það var rétt að geta þessa. Við töldum rétt að takmarka þetta. Í dag er aðgangur útlendinga að Íslandi mjög takmarkaður nema þeirra sem koma frá Evrópusambandinu.

Við gerðumst aðilar að EES 1993 með þessu ákvæði inni. Það var engin athugasemd gerð við frjálsa för, við tókum alla Vestur-Evrópu inn. Síðan gerðum við samningana um hin níu ríkin og þegar við ákváðum að taka þetta inn 2006 var það vegna þess að samstaða var meðal aðila vinnumarkaðarins, ASÍ og atvinnurekenda um að gera það vegna þess að starfsmannaleigurnar, þjónustuleigurnar vildu fá þetta út. Þess vegna vildu menn og töldu rangt annað en að opna þetta. Sama gildir núna um Búlgaríu og Rúmeníu. Þetta er opið og verður opið í fimm ár. Við getum lokað þessu eftir fimm ár, fengið svo sérstakan rökstuðning fyrir að gera það í tvö ár í viðbót. (Forseti hringir.) Síðan er það opið.

[14:07]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Mál það sem við ræðum hér tengist atvinnustefnunni sem íslensk stjórnvöld hafa rekið. Risavaxin stóriðjuverkefni sem ekki sér fyrir endann á eru sett af stað, verkefni sem allir vita að verða ekki unnin nema með gríð-

arlegum innflutningi á erlendu vinnuafli og til verkanna eru fengin erlend stórfyrirtæki sem hafa margt misjafnt á samviskunni, bæði með tilliti til umgengni við náttúru og umhverfi en ekki síður með tilliti til umgengni við verkafólk. Þessa stefnu sóttu Samtök atvinnulífsins fast, þessa stefnu studdi stærstur hluti Alþingis og það gerði Alþýðusamband Íslands líka. En samfélagið, sem ætlað er að taka á móti eða við þessum stórverkefnum, viðlagakerfi samfélagsins var ekki í stakk búið til þess að bregðast við þeim veruleika sem þessi aukni fjöldi útlendinga hafði í för með sér. Félagslega kerfið, heilbrigðiskerfið og menntakerfið hafa öll rekið sig á það.

Hvað rekur svo fólk af stað í stórum stíl í atvinnuleit yfir landamæri og til framandi menningarsvæða? Það eru stórfyrirtæki sem í krafti heimskapítalismans hafa orðið þess valdandi. Við erum að súpa seyðið af ójafnvæginu og óréttlætinu sem hnattvæðing á forsendum fjármagnsins hefur komið af stað. Fjármagnið tekur völdin og stórfyrirtækin stunda félagsleg undirboð, sækjast eftir vinnuframlagi fólks sem ekki er í stakk búið til að gera kröfur. Þetta eru siðir sem við Íslendingar eigum að vekja athygli á, vera meðvituð um og ræða um og takast á við. Okkar bíður verulega mikilvægt verkefni, það verkefni að takast á við afleiðingar þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið í atvinnumálum.

Við, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, höfum lagt fram hugmyndir um stefnu í málefnum innflytjenda sem ganga út á það í grundvöllinn að við mætum öllum einstaklingum á jafnréttis- og virðingargrundvelli. Við þurfum að aðlagast breyttum tímum, þess vegna þurfum við aðlögunarpólitík. Þeir aðilar sem vinna með slíka aðlögun, eins og Alþjóðahúsið við Hverfisgötu, Fjölmenningarsetrið á Vestfjörðum o.fl. þurfa að fá til þess brautargengi, (Forseti hringir.) brautargengi okkar sem störfum á Alþingi Íslendinga.

[14:09]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég sé ekkert að því þó að ég hafi greitt atkvæði gegn útlendingalögunum á sínum tíma. Við í Frjálslynda flokknum erum ekkert á móti útlendingum. Við vorum líka reiðubúin til þess að skoða þetta frjálsa flæði með jákvæðum huga í upphafi eins og kom fram í ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar á sínum tíma. Þetta höfum við sjálf bent á.

En þegar við fórum að skoða þessi mál af skynsemi og yfirvegun og skoða þróunina sáum við einfaldlega að þetta gekk ekki upp og hér stefndi í stórslys fyrir íslensku þjóðina, það var það sem gerðist. Það sem við höfum séð gerast núna er einmitt þetta. Ríkisstjórnarflokkarnir plötuðu Samfylkinguna og Vinstri græna upp úr skónum í vor í störfum félagsmálanefndar, komu þar með loforð um að fara í stefnumótun og alls konar vinnu en það hefur ekki verið staðið við þau loforð. Það kom fram í ræðum þingmanna Samfylkingar, a.m.k. þá, að þeir féllust á þetta frumvarp um frjálst flæði einmitt vegna þess að ríkisstjórnin hafði gefið loforð um að farið yrði í þá vinnu vegna þess að við sáum að hér var allt mölbrotið og sundurtætt og engin stefna fyrir hendi. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert.

Ríkisstjórnarflokkarnir gerðu þetta að yfirlögðu ráði. Þeir notuðu þetta sem hagstjórnartæki til að halda aftur af launaskriði í landinu, opna fyrir allar flóðgáttir — á þessu tímabili var mikil þensla — opna fyrir allar flóðgáttir til að halda aftur af launaskriði í landinu í viðleitni til þess að reyna að halda aftur af verðbólgu. Það var þetta sem vakti fyrir þeim. Auðvitað hefðu þeir átt að fara í hina áttina, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson veit það mætavel að það hefði einmitt verið gott hagstjórnartæki að stöðva frjálsa flæðið og þannig slá á þensluna. Það var því miður ekki gert.

Stjórnarandstöðuflokkarnir, þ.e. Samfylkingin og Vinstri grænir brugðust hins vegar launþegum nú í vor, brugðust þeim illilega — og það er mjög alvarlegt mál fyrir þá flokka — með því að opna fyrir þetta frjálsa flæði, með því að opna fyrir aðför að markaðskjarasamningum á Íslandi og með þessari aðför að verkalýðshreyfingunni, alþýðunni í landinu, gerðu þeir mjög alvarleg mistök, mistök sem (Forseti hringir.) eiga eftir að verða þeim mjög dýr. (Gripið fram í.)

[14:11]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka þessa umræðu sem hefur að miklu leyti verið málefnaleg en ég sé að það hefur slegið hér í brýnu milli hv. stjórnarandstæðinga eftir síðustu ræðu, sem mér fannst nú reyndar gjörsamlega með ólíkindum og finnst sýna fram á að hv. málshefjandi var ekki bara kominn út á tún heldur alveg ofan í skurð. Hagfræðikenning hans í lokin var náttúrlega alveg fráleit, ég held að hann ætti að hugsa þau mál betur.

Ég vil ítreka það, virðulegur forseti, að staðan eins og hún hefur verið í samfélaginu að undanförnu og er núna er sú að hér er nánast ekkert atvinnuleysi, það er mikil atvinnuþátttaka almennt í samfélaginu, mikil eftirspurn eftir vinnuafli, hér er mikið að gerast í atvinnulífinu og hagkerfinu. Við erum á Evrópska efnahagssvæðinu, sem er einn vinnumarkaður, eins og fram hefur komið, og hingað kemur fólk til þess að starfa hjá okkur og það er auðvitað jákvætt og gott mál. Ég tel að það hafi verið jákvætt og eðlilegt að gera þá breytingu sem var gerð 1. maí síðastliðinn og ég rakti það í fyrri ræðu minni. Ég vil einnig taka fram að það er einkenni á íslensku samfélagi hvað fólk af erlendu bergi brotið sem hér dvelur er virkt á vinnumarkaði. Það er mun virkara á vinnumarkaði hér en við sjáum víðast hvar annars staðar.

Ég vil einnig ítreka það, virðulegur forseti, að það hefur mikil vinna verið í gangi, samstarf milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins varðandi þau mál sem hér eru til umræðu, mjög gott samstarf sem er auðvitað grundvöllur þess að við getum áfram þróað vinnumarkað okkar með þeim hætti sem við viljum gera, og höfum gert, þannig að ég vil lýsa ánægju með það samstarf. En ég verð að ljúka umræðunni með því að ítreka það einnig að ábyrgð okkar sem störfum á Alþingi er mikil í umræðu eins og hér fer fram og ég hvet okkur öll til að halda okkur á málefnalegum nótum þannig að umræða um þessi mál geti verið með þeim hætti sem henni ber.

***Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 1. umr.***

Stjfrv., 95. mál (framlenging gildistíma laganna o.fl.). — Þskj. 95.

[14:14]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Málið er á þskj. 95.

Lög nr. 43/1999 falla úr gildi um næstu áramót en með frumvarpinu er lagt til að þau verði framlengd um fimm ár. Auk þess eru lagðar til lítils háttar breytingar á ákvæðum um framkvæmd endurgreiðslna sem einkum felast í því að styrkari lagastoð er skotið undir skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að greiða úr ríkissjóði 12% framleiðslukostnaðar sem til fellur við framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis hér á landi samkvæmt nánari skilyrðum laganna og reglugerðar sem sett hefur verið á grundvelli þeirra. Iðnaðarráðherra tekur ákvörðun um hvort veitt skuli vilyrði til endurgreiðslu að fenginni tillögu fjögurra manna nefndar sem fer yfir umsóknir. Fyrsta vilyrðið á grundvelli laganna var veitt hinn 5. apríl 2001 og hafa verið gefin út 58 vilyrði síðan. Þann 15. júní 2001 fór fyrsta endurgreiðslan fram og nú hafa rúmlega 600 millj. kr. verið greiddar vegna 33 verkefna.

Iðnaðarráðherra skipaði á síðastliðnu ári nefnd til þess að undirbúa ákvörðun um hvort framlengja skyldi gildistíma endurgreiðslulaganna. Nefndin var skipuð fulltrúum frá iðnaðar-, fjármála- og menntamálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Nefndin fékk Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að skoða áhrif laganna á íslenskan kvikmyndaiðnað í ljósi þeirra fjárhæða sem ríkisvaldið hefur lagt fram til að styrkja greinina. Að beiðni nefndarinnar var í skýrslu Hagfræðistofnunar reynt að meta efnahagsleg áhrif laganna og áhrif þeirra á ríkissjóð. Í skýrslunni segir að ríkissjóður beri að öllum líkindum ekki byrði vegna endurgreiðslnanna og er þar horft til þess að skatttekjur ríkissjóðs vegna kvikmyndagerðar eru hærri en þeir fjármunir sem ríkið ver til endurgreiðslnanna.

Nefndin leitaði einnig til íslenskra kvikmyndaframleiðenda sem voru á einu máli um mikilvægi þess að gildistími laganna yrði framlengdur. Þá taldi nefndin ekki nægilega reynslu komna á framtíð laganna. Jafnframt bæri að hafa samkeppnishæfni Íslands gagnvart öðrum löndum í huga en ýmiss konar ívilnanir til kvikmyndaiðnaðarins hafa aukist mjög á Vesturlöndum undanfarin ár. Lagði nefndin því til að framlengja gildistíma laganna. Frumvarpið byggir á tillögum nefndarinnar.

Ljóst er að gildandi lög hafa átt þátt í að laða að þau erlendu kvikmyndaverkefni sem hingað hafa komið á undanförnum árum. Slík verkefni eru góð landkynning og hafa jákvæð áhrif á innlenda ferðamannaþjónustu. Lýtur það m.a. að því að verkefnin falla oft til utan helsta ferðamannatímans og hins vegar að því að tiltekin landsvæði sem koma fram í kvikmyndum auka áhuga ferðamanna á þeim og á Íslandi í heild. Ekki verður heldur litið fram hjá þeirri reynslu og þekkingu sem verður til innan lands hjá því fagfólki sem að þeim verkefnum vinnur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin verði framlengd um fimm ár. Eðlilegt er að áfram verði gert ráð fyrir að lög um endurgreiðslur vegna framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis séu tímabundin enda æskilegt að kvikmyndaiðnaðurinn verði sjálfbær atvinnugrein líkt og aðrar greinar.

Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru eftirfarandi:

Varðandi 1. gr. er um að ræða breytingar sem grundvallast á þeirri reynslu sem fengist hefur við framkvæmd laganna til þessa. Meðal annars er lögð til nýjung í 5. mgr. ákvæðisins um þriggja ára gildistíma vilyrða. Lögin eru tímabundin í eðli sínu og af þeim sökum þykir rétt að marka þeim verkefnum sem hljóta vilyrði fyrir endurgreiðslu ákveðinn tíma.

Með 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 5. gr. laganna er fjallar um endurgreiðslur. Lagt er til að framleiðendur þurfi að óska eftir útborgun endurgreiðslunnar innan tiltekins tíma og er miðað við sex mánuði frá því að framleiðslu lýkur. Kemur það einkum til af því að um tímabundnar aðgerðir stjórnvalda er að ræða og í ljósi þess er talið óeðlilegt að vilyrði séu útistandandi löngu eftir að framleiðslu er lokið og lögin jafnvel fallin úr gildi. Ákvæðinu er enn fremur ætlað að auðvelda vinnslu fjárlaga.

Þá er í 2. gr. lagt til að ábyrgð löggiltra endurskoðenda verði áréttuð. Við framkvæmd laganna hefur verið miðað við að endurskoðendur staðfesti að kostnaðaruppgjör sé í samræmi við lögin og reglugerð sem sett var á grundvelli þeirra og er með ákvæðinu allur vafi tekin af um þá skyldu.

Frumvarp þetta hefur verið sent Eftirlitsstofnun EFTA til yfirferðar. Útlit er fyrir að stofnunin muni afgreiða málið á næstu vikum og er ekki er búist við athugasemdum við frumvarpið af hennar hálfu, enda ekki um efnisbreytingar á lögunum að ræða. Í ljósi þess að lög nr. 43/1999 falla úr gildi um næstu áramót er frumvarpið lagt fyrir þingið núna enda þótt ákvörðun af hálfu ESA liggi ekki enn fyrir.

Í frumvarpinu er ekki að finna breytingu á endurgreiðsluhlutfallinu 12% en í undirbúningi málsins var haft í huga að samkeppnisstaða og aðrar aðstæður kynnu að hníga að nokkurri hækkun endurgreiðsluhlutfallsins og hefur það verið í athugun í ráðuneytinu. Eftir að ég hef nú fengið frekari upplýsingar um samkeppnisstöðu Íslands á þessu sviði mun ég leggja til við iðnaðarnefnd að skoða hvort æskilegt og mögulegt sé að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 12% í 14%.

Virðulegi forseti. Ég óska þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til iðnaðarnefndar.

[14:20]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Hér ræðum við frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Það er ekki oft sem ég get stigið í pontu á eftir hæstv. iðnaðarráðherra og sagt: Nú er ég sammála hæstv. ráðherra. En það er ástæða til að gera það nú.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum stutt atvinnuuppbyggingu af því tagi sem þessi ívilnandi að-

gerð hefur leitt af sér. Það er kunnara en frá þurfi að segja hve mikil driffjöður þetta lagaákvæði hefur verið fyrir kvikmyndagerðina. Þó að hér sé um erlenda aðila að ræða þá er líka um samstarfsverkefni að ræða þar sem íslenskir kvikmyndagerðarmenn fara á erlenda grund, kannski til náms, fá til liðs við sig samverkamenn sem koma hingað með hugmyndir sínar og sína erlendu áhöfn og vinna verkefni á Íslandi.

Ég fullyrði það og þekki það af eigin raun að hér hefur verið um mikið og gefandi samstarf að ræða sem hefur verið mikil hvatning fyrir íslenskt kvikmyndagerðarfólk. Mér finnst skipta máli að við á Alþingi Íslendinga áttum okkur á því hvílík gríðarleg tækifæri liggja í þessari atvinnugrein og um leið í öðrum listgreinunum. Það er ekki bara kvikmyndagerðin sem getur verið driffjöður fyrir innlenda listamenn og innlenda listsköpun heldur eru það aðrar listgreinar einnig. Það er gaman frá því að segja og geta þess að auðvitað koma margar listgreinar saman í kvikmyndagerðinni. Þar þarf að nýta krafta leikara, leikstjóra og tæknifólks, sem eru listamenn á sínu sviði, tónlistarfólk og þar fram eftir götunum.

Ég fullyrði að þetta fyrirkomulag hefur verið lyftistöng fyrir geirann og fyrir flóruna á akrinum meðal innlendra listamanna.

Í greinargerð með frumvarpinu er þess getið að árið 2004 hafi látið nærri að tengja mætti 600–900 ársverk við gerð kvikmynda og myndbanda hér á landi. Að vísu segir að tengslin séu oft óbein og afleidd en þetta munu vera 0,5–0,8% ársverka hér á landi. Það er ekki svo lítið. Við skulum athuga það að hér er gróandi iðnaður, iðnaður sem fleygir mjög fram. Við höfum fylgst með kvikmyndagerðarmönnunum okkar og hve miklar framfarir hafa orðið í greininni. Við eigum orðið leikstjóra á heimsmælikvarða og leikara sem eru eftirsóttir leikarar á erlendri grundu og við eigum að taka þessu fagnandi.

Síðast en ekki síst vil ég auðvitað nefna að hér eru tækifæri til að nýta náttúru okkar án þess að níðast á henni. Hér er atvinnuuppbygging sem við eigum að horfa til í auknum mæli. Við eigum að skoða öll þau tækifæri sem við höfum til að breikka möguleikana enn fremur. Ég styð hæstv. iðnaðarráðherra af heilum hug í þessu máli.

[14:23]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að spilla ánægju hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur með þetta frumvarp og allra síst vil ég draga úr því að þessi sértæka aðgerð sem hér um ræðir hafi haft veruleg jákvæð áhrif á uppbyggingu greinarinnar hér á landi. En nú velti ég fyrir mér hvort hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir telur að það komi til greina að beita sértækum aðgerðum á fleiri sviðum, t.d. á sviði fjármálaviðskipta, sem er sennilega sú atvinnugrein hér sem vaxið hefur hraðast á undanförnum árum.

Ég velti fyrir mér hvort hv. þingmaður gæti tekið undir þau sjónarmið sem fram hafa komið, m.a. af hálfu nefndar sem skipuð var af fyrrum forsætisráðherra, þar sem lagðar eru til ýmsar sértækar lausnir til að efla fjármálastarfsemi á Íslandi og fjölga störfum á því sviði, auka hagvöxt og ná hingað fjármagni sem ella mundi ekki hingað koma. Ég velti fyrir mér hvort það jákvæða viðhorf sem hv. þingmaður lýsti til þessara sérlausna ætti bara við um þessa tilteknu grein eða hvort til greina kæmi að mati þingmannsins að beita þessari aðferð á fleiri sviðum.

[14:25]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson er skapandi þingmaður. Ég er hins vegar ekki alveg sátt við það sjónarmið hans að fjármálastarfsemi eigi á sama hátt og listgreinarnar að þurfa á sértækum ívilnunum að halda, eins og þeim sem hér um ræðir.

Ég sé ekki betur en að fjármálafyrirtækin bjargi sér afar vel þegar skoðaðar eru hagnaðartölur fjármálafyrirtækja og banka á Íslandi. Ég sé ekki að þar þurfi á nokkurn hátt að hlaupa undir bagga. Það þarf hins vegar með listgreinar. Þetta sértæka ákvæði sem hér um ræðir hefur sannað sig og sýnt hversu mikil lyftistöng það er hinni innlendu kvikmyndagerðarflóru. Ég sé ekki að hér sé nein þörf á að ræða útvíkkun á þessu ákvæði eða ákvæðum af sama tagi í því tilliti sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni.

[14:26]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að fjármálamarkaðurinn hefur stækkað mjög verulega á undanförnum árum, hefur skapað fjölda vel launaðra starfa og fært mikinn auð inn í landið, og skatttekjur í ríkissjóð. Sú grein hefur í raun verið í hvað mestum vexti á undanförnum árum. Hins vegar hefur verið bent á að möguleikarnir á því sviði kunni að vera enn meiri og nefnd sem forsætisráðherra skipaði hefur reifað ýmsar hugmyndir í þá veru að með lagabreytingum mætti koma til móts við þá starfsemi með það að markmiði að efla Ísland í alþjóðlegri samkeppni á þessu sviði. Raunin er sú að lítið hagkerfi og samfélag sem okkar getur oft og tíðum náð betri árangri í starfsemi á þessu sviði en hin stærri.

Ég undrast nokkuð að hv. þingmaður, sem hefur fært ágæt rök fyrir því að þessi sértæka skattalausn geti styrkt grein eins og kvikmyndaiðnað hér á landi, geti alfarið hafnað því að það geti komið til greina á sviðum eins og í fjármálaþjónustu, þar sem Ísland á í alþjóðlegri samkeppni og möguleikar eru á að draga enn þá meira fjármagn til landsins og enn þá meiri skatttekjur í ríkissjóð, sem mætti þá nýta til þess að efla samfélagsþjónustu á ýmsum sviðum.

Mér finnst viðhorf hv. þingmanns og flokks hennar mótast af töluverðri andúð og jafnvel fordómum í garð fjármálastarfsemi. Ég get ekki annað en metið ummæli hennar í því ljósi.

[14:28]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að sverja af mér fordóma gagnvart fjármálamarkaði. Ég tel mig ekki vera þess umkomna. Ég er hins vegar sannfærð um að fjármálafyrirtækin hafa á að skipa verulega klóku starfsafli og kröftum sem hafa nýtt tækifæri sín til fulls og kannski eru ósótt tækifæri einhvers staðar handan við hafið. Ekki kann ég svo vel á það. Hv. þm. Birgir Ármannsson er betur að sér í

þeim efnum en ég. Ég treysti því alveg þegar hann segir ónýtt tækifæri til staðar. En ég vil leyfa mér að segja að skoðun mín og míns flokks er að það eigi að treysta á hugmyndaauðgi og krafta þeirra sem starfa hjá fjármálafyrirtækjunum til að nýta þau tækifæri sem mögulegt er án ívilnana.

Ég vil horfa með allt öðrum augum til listgreina. Listir byggja á annars konar sköpunarafli, krafti sem er sprottinn af hugmyndaauðgi einstaklinga og sköpunarþörf, að fólki liggur eitthvað á hjarta og telur sig geta gert eitthvað sem iðulega er mannbætandi og gott fyrir samfélagið. Ég deili hins vegar alveg þeim sjónarmiðum að öll fyrirtæki sem greiða skatta í ríkissjóð láta auðvitað gott af sér leiða. Ég er ekki að tala niður til fjármálafyrirtækjanna hvað það varðar. Það dettur mér ekki í hug að gera.

Ég treysti aftur á móti á hugmyndaauðgi og skapandi kraft þeirra sem starfa hjá fjármálafyrirtækjum til að sinna sínum málum hvað þetta varðar án ívilnana. En ég kem til með að mæla með því hvar sem er og hvenær sem er að listir fái ívilnanir sem þessa og jafnvel ekki bara kvikmyndaiðnaðurinn heldur líka í auknum mæli leikhús eða danslistin sem er í auknum mæli að verða vinsæl á erlendri grund.

[14:30]

**Hjálmar Árnason:**

Frú forseti. Ég vil aðeins lýsa yfir stuðningi og mikilli ánægju með þetta frumvarp, ekki síst með skírskotun til þeirrar reynslu sem fengin er af gildandi lögum til þess að laða hingað að erlenda kvikmyndagerð. Mér þykir ekki síður merkilegt að það hafi tekið öll þessi ár að heyra hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur átta sig á því að þetta er aðeins angi af líflegri atvinnustefnu hæstv. ríkisstjórnar. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur haldið hér árum saman margar ræður og fullyrt að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir hafi þá atvinnustefnu eina að byggja upp álver og hefur notað til þess tignarleg orð og oft nokkuð ýkjukennd. Auðvitað er það ekki svo og þetta frumvarp er aðeins dæmi um þann fjölbreytileika sem er ríkjandi í atvinnustefnu stjórnarflokkanna og hæstv. ríkisstjórnar.

Hér kom inn í umræðuna í andsvörum einmitt sú útrás og sú starfsemi sem er í fjármálageiranum og byggir að sjálfsögðu ekki einungis á kjarki og krafti einstaklinga þar, heldur líka á vel menntuðum einstaklingum, þar skilar sér menntunin. Við getum nefnt hinn mikla vöxt í lyfjageiranum, í tónlist sem bæði listgrein og iðngrein, í tölvugeiranum og að sjálfsögðu álverunum líka. Allt hangir þetta saman og byggir á markvissri og fjölbreyttri atvinnustefnu en ekki þeirri einhæfu atvinnustefnu sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur stundum talað um hér.

Þess vegna er það auðvitað fagnaðarefni að hv. þingmaður skuli loksins hafa séð ljósið. Þetta frumvarp er einmitt dæmi um þann fjölbreytileika sem stjórnarflokkarnir vilja sjá í atvinnulífinu og við höfum sannarlega í atvinnulífinu í dag. Þetta er eitt af hinum fögru blómum sem við höfum séð skjóta rótum og blómstra, m.a. vegna þess og ekki síst vegna þess að það hefur verið markviss stefna hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarflokkanna að grípa til þessara sértæku en um leið almennu aðgerða fyrir þessa atvinnugrein. Það er vegna skattaívilnana sem erlend kvikmyndafyrirtæki hafa komið hingað með þeim jákvæðu áhrifum sem raun ber vitni. Kvikmyndagerð, eins og hér hefur komið fram, teygir sig ansi víða. Hún lýtur ekki einungis að listamönnum, leikurum, leikstjórum, það er dans, tónlist, tæknimenn, veitingaþjónusta og þar fram eftir götunum.

Við höfum séð, eins og kom fram í fyrri ræðum, að það er ekki síst íslensk náttúra ásamt þessu lagaumhverfi sem hefur verið útbúið sem hinir erlendu aðilar hafa sótt í. Um leið hafa þeir ekki einungis skilað hér 600–900 ársverkum árið 2004 og einhverjum milljörðum króna inn í hagkerfi okkar, heldur eru það ekki síst hin jákvæðu áhrif sem samstarfið við erlenda kvikmyndagerðarmenn hefur haft á íslenska kvikmyndagerðarmenn. Nægir í rauninni að vísa til nýjustu kvikmyndarinnar, Mýrarinnar, sem er líklega gott dæmi um það hvað framfarir hafa orðið glæsilegar í þessari öflugu listgrein. Þetta er einmitt gott dæmi um það hvernig markviss atvinnustefna, markvissar aðgerðir af hálfu hins opinbera, getur leitt af sér svo sannarlega jákvæð atriði fyrir atvinnulífið, fyrir listsköpunina og samfélagið í heild sinni. Þess vegna ber auðvitað að fagna þessu og er ánægjulegt líka að heyra að hér skuli vera þverpólitísk samstaða um málið.

Hvað varðar það sem hæstv. ráðherra nefndi, tilmæli til hv. iðnaðarnefndar um að skoða möguleika á að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 12% í 14%, munum við að sjálfsögðu líta afskaplega jákvætt til þess enda þurfum við að vera samkeppnishæf við nágrannalönd okkar. Ef þau lyfta þessari prósentu þurfum við að fylgja eftir en höfum svo til viðbótar hina einstöku íslensku náttúru sem lokkar kvikmyndagerðarmenn hingað. Það verður ánægjulegt fyrir okkur í hv. iðnaðarnefnd að fylgja þessu glæsilega máli áfram.

[14:35]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar. Ég fagna mjög þeim áherslum sem fram hafa komið í máli þeirra þingmanna sem hér hafa talað, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði. Hún benti á kosti þessara aðgerða stjórnvalda og mikilvægi þess að þeim verði haldið áfram.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að í íslenskum kvikmyndaiðnaði er mikil gróska og ég vil meina að a.m.k. tvær myndir sem frumsýndar hafa verið á þessu hausti, títtnefnd mynd Mýrin en um leið Börn, beri þess auðvitað merki.

Annað vitni um grósku er sú staðreynd að Íslendingar framleiða 3–5 sinnum fleiri myndir en gert er annars staðar á Norðurlöndunum ef við tökum tillit til fólksfjölda. Kom þetta fram í fróðlegu erindi Ágústs Einarssonar prófessors í Þjóðarspeglinum í háskólanum um daginn.

Hin einstæða íslenska náttúra og sú staðreynd að við eigum mikið af vel menntuðum og reyndum kvikmyndagerðarmönnum á öllum sviðum í framleiðslu kvikmynda gefur okkur einmitt ótal tækifæri. Stjórnvöld, með okkur framsóknarmenn í broddi fylkingar, beittu sér einmitt fyrir þessari löggjöf fyrst 1999 og svo árið 2001 sem hefur það einmitt að markmiði að efla íslenskan kvikmyndaiðnað. Öll

verkefni á sviði kvikmyndaiðnaðarins sem framleidd eru á Íslandi fá endurgreiðslu sem nemur 12% af þeim framleiðslukostnaði sem fellur til á landinu. Þá er undanskilinn launakostnaður sem ekki er skattlagður hérlendis.

Áhrif lagasetningarinnar hafa verið mikil eins og sést á íslenskum kvikmyndum haustsins og einnig hafa áhrifin orðið þau að hingað hafa erlendir aðilar leitað og tekið upp kvikmyndir sínar í samstarfi við íslenska aðila að fullu eða hluta. Nægir þar að nefna dæmi eins og Tomb Raider, Batman og nú síðast Flags of our Fathers sem mun vekja enn meiri athygli á Íslandi sem tökustað. Áhrifin hafa líka orðið í íslenska auglýsingaiðnaðinum en hér á landi eru teknar ótal erlendar auglýsingar, annaðhvort til fulls af íslenskum aðilum eða í samstarfi við þá.

Frumvarpið sem við ræðum hér í dag tryggir áframhald þessara aðgerða stjórnvalda sem miða að því að styrkja enn frekar þennan mikilvæga iðnað sem kvikmyndaiðnaðurinn er. Nái það fram að ganga tryggir það verkefninu áframhald í fimm ár.

Ég fagna sérstaklega yfirlýsingu ráðherrans hér áðan um að við ættum að skoða það í meðferð þingsins hvort hækka eigi endurgreiðsluhlutfallið meira enda eru fleiri lönd farin að keppa við okkur á þessu sviði. Eins og fram hefur komið í máli þeirra þingmanna sem hér hafa talað eru áhrif þessara aðgerða auðvitað geysimikil, ekki einungis ársverkin sem hér hafa verið rædd og þeir milljarðar sem hafa komið, heldur hafa myndirnar líka heilmikil áhrif á ferðaþjónustuna. Rannsóknir hafa sýnt að hingað hafa margir erlendir ferðamenn leitað eftir að hafa séð myndbrot af íslenskri náttúru í íslenskum eða erlendum kvikmyndum. Ef ég hef lesið mér rétt til hafa tekjur af þessum erlendu ferðamönnum jafnvel skilað okkur hærri framlögum en sem nemur þessum skattaívilnunum stjórnvalda og því finnst mér að við ættum að taka það sérstaklega til greina að hækka endurgreiðsluhlutfallið enn meir.

Ég tel, frú forseti, mikilvægt að hlúa áfram að íslenskri kvikmyndagerð. Það er í anda þeirrar atvinnustefnu sem stjórnvöld hafa lagt upp með á síðustu árum, þ.e. að auka fjölbreytni atvinnulífsins, nýsköpun, frumkvöðlastarf og skapandi atvinnugreinar. Kvikmyndaiðnaðurinn er svo sannarlega á meðal þessara skapandi atvinnugreina. Við eigum að efla starfsumhverfi hans og vaxtarmöguleika enn frekar og þetta frumvarp er ein forsenda þess að það gangi eftir.

[14:39]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, þ.e. framlengingu þeirra heimilda.

Árið 1991 varð sú stefnubreyting á Íslandi að við fórum í almennar aðgerðir í staðinn fyrir sértækar aðgerðir í skattamálum gagnvart fyrirtækjum. Afleiðingarnar hafa sýnt sig í stóraukinni grósku í atvinnulífinu, miklum hagnaði fyrirtækja, mikilli hækkun launa o.s.frv. Það hefur sem sagt sýnt sig að almennar aðgerðir eru af hinu góða. Áður voru hér í gangi alls konar sértækar aðgerðir, sérstakar aðgerðir fyrir bátaútgerðina, aðrar fyrir togaraútgerðina, enn aðrar fyrir landbúnaðinn o.s.frv.

Það frumvarp sem við hér ræðum er um sértækar aðgerðir, aðgerðir til að styðja eina sérstaka atvinnugrein. Þess vegna hlýt ég að vara við því. Ég vara við þessum sértæku aðgerðum. Ég spyr: Getum við ekki gert það sama fyrir öll önnur íslensk fyrirtæki? Getur ekki verslunin eða fjármálastarfsemin fengið svipaðar aðgerðir þannig að það atvinnulíf blómstri líka? Ég fullyrði að þau fyrirtæki mundu ekki síður blómstra ef hinni köldu skattakrumlu ríkisins yrði létt af þeim því að hér er að hluta til verið að endurgreiða skatt.

Við höfum verið með sértækar aðgerðir undanfarið, aðallega gagnvart stóriðju og svo gagnvart kvikmyndaiðnaði og ég mundi vilja að menn færu heldur hina leiðina, nefnilega þá að veita íslenskum fyrirtækjum sömu kjör og þessum atvinnugreinum. Það má segja um kvikmyndagerð að sennilega er enginn atvinnurekstur eins áhættusamur, annaðhvort gengur kvikmynd eða ekki. Þetta er nánast einskiptisáhætta, það er eins og að kasta upp krónu, annaðhvort tapa menn stórkostlega eða þeir græða stórkostlega. Í þessari atvinnugrein eru líka afskaplega há laun og mér finnst dálítið skorta á það að sérstaklega fulltrúar Vinstri grænna í umræðunni hafi glaðst yfir því að verið sé að niðurgreiða há laun, því að í rauninni er verið að því. Jafnvel eru launin í kvikmyndagerð, a.m.k. erlendis, svo há að laun bankastjóra á Íslandi verða hjóm eitt í þeim samanburði. (**GAK:** Ertu að mæla fyrir niðurgreiðslu á bönkum ...?) Nei, nei, ég er ekki að mæla fyrir niðurgreiðslu á bönkum, frú forseti, ég bendi bara á það að hér niðurgreiðir ríkið há laun og þar af leiðandi getur þessi kvikmyndaiðnaður, sérstaklega útlenskur, borgað enn hærri laun.

Í 1. gr. frumvarpsins sem er breyting á 4. gr. laganna stendur að við mat á umsóknum um endurgreiðslu skuli „afla álits sérfróðra aðila um ætlað listrænt gildi viðkomandi framleiðslu". Þetta er sem sagt opinber list sem við erum tala um, við erum að tala um mat á opinberri list og það er það sem það snýst um. Þetta á að vera íslenskt o.s.frv., sem sagt hið opinbera á að meta hvað er list í landinu.

Það getum við líka gert, við getum farið að tala um fjármálalist hjá fjármálafyrirtækjunum með sama hætti, alls konar snilli sem birtist í því að kaupa og selja fyrirtæki og hlutabréf. Ég get mögulega fallist á þau rök sem standa á bak við þetta, þetta hefur valdið ákveðinni grósku í þessari atvinnugrein, en ég vara við því að menn séu með svona sértækar aðgerðir. Ég vildi miklu frekar sjá almennar aðgerðir og enn frekari einföldun á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja. Ég held að það sé meira virði, frú forseti, að einfalda rekstrarumhverfi fyrirtækja en endilega að lækka skattana. Það er svo mikið umstang í kringum rekstur fyrirtækja sem kostar óheyrilega mikið. Ég legg til að menn skoði í iðnaðarráðuneytinu einföldun á alls konar reglum sem þar eru í gangi og ég beini því til hæstv. iðnaðarráðherra hvort ekki megi gera umhverfi fyrirtækjanna liprara að því leyti.

Varðandi þetta frumvarp er ég beggja blands. Ég vara við sértækum aðgerðum, vil frekar sjá almennar aðgerðir og skora á menn að halda áfram á þeirri braut.

[14:44]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í tilefni orða hv. þingmanns um það að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tölum hér fyrir því að niðurgreidd séu einhver ofurlaun vil ég leyfa mér að halda því fram að laun þau sem íslenskir listamenn og íslenskt tæknifólk hefur fengið fyrir að starfa í kvikmyndum eru að mínu mati og þar sem ég þekki til bara eðlileg laun. Við erum ekki komin inn á þá braut að okkar íslensku kvikmyndaleikarar eða kvikmyndaleikstjórar fari á einhverja Hollywood-taxta. Það er ekki svo og hv. þingmaður verður auðvitað að horfast í augu við það.

Kvikmyndageirinn inniheldur afar fjölbreytta flóru og við vitum auðvitað að alþjóðleg stórfyrirtæki eða bandarísku stórfyrirtækin geta greitt gríðarlega há laun. Hv. þingmaður veit auðvitað af inntaki þess sem ég sagði áðan að það var ekki ætlun mín að mæla með niðurgreiðslu á slíkum launum heldur sagði ég eingöngu að þessar tímabundnu sértæku aðgerðir hefðu skilað árangri og að ég mælti með að þeim yrði þar af leiðandi fram haldið. Ég styð það.

Ég get hins vegar í prinsippinu alveg verið sammála hv. þingmanni um það að almennar aðgerðir eru auðvitað vænlegri og að við eigum miklu frekar að líta til þeirra en sértækra aðgerða þó svo að hægt sé að fara í átak til atvinnuuppbyggingar á þeim nótum sem hér hefur verið gert. Ég hef hins vegar andmælt hinum sértæku aðgerðum sem stóriðjan hefur fengið og þar eigum við hv. þm. Pétur H. Blöndal örugglega samleið í skoðunum. Stóriðjan á ekki að búa við sértækar aðgerðir eins og hún hefur búið við alla tíð, enda er þar um að ræða atvinnugrein sem að mínu mati afrænir eða er arðræningi á náttúruauðlindir Íslands en það eru kvikmyndirnar sem hér um ræðir alls ekki. Þar finnst mér vera himinn og haf á milli.

[14:46]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekkert í þessu frumvarpi sem segir að þetta skuli vera íslenskt fyrirtæki með íslensk laun og íslenska leikara. Hér gætu starfað erlend fyrirtæki með erlenda leikara með ofurlaun og fengið til þess styrk. Það sem hv. þingmaður er að dásama er í rauninni það að þessi stórfyrirtæki, milljónafyrirtæki eða milljarðafyrirtæki, fái styrk til að greiða ofurlaun.

Hvað varðar það mat hv. þingmanns að sértækar aðgerðir til stóriðju séu eitthvað verri en sértækar aðgerðir til kvikmyndagerðar þá er það dálítið sérstakt að hv. þingmaður leggi siðferðilegt mat á ákveðna atvinnustarfsemi gagnvart annarri. Margar kvikmyndir eru að mínu mati vafasamar varðandi siðferði, t.d. ofbeldi og annað slíkt sem í þeim kemur fram. Menn geta því haft ýmsar efasemdir um það líka. Ég mundi vilja að öll fyrirtæki sætu við sama borð og fengju lipra, góða og einfalda skattlagningu en ekki sértækar aðgerðir.

[14:48]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Siðferði atvinnugreina er málefni sem við gætum tekið allan daginn í að ræða. Það er tekið fram í þessu frumvarpi að hér er ekki verið að ræða um stuðning við kvikmyndir eða sjónvarpsefni sem gæti mögulega strítt gegn banni því sem ríkir hér við ofbeldiskvikmyndum eða klámkvikmyndum. Við erum að tala um listrænar kvikmyndir, þ.e. kvikmyndir sem standast ákveðna skala, þó svo að hv. þingmaður hafi talað þannig í ræðu sinni að þar með væri orðið til eitthvert listrænt apparat á vegum hins opinbera sem búi til einhverja listræna mælistiku. Það er auðvitað bara verið að tala um að hér sé ekki verið að gera hluti sem stríði gegn lögum eða fari í bága við almennt siðferði og siðferðisgildi okkar samfélags.

Það er rétt sem hv. þingmaður segir að þetta er ekki eingöngu hugsað fyrir innlenda framleiðslu. Ég vil þá bara segja að stórfyrirtæki sem hingað koma og greiða mögulega há laun, ofurlaun til leikstjóra eða leikara, kæmu ekki hingað ef ekki væri fyrir þetta ákvæði. Þetta er tímabundið ákvæði sem getur virkað sem segull síðar meir á kvikmyndir sem mögulega eiga eftir að koma hingað í náinni framtíð. Ég tel að það sé ákveðið auglýsingatækifæri fólgið í þessu sem við megum heldur ekki láta fram hjá okkur fara.

Við erum líka að styrkja ferðaþjónustuna. Við viljum að hér sé byggð upp öflug ferðaþjónusta og þess vegna höfum við gert átak í þeim efnum. Ég lít þetta átak sömu augum. Ég tel að 300 þúsund manna samfélag á hrjóstugri eyju á hjara veraldar þurfi á því að halda að gera átak í atvinnumálum stöku sinnum og þá finnst mér skipta máli hvernig átak og hvernig atvinna er löðuð hér að. Ég stend með því að hingað séu dregin fyrirtæki sem starfa á sviði lista en ég er ekki höll undir fyrirtæki sem starfa á sviði stóriðju.

[14:50]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)**:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu sem hefur verið fróðleg og málefnaleg þótt hún hafi líka að hluta til snúist um aðra hluti en það frumvarp sem hér liggur frammi.

Það er rétt sem fram hefur komið að í þessari listrænu starfsemi, sem um leið er bæði víðtæk þjónustustarfsemi og iðnstarfsemi, fer fram mjög mikilvæg þekkingaröflun fyrir íslenskt menningarlíf og íslenskt atvinnulíf og fyrir íslenska þjóðfélagið yfirleitt. Þannig má segja að um sé að ræða mjög gildan þátt í víðtækri atvinnustefnu stjórnvalda sem miðar að því að efla hér og styrkja þekkingarsamfélag með áherslu á listgreinar og margar þjónustugreinar samhliða því sem iðnaði fleygir þá fram við sömu framkvæmdir og verkefni.

Ég held að við getum líka flest verið sammála um að hér er um að ræða þróunarkostnað, hér er um að ræða stuðning við þróun á nýjum sviðum í íslensku atvinnulífi. Það út af fyrir sig getur líka réttlætt það að um sértækar aðgerðir sé að ræða og þá er litið svo til að um tímabundnar aðgerðir sé að ræða meðan þróun og frumvöxtur á sér stað í viðkomandi grein. Við verðum að sjálfsögðu að horfa til samkeppnisstöðu líka. Nágrannar okkar eru að grípa til sambærilegra aðgerða í stórum stíl og það breiðist út og við verðum að bregðast við því. Þess vegna lýk ég máli mínu á því að endurtaka það sem ég sagði áður að ég vísa því til hv. þingnefndar að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 12% í 14%.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.***

Stjfrv., 266. mál (álagningarhlutföll). — Þskj. 275.

[14:52]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Frumvarpið er 266. mál þingsins á þskj. 275.

Á árinu 1999 voru samþykkt á Alþingi lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Með lögunum var gjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til að standa straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins breytt á þann veg að tryggt væri að það uppfyllti skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Þetta þýddi m.a. að festa þurfti álagningarhlutfall í lögum í stað þess að kveða einungis á um hámark álagningar. Þessum álagningarhlutföllum þarf að breyta á hverju haustþingi enda ógerlegt að ákveða nákvæm hlutföll álagningar á flokka eftirlitsskyldra aðila til lengri tíma en eins árs í senn. Samkvæmt þessu hefur frumvarp til breytinga á þessum lögum verið lagt fram á hverju haustþingi að fenginni skýrslu Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs, að fenginni athugun ráðuneytisins á skýrslunni og að fengnu áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila.

Með frumvarpinu er álagningarhlutfalli einstakra tegunda eftirlitsskyldra aðila breytt. Eru álagningarhlutföll á viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir lækkuð en álagningarhlutföll vegna annarra eftirlitsskyldra aðila hækkuð. Mismunur á breytingum hvað þetta varðar skýrist af mismunandi þróun álagningarstofna einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila en rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007 gerir í meginatriðum ráð fyrir óbreyttri hlutfallslegri skiptingu eftirlitsgjaldsins milli þessara flokka.

Áætlað álagt eftirlitsgjald á yfirstandandi ári nemur 435 millj. kr. en frumvarpið gerir ráð fyrir 580 millj. kr. árið 2007 sem er hækkun um 145 millj. kr. eða 33%. Áætlað er að rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessu ári nemi 410,5 millj. kr. en áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2007 verður 601,1 millj. kr. sem er hækkun um 190,6 millj. kr. eða 46,4%.

Aukning launakostnaðar milli ára skýrist af fyrirséðum samningsbundnum launahækkunum og áhrifum launahækkana í samræmi við áætlun ársins 2006 en þær nema alls 29 millj. kr. Hækkun um 16,4 millj. kr. er vegna fjölgunar starfsmanna að meðaltali úr um 40 samkvæmt áætlun fyrir árið 2006 í um 42 samkvæmt áætlun fyrir árið 2007. Hækkun um 25,9 millj. kr. er vegna áætlaðs svigrúms til að bregðast við óvæntum útgjöldum og launaskriði. Loks er gert ráð fyrir hækkun um 22,7 millj. kr. vegna samninga við starfsmenn um biðtíma í 2–3 mánuði eftir starfslok hjá stofnuninni. Nema þessir framangreindu liðir alls 93,9 millj. kr. Til viðbótar teljast með í hækkun launakostnaðar 33,4 millj. kr. sem er áætluð sérstök eingreiðsla á árinu 2007 vegna samkomulags um uppgjör skuldbindinga við Lífeyrissjóð bankamanna. Í fylgiskjali IV með frumvarpinu er nánar gerð grein fyrir samkomulagi því er liggur til grundvallar þessum kostnaði.

Þá er rétt að vekja athygli á tveimur efnislegum breytingum í frumvarpinu frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að mynda takmarkaðan sjóð til að mæta óvæntum rekstrarútgjöldum og tímamismun vegna inngreiðslna álagðs eftirlitsgjalds og rekstrarútgjalda innan ársins. Í öðru lagi er lagt til að breyta ákvæðum þeim er varða möguleika þeirra er eigi vilja una álagningu eftirlitsgjalds til að fá álagningu hnekkt eða breytt til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og samþykktar voru á Alþingi 13. júní sl.

Hæstv. forseti. Meðal fylgiskjala með frumvarpinu er skýrsla Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um starfsemi eftirlitsins. Í skýrslunni er fjallað um eftirlit með einstökum sviðum fjármálamarkaðanna auk þess sem greint er frá þróun og horfum á íslenskum fjármálamarkaði og áherslum í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu missiri. Er skýrslan fróðleg lesning öllum þeim sem vilja kynna sér þróun á innlendum fjármálamörkuðum.

Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[14:58]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Þá vil ég byrja á því að spyrja: Af hverju erum við með fjármálaeftirlit?

Þegar litið er á hinar ýmsu þjóðir í heiminum sjáum við að sumum þjóðum vegnar vel og öðrum illa og yfirleitt tengist það góðu siðferði og ekki góðu siðferði. Til eru þjóðir sem hafa bæði mjög vel menntað fólk og miklar auðlindir en þeim vegnar mjög illa vegna spillingar og siðleysis. Öðrum þjóðum vegnar vel þrátt fyrir skort á auðlindum og kannski ekki eins góða menntun af því að siðferðið er gott. Siðferði er nefnilega ákveðin auðlind hjá þjóðum, þ.e. gott siðferði, nákvæmlega eins og siðferði er eign fyrirtækja og alveg sérstaklega einstaklinga, heiðarleiki einstaklings er eign og eyðist ekki.

Þess vegna er mikilvægt að við höfum góða siði í atvinnulífinu og þeir sem gæta þess eru Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið. Þess vegna höfum við Fjármálaeftirlitið. Það kemur ekki fram í þessu frumvarpi og ekki heldur í framsögu hæstv. ráðherra hvers vegna við erum með fjármálaeftirlit yfirleitt en það er mjög nauðsynlegt að menn rifji það upp öðru hverju.

Til að viðhalda góðum siðum þurfa úrskurðir eftirlitsstofnana að vera nákvæmir, skýrir og hraðir. Það þýðir ekkert að koma níu árum seinna og segja við tryggingafélögin að þau hafi gert eitthvað rangt. Allan tímann hafa menn verið í vafa um hvað megi gera, hvað sé rétt og hvað sé rangt. Úrskurðir þurfa að vera hraðir en þeir þurfa sérstaklega að vera skýrir og það hefur mér fundist skorta á. Stundum les maður þessa úrskurði og veit ekki almennilega hvað þessi íslenska þýðir. Við þurfum að byggja upp kerfi sem er bæði hratt og skýrt og viðheldur góðum siðum

þannig að atvinnulífið viti hvað má og hvað má ekki hverju sinni.

Nú hefur í kjölfar altækra aðgerða og aukins frelsis í atvinnulífinu orðið gífurleg aukning sérstaklega á fjármálastarfseminni og þar eru menn að fara út á nýjar brautir á ótal mörgum sviðum, frú forseti. Alls staðar þurfa menn leiðbeiningar um hvað má og hvað má ekki, nýjar leiðbeiningar á nýju sviði í nýju landi. Þess vegna er mjög mikilvægt að efla Fjármálaeftirlitið. Ég er viss um að það er vilji til þess í öllu atvinnulífinu að Fjármálaeftirlitið verði eflt til að menn viti nákvæmlega hvað má og hvað má ekki, til að bankarnir viti t.d. hvernig er með gagnkvæmt eignarhald, hvernig er með eignarhald fyrirtækja hvers í öðru, hvernig er með útrásarfyrirtæki, hvernig er með veðhæfni hlutafjár sem er kannski í 2. eða 3. lið. Allt eru þetta spurningar sem þarf að svara vegna þess að menn eru að fara inn á nýja braut.

Ég mun sem formaður hv. efnahags- og viðskiptanefndar skoða þann möguleika að efla Fjármálaeftirlitið enn frekar og að það verði hvatt til skýrari og hraðari vinnslu úrskurða. Ég mun kanna hvort atvinnulífið sé ekki sátt við það að svo sé gert, því að það er gamaldags misskilningur að halda að atvinnulíf gangi út á svik og pretti. Atvinnulíf gengur út á heiðarleika og sanngirni. Það er útilokað að reka atvinnulíf nema menn séu með ákveðnar reglur í huga og starfi samkvæmt heiðarleika og sanngirni. Það sem atvinnulíf þarf fyrst og fremst eru skýrar reglur, hvað megum við og hvað megum við ekki, og það þarf að fá hraða úrskurði í ágreiningsmálum. Þess vegna styð ég þetta frumvarp og ég mun leggja til að það verði gert enn betur.

[15:03]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir viðbrögð hv. þingmanns og nefndarformanns og tek eindregið undir orð hans um heiðarleika, sanngirni og siðferði í atvinnulífinu, mikilvægi þeirra þátta og um viðhorf forustumanna atvinnulífsins í því efni sem ég þekki sjálfur og er allt saman hárrétt í orðum hv. þingmanns.

Ég tek líka undir og fagna orðum hans um skýrleika og tímanleika úrskurða sem er mjög mikilvægt atriði í þessu sambandi. Ég tek undir það sem hann sagði og þakka undirtektir hans að öðru leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Álbræðsla á Grundartanga, 1. umr.*

Stjfrv., 93. mál (tekjuskattur á arð o.fl.). — Þskj. 93.

[15:04]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum. Frumvarp þetta er nú lagt fram að nýju þar sem ekki náðist að afgreiða það á síðasta þingi.

Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1. júní 2005 kemur fram það mat stofnunarinnar að íslenskum stjórnvöldum beri að grípa til viðeigandi aðgerða til að gæta þess að samningar við Norðurál ehf. feli ekki í sér óeðlilega mismunun á ríkisstyrkjum til aðila. Stofnunin taldi að breytinga væri þörf bæði á fjárfestingarsamningi íslenskra stjórnvalda og Norðuráls ehf. sem og á lögum nr. 62/1997. Í ljósi þessa úrskurðar er í a-lið 2. gr. frumvarpsins lagt til að felldur verði niður b-liður 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna sem fjallar um álagningu fjármagnstekjuskatts á arð.

Í gildandi lagaákvæði er kveðið á um að 5% tekjuskattur skuli lagður á arð sem greiddur er hluthöfum í félögunum að því tilskildu að þeir séu búsettir í OECD-ríki og að 25% af hlutafé í félaginu séu í eigu hluthafans á skattaári fyrir greiðslu arðs. Hér eiga því ekki, samkvæmt þessari tillögu nú, að gilda áfram sérstök sérákvæði, heldur almennar íslenskar lagareglur.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið kom í kjölfar samningaviðræðna um stækkun Norðuráls fram ósk frá fulltrúum fyrirtækisins um breytingar á samningi sem kallar á breytingar á lögunum. Annars vegar er um að ræða breytingu á tilgreiningu á rekstrarformi en Norðurál er nú einkahlutafélag en ekki hlutafélag. Er þessi breyting lögð til í 1. gr. frumvarpsins. Hins vegar er lagt til að lögunum verði breytt til samræmis við ákvæði laga um álverksmiðju í Reyðarfirði en þar er kveðið á um að félagið skuli undanþegið breytingum sem kunna að verða á skattlagningarákvæði um frádrátt vaxtakostnaðar.

Með þessari breytingu er aðstaða félaganna jöfnuð hvað þetta varðar. Breytingin er lögð til í b-lið 2. gr. frumvarpsins.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki frekari orð um frumvarpið og legg til að því verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[15:07]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki vel að mér í sértækum aðgerðum sem settar hafa verið í lög vegna stóriðjufyrirtækja og ég skil kannski ekki þetta frumvarp vel, er ekki vel heima í þeim atriðum sem það fjallar um. En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort með frumvarpinu sé verið að breyta þeim ákvæðum sem hingað til hafa gilt um skattgreiðslu Norðuráls og hvort verið sé að færa almennt skattgreiðslu fyrirtækisins til sama vegar og gildir um önnur fyrirtæki í landinu. Ef svo er sýnist mér engu að síður að standa eigi vörð um einhver ákvæði varðandi frádrátt vaxtakostnaðar í lögum um tekjuskatt og þar virðist vera að eigi að halda áfram úti einhvers konar sérákvæðum sem eiga að gilda um Norðurál. Ég spyr: Ef þetta er til þess að koma Norðuráli inn í almennt skattumhverfi, af hverju er það þá ekki gert að öllu leyti? Hvers vegna er skrefið þá ekki stigið til fulls?

Í öðru lagi langar mig að vita hvernig þetta er hvað varðar skattaívilnanir álfyrirtækisins í Straumsvík. Er það orðið sambærilegt við það sem hér er verið að fara fram á varðandi Norðurál?

[15:09]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um er að ræða jöfnun milli þessara fyrir-

tækja og samræmingu á þessum ákvæðum. Um er að ræða samræmingu við almennt skattumhverfi að öðru leyti en því að við erum bundin af skuldbindandi samningum sem snerta þennan vaxtaþátt.

[15:09]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra svörin. Mér sýnist að eftir áralangar sértækar aðgerðir í þágu stóriðjunnar heyri þær nú sögunni til. Ég fagna því þó að þetta ákvæði sé inni áfram varðandi frádrátt vaxtakostnaðar. Eins og ég segi þekki ég ekki til þeirra laga það vel að ég viti nákvæmlega hvað það felur í sér.

Auðvitað hlýtur það að vera takmark okkar að almennt búi fyrirtæki við sömu kjör og að um þau gildi sömu lög hvað varðar skatta og annað það er lýtur að kröfum og skyldum. Hér sýnist mér að verið sé að stíga skref í átt til þess sem við hv. þm. Pétur H. Blöndal vorum að ræða áðan, að auðvitað eigi almennt skattumhverfi að eiga við sem flesta þó svo að hægt sé að fella sig við tímabundin sérákvæði á sumum sviðum.

[15:10]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég ætlaði svo sem ekki að halda ræðu núna en mér finnst ástæða til þess vegna þeirra orðaskipta sem hafa orðið hérna í dag. Það er sem sagt verið að segja, og hæstv. ráðherra hefur sagt það áður, að engar sérreglur gildi um þessa starfsemi hvað varðar skattálögur. Þó fylgir það að samt sem áður séu sérreglur hvað varðar vaxtaþáttinn sem er þá örugglega, þótt ég hafi ekki skoðað það nákvæmlega, til þess að fyrirtækin geti nýtt sér afslátt af sköttum vegna vaxtakostnaðar. Þar fyrir utan eru þessi fyrirtæki, eftir því sem ég man best, með allt öðruvísi álögur vegna fasteignaskatta en önnur fyrirtæki í landinu. Ég vil að því sé haldið til haga að það er alls ekki búið að koma þessum fyrirtækjum inn í það skattumhverfi sem önnur fyrirtæki landsins eru í þó að það hafi verið gert hvað þennan þátt varðar.

[15:12]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í tilefni orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, verð ég að viðurkenna að það renna á mig tvær grímur. Ég tel að við þurfum að fá að vita það við þessa umræðu hvort verið sé að búa Norðuráli sama skattumhverfi og fyrirtækjum almennt er búið hér á landi. Það var á hæstv. ráðherra að skilja í andsvari við mig áðan að svo væri, en nú kemur hv. þm. Jóhann Ársælsson með ábendingar um að svo þurfi ekki að vera eða sé mögulega ekki varðandi t.d. álögur fasteignagjalda eða álögur að öðru leyti en sem varða t.d. tekjuskattinn.

Ég held líka að við þurfum að vita hvað það er sem er fólgið í þessum b-lið um ákvæði um frádrátt vaxtakostnaðar, þ.e. mér skilst að þar sé verið að festa í lög einhvers konar undanþágu fyrir þetta fyrirtæki, að vaxtakostnaðurinn sem þetta fyrirtæki ber sé undanþeginn lögum um tekjuskatt sem mér sýnist þá að séu einhverjar ívilnanir. Ég held að við þurfum líka að vita hversu miklar ívilnanir það eru sem kæmu í gegnum þennan b-lið.

Síðan held ég að það sé líka mikilvægt að við fáum að vita það, og auðvitað eru þetta atriði sem iðnaðarnefnd, þegar hún fer að fjalla um málið, kemur til með að spyrja eftir, á hvern hátt þessi ákvæði sem hér um ræðir eru í tilfelli Fjarðaáls. Við munum það öll sem fórum í gegnum þá umræðu á Alþingi árin 2003–2004, þegar verið var að koma á lögunum um þá álverksmiðju, að eitt af því sem við þá ræddum voru einmitt ívilnanir, sértækar ívilnanir, fyrir það fyrirtæki. Ég minnist þess ekki að það hafi komið hér inn til okkar einhver ákvæði sem aflétti þeim ívilnunum. Þá kemur upp þessi spurning: Er það nýja fyrirtæki á þessum vettvangi álbræðslu með eitthvert sérstakt skattumhverfi sín fyrstu ár? Og hvað á það þá að vara lengi? Er gert ráð fyrir að það vari jafnlengi og sértæku aðgerðirnar hafa varað fyrir Norðurál og fyrir Alcan í Straumsvík?

Hér þurfum við skýrari svör. Ég held að Alþingi þurfi að fá að heyra það frá hæstv. ráðherra hvort verið sé að búa álfyrirtækjunum sömu umgjörð með tilliti til skattalöggjafar og önnur fyrirtæki þurfa að búa við eða ekki. Þá verður öll skattalöggjöf að vera þar undir í svarinu, fasteignagjöldin sömuleiðis.

Eins og ég segi hef ég ákveðnar efasemdir sem ég held að við þurfum að fá á hreint og hreinsa áður en 1. umr. um þetta mál lýkur.

[15:15]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins árétta að svar mitt áðan fjallaði aðeins um þetta frumvarp, þau ákvæði sem í frumvarpinu eru. Það eru ýmis sérákvæði bæði um framleiðslugjöld og ýmislegt fleira. Sum sérákvæði eru ívilnandi. Önnur eru einfaldlega vegna sérstöðu rekstrarins. En á þetta frumvarp má líta sem áfanga eða þrep eða eitt skref í þá átt að jafna á milli og samræma. En um mörg önnur atriði er að ræða alveg eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson tók réttilega fram.

[15:15]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta andsvar hæstv. ráðherra hreinsar þá þann misskilning út úr umræðunni sem mér fannst nú gæta að loknum orðaskiptum okkar áðan. Það er sem sagt ljóst að enn býr þetta fyrirtæki, Norðurál efh., við sértækar aðgerðir í skattamálum. Þar með geng ég út frá því sem vísu að menn hugsi sér að halda áfram þeim ívilnunum sem við höfum samþykkt á Alþingi varðandi Fjarðaál og þá efalaust líka varðandi Alcan.

Ég vil segja að hæstv. iðnaðarráðherra þarf að tala hér aðeins skýrar og segja þingheimi hvort til sé einhver stefna yfir höfuð í þessum málum. Hann talar hér um eitt lítið skref í áttina. Í áttina að hverju? Ætlar þessi ríkisstjórn að sjá til þess að stóriðjufyrirtækjunum verði gert skylt að búa við sama skattumhverfi að öllu leyti og önnur fyrirtæki á Íslandi þurfa eða ætlar þessi ríkisstjórn ekki að sinna þessu að neinu öðru leyti en því sem hér um ræðir?

Hvað er hér verið að gera? Jú, hér er verið að leiðrétta vegna þess að þessi ríkisstjórn var skömmuð af Eftirlitsstofnun EFTA, ha! En bara varðandi eitt einstakt afmarkað atriði. Þá er auðvitað ekki snert við neinu öðru, heldur bara leiðrétt það einstaka atriði sem skammir ESA vörðuðu.

Þetta ber allt að sama brunni. Þessi ríkisstjórn ætlar sér ekki að tryggja samræmt skattumhverfi fyrirtækja. Hún ætlar sér að viðhalda þeim sérkjörum sem stóriðjan hefur búið við á Íslandi.

[15:17]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún stefni að því með almennum aðgerðum að þroska svo viðskipta- og skattumhverfið á Íslandi að það sé samkeppnishæft á sem allra flestum sviðum og með sem allra bestum og glæsilegustum hætti. Þess vegna er það viðhorf hennar að stefna að því að úr sértækum aðgerðum, sem hér voru ræddar líka áður undir fyrra dagskrárlið, dragi og að þær hverfi smám saman.

En við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að við erum bundin af gildandi skuldbindingum í viðskiptalegum samningum að sjálfsögðu og fjárhagslegum samningum og verðum alltaf að geta gripið til aðgerða ef við teljum sérstakar ástæður til, samanber það sem rætt var undir síðasta dagskrárlið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 1. umr.*

Stjfrv., 279. mál (hlutverk og starfsemi sjóðsins). — Þskj. 292.

[15:18]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum. Það er á þingskjali 292, 279 mál.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun og frumvarpi til laga um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð. Með því er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tengdur við stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Tilefni þessa frumvarps er einnig að tryggja að hið aukna fjármagn sem lagt var til sjóðsins með lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2005 verði nýtt í samræmi við áherslur yfirvalda í málefnum nýsköpunar- og atvinnuþróunar. Samkvæmt þeim lögum fær sjóðurinn 1.500 millj. kr. viðbótarframlag á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum enda nemi eignarhlutur annarra en Nýsköpunarsjóðs í slíkum sjóði að minnsta kosti. 50%.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Frumvarp þetta er að mestu efnislega samhljóða því frumvarpi en þó hafa þær breytingar verið gerðar að nú er lagt til að einungis þurfi að leita samþykkis iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra ef Nýsköpunarsjóður hyggst fjárfesta í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum með fjármagni sem á rætur að rekja til söluandvirðis Landssíma Íslands, samanber áðurnefnd lög nr. 133/2005, í öðrum tilvikum þurfi ekki samþykki ráðherranna. Í frumvarpinu sem lagt var fram í vor var lagt til að sjóðurinn skyldi ætíð leita samþykkis ráðherra vegna slíkra fjárfestinga óháð því hvort fjármagnið ætti rætur að rekja til söluandvirðis Landssímans eður ei.

Einnig er nú lagt til að sérstakt refsiákvæði í lögunum verði fellt brott. Er það gert til að gæta samræmis við ákvæði laga um aðrar ríkisstofnanir og um refsinæmi fer þá eftir almennum hegningarlögum.

Helstu breytingar á gildandi rétti sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu eru sem hér segir:

Í fyrsta lagi mun Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins að meginstefnu til einungis taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Sjóðurinn mun veita lán og ábyrgðir í tilteknum tilfellum, samanber 8. gr. frumvarpsins. Sjóðurinn mun ekki veita styrki eins og heimild er fyrir samkvæmt gildandi lögum. Kveðið er á um að Nýsköpunarsjóður skuli taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs í störfum sínum.

Í öðru lagi er kveðið á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, samanber 5. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Kveðið er á um að leita þurfi samþykkis iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra hyggist Nýsköpunarsjóður fjárfesta í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum með fjármagni sem á rætur að rekja til söluandvirðis Landssíma Íslands, í öðrum tilvikum þurfi ekki samþykki ráðherra.

Í þriðja lagi segir að ekki skuli skipa stjórnarmann til lengri tíma en fimm ára. Stjórnin skal setja sér reglur um sjónarmið við mat á fjárfestingartækifærum og umsóknum um lán og ábyrgðir sem ráðherra staðfestir. Áréttað er að ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs séu endanlegar á stjórnsýslustigi.

Í fjórða lagi er í frumvarpi þessu er lagt til að eigið fé Nýsköpunarsjóðs sé að lágmarki 3.000 millj. kr., sem muni taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Eigið fé, sem ekki er bundið í fjárfestingarverkefnum eða lánum, skal ávaxta í samræmi við fjárfestingarstefnu sem kveðið verður á um í reglugerð og starfsreglum stjórnar. Skylda er lögð á Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins að útvista ávöxtun framangreinds eigin fjár.

Í fimmta lagi eru ákvæði um tryggingardeild útflutnings, sem verið hefur sérstök deild innan Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, felld niður. Í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að tryggingardeild útflutnings verði vistuð innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Í sjötta lagi er vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins lögð niður. Eigið fé hennar verður hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða.

Í sjöunda lagi er kveðið á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu.

Í áttunda lagi er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið muni

ekki hafa eftirlit með lögunum, eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Talið er fullnægjandi að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með reikningum sjóðsins og hvernig hún ver eignum sínum.

Í níunda lagi er lagt til að ákvæði um refsinæmi brota gegn lögunum verði fellt brott.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

[15:24]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að ræða nokkur atriði við hæstv. ráðherra varðandi þetta frumvarp. Það tengdist réttilega, eins og hann kom inn á áðan, frumvarpinu sem við munum ræða hér á eftir um hina svokölluðu Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Ég sé hérna að ein af helstu breytingunum í fyrsta lið við þessi lög um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er að sjóðurinn muni ekki veita styrki eins og heimild er fyrir samkvæmt gildandi lögum. En það er þannig, virðulegi forseti, að sprotafyrirtæki, fyrirtæki sem eru að hefja vöruþróun og nýsköpun, þurfa talsvert langan tíma áður en varan fer að skila arði. Við höfum lýst yfir áhyggjum hvað þessi mál varðar hér á landi vegna þess að það er allt of lítill stuðningur til þessara fyrirtækja á þeim tíma sem þau eru að byggja sig upp hér á landi. Því er hætt við að við missum þau burt.

Þá kom fram í umræðum innan iðnaðarnefndar á síðasta ári þegar við ræddum hina svokölluðu Nýsköpunarmiðstöð Íslands, að vakin var athygli okkar á því að úthlutanir Tækniþróunarsjóðs til sprotafyrirtækja væru eingöngu um 16% af öllum úthlutunum á meðan 84% færu til rannsóknastofnana ríkisins og háskólanna.

Ef fella á út styrkina þarna, ef þetta er staðreynd varðandi úthlutanir Tækniþróunarsjóðs þá erum við í verulegum vanda hvað varðar sprotafyrirtækin og þurfum að fara að mæta þeim með öflugum hætti. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji koma til greina að fara þá leið sem til dæmis Norðmenn hafa farið og fleiri ríki, að endurgreiða hluta af þróunarkostnaði þessara fyrirtækja meðan þau eru í uppbyggingu.

[15:26]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Rétt er að geta þess að þarna er gert ráð fyrir því að ábyrgðir og lán geti komið í staðinn fyrir styrki og ekki síður bein fjárfestingaraðild að fyrirtækjunum. Hins vegar er spurning hv. þingmanns mjög gild.

Meðan ég starfaði í Vísinda- og tækniráði fjölluðum við mjög mikið einmitt um þessi viðfangsefni og hvernig við getum staðist bæði samkeppni og samanburð við nágrannalöndin og náð því að standa eins vel að þessum þróunar- og nýsköpunarmálum og við vildum. Öll þurfa þessi atriði að vera stöðugt í athugun. Atriðið hv. þingmaður nefndi eins og öll önnur.

[15:28]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að samkvæmt báðum þessum frumvörpum sé verið að þrengja verulega, að fækka í raun úrræðum sem ríkið hefur á sínum höndum. Það er verið að draga úr stuðningi við þessi fyrirtæki samkvæmt því hvernig þessi frumvörp liggja hér fyrir.

Ég vil lýsa yfir áhyggjum mínum af því vegna þess að til þarf að koma mun fjölbreyttari stuðningur við þessi sprotafyrirtæki heldur en lagt er upp með í þessum tveimur frumvörpum. Þetta er nokkuð sem við verðum að skoða mjög vel. Það nægir mér ekki að heyra hæstv. ráðherra segja að þetta sé til stöðugrar endurskoðunar vegna þess að það hefur aldrei verið brýnna en einmitt nú að koma með öflugan stuðning til handa þessum sprotafyrirtækjum vegna þess að við þurfum að fara að byggja upp hér miklu fjölbreyttara atvinnulíf en við höfum gert hingað til.

Við eigum að setja fyrirtæki á sviði hátækni og nýsköpunar í öndvegi en ekki draga úr stuðningi við þau vegna þess að þær leiðir sem farnar eru hér með lánum og ábyrgðum henta ekki öllum þessum fyrirtækjum. Þær henta bara alls ekki öllum þessum fyrirtækjum. Mörg þeirra eru það lítil. Á upphafsstigi þurfa þau miklu frekar styrki og annars konar stuðning heldur en lán eða ábyrgðir eða beinar fjárfestingar af hálfu sjóða á vegum ríkisins.

Þess vegna vil ég í þessari umræðu brýna menn í þá átt að leggja til fjölbreyttari stuðning við sprotafyrirtækin. Mér finnst við þurfa að skoða betur þær leiðir sem farnar eru annars staðar og vil halda mjög á lofti þeirri leið sem farin hefur verið að nota endurgreiðslur á þróunarkostnaði vegna þess að það er þessum fyrirtækjum gríðarlega mikilvægt.

Ég hef áhyggjur af framboði á þolinmóðu fjármagni fyrir þessi fyrirtæki sem tekur 10—15 ár að byggja sig upp. Þau þurfa fyrst og fremst þolinmótt fjármagn og alvöru stuðning. Ríkisvaldið styður margs konar atvinnuvegi, til dæmis stóriðju. Við eigum að beina stuðningi að þessum fyrirtækjum fyrst og fremst.

[15:30]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þingmaður sagði. Við metum mikilvægi styrkja ekki eins en endurgreiðslur þróunar- og rannsóknarkostnaður eru t.d. eitt úrræði sem mjög hefur verið til skoðunar. En það er rétt að hafa í huga að verið er að efla og styrkja þessa sjóði um allan helming ár eftir ár, það er mjög mikilvægt að hafa það í huga. Það er líka mjög mikilvægt að hafa það í huga að styrkjaleiðin er ekki alltaf heppileg eða æskileg leið í þessum efnum heldur getur verið miklu eðlilegra að fara ábyrgðaleið og treysta á bankakerfið sem hefur vaxið óðfluga hjá okkur og er orðið miklu öflugra en það áður var. Við verðum að skoða þessa hluti í því samhengi líka.

[15:31]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Andsvar mitt lýtur að svipuðum hlutum og hér voru tilefni orðaskipta. Ég hef reynt að átta mig á hvernig verkaskipting eigi að vera milli aðila í þessum efnum og kannski einkum og sér í lagi milli Nýsköpunarsjóðs annars vegar og leifanna af Byggðastofnun, Byggðasjóði, hins vegar. Samkvæmt því sem greinir í frumvarpinu á Nýsköpunarsjóður, fyrir utan meginhlutverk sitt eins og ég hef

skilið það vera, einfaldlega að leggja hlutafé í nýsköpunarfyrirtæki, vera samstarfsaðili frumkvöðla og þeirra sem eru að reyna að koma á fót eða efla fyrirtæki, með því að vera meðeigandi þeirra um skeið og draga sig síðan út úr fyrirtækinu þegar það hefur náð nokkrum þroska. Þá á Nýsköpunarsjóður að geta veitt lán og ábyrgðir og það vakti sérstaka athygli mína að Nýsköpunarsjóður á að verða að einhverju leyti að lánasjóði og geta veitt ábyrgðir á lán. Hins vegar á að loka Byggðasjóði sem lánasjóði, hann á bara að geta veitt ábyrgðir. Hvorugur þessara aðila á að geta veitt styrki.

Nú bið ég hæstv. iðnaðarráðherra að vera svo vinsamlegan og reyna að útskýra aðeins fyrir mér og öðrum rökin fyrir þessu. Hver eru rökin, vísindin á bak við það að halaklippa Byggðasjóð og Byggðastofnun með þeim hætti sem raun er á eða á að verða og loka Byggðasjóði sem lánasjóði — hvað þá að taka af honum heimildir til styrkja sem hann hefur að vísu sáralítið getað notað undanfarin ár vegna fjárleysis — og skilja eftir hjá honum eitthvert ábyrgðarhlutverk en víkka í raun og veru út starfsemi Nýsköpunarsjóðs, án nokkurrar byggðaskilgreiningar, til þess að vera til viðbótar því að vera fjárfestir líka (Forseti hringir.) lánasjóður og ábyrgðaveitandi?

[15:33]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við komum hér að mjög stóru máli sem ég veit ekki hvort ég næ að komast yfir á þeim tíma sem ég hef. Litið er svo á að Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og síðan sjálfstæðir fjárfestar myndi nokkurs konar keðju. Unnið hefur verið að því á undanförnum árum að efla þessa sjóði sem mest en ég viðurkenni, eins og fram kemur í gögnum frá Vísinda- og tækniráði, að það hefur ekki verið vandalaust að finna rétt samræmi á milli einstakra stofnana þarna og öllum er kunnugt að það hefur verið vandamál með þolinmótt fjármagn.

Ég er ekki sammála því að við séum að halaklippa þessar stofnanir, við erum þvert á móti að efla þær mjög ár frá ári. Það má segja sem svo að þessi breyting varðandi styrki sé annars vegar ályktun af fenginni reynslu að það er ekki heppileg leið og hins vegar viðbragð við þeirri ánægjulegu þróun sem hefur orðið í bankakerfinu að auki, því að bankarnir hafa komið miklu meira til sögu í lánveitingum til atvinnulífsins yfirleitt, m.a. úti um landið.

[15:34]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er sjálfsagt mál að ræða þetta betur við iðnaðarráðherra í næsta dagskrármáli, þá höfum við rýmri ræðutíma en hér í andsvörum, en ég var litlu nær af þessu svari, satt best að segja. Ég sé ekki alveg rökin fyrir þessu, átta mig ekki alveg á því af hverju þessi leið er farin. Af hverju má Byggðasjóður ekki vera lánasjóður áfram, grunnlánasjóður með skýrt skilgreint byggðahlutverk? Og talandi um bankakerfið og að vísa á það þá skyldi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og yfirmaður bankamála tala varlega. Voru það ekki bankarnir sem lögðu af stað með húsnæðislánin sín þannig að þau áttu ekki að gilda úti á landi? Voru ekki ákveðin skilaboð fólgin í þeim? Þeir voru að vísu lamdir til baka með það en ætli hugarfarið hafi mikið breyst?

Það þekkja allir sem reyna að standa í nýsköpun atvinnulífs úti um landið hvers konar reginbarningur það er að fá bréfin svo mikið sem opnuð ef póstnúmerið er eitthvert annað en hundrað og eitthvað. Það er bara þannig, þetta vita allir. Þess vegna spyr maður sig að því: Eru menn gegn betri vitund eða eru menn svona illa upplýstir að ýta niður þessum veikburða tilburðum sem uppi hafa verið til að framfylgja einhverri virkri byggðastefnu á Íslandi?

Ég hef alveg gríðarlegar efasemdir um að við getum spornað eitthvað við byggðaröskun, hvað þá náð byggðajafnvægi í landinu með miklu minni og máttlausari tækjum en löndin í kringum okkur hafa, þar á meðal styrkveitingum. Hvernig er þetta innan Evrópusambandsins? Er ekki hið viðurkennda regluverk Evrópusambandsins í byggðamálum þannig að á skilgreindum þróunarsvæðum má veita margs konar styrki og ívilnanir eða niðurfellingar? Eru ekki stofnstyrkir í gangi, allt upp í 30–40% af grunnfjárfestingum í ýmiss konar atvinnuuppbyggingu, þegar kemur út á hin viðurkenndu þróunarsvæði í byggðamálum? En hér uppi á Íslandi þar sem byggðaröskun hefur verið meiri en annars staðar í Evrópu, þar sem þó hefur ekki brostið á styrjöld, (Forseti hringir.) á að hafa minni og fátæklegri tæki í höndum stjórnvalda í þessum efnum en eiginlega í nokkru öðru landi.

[15:37]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svolítið erfitt að ræða málið þegar farið er svona úr einu í annað. Á dagskrá er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og við skulum þá frekar ræða um Byggðasjóð á eftir. En ég vil vekja athygli á því að að sjálfsögðu getur þjónusta þessara sjóða og stuðningsstofnana dugað um allt land. Það er alls ekki svo að verið sé að afgreiða það sérstaklega í því frumvarpi sem hér er til umræðu, það á hins vegar við um nýsköpunarmiðstöðina, kaflann sem fjallar um Byggðasjóð.

[15:37]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum hér fyrirhugaðar breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Ég verð að endurtaka þá skoðun mína sem ég hef margoft sagt að ég hef enga trú á því að opinberir starfsmenn geti stundað nýsköpun. (**Gripið fram í:** Af hverju?) Vegna þess að menn sækja í starf hjá ríkinu til þess að leita öryggis, það er meira öryggi hjá ríkinu en úti á hinum almenna markaði og nýsköpun er í eðli sínu áhætta. Ég hef enga trú á því enda hefur sagan kennt okkur það. Þeir fjármunir sem settir hafa verið í opinbera nýsköpun hafa allir gufað upp og munu allir gufa upp. Þessi ofurtrú á ríkið, að það geti gert eitt og annað, held ég að sé ekki á réttum stað.

Nýsköpun er í eðli sínu þannig að einhver aðili, yfirleitt einstaklingur, vill gera eitthvað sniðugt, honum dettur eitthvað í hug og hann er vakandi og sofandi að koma því í framkvæmd. Við gerum honum hins vegar afskaplega erfitt fyrir, frú forseti. Hann þarf fyrst að stofna hlutafélag til að takmarka áhættu sína og fjölskyldu sinnar og fyrir það lát-

um við hann borga, það er skattur á nýsköpun. Gjaldið fyrir stofnun hlutafélaga er skattur á nýsköpun, því að það er mikill hagnaður af þeirri starfsemi fyrir ríkið. Þetta mætti lækka að ósekju.

Þegar þessi einstaklingur byrjar að starfa hellast yfir hann eftirlitsnefndir, heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit, jafnréttiseftirlit og ég veit ekki hvað og hvað. (**Gripið fram í:** Allt sem þú hefur samþykkt.) Já, já. Allt er þetta kostnaður, maðurinn byrjar á því að borga alls konar kostnað áður en hann sér nokkra von til þess að hafa tekjur af starfseminni. (Gripið fram í.) Þetta mundi ég vilja takmarka.

Varðandi frammíköllin hérna, frú forseti, þá vill svo til að ég hef sjálfur stundað nýsköpun. Ég stofnaði einu sinni fyrirtæki sem nú er orðið stærsta fyrirtæki Íslands. (**Gripið fram í:** Og flúðir í öryggið.) Nei, ég elti skattana mína.

Þetta mætti laga. Svo vinnur maðurinn hjá fyrirtækinu, nánast alltaf kauplaust af því að það eru engar tekjur af því, þá er honum reiknað endurgjald samkvæmt skattalögum. Þetta mætti líka laga, t.d. með því að ríkið leyfði honum að skulda þennan skatt eða fyrirtækinu og ef vel gengur borgi hann skattinn en ef illa gengur þá borgi hann ekki skatt af launanum sem hann aldrei fékk. Í dag þarf hann að borga skattinn þótt hann sé ekki búinn að sjá launin og sjái þau kannski aldrei.

Við erum með alls konar kvaðir á nýsköpun og það er ekkert verið að breyta því. Menn eru ekki að breyta almennum aðstæðum nýsköpunar, ég mundi vilja að menn gerðu það. Menn eru með alls konar styrki til nýsköpunar, nýsköpunarsjóði og nýsköpunarnefndir og ég veit ekki hvað það heitir allt saman sem búið er að byggja í kringum þetta. Og allt þetta hefur ekki gefið neitt, bara tap.

Svo á ráðherra að taka ákvörðun um bisness samkvæmt þessu frumvarpi, sjálfur ráðherrann er sem sagt kominn í hörkubisness í nýsköpun. Ég veit að það er áhætta að vera ráðherra, menn geta misst starfið af því að nýr meiri hluti verður á Alþingi eða eitthvað svoleiðis eða prófkjörin fara illa. Ég hugsa að þingmenn séu yfirleitt áhættuglaðir menn (**Gripið fram í:** Framsóknarmenn.) þannig að kannski eru ráðherrar færir til þess að taka ákvörðun um nýsköpun. En þeir standa og falla ekki með henni, það er vandinn.

Sá sem stendur í nýsköpuninni, uppfinningamaðurinn eða frumkvöðullinn, stendur og fellur með sinni nýsköpun. Hann er vakandi og sofandi, hann vakir á nóttunni við að finna lausnir á vandamálum sem upp koma, þar á meðal að greiða skatt af launum sem hann hefur ekki fengið.

Af fenginni reynslu, þar sem ríkið hefur verið að tapa á nýsköpun endalaust, þá er sett inn í 7. gr. ákvæði um að eigið fé skuli vera 3 milljarðar hvernig sem fer, 3 milljarðar eiga að vera verðtryggðir. Hvað þýðir þetta á íslensku? Þessa peninga þarf að leggja fyrir hjá ríkinu. Það er enginn annar aðili sem tryggir stjórninni aðra eins ávöxtun að hún sé stikkfrí og skotheld. Þetta þarf að vera með ríkisávöxtun, það er eina ávöxtunin sem er 100% örugg. Stjórnin verður samkvæmt greininni að viðhalda peningunum, samkvæmt lögunum á hún að viðhalda peningunum. Hún verður því að leggja þá fyrir hjá ríkinu. Ríkið ætlar sem sagt að fá þá peninga lánaða sem það leggur fram, yndislegt. Það sem Nýsköpunarsjóður hefur til ráðstöfunar eru vextir af þessum peningum og af því að þetta er ríkistryggt og verður að vera ríkistryggt, stjórnin mun ekki þora neitt annað, þá eru þetta u.þ.b. 150 milljónir. Af hverju í ósköpunum leggja menn bara ekki 150 milljónir á ári í þessu vitleysu í staðinn fyrir að gera þetta svona?

Menn eru að fara frá ýmsu sem hefur verið í gangi í þessu, eins og t.d. tryggingardeild útflutnings. Í flestum löndum er það á vegum einkaaðila að tryggja útflutning. Bankarnir hafa séð um þetta, sérhönnuð fyrirtæki sjá um þetta víða úti í heimi. Hér fór ríkið út í þetta og gafst eflaust illa. Svo var líka lögð niður vöruþróunar- og markaðsdeild. Það er ýmislegt jákvætt að gerast, ég segi það ekki, menn eru að læra pínulítið af reynslunni þó að þeir hafi ekki enn þá uppgötvað að ríkið eigi ekki að standa í nýsköpun. Sjóðurinn hættir að veita lán og ábyrgðir, það er ágætt, hann ætlar að taka þátt í bisnessnum með öðrum og ekki meira en 50%.

Ég held að menn ættu að hætta þessu alveg, standa ekki í slíku. Það ætti að skoða hvort ekki mætti búa til almennar reglur sem styðja nýsköpun, t.d. að menn þurfi ekki að borga reiknað endurgjald af nýsköpun, að allur reglugerðarkostnaðurinn við það sé lánaður, að ekki þurfi að borga hann fyrr en viðkomandi rekstur fer að bera sig. Hugsanlega mætti lækka gjald á stofnun fyrirtækja, lækka það niður í kostnaðarverð eins og það er víðast í heiminum. Ég held að það kosti 70 dollara í Bandaríkjunum að stofna nýtt fyrirtæki og það tekur tvo klukkutíma frá byrjun ferils til enda. Hér er þetta mikil aðgerð. Við ættum að taka upp mikla einföldun, gera stofnun hlutafélaga miklu einfaldari og liprari og láta það bara kosta eins og það kostar, svona 5–7 þús. kr. Við ættum að reyna að skoða hvort við getum ekki aðstoðað frumkvöðlana og uppfinningamennina þannig að ríkið sé ekki að lesta þá í byrjun.

Það er nefnilega heilmikil frumkvöðlahefð með þjóðinni, íslensk þjóð virðist hafa óskaplega mikið frumkvæði. Ég held að við ættum að styðja það með öðrum hætti en að láta opinbera starfsmenn taka þátt í stofnun hlutafélaga. Bankakerfið á að sjá um það með lánveitingum, áhættuglaðir einstaklingar sem vilja hætta fé sínu eiga að gera það. Til þess þarf að skoða hvers vegna enginn vill fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Hæstv. ráðherra ætti að skoða hvernig á því stendur að þeir aðilar sem voru þó í sprotafyrirtækjum hér á landi fyrir 10–15 árum eru hættir því. Hann ætti að skoða það. Það er líklega vegna þess að flestir þeirra töpuðu nákvæmlega eins og ríkið. Sumir hafa reyndar staðið sig vel og sum fyrirtæki eru orðin óskaplega stór. Þetta er því ekki alslæmt. En ég hef enga trú á því að opinberir starfsmenn, sem eðli máls samkvæmt leita í öryggi, eru með örugg lífeyrisréttindi, mjög örugg sumir hverjir í B-deildinni, geti staðið í áhætturekstri eins og nýsköpun er og mun alltaf verða.

[15:47]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem í andsvar vegna þess að mér fannst þetta ákaflega undarleg ræða. Opinberir starfsmenn eiga ekki að taka þátt í nýsköpun, sagði hv. þingmaður. Þeir sem koma til með að stjórna þessu, þótt ekki ætli ég mér að hlaupa í vörn fyrir ríkisvaldið, velja verkefni sem frumkvöðlarnir hafa fundið upp. Þeir velja verkefni sem vantar

fjármagn í og eru ekki í samkeppni við þá sem ólmir vilja leggja peninga í slík verkefni. Auðvitað eru þeir sem eru áhættusæknir og hafa áhuga á að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi velkomnir í bransann. Það hefur bara vantað fjármagn inn í þetta. Ég verð að segja að mér fannst þetta dálítið undarleg ræða.

Ég geri ráð fyrir því að flestir frumkvöðlar í þessu landi telji að peninga vanti í nýsköpun, ekki bara lánsfé heldur líka áhættufé, þar sem einhverjir eru tilbúnir að leggja fjármuni fram með þeim, taka þátt í að fjármagna fyrirtæki sem frumkvöðlar vinna að að verði að veruleika.

Mér fannst mjög sérkennilegt hvernig hv. þingmaður lét að því liggja að þeir sem stjórnuðu svona sjóði gætu ekki gert það af því þeir væru opinberir starfsmenn og kynnu ekki að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi.

[15:49]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er einmitt meinið. Þeir sem velja verkefni hætta ekki til þess eigin fjármunum. Þeir hætta opinberu fé. Þeir taka enga áhættu sjálfir. Þeir halda launum sínum, lífeyrisréttindum og stöðu sinni óbreyttri þótt allt fari í kaldakol. Þetta er hættan við svona verkefni. Í því felst vandinn.

Ef menn hætta eigin fé þá er það í lagi. Þá eru þeir ábyrgir, vakandi og tiplandi á tánum og hugsa um hvernig megi bjarga rekstrinum þegar illa fer. En það gerist ekki með opinbert fé. Þeir menn eru búnir í vinnunni klukkan 5 og svo mæta þeir klukkan 9 daginn eftir og þá er fyrirtækið farið á hausinn.

Munurinn er sá að þegar menn hætta opinberu fé, fé sem hefur fengist með sölu á Landssímanum eða öðrum mörkuðum fjármunum sem ríkið á, þá taka menn ekki áhættu. Það breytist ekkert hjá þeim þótt peningarnir glatist. Ekki neitt. Það er þeim ekki einu sinni álitshnekkir.

Það er vandinn við að vera með opinbert fé í nýsköpun. Ég vildi frekar skora á hæstv. ráðherra og hans ráðuneyti að skoða leiðir, fara í gegnum ferlið að því að stofna fyrirtæki, hvernig menn fá allar eftirlitsnefndirnar yfir sig sem sumir úti á landi hafa sagt að skilji eftir sig sviðna jörð.

[15:51]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég er algerlega ósammála hv. þingmanni. Ég tel að opinberir starfsmenn gæti skyldna sinna eins og annað fólk í vinnu. Ég sé enga ástæðu til að halda að menn vilji ekki passa upp á fjármuni ríkisins sem eiga með þá að fara. Mér finnst sérkennilega til orða tekið af hv. þingmanni að það sé ekki einu sinni álitshnekkir ef menn fara illa með opinbert fé. Ja, því líkt og annað eins.

Auðvitað er þetta ekki svona. Ríkið hlýtur að þurfa að hlaupa undir bagga þegar einkaframtakið brestur þor og kjark. Þá verður ríkið að koma inn í. Það er gert með þessu. Hv. þingmaður mun auðvitað samþykkja þetta frumvarp eins og öll önnur frumvörp sem ríkisvaldið hefur sett í gegnum Alþingi á undanförnum árum. Hann hefur ævinlega stutt þessa ríkisstjórn þegar á þarf að herða.

[15:52]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil mótmæla síðustu fullyrðingu. Ég hef ekki alltaf stutt öll stjórnarfrumvörp. Það er langt í frá. (**JÁ:** Ætlarðu ekki að styðja þetta?) Það er ekki gefið. Ég hef ekki lýst yfir neinum stuðningi við þetta frumvarp. Heyrðu menn það? (**JBjarn:** Þú styður ríkisstjórnina) Að sjálfsögðu styð ég ríkisstjórnina og ég mun styðja fjárlagafrumvarpið. (Gripið fram í.) Ég mun styðja fjárlagafrumvarpið á grundvelli þess að ég styð ríkisstjórnina. Ég styð ríkisstjórnina til allra góðra verka. Hún hefur gert margt mjög gott eins og sést vel á atvinnulífinu, á hækkun launa og lækkun skatta. Þannig að ég get ekki annað en glaðst yfir starfi ríkisstjórnarinnar. En það er ekki þar með sagt að ég samþykki allt sem frá ríkisstjórninni kemur.

Varðandi þetta frumvarp, verð ég að segja við hv. þingmenn, þá tel ég að einkaaðilar eigi að fjárfesta í nýsköpun vegna þess að áhættan er mikil.

[15:53]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bað um orðið vegna þess að ég gat ekki stillt mig um að andmæla ýmsum fullyrðingum og fordómum í máli hv. þingmanns. Ég hélt um tíma að hann væri að skemmta og stríða en sannfærðist svo um að full meining var í orðum hv. þingmanns. Það sem ég kalla fordóma eru þær yfirlýsingar hans að opinberum starfsmönnum sé ekki treystandi og þeir sinni ekki nýsköpun. Ég hlýt að mótmæla því og annaðhvort er þetta vanþekking eða fordómar hjá hv. þingmanni.

Ég hlýt að andmæla því að opinberir starfsmenn sinni ekki störfum sínum lengur en til klukkan 5 og standi slétt á sama um þau verkefni sem þeir fást við. Það er nefnilega svo, virðulegur forseti, að mælikvarðinn er ekki alltaf peningar, eins og kannski er hjá hv. þingmanni, heldur og ýmis siðferðileg gildi svo sem áhugi og metnaður í starfi.

Hafi það farið fram hjá hv. þingmanni höfum við séð mjög öfluga og framsækna nýsköpun hjá ýmsum opinberum stofnunum. Ég nefni t.d. skóla þar sem eru fjölmargir opinberir starfsmenn sem hafa sinnt nýsköpun með glæsibrag. Ég nefni ýmsar heilbrigðisstofnanir sem standa jafnvel að útflutningi nýsköpunarverkefna. Ég nefni einnig Vegagerðina og Rarik. Og ætli megi ekki nefna Orkustofnun sem hefur haslað sér völl víða erlendis? Með hvað? Með nýsköpun sem opinberir starfsmenn hafa sinnt.

Á stundum er þeim nýsköpunarverkefnum sem opinberar stofnanir hafa sinnt úthýst, þau fylgja kannski starfsfólki og er svo allur gangur á því.

Nýsköpun er sannarlega mikil á Íslandi samkvæmt úttekt OECD. En ef til vill er það aðgengið að hinu fræga, þolinmóða fjármagni sem helst hefur verið kvartað undan. Ég lít svo á að með þessu móti sé hið þolinmóða fjármagn örvað.

[15:55]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur í eðli nýsköpunar að þar er verið að skapa eitthvað nýtt. Gera eitthvað alveg nýtt. Yfirleitt standa að því frumkvöðlar og einstaklingar. Þeir þurfa að

hafa hæfileika til að taka mikla áhættu vegna þess að nýsköpun fylgir yfirleitt alltaf áhætta. Auðvitað er til rekstur eins og Orkustofnun og annað þar sem menn starfa í umhverfi sem er ekki eins áhættusækið. Í heilbrigðiskerfinu um allan heim er yfirleitt ekki einkarekstur þannig að þar keppa menn innbyrðis á sama grundvelli. En í nýsköpun sem á sér stað í atvinnulífinu, utan ríkisins, er áhætta. Þar verða menn að vera vakandi.

Ég er ekki að segja að opinberir starfsmenn sinni ekki starfi sínu. Að sjálfsögðu sinna þeir störfum sínum afskaplega vel. En þeir gera það öðruvísi. Þeir sækjast ekki eftir áhættu. Ég tel að sé meinbugurinn á þessu. Menn eru að reyna að nota opinbert fé í áhættufjárfestingu. Þeir eru að reyna að nota opinbert fé til að taka þátt í áhættu í nýsköpun. *Ég held að það gangi aldrei upp. Enda hefur reynslan* sýnt það í þessu dæmi.

Ég hef ekkert sagt um að menn hafi ekki önnur gildi en peningaleg. Mér þótti leitt að heyra hv. þingmann segja það að ég færi eftir peningalegum gildum. Ég tel mig ekki hafa gert það sérstaklega umfram aðra. Auðvitað hafa menn siðferðileg gildi en nýsköpun er annars eðlis heldur en opinbert starf.

[15:58]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég andmæli þessari túlkun hv. þingmanns, að nýsköpun geti einungis þrifist utan opinbera geirans. Það er bara einfaldlega rangt. Ég taldi hér upp dæmi frá Orkustofnun, úr skólum, úr hjúkrunarheimilum og þar fram eftir götunum þar sem er stunduð bullandi nýsköpun.

En hv. þingmaður leggur annan mælikvarða á það nýsköpunarstarf *sem fram fer í opinbera geiranum af því* þar er höndlað með fjármuni hins opinbera og opinberir starfsmenn leggja annað mat á sitt verkefni en hv. þingmaður, nefnilega faglegt mat, þar sem áhættan felst í því að feta inn á nýjar slóðir í starfinu. Það er fagleg áhætta, ekki endilega fjárhagsleg áhætta, en áhætta engu að síður.

Hið opinbera annast mörg verkefni í samfélagi okkar og þar greinir okkur á, mig og hv. þingmann. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður vilji helst losa ríkið undan flestum þeim verkefnum sem það fæst við. Hann er sennilega í hópi fárra anarkista hér á þingi. En við höfum ríkisvaldið, með skóla, með hjúkrunarheimili, Orkustofnun og þær stofnanir sem ég nefndi áður. Þar á sér stað veruleg nýsköpun. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður geti fallist á það.

Ég hlýt að andmæla því sem hann segir um opinbera starfsmenn sem margir hverjir sinna frábæru starfi í nýsköpun og eiga ekki að sitja undir slíkum umsögnum og *dómum sem hv. þingmaður veitir þeim úr ræðustóli.*

[15:59]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum að tala um nýsköpun og sprotafyrirtæki í atvinnulífinu. Það sem hv. þingmaður er að tala um er nýsköpun hjá opinberum aðilum, sem er allt annars eðlis. Þar vinna menn í vernduðu umhverfi og taka ekki persónulega áhættu. Að minnsta kosti ekki fjárhagslega. (Gripið fram í.)

En mér finnst slæmt þegar menn eru orðnir svo rökþrota að þeir kalli aðra þingmenn, hv. þingmaður talaði þannig um mig, stjórnleysingja og eltandi peninga. Ég sé ekki hvað það kemur þessu máli við eða málefnalegri umræðu. Við erum að ræða um hvort að ríkið eigi að taka þátt í nýsköpun eða ekki og ég hef þá skoðun að ríkið sé ekki best til þess fallið að taka þátt í nýsköpun. Enda hefur það sýnt sig að fjármunir hafa tapast í stórum stíl í þessum nýsköpunarverkefnum. Það er mjög erfitt að benda á dæmi sem hafa virkilega gengið upp með aðstoð ríkisins.

Ég er á móti þessu frumvarpi og tel að það muni ekki bæta stöðu íslensks atvinnulífs. Það væri hægt að gera margt annað. Það mætti nota sambærilega peninga og fjármuni til að gera almennar reglur sem hamla a.m.k. ekki nýsköpun eins og hún er í dag.

[16:01]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það liggur við að ég gæti fallið frá orðinu því að hv. þm. Hjálmar Árnason kom að því sem ég ætlaði að taka hér aðeins upp. Mér finnst ekki hægt að láta þessari umræðu ljúka á þeim nótum sem hv. þm. Pétur Blöndal fór með hana niður á, þ.e. sinn hefðbundna söng um hina opinberu starfsmenn sem ekki vinna vinnuna sína, sem leggja sig ekki fram, sem fara illa með fé af því þeir eiga það ekki sjálfir. Það er ekki hægt að láta þingmann á löggjafarsamkundunni komast upp með það árum saman að tala á þessum nótum. En það hefur hv. þm. Pétur Blöndal gert.

Nú veit ég að það er vegna þess að þetta er sannfæring hans. Það er lífsskoðun hans að þannig sé þessu háttað. Þann botn fæ ég í þetta mál að hv. þingmaður sé sannfærður um að svona sé þetta í veruleikanum, að t.d. fólk sem *vinnur hjá hinu opinbera og fer á einhvern hátt með* verkefni og þar með talið verðmæti eða fjármuni sem þaðan koma, þ.e. frá samfélaginu en er ekki þess eigið, muni hegða sér öðruvísi. Það muni ekki vera jafnábyrgt, muni ekki reyna að fara jafn vel með þessa fjármuni og ef það ætti það sjálft.

Það er auðvitað alveg yfirgengilegt að alhæfa með þessum hætti. Hver eru þau náttúrulögmál, hvað er það í mannlegu eðli, á hvaða félagsfræði- og atferlisfræðiforsendum byggir hv. þm. Pétur Blöndal það mál, að mannskepnan, tegundin homo sapiens, sé svona úr garði gerð? Vill ekki stærðfræðingurinn fara að upplýsa okkur um þetta? Það er ekki lítið sagt þegar menn leggja hlutina endalaust upp með þessum hætti. Endalaust kemur hv. þm. Pétur Blöndal hingað með þennan róg um það starfsfólk sem hefur ákveðið að vinna verkin sín í þágu samfélagsins og er á launaskrá hjá hinu opinbera.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér er farið að hundleiðast þetta. Mér er farið að hundleiðast að hafa mann á Alþingi sem er endalaust í þessum leiðöngrum uppi í ræðustól. Það er ekki hægt að bjóða tugþúsundum opinberra starfsmanna í landinu upp á þetta þar sem fólk í stórum stíl vinnur samkvæmt bestu samvisku undir miklu álagi, leggur sig allt fram og er ekki að því bara kaupsins vegna, eðli málsins samkvæmt.

Það er kannski akkúrat það fólk sem sýnir með verkum sínum og atferli að það lætur ekki stjórnast af fjárhagslegri ábatavon í lífi sínu og starfi. Hinir eru kannski einhvers

staðar annars staðar. Hefur hv. þm. Pétur Blöndal einhvern tíma velt því fyrir sér? Síðan kemur hv. þingmaður og ruglar hér um það að hann hafi ekki trú á því að opinberir starfsmenn geti sinnt nýsköpun. Hvar stendur það í þessum plöggum að opinberir starfsmenn eigi að annast um nýsköpunarverkefnin sjálf? Ég les það hvergi hér.

Það er verið að reyna að búa til stuðningskerfi við þá nýsköpun sem ætlunin er að fari auðvitað fram úti í atvinnulífinu, að einstaklingarnir eða samtök þeirra, fyrirtæki eða hverjir það nú eru, annist. Fyrst og fremst byggir þó þessi hugsun á samstarfi. Ef hv. þm. Pétur Blöndal hefur ekki trú á því að opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, sjóðir, háskólar, stofnanir og atvinnulífið geti unnið saman að svona verkefnum verður hann nú að fara að beita sér fyrir verulegum uppskurði í þjóðfélaginu.

Út á hvað gengur þessi hugsun, hugsunin um menntun, um rannsóknir, um sjóði, annað en samstarf? Hvernig fer nýsköpun yfirleitt fram öðruvísi en í samstarfi? Þetta er um samstarf. Hefur ekki margt gott gerst þannig? Er það eitthvað verra eða óhreinna í huga þingmannsins ef opinberir aðilar koma einhvers staðar nálægt því? Þykir honum það heldur miður ef eitthvað heppnast þar sem opinberir starfsmenn hafa lagt hönd á plóg? Það mætti ætla það eins og hv. þingmaður talar. Það mætti ætla það. Og alhæfingar af því tagi að það hafi ævinlega allt fé, allt opinbert fé sem lagt er í nýsköpun, tapast eru algerlega yfirgengilegar. Eigum við að fara yfir það hvað hefur tapast annars staðar, hvað af annarra manna fé hefur tapast í nýsköpun sem hvergi kom nálægt neinum opinberum aðilum? Ætli það sé ekki þannig að mörg glæsilegustu gjaldþrot Íslandssögunnar og heimssögunnar hafi bókstaflega ekkert haft með opinberan rekstur að gera og opinbera starfsmenn? Það skyldi þó ekki vera.

Ég tel að ekki standi steinn yfir steini í þessum málflutningi þingmannsins og hann sé varla boðlegur hérna þegar við erum að ræða hluti af þessu tagi. Hvaða söngur er þetta eiginlega? Er hv. þingmaður t.d. á því að það frumkvæði sem hefur sprottið út úr háskólasamfélaginu og leitt til glæsilegrar nýsköpunar í atvinnulífinu sé bara einhver undantekning sem sannar þá reglu að aldrei geti neitt gott gerst ef hið opinbera kemur þar einhvers staðar nálægt?

Hvað með Marel? Hvaðan er það ættað? Það skyldi þó ekki vera að hið opinbera hafi haft eitthvað að segja þar og að rannsókna- og fræðistörf hafi lagt þar ákveðinn grunn. Svo mætti segja um svo ótal margt annað. Það eru glæsileg fyrirtæki starfandi í dag vegna þess að atvinnuþróunarfélög og samtök sveitarfélaganna með opinbert fé hlúðu að þeim og komu þeim á legg. Mörg glæsileg dæmi gæti ég nefnt hv. þingmanni um það. Það er vissulega alveg hárrétt að það eru líka margar tilraunir sem hafa mistekist. En hvað þýðir nýsköpun, eins og hv. þingmaður nefndi? Hún er auðvitað áhætta, eðli málsins samkvæmt, hvort sem menn tala um að eitt af hverjum 10 eða eitt af hverjum 50 fyrirtækjum séu í raun og veru ágætur árangur ef úr því verður að lokum stórt fyrirtæki á landsvísu eða jafnvel alþjóðavísu.

Ég er ekki viss um að það sé bara nokkuð til tækt í vísindum, rannsóknum eða könnunum til að undirbyggja það að árangurinn sé einhvern veginn öðruvísi í þessum efnum þó að opinberir aðilar komi að. Hvað er hv. þingmaður að leggja til? Vill hann leggja þetta allt saman niður? Á bara atvinnulífið að gera þetta? Eigum við að leggja niður opinbert rannsóknakerfi? Eigum við að leggja niður fyrirbæri af þessu tagi eins og Nýsköpunarmiðstöðin verður, eða forverar hennar hafa verið? Telur hv. þingmaður að það sé vænlegast?

Á hverjum mundi það helst bitna? Það mundi bitna á einyrkjunum. Það mundi bitna sérstaklega á litlu einingunum. Einu aðilarnir sem í raun og veru hafa af eigin rammleik bolmagn til að stunda þróunarstarf og sjálfstæðar rannsóknir og þurfa ekki á stuðningi að halda, hvorki frá fræðasamfélaginu, rannsóknasamfélaginu né hinu opinbera, eru stórfyrirtækin. Vissulega fer fram mikilvæg nýsköpun innan þeirra en hún er oft á sérhæfðum sviðum. Hún er oft bara rannsóknir á framlengingu þeirra ferla og þeirrar markaðsvöru sem viðkomandi fyrirtæki hafa með höndum og byggja á.

Ég held að hv. þingmaður ætti að kynna sér fræðin í þessum efnum, t.d. hvar menn almennt telja að gróskan sé í nýsköpun, í framsæknum atvinnugreinum, tækni- og þekkingargreinum. Hvar er hún? Er hún fyrst og fremst inni í stórfyrirtækjunum sem í sjálfu sér gætu spjarað sig og stundað rannsóknir? Nei. Hún er hjá einyrkjunum. Uppspretta nýrra hugmynda, nýrra tækifæra og reyndar nýrra starfa verður til í uppbyggingu nýrra fyrirtækja eða í vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þar eru menn hins vegar iðulega mjög vanmegnugir að ráðast í miklar rannsóknir einir og sér og án stuðnings Slíkum aðilum getur samstarf við opinbera aðila verið gríðarlega mikilvægt.

Telur hv. þingmaður eitthvað að því? Er hann á móti því? Hefur hann virkilega þá trú að það sé í raun og veru gagnslaust bara um leið og einhverjir opinberir aðilar komi að því eða einhverjir starfsmenn sem eru launaðir af hinu opinbera? Og það sé vegna þess að þeir muni ekki leggja sig fram af þeim sökum? Hvað hefur hv. þingmaður fyrir sér í því að það sé alltaf farið illa með fé um leið og menn eiga það ekki sjálfir? Mér finnst þetta alveg yfirgengilegt.

Satt best að segja finnst mér þetta líka svo myrk heimsmynd. Þetta er svo myrk heimsmynd vegna þess að í raun og veru fær hún ekki staðist nema við gefum okkur þann útgangspunkt að maðurinn sé í eðli sínu spilltur. Það er eiginlega nauðsynleg forsenda vegna þess að annars hegðar hann sér ekki svona. Ef það er ekki þessi persónulega hagnaðar- eða græðgisvon sem drífur hann áfram nálgast hann viðfangsefni sitt á öðrum forsendum. Hann er t.d. bara mjög ánægður með að vera opinber starfsmaður að því tilskildu auðvitað sem hann á fullan rétt á að vera á góðum launum og fá sínum faglega metnaði fullnægt í starfi. Hann biður ekki um meira. Hann vill ekki meira. Það er lífsskoðun hans. Hvað er þá sem segir okkur að hann muni ekki leggja sig fram í starfi sínu, fara vel með fjármuni ef honum er trúað fyrir þeim o.s.frv.? Bara ekki nokkur skapaður hlutur.

Heimsmynd hv. þingmanns hrynur nema hann gefi sér forsendu af þessu tagi um eðli mannsins. Ég óska honum þess í raun og veru ekki, og ekki nokkrum manni, að þurfa að dragnast í gegnum lífið með eitthvað því um líkt. Ég hef vonandi misskilið hlutina eitthvað. Vonandi er það eitthvað annað sem hv. þingmaður á við þegar hann fer með alhæfingar sínar um opinbera starfsmenn og hegðun þeirra í

starfi. Ég bið þá um útskýringar á því.

Við höfum tekið svona lotur áður, ég og hv. þingmaður og hann og hv. þm. Ögmundur Jónasson og fleiri. En það er kannski bara best að fara að tæma þetta mál af því að, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, mér finnst bara ekki nokkur leið að hlusta endurtekið á þetta árum saman, að hv. þingmaður komi upp í ræðustólinn með þessa formúlu sína. Það er ekki hægt að nota þennan pall hér til þess að tala svona til tugþúsunda samviskusamra og góðra og heiðarlegra Íslendinga.

[16:13]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var merkileg ræða og full af — ég veit ekki hvað ég á að kalla þetta, ekki var þetta málefnalegt. Í fyrsta lagi segir hann að ég sé með róg um opinbert starfsfólk. Hann segir líka að ég hafi sagt að það vinni ekki vinnuna sína. Hvenær í ósköpunum sagði ég það? Ég tók sérstaklega fram að opinberir starfsmenn ynnu, að mínu mati, vinnu sína mjög vel. Ég tók það sérstaklega fram.

Ég sagði ekki að þeir færu illa með fé. Alls ekki. Ég sagði það hvergi nokkurs staðar. Ég veit ekki hvað hv. þingmaður er að fara með svona dylgjum. Svo talar hann um að honum hundleiðist og hann talar um róg. Hann talar um að ég hafi verið að rugla. Er þetta málefnalegt? Nei. Ekkert af þessu er málefnalegt.

Svo talar hann um að glæsilegustu gjaldþrotin séu hjá einkaaðilum. Þar kom hann að punktinum, frú forseti. Þeir sem eru í atvinnulífinu með eigin peninga bera ábyrgð. Ef illa fer bera þeir ábyrgð með því að tapa. (**Gripið fram í:** Annarra peningum líka.) Nei, þeir tapa yfirleitt eigin peningum fyrst og fremst. Það er áhættan sem þeir taka. Þannig er því ekki háttað með þá sem sýsla með opinbert fé. Þar liggur akkúrat hundurinn grafinn. (**Gripið fram í:** ... gjaldþrota ...) Ég var alls ekkert að segja það að allir opinberir starfsmenn ynnu ekki vinnuna sína eða mundu ekki fara vel með peninga. Þeir gera það allir. Nánast allir gera það. Ég mundi fullyrða það.

En þeir eru ekki best til þess fallnir að hætta fé. Það er það sem ég átti við. Það eru aðrir sem eru betur til þess fallnir að hætta fé. Trillukarl á Vestfjörðum tekur áhættu o.s.frv. Það er fjöldi aðila í þjóðfélaginu sem tekur áhættu. Það sem ég var að segja var að opinbert fé er ekki gott í það að taka áhættu vegna þess að það krefst ekki ábyrgðar sem felst í „glæsilegu“ (Forseti hringir.) gjaldþroti.

[16:15]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að Enron-gjaldþrotið og Enronhneykslið sé, ef ekki stærsta þá a.m.k. næststærsta gjaldþrot, líklega veraldarsögunnar af því að það er af þeirri stærð í bandarísku hagkerfi. Þá hefur væntanlega ekkert annað verið stærra. Ætli þeir hafi aðallega tapað sínu eigin fé, höfðingjarnir þar? Ætli það hafi ekki verið m.a. bara fé hlutafjáreigenda úti um öll Bandaríkin og ætli það hafi ekki verið lífeyrisréttindi starfsmannanna sem fóru þar í súginn og fleira í þeim dúr? Ábyrgðin var ekki meiri þar, ekki var þar við ríkið að sakast sérstaklega.

Ég tel bara, það er mín afstaða, það er mín skoðun — þannig fara ummæli hv. þingmanns í mig sem ég gerði grein fyrir áðan, t.d. tal um það að opinberir starfsmenn hristi það af sér bara eins og að drekka vatn, það valdi þeim ekki einu sinni álitshnekki, að tapa opinberu fé. Ég held að hv. þingmaður hafi orðað það einhvern veginn þannig. Þetta er auðvitað ekkert svona. Heldur hv. þingmaður að opinberir starfsmenn geti bara gert hvað sem er? Upplifir hann það þannig? Það skyldi þó ekki vera að það væri á köflum jafnvel meira eftirlit með því og opinberir starfsmenn, t.d. forsvarsmenn í opinberum rekstri, undir virkara aðhaldi en þegar kemur út í einkaframtakið, hver veit? Ég sé ekki alltaf að hegðun forstjóra í stórfyrirtækjum eða forustumanna þar, t.d. í nýeinkavæddum ríkisfyrirtækjum, sé endilega svo mikil, jafnvel á meðan þau voru enn í opinberri eigu en orðin háeffuð. Allar alhæfingar í þessum efnum held ég að séu mjög varasamar. Það er kannski það sem aðallega fer í taugarnar á mér þegar hv. þingmaður dregur hér upp þessa svart/hvítu heimsmynd sína og mér finnst það vera ósæmilegur málflutningur í garð (Forseti hringir.) þess fólks sem er opinberir starfsmenn í landinu og vinnur vinnuna sína vel og heiðarlega.

[16:17]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að við séum komnir að punktinum, hvernig hv. þingmaður sér hlutina. Hann skilur þá ekki en hann sér þá einhvern veginn öðruvísi. Hann les út úr orðum mínum eitthvað allt annað en ég segi. Hann heyrir að ég hafi sagt að opinberir starfsmenn vinni ekki vinnuna sína. Ég hef hins vegar aldrei sagt það. Svo nefnir hann til sögunnar gjaldþrot Enrons. Ég veit ekki betur en að það hafi verið glæpastarfsemi og að menn hafi verið dæmdir fyrir það í fangelsi, reyndar ekki þeir sem fjárfestu opinberu fé, ekki svo ég viti. Ekki þeir sem töpuðu á endanum, þeir sem hættu fé lífeyrissjóðanna, starfsmannanna. Ég veit ekki til þess að þeir hafi verið dæmdir, það kannski kemur.

Ég sé ekki hvernig í ósköpunum hv. þingmaður ætlar að fara að blanda saman einhverri glæpastarfsemi í Bandaríkjunum og því hvort opinberir starfsmenn eigi að deila út opinberu fé til nýsköpunar. Ég bara hef þá skoðun að það fari ekki saman, að eðli opinberrar starfsemi sé ekki það að standa í nýsköpun. Það er skoðun mín og segir ekki til um það hvort opinberir starfsmenn vinni vinnuna sína eða ekki. Að sjálfsögðu vinna þeir vinnuna sína, að sjálfsögðu fara þeir vel með það fé sem þeim er falið, að sjálfsögðu, ég sagði ekkert annað. Það er hv. þingmaður sem heyrir það út úr orðum mínum, og það er eitthvað skrýtið. Ég ætla ekki að segja að það sé rugl, ég nota ekki svoleiðis orð í málefnalegri umræðu.

Vandamálið sem við eigum að ræða hérna er það hvernig hv. þingmaður skilur það þegar ég segi að opinbert fé henti ekki til áhættu og nýsköpunar.

[16:19]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætla í upphafi máls míns að taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að það beri að sýna opinberum starfsmönnum tilhlýðilega virðingu þegar fjallað er um framlag þeirra til atvinnulífsins og ný-

sköpunar sem er allmikið og ber að meta að verðleikum eins og hv. þingmaður benti á áðan.

Erindi mitt hingað í ræðustólinn að þessu sinni er hins vegar að benda á þá vöntun sem er á stuðningi við hefðbundna atvinnusköpun og frumkvöðlastarf kvenna á landinu, þá sérstaklega kvenna á landsbyggðinni en þetta frumvarp kemur ekki til móts við þær.

Hér segir í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Með sprotafyrirtækjum er átt við fyrirtæki með innan við 50 starfsmenn og ársveltu innan við 500 millj. kr. sem byggir starfsemi sína á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi og ver meira en 10% af veltu í viðurkennda rannsókna- og þróunarstarfsemi, sbr. athugasemdir með 5. gr. frumvarps til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.“

Það er til nóg af hugviti meðal kvenna úti á landsbyggðinni og þær hafa margar af veikum mætti stofnað lítil fyrirtæki einar og sér og fengið til þess yfirleitt allt of lítinn stuðning. Ég þekki til margra fyrirtækja kvenna sem eru vel rekin og sem hafa nýtt sér allar leiðir til stuðnings, lána og styrkja sem mögulegar eru en eru komnar að leiðarlokum hvað það varðar og geta þess vegna ekki eflt starfsemi sína. Þetta er mikill skaði, virðulegi forseti, vegna þess að eins og við mörg hver vitum er atvinnustarfsemi úti á landsbyggðinni afar fábreytt, og ekki hvað síst þau atvinnutækifæri sem bjóðast konum. Konurnar nýta auk þess mjög oft sérstakar aðstæður í heimabyggð, nýta sér náttúruna til ýmiss konar framleiðslu sem er í sjálfu sér mjög jákvætt.

Þetta frumvarp sýnist mér koma fyrst og fremst til móts við stórhuga menntafólk, sem er í sjálfu sér mjög gott, en það þurfa að vera til leiðir til að koma til móts við þá sem ekki hafa — ja, hvort sem fólk hefur skólagöngu að baki, langa eða ekki, fólk sem býr yfir þekkingu og hugkvæmni til að koma á fót atvinnustarfsemi, og þá horfi ég sérstaklega til kvenna. Við vitum líka og rannsóknir hafa sýnt það að konur eru afar varfærnar, hætta ekki fé sem ætlað er til heimilis og þaðan af síður hætta þær heimilum sínum eins og stundum er gert ella.

Þetta var erindi mitt, virðulegi forseti, að benda á að það er ástæða til þess að tryggja stuðning og ekki bara þann litla stuðning sem er hægt að finna í dag heldur mjög aukinn stuðning, sérstaklega til atvinnuþróunar og nýsköpunar kvenna.

[16:23]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Þetta hafa verið mjög víðtækar hugmyndafræðilegar og heimspekilegar umræður sem ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að blanda mér í að öðru leyti en því að benda á að því fer fjarri að frumvarpið geri ráð fyrir því að ráðherra skipti sér beint af nýsköpun. Það er gert ráð fyrir að ráðherrann staðfesti starfsreglur, verklagsreglur stjórnar, og það er gert ráð fyrir að hann komi að málum þegar um er að ræða ráðstöfun á því fé sem kemur vegna sölunnar á Landssíma Íslands.

Í öðru lagi hef ég metið frumvarpið á allt aðra lund en hv. síðasti ræðumaður sem hér talaði. Ég vona að ef eitthvað vantar á það að þetta frumvarp geti komið til móts við þarfir kvenna í sprotafyrirtækjum verði það skoðað sérstaklega í þingnefnd.

[16:24]

**Útbýting:**

Agaviðurlög í fangelsum, 320. mál, fsp. GÓJ, þskj. 343.

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 353.

Almenningssamgöngur, 326. mál, fsp. BIH, þskj. 349.

Almenningssamgöngur, 327. mál, fsp. BIH, þskj. 350.

Fangelsi á Hólmsheiði, 319. mál, fsp. GÓJ, þskj. 342.

Fæðingarorlof, 323. mál, fsp. BIH, þskj. 346.

Heilsugæsla í Grafarholti, 322. mál, fsp. GÓJ, þskj. 345.

Íslendingar í fangelsum erlendis, 321. mál, fsp. GÓJ, þskj. 344.

Kjördæmaskipan, 324. mál, fsp. BIH, þskj. 347.

Rekstur dvalar- og hjúkrunarrýma, 315. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 337.

Sameining lögregluembætta, 325. mál, fsp. BIH, þskj. 348.

Styrkir til íþróttaiðkunar og heilsuræktar, 328. mál, fsp. BIH, þskj. 351.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 1. umr.*

Stjfrv., 280. mál (heildarlög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands). — Þskj. 293.

[16:26]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju, töluvert breytt frá því sem var sl. vor. Við endurskoðun frumvarpsins voru breytingartillögur meiri hluta iðnaðarnefndar frá síðasta vori teknar inn í frumvarpið.

Þær voru í stuttu máli þessar:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er með skýrum hætti skipt í tvö fagsvið, ráðgjafarsvið og Íslenskar tæknirannsóknir. Ráðgjafarnefnd er sett á fót við Íslenskar tæknirannsóknir. Tækniþróunarsjóður heyrir áfram undir iðnaðarráðherra. Ákvæðum um heimild til stofnunarinnar til að eiga hlutdeild í rannsóknarfyrirtækjum er breytt. Loks er sett bráðabirgðaákvæði um skipan nefndar til að meta hvaða rekstrarform henti best fyrir starfsemi stofnunarinnar í framtíðinni. Að auki hafa verkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verið skýrð betur, m.a. hvað varðar byggðamálefni og hagnýtingu hönnunar. Þá hefur stöðu Byggðasjóðs verið gjörbreytt þar sem nú er lagt til að hann verði sérstakur sjóður sem heyri undir yfirstjórn iðnaðarráðherra í stað þess að vera sjóður vistaður hjá eða í Nýsköpunarmiðstöð Íslands eins og áður var lagt til. Loks er kveðið á um að lögin öðlist gildi 1. ágúst árið 2007.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og

frumvarpi sem forsætisráðherra leggur fram um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð.

Markmið frumvarpsins er óbreytt frá því sem var síðasta vor, þ.e. að endurskipuleggja alla starfsemi iðnaðarráðuneytisins sem fjallar um tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun í þeim tilgangi að gera hana markvissari og árangursríkari. Slík endurskipulagning er nauðsynleg í ljósi breyttra atvinnuhátta, vegna aukinnar samkeppni um erlend samstarfsverkefni og vegna þess að skapast hefur svigrúm til að færa meira af verkefnum út á almennan markað fyrr en hefur verið. Með endurskipulagningu er unnt að ná fram samlegðaráhrifum sem eru langt umfram þann árangur sem vænta má ef starfsemin er rekin sem aðskildar einingar. Einnig er horft til þess að með endurskipulagningu má auka árangur af samstarfi við háskóla og fyrirtæki.

Til að ná þessu markmiði er lagt til að ný stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, verði til við sameiningu Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Starfssvið þessara þriggja stofnana er hliðstætt og skarast að nokkru leyti enda er hlutverk þeirra allra að vinna að nýsköpun og atvinnuþróun í þágu samkeppnisstöðu landsins og bættra lífskjara landsmanna. Einnig er lagt til að stofnaður verði sérstakur sjóður, Byggðasjóður, á grundvelli fjármálastarfsemi Byggðastofnunar sem hafi það hlutverk að veita lánsábyrgðir. Ástæða er til að nefna nokkur atriði sérstaklega sem miklu skipta í þessu máli.

Í fyrsta lagi er það mikilvægt stefnumið að sameina starfsemi og aðgerðir í einum sameinuðum vettvangi til að tryggja sem best árangur og skilvirkni. Þessu tengist einnig sú viðleitni að færa ákvarðanir og umsýslu út fyrir ráðuneytið sjálft og út á mörkina sem næst þeim aðilum í atvinnulífi og byggðum sem þessi mál varða og eiga hagsmuna að gæta.

Í öðru lagi er aukin áhersla lögð á viðhorf og úrlausnir í anda nýsköpunar með nýjar atvinnugreinar sérstaklega í huga. Þessu tengist líka sú viðleitni að starfa sem mest með tengingu við frjálst framtak á opnum markaði.

Í þriðja lagi er lögð áhersla á að sömu meginviðmið ráði um land allt, þ.e. að nýsköpunarviðhorfin verði höfð í huga í öllum ákvörðunum og aðgerðum, einnig þeim sem varða beinlínis byggðamál og byggðaaðgerðir. Sannleikurinn er sá að landsbyggðin hefur alveg sérstaka þörf fyrir sterka nýsköpunarstefnu enda liggur það fyrir að hefðbundnar, svokallaðar eldri atvinnugreinar hafa fækkað starfsfólki en ýmsar nýjar atvinnugreinar, svo sem ferðaþjónusta, hátæknirekstur, rekstur sem byggist á vísindum og rannsóknum o.fl., hafa möguleika á því að auka mannafla við ný störf. Þannig verður þessi áhersla sérstaklega mikilvæg einmitt fyrir landsbyggðina.

Í fjórða lagi tengjast þessar breytingar viðhorfum sem snerta viðfangsefni og framtíðarsýn í byggðamálum. Öllum er ljóst að byggð og samfélag hafa gjörbreyst á landi hér á síðustu öld. Mörgum hefur virst sem Ísland sé að þróast í þá átt að yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna safnist saman á einu landshorni. Nú er byggðastefnu og aðgerðum í byggðamálum reyndar ekki ætlað það hlutverk að ráða yfir byggðaþróun með neins konar ofurveldi heldur einkum að leitast við að tryggja jöfn lífstækifæri, atvinnu- og menningarskilyrði landsmanna hvar svo sem þeir æskja að búa á landinu, að auðvelda aðlögun að breyttum aðstæðum og kröfum og veita stuðning framtaki og fyrirtækjum og nærsamfélögum þar sem heröir að vegna þróunarinnar.

Jafnframt ber að hafa það í huga að breytingar í atvinnuháttum og byggð eru margþætt ferli og geta líka opnað einhver ný tækifæri og möguleika á sumum svæðum. Það er síðan annað mál hvort fólkið í byggðunum kýs að nýta einmitt þessi nýju tækifæri eða vill heldur fara aðrar leiðir, en það er í verkahring stoðstofnana samfélagsins að aðstoða við alla þá viðleitni sem fólkið kýs til þess að efla og styrkja byggðirnar.

Í fimmta lagi vil ég taka það fram að það eru auðvitað fleiri aðgerðir og stofnanir sem koma við sögu í byggðamálum. Framþróun og uppbygging skóla og annarra fræðslu- og menntastofnana gegnir gríðarmikilvægum hlutverkum svo og tækifæri til fjarnáms. Aðgerðir varðandi aðstöðu og öryggi ungbarna, barnafjölskyldna og aldraðra skipta miklu. Vegaframkvæmdir og vegáætlun, opnun jarðganga, fjarskiptamál, sími, tölvutengingar, flugsamgöngur og annað þessu tengt varðar miklu fyrir byggðirnar eins og allir sjá. Þróun í gerð jarðganga mun skipta sköpum víða á næstu árum.

Auk Byggðastofnunar, sem verður Nýsköpunarmiðstöð og Byggðasjóður samkvæmt frumvarpi þessu, má einnig nefna byggðaáætlun sem Alþingi afgreiðir svo og flutning opinberra stofnana og opinberra starfa út um landið. Á grundvelli byggðaáætlunar er m.a. unnið að svæðisbundnum vaxtarsamningum með áherslu á klasaþróun, þjónustugreinar, hátækni og mannauðsþróun. Mikilvægt er að jafna aðgengi landsmanna að menningarviðburðum og þjónustu eftir föngum en fyrir liggur að góð menntun og vandað fjarskiptakerfi geta minnkað eða eytt mismun sem leiðir af fámenni og fjarlægðum.

Hugmyndin er að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði þekkingarsetur sem tekur mið af starfsemi sem erlendis er almennt nefnd „Centers of expertise". Í þekkingarsetri tengjast saman tæknirannsóknir með tengsl við rannsóknir í háskólum og háskólasetrum annars vegar og þróunarstarfsemi fyrirtækja hins vegar. Þar verður miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem fást við hvers konar nýsköpunarvinnu. Þar verður að finna frumkvöðlasetur sem aðstoðar sprotafyrirtæki og frumkvöðla við þróun nýsköpunarhugmynda og veitir þeim aðstoð við að vaxa fyrstu rekstrarárin. Þá verður unnið að greiningum á stöðu og þróun atvinnulífs og byggðarlaga, m.a. til þess að unnt verði að bregðast við aðsteðjandi vanda hverju sinni með öllum þeim tækjum sem þekkingarsetrið Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun búa yfir.

Efling starfseminnar úti á landi er ein af forsendum þessara breytinga. Atvinnuþróunarfélög og atvinnuráðgjafar fá veigameiri hlutverk en áður með því að stefnumótun og framkvæmd verkefna verði í auknum mæli færð heim í hérað. Þekkingarsetur á landsbyggðinni verða þungamiðja atvinnusóknar sem einkum mun byggjast á helstu styrkleikum atvinnulífsins á viðkomandi svæði og getu þess til að ná árangri á alþjóðlegum samkeppnismarkaði. Einkum er horft til uppbyggingar þekkingarsetra á Akureyri, Ísafirði og á Egilsstöðum, þ.e. Miðausturlandi, enda hefur styrking

landshlutakjarna á þessum stöðum verið eitt af markmiðum byggðaáætlunar stjórnvalda. Háskólasetur Vestfjarða og Þekkingarnet Austurlands mynda nú þegar kjarna vaxtar í þekkingarsetrum á þessum stöðum, Háskólinn á Akureyri og sú starfsemi sem fer fram í Rannsókna- og nýsköpunarhúsinu þar og enn frekari vöxtur rannsókna og nýsköpunarstarfsemi í væntanlegum Tæknigarði er sú umgerð sem mun mynda kjarna starfseminnar á Norðurlandi.

Það á ekki að fara á milli mála að með þessum tillögum vill iðnaðarráðuneytið blása til sóknar í rannsóknum og atvinnuþróun um allt land. Slíkrar sóknar og endurnýjunar er þörf enda eru framfarir örar og ef við viljum njóta bættra lífskjara í framtíðinni verða að koma til nýjar áherslur sem atvinnuþróunin, t.d. á landsbyggðinni, getur byggt á.

Hlutverki Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er í frumvarpinu skipt í fjóra meginþætti sem raktir eru í 2. gr. þess.

Í fyrsta lagi er lagt til að stofnuninni beri að miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.

Þá beri stofnuninni að greina stöðu og þróun búsetuskilyrða og atvinnulífs og vinna áætlanir sem hafa það að markmiði að stuðla að samkeppnishæfni atvinnulífs og treysta byggð í landinu.

Í þriðja lagi skuli stofnunin stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir.

Loks beri henni að fara með málefni sérstakra sjóða eftir því sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu.

Í I. kafla frumvarpsins er lagt til að starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verði í meginatriðum skipt í ráðgjafarsvið annars vegar og Íslenskar tæknirannsóknir hins vegar. Starfssvæði beggja sviða er landið allt.

Á ráðgjafarsviðinu skal rekin þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Þjónustumiðstöð sem þessi hefur verið rekin um nokkurt skeið undir heitinu Impra á Iðntæknistofnun Íslands og hefur starfsemi hennar þótt gefa góða raun. Meðal hlutverka ráðgjafarsviðsins verður að auka veg hönnunar og vekja fyrirtæki til vitundar um mikilvægi hönnunar í nýsköpun og vexti. Þá mun ráðgjafarsviðið einnig vinna áætlanir sem stuðla eiga að jöfnun lífskjara í landinu. Ráðgjafarsviðið mun í staðbundinni starfsemi hafa samráð við atvinnuþróunarfélög.

Sú rannsóknastarfsemi sem lagt er til að stunduð verði á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verður starfrækt undir heitinu Íslenskar tæknirannsóknir. Lagt er til að í starfseminni skuli lögð áhersla á hagnýtar rannsóknir og vöruþróun í þágu nýsköpunar atvinnulífsins auk þess sem stundaðar skuli grunnrannsóknir á afmörkuðum sviðum sem hafa þjóðhagslega þýðingu. Stofnuninni verði óheimilt að stunda rannsóknastarfsemi á viðskiptalegum grundvelli nema í formi sérstakra félaga með takmarkaðri ábyrgð. Lagt er til að stofnuninni verði heimilað að stofna, eiga, reka og selja slík félög sem stofnuð eru utan um rannsóknir sem taldar eru í samkeppni við atvinnulífið. Megintilgangurinn með þessari heimild er að koma í veg fyrir að verðmæti sem verða til í rannsóknastarfseminni glatist. Sú leið að heimilt sé að stofna félag um viðkomandi starfsemi á að tryggja að samkeppnisreglur verði virtar í starfsemi stofnunarinnar.

Við Íslenskar tæknirannsóknir verður starfrækt ráðgjafarnefnd. Í henni sitja fulltrúar atvinnulífsins og háskólanna. Er nefndinni ætlað að vera ráðgefandi um fagleg málefni og val á verkefnum.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að stofnaður verði sérstakur sjóður á grundvelli fjármálastarfsemi Byggðastofnunar og nefnist hann Byggðasjóður. Sjóðurinn heyri undir yfirstjórn iðnaðarráðherra og hlutverk hans verði að taka þátt í ábyrgðum á lánum banka sem m.a. eru veitt til stofnunar fyrirtækja, nýrra fjárfestinga, nýsköpunar á landsbyggðinni og til uppbyggingar atvinnulífs á svæðum þar sem sérstök áföll valda verulegu atvinnuleysi. Lagt er til að Byggðasjóði verði heimilt að veita ábyrgðir með allt að 75% ábyrgðarþátttöku sjóðsins. Fimm manna stjórn sjóðsins verði skipuð til þriggja ára í senn en hlutverk hennar verði að setja reglur um starfsemi hans og skilyrði fyrir veitingu ábyrgða sem háðar eru samþykki fjármálaráðherra.

Veiting lánsábyrgða er vel þekkt aðferð og eru starfræktir lánsábyrgðarsjóðir í nær öllum Evrópulöndum sem gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja fyrirtækjum aðgang að fjármagni. Opinberir aðilar í nágrannalöndunum veita slíka þjónustu og hefur hún þótt gefa góða raun.

Í III. kafla frumvarpsins er lagt til að ákvæði um Tækniþróunarsjóð verði í sömu lögum og ákvæði um Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Byggðasjóð. Sjóðurinn verður áfram sérstakur sjóður sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Tækniþróunarsjóður starfar í dag á grundvelli laga nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Ekki eru lagðar til breytingar á hlutverki sjóðsins og úthlutunarreglum við flutninginn. Lagt er til að hlutdeild atvinnulífsins í stjórn sjóðsins verði aukin og að Samtök atvinnulífsins tilnefni tvo menn í stjórn sjóðsins en á móti falli niður að formaður tækninefndar sitji í stjórninni og einn samkvæmt tilnefningu rannsóknastofnana atvinnulífsins.

Í IV. kafla er lagt til að starfræksla tryggingardeildar útflutnings verði færð frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Lagt er til að heiti sjóðsins verði breytt og hann kallaður „Tryggingarsjóður útflutnings“ í stað tryggingardeildar útflutnings. Ekki er með flutningnum lagt til að gerðar verði breytingar á hlutverki eða starfsemi sjóðsins að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins tilnefni einn mann af fimm í stjórnarnefnd sjóðsins heldur verði einn stjórnarmanna skipaður af Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn flytur eigið fé með sér og heldur skyldum sínum gagnvart viðsemjendum sínum.

Hæstv. forseti. Hér er í hnotskurn lagður grunnur að nýrri sókn í atvinnuþróun og nýsköpun þekkingarsamfélagsins. Þessi sókn byggist fyrst og fremst á innleiðingu nýrrar þekkingar og færni sem eru forsendur fyrir uppbyggingu og endurnýjun atvinnulífsins í stað þeirrar starfsemi sem látið hefur undan síga vegna breyttra ytri aðstæðna. Mikilvægt er að allir landshlutar og allir landsmenn hafi hin sömu og sem jöfnust tækifæri til að taka þátt í þeirri endurnýjun sem færa mun þeim ný og vel launuð störf inn í framtíðina.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu frumvarpi verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[16:42]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi um Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem á að sameina úr Byggðastofnun, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Það sem ég vil ámálga við hæstv. ráðherra er að Byggðastofnun er nú staðsett á Sauðárkróki, með höfuðstöðvar þar. Hvergi er í þessu frumvarpi vikið að því hvað muni verða um Byggðastofnun á Sauðárkróki. Hins vegar er vikið að því hér, eins og hæstv. ráðherra rakti, að horft er til uppbyggingar þekkingarsetra á Ísafirði, Akureyri og á Egilsstöðum, enda hefur styrking landshlutakjarna á þessum stöðum verið eitt af markmiðum byggðaáætlunar stjórnvalda. Áfram er rakið að Háskólasetur Vestfjarða og Þekkingarnet Austurlands myndi nú þegar kjarna vaxtar í þekkingarsetrum á þessum stöðum og að Háskólinn á Akureyri og sú starfsemi sem fer fram í Rannsókna- og nýsköpunarhúsinu og enn frekari vöxtur rannsókna og nýsköpunarstarfsemi í væntanlegum Tæknigarði sé sú umgjörð sem muni mynda kjarna starfseminnar á Norðurlandi.

Mér finnst skjóta nokkuð skökku við. Það var með ærinni fyrirhöfn sem Byggðastofnun var flutt á Sauðárkrók, menn deildu um þá ákvörðun en það var gert og hún hefur starfað þar sem miðstöð þessarar starfsemi. Þó að hér sé verið að flytja nýtt frumvarp verður í sjálfu sér áfram meginþungi þess starfs í hinni nýju stofnun það starf sem var falið Byggðastofnun sem er með höfuðstöðvar á Sauðárkróki. Ég verð bara að lýsa yfir miklum vonbrigðum með það að hér skuli vera svo kveðið að orði að höfuðstöðvar þessarar nýju stofnunar á Norðurlandi skuli verða á (Forseti hringir.) Akureyri, en Sauðárkrókur og (Forseti hringir.) starfsemi Byggðastofnunar þar verði sett út í kuldann að því er virðist.

[16:44]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem var rætt um Akureyri, Egilsstaði, Miðausturland, Ísafjörð o.s.frv. er átt við staðbundna starfsemi á þeim slóðum. Áður hefur verið frá því greint að aðalskrifstofa stofnunarinnar verði á Sauðárkróki. Það hefur ekki breyst.

[16:45]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að kveða hér fastar að, því að í textanum stendur varðandi þá starfsemi sem fram fer á Akureyri að meginþungi starfseminnar skuli vera á Norðurlandi.

Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti Akureyri í þessu sambandi en Byggðastofnun var byggð upp á Sauðárkróki. Það er talað um tengsl við skóla, háskóla og háskólasetur. Við erum með háskóla í Skagafirði sem hvergi er minnst á. Mér finnst eðlilegt að það sé tekið fram ef ætlunin er að Byggðastofnun og þessi nýja stofnun verði áfram með þungamiðju sína í Skagafirði, í tengslum við háskólastarf og annað sem þar er, en ekki látið vera undir geðþóttavaldi ráðherra á hverjum tíma.

Hvað varðar landshlutakjarnana þá eru taldir þarna upp þrír landshlutakjarnar. Það er ekki tilviljun. Ég hef ekkert á móti því að Ísafjörður, Akureyri eða Egilsstaðir byggist upp. En það er alveg ljóst hver er andi frumvarpsins, að miða þungamiðju þessarar starfsemi við þessa þrjá staði. Þessir staðir eru alls góðs maklegir og alveg sjálfsagt að byggja þar upp starf en Sauðárkrókur er landshlutakjarni í þessu tilliti. Hann hýsir meira að segja Byggðastofnun núna. Sauðárkrókur er uppbyggður landshlutakjarni á Norðurlandi einmitt fyrir starfsemi hvað þetta varðar. Hvers vegna á þá ekki að segja það?

Eins og hér er lagt upp með er verið að láta þá starfsemi sem nú er á Sauðárkróki vera í vindinum og í staðinn fyrir að taka af öll tvímæli um að Sauðárkrókur sé landshlutakjarni og þar verði höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar settar, þá er það allt (Forseti hringir.) látið vera í vindinum líka en þó vísað á Akureyri í því sambandi.

[16:47]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki fara að snúa út úr fyrir hv. þingmanni. Hann vísar í VII. hluta greinargerðar á bls.15. Ég endurtek að þar er bara verið að fjalla um þekkingarsetur á einstökum stöðum á landsbyggðinni en ekki verið að tala um aðalskrifstofu Byggðasjóðs eða Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

[16:47]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir nokkuð athyglisvert að þetta mál skuli vera komið aftur inn á borð þingsins en mikið var um það deilt á vordögum þegar það lá fyrir. Þá var ljóst að málið var algjörlega vanreifað. Það streymdi inn til hv. iðnaðarnefndar gríðarlegt magn af umsögnum sem allar voru á eina leið, að málið ætti ekki að fara áfram eins og það var síðastliðið vor.

Nú erum við komin með nýtt frumvarp í hendurnar og ég sé ekki miklar breytingar í því. Enn erum við með umdeilda þætti inni, eins og t.d. pólitískt skipaðan forstjóra og enga stjórn yfir honum og að tengslin við atvinnuþróunarfélögin eru enn óljós. Sömuleiðis stendur mjög upp úr sú gagnrýni að ekki sé rétt að blanda saman málefnum sem snúa beint að byggðaþróun og stuðningi við dreifðari byggðir landsins og uppbyggingu rannsókna- og nýsköpunarstarfs sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið.

Virðulegi forseti. Það kemur fram í greinargerð með þessu frumvarpi að tekið hafi verið tillit til nokkurra breytingartillagna sem meiri hluti iðnaðarnefndar lagði til að síðasta þingi. En það sem mér þykir mestu máli skipta er að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra hvort samráð hafi verið haft við hagsmunaaðila á sviði byggðamála, þá sem fara með málefni sprotafyrirtækja og þá sem fara með málefni nýsköpunar í landinu. Það er mikilvægt að fá að vita hvort neytendur þessarar stofnunar í framtíðinni hafi fengið að vera með í smíðum þessa nýja frumvarps.

[16:50]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur verið lögð mjög mikil áhersla á samráð, viðræður í allt sumar við ýmsa aðila, bæði í þeim stofnunum sem málið snertir og við samtök í atvinnulífinu.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir að málið er margþætt og það eru mismunandi skoðanir uppi um það en ég met það svo að við höfum lagt á það mjög þunga áherslu í ráðuneytinu að hafa samráð sem allra víðast, enda kemur það fram í frumvarpinu. Ég á satt að segja von á að það komi fram í viðbrögðum við því að þessu sinni enda þótt ég geri mér alveg grein fyrir að í frumvarpinu eru mörg umdeild ákvæði.

[16:51]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki á þessu nýja frumvarpi að sjá að haft hafi verið verulegt samráð við þá aðila sem munu verða neytendur þessarar stofnunar í framtíðinni, vegna þess að gagnrýni þeirra var það ákveðin og skýr á svo mörgum þáttum í málinu sem sér engan stað í þessu nýja frumvarpi að tekið hafi verið tillit til. Vil ég þar nefna, eins og ég tiltók áðan, að það var gagnrýnt hvernig stjórnsýsluskipulagið væri, að ekki skuli vera stjórn yfir forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar sem verður skipaður beint af ráðherra. Menn töldu það orka tvímælis vegna þess að það gæti gert stofnunina ótrúverðuga af því að þar eiga að fara fram óháðar rannsóknir.

Virðulegi forseti. Ég nefndi líka atvinnuþróunarfélögin og sömuleiðis að allar þær umsagnir sem við fengum voru á þá leið að menn töldu að þessar tvær stoðir, þ.e. byggðamálin annars vegar og nýsköpunarstarfið hins vegar, eins og þetta var sett upp í frumvarpinu, mundu veikja hvor aðra í þessari stofnun.

Það hefur ekki verið tekið nægilega á þessu og auk þess, eins og ég nefndi í andsvari í málinu á undan, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, er í þessu frumvarpi verið að þrengja að og fækka leiðum til stuðnings fyrirtækjum sem eru í nýsköpun og þróunarstarfi hvort heldur þau eru á landsbyggðinni eða hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er verið að þrengja möguleika þeirra vegna þess að það helsta sem í boði núna er annars vegar ábyrgð á lánum til fyrirtækja á landsbyggðinni og hins vegar Tækniþróunarsjóður til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og þar renna eins og ég kom inn á áðan eingöngu (Forseti hringir.) 14% til fyrirtækja en annað til opinberra stofnana.

[16:53]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er óhætt að segja að við metum þetta ekki eins, ég og hv. þingmaður sem nú lauk máli sínu. Í fyrsta lagi er hin almenna þróun í stjórnsýslunni sú að forstöðumenn séu skipaðir og að ekki séu stjórnir í stofnunum, þeim hefur fækkað mjög á undanförnum árum. Hins vegar er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir í fyrsta lagi samráðsnefnd með fulltrúum atvinnulífsins, eins og ég rakti áðan, í öðru lagi sérstakri stjórn fyrir Byggðasjóð og í þriðja lagi bráðabirgðaákvæði um sérstaka nefnd til að fjalla um rekstrarform Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Í öðru lagi met ég það ekki á sömu lund og hv. þingmaður, þótt ég vilji virða sjónarmið hennar, að nýsköpunarþátturinn og byggðamálaþátturinn veiki hvor annan. Ég lít þvert á móti svo á að þarna geti orðið og eigi að verða mjög mikilvæg samefling. Ég lít svo á að það sé mjög nauðsynlegt að nýsköpunarviðhorfin verði ráðandi um stuðning við atvinnulífið alls staðar í landinu en ekki síst úti á landsbyggðinni.

Hv. þingmaður talaði síðan um verið væri að þrengja möguleika. Ég held ekki, ég held þvert á móti að við séum að draga skynsamlegar ályktanir af þeirri þróun sem orðið hefur á fjármála- og fjárfestingarmörkuðum á Íslandi, að við séum að draga eðlilegar ályktanir af því. Ég nefndi reyndar í fyrra dagskrárlið í dag þær hugmyndir sem hafa verið uppi um tillit til rannsókna- og þróunarkostnaðar í fyrirtækjum sem við höfum ekki nefnt í þessari umræðu að þessu sinni fyrr en nú, en ég tel þvert á móti að við séum að draga eðlilegar ályktanir af þróun fjárfestingarmarkaðanna og lánamarkaðanna og það sé ekki verið að þrengja möguleika.

[16:55]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Við erum að ræða mál sem allmikið var fjallað um á síðasta þingi. Sú breyting hefur orðið á að iðnaðarráðherrann hefur breyst dálítið en málið ekki. Mér sýnist að við séum að ræða nákvæmlega sama mál og í fyrra í aðalatriðum.

Gríðarlegur klofningur var í málinu í stjórnarflokkunum í fyrra. Ég reikna alveg með að sá klofningur sé enn fyrir hendi. Hann lýsti sér mjög vel í því að meiri hluti iðnaðarnefndar, reyndar öll iðnaðarnefnd, samþykkti sérstakar breytingar á byggðaáætlun í fyrravetur þar sem lögð mikil áhersla á að efla Byggðastofnun og sjá til að hún hefði fjármuni til að vinna að þeim verkefnum sem ætlast er til að hún vinni að.

Sú stefna sem fyrrverandi iðnaðarráðherra rak var hins vegar að leggja niður Byggðastofnun með öllum ráðum. Sá vegur hefur verið genginn á undanförnum árum með fjölmörgum ákvörðunum. Ég og við samfylkingarmenn erum algjörlega andvígir þessari leið. Við teljum að meðan ríkisvaldið vill standa við bakið á landsbyggðinni með framlögum til byggðamála eigi að halda vel utan um þau mál, aðallega af einum aðila. Sá aðili á auðvitað að vera Byggðastofnun.

Þetta er því ekki rétta leiðin, sem hér er á ferðinni, fyrir utan að það vekur tortryggni um vinnubrögðin í framtíðinni hvernig stofnun, sem á að hafa þetta með höndum núna, er uppsett. Það á sem sagt að vera á forræði og ákvörðunarvaldi forstjóra stofnunarinnar að fara í framkvæmdir á landsbyggðinni þar sem herðir að. Það er einn maður sem tekur þá ákvörðun. Hvert á að beina afli þessarar stofnunar?

Ég tel mjög óheppilegt að þannig sé unnið að þessum málum að vilji Alþingis sé ekki virtur. Vilji Alþingis kom skýrt fram þegar byggðaáætlun var afgreidd út úr iðnaðarnefnd. Ég tel að þar hafi orðið pólitískt samkomulag. Hvað var þar gert? Þar var lögð mikil áhersla á Byggðastofnun, eins og ég nefndi áðan, og sérstök verkefni sem komu fram í C-kafla ályktunar sem iðnaðarnefnd samþykkti. Þar eru nokkur atriði talin upp og ég ætla að rifja þau upp til að setja umræðuna í samhengi. Nefndin leggur til að haft verði að leiðarljósi m.a. að efla Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála, með leyfi forseta:

„a. Að gera sérstaka athugun að stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun, meta styrkleika

þeirra og veikleika og greina möguleika til eflingar þeirra, samanber aðgerð númer 7 í tillögunni.

b. Að efla atvinnuþróunarfélög og nýsköpunarmiðstöðvar sem hluta af stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni."

Hér er sérstaklega vikið að atvinnuþróunarfélögunum vegna þess að þeim voru ekki gerð þau skil, í því frumvarpi sem þá var til umræðu, sem menn vildu sjá.

„c. Að taka þátt í gerð og framkvæmd svæðisbundinna vaxtarsamninga þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar sameinast um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Stofnunin meti árangur af samningunum reglulega, samanber aðgerð númer 4 í tillögunni."

Iðnaðarnefnd taldi sérstaka ástæðu til að álykta um þetta vegna þess að betri og öflugri stuðning vantar við það sem menn eru að gera í heimabyggð í atvinnuþróunarfélögum.

„d. Að hefja á þessu ári skipulagða söfnun tölfræðilegra gagna um byggðaþróun þannig að úrvinnsla þeirra geti hafist í upphafi árs 2007..." — Af hverju var þetta gert? Þetta er skylda Byggðastofnunar og hefur verið árum saman. En hún hefur aldrei haft til þess fjármagn.

„e. Að undirbúa í samvinnu við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög gerð landshlutaáætlana sem verði ætlað að ná yfir landið allt, samanber aðgerð númer 6 í tillögunni.

f. Að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni, samanber aðgerð númer 14 í tillögunni.

g. Að hafa fyrir Íslands hönd forgöngu um þátttöku í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, NPP, og Norrænu Atlantsnefndinni, NORA, samanber aðgerðir númer 22 og 23 í tillögunni.

Mikilvægt er að Byggðastofnun, sem ber mikla ábyrgð á framkvæmd byggðaáætlunar, verði gert kleift að sinna því mikilvæga hlutverki. Nefndin leggur því áherslu á að skerpt verði á hlutverki og ábyrgð Byggðastofnunar í byggðaáætlun áranna 2006–2009. Í því felst að Byggðastofnun verði tryggðir fjármunir í fjárlögum til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Miklir erfiðleikar steðja að ákveðnum landsvæðum. Í því ljósi er mikilvægt að auka opinber fjárframlög til þeirra svæða sem glímt hafa við mikla erfiðleika á borð við hrun rækjuiðnaðarins og þar sem veiðiheimildir hafa horfið snögglega. Byggðastofnun ætti að vera í lykilhlutverki í því að efla þau byggðarlög."

Ég las þetta, með leyfi forseta, fyrst og fremst til að draga athygli að því að iðnaðarnefnd lagði mikla áherslu á að hlutverk Byggðastofnunar yrði eflt. Það verður ekki gert með þeirri aðferð, þeirri leið sem hér er mælt fyrir.

Við eigum auðvitað eftir að fást við þetta mál í iðnaðarnefndinni aftur. Það er gamall kunningi þar frá því í fyrravetur. Það kom fram áðan að við fengum fjölmargar umsagnir um málið í iðnaðarnefnd í fyrravetur. Þær voru nánast allar á eina leið. Það að blanda saman þeirri ágætu hugmynd að sameina Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins saman við þau málefni sem menn töldu sig þurfa að leysa gagnvart Byggðastofnun var ekki talin góð hugmynd.

Því var lýst í greinargerð með þessu frumvarpi að búið var að leggja verulega mikla og góða vinnu í sameiningu þeirra tveggja stofnana sem ég nefndi áðan. En þegar málið er komið inn í iðnaðarráðuneytið þá dettur mönnum það snjallræði í hug að bæta Byggðastofnun inn í þetta. Um það hefur í raun verið deilt alveg síðan að málið kom fyrir Alþingi, þ.e. hvort það sé rétta leiðin. Ég tel að þetta sé röng leið og við í Samfylkingunni teljum að þarna sé beitt röngum aðferðum.

Það hvernig sótt hefur verið að Byggðastofnun undanfarin ár hefur skapað gríðarlega tortryggni gagnvart þessum málum og hvernig hún hefur verið veikt af stjórnvöldum með alls konar aðgerðum, meðal annars með því að hluta hana niður, flytja verkefni hennar og dreifa um landið. Þegar komið hafa ný verkefni sem hafa áhrif á byggðamál þá hafa þau ekki verið falin Byggðastofnun o.s.frv.

Ég tel að eins og málin eru sett upp í þessu máli sé byggðaþættinum ekki sinnt þannig að maður geti treyst því að staðið verði við bakið á byggðarlögum sem þurfa á stuðningi að halda. Fyrir utan það að Byggðasjóði sem slíkum er ákaflega þröngur stakkur skorinn. Það þarf nánast að vera þannig, t.d. ef maður skoðar e-lið 11. gr. þar segir að sjóðnum sé heimilt að veita ábyrgðir á lán til uppbyggingar atvinnulífs á svæðum þar sem sérstök áföll valda verulegu atvinnuleysi. Þar er Byggðasjóði heimilt að veita ábyrgðir á lán allt að 75%. En hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að lánastofnanir hafa úrslitaákvörðunarvald um það hvort eitthvað af þessu tagi verði gert.

Ég tel að menn muni fara yfir þetta í nefndinni aftur. Ég á erfitt með að trúa, eftir þá umræðu sem varð um þetta mál í fyrravetur, að sátt sé um málið í stjórnarflokkunum. Mér fyndist það afar undarlegt. Það kæmi mér á óvart. Ég ætla að bíða eftir því að ræða þetta mál betur í iðnaðarnefnd. Ég ætla ekki að fara yfir alla þá umræðu sem fór fram í fyrravetur. Ég trúi því að það hljóti að vera hægt að finna fleti á að gera breytingar á þessu máli með þeim hætti að betri pólitísk sátt geti orðið um það. Ég trúi því illa, eins og ég sagði áðan, að stjórnarliðar séu orðnir sammála um að hafa málið nánast óbreytt frá því sem lagt var fram af iðnaðarráðherra sem leit öðruvísi út í fyrrahaust.

[17:08]

**Guðjón Guðmundsson:**

Hæstv. forseti. Samkvæmt því frumvarpi sem hér er til umræðu þá skal sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Iðntæknistofnun og Byggðastofnun í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Ég tel að hér sé gengið of langt. Ég er sammála því að sameina Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, enda um náskyldar stofnanir að ræða. Það virðist í mörg ár hafa verið almenn skoðun þeirra sem um það fjalla að þær stofnanir eigi vel saman í einni.

Ég tel hins vegar að Byggðastofnun eigi ekki heima með hinum tveimur vegna þess að þessar þrjár stofnanir eiga sáralítið sameiginlegt. Það virðist reyndar mjög almenn skoðun. Ef við skoðum athugasemdir við lagafrumvarpið þegar það var síðast lagt fram kemur fram að þáverandi iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, skipaði í september 2004 starfshóp til að gera tillögur um endurskipulagningu tæknirannsókna. Starfshópurinn var skipaður af þeim Sveini Þorgrímssyni, skrifstofustjóra í iðnaðarráðu-

neyti, Eddu Lilju Sveinsdóttur, deildarstjóra á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og Ingólfi Erni Þorbjörnssyni, forstöðumanni á Iðntæknistofnun.

Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra í nóvember 2004. Það var einróma niðurstaða hópsins að unnt væri að efla opinberar tæknirannsóknir með því að sameina starfsemi Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Starfshópurinn taldi að sameiningin mundi leiða til samlegðaráhrifa sem væri ein veigamesta forsenda þess að aukinn árangur næðist í alþjóðlegri samkeppni á sviði tæknirannsókna og nýsköpunar sem gæti leitt til bættrar samkeppnisstöðu Íslands. Undir þetta tók síðan Vísinda- og tækniráð í ályktun sinni frá desember 2004, en þar segir, með leyfi forseta:

„Vísinda- og tækniráð styður sameiningu Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og beinir því til iðnaðarráðherra að vinna áfram að þeirri sameiningu á grundvelli greinargerðar starfshóps iðnaðarráðherra um tæknirannsóknir með áherslu á náin tengsl við háskólana.“

Á grundvelli þessara eindregnu niðurstaðna skipaði iðnaðarráðherra enn nefnd í febrúar 2005 sem skyldi m.a. gera tillögur um verkefni og innra skipulag nýrrar stofnunar um tæknirannsóknir og að mikilvægi samfélagslegs hlutverks tæknirannsókna skyldi lagt til grundvallar með sérstakri tilvísun til þýðingar þeirra fyrir framþróun íslensks atvinnulífs og bætta samkeppnisstöðu Íslands. Reksturinn ætti m.a. að stuðla að heilbrigðri samkeppni og uppfylla kröfur samkeppnislaga.

Í þessari ágætu nefnd, sem var skipuð mörgum þungavigtarmönnum, áttu sæti Magnús G. Friðgeirsson, formaður stjórnar Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Hallgrímur Jónasson, forstjóri Iðntæknistofnunar Íslands, Hákon Ólafsson, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Ingólfur Þorbjörnsson, forstöðumaður á Iðntæknistofnun, Ólafur Wallevik, deildarstjóri á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu.

Þessi nefnd skilaði niðurstöðum til ráðherra með greinargerð í september 2005. Á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu nefndarinnar ákvað iðnaðarráðherra að undirbúa sameiningu þessara stofnana, þ.e. Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Það var sem sagt niðurstaða þeirra fjölmörgu sérfræðinga og sérfróðu manna sem ég hef vitnað til að sameina skyldi þessar tvær stofnanir.

En á þessu stigi fær þáverandi iðnaðarráðherra skyndilega þá hugmynd að bæta Byggðastofnun í sameiningarpakkann. Hún fól ráðgjafarfyrirtæki að greina valkosti varðandi framtíðarþróun Byggðastofnunar. Þetta ráðgjafarfyrirtæki samanstóð af einstaklingi sem nýlega var fluttur heim frá Danmörku eftir langa dvöl þar. Ýmislegt af því sem þessi ráðgjafi setti fram í skýrslu sinni var mjög umdeilanlegt og margir sem vel þekktu til voru ósammála ýmsu því sem þar var sett fram. Staðreyndin er sú að margar jákvæðar umbætur höfðu þá nýlega verið gerðar á verklagi Byggðastofnunar. Þær umbætur voru leiddar af núverandi hæstv. iðnaðarráðherra, Jóni Sigurðssyni, en hann vann frábært starf sem formaður stjórnar Byggðastofnunar. Hans var enda sárt saknað þaðan þegar hann fór til starfa sem seðlabankastjóri. Gerðar höfðu verið verulegar endurbætur á starfsemi stofnunarinnar þegar þessi skýrsla var sett fram og skýrslan varð mjög umdeild og margt í henni sem menn voru hreinlega ekki sammála.

Með þeirri starfsemi sem hér er lögð til leggst af lánastarfsemi Byggðastofnunar. Það tel ég mjög miður vegna þess að bankakerfið er ekki tilbúið að sinna landsbyggðinni. Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi um það, bæði ný og gömul, að lán Byggðastofnunar hafi skipt sköpum í atvinnulífi á landsbyggðinni og í fjölmörgum tilfellum hafa þau hreinlega orðið til þess að fyrirtæki hafi eflst og dafnað. Þegar þau hafa verið komin í góðan gír hafa bankarnir svo yfirtekið þessi lán, sem er hið besta mál. Ég tel að það sé andstætt byggðastefnunni að afleggja þessa lánastarfsemi.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að Byggðastofnun hafi þurft að afskrifa verulegar upphæðir á undanförnum árum og það er rétt. En hið sama á reyndar við um bankakerfið og lánastarfsemi þess. Í þessu tilfelli er oft talað um lánastarfsemi Byggðastofnunar sem pólitískt sukk. Mér finnst sú umræða byggjast á miklum fordómum og misskilningi vegna þess að vinnubrögðum varðandi lánastarfsemi Byggðastofnunar hefur einfaldlega verið gjörbreytt fyrir nokkrum árum. Það má vel vera að þau hafi verið losaraleg áður, meðan verklagið var þannig að hver einasta lánsumsókn fór fyrir stjórn Byggðastofnunar og hún ákvað hvort lána ætti og hve mikið.

En á þessu varð sú breyting fyrir nokkrum árum að stofnað var til lánanefndar sem samanstendur af embættismönnum stofnunarinnar, forstjóra, lögfræðingi og þeim lánasérfræðingi sem hefur gert greiningu á viðkomandi lánsumsókn. Þessi lánanefnd afgreiðir mál. Hún afgreiðir öll smærri lán, að 35 millj. kr, án þess að leggja það fyrir stjórn. Hún gerir síðan tillögu og greiningu fyrir stjórn um öll stærri mál og eftir því sem ég best veit hefur stjórnin alltaf farið eftir þeim tillögum og samþykkt þær. Allt tal um sukk og svínarí á þeim bæ er því löngu úrelt. Það er löngu liðin tíð, hafi það einhvern tímann verið svo, sem ég efast reyndar um. Lánveitingar eru markvissari en áður var og undirbúnar með sama hætti og hjá öðrum lánastofnunum. Nú er fínt að tala um greiningardeildir og það er einfaldlega þannig að lánasérfræðingar greina hvert einasta lán og gera nákvæma úttekt á því.

Hér er lagt til að Byggðasjóður veiti ábyrgðir á lán til landsbyggðarinnar og þær megi nema allt að 75%. Tekið er fram í greinargerð að við undirbúning frumvarpsins hafi verið haft samráð við banka og önnur fjármálafyrirtæki og að undirtektir þeirra við tillögum um lánsábyrgðir hafi verið mjög jákvæðar. Skyldi nú engan undra. Auðvitað væru slíkar ábyrgðir himnasending fyrir bankakerfið og ekki merkilegt að þeir skuli samþykkja slíkt með bros á vör.

Virðulegur forseti. Ég er einfaldlega ósammála þessari breytingu á lánastarfseminni og því að taka eigi upp ábyrgðir í staðinn. Ég vona að iðnaðarnefnd skoði það með opnum huga að lánastarfseminni verði haldið áfram og jafnframt að nefndin skoði vel hvort ekki sé rétt að Byggðastofnun haldi velli, sem ég tel að væri besta niðurstaðan. Eins og hér hefur komið fram var lögð á það mikil áhersla í

síðustu byggðaáætlun að efla starfsemi Byggðastofnunar.

Hér hefur líka komið fram að mikil andstaða var við málið á síðasta þingi. Ég vorkenni hæstv. iðnaðarráðherra, þeim ágæta manni, að fá þetta frumvarp í arf. Ég spái því að þrátt fyrir góðan vilja hans til að bæta frumvarpið muni áfram verða við það mikil andstaða á Alþingi og í þjóðfélaginu.

[17:17]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það bregður nú svo við að ég er svo sammála tveim síðustu ræðumönnum að ég get mjög stytt mál mitt þess vegna og vísa til þess. Það er gaman af því þegar menn sameinast þvert á hið pólitíska litróf í afstöðu til þessa máls. Hér hefur aðdragandi þess verið ágætlega rakinn og ég þarf ekki að endurtaka það. Það sem virtist vera ágætlega undirbúin og að mörgu leyti vel ígrunduð sameining Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar birtist mönnum allt í einu hér í frumvarpsformi með þeirri undarlegu viðbót að Byggðastofnun hafi eins og fengið far með málinu inn í þingið, því hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra var í bullandi vandræðum með málefni Byggðastofnunar. Satt best að segja eru þau mál búin að vera meira og minna í uppnámi frá því að málaflokkurinn var fluttur úr forsætisráðuneytinu yfir til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og stofnunin flutt norður á Sauðárkrók og miklar deilur upphófust þar í stjórn. Við þekkjum þessa sögu. Það á ekki af henni að ganga, aumingja Byggðastofnun því enn er hún hér eins og eitthvert vandræðagóss inni í þessu frumvarpi sem að öðru leyti hefði sjálfsagt getað orðið ágætissamstaða um.

Það er þó þannig og það kom fram í vinnu iðnaðarnefndar um þetta mál að meira að segja þessi sameining Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins er ekki eins algerlega einboðin og menn kynnu að ætla þegar farið er að skoða það betur vegna þess að starfsemi þeirra tveggja stofnana er þrátt fyrir allt sumpart ólík. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er í grunninn þjónustustofnun við byggingageirann og í gríðarlega nánu samstarfi og samþætt inn í þá grein og í raun er fátt að vinna með því að breyta því vegna þess að eftir því sem ég fæ best séð og veit er almennt góð sátt og ánægja með hvernig sú stofnun vinnur sem þjónustustofnun, prófunarstofnun og rannsóknastofnun, hagnýtra rannsóknir þá aðallega, fyrir byggingariðnaðinn. Iðntæknistofnun hefur breiðara svið og þar er núverandi nýsköpunarmiðstöð eða Impra eða hvað það nú heitir. Þar er miklu frekar á ferðinni sumpart einhver skyldleiki yfir í verkefni Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. En þó held ég að sameining RB og Iðntæknistofnunar og staðsetning þeirra í nágrenni við háskólasamfélagið í Vesturbænum hefði haft ýmsa kosti í för með sér. Það er eftir ýmsu að slægjast í þeim efnum. Það getur maður alveg fallist á. En svona fór þetta nú og frumvarpið fékk einhverjar þær hraklegustu viðtökur sem mál af þessu tagi hefur lengi fengið í þinginu. Það er helst reyndar að mál frá sama ráðherra á sama þingi eða svipuðum þingum, auðlindafrumvörpin, hafi verið tekin jafnhressilega í nefið, ef svo má að orði komast, eins og þetta. Þeim mun meiri undrun vekur að málið skuli koma hér lítt breytt inn á þing og fyrir því þurfum við auðvitað einhver rök. Vógu þá svona létt þessar gríðarlega miklu athugasemdir sem gerðar voru við málið og náðu langt inn í raðir ríkisstjórnarliðsins sjálfs og gera enn samanber ræðuflutning hér? Það er ekki einu sinni samstaða um þetta mál á stjórnarheimilinu svo augljóst sem það er. Þá hljóta menn aðeins að staldra við og spyrja sig hvort ekki sé betra að endurskoða þetta eitthvað og velta þessu betur fyrir sér.

Það sem ég held að komi náttúrlega fyrst upp er spurningin um það hvort hyggilegt sé að taka byggðaþáttinn inn í þessa hefðbundnu rannsókna- og þjónustustarfsemi við atvinnuvegina sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun eru. Er það að öllu leyti heppilegt? Er ekki byggðaþátturinn, þá meina ég bæði áætlanagerð, stefnumótun, ráðgjöf og skýrslugjöf og svo eftir atvikum umsjón með Byggðasjóði — hvaða heimildir sem hann nú hefur — betur kominn sem sjálfstæður þáttur sem hefur síðan þverfagleg tengsl við málefni, ekki bara þessa hluta þjónustu við tilteknar atvinnugreinar, byggingariðnað og iðnað, heldur allar? Er það ekki í raun þannig að byggðaþátturinn hljóti að þurfa að verða alveg þverfaglegur? Ég hef oft velt því fyrir mér hvort byggðamálin hefðu ekki betur bara farið til félagsmálaráðuneytisins og við hefðum skilgreint þau sem verkefni sem væru svo nátengd málefnum sveitarfélaganna og þess hlutverks sem félagsmálaráðuneytið fer með að það hefði þá alveg eins átt heima þar eða þá að senda þau aftur heim til forsætisráðuneytisins vegna þess að þau verða eðli málsins samkvæmt þannig að vinna þyrfti með öllum ráðuneytum og öllum málaflokkum. Það er örugglega langt í land að við stofnum sjálfstætt byggðamálaráðuneyti. Það er lítil stemmning fyrir því. Menn vilja aðallega fækka ráðuneytum. En auðvitað hefði það verið ein leið eða þá að byggðamálin yrðu hluti af stærri og öðruvísi endurskilgreiningu og endurskipulagningu verkefna í Stjórnarráðinu þar sem til yrði einhvers konar innanríkisráðuneyti eða eitthvað í þeim dúr.

Auðvitað liggja vissir þættir og vissar leiðir saman eins og nýsköpunarhugsunin. En byggðamálin eru bara miklu meira en nýsköpun í atvinnumálum. Því miður hættir mönnum að líta svo á að það er gjarnan hringt í Byggðastofnun þegar allt er hrunið, komið í kaldakol sem er alveg skelfilegur hugsunarháttur. Það má ekki vera þannig að byggðamál séu einhver vandræði, erfiðleikar, áföll og hrun sem séu orðin staðreynd. Byggðastofnun og byggðamál eiga ekki að hugsast eins og eitthvert slökkvilið heldur á þvert á móti að koma í veg fyrir að kvikni nokkrir eldar. Byggðamálin verða að vera hugsuð sem fyrirbyggjandi og uppbyggjandi aðgerðir sem gera það að verkum að fjölbreytt og blómlegt atvinnulíf sé um allt land og undirstöður byggðar og mannlífs í öllu tilliti. Auðvitað eru byggðamál ekkert síður að hlúa að menningu eða afþreyingu eða hverju sem er, samgöngum, að stuðla að góðum samgöngum o.s.frv. Það á ekki bara að vera sú þrönga hugsun að það eina sem skipti máli sé að menn hafi vinnu. Auðvitað er það undirstaða. Það hverfur ekki. En þetta þarf að hugsast í miklu víðtækara samhengi. Mín von hefur verið sú að menn hefðu þroskast það í glímunni við þessi mál að þeir endurskilgreindu og endurreistu aðgerðir á sviði byggðamála á grunni slíkrar breiðrar nálgunar. En þetta er í raun

að hluta til leiðin til baka inn í þennan þrönga atvinnunýsköpunarfarveg. Það gætum við sagt að eigi þá við kannski um atvinnuþróunarfélögin sem slík sem starfa skilgreint með það verkefni en ekki stjórnsýslu- og ráðgjafarstofnun og áætlanastofnun á sviði byggðamála. Það er mjög ankannalegt ef hún er á fullri ferð til baka inn í þetta samhengi.

Varðandi skipulagsþáttinn í þessu þá verður líka til hér ákaflega sérkennileg stofnun. Ég hef velt því svolítið fyrir mér hvernig sé háttað svona stjórnsýslufræðum í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu af því að við höfum verið að fá svo skemmtileg frumvörp frá því ráðuneyti stundum að undanförnu. Ég hef spurt stundum þá: Hvernig er með skipuritið? Er það hérna einhvers staðar í fylgiritinu? Það gerði ég bæði þegar auðlindafrumvarpið kom og þetta. Nei, það var ekki til skipurit og þegar betur var að gáð sáu menn eiginlega ekki fyrir sér að það væri hægt að draga það upp því fyrirbæri væri svo kúnstugt í laginu. Hvað er nú þetta hér? Jú, Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal það heita. Þetta er deildaskipt. Það er ráðgjafarsvið sem er svona ráðgjafar- og stjórnsýslusvið og er þá að einhverju leyti starfsemi Byggðastofnunar eða hvað það nú er. Það eru Íslenskar tæknirannsóknir og það vitum við í grófum dráttum hvað er. Það er sameining þeirra þátta sem eru hjá RB og Iðntæknistofnun. Þar starfar ráðgjafarnefnd, ekki stjórn heldur ráðgjafarnefnd og hún er átta manna. Staðsetninguna á þessu öllu ákveður ráðherra. Svo kemur Byggðasjóður. Hann er sjóður. Þar starfar fimm manna stjórn. Síðan kemur Tækniþróunarsjóður. Hann er sjóður og þar er sjö manna stjórn, sjö manna. Það er átta manna ráðgjafarnefnd, fimm manna stjórn, sjö manna stjórn. Svo kemur Tryggingarsjóður útflutnings. Það er sjóður. Þar eru aftur fimm menn í stjórn o.s.frv. Þetta er ákaflega sérkennilegt fyrirbæri. Það er sem sagt toppur með forstjóra sem ráðherra skipar. Síðan eru ýmis svið með einhvers konar sviðsstjórum eða sjálfstæðir sjóðir með stjórn. Hvert er þá hlutverk til dæmis forstjórans og stjórnarinnar? Þetta er orðið óskaplega einhvern veginn samsett og flókið og undarlegt fyrirbæri þannig að ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki viss um að menn séu að vinna meira en þeir eru að tapa í þessum efnum. Það skyldi nú ekki fara svo, ef þessi ósköp verða búin til, að það komi tiltölulega fljótt að því að menn vilji fara að gera þarna einhverjar breytingar. Auðvitað verður það. Auðvitað verður þetta með einhverjum hætti síðan rekið saman eða þessu breytt og á endanum sett inn ein stjórn eða engin.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið afturför á sínum tíma þegar þingkjörin stjórn yfir Byggðastofnun var slegin af. Það voru skelfileg mistök. Það var upphafið að eyðimerkurgöngu þessa málaflokks að hluta til og hefur sennilega kannski skipt meiru máli en flutningurinn eða vistaskiptin úr forsætisráðuneytinu yfir í iðnaðarráðuneytið. Hver var hugsunin meðal annars á bak við það að hafa þverpólitíska þingkjörna stjórn yfir þessum málaflokki? Það var meðal annars til að reyna að hafa einhverja samstöðu um þessi mál. Það var meðal annars til að reyna að kalla alla til ábyrgðar á þessum málaflokki og að allir kæmu sínum sjónarmiðum að. Þessu hefur öllu verið kastað fyrir róða eins og svo víða annars staðar þar sem menn hafa farið ráðherravæðingarleiðina, að henda út allri lýðræðislegri aðkomu Alþingis svo ekki sé talað um starfsmenn þar sem slíkt átti við og starfsmannalýðræði og þar af leiðir ráðherravæðingin sem felur í sér að ráðherrann handvelur stjórnina og passar náttúrlega dyggilega upp á að hann og hans flokkur og stjórnarliðið sé þar í traustum meiri hluta. Ef menn eru þægir í stjórnarandstöðunni þá fá þeir að tilnefna einn, tvo menn. Ef menn eru óþægir eins og Vinstri grænir voru í þessum byggðamálum þá er þeirra fulltrúa hent út. Þannig virkar nú lýðræðið á þeim bænum. Það er umburðarlyndið og víðsýnið sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra sýndi þegar við lögðumst hart gegn þessum breytingum á yfirstjórn byggðamála á sínum tíma, áttum mann kjörinn í stjórn Byggðastofnunar. Fyrsta verk iðnaðar- og viðskiptaráðherra var að sjálfsögðu að henda honum út. Þannig var nú það.

Svo hlýt ég að síðustu, frú forseti, að segja að mér finnst menn vera hér líka algerlega að tapa sjónar á einu atriði og ekki litlu. Það er viðfangsefninu sjálfu, þ.e. byggðamálunum. Þau bara gleymast í þessu. Við skulum ekki gleyma því við hvað er að glíma í þeim efnum á Íslandi og hvers konar gríðarlegt verkefni það er ef menn ætla að ráðast í það og takast á við það af einhverri alvöru, enn ekki bara busla einhvers staðar í yfirborðinu með tóma sýndarmennsku eins og þetta hefur verið undanfarin ár, að reyna að koma á einhverju jafnvægi í byggðaþróun í landinu þó mjög seint sé þegar við stöndum frammi fyrir því að búsetudreifing á Íslandi er orðin skakkari og samþjöppunin fólksmeiri en í nokkru öðru landi sem við berum okkur saman við. Ekkert ríki í Vestur-Evrópu eða norrænt Vestur-Evrópuríki býr við neitt sambærilega hluti og þykir mönnum þó nóg um flutningana frá norðri til suðurs til dæmis í Skandinavíu. Þykir mönnum nóg um í Skotlandi. Þykir mönnum nóg um í Grænlandi og Færeyjum. En samþjöppunin þar er þó hvergi nærri því jafnmikil og á Íslandi. Um þriðjungur í Færeyjum og á Grænlandi býr í höfuðborginni og innan við það í Noregi og Svíþjóð. Samt er þar mikil umræða um byggðamál og gríðarlega umfangsmiklar aðgerðir til að styðja við bakið á búsetunni til dæmis í Norður-Skandinavíu, miklu víðtækari aðgerðir en hér eru í gangi. Við höfum horft hér upp á meiri röskun og viðvarandi jafnvægisleysi í þessum efnum en aðrar þjóðir hafa látið bjóða sér og er í raun lítið lát á enn þá. Staðreyndin er sú að enn er allt of mikill brestur að verða í byggðinni víða á jaðarsvæðum í landinu og ótrúlega lítið og af litlum metnaði tekist á við þá hluti.

Ég held því fram að það væru einhver heimskulegustu mistök sem við Íslendingar gerðum ef við látum þetta halda svona áfram vegna þess að landið minnkar við hverja byggð sem brestur og við verðum fátækari, sérstaklega af framtíðarmöguleikum. Ég held að fáar ef nokkrar fjárfestingar séu líklegar til að verða eins arðsamar á komandi áratugum og öldum vonandi en þær að reyna að aðstoða fólk og styðja við bakið á þeim sem vilja blása lífi í byggðir sem eiga í vök að verjast. Þó við tækjum ekki nema eina atvinnugrein, mestu vaxtargrein íslensks efnahagslífs undanfarna áratugi, ferðaþjónustuna, þá er augljóst mál að framtíðarmöguleikarnir þar eru gríðarlega tengdir búsetunni. Ferðaþjónustan verður af allt öðru tagi ef ekki er til staðar byggð til að takast á við hana og þróa hana á staðbundnum

forsendum í hverju byggðarlagi og hverjum landshluta fyrir sig. Það er auðvitað hægt að senda ferðamenn í rútum eða leiðbeina þeim á bílaleigubílum út í tómar byggðir eftir vegum yfir sumarið en miklu meira gerist ekki nema til staðar sé byggð sem geti boðið upp á þjónustu, afþreyingu, veitt leiðsögn, kynnt og komið á framfæri menningu, siðum og hefðum og arfleifð viðkomandi svæðis o.s.frv. Við stöndum frammi fyrir því Íslendingar að við erum orðin ferðamennskuþjóð „per definition" af því að hingað koma fleiri ferðamenn en landsmenn eru á ári hverju. Svona upp úr miðjum næsta áratug gætum við átt von á einni milljón ferðamanna til Íslands og að þeir verði þá farnir að dreifast mun meira yfir allt árið en þeir gera núna. En það verður gríðarlegt viðfangsefni að taka á móti þessum fjölda svo vel fari og engin leið að gera það öðruvísi en til stórvandræða horfi nema við getum dreift álaginu um landið og gert nánast og helst hverja einustu byggð virkan þátttakanda í því. Þá er hægt að sjá fyrir sér að við ráðum eitthvað við þetta og án þess að það verði átroðningur og vandræði sem stofna náttúru og umhverfi í hættu og hafa ýmislegt annað óæskilegt í för með sér, of miklar árstíðasveiflur o.s.frv.

Auðvitað er það svo síðan margt fleira sem hægt er að tína til og nota sem rök í þessum efnum. En ég læt nægja að nefna þetta eitt af því að fyrir mér er það alveg nógu stórt. Af hverju skyldum við ekki horfa til hagsmuna þessara stærstu vaxtargreinar íslensks atvinnulífs um árabil og greinar sem er líkleg til verða það áfram? Allt teiknar til að hún verði það áfram nema við eyðileggjum það sjálf. Það má svo sem velta því fyrir sér hvort við séum ekki með tilburði til þess. En það er önnur saga. En það eru flestir sammála um að Ísland eigi alveg gríðarlega möguleika á þessu sviði. Ferðaþjónustan er að mörgu leyti mjög álitleg grein og góð vegna þess að hún dreifir afrakstri sínum víða. Hún felur ekki í sér þörf á mikilli fjárfestingu borið saman við margt annað og hún skilar prýðilegum arði, nettóarði inn í hagkerfið. Það er nefnilega þannig að gamli söngurinn og rógurinn um láglaunastörfin og gjaldþrotin og vesenið og tapið á ferðaþjónustunni er löngu liðin tíð sem betur fer. Það gengur bara prýðilega í verulegum mæli í ferðaþjónustunni. Hún hefur dafnað þannig að tíminn hefur lengst og vetrarferðamennska er í hraðri uppbyggingu víða, ekki bara hér á suðvesturhorninu heldur líka sums staðar úti á landi sem er virkilega ánægjulegt. Það horfir því að mörgu leyti alveg prýðilega í þessari grein og hún borgar ýmsum sínum starfsmönnum alveg ágætislaun.

Það sem er kannski sérstaklega gott við hana er að þar sem vel tekst til þá styrkir ferðaþjónustan kannski meira en flest annað þá atvinnustarfsemi, þá þjónustu, þá innviði sem þurfa hvort eð er að vera til staðar vegna landsmanna sjálfra eins og samgöngurnar og þjónustu, verslun og annað því um líkt. Þess vegna er leitun að þróun sem er í raun hagstæðari fyrir byggðirnar heldur en sú að þar byggist upp ferðaþjónusta, ábatasöm og sterk. Þannig er svo auðvelt að sjá fara saman hagsmuni byggðanna og skynsamlegar aðgerðir stjórnvalda á sviði byggðamála og hef ég þó ekkert nefnt undirstöðuþáttinn sem samgöngurnar eru, en nefni það svona til að hafa gert það.

Ég held satt best að segja að við þurfum að skoða þetta verulega vandlega. Það er ekkert sem er að hlaupa frá okkur í þeim efnum að fara að hrasa að afgreiðslu þessa nú. Annað eins hefði þá gerst eins og að það biði þá bara næsta þings að glíma við þetta verkefni, nýrrar ríkisstjórnar og nýs þingmeirihluta hér. Það stefnir allt í að hann verði býsna breyttur að samsetningu samanber fréttir undanfarna daga og vikur og ég held að við ættum ekkert að reyna að hafa þá vit fyrir þeim sem koma til með að ráða ferðinni á næsta kjörtímabili endilega.

[17:37]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér varð eiginlega léttara í sinni eftir að ráðherraskipti urðu og þessi málaflokkur komst í hendur núverandi hæstv. iðnaðarráðherra sem, eins og fram hefur komið í máli fyrri ræðumanna, er fyrrverandi stjórnarformaður Byggðastofnunar. Ég fylltist satt að segja ætíð skelfingu þegar fyrrverandi hæstv. ráðherra tók eitthvað á málefnum Byggðastofnunar því, eins og fram hefur komið hér áður líka, og ágætlega í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, hafa málefni stofnunarinnar á alla lund farið á verri veg undir stjórn þess fyrrverandi ráðherra.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði að Byggðastofnun hefði undanfarin ár verið í bullandi vandræðum, öllu heldur að ráðherrann hefði verið í bullandi vandræðum með Byggðastofnun og það er skoðun mín að það hafi algjörlega verið sjálfsköpuð vandræði og í rauninni vandræði búin til af ásettu ráði. Það er mín skoðun að hæstv. ráðherra hafi alltaf verið á móti þessari stofnun, viljað hluta hana niður og færa í sitt eigið kjördæmi. Hún sýndi það, hæstv. ráðherra, í störfum sínum.

Ég er að vona að hæstv. núverandi iðnaðarráðherra fari mjúklega af stað til þess að færa stofnunina til betri vegar því að þó að við sjáum ekki mikla breytingu á þessu frumvarpi eins og það liggur fyrir í dag frá því sem það var áður eru enn þá tækifæri til að hlusta og taka tillit til athugasemda sem er alveg öruggt að munu koma fram.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram að hér eru sett saman mjög mismunandi svið sem er að ýmsu leyti vandséð hvernig eiga að fara saman svo að vel sé. Ég var að hugsa um það áðan þegar ég sat í sæti mínu hvað það væri fróðlegt að sjá teikningu af skipuriti þessarar fyrirhuguðu stofnunar. Ég ætla að beina því til nefndarmanna í iðnaðarnefnd að þau fari fram á það við ráðuneytið að skipuritið verði teiknað upp, hvernig mismunandi svið og yfirstjórn og deildir og rannsóknastofnanir og hvað þetta allt heitir eiga að tengjast innbyrðis og inn í box sem verður teiknað, þá líka hvað eiga að vera margir yfirmenn og starfsmenn o.s.frv. Ég hef þá trú að þetta verði mjög skrautlegt skipurit, virðulegi forseti.

Ég ætla svo að segja að miðað við nafn þessarar nýju stofnunar, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, finnst mér skilgreining á hlutverki hennar eins og hún birtist bæði í 3. gr. og 5. gr. ansi þröng og jafnvel karllæg. Ég rek þessa skilgreiningu beint til þessara stofnana sem er verið að sameina, þ.e. tæknirannsókna, byggingarannsókna og þess háttar, en það getur varla verið meiningin að nýsköpun eigi bara að eiga sér stað á tæknisviði. Ég legg til að þessi skilgreining eða nafnið á sviðinu verði tekið til endurskoðunar.

Það má alveg kalla þetta Íslenskar atvinnurannsóknir eða Íslenskar nýsköpunarrannsóknir og er þá hvort tveggja mun víðara og fellur að því er mér sýnist betur að því sem ég held að þessi stofnun eða þetta svið eigi að hafa með höndum.

Síðan leggst illa í mig, eins og reyndar fleiri sem hér hafa talað, hvernig rannsóknir sem eiga að tengjast þessari stofnun eru tengdar tilteknum háskólum eða rannsóknastofnunum. Ég lít nefnilega á það sem kjörið tækifæri til að efla hina mörgu háskóla sem við höfum á Íslandi að gefa þeim færi á að keppa um að sinna rannsóknastörfum fyrir þessa stofnun. Það eru, eins og bent hefur verið á, margir háskólar á Íslandi og það eru líka til háskólasetur á Ísafirði og á Austurlandi. Þau bæði byggja starfsemi sína að hluta til á vísindalegum rannsóknum. Það er líka háskóli á Hólum í Hjaltadal og háskóli á Akureyri og það er alveg sjálfsagt finnst mér að gefa öllum þessum stofnunum og skólum tækifæri til að þjónusta þetta nýja svið sem þarna er verið að fjalla um.

Síðan vil ég segja um það hvernig aðalstarfsemi þessar stofnunar eftir því sem mér sýnist er sett niður á þrem stöðum, þ.e. Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum, að það er alveg útilokað að horfa upp á það hvernig önnur landsvæði eru sýknt og heilagt vanrækt af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Það verður að segja að það hvernig ríkisstjórnin hefur farið með Norðvesturkjördæmið í heild mun verða henni til ævarandi skammar. Það er í rauninni sama hvaða málefni sem einhvern veginn er hægt að tengja landsbyggðinni kemur að í þinginu, það er alltaf sett niður einhvers staðar annars staðar en á þeim stöðum sem virkilega þurfa á því að halda að opinber starfsemi sé efld. Að kalla Ísafjarðarbæ byggðakjarna á sama tíma og þessu hlutverki er ekki gert hærra undir höfði en svo af hálfu ríkisstjórnarinnar að þar fækkar opinberum störfum stöðugt og fjármagnið sem er sett í þróunarsamninginn sem var verið að gera við þessa byggð er eins og upp í nös á ketti miðað við það sem þarf virkilega að setja í þetta landsvæði er bara hreint út sagt háðulegt, virðulegi forseti.

Það hefur komið fram í máli fyrri ræðumanna að mikil þörf sé á stofnun eins og Byggðastofnun til þess að efla byggð á landinu. Ég ætla að ítreka að það er mikil þörf á slíkri starfsemi. Ég held að það sé skoðun meiri hluta þingmanna á hv. Alþingi að ekki sé ástæða til að leggja niður byggð eða láta byggð á landinu eiga sig annars staðar en á 3–4 stöðum en það er eiginlega í stórum dráttum það sem þessi ríkisstjórn hefur verið að gera. Að hafa stofnun eins og Byggðastofnun sem er ekki gert fært að sinna hlutverki sínu almennilega er eiginlega verra en að hafa hana ekki því að þessi stofnun kallar alveg sýknt og heilagt yfir sig mjög óréttmæta gagnrýni sem byggist á því að hún getur ekki þjónustað þá sem þurfa á þjónustunni að halda vegna þess að hún hefur ekkert fjármagn og engar aðstæður til að sinna starfi sínu.

Ég vona að hæstv. iðnaðar- og byggðamálaráðherra muni standa betur að málum en forveri hans í embætti og sýna að hann hafi ekki gleymt því sem hann lærði sem formaður stjórnar þessarar stofnunar sem nú er til meðhöndlunar.

[17:47]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins í framhaldi af ræðu hv. þingmanns sem mér fannst einkennast af mikilli svartsýni og töluverðu vonleysi en þó var kannski verst að þar gætti örlítils misskilnings og kannski gleymsku. Í fyrsta lagi hélt hv. þingmaður því fram að samkvæmt því frumvarpi sem hér er til umræðu væru Byggðasjóður og Tækniþróunarsjóður eins og skúffa eða deild í Nýsköpunarmiðstöðinni en svo er ekki. Þeir starfa sjálfstætt og það er mjög mikilvægt að halda því til haga. Þarna gætti því einhvers misskilnings hjá hv. þingmanni.

Ég get hins vegar tekið undir það með hv. þingmanni að betur mætti gera hvað varðar störf á landsbyggðinni en mér fannst hv. þingmaður tala þannig að Norðvesturkjördæmi væri eins og sviðin jörð eftir hraklega meðferð hæstv. ríkisstjórnar á því kjördæmi og þangað hefðu hæstv. ráðherrar bara aldrei litið varðandi flutning á opinberum störfum. Það kemur mér á óvart að heyra hv. þingmann tala svona, því að ef ég man rétt færði hæstv. dómsmálaráðherra innheimtu umferðarlagabrota alla leið til Blönduóss og síðast er ég vissi til var Blönduós hluti af Norðvesturkjördæmi. Það var mjög verðskuldað að sýslumaðurinn á Blönduósi fengi þá deild, enda annálaður fyrir góða löggæslu. Þá man ég ekki betur en hæstv. félagsmálaráðherra hafi flutt ein 12 störf á Hvammstanga og síðast þegar ég vissi til var Hvammstangi hluti af Norðvesturkjördæmi. Þetta vildi ég aðeins nefna hv. þingmanni til upprifjunar og hugarhægðar eftir það vonleysi sem mér fannst einkenna ræðu hennar.

[17:49]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að segja að það léttist á mér brúnin því nær sem dregur kosningum því að ég veit að skipt verður um ríkisstjórn og næsta ríkisstjórn mun örugglega sinna Norðvesturkjördæmi betur en sú núverandi.

Það sem hv. þingmaður nefndi er allt saman satt og rétt og það fellur undir það sem ég kalla sleðahundaheilkennið, þ.e. þetta er sambærilegt við meðferð Grænlendinga á sleðahundum sínum. Þeir eru hafðir við sultarmörk þangað til á að fara að nota þá. Nú á sem sagt að mýkja kjósendur með því að færa örfá störf í þetta kjördæmi svo þeir kjósi kannski rétt næst, minnugir þess að búið er að færa örfá störf út í kjördæmið. Það er auðvitað þakkarvert og ég skal ekki draga neitt úr því en betur má ef duga skal, enda hefur lítið verið gert á undanförnum 12 árum í þessu efni eins og dæmin sanna þegar farið er yfir þau.

[17:51]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er þó ánægjulegt að upp skuli hafa runnið ljós fyrir hv. þingmanni og hún átti sig á því að það var ekki alls kostar rétt sem hún nefndi í fyrri ræðu sinni þegar hún dró upp þessa svörtu mynd af kjördæmi sínu. Hæstv. ríkisstjórn hefur þó a.m.k. sýnt einhverja tilburði og nokkur störf hafa færst þangað yfir og í fleiri kjördæmi núna nýlega. Það var mjög ánægjulegt að vera viðstaddur þegar hæstv. landbúnaðarráðherra opnaði formlega Landbúnaðarstofnun á Selfossi. Eitthvað hefur því mjakast af störfum úr

hinni stóru og voldugu höfuðborg en sannarlega mega þau fleiri fara. Um það erum við örugglega sammála, ég og hv. þingmaður, að næsta ríkisstjórn mun örugglega gera enn betur en núverandi ríkisstjórn hvað varðar landsbyggðina og þjóðmálin almennt. Við erum örugglega sammála um að næsta ríkisstjórn mun gera enn betur og að sjálfsögðu mun Framsóknarflokkurinn standa sig vel í þeirri ríkisstjórn við að sinna þessum mikilvægu málum og ég þakka hv. þingmanni fyrir þá hvatningu til okkar framsóknarmanna.

[17:52]

**Útbýting:**

Hrefnuveiðar, 262. mál, svar sjútvrh., þskj. 341.

[17:52]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en nefnt það hér að þegar þetta mál er tekið til umræðu líður manni svolítið eins og í ágætri bíómynd sem heitir Groundhog Day en þar var maður sem vaknaði alltaf upp dag eftir dag á sama deginum og upplifði það sama. Hér erum við, virðulegi forseti, með sama frumvarp og í fyrra og erum að ræða nákvæmlega sömu þætti. Við erum að ræða nákvæmlega þá þætti sem voru gagnrýndir harkalega af svo til öllum umsagnaraðilum um þetta mál á liðnu þingi.

Síðan gerist í þessari umræðu líka nákvæmlega það sama og gerðist á síðasta vetri. Það kemur í ljós að þingmenn ríkisstjórnarflokkanna eru ekki sammála um málið nema núna er það hv. þm. Guðjón Guðmundsson sem er andvígur málinu en á síðasta þingi var það hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson.

Það er mér auðvitað undrunarefni að þetta mál skuli koma hér inn aftur með þessum hætti vegna þess að það er augljóst af öllu málinu að ekki hefur verið haft frekara samráð við framtíðarneytendur þessarar Nýsköpunarmiðstöðvar nú en áður.

Virðulegi forseti. Það hefur verið farið ágætlega yfir það hér hver aðdragandi þessa máls var og mér finnst hugmynd um sterka Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem kemur með öflugum hætti að uppbyggingu á fjölbreyttu atvinnulífi um land allt verulega heillandi hugmynd. Mér finnst engu að síður aðferðafræðin hér röng, kolröng. Þetta segi ég vegna þess að í þessu frumvarpi erum við að fjalla um svo gjörólíka hluti. Við erum annars vegar með nýsköpun og tækniþróun sem vissulega á við um og fyrir landið allt. Það á ekki að gera greinarmun á því hvort fyrirtæki eru á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu. Síðan erum við hins vegar með það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór ágætlega yfir hér áðan, hið fjölbreytta svið byggðamál. Það er svo margt annað en eingöngu nýsköpun og tækniþróun sem fellur undir byggðamál. Ég ætla ekki að fara yfir það hér heldur var það gert ágætlega í ræðum á undan.

Þetta var gagnrýnt á síðasta þingi. Þetta var gagnrýnt bæði úr byggðamálaáttinni og nýsköpunaráttinni. Úr báðum þessum áttum var málið gagnrýnt og þess vegna finnst mér undarlegt að það skuli koma svona inn hér aftur. Ég hefði talið farsælast að menn hefðu sest betur yfir málið og í sameiningu og í samráði við hlutaðeigandi aðila, t.d. félag sprotafyrirtækja og atvinnuþróunarfélögin sem gagnrýndu þetta frumvarp harkalega, farið yfir það og smíðað nýtt frumvarp sem líklega hefði þá endað í tveimur frumvörpum, annars vegar um eflingu á sviði byggðamála og hins vegar um eflingu á sviði stuðnings við nýsköpun og tækniransóknir.

Virðulegi forseti. Það kom fram í greinargerð frumvarpsins í fyrra og að sjálfsögðu greinargerð frumvarpsins núna að í rúmt ár var unnið skipulega að því að sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun. Í september á síðasta ári lauk þeirri vinnu. Á þeim tíma sem leið frá því að þeirri vinnu lauk og þangað til í vetur, einhvern tímann í mars að ég tel, kom allt í einu Byggðastofnun inn í þetta batterí ásamt þessum þremur sjóðum, eins og af himnum ofan inn í mjög vel undirbúna sameiningu. Hún gerbreytti auðvitað öllum forsendum sameiningar þessara tveggja stofnana, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar.

Virðulegi forseti. Það verður, og það eru allir sammála um það, að efla tækniransóknir og stuðning við nýsköpun og sprotafyrirtæki um land allt. En það þarf að gera í samráði við þá aðila sem munu nýta sér þennan stuðning svo að almennilegt gagn verði að því. Ég spurði hæstv. iðnaðarráðherra að því áðan með hvaða hætti þessu samráði hefði verið fyrir komið í sumar á meðan breytingar á þessu frumvarpi hefðu staðið yfir. Mér fannst ég ekki fá skýr svör við því. Auðvitað hefði átt að fara af stað eftir svona mikið deilumál eitthvert formlegt samráðsferli til þess að afurðin gæti gagnast mönnum sem best.

Virðulegi forseti. Það sem við höfum rætt hér talsvert er þetta skrýtna skipurit sem er ekki til fyrir þessa stofnun, heldur þetta undarlega skipulag sem virðist vera á stofnuninni. Eitt var talsvert gagnrýnt og ég kom inn á það í andsvari áðan við hæstv. ráðherra, að forstjóri skuli vera pólitískt skipaður, einráður, yfir öllu galleríinu. Þetta hefur verið gagnrýnt og var gagnrýnt við umfjöllun málsins á síðasta þingi. Þetta var gert þá og menn lýstu undrun sinni á því að ekki væri fagleg stjórn yfir slíkri stofnun þar sem atvinnulífið og t.d. háskólarnir skipuðu fulltrúa sína. Þetta töldu menn nauðsynlegt vegna þess að pólitísk stjórn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands væri óheppileg þar sem að þar ættu að fara fram óháðar rannsóknir, þetta gæti gert stofnunina ótrúverðuga.

Á þessar raddir, virðulegi forseti, eigum við að hlusta. Ég nefndi þetta áðan við hæstv. ráðherra sem hélt því fram að það væri nútímaleg stjórnsýsla að koma málum svona fyrir. Þar kristallast kannski sú andstæða skoðun eða sýn sem við höfum á þetta mál að ég lít ekki svo á að hér sé verið að setja á laggirnar eða eigi að vera sett á laggirnar einhver stjórnsýslustofnun, heldur á hér að koma upp öflug rannsóknastofnun og þjónustustofnun við rannsóknir og tækniþróun. Það tvennt eru gjörólíkir hlutir, þ.e. einhver stjórnsýslustofnun annars vegar og síðan öflug rannsóknastofnun og þjónustustofnun fyrir tækniþróun og rannsóknir í landinu. Yfir slíkri stofnun hefði maður talið að æskilegt væri, og kom fram í máli manna á síðasta ári, að væri fagleg stjórn og ekki eingöngu ráðherraskipaður forstjóri.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson fór ágætlega yfir það áðan hvað það blasir sérkennilega við okkur alþingismönnum sem sitjum í iðnaðarnefnd hvernig farið

var með afgreiðslu þessa máls annars vegar og byggðaáætlunar á síðasta þingi hins vegar. Í byggðaáætluninni kemur nefnilega skýrt fram vilji. Í fyrsta lagi var þetta mál tekið af dagskrá á síðasta þingi. Það var ákveðið að það væri vanreifað og gæti ekki orðið afgreitt á síðasta þingi. Því varð mikil samstaða um það í iðnaðarnefnd að afgreiða stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 þar sem sérstaklega er tekið á þremur þáttum í nefndaráliti iðnaðarnefndar, sameiginlegu nefndaráliti. Er sá þriðji og ekki sá sísti sá að það ætti að efla Byggðastofnun og gera henni kleift með fjárframlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála. Þetta kom fram hjá allri iðnaðarnefndinni sameinaðri.

Þarna lít ég svo á að við höfum sagt skýrt að hverfa ætti frá þeirri hugmynd að Byggðastofnun fari inn í þessa Nýsköpunarmiðstöð eins og menn voru að reyna á síðasta þingi. Ég leit svo á að þarna hefðu menn staðfest að ekki yrði haldið áfram með málið eins og gert er nú, hvað þá að það kæmi nánast óbreytt hingað aftur inn í þingsali með greinilega sömu deilurnar á bakinu eins og á milli þingmanna stjórnarflokkanna, eins og raunin er og sýndi sig hér í umræðum áðan.

Þess vegna finnst mér að þetta verði að koma fram vegna þess að á síðasta þingi héngu þessi tvö mál saman, þ.e. afgreiðsla byggðaáætlunar og sú staðreynd að þetta frumvarp um Nýsköpunarmiðstöð færi ekki í gegnum þingið síðasta vor. Menn fögnuðu því með því að leggja þessa miklu áherslu, þverpólitískt á alla stjórnmálaflokka, á að efla ætti Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála.

Í ljósi þessa finnst mér afar undarlegt að Nýsköpunarmiðstöðin komi hér aftur inn með Byggðastofnun eins og farangur í hálfgerðu reiðileysi, eins og sagt var hér áðan.

Virðulegi forseti. Það kom líka fram, og mér finnst mikilvægt að koma inn á það, að í því frumvarpi sem hér liggur fyrir hefur heldur ekki verið tekið nægilega skýrt á þætti atvinnuþróunarfélaganna. Atvinnuþróunarfélögin gagnrýndu þetta frumvarp harkalega á síðasta þingi. Þar kom fram frá þeim að hér væri um að ræða eitt þeirra hlutverka sem Byggðastofnun hefði haft með höndum, þ.e. að atvinnuþróunarfélögin hefðu að hluta til verið fjármögnuð með samstarfssamningum við Byggðastofnun. En ekki er getið um það hvað verði gert við þá samninga þegar Byggðastofnun verður lögð niður og þetta er eitt þeirra hlutverka eins og áður sagði sem Byggðastofnun hefur haft með höndum og virðist hafa gleymst í óðagotinu við að leggja þessa stofnun niður.

Það er augljóst af öllu þessu máli að því miður er verið að eyðileggja gott mál, hugmyndina um Nýsköpunarmiðstöð Íslands, öfluga stuðningsstofnun, öfluga rannsóknastofnun fyrir nýsköpunargeirann og tækniþróunina, með því að fara þessa mjög svo undarlegu krókaleið fyrir Framsóknarflokkinn til að losa sig við vandræðabarnið, Byggðastofnun, sem Framsóknarflokkurinn er búinn að eiga í vandræðum með alla tíð í þessu ráðuneyti, hæstv. iðnaðarráðuneytinu. Við skulum bara tala um hlutina nákvæmlega eins og þeir eru. Hæstv. iðnaðarráðherra og forveri núverandi hæstv. iðnaðarráðherra hafa ekkert ráðið við þetta verkefni sem Byggðastofnun er, og byggðamálin.

Það hefur komið fram að byggðamálin eru þverfagleg mál. Það má til gamans geta þess að við í Samfylkingunni höfum lagt gríðarlega mikla áherslu á að þau séu vel unnin og á þverfaglegan hátt og við lögðum til að Byggðastofnun heyrði undir forsætisráðuneytið, ætti frekar heima þar en hjá iðnaðarráðuneytinu þar sem um væri að ræða svo víðtækt starfssvið.

Ég get nú ekki látið hjá líða að nefna stuðninginn við sprotafyrirtækin sérstaklega. Það er þannig, virðulegi forseti, að mér finnst þessi ríkisstjórn mismuna atvinnugreinum. Það hefur komið fram víða. Mér þykir miður að þessi ríkisstjórn ætli ekki að leggja í myndarlegan, öflugan stuðning við sprotafyrirtæki, uppbyggingu hátækniiðnaðar og annars slíks iðnaðar hér á landi vegna þess að það er undirstaða þess að við byggjum hér upp fjölbreytt atvinnulíf til framtíðar.

Hvað þarf til þess að við getum byggt upp öflugan tækniiðnað, öflug sprotafyrirtæki? Það þarf þolinmótt fé. Mér er mjög til efs að sú leið sem menn fara hér framleiði slíkt fé, t.d. eins og Byggðasjóður á að gera um landið til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar þar, úti á landsbyggðinni. Mér er til efs að lán frá bankastofnunum og lánastofnunum séu þetta þolinmóða fé sem þessi fyrirtæki þurfa. Þó að ríkisábyrgðir séu veittar á slík lán er mér til efs að þetta fé verði eitthvað þolinmóðara en það er í dag. Ef það verður eitthvað þolinmóðara verður það samt aldrei nægjanlega þolinmótt. Eins og ég hef nefnt í ræðum fyrr þurfa þessi fyrirtæki sem ég talaði um 10–15 ár til að komast almennilega á legg. Mér er stórlega til efs að þetta þolinmóða fé fáist til þess tíma.

Mér þykir ástæða líka að nefna í þessari umræðu að það er gríðarlega mikilvægt að verulega aukið fé verði veitt til Tækniþróunarsjóðs og hann efldur til muna. Menn eiga á næstu árum að leggja mjög myndarlega í þann sjóð vegna þess að þessi sprotafyrirtæki eiga að vera einn af okkar stærstu vaxtarsprotum á næstu árum.

Mér þótti afar merkilegt í störfum nefndarinnar á síðasta þingi þegar það kom fram varðandi Tækniþróunarsjóð og úthlutanir hans til fyrirtækja að hlutfall þess fjár sem fyrirtækið fengi úr sjóðnum væri eingöngu tæplega 20%. Nefnd var talan 16% og ég segi hana hér eins og okkur var kynnt hún. Það þýðir að rúmlega 80% fara til rannsóknastofnana ríkisins og háskólanna. Til hinna raunverulegu sprotafyrirtækja fara eingöngu eitthvað um 16%. Þetta þykir mér verulegt áhyggjuefni. Þetta er eitthvað sem við verðum að skoða sérstaklega, að við berjum okkur ekki á brjóst hér fyrir að vera með myndarlega sjóði til að efla tækniþróun og nýsköpun og styðja við sprotafyrirtæki þegar við leggjum í gegnum þennan sjóð megnið af fénu til stofnana ríkisins. Þetta verða menn að skoða hvað þennan sjóð varðar.

En ég hef sagt að mér finnst mikilvægast, og við höfum talað fyrir því, samfylkingarmenn, að við viljum fara fjölbreyttar leiðir, bæði í stuðningi við byggðir landsins og líka í stuðningi við uppbyggingu nýsköpunar- og sprotafyrirtækja. Þegar ég tala um nýsköpunar- og sprotafyrirtæki er mjög mikilvægt að það komi fram að þarna megum við aldrei undanskilja landsbyggðina. Þetta á við nýsköpunar- og sprotafyrirtæki um land allt. Fjölbreyttari leiðir verða að

koma til vegna þess að þessi fyrirtæki eru gríðarlega ólík innbyrðis, misstór, misburðug og með afar mismunandi vöru. Sumum hentar hreinlega ekki að fá fjárfestingu inn í fyrirtækið og þar með talið mann í stjórn og slíkt vegna þess að þau eru bara hreinlega of lítil til þess. Sá stuðningur sem kemur inn með þeim hætti verður þá íþyngjandi fyrir þessi fyrirtæki.

Því vil ég, og ég hvet hæstv. iðnaðarráðherra til að taka það til sterkrar skoðunar, að við förum aðrar leiðir á þessum sviðum, m.a. með því að skoða þessar endurgreiðslur sem nefndar hafa verið og ég hef nefnt hér í fyrri ræðum, endurgreiðslur á rannsókna- og þróunarkostnaði fyrirtækja. Þetta hefur verið gert með mjög áhrifaríkum hætti í t.d. Noregi og Kanada. Það er bara þannig að íslenskt atvinnulíf stendur á þessu sviði í mikilli varnarbaráttu gegn því að missa þessi fyrirtæki til landa þar sem umhverfið er þeim hagstæðara. Það er ekki nóg, virðulegi forseti, að vera hér með hagstætt skattumhverfi fyrir fyrirtæki vegna þess að það gagnast þessum fyrirtækjum ekkert, fyrirtækjum í uppbyggingu sem eru að þróa nýja vöru og geta flokkast undir sprotafyrirtæki. Við verðum að koma með öflugan stuðning til þeirra á uppbyggingarárum þeirra sem talin eru vera 10–15 ár.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er að enda. Það eru nokkur önnur atriði sem ég hefði viljað koma að en ég vonast til að nefndin eigi eftir að taka öll þessi mál vel upp, að hægt verði að ræða þessi mál almennilega, að það verði hlustað á þær gagnrýniraddir sem heyrast, að vinnubrögðin verði betri en þau voru á síðasta þingi og að við eigum eftir að ná samkomulagi um þessi mál. Það er mjög mikilvægt fyrir báða þessa málaflokka, byggðamálin þverfaglegu og uppbyggingu nýsköpunar og tækniþróunar í landinu.

[18:13]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Við ræðum í grunninn sameiningu þriggja stofnana, tveggja heilbrigðra og einnar sjúkrar. Svo fylgir málinu draumur um opinbert rannsóknar- og háskólastarf.

Herra forseti. Það hefur orðið gífurleg aukning í tæknirannsóknum hér á landi, aðallega hjá fyrirtækjum. Þar eru fyrirtæki sem stunda rannsóknir í tengslum við starf sitt, ég nefni Íslenska erfðagreiningu sem dæmi og mörg önnur fyrirtæki í útrás sem stunda miklar rannsóknir. Ég tel að atvinnulífið eigi að stunda tæknirannsóknir á eigin forsendum og eigin kostnað, ríkið geti stuðlað að grunnrannsóknum og fræðilegum rannsóknum. Þar á inngrip ríkisins heima en ekki annars staðar.

Hvers vegna erum við að sameina þessar þrjár stofnanir? Orsökin er Byggðastofnun og vandamál hennar. Eins og við ræddum fyrr í dag varðandi nýsköpun, fjárfestingar og opinbert fé hefur Byggðastofnun verið ein hryggðarmynd alla tíð. Þar hafa menn ráðstafað opinberu fé til nýsköpunar, til að koma á jafnvægi í byggðum landsins út frá alls konar forsendum. Það hefur yfirleitt alltaf tapast. Síðan lendir Byggðastofnun í samkeppni við bankana sem, vegna þess að menn fóru í almennar aðgerðir til að stuðla að hagsæld í atvinnulífinu, ekki sértækar heldur almennar, hafa vaxið gífurlega. Þeir eru nú farnar að herja út á land með lágum vöxtum á lánum, meira að segja til bænda. Fyrir tíu árum hefðu fæstir búist við að bændur fengju samkeppni um lán en þangað er fjármagnið komið líka, út á landsbyggðina.

Afleiðingin er sú að Byggðastofnun dagaði upp eins og nátttröll í fjöllunum. Og nú á að gera eitthvað við greyið. Ráðuneytið kann ekki önnur ráð fyrir þá sjúku stofnun en að setja hana í kippu með tveimur heilbrigðum stofnunum og búa til úr því einn allsherjardraum sem heitir Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Það var ekkert annað. (**Gripið fram í:** Nýsköpunarmiðstöð ríkisins.)

Ef við ræðum rétt aðeins um þessar tvær heilbrigðu stofnanir, Iðntæknistofnun með því ágæta fyrirbæri Impru, sem ég tel mjög þarft, og svo Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, þá gætu þær stofnanir nánast staðið undir sjálfum sér. Þær þurfa ekki að vera ríkisstofnanir. Þær hafa mjög góðar tekjur af útseldri þjónustu og ég er viss um að með smáaðlögun væri hægt að breyta þeim í ohf., síðan í hf. og selja þær. Ríkið gæti jafnvel grætt á því. Þær mundu veita enn betri þjónustu þegar þær væru orðnar sjálfstæðar og þyrftu að standa á eigin fótum. Ég hugsa að þær gætu farið að hagnast eins og bankarnir sem alltaf töpuðu þangað til þeir voru seldir. Það væri mjög góð lausn fyrir atvinnulífið að fá tæknirannsóknir á því formi.

Varðandi Impru mundi ég vilja að ráðuneytið skoðaði, eins og ég nefndi áðan, að Impra veitti þjónustu gegn gjaldi, bara kostnaðarverði en fyrirtækin fengju það lánað þar til þau gætu borgað það. Það yrði þá á ábyrgð fyrirtækisins og ef fyrirtækið færi á hausinn mundi sá kostnaður falla á ríkið. Það yrði þá styrkt af ríkinu þótt búið væri að einkavæða Iðntæknistofnun. Þetta yrði gert með svipuðum hætti og allur sá kostnaður sem fellur í dag til vegna opinbers eftirlits með nýsköpun. Ég vil búa til betra og almennara umhverfi fyrir nýsköpun því að ég hef mikla trú á íslenskri nýsköpun.

Frumvarpið sem hér um ræðir er mjög flókið. Ég var að reyna að átta mig á þessu eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Þar er gert ráð fyrir óskaplegum fjölda stjórna. Mér sýnist að finna þurfi 20 stjórnarmenn til að stunda störf við Byggðasjóð, við Tækniþróunarsjóð, við Íslenskar tæknirannsóknir og við Tryggingarsjóð útflutnings. Alls staðar eru stjórnir eða ráðgjafanefndir. Sumt af þessu, eins og t.d. Tryggingarsjóður útflutnings, er nokkuð sem í flestum löndum er á vegum einkaaðila, að tryggja útflutning, sem getur verið ágætis bisness víðast hvar. En að sjálfsögðu verður ekkert slíkt til þegar menn þurfa að fara í samkeppni við ríkið á því sviði.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en það heyrist væntanlega á mér að ég er ekki hrifinn af þessu frumvarpi. Ég vona að menn hafi skilið það þannig, jafnvel hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem yfirleitt skilur eitthvað annað en ég segi. Ég ætla að taka það sérstaklega fram að ég er á móti þessu fyrirkomulagi og mun ekki geta stutt það. Það er því miður þannig. (**SJS:** Þetta er skýrt.) Fínt, takk.

[18:19]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ein af spurningunum sem ég ætlaði að leggja fyrir hv. þingmann var hvort hann væri á móti þessu frumvarpi. En hann svaraði henni áður en ég fékk orðið

þannig að það liggur fyrir. Þeir sem hafa talað fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins í dag, sem er stærri flokkurinn í ríkisstjórninni, eru báðir á móti frumvarpinu. Við erum því að endurlifa þá umræðu sem fram fór í fyrra. Sjálfstæðismenn eru alfarið á móti þessu frumvarpi. Hvernig í ósköpunum dettur mönnum í hug að flytja frumvarp í þinginu sem hefur ekki stuðning nema annars stjórnarflokksins, ef það hefur þá stuðning hans í heilu lagi?

Ég held að hæstv. iðnaðarráðherra þurfi að huga svolítið betur að málinu. Auðvitað verður honum fyrirgefið að hafa ekki sett sig inn í öll mál. En þó er svolítið erfitt að fyrirgefa honum að hafa ekki sett sig inn í þetta mál af því að hann hefur á undanförnum árum verið svo nátengdur þeirri starfsemi sem þarna er á ferðinni.

Hv. þingmaður gaf þessum tveimur stofnunum, sem átti að sameina áður en Byggðastofnun var bætt við, heilbrigðisvottorð, sagði að þetta væru heilbrigðar stofnanir. Hann sagði það í ræðu sinni. Til viðbótar sagði hann svo að hann vildi að þær yrðu einkavæddar og settar á markað. Gott og vel, ekki að vísu Impra. Hann áttaði sig á því að það væri kannski ekki mjög heppilegt. Er sú starfsemi sem Impra er með á höndum óhugsandi úti í hinu grimma samkeppnisatvinnulífi? Ég spyr að því.

[18:21]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður getur ekki dregið ályktun um allan Sjálfstæðisflokkinn af ræðu minni. Við sjálfstæðismenn erum sjálfstæðir en ekki með samtengda heila, eins og mér virðist oft með stjórnarandstöðuna þegar þeir segja „við samfylkingarmenn“ eða „við vinstri grænir“ líkt og þeir hafi allir eina skoðun og eina sál.

Ég held að það þurfi að upplýsast betur hver vilji Sjálfstæðisflokksins er. Ég er alfarið á móti þessu máli og held að menn hefðu getað fundið miklu betri lausn á því. Ég ætla að vona að menn gefist ekki upp við að finna betri lausn á þeim vanda sem steðjar að ráðuneytinu vegna Byggðastofnunar.

Varðandi Impru þá veitir sú stofnun, sá hluti af Iðntæknistofnun, þjónustu fyrir nýsköpunarfyrirtæki sem oft hafa afskaplega lítið fé aflögu. — Ég er að svara hv. þingmanni ef hann hefur tíma til að hlusta. — Þau fyrirtæki eru yfirleitt ekki aflögufær. Hins vegar gæti maður hugsað sér að þau fengju þessa ráðgjöf lánaða, lánað fjármagn til ráðgjafarinnar sem gjaldfélli þegar fyrirtækið væri orðið fært um að borga. Þangað til væri það jafnvel með ríkisábyrgð sem væri aðstoð við nýsköpun, þótt ég sé ekkert hrifinn af því að ríkið veiti svoleiðis ábyrgðir.

Ég mundi vilja flokka það undir hið sama og eftirlitskostnaðinn sem ýmiss konar fyrirtæki þurfa að borga við stofnun og að sá kostnaður yrði lánaður sömuleiðis. Að sjálfsögðu þyrftum við að lækka kostnað við stofnun fyrirtækja hjá hlutafélagaskrá þannig að þau standi undir kostnaði og jafnvel þann litla kostnað mætti lána líka. Það er nefnilega þannig með nýsköpun að hún á afskaplega erfitt með að borga fé fyrstu árin.

[18:23]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni varðandi það að auðvitað á að létta þeim sem eru í nýsköpun leiðina í upphafi. Það þarf að gerast myndarlega og standa við bakið á þeim aðilum sem eru tilbúnir til að leggja á sig að koma af stað nýrri starfsemi í landinu. Það er hægt að gera með hlutum eins og hér voru nefndir.

Hv. þingmaður sagðist ekki tala fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Það er mjög merkilegt. Hann segir þetta oft í ræðustól, hv. þingmaður. Nú búum við við það að það er ekki bara hann sem hefur talað í dag. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson hélt líka ræðu og sú ræða gekk út á það að hann væri á móti þessu máli. Hann lýsti því alveg prýðilega af hverju hann væri á móti því. Hv. þingmaður Pétur Blöndal lýsti sömu sjónarmiðum að mörgu leyti.

Aðrir hafa ekki talað fyrir Sjálfstæðisflokkinn. En í iðnaðarnefnd í fyrra voru sjálfstæðismenn, t.d. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Sigurður Kári Kristjánsson og kannski komu fleiri sjálfstæðismenn þar að. Þeir voru allir á móti þessu máli eins og það var. Ég spyr: Hvar á maður að leita að stefnu Sjálfstæðisflokksins í málinu annars staðar en hjá þeim sem tala fyrir flokkinn? Fyrir Sjálfstæðisflokkinn hafa engir talað sem ekki eru á móti málinu svo ég muni eftir. Ég óska þess að ég verði minntur á það ef svo er. Það væri mjög gott því að við eigum eftir að fjalla um málið í nefndinni. Þá væri gott að hafa þær upplýsingar. Annars fer ég með þær upplýsingar inn í nefndina að Sjálfstæðisflokkurinn sé á móti því.

[18:25]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að biðja hv. þingmann að hafa á hreinu að ég tala alltaf á Alþingi fyrir sjálfan mig en ekki fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

[18:25]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Það frumvarp sem við ræðum nú sýnist mér vera lítið breytt frá fyrra frumvarpi en mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur um það, hvort hann telji einhverjar líkur á því að það fari í gegnum þingið, vegna þess að ég hef ekki heyrt einn einasta þingmann mæla með frumvarpinu, ekki einn einasta. Ég náði reyndar ekki alveg stuttri ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar um málið, en ég get ekki betur heyrt en að þetta frumvarp eigi sér nánast enga formælendur í þinginu nema hæstv. iðnaðarráðherra sem mælti fyrir því. Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hverjar líkur hann telji á því að málið fari í gegn.

Nú höfum við heyrt helsta talsmann Sjálfstæðisflokksins í þessu máli tala um að þetta sé sjúk stofnun sem verið sé að sameina tveimur heilbrigðum stofnunum. Ég lýsi furðu minni á því að þetta mál komi svo illa búið inn í þingið að það eigi sér enga formælendur nema hæstv. iðnaðarráðherra sem mælti fyrir því. Þetta er sjúkt og ekki gat annar þingmaður Sjálfstæðisflokksins heldur mælt með þessu frumvarpi.

Annað sem mig langaði til að spyrja hæstv. ráðherra

um, það var ekki bara um líkurnar á þessu, er að nú get ég ekki séð betur en að verið sé að fella Byggðastofnun inn í tvær aðrar stofnanir. Telur hæstv. ráðherra að þetta sé ekki til marks um stefnu Framsóknarflokksins á umliðnum árum í því að draga úr vægi byggðamála? Það er verið að fella stofnunina inn í jafnvel alls óskylda starfsemi eða lítt skylda. Auðvitað má flækja alla hluti saman en ég get ekki séð að Byggðastofnun eigi endilega heima inni í þeim tveimur stofnunum sem talsmaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Pétur H. Blöndal, talaði um að væru heilbrigðar.

Ég er ekki sammála því heldur að Byggðastofnun eins og hún er rekin núna sé sjúk. Það er miklu frekar byggðastefna Framsóknarflokksins sem er sjúk, byggðastefna stjórnarflokkanna, og það er ekki hægt að bjarga henni með því að reka stofnun hversu vel eða illa sem það er gert. Byggðastefnunni verður ekki breytt með því heldur hafa almennar leikreglur sem Framsóknarflokkurinn hefur búið í lagaumgjörð á síðustu árum, einum og hálfum áratug, verið svo slæmar fyrir byggðir landsins að þær hafa grafið undan þeim. Það höfum við séð hvað varðar sjávarútveginn og einnig í fleiri málum sem Byggðastofnun hefur verið að fást við og átt að gefa álit um og jafnvel verið í vinnu við að útbúa, svo sem jöfnun flutningskostnaðar, að ég tali nú ekki um breytingar á raforkumarkaðnum sem hafa ekki komið hinum dreifðu byggðum vel, alls ekki. Það hefur verið sýnt fram á og þó ekki, ekki hefur verið skilað upplýsingum sem óskað var eftir varðandi það hvernig hækkunin á rafmagnsverðinu hefur orðið. Mér finnst ekki hægt að segja að Byggðastofnun sem slík sé sjúk heldur að stefna stjórnarflokkanna hafi gengið þvert á hagsmuni byggðanna.

Hæstv. iðnaðarráðherra var og er eflaust enn þá hugmyndafræðingur Framsóknarflokksins í byggðamálum og hefur gefið út rit eða ritað grein þar sem greindi skilmerkilega frá því að í rauninni væri orðið til borgríki á Íslandi. Mig langar að spyrja hvort hann líti svo á að þetta frumvarp sé staðfesting á því að verið sé að fella þessa stofnun, sem staðsett er norður á Sauðárkróki, inn í aðrar tvær stofnanir sem Pétur H. Blöndal gaf þá einkunn að væru heilbrigðar en Byggðastofnun sjúk, sem ég er ekki sammála. Við megum ekki fara fram hjá þessari umræðu um Byggðastofnun og byggðastefnuna. Og þó svo að hæstv. iðnaðarráðherra, sem nú er formaður Framsóknarflokksins, telji að íslenska sveita- og þorpasamfélagið sé úr sögunni og hér sé rekið nokkurs konar borgríki og það sé í rauninni ekki hægt að halda uppi byggð ef þar búa færri en 10–12 þúsund manns, þá eru ekki allir sammála því. Það er ekki svo og ég tel að það sé vel hægt að reka Byggðastofnun myndarlega á Sauðárkróki þó svo að Framsóknarflokkurinn hafi gefist upp á því, það er vel hægt að gera það.

Ég er ekki á því að það sé byggðamálunum endilega til framdráttar fara með Byggðastofnun inn í einhverja alls óskylda starfsemi, ég get ekki séð það. Mér finnst að með því að flækja málið og hræra saman stofnunum horfi menn fram hjá aðalatriðinu sem er að stjórnvöld hafa búið atvinnuvegum og byggðum landsins mjög slæm skilyrði, það markast m.a. í sjávarútvegi. Menn verða að gera sér grein fyrir því í þessari stöðu að málefni byggðanna verða ekki leyst með þessu frumvarpi heldur þarf að taka á þeim með almennum hætti, taka á þeim með reglum hvað varðar sjávarútveginn, tryggja m.a. útræðisrétt frá sjávarþorpunum, vegna þess að kerfið sem við búum við hefur engu skilað, bara tjóni fyrir þjóðina og mun eflaust gera það áfram ef það heldur eftir næstu kosningar, hvað sem verður um þetta frumvarp. Byggðirnar standa ekki og falla með því.

Sama á við um að taka á málum eins og að jafna flutningskostnað. Það gæti hjálpað atvinnugreinum sem eru staðsettar á landsbyggðinni. Mér finnst ekki hægt að líta fram hjá því. Að vísu hefur hæstv. iðnaðarráðherra reynt að skýra þetta út, að það sé eðlilegt að hægt sé að selja atvinnuréttinn í burtu frá byggðunum, þetta sé eitthvað sem fólk eigi erfitt með að skilja og eitthvað svoleiðis. Það er ekki svo. Það á ekki að vera þannig að hægt sé að selja atvinnuréttinn frá heilu byggðunum. Það hefur ekki skilað neinu. Mér finnst verða að ítreka það að nú sé komin upp sú staða að formaður Framsóknarflokksins hafi í rauninni blessað þá stefnu og talið hana þjóðfélaginu til framdráttar fyrir að hægt sé að braska með atvinnurétt landsbyggðarinnar. Það er í rauninni rót vandans. Mér finnst að við ættum kannski ekki endilega að verja allt of miklum tíma í þetta frumvarp heldur ræða rót vandans.

Hvað hefur það brask sem Framsóknarflokkurinn hefur staðið fyrir í sjávarútvegi skilað miklu fyrir þjóðarbúið? Það hefur ekki skilað neinu. Útflutningstekjur sjávarútvegsins minnkuðu í fyrra miðað við árið á undan og ekki virðist sjávarútvegurinn standa betur í ár en fyrir tíu árum. Skuldirnar hafa aukist um á annað hundrað milljarða og það er ekki að sjá að tekjurnar hafi aukist á móti. Menn geta í rauninni ekkert farið fram hjá þeirri umræðu — við erum að ræða byggðamál, Byggðastofnun, staðsetningu stofnana — að fara yfir rót vandans en hann liggur alls ekki í þessum stofnunum. Það er í rauninni þannig að með því að flækja þessum ólíku stofnunum saman missa menn sjónar á vandamálinu og til þess er leikurinn kannski gerður, herra forseti, að þvæla hlutunum þannig að menn séu í rauninni ekki að ræða þann byggðavanda sem blasir við og það er mjög alvarlegt. Það er kannski rétt að hæstv. iðnaðarráðherra svari því einnig hvort það sé einn tilgangurinn með frumvarpinu að komast hjá því að ræða rót vandans.

Þó svo að Framsóknarflokkurinn leggi blessun sína yfir braskið með veiðiréttinn og atvinnurétt byggðanna þá finnst mér orðið tímabært, og ég er viss um að hv. þm. Pétur H. Blöndal getur tekið undir það með mér, að menn sýni fram á einhverja hagræðingu fyrir þjóðarhag af því braski, hvort það sé t.d. einhver skynsemi í því að geta flutt veiðiheimildir landshorna á milli, að menn geti t.d. flutt fiskinn af miðunum við Grímsey suður um land og alla leið út á Suðurnes, hvort menn telji einhverja skynsemi í því. Ég tel svo ekki vera. Kannski eru menn með þessu samkrulli öllu að breiða yfir þennan vanda í stað þess að taka á byggðamálunum með skynsamlegum hætti, skapa betri starfsskilyrði fyrir atvinnuvegina á landsbyggðinni og tryggja síðast en ekki síst að opinberum störfum fjölgi einnig á landsbyggðinni. Það má færa rök fyrir því að einmitt þetta frumvarp gerir það alls ekki. Með því að færa höfuðstöðvarnar, sem eiga að sjá um byggðamálin, mögulega eitthvert allt annað er hætt við að áherslurnar færist einmitt frá þeim stað sem höfuðstöðvarnar eru staðsettar í dag. Það væri ekki til þess að fjölga störfum á landsbyggðinni en við höfum einmitt

séð að fjölgun í opinberum störfum þar hefur staðið í stað eða jafnvel minnkað meðan slíkum störfum hefur fjölgað gríðarlega á höfuðborgarsvæðinu.

Mér finnst eiginlega kominn tími til að halda ekki lengri ræðu að þessu sinni heldur gefa hæstv. iðnaðarráðherra kost á að svara því hverjar hann telji líkurnar á að þetta frumvarp fari í gegn þegar enginn hefur mælt með samþykkt þess nema hæstv. iðnaðarráðherra sjálfur.

[18:38]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það hefur greinilega komið í ljós við þessa umræðu að menn eru ekki á einu máli. Umræðan hefur reyndar farið út um víðan völl og rætt hefur verið um mjög mörg önnur mál en þau sem beinlínis eru í þessu frumvarpi og ég mun kannski leiða það að einhverju leyti hjá mér. En að því leyti sem rætt hefur verið um frumvarpið sjálft vil ég þakka fyrir margar ágætar ábendingar og athugasemdir sem hafa komið fram, sem ég veit að verða teknar til skoðunar í iðnaðarnefnd.

Ég tek undir það sem kom fram hjá nokkrum hv. alþingismönnum að byggðamálin eru eðlilegur og sjálfsagður þáttur í framþróun samfélagsins. Við eigum ekki alltaf að líta á þau sem einhvers konar vandamál, einhvers konar slys, einhvers konar vandræðamál heldur getum við líka horft á þau jákvætt, sem sjálfsagðan þátt í eðlilegri þróun og í þeim metnaði sem við viljum hafa sem þjóð að allir landsmenn í öllum byggðum landsins geti haft eðlilega og góða samleið.

Ég vil líka taka fram að frumvarpið sem hér er til umræðu byggist alls ekki á því að það hafi verið samþykktir einhverjir illa grundaðir palladómar um Byggðastofnun á liðnum tíma.

Út af því sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson sagði get ég nefnt að ef brugðið er upp mynd af þróuninni á sviði byggðamála þá getur verið að ýmsum þyki sú mynd dökk og ískyggileg, einkum ef myndin sýnir aðeins óheft markaðsöfl án opinberrar stefnu og aðgerða. Margir hafa einmitt í þessu sambandi talað um nokkurs konar svokallað borgríki í þessu sambandi, þ.e. að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar safnist saman á eitt landshorn. Ég gerði það sjálfur á ráðstefnu í Borgarnesi fyrir nokkrum árum á vegum samtaka þar í héraði og það erindi var síðan birt í Borgfirðingariti sem er ársrit Borgfirðinga.

Það vill svo einkennilega til að nokkrir alþingismenn virðast hafa misskilið þessa lýsingu mína þannig að ég hafi verið að lýsa stefnuviðhorfum eða einhverri æskilegri framvindu eða atburðarás sem ég teldi alveg sérstaklega æskilega fyrir landsbyggðina en ég var þvert á móti að reyna að bregða upp slíkri mynd á skýran, hlutlausan og raunsæjan hátt.

Ég tók það fram að framvindan leiddi til margvíslegra vandamála og erfiðleika víða á landsbyggðinni og að framtíðin yrði miskunnarlaus og kröfuhörð. En ég tók líka fram að byggðaþróunin er margþætt ferli og hún felur líka í sér ýmis ný tækifæri og ný viðfangsefni, a.m.k. á sumum svæðum. Meðal annars lýsti ég kröfum fólksins í byggðunum um greiðar samgöngur og stærri og fjölmennari nærsamfélög á þeim grundvelli. Mér fannst skylt að nefna þessar horfur til að benda á valkosti og sýna fram á að bölsýni og vonleysi eiga ekki við að öllu leyti á öllum svæðum, enda er orðið byggðarmetnaður einmitt í heiti þeirrar greinar sem áður var nefnd og hér var minnst á.

Í umræðunum núna hefur mér virst svolítill misskilningur um efnissvið frumvarpsins sem við erum að ræða. Efnissviðið er opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, með öðrum orðum efnissviðið er meira en aðeins Nýsköpunarmiðstöðin. Meðal annars hefur komið fram svolítill misskilningur í því að þó að þróunarsvið Byggðastofnunar hverfi undir Nýsköpunarmiðstöðina þá er Byggðasjóður sérstök stofnun með sérstökum framkvæmdastjóra og sérstakri stjórn. Það er nauðsynlegt að halda þessu til haga. Þarna er verið að koma til móts við margar ábendingar sem við höfum fengið, bæði frá iðnaðarnefnd síðastliðið vor og frá fleiri aðilum. Ég ætla ekki að elta ólar við það sem hér hefur verið sagt um fyrrverandi iðnaðarráðherra og tel að það hafi ekki verið á rökum reist.

Þegar talað er um skipun forstjóra fyrir Nýsköpunarmiðstöðina vil ég taka fram að það er í samræmi við þróun í stjórnsýslunni að forstjóri er skipaður beint og þá er verið að reyna að nálgast að það sé einmitt ekki pólitísk skipting í einhvers konar stjórn en þarna er að vísu gert ráð fyrir ráðgjafarnefnd og í bráðabirgðaákvæði er gert ráð fyrir nefnd til að skoða framtíðarskipulag og réttarform stofnunarinnar. Ég vil benda á sérstaklega líka 11. gr., e-lið, þar sem gert er ráð fyrir að Byggðasjóður gæti tekið frumkvæði um samninga við banka. Hér var aðeins talað um samskipti við atvinnuþróunarfélögin og við gerum einmitt ráð fyrir því að efla þau.

Ég tel að eitt sem er sterkast og mest heillandi í þessu frumvarpi sé einmitt að reyna að tvinna saman nýsköpun og byggðamál, eins og ég gerði grein fyrir í frumræðu minni. Að öðru leyti þakka ég fyrir ágætar umræður.

[18:44]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra lét að því liggja að ég hefði misskilið grein í ritinu Borgfirðingabók þar sem þetta væri, að sögn hæstv. ráðherra, ekki stefna heldur lýsing á staðreyndum. Nú er þetta staðreynd, að mati hæstv. iðnaðarráðherra væntanlega, en í þessu riti kemur fram að tæplega verði litið á byggð sem einingu ef þar búi færri en 8–12 þúsund manns. Þetta er þá lýsing á staðreyndum að mati hæstv. iðnaðarráðherra (Gripið fram í.) og það væri þá fróðlegt að fá að heyra, sérstaklega fyrir Skagfirðinga sem ná því ekki að teljast 8 þúsund og hvað þá 12 þúsund, hvað hæstv. iðnaðarráðherra á við í þessu riti. Er þetta virkilega lýsing á staðreyndum? Eiga Skagfirðingar að sætta sig við að þetta sé staðreynd og þess vegna sé mögulega verið að flytja Byggðastofnun í burtu? Hæstv. ráðherra ætti að svara þessu.

Við í Frjálslynda flokknum lítum allt öðruvísi á þetta. Við teljum að stofnun eins og Byggðastofnun eigi vel heima í Skagafirði, að það sé bara gott fyrir málaflokkinn og hann þurfi ekki að vera í einhverju ímynduðu borgríki sem Framsóknarflokkurinn virðist vera að boða hér. En það verður fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. ráðherra.

[18:45]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í þeim orðum sem vitnað var til var ég að reyna að draga upp mynd af því sem ég ætlaði að yrðu viðhorf manna eftir allmörg ár í framtíðinni frá því að greinin var skrifuð.

[18:46]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Þetta er fróðlegt svar, herra forseti, að þetta verði viðhorfið í framtíðinni. Ég get ekki betur munað en að einmitt í þessari grein komi fram hjá hæstv. núverandi iðnaðarráðherra og byggðamálaráðherra að byggðastefnan eigi ekki að snúa að því að verja þessar byggðir, heldur er andi ritgerðarinnar sá að byggðastefnan eigi að snúast um Keflavíkurflugvöll, að fólk fari ekki úr landi.

Mér finnst þetta mjög þörf umræða, að Framsóknarflokkurinn komi til dyranna eins og hann er klæddur. Mér sýnist hæstv. iðnaðarráðherra gera það hér með, segja að þetta sé stefna Framsóknarflokksins í framtíðinni, að ekki verði litið á byggð eins og Skagafjörð sem sjálfstæða einingu. (**HjÁ:** ... fara á lestrarnámskeið áður en þú ferð að rýna í þetta.)

Herra forseti. Ég heyri að framsóknarmönnum verður nokkuð órótt við þessa umræðu. En þetta er einmitt stefna Framsóknarflokksins í byggðamálum, þ.e. að grafa undan hinum dreifðu byggðum með því að gera atvinnuréttinn að söluvöru og við sjáum það, því miður, í byggðaþróuninni að Framsóknarflokknum virðist verða nokkuð ágengt.

Honum nægir ekki að gera byggðaréttinn að söluvöru, heldur meinar Framsóknarflokkurinn einnig bændum að nýta eignarlönd sín. Það hefur komið fram að hæstv. byggðamálaráðherra telji það jafnvel eðlilegan fórnarkostnað, og réttlætanlegan til þess að viðhalda kvótakerfinu, að meina bændum að nýta eignarlönd sín, meina þeim að veiða hrognkelsi sem eru innan 115 metra frá stórstraumsfjöruborði við strandjarðir. Það kom fram í umræðu á þingi og væri (Forseti hringir.) fróðlegt að fá þessi viðbrögð skýrar fram.

[18:48]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu minni um veiðirétt strandjarða hélt ég einmitt fram alveg gagnstæðu sjónarmiði um daginn. Ég vona að það muni rifjast upp fyrir hv. þingmanni. (**SigurjÞ:** Það birtist á heimasíðunni.)

Mér er algjörlega hulin ráðgáta hvernig hann getur dregið þá ályktun af orðum mínum í þessu erindi mínu að það verði álitið alvarlegt viðfangsefni að tryggja að vel menntað fólk og framgjarnt fái atvinnutækifæri og lífstækifæri á Íslandi en hverfi ekki af landi brott. Að hann geti mögulega dregið þær ályktanir sem hann dró í síðustu ræðu sinni er mér algjörlega hulin ráðgáta. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé nokkur ástæða til að bregðast illa við því eða vera með nokkur köpuryrði um það því mér er satt að segja alveg hulin ráðgáta hvernig hann getur lesið þetta út.

[18:49]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í öllum umræðum um þetta mál hef ég reynt að átta mig á því hvaða hagræðingu menn sjá út úr því að sameina þessar stofnanir. Það liggur fyrir að þeir sem skoðuðu samlegðaráhrif af þessum tveimur stofnunum sem í upphafi átti að sameina gátu með engu móti reiknað það út að af þeirri sameiningu væri neinn hagnaður sjáanlegur.

Þeir lögðu samt í það af einhvers konar framtíðarhugsun að það væri rétt að sameina þessar stofnanir, það væri margt sem mælti með því annað en að hægt væri að reikna út eitthvert hagræði, einhvern sparnað. Það var nefnilega ekki hægt. Þeir gátu ekki fundið það út.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann farið yfir það með sérfræðingum sínum hvaða hagræðing fáist svo út úr því að bæta Byggðastofnuninni við þetta? Við höfum ekki séð neina útreikninga á því. Sáum það ekki í fyrravetur og ég hef ekki orðið var við að þetta hafi verið gert. Grunur minn er sá að það muni verða enn erfiðara að reikna út einhvern hagnað af því að bæta Byggðastofnuninni við hinar tvær sem átti að sameina en var að finna það út að það væri hægt að reikna út beinan hagnað af sameiningu þessara tveggja stofnana, sem ekki var hægt.

Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Hefur hann farið yfir þetta með sérfræðingum sínum? Liggur eitthvað fyrir um það eftir sumarið, eftir alla vinnuna sem fór í að endurskoða málið í sumar, hvort það sé virkilega eitthvert hagræði af þessari sameiningu, og því sérstaklega að bæta Byggðastofnuninni við hinar tvær?

[18:51]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum litið svo á að það sé í raun inni augljóst hagræði og mikil samlegð og samefling í því að sameina ákveðna hluta Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Það styðst við vinnu sem áður hafði verið unnin.

Á sama hátt á hinn bóginn var augljóst hagræði og samefling í því að sameina þróunarsvið Byggðastofnunar og Impru. Þar er unnið að mjög svipuðum verkefnum, sambærilegum eða samstofna verkefnum. Með þessu ætti að geta orðið mjög árangursrík samþætting sem tryggði betur árangur og skilvirkni í þessu starfi.

Það sem er hins vegar heillandi í því efnislega er það að taka á byggðamálunum undir sjónarhorni nýsköpunar. Þá er eðlilegra að reyna að vinna það saman heldur en að vinna á einum stað hjá Iðntæknistofnun og Impru að nýsköpun og vinna síðan að því á öðrum stað hjá þróunarsviði Byggðastofnunar. Þá var því trúað að í því að sameina þær yrði efling og styrkur og aukin skilvirkni.

[18:53]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hæstv. ráðherra hefur þó farið yfir málið og fundið rök sem hann telur góð. Vitanlega eru þau til. Þau komu fram akkúrat gagnvart Impru. Að öðru leyti voru nánast allir sem komu á fund nefndarinnar sammála um að vera á móti því að blanda byggðamálunum

inn í þessa nýju stofnun.

Ég á eftir að sjá betri rök fyrir því en bara þennan part af málinu. Auðvitað væri hægt að velta þessu atriði fyrir sér á ýmsa vegu, hvort sameining Impru og þróunarsviðsins hjá Byggðastofnun gæti ekki gerst með öðrum hætti en þeim sem þarna er lagður til. Ég verð að segja alveg eins og er að mér sýnist, ef eitthvað er, að þegar því stjórnunarapparati sem er í Byggðastofnun er hent í heilu lagi og þessi leið farin óttast ég að byggðamálin verði hjábarn í þessari nýju stofnun. Það mun verða að skera hana upp strax vegna þess að þar verði ekki tekið eðlilega á málum. Ég óttast að þar verði loppin tök og tortryggni ríkjandi gagnvart þeim forstjóra sem þarf að hafa forustu fyrir öllum aðgerðum sem gera þarf í byggðamálum. Ég tel að það hafi ekki verið útskýrt fyrir okkur í fyrravetur — vonandi verður það betur gert núna — hvernig mál muni ganga fram í þessari stofnun með þeim hætti sem best er þegar leysa á úr málefnum byggðanna.

[18:55]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir málefnalegar athugasemdir hans og spurningar og fagna þessari umræðu. Ég bendi á að það eru einmitt mikilvægar breytingar á frumvarpinu núna frá því sem var, nú er búið að skrifa þessar tvær stoðir, tæknirannsóknir og ráðgjafarsvið, miklu skýrar en þær voru áður. Í annan stað hefur verið gerð sú mikilvæga breyting að Byggðasjóður, með sjálfstæðri stjórn og sérstökum framkvæmdastjóra, er tekinn út úr heildinni. Til að tryggja að ráðgjafarsviðið vinni einmitt að byggðamálum er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að Byggðasjóður geri samning við Nýsköpunarmiðstöð um faglega vinnslu verkefna.

Ég er þingmanninum þakklátur fyrir að koma að þessu efni vegna þess að þetta eru mikilvægir þættir sem var mjög gagnlegt að við tækjum fram í þessari umræðu núna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:56]

**Útbýting:**

Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, 329. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 352.

Fundi slitið kl. 18:57.

---

# 23. FUNDUR

miðvikudaginn 8. nóv.,
kl. 12 á hádegi.

**Dagskrá:**

*Til menntamálaráðherra:*

1. Útsendingar svæðisútvarpsins á Austurlandi, fsp. KLM, 125. mál, þskj. 125.
2. Menningarsamningar, fsp. JGunn, 134. mál, þskj. 134.
3. Varðveisla og miðlun 20. aldar minja, fsp. KolH, 227. mál, þskj. 230.
4. Nám á framhaldsskólastigi á suðursvæði Vestfjarða, fsp. JBjarn, 199. mál, þskj. 200.
5. Framboð verk- og tækináms, fsp. SæS, 218. mál, þskj. 219.
6. Framhaldsskóli í Rangárvallasýslu, fsp. BjörgvS, 285. mál, þskj. 298.

*Til heilbrigðisráðherra:*

7. Stækkun hjúkrunarheimilisins Sóltúns, fsp. ÁMöl, 117. mál, þskj. 117.
8. Bráðaþjónusta á Suðurnesjum, fsp. JGunn, 133. mál, þskj. 133.
9. Ekron-starfsþjálfun, fsp. VF, 144. mál, þskj. 144.
10. Forvarnir í fíkniefnamálum, fsp. BjörgvS, 149. mál, þskj. 149.
11. Réttargeðdeild að Sogni, fsp. MF, 162. mál, þskj. 162.
12. Kostnaður vegna hjúkrunarrýma, fsp. MF, 183. mál, þskj. 184.

*Til landbúnaðarráðherra:*

13. Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi, fsp. BjörgvS, 156. mál, þskj. 156.
14. Námsframboð í loðdýrarækt, fsp. MÞH, 241. mál, þskj. 244.

*Til félagsmálaráðherra:*

15. Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, fsp. ÁRJ, 170. mál, þskj. 170.
16. Búsetumál geðfatlaðra í Reykjavík, fsp. ÁRJ, 284. mál, þskj. 297.

*Til iðnaðarráðherra:*

17. Teikning af legu raflínu frá Skagafirði til Húsavíkur, fsp. AKG, 235. mál, þskj. 238.

*Til viðskiptaráðherra:*

18. Kröfur tryggingafélaga um upplýsingar, fsp. KJúl, 172. mál, þskj. 172.

*Til umhverfisráðherra:*

19. Kjarnorkuvinnslustöðin í Sellafield, fsp. SigurjÞ, 141. mál, þskj. 141.
20. Eldfjallagarður á Reykjanesi, fsp. KolH, 198. mál, þskj. 199.
21. Rannsóknir á sjófuglum, fsp. MÞH, 254. mál, þskj. 257.
22. Loftslagsmál, fsp. HHj, 293. mál, þskj. 306.

*Til ráðherra norrænna samstarfsmála:*

23. Kjör framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar, fsp. MÞH, 305. mál, þskj. 322.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[12:01]

**Forseti (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Um klukkan hálffjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um niðurstöður nýrrar könnunar um launamun kynjanna. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. félagsmálaráðherra Magnús Stefánsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Frumvörp um eignarhald orkufyrirtækja.

[12:02]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Ég óska eftir því að taka til máls undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins í framhaldi af frétt sem ég heyrði í Ríkisútvarpinu í gær klukkan sex. Þar var sagt frá því að hæstv. iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson hefði kynnt í ríkisstjórn tvö frumvörp um eignarhald orkufyrirtækja, annars vegar um að eignarhaldið færðist frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra sem er gott mál og er samkeppnisvænt í því umhverfi sem þessi fyrirtæki starfa. En hitt frumvarpið snýr að því að samhliða frumvarpinu um breytingar á Landsvirkjun flytur hæstv. iðnaðarráðherra annað frumvarp sem felur meðal annars í sér að Orkubú Vestfjarða og Rarik hf. sem bæði eru að öllu leyti í eigu ríkisins verði lögð til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkissjóðs.

Ég kveð mér hljóðs í framhaldi af því að þann 1. nóvember, fyrir viku síðan, urðu umræður um kaup ríkisins á hlut borgarinnar og Akureyrar í Landsvirkjun og þar var hæstv. iðnaðarráðherra spurður að því beint af þeim sem hér stendur hvort það kæmi til greina eða hvort það væri ætlan hæstv. ráðherra að renna Rarik og Orkubúi Vestfjarða inn í Landsvirkjun eftir að ríkið væri orðið einn eigandi og stækka þar með Landsvirkjun enn frekar. Hæstv. ráðherra svaraði í seinni ræðu sinni og sagði, með leyfi forseta:

„Ekki liggja fyrir á þessu stigi neinar niðurstöður um frekari skipulagsbreytingar sem snerta Rarik eða Orkubú Vestfjarða."

Ég taldi, frú forseti, að með þessu væri hæstv. iðnaðarráðherra að svara beint spurningu minni og væri að segja okkur hér að ekki stæði til að renna Rarik eða Orkubúi Vestfjarða inn í Landsvirkjun. Það er ekki hægt að skilja þessi orð hæstv. ráðherra öðruvísi.

Viku seinna kynnir hæstv. ráðherra í ríkisstjórn það frumvarp sem ég talaði um áðan um að þessi fyrirtæki tvö renni til Landsvirkjunar væntanlega til að styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar vegna þess að lánskjör séu að versna. En ég verð að spyrja hæstv. ráðherra: Er þessi ákvörðun um að renna þessum fyrirtækjum inn í Landsvirkjun tekin í flýti eða hasti eða var hæstv. ráðherra einfaldlega að segja okkur ósatt hér fyrir viku?

[12:04]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Það sem lá í mínum orðum var að það var ekki í ráði og er ekki í ráði í tengslum við þessar eignabreytingar að sameina Rarik, Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun í þeim skilningi að Rarik verði ekki áfram sérstakt hlutafélag. Það hefur ekki verið ákveðið. Rarik annast rafkorkusölu á Suðurlandi, Austurlandi, Vesturlandi, hlutum Norðurlands. Þessi verkefni eru óbreytt og verða í höndum Rariks. Það var áður búið að taka ákvörðun um að sala raforku í smásölu færi í sérstakt sölufyrirtæki. Hins vegar fer eignarhlutur ríkisins við þessa breytingu eða við þessi frumvörp sem lýst var í gær í gegnum Landsvirkjun en það er ekki um það að ræða að hlutafélagið Rarik verði sameinað Landsvirkjun.

[12:06]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra er kannski ekki mjög vanur að svara fyrirspurnum þingmanna á þinginu. En það er samt eitt af helstu hlutverkum ráðherra, handhafa framkvæmdarvaldsins, að upplýsa löggjafann, Alþingi, þar sem sitja menn kjörnir af fólkinu í landinu um það sem alþingismenn vilja vita. Svarið sem hæstv. iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson gaf hér 1. nóvember, fyrir viku, var klárlega þannig að ekki ætti að breyta tengslum ríkisins við þau tvö fyrirtæki sem spurt var um. Ráðherra sagði ekki satt miðvikudaginn 1. nóvember hér í þinginu. Það er hörmulegt. Það er vont fyrir ráðherrann. Verst fyrir hann er það að fyrst hann sagði ekki satt um þetta atriði hljóta menn að efast um að hann hafi sagt satt um önnur atriði. Það er alvarlegt vegna þess að ráðherrann lýsti því hér yfir að þrátt fyrir ákvæði um hugsanlega endursölu Landsvirkjunar þá stæði ekki til af hans hálfu þessa sjö mánuði sem hann á eftir að sitja í sínum stól (Gripið fram í.) og ekki af hálfu ríkisstjórnarinnar allrar, þar á meðal Sjálfstæðisflokksins, að einkavæða Landsvirkjun.

Þess vegna hlýtur maður að spyrja nú, forseti, sama hæstv. iðnaðarráðherrann, aftur þessarar spurningar: Þarf líka að leggja þann skilning í það svar sem hann gaf hér um einkavæðingu á Landsvirkjun að einhver vafi leiki á?

[12:08]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Hér er tekið upp mjög sérstakt mál. Vakin hefur verið athygli á hvað kom fram í svari hæstv. ráðherra hér fyrir um viku síðan og svo því sem boðað var á blaðamannafundi í gær varðandi Rarik, Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun. Auðvitað er, virðulegi forseti, þarna verið að láta Landsvirkjun eignast þessi fyrirtæki til þess að lappa upp á fjárhaginn. En það sem meira er um vert er að þegar maður hugsar til fyrirrennara hæstv. ráðherra, fyrrverandi iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, þá hefur maður mestar áhyggjur af því sem gerist í iðnaðarráðuneytinu og gert er þar og ráðherrar koma með hingað stundum inn í þingið. Er ég þá að minna á ýmis axarsköft fyrrverandi iðnaðarráðherra. Hún hefur þó mátt eiga það að hún hefur yfirleitt komið á eftir og beðist afsökunar á orðum sínum og rangtúlkunum. Nægir þar til dæmis að nefna nýjasta dæmið, frumvarpið um jarðefni og auðlindir í jörðu. Hérna kemur þetta svo núna og er töluvert á skjön við það sem hæstv. ráðherra hefur áður sagt.

Það kemur líka fram í þessu fréttaviðtali að ráðherrann segir að gera megi ráð fyrir að með þessu fyrirkomulagi megi ná fram margvíslegri hagræðingu í rekstri fyrirtækjanna þriggja sem sameiginlega verða yfirgnæfandi stærsta orkufyrirtæki landsins. Þau eru sannarlega rétt þessi síðustu orð og vafalaust má ná fram hagræðingu í rekstri fyrirtækjanna. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Hvað á nú að gera í sambandi Rarik og Orkubú Vestfjarða? Eru kannski einhverjar uppsagnir og lokanir á starfsstöðvum þessara stofnana í bígerð? Er kannski líka, virðulegi forseti, hæstv. iðnaðarráðherra og iðnaðarráðuneytið búin að gleyma því að hann fer líka með málefni landsbyggðarinnar og byggðanna?

[12:10]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Þegar við settum á Alþingi nýja löggjöf um orkumarkaðinn var ákveðið að stíga það skref að taka upp samkeppni á framleiðslustigi. Til þess að það megi verða að veruleika er nauðsynlegt að ríkisvaldið beiti sér fyrir því að starfandi séu nokkur fyrirtæki á því sviði að afla orku, framleiða og selja. Því er ákaflega óheppileg þróun að ríkisvaldið skuli hafa markað þá stefnu að sameina öll fyrirtæki í þess eigu á þessu sviði í eitt fyrirtæki og því miður er þegar búið að stíga það skref að taka allar eigur úr Orkubúinu og Rarik og færa í skjól Landsvirkjunar. Það hefði verið miklu heppilegra ef ríkissjóður hefði stutt Landsvirkjun beint vegna framkvæmdanna austur á landi og farið inn á þá braut sem nýja löggjöfin markar að styrkja fyrirtæki annars staðar á landinu eins og í Norðvesturkjördæmi til þess að standa að framþróun í atvinnulífi á þeim svæðum í skjóli öflugs eigin fjár og þess styrks sem það veitir. Ég vænti þess og vona að hæstv. ríkisstjórn sjái að sér í þessum málum og snúi af þeirri braut sem mörkuð var á sínum tíma og komi til þeirra sjónarmiða sem ég tala fyrir í þessum efnum.

[12:12]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Mér kemur í rauninni ekkert á óvart í þessum efnum frá Framsóknarflokknum eða þessari einkavæðingarríkisstjórn. Enn dregur Framsókn hér (Gripið fram í.) einkavæðingarvagn orkugeirans. Þetta liggur fyrir. Ríkið kaupir Landsvirkjun og svo er tilkynnt að það eigi að stofna um það sérstakt eignarhaldsfélag og af því að fjárhagsstaða Landsvirkjunar er svo slæm þá er jú sjálfsagt að taka aðrar samfélagseignir landsmanna eins og Rarik og Orkubú Vestfjarða og leggja þær inn í Landsvirkjun til þess meðal annars að halda uppi og standa undir þeim gríðarlega stóriðjukostnaði sem Landsvirkjun situr uppi með. Aftur og aftur er undirbúningi undir áframhaldandi einkavæðingu raforkugeirans velt á almenna notendur í landinu. En það kemur okkur ekki á óvart. Bæði formaður Sjálfstæðisflokksins og hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra lýstu þessu sem stefnu sinni sem núverandi iðnaðarráðherra og formaður Framsóknarflokksins fylgir eftir.

Ég tek að vísu undir orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að það væri þá lánið meira ef ríkisstjórnin afturkallaði þegar í stað þessar hugmyndir sínar í staðinn fyrir að leggja það á alla landsmenn núna að taka á sig stóriðjukostnaðinn. Vestfirðingar verða að leggja Orkubú Vestfjarða inn til þess að standa undir stóriðjuskuldum Landsvirkjunar. Rarik, sem er byggt upp af sveitarfélögum og notendum vítt og breitt um landið, verður núna að leggja sitt fyrirtæki líka inn í Landsvirkjun til þess að bera stóriðjutollinn þar. Allt er þetta síðan gert til að undirbúa frekari einkavæðingu í geiranum. Það á ekki að efla samkeppni. Nei, það á að undirbúa fyrirtækið til að vera seljanlegra, Landsvirkjun. Það á leggja samfélagslegar eignir eins og Rarik og Orkubú Vestfjarða inn í Landsvirkjun til þess að hún verði seljanlegri. Allt er það gert í nafni einkavæðingar og markaðsvæðingar sem Framsóknarflokkurinn hefur stutt og dregið vagninn svo dyggilega í þessari ríkisstjórn. (Forseti hringir.) Það er skömm að því, frú forseti, að þetta gangi yfir.

[12:14]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Þegar ég kom upp um störf þingsins vegna kaupanna á Landsvirkjun sagði hæstv. viðskiptaráðherra að ekki væri nein niðurstaða um að sameina þau fyrirtæki sem hér um ræðir. Nú upplýsir hann okkur um að Rafmagnsveiturnar og Orkubúið verði dótturfélag Landsvirkjunar í 100% eigu hennar. Hygg ég að viðskiptaráðherra sé þá eini maðurinn á Íslandi sem skilur það ekki sem sameiningu fyrirtækja þegar eitt fyrirtæki eignast annað fyrirtæki að fullu. Við hljótum í þinginu að líta einfaldlega á þetta sem byrjendamistök hjá hæstv. iðnaðarráðherra. Hann hlýtur auðvitað að biðjast velvirðingar á þessum leiða misskilningi. En við hljótum að spyrja hann á hvaða vegferð ríkisvaldið sé hvað samkeppnissjónarmið varðar þegar það stendur í þessu, þ.e. að búa til þennan ríkisrisa á raforkumarkaðnum. Þegar okkur berast fréttir af því að ríkið sé orðið langstærsti aðilinn í hugbúnaðargerð, þegar við fréttum að Íslandspóstur sé að kaupa sig inn í prentiðnaðinn þá hljótum við að spyrja hvort hér eigi að búa til drottnandi einokunarrisa á raforkumarkaðnum eða hvort ráðherrann telji nauðsynlegt að hafa eitthvert jafnræði á þessum markaði þar sem menn sækja hver í kapp við annan um virkjunarleyfi.

Við hljótum líka að spyrja hvort fjárhagur Landsvirkjunar sé svo erfiður að nauðsynlegt sé að sameina þessi tvö fyrirtæki inn í Landsvirkjun þannig að Landsvirkjun geti staðið undir þeim lántökum sem hún þarf að ráðast í eða hvað knýi fram þessa sameiningu sem helst mátti skilja á hæstv. ráðherra í síðustu viku að væri alls ekki á dagskránni. Við hljótum að spyrja hvort jafnlítið sé að marka yfirlýsingu viðskiptaráðherra um (Forseti hringir.) að ekki standi til að einkavæða þennan ríkiseinokunarrisa eins og var lítið (Forseti hringir.) að marka orð hans um sameiningu þessara fyrirtækja.

[12:17]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegi forseti. Það er stundum þannig að þegar menn taka til máls undir liðnum um störf þingsins koma þeir í röðum og ræða svo eitthvað allt annað en málshefjandi ræddi. Ég held að það sé allt í lagi og geri engar athuga-

semdir við það. Sú hefur orðið raunin núna. Ég held að það sé í það minnsta ekki nein ástæða til að hafa langar umræður um það hvort dótturfyrirtæki sé það sama og að sameina fyrirtæki. Í það minnsta hafa menn fram til þessa oft sameinast dótturfyrirtækjum og talað um það sem sérstakan gjörning enda liggur alveg fyrir að þegar menn fara út í slíkt er um sameiningu að ræða. Í þessu tilfelli hér er um það að ræða að viðkomandi fyrirtæki, Rarik og Orkuveita Vestfjarða, verða þá dótturfyrirtæki Landsvirkjunar.

Hvað sem því líður held ég að það sé ágætt að ræða þessi mál, orkumálin, og hvernig við komum á samkeppni í orkugeiranum. Það er markmið í sjálfu sér. Sömuleiðis held ég að það væri mjög æskilegt að menn mundu ræða hér hluti sem oft fljúga, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, yfirlýsingar um að almenningur greiði fyrir stóriðjukostnaðinn.

Nú getum við haft allar skoðanir á því hvort nóg sé komið af stóriðjuuppbyggingu og hvað menn eiga að gera varðandi uppbyggingu á slíku en það verður ekki rétt, sama hversu oft sem menn segja það, þegar menn halda því fram að almenningur greiði fyrir einhverja stóriðjuuppbyggingu í orkuverum. Það er bara alrangt. Þess vegna eiga menn ekki að fara þá leið.

Hins vegar getur vel verið að menn eigi að skoða hvort nóg sé komið af stóriðju og öðru slíku. Það er allt annað mál. En menn eiga ekki að gera hið ósanna sannað með því að segja það nógu oft, eins og manni finnst sumir þingmenn reyna að gera.

[12:19]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Maður veltir fyrir sér hversu langt hæstv. iðnaðarráðherra ætli að ganga í orðhengilshætti í þinginu. Hversu langt á að ganga í orðhengilshætti til að komast hjá því að svara beinum spurningum með beinum svörum?

Það var með vilja gert í umræðunni fyrir viku að ég notaði ekki orðið sameining. Það var með vilja gert að ég spurði hvort það kæmi til greina eða hvort það væri ætlun ráðherrans að renna Rarik og Orkubúi Vestfjarða inn í Landsvirkjun. Hæstv. ráðherra svaraði því til að ekki stæðu til neinar skipulagsbreytingar á þessum fyrirtækjum.

Ég spyr aftur hæstv. ráðherra: Var hann vísvitandi að komast hjá því að svara beinni spurningu með beinu svari vegna þess að það passaði ekki fyrir formann Framsóknarflokksins á þeim tíma að segja satt í þinginu? Eða: Hvað gekk hæstv. ráðherra til þegar hann svaraði með þessum hætti?

Ætla menn virkilega að fara að hártoga það hér í umræðunni hvað sé sameining fyrirtækja og hvað sé ekki sameining fyrirtækja? Þegar tvö fyrirtæki eru lögð alfarið inn í fyrirtækið Landsvirkjun — bætast þar við efnahaginn, Landsvirkjun hefur algjörlega yfir þessum tveimur fyrirtækjum að segja og það er gefið til kynna í viðræðum við fréttamenn að þetta muni hafa hagræðingu og samlegðaráhrif í för með sér í rekstri fyrirtækjanna allra — ætlar hæstv. ráðherra virkilega að koma hér til okkar á Alþingi og segja okkur að ekki sé verið að renna Rarik og Orkubúi Vestfjarða inn í Landsvirkjun?

Hvernig í ósköpunum ætlar svo hæstv. viðskiptaráðherra að samrýma þennan gjörning samkeppnissjónarmiðum? Hvernig í ósköpunum ætlar hæstv. viðskiptaráðherra að útskýra það að með því að renna þessu saman og reka þetta saman, eins og á að gera samkvæmt fréttatilkynningu, verði hagsmunum samkeppni betur þjónað? Ja, framsóknarmennskan er oft skrýtin, frú forseti.

[12:21]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Mig langar að blanda mér í þessa umræðu um frammistöðu ríkisstjórnarinnar í þessum raforkumálum. Ég tel að þessar æfingar hæstv. ríkisstjórnar séu dæmigerðar fyrir geðþóttavinnubrögðin, baktjaldaákvarðanirnar sem hafa einkennt meðferð þessara mála í langan tíma.

Má ég minna á það að þegar sveitarfélögin á Vestfjörðum voru neydd til að láta Orkubúið af hendi voru þeim gefin fyrirheit um að Orkubúið yrði rekið áfram sem sjálfstæð eining, að umsvif þess mundu ekki minnka í fjórðungnum og að það gæti áfram sem sjálfstætt fyrirtæki beitt afli sínu á því svæði þótt eignarhaldið breyttist frá því að vera sveitarfélaganna yfir til ríkisins.

Einhvern tíma var fyrrverandi iðnaðarráðherra með yfirlýsingar um að flytja Rarik norður til Akureyrar. Hann lofaði Akureyringum höfuðstöðvum Rariks og lagði málin þannig upp að til greina kæmi að endurskipuleggja hina opinberu eign í orkumálum þannig að til gæti orðið landshluta- eða svæðisfyrirtæki. Hvar eru nú þessi loforð og fyrirheit gagnvart Vestfirðingum eða Norðlendingum? Standast ekki einu sinni orð ráðherrans hér frá því fyrir viku síðan eða hvað það nú er? Auðvitað hefur legið í loftinu að það ætti að lappa upp á fjárhag Landsvirkjunar með því að láta Orkubúið og Rarik með 10–12 milljarða í eigin fé renna þangað inn og þann aðgang að notendum, viðskiptavinum, sem það felur í sér til þess að rétta af Landsvirkjun eins og henni er nú komið. Hún minnir helst á gamlan síldarbát, drekkhlaðinn á nösunum með brimgarðinn fram undan. Búið er að hlaða hana þannig af skuldum vegna þeirra fjárfestinga sem hún hefur staðið í.

Kostulegast er þetta þó auðvitað í ljósi þess að ríkisstjórnin barði hér í gegn fullgildingu á orkutilskipun Evrópusambandsins sem gengur út á það að búa til virkan samkeppnismarkað í raforkumálum. Er það þá aðferðin að safna þessu öllu saman í eina einingu, framleiðslu, dreifingu og sölu á raforku, þannig að til verði algerlega (Forseti hringir.) markaðsráðandi risi? Þetta eru undarleg vinnubrögð, frú forseti.

[12:23]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Hér hefur orðið nokkuð mikil orðbólga, stór orð notuð af vafasömu tilefni (Gripið fram í.) að því er mér finnst. Stóryrðin verða náttúrlega ódýr þegar þau eru ofnotuð, þegar þau eru bæði oftúlkanir og rangtúlkanir.

Ég endurtek einfaldlega: Það er ekki formleg sameining. Það er ekki sameining þessara fyrirtækja. Þau eru eftir sem áður sérstök hlutafélög með sérstökum samþykktum en hins vegar er eignarfyrirkomulagi ríkissjóðs fyrir komið með nýjum hætti.

## *Útsendingar svæðisútvarpsins á Austurlandi.*

Fsp. KLM, 125. mál. — Þskj. 125.

[12:25]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Frú forseti. Svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins hafa mikilsverðu hlutverki að gegna vítt og breitt um landið, þ.e. bæði á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og Suðurlandi. Sú starfsemi þeirra hefur verið að þróast og er með miklum myndarbrag þó að auðvitað megi auka starfsemi þeirra og láta þær taka meiri þátt í starfsemi Ríkisútvarpsins og öðru slíku.

Þegar þingmenn fara um kjördæmi sitt kemur fólk að máli við þá og ræðir hin ýmsu mál viðkomandi svæðis. Þannig var það fyrir nokkru síðan að nokkrir aðilar á Austurlandi færðu í tal við mig hvernig stæði á því að svæðisútvarpið á Austurlandi fengi ekki að útvarpa fréttum sínum og dagskrárliðum alla virka daga vikunnar.

Á þessu svæði, hjá svæðisútvarpinu á Austurlandi, eru ekki útsendingar á mánudögum. Aðeins á þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum á tímabilinu 17.25–18 þegar útvarpað er fréttum, auglýsingum og öðru dægurmálaefni. Spurning mín til hæstv. menntamálaráðherra er á þá leið hvort uppi séu áform um að sent verði út og sagðar fréttir alla virka daga hjá svæðisútvarpinu á Austurlandi. Ég tel að það sé tiltölulega auðvelt að gera þetta vegna þess að það hafi ekki mikinn kostnaðarauka í för með sér þar sem auðvitað koma auglýsingatekjur á móti.

Hjá svæðisútvarpinu á Austurlandi starfa nú þrír fréttamenn í 100% starfi, og einn starfsmaður í 50% starfi við auglýsingasöfnun eða auglýsingagerð, sem sagt þrjú og hálft stöðugildi. Það eru verktakar sem vinna að hljóð- og myndupptökum sem eru svo notaðar m.a. í sjónvarp allra landsmanna, ríkissjónvarpið.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að svæðisstöðvarnar gegndu mikilvægu hlutverki, alveg eins og Ríkisútvarpið í heild sinni. Í raun og veru má segja að Ríkisútvarpið á landsvísu segi okkur oft svæðisfréttir af höfuðborgarsvæðinu. Mér er t.d. minnisstætt að fréttatímar útvarpsins voru mjög lengi undirlagðir af því hvort leyfa ætti að strætisvagnar í Reykjavík keyrðu upp og niður Hverfisgötuna eða bara í aðra áttina. Þetta eru hinar hefðbundnu svæðisfréttir en þær eru miklu meiri á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar.

Virðulegi forseti. Ég hef áður spurt hæstv. menntamálaráðherra út í þetta. Það var um það hvort fréttir svæðisstöðvanna yrðu aðgengilegar á netinu. Sú fyrirspurn bar þann árangur að hæstv. menntamálaráðherra sagði að nú væri búið að ákveða þetta. Ég vænti því þess, virðulegi forseti, að hæstv. menntamálaráðherra komi í ræðustól (Forseti hringir.) Alþingis núna og segi okkur að frá og með deginum í dag hefjist (Forseti hringir.) útsendingar svæðisútvarpa alla virka daga vikunnar.

[12:28]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég vil í upphafi svars mín til hv. þm. Kristjáns Möllers taka undir með honum að svæðisstöðvarnar um land allt eru mikilvægur liður í þjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins og uppfylla m.a. þær kröfur sem við gerum til Ríkisútvarpsins varðandi það hlutverk sem fellur undir almannaþjónustuna.

Hv. þingmaður spyr mig eftirfarandi spurningar: Eru uppi áform um að sent verði út og sagðar fréttir alla virka daga hjá svæðisútvarpinu á Austurlandi?

Ríkisútvarpið hefur upplýst að svæðisútvarp Ríkisútvarpsins á Norðurlandi sé nú sent út alla virka daga og m.a. aðgengilegar fréttir á netinu, eins og menn vita, og fullur áhugi sé fyrir því að svo verði einnig gert í öðrum landshlutum, þar á meðal hjá svæðisútvarpinu á Austurlandi.

Þetta hefur þegar verið rætt innan Ríkisútvarpsins enda það að sjálfsögðu liður í því að geta veitt enn betri þjónustu. Að sögn Ríkisútvarpsins verða hins vegar ákvarðanir í þessa átt fyrst teknar þegar ljóst verður hvert framtíðarrekstrarform Ríkisútvarpsins í heild verður. Ég tel mikilvægt að benda á í þessu sambandi að í drögum að samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem er fylgiskjal með frumvarpi til laga um breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins er sérstaklega kveðið á um það í 3. gr. samningsins að Ríkisútvarpið skuli bjóða upp á svæðisbundnar útsendingar á efni, þar með taldar fréttir, til að þjóna betur íbúum á landinu öllu.

Það er því skýr og mikill vilji, bæði af hálfu RÚV og stjórnvalda, að fjölbreytt og öflugt svæðisútvarp sé og verði hluti af almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins. Í þessu tilfelli, hæstv. forseti, tel ég rétt að hv. þm. Kristján Möller styðji það frumvarp sem við höfum rætt hér lengi, mikið og vel sem er að breyta Ríkisútvarpinu í ohf.

[12:31]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég held að það sé öllum ljóst hversu mikilvægar svæðisstöðvarnar eru hverjum fjórðungi og þetta sé þjónusta ekki eingöngu fyrir viðkomandi svæði heldur eru þetta stöðvar sem geta unnið og styrkt Ríkisútvarpið miklu meira en gert er í dag.

Hæstv. forseti. Ég tel það algerlega óásættanlegt ef það á að bíða með allar frekari úrbætur og þjónustu við landsmenn, við svæðisstöðvarnar eftir afgreiðslu nýs frumvarps um Ríkisútvarpið og eftir að það verður gert að ohf. Ef sterkur vilji er til að bæta almannaþjónustuna, þá er hægt að gera það núna. Það eru möguleikar, það er vilji og það er hægt, við höfum starfsfólk, við höfum hæfa einstaklinga til að taka þetta að sér á svæðisstöðvunum og það er ekki neitt í vegi fyrir því að efla svæðisútvörpin og útvarpa alla virka daga. Það þarf ekki að bíða eftir ohf.

[12:32]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það er vægt til orða tekið afar sérkennilegur málflutningur að ekki sé hægt að taka neinar ákvarðanir hjá Ríkisútvarpinu fyrr en búið er að ákveða hvert rekstrarformið verður til framtíðar. Við höfum heyrt þennan söng allt of lengi. Það segir okkur að afar brýnt er, og ég er að því leytinu til sammála hæstv. ráðherra, að við afgreiðum það frumvarp sem fyrst þannig að því óvissuástandi linni sem allra fyrst. En það þarf ekkert ohf. til að taka ákvarðun

sem þessa og sýnir í raun hversu röksemdafærslan er komin langt út fyrir þau eðlilegu mörk sem hægt er að gera til slíkrar röksemdafærslu.

Ég vildi nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því eins og fram hefur komið að svæðisútvarpið á Austurlandi útvarpar aðeins fjóra daga vikunnar, en það hefur margoft komið fram hjá starfsmönnum þar að það er allt of skammur tími vegna þess að efnið er miklu meira sem þeir raunverulega hafa tilbúið til útsendingar. En það eru aðrir þættir líka hjá svæðisútvarpinu á Austurlandi sem vert er að vekja athygli á vegna þess að þar er húsnæði mjög stórt og rúmt og þar væri hægt að efla mjög mikið ýmsa aðra starfsemi Ríkisútvarpsins, margs konar dagskrárgerð. Þetta hefur raunverulega oft verið sagt en því miður aldrei orðið að veruleika.

[12:33]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Hér er spurt um hvort eigi að senda út og segja fréttir alla virka daga hjá svæðisútvarpinu á Austurlandi. Á Suðurnesjum brennur aftur á móti spurningin: Á ekki að taka upp útsendingar svæðisútvarps á Suðurnesjum? Það eru tæp tvö ár síðan ég spurði hæstv. ráðherra um þetta og fékk lítil svör um að til stæði að reka svæðisútvarp á Suðurnesjum. Því vil ég spyrja að því aftur vegna þess að svæðisútvarp hefur ekkert að gera með fjarlægð frá Reykjavík. Það er t.d. rekið svæðisútvarp á Selfossi fyrir Suðurland og svæðisútvarp vekur samkennd á svæðum. Það tekur fyrir málefni svæðisins og svæðisbundið efni og því skilur maður ekki alveg hvernig stendur á því að svæðisútvarp Ríkisútvarpsins er bundið ákveðnum svæðum, en þegar önnur svæði og sveitarstjórnarmenn þar leita stíft eftir því við ráðuneyti hæstv. menntamálaráðherra að sett verði upp svæðisútvarp á Suðurnesjum þá er svarið alltaf nei. Mér þætti vænt um ef ráðherra hefði tíma í svari sínu á eftir að svara mér hvort til stendur að setja upp svæðisútvarp á Suðurnesjum eða ekki. Eða hvort hæstv. menntamálaráðuneyti ætlar alls ekki að verða við þeim óskum sem komið hafa frá sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum þess efnis að þar verði sett upp svæðisútvarp.

[12:35]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir það svar sem gefið hefur verið um að innan Ríkisútvarpsins sé fullur áhugi á því að bæta starfsemi svæðisstöðvanna og auka þar með útsendingartíma þeirra og hafa það alla virka daga, sama hvort það er á Austurlandi eða annars staðar. En ég er allsendis ósammála hæstv. ráðherra um að þessi ákvörðun þurfi endilega að bíða samþykktar eða ekki samþykktar á frumvarpinu um Ríkisútvarpið eða breyta því í ohf. Og þó að komið sé frumvarp frá ráðherra um þetta má ekki setja allt í biðstöðu, það má ekki stoppa alla framför á Ríkisútvarpinu á meðan. Það gæti þá gefið manni tilefni til að hugsa: Bíddu, er þá verið að svelta einhverja til fylgis? ef maður notar svo ljótt orðbragð.

Ég tel því að Ríkisútvarpið ætti að gera þetta strax en ekki að bíða. Þetta er viðkomandi svæðum mikilsvert og gott. Nú er það svo, virðulegi forseti, að því miður eru allt of margir burtfluttir einstaklingar frá þessum svæðum. Nú geta þeir hlustað á fréttir að heiman á netinu og gerir maður það oft en jafnframt, eins og kom fram hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, hafa verið uppi áform um að efla svæðisstöðvarnar meira til að vinna dagskrárefni sem ekki hefur gengið eftir og segir mér svo hugur, virðulegi forseti, að það sé vegna fjárskorts. Allt of oft finnst mér ég hafa heyrt það bæði í fyrri störfum mínum og nú í störfum sem þingmaður að þessar svæðisstöðvar geti oft ekki fylgt því eftir, tekið upp fréttatengt efni eða dagskráratriði sem þeir vildu gjarnan gera og þurfa þá að færa sig frá höfuðstöðvum sínum vegna fjárskorts, vegna þess að jafnvel aksturspeningar eða keyrslupeningar viðkomandi stofnunar eru búnir.

[12:37]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er eitt og annað sem hefur komið fram en það er alveg ljóst að ekki hefur verið beðið með neinar úrbætur í málefnum svæðisstöðvanna vegna rekstrarformsins og bendi ég þá m.a. á betri þjónustu varðandi fréttamiðlun og fréttaöflun alls staðar í öllum svæðisútvörpum. En ef við skoðum sögu og þróun svæðisútvarpa, og þekki ég þá sögu ágætlega eftir að hafa unnið á Ríkisútvarpinu, þá kemur þetta hægt, stundum of hægt en það er einmitt lykillinn að því að mínu mati og ég treysti því sem forsvarsmenn Ríkisútvarpsins segja. Þeir hafa trú á því að þeir með öðru rekstrarformi, breyttu rekstrarformi Ríkisútvarpsins, hafa verið með hraðari viðbrögð, skarpari og skýrari hlutverkaframsetningu Ríkisútvarpsins og hafa m.a. farið í það að sinna því almannaþjónustuhlutverki sem svæðisstöðvarnar svo sannarlega eru.

Ég átta mig algerlega á því að það verði ekki beðið með frekari þróun eða úrbætur vegna þess eins að breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins er ekki komið á hreint. Það er alveg ljóst. Auðvitað verður haldið áfram með þessa þróun. En það er hins vegar líka alveg ljóst af minni hálfu að mörg tækifæri felast í breyttu rekstrarformi Ríkisútvarpsins, m.a. að hlúa að og byggja upp þessa þjónustu úti á landi. Þess vegna segi ég: Það eru tækifæri falin í því að breyta um rekstrarform Ríkisútvarpsins.

Ég get líka tekið undir með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni sem kom inn á ágætis staðsetningu og gott rými hjá svæðisstöðinni á Austurlandi. Það væri alveg hægt að hugsa sér betri nýtingu á því rými, m.a. að tengja oftar t.d. suður. Sjálf hef ég tekið þátt í einni útsendingu sem m.a. tengdist fyrstu kynningunni á breyttu rekstrarformi Ríkisútvarpsins en það var einmitt sent út frá svæðisstöðinni á Austurlandi. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

## *Varðveisla og miðlun 20. aldar minja.*

Fsp. KolH, 227. mál. — Þskj. 230.

[12:39]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Frú forseti. Í sumar þegar fyrir lá að herinn væri að tygja

sig af landi brott hófst mikil vinna við það að rýma hús og híbýli á Miðnesheiðinni. Sáu menn fljótt að auðvitað væri hægt að græða einhverja peninga á þessu og sett var upp skransala í gróðurhúsi við Sigtún. Í umræðuþætti í tengslum við þá opnun á nýju fréttastöðinni sem er reyndar hætt núna, NFS, var athyglisvert viðtal við Stefán Pálsson sem er formaður Samtaka herstöðvaandstæðinga. Hann hafði lagt leið sína í gróðurhúsið til að virða fyrir sér skranhaugana og velti vöngum yfir þessari framkvæmd og því hvort nú væri verið að vinna að því hörðum höndum að afmá öll vegsummerki um mörg þúsund manna samfélag á Keflavíkurflugvelli, samfélag sem hafði verið á einhverju óskilgreindu svæði á Miðnesheiðinni á Íslandi en þó ekki hluti af íslensku samfélagi, samfélagi sem hefði haft svo óumræðilega mikil áhrif á menningu okkar og líf um áratugaskeið. Hvort nú ætti bara að selja það sem nýtilegt væri en annað yrði flutt burtu eða því fargað. Þá vöknuðu spurningarnar um hvort yfirvöld safnamála hefðu fengið að fylgjast með þessum flutningum og hvort þjóðminjavörður hefði verið hafður með í ráðum.

Frú forseti. Ég leyfi mér að gera vangaveltur formanns Samtaka herstöðvaandstæðinga að mínum og tel eðlilegt að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort einhver varðveislustefna sé til í tengslum við þessa flutninga eða hvort safnafólk hafi fengið að róta í ruslinu sem eftir var þegar flutningamenn og sölumenn hersins höfðu lokið sér af.

Rétt er að minnast þess að í ársbyrjun árið 2003 þegar herinn flutti úr radarstöðinni á Stokksnesi var hafist handa við að rífa mannvirkin áður en menn áttuðu sig á að þarna gæti verið um einhvers konar menningarleg verðmæti að ræða sem nýta mætti til uppbyggilegra hluta í samfélaginu. En þegar menn brugðust við var niðurrifið langt komið, eftir stóðu aðeins tveir skermar og tvær radarkúlur auk einhvers húsakosts. Þá var þess farið á leit af starfsmönnum Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og húsafriðunarnefndar að beðið væri með frekara niðurrif þar til umræða um varðveislu minjanna hefði átt sér stað en því var ekki sinnt og á endanum var allt rifið.

Safnafólk í Reykjanesbæ brást við í sumar eins og aðrir um leið og fréttir bárust af þessu niðurrifi og sölunni á varnarliðseignunum og fram komu umleitanir frá safnafólki í Reykjanesbæ varðandi minjarnar á Miðnesheiðinni. Fljótlega víkkaði umræðan og menn fóru að spyrja grundvallarspurninga og beina sjónum að varðveislu á miðlun 20. aldar minja almennt. Það hlýtur að vera brýnt verkefni að móta heildstæða stefnu um slíka varðveislu ef það hefur ekki nú þegar verið gert.

Af þessu tilefni, frú forseti, vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra:

1. Hvaða ráðstafanir voru gerðar til að varðveita minjar um veru Bandaríkjahers á Miðnesheiði áður en hann hvarf af landi brott?

2. Hver er stefna stjórnvalda í varðveislu og miðlun 20. aldar minja?

[12:42]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Fyrr á þessu ári fól ég þjóðminjaverði að gera mér grein fyrir varðveislu menningarminja um veru varnarliðsins á Miðnesheiði. Matið var unnið m.a. samhliða störfum svonefndrar flugminjanefndar sem ég skipaði í maí sl. til að skoða kosti þess að stofna og starfrækja safn um flugsögu og flugminjar á Íslandi og mun hún skila greinargerð væntanlega innan skamms. Með brotthvarfi varnarliðsins lýkur eins og við vitum meira en 50 ára þætti í sögu landsins sem mikilvægt er að mínu mati að halda til haga og rannsaka.

Fjöldi Íslendinga vann í herstöðinni við mjög mismunandi störf og gætti áhrifa hennar því langt utan varnarsvæðisins, m.a. á fjölskyldur og vini starfsmanna auk jaðaráhrifa. Nefna má menningarleg áhrif af ýmsu tagi, t.d. vegna hermannasjónvarps og útvarps sem stór hluti af íslensku þjóðinni hafði m.a. aðgang að. Þá er mannlífið í herstöðinni ekki síður áhugavert og á það jafnt við um innlenda starfsmenn sem bandaríska hermenn. Ýmsar minjar kunna einnig að vera á varnarsvæðinu, fornleifar, hús og önnur mannvirki sem hafa hugsanlegt menningarsögulegt gildi eins og hv. þingmaður kom í inn á. Ganga þarf úr skugga um þetta og gera viðeigandi ráðstafanir.

Þegar hafa verið gerðar nokkrar ráðstafanir til að varðveita sögu varnarliðsins. Auk þess stefnumótandi starfs sem flugminjanefndin er að vinna má t.d. nefna að félag um flug- og sögusetur í Reykjanesbæ hefur safnað gripum frá varnarliðinu. Söfnunin er komin á það stig að félagið er farið að svipast um eftir húsnæði og hefur gamalt flugskýli á herstöðvarsvæðinu m.a. verið nefnt í því sambandi. Það er einnig verið að safna saman þeim varnarliðsminjum sem Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi varnarliðsins, hefur safnað í gegnum tíðina. Verið er að kanna hvort gripir og ljósmyndir í eigu ýmissa einkaaðila muni síðan geta runnið til flugminjasafnsins.

Utanríkisráðuneytið hefur átt í samskiptum við fornleifanefnd ríkisins um að stofnunin komi að ákvörðunum varðandi skráningu minja frá veru varnarliðsins og mat á því hvaða jarðföstu minjar úr seinni heimsstyrjöldinni og frá kaldastríðsárunum beri að varðveita. Utanríkisráðuneytið hefur einnig afhent fornleifavernd ríkisins gögn varnarliðsins um fornminjar á svæðinu. Málefni fornleifa á hersvæðinu falla ekki undir samningana við Bandaríkjamenn og hefur Ísland því að fullu tekið við þeim svæðum sem um ræðir. Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins tryggði í samráðsferli með varnarliðinu að teknir voru saman munir og gögn varnarliðsins sem kynnu að hafa sögulegt gildi fyrir íslenskt samfélag. Þeim munum var fyrir komið á varnarsvæðinu og unnið er að framtíðarráðstöfun þeirra í samráði við flug- og sögusetrið. Einnig er unnið að því að tryggja að Ísland fengi Phantom orrustuþotu til varðveislu og verður samningur um það undirritaður á næstunni. Vélin er sýningargripur sem hefur staðið úti um nokkur ár og er aðeins skelin eða ytra byrðið eftir og er vel við haldið. Greinargerð þjóðminjavarðar um varðveislu minja um veru varnarliðsins er nú til nánari skoðunar í menntamálaráðuneytinu.

Varðandi annan hluta fyrirspurnar hv. þingmanns varðandi stefnu og miðlun 20. aldar minja hefur verið unnin stefnumótun að verndun 20. aldar minja bæði á sviði byggingarlistar og á sviði fornleifaverndar. Þjóðminjasafn Íslands tekur virkan þátt í samstarfi safna í skráningu nútíma-

minja bæði innan lands og í samstarfi við erlend söfn. Húsafriðunarnefnd hefur skoðað sérstaklega steinsteypt hús reist á árunum 1900–1940 með tilliti til friðunar og hafa nokkur góð dæmi um íslenska byggingarlist 20. aldar og iðnminjar þegar verið friðuð, t.d. Sundhöll Reykjavíkur, einbýlishús teiknað af Sigvalda Thordarson við Ægisíðu, Rjómabúið á Baugsstöðum og fleira má nefna eins og Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg. Áfram er unnið að því að meta 20. aldar byggingarlist með tilliti til hugsanlegrar friðunar.

Síðustu tvö ár hefur verið unnið að stefnumörkun stjórnvalda á sviði fornleifaverndar á Íslandi og eru tillögur fornleifaverndar ríkisins um stefnumótunina nú til skoðunar hjá okkur í ráðuneytinu. Eitt af þeim markmiðum sem lagt er til að stefnt skuli að er að varðveita til framtíðar úrval minja sem endurspegla breiddina í samfélaginu á hverjum tíma og sýna þróun þess frá upphafi byggðar ásamt því að túlka þau samfélagslegu og menningarlegu gildi sem almenn samstaða er um að séu mikilvæg. Fornleifavernd ríkisins hefur unnið samkvæmt þessu markmiði sem segir í tillögunum, þ.e. með leyfi forseta:

„Minjar yngri en 100 ára geta haft mikla þýðingu fyrir menningarsögu þjóðarinnar rétt eins og hinar eldri, samanber t.d. iðn- og stríðsminjar 20. aldarinnar og ýmis samgöngumannvirki.“

Tvær friðlýsingar hafa verið gerðar frá því að stofnunin tók til starfa 2001. 2002 friðlýsti fornleifaverndin að ósk Landhelgisgæslunnar flugvél sem hrapaði í Skerjafirði í seinni heimsstyrjöldinni og 16. september sl. var flakinu af franska rannsóknarskipinu Pourquoi-Pas? friðlýst að beiðni franska sendiráðsins, aðstandenda áhafnarinnar og Byggðasafns Borgarfjarðar. Í báðum þessum tilvikum þótti ljóst að minjarnar væru einstakar og stór þáttur í seinni tíma sögu þjóðarinnar, auk þess sem það þótti að sjálfsögðu nauðsynlegt að vernda þessar minjar fyrir ágangi. Hvað miðlun 20. aldar minja varðar má m.a. benda á nýja og glæsilega sýningu í Þjóðminjasafninu.

[12:48]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir þetta svar. Mín viðbrögð við því eru þau að flugminjasafn sé í sjálfu sér góðra gjalda vert og af hinu góða en mér heyrist af svarinu að áhersla stjórnvalda sé á þann þátt málsins.

Nú verður að segjast eins og er að minjar frá veru Bandaríkjahers á Íslandi eru af ýmsum toga öðrum en flugminjar. Hæstv. ráðherra segir að það þurfi að ganga úr skugga um það hvort einhvers staðar leynist þarna á Miðnesheiðinni annars konar minjar en flugminjar sem væru þess virði að vernda. Ég tel að stjórnvöld hafi brugðist við fullseint.

Sannleikurinn er auðvitað sá að Bandaríkjamenn hafa gengið þarna frá öllum hlutum á svipuðum nótum og gert var á Stokksnesi. Þó að öll hús hafi nú ekki verið rifin hafa menn tekið lausamuni og það sem þarna var og fjarlægt eða komið í lóg. Ég vil nefna í þessu sambandi stríðsminjasafnið á Reyðarfirði. Þar er vísir að safni um stríðsminjar sem er afar merkilegt safn. Það er ekki stórt en það hefur að geyma merkilegar minjar sem er gaman að skoða. Þar er ekki um neinar flugminjar að ræða. Þar eru annars konar minjar sem mér finnst í raun og veru sýna okkur og færa okkur heim sanninn um að þarna hafi verið gríðarlega merkilegt tækifæri sem við höfum því miður látið okkur úr greipum renna. Ég lýsi verulegum vonbrigðum með það.

Varðandi síðan greinargerð þjóðminjavarðar og hugmyndir hæstv. ráðherra, þjóðminjavarðar og yfirmanna fornleifaverndar um verndun og miðlun 20. aldar minja lýsi ég yfir ánægju minni með það að unnið skuli vera að þessari stefnumótun sem hæstv. ráðherra segir frá. Mér er kunnugt um vinnu sem hefur verið unnin innan húsafriðunarnefndar. Ég tel, og ætla að hafa það mín lokaorð, að hæstv. ráðherra þurfi að brýna svolítið kutana í þessum efnum og tryggja að 20. aldar minjarnar (Forseti hringir.) fái þann veglega sess sem þeim ber.

[12:50]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég er hingað komin í rauninni til að mótmæla því sem hv. þingmaður sagði, þ.e. að við hefðum sinnt því frekar seint að fara yfir, skoða og varðveita hugsanlegar menningarminjar sem tengjast veru varnarliðsins enda er vera varnarliðsins tvímælalaust stór hluti af okkar 20. aldar sögu sem við verðum vissulega að fara mjög vel yfir.

Það hefur verið gert, bæði í samráði og samvinnu við einkaaðila en ekki síst fyrir tilstuðlan þjóðminjavarðar, Fornleifaverndar ríkisins og líka utanríkisráðuneytisins sem hefur verið vel vakandi varðandi það menningarsögulega gildi sem vera varnarliðsins var hér fyrir okkur Íslendinga. Hún er mikilvægur partur af okkar íslensku sögu. Við erum öll vel vakandi yfir þessu en að þessum hlutum er unnið á faglegum forsendum.

Umræðu lokið.

## *Menningarsamningar.*

Fsp. JGunn, 134. mál. — Þskj. 134.

[12:51]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Frú forseti. Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra um menningarsamninga og gerð slíks samnings fyrir Suðurnes. Menningarsamningar hafa verið gerðir milli ráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á ákveðnum svæðum. Ef ég man rétt er í gildi menningarsamningur á Austurlandi, menningarsamningur á Vesturlandi og sérstakur samningur við Akureyri varðandi menningarmál.

Önnur svæði á landinu hafa horft til þess að þessir samningar hafa skilað, virðist vera, góðum árangri. Ég veit um svæði sem hafa sótt á um gerð menningarsamninga milli svæðanna og menntamálaráðuneytisins en lítið gengið í þeim samningaviðræðum.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn var fyrir skömmu var gerð ályktun þar sem aðal-

fundurinn taldi mikilvægt að ráðist yrði í gerð menningarsamnings milli Suðurnesja og menntamálaráðuneytisins. Það kom fram í ályktun að slíkir samningar hefðu haft í för með sér stóraukna áherslu á eflingu menningarstarfs og að samningarnir hefðu tryggt fjárhagslegan grundvöll slíks starfs þar sem þeir hafa verið í gildi.

Aðalfundurinn lagði áherslu á það við stjórn Sambandsins að þegar yrðu hafnar viðræður við ráðuneyti menntamála um að gera slíkan samning og var það von fundarmanna að slík samningsgerð tæki skamman tíma.

Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort ráðherra sjái því eitthvað til fyrirstöðu að gerður verði menningarsamningur við sveitarfélögin á Suðurnesjum ákveði þau að leita eftir slíkum samningi.

Eins og ég sagði áðan virðist hafa verið erfitt að fá slíka samninga kláraða þótt vilji hafi verið fyrir hendi hjá báðum aðilum, og því er spurt í öðru lagi: Hvað má ætla að gerð slíks samnings taki langan tíma?

Þegar upp er staðið hlýtur alltaf líka að vera spurningin þegar ráðuneyti gera svona samninga við ákveðin svæði á landinu að jafnræði ríki á milli svæða, og því er eðlilegt að spurt sé hvar slíkir samningar séu í gildi nú og hver sé áætlaður kostnaður ríkissjóðs við þá samninga sem í gildi eru.

Það er rétt að vekja athygli á því að í fjáraukalögunum sem við ræddum hérna 10. október var sótt um 120 millj. kr. viðbótarfjárveitingu fyrir þetta ár í gerð menningarsamninga. Því er rétt að spyrja hæstv. ráðherra líka hvort þessar 120 millj. væru til að greiða fyrir þá samninga sem í gildi eru nú þegar eða hvort þetta eru fyrirheit um það að ákveðin svæði og sveitarfélög geti fengið menningarsamning við menntamálaráðuneytið á þessu ári og því séu til *fjármunir á þessu ári til að byrja að greiða inn eftir slíkum* samningum.

Tilgangur menningarsamninganna er náttúrlega að efla menningarstarfið í landshlutunum og beina stuðningi ríkisins í ákveðinn farveg og búa til form fyrir samstarf ríkisins og sveitarfélaganna í þessum efnum. Það er mjög mikilvægt fyrir sveitarfélög og ákveðin svæði að ná slíkum samningi við ráðuneytið og því eru þessar spurningar fram settar.

[12:54]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Reykjanesbær leitaði eftir því í lok árs 2001 að skipuð yrði nefnd fulltrúa menntamálaráðuneytis og Reykjanesbæjar um forsendur fyrir gerð menningarsamnings við bæjarfélagið. Ráðuneytið svaraði málaleitaninni jákvætt en áréttaði um leið í svari sínu að vilji til að ganga til samninga af þessu tagi byggðist á því að um samning við fleiri en eitt sveitarfélag í sama landshluta væri að ræða.

*Á þeirri forsendu hvatti ráðuneytið til viðræðna fulltrúa* sveitarfélaga á Reykjanesi um að kanna kosti þess að ganga sameiginlega til samninga um menningarsamstarf við ráðuneytið. Frá þeim tíma hefur raunar lítið gerst nema það að ráðuneytinu er kunnugt um ályktanir Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um áhuga þess á gerð menningarsamnings.

Formlegt erindi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um slíkt samstarf hefur reyndar ekki borist ráðuneytinu né er ráðuneytinu kunnugt um sameiginlega stefnu sveitarfélaganna í þessum málaflokki sem er forsenda þess að ríkið gangi til samninga. Enda hefur komið í ljós að forsenda samninga ríkisins og samstarfs við til að mynda Austurland er mjög góð samvinna og gott samstarf meðal sveitarfélaganna á því svæði sem hefur leitt til gifturíkra niðurstaðna. Það má öllum vera ljós sá vilji minn að menningarsamningar nái til sem flestra landsvæða og þá eru Suðurnesin að sjálfsögðu ekki undanskilin.

Ég vil hins vegar stuðla að því að Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum nái samkomulagi um einn slíkan samning við allt svæðið. Það er þá rétt að benda á að við erum ekki alveg bundin við kjördæmamörkin í þessu samhengi. Við sjáum t.d. að Siglufjörður sækist eftir því að vera inni í menningarsamningi gerðum við Norðurland vestra. Menningarsamningur Austurlands nær alveg til Hala í Suðursveit þannig að við brjótum svolítið upp kjördæmamörkin. Ég tel mikilvægt að samningur við Suðurland og Suðurnes verði einn og hinn sami og taki til þess svæðis.

Ég vil einnig ítreka það sem ég hef áður sagt í þingsal að ég tel að menningarsamningar af þessu tagi séu byggðarlögunum í landinu mjög mikilvægir í öllu tilliti. Það kemur best í ljós við lestur m.a. metnaðarfullrar stefnumótunar sveitarfélaganna í menningarmálum. Þessir samningar eru líka mikilvægir fyrir stjórnvöld og sveitarstjórnir þar sem ný tækifæri til listsköpunar gefa einnig landsmönnum tækifæri til að njóta fjölbreytilegrar menningar um allt land.

Ég er einnig sannfærð um að menningarmál muni í auknum mæli hafa mikla þýðingu varðandi atvinnusköpun í landinu. Til þess þurfum við m.a. stuðning af hálfu stjórnvalda. Það hefur hins vegar verið leitt í ljós við það góða samstarf sem við höfum átt við Austurland að annar samningurinn var nokkuð annars eðlis en sá fyrsti. Í hinum öðrum samningi var undirstrikuð meiri ábyrgð sveitarfélaganna fyrir austan af því að þau sáu hag sinn mjög í því að viðhalda slíkum samningi og reyna að þróa hann og efla.

Við þurfum að hafa ýmis atriði í huga þegar við tökum þessar ákvarðanir, m.a. út frá byggðasjónarmiðum. Við þurfum að huga að möguleikum íbúa til að sækja menningarviðburði innan héraðs og utan og einnig að því hvaða möguleika þeir hafa til að vera þátttakendur í menningarstarfinu á sínu svæði.

Varðandi annan hluta fyrirspurnarinnar vil ég geta þess að þegar allar forsendur liggja fyrir, m.a. stefnumótun sveitarfélaganna í menningarmálum, framlög ríkis og sveitarfélaganna til samningsins og samkomulags sveitarfélaganna um samstarfið sín á milli, þurfa sjálfar samningaviðræðurnar alls ekki að taka langan tíma. Það er reynsla okkar. Iðulega ganga þær hratt og vel fyrir sig.

Ég stefni alveg hreint og klárt að því að klára flesta, ef ekki alla, menningarsamningana sem munu þá ná til allra landsvæða utan höfuðborgarsvæðisins í kringum áramót. Er mestur hluti vinnu okkar á menningarskrifstofunni farinn í gerð menningarsamninganna. Við eigum síðan eftir að sjá hvernig það er. Það eru mismunandi áherslur á milli svæða. Það er ríkur vilji af okkar hálfu til að klára þetta, ekki síst fyrir þær sakir að við erum búin að tryggja núna fjármagn,

120 millj. eins og kemur fram í fjáraukalögum, til að fara í þessa samninga. Þær 120 millj. eru af minni hálfu eyrnamerktar í gerð menningarsamninga, þ.e. við Norðurland vestra, Vestfirði og við Suðurland og Eyþing, þ.e. þau fjögur svæði sem eftir eru við gerð menningarsamninga.

Það eru í gildi þrír menningarsamningar: við Akureyri, um þátttöku ríkisins í menningarlegri atvinnustarfsemi, við Austfirðinga um menningarmál og við Vesturland sem tók gildi um síðustu áramót. Framlög til þessara samninga samkvæmt fjárlögum 2006 nema samtals 152 millj. kr. og eru þessir samningar þá utan svonefnds Akureyrarsamnings sem er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins og samgönguráðuneytis.

[12:59]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það er rétt að fagna þeirri yfirlýsingu sem fram kom hjá hæstv. menntamálaráðherra, að stefnt sé að því um áramót að ganga frá öllum menningarsamningum við þau svæði sem ekki hafa slíka samninga nú þegar. Ég get tekið undir með hæstv. ráðherra að sá samningur sem fyrst var gerður fyrir Austurland hefur skilað gífurlegum árangri. Þar er ekki bara betra skipulag og meiri heildarsýn yfir fjármagnið sem frá ríkisvaldinu kemur heldur hefur aukið fjármagn komið í þennan málaflokk frá sveitarfélögum. Eins og hæstv. ráðherra nefndi hefur ábyrgð sveitarfélaga á málaflokknum líka aukist. Þetta er auðvitað allt til bóta.

Vegna hugmynda hæstv. ráðherra um hvernig þessu verði skipt í svæði þá vakti það athygli mína að það er eingöngu Suðurkjördæmi sem bindur ráðherrann við kjördæmamörk. Ég er ekki viss um að kjördæmin séu hentug eining í þessu samhengi fyrir utan það að ég efast um að kjördæmin séu hentug eining sem slík. Þar af leiðandi finnst mér ekki rétt að binda það við kjördæmin, að það sé miklu nær að binda það frekar við þau samtök sem til eru, þ.e. þar sem sveitarfélögin vinna saman.

[13:01]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör. Það kemur fram að það ekkert er því til fyrirstöðu að gera menningarsamning við sveitarfélögin á Suðurnesjum. Þó kom fram í svari hæstv. ráðherra að ráðherra vildi tengja allt Suðurkjördæmið saman og yrðu stjórnir sveitarfélaga á Suðurnesjum og Samband sveitarfélaga á Suðurlandi að ná samkomulagi um að sækja saman um gerð menningarsamnings fyrir svæðið.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra, eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson vakti athygli á: Af hverju gilda aðrar reglur um Suðurkjördæmi? Í gildi er samningur við Akureyri og verið er að tala um að gera samning við Eyþing. Gera á samning bæði við Norðurland vestra og Vestfirði en síðan er talað um Suðurland, að það þurfi að sækja um þetta sem heild. Ég vildi aðeins fá að heyra hjá hæstv. ráðherra af hverju mismunandi kröfur eru gerðar til svæðanna þegar kemur að því að gera samninginn.

Það var gott að heyra að 120 millj. kr. í fjáraukanum eru viðbótarfjármunir inn í gerð menningarsamninga. Gott væri ef hæstv. ráðherra gæti svarað því hvort deila megi í þá tölu með fjórum þar sem um er að ræða fjóra samninga sem hæstv. ráðherra minntist á áðan og þetta séu um 30 milljónir á hvert svæði. Eða eftir hverju er farið þegar fjármunum er útdeilt?

Það vakti sérstaka ánægju mína að heyra frá ráðherra að að sjálfsögðu séu Suðurnes ekki undanskilin þegar kemur að gerð menningarsamninga. Ég spurði um gerð vaxtarsamninga í vikunni sem leið og þá svaraði hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra því til að ekki kæmi til greina að gera slíkan samning við Suðurnes og fór í eins konar hártoganir í því efni, að ekki væri hægt að gera slíkan samning við svæði sem væri eins lítið og Suðurnes heldur þyrfti það að gilda um stærri svæði.

Ég spyr hæstv. ráðherra að lokum: Ef stjórnir Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Suðurlandi komast að þeirri niðurstöðu að betra sé að sækja um menningarsamning hvor í sínu lagi, mun ráðherra verða við slíku erindi?

[13:03]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Fyrir það fyrsta vil ég segja: Nei, það er ekki hægt að taka töluna og deila í með fjórum. Ef svo væri mundu menn ekki skilja eðli og upphaf menningarsamningsins sem er frumkvöðullinn að þessum menningarsamningum öllum, þ.e. menningarsamningur við Austurland. Þar voru teknar fjárhæðir sem ráðuneytið hafði þegar sett í menningarstarfsemi á Austurlandi, þær settar í pott og síðan bætt við.

Það er mjög misjafnt hvernig þessu er háttað eftir landshlutum. Sumir staðir fá meira úthlutað í menningarmálefni en aðrir minna. Við munum taka tillit til þess þegar fram í sækir. Hér er um samningsatriði að ræða varðandi svæðin og við tökum tillit til þeirrar menningarstarfsemi sem fyrir er og hvað er hægt er að gera þar þannig að sum svæði munu hugsanlega fá meira og önnur minna.

Við munum taka tillit til íbúafjölda og það eru margir þættir sem munu spila þarna inn í því. Við verðum að taka tillit til hvers svæðis fyrir sig. Þetta eru mjög mismunandi svæði eins og hv. þingmenn af landsbyggðinni þekkja.

Ég leyni því ekki að ég reyndi að fá einn samning við Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra. Sérstaklega hefði ég kosið að sjá Norðurland vestra og Vestfirði fá einn samning. Ég reyndi það. En það er um leið svarið við þeirri spurningu hv. þingmanns, um hvort ég muni hlusta á óskir sveitarfélaganna. Að sjálfsögðu mun ég hlusta á óskirnar. En ég tel, eftir að hafa farið yfir Suðurlandið sem ég þekki býsna vel — ég er ekki að tala um þetta eftir kjördæmamörkum — að það svæði sýni þann styrkleika að koma fram og setja fram einn samning. Ég held að það muni frekar styrkja menningarstarfið, tengja þessa landshluta betur saman með einum menningarsamningi. Þar yrði örugglega meira samstarf á milli sveitarfélaganna sem mun, eins og gerðist á Austurlandi, leiða til farsælla menningarstarfs og blómlegra en nú er og hefur verið.

Umræðu lokið.

## *Nám á framhaldsskólastigi á suðursvæði Vestfjarða.*

Fsp. JBjarn, 199. mál. — Þskj. 200.

[13:06]

**Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):**

Frú forseti. Fyrirspurnin sem ég legg fyrir hæstv. ráðherra var lögð fram í upphafi þings og varðar framhaldsskólanám á sunnanverðum Vestfjörðum, í Vesturbyggð og í Tálknafjarðarhreppi. Þá var þetta mál aðalkrafa íbúanna á þessu svæði og er reyndar enn. Síðan hefur málið komið til meðferðar og hæstv. menntamálaráðherra tjáð sig opinberlega um að það mál njóti stuðnings ríkisstjórnarinnar. Ég vil engu að síður víkja að þessu máli, sem er gríðarlega mikilvægt.

Ég vil minnast á það í upphafi, frú forseti, að eitt fyrsta þingmál sem ég flutti, ásamt öðrum, þegar ég kom á þing 1999 var tillaga um samfellt nám til 18 ára aldurs í heimabyggð. Það var þingsályktunartillaga um þá stefnumörkun að það yrði skilyrði að nám væri skipulagt með þeim hætti að fólk innan sjálfræðisaldurs alls staðar á landinu gæti stundað nám daglega frá heimili sínu. Það er jú hluti af lífskjörum fólks, að geta verið samvistum við börn sín og veitt þeim þann stuðning sem þarf, a.m.k. til 18 ára aldurs. Auk þess er þetta fjárhagslegt mál og gríðarlegt samfélagsmál.

Þetta mál hlaut dræmar undirtektir þá en þessi stefnumörkun komst þó inn í byggðaáætlun árið 2002, að það skyldi vera markmið að fólk gæti sótt nám heiman að frá sér til 18 ára aldurs. Það væri stefnan. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt áherslu á að styðja við fámenna grunnskóla í dreifbýlinu þótt sumum þyki fjárhagslega erfitt að standa að rekstri þeirra.

Við höfum nú fengið framhaldsskóla á Snæfellsnesi, sem var baráttumál. Í bígerð er framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð. En bæði íbúar Vesturbyggðar og Hólmavíkur, eins og ég minntist á í ræðu minni árið 1999, ættu að finna lausn á að fólk á því svæði geti sótt nám að heiman til 18 ára aldurs.

Það er ánægjulegt að þetta mál, sem íbúar á svæðinu hafa gert að forgangsmáli síðustu missiri, um að byggja þar upp nám, a.m.k. til 18 ára aldurs, fái jákvæðar undirtektir. Aðrir íbúar gætu einnig sótt það yrði það að raunveruleika. Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra hvort það sé ekki öruggt að svo verði og að tryggt verði fjármagn til að þetta mál komist (Forseti hringir.) að fullu í höfn á næsta skólaári.

[13:09]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er rétt sem hefur komið fram, að heimamenn á sunnanverðum Vestfjörðum hafa undanfarið skoðað möguleika á að koma upp framhaldsnámi fyrir nemendur á svæðinu. Þeir komu fyrir skömmu á fund minn í ráðuneytið og lögðu fram afar vel unna skýrslu máli sínu til stuðnings.

Verkefnið hefur verið vel undirbúið af heimamönnum. Það skiptir líka miklu máli, varðandi uppbyggingu framhaldsnáms víðs vegar um landið, að þeir náðu góðri samstöðu um verkefnið á svæðinu. Þarna er um eðlilegt framhald að ræða á svokölluðu dreifmenntaverkefni sem starfrækt hefur verið á svæðinu síðastliðin ár með mjög góðum árangri. Ég fór sjálf í vor og kynnti mér dreifmenntaverkefnið, sem er athyglisvert fyrir margra hluta sakir. En utanumhald í því verkefni er allt til fyrirmyndar sem hefur leitt til þess hægt er að taka verkefnið lengra.

Niðurstaða skýrslunnar sem mér var afhent er ljós. Þar segir að stefna skuli að því að bjóða upp á nám í heimabyggð fyrir nemendur undir sjálfræðisaldri, þ.e. fyrir 16 og 17 ára. Samstaða er um það hjá sveitarfélögunum að kennsla fari fram á Patreksfirði. Þar er húsnæði þegar til staðar. Helstu rökin sem koma fram í skýrslunni eru að erfitt sé að senda börn sem ekki hafa náð sjálfræðisaldri frá heimilum sínum í skóla, oft í öðrum landshlutum. Kostnaður heimilanna við að halda unglingi eða unglingum í skóla fjarri heimabyggð er einnig mjög mikill. Hann skiptir oft á tíðum sköpum fyrir margar fjölskyldur.

Greiðara aðgengi að menntun skiptir miklu máli fyrir einstaklingana og styrkir byggðina sem á undir högg að sækja vegna brottflutnings fólks. Erfiðar samgöngur við Ísafjörð — eins og við þekkjum eru samgöngur við Ísafjörð mjög erfiðar — gera það að verkum að erfitt er að sækja hinn eiginlega framhaldsskóla svæðisins, þ.e. Menntaskóla Ísafjarðar. Það sama á við um Akureyri og höfuðborgarsvæðið þangað sem ungmenni af suðurhluta Vestfjarða hafa gjarnan leitað til náms.

Eins og fram hefur komið hefur verið ákveðið að hefja tilraunaverkefni um rekstur framhaldsskóladeildar fyrir Tálknafjarðarhrepp og Vesturbyggð. Hún verður staðsett á Patreksfirði. Þar verður boðið upp á nám fyrir nemendur á fyrsta og öðru ári framhaldsskóla. Einnig mun eldri einstaklingum sem ekki hafa stundað nám í framhaldsskóla boðið að setjast í deildina. Faglegur rekstur deildarinnar mun verða á ábyrgð Fjölbrautaskóla Snæfellinga en þar hefur á undanförnum þremur árum farið fram tilraunastarf í blöndu af staðbundnu námi og dreifnámi. Mun sú reynsla koma að góðu gagni við rekstur framhaldsdeildarinnar á Patreksfirði. Við sjáum, þegar meta skal hversu margir muni hugsanlega sækja nám í þessari framhaldsdeild á Patreksfirði, sem er kannski jákvæð afleiðing af þessari ákvörðun, að fleiri eldri nemendur munu sækja framhaldsskólanám eins og gerst hefur á norðanverðu Snæfellsnesi í gegnum Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Á síðustu árum hefir verið lögð áhersla á að færa menntun í auknum mæli heim í byggðirnar og í því sambandi má nefna uppbyggingu háhraðanets sem tengir saman skóla og símenntunarmiðstöðvar og stóraukna fjarkennslu í því sambandi.

Það er ljóst, frú forseti, að framhaldsskóladeildin á Patreksfirði er spennandi verkefni sem margir munu fylgjast vel með. Takist vel til getur hún orðið fyrirmynd svipaðra deilda víða um landið og þar með aukið aðgengi fólks í hinum dreifðu byggðum að framhaldsskólamenntun. Ríkisstjórnin mun fyrir sitt leyti tryggja í gegnum fjárframlög í gegnum þingið að þessi starfsemi fái það brautargengi sem hún þarf sem mun verða mikil hvatning fyrir þennan hluta Vestfjarða.

Af tilraun sem gerð var á sínum tíma í gegnum samstarfsverkefnið við Ísafjörð má sjá að þeir eru líklegri til

þess að vera áfram á svæðinu sem fá tækifæri til að stunda framhaldsnám í heimabyggð. Með því stuðlum við að því sem ég, sem menntamálaráðherra, er afar ánægð með, þ.e. að fá fleira fólk inn í skólakerfið og því að fleiri ljúki menntun.

[13:14]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því sérstaklega að nám á framhaldsskólastigi skuli hefjast á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar er um að ræða eitt mesta hagsmunamál þeirra byggða sem þarna um ræðir. Það er í takt við breyttan tíðaranda og framhaldsnám fyrir ungt fólk á þessum svæðum er í raun og veru sjálfsagt mannréttindamál.

Ég vil í þessu samhengi minna á að síðasta vor var á Alþingi samþykkt þverpólitískt að breyta forgangsröðun stjórnvalda í áherslum í byggðamálum á þann veg að hækkun menntunarstigsins á landsbyggðinni er fyrsta atriðið í byggðastefnu stjórnvalda. Það er mikilvægt að við fylgjum þeirri stefnumótun eftir. Við sjáum þess stað, eins og hæstv. menntamálaráðherra benti á, og erum að ýta úr vör mikilvægu hagsmunamáli fyrir íbúa á Vestfjörðum. Við munum (Forseti hringir.) vonandi halda áfram á þeirri braut.

[13:15]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Fyrir rúmum 30 árum hófst mikil uppbygging á framhaldsskólum víða um landið. Er óhætt að segja í ljósi þessarar 30 ára reynslu að það hafi gefist vel. Þar sem áður fóru innan við 10% nemenda á tilteknum svæðum í framhaldsskóla fara nú um og yfir 90% í framhaldsskóla. Þetta hefur orðið til þess að byggðir á þessum stöðum hafa styrkst í sessi og fólk haldist heima.

Það má því segja að nú, 30 árum síðar, sé að koma upp sambærileg krafa hjá minni stöðum. Þeim stöðum sem ekki hafa framhaldsskóla í dag m.a. vegna fámennis. Það er auðvitað krafa samtímans og allra landsmanna að geta átt greiðan aðgang að framhaldsskóla því það er, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, dýrt að senda börnin frá sér ung til fjarlægari staða í framhaldsnám.

Þess vegna ber að fagna þessari merku tilraun sem verið er að gera á Patreksfirði til að þjóna sunnanverðum Vestfjörðum og jafnvel Dölunum. Ég held að við hljótum að fylgjast spennt með þeirri tilraun, þetta er skemmtilegt módel sem verið er að reyna þar, en að sjálfsögðu þurfum við að fylgja því eftir með fjármagni.

[13:16]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir ánægju minni með að orðið skuli við beiðni fólksins á suðurfjörðum Vestfjarða um að koma þar á fót framhaldsdeild.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því, hæstv. forseti, að fram til þessa hefur verið heimild í skattalögum um að fólk sem hefur þurft að senda börn sín til náms um langan veg fengi frádrátt frá tekjuskattsstofni þegar um verulegan kostnað vegna menntunar barna væri að ræða. Þessi heimild hefur verið í skattalögum lengi. Nú er hins vegar ráðgert í nýlegu frumvarpi ríkisstjórnarinnar að fella þetta niður. Ég veit að hæstv. menntamálaráðherra man tölurnar frá Patreksfirði sem fólkið úr Vesturbyggð gerði grein fyrir um daginn, sem sýndu yfir milljón króna kostnað á barn við að sækja menntun. Það er auðvitað á fleiri stöðum sem fólk þarf að sækja menntun um langan veg en frá suðurfjörðum Vestfjarða. Ég undra mig því á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þessu plaggi hérna.

[13:18]

**Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):**

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það er töluvert annar tónn í þingsölum nú gagnvart því að efla nám á hinum minni stöðum hvað framhaldsnám varðar en var hér fyrir 5–6 árum. (**Gripið fram í:** Þá var ég ekki á þingi.) Þá flutti ég mál hér ítrekað og það var með mikilli hörku sem tókst að knýja á um framhaldsskólann á Snæfellsnesi, bæði með stuðningi og kröfu heimafólks og einnig á Alþingi um að knýja það mál áfram.

Þegar ég flutti þessa tillögu 1999 um að þetta skyldi vera stefnumörkun, með nákvæmlega sömu rökum og hæstv. ráðherra rakti áðan varðandi fjölskyldulíf, heimilislíf, mannréttindi, kostnað og fleira, þá hlaut það ekki undirtektir eins og núna. Ég vona að þetta sé boðberi góðra tíma og fagna því að hæstv. núverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, skuli taka málið með svo öflugum hætti upp sína arma og að þetta geti orðið vísir að því að framhaldsskólar verði byggðir upp víðar um land.

Eitt ráð vil ég þó gefa og það er að ég tel mikilvægt að framhaldsnám af þessu tagi sé rekið á ábyrgð heimaaðila þannig að það sé hluti af skólanámi sem þeir bera ábyrgð á. Við höfum áður reynt að reka framhaldsdeildir sem hluta af rekstri eða faglegu starfi annars fjarlægs skóla og það hefur ekki gefist vel.

Það er hægt að njóta faglegs stuðnings skóla sem geta lagt sitt til málanna, hvort heldur það eru Menntaskólinn á Ísafirði, skólarnir á (Forseti hringir.) Snæfellsnesi eða Akureyri. En mikilvægt er að heimamenn (Forseti hringir.) axli og beri ábyrgðina á framkvæmdinni með ríkinu og góðum ráðherra.

[13:20]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er alveg ljóst að aðkoma heimamanna að þessu verkefni verður tryggð, enda hafa þeir haft sérstakt frumkvæði að því að reyna að drífa verkefnið áfram og þeir hafa líka haft forsendur fyrir því. Forsendurnar eru þær að þeir hafa núna starfrækt dreifmenntaverkefnið sem ég kom inn á áðan í svari mínu til hv. þingmanns. Þeir hafa öðlast þekkingu og færni í því að koma hinni nýju tækni inn í grunnskólann á þessu svæði, þ.e. suðurhluta Vestfjarða, þannig að það er allrar athygli vert. Þeir geta nýtt þessa þekkingu núna til að taka málið lengra.

Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þingmanns að slíkt var reynt á sínum tíma, m.a. í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði. Vondar samgöngur er ein ástæðan fyrir því að það verkefni gekk ekki. Á hinn bóginn má segja að tíminn hafi að þessu leyti unnið með okkur því að við höfum þó á þessum árum lagt áherslu á uppbyggingu háhraða-

netsins, uppbyggingu fjarnáms og fjarkennslu, þannig að færni okkar Íslendinga í menntakerfinu í dag til að miðla menntun í hinar dreifðu byggðir landsins er mun meiri í dag en hún var fyrir fimm, sex árum. Ekki síst er það að þakka tilkomu Fjölbrautaskóla Snæfellinga sem gerir okkur líka fært að taka á þessu verkefni á suðurhluta Vestfjarða út frá þeim faglegu forsendum sem við gerum varðandi framhaldsskólanám.

Um leið og við segjum að við viljum miðla menntun, koma menntun til allra þannig að allir hafi sem besta aðkomu að menntun, ekki síst á erfiðari svæðum eins og suðurhluta Vestfjarða, það má líka hugsa sér önnur landsvæði, þá viljum við líka segja að við ætlum ekki að slaka á neinum kröfum varðandi gæði námsins, varðandi hina faglegu kröfur. Þess vegna er þetta samstarf Fjölbrautaskóla Snæfellinga og heimamanna sem að þessu máli hafa komið svo mikilvægt. Það er til mikillar fyrirmyndar hvernig að þessu öllu hefur verið staðið.

Umræðu lokið.

## *Framboð verk- og tækninám.*

Fsp. SæS, 218. mál. — Þskj. 219.

[13:22]

**Fyrirspyrjandi (Sæunn Stefánsdóttir):**

Frú forseti. Fleiri nemendur hefja bóknám eftir grunnskóla en verknám, en um 30% grunnskólanemenda fara beint í iðnnám meðan 70% fara beint í bóknám. Hins vegar eru 40% útskriftarnemenda sem útskrifast úr verknámi þannig að af því verðum við að draga þá ályktun að einhvers staðar á leiðinni verði þessi tilfærsla. Ég held því að við þurfum að efla náms- og starfsráðgjöf, bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, til að nýta tíma og peninga nemenda og skólanna sjálfra betur.

Svokölluð starfsnámsnefnd skilaði hæstv. menntamálaráðherra góðri skýrslu í júní síðastliðnum þar sem bent er á leiðir til að jafna stöðu bóknáms og verk- og tækninám með heildarendurskipulagningu framhaldsskólastigsins. Einnig er þar bent á mikilvægi þess að verk- og tækninám fái að þróast í takt við atvinnulífið og lagt til að meiri áhersla verði lögð á starfsmiðað framhaldsskólanám á háskólastigi þar sem úrval slíkra námsbrauta er afar takmarkað hérlendis og stutt hagnýtt nám sem sniðið er að þörfum atvinnulífsins er lítið sem ekkert.

Tengsl skólanna við atvinnulífið eru því miður lítil og framþróun þar með. Nemendur sem hafa hug á að efla sig á þessu sviði verða að sækja nám sitt erlendis og hluti þeirra kemur svo til baka.

Flestir eru sammála um að þrátt fyrir mikla uppbyggingu starfsmenntunar á framhaldsskólastiginu hafi bæði þarfir atvinnulífsins og nemendanna fyrir hagnýtt framhaldsnám á háskólastigi setið eftir.

Ég spyr því ráðherra um framhald vinnu þessarar nefndar hvað varðar þær tillögur sem fram eru komnar. Það eru athyglisverðar tillögur sem starfsnámsnefnd leggur til í þeirri skýrslu sem vitnað er til, en þar er lagt til að heildarendurskipulagning taki mið af viðtökumiðuðu námi þar sem háskólarnir hafi aðkomu að stefnumótun í framhaldsskólum og atvinnulífið í háskólunum.

Hins vegar verður slík framþróun ekki í skólakerfinu nema til komi aukið fjármagn hins opinbera. Fjárlagafrumvarpið sem liggur fyrir þessu þingi finnst mér að einhverju leyti vera skref aftur á bak í þessum efnum. Mér finnst þær tillögur sem þar liggja fyrir ekki heldur í takt við þær áherslur sem mér finnst ríkisstjórnin hafa beitt sér fyrir hvað varðar verk- og tækninámið.

Fjárlaganefnd og menntamálanefnd hafa fjallað um þetta mál og ríkir þar ríkir samhugur um málið þar sem menn leggja áherslu á að efla eigi enn frekar verk- og tækninám á öllu landinu. Ég spyr því ráðherra að lokum hvort hún sé tilbúin til að beita sér fyrir því að koma þessum málum til betri vegar.

[13:25]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Aðeins varðandi síðasta hluta ræðu hv. þingmanns. Það er alveg ljóst að þær tillögur sem liggja fyrir voru ekki og eru ekki ætlaðar til að draga úr mikilvægi starfsnáms. Það er einfaldlega þannig. Við sjáum á hlutfallinu varðandi reiknilíkanið að bilið á milli bóknáms og verknáms hefur aukist á síðustu árum, þ.e. til hagsbóta fyrir starfsnámið. Það er ekki ætlunin að draga úr mikilvægi starfsnáms með þeim tillögum sem liggja fyrir. Það er ljóst að fara þarf í ákveðna skoðun á reiknilíkaninu og það mun verða gert á næstunni til að stuðla annars vegar að viðgangi starfsnáms en hins vegar líka bóknámsins, þannig að við getum tekið tillit til hinna ýmsu sjónarmiða og líka fjölbreytni sem framhaldsskólarnir vilja stuðla að og eiga svigrúm og tækifæri til að koma að. Það er ekki svo að hægt sé að aðgreina þetta algerlega í iðnnám eða verknám versus bóknám, því að eins og menn þekkja eru þarna ýmsir þættir sem skarast og jafnvel í iðnskólunum er um helmingur áfanga eða greina sem nemendur ganga til prófs í bóklegur. Það eru því ýmsir þættir sem skarast.

Það er ljóst að við munum þurfa að fara yfir það reiknilíkan sem fyrir er til þess að við getum haldið áfram uppgangi og viðgangi starfsnámsins. Það er ýmislegt sem þarf að taka á því sambandi. Ég hef margítrekað að við þurfum fyrst og síðast að breyta um viðhorf í samfélaginu gagnvart starfsnámi til þess að fleiri fari í það. Eru ekki tækifæri til þess? Jú, að sjálfsögðu eru tækifæri til að stunda starfs- og iðnnám. 87 brautir standa nemendum til boða þegar þeir koma á framhaldsskólastigið. Þar af hafa 15 nýjar starfsnámsbrautir verið settar á laggirnar á síðustu fjórum árum. En fólkið vantar. Ég held að fyrst og fremst þurfi hugarfarsbreytingu í samfélaginu og kannski fyrst og síðast heima fyrir. Við þurfum líka að efla — ég tek heils hugar undir það með hv. fyrirspyrjanda — náms- og starfsráðgjöf og ekki eingöngu í framhaldsskólanum heldur ekki síður í 9. og 10. bekkjum grunnskólans til þess að reyna að gera nemendum grein fyrir hvert hugur þeirra stefnir í raun og veru en ekki eins og ég hef oft tekið sem dæmi, eins og einn góður vinur minn, sem er meistari í múraraiðn, sagði: Ef ég beini ekki börnunum mínum í iðnnám af hverju ættu

þá aðrir að gera það?

Það þarf fyrst og fremst hugarfarsbreytingu til að sýna fram á þá mikilvægu kosti sem starfsnámið tvímælalaust hefur núna, ekki síst í þeim heimi sem við lifum í sem gerir sífellt meiri kröfur til fjölbreyttari hæfni og getu nemenda og þeirra sem fara síðan út á vinnumarkaðinn. Framboð náms er gott en aðsókn í það nám sem er í boði er áhyggjuefni. Þess vegna tel ég rétt að við hugum að nýjum og róttækum leiðum til að auka aðsóknina og því skipaði ég þá nefnd sem hefur oft verið kölluð starfsnámsnefndin. Hún skilaði af sér í vor þar sem hún leggur til mjög róttækar tillögur um að við komum til með að tala um eitt framhaldsskólanám, um eitt stúdentspróf, ekki bóknám eða verknám. Hér reynir í fyrsta sinn á það að breyta hugarfari, í þingsalnum líka, þeirra sem hafa oft verið fastir í því að tala um starfsnám versus bóknám, að við náum að breyta hugarfarinu til að verða síðan fyrirmyndir fyrir aðra hvað varðar umræðu af þessu tagi.

Ég tel mikilvægt og tímabært að þróa framhaldsskólann á þessum breiða grunni. Setja honum rúman ramma þannig að ólíkar raddir finni þann hljómgrunn sem þær leita eftir og góðar hugmyndir fái þannig verðskulduð tækifæri. Ég hef þegar beint því inn í svonefnt tíu skrefa samkomulag að tillögur starfshópsins um starfsnámið fái strax umfjöllun og meðferð því að þar er um að ræða, eins og ég gat um, fjölbreyttari framhaldsskóla ef tillögurnar verða að veruleika, sem gefa hverjum skóla svigrúm til að móta sínar tillögur, móta sitt framboð, taka tillit til þess umhverfis sem þeir búa við um leið og þeir geta sérhæft sig á ákveðnum sviðum, hvort heldur fyrir atvinnulífið eða háskólanám síðar meir fyrir nemendurna.

Ég tek undir að við þurfum að halda áfram. Það er verið að gera eitt og annað til að stuðla að eflingu verk- og iðnnáms en fyrst og síðast þarf að eiga sér stað hugarfarsbreyting í samfélaginu.

[13:30]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur fyrir að koma fram með þessa fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Við í fjárlaganefnd og menntamálanefnd höfum verið í ágætu samstarfi við hæstv. ráðherra og ráðuneyti hennar að fara yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á reiknilíkaninu. Við höfum ekki klárað þá vinnu og það er mjög mikilvægt fyrir okkur sem erum í stjórnmálum að við gerum okkur grein fyrir hvaða afleiðingar slíkar breytingar hafa í för með sér. Við hittum nú síðast í morgun fulltrúa frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og þar komu m.a. fram áhyggjur af verknámi og minni skólum og ekki síst á landsbyggðinni.

Það er hlutverk okkar stjórnmálamanna, ef við meinum eitthvað með því að við viljum halda landinu í byggð, að standa vörð um skóla á landsbyggðinni og kannski ekki síst þá minnstu skóla. Það er þannig að þær stofnanir eru undirstaða í viðkomandi byggðarlögum og mjög mikilvægt að við skoðum þessi mál í hörgul og ég þakka hæstv. ráðherra svörin.

[13:31]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Á föstudaginn var kvaddi hv. þm. Jón Bjarnason sér hljóðs utan dagskrár um framhaldsskólana. Ég tók til máls í þeirri umræðu og taldi fyrirspurn hans og umræðu alveg óþarfa þar sem hann mætti mjög vel vita að þetta mál væri á forsjá fjárlaganefndar og hann hefur sjálfur fylgst grannt með því að verið væri að vinna mjög vel að þessu, það stæði alveg til og mætti treysta því að fullkomið samkomulag yrði milli fjárlaganefndar og menntamálaráðherra.

Ég vil bara ítreka þetta og hélt að öllum væri þetta mjög vel kunnugt. Ég tel og er viss um að hv. stjórnarþingmanni Sæunni Stefánsdóttur sé þetta mjög vel kunnugt líka, að svona mun verða gengið frá þessu. Það er unnið að þessu af öllum aðilum og engin ástæða til að efast um annað en að góð sátt ríki að lokum.

[13:32]

**Hjálmar Árnason:**

Frú forseti. Í áratugi hefur verið mikið rætt, ekki síst á hátíðum og tyllidögum, um gildi starfsnáms. Þrátt fyrir fagrar ræður og mikinn yfirlýstan vilja um að efla starfsnám má segja að á síðustu 30, 40 árum hafi afskaplega lítið gerst, svo dyggilega hefur latínu-gráni hreiðrað um sig í vitund þjóðarinnar að um og yfir 70% af nemendum sem fara í framhaldsskóla leita inn á stúdentsbrautir. Hvernig stendur á þessu? Það eru sjálfsagt margslungin svör en þetta viðhorf hefur hreiðrað um sig með þessum afleiðingum.

Ég hef stundum efast um að raunverulegur vilji sé í samfélaginu til þess að breyta þessu. Þær tillögur sem starfsnámsnefnd hefur skilað gætu verið ákveðinn grundvöllur að róttæku átaki sem fyrst og fremst þarf að lúta að því að það verði viðhorfsbreyting í samfélaginu hvað (Forseti hringir.) varðar virðingu fyrir starfsnámi.

[13:34]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp. En þannig var að þegar hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir sendi inn fyrirspurnina var umræðan um reiknilíkanið ekki komin upp. Það sem hv. þingmaður var að hugsa með þessari spurningu voru í rauninni þær tillögur sem starfsnámsnefndin kom fram með og hvernig ráðherra hygðist beita sér fyrir þeim tillögum, en í millitíðinni hefur blossað upp umræða um reiknilíkanið. Og það er alveg rétt sem hv. Einar Oddur Kristjánsson kom inn á áðan, að mikill vilji er innan þeirra þingnefnda sem fjalla um þetta mál að reyna að leysa úr þessu og ég vil taka undir með formanni fjárlaganefndar um gott samstarf fjárlaganefndar, menntamálanefndar og hæstv. ráðherra um þetta málefni.

Ég vil einnig taka undir með hæstv. ráðherra að hugarfarsbreytingu þurfi til að efla verk- og starfsnám og þar verðum við hér á hinu háa Alþingi að sýna gott fordæmi en það gerum við því miður ekki eða a.m.k. að takmörkuðu leyti í því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir.

[13:35]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Iðnnám hefur verið á undanhaldi um áratugaskeið í íslensku menntakerfi og núna þegar sótt er að framhaldsskólanum með skertum framlögum óttast að sjálfsögðu margir um framtíð starfsnámsins.

Tillögur starfsnámsnefndarinnar í fyrra voru mjög af hinu góða og gangi þær fram yrði það heillaskref fyrir framhaldsskólann allan. Sérstaklega ef þær tillögur gengju fram að þar með væri fyrirhuguð stytting sem þrisvar hefur komið fram, styttingin á námi til stúdentsprófs, að baki og úr yrði eitt framhaldsskólanám þar sem þeim skilum á milli bóknáms og verknáms væri að fullu eytt. Þar með væri gengið fram til góðs.

Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort það væri ekki alveg á hreinu að hin margframkomnu styttingaráform væru úr sögunni sem slík og út úr tíu skrefa samkomulaginu kæmi að lokum tillaga í ætt við tillögu starfsnámsnefndarinnar, sem væri mjög til bóta.

[13:36]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég er sammála hæstv. menntamálaráðherra í að auka þarf veg starfsnámsins og láta starfsnámið vera jafngilt í vægi í námsmati og bóknám.

Ég bendi á þessi háttur var tekinn upp við Hólaskóla líklega 1986 og þar hefur síðan ávallt verið jafnvægi á verklegu og bóklegu námi. Það var einmitt styrkur skólans að geta sýnt fram á það í reynd að þetta væri jafnvægt. Mér þykir því gott ef hæstv. ráðherra menntamála sem nú situr er farin að draga lærdóm af því öfluga menntastarfi sem hefur ríkt um áratugi á Hólum.

Ég vil líka taka undir þær áherslur hæstv. ráðherra að hugarfarsbreytingu þurfi gagnvart starfsnáminu, ekki hvað síst hér í þinginu og í ríkisstjórninni. Ég er ekki að væna hæstv. menntamálaráðherra um neitt en þau (Forseti hringir.) skilaboð sem hafa komið um að fjármunir til framhaldsskólans, einmitt til verk- og tækninám, eru skornir um 300 millj. kr. segja sitt um hvar þarf að byrja á hugarfarsbreytingunni.

[13:38]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka þau hlýju orð sem fallið hafa í garð okkar sem sátum í hinni merku starfsnámsnefnd sem gerði, eins og fram hefur komið, afskaplega merkar tillögur sem hæstv. ráðherra vonandi nær að koma að einhverju leyti í framkvæmd.

Það er gífurlega mikilvægt að breyta viðhorfum í samfélaginu. Ég held einmitt að þau skref sem stigin voru í þessum merka starfshópi, þar sem náðist gífurlega samstaða á milli aðila vinnumarkaðarins, skólafólks og stjórnmálamanna, sé einmitt grunnurinn sem við eigum að byggja á í vinnu við slíka breytingu. Þess vegna er mjög mikilvægt að það komi fram í raunhæfum tillögum að fólk sé á þessari leið.

Það er líka fagnaðarefni að hér kemur það fram að í raun hafi verið gerð mistök í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, mistök hafi verið gerð þegar niðurskurðurinn var framkvæmdur í framhaldsskólunum. Það er líka fagnaðarefni að nú stefnir í að mjög víðtæk pólitísk (Forseti hringir.) samstaða verði um að taka þau mistök til baka.

[13:39]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að ræða þessi mál. Ég verð að segja eins og er að ég fékk náttúrlega algjört áfall eins og svo margur annar þegar ég sá fjárlagafrumvarpið í haust og þann heiftarlega og svakalega niðurskurð sem átti og á að fara í gagnvart framhaldsskólunum.

Virðulegi forseti. Ég er ansi hrædd um að hér sé verið að beita einhvers konar sjokkmeðferð til að beina sjónum frá reiknilíkaninu, sem þarf að laga og það vita allir, vegna þess að þegar þetta verður dregið til baka verða allir svo fegnir að umræðan um reiknilíkanið fellur niður í ár að öðru leyti en því að draga til baka þessar niðurskurðartillögur ráðuneytisins.

Ég er sammála þeim sem hér hafa talað um að það sé alveg augljóst á þessari aðgerð og þeim skilaboðum sem komu úr menntamálaráðuneytinu með fjárlagafrumvarpinu í ár, að viðhorfsbreytingin sem þarf að eiga sér stað er fyrst og fremst í ráðuneyti menntamála þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið með stjórnina núna vel á annan tug ára. (Forseti hringir.) Það er þar sem viðhorfsbreytingin þarf að eiga sér stað og það er þar sem starfsnámið og tækninámið á undir högg að sækja.

[13:40]

**Fyrirspyrjandi (Sæunn Stefánsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svör hennar og þeim þingmönnum sem tekið hafa til máls. Tilgangur fyrirspurnarinnar var, eins og fram kom í máli hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur, að inna ráðherra eftir svörum hvar sú vinna fyrrnefndrar eða títtnefndrar starfsnámsnefndar stæði og það kom skýrt fram í máli ráðherra að vinnan við að koma að þeim tillögum er í fullum gangi. Enda tek ég undir það sem fram hefur komið í máli þingmanna að þessar tillögur eru mjög róttækar en þær eru líka mjög góðar.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að fyrst og fremst þurfum við að breyta því viðhorfi sem ríkir í samfélaginu til verk- og tækninám. Mér finnst þessi umræða góð og sýna að það er svo sannarlega vilji bæði hjá hæstv. menntamálaráðherra og hjá hv. þingmönnum til að taka þátt í því. Við getum þó þegar við ræðum um verk- og tækninámið á þessu stigi ekki komist hjá því að ræða um það frumvarp sem liggur fyrir. Mér er fyllilega kunnugt um það starf sem á sér stað meðal fjárlaganefndar og menntamálanefndar og sat þar sjálf fund, enda fulltrúi í menntamálanefnd, og þar ríkir fullkomin eining um að það þurfi enn frekar að rétta stöðu verk- og tækninámsins.

Ég skil líka vel þá stöðu sem hæstv. menntamálaráðherra er í en við vitum að ráðherrann beitti sér fyrir auknum framlögum til verk- og tækninámsins síðast 2004, ef ég man rétt, og þess vegna fannst mönnum kannski svigrúm vera þar fyrir hendi. En þá bendir maður jafnframt á að kannski um langa hríð hefur þurft að létta hlut verk- og tækninámsins og með þeim framlögum sem komu þá, árið

2004, er erfitt í sjálfu sér að draga eitthvað úr núna. Þess vegna fagna ég mjög þeim viðhorfum sem komu fram í máli ráðherrans um að hún ætli að beita sér fyrir endurskoðun reiknilíkansins og ég lýsi mig sem og aðrir þingmenn reiðubúna til að aðstoða hana við að efla enn frekar verk- og tækninám, eins og ég veit að metnaður er til staðar um.

[13:42]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er hreint makalaust að heyra fjárlaganefndarmenn koma hingað, eins og hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, og segja að verið sé að skerða framlög til framhaldsskólans. Ef menn sjá þróun framlaga til framhaldsskólans á síðustu árum almennt — vissulega eru ákveðnir skólar sem eiga undir högg að sækja — þá hefur rekstur framhaldsskólans á undanförnum árum stórbatnað.

Ég vil líka nefna að í gegnum fjárframlögin á síðustu árum hafa framlög á nemanda vegna bóknáms annars vegar og verknáms hins vegar, þ.e. framlög til nemenda í verknámi, stóraukist. Það er því mikill vilji til þess að efla og styrkja starfsnámið. Það er einnig rétt sem komið hefur fram að menn munu fara mjög gaumgæfilega yfir þær tillögur sem liggja fyrir til þess að sjá hvaða áhrif þær hafa á reiknilíkanið og skoða það í víðu samhengi í góðu samstarfi.

Það sem er umhugsunarefni eru litlu skólarnir á landsbyggðinni sem við þurfum sérstaklega að líta til. Það er ekki reiknilíkanið eitt og sér sem mun vera sá áhrifavaldur sem leiðir til þess að þeir eiga í rekstrarerfiðleikum heldur eru aðrir þættir sem við þurfum að skoða og það er það atriði sem ég tel mikilvægt að hv. þingmenn sem og ráðuneytið þurfi sérstaklega að líta til.

Ég vil hins vegar undirstrika að tillögur starfsnámshópsins munu fá og eru til umfjöllunar í samkomulaginu, sem nefnist tíu skrefa samkomulagið. Það er mikilvægt að þær fái brautargengi þar því að ég fagna sérstaklega því viðhorfi sem ég skynja að ef menn vilja breyta því viðhorfi, bæði hér innan dyra og í samfélaginu, sem er til starfsnámsins þá verður það til þess jú að fjölga þeim nemendum sem við þurfum á að halda til að sækja starfsnámið, til að auka fjölbreytileikann fyrir atvinnulífið, fyrir fyrirtækin í landinu og fyrir samfélagið í heild. Við þurfum því að efla starfsnámið, það eru allir sammála um, en fyrst er að breyta hugarfarinu.

Umræðu lokið.

## *Framhaldsskóli í Rangárvallasýslu.*

Fsp. BjörgvS, 285. mál. — Þskj. 298.

[13:45]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um hvort til standi að kanna möguleika á stofnun framhaldsskóla í Rangárvallasýslu. Það er mikilvægt að efla framhaldsskólanám í héraði þar sem upp á vantar. Svæðið sem yrði heimasvæði skólans er orðið mannmargt og öflugt. Hingað til hefur verið samstaða um Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi þar sem fram fer öflugt nám og eru orðið yfir þúsund nemendur ári.

Það er því vert að skoða hvort það geti borgað sig að færa menntunina meira heim í hérað og stofna annan framhaldsskóla í Rangárvallasýslu sem tengdist því svæði lengst austur úr. Næsti framhaldsskóli er á Hornafirði og verulega stórt svæði á milli skólanna. Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur dafnað vel og er með betri framhaldsskólum á landinu. En að mínu viti kemur til greina að skoða stofnun á sérstökum framhaldsskóla í Rangárvallasýslu. Ég held að það gæti orðið til að styrkja svæðið og byggðakjarnana þar, sem mundu sjálfsagt stækka við þetta auk þess sem það yrði til að fjölga mjög nemendum á framhaldsskólastigi ef horft væri sérstaklega til þess að hafa þar öfluga fullorðinsfræðslu og gott framboð á því sviði.

Ég held að stofnun á slíkum framhaldsskóla gæti bæði orðið til að efla menntunina á öllu svæðinu og bæta menntunina í landinu öllu. Við þurfum að verja meira fé til menntamála og efla menntun á öllum skólastigum, sérstaklega á framhaldsskólastigi. Við sjáum í umræðunum á Alþingi í dag að það kemur við menn þegar að framhaldsskólanum er sótt eins og nú gerir. Iðnnámið er í vanda. Styttingaráformin margfrægu virðast heyra sögunni til og ætlunin er að fara aðrar leiðir. Það þarf að efla skólastigið. Á Vesturlandi var t.d. stofnaður sérstakur menntaskóli í Borgarnesi þótt öflugur framhaldsskóli sé á Akranesi.

Það getur verið góður kostur og margborgað sig að fjölga framhaldsskólum að ákveðnu marki. Þess vegna tel ég að sérstakur framhaldsskóli í Rangárvallasýslu gæti orðið í þágu menntunar í landinu og menntunar á þessu svæði. Því beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra.

[13:48]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég vil byrja á að mótmæla því að að framhaldsskólanum sé sótt. Erlendir úttektaraðilar hafa m.a. tekið sérstaklega fram að rekstur framhaldsskólanna í heild sé ágætur. Sem stendur er tekið á ákveðnum þáttum og ekki er síður vert að nefna að nemendum hefur stórfjölgað á framhaldsskólastiginu. Sú fjölgun er í raun einsdæmi. Við erum ekki með skólaskyldu frá 16 ára til tvítugs en engu að síður sækir 95–96% fæðingarárgangs í framhaldsskóla. Það er mikið fagnaðarefni.

Um leið náum við í hina svokölluðu eldri nemendur í gegnum framhaldsskólann, sem er einstætt og á sér ekki aðrar fyrirmyndir. Það er mjög jákvætt. Þetta sjáum við m.a. á norðanverðu Snæfellsnesi en þar vanmátum við í raun þörf og vilja eldri nema til að koma inn í framhaldsskólann. Við erum í raun í stórsókn hvað framhaldsskólana varðar. Við þekkjum að þegar aðsóknin er mikil þá náum við ekki alltaf að fylgja öllu eftir. En bæði aðsóknin og metnaðurinn er mikill.

Þess vegna höfum við m.a. rætt um framhaldsskólana í dag, þ.e. að auka möguleika með tilliti til landsvæða og

þeirrar þekkingar sem er til staðar varðandi nýtingu á tækni, fjarkennslu, og almennt reynslu af skólarekstri. Þess vegna fjölluðum við áðan um framhaldsskóladeild á sunnanverðum Vestfjörðum sem gefa mun fólkinu þar möguleika á að sækja sér menntun fram að 18 ára aldri. En það byggist m.a. á reynslunni sem það fólk aflaði sér, árareynslu af hinu svokallaða dreifmenntaverkefni sem leggur grunn að því að hægt sé að taka frekari skref í skólakerfinu á því svæði.

Með fjölgun framhaldsskóla síðustu árin hefur verið reynt að koma til móts við kröfur um nám í heimabyggð eða sem næst heimabyggð. Ég vil geta þess að greiðara aðgengi að menntun skiptir miklu máli, eins og við erum öll sammála um, fyrir einstaklinga og styrkir sérstaklega byggðir sem eiga undir högg að sækja vegna brottflutnings fólks, m.a. vegna þess að unglingarnir þurfa að fara að heiman í framhaldsskóla.

Víða um land óska heimamenn eftir að kannaðir verði möguleikar á stofnun framhaldsskóla til að mæta þessari þörf. Einnig er ljóst að mikil fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu kallar hugsanlega á fjölgun framhaldsskóla til viðbótar við stækkunaráform sem nú eru í gangi. Við vitum að til þess að anna þörfinni á suðvesturhorninu þurfum við að fjölga framhaldsskólum á svæðinu.

Á síðastliðnu vormissiri starfaði nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins að því að meta þörf á nýjum framhaldsskólum og staðsetningu þeirra. Nefndin gerði athuganir á fyrirsjáanlegri og líklegri þróun nemendafjölda, bæði á upptökusvæðum skóla sem nú starfa en einnig sérstaklega á svæðum þar sem fólksfjölgun er ör, svæðum með erfiðar samgöngur og svæðum í harðri baráttu við óhagstæða íbúaþróun. Þar er því tekið tillit til margra ólíka sjónarmiða. Nefndin hafði hliðsjón af mörgum þáttum í starfi sínu: tækniþróun, breytingu á sjálfræðisaldri og þróun grenndarhugtaksins í skólamálaumræðu.

Nefndin skoðaði m.a. forsendur fyrir starfrækslu skóla á Hvolsvelli fyrir póstnúmer 850–880 eða Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Meðalnemendafjöldi í árgangi grunnskóla á þessu svæði næstu 10 árin er innan við 70 nemendur og líkleg innritunartala á svæðinu innan við tveir þriðju af þeirri tölu, ef tekið er mið af reynslu af öðrum skólasvæðum.

Á Suðurlandi er skráður 1391 nemandi í framhaldsskóla árið 2004, af þeim voru 66% í skólunum á Suðurlandi, þ.e. í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og ML, þ.e. Menntaskólanum á Laugarvatni. Á Laugarvatni eru rúm 50% nemenda skólans af Suðurlandi en 93% á Selfossi.

Það er mat nefndarinnar að skóli í sýslunni væri ekki fremst í forgangsröð nýrra skóla í landinu, einkum vegna góðra samgangna á svæðinu og fyrirsjáanlegrar fækkunar í skólum vestar á Suðurlandi, þ.e. á Laugarvatni og Selfossi, þegar horft er til fæðingarárganga sem sækja munu framhaldsskóla fram til ársins 2020.

Engu að síður, virðulegi forseti, er ástæða til að halda vöku sinni. Það mun menntamálaráðuneytið að sjálfsögðu gera í þessu málefni og bregðast við í samræmi við þróunina á svæðinu og kröfum hvers tíma. En aðalatriðið fyrir okkur er koma sem flestum í skóla þannig að einstaklingarnir fái þá menntun sem þeir óska eftir og þörf er á.

[13:53]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég vil hér árétta stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að setja sem meginskilyrði að fólk geti sótt nám að heiman að frá sér daglega til 18 ára aldurs, ella sé reynt að byggja upp nám svo nálægt heimili sem kostur er.

Ég tel að til framtíðar mætti kanna hvort ekki væri rétt að byggja slíkt nám upp sem framhald af núverandi grunnskóla þannig að það myndi eina samfellda heild til 18 ára aldurs, fram að sjálfræðisaldri. Ég vil þó leggja áherslu á að menn standi vörð um Menntaskólann á Laugarvatni og einnig hinn öfluga Framhaldsskóla Suðurlands á Selfossi.

Ég hef ásamt þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt til að farið verði að huga að stofnun háskólaseturs á Selfossi. Á Suðurlandi eru yfir 20 þúsund manns (Forseti hringir.) og það hlýtur að vera eitt af næstu skrefum að horfa til stofnunar háskólaseturs (Forseti hringir.) eða háskóla á Selfossi.

[13:54]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. menntamálaráðherra áðan að við vildum stefna að greiðari aðgangi að menntun. Ég held að við séum almennt sammála um það í þessum sal.

Á fundi fjárlaganefndar í morgun kom fram hjá skólameisturum sem þar voru að 95% nemenda í hverjum árgangi héldu áfram í framhaldsskólanám. Það er mjög gott og ber að fagna þeirri vinnu sem unnin hefur verið af hálfu menntamálayfirvalda í að auka framboð á námi og gera öllum kleift að halda áfram námi.

Að því er varðar uppbyggingu framhaldsskóla þá liggur fyrir að þörfin er brýnust á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík og nágrannabyggðum. Horfur eru á að vísa þurfi nemendum frá vegna þessa á komandi skólaári.

Við eigum að horfa á hvar þörfin er mest og beina aðgerðum okkar að því svæði. Þess vegna tel ég að næsta skref í uppbyggingu framhaldsskóla sé í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu.

[13:55]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu. Auðvitað er víða þörf fyrir uppbyggingu á nýjum framhaldsskólum og þeirri þörf þarf að mæta, m.a. þeirri fólksfjölgun sem er hér á höfuðborgarsvæðinu.

Ég held hins vegar að það gæti orðið til mikillar sóknar á svæði eins og því sem hér er spurt um ef þar væru framhaldsskólar. Það er ríkur vilji til þess meðal heimamanna. Á fundum okkar þingmanna með sveitarstjórnarmönnum á svæðinu hefur komið fram ríkur vilji til að athugað verði með uppbyggingu á sérstökum framhaldsskóla. Þeir sjá að þar er mikið sóknarfæri fyrir svæðið til að fjölga fólki verulega, þannig að það að miða við núverandi íbúafjölda og hlutfall nemenda úr grunnskóla stenst ekki eitt og sér, enda væri þetta aðgerð til sóknar og efling menntunar á þessu svæði eins og annars staðar. Ég tel að svona aðgerð komi vel til greina sem slík.

Ég tel að það yrði farsælt skref að stofna þarna sérstakan framhaldsskóla, hvar sem hann er í forgangsröðinni, hvort sem það yrði gert á næstu missirum eða eftir nokkur ár. En ég held að athugun á því þurfi að fara fram. Ég held að það yrði til að fjölga þeim á svæðinu sem sækja sér menntun. Það er töluverð vegalengd í skólann á Selfossi þótt samgöngur séu góðar. Ég held að þetta gæti orðið heillaskref fyrir svæðið að stofna þar sérstakan framhaldsskóla. Ég kalla eftir því að það verði tekið til sérstakrar athugunar.

[13:57]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Við munum halda áfram að reyna að uppfylla kröfur og þarfir einstaklinga fyrir menntun. Við höfum gert það á undanförnum árum. Þess vegna hef ég dregið fram niðurstöður nefndarinnar sem ég skipaði vegna þessarar umræðu. Niðurstöður nefndarinnar eru í rauninni tvenns konar.

Við verðum annars vegar að líta til þarfanna við að komast inn í skóla, sem er mjög mikil á suðvesturhorninu, eins og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson kom inn á áðan. Við þurfum að sinna öllum þeim sem vilja komast inn í framhaldsskóla innan fárra ára. Við þurfum því að bæta við framhaldsskólum á svæðinu og það er ljóst að nefndin forgangsraðaði því þannig að framhaldsskóla vantar á austurhluta höfuðborgarsvæðisins, þ.e. í Mosfellsbæ og síðan á suðausturhluta svæðisins sem mundi þá sinna Norðlingaholti í Reykjavík, Salahverfinu í Kópavogi og því svæði. Þar er þörfin mikil og brýn. Við verðum í raun að koma því í gang til að geta tekið á móti öllum þeim sem vilja komast í framhaldsskóla innan fárra ára.

Hitt verðum við líka að viðurkenna og spyrja: Hvernig viljum við styrkja innviði samfélaga sem eiga undir högg að sækja, m.a. vegna óhagstæðrar íbúaþróunar? Við höfum sagt að að sjálfsögðu munum við nota menntakerfið til þess. Það er að mínu mati raunhæfasta leiðin til að byggja upp samfélagið á landsbyggðinni að nota menntakerfið. Við vinnum að því núna á sunnanverðum Vestfjörðum. En við erum líka með tillögur frá nefndinni um að við þurfum að líta til utanverðs Eyjafjarðar varðandi uppbyggingu framhaldsskóla. Nefndin mælti með því að farið yrði í uppbyggingu framhaldsskóla á því svæði, þ.e. að Siglufjörður, Ólafsfjörður og Dalvík muni sameinast um einn framhaldsskóla. Ég tel rétt að við skoðum þá kosti og förum að undirbúa rekstur þeirra mikilvægu stofnana.

Umræðu lokið.

## *Bráðaþjónusta á Suðurnesjum.*

Fsp. JGunn, 133. mál. — Þskj. 133.

[13:59]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Frú forseti. Ég legg fram fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um bráðaþjónustu við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ. Það er kunnara en frá þurfi að segja að lengi hafa verið uppi kröfur á Suðurnesjum um að veitt yrði sólarhringsbráðaþjónusta á skurðstofum á heilbrigðisstofnuninni. Þessi þjónusta yrði veitt alla daga ársins og ekki á að þurfa að koma til þess að flytja þurfi fólk, sem auðveldlega hefði verið hægt að sinna heima, á Landspítalann í Reykjavík vegna skorts á þjónustu skurðstofu.

Öryggið sem sólarhringsþjónusta á skurðstofu veitir öllum aðilum sem á þurfa að halda — þá er ég bæði að tala um sjúklingana sem þurfa á þjónustunni að halda og ekki síður heilbrigðisstarfsfólkið sem vinnur við þær aðstæður að bráðatilfelli getur hitt á lokun á skurðstofu — er ómetanlegt fyrir þetta fólk og því er von að hér sé spurt hvort ekki standi til að auka fjárveitingar til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í Reykjanesbæ þannig að hún geti sinnt þessari sjálfsögðu þjónustu sem við heimamenn köllum svo.

Það að skurðstofan er ekki alltaf opin getur haft áhrif á það hvort sú þjónusta sem í boði er á heimaslóðum er valin eða ekki. Þetta hefur því áhrif á ímynd heilbrigðisstofnunarinnar og hvort fólk telur hana geta veitt fulla þjónustu, alltaf. Það nægir að nefna að á heilbrigðisstofnuninni hefur verið mjög góð og öflug fæðingardeild sem hefur getið sér gott orð um allt land, bæði fyrir viðmótið sem þar er og þá þjónustu sem veitt er, en afgreiðslutími á skurðstofu er einn af þeim þáttum sem verðandi foreldrar velta fyrir sér þegar kemur að því að velja hvar fæða skuli barn. Það væri afar mikilvægt fyrir þá sem nýta þessa þjónustu að vita að skurðstofan væri alltaf opin ef eitthvað óvænt kæmi upp á.

Akstur með sjúklinga á Reykjanesbraut til Reykjavíkur, sjúklinga sem hægt væri undir venjulegum kringumstæðum að meðhöndla heima, getur aldrei komið og kemur á engan hátt í staðinn fyrir skurðstofuþjónustu og á aldrei að vera útreiknaður valkostur á móti því að meðhöndla sjúklingana heima.

Ég man eftir því í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram í fyrra eða hittiðfyrra og eins í tengslum við gerð fjárlaga að það var talað um að viðbótarkostnaður við svona þjónustu gæti verið í kringum 40 millj. kr. á ári. Þetta eru ekki miklir fjármunir, og alls ekki kemur til greina að mínu viti að spara þá og veita ekki þessa þjónustu.

Nú stendur fyrir dyrum að klára innréttingu á 3. hæð Dálmu þar sem verða nýjar og fullkomnar skurðstofur og því er eðlilegt að spyrja hvort ráðherra ætli að beita sér fyrir því að unnt verði að starfrækja þessa sólarhringsvakt á heilbrigðisstofnuninni allt næsta ár, og eins hver er þá áætlaður viðbótarkostnaður við þá starfsemi.

[14:02]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. 10. þm. Suðurk. Jón Gunnarsson beinir til mín spurningu í tveimur liðum. Í fyrsta lagi spyr þingmaðurinn: Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að unnt verði að starfrækja sólarhringsbráðavakt á skurðstofu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja á næsta ári? Í öðru lagi: Hver er áætlaður viðbótarkostnaður við það?

Eins og Alþingi er kunnugt eiga sér núna stað verulegar endurbætur á aðstöðu skurðstofu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Skurðstofurnar eru fluttar til í stofnuninni og algerlega endurnýjaðar. Þegar þessum breytingum verður lokið gjörbatnar öll skurðstofuaðstaða á stofnuninni. Undanfarin

ár hefur skurðstofan verið opin frá mánudegi til fimmtudags með bakvaktir flesta daga til kl. 8 á kvöldin nema þriðjudaga og miðvikudaga, þá hafa verið bakvaktir til næsta morguns. Skurðstofunni hefur þurft að loka yfir hásumarið og yfir jól og nýár. Á hverri bakvakt eru tveir læknar, annar er skurðlæknir og hinn svæfingalæknir, og þrír hjúkrunarfræðingar, þar af tveir skurðhjúkrunarfræðingar og einn fæðingarhjúkrunarfræðingur.

Að mati ráðuneytisins mundi heildarlaunakostnaður við bakvaktir allan sólarhringinn alla daga ársins nema að lágmarki um 60 millj. kr. Er þá miðað við að útköll séu að meðaltali tvisvar í viku. Launakostnaður við bakvaktir er nú um 15 millj. kr. Í þessu sambandi er rétt að minna á að á bakvöktum er vakthafandi starfsfólk ekki á bundinni vakt í stofnuninni. Það er kallað út þegar þörf krefur.

Eins og ég gat um áðan á sér núna stað flutningur og algjörar endurbætur á skurðstofu stofnunarinnar. Að mínu mati er því eðlilegt að sjá hvernig starfsemin fer af stað í nýju umhverfi áður en vöktum verður fjölgað. Í því sambandi er einnig rétt að hafa í huga að einungis er gert ráð fyrir einum almennum skurðlækni í áðurgreindum kostnaði. Má gera ráð fyrir að í einhverjum þessara tilvika sem þarfnast aðgerða yrði að flytja sjúkling í hendur sérfræðinga í öðrum greinum skurðlækninga og þyrftu þeir því að flytjast á Landspítalann óháð því hvort um sólarhringsvakt væri að ræða eða ekki. Einnig verður að hafa sérstaklega í huga að tíðni útkalla er frekar lág, eins og fram kom hér að framan, það er fremur stutt akstursleið til mjög öflugrar skurðstofu á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi og akstursleiðin þangað hefur verið bætt stórlega með tvöföldun Reykjanesbrautar.

Ég vil einnig í þessu sambandi benda á að bráðavakt lækna er allan sólarhringinn á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til að veita fyrstu meðferð.

[14:06]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hér er rætt um málefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Ég vil geta þess að heilbrigðisnefnd Alþingis undir minni forustu fór og sótti heim þessa ágætu heilbrigðisstofnun fyrr í haust. Það er alveg ljóst að miklar breytingar hafa orðið á starfsemi þessarar stofnunar á undanförnum árum og þjónusta við Suðurnesjabúa hefur verið bætt stórkostlega. Þarna hefur aðgerðum fjölgað mjög mikið og íbúar á svæðinu hafa í auknum mæli geta leitað sér þjónustu sem þeir ella hefðu þurft að leita að í Reykjavík. Þetta þýðir auðvitað að það er einfaldara fyrir íbúa að ná í þjónustuna, minni fjarvera og það eru því væntanlega einhver jákvæð samfélags- og þjóðhagsleg áhrif af þessu.

Það liggur hins vegar fyrir að fjárhagsstaða stofnunarinnar er erfið vegna allra þessara breytinga og sá viðbótarkostnaður sem af mundi hljótast samkvæmt fyrirspurn hv. þm. Jóns Gunnarssonar (Forseti hringir.) er 45 millj. kr. eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra.

[14:07]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta upp en ástæða þess að ég kem upp er kannski ekki beint svör hæstv. ráðherra þó að ég hefði gjarnan viljað heyra það að með bættri aðstöðu á skurðstofum væri fyrirhugað að starfrækja bráðavakt allan sólarhringinn. Hins vegar dreg ég fyllilega í efa þá fullyrðingu sem hér kom fram hjá hv. þingmanni, formanni heilbrigðis- og trygginganefndar, um að þjónustan við íbúa á Suðurnesjum hefði verið bætt stórkostlega. Ég efast um það, einfaldlega vegna þess að ítrekað hafa komið fram athugasemdir og erindi til þingmanna kjördæmisins vegna þeirrar þjónustu sem þarna er veitt og óskað eftir verulegum úrbótum þar, þar á meðal á bráðavaktinni og eins hvað varðar heilsugæsluna á svæðinu. Kostnaðurinn er því kannski ekki vegna þess að svo mikið hafi verið bætt úr þjónustunni, heldur vegna þeirra breytinga sem (Forseti hringir.) hafa verið gerðar.

[14:08]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Frú forseti. Ég verð að lýsa ákveðnum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra við spurningum mínum. Það kemur fram hjá hæstv. heilbrigðisráðherra að ekki standi til að veita aukna fjármuni til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja þannig að hjá þeirri stofnun geti ríkt fullkomið öryggi, eins og hægt er, allan sólarhringinn, með því að íbúar sem leita til heilbrigðisstofnunar viti að þurfi þeir á því að halda sé skurðstofan opin og hægt að nýta hana á staðnum.

Það er nú einu sinni þannig að bráðatilfellin gera ekki boð á undan sér og það er alls ekki hægt að reikna með því að þau gerist einungis fyrir kl. 8 á kvöldin og að eftir það sé tekin ákveðin áhætta með því að keyra sjúklinga til Reykjavíkur eftir Reykjanesbraut sem, jú, hefur verið tvöfölduð og skilyrði til aksturs mun betri en áður, en eftir sem áður er þetta ferð sem tekur ákveðinn tíma, bæði með undirbúningi og ferðatíma, þannig að menn líta ekki á það sem raunverulegan kost miðað við það að skurðstofan sé opin allan sólarhringinn.

Viðbótarkostnaður upp á 45 millj. kr., rétt tæpar 4 millj. á mánuði, ég veit ekki hvort hægt sé að tala um að þetta sé há upphæð. Okkur þykir það ekki á Suðurnesjum og í svörum hæstv. ráðherra kom fram að gert væri ráð fyrir að útköll yrðu tvisvar í viku. Nú veit ég ekki hvort það er byggt á einhverjum reynslutölum en átta útköll á mánuði og kostnaður upp á tæpar 4 millj. fyrir það að geta veitt fullkomið öryggi á skurðstofu heima þykja mér ekki miklir fjármunir. Ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða þessa afstöðu sína þannig að nýjar og glæsilegar skurðstofur á 3. hæð verði opnar allan sólarhringinn og íbúar Suðurnesja og þeir sem nýta þjónustu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja viti að þarna sé búið við fullkomið öryggi allan sólarhringinn.

[14:10]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hér var sagt að við ætluðum ekki að veita aukna fjármuni til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Reyndar munum við gera það. Það mun koma í ljós í þeirri vinnu sem nú á sér stað á milli ráðuneyta. Varðandi þetta verkefni sérstaklega tel ég eðlilegt, eins og hér kom fram áðan, að við förum í það verk og klárum það núna að endurnýja skurðstofurnar. Þær verða glæsilegar eins og hér kom fram hjá hv. þingmanni. Þetta er mál sem Suðurnesja-

menn hafa auðvitað verið mjög áhugasamir um og við höfum talið rétt að fara í og þess vegna er verið að veita núna — mig minnir að það séu 70–80 millj. sem það kostar að endurnýja skurðstofurnar sem eru á 3. hæðinni. Ég tel eðlilegt að við hinkrum eftir því að þær skurðstofur fari í gang áður en við ákveðum eitthvað um aukningu á vöktum.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni að þjónustan er góð á Suðurnesjum. Hún hefur batnað, a.m.k. er umræðan sem við heyrum varðandi starfsemina sem þarna fer fram sú að fólk sé ánægt með hana. Það er verið að sinna fleirum heima en áður var gert þannig að starfsemin á staðnum hefur eflst. Það ber líka að hafa í huga að það er mikil íbúafjölgun á Suðurnesjum. Meðan íbúum fjölgar er verið að þjónusta fleiri hlutfallslega í heimabyggð og það er mjög jákvætt. Ég tel að í framtíðinni verði mikilvægt að hlúa mjög vel að þessari stofnun og það munum við gera.

Umræðu lokið.

## *Stækkun hjúkrunarheimilisins Sóltúns.*

Fsp. ÁMöl, 117. mál. — Þskj. 117.

[14:12]

**Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):**

Virðulegi forseti. Umræða um skort á plássum á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða á höfuðborgarsvæðinu hefur verið mikil á undanförnum missirum og ekki síst í kosningabaráttunni fyrir sveitarstjórnarkosningar sem haldnar voru síðasta vor. Það liggur fyrir að 300–400 aldraðir einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu bíða eftir plássum á hjúkrunarheimili. Á hverjum tíma liggja milli 60 og yfir 100 aldraðir einstaklingar inni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem lokið hafa meðferð á spítalanum en bíða eftir plássi á hjúkrunarheimili. Þessi staða hefur gert spítalanum erfitt fyrir að gegna hlutverki sínu sem aðalbráðasjúkrahús landsins. Það hefur aukið álag á starfsfólk spítalans, auk þess sem ekki þarf að hafa mörg orð yfir þau óþægindi sem hinn aldraði hefur af því að liggja á sjúkrahúsi þegar önnur úrræði eru hentugri og mannúðlegri.

Þá verður að benda á þá ótrúlegu staðreynd að spítalinn hefur ekki forgang á pláss fyrir skjólstæðinga sína á hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu, að undanskildu Sóltúni og Vífilsstöðum, þótt eitthvað hafi úr því ræst á síðustu mánuðum. Það er ekki ofsögum sagt að aldraðir Reykvíkingar og aðstandendur sem bíða vikum og mánuðum saman eftir úrlausn séu orðnir óþreyjufullir. Þeim finnst lítið þokast í þessum málum í höfuðborginni og ég tek undir þær áhyggjur. Áform um byggingu hjúkrunarheimilis á Lýsislóðinni og í samvinnu við Markarholt hafa greinilega tafist og ekkert í spilunum bendir til að þau munu opna á næstu tveimur árum. Meðal annars var sagt: Fyrstu áform voru um að Markarholt yrði opnað á þessu ári.

Það hefur legið fyrir um nokkurt skeið að rekstraraðilar hjúkrunarheimilisins Sóltúns hafa áhuga á að stækka heimilið og telja sig geta á einu ári fjölgað hjúkrunarrýmum um meira en helming, þ.e. úr 90 í 180–190 pláss. Slík beiðni hefur legið fyrir um tveggja ára skeið en ekkert hefur þokast.

Í kosningabaráttu fyrir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík síðasta vor vakti það t.d. athygli að Björn Ingi Hrafnsson, varaþingmaður og oddviti Framsóknar í borginni, lagði áherslu á það í málefnaskrá sinni að stækka Sóltúnsheimilið. Í ljósi þessa varpa ég eftirfarandi spurningu til hæstv. heilbrigðisráðherra:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður við rekstraraðila hjúkrunarheimilisins Sóltúns um viðbyggingu fyrir þjónustu við aldraða sem þarfnast vistunar á hjúkrunarheimili?

[14:15]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Hér er spurt:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður við rekstraraðila hjúkrunarheimilisins Sóltúns um viðbyggingu fyrir þjónustu við aldraða sem þarfnast vistunar á hjúkrunarheimili?“

Því er til að svara að uppbygging hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu hefur verið eitt af forgangsverkefnum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ásamt uppbyggingu hjúkrunarheimila á suðvesturhorni landsins, á Suðurlandi og norðanverðum Vestfjörðum. Hvað varðar Reykjavík sérstaklega hefur þegar verið gert formlegt samkomulag við Reykjavíkurborg um byggingu 110 rýma hjúkrunarheimilis við Suðurlandsbraut og 90 rýma hjúkrunarheimilis á Lýsislóð, en Seltjarnarnesbær kemur einnig að þeirri uppbyggingu. Þessi heimili verða tekin í notkun á árunum 2008 og 2009. En það er rétt sem hér kom fram að uppbyggingin, sérstaklega á Suðurlandsbrautinni, hefur gengið hægar en vonir stóðu til.

Auk þess að leggja þessum heimilum til lóðir, ráðuneytinu að kostnaðarlausu, munu sveitarfélögin sameiginlega standa undir 30% byggingarkostnaðarins, sem er hærra en það 15% hlutfall sem almennt er miðað við frá sveitarfélögunum. Samhliða ofangreindri fjölgun hjúkrunarrýma verður áfram unnið að endurbótum á öldrunarstofnunum með það að markmiði að fjölga einbýlum og bæta aðbúnað.

Hjúkrunarheimilið Sóltún sótti þann 30. nóv. 2004 um framkvæmda- og rekstrarleyfi fyrir 109 hjúkrunarrými, 11 dagvistarrými og 8 helgardvalarrými til viðbótar þeim rýmum sem nú þegar eru á Sóltúni. Umsókn þeirra var ítrekuð þann 30. des. 2005. Auk þess hafa stjórnendur Sóltúns verið tilbúnir til þess að ræða aðra möguleika svo sem úrræði fyrir heilabilaða, geðsjúka og jafnvel að yfirtaka rekstur öldrunarsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss á Landakoti.

Í fyrrgreindri umsókn sinni um framkvæmda- og rekstrarleyfi sækir hjúkrunarheimilið Sóltún um að Framkvæmdasjóður aldraðra greiði húsaleigu fyrir fyrrgreind 128 rými og vísar í því sambandi til heimildarákvæðis í lögum um málefni aldraðra og til undanþáguákvæðis frá útboði húsaleigu í sömu lögum.

Með vísan til þess að þegar hefur í samvinnu við Reykjavíkurborg verið ákveðin uppbygging 200 nýrra hjúkrunarrýma á allra næstu árum fyrir aldraða Reykvíkinga og Seltirninga og þess að önnur forgangsverkefni utan Reykjavíkur eru brýnni verður ekki séð að framkvæmd af

þeirri stærðargráðu sem Sóltún hefur óskað eftir að fara í rúmist innan þeirra fjárveitinga sem ráðuneytið hefur til uppbyggingar hjúkrunarheimila á næstu árum.

Þess ber að geta að næstu skref í uppbyggingu hjúkrunarheimila í Reykjavík hafa verið undirbúin og ákveðin í náinni samvinnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Í þeim undirbúningsviðræðum var rætt um hvort fara ætti svokallaða leiguleið, þ.e. að ráðuneytið og borgin taki sameiginlega á leigu húsnæði fyrir rekstur hjúkrunarheimilis. Af hálfu borgaryfirvalda var á þeirri stundu ekki vilji til að fara þá leið sem fæli í sér, með vísan til laga um málefni aldraða, langtímaskuldbindingu fyrir báða aðila í formi langtímaleigu.

Mitt svar er því að búið er að ákveða 200 ný rými í Reykjavík sem skiptast á Lýsislóðina og Suðurlandsbrautina. Það er brýnt að taka á þjónustuþörfinni í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur og þar er Kópavogur efstur á blaði. Þar er mjög mikil þörf og hið sama má segja um önnur sveitarfélög, ég nefni Garðabæ, Hafnarfjörð og kannski sérstaklega Mosfellsbæ en þar er ekki eitt einasta rými í dag. Þegar við úthlutuðum um daginn 174 nýjum rýmum var litið til þess hvar þörfin er mest. Þörfin var einnig metin í þremur sveitarfélögum á landsbyggðinni, þ.e. í Reykjanesbæ, á Selfossi og Ísafirði.

[14:19]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að undirstrika það sem fram kom í máli hæstv. heilbrigðisráðherra, að það liggur fyrir að hafist verður handa við að byggja 200 ný hjúkrunarrými í Reykjavík, annars vegar 110 rými við Suðurlandsbraut og hins vegar 90 rýma byggingu á svokallaðri Lýsislóð. Þess utan liggur fyrir sú ákvörðun hæstv. ráðherra að 174 ný hjúkrunarrými verði reist á næstu árum. Það liggur alveg ljóst fyrir að fram undan er stórkostleg uppbygging á hjúkrunarrýmum og ber að fagna því sérstaklega. Það liggur líka fyrir að á næstu tveimur árum verður 1,3 milljörðum kr. varið til þeirrar uppbyggingar.

Síðast en ekki síst vil ég fagna því sérstaklega að ákveðið hefur verið að hætta að nota fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra (Forseti hringir.) til að reka hjúkrunarrými heldur verður þeim fjármunum eingöngu varið (Forseti hringir.) til uppbyggingar.

[14:20]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Tvennt verður til þess að ég kem í ræðustól. Annað er að hv. þingmenn sitja hér í þingsal og fá að heyra að búið sé að ákveða að verja svo og svo stórum upphæðum til uppbyggingar á hjúkrunarrýmum án þess að það hafi komið fyrir fjárveitingavaldið sjálft, þ.e. Alþingi.

Hitt er að það er með ólíkindum, þegar erindi eins og það sem kemur frá Sóltúni er sent inn til ráðuneytis, hve seint og illa erindum er svarað. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að framarlega í forgangsröð ráðuneytis væri m.a. uppbygging á Suðurlandi. Þar hafði fyrirtæki líka boðist til að byggja upp hjúkrunarrými, dvalarrými, og reyndar aðstöðu fyrir þá sem væru með þjónustu í heimahúsi, án framlaga úr Framkvæmdasjóði aldraðra en með gerð þjónustusamninga við ríkið. Ég held að erindið hafi verið þar í hátt á annað ár án þess að því væri svarað. Svo er farið í að byggja upp við Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem er alls ekki ódýrasti kosturinn.

[14:22]

**Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):**

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa yfir sárum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Það kom fram í fyrri ræðu minni að milli 300 og 400 manns, aldraðir Reykvíkingar, bíða eftir plássi á hjúkrunarheimili. Það kemur fram í svari hæstv. ráðherra að 200 rými verða byggð og koma fyrst til nýtingar árið 2008–2009. Opna átti Markarholt á þessu ári sem nú er bráðum liðið.

Ég verð því að segja að mér finnst heilbrigðisráðuneytið hafa brugðist býsna hægt við mikilli þörf aldraðra Reykvíkinga fyrir að komast á hjúkrunarheimili. Á meðan hleðst upp mikill kostnaður á Landspítalanum vegna umönnunar þessara öldruðu einstaklinga.

Ingibjörg Pálmadóttir fyrrverandi heilbrigðisráðherra var mjög meðvituð þegar hún gerði samning við rekstraraðila Sóltúns um byggingu og rekstur heimilisins. Hún var mjög meðvituð um að hún væri með því að brjóta í blað, að með því væri hún að skapa ný viðmið um aðbúnað aldraðra á hjúkrunarheimili til framtíðar. Þar sýndi hún kjark og þor sem er til eftirbreytni. Ég tel að flestir sem til þekkja telji að samningurinn við Sóltún sé til fyrirmyndar hvað varðar kröfur um aðbúnað heimilisfólks, umönnun, starfsfólk og þjónustu.

Það hefur hins vegar verið gagnrýnt að samningurinn hafi verið fjárhagslega dýr fyrir ríkið og gerð hafi verið ákveðin mistök af hendi ríkisins í þeim efnum. Einnig hefur verið bent á að ósanngjarnar kröfur hafi verið gerðar til forsvarsmanna heimilisins varðandi einstaka þjónustuþætti sem þarfnast endurskoðunar. Því má segja að með því að gera nýjan samning við Sóltún um stækkun heimilisins megi slá tvær flugur í einu höggi, annars vegar skapa hjúkrunarrými sem hægt er að taka til notkunar innan eins árs og um leið að leysa vanda LSH, og hins vegar að taka upp og endurskoða samninga við rekstraraðila Sóltúns. Ég tel að báðir aðilar ættu að sjá sér hag í slíkri endurskoðun.

Ég skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að taka í framrétta hönd borgarstjórans í Reykjavík sem býðst til að taka á málinu með (Forseti hringir.) ákveðnum hætti og m.a. að skoða Sóltún í því sambandi.

[14:24]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég átta mig ekki á því hvert hv. þm. Ásta Möller er að fara. Ég hef átt viðræður við borgarstjóra um þessi mál og það er ljóst að búið er að vinna að því að byggja 200 ný rými í Reykjavík í samstarfi við Reykjavíkurborg. Þau eiga að vera á Suðurlandsbraut, 110 rými þar og 90 rými á Lýsislóðinni. Ég er nýbúin að eiga viðtal við borgarstjóra um þau mál. Við ætlum að skipa sérstaka nefnd til að reyna að ýta þeim málum hraðar áfram. Ég átta mig því ekki á því af hverju fara ætti út í einhverjar sérstakar viðræður um enn fleiri rými en 200.

Það er þörf fyrir rými í nágrannasveitarfélögum Reykja-

víkur eins og staðan er núna. Þar eru langir biðlistar. Að vísu eru biðlistarnir að hluta til falskir, eins og margoft hefur komið fram og biðlistinn í Reykjavík er að styttast. Biðlistinn í Reykjavík hefur styst, líklega kringum 20% frá mars til nóvember. Ég er mjög ánægð með það. Ég held að skýringin sé aukin heimahjúkrun og að fólk leggur meiri áherslu á að vera lengur heima en áður í ljósi mikillar umræðu um þessi mál upp á síðkastið.

Það var góð umræða sem við áttum hér um öldrunarmálin um daginn. Þá var bent á að á Íslandi erum við með hærra hlutfall aldraðra á stofnunum en í hinum nágrannaríkjunum. Hér er 9% aldraðra á stofnunum. Í nágrannaríkjunum er þetta frá í kringum 4% upp í 8%. Hér erum við með hærra hlutfall á stofnunum. Samt erum við með þjónustuþörf. Auðvitað er þjóðin líka að eldast þannig að við teljum eðlilegt að byggja upp undir 400 ný rými hér á næstunni.

Í umræðunum um daginn kom fram, og ég tek undir það, að við eigum að veita meiri þjónustu heima og ekki að setja fólk á stofnanir fyrr en þess gerist virkilega þörf. Þessi aukning á hjúkrunarrýmum mun líklega fara langt með að fylla uppsafnaða þörf. (Forseti hringir.) Ég er því mjög bjartsýn á að endar nái saman í því.

Umræðu lokið.

## *Ekron-starfsþjálfun.*

Fsp. VF, 144. mál. — Þskj. 144.

[14:26]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn um Ekron-starfsþjálfun í þeim tilgangi að varpa ljósi á nauðsyn þess að gerður verði þjónustusamningur við Ekron áður en fjárlagaumræðunni lýkur á Alþingi síðar í þessum mánuði.

Í áfangaskýrslu starfshóps um starfsendurhæfingu á Íslandi frá því í febrúar 2004 komu m.a. fram eftirfarandi niðurstöður, nánast orðrétt, með leyfi forseta

Endurskipuleggja þarf starfsendurhæfingu hér á landi og auka framboð. Þörf er á að breyta læknisvottorðum vegna fjarvista frá vinnu þannig að þau endurspegli hvort þörf kunni að vera á starfsendurhæfingu. Starfsendurhæfing er áhrifarík leið til að fyrirbyggja ótímabæra örorku ef hægt er að grípa snemma inn í óvinnufærniferlið.

Frú forseti. Miðað við ofangreint og ástandið í þjóðfélaginu í dag ætti öllum að vera ljóst að Ekron getur orðið mikilvæg og lífsnauðsynleg viðbót við þau úrræði sem núna eru fyrir hendi. Ekron-starfsþjálfun er staðsett í Kópavogi með starfsmenn eins og áfengisráðgjafa og félagsráðgjafa og hugmyndafræðin er mótuð af Hjalta Kjartanssyni.

Hvaða hugmyndafræði er hér að baki? Jú, hér er um að ræða einstaklingsmiðaða starfsþjálfun, sértæka atvinnutengda starfsþjálfun. Einstaklingarnir fara út á hinn almenna vinnumarkað undir handleiðslu hópstjóra. Þeir byrja að vinna í um tvo tíma á dag og bæta síðan smátt og smátt við sig. Starfsþjálfunin er jafnframt tengd atvinnulegri endurhæfingu og markmiðið er að aðstoða fólk sem hefur lent í vímuefnavanda, byggja það upp fyrir framtíðina þannig að það geti tekið virkan þátt í þjóðfélaginu á ný. Hér er um að ræða jákvæða aðferð til að sporna við fjölgun öryrkja.

Vímuefnaneysla, með öllum þeim félagslegu vandamálum sem fylgja, er eitt af stóru vandamálunum í dag. Afleiðingin er margþætt og er ekki bara félagsleg heldur og fjárhagslegur skaði fyrir aðstandendur og allt þjóðfélagið. Langvarandi vímuefnaneysla leiðir af sér andlega vanlíðan, geðraskanir og geðveiki, sem aftur leiðir af sér örorku. Hlutfallsleg fjölgun fólks sem verður öryrkjar vegna geðraskana hefur verið gríðarleg á síðasta áratug, þær eru nú algengasti kvillinn sem leiðir til örorku meðal karla og sá næstalgengasti meðal kvenna.

Þetta er einmitt markhópur Ekron, einstaklingar sem hafa farið í vímuefnameðferð og/eða hafa glímt við einhvers konar fíkn og eiga ekki greiðan aðgang út á hinn almenna vinnumarkað.

Í ljósi alls þessa spyr ég, frú forseti, hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra:

1. Telur ráðherra að hugmyndafræði Ekron, og starfsþjálfun og endurhæfing þar, geti reynst vel við að aðstoða óvirka alkóhólista, fíkniefnaneytendur og öryrkja til að komast aftur út á vinnumarkaðinn?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Ekron-starfsþjálfun fái rekstrarstyrki frá ríkinu?

[14:29]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Suðvest., Valdimar Leó Friðriksson, hefur beint til mín tveimur spurningum er varða Ekron-starfsþjálfun. Það ágæta fólk sem af mikilli hugsjón hefur gengist fyrir stofnun Ekron-starfsþjálfunar hefur kynnt mér hugmyndir sínar og áætlanir um rekstur. Þau hyggjast bjóða atvinnuendurhæfingu, fólki sem hefur vegna örorku eða ofneyslu áfengis eða vímuefna ekki tekist á fóta sig á vinnumarkaði.

Eins og kunnugt er hefur nefnd á vegum hæstv. forsætisráðherra undanfarið fjallað um hvernig megi bregðast við fjölgun öryrkja. Eitt af þeim verkefnum sem þar er til umfjöllunar er einmitt starfs- og atvinnuendurhæfing öryrkja og þeirra sem hafa átt í langtímaveikindum. Meðal annars er fjallað um hvar best sé að koma slíkri endurhæfingu fyrir, hvort rétt sé að hún sé á forræði Vinnumálastofnunar sem fer almennt með útvegun atvinnu og atvinnuendurhæfingu atvinnulausra eða hvort hún eigi að vera á hendi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins eða beggja.

Við horfum til niðurstöðu þeirrar nefndar hvað varðar heildarskipulag á atvinnulegri endurhæfingu fyrir öryrkja og einnig því hvernig megi örva öryrkja sem allra mest til starfa á almennum vinnumarkaði. Frjáls félagasamtök og ýmsir einkaaðilar hafa sýnt mikinn dugnað við að byggja upp mikilvæg úrræði á þessu sviði. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið hafa notað ýmis þeirra úrræða fyrir skjólstæðinga sína, ýmist með gerð þjónustusamninga eða með veitingu styrkja.

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er spurt hvort ráðherra telji að hugmyndafræði Ekron, og starfsþjálfun og endurhæfing þar, geti reynst vel við að aðstoða óvirka alkó-

hólista, fíkniefnaneytendur og öryrkja til að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Því er til að svara, eins og fyrr segir, að ég hef átt viðræður við það fólk sem stendur að þessari starfsþjálfun og kannað þau gögn sem það hefur sent ráðuneytinu. Í þeim gögnum koma fram hugsjónir starfseminnar, markmið og gróf kostnaðaráætlun. Einnig er lausleg lýsing á því hvernig þjónustunni muni verða háttað.

Starfsemin byggist á kristilegum grunni og styðst m.a. við 12 spora kerfi AA-samtakanna. Gert er ráð fyrir að fólk sé undir verndarvæng Ekron-starfsþjálfunar í 3 til 24 mánuði og árangurinn af starfseminni verði um 50–75%. Um árangur af þeirri meðferð og stuðningi sem Ekron-starfsþjálfun hyggst veita skortir upplýsingar og ekki var í þeim gögnum sem lögð voru fram vísað í rannsóknir eða faglegar úttektir á sambærilegum úrræðum. Mér er því frekar erfitt um vik að svara spurningunni beint. Hugsanlega munu aðferðir Ekron-starfsþjálfunar reynast vel. Ég vona það og óska aðstandendum Ekron velfarnaðar í starfi sínu.

Síðari spurningin er:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Ekron-starfsþjálfun fái rekstrarstyrki frá ríkinu?"

Því er til að svara, eins og fram hefur komið, að þá er verið að ræða um hvar atvinnuleg endurhæfing sé best sett í hinu opinbera kerfi. Ég tel því eðlilegt að skoða málið, annaðhvort á vettvangi félagsmálaráðuneytisins eða á vettvangi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins þegar sú vinna er lengra komin.

Virðulegi forseti. Það er afar mikilvægt að huga að málefnum öryrkja og langveikra og örva þá til þátttöku í atvinnulífinu eins og nokkur kostur er. Fljótlega mun skýrast betur hvernig ríkisstjórnin hyggst standa að frekari þróun og skipulagi þessara mála, þ.e. þegar nefnd forsætisráðherra skilar tillögum sínum.

Í því sambandi vil ég benda á að á vettvangi Norðurlandaráðs var sérstakur fundur þar sem rætt var um velferðarkerfi Norðurlandanna. Þar var sérstaklega undirstrikað hve mikilvægt væri að halda fólki að vinnu eins og hægt væri. Þar hefur okkur Íslendingum tekist tiltölulega vel upp. Við erum að minnsta kosti með mun hærra hlutfall á vinnumarkaði, þ.e. hlutfall atvinnulausra er almennt lægra hér. Hlutfall þeirra sem hafa vinnu í íslensku samfélagi er hærra hér en t.d. á Norðurlöndunum þar sem það er orðið mikið vandamál hversu margir vinna ekki. Það þarf virkilega að bæta öll úrræði til að halda sem flestum að vinnu. Af því það eru mikil lífsgæði sem felast í því að geta unnið.

Það þarf að aðstoða ákveðna hópa. Það eru m.a. öryrkjar sem orðið hafa fyrir áföllum vegna neyslu, bæði áfengis og fíkniefna, þannig að ég hef mikla samúð með slíkri starfsemi og tel hana nauðsynlega. En ég tel eðlilegt, áður en lengra er haldið gagnvart þessu verkefni, að við fáum niðurstöðu í nefnd forsætisráðherra hvar þessi málaflokkur eigi að vistast til framtíðar.

[14:34]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Valdimari Leó Friðrikssyni fyrir að taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi. Eins og fram hefur komið í máli hv. þingmanns og hæstv. ráðherra er þetta gott framtak hugsjónafólks sem ber að þakka fyrir. Það er ýmsu til þess kostandi að koma fólki sem tekið hefur feilspor út á vinnumarkaðinn á nýjan leik.

Það er að mínu mati ljóst að starfsþjálfun Ekron mun hjálpa til í þeim efnum og jafnvel þótt ekki næðist alveg 50–75% árangur á meðferð eins og að er stefnt. En ég vil fagna því að það sé í skoðun hjá ráðherra og ríkisstjórninni hvort styrkja eigi þessi ágætu samtök við þeirra góða starf.

[14:36]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Það er mikið áhyggjuefni hvað öryrkjum hefur fjölgað mikið hér á landi á síðustu árum. Það er talið að á milli 6 og 7% þjóðarinnar séu taldir til öryrkja og stefnir í að verða allt upp í 10% eins og í Noregi og í öðrum velferðarríkjum sem eru í kringum okkur.

Það er alveg ljóst að til að spyrna við þeirri fjölgun þarf margvísleg úrræði. Það eru mjög margir aðilar, sjálfstæðir aðilar, sem hafa mikinn áhuga á að taka þátt í því að vera með framboð af ýmissi þjónustu til að hjálpa öryrkjum til að komast á ný til virkrar starfsemi úti í samfélaginu.

Þessir aðilar byggja á mismunandi hugmyndafræði og ég held að það sé einmitt það góða við þetta því þannig geta þeir sem þurfa á slíkri aðstoð að halda leitað sér aðstoðar hjá mismunandi aðilum sem henta þörfum hvers og eins.

Þess vegna tel ég að við eigum að hlúa að slíkri starfsemi. En mér hefur fundist á síðustu missirum að þeir aðilar sem hafa sýnt þessu máli áhuga rekist stöðugt á veggi, hvort heldur það eru veggir hjá stjórnvöldum, sveitarfélögum (Forseti hringir.) eða öðrum aðilum sem um þessi málefni fjalla.

[14:37]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Það hefur löngum verið þannig á Íslandi að menn hafa litið meira til vangetu fólks þegar metin er örorka. Það er horft til þess sem maðurinn getur ekki. Það er miklu síður og eiginlega aldrei litið til þess sem maðurinn getur.

Ég held að breyting þurfi að verða á þessu. Við þurfum að líta meira á það sem öryrkinn getur og rækta þann eiginleika. Tilgangur þeirra fyrirspurnar sem við ræðum nú er einmitt tilraun til að rækta vinnugetu mannsins og við þurfum líka að gæta þess að maðurinn rofni ekki úr sambandi við vinnumarkaðinn þannig að slík aðstoð komi fljótt og vel um leið og örorkunnar verður vart.

Ég tel þetta mjög brýnt og ég tel að þessi fyrirspurn eigi fullan rétt á sér. Við þurfum að gera stórátak í því að rækta hæfileika öryrkja til að vinna.

[14:38]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka heils hugar undir síðustu orð hv. þm. Péturs H. Blöndals. Það má vera að það hafi verið misskilningur en ég skildi hæstv. ráðherra þannig að það væri verið að velta fyrir sér hvar ætti að vista þennan málaflokk, sem hlýtur að falla undir heilbrigðisráðuneytið. Ég vona að það sé misskilningur hjá mér að hæstv. ríkis-

stjórn sé að velta fyrir sér hvar málaflokkurinn endurhæfing eigi að vistast.

Ég get líka tekið undir það sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Möller, að öll endurhæfing annarra en þeirra sem eru inniliggjandi á sjúkrahúsum á að vera hjá stofnunum, eins og sagt er, úti í bæ. Endurhæfingu á ekki að reka inni á sjúkrahúsum eða stórum sjúkrastofnunum nema eingöngu þeirra sem eru þar inniliggjandi.

[14:39]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Frú forseti. Ég fagna þessari umræðu og góðum stuðningi frá þingmönnum við þetta mikilvæga málefni. Jafnframt fagna ég því að ráðherra ætlar að minnsta kosti að skoða málið en vænti þess að það sofni ekki í nefnd sem svo oft vill gerast, því miður, hér á hinu háa Alþingi.

Starfsemi Ekron snýst í raun og veru um að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft. Það er einn erfiðasti hjallinn þegar fólk, t.d. eftir vímuefnaneyslu er að reyna að komast út á vinnumarkaðinn, að sjálfsvirðing og annað hefur gjörsamlega hrunið. Ekron snýst um að aðstoða þetta fólk, gera það vinnufært, gera það fært til að taka þátt í samfélaginu, gera það fært til að taka þátt í félagsskap o.s.frv.

Hugsjónafólkið í Ekron vill þjóðinni greinilega vel. Meðmælendalisti þeirra er mjög langur. En biðlistinn eftir aðstoð er enn lengri og því liggur á að heilbrigðisráðherra komi starfseminni á fjárlög. Ég mundi halda að það væri ekki seinna en núna strax í nóvember, okkur öllum til heilla.

[14:40]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir jákvæðar umræður um starfsendurhæfingu öryrkja. En eins og fram kom í fyrra svari mínu er að störfum nefnd forsætisráðherra sem fjallar um hvernig megi bregðast við fjölgun öryrkja af því að það er rétt sem kom fram að þeim fjölgaði mjög hratt um tíma. Það er ekki alveg sama fjölgun í augnablikinu, sem er jákvætt.

En umrædd nefnd fjallar líka um starfs- og atvinnuendurhæfingu öryrkja og þeirra sem hafa átt í langtímaveikindum, m.a. hvar best sé að koma slíkri endurhæfingu fyrir. Á hún að vera á forræði Vinnumálastofnunar sem fer almennt með útvegun atvinnu og atvinnuendurhæfingu atvinnulausra? Eða á hún að vera á hendi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eða beggja? Þetta er verið að skoða núna í nefndinni. Það er verið að skoða heildarskipulag þessara mála og hvar sé eðlilegt að koma því fyrir.

Ég tel að mörgu leyti eðlilegt að þetta sé á einni hendi. Í dag styrkja bæði heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti ýmsa einkaaðila sem sinna þessum málum. Ég tel æskilegt að þetta sé á einni hendi því þannig náist betri heildaryfirsýn. En þar með er ég ekki að segja að það eigi ríkisvæða þetta eitthvað sérstaklega. Ég tel mjög eðlilegt að gera þjónustusamninga við þá sem vilja reka svona þjónustu, þá með styrk frá ríkinu.

En ég tel að við þurfum að sjá hvaða niðurstaða kemur frá nefnd forsætisráðherra og þá að viðkomandi aðili sem mun bera ábyrgð á málaflokknum geri samninga við aðilann.

Umræðu lokið.

## *Forvarnir í fíkniefnamálum.*

Fsp. BjörgvS, 149. mál. — Þskj. 149.

[14:43]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Neysla á löglegum fíkniefnum en þó sérstaklega á ólöglegum fíkniefnum er brestur í samfélaginu. Við höfum verið að gefa eftir á síðustu missirum og fíkniefnin flæða nú yfir samfélagið eins og holskefla. Daglega eru fréttir af þeim áhrifum sem þau valda í samfélaginu. Lítil börn eru að finna fíkniefni heima hjá sér og éta þau eins og hvert annað eitur. Fjöldi ungs fólks leggur líf sitt í rúst á örfáum missirum, varla komið af barnsaldri. Forvarnir hafa ekki fylgt eftir hvað varðar alvarleika meinsins.

Það er fyrst og fremst tvennt sem við getum gert til að mæta neyslu á fíkniefnum. Það er annars vegar að efla forvarnir og hins vegar að byggja upp öflugar meðferðarstofnanir. Forvarnir og öflug meðferðarúrræði skipta þarna öllu máli.

Ég tel að þyngd refsinga skipti þarna litlu máli og held hreinlega að með því að þyngja refsingar við smábrotum og hliðartengdum afbrotum, eins og smygli á fíkniefnum og fleiru, geti vandinn orðið enn þá alvarlegri. Ég held að fyrst og fremst þurfum við að efla forvarnirnar gífurlega og styrkja meðferðarúrræði.

Það er t.d. óviðunandi að SÁÁ skuli árlega þurfa að berjast fyrir lífi sínu með öllum tiltækum ráðum til að halda starfsemi sinni úti. Þar er unnið frábært starf, eins og við vitum öll, og hefur gjörbreytt þessum málum. Við þurfum að efla forvarnirnar.

Stjórnmálaflokkarnir hafa stundum tekið þetta upp. Það muna allir eftir loforðinu um milljarð til forvarna í fíkniefnamálum fyrir nokkrum árum. Það gekk ekki eftir nema að mjög litlu eða jafnvel engu leyti, eins og svar hæstv. heilbrigðisráðherra til mín fyrir tveimur árum gaf til kynna, en árið 2003–2004 var einungis varið 78 millj. í sérstakan forvarnasjóð. Það er að sjálfsögðu hneyksli hversu litlu fé við verjum til forvarna. Það er hneyksli af því að það er ráðið sem dugir til að berjast gegn fíkniefnum. Það vitum við öll. Öflugar forvarnir sem ná til barnanna strax í grunnskóla. Öflugar forvarnir sem fylgt er eftir í framhaldsskóla. Eina leiðin til að koma í veg fyrir vaxandi neyslu á fíkniefnum er að reka gífurlega öflugar forvarnir og við eigum að verja til þess svo miklu, miklu meiri fjármunum. Af því að ef eitthvað er fjárfesting í mannauðnum, ef eitthvað er fjárfesting í börnunum, þá eru það forvarnir gegn neyslu á fíkniefnum.

Þess vegna beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. nýs heilbrigðismálaráðherra:

Hvernig á að standa að þessum málum á næstu missirum? Á að auka fjármagn verulega til forvarna vegna fíkni-

efna? Og með hvaða hætti á að verja þeim fjármunum?

[14:46]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Forvarnasjóður starfar á grundvelli 6. gr. laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, 3. gr. reglugerðar um landsnefnd og sérfræðiráð í Lýðheilsustöð og 7. gr. laga um gjald á áfengi, með síðari breytingum. Stjórn Forvarnasjóðs er í höndum áfengis- og vímuvarnaráðs sem gerir tillögu til heilbrigðisráðherra um styrkveitingar úr sjóðnum til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna. Framlag til Forvarnasjóðs á fjárlögum þessa árs eru 86,5 millj. kr. og 88,8 millj. kr. í frumvarpinu til fjárlaga 2007.

Ég vil taka það fram vegna orða hv. þingmanns að það var staðið við milljarðinn í fíkniefni og gott betur og það er alveg fráleitt að vera að horfa á Forvarnasjóð einangraðan í því tilfelli. Það eru miklu, miklu fleiri úrræði gagnvart forvörnum en Forvarnasjóður þannig að það var staðið við milljarðinn og gott betur og það hefur engum dottið í hug að tala um Forvarnasjóð einangraðan í því sambandi.

Með lögunum nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, var stigið það skref að færa alla starfsemi sem áður féll undir Áfengis- og vímuvarnaráð til Lýðheilsustöðvar. Ráðið starfar áfram sem fagráð og ráðgjafi fyrir þennan málaflokk hjá Lýðheilsustöð. Með lagabreytingunni var Lýðheilsustöð gerð að miðstöð vímuvarna í landinu og vinnur fræðsluefni um áfengi og önnur vímuefni fyrir almenning og stuðlar að samvinnu og samræmingu starfa á meðal allra þeirra sem sinna vímuvörnum.

Sem miðstöð forvarna hefur Lýðheilsustöð verið að eflast og þar með áherslan á forvarnir, m.a. vímuvarnir, og gildir þetta bæði um stofnunina faglega og fjárhagslega svo sem fram kemur í fjárveitingum til hennar. Fjárframlög hafa hækkað úr 146,2 millj. kr. á árinu 2004 upp í 195,4 millj. kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2007.

Fyrir utan Lýðheilsustöð sinna ýmsar stofnanir sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið beinum forvörnum gegn fíkniefnum og óbeinum án þess að framlög til þeirra séu sérstaklega mörkuð þeim verkefnum. Landlæknisembættið sinnir t.d. tilteknum þáttum þessa máls með ýmsum hætti. Sama er að segja um heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir. Þá veitir ráðherra einnig hluta af ráðstöfunarfé sínu til forvarna.

Með lögum um Lýðheilsustöð og samræmingu á sviði vímuvarna er það skoðun mín að við höfum stóreflt varnir á þessu sviði almennt talað. Ég vil hins vegar taka fram að á þessu sviði verður aldrei of mikið gert ef svo má að orði komast. Jafnmikilvægt og starf Lýðheilsustöðvar er er mikilvægt að efla starf heilbrigðisstofnana, skóla, félags- og dómsmálakerfisins og það þarf að efla starfsemi allra þeirra sem bera ábyrgð á þessu sviði, hvort sem það eru stofnanir, sveitarstjórnir, samtök, félög og síðast en ekki síst foreldrar og forráðamenn barna og ungmenna.

Þótt heilbrigðisráðuneytið fari með ýmislegt er snýr að þessum málum er alveg ljóst að það eru fjölmargir aðrir sem gera það og ég vil sérstaklega nefna að margt fellur undir félagsmálaráðuneytið en það ber ábyrgð á barnaverndarmálum og málefnum fjölskyldunnar. Vegna þessa ákvað ríkisstjórnin 18. júlí í sumar að fela hæstv. félagsmálaráðherra að leiða starf til þess að móta heildstæða forvarnastefnu hér á landi, þannig að það er félagsmálaráðuneytið sem leiðir það starf. Við eigum aðild að nefndinni sem þar er að störfum og það eiga fleiri aðild þar að, þ.e. dómsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og mér skilst að þar komi einnig að sveitarfélög, lögregluyfirvöld, skólayfirvöld, íþróttahreyfingin og aðrir sem stunda eða halda utan um tómstundastarf í landinu, eins og listnám og ýmislegt slíkt starf og líka fulltrúar foreldra. Það er því verið að vinna að mótun heildstæðrar forvarnastefnu hér á landi undir forustu félagsmálaráðuneytisins og sú vinna er að mér skilst frekar langt komin, það á að skila henni í þessum mánuði eins og ég skil málið miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið.

Ég vil því ítreka að við höfum verið að stórefla forvarnamál, við höfum lagt mjög aukið fjármagn til þeirra mála en ábyrgðin er auðvitað líka úti í samfélaginu, það er ekki neinn einn aðili sem ber ábyrgð á þessum málum. Upp á síðkastið hefur verið mikil umræða um ýmis efni, sérstaklega e-pilluna, það hefur verið talað um að færri e-töflur séu í umferð nú, en það er hugsanlegt að eitthvað hættulegra efni sé í umferð, a.m.k. skilst mér að lögregluyfirvöld séu að kanna það.

En ég vil ítreka að við höfum verið að efla forvarnastarfið almennt og í augnablikinu er verið að móta heildstæða stefnu á vegum félagsmálaráðuneytisins.

[14:51]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Fíkniefnin eru hættulegur vágestur eins og við vitum öll og nýlegar fréttir eru dæmi um. Það sem fær mig hins vegar til þess að koma hér í ræðustól eru þau orð hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um að loforð Framsóknarflokksins frá árinu 1999 um framlög til fíkniefna- og forvarnamála hafi ekki verið efnd. Það er alrangt eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra áðan vegna þess að það hefur verið og reiknað út að milljarðurinn var ekki einn heldur urðu þeir tveir. Og eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra þá er það ekki eingöngu heilbrigðisráðuneytið sem sinnir forvörnum á þessu sviði, það er líka félagsmálaráðuneytið, það er á vegum dómsmálayfirvalda og í fleiri ráðuneytum.

Það er unnið gott starf á sviði forvarna, hefur verið og verður vonandi svoleiðis áfram.

[14:52]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir ágæta umræðu um forvarnir. Samkvæmt rannsóknum Þórólfs Þórlindssonar o.fl. hefur það margsannast að íþrótta- og æskulýðsstarf hefur mikilvægt forvarnagildi varðandi óreglu unglinga. Því miður vantar alla virðingu fyrir þeim málaflokki hér á þingi og kemur það berlega í ljós í nýju fjárlagafrumvarpi. Fjárlagafrumvarpið er leiðandi fyrir ríkisstjórnina um hvað hún ætlar sér að gera á næsta ári og þar af leiðandi fyrir stjórnarflokkana og alla stjórnarþingmenn. Í fjárlagafrumvarpinu er hvergi að finna neinar vísbendingar um að auka eigi fé til forvarnamála heldur er boðaður þar gífurlegur niðurskurður til íþrótta- og æskulýðsmála, frá 14% og allt upp í 36% hjá Bandalagi íslenskra skáta.

Hitt er alveg á hreinu, að milljarðurinn hefur aldrei sést.

[14:53]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er hreyft afar mikilvægu máli og eins og kom fram hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni virðist það vera svo að þrátt fyrir þau framlög sem hér voru tíunduð af hæstv. ráðherra þá hefur fíkniefnaneyslan á síðustu árum aukist og færst neðar í aldri. Við höfum séð það í skýrslum og fréttum og viðtölum við þá sem fást við meðferðarstarfið, bæði fyrir fullorðna og svo börnin, að þarna er um að ræða mjög hörð og hættuleg efni.

Það skýtur auðvitað skökku við, eins og hér kom fram, að þegar þessi vandi virðist vera að aukast og ekki vera við hann ráðið, forvarnastarfið ekki nógu vel skipulagt, a.m.k. skilar það sér ekki nægjanlega vel, að þá sé um að ræða niðurskurð til íþrótta- og æskulýðsmála, sem er stór hluti af forvarnastarfi. En það er líka öflug kennsla (Forseti hringir.) í lífsleikni í grunnskólum, sem við hljótum að verða að leggja áherslu á.

[14:54]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Við skulum ekki deila um hvernig framsóknarmilljarðurinn til forvarna í fíkniefnamálum hafi verið svikinn eða hve illa og mikið. Staðreyndin er sú að okkur hefur mistekist, íslensku samfélagi hefur mistekist.

Auðvitað fer forvarnastarfið víða fram en þetta var nú gert að sérstöku kosningamáli hér um árið og engin ástæða fyrir framsóknarmenn til að verða svo hvumpnir þó að málið sé rætt í sölum Alþingis enda enginn að kenna þeim um aukna fíkniefnaneyslu landinu, en stjórnmálamenn eiga að sjálfsögðu að standa við slík loforð. Ég spurði einungis eftir því hvernig þessir peningar hefðu komið fram og í hvað þeim hefði verið varið.

Við verðum að viðurkenna að sem samfélagi hefur okkur einfaldlega mistekist í þessum málum. Fíkniefnaneyslan hefur orðið að hálfgerðum faraldri meðal íslenskra ungmenna, hún er mjög útbreidd og við vitum það öll, og samfélagið er miklu teknara en nokkurn tíma áður vegna þessara mála. Það eru þúsundir íslenskra fjölskyldna í uppnámi og rúst út af fíkniefnaneyslu, yfirleitt ungmenna og unglinga sem leiðast út í þetta. Að sjálfsögðu eru mjög mörg ungmenni sem fara aldrei út í þetta og mörg sem koma sér út úr þessu en þetta er alvarlegt mál og eins og ég held að langflestir taki undir og viðurkenni þá eru forvarnirnar langbesta leiðin til að stemma stigu við neyslu fíkniefna, í stað þess að fara með þetta inn í réttarkerfið og stórherða refsingar og slíkt. Ég held að það skili okkur engu nema enn þá meiri ömurleika, ég held að öflugar forvarnir séu langbesta lausnin.

Við höfum ábyggilega sem samfélag ekki tekið þetta nægjanlega alvarlega í gegnum tíðina. Fíkniefnaneyslan hefur vaxið stórkostlega, og auðvitað úti um allan hinn vestræna heim, en það er okkar að berjast gegn henni með öllum tiltækum ráðum og hver og hvar sem framsóknarmilljarðurinn liggur nákvæmlega eða hvort hann liggur hvergi, það skiptir ekki öllu máli. Framtíðin skiptir máli og við eigum að verja meira fé til forvarnamála og ég skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að taka eindregið undir það, hvar svo sem framsóknarmilljarðurinn til fíkniefna er staddur.

[14:57]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Við viljum standa okkur vel í þessu og ég veit að stjórnarandstaðan vill það líka, það er alveg ljóst.

Við erum ekki hvumpin, alls ekki, en auðvitað svörum við fyrir okkur þegar sagt er að við höfum sett innan við 100 milljónir í forvarnir, það er bara alls ekki rétt. Þetta er langtum meira en milljarðurinn sem lofað var þannig að við stóðum vel við það. Ég vil nefna eitt dæmi sem sýnir hvað það er flókið að reikna svona út. Á næsta ári verður veltan í gegnum SÁÁ, fyrir þjónustu þeirra sem er mjög mikilvæg og er að vissu leyti að hluta til forvarnastarfsemi, — að hluta til ekki en að hluta til er hún það því ef vel er staðið að starfsemi SÁÁ þá verður minni vandi í framtíðinni — þar verður veltan á næsta ári í kringum 580 milljónir. Svona er hægt að telja upp margar lykiltölur sem skipta máli í þessu.

Það er rétt að þetta er þjóðfélagsvandi. Ég mundi alls ekki segja að okkur hafi mistekist í þessum málum, alls ekki, og rannsóknir sem hafa verið gerðar sanna það. Þar má m.a. nefna nýja alþjóðlega rannsókn, HSDC, en miðað við svör ungmenna úr henni kemur í ljós að staðan sé batna á sumum sviðum en ekki að versna, þannig að okkur hefur ekki mistekist. Það fer mjög mikið forvarnastarf fram í landinu, bæði á vegum hins opinbera en ekki síður á vegum félagasamtaka sem eru styrkt af opinberu fé. Þar nýtast krónurnar mjög vel, þær margfaldast þar að verðgildi af því að fólk leggur á sig sjálfboðastarf á móti.

En ég vil ítreka að það er mjög mikilvægt að fjölskyldurnar líti svolítið inn á við líka og efli fjölskylduböndin og reyni að styrkja og styðja við börn og unglinga til þess að minnka líkur á að þau leiðist út í fíkniefna- og áfengisvanda. (Forseti hringir.) Það er því bæði hið opinbera en alls ekki síður fjölskyldan sem þarf að taka sig á í framtíðinni.

Umræðu lokið.

## *Réttargeðdeild að Sogni.*

Fsp. MF, 162. mál. — Þskj. 162.

[14:59]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Vandi réttargeðdeildarinnar á Sogni í Ölfusi hefur nokkuð verið til umræðu á síðustu vikum. Umræðan varð til vegna þess að senda þurfti einn sjúkling heim áður en dómsúrskurður lá fyrir um lausn hans. Þetta var gert vegna plássleysis og að vista þurfti enn veikari einstakling á deildinni.

Í þetta sinn hefur réttargeðdeildin á Sogni verið yfirfull í meira en ár. Átta einstaklingar hafa verið dæmdir til vistunar þar í þau sjö pláss sem til staðar eru. Áttundi sjúklingur-

inn hefur því þurft að vistast á herbergi sem ekki er hannað sem hjúkrunarrými.

Réttargeðdeildin á Sogni hefur starfað í mörg ár og með góðum árangri. Sjúklingar hafa verið útskrifaðir, sem fáir reiknuðu víst með þegar deildin var stofnsett. Ef deildin hefur ekki verið full hafa sakhæfir fangar sem eiga við geðræn vandamál að stríða verið vistaðir þar tímabundið og fengið að njóta þeirrar sérhæfðu þjónustu sem þar er. Þetta fyrirkomulag hefur gefið góðan árangur. En núna í rúmt ár hefur ekki verið hægt að veita þessa þjónustu vegna þess að réttargeðdeildin hefur verið yfirfull og auðvitað bitnar það á þjónustu við sakhæfa veika einstaklinga.

Nefndir hafa starfað og skýrslur skrifaðar um þörfina á fjölbreyttari úrræðum fyrir þá sem í veikindum sínum brjóta af sér eða eru taldir hættulegir sér eða umhverfi sínu. Eins og fram kemur í viðtölum við Magnús Skúlason, yfirlækni á Sogni, hafa stjórnvöld verið sinnulaus um þessi málefni, þar sem lítið gerist í framhaldi af öllum úttektunum og skýrslunum. Það er löngu kominn tími til að viðurkenna það mikla og góða starf sem starfsfólk á réttargeðdeildinni á Sogni hefur innt af hendi og þann árangur sem starfið hefur skilað. Nauðsynlegt er að viðurkenna að þörfin fyrir slíka starfsemi er mun meiri nú en á þeim tíma sem deildin var stofnuð og var hún þó ærin. Aukin fíkniefnaneysla og geðræn veikindi í kjölfar þess kalla á fleiri úrræði fyrir veika einstaklinga sem brjóta af sér. Endurskoða þarf lög og reglur um starfsemi réttargeðdeildarinnar, útvíkka og efla starfsemina í takt við auknar þarfir. Við verðum að fá tímasettar áætlanir um uppbyggingu starfseminnar og um endurskoðun laga og reglugerða. Allar úttektir, skýrslur og niðurstöður nefndarstarfs í gegnum árin styðja þá kröfu. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

Hver eru framtíðaráform ráðherra um rekstur og uppbyggingu starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni í Ölfusi?

[15:02]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. 1. þm. Suðurk., Margrét Frímannsdóttir, hefur beint til mín fyrirspurn um framtíðaráform mín um rekstur og uppbyggingu starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni í Ölfusi. Í byrjun janúar 2006 skipaði forveri minn, Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjögurra manna starfshóp til að gera úttekt á núverandi húsakynnum réttargeðdeildarinnar á Sogni og vinna að frumathugun á stækkun og endurbótum á stofnuninni. Hópurinn fundaði m.a. með starfsfólki og vistmönnum á Sogni. Auk þess fór hópurinn í kynnisferð til Danmerkur og Noregs til að skoða réttargeðdeildir þar. Nefndin skilaði mér skýrslu um mitt síðasta sumar og nýlega hef ég farið yfir þetta mál með nefndinni. Einnig heimsótti ég stofnunina fyrir fáeinum dögum og ræddi þar bæði við vistmenn og starfsfólk.

Svo ég víki að fyrirspurn hv. þingmanns þá hyggst ég fara að tillögum nefndarinnar um stækkun réttargeðdeildarinnar á Sogni þannig að alls verði á stofnuninni 20 rými, auk bættrar aðstöðu til kennslu, iðjuþjálfunar og fleira. Hér er um mikla framkvæmd að ræða sem að mati nefndarinnar mun kosta milli 600 og 700 millj. kr. Vilji minn er skýr og von mín er sú að það takist að ná breiðri pólitískri samstöðu um mikilvægi þessarar byggingar.

Eins og Alþingi er kunnugt hóf réttargeðdeildin á Sogni í Ölfusi starfsemi sína 1992 og hefur starfað þar farsællega síðan. Alls hafa um 40 sjúklingar verið lagðir inn á þessu tímabili, sumir oftar en einu sinni. Á deildum er gert ráð fyrir sjö rýmum en iðulega hefur þurft að grípa til aukarýmis vegna brýnnar þarfar fyrir aukin pláss.

Virðulegi forseti. Ég hef ákveðið að beita mér fyrir því að hönnun verksins geti hafist í byrjun næsta árs og frekari fjárveitingar til framkvæmdanna ráðast að sjálfsögðu síðan af ákvörðunum Alþingis en að mínu mati hefur farið fram mjög góð og mikilvæg þjónusta á Sogni og starfsemin hefur verið í höndum mjög dugmikils fólks, sem ég gat rætt við um daginn í heimsókn minni. En það er algerlega ljóst að rétt er að bæta aðstöðu vistmanna og starfsmanna. Það gat maður alveg séð þegar maður gekk þarna um húsið að það er eðlilegt að bæta aðstöðuna.

Ég tel líka mikilvægt að aukið samstarf verði á milli réttargeðdeildarinnar á Sogni og annarra almennra geðdeilda, svo sem geðdeildarinnar á Landspítalanum. Slíkt samstarf þarf að vera eins mikið og mögulegt er. Það eflir þekkingu starfsmanna og styrkir þjónustuna, bæði meðan á meðferð stendur sem og eftir meðferðina að lokinni vistun á Sogni. Rekstur deildar sem þessarar er í eðli sínu þungur og mér er ljóst að það þarf auknar fjárveitingar í framtíðinni samhliða bættu húsnæði. En ég hef fulla trú á því að rekstrurinn og starfsemin sé í réttum farvegi eins og hún er í dag. Hún er í höndum öflugs hóps starfsmanna og mun verða það áfram. Þessi skoðun mín styrktist enn frekar við hina nýlegu heimsókn sem ég var í þarna um daginn, eins og ég minntist á áðan.

Plássin sem eru sjö eru allt of fá miðað við það sem gengur og gerist í málefnum af þessu tagi. Þegar nefndin heimsótti Danmörku og Noreg er ljóst að miðað við hlutfallstölur þurfa rýmin að vera talsvert fleiri og áætlað er að við þurfum að búa yfir um 20 rýmum í framtíðinni. Það er því eðlilegt að stækka aðstöðuna eða fjölga rýmunum en það þarf líka að bæta húsnæðið. Ég get nefnt sem dæmi að þarna eru salerni frammi á gangi en ekki inni í herbergjum vistmanna og húsið er orðið að nokkru leyti talsvert lúið. En staðsetningin er mjög góð. Ekki þarf að vera með sérstakar girðingar utan við húsið. Menn fá fylgd þegar þeir fara út og þetta er í mjög fallegu umhverfi. Ég held að staðsetningin fyrir uppbygginguna sé mjög góð þar sem hún er núna. Menn geta gengið um í umhverfinu án mikilla vandræða og þessi starfsemi passar ágætlega þar sem hún er núna, þannig að ég styð það að byggt verði upp þar en ekki annars staðar.

[15:06]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja athygli á málefnum réttargeðdeildarinnar á Sogni. Opnun réttargeðdeildarinnar var mikil framför í málefnum ósakhæfra afbrotamanna sem m.a. höfðu áður verið vistaðir á sjúkrahúsum erlendis. Réttargeðdeildin er fyrir ósakhæfa afbrotamenn og hefur einnig verið notuð fyrir geðsjúka fanga. Eins og fram kom hjá hv. þingmanni

hafa verið þarna síðustu mánuði átta einstaklingar í sjö rýmum.

Nú liggja hins vegar fyrir tillögur starfshóps um að fjölga rýmunum í 20 og hæstv. ráðherra lýsti því yfir áðan að hún hygðist fara að þessum tillögum og því ber að fagna alveg sérstaklega. Ég vænti þess að aðrir þingmenn muni leggja sitt af mörkum til að það geti orðið að veruleika.

[15:07]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Á réttargeðdeildinni á Sogni hefur verið unnið mjög farsælt og glæsilegt starf árum saman, það er nokkuð óumdeilt og sú stofnun hefur verið til mikillar fyrirmyndar. Það hefur verið baráttumál um árabil margra velunnara hennar og þeirra sem fyrir henni fara að byggt verði upp við stofnunina þar sem hún er. Þess vegna er að sjálfsögðu ástæða til að fagna því að því sé lýst hér yfir að fara eigi að þeim tillögum að byggja upp verulegan fjölda plássa við réttargeðdeildina á Sogni. En orðunum þurfa að sjálfsögðu að fylgja efndir. Við höfum heyrt svo margar yfirlýsingar um glæsileg áform uppbyggingar í heilbrigðismálum um árabil. Við þekkjum öll viðbygginguna við Heilbrigðisstofnun Suðurlands o.s.frv. Þess vegna er nauðsynlegt að það verði staðfest að þess muni gæta á fjárlögum þessa árs að ráðast eigi í þessar framkvæmdir, að það komi fram að ráðast eigi í þá uppbyggingu, þetta séu ekki háleit framtíðarmarkmið, framtíðartónlist án fjármuna. Það verður að koma fram.

[15:08]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hennar og fagna að sjálfsögðu, eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, þeim vilja hæstv. ráðherra að fara að tillögum þeirrar nefndar sem skilaði skýrslu um mitt sumar. En við verðum að sjá að með þessum góða vilja hæstv. ráðherra fylgi að gert verði ráð fyrir hönnunarkostnaði á fjárlögum næsta árs.

Þá vil ég einnig benda á, þar sem þetta er ekki fyrsta skýrslan sem við fáum og ekki fyrsta nefndin sem starfar um málefni réttargeðdeildarinnar á Sogni, að þar til að ný bygging rís sem getur tekið töluverðan tíma, bæði hönnunarkostnaður, hönnunarvinna og síðan uppbygging, þá liggi fyrir tillögur um úrbætur á núverandi húsnæði þar sem um er að ræða fjölgun sem getur nýst þannig að hægt sé að sinna a.m.k. brýnustu tilvikum fram að þeim tíma að ný bygging rís. Ætli það séu ekki orðin ein tvö, þrjú ár síðan tillögur þess efnis voru lagðar fyrir heilbrigðisráðuneytið og þá minnir mig að kostnaðurinn við þær breytingar hafi verið metinn á rétt rúmar 30 milljónir. Ég tel algera nauðsyn að meðan beðið er eftir úrbótum og við höfum ekki annað en viljayfirlýsingar frá hæstv. ráðherra, sem þó eru mikils virði, verði ráðist í endurbætur á húsnæðinu í samræmi við þær tillögur sem eru fyrirliggjandi og að ekki verði bara bætt úr hvað varðar húsnæðið heldur líka að stöðugildum verði fjölgað. Ekki hefur verið starfandi iðjuþjálfi við stofnunina í langan tíma, sem er þó alger nauðsyn.

[15:11]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þær ágætu umræður sem hér hafa orðið um starfsemina á Sogni. Það er alveg ljóst að stefnan er sett á það að byggja nýtt hús upp á staðnum og nýta þá núverandi húsnæði í svokallaða stoðþjónustu, skóla, tómstundastarfsemi og ýmislegt annað. Ég get bent á að nýlega tók einn vistmaðurinn stúdentspróf á Sogni. Það fer fram skólastarfsemi þar í dag en aðstaðan er ekki mjög góð eins og stendur og þyrfti að bæta hana.

Til stendur að iðjuþjálfun hefjist á Sogni og ef ég man rétt á hún að hefjast um áramótin, þannig að það er í farvegi. Við erum því að bæta úr starfseminni sem fyrir er. Ef ég man rétt, ég er nýbúin að fara yfir þetta í ráðuneytinu, erum við nú þegar komin með fjármagn til að hefjast handa við undirbúning hönnunar og sú vinna er að fara af stað en hún tekur nokkurn tíma. Ég á því ekki von á að hafnar verði framkvæmdir á næsta ári. Ég held að það sé ekki fyrr en árið þar á eftir í fyrsta lagi sem við erum að tala um það. Það ræðst auðvitað af fjárveitingu hverju sinni. En undirbúningurinn er mjög mikilvægur og við erum nú þegar með fjármagn sem ég tel að muni duga til að fara af stað með undirbúningsvinnu að nýju húsnæði. En þetta er að sjálfsögðu mjög dýrt húsnæði, það er svo sem alltaf afstætt hvað er dýrt og hvað ekki í þessu sambandi. Við verðum að búa vel að þeim einstaklingum sem vistast á réttargeðdeildinni, en heildarkostnaður er 600–700 millj. kr. Þetta verður því mikilvægt verkefni að fjármagna til að geta hafið framkvæmdir. Ég tel að við munum klára hönnun á næsta ári en ég efast um að framkvæmdir hefjist á næsta ári.

Umræðu lokið.

## *Kostnaður vegna hjúkrunarrýma.*

Fsp. MF, 183. mál. — Þskj. 184.

[15:13]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Í lögum um heilbrigðisþjónustu var sveitarfélögum gert skylt að greiða 15% af stofnkostnaði, meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum á sjúkrahúsum. Árið 2002 sömdu sveitarfélögin við ríkið um að þessum greiðslum yrði hætt á móti minna framlagi ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Sveitarfélögin höfðu þá árum saman innt af hendi lögboðnar greiðslur vegna stofnkostnaðar og svokallaðs meiri háttar viðhalds. Hvað meiri háttar viðhald fól í sér var aldrei fullljóst og aldrei skilgreint með skýrum hætti í reglugerð og dæmi eru um að ólíkustu þættir í rekstri sjúkrahúsa væru flokkaðir sem meiri háttar viðhald til að geta krafið sveitarfélögin um greiðslur sem í raun áttu að falla á ríkið.

Samningur ríkis og sveitarfélaga um niðurfellingu þessara greiðslna var því fagnaðarefni. Samningurinn fól í sér að sveitarfélögin hættu að greiða framlag vegna svæðissjúkrahúsa, deildarsjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa en áttu áfram að greiða vegna hjúkrunarheimila.

Vorið 2003 var lögum breytt á Alþingi í samræmi við

samninginn. Fljótlega kom þó í ljós mismunandi túlkun á samningnum og ákvæðum laganna. Af hálfu ríkisins var því haldið fram að sveitarfélögin ættu áfram að greiða 15% af stofnkostnaði, meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum vegna hjúkrunarrýma fyrir aldraða sem væru á sjúkrahúsunum. Þessu mótmæltu sveitarfélögin eindregið en voru samt krafin um greiðslur og einhver sveitarfélög inntu greiðslurnar af hendi en með fyrirvara um leiðréttingu þegar niðurstaða fengist.

Ríkið og sveitarfélögin í landinu náðu ekki sátt í málinu og var það sett í gerðardóm. Þessar deilur hafa staðið yfir í nokkur ár og niðurstaða fékkst ekki fyrr en nú í haust þegar gerðardómur lá fyrir, sveitarfélögunum í hag. Einhver þeirra hafa, eins og áður segir, greitt þær upphæðir sem ríkið krafðist meðan á þessum langvarandi deilum stóð.

Það er svo sem ekkert nýtt í því að ríkisvaldið reyni að ýta kostnaði yfir á sveitarfélögin sem mörg hver eru illa stödd fjárhagslega en þarna liggur fyrir að sveitarfélögin hafa verið krafin um upphæðir sem engin lagaheimild er fyrir. Þessar upphæðir þarf að endurgreiða og að sjálfsögðu með vöxtum.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hversu mörg sveitarfélög hafa verið krafin um of háar greiðslur vegna túlkunar ráðuneytis á ákvæðum laga um 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum vegna hjúkrunarrýma á svæðissjúkrahúsum, deildarsjúkrahúsum og almennum sjúkrahúsum, samanber úrskurð gerðardóms 8. september sl. og um hve háar upphæðir er að ræða í hverju tilviki? Hafa sveitarfélögin fengið þessar upphæðir endurgreiddar ásamt vöxtum? Ef ekki, hvenær verður það?

[15:16]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Suðurk. Margrét Frímannsdóttir beinir til mín fyrirspurn í tveimur liðum. Í fyrri liðnum spyr þingmaðurinn hversu mörg sveitarfélög hafi verið krafin um of háar greiðslur vegna túlkunar ráðuneytisins á ákvæðum laga um 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum vegna hjúkrunarrýma á svæðissjúkrahúsum, deildarsjúkrahúsum og almennum sjúkrahúsum, samanber úrskurð gerðardóms 8. september sl. og um hve háar upphæðir væri að ræða.

Í seinni lið spurningarinnar spyr þingmaðurinn: Hafa sveitarfélögin fengið þessar upphæðir endurgreiddar ásamt vöxtum? Ef ekki, hvenær verður það?

Tilboð í framkvæmdir við viðbyggingu við Sjúkrahúsið á Selfossi voru opnuð í október 2004. Fáum mánuðum seinna voru boðin út verk við endurbætur Sjúkrahússins á Siglufirði og endurbætur og endurbyggingu þakhæðar á efri hluta Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

Áður en framkvæmdir voru boðnar út höfðu farið fram viðræður við sveitarfélögin sem að málinu koma um greiðsluþátttöku þeirra í þessum verkefnum, eins og þá var talið að túlka ætti ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Fljótlega kom í ljós að aðilar voru ekki sammála um greiðsluskyldu sveitarfélaganna. Þann 18. ágúst 2004 gerðu ráðuneyti fjármála, heilbrigðis- og tryggingamála annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar með sér samkomulag um að reyna til þrautar að ná samkomulagi en vísa málinu til gerðardóms ef það tækist ekki.

Sama dag, 18. ágúst 2004, var einnig undirritað samkomulag milli fyrrgreindra ráðuneyta og sveitarfélagsins Árborgar um að sveitarfélagið greiddi 15% kostnaðar vegna byggingar hjúkrunardeildar sem rekin er sem hluti af Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi meðan á framkvæmdum stæði. Þar var einnig um það samið að ef samkomulag næðist, eða gerðardómur kvæði á um að kostnaðurinn skyldi falla á ríkið, endurgreiddi ríkið þá upphæð sem sveitarfélagið hefur innt af hendi með 4,5% ársvöxtum. Sams konar samningar voru síðar gerðir við hin sveitarfélögin sem hlut áttu að máli, Fjarðabyggð vegna framkvæmda við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.

Gerðardómur var kveðinn upp 8. september sl. og var niðurstaða hans sú að með breytingu á 34. gr. laga nr. 97/1999, sem gerð var með 11. gr. laga nr. 78/2003, voru sveitarfélög að fullu losuð undan skyldu til að greiða hlutdeild í kostnaði við stofnun, meiri háttar viðhald og tækjakaup vegna heilsugæslustöðva, svæðisdeilda og almennra sjúkrahúsa, þar með talið kostnaði vegna hjúkrunarrýma.

Kostnaðarhlutdeild og greiðslustaða í einstökum verkum er sem hér segir:

Sjúkrahúsið á Selfossi: Fyrirhuguð þátttaka Árborgar í fyrsta áfanga viðbyggingar við Sjúkrahúsið á Selfossi var í heild 78,3 millj. kr. Miðað við stöðu framkvæmda í lok september sl. var skuldbundinn hlutur Árborgar 35,7 millj. kr. Af þessari fjárhæð eru 8,7 millj. kr. vegna undirbúnings sem fram fór til loka árs 2002 og sveitarfélaginu bar að greiða samkvæmt þágildandi lögum. Samtals hefur sveitarfélagið greitt til Framkvæmdasýslu ríkisins sem sér um fjárreiður verksins 40,2 millj. kr. og til endurgreiðslu án vaxta eru 31,5 millj. kr. vegna framkvæmdanna frá og með árinu 2003. Vextir samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi til loka október eru 0,9 millj. kr. og heildarskuld við sveitarfélagið í lok október því 32,4 millj. kr.

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Þar er staðan þessi: Fyrirhuguð þátttaka Fjarðabyggðar í verkinu var 17,9 millj. kr. Allt verkið er unnið eftir 2002. Sveitarfélagið hefur greitt 10,7 millj. kr. til verksins sem með vöxtum til loka október er 11 millj. kr. sléttar.

Þá er að lokum Sjúkrahúsið á Siglufirði. Fyrirhuguð þátttaka Siglufjarðarkaupstaðar í verkinu var 11,2 millj. kr. Allt verkið er unnið eftir 2002. Sveitarfélagið hefur ekkert greitt til verksins.

Sveitarfélögin hafa enn ekki fengið féð endurgreitt en það mun verða endurgreitt á næstu vikum.

[15:20]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þessi svör sem eru nokkuð skýr og fagna því að það stendur til að greiða sveitarfélögunum nú fljótlega, sem auðvitað hefði átt að gera strax í september þar sem gerðardómur féll 8. september og hægt hefði verið að reikna þetta út þá strax og greiða með vöxtum. Eins og ég sagði áðan eru mörg þessi sveitarfélög þannig stödd að þeim veitir ekki af þeim fjármunum sem þau geta haft til ráðstöfunar og ríkið getur ekki

leyft sér að liggja með þá þar sem orðið er um langan tíma að ræða.

Út af fyrir sig er svo umhugsunarvert að sá samningur sem gerður er 2004 milli ríkis og sveitarfélaga um að reyna að ná þessum samningum til þrautar, annars yrði þessu vísað í gerðardóm, skuli taka allan þennan tíma, að svo langan tíma taki að ná niðurstöðu í málið. Upphaflegu samningarnir eru gerðir 2002. Árið 2003 er lögunum breytt og það verður strax ágreiningur um túlkun þeirra laga. Það hefði verið eðlilegt að skera úr um það áður en farið var að krefja sveitarfélögin um greiðslur sem nú verður að endurgreiða.

Það er hins vegar fagnaðarefni að þetta skuli vera komið á hreint. Ég heyrði þó ekki hjá hæstv. ráðherra hvort á þessum tíma hefði verið eitthvað um að ræða greiðslur vegna viðhalds eða tækjakaupa inni á þessum sömu stofnunum vegna hjúkrunarrýma. Ég lít svo á að í svörum ráðherra hafi verið um tæmandi upphæðir að ræða, ekki einungis stofnkostnað heldur allar þær upphæðir sem greiddar hafa verið.

[15:22]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Það er erfitt fyrir mig að meta hvað er langur ferill í þessu sambandi. Ég er sammála hv. þm. Margréti Frímannsdóttur um að það er fagnaðarefni að þessu er a.m.k. lokið og það er komin niðurstaða í málið. Það er mjög óþægilegt að hafa svona mál á reiki og í einhverri togstreitu milli ríkis og sveitarfélaga. Nú er komin niðurstaða og þá förum við eftir henni. Við vindum okkur í það verk að endurgreiða Árborg og Fjarðabyggð.

Varðandi það hvort inni í þessu sé einhver viðhaldskostnaður tel ég svo ekki vera, miðað við hvernig fyrirspurn hv. þingmanns er sett fram. Í henni er talað um stofnkostnað, meiri háttar viðhald og tækjakaup. Ég á von á því að þeir sem undirbjuggu þetta svar í heilbrigðisráðuneytinu hafi tekið allt inn í svarið þannig að ég geri ráð fyrir því að þetta sé tæmandi upptalning.

Umræðu lokið.

## *Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi.*

Fsp. BjörgvS, 156. mál. — Þskj. 156.

[15:24]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Um árabil, áratugaskeið, hefur verið rekið mjög rismikið og glæsilegt nám í garðyrkjufræðum í Garðyrkjuskólanum á Reykjum í Ölfusi. Fyrir nokkru síðan, ári eða svo, varð Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands sem hefur aðalstöðvar sínar á Hvanneyri.

Þá var því lýst yfir að áfram yrði starfrækt nám á Reykjum í Ölfusi, í Garðyrkjuskólanum, þar yrði byggt upp við stofnunina, byggt yfir skólann sem er í mjög gömlu, lasburða og úr sér gengnu húsnæði. Öll yfirbygging yfir skólann er í fullkomnum lamasessi, húsið er óviðunandi og það viðurkenna allir.

Síðan þá hefur verið um það rætt hvort færa eigi starfsemi skólans frá Reykjum í Ölfusi upp á Hvanneyri. Sjálfsagt stendur vilji ýmissa til þess en því var lofað á sínum tíma að það yrði byggt upp við Garðyrkjuskólann á Reykjum og við þau loforð á að sjálfsögðu að standa enda væri fráleitt að leggja af eina staðbundna háskólanámið á þessu svæði og flytja það í burtu.

Saga skólans er glæsileg, hún er merk og þarna á áfram að vera fyrirtaks- og fyrsta flokks menntastofnun í garðyrkjufræðum, enda hvar annars staðar ef ekki þar?

Hæstv. landbúnaðarráðherra lýsti því yfir að þar yrði áfram starfræktur skóli. Síðan hefur orðið bið á því að afdráttarlaust yrðu tekin af öll tvímæli um það. Ef á að byggja þarna upp þarf það að koma fram núna. Óvissan er óþolandi. Hún hefur vond áhrif á nemendur, hún hefur vond áhrif á starfsmenn skólans og hún hefur vond áhrif á starfsemi skólans.

Það þarf að taka af öll tvímæli. Það á að byggja upp að mínu mati nýtt og glæsilegt húsnæði. Þarna á áfram að vera skóli. Hæstv. landbúnaðarráðherra sem er menntamálaráðherra landbúnaðarháskólanna, eins og fyrirkomulagið hjá okkur er núna, verður að skera þar úr um og taka af öll tvímæli þó að sumir sem koma að rekstri skólans séu þess sjálfsagt fýsandi að færa hann allan upp á Hvanneyri.

Loforð skal standa. Orðin skulu standa um þessa uppbyggingu. Þess vegna beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra: Hefur verið tekin ákvörðun um framtíð Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi eftir sameiningu hans við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri? Verður skólinn áfram starfræktur á Reykjum? Skýr svör, hæstv. ráðherra, skýr svör.

[15:26]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þingmanns, og hv. þingmenn þekkja, óskuðu stjórn og framámenn Garðyrkjuskóla ríkisins eftir því þegar frumvarp um Landbúnaðarháskóla Íslands var í meðförum þingsins árið 2004 að verða þriðja stoðin í þeim nýja skóla. Það var gert í meðförum þingsins. Það var Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum og Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti sem runnu saman í eina stofnun þegar Landbúnaðarháskóli Íslands var stofnaður með lögum nr. 71/2004.

Frá þeim tíma þegar starfsemi Garðyrkjuskóla ríkisins stóð með sem mestum blóma hafa miklar breytingar orðið í íslensku samfélagi og innan garðyrkjunnar. Áherslur í garðyrkju hafa breyst á seinni árum sem kemur hvað greinilegast fram í því að aðsókn í starfsmenntanám í ylrækt er nær engin á meðan góð aðsókn er í aðrar greinar garðyrkjunnar, eins og garðplöntuframleiðsluna, skrúðgarðyrkju og blómaskreytingar. Hugmyndir eru uppi um nýjar áherslur hvað þennan stað og Landbúnaðarháskólann varðar, m.a. sem tengjast umhirðu íþróttavalla og golfvalla og brýnt er að kryfja til mergjar markaðinn fyrir slíkt nám. Nauðsynlegt er að Landbúnaðarháskólinn geti svarað breyttum þörfum samfélagsins fyrir fagfólk á sviði garðyrkju og jafnframt að sjálft námið uppfylli breyttar kröfur.

Á vegum landbúnaðarháskólans hefur verið skipaður sérstakur starfshópur sem vinnur að skilgreiningu á þessum

þörfum og því hvaða breytingar þarf að gera á námi og námsframboði. Í þessu starfi, sem ég geri mér vonir um að ljúki nú um áramót, er og verður náið samráð haft við hinar ýmsu greinar garðyrkjunnar. Einnig hefur verið skipaður starfshópur til að skilgreina þörfina fyrir rannsókn í þágu garðyrkjunnar.

Skráðir nemendur í Landbúnaðarháskóla Íslands eru nú 246. Þar af eru 44 nemendur í garðyrkjugreinum staðsettir á Reykjum í Ölfusi. Áætlanir skólans gera ráð fyrir að árið 2010 geti nemendur skólans verið allt að 500. Einnig er ljóst að þörf verður á umfangsmikilli starfsemi á sviði endurmenntunar og námskeiðshalds á vegum skólans fyrir hinar hefðbundnu greinar landbúnaðarins og í garðyrkju en ekki síður vegna nýrra viðfangsefna í landbúnaði svo sem í skógrækt og vegna þeirrar miklu nýsköpunar sem nú fer fram í sveitunum.

Í samræmi við þetta er unnið að greiningu á þörfum Landbúnaðarháskólans fyrir húsnæði og nauðsynlega uppbyggingu húsnæðis í því sambandi á Hvanneyri og á Reykjum. Fyrir liggur heimild til að selja hluta af landi Reykja í Ölfusi og jarðirnar Mógilsá og Kollafjörð til að standa undir kostnaði við slíkar framkvæmdir.

Ljóst er að meginstarfsstöðvar Landbúnaðarháskólans eru, og ég segi verða, á Hvanneyri, á Keldnaholti og á Reykjum í Ölfusi. Mikilvægt er að hafa í huga í þessu sambandi að um er að ræða starf og skipulag einnar stofnunar en ekki þriggja eins og áður var. Fyrir stofnunina er brýnt að starfseminni verði komið fyrir á sem hagkvæmastan hátt og ekki er síður mikilvægt fyrir nemendur og starfsemina að fólkið finni sig sem hluta af heildinni, hvort sem það eru kennarar eða nemendur, og njóti þeirra faglegu og félagslegu hlunninda sem öflugt háskólastarf gefur.

Ljóst er einnig að sá húsakostur sem til staðar er á Reykjum þarfnast gagngerðrar endurnýjunar eins og kom fram í máli hv. þingmanns. Ráðist verður í þær framkvæmdir þegar fyrir liggur hvaða þættir í starfsemi Landbúnaðarháskólans verða staðsettir þar. Ég tel mikilvægt að hraða þessari stefnumörkun því að óvissa hefur slæm áhrif á bæði kennara og aðsókn nemenda.

Reykir í Ölfusi eru vel í sveit settir. Þar er til staðar mjög fullkomin aðstaða til rannsókna. Ég trúi því að hægt sé að efla námsframboð og samstarf bæði við aðra háskóla og atvinnulífið sjálft, eins og nú tíðkast mjög hjá háskólum víða um veröld. Með rekstri landbúnaðarháskólans starfar háskólaráð sem fer með stefnumörkun um framtíðina. Ég veit að þetta fólk er að byggja upp sterkan landbúnaðarháskóla og horfir með virðingu á þann efnivið sem það fékk í hendur, þann mikla auð sem hver eining skólans býr yfir og vill styrkja rannsóknir, nám og námsframboð miðað við breytta tíma. Reykir njóta fullrar (Forseti hringir.) virðingar í allri þeirri umræðu og ég trúi því að framtíðin geri það að verkum (Forseti hringir.) að þar verði öflugt starf áfram.

[15:32]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra las upp ræðu sem fór honum frekar illa að lesa upp, kannski vegna þess að honum virtist ekki alls kostar sjálfum vera vel við það efni sem fram kom í ræðunni en þetta eru ekkert ósvipaðar ræður og við höfum heyrt á hátíðarstundum þegar hæstv. landbúnaðarráðherra kemur að Reykjum og heldur ræður um mannauð og glæsileik. Það sem vantaði í ræðuna var loforðið.

Það má minna hæstv. landbúnaðarráðherra á það að þegar Garðyrkjuskólinn á Reykjum rann inn í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri var því lofað af hans hálfu að á Reykjum yrði áfram nám með svipuðu sniði og verið hefur. Ég gat ekki heyrt að hæstv. landbúnaðarráðherra gæfi okkur neitt til kynna um það hvort hann ætlaði að standa við það loforð sem hann gaf þá. Lýsi ég eftir því eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson að hæstv. landbúnaðarráðherra tali nú skýrt, lesi ekki upp einhverja loðmullu og hátíðarræðu heldur svari skýrt hvort hann ætlar að standa við það loforð sem gefið var.

[15:33]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þann 29. apríl 2003 kom frétt í Morgunblaðinu og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra kom og skrifaði, með gullpennanum sínum, undir samning þess efnis að Garðyrkjuskólinn fái formlega heimild, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, til að útskrifa nemendur á háskólastigi. Guðni sagði þetta eina af stærri stundum lífs síns. Þetta gerði skólanum kleift að útskrifa nemendur með BS-gráðu, sem væri eðlilegt framhald af því starfi sem í skólanum væri unnið. Athygli vakti sú yfirlýsing ráðherra að hann sagðist vilja flytja Skógræktina að Mógilsá í Garðyrkjuskólann, selja eignir þar og nota hagnaðinn í að byggja upp byggingar Garðyrkjuskólans. Ráðherra sagði að engum dyldist að nú yrði að byggja upp og efla viðhald bygginga sem fyrir eru."

Þetta var 29. apríl 2003. „„Garðyrkjuskólinn býr í hjarta þessarar þjóðar," sagði hæstv. ráðherra."

[15:34]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þegar sameinaðar voru stofnanirnar Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, RALA og Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum var búið að undirbúa sameiningu RALA og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri en ekki Garðyrkjuskólans. Samt var tekin sú ákvörðun að keyra Garðyrkjuskólann og reyndar Hólaskóla líka inn í það púkk, algjörlega óundirbúið. Það tókst að bjarga Hólaskóla frá því að lenda í þessu sameiginlega ferli.

Ég taldi rétt að sameina Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri en það var algjörlega óundirbúið að leggja Garðyrkjuskólann inn í þá sameiningu eins og þá var gert. Ég varaði við því og ég var sá eini hér. Þingmenn sem nú taka upp málið greiddu atkvæði með þessu þá. (**JGunn:** Það var loforð frá ráðherra.) Loforð frá ráðherra er einskis virði í svona málum. (Forseti hringir.) Við vitum það. Ég hvet til þess að staðið verði við garðyrkjunámið og það á miklu myndarlegri hátt en hefur verið gert.

[15:35]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Við sem höfum heimsótt Garðyrkjuskólann á Reykjum undanfarin ár höfum ekki komist hjá því að sjá að þar er húsakostur í mikilli niðurníðslu og í mjög slæmu ástandi. Það er alveg fyllilega réttmætt að gagnrýna stjórnvöld harðlega fyrir það að hafa látið þetta fara svona. Garðyrkjan er stóriðja á Suðurlandi, á því er enginn vafi, og ég tel að Garðyrkjuskólinn á Reykjum sé í raun og veru afskaplega vel í sveit settur. Þegar ég hef komið upp að Reykjum hef ég oft furðað mig á því hvers vegna í ósköpunum stjórnvöld sýna ekki meiri metnað hvað varðar þennan ágæta skóla. Ég sit sjálfur í landbúnaðarnefnd og kannast við þessi loforð sem gefin voru. Ég get ekki séð að þau hafi verið efnd. Ég hlýt líka að nota tækifærið, virðulegi forseti, til að kalla eftir skýrari svörum frá ráðherra. Það er eins og skólinn hafi (Forseti hringir.) verið í eins konar tómarúmi í allt of mörg ár og það er kominn tími til að við fáum skýringar á þessu.

[15:37]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Orð skulu standa. Orðin sem Guðni reit með gullpennanum forðum, hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson, og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir vitnaði til, skulu einnig standa. Skilaboðin frá hæstv. landbúnaðarráðherra og hæstv. menntamálaráðherra þessara landbúnaðarháskóla voru ákaflega skýr. Það skal byggt upp á Reykjum. Hann endurtók fyrri loforð en efndirnar skortir. Hæstv. landbúnaðarráðherra verður að nota þetta tækifæri eftir áfrýjanir þingheims um að áfram skuli byggt upp og láta orðin frá 2003 standa, orðin sem komu úr gullpennanum. Hæstv. ráðherra verður að ítreka það hér og taka af öll tvímæli þar um. Hæstv. ráðherra talar hér eins og það sé á reiki hvaða nám skuli starfrækt þar.

Auðvitað liggur það fyrir að mestu leyti hvað sem kemur út úr starfshópnum. Það þýðir ekki að þvæla málinu til og frá mánuðum saman út af því. Óvissan hefur haft vond áhrif á námið. Hún hefur dregið úr aðsókn að náminu, starfsaðstaða skólans er vægast sagt hörmuleg. Skólinn hefur drabbast niður út af því að þriggja ára gamalt loforð hefur ekki verið efnt. Ég efast ekki um að hæstv. ráðherra meinar það sem hann segir hér og þegar hann endurtekur loforðin um að það skuli byggt upp á Reykjum. Hann verður þó að taka af öll tvímæli. Það verða að koma tímasetningar. Framtíðarmúsíkinni verða að fylgja fjármunir. Annars tekur enginn mark á orðum hæstv. ráðherra sem eru endurtekin ár eftir ár, gang eftir gang. Það verður að efna loforðin frá 2003.

Hæstv. ráðherra, þú hefur nú hjá þér valdið yfir því hvernig fara skuli fyrir þessari merkilegu menntastofnun. Taktu af öll tvímæli þar um.

(**Forseti** (SAÞ)**:** Forseti biður þingmenn að gæta þess að ávarpa ekki þingmenn og ráðherra beint, heldur fara að reglum þingsins.)

[15:39]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar segja að það nám sem verið hefur á Reykjum í gegnum áratugina er þar enn. Þar hefur engin breyting orðið á, þ.e. grunnnáminu. Þetta eru 44 nemendur sem er afar lítil eining og þess vegna vakti ég athygli á því að nú eru menn að leita leiða til að efla þennan hluta skólans á mörgum nýjum sviðum sem tengjast uppbyggingu í sveitum og nýsköpun þar. Margt fólk sem haslar sér þar völl til að vera á lögbýlum, sumarhúsum eða heilsárshúsum vill nám í kringum náttúruna. Það er verið að fara yfir þetta allt saman og það hvernig hægt er að styrkja þennan stað og byggja hann upp því að 44 nemenda skóli eða skólaeining er afar lítil eining. Svo tilheyrir hann hinum stóra landbúnaðarháskóla þannig að við þurfum auðvitað að fjölga fólki í námi á Reykjum.

Við höfum líka ætlað að taka ákvörðun um endurbyggingu á lélegum húsum sem á Reykjum eru og þá verður auðvitað að fara fram þarfagreining um það hvað við ætlum að byggja og hvernig. Við byggjum ekki út í loftið. Ég gat þess í upphafi að ég vona að um áramót liggi fyrir sú þarfagreining sem þarf til, bæði hvað húsnæði varðar og námsframboð, hvað þar verður til staðar.

Svo gera menn sér auðvitað grein fyrir því sem hér hefur komið fram, að stjórnendur Reykja óskuðu þess að koma inn í Landbúnaðarháskólann. Það hefur tafið þessa för. Það hefur engu breytt í sjálfu sér, það hefur bara tafið þessa uppbyggingu og breytt aðeins áformum. Skólinn er rekinn og honum stjórnað af rektor. Þar situr háskólaráð með mjög hæfu fólki sem metur þessa þörf (Forseti hringir.) þannig að ég vona að þetta skýrist sem allra fyrst og skil að þetta er vond staða sem þarf að vera skýr sem (Forseti hringir.) allra fyrst.

Umræðu lokið.

***Umræður utan dagskrár.***

Niðurstöður nýrrar könnunar um launamun kynjanna.

[15:41]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Niðurstöðu rannsókna sem hæstv. félagsmálaráðherra kynnti nýverið er ekki hægt að túlka öðruvísi en sem áfall fyrir jafnréttisbaráttuna. Þessi niðurstaða speglar algera stöðnun og að okkur hefur ekkert miðað á síðustu 12 árum til að eyða kynbundnum launamun. Könnunin staðfesti um 16% kynbundinn launamun og einnig að bil milli þeirra sem hæstu og lægstu tekjurnar hafa hafi aukist en þar kemur fram að hæstu dagvinnulaun með aukagreiðslum á klukkustund eru nærri 26 sinnum hærri en þau lægstu.

Þegar heildarlaun eru skoðuð eru konur með tvo þriðju af launum karla. Þessi könnun segir líka að laun kvenna í þjónustustörfum eru aðeins 55% af launum karla í sömu störfum og hlutur kvenna í stjórnunarstörfum er líka rýrari en karla. Miklu fleiri konur en karlar eru enn fremur á strípuðum launatöxtum. Þetta er köld kveðja, nú þegar 45 ár eru liðin frá því að lög voru sett um launajafnrétti kynjanna, og högg í andlit þeirra sem unnið hafa árum og áratugum saman að því að sporna gegn launamisréttinu. Staðan er því

grafalvarleg því það er ekkert annað en mannréttindabrot að greiða konum lægri laun fyrir sömu störf. Það er skylda stjórnvalda og krafa þeirra kvenna sem beittar eru þessu launamisrétti að ríkisvaldið gangi á undan með góðu fordæmi og taki hart á þessum launamun. Það hefur ríkisvaldið ekki gert því að launamunur viðgengst líka hjá ríkinu eins og á opinbera markaðnum í gegnum alls konar fríðindi, bílastyrki og viðbótargreiðslur. Staðreyndin er því sú að ríkið hefur ekki síður brotið jafnréttislög en atvinnurekendur á almenna markaðnum. Það liggur fyrir að viðbótarlaunagreiðslur sem helst koma fram í yfirvinnugreiðslum hjá ríkinu þar sem ekki er krafist vinnuframlags og eru einhliða ákvarðaðar af forstöðumönnum ríkisstofnana renna í miklu meira mæli til karla en kvenna. Á árinu 2002 fengu t.d. konur aðeins 56% af þeirri fjárhæð sem karlar fengu í viðbótarlaun. Aðeins rúmlega 200 konur en 550 karlar fengu á því ári einingagreiðslur og þóknanir, og 445 konur og 702 karlar fengu akstursgreiðslur sem í einhverjum tilvikum eru notaðar sem viðbótarlaun.

Hvað gerir ríkisvaldið í þessu? Nákvæmlega ekki neitt, virðulegi forseti. Síðast þegar ég athugaði málið voru engar samræmdar reglur til í ríkiskerfinu um þessar greiðslur þó að Ríkisendurskoðun hafi kallað eftir þeim, m.a. til að sporna við því að þessar greiðslur gangi í miklu meira mæli til karla en kvenna. Ég verð að segja að viðbrögð hæstv. félagsmálaráðherra eftir að stöðnunarskýrslan var kynnt sem staðfesti að troðið var á mannréttindum kvenna með kynbundnum launamun ollu mér vonbrigðum. Hæstv. félagsmálaráðherra fór bara kurteislega fram á þátttöku stjórnenda fyrirtækja við að minnka launamun kynjanna og hann boðaði samtöl við Samtök atvinnulífsins um þessi mál og vonaðist eftir árangri.

Ég spyr: Hefur ráðherra tekið eftir því sem Runólfur Ágústsson, rektor Háskólans á Bifröst, sagði á málþingi um launajafnrétti, að með sömu þróun og verið hefur undanfarin ár mundi það taka 581 ár að ná fram launajafnrétti kynjanna? Nei, hæstv. ráðherra verður að skilja að það þarf róttækar aðgerðir til að ná árangri í því að jafna launamun kynjanna.

Ráðherra boðaði líka að málið yrði rætt í ríkisstjórn og að frekari aðgerðir væru fyrirhugaðar. En ég spyr: Hvaða aðgerðir, virðulegi forseti, hvaða aðgerðir? Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari því í þessari umræðu. Það er ekki lengur hægt að bíða eftir aðgerðum. Konur hafa beðið í marga áratugi eftir því að sjá árangur í þessu máli. Ég spyr: Er ráðherra reiðubúinn að setja fullan kraft í gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir til að ná fram launajafnrétti kynjanna sem Alþingi samþykkti árið 2004 að yrði gert?

Ég spyr líka: Er ráðherra reiðubúinn að beita jákvæðri mismunun sem heimil er samkvæmt jafnréttislögum? Er ráðherra tilbúinn að leggja til í ríkisstjórn að í næstu kjarasamningum verði gert sérstakt átak til að leiðrétta launamun kynjanna og til þess lagt sérstakt fjármagn? Það er mikilvægt að það verði gert. Reykjavíkurborg gerði þetta í tíð Reykjavíkurlistans með þeim árangri að kynbundinn launamunur minnkaði um helming. Hæstv. ráðherra á auðvitað að nýta þær leiðir sem árangursríkar hafa reynst.

Ég spyr líka ráðherra: Er hann reiðubúinn til að beita sér fyrir því að afnema launaleyndina? Í þessari rannsókn kom fram að það væri mat margra að launamisréttið þrifist miklu betur í skjóli launaleyndar og margir telja að hún geri stjórnendum auðveldara fyrir að hygla fólki á faglegum grunni. Ég veit að viljann vantar ekki hjá ráðherranum (Forseti hringir.) en það eru aðgerðir sem vantar og ég kalla eftir þeim hjá hæstv. ráðherra.

[15:47]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að taka þetta mál upp, reyndar öðru sinni. Ég vil í fyrsta lagi segja að það var í rauninni stór ákvörðun og mjög góð að ráðast í þá viðamiklu launakönnun sem hér er til umræðu og það er ljóst að niðurstöður hennar hafa þegar vakið upp mikilvæga umræðu um þessi mál. Ég vil ekki draga úr því að niðurstöðurnar ollu bæði mér og öðrum miklum vonbrigðum og þær staðfesta þá stöðnun sem virðist vera ríkjandi í jafnlaunamálum hér á landi og í nágrannalöndum okkar.

Ég vil hins vegar undirstrika að sem betur fer má finna jákvæðar vísbendingar um að breytinga megi vænta varðandi áhrif fjölskylduábyrgðar á vinnumarkaði hér á landi. Það eru að mínu mati stóru tíðindin í niðurstöðum könnunarinnar að svo virðist sem löggjöf um þriggja mánaða fæðingarorlof feðra, sem við alþingismenn samþykktum og studdum og hefur vakið athygli víða um heim, sé að hafa mælanleg áhrif á fjölskylduábyrgð og þar með stöðu kynjanna á vinnumarkaði hér á landi. Þá koma fram vísbendingar um að yngsta kynslóð kvenna, á aldrinum 15–25 ára, hafi annað hugarfar og sé reiðubúin að gera aðrar kröfur en fyrri kynslóðir virðast gera. Það er í mínum huga mikilvægt og ég fagna því að sjálfsögðu persónulega að ég geti vænst þess að dóttir mín sé í þeim hópi og verði jafnákveðin og bróðir hennar að sækja þennan sjálfsagða rétt, þessi mannréttindi sér til handa.

Hv. fyrirspyrjandi spyr til hvaða aðgerða ég hyggist grípa og ég vil tiltaka eftirfarandi atriði af þeim fjölmörgu sem upp hafa komið í umræðu í félagsmálaráðuneytinu. Mér finnst augljóst að ábyrgðin sé þeirra sem ákvarða launin. Ég stóð fyrir góðri ráðstefnu um könnunina í síðustu viku í Háskólanum á Bifröst þar sem leiddir voru að borðinu fulltrúar launafólks og vinnuveitenda ásamt fulltrúum einkafyrirtækja sem eru til fyrirmyndar þegar jafnlaunamál eru annars vegar. Þar kom fram mikill samhljómur og upplýsingar um ýmsar raunhæfar aðgerðir sem unnið er að innan ólíkra fyrirtækja og hugmyndir sem áhugavert verður að fylgjast með og vinna frekar úr.

Ég mun líka kalla til mín valinn hóps fólks sem hefur gríðarlega þekkingu og reynslu þegar launajafnréttismál eru annars vegar. Ég vil fá það í lið með mér við að draga fram þau tæki sem við teljum að séu áhrifaríkust. Þetta gerist á næstu dögum. Ég hef jafnframt kynnt málið í ríkisstjórn og hvatt ráðherra til aðgerða á vegum ráðuneyta sinna og það hefur hlotið góðar undirtektir og því verður fylgt eftir. Þá bind ég miklar vonir við að þverpólitísk nefnd, sem vinnur nú að endurskoðun jafnréttislaganna undir stjórn Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, skili mér góðum tillögum í þessu efni en nefndin hefur sérstaklega

kynnt sér hinar ítarlegu niðurstöður sem liggja fyrir í umræddri rannsókn. Loks vil ég nefna að ég hef nýverið fengið öfluga konu til liðs við okkur í nefnd um vottun jafnra launa og ég bind vonir við að sú nefnd skili mér tillögum um vottun og önnur tæki sem gagnast geta vinnumarkaðnum.

Varðandi fyrirspurn um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum hef ég falið jafnréttisráði að vinna slíka framkvæmdaáætlun en get á þessu stigi ekki fullyrt hvenær endanlega áætlunin liggur fyrir.

Við yfirstandandi endurskoðun jafnréttislaganna óska ég eftir að farið verði yfir skilgreiningar í lögunum, t.d. hvað er sérstök aðgerð og hvað er jákvæð mismunun í 22. gr. laganna. Hér á landi hefur verið unnið að sérstökum aðgerðum til að koma á jafnrétti en jákvæðri mismunun hefur lítið verið beitt og hefur í sumum tilfellum þótt orka tvímælis. Ég vil að aðilar vinnumarkaðarins geri allt sem í þeirra valdi stendur til að koma á launajafnrétti. Ábyrgðin er fyrst og fremst hjá þeim sem taka ákvarðanir um laun einstakra starfsmanna á hverjum stað fyrir sig. Hvaða leið er best verður að kanna í þaula með þeim aðilum sem málið varðar.

Ég hef lýst því yfir að ég ætli að boða aðila vinnumarkaðarins á fund um launajafnréttismál og verður það gert mjög fljótlega. Ég vil að aðilar vinnumarkaðarins axli ábyrgð á þessum vanda og taki fullan þátt í að leysa hann. Ég er fylgjandi róttækum aðgerðum í þessum efnum sem vænlegar eru til árangurs og vil ræða það með opnum huga með lausnir að markmiði. Ég sé fyrir mér að sú leið sem hv. þingmaður nefnir hér í dag verði ein af þeim sem komi til álita. Öðrum hugmyndum hefur líka verið varpað fram svo sem að afnema launaleynd og að sérstakt fé verði sett til hliðar í kjarasamningum til þess að leiðrétta kynbundinn launamun. Þessi mál vil ég ræða opinskátt við aðila vinnumarkaðarins, enda er ríkt hefð fyrir slíku samráði í félagsmálaráðuneytinu sem fer með vinnumarkaðsmálin sem að verulegu leyti byggjast á þessu þríhliða samráði.

Ég lýsi því yfir við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ég er reiðubúinn að beita mér í þessu máli til að leiðrétta kynbundinn launamun hjá hinu opinbera. Þar verða auðvitað fjármunir að fylgja og ég vil nefna hér að sérstakir fjármunir voru teknir til hliðar við gerð síðustu kjarasamninga gagnvart SFR og verið er að vinna að útfærslu þeirra mála. Það er skoðun mín að hinu opinbera beri að sýna gott fordæmi. Það hef ég sagt áður og ítreka enn og aftur hér.

[15:52]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefði að sjálfsögðu verðskuldað mun lengri tíma en hér er gefinn og það hefði auðvitað átt að vera í verkahring hæstv. forseta að sjá til þess að umræðan hefði fengið lengdan tíma því að hér liggur okkur mikið á hjarta.

Ég verð að segja að mér finnst hæstv. ráðherra fremur linur í yfirlýsingum sínum varðandi þetta mál. Það hef ég reyndar sagt áður. Þó að hann taki sér nú í munn þetta hugtak að hann sé hlynntur róttækum aðgerðum — ég fagna því — þá hef ég ekki mikla trú á að þær róttæku aðgerðir nái fram að ganga eða skipti sköpum því að einu hugmyndirnar sem koma frá hæstv. ráðherra eru nefndir, ráðstefnur, áætlanir, kannanir og þríhliða samráð.

Hæstv. forseti. Síðan 1961 hefur verið bannað með lögum að mismuna fólki á grundvelli kynferðis í launagreiðslum. Það hefur verið gert fram á þennan dag og það er ekkert að lagast, ekkert að lagast á síðustu tólf árum. Þau duga því ekki meðulin sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að reyna að nýta í þessa veru. Hún segist vera öll af vilja gerð en sannleikurinn er sá að það þarf að gera miklu meira. Launamunur kynjanna er birtingarmynd af skakkri valdastöðu í samfélaginu og verður að skoðast í því ljósi. Launamisrétti verður ekki slitið úr samhengi við stöðu kvenna að öðru leyti í samfélaginu. Í samfélagi þar sem það er viðtekið sjónarmið að karlmenn hafi yfirburði umfram konur þrífst launamismunun. Það er því eðlilegt að spurt sé: Hver eru svo tengsl þessa launamismunar og t.d. kynbundins ofbeldis eða kynbundinna stöðuveitinga? Eru t.d. einhver tengsl þarna á milli?

Í sannleika sagt er launamununrinn hluti af valdbeitingu sem konur verða fyrir í þessu samfélagi. Þess vegna verður ríkisstjórnin að taka miklu betur á og fara miklu dýpra í saumana á málunum til að hægt sé að ná hér fram leiðréttingu. Ef vilji er fyrir hendi verður að fara dýpra en hæstv. ráðherra leggur til núna. (Forseti hringir.) Ég bendi hæstv. ráðherra á þingmál stjórnarandstöðunnar sem leggur til róttækar (Forseti hringir.) aðgerðir í þessum málum og krefst þess að hann komi með okkur á vagninn.

[15:54]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem nú fer fram um launamun kynjanna sem orðið hefur í kjölfar könnunar um launamyndun og kynbundinn launamun sem gerð var fyrir félagsmálaráðuneytið.

Það er áfall fyrir jafnréttissinnað fólk að ekki hafi dregið úr launamun kynjanna. Góðu fréttirnar í þessari könnun eru þó að ákveðnar breytingar hafa orðið á síðustu tólf árum varðandi starfsumhverfi og starfshætti í fyrirtækjum. Þannig hefur vinnutími karla og kvenna styst, konum í fullu starfi hefur fjölgað og viðhorf þeirra til vinnunnar breyst. Þá er ljóst að launamunur kynjanna meðal stjórnenda hefur minnkað sem sýnir ákveðinn árangur. Aukin ábyrgð og menntun kvenna virðist skila sér í meira mæli í bættum kjörum en áður var.

Í fyrri könnun frá 1994 kom fram að fjölskylduábyrgð dró úr áhuga kvenna á ábyrgðarstörfum eða stöðuhækkunum en jók áhuga karla. Samkvæmt þessari könnun er þetta ekki lengur raunin og má ekki síst rekja þessa þróun til breytinga á fæðingarorlofslögunum sem hafa bætt stöðu kvenna á vinnumarkaði til muna. Á því má sjá að ákvarðanir stjórnvalda hafa áhrif í jafnréttismálum.

Þá má telja það jákvætt að opinberar stofnanir hafa staðið sig betur en fyrirtæki á almenna markaðnum í þessum efnum. Þar er launamunur kynjanna mun minni en á almenna markaðnum. Það segir okkur að barátta stéttarfélaga opinberra starfsmanna og eftirlit þeirra með launamyndun hjá hinu opinbera hafi, ásamt breyttum viðhorfum með ríkisrekstri, í einhverju skilað árangri þótt betur megi ef duga skal.

Vondu fréttirnar eru hins vegar að þessar breytingar hafa ekki orðið til þess að almennt hafi dregið úr launamun kynjanna. Þegar tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma er óútskýrður munur á launum karla og kvenna um 16%, nánast sá sami og var fyrir tólf árum. Sú staða er óviðunandi. Boltinn er nú ekki síst hjá fyrirtækjum á hinum almenna markaði. Þau þurfa að svara fyrir það hvers vegna þau meta framlag karla til fleiri aura en kvenna. Það dugir ekki lengur að skella skuldinni á konur að þær sæki ekki nægilega fram þegar laun eru annars vegar. Við þá skýringu má ekki sitja og því skora ég á stéttarfélög og atvinnurekendur að taka höndum saman og (Forseti hringir.) útrýma þessum kynbundna launamun sem er sorgleg staðreynd.

[15:56]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum höfnum kynbundnum launamun, við teljum algerlega óásættanlegt að hann sé við lýði en það er ýmislegt sem bendir til þess að svo sé, m.a. sú könnun sem hér er vitnað til.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til og leitað leiða til þess að skorin verði upp herör gegn launamun, m.a. lagt fram frumvarp um að ekki verði hægt að leyna hverjar launagreiðslur eru þegar grunur er uppi um kynbundinn launamun. Það þarf einfaldlega að koma þessum málum upp á borðið.

Það var jákvætt að heyra hæstv. ráðherra taka mjög jákvætt í þetta frumvarp. Ég er ekki viss um að hann sé svo linur en hann hefur vissulega Sjálfstæðisflokkinn í eftirdragi og þar er eflaust skýringa að leita, Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki hleypa þessu frumvarpi í gegnum þingið en það kom fram í umræðunni að Framsóknarflokkurinn er jákvæður. Við verðum að virða það í stjórnarandstöðunni þegar Framsóknarflokkurinn ratar á að gera eitthvað skynsamlegt.

Komið hefur fram að þessi óútskýrði launamunur sé 15,7% en rannsóknir á niðurstöðum sem þessum, á milli tveggja hópa sem vinna ekki nákvæmlega sömu störf heldur jafnvel mjög ólík störf, eru vandasamar og byggjast vissulega á þeirri aðferð sem notuð er. Þess vegna er ég ekki viss um að þessi launamunur sé akkúrat 15,7% heldur liggi á einhverju ákveðnu bili og því eigum við að nálgast þessa umræðu sem slíka.

Ég ætla að gera að umtalsefni annan mun sem er að aukast og það er launamunurinn almennt í samfélaginu. Það hefur komið fram, m.a. nýlega í svari hæstv. fjármálaráðherra, að Gini-stuðullinn er að hækka. Það væri fróðlegt að fá afstöðu hæstv. félagsmálaráðherra (Forseti hringir.) til þess hvað hann vilji í rauninni að þessi launamunur (Forseti hringir.) í landinu verði mikill.

[15:59]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra segir að það ríki stöðnun í jafnlaunamálum. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra, hér hefur ríkt stöðnun mjög lengi.

Eins og fram hefur komið var það fest í lög árið 1961 að kynin skyldu hljóta sömu laun fyrir sömu störf og eins og fram hefur komið mun það taka á þessum hraða 581 ár að koma á jöfnum launum á milli karla og kvenna á Íslandi. Við höfum bara ekki svona mikinn tíma, hæstv. forseti.

Hvað ætlar hæstv. félagsmálaráðherra að gera? Hann er enn þá að velta fyrir sér lykilhugtökum í lögum um jafnrétti kynjanna, hugtökum eins og jákvæðri mismunun, sem oftast er kölluð forgangsreglan. Hann þarf ekki annað en að hringja eitt símtal í Háskóla Íslands til að fá svar við því hvað það þýðir og hvernig það virkar í íslenskum lögum og hvernig það á að nota samkvæmt íslenskum lögum.

Annað sem ráðherra þyrfti að kynna sér betur er hvernig maður kemur á launaleynd. Fyrir liggja skýrar tillögur um lögvarinn rétt launþega til þess að greina þriðja aðila frá launum sínum. Launaleynd verður ekki komið á með öðrum hætti, hæstv. forseti. Það liggur algjörlega fyrir og þarf ekkert að velta lengur fyrir sér í ráðuneyti félagsmála hvernig það beri að gera.

Í þriðja lagi þarf að endurbæta jafnréttislögin með þeim hætti að raunveruleg viðurlög séu við því að brjóta þau skv. 22. gr. laganna, að menn finni fyrir því í fyrirtækjum landsins, hvort sem það eru opinberar stofnanir eða einkafyrirtæki, þegar þeir brjóta lög á þessu sviði eins og öðrum. Öðruvísi mun það taka okkur 581 ár að ná hér jöfnum launum kynjanna, hæstv. forseti.

[16:01]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að taka til umræðu hér á þingi þetta mikla óréttlæti sem ríkir í samfélagi okkar sem launamunur kynjanna er.

Ég verð að taka undir með hæstv. félagsmálaráðherra, niðurstöður launakönnunarinnar um launamun kynjanna ollu mér miklum vonbrigðum. Niðurstöðurnar ollu mér vonbrigðum vegna þess að stefna þessarar ríkisstjórnar hefur verið að eyða kynbundnum launamun. Við höfum leitað til þess ýmissa leiða. Lagaumhverfið hefur verið bætt, jafnréttisáætlunum komið á og hin ýmsu átök verið sett af stað.

Stærsta framlag til jafnréttisbaráttunnar og atlagan að kynbundna launamuninum eru svo auðvitað lögin um jafnan rétt foreldra til fæðingarorlofs. Þau jákvæðu teikn sem þó má finna í áðurnefndri launakönnun Capacents lúta einmitt að fæðingarorlofinu en í henni kom fram að 70% viðmælendanna teldu að áhrif þeirra laga væru að koma fram.

Fæðingarorlofið nýta sér 90% feðra sem sýnir að löggjöfin er farin að virka og litið er til áhrifa hennar um allan heim. Jafnframt má finna jákvæðar vísbendingar um að breytinga megi vænta varðandi áhrif fjölskylduábyrgðar á vinnumarkaði hérlendis og þar með á stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Ég fagna því að viðhorfsbreyting virðist eiga sér stað, eins og sést í könnun meðal ungra kvenna á aldrinum 15 til 25 ára. Þær gera að sjálfsögðu sömu kröfur og karlkyns jafnaldrar þeirra.

Frú forseti. Fram hafa komið í umræðunni hér í dag og í þeirri sem við höfum auðvitað oft áður tekið ýmsar hugmyndir og tillögur, sumar róttækar og aðrar ekki, sem allar hafa það að markmiði að eyða launamun kynjanna. Mér

finnst fyrir mitt leyti að við eigum að taka jákvætt í allar þessar hugmyndir og tillögur. Við höfum hreinlega ekki ráð á því að hafna neinum lausnum. Við öll sem hér erum og samfélagið í heild sinni viljum eyða þessu óréttlæti sem kynbundinn launamunur er. Tökum nú höndum saman og göngum endanlega frá því.

[16:03]

**Álfheiður Ingadóttir:**

Frú forseti. Já, göngum í verkin, sagði síðasti ræðumaður hér, og bíðum ekki fram til ársins 2588 í þetta 581 ár sem hér hefur oft verið nefnt, og að vonum. Að teknu tilliti til leiðréttinga, segir hér, þar sem horft er fram hjá veikri stöðu kvenna á vinnumarkaði hefur nú verið staðfest að launamunurinn er 15,7% en var 16% árið 1994. Í 12 ár hefur ekkert haggast. Þannig verður þetta áfram ef ekkert verður að gert.

Við getum ekki sætt okkur við þennan smánarblett á íslensku samfélagi og íslenskum vinnumarkaði. Allra síst getum við það þar sem hann snýr að ríkisstarfsmönnum, og ég er ein þeirra. Með þeim leiðréttingum sem hér eru kynntar er verið að horfa fram hjá, eins og ég sagði, veikri stöðu kvenna á vinnumarkaði. Það er verið að þurrka út mismuninn sem er á stöðu karla og kvenna í þessu samfélagi. Konur verða því miður ekki bara fyrir þessu misrétti á vinnumarkaði heldur í allri samfélagsgerðinni.

Þessi munur er nefnilega miklu meiri en 15,7% og það vitum við öll. Konur hafa ekki mannaforráð. Þær fá ekki yfirvinnu. Þær fá ekki stjórnunarstöður. Þær hafa ekki bílastyrki. Þær hafa ekki sporslur. Þær hafa ekki símapeninga. Þær víkja út af vinnumarkaði vegna veikinda annarra í fjölskyldunni. Það hefur aftur áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaði. Það hefur áhrif á lífeyrisréttinn, veikindaréttinn, bætur vegna slysa o.s.frv. Hvað eigum við að gera? Eigum við að stinga höfðinu í sandinn og láta eins og ekkert sé? Eða eigum við að grípa til aðgerða sem þekktar eru, aflétta launaleyndinni fyrst og fremst og að ríkið gangi eftir fordæmi Reykjavíkurlistans (Forseti hringir.) með markvissum aðgerðum? (Gripið fram í.)

[16:05]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Niðurstaða rannsóknarinnar á vegum félagsmálaráðuneytis var ákveðið áfall fyrir alla þá sem vilja jafnrétti kynjanna. Hún náði reyndar bara til átta fyrirtækja en gefur örugglega rétta mynd af því sem er að gerast á markaðnum almennt og er reyndar staðfest í skattframtölum. En hún tekur einungis til sömu starfa í fyrirtækjunum. Hún tekur ekki til þess, sem ég held að skipti miklu meira máli, framgangsins. Hversu margar konur eru verkstjórar, forstjórar og í stjórnum fyrirtækja? Það vantar alveg inn í þetta. Munurinn er meiri en 16%. Hann er töluvert meiri.

Þetta misrétti veldur óréttlæti. Þetta misrétti veldur því að fólk er svekkt, vonlaust og missir metnað innan fyrirtækjanna. Það er mjög skaðlegt. Þjóðin nýtir ekki þann mannafla sem býr í konum. Þetta gefur þjóðinni í heild sinni minni arðsemi. Þó að fæðingarorlofið sýnist hafa bætt stöðuna eitthvað dugar það ekki til. Ég hélt að það mundi bæta stöðuna meira.

En þetta er ekki að mínu mati vandi löggjafans. Við erum búin að gera allt til að jafna stöðuna gagnvart lögum. Vandinn er hjá þeim sem ákveður launin, launagreiðandanum, og launþeganum sjálfum. Vandinn er líka hjá honum. Vandinn eru fordómar gagnvart konum, bæði hjá karlmönnum og konum. Ég hvet allar konur til þess að krefjast hærri launa, eins og karlmenn gera. (**ÁI:** Þær hafa gert það, Pétur.) Þær eiga að gera enn meira af því, eins og karlmenn hafa gert. (Gripið fram í.) Þær eiga að vera vissar um að þær geti orðið forstjórar, verkstjórar, stjórnarformenn og farið í stjórnir fyrirtækja. Nákvæmlega eins og karlmenn telja sig hafa hæfileika til.

[16:07]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Það væri ósanngjarnt að segja annað en að það hafi örlað á vilja hjá hæstv. ráðherra til að taka á þessum málum. Ýmislegt sem hæstv. ráðherra nefndi gefur nú vonir um að ráðherra ætli að fylgja þessu eftir. Það er kannski ástæða til að gefa ráðherranum þá tækifæri til þess á næstu vikum að hrinda því í framkvæmd sem hæstv. ráðherra nefnir hér.

Hann er fylgjandi róttækum aðgerðum. En hvaða aðgerðum? Hann vill skoða með opnum huga jákvæða mismunun. Hæstv. ráðherra vill skoða með opnum huga að afnema launaleyndina. En hæstv. ráðherra verður að sýna í verki að hann sé tilbúinn til þess.

Ég fagna því auðvitað að hæstv. ráðherra hefur sett af stað þessa framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram launajafnrétti sem var samþykkt hér á Alþingi. En ég spyr: Hvenær megum við vænta þess að þessari framkvæmdaáætlun verði hrint af stað? Það er það sem skiptir máli og ég spyr hæstv. ráðherra um það.

En það er alveg ljóst að ráðherrarnir sjálfir verða að hreinsa til heima hjá sér og sópa ekki öllu undir teppi. Málið er það að launamisrétti viðgengst hjá hinu opinbera. Ég fór inn á það áðan að viðbótarlaun sem eru háð geðþóttaákvörðun forstöðumanna renna í miklu meira mæli til karla en kvenna. Ég skora á hæstv. ráðherra að ræða nú við hæstv. fjármálaráðherra um að settar verði samræmdar reglur um þessar viðbótarlaunagreiðslur. Það hafði ekki verið gert síðast þegar ég vissi.

Hér er oft nefnt fæðingarorlofið. En það er vitað að ríkisstjórnin er á góðri leið með að eyðileggja fæðingarorlofslögin með því að lengja viðmiðunartímann sem útreikningar til fæðingarorlofs byggja á. Ég skora á hæstv. ráðherra að laga það.

Það er alveg ljóst líka að konur í stjórnunarstöðum eru einungis 5% hjá 50 stærstu fyrirtækjunum á hlutabréfamarkaði og sama hlutfall er hjá lífeyrissjóðunum. Því þarf að breyta, og það með lögum ef með þarf. Við skulum muna að það er ekki bara hagsmunamál kvenna. Það er líka hagsmunamál karla að við náum fram jafnrétti kynjanna (Forseti hringir.) og það er leiðin til þess að jafna fjölskylduábyrgð líka. Það er allra hagur að þetta sé gert og ég skora á ráðherrann að bretta nú upp ermarnar.

[16:10]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa umræðu og vil byrja á því að taka undir niðurlag ræðu síðasta hv. þingmanns um að við þurfum að sjálfsögðu að bretta upp ermar og taka á þessum málum. Hvort ég er harður eða linur er út af fyrir sig kannski ekki stóra málið. Aðalmálið er að við náum árangri.

Ég skil vel að hv. þingmönnum sem hér hafa talað sé mikið niðri fyrir. Það er mér einnig. Út af fyrir sig er allt í lagi að hv. þingmenn skammi mig fyrir þetta, ef það léttir eitthvað á er það bara í góðu lagi. (Gripið fram í.) Ég fagna því að geta komið til hjálpar öllum sem líður illa.

Í þessari umræðu hafa komið fram ýmsar ábendingar. Hér hefur verið bent á tillögur o.s.frv. Að sjálfsögðu er eðlilegt að skoða það allt saman. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir bauð mér upp á vagninn með Vinstri grænum. Við skulum bara ræða það síðar hvort af því verður. Engu að síður er auðvitað margt sem hefur komið fram hér í þessari umræðu.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan. Ég hyggst kalla til samstarfs aðila sem að þessum málum koma. Það eru aðilar vinnumarkaðarins og ýmsir aðilar sem hafa unnið að þessum málum og ég veit að hafa náð árangri. Að sjálfsögðu eigum við að leita til þeirrar reynslu sem þar liggur, og þeirrar þekkingar. Mér finnst það einboðið og það munum við gera.

En ég vil líka rifja hér upp, af því að rætt hefur verið um launamálin hjá ráðuneytunum, að hjá félagsmálaráðuneytinu var farið sérstaklega yfir þessi mál fyrir einhverju síðan. Ég tel að sú vinna geti verið og eigi að vera góð fyrirmynd fyrir önnur ráðuneyti og aðrar opinberar stofnanir. Við getum auðvitað lagt ýmislegt til í þessu.

Þetta er samfélagslegt mál, þetta er mannréttindamál og við eigum auðvitað öll að taka á í þessu. Ekki skal standa á mér að reyna að virkja þann kraft sem í samfélaginu býr til að ná meiri árangri í þessu máli. Það er einfaldlega það sem við verðum að gera. Auðvitað eiga ekki að líða 500 ár eða meira, eins og hér hefur komið fram. Það er alveg út í hött. Helst vildi ég að við næðum þessu á fimm árum.

[Fundarhlé. — 16:12]

## *Teikning af legu raflínu frá Skagafirði til Húsavíkur.*

Fsp. AKG, 235. mál. — Þskj. 238.

[18:00]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Virkjun Jökulsánna í Skagafirði hefur verið nokkuð til umræðu undanfarin ár og tengist hugsanlegri stóriðju í héraðinu. Rannsóknarleyfi hefur verið úthlutað vegna Villinganesvirkjunar og er umhverfismati lokið fyrir nokkru. Sá virkjunarkostur er því tilbúinn fyrir framkvæmdir með skömmum fyrirvara ef viðkomandi leyfi fást.

Virkjunin, ef af verður, veldur óbætanlegum skaða á gljúfrum Austari Jökulsár, gefur litla orku og auk þess er ekki þörf fyrir orkuna í Skagafirði jafnvel þótt ráðist yrði í byggingu meðalstórs iðnfyrirtækis þar. Það er ljóst að yfirgnæfandi hluti þeirra heimamanna sem tekið hafa afstöðu í þessu máli telja virkjun því aðeins koma til greina að orkan sem þannig fengist verði nýtt til atvinnuuppbyggingar í héraðinu. Engar líkur eru á stóriðjuframkvæmdum í Skagafirði í fyrirsjáanlegri framtíð. Vonandi kemur aldrei til þeirra þar sem þær mundu eyðileggja stórkostlega náttúru, hafa í för með sér spjöll á láglendi og óshólmum Héraðsvatna, strandlengjan færðist inn og dýralíf og vatnabúskapur Héraðsvatna gjörbreyttist og minnkaði.

Ég hef rætt við aðila í Skagafirði sem hefur tjáð mér að honum hafi verið sýnd teikning í iðnaðarráðuneytinu af raflínu frá virkjunum í Skagafirði til Húsavíkur. Það er ekki í samræmi við vilja meiri hluta heimamanna í Skagafirði, eins og ég kom að áðan. Heimamenn vilja að orkan verði nýtt í héraðinu ef af virkjun yrði.

Ég tel nauðsynlegt að fá staðfest hvort viðkomandi teikning er til í ráðuneytinu og spyr því:

Er til teikning í ráðuneytinu af legu raflínu frá virkjun í jökulám Skagafjarðar til Húsavíkur? Ef svo er, hver var tilgangurinn með gerð hennar?

[18:03]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Fyrirspyrjandi, hv. þingmaður hefur gert grein fyrir spurningu sinni.

Því er til að svara að lauslegir uppdrættir eru fyrir hendi í gögnum sem ráðuneytinu hafa verið send.

Síðasta vetur vann iðnaðarráðuneytið í samvinnu við sveitarfélög í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslu að staðarvalsathugunum fyrir hugsanlegt álver á vegum Alcoa. Til athugunar voru staðsetningar við Bakka við Húsavík, Dysnes í Eyjafirði, Brimnes í Skagafirði og auk þess Eyjarey í Húnavatnssýslu. Til hliðsjónar var haft að möguleikar á orkuöflun fyrir slík iðjuver eru til staðar í Skagafirði og Þingeyjarsýslu auk orku frá Blönduvirkjun sem hagstætt kynni að vera að nýta á vesturhluta svæðisins.

Staðarvalsathuganirnar beindust að allmörgum þáttum sem áhrif geta haft á innbyrðis val milli álíka góðra kosta. Hér er um að ræða atriði eins og athuganir á veðurfari, almennri jarðfræði, gróðri, dýralífi, líkum á jarðskjálftum og annars konar náttúruvá, menningarverðmætum, hafnarskilyrðum og kostnaði við hafnargerð. Hluti af slíku samanburðarmati á staðsetningu fyrir orkufrekan iðnað er augljóslega að meta hvar orkuöflun er möguleg og hvaða leiðir gætu hentað til að flytja orkuna frá framleiðslustað til notenda. Þessi vinna var ekki á hendi ráðuneytisins eða sveitarfélaganna heldur unnin af Alcoa í samstarfi við Landsnet og ráðgjafarfyrirtæki.

Staðarvalsvinna er algjör frumvinna og strikun hugsanlegra línuleiða á kort hefur aðeins þann tilgang að gera samanburð, kostnaðaráætlanir og meta sjónrænt vegalengdir og augljósar hindranir sem áhrif hafa á kostnað. Að baki þessu liggja engar rannsóknir eða könnun á línuleiðum. Þessar skematísku teikningar, byggðar á upplýsingum frá Landsneti, eru til í greinargerð sem Alcoa afhenti sem vinnugögn og var hluti af framlagi fyrirtækisins í staðar-

valsvinnunni en hafa að öðru leyti enga aðra þýðingu. Teikningarnar eru með öðrum orðum, eins og áður segir, til í skjali í ráðuneytinu.

[18:05]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir góð og hreinskilin svör. Það var gott að fá fram svör hæstv. ráðherra því að þau sýna að í vinnunni hefur vilji heimamanna, sem er held ég öllum sem að koma algjörlega skýr, verið virtur að vettugi og þessi möguleiki settur fram, hvort sem það er teikning eða lauslegur uppdráttur. Það skiptir ekki máli, það hefur sem sagt verið lagt mat á þennan möguleika.

Það er mikilvægt að heimamenn í Skagafirði geri sér grein fyrir þessu, geri sér grein fyrir því að ef virkjunarkostir verða settir inn á samþykkt skipulag þá hafa þeir meira og minna misst allan yfirráðarétt yfir því hvernig orkan yrði nýtt. Þar með hefðu heimamenn einungis framkvæmdaleyfið í höndunum og það er allt of veikt til að hægt sé að nýta það gagnvart fyrirtækjum sem hafa farið í rannsóknir og hafa virkjunarleyfi í höndunum.

Þetta eru mikilvægar upplýsingar sem vonandi nýtast okkur sem viljum náttúruna í Skagafirði eins og hún er af hendi skaparans. Þess utan vona ég að það verði leitt í ljós hvernig virkjun Jökulsánna kæmi til með að hafa áhrif á lífríkið í neðanverðum Skagafirði, en það hefur því miður ekki verið nóg í umræðunni til þessa.

[18:07]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég held satt að segja, a.m.k. samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, að ályktanir hv. þingmanns séu alveg út í hött. Það er ekki hægt að draga þær ályktanir af tilurð þessara skematísku teikninga, þær voru einfaldlega gerðar við allt aðrar aðstæður og út frá allt öðrum sjónarmiðum en hún lýsti og nú eru uppi.

Umræðu lokið.

[18:08]

**Útbýting:**

Sóknarmark skipa, 168. mál, svar sjútvrh., þskj. 285.

## *Kröfur tryggingafélaga um upplýsingar.*

Fsp. KJúl, 172. mál. — Þskj. 172.

[18:08]

**Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):**

Virðulegi forseti. Þegar sótt er um líf- eða sjúkdómatryggingu hjá íslenskum tryggingafélögum þurfa umsækjendur að fylla út margar síður af upplýsingum um sig. Þar af er stór hluti upplýsinganna um heilsufar umsækjanda. Það er í sjálfu sér í lagi og alveg eðlilegt. En auk þess að svara spurningum um eigið heilsufar er umsækjanda gert að greina frá heilsufarssögu fjölskyldumeðlima, nánar tiltekið foreldra og systkina hafi þau fengið ákveðna sjúkdóma fyrir 60 ára aldur. Það finnst mér ekki í lagi og alls ekki eðlilegt.

Það kemur skýrt fram í vátryggingaskilmálum þegar sótt er um sjúkdómatryggingu að til grundvallar vátryggingarsamningnum liggi upplýsingar sem gefnar eru á vátryggingarbeiðnum, þar með talið umsóknareyðublöðum. Það er því skýrt hvað vakir fyrir tryggingafélögunum með því að spyrja um heilsufar nánustu fjölskyldumeðlima. Í áliti Persónuverndar, dagsettu 1. júní 2006, í máli nr. 103/2005, kemur fram að um þetta atriði hafi Persónuvernd spurt tryggingafélag, sem ekki er þó nafngreint, en í álitinu er vitnað í bréf frá tryggingafélaginu sem málið beindist að. Kemur í því svari skýrt fram hvers vegna þessara upplýsinga um heilsufar foreldra og systkina umsækjanda er krafist.

Vil ég því vitna beint í svarið, með leyfi forseta:

„Tilgangurinn með þeirri upplýsingaöflun er sem fyrr að leggja mat á áhættu félagsins af því að taka einstakling í tryggingu en sjúkdómar í nánustu fjölskyldu geta haft áhrif við það mat.“

Virðulegi forseti. Í stuttu máli er það sem hér er á ferðinni:

Í fyrsta lagi er umsækjandi krafinn upplýsinga um heilsufarssögu náinna ættingja án þess að þeir þurfi að gefa fyrir því samþykki.

Í öðru lagi er áhætta metin á grundvelli þeirra upplýsinga en það áhættumat liggur til grundvallar iðgjaldinu.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta algjörlega galið fyrirkomulag. Þetta er galið fyrirkomulag vegna þess að auðvitað er það persónugreinanlegt þegar um svo nána ættingja er að ræða. Það er ekki um marga foreldra að ræða. Þeir ættu auðvitað að þurfa að gefa skriflegt samþykki sitt fyrir því að slíkar upplýsingar séu gefnar af öðrum en þeim sjálfum. Þetta hefur Persónuvernd bent á og gerir það í áðurnefndu áliti.

Þetta er einnig galið fyrirkomulag vegna þess að þarna er dansað á mjög fínni línu hvað varðar lög um vátryggingarsamninga. Í 82. gr. þeirra laga frá árinu 2004 er kveðið á um að tryggingafélagi sé ekki heimilt að óska eftir upplýsingum um erfðaeiginleika manns og áhættu af því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóma. Í niðurlagi sömu greinar er svo kveðið á um að bannið nái ekki til athugunar á núverandi eða fyrra heilsufari mannsins eða annarra einstaklinga. Þetta gagnrýndi Læknafélagið mjög þegar lögin voru sett og Persónuvernd lagði til í umsögn sinni um málið árið 2004 til Alþingis að orðin „annarra einstaklinga“ bæri að fella út. Því er ég hjartanlega sammála og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði slíkt til við meðferð málsins hér inni á þingi.

Virðulegi forseti. Þarna eru lögin auðvitað mjög óskýr. Það er ljóst að tryggingafélögin eru að gefa sér erfðaþætti umsækjenda, annars væru þau ekki að spyrja að þessum þáttum. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra eftirfarandi spurninga:

1. Telur ráðherra að bregðast þurfi við því að tryggingafélög leggi hærri iðgjöld á þá sem eiga foreldra eða systkini sem hafa fengið ákveðna sjúkdóma og mismuni þannig neytendum á grundvelli persónuupplýsinga um aðra en tryggingartaka?

2. Kemur til greina að mati ráðherra að gera lagabreyt-

ingar þannig að tryggingafélögum verði ekki heimilt að krefja umsækjendur um tryggingar upplýsinga um heilsufar foreldra og systkina?

[18:11]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Fyrirspurn hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur varðar ákvæði í lögum um vátryggingarsamninga og ég tek þann kost að svara spurningunum tveimur sameiginlega.

Lög um vátryggingarsamninga gilda um viðskipti á frjálsum markaði. Þau gilda ekki um almannatryggingar né þær tryggingar sem lífeyrissjóðir kunna að bjóða félagsmönnum sínum. Á þessu tel ég rétt að hnykkja sérstaklega. Auk þess má nefna takmarkandi ákvæði um upplýsingagjöf í 82. gr. laga um vátryggingarsamninga svo og aðild Persónuverndar að einstökum málum.

Hin almenna regla í þeim löndum sem við miðum okkur við er sú að líftryggingafélögum er heimilt að krefjast upplýsinga um heilsu þess sem óskar persónutryggingar og heilsu nákominna ættingja til að félagið geti metið hvort auknar líkur séu á því að viðkomandi fái tiltekinn sjúkdóm. Bendi niðurstaða matsins til aukinnar áhættu tekur iðgjaldið mið af því og er hærra en ef viðkomandi áhættuþátt væri ekki að finna hjá vátryggðum. Raunar er það ein af grundvallarreglum vátryggingarreksturs að iðgjöld taki mið af vátryggðri áhættu.

Hlutdeild persónutrygginga af heildarvátryggingarmarkaðnum hér á landi hefur verið vaxandi hin síðari ár og er það ólíkt því sem áður var. Neytendur gera sér betur grein fyrir mikilvægi persónutrygginga og töluverð samkeppni hefur verið á milli innlendra og erlendra vátryggjenda á þessum markaði. Í ráðuneytinu hefur ekki komið sérstaklega til skoðunar að setja íslenskum líftryggingafélögum eða þeim erlendu félögum sem hér bjóða þjónustu þrengri skorður en félögum í samkeppnislöndum til að leggja mat á hina vátryggðu áhættu. Þröngar skorður á þessu sviði kunna enn fremur að leiða til aukins kostnaðar líftryggingafélaganna vegna endurtryggingarverndar og þar af leiðandi til hærri iðgjalda.

Svo ég dragi saman svarið tel ég ekki að bregðast þurfi við því að vátryggingartakar, sem metnir eru með aukna áhættu, greiði hærra iðgjald en þeir sem ekki eru taldir búa við þá áhættu. Um leið vísa ég aftur í takmarkandi ákvæði 82. gr. sem bæði ég og hv. þingmaður höfum áður nefnt. Það er ekki í ráði að vinna í ráðuneytinu að lagabreytingum sem setja líftryggingafélögum þrengri skorður um upplýsingaöflun en sambærileg fyrirtæki búa við í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

[18:15]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir fyrirspurnina. Þegar við settum ný lög um vátryggingarsamninga 2004, var þetta atriði mjög umdeilt, bæði í umsögnum og innan nefndarinnar. En ákveðin lending náðist og nú erum við komin með reynslu á þetta atriði og vil ég lýsa því sem minni skoðun að mér finnst vera ástæða til að endurskoða það. Mér er líkt og hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur nokkuð misboðið hversu langt tryggingafyrirtækin ganga í því að afla upplýsinga.

Hæstv. ráðherra kom inn á það áðan, sem eru mjög veigamikil rök, hvort hafa eigi þrengri skorður hér en erlendis. Það mundi leiða til hærri iðgjalda tryggingafyrirtækja sem leiðir auðvitað til hærri iðgjalda fyrir okkur. En hins vegar heyrir maður á fólki að því misbýður hversu langt tryggingafyrirtækin ganga og ég tel það ekki vera af hinu góða.

[18:16]

**Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni, Dagnýju Jónsdóttur, fyrir undirtektir hennar í þessu máli. Það er bara þannig, virðulegi forseti, að þegar spurt er um svo nána ættingja sem foreldra og systkini þá er það persónugreinanlegt. Þetta hefur komið fram í áliti Persónuverndar, áðurnefndu áliti sem ég nefndi í ræðu minni, að þetta er náttúrlega persónugreinanlegt. Það koma ekki margir til greina þegar verið er að ræða um foreldra.

Virðulegi forseti. Mér finnst gengið þarna of langt og það er auðvitað bara galið að umsækjandi um tryggingar sé krafinn um upplýsingar, vegna þess að honum getur hefnst fyrir það að veita ekki þessar upplýsingar þannig að hann hefur ekkert val. Hann er beinlínis krafinn um upplýsingar um þriðja aðila án þess að þriðji aðili þurfi að gefa nokkurt samþykki sitt fyrir því. Þetta er auðvitað galið fyrirkomulag og við verðum að taka þetta ákvæði upp og við verðum að endurskoða það.

Virðulegi forseti. Eins og ég kom inn á í ræðu minni vil ég fá svör við því hvort hæstv. ráðherra telji ekki að verið sé að dansa þarna á línu 82. gr. laga um vátryggingarsamninga en í mjög merkilegu áliti Persónuverndar um þetta mál kemur fram, með leyfi forseta:

„Ber hér að hafa í huga að margir algengir sjúkdómar orsakast af samspili erfða- og umhverfisþátta. Verður því að líta svo á að öflun upplýsinga um arfgenga sjúkdóma foreldra og systkina jafngildi öflun upplýsinga um erfðaeiginleika umsækjandans sjálfs. Verður enda vart komið auga á það í hvaða tilgangi öðrum tryggingafélag ætti að sækjast eftir upplýsingum um slíka sjúkdóma hjá einstaklingum."

Mér finnst því lögin og þessi 82. gr. í raun og veru hlægileg. Vegna þess að hún er lokuð í annan endann og svo opnast hún alveg upp á gátt í hinn endann. Til hvers erum við að setja svona lög, (Forseti hringir.) virðulegi forseti?

[18:18]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég held að það fari ekki á milli mála að þær ábendingar sem fyrirspyrjandi og hv. þm. Dagný Jónsdóttir hafa bent á eru gildar og málefnalegar og eiga rétt á sér. Ég vil benda á að ákvæði eru í gildandi lögum um málskot til svokallaðrar úrskurðarnefndar í vátryggingarmálum. Ég bind miklar vonir við að sá vettvangur verði nýttur af þeim sem telja sig ekki fá þá þjónustu sem þeir telja sig eiga rétt á eða hafa lent í því að umsókn þeirra um persónu-

tryggingu hafi t.d. verið hafnað.

Annað atriði sem rétt er að taka fram, og ég gerði reyndar ekki áðan, er að vinna er langt komin á vettvangi ráðuneytisins við frumvarp til að taka á álitamálum varðandi greinarmun á heilsufarsupplýsingum og upplýsingum sem kunna að vera fengnar úr erfðafræðirannsóknum.

Umræðu lokið.

## *Eldfjallagarður á Reykjanesi.*

Fsp. KolH, 198. mál. — Þskj. 199.

[18:19]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Þann 7. september síðastliðinn hélt Landvernd málþing í Norræna húsinu þar sem samtökin kynntu framtíðarsýn sína um Reykjanesskagann sem eldfjallagarð og fólkvang.

Á málþinginu var fjallað um þá fjölmörgu möguleika sem svæðið hefur upp á að bjóða með tilliti til náttúruverndar, útivistar, ferðaþjónustu og einnig með tilliti til nýtingar jarðvarma og jarðhitaefna.

Þarna talaði sægur mætra framsögumanna og farið var vítt yfir sviðið og þessi framtíðarsýn Landverndar kynnt á afar greinargóðan hátt. En í henni kemur það fram að þau sjá fyrir sér að á Reykjanesskaganum, þar með talið Hengilssvæðið, frá Þingvallavatni út á Reykjanestá og Eldey, verði stofnaður eldfjallagarður og fólkvangur. En þetta yrði einhvers konar hálfmáni sem væri í seilingarfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu þar sem njóta mætti útivistar og sömuleiðis þar sem náttúruvísindamenn gætu stundað rannsóknir sínar og vernda mætti að stórum hluta þetta svæði ósnortið, enda er stór hluti þess, þ.e. aðallega Brennisteinsfjöllin, ósnortin í dag.

Fjölmörg náttúruvætti og minjar eru á náttúruminjaskrá innan þessa svæðis sem um ræðir og okkur er kunnugt um að Umhverfisstofnun sem setti fram fyrir tveimur árum hugmyndir sínar um náttúruverndaráætlun lagði ríka áherslu á að hér væri svæði þar sem verndarhagsmunir væru umtalsverðir.

En eins og okkur öllum er kunnugt stangast hagsmunir á. Hagsmunir orkufyrirtækjanna hafa stangast á við hagsmuni náttúruverndar og þess vegna er óvissa um hvort áform af því tagi sem Landvernd mundi vilja sjá framfylgt geti náð fram að ganga.

Nú er búið að sækja um rannsóknaleyfi á stórum hluta á Reykjanesskaga og í Brennisteinsfjöllum, bæði á röskuðu svæði og óröskuðu. Þess vegna tel ég að nauðsynlegt sé að við fáum að skiptast á skoðunum við hæstv. umhverfisráðherra og fá að sjá á hvern hátt hún hefur talað um þessi mál og hvaða afstöðu hún og ráðuneyti hennar hafi til þessarar framtíðarsýnar Landverndar.

Spurningar mínar eru á þingskjali í þremur liðum. Í fyrsta lagi hvernig brugðist hafi verið við hugmyndum Landverndar o.fl. um stofnun eldfjallagarðs á Reykjanesi? Í öðru lagi hvernig hugmyndin falli að tillögum Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun? Og í þriðja lagi hvort ráðherrann hyggist beita sér fyrir því að slíkur garður verði að veruleika?

[18:22]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessa fyrirspurn um eldfjallagarð á Reykjanesi. Þingmaðurinn spyr í fyrsta lagi:

„Hvernig hefur verið brugðist við hugmyndum Landverndar o.fl. um stofnun eldfjallagarðs á Reykjanesi?“

Þær hugmyndir sem Landvernd og aðrir aðilar hafa verið að ræða, m.a. á fundi sem haldinn var í Norræna húsinu 7. september, hafa ekki verið formlega kynntar umhverfisráðuneytinu. Að því er best verður séð hefur Landvernd ekki mótað slíkar hugmyndir eða fjallað um þær annars staðar eða lagt þær fram opinberlega. Hugmyndirnar voru ræddar á ráðstefnunni 7. september og ýmsir fræðimenn og hagsmunaaðilar fjölluðu um Reykjanesskagann.

Hv. þingmaður spyr síðan:

„Hvernig fellur hugmyndin að tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun?“

Náttúruverndaráætlunin 2004–2008 var samþykkt á Alþingi árið 2004 og Umhverfisstofnun í samvinnu við ráðuneytið hefur unnið að framkvæmd þeirrar áætlunar. Eitt svæði á Reykjanesskaganum er í náttúruverndaráætlun sem Alþingi samþykkti.

Í frumtillögum Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun var lagt til að sex svæði á Reykjanesskaganum yrðu tekin inn í áætlunina auk þriggja svæða í nágrenni hans.

Hugmyndir að eldfjallagarði sem næði til alls Reykjanesskagans og Þingvallasvæðisins ganga því nokkuð lengra en tillögur stofnunarinnar. Að öðru leyti má segja að hugmyndir um eldfjallagarð samrýmist vel tillögum stofnunarinnar.

Hv. þingmaður spyr að endingu:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að slíkur garður verði að veruleika?“

Núgildandi náttúruverndaráætlun nær til ársins 2008 og felur í sér friðlýsingu 14 nýrra svæða á landinu. Eitt þessara svæða er Vatnajökulsþjóðgarður og gera tillögur ráð fyrir að hann nái þvert í gegnum landið og innan hans verði stór hluti austurgosbeltisins, bæði svæðið undir Vatnajökli og svæði vestan og norðan jökulsins. Megintilgangur stofnunar þjóðgarðsins er m.a. verndun eldfjalla og gosminja á svæðinu þar sem sérstaklega er litið til samspils, eldvirkni og jökla.

Það má því sem sanni segja að þessi þjóðgarður verði jökla- og eldfjallaþjóðgarður. Að mínum dómi hefur umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun umfangsmikil verkefni að vinna við framkvæmd náttúruverndaráætlunar út árið 2008. Ég mun því ekki leggja áherslu á að unnið verði að stofnun sérstaks eldfjallagarðs á Reykjanesskaganum á þeim tíma en tel sjálfsagt að þessi hugmynd verði skoðuð við gerð næstu náttúruverndaráætlunar sem er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun og mun ná til áranna 2009–2013.

[18:25]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Þá liggur það fyrir. Hæstv. umhverfisráðherra hefur ekki tekið afstöðu til þessa máls, kannski fyrst og fremst vegna þess að hugmyndir Landverndar hafa ekki verið formlega kynntar ráðuneytinu. Ég hugsa að það sé nú hægt að vinda bráðan bug að því og Landvernd getur örugglega lagt leið sína í ráðuneytið og fengið fund með hæstv. ráðherra og ráðuneyti hennar og kynnt tillögurnar formlega.

En mér er fullkunnugt um það, og hæstv. ráðherra líka, að þar sem umhverfisráðuneytið átti fulltrúa á málþinginu 7. september, þá er ráðuneytinu vel kunnugt um í hverju þessar hugmyndir felast, enda eru þær líka afar vel kynntar á heimasíðu Landverndar.

Í öðru lagi kemur í ljós í máli hæstv. ráðherra að í grunninn falli hugmyndir Landverndar vel að náttúruverndaráætlun Umhverfisstofnunar, þ.e. þeim hugmyndum sem lagðar voru fram af Umhverfisstofnun. 75 svæði, þar af voru sex svæði á Reykjanesskaga og þrjú sem eru í nágrenni, og hæstv. ráðherra segir að í grunninn falli þessar hugmyndir Landverndar vel að náttúruverndaráætluninni sem liggur að baki þeirri áætlun sem samþykkt var á Alþingi. Mér finnst það ágætt. Mér finnst það gott. Ég er sammála því að þetta geti farið vel saman.

En svo kemur rúsínan í pylsuendanum í svari hæstv. ráðherra. Þar er ég ekki allskostar ánægð þegar hæstv. ráðherra upphefur Vatnajökulsþjóðgarð á þeim nótum að það mætti skilja á mæli hennar að nú nægi bara alveg að búa til þjóðgarð elds og ísa við Vatnajökul og þá geti orkufyrirtækin fengið að eiga Reykjanesskagann.

Ég vona að hæstv. ráðherra heimili mér ekki að lesa svona í orð sín og svari skýrar til í seinni ræðu sinni.

[18:27]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Það er augljóst að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur lesið vitlaust í orð mín og misskilið þau. Fyrst vil ég taka fram, eins og ég sagði í ræðu minni, að Landvernd hefur ekki kynnt þessar hugmyndir ráðuneytinu og það er rétt að fulltrúi ráðuneytisins sat þessa ráðstefnu á sínum tíma. Þess vegna var ráðherra kunnugt um þessar hugmyndir Landverndar sem þar voru kynntar. En það stendur hins vegar ekki á ráðherranum, ef eftir því er leitað, að hitta fulltrúa Landverndar til að kynnast þessum hugmyndum nánar.

Síðan vil ég taka fram að þegar farið verður að vinna að gerð næstu náttúruverndaráætlunar tel ég mig hafa tekið það skýrt fram að þá sé rétt að taka þetta til skoðunar af hálfu Umhverfisstofnunar þannig að þetta geti hugsanlega verið inni í þeirri vinnu.

En ég gerði í ræðu minni nokkuð góða grein fyrir því að núna er verið að vinna að náttúruverndaráætlun sem gildir til ársins 2008. Þetta svæði er ekki þar inni í sem heild. Ég tel rétt að Umhverfisstofnun í samráði við ráðuneytið ljúki þeirri vinnu og síðan verði hafist handa við næstu náttúruverndaráætlun.

Ég lokaði engan veginn fyrir það, herra forseti, að þessi hugmynd verði skoðuð við gerð þeirrar áætlunar og það hefur ekkert með rannsóknaleyfi að gera eða aðrar framkvæmdir sem standa fyrir dyrum eða búið er að gefa leyfi til á Reykjanesskaganum.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá voru tekin 14.–16., 19. og 21.–23. mál.

Fundi slitið kl. 18:30.

---

# 24. FUNDUR

*fimmtudaginn 9. nóv.,*
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 95. mál, þskj. 95. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 266. mál, þskj. 275. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 93. mál, þskj. 93. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 279. mál, þskj. 292. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 280. mál, þskj. 293. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2005.
7. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2005.
8. Almannatryggingar og málefni aldraða, stjfrv., 330. mál, þskj. 353. — 1. umr.
9. Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, stjfrv., 232. mál, þskj. 235. — 1. umr.
10. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 236. mál, þskj. 239. — 1. umr.
11. Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, stjfrv., 231. mál, þskj. 234. — 1. umr.
12. Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
13. Afnám verðtryggingar lána, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
14. Stjórnarskipunarlög, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr.
15. Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
16. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.

***Athugasemdir um störf þingsins.***
Ástandið í Palestínu.

[10:31]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Skelfilegir atburðir eiga sér nú stað í Palestínu. Þessar hörmungar hafa staðið lengi yfir og ekki að sjá að þær ætli að taka neinn enda. Í gær voru a.m.k. 18 óbreyttir borgarar myrtir af Ísraelsher, fólk á heimilum sínum, í stórskotaliðsárás sem gerð var á þorp á Gazaströndinni. Þetta eru svo alvarlegir atburðir sem hafa staðið lengi yfir þar sem brotið er miskunnarlaust á heilli þjóð, á óbreyttum borgurum að við getum ekki lengur setið hjá og horft þegjandi á þetta gerast.

Ég kem hér upp, virðulegi forseti, með þá kröfu að íslensk stjórnvöld mótmæli með formlegum hætti og harðlega meðferð Ísraelsmanna á Palestínumönnum. Aðrar þjóðir hafa þegar fordæmt árásina í gær, Evrópusambandið, fjölmörg Evrópuríki, Noregur, hafa þegar látið Ísraelsmenn heyra að við getum hreinlega ekki horft á þetta gerast. Það er með ólíkindum hvað Ísraelsmenn komast upp með að terrorísera nágranna sína.

Við munum öll eftir hinni hrottalegu innrás sem gerð var í Líbanon í sumar og síðan er ekki annað að sjá en ástandið hafi bara versnað. Við í þingflokki Frjálslynda flokksins höfum þegar afboðað fund sem formaður okkar átti að eiga með sendiherra Ísraels. Hún er væntanleg til Íslands í næstu viku. Þetta gerum við til að lýsa því yfir að við finnum okkur ekki í þessu og til að koma þeim skilaboðum til ísraelskra stjórnvalda að við viljum ekki og ætlum ekki að horfa lengur þegjandi upp á hin skelfilegu voðaverk sem Ísraelsmenn eru að fremja. Það er ekkert samræmi milli þeirra aðgerða sem Ísraelsmenn standa fyrir og þess sem þeir segjast vera að verjast. Þeir ráðast á óvopnað fátækt fólk sem er illa varið, með stórskotaliði, orrustuþotum og skriðdrekum og þetta er ólíðandi.

[10:34]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er fullt tilefni til að taka þetta mál upp hér því að framferði Ísraela nú gengur gjörsamlega fram af manni. Það er ráðist á óbreytta borgara upp úr þurru án þess að svo mikið sem málamyndaástæður séu til og að því er virðist aðallega til að reyna að skapa á nýjan leik upplausn meðal Palestínumanna og að koma í veg fyrir að festa komist í stjórnmálin þar í landi með myndun þjóðstjórnar. Og þá virðist ekki vefjast fyrir Ísraelsmönnum að fremja fjöldamorð á óbreyttum borgurum. Það er ekki hægt að kalla það annað en fjöldamorð að hefja skotárásir á íbúa húss um miðja nótt þar sem íbúarnir eru í fastasvefni og þegar í ljós kemur að fórnarlömbin eru aðallega konur og börn, óbreyttir borgarar, óvopnaðir þá er það brot á öllum siðaðra manna lögum, það eru fjöldaaftökur á fólki án nokkurrar réttlætingar.

Það má líka nefna það framferði Ísraela sem komið hefur í ljós eftir að smátt og smátt verður ljóst hvað gerðist í innrásinni í Líbanon. Þar hafa verið notaðar ekki aðeins klasasprengjur heldur fosfórsprengjur og fleiri efna- og geislavopn. Allar alþjóðareglur um vernd óbreyttra borgara, um vopnanotkun í átökum og hvað það nú er eru þannig þverbrotnar.

Ég tek undir þá kröfu að ríkisstjórn Íslands mótmæli þessu framferði Ísraela harðlega. Það er í sjálfu sér fátt annað sem við getum gert nema taka það til skoðunar sem ég held að hljóti að verða að fara að koma á dagskrá hér, að slíta stjórnmálasambandi við þetta ríki. Er hægt að halda uppi stjórnmálasambandi við ríki sem þverbrýtur og hunsar ályktanir Sameinuðu þjóðanna, þverbrýtur og hunsar alþjóðalög um vernd óbreyttra borgara og þar fram eftir götunum? Það ber þá vel í veiði ef sendiherrann er að koma hér á næstunni að koma þeim skilaboðum til hans að eitthvað verði að gera.

[10:36]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Á miðvikudag, í gær, létu óbreyttir palestínskir borgarar lífið í árás Ísraelsmanna á norðurhluta Gaza, þar á meðal bæði konur og börn. Þessum atburðum hefur verið mótmælt og reyndar hefur forsætisráðherra Ísraels líka lýst harmi yfir þessu og boðað rannsókn. Og utanríkisráðherra Ísraels hefur enn fremur beðist afsökunar. Árásin hefur verið fordæmd víða um heim bæði meðal Araba og margra alþjóðlegra hjálparsamtaka og einnig hefur m.a. Evrópusambandið og utanríkisráðherra Bretlands mótmælt þessu athæfi. Íslensk stjórnvöld fordæma þessa árás Ísraelsmanna á Gaza en hún hitti fyrst og síðast fyrir óbreytta borgara, þar á meðal konur og börn, eins og áður sagði. Það er vandséð hvaða tilgangi hún yfir höfuð átti að þjóna og hvernig hægt er að finna henni nokkurn stað eða rök. Það vill reyndar svo til og er skyldugt að taka fram að Ísraelsstjórn hefur beðist afsökunar á þessu og boðað rannsókn á þessu athæfi.

Svo vill til að sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi mun eiga fund með utanríkisráðherra í næstu viku og þar hyggst utanríkisráðherra taka þetta mál upp við sendiherrann og koma á framfæri formlegum mótmælum. Gagnvart deilum Ísraels og Palestínumanna almennt styður Ísland sáttaumleitanir kvartettsins svonefnda, þ.e. Evrópusambandsins, Bandaríkjanna, Sameinuðu þjóðanna og Rússlands og vegvísinn til friðar. Þá hefur Ísland verið aðili að fjöldamörgum ályktunum Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna sem hvetja til friðar í þessum heimshluta og hvetja til þess að mannréttindi samkvæmt alþjóðasamningum séu virt á báða bóga.

[10:38]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Enn ein árásin hefur verið gerð á óbreytta borgara á hernumdu svæðunum í Ísrael. Í tæplega 60 ár hefur palestínska þjóðin verið á flótta. Í tæplega 40 ár hefur hernám Ísraela á Gaza og Vesturbakkanum staðið. Hér er í raun og veru ekkert nýtt á ferðinni. Ástandið verður alvar-

legra og alvarlegra á meðan heimsbyggðin horfir á og með fullum stuðningi stórveldisins Bandaríkjanna, með fjárstuðningi og öðrum stuðningi mun Ísraelsstjórn halda uppi uppteknum hætti á meðan henni leyfist það. Með fullum stuðningi Bandaríkjastjórnar var ráðist inn í Líbanon í sumar, þar var allt sprengt í tætlur og m.a. notaðar klasasprengjur. Með fullum stuðningi Bandaríkjastjórnar ræðst ísraelski herinn aftur og aftur og aftur á palestínska borgara á hernumdu svæðunum í Ísrael.

Það þarf ekki bara að tala við sendiherra Ísraels á Íslandi. Það þarf að tala við sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi og ég legg til að hæstv. utanríkisráðherra gangi á fund sendiherrans á Laufásvegi og spyrji hversu lengi enn ríkisstjórn Bandaríkjanna ætli að styðja við stríðsrekstur Ísraelsstjórnar í Miðausturlöndum, hversu lengi enn þetta eigi að ganga yfir palestínsku þjóðina. Því á meðan við sitjum hjá eigum við hlutdeild í verknaðinum. Við höldum uppi stjórnmálasambandi við Ísrael og við höldum uppi góðu vinasambandi við Bandaríkjastjórn. Það er okkar að tala við þetta fólk og koma formlegum mótmælum til skila og ef mótmælin verða ekki tekin til greina þarf að staldra við og athuga hvað ríkisstjórn Íslands getur gert í framhaldinu.

[10:40]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Við hljótum að fordæma slíkar árásir sem hér hafa átt sér stað og fregnir berast nú af. Það getur ekkert réttlætt það að skjóta á íbúðarblokkir að næturlagi og fella þar óbreytta borgara í fastasvefni, því hljótum við að mótmæla harðlega. Það er vandséð hvaða tilgangi slíkar aðgerðir þjóna en afleiðingarnar eru ekki vandséðar. Slíkar aðgerðir hljóta að verða til þess að sá gordíonshnútur sem er í samskiptum Ísraels og Palestínu verður enn óleysanlegri.

Sú deila sem þarna er uppi á sér dýpri og tilfinningaþrungnari rætur en flestar aðrar deilur sem uppi eru í veröldinni og þá er af nógu að taka. Það hefur verið úthellt blóði tveggja deiluaðila en það breytir engu um þá fordæmingu á þessum verknaði. Það er fyrirhugað að utanríkisráðherra hitti sendiherra Ísraels í næstu viku og mótmæli þessu athæfi harðlega og formlega og það er vissulega afstaða okkar að standa bak við þau mótmæli af heilum hug. Það er ekki erfitt að ímynda sér hvaða afleiðingar árásir eins og sú sem hér var gerð hafa. Hún eykur á vonleysið, vonleysið eykur á hatrið og þetta verður endalaus vítahringur eins og hefur reyndar verið síðustu áratugina eða frá því að ég man eftir mér.

[10:43]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Öllu siðmenntuðu fólki hlýtur að blöskra fréttirnar sem við heyrum af framferði Ísraelsmanna sem gerðar hafa verið að umtalsefni. Innrásir Ísraela í Suður-Líbanon eins og við munum þær þar sem þeir tókust á við Hizbollah, vöktu heimsathygli og sérstaklega hin hörðu viðbrögð Ísraela sem voru allt of hörð miðað við það tilefni sem gefið var. Það má segja að framferði Ísraela á þessu svæði auki stöðugt á og bæti í hatur og örvæntingu sem ríkir á svæðinu og ekki að sjá miðað við síðustu fréttir að nokkur breyting sé þar á.

Á sama tíma og stríðið var í Suður-Líbanon gekk mikið á í Palestínu. Bæði var mikið um árásir og dráp á óbreyttum borgurum. Í skjóli þess stríðs voru forustumenn í heimastjórninni handteknir, þingmenn og ráðherrar, og má segja að Ísraelsmenn hafi farið fram í Palestínu á þeim tíma í skjóli þess að enn þá meira gekk á í Suður-Líbanon og heimsfréttirnar voru með linsurnar á því sem þar fór fram og þeir fóru sínu fram í Palestínu nánast óáreittir.

Við hljótum að þurfa að bregðast við og koma á framfæri mótmælum við svona hegðan. Þjóðir heims hljóta að þurfa að sameinast um að fordæma slíkt framferði og afsakanir fyrir því að hafa skotið á íbúablokkir að næturlagi duga skammt. Ég held að allir hljóti að sjá það. Það að afboða fund með sendiherra Ísraels held ég að sé rangt. Ég held að menn eigi að nota það tækifæri að sendiherrann kemur hingað og koma á framfæri mjög kröftuglegum mótmælum, tala tæpitungulaust við sendiherra Ísraels um að öllu siðmenntuðu fólki blöskri svona framferði því að segja ekki neitt er verra.

[10:45]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir þá tillögu sem hér hefur komið fram í máli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar að mótmælum verði þegar komið á framfæri við Ísraelsstjórn. Ég legg til að einnig verði farið til sendiherra Bandaríkjanna hér á landi og mótmælt stuðningi Bandaríkjanna við Ísraelsstjórn sem hefur verið og er alveg stöðugur. Það er alveg ljóst að Ísraelsmenn kæmust ekki upp með það framferði sem þeir hafa stundað í Ísrael nema með dyggum stuðningi Bandaríkjamanna. Í þeirra skjóli eru þeir þarna og þegar við horfum á það ástand sem er núna í Miðausturlöndum liggja ræturnar að þeim óróa, þeim hryðjuverkum og því ástandi sem heimurinn er að bregðast við núna í Ísrael, ræturnar liggja í yfirgangi Ísraelsmanna gegn Palestínumönnum og þeim múr sem Ísraelsmenn eru núna að reisa kringum ríki sitt, múr sem er langt umfram þau landamæri sem alþjóðasamfélagið hefur sæst á, og eru núna að innlima lönd Palestínumanna og Jerúsalemsborg sem þeir ætla sér sem framtíðarhöfuðborg Ísraels. Það hefur verið markmið þeirra alla tíð og þeir hætta ekki fyrr en þeir koma Jerúsalem inn fyrir landamæri sín.

Múrinn á að fordæma og það á að gera héðan frá hv. Alþingi. Hv. Alþingi á að gera (Forseti hringir.) það kröftuglega, og það verður að fylgja með því þar liggur rótin.

[10:47]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að taka undir ýmislegt af því sem hér hefur verið sagt. Mér finnst fyrst og fremst að Íslendingar beri að sínu leyti kannski meiri ábyrgð en margar aðrar þjóðir á þessu ástandi þarna. Við tókum eins konar forustu og menn hældu sér af því árum saman að Ísland hefði tekið forustu fyrir því að Ísraelsríki var stofnað, og Vesturlönd gengust fyrir stofnun þessa ríkis. Gott og vel, það var gert. En þess vegna bera Vesturlönd, og alveg sérstaklega Íslendingar að mér finnst, ábyrgð á ástandinu þarna. Íslendingar telja sig þess umkomna að komast inn í

öryggisráðið og telja sig eiga þangað erindi. Ég tel að Íslendingar eigi að sanna það með því að taka forustu um það, sýna fram á að þeir eigi erindi í öryggisráðið, með því að láta til sín taka á alþjóðavettvangi í þessu máli, alveg sérstaklega vegna þeirra ábyrgða sem þeir tóku á sig á sínum tíma og hældu sér af fram eftir árum.

Menn hafa að vísu ekki gert það alveg síðustu árin vegna framferðis Ísraelsmanna og hörku við þá sem hraktir voru af landsvæðum sem þeir nú búa á. Það er yfirgengilegt að sjá hvernig Ísraelsmenn komast upp með hryðjuverk í skjóli Bandaríkjamanna, t.d. eru klasaprengjurnar sem finnast þúsundum saman í Líbanon hryðjuverkaverkfæri. Þær granda fólki algjörlega án þess að nokkur viti hver fyrir þeim verður, alveg eins og í nótt sem leið þegar Ísraelsmenn skutu blindandi á íbúðarhúsabyggðir á Gazasvæðinu. Þetta eru hryðjuverk og klasasprengjurnar eru hryðjuverkaverkfæri (Forseti hringir.) sem Ísraelsmenn dreifðu í Líbanon.

[10:49]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Frú forseti. Þetta er afar þörf og brýn umræða sem við höfum hér í upphafi þingfundar. Það er einu sinni þannig að konur og börn hafa alla tíð verið bein skotmörk Ísraelsmanna. Það er ekkert nýtt í því. Kannski er það svo eins og einn þingmaður gaukaði að mér að þeir skutu bara of marga í þetta sinn þannig að alþjóðasamfélagið bregst við. Þeir eru auðvitað — og við vitum það — að murka lífið úr Palestínumönnum á Gaza. Það er mjög lítið flókið. Svo er náttúrlega alveg makalaust ef Ísraelsmenn með forsætisráðherra og utanríkisráðherra á sínum vegum biðjast núna afsökunar á tiltækinu. Vita þeir ekki hvað þeirra menn eru að gera á þessum stöðum? Eru engin bönd á þessu fólki? Ísraelsmenn hlýða ekki alþjóðasamfélaginu, þeir hlýða engum tilmælum, engum. Ég veit ekki hvað þarf að gerast til þess að þeir skilji að alþjóðasamfélagið tekur bara ekki þátt í þessu.

Við þurfum auðvitað að vera með afar skýr skilaboð í þessu máli. Varðandi þá hugmynd sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon kom með, hvort ekki ætti að slíta stjórnmálasambandi — ef alþjóðasamfélagið tæki sig nú einu sinni saman, og það er búið að reyna að gera það með öllum ályktunum og öllu, skildu þeir kannski fyrr en skellur í tönnum. Það er afar brýnt. Ég tel mjög brýnt að Íslendingar hitti sendiherrann og komi mótmælum á framfæri.

Síðan birtist auðvitað ekkert í fréttum hér hvernig þeir murka lífið líka úr Palestínumönnum á öðrum stöðum í þeirra eigin ríki, eins og í Hebron, hvernig þeir yfirtaka heilu fjölbýlishúsin, byggja múra, svelta fólk til hlýðni. Þetta kemur ekki í fjölmiðlum. Ég held að það væri mjög þarft að fleiri þingmenn færu á þessar slóðir. Þetta er ekki upplagt ferðamannaland. Ég get alveg lofað ykkur því. Það er sorglegt að fara þangað (Forseti hringir.) en afar brýnt.

[10:51]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni að íslensk stjórnvöld, ríkisstjórnin, hyggist mótmæla með formlegum hætti þessum hroðalegu verkum sem Ísraelsmenn hafa framið. Það sem við gerum í Frjálslynda flokknum er að senda mjög skýr skilaboð til Ísraelsmanna sem taka engum rökum. Með því að neita því að hitta sendiherrann segjum við heilmikið og þá erum við að koma mikilvægum skilaboðum á framfæri.

Norski rithöfundurinn og heimspekingurinn Jostein Gaarder skrifaði grein í ágúst þegar hryllingurinn stóð yfir í Líbanon. Ég þýddi þessa grein yfir á íslensku og birti hana á heimasíðu minni. Mig langar til að lesa aðeins upp úr henni, með leyfi forseta:

„Það eru takmörk fyrir þolinmæði okkar, og það eru takmörk fyrir umburðarlyndi okkar. Við trúum ekki á guðdómleg loforð sem rök fyrir hernámi og aðskilnaðarstefnu. Við höfum lagt miðaldirnar að baki. Við hlæjum þvinguðum hlátri að þeim sem enn trúa því að guð gróðursins, dýranna og vetrarbrautanna hafi valið sér ákveðna þjóð sem sitt uppáhald og gefið henni skemmtilegar steintöflur, brennandi runna og license to kill.

Við köllum barnamorðingja barnamorðingja og viðurkennum aldrei að slíkir hafi neitt guðdómlegt eða sögulegt umboð sem getur afsakað níðingsverk þeirra. Við segjum aðeins: Skömm sé allri aðskilnaðarstefnu, skömm sé þjóðernishreinsun, skömm sé öllum hryðjuverkum beint gegn almennum borgurum, hvort heldur þau eru framin af Hamas, Hizbollah eða Ísraelsríki!"

Virðulegi forseti. Þetta verður að segja við Ísraelsmenn, koma þessum skilaboðum til þeirra með skýrum hætti, hvort heldur við gerum það með því að hitta þá augliti til auglitis og segja það við þá eða við gerum það með táknrænum hætti með því að neita að eiga við þá samskipti. Það er vel athugandi að íhuga hvort við ættum ekki að gera eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lagði til í ræðu sinni áðan, að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. Íslendingar vilja láta taka mark á sér á alþjóðavettvangi. Íslendingar vilja fá sæti í öryggisráðinu. Þá verða Íslendingar líka að sýna kjark og þor til að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

[10:54]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það fer ekki á milli mála að með þessum hræðilegu aðgerðum hafa Ísraelsmenn skaðað sinn eigin málstað fyrir utan annað böl sem þeir hafa valdið. Ég endurtek það sem ég áður sagði, íslensk stjórnvöld fordæma þetta athæfi og munu koma þeim mótmælum á framfæri. Það er mikilvægt að nýta fundi og tengsl til að kynna þau sjónarmið og koma mótmælum formlega til skila.

## *Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2005.*

[10:55]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Hæstv. forseti. Alþingi hefur borist skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2005 og er hún hér til umræðu. Skýrslan er í senn starfsskýrsla hans til þingsins og samantekt á upplýsingum um þau mál sem hann hefur fjallað um á árinu 2005 og telur rétt að kynna Alþingi.

Það er hlutverk umboðsmanns að hafa í umboði þingsins eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum um embættið og tryggja rétt

borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Þetta hlutverk rækir umboðsmaður með því að taka til athugunar kvartanir frá borgurunum, auk þess sem hann tekur mál til athugunar að eigin frumkvæði telji hann ástæðu til þess. Umboðsmaður hefur þannig eftirlit með því hvernig stjórnsýslan fylgir þeim leikreglum samfélagsins sem settar hafa verið á Alþingi. Það er vitanlega mikilvægt fyrir alþingismenn að fá með slíkri skýrslu innsýn í það eftirlitsstarf sem umboðsmaður innir af hendi og sjá þannig hvernig stjórnsýslan hefur fylgt þeim lagareglum sem þingið hefur sett um störf hennar. Slíkar upplýsingar eru bæði til þess fallnar að styrkja það sjálfstæða eftirlitshlutverk sem Alþingi hefur með störfum framkvæmdarvaldsins og vera til stuðnings við undirbúning lagabreytinga og nýmæla í lögum sem Alþingi fjallar um.

Eins og ráðið verður af þeim tölulegu upplýsingum sem fram koma um starf umboðsmanns á árinu 2005 voru þau formlegu erindi sem hann tók til meðferðar á því ári rétt um 300. Er þetta áþekkur fjöldi og síðustu ár en ég vek þó athygli á því að afgreiddum málum hjá embætti hans fjölgaði um nær 50 frá árinu 2004. En rétt eins og umboðsmaður leggur áherslu á í skýrslu sinni segja þessar tölur ekki allt um þann fjölda mála og erinda sem koma við sögu í starfi hans því að til skrifstofu umboðsmanns leitar jafnan fjöldi fólks með margvíslegar fyrirspurnir sem reynt er að greiða úr eftir föngum þótt ekki komi til formlegrar meðferðar á grundvelli kvörtunar.

Auk þess að fjalla um kvartanir frá borgurunum yfir stjórnsýslunni hefur umboðsmaður heimild til að taka upp mál að eigin frumkvæði. Fyrir þeim þætti í starfsemi umboðsmanns á árinu 2005 er gerð grein á bls. 15–21 í skýrslunni. Ég vek þar sérstaka athygli á því að þótt umboðsmaður hafi aðeins talið tilefni til að taka tvö ný mál með formlegum hætti til athugunar á árinu á þessum grundvelli er ljóst af þeim málum sem hann rekur í þessari umfjöllun að þau eru mun fleiri, tilvikin þar sem umboðsmaður hefur farið þá leið að óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum til að leggja mat á hvort tilefni væri til þess að hann tæki tiltekin mál til athugunar að eigin frumkvæði. Sem dæmi um slík mál nefnir umboðsmaður níu tilvik og fram kemur að það var allur gangur á því hvort svör stjórnvalda við fyrirspurnum umboðsmanns urðu honum tilefni til að kanna málið frekar eða hann ákvað að bíða og sjá hver yrði framvinda viðkomandi máls hjá stjórnvöldum. Þessi þáttur í starfi umboðsmanns er liður í því aðhaldi sem honum er ætlað að veita stjórnsýslunni og að fylgjast með því að hún starfi í samræmi við lög.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þeirri umfjöllun sem er að finna í inngangi að skýrslu umboðsmanns á bls. 10–15 undir fyrirsögninni „Helstu viðfangsefni á árinu". Þarna dregur umboðsmaður eins og í fyrri skýrslum sínum saman þau atriði sem hann telur sérstaka ástæðu til að beina til Alþingis í ljósi þeirra viðfangsefna sem hann hefur fengist við á því ári sem skýrslan fjallar um. Að þessu sinni beinir umboðsmaður sjónum sínum að framkvæmd stjórnsýslulaganna frá 1993 og því markmiði þeirra laga að auka réttaröryggi borgaranna. Ég skil orð umboðsmanns svo að það þurfi að koma betra skikki og skipulagi á framkvæmd stjórnsýslulaga hjá stjórnvöldum. Þau þurfa með öðrum orðum að fella verklag sitt og starfshætti betur að reglum laganna þannig að borgararnir fái betur notið þeirra réttinda og réttaröryggis sem Alþingi hefur mælt fyrir um í þessum lögum.

Umboðsmaður nefnir m.a. í þessu sambandi reglur laganna um málshraða, tilkynningar um fyrirsjáanlegar tafir, leiðbeiningar við birtingu ákvörðunar og svör við beiðnum um rökstuðning innan 14 daga. Umboðsmaður leggur áherslu á að þarna er um að ræða einfaldar og skýrar lagareglur um skyldu stjórnvalda og að það eigi að vera auðvelt að fella þær inn í verkferla hjá stjórnvöldum og þar með að auka gæði og bæta stjórnsýsluna almennt.

Það er vissulega ekki gott ef það er reyndin, eins og umboðsmaður bendir á, að það sé gjarnan tilviljunarkennt hvort og þá hvernig reglum stjórnsýslulaganna er fylgt í starfi stjórnvalda. Þær niðurstöður sem koma fram í athugunum sem umboðsmaður hefur að eigin frumkvæði unnið að um starfshætti stjórnvalda að þessu leyti og birtar eru þessa dagana benda því miður til þess að sú sé einmitt raunin.

Við alþingismenn megum heldur ekki gleyma því að þarna eiga í hlut almennar réttaröryggisreglur sem Alþingi hefur ákveðið að stjórnsýslan eigi að fylgja í athöfnum sínum og ákvörðunum gagnvart borgurunum. Hér er því fullt tilefni til að fylgja þessum ábendingum umboðsmanns eftir.

Umboðsmaður vekur líka máls á nauðsyn þess að betur verði hugað að því við lagasetningu hvaða áhrif hún hefur á störf og starfshætti stjórnsýslunnar og þar með hvernig stjórnsýslan þarf að takast á við ný og breytt verkefni. Ég vísa þar til þess sem fram kemur í inngangi að skýrslu umboðsmanns á bls. 21–24 þar sem umboðsmaður varpar fram hugmynd um það sem hann nefnir „Stjórnsýslumat á lagafrumvörpum" og er þá að vísa til samanburðar við það kostnaðarmat sem fylgja á lagafrumvörpum. Þetta er ábending umboðsmanns um hugsanlega leið til að bæta stjórnsýslu og þar með framkvæmd þeirra verkefna sem Alþingi mælir fyrir um í lögum.

Það er ljóst af þessari skýrslu umboðsmanns til Alþingis að rétt eins og í þeim fyrri gætir umboðsmaður þess að sinna þeim þætti starfsins að gera tillögur almenns eðlis til endurbóta á stjórnsýslu, eins og það var orðað í athugasemdum við frumvarp til fyrstu laga um umboðsmann Alþingis. En meginþunginn í starfi umboðsmanns er að sinna þeim kvörtunum sem koma frá almenningi um störf stjórnsýslunnar. Eins og þessi skýrsla ber með sér eru þau viðfangsefni fjölbreytt og hið sama á við um þau lögfræðilegu úrlausnarefni sem þar er tekist á við. Í því efni er forvitnilegt fyrir okkur alþingismenn að sjá hvernig ummæli í umræðum um mál á Alþingi geta haft áhrif þegar skýra þarf efni og innihald þeirra lagareglna sem á reynir. Í þessari skýrslu er t.d. að finna tvö dæmi sem ég rakst á um slíkt. Er það annars vegar í máli um gjaldtöku fyrir táknmálstúlkun í þágu heyrnarlausra og heyrnarskertra, á bls. 77, og hins vegar hvernig bæri að skýra orðið endurnýjun þegar kom að úthlutun tiltekinna veiðiheimilda, á bls. 139.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur fjallað um skýrslu umboðsmanns og fengið umboðsmanninn og starfsmenn hans til fundar við sig svo sem venja hefur skapast um undanfarin ár.

Ég vil að síðustu þakka umboðsmanni og starfsfólki hans fyrir vel unnin störf og árangursrík á liðnu ári.

[11:03]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta þingsins fyrir að gera góða grein fyrir skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2005. Því miður var ég var ekki á fundi hv. allsherjarnefndar þegar umboðsmaður fór yfir skýrslu sína og er það í fyrsta sinn sem ég missi af þeirri yfirferð sem alltaf er mjög gagnmerk. Þar eiga sér stað mjög góðar samræður og góð skoðanaskipti sem eru oft vísbending um það sem koma skal á næstu árum. Mig langar til að vekja athygli þingmanna á bls. 31 en þegar viðfangsefni þessa brýna embættis er skoðað skulum við ekki gleyma því að sennilega er umboðsmaður brjóstvörn borgaranna gagnvart stjórnvöldum og hlutverk umboðsmanns Alþingis er afar brýnt og mikilvægt. Þar er hægt að sjá hvernig skipting málanna er, skráðra mála eftir viðfangsefnum, og þar ber auðvitað hæst tafir hjá stjórnvöldum við afgreiðslu máls. Það er greinilegt að þar þurfum við að herða dálítið á og einnig í málsferð í starfsháttum stjórnsýslunnar. Við sjáum líka vísbendingar um hvar hugsanlega verði aukning á komandi árum sem er helst í starfsmannamálum eða hjá opinberum starfsmönnum en í skýrslunni er mjög mikið af úrskurðum frá umboðsmanni varðandi starfsmannamálin. Þau mál byrja á bls. 108 og verða greinilega fyrirferðarmeiri en áður.

Mér finnst líka afar brýnt að embættið skoði og fari yfir mál er varða hagsmuni barna. Á bls. 57 er gerð grein fyrir einu máli varðandi barnaverndina en ég veit að alls komu sjö mál um þau efni til umboðsmanns Alþingis á árinu 2005. Það er afar brýnt að borgararnir og þeir sem þurfa að gæta hagsmuna barna geti leitað til umboðsmanns Alþingis og að hann sé til staðar til að skoða þau mál en við eigum alltaf að hafa börn í fyrirrúmi við kjöraðstæður, eins og mögulegt er. Ég vil líka nefna, kannski erum við búin að koma betra skikki á þau mál, en það er minna um fangelsismál en oft áður og það er líka afar brýnt að virða rétt okkar minnstu bræðra.

Ég vil líka taka undir hve brýnt er að umboðsmaður hafi ætíð nægjanlegt svigrúm til að vera með sjálfstæðar rannsóknir og það eru þær vísbendingar sem er mikilvægt að stjórnsýslan skoði. Í því sambandi minni ég á að sjálfstæð úttekt umboðsmanns um félagsþjónustu sveitarfélaga varð til þess að betra skikki var komið á og meira jafnræði meðal sveitarfélaga um þau mál og hætt var með svokallað, eins og við sögðum stundum rassvasabókhald í félagsþjónustu sveitarfélaga. Það ber því að þakka embætti umboðsmanns Alþingis og allra hans starfsmanna mjög góða og gagnmerka forustu sem hann hefur haft í að taka út ákveðin mál.

Það hefur ekki verið hefð fyrir því að bresta á með mjög löngum ræðum um skýrslu umboðsmanns Alþingis en ég vil skora á þingmenn að skoða bls. 57. Ég veit af öðru máli sem var úrskurðað í nú í sumar varðandi stöðu foreldra fósturbarna og það munum við sjá í skýrslu fyrir næsta ár. Ég vil líka minna á að umboðsmaður Alþingis er með mjög gagnmerkan vef þar sem hægt er að fá upplýsingar um öll mál sem þar eru í gangi núna og úrskurðað hefur verið í. Það er mjög fróðlegt að líta inn á þann vef og horfa á þá fjölbreytni og þau mál sem þar eru.

Ég vil þakka fyrir þessa skýrslu og hlakka til þeirrar næstu.

[11:08]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Við ræðum skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2005. Það er afar mikill fengur að skýrslum umboðsmanns. Í hvert sinn sem þær koma fáum við umboðsmann Alþingis í heimsókn til allsherjarnefndar og hann gerir grein fyrir helstu álitaefnum eða helst málum sem á hans borði hafa verið það árið og það hefur verið ánægjulegt og gagnlegt að fá að fylgjast með skýrslum umboðsmanns undanfarin ár og fá aðeins að rýna í þróun þessara mála.

Nú er skemmst frá því að segja að það sem veldur áhyggjum í lestri eða við yfirferð skýrslunnar er það að þegar skipting skráðra mála eftir viðfangsefnum er skoðuð kemur í ljós að stærsti einstaki málaflokkurinn sem umboðsmaður Alþingis fær til meðferðar eru tafir hjá stjórnvaldi á afgreiðslu máls. Ég held að ég fari með rétt mál þegar ég segi að þetta sé og hafi verið á undangengnum árum stærsti einstaki málaflokkurinn og þó að séu kannski einhverjar fækkanir á milli áranna 2004 og 2005 þá held ég að hér sé enn um að ræða ákveðin mál sem við alþingismenn þurfum að taka til ákveðinnar skoðunar því það er auðvitað í umboði okkar sem umboðsmaður Alþingis starfar, þ.e. hann starfar ekki undir neinu ráðuneyti heldur undir Alþingi Íslendinga og hann er málsvari fólksins í landinu eins og við í sjálfu sér erum með ákveðnum hætti sem kjörnir fulltrúar þjóðarinnar á löggjafarsamkundunni.

Ég tel því mjög mikilvægt að alþingismenn taki til rækilegrar skoðunar þá skýrslu sem við höfum til meðferðar og að við förum ofan í saumana á henni og ákveðum með sjálfum okkur, og það heyrir kannski fyrst og fremst undir allsherjarnefndina, með hvaða hætti við getum lagt lóð á vogarskálarnar, á hvern hátt við getum tryggt að t.d. stjórnvald, og tek ég sem dæmi af þessum málaflokki sem ég áður nefndi, verði ekki uppvíst að töfum á afgreiðslu mála með þeim hætti sem virðist vera orðin hálfgerð lenska eða vera lenska í stjórnsýslu okkar. Af þeim 314 málum sem umboðsmaður fjallaði um á síðasta ári eru 46 komin til vegna tafa hjá stjórnvaldi á afgreiðslu máls og ég verð að segja að það er allt of mikið, það er allt of stór hluti málanna sem þannig er til kominn.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir nefndi á undan mér að fangelsismálin hefðu verið hluti af umfjöllunarefni umboðsmanns. Það er auðvitað afar ánægjulegt til þess að vita þegar skoðaður er mögulegur árangur af starfi umboðsmanns að þá sjáum við að það fækkar á milli áranna í flokknum fangelsismál. Málum þar á milli ára hefur fækkað um 10 og umboðsmaður tjáði okkur í allsherjarnefnd að hann byndi vonir við að þær breytingar héldu áfram og að þær mætti rekja til átaks sem gert hefur verið í málefnum fanga sem við sem störfum í allsherjarnefndinni vitum auðvitað að hefur verið í gangi. Við höfum sjálf lagt lóð á vogarskálarnar í þeim efnum varðandi nýja og breytta löggjöf sem að mínu mati hafði verið afar vel unnin í nefndinni.

Hluta af breytingunum má síðan rekja til þeirrar staðreyndar að kominn er nýr maður í embætti fangelsismálastjóra sem hefur sýnt og sannað með framgöngu sinni að hægt er að hafa áhrif á gang mála en hann hefur tekið upp á sína arma mál sem hafa þurft breytinga og lagfæringa við. Ég held að þetta tvennt sé tvímælalaust að skila þeim árangri sem lesa má um í skýrslu umboðsmanns. Það er því ljóst að með störfum okkar og lagasetningu getum við þingmenn haft áhrif á það á hvern hátt mál berast umboðsmanni og hvers konar mál það eru sem hann fær til meðhöndlunar.

Um frumkvæðismál umboðsmanns vil ég síðan segja að allsherjarnefndin fékk í hendur tvær athuganir sem umboðsmaður hefur gert að eigin frumkvæði. Þar er um að ræða nýtt efni, upplýsingar þar sem umboðsmaður hefur farið ofan í saumana á ákveðnum þáttum sem hafa verið á hans borðum í talsverðum mæli og þar er í annan stað um að ræða álit vegna athugunar á afgreiðslutíma 48 sjálfstæðra stjórnsýslu- og úrskurðarnefnda. Þar fer umboðsmaður ofan í saumana á því á hvern hátt það sjálfstæða stjórnvald sem úrskurðarnefndirnar eru sinni þeim málum sem til þeirra koma. Að hinu leytinu erum við svo með glænýja athugun umboðsmanns á skráningu og afgreiðslu mála hjá 32 stjórnvöldum, þ.e. á hvern hátt t.d. ráðuneytin skrá þau mál sem koma inn á borð hjá þeim.

Það eru mjög athyglisverðar upplýsingar í báðum málunum sem ég held að sé alveg fullt tilefni fyrir okkur alþingismenn til að skoða eilítið nánar. Í skoðuninni sem varðar sjálfstæðar stjórnsýslunefndir og úrskurðarnefndir segir umboðsmaður að stofnun slíkra nefnda hafi kannski öðru fremur einkennt íslenska stjórnsýslu á síðasta áratug. En það sem við þurfum að hafa í huga er að hér er um að ræða stjórnvald, þ.e. nefndir sem eru ekki hluti af hinni eiginlegu stjórnsýslu ráðuneytanna vegna þess að þær heyra ekki beint undir ráðuneytin eða stofnanirnar sem undir ráðuneytin heyra heldur er kveðið á um í lögum að þessar stjórnsýslunefndir séu sjálfstæðar. Með öðrum orðum, ákvarðanir eða úrskurðir stjórnsýslunefndanna verða ekki bornir undir ráðherra með stjórnsýslukæru. Við alþingismenn höfum sem sagt í auknum mæli verið að beita þessu lagalega úrræði, þ.e. að setja á fót slíkar úrskurðarnefndir og fjölskyldunefndir sem hafa þetta sjálfstæði. Þess vegna er mikilvægt að við, löggjafinn, skoðum ofan í kjölinn á hvern hátt þetta úrræði reynist í stjórnsýslunni. Og ég verð að segja að þegar ég skoða álit umboðsmanns á hvern hátt þessi mál hafa verið að þróast hjá úrskurðarnefndum þá veldur það mér talsverðum vonbrigðum eða áhyggjum.

Það hefur líka komið í ljós í könnunum umboðsmanns að afgreiðslutími sumra úrskurðarnefndanna hefur verið afar langur og farið langt út fyrir þá tímaramma sem lög heimila en eins og við vitum þá er víða bundið í lög hversu langan tíma slíkar nefndir hafa til þess að afgreiða mál sín og kveða upp úrskurði. Þó svo að þessar nefndir hafi jafnvel fengið áminningar hjá umboðsmanni þá hefur það kannski ekki breytt neinu í afgreiðsluhraðanum og ég held að afar mikilvægt sé að tekið sé á þessu af festu til að tryggt sé að þetta lagaúrræði skili sér. Ef það skilar sér ekki og þetta úrræði virkar ekki með þeim hætti sem löggjafinn hefur ætlast til þá verðum við sem löggjafi líka að taka það til endurskoðunar og ekki að stunda þennan sið sem við höfum tekið upp að setja á laggirnar úrskurðarnefndir af þessu tagi.

Það verður að hafa það í huga að á árinu 1996 voru slíkar nefndir 24 samkvæmt lögum en árið 2006 eru þær orðnar 58. Þetta er gríðarleg fjölgun á því tímabili og þegar maður les í gegnum skýrslu umboðsmanns þá veldur það manni áhyggjum hvernig þær leysa störf sín af hendi. Ef það er skortur á fjármunum þá þurfum við að skoða það, ef það er eitthvað annað í störfum nefndanna sem veldur því að það er dráttur á afgreiðslu mála þá þurfum við að skoða það. Við þekkjum auðvitað að verkefni þessara nefnda eru af ýmsu tagi. Áður en þær koma til er um að ræða verkefni sem ráðuneytin sjálf hafa haft til úrlausnar eða stofnanir á vegum ráðuneytanna. Sem dæmi um nefndir sem sinna stjórnsýsluverkefnum af þessu tagi má t.d. nefna mannanafnanefnd, útvarpsréttarnefnd, bótanefnd vegna bótagreiðslna úr ríkissjóði til þolenda afbrota en mest virðist þó fjölgunin hafa orðið í úrskurðar- og kærunefnd þar sem úrskurðarvald í kærumálum á æðra stjórnsýslustigi hefur verið fært frá ráðherra til slíkrar nefndar. Einnig kemur fram í álitinu að stofnað hafi verið til nokkurra kæru- og álitsnefnda sem ekki kveði upp bindandi úrskurði heldur geti borgararnir snúið sér til þeirra og fengið rökstutt álit um hvort fylgt hafi verið réttum reglum á sviði nefndarinnar sem starfa á.

Nú kemur fram í skýrslu umboðsmanns að ein af óskráðum grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins sé að ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er og hann nefnir til sögunnar 9. gr. stjórnsýslulaganna að þessu leyti, greinina er varðar málshraða en málshraðareglan er hluti af réttaröryggisreglum stjórnsýsluréttarins og henni er ætlað að stuðla að greiðari og skilvirkari stjórnsýslu. Við sem löggjafi ætlumst auðvitað til þess með þeim lagatextum sem við höfum sett að þessar nefndir séu skilvirkar en það kemur í ljós í álitinu að á það skortir. Ég rek sérstaklega augun í að nefndirnar sem umboðsmaður kannar aðstæður hjá í áliti sínu tekst ekki einu sinni að skila umboðsmanni áliti eða svara bréfum umboðsmanns innan einhvers eðlilegs frests. Á bls. 9 í skýrslunni kemur í ljós að flestar nefndirnar hafi sent upplýsingarnar til seinna könnunartímabilsins sem um ræðir innan tilskilins frests sem umboðsmaður gaf en þrátt fyrir ítrekanir til þeirra sem ekki svöruðu innan frestsins þá bárust engin svör frá þremur nefndum. Þannig að jafnvel umboðsmanni Alþingis er ekki sinnt, hvað þá almennum borgurum sem eiga að sækja til slíkra nefnda. Og það er rétt að nefna það hér að þær þrjár nefndir sem ekki svara innan þess frests sem umboðsmaður gefur eru: bótanefndin, greiðsla bóta til þolenda afbrota, mannanafnanefnd og úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta sem starfar samkvæmt lögum nr. 12/1997. Ég verð að segja, kannski sérstaklega í tilviki bótanefndar um greiðslu á bótum til þolenda afbrota, að það vekur upp hugleiðingar að hún skuli ekki svara því ef áfram er lesið kemur í ljós að í tilviki þeirrar nefndar hafi dóms- og kirkjumálaráðuneytið verið upplýst um þann óhæfilega drátt sem hafi orðið á afgreiðslu margra mála hjá nefndinni og í framhaldi af þeim upplýsingum sem ráðherra berast þá ákvað ráðherra í sumar sem leið að leysa nefndarmenn frá störfum. 1. ágúst síðastliðinn mun svo hafa verið skipuð ný nefnd sem nú hefur

tekið til starfa. Í áliti umboðsmannsins kemur síðan í ljós að dómsmálaráðuneytið hafi greint frá því vegna kvörtunar einstaklings til umboðsmanns yfir töfum á meðferð máls hjá bótanefndinni 18. október 2006, að 334 óafgreidd mál hafi verið færð til hinnar nýskipuðu bótanefndar. Það kemur líka í ljós að elstu málin á listanum hafi verið frá 2001–2002. Þau hafa því verið 4–5 ár í vinnslu hjá bótanefndinni. Það að við skulum hér, löggjafinn á Alþingi Íslendinga, setja í lög ákvæði um nefndir af þessu tagi sem síðan kynna sér ekki þau mál sem samkvæmt lögum er ætlast til að þær sinni, er mjög alvarlegt. Og ég held að við, a.m.k. þeir þingmenn sem starfa í allsherjarnefnd Alþingis, verðum að skoða þetta ofan í kjölinn. Nú höfum við fengið ráðrúm og tíma til að fara ofan í þessi frumkvæðismál umboðsmanns Alþingis sem eru afar greinargóð og athyglisverð og ég held að í kjölfarið á því verðum við að taka þetta til áframhaldandi umfjöllunar í nefndinni svo tryggja megi að þessu sé ekki viðhaldið, slíkum starfsháttum sem tíðkast úti á akrinum.

Umboðsmaður Alþingis hefur sýnt aðhald. Hann hefur farið ofan í saumana á þessum málum. Það er mjög einfalt fyrir okkur að rekja það hvernig umræddar nefndir hafa staðið sig í stykkinu og gera þá þær bragarbætur sem nauðsynlegar eru með löggjöf eða með öðrum hætti og ég held að það heyri undir okkur í allsherjarnefndinni að taka þessi mál til áframhaldandi skoðunar og kem til með að beita mér fyrir því.

[11:23]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Allsherjarnefnd fundaði með umboðsmanni Alþingis fyrr í vikunni til að fara yfir aðalatriði skýrslu hans fyrir árið 2005 og helstu niðurstöður hennar. Þetta hefur komið fram í umræðunni. Venja er fyrir því að nefndin fundi með umboðsmanni þegar skýrslan er lögð fyrir þingið.

Í inngangskafla skýrslunnar er farið yfir helstu viðfangsefni umboðsmanns og starfsfólks hans á árinu 2005. En ákvæði stjórnsýslulaga eru af eðlilegum orsökum þau lagafyrirmæli sem eru fyrirferðarmest í starfi umboðsmanns Alþingis. Markmið þeirra er, eins og kunnugt er, að auka réttaröryggi borgaranna í samskiptum þeirra við stjórnvöld.

Umboðsmaður lagði áherslu á það á fundi sínum með nefndinni að nauðsynlegt væri að koma betra skipulagi á störfin í stjórnsýslunni með réttaröryggissjónarmið að leiðarljósi og lét þess getið að starf hans væri að stórum hluta aðhaldsstarf gagnvart stjórnsýslunni og vegvísir til umbóta.

Mikilvægi umboðsmanns Alþingis verður ekki vanmetið í þessu sambandi. Hann hefur náð miklum árangri í störfum sínum því í miklum meiri hluta tilvika er tekið mark á ábendingum hans. Nær undantekningarlaust er það. Þetta má m.a. sjá á yfirliti á bls. 36 í skýrslunni þar sem kemur fram að einungis eitt stjórnvald hafi ekki farið eftir tilmælum umboðsmanns samkvæmt ályktun hans á árinu 2005.

Eins og segir í skýrslunni er stærsti einstaki málaflokkurinn sem umboðsmaðurinn fæst við tafir á afgreiðslu mála hjá stjórnvöldum. Við höfum gert þetta að umtalsefni á fyrri þingum þegar við höfum haft skýrslu umboðsmanns til meðferðar hér á þinginu eða til umfjöllunar. Það verður að segjast eins og er að þetta er auðvitað óviðunandi, ekki síst í ljósi þess að umboðsmaður Alþingis hefur vakið athygli á að það geti í sjálfu sér verið eðlilegar skýringar á því að mál taki lengri tíma en lög kveða á um eða stefnt er að, að einstök mál eigi að taka til sín í tíma. En þá skiptir máli að málsaðilar eða viðkomandi einstaklingar séu upplýstir og það kostar stjórnvöld sannarlega ekki mikið að gera grein fyrir því með einfaldri bréfasendingu, að málið hafi verið móttekið, það sé í farvegi og verði því miður ekki afgreitt innan tilskilins frests.

Það er í sjálfu sér þetta litla atriði sem svo miklu máli skiptir, sem við höfum verið með til umfjöllunar í tengslum við tafir í stjórnsýslunni. Ég hlýt að þurfa að lýsa miklum vonbrigðum með að við skulum ekki sjá hraðari þróun í rétta átt en raun ber vitni.

Jafnframt kemur fram í skýrslunni að breytingar á verkefnum og verklagi innan stjórnsýslunnar endurspeglist gjarnan í þeim málum sem umboðsmaður Alþingis fær til meðferðar. Í umræðunni í dag hefur verið komið aðeins inn á fangelsismálin. Það er nefnilega þannig að í skýrslunni segir að skráðar kvartanir vegna fangelsismála hafi verið 10 árið 2005 en 20 árið 2004. Samkvæmt upplýsingum sem umboðsmaður veitti allsherjarnefnd á fundi sínum með nefndinni í vikunni hefur orðið framhald á þessari jákvæðu þróun á líðandi ári.

Umboðsmaður benti sérstaklega á málefni fanga sem dæmi um mál sem væru í réttum farvegi og sagði að fangar og aðstandendur þeirra hefðu miklar væntingar til breytinga sem verið væri að gera, bæði á sviði stjórnar fangelsismála og nýs lagaumhverfis. En að sjálfsögðu verður áfram fylgst með þróun á þessum vettvangi.

Umboðsmaður gerir stjórnsýslumat vegna lagafrumvarpa að sérstöku umtalsefni í skýrslu sinni. Hann varpar fram þeirri hugmynd að við framlagningu lagafrumvarpa á Alþingi mundi fylgja þeim nokkurs konar stjórnsýslumat auk þess kostnaðarmats sem fylgir öllum stjórnarfrumvörpum sem lögð eru fram.

Þar kæmi fram greining á áhrifum frumvarpsins á verkefni stjórnsýslunnar og hvaða breytingar þurfi að gera þar, svo sem á verklagi og fjölda starfsmanna, ef frumvarpið væri afgreitt í óbreyttri mynd. Einnig gæti slíkt mat falið í sér greiningu á samspili verkefna og ákvarðana sem viðkomandi frumvarp fæli í sér við almennar reglur stjórnsýslu og upplýsingalaga.

Umboðsmaður bendir á að með þessum hætti ætti stjórnsýslan auðveldara með að átta sig á því fyrir fram hvernig bregðast ætti við nýjum verkefnum og Alþingi ætti auðveldara með að átta sig á því hvort frumvarpið væri til einföldunar í stjórnsýslunni eða hvort tilefni væri til að auka við umfang hennar.

Ég vil segja að það er þakkarvert að í skýrslu umboðsmanns sé ekki eingöngu bent á vandamál sem eru til staðar við framkvæmd stjórnsýslunnar, heldur er einnig bent á mögulegar leiðir til úrbóta. Ég hygg að ástæða sé til fyrir þingið að taka það til skoðunar hvort stjórnsýslumat á borð við það sem ég hef tekið til umfjöllunar og rætt er í skýrslu umboðsmanns gæti komið til álita við undirbúning lagasetningar. Þannig gætu menn mögulega betur gert sér grein fyrir því fyrir fram hvaða afleiðingar löggjöf sem verið er

að setja hefur.

Sannarlega þekki ég dæmi þess úr störfum mínum í fjárlaganefnd að oft er skortur á því að þingið hafi gert sér grein fyrir því fyrir fram hvaða afleiðingar lagasetning hefur í þessu tilliti. Bæði á það við um umfang þeirrar starfsemi sem verið er að setja af stað og eins hreinan stofnkostnað og annað þess háttar. Ætli nýjasta dæmið sem ég er með í kollinum sé ekki Landbúnaðarstofnun, um einmitt þetta, (Gripið fram í.) sem er einmitt á fjáraukalögum núna. Þannig gætu menn séð þessi mögulegu vandamál fyrir fram. Þetta mundi því gagnast Alþingi sem tæki til að rækja enn betur eftirlits- og aðhaldshlutverk sitt með framkvæmdarvaldinu.

Ég vil vekja athygli á bls. 23 í skýrslu umboðsmanns þar sem farið er yfir opinberu eftirlitsnefndirnar og síðan þá lagasetningu sem þar gildir. Ég held að það sé sannarlega ástæða til að kalla eftir því hjá ríkisstjórninni hvort hún ætli að fara að tilmælum þeirrar nefndar sem tók áhrif laga um opinberar eftirlitsreglur og störf ráðgjafanefndar, sem starfar samkvæmt lögum, árin 2002–2005 til skoðunar, um að hnykkja á reglunum með sérstakri ríkisstjórnarsamþykkt eins og sú nefnd hafði lagt til.

Á fundi með umboðsmanni var nokkuð rætt um aðgengi borgaranna að dómstólunum og í tengslum við ákvarðanir stjórnvalda. Það kom fram í umræðu í nefndinni að það væri mögulega ástæða til að virkja dómskerfið betur í þessu sambandi.

En ég ætla að lokum að koma aðeins inn á tvær frumkvæðisathuganir sem kynntar voru nefndinni. Þær varða annars vegar skráningu og afgreiðslu mála hjá 32 stjórnvöldum, samanber fyrir árin 2002–2006 og hins vegar afgreiðslutíma 48 sjálfstæðra stjórnsýslu- og úrskurðarnefnda.

Í fyrri athuguninni kemur fram að stjórnvöld skrá mál alla jafna með skipulegum hætti og af könnun á afgreiðslu erinda má ráða að stjórnsýslan sé nokkuð skilvirk og afgreiði megnið af þeim erindum sem henni berast á nokkuð skömmum tíma. Þó getur verið nokkur misbrestur á því að stjórnvöld svari erindum innan eðlilegra tímamarka og einhver dæmi finnast um að mál hafi hreinlega dagað uppi. Þá er rétt að geta þess að þeim stjórnvöldum sem fylgja skráðum reglum um málshraða fjölgaði nokkuð meðan á athuguninni stóð. Þannig höfðu tvö ráðuneyti sett sér skráðar reglur um málshraða árið 2006 í stað einskis áður. Sex fylgdu viðmiðun um málshraða, bæði árið 2002 og 2006 en fjögur höfðu hvorki reglur né viðmið árið 2006 í stað sex ráðuneyta árið 2002.

Í seinni athuguninni segir síðan að fjöldi erinda sem sjálfstæðum stjórnsýslu- og úrskurðarnefndum berast sé stöðugur og heldur vaxandi. Helmingur nefndanna hefur lögmæltan afgreiðslutíma og þessar nefndir afgreiddu tæpan helming þeirra mála sem þeim bárust innan frestsins.

Í athuguninni komu fram vísbendingar um að málsmeðferðartími sjálfstæðra stjórnsýslu- og úrskurðarnefnda sé almennt að lengjast. Umboðsmaður bendir á að að hans mati hafi verið ástæða til að tilkynna málsaðila um tafir á vinnslu hátt í 800 mála á þeim tímabilum sem könnunin tók til. Það var hins vegar einungis gert í 75 málum. Ég vék að þessu fyrr í ræðu minni. Það er sem sagt þannig hjá nefndunum að í minna en 10% tilvika hefur þessari tilkynningarskyldu verið sinnt.

Könnun umboðsmanns sýnir glögglega að víða er pottur brotinn í störfum þeirra nefnda sem hún tekur til og rétt að huga vel að því með hvaða hætti unnt sé að bæta málsmeðferð hjá nefndunum. Ég vil leyfa mér að velta því upp hvort við eigum hugsanlega að taka þetta fyrirkomulag til endurskoðunar í heild sinni.

Hér í umræðunni hefur áður verið vakin athygli á því hve mjög nefndunum hefur fjölgað. Það verður ekki annað sagt en að með þessari miklu fjölgun nefndanna hafi verið mörkuð ákveðin stefna. Mál hafa verið færð í ríkum mæli úr ráðuneytunum til nefnda sem eiga þá að taka mál til úrskurðar sem áður voru afgreidd í ráðuneytunum að stórum hluta til. Þessi úttekt og þær niðurstöður sem við höfum nú fyrir framan okkur benda til þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis á þeirri vegferð. Það er eitthvað sem gengur ekki upp í þeirri hugmyndafræði sem liggur þessu að baki. Ég vil leyfa mér að efast stórlega um að þeirri fagmennsku og þeim málshraða sem hlýtur að hafa verið stefnt að með þessari stefnumörkun, verði náð með þessu fyrirkomulagi.

Þess vegna hlýtur það að koma til skoðunar að stórfækka þessum nefndum ýmist þá með sameiningu eða með því að fella þær hreinlega niður og færa verkefnin aftur til ráðuneytanna. Mögulega mætti skoða leiðir til að færa sum verkefnin til sýslumannsembætta eða hreinlega að greiða aðgengi borgaranna að dómstólunum með þau mál sem þarna er verið að úrskurða um. Í öllu falli sýnist mér að við getum ekki haldið málunum í þeim farvegi sem þau eru í núna.

Ég held að ég láti þetta duga sem mitt innlegg um skýrsluna. Ég þakka fyrir greinargóða skýrslu og vel unnin störf hjá embætti umboðsmanns Alþingis. Sérstaklega vil ég taka fram að mér finnst öll framsetning í skýrslunni vera til mikillar fyrirmyndar og skýrsla eins og þessi, sem mjög auðvelt er að gera óaðgengilega og þurra, er gerð mjög aðgengileg og skýr með inngangi í skýrslunni og þeim töflum, súluritum og öðrum myndskýringum sem þar er að finna.

[11:37]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því eins og aðrir að þakka fyrir þessa ágætu skýrslu. Í henni kemur afar margt athyglivert fram og ég ætla að koma inn á nokkur þeirra atriða hér.

Það kom fram í máli hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur hversu mikilvægt embætti umboðsmanns Alþingis sé og við að eigum að standa vel að því embætti, umboðsmanni Alþingis, vegna þess að hann stendur í framvarðarsveit hvað varðar réttarstöðu borgaranna gagnvart stjórnvöldum og það er að sjálfsögðu gríðarlega mikilvægt.

Virðulegi forseti. Á þeim tíma sem við höfum til að ræða þetta ætla ég að fara aðallega inn á tvo þætti í þessari skýrslu sem báðir eru undir kaflanum Framkvæmd stjórnsýslulaga á blaðsíðum 11–14. Þar kemur nefnilega nokkuð afar athyglisvert fram sem mikilvægt er fyrir þingheim að taka til gagngerrar athugunar og það er hvernig umgengni í stjórnsýslunni er gagnvart og um stjórnsýslulögin. Í þessari skýrslu kemur fram að þrátt fyrir að rúmur áratugur sé lið-

inn frá því að stjórnsýslulögin tóku gildi þá skorti mjög á að ýmsum reglum laganna sé fylgt í hinu daglega starfi stjórnvalda. Þetta er athugasemd sem við verðum að taka mjög alvarlega vegna þess að stjórnsýslulögin eiga jú að standa vörð um rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum.

Virðulegi forseti. Mér þykir líka afar áhugavert hvernig komið er inn á og greint frá því að það sé handahófskennt og tilviljanakennt hvernig farið sé með þessi stjórnsýslulög eða umgengni er við þau innan stjórnsýslunnar. Sérstaklega er hérna setning sem slær mig dálítið, þ.e. umboðsmaður greinir frá því að hann fái oft vitneskju um að einstakir starfsmenn séu eljusamir við að fylgja stjórnsýslulögum en það fái oft heldur dræmar undirtektir yfirmanna. Þetta er nokkuð sem ég hefði viljað að við skoðuðum sérstaklega og mér þykir mjög mikilvægt sem bent er á hér og hefði viljað heyra það hjá hæstv. forseta ef hún kemur hér upp á eftir, að hér verði gefin yfirlýsing um að ráðist verði í það verkefni strax að fræða starfsmenn innan stjórnsýslunnar um stjórnsýslulögin eins og lagt er til í þessari skýrslu. Þetta á að vera algjört forgangsatriði núna innan stjórnsýslunnar miðað við þær mikilvægu ábendingar sem koma hér fram.

Eins og réttilega er bent á í þessari góðu skýrslu þá snýst þetta líka um gæði stjórnsýslunnar. Eins og fram kemur þar á hlutverk þessara lagareglna að vera gæðastaðall fyrir starfsemi stjórnsýslunnar þannig að auðvitað verða þarna hlutirnir að vera í lagi. Ég legg til að við tökum strax upp þær ábendingar sem hér koma um að ráðast strax í gerð fræðsluefnis um stjórnsýslulögin fyrir starfsmenn innan stjórnsýslunnar.

Virðulegi forseti. Mér finnst mikilvægt að koma inn á annað atriði í þessum kafla. Það er að í þessum kafla á bls. 13 kemur fram að vakin er athygli á því að í þessari skýrslu sé í nokkrum álitum fjallað um þá reglu 23. gr. upplýsingalaga að stjórnvaldi sé skylt að skrá niður upplýsingar um málsatvik sem því eru veittar munnlega ef þær hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins. Virðulegi forseti. Í þessum kafla er síðan greint frá nokkrum málum eða nokkrum álitum frá umboðsmanni þar sem fjallað er um undirbúning að ráðningu í störf hjá ríkinu.

Áhugaverðast við þennan hluta kaflans er að í niðurlagi hans segir, með leyfi forseta:

„Sama er að mínum dómi oft uppi á teningnum hjá stjórnvöldum þar sem reglum stjórnsýslulaga og upplýsingalaga hefur ekki verið fylgt. Það er því verk að vinna að auka þekkingu starfsfólks stjórnsýslunnar á þessum reglum.“

Virðulegi forseti. Mér finnst mikilvægt að staldra við þessi orð. Ég segi þetta vegna þess að við höfum nýlegt dæmi um að ekki hafa verið skráð mikilvæg mál innan stjórnsýslunnar. Vil ég í því sambandi nefna sem dæmi skýrslu Gríms Björnssonar sem hann sendi orkumálastjóra og var til meðferðar iðnaðarráðuneytisins ári áður en formleg skráning á málinu kom til innan þess ráðuneytis. Virðulegi forseti. Þetta vil ég nefna hér sem dæmi vegna þess að þegar við skoðum 22. gr. upplýsingalaganna kemur þar skýrt fram að stjórnvöldum sé skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg. Þrátt fyrir að ekki sé sérstaklega um þetta mál fjallað í þessari skýrslu þá er hér bent á að í ýmsum málum sé brotalöm á því að upplýsingalögum sé fylgt innan stjórnsýslunnar. Því finnst mér mikilvægt að draga þetta mál hér fram vegna þess að það er frá árinu 2002 og það kemur skýrt fram í greinargerð frá ráðuneytinu um aðkomu ráðuneytisins að meðhöndlun á athugunum Gríms Björnssonar að það mál hafi verið til meðferðar á æðstu stigum innan iðnaðarráðuneytisins í febrúar, um miðjan febrúar árið 2002. Það segir hreinlega í greinargerð ráðuneytisins, í niðurstöðu, með leyfi forseta:

„Af skoðun á gögnum málsins og samtölum við starfsmenn verður ekki annað ráðið en að skrifstofustjóri orkumálaskrifstofu“ — sem er innan ráðuneytisins — „og fulltrúar Orkustofnunar og Landsvirkjunar hafi haft vitneskju um málið á þeim tíma sem Alþingi fjallaði um frumvarp iðnaðarráðherra til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Þeir hafi metið það svo að athugasemdir Gríms vörðuðu atriði sem krefðust sérþekkingar sem sérfræðingar væru í bestri aðstöðu til að svara og rétt væri að gefa Landsvirkjun kost á að tjá sig um þær áður en afstaða væri tekin til þeirra.“

Virðulegi forseti. Þarna kemur skýrt fram að málið var til meðferðar innan ráðuneytisins en það er ekkert skráð um þetta mál innan ráðuneytisins eins og hefði átt að gera samkvæmt 22. gr. upplýsingalaga. Þarna er veruleg brotalöm á ferðinni, virðulegi forseti, sem við verðum að laga. Það gengur ekki ef við ætlum að reka hér ábyrga stjórnsýslu ef menn skrá ekki mál eins og vera ber og hvað þá að við séum að setja lög og reglur um skráningu mála hjá stjórnsýslunni og því er ekki fylgt.

Mér finnst þetta gott dæmi um þá brotalöm sem augljóslega er innan stjórnsýslunnar. Á þessu verður hv. Alþingi að taka. Því segi ég, virðulegi forseti, að lokum þetta: Ég hvet hæstv. forseta Alþingis til að ráðast strax í að búa til fræðsluefni, eins og bent er á í þessari skýrslu, fyrir starfsmenn sem koma til starfa innan stjórnsýslunnar um umgengni við stjórnsýslulögin og upplýsingalögin og önnur þau lög sem þeir þurfa að fylgja vegna þess að það er mjög alvarlegt þegar slíkar brotalamir finnast eins og skýrsla Gríms er glöggt dæmi um.

[11:46]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2005. Umboðsmaður Alþingis hefur verið starfandi í vel á annan áratug. Ég held að enginn deili um hve mikil, góð og jákvæð áhrif starfsemi umboðsmanns Alþingis hefur haft á stjórnsýslu í landinu.

Það kemur fram í skýrslunni að árinu 2005 hafi 325 mál hlotið lokaafgreiðslu af hálfu umboðsmanns en 78 mál hafi enn verið óafgreidd. Þetta er nokkur fækkun frá árinu á undan þegar 279 mál voru afgreidd en mál til meðferðar voru þá í árslok 89.

Það vekur athygli að það skuli koma í megindráttum sömu mál til umfjöllunar umboðsmanns Alþingis ár eftir ár. Þessir málaflokkar snúa fyrst og fremst að sköttum og gjöldum, málefnum opinberra starfsmanna, sjávarútvegsmálum, almannatryggingum og meðferð ákæruvalds. Ég vek hins vegar athygli á því að málum sem felld hafa verið undir flokkinn „málsmeðferð og starfshættir stjórnsýslunn-

ar" hefur fækkað frá árinu 2004. Við skulum því vona að einhver framför hafi orðið í þeim efnum.

Þá vil ég sömuleiðis vekja athygli á því, eins og fram hefur komið í máli annarra hv. alþingismanna, að málum er varða meðferð og réttindi fanga hefur fækkað mjög á síðustu árum. Þau voru 20 árið 2004 en eru nú 10 talsins. Það kemur fram í skýrslunni að það sé kannski að hluta til vegna nýrra laga en líklega er skýringin frekar falin í nýjum forstöðumanni Fangelsismálastofnunar og breytinga á áherslum sem þar hafa orðið.

Ég hjó þó eftir einu varðandi fangelsismálin og ég spurðist sérstaklega fyrir um það á nefndarfundi í allsherjarnefnd. Það varðar agaviðurlög gagnvart föngum, þ.e. að fram komu þær athugasemdir umboðsmanns að möguleiki væri á því að menn væru þar að misbeita úrræðum í nýjum lögum, en á því hefur verið tekið af hálfu yfirstjórnar Fangelsismálastofnunar ríkisins. Við skulum því vona að sú framkvæmd sé úr sögunni en þetta varðar beitingu einangrunar í ákveðnum tilvikum.

Ég vek líka athygli á því að á fundi umboðsmanns með allsherjarnefnd kom fram að heilbrigðisþjónusta við fanga væri öll að komast í lag, bæði með fjölgun geðlækna og aukinni sálfræðiþjónustu. Við skulum vona að þau mál séu sömuleiðis að komast í gott horf.

Ég fagna því sérstaklega að umboðsmaður hefur lagt áherslu á framkvæmd stjórnsýslulaganna og beint tilmælum um það til stjórnvalda, m.a. um að stjórnvöld framsendi erindi sem ekki heyra undir þau heldur annað stjórnvald. Sömuleiðis eru tilmæli um málshraða, reglur um málshraða, reglur um tilkynningu um tafir sem eru fyrirsjáanlegar á afgreiðslu máls, leiðbeiningar um birtingu ákvörðunar og að beiðnum um rökstuðning sé svarað. Þetta eru allt mál sem skipta borgarana verulegu máli og mikilvægt að stjórnvöld fari að lögum í þeim efnum.

Það er gott til þess að vita að umboðsmaður hefur tekið upp nokkur mál að eigin frumkvæði, m.a. fjallað um afgreiðslutíma úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sem ég mun koma að síðar í ræðu minni og sömuleiðis varðandi skráningu skriflegra erinda, svo dæmi séu tekin.

Ég vil nefna, sem ekki hefur áður verið nefnt í umræðunni, þá hugmynd umboðsmanns að tekið verði upp sérstakt stjórnsýslumat vegna lagafrumvarpa. Eins og hv. þingmenn vita hefur það verið tíðkað á undanförnum árum að gera sérstakt kostnaðarmat sem fylgi stjórnarfrumvörpum. En umboðsmaður leggur til að jafnframt verði gert sérstakt stjórnsýslumat. Ég held að þessi hugmynd sé skoðunar virði, þ.e. að menn viti hvað felist í þeim frumvörpum sem fjallað er um á þingi. Ég velti hins vegar fyrir mér hvort þetta mat eigi að fara fram áður en frumvarp er lagt fram eða við meðferð þingnefnda. Ég tel allt eins koma til greina að slíkt mat gæti farið fram á vegum Alþingis sjálfs, þ.e. nefndasviðs Alþingis, og gæti þá verið þáttur í því að styrkja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Á fundi allsherjarnefndar var fjallað um tvö álit umboðsmanns Alþingis, annars vegar vegna athugunar á afgreiðslutíma 48 sjálfstæðra stjórnsýslu- og úrskurðarnefnda og hins vegar athugunar umboðsmanns á skráningu og afgreiðslu mála hjá 32 stjórnvöldum. Ég tel vinnubrögðin hjá umboðsmanni mjög til fyrirmyndar. Það má segja að meginniðurstöður álitsins um skráningu erinda séu þær að stjórnvöld séu öll að koma til í þessu máli, þ.e. framkvæmdarvaldið. Tæknibúnaður hefur batnað og notkun á rafrænni málaskrá er nánast orðin alger. Það vekur þó athygli að tvö af 32 stjórnvöldum hafa ekki tekið upp rafræna málaskrá, sem er nokkuð sem viðkomandi stjórnvöld verða að bregðast við.

Það kemur líka fram í skýrslu umboðsmanns að á árinu 2002 höfðu einungis fjögur stjórnvöld af 32 reglur til viðmiðunar um afgreiðslutíma erinda, þeim hafði fjölgað upp í níu vorið 2006. Samt sem áður styðjast 28% stjórnvalda hvorki við skriflegar reglur um málshraða né fylgja ákveðnum viðmiðunum. Þetta hlutfall er of hátt og auðvitað þarf að útrýma þessu. Það sem vekur kannski enn frekar athygli að 63% stjórnvalda hafa ekki reglubundið eftirlit með stöðu og afgreiðslu mála innan sinna vébanda, þ.e. árið 2002 en þetta hlutfall hafði lækkað niður í 50% árið 2006. Þessar breytingar eru allt of hægar og taka of langan tíma.

Að því er varðar álit umboðsmanns vegna athugunar á afgreiðslutíma sjálfstæðra stjórnsýslu- og úrskurðarnefnda er fyrst til þess að taka að á síðustu árum hefur sjálfstæðum úrskurðarapparötum á sviði stjórnsýslunnar fjölgað gríðarlega mikið. Eins og fram kemur í skýrslunni tók Friðgeir Björnsson héraðsdómari saman yfirlit um þetta árið 2005. Þar kom fram að af 58 nefndum hefðu 34 eða 58% verið stofnaðar á síðustu tíu árum. Ráðuneytin hafa í auknum mæli losað sig við það verkefni að úrskurða í deilumálum á milli einstaklinga, lögaðila og lægra settra stjórnvalda. Þetta hefur tekist misvel eins og fram kemur í áliti umboðsmanns. Það liggur fyrir að ríflega helmingur þessara úrskurðarnefnda fjalla um færri mál en tíu, en hins vegar eru sex nefndir eða kannski um 10% sem fjalla um fleiri en 100 mál. Ég tek undir það með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að auðvitað er fyrir neðan allar hellur að úrskurðarnefndir á vegum stjórnsýslunnar skuli ekki svara umboðsmanni Alþingis um afgreiðslu erinda þrátt fyrir ítrekanir.

Einungis helmingur mála er afgreiddur innan lögbundins frests. Verra er að afgreiðslutíminn er að lengjast, sem er nokkuð sem við verðum að bregðast við á hinu háa Alþingi. Það kemur líka fram að tafir á vinnslu eða afgreiðslu mála voru ekki tilkynntar í 90% mála. Það er algjörlega óviðunandi. Ég tel að við þurfum að taka þessi mál til umræðu og gagngerrar skoðunar á Alþingi og velta fyrir okkur ýmsum atriðum í þeim efnum. Spurning er hvort yfirleitt sé þörf á þessum úrskurðarnefndum í sumum tilvikum og í öðrum tilvikum hvort ástæða sé til að stofna sérstaka úrskurðarnefnd sem hefði öll mál til meðferðar.

Ég vildi leyfa mér að nefna sérstaklega einn málaflokk, þ.e. úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Sú nefnd hefur margoft verið til umræðu í þingsölum og margoft verið reynt að lappa upp á bæði starfsaðstöðu og afgreiðslutíma þeirrar nefndar. Ef ég man rétt á úrskurðarnefndin að afgreiða mál á átta vikum en því miður er afgreiðslutíminn talinn í árum hjá þeirri nefnd. Ég hef velt því fyrir mér hvort það væri ekki rétt að leggja þessa nefnd hreinlega niður og veita þeim fjármunum sem til hennar fara til að stofna t.d. embætti tveggja héraðsdómara, annars vegar í Reykjavík og hins vegar á Reykjanesi. Það mætti þá afgreiða þessi mál með sérfróðum meðdómendum eftir atvik-

um en aðalatriðið er að það á að vera hægt að leiða í ljós fljótlega hvort ákvörðun um útgáfu byggingarleyfis standist deiliskipulag eða aðalskipulag. Það á ekki að þurfa t.d. að taka tvö ár að finna út hvort í gildi er deiliskipulag á viðkomandi svæði sem leyfi byggingu tiltekinnar eignar.

Það þýðir því ekki lengur að plástra í þessum málum. Við verðum að gera eitthvað í afgreiðslutíma stjórnvalda og þurfum að taka til gagngerrar skoðunar hvort ástæða sé til að hafa allar þessar úrskurðarnefndir, eins og ég gat um fyrr í ræðu minni.

Ég vil að endingu þakka umboðsmanni Alþingis fyrir hans góðu störf og þessa ágætu skýrslu. Ég vona að hún verði til þess að stjórnsýslumálin komist í enn betra lag hér á landi.

[12:01]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þá merku skýrslu sem er hér til umræðu. Tel ég að hún sé talsvert afrek hjá ekki fjölmennari stofnun. Þar fer fram mjög gott og þarft starf, að hafa eftirlit með stjórnsýslunni í landinu.

Ég ætla að rifja upp hugmynd sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kom með inn í umræðuna í fyrra, að þetta fyrirkomulag á umræðunni hér sé kannski ekki mjög hentugt. Við erum að ræða skýrslu og skýrsluhöfundar eru ekki til andsvara. Það væri miklum mun heppilegra ef þessi umfjöllun um skýrsluna færi fram með þeim hætti að skýrsluhöfundar væru til andsvara. Eðli málsins samkvæmt er það ekki í boði hér sem leiðir þá hugann að því hvort þessi umræða eigi ekki að fara fram í þingnefndinni, allsherjarnefndinni, og þá fyrir opnum tjöldum.

Ég get fullyrt að ef það væri gert með þeim hætti að það væri einfaldlega myndavél á allsherjarnefndarfundum og gestir væru þar til svara væri umræðan miklu markvissari en hún er núna. Þá væri hægt að spyrja út í ákveðin efnisatriði og almenningur gæti fylgst með. Vissulega fór fram umræða á fundi allsherjarnefndar en hún hefði getað orðið, og hefði orðið, markvissari ef þetta væri með formlegri hætti og hún fyrir opnum tjöldum. Eflaust hefði mæting á fundinn líka verið betri en hún var.

Það hefur orðið örlítil fækkun mála. Það er góðs viti en samt segir það ekki alla söguna. Það sem skýrslan ber einnig með sér er að umboðsmaður hefur undan, hann afgreiðir fleiri mál en berast inn á borð til hans. Í rauninni væri líka annað algjörlega ólíðandi, þ.e. ef stofnun sem á að fylgja því eftir að aðrir sinni málsmeðferð sinni hefði sjálf ekki undan því að sinna þeim málum sem berast inn á borð hjá henni.

Það eru líka önnur merki um að hlutirnir séu að færast í betra lag, við höfum ekki eins alvarleg mál nú og voru inni á borði umboðsmanns fyrir árið 2004. Þá á ég auðvitað við það þegar mjög vel rökstuddar kvartanir bárust um það hvernig hæstv. dómsmálaráðherra veitti embætti hæstaréttardómara. Þessi mál eru ekki nú og ekki eins alvarleg.

Samt sem áður er fjöldi kvartana. Nú eru 46 kvartanir en þær voru 55 árið 2004. Það er mín skoðun að við sjáum einungis lítinn hluta af þeim málum sem ættu heima inni á borði umboðsmanns hvað varðar kvartanir. Það er víða mikill seinagangur í stjórnsýslunni. Stundum virðist seinagangur vera meðvituð afgreiðsla mála.

Það er eins og að ef erfið mál koma upp sé einhvern veginn látið undir höfuð leggjast að svara þeim. Það urðum við í Frjálslynda flokknum varir við þegar við spurðum spurninga um t.d. fiskeldisstöð norður í landi sem lyktaði af pólitískri spillingu. Þá fengust engin svör. Það var ekki einungis að málið lyktaði af spillingu, heldur voru þar hreinar og klárar ásakanir hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar varðandi það að fyrrum forstjóri Byggðastofnunar hefði í rauninni misfarið með vald sitt og jafnvel tekið til sín hlutafé. Þetta voru mjög alvarlegar ásakanir um lögbrot. Þegar við reyndum að beina sjónum lögreglunnar að málinu fengust engin svör. Það voru í rauninni tafir á afgreiðslunni og þetta virtist vera meðvitað.

Nefna má fleiri dæmi sem maður þekkir náið, t.d. þegar til stóð að fá upplýsingar frá forsætisráðuneytinu um kostnaðinn við stólaskiptin sem urðu hér í sumar. Lengi vel bólaði ekkert á svörum. Upplýsingaþjónusta Alþingis fékk engin svör frá forsætisráðuneytinu þrátt fyrir að hún gengi ítrekað eftir þeim. Það var ekki fyrr en mörgum mánuðum seinna að svörin fengust um kostnaðinn af þessari ráðstöfun eða björgunaraðgerðum fyrir Framsóknarflokkinn. Allir vita náttúrlega að þessi stólaskipti höfðu ekkert með það að gera að koma á betri stjórn fyrir landið, heldur var þetta einungis björgunaraðgerð fyrir Framsóknarflokkinn.

Enn fleiri mál má nefna, svo sem þegar pólitísk stjórnvöld neita að veita upplýsingar, neita að reikna ákveðna hluti út. Það höfðum við fyrir augunum á nýliðnum árum þegar ég beindi fyrirspurn til núverandi forsætisráðherra, sem þá var fjármálaráðherra, um það hver misskiptingin á Íslandi yrði þegar skattbreytingar ríkisstjórnarinnar yrðu komnar til framkvæmda eins og ríkisstjórnin hafði boðað. Þá var okkur neitað um þær upplýsingar. En nú höfum við fengið svör, og svörin eru þau að misskiptingin hefur aukist. Það virðist einfaldlega vera meðvituð afgreiðsla að tefja mál og neita að veita upplýsingar. Það er alvarlegt.

Það er fleira sem ber að nefna um að tafir eru í rauninni meiri en gefið er til kynna í þessari skýrslu. Ég sé að einungis tvö samkeppnismál eru skráð hér. Ef við skoðum svar sem hæstv. viðskiptaráðherra gaf í vor um afgreiðslutíma hjá Samkeppniseftirlitinu er hann gríðarlega langur. Þegar Samkeppnisstofnun var lögð niður biðu 80 mál en þegar Samkeppniseftirlitið hafði starfað í talsverðan tíma og fyrirspurn var beint til viðskiptaráðherra hafði málum sem biðu fjölgað í 100. Sú stofnun sem var sett á fót til að auka málshraðann hefur alls ekki skilað árangri. Þetta er eitt af því sem verður að skoða þegar við horfum upp á að aðgerðir stjórnvalda sem var ætlað að auka málshraðann virðist draga úr honum.

Það er líka vert að spyrja þeirrar spurningar og velta henni upp hvers vegna ekki komi fleiri mál inn á borð umboðsmanns Alþingis frá fyrirtækjum. Hvers vegna koma ekki erindi frá fyrirtækjum sem sannarlega hafa beðið lengi eftir afgreiðslu mála? Nefnd hefur verið sú skýring sem er vert að fara rækilega í gegnum að fyrirtæki og lögaðilar veigri sér við að fara þangað með mál vegna þess ef menn eru með múður getur það einfaldlega komið niður á endanlegum úrskurði. Þetta þarf að hafa í huga og við þurfum að ræða þessa hluti opinskátt.

Ég get tekið undir þá gagnrýni sem kom hér fram, m.a. hjá hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni og Bjarna Benediktssyni, að það þarf virkilega að fara í gegnum þessar stjórnsýslunefndir. Þetta er orðinn mikill frumskógur nefnda. Það kom fram í úttekt sem var gerð að þær væru orðnar 58. En vel á minnst, árið 2003 lagði sá sem hér stendur fram fyrirspurn, ásamt hv. þm. Atla Gíslasyni, um kostnaðinn af þessum nefndum. Þetta er ekki ódýrt. Það er á fjórða hundrað millj. kr. sem þessar nefndir kostuðu hið opinbera árið 2003. Þá voru einungis 42 nefndir inni í þessari tölu þannig að það er full nauðsyn á því að fara rækilega í gegnum þetta til að gera stjórnsýsluna einfaldari og skilvirkari.

Við höfum hér stundum alþjóðlegar kannanir þar sem við fáum ítrekað hæstu einkunn. Maður veltir fyrir sér hvernig menn komast að þeirri niðurstöðu að við fáum hæstu einkunn, einkunn um minnstu spillinguna og skilvirkustu stjórnsýsluna. Það gefur augaleið að þetta á ekki algerlega við rök að styðjast og við getum ekki tekið svona einkunnagjöf sem kemur utan úr heimi sem einhverja sönnun þess að hlutirnir séu í lagi. Við eigum einfaldlega að horfa á skýrslu umboðsmanns Alþingis og ekki hvað síst þessa athugun á stjórnsýslu- og úrskurðarnefndum til vitnis um að hér eru ákveðnar brotalamir sem þarf að lagfæra.

Það þarf að lagfæra þessar úrskurðarnefndir. Það kemur m.a. fram að helst er hætt við því að brotalamirnar séu hjá nefndum þar sem starfsemi er kannski ekki regluleg. Fólk kemur utan úr bæ. Það er mjög mikilvægt að koma fastari umgjörð um þessar nefndir. Ég hef viðrað þá hugmynd að búinn verði til sérstakur stjórnsýsludómstóll til að koma þessu í fastari skorður, eða þá má líka einfaldlega styðja þá hugmynd og þá tillögu að færa meira af þessu starfi til dómstóla landsins. Mér finnst þetta vera mjög nauðsynleg umræða.

Það kom fram á fundi umboðsmanns með allsherjarnefnd að Færeyingar hafa farið þá leið að bæta umgjörð slíkra nefnda. Þar er ein skrifstofa sem tekur við erindum. Mér finnst að það mætti skoða þeirra leið í þessum efnum en einnig þá leið að færa starf nefndanna til dómstólanna. Í dómstólunum er formföst og gagnsæ málsmeðferð sem á því miður ekki alltaf við um þessar stjórnsýslunefndir. Einnig er afgreiðslutíminn sem hefur verið að lengjast til vitnis um það að við þurfum að gera betur.

Ég vil nota síðustu orð mín í þessari ræðu til að þakka fyrir þessa góðu skýrslu og ég vona að hún verði stjórnsýslunni í landinu það gagn að hún verði sú skilvirkasta í Evrópu.

[12:14]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp í lokin til að þakka fyrir þessa umræðu um skýrslu umboðsmanns Alþingis. Mér finnst mjög ánægjulegt að sjá áhuga hv. alþingismanna á þessu máli. Ég tel að í umræðunni hafi komið fram ýmsar gagnlegar athugasemdir sem er ástæða til að taka undir.

Ég vil nefna sérstaklega atriði sem hv. alþingismaður Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest., nefndi um fræðslu fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar. Um þetta atriði segir einmitt í skýrslu umboðsmanns á bls. 13, með leyfi virðulegs forseta:

„En ég ítreka líka þá áherslu sem ég hef áður lagt á aukna fræðslu fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar um stjórnsýslurétt. Í því efni er ánægjulegt að sjá það framhald sem orðið hefur á námskeiðum er hófust á vegum forsætisráðuneytisins í samvinnu við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands haustið 2004 fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar."

Nú er það ekki hlutverk Alþingis að stuðla beint að slíkri fræðslu en það er full ástæða til að taka undir þessi orð og hvetja stjórnvöld til að mennta fólk sitt enn frekar.

Umboðsmaður hefur raunar oft áður komið með ábendingu af þessum toga og því tel ég ástæðu til að taka undir bæði orð hans hér í þessari skýrslu og orð hv. þingmanns um þetta atriði.

Ég tel líka alveg ljóst að skýrslan sem við ræðum hér hefur fengið mjög vandaða meðferð í hv. allsherjarnefnd Alþingis. Hér hafa m.a. fjórir hv. þingmenn og nefndarmenn úr allsherjarnefnd tekið til máls og rætt þessa skýrslu fyrir opnum tjöldum. Það hefur verið upplýst að sérstaklega voru kynntar tvær frumkvæðiskannanir umboðsmanns sem ekki hafa verið birtar. Önnur þeirra heitir „Athugun umboðsmanns Alþingis á skráningu og afgreiðslu mála hjá 32 stjórnvöldum". Það er samanburður fyrir árin 2002–2006. Og síðan er í öðru lagi „Álit umboðsmanns Alþingis vegna athugunar á afgreiðslutíma 48 sjálfstæðra stjórnsýslu- og úrskurðarnefnda". Það virðist af umræðum hér sem víða sé pottur brotinn í þessum málum, því miður.

Ég tel alveg skýrt að hlutverk allsherjarnefndar Alþingis er mjög mikilvægt í þessu sambandi til þess einmitt að koma á framfæri ábendingum umboðsmanns og til að fylgja þeim eftir gagnvart stjórnsýslunni og stjórnvöldum. Þótt margt hafi áunnist eru líka allt of mörg atriði sem er ábótavant. Það er auðvitað hlutverk okkar hér á hinu háa Alþingi að gæta þess að réttaröryggi borgaranna sé ekki fyrir borð borið.

Að lokum ítreka ég þakkir mínar til umboðsmanns Alþingis og starfsfólks hans fyrir mjög vandaða og góða skýrslu og ég vona svo sannarlega að þessi umræða hér hafi sín áhrif og þær ábendingar sem hv. alþingismenn hafa komið með í því sambandi.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 12:19]

## *Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 95. mál (framlenging gildistíma laganna o.fl.). — Þskj. 95.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 266. mál (álagningarhlutföll). — Þskj. 275.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Álbræðsla á Grundartanga, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 93. mál (tekjuskattur á arð o.fl.). — Þskj. 93.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 279. mál (hlutverk og starfsemi sjóðsins). — Þskj. 292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 280. mál (heildarlög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands). — Þskj. 293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2005.***

[13:37]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun ber henni að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Ársskýrslan fyrir síðasta ár var gefin út og birt í febrúar síðastliðnum. Í henni er m.a. gerð grein fyrir starfsskýrslu stofnunarinnar, starfsemi hennar á árinu 2005 og markmiðum með endurskoðun á leiðum á því sviði. Jafnframt er gerð grein fyrir þeim skýrslum, leiðbeiningaritum og greinargerðum sem stofnunin gaf út á árinu og fyrir starfi einstakra sviða stofnunarinnar. Þá eru í skýrslunni raktar ýmsar kennitölur um umsvif og árangur í störfum Ríkisendurskoðunar á árinu 2005. Loks er í skýrslunni að finna greinar eftir nokkra starfsmenn hennar um efni er tengist hlutverki og störfum stofnunarinnar. Hér á eftir mun ég stikla á stóru úr starfsemi Ríkisendurskoðunar á síðasta ári.

Fjárheimildir Ríkisendurskoðunar í fjárlögum og fjáraukalögum ársins 2005 námu alls 360 millj. kr. og hækkuðu um 12,9% frá árinu á undan. Rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar að frádregnum tekjum af seldri þjónustu námu alls rúmum 342 millj. kr. á árinu 2005 og hækkuðu um 13,2% frá árinu 2004. Rekstur stofnunarinnar var því 18 millj. kr. innan fjárheimilda ársins.

Eins og samandreginn rekstrarreikningur sýnir nam launakostnaður stofnunarinnar tæplega 292 millj. kr. og hækkaði hann um 33 millj. á milli ára. Stærsti einstaki rekstrarkostnaðarliðurinn er aðkeypt sérfræðiþjónusta og nam sá kostnaður 35 millj. kr. á síðasta ári. Þessi kostnaður lækkaði lítið eitt á milli ára. Af þeirri sérfræðiþjónustu eiga um 30 millj. kr. rætur að rekja til samninga um þjónustu 11 endurskoðunarskrifstofa um endurskoðun hjá 45 A-hluta stofnunum. Sértekjur stofnunarinnar lækkuðu um 4 millj. kr. milli ára.

Í árslok 2005 voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar 49 talsins. Af fastskráðum starfsmönnum voru karlmenn 28 eða 57% og konur 21 eða 43%. Þetta er svipað hlutfall og tvö undanfarin ár.

Ríkisendurskoðun leggur mikla áherslu á skilvirkni og gæði í störfum sínum. Lögð er áhersla á að standa við þær áætlanir sem gerðar eru hverju sinni og mæta þörfum þeirra sem taka ákvarðanir um rekstur stofnana og fyrirtækja ríkisins með því að ljúka skýrslum og greinargerðum tímanlega og að þær komi þeim að gagni. Á undanförnum árum hefur að jafnaði tekist að gefa út endurskoðaða ársreikninga fyrir allar stofnanir í A-hluta ríkisreiknings auk stofnana í B-, C-, D- og E-hluta hans.

Á árinu áritaði stofnunin 344 ársreikninga og skilaði samtals 238 endurskoðunarskýrslum á sviði fjárhagsendurskoðunar miðað við 357 ársreikninga og 259 endurskoðunarskýrslum árið 2004. Hækkunin nam um 5,5% á milli áranna 2004 og 2005.

Eins og rakið er í skýrslunni er ljóst að innleiðing nýs fjárhagskerfis ríkisins setti talsvert strik í reikninginn að þessu sinni og olli því að endurskoðun stofnana tók að jafnaði lengri tíma en áður. Stefnt er að því að fjölga endurskoðunarskýrslum á komandi árum. Þá áformar stofnunin að ljúka áritun reikningsskila stofnana fyrr á árinu en hefur verið til þessa svo að þau nýtist þeim sem best. Forsenda þess er þó að stofnanir loki bókhaldi sínu að jafnaði fyrr en þær hafa gert til þessa.

Auk þess að votta að reikningsskil stofnana sem gefi glögga mynd af rekstri og efnahag þeirra og sé í samræmi við góða reikningsskilavenju er Ríkisendurskoðun ætlað að kanna hvernig þær ráðstafa fjárheimildum sínum samkvæmt fjárlögum, umsvifum þeirra og árangri. Heildarafrakstur þeirrar vinnu Ríkisendurskoðunar á árinu 2005 birtist gleggst í skýrslu stofnunarinnar, endurskoðun ríkisreiknings 2004. Þar birtist einnig niðurstaða í árvissri könnun Ríkisendurskoðunar á nokkrum völdum þáttum í rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins. Markmið þessara kannana

er að auka aðhald í ríkisrekstri, bæta umhirðu með eignum og fjármunum hins opinbera og efla innra eftirlit stofnana. Á síðasta ári var einkum hugað að húsnæðismálum stofnana, heimanotkun starfsmanna á tölvubúnaði, tilhögun símamála og aðkeyptri þjónustu vegna upplýsingamála. Ekki er vafi á því að skýrslur þessar hafa komið ýmsu góðu til leiðar. Meðal vísbendinga um það er sú staðreynd að á síðustu árum hefur athugasemdum Ríkiendurskoðunar um meðferð bókhaldsgagna fækkað mjög.

Auk þess að kanna fjárhagslegt innra eftirlit stofnana og fyrirtækja við fjárhagsendurskoðun hefur stofnunin lagt vaxandi áherslu á að kynna stjórnendum þeirra hvað felist í innra eftirliti sem og helstu áhættuþætti í opinberum rekstri.

Úttektir Ríkisendurskoðunar á innra eftirliti hafa m.a. leitt í ljós að margar stofnanir hafa gripið til aðgerða vegna viðkvæmra verkþátta í eigin starfsemi. Í tengslum við innra eftirlit lauk Ríkisendurskoðun m.a. við tvær viðamiklar skýrslur á síðasta ári. Laut önnur að Landsvirkjun og hin að Landmælingum Íslands. Að auki hófst vinna við fjórar skýrslur af þessum toga á síðasta ári og lauk þeim öllum í ár. Líkt og skýrslur stofnunarinnar um fjárhagsendurskoðun eru skýrslur um innra eftirlit aldrei gerðar opinberar enda verða þær oftar en ekki viðkvæm innri mál stofnana og fyrirtækja.

Þegar horft er til annarra skýrslna Ríkisendurskoðunar, þ.e. greinargerða og úttekta á sviði stjórnsýslu og endurskoðunar og endurskoðunar upplýsingakerfa, sést að þar varð nokkur samdráttur árið 2005 miðað við undanfarin ár. Alls gaf stofnunin út 8 opinberar skýrslur eða tveimur færri en árið 2004 og einni færri en árið 2003. Þá voru samdar 11 greinargerðir miðað við 15 árið 2004 og 17 árið 2003. Svo sem jafnan áður spanna skýrslur þessar og greinargerðir vítt svið. Viðamestu skýrslurnar voru annars vegar stjórnsýsluúttekt á Háskóla Íslands og hins vegar skýrsla um árangurinn af sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Lokið var við úttekt á heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi og úttekt á kaupum ríkisins á sérfræðiþjónustu auk stjórnsýsluúttektar á þjónustu við aldraða.

Þá skilaði stofnunin skýrslu um aðdraganda og gerð lánasamninga Íbúðalánasjóðs við fjármálastofnanir vegna áhættustýringar. Að auki skilaði hún Alþingi árlegum skýrslum sínum um framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings. Með stjórnsýsluúttektum sínum leitast Ríkisendurskoðun einkum við að leggja mat á hagkvæmni rekstrar, skilvirkni og árangur og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt. Hluti úttektanna er saminn að beiðni forsætisnefndar Alþingis, einstakra ráðuneyta eða ríkisstofnana en hluti að frumkvæði stofnunarinnar sjálfrar þar sem m.a. er tekið mið af mikilvægi viðfangsefna, kostnaði og áhættu. Stofnunin hefur á undanförnum árum lagt aukna áherslu á að treysta þessar úttektir sínar með ýmiss konar samanburði bæði innlendum og erlendum. Skýrslurnar veita því ekki aðeins sértækar upplýsingar um tilteknar stofnanir heldur einnig um stöðu þeirra innan þess málaflokks sem þær tilheyra eða jafnvel um stöðu tiltekins málaflokks í heild sinni. Glöggt dæmi um skrif af þessum toga eru skýrslurnar um Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahús og þjónustu við aldraða.

Til fróðleiks skal þess getið að á síðasta ári tók Ríkisendurskoðun upp á þeirri nýbreytni að kanna með beinum hætti álit valins hóps lesenda utan stofnunarinnar á gæðum stjórnsýsluúttekta hennar, styrk þeirra og veikleika. Gerðar voru tvær slíkar kannanir vegna skýrslnanna um Háskóla Íslands og þjónustu við aldraða. Óskað var eftir mati lesenda á átta efnislegum og formlegum atriðum sem stofnunin hefur sérstaklega í huga við skýrslugerð. Áður fengu skýrslurnar góða einkunn og er stofnunin fullsátt við niðurstöðuna en lítur jafnframt á hana sem hvatningu til að gera enn betur. Sérstaka ánægju vakti að mikill meiri hluti lesenda taldi skýrslurnar aðgengilegar, röklega upp byggðar og skrifaðar á góðu og skiljanlegu máli. Viðleitni stofnunarinnar á undanförnum árum til þess að bæta þessa þætti og koma til móts við almenna lesendur virðist því augljóslega hafa skilað árangri.

Auk þess að kanna afstöðu lesenda til skýrslna Ríkisendurskoðunar hefur hún m.a. reynt að mæla skilvirkni sína með því að mæla hve langan tíma tekur að vinna tiltekin verk. Samanburður síðustu þriggja ára á þeim tíma sem tekur að vinna skýrsluna Endurskoðun ríkisreiknings frá því að ríkisreikningurinn er gefinn út sýnir að vel hafi verið að verki staðið árið 2005. Stofnunin telur engu að síður mikilvægt að endurskoðun ríkisreiknings sé lokið fyrr á árinu en verið hefur undanfarin ár svo vinnan nýtist Alþingi betur við fjárlagagerð. Þau verkefni sem ekki verða heimfærð beint undir endurskoðun, sem og almenn starfsemi stofnunarinnar voru með hefðbundnu sniði á árinu 2005. Hér er einkum átt við eftirlit með staðfestum sjóðum og sjálfseignarstofnunum, eftirlit með reikningsskilum sókna og kirkjugarða, námskeið, endurmenntun starfsmanna o.fl.

Ríkisendurskoðun er í umtalsverðum alþjóðlegum samskiptum á sínu sviði. Hún er aðili að ýmsum fjölþjóðlegum samtökum um endurskoðun auk þess sem hún hefur gott samband við systurstofnanir í nágrannaríkjunum. Þá má nefna að Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi var á síðasta ári kjörinn í átta manna stjórn Evrópusamtaka ríkisendurskoðana, EUROSAI og er það í fyrsta sinn sem Íslendingur tekur sæti í stjórn þessara samtaka og var einmitt fundur hjá samtökunum hér á landi núna í haust.

Það fer ekki á milli mála að alþjóðleg samskipti eru Ríkisendurskoðun afar mikilvæg til að kynnast þeim aðferðum og vinnubrögðum við endurskoðun sem talin eru henta best hverju sinni og bera sig saman við sambærilegar stofnanir erlendis. Í því samhengi má m.a. nefna að norrænar ríkisendurskoðanir hafa nú um þriggja ára skeið unnið að því í sameiningu að þróa kennitölur um starfsemi stofnananna. Auk þessa er ljóst að hnattvæðing síðari ára og stóraukið vægi alþjóðlegra stofnana og samninga hefur knúið á um aukið alþjóðlegt samráð og samráð um endurskoðun. Með svipuðum hætti og í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2004 fjalla fjórir starfsmenn stofnunarinnar sérstaklega um nokkra þætti er lúta að starfsemi hennar fyrir liðið ár í skýrslunni. Þeir fjalla um þjónustuhlutverk Ríkisendurskoðunar, vinnubrögð í stjórnsýsluendurskoðun, áhættustjórnun og innra eftirlit og loks þróun umhverfis endurskoðunar. Þessi umfjöllun veitir nokkra innsýn í dagleg störf stofnunarinnar.

Eins og ég gat um í ræðu minni um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar á seinasta þingi þá tel ég brýnt að skýrsla

Ríkisendurskoðunar fái hliðstæða umræðu í fjárlaganefnd Alþingis og skýrsla umboðsmanns fær í allsherjarnefnd Alþingis. Ég hef því beitt mér fyrir því að fjárlaganefnd fari yfir þessa skýrslu ásamt ríkisendurskoðanda. Í því sambandi vil ég geta þess að ég mun kanna hvort ekki sé unnt við þá vinnu sem nú er í gangi við endurskoðun þingskapa að taka upp ákvæði um meðferð þessara skýrslna þannig að tryggt sé að fjárlaganefnd og allsherjarnefnd fjalli um efni þeirra áður en umræða um skýrslurnar fer fram á Alþingi.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég fyrir hönd Alþingis flytja Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

[13:52]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Við ræðum hér ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2005. Virðulegur forseti þingsins, Sólveig Pétursdóttir, hefur gert grein fyrir henni eins og hún hefur verið lögð fram. Í skýrslunni er áréttað hlutverk og markmið með Ríkisendurskoðun, eða eins og þar stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun er óháð stofnun sem starfar á vegum Alþingis samkvæmt lögum nr. 86/1997. Hún sinnir tveimur meginverkefnum: Fjárhagsendurskoðun og stjórnsýsluendurskoðun.

Ríkisendurskoðun er annars vegar ætlað að votta að reikningsskil ríkisins gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju, athuga innra eftirlit stofnana og fyrirtækja ríkisins og meta hvort það tryggir viðunandi árangur. Hins vegar skal hún kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, þ.e. hvort stofnanir og fyrirtæki gæti hagkvæmni og skilvirkni í rekstri sínum og fylgi gildandi lagafyrirmælum í því sambandi. Að auki veitir stofnunin bæði þingnefndum Alþingis og ríkisstofnunum ýmiss konar ráðgjöf og leiðbeiningar, m.a. við gerð fjárlaga."

Mér þykir rétt, frú forseti, að byrja ræðu mína á að fara yfir þessi skilgreindu hlutverk sem Ríkisendurskoðun hefur.

Eins og komið hefur fram í ræðu forseta þingsins, frú Sólveigar Pétursdóttur, hefur Ríkisendurskoðun skilað skýrslum til Alþingis. Þær skýrslur hafa jafnan, flestar ef ekki allar, verið teknar fyrir í fjárlaganefnd, hver einstök skýrsla. Eins og fram hefur komið var skilað skýrslu um stjórnsýsluúttekt á Háskóla Íslands; skýrslu um hæfi Halldórs Ásgrímssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra, til að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins; greinargerð um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2004; stjórnsýsluúttekt á Heilbrigðisstofnun á Blönduósi; úttekt á kaupum og sérfræðiþjónustu; þjónustu við aldraða — stjórnsýsluúttekt; endurskoðun ríkisreiknings 2004; um Íbúðalánasjóð, um aðdraganda og gerð lánasamninga sjóðsins við fjármálastofnanir og Landspítala – háskólasjúkrahús, árangur 1999–2004.

Þessar skýrslur hafa flestar ef ekki allar komið til umfjöllunar í fjárlaganefnd án þess að um þær hafi verið gerðar sérstakar ályktanir, sem er alveg hárrétt hjá hæstv. forseta Sólveigu Pétursdóttur. Það er alveg hárrétt. Það hefur ekki verið ályktað um þær en hins vegar hefur verið farið í gegnum þær með ríkisendurskoðanda.

Að sjálfsögðu kemur greinargerð Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning til umfjöllunar um leið og ríkisreikningur kemur fyrir Alþingi. Síðan koma umsagnir og álit á framkvæmd fjárlaga inn í umræðuna um afgreiðslu fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga á hverjum tíma.

Ég tek undir þau orð hæstv. forseta að aukin skilvirkni gæti falist í því að viðkomandi nefndir þingsins taki fyrir þá málaflokka sem Ríkisendurskoðun hefur tekið út eða gefa álit um á hverjum tíma. Viðkomandi nefnd ætti að taka það til formlegrar umfjöllunar og skila um það formlegu áliti til Alþingis. Það má líka hugsa sér að með hverri skýrslu fylgi umsögn viðkomandi nefndar og skýrslan tekin til umræðu hér á þinginu. Þingið fjallaði þar með um þau málefni sem úttekt hefur verið gerð á eða skýrsla gerð um. Slík umræða getur verið viðameiri, stutt eða löng eftir eðli málsins. En Ríkisendurskoðun heyrir beint undir þingið og þess vegna er mikilvægt að þau tengsl og sú ábyrgð sé ræktuð, varin og studd til að tryggja sem besta skilvirkni í þeim málaflokkum sem um er fjallað, einnig til að standa við bakið á Ríkisendurskoðun gagnvart þinginu.

Ríkisendurskoðun lendir eðli málsins samkvæmt oft á milli Alþingis og framkvæmdarvaldsins vegna þess að hún gefur oft umsagnir eða álit á verkefnum og gjörðum framkvæmdarvaldsins, hvort heldur er einstakra ráðuneyta, stjórnsýsluverkefna á vegum ráðuneytanna eða einstakra stofnana, sem eru hluti af viðkomandi framkvæmdarvaldi. Ríkisendurskoðun lendir oft þarna á milli og við vitum að framkvæmdarvaldið sækir mjög í að hafa áhrif á það sem um það er sagt eða það sem lagt er til. Þingið þarf því að standa meðvitað í störfum sínum með Ríkisendurskoðun, hlutverki hennar og ábyrgð gagnvart þinginu.

Ég segi þetta að gefnu tilefni. Einn veigamesti þátturinn í störfum Ríkisendurskoðunar hefur verið að gefa umsögn um framkvæmd fjárlaga, um fjárlagavinnuna, hvernig staðið er við fjárlög innan ársins og hvernig staðið er að lokafjárlögum, ríkisreikningi o.s.frv. Við sem þekkjum þá umræðu, sem ítrekað hefur komið upp á Alþingi, vitum að beinar ábendingar og aðfinnslur Ríkisendurskoðunar við framkvæmd fjárlaga hafa ekki hvað síst átt við ráðherra og ráðuneytin sjálf, ekki bara við einstakar stofnanir heldur og hvernig ráðherrar og æðsta stjórn ríkisins umgengst fjármál ríkisins, fjárlög og fjárreiðulög. Það er í sjálfu sér mjög alvarlegt. Ég gæti tínt til mörg dæmi en þetta hefur áður verið rætt á þingi. Ég á sæti í fjárlaganefnd, frú forseti, og þekki þessa umræðu mjög vel.

Gallinn er sá að þótt við í fjárlaganefnd séum yfirleitt nokkuð sammála um þær aðfinnslur sem Ríkisendurskoðun kemur fram með á hendur framkvæmdarvaldinu um hvar þurfi að bæta úr þá er eins og enginn axli þá ábyrgð að fylgja því eftir. Við sjáum ár eftir ár sömu athugasemdir og ábendingar frá Ríkisendurskoðun varðandi meðferð fjármála af hálfu ráðuneyta og ráðherra án þess að úr sé bætt. Við munum upplifa það aftur í haust, innan tíðar þegar fjárlög og fjáraukalög koma á dagskrá til 2. umr. Þá munum við aftur upplifa, frú forseti, hvernig ábendingar og beinar aðfinnslur, sjálfsagðar og eðlilegar sem styðjast við lög af hálfu Ríkisendurskoðunar, skila sér ekki í því að farið sé eftir þeim. Áfram mun farið á svig við lög við afgreiðslu

fjárlaga, hvort sem það eru fjáraukalög eða fjárlög.

Ég tel að þetta sé umhugsunarefni fyrir þingið. Forsætisnefnd ætti að taka það til gaumgæfilegrar skoðunar, af því að forsætisnefnd fer með hin formlegu samskipti þingsins við Ríkisendurskoðun, að skoða eftirfylgni ábendinga, beinna aðfinnslna og ráðlegginga af hálfu Ríkisendurskoðunar, að ég tali ekki um það sérstaklega gagnvart fjárveitingavaldinu og framkvæmdarvaldinu. Ég tel ástæðu til þess. Ég ætla ekki að fara lengra út í þau mál að sinni en fer ítarlegar í þessa umræðu gefist tilefni til.

Ég legg áherslu á að við styrkjum stöðu þingsins með embættum eins og Ríkisendurskoðun og umboðsmanni Alþingis. Ég hef einnig lagt til að þingið fengi efnahagsskrifstofu þingsins, sem væri þinginu, þingmönnum og nefndum þess, til sjálfstæðs ráðuneytis við mat á stöðu efnahagsmála, fjármála og fjárlagagerð. Þannig þyrftum við ekki, eins og núna, að styðjast nánast alfarið við tillögur og umsagnir fjármálaráðuneytisins, sem ég kasta ekki rýrð á en þær koma frá framkvæmdarvaldinu gagnvart löggjafarvaldinu. Þingið er mjög veikt eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður, illu heilli. Það hefði mátt þróa hana og gera að öflugri stofnun í þágu þingsins. Það var ekki gert heldur var hún með gerræðislegum hætti lögð af. Þar með veiktist staða alþingismanna í að fást við þessi mál. Ég tel að það eigi einmitt að styrkja slíkar stofnanir.

Eitt af því sem er á sviði Ríkisendurskoðunar, sem ég tel að hún þurfi að sinna betur, en kveðið er á um að það sé hluti af verkefnum hennar, eru umhverfismálin. Henni ber að taka sérstaklega til skoðunar umhverfisvernd og hvernig ríkið, stofnanir þess og Alþingi, axla alþjóðlegar skuldbindingar sem við erum aðilar að. Það á einnig við ákvarðanir innan lands í stjórnsýslunni og hvernig þeim er fylgt eftir. Ég tel það gríðarlega mikilvægt með vaxandi umræðu um mikilvægi umhverfisverndar og umhverfismála að Ríkisendurskoðun sinni því hlutverki betur en nú er gert.

Eitt af þeim verkefnum sem Ríkisendurskoðun tókst á hendur á árinu 2005 var, eins og ég nefndi áðan, að athuga hæfi Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi forætisráðherra og fyrrverandi utanríkisráðherra, til að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins, eins og segir í titlinum. Ég ætla ekki að rifja það mál upp efnislega en ég tel það ekki hafa verið hlutverk Ríkisendurskoðunar að fjalla um hæfi ráðherra og allra síst forustumanna í ríkisstjórninni. Ég tel það ekki vera á verksviði hennar og að hún hefði átt að halda sig frá slíku. Hún getur tekið á fjármálalegum þáttum og ýmsum grunnstjórnsýsluþáttum en atriði sem lúta að lögmæti, að beinum lögbrotum eða slíku, á Ríkisendurskoðun ekki að hafa afskipti af eða koma fram sem einhver dómstóll um hæfi ráðherra eins og í þessu tilviki.

Ég vil nefna þetta vegna þess að ég tel að ef við lítum á starfsskýrslu fyrir árið 2005 þá hafi þar orðið á grundvallarmistök í starfi Ríkisendurskoðunar. Ég vona að þau komi ekki til með endurtaka sig en ég legg (Forseti hringir.) áherslu á að þingið standi vörð um Ríkisendurskoðun og stöðu hennar.

[14:07]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er búið að fara vel yfir efni þessarar skýrslu í ræðu hæstv. forseta, Sólveigar Pétursdóttur, þannig að ég ætla ekki að rekja mikið af efni hennar. Ég ætla þó að víkja að nokkrum atriðum, hæstv. forseti.

Þær skýrslur sem hér eru taldar upp sem opinberar skýrslur árið 2005, eins og komið hefur fram, eru skýrsla um Háskóla Íslands, stjórnsýsluúttekt; skýrsla frá því í júní sl. um hæfi Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra og fyrrverandi utanríkisráðherra, til að fjalla um sölu og hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins; greinargerð um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2004; Heilbrigðisstofnun á Blönduósi, stjórnsýsluúttekt; úttekt á sálfræðiþjónustu í október; úttekt á þjónustu við aldraða; endurskoðun ríkisreiknings; úttekt á Íbúðalánasjóði og aðdraganda í gerð lánasamninga og úttekt á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Af því sem hér er upp talið varðandi opinberar skýrslur er hægt að orða það þannig að við höfum aðeins fjallað um eina af þessum skýrslum í fjárlaganefnd. Það var skýrslan um hæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra. Ég tel hins vegar fullt tilefni til þess, hæstv. forseti, og þess vegna fer ég yfir það hvaða skýrslur hér er um að ræða, að í fjárlaganefnd verði tekið til verka við það eftir áramót þegar mestu önnunum í fjárlaganefnd lýkur að fara yfir skýrslur, að þær verði teknar þar til umræðu og eytt í það einhverjum vinnustundum að fara yfir úttektirnar og ræða skýrslurnar. Þannig verði það krufið til mergjar sem í þeim er og nefnd þingsins skoði skýrslurnar, kynni sér þær vel og ræði, til þess m.a. að draga af þeim lærdóm því að þetta eru vel unnar og gagnmerkar skýrslur.

Eins og ég sagði áðan er úttektin um hæfi Halldórs Ásgrímssonar þegar um var að ræða einkavæðinguna á bönkunum eiginlega eina skýrslan sem við ræddum.

Þetta vildi ég láta koma hérna fram, hæstv. forseti, og tel að tilefni sé til þess að taka í fjárlaganefnd sérstaka umfjöllun um þessar skýrslur á þeim tíma sem fjárlaganefnd er ekki í miklum önnum sem ætti þá að vera eftir áramót og fram að vori og að virkilega verði eytt vinnu í það að fara yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Á bls. 28 í skýrslunni kemur fram lýsing á hugsanlegri hagkvæmni í því að reka Ríkisendurskoðun. Það verður að segjast alveg eins og er að það er ekki annað að sjá þegar við berum saman kostnað við úttektir sem þar birtist en að það sé hagkvæmt rekstrarform fyrir ríkið að hafa stofnun eins og Ríkisendurskoðun þegar borinn er saman kostnaður á klukkustund hjá henni við aðkeypta þjónustu. Að vísu má svo sem um þetta deila en ég tel að þarna sé skýrt dregið fram að það sé hagkvæmt að reka Ríkisendurskoðun og að þar sé vel unnið fyrir þær krónur sem ríkið lætur í þessa vinnu sem við viljum fá frá stofnuninni. Það er rétt að vekja athygli á þessum samanburði.

Í inngangsorðum formála ríkisendurskoðanda í skýrslunni segir á miðri bls. 5, með leyfi forseta:

„Ein meginskýring þess að ekki hefur tekist sem skyldi að innleiða nýja stjórnunarhætti er sú að hingað til hefur einungis lítill hópur stjórnenda hjá opinberum stofnunum tileinkað sér stefnumiðuð vinnubrögð. Stjórnmálamenn þurfa einnig að koma fram á völlinn og hafa forustu um

innleiðingu nýrri vinnubragða. Víða í þeim löndum sem við berum okkur saman við setja stjórnmálamenn bæði stefnu og mælanleg markmið í einstökum málaflokkum og fylgjast síðan grannt með framgangi mála með árangursmælingu.“

Þetta eru nokkuð merkileg orð, hæstv. forseti, sem hér eru sett fram af ríkisendurskoðanda. Við verðum auðvitað að líta til þess að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa verið við völd í langan tíma og það verður að líta til þess að ríkisendurskoðandi beinir hér orðum til þeirra sem hafa haft völdin í landinu og stjórnað ríkiskerfinu, haft yfir stofnunum að segja o.s.frv. Þó að vissulega beini hann síðan orðum almennt til stjórnmálamanna um að þeir geti komið fram á völlinn og innleitt ný vinnubrögð verður samt að vekja athygli á því vegna þeirra orða sem hér standa að sömu flokkar eru búnir að vera við völd, Sjálfstæðisflokkurinn í tæp 16 ár og Framsóknarflokkurinn tæp 12. Ég hygg að það megi líta svo á að ríkisendurskoðandi vísi sérstaklega til þeirra sem með stjórnunina og völdin hafa farið þegar maður lítur á þessi orð. (**JBjarn:** ... að það þurfi að skipta um ríkisstjórn? Það er rétt.) Ég veit ekki hvort maður á beinlínis að draga þá ályktun, hv. þm. Jón Bjarnason, en þó kann vel að vera að ríkisendurskoðandi sé að segja það undir rós. En af því að hann er náttúrlega opinber embættismaður gengur hann ekki lengra í orðum sínum en hér er sett í texta af skynsömum manni.

Við drögum auðvitað af því okkar ályktanir sem fjöllum um þessa skýrslu og höfum vafalaust hver sína skoðun á því. Ég er ekkert viss um að hv. þm. Jón Kristjánsson sé alveg sammála þessari útleggingu minni, svo að við tökum dæmi.

Hér er auðvitað vísað til þess að taka megi upp öðruvísi vinnubrögð og markvissari og fylgja eftir þeirri stefnumörkun sem náðist fram. Þá getum við líka spurt okkur í stjórnarandstöðunni: Hverjir ná fram stefnumörkun í sínum málum? Jú, það eru stjórnarflokkarnir. Það er viðtekin venja hjá hv. Alþingi að stjórnarflokkarnir rúlla sínum málum í gegn. Stjórnarandstaðan hefur fengið samþykktar 1–2 þingsályktanir á ári og kannski 1–2 frumvörp þegar vel liggur á stjórnarflokkunum. Það liggur alveg ljóst fyrir hvert þessum orðum er ætlað að fara. Það þarf enginn að fara í neinar grafgötur með það hvað í skýrslunni stendur í þessum orðum ríkisendurskoðanda eins og þau eru hér upp sett vegna þess að tilefnið er auðvitað það hvernig hefur verið staðið að stjórnarháttum á undanförnum árum. Verkin tala og sýna merkin.

[14:15]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Umræða um Ríkisendurskoðun og ársskýrslu hennar er gagnleg og nauðsynleg og í tengslum við hana er eðlilegt að menn ræði um stöðu Ríkisendurskoðunar og það hefur verið gert hérna.

Sett hefur verið út á það í umræðunni að Ríkisendurskoðun hafi fjallað um hæfi Halldórs Ásgrímssonar og alveg ástæða til að velta því fyrir sér hvort Ríkisendurskoðun sé um slíkt fær og hvort hún sé engum háð eins og gert er ráð fyrir í þeim lögum sem um hana fjalla. Er það svo? Er hún engum háð? Ég held að svo sé ekki. Ég held að ríkisendurskoðandi sé háður stjórnvöldum og ég held að það hafi áhrif á ákvarðanir ríkisendurskoðanda og hafi gert það, a.m.k. í því tilfelli þegar Ríkisendurskoðun fjallaði um Landsbankamálið gamla og kannski líka þegar Ríkisendurskoðun fjallaði um hæfi Halldórs Ásgrímssonar á þessu ári, sem hér er til umfjöllunar.

Þá þurfa menn að velta því fyrir sér hvort hægt sé að gera Ríkisendurskoðun óháða eða ríkisendurskoðanda, sem er æðsti yfirstjórnandi og verður að vera óháður eigi stofnunin að geta orðið það. Þá þarf að velja ríkisendurskoðandann með öðrum hætti en gert er, vegna þess að ríkisendurskoðandi sem þarf að fást við mál sem skipta æðstu ráðamenn þjóðarinnar mjög miklu máli og á auk þess það undir að ná endurkjöri sem ríkisendurskoðandi eftir einhvern tíma, er í klemmu og hann er ekki óháður.

Ég tel þess vegna að menn eigi að velta því fyrir sér hvort ekki eigi með einhverju móti að hugsa þessi mál upp á nýtt hvernig ríkisendurskoðandi er valinn, ekki síður en hvernig valið er í Hæstarétt. Það er alveg hægt að finna einhverjar leiðir sem eru ekki með sama hætti og hér um ræðir. Menn gætu t.d. farið til Ameríku og athugað hvernig menn velja í kviðdóm eða eitthvað slíkt, hvernig ríkisendurskoðandi skuli valinn. Ég segi þetta í hinni mestu alvöru af því að dæmi eru um, og ég ætla ekkert að fara betur yfir þau hér, ég hef gert það áður, að ekki hafi verið fjallað eðlilega um mál hjá Ríkisendurskoðun. Þau eru sem betur fer örfá. Flestar skýrslur og nánast allar skýrslur Ríkisendurskoðunar eru mjög vel unnar, ég tek það fram. En ég tel ástæðu til að nefna þetta og alveg sérstaklega vegna þess að hér er líka til umræðu sú skýrsla sem fjallaði um hæfi Halldórs Ásgrímssonar og hlýtur að vekja upp umræðu um hvort Ríkisendurskoðun sé um það fær að taka á málum af því tagi.

Síðan langaði mig að víkja að öðru máli. Það segir í skýrslunni að stór hluti af endurskoðunarstörfum Ríkisendurskoðunar sé bundinn í lögum. Segir þar, með leyfi forseta:

„Að öðru leyti ákveður stofnunin og skipuleggur verkefni sín út frá eigin mati á mikilvægi og áhættu. Líkt og aðrar ríkisendurskoðanir er meginmarkmið hennar að stuðla að skynsamlegri nýtingu ríkisfjármuna.“

Á undan er reyndar sagt í textanum, með leyfi forseta:

„Í lögum um Ríkisendurskoðun er skýrt tekið fram að hún sé engum háð í störfum sínum og að starfsfólk hennar skuli í einu og öllu vera óháð þeim ráðuneytum og stofnunum sem það vinnur að endurskoðun hjá. Ríkisendurskoðun ákveður einnig hvar og hvenær endurskoðað er.“

Markmiðin eru skýr. Ríkisendurskoðun skal vera óháð og ég tel að tryggja þurfi að hún geti verið það og um það sé enginn vafi.

Síðan segir á bls. 11 þar sem vikið er að stjórnsýsluendurskoðunum sem Ríkisendurskoðun fer í, með leyfi forseta:

„Með stjórnsýsluúttektum sínum leitast Ríkisendurskoðun einkum við að leggja mat á hagkvæmni rekstrar, skilvirkni og árangur og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt. Hluti úttektanna er saminn að beiðni forsætisnefndar Alþingis, einstakra ráðuneyta eða ríkisstofnana en hluti að frumkvæði stofnunarinnar sjálfrar þar sem m.a. er tekið mið af mikilvægi viðfangsefna, kostnaði og áhættu.“

Af hverju er ég að lesa þetta upp? Það er vegna þess að ég tel ástæðu til að nefna að Ríkisendurskoðun hefur aldrei séð ástæðu til að taka Stjórnarráðið sjálft til stjórnsýsluúttektar og til þess eru fullar ástæður að gera. Það er öllum mönnum ljóst að þar fer mikið í súginn vegna þess að þar er skilvirkni, samsetning ráðuneytanna, skörun á verkefnum þeirra o.s.frv. að valda því að verið er jafnvel að fjalla um marga hluti á mörgum stöðum. Enginn vafi er á að mikið fer í súginn vegna þess hvernig Stjórnarráðið er samansett.

Það væri ekki ónýtt að eiga úttekt á Stjórnarráðinu sem Ríkisendurskoðun hefði framkvæmt og lagt mikla vinnu í. Ég hef reyndar rætt þetta við ríkisendurskoðanda og það er örugglega ekkert leyndarmál, hvorki hans né mitt, og ég veit að það er ákveðinn vilji og áhugi fyrir þessu. Ég held að enginn ágreiningur sé um að það er hlutverk Ríkisendurskoðunar að gera þetta. Spurningin er: Af hverju hefur það ekki verið gert? Ég ætla svo sem ekkert að gera í þessum ræðustól, hæstv. forseti, annað en að vekja athygli á þessu og leggja til að farið verði í slíka úttekt og það verði gert sem fyrst. Ef hún tekur lengri tíma en svo að hún geti verið tilbúin áður en næstu kosningar fara fram þá eigi Ríkisendurskoðun jafnvel að skila einhvers konar milliáliti þannig að þegar menn setjast nú niður eftir næstu kosningar til að koma saman ríkisstjórn geti menn líka velt því fyrir sér í leiðinni út frá staðreyndum sem Ríkisendurskoðun hafi þá aflað, hvað sé hagkvæmast að gera til að koma betra skipulagi, skilvirkara og ódýrara. Skipulagi sem skilar okkur betri þjónustu frá þeim stofnunum sem þarna er um að ræða. Þetta hefði þurft að vera til núna til að menn gætu verið að ræða þetta í aðdraganda kosninganna, en því miður hefur það ekki verið gert enn þá.

Þetta var aðalerindi mitt hér upp í ræðustólinn og svo hitt að leggja mönnum það til umhugsunar hvort ekki sé ástæða til að velta því fyrir sér áður en næst verður skipaður ríkisendurskoðandi, hvort menn eigi ekki að taka svona snúning á þeirri umræðu hvernig hægt er að styrkja Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda þannig að það sé ekkert vafamál að hann sé óháður stjórnvöldum í landinu á hverjum tíma, því að það eru þau sem hann á að hafa aðhaldið að. Ef hann er háður þeim á einhvern hátt verður það aðhald ekki eins og best verður á kosið.

[14:24]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Við ræðum um skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2005 og mér finnst mikilvægt að koma inn á það í upphafi að engum vafa er undirorpið að Ríkisendurskoðun er ein af tveimur mjög mikilvægum eftirlitsstofnunum í ríkisvaldinu sem heyra undir Alþingi. Við ræddum um skýrslu hinnar fyrri, þ.e. umboðsmanns Alþingis, fyrr í dag. Því er mikilvægt að ræða hvernig hægt er að renna styrkari stoðum undir þær eftirlitsstofnanir og sjálfsagt að gera það. Ég ætla þó ekki að fara ítarlega í það nú heldur vil ég ræða sérstaklega meðferð þeirra skýrslna sem koma frá Ríkisendurskoðun.

Virðulegi forseti. Við vitum að skýrslurnar sem Ríkisendurskoðun hefur gert, þ.e. stjórnsýsluúttektirnar, hafa haft heilmikið að segja og eru mjög vel úr garði gerðar. Það kemur glögglega fram, einkanlega í þeim nýjustu og vil ég sérstaklega nefna þá skýrslu þar sem gerð var úttekt á Háskóla Íslands. Þar er gerður mjög góður og mikilvægur samanburður á innlendum og erlendum háskólum og líka ekki síst, sem er mikilvægt í þessu, að varpað er ljósi á stöðu þessara stofnana innan málaflokksins. Í skýrslunni kemur fram að þetta sé eitt markmiðanna og eins og þar segir, að þær eigi ekki að veita aðeins sértækar upplýsingar um tilteknar stofnanir heldur einnig um stöðu þeirra innan þess málaflokks sem þær tilheyra eða jafnvel um stöðu tiltekins málaflokks í heild sinni.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta skipta gríðarlegu máli og ég tel að þetta hafi tekist ágætlega eins og með skýrsluna um Háskóla Íslands og varð hún heilmikið fóður í gríðarlega mikla umræðu í samfélaginu. En það hvernig vinnubrögðin eru í tengslum við skil á svona skýrslum hérna innan þingsins er ég ósátt við. Þar þurfum við að gera mikla bragarbót á og við þurfum að koma því í fastan farveg hvernig við vinnum með stjórnsýsluúttektir innan þingsins. Það er ekki í föstum farvegi og einstaka nefndir hafa tekið þær upp til umræðu en það kemur ekkert út úr því. Það verður umræða um skýrsluna, oft góð og gagnmerk umræða, en það kemur ekkert út úr henni. Það sem þarf að gera er að fara skipulega í gegnum stjórnsýsluúttektirnar og gera síðan tillögur um úrbætur í kjölfarið á þeim. Til að þetta geti gerst þarf að koma því í fastan farveg hvernig á skýrslunum er tekið.

Við ræddum þessa skýrslu örlítið í fjárlaganefnd í morgun og þar kom fram að þegar breska ríkisendurskoðunin hefur skilað af sér skýrslum er sérstök nefnd í breska þinginu sem fer yfir þær. Þar er það þannig að formaðurinn tilheyrir minni hlutanum á breska þinginu. Þetta er ein hugmynd að því hvernig vinna megi sterklega að framgangi skýrslna í kerfinu þannig að það komi raunverulegar tillögur út úr því.

Einnig er hægt að fara þá leið að fagnefndir séu látnar fara skipulega í gegnum skýrslurnar og þær skili síðan tillögum til úrbóta í kjölfarið. Því það er að mínu mati mikil sóun á góðu efni og góðri vinnu hvernig við höfum farið með þessar skýrslur, ef ekki er tekið skarplega á þeim og gerðar einhverjar úrbætur.

Í skýrslunni sem um ræðir núna, skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2005, kemur fram í grein á bls. 17 að þessum skýrslum sé ætlað að nýtast Alþingi, ráðuneytum og stofnunum við lagasetningu, stefnumótun og umbætur í stjórnun og rekstri. Ég vil líta svo á, virðulegi forseti, að hér sé ekki einkum um einhverja upplýsingagjöf að ræða sem menn eigi að ræða sér til gamans heldur eigi menn að taka þessar skýrslur grafalvarlega og vinna úr þeim tillögur.

Virðulegi forseti. Mig langar líka að nefna að það eru ekki bara stjórnsýsluúttektir á einstaka stofnunum sem Ríkisendurskoðun hefur unnið að. Árlega kemur út mikilvæg skýrsla frá Ríkisendurskoðun sem fjallar um framkvæmd fjárlaga ríkisins. Í þeim skýrslum hefur ríkisendurskoðandi ítrekað gagnrýnt það hvernig farið er í kringum fjárreiðulögin og þar hefur ýmislegt verið gagnrýnt varðandi fjárlagagerðina og líka eftirlitið með framkvæmd fjárlaga. Þetta, virðulegi forseti, er eitthvað sem við höfum heyrt hér ár eftir ár, gagnrýni á þetta. Við í stjórnarandstöðunni höfum einnig ítrekað bent á þetta, ekki síst út frá umræddum

skýrslum og þetta er enn eitt dæmið um að ekkert er gert til úrbóta, ekki neitt, vegna þess að það sama er sagt í þessum skýrslum ár eftir ár.

Við þurfum að fara að taka þetta alvarlega og ég vil brýna það fyrir hæstv. forseta og hv. þingmanni sem þetta kynnti, Sólveigu Pétursdóttur, að því verði komið í fastari skorður hvernig á þessum skýrslum er tekið, gagnrýni á þær og að unnið sé með þær á uppbyggilegan hátt þannig að það verði ekki eingöngu gagnrýni sem kemur fram aftur og aftur, heldur verði unnið með þær á uppbyggilegan hátt svo að þetta gagnist í vinnu innan þingsins því annars er marklaust að halda þessu úti. Hugsanlega eru deildar meiningar einstaka sinnum um niðurstöður Ríkisendurskoðunar. Einmitt þess vegna skiptir máli að þetta fái vandaða þverpólitíska meðferð innan þingsins.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en vil ítreka í lokin að við verðum að fara yfir þessar skýrslur og það er bara út í hött að ekki sé búið það gera það miklu fyrr, þar sem þingið er klárlega ekki að sinna eftirlitsskyldu sinni með framkvæmd fjárlaga. Við höfum séð það ár eftir ár að allt of margar stofnanir eru of- eða vanáætlaðar í fjárlögum. Þegar á þetta hefur verið bent er ekkert gert með það heldur virðist ríkisstjórnin loka augunum fyrir þeim staðreyndum og í þessu birtist ákveðin veiking á stöðu Alþingis Íslendinga vegna þess að Alþingi á auðvitað að vera sterkur og skipulegur eftirlitsaðili með framkvæmd fjárlaga, sem hann er ekki í dag.

Ég tel, virðulegi forseti, að á þessu verði að taka og það sem fyrst og ég vil brýna hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur til að koma þessum skýrslum í fastari farveg hér innan húss, innan þingsins, og þá ekki síst til að styrkja þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu og styrkja eftirlitshlutverk þingsins frá því sem nú er vegna þess að ég tel það afar veikt.

[14:34]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. forseta Alþingis fyrir framsöguræðu sína um skýrslu ríkisendurskoðanda en skýrslan er með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár.

Það er kannski rétt í upphafi að byrja á formála ríkisendurskoðanda sjálfs þar sem hann leggur út af þeim árangri sem náðst hefur með svokölluðum árangursstjórnunarsamningum milli ráðuneyta og stofnana. Í slíkum árangursstjórnunarsamningum er kveðið á um markmiðssetningu, þjónustustig og fjármál viðkomandi stofnunar. Eins og staðan er nú hafa verið gerðir árangursstjórnunarsamningar við flestar stofnanir ríkisins.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þrátt fyrir þetta tekur ríkisendurskoðandi fram að aðeins lítill hópur stjórnenda í opinberum stofnunum hafi tileinkað sér stefnumiðuð vinnubrögð. Það er auðvitað ekki nógu gott og er eitthvað sem þarf að bæta úr á næstu árum.

Það vekur líka athygli í skýrslu ríkisendurskoðanda að á undanförnum árum hefur Ríkisendurskoðun unnið að því að þróa öflugt upplýsingakerfi. Það kemur fram hversu margar stundir voru notaðar á síðastliðnu ári til að vinna við slíkt kerfi og hversu miklu fleiri stundir voru notaðar til þess en árið áður.

Það vekur hins vegar líka athygli að afköst við fjárhagsendurskoðun hafa minnkað og það virðist að hluta til mega skýra með nýju fjárhagskerfi ríkisins sem hefur leitt til erfiðleika við úrvinnslu eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Það er rétt að taka fram að starf Ríkisendurskoðunar og ríkisendurskoðanda er allumfangsmikið. Það kemur fram í skýrslu hans að stofnunin hafi áritað 344 ársreikninga, samið 238 endurskoðunarskýrslur og sinnt öðrum verkefnum bæði að eigin frumkvæði og að frumkvæði annarra.

Sömuleiðis kemur fram í skýrslunni að tvær viðamiklar skýrslur hafi verið unnar, eins og hæstv. forseti Alþingis vék að áðan, sem vörðuðu Landsvirkjun annars vegar og Landmælingar Íslands hins vegar. En ég vil líka vekja athygli á þeim stjórnsýsluúttektum sem stofnunin vann á síðasta ári. Þar eru engar smástofnanir undir, m.a. Háskóli Íslands og Landspítali – háskólasjúkrahús. Það er því alveg ljóst að þrátt fyrir að stjórnsýsluúttektum hafi fækkað um eina þá er a.m.k. um verulega stórar stofnanir að ræða í þessum tveimur tilvikum.

Skýrslan um Landspítala – háskólasjúkrahús sneri að sameiningu sjúkrahúsanna hér í Reykjavík. Það kom síðast fram á fundi fjárlaganefndar í morgun að stjórnendur spítalans töldu að raunkostnaður nú væri sá sami og fyrir sameiningu spítalanna 1999, þrátt fyrir að íbúum hefði fjölgað um 6,7% og þar af íbúum eldri en um sjötugt um 11% og íbúum eldri en áttrætt um 25%, en það eru auðvitað elstu sjúklingarnir sem þurfa mesta þjónustu af hálfu spítalans.

Á bls. 12 í skýrslunni er að finna upplýsingar um endurskoðun upplýsingakerfa sem ég gat um áðan. Þar kemur fram að vinnustundum við upplýsingakerfin, eða endurskoðun upplýsingakerfa, hefur fjölgað mjög mikið, úr 3.500 tímum rúmum upp í 6.657.

Ég vil vekja athygli á því sem kom fram hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur um nauðsyn þess að Alþingi tæki og ynni áfram skýrslur Ríkisendurskoðunar. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt og ég vil beina því til hæstv. forseta Alþingis og forsætisnefndar að vinna að tillögum í þeim efnum, m.a. hvort fjárlaganefnd þingsins eigi að taka skýrslurnar til sérstakrar umfjöllunar og afgreiða með bókun eða hugsanlega vísa málinu eftir umfjöllun nefndarinnar til umræðu í þingsalnum.

Ég get ekki látið hjá líða að gera nokkrar athugasemdir við orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar þar sem hann lagði áherslu á að ríkisendurskoðandi væri óháður stjórnvöldum. Ég held að við getum öll tekið undir það og séum flest ef ekki öll sammála um að svo sé. Hv. þm. Jóhann Ársælsson taldi skýrslu um hæfi Halldórs Ásgrímssonar til að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins, vera dæmi um að ríkisendurskoðandi væri ekki óháður stjórnvöldum.

Þetta er nú eins og annað í málflutningi stjórnarandstöðunnar hér á þinginu. Ef niðurstöður Ríkisendurskoðunar henta ekki stjórnarandstöðunni þá eru skýrslurnar auðvitað stórgallaðar. Mér finnst þetta heldur lágt lagst, hæstv. forseti og ekki vera þingmanninum til mikils sóma. Auðvitað er það ekki svo að skýrslur Ríkisendurskoðunar fari eftir því um hvað er verið að fjalla hverju sinni. Það er ótrúlegt að hv. þm. Jóhann Ársælsson skuli halda því fram að ríkis-

endurskoðandi taki við fyrirmælum frá ríkisstjórn eða einstökum ráðherrum.

Það er eitt atriði sem ég vil vekja athygli á og hefur ekki komið fram í umræðunni nú en það er umhverfisendurskoðun. Ég held að sá þáttur endurskoðunar eigi eftir að verða mjög umfangsmikill í framtíðinni og vek athygli á grein eða kafla sem Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur á lagaumhverfissviði Ríkisendurskoðunar, ritar í skýrsluna og hefst á bls. 21.

Umhverfisendurskoðun felst fyrst og fremst í því að kanna og meta árangur á sviði umhverfismála, t.d. hvernig alþjóðasamningum um umhverfismál hefur verið framfylgt og hvaða hagur fylgir slíkum samningum.

Það kemur fram í skýrslunni að á síðustu tveimur árum hafi Ríkisendurskoðun samið skýrslu á sviði umhverfisendurskoðunar á framfylgd Íslands á OSPAR-samningnum annars vegar og hins vegar um samning um líffræðilega fjölbreytni. Þetta eru þeir tveir samningar sem ríkisendurskoðandi hefur skoðað og eins og fram kemur í skýrslunni eru alþjóðasamtök ríkisendurskoðana að beita sér fyrir því að fram fari umhverfisendurskoðun á því hvernig aðildarlöndin, þ.e. að þeim samtökum, hafi staðið sig í því að fylgja eftir Kyoto-bókuninni um varnir gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum.

Það er mikið og stórt mál og full ástæða fyrir okkur Íslendinga til að taka það mjög alvarlega og ekki væri verra ef ríkisendurskoðandi mundi beita sér í þeim efnum og kanna hvernig íslensk stjórnvöld hafa staðið sig þar.

Ég vil ítreka þakkir mínar til hæstv. forseta Alþingis fyrir hennar ágæta yfirlit og tek undir kveðjur hennar og þakkir til ríkisendurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Starfsemi Ríkisendurskoðunar er mjög mikilvæg fyrir Alþingi. Þetta er önnur af tveimur stofnunum Alþingis sem starfa á vegum Alþingis. Það er mjög mikilvægt fyrir löggjafarvaldið að geta með þessum hætti fylgst með athöfnum framkvæmdarvaldsins.

[14:45]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson vék orðum að því sem ég sagði í ræðu minni um hæfi ríkisendurskoðanda. Þar var ég ekki að leggja dóm á skýrslu þá sem Ríkisendurskoðun gerði um hæfi Halldórs Ásgrímssonar heldur benti á það að vegna þess hvernig ríkisendurskoðandi er valinn — og er þess vegna háður stjórnvöldum, áhrifamönnum í stjórnmálum á Íslandi — getur verið ástæða til þess að velta fyrir sér hvort ekki þurfi með einhverjum öðrum hætti að velja þann aðila sem veitir þessari stofnun forstöðu. Það tek ég ekki til baka. Ég tel ástæðu til að minna á þá umræðu sem hefur bæði farið fram um þessa skýrslu, þó að ég ætli ekki að fella dóm um hana, sem ég nefndi hér áðan, en ekki síður um einkavæðingu, um Landsbankamálið á sínum tíma. Þannig atriði hafa komið upp í umræðuna og eru þeirrar ættar að það er ástæða til að nefna þau í þessu samhengi.

Ég tel að það þurfi að velta því vandlega fyrir sér hvort einhver önnur aðferð eigi ekki betur við um val á forstjóra þessarar stofnunar til að tryggja að hann geti alltaf verið óháður í störfum sínum og að enginn þurfi að efast um að hann sé það.

[14:47]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að skilja þetta andsvar hv. þm. Jóhanns Ársælssonar á þann veg að hann dragi ekki í efa niðurstöðu skýrslu Ríkisendurskoðunar um hæfi Halldórs Ásgrímssonar til þess að annast sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbanka til S-hópsins.

Það er hins vegar merkilegt, hæstv. forseti, að hv. þingmaður skuli nota þetta tækifæri til að draga í efa hæfi ríkisendurskoðanda í þessu máli. Það er ómaklega vegið að ríkisendurskoðanda með því að halda því fram, beint eða óbeint, að hann hafi á einhvern hátt verið þannig tengdur Halldóri Ásgrímssyni, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, að það sé ástæða til að draga það í efa að niðurstöður skýrslu hans hafi verið réttar. Það er ómaklegt.

[14:48]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get svo sem lítið annað en endurtekið það sem ég hef áður sagt um málið. Það eru áhrifamiklir ráðamenn í stjórnmálum sem ráða því að töluverðu leyti, og hafa ráðið úrslitum um það hverjir hafa verið valdir í þetta embætti. Það ræðst á Alþingi milli þingflokkanna hvernig valið er í þetta embætti og hvort viðkomandi aðili heldur áfram embætti sínu þegar hann þarf á endurkjöri að halda. Ef menn sjá ekki að slíkur aðili sé háður stjórnvöldum eru þeir bara að binda fyrir augun á sér.

Síðan þegar dæmi sem ég hef farið vel í gegnum áður í ræðum á þinginu sanna það að ekki hafi verið tekið á málum með eðlilegum hætti hefur það veitt mér þá sannfæringu að ég tel ástæðu til þess að koma upp í ræðustól á Alþingi og benda mönnum á að það þurfi að fara yfir þetta mál með það fyrir augum að gera þessa annars mjög góðu stofnun enn þá betur færa um að sinna hlutverki sínu, gera henni kleift að sinna því með þeim hætti að enginn efist um að þar sé fullkomlega gætt hlutlægni í öllum vinnubrögðum. Það er ekki með þeim hætti núna.

[14:50]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður talaði um Ríkisendurskoðun sem mjög góða stofnun og ég verð að skilja það sem svo að hann dragi nú eitthvað í land í yfirlýsingum sínum gagnvart ríkisendurskoðanda, enda veitti víst ekki af. Það sem skiptir máli er það að Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðandi er fulltrúi Alþingis en ekki framkvæmdarvaldsins. Það erum við, hv. þingmenn sem hér erum, sem förum með ríkisendurskoðunarmál. Ríkisendurskoðandi er fulltrúi okkar en ekki fulltrúi ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra. (Gripið fram í.) Það er auðvitað það sem skiptir máli þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson setur fram fullyrðingar eins og þær sem hann gerði í ræðu sinni áðan. Ég ítreka að þetta eru ómaklegar fullyrðingar og það er ómaklega ráðist að ríkisendurskoðanda með þessum hætti.

Hverjar eru svo tillögur Samfylkingarinnar í þessum efnum? Hv. þingmaður er búinn að sitja miklu lengur á Alþingi en ég. Hvað hefur hann lagt fram um ráðningu ríkisendurskoðanda? Er þetta ekki bara með sama hætti og í öðrum málum sem snúa að Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni? Það þarf alltaf að breyta öllum hlutum en svo eru

engar hugmyndir um hvernig breytingarnar eigi að vera. (**Gripið fram í:** Jú, við ...) Það er ekkert gert, það er bara patað út í loftið og engar hugmyndir, engin ráð og engar tillögur.

[14:51]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2005 og þau verkefni sem Ríkisendurskoðun tók að sér á því tímabili. Eitt af því var, eins og segir, að rannsaka hæfi Halldórs Ásgrímssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra, til þess að fjalla um sölu og hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins.

Ég vék aðeins að þessu í ræðu minni, í fyrsta lagi að tilgreina hvert hlutverk Ríkisendurskoðunar væri og síðan sagði ég: Varðandi þetta verkefni ríkisendurskoðanda sem mig minnir að hann hafi tekið upp að eigin frumkvæði, a.m.k. ekki samkvæmt beiðni Alþingis eða einstakra þingmanna, ég minnist þess ekki, taldi ég að þarna hefði hann farið út fyrir verksvið sitt, mér þætti það miður, ég teldi að það hefði ekki verið rétt og að Ríkisendurskoðun hefði ekki átt að fjalla um hæfi ráðherra.

Enda segir einmitt í minnisblaði frá Ríkisendurskoðun og í skýrslunni um þetta mál, með leyfi forseta:

„Rétt þykir, áður en lengra er haldið, að taka fram að svar við spurningum um hæfi eða vanhæfi stjórnvaldshafa er lögfræðilegt álitaefni sem löggjafinn hefur alls ekki ætlað Ríkisendurskoðun að leysa úr."

Ég tek undir þetta. Við erum ekki hér að tala um hvort Halldór Ásgrímsson hafi verið hæfur til að gera þetta eða ekki. Ég er hér að segja að ekki hafi verið rétt af Ríkisendurskoðun að gefa út einhvers konar vottorð um hæfi ráðherra til ákveðinna stjórnvaldsaðgerða, hvort sem það er í mjög umdeildum málum — eins og þarna var um að ræða og margir drógu mjög í efa að hann væri hæfur til þess — eða ekki. (Forseti hringir.) Það er ekki hlutverk Ríkisendurskoðunar.

[14:54]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason og Jóhann Ársælsson hafa báðir gegnt hér stöðu upplýsingafulltrúa Ríkisendurskoðunar við að lesa upp hvert hlutverk ríkisendurskoðanda sé, og Ríkisendurskoðunar. Það er í sjálfu sér ágætt og væri betur að þeir mundu lesa oftar þann kafla yfir í ræðu sinni og upplýsingar um hlutverk Ríkisendurskoðunar.

Það liggur fyrir að Ríkisendurskoðun gaf álit sitt á því hvort Halldór Ásgrímsson hefði verið hæfur til þess að annast sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands. Sú niðurstaða Ríkisendurskoðunar liggur fyrir og sú niðurstaða hefur ekki verið dregin í efa. En af því að þessi niðurstaða var ekki stjórnarandstöðunni þóknanleg, og hv. þm. Jóni Bjarnasyni, er þetta kallað svo smekklega „vottorð um hæfi ráðherra". Menn geta auðvitað deilt um það hvort Ríkisendurskoðun eigi að annast þetta eða hvort við eigum að hafa einhverja sérstaka lögfræðiendurskoðun á vegum Alþingis til að annast slík verkefni. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar liggur fyrir og henni verður ekki breytt af hv. þm. Jóni Bjarnasyni.

[14:55]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að fá ráð frá þingmanni eins og hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni þó að þau séu reyndar býsna gagnslítil og lítið mark á takandi í þessum efnum.

Ég tel að ég sé búinn að lesa nokkuð vel, og hafi gert á undanförnum árum, verkefni og skýrslur Ríkisendurskoðunar. Ég ætla ekki að tala um að ég sé þar fullnuma. Ég get vel lært frekar. En ég hef mína skoðun og mat á því hvert verkefni hennar er og hvernig.

Hv. þingmaður vill draga hér inn í umræðuna hvort Halldór Ásgrímsson hafi verið hæfur eða ekki hæfur til að framkvæma þessa sölu. Þetta var mjög umdeilt mál og margir héldu því fram að hann væri ekki hæfur. Það vitum við báðir, herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða það hér en það er hægt að taka þá umræðu ef þingmaðurinn óskar eftir því, og hverjar forsendur voru fyrir því að hæfi hans var dregið í efa. Þær voru býsna veigamiklar en svo vafalaust aðrar þar á móti. Ég ætla ekki að fara út í það núna nema þingmaðurinn óski eftir því.

Það sem ég lagði áherslu á er mitt mat á því hvert hlutverk og verkefni Ríkisendurskoðunar er, sem ég tel mjög mikil og ég lýsti því í ræðu minni að það þyrfti að styrkja gagnvart framkvæmdarvaldinu, framkvæmdarvaldi sem ég upplifi iðulega að beiti ofríki og yfirgangi gagnvart Alþingi og þingnefndum. Það þarf að standa vörð um stöðu Ríkisendurskoðunar í samskiptum Alþingis við framkvæmdarvaldið. Þetta vita allir og hefur oft verið rætt. Þess vegna vil ég efla Ríkisendurskoðun og standa vörð um hana.

Hins vegar tel ég, eins og ég vitnaði í áðan, að það hafi ekki verið hlutverk Ríkisendurskoðunar að kveða á um hæfi eða vanhæfi Halldórs Ásgrímssonar varðandi sölu á Búnaðarbankanum. Það er bara mín skoðun. (Forseti hringir.) Hv. þingmaður getur verið á annarri skoðun (Forseti hringir.) og ég bara virði það.

[14:58]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmaður er líkt og félagi hans, Jóhann Ársælsson, að draga í land í þessum efnum. (Gripið fram í.) Við getum svo sem tekið umræðu um stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu en ég held kannski að það sé ekki hlutverk okkar í þessari umræðu.

Hv. þingmaður sagði áðan að margir hefðu haldið því fram að Halldór Ásgrímsson væri ekki hæfur. Það getur vel verið, en niðurstaða Ríkisendurskoðunar liggur fyrir um þessi efni. Ætli hv. þingmaður hefði talið það hlutverk Ríkisendurskoðunar að setja fram slíkt álit ef niðurstaða hennar hefði verið á annan veg? (**Gripið fram í:** Hvað sagði ég?) Hvað skyldi hv. þingmaður þá hafa sagt? Ætli hann hefði ekki staðið hér í ræðustól og veifað áliti Ríkisendurskoðunar um það að Halldór Ásgrímsson væri ekki hæfur til að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum?

Hæstv. forseti. Menn geta ekki komið hér upp og hringlað með þetta af því að niðurstaðan er ekki hv. þingmönnum þóknanleg.

[14:59]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum ársskýrslu Ríkisendurskoðunar ársins 2005. Það er nauðsynlegt að umræða fari fram í þingsölum um störf Ríkisendurskoðunar þar sem um er að ræða óháða stofnun sem starfar á vegum Alþingis.

Í fyrra kom fram hjá hæstv. forseta þingsins að mikilvægt væri að fjárlaganefnd þingsins tæki skýrsluna efnislega til meðhöndlunar og færi yfir efnisatriði hennar ásamt ríkisendurskoðanda. Ég tel að það frumkvæði hæstv. forseta Sólveigar Pétursdóttur hafi verið mjög gott. Fjárlaganefnd þingsins fékk ítrekun frá hæstv. forseta um að kalla Ríkisendurskoðun fyrir nefndina. Það höfum við gert og farið yfir ársskýrslu ársins 2005. Það er sérstaklega mikilvægt að nefndarmenn í fjárlaganefnd séu vel inni í málefnum Ríkisendurskoðunar hverju sinni enda er mikið og náið samstarf á milli Ríkisendurskoðunar og fjárlaganefndar þingsins. Þessi viðleitni og frumkvæði hæstv. forseta þingsins er af hinu góða. Ég tel mikilvægt að í framtíðinni kalli fjárlaganefnd þingsins Ríkisendurskoðun til sín og fari með reglubundnum hætti yfir starfsemi stofnunarinnar og í tengslum við útgefna ársskýrslu hvers árs.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði hér höfum við í fjárlaganefnd fengið á okkar fund Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda og farið yfir ársskýrsluna sem hér er til umræðu. Enginn í þessum sal þarf að efast um mikilvægi Ríkisendurskoðunar en sú stofnun starfar á vegum Alþingis og er algjörlega óháð og sjálfstæð í störfum sínum. Ég undirstrika mikilvægi þess að við stöndum vörð um sjálfstæði stofnunarinnar. Það er mikilvægt fyrir Alþingi að sterk og óháð stofnun starfi á þess vegum. Við þurfum því að tryggja Ríkisendurskoðun gott starfsumhverfi svo að stofnunin sé rekin með myndarbrag og geti tekið að sér þau verkefni sem hún kýs á hverjum tíma.

Ríkisendurskoðun tekur að sér margvísleg verkefni, m.a. stjórnsýsluendurskoðanir og fer yfir málefni einstakra ráðuneyta og undirstofnana þeirra. Það veitir framkvæmdarvaldinu aðhald að stofnun á vegum Alþingis fari ofan í rekstur og stjórnsýslu sem heyrir undir viðkomandi ráðuneyti. Á þeim tímum þegar mörgum þingmönnum, t.d. stjórnarþingmönnum, er brigslað um að vilja ekki standa vörð um sjálfstæði þingsins leggjum við mikla áherslu á að sjálfstæði Ríkisendurskoðunar verði tryggt með því að starfsumhverfi og rekstraröryggi stofnunarinnar sé varðveitt. Ég tel að við hæstv. forseti þingsins séum í því liði að vilja efla Alþingi og stofnanir þess, ekki síst Ríkisendurskoðun, í þeirri viðleitni að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Það er mjög mikilvægt að utanaðkomandi óháður aðili sé til í samfélaginu sem fer ofan í þær framkvæmdir sem viðkomandi ráðuneyti standa að. Það er mikilvægt að stofnunin geti tekið mál til athugunar að eigin frumkvæði.

Hlutverk Ríkisendurskoðunar í fjárlagavinnunni er mjög mikilvægt. Við höfum fengið ábendingar og upplýsingar frá Ríkisendurskoðun um stöðu einstakra stofnana og margar aðrar ábendingar eins og á umliðnum árum. Samstarf fjárlaganefndar við Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda hefur verið til mikillar fyrirmyndar í fjárlagavinnu hvers árs. Það er mikilvægt að hafa aðgang að stofnun eins og Ríkisendurskoðun sem getur komið með leiðbeinandi ráð til hv. nefndarmanna í fjárlaganefnd sem bætir að sjálfsögðu fjárlagagerðina hverju sinni.

Ríkisendurskoðun gerir grein fyrir flestum verkefnum sínum í skýrslum eða álitsgerðum. Þær eru tíundaðar í ársskýrslu ársins 2005. Þegar hv. þm. Jón Kristjánsson, sem nú er í forsætisnefnd og stjórnar fundi, var formaður fjárlaganefndar skapaðist sú hefð að fjárlaganefnd fór gaumgæfilega ofan í álitsgerðir eða skýrslur sem Ríkisendurskoðun sendi frá sér. Það er mjög mikilvægt að þingmenn kynni sér þær skýrslur og álitsgerðir sem frá Ríkisendurskoðun koma. Oft er heilmikill broddur í þeim upplýsingum. Því er mjög mikilvægt að þingnefndir, hvort sem það eru viðkomandi fagnefndir, en kannski sérstaklega fjárlaganefnd, setjist yfir þær skýrslur, gaumgæfi efnisatriði þeirra og ljúki málinu með ákveðinni niðurstöðu eða bókun. Ég tel að oftar en ekki sé hægt að ná þverpólitískri sátt um slíkar athugasemdir.

Það er mikilvægt að við fylgjum eftir þeim skýrslum sem koma í þingsal með því að fjárlaganefnd þingsins taki upp á arma sína álitsgerðir og skýrslur frá Ríkisendurskoðun. Að sjálfsögðu þarf Ríkisendurskoðun ákveðinn stuðning frá Alþingi í sínum störfum og ég tel mikilvægt að haldið verði í þá hefð sem skapaðist þegar hv. þm. Jón Kristjánsson var formaður fjárlaganefndar. Þannig bætum við enn frekar störf þingsins og styðjum um leið við störf Ríkisendurskoðunar á hverjum tíma.

Hæstv. forseti. Ég vil nefna eitt að lokum sem ég fagna verulega. Í formála ríkisendurskoðanda er falin ákveðin hvatning um að við stjórnmálamenn þurfum að koma fram á völlinn og hafa forustu um innleiðingu nýrra vinnubragða. Með því á ríkisendurskoðandi við að árangursstjórnunarsamningum sem hafa verið gerðir á milli ráðuneyta og stofnana megi fjölga, þar sem menn setja sér ákveðin markmið um þjónustustig og í fjármálum, þ.e. gert er ráð fyrir að aðilar komi sér saman um kerfi til að mæla árangur. Við þekkjum að þetta er tíðkast mjög mikið í atvinnulífinu og við þurfum að innleiða slíka hugsun í ríkari mæli í ríkisreksturinn. Það er mikilvægt að virkja starfsmenn ríkisins í að ná fram árangri með breyttum stjórnunarháttum og nýta þá miklu þekkingu og reynslu sem þeir hafa. Þannig getum við um leið bætt þjónustu ríkisins í margvíslegum málaflokkum og jafnframt farið betur með það fjármagn sem við verjum til viðkomandi málaflokka. Þetta eru æskileg markmið. Ákall ríkisendurskoðanda um að við stjórnmálamenn þurfum að koma meira fram í umræðuna um breytingar sem þessar tek ég mjög alvarlega því að við þurfum að stíga skref í þá átt að bæta þetta umhverfi.

Ég get að lokum sagt sem dæmi að á fundi með Landspítala – háskólasjúkrahúsi, sem veltir yfir 30 milljörðum kr. á hverju ári, kom fram ákall til okkar stjórnmálamanna um að gera ákveðnar breytingar sem gefa t.d. forstöðumönnum þeirrar stóru stofnunar möguleika á að endurskipuleggja rekstur sinn með það að markmiði að bæta heilbrigðisþjónustuna og jafnvel að fara betur með fjármuni ríkisins. Þar er hreyft við mjög umdeildu máli, sem eru lög um opinbera starfsmenn. Það er brýnt að við stjórnmálamenn tökum umræðu um þann þátt. Það er mikilvægt að við verðum við ákalli stofnana eins og Landspítala – háskólasjúkrahúss og skoðum slík mál ofan í kjölinn. Það er

mikilvægt að við förum hverju sinni mjög vel með fjármuni skattborgaranna. Það er ætlunin og ég hvet til umræðu um þessi málefni á næstu vikum og mánuðum.

Ég vil annars lýsa mikilli ánægju með þá ársskýrslu og þann fund sem við nefndarmenn áttum með ríkisendurskoðanda. Það er almenn samstaða um það í fjárlaganefndinni að bæta verklagið enn frekar. Það tekur tíma og við viljum vinna vel að því verkefni og í samstöðu, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu. Svo vil ég að lokum þakka hæstv. forseta þingsins fyrir frumkvæði hennar í að hvetja nefndina til að fara ítarlega í ársskýrsluna með Ríkisendurskoðun hverju sinni. Það er mjög mikilvægt og ég hef trú á að það verklag haldist áfram.

[15:09]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, nefndi í ræðu sinni að hann teldi mikilvægt að Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðandi væru ráðgefandi fyrir fjárlaganefnd hvað varðar vinnslu, gerð og framkvæmd fjárlaga.

Virðulegi forseti. Ég er honum algjörlega ósammála um að mark sé tekið á Ríkisendurskoðun. Það er mikilvægt að ríkisendurskoðandi sé ráðgefandi og tekið sé mark á athugasemdum hans og ráðgjöf. Það hefur fjárlaganefnd ekki gert og ekki heldur þessi ríkisstjórn. Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2005 máli mínu til stuðnings.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á að fjárlög hvers árs, sem samþykkt eru af Alþingi, feli í sér heimildir sem ráðuneytum og stofnunum beri að virða. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að „ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum".

Þá hefur stofnunin ítrekað bent á að mikil frávik frá fjárlögum ár eftir ár séu til marks um meira agaleysi í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga hér á landi en tíðkast í löndum sem Ísland er gjarnan borið saman við."

Virðulegi forseti. Á öðrum stað í þessari skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Ófært er að mál sem þessi séu látin velkjast ár eftir ár án þess að gripið sé til viðeigandi ráðstafana." — Þarna er verið að tala um heimildir sem eru látnar velkjast milli fjárlagaára.

Virðulegi forseti. Bæði þessi orð úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í sumar sem og reynsla okkar sem störfum í fjárlaganefnd, vinnum með þessi fjárlög og erum í fjárlagavinnunni, bendir til að ekki sé nægjanlegt mark tekið (Forseti hringir.) á athugasemdum Ríkisendurskoðunar.

[15:11]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir skuli koma upp og búa til ágreining. Þessa umræðu um framúrkeyrslu einstakra stofnana tók ég sérstaklega upp við 1. umr. fjárlaga. Ég hélt að alger samstaða væri um það innan fjárlaganefndar að stefna að því marki að sem flestar og nær allar ríkisstofnanir yrðu innan fjárheimilda, enda kveða lög á um það.

Hins vegar hefur þróunin verið í rétta átt. Árið 2005 fóru 144 stofnanir umfram 4% af fjárheimildum. Fyrstu sex mánuði þessa árs eru þær 106. Þar er um 40 fjárlagaliða fækkun að ræða þannig að við stefnum í rétta átt hvað það varðar.

Fjárlaganefnd er í ágætu samstarfi með því að kalla til einstakar stofnanir og fara yfir það hvort fjárlagagrunnur viðkomandi stofnana sé réttur. Ég hef talið að ágætissamkomulag væri um þau vinnubrögð og að við tölum á sömu nótum, ég og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir. Þótt hv. þingmaður sé í stjórnarandstöðu og vilji láta kné fylgja kviði þá erum við sammála í þessum málum. Aðalatriðið er að samstarf nefndarinnar við ríkisendurskoðanda hefur verið mjög gott og okkur miðar í rétta átt í fjárlagaferlinu. Fjárlögin eru nú yfirleitt afgreidd á réttum tíma, gerð þeirra hefur ekki dregist fram yfir áramót eins og áður tíðkaðist. Við höfum tekið miklum framförum og þar eiga bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar sinn þátt. Ég tel að við eigum að halda áfram að bæta fjárlagagerðina enda er það mjög mikilvægt fyrir einstakar stofnanir upp á áætlanagerð komandi ára.

[15:13]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki að búa til ágreining heldur bendi ég á hvernig farið hefur verið með skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga. Þar kemur skýrt fram að sömu ábendingarnar hafi komið ár eftir ár eftir ár.

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um að hv. þingmaður, ég veit það, vill bæta fjárlagagerðina. Hins vegar er vandinn sá að það hefur ekki verið gert. Það er ekki gert. Það er mikill munur á því að lýsa yfir vilja til einhvers og þess að framkvæma það.

Hæstv. forseti. Mér finnst mikilvægt að benda á þetta. Það er bara staðreynd að við erum t.d. núna að vinna að frumvarpi til fjáraukalaga. Í því frumvarpi eru verkefni sem eiga alls ekki heima þar, þrátt fyrir síendurtekna leiðbeinandi ráðgjöf eða ábendingar frá Ríkisendurskoðun og fleirum í þeim efnum. Enn í dag og núna í ár vinnum við að fjáraukalagafrumvarpi sem ekki stenst að öllu leyti fjárreiðulög.

Virðulegi forseti. Ég bendi á þetta en auðvitað fagna ég því ef við förum raunverulega í þá vinnu í fjárlaganefnd að bæta vinnubrögðin, hvernig við tökum á þessum skýrslum og að eitthvað verði gert í málinu. Það er ekki nóg að hafa bara viljann að vopni, lýsa vilja sínum ár eftir ár eftir ár. Við verðum að gera eitthvað í þessu. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar að hann vilji gera eitthvað í málinu, enda nýr formaður fjárlaganefndar. Ég brýni hann til að gera eitthvað í þessu.

[15:15]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka brýninguna. Það er mjög mikilvægt að við vöndum verkin í fjárlaganefndinni á því ári sem fram undan er, eða fram að kosningum. Ég hef einmitt lýst því yfir að eftir áramót munum við í nefndinni fara ofan í þá verkferla sem hafa verið í fjárlagaferlinu. Ég tel að við getum bætt vinnubrögðin og gert þau markvissari að

mörgu leyti. Ég tel að innan nefndarinnar ríki samstaða um að ræða þau mál fordómalaust eftir áramótin.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, þegar hv. þingmenn ræða um umframkeyrslur, umframfjárlög og ónýttar fjárheimildir sem stofnanir eru að flytja með sér yfir hver áramót, jafnvel leggja þá liði saman, þær stofnanir sem fara umfram 4% á fjárheimildum og þær stofnanir sem eiga kannski inneignir yfir áramót umfram 4%, að þar er um gjörólík vandamál að ræða.

Ég kalla það varla vandamál ef ábyrgir forstöðumenn stofnana vilja leggja eitthvað til hliðar ef til óvæntra skakkafalla kæmi í rekstri viðkomandi stofnunar, það er mjög mikilvægt fyrir margar stofnanir að eiga einhverjar fyrningar til að geta tekið á slíkum vandamálum.

Hv. þingmenn Samfylkingarinnar margir hafa gefið það í skyn að það sé ákveðið vandamál að stofnanir sem eiga inneignir ár eftir ár og fara með þær fram yfir áramót, að það þurfi að taka á þeim málum. Ég vil einfaldlega vara við því vegna þess að ég tel að með slíku byggjum við upp þann hvata að menn eyði alltaf öllum fjárveitingum hvers árs. Það er ákveðinn hvati í því fjárlagakerfi sem nú er, að menn séu aðsjálir í fjármálum, leggi til hliðar ef óvæntir atburðir koma upp í rekstri einstakra stofnana.

Þannig að ég verð ekki sammála því að um agaleysi sé að ræða þegar forsjálir forstöðumenn stofnana leggja til hliðar um hver áramót og reyna að mæta óvæntum skakkaföllum hverju sinni.

[15:18]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara árétta þau atriði sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir benti á, að við fjárlagagerðina og umsýslu fjárlaga eru hinar einstöku stofnanir almennt ekki vandi. Aðalvandinn er sá að þeim hefur verið skammtað of naumt fé miðað við verkefnin sem þeim eru falin. Fjárlaganefnd og Alþingi veit að það er verið að skammta of naumt, hvort sem það eru sjúkrahús, framhaldsskólar eða aðrar stofnanir þar sem fyrir fram er verið að skammta of naumt og að ekki er hægt að reka neinn út á miðjum vetri og segja: Nú eru peningarnir búnir. Þetta er yfirleitt vitað.

Vandinn er miklu frekar hjá ráðuneytunum sjálfum. Hjá ráðherrum og ráðuneytum. Þar er vandinn yfirleitt miklu meiri en þar skortir líka viljann og kannski kraftinn, þ.e. hjá þingmönnum og fjárlaganefnd til þess að taka á. Þó að við séum sammála um að það eigi að gera það þá komumst við lítið áfram gagnvart ráðherravaldinu. Það er það sem á að draga til ábyrgðar. En menn falla oft í þá gryfju að hamast á einstöku stofnunum sem er skammtað allt of naumt.

Ég hvet því hv. þingmann, sem nú er formaður fjárlaganefndar, verður það reyndar væntanlega ekki nema til vorsins, þegar við kjósum aftur og skiptum um ríkisstjórn, að taka nú á. Ég er búinn að vera í fjárlaganefnd í nokkur ár og get upplýst að mér finnst ástandið aldrei hafa verið verra í stjórnsýslu ráðuneytanna hvað fjármál varðar og umgengni um fjárreiðulög.

Aðeins í lokin, herra forseti, varðandi það sem hv. þingmaður sagði um Landspítalann, en forstjóri Landspítalans kom í heimsókn til okkar, þá er sjálfsagt að skoða starfsmannalögin og það er bara hluti af þessu. En það sem forstjóri Landspítalans lagði áherslu á er mönnunarvandinn og í því ástandi sem nú ríkir á vinnumarkaðnum, (Forseti hringir.) ef það breytist ekki þá verður erfitt að leysa það mál.

[15:20]

**Birkir J. Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla svo sem ekki að fara að karpa við hv. þingmann í þessari umræðu um fjárlagagerðina sem slíka. En það er alveg ljóst að við getum aldrei, munum aldrei og höfum aldrei getað mætt öllum kröfum sem hafa verið við viðkomandi fjárlagagerð hverju sinni. Rétt eins og að heimilin geta ekki leyft sér allt, þá getum við ekki heldur leyft okkur allt.

En ég er sammála hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að það er mjög mikilvægt að við förum ofan í rekstrargrunn einstakra stofnana. Fjárlaganefndin er í þeirri vinnu núna og ég tel að við höfum nokkuð góða mynd af því hver staða einstakra stofnana er enda höfum við nú setið á fundum í allt haust til að viða að okkur upplýsingum hvað það varðar.

Frumvarpið er komið í hendur fjárlaganefndar og þingsins og við munum að sjálfsögðu skoða rekstur einstakra stofnana og gera breytingar ef þess er þörf. Við erum einfaldlega í vinnu hvað þetta varðar, að ég tel bara í ágætu samkomulagi, þó svo ég efist ekkert um að þegar við verðum komin inn í þingsal við 2. umr. fjárlaga þá muni hv. stjórnarandstaða geta fundið einhvern veikan blett á 370 milljarða kr. fjárlagafrumvarpi ársins 2007. Skárra væri það.

En eins og ég segi, við munum aldrei geta og höfum aldrei getað mætt öllum kröfum. En mjög mikilvægt að við förum ofan í rekstrargrunn þessara stofnana þannig að þær geti a.m.k. sinnt sínum lögboðnu hlutverkum.

[15:22]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi orðræða kom upp vegna þess að Ríkisendurskoðun hefur ár eftir ár í skýrslum sínum um meðferð og framkvæmd fjárlaga vakið athygli á því að nánast ekkert eða mjög lítið er gert með ábendingar þeirra. Þess vegna standa þessi orð sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir vitnaði hér til, ár eftir ár eru sömu vandræðin að velkjast um, sömu ábendingarnar.

Menn falla oft í þá gryfju að kenna einstökum stofnunum um. En vandinn er að mínu mati miklu frekar hjá framkvæmdarvaldinu sjálfu, hjá ráðuneytunum, hjá ráðherrunum sem hafa að engu eða litlu vilja og tilskipanir Alþingis og nefnda þess og stofnana eins og Ríkisendurskoðunar.

Þessu vildi ég bara vekja athygli á svo menn séu ekki að hlaupa frá því hvar hinn raunverulegi vandi er. Hann er hjá framkvæmdarvaldinu sjálfu. Ég á eftir að sjá það núna og tek undir orð hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar þar um, sem ég tel að hafi lýst því a.m.k. í störfum fjárlaganefndar, að vilja taka á þessu, og ég bara vona að við sjáum árangur þess við fjárlagagerðina nú í haust.

En ég vil ítrekað benda á, af því minnst var á vinnumarkaðinn, að það er alveg ljóst að það verður að breyta um stefnu í atvinnumálum, í stóriðjumálum, ef menn eiga að ná jafnvægi á vinnumarkaði, eins og t.d. hjá Landspítala

– háskólasjúkrahúsi, þar sem sárvantar núna fagfólk, hjúkrunarfólk o.s.frv., einmitt vegna þenslu og rangrar stefnu í atvinnumálum.

[15:24]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Við erum að ræða mjög mikilvæga stofnun, sjálfa Ríkisendurskoðun. Það skiptir afar miklu máli að góð sátt ríki um þá stofnun og vissa um að engin óhlutdrægni sé í starfsemi hennar. Þetta er mjög góð stofnun og mest af þeirri vinnu sem kemur frá henni er góð. En samt sem áður eru uppi mjög ríkar efasemdir um óhlutdrægni stofnunarinnar. Það þýðir ekkert að koma, eins og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson gerði, og vera með einhverjar málfundaréttlætingu og útúrsnúninga.

Það er einfaldlega svo að það ríkja efasemdir um óhlutdrægni stofnunarinnar og m.a. í því máli sem hefur verið nefnt hér, í máli fyrrverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra Halldórs Ásgrímssonar. Það skiptir verulega miklu máli fyrir stofnunina að kafað verði ofan í þetta mál.

Þegar mikil umræða var um mál hans í þjóðfélaginu og það var farinn að myndast verulegur þrýstingur á stjórnvöld. Hvað gerðist? Ríkisendurskoðandi kom með álit. Þar segir hann á bls. 2, með leyfi forseta:

„Rétt þykir áður en lengra er haldið að taka fram að svar við spurningum um hæfi eða vanhæfi stjórnvaldshafa er lögfræðilegt álitaefni, sem löggjafinn hefur alls ekki ætlað Ríkisendurskoðun að leysa úr."

Það er sem sagt ríkisendurskoðandi sem á að vera hafinn yfir allan vafa um hlutdrægni, sem segir sjálfur að hann sé að gera eitthvað sem honum sé ekki ætlað að gera. Þannig að þetta eitt, í svona vafasömu máli, það ætti að vera til þess að farið verði ofan í starfshætti stofnunarinnar.

Við megum ekki gleyma því að í þessu máli er uppi grunur, rökstuddur grunur, og í rauninni vissa um að þáverandi ráðherra hafi selt fyrrum varaformanni sínum ríkiseigur. (Gripið fram í.) Hann seldi Búnaðarbankann og það sem meira er, það var gert með því að ýta öðrum kaupendum til hliðar, m.a. á þeim forsendum að kaupendahópurinn hefði kjölfestufjárfesta, þýskan banka. Allir sem fylgst hafa með vita hvað varð um þann þýska banka, hann gufaði bara upp. Sú kjölfesta var ekki meiri en svo að hún gufaði upp á einu ári.

Þannig að það eitt er ekki hafið yfir efasemdir, að verða vitni að því að formaður selji fyrrum varaformanni sínum heilan banka. Ég sé að framsóknarmenn hrista hausinn en þetta eru réttmætar efasemdir sem hefur verið gerð úttekt á, m.a. í Fréttablaðinu. Þar kom fram, og reyndar líka í skýrslum ríkisendurskoðanda, að kaupendahópurinn breyttist á tímabilinu. Hann breyttist því menn voru að hringjast á um hvernig kaupin ættu að gerast á eyrinni. Þannig að það er mjög ódýrt að ætla að eyða þessu tali með því að segja að komið sé eitthvert álit frá ríkisendurskoðanda um að hæfi ráðherra hafi verið staðfest.

En það er rétt að halda því til haga í umræðunni og minna fólk á að einn af nefndarmönnum í einkavæðingarnefndinni gat ekki setið í nefndinni vegna þess að vinnubrögðin voru með þeim hætti að hann ákvað að segja af sér. Það sýnir að þessi vinnubrögð eru alls ekki hafin yfir gagnrýni og það sem Ríkisendurskoðun þarf fyrst og fremst á að halda er að um hana ríki traust. En þessi vinnubrögð stuðla ekki að því.

Við megum ekki heldur gleyma því hverjir það voru sem keyptu í þessari einkavæðingu. Það voru menn sem voru tengdir ráðherranum. Það var, eins og ég sagði áður, varaformaðurinn og innstu koppar í búri Framsóknarflokksins. Þeir reiddu ekki úr fé eigin vasa heldur fengu lán. Það er staðreynd. Fengu lán í ríkisbankanum, Landsbankanum, til þess að einkavæða Búnaðarbankann og fengu síðan þýskan banka með sér í liðið sem síðan gufaði upp. Þeir fengu líka á annan milljarð dollara í afslátt og kaupfrest. Þetta mál er því ákveðinn blettur sem þarf að þvo af stofnuninni. Það er ekki hægt að fara í gegnum umræðu um skýrslu ríkisendurskoðanda nema að ræða þessa hluti. (**Gripið fram í:** Hlægilegt.)

Ég heyri það að hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni finnst þetta hlægilegt. En mér finnst þetta alvarlegt og ég veit að mörgum finnst þetta mjög alvarlegt og alls ekki hlægilegt. Það er heldur ekki hlægilegt að við söluna á Landsbanka Íslands var lægsta tilboði tekið.

Herra forseti. Það er nú svo, að áður en sú sala fór fram þá var reyndar eignarhlutur bankans í Vátryggingafélagi Íslands seldur. Hverjum var hann seldur? Hann var seldur sama hópi, S-hópnum. Og hver stóð að þeirri sölu? Það var auðvitað formaður bankaráðsins sem er núna kominn í forsvar fyrir viðkomandi hóp, S-hóp, og stendur í því að kaupa Flugleiðir, eða Icelandair, eins og það heitir — en þetta breytist nú svo ört að það er erfitt að henda reiður á því. Þetta eru staðreyndir málsins. Það má nefna fleiri mál sem eru vafasöm og þyrfti að fara rækilega ofan í.

En mér finnst við ekki geta farið frá þessari umræðu um traust og trúnað ríkisendurskoðanda nema að fara í gegnum þetta og það er líka bara lýðræðisleg skylda að fara rækilega í gegnum þessa einkavæðingu. Ég get lofað fólki því, herra forseti, að við í Frjálslynda flokknum munum fara ofan í saumana á þessu máli ef við komumst til valda í komandi kosningum

[15:31]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson brást illa við þeim orðum sem ég lét falla um hæfi ríkisendurskoðanda og verður að hafa það þótt hann hafi aðra skoðun á þessu máli en ég. Ég tel mig hafa góð rök fyrir því að halda því fram að ríkisendurskoðandi sé háður valdamönnum í samfélaginu eða hafi verið það á undanförnum árum vegna endurkjörs. Ég tel að full ástæða sé til að Alþingi gefi gaum að því. Mér finnst að þeir þingmenn stjórnarflokkanna, eins og hv. þingmaður, sem eru ekki tilbúnir að skrifa upp á þau rök, eigi að velta því svolítið fyrir sér hvort þeir hafi ekki verið sjálfir of háðir framkvæmdarvaldinu á undanförnum árum og hvort ekki geti verið að þátttaka þeirra í atkvæðagreiðslum hafi æðioft verið sprottin af því að þjóna þyrfti framkvæmdarvaldinu, að þjóna þyrfti ríkisstjórninni.

Ég satt að segja nenni ekki að rifja upp það mál sem ég ætti þó kannski að nefna, sem er hið gamla Landsbankamál, sem var fullkomin sönnun fyrir því að ríkisendurskoðandi var í rauninni handbendi stjórnvalda í því máli. Ég hef farið

yfir það, bæði í blaðagreinum og í ræðum á Alþingi áður og endurtek þá fullyrðingu mína. Ég tel að framgangur þess máls hafi sýnt það alfarið að hann var handbendi stjórnvalda þá. Hann bjargaði bankaráði Landsbankans og stjórnendum hans frá því að þurfa að segja af sér. Til þess var stofnunin notuð og ég set þetta fram sem skoðun mína, hef gert það áður og tel ástæðu til að nefna það vegna þess að rök eru fyrir því að hafa þurfi önnur vinnubrögð við val á þeim sem stjórna þeirri stofnun.

Svo er það heldur ekki rétt hjá hv. þingmanni, ég svo sem virði honum það til vorkunnar því hann hefur ekki verið mjög lengi á Alþingi, að Samfylkingin hafi ekki lagt fram ýmis mál í þeim tilgangi að koma á betra starfsskipulagi og betri stjórnfestu í stjórnkerfinu á Íslandi. Ég nefndi sem hliðstæðu við það að velja þurfi með öðru móti stjórnendur Ríkisendurskoðunar, að mjög er gagnrýnt með hvaða hætti Hæstiréttur er valinn. Við höfum lagt fram ítarlegar tillögur og hugmyndir um hvernig eigi að gera það.

Ég held að menn megi ekki víkja sér undan óþægilegri umræðu í sölum Alþingis, jafnvel þó að einhverjir sem hlut eiga að máli að einhverju leyti séu staddir í húsinu, þá getur maður það ekki. Ég segi þess vegna meiningu mína hvað þetta varðar. Mér finnst að Alþingi sem hefur valið þá leið, sem er góð, að hafa ríkisendurskoðanda og Ríkisendurskoðun til að fylgjast með stofnunum og til að fjalla um óþægileg mál sem geta komið upp og munu alltaf koma upp í stjórnkerfinu, að Alþingi verður þá að vera þess umkomið að ræða hvernig hægt er að koma slíku eftirliti fyrir þannig að enginn efist um að þar sé gætt fyllstu hlutlægni. Það er það sem ég vildi ræða.

Ég læt svo ræðu minni lokið. Ég tel enga ástæðu til að fara frekar yfir þetta. Ég vil þó segja, af því að hv. þingmaður nefndi aftur þá skýrslu sem nú liggur fyrir um sölu á Búnaðarbankanum, að mér finnst að ráðamenn, alþingismenn og ráðherrar, séu aldrei hæfir til þess að taka ákvarðanir um að selja sínum eigin fyrirtækjum neitt úr hendi ríkisins.

[15:37]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fram kom hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að það væri gott að hafa Ríkisendurskoðun og við erum þó a.m.k. sammála um það, og ég held að allir hv. þingmenn séu sammála í þeim efnum. En það sem hv. þingmaður var kannski aðallega að fjalla um voru efasemdir hans um hvernig ætti að velja ríkisendurskoðanda. Það eru í sjálfu sér góð og gild sjónarmið að hv. þingmaður efist um það og að sú aðferð sem notuð er í dag gæti verið önnur. En hverjar eru þá tillögur hv. þingmanns í þeim efnum? Hverjar eru tillögur Samfylkingarinnar í þeim efnum? Það hefur ekki neitt slíkt komið fram á hinu háa Alþingi. Og það er sorglegt, hæstv. forseti, að horfa upp á það að hver hv. þingmaður stjórnarandstöðunnar á fætur öðrum skuli koma í ræðustól og rakka niður ríkisendurskoðanda. Af hverju er það? Af því að einhverjar niðurstöður Ríkisendurskoðunar eru ekki hv. þingmönnum þóknanlegar. Það er ömurlegt, hæstv. forseti, að þurfa að horfa upp á þetta í sölum Alþingis.

[15:39]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að ekki sé ástæða til að hafa þetta orðaval í þessari umræðu. Ríkisendurskoðun hefur ekki verið rökkuð niður. Hér hafa menn þvert á móti haldið því fram að langflest af því sem Ríkisendurskoðun hefur skilað frá sér sé afar vel unnið. Það fríar okkur hv. alþingismenn þó ekkert frá því að þurfa að gera grein fyrir skoðunum okkar á því hvort allt sé þar eins og best er á kosið. Og hvenær eiga menn að ræða það og hvar ef ekki í þessum sal núna?

Ég hef ríka ástæðu og ég hef gert grein fyrir þeim ástæðum sem ég hef fyrir því að segja að ekki sé heppilegt að velja ríkisendurskoðanda á þann hátt sem gert er. (Gripið fram í.) Ég tel að margar leiðir séu til þess. Ég nefndi meira að segja í fyrri ræðu minni að það mætti t.d. sækja til Ameríku hugmyndir um hvernig hægt væri að velja hóp sem gæti síðan tekið þetta mál til skoðunar. Það eru margar leiðir til. Spurningin er: Er einhver pólitísk samstaða fyrir hendi um að gera það? Ég kalla eftir því hjá hv. þingmanni. Er hann tilbúinn að setjast yfir einhverjar slíkar hugmyndir? Mér finnst hann bregðast illa við og virðist ekki líklegur til þess að hafa neinn áhuga á því að reyna að finna aðra leið en þá sem fyrir hendi er.

[15:40]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri á hv. þingmanni að hann dregur enn í land. Ég vil að það komi skýrt fram af minni hálfu að ég tel enga ástæðu til að breyta fyrirkomulagi um skipan ríkisendurskoðanda eða hvernig hann er valinn. En ef hv. þingmaður telur að pólitísk samstaða sé um að breyta þessu skipulagi, og hafi hann einhverjar aðrar hugmyndir þá er sjálfsagt að ræða þær, bæði við hann og aðra. Ég er í sjálfu sér tilbúinn til þess en menn geta ekki komið þegar einhver niðurstaða Ríkisendurskoðunar er hv. þingmönnum ekki þóknanleg og sagt: Það þarf að breyta því hvernig ríkisendurskoðandi er valinn. Það er sérkennilegt til þess að vita að hv. þingmaður, sem nú situr sitt síðasta þing, sé farinn að sækja hugmyndir til Ameríku. Öðruvísi mér áður brá.

[15:42]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður sagði og gerði grein fyrir þeirri afstöðu sinni að engin ástæða væri til að endurskoða þetta og þess vegna er kannski hægt að meta orð hans í því samhengi.

Ég vil bera það til baka að ég sé að koma með gagnrýni mína vegna þess að skýrsla hafi komið fram um hæfi Halldórs Ásgrímssonar. Ég setti gagnrýni mína fram fyrir löngu síðan og tel að halda eigi henni til haga og ekki síst vegna þess að umræða sem kom í kjölfar skýrslunnar opinberaði ákveðna tortryggni gagnvart Ríkisendurskoðun. Við verðum að vera menn á hv. Alþingi til að ræða það og hvort hægt er að breyta því með einhverjum hætti. Ég er þess vegna ekki að draga í land á neinn hátt en það virðist vera venja þessa hv. þingmanns að nota orðin „að draga í land“ um allar ræður sem haldnar eru á undan þeirri ræðu sem

hann heldur. Ég held að hann ætti að finna einhvern nýjan frasa.

Ég dreg ekkert í land að neinu leyti af því sem ég hef sagt um þessi atriði. Ég tel að Alþingi eigi að velta því vandlega fyrir sér hvernig eigi að velja ríkisendurskoðanda. Það er ekki heppilegt að hann upplifi sig í höndum valdamanna á hv. Alþingi.

[15:44]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég ætla í lokin að nota tækifærið og þakka fyrir umræðuna í heild sinni. Hún hefði að vísu mátt vera málefnalegri í lokin að mínu mati. Það er einmitt mjög brýnt að hv. alþingismenn kynni sér þessa vönduðu skýrslu Ríkisendurskoðunar og komi með gagnlegar ábendingar og athugasemdir í því sambandi. Það verður svo að undirstrika að Ríkisendurskoðun er óháð stofnun sem starfar á vegum Alþingis. Um þetta er skýrt kveðið á í lögum og fullyrðingum um að það sé einhverjum vafa undirorpið hlýt ég að vísa á bug. Það er einmitt hlutverk okkar alþingismanna úr öllum flokkum að fjalla sérstaklega um skýrslu og ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Hv. alþingismaður Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest., og hv. formaður fjárlaganefndar, Birkir Jón Jónsson, 9. þm. Norðaust., vitnuðu einmitt í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 5 um þá hvatningu sem þar kemur fram til stjórnmálamanna um að hafa forustu um innleiðingu nýrra vinnubragða í opinberri þjónustu. Það var góð ábending. Ég tel það þess vegna fagnaðarefni að fjárlaganefnd Alþingis fjallaði ásamt ríkisendurskoðanda um ársskýrslu hans fyrir árið 2005 á fundi í morgun. Ég sé því heldur ekkert til fyrirstöðu að fjallað sé um einstakar skýrslur, úttektir og álitsgerðir Ríkisendurskoðunar innan þingsins. Það hefur verið gert áður og ég tel það vera mjög mikilvægt. Og ég fagna orðum hv. formanns fjárlaganefndar í því sambandi.

Ég er sammála því að skýrsla Ríkisendurskoðunar eigi að fara í fastan farveg í þinginu. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni og beitti mér raunar fyrir því að sú skýrsla sem nú er til umræðu var einmitt rædd á fundi fjárlaganefndar í morgun. Ég vil líka vitna til þess sem ég sagði í ræðu minni fyrr í dag, með leyfi hæstv. forseta:

„Í því sambandi vil ég geta þess að ég mun kanna hvort ekki sé unnt við þá vinnu sem nú er í gangi við endurskoðun þingskapa að taka upp ákvæði um meðferð þessara skýrslna þannig að tryggt sé að fjárlaganefnd og allsherjarnefnd fjalli um efni þeirra áður en umræða um skýrslurnar fer fram á Alþingi."

Enn fremur vil ég taka skýrt fram að forsætisnefnd Alþingis hefur fast samráð við bæði ríkisendurskoðanda og umboðsmann Alþingis og ég get nefnt sem dæmi að þeir koma ávallt með starfsliði sínu á suma fundi forsætisnefndar og fjalla þar um málefni þeirra stofnana og ýmis álitaefni í tengslum við starfsemi þeirra. Ég tel það rétt sem hér hefur verið bent á að þau störf og þessar stofnanir séu afar mikilvægar fyrir Alþingi. Það þarf og á að veita framkvæmdarvaldinu aðhald.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til Ríkisendurskoðunar og þakka öllu starfsfólki þar fyrir vinnu þess og þá vönduðu skýrslu sem við ræðum í dag.

[15:49]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, það er mjög mikilvægt að það ríki mikil sátt og eindrægni um Ríkisendurskoðun og það er mjög mikilvægt að þetta sé óháð stofnun. Nú hef ég ásamt fleiri þingmönnum bent á það hér með veigamiklum rökstuðningi og einnig áður í ræðum á Alþingi að vissar efasemdir ríki um ákveðið minnisblað sem ríkisendurskoðandi gaf út. Er þá ekki rétt, til þess að tryggja mikilvægi og að alger sátt ríki um Ríkisendurskoðun, að nánari könnun á þessu fari fram af hálfu þingsins?

Umræðu lokið.

## *Almannatryggingar og málefni aldraða, 1. umr.*

Stjfrv., 330. mál (lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 353.

[15:50]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Frumvarp þetta er samið í framhaldi af tillögum nefndar sem skipuð var af forsætisráðherra 16. janúar 2006 til þess annars vegar að fjalla um búsetu- og þjónustumál aldraðra með tilliti til fjölbreyttari búsetuforma, stoðþjónustu og samþættingar heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu og hins vegar að skoða fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar þar sem jafnframt yrði þó horft til tekjujöfnunarhlutverks tekjutengingar bóta. Í nefndinni sátu fulltrúar Landssambands eldri borgara og fulltrúar félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, utanríkisráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Fulltrúi forsætisráðherra var Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari en hann var jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt 25 formlega fundi og leitaði upplýsinga víða um viðfangsefni sitt og sem dæmi um gagnlegar upplýsingar frá nefndinni er með frumvarpi þessu látið fylgja skjal sem sýnir tekjuþróun aldraðra á tímabilinu 1991–2004. Upphaflega var stefnt að því að nefndin skilaði af sér haustið 2006 en nefndinni þótti óhjákvæmilegt að flýta niðurstöðum og koma breytingum á lífeyriskjörum í framkvæmd á miðju ári 2006. Nefndin skilaði tillögum til forsætisráðherra 19. júlí sl. og eru tillögurnar fylgiskjal með frumvarpinu. Ríkisstjórnin fjallaði um tillögurnar og samþykkti að beita sér fyrir framkvæmd þeirra. Í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara sama dag og tillögunum var skilað til forsætisráðherra var fagnað því góða samstarfi sem tókst í nefndinni. Það var sameiginleg afstaða ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara að tillögurnar væru til vitnis um gagnlegt samstarf og samráð aðila og endurspeglaði samkomulag um aðgerðir ríkisvaldsins í málefnum aldraðra sem

koma til framkvæmda á næstu fjórum árum. Jafnframt áréttaði ríkisstjórnin og Landssamband eldri borgara vilja til áframhaldandi samráðs um þau viðfangsefni sem tillögurnar tækju til og annað það sem upp kunni að verða tekið í samráðsnefnd þessara aðila. Sérstaklega yrði árangurinn metinn á miðju umræddu tímabili í ljósi þróunar verðlags, launa og efnahagsmála almennt. Þessi sameiginlega yfirlýsing er fylgiskjal með frumvarpinu.

Nefndin lagði til sem fyrsta skref að ellilífeyrir yrði hækkaður um 5,5% frá 1. júlí 2006 og til bráðabirgða greiddar sérstakar uppbætur á lífeyri á tímabilinu 1. júlí til og með 31. desember 2006. Uppbætur til bráðabirgða skyldu samsvara því í grófum drættum að heildarhækkun greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins yrði um 15 þús. kr. á mánuði. Einnig skyldu vasapeningar hækka um 25% frá 1. janúar 2007, þ.e. úr 22.873 kr. á mánuði í 28.591 kr. á mánuði, og heimilisuppbót skyldi hækka um 4.361 kr. á mánuði frá sama tíma, þ.e. úr 18.803 kr. í 23.164 kr. á mánuði, þar sem fyrstu skrefum var hrundið í framkvæmd með setningu þriggja reglugerða sem sú er hér stendur undirritaði 21. júlí sl. Reglugerðirnar um hækkanir bóta og tekjumarka voru ekki einungis látnar taka til aldraðra heldur voru öryrkjar einnig látnir njóta hækkananna með sama hætti. Samtals er áætlað að kostnaður vegna reglugerðanna verði 1.930 millj. kr. frá 1. ágúst til 31. desember 2006 og tæpir 3,9 milljarðar á ári frá og með 1. janúar 2007.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma til móts við þær tillögur nefndarinnar sem kalla á breytingar á lögum. Þetta eru tillögur sem snúa að eftirfarandi atriðum:

1. Að fækka bótaflokkum og með því einfalda lífeyristryggingakerfið. Það þýðir að tekjutryggingarauki og tekjutrygging eru felld saman í einn bótaflokk sem mun nefnast tekjutrygging. Mikil umræða hefur verið undanfarið um að lífeyristryggingakerfið sé flókið og hefur Landssamband eldri borgara m.a. kallað eftir einföldun á kerfinu. Verið er að koma til móts við þær kröfur með því að fækka um einn bótaflokk en í þessu sambandi skal bent á að ástæðan fyrir því að kerfið er flókið í dag er að á síðustu árum hefur verið reynt að ná til þeirra hópa sem mest þurfa á því að halda og það gerir eðli málsins samkvæmt kerfið flóknara. Með frumvarpinu er grunnfjárhæð tekjutryggingar hækkuð og verður óháð hjúskaparstöðu. Samkvæmt núgildandi lögum er fjárhæð tekjutryggingarauka hærri fyrir einhleypinga en fyrir lífeyrisþega sem eiga maka. Nú er gert ráð fyrir að þessir aðilar fái sömu fjárhæð þar sem hjúskaparstaða skiptir ekki lengur máli eins og getið var um áðan.

Einföldun á kerfinu og hækkun grunnfjárhæðar koma til framkvæmda um næstu áramót. Nánar má sjá áhrif þessara breytinga í greinargerð með frumvarpinu. Þar kemur fram að um áramótin 2006–2007 munu bætur fyrir einhleyping, þ.e. óskiptur lífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót, verða 127 þús. kr. á mánuði og bætur til einstaklings sem á maka, þ.e. óskiptur lífeyrir og tekjutrygging, verða 103 þús. kr. á mánuði. Á tímabilinu 2005–2007 hækka þessar bætur því um 17% hjá einhleypingi og 22% hjá þeim sem á maka. Á sama tíma er áætlað að neysluverðsvísitala hækki um tæp 12% og launavísitala um 15%. Um er að ræða talsverða kaupmáttaraukningu á lífeyri sem auk þess er meira en nemur kaupmáttaraukningu launa.

Í greinargerðinni með frumvarpinu kemur einnig fram að á tímabilinu 1995–2007 er áætlað að kaupmáttur lífeyrisþega sem á maka hækki um 80%, og um 50% hjá einhleypingi. Á sama tímabili er áætlað að kaupmáttur launa hækki um rúmlega 40%. Framangreindar upplýsingar um kaupmátt bóta eftir að bætur hafa verið hækkaðar taka ekki tillit til þess að skerðingarhlutfall lækkar með frumvarpinu. Lækkunin á skerðingarhlutfallinu kemur því til viðbótar hækkunum á bótunum.

2. Tillögurnar snúa í öðru lagi að lækkun á skerðingarhlutfalli vegna tekna úr 45% í 38,35% við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar, einnig að samanlögð skerðing lífeyris og tekjutryggingar verði takmörkuð við 38,35% af tekjum. Gert er ráð fyrir að skerðingarhlutfallið verði lækkað í tveimur þrepum. Fyrsta þrepið verði á árinu 2007 en þá fer skerðingarhlutfallið í 30,95% og annað þrepið verði á árinu 2008 en þá lækkar hlutfallið í 38,35%. Þessi breyting kemur til viðbótar umfangsmiklum breytingum sem hafa verið gerðar á undanförnum árum til að draga úr skerðingum á bótum vegna tekna.

3. Tillögurnar snúa í þriðja lagi að því að halda lífeyrissjóðstekjum, þar með töldum séreignarlífeyrissparnaði hjóna, aðgreindum þannig að lífeyrissjóðstekjur annars þeirra hafi ekki áhrif á viðmiðunartekjur hins við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar. Gert er ráð fyrir að þessi aðgreining komi til framkvæmda í tveimur áföngum. Fyrsti áfangi verði á árinu 2009 en þá skiptast tekjurnar þannig að lífeyrisgreiðslur lífeyrisþegans hafa 80% vægi og lífeyrisgreiðslur makans 20% vægi. Annar áfangi verði síðan 1. janúar 2010 en þá verði alveg skilið á milli lífeyrissjóðstekna hjóna. Með þessu er komið til móts við þær kröfur að tekjur maka lífeyrisþega hafi ekki áhrif á bætur lífeyrisþegans frá Tryggingastofnun ríkisins. Í greinargerð með frumvarpinu er sýnt með dæmum hvernig breytingarnar koma einhleypingum til góða sem lægstu tekjurnar hafa. Einnig koma fram mjög miklar kjarabætur hjá lífeyrisþegum sem eiga maka.

4. Tillögurnar snúa í fjórða lagi að því að draga úr tengingu vegna atvinnutekna þannig að vægi atvinnutekna lífeyrisþegans verði 75% og atvinnutekna makans 25% við útreikning á tekjutryggingu. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr tengingu við atvinnutekjur makans í tveimur áföngum. Fyrsti áfangi verði á árinu 2009 en þá skiptast atvinnutekjur þannig að atvinnutekjur lífeyrisþegans hafa 65% vægi og atvinnutekjur makans 35% vægi. Annar áfangi verði 1. janúar 2010 en þá verði hlutföllin 75% á móti 25%.

Með þessu er einnig komið til móts við þær kröfur að tekjur maka hafi ekki áhrif á bætur lífeyrisþegans frá Tryggingastofnun ríkisins. Hið sama gildir hér og um lífeyrissjóðstekjur, ágóðinn af breytingunum skilar sér fyrst og fremst til þeirra sem eru með lægri tekjurnar. Í greinargerð með frumvarpinu er sýnt með dæmum hvernig frítekjumark atvinnutekna hefur áhrif til hækkunar en þar kemur fram að 50 þús. kr. atvinnutekjur hjá einhleypingi gefa samtals 20% hækkun en 11% ef ekkert frítekjumark væri. Einnig eru dæmi sem sýna mikla kjarabót hjá lífeyrisþegum sem eiga maka.

5. Tillögurnar snúa í fimmta lagi að því að setja 300

þús. kr. frítekjumark á ári vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega. Gert er ráð fyrir að á árinu 2009 verði frítekjumarkið 200 þús. kr. á ári en verði hækkað í 300 þús. kr. á árinu 2010. Með þessari breytingu er komið til móts við kröfur Landssambands eldri borgara um að eldri borgarar geti stundað atvinnu án þess að það skerði bæturnar frá Tryggingastofnun ríkisins.

6. Tillögurnar snúa í sjötta lagi að því að láta frestun á töku ellilífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins leiða til allt að 30% hækkunar bóta. Gert er ráð fyrir að heimild til frestunar komi til framkvæmda 1. janúar 2007 og feli í sér 0,5% hækkun á ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót fyrir hvern frestunarmánuð til 72 ára aldurs eða eins og áður sagði að hækkunin verði að hámarki 30%. Þessi krafa hefur verið ofarlega á baugi hjá Landssambandi eldri borgara og er með frumvarpinu komið til móts við hana.

Atvinnuþátttaka eldri kynslóðarinnar á Íslandi er eitt af sérkennum íslensks samfélags og meðal þess sem veldur því að ráðstöfunartekjur þeirra sem eru 65 eða 67 ára og eldri eru hér hærra hlutfall af öllum tekjum þeirra sem yngri eru en tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum. Með frumvarpinu er fylgiskjal sem sýnir tekjuþróun aldraðra með hliðsjón af þróun verðlags og tekjuþróun annarra hópa á tímabilinu 1991–2004. Upplýsingarnar eru settar fram með sama hætti og gert var í álitsgerð starfshóps stjórnvalda og Landssambands eldri borgara frá árinu 2002 en sú álitsgerð fylgdi frumvarpi sem varð að lögum nr. 149/2002.

Fyrir þá sem hlut eiga að máli er það ótvíræður hagur að innrétta atvinnulíf og samfélag með þessum hætti og fullkomlega eðlilegt. Breytingin sem hér er lagt til að taki gildi um næstu áramót þýðir að fyrir utan þá almennu stefnu að gefa mönnum kost á að vinna lengur batnar afkoma þeirra eftir að þeir kjósa að taka lífeyri.

7. Í sjöunda lagi snúa tillögurnar að því að fella á brott heimild í lögum um málefni aldraðra til að verja fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs stofnanaþjónustu aldraðra. Gert er ráð fyrir að breytingin verði í tveimur áföngum, árin 2007 og 2008. Með breytingu þessari mun fjármagn til uppbyggingar í öldrunarþjónustu aukast um rúmlega 200 millj. kr. á ári. Á árinu 2007 verði tilfærslan að hálfu en árið 2008 að fullu. Er talið að þessi breyting fjármagni hlut ríkisins af byggingarkostnaði 60–65 rýma á næstu fjórum árum.

8. Að lokum gerir frumvarpið ráð fyrir að öryrkjar njóti góðs af framangreindum breytingum. Heildarkostnaður ríkissjóðs, uppsafnaður vegna lífeyristrygginga til ársins 2010 vegna samkomulags ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara, er áætlaður 26,7 milljarðar kr. Tekur sá kostnaður bæði til elli- og örorkulífeyrisþega og einnig sérstakra hækkana lífeyris á árinu 2006. Stærsti hluti kostnaðarins fellur þó til ellilífeyrisþega, samtals 18 milljarðar kr. til ársins 2010.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir tveimur atriðum sem ekki tengjast samkomulagi ríkisstjórnarinnar um Landssamband eldri borgara. Þessi atriði snerta slysatryggingar almannatrygginga.

Í fyrsta lagi eru samkvæmt núgildandi lögum friðargæsluliðar íslenska ríkisins erlendis einungis tryggðir ef þeir slasast meðan þeir eru að sinna starfi sínu. Þeir eru því ekki tryggðir allan tímann sem þeir eru staddir á ófriðarsvæðum. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að persónulegt gildissvið slysatrygginga samkvæmt almannatryggingalögum verði víkkað út og að íslenskir friðargæsluliðar fái sömu réttarstöðu og sjómenn og verði tryggðir allan sólarhringinn, hvort sem þeir eru beinlínis við störf eða ekki.

Í öðru lagi er í 6. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að allir háskólanemar sem stunda verklegt nám verði slysatryggðir samkvæmt almannatryggingalögum. Lög nr. 74/2002 víkkuðu út gildissvið slysatrygginga almannatrygginga þannig að fyrir utan nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum urðu einnig slysatryggðir háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum þegar þeir sinntu verklegu námi.

Með frumvarpi þessu er gildissviðið enn víkkað út og sá hópur sem fellur undir slysatrygginguna stækkaður.

Í 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um endurútgáfu laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, og laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Er gert ráð fyrir að lög þessi verði gefin út með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Við útgáfuna skal uppfæra allar fjárhæðir og tekjumörk sem breytt hefur verið með reglugerðum og miða við útgáfudag laganna. Brýn þörf er að gefa þessa mikilvægu lagabálka út með framangreindum hætti og ættu lögin að verða skýrari og aðgengilegri bæði almennum borgurum og fagfólki fyrir vikið.

Virðulegur forseti. Ég tel að lokum rétt að greina frá því að ég hef í dag undirritað reglugerð sem breytir reglugerð nr. 939/2003, um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta frá Tryggingastofnun ríkisins. Reglugerðin er nátengd frumvarpinu og er henni ætlað að mynda framkvæmdina hjá Tryggingastofnun ríkisins að því er varðar ofgreiddar tekjutengdar bætur. Leitað var eftir áliti starfshóps sem í sátu fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, Tryggingastofnunar ríkisins, ríkisskattstjóra, Landssambands eldri borgara og Öyrkjabandalags Íslands á því hvernig hægt væri að bæta og milda framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig var leitað eftir áliti nefndar forsætisráðherra sem Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari stýrði. Í framhaldi af því voru lagðar fram tillögur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið bar undir samtök aldraða og öryrkja. Þær tillögur voru síðan samþykktar á fundi ríkisstjórnarinnar 25. apríl sl.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt samkvæmt lögum að greiða réttar bætur til réttra aðila og á réttum tíma. Til að stofnunin geti framkvæmt þessa skyldu sína þarf hún á hverjum tíma að hafa réttar upplýsingar um þau atriði sem skipta máli við ákvörðun bótaréttar og útreikninga bóta. Ef um er að ræða tekjutengdar bætur greiðir stofnunin bætur á grundvelli áætlunar og samtímaeftirlits með tekjum lífeyrisþega sem síðan eru gerðar upp árlega við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum. Við það uppgjör koma í ljós van- eða ofgreiðslur. Stofnunin greiðir þær bætur sem upp á vantar og innheimtir ofgreiðslur, eins og lögin kveða á um. Við þessa framkvæmd fer Tryggingastofnun eftir

framangreindri reglugerð en ýmis nýmæli eru í henni. Sem dæmi um þau nýmæli er kveðið á um að falla skuli frá innheimtu á ofgreiddum bótum sem nema lægri fjárhæð en 20 þús. kr. á ári. Einnig segir í reglugerðinni að þrátt fyrir ofgreiðslu bóta skuli alltaf greiða út elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyri sem lífeyrisþegi á rétt á nema lífeyrisþeginn semji um annað.

Þá er í reglugerðinni kveðið á um að ef sýnt er fram á að innheimta ofgreiðslna verði til þess að einstaklingur hafi heildartekjur sem nema lægri fjárhæð en félagsmálaráðuneytið telur vera lágmarksframfærsluþörf, sem er núna 88.873 kr. á mánuði, skuli Tryggingastofnun að ósk bótaþegans lækka fjárhæð mánaðarlegrar innheimtu þannig að heildartekjur bótaþegans nái þeirri fjárhæð. Ég tel að reglugerðin sé til mikilla bóta fyrir alla aðila og komi til móts við kröfur samtaka aldraðra og öryrkja um að milda framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins að því er varðar endurreikning og uppgjör á tekjutengdum bótum og innheimtu á ofgreiddum bótum.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið forsögu og efni frumvarps þessa í stórum dráttum og tel mikilvægt að frumvarpið verði samþykkt nú á haustþingi. Það er m.a. nauðsynlegt vegna þess að í frumvarpinu eru fjölmörg ákvæði sem miðað er við að taki gildi 1. janúar 2007. Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

[16:09]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að sjá að fram er komið frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra sem gengur í átt að þeim sjálfsögðu og eðlilegu kröfum sem uppi hafa verið hjá öldruðum um breytingar á lögum um almannatryggingar.

Á sama tíma og ánægjulegt er að sjá málið komið fram verður maður fyrir vonbrigðum með innihaldið og hve skammt er gengið í frumvarpinu. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra talaði um að Landssamband eldri borgara hefði tekið þátt í þessari vinnu og standi að þeim tillögum sem þarna eru gerðar. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé þannig, hvort það sé bullandi ánægja hjá Landssambandi eldri borgara með þetta frumvarp. Hefur ráðherra ekki heyrt umkvartanir landssambandsins um að ekki hafi verið gengið nógu langt í átt að því sem lagt var til í viðræðum eldri borgara við ríkið og að þeir hafi nánast verið undir hótunum um að tekið yrði af þeim það sem hér er sett fram ef þeir samþykktu þetta ekki. Hefur hæstv. ráðherra ekki orðið vör við þessar umkvartanir og þau sjónarmið hjá Landssambandi eldri borgara?

Annað varðandi frítekjumarkið. Tæp 17 þús. kr. á mánuði sem tekur gildi árið 2009, löngu eftir að ný ríkisstjórn hefur tekið við, og hækkar í 25 þús. kr. á mánuði árið 2010. Hvað er því til fyrirstöðu að hækka frítekjumarkið strax? Hvað er því til fyrirstöðu að ganga til móts við þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar um að hækka þetta frítekjumark í 75 þús. kr. á mánuði frá næstu áramótum eða 900 þús. kr. á ári? Ég hefði gaman af því að hæstv. ráðherra svaraði því. Ég held að það að heimila öldruðum að ná sér í atvinnutekjur sem eitthvað munar um komi ekki til með að kosta ríkið verulega fjármuni.

[16:11]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Samstarfið í nefnd Ásmundar Stefánssonar gekk mjög vel miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið. Þær höfðu að vissu leyti eðli hálfgerðra kjarasamninga eins og gefur að skilja þar sem menn reyndu að koma sér saman um hvernig hægt væri að hækka bæturnar, þ.e. út frá hvaða aðferðafræði og til hvers bæri að taka mest tillit.

Landssamband eldri borgara lagði mikla áherslu á að hækka bæturnar en líka á að minnka tekjutengingar við tekjur maka og við atvinnutekjur þannig að minni frádráttur væri innbyggður í kerfið ef menn fengju laun á atvinnumarkaði. Tekið var tillit til þessara atriða.

Það var líka farið yfir þjónustuþáttinn, þ.e. hjúkrunarþáttinn, sem við erum ekki að ræða núna. Þetta voru raunar tveir stólpar, þ.e. lífeyrisréttindin, fjármagnið sem við greiðum til viðkomandi aðila og svo var þjónustuþátturinn, hjúkrunarheimilin, heimahjúkrun o.s.frv.

Niðurstaða fékkst í nefndinni og eins og ég sagði áðan stóð fyrst til að niðurstaðan yrði komin í haust, á þessum vikum má segja. En það var ákveðið að flýta niðurstöðunni og ná niðurstöðu í sumar. Mér finnst það bera vott um að menn hafi verið tilbúnir að lenda málinu. Ég tel mjög til fyrirmyndar að vinna á þennan hátt með Landssambandi eldri borgara. Að sjálfsögðu munu þeir áfram ræða um hagsmunamál sín, ég efast ekkert um það og það er mjög eðlilegt. En þetta er a.m.k. samkomulag sem við höfum gert við þá um hvernig við sjáum þetta fyrir okkur á næstunni. Samkomulagið er til fjögurra ára. Þessu ætlum við að vinna eftir, sem við erum að koma í framkvæmd núna með lagafrumvarpi.

Varðandi frítekjumarkið varð niðurstaðan sú að setja frítekjumarkið í 300 þús. kr. á ári (Forseti hringir.) og það mundi að sjálfsögðu kosta miklu meira (Forseti hringir.) að breyta því.

[16:14]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara þeim spurningum sem ég beindi til hennar. Þó fannst mér hæstv. ráðherra staðfesta að þjónustuþátturinn í samningunum við Landssamband eldri borgara hafi verið notaður sem svipa á þá til að þeir féllust á það sem hér kemur fram varðandi almannatryggingarnar. Það er þó gott að hæstv. ráðherra skuli kannast við það.

Mér fannst hæstv. ráðherra gera lítið úr þeirri óánægju sem kraumar undir hjá eldri borgurum og þeirri óánægju sem mjög sterklega hefur komið í ljós opinberlega hjá Samtökum eldri borgara og Landssambandi eldri borgara með hversu skammt var gengið varðandi lífeyristryggingarnar.

Varðandi frítekjumarkið óska ég eftir því að hæstv. ráðherra svari því aðeins betur: Af hverju 2009 og 17 þús. kr.? Af hverju 2010 og 25 þús. kr. á mánuði? Af hverju ekki að taka stærra skref og það strax? Því væntanlega, eins og atvinnuleysi og atvinnuþátttöku er háttað í dag, mundu margir eldri borgarar vilja taka meiri þátt í atvinnulífinu ef þeir

misstu ekki hverja einustu krónu í ýmsar skerðingar með því að ná sér í atvinnutekjur. Það þýddi að eldri borgarar sem hefðu launatekjur greiddu af því skatt þegar þeir væru komnir upp fyrir skattleysismörk í heildartekjum og spurning hvort það hafi verið skoðað í ráðuneyti hæstv. ráðherra hvernig samspil þessa gæti verið.

Annað sem mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um er hvort hæstv. ráðherra þyki það ekki eðlilegt og sjálfsagt að ræða saman í heilbrigðis- og trygginganefnd tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála sem þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa lagt fram og svo frumvarpið sem hér er til umfjöllunar því að bæði þingsályktunartillagan og frumvarpið taka á sömu málum. Munurinn er sá að þingsályktunartillaga stjórnarandstöðunnar gengur lengra í átt að óskum eldri borgara og mun lengra í þá átt að tryggja sjálfstæði og (Forseti hringir.) sjálfsákvörðunarrétt þeirra sem eldri eru.

[16:16]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að ég hafi nú alls ekki sagt það áðan að þjónustuþátturinn hafi verið notaður sem svipa. Alls ekki. Ég sagði að samkomulagið gekk út á tvö atriði eða tvo stólpa. Þar var þjónustuþátturinn, þ.e. ný hjúkrunarrými, heimaþjónusta o.s.frv. Síðan var fjallað um lífeyrismál, þ.e. greiðslur til ellilífeyrisþega.

Í frumvarpinu og í samkomulaginu er tekjutengingin minnkuð mjög verulega. Bæði er skerðingarprósentan minnkuð, sem hefur áhrif á bæturnar auk þess að setja inn frítekjumark. Þetta er það sem um samdist. Þetta er niðurstaðan í samkomulaginu.

Mér er kunnugt um málið sem hv. þingmaður hefur nefnt, þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar. Hún felur í sér aðrar tölur í þessu sambandi enda kostar sú tillaga í kringum 6–7 milljörðum meira á ári samkvæmt heildarútreikningum en samkomulagið kveður á um. Mér er kunnugt um þá tillögu. Hún var rædd hérna um daginn.

Varðandi það hvernig heilbrigðisnefnd Alþingis heldur á málinu þá tel ég að hún verði að ákveða það sjálf. Ég legg a.m.k. áherslu á að málið verði unnið þannig að við getum afgreitt það þannig að samkomulagið taki gildi frá og með áramótum. Það eru ákveðin atriði inni í samkomulaginu sem þurfa að koma til framkvæmda þá þegar. Það er því brýnt að þingmenn fari í að vinna þetta mál.

Ég hefði gjarnan viljað koma með það fyrr inn í þingið en það eru miklir útreikningar sem liggja þarna að baki. Ég vona að þingmenn taki vel í að vinna málið vandlega í heilbrigðisnefnd.

[16:18]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel fulla ástæðu til að vekja athygli á mikilvægum upplýsingum sem fram komu í máli hæstv. heilbrigðisráðherra í lok ræðu hennar. Hún sagði frá því að hún hefði í dag undirritað reglugerð er varðar framkvæmd Tryggingastofnunar vegna ofgreiddra bóta. Þetta mál hefur verið töluvert í umræðunni upp á síðkastið. Við sem vorum í heilbrigðis- og trygginganefnd á síðasta kjörtímabili, eða hvort það var fyrr á þessu kjörtímabili, munum hvernig lögum var breytt sem leiddi til þess að Tryggingastofnun var falið að skoða nánar tekjuviðmiðun eða öllu heldur hvernig standa ætti að því að skoða tekjur lífeyrisþega, bæta þeim ef um vangreiðslur hefði verið að ræða og aftur hvernig ætti að mæta því þegar um ofgreiðslu bóta væri að ræða.

Mig langar að fá hæstv. ráðherra til að segja okkur nánar frá þessari reglugerð. Ég tel að hún sé mjög merkileg. Sérstaklega langar mig að heyra hvernig sú framfærsluupphæð er fundin sem vísað var í hjá félagsmálaráðuneytinu. Hver er sú upphæð sem miðað er við að sé lágmarksupphæð, sem ekki má skerða?

Síðan tel ég líka fulla ástæðu til að fá upplýsingar um hver er áætlaður kostnaður ríkisins af þessari reglugerð. Hvernig verður tekið á ofgreiddum bótum? Er þar einhver fyrning á einhverjum ákveðnum árum og hvernig verður farið með eftirstöðvar ef það fer á milli ára? Hver telur hæstv. ráðherra að séu almennt áhrif þessarar reglugerðar (Forseti hringir.) á hag aldraða?

[16:20]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi reglugerð er að mínu mati mjög mikilvæg af því hún mildar innheimtu ofgreiddra bóta. Samkvæmt lögum eigum við að innheimta ofgreiddar bætur. Ríkisendurskoðun benti á það á sínum tíma að skoða þyrfti sérstaklega hvernig það er gert vegna þess að það var ákveðin handvömm í því hvernig var staðið að því. Menn skoðuðu það ekki svo vandlega á sínum tíma með bæturnar, hvort þær væru ofgreiddar eða vangreiddar.

Það kom í ljós í upphafi að við vorum á sínum tíma að ofgreiða um milljarð en einnig vangreiða um milljarð. Það gengur ekki upp. Maður á hvorki að ofgreiða né vangreiða. Það varð að setja miklu stífari umgjörð um það til að finna út eins fljótt og hægt væri hvað við ofgreiddum og hvað við vangreiddum. Það átti að laga það.

Versta staðan er sú, sem kom upp í upphafi, að stjórnvöld sáu frekar seint hvað verið var að ofgreiða. Það er erfitt að innheimta eftir á en okkur ber skylda til þess. Núna er búið að setja þessa reglugerð til að milda innheimtuna. Þar er miðað við að aldrei sé innheimt, af því hér var spurt sérstaklega út í tölur, meira en svo að viðkomandi hafi þá fjárhæð á mánuði sem talin er vera lágmarksframfærsluþörf hjá félagsmálaráðuneytinu. Það eru 88.873 kr. á mánuði.

Ég vil líka vekja athygli á að þetta mun kosta okkur talsverðar upphæðir. Við förum t.d. ekki í að innheimta það sem er undir 20 þús. kr. á mánuði. Það mun kosta í kringum 40 millj. kr. En við þurfum líka að styrkja verulega starfsemi Tryggingastofnunar til að geta þetta. Ég get kannski farið yfir það seinna í andsvari.

[16:22]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ráðherra þessar upplýsingar og hlakka til að fá meira að heyra á eftir. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að rétt skuli vera rétt. Það á að greiða réttar bætur á réttum tíma og réttum aðilum, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra.

En ég vil í framhaldi af því spyrja: Mun Tryggingastofnun ríkisins taka upp nýjar aðferðir til að afla upplýs-

inga um tekjur lífeyrisþega á hverjum tíma þannig að ekki þurfi að koma til slíkrar ofgreiðslu eða vangreiðslu lífeyris sem valdið getur miklum óþægindum og mikilli óánægju meðal lífeyrisþega?

Mig langar jafnframt að spyrja hæstv. ráðherra um hvort tekið hafi verið á ábyrgð lífeyrisþega að veita réttar upplýsingar? Mun tekið á því ef upplýsingar reynast rangar ár eftir ár? Eða hvernig er það hugsað? Þetta er náttúrlega flókið mál. Auðvitað vill fólk veita réttar upplýsingar en margir lenda í þessum vandræðum vegna þess að þeir þekkja ekki kerfið og vita ekki hvað liggur undir, hvaða tekjur hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur.

Auðvitað á þetta að liggja alveg ljóst fyrir. Yfirleitt eru þetta tekjur sem koma einhvers staðar inn í kerfi ríkisins með einum eða öðrum hætti. Mun Tryggingastofnun fá heimildir til að fá slíkar upplýsingar beint, þannig að hægt sé að aðlaga þessar viðbætur lífeyrinum frá mánuði til mánaðar með hliðsjón af upplýsingum sem liggja fyrir um mánuðina á undan eða eitthvert tímabil þar á undan.

Þetta er náttúrlega alveg ófært eins og þetta hefur verið. Kannski sáum við þetta ekki fyrir þegar þessar breytingar voru gerðar á lögunum. Það er náttúrlega mikilsvert að haga málum með þeim hætti að fólk þurfi ekki að hafa óþarfa áhyggjur eða (Forseti hringir.) að því sé ekki valdið hugarangri að óþörfu.

[16:24]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þróunin hefur verið sú, eins og ég gat um áðan, að í ljós kom að verið var að ofgreiða milljarð og vangreiða milljarð. Það er sem sagt búið að laga það.

Þetta hefur þróast með árunum og hefur helst breyst á síðustu árum. Síðast var ofgreitt í kringum 700–800 millj. kr. og vangreiddar í kringum 200 millj. kr. Það er því farið að breytast.

Við fáum færri kvartanir núna en fyrst vegna þess að fólk er farið að átta sig á því að það þarf að gefa réttar upplýsingar, annars bara fær það rukkun um að það þurfi að endurgreiða. Í dag berast því færri kvartanir. Það er samt erfitt fyrir þá sem fá ofgreiðslur og þurfa að endurgreiða. Þess vegna erum við að setja þessa mildandi reglugerð til að koma til móts við þann sársauka sem því fylgir að þurfa að innheimta ofgreiddar bætur.

Þetta hefur skapað mjög mikið álag á Tryggingastofnun ríkisins. Gerð hefur verið krafa um að auka svokallað samtímaeftirlit hjá Tryggingastofnun ríkisins, sem er það sem hv. þingmaður hefur nefnt að við getum fyrr séð hvort er ofgreitt eða vangreitt. Til að svo geti orðið hjá Tryggingastofnun ríkisins höfum við þurft að styrkja þá stofnun verulega. Ég vil nefna að í frumvarpi til fjáraukalaga á þessu ári er sett inn 50 millj. kr. viðbótarframlag til reksturs Tryggingastofnunar ríkisins. Af þeim eru 20 millj. kr. vegna breytinga á tölvukerfum til að geta komið til móts við slíkt samtímaeftirlit. Á fjárlögum fyrir árið 2007 setjum við inn 60 millj. kr. varanlegt rekstrarframlag vegna framkvæmdarinnar við tekjutengdar bætur.

Þessi vandi kemur upp af því bæturnar eru tekjutengdar. Þá lendum við í því að menn gefa rangar upplýsingar, eða vita ekki betur, segja sumir. Þá erum við að ofgreiða eða vangreiða og þá þarf að innheimta.

[16:27]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga sem komið er inn í þingið í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og fulltrúa eldri borgara í haust eftir nefndarvinnu með Ásmundi Stefánssyni á vegum forsætisráðuneytisins. Ég ætla ekki að hafa langa ræðu um málið vegna þess að ég er búin að segja álit mitt á þessu svokallaða samkomulagi eða yfirlýsingu í umræðu um tillögu til þingsályktunar sem stjórnarandstaðan lagði fram um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. En það er aðeins meira í þessu máli en bara það sem ég ræddi þar og mig langar að ræða nú í nokkrum orðum.

Hér er enn einu sinni verið að lappa upp á almannatryggingarnar án þess að horfa á þær heildstætt. Það hef ég alltaf gagnrýnt og gagnrýni enn. Við verðum að endurskoða almannatryggingarnar heildstætt og horfa á alla þætti því að meðan við vinnum svona eru alltaf einhver göt sem fólk fellur niður um, þetta á að vera öryggisnet.

Aldraðir eða fulltrúar þeirra hafa lýst því yfir að þetta sé fyrsta skref í átt að bættum kjörum en að þeir séu ekki sáttir við málið en hafi ekki náð lengra. Ríkisstjórnin var ekki tilbúin til að ganga lengra til móts við kröfur þeirra. Það erum við aftur á móti í Samfylkingunni og stjórnarandstaðan hefur sameiginlega lagt fram þingmál sem gengur mun lengra og við höfum talað hér fyrir. Áður en lengra er haldið vil ég fara fram á það og mun fara fram á það í heilbrigðis- og trygginganefnd að mál okkar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála verði tekið fyrir samhliða. Við höfum líka lýst því yfir að við munum flytja breytingartillögur við frumvarpið hvað varðar lífeyrisgreiðslur og lífeyristekjur, þ.e. lífeyrisþáttinn, þegar málið kemur aftur inn til þingsins.

Ég get tekið undir með hæstv. ráðherra að þetta mál þarf að afgreiða fyrir áramót því að þá eiga fyrstu breytingarnar að taka gildi. En við teljum ekki nógu langt gengið og við viljum ganga mun lengra um næstu áramót því að það er gjörsamlega óviðunandi að lífeyrisþegar þurfi að búa við þau kjör sem þeir búa við í dag. Sérstaklega vil ég nefna frítekjumarkið því að hér er verið að breyta almannatryggingunum á þann hátt að það er verið að fækka bótaflokkum og einfalda kerfið, sem er gott. En frítekjumarkið sem var fyrir í almannatryggingunum er tekið burtu og það er ekki gert ráð fyrir frítekjumarki fyrr en eftir tvö ár gagnvart atvinnutekjum og þá allt of lágt.

Þessu mótmælum við og við viljum að frítekjumark komi strax um áramótin, 75 þús. kr., vegna þess að það er mikilvægt fyrir lífeyrisþega að geta aukið tekjur sínar. Það gerir þá félagslega virkari og kemur líka í veg fyrir að þeir lendi í þeirri fátæktargildru sem er inni í almannatryggingunum í dag. Fólk heldur líka frekar heilsu ef það er úti í atvinnulífinu, ef það er félagslega virkt. Ef fólk getur verið áfram úti í atvinnulífinu og hefur tök á að auka tekjur sínar, hafi það löngun til þess, mun það örugglega skila ákveðnum sparnaði í heilbrigðiskerfinu.

Hæstv. ráðherra talaði um að málið væri ekki komið fyrr inn í þingið vegna þess að það væri mikil vinna að baki, miklir útreikningar. Ég geri mér fulla grein fyrir því vegna þess að ég ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur unnum að

því að útbúa þá þingsályktunartillögu sem liggur hér fyrir frá stjórnarandstöðunni og það tók okkur hátt í þrjá mánuði að vinna alla þá útreikninga sem þar liggja að baki. Ég veit því að það felst mjög mikil vinna í því að útbúa svona tillögur.

Ég er sem sagt á því að hér sé alls ekki nógu langt gengið og það er vitað mál að fulltrúum aldraðra var stillt upp við vegg í nefndarstarfinu, þeir urðu að sætta sig við þetta og gera það sem fyrsta skref. En þeir hafa lýst yfir stuðningi við tillögu okkar í stjórnarandstöðunni.

Ég ætla líka að nefna, vegna þess að ég kallaði eftir því fyrr í vikunni að það kæmi hér þingmál um Framkvæmdasjóð aldraðra annað en það sem lá fyrir þá og var til umræðu fyrr í vikunni. Nú er það komið og ég tel að okkar þingmál, mitt og fleiri þingmanna, um Framkvæmdasjóð aldraðra eigi að taka fyrir í heilbrigðis- og tryggingaganefndinni samhliða því sem fyrir liggur. Í þingmáli okkar förum við fram á ákveðnar breytingar sem við teljum að full ástæða sé til að hafa með og við munum leggja til breytingartillögur í þá veru þegar það mál kemur inn í þingið, svo ég lýsi því bara yfir hér.

Ég vil líka gagnrýna að ekki eigi að afnema að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka. Við viljum afnema þau að fullu því að það eru mannréttindi, persónuleg réttindi, að maður sé ekki með tekjur sem tengjast við tekjur einhvers annars, alveg eins og í atvinnuleysisbótum, alveg eins og í öðrum greiðslum. Þetta er arfur frá liðinni tíð og við eigum að afnema þetta. Við viljum afnema þetta og það mun verða gengið lengra eftir næstu kosningar, komumst við til áhrifa og getum gert það.

Það er fleira í þessu þingmáli sem hæstv. ráðherra var að nefna en bara kjör lífeyrisþeganna, eins og kom fram í framsöguræðu. Það eru m.a. breytingar á slysatryggingunum og ég vil nefna það að ég tel að það sé til bóta, sérstaklega hvað varðar námsmennina. Það er löngu tímabær breyting sem ég hef margoft nefnt hér í þinginu að þurfi að gera og ég fagna því að nú sé verið að gera slíka breytingu og ég mun auðvitað styðja hana og við í Samfylkingunni.

Það er annað sem ég vil nefna áður en ég lýk máli mínu vegna þess að ég ætla að vísa í mál mitt við framsöguna á tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála hvað varðar allar þær breytingar sem hæstv. ráðherra var að leggja hér til, hvar ég tel of stutt gengið og hvar og hvernig við viljum ganga lengra. Ég vil nefna reglugerðina sem hæstv. ráðherra nefndi áðan. Ég kem nefnilega hér inn í þingsalinn af þremur stórum fundum sem ég átti með eldri borgurum eftir hádegið. Það verður að segja eins og er að á hverjum einasta fundi hefur fólk kvartað yfir ofgreiðslum og endurkröfum. Það er ekkert nýtt fyrir mér því að það hefur verið gert lengi. Lífeyrisþegar eru mjög ósáttir við þetta fyrirkomulag og það er löngu tímabært að breyta því en ég held að ekki sé nógu langt gengið í þessari reglugerð.

Hvaða tala var það sem hæstv. ráðherra miðaði við að ætti að duga fyrir lífeyrisþegann þegar væri búið að endurkrefja? Ég held að það sé allt of lág tala sem þar er miðað við. Ég heyri það á öldruðum sem lenda í slíkum endurkröfum að það er ákaflega þröngur kostur hjá þeim, menn hafa ekki mikið að bíta og brenna þegar búið er að endurkrefja þá sem hafa nánast eingöngu greiðslurnar úr lífeyristryggingum almannatrygginga. Þetta tel ég að þurfi að skoða. Auðvitað geta þingmenn ekki breytt reglugerðum, það er ráðherra að gera það og ég hvet hæstv. ráðherra til að gera Tryggingastofnun kleift að afla þannig upplýsinga að við lendum ekki í því árvisst að þurfa að taka til baka fjármuni frá lífeyrisþegum eftir að fólk er búið að eyða peningunum. Við vitum alveg að þeir sem eru með litlar greiðslur úr almannatryggingunum eru búnir að eyða þeim þegar endurkrafan kemur frá Tryggingastofnun.

Ég vil líka nefna það, ég ætla ekki að gera það að umtalsefni vegna þess að ég er búin að tala mikið um þetta mál allt saman en ég tel fullkomlega eðlilegt að þegar við komum með málið inn í heilbrigðis- og trygginganefnd, þar sem fyrir okkur liggur mikil vinna í þessum efnum, að þá verði kallaðir fyrir fulltrúar Landssambands eldri borgara og fulltrúar þeirra í nefndinni og við heyrum í þeim. Ég hef heyrt í þeim um þetta mál og þeir eru ákaflega ósáttir við hversu skammt er gengið og nefndin þarf að heyra slíkar yfirlýsingar frá þeim og ég hlakka til að takast á við þetta. En ég boða enn og aftur þær breytingartillögur sem við höfum talað fyrir og snúa að tillögum okkar, stjórnarandstöðunnar: Við viljum hærri tekjutryggingu, minni skerðingu, við viljum frítekjumark vegna atvinnutekna lífeyrisþega strax, 75 þús. kr. til að fólk sem vill verða virkt í atvinnulífinu geti orðið það, við viljum afnema vasapeningakerfið en þangað til það verður afnumið verði 50% hækkun á vasapeningum. Vasapeningafólkið varð útundan í sumar og á aðeins að fá 25% hækkun um áramót samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar.

Ég vil einnig nefna þá lífeyrisþega sem eru með lífeyrisgreiðslur og eru inni á stofnunum. Þeir þurfa að halda eftir stærri hluta af lífeyrisgreiðslum sínum áður en þetta vasapeningakerfi verður aflagt því að þeir hafa of litla fjármuni af lífeyrisgreiðslum sínum handa á milli inni á stofnunum. Það þarf að skilgreina neysluútgjöld lífeyrisþega eins og við leggjum til og afnema að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við tekjur maka og síðan að öryrki haldi aldurstengdri örorkuuppbót. Breytingartillögur í þessa veru munum við leggja til þegar málið kemur aftur hingað inn í þingið.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[16:38]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Hér er verið að efna samkomulag sem gert var við Félag eldri borgara og tekið mið af þeirri niðurstöðu sem fékkst í nefnd sem um það fjallaði.

Hér er um umtalsverðar hækkanir á bótum að ræða og miklar úrbætur og það sem mér þykir ánægjulegast í þessu, frú forseti, er að gerð er dálítil einföldun á almannatryggingakerfinu. Samt er langt í frá að það sé orðið einfalt, langt í frá. Frumvarpið flækir þetta kerfi dálítið en flóknar reglur um skiptingu tekna milli hjóna gera það að verkum að tekjur makans hafi síminnkandi vægi.

Það er svo aftur annað sem mig langaði til að ræða, frú forseti, það er hlutverk fjölskyldunnar í kerfinu og hvort það sé sátt um þá stefnu sem menn eru að taka. Það sem um er að ræða er það að ellilífeyrisþegi eða örorkulífeyrisþegi

sem er giftur eða kvæntur mjög tekjuháum maka á að fá nánast sömu tekjur og annar ellilífeyrisþegi eða makalífeyrisþegi sem á tekjulágan maka, þ.e. að það á ekki að taka eins mikið mið af tekjum makans og hingað til hefur verið gert. Svo þurfa menn að ræða um réttmæti þess eða ekki, að sá sem er í sambúð með tekjuháum maka eigi að fá nánast sömu bætur og sá sem býr með öðrum sem er tekjulágur. Þetta er atriði sem menn þurfa að velta fyrir sér og vera sáttir um. En það er sem sagt verið að minnka vægi fjölskyldunnar sem hefur farið hríðlækkandi á undanförum áratugum og síðustu öld má segja.

Eins og verið hefur koma einungis 60% af tekjum öryrkja til skoðunar þannig að skerðingin sem er 40% og niður í 38% er í reynd 23% af heildartekjum upp í 25% þannig að öryrkinn heldur eftir minnst 75% af tekjum sínum. Þar sem örorkumatið er þannig í dag að það þarf ekkert endilega að þýða tekjulækkun þá getur öryrkinn einstaka sinnum í rauninni unnið fulla vinnu áfram og haldið 80% af tekjunum engu að síður og fengið bætur eins og aðrir.

Þá komum við að öðrum vanda sem er vandi þeirra öryrkja sem ekki geta unnið og eru með lágmarkið. Lágmarkið fyrir einhleypa öryrkja var reyndar hækkað umtalsvert í þessu frumvarpi. Það er hækkað upp í tæpar 130 þúsund kr., úr tæpum 110 þúsund kr. og er náttúrlega mikil bót og munar um það þegar menn hafa ekki hærri tekjur. Sá sem ekkert getur unnið fær sem sagt tæpar 130 þús. kr. en sá sem getur t.d. unnið fyrir 250 þús. kr. er með tæpar 290 þús. kr. á mánuði og þá er spurning hvort mönnum finnist það vera eðlilegt eða ekki, þ.e. samanburður öryrkja sem ekkert geta unnið við hina sem geta unnið nánast fulla vinnu.

Sama á við um aldraða, það er mikil umræða um að geta unnið og ég tek undir það, ég vil að fólk sé hvatt til að vinna, bæði ellilífeyrisþegar og öryrkjar. En þá þurfa menn líka að vera sáttir við að sá sem getur unnið er með miklu betri heildartekjur en sá sem ekki getur unnið og það er þá eitthvað sem menn verða að sætta sig við.

Það eru ýmsir agnúar á þessu frumvarpi enn þá og mér sýnist að menn hafi ekki tekið mið af því að séreignarsparnaðurinn er frjáls sparnaður, herra forseti. Mér finnst að það sem menn taka frjálsa ákvörðun um og greiða fyrir, þó að það sé styrkt með framlagi atvinnurekandans, það eigi ekki að koma til skerðingar í Tryggingastofnun nema að því er varðar fjármagnstekjur af þeim tekjum. Ég hef flutt frumvarp um þetta sem ekki hefur fengið mikla umræðu, ég hygg að það sé vegna þess að menn hafi hreinlega ekki sett sig inn í það, en ég vil gjarnan að hv. heilbrigðis- og tryggginganefnd taki mið af því frumvarpi þegar hún fer að skoða greiðslur eins og séreignarsparnað. Niðurstaðan hefur verið sú, herra forseti, að fólki hefur verið ráðlagt að taka út allan séreignarsparnaðinn ári áður en það fer á lífeyri — sem er náttúrlega alveg andstætt öllum tilgangi með þeim sparnaði og með því frumvarpi sem var lagt fram — til þess að losna við skerðingarnar hjá Tryggingastofnun af þessum frjálsa sparnaði sem menn gætu bæði lagt inn og tekið út. Ég vil líta á þetta sem hverja aðra eign, við látum eignir ekki skerða bætur á Íslandi, þó að það sé gert víða um heim. En mér finnst að þegar fólk er að taka út eignir sínar þá eigi slíkt ekki að skerða bætur frá Tryggingastofnun nema menn ætli að hverfa frá þeirri hugsun að fólk sem á miklar eignir eigi að fá fullar bætur.

Svo er annað í þessu sem er ekki í þeim dæmum sem reiknuð eru hérna, það eru börnin. Það vill svo til að þegar fólk er vinnandi fær það yfirleitt ekki hærri laun þó að það sé með mörg börn á framfæri, vinnumarkaðurinn er ekki svo félagslegur þó að sumir þykist sjá þess merki að fólk með mikla framfærslu fái hærri tekjur og kannski sérstaklega karlmenn. Þegar fólk verður öryrkjar þá er allt í einu greitt mjög mikið fyrir börnin, bæði hjá Tryggingastofnun og eins hjá lífeyrissjóðunum. Þetta getur valdið töluvert mikilli skekkingu þannig að menn geta bætt tekjur sínar verulega við það að verða öryrkjar, þeir sem eru með t.d. þrjú börn á framfæri.

Þetta er eitthvað sem menn þurfa að skoða og ég legg til að hv. heilbrigðis- og tryggginganefnd skoði þessi atriði og eins það þegar menn eru að fá eingreiðslur, hvort ekki sé hægt að taka upp enn meiri samtímavinnslu hjá Tryggingastofnun þannig að ekki komi til þess að maður sem fær eingreiðslu í dag, t.d. selur húsið sitt, fær heilmiklar fjármagnstekjur vegna mikilla hækkana fasteigna undanfarin ár, og fær svo högg ári seinna þegar skattframtalið kemur fram. Ég mundi vilja að menn væru upplýstir um að t.d. maður sem fær tíu millj. kr. hagnað af sölu fasteignar viti að á þarnæsta ári verði hann bótalaus.

Ég fagna þessu frumvarpi og þeim skrefum sem stigin eru til einföldunar í því og legg til að hv. heilbrigðis- og tryggginganefnd skoði þetta. Svo vil ég benda á það, herra forseti, að menn þurfa að gera miklu betur. Það er heilmikil ástæða til þess að skera allt tryggingakerfið upp eða skera allar bætur Tryggingastofnunar upp, horfa á málin frá alveg nýju sjónarhorni og taka mið af þeirri umræðu sem fer fram í dag, að fólk vill vinna lengur, jafnvel hækka ellilífeyrismörkin. Þau voru ákveðin 1930 þegar dánarlíkur fólks voru miklu hærri og meðalaldurinn miklu lægri en í dag. Fólk er miklu sprækara í dag og mér finnst að þeir sem vilja vinna megi gjarnan vinna lengur atvinnulífinu til hagsbóta. Og þá vil ég undirstrika mjög skarpt, af því að fólki hefur verið gjarnt að misskilja það sem ég segi, að þeir sem vilja vinna, ég er ekkert að segja að það eigi að gilda fyrir alla heldur að þeir sem vilja vinna megi það fram yfir 67 ára eða jafnvel sjötugt, jafnvel áttrætt ef því er að skipta af því að fólk er miklu sprækara í dag. Sama viðhorf ætti að vera gagnvart öryrkjum, það ætti að reyna að rækta hæfileika öryrkjans til að vinna, skoða hvað hann getur en ekki einblína alltaf á hvað hann getur ekki. Þetta hef ég svo sem rætt áður og þetta er til skoðunar í þeirri nefnd sem fjallar um örorkulífeyri.

Aukning á hvoru tveggja, ellilífeyrinum og örorkulífeyrinum, hefur kostað lífeyrissjóðina óskaplega mikil fjárútlát. Mér finnst að þjóðin í heild sinni þurfi að skoða hvort ekki eigi að mæta því með því að nýta vinnugetu þessara hópa, bæði aldraðra og öryrkja, því að í mínum huga en vinnan engin áþján. Margir hafa gaman af henni og hún veitir fólki innihald og er félagslegt atriði. Það vilja mjög margir fara á ellilífeyri þangað til þeir þurfa að fara á ellilífeyri, þá vilja þeir það allt í einu ekki lengur, þannig að ég held að menn ættu að skoða þetta.

Svo þurfa menn að hafa í huga við allar umræður um

bætur að allt er þetta greitt af einhverjum. Mér finnst stundum skorta á að sumir hv. þingmenn átti sig á því að það er ekki guð almáttugur sem borgar þessi útgjöld heldur er það skattgreiðandinn í landinu.

[16:49]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða. Það verður að segjast eins og er að aldraðir og öryrkjar — hluti þeirrar breytingar sem við erum hér að ræða nær einnig til öryrkja — hafa beðið lengi eftir bótum og bættum kjörum. Þar sem hér hefur verið vísað til samkomulags eldri borgara sem tók gildi í júlí í sumar verð ég að taka undir orð þeirra sem hafa minnst á eftirfylgni þess samkomulags að aldraðir telja að sá árangur sem náðist með því samkomulagi sem gert var, eða yfirlýsingu, sé eingöngu skref í þá átt sem telja megi að full sátt geti ríkt um, þ.e. að kjör aldraðra séu bætt með þeim hætti að mannsæmandi sé.

Í fyrirliggjandi frumvarpi og með þeim breytingum sem á að gera er vissulega komið til móts við bæði þetta samkomulag og eins það sem hér hefur margsinnis verið tekið fram, og óskað eftir í sölum hins háa Alþingis, að reyna að einfalda með öllum ráðum þann lagaramma sem lýtur að almannatryggingum og greiðslum til lífeyrisþega. Það er gert að hluta til núna, og er það vel. Það ber að þakka það sem er jákvætt og það er einföldun í þessu frumvarpi þó að ég og aðrir stjórnarandstæðingar telji að hér sé ekki nógu langt gengið.

Hvað varðar upphæðir og breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu taka þær ekki gildi nema að hluta til núna um næstu áramót og á næsta ári. Þetta eru breytingar í 1. gr. laganna, breytingar sem vísað er til ársins 2010. Ég tel að þau skref sem tekin eru til að ná markmiðum frumvarpsins séu allt of hæg og allt of smá. Það liggur á að bæta kjör aldraðra. Það liggur á að hækka grunnlífeyrinn og tekjutrygginguna eins og hún birtist í frumvarpinu þar sem búið er að slá saman og einfalda tekjutryggingu og tekjutryggingarauka. Það þarf að hafa ákveðið frítekjumark og það þarf að koma því á strax en ekki eftir tvö ár eins og lagt er til, þ.e. að þá megi tekjur aldraðra og öryrkja vera 200 þús. á ári og árinu seinna heilar 300 þús. kr. Þetta eru allt of lágar upphæðir. Það segir sig sjálft. Ef fólk er úti á vinnumarkaðnum og getur unnið er það ákaflega lítið og lágt hlutfall í atvinnuþátttöku ef við miðum við svo lágar upphæðir sem eru lausar við allar skerðingar. Fólk horfir auðvitað til þess að geta unnið og greitt af launum sínum skatta án þess að vera þar fyrir utan með skerðingarákvæði. Og 200 þús. kr. eftir tvö ár og 300 þús. kr. eftir þrjú ár er að mínu mati bæði of fjarri í tíma og of lágar upphæðir. Þetta tel ég að hv. heilbrigðis- og tryggingarnefnd muni fara vel yfir með þeim gestum og fulltrúum frá Félagi eldri borgara og öðrum sem nefndin mun kalla á sinn fund.

Eins og hér hefur komið fram í ræðum hæstv. ráðherra og hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur liggja að baki þeim tölum sem fram koma miklir útreikningar, bæði í þessu frumvarpi til laga og eins í tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipun lífeyrismála sem stjórnarandstaðan öll lagði fram saman í upphafi þings, á þingskjali 3, 3. mál. Það er ekki einfalt mál að sjá fyrir samspil lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og eins greiðslur úr lífeyrissjóðum og aðrar tekjur og átta sig á því hvaða áhrif skerðingarákvæði hafa og hvaða áhrif samlagning þessara tekna hefur og taka síðan ákvörðun um það hvaða tekjugreinar skuli vera undanþegnar skerðingarákvæðinu. Ég vil leyfa mér að taka undir orð hv. þm. Péturs H. Blöndals um að líka eigi að skoða hvort þá séu ekki fleiri tekjustofnar sem eigi að vera undanþegnir þessum skerðingum.

Ég vísa til þess að þar sem frumvarpið er byggt á yfirlýsingu Landssambands eldri borgara með fulltrúum ríkisstjórnarinnar frá því í sumar telja eldri borgarar að þetta sé eingöngu skref, það hafi ekki verið hægt að komast lengra. Ég ítreka það að þó að þessu skrefi hafi verið náð verður að vera stöðugt samráð í gangi á milli ríkisvaldsins og fulltrúa eldri borgara. Það borgar sig fyrir alla að hafa náið samstarf, fylgjast vel með þróun mála og grípa þá frekar fyrr inn í en þegar allt er komið í óefni eins og ég tel að það sé í rauninni í dag. Allt of margir aldraðir búa við mjög skert kjör og raunar mjög skert lífsgildi — (**Gripið fram í:** Lífsgæði.) lífsgæði. Ekki má nú gæðin vanta, er það sem ég ætlaði að segja. Lífsgæði, eingöngu vegna þess að eldri borgarar hafi ekki fjárhagsleg ráð til að veita sér það sem okkur flestum finnst eðlilegt að geta veitt sér og meira að segja hafa sumir ekki möguleika á að gefa jólagjafir eins og flestum er þó svo mikilvægt, að geta glatt sína nánustu.

Þegar svo er komið er okkar íslenska þjóð orðin aum, að standa svo illa við bakið á þeim sem aldraðir eru. Þannig er nú því miður komið fyrir um það bil einum þriðja af þeim sem eru aldraðir í dag. Sem betur fer hafa mjög margir það gott og geta veitt sér nánast það sem þá lystir en því miður ekki allir og við eigum að horfa á þá sem minna mega sín og hafa ekki þær tryggu tekjur sem í raun og veru þarf til að hafa fyrir framfærslu.

Þá óska ég eftir því að í vinnu heilbrigðis- og tryggingananefndar verði farið í skoðun á neysluþörf og neysluútgjöldum aldraðra. Það þarf að fara fram vönduð neyslukönnun á útgjöldum aldraðra. Þau eru önnur en þeirra sem yngri eru. Það er annað neyslumunstur. Það eru minni útgjöld á ýmsum sviðum en líka meiri á öðrum, t.d. eykst lyfjakostnaður oft á efri árum. Hið sama á við um þörf á heilbrigðisþjónustu, hún eykst líka. Þar sem ýmis gjöld hafa hækkað og lyf líka er ekki hægt að setja aldraða beint undir meðalneysluþörf Íslendinga. Það þarf að skoða sérstaklega.

Því tel ég að ef núna á, með nýrri reglugerð um endurgreiðslu á lífeyrisgreiðslum og innheimtu á ofgreiddum lífeyri, að fara mildilega í að ganga svo nærri fólki með endurkröfu á ofgreiddum lífeyri að fólk hafi tekjur til framfærslu — ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt, ég hef ekki séð þessa reglugerð — verðum við að vita hver þessi framfærslugrunnur er. Ég óttast að viðmiðið í dag sé allt of lágt. Þetta er það sem við verðum að skoða og gera það í nefndinni.

Ég fer auðvitað fram á það líka að þetta frumvarp sem við fjöllum um hér og tilefni þingsályktunarinnar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála sem stjórnarandstaðan flutti hér á fyrstu dögum þingsins fari saman í umræðu og í afgreiðslu í gegnum heilbrigðis- og tryggingananefnd. Eins

mælist ég til að samhliða verði rætt frumvarp um Framkvæmdasjóð aldraðra þannig að við náum aðeins betri heildarmynd. Þingsályktunartillaga stjórnarandstöðunnar gengur lengra. Stjórnarandstaðan er með aðra sýn. Sú þingsályktunartillaga byggir á því að komið verði á afkomutryggingu sem byggir þá á úttekt á neysluútgjöldum aldraðra og að þessi nýja tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr. á mánuði. Þessi breyting á að taka gildi núna 1. janúar 2007, sem sagt 6 þús. kr. hærri en gert er ráð fyrir í því frumvarpi sem hér er lagt fram. Þar á strax að taka upp frítekjumark og það á að verða 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007.

Það er þessi áherslumunur í þingmálunum og ég tel að tillaga stjórnarandstöðunnar sé miklu nær því að vera raunsönn en það frumvarp sem við fjöllum hér um í dag. Ef við reynum að ná einhverjum meiri heildarsvip á afgreiðslu þessara mála tel ég að heilbrigðis- og trygginganefnd verði að skoða þetta með opnum huga og vera tilbúin til að taka þá skrefið lengra en gert er í frumvarpinu með tilliti til þess sem raunveruleikinn segir okkur.

Í samkomulaginu var einnig tekið tillit til þjónustuþátta og það á að koma til meiri heimaþjónusta fyrir aldraða. Þá vil ég benda hæstv. heilbrigðisráðherra, hv. heilbrigðisnefnd og fjárlaganefnd þingsins á að sannarlega þarf að bæta tekjustofna sveitarfélaganna til að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru í dag, ekki bara af öldruðum, heldur heilbrigðisþjónustunni, félagsþjónustunni og samfélaginu í heild sem lítur þjónustu við aldraða allt öðrum augum en gert hefur verið. Það er krafa um að auka heimaþjónustuna á öllum sviðum, bæði heilsugæslu og félagslega þjónustu. Til þess að hægt sé að standa við þessi góðu markmið verða sveitarfélögin að hafa hærri tekjustofna. Það er eitt af því sem við verðum að horfa til.

Ég ætla ekki hafa þessi orð miklu fleiri en það þarf að hækka frítekjumarkið. Það þarf að komast á strax. Það þarf að hækka vasapeninga fyrir þá sem dveljast inni á stofnunum. Það þarf, eins og ég sagði, að skilgreina neysluútgjöld lífeyrisþeganna af svo mörgum ástæðum. Það verður að rjúfa að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka. Þó svo að dregið hafi úr þessum tengingum eru þær til trafala. Hver einstaklingur er sjálfstæður einstaklingur og ég tel að þessum mun eigi þá að ná með skattgreiðslum. Við eigum að falla algjörlega frá þessum tekjutengingum við maka eins og þær eru settar upp í dag.

Ég geri mér grein fyrir því, hæstv. forseti, að þetta er nokkuð flókið mál að fara í og margir hafa á því skoðun hvernig þessum málum eigi að vera fyrirkomið. Ég tel að hv. heilbrigðis- og trygginganefnd þurfi að kalla til og fá umsagnir margra aðila til að fara yfir þetta mál og ég treysti því að við náum að afgreiða það fyrir jól. Nokkur atriði eiga að taka gildi um áramótin og þó svo að allt of mörgum sé vísað inn í framtíðina, alveg til ársins 2010, á hægt og sígandi að auka réttindi og bætur sem í þessu frumvarpi felast.

Ég vona að heilbrigðisnefnd verði tilbúin til að hlusta á raunsannar lýsingar eldri borgara og hvar skórinn kreppir og að ekki þurfi að bíða í fjögur ár eftir nýju samkomulagi og hafa kraumandi óánægju meðal þessara einstaklinga. Við höfum hérna tækifæri til að ganga lengra en frumvarpið segir til um og ganga hraðar til verks en þau stuttu spor sem hér eru tekin. Það sem hér er gert er þó til bóta en það þarf, hæstv. forseti, að ganga miklu lengra.

[17:07]

**Útbýting:**

Afdrif hælisleitenda, 335. mál, fsp. ÁI, þskj. 358.

Nám langveikra ungmenna o.fl., 334. mál, fsp. MF, þskj. 357.

Opinber störf á landsbyggðinni, 337. mál, fsp. AKG, þskj. 360.

Skattlagning greiðslna til foreldra langveikra barna, 336. mál, fsp. ÁI, þskj. 359.

Viðhald þjóðvega, 332. mál, fsp. AKG, þskj. 355.

[17:08]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Frumvarp það sem við höfum fyrir framan okkur er frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Það kemur í kjölfar samkomulags sem gert var milli ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara í sumar. Ég get ekki verið sammála því sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að þetta sé eitthvert pínulítið skref sem tekið er. Ég tel einmitt að þarna sé stórt skref tekið í málefnum aldraðra. Þetta er niðurstaða samkomulags sem gert var milli ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara, sem var lengi í undirbúningi og tekur á öllum helstu þáttum sem varða áhyggjuefni aldraðra í dag.

Sú aðferðafræði sem notuð er — þ.e. að gera samkomulag þar sem aðilar koma að sama borðinu, aðilar á vegum ríkisstjórnarinnar annars vegar og hins vegar á vegum Landssambands eldri borgara, þar sem rædd eru hin ýmsu áhyggjuefni og ýmis málefni sem á þeim brennur og komist er að ákveðnu samkomulagi — er til bóta og er í rauninni framhald af þeirri aðferðafræði sem lagt var upp með fyrir nokkrum missirum.

Á bls. 9 í frumvarpinu kemur fram það álit nefndarinnar að með tillögunum sem lagðar eru fram í fylgiskjali II með frumvarpinu er lagður grunnur að áætlunum um fjögurra ára samkomulag stjórnvalda og Landssambands eldri borgara og jafnframt kemur fram að lögð er áhersla á áframhaldandi samráð þessara aðila. Slíkt samráð verður áfram sem ég tel vera mjög mikilvægt.

Það kom strax fram þegar samkomulagið var undirritað að almenn ánægja væri meðal forsvarsmanna Landssambands eldri borgara með samkomulagið. Síðan hefur ýmis umræða verið uppi á borðinu í blöðum og í samfélaginu sem bendir til þess að sú ánægja sé kannski ekki eins mikil eins og verða vildi og margir vildu hafa séð samkomulagið öðruvísi eða að gengið væri lengra með einstaka þætti samkomulagsins.

Hins vegar er það þannig að þegar samkomulag er gert á milli aðila koma báðir fram með kannski ýtrustu kröfur en síðan felst í samkomulaginu að einhver millileið er farin. En ég er alveg á því að þau skref sem tekin voru með samkomulaginu voru stór. Enda kemur fram á bls. 9 í frumvarpinu og í athugasemdunum við frumvarpið að kostnaður vegna samkomulagsins til ársins 2010 er 18 milljarðar kr.

sem skiptast milli þeirra rúmlega 30 þúsund eldri borgara sem nú eru á ellilífeyri og það eru 18 milljarðar til viðbótar við núverandi rétt. Einnig kemur fram á sömu blaðsíðu að strax á næsta ári er aukið fjármagn til þessa málaflokks vegna samkomulagsins sem snýr eingöngu að lífeyrisréttinum 3,7 milljarðar og 2008 4 milljarðar, 2009 rúmlega 4,3 milljarðar og 2010 tæpir 4,8 milljarðar. Því er ekki hægt að segja að þetta sé lítilvægt skref. Og þegar til viðbótar koma þær viðbætur til örorkulífeyrisþega þá eru þetta upphæðir upp á tæpa 27 milljarða á þessu fimm ára tímabili. Því til viðbótar kemur fram í athugasemdunum við frumvarpið að kaupmáttur lífeyrisþega á síðustu 12 árum hefur aukist um 50% hjá einstaklingum en kaupmáttur lífeyrisþega með maka hefur aukist um 80%, en á sama tíma hefur kaupmáttur launa hækkað um 40%. Það verður því ekki annað sagt en að það samráð sem hefur verið viðhaft milli aðila á þessum árum hafi skilað umræddum hópi ágætum árangri þótt auðvitað sé það svo að fólk vill alltaf gera betur og þá á ég bæði við eldri borgara og ríkisvaldið.

Í því samkomulagi sem gert var í sumar, undirritað í júlí, standa nokkrir þættir upp úr. Má þar fyrst telja að bótaflokkum verður fækkað og lífeyristryggingakerfið verður einfaldað. Það hefur þvælst fyrir okkur í þinginu hvað þetta kerfi, lífeyristryggingakerfið, er flókið og mikið hefur verið um það rætt að það mætti einfalda. Þarna eru tekin ákveðin skref í þá átt að einfalda kerfið en ganga þarf mun lengra. Má í rauninni segja að það sé það flókið að sérfræðinga Tryggingastofnunar þurfi til til að geta lesið úr því og varla nokkur möguleiki fyrir einstaklinga sem ætla að sækja sinn rétt að lesa úr lögunum til að geta sótt hann.

Ég hef orðið vör við það á fundum, m.a. með lífeyrisþegum og sjúklingum, að þeir átta sig ekki alltaf á rétti sínum en þegar farið er nánar ofan í það kemur í ljós að þegar lagður er saman réttur þeirra úr lífeyrissjóðum, réttur þeirra úr almannatryggingakerfi og réttur þeirra í sjúkrasjóði sem er á vegum verkalýðsfélaga, þá lítur þetta betur út en menn töldu í fyrstu. Ástæðan fyrir því að þeir hafa ekki yfirsýn yfir þetta er sú að þetta er svo flókið kerfi að erfitt er að hafa yfirsýn yfir það.

Annað atriði sem skiptir verulegu máli er að dregið verður úr áhrifum tekna maka. Þetta hefur verið baráttumál eldri borgara og öryrkja um langt skeið og þetta mun koma til framkvæmda fyrst á árinu 2009. Þetta er í rauninni mikið réttlætismál, en aftur má líka taka fram það sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan að það er ákveðið íhugunarefni að einstaklingur sem hefur gert samkomulag við maka sinn um að hann sé heima, yfirleitt er það reyndar konan sem er heima, en makinn sem er þá karlmaðurinn er vinnandi. Þegar viðkomandi kona verður 67 ára að aldri þá allt í einu stofnast réttur til almannatrygginga sem tryggir henni ákveðin laun umfram það sem samkomulag þeirra á milli hefur verið árum saman. En þetta er ákvörðun og ákveðin stefna sem er tekin. Við hana er í rauninni ekkert að athuga en hún felur í sér ákveðna grundvallarbreytingu í hugsun hvað almannatryggingakerfið stendur fyrir.

Á bls. 13 í frumvarpinu kemur fram hver áhrifin eru af því að draga úr tekjutengingu á milli hjóna. Fram kemur m.a. í töflu dæmi um ellilífeyrisþega í sambúð — maki er ekki lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. tekjur á mánuði. Ef lífeyrisþeginn er ekki með laun hækka tekjur hans úr tæpum 68 þús. í 96 þús., um 28 þús. kr. eða 42%. En hafi hann sjálfur, lífeyrisþeginn, tekjur upp á 50 þús. hækka tekjur hans um 21 þús. kr. eða 19%.

Þarna má segja að áhrif þessara breytinga séu að koma fram í frumvarpinu, þær koma til framkvæmda á árinu 2009 og 2010, og munu sérstaklega gagnast konum og þær fái meira á milli handanna en hingað til hefur verið. Enda hefur þetta verið sérstakt áhyggjuefni og sérstakt ergelsi frá þeirra hendi að tengja tekjur sínar með þessum hætti við maka.

Annað dæmi er ellilífeyrisþegi í sambúð með engar tekjur en maki er með 150 þús. lífeyristekjur, að tekjur ellilífeyrisþegans hækka úr 57 þús. í um 111 þús. eða 95%. Í þessu er verið að skoða sérstaklega að lífeyrissjóðstekjur maka eru aftengdar tekjum ellilífeyrisþegans sem hefur þau áhrif að tekjur viðkomandi hækka.

Einnig kemur fram að hafi viðkomandi ellilífeyrisþegi í sambúð atvinnutekjur sjálfur upp á 50 þús. hækka tekjur hans. Voru þá heildartekjur hans á mánuði 95 þús. en fara upp í 146 þús. og mismunurinn er 50 þús. kr. sem er 53%. Því er ekki hægt að segja að þetta samkomulag sé ekki gott, en hins vegar villir það kannski um fyrir fólki að þetta kemur ekki til framkvæmda fyrr en 2009. Fólk sér því ekki alveg strax hverjar þessar breytingar verða.

Annað atriði sem varðar það sem við erum að fjalla um er að fjárhæð vasapeninga verður hækkuð um 25%. Þetta er mjög mikilvægt þeim sem eru á öldrunarheimilum og hafa engar tekjur. En það snertir líka mál sem ég hef hreyft hér á hinu háa Alþingi áður, en það er samræming á þjónustu sem veitt er á öldrunarheimilum. Það segir sig sjálft að vasapeningar sem eru um 25 þús. kr. — að þar sem einstaklingur er inniliggjandi á hjúkrunarheimili og þarf að borga sinn eigin þvott, eins og hefur komið fram áður, eða hann þarf að leggja fram ákveðna greiðslu fyrir þjónustu sem elli- eða hjúkrunarheimilið borgar ekki fyrir, það segir sig sjálft að í þessu felist ákveðin mismunun.

Þess vegna tel ég það mjög gott að nú verður farið í þá vinnu að fara að ráðleggingum Ríkisendurskoðunar varðandi þjónustu á öldrunarstofnunum, að skoða betur samræmingu á þeirri þjónustu og hvað það er sem fólk er að borga fyrir og hvað ekki.

Síðan eru það atriðið sem varðar sveigjanleg starfslok, þ.e. að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun á töku lífeyris. Þetta er mjög mikilvægt atriði og hefur verið til umræðu á hinu háa Alþingi um nokkuð langt skeið. Hefur hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson m.a. rætt þetta. Hérna er verið að fara ákveðna leið sem lífeyrissjóðirnir hafa jafnframt farið, þ.e. að frestun á töku lífeyris leiðir til aukins réttar í kerfinu. Einstaklingur sem heldur áfram starfi til sjötugs og frestar því að sækja um lífeyri frá almannatryggingakerfinu getur í rauninni hækkað rétt sinn um 18% og ef hann frestar áfram til 72 ára aldurs getur hann hækkað rétt sinn um 30%. Þetta getur því bæði verið hagsmunamál hins aldraða sem vill halda virku starfi áfram í samfélaginu og um leið hefur hann þá tækifæri til að auka rétt sinn, sem er mikið ánægjuefni.

Nú hefur mikið verið rætt um það atriði sem er í frumvarpinu og var í samkomulaginu um að sett yrði frítekju-

mark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega. Þetta er mál sem hefur mikið verið til umræðu og valdið miklu ergelsi hjá mörgum öldruðum sem segja að um leið og þeir eru farnir að afla sér tekna með einhverjum hætti, öldruðum býðst vinna hér og þar í stofnunum eða fyrirtækjum, eða þá með sjálfsaflafé — fólk vill geta aukið fjárráð sín með vinnu og um leið viðhaldið heilsu sinni og viðhaldið virkni í samfélaginu án þess að það leiði til skerðingar á lífeyri úr almannasjóðum. Þetta kemur til framkvæmda árið 2009. Verður þá miðað við frítekjumark um 200 þús. kr. En ári seinna, 2010, fer þetta upp í 300 þús. kr.

Það hefur verið gagnrýnt að þetta frítekjumark komi ekki til framkvæmda fyrr og vissulega má segja að þessi kostnaður sé í rauninni ekki mikill ef maður lítur á töflu á bls. 9 um hver kostnaðurinn er vegna samkomulags eldri borgara. Þá kemur í ljós að þegar þetta ákvæði kemur til framkvæmda á árinu 2009 leiðir frádráttur frá atvinnutekjum til 142 millj. kr. útgjaldaaukningar. Og svo aftur 2010 þegar 300 þús. kr. markið er komið, þá leiðir þetta til 208 millj. kr. aukningar.

Í rauninni má segja að ef farið verður í það að flýta þessu á einhvern hátt eða byrja með lægri upphæð, þá leiði það í sjálfu sér ekki til mikillar aukningar á fjármagni miðað við þá heildarupphæð sem við erum að tala um. En þetta er samkomulag sem varð með þessa niðurstöðu. En kannski mætti hugsa sér ákveðið svigrúm að flytja á milli vissa þætti eða skoða þetta með einhverjum öðrum hætti þannig að komið sé að einhverju leyti til móts við þessar kröfur eldri borgara og sem valda eiginlega mesta ergelsi meðal þeirra í dag. En aftur, þetta er samkomulag, það er kannski erfitt að fara að breyta því nema að aftur sé samkomulag um það.

Okkur þingmönnum barst fréttatilkynning frá Samtökum verslunar og þjónustu sem varðar nákvæmlega þetta atriði þar sem þeir eru með áskorun um óskertar aldurstengdar bætur launafólks. Ég er nú ekki sammála þessari yfirskrift. En hins vegar er ákveðið atriði sem er sannleikskorn í þessari ályktun. En þeir segja og benda á að síminnkað framboð íslensks vinnuafls hafi orðið í verslun og þjónustu á undanförnum missirum. Benda á hvað mikill skortur er á vinnuafli. Samtökin hafa þurft að leita til erlends vinnuafls sem hefur ekki tök á íslenskri tungu og benda á það ónýtta vinnuafl sem er í eldri borgurum en sem telja sér ekki fært að vinna vegna ákvæða almannatryggingalaga. Samtökin segja enn fremur, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn má líta til þess að í landinu er sífellt stærri hópur eldri borgara sem vill og getur unnið margvísleg störf í mismunandi starfshlutföllum, en fæst ekki út á vinnumarkaðinn vegna þess að með launuðu starfi skerðast aldurstengdar greiðslur hans. Á sama tíma eykst heilbrigði hópsins, lífaldur lengist og sífellt fleiri eru tilbúnir að stunda einhverja launavinnu."

Í rauninni má segja að þetta ákvæði um frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega sé komið fram m.a. til að koma til móts við þessar kröfur og þá almennu umræðu í samfélaginu sem ég tel vera gott mál. Þetta er svona sem sumir mundu kalla „win win situation" þar sem allir aðilar græða, þ.e. öldruðum er gert kleift að vinna sem, eins og hefur verið bent á, gæti aukið virkni þeirra og minnkað kostnað í heilbrigðiskerfinu. Það er öllum til bóta að geta haldið virkni og virkri þátttöku í samfélaginu.

Að lokum langar mig einnig að nefna það ákvæði sem hefur mikið verið til umræðu í þinginu um langt skeið. Það er að fjármagn í Framkvæmdasjóð aldraðra verði nú eingöngu notað til uppbyggingar öldrunarstofnana. Það skiptir miklu máli að það fjármagn verði notað til að koma til móts við uppsafnaða þörf fyrir hjúkrunarrými, en á Reykjavíkursvæðinu eru á milli 300 og 400 manns, eldri borgarar, sem eru á biðlista eftir hjúkrunarrými. Jafnframt er mikilvægt að auka aðgengi að aðstoð á heimili.

Jafnframt var í samkomulagi atriði sem varðar fjölgun starfsfólks í umönnunarstörfum. Það náttúrlega kemur ekki inn á það frumvarp sem við erum hér að fjalla um beint, en hins vegar má segja að sú ákvörðun sem var tekin nú fyrir stuttu um fjölgun hjúkrunarnema við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri sé þáttur í samkomulaginu. En það er alveg ljóst að hjúkrunarfræðingar hér á landi eru of fáir og þjóðin er að eldast og aukin þörf fyrir þá stétt.

Allra síðast, þar sem tíma mínum er að ljúka, langar mig til að nefna það atriði sem beinist ekki að umræddu samkomulagi en varðar slysatryggingu nemenda. Þetta er mjög mikilvægt atriði því nemendur sem hafa verið m.a. í heilbrigðisgreinum og eru í starfsnámi á sjúkrahúsum hafa um nokkurt skeið ekki verið slysatryggðir. Það hefur skapað ákveðinn vanda því það er einmitt á þeim námstíma sem ákveðin slys verða. Þetta eru nemendur í þjálfun og eru að læra að meðhöndla þau hættulegu efni sem þeir þurfa að vinna með og eru að fóta sig í nýju umhverfi. Það er einmitt þá sem ákveðin slys hafa orðið. Með þessari breytingu eru allir háskólanemar sem stunda verklegt nám slysatryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar og þetta tel ég vera mjög mikilvægt atriði og mikið fagnaðarefni. Meðan ég var formaður Félags hjúkrunarfræðinga man ég eftir að þetta var eitt af þeim atriðum sem nemendur komu sérstaklega til félagsins til að ræða um því þetta skipti þá miklu máli.

[17:29]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér var að ljúka ræðu varaformanns heilbrigðis- og trygginganefndar, hv. þm. Ástu Möller, og verðum við þá að líta á hana sem fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í umræðunni. Því ef við gætum allrar sanngirni getum við varla litið á hv. þm. Pétur Blöndal sem fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í umræðu um þessi mál þó hann hafi verið óvenju hófstilltur í málflutningi áðan.

Ég vil því nota tækifærið og spyrja fulltrúa Sjálfstæðisflokksins nokkurra spurninga hér í stuttu andsvari. Fyrst er það varðandi yfirlýsinguna sem gerð var milli ríkisins og Landssambands eldri borgara. Hefur hv. þm. Ásta Möller ekki orðið vör við óánægju eldri borgara varðandi þá yfirlýsingu hvernig staðið var að því að fá hana samþykkta, eða á ég kannski að segja ergelsi eldri borgara, eins og hv. þingmaður notaði nokkrum sinnum í ræðu sinni?

Annað sem mig langar að fá að vita er hvort hv. þingmaður er tilbúin til að beita sér fyrir því, sem varaformaður í heilbrigðis- og trygginganefnd, að frítekjumarkið verði tekið upp mun fyrr en gert er ráð fyrir í frumvarpi ráðherr-

ans og það verði hækkað. Því hv. þingmaður fór yfir kostnaðinn við það að setja á frítekjumarkið eins og talað er um að gera árið 2009 — sem mér finnst nú hálfgerður brandari að vera að tala um að setja þetta á árið 2009 — að við þessar 200 þús. kr. eða tæplega 17 þús. kr. á mánuði væri kostnaðurinn 142 milljónir fyrir ríkissjóð. Það er væntanlega bruttókostnaður því nettókostnaður verður annar þegar veltuáhrifa gætir því þess má vænta að eldri borgarar noti þessa aura til að kaupa þjónustu og borgi virðisaukaskatt o.s.frv.

Er hv. þingmaður tilbúin að beita sér fyrir því að þetta gerist fyrr og þetta verði hærri upphæð? Því ég vil benda hv. þingmanni á að 142 milljónir, sem er nú kostnaðurinn á ársgrundvelli við þetta, er rétt rúmlega það sem tekjur ríkissjóðs jukust á hverjum degi á þessu ári umfram áætlanir. 110 milljónir komu í ríkiskassann umfram áætlanir ríkisins á hverjum einasta degi á þessu ári samkvæmt fjáraukalögum sem hér eru til umræðu. Því spyr ég hv. þingmann: Er ekki rétt að leiðrétta þennan brandara varðandi frítekjumarkið árið 2009?

[17:31]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að frábiðja mér athugasemdir hv. þm. Jóns Gunnarssonar um félaga okkar hv. þm. Pétur Blöndal. Hann er jafnmikill talsmaður flokksins og ég í þessu máli sem öðrum hér á þinginu.

Til mín var varpað nokkrum spurningum og m.a. spurt hvort ég hafi orðið vör við óánægju eldri borgara eftir þetta samkomulag. Ég veit að hv. þm. Jón Gunnarsson hefur reynslu í að gera samkomulag og hann veit að það eru ekki alltaf allir ánægðir með það samkomulag sem gert er á hverjum tíma. Það birtist manni hins vegar þannig í fjölmiðlum þegar samkomulagið var undirritað að það væri sérstök ánægja meðal forsvarsmanna eldri borgara, Landssambands eldri borgara, á blaðamannafundinum þar sem samkomulagið var kynnt. Hún var mjög augljós. Annars komu líka fram eftir þann fund athugasemdir frá ýmsum aðilum sem vildu hafa farið öðruvísi að. Það er ekkert óvænt. Þegar samkomulag er gert um ákveðin atriði, hvort sem það er kjarasamningur eða samningur með öðrum hætti, bera menn miklar væntingar til þess og auðvitað vildu sumir hafa hlutina öðruvísi en samkomulag varð um. Samkomulag milli aðila byggist ekki á ýtrustu kröfum allra aðila heldur að farin er millileið.

Loks spyr hv. þingmaður hvort ég telji að taka megi frítekjumarkið upp fyrr en gert er ráð fyrir í þessu samkomulagi. Ég lýsti skoðunum mínum áðan að ég telji að í því felist ekki háar upphæðir miðað við samkomulagið í heild og tel að skoða megi ákveðinn tilflutning þar á. Með því er ég að lýsa mínum skoðunum.

[17:33]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég biðst velvirðingar á því að hafa hælt hv. þm. Pétri Blöndal fyrir hófstilltan málflutning. Ég gerði mér ekki alveg grein fyrir því að ástandið innan Sjálfstæðisflokksins væri svona viðkvæmt eftir prófkjörið sem þau áttust við í. Ég biðst bara velvirðingar á því að vera að ýta eitthvað við svona viðkvæmum málum innan flokks.

Eitt sem mig langar að spyrja varaformann hv. heilbrigðis- og tryggingarnefndar um er það sem ég spurði hæstv. ráðherra um áðan. Er hv. varaformaður heilbrigðis- og tryggingarnefndar tilbúin að beita sér fyrir því innan nefndarinnar að rædd verði samhliða þetta frumvarp til laga um breytingu á almannatryggingum og tillaga til þingsályktunar sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram um nýja framtíðarskipan lífeyrismála? Það er afar mikilvægt að fá svar við þessu því að það skiptir máli þegar farið er í gegnum þessa umræðu að farið verði samtímis yfir sjónarmið stjórnarandstöðunnar og sjónarmið hæstv. ráðherra og stjórnarliða, vegna þess að um er að ræða málaflokk sem ekki er bara tölur, prósentur, krónur og aurar. Við erum að tala um málaflokk þar sem við tölum um fólk í hvert einasta skipti sem við ræðum þessi mál. Við megum aldrei gleyma því að þetta eru ekki bara lágmörk, tekjutengingar, frítekjur, prósentur o.s.frv. Á bak við hverja einustu tölu og hverja einustu setningu í almannatryggingalögunum er fólk sem treystir á að við sem í þessum sal sitjum tryggjum því ákveðin lágmarksréttindi. Þess vegna hlýtur það að vera krafa okkar í stjórnarandstöðunni að þegar þetta mál verður tekið fyrir og rætt, verði það rætt bæði út frá þeim sjónarmiðum sem við höfum lagt fram í þinginu ekki síður en sjónarmiðum hæstv. ráðherra og stjórnarliða.

[17:35]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður þarf ekki að tala um neina viðkvæmni í þeim stjórnmálaflokki sem ég tilheyri, ég held að hann ætti að líta sér nær.

Hv. þingmaður varpaði þeirri spurningu til mín hvort ég mundi beita mér fyrir því að samhliða þessu frumvarpi verði rædd innan heilbrigðis- og tryggingarnefndar þingsályktunartillaga sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram til breytingar á lífeyriskerfinu. Það kom fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að hún mundi beita sér fyrir því að sjónarmið stjórnarandstöðunnar kæmu fram í umræðum innan nefndarinnar. Hún lagði jafnframt áherslu á að stjórnarandstaðan mundi koma með breytingartillögu við frumvarpið þegar það kemur til 2. og jafnvel 3. umr. Ég hef því engar áhyggjur af því að sjónarmið stjórnarandstöðunnar, ef hún stendur sig í stykkinu, komi ekki fram á fundum nefndarinnar.

Við megum hins vegar ekki gleyma því að samkomulagið sem gert var við eldri borgara og birtist í því frumvarpi sem við fjöllum um núna, frumvarpi til laga um breytingu á almannatryggingalögum og lögum um málefni aldraðra, er stórt skref. Það kemur fram í athugasemdum við frumvarpið að verið er að auka verulega í þennan málaflokk. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 voru 32,2 milljarðar í þessum málaflokki en fyrir árið 2007 hefur þessi upphæð hækkað um 10 milljarða, þannig að við megum ekki gleyma því að þetta er stórt skref. Við skulum ekki vanmeta það sem vel er gert, það er alger óþarfi að tala það niður. Það er aldrei svo að allir séu ánægðir en þetta eru stór skref, grundvallarskref sem verið er að taka hér í þessum málaflokki.

[17:37]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Í tilefni þeirra orða sem féllu í lok ræðu síðasta hv. ræðumanns þá langar mig að minna á að þegar ég tók til máls í fyrsta andsvari mínu lýsti ég ánægju með að hér skyldi vera komið fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, því að eins og ég sagði þá skiptir máli það skref sem hér er verið að stíga en það er samt sem áður gengið mun skemmra en nauðsynlegt hefði verið ef við horfum til þess hverjar tekjur manna í dag þurfa að vera til að þeir geti lifað og veitt sér lágmarksframfærslu.

Aðeins varðandi yfirlýsinguna sem er grundvöllurinn að þessu lagafrumvarpi, yfirlýsinguna sem skrifað var undir af hálfu ríkisins og Landssambands eldri borgara. Ég heyrði að hv. þm. Ásta Möller kallaði hana samkomulag og leggur áherslu á að hér sé um samkomulag að ræða. Ég held að flestir þingmenn hafi áttað sig á að Landssamband eldri borgara er hætt að nefna þetta samkomulag, og hefur kannski aldrei gert, heldur talar um yfirlýsingu sem skrifað hafi verið undir af hálfu beggja aðila. Ástæðan fyrir því er að við höfum heyrt það frá eldri borgurum að þeir telji að varðandi lífeyrisþáttinn og breytingarnar á lögum um almannatryggingar hafi þjónustuþátturinn, hin stoðin undir yfirlýsinguna eins og hæstv. ráðherra kallaði það, verið notaður til að berja þá til hlýðni varðandi stoðina um almannatryggingar. Ég spurði hæstv. ráðherra í stuttu andsvari hvort hann hefði ekki orðið var við þetta sjónarmið eldri borgara og hæstv. ráðherra svaraði mér því til að svo væri ekki. Eldri borgarar hefðu ekki verið kúskaðir til með þjónustuþættinum til að samþykkja þáttinn um almannatryggingar.

Sem betur fer eru símamál og tækni í þokkalega góðu lagi á Íslandi og eftir að ég hafði spurt hæstv. ráðherra og fengið svör hans barst mér blár miði eins og okkur þingmönnum berst oft og tíðum þegar aðilar úti í bæ vilja heyra í okkur eða láta okkur vita að þeir vilji ná í okkur. Miðinn var frá formanni eins aðildarfélags í Landssambandi eldri borgara sem vildi segja mér að formennirnir hefðu verið kallaðir til fundar, eftir að yfirlýsingin lá fyrir, með fulltrúum frá Ásmundarnefndinni og þar hefði þeim einfaldlega verið sagt, algerlega skýrt og á tærri íslensku: „Ef þið samþykkið ekki það sem hér liggur fyrir erum við aftur á byrjunarreit. Þá erum við ekki að tala um að þjónustuþátturinn líti svona út, þá erum við algerlega á byrjunarreit.“ Þessi formaður aðildarfélags að Landssambandi eldri borgara sagði mér að hann hefði eftir þetta sjálfur sagt hæstv. ráðherra frá þessu og að svona hefði verið staðið að þessum fundi. Því þætti mér vænt um að vita hvort hæstv. ráðherra geti ekki bara viðurkennt það að hafa heyrt þetta frá eldri borgurum og að þetta sé sjónarmið sem kemur mjög skýrt fram frá eldri borgurum í dag að þeim hafi verið þrýst til að samþykkja þessa yfirlýsingu vegna þess að þeim var hótað því að annars yrði ekki bætt úr þjónustuþættinum. Ég held að hv. þm. Ásta Möller hafi lýst því vel áðan, með biðlistum eftir hjúkrunarrýmí og slíku, hvað formenn aðildarfélaga Landssambands eldri borgara horfðu fram á þegar þeim var hótað með þessum hætti. Það má ekki verða nánast vani í þingsalnum að hæstv. ráðherrar Framsóknarflokksins fari eins og kettir í kringum heitan graut í kringum sannleikann. Það verður að fara að verða þannig í þingsalnum að ráðherrar axli þá ábyrgð sem að þeim snýr og viðurkenni hreinlega hlutina eins og þeir eru en reyni ekki sí og æ að skjóta sér undan ábyrgð.

Lög um almannatryggingar eru afar flókin og torskiljanleg fyrir flesta þá sem renna í gegnum þau og ég held að það sé full nauðsyn á því, eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði fyrr í umræðunni, að taka þessi lög og endurskoða þau í heild sinni, að það sé ekki hægt að taka eingöngu ákveðna þætti út heldur þurfi að taka þau í heild sinni. Maður rekur sig fljótlega á það þegar maður les í gegnum almannatryggingalögin að þar rekst að mörgu leyti hvað á annars horn. Það er oft og tíðum verið að reyna að lagfæra einhverja ákveðna hluti, gera breytingar sem menn halda að séu til bóta, en þegar þeir fara að spila saman með öðrum þáttum kerfisins eru þeir kannski ekki eins til bóta og menn héldu þegar ráðist var í lagabreytingarnar. Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt að ráðast í endurskoðun á þessum málaflokki í heild sinni og það erum við ekki að gera í dag.

Ég las í gegnum frumvarpið sem við ræðum hér, um breytingar á þessum lögum, og ég varð að marglesa hvern kafla til að skilja hann, ég varð nánast að marglesa hverja grein til að skilja hana vegna þess að þetta er svo mikið torf og rekst svo hvað á annars horn að maður varð að fara fram og til baka til að átta sig á hvaða áhrif þetta hefði. Þetta hefur ekkert með greind að gera eða lesskilning eða eitthvað slíkt heldur eingöngu það að þessi mál eru flókin og viðamikil og eins og þeim er stillt upp í þessu lagamáli og lagatexta eru þau torskiljanlegt hverjum manni og ekki von til þess að margir kunni þessi lög í heild sinni.

Aðeins að frítekjumarkinu. Auðvitað eigum við að setja frítekjumark og setja það sem fyrst og sem hæst. Við búum við þær aðstæður á Íslandi í dag að skortur er á fólki á vinnumarkaði. Við búum við það að þeir eldri borgarar sem vilja reyna að auka ráðstöfunartekjur sínar með einhverjum hætti reka sig fljótlega á að það er ekki til neins. Skerðingarnar eru svo miklar, það er tekið svo mikið af því sem þeir afla að það er í raun og veru ekki til neins fyrir þá að standa í því að ná sér í einhverjar atvinnutekjur. Það hefur komið fram að lífeyrisþegi sem hefur tekjutryggingu ásamt greiðslu úr lífeyrissjóði eða atvinnutekjur haldi aðeins eftir 15–33% af þeim tekjum, í besta falli þriðju hverja krónu, að skerðingar og skattar væru 67–85% af hverri krónu sem þeir sem komnir eru á þennan aldur reyna að vinna sér inn. Auðvitað gengur þetta ekki og kostnaðurinn við þetta, eins og hv. þm. Ásta Möller lýsti hér áðan, er ekki sá að við getum ekki leyft okkur að gera þetta.

Það er nefnilega þannig með ríkissjóð að það er ekki bara hægt að tala um hvað fer út úr honum því að oft og tíðum ratar hver einasta króna aftur inn í ríkissjóð, og aftur og aftur í gegnum hina óbeinu skatta og í gegnum þjónustugjöld o.s.frv. Ég skora því á hæstv. ráðherra í tengslum við breytingu á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar að leggja svolítið meiri vinnu í að skoða í alvöru hvað það mundi þýða ef lífeyrisþegum væri heimilað að hafa hærri tekjur áður en skerðingar fara að koma á lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum.

Það er ekkert verið að tala um að þessar tekjur séu skatt-

lausar. Auðvitað byrja menn að borga skatta eins og hverjir aðrir þegar þeir eru komnir inn í þetta kerfi og farnir að afla tekna og komnir yfir skattleysismörkin, en að þetta séu frítekjur þegar kemur að lífeyristryggingunum og almannatryggingunum. Ég er viss að hæstv. ráðherra og þeir sem reikna fyrir hann komast mjög fljótlega að því að kostnaðurinn við hver 100 þúsund á ári í frítekjumark gagnvart almannatryggingum er ekki ýkja mikill þegar upp er staðið.

Hæstv. ráðherra hlýtur líka að velta því fyrir sér hvernig í ósköpunum stendur á því og af hverju menn eru að tala um að taka þetta frítekjumark fyrst upp á árinu 2009, löngu eftir að umboði núverandi ríkisstjórnar lýkur. Af hverju ekki að gera þetta núna strax um áramótin þegar tilkostnaðurinn er ekki meiri en raun ber vitni? Við verðum að fá einhver svör við því frá hæstv. ráðherra, af hverju 2009, af hverju ekki núna 1. janúar 2007? Hvaða skilaboð er verið að senda eldri borgurum og af hverju í ósköpunum er ekki hægt að gera þetta strax?

Sama er með skerðingarhlutföllin sem verið er að tala um. Árið 2007 á að fara úr 45% í 39,95%. Maður skilur ekki hver reiknar út svona tölur. Af hverju ekki bara 39% eða 40%, 39,95% skal það vera núna á árinu 2007 og lækka síðan niður í 38,35% á árinu 2008. Er ekki hægt að fara aðeins lengra varðandi skerðingarhlutföllin og horfa þá til þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar eins og hún liggur fyrir þar sem gert er ráð fyrir að fara niður í 35%?

Auðvitað fögnum við því að hér er verið að einfalda kerfið að einhverju leyti og verið að hækka tekjutryggingguna upp í 78.542 kr. Tillaga til þingsályktunar sem við í stjórnarandstöðunni lögðum fram, gerir ráð fyrir því að hækka tekjutrygginguna upp í 85 þúsund, það munar 6.500 kr. á mánuði og ég skora enn og aftur á hæstv. ráðherra að láta reikna það út enn og aftur hvað 6.500 kr., hvað veltuáhrif í ríkissjóð þýða þegar þau eru tekin inn í dæmið. Það þýðir ekkert að reikna þetta út bara sem útstreymi úr ríkissjóði, þetta kemur líka aftur inn í ríkissjóð að einhverju leyti og talsvert miklu leyti.

Annað sem mig langar að gera að umræðuefni þó að það tengist kannski ekki beint því sem við erum að ræða hér, en það er skattlagning lífeyristekna. Það kemur inn í ráðstöfunartekjur þeirra sem eldri eru orðnir. Af hverju er þessi þrjóska í gangi hjá ríkisstjórninni að vilja ekki skoða það með lífeyristekjur að þetta séu í raun tekjur af sparnaði, þetta séu í raun fjármagnstekjur? Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að útskýra það fyrir lífeyrisþegum að ef þeir hafa nú lagt til hliðar í banka en ekki greitt í lífeyrissjóð og séu að taka af því rentur í dag þá borgi þeir 10% skatt af því? Sjálfstæðir atvinnurekendur sem ekki voru í lífeyrissjóði, þeir aðilar sem gátu komið sér hjá því, eins og það var kallað á sínum tíma, að greiða í lífeyrissjóð meðan reglurnar voru ekki svo strangar að allir þyrftu að greiða í lífeyrissjóð — það var a.m.k. ekki gengið eftir því að allir gerðu það — þeir sem mynduðu sér þá lífeyrissjóð í formi eigna eða í formi fjármagns sem þeir lögðu til hliðar en lögðu það ekki inn í þá samtryggingarsjóði sem við höfum, þeir greiða 10% af því sem þeir eru að taka út úr sparnaði sínum, þ.e. lífeyrissparnaðinum. En þegar kemur að þeim sem ekki voru í þeirri aðstöðu að geta farið annað með það fé sem greiða átti í lífeyrissjóð heldur greiddu samviskusamlega af hverri einustu krónu í lífeyrissjóðinn, þegar kemur að því að þeir ætla að fara að taka út af sínum lífssparnaði rentur þá skal skattleggja það upp á rúm 38%.

Ég skil ekki með hvaða rökum ríkisstjórnin mætir þessu fólki og segir: Þetta er sanngjarnt. Þetta er svo langt frá því að vera sanngjarnt að ég held að hver einasti maður sem í alvöru skoðar þetta átti sig á því fljótlega að hér er grófleg mismunun á ferðinni og það er verið að mismuna þeim sem voru að vinna hjá öðrum, voru fastir launamenn með fastar mánaðartekjur og greiddu samviskusamlega í lífeyrissjóð.

Aðeins um það að hæstv. ráðherra sagði áðan að enginn ætti að fá minna en 88 þús. kr. á mánuði eftir breytingu á reglugerð. Ég vil að hæstv. ráðherra staðfesti það hér og nú að það sé staðreynd frá og með deginum í dag, eða frá því að reglugerðin var undirrituð, að allir þeir sem fá greiðslur út úr þessu kerfi fái að lágmarki 88 þús. kr. á mánuði. Ég vil að hæstv. ráðherra staðfesti að þeir sem nú eru að greiða til baka það sem ofgreitt hefur verið, að ekki sé gengið nær þeim en það að eftir verði 88 þús. kr. á mánuði hjá hverjum og einstökum. Ég held að það sé nauðsynlegt að hæstv. ráðherra staðfesti þetta við okkur þannig að við getum fengið það á hreint úr ræðustól að svona sé þetta. Mig rennir í grun að þetta sé ekki alveg svona hjá hverjum og einum, að hver einasti maður og kona sem fá greiðslur út úr almannatryggingum miðað við þá breytingu sem gerð var núna á reglugerðinni fái að lágmarki 88 þúsund á mánuði, þrátt fyrir að verið sé að taka af þeim ofgreiðslur.

Mig langar líka að spyrja hæstv. ráðherra hvernig þessar 88 þús. kr. koma til. Í tillögu til þingsályktunar sem stjórnarandstaðan lagði fram var gert ráð fyrir því að framfærslugrunnur fyrir eldri borgara yrði reiknaður út og reynt að stilla þetta þannig af að þegar búið væri að komast að því hver framfærsluþörfin væri þá væri þetta stillt af með þeim hætti að fólk væri ekki að fá undir því. Því við hljótum öll að geta verið sammála um að það gengur ekki og mun aldrei geta gengið til lengdar að það sé einhver hópur, stór eða lítill, í þjóðfélaginu sem hefur mun minna en þarf til lágmarksframfærslu, þ.e. að uppfylla lágmarksgreiðslur til þess að komast af.

Þegar ég hef rennt í gegnum lögin um almannatryggingar og reynt að skilja þau hefur mér oft virst að í staðinn fyrir að þetta séu lög sem sett eru til að hjálpa þá séu oft inni í þeim greinar sem settar eru til að refsa, að hugmyndafræðin hafi í raun snúist við þannig að þeir sem þó reyna að hjálpa sér sjálfir að þeim er refsað fyrir það með einum eða öðrum hætti eins og við höfum kannski séð í gegnum allt of miklar tekjutengingar, allt of miklar skerðingar og skorti á frítekjumarki.

Eins og ég sagði áðan þegar við ræðum almannatryggingarnar og lögin um almannatryggingar verðum við að hafa það í huga að við erum að tala um fólk, við erum að tala um einstaklinga, við erum ekki bara að tala um prósentur eða krónur og aura og þegar við ræðum um skerðingarhlutföll, um frítekjur og tengingar við tekjur maka o.s.frv. þá erum við alltaf að ræða um einstaklinga, við erum alltaf að ræða um fólk og því megum við aldrei gleyma.

Auðvitað er margt gott í þessu frumvarpi, það má alls ekki misskilja mig með það, það er margt gott í því og hér er verið að stíga skref í rétta átt. Ég vil ekki fara úr ræðu-

stóli með það að menn haldi að mér finnist að ekkert sé verið að gera. Það er ekki rétt. Hér er verið að stíga skref í rétta átt. En það er verið að taka of lítið skrefið og allt of lítið þegar við horfum til þess hvernig ríkissjóður hefur á undanförnum árum fengið tekjur langt, langt umfram það sem nokkur gat gert ráð fyrir. Við sjáum það, eins og ég sagði áðan, bara á fjárlagafrumvarpinu sem nú liggur fyrir upp á 270 milljarða í tekjur á næsta ári og á fjáraukalagafrumvarpinu sem einnig liggur fyrir þar sem ríkið fær rúma 40 milljarða í auknar tekjur umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir, þá sjáum við að það er borð fyrir báru. Ef hér væri ríkisstjórn sem væri félagshyggjuríkisstjórn, ríkisstjórn sem bæri hag þeirra sem minna mega sín fyrir brjósti þá er ég viss um að það skref sem hér væri verið að stíga væri stærra og það væri meira í því en verið er að kynna fyrir okkur nú.

Því miður verður að segja eins og er að auknar tekjur ríkissjóðs, góðærið og þenslan sem verið hefur, hefur ekki verið notað í nægjanlega ríkum mæli til að gera hag þeirra sem minna mega sín betri. Við þekkjum það í gegnum skattkerfið hvernig ríkisstjórnin hefur tekið á því að breyta skattkerfinu þannig að þeir sem allra hæstu launin hafa, og þá er ég að tala um hundruð milljóna á ári í laun, að þeir njóta verulega í minnkaðri skattbyrði, en þeir sem eingöngu hafa lágmarkslaun eða föst mánaðarlaun sem eru svona við það sem við getum kallað eðlileg laun, þeir bera allir hærri skattbyrði nú en þeir gerðu áður en ríkisstjórnin fór að hræra í skattkerfinu. Ég held að hæstv. ráðherrum og ríkisstjórn væri nær að nýta þennan tekjuauka og hinn góða hag ríkissjóðs til að leggja meira í þann málaflokk sem við erum að tala um hérna þannig að meiri bragur væri að en nú er.

[17:57]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða sem hér hefur bæði verið mælt fyrir og mjög ítarleg umræða orðið um. Hv. þm. Þuríður Backman, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í heilbrigðis- og tryggingaefnd, hefur farið yfir þetta mál í heild sinni og einstaka þætti þess. Ég vísa til ræðu hennar hvað varðar þessi mál almennt.

Það sem ég ætla fyrst og fremst að gera að umtalsefni eru einstakir þættir sem lúta sérstaklega að möguleikum elli- og örorkulífeyrisþega til að stunda áfram vinnu, fá áfram launatekjur án þess að þær skerði lífeyri þeirra. Það hefur verið aðall á Íslandi um áratuga bil og aldir að fólk sem vill vinna sé hvatt til þess og njóti samfélagslegrar hvatningar til að taka þátt í samfélaginu, leggja fram krafta sína til starfa svo lengi sem það vill og sem það má. Það er skylda okkar að búa þannig um hnúta að það sé hvatning til fólks til að svo megi verða. Það er þess vegna eitt af meginmálunum í t.d. tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála sem allir þingmenn stjórnarandstöðunnar, þ.e. þingmenn Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins, hafa lagt fram. Það er mjög fróðlegt að bera saman annars vegar tillögur þessara flokka, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, í lífeyrismálum og hins vegar tillögur ríkisstjórnarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.

Það hefur verið farið ítarlega í gegnum þessi atriði. Það var t.d. minnst á tekjutryggingu aldraðra þar sem við, flokkarnir sem viljum skipta þessari ríkisstjórn út, leggjum það til að tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. og öryrkja 86 þús. frá 1. janúar 2007 en ríkisstjórnarflokkarnir leggja til 6–7 þús. kr. lægri upphæð. Dæmigert. Munurinn skýrist þó og kemur einna greinilegast fram þegar horft er á frítekjumarkið sem hefur verið baráttumál aldraðra og öryrkja, og reyndar líka okkar sem viljum standa við bakið á og styðja þá kröfu. Við í stjórnarandstöðunni, við í velferðarflokkunum, Samfylkingunni, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Frjálslynda flokknum, sem viljum styrkja og efla velferðarmálin leggjum til að frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði strax frá 1. janúar árið 2007 og skerði ekki tekjutryggingu. Skoðað verði hvort nýta megi hluta þessa frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóði. Öryrkjar hafi val um þetta frítekjumark eða eldri reglu eftir því hvort þeim er hagstæðara.

Tillaga stjórnarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, hljóðar hins vegar upp á allt annað. Hún hljóðar upp á að frá 1. janúar 2009 verði þetta frítekjumark 200 þús. kr. á ári, hjá okkur velferðarflokkunum 900 þús. kr. á ári frá 1. janúar 2007 en hjá stjórnarflokkunum 200 þús. kr. frá 1. janúar 2009. Ja, mikið er það nú rausnarlegt. Þeir þurfa ekki einu sinni að standa við það því að vonandi verður þessi ríkisstjórn þá komin frá. Og síðan vilja þeir að frítekjumarkið hækki upp í 300 þús. kr. á ári frá 1. janúar 2010. Himinn og haf skilur þessa flokka að, annars vegar ríkisstjórnarflokkana, Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn, og hins vegar velferðarflokkana sem leggja fram allt aðra tillögu, vilja að frítekjumarkið hækki strax. Það eru margar ástæður fyrir því. Ég nefndi þá ástæðu áðan að það hefur verið aðall íslensks velferðarsamfélags að hver og einn fengi að taka þátt í samfélaginu, leggja fram krafta sína, taka þátt í atvinnulífinu án þess að vera refsað fyrir það. Vissulega er atvinnuframtíð fólks sem er í þessari stöðu, komið á aldur eða er öryrkjar, óviss hvað varðar aldur, heilsu og starfsgetu en það vill samt fá að leggja fram, svo lengi sem það hefur krafta til og tök á, framlag til eflingar fyrir samfélagið án þess að það skerði þá áunninn lífeyri þar sem það veit ekki í rauninni hvenær það getur ekki unnið meir.

Þetta er fyrst og fremst réttur þessa fólks, samfélagsréttur þess sem við í velferðarflokkunum viljum styðja og leggjum þess vegna þetta mál fram. Líka má horfa til þess hreint praktískt að einmitt í ástandi eins og er núna á atvinnumarkaðnum — við höfum verið að tala hér um að það hafi þurft að flytja inn í landið vinnuafl, sem við skulum kalla fólk, til að standa undir stóriðjustefnunni, til að standa undir þenslunni sem atvinnustefna þessarar ríkisstjórnar hefur skapað. Sú stefna hefur jafnframt leitt til þess að margt af því fólki sem við erum að tala um hefur misst vinnuna. Því hefur verið sagt upp vegna þess að það hefur ekki verið reiðubúið til þess að vinna hina löngu vinnudaga sem atvinnurekendur krefjast eða verkin þess boðin út. Tökum störf eins og í ræstingum, tökum störf eins og í mötuneytum, tökum störf í einmitt mörgum kvennastörfum

— þar hefur fólki verið sagt upp, eldra fólki sem vill fá að starfa áfram en er einhverra hluta vegna ekki talið þénugt og er sagt upp, fer á lífeyri eða á aðrar bætur. Reyni það að halda áfram einhverjum ákveðnum hlut á vinnumarkaðnum er því refsað. Það er ekki þetta sem við viljum og það er svo brýnt, og brýnna nú en nokkru sinni áður, að ákvæði um frítekjumark vegna vinnu komi til framkvæmda strax, ekki aðeins gagnvart þessu fólki sem við erum að tala um sem eru sjálfsögð mannréttindi heldur er það einnig vegna atvinnuástandsins og stöðunnar í samfélaginu.

Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að láta koma fram hér. Við fengum mjög mörg dæmi einmitt þegar Síminn var einkavæddur. Fólki sem hafði starfað þar áratugum saman, átti fá ár eftir til að vera komið á fullan ellilífeyri, var sagt upp, þokað burt í þeim hagræðingaraðgerðum sem þar voru í gangi. Þetta fólk er síðan meira eða minna réttlaust til þess að sækja aftur inn á vinnumarkaðinn eða halda vinnu sinni að hluta án þess að það skerði þá þann litla lífeyri sem það hefur. Ríkisstjórnin leggur til að frítekjumarkið taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2009. Ímyndið ykkur hrokann. Ef það er í rauninni vilji af hálfu ríkisstjórnarflokkanna til að koma einhverju í framkvæmd ættu þeir að gera þetta strax. Það hefur komið fram að þetta er sáralítill kostnaðarauki en þetta er gríðarlegur samfélagsauki og réttindi og viðurkenning gagnvart því fólki sem hér á í hlut og skiptir þjóðarbúið gríðarlega miklu máli. Þarna sjáum við hinn raunverulega mun á afstöðu velferðarflokkanna og ríkisstjórnarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, varðandi þessi mál.

Það er mjög fróðlegt fyrir menn að sjá hér kjör ellilífeyrisþega eftir löndum. Við fengum þetta minnisblað frá samtökum eldri borgara í fyrradag og ég leyfi mér að vitna til þess, frú forseti:

„Ísland. Ellilífeyrir, grunnlífeyrir er lægstur á Íslandi miðað við önnur Norðurlönd en ráðstöfunartekjur nokkuð háar vegna mikillar atvinnuþátttöku. Ellilaun skerðast frá fyrstu krónu sem ellilífeyrisþeginn vinnur sér inn aukalega. Skerðingar eru á bilinu 65–85% að meðtöldum sköttum.

Danmörk. Grunnlífeyririnn er 55 þús. kr. á mánuði sem skerðist fyrst eftir 440 þús. kr. mánaðartekjur, og tekjutryggingin sem er um 58 þús. kr. á mánuði skerðist eftir 59 þús. kr. atvinnutekjur á mánuði. Skerðingarhlutfall er 30% að viðbættum sköttum, atvinnutekjur skerða bætur almannatrygginga en ekki lífeyrissjóðstekjur.

Noregur. Í allflestum tilvikum mega menn fram að sjötugu hafa tvöfalda grunnupphæð í tekjur á ári sem eru rúmar 1,3 millj. íslenskar. Síðan greiða menn skatt af tekjum í réttu hlutfalli við eignir, þ.e. þrepaskipt skattkerfi. Eftir sjötugt mega menn hafa ótakmarkaðar tekjur án þess að grunnlífeyrir skerðist."

Þetta eru upplýsingarnar sem við fengum frá samtökum eldri borgara.

Það er kannski talandi tákn um það hvernig þessir flokkar, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, hegða sér í lífeyrismálum að skoða hvað gerðist í Reykjavíkurborg nýverið varðandi hækkun á þjónustugjöldum eldri borgara. Við sem fylgdumst með kosningabaráttu sérstaklega Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar tókum eftir því að sérstök áhersla var lögð á að bæta kjör eldri borgara á allan hátt. Má segja að kosningabarátta Sjálfstæðisflokksins við síðustu borgarstjórnarkosningar hafi einmitt verið rekin töluvert á þeim grunni. Við fögnuðum þessu flest ef ekki öll, fögnuðum þeirri stefnubreytingu sem virtist vera að verða hjá Sjálfstæðisflokknum gagnvart eldri borgurum eins og hún birtist í kosningabaráttunni. En hvað kemur svo? Ég leyfi mér að vitna til Morgunblaðsviðtals við Margréti Margeirsdóttur frá 1. nóvember 2006, með leyfi forseta:

„„Við lýsum yfir miklum vonbrigðum og undrun með þessar hækkanir í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað á undanförnum missirum um kjör eldri borgara. Þessi hækkun kemur hreinlega eins og blaut tuska framan í okkur," segir Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara, og vísar þar til ákvörðunar velferðarráðs Reykjavíkurborgar um að hækka gjaldskrá velferðarsviðs borgarinnar um 8,8% frá og með næstu áramótum. Hækkunin var rædd á fundi framkvæmdastjórnar FEB í gær og mun félagið í framhaldinu senda frá sér ályktun þar sem henni verður mótmælt.

Segir Margrét ljóst að hækkunin muni koma allra verst við þá eldri borgara sem lakast eru settir og munar um hvaða upphæð sem er. Segir hún tímasetningu hækkunar einnig koma á óvart og að eðlilegra hefði verið af hálfu borgarinnar að bíða með hækkanir þar til ljóst væri hvernig rekstrarárið kæmi út í heild. Heimaþjónustan er greiðsluskyld fyrir alla sem hana nýta nema þá sem aðeins hafa bætur frá TR. Að sögn Margrétar á framkvæmdastjórnin fund með borgarstjóra nk. mánudag þar sem m.a. á að ræða hækkunina."

Já, ég held að okkur öllum sem fylgdumst með kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins við borgarstjórnarkosningarnar í vor komi á óvart að svona fljótt eins og Margrét segir skuli hafa verið ráðist á eldri borgara með þeim hætti að hækka hjá þeim þessi gjöld. Þetta er kannski stefnan í hnotskurn, þetta er nákvæmlega eins og við sjáum hér muninn á þeim tillögum sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Samfylkingunni og Frjálslynda flokknum leggjum til varðandi kjör eldri borgara og öryrkja og svo brýnt að á verði tekið, þá koma ríkisstjórnarflokkarnir og segja: Jú, við erum reiðubúin svona 2009, 1. janúar 2009 kemur fyrsta skrefið að þessu frítekjumarki gagnvart atvinnutekjum og svo 2010, lágar upphæðir eftir tvö ár.

Frú forseti. Það er krafa okkar að þetta frítekjumark komi til framkvæmda strax frá áramótum sem og tillaga okkar um að hún verði 900 þús. kr. á ári. Það er bæði sanngirnis- og réttlætismál gagnvart því fólki sem hér á í hlut og einnig gríðarlega mikilvægt samfélagslega að þetta fólk geti verið á sanngjörnum kjörum og á sanngjarnan hátt þátttakendur eins og það hefur kraft til á hverjum tíma í atvinnulífi þjóðarinnar án þess að vera refsað fyrir. Frítekjumarkið er eitt af brýnustu málunum til að koma í framkvæmd strax.

Frú forseti. Varðandi önnur atriði sem þetta frumvarp tekur á vísa ég til umræðunnar hér og fulltrúa þeirra sem hafa tekið þátt í þessu af hálfu stjórnarandstöðunnar, af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar sem eru mjög samhljóða í þessu máli og einnig eins og tillaga okkar ber vott um, sameiginleg tillaga

okkar, Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, um nýja framtíðarskipan í lífeyrismálum sem ég tel að sé tímamótaplagg og sýni á miklu raunsærri og manneskjulegri hátt hvert eigi að stefna í lífeyrismálum en frumvarp ríkisstjórnarinnar þó að í því séu að sjálfsögðu góðir punktar.

[18:15]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við erum að ræða tillögur ríkisstjórnarinnar sem byggðar eru á vinnu hennar og samræðum við eldri borgara undir forustu hinnar svokölluðu Ásmundarnefndar, sem Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari stjórnaði.

Við fengum sérstakt plagg frá Samtökum aldraðra, a.m.k. við í stjórnarandstöðunni, ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi borist það einnig, um að eldri borgarar séu ekki sammála þeim tillögum sem lagðar eru upp hér að því er varðar ýmsar fjárhæðir og gildistíma þeirra ákvæða sem er í frumvarpi.

Í tillögum frá eldri borgurum hafa þeir einnig bent á að samtök þeirra teldu að það þyrfti að láta þessa hluti koma til framkvæmda eins fljótt og mögulegt væri. Þeir hafa iðulega haft á orði að ekki væri tími fyrir eldri borgara að bíða mjög lengi eftir væntanlegum lagfæringum.

En það er kannski meginefni þessa máls að frumvarpið byggir á því að mikið af þeim pakka sem hér er settur upp af ríkisstjórninni er í biðstöðu þar til á væntanlegum árum 2008 til 2009. Síðan eru ákvæði sem okkur í stjórnarandstöðunni finnst ekki ganga nægilega langt í að stíga markviss skref til að taka á þeim vanda sem ég hygg að við öll á Alþingi séum sammála um að hafi verið til staðar varðandi málefni eldri borgara og þess vegna öryrkja einnig. Þar af leiðandi hafa þessar tillögur væntanlega komið fram og ríkisstjórnin ekki verið tilbúin að teygja sig lengra, eða að minnsta kosti var eldri borgurum sagt það í þeim viðræðum úr þeirri nefnd sem um þessi mál fjallaði.

Hæstv. forseti. Hægt væri að tala í fleiri klukkutíma um fyrirkomulagið sem snýr að eldri borgurum og lífeyrisþegum almennt að því er varðar hinar einstöku útfærslur vegna þess að þær eru tiltölulega flóknar. Það sést náttúrlega best á frumvarpinu að þetta er ekki mjög einföld framsetning ef maður ætlar að lesa lagatextann sem slíkan í þeim búningi sem hann er settur fram. Þess vegna hafa eldri borgarar eðlilega á undanförnum árum kvartað mikið undan því að bótakerfið væri allt of flókið, þ.e. skerðingarreglurnar og tekjutengingarnar, ásamt mismunandi reglum um tekjur eftir því hvaðan þær koma, tengingar eru við maka, fyrir utan það hvað þær eru óréttlátar og þess vegna þurfi að lagfæra þær, bæði reglurnar og eins að fækka þurfi bótaflokkum og draga úr skerðingum.

Auðvitað hefur þetta allt saman miðað að því í málflutningi Samtaka aldraðra að aldraðir vilja bæta kjör sín. Skyldi engan undra. Sú umræða hefur verið hávær og þekkja hana væntanlega orðið allir í þjóðfélaginu.

Einnig liggur fyrir, hæstv. forseti, að við í stjórnarandstöðunni höfum lagt fram ákveðnar tillögur til að flýta verulega og reyndar auka í við þær tillögur sem lagðar eru fram af ríkisstjórninni og túlkað hefur verið sem samkomulag við eldri borgara, sem þeir hafa reyndar frábeðið sér að því leyti er snýr að lagfæringum á greiðslum og tímasetningum sem koma fram í tillögum ríkisstjórnarinnar. Hafa þeir í rauninni sagt það opinberlega að þeir hafi talið sig vera nauðbeygða til að skrifa undir þetta samkomulag til að ná ákveðnum öðrum atriðum í velferðarmálum fyrir eldri borgara. Þeim hafi í reynd verið stillt upp við vegg. Annaðhvort tækju þeir pakkann eins og hann lægi fyrir eða þeir sætu uppi með að málið væri algerlega óleyst. Líka að því er sneri að vistunarmálum, byggingu húsnæðis og því að vinna á biðlistum, betri aðbúnaði fyrir eldri borgara o.s.frv.

En ég ætla að reyna að einfalda þetta mál, hæstv. forseti. Þess vegna mun ég ekki að lesa og tala mikið upp úr þeim texta sem hér er, heldur einfaldlega eins og ég tel að ég skilji þetta mál. Vegna þess að ég held að það sé miklu betra fyrir þjóðina að við reynum að tala þannig en að reyna að lesa upp úr frumvarpinu.

Þá er þar fyrst til að taka að verið er að gera aðgerð sem vissulega er til einföldunar á kerfinu. Verið er að sameina tvo bótaflokka í kjörum aldraðra sem hafa hingað til gengið undir nafninu tekjutrygging og sérstök tekjutrygging eða tekjutryggingarauki. Verið er að sameina það í einn bótaflokk og kalla nýja tekjutryggingu.

Þær upphæðir sem þarna standa á bak við voru og eru í lögum þannig að tekjutryggingin er um það bil 45 þús. kr. og tekjutryggingaraukinn er einhvers staðar í kringum 23 þús. kr. Þetta er verið að sameina í einn bótaflokk. Síðan er verið að bæta þar í um nokkur prósent og hækka heildartölurnar sem út úr þessu kemur. Allt gott um það. Þetta er einföldun á framsetningunni og gerð til þess að fólk skilji þetta betur og auðveldara sé að átta sig á því hvaða bætur er um að ræða í samsettum lágmarksbótum ellilífeyrisþega og Tryggingastofnunar ríkisins, sem allir eiga rétt á þegar þeir verða löggild gamalmenni. Það eru í rauninni aðeins öryrkjar sem lækka við það að verða löggild gamalmenni því að sérgreiðslur til öryrkja detta niður með núverandi lögum þegar þeir verða 67 ára.

Þessar samsettu lágmarksbætur eru grunnlífeyririnn, sem oftast nær í munni eldri borgara, þeirra sem elstir eru, er kallaður gamli ellilífeyririnn, eins og þeir horfðu á hann. Síðan er það tekjutryggingin, tekjutryggingaraukinn og síðan heimilisuppbót. Samanlagt eru þetta samsettar lágmarksbætur ellilífeyrisþega. Í samkomulaginu fólst m.a. það að verið var að hækka þennan bótaflokk um 15 þús. kr. til þeirra sem fengu ekki neitt nema strípaðar bæturnar. Um 400 manns af hópi eldri borgara fengu 15 þús. kr. viðbótina óskerta. Allir aðrir í þeim hópi hafa tekið hana með skerðingu og sumir fá ekki neitt vegna þess að þeir eru með einhverjar aðrar tekjur sem færa tekjubilið upp fyrir það viðmið sem um er að ræða.

Það næsta sem sennilega er rétt að skýra út er að núgildandi regla hjá Tryggingastofnun er sú að heimilisuppbótin, tekjutryggingin og tekjutryggingaraukinn skerðast með svokallaðri 45% reglu. Ef fólk hefur tekjur, aðrar en tekjur frá Tryggingastofnun, hvort sem það eru lífeyristekjur eða atvinnutekjur, þá skerðast þær núna með 45% reglu, þó ekki fjármagnstekjur því að í þær er deilt með tveimur áður en þær valda skerðingu. Þess vegna er það ábyggilega rétt sem hv. þm. Jón Gunnarsson benti á áðan að þeir sem af

einhverjum ástæðum greiddu aldrei í lífeyrissjóð en hafa ef til vill eignast fjármagn og fjármagnstekjur, fá í rauninni helmingi minni skerðingu en aðrir. Því byrjað er að deila í fjármagnstekjurnar með tveimur áður en skerðingarreglunni er beitt á bætur Tryggingastofnunar. Þar fyrir utan er svo til viðbótar 10% skattur af þeim tekjum. Um 38% tekjuskattur er af öðrum tekjum lífeyrisþegans úr lífeyrissjóði eða atvinnutekjum.

Við höfum lagt til í tillögum okkar í stjórnarandstöðunni að sett verði upp 75 þús. kr. frítekjumark varðandi atvinnutekjur. Og einnig höfum við lýst því yfir í okkar tillögum að við vildum skoða hvernig mætti útfæra það yfir á lífeyristekjur úr lífeyrissjóði þannig að þær yllu ekki beinni skerðingu. Við höfum lagt til að í staðinn fyrir þessi 38,35% sem ríkisstjórnin ætlar að fara í með skerðingarhlutfallið væri farið í einu stökki 1. janúar næstkomandi niður í 35% og skerðingarhlutfallið lækkað um 10%. Það væri fyrsta skrefið í að draga úr skerðingunni.

Við höfum einnig lagt til að bæði skerðingarhlutfallið og frítekjumarkið kæmi til framkvæmda 1. janúar næstkomandi en ekki í áföngum innan næsta kjörtímabils. Þó að menn séu að leggja til framkvæmd á sömu hlutum erum við að tala um allt aðra útfærslu. Við í stjórnarandstöðunni erum að tala um útfærslu sem á að stórum hluta að koma til framkvæmda strax um næstu áramót en ríkisstjórnin er að kortleggja þetta inn á næsta kjörtímabil. Vonandi verður hún ekki einu sinni við völd á því kjörtímabili. Það er því ýmislegt í þessum tillögum sem við höfum lagt upp á annan hátt og er rétt að draga inn í umræðuna.

Við höfum enn fremur lagt til að svokallaðir vasapeningar hækkuðu ekki um 25%, eins og er í tillögu ríkisstjórnarinnar, heldur um 50% og færu þar af leiðandi úr 22 þús. kr. í rúmar 33 þús. kr. á mánuði og kæmu til framkvæmda strax.

Það er því fjöldamargt í þessum tillögum sem stjórnarandstaðan hefur lagt til sem kostar fjármuni og við höfum gert grein fyrir því í tillögunum að við teldum að þessi viðbót sem stjórnarandstaðan legði til mundi leggja sig á allt að 6 milljarða kr. ef til framkvæmdar kæmi. Við teljum að stíga eigi það skref nú.

Síðast en ekki síst teljum við að eitt mikilvægasta mál sem hægt er að gera fyrir eldri borgara og öryrkja sé að kortleggja það með neyslukönnun hvað fólk þarf til að komast af. Þess vegna höfum við svarað því í okkar sameiginlegu tillögum að það sem við viljum enda með þegar við erum búin að fá fram gögn og annað slíkt til að vinna inn í framtíðina, þá sé það markmið okkar á komandi árum að tryggja það að fólk komist af á lífeyri sínum. Það sé ekki sjálfgefið og nánast innbyggt í kerfið eins og núna er að ef fólk hefur ekkert nema bara peningana frá Tryggingastofnun þá skuli þurfa að sækja félagslegar bætur hjá bæjarfélögunum. Þannig er það í dag.

Menn hafa aldrei svarað þeirri spurningu hvernig fólk á að komast af á bótunum þó að það sé sagt að allir eigi að hafa afkomu í þjóðfélaginu. Við höfum svarað því og sagt fyrir okkar parta í stjórnarandstöðunni að það eigi að hugsa þær bætur þannig að fólk eigi að komast af á lágmarksréttindum sínum, og viljum vinna að því á komandi árum að þannig megi útfæra það og helst sem allra fyrst. Þess vegna höfum við lagt til að þessi neyslukönnun fari fram fljótt og það lægi fyrir ekki seinna en snemma á næsta ári hverjar afkomutölurnar væru fyrir öryrkja, fyrir eldri borgara o.s.frv., til að hægt verði að leggja mat á hvað við þurfum að aðhafast í þessum tryggingamálum til að ná því markmiði sem við viljum setja okkur. Þannig viljum við einmitt horfa til framtíðar.

Við fögnum því sem fram kemur í tillögunum að taka í sundur tekjur og tekjutengingar milli maka. Teljum að það skref ætti að stíga sem allra fyrst. En hér er því lýst að það skuli gert í áföngum.

Hæstv. forseti. Ég tel að ég hafi í skýru máli, án þess að fara í lagatextann og frumvarpið sem liggur hérna fyrir framan mig, reynt að skýra út hver vilji okkar í stjórnarandstöðunni er og hvert innihaldið er í meginatriðum í tillögum ríkisstjórnarinnar og hvað þar ber á milli.

Það er eitt atriði sem ég hef ekki vikið að. Ég hef ekki vikið að því að við viljum hækka þá tölu sem sett er í bótaflokkinn þar sem verið er að hækka upp í 78.600 kr. Við viljum bæta þar í um rúmlega 6.000 kr. og fara með það upp í 85 þús. kr. fyrir eldri borgara og 86 þús. kr. fyrir öryrkja og það taki gildi strax um næstu áramót.

Þetta er í meginatriðum það, hæstv. forseti, sem ég vildi sagt hafa um málið. Ég vonast vissulega til að þegar málið er komið til nefndar verði eldri borgarar kallaðir fyrir og allir sem málið varða.

Ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn hafi þá skynsemi til að bera að lagfæra þær tillögur sem hér eru þannig að lenda megi málinu með sem mestu samkomulagi á hv. þingi með það að markmiði að sem mest af því efni sem er í tillögunum, bæði ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu, nái að komast til framkvæmda 1. janúar, því að eldri borgarar þurfa á því að halda að þetta komist sem allra fyrst til framkvæmda. Það skiptir máli fyrir fólk sem er komið á efri ár hvenær lagfæring á stöðu þess kemur til framkvæmda. Það er ekki mikil þolinmæði sem eðlilegt er hjá fólki sem er komið yfir sjötugt að bíða í nokkur ár eftir að slík lagfæring taki gildi.

Því vænti ég þess, hæstv. forseti, að tillögur stjórnarandstöðunnar verði skoðaðar með velvild og af fullri alvöru í nefnd og þær teknar til greina hvað varðar lagfæringar á þeim atriðum sem ég hef upp talið. Ef svo verður held ég að ágætissátt gæti orðið í málinu á hv. Alþingi, ella held ég að það verði ekki, enda hafa eldri borgarar lýst því yfir að þeir væru ekki sáttir við þetta plagg, hafa litið svo á að þeir hafi verið nauðugir látnir skrifa undir það til að fá fram félagspakkann. Þannig er það.

Ég held að þetta sé nægilega skýrt talað, hæstv. forseti, og vonast til að málið fái góða og vandaða umfjöllun.

[18:32]

**Útbýting:**

Virðisaukaskattur, 338. mál, frv. ÁI o.fl., þskj. 361.

[18:32]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur orðið um málefni aldraðra, lífeyristryggingarnar. Nokkur atriði vil ég sérstaklega draga hérna fram. Það er í fyrsta lagi sú aðferðafræði sem við höfum notað

hin seinni ár í samstarfi við eldri borgara. Ég held að það sé mjög æskilegt að nota þá aðferð sem við höfum stuðst við, en hún felst í því að vinna með Landssambandi eldri borgara, viðhafa samráð og samvinnu. Þetta samstarf hófst á sínum tíma og var sett í formlegan farveg og úr því varð samkomulag árið 2002, fyrsta samkomulagið af því tagi. Mjög margar kjarabætur fólust í því samkomulagi og líka bætur á þjónustuþættinum og það var unnið eftir því samkomulagi.

Svo var gerð úttekt á því hvernig staðið hafði verið við samkomulagið og í ljós kom að staðið hafði verið við allt nema eitt atriði stóð út af. Það voru sveigjanleg starfslok. Það var sem sagt staðið við uppbyggingu á öllum hjúkrunarrýmunum og það var alveg tilgreint hvað þau áttu að vera mörg og alls kyns önnur þjónustuúrræði. Ég er nú ekki með þetta gamla samkomulag — ja, gamla. Það eru bara fjögur ár síðan það var gert — ég er ekki með það hérna í höndunum. En ég man að ég kíkti á það á sínum tíma og fór yfir efndirnar. Það var sem sagt staðið við allt nema að ekki var hægt að segja að stjórnvöld hafi gengið frá sveigjanlegum starfslokum. Það stóð út af. Það voru allir sammála um þetta, þ.e. fulltrúar eldri borgara skrifuðu undir hvað hefði verið uppfyllt og hvað ekki þannig að það var ekki hægt að rífast neitt um það eða draga það í efa. Það var staðið við allt nema það stóð út af að landa liðnum um sveigjanleg starfslok.

Þetta tókst svo vel, það kom það mikið út úr þessu, það var hægt að ná það miklu fram með þessari aðferð, að ákveðið var að fara aftur í vinnu af þessu tagi. Nefnd Ásmundar Stefánssonar ríkissáttasemjara fór í það verkefni og niðurstaðan af því varð nýtt samkomulag sem var í höfn í sumar eins og búið er að ræða hér. Fjölmörg atriði felast í því samkomulagi, annars vegar ákveðinn þjónustuþáttur og hins vegar lífeyrishlutinn.

Varðandi þjónustuþáttinn þá felst í samkomulaginu að byggja upp fjölmörg ný hjúkrunarrými sem verða byggð á næstu fjórum árum. En það er líka verið að stórauka fjármagn til úrræða eins og heimahjúkrunar og það er farið í gang. Það er verið að stórefla heimahjúkrunina. Það er búið að efla hana í ár og það verður gert á næsta ári o.s.frv. á næstu fjórum árum. Það verða lagðar miklar fjárhæðir í heimahjúkrun. Það er mjög mikilvægt af því að við höfum verið að þjónusta fólk að öllum líkindum of lítið heima. Bæði þarf heimahjúkrunin að eflast og ekki síður félagsleg heimaþjónusta sveitarfélaga. Það hefur sýnt sig því miður að meira en helmingur sveitarfélaga hefur dregið úr félagslegri þjónustu við aldraða á ákveðnu árabili. Það sýndi skýrsla Ríkisendurskoðunar sem kom út fyrir ekkert mjög svo löngu síðan. Það er áhyggjuefni að sum sveitarfélög hafa verið að draga úr þessari þjónustu. Þetta er þjónustuhlutinn.

Svo varðandi lífeyrishlutann þá erum við að leggja fram lagafrumvarp hér sem tryggir að staðið verði við réttarbætur gagnvart lífeyrishlutanum. Ég tel mjög mikilvægt að draga fram þessa aðferðafræði af því hún felur í sér að aðilar sitja saman á samráðsfundum og forgangsraða því hvað þeim þykir mikilvægast, hvað sé best að gera í stöðunni eins og hún er núna, hvað eigi að vera á oddinum og hvað ekki. Niðurstaðan varð samkomulagið sem við erum einmitt núna að fjalla hér um. Ég er mjög ánægð með þessa niðurstöðu. En að sjálfsögðu munu menn í framhaldinu skoða þessi mál. Þetta er enginn endanlegur sannleikur frekar en fyrra samkomulag. Þetta er þó samkomulag sem við höfum vilja til þess að vinna að á næstu árum.

Þegar vinnunni lauk komu þessar tillögur frá nefndinni. Þær eru tilgreindar hér á blaðsíðum 24 og 25. Þar kemur einmitt fram að nefndin leggi áherslu á að tillögur hennar nái sem fyrst fram að ganga. Svo skrifa aðilar undir með eigin hendi þannig að það er alveg ljóst að lögð var áhersla á að klára þetta mál í sumar en ekki núna í haust. Því var flýtt. Það hefur orðið til þess að við stöndum hér í þessum sporum núna og flytjum lagafrumvarp og nú þegar hefur ýmislegt komið til framkvæmda. Get ég þar til dæmis nefnt að ellilífeyririnn var hækkaður í júlí og vasapeningarnir verða hækkaðir núna um áramótin. En þetta felur það í sér að á þessu ári er verið að setja um 2 milljarða til þessara mála, þ.e. til áramóta, og svo um 4 milljarða á ári frá næstu áramótum. Samtals, þ.e. ef maður tekur uppsafnaðan kostnað vegna þessa samkomulags til ársins 2010 þá felur uppsafnaður kostnaður í sér um 27 milljarða kr. útgjöld og sá kostnaður fellur bæði til ellilífeyrisþega og öryrkja. Stærri hlutinn fellur reyndar til ellilífeyrisþeganna, þ.e. 18 milljarðar kr. til 2010.

Aðferðafræðin er því góð. Þetta form er að mínu mati miklu betra en að vinna að þessum málum — ja, hvernig á maður að orða það — hipsum haps. Það á bara að hafa þetta í ákveðnum farvegi, hafa þetta í nefnd, í samráðsnefnd, búa til samkomulag og vinna eftir því og taka svo málin upp reglulega þegar búið er að vinna að því að koma samkomulaginu í höfn. Ég spái því að þetta verði farvegurinn sem menn muni nota í framtíðinni í málefnum aldraðra af því að það hefur reynst vel.

Hérna hefur orðið nokkur umræða um hve langt eigi að ganga. Það er alveg rétt sem stjórnarandstaðan hefur bent á hér, þ.e. hún hefur flutt sameiginlega annað mál, sameiginlega þingsályktunartillögu um, ja, ekki svo ósvipaða nálgun. Það eru aðrar tölur á því skjali og það er búið að mæla fyrir því máli hér á þinginu. Það var gert núna fyrir ekki löngu síðan og þá fór fram mjög sambærileg umræða að sjálfsögðu.

En ekki má gleyma í þessu sambandi að við höfum byggt kerfið sem við höfum sett upp þannig að það á vera tekjujafnandi. Það er grunnstefið í okkar kerfi. Það þýðir að við viljum hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi. Við viljum greiða þeim sem þurfa á því að halda en ekki öðrum. Ef við greiðum öllum jafnt alltaf væri ekki nein tekjujöfnun í kerfinu. Menn verða að hafa þetta í huga. Þetta er grunntónninn. Mér finnst því mjög mikilvægt að menn átti sig á því að ekki er hægt að ganga til enda eða alla leið varðandi það að afnema allar tekjutengingar því að þá er engin jöfnun í kerfinu. Ef þeir ríku eiga að fá það sama og þeir sem minna hafa milli handanna þá er engin tekjujöfnun í kerfinu. Þá eru allir að fá jafnt. Það er ekki til bóta. Það er ekki það kerfi sem við viljum sjá. Það er ekki það kerfi sem Norðurlöndin eru með. Það er ekki jöfnunarkerfi. Þetta verða menn að hafa í huga.

Hér var aðeins komið inn á reglugerðina sem ég skrifaði undir í dag varðandi ofgreiddar og vangreiddar bætur og þá

aðallega hvernig eigi að innheimta ofgreiddar bætur. Hv. þm. Jón Gunnarsson gerði sérstaklega að umtalsefni lágmarksframfærsluþörfina, þ.e. upphæðina 88.873 kr. eða tæplega 89 þús. kr. En það kemur fram í reglugerðinni að þegar ofgreiddar bætur eru innheimtar — og þær ber að innheimta samkvæmt lögum — þá verður að gera það þannig að heildartekjur einstaklings mega ekki nema lægri fjárhæð en nemur lágmarksframfærsluþörf að mati félagsmálaráðuneytisins. Þetta er leiðbeinandi upphæð sem félagsmálaráðuneytið setur fram fyrir sveitarfélögin til að taka mið af. Lífeyrisþegar sem hafa tekjur — þeir geta haft ýmsar tekjur — heildartekjurnar mega ekki fara undir þessa tölu. Þá má ekki innheimta ofgreiddar bætur því talið er að viðkomandi eigi að hafa þetta milli handanna á mánuði. Mjög mikilvægt er að menn átti sig á þessu. Ég tel líka mjög mikilvægt að draga fram að algengasta ástæðan fyrir ofgreiddum bótum eru fjármagnstekjur sem ellilífeyrisþeginn — í því tilviki — fær. Þetta eru fjármagnstekjur, tekjur af fjármagni sem viðkomandi á og fær og þær valda því að hann fær bætur sem hann á ekki rétt á. Þetta sést ekki í staðgreiðsluskránni þannig að þetta eru upplýsingar sem koma eftir á. Viðkomandi lífeyrisþegi á að fylgjast með þessu og hann á að gefa upplýsingar um fjármagnstekjur. En það er ekki alltaf gert. Þetta er algengasta ástæða þess að Tryggingastofnun ríkisins lendir í því að ofgreiða bætur sem þarf þá síðar að innheimta.

Virðulegur forseti. Ég tel að umræðan hafi verið góð og uppbyggileg. Ég hef heyrt það líka á stjórnarandstöðunni að þeir sem í henni eru telja að margt mjög gott sé í þessu máli. Ég tek undir það. Ég vona að heilbrigðis- og trygginganefnd sem mun fjalla um þetta mál takist að klára það fyrir okkur hratt og örugglega vegna þess að fjölmörg atriði taka gildi frá og með næstu áramótum. Þó að önnur atriði taki gildi seinna taka fjölmörg atriði gildi frá næstu áramótum. Þess vegna er rétt að klára málið hér á þessu haustþingi.

[18:45]

**Útbýting:**

Hlutfall verknámsnemenda, 331. mál, fsp. AKG, þskj. 354.

Mannanöfn, 339. mál, frv. BIH o.fl., þskj. 362.

Skilgreining vega og utanvegaaksturs, 333. mál, fsp. DJ, þskj. 356.

[18:46]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi vakti athygli mína að hæstv. ráðherra kaus að svara ekki spurningu minni um hvort hæstv. ráðherra kannaðist við að þjónustuþátturinn í samkomulaginu við Landssamband eldri borgara hefði verið notaður til að kúska eldri borgara til að skrifa undir.

Hæstv. ráðherra hafði mörg góð orð um þá aðferðafræði sem notuð er í samstarfi við eldri borgara. Ég get tekið undir það að auðvitað á ríkisstjórn á hverjum tíma að eiga samstarf við félagsskap eins og Landssamband eldri borgara, vera með samráð og samvinnu eins og hæstv. ráðherra kallaði það.

En þegar fulltrúar eldri borgara mæta að samráðs- og samningsborðinu eiga þeir ekki að mæta hæstv. ráðherra þar til að semja um grunnþarfir sem samkvæmt lögum eiga að vera fyrir hendi. Eldri borgarar eiga ekki að þurfa að semja um það að ef skortur er á hjúkrunarheimilum fyrir sjúka aldraða þá þurfi að semja um að þau skuli byggja og þörfinni sinnt. Eldri borgarar eiga heldur ekki að þurfa að semja um það ef þörf er á öflugri heimahjúkrun fyrir aldraða. Að nota það sem skiptimynt í samningum við eldri borgara er fráleitt. Þið getið fengið hjúkrun á stofnun eða heima ef þið samþykkið að við förum þessa leið í lífeyriskerfinu. Er hæstv. ráðherra er að segja okkur að slík aðferðafræði sé góð?

[18:48]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að setja hlutina á haus að mínu mati. Það er ljóst að þegar unnið var að samkomulaginu hinu fyrra, sem var klárað árið 2002 og því samkomulagi sem nú á að klára árið 2006 var rætt á breiðum grunni við Landssamband eldri borgara um hagsmunamál þeirra. Þar var bæði rætt um lífeyrismálin, þ.e. greiðslur sem viðkomandi lífeyrisþegar fá og þær kjarabætur sem í þeim felast, og auðvitað felast miklar kjarabætur í þessu frumvarpi, kjarabætur umfram kaupmáttaraukningu eins og fram kom í framsöguræðu minni áðan.

Það er líka verið að ræða þjónustuna. Mér finnst mikilvægt að hlusta á Landssamband eldri borgara. Ég vil nefna sem dæmi að það hefur lagt mikla áherslu á heimahjúkrun, þjónustu heima og að fá að vera heima sem lengst. Það er hagsmunamál sem er þeim mjög kært. Ég tek heils hugar undir það.

Það að ræða við Landssamband eldri borgara í slíkri nefnd — reyndar situr maður ekki sjálfur í nefndinni en þar eru embættismenn og fagaðilar — getur hjálpað okkur mjög mikið í uppbyggingunni. Niðurstaðan var að við erum að fara að byggja hjúkrunarrými. En niðurstaðan er líka sú að við stóraukum fjármagn í heimahjúkrun. Sú aukning sem var bæði vegna samkomulagsins 2002 og núna 2006 hefur m.a. orðið til þess að biðlistar eftir hjúkrunarrýmum eru að styttast, hafa styst um 20% í Reykjavík á síðasta hálfa árinu. Það er mjög mikilvægt.

[18:50]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ódýrara fyrir ríkið að veita hjúkrun heima en að byggja hjúkrunarheimili þannig að ég átta mig ekki alveg á röksemdafærslu hæstv. ráðherra.

Gerum okkur það í hugarlund að hið sama gerðist á hinum almenna vinnumarkaði, að launþegi settist að samningsborði til að semja um laun sín og kjör og þeir sem sætu á móti honum hefðu í hendi sér að segja: Ef þú veikist og vilt hjúkrun þá tökum við það inn í þessar samningaviðræður. Hvort eigum við að hækka við þig launin, eins og þú ferð fram á eða tryggja þér að ef þú veikist og þarft á hjúkrun að halda þá fáir þú þjónustu?

Að mínu viti eiga þessir tveir hlutir ekkert skylt hvor við annan. Annars vegar erum við að tala um kjör eldri borgara og hins vegar þjónustu sem ríkinu ber að veita þeim en er ekki samningsatriði þegar kemur að því að þeir eru orðnir

sjúkir og þurfa á aðstoð ríkisins að halda.

Hæstv. ráðherra sagði í seinni ræðu sinni að við vildum hafa tekjujafnandi kerfi, hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi. Ég er sammála ráðherranum um það. Ég held að enginn hafi í umræðunni talað um að klippa á allar tekjutengingar, tengingarnar eru bara allt of neðarlega. Þær eru svo neðarlega að aldraðir sem verða fyrir slíkum skerðingum ná ekki að framfleyta sér og sínum. Við erum að tala um það. Við þurfum að skoða þessar skerðingar, auka frítekjumarkið og minnka skerðingarnar. Við þurfum að sjálfsögðu að skoða skattlagninguna á lífeyristekjurnar. Þessi framfærslukönnun sem við höfum verið að tala um þarf að fara fram. Að sjálfsögðu er kominn tími til, sem er löngu orðið aðkallandi, að hækka svokallaða vasapeninga á dvalarheimilum og stofnunum *umfram það sem verið hefur.*

Við þurfum að tryggja hinum öldruðu sæmilega gott ævikvöld.

[18:52]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki af hverju hv. þingmaður er að æsa sig svona yfir þessu. Ég tel að bæði þessi atriði séu mjög mikilvæg fyrir eldri borgara, bæði þjónustan, hvernig staðið er að henni, hvernig byggt er upp, út frá hvaða hugmyndafræði, á hvaða hraða, og lífeyrishlutinn og kjarabæturnar. Hvað á að leggja áherslu á, hvað á vera fyrst, hvað svo o.s.frv. Menn náðu samkomulagi og skrifuðu undir. Við náðum samkomulagi og það er aðalatriðið. Menn náðu samkomulagi um þá forgangsröð sem þeir vildu. Það er algjörlega ljóst.

Það er verið að hækka vasapeningana, samkvæmt frumvarpinu og minnka tekjutengingar mjög verulega. En ég vil draga fram að það er ekki hægt að ganga alla leið af því að það verður að vera tekjujöfnun í kerfinu. Það er alltaf spurning hvar tekjujöfnunin á að liggja, hve langt á að ganga í tekjutengingum? Við höfum verið að minnka tekjutengingarnar. Það búið að gera það áður og enn mun dregið úr þeim með þessu frumvarpi.

Það er líka verið að fara svolítið frá þeirri hugsun að líta á fólk sem hluta af fjölskyldueiningu. Það er svolítið umhugsunarvert en það er bara meira upp á pallborðið í dag en verið hefur. Áður fyrr var litið meira á fjölskylduna, þ.e. ef makinn hafði miklar tekjur voru bætur hins aðilans í fjölskyldunni skertar. Nú erum við að víkja frá áhrifum maka á lífeyrinn. Við erum farin að líta meira á ellilífeyrisþega og öryrkja sem sjálfstæða einstaklinga og að tekjur maka þeirra hafi minni áhrif en áður.

[18:54]

**Þuríður Backman** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að í dag hafi komið fram áherslumunur í máli stjórnarandstöðunnar og því sem stjórnin telur rétt að gera samkvæmt því frumvarpi sem við fjöllum um. Við viljum ganga lengra en frumvarpið gerir ráð fyrir. Í frumvarpinu er margt til bóta, eins og komið hefur fram hjá okkur öllum. Að hluta mun kerfið einfaldað sem er mjög gott.

*En ég vil spyrja hæstv. ráðherra um samstarfið við* Landssamtök eldri borgara, sem hún vísaði til að væri mjög jákvætt. Árið 2002 var gert samkomulag um áframhaldandi samráð en það gekk ekki. Þetta samstarf var ekki virkt. Nú höfum við náð því sem eldri borgarar kalla yfirlýsingu frekar en samkomulag. Mun hæstv. ráðherra taka upp virkt samstarf við eldri borgara?

Það er ljóst að engin ánægja er meðal aldraðra með niðurstöðuna í yfirlýsingunni. Það þarf að ganga lengra. Við vitum það. Mun hæstv. ráðherra taka upp virkt samstarf við eldri borgara? Það þarf að hefjast nú þegar en ekki bíða þar til þessi lög, ef frumvarpið verður samþykkt, ganga úr gildi eftir fjögur ár. Það þarf að ganga lengra.

Einnig vil ég spyrja hvort hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir lífskjarakönnun meðal aldraðra og gera úttekt á framfærslukostnaði þeirra.

[18:57]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að samstarfið við Landssamband eldri borgara hafi verið mjög gott, bæði hvað varðar þjónustuþáttinn og lífeyrislöggjöfina. Þar vitna ég aftur í samkomulagið frá 2002 og síðan samkomulag sem komst í höfn í sumar. Ég tel að það samstarf hafi verið til fyrirmyndar. Mér finnst líka mikilvægt að benda á að það að Landssamband eldri borgara geti yfirleitt gert samkomulag, klárað vinnuna, skrifað undir og gengið frá henni, eru ákveðin þáttaskil. Mér finnst mikilvægt að draga fram hvað það er öflugt og samtökin eru að mínu mati sterk fyrir vikið. Þau ná samkomulagi, fóru í vinnuna, ræddu í málin og kláruðu þau. Þau skiluðu tillögum með nöfnum sínum undir. Mér finnst það mjög sterkt og sýna styrk Landssambands eldri borgara, að það er fært um að gera svona samkomulag.

Ef samtökin væru veik tel ég að þau hefðu ekki getað gert svona samkomulag. Þá hefði umræðan bara flotið og menn ekki náð niðurstöðu og ekki náð landi.

Það er að störfum samráðsnefnd sem er, að mig minnir, undir forustu hæstv. forsætisráðherra. Hana er hægt að kalla saman. Sú nefnd starfar ekki á mínu forræði heldur hæstv. forsætisráðherra, held ég alveg örugglega. En að því koma fleiri ráðherrar og þar á meðal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þegar sú nefnd hittist.

[18:59]

**Þuríður Backman** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra taldi að samráð og samstarf hefði verið virkt milli heilbrigðisráðuneytisins og Landssambands eldri borgara. Ég tel að það hafi ekki verið virkt að jafnaði þessi ár. Ég hvet hæstv. ráðherra til að stuðla að góðu samráði milli landssambandsins og heilbrigðisráðuneytisins og að hæstv. ráðherra stuðli að því að samráðsnefnd undir forustu forsætisráðherra sé virk og taki upp þau mál sem snúa að kjörum aldraðra sem eru á borðum fleiri ráðuneyta en heilbrigðisráðherra, ekki síst félagsmálaráðuneytisins.

Varðandi lífskjarakönnun og úttekt á framfærslukostnaði óska ég eftir að ráðherra svari hvort hún sé tilbúin að beita sér fyrir slíkri könnun.

*Hæstv. forseti.* Ég vil benda á að tekjujöfnun er einnig hægt að koma á í gegnum skattkerfið. Það er hægt að

hækka frítekjumörk lífeyrisgreiðslna og hækka skattleysismörk. Hægt væri að hækka hátekju- og fjármagnstekjuskatt til að ná þessum tekjujöfnuði sem hæstv. ráðherra benti á. Það er ekki eingöngu í gegnum lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar sem við getum náð þeim jöfnuði.

Ég hef ekki tekið eftir því að nokkur hv. þingmaður hafi sett fram kröfu um að afnema algjörlega tekjutengingu en tengingin er engu að síður of mikil. Breytingar koma of seint og í of hægum skrefum í frumvarpinu eins og það liggur fyrir núna.

[19:01]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé rétt sem hér kom fram og ég held að ég hafi ekki sagt það heldur að neinn vilji afnema tekjutenginguna algjörlega því að ef svo væri væri kerfið auðvitað fallið um sjálft sig. Þá værum við a.m.k. ekki að nálgast það að reyna að jafna kjörin með nokkrum hætti ef þeir sem hefðu mikið milli handanna fengju það sama og þeir sem hefðu minna. En það er spurning hvað á að ganga langt í að tekjutengja, þar þarf auðvitað að líta til þeirra tekna sem menn hafa og reyna að nálgast málið á réttlátan hátt.

Á sínum tíma gengum við of langt í tekjutengingum, það er algjörlega á hreinu, enda höfum við verið að breyta lögunum til að minnka tekjutengingarnar. Það var gert fyrir ekki svo löngu síðan og verið er að gera það aftur núna, verði frumvarpið að lögum, en ég vara við því að menn gangi of langt í því líka af því að þá er kerfið farið að snúast upp í andhverfu sína, þá er það alls ekki tekjujafnandi. Ef við göngum of langt í því kemur það fjármunum til þeirra sem ekki þurfa á þeim að halda.

Ég lýsi mig reiðubúna í allt samstarf við Landssamband eldri borgara, ég tel mig hafa verið í mjög góðu samstarfi við þá og hef kallað þá til, m.a. til að bera undir þá stefnumótun mína varðandi öldrunarmálin. Ég kynnti líka fyrir þeim og bar undir þá reglugerðina sem við vorum að setja í dag varðandi hvernig innheimta eigi ofgreiddar bætur. Við áttum mikið samstarf við Landssamband eldri borgara í sumar varðandi þetta samkomulag og leiðir okkar liggja saman með mjög margvíslegum hætti. Ég tel því að við séum í mjög góðu samstarfi og samráði við þá og að það samstarf gangi prýðilega vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, 1. umr.*

Stjfrv., 232. mál (viðurlagaákvæði). — Þskj. 235.

[19:03]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á viðurlagaákvæðum í ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar.

Í janúar sl. skipaði ég nefnd til að fara yfir viðurlagaákvæði í lögum sem heyra undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytisins. Var nefndinni falið að leggja mat á ákvæðin og gera eftir atvikum tillögur um breytingar á þeim. Eins og fram kemur í skipunarbréfi nefndarinnar var þar einkum átt við lög um stjórn fiskveiða, lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lög um umgengni um nytjastofna sjávar og lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Í skipunarbréfinu var jafnframt tekið fram að nefndin skyldi hafa viðeigandi samráð við hagsmunaaðila.

Nefndin skilaði mér tillögum sínum í september sl. Í greinargerð sem fylgdi þeim kemur fram að nefndin telji að viðurlagaúrræði þau sem er að finna í fyrrnefndum lögum hafi almennt reynst vel og séu nægjanleg en þó leggi nefndin til að nokkrar breytingar verði gerðar á þeim. Lagafrumvarp þetta er í samræmi við þessar breytingartillögur.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði brott sérákvæði um sektir við brotum gegn tilteknum ákvæðum laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Sektarákvæði í öllum fyrrnefndum lögum er varða stjórn fiskveiða verða þá að fullu samræmd þannig að við fyrsta brot gegn þeim verður engin ákveðin lágmarkssekt en 4 millj. kr. sekt að hámarki, en ítrekuð brot gegn þeim varða á hinn bóginn að lágmarki 400 þús. kr. og að hámarki 8 millj. kr. sekt.

Samkvæmt frumvarpinu skal Fiskistofa við fyrsta minni háttar brot gegn ákvæðum laga um stjórn fiskveiða og laga um umgengni um nytjastofna sjávar veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu í stað þess að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni eins og leiðir af núgildandi lagaákvæðum.

Lagt er til að við lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands verði bætt ákvæði um að brot gegn lögunum skuli varða áminningum og sviptingum svonefndra sérveiðileyfa og að um slík mál fari eftir sömu reglum og eiga við um áminningar og sviptingar leyfa til veiða í atvinnuskyni.

Þá er í frumvarpinu lagt er til að við fyrsta minni háttar brot gegn reglum er varða vigtun sjávarafla skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi aðilum skriflega áminningu en ekki afturkalla vigtunarleyfi þeirra eins og núgildandi ákvæði gera ráð fyrir. Einnig er þar gerð sú tillaga að sett verði í lög ákvæði um að hafi vigtunarleyfi verið afturkallað skuli ekki veita hlutaðeigandi aðila slíkt leyfi að nýju fyrr en að tilteknum tíma liðnum.

Þá er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir að felld verði úr lögum heimild til að svipta fiskmarkað rekstrarleyfi vegna brota gegn reglum um vigtun sjávarafla.

Í frumvarpinu er lagt til að lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um veiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands verði breytt þannig að tiltekin brot gegn lögunum varði ekki skilyrðislausa upptöku afla og veiðarfæra, eins og nú er þar mælt fyrir um, heldur verði dómstólum veitt heimild til að meta og ákveða í hverju einstöku máli hvort rétt sé að gera afla og/eða veiðarfæri upptæk.

Loks er í þessu frumvarpi lagt til að skilgreiningu á ólögmætum afla samkvæmt lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, verði breytt til að samræma hana fyrrnefndum lagaákvæðum um upptöku afla og laga að tilteknum breytingum sem gerðar hafa verið á stjórnkerfi fiskveiða. Verði þessi breytingartillaga að lögum

verður á grundvelli laga nr. 37/1992 einungis lagt á gjald vegna afla sem er umfram það aflamark sem veiðiskip hefur og afla sem sýnt er fram á að ekki hefur verið veginn og skráður í samræmi við lög og reglur en verður hins vegar ekki rakinn til ákveðins fiskiskips.

Virðulegi forseti. Ég tel að tillögur þær um breytingar á viðurlagaákvæðum umræddra laga á sviði fiskveiðistjórnar sem er að finna í lagafrumvarpi þessu og ég hef nú gert nokkra grein fyrir stuðli mjög að því að eðlilegt samræmi verði milli alvarleika brots og þeirra viðurlaga sem beitt er og tryggi um leið að viðurlögin hafi fullnægjandi og nauðsynleg fælingaráhrif. Ég vonast því til að frumvarpið fái hér framgang og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og umfjöllunar hjá hv. sjávarútvegsnefnd.

[19:07]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra mælti fyrir frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar og eru þær aðallega vegna viðurlaga eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra. Það eru nokkur atriði í frumvarpinu sem ég hnaut um og mig langar að ræða núna við 1. umr.

Í 1. gr. er talað um að Fiskistofu sé heimilt „að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað, að veita einstökum aðilum leyfi til að vigta afla, enda hafi hann áður verið veginn á hafnarvog". Í þessu sambandi velti ég fyrir mér, af því að ég fann það ekki í athugasemdunum, hvor vigtin væri í raun hin opinbera vigt og yrði notuð við útreikning á kvóta eða hversu mikið vigtin mundi gilda í kvóta. Er það fyrri vigtin á hafnarvoginni eða seinni vigtin sem aðilar geta fengið að vigta með sérstöku leyfi?

Annað sem ég velti fyrir mér er varðandi það sem kemur fram í 2. gr. um breytingu á 15. gr. laganna og að þar bætast við orðin „eða reglum settum samkvæmt þeim", þ.e. „Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara" og svo er bætt við orðunum „eða reglum settum samkvæmt þeim."

Ég sé ekki betur þegar ég renni í gegnum þennan bandorm sem við getum kallað svo, því að hér er verið að breyta nokkuð mörgum lögum, að verið sé að setja þetta inn í fleiri lög og því tel ég ástæðu til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hér sé í raun verið að útvíkka leyfi Fiskistofu frá því sem nú er til ýmissa viðurlaga, ekki bara á grundvelli laganna heldur líka á grundvelli reglna sem settar eru samkvæmt lögunum, reglna sem aldrei koma inn í sali Alþingis og við munum aldrei geta fjallað um heldur eru eingöngu settar af hæstv. sjávarútvegsráðherra. Því veltir maður fyrir sér hversu langt á að vera hægt að ganga í að svipta menn leyfi til að stunda atvinnu á grundvelli reglna sem ekki hafa fengið staðfestingu á Alþingi.

Annað sem vekur athygli mína, og ég er reyndar sammála um að fara þurfi þá leið, er að fyrir einhvers konar minni háttar brot, jafnvel vangæslubrot, þurfi ekki alltaf að svipta menn leyfum eða vera með harðar refsingar heldur geti a.m.k. í fyrsta skipti verið ástæða til að útgerð fái skriflega áminningu frá Fiskistofu. En þá hnýt ég um skilgreininguna á minni háttar broti, hvert er það? Ég get ekki séð að þetta sé afskaplega góð lína fyrir Fiskistofu til að vega og meta hvort brot sé minni háttar eða meiri háttar.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins segir um 2. gr., með leyfi forseta:

„... að þegar um minni háttar brot er að ræða og hlutaðeigandi útgerð hefur ekki áður gerst brotleg við ákvæði laganna eða reglur settar samkvæmt þeim skuli Fiskistofa bregðast við með öðrum og ekki eins íþyngjandi hætti, þ.e. með því að veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu. Við ákvörðun þess hvort um minni háttar brot telst vera að ræða, í skilningi þessara lagaákvæða, er eðlilegt að litið verði m.a. til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi."

Hvað er umtalsverður ávinningur? Hvað eru mikilvægir hagsmunir? Mér sýnist að með þessu orðalagi í lagatextanum eða athugasemdum við einstakar greinar sé verið að setja í hendurnar á Fiskistofu ansi mikið vald til að vega og meta og ákveða, kannski eftir geðþótta hverju sinni, hvort um umtalsverðan ávinning sé að ræða, hvort mikilvægum hagsmunum sé ógnað og hvort kalla á brotið minni háttar eða ekki minni háttar. Hvar liggja mörkin? Það er mikill munur á því, ef um brot er að ræða, fyrsta brot, hvort eingöngu er um að ræða skriflega áminningu eða sviptingu á leyfum jafnvel til margra vikna.

Ég hef orðið vaxandi áhyggjur af því hvaða valdi Fiskistofa getur beitt. Ég sé ekki betur, þegar við förum í gegnum þetta frumvarp, en að í höndum Fiskistofu sé vald sem vandséð er að við sjáum í höndum annarra sem framfylgja lögum. Það virðist vera að Fiskistofa sé lögreglan sem verður vör við það að brot sé framið, hún er rannsakandinn sem rannsakar brotið, lögregla er kannski kölluð til að einhverju leyti en þá er í flestum tilvikum verið að tala um refsiábyrgð samkvæmt hegningarlögum. En hvað varðar það að ákveða hvort svipta skuli leyfi eða beita viðurlagaákvæðum þá er það Fiskistofa ein sem virðist hafa það vald að ákveða eftir eigin rannsókn að hægt sé að beita viðurlögum. Hún ákveður hversu hörð viðurlögin séu, því að nú á hún að fara að ákveða hvort þetta sé minni háttar brot eða ekki, reyndar eru viðurlagaákvæðin mishörð. Hún getur beitt tiltölulega vægum ákvæðum og hún getur líka beitt tiltölulega hörðum ákvæðum þannig að hún virðist ákveða það sjálf. Þau taka þegar gildi og réttarstaða þess sem fyrir verður er sú að hann getur áfrýjað til ráðherra eða farið með málsatvik fyrir dóm en það frestar ekki því að ákvörðun Fiskistofu taki gildi.

Mér sýnist oft og tíðum að í þessu sambandi sé um það að ræða að menn séu dæmdir sekir og þurfi síðan að ganga í gegnum ferli til að sanna sakleysi sitt. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti aðeins tjáð sig um þetta, hvort hér sé um einhvern misskilning að ræða hjá mér eða hvort þetta sé þannig að Fiskistofa hafi þetta vald og geti í raun ákveðið viðurlög við brotum án þess að sá sem fyrir verður geti á nokkurn hátt komið að einhverjum vörnum í gegnum hefðbundin kerfi eins og við höfum, annaðhvort með áfrýjun til ráðherra eða til dómstóla, vegna þess að það virðist eins og viðurlögin taki alltaf gildi um leið og Fiskistofa ákveður slíkt. Við vitum hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í dóms-

kerfinu ef menn vilja leita réttar síns. Menn verða því að fullu fyrir viðurlögunum sem Fiskistofa ákveður án þess að geta í raun borið hönd fyrir höfuð sér.

Síðan er spurningin um ítrekunaráhrifin, vegna þess að hér er víða talað um að ef um ítrekað brot sé að ræða séu annars konar viðurlög en í 4. gr. frumvarpsins segir:

„Áminningar, sviptingar veiðileyfa og afturkallanir vigtunarleyfa, sem ákveðnar eru skv. 15. og 17. gr. laga þessara eða 24. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár."

Með öðrum orðum að brjóti menn af sér í fyrsta skipti og geri það ekki aftur innan tveggja ára þá hafi menn hreint borð, ef ég skil þetta rétt, og mér þætti vænt um ef ráðherra gæti farið yfir það hvort svo sé.

Síðan eru það breytingar á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, og um þær er fjallað í 8. gr. þess frumvarps sem við ræðum nú. Þar er verið að bæta inn varðandi heimildir til að gera veiðarfæri skips upptæk orðunum „þar með talda dragstrengi". Til að fá það á hreint, er verið að tala um togvíra og dragnótatóg í þessu sambandi? Eru það hinir svokölluðu dragstrengir? bara svo ég skilji þetta.

Ég óska eftir að fá svör við þessum einföldu spurningum, um vald Fiskistofu, um það að viðurlögin eru farin að gilda samkvæmt reglum sem ráðherra setur en ekki bara samkvæmt greinum í lögunum og eins um það hvaða vigt gildir og um ítrekunaráhrifin.

[19:17]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að gera ýmsar lagfæringar og breytingar. Það er rétt sem hv. þm. Jón Gunnarsson vakti athygli á áðan að Fiskistofa hefur orðið ansi mikil vald en yfirleitt eru það starfsmenn Fiskistofu sem komast að þeirri niðurstöðu að mönnum hafi orðið eitthvað á eða að eitthvað í framkvæmdinni hafi ekki staðist lög og reglur og reglugerðir — en í reglugerðum er yfirleitt mikið af þeim ákvæðum sem hér er verið að tala um í lögum að því er varðar framkvæmdina. Fiskistofa tekur einnig svolítið á því hvort verið er að tala um minni háttar brot eða meiri háttar brot.

Reyndar er samt sett hér inn það ákvæði að við fyrstu aðgerð til sviptingar skuli vera um áminningu að ræða. Að hluta til kann það að vera sett inn til þess að bregðast við því sem menn telja minni háttar brot og einkum ef brotið er ekki framið með neinum sérstökum vilja, hvað þá heldur einbeittum brotavilja, eins og menn orða það stundum, heldur einfaldlega vegna þess að reglurnar eru kannski ekki nægilega ljósar eða ekki ljóst að tiltekið athæfi væri brotlegt. Þetta kann að vera til bóta en allt að einu þá er það Fiskistofa sem að stórum hluta rannsakar þessi mál, finnur yfirleitt tilefnið, rannsakar það og framkvæmir síðan með veiðileyfissviptingum eða annars konar leyfissviptingum það sem á að verða til refsiákvörðunar vegna viðkomandi athæfis.

Það er alveg rétt að Fiskistofa hefur í gegnum lagasetningar á undanförnum árum fengið veruleg völd í þessa veru, eftirlitsþátt, ákvörðunarþátt og rannsóknarþátt og síðan framkvæmdaþátt og eftirfylgni refsinganna. Ég held að þessi mál þurfi verulegrar athugunar við í hv. sjávarútvegsnefnd og menn þurfi að fara í gegnum það sem hér er verið að leggja til, en að sumu leyti sýnist mér að þetta geti verið til bóta miðað við núgildandi reglur en að öðru leyti má kannski deila um hvort svo sé.

Það hefur auðvitað mikil áhrif á rekstur hvers fyrirtækis hvort heimildin til ákveðinna athafna í sambandi við atvinnustarfsemina er tekin af mönnum um lengri eða skemmri tíma, ég tala nú ekki þegar leyfissviptingar eru farnar að vera heilt ár og menn hafa kannski byggt upp vinnuferla sína á ákveðnum aðferðum o.s.frv. Þetta er eitthvað sem menn þurfa að fara mjög vandlega í gegnum í sjávarútvegsnefnd og skoða og leggja mat á hvort rétt sé að farið með þeim tillögum sem eru í frumvarpinu og auðvitað er nauðsynlegt að þar verði menn kallaðir til til ráðgjafar og komi með athugasemdir eins og venja er.

Hitt er rétt að segja í örfáum orðum, hæstv. forseti, að lagaumhverfi sjávarútvegsins er geysilega viðfeðmt, það eru svo ótrúlega mörg lög sem koma að atvinnustarfseminni í sjávarútvegi, fiskveiðum, meðferð aflans og skráningu hans, vigtunarreglum o.s.frv., sölu hans á fiskmörkuðum, vigtun þar, heimavigtunarleyfum og flutningum, og alls staðar eru inni mismunandi ákvarðanir eða ferli sem geta leitt til mismunandi refsingar. Löggjöfin í heild sinni, ég tala nú ekki um lögin um fiskveiðar sem eru með um 37 bráðabirgðaákvæðum, ef ég man rétt, þau eru auðvitað að mörgu leyti barn síns tíma, eins og sumir segja — ég held að hæstv. dómsmálaráðherra hafi meira að segja orðið fyrstur til að taka sér það orð í munn. Það kann því að vera að menn þurfi að fara að skoða þetta heildstætt.

Ákveðinn hópur hefur unnið við þessi mál, eins og kemur fram í athugasemdum, og sá hópur hefur örugglega fengið menn til skrafs og ráðagerða þannig að auðvitað er verið að vinna út frá þeim lögum og reglum sem í gildi eru. Allt að einu er umhverfið orðið ansi flókið og það þarf að gaumgæfa vel þegar verið er að setja fram tillögur um breytingar því að það er ekki grínlaust að verða fyrir sviptingu og geta kannski illa stundað atvinnustarfsemi sína svo vikum eða jafnvel mánuðum skipti.

[19:24]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hefur farið fram um þetta mál. Ég held að í raun og veru endurspegli frumvarpið ákveðna þróun sem hefur átt sér stað varðandi breytingar á lögum á sviði fiskveiðistjórnar sem lúta að viðurlagaákvæðum. Við tökum eftir því þegar við skoðum þessi mál nokkur ár aftur í tímann, ekki síst á vettvangi sjávarútvegsnefndar Alþingis, þá hefur verið tilhneiging í þá átt að reyna frekar að skipta fiskveiðilagabrotum í tvennt þannig að annars vegar væri um að ræða brot sem við getum kallað að séu brot af ásetningi, brot sem geta haft í för með sér heilmikil áhrif, og hins vegar brot sem verða til af allt öðrum ástæðum.

Við munum eftir því að það er ekki langt síðan Alþingi breytti lögum að frumkvæði hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar til þess að koma í veg fyrir að menn væru skilyrðislaust undir þá sök seldir að fá á sig mjög harðan lágmarksdóm. Við höfum líka verið að breyta lögunum varðandi eft-

irlit með fiskiskipum að því leytinu að við settum inn á sínum tíma ákvæði sem gaf mönnum kost á því að leiðrétta stöðu sína, t.d. ef menn höfðu farið yfir í kvóta og fengu áminningu eða fengu athugasemdir frá Fiskistofu og höfðu þá tíma til þess að leiðrétta stöðu sína.

Ég held að þetta stefni í rétta átt og frumvarpið sem hér er verið að leggja fram er í raun og veru byggt á sömu hugmyndafræði. Vandinn er hins vegar sá sami með þessi lög sem önnur að þau verða að hafa í sér ákveðinn fælingarmátt, það verður að tryggja að þeir sem starfa innan sjávarútvegsins fari eftir lögum og reglum. Þó að við viljum koma til móts við menn með því að refsa þeim ekki fyrir minni háttar brot eða brot sem við getum kallað að séu framin af einhverju gáleysi, þá verðum við hins vegar líka að hafa lögin þannig að við tryggjum að menn geti ekki í krafti úrræðaleysis þeirra sem eiga að fylgjast með og hafa eftirlit með lögum um fiskveiðistjórn, haldið áfram brotum sínum. Við þekkjum dæmi um það úr fortíðinni þar sem menn spiluðu bókstaflega á að reyna að halda áfram ítrekuðum brotum á fiskveiðistjórn, ná sér þannig í kvóta með ólögmætum hætti og auðvitað er ekki hægt að hafa lögin þannig.

Þess vegna er það þannig að þegar menn verða uppvísir að því að brjóta lög og reglur þá verðum að hafa það úrræði fyrir eftirlitsaðilann, sem í þessu tilviki er Fiskistofa, til að geta gripið inn í tafarlaust. Það er ekki hægt að bíða vikum eða mánuðum saman eftir því að dómstólar útkljái slíkt heldur verður það að vera þannig að eftirlitsaðilinn hafi þarna möguleika á að skerast í leikinn. Síðan geta menn þá, ef þeir telja á sér brotið, bæði vísað þeim úrskurði til ráðuneytisins og síðan til dómstóla, ef þannig vill verkast.

Það má segja að þetta sé kannski hið stóra og vandasama verkefni, þ.e. að reyna að finna eitthvert jafnvægi þarna á milli. Það er alveg rétt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði, að sjávarútvegurinn býr á margan hátt við býsna flókið lagaumhverfi. Það sem vakir fyrir okkur með þessu frumvarpi er að reyna að gera það aðeins einfaldara á þessu sviði og líka að gæta samræmis. Það hefur oft heyrst og kemur mjög oft fram þegar rætt er við menn sem starfa í sjávarútveginum að fólki finnst ekki vera nógu mikið samræmi í viðurlagaákvæðinu. Það sé verið að refsa mönnum hart fyrir tiltölulega lítil brot og síðan geti menn haldið áfram og fái þá ekki mikla refsingu til viðbótar við það sem áður hafði verið ákveðið. Þarna er verið að reyna að gera þessu einhver skil.

Hv. þm. Jón Gunnarsson spurði út af fyrir sig réttmætrar spurningar, hvort ekki þyrfti að skilgreina hugtökin „minni háttar brot“ og „umtalsverð brot“ og þau hugtök sem hérna eru notuð. Það er reynt að gera það í athugasemdunum við frumvarpið en vel má vera að það þyrfti að reyna að skýra þetta betur, það er verkefni sem ég vildi þá beina til hv. sjávarútvegsnefndar að fara aðeins betur ofan í. Við yfirferð okkar í þessum efnum sáum við ekki að hægt væri að skýra þetta mikið betur en þarna er gert.

Í athugasemdum við a.m.k. tvær greinar er sagt, með leyfi virðulegs forseta:

„Við ákvörðun þess hvort um minni háttar brot telst vera að ræða, í skilningi þessara lagaákvæða, er eðlilegt að litið verði m.a. til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi.“

Þarna er auðvitað verið að búa til ákveðna leiðsögn en ég get vel viðurkennt að hún er á vissan hátt matskennd en það er líka nokkuð erfitt að negla þetta niður, brotin geta verið af mismunandi toga og aðstæður verið mismunandi þannig að það er kannski dálítið erfitt að setja slíkar reglur mikið skýrari. Þetta er hins vegar verkefni sem ég held að væri eðlilegt að sjávarútvegsnefnd velti fyrir sér, t.d. með því að ræða við hagsmunaaðila og aðra þá sem geta látið sig svona mál varða.

Um hafnarvogina og endurvigtunina vil ég eingöngu segja að þarna er ekki verið að breyta neinu, þetta frumvarp breytir neinu í þeim efnum. Þær reglur sem um það gilda eru reglur sem hafa verið í gildi og það er ekki verið að taka afstöðu til þess í frumvarpinu á nokkurn hátt.

Hv. þm. Jón Gunnarsson spurði mig líka varðandi frumvarpstextann t.d. þar sem talað er um að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi ef þau brjóta gegn ákvæðum þessara laga eða reglum settum samkvæmt þeim, hvort þarna sé verið að útvíkka vald Fiskistofu. Svo er ekki. Hérna er eingöngu verið að vísa til þess að á grundvelli þessara laga verði sett reglugerð sem líka hafi þá virkni að verði menn uppvísir að brotum á grundvelli laganna og reglugerðarinnar sem er sett á grundvelli þeirra skuli farið með það mál eins og frumvarpið mælir fyrir um. Það er því ekki verið að útvíkka vald Fiskistofu, alls ekki, heldur eingöngu verið að vísa til þess að þetta gæti bæði tekið til brota sem snúa að frumvarpinu og síðan reglugerð sem auðvitað verður að hafa stoð í lögum sem verði þá sett á grundvelli frumvarpsins ef það verður að lögum, sem ég vona að verði.

Hv. þingmaður spurði líka um ítrekunaráhrifin. Það er alveg rétt sem hann sagði, þessi ítrekunaráhrif gilda þennan tíma. Ef menn hafa síðan ekki orðið brotlegir við lögin á þeim tíma má segja sem svo að þeir sitji við hreint borð eftir það. Þetta er grundvöllurinn að frumvarpinu. Það er fyrst og fremst verið að reyna að milda áhrifin gagnvart þeim sem verða fyrir því að brjóta reglur eða lög og um er að ræða tiltölulega væg brot og brot í fyrsta skipti o.s.frv.

Þarna er verið að reyna að koma til móts við þetta sanngirnissjónarmið, hygg ég, sem menn hafa viljað og ég tel að sé mikilvægt að sé uppi í fiskveiðistjórnarumhverfinu vegna þess að við eigum ekki að líta þannig á — eins og stundum hefur jaðrað við í umræðunni, ég er ekki að segja hér á Alþingi, en stundum jaðrar við í umræðunni að menn líti svolítið þannig á að þeir sem starfa í sjávarútveginum séu sífellt að reyna að komast hjá því að fara eftir lögum og reglum. Það er ekki þannig. Það eru hins vegar stundum þannig aðstæður að mönnum verður á, það geta verið ýmsar ástæður sem valda því, og þarna er þá verið að reyna að draga einhver skil á milli þeirra sem eru með — eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson orðaði það áðan — einbeittan brotavilja og hinna sem fyrst og fremst svona detta um einhver ákvæði sem þeir gera sér kannski ekki alveg grein fyrir hvernig virka.

Þetta mál er af þeim toga að eðlilegt er að það fái þá meðferð í sjávarútvegsnefnd eins og almennt tíðkast, að því

verði vísað til umsagnar og að kallað verði eftir sjónarmiðum utanaðkomandi aðila. Ég held að mál af þessu tagi vinnist best með þeim hætti. Það er rétt sem hér hefur verið sagt að ég setti niður nefnd til þess að fara yfir þessi mál, skipaða fulltrúum ráðuneytisins, Fiskistofu og hagsmunaaðila, og það var auðvitað kallað eftir viðhorfum úr greininni í þeim efnum. Eflaust eiga eftir að koma fram ýmsar ábendingar sem hægt verður að taka tillit til og afstöðu til í meðferð málsins á þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 236. mál (nýting deilistofna og friðun hafsvæða). — Þskj. 239.

[19:34]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í þessu frumvarpi er lagt til að gerðar verði tvær breytingar á lögunum. Fyrri breytingin lýtur að því að kveða með skýrum hætti á um heimild til að samræma reglur um nýtingu á íslenskum deilistofnum, hvort sem veiðar fara fram í íslenskri fiskveiðilögsögu eða utan hennar. Jafnframt verði heimilt að skilgreina nákvæmar með hliðsjón af veiðisvæði, veiðarfæri eða tíma hvenær um veiðar úr tilteknum deilistofni telst vera að ræða. Síðari breytingin miðar að því að styrkja heimildir ráðherra til að friða viðkvæm hafsvæði í því skyni að vernda fyrst og fremst hafsbotninn sjálfan og það líf sem á honum þrífst.

Um stjórn veiða hér við land gilda að meginefni lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Á grundvelli þessara laga eru settar ýmsar reglur um veiðar íslenskra skipa, t.d. veiðarfæri, veiðisvæði, meðferð og nýtingu afla og atriði sem lúta að eftirliti með nýtingu þeirra.

Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, taka til nýtingar á nytjastofnum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, en lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, taka til veiða íslenskra skipa utan fiskveiðilögsögunnar. Í athugasemd við 5. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 151/1996, um veiðar utan lögsögu Íslands, segir að ákvæði laga um stjórn fiskveiða gildi eftir því sem við geti átt um veiðar íslenskra skipa utan íslensku lögsögunnar úr íslenskum deilistofnum, þ.e. stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögumarkanna, þar sem mjög æskilegt er að samræmd stjórn gildi um veiðar úr deilistofnum hvort sem þær fara fram innan eða utan lögsögu. Þannig hafi þessu verið varið með nýtingu loðnustofnsins fram til þessa. Þar hefur kvóta verið úthlutað til skipa án tillits til þess hvort hann er veiddur innan eða utan lögsögumarka og gilda allar sömu reglur um veiðarnar án tillits til þess hvar þær fara fram. Ofangreind tilvísun í 5. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, í lög um stjórn fiskveiða leggur að vísu meginreglur í þessu efni en hins vegar er það svo að ýmsar reglur um veiðar og nýtingu deilistofna eru settar með stoð í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Þess vegna þykir rétt að kveða með ótvíræðum hætti á um að heimilt sé að tryggja samræmingu reglna um veiðar úr íslenskum deilistofnum þannig að ekki gildi mismunandi reglur eftir því hvort veiðar fari fram innan eða utan fiskveiðilandhelginnar og miðar fyrri málsliður greinarinnar að því. Í seinni málslið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt sé að ákveða að afli sem fæst á ákveðnu svæði, tilteknum tíma eða í ákveðna gerð veiðarfæra skuli teljast til tiltekins deilistofns. Eins og áður segir eru deilistofnar þeir stofnar sem veiðast bæði innan og utan lögsögunnar. Nokkuð er breytilegt hvar þeir veiðast innan lögsögunnar og í hve miklum mæli. Má í þessu sambandi nefna t.d. kolmunna, úthafskarfa og loðnu. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa heimild til að skilgreina veiðisvæði hverju sinni og jafnframt hafa möguleika til þess að líta til tíma og veiðarfæra í þessu sambandi.

Í október 2004 skipaði þáverandi sjávarútvegsráðherra nefnd til að kanna forsendur fyrir friðun viðkvæmra hafsvæða. Nefndin skilaði tillögum sínum í lok maí 2005. Nefndin skoðaði þau friðunarsvæði sem hafa verið sett hér við land og forsendur þeirra. Má almennt segja að flest friðunarsvæði í fiskveiðilandhelgi Íslands séu sett með heimild í 9. gr. laga nr. 79/1997 en tveir fyrri málsliðir 1. mgr. hennar hljóða svo:

„Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með tilteknum veiðarfærum eru bannaðar."

Nefndin taldi að friðun svæða hefði fyrst og fremst verið beitt til að ná sértækum markmiðum í fiskvernd, eins og t.d. verndun hrygningarfisks eða ungfisks. Á undanförnum árum hefði athyglin beinst í ríkari mæli að hafsbotninum sjálfum og lagði nefndin því til í skýrslu sinni að breytingar yrðu gerðar á heimild ráðherra þannig að verndun hafsbotnsins fengi meira vægi og rúmaðist betur innan lagaheimildarinnar. Með því móti mundi hún endurspegla skýrar markmið og inntak friðunar viðkvæmra hafsvæða. Breyting sú sem lögð er til í a-lið 1. gr. er í samræmi við þessa tillögu nefndarinnar.

Með breytingu þeirri sem lögð er til í frumvarpinu er aðeins verið að árétta að unnt er að láta friðun taka til allra veiða þannig að ekki þurfi að telja þær allar upp í reglugerð ef bannið á að vera altækt.

Ég legg svo til að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjávarútvegsnefndar.

[19:39]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég valdi það að fara í stutt andsvar í stað þess að fara í ræðu vegna þess að mig langar bara að beina athygli hæstv. ráðherra að þingsályktunartillögu sem Össur

Skarphéðinsson og sá sem hér stendur og fleiri lögðum fram á síðasta þingi, um fiskverndarsvæði við Ísland. Sú þingsályktunartillaga gekk út á það að Alþingi ályktaði að fela sjávarútvegsráðherra að setja á stofn net fiskverndarsvæða við Ísland í þeim tilgangi að efla fullnýttar og ofnýttar nytjategundir og til að vernda mikilvæg búsvæði. Á þeim yrðu veiðar bannaðar alfarið, eins og sagt var í tillögunni til þingsályktunar.

Eins og 2. gr. frumvarpsins til laganna sem hér er til umræðu hljómar sýnist mér hún veita hæstv. ráðherra akkúrat þá heimild sem við flutningsmenn þingsályktunartillögunnar á þinginu í fyrra töluðum um að hann þyrfti að hafa. Í raun geti ráðherra bannað alfarið veiðar á ákveðnum svæðum til skemmri eða lengri tíma, bannað þar öll veiðarfæri, og það sé bæði til að varðveita viðkvæm hafsvæði og til þess að stuðla að fiskvernd.

Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji þá ekki að með samþykkt þessa frumvarps, eins og það liggur hér fyrir hvað þetta atriði varðar, hafi hann í höndunum þau tæki og þær heimildir sem þarf til að skilgreina og ákveða að ákveðin svæði geti verið fiskverndarsvæði eða friðunarsvæði bæði fyrir fisk og búsvæði. Við flutningsmenn þingsályktunartillögunnar töldum að það væri nauðsynlegt að vernda fisk og viðkvæm búsvæði, ekki bara með einhverjum lögum um skyndilokanir og slíkt heldur þyrfti ráðherra að hafa svona tæki í höndunum sem gæti lokað svæðum til lengri tíma. Þess vegna spyr ég ráðherra: Hefur hann ekki slíkt tæki nú?

[19:41]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég geti svarað þessari spurningu játandi. Þó að þetta sé ekki margort frumvarp í sjálfu sér, ekki mörg orð í þessu frumvarpi, er þar verið að taka á og veita víðfeðmari heimildir til að vernda svæði, ekki bara með tilliti til ástands fisks, hvort um er að ræða smáfisk eða hrygningarfisk eða eitthvað þess háttar, heldur er gengið lengra með því að tala um varðveislu viðkvæmra hafsvæða.

Ég held að við endurspeglum á margan hátt umræðu sem bæði fer fram í þjóðfélaginu, innan sjávarútvegsins og á alþjóðavettvangi, vegna þess að hérna er verið að opna á heimildir sem fela það í sér að sjávarútvegsráðherra geti á grundvelli þessara laga t.d. bannað veiðar, ekki á grundvelli þess hvort um sé að ræða stöðu fiskstofna á þessu svæði heldur vegna þess að menn horfa til hafsvæðisins sjálfs, botnsins o.s.frv. Við höfum t.d. tekið ákvörðun um það að banna veiðar og búa til algjört friðunarsvæði í kringum tiltekin kórallasvæði við landið. Það er ljóst mál að við þurfum að styrkja þennan lagagrundvöll frekar. Ég geri ráð fyrir því að umræðan verði miklu meira á þessum nótum í framtíðinni innan sjávarútvegsins. Mér sýnist að umræðan í sjávarútveginum núna sé miklu frekar að þróast inn á þær brautir að menn velta fyrir sér því sem ég hef stundum kallað sambúð veiðarfæranna. Við heyrum það á umræðunni núna síðustu daga, t.d. vegna umdeilds svæðis í Kolluál við Snæfellsnes. Ég verð mjög var við það í mínu starfi að það eru sífellt að koma til mín menn sem hafa miklar skoðanir á því hvort það eigi að opna svæði eða loka svæðum. Þetta hygg ég að verði umræða framtíðarinnar mjög innan sjávarútvegsins. Mjög margt sem við höfum tekist á um hafa menn komist að einhverri niðurstöðu um, með góðu eða illu, ósáttir eða sáttir. Ég held hins vegar að umræðan verði miklu frekar á þessum nótum í framtíðinni þar sem sjávarútvegurinn sjálfur verður að taka með virkum hætti þátt í þeirri umræðu og axla á henni (Forseti hringir.) heilmikla ábyrgð.

[19:43]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég fæ tækifæri til þess að fjalla um málið í sjávarútvegsnefnd og þau atriði sem hér eru en mig langar samt að nefna nokkur atriði.

Það er í fyrsta lagi að hér er ráðherra að fá heimildir sem hann telur greinilega að hann hafi ekki haft fyrir, sem eru þær, svo ég komi nú fyrst að seinna málinu, þ.e. 2. gr., að heimildir ráðherra verði styrktar til að friða viðkvæm hafsvæði. Nú kann vel að vera að það sé rétt að þær verði styrktar með þessu móti en það er samt þannig að í þeim lögum sem fyrir hendi eru segir með mjög skýru orðalagi, með leyfi forseta:

„Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna."

Orðið „skal" hefur nú yfirleitt verið metið þannig í sölum Alþingis að það væri fyrirmæli um að þannig skuli að málum staðið.

Hæstv. ráðherra nefndi þá umræðu sem er á alþjóðavettvangi og líka hér heima um að taka þurfi betur á þessum málum en gert hefur verið og ég get svo sannarlega tekið undir það. En mér finnst þess vegna, af því að mér fannst hæstv. ráðherra vera í raun að taka undir þessi sjónarmið, skjóta meira en lítið skökku við að hann skuli hafa komið með þá nýbreytni þetta haustið að hleypa flottrollsveiðum á síld inn á Breiðafjörð og inn á svæði sem hefur verið fiskverndarsvæði í mörg ár, með umdeilt veiðarfæri sem sjómenn hafa meira og minna haldið fram að væri í raun að gera mikinn óskunda í síldveiðum, af því að það hafi svo mikil áhrif á veiðanleika síldarinnar, hún tvístrist vegna þessara flottrollsveiða.

Hæstv. ráðherra, sem nú mætir í þingið með hugmyndir um að fara að bregðast við þeirri umræðu að ganga betur um fiskstofnana, hafsbotninn og lífríkið, er nýbúinn að undirrita reglugerð um að hleypa flottrolli inn á Breiðafjörð, inn á fiskverndarsvæðin sem þar hafa verið án þess að ræða nokkuð við heimamenn sem hafa haft forustu fyrir því í mörg ár að viðhalda því fiskverndarsvæði sem þar er. Það eru margir sem hafa þá skoðun, og ég er m.a. einn af þeim, að sú framsýna stefna sem útvegsmenn á þessu svæði hafa haft í gegnum tíðina hafi bjargað Breiðafirðinum frá því að lífríkið þar mundi hrynja í kjölfar þess að menn fóru að nýta loðnustofninn á þann hátt sem raun ber vitni.

Þess vegna er þetta að mörgu leyti, að mér finnst, mistök hæstv. ráðherra sem mega ekki koma fyrir aftur. Ég hefði talið að í kjölfar þeirrar umræðu sem hefur verið um þetta hefði ráðherra miklu frekar átt að taka þá ákvörðun að banna alfarið veiðar á síld í flottroll af því að þar væru menn þó að láta fiskstofninn njóta vafans, ef einhver vafi er þá í raun og veru, um skaðleg áhrif flottrollsins á þessa

fiskstofna. Það er með miklum endemum að Ísland skuli vera eina fiskveiðiþjóðin sem telur að það sé bara allt í lagi að hamast með flottroll um allt. Það eru yfirleitt alls ekki vera talin veiðarfæri sem nota eigi mikið af og engin ástæða til þess þar sem enginn vandi er að veiða síld í önnur veiðarfæri. Það hefur tekist í gegnum tíðina og reyndar tekist allt of vel stundum. Eins og menn vita var öll síld við Ísland ofveidd á sínum tíma einungis með litlum nótum. Það er ekki vandinn að ekki sé hægt að ná í síldina. Ef það væri vandinn þyrftu menn að velta því fyrir sér hvar menn væru staddir ef svona erfitt væri orðið að ná í þá síld sem má veiða. Ég held að sú spurning hljóti að vakna: Eru flottrollsveiðarnar farnar að hafa svo gríðarleg áhrif á veiðanleika síldarinnar að hleypa þurfi þessum flota inn í Kolluál til að ná í þá síld sem á þarf að halda í veiðunum?

Síðan er annað. Við höfum fengið af því spurnir að menn séu farnir að flytja þá síld sem var veidd í fyrra og hittiðfyrra og flutt til útlanda til geymslu þar, heim aftur til að bræða hana. Búið er að flytja 1.000 tonn inn í landið til að setja í gegnum bræðslu af því að hún selst ekki og von er á fleiri förmum hingað heim til þess að vinna svona. Á hvaða vegferð eru menn úr því svona er komið?

Ég tel ástæðu til að taka þetta mál upp og bið hæstv. ráðherra að útskýra það með góðum rökum hvers vegna í ósköpunum hann tók upp á þeirri nýbreytni og hvernig hún samræmist þeirri ræðu sem hann hélt áðan um að taka nú aldeilis mark á umræðunni sem fer fram í þjóðfélagi okkar og víða um heim um að menn þurfi að fara betur með lífríki sjávar.

Síðan langar mig að spyrja hæstv. ráðherra um eitt í sambandi við hitt málið, þ.e. deilistofnana, þar sem stendur í 1. gr., með leyfi forseta:

„Þá er ráðherra heimilt að ákveða að afli sem fæst á ákveðnu svæði, tilteknum tíma eða í ákveðna gerð veiðarfæra skuli teljast til tiltekins deilistofns."

Nú er verið að tala um deilistofna. Það þýðir að aðrir en Íslendingar eiga þá hlut í þeim stofnum, eða ég hef skilið það þannig. Ég lít þá svo á að samkomulag þurfi um það hvernig menn ákveða hvaða fiskur tilheyri deilistofnum, og ég bið þess vegna hæstv. ráðherra að útskýra það aðeins betur þannig að ég skilji hvað þarna er á ferðinni. Getur komið upp einhver ágreiningur milli Íslendinga og annarra aðila í kjölfarið á svona ákvörðunum? Hvernig tekur hæstv. ráðherra ákvarðanir af þessu tagi, hvað er á bak við þær? Eru það ekki fiskifræðileg rök? Eru það ekki rannsóknir sem þurfa þá að styðja við þær ákvarðanir sem um er að ræða?

Að öðru leyti ætla ég að geyma mér að ræða þessi mál þangað til kemur að umræðunni í sjávarútvegsnefnd. En ég vildi nota þetta tækifæri því mér fannst þetta tækifæri akkúrat eiga við til að ræða það mál sem ég nefndi áðan, þ.e. þær nýju veiðiaðferðir í Kolluál sem hafa verið stundaðar í haust.

[19:53]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Nokkur umræða er þegar orðin um það. Ég vil í upphafi minnast á nokkur atriði og halda til haga.

Ég ætla fyrst að víkja að 2. gr. frumvarpsins, þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„a. Við 1. málsl. bætist: og varðveislu viðkvæmra hafsvæða.

b. 2. málsl. hljóðar svo: Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með öllum eða tilteknum veiðarfærum eru bannaðar."

Þetta er síðan áréttað enn frekar í skýringum með greininni, þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefði athyglin beinst í ríkari mæli að hafsbotninum sjálfum og lagði nefndin" — sem hafði verið skipuð um þetta mál — „því til í skýrslu sinni að breytingar yrðu gerðar á heimild ráðherra þannig að verndun hafsbotnsins fengi meira vægi og rúmaðist betur innan lagaheimildarinnar. Með því móti mundi hún endurspegla skýrar markmið og inntak friðunar viðkvæmra hafsvæða."

Þetta er nefnilega atriði sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt þunga áherslu á, verið einn af hornsteinum í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlindanna, einnig í fiskveiðistefnunni, og því sem lýtur almennt að umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. Í því sambandi vil ég minna á, og það er eins og hæstv. ráðherra hafi reyndar bara kannski farið eftir þessu, og það er svo sem gott, að stundum þurfa mál, þó að þau komi frá stjórnarandstöðuþingmönnum, að fá að fara nokkrum sinnum í gegnum þingið til að ráðherrar átti sig á að það gæti verið eitthvað sem rétt væri að færa inn.

Þannig er að í þingsályktunartillögu sem flutt var á síðasta þingi og reyndar nokkrum þingum áður, fyrst á 128. löggjafarþingi og svo aftur á 130. og síðan á 131. þingi, er tillaga til þingsályktunar um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni, þar sem flutningsmenn eru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þingmenn Kolbrún Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Vil ég leyfa mér, forseti, að vitna til tillögunnar sem hefur verið flutt undanfarin ár og á reyndar forsögu í tillöguflutningi Hjörleifs Guttormssonar fyrr á þingum, sem lagði áherslu á að hugað væri með markvissum hætti að rannsóknum og verndun hafsbotnsins.

Tillaga þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra í samráði við Hafrannsóknastofnunina að friða í varúðarskyni þau svæði á hafsbotni sem brýnast er talið að vernda til að koma í veg fyrir meira tjón á lífríki og uppvaxtarskilyrðum nytjafiska en orðið er.

Jafnframt verði gerð áætlun um frekari rannsóknir á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins og um aðgerðir til að draga úr skaðlegum áhrifum af þeirra völdum og til að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa hafsbotnsins innan efnahagslögsögunnar."

Áfram stendur í tillögunni, með leyfi forseta:

„Við undirbúning og meðferð málsins verði leitað eftir samvinnu við umhverfisráðherra, rannsóknastofnanir, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og samtök áhugamanna eftir því sem við á.

Skorti á lagaheimildir til æskilegra verndaraðgerða og

til að tryggja sjálfbæra nýtingu hafsbotnsins verði lagðar fyrir næsta löggjafarþing tillögur þar að lútandi, sem og skýrsla um framvindu verndaraðgerða og fjárþörf vegna æskilegra rannsókna."

Nú veit ég ekki hvort það sem ráðherra er hér að flytja nær öllum þessum markmiðum sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs leggjum til í þessari tillögu en þó er það vonandi og væntanlega í áttina.

Í greinargerð með tillögunni sem flutt var á síðasta þingi og nokkrum þingum þar á undan segir, með leyfi forseta:

„Stöðugt fjölgar vísbendingum um tjón sem orðið hafi á lífríki hafsbotnsins við hömlulitla notkun botnveiðarfæra. Fyrir nokkrum árum sýndi sjónvarpið myndir sem drógu ljóslifandi fram áhrif veiða á kórallasamfélög á hafsbotni við Noreg. Slíkum gögnum hefur farið fjölgandi og þekkingu fleygt fram. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg um sjálfbæra þróun sumarið 2002 voru m.a. á dagskrá málefni hafsbotnsins og gildi búsvæða hans, þar á meðal kórallasamfélaga, fyrir sjálfbæra þróun lífríkis sjávar. Þörf kerfisbundinna rannsókna á þessu sviði hefur blasað við lengi en allt of lítið verið að gert hérlendis. Á meðan frekari þekkingar er aflað er brýnt að gripið sé til varúðarráðstafana eins og tillagan gerir ráð fyrir og með hliðsjón af Ríó-yfirlýsingunni." Sem kveður einmitt á um varúðarsjónarmiðin.

Þá komum við að þeim þætti að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ítrekað lagt áherslu á eflingu rannsókna einmitt á hafsbotninum, á stöðu og áhrif veiðarfæra á hafsbotninn og lífríki hans. Þó að nokkuð hafi áunnist og verið gert í þeim efnum er það allt of lítið, bæði hvað varðar hafsbotninn sem slíkan og hvernig hann hefur breyst í áranna rás í kjölfar veiða. Einnig eru rannsóknir litlar á veiðarfærum sem enn eru notuð og við vitum engin glögg deili á hver áhrif hafa á lífríkið.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson minntist á flottrollsveiðarnar, en botnvarpan hefur líka verið mjög gagnrýnd og hefur meira að segja verið talið að þar sem aðstæður væru þannig, viðkvæmur botn, gæti hún valdið miklu tjóni.

Ég vil því spyrja ráðherra hvernig hann ætlar sér að afla forsendna fyrir því að fylgja þessari tillögugrein sinni eftir, að geta beitt lokunum og friðað svæði á faglegum forsendum. Auðvitað hefur hann líka rétt til að friða svæði á grundvelli Ríó-yfirlýsingarinnar um að náttúran skuli njóta vafans þegar um það er að tefla.

Þá vil ég í þessu sambandi, til að við höldum því líka til haga því okkur hættir svo til að horfa fram hjá mikilvægi hafsbotnsins, að minna á lögin um náttúruvernd, nr. 44/1999, þar sem segir í 54. gr., með leyfi forseta:

„54. gr. Friðlýsing náttúruminja í hafi. Umhverfisráðherra getur, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Umhverfisstofnunar eða Náttúrufræðistofnunar Íslands, friðlýst innan landhelgi og efnahagslögsögu náttúruminjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað."

Ég vil spyrja ráðherra: Hvað hefur verið gert? Hvernig hefur því samstarfi verið háttað sem þarna er kveðið á um í fyrrgreindum lögum um þá sömu þætti og við erum að tala um eða hliðstæða þætti? Hafa farið fram einhverjar viðræður, eitthvert samstarf eða er einhver áætlun af hálfu þessara ráðuneyta? Ég held að þarna sé um gríðarlega mikilvæga þætti að ræða eins og taldir eru upp í lögunum.

Frú forseti. Ég þarf ekki svo sem að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég vil þó enn vekja athygli á að samhengi þarf að vera á milli orða og gjörða. Ég vil benda á hinar mjög umdeildu dragnótaveiðar sem eru t.d. í Skagafirði og fyrir ströndum landsins. Við erum komin með báta sem eru mjög öflugir togbátar og þó að þeir séu litlir eru þeir miklu öflugri en togararnir voru hér á sínum tíma sem verið var að ýta úr landhelginni. Friðun og baráttan fyrir stækkun landhelginnar og fiskveiðilögsögunnar var einmitt hluti af því að ýta þessum togurum burt sem þá voru taldir varasamir og gengju of nærri fiskstofnunum. Nú eru að vísu komnir miklu minni bátar og undir nýjum lögum en eru miklu aflmeiri og fyllilega með togkraft á við hina gömlu togara. Hvenær á þá að taka á þessum málum? Ég held að þarna séum við líka komin út í nokkurt óefni.

Frú forseti. Þetta mál kemur náttúrlega til sjávarútvegsnefndar og ég sit í henni fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs. Þar mun ég fara ítarlegar í gegnum þetta. En ég mátti til með að draga fram þingsályktunartillöguna um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni, sem kveður á um nokkur þau atriði sem hæstv. ráðherra tekur inn í það frumvarp sem lagt er hérna fram. Hún hefur verið flutt á undanförnum þingum af hv. þingmönnum Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni og þar á undan af Hjörleifi Guttormssyni, þeim ágæta og vísa fyrrverandi þingmanni og ráðherra, sem hefur borið þessi mál mjög fyrir brjósti. (Gripið fram í.) Já, já, Einar Olgeirsson var góður. Mér finnst mjög sanngjarnt að nefna nafn Hjörleifs Guttormssonar þegar verið er að leggja áherslu á bætta umgengni og rannsóknir á umhverfi, verndun og nýtingu á lífríki sjávar.

[20:04]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér fer fram nokkuð áhugaverð umræða. Ég ætla aðallega að fjalla um efni 2. gr. og greinargerðar með henni, þ.e. ákvæði um sérstök friðunarsvæði þar sem öll eða tiltekin veiðarfæri yrðu bönnuð og viðkvæmt hafsvæði varðveitt. Ég hlustaði á hluta af ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar áðan. Hann velti upp ýmsum flötum á þessu máli varðandi viðkvæm hafsvæði, m.a. tilliti til botngerðar og fiskverndar.

Á undanförnum árum eða áratugum, leyfi ég mér að segja, höfum við skipt landhelginni niður með ýmsum hætti. Við Íslendingar byrjuðum raunar aðgerðir okkar með því að banna togveiðar innan fjarða og flóa. Það var m.a. hluti baráttu okkar fyrir yfirráðum yfir fiskimiðunum þannig að erlendar fiskveiðiþjóðir sem hér stunduðu veiðar hefðu ekki ótakmarkað frelsi til veiða nánast upp í landsteina, eins og var fyrir mörgum áratugum.

Þetta hefur síðan þróast eins og sagan greinir, með útfærslu landhelginnar í áföngum til þess að við náðum því marki að færa landhelgina út í 200 mílur, með langmest af landgrunninu innan þeirra marka, þótt um það megi deila

varðandi Reykjaneshrygg og jafnvel Kolbeinseyjarhrygg til norðurs, og síðan til suðausturs í átt að Rockall. En meginhluti fiskimiða okkar er innan 200 mílna lögsögu okkar. En við ættum sjálfsagt rétt, samkvæmt alþjóðalögum, til að teygja okkur lengra ef við færðum fyrir því efnisleg og góð rök.

Oft er talað um að botnvarpan valdi miklum skaða. Það er með þá umræðu eins og svo marga aðra umræðu að þar er ekki um algildan sannleik að ræða. Botnvarpan veldur skaða á ákveðnum svæðum þar sem gróður hefur verið mikill, kórall og annar botnlægur gróður sem hefur fengið að þróast óheftur í áratugi. En með nútímaveiðitækni hafa skip sótt á þau mið, á hóla, hæðir og tinda, eins og hægt er að orða það, á mið sem áður voru lítt sótt til fiskveiða með botnvörpu. En í áratuganna rás hefur botnvarpan breytt veiðisvæðum og breytt botngerð viðkomandi veiðisvæða.

Sums staðar má horfa til svæða sem hafa verið nýtt í áratugi, sennilega hátt í öld, með botnvörpu. Þau hafa haldið fiskisældinni en önnur ekki. Það fer eftir tegundum á þeim búsvæðum sem veitt er á og þetta fer auðvitað fyrst og fremst eftir náttúrufari ofar í sjónum, straumum og landslagi, þeim meginstraumum sem ráða því að fiskgengd er meiri á einu svæði en öðrum. En þar spila náttúrlega mest inn í skörp hitaskil sjávar, þar sem kaldir og heitir hafstraumar mætast. Þar verður einna gróðurmesta lífríkið við Ísland. Þar halda hvalirnir sig í mestum mæli. Þar heldur loðnan sig, sem lifir á ætinu og svifinu. Þar halda fiskarnir sig auðvitað, sem lifa á loðnunni í samspili með sjávarspendýrunum.

Þessi straumaskil eru sterk við landið á ákveðnum svæðum, t.d. úti fyrir Vestfjörðum, talsvert suður á Breiðafjörð, fyrir Austfjörðum út að miðlínu til Færeyja, suður í Rósagarð og sunnan við Rósagarð og við Suðausturland. Sama gildir um svæði í köntunum fyrir austan og vestan Eyjar, þaðan vestur í Skerjadýpi og allt að Reykjaneshrygg og síðan norður yfir Reykjaneshrygg og yfir á Melsekk, sem svo er kallaður, sem er kanturinn norðan frá Reykjaneshrygg að Jökultungu. Þá er ég nokkurn veginn kominn hringinn í kringum landið að því er varðar helstu straumasvæði og þau svæði sem fisk er að finna. Ég hef svo sem ekki getið mikið um Norðurlandið en þar ræður fiskgengdinni loðnan, rækjan og mót heitsjávar og kaldsjávar, ýmist nálægt landi eða fjær landi. Það fer eftir árferði.

Sjórinn við Ísland er sem stendur afar heitur. Beitarsvæði ýsunnar, sem var fyrir tíu árum nánast eingöngu við Vesturland, Suðurland og Suðausturland, nær nú norður um öll mið í kringum landið. Þar af leiðandi hefur beitarsvæði ýsunnar stækkað um meira en helming, sennilega þrefaldast ef vel er að gáð. Allir flóar og firðir norðan lands hafa bæst inn á beitarsvæði hennar.

Hvað gerðist, hæstv. forseti? Þessi fiskstofn þrefaldaðist á örfáum árum. Skyldi það hafa verið vegna þess að menn beittu svo miklum friðunaraðgerðum eða takmörkunum? Skyldi það hafa verið vegna þess að fiskifræðingar hafi séð það fyrir? Hvorugt var. Veiðin hafði ekki verið takmörkuð sérstaklega. Landssamband íslenskra útvegsmanna kvartaði meira að segja undan því að smábátarnir veiddu of mikið af ýsu á þessum árum, það væri stórhættulegt veiðiálag.

Hafrannsóknastofnun lagði til að ýsan yrði sett í kvóta og vildi draga úr ýsuveiðinni. Á sama tíma sáu fiskimenn hvern árganginn á fætur öðrum af ungri ýsu vaxa upp. Svæðin sem hún ólst upp á voru ekki bara fyrir vestan land, sunnan og suðaustan eins og áður var, heldur færðust norður með öllum Vestfjörðum til Húnaflóa, til Skagafjarðar, til Eyjafjarðar, á Grímseyjarsund, Skjálfanda og allan hringinn austur fyrir land. Það varð sprenging í ýsustofninum. Ýsustofninn stækkaði það mikið að núna veiðum við jafnmikið magn af ýsu og við veiddum mest áður. Núna veiðum við sennilega svipað magn og á árunum 1954–1956, þegar við komumst hæst í þeirri veiði, ásamt Bretum og öðrum erlendum þjóðum með miklu smærri möskva heldur en við notum í dag, hátt í 120 þús. tonn. Við erum þar stödd núna.

Það vill svo til að á þeim árum var sennilega einnig hlýr sjór hér við land, þ.e. upp úr 1950. Síðan kólnaði sjórinn fyrir norðan land, í kringum 1960 eða upp úr því, 1962–1964. Hér komu svokölluð köld ár eftir 1964 og fram til 1970. Eftir það skiptust á köld og heit ár í sjávarbúskapnum í nokkra áratugi þar til núverandi hitauppsveifla kom.

Þetta er sagan um ýsuna, hæstv. forseti, í grófum drættum. Ýsustofninn stækkaði og byggðist upp alveg burt séð frá veiðum. Stofninn jókst mest undir veiðiálagi smábátanna á línuna og hefur ekki verið stærri í annan tíma en verið hefur á síðustu árum.

Þorskurinn hefur svarað þessari hitabreytingu og dreifst norður um miðin fyrir Norðurlandi, út á rækjuslóðina og rækjuveiðar dottið niður. Þrátt fyrir að nánast engar rækjuveiðar séu stundaðar í djúpköntunum þá finnst ekki mikið af rækju enda er hún étin af þorski og fleiri fisktegundum. Þannig er samspil náttúrunnar og vil ég nú, þær mínútur sem ég á eftir af ræðutíma mínum, að víkja að botninum.

Hitafar, straumar, ætisframboð og önnur skilyrði sjávarins hafa geysileg áhrif á fiskigengd hér við land. Miklu meiri en þau að botninum hafi verið breytt, þótt ekki hafi öll verk okkar sjómannanna verið góð eftir á að hyggja. Við þurfum ekki að vera stoltir af því að hafa ekki haldið til haga kóral- og kísiltrjám sem eru hærri heldur en sá sem hér stendur. En þannig var botninn á sumum svæðum sem við toguðum eftir stórum karfa. Þar breyttum við botninum.

Það er kannski gagnvart þeirri tegund sem hegðun okkar með botnvörpuna hefur haft hvað mest áhrif, þ.e. á karfastofninn. En við brugðumst við varðandi karfaveiðar fyrir mörgum árum og tókum upp friðunarsvæði í útköntunum þar sem kórallinn hafði verið, t.d. fyrir Vesturlandi, nánast frá Reykjaneshrygg og norður undir Víkurál, þar sem menn friðuðu karfaveiðislóðir. Að sumu leyti var það of seint, menn höfðu þá þegar breytt botnlaginu. Eftir sem áður er karfi á þessum miðum þótt hann sé minni en áður var, minna magn. En vonandi tekst með markvissum aðgerðum að ná upp blettum þar sem byggja má upp karfastofna og viðhalda þeim.

Þá komum við að þorskinum aftur, hæstv. forseti. Því hefur verið haldið fram að botnvarpan breyti verulega botninum svo að fiskur kæmi jafnvel ekki á þá slóð aftur. Það er rangt. Sú fullyrðing stenst ekki. Við getum séð fiskimiðin frá Hala, austurhorn Víkuráls, allan kantinn á milli austur Þverálshornið og alla leið austur í Þverál og þaðan austur á Strandagrunn og Strandagrunnshorn. Á þessar fiskislóðir

kemur þorskur árvisst þrátt fyrir að sennilega hafi hvergi verið meira togað og botninum hvergi verið breytt meira. Þar komust skip varla áfram, m.a. fyrir osti, fyrirbæri sem getur orðið á við góðan lóðabelg að stærð. Menn gátu fengið nokkur tonn af osti í hali og nokkur tonn af grjóti þar til viðbótar og ýmislegt fleira. Þessu botnlagi var breytt.

Halinn var illtogandi fyrst þegar byrjað var að toga á honum. En núna þykir hann ákaflega sléttur, er einhver vinsælasta togslóð við Ísland og hefur verið í áratugi. Hann gefur enn þá mjög góðan afla. Það er auðvitað vegna þess að Halinn er nokkuð sérstakur. Þetta er landgrunnsrif sem gengur norður og norðaustur úr kantinum og er á þeim slóðum þar sem austurstraumurinn liggur með kantinum en vesturstraumurinn dýpra. Þarna eru mikil strauma- og hitaskil. Þetta svo mikil ætisslóð að ég held að það sé sama hvaða veiðarfæri menn nota þarna í framtíðinni. Við munum aldrei koma í veg fyrir að Halinn verði fiskislóð meðan fiskur er við Ísland. Fiskurinn mun alltaf leita inn á þær slóðir þar sem frumframleiðsla sjávar er mest, mest svif og mest æti. Þar eru bestu fæðuskilyrðin. Þangað sækir svo hvalurinn til viðbótar og selurinn, ef því er að skipta.

Þá skulum við taka fyrir grunnslóðina, hæstv. forseti. Botninn á grunnslóðinni er verulega ólíkur botninum í útköntunum þar sem hann er að mestu leir, þéttur leir eða móhella. Á grunnslóðinni er hann samsettur úr hrauni, jafnvel steinhryggjum, hörðum botni, sandbreiðum á milli eða stórum sandflákum. Þótt togað sé á þessum sandflákum þá hefur það held ég sáralítil áhrif á botninn. Þessir sandflákar hreyfast meira í stórbrimi en við notkun veiðarfæranna. Ef við erum hins vegar að berja á grjóthryggjum, sem við höfum lítið komið við, þá getum við breytt þeim verulega og haft mikil áhrif á botngerðina.

Sama á við, hygg ég, varðandi snurvoðina á ákveðnum blettum, einkanlega þegar kominn er mikill afl í þau skip sem stunda snurvoðarveiðar. Menn eru jafnvel komnir með litla „rock-hoppera" undir snurvoðina. Hún er þá alveg að nálgast að vera troll.

Það er að mörgu að hyggja fyrir hæstv. ráðherra að þessu leyti. Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða þetta mjög gaumgæfilega. Þekkingin á botnlaginu er til meðal fiskimanna og menn hafa örugglega tillögur og hugmyndir. Hæstv. ráðherra hefur örugglega fengið slíkar tillögur á sitt borð um breytingar og aðlögun, um að takmarka nútímatogafl og nútímatækni sem breytt getur grunnslóðinni. Þar þarf að draga línu, við getum sagt sáttaleið, milli þeirra sem stunda snurvoðar- og togveiðar og þeirra sem stunda veiðar með öðrum veiðarfærum. En það þarf örugglega að draga línur yfir flóa og firði til að gefa þeim svæðum frið, þar sem togveiðarfæri fari ekki um.

En það er með grunnslóðina eins og ég sagði áður, að þar eru svæðin ekki öll í stórhættu. Sum svæði eru hættuleg upp á notkun togveiðarfæranna en önnur ekki, vegna botngerðar og aðstæðna. Þetta mætti flokka í meiri mæli en við höfum gert á undanförnum árum. En við skulum ekki gleyma því að við höfum flokkað notkun veiðarfæra í landhelginni í áratugi. Við höfum gert það með lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Við höfum gert það svæðaskipt.

Fyrir mörgum áratugum, sennilega einum 35 árum eða meira, fór um landið sérstök sendinefnd skipstjórnarmanna og útgerðarmanna til að búa til svæðaskiptingu milli veiðarfæra, skipastærða o.s.frv. Af því urðu til lögin sem við höfum að mestu leyti unnið eftir varðandi til dagsins í dag, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem talað er um Breiðafjarðarsvæðið, Norðurlandssvæðið, Vestfirði o.s.frv. En þar hafa línur verið dregnar og svæði skilgreind ýmist sem togveiðisvæði eða ekki sem togveiðisvæði.

Þessari nefnd tókst að miklu leyti að skapa talsvert mikla sátt á sínum tíma. Þetta var á þeim tíma er síldin hvarf frá okkur og við þurftum öll að fara að gera eitthvað annað, t.d. að veiða með trollum á bátum sem voru ekki ætlaðir sérstaklega til þess. Það var ekki fyrr en við fengum litlu skuttogarana að við vorum almennt búnir til kröftugra togveiða, upp úr 1970 og 1975. En árin frá því að síldin fór 1966 og fram að þeim tíma voru veiðar stundaðar á bátaflota sem hafði verið byggður fyrir síldveiðar en ekki togveiðar.

Þannig er sagan í stórum dráttum. Ég þykist vita að með nútímatækni hafa íslenskir skipstjórnarmenn mjög nákvæma kortlagningu af botninum og botngerðinni hér við land, á hvaða veiðum sem þeir stunda. Það eru tölvur og botnskráningartæki í öllum trillum og togurum í dag.

[20:24]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Þetta hefur að mínu mati verið ansi fróðleg umræða. Ekki get ég neitað því að sérstaklega fannst mér fróðlegt að hlusta á fyrirlestur langreyndasta togveiðimanns á Alþingi, hv. 5. þm. Norðvest., Guðjóns A. Kristjánssonar, sem er eins og allir vita einn reyndasti togaraskipstjóri landsins. Þessi yfirferð hans um áhrif veiðarfæra á lífríkið og hafsbotninn var að mínu mati ákaflega fróðleg.

Ég held að kjarni málsins sé sá sem er reynt að koma á framfæri í þessu frumvarpi, að í raun er verið að bæta inn nýrri vídd. Hingað til hefur það verið þannig, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði, að við höfum reynt með veiðarfærastýringu og lokunum og opnunum hafsvæða að stuðla að einhverju sem við höfum kallað hagkvæma nýtingu nytjastofnanna en hér er gengið lengra. Hérna er sett lagastoð undir heimildir til þess að geta varðveitt viðkvæm hafsvæði út frá þeim sjónarmiðum sem hafa komið hérna fram.

Aðalatriði málsins er að mínu mati það að menn eiga ekki að bannfæra einhver tiltekin veiðarfæri. Ég hygg að við getum víðast hvar á Íslandsmiðum komið við veiðum með flestum veiðarfærum en þá þarf auðvitað að reyna að hafa þær reglur þannig að þær skaði hvorki stofnana né hafsvæðið. Það eru mörg dæmi, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson rakti, um hafsvæði eins og Halann sem búið er að toga á alla síðustu öld meira og minna og á þessari öld og enn þá gefur þetta svæði heilmikið af sér. Þess vegna er að mínu mati vel hægt að koma þessu svona fyrir en þetta er auðvitað alls ekki einfalt mál og um það eru mjög skiptar skoðanir hvernig eigi að draga þessar línur. Þetta verður að mínu mati miklu meira verkefni fram undan en það hefur verið á síðustu árum.

Við sjáum hins vegar að mjög mikið hefur verið gert í

því að vernda ýmis hafsvæði, t.d. fyrir togveiðum. Við þurfum ekki annað en að skoða kort sem við sjáum hjá Fiskistofu sem sýnir mjög vel hvernig við höfum lokað mjög stórum hafsvæðum vegna hugmynda okkar um það að búa til griðasvæði gagnvart einstökum veiðarfærum og nú erum við að setja lagastoð undir það að geta líka varðveitt viðkvæm hafsvæði.

Það sem verður lagt til grundvallar, af því að hv. þm. Jón Bjarnason spurði um það sérstaklega, er eitthvert vísindalegt mat og mat sem um leið verður líka kallað eftir frá hagsmunaaðilum, sjómönnum. Sú breyting sem við gerðum á reglugerð sem lokaði veiðum í kringum tiltekin kóralsvæði hérna fyrir sunnan land er mjög gott dæmi um þetta þar sem hagsmunaaðilarnir, sjómennirnir, skipstjórarnir og útgerðarmennirnir, lögðu til að gengið yrði lengra en upphaflega voru tillögur um. Það sýnir það að menn eru tilbúnir til að ganga býsna langt í þessum efnum.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði mig aðeins hér um Kolluálinn og síldarsvæðið þar sem við höfum haft með í umræðunni og ég nefndi reyndar aðeins sjálfur í ræðu minni. Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á eitt. Þetta frumvarp tekur í sjálfu sér ekki á því, þar voru allar heimildir bæði til opnunar og lokunar á grundvelli núgildandi laga. Hérna er tekið á þessum málum með öðrum hætti, hér er verið að vísa til ástands hafsvæðanna, þ.e. botnsins og þess háttar, en ekki til ástandsins á fiskstofnunum.

Forsendan fyrir því að þessi tímabundna breyting var gerð á reglugerðinni var sú að fram komu óskir um að opnað væri á veiði með flottrolli inni í Kolluálnum vegna þess að þar töldu menn að væri að finna stóra og góða síld sem ekki veiddist annars staðar og ekki fengist annars staðar. Þarna væri um að ræða mjög verðmæta síld sem hægt væri að nýta með öðrum hætti en síld annars staðar.

Ég hef verið mjög tregur til þess að opna fyrir flottrollið, ég skal viðurkenna það. Eins og menn muna gerði ég það með umdeildum hætti við loðnuvertíðina síðasta vetur að loka á heilmikil svæði fyrir flottrollsveiðum. Það var gagnrýnt en ég stóð fast á þeirri skoðun minni og ég er sannfærður um að ég hafði á réttu að standa þarna. Þess vegna var ég mjög tregur til þess þegar þessari hugmynd var varpað fram að opna á flottrollsveiðarnar inn í Kolluálinn vegna þess að ég hafði mínar efasemdir og áhyggjur af þessu. Ég taldi hins vegar að það væri þvergirðingsháttur að reyna ekki a.m.k. að gefa mönnum leyfi til að skoða þetta mál. Það var gert þannig að m.a. reyndur skipstjórnarmaður á svæðinu fór með í könnun sem miðaðist að því að athuga áhrifin af því að veiða með flottrolli yfir blánóttina, þegar síldin lyftir sér frá botninum, til þess að athuga hvort hægt væri að stunda þarna veiðar án þess að þær hefðu skaðleg áhrif, í fyrsta lagi á botninn og svo í öðru lagi á annað lífríki eins og botnfiskinn á svæðinu.

Niðurstaðan af þessum athugunum var sú að þetta reyndist mjög hrein veiði. Þarna var um að ræða mjög stóra og góða síld, miklu stærri og betri en menn veiddu annars staðar. Það var ljóst mál að það var ekki hægt að ná þessari síld með nót, það lá alveg fyrir, hún stóð svo djúpt að nótaskipin náðu ekki þessari síld. Þess vegna var að mínu mati ekki óeðlilegt að opna á þessar veiðar, tímabundið, líka með því að tryggja það að þessi veiði færi eingöngu fram á nóttunni, þegar síldin lyftir sér frá botninum, og undir mjög hörðu og ströngu eftirliti. Þarna eru ein 5–6 skip á veiðum eftir því sem ég best veit og um borð eru tveir eftirlitsmenn. Þarna er fylgst mjög nákvæmlega með.

Auðvitað orkar þetta tvímælis og auðvitað er sjálfsagt af minni hálfu að fara núna yfir þær ábendingar sem hafa komið fram. Það er ekki rétt að þetta hafi verið gert algjörlega án þess að ræða við menn heima fyrir, ég ræddi við ýmsa skipstjórnarmenn um þessi mál og tók ákvörðun mína á þessum efnislega grundvelli. Ég skal hins vegar viðurkenna það að þegar fram koma athugasemdir ber mér vitaskuld að fara yfir þau mál og það hyggst ég gera á næstu dögum. Hér er um að ræða efnislegar athugasemdir sem væri rangt af mér að útiloka fyrir fram að hlusta nokkuð á.

Þetta voru rökin á sínum tíma þegar ég tók þessa ákvörðun í ljósi þess að þessi tilraunaveiði fór fram. Það var opnað, eins og oft er gert, til þess að athuga inn í þessi hólf hvort hægt væri að stunda veiðarnar án þess að það leiddi til einhverrar rányrkju. Það kom fram að ekki var um að ræða meðafla, það kom fram að síldin lyftir sér eins og við vitum að hún gerir auðvitað á nóttunni og þess vegna var hægt að koma við þessari flottrollsveiði. Þarna var um að ræða stærri og betri síld en annars staðar veiddist, verðmætari síld af þeim ástæðum, og með því að hafa þarna hart og virkt eftirlit taldi ég að hægt að koma við þessum veiðum án þess að það skaðaði aðra hagsmuni á svæðinu.

Nú hafa hins vegar komið fram sjónarmið, bæði útvegsmannafélags á Snæfellsnesi og líka smábátafélagsins þar, þar sem kallað er eftir því að ráðuneytið fari betur yfir þessi mál. Vitaskuld verður það gert. Það er verið að skoða ýmsa þætti í þessum efnum. Ég segi það vegna þess að hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði mig sérstaklega um þetta tiltekna tilvik.

Hann spurði síðan að lokum um deilistofnana, hvað þeir merki. Það eru auðvitað stofnar eins og menn vita sem ganga á milli lögsaga og verða þá eðli málsins samkvæmt ekki nytjaðir nema með samkomulagi milli þjóða. Við vitum hins vegar að þetta er oft erfitt og stundum takast þessir samningar ekki. Vitaskuld getum við ekki tekið okkur rétt á annarra kostnað. Þegar hér er lögð til tiltekin aðferð er það aðferð sem gildir eingöngu um þann hluta sem við veiðum úr þessum deilistofnum og við getum ekki tekið okkur vald yfir öðrum þjóðum í þessum efnum. Þetta undirstrikar hins vegar mikilvægi þess að við reynum að ná samkomulagi um nýtingu þessara deilistofna almennt.

[20:32]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svör hæstv. ráðherra við þeim spurningum sem ég setti fram sannfæra mig um það að hann hefur hlaupið dálítið á sig í þessu máli með því að, eins og hann sagði, „verða við óskum“. Ég held að menn séu stundum of fljótir að verða við óskum útgerðarmanna þegar þeir setja þær fram. Það er ósköp eðlilegt að þeir setji þessar óskir fram. Það eru útgerðarmenn sem vilja gjarnan að það gangi vel að veiða og að þeir fái þann fisk sem þeir sækjast helst eftir.

Það hlýtur að vekja svolitla umhugsun að menn skuli ekki ná þessari síld nema inni á þessu svæði, þessari stóru

síld. Það hlýtur að vera umhugsunarefni að þannig skuli haga til. Ein ferð með flottroll þar sem tilgangurinn yfirlýsti var að gá að því hvort hægt væri að fara í þessar veiðar segir manni bara það að sá skipstjóri sem fer í þá ferð í þeim tilgangi að reyna að fá leyfi til að vera þarna við veiðar hlýtur að vanda sig. Og það hefur hann örugglega gert.

Það er líka spurningin hvort hæstv. ráðherra hefur velt því fyrir sér hvort það hafi yfirleitt verið þörf á því að gera þetta. Nú liggur fyrir að mikið er óselt af síld sem var veidd í fyrra. Það er farið að flytja þessa síld inn til að bræða hana. Auðvitað þurfa menn að velta því líka fyrir sér hvort veiðarnar í flottrollið hafi haft áhrif á samsetningu aflans.

[20:34]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vitaskuld hafði ekki sjávarútvegsráðherra eða ráðuneytið frumkvæði að því að opna þetta hólf. Það voru skipstjórnarmenn og sjómenn og útvegsmenn sem höfðu samband og bentu á að þarna væri um að ræða verðmæta síld sem ekki væri hægt að ná í nót, sem ekki væri hægt að nálgast öðruvísi og óskuðu eftir því að flottrollsveiðar yrðu heimilaðar.

Ég neitaði því að heimila flottrollsveiðar alveg opið. Ég tók þá ákvörðun eftir að hafa íhugað málin býsna vel. Ég var ekkert sérstaklega fljótur að verða við þessari ósk, heldur tók mér þann tíma sem ég taldi mig þurfa til að fara aðeins yfir þessi mál. Eftir að ég hafði skoðað það var það niðurstaða mín að heimila að gera svona prufu að nóttu til þegar menn töldu að síldin lyfti sér frá botninum og væri minnst hætta á því að menn skörkuðu í lífríkinu að öðru leyti. Það var gert.

Niðurstaðan varð sú sem við þekkjum. Eflaust er það rétt hjá hv. þingmanni að menn hafi vandað sig. Menn gerðu sér grein fyrir því að ef þeir vönduðu sig ekki yrði lokað á þetta svæði. Ég hef lýst því yfir að því yrði lokað eins og skot ef einhver brögð yrðu að því að öðruvísi væri gengið um það en til var ætlast.

Þess vegna er núna meira eftirlit með þessum veiðum en er almennt. Þarna er um að ræða mjög viðkvæman hlut. Niðurstaðan varð sú, eins og ég sagði áðan, að þarna væri um að ræða stóra og góða síld, mjög hreina veiði, nánast engan meðafla. Á þeim forsendum var þetta heimilað með mjög ströngu eftirliti.

Ég lýsti því líka yfir áðan í ræðu minni að vitaskuld horfir maður til þess þegar fram koma athugasemdir. Ég er ekki sá þvergirðingur að ég reyni ekki að skoða mál opnum huga þegar fram koma athugasemdir. En auðvitað verða menn að reyna að taka efnislega ákvörðun í svona efnum. Þar bera (Forseti hringir.) sjávarútvegsráðuneytið og ráðherrann auðvitað fulla ábyrgð.

[20:37]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að þessi tilraun verði ekki endurtekin. Ég hef grun um að verði hún endurtekin muni menn komast að þeirri niðurstöðu mjög fljótlega að þannig fari fyrir síldinni sem þarna er eins og gerst hefur á öðrum miðum, það þýði ekkert að fara mjög oft þarna inn til að fá stóra síld í flottroll. Það er niðurstaðan fyrir nú utan aðrar þær deilur sem menn hafa uppi um önnur áhrif flottrollsveiða yfirleitt.

Mér finnst að lærdómurinn sem menn ættu að draga af þessari umræðu ætti að vera sá að þegar hæstv. ráðherra verður fyrir þrýstingi um að opna einhver ný svæði af þessu tagi leyfi hann mönnum að komast til þeirrar umræðu áður en hann tekur ákvarðanir. Það verði farið vel yfir þetta með þeim sem þekkja best til. Á þessu svæði finnst mér mjög ádeiluvert að slíkt hafi ekki verið gert vegna þess að þarna er einhver lengsta saga um friðun á hafsvæðum sem var að frumkvæði heimamanna og er búin að standa áratugum saman.

Þess vegna hefðu þeir sem um véla á þessu svæði átt að vera kallaðir til, ekki einn og einn í símann, heldur þar sem þeir hefðu fengið að hafa samráð sín á milli um það hvernig ætti að standa að þessum málum ef það hefði komið til greina.

Mín trúa er sú að þeir hefðu reyndar aldrei samþykkt þetta. Það hefði samt verið allt í lagi að ræða málin og sjálfsagt er að fara yfir þau með bæði fiskifræðingum og öðrum þegar svona hugmyndir koma upp en ekki taka ákvarðanirnar með þeim hætti sem gert var þarna, jafnvel þó að menn ætli að dunda við þetta að næturlagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–16. mál.

Fundi slitið kl. 20:39.

# 25. FUNDUR

mánudaginn 13. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Almannatryggingar og málefni aldraðra, stjfrv., 330. mál, þskj. 353. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, stjfrv., 232. mál, þskj. 235. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 236. mál, þskj. 239. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Upplýsingalög, stjfrv., 296. mál, þskj. 309. — 1. umr.
5. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 295. mál, þskj. 308. — 1. umr.
6. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 281. mál, þskj. 294. — 1. umr.
7. Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, stjfrv., 231. mál, þskj. 234. — 1. umr.
8. Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, stjfrv., 258. mál, þskj. 261. — 1. umr.
9. Siglingavernd, stjfrv., 238. mál, þskj. 241. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Adolf H. Berndsen, 1. þm. Norðvest.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

[15:01]

**Útbýting:**

Fjáraukalög 2006, 47. mál, brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 367; brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 368; brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 369; brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 370.

Umferðaröryggismál, 255. mál, svar dómsmrh., þskj. 334.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Afgreiðsla fjáraukalagafrumvarps fyrir 2. umr.

[15:02]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Sl. föstudag kom fjáraukalagafrumvarpið inn til fjárlaganefndar til lokaafgreiðslu fyrir 2. umr. Tilkynnt var í fundarboði að einungis væri um lokaafgreiðslu fjáraukalaga að ræða fyrir 2. umr. Þá kemur á þennan fund bréf frá fjármálaráðuneytinu þar sem nefndin er beðin að afgreiða beiðnir upp á tæplega 120 milljarða kr. sisona, útbýtt á liðlega einu A-4 blaði og átti að afgreiða nánast umræðulaust. Þarna var um að ræða lán á vegum ríkissjóðs til handa Seðlabanka Íslands til að styrkja gjaldeyrisstöðuna. Þarna var líka beiðni um lánsfjárheimild til að greiða sveitarfélagahlutann í kaupum á Landsvirkjun. Þarna var líka ein beiðni upp á 5 milljarða kr. ríkisábyrgð á lántöku Landsvirkjunar vegna uppgjörs á ófyrirséðum kostnaði við aðalverktaka Kárahnjúkavirkjunar. Samtals voru þetta tæpir 120 milljarðar kr.

Ég fór fram á það í nefndinni að fá skýringar, að inn kæmu verðmat á Landsvirkjun og samningur um kaup á henni, skýring á því hvers vegna það þyrfti 5 milljarða kr. til viðbótar núna vegna Kárahnjúkavirkjunar. Er það ríkissjóður einn sem á að bera þá ábyrgð, eða hvað? Engin gögn lágu fyrir vegna allra þessara beiðna.

Ég fór fram á að afgreiðslu frumvarpsins út úr nefnd til 2. umr. yrði þá frestað þannig að þetta gæti fengið eðlilega eða a.m.k. einhverja vinnu í nefndinni. Því var hafnað þannig að tæplega hálftíma eftir að þetta bréf barst inn á fundinn var nefndin búin að afgreiða það til 2. umr. gagnalaust, aðeins þetta litla A-4 blað. Ég mótmælti svona vinnubrögðum. Ég mótmælti því að þarna væri gengið gjörsamlega á svig við eðlilega vinnu Alþingis og (Forseti hringir.) ég skora á forseta að koma í veg fyrir að frumvarp til fjáraukalaga komi hér á dagskrá, svo illa undirbúið til 2. umr.

[15:04]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég er svolítið hissa á því hvað hv. þingmanni virðist vera brugðið við það að hafa fengið upplýsingar um þessar lánsheimildir sem um er að ræða. Ég held að ekkert þessara mála sé nýtt af nálinni. Þetta eru mál sem hafa verið hér í umræðu um — ég ætlaði að segja lengri eða skemmri tíma, ég held reyndar í flestum tilfellum um lengri tíma. Þess vegna finnst mér ekkert skrýtið þótt fjárlaganefnd þyrfti ekki langan tíma til að afgreiða þessi mál til 2. umr.

Hins vegar finnst mér sjálfsagt, þingmannsins vegna og auðvitað allra annarra, að þá sé betur gerð grein fyrir þessu og að samningur eins og t.d. samningur vegna kaupa ríkisins á Landsvirkjun sé kynntur í nefndinni. Það eru auðvitað engin leyndarmál í þeim samningi. Ég held að öll meginatriði hans hafi verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Þeir sem áhuga hafa á þessum málum og hafa fylgst með þeim eru sjálfsagt búnir að kynna sér þau. Það er alveg sjálfsagt að kynna þetta í nefndinni.

Varðandi önnur atriði er hið sama upp á teningnum, þau hafa verið til umfjöllunar og kynnt og nefnd í þingsölum, held ég flest, í einhverju samhengi. Ég held að það sé bara sjálfsagt að kynna þetta. Mér finnst engin ástæða fyrir hv. þingmann að hafa uppi stóryrði eða vera æsing um það. Við gerum þetta öll bara í góðri samvinnu á milli umræðna.

[15:06]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. Jón Bjarnason kemur upp í ræðustól Alþingis til að ræða á opnum umræðuvettvangi störf fjárlaganefndar sem ég hef talið að hafi gengið ágætlega á þessu hausti. Eins og hæstv. fjármálaráðherra nefndi áðan er hér um að ræða mál sem eru ekki ný af nálinni. Það hefur legið fyrir í mjög langan tíma að ríkisstjórnarmeirihlutinn á þingi vildi kaupa hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarkaupstaðar í Landsvirkjun. Það hefur engum dulist.

Nú var það afgreitt í síðustu viku af hálfu meiri hluta nefndarinnar að fara í það að kaupa þennan eignarhlut. Ég dreg ekkert úr því að sjálfstæði nefndarinnar er algjört frumskilyrði í þeirri vinnu sem fram undan er. Beiðni kom fram frá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar í nefndinni um að fá að sjá þann kaupsamning sem á að gera milli Akureyrarkaupstaðar, Reykjavíkurborgar og ríkisins. Við munum kalla eftir því, við munum fá að sjá þann kaupsamning í þeirri vinnu sem fram undan er. Hér er verið að afgreiða mál til 2. umr. fjáraukalaga og sú 3. er eftir og við munum fara ofan í þennan kaupsamning á milli umræðna.

Í öðru lagi er hér um að ræða 87 milljarða kr. lán til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans sem hefur verið unnið að í ágætri samvinnu milli Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytisins. Við getum fengið upplýsingar um hvað liggur þar að baki en að sjálfsögðu treystum við þeim ágætu fræðimönnum sem í Seðlabankanum starfa og í fjármálaráðuneytinu. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að við fáum upplýsingar um þessi gögn og því er í raun og veru óskiljanlegt af hverju hv. þm. Jón Bjarnason kemur hér upp og reynir að gera moldviðri úr þessu öllu saman. Við eigum eftir að fara ofan í þessi mál í hv. fjárlaganefnd og vonandi í góðri samvinnu.

[15:08]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er ærin ástæða til að taka það upp hvernig hæstv. ríkisstjórn vinnur að þessum málum, hvernig vinnubrögð eru í þingnefnd og hvað mönnum er ætlað að gera þar gagnvart afgreiðslu á stórum fjárhæðum, milljarðatugaábyrgðum eða -lánveitingum ríkisins án þess að hafa þar nokkur gögn til undirbyggingar eða samninga sem taka á ábyrgð á o.s.frv. Hvað má þá segja um okkur þingmenn sem sitjum ekki einu sinni í viðkomandi hv. nefnd? Okkur er auðvitað ætlað að ganga til umræðna um málin og afgreiðslu á þeim án þess að hafa nokkrar forsendur á bak við hlutina.

Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar varðandi t.d. þessi orkumál eru alveg með endemum. Þarna eru stjórnarflokkarnir, helmingaskiptaflokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, að versla við sjálfa sig í ríki og borg bak við tjöldin án þess að leggja nein gögn á borðið eða neina samninga fram. Er gengið frá þessu milli stjórnarflokkanna sem sitja báðum megin við borðið, eru bæði kaupandi og seljandi fyrir hönd almennings, annars vegar í borginni og hins vegar í landinu. Þetta eru vinnubrögðin. Hvorki hjá borginni og þaðan af síður á Alþingi hafa mönnum verið sýndir samningarnir sem á að fara að taka ábyrgð á.

Hér á að dúkka upp með korters fyrirvara viðbótarríkisábyrgð upp á 5 milljarða kr. — vegna hvers? Vegna umframkostnaðar í Kárahnjúkavirkjun. Hver eru gögnin sem fram hafa verið reidd um það? Ég hef ekki séð þau, ekki nefndarmenn í fjárlaganefnd heldur. Svona eru vinnubrögðin.

Ég veit ekki betur en að með eignarhlut sveitarfélaganna eigi að fara hlutur þeirra í Landsneti. Ætlar þá Alþingi ekkert að ræða það hvort ríkið á nánast eitt að eiga dreifingarkerfi raforku í landinu þannig að sveitarfélögin fari út úr því? (Gripið fram í.) Er það samkeppnin, hv. framkvæmdastjórn, sem Framsóknarflokkurinn ætlar að innleiða með orkutilskipun Evrópusambandsins?

Ég held að ærin ástæða sé til að ræða þetta áður en menn fara að taka ríkisábyrgðirnar (Forseti hringir.) og lánveitingaheimildirnar inn í fjárlög eða fjáraukalög. Tökum fyrst grundvallarumræðu (Forseti hringir.) um þessi mál.

[15:11]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Sá sem hér stendur lagði það til í fjárlaganefnd á fundi á föstudaginn að núna um helgina yrði haldinn fundur eða okkur yrðu a.m.k. að lágmarki færðar þær upplýsingar sem við óskuðum eftir um kaupsamning og fleiri gögn sem snúa að þeim stóru málum sem hér er verið að ræða um, lántökur. Við báðum um skýringar. Það var ekki orðið við því, en því lýst yfir að þetta yrði skoðað betur á milli 2. og 3. umr. Það vill svo til, hæstv. forseti, að á morgun eigum við að ræða þessi mál og ég vonast til þess að þar sem hv. formaður fjárlaganefndar og fjármálaráðherra sögðu áðan að okkur yrði séð fyrir þessum upplýsingum fáum við að líta á þær áður en umræðan fer fram. Ég vona að það gangi eftir og þá held ég að umræðan hafi náð tilgangi sínum.

[15:12]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Hér ræðum við á morgun frumvarp til fjáraukalaga. Þetta málefni kemur þar til efnislegrar umfjöllunar og það sýnir okkur kannski hversu mjög þessi dagskrárliður er kominn út um víðan völl að við skulum vera að ræða þessa málsmeðferð stjórnarflokkanna sem eitthvert nýmæli eða stórmál. Því miður er það svo sannarlega ekki þannig. Svo sannarlega er það þannig að um langt árabil hefur fjárlaganefnd Alþingis verið notuð sem stimpilpúði fyrir ríkisstjórnarmeirihlutann, og stjórnarþingmenn þar hafa ekki haft uppi neina tilburði til að stýra fjárveitingavaldinu sjálfir og engan metnað haft til þess. Það sem hv. þm. Jón Bjarnason upplýsir hér um vinnubrögðin í fjárlaganefnd á föstudaginn eru þess vegna engin nýmæli. Það er eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði um helgina: Fortíðin skiptir ekki máli, og það er gott fyrir Sjálfstæðisflokkinn, eins og hann sagði jafnframt. Við hljótum bara að treysta á orð hans hér um að nefndarmenn og þingmenn verði upplýstir almennilega um þessi verkefni. Ég held út af fyrir sig að þau tvö stóru mál sem hér eru séu ákaflega mikilvæg fyrir ríkissjóð. Ég held að allir sem kynna sér málin sjái að kaup ríkissjóðs á eignarhlut borgarinnar og Akureyrar í Landsvirkjun eru alger reyfarakaup. Landsvirkjun fæst á ákaflega lágu verði og ekki annað en sjálfsagt að fjárveitingavaldið hér afgreiði þau kaup.

Hins vegar er um það að ræða að efla og styrkja gjaldeyrisvaraforða landsins. Þegar menn horfa til þess hversu illa ríkisstjórnin heldur á efnahagsmálum, þá botnlausu ofþenslu sem hér er og það alvarlega ástand sem skapaðist á fjármálamarkaði fyrr á árinu er það þjóðarnauðsyn að ganga til þess að efla og styrkja gjaldeyrisvaraforða landsins. Ríkisstjórnin stendur ekki vaktina í efnahagsmálunum og krónan skoppar upp og niður í óðaverðbólgu (Forseti hringir.) og hæstu vöxtum í heimi.

[15:14]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegur forseti. Störf fjárlaganefndar hafa að öllu leyti verið mjög eðlileg. Menn hafa brugðist við hlutum eins og átti að gera. Að einu leyti var gerð athugasemd vegna þess að við höfðum ekki tíma til að fara í gegnum tillögur ríkisstjórnarinnar um heilbrigðismál og þess vegna áskildum við okkur rétt til að geyma þær til 3. umr.

Hitt voru hlutir sem vel var hægt að afgreiða. Það liggur fyrir að allar upplýsingar varðandi það verða lagðar fyrir þingmenn og það þarf enginn að vera í neinum vandræðum með það hvort þær komi deginum fyrr eða seinna. Það hefði verið betra kannski að fá þær á föstudaginn. En sannleikurinn er sá að fjárlaganefnd hefur því miður verið frekar illa mönnuð í haust vegna anna þingmanna við aðra hluti og þess vegna hafa ekki allir getað verið við, hvorki hv. þm. Helgi Hjörvar né aðrir. Það er bara sannleikurinn. Við vinnum þetta eðlilega. Það mun ekkert verða til vandræða. Þetta eru þjóðþrifamál eins og hv. þm. Helgi Hjörvar sagði. Við erum að reyna að styrkja hér gjaldeyrisforðann til þess að hann sé í réttu hlutfalli við þau viðskipti sem eiga sér stað núna. Við höfum meira en tvöfaldað viðskiptin og stærðina og því eðlilegt að gjaldeyrisforðinn sé í sama hlutfalli. Þess vegna erum við að gera þetta.

Það er líka rétt hjá honum að kaup ríkisins á Landsvirkjun eru mjög þarfur hlutur. Það var ákaflega óeðlilegt að Landsvirkjun væri að hálfu leyti í eigu Reykjavíkurborgar sem var í beinni samkeppni við aðra stofnun, Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta eru hvort tveggja hin mestu þjóðþrifamál, eðlilegt að þau komi fram og eðlilegt að fjárlaganefnd Alþingis veiti þeim brautargengi eins og hún getur.

[15:16]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það sem er auðvitað ámælisvert í því sem við ræðum hér nú eru þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í fjárlaganefnd, og það því miður ekki í fyrsta skipti. Það er því miður ekki bara þessi samningur varðandi kaup Landsvirkjunar á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar sem ekki hefur verið lagður fram í nefndinni þrátt fyrir að búið sé að afgreiða fjármagn til hlutarins, heldur könnumst við líka við þetta varðandi samninginn sem gerður var vegna tónlistarhússins í Reykjavík.

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur líka lofað því að sá samningur yrði lagður fram í nefndinni. Hann hefur ekki enn verið lagður þar fram. Hversu lengi þurfum við að bíða eftir samningnum hjá Landsvirkjun þrátt fyrir að hæstv. ráðherra lofi því að samningurinn verði lagður fram í nefndinni?

Það eru þessi vinnubrögð, frú forseti, sem ber að fordæma. Hv. þm. Birkir J. Jónsson hafði stór orð um það í haust að nú yrði breyting á í fjárlaganefnd frá því sem áður hefði verið. Þetta dæmi sýnir okkur, því miður, að meiri hlutinn í fjárlaganefnd er nákvæmlega eins stemmdur og áður. Stimpill skal það vera og stimpill skal það heita. Það er eingöngu notaður stimpill á það sem frá ríkisstjórninni kemur. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að það hefði verið betra að gögnin hefðu verið lögð fram á föstudag. Auðvitað hefði það verið betra, og miklu meira en það, það hefði verið sjálfsagt. Það hefði verið nauðsynlegt af þeirri einföldu ástæðu að meiri hlutinn er búinn að afgreiða málið út úr nefndinni þrátt fyrir að gögnin hafi ekki verið lögð fram.

Þetta eru auðvitað vinnubrögð sem eiga ekki að þekkjast hér. Ef við ætlum ekki að snúa af þessari leið vitum við það að fjárlögin verða ekki alvörupappír. Þannig er það auðvitað með fjáraukalögin líka, því miður. Það er kominn tími til að meiri hluti fjárlaganefndar átti sig á því hvert hlutverk nefndarinnar er.

[15:18]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa því yfir að mér þykir hálfeinkennilegt af hv. þm. Jóni Bjarnasyni að hefja hér 2. umr. um frumvarp til fjáraukalaga sem fyrirhuguð er í þinginu á morgun.

Eins og fram kom hjá hæstv. fjármálaráðherra snúa athugasemdir hv. þingmanns að málum sem hér hafa verið til umræðu í þinginu um lengri eða skemmri tíma. Hv. þingmaður hefur öll tækifæri á að gera athugasemdir við þau mál og önnur í 2. umr. á morgun og getur þá spurst frekar fyrir um málin ef eitthvað er óljóst í þeim efnum.

Þess utan, hæstv. forseti, er hægt að ræða þessi mál og skoða öll gögn sem þeim viðkemur í nefndinni á milli 2. og 3. umr., og eins og fram kom í máli hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar stendur það til, er í sjálfu sér ekkert leyndarmál og verður ekki hamlað á móti því af hálfu meiri hluta ríkisstjórnarflokkanna.

Það liggur fyrir, hæstv. forseti, að þetta er upphlaup af hálfu hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Þetta er tilhæfulaust upphlaup og ég mótmæli því sérstaklega að menn misnoti þennan dagskrárlið með þessum hætti og tek í þeim efnum undir með hv. þm. Helga Hjörvar þegar hann segir að umræðan fari hér eins og venjulega út um víðan völl.

Því miður er það þannig, hæstv. forseti, að við þurfum að búa við þetta aftur og aftur af hálfu stjórnarandstöðunnar, aftur og aftur af hálfu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þetta eru vinnubrögð sem eru þinginu ósæmandi.

[15:20]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég reyni eftir föngum að vinna störf mín samviskusamlega í fjárlaganefnd. Það var ég líka reiðubúinn að gera með þetta mál hér. Að koma inn með 120 milljarða og afgreiða á 10–15 mínútum án nokkurra gagna, án nokkurra upplýsinga, er ekki sæmandi, enda viðurkenndi hv. varaformaður fjárlaganefndar það. 2. umr. er efnisumræða um frumvarpið. Að ætla að vísa til þess að gögn komi inn, kannski, milli 2. og 3. umr. er út í bláinn. Við vitum ekki einu sinni hvaða gögn.

Þetta eru náttúrlega engin vinnubrögð.

Þess vegna beini ég því til hæstv. forseta, til að hér sé almennilegt vinnulag, að umræðu um þetta mál verði frestað, það verði tekið aftur inn í nefnd og unnið skikkanlega áður en það kemur hingað inn til þingsins.

Ég er ekki hér að ræða hina pólitísku hlið. Ég er að ræða það hvernig þingið, ríkisvaldið, ætlar að valta yfir bæði ein-

stakar nefndir þingsins og síðan vinnuna á Alþingi sjálfu með því að tilkynna að þetta sé afgreitt og nefndin fái bara 10 mínútur til að stimpla það án nokkurra gagna á bak við. Það er t.d. fróðlegt að sjá eina og hálfa línu hér um 5 milljarða kr. viðbótarábyrgð vegna Kárahnjúkavirkjunar. Ein og hálf lína á að vera nægur rökstuðningur fyrir því að Alþingi verji 5 milljörðum kr. meira vegna óuppgerðs og óvænts kostnaðar við Kárahnjúkavirkjun. Við höfum ekki hugmynd um hvað stendur á bak við þessa tölu. Við höfum ekki hugmynd um hvort það vantar meira. Kannski vantar 10 eða 15. Við höfum ekki hugmynd um það.

Það er mjög eðlilegt að fjárlaganefnd fái gögn á bak við þessa tölu. Við köllum inn sjúkrahús sem kaupa 10 rúmum of mikið og veitum þeim tiltal ef þau hafa ekki átt 500 þús. kall fyrir þessu. (Forseti hringir.) En þegar það koma 120 milljarðar svona, þegar koma 5 milljarðar vegna viðbótar Kárahnjúkavirkjunar þarf engin gögn.

Frú forseti. Það á að senda (Forseti hringir.) þetta frumvarp til betri vinnslu í fjárlaganefnd.

### *Almannatryggingar og málefni aldraða, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 330. mál (lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 353.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 232. mál (viðurlagaákvæði). — Þskj. 235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 236. mál (nýting deilistofna og friðun hafsvæða). — Þskj. 239.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Upplýsingalög, 1. umr.*

Stjfrv., 296. mál (endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur). — Þskj. 309.

[15:25]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996. Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt og er því lagt fram að nýju óbreytt.

Frumvarp þetta er samið í því skyni að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og gera þeim kleift að hagnýta þær til virðisaukandi starfsemi. Einnig eru með frumvarpinu uppfylltar skyldur íslenska ríkisins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 8. júlí 2005, um að fella tilskipun 2003/98/EB um endurnot opinberra upplýsinga inn í IX. viðauka við EES-samninginn. Frumvarpið gengur þó að hluta til lengra en tilskipun ESB með víðtækari stefnumótun um endurnot opinberra upplýsinga sem m.a. felur í sér þrengri gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrám. Einnig er kveðið á um að ríkið taki ekki gjald af höfundarétti sínum af þessum upplýsingum. Er þetta til þess gert að reyna að auka enn frekar endurnot opinberra upplýsinga.

Frumvarpið er samið af starfshópi sem forsætisráðherra skipaði í september 2003 undir formennsku Halldórs Árnasonar, skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu.

Starfshópurinn fékk þá dr. Pál Hreinsson lagaprófessor og Kristján Andra Stefánsson, fyrrverandi skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu, til liðs við sig við samningu lagafrumvarpsins. Enn fremur fékk starfshópurinn Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðing í menntamálaráðuneytinu, til að gera athugun á eignarhaldi ráðuneyta og stofnana á gögnum og upplýsingum og þeim takmörkunum sem endurnýting opinberra upplýsinga kann að vera háð vegna höfundaréttar þriðja aðila að gögnum eða hluta þeirra.

Starfshópurinn skilaði sameiginlegri niðurstöðu og lagði til að stefnumörkun um endurnot á opinberum upplýsingum yrði felld inn í upplýsingalögin, nr. 50/1996, sem sérstakur kafli. Það lagafrumvarp sem ég mæli nú fyrir er óbreytt niðurstaða starfshópsins.

Stefnumörkun stjórnvalda sem fram kemur í þessu frumvarpi er byggð á þeirri forsendu að miklir möguleikar geti verið fólgnir í að skapa ný verðmæti úr upplýsingum sem eru í vörslu stjórnvalda, t.d. með því að tengja þær við aðrar upplýsingar og búa þannig til nýjar afurðir.

Eftirspurn eftir opinberum upplýsingum til endurnotkunar hefur alltaf verið nokkur og fer vaxandi. Markmiðið er því að setja samræmdar lágmarksreglur um heimil endurnot þeirra opinberu upplýsinga sem almenningur á rétt til aðgangs að. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi skal aðili geta valið á milli þess að fá aðgang að þeim á því formi eða prentaðar á pappír. Stjórnvöld skulu birta á heimasíðum sínum lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslu sem heimilt er að endurnota, svo og upplýsingar um þau skilyrði sem endurnotin eru bundin.

Sú stefnumörkun sem fram kemur í þessu frumvarpi leggur áherslu á hóflega verðlagningu á opinberum upplýs-

ingum. Telji stjórnvald gjaldtöku nauðsynlega megi gjaldið að hámarki nema kostnaðinum við að afhenda, afrita eða dreifa upplýsingunum auk hóflegra afskrifta. Almennt skuli því ekki taka gjald fyrir söfnun eða framleiðslu gagna sem safnað er í opinberum tilgangi af stjórnvöldum. Þá leiðir einnig af þessari stefnumörkun að hið opinbera taki almennt ekki sérstaka þóknun fyrir endurnot á upplýsingum sem hið opinbera kann að eiga ýmist höfundarétt að eða rétt skv. 50. gr. höfundalaga. Eigi þriðji maður jafnframt réttindi yfir gögnunum samkvæmt höfundalögum falla gögnin utan við gildissvið þessa frumvarps.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal setja sér gjaldskrá fyrir að veita aðgang að upplýsingum eða gögnum til endurnota fyrir einkaaðila sem ráðherra staðfestir. Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda auk þess sem hún skal vera aðgengileg á heimasíðu stjórnvaldsins.

Vakin er athygli á því að sérlög og reglugerðir um verkefni ákveðinna stofnana veita nú rýmri heimildir til gjaldtöku fyrir upplýsingar úr opinberum skrám en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Má þar nefna Fasteignamat ríkisins, Landmælingar Íslands og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Þetta frumvarp haggar ekki þessum lagaákvæðum. Það er því í verkahring viðkomandi ráðuneytis að fara yfir þau ákvæði og leggja til nauðsynlegar breytingar sem samræmast anda þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í þessu frumvarpi.

Endurnot opinberra upplýsinga eru þó ekki leyfileg með hvaða hætti sem er. Ekki má endurnota þær þannig að það fari í bága við önnur lög eða réttindi þriðja manns. Engin einhlít regla gildir um höfundarétt að verkum sem kunna að falla undir endurnýtingarheimild frumvarpsins.

Meginregla höfundalaga er sú að höfundur verks er eigandi þess. Það ræðst af sambandi starfsmanns og atvinnurekanda hvort og með hvaða hætti höfundaréttur að verki, sem unnið er í þágu atvinnurekanda, yfirfærist frá starfsmanni til atvinnurekanda. Að lágmarki verður þó að ætla að stofnun öðlist óheftan nýtingarrétt á þeim verkum sem starfsmenn stofnunar hafa skilað af sér. Þannig má t.d. ætla að höfundaréttur að greinum, skýrslum, ljósmyndum og þess háttar efni sem starfsmaður hefur gagngert unnið að til birtingar á vegum stofnunar yfirfærist til hennar, að svo miklu leyti sem slíkt er stofnuninni nauðsynlegt til starfsemi sinnar.

Ákvæði í kaflanum um endurnot opinberra upplýsinga sem hér er mælt fyrir tekur til stofnana ríkis og sveitarfélaga og annarra opinberra aðila samkvæmt nánari skilgreiningu sem þar er að finna. Þó ná ákvæðin ekki til Ríkisútvarpsins, skóla, bóka og skjalasafna, rannsóknastofnana og menningarstofnana. Er það í samræmi við fyrrnefnda tilskipun Evrópusambandsins um endurnot opinberra upplýsinga.

Í 1. og 2. gr. frumvarpsins er kveðið skýrar en í gildandi upplýsingalögum á um afmörkun á upplýsingarétti almennings til samræmis við það sem lá að baki setningu laganna. Er það gert til að taka af allan vafa sem komið hefur upp við framkvæmd laganna, annars vegar með að tiltaka að þau gögn sem stjórnvöldum er skylt að veita almenningi aðgang að taki einvörðungu til fyrirliggjandi gagna í vörslu stjórnvalda og hins vegar með því að taka upp sérstakt ákvæði um að á stjórnvöld verði ekki lögð skylda til að útbúa ný gögn sérstaklega til að verða við beiðni.

Frú forseti. Ég hef í stuttu máli farið yfir þau áhersluatriði sem fram koma í frumvarpi til laga um breytingu á upplýsingalögum og snúa að mestu að innleiðingu nýrra ákvæða um að heimila þriðja aðila endurnot af opinberum upplýsingum í virðisaukandi starfsemi.

Ég leyfi mér að leggja til að frumvarpinu verði að lokinni þessar umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar þingsins.

[15:32]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Þetta frumvarp er hér komið öðru sinni og var vel tekið, held ég að megi segja, í fyrra skiptið sem það kom inn á þingið fyrir líklega ári.

Hæstv. forsætisráðherra tilgreindi nú, eins og sá síðasti gerði, að þetta frumvarp snerti ekki þau sérlög sem gilda um gjaldtöku fyrir upplýsingar á opinberum skrám, m.a. frá Fasteignamati ríkisins, Landmælingum Íslands og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Svo vill til að eftir að mælt var fyrir þessu frumvarpi samþykkti Alþingi í fyrra lög um eitt þessara fyrirtækja, Landmælingar Íslands, þar sem tiltekið var að aðgangur að upplýsingum sem það bærust væri þrengri og meiri gjaldtaka en hér er gert ráð fyrir.

Ég tók eftir að núverandi hæstv. forsætisráðherra sagði að það væri í verkahring viðkomandi ráðuneyta að fara yfir reglur þær og lög sem giltu um þessar þrjár stofnanir og leggja til breytingar sem samrýmast stefnumótun í þessu frumvarpi. Og ég vil ósköp einfaldlega spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi beint því til þeirra ráðherra sem þetta mál kemur helst við að gera það.

[15:33]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessar þrjár stofnanir eru nefndar þarna í dæmaskyni en þær kunna auðvitað að vera fleiri, þessi listi er ekki tæmandi. Hvað varðar þau tilmæli sem þingmaðurinn spurði um hefur það nú ekki verið gert á þessu stigi að beina sérstökum tilmælum til ráðuneyta út af þessu. Fyrst er að afgreiða lögin og síðan að taka til við að framkvæma þau.

[15:34]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Skýringin sem tilnefnd var í fyrra, þegar við ræddum um Landmælingar Íslands, á því hvernig stæði á því að lögin um Landmælingar Íslands pössuðu ekki við það frumvarp sem sjálfur hæstv. forsætisráðherra þá og nú aftur flytur, var sú að menn hefðu ekki fjármagn til að mæta þeim breytingum sem eðlilegar væru.

Þá vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra aftur: Er það af fjármagnsástæðum sem þær reglur sem gilda um Landmælingar Íslands eru ekki lagfærðar, ef við tölum sérstaklega um þær og ekki um Fasteignamat ríkisins og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og það fleira sem kann að vera í þessu og forsætisráðherra ætti auðvitað að telja hér upp? Er það af fjárhagsástæðum sem þetta er gert eða liggja einhverjar aðrar ástæður að baki?

Það er eðlilegt að spyrja forsætisráðherra að þessu, hann flytur þetta frumvarp og mælir fyrir því, og maður hlýtur að gera kröfu til þess að þegar um sérstakar undantekningar er að ræða frá meginhugsuninni í þessu frumvarpi, sem ég tel afar jákvæða og við samfylkingarmenn lýstum stuðningi við í fyrra, geti forsætisráðherra skilgreint nákvæmlega í hverju þessar undantekningar felast og af hverju þær stafa.

[15:35]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að leggja til að lögfestar verði ákveðnar meginlínur varðandi endurnot og notkun á opinberum upplýsingum. Þegar sú lína hefur verið samþykkt á Alþingi í lögum er næsta verkefni að fela ráðuneytum að samræma gildandi lög á öðrum vettvangi hinum nýju lögum hvað þetta varðar. Þess vegna hefur ekki komið til þess að taka þurfi afstöðu til einhverra fjárveitingabeiðna eða þess háttar atriða af hálfu einstakra stofnana. Málið er bara ekki það langt komið.

[15:36]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra á hverju sú aðgreining byggir í greinargerð þar sem vísað er í og verið er að fjalla um undantekningar í 3. mgr. 25. gr. Þar er verið að telja upp og vísað í tilskipunina að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. um miðlun þessara upplýsinga með ljósritun eða afhendingu rafrænna gagna gildi ákvæði kaflans ekki um Ríkisútvarpið, ekki um skóla-, bóka- og skjalasöfn eða rannsóknastofnanir og ekki um menningarstofnanir, enda þótt viðkomandi ráðherra geti síðan mælt fyrir í reglugerð að starfsemi slíkra stofnana falli þar undir.

Í greinargerðinni eru taldar upp rannsóknastofnanir sem af einhverjum ástæðum, mér huldum, eru taldar falla undir þetta undanþáguákvæði, þ.e. Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir. Síðan er fjallað aðeins um menningarstofnanir og nokkru síðar kemur — og þarna er alltaf verið að vísa í e-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar:

„Sem dæmi um stofnanir sem hins vegar verða taldar falla undir ákvæði kaflans þrátt fyrir að þær sinni ákveðnum rannsóknum eru Landmælingar Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofa Íslands.“

Á hverju nákvæmlega byggir aðgreining þeirra rannsóknastofnana sem þarna eru taldar upp?

[15:38]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni er sú undanþága sem þingmaðurinn spyr um tilkomin vegna beinna ákvæða í fyrrnefndri tilskipun og það er reynt að hafa þessi lög í samræmi við umrædda tilskipun. Ef þar er eitthvert frávik eða eitthvað sem kemur hv. þingmanni, sérstaklega undarlega fyrir sjónir þegar hún rannsakar greinargerð frumvarpsins þá er upplagt að fá botn í slíkt mál í nefndarstarfi þingsins. Til þess er það starf hugsað.

[15:39]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra svarar því til og ég vænti þess, frú forseti, að farið verði nákvæmlega ofan í saumana á því á hverju þessi aðgreining byggir.

Það er mjög mikilvægt að tengja það frumvarp sem hér liggur fyrir við málefni upplýsingasamfélagsins og þá fjármuni sem veittir eru í því skyni til rannsóknastofnana eins og þær sem hér um ræðir. Ég hrekk auðvitað við þar sem málið er mér skylt sem starfsmanni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ég veit að þar er safnað upplýsingum um hluti sem leynt eiga og leynt verða að fara og nægir að nefna fálkasetur eða arnasetur, staðsetningu á sjaldgæfum og friðlýstum plöntum og eitthvað slíkt. Ef með greinargerð sem þessari er hægt að fullyrða að sækja megi öll gögn til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna þess að hún falli ekki, eins og til að mynda Hafrannsóknastofnun eða Íslenskar orkurannsóknir, undir e-lið 1. gr. þessarar tilskipunar, þá þurfa menn að koma með mjög ákveðnar skýringar og röksemdir fyrir því hvers vegna svo sé. Það er enginn eðlismunur á rannsóknum þessara stofnana, Veðurstofunnar eða Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar eða Íslenskra orkurannsókna. Ég vildi bara vekja athygli á þessu.

[15:41]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlusta á ábendingar þingmannsins af mikilli athygli, hún er sérfræðingur í tilteknum rannsóknum í tiltekinni stofnun. Ef það er svo að eitthvað athugavert er við þá flokkun sem hér liggur fyrir hvað varðar Náttúrufræðistofnun Íslands þá er sjálfsagt að athuga það og ég mælist til þess að það verði gert í þingnefndinni.

[15:41]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum hér, um endurnot opinberra upplýsinga, var til talsverðrar meðferðar í allsherjarnefnd í fyrra. Þar fengum við t.d. á fund nefndarinnar Pál Hreinsson til að fara yfir frumvarpið og þá lagasmíð sem að baki því liggur og þá greinargerð sem með því fylgir og það reyndist mjög gagnlegt til að varpa ljósi á ýmsa þætti málsins, eins og t.d. þann sem hv. þingmaður vakti athygli á í andsvörum rétt áðan, sem skipta mjög miklu máli.

Páll varpaði ljósi á ýmis atriði í þessu máli, sem er mjög flókið og mikilvægt mál, þetta er grundvallarmál sem opnar aðgengi margra að opinberum upplýsingum. Það er mikil auðlind, það er hægt að vinna mikil verðmæti úr þessum gögnum og áríðandi, eins og meginmarkmið frumvarpsins lýtur að, að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila til að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og gera þeim kleift að hagnýta möguleika og stuðla að hagvexti og atvinnusköpun í víðasta skilningi þeirra orða. Það gerir málið svo sannarlega að mínu mati. Þessi breyting á upplýsingalögum er mjög tímabær og nauðsynleg og lýtur að því að opna stjórnkerfið fyrir hinum almenna borgara og rauði þráðurinn, og það sem liggur á bak við upplýsingalögin og stjórnsýslulögin sem sett voru á sínum tíma, er að gjörðir og ákvarðanir stjórnvalda þoli dagsins ljós og að þessar opin-

beru upplýsingar geti nýst fleirum en einungis opinberum aðilum. Það er ákaflega mikilvægt og það er auðlind sem opnast mörgum borgurum landsins og mörgum sjálfstætt starfandi fyrirtækjum og aðilum og mun örugglega skapa mikinn auð þegar fram í sækir og er mjög sjálfsagt að verði gert.

Þetta þarf að skoða vel í nefndinni, ekki síst með hliðsjón af þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið, og sérstaklega í ljósi þeirra undantekninga sem eru frá svo víðtækum og gagngerum lagabreytingum sem þessari, eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi áðan.

Virðulegi forseti. Þetta mál fjallar um breytingu á upplýsingalögum. Eins og allir vita eru upplýsingalögin afar mikilvæg í stjórnsýslu og stjórnkerfi okkar og hafa margítrekað sannað gildi sitt. Því skiptir máli að þessi lög séu í stakk búin til að mæta því markmiði sem þau eiga að ná og þess vegna er áríðandi að stoppa í öll göt, taka fyrir allar efasemdir eins og andsvör beggja hv. þingmanna gáfu til kynna áðan.

Hér er um að ræða frumvarp sem leggur til að lögleidd verði ákvæði um endurnot opinberra upplýsinga. Frumvarpið er byggt á tilskipun Evrópusambandsins um endurnotkun opinberra upplýsinga þó að í því sé lagt til að gengið verði lengra í að þrengja gjaldtökuheimildir af upplýsingum og opinberum skrám og höfundarétti ríkisins á þessum upplýsingum en er í sjálfri tilskipuninni sem liggur að baki þess. Samkvæmt frumvarpinu verður stjórnvöldum skylt, með ýmsum takmörkunum þó, að veita aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekin mál. Það eru stjórnvöld sem ákveða hvort gögn sem heimilt er að veita aðgang að séu sýnd eða af þeim veitt ljósrit eða afrit. Í þeim tilvikum sem stjórnvöld ljósrita eða afrita gögn og láta einkaaðila í té ber að taka gjald samkvæmt gjaldskrá sem hæstv. forsætisráðherra ákveður. Því vildi ég spyrja hæstv. forsætisráðherra út í þessa gjaldskrá, sem komið er inn á í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins, og hvort það sé réttur skilningur að um sé að ræða gjaldskrá sem byggist á meginreglunni um þjónustugjald, þ.e. að ekki megi rukka hærra verð, sem er algert grundvallaratriði, en nemur þeim kostnaði sem hlýst af viðkomandi þjónustu, að gjaldið miðist einungis við að borgað sé fyrir þann kostnað sem kostar hina opinberu stofnun að láta upplýsingarnar í té, af því að hluti skilgreiningar á þjónustugjaldi er að ekki megi rukka hærra verð fyrir það en sem viðkomandi þjónusta kostar. Um þetta höfum við oft deilt í þinginu og þetta aðskilur t.d. þjónustugjald frá skatti.

Við tókumst t.d. á um það, eins og í þinginu í hittiðfyrra, sem laut að skráningargjöldum í Háskóla Íslands og raunar í öllum opinberu háskólunum, Kennaraháskólann, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Þá var því haldið fram af stjórnarliðum að um væri að ræða þjónustugjald þrátt fyrir að komið hefði skýrt fram að gjaldið væri hærra en sem nam kostnaði við skráninguna beint, enda var sama gjaldið sett á sem skráningargjald í alla skólana. Við stjórnarandstæðingar margir héldum því fram að hér væri um að ræða tekjulið fyrir háskólana, nokkurs konar skólagjöld sem verið væri að koma á bakdyramegin í formi þjónustugjalda. Það væri í rauninni verið að blekkja og fara ranglega með út frá því. Þess vegna er þessi umræða mjög mikilvæg og því spyr ég hæstv. ráðherra að þessu.

Það var ljóst að okkar mati að ekki væri um þjónustugjald að ræða heldur upphæð sem ákveðin var í lögum og ætti miklu meira skylt við skatt, enda er sjálfsagt hæpið að setja lög sem tiltaka ákveðna upphæð ef þau eiga einungis að miðast við kostnaðinn af þjónustunni í mörgum ólíkum stofnunum. Því langaði mig að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hér sé um að ræða þjónustugjald eða getur hann ákveðið hærra verð í þessari gjaldskrá en þjónustan kostar? Það þarf að vera alveg ljóst undir hvað þetta fellur.

Önnur spurning sem ég vildi beina til forsætisráðherra varðar 6. gr. og lýtur að sérleyfissamningum. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Sérleyfissamningar um endurnot opinberra upplýsinga sem ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. 28. gr. skulu renna út eigi síðar en 31. desember 2008.“

Því spyr ég hæstv. forsætisráðherra hvort honum sé kunnugt um að slíkir sérleyfissamningar séu til staðar nú þegar. Hefur hið opinbera gert þess háttar sérleyfissamninga um nýtingu á opinberum upplýsingum, sem samkvæmt þessari grein þyrfti þá væntanlega að rifta með einhverjum hætti og endurtaka? Ég spyr hæstv. ráðherra út í þetta.

Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar er margt jákvætt í þessu frumvarpi, í grunninn er þetta mikil lagabót að mínu mati og okkar samfylkingarmanna og var mjög athyglisvert að fást við þetta mál í allsherjarnefnd í fyrra. Þetta er flókið mál og mikið að vöxtum, að mörgu þarf að gæta og að mörgu þarf að hyggja til að koma í veg fyrir að einhver mistök eigi sér stað við lagasetninguna eins og getið var um áðan, að opinberri stofnun sé skylt að veita aðgang að upplýsingum sem þurfa eðli málsins samkvæmt að fara leynt, eins og t.d. hjá Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem augljóslega er um að ræða upplýsingar um viðkvæma stofna dýra og plantna sem þurfa að fara leynt, t.d. viðverustaðir, stofnstærðir o.fl. Það er mjög mikilvægt að opinberar stofnanir sem safna slíkum upplýsingum geti gert það án þess að hægt sé að gera kröfu um að þær verði gerðar opinberar, jafnframt því sem það verður líka að vera á hreinu að engin stofnun geti skákað í skjóli slíkra undantekninga og komið í veg fyrir aðgang að opinberum upplýsingum sem annars væri mjög eðlilegt að veita fullan aðgang að eins og um er að ræða í langflestum tilfellum. Endurnot opinberra upplýsinga geta átt sér stað og munu eiga sér stað ef rétt er á málum haldið og takist okkur að ljúka þessari lagagerð sem tókst ekki í fyrra enda er málið, eins og ég sagði, mikið að vöxtum og flókið og mál sem þarf að vanda mjög vel til.

Ég ítreka óskir um að Páll Hreinsson komi aftur fyrir allsherjarnefnd og geri glögga grein fyrir mörgum hinum flóknari og yfirgripsmeiri þáttum þessa lagafrumvarps. Hefur sá mæti lögmaður oft komið fyrir nefndina í ýmsum málum og er sérstaklega glöggur og snjall í því að varpa ljósi á hin flóknustu mál þar sem vel þarf að takast til. Vona ég því að málið nái fram að ganga núna þar sem við höfum enn þá betri tíma til að ljúka gerð þess og stoppa upp í það sem við ræddum um áðan. Ég hef beint nokkrum spurningum til hæstv. forsætisráðherra, annars vegar um þjónustugjald og skatt og hins vegar um sérleyfissamningana, en vil ítreka að lokum að ég tek undir meginmarkmið frumvarpsins sem er að sjálfsögðu að það er jákvætt og mikilvægt að

auka aðgang almennings að opinberum upplýsingum. Við eigum að stuðla að gegnsæju, opnu stjórnkerfi þar sem stjórnvaldið er opnað og fært nær hinum almenna borgara, ég tek eindregið undir þá lagagerð. Þetta er, eins og margar aðrar tilskipanir sem við höfum fengið frá Evrópusambandinu, mjög til bóta fyrir hinn almenna borgara í landinu og fagna ég því málinu sem slíku og vona að það nái fram að ganga í endanlegri mynd í þinginu síðar í vetur.

[15:52]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það mál sem við ræðum hér, frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, teljum við í Frjálslynda flokknum mjög jákvætt mál.

Ég ætla ekki að hafa langa tölu um efni frumvarpsins en því má bæta við að sumt af því sem flutt var fyrr í umræðunni er nánast nákvæmlega það sama og flutt var fyrir ári, m.a. ræða frumflytjanda, hæstv. forsætisráðherra, og þeir sem skrifa upp ræðuna geta þá sparað sér að eyða mikilli vinnu í það því að þetta virðist vera sama ræða og fráfarandi forsætisráðherra flutti þá, hæstv. forsætisráðherra flutti nánast sömu ræðu og Halldór Ásgrímsson gerði þá. Var kannski ekki við að búast miklum breytingum á ræðunni því að þetta er sama málið, en samt sem áður hefur eitt og annað breyst í þessu umhverfi, stofnanaumhverfi, t.d. má nefna að til stendur að stofna Matvælarannsóknir hf. um næstu áramót. Væri fróðlegt að fá að vita hjá hæstv. forsætisráðherra hvort þetta frumvarp hafi að einhverju leyti tekið mið af því breytta umhverfi sem er að verða í þessum geira. Og af því að þetta frumvarp miðar að framþróun og því að búa til lagaumgjörð utan um nýtt upplýsingasamfélag sem er að myndast, finnst mér að við ættum að hafa það að leiðarljósi í vinnunni við lagagerðina að hafa sem mest opið þannig að sem allra mestar upplýsingar séu opnar sem flestum í því augnamiði að endurnot af þeim geti nýst til frekari verðmætasköpunar í samfélaginu. Í heild er þetta mjög jákvætt mál sem ber að líta mjög jákvæðum augum og greiða leið þess í gegnum þingið.

Fleiri spurningar vakna við þetta frumvarp en sú sem ég bar fram, hvort tillit hafi verið tekið til breyttra hátta hvað varðar rannsóknastofnanir í landinu. Það þarf líka að velta fyrir sér hvort þetta hafi að einhverju leyti áhrif á sértekjustofnana. Það skiptir verulega miklu máli. Ég var á fundi í umhverfisnefnd þingsins og þar ræddu menn um að verið væri að gera auknar kröfur til ýmissa rannsóknastofnana og fræðistofnana um að afla sér meiri sértekna. Þegar gerðar eru slíkar kröfur um auknar sértekjur verða menn líka að velta fyrir sér hvort lagasetning sem þessi skerðir möguleikana til að afla þeirra tekna sem ætlast er til af stofnununum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta ágæta frumvarp og læt máli mínu lokið.

[15:55]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið í þessari umræðu. Þingmenn þekkja málið vegna þess að það er endurflutt nú og þingmenn gátu kynnt sér það á síðasta þingi.

Hér er um það að ræða að aðlaga íslenska löggjöf að tilskipun frá Evrópusambandinu um þetta málefni og auðvitað er þetta frumvarp í takt við þá tilskipun og þá strauma sem á bak við hana liggja.

Varðandi það hvort gjaldtakan fyrir upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps teljist vera þjónustugjald þá er það vissulega svo. Það er talað um að taka megi gjald sem nemi að hámarki kostnaðinum við að afhenda, afrita eða dreifa upplýsingum auk hóflegra afskrifta. Þetta er sem sagt þjónustugjald.

Varðandi sérleyfisgjöldin þá er mér ekki kunnugt um hvort slíkur samningur liggi einhvers staðar fyrir í kerfinu. Ég hygg að svo sé ekki en ef svo er kemur það væntanlega í ljós við umfjöllun um málið í nefndinni hvort eitthvað slíkt liggur fyrir, sem mér er ekki kunnugt um.

Varðandi matvælarannsóknirnar þá er þar um að ræða ohf.-fyrirtæki, opinbert hlutafélag, og um það gilda sérstakar reglur. Upplýsingaskylda slíkra félaga er meiri en almennra hlutafélaga og það félag er vissulega opinber aðili í venjulegum skilningi.

Ég þakka undirtektirnar og vona að málið fái greiða afgreiðslu í þingnefndinni að þessu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vísinda- og tækniráð, 1. umr.*

Stjfrv., 295. mál (verksvið og heiti ráðsins). — Þskj. 308.

[15:58]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð. Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt og er því lagt fram að nýju óbreytt.

Með lögum um Vísinda- og tækniráð sem Alþingi samþykkti í ársbyrjun 2003 voru málefni vísinda og tækni samræmd og færð upp á efsta stig stjórnsýslunnar. Í ljósi aukinnar samkeppni og alþjóðavæðingar þótti nauðsynlegt að tryggja svo sem kostur er að fjármunir sem varið er til vísindarannsókna og tækniþróunar séu nýttir á markvissari hátt en áður og dugi til að ryðja nýrri þekkingu braut og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Í Vísinda- og tækniráði koma saman ráðherrar, vísindamenn og fulltrúar atvinnulífs. Ráðið, sem er skipað til þriggja ára í senn, mótar stefnu í málefnum vísindarannsókna og tækniþróunar. Meginmarkmið stefnunnar er að treysta menningarlega og efnahagslega stöðu Íslands í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi þar sem höfuðáhersla er lögð á að auka úthlutunarfé opinberra samkeppnissjóða, efla háskóla sem rannsóknastofnanir og endurskilgreina skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi iðnaðar- og viðskiptaráðherra um opinberan stuðning við tækni- rannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að sameina Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Byggðastofnun í nýja

stofnun er heiti Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Miðstöðin verður þekkingarsetur þar sem saman koma tæknirannsóknir með tengsl við rannsóknir í háskólum og háskólasetrum annars vegar og þróunarstarfsemi fyrirtækja hins vegar. Þess vegna er lagt til í frumvarpi þessu að útvíkka starfsemi Vísinda- og tækniráðs til samræmis þannig að það taki til umfjöllunar málefni atvinnuþróunar auk málefna vísinda, tækni og nýsköpunar eins og nú er gert. Útvíkkun á starfsemi Vísinda- og tækniráðs með þessum hætti eykur þýðingu þess í stefnumótun ríkisstjórnarinnar í atvinnuþróun. Vegna þessarar viðbótar við verksvið ráðsins er lagt til að nafn þess taki breytingum til samræmis og það verði framvegis nefnt Vísinda- og nýsköpunarráð. Þá er gerð tillaga um að fulltrúum í ráðinu verði fjölgað um tvo sem forsætisráðherra skipi án tilnefningar og komi þeir frá atvinnulífinu. Jafnframt er gert ráð fyrir að forsætisráðherra verði heimilt að kveðja allt að fjóra ráðherra til setu í ráðinu í stað tveggja samkvæmt núverandi skipan.

Eftir sem áður verða tvær nefndir starfandi á vegum ráðsins sem undirbúa málefni Vísinda- og tækniráðs á milli funda þess. Annars vegar er vísindanefnd sem undirbýr stefnu stjórnvalda á sviði grunn- og hagkvæmra vísindarannsókna. Hins vegar verður nýsköpunarnefnd sem undirbýr stefnu á sviði tækni, nýsköpunar og atvinnuþróunar. Náið samstarf þarf að vera á milli þeirra enda um eina samfellda stefnu að ræða. Sú stefna þarf að taka til þátta sem fram til þessa hafa ekki verið á dagskrá ráðsins. Markmiðið er að vísinda- og nýsköpunarstefna ríkisstjórnarinnar geti orðið svo heildstæð að ýmiss konar sértækari stefnumótun verði samræmd með henni eða jafnvel falli inn í hana. Hér er m.a. vísað til stefnumótandi byggðaáætlunar sem er á verksviði iðnaðarráðuneytis. Byggðaáætlunin byggir nú þegar að talsverðu leyti á stefnu Vísinda- og tækniráðs og tekur einnig tillit til fjarskiptaáætlunar og stefnu í sveitarstjórnarmálum, svo að dæmi séu nefnd. Atvinnupólitísk stefnumótun Vísinda- og nýsköpunarráðs gæti orðið samnefnari slíkrar afmarkaðri stefnumótunar.

Gert er ráð fyrir að ákvæði þessa frumvarps taki gildi 1. janúar 2007 og skipi þá forsætisráðherra fyrrnefnda tvo nýja fulltrúa til setu í ráðinu til loka mars 2009.

Ég legg til, virðulegur forseti, að máli þessu verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[16:02]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka undir markmið frumvarpsins um að verksvið núverandi Vísinda- og tækniráðs samkvæmt lögum verði útvíkkað þannig að það nái einnig til nýsköpunar og atvinnuþróunar í landinu. Eins og hæstv. forsætisráðherra gat um er það atvinnupólitískt stórmál.

Hins vegar er það svo að lagasetning sem þessi og stór orð um að efla nýsköpun og hátækniiðnað öðlast ákaflega lítið inntak og ekki gerist neitt í þeim efnum nema ráðist sé í afskaplega öflugt átak til að efla nýsköpun og hátækni hvers konar í landinu. Það kom fram í svari hæstv. fjármálaráðherra til mín fyrr á þessu ári, á síðasta þingi, að hlutfall hátæknigreina í landsframleiðslu er einungis um 4% og það þarf að ráðast í mjög stórbrotnar framkvæmdir til að efla það. Ef á að efla rannsóknir og nýsköpun hvers konar er náttúrlega nauðsynlegast af öllu að veita miklu meira fé til rannsókna í háskólunum. Framlög til háskólanna hafa á undanförnum árum einungis hangið í fjölgun nemenda, og ekki það einu sinni. Engin raunaukning hefur átt sér stað, engin fjárfesting á sér stað í rannsóknum innan háskólanna. Því vildi ég spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það verði ekki að fylgja atvinnupólitískum málum eins og þessu eftir með einhverjum róttækum aðgerðum eins og því að fjárfesta duglega í rannsóknum í menntakerfinu og svo að byggja undir nýsköpunina með því t.d. að endurgreiða nýsköpunarfyrirtækjunum tiltekna prósentu af hönnunar- og framleiðslukostnaði í tiltekið árabil af tilteknum verkefnum.

[16:04]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með frumvarpi þessu til laga er lagt til að rammanum utan um þessi mál verði breytt. Hvað síðan verður sett inn í þann ramma fer eftir öðrum ákvörðunum sem m.a. Alþingi getur tekið varðandi fjárveitingar og fleira í þeim dúr, en það er að sjálfsögðu sjálfstæð ákvörðun hverju sinni.

[16:04]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt, það eru sjálfstæðar ákvarðanir hverju sinni. En við tilefni og tækifæri sem þessi þegar verið er að mæla fyrir breytingu á lögum sem skipta miklu máli í vísinda- og tæknistarfi í landinu er mjög gott að kalla eftir framtíðarsýn æðstu ráðamanna landsins í þeim málaflokkum.

Nú er hæstv. forsætisráðherra að mæla öðru sinni fyrir þessu máli sem um margt er ágætt og það er hægt að taka undir mörg markmið þess. Við förum í gegnum það í umræðunni hér í dag og í fagnefndinni síðar. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það sé ekki ástæða til að varpa ljósi á það hver helstu fyrirheit hæstv. forsætisráðherra eru til að koma pólitískt til móts við þetta, til að fylgja eftir þessari framtíðarsýn og gæða hana einhverju inntaki. Það var stórpólitísk ákvörðun á sínum tíma að ráðast í stórbrotnar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir. Það er stórpólitísk atvinnumálaákvörðun ef það á að gera eitthvað annað eins og hér er gefið til kynna að eigi að gera.

Þess vegna spyr ég hæstv. forsætisráðherra, eins og hæstv. forsætisráðherra, forveri hans, var spurður við þessa umræðu í fyrra, hvort t.d. kæmi til greina að beita ívilnunum ýmiss konar til að efla nýsköpunarfyrirtækin og eins hvort það standi til að endurskoða sveltistefnuna í háskólunum. Það er einhvern veginn verið að þvinga þá til að taka upp skólagjöld til að standa undir starfsemi sinni og auknum nemendafjölda, það er ekkert verið að gera til að fjárfesta og efla rannsóknastarf háskólanna, nákvæmlega ekki neitt.

Þetta eru hinar stóru pólitísku línur sem hæstv. forsætisráðherra, öllum mönnum fremur, á að leggja og þess vegna er kallað eftir þeim hér í dag þó svo að hann sé ekki nauðbeygður til að draga þær fram einungis út af þessu frumvarpi. Tækifærið er til staðar.

[16:06]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Hér er um stefnubreytingu að ræða sem m.a. kemur fram í nýju nafni ráðsins en þegar leitað er að grundvelli og útfærslu þessarar stefnubreytingar þynnist þrettándinn nokkuð í greinargerðinni og í ræðu hæstv. forsætisráðherra.

Tvennu fer ég fram á að hæstv. flutningsmaður svari mér nú, annars vegar því hvort stefnumótun ráðsins, þar sem sitja fjórir ráðherrar og tveir sérskipaðir fulltrúar hæstv. forsætisráðherra úr atvinnulífinu, er ætlað að hafa áhrif á tillögur fagráðanna um úthlutun úr rannsóknasjóði. Í öðru lagi: Hver er skýringin á þeim orðum í greinargerð með þessu frumvarpi að sú stefna sem móta á þurfi, með leyfi forseta, „að taka til þátta sem fram til þessa hafa ekki verið á dagskrá ráðsins“? Hvaða þættir eru það?

[16:08]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki með svörin á reiðum höndum við þessum spurningum og mælist til þess að þingmaðurinn beri þær fram í hv. allsherjarnefnd.

[16:08]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Þingmaðurinn er ekki í allsherjarnefnd, þingmaðurinn situr í menntamálanefnd. Það er auðvitað sjálfsagt að verða við bón hæstv. forsætisráðherra um að kalla málið inn til menntamálanefndar þannig að hún geti gert sér grein fyrir því með hvaða hætti sú stefnumótun sem hér er áskilin á að hafa áhrif á úthlutanir fagráðanna sem skipuleggja, taka við umsóknum og fara í gegnum þær, annars vegar þeirrar nefndar sem nú á að kalla nýsköpunarnefnd og hins vegar vísindanefndarinnar. Þetta eru spurningar sem fræðimenn og rannsakendur, bæði innan skólanna og í fyrirtækjunum um allt land, fara fram á að fá svör við.

Hins vegar hlýtur, forseti, að vera hægt að ætlast til þess að þegar flutningsmenn stjórnarfrumvarpa koma hér, hæstv. ráðherrar, geti þeir svarað út úr um setningar sem standa í þeirra eigin greinargerðum. Nú geri ég mér grein fyrir því að hæstv. forsætisráðherra Geir Haarde skrifar sennilega ekki greinargerðirnar með frumvörpum sínum en hann flytur þau, hann tekur á þeim ábyrgð og hann á að geta svarað spurningum sem varða beinlínis setningar sem standa í greinargerðunum. Hér er ekki verið að fara út fyrir efnið, hér er ekki verið að spyrja um aukaatriði eða mál sem snerta ekki það efni sem hér er rætt. Hér stendur á þriðju síðu ofarlega, þegar þriðjungi er lokið af þeim texta sem þar er í þessu frumvarpi, í athugasemdum við lagafrumvarp þetta, með leyfi forseta:

„Sú stefna“ — þ.e. sú stefna sem ráðinu er ætlað að móta — „þarf að taka til þátta sem fram til þessa hafa ekki verið á dagskrá ráðsins.“

Ég spyr, maður auðvitað undir þeirri meðalgreind sem viðgengst í forsætisráðuneytinu, en þó maður sem kjörinn er á Alþingi Íslendinga til þess að spyrja slíkra spurninga: Hvaða þættir eru það?

[16:10]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er auðvitað verið að tala um að gera nokkrar breytingar á núverandi Vísinda- og tækniráði, m.a. að breyta nafni þess úr Vísinda- og tækniráði í Vísinda- og nýsköpunarráð. Það er gert ráð fyrir því að eftir sem áður verði tvær nefndir, vísindanefnd og nýsköpunarnefnd, (Gripið fram í.) og að það verði meiri áhersla, samanber nafnbreytinguna, á svokölluð nýsköpunarmál. Út á það gengur þetta frumvarp í stórum dráttum þannig að þættir sem tilheyra nýsköpunarmálum og ekki hafa fram til þessa verið ræddir á vettvangi þessa ráðs komi — eins og hv. þingmaður vitnaði til, að stefna ráðsins þurfi að ná til þátta sem fram til þessa hafa ekki verið á dagskrá ráðsins, þar á meðal atriða á nýsköpunarvettvangnum.

Ég vil svo bæta því við, virðulegur forseti, að ég geri enga athugasemd við það að þetta frumvarp gangi frá allsherjarnefnd til menntamálanefndar til umsagnar. Þvert á móti teldi ég að það væri gagn að því. (Gripið fram í.)

[16:12]

**Björgvin G. Sigurðsson**:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka undir það með hv. þm. Merði Árnasyni og hæstv. forsætisráðherra að málið gangi einnig til menntamálanefndar. Ég sit jafnframt í allsherjarnefnd en það er sjálfsagt mál enda heyrir það mjög undir menntamálanefnd.

Hér er um að ræða stórmál, hér er um að ræða mál sem hefur með að gera stefnumótun stjórnvalda í vísinda- og tækniþróun og nýsköpun þar sem lagt er upp með „að samræma ólík sjónarmið ráðuneyta“, eins og segir hér, með leyfi forseta, „og skapa aukinn skilning og tengsl milli háskóla og fyrirtækja. Þá hefur samhæfing opinberra samkeppnissjóða verið árangursrík“.

Það vekur athygli á því hvað það væri mikilvægt að við værum búin að nútímavæða Stjórnarráðið með þeim hætti að hér væri í landinu starfandi eitt atvinnuvegaráðuneyti en ekki mörg lítil og úrelt ráðuneyti sem sum hver þjóna afskaplega litlum tilgangi. Það væri til mikilla bóta ef það væri búið að sameina atvinnuvegaráðuneytin í eitt og svo væri menntamálaráðuneytið stórt og öflugt þarna við hliðina.

Eins og ég kom inn á í andsvari mínu áðan öðlast stefna stjórnvalda, hin heildstæða og sértæka stefnumótun, hvort sem um er að ræða í sambandi við vísinda- og tæknistarf eða byggðaáætlanir, ekkert inntak. „Atvinnupólitísk stefnumótun Vísinda- og nýsköpunarráðs“ eins og segir hér „gæti orðið samnefnari slíkrar afmarkaðri stefnumótunar“ öðlast ekkert inntak nema þessum orðum fylgi athafnir sem felast í fjárfestingum í skólunum, fjárfestingum í rannsóknastarfi háskólanna. Það er mikilvægast af þessu öllu til að vísindarannsóknirnar nái fram að ganga.

Ég lýsti þeirri skoðun að það mætti gjarnan spyrða byggðamálin meira inn í þennan málaflokk og þá mikilvægu uppbyggingu að sameina stofnanir sem hafa með atvinnuþróun að gera. Það er ljóst að hugmyndin á bak við frumvarpið um Vísinda- og tækniráð er góð og þar liggur góður ásetningur að baki og þess vegna er nauðsynlegt að

staldra við það sem gæti gætt slíkt frumvarp raunverulegu inntaki.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Meðal annars hefur skilningur aukist á mikilvægi vísindarannsókna fyrir efnahagslegar framfarir."

Vildi ég byrja á því að fagna því að loksins hafi fengist í rauninni framgengt hjá hæstv. ríkisstjórn opinber og viðurkenndur skilningur á mikilvægi vísindarannsókna fyrir efnahagslegar framfarir vegna þess að framlög til þessara málaflokka í landinu, og þá ekki síst til rannsókna innan háskólanna, hafa verið af ákaflega skornum skammti. Við höfum margoft bent á mikilvægi þess að verja auknu fjármagni til rannsóknastofnana í landinu og þá ekki síst hins stóra og mikla rannsóknaháskóla okkar Íslendinga allra, Háskóla Íslands, sem hefur búið við hörmulegar aðstæður einmitt á þeim missirum sem hann þyrfti að fá mikið fjármagn til að komast í fremstu röð.

Rætt er um að Háskóli Íslands verði einn af hundrað bestu háskólum í heimi. Það er háleitt og stórbrotið markmið en til að skólinn eigi möguleika á því einu að komast í hóp 500 bestu háskólanna í heiminum er aðalmálið að efla rannsóknaþátt skólans. Það er það sem skilur á milli hinna bestu og þeirra sem skipa miðlunginn eða hina lakari skóla.

Öflugustu og bestu háskólarnir í heiminum eru langflestir bandarískir og nokkrir breskir. Af tíu bestu háskólum í heiminum sem almennt eru viðurkenndir eru átta bandarískir og tveir breskir. Þeir skólar hafa mikið fjárhagslegt svigrúm, bæði frá hinu opinbera vissulega og einkaaðilum, hvort sem það eru fyrirtæki, stofnanir eða í formi skólagjalda. En þar er allt lagt upp úr rannsóknaþættinum. Þetta eru öflugustu rannsóknaháskólar í heiminum.

Til að vísinda- og tæknistarfsemi í landinu eflist og skipti verulegu máli í atvinnupólitísku samhengi, eins og segir í frumvarpinu svo ágætlega, markmið frumvarpsins er gott, þarf að ráðast í stórbrotnar fjárfestingar í menntakerfinu. Stórbrotnar fjárfestingar í háskólunum sem hafa verið fjársveltir og þau mistök hafa átt sér stað að þeir eru orðnir allt of margir. Þá er ég sérstaklega að meina Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sem rætt hefur verið um að sameina og ætti að sjálfsögðu að gera að mínu mati. Að sameina þá skóla og byggja þar upp einn af öflugustu rannsóknaháskólum í heiminum. Ef það mætti fram ganga þyrfti það að eiga sér stað með umfangsmiklum fjárfestingum. Þess vegna spyr ég hæstv. forsætisráðherra um stórpólitísku línurnar í því máli því þeim er ekki að finna stað í fjárlögum t.d. þessa árs.

Þá vildi ég nefna við hæstv. forsætisráðherra að sóknarfærin til framtíðar er að sjálfsögðu að finna í vísinda- og hátæknigreinunum í allri sinni mynd og undir það fellur margt. Því nefndi ég að í svari hæstv. iðnaðarráðherra til mín við fyrirspurn um hátækni- og nýsköpunargreinar kemur fram að framlag hátækniiðnaðarins til landsframleiðslu hefur vissulega aukist frá því að vera 0,2% árið 1990 í 3,9% árið 2004. Vissulega er það mikil aukning en samt sem áður er þetta allt of lítill hluti af þjóðarframleiðslunni.

Það sem er áhugavert í því svari, og ég tel að Vísinda- og tækniráð ætti að skoða sérstaklega, er að hægst hefur verulega á vextinum í hátækniiðnaðinum á undanförnum árum. Stóra stökkið átti sér stað milli 1990 og 2000. Síðan hægir verulega á og núna síðustu missirin stendur hlutdeild hátækniiðnaðarins í þjóðarframleiðslunni algerlega í stað. Þess vegna kalla ég eftir stórpólitískum línum hjá hæstv. forsætisráðherra í þessum málum.

Það er áhyggjuefni að verðmæti hátæknigreinanna, þó að aukning sé á milli ára, hefur dregist verulega saman frá árinu 2000. Þetta er eitthvað sem verður að skoða sérstaklega og leggja áherslu á að við þurfum að byggja hátækniiðnaðinum í landinu almennilegt umhverfi, fyrsta flokks umhverfi, vegna þess að við viljum ekki missa þetta úr landi. Sóknarfærin í atvinnumálum Íslendinga eru gífurleg. Þá erum við að tala um byggðamál, menntamál og atvinnumál að sjálfsögðu. Það tekur til þess alls. Því verður að búa vel að slíkum fyrirtækjum.

Því spyr ég og spurði fyrr í dag hæstv. forsætisráðherra um það er lýtur að umhverfi þessara hátæknifyrirtækja, sem er að mörgu leyti ágætt, en hann svaraði því ekki. Það dugir ekki nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum að vera með fyrsta flokks regluverk í kringum sig. Lágur tekjuskattur á fyrirtæki duga slíkum fyrirtækjum ekki vegna þess að fyrstu 10–15 árin í starfsemi fyrirtækjanna skila þau litlum tekjum eða engum arði og greiða þar af leiðandi ekki tekjuskatt. Því gagnast sú staða þeim ekki.

Því tel ég og við höfum talað fyrir því í Samfylkingunni. að sérstakar aðgerðir verði að koma til fyrir slík fyrirtæki á meðan verið er að byggja þau upp og gera afurðir þeirra að verðmætum. Almennt er talað um að það taki 10–15 ár að byggja slík fyrirtæki upp. Ein þeirra leiða sem hefur verið farin með góðum árangri og oft er vísað til sem norsku leiðarinnar, er sú leið að endurgreiða og ívilna í gegnum skattkerfið. Þar er endurgreitt um 20% af rannsóknar- og þróunarkostnaði skilgreindra verkefna upp að ákveðinni upphæð sem getur verið t.d. 10 milljónir eða hærri eftir því hvernig stefnumótunin fer fram. Þetta er góð og gegnsæ aðferð til að ívilna sprotafyrirtækjum á uppvaxtarárum sínum þar sem þau eru hvað viðkvæmust. Þess vegna kalla ég eftir viðhorfum hæstv. forsætisráðherra til þeirrar leiðar.

Hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, tók mjög undir þá leið í umræðum í þinginu um þetta mál í fyrra. Þá var hann spurður út í þetta af hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur og tók hæstv. forsætisráðherra mjög undir að þetta gæti verið vænleg leið. Þess vegna er ástæða til að spyrja hæstv. forsætisráðherra og formann Sjálfstæðisflokksins hvort viðhorfsbreyting hafi orðið í forsætisráðuneytinu með stólaskiptum þeirra ráðherra fyrr á árinu.

Þetta er mjög mikilvægt til að efla vísinda- og tæknistarf í landinu, auk þess að standi pólitískur vilji til að bæta þarna úr og ráðast í eitthvað sem mætti sókn til að efla vísindi og vísinda- og tæknistarf, hátæknigreinar, nýsköpunargreinar og sprotafyrirtæki í landinu, þá byrjar sú sókn bara á einum stað. Það er í háskólunum. Það er í rannsóknaháskólanum, Háskóla Íslands. Þar byrjar það þegar íslensk stjórnvöld ráðast af alvöru í viðamiklar fjárfestingar í rannsóknaþætti íslensku háskólanna allra, þá er ég ekki að undanskilja landbúnaðarháskólana, Háskólann á Akureyri o.s.frv. Þegar ráðist verður í stórbrotnar framkvæmdir í rannsóknaþáttum háskólanna er hafin sókn á þessum sviðum.

Breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð er ágætt inn-

legg í þessa sókn alla. Til að gæða hana inntaki þurfa að koma til miklar fjárfestingar á rannsóknaþáttum í menntakerfinu. Það er alveg morgunljóst. Það vita allir sem hafa fjallað um þessi mál og kom fram í umsögnum hinna ólíkustu aðila um málið í fyrra. Ekki er um að ræða neina gagngera sókn eða eflingu vísinda og tæknigreina í landinu nema ráðist sé í mjög umfangsmiklar fjárfestingar í háskólunum.

[16:23]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur gengið fram í því að fjölga störfum fyrir fólk með stutta skólagöngu. Fyrir þær miklu framkvæmdir sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir geldur annað atvinnulíf í landinu og ekki síst hátækniiðnaður vegna erfiðs rekstrarumhverfis.

Ríkisstjórnin hefur líka setið aðgerðarlaus hjá og horft upp á mikla byggðaröskun sem hefur orðið á landinu og ekki aðhafst neitt að gagni til þess að breyta atvinnulífi á landinu þannig að hlutfall þeirra greina sem byggja á þekkingu og menntun sé nokkurn veginn svipað í hinum ýmsu landshlutum. Horft hefur verið þegjandi á að þjónustugreinar flytjist af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og þekkingargreinar ýmiss konar eiga í mjög miklum erfiðleikum nánast alls staðar á landsbyggðinni.

Nú erum við að taka til umræðu eitt af þremur lagafrumvörpum sem fjalla um vísindarannsóknir, vísindamenntun, tækniþróun og nýsköpun í landinu og stuðning við þær í gegnum Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og um Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Það stendur í 2. gr. frumvarpsins sem við erum að taka til umræðu núna, um stefnu stjórnvalda, með leyfi forseta:

„Stefna stjórnvalda í vísindum, tækni, nýsköpun og atvinnuþróun skal mörkuð af Vísinda- og nýsköpunarráði til þriggja ára í senn."

Verið er að fjalla um helstu og kannski einu stefnumótun ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum í landinu. Ég vek athygli á því að inn í frumvarpið bætist við verkefnið um nýsköpun og atvinnuþróun frá fyrri lögum.

Frú forseti. Atvinnulíf er meira en það sem byggist á vísindarannsóknum, tækniþróun og nýsköpun. Það er mjög hæpið, tel ég, að setja fram frumvarp eins og þetta og frumvarpið um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins þar sem ekki er gert ráð fyrir stuðningi við aðrar greinar en þær sem geta flokkast undir það sem áðan var talið upp. Því okkur þingmönnum landsbyggðarinnar er í það minnsta alveg ljóst að byggja þarf upp annars konar atvinnugreinar en þær sem undir þetta falla. Það þarf að styðja við ýmiss konar atvinnustarfsemi aðra en þá sem getur fallið undir það sem hér er skilgreint.

Ég vil t.d. nefna þjónustugreinar sem þarf að endurreisa á landsbyggðinni og þarf að móta stefnu um hvernig á að byggja upp á landinu öllu þannig að það geti þjónað landsmönnum öllum.

Ekki er skilgreint í frumvarpinu hvað nýsköpun er. Það eru í ýmsum lagafrumvörpum og lögum skilgreiningar á orðanotkun og þær eru oft og tíðum mjög mikilvægar. Frumvarpið þýðir væntanlega að hægt er að styðja við uppbyggingu greinar á meðan hún er alveg ný á einhverjum stað á landinu en ekki mun verða hægt að styðja við sams konar eða svipaða starfsemi annars staðar af því hún telst ekki lengur nýsköpun, vegna þess að búið er að koma henni upp. Jafnvel þó að fullur grunnur kunni að vera til þess að starfsemi sé á mörgum stöðum á landinu, ef ég skil orðið nýsköpun rétt.

Það er áhyggjuefni, verulegt áhyggjuefni, að ekki skuli bóla á því neins staðar í þeim þremur frumvörpum sem ég minntist á, að efla eigi atvinnulíf almennt á landinu. Það þarf hins vegar ekki að koma á óvart, virðulegi forseti, vegna þess að við sjáum það stöðugt og ávallt í þau bráðum 12 ár sem þessir flokkar hafa starfað saman, að enginn vilji er til þess að hafa hönd í bagga með ýmsum landsvæðum á landinu nema helst að nafninu til. Norðurhluti Vestfjarða er allra skýrasta dæmið þar um því það á þó að heita svo að Ísafjarðarbær sé byggðakjarni. Þar dregur alveg stöðugt úr opinberum störfum. Mun fleiri sem fara í burtu en þeir örfáu sem bætast við. Það sem verið er að gera í stuðningi við atvinnulífið er svo lítið miðað við það sem þörf er á að varla tekur því að tala um það.

Ég vil mælast til þess við fulltrúa í allsherjarnefnd þar sem þetta mun koma til umræðu að þetta verði skoðað mjög vandlega með tilliti til stuðnings við annað atvinnulíf í landinu og stuðnings við atvinnulíf á landsbyggðinni sérstaklega þar sem ég get ekki séð að um auðugan garð sé að gresja í því efni almennt. Hvað varðar tímann sem er ætlaður til stuðnings, við skulum segja nýsköpun eða endursköpun atvinnulífsins, þá er hann líka of stuttur. Það þarf að vera langur tími til að byggja upp atvinnulíf og ekki síst þegar um er að ræða svæði mjög víða á landsbyggðinni þar sem bókstaflega er enginn peningur til.

Ég ætla að nefna sem dæmi að á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum höfum við horft upp á mestu fólksfækkun á öllu landinu undanfarið. Þar erum við líka með lægstar meðaltekjur á landinu. Á Norðurlandi vestra, virðulegi forseti, svo ég nefni það sem dæmi, er eitt fyrirtæki sem hugsanlega gæti staðið undir einhverri framþróun í atvinnulífinu. Þar búa þó um 10 þúsund manns.

Ef virkilega er vilji til þess að standa að nýsköpun eða endurreisn atvinnulífsins á umræddum svæðum þarf að koma til stuðningur. Hann þarf að vera öflugur og það þarf að halda honum að fólki á þeim svæðum og styðja það til að standa að uppbyggingu atvinnulífsins.

[16:33]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Þetta mál er óbreytt frá því í fyrra þannig að ég mun að einhverju leyti fylgja fordæmi hæstv. forsætisráðherra og flytja a.m.k. efnislega sömu ræðu og í fyrra. Það hefur nánast ekkert tillit verið tekið til þeirra athugasemda sem ég færði fram í umræðunni síðasta vor. Áður en að því kemur vil ég ítreka hversu mikilvægt þetta mál er, þ.e. hvaða umgjörð við búum tækni, vísindum og framþróun á öllum sviðum þjóðlífsins.

Ég get líka tekið undir það sem kom hér fram hjá fyrri ræðumanni, hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, að það virðist sem varðandi framþróun og vísindi og tækni hafi menn ekki landið allt í huga þegar störfum er fjölgað á

þessu sviði. Við og við koma þó fram eins konar kippir þar sem menn sjá að sér og setja upp eitt og eitt setur. Það er eins og það vanti virkilegan kraft og meiningu í þau störf. Það er verið að fjölga störfum um 100%, en hvað er þá störfunum fjölgað um mörg? Kannski tvö störf, það voru tvö störf fyrir og í allri prósentuumræðu, t.d. um störf á Ísafirði og víðar, eru menn að fjölga um tugi og jafnvel hundruð prósenta störfum, kannski úr tveimur og í fjögur. Þetta ber að hafa í huga.

Fyrsta gagnrýnin sem ég kom með í umræðunni um frumvarpið síðasta vor var að í 1. gr. þyrfti að taka fram að lögin næðu til alls landsins. Mér finnst það mjög merkilegt og eflaust er það tímanna tákn þegar sagt er að það eigi að auka lífsgæði í landinu öllu — það þarf að taka það fram. Það er eins og að stjórnarherrarnir séu hættir að gefa sér að það sé í rauninni reglan þegar þeir koma með ný frumvörp að það eigi að líta til landsins alls. Ef það kemur fram frumvarp með því marki að það eigi að líta til fleiri átta en einungis höfuðborgarsvæðisins þarf að taka það sérstaklega fram. Mér finnst það í rauninni vera tímanna tákn.

Það sem mér finnst vera mjög umhugsunarvert í umræðunni og að fólk ætti að líta til er spurningin: Um hvað snúast vísindi? Snúast vísindi ekki um gagnrýna hugsun? Jú, þau eiga að gera það en frumvarp ríkisstjórnarinnar, sem *ætti að vera til þess að styrkja umgjörð um tækni og vísindi* og nýsköpun, virðist byggjast á því verið sé að fjölga pólitískum fulltrúum. Mér finnst það mjög sérstakur útgangspunktur hjá ríkisstjórninni og erfitt að átta sig á hvert er verið að fara. Það væri rétt að hæstv. forsætisráðherra greindi frá því.

Þetta hefur komið fram víðar í samfélaginu, m.a. í þeirri stofnun sem á að verða miðstöð gagnrýninnar hugsunar, Háskóla Íslands. Manni finnst stundum eins og að menn hafi þetta ekki að leiðarljósi, heldur láti jafnvel hagsmunasamtök koma með fjármuni inn í háskólann til þess að greiða fyrir rannsóknir. Það vita allir að ef hagsmunasamtök koma með mikla fjármuni og greiða fyrir stöðu háskólamanna er mjög erfitt að koma með niðurstöður sem ganga þvert á hagsmunasamtökin sem greiða stöðuna.

Ég vil þá minnast á þegar Háskóli Íslands fór til LÍÚ og fékk greidda stöðu til að rannsaka ákveðna þætti í sjávarútvegi er varða réttmæti auðlindanna og auðlindafræða. Það er mikið umhugsunarefni, að Háskóli Íslands skuli ekki sjá að sér. Þetta er eitt mesta deilumál sem hefur verið uppi í þjóðfélaginu, rétturinn til auðlinda sjávarins. Að Háskóli Íslands skuli fara með þessum hætti til LÍÚ til þess að fá greidda stöðu í rannsóknum á náttúruauðlindum er náttúrlega mjög umhugsunarvert. Í þessu ættu menn að hafa varann á sér.

Það eru fleiri þættir sem eru umhugsunarverðir hvað varðar tækni og rannsóknir og vísindi, t.d. hvernig skipað er í stjórnir rannsóknastofnana. Við sjáum að þar er einnig hið sama upp á teningnum, hagsmunasamtök sitja t.d. í stjórn Hafró. Þá er ekki að sökum að spyrja, sjaldnast ganga „vísindarannsóknirnar" þvert á hagsmuni þeirra samtaka sem sitja í stjórninni. Þetta er mikið áhyggjuefni, sérstaklega vegna þess að ítrekað hafa verið kveðnar niður aðrar skoðanir en hinar viðteknu, og það hafa ekki fengist neinir fjármunir til rannsókna á fræðum sem eru langt frá því að vera hafin yfir gagnrýni. Það hafa komið fram rökstuddar ályktanir um að t.d. sú ráðgjöf sem hefur komið frá Hafró hafi ekki gengið eftir, m.a. þegar hún týndi mörg hundruð þúsund tonnum af þorski um síðustu aldamót. Hvað var gert þá? Þá var sóttur maður til Bandaríkjanna sem hafði tengsl við stofnunina og hann bjó til skýrslu þar sem einhver fræðileg réttlæting var búin til á því að menn töpuðu mörg hundruð þúsund tonnum af þorski. Þá var búið til nýtt hugtak, aukinn veiðanleiki sem ég veit ekki hvað er. Ég hef heldur ekki fengið nokkra skýringu á því hvað það væri. Það er athyglisvert að þessi rannsókn er síðan kynnt sem algildur sannleikur. Þeir sömu menn og kynntu rannsóknina eru síðan fengnir til þess að blessa ýmislegt í starfsháttum sem eru langt frá því að vera hafnir yfir gagnrýni meðan aðrir sem hafa komið fram með málefnalega gagnrýni fá enga fjármuni. Það er vissulega pólitík og hagsmunir í vísindum.

Mér finnst það vera hálfófugsnúið í þessari umræðu að það eigi að fjölga pólitískum fulltrúum í ráðinu vegna þess að við erum að tala um að einfalda stjórnkerfið. Það er m.a. verkefni „Einfaldara Ísland" og það er verið að tala um að einfalda stjórnskipunina, fækka ráðuneytum en svo koma menn og fjölga pólitískt skipuðum fulltrúum í vísinda- og tækniráði sem ætti einmitt að vera hafið yfir slíka gagnrýni. *Þetta er rétt eins og að menn fengju hagsmunaaðila sem væru að flytja inn vímuefni* — við getum tekið það sem dæmi — til þess að gera úttekt og einhverjar rannsóknir á lýðheilsufræðum. Við getum nefnt fleiri dæmi. Ef einhver staða í háskólanum, t.d. í samkeppnisrétti, væri skipuð af félögum sem hefðu ítrekað brotið af sér í samkeppnismálum þá vissu allir hvaða niðurstöðu mætti vænta þegar hún loksins kæmi.

Það er að mörgu að hyggja í þessu máli og mér finnst vanta inn í umræðuna að menn spyrji sig gagnrýninna spurninga þegar vísindi og tækni eru annars vegar. Mönnum finnst bara sjálfgefið að auka flokkspólitísk tök á vísindum og tækni. Ég er hins vegar ekkert sammála því. Við höfum dæmin fyrir okkur, m.a. í fyrrum Sovétríkjunum þar sem menn voru með vísindamenn á sínum snærum, t.d. Lychenko sem reyndi að beygja líffræðina undir vald kommúnistaflokksins. Það gekk ekki. Mér finnst stundum, t.d. í umræðu um hafrannsóknir, sem reynt sé að beygja lífríki sjávarins undir einhver hagfræðileg rök og undir rök hagsmunaaðila. Þetta gengur bara ekki upp.

Við horfum á það að vísindastofnun sem hefur yfir að ráða gríðarlega háum fjárhæðum gerir t.d. ekki athugasemd við að allar heimildir séu fluttar frá heilu landsfjórðungunum og þeim safnað saman á annan. Eins og hægt sé að flytja fiskimiðin frá einum stað til annars, bara vegna þess að peningarnir eru fluttir héðan og þaðan af landinu. Þetta gengur ekki upp og það vantar virkilega gagnrýni hjá hinu opinbera á þessa hluti. Einnig vantar gagnrýni á ýmislegt hvað varðar byggðastefnuna. Mér finnst þetta vera hlutir sem samtvinnast. Þetta eru ákaflega mikil vonbrigði, að við getum ekki rætt þessi mál í jákvæðara andrúmslofti, þ.e. að menn fái fjármagn og styrki til þess að rannsaka ákveðin atriði án þess að vera alltaf með hagsmunaaðila ofan í hálsmálinu á sér. Þetta gengur ekki upp. Við sjáum stundum, eins og gerðist á þessu ári, að sett var á stofn ný rannsókna-

stofnun sem að nafninu til átti að vera óháð og mæta að einhverju leyti þeirri gagnrýni sem ég færi hér fram, t.d. á starfshætti Hafrannsóknastofnunar. Hún var sett á stofn vestur á Snæfellsnesi og allt gott um það að segja. Ég kynnti mér þessa stofnun og ræddi við forstöðumanninn og þá kom í ljós að það á greinilega ekki að spyrja spurninga sem varða virkilega gagnrýnisverða hluti, um grundvöll þeirrar fiskveiðistjórnar sem hefur nákvæmlega engu skilað og bara tjóni.

Ég ræddi aðeins fyrr um þá menn sem skiluðu blessuninni eða stimpluðu þennan aukna veiðanleika sem ég veit ekki alveg nákvæmlega hvað er. Andrew Rosenberg heitir sá sem stimplaði skýrslu Hafró um að það væri alveg eðlilegt að tapa mörg hundruð þúsund tonnum út úr þorskabókhaldinu, en það var ekki nóg með það heldur munaði þennan ágæta vísindamann ekki um að rannsaka þorskstofn 150 ár aftur í tímann. Mér finnst það mjög merkilegt, eða öllu heldur eðlilegt að maður sem getur reiknað út stofna 150 ár aftur í tímann geti síðan reiknað út og fundið eitthvert nýtt hugtak eins og aukinn veiðanleika og blessað það að Hafrannsóknastofnun tapi mörg hundruð þúsund tonnum út úr fiskabókhaldi sínu. Það er eftir öðru hvað það varðar.

Af því að við ræðum um vísindi og ég er kominn í hafrannsóknir vil ég nefna að á dögunum kom merkileg skýrsla í Science þar sem fjallað var um að allir fiskstofnar heimsins yrðu uppurnir 2048. Það er svo merkilegt að þessi skýrsla er einmitt samin af hópi vísindamanna sem hefur náin tengsl við Hafró og reiknaði m.a. út fiskstofna 150 ár aftur í tímann og blessaði allt með auknum veiðanleika, þetta mörg hundruð þúsund tonna tap á þorskinum út úr fiskabókhaldinu. Síðan kom á daginn að þessi spá um að allir fiskstofnar yrðu uppurnir 2048 var bara beita, það var ekkert á bak við þetta, þetta var bara beita fyrir fjölmiðla. Morgunblaðið beit á agnið og birti fréttina á forsíðu sinni og er ekkert nema gott um það að segja. Þá kom upp úr dúrnum að þetta var allt bull og vitleysa og þeir sem sömdu skýrsluna sögðu bara frá því, óvart í skeytum sínum á milli sem bárust til fjölmiðla, að þetta væri ákveðin beita til þess að fá fjölmiðla til að bíta á til þess að gera frétt úr málinu, að það yrðu að vera einhver endalok á okkar kynslóð þannig að fjölmiðlar birtu veglega frétt um málið sem þeir og gerðu. Það sem er svo merkilegt er að síðan þegar það kom upp úr dúrnum að þetta væri allt tóm della og vitleysa birtist bara örlítil klausa og leiðrétting, bara örlítil þannig að enginn tók eftir henni. Þetta hefði átt að vera stórfrétt vegna þess að sömu vísindamenn og bjuggu til þennan vitleysisspádóm eru þeir sömu og blessuðu starfshætti Hafró. En á meðan fá aðrir sem hafa haft mjög vel rökstudda gagnrýni á þessa starfshætti enga fjármuni. Það er einmitt þetta sem frumvarpið sem við ræðum hér kemur inn á, að það er verið að fjölga og auka tök flokkspólitíska valdsins á vísindum og því sem rannsakað er og þeirra gagnrýnu spurninga sem bornar eru upp. Mér finnst það vera mergur málsins í þessari umræðu.

[16:49]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að segja hérna fáein orð um þetta mál. Það er kannski mest vegna þess að ég vil vekja athygli allsherjarnefndarmanna á því að það er ekkert endilega í þeim farvegi að því muni ljúka eins og hér er gert ráð fyrir. Við ræddum hér fyrir fáeinum dögum frumvarp um Nýsköpunarmiðstöðina. Í þeirri umræðu kom fram að skoðanir eru mjög skiptar í stjórnarflokkunum um það hvort það mál eigi að ganga í gegn. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í þeirri umræðu, báðir — þeir töluðu tveir, hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Pétur Blöndal og Guðjón Guðmundsson — voru alfarið á móti málinu.

Ég er þess vegna ekkert hissa á því þótt hæstv. forsætisráðherra hafi skort svolítið sannfæringu þegar hann mælti fyrir þessu máli vegna þess að um það urðu mikil átök hér í fyrravetur. Þetta er partur af því. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki enn þá sannfærður. Ég er enn þá mjög á þeirri skoðun að rétta leiðin að þessum hlutum hafi ekki verið valin. Ég trúi því sem stendur hér og hæstv. forsætisráðherra fór yfir í ræðu sinni, það stendur hér fremst í athugasemdum að Vísinda- og tækniráð, sem er víst ekki búið að vera til nema frá 2003, hafi í raun og veru skilað góðum árangri. Mér finnst tekin veruleg áhætta með því að blanda verkefnum inn í verkefnaskrá þessa Vísinda- og tækniráðs sem slíkar deilur eru um að það muni ganga upp eins og raun ber vitni. Mér finnst rökstuðningurinn fyrir því að byggðamálin eigi heima þarna inni ákaflega veikur.

Líka vísa ég til þess sem ég sagði áðan um þá ósamstöðu sem er um málið í stjórnarflokkunum og þá gagnrýni sem uppi var, sérstaklega af hálfu sjálfstæðismanna í fyrravetur og er enn, og vísa ég til þess sem ég sagði áðan um það að þá þurfi að fylgjast vel með því hvernig málið gengur fram í iðnaðarnefnd líka. Hér er ekki hægt að sjá fyrir hvort niðurstaðan verður eins og menn stefna að.

Ég held að best væri að endurskrifa þetta mál um Nýsköpunarmiðstöðina, færa það til síns fyrra horfs, þ.e. að sameina þær stofnanir sem þar var gert ráð fyrir að sameina og taka ekki byggðamálin með. Mér finnst vera verulega mikil áhætta tekin með því. Það verður mjög fróðlegt að sjá hvort þeir aðilar sem munu veita umsagnir um þessi mál núna hafa breytt um skoðun því að þeir voru nánast á einu máli í fyrravetur um að þetta væri ekki skynsamleg leið.

Þær nefndir sem um þessi mál munu fjalla, allsherjarnefnd og þá menntamálanefnd líka og svo iðnaðarnefnd, þurfa að hafa samráð um þau mál öll sem þarna hanga saman til þess að skoða hvort ekki þurfi að fara fram heildarendurskoðun á þessum málum. Ég verð að segja eins og er að ég hvet hæstv. forsætisráðherra til þess að beita sér fyrir betra samkomulagi um þessi mál en hér liggur fyrir. Það er alveg auðséð að þetta hefur gengið fram með einhvers konar pólitískum hrossakaupum og hefur ekki á bak við sig sátt um niðurstöðuna. Það er aldrei gott og það er miklu hætt til ef það kemur til með að koma niður á tækni og vísindum og því sem farið er að gerast á þessu sviði.

Ég endurtek að ég vara við því að þeim ágæta árangri sem Vísinda- og tækniráð hefur náð sé í raun og veru teflt í tvísýnu með því að koma þessari starfsemi inn í einhvers konar pólitískar þrætur og erfiðleika sem slíku geta fylgt.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Ég vildi vekja athygli á þeim parti málsins sem við sem sitjum í iðnaðarnefnd höfum á okkar snærum og leggja til að nefndirnar hafi gott samráð um framhald málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:55]

**Útbýting:**

Fjáraukalög 2006, 47. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 366.

## *Náttúruminjasafn Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 281. mál (heildarlög). — Þskj. 294.

[16:55]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands. Frumvarp þetta er nær óbreytt frá frumvarpi sem var lagt fram á síðasta þingi. Með því er lagt til að sett verði sérlög um Náttúruminjasafn Íslands sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða í samræmi við ákvæði safnalaga, nr. 106/2001. Í 5. gr. safnalaga er kveðið á um að höfuðsöfn skuli stofna með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra og í 5. mgr. 5. gr. laganna er Náttúruminjasafn Íslands tilgreint sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða.

Í bráðabirgðaákvæðum safnalaga segir að ákvæði 5. mgr. 5. gr. komi ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um safnið í samræmi við ákvæði laganna og með *frumvarpi* þessu er lagt til að þetta fyrrgreinda ákvæði safnalaga verði uppfyllt. Lögum samkvæmt eru þrjú höfuðsöfn, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands — lagabálkar til um þau — og síðan Náttúruminjasafn Íslands. Fram til þessa hefur ekki verið til sérlagabálkur um Náttúruminjasafnið og er verið að koma til móts við það.

Í almennum athugasemdum frumvarpsins er forsaga Náttúruminjasafns Íslands rakin frá árinu 1884 auk þess sem greint er frá húsnæðismálum safnsins og tíðum flutningum þess. Þá er greint frá tengslum safnsins við Náttúrufræðistofnun Íslands og þeim kaflaskilum sem urðu 1990 þegar umhverfisráðuneytið var stofnað og Náttúrufræðistofnun Íslands færð frá menntamálaráðuneyti til hins nýja ráðuneytis. Jafnframt er því lýst að Náttúrugripasafnið hafi tilheyrt umhverfisráðuneytinu frá stofnun þess árið 1990 en að á árinu 2001 hafi orðið þáttaskil þegar Alþingi setti fyrrnefnd safnalög. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga fer menntamálaráðherra með yfirstjórn málefna minja- og listasafna. Til *minjasafna teljast menningarminjasöfn og náttúruminjasöfn.*

Í frumvarpinu er hlutverk Náttúruminjasafns Íslands skilgreint og gerð grein fyrir skipulagi þess og yfirstjórn. Auk almenns hlutverks safnsins sem höfuðsafns er gert ráð fyrir því að safnið hafi jafnframt rannsóknarhlutverk eins og önnur höfuðsöfn samkvæmt safnalögum þó svo að Náttúrufræðistofnun Íslands verði vísindalegur og faglegur bakhjarl safnsins og annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, samanber lög nr. 60/1992. Frumvarpið kveður á um að þessar stofnanir *skuli hafa náið samstarf sem skal grundvallast* á sérstöku samkomulagi milli þeirra samkvæmt 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt núgildandi safnalögum hefur Náttúruminjasafn Íslands, eitt höfuðsafna, ekki rannsóknarskyldu, en þar sem öðrum höfuðsöfnum, samkvæmt lögunum, er ætlað slíkt hlutverk er í frumvarpinu jafnframt lögð til breyting á safnalögum til að samræmis sé gætt milli höfuðsafnanna að þessu leyti til.

Menn hafa oft spurt, og mig minnir að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hafi farið inn á einmitt þetta atriði hér við umræðuna síðasta vor: Er safnið að fara í miklar grunnrannsóknir o.s.frv.? Svo er ekki. Ég vil sérstaklega fara yfir þetta atriði til að ítreka hvað um er að ræða. Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaráðs safna, ICOM, á safni sem lögfest hefur verið á Íslandi með safnalögunum frá 2001 eru söfn stofnanir sem eru opnar almenningi og hafa það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögur hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.

Rannsóknir safna beinast því oft að því að setja rannsóknarefnin í eitthvert samhengi sem nýta má síðan til að kynna og miðla upplýsingum til almennings og menntastofnana. Náttúruminjasafni Íslands er ekki ætlað að stunda frumrannsóknir eða grunnrannsóknir á náttúru landsins. Til þess eru aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir, eins og Náttúrufræðistofnun Íslands en hér má líka tiltaka Veðurstofu Íslands, Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands svo einhverjar séu nefndar.

Náttúruminjasafni Íslands er ætlað að fjalla um náttúru landsins frá öllum hliðum þannig að umfjöllunarefni safnsins nær langt út fyrir þá hluta íslenskrar náttúru sem Náttúrufræðistofnun Íslands er ætlað að stunda, þ.e. undirstöðurannsóknirnar í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði. Náttúruminjasafninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um veðurfræði, grasafræði og jarðfræði.

Rannsóknarefnin sem taka þarf út frá safnafræðilegu sjónarmiði eru því ótalmörg og falla ekki undir grunnrannsóknir eða undirstöðurannsóknir. Söfn nýta sér oftast hins vegar niðurstöðu annarra og setja í nýtt samhengi eða nálgast rannsóknarefnið út frá öðru sjónarhorni en sjálfar rannsóknastofnanirnar sem fyrst og fremst stunda grunnrannsóknir. Þetta er í samræmi við þá skilgreiningu Alþjóðaráðs safna sem við höfum m.a. tekið upp í safnalögum.

Ég vil einnig geta sérstakrar breytingar frá því að við ræddum þetta sama mál hér í vor. Hún er í 5. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn." — Þetta er óbreytt. En síðan kemur:

„Skal safnstjóri hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins." — Í stað „og" var áður „eða". Hann skal uppfylla þær kröfur sem þarna eru settar fram og er m.a. tekið tillit til athugasemda sem bárust nefndinni og líka þeirra athugasemda sem hv. þingmenn settu fram við 1. umr. Í greinargerðinni segir líka m.a., með leyfi forseta:

„Lagt er til að forstöðumaður hafi háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins. Um sambærileg starfsgengisskilyrði forstöðumanns er að ræða og í lögum um Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands.“

Meðal annars er litið til þeirra atriða sem þar standa þannig að þetta er nokkurn veginn sambærilegt á milli höfuðsafnanna þriggja að meginstefnu til.

Ég tel, hæstv. forseti, að ég hafi rakið meginefni frumvarpsins um Náttúruminjasafn Íslands. Að sjálfsögðu geri ég mér grein fyrir því að umræðurnar hér munu örugglega markast af því, eins og þær gerðu síðasta vor, hvar þetta safn eigi að vera. Við erum ekki að taka ákvörðun um það. Við erum heldur ekki að taka ákvörðun um sjálft húsnæðið, eins og staðan er með þessu frumvarpi, heldur erum við að marka ramma sem okkur ber í rauninni lögum samkvæmt, þ.e. samkvæmt safnalögunum. Það er ekki til lagabálkur um Náttúruminjasafnið. Síðan getum við farið í frekari uppbyggingu safnsins.

Ég ítreka það sem ég sagði í vor. Við erum að ræða hér um það að koma á fót Náttúruminjasafninu. Við erum að ræða um að ráða forstöðumann og starfsmenn til að þeir geti farið í umfangsmikla stefnumörkun um það hvernig Náttúruminjasafn Íslands eigi að vera uppbyggt og í kjölfarið á slíkri stefnumótun getum við farið að taka ákvarðanir, frekari stórar ákvarðanir í þessu samhengi, þ.e. um uppbyggingu glæsilegs Náttúruminjasafns Íslands.

[17:03]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Markmiðið með frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands er gott og göfugt eins og kom fram í máli hæstv. menntamálaráðherra. Hins vegar er hin afleita staða sem uppi hefur verið í safnamálum okkar náttúruminja landsfræg og smánarblettur á safnasögu okkar eins og dæmin sanna. Það er nánast farsakennt hve illa hefur verið búið að þessum hlutum og vonandi verður þetta frumvarp og hin nýja stofnun til þess að breyta þar um enda er fyrirkomulag á varðveislu náttúruminja okkar til mikils ósóma svo vægt sé til orða tekið. Það kemur reyndar fram í frumvarpinu með mjög kurteislegu orðalagi, með leyfi forseta:

„Geymsluaðstöðu mun vera ábótavant.“

Það vekur miklar efasemdir um gildi þessa frumvarps — og ég vil spyrja hæstv. menntamálaráðherra um það — að í umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins liggja engar áætlanir fyrir um uppbyggingu og rekstur Náttúruminjasafnsins. Frumvarpið veitir takmarkaðar upplýsingar sem hægt er að byggja kostnaðarmat á. Þó kemur fram að ráðinn verður forstöðumaður ...“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Vegna þess að engar áætlanir liggja fyrir um hið nýja safn gefur fjármálaráðuneytið sér einfaldar forsendur við gerð þessa kostnaðarmats til að gefa grófar hugmyndir um hugsanlegan kostnað.“

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hefði ekki verið heppilegra ef eitthvað meira lægi að baki frumvarpinu en þetta þannig að hægt væri að gera áætlanir og sjá fyrir hina pólitísku framtíð við uppbyggingu og rekstur safnsins en ekki að skila auðu eins og fjárlagaskrifstofan? Lesa má mikla gagnrýni út úr nokkuð hörðu orðalagi hennar. Hefði ekki hæstv. ráðherra þurft að standa örlítið betur að þessu máli?

[17:05]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel einmitt frekar að við eigum að standa að þessu eins og við erum að ræða hér í dag. Það þarf að fara fyrst í það hver sé stefna okkar gagnvart Náttúruminjasafninu. Við munum ekki liggja á liði okkar í menntamálaráðuneytinu varðandi það hverjar eru hugmyndir okkar um uppbyggingu safnsins sem slíks. Ég tel mikilvægt að við komum á fót safninu, að við ráðum forstöðumann og forstöðumaðurinn, að sjálfsögðu í samráði við síðan náttúrufræðasamfélagið, við safnasamfélagið, móti stefnuna.

Ég tel ekki heppilegt að miðstýrð ákvörðun komi frá ráðuneyti menntamála þegar um er að ræða jafnstórt og viðamikið mál og Náttúruminjasafn Íslands. Ég tel heppilegra að við höfum samráð, mótum stefnuna. Hér er um rammalöggjöf að ræða. Ég vil sérstaklega undirstrika það. Hér er um rammalöggjöf að ræða. Við höfum reynt að halda þessu með svipuðum hætti og með Listasafnið og með Þjóðminjasafnið. Ég tel mikilvægt þegar þetta frumvarp verður samþykkt og ráðinn forstöðumaður að þá komi fleiri að þeirri stefnumótun því ólík viðhorf eru til þess hvaða leiðir við eigum að fara varðandi Náttúruminjasafnið. Ég sjálf tel heppilegt að reyna að tengja sem flestar náttúrufræðistofnanir, safnastofnanir við þetta, líka Veðurstofuna eins og við höfum verið að tala um og fleira til þess að byggja upp Náttúruminjasafn með áherslu einnig á raungreinaþáttinn og vísindaþáttinn til þess að þetta verði eitt öflugasta safn sem við getum komið upp hér á landi með þessa þætti í huga og til þess líka að efla skólakerfið.

[17:07]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi neyðarlega pilla frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins til hæstv. menntmálaráðherra afhjúpar að sjálfsögðu fyrst og fremst það aðgerðaleysi sem átt hefur sér stað hjá hæstv. menntamálaráðherra í þessu máli. Heilt sumar og hálft haust hefur liðið frá því að málið kom fram hér fyrsta sinni en ekkert hefur gerst. Það hefur ekkert verið unnið frekar í þessu máli. Hæstv. menntamálaráðherra leyfir sér í þessu máli að skila auðu eins og fram kemur í umsögn skrifstofunnar, með leyfi forseta:

„... liggja engar áætlanir fyrir um uppbyggingu og rekstur Náttúruminjasafnsins.“

Auðvitað er þessi pilla frá fjárlagaskrifstofunni ekkert annað en áfellisdómur yfir hæstv. ráðherra í þessu máli. Það hefur ekkert gerst í þessu máli. Því hefur ekkert fleygt fram og það liggur í raun engin heildstæð pólitísk sýn á bak við þetta mál. Að sjálfsögðu á hæstv. menntmálaráðherra, að sjálfsögðu eiga menntamálayfirvöld í landinu að leggja hinar grófu línur. Þar ætti að koma fram hin metnaðarfulla framtíðarsýn í þessum málum væri hún til staðar. Að sjálf-

sögðu eiga safnstjóri og forstjóri stofnunarinnar og fleiri svo að fylla inn í myndina. En auðvitað eiga hinar stórpólitísku línur að koma fram hjá hæstv. menntamálaráðherra. En þar skilar hæstv. ráðherra auðu. Þar gatar hæstv. ráðherra í þessu máli. Þess vegna vekur það efasemdir um að verið sé að taka verulega á í þessum málum. Það er ekkert annað en smánarblettur á menningarsögu okkar hvernig hefur verið staðið að safnamálum okkar Íslendinga um árabil. Dæmin sanna það úr fjölmiðlum síðustu daga og vikna hve illa er að þessu staðið, hve illa er að varðveislu náttúruminja staðið á Íslandi og það er okkur til ósóma. Hæstv. menntamálaráðherra hlýtur að geta tekið af skarið um að þetta verði til þess að breyta þarna verulega um.

[17:09]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er algjörlega ósammála hv. þingmanni. Hér er einmitt um rammalöggjöf að ræða.

Ef við lesum hvað stendur nákvæmlega til að mynda í 2. gr. frumvarpsins þá stendur, með leyfi forseta:

„Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands“ — hvert er hlutverkið? — „er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.“

Stefnan kemur fram í þessu plaggi. Síðan er það að sjálfsögðu ætlunin að vinna þetta áfram í samvinnu og samstarfi við nýja forstöðumann og safnaumhverfið í kringum náttúruminjar. Stefnan er alveg á hreinu. Stefnan er alveg á hreinu varðandi þetta og það mun verða mjög mikil uppbygging í náttúruminjum.

Hins vegar er ljóst að að óbreyttum lögum mun menntamálaráðuneytið ekki geta og ber ekki lögum samkvæmt ábyrgð á Náttúruminjasafninu eins og staðan er í dag þ.e. að óbreyttum lögum því að sá hluti er undir Náttúrufræðistofnun Íslands. Það er ætlunin að undirstrika mikilvægi Náttúruminjasafnsins sem eins af höfuðsöfnunum með því að keyra þetta frumvarp í gegn.

Ég vona að ég sjái fram á breiðan og víðtækan stuðning af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessu máli og velti því fyrir mér í ljósi þessarar orðræðu hér áðan hvort stjórnarandstaðan ætli að stoppa þetta mál og koma í veg fyrir uppbyggingu á merkilegu og öflugu Náttúruminjasafni Íslands.

[17:10]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra fór að nokkru leyti yfir það í ræðu sinni hvað hefur breyst í málinu frá því að það var hér til umfjöllunar á liðnu vori en 1. umræða um það fór fram í apríl þannig að ekki er nú lengra síðan við vorum í þessum sömu sporum.

Það kemur í ljós að búið er að gera bragarbætur á til dæmis varðandi menntun forstöðumanns. Ég tel það vera afar vel. Það kemur hins vegar ekki fram í máli hæstv. ráðherra nú hvort farið hafi verið fram á einhvers konar samráð eða samstarf við umhverfisráðuneytið en eitt af því sem við ræddum við 1. umr. í vor var að hér væri verið að efla og efna til breytinga í raun og veru eða nýrra tengsla þessarar stofnunar sem heyrir undir umhverfisráðuneytið, þ.e. Náttúrufræðistofnunar Íslands, og hins nýja höfuðsafns. Þarna er því verið að skilja ákveðinn málaflokk eða hluta þessa málaflokks undan umhverfisráðuneyti kannski þannig að ég hefði haldið og talaði fyrir því hér á síðasta vori að vera þyrfti ákveðin samræða og samtal á milli umhverfisráðuneytis og menntamálaráðuneytis í þessum efnum. Ég mundi vilja fá að heyra það frá hæstv. ráðherra áður en við höldum lengra inn í umræðuna hvort slíkt samtal hafi farið fram.

[17:12]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, við undirbúning á þessu frumvarpi í vor og þeim ákvæðum sem eru óbreytt var haft samráð við umhverfisráðuneytið og þáverandi umhverfisráðherra um þau atriði sem snerta sérstaklega Náttúrufræðistofnun Íslands. Ég get því sagt: Já, það var haft samráð við umhverfisráðuneytið út af akkúrat þessum þáttum enda er mikilvægt að Náttúrufræðistofnunin hafi óbeina aðild að náttúruminjasafninu með þann faglega vísindagrunn og rannsóknargrunn sem Náttúrufræðistofnun Íslands byggir á. Enda ítreka ég það sem ég sagði áðan: Ég tel mikilvægt sem menntamálaráðherra að höfuðsafn, eitt höfuðsafnanna eða öll höfuðsöfnin hafi ákveðinni rannsóknarskyldu að gegna, en ekki í formi grunnrannsókna. Söfnin hafa á alþjóðavísu rannsóknarskyldu og rannsóknarhlutverk á allt öðrum grundvelli en aðrar stofnanir, vísindastofnanir eins og Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofan o.s.frv.

Engu að síður er mikilvægt þegar við setjum á laggirnar stofnun sem þessa að við nýtum okkur reynslu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þess vegna er þessi tenging inn í 3. gr. nokkuð sérstök — hún er nokkuð sérstök — en við teljum engu að síður mikilvægt að gera þetta svona. Og það var haft samráð við umhverfisráðuneytið.

[17:13]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka svarið. Það er gott að fram fór þetta samtal sem er alveg lífsnauðsynlegt því skörunin á milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og þessa nýja safns er vandmeðfarin. Því er mjög mikilvægt að farið sé að öllu með gát og að allir séu upplýstir og taki beinan þátt í þeirri skilgreiningu sem þarf að fara fram og er auðvitað ekki nægilega skýr í frumvarpinu eins og það er núna. Ég held að nefndarstarfið komi til með að fara að hluta til í að skilgreina og afmarka starfssvið safnsins til að hægt sé að skilja á hvaða hátt það greinir sig frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Það er hins vegar fengur að því sem hæstv. ráðherra kom með fram í sinni ræðu er hún kom með þessa skilgreiningu Alþjóðaráðs safna á rannsóknarskyldu safna og ber auðvitað að hafa það í huga þegar málið er unnið.

Síðari spurning mín til hæstv. ráðherra varðar fjármálin. Nú rekum við okkur á það sem erum að skoða fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar að Náttúruminjasafn Íslands er ekki sérgreindur liður í þessu fjárlagafrumvarpi. Það hefur komið fram í umræðunni og í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu, ef ég man rétt, að ætlast sé til þess að hæstv.

ráðherra fjármagni það sem gera þarf á næsta ári af óskipum liðum ráðuneytisins. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hún það vera ásættanlegt?

[17:15]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi fyrra atriðið vil ég sérstaklega undirstrika að áfram eru tengsl við Náttúrufræðistofnun Íslands en mikilvægt er að hið nýja Náttúruminjasafn sé í tengslum við aðrar rannsóknarstofnanir, t.d. Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun, til að stuðla að því að Náttúruminjasafnið hafi sem víðfeðmustu safni yfir að ráða og reyni að miðla af því sem þeir geta í tengslum við náttúruminjar og umhverfismál.

Varðandi hitt atriðið er rétt sem fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytisins, þ.e. að þetta eigi að fjármagna af óskiptum liðum ráðuneytisins. Ég tel að það verði vandkvæðum bundið. Ég get alveg tekið undir það. Það er einu sinni þannig að fagráðuneytin eru ekki alltaf sammála fjárlagaumsögninni frá fjármálaráðuneytinu. Minn hugur og menntamálaráðuneytisins stendur til þess að þar séum við að tala um eitt af höfuðsöfnunum.

Þar verður að vanda vel til verka, hvort sem er við fjárlagagerð eða rammalöggjöfina sem vísar veginn varðandi uppbyggingu safnsins sem slíks.

[17:17]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hér er í eðli sínu um gott mál að ræða. Menn eru sammála um að stofna Náttúruminjasafn sem annist sín mikilvægu mál með metnaði og af dugnaði og bæti úr þeirri vanrækslu sem við Íslendingar höfum sýnt þessu mikilvæga safnamáli.

Frá umræðu sem fór fram um sama frumvarp í fyrra get ég aðeins fundið að frumvarpið hafi breyst í einu atriði og í engu öðru, þótt hér hafi farið fram umræður og athugasemdir borist í umsögnum.

Fyrst verður fyrir að ekki var tekið mark á þeirri ábendingu frá í fyrra að þetta þingmál ætti betur heima í formi þingsályktunartillögu en sem frumvarp. Efni þess er þannig að þingsályktunartillaga hefði átt að duga og hefði nægt til að skapa samstöðu um að málið yrði tekið upp og skapa samstöðu um að hæstv. menntamálaráðherra fengi það fé sem hún er með núna á óskiptum safnlið sem mér sýnast miklar kröfur standa í. Það hefði nægt til að koma af stað þeirri stefnumörkun sem vissulega er þörf á.

Fyrstu viðbrögð mín við því að fá þetta frumvarp til laga aftur inn í þingið á þessum vetri eru hugleiðingar um hvort samþykkt þess gæti hugsanlega orðið til að spilla þeirri stefnumótunarvinnu sem ætti að vera löngu búin eða að minnsta kosti farin langt af stað, vegna þess að búið sé að taka ýmsar þær ákvarðanir sem til greina kæmi að hugleiða í þeim hópi sem færi í þessa vinnu. Ég er ekki viss um að sú leið menntamálaráðherra sé endilega rétt að búa fyrst til forstöðumanninn og láta hann síðan vera leiðtoga þessarar vinnu. Ég get vel ímyndað mér hitt, að það sé betra að það geri hópur manna og síðan sé forstöðumaðurinn ráðinn á eftir í það hlutverk sem honum er ætlað í því líkani sem búið er til í kringum safnið.

Það eykur ekki beinlínis sannfæringu mína eða annarra um að ráðherra sé áhugamaður um málið að engir peningar fylgja þessu á fjárlögum. Í raun gerist ekkert við samþykkt þessa frumvarps nema það að menntamálaráðherra ræður forstöðumann. Það er ekkert annað sem gerist í framhaldi af frumvarpinu. Hér er því verið að búa til lög um eina mannsráðningu.

Hæstv. menntamálaráðherra er svo stórhuga, sem menn þekkja, að kalla þessi lög rammalöggjöf. Ég hef ekki verið lengi á þinginu og ætla ekki að hæla mér af því að vera sérfræðingur um þingleg hugtök. En minn skilningur á rammalöggjöf er sá að það sé lagabálkur sem fjallar um ákveðin svið í samfélaginu, um orkumál, um skólamál, grunnskólann, um safnamál og síðan sé fyllt út í slíkan lagabálk með öðrum lögum, með sérlögum um stofnanir, einstaka málefni og þá hluti sem menn vilja setja um lög eða með reglugerðum og sérstökum reglum ef um það er að ræða.

Ég hef aldrei heyrt það áður að lög um tiltekna stofnun, um tiltekið fyrirbæri líkt og hér er á ferð, Náttúruminjasafn Íslands, sé kallað rammalög eða rammalöggjöf. Mig langar til að heyra meira, forseti, um þessa hugtakanotkun í menntamálaráðuneytinu. Hvort von sé á fleiri rammalöggjöfum um tiltekna einstaka hluti. Hér er auðvitað ekki um neina rammalöggjöf að ræða heldur frumvarp til laga um eitt tiltekið fyrirbæri. Þau lög sem sett eru um eitt tiltekið fyrirbæri þurfa að halda utan um það fyrirbæri og vera eins nákvæm og ástæða er til. Það er ekki hægt að varpa frá sér ábyrgð á frumvarpi með því að kalla það rammalöggjöf þegar það er það ekki.

Ég sagði að fátt hefði breyst í þessu frumvarpi. Þó hefur eitt breyst. Það eru kröfurnar til forstöðumannsins sem í fyrra frumvarpi voru þær að hann ætti annaðhvort að vera með eitthvert háskólapróf eða hafa góða þekkingu á verkefnum safnsins. Þetta var gagnrýnt, bæði við 1. umr. eins og hæstv. menntamálaráðherra sagði réttilega og í umsögnum. Því hefur verið breytt og ég fagna því út af fyrir sig. En ekkert annað mark hefur verið tekið á athugasemdum í 1. umr. á síðasta þingi og úr umsögnunum.

Það hefur ekki einu sinni verið leiðrétt íslenskuvilla í 2. mgr. 3. gr., kjánaleg íslenskuvilla, þótt vakin hafi verið sérstök athygli á henni í umræðunum. Það sýnir kannski að þjónar hæstv. menntamálaráðherra hafa ekki einu sinni sinnt því að fara í gegnum þær ræður sem fluttar voru við 1. umr. á 132. þingi. Þegar það gerist þá verður að flytja þær ræður aftur. Það tefur fyrir nefndarstarfinu, því miður, þegar menntamálaráðherra eða starfsmenn hennar skoða ekki það sem um málið hefur verið sagt.

Ekkert hefur heldur gerst í málefnum safnsins síðan þetta mál var rætt við 1. umr. í fyrra. Sumarið hefur ekki verið nýtt til að bæta frumvarpið eða komast að skýrum niðurstöðum til að móta stefnu eða laga frumvarpið. Það eina sem hefur gerst í málefnum safnsins er bruninn mikli sem varð um daginn, sem vekur svo athygli á því, án þess að ég ætli nú að fara að kenna menntamálaráðherra hæstv. um brunann, að geymsluhúsnæði og geymslumál safna eru heldur bágborin, þannig að við notum um það kurteisleg orð.

Það er rétt að spyrja menntamálaráðherra að því sem ég gerði í 1. umr. í fyrra og fékk ekki svar við, hvort hafin sé úttekt sem hæstv. ráðherra nefndi í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur 1. febrúar í vor, sem var svona, með leyfi forseta:

„Þá er brýnt að sem fyrst verði hugað að geymsluhúsnæði safnsins," — þetta er svolítið neyðarlegt þegar maður les þetta núna eftir brunann — „líkt og gagnvart öðrum söfnum, og hef ég því ákveðið, frú forseti, að láta kanna sérstaklega geymsluþörf safna á vegum ríkisins til framtíðar litið."

Spurningin er: Hvað líður úttekt á geymsluþörf safna?

Forseti. Eitthvað það fróðlegasta í þessu plaggi hér, frumvarpinu og fylgigögnum þess, er umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem rakin var hér áðan. Þeir á fjárlagaskrifstofunni rekja í umsögninni að þeir hafi sjálfir í umsögn með safnalagafrumvarpinu á sínum tíma sagt að kostnaður við stofnun Náttúruminjasafnsins yrði töluverður. Þeir kvarta síðan yfir því, þó kurteisir séu, að samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu liggi, með leyfi forseta: „... engar áætlanir fyrir um uppbyggingu og rekstur Náttúruminjasafnsins." Svona var þetta á 132. þingi og svona er þetta enn.

Mér þykir það, sem kannski var afsakanlegt í fyrsta sinn sem frumvarpið var sett fram, bágborið að koma aftur með þetta inn í þingið án þess að nokkur tilraun hafi verið gerð til að áætla þetta. Þeir á fjárlagaskrifstofunni reyna að meta kostnað í byrjun. Þeir segja að það séu litlar forsendur til að meta kostnað við áætlanagerð forstöðumannsins.

Það er rétt að spyrja menntamálaráðherra, sem hefur lýst því yfir, og má hrósa fyrir það, að notað verði fé af safnliðum til þess: Hversu mikið fé er annars vegar talið að fari í laun forstöðumanns? Hver er hins vegar metinn kostnaður við áætlanagerð forstöðumannsins fyrsta árið? Starfsmenn fjárlagaskrifstofunnar segja engar forsendur, forseti, til að meta árlegan rekstrarkostnað þessa safns þar sem ekki liggi fyrir neinar áætlanir um hvernig á að reka það. Þeir giska á tugi eða hundruð milljóna króna sem auðvitað er eitt af því sem við ættum að ræða við 1. umr. um stofnun Náttúruminjasafns Íslands.

Lokaorðin í álitinu eru auðvitað líka merkileg og þess virði að þau komi fram. Menn frá fjárlagaskrifstofunni segja, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðuneytið gerir í því sambandi ráð fyrir að menntamálaráðuneytið láti útbúa vandaða áætlun um uppbyggingu og rekstur safnsins og geri ráð fyrir kostnaði við starfsemi þess við gerð fjárlaga, líkt og gildir um aðrar stofnanir, innan þess hluta langtímaáætlunar í ríkisfjármálum sem lýtur að menntamálaráðuneytinu."

Það er augljóst þegar maður les þetta að starfsmenn fjárlagaskrifstofunnar eru með faglegar aðfinnslur í garð menntamálaráðuneytisins fyrir að þetta skuli ekki liggja fyrir nú þegar. Þess vegna væri betra, eins og bent var á í fyrra, að hafa þetta í formi þingsályktunartillögu sem við gætum sameinast um. Síðan færi stefnumótunin fram með þátttöku allra sem að henni vilja koma.

Nokkur orð umfram það sem hér var sagt í fyrra um þennan skipulagsvanda sem við stöndum frammi fyrir, sem er auðvitað ekki á ábyrgð eins eða neins eða sök eins eða neins. Það er hins vegar ábyrgðarfullt verkefni að leysa úr honum. En Náttúruminjasafnið er á vegum menntamálaráðuneytisins meðan Náttúrufræðistofnun, sem á að vera hinn faglegi bakhjarl, er á vegum umhverfisráðuneytisins. Þetta þarf ekki að skapa vanda en getur auðveldlega gert það. Það þarf ekki annað en að forstöðumönnum þeirra stofnana sé ekki nægilega hlýtt hvorum til annars. Það getur skapað alls kyns vanda. Ég verð að segja að á þeim athugasemdum, kurteislegum og vinsamlegum sem við gerðum í 1. umr. á síðasta þingi, sem lýsa sér líka í umsögnunum, hefur ákaflega lítið mark verið tekið. Ekki er reynt að leysa úr þessum vanda með einum eða neinum hætti.

Í 3. gr. er enn þá það orðalag að Náttúrufræðistofnunin skuli, með leyfi forseta, „að verulegu leyti" annast rannsóknarskyldu þess. Þar er ekkert um það, sem fram kom í máli menntamálaráðherra, að Veðurstofa Íslands eða hin fræga Hafrannsóknastofnun skuli einnig vera bakhjarl Náttúrufræðistofnunar.

Í frumvarpinu eða greinargerðinni er ekki skýrður, þótt það komi vissulega fram í ræðu ráðherra, sá greinarmunur sem á að vera á þeim rannsóknum sem eiga að fara fram, sem Náttúruminjasafnið á að annast sjálft og síðan þeim sem Náttúrufræðistofnun annast. En það hjálpar vissulega til að menntamálaráðherra hafi lýst því að það séu hinar safnlegu rannsóknir, hinar safntæknilegu rannsóknir ef ég má nota það orð, sem safnið sjálft eða starfsmenn þess eiga að annast og grunnrannsóknir og faglegar fræðirannsóknir eiga að vera í annarra höndum.

En það er ekki minnst á Veðurstofuna og Hafrannsóknastofnunina og þær stofnanir fleiri sem um ræðir í þessu frumvarpi eða í greinargerð með því. Þegar maður hlustar á menntamálaráðherra þá hefur maður helst á tilfinningunni að hæstv. ráðherra sé nánast að hugsa í fyrsta sinn eitt og annað í þessum ræðustól í tengslum við Náttúruminjasafn sem hún þó ætlar að stofna.

Í 3. gr. er talað um aðra aðila en það á sér enga skýringu í athugasemdum við frumvarpið. Það er spurning sem við þurfum að velta fyrir okkur hvort ef til vill ætti að breyta skipulaginu og taka þetta safn frá menntamálaráðuneytinu og setja undir umhverfisráðuneytið til þess leysa þennan skipulagsvanda. Mér sýnist að ef frumvarpið breytist ekki muni hann geta orðið hættulegur fyrir safnið og fyrir þær rannsóknir sem að baki standa. Hér er ákaflega margt óljóst.

Þetta þingmál væri að mínu áliti betur komið sem þingsályktunartillaga. Það er auðvitað jákvætt eins og ég sagði í upphafi. Hins vegar bíða mörg úrlausnarefni menntamálanefndar sem yfir þetta fer og hugsanlega umhverfisnefndar einnig. Verði svo að þetta frumvarp verði samþykkt í vor óbreytt eða lítt breytt þá er gríðarleg vinna eftir í menntamálaráðuneytinu sjálfu, þ.e. sú vinna sem við alþingismenn ætlumst til að búið sé að ráðast í þegar frumvörp eru lögð fram, að ég tali ekki um stjórnarfrumvörp sem njóta fjölmennra stofnana til undirbúnings. Áætlunina vantar. Undirbúningi er áfátt. Hugsunin er óskýr.

[17:32]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Mörður Árnason, það er a.m.k. ljóst að hann er skýr í tali en engu að síður finnst mér vera óljóst hvort hann hyggst styðja málið. Það kemur fram í máli hans sem og máli hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar sem kom hérna upp í andsvar áðan, að menn eru bara ekkert skýrir í afstöðu sinni hvort þeir vilji samþykkja lög um Náttúruminjasafn Íslands og stuðla þannig að framgangi þess að Náttúruminjasafn verði byggt hér á landi, farið í stefnumörkun o.s.frv.

Hv. þingmaður varpaði til mín spurningu varðandi þá skýrslu eða þann hóp sem ég boðaði að ætti að fara yfir geymslumál safna. Ég vænti þess að á næstu dögum fái ég þá skýrslu í hendur, ég vonast til þess.

Síðan varðandi hitt atriðið, þann leiða atburð sem átti sér stað með gripi Náttúrufræðistofnunar sem voru í vörslu tiltekins aðila úti í bæ, þá mun ég að sjálfsögðu óska eftir þeirri greinargerð sem ég geri ráð fyrir að umhverfisráðherra biðji um, sem alla jafna er gert þegar svona óhöpp verða, að ráðherrar biðja um greinargerð varðandi stöðu málsins, hvernig atvik voru o.s.frv. Ég mun að sjálfsögðu óska eftir slíkri greinargerð til að vinna inn í þá heildarendurskoðun sem tengist geymslumálum safna.

[17:34]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég greindi ekki alveg í ræðu hæstv. ráðherra hvenær væri von á þeirri úttekt sem kölluð var 1. febrúar 2006, um geymsluþörf safna. Vil ég biðja ráðherrann að endurtaka það og segja okkur líka hverjir hafa annast þá úttekt og með hvaða hætti hún hefur verið gerð. Ég fagna því ef hún er núna fram komin og dæmin sanna að þörf var á henni miklu fyrr.

Um vilja minn til að samþykkja frumvarpið — ja, þá þarf að liggja fyrir, forseti, vilji ráðherrans til að setja stofnunina af stað því að hann er ekki ljós. Ljóst er að ráðherra vill setja svokallaða rammalöggjöf um Náttúruminjasafn Íslands, lög sem yrðu afar óljós og hefðu þær einu praktísku afleiðingar að hæstv. menntamálaráðherra gæti ráðið forstöðumann fyrsta kastið, og það gæti orðið nokkuð langt kast, til að standa fyrir stefnumótun sem ráðherrann á náttúrlega að standa fyrir og á að vera ábyrgur fyrir og getur fengið tilstyrk stjórnmálaflokka á þingi til ef hann vill.

Það stendur því ekki upp á mig, forseti, að svara hvort ég ætli að samþykkja frumvarpið í 1. umr. Þær spurningar sem þarf að svara eru hvaða vilji býr hjá hæstv. menntamálaráðherra að baki frumvarpinu þegar það er í greinum sínum óljóst, þegar markmið eru í óvissu og þegar fé til að fylgja því eftir er hulið í jörð.

[17:36]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Markmiðin með frumvarpinu eru skýr, þau eru kristaltær. Ég bendi hv. þingmanni á að lesa frumvarpið betur ef hann hefur þetta ekki á hreinu.

Í öðru lagi hefur það verið fram til þessa að þegar ráðherrar leggja fram stjórnarfrumvörp, og ég veit ekki betur en það gildi líka um þingmenn varðandi þingmannafrumvörp, að ef þau ná framgangi ætli menn að halda áfram með uppbyggingu þess sem málið snertir. Það er ekkert öðruvísi með þetta mál en önnur þau mál sem ég hef lagt fyrir á hinu háa Alþingi. Ef þetta frumvarp verður að lögum mun uppbyggingu verða haldið áfram á náttúruminjasafni. Ég hef sagt það og tel það skipta mjög miklu máli, ekki síst varðandi uppbyggingu náttúrufræðinnar og raungreinanna innan skólakerfisins. Náttúruminjasafn sem þetta mun stuðla að framgangi náttúrufræðinnar sem slíkrar í samfélaginu, ekki síst innan skólakerfisins. Náttúruminjasafnið mun því gegna margháttuðu og mikilvægu hlutverki. Við þurfum að samþykkja þetta rammalöggjafarfrumvarp til þess að við getum tekið málið áfram og mótað stefnuna enn frekar í samráði við nýjan forstöðumann, starfsmenn og fræðaheiminn sem slíkan.

[17:37]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Samkvæmt þeim skilningi sem hæstv. menntamálaráðherra leggur í störf þingsins eru öll frumvörp þingsins rammalöggjafarfrumvörp nema þá helst fjárlögin. Það er fallegt að halda miklar ræður um náttúruminjasafnið, það hefur verið gert í sennilega heila öld, hver stjórnmálamaðurinn af öðrum, hver menntamálaráðherrann af öðrum.

Ekki skal standa á okkur að samþykkja almennileg lög um náttúruminjasafn ef það er víst að heilindi og vilji sé á bak við það frumvarp sem ráðherra flytur um þetta efni. Það er bara hreinlega óljóst. Það fylgir þessu frumvarpi ekkert af því sem á þarf að halda þegar þarf að framkvæma. Umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er kannski sá partur af frumvarpinu sem auðlesnastur er og skemmtilegast er að lesa fyrir þá sem hafa gaman af tölum því að engar aðrar tölur eru í frumvarpinu.

Ég vil að lokum benda hæstv. menntamálaráðherra afar kurteislega og afar ljúfmannlega og blíðlega á það, áður en hún setur á frekari ræður um Náttúruminjasafn Íslands og það frumvarp sem hún flytur nú öðru sinni, að lesa fyrst greinargerð fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um það verkefni sem ráðherrann telur að hún sé að ráðast í.

[17:39]

**Álfheiður Ingadóttir:**

Frú forseti. Fáum þjóðum er meiri nauðsyn en okkur Íslendingum, sem byggjum alla okkar afkomu á náttúrunni, að eiga gott og metnaðarfullt náttúruminjasafn eða náttúrugripasafn, safn sem getur kennt komandi kynslóðum og okkur sjálfum að þekkja náttúruna, skilja hana og virða. Það er þess vegna ekki vansalaust að nú, 117 árum eftir að Hið íslenska náttúrufræðifélag var stofnað í þeim tilgangi einum „að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi, ...“ skulum við standa hér og ekki geta boðið börnum okkar og gestum upp á nútímalega og spennandi fræðslu um náttúrufar landsins.

Við verðum að muna að baráttan fyrir uppbyggingu náttúruhúss, náttúruminjasafns, snýst ekki um það sem í hugum margra er svona klassískt gamaldags safn með skúffum, endalausum röðum af ótrúlega svipuðum eggjum

eða grjóti, heldur hljótum við að hafa þann metnað að hér rísi nútímalegt náttúru- og vísindasafn sem sýnt getur almenningi, jafnt fræðimönnum, ferðamönnum og forvitnum krökkum safn sem hefur fræðilegan bakhjarl og beitir nýjustu sýningartækni við kynningu á niðurstöðum rannsókna á náttúru Íslands og miðlar mikilsverðum erlendum fróðleik og náttúru- og vísindasýningum. Við verðum að hafa metnað til þess að koma upp veglegu náttúruhúsi þar sem litið er heildstætt á náttúruna, þar sem náttúrulegir ferlar eru kynntir, þar sem við getum kynnst og skoðað hvernig landið okkar og náttúra þess hefur mótast og er enn í mótun og ekki síður hvaða áhrif náttúran hefur á okkur mennina og við á hana.

Álíka ræður hafa verið fluttar í 117 ár og nú stöndum við á haustdögum 2006 með það sem heitir frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands. Mikið væri gaman að geta sagt: Til hamingju, Ísland, með þetta. En því miður fylgja því afskaplega mikil vonbrigði að fletta í gegnum þetta plagg vegna þess að mér sýnist að hér sé því miður um eins konar pappírs- eða skúffufyrirbæri að ræða, lagatæknilegt atriði.

Ég ætla ekki að fara út í að ræða hvað rammalöggjöf eða lagabálkur, eins og hæstv. ráðherra kallaði þetta áðan, þýðir í huga mínum eða annarra. Það sem upp úr stendur er að frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands fylgja engir fjármunir, engin stefna, engar áætlanir um uppbyggingu sýningarhúss. Ekki er vísað til þess sem áður hefur verið gert í þeim efnum, en fyrir liggja ítarlegar athuganir á rýmisþörf, á sýningarstefnu og á uppbyggingu á metnaðarfullu náttúruhúsi. Ég ætla að leyfa mér að lyfta hér upp einu litlu plaggi upp á — ja, það vantar nú allt blaðsíðutal, ætli þetta séu ekki um 80–90 blaðsíður, síðasta stóra skýrslan sem unnin hefur verið um uppbyggingu náttúruhúss í Reykjavík.

Þetta liggur allt saman fyrir en það er eins og það hafi gleymst. Það þarf alltaf að byrja upp á nýtt í þessu máli. Hvernig í ósköpunum stendur á því að eftir þessi 117 ár og 15 eða 17 nefndir skulum við enn vera í þessum sporum? Ég get, virðulegur forseti, trútt um talað því að málið er mér skylt. Ég hef síðustu tíu ár verið starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Íslands og haft sérstaklega með sýningarsalina tvo að gera sem eru þar til bráðabirgða og hafa verið frá 1967.

Ég hef líka setið í tveimur svona nefndum. Ég sat á vegum menntamálaráðuneytisins í þeirri nefnd sem gerði tillögu um það til Alþingis og til ríkisstjórnar að hér yrði komið á hugmyndasamkeppni um byggingu náttúruhúss á grundvelli þeirrar stefnumótunar sem búið var að vinna, á grundvelli samkomulags sem fyrir lá á milli Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og ríkisins.

Það verður að segjast eins og er að ríkið hljópst undan merkjum. Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg, með Davíð Oddsson þá í forsvari og síðan aðra borgarstjóra á eftir honum, voru tilbúin til að koma að þessu verkefni árið 1991 og í nokkur ár þar á eftir. En þegar ríkið sýndi aldrei lit töldu þessir aðilar sig stikkfrí. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Hefur verið leitað eftir því við undirbúning á því máli sem nú liggur fyrir hvort Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands eru tilbúin til að taka aftur upp viðræður um byggingu náttúrugripasafns eða náttúruhúss í Reykjavík með þeirri kostnaðarskiptingu sem búið var að semja um á sínum tíma eða annarri?

Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra líka: Hefur ráðherrann hugsað sér að halda til haga þeirri lóðaúthlutun sem fyrir lá og fyrir liggur á háskólasvæðinu í Vatnsmýrinni? Þar er lóð undir náttúruhús við hliðina á Öskju, kennsluhúsnæði í náttúrufræðum, lóð sem er merkt G á uppdráttum af háskólasvæðinu. Eða eru einhverjar aðrar lóðir sem ráðherrann hefur í huga? Það hafa nokkrar verið nefndar, en ég ætla ekki að rekja það hér þó að ég gæti það.

Það er mjög mikilvægt að í þessu frumvarpi sé tekið skýrt fram hvernig samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruminjasafnsins eigi að vera háttað. Hvers vegna? Jú, vegna þess að á Náttúrufræðistofnun Íslands eru líklega eitthvað um 2 eða 2,5 milljónir safngripa. Þetta eru vísindasöfn stofnunarinnar. Mjög margir, gott ef ekki næstum því allir þeir gripir gætu þjónað sem sýningargripir en eru það eðlilega ekki. Hins vegar er mjög mikilvægt fyrir Náttúruminjasafn, ef það á að koma því upp með þessum hætti, að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem liggja fyrir hjá Náttúrufræðistofnun og jafnvel að gripum til sýningar ef á þarf að halda.

Það þarf auðvitað að kveða skýrt á um þetta því að það er eins og hv. þm. Mörður Árnason nefndi hér áðan að verkaskipting Stjórnarráðsins er ekki endilega og hefur ekki endilega verið þessu máli í hag undanfarinn áratug eða svo. Það var menntamálaráðuneytið sem á sínum tíma setti af stað þessa vinnu við náttúruhús í Reykjavík. Þegar þær tillögur lágu fyrir á árinu 1991 var umhverfisráðuneytið tekið til starfa. Menntamálaráðuneytið þó hendur sínar þar með. Með því féll þetta mál eiginlega niður á milli stafs og hurðar, eins dapurlegt og það nú er. Með safnalögum á árinu 2001 var í rauninni skilið á milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruminjasafns eða Náttúrugripasafns.

Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er gerð tilraun til þess að splæsa þetta aftur saman og ég virði hana mikils og tel mjög nauðsynlegt að það sé gert. Ég vil auðvitað helst sjá að skipulag Stjórnarráðsins þurfi ekki að þvælast svona fyrir mönnum við uppbyggingu á jafnmikilvægum verkefnum og hér er um að ræða. Það þarf auðvitað að vera farvegur fyrir samvinnu um uppbyggingu mikilla verkefna eins og þessa. Við skulum ekki gleyma því að við erum að tala hér um, ætli það séu ekki í það minnsta 1,5–2 milljarðar kr. sem þarf til þess að reisa myndarlegt náttúruhús, að lágmarki? Hæstv. ráðherra viðurkenndi áðan — eins og við vitum — að það eru engir fjármunir ætlaðir hvorki til undirbúnings verksins né til þess að ráða nokkurn mann til þess að koma að því. Hæstv. ráðherra viðurkenndi að það gæti orðið vandkvæðum bundið að taka það fé af eigin reikningi ráðuneytisins.

Þess vegna þarf auðvitað að gera ítarlegar áætlanir um fjármögnun, það þarf að leita samstarfs aðila um þetta mikla verkefni og í ljósi sögunnar og í ljósi þeirra fyrirheita sem á sínum tíma voru gefin er eðlilegt að hæstv. ráðherra leiti eftir því — nú eða þá menntamálanefnd ef henni býður svo við að horfa — hvort Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands eru ekki tilbúin til þess að hlaupa undir árar í þessu verkefni aftur.

Það er ekki hægt að skilja við þetta mál öðruvísi en að nefna það sem hér hefur borið á góma sem er það mikla tjón sem varð á munum í frystigeymslum Náttúrufræðistofnunar í leiguhúsnæði, einu af mörgum úti í bæ. Eins og ég nefndi áðan eru í vísindasöfnunum yfir tvær milljónir gripa og þessir gripir eru geymdir tvist og bast um bæinn, enginn þeirra við eðlileg og rétt geymsluskilyrði. Mig langar til þess að spyrja ráðherrann hvort sú könnun sem hv. þm. Mörður Árnason nefndi hér áðan, á geymslumálum safna, taki ekki örugglega til geymslna hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og þeim safnkosti sem þar er og í sýningarsafninu sérstaklega. Aðstæður í sýningarsafninu, bráðabirgðahúsnæðinu á Hlemmi, eru alls ekki eins og þær ættu að vera en samkvæmt þessu frumvarpi er a.m.k. ljóst að þann hluta mundi nýtt náttúruminjasafn taka yfir.

Ég sakna þess, eins og ég hef sagt, að hér séu engar áætlanir og engir peningar og engar hugmyndir um fjármögnun eða staðsetningu. En ég sakna þess líka að það sé ekki reiknað með því, hvorki í greinargerð né frumvarpstexta að um þetta mikla verkefni verði haft samráð, ekki aðeins við þá aðila sem ég nefndi sem eru Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands, heldur líka við umhverfisráðuneytið, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi hér áðan, og ég vil nefna Hið íslenska náttúrufræðifélag sérstaklega, sem var á sínum tíma stofnað til þess eins, eins og ég sagði, að koma upp veglegu náttúrugripasafni á landinu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við þessa aðila verði haft gott samráð því að við megum ekki fara af stað enn einn ganginn og byrja upp á nýtt, láta eins og ekkert hafi gerst, nú eigi bara að byrja og gera bara eitthvað, setja svona lög og svo eigi að ráða einn mann og svo eigi hann að fara að leita að einhverju og skoða eitthvað. Það hefur svo mikið gerst í þessu máli og það er svo mikill efniviður og það er svo brýn þörf, það er svo mikilvægt að það verði farið í þetta mál af metnaði og af krafti. Það eru mér mjög mikil vonbrigði að mér finnst ekki örla á því í þessu frumvarpi.

Við skulum samt leyfa okkur að vera bjartsýn. Kannski verður hægt í meðförum þingsins að gera þetta með myndarlegri hætti en hér er af stað farið með. Ég þekki ekki hvort það er mögulegt en ég vona það. Það er að mínu mati alla vega ekki nóg og það dugir skammt að hafa falleg orð um samnýtingu á því húsnæði sem ekkert er, því að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekkert húsnæði sem er boðlegt fyrir sýningarmuni, ekki einu sinni fyrir vísindasöfn stofnunarinnar. Það er ekki nóg að hafa uppi falleg orð um samnýtingu slíks húsnæðis í þessu skyni eftir 117 ár, það þarf að kveða sterkar að orði og leita eftir fleirum til þess að taka á í þessu efni. Ég vil leyfa mér að fullyrða miðað við forsögu málsins að það ætti að vera hægt ef rétt er á málum haldið.

[17:55]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hefði haldið að einmitt eftir þá sögu sem margir hafa komið inn á hér þá fögnuðu menn umræðu um frekari stefnumörkun og uppbyggingu eða tækifæri til uppbyggingar varðandi náttúruminjasafnið sem ég tel vera merkt framlag til þess að við getum haldið áfram af metnaði. Það liggur alveg ljóst fyrir að þegar við verðum búin að samþykkja þetta frumvarp þá höldum við áfram með málið og þá í samvinnu og samstarfi við þá aðila sem hlut eiga að máli, beint sem óbeint, og m.a. þá aðila sem hv. þingmaður minntist á, hvort sem það eru náttúrufræðingar, umhverfisráðuneytið eða aðrir.

Aðalatriði er að samkvæmt safnalögum eru höfuðsöfnin þrjú og þegar þetta frumvarp verður að lögum er Náttúruminjasafnið á ábyrgð menntamálaráðuneytisins en fram til þessa er það ekki á ábyrgð menntamálaráðuneytisins. Í dag er það lögum samkvæmt á ábyrgð umhverfisráðuneytisins. Ég hefði einmitt haldið að menn mundu fagna því að verið væri að reyna að koma þessum málum í það horf sem mér heyrist að flestir vilji, að byggja hér upp öflugt náttúruminjasafn.

Hv. þingmaður spurði mig áðan m.a. hvort halda ætti áfram á grundvelli þeirrar stefnumörkunar og með því plaggi sem kom fram áðan. Ekki endilega, því það hafa orðið gríðarlega miklar breytingar á alþjóðavísu í safnamálum einmitt í tengslum við náttúruminjasöfn, vísindasöfn o.s.frv. Það er reynsla sem við eigum að nýta okkur og mun hugsanlega leiða til þess að við sjáum náttúruminjasafnið verða víðtækara en menn sáu 1991 þegar rætt var um samvinnu borgar, háskóla og ríkisvalds.

[17:57]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sakna þess sérstaklega að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa tekið undir frómar óskir mínar um að leitað yrði eftir því við Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg hvort þeir fjársterku og metnaðarfullu aðilar væru tilbúnir til þess að koma með í þessi verk. Hæstv. ráðherra og öðrum til upplýsingar vil ég segja það að í þessari bláu bók sem ég hafði hér á borðinu hjá mér áðan var ekki verið að tala um eitthvert gamaldags náttúrugripasafn, sem er svo í hugum margra, heldur um eiginlegt vísinda- og náttúruhús með stjörnuskoðunaraðstöðu og öllu því sem eitt gott náttúrugripa- og vísindasafn má prýða.

Það er alveg ljóst að það verður ekki lengur farið út í að búa til eitthvert sýningarsafn og ekki einu sinni náttúrusýningar hér öðruvísi en beitt sé þeirri nýju tækni, miðlunartækni sem fyrir hendi er. Eins og við sjáum vera að gerast í kringum okkur, t.d. með landnámssýningunni í Aðalstræti eða með endurgerð sýninga í Þjóðminjasafninu, þar er auðvitað á mjög metnaðarfullan hátt verið að beita nýrri sýningartækni.

Ég held að ég geti fullyrt, með fullri virðingu fyrir því sem gerst hefur á undanförnum árum, að það mun ekki standa á náttúrufræðingum eða öðrum þeim sem hafa komið að þessum málum, ég vil segja í 117 ár, að vera tilbúnir til þess að taka við nýjustu tækni og vera opnir fyrir hugmyndum. Ég vil jafnframt skora á ráðherrann að vera opin fyrir þeirri hugmynd að fá Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg til samstarfs við sig um þetta verkefni og reyna að tryggja þá lóð sem enn er á skipulagi í Vatnsmýrinni og bíður eftir þessu húsi.

[17:59]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að það verður haft samstarf og samvinna við þá sem geta stuðlað að því að Náttúruminjasafn Íslands verði glæsilegt og vel uppbyggt, það er alveg ljóst. En það hefur margt breyst frá því að fyrrnefnd skýrsla var sett fram, m.a. lögin frá 2001 þar sem getið er um þessi þrjú höfuðsöfn sem við höfum margoft rætt.

Í síðara andsvari mínu langar mig til að spyrja hv. þingmann hvort hún telji ekki rétt, í ljósi þessa frumvarps og hugmyndarinnar varðandi uppbyggingu Náttúruminjasafnsins sem slíks, að breyta 8. gr. í lögum um Náttúrufræðistofnun, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun Íslands getur með leyfi ráðherra gerst aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu."

Telur hv. þingmaður ekki rétt í ljósi þess að byggja á upp öflugt höfuðsafn á sviði náttúruminja að allur safnahlutinn frá Náttúrufræðistofnun verði settur inn í Náttúruminjasafnið og þá um leið á ábyrgð Náttúruminjasafnsins í framtíðinni og þar af leiðandi að umræddri 8. gr. verði breytt?

[18:00]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki viss um að ég hafi skilið hæstv. ráðherrann rétt. Ef ráðherra á við það hvort ég sé sammála því að þessar rúmlega tvær milljónir gripa í vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar Íslands fari inn í það sem ég óttast því miður að sé pappírs- eða skúffufyrirbæri er ég ekki tilbúin til þess. Það verður bara að segjast eins og er.

Ég held að það væri algert óráð að taka út úr lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands þá skyldu að aðstoða við uppsetningu náttúrusýninga á landinu. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur af veikum burðum á undanförnum áratug, frá 1992, frá því að lög um stofnunina voru sett, leitast við að aðstoða, eins og þarna segir einmitt, við uppsetningu náttúrusýninga.

Ég vil nefna Hvalamiðstöðina á Húsavík sem starfsmenn stofnunarinnar komu að því að setja upp. Eins vil ég nefna Veiðisafnið á Stokkseyri. Það er dapurlegt að stofnunin skuli ekki geta sinnt þessu hlutverki sínu betur. Hæstv. ráðherra, það er enginn að sinna nákvæmlega þessu. Það hefur enginn verið að sinna þessu.

Þetta ákvæði sem var sett í lögin 1992 sem átti að fría Náttúrufræðistofnun frá því að reka safnið eiginlega velti því verkefni yfir á sveitarfélögin. (**Menntmrh.:** Á Náttúrufræðistofnun að hafa safnahlutverk?) Náttúrufræðistofnun hefur safnahlutverk, já, hæstv. ráðherra.

[18:02]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við ræðum nú hér öðru sinni á þessu sama ári frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands. Eins og hér hefur komið fram er um viðamikið mál að ræða og þingmenn hafa á því mikinn áhuga. Ég undirstrika hér, eins og ég gerði reyndar í hið fyrra sinni, að ég tel að hér sé um langþráð mál að ræða. Eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttur vék að eru 117 ár liðin frá því að Hið íslenska náttúrufræðifélag var stofnað beinlínis til að koma á laggirnar safni af því tagi sem vonandi verður afsprengi þessa frumvarps hér þó svo að allir geri sér ljósa grein fyrir því að safnið sem við fáum vonandi í framhaldi af þessu frumvarpi verður svo nútímalegt og svo viðamikið að náttúrufræðingarnir sem stofnuðu til safnsins fyrir 117 árum hefðu ekki í sínum villtustu draumum, vona ég, getað séð hvers konar safn við hyggjumst reisa hér á Íslandi á 21. öldinni.

Hins vegar vil ég segja að auðvitað er ekki vansalaust hvernig hefur gengið. Það er sárgrætilegt að þurfa að horfa upp á þessa sögu, og nú hef ég kynnt mér hana lítillega, hvernig maður hefur gengið undir manns hönd til að auka veg þessa máls og efla framgang þess. Lítið hefur gengið. Allan þennan tíma hafa virtir náttúruvísindamenn verið að störfum við að viða að sér munum sem gætu verið hluti af stofni svona safns. Hér hefur komið fram hversu viðamikið það safn þó er sem er í eigu og umsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ég held að það sé alveg einboðið að þegar loksins verður af stofnun þessa nýja höfuðsafns komi það til með að fá glæsilegan heimanmund, bæði í faglegri þekkingu þeirra einstaklinga sem hingað til hafa unnið að þessum málum og sömuleiðis í þeim gripum sem eru til staðar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hitt verður svo auðvitað að gaumgæfa með hvaða hætti Náttúrufræðistofnun Íslands tengist þessu safni. Það verður að fara vel ofan í saumana á því. Það verður ekki gert öðruvísi en að allir séu með í ráðum. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að undirstrika hér enn að umhverfisráðuneytið og Náttúrufræðistofnun Íslands hljóta að þurfa að vera hægri hendur hæstv. menntamálaráðherra í þeirri vinnu sem nú er fram undan. Menntamálanefnd Alþingis verður auðvitað ein af þeim hægri höndum líka.

Við fengum í menntamálanefndinni nokkuð margar umsagnir um þetta frumvarp síðasta vor. Þeirra hefur svo sem ekki verið getið neitt hér í ræðum þeirra þingmanna sem á undan mér hafa talað en þær gefa alveg til kynna hvaða atriði það eru sem koma til með að verða aðalumfjöllunarefni nefndarinnar.

Í fyrsta lagi er það þetta með rannsóknaþáttinn. Á hvern hátt skarast rannsóknaþáttur Náttúrufræðistofnunar Íslands og þessa safns? Hvernig kemur samstarfi þessara tveggja stofnana til með að verða háttað? Sömuleiðis, hvaða stofnanir koma til með að eiga beina aðild að safninu, sem rannsóknastofnanir og bakhjarlar þess? Hæstv. ráðherra hefur nefnt hérna Hafrannsóknastofnun og Veðurstofu Íslands. Aðrar stofnanir sem hafa verið nefndar í umsögnum umsagnaraðila eru Umhverfisstofnun Íslands og Veiðimálastofnun sem sendi inn umsögn. Orkustofnun er nefnd. Það mætti jafnvel nefna fleiri vísindastofnanir sem þurfa að eiga greiðan aðgang að þessu væntanlega safni og hafa við það bein og óbein tengsl.

Aðrir þættir sem koma til með að taka pláss í vinnu nefndarinnar eru auðvitað hlutir eins og staðsetning. Ég veit ekki hvort maður má brosa en það koma nokkuð margar umsagnir til nefndarinnar sem varða ekkert annað en staðsetningu safnsins. Við vitum það sem höfum vasast í pólitík á síðustu árum að þegar ný ríkisstofnun lítur dagsins ljós

eru auðvitað ansi margir sem óska þess að hún verði stofnuð í þeirra umdæmi.

En á hitt vil ég síðan minna, og það er ekki bara af því að ég er þingmaður Reykvíkinga, að hið íslenska náttúrufræðifélag gerði ráð fyrir því, fyrir 117 árum, þegar gjöfin var afhent íslenska ríkinu og til þessa alls var stofnað, að safnið yrði reist í höfuðstað Íslendinga. Ég tel alveg sömu forsendur vera til staðar í málinu nú eins og þá. Hér er um að ræða eitt af höfuðsöfnunum sem að sjálfsögðu á að rísa í höfuðstað Íslendinga með mjög góðar og öflugar tengingar út í öll byggðarlög þessa lands.

Auðvitað vitum við líka að það eru glæsileg einkasöfn og náttúruminjasöfn sem hefur verið komið á laggirnar víða úti um land. Eitt af hlutverkum svona stórs höfuðsafns á sviði náttúruvísinda væri auðvitað að afla upplýsinga og kortleggja þau söfn sem eru til staðar úti á landsbyggðinni og mynda við þau tengsl. Ég lít á þetta allt saman sem gríðarmikið tækifæri fyrir okkur til að efla safnastarfsemi á sviði náttúruvísinda úti um allt land þar sem hjartað, sem dælir blóðinu út í líkamann, yrði svo staðsett í höfuðstað Íslendinga.

Einn þeirra aðila sem sendi okkur í menntamálanefndinni umsögn með málinu var að sjálfsögðu Hið íslenska náttúrufræðifélag. Sú umsögn er efnismest af þeim sem okkur barst. Meðal þess sem náttúrufræðifélagið sendi okkur var skýrsla um Hið íslenska náttúrufræðifélag sem gefin var út af Ísafoldarprentsmiðju árið 1951 þar sem rakið er hvernig Náttúrugripasafnið er til komið og hvernig náttúrufræðifélagið hefur séð þetta allt fyrir sér í árdaga. Er í þessari skýrslu verulegur fróðleikur.

Svo fylgir umsögn Hins íslenska náttúrufræðifélags einnig ályktun frá félaginu um Náttúruminjasafn Íslands sem ég tel ástæðu til að gefa gaum hér. Sú ályktun var gerð á aðalfundi Hins íslenska náttúrufræðifélags sem haldinn var 25. febrúar 2006 í Kópavogi. Þar ítrekar félagið ályktanir fyrri aðalfunda til margra ára um málefni Náttúruminjasafns, höfuðsafns íslensku þjóðarinnar í náttúrufræðum sem félagið hefur barist fyrir í meira en heila öld. Félagið hvetur menntamálaráðherra og aðra hlutaðeigandi aðila, og þar með talda auðvitað menntamálanefnd, til að beita sér af fullum þunga fyrir því að ráðist verði hið fyrsta í byggingu veglegs og nýstárlegs sýningar- og kennslusalar í náttúrufræðum.

Í þessari ályktun leggur félagið áherslu á að safnið hafi aðsetur á höfuðborgarsvæðinu og starfi í tengslum við Náttúrufræðistofnun Íslands. Það getur ekki annað verið en að við sem löggjafinn í þessu landi lítum til vilja Hins íslenska náttúrufræðifélags í þessum efnum. Hann er alveg ljós. Hann lá fyrir fyrir 117 árum og hann er ítrekaður með ályktun náttúrufræðifélagsins frá því í febrúar á þessu ári.

Svo fagnar félagið auðvitað hreyfingunni, að það skuli vera komin hreyfing á málið, eins og við höfum gert í þessum sal, þingmenn kjörin á Alþingi fyrir hönd þjóðarinnar, og lýkur síðan ályktun sinni með því að segja, og þá vil ég vitna beint til ályktunarinnar, með leyfi forseta:

„Félagið harmar hins vegar að hafa ekki verið haft með í ráðum við smíði frumvarpsins og telur eðlilegt, í ljósi samofinnar sögu og tengsla félagsins við Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands, að félagið fái frumvarpið til umfjöllunar áður en það verður lagt fyrir Alþingi. Hið íslenska náttúrufræðifélag væntir góðs samstarfs við ráðuneyti mennta- og umhverfismála um framtíðarmálefni Náttúruminjasafns Íslands.“

Þetta finnst mér mikilvægt að gera hér að umtalsefni af því að það sýnir okkur hvað það er mikilvægt að hæstv. menntamálaráðherra hafi opið inn til sín í þessum efnum og hleypi öllum að þessu borði. Það hefur ekki verið gert að mínu mati og það heyrir upp á menntamálanefnd Alþingis að sjá til þess að nú komist allir þessir aðilar að og geti komið með sínar góðu ábendingar.

Ég spái því, virðulegi forseti, að talsverðar breytingar eigi eftir að verða á þessu frumvarpi áður en það kemur til 2. umr. Ég er t.d. algerlega sannfærð um að menntamálanefnd vilji móta stefnu þessa safns á mun ítarlegri hátt en gert er í þessu frumvarpi þar sem hæstv. menntamálaráðherra leyfir sér að tala um rammalöggjöf, og svo eigi einhver sterkur forstöðumaður, einhver sterkur foringi að koma hér, gefa línuna og ráða öllu saman. Þetta er auðvitað ekki alveg boðlegt.

Við vitum það sem höfum starfað í menntamálanefndinni undanfarin ár og settum á síðasta ári vönduð lög að mínu mati um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að þetta var eitt af aðalatriðunum, þ.e. að móta innviði stofnunarinnar. Það var reynt eftir fremsta megni og við náðum talsvert langt í þeim efnum í störfum menntamálanefndarinnar þó að sum okkar hefðu ef til vill viljað fara lengra í þeim efnum.

Ég spái því að svipuð deigla eigi eftir að verða um þetta frumvarp í menntamálanefndinni sem á endanum kemur, vonandi, til með að skila betri framlegð hingað inn í þennan sal til 2. umr. Ég trúi því og treysti.

Ég vil bara taka viljann fyrir verkið og segja að ég er afar glöð yfir því að þetta skuli koma fram. Ég er glöð yfir því að sjá hversu góðar ábendingar við fáum í þeim umsögnum sem eru til staðar. Ég treysti því að menntamálanefnd taki þær allar til gaumgæfilegrar skoðunar og komi á endanum til með að bæta talsverðu við frumvarpið.

Ég tel svo sem ekki efni til þess hér, eða stað eða stund, að fara neitt í smáatriði þessara umsagna. Eins og ég segi koma þær til með að verða skoðaðar allar saman þegar málið verður tekið fyrir hjá menntamálanefndinni.

Eins og hér hefur komið fram er ekki nægilegur sómi að því að fá þessa umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hún er afar harðorð og ég tel að það hefði verið hægur vandi hjá hæstv. ráðherra að standa betur að málum en raun ber vitni. En eins og ég segi, ég held að við þurfum ekki að eyða neitt löngum tíma hér í að setja út á það. Við sjáum bara að verkefnið í menntamálanefndinni er ærið. Ég geri ráð fyrir því að þar verði skoðuð saga þessara mála og blása skýrslan sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi. Sú skýrsla er afar athyglisverð í alla staði og verður örugglega tekin til skoðunar líka í menntamálanefndinni því að þar er að finna gríðarlegan fróðleik um forsögu þessa máls, um undirbyggingu þess samkomulags sem gert var milli Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og íslenska ríkisins, sem auðvitað er þyngra en tárum taki að skyldi hafa verið rofið. Við áttum á þessum fyrstu árum 10. áratugarins möguleika á að setja málið á fullan skrið og koma safninu í höfn en

því miður bárum við ekki gæfu til þess.

Ég kem til með að gera það sem í mínu valdi stendur til þess að ríkið geti rekið af sér slyðruorðið og nái nú saman um þetta mál, helst á þessi þingi. Þá verður það þó að vera í vandaðri búningi en frumvarpið er eins og það liggur fyrir núna. Ég tel að við höfum full efni til þess að vera bjartsýn og vænta mikils af starfi nefndarinnar sem fram undan er.

[18:16]

**Hjálmar Árnason:**

Virðulegur forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að bæta miklu við þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram. Ég get tekið undir þau sjónarmið að metnaðarleysi okkar sem þjóðar í yfir eina öld er algert. Það eru líklega fáar þjóðir sem eru jafnháðar náttúrunni og við Íslendingar, þ.e. hvernig við höfum umgengist og nýtt náttúruna, það er það sem hefur haldið lífi í okkur sem þjóð. Við höfum verið algerlega háð duttlungum náttúrunnar og þess vegna hafa náttúruvísindi í rauninni verið undirstaðan að tilveru okkar. Einmitt í því ljósi er það skammarlegt metnaðarleysi okkar sem þjóðar að standa í þeim sporum sem við stöndum núna, að hafa ekki komið upp fyrir mörgum árum alvöruaðstöðu fyrir náttúruvísindin. Eins og hér hefur komið fram eru 117 ár frá því að Hið íslenska náttúrufræðifélag setti sér það metnaðarfulla markmið en okkur hefur enn ekki tekist það þó að einhver hænuskref hafi verið stigin í þá átt. Þau hænuskref eru e.t.v. kjarninn í þeirri aðstöðu sem er við Hlemm og sú aðstaða var í rauninni færð þjóðinni sem gjöf en er á engan hátt boðleg, skapar hættu fyrir fólk, gesti og starfsfólk, að ég tali ekki um munina eins og dæmin sanna.

Það er einmitt mjög sláandi að ganga um það húsnæði sem Náttúrufræðistofnun ræður yfir í dag með sínar tvær milljónir safngripa, einstakra og stórmerkra, og vegna þessa aðstöðuleysis upplifum við slys, vísindaleg og menningarleg slys eins og við höfum fylgst með í fréttum að undanförnu. Við sjáum í kjallaraholum á Hlemmi hvernig verðmætir náttúrugripir, dýrgripir liggja nánast undir skemmdum í leku húsnæði og fyrir utan það í hjöllum hér og þar um bæinn. Þetta er auðvitað skammarlegt fyrir okkur sem þjóð og þess vegna er ánægjulegt að nú skuli stigið það skref að flytja frumvarp sem felur það í sér að setja ramma utan um náttúruminjasafn.

Ég er í rauninni dálítið undrandi á þeim móttökum sem frumvarpið fær hjá nokkrum hv. stjórnarandstæðingum. Ég tel að við eigum einmitt að fagna því að hæstv. ráðherra skuli flytja frumvarpið með þeim yfirlýsingum sem fylgja framsögu hæstv. ráðherra um að hér sé verið að stíga fyrsta skrefið í áttina að því að koma upp húsi með metnaðarfullum hætti.

Hér hefur verið veifað mjög merkilegri skýrslu frá 1991 og skal á engan hátt gert lítið úr henni og hefði betur verið að henni hefði verið fylgt eftir á sínum tíma en svo var ekki. En við getum auðvitað ekki stokkið til og framkvæmt þær hugmyndir hráar sem þar koma fram því að skýrslan var gefin út árið 1991 og við erum hér, þótt skömm sé frá að segja, árið 2006 án þess að nokkuð hafi hreyfst. Að sjálfsögðu þarf að fara yfir þær forsendur og þær niðurstöður sem eru í þessari skýrslu en eins og hæstv. ráðherra benti á hafa orðið miklar breytingar í safnaheiminum á síðustu árum og sérstaklega síðasta áratuginn og þess vegna er mikilvægt að fara yfir þessar áherslur og aðlaga þá vinnu og þær hugmyndir sem þegar eru komnar fram að þessari vinnu. Einhver þarf að leiða slíkt starf og hvað er eðlilegra en að forstöðumaður slíks safns, eins og gert er ráð fyrir að sé ráðinn samkvæmt frumvarpinu, leiði slíka vinnu? Mér finnst alveg ástæðulaust að gera lítið úr þeim yfirlýsingum og því frumvarpi sem hér kemur fram og skamma hæstv. menntamálaráðherra. Mér finnst það hreinlega rangt því að hér er verið að stíga mikilvæg og metnaðarfull skref í því að koma upp myndarlegu húsi sem við hefðum átt að gera fyrir mörgum áratugum síðan.

Það er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt bláu skýrslunni frá 1991 var gert ráð fyrir metnaðarfullu náttúrufræðihúsi, og ég tek enn undir að það er skammarlegt fyrir okkur sem þjóð að hafa ekki í samstarfi ríkis, borgar og háskóla fylgt eftir þeim hugmyndum sem voru á þeim tíma gagnlegar, en e.t.v. hafa forsendur breyst og hafa alveg örugglega breyst síðan. Þar er gert er ráð fyrir einu náttúrufræðihúsi samkvæmt þeirri hugmyndafræði að Náttúrufræðistofnun sé eins og hún er í dag, þ.e. með vísindahlutann og sýningarhlutann, en stóra breytingin í tengslum við frumvarpið sem hér er til umræðu felur einmitt í sér að skilja þarna á milli, að sýningarhlutinn fari undir menntamálaráðuneytið en vísindahlutinn verði á ábyrgð umhverfisráðuneytisins.

Ég vek líka athygli á og fagna því að undirstaðan, rauði þráðurinn, að sýningarhaldinu er að sjálfsögðu vísindastarfsemin og náið samspil á milli sýningarþáttarins og vísindastarfseminnar, því að lifandi náttúruminjasafn mun aldrei verða til staðar öðruvísi en að það byggi á góðu og nánu samstarfi við vísindamenn, ekki bara vísindamenn hjá Náttúrufræðistofnun heldur aðra vísindamenn sem véla um náttúruna eins og hjá Orkustofnun og Hafrannsóknastofnun. Náttúruvísindin eru ekki aðeins bundin við eina stofnun, ég lít svo á að það náttúruminjasafn sem hér er verið að leggja drög að og stíga fyrstu skrefin í áttina að metnaðarfullu starfi eigi að hafa náið samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar vísindastofnanir á sviði náttúrufræða á Íslandi og þær eru nokkrar og metnaðarfullar. Með þessu er auðvitað verið að taka upp breytta stefnu, taka sýningarþáttinn frá því sem hann er í dag og færa hann, þessar tvær milljónir gripa, hversu sýningarhæfir sem þeir nú eru, undir menntamálaráðuneytið. Í stað þess að gera lítið úr þessu frumvarpi tel ég að við ættum að taka því fagnandi og sjá að við erum að leggja upp í gæfuríka vegferð.

Hvar á safnið að vera? Sjálfsagt munu margir staðir verða kallaðir til þess. Ég vek athygli á að ríkinu hefur áskotnast töluvert húsnæði nýlega, bara hér í hlaðvarpanum við höfuðborgina, nokkur þúsund eða tugir þúsunda fermetra jafnvel, í glæsilegu húsnæði í eigu ríkisins staðsettu á Keflavíkurflugvelli og það gæti hugsanlega verið hægt að stíga nokkuð hratt í átt til Keflavíkurflugvallar með tvær milljónir safngripa í stað þess að byggja hér fyrir líklega 2–3 milljarða, ég ímynda mér að metnaðarfullt sýningarhúsnæði mundi kosta það. En ég vil draga það fram í þessari umræðu að við eigum ekkert að takmarka okkur við 101 Reykjavík eða Vatnsmýrina. Við eigum að skoða nágrenni okkar og finna metnaðarfulla, faglega en jafnframt hugsan-

lega ódýrustu leiðina fyrir ríkisvaldið. En umfram allt annað tel ég að við ættum að fagna því að nú skuli eiga að stíga þessi skref. Ég hygg að það sé ekki ágreiningur um að þetta skuli gert heldur sé þvert á móti þverpólitísk samstaða um að koma á metnaðarfullu náttúruminjasafni sem íslensku þjóðinni hefur ekki tekist í yfir eina öld. Við skulum vona að við sjáum eitthvað gerast á allra næstu árum en fljótvirkasta leiðin er að sjálfsögðu að skoða eitthvað af því myndarlega húsnæði sem ríkið á núna og stendur ónotað á Keflavíkurflugvelli.

[18:26]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti því að aðrir sem ætla upp í andsvör ræði hversu þægilegt það verði fyrir túrista í Ameríkufluginu að lenda hér klukkan sex á morgnana með kerrurnar og rúlla sér í gegnum Náttúrugripasafnið áður en þeir fara heim á hótel í Reykjavík. Ég verð að segja, hv. þm. Hjálmar Árnason, að mér finnst þetta ekki mjög sannfærandi.

Það sem undrar mig, og er ástæðan fyrir því að ég kem upp til andsvars við ræðu hv. þingmanns, er að menn virðast einhvern veginn hafa fest sig akkúrat í þeim förum, því hljólfari sem ég nefndi áðan, sem er ekki í huga neinna sem eru að hugsa um þessi mál, þ.e. gömlu náttúrugripasöfnunum þar sem eru endalausir eggjabakkar, eins og ég nefndi, með ótrúlega svipuðum eggjum því að öll eru þau jú keimlík þótt stærðin og liturinn sé eitthvað aðeins mismunandi.

Mig langar aðeins til að segja að í þeirri ágætu skýrslu sem ég lyfti nú upp í þriðja sinn var mjög myndarlega og með framsýnum hætti tekið á því hvað sýna ætti í náttúruhúsinu og hvernig skipuleggja ætti það. Þar er ein lykilsetning sem varðar samspil Náttúrufræðistofnunar annars vegar og náttúruminjasafns hins vegar, sem er þessi, með leyfi forseta:

„Það er almenn reynsla og skoðun safnamanna að rannsóknir og fræðileg tegundasöfn þurfi að vera til stuðnings sýningasöfnum á sviði náttúrufræða annars einangrast þau og staðna. Það er því mjög áríðandi að áframhaldandi tengsl séu tryggð milli Náttúrufræðistofnunar og sýningarstarfsemi væntanlegs náttúrusafns þótt fjárhagur og rekstur sýningarstarfseminnar verði aðskilinn frá fjárhag rannsóknarstofnunarinnar.“

Þetta er það leiðarljós sem þar var lagt upp með. Svo koma menn núna, á árinu 2006, og eru búnir að finna upp þetta sama hjól og það er þannig í öllu öðru tilliti líka.

[18:28]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við séum sammála um þetta, ég og hv. þingmaður, og ég vék að því í ræðu minni og sé ekki annað en að það sé einmitt gert ráð fyrir þessu í frumvarpinu, hinu nána samspili á milli Náttúruminjasafns og vísindastarfseminnar, sem er forsenda. Ég nefndi það einmitt í ræðu minni að safn sem ekki hefur sterk tengsl við vísindasamfélagið er dautt safn og það tel ég vera undirtóninn í þessu frumvarpi.

Ég er líka sammála hv. þingmanni, og ég hélt að ég hefði vikið að því í ræðu minni, að við eigum ekki að tala um safn eins og að þar standi bara geirfuglinn frægi, sem dr. Finnur Guðmundsson keypti á sínum tíma, og nokkrir fuglshamir og selshræ o.s.frv. Við erum að tala um lifandi safn og það er akkúrat það sem hæstv. ráðherra nefndi, að hugmyndir um söfn hafa breyst svo mikið á síðustu árum, ekki síst í ljósi þess að við erum komin með breytta tækni og þar fram eftir götunum. Ég skil þetta frumvarp þannig að forstöðumanninum sé einmitt ætlað að leiða vísindasamfélagið, safnasamfélagið og aðra að þessu borði til að skerpa m.a. á þeirri ágætu skýrslu frá 1991 sem hv. þingmaður blaðar í og auðvitað þarf að fara yfir hana.

En um það hvort ferðamenn þurfi að skálma í gegnum safnið þegar þeir lenda í Keflavík með kerrurnar og tollinn sinn, þá vil ég vekja athygli hv. þingmanns á því að það er ekki víst að ferðamenn sem hingað koma sæki endilega til Íslands til að fara inn á hótel í Reykjavík. Það er einmitt náttúran sem kallar á þá hingað. Og hvað er glæsilegra en að byrja á því að skoða lifandi náttúrufræðisafn í Keflavík áður en farið er út í hina fallegu íslensku náttúru?

[18:31]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Ágæti forseti. Ég sagði reyndar heim á hótel í Reykjavík en ég hygg að það séu ágætishótel í Keflavík sem vert er að hafa í huga líka.

Ég nefndi áðan að 15 eða 17 nefndir hafa farið yfir þetta mál frá upphafi. Menn mega ekki og eiga ekki að þurfa að finna upp hjólið hverju sinni. Það er óþarfi, virðulegi forseti.

Það hefur alltaf verið meiningin og er, þeirra sem að þessum málum hafa komið, að í náttúrusafni eða náttúruhúsi verði beitt nýjustu safntækni og uppeldislegri miðlun náttúrufræðisafna. Vegna þess að það eru ekki aðeins ferðamenn, hv. þingmaður, sem hingað koma sem vilja kynnast samhengi í náttúrunni. Þetta er líka hugsað fyrir skólabörnin okkar, að hægt sé að fara með þau (Forseti hringir.) til að sýna þeim slíkt safn.

[18:32]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því. Að sjálfsögðu á lifandi safn að gegna mikilvægu hlutverki gagnvart nemendum og er einmitt mjög gaman að fara með ungmenni inn á skemmtileg söfn og ekki síst náttúrufræðisöfn.

Allt að því 17 nefndir hafa starfað og auðvitað er nauðsynlegt að fara yfir það starf sem þær nefndir hafa skilað. Ég lít svo á að forstöðumanninum sé einmitt ætlað að fara yfir það og reyna að gera það hratt. Ég hef trú á að með einn slíkan öflugan skipstjóra sé það vænlegra til þess að menn taki fljótt ákvörðun.

En að lokum snýst þetta um peninga. Ég held hins vegar að þeir peningar þurfi ekki að vera svo miklir því safnið á þau verðmæti sem eru á Hlemmi og með því að selja þar og nota þann pening til að byggja upp metnaðarfullt hús held ég að við þurfum ekki að bæta svo óskaplega miklu við.

[18:33]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég ætlaði að spyrja um atriði í ræðu hv. þing-

manns en síðustu bollaleggingar hans verða óneitanlega til þess að maður bíður svara af því þingmaðurinn kemur fram sem mikill kunnáttumaður um söfn og safnastarfsemina, ekki síst Náttúruminjasafnið og Náttúrufræðistofnun.

Ég ætla því að biðja hann að fara aftur með þær hugleiðingar að Náttúruminjasafnið geti selt þá aðstöðu sem það er í núna. Eða á þingmaðurinn við að það selji af munum sínum eða minjum? Eða ætlast þingmaðurinn til að Náttúrufræðistofnun selji eitthvað af sínum eigum fyrir þetta nýja safn? Þegar hann talar um að þetta sé ekki mjög mikið, er hann þá að tala í milljónum eða í tugum milljóna eða er hann kannski að tala í hundruðum milljóna?

Það er rétt að vitna til þess sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sagði áðan, sem þekkir þessi mál sennilega betur en nokkurt okkar hinna sem hér erum inni. Ég hlustaði á ræðu hennar með mikilli athygli vegna þess að hún kemur beint af vettvangi. Hún nefndi að til að koma upp náttúruhúsi þyrfti á núverandi verðlagi um 1,5–2 milljarða. Eru það þeir smápeningar sem hv. þm. Hjálmar Árnason talaði um ræðu sinni?

Annað mál er það sem rétt er að spyrja um úr ræðustólnum úr því tækifæri gefst til þess. Heyrst hafa þær hugleiðingar áður frá hæstv. umhverfisráðherra, Jónínu Bjartmarz, að flytja eigi Náttúrufræðistofnun á Keflavíkurflugvöll. Hjálmar Árnason hefur tekið undir það enda til hans vitnað í þeim ummælum ráðherrans.

Er það orðin stefna Framsóknarflokksins að flytja Náttúrufræðistofnun og Náttúruminjasafnið á Keflavíkurflugvöll?

[18:35]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég áttaði mig nú ekki alveg á öllu hvað hv. þingmaður var að fara. En fyrst vil ég aðeins víkja að því sem ég nefndi í síðasta andsvari. Það mun vera svo, ef ég hef skilið það rétt, að Háskóli Íslands mun hafa fengið vegna Náttúrufræðistofnunar húsnæði og eigi húsnæðið á Hlemmi. Hlemmur er líklega með dýrustu lóðum á höfuðborgarsvæðinu.

Ég var bara að velta því upp og hef ekkert ákvörðunarvald, en einmitt í svona umræðu hélt ég, hv. þingmaður, að við ættum að nálgast umræðuna opið og velta upp öllum möguleikum. Sé það rétt að Náttúrufræðistofnun eigi Hlemm að hluta til, þessa verðmætu lóð og mannvirki á verðmætri lóð, þá finnst mér auðvitað rakið að selja það til þess að ná í fljótlegt fjármagn til að koma upp metnaðarfullu náttúrufræðihúsi, hvar svo sem það yrði staðsett. Það er ein leið, ég velti henni aðeins upp og kann vel að hafa rangt fyrir mér. Ég velti þessu bara upp sem möguleika.

Sé þetta hins vegar fær leið og í ljósi þess hve Hlemmur og það svæði er verðmætt og eftirsótt tel ég að mikil verðmæti fengjust fyrir það. Það er það sem ég er að reyna að draga fram. Þá væri ekki svo mikið sem vantaði upp á.

Þetta er bara ein leið sem ég er að velta upp. Ef af því verður, sem vonandi verður fljótt, að við sjáum náttúrufræðihús og sjáum starfsemi Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns komast undir almennilegt þak, þá er að sjálfsögðu ekki þörf fyrir þá starfsemi á Hlemmi, enda eins óhentug og hugsað getur. Hygg ég að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir geti staðfest það.

Hvað varðar stefnu Framsóknarflokksins að flytja Náttúrufræðistofnun til Keflavíkur, þá er það eins og ég nefndi áðan, við eigum að velta upp öllum möguleikum. Að fara á Keflavíkurflugvöll (Forseti hringir.) hefur bara verið velt upp sem einni af mörgum hugmyndum. Ég vona að hv. þingmaður þoli að heyra slíkar (Forseti hringir.) hugmyndir.

[18:37]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Vissulega þoli ég og við öll að heyra ýmsar hugmyndir. Þetta er hins vegar í annað sinn sem sú hugmynd kemur fram frá Framsóknarflokknum. Fyrst kom hún fram frá hæstv. umhverfisráðherra. Ráðherrar eru nú ekki alla jafna að fleygja fram hugmyndum heldur eru þeir yfirleitt að íhuga ráðagerðir. Þá stóð málið um Náttúrufræðistofnun af orsökum sem mér eru ókunnar. Núna stendur það um Náttúruminjasafn. Þess vegna er von að ég spyrji: Er þetta hugmynd Framsóknarflokksins? Er þetta tillaga Framsóknarflokksins? Því ég veit ekki betur en hér hafi verið stofnuð sérstök nefnd til að fara yfir það hvað ætti að gera við þessar geymslur á Keflavíkurflugvelli og það húsnæði sem þar er.

En hitt verð ég að segja að nokkur bjartsýni er hjá hv. þingmanni að þessar tvær hæðir Fasteigna ríkisins á Hlemmi þar sem Náttúrufræðistofnun er nú, seljist fyrir hinu nýja náttúruhúsi, sem í hinni skemmri gerð, sem nefnd var hér áðan um kostnað, væri 1,5 milljarðar. Það (Forseti hringir.) ætti þá að selja hvora hæðina um sig á 750 milljónir og gjörðu svo vel.

[18:38]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil eiginlega ekki þessa útúrsnúninga hjá hv. þingmanni og af hverju hann er svo önugur þegar hann er að ræða þessi mál. Hér er aðeins verið að velta upp hugmyndum og alveg óþarfi að vera með útúrsnúninga.

Ég er aðeins að benda á að það eru tvær hæðir sérstaklega merktar Náttúrufræðistofnun. Ef hún er að flytja annað er eðlilegt að selja húsnæðið og nýta fjármagnið í þágu Náttúrufræðistofnunar. Hvort fást fyrir það 500 milljónir, einn eða einn og hálfur milljarður, ég hef ekki hugmynd um það frekar en hv. þingmaður. En þetta eru þó alla vega verðmæti

Hvar þetta (Gripið fram í.) verður staðsett er það sem frumvarpið gengur út á, þ.e. að fara yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin, að fá forstöðumann til að leiða safnasamfélagið og náttúrufræðisamfélagið að því hvernig best er að standa að slíku. Það eigum við að nálgast á opinn hátt en ekki svona lokaðan eins og hv. þingmaður.

Ein af þeim hugmyndum sem varpað hefur verið fram er að nýta þá þúsundir fermetra sem (Forseti hringir.) sem ríkið á á Keflavíkurflugvelli. Kannski gengur það og kannski ekki. (Forseti hringir.) En við eigum að skoða það. Ekki vera svona forpokuð.

[18:40]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir ræðu sína og þá mikla birtu sem fylgdi ræðunni og framsýnina í þá veru að hv. þingmaður áttar sig á að koma þurfi þessu í gegn til að við getum síðan haldið áfram og tekið stefnumörkunina í samvinnu forstöðumanns, eins og hv. þingmaður talaði um, við safnasamfélagið, rannsóknarsamfélagið, vísindasamfélagið og náttúrufræðisamfélagið.

En ég vil aðeins hnykkja á einu atriði sem hv. þingmaður og fleiri hafa komið inn á. Það er þessi tenging við aðrar vísindastofnanir eða rannsóknastofnanir. Sú tenging í frumvarpinu við Náttúrufræðistofnun Íslands er afar eðlileg að beinlínis skuli vera skírskotað til náins samstarfs milli Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar. Það er m.a. út af núverandi fyrirkomulagi. Það er ekki óeðlilegt að reynt sé að varðveita og tryggja tengslin og samstarfið þarna á milli og reynsluna sem Náttúrufræðistofnun hefur yfir að ráða.

En það er ekki þar með sagt að það sé eina stofnunin sem Náttúruminjasafnið eigi að hafa samskipti við. Þess vegna er mikilvægt að hnykkja á rannsóknarhlutverki Náttúruminjasafnsins alveg eins og Þjóðminjasafnið hefur rannsóknarhlutverk og Listasafn Íslands hefur rannsóknarhlutverk, þá er mikilvægt að Náttúruminjasafnið hafi líka rannsóknarhlutverk sem tengist söfnum og safnastarfsemi. Þá er þýðingarmikið að ekki sé búið að loka á samstarf heldur miklu frekar koma á samstarfi við þær vísindastofnanir sem hv. þingmaður kom inn á í ræðu sinni, eins og Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun og aðrar stofnanir. Þannig að þetta verði sem víðfeðmasta safn sem um getur, helst á norðurhveli jarðar, varðandi náttúruminjar, umhverfi og vísindastarf og við miðlum þessu síðan til barnanna okkar.

[18:42]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra og lýsa ánægju með þann metnað sem kemur fram í orðum hæstv. ráðherra. Við eigum að hafa þann metnað. Kannski til að bæta fyrir það metnaðarleysi, sem hefur einkennt okkur síðustu 100 árin sem höfum lifað af gæðum íslenskrar náttúru, að við skulum ekki hafa sýnt þann skilning betur í verki en við höfum gert.

En það er líka rétt að árétta, og ég hygg að allir séu sammála um það, að hið metnaðarfulla Náttúruminjasafn verður að hafa fastar, lifandi rætur í vísindasamfélaginu. Það er vísindasamfélagið sem á að næra safnið, ekki bara vísindasamfélagið sem ég hygg að muni þó verða hryggjarstykkið í því, þ.e. vísindamenn Náttúrufræðistofnunar, heldur einnig aðrir vísindamenn á öðrum sviðum íslenskrar náttúru eða öðrum sviðum náttúrunnar.

Svo kemur að þeim þætti sem hæstv. ráðherra nefndi, þ.e. rannsóknarskyldu safnsins. Ég geri mikinn greinarmun á rannsóknarvinnu safnafólks, sem ef til vill miðar frekar að því að gera störf annarra vísindamanna sýnileg og aðgengileg fyrir almenning. Ég tel sem sagt mikinn mun á þeirri rannsóknarskyldu sem hinn hefðbundni náttúrufræðingur sinnir, og því sem safnafólkið er að sinna til að gera vísindasamfélagið sýnilegra og aðgengilegra fyrir almenning.

Það er hið lifandi safn sem ég sé fyrir mér með allri þeirri nútímatækni sem við þekkjum en ekki einungis uppstoppaða seli, geirfugla og grjót.

[18:44]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður kom jafnframt inn á staðsetningu. Ég tel það vera síðari tíma mál. Það er fagnaðarefni að menn hafa lýst sig viljuga til að reisa eða hýsa safnið. Ég held að það sýni og beri vott um metnað. Hins vegar er ákveðin nefnd að störfum varðandi þá starfsemi sem hugsanlega kann að verða á varnarsvæðinu svokallaða.

Ég vil geta þess að ég tel mikilvægt að það sé sem best aðgengi, ekki bara ferðamanna að staðnum, heldur að sem flestir skólar og skólabörn hafi sem greiðast aðgengi að Náttúruminjasafninu. Það er alveg ljóst að Náttúruminjasafnið mun verða dýrt og kostnaðarsamt, en það mun örugglega skila sínu til samfélagsins. Það mun ekki kosta undir 1 milljarði eða jafnvel 1,5 miðað við fyrstu kostnaðaráætlun.

Ég vil hins vegar undirstrika að ég tel brýnt að málið nái fram að ganga og tel það við hæfi að við samþykkjum það ekki síðar en á vorþingi 2007, á árinu sem Jónas Hallgrímsson, (Forseti hringir.) skáld, náttúrunnandi og fræðimaður, hefði orðið 200 ára.

[18:45]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það að viðeigandi væri að gera þetta í tilefni af afmælishátíð Jónasar Hallgrímssonar, fyrsta náttúrufræðingsins, sem var mikið á faraldsfæti og væri hann uppi í dag þá væri hann tíður gestur á Keflavíkurflugvelli á leið til Kaupmannahafnar eða heim aftur. Þegar ég nefni Keflavíkurflugvöll þá er það einungis vegna þess að þar á íslenska ríkið tugi þúsunda fermetra í húsnæði þar sem er bæði hátt til lofts og vítt til veggja og við eigum auðvitað að skoða hvort það geti hentað að koma upp glæsilegu og metnaðarfullu náttúruminjasafni þar. Kannski gengur það og kannski gengur það ekki en við eigum a.m.k. að skoða það. Ég vek athygli á því að það er jafnlangt frá Reykjavík til Keflavíkur eins og öfugt og við erum að tvöfalda Reykjanesbrautina þannig að vegalengdir í þessu samhengi eru ekki vandamál. (**JóhS:** Styttra frá Hafnarfirði.) Styst frá Hafnarfirði, já.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:46]

**Útbýting:**

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 348. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 377.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 349. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 378.

Eftirlit með gasbúnaði í hjólhýsum, 344. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 373.

Raforkukaupendur, 345. mál, fsp. ÁI, þskj. 374.

Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, 347. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 376.

Tekjur af olíu- og kílómetragjaldi, 346. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 375.

## *Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, 1. umr.*

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 234.

[18:47]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum en frumvarpi þessu er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 2002/14/EB, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins. Frumvarpið byggist í meginatriðum á efni tilskipunarinnar en markmið þess er að tryggja rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn. Gert er þó ráð fyrir að frumvarpið taki gildi í áföngum þannig að fram til 1. mars 2008 takmarkist gildissviðið við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn.

Markmið frumvarpsins er að tryggja rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og stuðla að því að fulltrúar starfsmanna og fyrirtæki vinni í anda samvinnu við tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs, að teknu tilliti til hagsmuna beggja aðila. Þar sem ekki er fyrir hendi sama hefð hér á landi um upplýsingagjöf og samráð við starfsmenn og er víða í nágrannaríkjum okkar fylgir frumvarpið lágmarksreglum tilskipunarinnar.

Meginreglur frumvarpsins fjalla um skyldur fyrirtækja til að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar og hafa við þá samráð varðandi tiltekin málefni. Atvinnurekendum ber þannig að veita starfsmönnum upplýsingar í þremur flokkum tilvika. Í fyrsta lagi varðandi þróun í starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Í öðru lagi lýtur upplýsingaskyldan að atvinnumálum innan fyrirtækisins. Loks eiga fulltrúar starfsmanna rétt á upplýsingum um ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á ráðningarsamningum starfsmanna. Fer það nokkuð eftir efni þess máls sem er til umfjöllunar hverju sinni hvenær eðlilegt er að upplýsingarnar séu lagðar fram af hálfu atvinnurekandans. Í þeim tilvikum þar sem skylda til samráðs við fulltrúa starfsmanna er fyrir hendi er þó ávallt skilyrði að atvinnurekandinn hagi upplýsingagjöf sinni þannig að fulltrúar starfsmanna hafi raunverulega möguleika til að setja sig inn í málið og taka þátt í því samráði sem gert er ráð fyrir í framhaldinu. Nauðsynlegt er að samráðið fari fram af hálfu atvinnurekandans á viðeigandi stjórnunarstigi fyrirtækisins þannig að þeir fyrirsvarsmenn fyrirtækisins sem taka þátt í því komi að ákvarðanatöku varðandi það eða þau málefni sem samráðið lýtur að.

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að taka fram að mér hefði þótt æskilegt að tilskipunin hefði verið innleidd með kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins en þeim var falið það verkefni í hendur á sínum tíma. Samkvæmt tilskipuninni bar að innleiða efni hennar í landsrétt eigi síðar en 23. mars 2005. Í lok árs 2005 þótti fullreynt að aðilarnir næðu saman um efni samninga til innleiðingar á efni tilskipunarinnar og ljóst að ekki gæfist svigrúm til að veita þeim frekari tímafresti enda hafði félagsmálaráðuneytinu borist rökstutt álit frá Eftirlitsstofnun EFTA í nóvember síðastliðnum og því stend ég hér og mæli fyrir þessu frumvarpi. Það á þó ekki að koma í veg fyrir að samtök aðila vinnumarkaðarins eða eftir atvikum fulltrúar starfsmanna og atvinnurekendur þeirra komi sér saman um nánari útfærslu á tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs innan fyrirtækja.

Hæstv. forseti. Að lokinni 1. umr. legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[18:51]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að beina tveimur spurningum til hæstv. félagsmálaráðherra.

Sú fyrri er hvort kannað hafi verið hvort þetta frumvarp nái til margra fyrirtækja. Hin spurningin er hvort fólk geti fengið upplýsingar fyrir ástæðu uppsagnar en frumvarpið beinist að því að starfsmenn geti fengið upplýsingar um ýmislegt er varðar rekstur fyrirtækja. Um þetta hefur farið fram umræða í þinginu, m.a. hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp til laga þar að lútandi og einnig hefur komið fyrirspurn frá hv. þm. Valdimar Leó Friðrikssyni um ákveðna samþykkt, þ.e. ILO-samþykkt nr. 158, sem varðar það hvort fólk geti fengið upplýsingar fyrir ástæðu uppsagnar. Ég veit að sú samþykkt skiptir verulega miklu máli.

Það hafa ekki fengist skýr svör hjá hæstv. félagsmálaráðherrum á umliðnum árum um það hver þeirra stefna sé. Málinu hefur alltaf verið vísað í einhverjar nefndir og einhvern farveg en það hefur aldrei komið klár afstaða hjá hæstv. félagsmálaráðherrum, eins og m.a. má sjá í skriflegu svari sem dreift var nýlega. Það væri fróðlegt og er raunar nauðsynlegt þegar rætt er um upplýsingagjöf til starfsmanna að þessi mál séu líka rædd, það er ekki hægt að komast hjá því, þ.e. annars vegar hvað þetta nái til margra fyrirtækja og síðan hitt er snýr að samþykkt ILO nr. 158.

[18:53]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi fyrirspurnina um hve mörg fyrirtæki er hér um að ræða þá verð ég að biðja hv. þingmann afsökunar á því að ég hef þær tölur því miður ekki við höndina en mun sjá til þess að þær berist til félagsmálanefndar.

Varðandi ILO-samþykktina þá er það mál sem hefur verið lengi í viðræðum og aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki náð saman um en á vegum félagsmálaráðuneytisins og í samstarfi við Háskólann á Bifröst er verið að fara yfir þessi mál sérstaklega, auðvitað með þá von að við náum einhverri niðurstöðu í málið en það er í sjálfu sér engu við það að bæta sem áður hefur komið fram varðandi ILO-samþykktina. Það er verulegur ágreiningur milli aðila um hana þrátt fyrir leitast hafi verið við að ná samkomulagi en það liggur ekki fyrir.

[18:54]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég beindi fyrirspurn til hæstv. ráðherra

um ILO-samþykktina. Í máli hans kom fram að um samþykktina væri ekki samstaða, þá væntanlega aðila vinnumarkaðarins, og að málið væri í einhverju ferli. En mig langar að vita: Hver er afstaða hæstv. ráðherra til málsins? Það hlýtur að skipta einhverju máli. Hann er ekki einhver leiksoppur aðila vinnumarkaðarins. Hann hlýtur að hafa einhverja hreina og klára afstöðu og mér finnst að hún þurfi að koma fram, þ.e. hver sé pólitískur vilji hæstv. ráðherra hvað þetta varðar. Þetta skiptir verulega miklu máli. Ég fór á fund starfsmanna í álverinu í Straumsvík þar sem menn voru að ræða þessar uppsagnir sem komu án nokkurra skýringa og ég verð að segja að eftir að hafa setið þann fund þá finnst mér í rauninni atvinnurekendum vera miklu betur borgið með svona samþykkt og ég tala nú ekki um starfsmönnum fyrirtækjanna. Mér finnst í rauninni furðulegt að vilja ekki gefa upp ástæður til uppsagna og að þeim sé haldið leyndum. Mér finnst þetta vera furðulegt en ég ítreka enn og aftur: Hver er afstaða hæstv. ráðherra í þessu máli? Það hlýtur að skipta einhverju máli. Hann er ekki bara hér sem einhver leiksoppur aðila vinnumarkaðarins. Hann hlýtur að hafa einhverja skoðun á málinu.

[18:55]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið þannig um langa hríð hér á landi að það hefur verið leitast við að ná samkomulagi um t.d. svona mál milli aðila vinnumarkaðarins sem er mjög mikilvægt vegna þess að við viljum hafa samstarf, frið og ró á vinnumarkaði. Afstaða mín í þessu máli er einfaldlega sú að leita samstarfs og samstöðu manna um það. Ég ætla ekki að fara að gefa upp mína pólitísku sýn. Málið er í ákveðnu ferli og það er mikilvægt að við höldum okkur við þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð hér á vinnumarkaði um langa hríð og þetta er dæmigert mál að því leyti.

[18:56]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um upplýsingar og samráð fyrirtækja og það er alveg ljóst að innleiðing á efni þessarar tilskipunar Evrópuþingsins hefur þvælst mjög fyrir aðilum vinnumarkaðarins. Þeir hafa ekki náð neinu samkomulagi um meðferð þessa máls, enda ber málið þess vott hérna, og efni þess í frumvarpinu sem ég ætla að fara nánar inn á. Ef ég man rétt var þetta mál líka fyrir síðasta þingi og náði ekki fram að ganga.

Ég hefði kosið, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra hefði haft lengra mál og skýrt út fyrir þjóðinni gildi þessa frumvarps fyrir launafólk, hvaða þýðingu efni tilskipunarinnar hefði. Hér á landi erum við komin miklu skemur en aðrar þjóðir og raunverulega mjög stutt á leið í því að koma á atvinnulýðræði. Efni þessarar tilskipunar er vísir að því. Þetta er mál sem hefur verið mér nokkuð hugleikið á umliðnum árum, atvinnulýðræði og réttur fólksins í því sambandi. Ég flutti fyrir 2–3 árum m.a. tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði þar sem lagt var til að félagsmálaráðherra skipaði nefnd sem hefði það hlutverk að kanna og gera tillögur um það hvernig unnt sé að tryggja áhrif starfsmanna á stjórnun og ákvarðanatöku í fyrirtækjum og stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Nefndin átti að skoða hvaða leiðir hefðu verið farnar í nágrannalöndununm, einkum í Danmörku og Þýskalandi, og jafnframt á vettvangi Evrópusambandsins.

Þessi tillaga náði ekki fram að ganga en eins og ég nefndi erum við komin mjög skammt á leið í þessu efni og ég lagði til í þeirri tillögu sem ég flutti að við mundum skoða þær leiðir sem farnar hafa verið í Danmörku. Þar er atvinnulýðræði tryggt með þeim hætti að starfsmenn kjósa tiltekið hlutfall stjórnarmanna í hlutafélögum og það að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja og stofnana er leið sem búast má við að skili mestum árangri á tiltölulega skömmum tíma. Einnig hafa verið ákvæði í þýskri löggjöf frá um 1950 um áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja og stofnana. Í Noregi var starfsmönnum ríkisfyrirtækja veittur réttur til þess að velja fulltrúa í stjórn þegar árið 1947. Ákvæðin í dönsku hlutafélagalöggjöfinni um rétt starfsmanna til að kjósa fulltrúa í stjórn félaga eru frá 1973 og hafa reynst vel. Ákvæðin gilda um fyrirtæki sem hafa 35 starfsmenn eða fleiri.

Tilgangurinn með tillögunni sem ég flutti á sínum tíma var fyrst og fremst sá að opna umræðuna um atvinnulýðræði í íslenskum félögum og stofnunum. Norðurlöndin hafa náð mjög langt á þessu sviði, eins Þýskaland eins og ég nefndi og reyndar mörg önnur lönd innan Evrópusambandsins. Náið samband fyrirtækis og starfsmanna þekkist einnig annars staðar, t.d. í Japan þar sem algengt er að starfsmenn vinni allan starfstíma sinn hjá sama fyrirtæki. Í Svíþjóð er gert ráð fyrir að fulltrúar starfsmanna komi frá stéttarfélögum en séu ekki nauðsynlega starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Í Danmörku er stefnan hins vegar sú að fulltrúar starfsmanna í stjórn séu starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Þetta stutta yfirlit sýnir hvað við erum langt á eftir þessum þjóðum sem ég nefndi, m.a. annars staðar á Norðurlöndunum, enda er það viðurkennt raunverulega í greinargerð með þessu frumvarp þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hér á landi hefur fram til þessa ekki verið fyrir hendi löggjöf sem mælir fyrir um jafnalmennan rétt til þátttöku í undirbúningi að ákvarðanatöku fyrirtækja og frumvarp þetta kveður á um.“ — Samt er hér farið mjög lítið skref í áttina að því að opna fyrir atvinnulýðræði með þessu máli sem hæstv. ráðherra mælir hér fyrir.

Það er oft rætt um tvær færar leiðir til að auka áhrif starfsmanna innan félaga og stofnana. Önnur er sú að starfsmenn hafi áhrif á mál sem snerta vinnutilhögun, svo sem vinnutíma, aðbúnað, kaup og kjör, og það þekkjum við hér. Síðan er það hin leiðin sem felst í því að auka áhrif starfsmanna í stjórnun og þar höfum við, eins og ég segi, mjög lítið aðhafst. Við erum langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar þann þáttinn í skipulagi atvinnulífsins.

Það er hægt að skipta atvinnulýðræði í nokkur stig. Fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf frá æðstu stjórnendum og eigendum til starfsmanna. Næsta stig er samráð um starfsumhverfið og afmarkaða þætti í stjórnun fyrirtækis og þriðja stigið felur í sér að ráðandi hópur, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn, tekur sameiginlega ákvarðanir um stjórnun fyrirtækis. Rökin fyrir auknum áhrifum starfsmanna eru m.a. þau að með auknu samstarfi og upplýsingastreymi er hægt að ná fram hagkvæmum

áhrifum á rekstur fyrirtækis og stöðu starfsmanna. Aukið atvinnulýðræði bætir starfsanda, veitir stjórnendum aðhald, bætir kjör og eykur lýðræðislega stjórnunarhætti. Atvinnulýðræði vinnur líka gegn óeðlilegri valdasamþjöppun og er hluti af góðri fyrirtækjamenningu sem er mikilvægur þáttur í nútímastjórnun. Fleiri rök fyrir aðild starfsfólks að stjórnun félaga og stofnana eru m.a. að tekið er tillit til hagsmuna starfsmanna með því að bæta aðgengi að reynslu og upplýsingum sem starfsmenn búa yfir.

Við göngum alls ekki svo langt eins og ég hef hér verið að vitna til, heldur felur þessi tilskipun aðeins í sér að stigið er mjög smátt skref í því að atvinnurekendur eigi að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um þróun á horfum varðandi starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækis, stöðu, skipulag og horfur í atvinnumálum í fyrirtækjum, um allar ráðstafanir sem fyrirsjáanlegar eru, einkum ef atvinnuöryggi er ógnað, ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á ráðningarsamningum starfsmanna, þar með taldar ákvarðanir sem eru byggðar á ákvæðum laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og hópuppsagnir. Upplýsingar samkvæmt þessu skulu veittar á þeim tíma á þann hátt og þess efnis sem heppilegast er svo að fulltrúi starfsmanna geti gert viðeigandi athugun og undirbúið samráð ef þess gerist þörf.

Þetta sýnir auðvitað að hér er alls ekki verið að opna fyrir neina aðild starfsmanna að ákvarðanatöku eða stjórnun innan fyrirtækja eins og víðast þekkist þar sem atvinnulýðræði hefur verið þróað, heldur eru hér fyrst og fremst gerðar *ráðstafanir til að tryggja betur atvinnuöryggi launþega*, má segja, þannig að þeir hafi fyrr vitneskju um það ef eitthvað er í starfsemi fyrirtækis sem getur ógnað starfsöryggi starfsmanna. Hér er náttúrlega langt í frá farin sú leið *sem var rædd í andsvörum áðan, að launafólk hafi rétt til* þess að fá upplýsingar um ástæður uppsagnar þegar það er uppi á borðum. Það er auðvitað alveg til skammar hvað það hefur dregist lengi að innleiða þessa tilskipun sem er afar mikilvæg fyrir launafólk. Það hefur tekið mörg ár að reyna að ná einhverju samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins í þessu efni. Ég tek auðvitað undir með ráðherra að það er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um það að innleiða efni tilskipana sem snerta vinnumarkaðinn en þegar liðinn er svona óhóflega langur tími hlýtur að fara að koma að því að hæstv. ráðherra verður að höggva á þann hnút.

Ég mun fá þetta mál til umfjöllunar í hv. félagsmálanefnd og það sem ég gagnrýni í þessari málsmeðferð er í fyrsta lagi hvað þetta hefur tekið langan tíma, í annan stað hvað heimildir til aðlögunar eru nýttar til hins ýtrasta við að koma á þó þessum litla vísi að atvinnulýðræði inn á vinnumarkað okkar. Það er bæði að því er varðar aðlögunarfrestinn sem er nýttur til hins ýtrasta og eins varðandi fjölda fyrirtækja sem þetta frumvarp nær til. Hér er mjög skammt gengið og ég spyr hæstv. ráðherra hvort aðilar vinnumarkaðarins hafi verið sammála um að fara þá leið sem hér er lögð til, að nýta aðlögunarfrestinn alveg upp í topp, og að fyrstu tvö árin nái tilskipunin einungis til fyrirtækja sem eru með 100 starfsmenn eða fleiri. Ég trúi því varla fyrr en á reynir, og um það mun verða spurt í félagsmálanefnd hvort Alþýðusambandið hafi fallist á að ganga svona skammt í því að innleiða þessa tilskipun.

Líkt og hv. 10. þm. Norðvest. sagði er nauðsynlegt að upplýsa um viss atriði hér. Ég gat ekki séð þegar ég fór yfir þetta frumvarp hvað þessi tilskipun mundi þýða fyrstu tvö árin út af þessu ákvæði til bráðabirgða þar sem nýtt er ákveðin aðlögun fram til 1. mars 2008, um að þetta eigi að takmarkast við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn. Er ekki bara um örfá fyrirtæki að ræða hér sem eru með yfir 100 starfsmenn? Síðan kveður frumvarpið á um að lögin eftir þann tíma eigi að gilda um fyrirtæki sem að jafnaði hafa a.m.k. 50 starfsmenn á innlendum vinnumarkaði. Ég spyr: Komst það ekki til tals af hálfu ASÍ að ganga lengra en að miða við 50 starfsmenn, fara kannski niður í 20? Mig minnir að ég hafi heyrt að það væri krafa ASÍ að það ætti að miða þetta við fyrirtæki þar sem væru a.m.k. 20 starfsmenn eða fleiri. Þetta er mikilvægt að fá upplýst.

Þegar ég ræddi áðan, virðulegi forseti, um að ég hefði gjarnan viljað heyra ráðherrann ræða meira um það hvaða áhrif þetta muni hafa á starfsumhverfi fyrirtækja og launþega fer framkvæmdin örugglega eftir því hver vilji fyrirtækjanna er til þess að framfylgja þessari löggjöf, með hvaða hætti, og svo líka vilja starfsmanna til þess að nýta sér þennan möguleika sem launafólk er óvant. Það er óvant atvinnulýðræðinu eins og það hefur þróast í nágrannalöndum okkar. Það er mikilvægt fyrir verkalýðshreyfinguna að kynna vel fyrir trúnaðarmönnum á vinnustöðum hvaða möguleika þessi löggjöf felur í sér og hvaða möguleika löggjöfin *felur í sér fyrir launafólk almennt og hvernig* það getur nýtt sér þó þann rétt sem fram kemur í þessari löggjöf.

Ég vil líka segja að þar sem við erum svo skammt kom*in í að þróa eitthvað sem heitir atvinnulýðræði kemur hér* fram mjög loðið ákvæði og í greinargerð sést að það er mjög loðið hvernig fyrirtæki munu framfylgja þessu, þ.e. hvaða upplýsingaskyldu þau hafa gagnvart launþegunum, hvort þau geti í tíma og ótíma skýlt sér á bak við einhverjar samkeppnishamlandi upplýsingar sem sé erfitt fyrir fyrirtæki að veita út af viðskiptaleyndarmálum, samkeppnisaðstæðum o.s.frv. Ég spyr: Þarf ekki að skilgreina betur hvað ýmislegt sem fram kemur í þessu frumvarpi felur í sér? Hér stendur t.d. í greinargerðinni, með leyfi forseta: „Þá skuli aðildarríki, þar sem ekki hefur verið komið á lögboðnu upplýsinga- og samráðskerfi fyrir launafólk eða fulltrúa þeirra, hafa þann möguleika til bráðabirgða að takmarka enn frekar gildissvið tilskipunarinnar að því er varðar fjölda launafólks.“ — Síðan kemur hér fram, með leyfi forseta: „Sérstaklega er tiltekið í formálsorðunum að fyrirtæki og starfsstöðvar skuli vernduð gegn því að afhentar séu sérlega viðkvæmar upplýsingar auk þess sem að vinnuveitandanum skuli heimilt að veita ekki upplýsingar og hafa ekki samráð við tilteknar aðstæður sem nánar greinir í tilskipuninni.“

Er ekki verið að opna fyrir alls konar undankomuleiðir fyrir fyrirtækin til að komast hjá því að veita launafólki eða trúnaðarmönnum á vinnustað þær upplýsingar sem þó er kveðið á um? Það er þetta, virðulegi forseti, sem ég hef nokkrar áhyggjur af. Um þetta vil ég spyrja hæstv. ráðherra.

Hér stendur líka, með leyfi forseta: „Í þeim tilvikum þar

sem skylda til samráðs við fulltrúa starfsmanna er fyrir hendi er þó ávallt skilyrði að atvinnurekandinn hagi upplýsingagjöf sinni þannig að fulltrúar starfsmanna hafi raunverulega möguleika til að setja sig inn í málið og taka þátt í því samráði sem gert er ráð fyrir í framhaldinu."

Maður veltir fyrir sér hvort eitthvað sé í þessu frumvarpi um einhvern tilskilinn tímaramma sem fyrirtækjum beri skylda til að koma upplýsingum á framfæri innan, þ.e. innan einhvers tilskilins tímafrests varðandi upplýsingar um stöðu fyrirtækjanna sem stefni atvinnuöryggi launamanna í hættu. Geta þeir kannski bara gert þetta deginum áður en tilkynnt er um uppsagnir? Það er ýmislegt í þessu sem mér finnst ansi laust í reipunum sem ég hefði viljað festa nánar niður í þessari löggjöf.

Síðan er enn verið að opna svigrúm fyrir atvinnurekendur til að komast hjá upplýsingagjöfinni og í greinargerðinni stendur enn fremur, með leyfi forseta: „Þar sem nauðsynlegt getur verið að undanþiggja tilteknar upplýsingar frá þessari skyldu er mælt fyrir um að í undantekningartilvikum geti atvinnurekandi látið hjá líða að veita slíkar upplýsingar, enda geti þær valdið alvarlegu tjóni eða röskun á starfsemi fyrirtækisins."

Hver á að meta hvort tilteknar upplýsingar séu þess eðlis að þær gefi atvinnurekandanum færi á að komast hjá að veita þessar upplýsingar? Geta þeir ekki alltaf haldið því fram, virðulegi forseti, að hér sé um að ræða þannig upplýsingar að þær geti valdið tjóni eða röskun á starfsemi fyrirtækisins? Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki áhyggjur af þessu, að með ýmsum loðnum ákvæðum, bæði í greinargerð og í frumvarpinu sjálfu, sé komið í veg fyrir að þessi löggjöf nýtist launþegum eins og þó er ætlast til, þessi litli vísir sem verið er að opna að atvinnulýðræði.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frumvarp þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fjalla um málið. Eins og hæstv. ráðherra heyrir hef ég ákveðna fyrirvara á þessu þótt ég fagni hverju skrefi sem við stígum til að koma hér á atvinnulýðræði. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem ég hef beint til hans við 1. umr. málsins. Það mun auðvelda alla umfjöllun um málið í hv. félagsmálanefnd.

[19:14]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Hér er mikilvægt mál um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum. Ég lít kannski ekki á það með þeim hætti, ef þetta frumvarp verður að lögum sem ég tel allar líkur á, að þá verði hægt að krefja einhverra upplýsinga. Ég lít frekar svo á að þetta verði liður í því að búa til liðsanda þannig að atvinnurekendur átti sig á því að kannski er réttara að veita sem mestar upplýsingar, hafa samráð og samvinnu við starfskrafta hjá þeim þannig að það geti verið ávinningur, ekki bara fyrir starfsmenn heldur einnig fyrir stjórnendur og eigendur fyrirtækja, að veita sem mestar upplýsingar til þess að liðsandi myndist og ákveðinn kraftur innan fyrirtækisins. Það verða alltaf einhverjar undankomuleiðir ef menn vilja leyna upplýsingum en ég tel einmitt að þessi lagasmíð miði að því að búa til anda þess að það borgi sig að vinna saman og í liði til að fyrirtækið nái virkilegum árangri.

Ég ræddi í andsvari við hæstv. ráðherra um að atvinnurekendur virðast að einhverju leyti þráast við að innleiða tilskipun nr. 158 frá ILO varðandi það að veita starfsfólki einhvern rökstuðning fyrir uppsögn. Ég er ekki viss um að það sé til hagsbóta að þráast við. Það að allt sé á huldu hver ástæðan er fyrir uppsögn er ekki góð leið til að búa til jákvæðan starfsanda innan fyrirtækis. Jákvæður starfsandi innan fyrirtækis skiptir verulega miklu máli hvað varðar árangur fyrirtækisins.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu segir að þetta séu lágmarksreglur. Í 6. gr. segir einmitt að það sé heimilt að útvíkka þær nánar í kjarasamningum. Mér finnst það skipta miklu máli í umræðu um þessi mál að þetta verði kannski vettvangur til samráðs og samvinnu þar sem atvinnurekendur og launþegar komi sér saman um hvernig upplýsingagjöf skuli vera og um hvað skuli leita upplýsinga. Frá mínum bæjardyrum séð ætti að vera hagur beggja að upplýsingagjöfin væri sem greiðust. Þannig myndast liðsandi innan fyrirtækja, þ.e. ef sem flest er uppi á borðinu.

[19:18]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að henni fannst hafa tekið langan tíma að koma þessu máli í lagabúning. Ég get tekið undir það en það kom fram í framsöguræðu minni að þó nokkur tími hafi farið í að reyna að ná samstöðu um málið meðal aðila vinnumarkaðarins í tengslum við kjarasamninga. Það gekk hins vegar ekki nógu vel upp og þess vegna var ákveðið að smíða þetta frumvarp. Félagsmálaráðuneytið fól Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst að semja drög að frumvarpi. Þetta frumvarp byggir á þeim drögum en við gerð frumvarpsdraganna, ég vil taka það fram, var haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Hér er höfð hliðsjón af þeirri löggjöf sem þegar gildir og varðar upplýsingagjöf, samráð og þátttöku starfsmanna, eins og kemur fram í frumvarpinu. Markmiðið er fyrst og fremst að innleiða með fullnægjandi hætti í íslenskan rétt þær reglur sem tilskipunin mælir fyrir um. Auk þess verði þeim aðilum sem reglurnar ná til veittur sveigjanleiki til að hrinda upplýsingagjöf og samráði í fyrirtækjum í framkvæmd hér á landi. Ég hygg að ræða síðasta hv. þingmanns sem talaði hafi fjallað um það.

Kannski má segja að hér sé ákveðin málamiðlun í gangi í þessu frumvarpi. Aðilar vinnumarkaðar náðu ekki samkomulagi um málið við gerð kjarasamninga. Það er von mín að þetta frumvarp, verði það að lögum, verði mikilvægt skref á þeirri vegferð sem t.d. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fjallaði um. Ég get að mörgu leyti tekið undir margt af því sem hún sagði. Ég lít svo á að við innleiðum þessa tilskipun með það að markmiði að efla samráð starfsmanna og atvinnurekenda. Ég tel það stóran áfanga og horfi til þess að í framhaldinu nái viðkomandi aðilar að þróa málin áfram og ná saman um að þessi mál verði í lagi.

[19:21]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Það er ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra tekur undir ýmislegt sem ég ræddi um varðandi atvinnulýðræði og skort á því hér á landi samanborið við það sem gerist hjá öðrum þjóðum. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að þessi löggjöf er lítið skref í þeim áfanga. Þess vegna er mikilvægt að hún gagnist og bæði launþegar og atvinnurekendur nýti sér þau ákvæði eins og hægt er.

En hæstv. ráðherra svaraði ekki öllum spurningum sem ég beindi til hans. Í fyrsta lagi varðandi fjölda, hve mörg fyrirtæki féllu undir þessa tölu, miðað við 100 starfsmenn, miðað við 50 starfsmenn og miðað við 20 starfsmenn. Það er mjög mikilvægt að fá þær upplýsingar. Séu þær eru ekki fyrir hendi þá óska ég eftir því að ráðherrann gangi í að fá þær upplýsingar þannig að við vitum það þegar við fjöllum um málið í félagsmálanefnd.

Í annan stað sér maður að ágreiningurinn hefur verið það mikill í þessu máli að ráðherra hefur falið Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst að semja þetta frumvarp líkt og er kannski verið að skoða hitt ágreiningsmálið, þ.e. ILO-samþykkt nr. 158.

En ég spyr ráðherrann: Er ASÍ sátt við frumvarpið sem hér liggur fyrir? Var fyrst og fremst tekið mið af sjónarmiðum atvinnurekenda í þessu frumvarpi? Að hve miklu leyti var tekið undir sjónarmið ASÍ? Ég held að ASÍ hafi viljað fara þá leið að miða við 20 starfsmenn en hér er miðað við 100 starfsmenn. Ég get ekki séð að mikið tillit hafi verið tekið til sjónarmiða ASÍ við meðferð þessa máls.

[19:23]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi fyrri spurninguna um fjölda fyrirtækjanna sem þetta nær til þá kom það fram í andsvari mínu fyrr í þessari umræðu. Ég biðst aftur afsökunar á því að ég er ekki með þessar tölur. En að sjálfsögðu mun ég afla þeirra og koma til félagsmálanefndar þannig að þær upplýsingar liggi fyrir.

Hvað varðar afstöðu aðila vinnumarkaðarins til þessa máls þá náðu þeir ekki saman um málið þannig að ég geri ekki ráð fyrir fullri sátt aðila vinnumarkaðarins um málið. Engu að síður er stigið mikilvægt skref sem er til bóta og jákvætt.

[19:24]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra komi áðurnefndum upplýsingum til nefndarinnar og ekki bara að því er varðar fyrirtæki með 100 starfsmenn og fleiri og 50 starfsmenn og fleiri. Ég vildi líka fá fram, og bið ráðherrann að taka eftir því, hvað þetta mundi ná til margra fyrirtækja ef miðað væri við að minnsta kosti 20 starfsmenn eða fleiri.

Við munum komast að því við meðferð félagsmálanefndar á þessu máli hvort enn sé mikill ágreiningur um það og hvort það hafi fyrst og fremst verið sjónarmið atvinnurekenda sem hafi þarna orðið ofan á, sem ég óttast mjög að hafi verið. En auðvitað komumst við að því við meðferð málsins í félagsmálanefnd.

Ég saknaði þess í ræðu ráðherrans áðan að hann fjallaði lítið um áhyggjur mínar af því að fyrirtækin hefðu alls konar undankomuleiðir frá upplýsingaskyldunni sem þó er kveðið á um í 4. gr., miðað við hvað mér finnast ákvæði frumvarpsins og greinargerðarinnar laus í reipunum. Ég hef af því verulegar áhyggjur. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji að ákvæðin í þessu frumvarpi haldi að því er varðar það að tryggja að atvinnurekendur veiti fulltrúum starfsmanna þær upplýsingar sem kveðið er á um í 4. gr. frumvarpsins.

Það er auðvitað lágmark að það sé tryggt þannig að þessi löggjöf skili sér, virðulegi forseti, til að bæta starfsumhverfi og atvinnuöryggi launafólks fyrst og fremst, sem þó er meiningin með þessu frumvarpi. Ef það gerir það ekki er mikilvægt að félagsmálanefnd fari yfir það og vinni það verk sjálfstætt án afskipta frá atvinnurekendum, ef hún er svo laus í reipunum þessi löggjöf að (Forseti hringir.) að hún gagnist ekki launafólki. En það er megintilgangurinn með þessu frumvarpi.

[19:26]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)**:

Virðulegi forseti. Markmiðið er að þessi ákvæði haldi. Það er alveg ljóst. Auðvitað væntum við þess að aukið samráð muni tryggja það. Ég get út af fyrir sig ekki svarað því öðruvísi. Markmiðið liggur fyrir í frumvarpinu og við væntum þess að það nái fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:27]

**Útbýting:**

Átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi, 341. mál, þáltill. JBjarn, þskj. 364.

Leiðir til að auka fullvinnslu á fiski, 340. mál, þáltill. JBjarn og ÞBack, þskj. 363.

## *Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, 1. umr.*

Stjfrv., 258. mál. — Þskj. 261.

[19:27]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um að leggja niður tvær úrskurðarnefndir á sviði siglingamála. Um er að ræða annars vegar úrskurðarnefnd siglingamála sem er skipuð samkvæmt 13. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, og hins vegar farbannsnefnd sem skipuð er samkvæmt 24. gr. laga nr. 47/2003.

Í frumvarpinu er lagt til að ágreiningi sem kann að stofnast vegna stjórnvaldsákvarðana Siglingastofnunar Íslands samkvæmt ofangreindum lögum, megi skjóta til samgönguráðuneytis til úrskurðar. Þetta er í samræmi við stefnu ráðuneytisins að fækka skuli sjálfstæðum úrskurðarnefndum. Það er ljóst að íslensk stjórnskipan byggir á því

að ráðherra, hver á sínu sviði, fari í reynd með æðstu yfirstjórn stjórnsýslunnar. Í 14. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum.

Þegar komið er á fót sjálfstæðum stjórnsýslunefndum sviptir það ráðherra almennum stjórnunar- og eftirlitsheimildum yfir hlutaðeigandi nefnd. Því er þessi skipan undantekning frá almennum stjórnskipunarreglum og ekki ástæða til að viðhalda henni nema ríkar ástæður séu fyrir hendi. Almennt má segja að meiri festa og samræmi og réttaröryggi sé fyrir hendi þegar saman fara vald og ábyrgð á stjórnarframkvæmdum og miðast þetta frumvarp við að leggja áherslu á það.

Þegar um er að ræða fá mál sem koma fyrir slíkar úrskurðarnefndir liggur það í hlutarins eðli að kostnaður er tiltölulega mikill vegna starfa slíkra nefnda og því eðlilegra að hlutast til um hagkvæmari lausnir þó að það megi ekki ráða för eitt út af fyrir sig. Þess vegna er væntanlega minni kostnaður við það þegar um fá verkefni er að ræða ef sérhæfing ráðuneytisins getur sinnt þessu verkefni. Því er þetta lagafrumvarp liður í almennri stefnu samgönguráðuneytisins að auka skilvirkni í stjórnsýslu, einfalda reglur og draga úr kostnaði. Svo háttar til um störf beggja umræddra úrskurðarnefna að ekki hefur verið skotið til þeirra neinu máli síðastliðin fjögur ár og afar fáum árin þar á undan.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. samgöngunefndar og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Siglingavernd, 1. umr.*

Stjfrv., 238. mál (EES-reglur). — Þskj. 241.

[19:31]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004.

Frumvarp þetta er lagt fram m.a. með hliðsjón af þremur nýjum gerðum Evrópusambandsins. Í fyrsta lagi um aukið öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu, í öðru lagi verklagsreglur við framkvæmd skoðana á sviði siglingaverndar og í þriðja lagi um eflingu hafnarverndar.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að auknu öryggi mannslífa á hafinu og taka inn frekari ákvæði í siglingaverndarlöggjöfina til að fyrirbyggja hryðjuverk og aðrar ógnir á höfunum. Í frumvarpinu er lagt til að gildissvið laganna verði útvíkkað til samræmis við gerð Evrópusambandsins um aukið öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu. Gert er ráð fyrir því að lögin taki jafnframt til ákveðinna farþegaskipa og flutningaskipa í innanlandssiglingum auk útgerða. Samkvæmt gildandi lögum afmarkast gildissvið þeirra við tiltekin skip í millilandasiglingum.

Lagt er til að vaktstöð siglinga verði talin til þeirra aðila sem fara með framkvæmd siglingaverndar auk Siglingastofnunar Íslands, tollyfirvalda, ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu, útgerða og hafna. Er þetta einkum gert vegna mikilvægs hlutverks vaktstöðvar við að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu, öryggi skipa, farþega og áhafna og við að efla varnir gegn mengun sjávar.

Í frumvarpinu er lagt til að áhættumat verði gert fyrir íslensk skip, hafnaraðstöðu og siglingar innan íslenskrar efnahagslögsögu. Jafnframt er aukið við ábyrgðarsvið Siglingastofnunar á þann hátt að stofnuninni er falin gerð áhættumats vegna siglinga innan íslenskrar efnahagslögsögu. Auk þess er henni ætlað að sjá um að útbúa og uppfæra siglingaverndaráætlun Íslands í samræmi við reglur á sviði hins Evrópska efnahagssvæðis.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Siglingastofnun verði veitt heimild til að beita tilteknum ráðstöfunum þegar talið er að brotið hafi verið gegn reglum um siglingavernd, svo sem með því að leggja farbann á skip. Jafnframt eru stofnuninni veittar heimildir til almenns eftirlits í þeim tilvikum þegar aðgerðir eru nauðsynlegar vegna siglingaverndar. Heimildirnar felast m.a. í því að stofnuninni er heimilaður aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði og gögnum eftir því sem telja má nauðsynlegt við framkvæmd eftirlits með siglingavernd. Gerð er krafa um það í frumvarpinu að útgerðir haldi skrá yfir nauðsynlega upplýsingaöflun siglingaverndar. Kveðið er skýrt á um það að Siglingastofnun geti krafið útgerð, umboðsmann eða skipstjóra skips um upplýsingar varðandi skipavernd.

Lagt er til það nýmæli í frumvarpinu að Siglingastofnun verði heimilt að takmarka aðgang að höfnum og hafnarsvæðum ef slíkt er talið nauðsynlegt vegna siglingaverndar. Talið er nauðsynlegt að taka af allan vafa um skýrar lagaheimildir til ýmiss konar aðgerða er tengjast siglingavernd og er þessi breyting liður í slíkum aðgerðum.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á gjaldtökuheimildum í frumvarpinu sem miða að því að auka aðhald í kostnaði við siglingavernd. Breytingarnar fela það í sér að hafnir hafa nú val um hvort þær leggja farmverndargjald á vörur, hafnarverndargjald fyrir hvert skip auk gjalds fyrir hvern farþega sem kemur til eða fer frá landinu með skipi. Í gildandi lögum er slíkt svigrúm ekki fyrir hendi heldur ber höfnum skylda til að innheimta þessi gjöld. Breytingin er lögð til m.a. í ljósi þess að sá kostnaður sem hér um ræðir getur haft áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja annars staðar i heiminum. Mikilvægt er að slíkt fyrirkomulag verði ekki meira íþyngjandi hér á landi en erlendis og feli ekki í sér meiri kostnað en þörf er á, eins og nærri má geta.

Í frumvarpinu er einnig lagt til það nýmæli að þeir aðilar sem starfa að siglingavernd virði trúnað um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna eða hagsmuna í þágu siglingaverndar. Þagnarskylduákvæði þetta á sér samsvörun í 22. gr. lögreglulaga, nr. 13/1996, með síðari breytingum.

Samkvæmt c- og d-lið 3. mgr. gildandi 4. gr. laga um siglingavernd er Siglingastofnun falið að staðfesta skipan sérstakra verndarfulltrúa og eftirlitsaðila. Frumvarpið gerir ráð fyrir nýrri reglu þar sem stofnuninni verði jafnframt falin heimild til að afturkalla slíkar skipanir á grundvelli laganna vegna brota gegn lögum og reglum ef telja verður varhugavert að viðkomandi sé skipaður.

Lagt er til í frumvarpinu að bætt verði við heimild ráð-

herra til að setja í reglugerð nánari útfærslu á ákvæðum laga um siglingavernd fyrir innleiðingar þeirra gerða Evrópusambandsins sem um ræðir í frumvarpinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að refsiákvæðum verði beitt til samræmis við viðurlög sem gilda í öðrum sérlögum.

Að lokum er lögð til í frumvarpinu skilgreining á nýju hugtaki, hugtakinu umboðsmaður, sem er sambærileg þeirri hugtakaskilgreiningu sem notuð er í lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, með síðari breytingum.

Jafnframt er lagt til að gerðar verði breytingar á nokkrum ákvæðum laganna og notað hugtakið útgerðir í stað útgerðarfélaga til að tryggja sambærilega hugtakanotkun í lögum á sviði siglinga.

Virðulegur forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgöngunefndar.

[19:38]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að þetta frumvarp til laga um siglingavernd eigi fyrst og fremst til að taka til ógnar af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum og tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af þeirra völdum, tel ég að almenn öryggismál verði ekki aðskilin frá þessum þáttum frekar en öðrum sem lúta að öryggi og vernd skipa, farþega og farms. Þess vegna vil ég spyrja ráðherra í fyrsta lagi um þagnarskyldu, trúnað og annað, sem talið er upp í 7. gr., þeirra aðila sem koma að þessum málum um atriði sem þeir komast að og geta lotið að því sem ráðherra taldi upp hvað varðar trúnaðarskyldu. Nú er þetta ósköp einfalt hjá opinberum starfsmönnum, þeim sem ráðnir eru sem opinberir starfsmenn samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þar er kveðið á um að þetta megi vera hluti af ráðningarsamningi. Ef þessi starfsemi verður hins vegar einkavædd eins og hluti af slíkri öryggisþjónustu er, tökum sem dæmi Neyðarlínuna, hluti af þeim verkefnum sem hún er með, og vaktstöð siglinga, sem er að hluta til einkavædd líka m.a. í gegnum Símann, hvernig lyti (Forseti hringir.) þagnarskyldan að einkavæddum aðilum sem tækju að sér hluta af þeirri þjónustu sem hér er um að ræða?

[19:40]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þagnarskylduákvæðin, samanber 7. gr. þessa frumvarps, eru afar mikilvæg. Ég tel að það út af fyrir sig sé ekki háð því að viðkomandi séu opinberir starfsmenn að þeir þurfi að sæta þessari þagnarskyldu heldur verði þeir sem ganga til þeirra starfa, í hvers umboði sem það er, að sæta þessari þagnarskyldu. Við þekkjum það, eins og hv. þingmaður nefndi, að Neyðarlínan er eign margra aðila og ég held að enginn efist um að þar sé farið að ýtrustu reglum hvað þetta varðar og að mikill trúnaður ríki þar. Hafnirnar eru í flestum tilvikum eign sveitarfélaga en í einhverjum tilvikum hlutafélaga á grundvelli heimilda í hafnalögum. Út af fyrir sig er því ekkert sjálfgefið að hafnirnar almennt geti ekki orðið eign hlutafélaga. Þetta frumvarp lýtur fyrst og fremst að því að tryggja það að þeir sem koma að þessum skyldustörfum sæti þagnarskylduákvæðum alveg óháð rekstrarformi þess aðila sem tekur að sér þessar skyldur.

[19:42]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé dálítið mikið mál hvernig þessu er fyrir komið, annars vegar hvað varðar öryggismálin sjálf og hins vegar þann trúnað sem hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni og kveðið er á um í þessum lögum. Þetta er mjög einfalt ef um opinbera starfsmenn er að ræða og í hreinum opinberum stofnunum. En eins og þarna er um að ræða, ef við tökum Neyðarlínuna, þá býður hún út verkefni til einkaaðila og þar koma aðrir aðilar að í öryggisþjónustunni og öryggisvörslunni, ef við tökum siglingaverndina þá er hún er að hluta til boðin út o.s.frv.

Ég held, herra forseti, að það væri mjög mikilvægt að hv. samgöngunefnd fái, þegar hún fer að fjalla um málið, nákvæmt skipurit sem sýnir núverandi stöðu þeirra öryggismála sem við erum að tala um gagnvart skipum, höfnum, farþegum og farmflutningum. Ég hef á tilfinningunni að þetta sé að verða býsna flókinn garður þar sem verkin eru boðin út sitt á hvað og að huga þurfi að því hvort nægilega sé gætt að þeim þáttum sem hæstv. ráðherra lagði hér áherslu á, um trúnað og öryggismál. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að við fáum mjög nákvæmt skipurit yfir hver á hvað og hvar hvert verkefni er statt núna varðandi öryggismálin, hvort heldur það lýtur að Neyðarlínunni, vaktstöð siglinga eða öðru því sem talið er upp í þessum lögum.

[19:44]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að ég tel að það sé mjög gagnlegt og verði gagnlegt fyrir hv. samgöngunefnd að fara yfir þessi mál eins og hann gat um til að þingmenn átti sig vandlega á þeim skyldum sem verið er að setja á starfsmenn stofnana og fyrirtækja hvað þetta varðar. Siglinga- og hafnavernd er geysilega mikilvæg fyrir okkur til að tryggja sem mest öryggi, bæði í höfnum og um borð í skipum, til að tryggja öruggar siglingar við landið og standa þannig að málum að bæði íslensk og erlend skip sem fara um hafnir hér á landi eigi traustan og greiðan aðgang að öllum höfnum þannig að ekki verði efast um að skip sem afgreidd eru í íslenskum höfnum þurfi að sæta annars konar meðferð í höfnum erlendis vegna þess að hlutirnir séu ekki taldir í lagi hér á landi. Þeir eru í mjög góðu lagi hjá okkur Íslendingum í dag. Þetta frumvarp miðar að því að uppfylla enn frekar þær kröfur sem gerðar eru á hinu Evrópska efnahagssvæði og til þess að það fari ekkert á milli mála að við uppfyllum þær reglur sem settar eru þar. Framkvæmdin hjá íslenskum hafnarstjórnum og útgerðum sem koma að þessum málum hefur verið býsna traust og góð en við þurfum að fikra okkur áfram inn í þennan veruleika og því er þetta frumvarp lagt fram, en ég tek undir með hv. þingmanni að nefndin muna skoða málið.

[19:47]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Ég ætla að víkja frekar að öryggismálum, sem eru til umfjöllunar í ákvæðum frumvarpsins, og árétta hversu mikilvægt er að þau séu í lagi. Þetta var einfalt meðan við höfðum Landhelgisgæsluna og öll verkefni hennar voru á opinbera ábyrgð. Þetta var einfalt meðan við vorum

með fjarskiptakerfið, Landssímann og fjarskiptastöðvarnar í opinberri eigu. Öryggismálin voru því á ábyrgð hins opinbera.

Síðan hefur þetta breyst. Það er búið að einkavæða fjarskiptakerfið. Það er búið að einkavæða Landssímann. Það er búið að einkavæða alla þjónustu sem að honum lýtur. Eftir það lýtur þessi þjónusta lögmálum markaðarins, þ.e. því sem er arðbært að gera. Ekki bara það heldur, ef eitthvað bilar eða eitthvað gerist í þessari þjónustu þá er það viðskiptaleyndarmál og má ekki segja frá því.

Neyðarlínan er ekki heldur að fullu í eigu og á ábyrgð ríkisins. Sem betur fer var hún að hluta til dregin úr því einkavæðingarferli sem þau verkefni voru sett í á sínum tíma. Menn áttuðu sig á því að það gengur ekki að einkavæða öryggisþjónustu landsins. Það bara gengur ekki að það sé háð arðsemiskröfum fyrirtækja hvort öryggisþjónustan uppfyllir kröfur eða ekki.

Má ég nefna dæmi. Í kringum 20. september, ég man ekki nákvæmlega hvaða dag, bilaði ljósleiðari á Norðurlandi, þetta var reyndar í Húnavatnssýslum, með þeim afleiðingum að öryggiskerfi sjófarenda, einmitt þessi vaktstöð, fyrir öllum Vestfjörðum og Norðurlandi frá Látrabjargi að Langanesi féll út. Einnig féllu niður útsendingar sjónvarps á mörgum stöðum á sama tíma, sem er einnig hluti af öryggiskerfi landsmanna. En vaktstöð siglinga hefur það hlutverk að fylgjast með hvar skip eru og er gríðarlega mikilvægt öryggistæki í því sambandi.

Þegar spurt var hvað væri að, hvar bilunin væri, þá var enginn til svara að hálfu Símans. Bæði Neyðarlínan og Landhelgisgæslan sögðust ekki geta fengið upplýsingar um það og bentu á, eins og fulltrúi þeirra gerði í fréttum, að Síminn væri rekinn á markaðsgrunni og erfitt að fá upplýsingar auk þess sem þjónustan væri bundin við eina línu. Ef hún færi þá væri í sjálfu sér ekki sjálfkrafa stillt á aðra línu eða aðra möguleika og ef auka ætti öryggið þyrfti að borga meira.

Þannig stóð þessi bilun í rúmlega hálfan sólarhring, 15 klukkustundir. Þegar forstöðumaður Neyðarlínunnar var spurður hvort hann hefði ekki frétt af þessari bilun og að þar væri vaktstöð siglinga úti fyrir öllu Norðurlandi þá sagði hann: Nei, ég heyrði þetta bara í fréttum. Hann var svo heppinn að hann var þá staddur í Reykjavík þar sem útvarpssendingar voru í lagi. Ef hann hefði verið á Norðurlandi þá hefði hann ekki frétt af því að þetta væri allt bilað því sendingar lágu niðri. Það er því greinilega eitthvað sem þarf heldur betur að laga í uppbyggingu á þessu öryggisneti.

Einkavæðingarárattan, einkavæðingaræðið hef ég kallað það á þessum vettvangi, í fjarskiptamálum og í öryggismálum, sem hæstv. ráðherra hefur því miður verið of veikur fyrir og einkavætt mikilvæga þjónustu, leiðir til minna öryggis og lélegri þjónustu.

Ég tel því mjög mikilvægt, og árétta það sem ég sagði áðan, að samgöngunefnd fái greinargott yfirlit yfir tilhögun og skipan öryggismála frá A til Ö. Það verður ekki liðið að á grundvelli einkavæðingar, markaðshyggju og arðsemiskrafna, sé ekki hægt að halda uppi því fullkomna öryggisneti sem völ er á. Þetta var hægt. Það var hægt þegar við höfðum Landssímann. Hann var ekkert að spekúlera í því hvort græða mætti meira á þessari línunni en hinni. Nú er búið að einkavæða þetta og meira að segja virðist hver lína í strengnum rekin sem sérfyrirtæki og verður að kaupa það dýrum dómum ef ein línan bilar. Þá verður að kaupa sig inn á næstu línu dýrum dómum. Þetta þurfti ekki meðan að Landssíminn átti þetta.

Sú tilhögun sem núna er á öryggismálum, með einkavæðingu og arðsemiskröfur í fyrirrúmi, gengur að mínu viti ekki upp. Það er mikilvægt að við athugum það. Það gengur ekki að bilanir í fjarskipta- og öryggiskerfi þjóðarinnar séu viðskiptaleyndarmál. Það gengur ekki.

Þess vegna tel ég mikilvægt að árétta að nefndin fari mjög rækilega í gegnum alla þætti þessa máls, uppbyggingu, framkvæmd og stöðuna á þessu öryggiskerfi sem m.a. þetta frumvarp byggir á að sé í lagi.

[19:54]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd. Hluti af þessu máli er að áður fyrr komu svo margir aðilar að björgunarmálum ef slys varð á sjó að við töldum að það væri ótækt. Menn töldu eðlilegt að færa stjórn þeirra mála undir eitt og sama þakið, sem er björgunarhúsnæði í Öskjuhlíðinni þar sem nú er vaktstöð siglinga. Þar er og 112 neyðarlínan. Þar er lögregla og séð um öryggismál varðandi flug, siglingar o.s.frv. undir einu og sama þaki.

Ég held að allir séu sammála um að það var full ástæða til að vinna að öryggismálunum út frá þeirri skipan sem er komin á í dag.

Varðandi það sem hv. þm. Jón Bjarnason talaði um í sambandi við bilun á kerfum vegna flutninga á símalínu eða öðru þá er það rétt. Það er ekki ástæða til þess að búa við að slíkt sé viðskiptaleynd. Ég tek einnig undir það með honum að eðlilegt sé að samgöngunefnd fái allar upplýsingar um hvernig boðleiðir eru og hvað er til ráða ef bilanir verða í þessu kerfi.

Fyrst og fremst skulum við þó minnast þess að markmiðið með samruna öryggisþátta á sjó, lofti og landi, var að stytta allar boðleiðir og auka öryggi enn frekar.

[19:56]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni um þau atriði sem hann lagði áherslu á, að samræma og tengja saman þá aðila sem koma að björgunar- og verndarstörfum. Ég tel að á margan hátt hafi verið unnið vel í því á undanförnum árum, að samræma það í sameiginleg viðbrögð.

Lengi má gott bæta. Við heyrðum hvernig það gekk fyrir sig þegar búist var við því fyrir skömmu að flugvél gæti lent í miklum erfiðleikum, væri að lenda á Keflavíkurflugvelli og gæti lent í sjónum. Þá fór boðunarkerfið allt meira og minna í handaskol, a.m.k. fór það töluvert öðruvísi en menn vildu að það virkaði. Sem betur fer var ekki sú hætta á ferðum sem menn óttuðust þannig að það kom ekki að sök.

Þá verð ég aftur að vara við því þegar verið er að einkavæða, bjóða út og selja í hendur óskyldum aðilum einstaka framkvæmda- eða rekstrarþætti í öryggiskerfinu. Það býður

hættunni heim enn frekar.

Í dæminu sem ég vitnaði til frá í haust, þegar strengur fór og vaktstöð siglinga og öryggiskerfið reyndar líka, útvarp og sjónvarp og annað, datt út um stóran hluta landsins þá bjargaði NMT-krefið miklu og það að ekkert kom fyrir. Það var gott veður og ekkert kom fyrir.

En það dæmi sýnir að eitthvað er að og í þeirri umræðu kom fram að upp væri komin býsna mikil flækja af opinberri þjónustu, opinberum rekstri, og hins vegar einkavæddum þáttum (Forseti hringir.) sem voru hluti af þeirri þjónustu sem þarna átti að vera í viðbragðsstöðu.

[19:58]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að mér finnst nánast sorglegt að hlusta á hv. þm. Jón Bjarnason tala um þetta frumvarp, frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, og flækja inn í þá umræðu umræðu um einkavæðingu fjarskiptafyrirtækja og einkavæðingu í veröldinni og halda ræðu sem er ein allsherjarárás á almennan atvinnurekstur í landinu sem sinnir slíkri þjónustu. Ég er mjög undrandi að hlusta á þetta. Það er satt að segja sorglegt að Sovétríkin sálugu séu ekki enn þá lifandi og við lýði þannig að hv. þm. Jón Bjarnason geti haft viðmiðun um uppbyggingu ríkisrekstrarins á sviði fjarskipta.

Ég er nýbúinn að vera í Tyrklandi þar sem var verið að fjalla um fjarskiptamál í veröldinni. Þar hefur sósíalisminn fengið að grassera og allt verið ríkisrekið og þar er útbreiðsla á fjarskiptakerfinu 15–16%. Við sjáum Austur-Evrópuríkin sem nú eru frjáls og eru að selja símafyrirtækin sem áður voru ríkisrekin í hendur einkaaðila. Þar er allt í rjúkandi rúst.

Hér uppi á Íslandi er heill stjórnmálaflokkur sem sér meginbjörgunarbeltið sitt í því að snúa öllu til baka, snúa öllu til ríkisrekstrar og fordæma einkarekstur á sviði þessarar þjónustu. Ég verð að segja alveg eins og er að það þyrfti nánast að setja upp einhverja deild í heilbrigðiskerfinu til þess að fjalla um þennan sjúkdóm sem hv. þingmenn Vinstri grænna eru haldnir þegar kemur að þessari áráttu.

Hvað um það, ég held hins vegar að þetta sé allt saman meiri og minni uppgerð. Þeir eru að reyna að skapa sér sérstöðu, reyna að skapa ólgu, óvissu, tortryggni, þeir eru að reyna að sá tortryggni meðal þjóðarinnar og blekkja fólk. Ég er alveg sannfærður um það að innst inni átti hv. þm. Jón Bjarnason sig á því að það sem hann er að halda fram er tóm della, t.d. þegar hann talar um að þegar strengir bili þá hljóti það að vera vegna þess að búið sé að einkavæða fjarskiptafyrirtækin. Það skyldi þó ekki hafa gerst að strengir hafi slitnað hjá hinum ágæta Landssíma hér áður og fyrr?

Ég vil sérstaklega benda hv. þingmanni á það, virðulegur forseti, að í áratugi nutum við mikilvægrar öryggisþjónustu Cantat-3 sæstrengsins. Hvaða ofurríki skyldi nú hafa átt þann streng sem sinnti og tryggði okkur fjarskipti við útlönd? Það voru hlutafélög, erlend hlutafélög, mörg erlend fyrirtæki og einstaklingar sem fjárfestu í strengnum á sínum tíma og ráku hann. Í dag er fjarskiptaþjónusta við útlönd annars vegar um Cantat-3 strenginn og hins vegar um Farice-strenginn sem er hlutafélag í eigu íslenska ríkisins að hluta og fjarskiptafyrirtækjanna í Færeyjum og hér á Íslandi. Við eigum því mikið undir því að þau fyrirtæki sem hv. þingmaður er að reyna að gera tortryggileg haldi áfram starfsemi sinni, virðulegur forseti. Þetta er því allt með miklum ólíkindum og ég get ekki annað en eytt nokkrum mínútum á þessari kvöldstund til þess að vekja athygli á þessu vegna þess að þetta byggist allt á því að reyna að blekkja fólk, telja fólki trú um að teknar hafi verið rangar ákvarðanir um að selja Símann, menn eru fastir í þessu. Og hvað hefur gerst? Það hefur aldrei nokkurn tíma verið öflugri og meiri uppbygging og meiri þjónusta á sviði fjarskipta á Íslandi en er í dag, þegar komið er á frelsi í fjarskiptum. Símafyrirtækin keppa annars vegar um að veita landsmönnum þjónustu og hins vegar höfum við þar sem markaðsbrestur verður og ekki er gert ráð fyrir því á markaðslegum forsendum eins og alls staðar á hinu Evrópska efnahagssvæði er gert, þar höfum við skapað öryggisnet í gegnum Fjarskiptasjóð, eins og alls staðar annars staðar í samfélaginu þar sem við viljum tryggja þjónustu. Hv. þingmaður á því að hætta þessu tali og hætta að reyna að blekkja fólk. Það sjá allir í gegnum þetta tal.

Aðeins út af starfsemi Neyðarlínunnar og starfsemi vaktstöðvar siglinga þá er Neyðarlínan, eins og fram hefur komið, hlutafélag í eigu bæði opinberra aðila og einkaaðila og sú starfsemi gengur vel. Vaktstöð siglinga var sett á stofn, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson vakti athygli á, á sínum tíma. Ég beitti mér fyrir því að sett voru lög um vaktstöð siglinga. Í húsinu í Skógarhlíðinni söfnuðust saman aðilar eins og þeir sem sinna flugfjarskiptum og siglingaöryggi, Landhelgisgæslan er þar einnig og sömuleiðis björgunarsveitirnar, og þaðan er öllu þessu sinnt en fjarskiptin eru að sjálfsögðu í gegnum þjónustu hlutafélaga. Við erum núna að setja upp tetra-kerfið á vegum Neyðarlínunnar, þ.e. að við erum að fara að reka tetra-kerfi, sem er neyðar- og öryggiskerfi, fjarskiptakerfi fyrir björgunarsveitir og almannavarnasveitir. Þetta er samstarfsverkefni innan Neyðarlínunnar. Við treystum auðvitað á bestu lausnir, við leggjum ekki upp úr kreddum heldur treystum við á bestu lausnir í þessu samhengi. Partur af því er síðan siglingaverndin sem á mjög mikið undir því að skipafélögin — ekki eru þau ríkisrekin — og hafnirnar í eigu sveitarfélaganna og fleiri aðila, sinni siglingaverndinni og þess vegna erum við að fjalla um þetta frumvarp sem ég hef mælt hér fyrir.

Ég hlaut og varð að vekja athygli á þessu vegna þess að enn einu sinni kemur hv. þm. Jón Bjarnason og heldur ræðu um þessa hluti. Það er ekki minna öryggi, það er rangt að það sé minna öryggi vegna þess að þjónustan sé í samstarfi milli ríkisaðila og einkaaðila. Hv. þingmenn eiga að viðurkenna staðreyndir og viðurkenna það líka að auðvitað verðum við að gera arðsemiskröfur. Hvernig væri samfélagið ef við gerðum hvergi ráð fyrir því að það væri afrakstur af störfum okkar? Það má ekki vera uppi arðsemiskrafa gagnvart starfsemi af trúarástæðum nánast. Þetta er mjög undarlegur talsmáti allt saman, ég satt að segja hlakka til að fá tækifæri til þess að ræða þessi mál í komandi kosningum og fletta ofan af mönnum sem tala svona eins og hv. þm. Jón Bjarnason gerir, því að þetta er meira og minna blekkingarhjal.

[20:06]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Ég átti nú ekki von á því að þetta væri svona viðkvæmt af hálfu hæstv. ráðherra þó að hér væri lögð áhersla á að fara mjög rækilega í gegnum uppbyggingu og rekstur á því öryggiskerfi sem við fjöllum hér um og er að baki þessara laga, en þar er um að ræða m.a. Neyðarlínuna, vaktstöðvar siglinga og önnur fjarskiptafyrirtæki sem koma að því öryggisneti sem er afar mikilvægt að sé vel byggt upp. Okkur greinir auðheyrilega á og það er pólitískur ágreiningur á milli mín og okkar flokks, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hæstv. samgönguráðherra og Sjálfstæðisflokksins. Við teljum að það eigi ekki að einkavæða öryggismál, við teljum að það eigi ekki að einkavæða grunnalmenningsþjónustu sem allir aðilar þurfa að eiga aðgang að. Það er síðan allt annað hvað er rekið sem atvinnurekstur á samkeppnisgrunni þar sem samkeppni er fyrir hendi og ekki er um grunnalmannaþjónustu að ræða, okkur greinir þarna á. Hæstv. ráðherra finnst allt í lagi einkavæða hluta af öryggisþjónustunni, hæstv. ráðherra finnst allt í lagi að einkavæða grunnþjónustu fjarskiptanna. Ég er bara ekki á sama máli, okkur greinir þar á og hefur gert það á undanförnum árum.

Hæstv. ráðherra virðist vera að sækja fyrirmyndir til Tyrklands eða Rússlands um hvernig fjarskiptamálum sé háttað þar — það má vel vera að það sé orðið mikilvægt — en meðan Landssíminn var í eigu þjóðarinnar þá var það keppikefli að byggja upp þjónustu um allt land á jafnræðisgrunni og þó svo að það tækist ekki alveg þá var það keppikefli og var gert. Kostnaður við fjarskiptaþjónustu, við símakostnað hér á landi var með því lægsta fyrir notendur sem gerðist í Evrópu. En varðandi þær fyrirmyndir sem hæstv. ráðherra var að vitna til, í Tyrklandi eða Sovétríkjunum, þá þekki ég ekkert til þar og er ekki svona upptekinn af því eins og hæstv. ráðherra er. Ég hugsa nú bara um íslenska hagsmuni hvað fjarskiptamál varðar og almenning í landinu, það eru mín hagsmunamál. Auðvitað vorkenni ég öðrum þjóðum ef fjarskiptakerfi þeirra er mjög lélegt, en við þurfum þá a.m.k. ekki að vera að flytja hingað inn kerfi sem hefur reynst þeim mjög erfitt.

Hæstv. ráðherra var að tala um að það ætti að leysa fjarskiptamál og öryggismál í landinu á samkeppnisgrunni en ég er ekkert búinn að sjá að fjarskiptamál á Vestfjörðum, Norðurlandi, Norðausturlandi og úti um hinar dreifðu byggðir leysist á grunni frjálsrar samkeppni. Það má vel vera að í Reykjavík og hér á höfuðborgarsvæðinu geri það það. Það hefur þó sýnt sig að verð á þessari þjónustu hefur snarhækkað á síðastliðnum þrem árum síðan þetta var einkavætt. Það er það eina sem hefur komið rækilega í ljós og við erum núna að sigla hratt fram úr öðrum þjóðum hvað fjarskiptakostnað, hvað símakostnað varðar, samanber dæmið um farsímaþjónustu sem nýlega kom fram í skýrslu frá Póst- og fjarskiptastofnun, að mig minnir. Það er því lítið að sækja í það að fara í það kerfi sem hæstv. ráðherra var að vitna til og var að aðhyllast í Sovétríkjunum eða Tyrklandi hvað þetta varðaði.

Það er alveg sama hvað hæstv. ráðherra er hrifinn af einkavæðingu á fjarskiptakerfinu, á Símanum og öryggismálum úti um land, þá er ég þeirrar skoðunar að það sé rangt og grunnalmannaþjónusta eins og fjarskipti eigi að vera rekin sem þjónusta, byggð upp um allt land, þannig að allir hafi sem jafnastan aðgang að á jafnréttisgrunni bæði hvað varðar verð og gæði. Og við vitum það ósköp vel að þannig verður það ekki í frjálsri markaðshyggju eða frjálsri samkeppni, það vita íbúar þessa lands. Það er því alveg sama hvað hæstv. ráðherra dásamar einkavæðinguna í grunnfjarskiptakerfi þjóðarinnar í almannaþjónustunni þá held ég að fólk sjái raunveruleikann vel.

Hins vegar tel ég að þetta frumvarp sé í grunninn eðlilegt frumvarp og að þau atriði sem þar eru rakin séu í hæsta máta eðlileg. Ég á sæti í hv. samgöngunefnd og nefndin mun að sjálfsögðu reyna að fá sem gleggstar upplýsingar sem liggja að baki þessu öryggiskerfi sem frumvarpið byggir á. Ég held að það hljótum við öll að vera sammála um.

[20:12]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem við erum komin langt út fyrir efnið langar mig aðeins til að minna á upphaf þessa máls, en í lögum um siglingavernd segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.“

Þetta er nú kjarni málsins sem hefur leiðst út í að það er farið að ræða um einkavæðinguna og almannaþjónustuna. Aðeins svona til að rifja upp þá man hv. þm. Jón Bjarnason eflaust eftir fyrirtæki sem hét Bifreiðaeftirlit ríkisins og var slík ógnarstofnun að menn fóru yfirleitt ekki þangað, sendu helst eiginkonur sínar, slík var þjónustan hjá þessum opinberu embættismönnum. Konurnar fóru meira að segja jafnvel í hárgreiðslu áður en þær fóru, það var kannski möguleiki á að fá skoðun á bílnum ef þær litu svona þokkalega út.

Annað fyrirtæki hét Viðtækjaverslun ríkisins. Það mátti enginn selja útvarp nema þessi ágæta verslun. Síðast en ekki síst einkarekstur Ríkisútvarpsins. Menn muna það eflaust þegar fyrrverandi þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti hér ár eftir frumvarp til breytinga á útvarpslögum þannig að aðrir en Ríkisútvarpið mættu reka útvarpsstöðvar. Það fékk engan hljómgrunn fyrr en opinberir starfsmenn fóru í verkfall og nokkrir ágætir opinberir embættismenn, einn þeirra núverandi flokksbróðir hv. þm. Jóns Bjarnasonar, gekk við annan mann upp í Ríkisútvarp og slökkti á þessu tæki sem var almenningsþjónustufyrirtæki. Þá var allt í lagi að slökkva á útsendingum Ríkisútvarpsins.

Það var líka mjög gott því að það leiddi til þess að Alþingi samþykkti eins og skot frumvarp hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar um að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins á útvarpssendingum. Svona getur þetta nú farið um víðan völl og ekki er nú allt gott sem snýr að ríkisrekstri.

[20:14]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo að ríkið samanstendur af því fólki sem myndar þjóðina á hverjum tíma og ekkert er fullkomið í því. Varðandi þátt hv. þm. Ögmundar Jónassonar,

sem þá var starfsmaður Ríkisútvarpsins, þá þykist ég muna það rétt að það hafi verið fulltryggt að allri öryggis- og viðbúnaðarþjónustu væri sinnt, ég man ekki betur en svo væri.

Við erum komnir svolítið út fyrir efnið, en engu að síður er alveg hárrétt hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að draga athyglina að því að það er sótt að því einkavæða öryggisnet þjóðarinnar, það er alveg hárrétt. Suma þætti í þjónustunni má einkavæða, þ.e. þann rekstur sem getur verið á samkeppnisgrunni, það er alveg rétt, en aðra ekki. Þess vegna er mjög mikilvægt að vera á varðbergi gagnvart þessari einkavæðingarárátttu sem ég held að þjóðin öll eða meginhluti þjóðarinnar sé búinn að fá meira en nóg af, þessari sífelldu einkavæðingu og markaðsvæðingu á almannaþjónustu sem skekkir bara þjónustustig og samkeppnishæfni byggða og heimila.

Já, Bifreiðaeftirlit ríkisins, ég er alveg sammála því að þar mátti finna ýmislegt að og breyta og var gert, og síðan fór það aftur inn til ríkisins. En ég heyrði fréttir núna á dögunum að skoðunum bifreiða væri farið að vera svo ábótavant að það væri farið að varða öryggi á þjóðvegum landsins. Þannig að það eitt hver fer með ræður ekki öllu. (Forseti hringir.) Núna heyrist mér að verið sé að gera (Forseti hringir.) kröfu á enn þá harðari opinber afskipti (Forseti hringir.) við skoðanir á bílum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[20:16]

**Útbýting:**

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ, 342. mál, þáltill. JBjarn og KolH, þskj. 365.

Sendingar Ríkisútvarpsins um gervitungl, 249. mál, svar menntmrh., þskj. 371.

Fundi slitið kl. 20:17.

---

# 26. FUNDUR

þriðjudaginn 14. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Upplýsingalög, stjfrv., 296. mál, þskj. 309. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 295. mál, þskj. 308. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 281. mál, þskj. 294. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, stjfrv., 231. mál, þskj. 234. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, stjfrv., 258. mál, þskj. 261. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Siglingavernd, stjfrv., 238. mál, þskj. 241. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Fjáraukalög 2006, stjfrv., 47. mál, þskj. 47, nál. 366 og 380, brtt. 367, 368, 369 og 370. — 2. umr.
8. Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
9. Afnám verðtryggingar lána, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
10. Stjórnarskipunarlög, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr.
11. Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigurrós Þorgrímsdóttir, 11. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

## *Afturköllun þingmáls.*

[13:32]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur bréf frá 9. þm. Suðurk., Magnúsi Þór Hafsteinssyni, þar sem hann afturkallar fyrirspurn sína á þingskjali 338.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:33]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Að loknum atkvæðagreiðslum um sex fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um álversáform í Þorlákshöfn. Málshefjandi er hv. þm. Álfheiður Ingadóttir. Hæstv. iðnaðarráðherra, Jón Sigurðsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Fjármagn til fíkniefnavarna.

[13:33]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs um störf þingsins eru orð hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar sem hann hefur látið falla um árangur okkar í baráttunni gegn fíkniefnavánni. Það eitt og sér er nægt tilefni til að kveðja sér hljóðs en tilefnið er ekki síst hvernig hann hefur nálgast málið með orðum sínum um Framsókn og fíkniefnamilljarðinn sem hann lét falla í ræðustól þingsins í síðustu viku,

orð sem hann endurtók síðan á heimasíðu sinni í gær og Fréttablaðið kaus að taka upp eftir honum á forsíðu sinni. Ég átti ekki tök á að andmæla orðum hv. þingmanns þar sem hann sagði eitthvað á þá leið að við skyldum ekki deila um hvernig framsóknarmilljarðurinn til forvarna í fíkniefnamálum hefði verið svikinn illa og hve mikið í fyrirspurnatíma í síðustu viku. Þar kaus hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson enn á ný að koma að og sá tortryggni um efndir núverandi ríkisstjórnar og framsóknarmanna um milljarð til baráttunnar gegn vímuefnum.

Þingmaðurinn reynir þrátt fyrir að hann viti betur að slá ryki í augu kjósenda með því að halda fram að Framsóknarflokkurinn hafi ekki staðið við kosningaloforð sitt frá 1999 um að verja milljarði í baráttuna gegn fíkniefnavánni. Ég segi að hann viti betur vegna þess að margoft hafa komið fram staðreyndir þessa máls.

Fyrir kosningarnar 2003 voru teknar saman upplýsingar um þróun fjárframlaga til þessara mála og þá kom fram að á því kjörtímabili voru framlögin til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins vegna baráttunnar gegn fíkniefnum aukin um 820 millj. kr. Framlögin til félagsmálaráðuneytisins vegna sömu mála á þeim tíma voru aukin um 540 millj. kr. og framlög til dómsmálaráðuneytisins vegna baráttunnar gegn fíkniefnum voru svo aukin um 350 millj. kr. Þá tel ég ekki með aukin útgjöld utanríkisráðuneytisins vegna aukins liðstyrks bæði lögreglunnar og tollgæslunnar þar. Samtals er þetta aukning upp á 1.710 millj. kr. eða 1,7 milljarða kr.

Frú forseti. Það er nú sem fyrr virkilega þörf á að setja baráttuna gegn vímuefnum á dagskrá. Það er í sjálfu sér tilefni til að óska hv. þingmanni til hamingju með sæti hans sem oddvita samfylkingarmanna í kjördæmi hans en þá um leið hlýtur maður að gera þá kröfu til þingmannsins að hann axli þá ábyrgð sem athöfnum og orðum oddvita þeirra í kjördæminu fylgir. Við höfum ekki efni á öðru en berjast saman í baráttunni gegn fíkniefnum og þessi málefnafátækt finnst mér ekki vera baráttunni til gagns.

[13:35]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mikilvæga mál upp, en sök bítur sekan. Ef lengi er leitað og farið er yfir allt félagslega kerfið og heilbrigðiskerfið má að sjálfsögðu finna upphæðir sem teygja sig yfir milljarð (**Gripið fram í:** Jæja, jæja.) sem varið er til vímuvarna og vímuefnamála almennt, eins og segir í frægri handbók Framsóknarflokksins frá árinu 2003. En framsóknarmilljarðurinn í baráttunni gegn fíkniefnum var settur fram sem táknræn tala, táknræn tala um baráttuna gegn fíkniefnum, óskilgreint á sínum tíma og árangurinn blasir við. Núna, korteri fyrir kosningar, rýkur flokkurinn upp, kannski kunna þeir að skammast sín, og reynir að tína það til hvar sem því finnst staður í kerfinu að eitthvað heyri undir forvarnir og annað undir meðferðarúrræði. Tölurnar tala sínu máli. Framlög til meðferðarúrræða hafa t.d. ekki aukist um nema 139 milljónir á sex árum þrátt fyrir sprenginu í neyslu löglegra og ólöglegra fíkniefna. Fangelsin eru yfirfull af fólki sem ætti um margt að njóta annarrar þjónustu. En Framsóknarflokkurinn leyfir sér í ummælum í dag að telja sér það til tekna og milljarðsins fræga sem týndur er að sjálfsögðu og kom aldrei fram, sem hið sérstaka átak í baráttunni gegn fíkniefnamálum eins og hann átti að koma.

Nálgun hv. þingmanns eru að sjálfsögðu útúrsnúningar og settir fram til að drepa mikilvægu máli á dreif. Framsóknarmenn eru að víkja sér undan vandanum sem er vaxandi. Staðreyndirnar tala sínu máli. Milljarðurinn var táknræn tala um átak sem kom aldrei fram. Árangurinn blasir við. Hann er sorglegur samfélagsbrestur, stóraukin neysla á fíkniefnum sem Framsóknarflokkurinn ekki einu sinni getur með talnaleikjum sínum komið sér undan hvernig sem hann reynir. Það á ekki að slá þessum málum upp í talnaleiki eins og Framsóknarflokkurinn er að gera í dag. Þetta er vaxandi og gríðarlegur samfélagsvandi sem hefur aukist stórum skrefum á síðustu árum og verði ekkert að gert mun hann aukast enn.

[13:38]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég hef ekki haft möguleika eða tækifæri til að láta reikna eða fara yfir þær tölur sem fram koma í Fréttablaðinu. Hitt er ljóst að Framsóknarflokkurinn lofaði milljarði í fíkniefnaforvarnir fyrir þarsíðustu kosningar.

Hægt er og það á að stuðla að forvörnum sem víðast frá öllum ráðuneytum og draga fram á öllum sviðum ábyrgð í þessu máli. En eftir stendur sú staðreynd að staðan í dag er mjög alvarleg. Á hverjum einasta degi berast okkur fréttir um að ástandið sé stöðugt að versna hjá börnum og unglingum. Neysla harðra efna er að verða meiri og alvarlegri og ljóst að meðferðarstofnanir sem eiga að sinna þeim sem hafa ánetjast fíkniefnum eru sveltar og okkur vantar fleiri úrræði. Þetta er staðreyndin. Sama hvar svo sem hægt er að leita eða finna þennan milljarð sem lofað var árið 1999 í mikilli kosningaherferð. Ég gef þá ekki mikið fyrir kosningaloforðin og ef þetta gamla loforð verður tekið upp aftur verður að fara í miklu markvissari aðgerðir og standa þá við þau framlög núna á fjárlögum og fjáraukalögum, til þeirra stofnana sem sinna þessum málum, Lýðheilsustöð, SÁÁ og öðrum þeim stofnunum sem sinna forvörnum í dag. Látum þá verkin tala núna í fjáraukalögunum og í fjárlögum fyrir 2007.

[13:40]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mikilvæga mál upp. Ég verð að segja eins og er að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar sem augljóslega hefur farið með rangt mál hvað eftir annað. Hann gerði það á heimasíðunni sinni, hann gerði það í Fréttablaðinu og hann gerir það í þingsalnum og hann meira að segja kemur upp og segir að það geti vel verið að hægt sé að finna þennan milljarð en hangir síðan á því að þetta hafi verið svikið. Það er alveg hreint og klárt mál og allir sem það skoða sjá að varið er meira en milljarði í þetta á umræddum árum. Það er algerlega óumdeilt. Ef einhver heldur einhverju öðru fram, þá er hann einfaldlega að skrökva. Svo einfalt er það.

Forvarnamál eru eilífðarmál. Við munum aldrei komast á þann tímapunkt að við séum búin að ná einhverjum endanlegum og algerum árangri. Þar kemur miklu fleira að en

bara hið opinbera, ríki og sveitarfélög. Það eru fjölskyldur, frjáls félagasamtök, jafningjahópar og annað slíkt. Og það er algert forgangsmál hjá okkur þingmönnum og kjörnum fulltrúum að taka á þessum málum. Ef menn eru með betri hugmyndir og vilja fara aðrar leiðir eiga þeir að ræða það. Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa lagt áherslu á frjáls félagasamtök í þessu. Ég hef mikla trú á frjálsum félagasamtökum hvort sem það eru SÁÁ, íþróttafélögin eða önnur slík. En við komumst ekkert áfram og ekkert er unnið með því að segja sama hlutinn aftur og aftur, sama ósanna hlutinn aftur og aftur og vonast til þess að einhver fari að trúa honum. Það eru hrein og klár ósannindi að hér hafi ekki verið staðið við gefin loforð hvað varðar fjárframlög til þessa en síðan er það okkar verkefni, eilífðarverkefni, að reyna að gera betur í þessum mikilvæga málaflokki.

[13:42]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Þessi mál verða aldrei of oft tekin til umræðu í hv. þingi og ber að fagna því að þau séu tekin upp af hvaða tilefni sem er til að ræða þau. Það getur ekki verið svo að neinn í þessum þingsal átti sig ekki á hversu mikil vá fylgir fíkniefnavandanum hér á landi og að hann hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Um það getum við ekki deilt.

Við getum heldur ekki deilt um það að auka þarf fjármagn til þessarar starfsemi ef við ætlum að takast á við þetta vandamál sem er því miður vaxandi í þjóðfélagi okkar. Við getum gert það, en þá verðum við líka að forgangsraða ýmsum verkefnum. Við verðum að styrkja starfsemi SÁÁ. Við þurfum að styrkja íþróttahreyfinguna. Við þurfum að styrkja skátastarfið. Við þurfum að styrkja ungmennafélögin. Við verðum að byrja mjög snemma á fræðslu í fíkniefnaforvörnum fyrir unglinga og efla vitund þeirra um hversu hættuleg vegferð fíkniefnin eru. Þetta held ég að við hljótum að geta verið sammála um. Þess vegna ber að fagna því ef þessi umræða er tekin hér upp af hvaða tilefni sem er. Hún verður aldrei of oft tekin upp.

[13:43]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Við erum enn og aftur að tala um forvarnamál. Rétt til upplýsingar þá hafa fjölmargar rannsóknir sýnt fram á forvarnagildi þess að taka þátt í skipulegu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Því meiri þátt sem unglingar taka í slíku starfi, þeim mun ólíklegri eru þau til að neyta vímuefna, áfengis og tóbaks. Um þetta ættum við öll að vera sammála.

Fjárlagafrumvarpið er leiðandi fyrir það sem ríkisstjórnin ætlar sér að gera á næsta ári og er því leiðandi fyrir stjórnmálaflokkana og alla stjórnarþingmenn, þar á meðal hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur. Í fjárlagafrumvarpinu er því miður hvergi að finna vísbendingar um að ríkisstjórnin ætli sér að auka fé til forvarnamála. Því miður kemur m.a. fram niðurskurður á framlögum til æskulýðsmála og einnig kemur fram niðurskurður á framlögum til íþróttamála. Það er örlítill kafli um æskulýðsmál og þar kemur skýrt fram niðurskurður til Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, um 36% ef ég man rétt, til Landssambands KFUM og KFUK, til Æskulýðsráðs, til Æskulýðsmiðstöðvar KFUM í Vatnaskógi og svo mætti lengi telja.

Varðandi íþróttahreyfinguna er skýr niðurskurður til Íþróttasjóðs, Íþróttasambands fatlaðra, Skáksambands Íslands, Skákskóla Íslands, Glímusambandsins, Bridgesambandsins o.s.frv.

Frú forseti. Stefna Framsóknarflokksins og hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur í forvarnamálum er skýr. Niðurskurður.

[13:45]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Fyrir alþingiskosningarnar 1999 gáfu framsóknarmenn það loforð að milljarður yrði settur aukalega til vímuefnavarna á næsta kjörtímabili þar á eftir, á árunum 1999–2003.

Ég reyndi að leiðrétta þær rangfærslur hv. þm. Björgvins Sigurðssonar í fyrirspurnatíma í síðustu viku þar sem þingmaðurinn hélt því fram að þetta loforð hefði ekki verið efnt. Núna er hv. þm. Björgvin Sigurðsson á flótta undan yfirlýsingum sínum þá. Eins og fram kom í máli hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur liggur fyrir að þessi eini milljarður var ekki einn heldur nær tveimur milljörðum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið jók framlög sín um 820 millj., félagsmálaráðuneytið um 540 og dómsmálaráðuneytið um 350. Líka má telja með framlög af hálfu utanríkisráðuneytisins um 300 millj. og þá eru enn ótalin ýmis framlög beint frá fjárlaganefnd og sömuleiðis frá menntamálaráðuneytinu.

Hv. þm. Björgvin Sigurðsson hefur hins vegar miðað við Forvarnasjóðinn einan sem er bara örlítið brot af öllum þeim fjármunum sem fara til forvarna og vímuvarna hér á landi.

Hvað vakir svo fyrir hv. þingmanni? Skyldi þessi málflutningur hans vera liður í baráttunni gegn fíkniefnum? Þetta er auðvitað ómerkilegur málflutningur, hæstv. forseti, og innantómt blaður sem vel getur gengið á Suðurlandi en á ekki heima í sölum Alþingis. (Gripið fram í.)

[13:47]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það er um margt sérkennilegt en um leið svolítið skemmtilegt að heyra að það hefur lifnað örlítið yfir Framsóknarflokknum enda er mér sagt að það sé nokkuð stutt í næstu alþingiskosningar.

Við þekkjum það að rétt fyrir alþingiskosningar lifnar yfirleitt yfir Framsóknarflokknum. Þá fara loforðin að svífa, loforð um hitt og þetta. Loforðið árið 1999 var milljarður til fíkniefnavarna til að eiga við fíkniefnavandann. Það var að sjálfsögðu táknræn upphæð sem þýddi það að Framsóknarflokkurinn ætlaði að tryggja að það næðist árangur í þessum málum. Hvar er árangurinn? Það væri nær að hv. þingmenn Framsóknarflokksins fjölluðu um árangurinn. Því miður hefur árangurinn ekki náðst og um það snýst málið. Við þurfum að ná árangri á þessum sviðum.

Það var eðlilegt að hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson benti á það að í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár er skorið niður í mjög mikilvægum málaflokkum sem allir telja mikilvægan í forvarnastarfi. Það er einmitt um það sem þetta snýst, að við náum árangri þar. En ég verð að segja, frú for-

seti, að það væri stundum betra að ekki væri staðið við öll kosningaloforð Framsóknarflokksins. Við höfum því miður á síðustu mánuðum þurft að þola að ýmis heimili hafa þurft að borga verðbólguskatt sem að stórum hluta til er hægt að bendla við kosningaloforð Framsóknarflokksins sem því miður var staðið við á vitlausum tíma. (Gripið fram í.) Því er nú verr og miður. Staðið við á vitlausum tíma, hæstv. ráðherra, og vertu ekki að láta gremju þína út í þingmanninn Guðjón Ólaf Jónsson bitna á mér þegar hann er að tala sérstaklega um Sunnlendinga og hvaða málflutningur á heima þar.

Við vitum alveg hvaða málflutningur á heima þar, og hann á líka heima hér. Það er nákvæmlega sami málflutningur sem á heima á Alþingi og á Suðurlandi þrátt fyrir að framsóknarmenn hafi ekki allir áttað sig á því. Kannski þurfum við að eyða einhverjum fjármunum til forvarna í þeim flokki.

[13:49]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við erum hér að ræða viðkvæman samfélagslegan vanda sem snertir flestar fjölskyldur eða a.m.k. mjög margar fjölskyldur á Íslandi. Það er mín skoðun og fleiri hér. Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að við mættum eflaust verja meiri tíma í að ræða þennan vanda. En það er náttúrlega ekki sama hvernig það er gert. Ég vara við málflutningi sem stundum má verða vitni að hér, m.a. hjá Framsóknarflokknum þar sem hann gerir þetta að kosningamáli, kemur með einhverja patentlausn eins og felst í heilum milljarði til málaflokksins rétt fyrir kosningar.

Þessi málaflokkur á betra skilið en að vera gerður að kosningamáli og að menn rífist um krónur og aura. Þetta er vandi sem við þurfum að taka á með allt öðrum hætti.

[13:50]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Það vill svo til að þessi málflutningur hv. þm. Björgvins Sigurðssonar gengur alls ekki upp á Suðurlandi. Þar hafa menn tamið sér það að segja satt og kennt ungum stjórnmálamönnum að segja satt. Ungir stjórnmálamenn og drengilegir menn sem lenda í þeirri ógæfu að bera ljúgvitni og fara með rangt mál eiga einfaldlega að biðjast afsökunar.

Nú liggur það fyrir staðfest í tölum að framlagið fór umfram það sem sagt var um 1,7 milljarða. Við vitum öll sjálf að í þessari miklu baráttu við lífið sjálft erum við varnarlaus. Við viljum ná tökum á þessum vanda í íslensku samfélagi. Við skulum ekki deila um það. Við skulum taka á því saman.

Ríkisstjórnin var t.d. að ákveða það að verja 120 millj. á fjárlögum nú til að gegnumlýsa gáma til að takast á við vandann. Við verðum auðvitað að standa saman í þessum málum. Við eigum að hvetja foreldrana, skólana, sveitarfélögin, ríkisvaldið, lögregluna, til að vinna af festu í þessum málum. Það hefur verið gert. Samt erum við alltaf á eftir þessari hersveit dauðans sem við þurfum að ná tökum á.

Þess vegna skulum við ekki gera lítið hvert úr öðru í málflutningi þar sem tölurnar tala sínu máli. Hv. þm. Björgvin Sigurðsson, það fóru 1,7 milljarðar umfram þetta af hálfu ríkisstjórnarinnar frá 1999 til 2003 til þessara mála. Það eitt dugði til einhvers en það dugði ekki til þess að við útrýmdum eiturlyfjum og átökum við þann harmleik sem því fylgir.

Þess vegna hvet ég til málefnalegrar umræðu. Við Framsóknarflokkinn þarf ekkert að tala í svikaumræðu og lygaumræðu. Hann hefur staðið fyrir sínum málflutningi í 12 ár í þessari ríkisstjórn. Við búum í framfaraþjóðfélagi sem stjórnarandstaðan öfundar okkur af. Hún hefði ekki náð þessum árangri sem ríkisstjórnin hefur náð, (Gripið fram í.) og Framsóknarflokkurinn (Forseti hringir.) á þar stóran þátt.

[13:53]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Hv. þm. Björgvin Sigurðsson óskar eftir að bera af sér sakir. Hv. þingmenn verða að sætta sig við ýmis ummæli hér í þingsalnum. Forseti varð ekki vör við að þetta væri það mikið svigurmæli að ástæða væri til þess að hv. þingmaður bæri af sér sakir. En þingmaðurinn getur auðvitað komið hér upp og rætt um fundarstjórn forseta ef hann óskar eftir því.

***Um fundarstjórn.***

Þingmaður ber af sér sakir.

[13:54]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir að fá að ræða fundarstjórn forseta þar sem ég vildi fá að bera af mér sakir þær sem hæstv. landbúnaðarráðherra bar á mig áðan.

Með talnaleikjum og blekkingarklækjum þeim tengdum er Framsóknarflokkurinn á harðaflótta undan sínum gömlu loforðum — sínu gamla lýðskrumi, hæstv. landbúnaðarráðherra, sínu gamla lýðskrumi um milljarð í baráttunni gegn fíkniefnum. (Gripið fram í.) Framsóknarflokkurinn sveik það. Nú er hann á harðaflótta undan því með talnaleikjum, blekkingum og klækjum og ég frábið mér þau ummæli sem hæstv. (Forseti hringir.) landbúnaðarráðherra hafði hér uppi áðan og óska eftir því að (Forseti hringir.) hæstv. forseti víti hæstv. landbúnaðarráðherra. (Forseti hringir.)

[13:54]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti biður hv. þingmenn að hafa ró í salnum og minnir á að þegar þeir óska eftir að ræða um fundarstjórn forseta ber þeim að ræða um það efni, en ekki um eitthvað annað. (**BjörgvS:** Ég óska eftir því að landbúnaðarráðherra verði víttur.)

***Upplýsingalög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 296. mál (endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur). — Þskj. 309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Vísinda- og tækniráð, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 295. mál (verksvið og heiti ráðsins). — Þskj. 308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Náttúruminjasafn Íslands, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 281. mál (heildarlög). — Þskj. 294.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 234.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 258. mál. — Þskj. 261.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Siglingavernd, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 238. mál (EES-reglur). — Þskj. 241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***

Álversáform í Þorlákshöfn.

[13:59]

**Álfheiður Ingadóttir:**

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs til að vekja athygli þingheims á fyrirhugaðri byggingu álvers og svokallaðs áltæknigarðs norðan Suðurstrandarvegar rétt vestan við Þorlákshöfn. Þar hefur sveitarfélagið Ölfus veitt einkahlutafélaginu Arctus vilyrði fyrir um 150 hektara lóð í þessu skyni og svo virðist sem eitt eða jafnvel fleiri af hinum stóru orkufyrirtækjum okkar hafi veitt vilyrði fyrir orkuafhendingu sem jafnast á við hálfa Kárahnjúkavirkjun, 300 megavött, til verkefnisins.

Í viðtölum við sveitarstjórann, Ólaf Áka Ragnarsson, segir að sveitarfélagið og Arctus hafi átt í viðræðum við orkuframleiðendur, ekki sé búið að ganga frá samningum um raforkuverð en komnar séu tölur sem menn telji ásættanlegar. Verkefnið er að fara í umhverfismat þessa dagana. Því á að ljúka á árinu 2009, þá eiga framkvæmdir að hefjast, orkuafhending á að vera til reiðu á árinu 2011, eftir fimm ár. „Fjöldi beinna starfa við orkugarðinn mun skipta hundruðum og fjöldi afleiddra starfa á svæðinu verður síst minni," segir sveitarstjórinn í viðtali við Sunnlenska fréttablaðið. Kannast einhver við tóninn?

Var einhver að tala um að stóriðjustefnan væri dauð? Sannleikurinn er sá að hún er sprellifandi þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar ráðherra um annað, a.m.k. hafa fréttir af andlátinu verið stórlega ýktar. Í fjölmiðlum hefur komið fram að það er stóruiðjunefnd Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem hefur haft forgöngu um markaðssetningu Þorlákshafnar sem kjörsvæði undir stóriðju. Þar hefur birst á þeirra vegum skýrslan „Sveitarfélagið Ölfus ákjósanlegur kostur fyrir orkufrekan iðnað" og þessa skýrslu er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Þar er líka að finna auglýsingabækling um „Suðurland tækifæranna". Andri Snær Magnason rithöfundur vakti athygli á þessum auglýsingabæklingi í fundaherferð sinni um landið í vor og í sumar og hann gerði það líka sérstaklega á þingi Samtaka iðnaðarins í byrjun október.

Andri spurði, sem vonlegt er: Hvaðan á að taka þessa orku? Því er til að svara að á bls. 8 í bæklingnum eru taldir upp þeir virkjunarkostir sem til greina koma, auðvitað allir þeir sem eru í undirbúningi og rannsóknum og vinnslu. Síðan er hér fyrirsögn: „Mögulegir virkjunarkostir". Þetta er sem sagt Suðurland tækifæranna, Ölfus ákjósanlegur kostur fyrir orkufrekan iðnað. Það er Markarfljót, 105 megavött, Skaftárvirkjun, 140 megavött, Kerlingarfjöll, 75 megavött, Torfajökull, 700 megavött og Krýsuvíkursvæðið, 300

megavött. Þetta er það sem í boði er.

Hvaða heimild hefur eitt sveitarfélag til að auglýsa Langasjó, virðulegur forseti, eða Kerlingarfjöll sem tilbúnar orkulindir fyrir orkufrekan iðnað? Iðnaðarráðherra hefur vísað frá sér allri ábyrgð á stóriðjustefnunni og hefur vísað henni yfir á sveitarfélög og orkufyrirtækin. Þetta eru sem sagt nýju fötin Framsóknar sem við erum að horfa hér framan í. Það eru sem sagt sveitarstjórnir í litlum og meðalstórum sveitarfélögum sem eiga að taka upp viðræður við orkufyrirtækin og erlend auðfyrirtæki um uppbyggingu á nýjum álverum.

Hverjir skyldu það svo vera sem á að tala við? „Einkahlutafélagið Arctus er tengt fjölþjóðlegum stórfyrirtækjum í álframleiðslu," er haft eftir sveitarstjóra Ölfuss. Félagið var stofnað 2004 og er í eigu Jóns Hjaltalíns Magnússonar verkfræðings og fleiri. „Fjársterk risafyrirtæki standa að baki þessu fyrirtæki," segir í Sunnlenska fréttablaðinu, og ég vek athygli á því að fyrir aðeins þremur árum var fyrirtæki Jóns Hjaltalíns Magnússonar, eins eiganda Altechs, að 80% hlut í eigu Rusals sem þykir ekki félegur félagsskapur í alþjóðavæðingunni.

Af þessu tilefni er spurt, virðulegur forseti: Hefur iðnaðarráðuneytið tekið þátt í undirbúningi þessara framkvæmda, og þá á hvaða hátt? Hafa orkufyrirtækin upplýst ráðuneytið um hvar stendur til að afla 300 megavatta orku í þessu skyni? Hafa erlendir fjárfestar leitað til ráðuneytisins vegna þessara áforma og sérstaklega spurt um aðkomu Rusals að því? Hvar í röð nýframkvæmda telur ráðherra nú heppilegt að setja þetta nýja álver niður?

[14:04]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það er greinilegt á ræðu fyrirspyrjanda í þessari utandagskrárumræðu að fyrirspyrjandi, hv. þingmaður, hefur ekki verulegan áhuga á málsatvikum heldur fyrst og fremst á pólitískum uppslætti.

Iðnaðarráðuneytinu er kunnugt um að forsvarsmenn sveitarfélagsins Ölfuss og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands hafa lengi haft hug á að staðsettur yrði orkufrekur iðnaður í sveitarfélaginu vegna nálægðar við orkulindir o.fl. Stóriðjunefnd Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga undir formennsku Kjartans Ólafssonar alþingismanns hefur til að mynda undanfarið ár unnið að markaðssetningu Þorlákshafnar með tilliti til stóriðju og m.a. gefið út kynningarbækling með upplýsingum á ensku til dreifingar. Áltæknigarður við Þorlákshöfn er bersýnilega ein þeirra hugmynda sem komið hefur til álita þarna og er greinilega tilefni þessarar utandagskrárumræðu.

Spurt er í fyrsta lagi: Hefur iðnaðarráðuneytið tekið þátt í undirbúningi þessara framkvæmda, og þá á hvaða hátt?

Ekkert samband hefur verið haft við ráðuneytið um það verkefni sem málshefjandi vitnar til. Ráðuneytið hefur hins vegar af þessu tilefni aflað eftirfarandi upplýsinga hjá bæjarstjóra sveitarfélagsins Ölfuss og hjá talsmanni Arctuss ehf. Upplýsingar þessara málsaðila eru á þessa leið:

Arctus ehf. hefur verið úthlutað um 150 hektara lóð vestan við Þorlákshöfn til 18 mánaða með skilyrðum meðan verið er að kanna grundvöll fyrir byggingu og starfrækslu áltæknigarðs. Arctus ehf. áformar að á lóðinni verði frumvinnsla á áli, endurbræðsla, vinnsla á vörum úr áli, hönnun og framleiðsla á vörum tengdum álvinnslu, endurvinnsla á kerbrotum, nám á háskólastigi tengt málmtækni o.fl. Samstarfsaðilar fyrirtækisins eru fyrirtæki í Asíu og Bandaríkjunum. Markaður fyrir afurðir verksmiðjunnar yrði væntanlega í Asíu og Evrópu. Síðar hafa þeir í ráði að þarna yrði byggt álver á lóðinni með u.þ.b. 60 þús. tonna framleiðslugetu sem framleiða skyldi þá hráál til úrvinnslunnar. Áætlað er að áltæknigarðurinn verði byggður upp í áföngum en ekki er talið nauðsynlegt að stækka höfnina í Þorlákshöfn vegna fyrsta áfanga. Fljótlega verði hafist handa, samkvæmt þessum áætlunum, með mat á umhverfisáhrifum og þess vænst að framkvæmdum við fyrsta áfanga ljúki 2012 svo fremi að nægileg raforka fáist afhent á þeim tíma.

Næsta spurning er: Hafa orkufyrirtækin upplýst ráðuneytið um það hvar stendur til að afla 300 megavatta orku í þessu skyni?

Engin orkufyrirtæki hafa haft samband við ráðuneytið vegna þessa máls. Í tilefni af spurningunni aflaði ráðuneytið upplýsinga hjá Orkuveitu Reykjavíkur og hjá Landsvirkjun. Orkuveitan upplýsti að forsvarsmenn verkefnisins hefðu átt fund með Orkuveitunni til að kanna möguleika á orkuafhendingu. Af hálfu Orkuveitunnar komu fram þau svör að engin fyrirheit eða vísbendingar hefðu verið gefin enda enga raforku unnt að láta af hendi til viðbótar, m.a. vegna skuldbindinga um raforkuöflun til annarra verkefna. Þá væri frekari orkuöflun háð leyfum til rannsókna og virkjunar. Landsvirkjun upplýsti aðspurð að engar viðræður hefðu átt sér stað um hugsanlega orkuöflun vegna þessa verkefnis.

Enn er spurt um erlenda fjárfesta, hvort þeir hafi haft samband.

Engir fjárfestar hafa leitað til ráðuneytisins vegna þessara áforma, hvorki það erlenda fyrirtæki sem hv. fyrirspyrjandi nefnir né aðrir.

Enn er spurt: Hvar í röð nýframkvæmda í áliðnaði telur ráðherrann æskilegt að þetta nýja álver lendi o.s.frv.?

Þessari spurningu er ekki unnt að svara á þessari stundu og það er ekki einhlítt að mat eins aðila ráði öllu um slíkar ákvarðanir í atvinnumálum. Talsmaður Arctuss leggur áherslu á að málið sé á frumstigi, aðeins fyrstu drög að viðskiptahugmynd.

Eins og áður segir á iðnaðarráðuneytið enga aðild að þessu verkefni, það er alfarið á vegum annarra aðila og það er í samræmi við þá skipan þessara mála sem nú ræður. Þetta ferli sýnir með öðru að um virka forsjá ráðuneytisins er ekki að ræða og það er í samræmi við almenna skipan þessara mála á síðustu árum eftir að tímabili virkrar stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda lauk (Forseti hringir.) og frumkvæðið færðist til annarra málsaðila.

[14:09]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Hæstv. forseti. Hér berast enn einu sinni nokkur tíðindi úr ráðuneyti iðnaðarmála. Mér sýnist að hæstv. iðnaðarráðherra hafi fengið sér nýtt hlutverk. Hann er ekki lengur ráðherra, hann er sendiboði, hann er einhvers konar skilaboðaskjóða og kemur hér inn á þing með skilaboð frá stórfyrir-

tækjum, orkufyrirtækjum og öðrum þeim sem fá hugmyndir og hafa hug á að stofna til atvinnurekstrar á Íslandi. Gott og vel, það má vel vera að hæstv. ráðherra líti svo á að þetta sé hlutverk hans, en þetta er svo sannarlega ekki hlutverk iðnaðarráðherra eða umhverfisráðherra sem ætlar að hafa einhverja stjórn á því auðlindakapphlaupi sem farið er af stað á Íslandi, ætlar að setja um það einhverja ramma, lög og reglur um það hvernig nýta skuli sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar, með hvaða hætti og í hvaða röð verði farið í þær. Það er greinilegt að hæstv. iðnaðarráðherra lítur ekki á það sem sitt hlutverk.

Virk forsjá stjórnvalda er ekki fyrir hendi. Frú forseti. Við þurfum á virkri forsjá stjórnvalda að halda til þess að hér sé hægt að nýta auðlindir til framtíðar svo að það þýði ekki að orkufyrirtækin ráði þeirri för, svo að við höfum einhverja áætlun um það hvernig við ætlum að gera þetta næstu 20, 30, 40, 50 árin — undir virkri forsjá stjórnvalda sem hafa um það stefnu sem byggir á umhverfisvernd og auðlindanýtingu sem skynsemi er í. Sú stefna er hér, frú forseti, í „Fagra Íslandi", stefnu Samfylkingarinnar í umhverfismálum.

[14:11]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegur forseti. Það er nú venja, og ég ætla að halda mig við það, að þakka málshefjanda fyrir að taka þessa umræðu en þetta er samt orðið svolítið sérstakt þegar við erum farin að ræða í utandagskrárumræðu um viðskiptaáætlun á frumstigi. Þeir sem taka þátt í þessari umræðu af hálfu stjórnarandstöðunnar reiðast svo, þar sem hér er einungis um slíkt að ræða, að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir húðskammar hæstv. iðnaðarráðherra fyrir það að reyna að upplýsa málið. (Gripið fram í.) Hún kallar hæstv. ráðherra skilaboðaskjóðu þegar hæstv. ráðherra reynir að útskýra málið fyrir þingheimi.

Það liggur alveg fyrir að hér hafa engin orkufyrirtæki gefið nein vilyrði fyrir orku til þessa meinta áltæknigarðs — ja, ekki nema að það séu einhver önnur orkufyrirtæki en Orkuveita Reykjavíkur eða Landsvirkjun. Hér er ekkert sem kallar á það að menn fari að ræða eitthvað sem ég mundi telja allar líkur á að verði aldrei nokkurn tímann. (Gripið fram í.)

Síðan kemur hér hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sem var svolítið gaman að hlusta á vegna þess að hv. þingmanni finnst augljóslega gaman að segja orðið „forsjá". Hún sagði *það mjög oft og henni kippir svolítið í pólitíska kynið þar.* Hins vegar er talað hér um stefnu Samfylkingarinnar í umhverfismálum. Bara til upplýsingar eru í þeirri stefnu sex svæði sem Samfylkingin vill friða samstundis, sex svæði. (**Gripið fram í:** Níu.) Sex svæði. Af þessum sex svæðum er Samfylkingin búin að beita sér fyrir því að fá virkjunarleyfi á fimm þannig að þetta er að verða nokkuð sérkennilegt. (Gripið fram í.)

[14:13]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er ekki undarlegt þó að menn taki hér til umræðu atvinnumál vítt og breitt um landsbyggðina. Nýverið var Árni Mathiesen kosinn til að leiða lista sjálfstæðismanna á Suðurlandi, sá maður sem staðið hefur fyrir mestri aðför að sjávarbyggðum þessa lands í gegnum kvótakerfið, og það er ekkert skrýtið þó að þorpin umhverfis landið leiti að einhverjum möguleikum til þess að festa undir byggðina þegar stór hluti atvinnuréttarins hefur farið þaðan burtu. Þetta skyldu menn hafa í huga þegar þeir tala um orkumál og orkunýtingu og atvinnumál almennt.

Þau landsvæði sem hafa mikla orku og þar sem orku má að öllum líkindum finna til nýtingar í m.a. stóriðnaði horfa til þess að eitthvað megi koma í staðinn fyrir það sem ráðherrann hefur tekið. Þess vegna er það auðvitað þannig að m.a. í Þorlákshöfn og á Húsavík horfa menn til þess ef orka er nærri sem megi nota í einhverjum tilgangi til þess að byggja undir byggðina. Það þarf enginn að undrast það eins og málum er komið víða á landsbyggðinni.

Hitt er svo annað mál að ríkisstjórnin hefur ekki haft neina sérstaka markverða stefnu í þeim málum hvernig eigi að nýta orkuna og hversu margir eigi að fara inn í álframleiðsluna. Er það alveg sjálfgefið að allir sem ætla að fara að nýta orku landsins stefni henni til álframleiðslu og að allir hengi sig á sama markaðinn? Ég tel það varhugavert, hæstv. forseti

[14:15]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þessi umræða er hafin í tilefni af því að Framsóknarflokkurinn heldur því fram og hæstv. iðnaðarráðherra þar fremstur í flokki að engin stóriðjustefna sé við lýði. Það skyldi þó ekki vera að ríkisstjórnin væri föst í netinu sem hún sjálf lagði út árið 1995 þegar hún meðvitað markaðssetti Ísland sem vænlegan og fýsilegan orkunýtingarkost fyrir stóriðjufyrirtæki á borð við þau sem við höfum boðið heim upp á síðkastið. Það stendur greinilega enn, það heimboð, þannig að hæstv. ráðherra situr í því neti sem þessi ríkisstjórn hefur lagt út og það verður ekki komist úr því öðruvísi en með róttækum aðgerðum.

Ein af þeim aðgerðum er sú sem auðlindanefndin sem nýverið skilaði af sér skýrslu leggur til, að landinu verði skipt upp í orkunýtingarsvæði og verndarsvæði. Hæstv. ráðherra sagði um þessa skýrslu og hugmyndir þær sem í nefndarálitinu voru settar fram að við hefðum náð merkilegum áfanga í mikilvægum málaflokki og að í tillögum nefndarinnar væri fólginn farvegur til þjóðarsáttar. En það er ekki að heyra á hæstv. ráðherra eins og hann talar nú. Og nú verðum við að fá skýrt frá ráðherranum hvað hann meinar *með orðum sínum. Hann* getur ekki haldið áfram að tala eins og að áform um orkufrekan iðnað lifi í einhverju tómarúmi, óháð nýtingu náttúruauðlindanna. Náttúruauðlindirnar sem um ræðir eru ósnortin víðerni, ár og lækir, fjöll og dalir, fuglasöngur og öræfakyrrð. Hvernig ætlar þessi hæstv. ráðherra að tala á trúverðugan hátt til þjóðarinnar um það að eitthvað verði eftir til að vernda ef hann er hlynntur því að sveitarfélögin haldi áfram þessum nýtingaráformum sem hv. málshefjandi lýsti svo vel í ræðu sinni?

Þessi hæstv. ráðherra er ótrúverðugur meðan hann talar á þessum nótum.

[14:17]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni og lýsa því yfir að ég satt að segja skil ekki hvers vegna þessi mál eru tekin til umræðu á hinu háa Alþingi. Það sem liggur fyrir er að einkaaðilar eru að ræða við sveitarstjórn á Suðurlandi um mögulega atvinnuuppbyggingu á því svæði. Hverjar eru staðreyndir málsins?

Eins og fram kom hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur er það stóriðjunefnd Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi sem hefur unnið að málinu og haft forgöngu um það á því svæði. Sveitarfélagið Ölfus vinnur sömuleiðis að málinu og einkaaðilar hafa leitað til einhverra orkufyrirtækja um möguleika á orkukaupum í framtíðinni. Málið er á algerum byrjunarreit og engin orkufyrirtæki hafa haft samband við ráðuneytið eins og fram kom hjá hæstv. iðnaðarráðherra. Þetta er verkefni á vegum einkaaðila án aðkomu iðnaðarráðherra. Að auki hafa engir fjárfestar haft samband við ráðuneytið eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra.

Það eru samtök sveitarfélaga sem eru að vinna að málinu ásamt einkaaðilum og það fer auðvitað illa í hv. þingmenn Vinstri grænna vegna þess að heimamenn fá að ráða einhverju í sínum málum Það er auðvitað gamla góða miðstýringin, gamla góða forsjárhyggjan sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þekkir svo vel og vill auðvitað taka upp í auknum mæli. (**ÁI:** Kjaftæði.) VG er á móti orkufrekum iðnaði og það breytist í sjálfu sér ekki hvernig svo sem þessi umræða fer á Alþingi, hæstv. forseti.

[14:19]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Hann er nokkuð grátlegur, flótti Framsóknarflokksins frá því feigðarflani sem stóriðjupólitíkin hefur reynst flokknum og er núna að þurrka hann út. (Gripið fram í.) Nú er það svo svart að það á að koma kaleiknum til sveitarfélaganna. Hér koma þeir hver á fætur öðrum, kveina yfir því að hv. þingmenn Vinstri grænna skuli voga sér að ræða stóriðjupólitík á þingi. Öðruvísi mér áður brá. Að sjálfsögðu er sjálfsagt mál að ræða í þinginu hvort til standi að reisa fleiri orkufrek álver eða ekki. (**Gripið fram í:** ... Samfylkingarinnar?) Hún er mjög skýr og hefur verið rakin hér í dag. (**Gripið fram í:** Í hvaða kjördæmi?) Í öllum kjördæmum landsins, að sjálfsögðu. En málið er það að nefnd á vegum Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi lagði fram skýrslu í fyrra þar sem fjöldamargar hugmyndir komu fram, þar sem leitað var atvinnulausna til framtíðar. Ein margra þeirra hugmynda er sú sem hér er rædd í þinginu í dag, eða einhvers konar útgáfa af henni, og það er ákaflega sérkennilegt að þingmenn Framsóknarflokksins skuli rjúka upp til handa og fóta og taka því með þeim harmkvælum sem þeir hafa gert hér að málið sé rætt út frá mörgum ólíkum hliðum.

Það er sjálfsagt að kanna þá kosti sem fyrir liggja, eins og gert var í skýrslu SASS, og það er sjálfsagt að ræða í þinginu þá uppbyggingar- og atvinnulífskosti sem þar koma fyrir, eins og svo mörg önnur stórpólitísk atvinnutengd mál. Það er algerlega sjálfsagt mál og umræðan er þakkarverð og sjálfsögð, enda hefur strax komið fram að Framsóknarflokkurinn er á harðahlaupum frá því að kannast við málið og vísar því öllu heim í hérað, burt séð frá stöðu mengunarkvóta og annarra mjög stýrandi þátta sem að sjálfsögðu stjórna því hvort hér verði reist fleiri iðjuver eða ekki.

[14:21]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Það fór fyrir mér í þessari umræðu eins og greinilega fleiri hv. þingmönnum að ég velti fyrir mér hvaða tilgangi hún þjónaði. Fyrstu frumdrög, athugun á því hvort hugsanlega væri hægt að byggja úrvinnsluálver, lóðarvilyrði til 18 mánaða. Það er búið að nefna við orkufyrirtækin (Gripið fram í.) að það þurfi kannski orku einhvern tímann. Hv. málshefjandi fór yfir þá kosti sem sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi höfðu nefnt áður en auðlindanefndin skilaði af sér þannig að þeim fyrirgefst að hafa ekki vitað hvað auðlindanefndin mundi segja. (Gripið fram í.)

En þegar leið á ræðu hv. síðasta ræðumanns áttaði ég mig á tilgangi umræðunnar. Tilgangur umræðunnar sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir fyrir Vinstri græna hóf var sá að leiða það fram að Samfylkingin er með tvær stefnur í orkumálum. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir var á móti og hv. þm. Björgvin Sigurðsson var með. Ég tek undir með hv. þm. Björgvini Sigurðssyni og tel sjálfsagt að kanna þessa kosti. Mér finnst gott að það skuli vera undir forustu sveitarfélaganna á Suðurlandi og þó að ég vilji hæstv. iðnaðarráðherra allt hið besta finnst mér alveg óþarfi að vera að hengja á hann þann kross að hann hafi eitthvað haft með þetta að gera, a.m.k. í upphafi málsins. (**Gripið fram í:** Kross?) Heiðurskross, hv. þingmaður.

[14:23]

**Álfheiður Ingadóttir:**

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra svörin þó að þau hafi í rauninni bara verið á einn veg: Ég veit ekkert og ég geri ekkert. Tímabili virkrar stóriðjustefnu er lokið.

Af hverju er þetta mál tekið hér upp? Hver er tilgangurinn? Er þetta afmarkað lítið mál?

Nei, þetta er hluti af mjög stóru máli sem er mjög brýnt að litið sé á heildstætt. Það er ekki verið að tala um atvinnu í sveitarfélaginu Ölfusi. Það er verið að tala um stóriðjustefnuna, um áhrif hennar á umhverfi okkar, á efnahagsmál okkar og atvinnumarkaðinn, það þenslufyllirí sem við erum í hér og sem menn ætla að fara að halda áfram, fá sér einn afréttara á Suðurlandi núna.

Við vorum að tala um forvarnir áðan. Ég held að menn ættu að líta til þeirra í þessu. Stóriðjustefnunni er lokið. Það á bara eftir að ræsa á Reyðarfirði, það á bara eftir að byggja á Húsavík, það á bara eftir að byggja í Helguvík, það á bara eftir að stækka í Straumsvík, það á bara eftir að stækka í Hvalfirði og svo á bara eftir að reisa svo sem eins og eitt álver við Þorlákshöfn. Þá allt í einu fara að renna grímur á menn vegna þess að þar er undir Markarfljót sem lenti neðst á lista í rammaáætlun yfir þá virkjunarkosti sem í boði voru. Það er líka verið að veifa Kerlingarfjöllum og það er verið að veifa Langasjó, og fyrrverandi iðnaðarráðherra ber á þessu hvað mesta sök, sú sem hér gekk hjá.

Sveitarfélagið sem hér um ræðir varð auðvitað við brýningu hennar á iðnþingi í fyrra þar sem hún sagði, virðulegur forseti: Það hefur tekið heil 50 ár að ná þessum árangri, að þrefalda álframleiðsluna. Endurspeglast þessi árangur hvað

best í því að nú hafa sex heimsþekkt (Forseti hringir.) álfyrirtæki sýnt áhuga á að fjárfesta í nýjum álverum. Þetta eru afleiðingarnar, forseti.

[14:26]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég er svolítið undrandi á því að vera sakaður um eitthvað þó að ég reyni að gegna þeirri sjálfsögðu skyldu ráðherra að veita upplýsingar þegar eftir er spurt. Það liggur líka fyrir að það er ætlunin að líta heildstætt á þessi mál. Það er verið að vinna úr ágætum tillögum auðlindalaganefndar í því sambandi. Það er rétt að ítreka það sem áður hefur komið fram í svörum mínum, í fyrsta lagi að engin fyrirheit hafa verið gefin eða vísbendingar um viðbótarorkuöflun. Engar viðræður eða málaleitanir hafa átt sér stað við ráðuneytið í tengslum við þetta verkefni sem hér er rætt. Það liggur fyrir og kom líka fyrir í minni fyrri ræðu að eftirlitsstofnanir munu fjalla um það ef þessi lauslegu drög að viðskiptahugmynd verða eitthvað meira en þau eru orðin nú. Þá verður fjallað nánar um það.

Þessi sýndarumræða hefur alls ekki fjallað um það mál sem boðað var en hún hefur hins vegar það til síns ágætis, þessi fráleita umræða, að hún afhjúpar afturhald Vinstri grænna og vingulshátt Samfylkingarinnar í málinu.

## *Fjáraukalög 2006, 2. umr.*

Stjfrv., 47. mál. — Þskj. 47, nál. 366 og 380, brtt. 367, 368, 369 og 370.

[14:28]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 frá 1. minni hluta fjárlaganefndar. Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar gerir 91 breytingartillögu við frumvarpið sem samtals nema 4.888,9 millj. kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem nánar verður fjallað um þær í framsögu.

Þá gerir 1. minni hluti breytingartillögur við sundurliðun 1, tekjur A-hluta, en endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um liðlega 4,2 milljarða frá áætlun í frumvarpinu.

Það er álit nefndarinnar að skoða þurfi sérstaklega heilbrigðismál á milli 2. og 3. umr. fjáraukalaga. Nefndin hefur kallað eftir upplýsingum um stöðu heilbrigðis-, hjúkrunar- og öldrunarstofnana. Nauðsynlegt er að fara heildstætt yfir stöðu viðkomandi stofnana áður en kemur að 3. umr.

Þá var einnig ákveðið að fresta afgreiðslu heimildagreina sem falla undir 4. gr. fjáraukalagafrumvarpsins, eða 6. gr. fjárlaga 2006, og fara betur yfir þær heimildir í samvinnu við fjármálaráðuneytið.

Hæstv. forseti. Í þessu skjali á eftir nefndarálitinu eru skýringar við einstakar breytingartillögur sem eru 91 talsins, ég ætla ekki að fara yfir hverja og eina þeirra heldur vísa ég í það nefndarálit sem ég reifa hér og búið er að dreifa í þingsal.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Undir nefndarálitið rita Birkir Jón Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Ólafur Jónsson og Bjarni Benediktsson.

Hæstv. forseti. Mig langar í örfáum orðum að fara yfir helstu breytingar og þá pólitík sem endurspeglast í því fjárlagafrumvarpi sem hér hefur verið dreift við 2. umr. fjáraukalaga ársins 2006.

Ef við horfum til þeirra tillagna sem hér eru lagðar fram til breytinga á milli 1. og 2. umr. þá er lagt til að gjöldin, eins og ég sagði áður, aukist um 4,9 milljarða en tekjur um liðlega 4,2 milljarða. Samkvæmt þessu er afgangur fjárlaga ársins 2006 um 45 milljarðar kr. og breytist ekki mikið á milli 1. og 2. umr. og er þetta því með meiri afgangi sem við höfum séð á síðustu árum ef undan er skilið árið 2005 hvað þetta varðar.

Þau útgjöld sem lögð eru til á milli 1. og 2. umr. snerta að helmingi til heilbrigðismál. Það var samdóma álit nefndarmanna að skoða enn frekar málefni heilbrigðisráðuneytisins á milli 2. og 3. umr. Við höfum kallað eftir frekari upplýsingum um stöðu einstakra málaflokka innan ráðuneytisins, um stöðu einstakra stofnana, og við treystum okkur ekki til að koma með endanlegar tillögur er varða heilbrigðisráðuneytið fyrr en við 3. umr. fjáraukalaga ársins 2006.

Lagt er til að um 2 milljarðar af þeim 4 sem lagðir eru til í útgjöldum renni til heilbrigðismála. Þar ber hæst að 1 milljarður mun renna til Landspítala – háskólasjúkrahúss til að mæta uppsöfnuðum halla. Við fengum forsvarsmenn Landspítalans á fund nefndarinnar. Við áttum ágætan fund og fórum yfir málefni spítalans. Þar kom fram af hálfu forsvarsmanna hans að Landspítalinn er í eðli sínu endastöð í heilbrigðiskerfinu, tekur á móti erfiðustu tilfellunum og getur í raun og veru ekki vísað neinum frá sér eða vísað sjúklingum annað, því þar er jú, að öðrum heilbrigðisstofnunum ólöstuðum, mesta þekkingin til staðar og þar af leiðandi koma mjög mörg erfið viðfangsefni til úrlausnar á spítalanum og oft ófyrirséð.

Því er lagt til við 2. umr. að 1 milljarður renni til Landspítalans þannig að hann geti staðið undir því mikilvæga hlutverki sem hann gegnir. Mun þessi milljarður fara til þess að mæta uppsöfnuðum halla sem myndast hefur á árinu.

Það kom líka fram á fundi með forsvarsmönnum Landspítalans að það er mjög mikilvægt að spítalanum verði veitt aukið svigrúm til að geta innleitt breytt vinnubrögð á spítalanum en núverandi lagaumhverfi hamlar því miður forsvarsmönnum spítalans að gera ákveðnar breytingar á rekstri þessa stóra vinnustaðar. Ég minni á að framlög til þessa vinnustaðar eru um 30 milljarðar kr. sem eru um 8–9% af fjárlögum ársins 2007. Því er ljóst að yfirstjórn spítalans verður að hafa í höndum einhver tæki til að geta brugðist við breyttu ástandi innan stofnunarinnar eða breytt ástandi á þann veg að hægt sé að auka gæði þjónustunnar og fara betur með það mikla fjármagn sem fer til reksturs spítalans.

Hæstv. forseti. Einnig kölluðum við til forstjóra Fjórð-

ungssjúkrahússins á Akureyri. Hæstv. ríkisstjórn lagði til að 80 millj. yrðu settar aukalega til fjórðungssjúkrahússins á fjáraukalögum ársins 2006. Við nánari skoðun eftir fund með forstjóra stofnunarinnar var það skoðun meiri hluta nefndarinnar að auka þyrfti enn frekar framlög til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem gegnir lykilhlutverki í þjónustu á sviði heilbrigðismála á landsbyggðinni.

Það kom í ljós á fundi með forstjóra stofnunarinnar að sjúkrahúsið hefur verið að stækka og eflast. Þar er verið að sinna fleiri verkefnum þannig að álag á Landspítala – háskólasjúkrahús hefur minnkað sem því nemur. Eftir viðræður við forsvarsmann spítalans ákvað meiri hluti nefndarinnar að auka framlög um 20 millj. til þess að minnka hallarekstur og verja öðrum 20 millj. til þess að kaupa tæki fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri en það er mjög aðkallandi og brýn þörf á því sviði hjá spítalanum sem hefur verið að reyna að auka tækjakost sinn til að geta sinnt sjúklingum sínum enn betur og veitt betri þjónustu.

Við hv. þingmenn þurfum ekkert að fara í grafgötur með hversu mikilvægu hlutverki Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sinnir í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Það er skylda okkar að hlúa vel að þeirri þjónustu til þess að spítalinn geti sinnt því lögbundna hlutverki sem honum er ætlað og geti í síauknum mæli leyst sín mál, mál sinna sjúklinga á heimavelli, þannig að ekki þurfi að senda fólk í miklum mæli á Landspítala – háskólasjúkrahús. Það er hagsmunamál fyrir landsbyggðina, það er hagsmunamál fyrir þá sjúklinga sem leita til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Hæstv. forseti. Jafnframt er gert ráð fyrir að verja 500 millj. af ónýttum fjárheimildum til að koma til móts við uppsafnaðan rekstrarhalla öldrunarstofnana sem staðsettar eru víða um land. Ég vil segja það í ljósi þessa að ég hef vissar áhyggjur af stöðu öldrunarstofnana í landinu. Við höfum verið að viða að okkur upplýsingum um stöðu þeirra og ljóst er að margar þeirra glíma við viðvarandi rekstrarhalla, jafnvel mörg ár aftur í tímann. Þess vegna er mjög brýnt að við förum yfir það hvað veldur. Er það vegna mikils launaskriðs innan stofnananna? Er reiknilíkanið rétt upp sett hvað það varðar, sérstaklega kannski gagnvart minni stofnunum sem hafa minni nýtingu og þar af leiðandi óhagstæðari rekstrareiningar? Við þurfum að fara betur ofan í þetta.

Staðreyndin er sú að margar af þessum öldrunarstofnunum, sérstaklega minni öldrunarstofnanir vítt og breitt um landið, eru reknar af sveitarfélögunum sjálfum. Það segir sig sjálft þegar viðkomandi stofnanir eru reknar ár eftir ár í miklum taprekstri að það hefur óhjákvæmilega mikil áhrif á stöðu viðkomandi sveitarfélaga og mun þar af leiðandi geta leitt til þess í framtíðinni að þessi sveitarfélög eigi erfiðara með að sinna sínum lögbundnu hlutverkum þar sem eigið fé þessara sveitarfélaga fer hugsanlega í það að greiða niður þennan mikla hallarekstur.

Ég tel því mjög mikilvægt að við í fjárlaganefnd förum yfir þessi mál. Það getur vel verið að það taki langan tíma að fara í heild sinni yfir öldrunarmálin almennt sem og málefni heilbrigðisráðuneytisins. Það er að minnsta kosti ómaksins vert að við nefndarmenn í fjárlaganefnd förum betur yfir þessi mikilvægu málefni, því að það eru heilbrigðismálin, hvort sem er í hinum dreifðu byggðum eða þéttbýlisstöðunum, sem skipta svo miklu máli, að það sé vel að þeim staðið og að við búum vel að öldruðu fólki. Það er kannski líka þannig sem fólk hugsar þegar það ákveður sér framtíðarbúsetu: Hvernig er heilbrigðismálum sinnt á viðkomandi stað? Þess vegna legg ég mikla áherslu á það, og veit að ég hef stuðning nefndarmanna í hv. fjárlaganefnd til þess, að fara betur ofan í málefni heilbrigðisráðuneytisins almennt.

Hæstv. forseti. Einnig var lagt til að verja fjármunum til nokkurra stofnana eftir að búið var að setja stofnanir í ákveðið reiknilíkan sem unnið hefur verið að í heilbrigðisráðuneytinu á undanförnum missirum. Eftir að ákveðnar stofnanir voru settar í það líkan kom fram mismunur á því hvort fjárheimildir væru réttar. Þar sem svo var ekki samkvæmt reiknilíkaninu er lagt til í fjáraukalögum ársins 2006 að ákveðnar heilbrigðisstofnanir verði réttar af í samræmi við það reiknilíkan sem nú hefur verið unnið að. Má nefna að Heilbrigðisstofnun Suðurlands fær tæpar 150 millj. kr. á fjáraukalögum ársins 2006, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um 167 millj. og Heilbrigðisstofnun Austurlands um 94 millj.

Varðandi reiknilíkanið fyrir heilbrigðisstofnanir þá höfum við nefndarmenn í fjárlaganefnd lagt vinnu í að fara ofan í þetta reiknilíkan ásamt embættismönnum í heilbrigðisráðuneytinu. Við sjáum að það eru einhverjar brotalamir í því, enda er þetta reiknilíkan á því stigi að búið er að senda það út á heilbrigðisstofnanirnar og heilbrigðisráðuneytið á eftir að fá viðbrögð frá þessum stofnunum. Því var það niðurstaða milli nefndarinnar og embættismanna í heilbrigðismálaráðuneytinu að nefndin og ráðuneytið mundu aftur eiga fund eftir áramót, í febrúar/mars, til þess að fara yfir þessi málefni og þær breytingar sem hafa átt sér stað á reiknilíkani fyrir heilbrigðisstofnanir.

Þetta er mjög vandmeðfarið mál og getur haft mikil áhrif á stöðu einstakra stofnana. Því er mjög brýnt að fjárlaganefnd og þingið sé mjög vel meðvitað um þær breytingar sem verið er að leggja til í þessum efnum og það er skylda okkar að vera vel inni í þessum málum. Því var ákveðið á fundi nefndarinnar með heilbrigðisráðuneytinu að við færum sameiginlega ofan í þetta reiknilíkan í febrúar/mars 2007 því reiknilíkanið á endanlega að taka gildi 1. janúar árið 2008 og er því úrlausnarefni í fjárlagagerð fyrir árið 2008.

Hæstv. forseti. Einnig voru gerðar nokkuð miklar breytingar í heimildagreinum, m.a. um það að 87 milljarðar verði settir í heimildagrein til að styrkja gjaldeyrisstöðu Seðlabanka Íslands. Mér heyrist að það sé almennt samstaða um að það sé nauðsynlegt að Seðlabankinn hafi þau úrræði í því frjálsa markaðshagkerfi sem við höfum innleitt hér á landi, hafi úrræði til að bregðast við ef óvæntir atburðir gerast á markaði. Við vitum að búið er að gefa út svokölluð jöklabréf eða krónubréf í miklum mæli erlendis og það þarf oftar en ekki mjög lítið til þess að þau fari á mikið skrið og því mikilvægt að við höfum ákveðin úrræði til að bregðast við ef þróunin verður hröð á því sviði.

Jafnframt er gert ráð fyrir tæpum 27 milljörðum í lántöku vegna kaupa á hlut Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Það hefði ekki átt að koma neinum

þingmanni á óvart. Stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefur lagt fram þá stefnumörkun að það sé æskilegt að ríkið eigi eingöngu Landsvirkjun, m.a. vegna þess að Reykjavíkurborg er nú eigandi að einum stærsta samkeppnisaðila Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur. Það gengur ekki, og ég held að menn séu sammála um það, að Reykjavíkurborg sé beggja vegna við borðið, bæði sem hluthafi í Landsvirkjun og í Orkuveitu Reykjavíkur. Það er mjög mikilvægt að við fáum skýrt eignarhald á þetta mikilvæga fyrirtæki, sem gegnir mjög mikilvægu hlutverki í atvinnulegu og byggðarlegu tilliti, því að þetta fyrirtæki hefur verið að veita fyrirtækjum og einstaklingum í landinu raforku á mjög góðum kjörum ef við berum okkur saman við þau nágrannalönd sem við berum okkur oftast saman við. (Gripið fram í.)

Með þessu er ekki verið að stíga skref í þá átt að einkavæða Landsvirkjun eins og hv. stjórnarandstæðingar halda fram — það er stefna Framsóknarflokksins í þessum efnum að Landsvirkjun eigi að vera í opinberri eigu. Við erum þvert á móti að stíga það skref að nú verður eignarhluti ríkisins 100% í þessu mikilvæga fyrirtæki, ef samningar ganga eftir.

Þess skal getið í þessari umræðu að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar í nefndinni mótmæltu þeirri málsmeðferð að við værum að veita þessa heimild. Þetta er búið að vera í umræðu innan stjórnarflokkanna. Stjórnarflokkarnir hafa tekið ákvörðun um að Landsvirkjun verði keypt af þessum tveimur sveitarfélögum. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að við ræðum þessi mál í fjárlaganefnd á milli 2. og 3. umr., ekkert sjálfsagðara en að við fáum aðgang að þeim pappírum sem snerta söluna og förum yfir þetta í fjárlaganefnd á milli 2. og 3. umr. Hér er allt uppi á borðinu, engin leyndarmál, þvert á það sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa bent á.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum ræða heildarsamhengið í þessu máli. Ég er búinn að fara yfir helstu atriðin sem við lögðum til í breytingunum og aðalatriðið í þeim tillögum sem ríkisstjórnin og meiri hluti fjárlaganefndar hafa sett fram núna er að styrkja velferðarkerfið. Það er verið að styrkja velferðarkerfið gríðarlega og mæta kröfum margra stofnana á þeim sviðum og tillögurnar endurspeglast í því.

Við 2. umr. fjáraukalaga er ekki mjög mikil breyting á afgangi fjárlaga ársins 2006. Ef við setjum þetta í samhengi þá skilar ríkissjóður á þessu ári, að öllu óbreyttu, 45 milljörðum í rekstrarafgang og ef við tökum árið 2005 bætast við samkvæmt ríkisreikningi 112 milljarðar sem ríkissjóður skilar í afgang.

Ég fullyrði að nær ekkert þeirra landa sem við berum okkur saman við getur státað af jafnmiklum árangri, tæpum 160 milljörðum í afgang á fjárlögum á árunum 2005 og 2006. Hér er um gríðarlega mikla fjármuni að ræða og það er mjög mikilvægt að við förum vel með þessa fjármuni því að þetta eru fjármunir framtíðarinnar. Í dag borgum við næstum ekki neina vexti. Við fáum meiri vaxtatekjur, íslenski ríkissjóðurinn, en við borgum í vaxtagjöld. Ég vil í þessari umræðu minna á að árið 1998 — og horfi ég nú á hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur sem er mjög umhugað um menntamál — borgaði ríkissjóður sem samsvaraði öllum fjárframlögum til menntamála í þetta. Í dag er þessi jöfnuður jákvæður. Við fáum meira í vaxtatekjur en vaxtagjöld. Þetta er gríðarlegur viðsnúningur og þessir fjármunir sem við höfum verið að ná inn í ríkissjóð á undanförnum árum munu nýtast í því að við getum lagt enn þá meiri áherslu á mennta-, velferðar- og heilbrigðismál í framtíðinni. Staða ríkissjóðs hefur nær aldrei verið eins sterk og hún er í dag.

Hæstv. forseti. Það er stefnumið ríkisstjórnarinnar að skila þessari bættu afkomu til almennings í landinu. Bæði fjárlög 2006 og 2007 bera þess merki. Við munum áfram standa vel að heilbrigðis-, mennta- og félagsmálum eins og ég sagði áðan. En við munum jafnframt skila því til almennings í formi skattalækkana, stórhækkaðra barnabóta, stórhækkaðs persónuafsláttar, sem hækkar um 14%, skattleysismörkin verða 90 þús. kr. frá og með næstu áramótum.

Þetta eru allt mikilvægir áfangar sem munu stuðla að því að á meðan við stöndum vörð um heilbrigðis- og félagsmálin heldur kaupmáttur almennings áfram að aukast. Hann hefur aukist um 60% frá árinu 1995 og með aðgerðum ríkisstjórnarinnar, m.a. með lækkun matarskattarins sem mun taka gildi á næsta ári, aukum við enn kaupmátt almennings í landinu. Það er vegna góðrar stöðu ríkissjóðs og ábyrgrar ríkisstjórnar sem hefur oftar en ekki tekið mjög erfiðar ákvarðanir, umdeildar ákvarðanir, hvort sem það var að markaðsvæða ríkisfyrirtæki eða sýna aðhald í útgjöldum á ýmsum sviðum. (Forseti hringir.) En þá hefur ekki staðið á hv. stjórnarandstöðu að koma upp í ræðustól á Alþingi og mótmæla kröftuglega ef hún hefur það á tilfinningunni að ríkisstjórnin sé að gera óvinsæla hluti.

Er það af mannvonskunni einni sem hv. ríkisstjórn hefur farið í þær aðgerðir til þess að skila ríkissjóði með þeim afgangi sem raun ber vitni? Er það af mannvonskunni einni? Nei, það þarf að vera pólitískur stöðugleiki í efnahagsstjórn landsins og hvað er það sem knýr áfram framfarir í þeim löndum sem við berum okkur saman við? (Gripið fram í.) Það er pólitískur stöðugleiki. (Gripið fram í.) Það er pólitískur stöðugleiki sem hefur einkennt íslenskt samfélag á síðustu 11 árum og sé ég að hv. þingmenn Samfylkingarinnar, sem hafa verið í stjórnarandstöðu í nokkuð mörg ár, eru farnir að ókyrrast í sætunum. Enda er það svo að þessi pólitíski stöðugleiki hefur skilað okkur einum mesta árangri í vestrænum löndum sem um getur. Hvert sem við lítum þá fullyrði ég að hvergi hafa skuldir ríkis, einnar þjóðar, lækkað eins mikið og á umræddu tímabili. Hvergi hefur kaupmáttur almennings aukist eins mikið og raun ber vitni. Það er því mjög eðlilegt að stjórnarandstaðan eigi erfitt með að fóta sig í þeirri umræðu sem hér fer fram vegna þess að við höfum náð mjög góðum árangri á sviði efnahagsmálanna.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína miklu lengri. Aðalatriðið er að við erum að afgreiða mjög ábyrg fjáraukalög fyrir árið 2006. (Gripið fram í.) Við erum að afgreiða hér við 2. umr. tillögur ríkisstjórnarinnar sem munu styrkja heilbrigðiskerfið sérstaklega. Það er mjög mikilvægt því að mikil aukning á útgjöldum hefur átt sér stað þar. Að sjálfsögðu getum við kennt einhverju launaskriði þar um, það er eðlilegt, en við erum líka að ná miklum árangri í heilbrigðisþjónustunni. Við erum með eina bestu heilbrigðisþjónustu í heiminum og langlífi Íslendinga er sem betur fer á réttri leið. Við erum að ná einum besta árangri í heiminum á þessu sviði og því er eðlilegt að

kostnaður aukist að sama skapi.

Ég bið hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, eftir fund með forustumönnum Landspítalans, að taka tillit til þeirra óska að Landspítalinn m.a., sem og önnur fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu, aðrar stofnanir, geti brugðist við breyttum aðstæðum og geti verið sveigjanleg í rekstri. Því hefur verið kallað eftir því hér að við skoðum sérstaklega lög um starfsmenn hins opinbera. Það er mjög umdeilt mál. En ég hvet þingmenn til þess að fara út í þá umræðu með fordómalausum hætti, því það er mjög mikilvægt að við förum vel með þá peninga sem renna í heilbrigðiskerfið.

Að þessu sögðu vil ég þakka hv. nefndarmönnum í fjárlaganefnd fyrir mjög gott samstarf. Við höfum náð mikilli samstöðu í nefndinni, m.a. um það hverja við höfum kallað til, og kannski þess vegna ákváðum við að fresta heilbrigðismálunum fram í 3. umr. til frekari afgreiðslu í nefndinni. En samstarfið hefur heilt yfir verið mjög gott þó að sjálfsögðu greini okkur á í einstökum málum eins og eðlilegt er.

[14:51]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég minni hv. þm. Birki J. Jónsson, framsögumann, á að við erum að tala um fjáraukalög þessa árs. Við afgreiðslu fjárlaga í fyrra var ljóst að meiri hlutinn afgreiddi sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir; háskóla, Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands, með allt of lítið fjármagn miðað við umfang. Við fluttum um þetta breytingartillögur og bentum á hvað þyrfti að gera. Nú er dregið í land. Þær voru felldar þá. Svona vinna gengur ekki.

Hv. þingmaður minntist á Landspítala – háskólasjúkrahús. Framkvæmdastjórinn kom á fund okkar og sagði: Mönnunarvandinn er númer eitt, vegna þenslunnar. Það er einmitt stóriðjustefna þessarar ríkisstjórnar sem ríður efnahagslífinu á slig. Mönnunarvandinn er alls staðar. (Forseti hringir.)

Frú forseti. Hv. þingmaður verður að átta sig á um hvað er verið að tala.

[14:53]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er erfitt að koma öllu að á einni mínútu. En hv. þingmaður nefndi að stjórnarandstaðan hefði lagt fram fjölmargar tillögur, útgjaldatillögur sem sagt, í vinnu sinni við fjárlagagerðina í fyrra. En hvernig var það, hæstv. forseti? Stjórnarandstaðan var í þremur liðum í fjárlagagerðinni þá. Vinstri grænir komu með ómældar útgjaldatillögur. Síðar gerðu frjálslyndir annað og Samfylkingin enn annað. Hvernig á að vera hægt að taka heildstætt á tillögum stjórnarandstöðunnar þegar hún er út og suður í tillögugerð sinni? Það er ekki hægt að taka stjórnarandstöðuna alvarlega hvað þetta varðar.

Þegar kemur að grundvallarspurningum um atvinnuvegi þjóðarinnar er stjórnarandstaðan síðan út og suður með þrjár stóriðjustefnur. Hvernig á að vera hægt að nálgast tillögur, fjórar eða þaðan af meira því Samfylkingin er með tvær? Það er erfitt að taka tillit til sundurleitra sjónarmiða stjórnarandstöðunnar í fjárlagagerðinni.

[14:54]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson fer vítt um og kemur síst að málefninu. Eitt vil ég þó spyrja hv. þingmann um.

Síðasta föstudag var á örfáum mínútum afgreitt í fjáraukalagaumræðu 5 milljarða kr. hækkun, heimild fyrir ríkisábyrgð á lántöku Landsvirkjunar vegna uppgjörs ófyrirséðs kostnaðar aðalverktaka Kárahnjúkavirkjunar. Aftur kemur Kárahnjúkavirkjun og henni er þá laumað inn. Um kostnað við hana er umræðan nánast engin. Ég spurði: Hvað er verið að tala um? Hvaða gögn eru á bak við að veita 5 milljarða kr. í aukna heimild til að greiða viðaukakostnað við Kárahnjúkavirkjun? Engar upplýsingar, bara trúarbrögð. Auðvitað er stóriðjustefna Framsóknarflokksins ljós. Ég veit það. Virkjanir alls staðar og álver alls staðar. Álver í hvern fjörð, þau orð voru einhvern tímann lögð í munn hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra.

En rökin fyrir þessum 5 milljörðum kr. Getur hv. þingmaður svarað: Er þetta nóg? Er þetta nóg fyrir Landsvirkjun vegna Kárahnjúkavirkjunar?

[14:55]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil minna hv. þm. Jón Bjarnason á að það er frekar stutt til kosninga. Hann hefur síðustu tvö ár verið með sömu klisjuna um að Framsóknarflokkurinn vilji setja álver í hvern fjörð. Þetta fer að verða dálítið útbrunninn frasi hjá hv. þingmanni. Ég hvet hv. þingmann til að finna sér önnur og betri slagorð í þeirri baráttu sem fram undan er.

Vinstri grænir eru öflugir í að vilja auka útgjöld til velferðar, mennta- og félagsmála, sem ég er alveg sammála og sem ríkisstjórnin hefur staðið vel að. En á sama tíma berst flokkur Vinstri grænna gegn atvinnuuppbyggingu í landinu. Ég vil minna hv. þingmann á, sem talar í niðrandi tón um þá atvinnuuppbyggingu sem á sér stað á Austurlandi, að sú framkvæmd mun skila milljarðatugum í tekjur fyrir íslenskt þjóðarbú á næstu áratugum. Hvernig ætlar hv. þingmaður að standa undir velferðarkerfi framtíðarinnar?

[14:57]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Víða var komið við í ræðu hv. þingmanns. Segja má að ýmislegt hefði mátt kyrrt liggja, svo óljós var málflutningurinn að maður áttaði sig varla á því hvert hv. þingmaður var að fara. En til þess að gefa hv. þingmanni tækifæri til að upplýsa okkur um það vil ég spyrja hv. þingmann ákveðinna lykilspurninga.

Hv þingmaður fór mikinn í því að komið væri til móts við kröfur margra stofnana. Þá er eðlilegt að spyrja hv. þingmann: Hvaða regla gildir um það þegar komið er til móts við kröfur stofnana? Hvaða reglur gilda um það hjá meiri hluta fjárlaganefndar þegar ákveðið er að klippa hala af stofnunum? Eru það samræmdar reglur eða tilviljunarkenndar? Hvaða reglur gilda um þetta?

Hv. þingmaður talaði sérstaklega mikið um heilbrigðiskerfið og taldi sig þurfa meiri tíma til þess. Hann nefndi

reyndar líka að sömu gæði væru í menntakerfinu og félagsmálakerfinu. Það væri fróðlegt ef hv. þingmaður gæti í stuttu máli, á þeirri einu mínútu sem hv. þingmaður hefur til þess, farið yfir þessa reglu.

[14:58]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt að svara hv. þingmanni Samfylkingarinnar um það hvaða reglur við í stjórnarmeirihlutanum styðjumst við þegar við ákveðum fjárlög hverju sinni. Það er regla skynseminnar. Það væri ágætt ef hv. þingmenn Samfylkingarinnar hefðu hana til eftirbreytni. Svo villandi er málflutningur Samfylkingarinnar í mörgum málum, þar eru tvær og þrjár skoðanir á mikilvægum þáttum sem snerta hag þjóðarbúsins. Það er mjög mikilvægt, ef við í þingsal eigum að taka mark á málflutningi Samfylkingarinnar í þessari umræðu, að hún komi a.m.k. heil fram.

Við vorum með utandagskrárumræður rétt áðan. Þar komu fram tvær stefnur hjá Samfylkingunni, m.a. í stóriðjumálum. Ég held reyndar að hún skiptist í fleiri parta en það fer einungis eftir kjördæmum. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson er stóriðjusinni á meðan Þórunn Sveinbjarnardóttir vill algera friðun í þessum efnum. Samfylkingin er út og suður í þessu sem öðru.

[14:59]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni sérstaklega fyrir það hversu greinargóð svörin voru um þær reglur sem eru viðhafðar þegar tekið er á vanda stofnana. Það vantaði ekkert upp á að vel væri farið yfir sviðið. Hv. þingmaður kom ekki inn á nokkurt annað mál en það sem spurt var um, enda ekki við öðru að búast.

Hv. þingmaður veit nákvæmlega eftir hverju er farið. Það er skynsemin sem ræður í einu og öllu þannig að við eigum von á því að við 3. umr. fjáraukalagafrumvarpsins verði gríðarlegar breytingar á tillögum stjórnarmeirihlutans. Ef skynsemin á að ráða hlýtur það að vera grundvallaratriði að allar stofnanir sitji við sama borð en það sé ekki geðþóttaákvörðun hverju sinni hvað gert er.

Við megum þá jafnvel líka búast við að farið verði eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar um hvernig eigi að líta á og afgreiða fjárlög og fjáraukalög. Það væri tilbreyting í því ef skynsemin fengi að koma við sögu í vinnunni í fjárlaganefnd. Það er nákvæmlega þannig, virðulegur forseti, að þar hefur skynsemina vantað. Því miður hefur meiri hluti fjárlaganefndar verið keyrður áfram af ráðherravaldinu og virðist engin breyting á því.

Ég veit ekki af hverju hv. þingmaður talaði nær eingöngu um heilbrigðismál þegar hann talaði um að komið væri til móts við stofnanir. Skyldi vera framsóknarráðherra í því ráðuneyti?

[15:01]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar vil ég fara yfir það að við höfum tekið miklum framförum í fjárlagavinnunni. Fjárlagagerðin hefur staðist upp á dag síðustu 3–4 árin en áður fyrr dróst hún jafnvel fram yfir áramót. Þegar hv. þingmaður talar um skynsemi stjórnarmeirihlutans held ég að tölurnar tali sínu máli, þegar ríkissjóður er rekinn með hátt í 160 milljarða kr. afgangi á árunum 2005 og 2006. (Gripið fram í.) Er eitthvað óskynsamlegt við þessa stefnu sem stjórnarmeirihlutinn hefur viðhaft hér? Og við höfum verið með raunaukningu um eða yfir 50% til heilbrigðis- og félagsmála og 80% til háskólastigsins. Að sjálfsögðu hefur hér verið haldið skynsamlega á málum og ef hv. þingmaður mundi nú kynna sér það hver staða ríkissjóðs er hér miðað við stöðu ríkissjóðs í öðrum löndum sem við berum okkur saman við er þar ólíku saman að jafna.

[15:02]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram hjá formanni fjárlaganefndar að á fjáraukalögum séu núna ætlaðar 500 millj. til stofnana aldraðra og í ljósi þess að nú er verið að stíga mjög stórt spor í átt til þess að mæta biðlistum aldraðra, þar sem ríkisstjórnin hefur áform um að á næstu tveimur árum verði reist 370 ný hjúkrunarrými fyrir aldraða, tel ég að það sé mjög nauðsynlegt að fjárlaganefndin fari vel yfir daggjaldagrunn þessara heimila sem fyrir eru. Það er alveg ljóst, eins og kom fram hjá hv. þingmanni, að öldrunarstofnanir og hagræðing þess rekstrar er með þeim hætti að 60 rýma hjúkrunarheimili eru þau heimili sem geta staðið undir rekstri. Það er alveg ljóst eins og hv. þingmaður nefndi hér áðan um hin minni hjúkrunarheimili úti á landi að þau geta aldrei staðið undir þeim rekstrarkostnaði sem hlýst af (Forseti hringir.) hinum smærri heimilum.

Þess vegna spyr ég: Ætlar fjárlaganefndin að fara grannt (Forseti hringir.) ofan í daggjaldastofn hjúkrunarheimila?

[15:03]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Já, við ætlum að fara ofan í málefni þessara stofnana á milli umræðna. Þetta er hins vegar mjög viðamikið verkefni og óljóst hvað við komumst langt í þeirri vinnu.

Það er hárrétt sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson benti hér á, fastakostnaðurinn er mjög hár þannig að minni öldrunarstofnanir glíma við mjög háan fastakostnað sem er sambærilegur við mörg önnur stærri heimili og þar af leiðandi má segja jafnvel að daggjöldin séu of lág hvað það varðar. Við eigum eftir að fara yfir þessi málefni og það er nefnilega mjög mikilvægt að við fáum botn í þessa hluti áður en átak ríkisstjórnarinnar verður að veruleika, mjög merkilegt átak upp á 370 rými, en þessi mál verða að vera komin á hreint áður en við förum í að stórfjölga hjúkrunarrýmum til viðbótar.

[15:04]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka þetta svar. Það er alveg ljóst að í skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi stöðu hjúkrunarheimila kemur fram sú vangavelta hvers vegna ekki hafi verið

gerðir sérstakir samningar við þá sem reka hjúkrunarheimili. Það kemur fram hjá Ríkisendurskoðun að það er talið munu vera dýrara fyrir ríkið að gera samninga við einstakar hjúkrunarstofnanir en ekki. Það er vont mál.

Ég tel eðlilegt að heilbrigðisráðuneytið geri samning við þá aðila sem reka hjúkrunarheimili fyrir aldraða til þess að það komi alveg skýrt fram hvaða þjónustu eigi að veita svo að það gerist ekki eins og menn hafa orðið varir við að þjónustan er mismunandi, jafnvel aðilar í einkageiranum sem hafa eiginlega gert viðskiptasamning hafa ekki einu sinni staðið við gerða samninga.

Fyrst og fremst er nauðsynlegt að daggjaldagrunnur hjúkrunarheimila sé (Forseti hringir.) sýnilegur og þess eðlis að hann sé ekki sífellt vandamál sem bankar upp á ár eftir ár.

[15:06]

**Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist og hlýt að koma upp í andsvar við hv. þingmann. Hann gumar af hinni miklu kaupmáttaraukningu sem á að hafa orðið á Íslandi undanfarin ár, og er rétt. En þá finnst mér rétt að draga það fram og upplýsa hv. þingmann um að hann verður að fara að horfast í augu við raunveruleikann eins og hann er. Það hefur verið sýnt fram á með verulega góðum rökstuðningi og útreikningi fræðimanna að þessari kaupmáttaraukningu hefur verið gróflega misskipt á milli fólks í landinu. Þau 10% sem hæstar hafa tekjurnar hafa fengið hátt í 80% kaupmáttaraukningu á meðan þau 10% sem lægstar hafa tekjurnar hafa fengið um 26% kaupmáttaraukningu. Þetta er auðvitað gróf misskipting.

Virðulegi forseti. Það má líka nefna hér að lagðar hafa verið fram tölur í fjárlaganefnd, mjög vel rökstuddar, sem sýna fram á það að sá þriðjungur eldri borgara sem lægstar hefur tekjurnar hefur eingöngu fengið 16% kaupmáttaraukningu. Þessu, virðulegi forseti, finnst mér mikilvægt að halda hér til haga þegar menn halda innblásnar ræður um það hversu mikið kaupmáttur hefur aukist í landinu.

[15:07]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að setja hlutina í ákveðið samhengi og þó að við séum að ræða hér um fjáraukalög ársins 2006 verðum við líka að horfa til þeirra fjárlaga sem eru fram undan á næsta ári. Þar munu barnabætur hækka um 25% sem munu sérstaklega skila sér til lágtekju- og millitekjufólks, skattleysismörk munu hækka um 14%, fara upp í 90 þús. kr., og grunnlífeyrir mun hækka um 15 þús. kr. sem kemur sérstaklega til góða eldri borgurum og öryrkjum.

Ég ætla hins vegar ekkert að draga úr því að það má betur gera í málefnum eldri borgara og öryrkja og við erum sífellt að vinna í þeim málefnum. Ég vil benda á það að á kjördæmisþingi framsóknarmanna í Norðausturkjördæmi sem haldið var fyrir nokkru síðan var afgreidd stjórnmálaályktun sem kvað á um það að aðaláherslan yrði sett á að stórhækka skattleysismörkin í framtíðinni því að það er mjög mikilvægt að koma til móts við þessa hópa.

[15:08]

**Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega fagnaðarefni að Framsóknarflokkurinn sé að ranka við sér, en það sem verra er er það að hann hefur haft nærri 12 ár til að gera eitthvað í þessum málum. Yfir þetta 12 ára tímabil hefur staða þessara hópa versnað svo um munar og misskiptingin í þessu landi er orðin svo veruleg að venjulegu fólki blöskrar.

Þess vegna er ekki boðlegt að Framsóknarflokkurinn og fulltrúar hans á hv. Alþingi komi hér upp alltaf haustið fyrir kosningar og haldi þessar ræður um það hversu mikilvægt sé að gera betur við ákveðna hópa með samúðarfullum svip. Það eru aðgerðir sem skipta máli, en ekki bara talað orð í næstum því 12 ár. Við hljótum að krefjast þess að fara að sjá einhverjar raunverulegar aðgerðir. Miðað við yfirlýsingar hv. þingmanns geri ég ráð fyrir því að á milli 2. og 3. umr. sjáum við sennilega einhverjar leiðréttingar (Forseti hringir.) til þessara hópa í þeim frumvörpum sem til umræðu eru.

[15:09]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hafa skal það sem sannara reynist. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir sagði áðan að kjör aldraðra hefðu versnað á síðustu 11 árum. Þetta er sannleikur Samfylkingarinnar í þeim málum. Ég bið hv. þingmann um að finna orðum sínum stað því að hér fer hún með rangt mál.

Ég sagði að auðvitað mætti gera betur í þessum málaflokki, og að því er stefnt um næstu áramót ásamt því að verið er að fjölga hjúkrunarrýmum um 370 á næstu árum. Það er mjög mikilvægt að við vinnum á þeim biðlistum. Það tekur að sjálfsögðu sinn tíma en það verður unnið eins hratt að þeim málum og kostur er og við setjum mjög mikla fjármuni í málefni aldraðra á næstu árum. Því fagna ég því að það á að búa vel að öldruðum í okkar samfélagi. Hv. þingmaður getur ekki fundið neitt annað en að við stefnum að því marki að bæta þjónustu við aldraða á komandi árum.

[15:10]

**Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 frá 2. minni hluta fjárlaganefndar en auk mín eru á þessu nefndaráliti hv. þm. Einar Már Sigurðarson, Helgi Hjörvar, Guðjón Arnar Kristjánsson og Jón Bjarnason.

Ég vil í upphafi, í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað og ræðu hv. formanns fjárlaganefndar, geta þess að mér þykir dálítið merkilegt og hef gaman af því að menn séu farnir að sveigja af þeirri braut að halda því fram að hér ríki efnahagslegur stöðugleiki og farnir að ákalla þjóðina um að kjósa sig aftur vegna þess að það sé svo mikilvægt að hér ríki pólitískur stöðugleiki. Það er sniðugt að setja stöðugleikann svona í nýjan búning vegna þess að það er alveg ljóst að það eru engar forsendur til þess að halda því fram lengur að hér ríki einhver efnahagslegur stöðugleiki. Í

rauninni má segja að afleiðingar hins pólitíska stöðugleika, sem hér var lýst svo ágætlega, séu hæsta verðbólga sem við höfum séð hér í fjölda ára, hæstu vextir í heimi og viðskiptahalli sem hefur aldrei verið hærri en akkúrat núna. Þetta, virðulegi forseti, varð ég að nefna í upphafi máls míns vegna þess að þetta hefur auðvitað haft gríðarleg áhrif á heimilin og fólkið í landinu. Ég segi bara: Guð hjálpi okkur frá þeim pólitíska stöðugleika sem hér er verið að boða.

Virðulegi forseti. Eins og svo oft áður kemur nú berlega í ljós að lítið er að marka fjárlög ársins. Bæði gjöld og tekjur fara langt fram úr því sem fjárlögin gerðu ráð fyrir. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um rúmlega 14,3 milljarða kr. Að auki eru við 2. umr. og nú í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar lögð til tæplega 4,9 milljarða kr. aukin útgjöld ofan á það. Með samþykkt þessa frumvarps og breytingartillagna aukast fjárheimildir ársins um 19,2 milljarða kr. á árinu 2006 og það nemur um 6% af fjárlögum.

Tekjur ríkissjóðs eru líka verulega vanáætlaðar í fjárlögum ársins 2006 og verða mun meiri en gert var ráð fyrir. Þannig er gert ráð fyrir rúmlega 40 milljörðum kr. í auknar tekjur í frumvarpinu og rúmlega 4 milljörðum kr. til viðbótar samkvæmt breytingartillögum 1. minni hluta fjárlaganefndar. Frávikið þarna nemur um 13% af fjárlögum.

Virðulegi forseti. Þetta er síður en svo í fyrsta skipti sem málum er þannig háttað og vekur þetta upp spurningar um þær forsendur sem tekjuhlið fjárlaganna er byggð á. Eins og fyrri daginn eru talsverð frávik á milli þeirra forsendna sem lagt var af stað með og þess sem raunin verður. Ekki síst er alvarlegt að sjá hversu mikið viðskiptahallinn hefur vaxið og hefur hann sjaldan verið meiri, enda er útflutningur minni á árinu en reiknað var með en innflutningurinn mun meiri.

Til að fara yfir breytingar og frávikin á helstu þjóðhagsstærðum og magnbreytingar á þeim má nefna það hér að fjárfesting er t.d. 7,5% meiri. Þær forsendur sem gert var ráð fyrir við fjárlög árið 2006 voru að fjárfesting yrði 0,8% en áætluð niðurstaða í ár er 8,3%. Þetta er gríðarleg breyting og sýnir sig í þeim halla sem við erum með á viðskiptum. Það er farið yfir fleiri slíkar breytur í þessu nefndaráliti í töflu sem gefur skýra mynd af því. Þetta segir okkur að enn og aftur eru forsendur fjárlagafrumvarpsins brostnar innan árs eftir að þær eru lagðar fram.

Þótt það liggi í hlutarins eðli að afla þurfi tekna til að standa undir meiri útgjöldum skiptir máli hvernig skattbyrðin leggst á almenning og fyrirtæki. Rétt er að benda á að mikið af þessum auknu tekjum sem koma til í þessu fjáraukalagafrumvarpi er vegna skatts á einstaklinga. Það er rétt að benda á í þessu sambandi að þær skattalækkanir sem meiri hlutinn á Alþingi hefur ráðist í hafa einungis skilað sér til þeirra sem mestar hafa tekjurnar en ekki til þeirra sem hafa þær lægstar. Aðrir hafa nefnilega orðið fyrir verulega aukinni skattbyrði og þá ekki síst þeir sem lægstar hafa tekjurnar.

Í þessu sambandi þykir mér mikilvægt að minna á svar fjármálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um þróun tekjuskatta á einstaklinga og skattbyrði. Þar kemur akkúrat þetta fram þannig að það er ekki hægt að halda öðru fram. Þetta stendur í gögnum frá fjármálaráðuneytinu sem voru lögð fyrir þingið sem svar við fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um þróun skatta hér á landi. Það liggur alveg ljóst fyrir og á að vera hverjum manni ljóst að hér hefur skattbyrðin lagst í auknum mæli á þá sem lægstar hafa tekjurnar meðan þeir einu sem hafa fengið einhverjar skattalækkanir eru þeir sem hæstar hafa tekjurnar.

Virðulegi forseti. Þessi aukna skattbyrði og þá kannski ekki síst á tekjur eldri borgara — af því að við vorum að ræða þá hér áðan — hefur dregið úr kaupmáttaraukningu til mjög margra hópa og ekki síst þeirra sem lægstar hafa tekjurnar. Það eru þessar aðgerðir sem ráðist var í við skattalækkanir. Þetta skiptir máli fyrir þessa umræðu þar sem staðreyndin er sú að ríkið vanáætlar verulega tekjuskatta á fólkið í landinu.

Ég fór yfir tölur áðan um hvernig kaupmáttaraukningunni hefur verið misskipt. Það er kannski óþarfi að endurtaka það hér en mig langar samt að hlaupa á þessum helstu stærðum vegna þess að ríkisstjórnin hefur síendurtekið nefnt að hér hafi verið 50–60% kaupmáttaraukning. Fræðimenn hafa gert úttektir á því og sömuleiðis Félag eldri borgara um hvernig þróun kaupmáttar hefur verið á þeim tíma sem þessi ríkisstjórn hefur setið. Niðurstöður úr þessum úttektum eru þær að þau 10% þjóðfélagsþegna sem hafa hæstu tekjurnar hafa fengið 77,8% kaupmáttaraukningu eftir skatt og þau 10% sem eru lægst hafa fengið 26,6%. Ofan á þetta bætist að á næsta ári er gert ráð fyrir, og þetta erum við með á blöðum frá Félagi eldri borgara, að dæmigert verði fyrir þann þriðjung eldri borgara sem lægstar hafa tekjurnar að kaupmáttaraukningin sé einungis 16%. Þessu verðum við að halda til haga vegna þess að öll umræðan um það hvernig við ætlum að fara í skattalækkanir og hvernig við tökum inn tekjur til ríkisins snertir á þessum þáttum, hún hefur áhrif á kaupmátt fólks í landinu.

Virðulegi forseti. Í fjáraukalögum fyrir árið 2006, þeim fjáraukalögum sem við erum að ræða hér, birtist enn og aftur sú lausung sem þessi ríkisstjórn hefur tamið sér í umgengni við lög um fjárreiður ríkisins. Lögð eru til útgjöld sem ekki eiga heima í fjáraukalögum samkvæmt fjárreiðulögum. Í lögum um fjárreiður ríkisins er skýrt kveðið á um tilgang fjáraukalaga. Þar segir í 44. gr., með leyfi forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga."

Í frumvarpinu nú eru fjölmargir liðir sem alls ekki falla undir þessa grein fjárreiðulaganna og ættu betur heima í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 sem nú liggur fyrir Alþingi. Því miður er það svo, virðulegi forseti, að í fjáraukalagafrumvörpum undangenginna ára og nú í ár eru verkefni sem alls ekki ættu að vera þar og ættu heima, ef vinnubrögð hér væru eðlileg, í fjárlögum fyrir árið 2007 en ekki í fjáraukalögum fyrir árið 2006. Það eru fjölmörg dæmi um þetta í þessu fjáraukalagafrumvarpi og líka í breytingartillögum sem lagðar eru fram hér við 2. umr., breytingartillögum við fjáraukalagafrumvarpið. Má t.d. nefna byggingu reiðhalla sem á að kosta 330 millj. kr. (Gripið fram í.) Ég get nefnt hér líka, fyrst ég er að fjalla um liði landbúnaðarráðuneytisins, breytingartillögu upp á 2,5 millj. kr. til ritunar íslenskr-

ar landbúnaðarsögu og er áætlað að það rit verði gefið út árið 2008. Við erum með liði á menntamálaráðuneytið í breytingartillögum þar sem lagðir eru til auknir fjármunir til atburðar sem á að verða 16. nóvember 2007.

Virðulegi forseti. Ég er ekki með þessu að leggja neitt mat á þessi verkefni sem slík, alls ekki, þetta eru án efa allt góð og gild verkefni, þetta er bara spurning um vinnubrögð og hvernig þessi meiri hluti fjárlaganefndar umgengst fjárreiðulögin. Engin þessara verkefna sem ég nefndi eða önnur sem er að finna í þessum fjáraukalögum eru einhver neyðarverkefni, einhver sem þarf að bregðast við með það skjótum hraða að ekki megi ræða þau í eðlilegum farvegi, þ.e. í umræðum um fjárlög fyrir árið 2007. Ég held að málunum væri betur fyrir komið ef þau væru rædd með því frumvarpi.

Það skiptir máli að við tökum ekki inn í fjáraukalög verkefni sem gætu verið í fjárlögunum. Fjárlögin verða að vera skýr rammi utan um þau verkefni sem ríkisstjórnin vinnur að hverju sinni. Við vitum að fjáraukalögin hafa skekkt þá mynd allverulega á undanförnum árum.

Það má einnig nefna dæmi um að í nokkrum tilfellum er verið að bæta uppsafnaðan rekstrarvanda hjá stofnunum ríkisins sem ættu með réttu að koma inn á fjárlög næsta árs ef rétt væri að málum staðið. Fór hv. þm. Einar Már Sigurðarson ágætlega yfir það í andsvari. Er það afar tilviljanakennt hvaða stofnanir fá slíkar leiðréttingar á fjáraukalögum á hverjum tíma. Þetta vinnulag verður auðvitað að laga svo að það sama gildi fyrir allar stofnanir ríkisins og einnig svo að hægt sé að taka heildstætt á málum stofnana sem búa við viðvarandi rekstrarvanda. Meiri hluti fjárlaganefndar hefur samþykkt þessar tillögur ríkisstjórnarinnar til 2. umr. sem sýnir að enn ætlar meiri hluti fjárlaganefndar að samþykkja þessi vinnubrögð og þessa kæruleysislegu umgengni við lög um fjárreiður ríkisins. Minni hlutinn í fjárlaganefnd hefur gagnrýnt þetta ár eftir ár og oft hafa heyrst raddir innan úr stjórnarmeirihlutanum um að vissulega sé rétt að fara að taka á þessu en það er aldrei gerður nokkur skapaður hlutur í því. Þessi vinnubrögð skekkja heildarmyndina.

Þegar farið er yfir stöðu einstakra stofnana á vegum ríkisins koma í ljós mikil frávik frá fjárlögum. Ég vil í þessu sambandi vitna í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2005 sem kom út núna í lok sumars. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á að fjárlög hvers árs, sem samþykkt eru af Alþingi, feli í sér heimildir sem ráðuneytum og stofnunum beri að virða. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að „ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum". Þá hefur stofnunin ítrekað bent á að mikil frávik frá fjárlögum ár eftir ár séu til marks um meira agaleysi í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga hér á landi en tíðkast í löndum sem Ísland er gjarnan borið saman við. Frávikin hafa að meðaltali verið um 15 til 20% undanfarin ár og er fjárlagaárið 2005 engin undantekning. Slík frávik þekkjast ekki í nálægum löndum."

Við í minni hluta fjárlaganefndar teljum að mikilvægt sé að á þessu verði tekið í eitt skipti fyrir öll. Það er verið að of- eða vanáætla verulega á stofnanir ár eftir ár sem sýnir hversu lítill metnaður er í fjárlagagerðinni. Síðan er endrum og sinnum skotið inn í fjáraukalögin handahófskenndum leiðréttingum á stöðu einstakra stofnana. Þessi vinnubrögð ganga ekki.

Ég vil halda áfram að vitna til skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2005. Þar kemur fram að fjárlagaliðir sem farið hafa 4% fram úr heimildum og fjárlagaliðir sem eiga 4% eða meira ónýtt séu um 68%. 68% fjárlagaliða eru með 4% eða meira í frávik og það sem meira er, um þrír fjórðu þessara 68% eru með meira en 10% frávik.

Þessi samantekt, virðulegi forseti, varpar skýru ljósi á það hvernig fjárlagagerðin er orðin. Svona eru hlutirnir látnir malla í gegnum árin og meiri hluti Alþingis hefur blessað það með stimpli sínum. Fjárheimildir og uppsafnaður vandi eru látin flæða milli ára þannig að alla yfirsýn vantar og þetta hefur leitt til þess að fjárlög ríkisins eru orðin marklaust plagg í stað þess að vera sá skýri rammi um rekstur ríkisins sem þau eiga að vera. Vegna þessa alls eru fjárlögin auðvitað ónýtt verkfæri við stjórn efnahagsmála. Ríkisstjórnin hefur með þessari kæruleysislegu umgengni sinni um fjárlögin sýnt að það eigi ekki að nota ríkisfjármálin sem eitt af stýritækjunum í efnahagslífinu sem fyrrverandi forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson lýsti þó meira að segja yfir í ræðu á fundi hjá Seðlabankanum. Það er augljóst að þessari stefnu hefur verið framfylgt fyrr sem nú og það er ekki að sjá að neinar stefnubreytingar séu fyrirhugaðar í þeim efnum. Ekki á að nota fjárlögin sem stýritæki í efnahagslífinu.

Fjárlögin geta auðvitað ekki orðið almennilegt stýritæki ef heimildir velkjast aftur og aftur á milli ára. Fjárlögin eiga að veita skýrt yfirlit yfir hvert ár fyrir sig svo að vel megi vera.

Það er ekki hægt að fara yfir fjáraukalögin öðruvísi en að ræða örlítið um kaupin á hlut sveitarfélaga í Landsvirkjun og hvernig það mál allt hefur komið inn til þingsins. Nú á milli 1. og 2. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2006 kemur ríkisstjórnin til fjárlaganefndar og fer fram á heimild, sem núna er lögð fram af meiri hluta fjárlaganefndar, fyrir 26,9 milljarða kr. lántöku vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Áður en þessi ósk um heimild fyrir 26,9 milljarða kr. lántöku kom til var kominn inn í fjáraukalagafrumvarpið, inn í 6. gr. sem er heimildargrein, liður sem felur í sér heimild ríkisins til að kaupa hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Þetta hljóta að teljast afar sérkennileg vinnubrögð vegna þess að samningurinn um kaupin hefur ekki verið lagður fyrir fjárlaganefnd. Hins vegar hefur heimildaróskin verið lögð fram í þinginu en engin gögn hafa fylgt þrátt fyrir að beðið hafi verið um þau. Það hlýtur að teljast sérkennilegt að það er búið að gera samninginn en ekki búið að veita heimildina fyrir kaupunum. Ósk um heimild fyrir lántökunni út af kaupunum kemur eftir á. Þetta er dálítið — ja, hvað á maður að segja? — þetta eru sérkennileg vinnubrögð svo að vægt sé til orða tekið.

Auðvitað verða menn að fara með svona stóra samninga í gegnum þingið með eðlilegum hætti þannig að ekki skapist deilur um málið í heild sinni. Auðvitað er það algjörlega óháð því hvort það sé pólitískur ágreiningur um kaupin sem

slík. Það er alltaf réttara að samningurinn um kaupin fari rétta leið í gegnum Alþingi áður en lánsheimildir til kaupanna eru afgreiddar í fjáraukalögum. Ég vil líka nefna hvort ekki hefði verið rétt að ræða þetta sem hluta af fjárlögum fyrir árið 2007. Samningurinn á eftir að koma hér til umræðu og heimildin hefur ekki verið fengin. Mig langar í þessu sambandi að tæpa aftur á 6. gr. sem varðar sem sagt heimildarákvæði til ríkisins til að kaupa og selja hina ýmsu þætti. Það er með hreinum ólíkindum hvað þessi grein er ofnotuð af ríkisstjórninni til þess að reyna að lauma risastórum málum bakdyramegin inn í þingið.

Það má samt ekki bara skammast og því vil ég taka fram að fulltrúar meiri hlutans í fjárlaganefnd hafa einmitt líka haft á orði að það þurfi að fara að skoða hvernig þessi 6. gr. er notuð.

Manni hlýtur að blöskra þegar maður horfir upp á það, eins og hér er lagt til í fjáraukalögum með þessu heimildarákvæði, þ.e. 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2006, að þar verði bætt inn heimild til að kaupa hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun — og svo kemur óskin um fjárheimildina upp á 27 milljarða kr.

Annað dæmi vil ég nefna sem stingur í augu og mér finnst ekki eðlilegt. Í fjáraukalagafrumvarpinu er lagt til að heimild verði gefin til þess að leggja hlutafélaginu Matvælarannsóknum til stofnfé. Hvað þýðir þetta? Af hverju koma menn ekki bara með upphæðir inn í fjárlög í staðinn fyrir að koma með þær inn í gegnum fjáraukalög í fjárlög ársins í ár? Það hefði verið miklu eðlilegra að gera það með þeim hætti.

Þegar þessari fjárlagavinnu lýkur vonast ég til þess að það verði góð samstaða í fjárlaganefnd um að taka á því hvað menn beita þessari 6. gr., heimildargreininni, frjálslega til að komast hjá því að taka alvarlega umræðu í fjárlaganefnd.

Hér eru fjölmörg fyrirséð útgjöld í fjáraukalagafrumvarpinu og í breytingartillögum frá meiri hluta fjárlaganefndar sem voru þekkt þegar við afgreiddum fjárlögin fyrir árið 2006. Hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á nokkur þeirra atriða hér áðan. Í þessu frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 er óskað eftir 60 millj. kr. fjárveitingu til Háskólans á Akureyri. Minni hlutinn á Alþingi hefur ítrekað bent á að auka þurfi fjárframlög til háskólastigsins og lögðu fulltrúar minni hlutans fram breytingartillögu um framlög til háskóla í umræðum um og við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006. Ein þeirra tillagna var einmitt hækkun á framlagi til Háskólans á Akureyri um 100 millj. kr. vegna fyrirséðs vanda sem skólinn var kominn í. Ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi felldi þá breytingartillögu. Hv. þm. Birkir J. Jónsson kom hér upp áðan og reyndi að drepa þeirri staðreynd á dreif með því að halda því fram að hér hafi stjórnarandstaðan verið eitthvað tvístruð í því máli. Það er bara alls ekki þannig. Ég er hérna með breytingartillöguna (Gripið fram í.) frá því í fyrra og á henni, virðulegi forseti, eru allir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem sæti eiga í fjárlaganefnd. Hún er lögð fram af hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Helga Hjörvar, Katrínu Júlíusdóttur og Jóni Bjarnasyni. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á það að hér sé málum drepið á dreif með þessum hætti og vera þannig á harðahlaupum frá því að auðvitað átti að taka á þessu máli við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006 en ekki koma síðan með skottið á milli lappanna í fjáraukalögum eins og gert er nú. Mér finnst þetta skýrt dæmi um skipulegar vanáætlanir ríkisstjórnarinnar á mjög mikilvægum fjárlagaliðum.

Annað dæmi sem ég vil nefna, virðulegi forseti, er að í frumvarpinu er einnig óskað eftir 240 millj. kr. hækkun á óskiptan lið framhaldsskóla og núna hefur í breytingartillögum frá meiri hluta fjárlaganefndar verið bætt þar við 10 millj. Þessi upphæð, 250 millj., sem núna er óskað eftir kemur manni bara alls ekki á óvart. Fulltrúar minni hlutans í fjárlaganefnd lögðu til við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006 að þessi liður, Framhaldsskólar, óskipt, yrði hækkaður um 250 millj. kr. Sú tala var ekkert úr lausu lofti gripin vegna þess að það lá fyrir í fjárlögum fyrir árið 2006 að menntamálaráðuneytið vanáætlaði með vitund og vilja nemendafjölda í framhaldsskólum landsins. Þessi vinnubrögð hafa verið algjörlega ólíðandi í gegnum tíðina og þetta er gert ár eftir ár.

Þessa breytingartillögu upp á 250 millj. frá stjórnarandstöðunni felldi ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi en kemur svo með nákvæmlega sömu upphæð inn í fjáraukalögin. Þetta eru auðvitað ekki vinnubrögð, virðulegi forseti. Maður hlýtur að undrast þegar kemur að framlögum til algjörlega fyrirséðra útgjalda — þetta eru bara tvö dæmi — hvað hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutanum hér á Alþingi gengur til þegar skipulega eru vanáætlaðir liðir og síðan er komið með þá inn í fjáraukalög. Við þurfum að fara að fá einhver svör við því.

Virðulegi forseti. Það eru fleiri atriði sem ég vil nefna áður en ég lýk máli mínu. Í tillögu ríkisstjórnarinnar nú við 2. umr. um fjáraukalög 2006 er lögð til hækkun um 200 millj. kr. vegna vaxtabóta. Sú fjárhæð er til komin vegna frumvarps fjármálaráðherra sem liggur fyrir þinginu um hækkun á eignaviðmiði sem liggur til grundvallar útreikningi á vaxtabótunum. Með þessari upphæð er ætlað að bregðast við þeirri miklu hækkun sem orðið hefur á fasteignaverði sem hefur leitt til hækkunar á eignarhlut fasteignareigenda í húsnæði. Mér finnst mjög mikilvægt að benda á í þessu samhengi að hér er ekki nóg gert. Það er mjög mikilvægt að benda á að í sumar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við samkomulag sem varð milli aðila vinnumarkaðarins en í henni var kveðið á um aðgerðir til að bæta launafólki í landinu upp kaupmáttarskerðingu sem það hefur orðið fyrir, m.a. vegna hárrar verðbólgu. Í þeirri yfirlýsingu var lofað úrbótum á vaxtabótakerfinu vegna þeirrar miklu hækkunar á húsnæðisverði sem hafði leitt til mikilla skerðinga á vaxtabótum hjá íslenskum launþegum. Auk þessara miklu skerðinga féllu vaxtabæturnar niður hjá, að því er upplýsingar í fjölmiðlum herma, um 10 þúsund launþegum núna í ár, 10 þúsund launþegar fengu ekki vaxtabætur sem höfðu fengið þær árið áður.

Áætlað var á síðasta ári að óbreytt ástand mundi færa ríkissjóði um 700 millj. kr. í auknar tekjur. Síðan kom í ljós þegar álagningarskrár höfðu verið birtar í sumar að um 300 millj. kr. gengu ekki út, 300 millj. sem áætlaðar voru fyrir þetta ár, og standa því eftir á þessu fjárlagaári óráðstafaðar. Núna er sem sagt gert ráð fyrir því að bætt verði við 200 millj. kr. samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar, (Gripið

fram í.) 200 millj. kr. þannig að heildarfjárhæðin sem á að úthluta til þessara 10 þúsund einstaklinga sem misstu vaxtabæturnar og hinna sem fengu skertar vaxtabætur, sem var líka stór hópur, um 500 millj. kr. Virðulegi forseti. Þarna vantar a.m.k. 200 millj. kr. sé miðað við forsendur ársins í ár.

ASÍ hefur mótmælt þessu vinnulagi ríkisstjórnarinnar harðlega og miðstjórn ASÍ ályktar á fundi 18. október um þetta efni. Við höfum ályktunina líka með í nefndaráliti vegna þess að hún skiptir máli og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa hana. Þetta er stutt og snörp ályktun sem segir allt sem segja þarf. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta.

„Mikil hækkun fasteignaverðs á síðasta ári leiddi til þess að vaxtabætur margra skertust verulega. Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í sumar lofaði ríkisstjórnin að leiðrétta skerðinguna. Jafnframt voru gefin fyrirheit um að haft yrði náið samráð við ASÍ um útfærslu leiðréttinganna.

Nú hefur fjármálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingar á ákvæðum laga um vaxtabætur án samráðs við ASÍ. Frumvarpið, sem er samhljóða tillögum sem ASÍ hafnaði í viðræðum við ríkisstjórn í sumar, tryggir engan veginn leiðréttingu á þeirri skerðingu sem margir urðu fyrir vegna hækkaðs fasteignaverðs. Miðstjórn ASÍ lýsir furðu sinni á þessum vinnubrögðum og krefst þess að ríkisstjórnin standi við gefin loforð."

Virðulegi forseti. Þarna er alveg ljóst að ASÍ telur að verið sé að svíkja samkomulag sem gert var um fullt samráð hvað þessi mál varðaði. Það er mjög alvarlegt, og mikilvægt að taka það upp hér þegar við ræðum þær fjárhæðir sem eiga að fara til þeirra breytinga á vaxtabótunum sem lagðar eru til hér í þinginu. Það er alveg ljóst að fyrir utan þær skerðingar sem fólk hefur orðið fyrir út af breyttu eignaviðmiði heldur ríkisstjórnin enn áfram að skerða vaxtabæturnar. Eftir stendur að ríkisstjórnin hefur, þegar og ef þessar 200 millj. verða samþykktar, skert vaxtabætur frá árinu 2003 um 1,2 milljarða kr. á verðlagi dagsins í dag. Í nefndarálitinu bendir 2. minni hluti fjárlaganefndar á að líklega hafi vaxtabæturnar aldrei frá því að vaxtabótakerfið var tekið upp verið mikilvægari fyrir íslensk heimili en nú þegar há verðbólga leggst á húsnæðislánin í gegnum verðtrygginguna. Það hefur þyngt verulega róður íslenskra heimila. Það er mikilvægt að halda því til haga. Ég nefndi áðan tvo liði sem minni hlutinn hafði lagt fram breytingartillögur við við umræðu um fjárlög fyrir árið 2006 sem síðan líta dagsins ljós hér í tillögum meiri hlutans við fjáraukalögin. Mér finnst mikilvægt að halda því til haga að fulltrúar minni hlutans lögðu til við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006 að vaxtabæturnar yrðu hækkaðar um 600 millj. kr. til að mæta þeirri skerðingu sem var fyrirséð — og menn eru að reyna að bjarga fyrir horn núna með allt of lágum hækkunum á eignaviðmiðinu og í ósamkomulagi við ASÍ. Þetta framlag var bæði ætlað til þess og til þess að hækka aftur og skila þeim til baka með skerðingum sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir á vaxtabótunum á undanförnum árum.

Það er leitt til þess að hugsa og leitt um það að tala að hér er ekki um neitt annað að ræða en svik á svik ofan, svik við heimilin í landinu og svik við launþega í landinu.

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt fleira í þessu frumvarpi sem væri ástæða til að gera athugasemdir við. Þær bíða þó 3. umr. þegar allar breytingartillögur ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar liggja fyrir og heildarmynd verður komin á frumvarpið. Má þar nefna að stór og mikilvægur kafli stendur eftir algjörlega óræddur sem varðar þá liði sem snúa að fjárframlögum til heilbrigðisstofnana. Meiri hluti nefndarinnar hefur ákveðið, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson greindi frá áðan, að geyma þá umræðu í nefndinni þar til eftir þessa 2. umr. og þá fyrir 3. umr. þannig að stórir hlutar eru enn þá óræddir. Ég furða mig samt á því að hér hafi engu að síður verið lagðar fram breytingartillögurnar fyrir 2. umr. af meiri hlutanum. Ég vona þó að við eigum eftir að eiga um frumvarpið gott samstarf, að fara í gegnum heilbrigðisstofnanirnar og öldrunarstofnanir og að þar verði gerð góð bragarbót á.

Virðulegi forseti. Ég vil segja hér í lokin að margoft hefur verið bent á að til þess að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok hvers árs. Á þessu hefur verið mikill brestur og við höfum gagnrýnt það ítrekað og eins og ég kom inn á áðan er mjög tilviljanakennt hvernig og hvort og hvenær þá slíkar upplýsingar eru lagðar fyrir nefndina. Vil ég nefna hér að slíkar upplýsingar ættu auðvitað að vera fylgiskjal með fjárlagafrumvarpi svo að staða allra stofnana liggi fyrir við afgreiðslu þess. Í stað þess að fara tilviljanakennt í leiðréttingar eins og gert er nú á þessi staða auðvitað að liggja fyrir svo að hægt sé að fara heildrænt yfir málin og allar stofnanir sitji við sama borð í þeim efnum og að staða þeirra sé uppi á borðinu þegar menn ræða það mikilvæga frumvarp sem fjárlagafrumvarpið er.

Eftirlitshlutverk fjárlaganefndar er gríðarlega mikilvægt. Framkvæmd þessa eftirlits hefur þó verið lítil sem engin og teljum við það allri fjárlagavinnu Alþingis til mikils vansa. Blekkingarleikur með fjárlög hefur einkennt þá ríkisstjórn sem nú situr og því miður hefur meiri hluti Alþingis ekki viljað efla eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Meðan svo er má búast við heldur marklitlum fjárlögum áfram sem einungis er ætlað að bregða upp óraunhæfum glansmyndum af stöðu ríkissjóðs í staðinn fyrir að birta raunveruleikann eins og hann er og ræða raunveruleikann eins og hann er. Það er alltaf mikilvægt. Það er líka mikilvægt, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, á kosningaári. Þó að það séu að koma kosningar er mjög mikilvægt að alþingismenn sem bera mikla ábyrgð ræði raunveruleikann eins og hann nákvæmlega er og kippi niður glansmyndunum í stað þess að fara í einhvern skrautbúning rétt fyrir kosningar. Það skiptir máli fyrir fólkið í landinu.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og hef greint frá nefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar. Eins og áður sagði eru auk mín á þessu nefndaráliti þeir hv. þm. Einar Már Sigurðarson, Helgi Hjörvar, Guðjón Arnar Kristjánsson og Jón Bjarnason

[15:49]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir fjallaði mikið um þensluna sem er vissulega mikið vandamál í samfélaginu og háa verðbólgu. Það er allt rétt og rétt að minna á að

ríkisstjórnin ákvað á sumarmánuðum að fara í viðamiklar aðhaldsaðgerðir til að koma böndum á verðbólguna. Þá stóð ekki á hv. þingmönnum Samfylkingarinnar að gagnrýna aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem miðuðu að því að halda verðbólgunni í skefjum.

Hv. þingmaður kemur svo og ræðir um að fjárlög hvers árs séu ekki stýritæki. Þau voru einmitt stýritæki hjá ríkisstjórninni sem er farið að bera árangur í dag. Verðbólga er á niðurleið og árangur ríkisstjórnarinnar frá því á sumarmánuðum er sýnilegur. Meðan hv. þingmaður tönnlast á að þenslan sé mikil í samfélaginu þá er nefndarálitið sem hv. þingmaður kynnti fjarri því að vera í anda þess sem hv. þingmaður talaði fyrir í ræðustól. Hv. þingmaður minntist á að ekki væri nóg að gert í hinum og þessum málaflokkum. Hún boðaði að stjórnarandstaðan mundi koma með stórfelld útgjöld til viðbótar í mörgum málaflokkum.

Hin hagfræðilega spurning er hvort þær aðgerðir stjórnarandstöðunnar muni verða til að slá á þensluna. Nei, þvert á móti. Stjórnarandstaðan kemur með óábyrgar tillögur rétt eina ferðina. Ég hef ekki trú á að stjórnarandstaðan muni koma sér saman um sameiginlegar tillögur. Í fyrra var stjórnarandstaðan, eins og ég benti á, með þrjár ólíkar stefnur í fjárlagagerðinni. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að bera annað á borð þótt hún geti hugsanlega fundið eitt eða tvö mál sem (Forseti hringir.) stjórnarandstaðan gat staðið saman að.

[15:51]

**Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir merkilegt ef hv. þm. Birkir J. Jónsson, sem jafnframt er formaður fjárlaganefndar, trúir því að ríkisstjórnin hafi notað fjárlögin sem stýritæki í efnahagslífinu þegar staðreyndin er, eins og ég fór ítarlega yfir í ræðu minni, að 68% fjárlagaliða eru of- eða vanáætlaðir um 4% og þrír fjórðu hlutar meira að segja of- eða vanáætlaðir um 10%. Hvernig geta þá fjárlögin verið stýritæki í efnahagslífinu?

Í öðru lagi. Hvernig geta fjárlögin verið stýritæki í efnahagslífinu þegar það er staðreynd, eins og við sjáum í fjáraukalögum, að tekjurnar aukast um meira en 13% og gjöldin um 6%. Hvernig geta slík fjárlög verið stýritæki í efnahagslífinu?

Virðulegi forseti. Það verður að taka á umgengninni við fjárlög ríkisins. Fyrr en það hefur verið gert geta þau ekki orðið sá rammi sem þau eiga að vera um fjárreiður ríkissjóðs. Enn þá flæða of miklir peningar á milli ára. Að nefna frestun á nokkrum framkvæmdum, virðulegi forseti, það vita allir að það varð aldrei raunveruleg frestun á þessum framkvæmdum. Ég trúi því ekki að hv. þm. Birkir Jón Jónsson trúi því raunverulega að svo hafi verið og að það hafi skipt máli.

[15:53]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin gerði margar tillögur um að koma böndum á þensluna. Eitt var að fresta framkvæmdum, sem hafði tilætluð áhrif. Annað var að breyta reglum varðandi Íbúðalánasjóð sem hafði áhrif á húsnæðismarkaðinn á þeim tíma. Þær tillögur sem ríkisstjórnin gerði í sumar hafa því vissulega skilað árangri.

Hæstv. forseti. Ég vil fara aðeins yfir það þegar hv. þingmaður leggur að jöfnu hvort ríkisstofnanir eru yfir 4% af fjárheimildum eða innan við 4% af fjárheimildum. Það er allt annað mál þegar forstöðumenn ríkisstofnana sýna aðhald í rekstri og safna í sjóði til að mæta óvæntum áföllum í rekstri stofnana sinna. Það er ekki hægt að bera það saman þegar menn keyra umfram fjárlög eða eiga inneignir. Ef Samfylkingin vill þann hvata í kerfinu að forstöðumenn ríkisstofnana eigi alltaf að eyða öllu því fjármagni sem er úthlutað á fjárlögum viðkomandi árs þá er Samfylkingin á villigötum.

Síðan vil ég að lokum, hæstv. forseti, af því að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir nefndi Háskólann á Akureyri, hafa það á hreinu — hún þarf ekki að minna mig á um hvað málefni Háskólans á Akureyri snerust í síðustu fjárlagagerð — að ég afgreiddi fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2006 með þeim fyrirvara að meiri framlög þyrfti til Háskólans á Akureyri. Þá stóð yfir vinna í ráðuneytum, vegna þess að í Borgum eru fleiri en ein stofnun, við að skoða hvað það mundi kosta að leysa þennan vanda og hvaða áhrif það hefði á einstakar stofnanir í Borgum á Akureyri. (Gripið fram í.) Ég er sáttur við að komið var til móts við háskólann hvað (Gripið fram í.) varðaði húsaleiguna og nemendaígildi. Hins vegar þurfum við að fara mjög nákvæmlega ofan í fjármál skólans vegna ársins 2007. Sú vinna er í gangi í fjárlagagerðinni.

[15:55]

**Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson gerir að umtalsefni að við skulum taka með í þær tölur um of- og vanáætlanir þá sem eru ofáætlaðir, þ.e. þá sem ekki klára þá fjármuni sem þeir hafa heimild fyrir.

Vissulega á að umbuna þeim stofnunum sem eru réttu megin við núllið. Engu að síður er það þannig að ef margar stofnanir í samfélaginu safna miklum sjóðum og koma síðan út í hagkerfið með þá á svipuðum tíma þá kann það ekki góðri lukku að stýra, virðulegi forseti. Það er hluti af því að hafa fjárlögin og nota þau sem stýritæki í efnahagslífinu. Það verður að hafa yfirsýn yfir þessa hluti líka. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að farið sé yfir það hver einustu áramót hvort nauðsynlegt sé að viðkomandi stofnun hafi þá sjóði árið eftir. Þetta skiptir máli ef við ætlum að nota fjárlög sem stýritæki í efnahagslífinu. Það gengur ekki að við missum sjónar á því og síðan komi fjármunirnir inn í hagkerfið með stuttu millibili. Auðvitað hefur það áhrif á þensluna líka. Um það erum við að tala þegar við gagnrýnum þetta.

Hv. þingmaður hefur greinilega, samkvæmt ræðu hans, ekki skilið þá gagnrýni Ríkisendurskoðunar sem fjallaði einmitt um þetta. Stjórnarandstaðan er ekki ein um að gagnrýna þessar van- og ofáætlanir heldur hefur Ríkisendurskoðun gert það líka og rökstutt vandlega. Það kom fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar í sumar sem ég fór yfir í ræðu minni.

Virðulegi forseti. Auðvitað er það fagnaðarefni að hv.

þingmaður sýni málefnum Háskólans á Akureyri áhuga (Forseti hringir.) en betra hefði verið, í staðinn fyrir (Forseti hringir.) að samþykkja það með fyrirvara, (Forseti hringir.) að hann hefði samþykkt tillögur okkar (Forseti hringir.) um hækkun á framlögum til skólans.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég bið hv. þingmenn að virða ræðutíma.)

[15:58]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Maður er orðinn ýmsu vanur þegar kemur að Samfylkingunni, umræðum hennar um fjármál ríkisins og efnahagsmál almennt. Það er svo sem kunnara en frá þurfi að segja að einstakir talsmenn flokksins tala oft út og suður, sumir tala fyrir auknum ríkisútgjöldum og aðrir fyrir því að aðhalds sé gætt í rekstri ríkissjóðs og hann notaður sem stýritæki í efnahagslegu tilliti.

Það ber hins vegar óvenjuvel í veiði þegar það gerist á einum og sama fundinum á Alþingi að sami þingmaður Samfylkingar tali fyrir báðum sjónarmiðum. Ég verð að hæla hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur alveg sérstaklega fyrir að hefja mál sitt á að tala fyrir því að fjáraukalagafrumvarpið sé ákaflega dýrt og líklega það dýrasta í Íslandssögunni en telja síðan upp útgjaldatillögur sem hún telur að fari betur á að samþykkja í meðförum málsins í þinginu.

Er hv. þingmaður stuðningsmaður þeirra tillagna til útgjaldaauka sem gerðar eru í breytingartillögum 1. minni hluta í fjárlaganefnd eða telur hún að betur fari á því að menn haldi sig við upphaflegt fjáraukalagafrumvarp? Hvort vill hv. þingmaður, aukin ríkisútgjöld eða að nýta fjárlögin sem efnahagslegt stjórntæki? Hvernig stendur á því að það er hægt í sömu ræðunni að gagnrýna t.d. hv. formann fjárlaganefndar fyrir að gæta ekki nægilega mikið að hagsmunum Háskólans á Akureyri en tala síðan um að algjör lausung ríki í ríkisfjármálunum, að verið sé að setja peninga út og suður? Hvernig er þetta hægt í einni og sömu ræðunni? (**Gripið fram í:** Nú liggurðu í því, maður.)

[15:59]

**Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir)** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hefur greinilega ekki hlustað á ræðu mína. Það sem ég var að tala um og fór yfir í ítarlegu máli er umgengni þingsins og ríkisstjórnarmeirihlutans um lög um fjárreiður ríkisins. Ég nefndi dæmi framlög til Háskólans á Akureyri og um óskipta liði framhaldsskólanna, nefndi það sem dæmi. Það eru tillögur frá ríkisstjórninni sem eru að koma inn á borð okkar í fjáraukalögum. Þær breytingar voru fyrirséðar við gerð fjárlaga fyrir árið 2006.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga öll fyrirséð útgjöld að koma inn í fjárlög fyrir viðkomandi ár. Þau á ekki að færa skipulega inn á fjáraukalög, vegna skipulegra vanáætlana á útgjöldum eins og þarna er tilvikið. Hv. þingmaður hefur ekki hlustað vel á ræðu mína vegna þess að um þetta fjallaði ég. Meðan menn nota ekki fjárlögin eins og á að nota þau og fara ekki að fjárreiðulögum þá geta fjárlögin ekki orðið sá skýri rammi sem þau eiga að vera utan um fjárreiður ríkisins. Á meðan menn vanáætla nemendafjölda í framhaldsskóla skipulega, það var eitt dæmið sem ég tók, og geyma þau framlög fram að fjáraukalögum að hausti geta fjárlögin ekki verið það stýritæki sem þau eiga að vera. Um þetta, virðulegi forseti, snerist ræða mín.

[16:02]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það vildi svo til að ég hlýddi á ræðu hv. þingmanns og tel mig hafa tekið ágætlega eftir. Hún var efnislega samhljóða mörgu af því sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur sagt í framsögu minni hluta fjárlaganefndar á síðustu árum. Ég þekki það ágætlega vegna þess að ég starfaði hér sem þingfréttamaður og man vel eftir þeirri miklu áherslu sem hann lagði á þetta mál. Ég tel að þetta sé í rauninni einkenni á formalisma og engu öðru.

Það sem ég nefndi í ræðu minni var að í einni og sömu ræðunni eru þingmenn Samfylkingarinnar annars vegar að tala fyrir auknum ríkisútgjöldum og hins vegar að aðhalds sé gætt. Það er dæmigert fyrir málflutning Samfylkingarinnar, í fyrsta lagi að koma ekki með breytingartillögur í 2. umr. í málinu, sem er þó aðalumræðan bæði þegar rædd eru fjárlög og fjáraukalög.

Í öðru lagi er megináherslan alltaf lögð á formsatriði. Samfylkingin er hvorki með eða á móti tilteknum málum og hún hefði viljað fara aðra leið. Aðferðafræðin er ekki rétt, formið er ekki rétt, ekki rétt staðið að ákvörðuninni, en það er aldrei hægt að fá það upp úr Samfylkingunni hvort hún er með tilteknu máli eða á móti. Þess vegna tekst þingmönnum Samfylkingarinnar í einu og sama málinu að tala fyrir auknum ríkisútgjöldum en gagnrýna þau um leið.

[16:03]

**Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir)** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þegar maður situr í virðulegri nefnd eins og fjárlaganefnd skyldi maður ætla að slík nefnd fari að fjárreiðulögum. Þess vegna þurfum við að ræða það og það er það sem við erum að ræða hér undir þessum lið, um fjáraukalög.

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kallar eftir breytingartillögum frá Samfylkingunni. Ég get eiginlega ekki orða bundist yfir þeirri kröfu hv. þingmanns (Gripið fram í.) vegna þess að þau fjárlög sem núna liggja fyrir eru fjárlög ríkisstjórnarinnar. Þetta eru ekki fjárlög Samfylkingarinnar. (Gripið fram í.) Fjárlög Samfylkingarinnar hefðu frá upphafi litið allt öðruvísi út. Samfylkingin hefur (Gripið fram í.) aldrei komið með breytingartillögur við fjáraukalagafrumvarp vegna þess að þessi fjáraukalög eru viðbót ríkisstjórnarinnar við sitt eigið fjárlagafrumvarp. Það er frumvarp sem við hefðum frá grunni gert og haft með allt öðrum hætti en staðreyndin er í dag. En það er fráleitt að krefjast þess að við förum að elta uppi tillögur ríkisstjórnarinnar, eina og eina og segja hvort við séum þeim meðmælt eða mótmælt þegar við erum á heildina litið ekki hlynnt stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eða við stjórn ríkisfjármála og þá hvorki útgjöldum né tekjum í einu og öllu. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Við skulum horfa á afleiðingar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Hverjar eru afleiðingarnar?

Þær eru að við búum (Gripið fram í.) við hæstu verðbólgu (Gripið fram í.) sem við höfum séð árum saman. Við erum með hæstu vexti í heimi, (Gripið fram í.) við erum með viðskiptahalla sem hefur aldrei verið svona hár og er sá hæsti innan OECD-ríkjanna og það væri forvitnilegt að sjá hvort það er ekki heimsmet líka. Ríkisstjórnin er því að slá hvert heimsmetið á fætur öðru í mistökum við stjórn efnahagsmála. (Gripið fram í.)

[16:05]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hefur mælt fyrir minnihlutaáliti fjárlaganefndar við 2. umr. fjáraukalaga og vísa ég til framsögu hennar hvað það varðar.

Hitt er kannski rétt í upphafi, frú forseti, að vekja athygli bæði þingheims og annarra á innkomu nokkurra framsóknarmanna og þingmanna hér inn í umræðuna þar sem verið er að ræða fjáraukalög til 2. umr. því þeir virðast rugla þessu saman og þetta sé einhver málfundur í framsóknarfélagi í Reykjavíkurkjördæmi suður eða norður. (**HBl:** Ekki ertu að líkja Alþingi við Framsóknarflokkinn?) Nei, ég verð að biðja að það verði aldrei svo, það er alveg hárrétt athugasemd hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, megi það aldrei verða svo að við förum að upplifa hér að einstakir þingmenn Framsóknarflokksins fari að reyna að gera þetta að slíkri málstofu. (**HBl:** Það væri nú nær að lesa upp ljóð eftir Jón Arason en að horfa í stefnuskrá Framsóknarflokksins.) Alveg hárrétt innskot hjá hv. þm. Halldóri Blöndal og mæli hann manna heilastur, það væri nær.

Þó ætla ég að gera aðeins undantekningu á. (**Gripið fram í:** ... ala upp ...) Já. (Forseti hringir.) ... svona smá*uppeldishlutverk því ég held* að þetta sé ekki til bóta og ég held að (Forseti hringir.) þeir hv. þingmenn sem hafa verið að ræða af hálfu Framsóknarflokksins, (Gripið fram í.) þeim sé rétt —

(**Forseti** (ÞBack)**:** Hæstv. forseti óskar eftir því að hv. þingmenn gefi ræðumanni frið til þess að halda sína ræðu.)

Frú forseti. Ég kvarta ekki undan því að þurfa svara frammíköllum nokkurra þingmanna Framsóknarflokksins, en hitt er alveg hárrétt athugasemd að það á ekki að breyta þessu í einhvers konar málfund í einhverju framsóknarfélagi, það er alveg hárrétt.

Nú er það svo, bara svona örstutt til leiðbeiningar, að við erum að fjalla um fjáraukalög við 2. umr. Við höfum nokkuð sem heitir lög um fjárreiður ríkisins, sem ég vil biðja hv. þingmenn eins og hv. þm. Björn Inga Hrafnsson að lesa áður en hann kemur hingað inn með ábendingar um vinnulag annars vegar af hálfu fjárlaganefndar og hins vegar þingsins í meðferð fjáraukalaga. Lög um fjárreiður ríkisins kveða mjög skýrt á um hvernig fjárlög eru undirbúin og síðan fjáraukalög. Í lögum um fjárreiður ríkisins og einmitt hvað lýtur að fjárlagagerðinni er kveðið á um að hér skuli lagt fram frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár, lagt fram af ráðherra eða ríkisstjórn. Síðan fer það til fjárlaganefndar til meðferðar og úrvinnslu, hún skilar því til 2. umr. og það er þá aftur rætt hér og síðan er því aftur skilað til nefndar og síðan til 3. umr. og afgreitt sem lög.

Í fjárlögum á að taka til og kveða á um hver skuli vera fjárútgjöld til hinna einstöku stofnana og einstöku verkefna á næsta ári. Þar ber að fara eftir því bæði sem sannast og réttast er og einnig koma þar fram hinar pólitísku áherslur stjórnarflokkanna í fjárlögunum, hvernig skuli varið fjármagni til einstakra málaflokka. Um það er deilt á Alþingi og þar eru ólík sjónarmið flokka, t.d. í velferðarmálum, t.d. í málefnum elli- og örorkulífeyrisþega, í menntamálum o.s.frv., um þetta er deilt. Ríkisstjórnin í krafti meiri hluta síns á Alþingi keyrir samt fram sína stefnu. Minni hlutinn leggur fram sínar tillögur og ábendingar og kemur athugasemdum og ábendingum á framfæri líka til fjárlaganefndar en á Alþingi hefur raunin verið sú undanfarið að tillögur minni hlutans hafa verið felldar. Þetta er afgreiðslan á fjárlögum.

Síðan koma lögin um meðferð fjáraukalaga og þar gildir allt annað um og því ætla ég að koma hér að hvert hlutverk fjáraukalaga er.

Í lögum um fjárreiður ríkisins stendur í 43. gr., með leyfi forseta:

„Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir.“

Í 44. gr. stendur:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.“

Fjáraukalög eru einungis til að taka á þegar koma upp ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða einhver ný löggjöf sem krefur á um breytingar í þeim efnum. Það er skýrt kveðið á um það.

Ríkisendurskoðun hefur einmitt lagt mjög ríka áherslu á þennan þátt í athugasemdum sínum við vinnu ríkisstjórnarmeirihlutans sem nú situr, að hann hafi ekki virt eða farið á svig við þessar lagagreinar með þeim hætti að koma sér hjá því að samþykkja eða ganga frá eðlilegum og nauðsynlegum fjárheimildum, sem allir vissu um, á fjárlögum, en dragi það svo í land á fjáraukalögum.

Fjáraukalög sem við erum nú að samþykkja og komu fyrir þingið í byrjun september eru fjáraukalög fyrir árið 2006 og lúta einungis að þeim fjárheimildum sem má beita á því ári. Árið er að verða liðið. Þess vegna eru þau vinnubrögð ríkisstjórnarinnar gagnrýnd af okkur í minni hluta fjárlaganefndar og hér á Alþingi, að koma sér hjá því að leggja nauðsynlegt fjármagn til á fjárlögum en koma svo með skottið á milli fótanna, eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir orðaði það svo vel, með vandræðin sem eru orðin uppsöfnuð og verður ekki undan vikist í fjáraukalögum. Þetta heitir að fara á svig við lögin.

Ekki er eðlilegt að koma með breytingartillögur við fjáraukalagafrumvarp á síðasta mánuðinum nema eitthvað af þeim tilvikum sem ég nefndi áðan, ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf kveði á um skyndilega afgreiðslu hvað það varðar. Ekki hefði staðið á minni hlutanum ef slík hefði verið ástæðan. En minni hlutinn fer aldrei að taka þátt í að fara á svig við lögin um fjárreiður ríkisins og koma með tillögur á fjáraukalögum sem eiga fyrst og fremst heima á fjárlögum, voru fyrirséðar og væri þá nær að taka tillit til við gerð fjárlaga á næsta ári.

Þegar menn taka þátt í þessari umræðu er mjög mikil-

vægt að menn geri það á efnislegum forsendum. Okkur getur greint á um pólitískar forsendur ýmissa mála en þetta er ekki málfundur, svo einfalt er það. Ég bið hv. þingmenn að hafa það í huga í sjálfu sér. Ekki er verið að víkjast undan því að takast hart á á pólitískum og efnislegum forsendum en menn verða þá að vita hvað er á dagskrá og það eru lögin um fjárreiður ríkisins og hvernig þau eru í framkvæmd í fjáraukalögum við 2. umr.

Ég hef einmitt flutt tillögur hér á Alþingi um að það mætti breyta þessu þannig að þetta væri öruggara. Alþingi ber jú ábyrgð á öllum greiðslum sem fara fram af hálfu ríkisvaldsins og ég hef því gagnrýnt þegar ríkisstjórnir eða einstakir ráðherrar gera skuldbindingar á árinu um greiðslur úr ríkissjóði sem ekki eru fjárheimildir fyrir og síðan koma þær inn á fjáraukalögum í árslok. Þetta er að fara á svig við lögin. Alþingi getur samþykkt á þingtímanum ýmis lög sem krefjast útgjalda og þá ber lögum samkvæmt að afgreiða um leið fjáraukalög hvað það varðar, vegna þess að enga greiðslu má inna af hendi úr ríkissjóði án þess að fyrir því sé samþykkt á fjárlögum.

Ég hef því, frú forseti, ítrekað lagt til að Alþingi sé skylt, ef nauðsyn ber til, að afgreiða fjáraukalög oftar, að afgreiða fjáraukalög t.d. að vori þegar Alþingi lýkur, fara þá yfir þær breytingar sem gætu hafa orðið, bæði hvað lög varðar og einnig hvað varðar breytingar í forsendum fjárlaga þannig að Alþingi þurfi að taka til þess og þá eigi að ganga frá fjáraukalögum að vori sem taka á þeim breytingum og síðan komi þá fjáraukalög aftur að hausti varðandi þær breytingar sem þá hafa orðið. En númer eitt í þessu sambandi eru ábyrg vinnubrögð af hálfu fjárlaganefndar og Alþingis við gerð fjárlaganna á hverjum tíma og það er það sem hér hefur skort á.

Eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir minntist á þá fluttum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins breytingartillögur við fjárlagagerð í fyrra sem laut að framhaldsskólanum, að Landspítala – háskólasjúkrahúsi, að Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og að rekstri og uppbyggingu elli- og hjúkrunarheimila. Þessar tillögur fluttum við allar við fjárlagaafgreiðsluna fyrir ári síðan. Þá voru þær felldar af meiri hlutanum hér á Alþingi. Það lá alveg ljóst fyrir að þessar upphæðir yrðu að koma inn, það var enginn vilji til þess að skera niður þjónustu á móti.

Nú koma inn upphæðir í fjáraukalögum sem hver og einn vissi að yrðu að koma inn ef ekki átti að koma til mikilla vandræða. Svona á ekki að beita fjárlagavinnunni, svona á ekki að beita lögunum um fjárreiður ríkisins. Fjárlögin eiga að spegla hina nauðsynlegu þörf og verkefni eins og þau eru á hverjum tíma — nema að tekin sé pólitísk ákvörðun um annað. Þessari meðferð á fjárlögum sem hefur viðgengist hér af meiri hluta ríkisstjórnarinnar hefur verið í mörgu mjög ábótavant, þar sem meira hefur verið hugsað um að láta fjárlögin hafa einhverja fallega ímynd meðan verið er að samþykkja þau og síðan dregið í land á fjáraukalögum haustið eftir og þá með orðskrúði eins og hv. formaður fjárlaganefndar Birkir Jón Jónsson viðhafði hér áðan um hluti sem var vitað fyrir ári síðan að yrðu að koma inn.

Þetta var bara örstutt um það, frú forseti, á hvaða forsendum fjáraukalög og frumvarp til fjáraukalaga eru í rauninni rædd hérna í þinginu.

Ef litið er á helstu atriði sem fjárlaganefnd hefur verið að fjalla um gerði ég athugasemdir bæði í upphafi umræðunnar í dag og einnig í gær um vinnu fjárlaganefndar hvað varðaði fjáraukalagafrumvarpið eins og það kemur nú fram.

Síðastliðinn föstudag kom bréf inn til fjárlaganefndar frá fjármálaráðuneytinu, dagsett 10. nóvember, og í því stendur, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðuneytið fer þess á leit við Alþingi að í 2. umr. um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 verði gerðar eftirfarandi breytingar á sjóðsstreymi og lánsfjármálum ríkissjóðs árið 2006.“

Þar er farið fram á að í 3. gr. frumvarpsins verði gerðar eftirfarandi breytingar:

„að í stað orðanna „allt að 26,4 milljörðum kr.“ komi allt að 140,3 milljörðum kr. Í öðru lagi að í stað orðanna 45 milljarða kr. við 3. tölulið komi „allt að 50 milljarða kr., sem sagt hækkun um 5 milljarða.“

Þarna var verið að koma með breytingu inn í fjárlaganefnd upp á nærri 120 milljarða kr. á fjáraukalagafrumvarpinu. Þetta var ekkert kynnt í dagskrá og þegar ég innti eftir því í fjárlaganefnd hvaða forsendur lægju að baki þessum tölum og hvaða röksemdir væru fyrir þeim þá var heldur fátt um svör, og þegar ég bað um gögn sem væru á bak við tölurnar voru þau ekki heldur fyrir hendi. Ég fór svo fram á að afgreiðslu á þessu máli, þessu bréfi yrði frestað og að nefndin ynni þetta betur.

Hérna er t.d. verið að biðja um lánsfjárábyrgð, ábyrgð á lántöku á allt að einum milljarði evra eða sem nemur 87 milljörðum kr. miðað við gengið um þessar mundir. Lánið væri tekið í þeim tilgangi að styrkja gjaldeyrisstöðu Seðlabanka Íslands. Jú, þetta er vafalaust hið þarfasta mál því að okkur er öllum ljóst að efnahagskerfi landsins er mjög viðkvæmt og þar má ekkert út af bera til þess að þar fari ýmislegt á flot og ég kem að því betur síðar.

Hefði nú ekki verið rétt að fjárlaganefnd hefði fengið greinargerð frá ríkisstjórninni eða frá Seðlabankanum inn í nefndina og rætt um þær efnahagslegu forsendur sem hér var verið að reyna að taka á með því að heimila Seðlabankanum að taka lán upp á 87 milljarða kr.? Hefði ekki verið ágætt að hafa umræðu um þetta?

Annað sem í þessum tölum er líka fólgið er heimild upp á 26,9 milljarða kr. lántöku vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhlut sveitarfélaga í Landsvirkjun.

Svo stendur hér:

„Kaupverðið er samtals 30,3 milljarðar kr. Kaupverðið greiðist annars vegar með 26,9 milljarða kr. skuldabréfi til 28 ára sem er með jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti og hins vegar það sem á vantar með 3,4 milljörðum kr. greitt í reiðufé.“

Þetta er í sjálfu sér ekkert smámál sem hér er á ferðinni. Hér er í rauninni verið að staðfesta eða verið að leita staðfestingar á kaupum ríkissjóðs á Landsvirkjun. Eina heimildin sem að öðru leyti er fyrir kaupum á Landsvirkjun er heimildarákvæði í frumvarpi til fjáraukalaga, þar inni er heimild þar sem segir í heimildargrein að heimilt sé að kaupa hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Er nú ekki verið að fara svolítið aftan að hlutunum að koma inn með þessum hætti? Ég gagnrýndi þetta. Ég vildi fá upplýsingar um hvað ríkissjóður væri að kaupa þarna. Hvert er verðmætið, hver mat verð Landsvirkjunar? Hvar liggur þessi kaupsamningur fyrir? Það er alveg ljóst að það er pólitískur ágreiningur um kaup á Landsvirkjun. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum því andvíg að ríkið sé að kaupa Landsvirkjun út með þessum hætti, það er augljóst að þetta er liður í einkavæðingarferli á Landsvirkjun og raforkugeiranum, það hefur legið fyrir um nokkurn tíma. Við höfum heyrt stefnu Sjálfstæðisflokksins varðandi orkufyrirtækin, hún er alveg klár. Það á að einkavæða og selja Landsvirkjun og önnur opinber orkufyrirtæki.

Við höfum líka heyrt það frá Framsóknarflokknum að slíkt gæti staðið til. Þeir segja reyndar að það eigi ekki að vera núna. Er þá rétt að kaup á Landsvirkjun séu tekin inn með þessum hætti? Það eru til sérstök lög um Landsvirkjun, sérlög frá 1983. Í þeim er kveðið á um eignarhluta hinna ýmsu aðila sem eiga í Landsvirkjun og hún starfar og er til samkvæmt þeim. Ef það á að breyta þessu væri þá ekki rétt að inn kæmi lagafrumvarp og við ræddum hina lögformlegu hlið hér á Alþingi, áður en komið er með beiðnir um peninga til þess að borga hana? Er ekki verið að fara nokkuð rangt að? Jú, mér finnst það.

Þess vegna mótmælti ég þessum vinnubrögðum í fjárlaganefnd, að verið væri að leggja til að kaupa eitt stykki Landsvirkjun, málið afgreitt á tíu mínútum út úr nefnd og ekki komið fram neitt lagafrumvarp um að breyta eigi lögunum, mér finnst þetta vera hálfgerð lögleysa, frú forseti. Fyrir utan það að kannski væri rétt, áður en lengra er haldið, að hafa umræðu um þessa stefnu ríkisstjórnarinnar, einkavæðingarferilinn sem nú er hleypt í gang, kaupum ríkisins á Landsvirkjun af sveitarfélögunum Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Í beinu framhaldi af þessu hefur iðnaðarráðherra lýst því yfir að það eigi að leggja Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins eða Rarik hf. inn í þetta sama fyrirtæki. Allt þetta á bara að gera á einhverjum heimildarákvæðum.

Það er vanvirða við þingið að láta mál koma inn með þessum hætti og þó að pólitískur ágreiningur sé um þetta mál þá eigum við samt að láta það fara þingræðislega og lýðræðislega í gegnum Alþingi. Eða óttast menn, óttast ríkisstjórnarmeirihlutinn að taka þá pólitísku umræðu?

Í þessu bréfi frá ríkisstjórninni sem kom inn til fjárlaganefndar og var afgreitt þar út á örfáum mínútum án þess að nokkur gögn fylgi, stendur líka, með leyfi forseta:

„Hins vegar er hlutafélag Eignarhluti ehf.“ — að þarf að setja fjármagn inn í hann — „um eignarhald og umsýslu eignarhluta ríkisins í félögum og fyrirtækjum sem félaginu er falið að fara með og ráðgert er að leggja til félagsins lítinn hlut í Landsvirkjun.“

Hér er meira að segja verið að tala um að leggja fjármagn til hlutafélags sem á að yfirtaka hluti ríkisins í Landsvirkjun og kannski líka í Orkubúi Vestfjarða og Rarik. Eru menn ekki komnir býsna langt fram úr sér hér? Við höfum ekki enn tekið pólitíska umræðu um hvort það eigi að gera þetta. Ég veit a.m.k. að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru á móti frekari einkavæðingu í orkugeiranum, við erum á móti því að Landsvirkjun sé tekin svona upp og verið að búa hana út til að setja hana á markað. Við erum á móti því að Orkubú Vestfjarða sé bara sett inn í púkk Landsvirkjunar til þess að bæta eiginfjárstöðu hennar annars vegar og til þess að taka — ja, þar fara t.d. orkunýtingarréttindi Orkubús Vestfjarða — ef þetta gengur fram — þeim er steypt inn í Landsvirkjun, sömuleiðis er Rarik steypt inn í Landsvirkjun. Er þarna verið að tryggja hag neytenda? Er verið að tryggja að samkeppni í raforkumarkaðnum komi neytendum til góða? Nei. Ef þetta gengur fram er verið að keyra þessi þrjú ríkisfyrirtæki saman í eitt til að þægilegra síðan sé að einkavæða þau og selja. Það sér hver maður.

Af hverju tökum við þessa pólitísku umræðu ekki fyrst á Alþingi áður en hér er lagt til á fjáraukalögum hvernig skuli borga þessa hluti sem hér eru til umræðu? Ég mótmælti svona vinnubrögðum. Ég mótmælti svona gerræðislegum vinnubrögðum sem ríkisstjórnin er farin að beita bæði fjárlaganefnd og Alþingi, þ.e. að þetta eigi bara að fara í gegn umræðulaust og án þess að gögn fylgi. Áður en við afgreiðum þetta við 2. umr. vil ég fá gögn á bak við þessar upphæðir sem hér er verið að krefjast til að leggja inn í þetta púkk. Ég vil fá pólitíska umræðu um þetta. Er það vilji Alþingis að setja orkuverin öll, Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rarik, í einkavæðingarferli ríkisstjórnarinnar sem hún núna keyrir á? Hún á bara nokkra mánuði eftir. Af hverju á núna á síðustu mánuðum líftíma hennar að taka fleiri almannaþjónustufyrirtæki og setja þau á einkavæðingar- og markaðsvæðingarvagninn? Væri ekki nær að hún staldraði við og sæi að minnsta kosti til hvort hún fengi umboð til áframhaldandi einkavæðingar eftir næstu alþingiskosningar? Ég held að þjóðin sé búin að fá nóg af einkavæðingu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í almannaþjónustunni. Síminn, fjarskiptakerfið um allt land, er í uppnámi. Það átti aldrei að selja Símann. Þáverandi ráðherra gaf hátíðlega yfirlýsingu um það þegar hann var hlutafélagavæddur. En um leið var sett í gang söluferli Símans. Þannig fór um þau orð ráðherra. Eftir að almannaþjónustufyrirtækin eru komin á einkavæðingarvagninn er fátt sem stöðvar hann.

Svo hér að lokum í þessu bréfi er farið fram á 5 milljarða kr. heimild fyrir ríkisábyrgð á lántökum Landsvirkjunar vegna uppgjörs á ófyrirséðum kostnaði við aðalverktaka Kárahnjúkavirkjunar. Bíðum nú við. Er ekki eðlilegt að fjárlaganefnd fái einhverjar skýringar? Er ekki eðlilegt að Alþingi fái einhverjar skýringar á því hvers vegna allt í einu þurfi að veita heimild fyrir 5 milljörðum vegna Kárahnjúkavirkjunar? Ég leyfi mér að spyrja, frú forseti: Bíðum við, hvað eru komnar miklar ábyrgðir af hálfu ríkisins gagnvart Kárahnjúkavirkjun? Væri ekki ágætt að fá það upplýst hversu mikið er nú þegar komið af slíkum ábyrgðum áður en við förum hér bara að veita umræðulaust nánast viðbótarábyrgðir vegna Kárahnjúkavirkjunar?

Væri ekki líka eðlilegt að spyrja og ég spyr: Er þetta þá nóg? Hver er þessi staða með Kárahnjúkavirkjun úr því að núna þarf bara á örfáum mínútum að keyra inn í þingið beiðni um 5 milljarða vegna Kárahnjúkavirkjunar, vegna umframkostnaðar við Kárahnjúkavirkjun? Er þetta þá nóg? Hver er staðan? Er ekki eðlilegt að við séum upplýst um það hverjar séu ábyrgðir Landsvirkjunar, hverjar séu

ábyrgðir ríkissjóðs, hverjar séu ábyrgðir Reykjavíkurborgar og hverjar séu ábyrgðir Akureyrarbæjar vegna Kárahnjúkavirkjunar? Eigum við ekki að fá það upplýst áður en við förum að afgreiða 5 milljarða? Við köllum forstjóra sjúkrahúsa eða skóla á fund fjárlaganefndar ef farið hefur verið umfram 1–3 milljónir. Þá köllum við þá inn og spyrjum: „Hvað, geturðu ekki stjórnað stofnuninni þinni?“ Og það vegna þeirrar ástæðu að ríkissjóður hefur látið hann hafa of litla peninga miðað við þau umsvif sem honum hafa verið falin. En þá köllum við hann fyrir. En þegar 5 milljarðar vegna viðbótarkostnaðar við Kárahnjúkavirkjun koma þá á bara að þegja það fram hjá.

Ég krefst þess hér að gerð verði nákvæm grein fyrir hver kostnaður við Kárahnjúkavirkjun sé orðinn, hverjar séu ábyrgðir ríkisins vegna Kárahnjúkavirkjunar og hvað sé enn ókomið inn af ábyrgðum og kostnaði sem mun geta fallið á ríkissjóð vegna Kárahnjúkavirkjunar. Það er alveg eðlilegt að þessar upplýsingar komi óháð því hvort við séum pólitískt með eða á móti þessari virkjun sem var náttúrlega fullkomið glapræði frá byrjun. En það er númer eitt að við höldum hér eðlilegu skikki og séum ekki að fela eða forðast að upplýsa hér um forsendur þess að hér sé beðið um 5 milljarða kr. vegna ófyrirséðs kostnaðar við Kárahnjúkavirkjun. Er það eitthvert feimnismál? Hvort sem svo er eða ekki þá eiga þær upplýsingar að vera hér inni. Ég krefst þess að þessi staða varðandi Kárahnjúkavirkjun, varðandi ábyrgðir ríkissjóðs og kostnað við hana komi inn í þingið áður en þetta er afgreitt. Þetta er jú hin efnislega umræða um fjáraukalögin, þ.e. 2. umræða, og þess vegna mikilvægt að það komi hér inn.

Frú forseti. Svo er nú ýmislegt annað. Ég minntist á það áðan í ræðu minni að verið er að fara fram á nærri 90 milljarða kr. framlag til þess að styrkja gjaldeyrisstöðu Seðlabankans og það er vel trúlegt að það sé nauðsynlegt. Það er vel trúlegt að það sé nauðsynlegt. En ég hefði talið eðlilegt að við ræddum það og það væri rætt hér hvers vegna það sé nauðsynlegt og hvort það sé nóg. Ég er með hér útskrift úr Morgunblaðinu 10. nóvember þar sem vitnað er í skýrslu eftirlits- og fjármálamatsfyrirtækisins Fitch. Fyrirsögnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ísland skuldar mest allra landa sem Fitch metur.“

Svo stendur, með leyfi forseta, að enn sé nokkuð langt í að jafnvægi náist í íslenska hagkerfinu, að mati matsfyrirtækisins Fitch Ratings. Stjórnvöld takist enn á við mikla heildareftirspurn og styrkingu krónunnar að nýju vegna skammtímainnflæðis á fjármagni vegna vaxtamunar við útlönd.

Síðan segir að einkaneysla og fjárfesting hafi orðið mun meiri en ráð var fyrir gert. Og það eru ekki fjárfestingar ríkisins beint heldur eru það fjárfestingar fyrirtækja sem heyra undir ríkið eða opinbera aðila, fjárfestingar á vegum Landsvirkjunar, fjárfestingar á vegum Orkuveitu Reykjavíkur, opinberra aðila sem hér er verið einmitt að tala um að hafi verið miklu meiri en æskilegt væri, þ.e. stóriðjuframkvæmdirnar. Þarna er verið að vitna til þeirra.

Síðan segir í þessari grein í Morgunblaðinu um efnahagsástandið:

„Í matinu viðurkennir Fitch að hrein erlend skuldahlutföll séu lægri þegar tekið sé mið af hraðri eignamyndun erlendis en bendir á að þar sem skuldir námu 357% af erlendum tekjum þjóðarbúsins árið 2005 sé Ísland skuldugast af öllum löndum sem Fitch meti til lánshæfis.

„Þessi þrönga staða ...“ (**GÓJ:** Hvað sögðu þeir um bankana?) Ég get komið að því. Ég kem að því á eftir af því að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur áhuga á því.

En svo segir í þessari grein, með leyfi forseta:

„Þessi þrönga staða ásamt miklu ójafnvægi í hagkerfinu gerir landið berskjaldað fyrir ytri áföllum svo sem hækkun vaxta erlendis og/eða skyndilegum breytingum á viðhorfum fjárfesta. Slík framvinda og líkleg viðbrögð við þeim gæti valdið mun dýpri kreppu en því skammvinna samdráttarskeiði sem fylgdi í kjölfar svipaðrar fjárfestingaruppsveiflu á seinni hluta tíunda áratugarins með óhagstæðum afleiðingum fyrir heimili, fyrirtæki og banka sem eru mun skuldsettari nú en áður var.“

Það er alveg hárrétt að skýrslan kemur inn á að vel heppnuð endurfjármögnun bankanna hafi eytt vissri óvissu Hins vegar er jafnframt bent á hve stór hluti fjármálakerfis bankanna sé orðinn af því heildarfjármagni sem er í gangi á vegum íslenska þjóðarbúsins, (Gripið fram í.) sem þýðir það líka að þá eru þeir enn þá viðkvæmari fyrir sveiflum á þeim vettvangi. Þeir vara einmitt við þessari stöðu. Ef hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur lesið þessa skýrslu þá veit hann að þeir vara einmitt við því hversu ástandið getur verið veikt. (**GÓJ:** Er ekki lausnin að reka þá úr landi?)

Í Morgunblaðinu 3. nóvember síðastliðinn er vitnað í Davíð Oddsson seðlabankastjóra og meira að segja hann varar við mikilli undirliggjandi þenslu og ójafnvægi í íslensku atvinnulífi.

Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það léttir hins vegar ekki þeirri skyldu“ — þ.e. þó að ýmislegt hafi gengið vel — „af stjórnvöldum að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að draga úr ójafnvægi í þjóðarbúskapnum.“

Það á ekki að gera lítið úr þessum viðvörunum. Þess vegna er verið að leggja til hér að tekin verði um 90 milljarða kr. sérstök fjárveiting til þess að styrkja gjaldeyrisstöðu Seðlabankans, einmitt til þess að styrkja stöðu efnahagskerfisins, ekki síst gagnvart útlöndum.

Mér finnst fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna skauta óvenjulétt og af ábyrgðarleysi yfir þessa skuldastöðu og ójafnvægi í þjóðarbúinu. Þó að ríkissjóður sjálfur standi nokkuð vel þá er það náttúrlega bara ein sneið af allri þjóðarkökunni þannig að þegar upp er staðið snýst málið um fjárhagsstöðu þjóðarbúsins og heimilanna. Það er til dæmis áhyggjuefni, frú forseti, að í lok síðasta árs voru skuldir heimilanna 1.082 milljarðar (**Gripið fram í:** En eignir?) og höfðu aukist úr 813 milljörðum um mitt ár 2004. (**Gripið fram í:** En eignirnar?) Ef litið er til skulda heimilanna sem hlutfalls af landsframleiðslu þá jukust þær úr 89% í júní 2004 í 1.003% sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2005.

Vissulega hafa nokkrar eignir aukist þarna á móti. (**Gripið fram í:** Jæja?) Engu að síður, í góðu búi, reynum við að styrkja eignastöðu okkar frekar en að gera hana veikari (**Gripið fram í:** Og bæta reksturinn.) og bæta reksturinn og geta borgað af skuldunum. Ég held að í þeirri stöðu sem við nú erum í með þessum gríðarlega háu vöxtum — stýrivextir eru upp á 14% — með verðbólgu upp á á milli

7–8%, eins og hún virðist ætla að verða yfir þetta ár þrátt fyrir spá um annað, og háum vöxtum á öllum lánum, þá er alveg ljóst að fjárhagur heimilanna er settur á ystu nöf til að geta staðið í skilum. Það vita allir.

Bara aðeins til þess að átta sig á þessari alvarlegu stöðu vil ég ítreka að áðan vitnaði ég í matsfyrirtækið Fitch sem sá ástæðu til þess að breyta mati sínu á horfum um lánshæfi ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar.

*Sérfræðingar Fitch benda á að erlendar skuldir þjóðarbúsins muni hækka í 360% af vergri landsframleiðslu á árinu, sem er meira en þreföld skuldastaða þjóðarbúsins á árinu 2000. Skuldir nema nú 357% af erlendum tekjum þjóðarbúsins og er Ísland því skuldugast af öllum löndum sem Fitch metur til lánshæfis.*

Hér hefur orðið gríðarleg skuldaaukning á skömmum tíma en árið 2000 stóðu erlendar skuldir þjóðarbúsins í 100% af vergri landsframleiðslu. Skuldir þjóðarbúsins hafa því ríflega þrefaldast miðað við verga landsframleiðslu sem þó hefur aukist mikið á tímabilinu. Greinendur Fitch meta þetta þannig, eins og ég sagði áðan, að þessi þrönga staða ásamt ójafnvægi í hagkerfinu geri landið berskjaldað fyrir ytri áföllum. Erlend staða þjóðarbúsins er nú neikvæð sem nemur þrettánföldum útflutningstekjum og hefur hríðversnað á skömmum tíma eins og þeir leggja áherslu á í skýrslunni. Á árinu 2000 hefði þurft fjórfaldar útflutningstekjur til að greiða upp neikvæða erlenda stöðu og um mitt síðasta ár um það bil sjöfaldar. Það skal því engan undra að erlendir lánadrottnar og matsstofnanir líti málið alvarlegum augum. Það er annað en ríkisstjórnarmeirihlutinn hér gerir.

Það hefði því verið fullkomlega eðlilegt að verða við kröfu minni um að við færum í gegnum forsendur, ástæður og stöðu ríkisbúskaparins, þegar verið er að reyna að treysta gjaldeyrisstöðu Seðlabankans um 90 milljarða, í stað þess að fjárlaganefnd afgreiði hana á tíu mínútum til þingsins nánast umræðulaust. Þetta eru ekki ábyrg vinnubrögð. Það er mjög mikilvægt að við áttum okkur á því hver staðan er og hvernig við getum saman tekið á því máli.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram þingmál sem lýtur einmitt að því og heitir Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Við gerum okkur grein fyrir að þrátt fyrir mikla peninga í umferð, þrátt fyrir að margir telji sig hafa það gott, þá stendur efnahagslífið mjög veikum fótum. Það hefur verið nefnt í því sambandi ógnarjafnvægi í efnahagsmálum.

Ég tel eitt brýnasta málið að taka á þessu. Við höfum lagt fram okkar tillögur, í fyrsta lagi mikilvægi þess að verðbólgan nái sem fyrst niður fyrir viðmiðunarmörk Seðlabankans, sem eru um 2,5%, í öðru lagi að stöðugleiki haldist á vinnumarkaði og kaupmáttur launa verði varðveittur.

Þegar forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss kom á fund fjárlaganefndar og lýsti fjárhagsstöðunni og við hvað þar væri að glíma, og hv. formaður fjárlaganefndar, Birkir Jón Jónsson, gerði að umtalsefni hér, þá gat formaðurinn þess ekki hvað forstjórinn lagði mesta áherslu á. Hann sagði að að óbreyttu ástandi yrði mönnunarvandinn mesta vandamál sjúkrahússins. Hvaðan er sá vandi kominn? Hann hefur legið fyrir. (**Gripið fram í:** Eru hjúkrunarfræðingarnir á Kárahnjúkum?) Frá 2003 hefur ríkt gríðarlega mikil þensla hér á landi í kjölfar stóriðjuframkvæmdanna sem settar voru í gang þá. Já, Guðjón Ólafur Jónsson, hv. þm. Framsóknarflokksins, hristir höfuðið, enda er stóriðja og áliðja nánast eins og trú fyrir Framsóknarflokknum. Stóriðjuframkvæmdirnar fyrir austan og síðan hér á Grundartanga, framkvæmdir á vegum Orkuveitu Reykjavíkur í virkjunum, er náttúrlega það sem hleypt hefur þessari miklu þenslu af stað. Það vita allir. Á það benti fyrrverandi seðlabankastjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, á sínum tíma. Þetta hefur legið fyrir. Fyrir utan náttúrlega skattalækkanir á hátekjufólkið sem hefur verið þessari ríkisstjórn einstaklega hugleikið.

Það er þessi stefna sem nú er að setja atvinnulífið í mikinn vanda. Erlent vinnuafl er jú sótt í mikilli þenslu en því ekki eru einu sinni búin viðhlítandi kjör, hvorki félagsleg launakjör né almenn mannsæmandi kjör hvað varðar aðgengi að íslensku samfélagi, en jafnframt er algjör skortur á fólki, sérstaklega í umönnunarstörfum. Tökum Landspítalann, elliheimilin, hjúkrunarheimilin, leikskólana. Hvað var í fréttum í gær? Leikskólastjórar ná ekki að manna sína leikskóla vegna skorts á fólki.

Þess vegna leggjum við til að stöðva þessa þenslu, bæði með tilliti til þeirra efnahagslegu áhrifa sem hún hefur og ég greindi hér frá, að Ísland er orðið skuldugasta land í heimi, og einnig til að koma á jafnvægi svo aðrar atvinnugreinar fái að njóta sín og fái eðlilegt starfsumhverfi. Því að auðvitað hafa ruðningsáhrif þessara stóriðjuframkvæmda komið hart niður á öðrum atvinnugreinum.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum að gefin verði út yfirlýsing nú þegar af ríkisstjórninni um að stöðvaðar verði frekari stóriðjuframkvæmdir og undirbúningur undir frekari stóriðjuframkvæmdir. Eins og nú er er allt á fullu við undirbúning að nýju álveri við Húsavík, allt á fullu við undirbúning að stækkun álversins í Straumsvík, allt á fullu við undirbúning á álveri við Helguvík, allt á fullu við að stækka og meira að segja hefur stækkunum verið flýtt á álverinu við Grundartanga og nú í dag ræddum við um möguleika á álveri í Þorlákshöfn.

Mun þessi umræða eða sú vinna sem þarna er í gangi auka á stöðugleikann í efnahagsmálum? Nei. Þess vegna verður nú þegar að stöðva frekari áform um stóriðjuframkvæmdir. Það gerist kannski ekki nema skipt verði um ríkisstjórn því að Framsóknarflokkurinn hefur þetta sem sitt aðalmál. Allir eru sammála um að þetta verði að gera til að koma aftur á jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Það er þetta sem mér finnst einna brýnast. Það er þetta sem ég hefði viljað ræða í fjárlaganefnd þegar verið er að fara fram á lán upp á einn milljarð króna til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans í ljósi þessa ógnarjafnvægis eða gríðarlegu áhættu sem íslenskt efnahagslíf hefur fundið fyrir og ég hefði viljað ræða betur.

Frú forseti. Það hefði verið hægt að koma hér með fleiri atriði. Hv. formaður fjárlaganefndar hefur boðað að ákveðnir þættir sem lúta að fjáraukalögunum, eins og heilbrigðisstofnanirnar, skólarnir og fleiri stofnanir sem við vitum að eiga í miklum fjárhagslegum vanda í ár vegna rangra fjárlaga sem samþykkt voru fyrir ári síðan, verði skoðaðir milli 2. og 3. umr. og ég fagna því. Betra er seint en aldrei við að koma til móts við brýnan og alvarlegan rekstrar-

vanda þessara stofnana og reyndar fleiri sem þarf að taka á.

Ég ítreka það, frú forseti, að mér finnast þessi vinnubrögð af hálfu fjárlaganefndar og meiri hlutans á Alþingis að ætla að keyra í gegn umræðu og afgreiðslu á heimild til að kaupa Landsvirkjun, á heimildum til að slá saman Landsvirkjun, Orkubúi Vestfjarða og Rarik í eitt fyrirtæki, fara í gegnum svona heimildagreinar án þess að taka efnislega og pólitíska umræðu á Alþingi um það, vera mikill yfirgangur og alls ekki í takt við lýðræðisleg vinnubrögð, óháð þeirri pólitísku skoðun sem við höfum. Ég ítreka einnig að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur alla tíð varað við markaðsvæðingu raforkukerfisins. Sú markaðsvæðing og einkavæðing sem nú er komin í gang hefur ekki skilað landsmönnum rafmagni á lægra verði eða öruggari afhendingu. Þær aðgerðir sem núna er verið að fara í með einkavæðingu, með því að setja Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rarik á einkavæðingarvagninn, eru að mínu mati alveg örugglega ekki í þágu landsmanna og væri mikilvægt að við tækjum þá umræðu áður en farið er út í að láta málið fara hér í gegn með þessum hætti.

Svo ítreka ég aftur spurningar mínar um það hvernig vera megi að hér sé bara í einni og hálfri línu komið inn heimild fyrir ríkisábyrgð upp á 5 milljarða kr. vegna uppgjörs á ófyrirséðum kostnaði til aðalverktaka Kárahnjúkavirkjunar. Ættum við ekki að fá allar upplýsingar um það í raun hvernig staða þess máls er áður en við förum að samþykkja gagnalaust 5 milljarða kr. viðbót vegna umframkostnaðar við Kárahnjúkavirkjun? Óháð því þótt um hana sé pólitískur ágreiningur verður slíkt að vera efnislega unnið. Hvað liggur á bak við 5 milljarða kr. viðbót vegna umframkostnaðar á Kárahnjúkavirkjun? Er það nóg? Hverjar eru heildarábyrgðirnar? Mér finnst frumskilyrði að þetta komi fram hér áður en við ljúkum 2. umr., frú forseti.

[16:56]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var lengi talað en lítið sagt. Eru það nokkur vonbrigði vegna þess að hér talaði fjármálaráðherraefni stjórnarandstöðuflokkanna. Hv. þingmaður bar sig einkum aumlega undan málflutningi hv. þingmanna Framsóknarflokksins og það var nú líklega það eina sem stóð upp úr í ræðunni.

Ég sé það hér á dagskrá fundarins, hæstv. forseti, að 11. liður á dagskránni er þingsályktunartillaga sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram, um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að þetta er ekkert grín þó að menn gætu freistast til að halda það.

Því miður er það auðvitað svo í þessu máli eins og öllum öðrum að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru að minnsta kosti 12 árum of seinir, vegna þess að hér hefur ríkt stöðugleiki í efnahagsmálum undanfarin þrjú kjörtímabil þó að það hafi farið fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Stóriðjustopp er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Síðan kom hv. þm. Ögmundur Jónasson fram í fjölmiðlum og lýsti því yfir að reka ætti bankana úr landi. Atvinnugrein sem er orðin stærri en sjávarútvegurinn. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann taki undir þær hugmyndir hv. þm. Ögmundur Jónassonar.

[16:58]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má vel vera að framsóknarmönnum þyki hæfa að gefa ræðumanni einhverja einkunn. Það er eins og gert er á málfundum. Ég veit að menn gefa einkunnir á málfundum í hinum ýmsu framsóknarfélögum.

Það er alveg ljóst að það er pólitískur ágreiningur á milli Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Framsóknarflokksins í efnahagsmálum. Það hefur legið fyrir í mörg ár. Ég þarf hins vegar ekkert að vitna til eigin orða þegar verið er að tala um mikið ójafnvægi í hagkerfinu og að það sé berskjaldað fyrir ytri áföllum. Það er búið að leggja áherslu á þetta undanfarin ár.

Ég vakti athygli hv. þingmanns á skuldastöðu þjóðarbúsins. Finnst hv. þingmanni hún allt í lagi? Það er þá meira. Ég get lesið hér aftur texta bæði núverandi seðlabankastjóra og fyrrverandi seðlabankastjóra, ég get lesið hér aftur texta alþjóðlega matsfyrirtækisins, sem allir vöruðu við því mikla ójafnvægi sem væri í íslensku efnahagslífi, vöruðu við því hversu tæpt það gæti staðið fyrir ytri áföllum. Það er því miður kannski sérstaklega Framsóknarflokkurinn sem ekki viðurkennir þetta eða sér og stingur höfðinu í sandinn hvað það varðar.

Varðandi spurningu hv. þingmanns um afstöðu til íslensku bankanna þá vöruðum við við einkavæðingu bankanna á sínum tíma og að verið væri að afhenda eignir ríkisins með óeðlilegum hætti. Það er alveg rétt. Við vildum einn sterkan þjóðarbanka. Ég held að það kæmi kannski Framsóknarflokknum síst að fara að rifja það upp með hvaða hætti Búnaðarbankinn var afhentur S-hópnum á sínum tíma.

Hins vegar krefjumst við þess að (Forseti hringir.) bankamenn sem aðrir axli með eðlilegum hætti samfélagslega ábyrgð í (Forseti hringir.) þjóðfélaginu. Ég vona að bankamenn geri það líka.

[17:00]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason er að þessu sinni óvenjuviðkvæmur fyrir gagnrýni á ræður hans. Hins vegar komst hann fimlega hjá því að svara spurningum mínum. Það liggur nefnilega fyrir að hv. þm. Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri grænna, hefur lýst því yfir að bankarnir mættu fara úr landi hans vegna, atvinnugrein sem skilar tugum milljarða í skatta í þjóðarbúið þannig að við getum sinnt velferðarmálum.

Axla bankarnir ekki samfélagslega ábyrgð sína með þeim hætti, með skattgreiðslum í ríkissjóð? Þetta eru fyrirtæki sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ætla að flytja úr landi. Það verður fróðlegt að sjá þegar þingsályktunartillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika — jafnhlægilegt og það heiti er — kemur til umræðu, hvort hv. þingmaður og aðrir í flokki hans ætla að fylgja eftir þeim hugmyndum þingflokksformanns Vinstri grænna.

Ég spyr hv. þingmann öðru sinni og ég skal vera mjög skýr og vænti þess að fá skýr svör frá hv. þingmanni: Styður hv. þingmaður Jón Bjarnason þá hugmynd þingflokksformanns Vinstri grænna að senda bankana úr landi?

[17:02]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er makalaust hvernig hv. þingmenn Framsóknarflokksins, sérstaklega hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, gera sér far um að fara með rangt mál og rangtúlkanir. Það er fullkomlega rangt að Ögmundur Jónasson hafi haldið þessu fram. Hins vegar benti hann á hið gríðarlega launabil og þann tekjumun sem myndast hefur í landinu. Við horfum m.a. upp á hvernig eigendur þessara banka hafa offjár í tekjur. Við höfum krafist þess að þeir horfi til samfélagslegrar ábyrgðar hvað varðar að skapa sér tekjur. Hann benti á það í því sambandi sem hv. þingmaður er að vitna til hve mikilvægt væri að hafa þá hér og að þeir fengju að vaxa sem eðlilegur þáttur í íslensku samfélagi og öxluðu ábyrgð, einnig bankastjórarnir og eigendur bankanna.

Hins vegar verður maður að velta því fyrir sér hvort hv. þingmaður vildi ekki, úr því að honum er annt um bankana, láta kanna með hvaða hætti þetta var á sínum tíma (**GÓJ:** Ætlarðu ekki að svara spurningunni?) þegar formaður Framsóknarflokksins afhenti flokksfélögum sínum Búnaðarbankann. Hvað ætli þeir hafi grætt á því? Væri ekki rétt að kanna hve mikla fjármuni hann hafði af þjóðinni í gegnum það? Það hafa margir dregið það í efa að þar hafi verið rétt að staðið. Hv. þingmaður ætti að horfa til þess.

En hitt verð ég áfram fyrir miklum vonbrigðum með, að hv. þingmaður virðist ekki gera sér grein fyrir því að efnahagslegur óstöðugleiki steðjar að íslensku þjóðinni. Það er alvarlegt og við eigum að taka saman höndum um að berjast gegn honum.

[17:05]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að tilgangur þessa snarpa og skemmtilega umræðuforms í þinginu væri að þingmenn gætu skipst á skoðunum og svarað spurningum hver annars. Hv. þm. Jón Bjarnason leyfir sér í tvígang að koma upp í ræðupúlt Alþingis án þess að svara spurningum hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar.

Hæstv. forseti. Við erum við 2. umr. um fjáraukalög ársins 2006, aðalumræðu þessara fjáraukalaga. Hér hefur engin tillaga komið fram frá stjórnarandstöðunni við fjáraukalagafrumvarpið. Það er algert ábyrgðarleysi hvernig stjórnarandstaðan umgengst fjáraukalög ársins 2006. Ef við setjum þetta í ákveðið samhengi þá er það rétt sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur sagt hér og ég vorkenni öðrum stjórnarandstöðuflokkum að þurfa að eiga samneyti við þingflokk Vinstri grænna. Sá flokkur er á móti og hefur verið á móti nær öllum framförum í íslensku samfélagi á síðustu árum.

Þeir hafa verið á móti markaðsvæðingu bankanna. Þeir hafa verið á móti stóriðjustefnunni og öflugri uppbyggingu á Austurlandi. Þeir hafa verið á móti sjávarútvegsstefnunni. En hvað segja alþjóðleg matsfyrirtæki um þann árangur sem íslensk stjórnvöld hafa náð á umliðnum árum? Jú, þau rekja árangurinn til þessara þriggja atriða. Vinstri grænir hafa verið á móti þessu öllu. Þeir koma svo upp með ábyrgðarlaust tal um að auka eigi framlög til menntamála, heilbrigðismála og félagsmála en leggja ekki fram neina trúverðuga stefnu í atvinnumálum. Þau ummæli sem höfð voru eftir hv. þm. Ögmundi Jónassyni um íslensku bankana um daginn eru óábyrg, rétt eins og ummæli margra Vinstri grænna um Kárahnjúkavirkjun, sem kölluðu á hundruð milljarða kr. í skaðabætur. Þessi flokkur er mjög óábyrgur í sínu tali.

[17:07]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi, varðandi bankana, er óeðlilegt að menn draga inn ummæli eða eitthvað sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur skrifað á heimasíðu sinni og hefur ekki síðan þá getað rætt það í þinginu. En það er ljóst sem kemur fram í hans máli og ég skal líka árétta það, að það er af og frá að við viljum að bankarnir fari úr landi. Síður en svo. Við viljum efla þessar stofnanir. En þær verða líka að vinna á heilbrigðum grundvelli alveg eins og aðrar stofnanir. Það skal bara vera alveg klárt. Vöxtur íslensks fjármálakerfis og tekjumöguleikar af því eru í sjálfu sér gott mál.

Varðandi hitt atriðið hjá hv. þingmanni þá virði ég það að hann er nýr í starfi sem formaður fjárlaganefndar. En ég að tel mikilvægt að hann átti sig á því hvert er almennt hlutverk fjáraukalaga. Ég hef lagt fram tillögur um að fjáraukalagafrumvarp verði unnið oftar á árinu þannig að Alþingi samþykki útgjöldin áður en þau eru reidd af hendi. Með þessu frumvarpi er Alþingi að samþykkja það sem búið er að ákveða og greiða út nú þegar. Hefur hv. þingmaður gert sér grein fyrir því? (**BJJ:** Já.) Já, það er gott. Það er hlutverk fjáraukalaga sem slíkra.

Hins vegar vinnum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eins og aðrir í minni hlutanum. Við viljum vinna ábyrg fjárlög, sem skortir mikið á hjá meiri hlutanum og þar með töldum hv. þm. Birki J. Jónssyni, því að fjárlögin voru á þeirra ábyrgð. Það er miður. En það er samt ekki afsökun fyrir því að hv. þingmaður átti sig ekki á því til hvers (Forseti hringir.) fjáraukalög eru.

[17:09]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður þarf ekki að fræða mig um í hverju fjáraukalög ársins 2006 eru fólgin. Hins vegar er mjög athyglisvert að stjórnarandstaðan hefur engar tillögur lagt fram til úrbóta á stöðu einstakra stofnana á árinu 2006. Ætla hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að sannfæra mig eða almenning í landinu um að málum sé þannig fyrir komið að ýmis óhjákvæmileg atvik á árinu hafi leitt til þess að við þurfum að bregðast við stöðu einstakra stofnana? Heldur hv. stjórnarandstaða að hún geti komið og gagnrýnt og gagnrýnt, með yfirboð í öllum málaflokkum, án þess að setja neitt niður á blað um málið? Það er svo óábyrgt sem mest getur verið.

Ég held að við verðum að fagna þeirri yfirlýsingu hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að hann vilji efla íslenskt fjármála-

líf, fjármálakerfi og bankana. Öðruvísi mér áður brá. Hvað lagði ríkisstjórnin til á sínum tíma til þess að bæta starfsumhverfi þessara fyrirtækja? Jú, að lækka tekjuskatt þessara fyrirtækja. Vinstri grænir voru algerlega á móti því og trúlega væri málum þannig komið að þessi fyrirtæki væru farin úr landi, eins og mér finnst stundum skína í gegn hjá hv. þingmönnum þess flokks að þeim fyndist allt eins gott, að þessir stóru bankar borguðu ekki tugi milljarða inn í íslenskt samfélag og hagkerfi.

Ég minni á, hæstv. forseti, að við erum að afgreiða fjárlög ársins 2005 og 2006 með 160 milljarða í afgang. Íslenskur ríkissjóður er að verða nær skuldlaus og þannig getum við bætt hag almennings í landinu. Við getum stutt við mennta-, heilbrigðis- og félagsstofnanir í samfélaginu. Það gerum við ekki nema við fáum innkomu í ríkissjóð og auknar tekjur en Vinstri grænir hafa engar tillögur í því samhengi.

[17:11]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Bara til leiðréttingar þá eru þetta ekki réttar tölur hjá hv. þingmanni um tekjuafganginn á fjárlögum á þessu ári. Hann verður líklega nær 50 milljörðum en ekki því sem hv. þingmaður nefndi. En þetta á allt eftir að koma í ljós.

Aftur síðan varðandi hlutverk ... (**BJJ:** Ég var að tala um 2005 og 2006.) Við erum að ræða um árið 2006, já. En þetta eru fjáraukalög og ég vona, í ljósi orða hv. þingmanns, að hann verði samvinnufúsari við minni hlutann um að afgreiða góð fjárlög fyrir næsta ár, sönn fjárlög en ekki eins og síðast þegar tillögur frá minni hlutanum voru felldar, varðandi sjúkrahúsin, varðandi skólana og það síðan leiðrétt á fjáraukalögum, sem er ekki hin lagalega rétta leið.

Ég hef hins vegar áhyggjur af því að formanni fjárlaganefndar skuli finnast allt í lagi að taka inn við efnisumræðu fjáraukalaga t.d. 5 milljarða kr. heimild fyrir ríkisábyrgð eða lántöku Landsvirkjunar vegna ófyrirséðs kostnaðar aðalverktaka Kárahnjúkavirkjunar, án þess að kalla eftir neinum gögnum á bak við þá upphæð, án þess að kalla eftir upplýsingum um hve háar ríkisábyrgðirnar eru gagnvart Kárahnjúkavirkjun. (Gripið fram í.) Það skiptir ekki máli hvort menn eru með eða á móti virkjuninni. Er ekki eðlilegt að þessi gögn séu til staðar þegar afgreiða á til viðbótar 5 milljarða kr. vegna umframkostnaðar Kárahnjúkavirkjunar? Er það nóg? Getur hv. þingmaður svarað því? Nei, ég efast um að hann geti það.

Mér finnst að þegar jafnumfangsmikil mál koma inn í þingið, sem ég geri mér grein fyrir að verður að gerast, þá eigi að liggja fyrir fullnægjandi gögn og upplýsingar um stöðu þeirra mála sem um er fjallað. Það gerum við um einstaka sjúkrahús og einstaka skóla eins og hv. þingmaður veit, þar sem um miklu lægri upphæðir er að ræða. (Forseti hringir.) Ég krefst skýringa á 5 milljörðum vegna Kárahnjúkavirkjunar áður en við afgreiðum frumvarpið.

[17:14]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér fjáraukalögin og mér fannst rétt áðan koma fram ákaflega merkileg yfirlýsing frá formanni fjárlaganefndar, hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, því hann sagði eitthvað á þá leið að hann saknaði — eða ég gat ekki skilið það öðruvísi — tillagna frá stjórnarandstöðunni (Gripið fram í.) sem væri hægt að taka til efnislegrar afgreiðslu og taka afstöðu til. Ég held ég vilji í upphafi máls míns, hæstv. forseti, beina einni spurningu til hv. þingmanns, formanns fjárlaganefndar, sem hann getur þá svarað á eftir. Hún er þessi: Stendur til að samþykkja eitthvað sem við í stjórnarandstöðu leggjum fram við afgreiðslu fjárlaga? Stendur það til? Hefur orðið stefnubreyting í meiri hluta fjárlaganefndar, ríkisstjórnarmeirihlutanum, að því er varðar afgreiðslu fjárlaga?

Ég segi þetta að gefnu tilefni, hæstv. forseti, vegna þess að reynslan á undanförnum árum er sú að tillögur stjórnarandstöðunnar til breytinga á fjárlögum — og skal ég fara betur yfir það í ræðu minni á eftir um einstök atriði — hafa varla þótt svaraverðar af forustumönnum í fjárlaganefnd, formönnum fjárlaganefndar, hingað til. Ég vona að orðin sé breyting með nýjum formanni að því er þetta varðar og fagna því að hann skuli sakna þess að við skulum ekki hafa komið fram með tillögur í fjáraukanum.

Kannski er rétt að rekja það, hæstv. forseti, að það kann nú að vera vegna þess að stjórnarandstaðan á undafönum árum hefur lagt sig fram um að vera með breytingartillögurnar í fjárlögunum sjálfum við afgreiðslu fjárlaga hvers árs og lagt til breytingar til að reyna að ná þar fram lagfæringum. Yfir það hefur svolítið verið farið í umræðunni og ég mun að sjálfsögðu gera það á eftir, hæstv. forseti, að víkja að atriðum í þá veru.

Hæstv. forseti. Það er nokkurn veginn orðin viðtekin venja við afgreiðslu á fjáraukalögum að taka ýmis útgjöld inn í fjáraukalögin sem eftir góðri stjórnsýslu ættu að vera í fjárlögum næsta árs, vegna þess að margt sem nú er tekið inn í fjáraukann var fyrirsjáanlegt við afgreiðslu fjárlaga þessa árs í desember síðastliðnum. Eins og venja er hjá ríkisstjórninni og ég gat um áðan hefur það verið vinnuregla síðustu 15 ár, a.m.k. af þeim sem ég hef fylgst nokkuð vel með í pólitík þó að ég hafi ekki verið á þingi allan þann tíma, að fjármálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins, sem flutt hafa tillögur ríkisstjórnarinnar, hafa nánast gefið út um það dagskipun að tillögur stjórnarandstöðunnar skyldu felldar og þannig hefur reyndin verið. Ég held að orða megi þetta þannig, hæstv. forseti, að algjört ráðherraræði sé varðandi afgreiðslu fjárlaga. Það eru ákaflega fáar tillögur sem mig rekur minni til að stjórnarandstaðan hafi komið hér í gegn af þeim tillögum sem hún hefur flutt inn í þingsali, hvort sem það hafa verið flokkar stjórnarandstöðunnar sameiginlega eða einstakir stjórnarandstöðuflokkar.

Við í stjórnarandstöðunni bentum á marga þætti fjárlaga fyrir þetta ár, árið 2006, við afgreiðslu þeirra sem ekki gætu dugað til þess rekstrar sem vilji var til að veita af hendi ríkisins, þ.e. þess rekstrar sem landsmenn vænta og ríkið vildi veita og reyndar var að stefnt, bæði með orðum hæstv. fjármálaráðherra þegar mælt var fyrir fjárlögunum og eins í samþykktum fjárlögum ársins.

Í nefndaráliti 2. minni hluta segir svo, með leyfi forseta, um lausung í umgengni við fjárreiður ríkisins, og leyfi ég mér að vitna í nefndarálitið:

„Í fjáraukalögum fyrir árið 2006 birtist enn og aftur sú

lausung sem ríkisstjórnin hefur tamið sér í umgengni við lög um fjárreiður ríkisins. Lögð eru til útgjöld sem ekki eiga heima í fjáraukalögum samkvæmt fjárreiðulögum. Í lögum um fjárreiður ríkisins er skýrt kveðið á um tilgang fjáraukalaga. Þar segir í 44. gr.: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.“ Í frumvarpinu nú eru fjölmargir liðir sem alls ekki falla undir þessa grein fjárreiðulaganna og ættu betur heima í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 sem nú liggur fyrir Alþingi. Því miður er það svo að í fjáraukalagafrumvörpum undangenginna ára og nú í ár eru verkefni sem ekki ættu að vera þar. Sem dæmi má nefna að í nokkrum tilfellum er verið að bæta uppsafnaðan rekstrarvanda hjá stofnunum ríkisins sem með réttu ættu að koma inn á fjárlög næsta árs ef rétt væri að málum staðið. Er það afar tilviljanakennt hvaða stofnanir fá slíkar leiðréttingar á fjáraukalögum á hverjum tíma. Þetta vinnulag verður að laga svo að það sama gildi fyrir allar stofnanir ríkisins og einnig svo að hægt sé að taka heildstætt á málum stofnana sem búa við viðvarandi rekstrarvanda. Fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárlaganefnd hafa samþykkt þessar tillögur ríkisstjórnarinnar inn til 2. umr. sem sýnir að enn ætla þeir að samþykkja þessi slælegu vinnubrögð og þessa kæruleysislegu umgengni við lög um fjárreiður ríkisins. 2. minni hluti gagnrýnir þessi vinnubrögð harðlega eins og undangengin ár.“

Þetta var tilvitnun í nefndarálit stjórnarandstöðunnar við 2. umr. um fjáraukalögin.

Hæstv. forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að ég skyldi taka nokkur dæmi um mál sem við hefðum flutt um ákveðnar tillögur, t.d. fyrir þetta fjárlagaár. Vona ég að hv. þingmenn Framsóknarflokksins sem hér hafa spurt um ákveðnar tillögur frá stjórnarandstöðunni átti sig á því að þær hafa verið fluttar.

Í fyrsta lagi vil ég minna á að við fjárlögin á síðasta hausti, í desember, flutti stjórnarandstaðan tillögu um að veita þyrfti 100 millj. kr. í viðbót til að tryggja eðlilegan rekstur Háskólans á Akureyri fyrir þetta rekstrarár. Sú tillaga var felld af stjórnarþingmönnum og nánast hent gaman að og jafnvel gert grín að tillögu okkar í stjórnarandstöðunni að því er varðaði vanda Háskólans á Akureyri.

Hvað gerðist svo núna í fjáraukanum, hæstv. forseti? Og taktu nú vel eftir, hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson. Núna leggur fjárlaganefndarmeirihlutinn til 60 millj. kr. til að taka á sama vanda og stjórnarandstaðan benti á við afgreiðslu fjárlaga á síðasta hausti, og dugar þó varla til í fjáraukanum, hv. þingmaður. Menn munu örugglega þurfa að taka á hluta af þeim vanda sem út af stendur í fjárlögum næsta árs og vonandi verður það gert, hv. þingmaður, vegna þess að þannig á að vinna fjárlögin. Við eigum ekki að skilja eftir mál sem við vitum að þarf að leysa og rekstrarvandi í stofnunum er ekki leystur nema með tvenns konar hætti. Annaðhvort fá þær aukin fjárframlög til rekstrar síns eða að skera þarf niður og draga úr þjónustunni. Ég hygg því miður að Háskólinn á Akureyri sé þegar farinn að draga úr þjónustu sinni miðað við það sem eðlilegt gæti talist og horfði til framtíðar og uppbyggingar þess skóla.

Ég spyr þess vegna tvo hv. þingmenn úr Framsóknarflokknum, hv. formann fjárlaganefndar, Birki Jón Jónsson, (**Gripið fram í:** Einn sjötta af þingflokknum.) já, og Guðjón Ólaf Jónsson sem hér eru staddir (**Gripið fram í:** Kannski allur ...) hvort það væri ekki ráð að þeir litu bara í spegil og gerðu grín að sjálfum sér vegna tillagna og afgreiðslu á síðasta þingi þegar verið var að tala um Háskólann á Akureyri. Þeir geta alla vega ekki gert grín að stjórnarandstöðunni. Við fluttum tillögu um þennan vanda og vildum gjarnan taka á honum en stjórnarliðar felldu hana allir sem einn. Svo tala menn um óábyrga stjórnarandstöðu.

Á ég að taka eitt annað atriði fyrir ykkur, hv. þingmenn? (Gripið fram í.) Skoðum framhaldsskólana. Stjórnarandstaðan lagði til á síðasta hausti að framhaldsskólar fengju viðbótarfjárveitingu upp á 250 millj. kr. Þá tillögu felldi ríkisstjórnarmeirihlutinn.

Hvað gerist svo núna í fjáraukanum, hæstv. forseti? Nú leggur stjórnarmeirihlutinn til hækkun í fjáraukalögunum upp á nákvæmlega sömu upphæð, hæstv. forseti, 250 milljónir. Tillaga menntamálaráðuneytisins var 240 milljónir og meiri hlutinn í fjárlaganefnd hafði vit á að hækka hana um 10 milljónir, vegna þess að auðvitað sá hann að tillaga okkar frá síðasta hausti var rétt og dugar varla til miðað við breytingar sem orðið hafa á milli ára.

Það liggur því fyrir, hæstv. forseti, að vanáætlað var á síðasta hausti vegna framhaldsskólanna.

Í nefndaráliti okkar lýsum við undrun okkar á þessum síendurteknu vanáætlunum ríkisstjórnarinnar. Einnig má benda á, hæstv. forseti, að menntamálaráðuneytið virðist vanáætla nemendafjölda í framhaldsskólum. Ráðuneytið hlýtur því að byggja á einhverjum röngum upplýsingum þegar svona tillögur koma fram, ekki í fyrsta sinn en fer vonandi væntanlega að verða í síðasta sinn.

Ég segi því enn og aftur, hæstv. forseti, ég held að stjórnarliðar ættu að fara og horfa í spegil og gera grín að sjálfum sér, horfa á hvernig þeir afgreiddu tillögur stjórnarandstöðunnar í desember síðastliðnum en eru svo að koma með þær inn í fjáraukann á þessu ári til að fá þær afgreiddar og koma svo hér æðandi upp í pontu til að tala um hvað stjórnarandstaðan sé óábyrg. Hvílíkt tal. Ég tek undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar fyrr í dag, þetta er eins og málfundur í Framsóknarflokknum. (**Gripið fram í:** Hefurðu setið marga fundi þar?) Ég hef setið fundi þar, já, fyrir mörgum árum, málfund já. Það vill svo til, hv. þingmaður. Sú kennslustund dugði mér.

Hæstv. forseti. Nú er í fjárauka verið í lok ársins að skuldsetja ríkissjóð með lántöku og ábyrgðum fyrir yfir 100 milljarða kr. Ef nauðsyn ber til að afgreiða 87 milljarða kr. lántöku með hraði handa Seðlabankanum í fjáraukalögum vaknar sú spurning hvort sú staða sem nú á að bregðast við með þeim hætti hafi ekki verið fyrirséð og hvort ástandið sé svo ótryggt að slík stórmál megi ekki bíða fjárlaga sem væntanlega verða afgreidd héðan innan eins mánaðar fyrir næsta ár, hæstv. forseti. Það er von að við spyrjum því að þetta erindi kom tiltölulega óvænt til fjárlaganefndar þó að vel kunni að vera að ríkisstjórnin hafi verið búin að tala um þetta vandamál í einhvern tíma innan sinna raða. Það virðist samt vera svo að nauðsynlegt sé að afgreiða þetta í fjáraukalögum. Ekki er nú fyrirhyggjan mikil, hæstv. forseti.

Samningurinn um kaup ríkisins á Landsvirkjun hefur

ekki borist inn í þingsali eða inn í fjárlaganefnd, sem ætti þó að vera forsenda þess að við værum yfirleitt að tala um heimild til þess að fjármagna kaup eins og gert er ráð fyrir í tillögum meiri hluta. Við ættum í raun og veru að vera búin að taka afstöðu til þess og meiri hlutinn að vera búinn að afgreiða tillöguna eða samninginn þannig að fyrir lægi að kominn væri á samþykktur samningur um kaup ríkisins á Landsvirkjun, því að við eigum að afgreiða fjárlög með tilliti til þeirra forsendna sem fyrir eru en ekki öfugt, það á ekki að byrja á að afgreiða stofnunina en tala svo síðar um samninginn sem á að afgreiða út frá. Þetta er ekki í lagi og ég veit ekki hvað hæstv. forseti vill gera í því þegar eðlilegum reglum í meðferð þingmála við afgreiðslu fjárlaganna er ekki fylgt.

Hæstv. forseti. Það er svo kannski önnur ella, eins og sagt er, hvort þau kaup sem hér eru að fara fram á Rarik og Orkubúi Vestfjarða og að þau verði síðan sameinuð Landsvirkjun verði til að efla þau markmið sem sett voru í raforkulögum um að efla samkeppni á raforkumarkaði. Það hefur mikið verið rætt um raforkulögin, hvað þeim fylgdi á sínum tíma og hvernig þau hafa komið út. Ég leyfi mér að segja að það hafi ekki verið til hagsbóta fyrir marga landsmenn heldur til kostnaðarauka fyrir marga og þar hefur, að því er ég best veit, hæstv. forseti, verið vegið mjög að hinum dreifðu byggðum. Þetta er algerlega í andstöðu við þá stefnu sem við höfum samþykkt í byggðamálum þar sem við höfum alltaf viljað efla landsbyggðina, standa vörð um að landsbyggðin héldi velli og fólk byggi þar við sömu kjör eða svipuð kjör og annars staðar á landinu.

Ég hef miklar efasemdir um það sem nú er verið að gera varðandi Rarik og Orkubú Vestfjarða í sameiningu við Landsvirkjun, hæstv. forseti, að samkeppni í raforkusölu aukist með þessum ráðstöfunum, ég leyfi mér að efast um það. En það er kannski ekki mál sem við tökum langa umræðu um við afgreiðslu fjáraukalaganna. En markmiðið var að auka samkeppni á raforkumarkaði og ég minnist þess að í svörum Valgerðar Sverrisdóttur, þáverandi hæstv. iðnaðarráðherra, var greint frá því að kostnaður vegna raforkulaganna og annarra atriða sem þar fylgdu yrði í mesta lagi 1–2,5% að því er hefði áhrif á verðmyndun á raforkumarkaði. En þessu geta menn auðvitað flett upp í þingtíðindum og skoðað hvort ekki er rétt með farið af minni hendi.

Ég er reyndar með nokkrar útskriftir af ræðum hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur og get upplýst þetta beint, hæstv. forseti. Í ræðu sem flutt var á 62. fundi 27. janúar 2005 stendur, með leyfi forseta:

„Fyrst vitnað var í orð orkumálastjóra, að hann hafi talað um að hækkunin yrði 1%–2,5%, þá hefur hann að öllum líkindum verið að tala um þá hækkun sem gæti orðið vegna kerfisbreytingarinnar að jafnaði.“

Það er þá hér með upplýst og þarf ekki að rífast mikið um það á eftir, hæstv. forseti.

Nú er það svo að raforkuverð hér á landi eða raforkusala er að mestu leyti háð því að langmest er selt til álfyrirtækja. Yfir 80% af raforkunni fer til álfyrirtækja núna eða á næstunni. Álverðið myndar þann grunn sem gefur okkur raforkuverðið inn í álsamninga, heimsmarkaðsverð á áli, þannig að við höfum svo sem ekki tryggingu fyrir því að álverðið haldist í þeim hæðum sem það er í dag og þar af leiðandi raforkuverð fyrir raforku sem við teljum til áliðnaðarins. Það hefur löngum verið sagt að þó að menn vilji gjarnan fjárfesta í atvinnuvegum þá sé kannski ekki skynsamlegt að setja öll eggin í sömu körfu og það held ég að eigi alveg jafnt við í þessu eins og öðru, hæstv. forseti.

Það er oft fróðlegt að líta yfir farinn veg við afgreiðslu fjáraukalaga og ég kíkti í þær upplýsingar sem lágu fyrir um afgreiðslu fjáraukalaga við 2. umr. á undanförnum árum. Þá kom í ljós, eftir því sem ég komst næst, að við 2. umr. fjárlaganna 2004 fórum við 3,4% fram úr fjárlögum þess árs. Við 2. umr. fjáraukalaga 2005 stefndum við í 6,4% viðbót við fjárlög þess árs. Eins og fjáraukinn lítur út núna, en eins og komið hefur fram í ræðum fjárlaganefndar á eftir að fjalla um heilbrigðiskerfið að hluta til og öldrunarstofnanir og væntanlega eiga eftir að koma inn einhverjar hækkanir á milli 2. og 3. umr., þá stefnir í 6% umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs.

Ég hef rakið í a.m.k. tveimur dæmum að við í stjórnarandstöðunni töldum að það lægju fyrir upplýsingar um kostnað sem eðlilegt væri að taka inn í fjárlögin og fjárlagaafgreiðslu þessa árs en ekki láta þann kostnað fara yfir í fjáraukalögin eins og reyndin hefur verið orðin á og eins og ég hef vikið að í máli mínu t.d. varðandi framhaldsskóla og Háskólann á Akureyri. Það má taka fleiri dæmi og reyndar hafa fleiri dæmi verið tekin í dag. Ég held að það hafi verið hv. þm. Jón Bjarnason sem vék að fleiri atriðum í þá veru varðandi tillögur sem við fluttum á síðastliðnu hausti við fjárlögin sem við erum núna að fjalla um í fjáraukanum. Það liggur því fyrir, hæstv. forseti, að þetta á sjálfsagt eftir að hækka eitthvað með tilliti til þess að hvorki heilbrigðismálin né öldrunarmálin eru fullkláruð hér.

Almennt er stefnt að því, miðað við það vinnulag sem menn hafa reynt að setja sér og miðað við úttektir Ríkisendurskoðunar á fjárlögum ársins, að halda sér innan 4% skekkjumarka í stofnunum og ráðuneytum á rekstrargrunni varðandi eyðslu eða þá að menn eigi eftir fjármuni sem séu á því bili. Það er sú stýring sem menn vilja a.m.k. reyna að halda sig inni á þannig að fjáraukalögin eru ekki innan þeirra viðmiðunarmarka, innan þeirrar tölu sem ég hef hér rakið. Það er auðvitað umhugsunarefni, hæstv. forseti, að við skulum ekki reyna að setja okkur þau mörk og þá komum við kannski að því að víkja að fjárlagagerð næsta árs eða reyna þó a.m.k. að halda okkur innan þess að breytileikinn í fjáraukalögunum sé ekki umfram 4% sem er sú vinnuregla sem menn hafa verið að reyna að miða við. En til þess þurfum við að vanda betur verkin, hæstv. forseti, og við þurfum að taka raunverulega á þeim dæmum sem við sjáum að út af standa, fara yfir hvað það er og reyna að lagfæra fjárveitingar í þá veru sem við teljum skynsamlegt eða að stjórnvöld verða að beita tillögum til að stofnanir og ráðuneyti skeri eitthvað niður til að reyna að halda sig innan fjárlagarammans.

Það hlýtur að vera hlutverk okkar, hæstv. forseti, að reyna eins og við höfum þekkingu til að halda okkur innan fyrirmæla fjárreiðulaganna og bæta fjárlagagerðina. Ég tel að fjárlaganefndin verði að ganga á undan með góðu fordæmi í því að leitast við að lagfæra fjárlagagerðina og draga úr því sem við sjáum að ekki muni standast til næsta árs og muni þá einfaldlega lenda inni í fjáraukalögunum

eins og reyndin hefur verið og hefur verið vakið máls á í dag, hæstv. forseti.

Ef við skoðum tillögur sem eru í fjáraukanum þá er ýmislegt þar sem vekur nokkra furðu og er ástæða til að vekja athygli á. Við getum t.d. litið á landbúnaðarráðuneytið þar sem koma breytingar núna í fjáraukanum upp á 550 millj. kr., hæstv. forseti, á tiltölulega fáum liðum í landbúnaðarráðuneytinu. Á Veiðimálastofnun, sem reyndar flestallir töldu að hefði verið vitað að væri í rekstri sem ekki stæðist á þessu ári, er lögð til 60 millj. kr. viðbótarfjárveiting í fjáraukalögum. Ef þær tekjur sem Veiðimálastofnun hefur frá ríkinu eru skoðaðar þá eiga þær að vera upp á 51,4 millj. og viðbótin átti að vera sértekjur. Varðandi Veiðimálastofnun erum við því að leggja til 60 millj. núna sem er meira en 100% aukning, hæstv. forseti, nú í fjáraukanum.

Ef við skoðum Landbúnaðarstofnun þá er þar verið að auka við um 162 milljarða í fjáraukanum og mér sýnist að það sé eitthvað nálægt 30% aukning miðað við þær 520 millj. sem voru í fjárlagafrumvarpi. Síðan er bygging reiðhallar upp á 330 millj. en ég held að sá liður hafi í fjárlagafrumvarpinu verið tæpar 50 millj., 47 millj. ef ég man rétt, sú upphæð er þá sjöfölduð í fjáraukanum. Ég spyr mig, hæstv. forseti, hvort menn í landbúnaðarráðuneytinu hafi ekki haft neinar hugmyndir um hvert þeir vildu stefna í þessum málum og þess vegna komi þetta svona út að við séum að taka þetta inn í fjáraukann með þessum hætti.

Hæstv. forseti. Ég held að láti ég umfjöllun minni lokið að sinni — og þó. Ætli það sé ekki eitt atriði sem rétt væri að vekja athygli á. Það er ekki beinlínis í fjárlögum eða fjáraukalögum en fyrir þinginu liggur frumvarp sem varðar verulega fjármál heimilanna og er rétt að vekja hér athygli á. Það er frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðsluskatt, fjármagnstekjur o.s.frv. Í 4. gr. þess er lagt til að verði veruleg breyting á 65. gr. laganna og þar standi 18 ár í stað 16 ár. Hvaða áhrif hefur þetta á tekjur fólks og ráðstöfunartekjur á heimilum? Þá kem ég aftur að byggðastefnunni sem var samþykkt samhljóða á síðastliðnu vori af okkur þingmönnum með þeirri áherslu að efla menntun, sérstaklega á landsbyggðinni.

Í 4. gr. þess frumvarps segir, með leyfi forseta:

„Í 65. gr. tekjuskattslaga er að finna heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni. Samkvæmt 4. tölul. 65. gr. skal skattstjóri taka til greina umsókn manns um lækkun á tekjuskattsstofni ef hann hefur haft veruleg útgjöld af menntun barna sinna 16 ára og eldri. Í samræmi við breytingu á aldursmarki barnabóta er hér lagt til að aldursmarki ívilnunar vegna menntunarkostnaðar barna verði breytt úr 16 árum í 18 ár.“

Hvað skyldi þetta þýða fyrir fjölskyldur á landsbyggðinni sem þurfa að kosta börn sín til menntunar? Hvaða áhrif skyldi þetta nú hafa?

Í afar merkilegri samantekt sem við þingmenn Norðvesturkjördæmis og menntamálaráðherra fengum varðandi kostnað fólks í Vesturbyggð við að senda börn sín í framhaldsskóla var sýnt fram á að kostnaður við að senda barn til framhaldsskólanáms af því svæði til Akureyrar væri 614 þúsund á ári, til Ísafjarðar 612 þúsund á ári, til Laugarvatns 400 þús. kr. á ári, til Reykjavíkur 1.068 þús. á ári. Þar inn í var húsaleiga ásamt ferðakostnaði en fyrst og fremst húsaleiga sem lyfti þeim kostnaði upp.

Á móti þessu hafa foreldrar á landsbyggðinni fengið vegna barna á framhaldsskólaaldri 92 þús. kr. á önn í kostnað, þ.e. um 180 þús. kr. á ári. Ég vek athygli á þessu, hæstv. forseti, vegna þess að mér finnst þessi tillaga ganga á skjön við stefnu okkar í byggðamálum. Við samþykktum samhljóða að efla menntun á landsbyggðinni. Þetta er algjörlega á skjön við það. Þótt hér sé væntanlega svarað, sem var kominn tími til, beiðni fólks úr Vesturbyggð um að fá framhaldsdeild heima í héraði fyrir þá sem þar búa þá þarf fjöldi ungmenna utan af landi að sækja framhaldsskóla annað en í heimabyggð.

Ég átta mig bara ekki á því, hæstv. forseti, með tilliti til þess kostnaðar sem fylgir því að senda barn í skóla milli landshluta hvers vegna lagt er til í stjórnarfrumvarpi að frádráttur í skattalögum vegna námskostnaðar verði felldur niður. Ég fæ ekkert samhengi í þann tillöguflutning með tilliti til byggðaáætlunar og þess sem þar var samþykkt um að leggja áherslu á menntun á landsbyggðinni, og þess máls sem hér var flutt. Það lýtur að því að minnka útgjöld ríkisins og ég taldi því eðlilegt að vekja athygli á þessu við fjáraukalagaumræðuna. Ég mun taka lengri og skarpari umræðu um þetta atriði, hæstv. forseti, í umfjöllun um fjárlög og afgreiðslu laga sem tengjast fjárlögum.

Ég hef ekki vikið mikið að skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Það væri náttúrlega tilefni til að halda langan fyrirlestur um hana, forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í skattamálum undanfarin ár. Eins og allir landsmenn vita var það sett í forgang, algjöran forgang á undan öllu öðru, að afnema hátekjuskatt. Það var byrjað á því. (**Gripið fram í:** Nei.) Því var kippt út þannig að nú er hátekjuskattur ekki lengur við lýði. (**EOK:** Gott, húrra.) (**GÓJ:** Leyfa fólki að vinna.) Síðan tala menn um aukna misskiptingu í þjóðfélaginu og misskiptingu tekna. Ég hef heyrt stjórnarandstöðuþingmenn og ég held einn stjórnarþingmann, hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, lýsa undrun sinni á því hvað menn væru að taka sér í laun. Er það ekki rétt? (**EOK:** Jú, alveg hárrétt.) Á sama tíma setur ríkisstjórnin í forgang að létta sköttum af þessu fólki. (**Gripið fram í:** Og lægst launuðum.) Það er rangt. Skattbyrði þeirra lægst launuðu hefur hækkað hlutfallslega. (**EOK:** Nei.) Það er nefnilega svoleiðis því miður. Margir hafa sýnt fram á það. Ég veit að hv. stjórnarþingmenn sem hér eru munu mótmæla því hástöfum að málið sé þannig vaxið en það er einfaldlega staðreynd.

Ég hef áður gagnrýnt þá skattastefnu ríkisstjórnarinnar að fara í flata prósentulækkun í stað þess að létta skattbyrði fólks með því að velja hækkun persónuafsláttar. Ríkisstjórnin varð hins vegar við þeirri kröfu ASÍ síðasta sumar að breyta skattastefnu sinni um næstu áramót og færa annað prósentið úr flötu lækkuninni yfir í persónuafslátt. Það er auðvitað gott skref þótt lítið sé. Skattleysismörkin munu væntanlega vegna þess fara eitthvað yfir 90 þús. kr. Guð láti gott á vita með þau skref í átt að því að lagfæra stöðu fólks með lægri tekjur og slakari afkomu. Ekki leggjumst við gegn því í stjórnarandstöðunni en vissulega hefðu skrefin mátt vera stærri í átt að því að jafna kjör fólks í þjóðfélaginu. Ég endurtek það í lok ræðu minnar, hæstv. forseti, að ég taldi ástæðulaust að afnema hátekjuskattinn að öllu

leyti. Það mátti vel lækka þá prósentu og hugsanlega hækka viðmiðunarmörkin en það var ástæðulaust að stíga þetta skref.

[17:52]

**Forseti (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Forseti vekur athygli hv. þingmanna á að það ber að virða 54. gr. þingskapa. Þar er ákvæði sem segir: Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann.

[17:52]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan hefur reynt að kappkosta það í umræðunni að telja fólki trú um hve samstiga hún hafi verið í fjárlagagerðinni almennt. Ég hef bent á að í síðustu fjárlagagerð var stjórnarandstaðan út og suður í málflutningi sínum. Meira að segja þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa fjallað um framlög til framhaldsskóla þá komu breytingartillögur þar að lútandi einungis frá þingmönnum Samfylkingar og Frjálslynda flokksins en ekki frá Vinstri grænum. Þegar maður reynir að átta sig á þessum tillögum frá stjórnarandstöðunni, útgjaldatillögum frá Vinstri grænum upp á 2,5 milljarða kr. Samfylkingin og Frjálslyndir lögðu til aukningu upp á 1,8 milljarða kr.

Svo er fjöldinn allur af fallegum breytingartillögum upp á um 2 milljarða kr. frá stjórnarandstöðunni og virðist tilviljun hverjir leggja fram hvaða tillögu. Það er því mjög erfitt að henda reiður á því hvað stjórnarandstaðan hefur viljað í þessum efnum, endalaus yfirboð, loforð um útgjöld og engar raunverulegar áætlanir um tekjur á móti.

Nú verður spennandi að sjá hvort stjórnarandstaðan nær saman um útgjaldatillögur vegna fjárlaga ársins 2007. Stjórnarandstaðan var út og suður hvað það varðaði. Það er eðlilegt að við köllum eftir tillögum frá stjórnarandstöðunni í þessum efnum en hv. þingmenn komi ekki upp hvað eftir annað með rakalausan málflutning þar sem málflutningur stjórnarliða er gagnrýndur. En síðan leggja hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar ekkert af mörkum. Þeir tala um að koma í veg fyrir þensluna, eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, en leggja til fleiri milljarða útgjaldaaukningu í fjárlagagerðinni í aukningu. Þau tala um þensluna og skilja ekkert í þessu.

[17:55]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að ég sá og heyrði að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, var með tillögur þá getur hann kannski upplýst mig um það í andsvari númer tvö hvaða tillögur ég flutti — hann var í andsvari við mig — með stjórnarandstöðunni. (Gripið fram í.) Ja, þú ert með gögnin í höndunum, ég er ekki með þau því miður. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur í gegnum tíðina flutt tillögur um mun meiri hækkun á fjárlögum en það sem stjórnarandstaðan hefur flutt, miklu hærri. Ég ætla að leyfa mér að spá því, hv. formaður fjárlaganefndar, að þannig verði það einnig nú. Ég veit ekki hvort það er svo sniðugt af formanni fjárlaganefndar að draga fram hvaða upphæðir við lögðum til, þær eru a.m.k. um það bil helmingi lægri en hjá stjórnarliðum.

[17:56]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú verður hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson að vera samkvæmur sjálfum sér. Ég man ekki eftir því að stjórnarandstaðan hafi sett sig á móti útgjaldatillögum ríkisstjórnarinnar heilt yfir litið, heldur hefur hún komið með viðbótartillögur og eintóm yfirboð.

Af því að hv. þingmaður biður mig um að rifja upp hvaða tillögur það voru sem m.a. Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn lögðu til í fyrra þá var það m.a. hækkun á tryggingagjaldi, sem átti að skila auknum tekjum í ríkissjóð, tryggingagjaldi sem mundi m.a. bitna á fyrirtækjum á landsbyggðinni, t.d. á Vestfjörðum. Það var innlegg stjórnarandstöðunnar, að hækka skatta á fyrirtækin, (Gripið fram í.) á fiskvinnslufyrirtæki sem börðust í bökkum. (Gripið fram í.) Það var algjörlega óábyrgur málflutningur og eintóm yfirboð, hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Ég sé að hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni er brugðið við þessar tölur enda er stjórnarandstaðan búin að gleyma hvað hún lagði til í fjárlagavinnunni fyrir árið 2006.

[17:58]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sé rétt hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, formanni fjárlaganefndar, að stjórnarandstaðan hafi ekki lagst gegn tillögum ríkisstjórnarinnar ef þær horfðu til bóta og talið nauðsyn á að taka þær inn í fjárlögin.

Ég fór yfir það, hæstv. forseti, í ræðu minni að þær tillögur sem við hefðum flutt við fjárlögin á síðasta hausti væru núna komnar í fjáraukalagafrumvarpið. Hafi hv. þingmanni fundist tillögur okkar ábyrgðarlausar og furðulegar þá verð ég að benda honum á að hann er sjálfur búinn að taka þær upp. (**BJJ:** Nei, nei.) Ég held að hv. þingmaður ætti að líta í spegil og gera grín að sjálfum sér.

[17:58]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er orðin allsérstök umræða um fjáraukalagafrumvarpið. Það vakti athygli mína að heilbrigðisráðherraefni stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, gat þess sérstaklega á haustdögum að draga þyrfti stórlega úr ríkisútgjöldum og kallaði Sjálfstæðisflokkinn stærsta félagsmálabatterí landsins.

Þess vegna fýsir mig að vita, og óska eftir að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson svari því, hvort Frjálslyndi flokkurinn og hv. þingmaður ætlar að styðja útgjaldatillögu 1. minni hluta fjárlaganefndar við afgreiðslu málsins við 2. umr. Það er auðvitað það sem skiptir máli.

Það er síðan ágætt að geta þess í framhjáhlaupi að hv. þm. Sigurjón Þórðarson, sem væntanlega talar fyrir Frjálslynda flokkinn, lýsti því yfir að hann vildi minnka útgjöld ríkisins til lyfjamála. Hvað þýðir það, hæstv. forseti? Það

þýðir að stjórnarandstaðan, með heilbrigðisráðherraefnið í broddi fylkingar, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, ætlar að auka lyfjakostnað sjúklinga. Þess vegna verður hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson að svara því skýrt hvort það sé vilji Frjálslynda flokksins að velta lyfjakostnaði yfir á almenning í landinu.

[18:00]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sérstakt þegar menn komast að svo einkennilegri niðurstöðu á málfundum Framsóknarflokksins, (**Gripið fram í:** Vertu velkominn.) að hafa rætt það sérstaklega að Sigurjón Þórðarson ætti að vera heilbrigðisráðherraefni nýrrar ríkisstjórnar. Sigurjón Þórðarson er reyndar ákaflega heilbrigður maður. Ég held að hann sé meira að segja sundkappi Skagafjarðar. Hann hefur lengi haft íþróttir og heilbrigði fólks að áhugamáli. Menn gætu því kannski gert verr en það að horfa til þess.

Hitt er alveg ljóst að við í Frjálslynda flokknum höfum áhuga á því að minnka útgjöld ríkisins til lyfjamála. Ég vona að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hafi það líka. Ég veit ekki betur en menn hafi unnið að því á undanförnum árum með ýmsum ráðum að minnka lyfjakostnað. Ég veit ekki til þess að nokkur stjórnmálaflokkur sé á móti því.

Ég hygg að stjórnmálaflokkar á Alþingi séu almennt ekki sammála því sem hv. þingmaður var að ýja að, að færa ætti slíkan kostnað yfir á sjúklinga. Menn hafa reynt að ná lyfjakostnaði niður með öðrum ráðum, með því að skoða innkaup lyfja og álagningu og með því að skoða samkeppnina. Þetta veit ég að hv. þingmaður veit mætavel. Ef ég man rétt var Páll Pétursson, fyrrverandi alþingismaður, einmitt að vinna í þessum málum. Ég held að að sumu leyti hafi honum tekist ágætlega upp með sín störf. Ég vona að okkur farnist áfram vel við að ná niður lyfjakostnaði í landinu.

[18:03]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var eftirtektarvert að hv. þingmaður stóð og klóraði sér í höfðinu við að reyna að svara þessari einföldu spurningu um hvort hv. þingmaður og Frjálslyndi flokkurinn ætluðu að styðja útgjaldatillögur ríkisstjórnarflokkanna við afgreiðslu 2. umr. fjáraukalaga á þinginu.

Hæstv. forseti. Auðvitað klóra margir sér í höfðinu yfir málflutningi stjórnarandstöðunnar. Þess vegna spyr ég hv. þingmann aftur: Ætlar Frjálslyndi flokkurinn og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson að styðja útgjaldatillögur 1. minni hluta fjárlaganefndar við atkvæðagreiðslu að lokinni 2. umr.?

[18:04]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég veit rétt, miðað við þær upplýsingar sem hafa verið gefnar, eiga eftir að koma fram viðamiklar tillögur að því er varðar heilbrigðismál og öldrunarmál við afgreiðslu þessara mála. Ég held ég geymi mér, hæstv. forseti, að taka afstöðu til málsins í heild sinni þar til við höfum skoðað málatilbúnað ríkisstjórnarflokkanna í heild. Vafalaust munum við í stjórnarandstöðunni reyna að móta sameiginlega afstöðu til þeirra tillagna. Sumar eiga rétt á sér og vonandi stendur lagfæringin á fjáraukalagafrumvarpinu til bóta. Að minnsta kosti eru menn að taka inn tillögur sem við lögðum til í fyrrahaust, sem stjórnarliðar felldu og gera að sínum núna. Ég reikna ekki með að við verðum á móti þeim, hæstv. forseti.

[18:05]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Allt frá því að síðasta vinstri stjórn setti á hátekjuskatt hefur Sjálfstæðisflokkurinn af einurð barist gegn honum vegna þess að hann var rangur, óréttlátur og vitlaus skattur sem kom öfugt niður á þjóðfélaginu, hegndi þeim sem lögðu mest á sig, hegndi sjómönnum og skipstjórum og ungu fólki sem var við nám og var að byggja hús. Hann hegndi þeim sem vildu leggja mest á sig.

Ég man vel þá daga er ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vorum samferða í Sjálfstæðisflokknum. Við börðumst einarðlega saman gegn þessum vitlausa skatti. Nú hefur Sjálfstæðisflokknum loksins tekist að hrinda slyðruorðinu af sér, þjóðfélaginu öllu til mesta sóma. Svo segja menn að við séum óréttlátir af því að hátekjuskatturinn var tekinn af. Við börðumst fyrir því, opinberlega var stefna Sjálfstæðisflokksins, kosningar eftir kosningar, að ná þessum vitlausa skatti af. Þannig gerðum við það. Það hefur tekist og við höfum staðið við loforð okkar, eðlilega.

Hins vegar hefur það líka gerst að í þjóðfélaginu hafa nýjar atvinnugreinar vaxið mjög hratt, atvinnugreinar sem borga fyrir mikla menntun, þ.e. hátæknifyrirtæki og bankarnir. Það er sagt að bankarnir séu með fólk á svipuðu menntunarstigi og kennarar háskólans. Við erum með nýja atvinnuvegi sem borga fyrir menntun. Þess vegna hefur launabilið aukist hin síðari ár á Íslandi. Það er rétt og satt. Er það vond þróun eða er að góð þróun? Eru menn á móti því eða eru menn með því? Einn hv. þingmaður hefur sagt að hann vildi heldur að allir mundu lepja dauðann úr skel heldur en að einn hafi það betra en annar.

En mér leikur forvitni á að vita hvort hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sé ekki enn þeirrar skoðunar sem við vorum á saman einu sinni, að það væri réttlátt þjóðfélag sem gæfi mönnum kost á að vinna og væri ekki að hegna þeim fyrir það.

[18:07]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við hv. þingmaður erum sjálfsagt enn sammála um að fólk eigi að geta unnið hér á landi og haft góðar tekjur. Ég hef sagt það nokkrum sinnum úr ræðustól, hæstv. forseti, og á nokkrum fundum einnig, að þurfi það til til að halda uppi eðlilegri velferðarþjónustu í þessu landi, þ.e. að allir lifi nokkurn veginn mannsæmandi lífi, öryrkjar, aldraðir og lágtekjufólk, að við sem höfum hærri tekjur greiðum hærri skatta þá undirgengst ég það. Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, og hef alltaf verið það, líka meðan ég var forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins í 16 ár, að þeir sem hefðu hærri tekjurnar gætu greitt hærri skatta en þeir sem hafa lægri tekjur.

Ég vænti þess að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sé ekki ósammála mér um það sem við skipstjórnarmenn gerðum í þá veru fyrir nokkrum árum, þegar staðgreiðslukerfið

var tekið upp. Hvað gerðum við? Við samþykktum að sjómannaafslátturinn breyttist úr prósentutölu, sem virkaði sem hærri frádráttur fyrir þá sem höfðu hærri tekjur, yfir í fasta krónutölu. Hvað var það í reynd? Tekjujöfnun. Það var bein tekjujöfnun innan stéttarinnar þar sem tekjur skipstjórnarmanna, vélstjóra og annarra sem voru með aukahlut, lækkuðu hlutfallslega, þ.e. rauntekjur, miðað við hásetana sem höfðu lægri tekjur. Allir drógu sömu krónutölu frá tekjum sínum. Ég hef alltaf gert greinarmun á því að fólk eigi að komast af og að við eigum að veita þjónustu og því að hygla þeim sem hæstar hafa tekjurnar.

[18:09]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað borga þeir sem hafa hærri tekjur hærri skatta. Það hefur aldrei nokkurn tíma farið á milli mála. Um það hafa allir verið sammála, alltaf hreint og engar deilur um það. Hitt er annað mál, að með því að taka af efra þrepið, hátekjuskattinn, er mönnum ekki lengur hegnt fyrir að leggja meira á sig. Mönnum var refsað fyrir að vera skipstjórar. Við töldum það ófært og vildum það ekki. Það var opinber stefna Sjálfstæðisflokksins.

Það fer enginn í grafgötur með að kjör Íslendinga hafa hækkað eftir skatta, meira en allra annarra þegna þessa heims og allra þegna í Evrópu. Eru nokkrar deilur um það? Getur einhver bent á annað þjóðfélag þar sem kjörin hafa batnað meira? Hvergi. Hvergi nokkurs staðar er hægt að benda á það. Þetta er réttlátt þjóðfélag. Síðasta skýrsla Sameinuðu þjóðanna um lífskjör heimsins var skýr. Noregur var þar í efsta sæti og Ísland númer tvö.

[18:10]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við náum ekki að ræða þessi má til enda hér en ég ætla að draga fram nokkrar staðreyndir. Svokallaður gini-stuðull sem mælir afkomu fólks og ójöfnuð í þjóðfélaginu hefur greinilega sýnt að ójöfnuður fer vaxandi. Samantekt Stefáns Ólafssonar um skattkerfið hefur greinilega sýnt að þeir sem eru í tveimur lægstu skattþrepunum greiða hlutfallslega hærri skatta en þeir gerðu áður. Það sýnir jafnframt að þeir sem eru í hæstu þrepunum greiða lægri skatta en þeir gerðu áður. (**EOK:** Þetta er fölsun.) Já, já, auðvitað er allt fölsun sem passar ekki við málflutning hv. þingmanns, ég skil það ósköp vel. En það þýðir ekki að tala svona, hv. þingmaður. Staðreyndin er einfaldlega sú að þjóðfélag okkar þróast í þessa átt og það er bara að berja hausnum við steininn — eða réttara sagt að stinga hausnum í steininn, eins og maðurinn sagði — þegar menn láta svona.

[18:12]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Hún hefur á margan hátt verið athyglisverð, sú umræða sem hér hefur átt sér stað um fjáraukalagafrumvarpið fyrir árið 2006. Hún hefur að vísu verið nokkuð öðruvísi en oft hefur áður því að hér hefur það gerst held ég í fyrsta skipti, a.m.k. í mjög langan tíma, að Framsóknarflokkurinn hefur eiginlega séð um umræðuna fyrir hönd stjórnarflokkanna. Að vísu kom hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson rétt áðan í ræðustól og átti nokkuð nett andsvar en að öðru leyti hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekki séð ástæðu til að taka þátt í umræðunni. Það verður að segjast eins og er að ákveðin deild í Framsóknarflokknum hefur séð um umræðuna, yngri kanturinn af hv. þingmönnum Framsóknarflokksins hefur séð um þessa umræðu og þar af leiðandi hefur þátttaka stjórnarflokkanna verið örlítið öðruvísi en við höfum átt að venjast.

Hér hafa verið stunduð nokkuð tíð andsvör við ræðum stjórnarandstæðinga. Má segja að andsvörin hafi öll verið nokkuð keimlík og frösum beitt jafnt og þétt í allar áttir en innihald yfirleitt verið frekar rýrt og í flestum tilfellum nokkuð utan við það efni sem hér er rætt. Oft og tíðum hafa þessir ágætu hv. þingmenn Framsóknarflokksins bjargað sér á hlaupum frasanna og farið þá vítt og breitt en, eins og ég segi, ógjarnan rætt um það efni sem hér er til umræðu.

Ég þarf ekki að bæta miklu við það sem fram hefur komið í ágætum ræðum hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar. Í fyrsta lagi gerði hv. þm. Katrín Júlíusdóttir mjög vel grein fyrir nefndaráliti okkar í stjórnarandstöðunni þannig að við það þarf engu að bæta.

Það eru hins vegar nokkrir þættir, fyrst og fremst úr ræðu hv. þm. Birkis J. Jónssonar formanns fjárlaganefndar, sem nauðsynlegt er að fara um nokkrum orðum. Ég gerði tilraun til þess í andsvari við hv. þingmann að fá málefnalega umræðu um það hvaða reglur væru viðhafðar þegar t.d. svokallaðir halar væru klipptir af stofnunum, þ.e. hvort farið væri eftir einhverri reglu. Við höfum nefnilega séð það í minni hluta fjárlaganefndar að þar er engin regla við lýði. Það hefur ekki dugað að við höfum bent á þetta og ekki hefur heldur dugað að Ríkisendurskoðun hefur ár eftir ár farið yfir þessi mál. Það kom mér sannarlega á óvart að hv. formaður fjárlaganefndar virðist ekki hafa áttað sig á málflutningi Ríkisendurskoðunar. Nú hefur hv. þingmaður setið í fjárlaganefnd, ef ég man rétt, í á fjórða ár. (**EOK:** Það er rétt.) Það er staðfest hér af varaformanni nefndarinnar. Þess vegna kemur mér mjög á óvart eftir alla þá umræðu sem átt hefur sér stað, bæði í þingsal þegar margoft hefur verið farið yfir álit Ríkisendurskoðunar og á fundum í fjárlaganefnd þegar Ríkisendurskoðun sjálf hefur farið yfir sinn málflutning, að hv. þingmaður skuli ekki hafa áttað sig á því hvað þessi gagnrýni gengur út á.

Það er t.d. mjög skýrt þegar farið er yfir fjárreiðulögin og þessar athugasemdir Ríkisendurskoðunar að þegar talað er um halla einstakra stofnana og tekið á því máli liggur alveg ljóst fyrir að í fjáraukalögum hvers árs á eingöngu að taka á þeim halla sem myndast hefur á því ári sem fjallað er um hverju sinni en ekki fjölda ára aftur í tímann. Það á heima í fjárlögum næsta árs og í því þegar farið er yfir grunn stofnunarinnar og komist að því hvernig stendur á þessum hala og hvað þarf að lagfæra þannig að reksturinn á næsta ári sé settur á réttan grunn. Því miður virðist mér af málflutningi hv. þingmanns þessi þekking alls ekki hafa komist til skila. Það verður því miður augljóslega að fara yfir þetta oftar.

Reglan er sem sagt engin. Við sjáum í þessu frumvarpi að þrátt fyrir að ekki sé einu sinni farið að fjárreiðulögum gagnvart því þegar menn taka á halanum heldur er í tillögunum farið nokkur ár aftur í tímann gagnvart nokkrum

stofnunum er ekki heldur samræmi í því hvað gert er gagnvart stofnunum. Eins og hv. þingmaður fór nokkuð ítarlega eða a.m.k. oft yfir í ræðu sinni er sérstaklega tekið á heilbrigðisstofnunum þrátt fyrir að meiri hlutinn telji eðlilegt, og ég held að ég geti út af fyrir sig verið sammála meiri hlutanum um það, að fara þurfi nánar yfir það fyrir 3. umr. hvernig menn taka á þeim vanda. Þá höfum við líka fleiri stofnanir og ég ætla ekki að fara að tína þær allar upp, heldur taka einn hóp sem dæmi. Hv. þingmaður talaði um reiknilíkan í sambandi við heilbrigðisstofnanir sem verið væri að þróa. Við höfum séð reiknilíkan gagnvart t.d. framhaldsskólunum í landinu, gagnvart háskólanum út af fyrir sig líka, en hvorugt þessara reiknilíkana hefur verið notað til þess að komast að raunkostnaði við rekstur stofnananna eða við það að veita þá þjónustu sem gert er ráð fyrir að stofnanirnar veiti.

Við höfum m.a. séð á reiknilíkönum framhaldsskólanna leiðréttingar á þeim til að reyna að ná betur utan um vandann. Það hefur samt ekki orðið til þess að leysa vanda skólanna sem m.a. hefur myndast vegna skekkju í reiknilíkaninu. Það hefur verið talin ástæða til að leiðrétta reiknilíkanið til að koma til móts við þessa skekkju en það hefur ekki dugað til þess að unnið yrði á uppsöfnuðum vanda. Nei, skólarnir eru látnir sitja uppi með hann áfram þrátt fyrir að þeir hafi haft rekstur sinn í jafnvægi til fjölda ára. Það er ekki verðlaunað á nokkurn hátt, heldur er haldið áfram að hegna stofnununum með hinum gamla uppsafnaða vanda sem í raun er búið að viðurkenna að hafi verið feill í reiknilíkaninu. Samt er ekkert gert til að bæta stöðu þeirra. Þetta er dæmi um það hvernig að þessum málum er staðið, því er nú verr og miður. Það er ekki unnið eftir neinum reglum, heldur virðist það vera algerlega tilviljunarkennt hvað er gert hverju sinni.

Það meira að segja kemur fyrir, og ef ég man rétt er það í inngangi núna að fjáraukalagafrumvarpinu, að fjármálaráðuneytið segi að reglan sé sú gagnvart stofnunum sem bættur er uppsafnaður halli að þær þurfi að hafa sýnt jafnvægi í rekstri í nokkur ár. Þessi regla nær hins vegar ekki yfir allt sviðið, heldur gagnvart einstökum ráðuneytum. Það er athyglisvert að það eru, því er verr og miður, æðioft sömu ráðuneytin sem ár eftir ár eru með stofnanir sínar í svipuðum vanda. Og af því að hv. þm. Birkir J. Jónsson tók sérstakt dæmi í ræðu sinni sem var Háskólinn á Akureyri er athyglisvert hvað samræmið er ótrúlega lítið á milli hluta. Í fjáraukalagafrumvarpinu núna er tillaga um 60 millj. kr. til handa skólanum. Hins vegar ef t.d. fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár er skoðað hefur þessi tala sem er fundin út sameiginlega af skólanum og ráðuneytinu og talin full nauðsyn á að setja inn ekki færst yfir á næsta ár inn í grunninn fyrir stofnunina. Síðan væri auðvitað hægt að hafa töluvert mál um það hvernig farið er með hið undarlega húsaleigumál við Háskólann á Akureyri, hið merka hús Borgir, þar sem ríkisstjórnin ber svo sannarlega alla ábyrgð á því að sú leið hafi verið farin við það að byggja þetta hús og þeim samningum sem gerðir voru um leiguna fyrir húsið. Ábyrgðin er að sjálfsögðu öll hjá ríkisstjórninni. Þrátt fyrir það þarf Háskólinn á Akureyri að bera hluta af leigunni í gegnum rannsóknarfé þannig að rannsóknarféð sem á auðvitað að nýtast til rannsókna skerðist sem því nemur. Þessi vinnubrögð eru fyrir neðan allar hellur. Ég veit vel að fjöldi hv. þingmanna í ríkisstjórnarmeirihlutanum hefur allan fyrirvara á þeirri leið sem þarna var farin. Því miður er það samt þannig eins og mörg dæmi hafa verið nefnd um að ráðherravaldið er svo sterkt að þrátt fyrir — sem ég trúi — fullan vilja einstakra hv. þingmanna komast þeir ekki áfram með mál eins og þessi.

Við höfum áður fjallað um mál sem tengjast þessu ráðherraræði. Hv. þm. Birkir J. Jónsson fjallaði m.a. um eitt af þeim málum í ræðu sinni, samninginn sem gerður var við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ varðandi hlut þeirra í Landsvirkjun. Nú er held ég efnislega töluverður meiri hluti fyrir því á Alþingi að það sé eðlilegt að ríkið kaupi þessa hluti af sveitarfélögunum. Vinnubrögðin eru forkastanleg, m.a. er núna komið með málið í gegnum fjáraukalagafrumvarpið án þess að samningurinn hafi fengið nokkra efnislega meðhöndlun, án þess að hann hafi svo mikið sem verið sýndur í fjárlaganefnd. Ekki nóg með það, heldur er þetta ekki einstakt dæmi. Við höfum annað nýlegt dæmi um nákvæmlega sömu vinnubrögð þar sem samningurinn um tónlistarhúsið í Reykjavík er meðhöndlaður á sama hátt. Og það þrátt fyrir að í báðum þessum tilfellum hafi komið frá hæstv. fjármálaráðherra loforð um að samningarnir yrðu a.m.k. sýndir í fjárlaganefnd. Það var ekkert gert í þeim efnum, ekki nokkur skapaður hlutur. Það er grafalvarlegt hvernig með þessa hluti er farið.

Frú forseti. Ég sagði að ekki væri ástæða til að hafa hér langt mál varðandi áherslur okkar í þessu vegna þess að það er búið að gera það mjög vel hér. Aðeins örstutt varðandi hinn hefðbundna kafla í ræðu hv. þm. Birkis J. Jónssonar sem er um efnahagsástandið og hvað allt sé gott hér og best í heimi og hvernig verið er að hækka allt sem hækka þarf, vaxtabætur, barnabætur, persónuafslátt, allt er verið að hækka og alltaf verið að bæta hlut þeirra hópa sem þessir hlutir koma mest við. En viðmiðið er alltaf valið eins, þ.e. það er ekki byrjað að bera saman við þann tíma þegar skerðingar hófust á þessum þáttum, nei, ekki aldeilis, það er farið í mesta lagi eitt ár aftur í tímann, kannski tvö ef það hentar, og sagt: Við erum alltaf að bæta í, við erum alltaf að gera þetta betra og betra. Samt sýnir allur samanburður og sannar hvað gert hefur verið, þ.e. að búið er að skerða meira en verið er að bæta. Þetta er alkunna. Það er búið að gera þetta til fjölda ára.

Jafnframt er hann sérstaklega skemmtilegur, þátturinn í ræðu hv. þingmanns sem er líklega einnig að verða fastur liður, varðandi hókus pókus aðferðina sem notuð var í sumar, þ.e. þegar ríkisstjórnin tilkynnti seinkun framkvæmda víða á landsbyggðinni. Að vísu hafa margir hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar sagt að í raun og veru hafi það ekki verið nein seinkun af því að það var hvort eð er ekki alveg undirbúið og þetta breytti svo sem engu. Hv. þingmaður kemur hér engu að síður heilagur í framan og fullyrðir að þessi aðferð hafi bara snúið gjörsamlega við þeim vanda sem við var að etja og nú sé verðbólgan að hverfa og það væri allt þessu að þakka. Ég trúi því að ábyggilega verði farið vítt og breitt um heiminn með þá mögnuðu aðferð sem hefur svona gífurleg áhrif. Þrátt fyrir að seðlabankastjóri hafi verið með ýmsar efasemdir heyrði ég að hv. þingmaður hafði engar efasemdir í málinu, þakkaði hinum pólitíska stöðugleika

hvað menn hefðu náð góðum tökum á þessu. Hv. þingmaður passar sig að sjálfsögðu á því að fjalla ekkert um það af hverju hafi þurft að lækka verðbólguna. Það hlýtur að vera vegna þess að verðbólgan hefur hækkað eitthvað, og það skyldi þó ekki vera að aðvörunarorð sem hér voru viðhöfð fyrir ári um það í hvað stefndi hafi verið rétt. Hefði ekki verið vænlegra að grípa strax til aðgerða þannig að verðbólgan hækkaði aldrei? Skuldarar sitja enn þá uppi með þennan verðbólguskatt, sem við getum kallað svo, sem þetta orsakaði.

Frú forseti. Það var annar hv. þingmaður Framsóknarflokksins sem kom með merkt innlegg í umræðuna. Það var hv. þm. Björn Ingi Hrafnsson sem sakaði stjórnarandstöðuna að því er mér heyrðist í heild sinni um að vera bara með formalisma í allri sinni umræðu. Og hver var þessi formalismi? Jú, það voru áherslur okkar um það að farið væri eftir fjárreiðulögunum. Þetta þótti hv. þingmanni afskaplega ómerkileg umræða, að fara þyrfti eftir fjárreiðulögum. Nei, það væri bara formalismi sem engu máli skipti, það væri ekkert sem þyrfti að standa í. Það sem máli skipti væri það að hér streymdu peningar þvers og kruss. Vinnubrögð skiptu sem sagt engu máli. Þetta þótti mér afar merkilegt innlegg.

Frú forseti. Ég ætla að standa við það að hafa þessa ræðu ekki mjög langa, og enda aðeins á því að segja að því miður eigum við enn þá allt of langt í land til að geta sagt að við sýnum fjárreiðum ríkisins nægilega virðingu.

[18:27]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson gerði að umræðuefni þann vanda sem við er að stríða gagnvart ríkisfjármálunum, þann vanda sem við stöndum frammi fyrir, hversu erfitt það er fyrir hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir ríkisins að standast fjárlögin. Það er nauðsynlegt og gott að gera þetta að umræðuefni. En hvað er það á undanförnum árum, virðulegi forseti, sem hefur verið svona erfitt hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum?

Það liggur alveg fyrir að 70–90% af útgjöldum hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja sem við rekum á vegum ríkisins eru laun. Það er launaþróunin í landinu sem hefur verið forstjórum og forustumönnum þessara fyrirtækja ákaflega erfiður ljár í þúfu og þeir eiga mjög erfitt með að fylgja þessu eftir. Og nú spyr ég, af því að ég man ekki: Getur það verið einhvern tíma, virðulegi forseti, að hv. þm. Einar Már Sigurðarson hafi tekið þátt í því að vara við þessari launaþróun? Ég hef oft gert það sjálfur, varað Íslendinga við að fara of geyst í launamálunum vegna þess að ef við færum með launin hraðar en hagvöxtinn, þ.e. verðmætasköpunina í þjóðfélaginu, fengjum við það allt í bakið í formi verðbólgu. Það hefur stundum gerst.

Ég minnist þess aldrei að nafni minn, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, hafi nokkurn tíma staðið við hliðina á mér þegar ég hef varað við þessu, beðið menn að gæta sín, fara varlega í launaþróunina vegna þess að þetta væri það sem sagan hefði kennt okkur að kæmi sér verst, einmitt fyrir launafólkið, þ.e. ef launaþróunin er of hröð og þá kemur verðbólgan og tekur þetta af þeim aftur, ekki einu sinni heldur jafnvel tvisvar vegna þess að verðtrygging skuldanna kemur og klípur líka af þeim eignirnar. Þess vegna spyr ég hv. þingmann: (Forseti hringir.) Hvar var hann þegar ég stóð og varaði við þessu?

[18:29]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má segja að ég hafi a.m.k. nokkrum sinnum svarað svipuðu andsvari frá hv. þingmanni. Málið er ósköp einfaldlega þetta: Hv. þingmaður hefur stutt launastefnu ríkisstjórnar sinnar og það sem hv. þingmaður lýsir hér er að sjálfsögðu sú launastefna. Ég viðurkenni, frú forseti, að ég hef aldrei haft tækifæri til að standa við hliðina á hv. þingmanni í þingflokki hans þegar hann ræðir launastefnu ríkisstjórnarinnar.

Launastefna ríkisstjórnarinnar hefur verið sú sem hv. þingmaður er að lýsa. Ég get alveg tekið undir það að á köflum hefur verið keyrt býsna greitt en það á alls ekki við yfir línuna alla, það bara á alls ekki við. Við skulum ekkert vera að draga úr ábyrgð ríkisstjórnarinnar á þessum þáttum og ég fullyrði það sem ég gerði áðan, að ríkisstjórnin ber auðvitað fulla ábyrgð og mesta ábyrgð á þeirri verðbólgu sem við þurftum að þola fyrri hluta þessa árs.

[18:30]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur aldrei farið á milli mála að auðvitað ber ríkisstjórnin ábyrgð gagnvart launaþróun hjá opinberum starfsmönnum. Hið hörmulega í þessu er að okkur hefur ekki tekist þrátt fyrir að margsinnis hafi verið bent á að samræma launaþróun hjá ríkinu og sveitarfélögunum. Þetta hefur margsinnis orðið til víxlverkana sem við stöndum frammi fyrir og ráðum ekkert við.

Ég hef hrópað á þetta oft og beðið menn að hætta þessu. Beðið menn að átta sig vel að hvaða hætta væri fólgin í þessu og við mættum ekki gera þetta. Ég minnist þess aldrei að nafni minn, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, kæmi og tæki undir með mér.

Ég hef líka varað við því að við mættum ekki undir neinum kringumstæðum vera með gylliboð til að blekkja fólk með. Á síðastliðnu hausti stóð þáverandi borgarstjóri í Reykjavík fyrir því að hækka sérstaklega laun. Fékk mikið lof frá ýmsum eins og Morgunblaðinu og fleirum, að þarna kæmi nú loksins konan sem væri að hjálpa hinum lægstlaunuðu. Skipti það engu máli þó að verkalýðsfélagið Efling auglýsti það samdægurs að taxtahækkanirnar næðu upp úr til allra. Það skipti engu máli.

Ég minnist þess ekki að nokkur maður úr stjórnarandstöðunni, sem hefur þó svona miklar áhyggjur af þróun ríkisfjármálanna, kæmi og varaði við þessu. Nei. Það var alveg öfugt. Þeir töldu þetta hið besta þjóðráð og þannig ætti að gera þetta. Hældu sér yfir þessu og töldu þetta allt hið besta. Þannig hefur það alltaf verið. Menn í stjórnarandstöðunni hafa alltaf viljað bæði éta kökuna og eiga hana. Alltaf hvatt til útgjalda en verið svo dálítið hneykslaðir yfir því að ekki sé nógu mikið aðhald.

[18:32]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður heldur áfram á sinni venju-

legu leið. Það er vissulega að sumu leyti nokkuð til í því sem hv. þingmaður segir varðandi það að við höfum að sjálfsögðu varað við þeirri þensluleið sem ríkisstjórnin hefur farið. Við höfum varað við því að láta útgjöldin vera nær stjórnlaus.

Við höfum hins vegar klárlega þá stefnu að auka eigi jöfnuð í landinu. Þar skilur á milli. Það er augljóst mál að ríkisstjórnin hefur keyrt alveg þveröfuga leið í þeim efnum. Við höfum t.d. talið að nota eigi bæði launastefnu og skattkerfi til að auka jöfnuð í landinu. Við teljum að ekki eigi að nota skattkerfið eins og ríkisstjórnin hefur gert, þ.e. að fara þá leið að auka hlut þeirra sem meira hafa og skerða hlut þeirra sem minna hafa. Þetta er leið sem við erum algjörlega á móti.

Við erum einnig á móti því að sýna það agaleysi sem er í ríkisfjármálum. Við teljum að nauðsynlegt sé að nota ríkisfjármálin til þess að hafa áhrif í efnahagslífinu. Við teljum að við eigum að beita öllum aðferðum sem við höfum til að koma í veg fyrir að verðbólga vaxi í landinu. Ég endurtek það sem ég hef sagt hér áður, að sú verðbólga sem við sitjum uppi með á þessu ári er að sjálfsögðu alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Ekki skorti aðvörunarorðin fyrir ári þegar flestir sáu í hvað stefndi.

En hv. þingmaður gerði eins og fyrrum, þrátt fyrir að koma oft með ágæt aðvörunarorð, þá endaði það á því að hv. þingmaður fylgdi ráðherralínunni og greiddi atkvæði með fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

[18:34]

**Útbýting:**

Fjáraukalög 2006, 47. mál, nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 380.

Hætta á vegum á Vestfjörðum, 352. mál, fsp. AKG, þskj. 382.

Námslán fyrir skólagjöldum í íslenskum háskólum, 355. mál, fsp. KJúl, þskj. 385.

Olíuleit og rannsóknir á landgrunni Íslands, 354. mál, fsp. GHall, þskj. 384.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, 351. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 381.

Skráning og mat fasteigna, 350. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 379.

Slys og óhöpp á Vestfjörðum, 353. mál, fsp. AKG, þskj. 383.

[18:35]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Mig langar að víkja að nokkrum atriðum í tengslum við umræður um fjáraukalagafrumvarpið. Það hefur verið mikið rætt í dag. Ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu sem hér hefur verið hvað varðar fjárlagagerðina og forsendur hennar og hvernig það hefur farið úr böndunum. Það hafa talsmenn stjórnarandstöðunnar á undan mér gert og ég þarf ekki að endurtaka það.

Varðandi fyrirsjáanlega fjárvöntun til opinbers rekstrar — þar sem menn vísvitandi lokuðu fjárlögum fyrir árið á þeim forsendum að það gat ekki gengið upp og annað tveggja hlaut að gerast að viðkomandi stofnanir lentu í miklum vanda og færu fram úr fjárlögum, lentu í hallarekstri og/eða þær yrðu einfaldlega strax í byrjun þessa árs að grípa til örþrifaráða, segja upp fólki eða reyna að draga úr útgjöldum eins og kostur væri — þá verða stjórnarliðar að horfast í augu við að það er munur á því að takast á um pólitískar áherslur, stefnumótun sem eftir atvikum gengur síðan inn í fjárlagagerðina þar sem ríkisstjórn og meiri hluti hennar á Alþingi ákveður sínar pólitísku áherslur og forgangsröðun.

Það er munur á þessu annars vegar og hinu sem snýr að hefðbundinni fjárlagagerð og lýtur að forsendum rekstrar sem er lögbundinn eða sem er fyrir fram ákveðinn og ekki er ætlunin að hrófla við eða raska. Þannig er það t.d. með ýmsa starfsemi hins opinbera, að hún er lögbundin. Um hana gilda sérlög. Stjórnendur eru í raun bundnir af því, alveg eins og þeir eru að sjálfsögðu líka bundnir af fjárlögum eða eiga að vera. Þannig geta menn lent milli tveggja elda og stundum er þeim ætlað að gera hið ómögulega, þ.e. menn vísvitandi loka þannig fjárlögunum að ætlast er til þess af stjórnendum, ef á að taka hlutina bókstaflega og alvarlega, að gera það sem ekki er hægt, hvort tveggja í senn að halda uppi óbreyttri þjónustu eða jafnvel auka hana og spara síðan í rekstrinum verulegar fjárhæðir.

Við getum sagt að þetta sé mjög skýrt í tilviki framhaldsskólans. Samkvæmt lögum eiga menn rétt á því að komast í framhaldsskóla. Ríkið á að sjá til þess að nemendur á framhaldsskólastigi í landinu geti komist í framhaldsskóla. Það verður þá hins vegar að veita fé til þess að framhaldsskólarnir geti tekið við og skráð inn þá nemendur sem óska eftir inngöngu í framhaldsskóla eða óska eftir því að stunda framhaldsskólanám á hverju ári.

Hér hefur einmitt verið minnt á nokkur slík tilvik þar sem stjórnarandstaðan flutti breytingartillögur við fjárlagagerðina í fyrra og reyndi að vekja athygli á að í ákveðnum tilvikum væri verið að loka fjárlögunum þannig að það gæti ekki gengið upp. Það hlyti að hafa í för með sér annaðhvort óumflýjanlegan hallarekstur eða þá að stjórnendur væru settir í vanda, í bóndabeygju, sem í raun væri ekki sanngjarnt og boðlegt að þeir væru settir í.

Ég nefni t.d. rekstur ákveðinna stofnana í heilbrigðismálunum, mikilvægustu undirstöðustofnananna þar, eins og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Landspítalans – háskólasjúkrahúss og fleiri slíkra stofnana. Ég nefni háskólastigið, t.d. Háskólann á Akureyri. Það var auðvitað augljóst mál að Háskólinn á Akureyri gæti ekki mætt þeim kröfum sem á honum standa og orðið við þeirri eftirspurn sem er eftir námi í þeirri stofnun og fengið jafnnaumt skammtaða fjárveitingu og honum var ætlað í fjárlögum yfirstandandi árs.

Þetta kom á daginn. Við fluttum breytingartillögu um 100 millj. kr. fjárveitingu og manni fannst það talsvert metnaðarleysi. Ég man að ég ræddi það við 2. umr. um fjárlagafrumvarpið seint í nóvember fyrir ári, að það væri alveg merkilegt að metnaðurinn væri ekki meiri þrátt fyrir allt. Þegar kæmi að flaggstofnun í uppbyggingu náms á háskólastigi á landsbyggðinni og eftir atvikum ef við lítum á það einnig sem vel heppnaða byggðaaðgerð, að byggja upp Háskólann á Akureyri, væri metnaðurinn þá ekki meiri en þetta að uppbygging og þróun stofnunarinnar væri að

stöðvast vegna þess að menn væru þar að reka sig upp undir þak ónógra fjárveitinga og gætu ekki mætt kröfum sem að skólanum stæði, t.d. um að auka þjónustu á sviði fjarnáms á háskólastigi á landsbyggðinni og einfaldlega taka inn nemendur í samræmi við aðsókn að skólanum.

Þetta hefur komið á daginn og nú hrökklast menn hér inn seint á árinu með 60 millj. sem er allsendis ónóg fyrirgreiðsla, þegar stjórnendur eru búnir að glíma við erfiðar aðstæður og hafa jafnvel þurft að grípa til sársaukafullra aðgerða, eins og að draga úr námsframboði, segja jafnvel upp fólki og veita minni þjónustu en þeir hefðu viljað og eftirspurn var eftir.

Framhaldsskólarnir. Það er sama dæmið. Það lá algerlega ljóst fyrir að verið var að veita of lítið fé til framhaldsskólastigsins við fjárlagagerðina á síðasta ári. Mig minnir, ég held að það komi meira að segja fram hér, að það hafi verið um 250 millj. kr. sem stjórnarandstaðan lagði til með breytingartillögu að settar yrðu inn í fjárlögin í viðbót við það sem var í frumvarpi á sama tíma fyrir ári.

Hvað gerist svo núna? Jú. Nú er óskað eftir 240 millj. í viðbót í framhaldsskólana. Það skakkar 10 millj. kr. Það skakkar 10 milljónum, ekki satt, á því sem meiri hlutinn kemur nú með og leggur til að bætt verði við rekstur framhaldsskólanna á árinu, frá þeirri breytingartillögu sem sami meiri hluti felldi frá stjórnarandstöðunni fyrir ári.

Ég lít svo á að þetta sé ekki, nema annað komi á daginn, spurning um ólíkar áherslur í pólitík. Þetta er væntanlega meira einhvers konar þrákelkni eða einhver aðferðafræði meiri hlutans að halda mönnum í slíkri bóndabeygju, þessari klemmu og lina svo þjáningarnar seint og illa með svona fjáraukalagafyrirgreiðslu sem dugar þó ekki til að bæta mönnum fjárhagsvandann að fullu.

Af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom með sína hefðbundnu ræðu um að vandinn væri allur fólginn í launaþróun í landinu, þá er það auðvitað ekki rétt nema að hluta til að stilla málum þannig upp. Vandi skólanna er t.d. ekki í grunninn sá að launaþróun hafi orðið óvænt og launaútgjöld í rekstri skólanna ófyrirséð og það sé þess vegna sem þeir lenda í vandræðum. Það er aldeilis ekki þannig. Það sem kallar á aukin útgjöld og er í raun gleðilegt er að aukin aðsókn er að námi, bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Það hefur legið fyrir. Þær forsendur voru líka fyrirsjáanlegar. Algerlega. Það skakkaði nánast engu í áætlun minni hlutans á síðasta ári einmitt í því efni sem snýr að framhaldsskólunum. Vissulega kostar sitt að taka við fjölgun nemenda. Það þarf starfsfólk til þess. En það er fyrst og fremst nemendafjölgunin sem meiri hlutinn hefur neitað að horfast í augu við undanfarin ár og hefur sett háskólana, sérstaklega opinberu háskólana, Háskóla Íslands, Kennaraháskólann og Háskólann á Akureyri, og framhaldsskólana í landinu í spennitreyju.

Í sumum tilvikum snýst þetta alls ekki um mjög mikil viðbótarlaunaútgjöld heldur um það að hægt sé að mæta öðrum kostnaði sem fjölgun nemenda fylgir og kallar ekki endilega á svo mikið viðbótarstarfsmannahald.

Þetta vildi ég segja almennt um einstaka fjárveitingaliði og samanburðinn við fjárlög yfirstandandi árs og það sem hér var rætt um við fjárlagaafgreiðsluna fyrir ári. Það er alveg ljóst að forsendur fjárlagafrumvarpsins frá því í fyrra hafa brostið í veigamiklum atriðum. Útgjöldin eru verulega meiri. Í fjárlagafrumvarpinu er verið að leggja til 6–8% hækkun á fjárveitingum til opinbers rekstrar eða opinberra útgjalda á árinu. Tekjuhliðin hefur vikið enn þá meira frá áætlunum, m.a. vegna þess að þjóðhagsspá hefur reynst kolröng. Viðskiptahallinn er til muna meiri en hann var áætlaður á árinu. Það skakkar mjög miklu, enda slær hann öll met. Ísland er í rauninni að komast alveg í sérflokk af þróuðum hagkerfum eða þróuðum ríkjum hvað varðar þennan gríðarlega viðskiptahalla, sem verður yfir 20% af vergri landsframleiðslu á árinu.

Ég þekki ekki mörg dæmi þess að lönd, sem ekki hafa þá lent í einhverjum meiri háttar skakkaföllum eða hremmingum, a.m.k. ekki þróuð ríki innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD, hafi í raun og veru lent í slíkum ósköpum.

Þetta þýðir að sjálfsögðu að tekjur ríkissjóðs, m.a. af þessari miklu þenslu og þessum mikla viðskiptahalla, eru miklar. En það er í raun og veru svo með froðutekjur af þessu tagi, því miður, að þær eru ekki vegna eiginlegrar aukinnar verðmætasköpunar þjóðarbúsins heldur vegna þessa gríðarlega jafnvægisleysis sem hér er í hagkerfinu og endurspeglast fyrst og fremst í viðskiptahallanum.

Síðan koma inn í þetta frumvarp og nú í breytingartillögu meiri hlutans, eins og hefur þegar verið gert rækilega að umtalsefni í umræðunni í dag, virðulegur forseti, engin smámál og engar smátölur, þar sem allt í einu, rétt áður en taka á þetta frumvarp til 2. umr., efnislegrar umræðu og atkvæðagreiðslu, eins og kom fram í umræðum um störf þingsins í gær, er hent inn í fjárlaganefnd gríðarlega stórum pólitískum málum. Og meiri hlutanum verður ekki flökurt af því að leggja til að þetta sé tekið hér inn og til afgreiðslu þó að engar forsendur og gögn hafi fylgt málum, eins og varðar kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun, eins og varðar ríkisábyrgð á miklum umframkostnaði við gerð Kárahnjúkavirkjunar og fleira í þeim dúr mætti nefna.

Varðandi Landsvirkjunarkaupin er það í raun og veru ævintýralegt mál að stjórnarflokkarnir, sem sitja þar báðum megin við borðið — með þeirri einu undantekningu að í staðinn fyrir Framsóknarflokkinn í Reykjavík er Samfylkingin með Sjálfstæðisflokknum í meiri hluta á Akureyri og skrifar upp á hlutina þar — eru að semja við sjálfa sig. Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn í ríkisstjórn eru að semja við Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavíkurborg um að kaupa þann hlut og slengja saman í eitt í framhaldinu, því að þetta er allt saman hluti af einum pakka sem liggur fyrir, Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Með inni í þeim pakka fylgir eignarhlutur Landsvirkjunar í Landsneti. Það er merkilegt að ekki skuli vera meiri umræða um það að sveitarfélögin, svo ég nefni bara Akureyrarkaupstað, séu að láta frá sér eignarhlut sinn í Landsnetinu sem þessum eignarhlut nemur. Eru sveitarfélögin sem eiga í öðrum orkufyrirtækjum, þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur og Norðurorku, ekkert hugsi yfir því að búa til þennan einokunarrisa með enn þá rammlegri hætti í höndum ríkisins í gegnum þessa sameiningu og þennan nýja markaðsráðandi einokunarrisa sem þar með er verið að búa til í raforkumálum hér á landi?

Það er dálítið umhugsunarefni, frú forseti, að svona

skuli hlutirnir gerast og aðrir ekki að þessu kallaðir. Málunum er til málamynda hent inn í fjárlaganefnd eða inn í borgarstjórn eða borgarráð Reykjavíkur. Minni hlutinn fær þar ekki gögn og honum er ekkert annað ætlað en að standa *frammi fyrir gerðum hlut, þessum samningum helmingaskiptaflokkanna*, og stimpla það eða andæfa því eftir atvikum.

Hér eru auðvitað ekkert litlir hlutir á ferð og það liggur alveg fyrir líka í hvaða pólitíska samhengi og pólitíska umhverfi þetta er gert. Draumur stjórnarflokkanna er síðan að *hefja undirbúning að einkavæðingu Landsvirkjunar í framhaldinu*. Það liggur fyrir, þökk sé m.a. fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem í viðtölum við fjölmiðla var ágætlega hreinskilin í þessum efnum í upphafi árs 2005 þegar þessi áform voru viðruð. Til dæmis sagði Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í viðtali við *Morgunblaðið, föstudaginn 18. febrúar 2005*, að svo kynni að fara að t.d. lífeyrissjóðirnir gætu orðið hugsanlegir framtíðareigendur sameinaðs fyrirtækis Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins. Hæstv. ráðherra sagði, með leyfi forseta:

„Áform eru uppi um að sameinuðu fyrirtæki verði breytt *í hlutafélag eftir þrjú ár*." — *Nú er sem betur fer ekki víst* að það verði í valdi hvorki þessa ráðherra né þess flokks og þeirrar ríkisstjórnar sem hún er í að stýra því, en þetta voru áformin. — „Á þeim tímapunkti verður að meta hvenær er rétt að opna fyrirtækið fyrir nýjum eigendum," segir Valgerður." — Eins og stendur hér í endursögn Morgunblaðsins, og heldur áfram: „Það er *búið að móta þá stefnu að til* þess muni koma." — Sem sagt að fyrirtækið verði opnað fyrir nýjum eigendum — „Það er ekki okkar framtíðarsýn að ríkið eitt muni eiga þetta fyrirtæki til framtíðar."

Þarna er alveg skýr stefna mótuð. Ég hef hvergi séð þetta dregið með formlegum hætti til baka. Þarna var tónninn gefinn og er hann gefinn? Ekki þarf nú að efast um hug Sjálfstæðisflokksins. Aðalvandamálið er væntanlega það að Landsvirkjun, eða þess vegna hið nýja sameinaða fyrirtæki í formi móðurfélags og dótturfélaga og einnar samstæðu, einnar bókhaldslegrar samstæðu, sem hæstv. núverandi iðnaðarráðherra segir að sé ekki sameining og telur sig þar með ekki vera að ganga á bak orða sinna, bara af því að þetta verða móðurfélag og dótturfélög í 100% eigu móðurfélagsins heitir það ekki sameining í hans huga, verður fyrst um sinn ekki mjög söluhæf vara. Það er vegna þess að fjárfestingar Landsvirkjunar á undanförnum árum eru svo gríðarlegar, eiginfjárstaða fyrirtækisins það veik og tvísýnt um arðsemi af þeim fjárfestingum að það er ekki víst að menn verði mjög spenntir að leggja mikla fjármuni í það eða taka áhættuna með því á fyrstu árunum, auk þess sem ótal álitamál hljóta að koma upp eins og hvað eigi að gera með ríkisábyrgðina og í reynd sveitarfélagaábyrgðina á þessum miklu skuldbindingum, sem þyrfti þá væntanlega einhvern veginn að losa undan. Ekki nema menn ætluðu að hleypa meðeigendum inn í fyrirtækið og bera áfram ábyrgðina á skuldbindingum þess sem væri satt að segja nokkuð kúnstug einkavæðing. Það er hins vegar ljóst að það mun kosta mjög mikla fjármuni að leysa upp lánasamningana, borga upp lánin og losa þannig ríkisábyrgðina og eigendaábyrgðina upp eins og hún hefur verið.

Þetta kann að flækjast eitthvað fyrir mönnum en pólitíkin er svona, stefnan er þarna. Það er draumsýn ríkisstjórnarinnar og ekki síst Framsóknarflokksins, eins og hún var mótuð af fyrrverandi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að hefja undirbúning að einkavæðingu þessa fyrirtækis, breyta Landsvirkjun í hlutafélag, helst á árinu 2008 ef mönnum endist örendi til þess — dótturfélögin eru þegar hlutafélög, Rarik og Orkubú Vestfjarða, og þar með er samstæðan öll sem slík komin yfir í það form — og reyna síðan að selja út úr fyrirtækinu eða taka inn nýja meðeigendur.

Frá þessu geta menn auðvitað ekki hlaupið þannig að sú fátæklega málsvörn framsóknarmanna að þetta sé ekki liður í einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar er eins og hver annar brandari. Og þó að þeir væru að segja þetta og meina það þá hefur aldrei verið neitt mark á slíku takandi því að það hefur ævinlega verið svikið. Það hefur aldrei neitt staðist sem sagt hefur verið eða lofað í sambandi við þessa einkavæðingu. Það gerði það ekki þegar bankarnir áttu í hlut, ekki þegar Síminn átti í hlut, og allra síst hefur mark verið takandi á Framsóknarflokknum í slíkum hlutum því að hann hefur ævinlega hlaupið frá því sem hann hefur lofað fyrir kosningar í þessum efnum, eins og því t.d. fyrir *næstsíðustu kosningar að hann mundi ekki ljá máls á einkavæðingu* Símans, a.m.k. ekki að selja hann með grunnnetinu. Hvernig er að fara með Ríkisútvarpið? Einhvern tíma þóttist Framsóknarflokkurinn ætla að standa í lappirnar í því máli, við vitum hvernig það hefur farið, nú er hann búinn að kyngja hlutafélagavæðingu þess o.s.frv.

*Um Kárahnjúkavirkjun mætti margt segja og þá staðreynd* að menn þurfa nú að koma og biðja um 5 milljarða ríkisábyrgð í viðbót á því dæmi. Það mun vera svo að viðbótarkostnaður vegna framkvæmdanna er búinn að éta upp allt sem áætlað var í ófyrirséðan kostnað og það leiðir ekki af að hin upphaflega kostnaðaráætlun standist þar með. *Verktakasamningarnir, sem menn flöggguðu og hömpuðu* mikið í byrjun að væru ákaflega hagstæðir, m.a. vegna hins lága tilboðs svo ekki sé nú sagt undirboðs ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo, duga ekki til vegna þess að viðbótargreiðslur vegna verktakasamninganna og verkefna sem liggja utan þeirra eru komnar talsvert á annan tug milljarða króna.

Nú veit ég það ekki vegna þess að ég hef ekki haft tíma til að skoða það, hvers vegna beðið er um nákvæmlega 5 milljarða í viðbótarríkisábyrgð núna, en það er vegna umframkostnaðar í einhverjum tilteknum hlutum verksins. Þar hafa tveir þættir fyrst og fremst farið hressilega fram úr kostnaðaráætlun, *það er bygging stíflunnar sjálfrar og gerð* ganganna. Í báðum tilvikum hefur verktakinn, sem er hinn ítalski, fengið miklar viðbótargreiðslur frá Landsvirkjun, væntanlega vegna þess að Landsvirkjun hefur talið það betri kost en að taka áhættu af málaferlum og skaðabótakröfum eða viðbótarkröfum frá fyrirtækinu á því formi.

*Svona er þetta að fara og þá er rétt að menn minnist þess* og rifji það upp að dæmið var svo tæpt að aðeins 5–10% frávik í framkvæmdakostnaðinum gerði út um alla arðsemi sem reiknuð var inn í það á veikum forsendum. Það þarf sem sagt ekki meira til, þá gufaði hún upp, jafnvel á þeim veiku forsendum og með þá lágu arðsemiskröfu sem Landsvirkjun ætlaði að sætta sig við í verkefninu.

Vinnubrögðin í þessum efnum dæma sig sjálf. Það er með endemum að þingnefnd, þess vegna bæði fjárlaganefnd og iðnaðarnefnd, skuli ekki hafa fengið vandaða yfirferð á þessum málum, að tíminn núna í október og nóvember skuli ekki hafa verið notaður til að fara yfir og skoða þessar breyttu forsendur og gögn málsins þannig að hér væri þá með trúverðugum hætti hægt að leggja hlutina upp til ákvarðanatöku. Það hefur ekki verið gert og það er alveg í samræmi við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar að þessu leyti. Að menn séu búnir að sitja of lengi við völd má gjarnan marka af því þegar menn fara að hegða sér með hlutina eins og þeir séu þeirra einkamál, eins og það sé algerlega þeirra einkamál hvernig þeir fara með fjármuni ríkisins, hvernig þeir fara með ábyrgðir og skuldbindingar sem þó lenda á herðum skattborgaranna.

Það síðasta sem ég ætlaði að gera hér aðeins að umtalsefni, virðulegur forseti, eru efnahagsaðstæðurnar sem við okkur blasa nú þegar við erum að afgreiða þetta fjáraukalagafrumvarp. Auðvitað verða fleiri tækifæri til að ræða það síðar á haustþinginu áður en Alþingi lýkur störfum en mér finnst varla annað hægt en víkja að því nokkrum orðum vegna þess að enn er uppi hinn einkennilegi gorgeir, ég vil kannski ekki segja hroki stjórnarliða þegar þeir ræða þessi mál, en það er furðuleg viðleitni og tilburðir hér uppi til þess að einfalda málin og setja bara á sömu gömlu plöturnar um góðærið, um hinn glæsilega árangur, um hina stórkostlegu hamingju sem mönnum hljóti að hlotnast við að vera þátttakendur í þessu mikla ævintýri sem menn kalla svo, góðærinu og uppganginum og veislunni allri saman.

Hvernig er það svo, virðulegur forseti, þegar aðeins betur er að því gáð og skyggnst á bak við tjöldin? Eru traustar forsendur fyrir þeim þjóðarbúskap eða þeim umsvifum í hagkerfinu sem menn dásama og mikla um þessar mundir? Hvað segir yfir 20% viðskiptahalli okkur? Það eru hrikaleg skilaboð sem fólgin eru í því að við séum að reka þjóðarbúið okkar með yfir 20% halla, mælt eða borið saman við heildarverðmætasköpun í landinu. Þetta er ekki 20% halli miðað við fjárlögin. Nei, þetta er 20% halli miðað við verga landsframleiðslu upp á nálægt 1.100 milljarða kr. eins og áætlað er að hún verði á þessu ári, 20,8% held ég að standi núna í þjóðhagsspá ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Ætli það geri þá ekki um 230 milljarða kr.? 230 sinnum 1.000 millj. kr. er hallarekstur þjóðarbúsins út á við í viðskiptum við útlönd á þessu eina ári. Það er engin smáræðisaukning á erlendum skuldum þjóðarinnar.

Nú mundu menn auðvitað segja að þá skipti miklu máli hvað liggi á bak við viðskiptahallann. Gott og vel. Skoðum það. Eru það fyrst og fremst varanlegar fjárfestingar? Eru það kaup á framleiðslutækjum? Eru það hlutir sem skila sér til baka í formi aukinnar verðmætasköpunar og aukinna gjaldeyristekna þannig að menn þurfi ekki að hafa af þessu neinar áhyggjur?

Nei, því miður er það ekki þannig, frú forseti. Einungis um einn þriðja hluta af þessu er hægt að skýra með þeim hætti. Þar vega náttúrlega stóriðjuframkvæmdirnar langþyngst. Þó við drögum það frá, eina 70–80 milljarða kr., þá standa samt eftir tölur af þessu tagi sem eru þá því miður fyrst og fremst viðbótareyðsla þjóðarbúsins. Þær gufa sem sagt ekki upp. Það eru neysluvörur, það er eyðsla, það eru kaup á varningi eða þjónustu, umfram það sem útflutningstekjur okkar fyrir varning og þjónustu skila.

Þá draga menn kannski upp síðasta hálmstráið og segja: Já, en hvað með eignaaukninguna á móti erlendis? Er þetta ekki allt í lagi vegna þess að þótt erlendar skuldir þjóðarbúsins séu vissulega að aukast gríðarlega og aðilar eins og Fitch hafi vakið athygli á því að þetta séu hæstu erlendu skuldir hjá nokkru landi sem þeir hafa skoðað, er þá ekki mikil eignaaukning á móti? Þá skulum við bara skoða það. Hvernig er skuldastaðan að þróast ef við tökum bara hreina eign?

Það er því miður þannig, frú forseti, að einnig þar sígur svo hratt á ógæfuhliðina að við höfum ekki í annan tíma á örfáum árum séð jafnóhagstæða þróun. Ef við tökum heildarskuldirnar þá eru þær þrefaldar mældar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu frá því sem var árið 2000. Góðæristíminn mikli hefur sem sagt skilað þessu, að heildar erlendar skuldir eru orðnar 360% af vergri landsframleiðslu. Talan er trúlega eitthvað um 4.150 til 4.200 milljarðar kr. núna á þessu augnabliki. Það er þreföldun á því hlutfalli frá árinu 2000.

Ef við tökum hreinar erlendar skuldir, þá er staðan þannig að þær hafa aukist úr því að vera um það bil landsframleiðslan á árunum 2001–2003 og upp í að vera um 170% núna. Hreinar erlendar skuldir. Ef við drögum eignaaukninguna frá sem menn gjarnan guma af, þ.e. kaup í fyrirtækjum og skuldabréfum erlendis og annað því um líkt, sem menn geta þá huggað sig við að standi á móti aukningu erlendra skulda, þá er staðan því miður sú að hreinar erlendar skuldir eru á þessari leið.

Meira að segja hrein erlend staða þjóðarbúsins, allra síðasta hálmstráið, hún hefur, þ.e. þegar áhættufjármagnið er dregið frá, versnað úr um 50% af vergri landsframleiðslu á árunum 1995–1996 til og með 1999 og upp í um 90% núna. Meira að segja hrein staða þjóðarbúsins er að verða neikvæð um eina landsframleiðslu.

Ég sé nú að stjórnarliðar tolla ekki í salnum og það er svo sem skiljanlegt, enda eru þetta sérstaklega framsóknarmenn. Þeim þykir þessi lestur ekki skemmtilegur. Ég veit að það eru voðalega fáir sem vilja tala um þetta, frú forseti. Ég hef orðið var við það undanfarnar vikur, mánuði og ár. En það mun engu breyta um það að ég mun fara reglulega yfir þessa hluti og reyna að vekja athygli á hvert er verið að stefna.

Það er auðvitað hverjum manni ljóst að það eru því miður ekki innstæður fyrir eyðslustiginu í landinu. Við erum að eyða langt um efni fram. Og fjárfestingin sem þarna kemur á móti eða eignamyndunin erlendis dugar hvergi nærri til.

Í besta falli verður einn þriðji af viðskiptahallanum skýrður með kaupum á framleiðslutækjum og fjárfestingum í atvinnulífi sem gæti skilað tekjum á móti. Tveir þriðju eru sem sagt neysla umfram efni. Þegar erlendu skuldirnar eru gerðar upp á þessum grunni, skoðuð er hrein skuldastaða eða hrein staða, þá sígur svona hratt á ógæfuhliðina, eins og raun ber vitni.

Enda vara nánast allar erlendar sérfræðistofnanir við því hvert stefni. Það er auðvitað ekki að ástæðulausu að fyrirtæki eins og Fitch, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, OECD, og aðrir slíkir aðilar taka nú sterkara til orða með hverri skýrsl-

unni sem frá þeim kemur um að Íslendingar verði að fara að hugsa sinn gang. En auðvitað passar þetta ekki inn í góðærismyndina. Auðvitað er ekki gaman að þurfa að ræða þetta. Auðvitað hentar það ekki þegar styttist í einar kosningarnar enn og Framsókn þarf að fara að láta sér detta í hug hverju hún eigi nú að lofa. Hverju á hún nú að skreyta sig með? Þó það virðist kannski ekki gagnast henni sérstaklega, ekki enn sem komið er að minnsta kosti, og frekar hinum stjórnarflokknum.

En einhverjir verða þó að verða til þess, því miður, að tala um hlutina eins og þeir raunverulega eru. Fyrr eða síðar munu menn líta til þessa tímabils og spyrja sig: Hvað í ósköpunum voru ráðamenn Íslands að hugsa á þessum árum? Var engin umræða um það á Íslandi á þessu gríðarlega skuldaaukningartímabili hvert væri verið að stefna? Ísland keyrir hér algerlega þvert úr leið, borið saman við t.d. hin Norðurlöndin, sem öll hafa verið að lækka erlendar skuldir. Þó við reynum nú ekki að ná glæsilegum árangri Norðmanna sem eru meira en skuldlausir erlendis sem þjóð. Þá erum við ekki bara að tala um ríkissjóð eða opinbera aðila. Við erum að tala um norska þjóðarbúið í heild sinni meira en skuldlaust erlendis. Danir eru komnir mjög vel á veg í þeim efnum líka og skuldir á niðurleið bæði í Svíþjóð og Finnlandi.

En hér vaxa þær gríðarlega og þó að það sé í sjálfu sér gott að ríkissjóður, (Gripið fram í.) — ég ætlaði einmitt að ræða það, hv. þingmaður — ég hef iðulega sagt héðan úr þessum ræðustóli að ríkissjóður hafi greitt niður skuldir sínar og það er að sjálfsögðu ljós í myrkrinu. Þó að auðvitað séu mjög eðlilegar skýringar á því þegar litið er til þess hve ríkissjóður fær miklar tekjur af þenslunni. Ríkissjóður fær miklar tekjur af viðskiptahallanum og ríkissjóður hefur selt mjög verðmætar eignir. Það er nú eiginlega ekki hægt annað en að segja, skárra væri það nú þótt ríkissjóður hefði lagað stöðu sína. Það væri nú eitthvað meira en lítið að ef það hefði ekki gerst.

Það er auðvitað jákvætt. Það er gott, ekki síst frá sjónarhóli okkar sem viljum standa vörð um öflugt velferðarkerfi og ætlum ríkissjóði stórt hlutverk í því að standa undir samneyslunni í landinu og rekstri velferðarkerfisins. En það dugar bara ekki til. Það er ekki hægt að hugga sig bara við það eitt og tala eins og vandinn sé þar með horfinn, bara með því að horfa þröngt á stöðu ríkissjóðs þegar hitt blasir við að aðrar máttarstoðir samfélagsins hafa verið að safna gríðarlegum skuldum. Heimilin, atvinnulífið og sveitarfélögin. Allir þessir aðilar hafa verið að skuldsetja sig gríðarlega undanfarin ár. Kannski að slepptum sveitarfélögunum, sem ég hef nú ekki samanburðartölur um hvernig eru sett samanborið við t.d. sveitarfélög eða sveitarstjórnarstigið í öðrum OECD-löndum. Enda þegar verið að bera slíkt saman er yfirleitt um fleiri stjórnsýslustig o.fl. að ræða. En hitt er alveg ljóst að bæði íslenska atvinnulífið og heimilin eru í raun og veru þau skuldugustu sem þekkjast á byggðu bóli. Enda mundi heildarskuldastaða þjóðarbúsins ekki vera jafngríðarleg og sú mesta sem t.d. matsfyrirtækið Fitch Ratings kemur að því að meta, ef ekki væri vegna skulda þessara aðila.

Þannig er nú þetta, frú forseti. Um þetta verður auðvitað að tala þótt það passi ekki inn í pólitískar góðærisræður stjórnarliðanna sem vilja auðvitað eingöngu tala um jákvæðu hliðarnar og merkja sér þær en bera enga ábyrgð á því sem miður fer, að sjálfsögðu. Jafnvægisleysið í íslenska þjóðarbúskapnum, íslenska hagkerfinu, er stórhættulegt. Það mun leiða til mikilla ófara innan skamms tíma ef ekki tekst að fara að snúa eitthvað ofan af því.

Hvað segja t.d. láns- og sérfræðimatsaðilarnir? Þeir segja að staða þjóðarbúsins sé orðin mjög viðkvæm hvað snertir breytingar á vaxtakjörum erlendis. Fitch segir t.d. að landið sé í raun og veru berskjaldað gegn ytri áföllum svo sem hækkun vaxta erlendis og/eða skyndilegum breytingum á viðhorfum fjárfesta. Þetta er augljóst mál. Menn eru fljótir að reikna út hvað það þýðir, hvert prósent í vaxtahækkun, ef raunvextir hækka á erlendum skuldastabba þjóðarinnar sem er yfir 4.000 milljarðar kr. Það eru engin smáræðis útgjöld sem þjóðarbúið fær á sig bara með 1% raunvaxtahækkun á heimsmarkaði ef slíkt gerðist á skömmum tíma og annað eins hefur nú gerst, 1% raunvaxtahækkun á yfir 4.000 milljarða skuldum. Þá duga eignirnar ekki endilega mikið vegna þess að þær eru í fæstum tilvikum afsetjanlegar eða bera vexti á móti erlendis, ekki nema einhver lítill hluti þeirra. Það getur myndast gríðarleg gjá af þeim sökum.

Hvað er átt við með skyndilegri breytingu á viðhorfum fjárfesta? Til dæmis því að vantrú á greiðslugetu íslenska þjóðarbúsins breiðist út og/eða að aðstæður breytist þannig að það dragi skyndilega úr áhuga manna á alþjóðlegum fjármálamarkaði á því að fjármagna viðskiptahallann við Ísland? Menn segja kannski allt í einu einn góðan veðurdag: Þetta er að verða dálítið dökkt dæmi þarna hjá Íslendingum. Við höfum ekki áhuga á því að taka áhættuna af því að halda áfram að fjármagna þennan viðskiptahalla nema þá að fá miklu hærra áhættuálag, miklu hærri áhættuþóknun á lánin. Þá gætum við lent í verulegum erfiðleikum einnig af þeim sökum.

Er ekki Seðlabankinn og ríkisstjórnin í raun og veru að viðurkenna þetta m.a. með því að nú á að stórhækka gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans? Hafa bankarnir ekki í raun og veru neyðst til að horfast í augu við þetta og farið í ýmiss konar ráðstafanir til þess að reyna að tryggja sig betur en þeir höfðu áður gert, m.a. í kjölfar mjög harðrar gagnrýni á fyrri hluta þessa árs á það hvernig skammtímafjármögnun þeirra var úr gerði gerð? Þeir fá að vísu hrós fyrir að þeim hafi tekist ágætlega til í þeim efnum. Þeir hafa róið að hluta til á ný mið og orðið þar ágengt eins og t.d. að fjármagna sig í Bandaríkjunum í stað Evrópu o.s.frv.

En það breytir engu um hitt að staða þjóðarbúsins í heild er áfram versnandi og lánshæfismatshorfur þjóðarbúsins eru neikvæðar. Þær eru áfram neikvæðar. Það er búist við því að þær versni. Þetta orðalag þýðir að þær séu áfram neikvæðar.

Þetta er nú sú hlið málanna, frú forseti, sem ég vildi aðeins gera að umtalsefni þó það sé í sjálfu sér leiðinlegt og ekkert skemmtiefni að vera að fjalla um þetta, þá held ég að það sé nauðsynlegt að einhver geri það. Ekki gera stjórnarliðar það. Svo mikið er víst. Þeir gera allt sem þeir geta til að þegja um þessa hluti. Ég hef reyndar sagt það áður og get endurtekið það að mér hefur fundist sem margir fleiri væru í furðulegu þagnarsamsæri þegar kemur að því að

ræða þessa hlið góðærisveislunnar sem menn tala svo mikið um að hér standi eða hafi staðið.

Það er auðvitað ekki mikill áhugi á því hjá þeim innan fjármálaheimsins og viðskiptalífsins sem raka saman peningum, gróða sem er sprottinn af þessu ástandi í verulegum mæli, að ræða að það kunni að koma að skuldadögum. Auðvitað vilja allir að þetta haldi áfram eins lengi og mögulegt. Flýtur á meðan ekki sekkur, segja sjálfsagt margir.

En það mun ekki gera það endalaust. Skútan mun ekki haldast uppi á yfirborðinu ef hún þyngist og þyngist og lækkar og lækkar í sjó. Það er bara þannig. Þá endar það með ósköpum að lokum. Það er engin einasta leið önnur en að horfast í augu við það að við erum að binda þeim sem á eftir koma, og koma og taka við, að glíma við þennan vanda á næsta og þarnæsta og þarnæsta kjörtímabili, miklar og erfiðar byrðar.

Við erum nefnilega að taka lífskjörin út fyrir fram. Við eyðum meiru og látum meira eftir okkur og gerum meira í þjóðarbúinu í dag en innstæður eru fyrir og við sendum þann reikning einfaldlega inn í framtíðina. Það mætti kannski kalla það framtíðarvanda í staðinn fyrir fortíðarvandann sem mikið var rætt um úr þessum ræðustóli eftir stjórnarskiptin 1991. Þá stóð hér m.a. þáverandi hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddsson, sem nú er horfinn til annarra starfa eins og kunnugt er, og þandi sig mikið og ræddi um fortíðarvanda. Taldi sig hafa tekið við gríðarlegu erfiðu búi og miklum fortíðarvanda. Talaði um sjóðasukk og hvað það nú var. Það var allur skilningur hans á því sem ríkisstjórnin hin næsta á undan honum hafði haft að glíma við. Þrotabú Sjálfstæðisflokksins frá 1988.

En gott og vel. Það má þá kannski segja að það sem við séum hér að horfast í augu við sé á sinn hátt framtíðarvandi. Framtíðarvandi í þeim skilningi að það kemur til kasta þeirra sem bera ábyrgð á íslenskum þjóðmálum og þjóðarbúskap á komandi árum og áratugum að leysa úr honum, þ.e. að borga niður skuldirnar.

Mínar áhyggjur eru m.a. þær að hér séu ekki að skapast þær traustu undirstöður í atvinnulífinu og í hagkerfinu sem gjarnan þyrftu að vera til þess að auðvelt verði að ráða við byrðarnar og greiða af þeim á komandi árum og áratugum. Menn horfa t.d. til stóriðjunnar í þeim efnum, ég veit að það eru huggunarorð og lausnarorð stjórnarliðsins, og það er fyrsta svarið sem sérfræðingar erlendra sérfræðistofnana fá þegar þeir spyrja hvernig menn ætli að fjármagna viðskiptahallann og borga af þessu á komandi árum, þá segja menn: Útflutningstekjurnar af aukinni álframleiðslu munu leysa þann vanda. En mun það verða svo? Munu þær duga til? Mun verða mikil hjálp í þeim á komandi árum? Svarið er nei, að minnsta kosti ekki fyrstu 25–40 árin á meðan verið er að borga niður virkjanirnar sem byggðar hafa verið vegna verksmiðjanna o.s.frv.

Veruleikinn er sá að stóriðjupakkarnir eiga meira en nóg með sig sjálfir. Þeir munu ekki hjálpa til við að borga af hinum almenna skuldavanda þjóðarbúsins einfaldlega vegna þess að hver króna sem þar kemur inn er bundin í afborganir af lánum eða þá kaupum á hráefnum og arði til eigendanna fyrstu 25–40 árin. Það verður sáralítil hjálp að því fyrir nettó gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins fyrr en þá að miklu lengra er komið inn í framtíðina og virkjanirnar og aðrar fjárfestingar, hafnir og annað því um líkt sem ráðist hefur verið í vegna þessara uppbygginga eru orðin afskrifuð.

Frú forseti. Ég ætla ekki að þreyta menn með lengri tölu um þessi mál enda sumt af því svo sem gamalkunnugt. Ég viðurkenni það fúslega. Ég hef áður komið inn á ýmsa þætti af sama tagi á undanförnum missirum. En það er þá á sínum stað í þingtíðindunum að þessi varnaðarorð hafa verið flutt hér. Þau hafa verið hér mælt og ekki við mig að sakast, að ég tel, hvort þeir sem hafa hlustað gera eitthvað með þau eða vísa öllu saman frá sem einhverjum órökstuddum fullyrðingum. Ég veit ekki annað en ég hafi farið með hreinar staðreyndir, allt saman tölulegar staðreyndir, sem er auðvelt að fletta upp á, t.d. í ágætum ritum eins og Peningamálum eða í skýrslu efnahags- og framfarastofnunarinnar um Ísland fyrir þetta ár og þar fram eftir götunum. Geti einhver áheyrenda upplýst mig um að ég hafi í einhverju einasta tilviki ekki farið rétt með og vitnað rétt í staðreyndir þá væri ég þakklátur fyrir það. En ég á ekki von á því vegna þess að ég er með gögnin hér í höndunum og þau tala sínu máli. Þau eru staðreyndirnar um þessa neikvæðu og dimmu skuggahlið á efnahags- og atvinnulífi landsmanna um þessar mundir.

[19:19]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má þakka fyrir nokkuð skýra framsetningu hjá hv. þingmanni í ræðu sinni sem er kannski ólíkt því sem hægt er að segja um fjármálaráðherraefni stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Jón Bjarnason. Ef ég skildi hv. þingmann rétt heyrðist mér hann bæði vera að vara við þenslu í íslensku efnahagslífi en samtímis að hvetja til aukinna fjárútláta á fjáraukalögunum. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann styðji tillögu 1. minni hluta fjárlaganefndar um aukin útgjöld eins og þeim er lýst í þingskjali og breytingartillögum nefndarinnar.

Það liggur fyrir og kom fram hjá hv. þingmanni og hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrr í dag að Vinstri grænir eru á móti stóriðjuframkvæmdunum á Austurlandi. Þeir hafa verið á móti skattalækkunum, ég held að þeir hafi meira og minna verið á móti flestum skattalækkunum sem lagðar hafa verið til á hinu háa Alþingi og auðvitað voru þeir á móti sölu bankanna.

Nú ber hins vegar svo við, hæstv. forseti, að þingflokksformaður Vinstri grænna, hv. þm. Ögmundur Jónasson, hefur lagt það til að bankarnir verði beinlínis reknir úr landi og lítil eftirsjá sé í þeim, þrátt fyrir að þeir skili milljarðatugum í ríkissjóð og til íslensks samfélags á hverju einasta ári. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann sé sammála þeim tillögum viðskiptaráðherraefnis stjórnarandstöðunnar. Telur hv. þingmaður að þetta muni auka tiltrú erlendra aðila á íslenskum fjármálamarkaði eða viðskiptalífi?

[19:22]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vekur athygli mína og ég segi nú ekki kátínu en svona næstum því að stjórnarliðar tala alltaf um

ráðherraefni stjórnarandstöðunnar. Það er greinilegt að stjórnarliðið býst við ríkisstjórnarskiptum og er farið að horfa á þá sem koma hér upp og tala fyrir stjórnarandstöðuna fyrst og fremst sem líkleg ráðherraefni (Gripið fram í.) í þetta og hitt ráðuneytið. Það er ágætt. Þetta er sérstaklega áberandi í fari framsóknarmanna, eðlilega. Ég held að nú sé svo komið að gamla Framsókn átti sig á að hún er um það bil að klára sig í þjónustunni við íhaldið og ekki við því að búast að henni endist örendið í mikið lengri vist á höfuðbólinu. Þeir búa sig nú undir kalda útlegð frá valdakötlunum og ylnum þar og það gerist æ meira áberandi í máli þeirra.

Ég held að Vinstri hreyfingin – grænt framboð í framgöngu sinni hvað varðar ríkisfjármál og efnahagsmál hafi verið algerlega sjálfri sér samkvæm. Við vorum eini flokkurinn sem skar sig úr í því að við töldum skattalækkanir, miklar skattalækkanir á hátekjufólk óskynsamlegar, m.a. vegna þenslu, vegna þess að þær eru olía á eld þenslunnar. En einnig vegna þess, og þar erum við algerlega sjálfum okkur samkvæm, öfugt við suma aðra, að við höfum aldrei verið feimin við að segja: Til að hægt sé að reka öflugt velferðarkerfi, búa vel að öldruðum, öryrkjum, leggja vel til mennta- og heilbrigðismála, þarf tekjur.

Það er meiri sómi yfir því, það er meiri reisn yfir því að mínu mati, hv. þingmaður, að þora að standa í lappirnar og vera sjálfum sér samkvæmur hvað varðar grundvallaráherslur í stjórnmálum en útúrsnúningaaðferðir af því tagi sem hv. þingmaður var með áðan, t.d. þegar hann snýr út úr skrifum á heimasíðu Ögmundar Jónassonar og ætlar mér svo að fara að svara fyrir það. Ögmundur Jónasson hefur hvergi sagt að það eigi að reka bankana úr landi. Það er hv. þingmanni til skammar eða minnkunar að reyna að færa umræðuna niður á það plan að við séum að eiga orðastað á grundvelli útúrsnúninga á ummælum manna. (Forseti hringir.) Höfum bara rétt eftir og ræðum um pólitíkina.

[19:24]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vakti athygli mína að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að það þyrfti tekjur til að standa undir öflugu velferðarkerfi. En hvað svo, hæstv. forseti? Þær tekjur mega ekki koma af stóriðjuframkvæmdum og nú mega þær tekjur ekki heldur koma af starfsemi viðskiptabankanna. Fjármálastarfsemi á Íslandi er orðin stærri þáttur í íslensku efnahagslífi en sjávarútvegur. Hver eru þá viðbrögð hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs? Jú, nú eru allir orðnir svo ofboðslega ríkir á fjármálamarkaði. Nú eru allir orðnir þetta fína þotulið sem er að græða peninga og auðvitað má enginn græða peninga. Hver er þá lausnin? Hún er sú að senda eigi bankana úr landi. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon getur ekki hlaupið undan þessum ummælum hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að sér væri engin eftirsjá í bönkunum úr landi.

Hingað til hafa menn verið að berjast fyrir því að bankarnir hafi höfuðstöðvar sínar hér á landi. Hvað halda menn að gerist þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson, viðskiptaráðherraefni hinnar sameinuðu stjórnarandstöðu, leggur það til að bankarnir flytji úr landi? Ætli það sé gæfulegt fyrir íslenskt efnahagslíf, hæstv. forseti? Hvar ætlar hv. þingmaður þá að ná í tekjurnar ef þær mega hvorki vera af stóriðjunni og heldur ekki af fjármálastarfsemi í landinu?

[19:26]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður var mér svo velviljaður að sanna algjörlega það sem ég var að segja. Hann hélt áfram að snúa út úr ummælum og gera mönnum upp skoðanir. Hv. þm. Ögmundur Jónasson leggur til að bankarnir fari úr landi, sagði hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Hvar hefur sá nefndi þingmaður lagt það til? Hefur hv. þingmaður lagt það til að bankarnir fari úr landi? Þetta er ömurlegur útúrsnúningur satt best að segja.

Hins vegar mun hv. þingmaður koma til starfa á nýjan leik í næstu viku og ég legg til að hv. þingmaður ræði þetta við hann. (Gripið fram í.) Ég spái því að hv. þm. Ögmundur Jónasson verði alveg maður til að svara hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni.

„Þær tekjur mega ekki koma af stóriðju og þær mega ekki koma úr bönkum.“ Höfum við einhvern tíma sagt að það atvinnulíf sem hér er í landinu, hvort sem það eru bankar, verksmiðjur eða eitthvað annað, eigi ekki að greiða skatta til samfélagsins? (Gripið fram í.) Við tökumst á um það þegar við stöndum frammi fyrir ákvörðunum um einstakar stórar framkvæmdir í landinu hvort þær séu skynsamlegar og þjóðhagslega arðbærar eða ekki eða réttlætanlegar út frá umhverfisáhrifum. Þegar þær eru orðnar veruleiki og orðin staðreynd í atvinnulífi okkar eru þær eins og hver annar atvinnurekstur og eiga að sjálfsögðu að borga sína skatta.

Frú forseti. Hitt er alveg ljóst, hv. þingmaður, að hátækni- og þekkingarfyrirtæki sem stóriðjustefnan hefur rutt úr landi borga ekki skatta hér. Fyrirtækin sem eru farin til Kanada eða Evrópu borga ekki skatta hér. Þau væru kannski að því í staðinn ef ekki hefði verið troðið inn í hagkerfið ofvöxnum stóriðjuframkvæmdum með öllum þeim vaxtarverkja- og þensluáhrifum sem því hafa fylgt og þar með talið einnig jafnvægisleysi á vinnumarkaði. Þetta er ekki annaðhvort eða, þetta er spurning um áherslur. Þetta er spurning um hvers konar atvinnulíf, hvers konar efnahagslíf og hvers konar samfélag þróast í landinu.

Aumingja blessaðir þingmennirnir, frú forseti, sem geta ekki annað en rætt þetta í einhverjum svarthvítum litum, ég vorkenni þeim.

[19:28]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það er kannski bara í beinu framhaldi af orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar ástæða til að nefna að kannski er betra að horfa á þetta í svart/hvítu en í eintómu svartnætti eins og hefur einkennt málflutning hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hér í dag.

Ég ætlaði hins vegar að ræða um nefndarálit frá 1. minni hluta fjárlaganefndar, þær tillögur sem sá minni hluti gerir hér við 2. umr. og fara yfir þær í nokkrum orðum. Ég vil fyrst vekja athygli á því, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur gert, að þrátt fyrir að í breytingartillögunum séu lagð-

ar til margvíslegar auknar fjárveitingar til heilbrigðismála stendur til að skoða þau mál betur á milli 2. og 3. umr., einkum að því er varðar hjúkrunarheimili og aðrar öldrunarstofnanir.

Það kemur fram í tillögum nefndarinnar að lagðar eru til auknar fjárheimildir til menntamálaráðuneytis upp á 743,9 millj. kr. Ég vil í því sambandi sérstaklega vekja athygli á fjórum liðum þar undir, það er í fyrsta lagi gerð tillaga um 10 millj. kr. framlag til Kvikmyndaskóla Íslands. Í öðru lagi er gerð tillaga um 5 millj. kr. styrk til Kolkuóss til uppbyggingar og varðveislu á menningarverðmætum þar á staðnum. Þar er unnið mjög merkilegt framtak og ástæða til að styðja vel við bakið á því. Sömu sögu er að segja um ungmenna- og tómstundabúðir sem Ungmennafélag Íslands hefur rekið á Laugum í Dalasýslu sem er afskaplega merkilegt framtak og nýtur víðtæks stuðnings og er vel sótt af skólum víða um land. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. framlag til þeirra búða. Ég vek líka athygli á því, hæstv. forseti, í þessu sambandi að Ungmennafélag Íslands hefur unnið að því ásamt heimamönnum að koma á slíkum tómstundabúðum að Skógum í Rangárvallasýslu.

Á næsta ári er 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar og það er tekið á þeim efnum í tillögum 1. minni hluta þar sem lagt er til að 50 millj. kr. verði varið til afmælishalds, m.a. sýningar eins og nánar er gerð grein fyrir á þskj. 366.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þær breytingar sem orðið hafa á Keflavíkurflugvelli á undanförnum mánuðum. Ég vek athygli í því sambandi á því að gert er ráð fyrir 100 millj. kr. til umsjónar með varnarsvæðinu og sömuleiðis 42 millj. kr. til að sinna öryggisgæslu á þessu svæði.

Að því er varðar landbúnaðarráðuneytið er gert ráð fyrir að fjárheimild þess ráðuneytis aukist um tæpar 223 millj. kr. og ég vil í því sambandi vekja sérstaka athygli á Veiðimálastofnun þar sem 1. minni hluti gerir tillögu um 60 millj. kr. fjárveitingu vegna uppsafnaðs rekstrarhalla stofnunarinnar. Hér er myndarlega tekið á málum Veiðimálastofnunar sem verður vonandi til þess að rekstur stofnunarinnar kemst í eitt skipti fyrir öll í varanlegt horf.

Að því er varðar Landbúnaðarstofnun eru lagðar til 98 millj. kr. til að jafna tap sem varð á þeim stofnunum sem sameinuðust í Landbúnaðarstofnun, þ.e. embætti yfirdýralæknis, Aðfangaeftirlitinu, Yfirkjötmati og veiðimálastjóra.

Að því er varðar sjávarútvegsráðuneytið er lagt til að fjárheimild þess ráðuneytis verði aukin um 108,5 millj. kr. og dóms- og kirkjumálaráðuneytis um 114,5 millj. kr. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að fjalla frekar um þær tillögur sem lagðar eru fram af hálfu 1. minni hluta.

Fyrsti minni hluti leggur hins vegar til að framlög til Vinnueftirlits ríkisins hækki um 30 millj. kr. Eins og menn vita var Vinnueftirlitið með sérstaka hlutdeild í tryggingagjaldi. Það var afnumið fyrir nokkrum árum og þetta hefur valdið nokkrum vandræðum í rekstri stofnunarinnar en hún er líklega ein af fáum sem rekur útibú í öllum landshlutum og á fjölmörgum stöðum víða um land.

Ég vek sömuleiðis athygli á nokkrum minni fjárveitingum sem heyra undir félagsmálaráðuneytið, m.a. framlagi til Stígamóta en þar leggur 1. minni hluti til að framlög til Stígamóta verði hækkuð, þ.e. að það verði aukafjárveiting upp á 1,9 millj. kr. til að mæta halla á rekstri samtakanna. Sömuleiðis vek ég athygli á styrk sem ætlunin er að veita til reksturs sumardvalar fyrir Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla.

Mestar breytingar í tillögum 1. minni hluta nefndarinnar felast í málaflokkum sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Eins og fram kemur í þingskjalinu er lagt til að þær fjárheimildir verði auknar um tæpa 2 milljarða kr. Þar munar auðvitað mest um framlag til Landspítala – háskólasjúkrahúss upp á 1 milljarð kr., þ.e. helminginn af þessari fjárhæð, og það liggur auðvitað fyrir að samlegðaráhrif af sameiningu Landspítala og Borgarspítala eru að mestu leyti komin fram. Líklega verður ekki lengra náð í þeim efnum meðan spítalinn er starfræktur í tveimur meginsjúkrahúsum. Ég vek athygli á því að útgjöld Landspítalans hafa ekki hækkað að raungildi þrátt fyrir að íbúum hafi fjölgað um 6,7% frá 1999 þegar sameiningin var ákveðin og á þeim tíma hefur íbúum 70 ára og eldri fjölgað um 11%, ef ég man rétt, og íbúum eldri en 80 ára um 25%.

Ég vek líka athygli á 120 millj. kr. framlagi til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þar sem m.a. er ætlunin að verja 20 millj. kr. til tækjakaupa og veitir víst ekki af enda er tækjabúnaður spítalans að nokkru leyti orðinn úreltur eða þarfnast a.m.k. endurnýjunar.

Það gleður mig sérstaklega að samstaða hafi náðst um það innan nefndarinnar að leggja til 17 millj. kr. framlag til réttargeðdeildarinnar að Sogni. Þar er unnið mjög gott starf við erfiðar aðstæður. Eins og menn vita hafa vistmenn verið þar óvenju margir síðustu mánuði sem m.a. hefur leitt af sér þennan halla sem verið er að leiðrétta eða taka af réttargeðdeildinni.

Hv. þm., formaður fjárlaganefndar, Birkir Jón Jónsson fór ágætlega yfir málefni hjúkrunarheimila og öldrunarstofnana. Í tillögum 1. minni hluta er lagt til að 500 millj. kr. verði varið til og skipt niður á hjúkrunarrými þannig að hækkun á hverja stofnun nemur frá 2,4 millj. kr. og upp í 62,5 millj. kr. Þessi mál, eins og ég gat um fyrr í ræðu minni, hæstv. forseti, verða til frekari skoðunar hjá fjárlaganefnd á milli 2. og 3. umr. og ég vek sérstaka athygli á því að í þessum efnum er ekki búið að taka tillit til dvalarheimila aldraða. Þarna er eingöngu horft til hjúkrunarrýma og hjúkrunarheimila.

Það verður auðvitað að segjast eins og er, hæstv. forseti, að þessi mál hafa alls ekki verið í nógu góðum farvegi vegna þess að afkoma hjúkrunarheimila er ekki nógu góð. Það rætist vonandi úr því með auknum fjárveitingum, m.a. í framhaldi af nýju mati á fjárþörf hvers hjúkrunarheimilis.

Ég vek sömuleiðis athygli á þremur öðrum heilbrigðisstofnunum sem fá verulega auknar fjárveitingar samkvæmt þessum tillögum 1. minni hluta. Það er í fyrsta lagi Heilbrigðisstofnun Austurlands. Við vitum öll hvernig staðan þar hefur verið vegna mikillar íbúafjölgunar á svæðinu í tengslum við framkvæmdir bæði á Reyðarfirði og Kárahnjúkum. Það eru lagðar til tæplega 100 millj. Þá eru lagðar til 150 millj. til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og tæplega 170 millj. til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Loks eru lagðar til 73,2 millj. sem gangi til St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Það er alveg ljóst að framlög til heilbrigðismála verða aukin gríðarlega samkvæmt þessum tillögum 1. minni hluta og ljóst að þar er verulega tekið á sem sýnir vel velferðaráherslur þessarar ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans á hinu háa Alþingi.

Ég vil, hæstv. forseti, vekja sérstaka athygli á því að stjórnarmeirihlutinn og 1. minni hluti fjárlaganefndar leggur hér til 120 millj. kr. framlag til kaupa á gegnumlýsingarbúnaði. Þetta er ákaflega mikilvægt tæki og menn hafa saknað mjög að slíkt hafi ekki verið til hér á landi. Þetta skiptir öllu máli í tengslum við baráttuna gegn fíkniefnum. Við vitum að lengi hefur verið notuð sú aðferð að smygla hér inn fíkniefnum með gámum til landsins og þetta hjálpar okkur vonandi í þeirri baráttu sem fram undan er.

Að því er varðar samgönguráðuneytið er það einkum aukaframlag til stækkunar flugstöðvarinnar á Egilsstöðum sem skiptir mestu máli.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að rekja sérstaklega framlög til iðnaðarráðuneytis, Hagstofu Íslands eða umhverfisráðuneytis en það er vel tekið á þeim málum eins og í öðrum ráðuneytum.

Það er ljóst að hér eru lagðar til auknar fjárveitingar upp á rúma 4 milljarða kr. í aukafjárveitingum fyrir yfirstandandi fjárlagaár og maður skyldi ætla að flestir hefðu fagnað því. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég er svolítið ringlaður eftir þessa umræðu. Mér finnst t.d. óljóst af hálfu stjórnarandstöðunnar og hv. þingmanna hennar hvort þeir séu almennt fylgjandi þessum tillögum 1. minni hluta eða ekki. Það fer eftir því hver talar og hvenær viðkomandi talar. Það er þó eitt sem liggur alveg ljóst fyrir, að stjórnarandstaðan hefur engar tillögur um auknar fjárveitingar við 2. umr. fjáraukalaga, engar tillögur, ekki er ein einasta tillaga frá stjórnarandstöðunni.

Stóru pólitísku tíðindin við þessa umræðu, hæstv. forseti, eru þau að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa líklega í fyrsta skipti í 12 ár komið sér saman um sameiginlegt nefndarálit við fjáraukalagafrumvarp. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að það hafi heldur ekki gerst við afgreiðslu frumvarps til fjárlaga á undanförnum árum. Það eru auðvitað stóru pólitísku tíðindin í þessu sambandi.

Eins og svo oft áður í umræðum um efnahagsmál og fjármál ríkisins vilja menn heldur komast hjá því að horfa á heildarmyndina, samhengi hlutanna. Þeir halda einhvern veginn að allt gerist af sjálfu sér. Meira að segja hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon neyddist til að viðurkenna í umræðunni áðan að skuldir ríkissjóðs hefðu lækkað og eins og ég gat um við 1. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 hafa skuldir ríkissjóðs lækkað frá árinu 1995 um 77%. Ríkissjóður er nánast að verða skuldlaus, það hefði einhvern tíma þótt merkilegt. Sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs eru nettóskuldir sjóðsins núna 6,74%. Þetta þýðir, hæstv. forseti, að ríkissjóður er nánast skuldlaus. Af hverju, hæstv. forseti, skyldi ríkissjóður vera nánast skuldlaus? Af hverju hefur þetta góðæri ríkt í efnahagsmálum þjóðarinnar undanfarinn áratug, af hverju skyldi það vera? Ætli það sé ekki vegna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og þess stjórnarmeirihluta sem hér ríkir á Alþingi?

Hvað skyldu svo hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar segja um þessa efnahagsstefnu? Það má taka dæmi af hv. þm. Jóni Bjarnasyni, fjármálaráðherraefni hinnar sameinuðu stjórnarandstöðu. Hvað skyldi hann hafa sagt hér fyrir ári síðan í umræðum um fjárlög? Jú, hann kallaði þessa efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar verstu hamfarir af mannavöldum. Það vantaði ekki lýsingarnar, hæstv. forseti, verstu hamfarir af mannavöldum, hvorki meira né minna, það var efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar. Það er efnahagsstefnan sem hefur leitt af sér mesta góðæri í manna minnum, bæði hér á landi og jafnvel þó að dæmi væru tekin annars staðar að.

Hæstv. forseti. Það væri freistandi að tala hér til miðnættis ef það mætti verða til þess að koma í veg fyrir umræður um 11. dagskrármálið (**GAK:** Við förum fram á að þú gerir það.) sem eru aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, þingsályktunartillaga frá hv. þingmönnum Vinstri grænna. Eins og ég sagði hér fyrr í dag er þessi tillaga 12 árum of seint á ferðinni, og hefði verið nær að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, eins og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar, hefðu staðið með ríkisstjórninni við það að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og koma honum á á sínum tíma. Það hefði verið meiri bragur á því, hæstv. forseti, ef hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hefðu getað gert það. Því var því miður ekki að heilsa, hæstv. forseti, hverju svo sem um er að kenna.

Því miður er það þannig, hæstv. forseti, að efnahagsstefna hinnar svokölluðu sameinuðu stjórnarandstöðu blasir við í orðum hv. þingmanna hér í þessari umræðu, og ekki bara í þessari umræðu, hæstv. forseti, heldur í umræðum á þinginu síðustu daga og í ummælum hv. þingmanna.

Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa aðallega kvartað undan málflutningi hv. þingmanna Framsóknarflokksins og talað um að þetta væri eins og málfundur. Ég veit ekki betur en að þingfundur sé málfundur, (**Gripið fram í:** Fínt.) við séum hér að ræða um mál, í þessu tilviki er 2. umr. um frumvarp til fjáraukalaga. Er það ekki mál, eigum við ekki að ræða það mál? Menn verða að þola það. Þó að þeir séu í stjórnarandstöðu og þykist geta farið um víðan völl í málflutningi sínum verða menn eftir sem áður að þola að þeir séu gagnrýndir og minntir á það sem þeir hafa sagt, og þeirra flokksmenn. Það þýðir lítið að kveinka sér undan því, hæstv. forseti.

Hvernig skyldi svo hin sameinaða stjórnarandstaða standa í þessum efnahagsmálum? Það liggur fyrir að heilbrigðisráðherraefni þessarar sameinuðu stjórnarandstöðu, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, hefur lýst því yfir að það þurfi að skera niður fjárveitingar, það þurfi að draga stórlega úr ríkisútgjöldum. Þegar gengið var á hann í þeim efnum nefndi hann sérstaklega lyfjakostnað. Það voru nú öll ósköpin. Hvað ætli lyfjakostnaður sé stór hluti af ríkisfjármálunum? Það liggur fyrir að tveir þriðju hlutar af öllum ríkisútgjöldum fara til menntamála, heilbrigðismála og félagsmála. Hvar skyldi hv. þingmaður ætla að skera niður? Jú, hann ætlaði að skera niður í lyfjamálum. Hvað þýðir það, hæstv. forseti? Það þýðir auðvitað það að lyfjakostnaður mun leggjast af miklum mun meiri þunga á sjúklinga. Þetta er sjúklingaskattur stjórnarandstöðunnar sem felst í hærri lyfjakostnaði. Það þýðir ekki, hæstv. forseti, að segja eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson: Við ætlum bara

að semja við einhverja um að lækka verðið á lyfjunum. Eða eigum við kannski að semja við læknana um að þeir ávísi ekki jafnmiklu af lyfjum, noti ekki jafnmikið af lyfjum á sjúkrahúsum? Er það það sem við viljum? Auðvitað ekki, hæstv. forseti.

Það sem stendur upp úr er það að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins þurfa að svara spurningunni: Hvar ætla þeir að skera niður í ríkisútgjöldunum? Hvar ætla þeir að skera niður? Það liggur hér fyrir að hv. formaður flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, getur ekki svarað því hvort Frjálslyndi flokkurinn samþykkir tillögur 1. minni hluta fjárlaganefndar og ætlar að veita þeim samþykki sitt eða hvort hv. þingmenn flokksins ætla að vera á móti þeim. Það hlýtur að vera í samræmi við stefnu Frjálslynda flokksins sem birtist í ummælum heilbrigðisráðherraefnis stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar. Þá hlýtur auðvitað að vera að Frjálslyndi flokkurinn verði á móti öllum þessum aukafjárveitingum sem 1. minni hluti fjárlaganefndar leggur til hér í þinginu. Það er auðvitað þetta fyrst og fremst, og fyrst og síðast, hæstv. forseti, sem hv. þm. Frjálslynda flokksins þurfa að skýra út, ekki bara hér fyrir þinginu heldur fyrir þjóðinni líka.

Við erum búin að fara hér, hæstv. forseti, fyrr í dag yfir ummæli og ræður fjármálaráðherraefnis hinnar svokölluðu sameinuðu stjórnarandstöðu, hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Hvert er fyrsta úrræðið sem hv. þm. Jón Bjarnason hefur í ríkisfjármálunum? Jú, það var sama í dag og í 1. umr. um fjárlagafrumvarpið fyrr í haust, stóriðjustopp. Það er það eina sem kemst að. Mér heyrðist á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni áðan að hann væri bara á móti stóriðju á meðan á framkvæmdum stæði og áður en framkvæmdir væru ákveðnar, en hann væri hins vegar hlynntur stóriðju eftir að hún hefði verið gangsett, það var svona helst að skilja á hv. þingmanni.

Ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur þurft að axla ábyrgð á atvinnumálum landsmanna á undanförnum áratug, og hefur gert það. Þær framkvæmdir eru auðvitað á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Það er ekki þannig að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar geti á nokkurn hátt eignað sér einhvern hlut í því vegna þess að í flestum tilvikum, hæstv. forseti, hafa þingmenn stjórnarandstöðunnar verið á móti þessum framkvæmdum.

Hæstv. forseti. Ég fór yfir það hér fyrr í dag að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur verið á móti öllum stóriðjuframkvæmdum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð var á móti sölu bankanna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur verið á móti flestum atriðum sem snúa að auknu frjálsræði í viðskiptum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð var á móti samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur verið á móti nánast öllum, ef ekki öllum, tillögum til skattalækkana hér á landi, hvort sem er á fyrirtæki eða einstaklinga.

Það er voðalega auðvelt, hæstv. forseti, að vera í stjórnarandstöðu og vera á móti. Það er sáraeinfalt. En jafnvel hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á það áðan í svari við andsvari mínu að eftir sem áður þyrfti tekjur. Hvaðan ætlar hv. þingmaður að taka tekjurnar?

Núverandi ríkisstjórn hefur lagt áherslu á það að atvinnulíf væri sem fjölbreyttast hér á landi, m.a. með traustum sjávarútvegi, traustum iðnaði og nú síðast traustum fjármálamarkaði. Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað á íslenskum fjármálamarkaði á undanförnum árum, svo að ekki sé meira sagt. Bankarnir eru nú að meira og minna leyti orðnir að alþjóðlegum fyrirtækjum, alþjóðlegum fjármálafyrirtækjum sem starfa víða um land og draga, nota bene, til landsins mikið fé erlendis frá. Hvernig bregst svo stjórnarandstaðan við þessu?

Það hefur valdið Vinstri hreyfingunni – grænu framboði verulegum erfiðleikum að skýra út ummæli hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem er auðvitað, eins og gefur að skilja, viðskipta- og iðnaðarráðherraefni hinnar sameinuðu stjórnarandstöðu. Hver er nú hugur hv. þm. Ögmundar Jónassonar til viðskiptabankanna? Hér hefur verið rætt um grein sem hann skrifaði á heimasíðu sína. Hvað sagði hv. þingmaður þar? Að honum væri lítil eftirsjá í bönkunum þó að viðskiptabankarnir hyrfu úr landi. Hvað halda menn að viðskiptabankarnir yrðu fljótir úr landi ef þessi stefna hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar næði fram að ganga og viðskiptaráðherraefnið sjálft yrði orðið bankamálaráðherra landsins? Ætli bankarnir yrðu ekki fljótir að flytja höfuðstöðvar sínar þangað sem skattumhverfið er enn hagstæðara en hér? Það er alveg ljóst og engum vafa undirorpið, hæstv. forseti, að viðskiptabankarnir væru löngu fluttir með höfuðstöðvar sínar úr landi ef ekki hefði komið til þess að ríkisstjórnin lækkaði skatta á fyrirtæki á sínum tíma.

Það er ábyrgðarhlutur, hæstv. forseti, að tala svona. Hvaða áhrif halda menn að þetta hafi erlendis þegar aðalgúrú stjórnarandstöðunnar í bankamálum, hv. þm. Ögmundur Jónasson, talar svona? Ætli menn hafi þá meiri tiltrú á íslenskum fjármálafyrirtækjum? Ætli menn hafi meiri tiltrú á íslenskum hlutabréfamarkaði eða ætli menn hafi meiri tiltrú á íslensku viðskiptalífi eða efnahagskerfi í heild sinni? Þetta eru auðvitað algjörlega ábyrgðarlaus ummæli sem okkur gefst vonandi tækifæri til að ræða síðar hér í þinginu.

Hæstv. forseti. Ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu frekar. Ég tel að frumvarpið muni fara til frekari vinnslu í fjárlaganefnd milli 2. og 3. umr. og að við munum afgreiða hér fjáraukalög sem hv. þingmenn bæði stjórnarandstöðunnar og stjórnarmeirihlutans geta verið stoltir af.

[20:01]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hv. þingmaður komast á ágætis flug í seinni kafla ræðu sinnar og var eiginlega að vona að hann héldi áfram á þeim nótum sem hann var kominn inn á, að fljúga svona vítt og breitt um ímyndunarheim sinn um stjórnarandstöðuna. Af því að hv. þingmaður sagði fyrr í kvöld að hann gæti talað hérna fram að klukkan tólf þá vil ég nú gefa honum tækifæri til þess, alla vega í svona stuttu andsvari, að bæta svolitlu við fyrir hlustendur úr þeim þekkingarbrunni sem hann jós hér úr svo að menn megi betur næðis njóta. Vonandi hlusta margir á þessa umræðu á morgun. Ég vona að hv. þingmaður geti bætt um betur og aukið svolítið við þá þekkingu sem hann miðlaði um stjórnarandstöðuna sérstaklega, tilurð stjórnarandstöð-

unnar, markmið stjórnarandstöðunnar og stefnumál stjórnarandstöðunnar.

Ég hef svo sem ekkert meira um þetta að segja, hæstv. forseti, en tel virkilega áhugavert að gefa þingmanninum frekara tækifæri til þess að fara yfir þessi mál sem hann var rétt að hefja umræðu um.

[20:03]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú ekki oft sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar óska eftir því að ég eða aðrir stjórnarþingmenn tali hér lengur. En það er vel, hæstv. forseti, að þingmaðurinn hlýði á. Það er vel og væri nær að aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar tækju þennan hv. þingmann sér til eftirbreytni.

Hins vegar er ljóst af ummælum hv. þingmanns sem sagði að ég hefði farið inn í einhvern ímyndunarheim, að það er stjórnarandstaðan sem býr í ímynduðum veruleika og heldur að hlutirnir gerist einhvern veginn af sjálfu sér og er í afneitun um að það eru aðgerðir stjórnarflokkanna og ríkisstjórnarinnar á Alþingi sem hafa leitt til þessa góðæris sem hér hefur ríkt í efnahagslífi á undanförnum tólf árum.

Hæstv. forseti. Þjóðin á rétt á því að fá að vita hvernig hin meinta sameinaða stjórnarandstaða ætlar að skipa málum sínum fari svo ólíklega að hún komist í meiri hluta hér á þingi og myndi ríkisstjórn á næsta kjörtímabili. Þess vegna er sjálfsagt, hæstv. forseti, að upplýsa þjóðina um það hvaða menn koma til með að skipa hvaða ráðherrastóla eftir kosningar. Það er nauðsynlegt fyrir þjóðina og fyrir almenning að fá að vita hvaða holskeflu og hörmungar hún á yfir sér verði þessi hörmung að veruleika.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–11. mál.

Fundi slitið kl. 20:06.

---

# 27. FUNDUR

miðvikudaginn 15. nóv.,
kl. 12 á hádegi.

**Dagskrá:**

Fjáraukalög 2006, stjfrv., 47. mál, þskj. 47, nál. 366 og 380, brtt. 367, 368, 369 og 370. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Bjarni Benediktsson, 8. þm. Suðvest.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá umboðsmanni Alþingis.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[12:02]

**Forseti (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Um klukkan hálffjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um flutning Landhelgisgæslunnar til Keflavíkur. Málshefjandi er hv. þm. Hjálmar Árnason. Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Aðstaða til millilandaflugs frá Akureyri.

[12:03]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins í upphafi þingfundar til að eiga orðastað við hæstv. samgönguráðherra út af þeim tíðindum sem nú berast frá Norðurlandi, nánar tiltekið Akureyri þar sem flugfélagið Iceland Express, sem hefur haldið uppi reglulegu millilandaflugi tvisvar í viku, frá Akureyri til Kaupmannahafnar og síðan líka til London, boðar að það verði að hætta þeirri starfsemi vegna þess að aðstæður á flugvellinum, sem ríkisvaldið á að skapa, eru ekki fyrir hendi fyrir þessa starfsemi.

Það var sannarlega Norðlendingum öllum fagnaðarefni þegar þetta beina flug hófst. Þetta sparaði fólki ferðir til og frá Keflavík þegar hægt varð að fara beint frá Akureyri og hentar ekki eingöngu Akureyringum vel heldur auðvitað öllum Norðlendingum sem og auðvitað Austfirðingum líka.

Formaður bæjarráðs á Akureyri hefur kallað þetta áfall sem það sannarlega er ef þetta gengur eftir. Það er áfall fyrir ferðaþjónustuna, Norðlendingana sem vilja og hafa nýtt sér þetta flug og síðast en ekki síst fyrir atvinnulífið á staðnum sem sannarlega sá möguleika í þessu, t.d. gagnvart fiskútflutningi o.fl.

Um Akureyrarflugvöll, virðulegi forseti, fara um 180 þús. farþegar á ári í innanlandsflugi og um 15 þús. eru þeir orðnir í millilandaflugi. Það hefur sem sagt komið núna fram að Iceland Express treystir sér ekki til að halda þessu áfram frá og með 1. desember og forstjórinn talar um að við

séum ekki með millilandaflugvöll þó að við höldum uppi millilandaflugi. Það þarf sem sagt að bæta aðstöðu á þessum velli.

Þeir sem fara um völlinn, eins og við þingmenn gerum oft, hafa séð að þar er örtröð þegar millilandaflugið er og innanlandsvél kemur líka. Það má segja að það sé einungis fyrir lipurð og þrautseigju starfsmanna sem þetta gengur upp. Má eiginlega segja að það sé alveg ótrúleg útsjónarsemi að láta þetta ganga miðað við húsakostinn og þrengslin sem þar eru.

Í upphafi var fallega talað um þetta. Það var talað um að taka tæknilegu hliðina föstum tökum en ekkert hefur gerst. Það var talað um að lengja flugbrautina en ekkert hefur gerst. Það hefur verið talað um að stækka flugbrautina en ekkert hefur gerst. Það var talað um að lagfæra bílaplanið í sumar fyrir 50 milljónir en það var skorið niður af ríkisstjórninni (Forseti hringir.) vegna þenslu í landinu, virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Þess vegna spyr ég hæstv. samgönguráðherra: Má vænta þess (Forseti hringir.) að tillögur frá hæstv. ráðherra verði í samgönguáætlun, þegar hún kemur fram, um skjótar aðgerðir við að bæta aðstöðuna (Forseti hringir.) á Akureyrarflugvelli?

(**Forseti** (SAÞ)**:** Forseti beinir því til hv. þingmanna að virða ræðutíma.)

[12:05]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Það er ekki seinna vænna fyrir hv. þm. Kristján Möller að koma hér með slíka fyrirspurn þegar langt er liðið á kjörtímabilið. Mér er alveg ljóst að það er mikill áhugi fyrir því á Norðurlandi að flugi megi verða haldið úti frá Akureyrarflugvelli. Hins vegar hefur ekki verið kynnt fyrir mér að það flugfélag sem hefur sinnt því sé að hætta vegna aðstæðna á flugvellinum.

Hins vegar er mér alveg ljóst að það þarf að bæta aðstæður á Akureyrarflugvelli og að því er nú unnið. Ýmsar aðgerðir eru þegar hafnar vegna endurbóta á aðflugsbúnaði Akureyrarflugvallar og ýmsar aðgerðir eru fyrirhugaðar sem snerta bæði tækjabúnað vegna aðflugsins og mögulega lengingu flugbrautarinnar. Það hefur verið unnið á vettvangi Flugmálastjórnar.

Það verkefni sem þegar er hafið er þétting aðflugsljósa flugvallarins vegna aðflugs úr suðri. Jafnframt er verið að undirbúa að setja upp stefnuvita á Oddeyri. Má gera ráð fyrir að þessum verkefnum verði lokið fyrir fyrri hluta næsta árs þegar lokið er bæði uppsetningu og prófunum á búnaðinum. Slíkur búnaður er ekki settur upp án undirbúnings og prófana. Þá er rétt að geta þess að kostnaður við þetta er um 50 milljónir.

Jafnframt stendur yfir áhættumat vegna flugvallarins en það snýst um það að meta hvernig haga megi enn frekari endurbótum og viðbótum á tækjabúnaði sem gæti orðið til þess að lækka mætti lágmarkshæð vegna aðflugs í slæmu skyggni. Gert er ráð fyrir að áhættumatið liggi fyrir snemma í desember. Lágmarksskýjahæð er nú 1.200 fet og er hugsanlegt með ákveðnum aðgerðum að fá hana lækkaða í um 800 fet sem skiptir auðvitað mjög miklu máli.

Ég geri ráð fyrir, virðulegur forseti, (Forseti hringir.) að við endurskoðun á samgönguáætluninni verði þessi atriði ásamt lengingu (Forseti hringir.) brautarinnar tekin til meðferðar og vonandi verður það allt saman inni á áætlun.

[12:08]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það er mikið áhyggjuefni að Iceland Express hafi ákveðið að hætta millilandaflugi til og frá Akureyri. Það er ljóst að hér er um mikið áfall að ræða fyrir íbúa á Norðurlandi og kannski ekki síst atvinnulífið á Norðurlandi, og þá einkum ferðaþjónustuna á Norðurlandi sem við tölum um á hátíðarstundum að beri að efla og styrkja.

Það er ljóst að það þarf að bæta aðstöðu við Akureyrarflugvöll og það er brýnt að við vinnum mjög eindregið að þeim markmiðum okkar. Síðast en ekki síst er það forgangsmál okkar stjórnmálamanna að flugbrautin við Akureyrarflugvöll verði lengd. Það er eitt brýnasta hagsmunamál Norðlendinga í samgöngumálum um þessar mundir.

Það er því forgangsmál hjá okkur hv. þingmönnum við endurskoðun samgönguáætlunar í haust að við förum í það að tryggja að flugbraut við Akureyrarflugvöll verði lengd. Eins og ég hef sagt er hér um eitt brýnasta hagsmunamál að ræða fyrir Norðlendinga á þessum dögum. Eyþing, Samband sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, hefur lagt gríðarlega mikla áherslu á að farið verði í þessa framkvæmd. Við þurfum að tryggja að svo verði því að hér er um forgangsmál að ræða, forgangsmál við endurskoðun á þeirri samgönguáætlun sem verður dreift á Alþingi í haust og við þurfum að vinna mjög eindregið og ákveðið að þessu málefni.

[12:09]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það millilandaflug sem hefur verið í gangi frá Akureyri á undanförnum mánuðum og missirum hefur sýnt það og sannað að þörf er fyrir það flug, það er markaður fyrir hendi og eftirspurnin er næg. Það eina sem strandar á er að aðstæðurnar eru ekki fullnægjandi og það er auðvitað mjög dapurlegt og mikil vonbrigði ef flugrekandinn telur sig verða af þeim ástæðum — ekki vegna þess að það vanti umferð, flutninga eða farþega, heldur af tæknilegum ástæðum — að fella niður flug þarna yfir vetrartímann. Það er algerlega óumflýjanlegt að lengja flugbrautina og gera þær ráðstafanir í sambandi við tæknibúnað og aðstöðu sem þarf til þess að þarna sé sómasamlega búið að fluginu. Auðvitað þyrfti að gera allt sem hægt er til að lækka lágmörk til að auka notkunaröryggi flugvallarins þannig að það gerist sem allra sjaldnast að ekki sé hægt að nota hann og að snúa verði flugi til annarra flugvalla.

Það er a.m.k. algerlega óásættanlegt, eins og þó hefur legið í loftinu, að lágmörk mundu frekar hækka en hitt vegna þess að tæknibúnaður væri að ganga úr sér. Það er ljóst að praktískast væri að lengja flugbrautina á Akureyrarflugvelli samhliða gerð Vaðlaheiðarganga. Það væri ákaflega hagkvæmt að tvinna þær tvær framkvæmdir saman og nota kjarnann úr göngunum sem undirbyggingu undir flugbrautina. Sú var einmitt hugsunin með samræmdri samgönguáætlun á sínum tíma að hægt yrði að tengja saman framkvæmdaflokka á mismunandi sviði samgangna og þarna lægi það mjög beint við.

Ég vona sannarlega að þegar samgönguáætlun birtist loksins á borðum okkar þingmanna, sem vonandi verður fyrr en síðar, verði báðar þessar framkvæmdir þar inni, þ.e. lenging Akureyrarflugvallar og Vaðlaheiðargöng, og gert ráð fyrir því að hægt verði að vinna þær saman með þeim hætti sem ég hef lýst og er augljóslega hagkvæmt.

[12:12]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir að taka þetta mál hér upp því að hér er um mjög brýnt mál að ræða. Ég lagði áherslu á það við undirbúning þeirrar samgönguáætlunar sem nú er í gildi að lenging flugbrautarinnar á Akureyri kæmi næst á dagskrá. Þá sagði hæstv. samgönguráðherra að það væri brýnna að laga flugvöllinn á Þingeyri og ég læt það svo sem vera. Ég vil þó leggja áherslu á að það verði forgangsframkvæmd að lengja flugbrautina á Akureyrarflugvelli.

Ég hlýt að spyrja hæstv. samgönguráðherra hvernig á því standi að flugmálastjóri skuli segja að legið hafi fyrir að ekki yrði ráðist í lengingu flugbrautarinnar á Akureyri með litlum fyrirvara. Ég hef lagt áherslu á að það verði forgangsverkefni að lengja flugbrautina á Akureyrarflugvelli, og í þingflokki Sjálfstæðisflokksins liggur ekki fyrir nein samþykkt um að svo geti ekki orðið. Þess vegna spyr ég hvernig á því megi standa að þetta skuli ekki vera forgangsframkvæmd.

Ég hlýt líka að láta í ljósi undrun mína yfir því að hæstv. samgönguráðherra sé ekki metnaðarfyllri fyrir hönd Íslendinga og Akureyringa varðandi undirbúning millilandaflugs milli Akureyrar og Evrópu. Mér skilst að sú athugun sem nú fari fram á vegum samgönguráðherra beinist eingöngu að því að bæta flugskilyrði fyrir innanlandsflug en ekki millilandaflug. Ég spyr hæstv. samgönguráðherra hvort það sé réttur skilningur.

[12:14]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Norðlendingar hafa haft ákveðnar áherslur í þessu máli sem ég þarf ekki að rekja hér. Það er brautryðjendastarf að koma á millilandaflugi frá flugvöllum úti á landi, því hef ég orðið vitni að bæði á Egilsstöðum og Akureyri. Ég tek því undir að það er brýnt mál að aðstaðan á stöðunum sé ekki þrándur í götu.

Að öðru leyti vil ég náttúrlega ræða málið þegar samgönguáætlun verður til meðferðar hér innan tíðar. En ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, hér er um mjög áríðandi mál að ræða, bæði lengingu flugbrautarinnar og einnig lagfæringu á aðflugstækjum á Akureyri. Aðstaðan á ekki að þurfa að hamla því að þessi þarfa starfsemi fari fram. Hún er erfið og það er brautryðjendastarf að koma á beinum samgöngum á milli landsbyggðarinnar og útlanda.

[12:15]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Til að efla Eyjafjarðarsvæðið sem raunverulegan búsetuvalkost við höfuðborgarsvæðið er mjög mikilvægt að stórmál eins og þetta gangi eftir. Hér er um að ræða að ríkið skapi fyrirtækjum aðstöðu til að koma þarna upp og opna á mjög stóran markað. Millilandaflugi er beint þangað norður og hefur gefist mjög vel. Því varð það mikið áfall, og ég tek undir með hv. þm. Birki J. Jónssyni, þegar Iceland Express hætti að fljúga norður út af vanefndum um lengingu flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli, alvarlegum vanefndum í byggðamálum sem er brýnt að gangi eftir til að jafna aðstæður fólksins úti á landi við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu, til að skapa þann öfluga búsetuvalkost á Eyjafjarðarsvæðinu sem er nauðsynlegur þegar á þarf að halda og er opinbert byggðamál á Íslandi.

Viðbrögð hæstv. samgönguráðherra við þessum spurningum hv. þm. Kristjáns Möllers voru nokkur vonbrigði og er ástæða til að taka undir brýningar hv. þm. Halldórs Blöndals um það að þetta mál gangi rösklega eftir og að fyrir því komi fram trygging hér í dag að þetta verði að finna á nýrri og endurskoðaðri samgönguáætlun. Hér er verið að ræða um að skapa aðstæður, opna markað, að ríkið gangi þannig fram með eðlilegum og jákvæðum hætti. Gangi það ekki eftir er um að ræða alvarlegar vanefndir í byggðamálum og því ástæða til að skora á hæstv. ráðherra samgöngumála að taka hraustlega á þessu máli.

[12:17]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að ég hafi orðið fyrir nokkrum vonbrigðum. Ég kýs að túlka það þannig að ráðherrann sé varkár og treysti sér ekki til að segja meira meðan vinna við samgönguáætlun á sér stað í ráðuneyti og ríkisstjórn. En það má heyra hér að fulltrúar allra flokka leggja á það áherslu að úr þessu verði bætt.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson ræddi þetta svolítið út frá byggðamálum og það minnti mig á það, um leið og ég horfi á ráðherrabekkinn vinstra megin, að hér er fyrrverandi ráðherra byggðamála, 1. þm. Norðaust. Þögn hennar er dálítið sérstök í þessu máli. En það kom upp í huga minn að oft hefur verið rætt um svona mál eins og samgöngumál, lengingu flugbrautar og fleira á Akureyri í sambandi við byggðamálin til að efla það svæði í byggðalegu tilliti. Það hefur ekki gengið hvað varðar það sem sett hefur verið fram í byggðaáætlun á tyllidögum, og svo sjáum við efndirnar eins og við erum að tala um nú.

Virðulegi forseti. Ég segi það aftur að ég trúi því og treysti að hæstv. ráðherra og ríkisstjórn beiti sér fyrir því að fjármagn verði tryggt strax í lengingu flugbrautar á Akureyri. Það er ekki hægt að una við það að ríkið standi sig ekki í því að skapa á Akureyri þá aðstöðu sem því ber, eins og annars staðar — ég tek sem dæmi Keflavík — meðan einkafyrirtækin ætla að standa sig og bjóða upp á þennan valkost sem er millilandaflug. Það verður að ganga eftir og það er ekki hægt að una þessu.

Ég get nefnt sem dæmi ferjuhöfnina á Seyðisfirði þar sem 700 manna byggðarlag var látið taka þátt í kostnaði. Stækkun flugbrautar á Egilsstöðum hefur ekki orðið að veruleika og hér erum við að tala um flugvöllinn á Akureyri.

Virðulegi forseti. Ég hyggst fylgja þessu máli betur eftir og hef þess vegna haft samband við ágætan formann samgöngunefndar, hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, og óskað

eftir því að þetta verði tekið fyrir á næsta fundi samgöngunefndar. Hann hefur orðið við þeirri beiðni minni (Forseti hringir.) og fulltrúar Iceland Express, flugmálastjóra og aðrir verða kallaðir til fundar (Forseti hringir.) til að ræða þessi mál.

[12:20]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Okkur í þingflokki Frjálslynda flokksins rak í rogastans þegar við heyrðum þær fréttir að tiltekið flugfélag ætlaði að hætta að stunda millilandaflug frá Akureyrarflugvelli vegna þess að aðstæður við flugvöllinn væru svo lélegar. Við vitum að millilandaflug hefur verið stundað þarna frá þessum flugvelli í nokkur ár, að vísu nokkuð stopult, en það virðist vera staðreynd að flugfélagið ætli frá að hverfa.

Við lýsum ánægju með þá breiðu samstöðu sem virðist koma fram í þessum umræðum hjá talsmönnum allra flokka, og að sjálfsögðu okkar líka, um að það beri að fara í þær umbætur sem nefndar hafa verið, þ.e. lengingu á flugbraut og bættan búnað varðandi aðflug. Við tökum að sjálfsögðu undir þetta, bíðum í ofvæni eftir nýrri samgönguáætlun og hljótum jafnframt að hvetja hæstv. samgönguráðherra og ríkisstjórnina til dáða í þessu máli.

Það er afskaplega mikilvægt að hægt sé að stunda millilandaflug frá flugvöllum úti á landi. Það er mjög mikilvægt fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni að þessir möguleikar séu fyrir hendi og að sjálfsögðu eigum við að leggja mikla áherslu á það að millilandaflug sé stundað frá flugvellinum á Akureyri og flugvellinum á Egilsstöðum ef efnahagslegar forsendur eru fyrir slíku. Það er ekki annað að heyra en að hreinlega búnaður og aðstæður komi í veg fyrir að það sé hægt ef menn telja forsvaranlegt að stunda slíkan flugrekstur frá þessum stöðum. Þessu hljótum við að verða að bæta úr, virðulegi forseti, og enn og aftur ítreka ég ánægju mína með að það virðist vera breið samstaða um það að þetta verði einmitt gert á Alþingi Íslendinga.

[12:22]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Eins og hv. þingmenn vita, ekki síst þeir tveir fyrrverandi samgönguráðherrar sem hér hafa talað, er ekki í samgönguáætlun gert ráð fyrir lengingu flugbrautarinnar á gildandi tímabili. Þegar menn tala um að það eigi að lengja flugbrautina nú þegar, til þess að hægt sé að fljúga á milli landa, vita þeir að allt tekur þetta tíma. Lenging flugbrautar sem kostar 500 millj. verður ekki hrist fram úr erminni núna þannig að Iceland Express geti haldið áfram að fljúga, það ætti öllum að vera ljóst. Vilji minn er vissulega til staðar um það að við endurskoðun á samgönguáætluninni verði þetta verkefni tekið til þeirrar skoðunar sem nauðsynlegt er að gera, og helst af öllu að gera ráð fyrir framkvæmdum í samgönguáætlun. Til þess stendur vilji minn.

Það verður öllum að vera ljóst að það kostar 500 millj. að lengja brautina, það kostar 250 millj. að endurnýja aðflugsradar sem verið er að skoða. Þetta kostar heilmikla fjármuni og mér finnst menn tala af dálitlu ábyrgðarleysi þegar þeir láta að því liggja að flugfélagið sé hætt að fljúga núna vegna þess að brautin sé ekki lengri en hún er. Samgönguráðuneytið hefur ekki fengið frá þessu flugfélagi upplýsingar um það að það ætli að hætta að fljúga vegna þess að brautin sé ekki lengri en hún er. Ég bið hv. þingmenn að líta á þetta mál af raunsæi og ábyrgðartilfinningu og reyna ekki að þyrla upp moldviðri um hluti sem eru óframkvæmanlegir á þessari stundu. Þetta verkefni er meðal þeirra sem þarf að vinna, þ.e. að bæta aðflugsskilyrðin að flugvellinum á Akureyri til að tryggja að þar sé hægt að sinna millilandaflugi. Við þurfum að vinna að því að lengja brautina þannig að hún uppfylli þær kröfur sem við viljum að hægt sé að uppfylla á þessum flugvelli.

## *Fjáraukalög 2006, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 47. mál. — Þskj. 47, nál. 366 og 380, brtt. 367, 368, 369 og 370.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[12:25]

**Katrín Júlíusdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum lagt fram sameiginlegt nefndarálit fyrir 2. umr. fjáraukalagafrumvarps þess sem greidd eru atkvæði um hér. Þar förum við ítarlega yfir gagnrýni okkar á þetta frumvarp. Eins og áður notar ríkisstjórnin fjáraukalögin til að breyta myndinni af ríkisrekstrinum. Enn eitt árið er verið að slá upp glansmyndum í stað þess að fram fari raunveruleg áætlunargerð.

Umgengni ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis um lög um fjárreiður ríkisins hefur ekkert farið fram eins og sést í þessu frumvarpi til fjáraukalaga. Á meðan svo er munu fjárlög og fjáraukalög ekki vera sá rammi sem þau eiga að vera um ríkisrekstrinn ef farið væri að fjárreiðulögum í einu og öllu. Við þessar aðstæður er ekki við því að búast að stjórntæki á borð við fjárlög og fjáraukalög nýtist við efnahagsstjórnina eins og þeim ber ef rétt væri á málum haldið.

Þrennt vekur sérstaka athygli í þessu frumvarpi. Í fyrsta lagi það hvernig tekið er á vanda einstakra fjárlagaliða. Stofnanir sitja ekki við sama borð þegar kemur að því að leysa vanda þeirra. Hvað það er sem ræður vali á stofnunum eða hvaða reglur gilda innan og á milli ráðuneyta er óljóst. Því ræður hér, eins og oft áður, hrein tilviljun hvaða stofnanir eru leiðréttar í frumvarpi þessu. Samkvæmt fjárreiðulögum eiga þessar leiðréttingar hins vegar að afgreiðast í tengslum við fjárlög næsta árs en ekki fjáraukalög yfirstandandi árs eins og hér er gert.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, er mikilvægt að draga sérstaklega fram hvernig meiri hlutinn á Alþingi hefur með skipulegum hætti vanáætlað gjöld ýmissa mikilvægra stofnana við gerð fjárlaga. Framhaldsskólarnir eru skýrt dæmi um það en í þessu fjáraukalagafrumvarpi eru lagðar til 250 millj. sem renna eiga óskiptar til framhaldsskólanna vegna nemendafjölgunar. Þessi nemendafjölgun var algjörlega fyrirséð við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár og lögðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar fram breytingartillögur upp á einmitt 250 millj. til að mæta fyrirséðri fjölgun nemenda.

Þá tillögu felldi ríkisstjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi en nú er komið með þessa tillögu inn í fjáraukalögin.

Í þriðja lagi er með hreinum ólíkindum hvernig komið er inn með óskir um heimildir til lántöku upp á milljarðatugi án þess að gögn séu lögð fram því til stuðnings í fjárlaganefnd.

Virðulegi forseti. Þessi vinnubrögð eru auðvitað ekki tæk fyrir hv. Alþingi ef það vill láta taka sig alvarlega.

*Ríkisstjórnarmeirihlutinn ber alla ábyrgð á þessum* vinnubrögðum og þar með málinu öllu. Samfylkingin tekur ekki þátt í þeirri gjörð sem hér er lögð fram og mun sitja hjá við alla afgreiðslu málsins.

[12:28]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Um þessa atkvæðagreiðslu höfum við í Frjálslynda flokknum eftirfarandi athugasemdir: Við afgreiðslu Alþingis nú á fjáraukalagatillögum ríkisstjórnarinnar fyrir 2006 munu þingmenn Frjálslynda flokksins greiða atkvæði gegn tillögum um kaup ríkisins á hlut Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun. Sá samningur sem um ræðir um kaupin hefur ekki verið lagður fyrir Alþingi til samþykkis né kynntur í fjárlaganefnd. Afgreiðsla á fjáraukalagafrumvarpi nú án þess að samningurinn hafi komið til umræðu er andstæð lögum og góðri venju við afgreiðslu mála og greiðum við því atkvæði gegn þeirri ráðstöfun.

Fjárveitingum vegna aukaverka við Kárahnjúkavirkjun hafa ekki fylgt neinar skýringar á því fyrir hvaða verkþætti eigi að veita aukna ábyrgð ríkissjóðs. Fjárlaganefnd á ekki að vera afgreiðslustofnun á fjárskuldbindingum án umræðu og skýringa. Meðan þannig er staðið að afgreiðslu einstakra erinda eftir pöntun ráðherra hverju sinni er ekki hægt að samþykkja málið og greiðum við því atkvæði gegn því.

Að öðru leyti munum við sitja hjá við fjáraukalög í heild, enda eru þau á ábyrgð ríkisstjórnarinnar sem nú tekur inn í fjáraukalög vanda sem var ljós við atkvæðagreiðslu fjárlaga síðasta haust. Stjórnarandstaðan benti líka á það með málflutningi sínum og tillögum síðasta haust við afgreiðslu fjárlaga og eins röktum við það skilmerkilega í umræðum í gær varðandi fjáraukalögin.

[12:30]

**Jón Bjarnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Frumvarp til fjáraukalaga er að koma til atkvæðagreiðslu við 2. umr. Í fjáraukalagafrumvarpinu fyrir árið 2006 eru lögð til viðbótarútgjöld til hinna ýmsu málaflokka. Eins og fram hefur komið voru mörg af þeim útgjöldum fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga á síðasta hausti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og reyndar stjórnarandstöðunnar allrar, fluttu tillögur um að bæta þyrfti í við rekstur margra stofnana við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári. Meiri hlutinn sá ekki ástæðu til að verða við því þá en síðan er komið með það núna í fjáraukalög. Margar leiðréttingar sem eru gerðar við 2. umr. fjáraukalaga voru því nauðsynlegar og brýnar en voru fyrirsjáanlegar og hefðu átt að koma inn við fjárlagagerðina sjálfa. Þetta undirstrikar mjög óvönduð vinnubrögð af hálfu fjárlaganefndar við fjárlagagerðina sem slíka.

Aðrar greiðslur sem hér eru lagðar til eru einstök gæluverkefni einstakra ráðherra og koma í sjálfu sér fjáraukalögum ekki beint við. Mér finnst að stjórn landsins líkist æ meir ráðherraræði en þingræði því ákvarðanir um margt af því sem hér er verið að veita heimildir fyrir hafa verið teknar af framkvæmdarvaldinu og síðan nánast formsatriði að afgreiða. Grófasta dæmið er þegar ríkisstjórnin henti inn í fjárlaganefnd með stuttu bréfi núna fyrir helgina beiðni um *120 milljarða kr. hækkun á fjárskuldbindingum ríkisins án* þess að fullnægjandi gögn lægju fyrir um forsendur þeirra beiðna. Þetta afgreiddi meiri hluti fjárlaganefndar frá sér á nokkrum mínútum án þess að verða við kröfu minni um að gögn lægju fyrir og afgreiðslu þess væri frestað. Þarna var m.a. verið að leggja til fjármögnunarákvæði á hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun, sem engin gögn liggja fyrir um á Alþingi, og auk þess 5 milljarða greiðslu vegna aukins kostnaðar við Kárahnjúkavirkjun. Engin gögn liggja að baki þessu á Alþingi til að hægt sé að taka efnislega afstöðu til málsins. Svona vinnubrögð ganga ekki, frú forseti.

Varðandi tillögur almennt munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá og lýsa ábyrgð á afgreiðslu þeirra á ríkisstjórnina sjálfa og meiri hluta hennar á Alþingi en einstök atriði sem lúta beint að pólitískum röngum ákvörðunum sem verið er að veita heimildir fyrir munum við greiða atkvæði sérstaklega um þegar út í atkvæðagreiðsluna kemur, frú forseti.

[12:33]

**Birkir J. Jónsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við göngum til atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjáraukalaga ársins 2006. Hv. stjórnarandstaða hefur bent á að ríkisstjórnarmeirihlutinn einn beri ábyrgð á því fjáraukalagafrumvarpi sem tekið er til afgreiðslu við 2. umr. Við höfum bak til að bera það. Hér er verið að skila fjáraukalögum í 2. umr. með 45 milljarða kr. afgangi sem er mjög mikill afgangur og til þess fallinn að greiða niður skuldir ríkissjóðs sem er að verða skuldlaus nú um þessar mundir. Hér er um að ræða fjármuni til framtíðar. Við erum að hætta að greiða vaxtagjöld og ríkissjóður er farinn að fá meiri tekjur en vaxtagjöld. Það er af sem áður var og til samanburðar getum við nefnt að árið 1998 vörðum við jafnmiklu í vaxtagjöld eins og til alls menntakerfisins í landinu. Hér er því um gríðarlegan viðsnúning að ræða á mjög fáum árum.

Hæstv. forseti. Verið er að gera tillögur um að auka framlög til velferðarmála um 4 milljarða kr., þar af 2 milljarða til heilbrigðismála. Hv. stjórnarandstaða tekur enga afstöðu til þeirra tillagna sem stjórnarmeirihlutinn hefur lagt fram. 1.000 milljónum verður varið til Landspítala – háskólasjúkrahúss. 120 milljónum verður varið til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og 93 millj. kr. til Heilbrigðisstofnunar Austurlands, svo dæmi séu tekin.

Engar tillögur liggja fyrir frá hv. stjórnarandstöðu um hvaða stefnu stjórnarandstaðan hefur í svo veigamiklu máli sem fjáraukalög ársins 2006 eru. Reyndar kemur í ljós við atkvæðaskýringar að stjórnarandstaðan gengur ekki einu sinni í takt. Frjálslyndir hafa eina stefnu í málefnum Landsvirkjunar á meðan Vinstri grænir hafa aðra stefnu og Samfylkingin líka. Öll sú samstaða sem hv. þingmenn í stjórn-

arandstöðu ræddu um síðast í gær, fyrir nokkrum klukkustundum, hvað stjórnarandstaðan væri samhent á þingi — í ljós kemur í dag að hún gengur ekki í takt, nokkrum klukkustundum eftir innblásnar ræður frá hv. stjórnarandstöðu um hversu gríðarleg samstaða væri um fjárlögin af þeirra hálfu. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan opinberar sig í því rétt eins og hún hefur gert allt kjörtímabilið að hún getur ekki komið sér saman um hvernig eigi að afgreiða svo lítið mál sem eru fjárlög yfirstandandi árs, (Gripið fram í.) — já, svo lítið mál því stjórnarandstaðan virðist líta á málið af slíkri léttúð að tillögur koma frá hægri og vinstri í stjórnarandstöðunni en það er enginn sameiginlegur tónn í tillögunum. Það er ábyrgðarhluti sem stjórnarandstaðan á að taka til sín í þessari umræðu.

Brtt. 368 (ný sundurliðun 1) samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, DJ, EMS, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, JGunn, KÓ, LB, MF, MÁ, SÞorg, SF, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 367 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, DJ, EMS, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, JGunn, KÓ, LB, MF, MÁ, SÞorg, SF, SP, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 2, svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, DJ, EMS, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, JGunn, KÓ, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, DJ, EMS, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, JGunn, KÓ, LB, MF, MÁ, SÞorg, SF, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 369 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, DJ, EMS, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, JGunn, KÓ, LB, MF, MÁ, SÞorg, SF, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 370, a-liður, samþ. með 24:8 atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS, ÞKG.

**nei:** ÁI, GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

11 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, ISG, JÁ, KJúl, KLM, RG, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, DJ, EMS, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, JóhS, JGunn, KÓ, KHG, LB, MF, MÁ, SÞorg, SF, SP, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:41]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hér er verið að gera ráð fyrir auknum heimildum til greiðslu úr ríkissjóði upp á 113,9 milljarða kr. Þar inni eru reyndar um 87 milljarðar kr. til að styrkja gjaldeyrisstöðu Seðlabankans sem vel er líklegt að nauðsynlegt sé. En einnig eru í þessari upphæð tæplega 30 milljarðar kr. til að greiða fyrir hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun sem ríkið vill kaupa. Það liggur engin heimild á Alþingi fyrir því að kaupa hlut Reykjavíkurborgar eða Akureyrar í Landsvirkjun (Gripið fram í.) og þar af leiðandi er líka fáránlegt að koma með þetta hingað inn, fyrir utan það að það er pólitískt rangt að ætla í gegnum heimildarákvæði að setja Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rarik inn á einkavæðingarvagninn bakdyramegin í gegnum ríkissjóð.

[12:42]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar í þessu sambandi er algerlega fráleitur. Hér á að fara út í tugmilljarða eignatilfærslur án þess að nokkur gögn liggi málinu til grundvallar og þingmönnum er ætlað að taka afstöðu til og greiða atkvæði um slíka hluti aftur og aftur í síðasta hluta þessa fjáraukalagafrumvarps á forsendum sem ég fullyrði ósköp einfaldlega að séu ekki boðlegar. Það er ekki í samræmi við góðar þinghefðir og venjur eða ábyrga ákvarðanatöku á Alþingi að ætla mönnum að bera ábyrgð á tugmilljarða kr. skuldbindingum eða ábyrgðum sem lagðar eru á herðar ríkissjóðs með þessum hætti. Það er alveg ljóst að sameining Landsvirkjunar, Rariks og Orkubús Vestfjarða í einn einokunarrisa á sviði orkumála er liður í einkavæðingarundirbúningi ríkisstjórnarinnar. Það liggur fyrir. Fyrir því standa m.a. yfirlýsingar fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra. Því erum við algerlega andvíg í Vinstri hreyfingunni

– grænu framboði og við greiðum því atkvæði gegn þessari heimild.

Brtt. 370, b–c-liðir, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, DJ, EMS, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, JÁ, JGunn, KÓ, LB, MF, MÁ, SÞorg, SP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:44]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hérna er verið að fara fram á heimildir til að styrkja gjaldeyrisstöðu Seðlabankans um 87 milljarða kr. íslenskar. Það getur vel verið nauðsynlegt í því óörugga efnahagsástandi sem er. Hins vegar hefði ég talið rétt að fjárlaganefnd hefði fengið frekari gögn sem styddu þessa kröfu um 87 milljarða kr. til að styrkja gjaldeyrisstöðu Seðlabankans í því óöryggi sem við búum núna við í efnahagslífinu. Engu að síður munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ekki leggjast gegn þessu en sitjum hjá en krefjumst meiri gagna til að hægt sé með eðlilegum og sanngjörnum vinnubrögðum að fara fram á að tæplega 90 milljarðar fari í gegnum Alþingi án viðhlítandi skýringa og gagna.

Brtt. 370, d-liður, samþ. með 26:8 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.
**nei:** ÁI, GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

10 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, ISG, JÁ, KJúl, KLM, RG, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, DJ, EMS, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, JóhS, JGunn, KÓ, KHG, LB, MF, MÁ, SÞorg, SP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:45]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Hér er þingmönnum sömuleiðis ætlað að taka ábyrgð á 5 milljarða kr. ríkisábyrgð vegna umframkostnaðar við gerð Kárahnjúkavirkjunar en gögnin sem þingmenn hafa, t.d. þeir sem hér sitja í salnum, til að byggja afstöðu sína á, eru engin. Þau eru 0,0, þau eru ekki 1 gramm, þau eru ekki til, þau eru ekki sýnileg. Það er engin greinargerð, ekki svo mikið sem minnisblað, hvað þá eitthvert yfirlit yfir það hvar verkið stendur, hvernig tekjustreymið horfir eða aðrir slíkir hlutir. Meira að segja liggur það fyrir að aðalpappírinn, orkusölusamningurinn og upplýsingar um tekjur til fyrirtækisins á komandi árum til að standa við skuldbindingar sínar er leyndarmál. Aðeins sá hluti þingmanna sem hefur fallist á að taka við þeim upplýsingum í trúnaði í iðnaðarnefnd veit hverjar þær eru. Afgangurinn í þessum sal á að greiða atkvæði um málið hafandi aldrei séð það og má ekki vita um hvað það snýst. Þetta eru óboðlegar aðstæður við atkvæðagreiðslur, frú forseti, og það er ekki vansalaust að þingið skuli taka þátt í þeim dapurlega leik, frú forseti, og ekki síst ættu forsetar þingsins að velta því fyrir sér. Er þetta í samræmi við góðar þinghefðir? *(Gripið fram í.)*

2.–3. gr., svo breyttar, samþ. með 26:6 atkv. og sögðu
**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.
**nei:** ÁI, GAK, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, KJúl, KLM, MÞH, RG, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, EMS, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, JGunn, KÓ, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SÞorg, SP, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., liðir 2.27–7.14, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, EMS, GÞÞ, GÖrl, HHj, JGunn, KÓ, KHG, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SÞorg, SP, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., liður 7.15, samþ. með 26:5 atkv. og sögðu
**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BIH, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.
**nei:** ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, GAK, GÖg, ISG, JÁ, KJúl, KLM, MÞH, RG, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, EMS, GÞÞ, GÖrl, HHj, JóhS, JGunn, KÓ, KHG, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SÞorg, SP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:49]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hér er í gegnum heimildargrein, sem yfirleitt er notuð meira í undantekningartilvikum, verið að fara fram á heimild ríkisins til að kaupa hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Um Landsvirkjun gilda sérstök lög þar sem kveðið er á um hver eignarhluturinn skuli vera. Eðlilegt væri að það mál kæmi þá inn í þingið með þeim hætti að breytingar kæmu á lögum ef meiri hlutanum er þá annt um að koma Landsvirkjun yfir á einkavæðingarvagninn sem meiri hlutinn stefnir að. En að ætla sér að fara með svona stórkostleg kaup eins og kaup á Landsvirkjun, hluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun, í gegnum heimildarákvæði án þess að nokkur samningur liggi fyrir, án þess að nokkur gögn liggi fyrir um hvað verið sé að kaupa, eða forsendur fyrir verðmati o.s.frv. liggi fyrir, eru alveg forkastanleg vinnubrögð fyrir utan þann pólitíska ásetning að koma Landsvirkjun í einkavæðingu.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 12:51.

---

# 28. FUNDUR

miðvikudaginn 15. nóv.,
að loknum 27. fundi.

**Dagskrá:**

*Til forsætisráðherra:*

1. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, fsp. JóhS, 223. mál, þskj. 224.
2. Stjórnsýsla í tengslum við stækkandi þjóðlendur, fsp. KolH, 224. mál, þskj. 225.
3. Veiðiheimildir úr sameiginlegri fiskveiðiauðlind þjóðarinnar, fsp. SigurjÞ, 288. mál, þskj. 301.

*Til utanríkisráðherra:*

4. Fangabúðir Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa, fsp. SigurjÞ, 248. mál, þskj. 251.

*Til samgönguráðherra:*

5. Sundabraut, fsp. GÓJ, 110. mál, þskj. 110.
6. Fjarskiptasjóður, fsp. KLM, 122. mál, þskj. 122.
7. Norðfjarðargöng, fsp. KLM, 124. mál, þskj. 124.
8. Háhraðanettengingar, fsp. BjörgvS, 147. mál, þskj. 147.
9. Umferðaröryggi á Kjalarnesi, fsp. GÓJ, 210. mál, þskj. 211.

*Til dómsmálaráðherra:*

10. Myndatökur fyrir vegabréf, fsp. KLM, 123. mál, þskj. 123.
11. Hlerun á símum alþingismanna, fsp. KHG, 230. mál, þskj. 233.
12. Merking varðskipa, fsp. KHG, 237. mál, þskj. 240.
13. Öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar, fsp. SJS, 251. mál, þskj. 254.
14. Skráning nafna í þjóðskrá, fsp. KJúl, 259. mál, þskj. 262.
15. Sameining lögregluembætta, fsp. BIH, 325. mál, þskj. 348.

*Til heilbrigðisráðherra:*

16. Öndunarvélaþjónusta við MND-sjúklinga, fsp. GÓJ, 109. mál, þskj. 109.
17. Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ, fsp. VF, 119. mál, þskj. 119.

*Til landbúnaðarráðherra:*

18. Námsframboð í loðdýrarækt, fsp. MÞH, 241. mál, þskj. 244.

*Til félagsmálaráðherra:*

19. Fæðingarorlof, fsp. BIH, 323. mál, þskj. 346.

## *Stjórnsýsla í tengslum við stækkandi þjóðlendur.*

Fsp. KolH, 224. mál. — Þskj. 225.

[12:53]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég hef borið fram tvær fyrirspurnir til hæstv. forsætisráðherra tengdar stjórnsýslu í tengslum við stækkandi þjóðlendur. Í fyrsta lagi spyr ég:

1. Hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert varðandi breytta stjórnsýslu og aukna ábyrgð sem hlýst af sífellt stækkandi þjóðlendum?

2. Hver var aðkoma ráðuneytisins að efnistöku úr friðlandinu við Hrafntinnusker til endurbóta Þjóðleikhússins?

Það er alkunna að lög um þjóðlendur, nr. 58/1998, hafa breytt á ýmsa lund mörkum eignarlanda og almenninga eða afrétta, eins og þjóðlendur hétu áður, en í krafti laganna hefur verið unnið markvisst að því að skilgreina þau mörk. Er nú svo komið að búið er að úrskurða í kröfumálum allt frá Reykjanesi austur í Lón og hafist hefur verið handa við að skilgreina landamerki á Norðausturlandi. Þær aðgerðir hafa leitt til þess að þjóðlendur hafa stækkað til muna. Af því leiðir að ábyrgð ríkisins vex að sama skapi og varla dugir yfirvaldinu að kallast vörslumaður lands án þess að því fylgi nokkrar skyldur eða kvaðir. Þessar breytingar hljóta því að krefja stjórnvöld um aukna yfirsýn og aukna ábyrgð á meðferð og umsýslu þessa lands.

Þetta kemur allt upp í hugann við fréttir þær sem bárust þjóðinni í síðasta mánuði þegar ljóst var að Umhverfisstofnun hafði heimilað brottnám hrafntinnu úr friðlandinu við Hrafntinnusker í þeim tilgangi að klæða með henni Þjóðleikhúsið að utan. Gefið var leyfi fyrir að fjarlægja 50 tonn af þessari fágætu steintegund. Leyfið var veitt af Umhverfisstofnun þann 22. september og fengurinn var færður til byggða af flugbjörgunarsveitinni á Hellu í áföngum á tíu dögum. Þann 7. október segir Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi alþingismaður, á heimasíðu sinni, með leyfi forseta:

„Flest er með ólíkindum við þennan gjörning. Vörsluaðili Friðlands að Fjallabaki heimilar umrætt efnisnám um leið og hann bendir góðfúslega á „.... að hrafntinna í hæsta gæðaflokki er fágæt bæði á landsvísu og heimsvísu og náttúruverndargildi hennar hátt af þeim sökum.“ Hvorki Þjóðleikhús né Umhverfisstofnun gerðu opinberlega grein fyrir því hvað væri í bígerð og Umhverfisstofnun steinþagði um umrædda leyfisveitingu ...“

Í niðurlagi bréfs Umhverfisstofnunar til Línuhönnunar, sem dagsett er 22. september síðastliðinn, bendir stofnunin á að framkvæmdaraðila beri að leita leyfis Rangárþings ytra og forsætisráðuneytisins.

Nú er það svo að ekki þarf einungis hrafntinnu til að klæða Þjóðleikhúsið að utan að mati þeirra sem eru að vinna það verk heldur þarf líka silfurberg. Nú höfum við þær fréttir af Austurlandi að hreppsnefnd Breiðdalshrepps hafi veitt framkvæmdarleyfi fyrir silfurbergsnámi í landi Höskuldsstaðasels í Breiðdal. Silfurberg er hvorki verndað né friðlýst steintegund en þó gilda reglur um efnistöku af þessu tagi sem ég hafði haldið að ættu að heyra undir umhverfisráðuneytið og umhverfisyfirvöld en í ljós kemur

þegar hæstv. umhverfisráðherra er spurður í fjölmiðlum um þessi mál, að hún kemur af fjöllum og veit ekki haus eða hala á málinu og er alls ekki kunnugt um það. Ég tel einboðið að við fáum svör frá hæstv. forsætisráðherra um hvernig haldið hefur verið á þessum málum í forsætisráðuneytinu og hann upplýsi þingheim um það á þessum degi, sem er sögulegur að þessu leyti því nú hafa verið stofnuð félagasamtök sem ég held að kalli sig Hrafntinnuriddara, sem hafa lagt fram kæru vegna þessa brottnáms hrafntinnunnar úr Hrafntinnuskeri. Segir mér svo hugur að stjórnvöld séu ekki búin að bíta úr nálinni í þessu vandasama máli.

[12:56]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda þjóðlendna og afrétta frá árinu 1998 fer forsætisráðherra með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum. Leyfi forsætisráðherra þarf því til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu, samanber 2. mgr. 3. gr. umræddra laga. Leyfi sveitarstjórnar þarf til annars konar nýtingar þjóðlendu og ef hún varir lengur en eitt ár þarf jafnframt leyfi forsætisráðherra. Samkvæmt lögunum er forsætisráðherra heimilt að ákvarða gjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendu en sú heimild hefur enn ekki verið nýtt heldur er venjulega gerður fyrirvari um að síðar kunni að verða tekin ákvörðun um gjaldtöku samanber nýlegt leyfi til Orkuveitu Reykjavíkur vegna Hellisheiðarvirkjunar.

Forsætisráðherra til ráðgjafar um þessi mál er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna er í eiga sæti fulltrúar forsætisráðherra, félagsmálaráðherra, iðnaðarráðherra, landbúnaðarráðherra, samgönguráðherra og umhverfisráðherra og tveir fulltrúar að auki tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í lögum þessum eru því lagðar allar meginlínur varðandi stjórnsýslu þjóðlendna. Menn sáu það fyrir þegar lögin voru sett að þarna yrði um stórt landsvæði að ræða sem þyrfti að halda utan um. Þjóðlendusvæðið fer stækkandi eftir því sem störfum óbyggðanefndar vindur fram og meginlínur í þjóðlendumálunum skýrast. Þó svo dómar Hæstaréttar í nýútkljáðum málum hafi skýrt stöðuna töluvert eru þó enn ýmis mál óútkljáð fyrir dómstólum.

Gott samstarf er milli ráðuneytisins og óbyggðanefndar um yfirfærslu svæða að úrskurðum gengnum. Unnið er að því að búa til stofnskjöl hjá viðkomandi sýslumannsembættum og fleira af því tagi. Enn sem komið er hefur ráðuneytið ekki séð ástæðu til að grípa til sérstakra ráðstafana vegna umfangs þessara mála. Einn lögfræðingur í ráðuneytinu sinnir þessu í hlutastarfi. Eftir því sem umfangið vex mun það að sjálfsögðu verða skoðað hvort þörf er á auknum mannafla eða breyttu skipulagi til að halda utan um verkefnið. Eins er fyrirsjáanlegt að móta verður stefnu um gjaldtöku fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum eins og þjóðlendulögin bjóða upp á.

Að því er varðar síðari spurningu hv. þingmanns um aðkomu ráðuneytisins að efnistöku úr friðlandinu við Hrafntinnusker er því til að svara að það mál gekk sína eðlilegu leið. Fyrst aflaði Þjóðleikhúsið leyfis frá Umhverfisstofnun, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi, samkvæmt 38. gr. náttúruverndarlaga frá 1999. Stofnunin taldi efnistökuna forsvaranlega út frá náttúruverndarsjónarmiðum enda voru sett um hana ströng skilyrði. Forsætisráðuneytið taldi því ekki efni til annars en gefa út leyfi samkvæmt 2. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, eins og gert var.

Varðandi síðan hugsanlega efnistöku á silfurbergi í Breiðdal þá er ég ekki til svara um það efni hér.

[13:00]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna fyrri spurningarinnar sem hér var lögð fram: „Hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert varðandi breytta stjórnsýslu og aukna ábyrgð sem hlýst af sífellt stækkandi þjóðlendum?“

Ég varð nefnilega fyrir nokkrum vonbrigðum með svar hæstv. ráðherra. Ég taldi að það hlyti að vera komin af stað vinna í ráðuneytinu til að taka betur á þessum málum en gert er í lögunum. Það er t.d. þannig að gert er ráð fyrir að nýta alla fjármuni sem koma í tekjur vegna þjóðlendna við þjóðlendurnar sjálfar. Ég hef talið að við gætum átt von á verulega háum fjárhæðum vegna nýtingar á auðlindum í þjóðlendum í framtíðinni.

Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Telur hann ekki ástæðu til að fara að huga að þessum málum? Það getur varla gengið til lengdar að fresta öllum ákvörðunum um gjaldtöku vegna þjóðlendna.

[13:01]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þessi umræða og orð hæstv. forsætisráðherra undirstrika hversu vanbúin öll umgjörð og framkvæmd þjóðlendulaganna er, hvernig ætla menn að fara með verndun og ráðstöfun auðlinda sem falla innan þjóðlendna. Við ræðum hér um hrafntinnuna og silfurbergið en aðrir horfa líka á virkjanakostina í háhita og vatnsföllum sem falla innan þjóðlendna. Engar skýrar reglur eða lög eru til um hvernig með það skuli farið, hvernig þær eru verndaðar eða hvernig úthluta á réttindum þar ef svo er.

Í þeirri umræðu sem við stöndum nú frammi fyrir held ég að mjög mikilvægt sé að forsætisráðherra taki sig saman í andlitinu og þarna (Forseti hringir.) verði gerð bragarbót á í lögum og reglum hvað þetta varðar (Forseti hringir.) og lagt fyrir þingið.

[13:02]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Varðandi efnistöku á hrafntinnu í tengslum við viðgerðir á Þjóðleikhúsinu þá fáum við í Frjálslynda flokksins ekki annað séð og heyrt en að þar hafi verið staðið forsvaranlega að málum. Hér er náttúrlega um mjög sérstakt tilfelli að ræða. Þjóðleikhúsið hefur þurft á miklu viðhaldi að halda undanfarin ár, það hefur verið augljóst hverjum sem séð hefur það hús að kominn var tími til að gera það upp. Þjóðleikhúsið er musteri leiklistar í landinu. Þetta er mjög sérstakt tilfelli og hér verður að vega saman fórnarkostnað og ávinning. Það er skoðun mín, virðulegi forseti, að ávinningurinn í þessu tilviki sé miklu meiri en fórnarkostnaðurinn og því hafi verið rétt að fara út í þessa efnistöku á hrafntinnu og aðra þá efnistöku sem þarf

til að endurgera þetta fallega og stórmerkilega hús með fullum sóma og þeirri virðingu sem því ber.

[13:03]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að leggja fram þessa fyrirspurn í tveimur liðum. Ég vil aðeins koma að seinni liðnum varðandi efnistöku á hrafntinnu í Hrafntinnuskerjum, því að mér sýnist að þó svo að allt ferlið hafi verið samkvæmt lögum verðum við að horfa mjög alvarlega á þann lagaramma sem við höfum. Það er óeðlilegt að almenningur eða þeir sem telja sig málið varða og hafa á því skoðanir hafi enga aðkomu að málinu, geti ekki látið það í ljós, verið umsagnaraðilar, og það þurfi svo að fara í kæruferli og kæruleiðir séu mjög takmarkaðar. Það er í raun og veru búið að útiloka einstaklinga frá allri aðkomu að slíkum málum. Ég tel að út frá lýðræðislegum (Forseti hringir.) vinnubrögðum og náttúruvernd verðum við að endurskoða þessi málefni vel.

[13:05]

**Álfheiður Ingadóttir:**

Frú forseti. Niðurstaða þessa máls, að sótt hafi verið efni, 50 tonn af hrafntinnu í Hrafntinnusker, hefur valdið verulegum vonbrigðum, vegna þess að þarna er um mjög fágæta steind að ræða. Vitað er að vel var að verki staðið að því leytinu til að það var ekki mikið rask við framkvæmdina sjálfa. Hinu megum við ekki gleyma að hrafntinna er fágæt á heimsvísu, endurnýjunin er engin og nýtingin er aðeins um 50%. Til viðbótar þessu er vitað að hægt er að framleiða svart gler sem getur komið að nákvæmlega sama gagni.

Ég held að þetta ætti að verða okkur að kenningu að því leytinu til að hér verði sett vinna í að friða íslenskar steindir sem er óunnið verk og mikið verk sem umhverfisráðuneytið og stofnanir þess þurfa að koma að.

[13:06]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin og vil segja að ég tel að hæstv. ráðherra þurfi að fara að spýta í lófana varðandi vinnuna við að standa undir þeirri ábyrgð sem óhjákvæmilega hvílir á honum og ráðuneyti hans vegna stækkaðra þjóðlendna. Ég mundi vilja sjá hæstv. forsætisráðherra efna til málstofa eða málþinga og ráðstefna um þessar stóru þjóðlendur sem eru að verða til og skoða það með opnum huga úti í samfélaginu meðal fræðimanna og þjóðarinnar á hvern hátt þessi auðæfi verði best varðveitt og á hvern hátt menn sjá fyrir sér mögulega nýtingu, en eins og hæstv. ráðherra getur um er verið að hugleiða það í ráðuneytinu á hvern hátt móta eigi reglur um gjaldtöku vegna nýtingar auðlindarinnar.

Mér finnst skipta miklu meira máli að við ræðum grundvallarprinsippin um það á hvern hátt við eigum að nýta og njóta þeirra auðæfa sem fólgin eru í þjóðlendum Íslands. Ég hvet hæstv. ráðherra til að efna til almennrar umræðu á faglegum, fræðilegum grunni fyrir áhugafólk jafnt sem fagmenn til þess að við getum öll tekið þátt í að móta þá stefnu sem taka þarf um þjóðlendurnar okkar.

Varðandi hrafntinnumálið vil ég að það komi fram, svo það sé alveg skýrt, að ég tel Þjóðleikhúsið alls góðs maklegt í þessum efnum, auðvitað eigum við að standa vel að því að klæða það að utan. Það er náttúrlega hryggðarmynd að sjá hversu langt var gengið í niðurníðslu hússins áður en hafist var handa við að endurbæta það.

Hins vegar vil ég taka undir orð hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur að það eru aðrar leiðir en þær að fara inn í friðlandið okkar og taka þá hrafntinnu sem þar er eftir, þær aðferðir eða þær leiðir voru ekki skoðaðar nægilega vel. Það er þess vegna sem Guðrún Gísladóttir, leikkona í Þjóðleikhúsinu, fer núna fyrir 30 manna hópi í mál til að reyna að fá þessari (Forseti hringir.) ákvörðun hnekkt, vegna þess að henni þykir jafnvænt um Þjóðleikhúsið og Hrafntinnusker. (Forseti hringir.) Ég tek undir orð hennar.

[13:08]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Hér hefur spunnist athyglisverð umræða um þessi mál. Það er vissulega rétt að menn þurfa að vanda sig í allri málsmeðferð og stjórnsýslu varðandi hinar nýju þjóðlendur sem eru ekki gamalt fyrirbæri í íslenskri löggjöf. Forsætisráðuneytinu er trúað fyrir þessum málaflokki og ég get fullvissað hv. fyrirpsyrjanda og aðra þingmenn um að reynt verður að standa að því þannig að fullur sómi sé að.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson benti hér á að ekki hefðu enn verið settar reglur um gjaldtöku í þjóðlendum. Það er rétt. Lagaheimild um það efni er fyrir hendi en það hefur ekki þótt tímabært að setja slíkar reglur meðan málið væri raunverulega ekki lengra komið og meðan ekki lægi alveg fyrir hvaða landsvæði yrðu endanlega þjóðlendur. En það styttist í að setja þurfi slíkar reglur vegna þess að nú er ásókn í nýtingu að aukast og fleiri dæmi um að aðilar, sveitarfélög og fleiri, óski þess að fá að nýta auðlindir innan þjóðlendna. Það er eðlilegt, eins og gert er ráð fyrir í lögunum, að fyrir slíkt komi gjaldtaka og síðan ákveðnar reglur um það hvernig ráðstafa eigi slíkum tekjum í þágu almennings.

Umræðu lokið.

## *Veiðiheimildir úr sameiginlegri fiskveiðiauðlind þjóðarinnar.*

Fsp. SigurjÞ, 288. mál. — Þskj. 301.

[13:10]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Í ræðu hæstv. forsætisráðherra á aðalfundi LÍÚ á dögunum komu fram ýmsar hæpnar fullyrðingar, svo sem að einhver sátt ríkti um núverandi fiskveiðistjórn. Það er af og frá þó svo að vissulega hafi umræðu um fiskveiðistjórnina verið ýtt skipulega til hliðar. Ég tel jafnvel að mjóu hafi munað að fráfarandi sjávarútvegsráðherra dytti út eða félli úr efsta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi á dögunum fyrir Árna Johnsen þrátt fyrir að hann hafi vissulega gert tæknileg mistök. Það er vegna þess að hæstv. fráfarandi sjávarútvegsráðherra var í forsvari fyrir

mjög umdeilt kerfi sem hefur leikið sjávarbyggðir Sunnlendinga mjög grátt, svo sem Vestmannaeyjar og Suðurnesin. Það er því langt frá að einhver sátt sé um þetta kerfi.

Það kom einnig fram í ræðu hæstv. forsætisráðherra á þingi LÍÚ að hann ætlaði sér að eyða óvissunni um núverandi kerfi og tryggja það í sessi. Með þessari yfirlýsingu hans kom það í rauninni grímulaust fram að Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að færa sameiginlega auðlind þjóðarinnar í einkaeign. En það eru fá rök sem hníga til þess að við eigum að fara þessa leið vegna þess að kerfið hefur engu skilað nema tjóni fyrir þjóðina. Það hefur höggvið djúp skörð í byggðir landsins og það eru allar líkur til þess að það haldi áfram.

Nú berast fréttir norðan úr Grímsey um að þaðan sé verið að selja aflaheimildir. Ekki er heldur hægt að sjá á rekstrarniðurstöðum fyrirtækja að þetta kerfi sé að skila einhverju. Skuldirnar hafa vaxið gríðarlega. Frá árinu 1995 hafa þær farið úr 90 milljörðum og upp í 265 milljarða í ár. Það er ekki svo að þessar skuldir séu tilkomnar vegna einhverra fjárfestinga í greininni heldur hafa þessir milljarðar steymt út úr henni. Það samsvarar bráðum tveimur Kárahnjúkastíflum sem farið hefur út úr greininni með þessum hætti. Þetta kerfi hefur því í raun engu skilað og ekki hafa tekjurnar aukist heldur. Útfluttar sjávarafurðir eru í svipuðum upphæðum og þær voru fyrir fimm árum þannig að ekki er hægt að sjá nein merki um að þetta kerfi hafi skilað einu né neinu.

Einnig ættu menn að huga að því að fyrirtækin sjálf eru metin verðmætari af bönkum landsins við það að vera brotin upp í stað þess að vera í áframhaldandi rekstri. Maður spyr sig og þjóðin hlýtur að spyrja æðsta (Forseti hringir.) *ráðamann þjóðarinnar hvers vegna í ósköpunum hann vilji* halda óbreyttu kerfi sem engu hefur skilað.

[13:13]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi vísar með fyrirspurn sinni til ræðu minnar á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna föstudaginn 20. október sl. og vísar hann með óbeinum hætti til ummæla sem þar er að finna.

Í ræðu minni á þessum vettvangi rakti ég m.a. almennt þá þróun sem verið hefði í sjávarútvegi hér á landi með stækkun landhelginnar og þýðingu sjávarútvegsins fyrir þjóðarbúskapinn og nefndi þá skoðun mína að meiri friður ríkti nú um fiskveiðistjórnarmálin en oft áður.

Með leyfi forseta, segir síðan í ræðunni sem fyrirspyrjandi og aðrir geta kynnt sér í heild sinni á heimasíðu forsætisráðuneytisins:

„Núverandi kvótakerfi hefur sannað gildi sitt. Það hefur leitt til bæði ábyrgrar og hagkvæmrar nýtingar auðlindarinnar. Með upptöku auðlindagjaldsins á sínum tíma var einnig séð til þess að útgerðarmenn greiddu rentu til þjóðarinnar fyrir afnot af auðlindinni. Brýnasta verkefnið er að treysta þá sátt sem er um núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Eyða þarf enn frekar óvissu um réttarstöðu útgerðarmanna, þannig að ljóst liggi fyrir að réttindi þau sem þeir nú kaupa á markaði muni ekki á einni nóttu verða af þeim tekin. Með þeim hætti skapast traustari rekstrarforsendur, útgerðirnar geta skipulagt rekstur sinn til lengri tíma. Jafnframt stuðlar slíkt að enn ábyrgari umgengni um auðlindina. Þótt stjórnvöld hafi hlutverki að gegna við stýringu þá er ábyrgð þeirra sem í greininni starfa ekki síður ljós. Nú þegar fiskveiðistjórnarkerfið er komið í fastar skorður og stjórnvöld stýra veiðunum ekki lengur með handafli vex ábyrgð útgerðarmanna að hugsa til langs tíma þeim sjálfum og öllum landsmönnum til hagsbóta."

Til að svara þessari fyrirspurn að öðru leyti vil ég taka fram að við höfum, eins og áður er rakið og nefnt er í ræðunni, búið við ákveðið fiskveiðistjórnarkerfi sem er grundvallað á lögum sem samþykkt hafa verið á Alþingi. Með úrlausnum dómstóla og skrifum fræðimanna hefur réttarsviðið skýrst enn frekar sem óþarfi er að rekja hér sérstaklega. Er óhjákvæmilegt að taka mið af slíkum breytingum eftir atvikum hér í þinginu með lagabreytingum. Það er í þessu ljósi sem hv. þingmaður verður að skoða framangreind ummæli mín.

[13:16]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv forseti. Það er *óhjákvæmilegt að gera athuga*semdir við þau orð sem hæstv. forsætisráðherra las hér upp úr ræðu sinni á fundi LÍÚ. Hann talaði meðal annars um að kerfið hefði skilað verulegum árangri.

Sér er nú hver árangurinn. Skuldaaukning á tíu árum er úr 90 milljörðum í 265 milljarða. Tekjurnar eru óbreyttar frá ári til árs, rokka á bilinu 110–130 milljarða, útflutningstekjur sjávarútvegsins. Fiskstofnarnir hafa ekki braggast á öllum tíma kvótakerfisins. Ef við tökum aðalfiskstofninn, þorskstofninn, sem hefur verið að gefa oft 30–40% af útflutningstekjum sjávarútvegsins þá er veiði á honum undir *200 þús. tonnum.*

Þetta var óþekkt (Forseti hringir.) áður en kvótakerfið var tekið upp, hæstv. forseti, þannig ég tel (Forseti hringir.) að forsætisráðherra fari með öfugmæli.

[13:17]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er hverju orði sannara að það þarf að gera frekari endurbætur á þeirri löggjöf sem fiskveiðum er stjórnað eftir, ekki hvað síst þeim ákvæðum löggjafarinnar sem lúta að heimildum manna til þess að framselja veiðiheimildir sem þeir hafa undir höndum og fá árlega afhentar frá ríkinu fyrir svo lítið fé að það tekur því varla að tala um það.

Það þarf að skilgreina hversu víðtæk þessi réttindi eru og til hvers langs tíma. Það þarf að gera greinarmun á því hvort menn nýta réttindin eins og til er ætlast með því að veiða eða hvort þeir gera það ekki og framselja réttindin og fénýta, taka til sín mikið fé fyrir afnot af réttindum sem þeir eiga ekki heldur þjóðin.

[13:18]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra sagði að eyða þyrfti réttaróvissu útgerðarmanna vegna veiðiheimilda sem þeir hefðu keypt. Nú spyr ég: Er hæstv. ráðherra ekki sammála því sem stendur í stjórnarsáttmálanum, að það eigi að setja í stjórnarskrána ákvæði um að sjávarauðlindirnar séu

þjóðareign? Er þá hæstv. forsætisráðherra ekki sammála því að þjóðareign sé eign þjóðarinnar sem Alþingi og ríkisstjórn eigi að gæta fyrir hönd þjóðarinnar? Erum við þá ekki að tala um eignir sem eigi að gæta með sama hætti fyrir hönd þjóðarinnar og menn gæta sinna eigin eigna?

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála þessu ákvæði og hvort nokkuð hafi breyst hvað það varðar. Verður þetta ákvæði ekki inni í breytingartillögum þeirrar nefndar sem nú fjallar um stjórnarskrána?

[13:19]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég hygg nú að langt sé um liðið síðan önnur eins öfugmælaræða var flutt og þegar hæstv. forsætisráðherra mætti á aðalfund LÍÚ í október og flutti þar ræðu sína og fór að tala um kvótakerfið.

Kvótakerfið er því miður afskaplega misheppnað. Það er alveg komin full reynsla á það. Það hefur skilað afskaplega slökum árangri í uppbyggingu fiskstofna. Það hefur valdið mjög mikilli byggðaröskun og stórtjóni á landsbyggðinni. Skuldasöfnun sjávarútvegsins hefur verið gegndarlaus frá því frjálsa framsalið var tekið upp árið 1994. Greinin er sokkin í skuldir. Það er ekkert flóknara en það.

Fram til 1994 voru heildarskuldir greinarinnar eitthvað í kringum árlegt útflutningsverðmæti. En núna eru heildarskuldir greinarinnar þrisvar sinnum útflutningsverðmætið á hverju ári og aflaverðmætið hefur staðið í stað undanfarin mörg ár. Þetta er enginn árangur. Við (Forseti hringir.) verðum að breyta þessu.

[13:21]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Það er átakanlegt að hlýða á svör hæstv. forsætisráðherra. Hann segir hér að kvótakerfið hafi sannað gildi sitt. En hann getur ekki fært nein rök fyrir því, ekki nokkur. Ég vil biðja hæstv. forsætisráðherra að reyna nú að finna einhver rök og hrekja þann málflutning sem hefur verið lagður hér inn í umræðuna.

En ég á ekki von á því að hann geti gert það, alls ekki. Það eru engin rök fyrir því að halda einhverju áfram sem hefur ekki gengið eftir. Ef við lítum bara á útfærslu landhelginnar, eins og hæstv. forsætisráðherra minntist á, hverju hún hafi skilað. Við hefðum í rauninni átt að sjá meiri afla til Íslendinga. En staðreyndin er sú að sá afli sem núna er landað á Íslandi er minni en þegar Bretar voru hér á miðunum. Kvótakerfið hefur skilað helmingi minni þorskafla en fyrir daga þess. Maður spyr sig: Ætlar forsætisráðherra ekki að færa nein rök þessu kerfi til stuðnings? Ætlar hann bara að tala í klisjum? Mér finnst kominn tími til þess að menn svari fyrir það hvers vegna sjómenn þurfi að sætta sig við kjaraskerðingu, en það þurftu þeir að líða í síðustu kjarasamningum. Ef kerfið væri að skila ávinningi væru laun sjómanna að hækka þegar fiskverð hefur stigið. Nei. Það er ekki þannig. Það er meira að segja svo að sjómenn á minnstu bátunum búa við það að hafa enga kjarasamninga.

Mér finnst að forsætisráðherra ætti að greina þjóðinni frá því hver ávinningurinn af þessu kerfi sé og hvernig þetta kerfi hafi sannað sig. En það hefur hann ekki gert í þessari umræðu. Ég skora á hann að reyna að gera það og færa einhver rök fyrir sínu máli í stað þess að lesa upp gamlar ræður (Forseti hringir.) frá LÍÚ.

Umræðu lokið.

## *Fangabúðir Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa.*

Fsp. SigurjÞ, 248. mál. — Þskj. 251.

[13:23]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég hef beint fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra um afstöðu hennar til fangabúða Bandaríkjamanna í Guantanamo. En áður en ég held áfram að leiða málið að því vil ég nota tækifærið og hrósa hæstv. utanríkisráðherra lítillega fyrir að ætla sér að mýkja ásýnd friðargæslunnar. Mér fannst nú tími til kominn að það yrði gert, að við reyndum að mýkja ásýnd Íslands í augum umheimsins. Það er náttúrlega stórundarlegt að litla Ísland sem er herlaust skuli vera á lista yfir þjóðir sem eru stríðsfúsar og viljugar til þess að fara í árásarferðir til annarra landa. Ég vil því nota tækifærið og hæla henni.

En mig langar að vita hver afstaða hæstv. utanríkisráðherra sé til þeirra mannréttindabrota sem framin eru á Kúbu af Bandaríkjastjórn vegna þess að þetta er algjörlega óásættanlegt. Þetta er gert í nafni stríðs gegn hryðjuverkum. Ég er á því að framferði Bandaríkjamanna skapi miklu meiri hættu fyrir Vesturlönd en að í því sé nokkur vörn gegn hryðjuverkum. Þetta hefur snúist algjörlega upp í andhverfu sína. Erlendir leiðtogar hafa bent á þetta og vilja frá breytingu hjá Bandaríkjastjórn. Það má greina frá því að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna beitti sér í þessu máli. Eins hefur utanríkisráðherra Bretlands lýst afstöðu sinni og talið þetta algerlega ólíðandi.

Það væri mjög fróðlegt að fá að heyra afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar, sérstaklega í ljósi þess að aðstoðarráðherra forsætisráðherra hefur lýst því yfir að við deilum sameiginlegri pólitískri lífsýn með Bandaríkjamönnum og þess vegna væri fróðlegt að fá afstöðu hæstv. utanríkisráðherra í þessu máli.

[13:26]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég byrja á að segja að ég djúpt snortin vegna orða hv. þingmanns í minn garð og þakka fyrir það sem hann sagði. En sem svar við fyrirspurn hv. þingmanns vil ég segja að íslensk stjórnvöld hafa ítrekað bent á mikilvægi þess að baráttan gegn hryðjuverkum megi ekki vera á kostnað mannréttinda. Hefur því sjónarmiði verið haldið víða á lofti, meðal annars á hv. Alþingi og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Varðandi rekstur fangabúða við Guantanamo-flóa hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á að Bandaríkjunum, eins og öðrum ríkjum, beri að fara í einu og öllu eftir gildandi mannúðar- og mannréttindalögum svo sem alþjóðasamningum um bann við pyndingum og annarri ómannúðlegri meðferð og Genfarsamningunum sem hafa að geyma

grundvallarreglur alþjóðlegra mannúðarlaga á stríðstímum og reglur um meðferð stríðsfanga.

Við höfum því miður verulegar efasemdir um að fyrirkomulag í Guantanamo standist kröfur Genfarsáttmálanna og annarra mannréttindasamninga. Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að umræddar fangabúðir hafi grafið undan trúverðugleika bandarískra stjórnvalda í mannréttindamálum.

Eins og greint hefur verið frá hér á hinu háa Alþingi hafa málefni fanga í Guantanamo verið tekin upp bæði formlega og óformlega við bandarísk stjórnvöld og íslensk stjórnvöld hafa fylgst grannt með þróun mála. Afstaða mín er sú að bandarísk stjórnvöld eigi að endurskoða starfsaðferðir sínar í þessum efnum og finna aðra betri lausn á vistun og málsmeðferð þeirra grunuðu hryðjuverkamanna sem bandarísk stjórnvöld hafa handsamað.

[13:28]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Því miður berast slæmar fréttir og ljótar frá fangabúðum Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa við Kúbu. Eins og hæstv. utanríkisráðherra gat um áðan þá hafa þessar fangabúðir stórlega dregið úr trúverðugleika Bandaríkja Norður-Ameríku á alþjóðlegum vettvangi.

Nú hefur hæstv. ráðherra sýnt það í störfum sínum að hún er skelegg mjög og ég vil skora á hana í því sambandi að taka málið upp við bandarísk yfirvöld, hvort heldur bandaríska sendiherrann hér á landi eða á öðrum vettvangi, og fordæma rekstur þessara fangabúða á Kúbu. Þarna eru mannréttindi brotin á hverjum einasta degi þar sem mönnum er haldið án dóms og laga og án sakarefna svo árum skiptir. Þetta er langt fyrir neðan allt velsæmi og miklu meira en við getum sætt okkur við, hæstv. forseti.

[13:29]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Framferði Bandaríkjamanna í Guantanamo er áfall fyrir heimsbyggðina vegna þess að þetta er öflugasta ríki heimsins sem bregst við hryðjuverkum sem unnin hafa verið þar með hryðjuverkum á alþjóðasamningum, með því að ganga gegn þeim samningum sem ríki heimsins hafa komið sér saman um, brjóta þá í bak og fyrir, koma sér undan bandarískum lögum, halda mönnum föngnum sannarlega án þess að á þá hafi verið bornar sakir eða þeim gefinn kostur á að verja sig og, sem sannarlega eru dæmi um, hafa svo verið saklausir þegar upp var staðið.

Það er ekki nokkur leið önnur, virðulegi forseti, en að fordæma þetta mjög harðlega. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns hvað það varðar.

[13:30]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra sagði að baráttа gegn hryðjuverkum mætti ekki vera á kostnað mannréttinda. Þá held ég að ég hljóti að spyrja hvort ekki sé einhver þversögn í þessu. Hér mælir ráðherra flokks sem studdi innrásina í Írak á sínum tíma. Þar var brotið á þjóðarrétti og hefur margsinnis verið brotið gegn mannréttindum í kjölfar innrásarinnar.

Við sem erum andstæðingar þessarar innrásar og höfum alltaf verið vöruðum ítrekað við að Ísland legði með nokkrum hætti nafn sitt við þessa innrás. Að sjálfsögðu ætti hæstv. utanríkisráðherra að lýsa því yfir að íslenska ríkisstjórnin muni taka okkur Íslendinga af lista hinna viljugu þjóða og fordæma þessa innrás.

Hluti af grundvellinum, réttlætingu á þeim svívirðilega glæp sem þessi innrás er, var að það væru hryðjuverkamenn í Írak. Þetta var allt tóm lygi. Þetta reyndist allt tóm lygi. (Forseti hringir.) Það er hræsni í málflutningi framsóknarmanna í dag.

[13:31]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur stundum verið til umræðu áður í sölum Alþingis. Það sem ég vil leggja til málanna er að hæstv. utanríkisráðherra sanni með skeleggri framkomu og skýrum yfirlýsingum fyrir hönd Íslands að við eigum erindi í öryggisráðið. Við erum að berjast fyrir því að fá þar sæti. Þess vegna hljótum við að líta þannig á að Íslendingar eigi erindi á alþjóðavettvangi til að berjast fyrir betri heimi.

Ég treysti því að hæstv. utanríkisráðherra geri betur en þeir sem hafa setið á þeim stól á undanförnum árum í þessu máli. Það þarf ekki rosalega mikið til að gera betur. Ég held því ekki fram að menn hafi ekkert gert. En það hefur a.m.k. ekki borið mjög á því á alþjóðavettvangi að Íslendingar hafi beitt sér fyrir því að þar verði snúið af þeim (Forseti hringir.) vonda vegi sem Bandaríkjamenn eru á Guantanamo-flóa.

[13:33]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og hvetja hæstv. ráðherra til að taka fast á málinu, að beita sér í þessu máli og leiða Bandaríkjamönnum fyrir sjónir að þetta sé ekki rétta leiðin til að berjast gegn hryðjuverkum. Með þessum hætti skapa Vesturlönd sér óorð sem einfaldlega býr til hryðjuverkamenn.

Það hefur komið fram í skýrslum að hryðjuverkahættan hefur langt frá því minnkað síðan herför forseta Bandaríkjanna fór af stað. Hún hefur að því leyti verið algerlega misheppnuð. Ég vonast einnig til að hæstv. utanríkisráðherra snúi við blaðinu og hverfi frá þeirri stefnu sem hefur ríkt á Íslandi. Við höfum verið algerir taglhnýtingar Bandaríkjamanna og þessi stefna hefur gert okkur að athlægi, t.d. að vera á lista yfir stríðsfúsar og viljugar þjóðir. Mér finnst það smánarblettur á þjóðinni sem við ættum að sameinast um að má af okkur.

Það vekur athygli mína að sjálfstæðismenn taka ekki þátt í umræðunni um þessar fangabúðir. Eflaust er það mergurinn málsins að afstaða þeirra er þrándur í götu þess að hæstv. utanríkisráðherra beiti sér af afli í málinu.

[13:35]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Mér heyrist mikill samhljómur í málflutningi hv. þingmanna á Alþingi í þessu alvarlega máli. Ég vil hins vegar segja að það er ekki um það að ræða að ég þurfi að snúa við blaðinu hvað varðar afstöðu íslenskra

stjórnvalda til þessa máls. Forverar mínir hafa komið á framfæri alvarlegum athugasemdum við Bandaríkjastjórn sem lúta að þessu máli og Guantanamo-fangelsinu.

Ég vil bæta við það sem ég sagði áðan að síðastliðið sumar úrskurðaði hæstiréttur Bandaríkjanna að herdómstóllinn í Guantanamo væri ólöglegur og meðferð fanga þar væri ekki í samræmi við ákvæði Genfarsáttmála. Í kjölfarið voru sett ný lög í Bandaríkjunum um meðferð grunaðra hryðjuverkamanna. Með lögunum komu bandarísk stjórnvöld m.a. til móts við gagnrýni ýmissa vestrænna ríkja um rekstur fangabúðanna í Guantanamo. Því er þó ekki að neita að hin nýju lög í Bandaríkjunum um meðferð grunaðra hryðjuverkamanna vekja ýmsar áleitnar spurningar.

Ég útiloka ekki að þetta mál verði tekið upp við bandarísk stjórnvöld. En ég ítreka að forverar mínir hafa gert það. Það hefur komið fram í opinberri umræðu á hv. Alþingi, m.a. af hálfu fyrrverandi utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar.

Umræðu lokið.

## *Sundabraut.*

Fsp. GÓJ, 110. mál. — Þskj. 110.

[13:37]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Fyrir þremur árum, á árinu 2003, lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um hvað liði undirbúningi að gerð Sundabrautar í Reykjavík. Eins og þá kom fram hafði verið unnið að málinu árin 1996 og 1997 og sjónum síðan beint, á árinu 1997 til 1999, að svokölluðum ytri og innri leiðum.

Ytri leið gerir ráð fyrir að Sundabraut tengist Sæbraut við Holtaveg og geti ýmist verið um hábrú, jarðgöng eða botngöng, en innri leið gerir ráð fyrir að brautin verði lögð á fyllingum innar í voginum og yfir í Grafarvog. Það er sú leið sem Vegagerðin hefur verið fylgjandi.

Frá því að ég bar fram þessa fyrirspurn fyrir þremur árum, hæstv. forseti, hefur lítið sem ekkert gerst. Það verður að segjast alveg eins og er. Það liggur fyrir að Skipulagsstofnun féllst í úrskurði sínum frá 19. nóvember 2004 á leið 1, leið 2 og leið 3, með tilteknum skilyrðum. Nánar tiltekið 11 skilyrðum. Leið 3, innri leið, var valkostur Vegagerðarinnar en Reykjavíkurborg hafði á þeim tíma ekki tekið afstöðu til einstakra kosta við lagningu Sundabrautar.

Síðan leið ár þar til umhverfisráðuneytið staðfesti úrskurð Skipulagsstofnunar með skilyrðum um samráð við íbúa Hamrahverfis, við hafnaryfirvöld og hagsmunaaðila á hafnarsvæðinu.

Þetta er allt of langur ferill, hæstv. forseti. Í raun er þetta ekki bjóðandi og engum til góðs. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu, og ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur og í Norðvesturkjördæmi, gera þá kröfu að úr verði bætt og það fljótt og örugglega. Það liggur fyrir að tiltækir eru fjármunir til verksins þannig að nú þarf að fara að hefjast handa. Menn verða að fara að taka ákvörðun um hvar þessi blessaða Sundabraut á að liggja.

Þess vegna spyr ég hæstv. samgönguráðherra: Hvað líður undirbúningi að gerð Sundabrautar?

[13:40]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr um hvað líði undirbúningi vegna Sundabrautar, Sæbrautar og síðari áfanga frá Gufunesi að Kjalarnesi.

Svar mitt er svohljóðandi: Vegagerðin og Reykjavíkurborg létu meta umhverfisáhrif þriggja mismunandi kosta fyrir 1. áfanga Sundabrautar. Um var að ræða tvær útfærslur, hábrú og botngöng á svokallaðari ytri leið og lágbrú á svokallaðri innri leið.

Skipulagsstofnun féllst í úrskurði sínum þann 19. nóvember 2004 á framlagða kosti með nokkrum skilyrðum. Þó er hafnað þeim möguleika að leggja Sundabraut á jarðfyllingu utan við Gufunes sem var nefnd innri leið, heldur skyldi gera jarðgöng gegnum Gufuneshöfðann, eins og margir þingmenn þekkja.

Þrjár kærur bárust til umhverfisráðuneytisins vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar. Úrskurður umhverfisráðuneytisins um kæru vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum 1. áfanga Sundabrautar var kveðinn upp 8. nóvember 2005. Staðfesti ráðuneytið úrskurð Skipulagsstofnunar frá 19. nóvember 2004 að viðbættu því skilyrði að hafa skyldi samráð við íbúa Hamrahverfis um hönnun og útfærslu hljóðvarna og leitast verði við að haga hljóðvörnum þannig að óæskileg umhverfisáhrif verði sem minnst.

Borgarstjórn Reykjavíkur setti í framhaldinu á fót samráðshóp með fulltrúum íbúasamtaka beggja vegna Kleppsvíkur. Samráðshópurinn fór fram á að jarðgangalausn yrði könnuð betur en gert hafði verið. Sérfræðingar í vega- og jarðgangagerð voru ráðnir til að yfirfara fyrri tillögur að jarðgöngum og kanna frekari útfærslur á þeim.

Á næstu vikum er gert ráð fyrir að nýrri greinargerð verði skilað til Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar þar sem fjallað verður um hagkvæmustu legu jarðganga. Í greinargerðinni verður leitast við að bera saman kosti og galla jarðganga annars vegar og brúa og botnlausna hins vegar. Vegagerðin hefur áður mælt með svokallaðri innri leið yfir Kleppsvík en Reykjavíkurborg hefur ekki tekið formlega afstöðu til leiðarinnar.

Þegar áðurnefnd greinargerð um jarðgöng liggur fyrir munu Vegagerðin og Reykjavíkurborg taka afstöðu til allra kosta að nýju en það mun taka einhverja mánuði. Þegar niðurstaða um leiðarval og lausn liggur fyrir hefst endanleg hönnun verksins. Gert er ráð fyrir að hönnunin geti tekið yfir tvö ár samkvæmt lauslegu mati Vegagerðarinnar.

Hvað varðar síðari áfangann auglýstu Vegagerðin og Reykjavíkurborg tillögu að matsáætlun fyrir síðari áfanga síðastliðið sumar. Nokkrar athugasemdir og ábendingar komu við drögin og eru þær til afgreiðslu í sameiginlegum vinnuhópi. Jafnframt er hafin vinna borgarinnar við endurskoðun aðalskipulags en ljóst er að nokkrar veigamiklar breytingar verða gerðar sem skipta Sundabraut miklu máli, svo sem að fella niður áform um Eiðsvíkurhöfn og breyta landnýtingu í Geldinganesi. Allt þetta hefur áhrif á útfærslu Sundabrautar og legu hennar.

Vinnuhópurinn áætlar að tillaga að matsáætlun verði auglýst og kynnt í byrjun næsta árs. Niðurstöður úr umhverfismati gætu legið fyrir síðari hluta næsta árs, þ.e. síðari hluta ársins 2007, hvað varðar síðari áfangann.

Af þessu má ljóst vera, virðulegi forseti, að enn er töluvert verk að vinna. Þær tafir sem urðu vegna deilna um legu brautarinnar eru augljósar. Við þekkjum þær. Hér hafa farið fram harðar umræður oftar en einu sinni í þinginu og jafnvel viðhöfð hróp og köll í umræðum vegna fyrirspurna um þetta mál þegar samgönguráðherra hefur leyft sér að rekja staðreyndir málsins. En ég hef gert grein fyrir þeim staðreyndum fyrir í svari mínu við fyrirspurn hv. þingmanns.

[13:45]

**Björn Ingi Hrafnsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurn hans og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég held að þetta mál sýni hvers konar tafir geta orðið á framkvæmdum sem allir eru þó sammála um að verði að keyra áfram og síðan gerist ekki neitt.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að auðvitað hefur flækt málin að á síðari stigum fóru menn að ræða nýjan kost, þ.e. jarðgangakostinn, sem fram að því hafði ekki verið til umræðu. Reykjavíkurborg hafði tekið þátt í að ákveða hvaða leiðir færu í umhverfismat, þ.e. innri leið, hábrú og botngöng og þá var ákveðið að senda jarðgangakostinn ekki í umhverfismat.

Nú er hann til skoðunar. Það er nauðsynlegt að skoða það með íbúum. Við eigum eftir að fá niðurstöðuna úr því. En þetta sýnir að allar tafir í þessu máli eru með þeim hætti að það verður eiginlega ekki lengur við unað.

[13:46]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Lýsing hæstv. ráðherra á þessu máli, hvernig það hefur gengið fyrir sig, segir sína sögu um allar þær ásakanir sem hann hefur látið dynja á mönnum um að þeir hafi tafið þetta mál. Það er ekki við marga að sakast í því. Þetta er einfaldlega mikið og erfitt mál í framkvæmd, að koma því í farveg og í kerfinu er margt sem kemur til með að tefja.

Hæstv. ráðherra þarf að svara því hvers vegna hann hefur ekki sett í farveg neina vinnu við að hefja einhvern hluta af þessari framkvæmd sem væri vel hægt að gera.

Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari því hvort hann hafi látið skoða að fara í framkvæmdir sem mögulegt er að fara í á undan öðrum. Fjármunirnir eru til og (Forseti hringir.) þörfin er fyrir hendi.

[13:47]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Allir eru sammála um að málið hafi tekið allt of langan tíma en ástæða þess er sú að ágætur vinstri meiri hluti Reykjavíkurborgar frá 1994 til þessa árs stóð bara ekki heill að þessu. Það var misvísandi hvaða leiðir menn vildu fara. Það er meginatriði málsins.

Ef við förum aðeins yfir það þá lagði nýr vinstri meiri hluti í borginni af mislæg gatnamót árið 1994 vegna þess að hann vildi ekki fá umferðina niður í Kvosina. En allt í einu, árið 2002, vildi hann frá brú til að beina umferðinni niður í Kvos.

Það lá ljóst fyrir, af mati sérfræðinga, að ef menn væru í alvöru að hugsa um brú þá tækju þeir það skrefi lengra og færu í jarðgöng. Þetta lá ljóst fyrir.

Svo koma vinstri menn og segja: Þetta hefur tekið allt of langan tíma. En hvert er vandamálið? Það var þessi ágæti meiri hluti í borginni. Hann gat ekki komið sér saman um (Forseti hringir.) hvernig Sundabraut ætti að liggja.

[13:48]

**Álfheiður Ingadóttir:**

Virðulegi forseti. Það kveður við annan tón hjá samgönguráðherra nú eftir að búið er að skipta um borgarstjórn í Reykjavíkurborg. Það er auðvitað þannig að menn í Sjálfstæðisflokknum hafa sett lappirnar þvert fyrir allt það sem til framfara má horfa til umferðarmálum í Reykjavík og reyndar í fleiri málum líka. Nægir þar að nefna flugvöllinn.

Nú ætti málið ekki að þvælast lengur fyrir ráðherranum eins og bent hefur verið á úr sal. Þá er komið að því að setja kraft í framkvæmdir þarna. Þá kemur í ljós, eins og hér hefur verið bent á, að undirbúningurinn er ekki nægur af hálfu ráðuneytisins.

Ég vil lýsa sérstökum vonbrigðum mínum með þær áætlanir Vegagerðarinnar sem uppi eru hvað varðar 2. áfanga Sundabrautar. Þar er ekki staðið nógu nútímalega að verki. Þar mætti halda að byggja eigi nýja Borgarfjarðarbrú á árinu 2006 en ekki nýtt samgöngumannvirki yfir viðkvæmt (Forseti hringir.) náttúruverndarsvæði í miðri byggð.

[13:50]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni fyrir að taka upp það brýna mál sem lagning Sundabrautar er. Það er nauðsynlegt að við ræðum það á vettvangi þingsins.

Ríkisstjórnin tók auðvitað af skarið af þessu máli, að verja hluta af söluandvirði Símans til þessara framkvæmda. Ég eins og aðrir þingmenn sem hér hafa talað legg áherslu á að unnið verði hratt og örugglega að því svo Reykvíkingar og þeir sem höfuðborgina sækja heim geti notið bættra samgangna sem Sundabrautin mun færa okkur.

Ég tel að þetta sé brýnasta hagsmunamál okkar Reykvíkinga í samgöngumálum og vona að okkur gangi betur að ná þeim markmiðum sem við höfum í þessu máli.

[13:50]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin. Því miður er útlit fyrir að þessi framkvæmd muni enn koma til með að tefjast, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, að hönnun Sundabrautar muni líklega taka tvö ár.

Það liggur fyrir að framkvæmdin hefur dregist mjög úr hömlu og við Reykvíkingar gerum þá kröfu að úr því verði bætt og ráðist í þessa framkvæmd hið fyrsta.

Á árinu 2000 voru bílar á höfuðborgarsvæðinu 120.000. Í dag eru þeir 170.000. Við finnum það öll, sem förum nið-

ur Ártúnsbrekkuna á hverjum morgni um áttaleytið, hvernig ástandið í umferðarmálum í Reykjavík er.

Það er svo sem sama hverjum er um að kenna, hvort sem er hæstv. samgönguráðherra, Vegagerðinni eða núverandi eða fyrrverandi meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Það skiptir ekki máli. Staðan er þannig að röng ákvörðun er betri en engin ákvörðun. (**Gripið fram í:** Nei.) Við verðum að fara að taka ákvörðun um lagningu Sundabrautar sem fyrst.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að Framsóknarflokkurinn er eini stjórnmálaflokkurinn sem lagt hefur fram skýra stefnu um lagningu Sundabrautar, þ.e. um botngöng á ytri leið eða með jarðgöngum, ef menn vilja það heldur. Það er mikilvægt að menn hafi þetta í huga, drífi sig í málinu og einhendi sér í að koma þessu máli á rekspöl.

[13:52]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Það koma alltaf upp nýjar hliðar á þessum teningi sem hér er kastað á milli þingmanna. Ég verð að segja að ég gat ekki annað en brosað þegar ég hlustaði á hv. þm. Jóhann Ársælsson, þingmann Samfylkingarinnar og hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, þingmann Vinstri grænna, tala um þetta mál. Þetta mál var í höndunum á meiri hluta Reykjavíkurborgar árum saman.

Það lá ljóst fyrir, hæstv. forseti, að tillaga Vegagerðarinnar var skýr. Lögum samkvæmt gerði hún tillögu og hún var lögð fram til umhverfismats. Hún hefur legið fyrir í mörg ár. Hvers vegna stoppaði málið? Málið stoppaði vegna þess að skipulagsmál borgarinnar voru í ólestri. Það þýðir ekkert fyrir hv. þingmenn að bera á móti því.

Nú stefnir í allt aðra átt, sem betur fer. Hv. þm. Björn Ingi Hrafnsson, sem hér talaði áðan, hefur eins og heyrðist ríkan skilning á því hvernig á að taka á þessum málum.

En því miður. Skaðinn er skeður. Töfin varð vegna þess að R-listafólkið gat ekki komið sér saman um leiðina. Það þvældist fyrir og tafði. Tillaga Vegagerðarinnar lá fyrir og fjármunirnir hafa legið fyrir og liggja núna fyrir. Ég mun, og hef gert tillögu um það nú þegar og það kemur til umræðu á eftir, að við munum, til þess að bæta úr, fara í framkvæmdir uppi á Kjalarnesi, svo ég svari hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Við munum fara í framkvæmdir upp á Kjalarnesi vegna þess að við getum ekki beðið eftir því að málið fari af stað.

En tafirnar eru ekki Vegagerðarinnar. Það er rangt. Tafirnar eru vegna ákvarðana borgarinnar. (Forseti hringir.) Samgönguáætlun hefur legið fyrir. Ákvarðanir hafa ekki legið fyrir hjá borginni.

Umræðu lokið.

## *Fjarskiptasjóður.*

Fsp. KLM, 122. mál. — Þskj. 122.

[13:55]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Herra forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. samgönguráðherra og snýr að Fjarskiptasjóði sem myndaður var eftir sölu ríkisins á Símanum. Í hann voru settir töluverðir peningar. Við vitum að fyrsta útboð er í gangi, sem betur fer, á ýmsum málum sem Fjarskiptasjóður á að koma að, hvort sem það er GSM-samband á þjóðveginum eða annað.

Við vitum líka, virðulegi forseti, að Fjarskiptasjóði er ætlað að koma betri háhraðatengingum til smærri byggðalaga og sveita landsins, þ.e. að menn fái að njóta þess að hafa háhraðatengingar í dreifbýli eins og aðrir, hvort sem það eru ADSL-tengingar eða eitthvað meira.

Ég hef áður sagt það, virðulegi forseti, að mér þótti slæmt að það þyrfti endilega að gera þetta eftir að búið væri að selja Símann. Ég hef áður gagnrýnt hve langan tíma þetta hefur tekið. Ég var þeirrar skoðunar að ríkissjóður hefði átt að leggja pening í þetta fyrir lifandis löngu. Það er óþolandi misrétti sem fjöldi fólks á landsbyggðinni hefur mátt búa við og býr við enn þá, að hafa ekki aðgang að háhraðatengingum. Við getum tekið dæmi af börnum í skóla á þeim stöðum þar sem háhraðatengingar eru ekki eða ferðaþjónustu, t.d. hjá bændum. Það er hluti af því sem ferðamenn krefjast þess að hafa, hvort heldur er GSM-samband eða háhraðatenging og almennileg tölvusamskipti.

Fjarskiptasjóður er með fyrsta útboð í gangi. Spurning mín er hins vegar til hæstv. samgönguráðherra, eins og hér segir með leyfi forseta:

Verður Fjarskiptasjóði heimilt að endurgreiða sveitarfélögum útlagðan kostnað við að koma upp háhraðatengingum ef þau kjósa að gera það fyrir eigin reikning?

Tilefni þessara fyrirspurnar er umræða á aðalfundi Eyþings þar sem bæjarstjórinn í Dalvíkurbyggð, Svanfríður Jónasdóttir, spurði fulltrúa frá samgönguráðuneytinu út í þetta. En þeir gátu sem embættismenn ekki svarað þessu.

Virðulegi forseti. Það er vitað, þekkt dæmi t.d. úr Hrísey frá því fyrir mörgum árum, að þar komu framtakssamir menn sér upp háhraðatengingu nánast fyrir eigin reikning. Spurning mín til ráðherrans er sem sagt þessi: Ef sveitarfélög kjósa að ganga hraðar í þetta, og telja sig ekki geta beðið eftir Fjarskiptasjóði, mun þá ráðherra beita sér fyrir því að þau geti fengið það endurgreitt úr Fjarskiptasjóði einhverjum missirum síðar?

[13:58]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján L. Möller spyr:

„Verður Fjarskiptasjóði heimilt að endurgreiða sveitarfélögum útlagðan kostnað við að koma upp háhraðatengingum ef þau kjósa að gera það fyrir eigin reikning?"

Svar mitt er svohljóðandi:

Fjarskiptasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 132/2005. Hlutverk sjóðsins er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun, og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum.

Eitt af þeim verkefnum sem kveðið er á um í fjarskiptaáætlun og sjóðnum er ætlað að standa straum af er uppbygging á háhraðatengingum. Við þá vinnu verður Fjarskiptasjóður að gæta — nú vil ég biðja hv. þingmann að

hlusta vandlega og vera ekki í samræðum úti í sal — að reglum EES um ríkisaðstoð.

Í fyrsta lagi má ekki styrkja verkefni þar sem markaðsaðilar ætla að bjóða upp á háhraðatengingar en stjórn Fjarskiptasjóðs vinnur að því að greina nákvæmlega þau svæði þar sem ekki verður ráðist í uppbyggingu á markaðsforsendum.

Í öðru lagi verður öllum sem uppfylla ákveðin skilyrði gefinn kostur á að taka þátt í bjóða í verkefnið, þ.e. viðhafa útboð. Enda er kveðið á um það í reglum um stjórn Fjarskiptasjóðs að stjórnin skuli ákveða framlög úr sjóðnum í samræmi við hlutverk sitt og fjarskiptaáætlanir að undangengnu útboði.

Í þriðja lagi verður útboð að vera tæknilega óháð, þ.e. ekki valin fyrir fram lausn. Tilgangur með sjóðnum er að byggja upp stofnkerfi fjarskipta á þeim stöðum þar sem er markaðsbrestur, þ.e. þar sem þjónustu nýtur ekki við og markaðsaðilar ætla ekki að byggja upp. Sjóðurinn á ekki að greiða fyrir þá uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað. Þá munu framlög úr sjóðnum til uppbyggingar á háhraðatengingum eingöngu verða í framhaldi af útboði, eins og reglur um sjóðinn gera ráð fyrir og ég hef hér farið yfir.

Ég vil í lokin undirstrika að þátttaka Fjarskiptasjóðs í uppbyggingu má ekki draga úr frumkvæði heimamanna og sveitarstjórna við að krefja fjarskiptafyrirtæki um viðunandi þjónustu. Fjarskiptafyrirtækin gegna að sjálfsögðu lykilhlutverki í uppbyggingu fjarskiptakerfa í landinu eins og hv. þingmenn vita mætavel.

Það vill oft brenna við að þingmenn, sem eru áhugasamir um hagsmuni sinna umbjóðenda, telji að allt gangi hægt fyrir sig og að fyrir löngu hefði átt að vera búið að gera það sem hér er um að ræða, eins og hv. þingmaður nefndi.

Ég vil aðeins rifja upp að þessi tækni var ekki nýtanleg fyrir löngu síðan. Hvað eru mörg ár síðan við samþykktum fjarskiptalög, þar sem krafan var að allir notendur skyldu hafa aðgang að gagnahraða sem kallaður var þá ISDN-tenging, sem þótti hin mesta og besta þjónusta? Áður höfðu menn notað, um nokkurra missira skeið, venjulegar símalínur og þann hraða sem þær gátu borið. Þróunin hefur því orðið geysilega hröð á síðustu sjö árum hvað þetta varðar, að ég tali ekki um síðustu fimm árin.

Enn þá meiri hraði hefur verið á þessari þróun síðustu þrjú árin. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á því að þetta tekur sinn tíma. Um það leyti sem verið var að selja Símann voru miklar kröfur um að fjarskiptafyrirtæki sinntu þessu sem best. Niðurstaðan hjá okkur, í tengslum við símasöluna, var að til þess að tryggja hagsmuni hinna dreifðu byggða var settur á laggirnar Fjarskiptasjóður, sem sinnir þessu mikilvæga verkefni núna og mun tryggja þjónustu, bæði hvað varðar GSM-símaþjónustu á þjóðvegum og fjölförnum ferðamannastöðum, stafræna sjónvarpssendingar um gervihnött til sjófarenda og fólks í mestu dreifbýli og síðan háhraðatengingar, eins og verið er að undirbúa að byggja upp á forsendum Fjarskiptasjóðs.

En útgangspunkturinn er sá að þetta þarf að gera á forsendum útboðs á svæðum þar sem markaðsbrestur verður.

[14:03]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Einkavæðing og sala Símans voru náttúrlega mistök enda sýndu skoðanakannanir að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar var andvígur því. Samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu hér á landi felst í að hafa aðgang að fullkomnustu tækni, m.a. í fjarskiptum og símaþjónustu. Hér er verið að ræða um Fjarskiptasjóð og hvernig honum verði beitt.

Það er mjög eðlilegt að þau sveitarfélög og héruð sem vita að þau muni falla utan við samkeppnissvæðið vilji ráðast í framkvæmdir á eigin vegum. Spurningin er: Fáum við það greitt, fáum við það styrkt úr Fjarskiptasjóði? Það er spurningin sem hæstv. ráðherra á að svara. Það er alveg út í hött að halda að á grundvelli samkeppni og markaðsbúskapar verði hægt að leggja fullkomið fjarskiptakerfi um Vestfirði, um Norðurland, um Norðausturland, það vitum við. (Forseti hringir.) Þess vegna er þessi spurning sem sveitarfélögin spyrja: (Forseti hringir.) Fáum við það bætt ef við ráðumst í þessi verkefni?

[14:04]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra svaraði því nú býsna skýrt og svarið var stutt: Nei, það fæst ekki endurgreitt. Þess vegna þarf hæstv. ráðherra líka að sprikla hraðar en hann hefur gert í þessum málum. Þetta verður að ganga betur. Hæstv. ráðherra er eins og segir í kvæðinu: Hátt er á Bröttukleif, hornið þeytt. Hann er bara að láta vita að hann sé á leiðinni með póstinn. Það veit enginn hvenær hann kemur, það getur verið ófærð.

Hæstv. ráðherra virðist ekki vera kominn inn í nútímann. Hann kvartar yfir því að tæknin breytist svo hratt að það sé eiginlega ekki nokkur leið að eiga við þetta. Það er nefnilega það sem þarf að gerast að hæstv. ráðherra þarf að hugsa svolítið hraðar. Hann þarf að sjá til þess að unnið sé hraðar en gert hefur verið.

Menn á landsbyggðinni hafa ekki tíma til að bíða eftir því að hlutirnir komi, að það sé flautað á Bröttukleifinni.

[14:05]

**Björn Ingi Hrafnsson:**

Hæstv. forseti. Ég skil fyrirspurn hv. þingmanns á þann veg að það beri að reyna að aðstoða þau sveitarfélög sem vilji sýna ákveðið frumkvæði. Hins vegar held ég að þetta geti verið ákaflega varasamt, ef ekki er farið í einu og öllu eftir reglum um útboð og annað slíkt og maður veit ekki hvaða samningum viðkomandi sveitarfélög geta náð, sum geta náð góðum samningum og önnur slæmum, en ég skil hugsunina á bak við þetta.

Hins vegar út af orðum hv. þm. Jóns Bjarnasonar um að þetta tengist einkavæðingu Símans þá hafna ég því alfarið, það er bara ekki rétt. Það vill svo til að Síminn sem var í ríkiseigu hafði ekki sinnt GSM-sambandi og þjónustu á ákveðnum svæðum vegna þess að það var ekki talið borga sig og að Síminn mætti ekki gera það á kostnað annarrar þjónustu vegna þess að hann væri í samkeppni. Út af sölu Símans getum við nú sett peninga í Fjarskiptasjóð til þess að bæta þessa þjónustu. Það er því alrangt hjá hv. þing-

manni að halda þessu fram.

[14:06]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orða hv. síðasta ræðumanns þá var það þannig að samgönguráðherra og ríkisstjórn var í lófa lagið að beita sér fyrir því innan stjórnar Símans að gripið yrði til þeirra ráðstafana sem við höfum kallað eftir, næstum í fimm ár. Það er rétt sem hæstv. samgönguráðherra sagði að allir voru mjög ánægðir þegar við samþykktum fjarskiptaáætlunina og komum ISDN inn á hvert heimili. En það var varla búið að skrifa undir lögin þegar það kerfi var orðið úrelt. Það er nú þannig.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég varð fyrir vonbrigðum með svar hæstv. ráðherra sem svarar því til að ekki sé hægt að gera þetta á þann hátt sem ég spyr hér um. Það eru fjölmörg sveitarfélög, ég get tekið dæmi úr Dalvíkurbyggðum eða Svarfaðardal eða frá Hrísey á sínum tíma, þar voru einstaklingar sem sýndu alveg ótrúlegt frumkvæði og komu upp háhraðatengingum í loftlínu, ef svo má að orði komast, það var meira að segja tengt til Ítalíu og svo hingað heim og allt var þetta gert fyrir eigin reikning þeirra sem þar búa. Má ekki hugsa sér, ef það hefði verið sett inn í reglugerð og skoðað að fara þessa leið, að útboð sem slíkt þegar að því kæmi og greiðsla frá Fjarskiptasjóði, að fjarskiptafyrirtækið mundi bjóða í það kerfi sem komið er fyrir, þannig að sveitarfélögin fengju þetta endurgreitt? Þau geta ekki beðið eftir þessu þann langa tíma sem líður miðað við áætlanir Fjarskiptasjóðs. Það tekur allt of langan tíma og það er ekki ásættanlegt fyrir sveitarfélög að hafa þannig mismun innan sveitarfélagsins.

Virðulegi forseti. Enn einu sinni snýst þetta um samkeppnishæfni svæða eins og hér hefur komið fram. Þetta snýst um jafnrétti og jafnræði. Því miður er það þannig, og svar hæstv. ráðherra við fyrirspurn minni hryggir mig en mér kemur það kannski ekki á óvart vegna þess að innan núverandi ríkisstjórnar er allt of lítið hugsað um byggðamál (Forseti hringir.) og það sem kæmi sér vel fyrir hinar litlu og smæstu byggðir landsins.

[14:09]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Síðasta setning hv. þingmanns er náttúrlega alröng enda blasa hvarvetna við þær áherslur í samgöngumálum, fjarskiptamálum, menntamálum og heilbrigðismálum þar sem stefna ríkisstjórnarinnar birtist í því að efla byggðir landsins, þannig að það svarar sér nú allt saman sjálft.

Hvað varðar umræðuna um hvað Fjarskiptasjóður megi og hvað ekki eða hvað stjórn Fjarskiptasjóðs megi gera, þá heyri ég alveg að hv. þingmaður veit betur, enda eru þingmenn Samfylkingarinnar náttúrlega alveg afskaplega vel að sér í því hvað má gera og hvað má ekki gera á hinu Evrópska efnahagssvæði, ég tala nú ekki um á vettvangi Evrópusambandsins.

Hv. þingmaður veit því að það verður að fara að samkeppnislögum og ólögmæt ríkisaðstoð er nokkuð sem stjórnvöld mega að sjálfsögðu ekki ástunda. Þess vegna eru farnar leiðir útboðs og það er eðlilegt að sveitarfélög sums staðar leggi áherslu á að bæta þjónustu og þannig er það á mörgum sviðum. Viðskiptaaðilar fjarskiptafyrirtækjanna eru auðvitað þeir sem borga fyrir uppbyggingu og kostnað við þjónustu með greiðslu reikninga fyrir veitta þjónustu, það er nú bara staðreynd málsins.

Ég vona hins vegar að okkur takist að koma sem mest og best til móts við þær byggðir sem ekki hafa nægjanlega góða fjarskiptaþjónustu, m.a. með því að nýta fjármuni Fjarskiptasjóðs. Að því vil ég stefna og leita allra leiða til þess að svo megi verða að uppbyggingin verði sem allra hröðust og við getum nýtt okkur fjarskiptatæknina til þess að efla byggðirnar.

Umræðu lokið.

## *Norðfjarðargöng.*

Fsp. KLM, 124. mál. — Þskj. 124.

[14:11]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. samgönguráðherra fjallar um ný göng til Norðfjarðar eða Norðfjarðargöng og er svohljóðandi:

1. Hvenær er áætlað að hefja rannsóknarboranir vegna fyrirhugaðra Norðfjarðarganga?

2. Hvað má áætla að rannsóknarboranir og umhverfismat vegna þessara ganga taki langan tíma?

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er sett fram í framhaldi af blaðagrein sem ég skrifaði í Morgunblaðið 31. ágúst 2006, þar sem ég fjallaði um það sem þá hét Ný Oddsskarðsgöng, sem er auðvitað rangnefni vegna þess að við erum að sjálfsögðu að tala um Norðfjarðargöng. Í greininni fór ég yfir að þau göng sem nú eru notuð voru grafin árið 1972–1977, eru 640 metrar að lengd og eru í 630 metra hæð yfir sjávarmáli, sem er eiginlega alveg ótrúlegt og óskiljanlegt hvernig þessi göng hafa verið grafin á þessum stað og svona hátt uppi í fjöllum í staðinn fyrir eins og gert er núna, að vera sem næst sjávarmáli. En þetta er barn síns tíma og vafalaust hafa menn verið að spara peninga.

Tilefnið fyrirspurnar minnar er líka að ég las í Bæjarins besta grein sem ég held að hafi verið eftir hæstv. samgönguráðherra, eða viðtal, þar sem hann fjallar um rannsóknir á göngum fyrir vestan milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Nú er það svo, virðulegi forseti, og rétt að hafa í huga að Norðfjarðargöng og Hellisheiðargöng fyrir austan eru líka í samgönguáætlun sem göng til rannsókna. Það er þess vegna sem ég spyr hæstv. ráðherra hvers vegna ekki sé byrjað að rannsaka með rannsóknarborunum og öðru á jarðgangastæðinu fyrir austan eins og gert var fyrir vestan.

Það þarf ekkert að fjalla mikið um það, virðulegi forseti, að Oddsskarðsvegur með Oddsskarðsgöngum er stórhættulegur vegur. Ég geri ekki mikinn mun á hættunni á þeim vegi og Óshlíðinni fyrir vestan sem ég er innilega sammála um að verður ekki bætt nema almennilegum jarðgöngum. En ásigkomulag Oddsskarðsvegar, með þeim 13 gráðu halla sem er þar sums staðar, í mikilli hæð og á þessu svæði sem okkur hefur sem betur fer tekist að byggja vel upp er

algjörlega óásættanlegt árið 2006. Þess vegna verður að hefjast handa við ný Norðfjarðargöng sem allra fyrst og undirbúningur að því er að hefja rannsóknarboranir, frekari hönnun og umhverfismat.

Ég sagði í fyrrnefndri blaðagrein að miðað við framkvæmdahraðann sem hefur verið og að aðeins sé hægt að vinna að einum göngum í einu mætti ætla að ný Norðfjarðargöng yrðu ekki tekin í notkun fyrr en í fyrsta lagi árið 2015, og það er einfaldlega óásættanlegur tími.

Þess vegna setti ég fram þessa fyrirspurn, virðulegi forseti, og ég hygg og trúi því — en það er langur tími liðinn frá blaðagreininni til þessa svars núna — að hæstv. samgönguráðherra komi og skýri okkur frá því (Forseti hringir.) að hann hafi sett rannsóknarboranaáætlun í gang og (Forseti hringir.) að hafist verði handa (Forseti hringir.) um þær sem allra fyrst.

[14:14]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spyr:

„Hvenær er áætlað að hefja rannsóknarboranir vegna fyrirhugaðra Norðfjarðarganga?"

Svar mitt er svohljóðandi: Ég hef nýverið falið Vegagerðinni að hefja undirbúning rannsóknarborana vegna framkvæmda við jarðgöng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Reiknað er með að rannsóknarboranirnar verði boðnar út nú í vetur og hefjist um leið og aðstæður vegna snjóa og þess háttar leyfa, síðla vetrar eða næsta vor.

Í annan stað er spurt:

„Hvað má áætla að rannsóknarboranir og umhverfismat vegna þessara ganga taki langan tíma?"

Reikna má með að rannsóknarboranir taki tvo til þrjá mánuði. Ekki er víst að framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um slík mál, þ.e. hvort framkvæmdir við jarðgöngin þurfi að fara í mat, en eins og þekkt er munu munnarnir væntanlega liggja nærri byggðinni í Eskifirði og að sjálfsögðu þarf að huga að áhrifum þess á byggðina og samgöngumannvirki o.s.frv.

Verði sú ákvörðun tekin að framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat, væntanlega vegna nálægðar við byggð á Eskifirði, má gera ráð fyrir að sú vinna geti tekið eitt til eitt og hálft ár. Hönnun og undirbúningur gangagerðarinnar gæti tekið rúmlega eitt ár, þ.e. umhverfismatið eitt til eitt og hálft ár, hönnun rúmlega eitt ár. Gerð útboðslýsinga og útboðið sjálft tekur að lágmarki fjóra mánuði, en skylt verður að bjóða verkið út á Evrópska efnahagssvæðinu. Að því loknu mun gerð ganganna sjálfra taka allt að tvö og hálft ár. Þarna er því nokkuð langur ferill sem ekki verður undan vikist, það þarf undirbúning og það þarf hönnun og það þarf rannsóknir og framkvæmdir áður en hægt er að opna.

Nú er það svo að Austfirðingar hafa kynnst því hvers konar bylting verður með gerð jarðganga á milli byggða. Reyðarfjarðargöngin, þ.e. göngin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, og svo aftur jarðgöngin í Almannaskarði hafa sýnt fram á hversu miklu slík samgöngubót skiptir byggðirnar. Þeim mun meiri verður því þrýstingurinn þegar íbúar sjá þær miklu breytingar sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir á samgöngukerfi landsmanna og við eigum eftir að sjá enn frekar á næstu árum árangur og afleiðingar þessara mikilvægu ákvarðana við endurbætur á samgöngukerfinu.

Ég skil mætavel að þrýst sé á að boruð verði ný jarðgöng til þess að tengja Neskaupstað betur við byggðirnar Eskifjörð og Reyðarfjörð og þetta svæði þar sem feiknarlegur uppgangur vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu stóriðju og stórvirkjana hefur haft mikil áhrif á það svæði. Það þarf að horfa á þetta allt saman. Við tókum ákvörðun um að byggja höfn til þess að sinna stóriðjusvæðinu og þessum miklu framleiðslutækjum og samgöngukerfið þarf auðvitað að fylgja eftir þannig að það er auðvitað alveg einboðið að fyrr eða seinna kemur að því að þessi jarðgöng verði boruð.

Auðvitað fæ ég mjög oft þá athugasemd — og það er kannski rétt að rifja það upp vegna þessarar fyrirspurnar og þess ágæta þingmanns sem hér spyr — að það hefði átt að byrja á Norðfjarðargöngum á undan Héðinsfjarðargöngum. Þetta er mjög vinsæl spurning sem ég fæ ekki síst á fundum á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi. Þessi röð er nú *engu að síður staðreynd og svo er hitt, við getum ekki gert* allt í einu, það þarf fjármuni og við neyðumst til þess, rétt eins og í heimilishaldinu hjá okkur, að raða þessu öllu. Við getum ekki keypt okkur allt sem við vildum helst eða börnin okkar vildu helst fá þann sama dag og óskirnar verða til. Veruleikinn er nú svona kaldur, hæstv. forseti, við þurfum að forgangsraða og það er mikið vandaverk og ég vænti þess að eiga góðan stuðning hv. fyrirspyrjanda þegar við förum að raða (Forseti hringir.) inn í samgönguáætlunina.

[14:19]

**Björn Ingi Hrafnsson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Það er rétt bæði hjá hæstv. ráðherra og hv. þingmanni að margar góðar hugmyndir eru til um uppbyggingu samgöngumannvirkja í landinu. Ég tek undir að huga þarf að jarðgangaleið á þessum stað, svo sannarlega. Þarna eru veður oft válynd og að mörgu að hyggja.

Ég vildi hins vegar spyrja hv. þingmann hvort hann væri þá til, um leið og ég lýsi þeirri afdráttarlausu skoðun minni að setja þarf umtalsvert meira fé til vegamála á næstu árum til að byggja upp þjóðvegina. Við þurfum að grafa jarðgöng á nokkrum stöðum til að koma þeim á réttan kjöl. Ég er alinn upp á Flateyri á Vestfjörðum og þar ólu menn lengi með sér draum um göng sem loksins urðu síðan að veruleika.

Í umræðunni eru t.d. göng undir Öskjuhlíðina. Það eru göng sem við þurfum að reisa í sambandi við Sundabrautina og ég vænti góðs stuðnings af hv. þingmanni og félögum hans í þeirri umræðu allri um leið og lýsi yfir stuðningi við það að við þurfum að bæta vegakerfið líka úti á landi.

[14:21]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hér er hreyft við mjög mikilvægu og stóru máli í samgöngumálum Austfirðinga. Staðreyndin er sú að þau göng sem núna eru á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar eru barn síns tíma og í raun er glannalegt að keyra um þann veg, t.d. yfir vetrartímann. Sú leið sem þarna er hrellir marga vegfarendur. Því er mjög brýnt að við ráðumst í ný göng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar.

Við þingmenn Norðausturkjördæmis áttum fundi með forsvarsmönnum Fjarðabyggðar á dögunum. Þar kom mjög skýrt fram, og það var mjög þung undiralda í því að fara verður mjög fljótlega og helst í gær, eins og einhverjir orðuðu það á fundinum, í þá framkvæmd.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir að við þurfum að gera áætlun hvað þetta varðar. En ég tel að stuðningur sé innan þingsins að af þessu verki (Forseti hringir.) verði eins fljótt og verða má.

[14:22]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég get nú ekki orða bundist. Mér finnst þetta segja sína sögu, þ.e. sú umræða sem fer hér fram, hversu mikið vantar upp á að gerðar séu nægilega góðar áætlanir til framtíðar litið um hvernig standa eigi að þeim mikilvægu framkvæmdum sem verið er að tala um. Það er ekki við hæfi að menn séu sífellt að spyrja eftir einstökum framkvæmdum sem ekki eru komnar inn á áætlun eða ekki hafa fengist peningar til framkvæmda.

Áætlanir vantar til langs tíma, svona 40 ára, þar sem menn setja niður helstu umferðarmannvirki og geri sér grein fyrir því hvar þau eigi að vera. Það kemur í veg fyrir mistök sem hafa verið gerð á undanförnum árum vegna þess að menn hafa ekki haft slíkar áætlanir í höndunum.

Ég hvet hæstv. samgönguráðherra til að láta það (Forseti hringir.) verða sitt síðasta verk að leggja af (Forseti hringir.) stað í langtímaáætlun í vegagerð.

[14:23]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Virðulegi forseti. Ég get ekki sagt annað en að ég sé ánægður með svar hæstv. samgönguráðherra sem kom fram, og var búinn að búa mig undir að kæmi, þ.e. að hann hafi nýlega falið Vegagerðinni að setja í gang útboð varðandi þessar rannsóknarboranir, þó svo að í fyrirspurn minni mætti lesa ákveðna óþolinmæði. En betra er seint en aldrei. Nú er þetta komið í gang og rannsóknarboranir geta vonandi hafist í vetur ef við fáum þokkalega góðan og ekki harðan vetur fyrir austan, þannig að við gætum unnið tíma.

Hæstv. ráðherra lýsti því líka hvað þetta allt saman tekur í tíma, en eins og hann orðaði það er ekki víst að umhverfismat þurfi. Auðvitað fögnum við því, unnendur Vaðlaheiðarganga sem erum að berjast fyrir þeim göngum líka, að Umhverfisstofnun úrskurðaði um að þau göng þyrftu ekki í umhverfismat. Vonandi verður það líka þannig fyrir austan, að þetta sé það lítið og aðalspurningin sé um hvað skuli gera við hratið sem kemur úr þeim, hvar hægt væri að haugsetja það, eins og það er kallað.

Vonandi þurfum við ekki að fara með þetta í umhverfismat því þá vinnum við tíma. Við þurfum sennilega á því að halda vegna þess glataða tíma sem hefur liðið hvað þetta varðar. Þá er ég að tala um að við höfum verið að framkvæma aðeins ein göng í einu og ég tel að það megi spýta í þar.

Hæstv. samgönguráðherra á stuðning minn vísan þegar við förum að forgangsraða. Hann á líka stuðningsmann hér fyrir, því að hann er óhress með það að skattur og skatttekjur ríkissjóðs af bifreiðanotkun og bifreiðainnflutningi árið 2005 voru 47 milljarðar kr. en aðeins 15 milljarðar fóru til vegagerðarinnar allrar, þar með talið reksturs, vetrarviðhalds, framkvæmda og annað. Það er þannig. (**Gripið fram í:** Hvað með Öskjuhlíðargöngin?) Umræðu vegna frammíkalls hv. þingmanns um (Forseti hringir.) Öskjuhlíðargöng, eða göng undir kirkjugarðinn, eins og menn segja, vil ég taka síðar (Forseti hringir.) þegar ég hef betri tíma.

[14:25]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þann stuðning sem birtist nú í ræðum þeirra við samgönguráðherrann og þau nauðsynlegu áform og framkvæmdir sem eru tengdar samgöngumannvirkjum. Það er yfirleitt þannig að áhuginn á samgöngubótum skín út úr andliti hvers einasta þingmanns.

En nefnt var sérstaklega að hafa þyrfti lengri samgönguáætlanir í gangi, í allt að 40 ár. Ég er ansi hræddur um að það yrði skrýtinn svipur á einstaka þingmanni ef uppáhaldsframkvæmdarverki hans yrði valinn staður á fertugasta ári héðan í frá. Það er erfitt að horfa svona langt fram í tímann. En engu að síður er það svo að lögin sem við höfum samþykkt gera ráð fyrir að samgönguáætlun/framkvæmdaáætlun sé gerð til fjögurra ára en hin svokallaða langtímaáætlun til 12 ára.

Síðan er til viðbótar af hálfu Vegagerðarinnar stöðugt verið að velta fyrir sér lengri framtíð. Hvar þarf að byggja upp samgöngumannvirki og hvar þarf að bæta við? Hvenær þarf að breikka? Þetta er einmitt hlutverk skipulagsyfirvalda að mínu mati. Þess vegna er mat á umhverfisáhrifum m.a. sett í löggjöf, reynt að horfa til framtíðar og átta sig á því.

Við sjáum t.d. hvað er að gerast á höfuðborgarsvæðinu þar sem verið er að breikka afkastamiklar eða stórar umferðaræðar. Þar rekst þetta strax á byggð vegna þess að við höfum ekki horft nógu langt fram í tímann. (Forseti hringir.) Þess vegna þarf að gera það. Ég tek undir það að við þurfum að horfa langt fram í tímann þegar við erum að leggja á ráðin um framkvæmdir í samgöngumálum.

Umræðu lokið.

## *Umferðaröryggi á Kjalarnesi.*

Fsp. GÓJ, 210. mál. — Þskj. 211.

[14:28]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Í byrjun október var haldinn fundur um umferðaröryggismál á Kjalarnesi. Þar kom í ljós að mikill urgur er í heimamönnum á Kjalarnesi vegna þess ástands sem þar hefur skapast vegna mikillar og síaukinnar umferðar.

Á síðustu átta árum hafa orðið 11 banaslys á Kjalarnesi og tæplega 200 önnur alvarleg slys. Umferðin er alltaf að þyngjast og hraðinn að aukast. Umferðin er í sjálfu sér svipuð eða meiri en um Hellisheiði og til Keflavíkur eða um Reykjanesbraut.

Á fundinum kröfðust íbúar þess að þegar yrði gripið til aðgerða til að auka umferðaröryggi. Lögð var áhersla á að Sundabrautin kæmi, en fyrir liggur, eins og fram kom í máli hæstv. samgönguráðherra fyrr í dag, að það er ekki alveg á næstunni. Aðrar hugmyndir komu fram eins og að lýsa upp veginn að Hvalfjarðargöngunum, sem er meira en sjálfsagt. Sömuleiðis að setja upp afreinar og vindbrjóta, auka löggæslu til að halda niðri hraðanum, koma fyrir hringtorgum eða mislægum gatnamótum. Allt eru þetta atriði sem skipta máli og geta komið í veg fyrir fjöldann allan af slysum.

Best væri náttúrlega að tvöfalda veginn upp að Hvalfjarðargöngum eða hafa svokallaðan tveir plús einn veg, þar sem tvær akreinar eru í aðra áttina en ein í hina og skiptast þá eftir hvar heppilegast er hverju sinni.

Mér heyrðist á hæstv. ráðherra áðan að hann hefði í kjölfar þess að ég lagði fram fyrirspurnina gripið til einhverra aðgerða. Ég vona að það sé satt og hann muni upplýsa þingheim um það á eftir.

Ég vil vekja athygli á góðum árangri sem náðst hefur í kjölfar tvöföldunar Reykjanesbrautar sem sýnir hversu miklu máli það skiptir að við reynum að skilja að umferðina úr gagnstæðum áttum þannig að minni hætta sé á árekstrum og umferðarslysum.

Ég hef á þingskjali 211 lagt fram tvær spurningar til hæstv. samgönguráðherra.

1. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að auka umferðaröryggi á Vesturlandsvegi um Kjalarnes?

2. Hvenær er framkvæmda að vænta og hvenær má búast við að þeim ljúki?

[14:31]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson spyr:

„1. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að auka umferðaröryggi á Vesturlandsvegi um Kjalarnes?

2. Hvenær er framkvæmda að vænta og hvenær má búast við að þeim ljúki?“

Með bréfi 14. september sl., það var áður en þing kom saman og áður en fyrirspurnin var lögð fram, fól ég Vegagerðinni að leggja fram tillögur að aðgerðum á Vesturlandsvegi með það að markmiði að auka umferðaröryggi á þessu svæði. Vegagerðin mun leggja slíka tillögu fram á næstu vikum en gera má ráð fyrir að í henni verði m.a. fjallað um fækkun tenginga við veginn og endurbætur á þeim tengingum sem verða til frambúðar. Einnig verður gerð tillaga um breikkun vegarins með fjölgun akbrauta og aðgreiningu þeirra á styttri eða lengri köflum. Umferðaröryggi, m.a. með hliðsjón af tengingum vega, mun ráða hvor tegundin verður fyrir valinu, þ.e. hversu mikil breikkunin verður og hverjar útfærslurnar verða. Vegamótin við Brautarholtsveg verða skoðuð sérstaklega af þessu tilefni, t.d. hvort heppilegt sé að gera þar hringtorg. Undirgöng fyrir gangandi umferð við Grundarhverfi verða einnig til skoðunar en það skiptir mjög miklu máli að tryggja á þessu svæði öryggi gangandi vegfarenda, eins og hv. þingmenn þekkja vel. Margir hverjir sem hér eru inni núna fara oft um þennan veg, sumir daglega. Þegar tillögur liggja fyrir verður gerð áætlun um framkvæmdatíma en gert er ráð fyrir að fyrstu áfangar komist í framkvæmd strax í vetur og verði ákveðin til þess fjárveiting á fjáraukalögum eða við endurskoðun á vegáætlun. Eins og hv. þingmenn þekkja er við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir þetta ár gert ráð fyrir sérstakri upphæð, 1 milljarði kr., til umferðaröryggisaðgerða á annars vegar Suðurlandsvegi og hins vegar Vesturlandsvegi. Aðgerðir á Kjalarnesinu að hluta til og reyndar uppi í Mosfellsbæ gætu verið hluti af þessu verkefni. Eins og fram kom hjá mér í ræðu fyrr í dag eru Sundabrautarframkvæmdirnar ekki alveg að fara af stað vegna þess að undirbúningi er ekki lokið af skipulagsástæðum og því geri ég ráð fyrir því að aukin áhersla verði lögð á úrbætur á Kjalaranesinu. Ég tel að það sé algerlega óhjákvæmilegt með sama hætti og úrbætur verða gerðar á gatnamótum Vesturlandsvegar og Þingvallavegar þar sem er töluvert mikil umferð.

Það er af mörgu að taka, virðulegur forseti, í þessum efnum, ekki síst vegna þess að því miður er aksturslag ökumanna í umferðinni í dag með öllu óásættanlegt. Lögbrot í umferðinni eru daglegt brauð, ökuhraðinn er með ólíkindum — ég hef haft orð á því hér áður — og því miður hafa orðið óvenjulega mörg slys á þessu ári. Þrátt fyrir stórhertar aðgerðir í kynningar- og áróðursmálum er ökuhraði, ölvunarakstur, ógætilegur akstur og það að nota ekki bílbelti valdur að stórslysum í umferðinni í hverjum mánuði. Þetta er hinn kaldi veruleiki.

Annars vegar eru úrbætur á vegunum, hins vegar eftirlit en aðalmálið er reyndar að ná til ökumannanna sjálfra. Ég vona að áður en langt um líður fái ég tækifæri til að mæla fyrir breytingum á umferðarlögunum þar sem tekið er á þessu og þá sérstaklega gagnvart ökumönnum, hvernig hægt er að reyna að tryggja betri umferðarmenningu á Íslandi.

[14:36]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni, fyrir að vekja máls á þessu brýna máli og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég tek undir að það er brýnt að auka umferðaröryggi á Vesturlandsvegi og fagna orðum ráðherrans um að sýnt sé að leggja beri aukna áherslu á þetta mál. Ég tek undir þær tillögur sem hér er rætt um, að breikka eigi eða tvöfalda veginn upp á Kjalarnes og þar áfram. Eins og fram hefur komið er þarna mikil umferð og þung og það er auðvitað ekki síst brýnt hagsmunamál Kjalnesinga og Reykvíkinga og íbúa Vesturlands að þarna verði bætt úr. Meðan við bíðum eftir Sundabraut er brýnt að grípa til þessara aðgerða svo að greiða megi fyrir umferð og auka ekki síst öryggi þeirra sem leið eiga um Kjalarnesið.

[14:37]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að heyra núna hversu þung áhersla er lögð á endurbætur í samgöngumálum, öryggismálum og það líka frá stjórnarliðum Ég tek undir þær kröfur allar. En þá er líka hollt að hafa í huga að þessi ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins undir forustu hæstv. samgönguráðherra hefur beitt sér fyrir niðurskurði á vegáætlun um milli 6 og 7 milljarða kr.

af því sem lofað var fyrir síðustu kosningar, á þessu 3–4 ára tímabili. Á þessu ári voru skornar niður framkvæmdir og þeim frestað, m.a. á Vestfjörðum, í vegamálum til að hamla gegn þenslu. Og aftur á fjárlagafrumvarpi næsta árs er niðurskurður á vegáætlun ásamt loforðum um ráðstöfun á símapeningum til vegamála um 3,5 milljarða kr. Þetta er hinn dapri raunveruleiki og ég held að það sé mikilvægast af öllu að skipta um ríkisstjórn og ráðherra til að koma þessum málum á rétt ról þannig að menn standi (Forseti hringir.) a.m.k. við vegáætlun í þessum efnum.

[14:38]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Ég var eins og hann á þessum fundi á Kjalarnesi. Auðvitað þekkir maður þessa leið og veit hvers konar vandamál eru á ferðinni. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur lýst því hér yfir að hann ætli að beita sér fyrir því að þarna verði farið í framkvæmdir með eins miklum hraða og mögulegt er. Það er skynsamlegt að gera það. Þetta er hluti af stórri framkvæmd sem er hvort sem er að fara af stað en ég legg líka mikla áherslu á að menn hugsi hana í heilu lagi. Það þarf að gera framkvæmdaáætlun út úr höfuðborginni til norðvesturs alla leið upp í Borgarfjörð og tímasetja hana. Það er ekki við annað unandi.

Þar undir er breikkun Hvalfjarðarganga og tvöföldun vegar, eða a.m.k. upp í 1,5 eða eitthvað slíkt, á allri leiðinni sem þarf að fara í. Þetta er gríðarlega mikil framkvæmd, hún gerist ekki á fáum árum en hún þarf að gerast í heilu lagi. (Forseti hringir.) Menn þurfa að gera sér grein fyrir því.

[14:39]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Það er mjög brýnt að gerðar verði umbætur á Vesturlandsvegi. Ég var á þeim fundi með íbúasamtökum af Kjalarnesi sem minnst var á í upphafi umræðunnar ásamt formanni Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Á þessum fundi komu fram mjög alvarlegar athugasemdir og miklar áhyggjur íbúa á þessu svæði en þetta er ekki bara einkamál þeirra. Þetta er líka stórmál sem varðar okkur sem förum um þennan veg, bæði oft og sjaldan, stórmál fyrir íbúa sem búa á Vesturlandi, á Vestfjörðum og á Norðurlandi.

Vegurinn er á margan hátt mjög varhugaverður. Þetta er mjög erfið leið, erfiður kafli, sérstaklega þegar veður eru válynd. Ég veit allt um það. Þarna er mjög vindasamt, oft blindhríð og töluvert mikið um framúrkeyrslur og hraðakstur, það eru margir afleggjarar sem koma inn á þennan veg og svona mætti lengi telja.

Íbúasamtök Kjalarness hafa tekið saman tvær vandaðar skýrslur sem ég hef hér, virðulegi forseti, og ég held að það væri athugunarefni fyrir alla þingmenn og ráðherra að kynna sér efni (Forseti hringir.) þessara skýrslna.

[14:41]

**Björn Ingi Hrafnsson:**

Hæstv. forseti. Mér fannst athyglisvert í þessari síðustu ræðu að þingmaðurinn taldi sérstaklega ástæðu til að nefna Vestfirðinga, Vestlendinga og Norðlendinga, og þá ætla ég að bæta Reykvíkingum við. (Gripið fram í.) Um er að ræða þjóðveg í þéttbýli og það er rétt að þarna verður að gera úrbætur. Ég legg þunga áherslu á að horft verði á þetta mál allt í samhengi, m.a. tvöföldun Hvalfjarðarganganna sem ég held að flestir séu sammála um að þurfi að verða á næstunni vegna þess að þau göng eru við það að springa. Úrbætur á þessum slóðum, þ.e. frá gangamunnanum að Kollafirði og síðan Sundabrautinni, eru mjög brýnar. Þegar Sundabrautin kemur má ekki standa á að búið sé að gera úrbætur í þessum efnum. Á meðan beðið er skipulagsákvarðana um Sundabraut er mikilvægt að vinna heimavinnuna varðandi þessa hluti og hraða framkvæmdum eins og kostur er.

[14:42]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin og öðrum þingmönnum fyrir þátttöku í þessari umræðu. Það eru auðvitað stórpólitísk tíðindi að hæstv. samgönguráðherra hefur lýst því yfir við umræðuna að hann muni leggja aukna áherslu á úrbætur á Kjalarnesi. Það er árangurinn af þessari umræðu. (Gripið fram í.)

Vegagerðin mun á næstu vikum leggja fram tillögur um fækkun tenginga, endurbætur á tengingum og breikkun Vesturlandsvegar. Þetta eru engar smáaðgerðir og ætti væntanlega að auka umferðaröryggi um Kjalarnesveg eins og að var stefnt með framlagningu þessarar fyrirspurnar.

Sömuleiðis verður hugað að vegamótum við Brautarholtsveg eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra og umferð gangandi um Grundarhverfi. Fyrstu áfangar, sem svar við 2. lið fyrirspurnar minnar, verða framkvæmdir strax í vetur. Ég er ánægður með það, hæstv. forseti, að þessi fyrirspurn hafi skilað þessum árangri. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir og þakka þeim hv. þingmönnum sem stutt hafa mig í þessu máli á hinu háa Alþingi. Ég mun fylgjast áfram með málinu og vænti þess að aðrir þingmenn Reykjavíkurkjördæmis norður og suður og jafnvel Norðvesturkjördæmis muni fylgja málum eftir ásamt mér í framtíðinni. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

## *Háhraðanettengingar.*

Fsp. BjörgvS, 147. mál. — Þskj. 147.

[14:44]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra hvort áætlað sé að tryggja þeim íbúum landsbyggðarinnar sem voru 20 þús. samkvæmt skriflegu svari hæstv. ráðherra til mín fyrir tveimur árum og eru án háhraðanettengingar aðgengi að slíkri tengingu á næsta fjárlagaári. Ef svo er, hver er sú áætlun, skipt eftir svæðum?

Fyrirspurn þessi er tilkomin vegna þessa skriflega svars. Stór hluti hinna dreifðu byggða hefur ekki aðgengi að þessu og er, má segja, utan við upplýsingabrautina. Það er algjör-

lega óásættanlegt núna að svo margir, eða yfirleitt nokkur hluti landsmanna, séu utan við þessi grunngæði sem aðgengi að háhraðanettengingu hlýtur að flokkast, rétt eins og sími og rafmagn ef grípa má til einhvers samanburðar þó að hann sé alltaf erfiður. Þetta telst til grundvallargæða og það ræður vali fólks á búsetu hvort slíkar tengingar eru til staðar eða ekki. Þau svæði landsins sem bjóða ekki upp á aðgengi í háhraðanettengingum eru einfaldlega sett hjá og eru ekki raunhæfur búsetukostur fyrir ungt fólk í dag. Það blasir við. Það ætlast enginn til þess að fólk setji sig niður þar sem ekki er aðgengi að háhraðanettengingum. Það er ekki hægt að ætlast til þess að fólk ali upp börn þar sem ekki er aðgengi að netinu o.s.frv.

Upplýsingaveitan í dag er undirstaða búsetu rétt eins og sími og rafmagn og því er nokkuð kostulegt að ekki hafi verið ráðin bót á þessu fyrr.

Við, nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, höfum lagt fram þingsályktunartillögu þar sem við ályktum að fela samgönguráðherra að undirbúa frumvarp til laga sem tryggi að allir landsmenn eigi kost á háhraðanettengingu óháð búsetu og að málið verði afgreitt hið fyrsta. En nú ríður á þverpólitískri sátt um málið og að koma því í gegnum þingið í vetur.

Í skriflega svarinu sem samgönguráðherra lagði fyrir 130. löggjafarþing kemur fram að á þeim tíma höfðu yfir 22 þús. Íslendingar ekki slíka tengingu. Síminn og fjarskiptafyrirtækin mátu það svo að það væri ekki arðvænlegt að leggja háhraðatengingar að byggðarlögum þar sem eru færri en 150 íbúar, hvað þá í allar hinar dreifðu byggðir. Það verður að leita leiða til að tryggja þessum byggðum og smærri stöðum háhraðatengingar eftir þeim leiðum sem færar eru. Nokkur einkafyrirtæki eins og eMax, Ábótinn og fleiri bjóða núna upp á nokkurs konar háhraðatengingar í gegnum gervihnött. Það er að sjalfsögðu mikil bót fyrir þau svæði þar sem slíkt er og ekki kostur á öðru en varanleg lausn þarf að koma til á þessu, varanleg lausn á háhraðanettengingu fyrir alla Íslendinga. Það er óásættanlegt að svo sé ekki. Þær byggðir verða einfaldlega ekki raunhæfur búsetuvalkostur og fráleitar í dag, eftir upplýsingabyltinguna, eftir netbyltinguna, þessi gífurlegu tækifæri sem þau bjóða okkur öllum upp á og ekkert síður hinum dreifðu byggðum þar sem t.d. möguleikar til náms eru byltingarkenndir miðað við það sem áður var. Allt kallar þetta á háhraðanettengingu. Annað stendur ekki undir því og því spyr ég hæstv. samgönguráðherra þessarar spurningar.

[14:47]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr: „Er áætlað að tryggja þeim rúmlega 20.000 íbúum landsbyggðarinnar, sem eru án háhraðanettengingar, aðgang að slíkri tengingu á næsta fjárlagaári? Ef svo er, hver er sú áætlun, skipt eftir landsvæðum?“

Alþingi samþykkti vorið 2005 þingsályktun um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010, eða fjarskiptaáætlun, og eftir henni er unnið. Eitt af þeim markmiðum sem kveðið er á um í fjarskiptaáætlun er að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingum. Til að vinna m.a. að þessu markmiði voru samþykkt lög um Fjarskiptasjóð, nr. 132/2005, en eitt af hlutverkum sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu á sviði stofnkerfa fjarskipta. Ríkissjóður hefur lagt sjóðnum til stofnfé að upphæð 2,5 milljarðar kr. sem er hluti af söluandvirði Landssíma Íslands hf. Sjóðurinn hefur þegar fengið til ráðstöfunar 1 milljarð en ráðgert er að fjármunir til sjóðsins skili sér að fullu árið 2009.

Verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar hefur yfirumsjón með framkvæmd fjarskiptaáætlunar og vinnur m.a. að þessu verkefni en hún er jafnframt stjórn Fjarskiptasjóðs. Við þessa vinnu verður að gæta að reglum EES um ríkisaðstoð eins og fram hefur komið fyrr í dag. Í fyrsta lagi má ekki styrkja verkefni þar sem markaðsaðilar eru eða ætla að bjóða upp á háhraðatengingar en stjórn Fjarskiptasjóðs vinnur nú að því að greina nákvæmlega á hvaða svæðum þessi svokallaði markaðsbrestur vegna fjarskiptaviðskipta er. Í öðru lagi verður öllum sem uppfylla ákveðin skilyrði að gefast kostur á að bjóða í verkefnið, þ.e. viðhafa útboð enda er kveðið á um það í reglugerð um stjórn Fjarskiptasjóðs að stjórnin skuli ákveða framlög úr sjóðnum í samræmi við hlutverk sitt og fjarskiptaáætlunar að undangengnu útboði. Í þriðja lagi verður útboðið að vera tæknilega óháð.

Staðan á verkefninu nú er sú að verið er að leggja lokahönd á að greina þau svæði á landinu þar sem ekki verður ráðist í uppbyggingu á markaðsforsendum, þ.e. þar sem aðilar ætla ekki að bjóða upp á háhraðatengingar. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu þeirrar greiningar er fjöldi lögbýla án háhraðatenginga í dreifbýli um 1.600 og í þéttbýli um 70. Samtals er talið að á þessum stöðum búi um 6.300 manns. Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun úthlutað umsóknum um heimildir til notkunar á tíðnum fyrir háhraðaaðgangsnet í kjölfar útboðs nú í sumar en í útboðinu er gert ráð fyrir að boðin yrði háhraðagagnaflutningsþjónusta að þeim aðgangsnetum sem byggð verða á þeim svæðum sem bjóðendur hyggjast veita þjónustu á. Samkvæmt útboðslýsingu áttu umsækjendur m.a. að tilgreina í hvaða sveitarfélögum þeir hefðu í hyggju að veita þjónustu. Um 800 þeirra lögbýla sem nú eru án háhraðatengingar eru inni á þeim svæðum, sem er mikilvægt að átta sig á, sem bjóðendur hyggjast veita þjónustu á. Þannig má gera ráð fyrir að fjöldi lögbýla sem Fjarskiptasjóður þarf að standa straum að uppbyggingu á sé rúmlega 800.

Þá er hafin vinna við að skilgreina gæðakröfur, þ.e. skilgreina lágmarksgæði þeirra lausna sem sjóðurinn ætlar að styrkja en mikilvægt er að við uppbyggingu sé horft til framtíðar þannig að þær kröfur sem gerðar verða þegar verkið er boðið út sé í samræmi við þá þróun sem talið er að verði í notkun netsins um næstu framtíð. Þá er verið að skoða í samvinnu við Ríkiskaup hvaða útboðsleið hentar best fyrir þetta verkefni. Eins og hér hefur verið farið yfir er um að ræða stórt og flókið verkefni og er stjórn Fjarskiptasjóðs að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu áður en útboð á háhraðatengingum á þeim svæðum þar sem ekki verður ráðist í uppbyggingu á markaðsforsendum verður auglýst.

Þetta tel ég að séu mikilvægustu atriðin til að svara fyrirspurn hv. þingmanns. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt þessu verkefni. Það sýnir þann skilning sem þingmenn hafa á því hversu mikilvægt er

að byggja upp fjarskiptakerfin í landinu. Við þurfum að sameinast um að tryggja það að þessi framvinda verði á þeim nótum sem stjórn Fjarskiptasjóðs hefur lagt upp með.

[14:52]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Þetta er ekki ósvipuð fyrirspurn og við ræddum áðan, sem var fyrirspurn frá mér. Það er hárrétt að við þingmenn allir höfum áhuga á að þetta gangi hratt fyrir sig og við erum nokkrir frekar óþolinmóðir yfir hvað þetta gengur hægt, vegna þess að nú er árið 2006 og eins og kemur fram í fyrirspurn hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar þá eru 20 þúsund landsmenn sem eiga ekki aðgang (**Samgrh.:** Það er rangt.) í þessu í dag eins og hér kemur fram. Þeir eru fjölmargir. Ég spurði hæstv. ráðherra áðan hvort til greina kæmi að endurgreiða sveitarfélögunum og það virðist ekki vera og ég er óánægður með að sú leið skuli ekki vera valin. Sveitarfélögin geta uppfært útboðsskilmálana með því að bjóða út sjálf eða leggja út fyrir þessu og Fjarskiptasjóður komið seint og um síðir og lagt út fyrir því til sveitarfélaganna. Það væri eðlilegur framgangsmáti, virðulegi forseti. Og ég spyr enn einu sinn: Af hverju áttu íbúar Hríseyjar, sem gátu ekki beðið og vildu ekki bíða, að leggja út fyrir þessu sjálfir meðan íbúarnir í næsta byggðarlagi, Dalvíkurbyggð, fengu þetta beint frá ríkissjóði?

[14:54]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Þetta gengur of hægt, það er enginn vafi á því. En það er annað sem ég hef líka áhyggjur af og það er að fjarskiptafyrirtækin taka ákvörðun um hvort þau vilji byggja upp þessi kerfi eða ekki og þá er spurningin: Á hvern hátt greiða þau fyrir aðgang að þeim háhraðatengingum sem þarna er staðið fyrir af Fjarskiptasjóði? Það verður að sjá til þess að fjarskiptafyrirtækin greiði eðlilega fyrir nýtingu á þeim gögnum eða fjarskiptamöguleikum sem verið er að koma á fót þarna af Fjarskiptasjóði. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort það sé ekki alveg á hreinu að það sé gert þannig að þessi fyrirtæki ýti ekki þessum framkvæmdum yfir á Fjarskiptasjóð af því að þau græði kannski á því.

[14:55]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra og öðrum hv. þingmönnum fyrir málefnalega og góða umræðu um þetta mikilvæga mál, þetta er eitt af stóru byggðamálunum. Það er í sjálfu sér ánægjuefni ef tækniþróun og annað slíkt hefur haft þau áhrif að þeim sem eru utan háhraðatenginga hefur fækkað úr 20 þúsund í 6 þúsund. Við skulum ekki deila um það. Að sjálfsögðu er það gleðiefni ef þeir eru færri nú en þeir voru fyrir tveimur árum. En þúsundir Íslendinga, væntanlega á bilinu 5–10 þúsund, eru enn þá án háhraðatenginga.

Það er líka fagnaðarefni að það skuli vera í gangi sú vinna sem hæstv. ráðherra lýsir að til stofnkerfa fjarskipta eigi að verja milljarði króna þannig að árið 2009 eigi allir Íslendingar, hvort sem þeir búa á svæði þar sem markaður er fyrir hendi eða markaðsbrestur er, eins og hæstv. ráðherra gat um, eigi rétt á þessum háhraðatengingum, rétt eins og síma og rafmagni. Það er gleðiefni. En þangað til er sjálfsagt að brúa bilið án óhófs þannig að þeir landsmenn sem búa á svæðum þar sem ekki eru háhraðatengingar eigi kost á þeim í einhverri annarri mynd.

Í uppsveitum Árnessýslu, þar sem ég bý, eru ekki háhraðatengingar en þar bjóða tvö fyrirtæki upp á nokkurs konar háhraða í gegnum gervihnattasamband. Það er stopult og ófullnægjandi en það er samt sem áður himinn og haf milli þess og þess hægasta sem gerist, en það er mjög dýrt að koma þessu upp og mjög dýrt að kaupa þessa þjónustu. Ég skora á hæstv. ráðherra að leita allra leiða til að tryggja þeim svæðum sem eru án háhraða — og verða næstu þrjú árin samkvæmt því að árið 2009 verði allir Íslendingar komnir með háhraðatengingar — viðunandi lausn þangað til varanleg lausn næst í málinu og allir verði komnir með háhraðatengingar, ef sú áætlun sem hér er lýst gengur eftir. Góðir hlutir gerast stundum hægt en þeir mega ekki gerast of hægt og ekki löturhægt. En það verður að brúa bilið á meðan.

[14:57]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka þau viðbrögð sem hér hafa orðið og er ánægður með að hv. þingmenn hafa góðan skilning á framvindu málsins, hvernig hún er og þarf að verða. Það er alveg ljóst að við þurfum að tryggja þá fjármuni sem þarna eru til staðar og ég vona að það verði áfram skilningur á því í þinginu að Fjarskiptasjóður þurfi á því að halda að nýta þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru samkvæmt ákvörðun Alþingis eins og hún gildir í dag. Við flýttum hluta af þessari greiðslu frá árinu 2007 og yfir á árið 2006 til þess að það lægi algerlega fyrir að við hefðum fjármuni til að bjóða þessi stóru verk út. Það skiptir mjög miklu máli að ekki verði töf og þess vegna var þessari fjárveitingu flýtt til að útboðið gæti farið fram fullum fetum í þeim áfanga sem við gerum ráð fyrir. Að öðru leyti þakka ég fyrir þessa umræðu.

Umræðu lokið.

## *Myndatökur fyrir vegabréf.*

Fsp. KLM, 123. mál. — Þskj. 123.

[14:59]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. dómsmálaráðherra er um myndatöku fyrir vegabréf og er í þremur liðum:

1. Er nauðsynlegt að teknar séu myndir á umsóknarstað af öllum umsækjendum um vegabréf?

2. Er fullnægjandi aðstaða til slíkrar myndatöku á öllum umsóknarstöðum?

3. Hver hefur kostnaðurinn verið við þetta fyrirkomulag?

Virðulegi forseti. Frá því að þessi fyrirspurn var lögð fram hefur athygli mín verið vakin á því að hæstv. dómsmálaráðherra hefur verið stefnt af Ljósmyndarafélagi Íslands vegna þessara reglna eða þeirrar framkvæmdar sem

hefur orðið eftir að hæstv. dómsmálaráðherra beitti sér fyrir breytingum á lögum um vegabréf, sem voru nr. 136/1998, og voru samþykktar á Alþingi og eru núna lög nr. 72/2006. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Tekin skal stafræn mynd af umsækjanda sem varðveitt skal í vegabréfinu. Heimilt er að nota mynd sem umsækjandi leggur fram sjálfur á rafrænu formi, enda uppfylli hún kröfur sem gerðar eru til stafrænna mynda í vegabréfum."

Virðulegi forseti. Töluvert hefur verið rætt um það í þjóðfélaginu að þessar myndatökur sýslumannsembætta séu á mjög gráu svæði og það er ástæðan fyrir því að Ljósmyndarafélag Íslands stefnir hæstv. dómsmálaráðherra. Því spyr ég: Er það virkilega svo, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmálaráðherra beiti sér með þessari aðgerð í fyrsta lagi *með broti á iðnaðarlögum, lögvörðum rétti ljósmyndara*, og í öðru lagi broti á samkeppnislögum? Vegna þess að það kostar það sama að fá vegabréf hvort heldur ég kem með mynd af mér frá ljósmyndara eða hún er tekin af fulltrúa sýslumanns sem ekki hefur réttindi til ljósmyndatöku. Það eru þessi atriði, virðulegi forseti, ásamt þeim furðulega tækjabúnaði sem búið er að setja upp, sem ég held að hafi hvergi komið fram í umræðu um þessi lög að þyrftu að fara á þennan hátt.

Virðulegi forseti. Ljósmyndaiðnin eru lögvernduð atvinnuréttindi samkvæmt iðnaðarlögum og samkvæmt reglugerð nr. 940/1999, um löggiltar iðngreinar. Þar segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Enginn má reka iðnað í atvinnuskyni á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt."

Mér vitanlega eru þessir fulltrúar og það ágæta starfsfólk sýslumanna vítt og breitt um landið ekki með réttindi til ljósmyndatöku. Þess vegna er þessi fyrirspurn, virðulegi forseti, lögð fram.

Þess má líka geta í lokin, virðulegi forseti, að ríkisvaldið eða ríkissaksóknari óskaði eftir því að þessari stefnu Ljósmyndarafélag Íslands yrði vísað frá. Dómari hefur synjað þeirri ósk. Þess vegna bæti ég m.a. við þessum spurningum, virðulegi forseti, og vil fá svar við því frá hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann sé a.m.k. ekki á mjög gráu svæði að brjóta þau lög sem ég hef hér vitnað í.

[15:02]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég veit ekki hvernig þessum fyrirspurnatímum er háttað ef menn geta bætt við fyrirspurnum eftir því sem þeim hentar, miðað við það form sem er á þessum fyrirspurnum. (**KLM:** Er þetta eitthvað óþægilegt?) Þetta er ekki neitt óþægilegt.

Fyrsta spurningin er: „Er nauðsynlegt að teknar séu myndir á umsóknarstað af öllum umsækjendum um vegabréf?"

Nei, það er ekki nauðsynlegt. Það er hægt að láta taka myndir af sér hjá ljósmyndurum og ljósmyndarar geta sent þær með rafrænum hætti til umsóknarstaðar og það er ekki skylda að láta taka myndir af sér á umsóknarstað.

Önnur spurningin er: „Er fullnægjandi aðstaða til slíkrar myndatöku á öllum umsóknarstöðum?"

Já, slík aðstaða er fyrir hendi á öllum umsóknarstöðum.

Þriðja spurningin er: „Hver hefur kostnaðurinn verið við þetta fyrirkomulag?"

Kostnaðurinn er talinn vera innan við 2 millj. kr. og þegar litið er á þennan kostnað og honum deilt niður á vegabréfaumsóknir á þriggja ára tímabili þá lætur nærri að kostnaðurinn við hvern umsækjanda liggi á bilinu 15–20 kr.

Ég ætla ekki að tjá mig um það mál sem hefur verið höfðað fyrir héraðsdómi út af þessum ákvörðunum. Það er mál sem verður rekið fyrir dómstólunum og ríkislögmaður er með það, ekki ríkissaksóknari eins og hv. þingmaður sagði. Ég veit ekki hvaða málsástæður hann notaði til þess að fá málinu vísað frá, það er mál sem gengur sinn gang fyrir dómstólunum. Að þetta hafi ekki verið rætt áður en þetta fyrirkomulag var tekið upp er alrangt. Þetta var rætt m.a. *á fundi með ljómyndurum* og þeir vissu nákvæmlega hvernig þetta fyrirkomulag yrði. Það var rætt á vegum ráðuneytisins og farið yfir málið m.a. með fulltrúum frá Samtökum iðnaðarins.

[15:04]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu atriði. Ég vil bara segja að öðruvísi mér áður brá að í tíð Sjálfstæðisflokksins, sem segist vera kyndilberi frelsisins, sé málum nú svo fyrir komið að maður þurfi að fara í myndatökur hjá sýslumanni, að sýslumaðurinn sé farinn að sjá um passamyndatökur. Ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda og þær spurningar sem hann velti upp og hæstv. ráðherra svaraði ekki. Ég hvet hæstv. *ráðherra til að svara þeim af því að þetta er gríðarlega mikilvægt* mál vegna þess að við verðum að hafa lífvænlega atvinnugrein í ljósmyndun. Þarna er auðvitað verið að kippa fótunum undan þessari atvinnugrein í landinu og þar með undan ljósmyndurum hér á landi.

[15:05]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að með lagagjörningnum fyrr á þessu ári, um myndatökur fyrir vegabréf, hafi verið gerð mistök við lagasetningu. Þau liggja í því að þarna var óvarlega farið, það að myndatökur fyrir vegabréf séu almennt framkvæmdar með þessum hætti kippir fótunum undan atvinnugrein eins og hér hefur verið nefnt. Það er að sjálfsögðu allt of harkalega og óvarlega fram gengið og hefur *haft mjög alvarlegar og vondar afleiðingar fyrir fjölda* atvinnuljósmyndara. Þetta er aðför að stétt þeirra, aðför að hagsmunum þeirra og starfsemi. Jafnframt er aðstaðan til myndatöku á mörgum umsóknarstaðanna fullkomlega afleit, hún er algerlega fráleit og ekki boðleg til að standa undir þessu. Þetta voru mistök og ég skora á hæstv. dómsmálaráðherra að endurskoða þennan lagagerning í ljósi þeirrar reynslu sem nú þegar er komin upp á síðustu mánuðum og er ekki mjög góð.

[15:06]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég minnist þessa máls frá því í vor. Ég hef ekki þann heiður eða hafði ekki og hef ekki enn að sitja í þeirri nefnd sem um það fjallaði á sínum tíma en ég hafði áhuga á

því með ýmsum hætti og spurðist fyrir um málið. Ég man ekki betur en að í umræðunum hér hafi hæstv. dómsmálaráðherra lýst því að um þetta mál hafi verið fjallað fram og aftur í samráði við alla þá sem hugsanlegt var að hafa samráð við, m.a. ljósmyndara, og hann nefndi hér áðan að Samtök iðnaðarins, ef ég skildi hann rétt, hefðu einnig verið með í ráðum.

Var þetta, forseti, ofsagt hjá ráðherranum þegar hann stendur núna uppi með dómsmál á hendur sér vegna brots á iðnaðarlögum? Þá hefur dómsmálaráðherrann sagt okkur rangt frá hér í salnum og væntanlega allsherjarnefnd líka fyrst svo er orðið. Mér þykir þetta afar furðulegt.

[15:07]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Virðulegi forseti. Ég get varla þakkað ráðherra fyrir þetta snubbótta svar en ég skil það vel að hann vilji lítið ræða þetta, kominn með dómsmál á herðar sér út af þessu máli. Ég held, virðulegi forseti, að aldrei hafi verið í umræðu um það frumvarp sem hér var vitnað til og varð að lögum, rætt um að stofnuð yrði Ljósmyndastofa ríkisins hf. Það er aumt til þess að vita ef hæstv. dómsmálaráðherra, ráðherra Sjálfstæðisflokksins, er að beita sér fyrir því að búa til opinbera ljósmyndastofu á öllum sýsluskrifstofum landsins. Og þegar hæstv. ráðherra svaraði fyrstu spurningu minni um það hvort nauðsynlegt sé að teknar séu myndir á umsóknarstað af öllum umsækjendum um vegabréf, sagði hann: Nei, það er ekki nauðsynlegt, það er ekki gert.

Virðulegur forseti. Á vegabref.is er talað um að eigin mynd verði að vera á rafrænu formi og á USB minnislykli o.s.frv. og svo stendur, með leyfi forseta:

„Þótt komið sé með eigin mynd í vegabréfi er samt tekin mynd af umækjanda á staðnum í öryggisskyni."

Er þetta líka orðið, auk þess sem Ljósmyndastofa ríkisins er orðin til, eitthvert forvarnastarf, er verið að vinna þennan „fæl" fyrir leyniþjónustuna eða hvað er að gerast hér?

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því við hæstv. dómsmálaráðherra að hann svari því sem kom fram í fyrirspurninni þó svo það hafi ekki verið lagt fram í byrjun: Er dómsmálaráðherra landsins að beita sér fyrir því að iðnaðarlöggjöfin verði brotin, iðnaðarlögin, gagnvart ljósmyndurum? Er e.t.v. líka verið að brjóta samkeppnislögin? Þegar komið er inn í Ljósmyndastofu ríkisins kostar vegabréfið 5.100 kr. sama hvort ríkið tekur myndina eða maður kemur með myndina með sér og skiptir við ljósmyndara eins og maður gerði áður. (**Gripið fram í:** Þetta er gott fyrir neytendur.) Það er vafalaust gott fyrir neytendur, kemur hér í frammíkalli frá einum hv. þingmanni Sjálfstæðisflokksins. Það er ágætt, en það er nú svo, hæstv. forseti, að við í Samfylkingunni erum a.m.k. ekki sammála því að dómsmálaráðherra skuli vera á gráu svæði þarna og fái á sig dómsmál í framhaldi af því.

[15:09]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom kostar vegabréfið 5.100 kr. Mér skilst að það kosti 2.500 kr. að fara til ljósmyndara og láta taka af sér mynd og ef menn kjósa að greiða þann kostnað og láta taka af sér mynd þar með þeim búnaði sem ljósmyndarinn hefur hafa þeir fulla heimild til þess. Ljósmyndarinn getur sent hana með rafrænum hætti til sýslumannsins og síðan er það sannreynt þegar komið er á sýsluskrifstofuna að um sama mann sé að ræða. Þetta er hægt að gera. Ég tel að þetta sé þjónusta við neytendur. Á þriðja tug þúsunda manna hafa nýtt sér þessa þjónustu og þetta hefur gengið frábærlega vel. Að gera þetta tortryggilegt á þeim forsendum sem hér er gert eru einhver annarleg sjónarmið sem ég átta mig ekki á, því að þetta lá allt fyrir þegar málið var rætt á þinginu síðastliðið vor. Þetta var rætt við ljósmyndara að viðstöddum fulltrúa Samtaka iðnaðarins þegar lagt var upp í málið á þennan veg þannig að það kemur ekkert á óvart. Það sem kemur mér á óvart er hins vegar að ljósmyndarar virðast hafa skipt um skoðun eftir að þetta kemur til framkvæmda og fara í dómsmál. Við skulum sjá hvað kemur út úr því máli og hver reynslan verður af því og þá reynir á hvort það megi gera þetta eða ekki.

Umræðu lokið.

## *Hlerun á símum alþingismanna.*

Fsp. KHG, 230. mál. — Þskj. 233.

[15:11]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Virðulegi forseti. Fram kom á vormánuðum í erindi Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings á söguþingi Íslands að hann hefði fundið skriflegar heimildir fyrir því að símar voru hleraðir á vegum stjórnvalda í sex tilvikum. Fram kom hjá honum að dómsmálaráðuneytið hefði átta sinnum fengið heimildir til að hlera síma vegna sex aðskilinna tilvika. Þau tilvik voru frá árunum 1949–1968. Símar nokkurra alþingismanna voru hleraðir í öllum þessum tilvikum. 1949 voru þrjú númer alþingismanna hleruð. 1951 voru tvö tilvik, í fyrra tilvikinu voru símar hjá tveimur alþingismönnum hleraðir og síðar á árinu hjá fimm alþingismönnum. 1961 þegar landhelgissamningurinn við Breta var til umfjöllunar á Alþingi voru símar hleraðir hjá fjórum alþingismönnum. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst það tilvik vera þess eðlis að ekki sé hægt að hafa um það önnur orð en pólitískar njósnir. 1963 var hleraður sími hjá einum alþingismanni og 1968 hjá tveimur. Mér finnst eðlilegt í framhaldi af þessu að krefja dómsmálaráðherra svara við því hversu oft ráðuneytið hefur beitt sér fyrir hlerunum og af hvaða tilefni hverju sinni og hef því lagt fram fyrirspurn á þskj. 233 þar sem spurt er:

1. Hafa símar alþingismanna verið hleraðir fyrir atbeina íslenskra stjórnvalda og ef svo er, hvenær og hjá hvaða alþingismönnum hverju sinni?

2. Hver var hverju sinni ástæða hlerunarinnar og hvenær tengdist hún rannsókn á sakamáli?

Ástæða þess að ég spyr á þann veg eru ítrekaðar yfirlýsingar dómsmálaráðherra í sölum Alþingis fyrr í haust, þegar rædd var munnleg skýrsla hans, þar sem hann rökstuddi hleranir með tilvísun í að sakamál hefði verið til rannsóknar í þeim tilvikum.

Mér finnst ástæða til þess, virðulegi forseti, að dómsmálaráðuneytið geri hreint fyrir sínum dyrum gagnvart Alþingi.

[15:14]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Alþingi hefur þegar samþykkt að unnið skuli að miðlun upplýsinga um símhleranir af sérstakri nefnd og veitti henni víðtækt umboð með nýsamþykktum lögum. Auk þess hefur Þjóðskjalasafn nú birt á vef sínum þau gögn sem eru í vörslu safnsins er varða dómsmál um hleranir á kaldastríðsárunum. Ég er þeirrar skoðunar að þessi mál séu í réttum farvegi og slíkum sagnfræðilegum rannsóknum sé best fyrirkomið hjá fræðimönnum. Ég hef margoft lýst þeirri skoðun minni að öll opinber gögn eigi að vera aðgengileg. Hér ber þó að virða ákveðin mörk og í fréttum Ríkisútvarpsins hefur fyrrverandi yfirlögfræðingur hjá Persónuvernd t.d. réttilega bent á að einkalífshagsmunir og almannahagsmunir takist á þegar taka skuli ákvörðun um hvort gögn um símhleranir skuli birt. Þetta sjónarmið kemur líka glögglega fram í þeirri ákvörðun Þjóðskjalasafns að afmá persónugreinanlegar upplýsingar um þá sem hlerað var hjá í samræmi við persónuverndarsjónarmið samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Úrskurði sína um hlerun síma einstaklings byggir dómari á lögum og þeim gögnum og atvikum sem hann metur nægileg. Einstaklingur getur haft af því brýna persónulega hagsmuni að ekki sé fjallað um þá opinberlega, hvorki á Alþingi né annars staðar, að mál hafi verið þannig vaxin að dómari hafi talið nauðsynlegt að heimila hjá honum hlerun. Flestir sjá það í hendi sér að ótækt er að yfirvöld hafi frumkvæði að því að greina opinberlega frá nöfnum þeirra sem koma þar við sögu. Þetta hljóta flestir að skilja, ekki síst þeir sem undanfarið hafa tekið þátt í hleranaumræðu af sérstakri umhyggju fyrir einkalífsvernd þeirra manna sem við sögu komu á kaldastríðsárunum og sættu hlerun á einum eða öðrum tíma.

[15:16]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hér hefur gerst alvarlegur atburður. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur neitað að svara fyrirspurn hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Dómsmálaráðherra skýtur sér á bak við að nefnd sé að störfum og þar kunni svonefndir einkalífshagsmunir að stangast á við almannahagsmuni. Þegar um er að ræða að stjórnvöld láti hlera síma alþingismanna fyrir sakir eða fyrir verknað eða ætlaðan verknað sem er af pólitísku tagi og ekki á sviði venjulegra sakamála er ekki um neina slíka einkalífshagsmuni að ræða. Allir þeir hagsmunir sem þar koma við sögu eru almannahagsmunir og dómsmálaráðherra þarf alveg sérstaklega að skýra það fyrir okkur í því embætti sem hann situr hvernig í ósköpunum stendur á því að hann hylmir yfir með lögreglunni og fyrri dómsmálaráðherrum í þessu efni og neitar að svara fyrirspurnum sem bornar eru fram á þinglegum forsendum.

[15:17]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það hlýtur að stappa nærri pólitísku hneyksli að hæstv. dómsmálaráðherra skuli hlaupa í skjól fræðimanna og skirrast við að upplýsa hverjir voru beittir pólitískum njósnum fyrr á árum. Að sjálfsögðu er um að ræða brýna almannahagsmuni. Uppljóstað hefur verið að menn eins og Ragnar Arnalds og fleiri urðu fyrir pólitískum hlerunum á sínum tíma, pólitískum njósnum á þeim forsendum og engum öðrum. Það er mjög dapurlegt og mjög varhugavert að hæstv. dómsmálaráðherra skuli ekki svara þeirri fyrirspurn sem hér kemur fram og ljóstra þar með upp hvernig þessum málum var háttað. Í því felst engin einkalífsvernd. Að sjálfsögðu ekki. Það voru grófar pólitískar njósnir um þessa alþingismenn af hálfu íslenskra stjórnvalda og að sjálfsögðu á að upplýsa um það fullkomlega, gera hreint fyrir þeim dyrum og ljúka þessu leiðinlega og dapurlega máli í eitt skipti fyrir öll með því að gera þær upplýsingar opinberar.

[15:18]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta afar alvarlegt mál sem hér kemur upp. Hæstv. ráðherra neitar að upplýsa mál sem hann er spurður um. Hann ber við að hann vilji hafa nafnleynd á þeim sem urðu fyrir hlerunum. Hann upplýsir ekki heldur hvers lags mál þetta voru án þess að nefna þá nöfn sem hann hefði líka getað gert. Hann hefði getað valið þá leið.

Hér hefur því verið haldið fram að þingmenn sem hafa sætt hlerunum hafi verið grunaðir um saknæmt athæfi og hæstv. dómsmálaráðherra telur ekki vera sitt hlutverk að upplýsa hvað hafi verið á ferðinni. Þetta er gersamlega óþolandi og þingmenn geta í sjálfu sér ekki þolað það að svona hlutir séu óupplýstir. Krafan um að öll þessi mál verði dregin fram hlýtur að verða að fá uppfyllingu í sölum Alþingis.

[15:20]

**Björn Ingi Hrafnsson:**

Hæstv. forseti. Ég held að þetta mál einkennist af upphlaupi og löngun til að komast í fréttir fjölmiðla. Hæstv. dómsmálaráðherra vísar til þess að á sínum tíma, fyrir fáeinum vikum, náðist mikil og breið pólitísk samstaða um að setja þetta mál í ákveðin farveg. Það hlaut flýtimeðferð í þinginu og hæstv. dómsmálaráðherra hefur ítrekað lýst þeirri skoðun sinni sem ráðherra og væntanlega sinni persónulegu skoðun að í þessu máli eigi öll gögn að koma upp á yfirborðið og ekki eigi að leyna neinu. Það kann hins vegar að vera að einhverjum muni finnast þær upplýsingar óþægilegar þegar það gerist. En að halda því fram að það sé óeðlileg aðferð af hálfu dómsmálaráðherra að vísa til þeirrar meðferðar sem þingið ákvað, er ekki rétt.

[15:21]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Virðulegi forseti. Mér er nú eiginlega alveg lokið eftir þessa framgöngu hæstv. dómsmálaráðherra. Hann hefur manna lengst gengið fram í því að rökstyðja hlerun á símum alþingismanna með því að þeir hafi sætt eða tengst rannsókn á sakamáli. Hann neitar að upplýsa hvaða mál það voru. Hann neitar að upplýsa Alþingi um hvaða menn sættu

þeim rannsóknum og hlerunum. Ég veit ekki alveg, virðulegi forseti, hvernig hæstv. dómsmálaráðherra vill skilja við málið. Eiga menn að sitja undir ávirðingum og dylgjum ráðherrans sem situr á upplýsingum og neitar að láta þær af hendi? Það er ekki endilega löngun til að komast í fjölmiðla að vilja fá þær upplýsingar, virðulegi forseti. Mér finnst það vera hálfgerður uppskafningsháttur að bera því við og þeir sem gera það ættu að temja sér meiri háttvísi í sölum Alþingis og meiri virðingu fyrir stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ég held, virðulegi forseti, að menn þurfi að taka þetta mál mjög alvarlegum tökum. Það getur ekki gengið til lengdar að Alþingi láti það yfir sig ganga að dómsmálaráðherra ríkisstjórnar beiti sér fyrir því að hlífa þeim sem gerðu rangt í þessu máli. Þeir sem gerðu rangt voru þeir sem létu hlera, ekki hinir sem voru hleraðir. Það á að vera skylda hæstv. ráðherra að upplýsa það þannig að þeir sem sátu undir sök verði hreinsaðir en ekki að viðhalda röngum sakargiftum.

[15:23]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég tel að málið hafi verið tekið mjög alvarlegum tökum af hv. Alþingi með því að samþykkja sérstaka ályktun um málið og hvernig það skuli upplýst og síðan líka að veita þeirri nefnd sem var skipuð á grundvelli þeirrar ályktunar sérstakt umboð með sérstökum lögum. Ég tel því að ekkert vanti upp á að Alþingi hafi tekið þetta föstum tökum. Ég hef stutt þær tillögur allar og legg til að þingmenn fari eftir eigin samþykktum um þessi mál og bíði þeirrar niðurstöðu sem þær rannsóknir munu leiða til.

Ég vil einnig taka fram að talað er um og menn gefa sér að heimild dómara til lögreglu um að beita símhlerunum jafngildi því að símar hafi verið hleraðir. Það liggur ekkert fyrir um það. Þess vegna er þessi fyrirspurn þannig úr garði gerð að það er ekki á neins valdi í raun að svara henni því heimild til hlerunar jafngildir ekki því að sími sé hleraður. Það vita allir sem að þessum málum koma og vilja ræða þau á raunsæjan og sanngjarnan hátt. Menn verða að líta til þess.

Það er líka staðreynd sem ekki verður litið fram hjá að samkvæmt gildandi lögum úrskurða dómarar ekki um heimild til lögreglunnar til hlerana nema þeir telji að það séu nægileg atvik vegna saknæmra mála að úrskurða á þann veg. Þær staðreyndir liggja allar fyrir og verða þingmenn að hafa þær í huga þegar málið er rætt en ekki eitthvert upphlaup eða auglýsingamennsku fyrir fjölmiðla.

Umræðu lokið.

## *Merking varðskipa.*

Fsp. KHG, 237. mál. — Þskj. 240.

[15:25]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Virðulegi forseti. Það spurðist í síðasta mánuði að Týr, skip Landhelgisgæslunnar, hefði komið úr klössun í Póllandi þannig breytt að í stað þess sem áður var að á bógi skipsins stóð báðum megin stórum stöfum „Landhelgisgæslan“ stóð nú aðeins stórum skýrum stöfum „Coast Guard“. Eins og menn geta ímyndað sér urðu menn dálítið hissa þegar þessi sjón blasti við á íslensku varðskipi sem sker sig úr öðrum skipum, bæði fyrir Íslendinga og aðra vegna þess að það er sérstakt á lit og lögun og er með sýnilegum búnaði, þyrlupalli og fallbyssu, að varla hefur verið talin ástæða til að merkja það erlendu tungumáli. Reyndar hef ég ekki dæmi þess að erlendar þjóðir merki varðskip sín á öðru máli en sínu eigin. Mér finnst því full ástæða til að fá skýringar á þessari breytingu og spyr dómsmálaráðherra:

1. Hvers vegna er varðskipið Týr merkt „Coast Guard“ á báðum síðum skipsins í stað „Landhelgisgæslan“ eftir nýlegar endurbætur á skipinu í Póllandi?

Ég vil þó bæta því við að þegar þessi fyrirspurn átti að ræðast fyrir hálfum mánuð, sem ekki varð svo úr, frétti ég að þann dag hefði verið málað yfir þennan ósóma á skipinu en engu að síður er ástæða til að fá skýringar ráðherra á þessu.

2. Verða önnur varðskip Landhelgisgæslunnar merkt á ensku í stað íslensku eins og verið hefur?

3. Verða tæki og búnaður löggæslunnar, svo sem lögreglubílar og lögreglustöðvar, framvegis merkt á ensku en ekki íslensku?

[15:28]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Spurt er: „Hvers vegna er varðskipið Týr merkt „Coast Guard“ á báðum síðum skipsins í stað „Landhelgisgæslan“ eftir nýlegar endurbætur á skipinu í Póllandi?“

Þetta var gert í Póllandi eins og fram hefur komið en hefur nú verið afmáð af skipinu og verður væntanlega merkt bæði með íslensku og ensku heiti Landhelgisgæslunnar, eins og tíðkast víða um heim til að þau skip séu auðþekkjanleg, bæði fyrir þá sem kunna tungumál viðkomandi ríkis og einnig hinn erlenda aðila sem slík skip eiga óhjákvæmilega samskipti við.

„Verða önnur varðskip Landhelgisgæslunnar merkt á ensku í stað íslensku eins og verið hefur?“

Ef þetta verður útfært þannig að merkt verður bæði á íslensku og ensku, þá verður það væntanlega látið gilda um öll skip gæslunnar.

„Verða tæki og búnaður löggæslunnar, svo sem lögreglubílar og lögreglustöðvar, framvegis merkt á ensku en ekki íslensku?“

Það verður ekki farið að merkja lögreglubíla á ensku. Sumar lögreglustöðvar hafa nú þegar í dag heiti sitt á ensku. Ég tel líklegt að á nýjum búningum lögreglumanna muni einnig koma fram enska orðið „police“ til að það liggi ljóst fyrir hverjir eru þar á ferð.

[15:29]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það er ánægjulegt að þessi enska áletrun ein saman á skipinu Tý skuli hafa verið máð út og ætlanir uppi um aðra áletrun á því skipi og öðrum. Svo má spyrja sig að því hvort enska sé eina málið sem talað er utan landhelgi

Íslands. Ég hygg að það séu reyndar fleiri tungumál.

En aðallega vekur þetta mál athygli á því að við erum ekki með neins konar leiðbeinandi reglur, lög eða annað um notkun tungumála á Íslandi í stjórnsýslunni og víðar á opinberum vettvangi og rétt að minna á mál sem ég flutti með ýmsum góðum mönnum öðrum, m.a. hv. þm. Hjálmari Árnasyni, um að athuga réttarstöðu í íslensku og athuga hvort ætti að gera hana að opinberu tungumáli á Íslandi og hver væri þá staða annarra mála.

[15:30]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég held að það sem skipti mestu máli í þessari umræðu sé að búið er að gera endurbætur á þessu ágæta varðskipi og við skulum þakka fyrir það sem vel er gert. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur staðið vel að málefnum Landhelgisgæslunnar og lögreglunnar eins og fram hefur komið á fjölmörgum sviðum.

Ég vil hins vegar þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það skiptir máli að við höldum vöku okkar gagnvart íslenskri tungu. Það er vel að þessi merking hafi verið afmáð af síðum skipsins en við þurfum að halda vöku okkar hvað þetta varðar. Það getur svo sem verið áhorfsmál hvort merkja eigi varðskipin á ensku einnig en það hlýtur að vera grundvallaratriði að varðskip okkar séu merkt á íslensku.

[15:31]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Einhverju sinni var ég á ferð í Tævan þar sem merkingar eru fyrst og fremst á mandarín, tungumáli sem útlenski gesturinn ég og ferðafélagar mínir skildu lítið í. Mikið óskaplega vorum við hins vegar ánægð þegar við sáum undirmerkingar á ensku þannig að við gátum aðeins komist áfram. Ég tel að þetta mál snúist að nokkru leyti um það og umræðu um það hvernig við erum komin inn í alþjóðlegt samfélag. Við þurfum líka að velta í þessu samhengi upp landhelgisgæsluhlutverki lögreglu. Ef ég man rétt er bæði á Seyðisfirði sem og á Keflavíkurflugvelli lögreglustöð merkt á íslensku en líka með ensku. Hvers vegna? Vegna þess að þeim er ætlað að þjóna Íslendingum fyrst og fremst en líka þeim erlendu gestum sem hér kunna að vera á ferð. Undirstaðan er, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, auðvitað sú að íslenska er þjóðtunga okkar og á að vera það. Hún hlýtur alltaf að vera hornsteinninn en við þurfum líka að hafa í huga að við erum í alþjóðlegu samfélagi.

[15:32]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég minni á þá umræðu sem var hér þegar ákveðið var að senda varðskipið til Póllands til viðgerðar í staðinn fyrir að gera við það og endurnýja það á Akureyri eins og hefði verið miklu skynsamlegra. (**Gripið fram í:** ... íslensku.) Ef gert hefði verið við það á Akureyri hefði Landhelgisgæslan kannski líka staðið á því.

Mér finnst nú, þrátt fyrir þau mistök að senda varðskipið til Póllands í viðgerð og til tjóns fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað, alveg lágmark að hæstv. dómsmálaráðherra beiti sér fyrir því að skipin séu líka merkt á íslensku. Mér finnst það alveg lágmark og það ætti ekki einu sinni að þurfa að ræða það þrátt fyrir þennan alþjóðlega hervæðingaráhuga sem dómsmálaráðherra er stundum sakaður um, kannski að ósekju.

Umræðu lokið.

***Umræður utan dagskrár.***

Flutningur Landhelgisgæslunnar til Keflavíkur.

[15:35]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að ekki alls fyrir löngu, þá með tiltölulega skyndilegri ákvörðun, fór varnarliðið frá Íslandi. Það hafði miklar breytingar í för með sér. Í sjálfu sér kom ákvörðunin ekki á óvart en samt gerðist hún líklega hraðar og fyrr en menn höfðu ætlað og varð að nokkru leyti höll fyrir okkur sem þjóð. Hún skapaði nokkur vandamál, þessi skyndilega ákvörðun og þetta skyndilega brotthvarf. Það skapaði ákveðin vandamál fyrir samfélagið á Suðurnesjum því að það hlýtur að hafa samfélagsleg áhrif ef milli 800 og 900 manns missa skyndilega vinnuna. Það urðu áhrif fyrir byggðarlagið í heild sinni en ekki síður hafði það mikil áhrif almennt á varnarstefnu okkar Íslendinga sem auðvitað er útgangspunkturinn í allri umræðu um varnarliðið.

En þessi breyting, eins og allar aðrar breytingar, felur auðvitað í sér tækifæri, tækifæri fyrir okkur sem þjóð, tækifæri fyrir svæðið. Meðal annars má segja að það hafi skapað ný tækifæri fyrir Landhelgisgæsluna. Með brotthvarfi varnarliðsins má segja að Landhelgisgæslan hafi fengið verulega aukið vægi og veigameira hlutverk en hún hafði áður. Það er ákveðið tækifæri fyrir það ágæta starfsfólk sem þar er og tækifæri fyrir okkur að efla sjálfstæði í varnarstarfi okkar.

Hvað varðar byggðarlög á Suðurnesjum opnast þar að sjálfsögðu tækifæri vegna þess að varnarliðið skilur eftir mannvirki, tugi þúsunda fermetra af mannvirkjum sem flest eru núna í eigu íslenska ríkisins. Hins vegar á eftir að finna hlutverk fyrir þessi mannvirki en þau hljóta að skapa tækifæri.

Ég nefndi það hér að Landhelgisgæslan hefði fengið nýtt hlutverk. Sannarlega hefur hún fengið mikið vægi og ég lýsi sérstakri ánægju með það hvernig hæstv. dómsmálaráðherra hefur haldið utan um þau mál. Ég lýsi líka ánægju með það að við höfum þegar ýmist tekið á leigu eða fjárfest í kaupum á þyrlum, nýju varðskipi og þar fram eftir götunum. Við höfum sem sagt búið okkur undir þessa auknu ábyrgð og hið nýja hlutverk Landhelgisgæslunnar. Það er meira og það er betra en það var.

Þá kemur stóra spurningin sem er kannski kjarninn í því sem ég vildi beina til hæstv. ráðherra: Hvar á að vista Landhelgisgæsluna í þessu nýja hlutverki? Það eru nýjar þyrlur og nýtt varðskip í ljósi vaxandi umferðar á hafinu í kringum okkur. Umræðan hefur snúist um Reykjavíkurflugvöll og Reykjavík sem höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar þar sem hún hefur verið. Ég vil sérstaklega nefna Reykjavíkurflug-

völl því að framtíð hans er í óvissu eins og við þekkjum úr umræðunni, bæði hér og í borgarstjórn. Framtíð Reykjavíkurflugvallar er óljós. Það liggur líka fyrir að sá húsnæðiskostur sem Landhelgisgæslan hefur á Reykjavíkurflugvelli er ekki í stakk búinn til að taka við vaxandi umferð, getum við sagt, og þess vegna hljótum við að skoða aðra möguleika í hinni ört vaxandi landhelgisgæslu. Spurningar mínar til hæstv. ráðherra lúta einmitt að því hvort ekki komi til greina að færa starfsemi Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja. Ég vil færa fyrir því nokkur rök.

Þar er húsnæði til staðar og ég nefni sérstaklega svokallaða byggingu 831 sem gæti þess vegna á morgun tekið við starfsemi Landhelgisgæslunnar, bæði skrifstofuaðstöðu og flugskýlum fyrir flugkost hennar.

Ég vil líka benda á það öryggi og þann búnað sem er á Keflavíkurflugvelli sem er auðvitað meiri og vandaðri en hér. Við þurfum að standa straum af rekstri hans í dag eins og fram hefur komið.

Ég bendi á það að hafnir eru til staðar á Suðurnesjum, fleiri en ein og fleiri en tvær. Ég held að vel megi færa rök fyrir því að í rauninni séu skipin í heimahöfn betur geymd á Suðurnesjum, nær vettvangi, en hér með því að sigla inn Faxaflóann. Með þessu er hins vegar ekki endilega verið að tala um að færa upplýsingamiðstöðina sem er í Skógarhlíð á Suðurnesin. Hún getur að sjálfsögðu verið þar með þeirri uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað.

Þess vegna beini ég þeim spurningum til hæstv. ráðherra hvort það komi til greina að flytja starfsemi Gæslunnar að hluta til eða öllu leyti til Suðurnesja, hvort það komi til greina að nota byggingu 831 undir starfsemi flugvéla- og þyrlusveita, hvort ráðherrann telji að hafnir á Suðurnesjum geti þjónað sem heimahöfn varðskipanna og hvort hann telji að nýta megi byggingu 831 á Keflavíkurflugvelli undir starfsemi Landhelgisgæslunnar í víðari skilningi.

[15:40]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegur forseti. Varðandi þær spurningar sem fram komu í máli hv. ræðumanns — ég þakka honum fyrir að vekja máls á þessu hér í þingsalnum — er það svo að þegar litið er á þetta skýli sem hann nefnir skýli nr. 831 er alveg ljóst að það hentar að sjálfsögðu fyrir Landhelgisgæsluna. Þar er góð aðstaða og sá búnaður sem þar er er til fyrirmyndar og mundi nýtast Gæslunni vel. Hins vegar eru miklar breytingar hjá Landhelgisgæslunni eins og hv. þingmaður vék að. Við samþykktum ný lög fyrir Gæsluna 2. júní sl. Það er verið að endurnýja þyrlukostinn. Það er unnið að því að koma Gæslunni fyrir í Skógarhlíð þangað sem hún flutti í lok síðasta árs. Samstarfið þar hefur skilað Gæslunni ómældum árangri og einnig öllum þeim samstarfsaðilum sem þar vinna að viðbragðs- og neyðarþjónustu þannig að þegar ég horfi til Gæslunnar tel ég að þessir þættir séu aðalatriðið um þessar mundir. Þegar ég lít á hina ytri umgjörð fyrir starfsemi Gæslunnar, þ.e. að hrinda lögunum í framkvæmd, er aðalatriðið að sjá til þess að Gæslan verði virkur þátttakandi í björgunarmiðstöðinni og því starfi sem unnið er í Skógarhlíð og tryggja síðan að hún ráði yfir nauðsynlegum tækjabúnaði til að ná þeim árangri sem við viljum að Gæslan nái. Þar hefur höfuðáhersla verið lögð á útvegun þyrlna á undanförnum mánuðum. Okkur hefur tekist að ná samningum um þyrlur sem munu nýtast okkur hér og brúa bilið þangað til við kaupum nýjar þyrlur. Þetta hafa verið höfuðviðfangsefni hjá mér og ég veit það líka að hjá Gæslunni hefur það verið höfuðviðfangsefnið að endurskipuleggja sig og sérstaklega flugdeildina og halda þannig á málum við flugreksturinn að ekki verði neitt rof í þeirri öryggisgæslu sem við viljum að Landhelgisgæslan geti sinnt.

Varðandi síðan stækkun flugflota Gæslunnar er nú verið að þjálfa upp nýjar áhafnir. Það mun taka nokkur ár samkvæmt þeim alþjóðlegu kröfum sem gilda um starfsemi af því tagi sem Gæslan sinnir. Það eru þessar áherslur, að þjálfa upp starfsfólk og koma þessu í þetta horf, sem eru höfuðatriðin núna. Ég hef ekki sett það í sjálfu sér sem neitt forgangsmál varðandi Landhelgisgæsluna að flytja starfsemi hennar frá Reykjavíkurflugvelli eða brjóta hana þannig upp að hún verði á fleiri stöðum á landinu. Ég tel að það sé seinni tíma mál þegar búið verður að koma þessu þannig fyrir að við séum komin í það örugga horf með starfsemi Gæslunnar sem við teljum að þurfi að vera.

Það er að sjálfsögðu ekki útilokað að flytja starfsemi flugdeildar Gæslunnar á Keflavíkurflugvöll. Það mundi hins vegar kalla á breytt vaktafyrirkomulag. Flugdeild yrði ekki lengur rekin með bakvöktum, heldur yrði að fjölga starfsmönnum enn og breyta útkallskerfi Gæslunnar og öðrum slíkum þáttum. Það er stærra mál að velta þessum málum fyrir sér en bara að líta á góðan stað eins og þetta skýli 831.

Síðan er líka nokkur óvissa eins og kom fram í máli hv. þingmanns um framtíðina á Reykjavíkurflugvelli. Það er augljóst að það er nú þegar nauðsynlegt að stækka skrifstofuaðstöðu Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli vegna fjölgunar á starfsfólki og fjölgunar á þeim þyrlum sem Gæslan rekur. Við höfum ekki enn þá náð samkomulagi við Flugmálastjórn um það hvernig að þessu verði staðið. Það hafa farið fram viðræður um þetta og við viljum helst að þeir samningar sem við gerum við flugmálayfirvöldin um þetta gildi til tiltölulega skamms tíma og síðan verði hugað að framtíðinni þegar búið er að fara í gegnum alla þá þætti sem ég nefndi hér og við setjum sem forgangsmál þegar litið er til þróunar Landhelgisgæslunnar.

Fari svo að það verði þrengt þannig að starfsvettvangi Gæslunnar á Reykjavíkurflugvelli að hún hafi ekki rými til að starfa þar liggur í augum uppi að það verður að flytja flugdeildina annað. Þá er Keflavíkurflugvöllur að sjálfsögðu og sú aðstaða sem þar er fyrsti kostur sem menn hljóta að velta fyrir sér.

[15:45]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt mál að horfa til allra átta þegar rætt er um hvernig eigi að nýta þau miklu tækifæri sem felast í yfirgefnu varnarsvæðinu. Þar eru mikil mannvirki og í þeim mannvirkjum felast mikil tækifæri, það er engin spurning, og það þarf að bregðast hratt við og finna mannvirkjunum og svæðinu hlutverk. Ég held að í sjálfu sér sé ástæða til að fagna því að hæstv. dómsmálaráðherra útilokar það ekki að a.m.k. hluti starfsemi Landhelg-

isgæslunnar verði fluttur þangað suður eftir. Ég held að það komi vel til greina að vista þá starfsemi að stórum hluta þar suður frá. Það er vel staðsett, lega landsins strikar undir það auk þeirra miklu tækifæra sem felast í varnarsvæðinu sem ég nefndi hérna áðan.

Auk þess mætti vel hugsa sér ýmiss konar öryggistengda starfsemi, öryggisskóla þar sem öryggismálum almennt væri fyrir komið, brunavörnum, löggæslu og landhelgismálum, íslensk öryggismál í það heila. Svæðið hentar ákaflega vel fyrir slíka starfsemi þannig að ég fagna þeirri umræðu sem á sér stað í dag og þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að taka hana hér upp. Hún bendir á brýna kosti, góða kosti til að nýta svæðið vel og vandlega fyrir mjög heppilega almannaþjónustu sem ætti svo sannarlega heima þar. Það er ekki flutningur flutninganna vegna, heldur af því að það hentar vel að nýta mannvirkin, svæðið liggur þannig fyrir að miðstöð öryggismála á þar svo sannarlega heima. Auk þess værum við að sjálfsögðu að bregðast við þeirri stöðu sem kom upp suður frá þegar varnarliðið fór, störfum fækkar verulega og dregst saman í samfélaginu.

Það eru mörg sjónarmið sem þar koma saman. Við eigum að nýta sóknarfærin sem felast í yfirgefnu varnarsvæðinu. Miðstöð öryggismála og Landhelgisgæslan eru meðal þeirra hluta sem við eigum að skoða vel og vandlega og útiloka ekkert í því samhengi. Það var ágætt að heyra að hæstv. ráðherrann útilokaði ekkert fyrir fram í þessu samhengi.

[15:47]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er auðvitað ljóst að stórt verkefni bíður okkar, að finna not fyrir þá aðstöðu og mannvirki sem losna nú á Keflavíkurflugvelli og færast yfir til borgaralegra nota. Eitt af því sem menn hafa að sjálfsögðu horft mjög á er ýmiss konar flugtengd starfsemi, það liggur að mörgu leyti beint við að líta til slíkra þátta. Þar af leiðandi er ekki nema eðlilegt að menn velti fyrir sér a.m.k. flugrekstrarþætti Landhelgisgæslunnar í þeim efnum eða starfseminni í heild sinni.

Það er náttúrlega fleira sem þarf að gerast og er að gerast samtímis, þ.e. sú endurskipulagning á starfsemi Landhelgisgæslunnar og efling björgunarstarfseminnar sem er bráðnauðsynleg og verið er að vinna að, m.a. með fjölgun þyrlna. Þá þarf náttúrlega að horfa til fleira en bara húsakosts, það þarf að horfa til verkefnisins sem er björgunarverkefnin sjálf og aðstæður í þeim efnum. Ég minni á í því sambandi að það hefur lengi verið krafa íbúa fyrir norðan og austan land og sjómanna sem sækja sjó á því svæði og reyndar hvar sem er að a.m.k. yfir vetrartímann verði staðsettar þyrlur norðan hálendisins, af augljósum ástæðum. Þess vegna hlýtur að þurfa að horfa til allra þessara þátta þegar starfsemi Landhelgisgæslunnar verður endurskipulögð.

Ég hef reyndar lengi velt fyrir mér hvers vegna skiparekstur er endilega staðsettur í Reykjavík. Það er ekki starfsemi sem liggur beint við að hafa inni við botn Faxaflóans. Af hverju er ekki einmitt skipaútgerðin frá einhverri góðri höfn úti við ströndina, á Suðurnesjum, í Vestmannaeyjum, á Akureyri, Ísafirði eða einhverjum slíkum stað, eða dreift á þessar slóðir? Ég held að miðsækniáráttan hafi haft fullmikil völd í þessum efnum.

Varðandi flugrekstrarþáttinn aftur verða náttúrlega ekki teknar neinar skyndiákvarðanir í þeim efnum. Það verður að hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar í huga eins og þeir eru um þessar mundir og búseta þeirra. En ég held að það sé hyggilegt (Forseti hringir.) að framtíðarstefnan skeri úr um það hvar þessari starfsemi er ætlaður staður, eða höfuðstöðvum hennar, og það er kannski aðalatriðið að menn komi sér niður á eitthvað í þeim efnum.

[15:49]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli sem við í Frjálslynda flokknum höfum verið opnir fyrir. Við fluttum m.a. þingsályktunartillögu, þ.e. Grétar Mar Jónsson varaþingmaður var meðflutningsmaður á þingsályktunartillögu hv. þm. Hjálmars Árnasonar, fyrir þremur árum um að skoða kosti þess að flytja höfuðstöðvarnar til Suðurnesja. Mér finnst tímabært að menn velti þessu fyrir sér núna með breyttri skipan mála hjá Landhelgisgæslunni. Við eigum að velta fyrir okkur hvort það eigi að gera það samhliða því breytta hlutverki sem Gæslan hefur.

Það komu tvær umsagnir um þessa þingsályktunartillögu. Önnur var mjög jákvæð, sem von var, frá sveitarfélögum á Suðurnesjum en hin var nokkuð varfærin frá Landhelgisgæslunni. Hún var þó opin fyrir því að skoðaðir yrðu kostir og gallar þess að flytja höfuðstöðvarnar. Mér finnst að það eigi skilyrðislaust að fara í þá vinnu. Það liggur fyrir að þarna eru ónýtt hafnarmannvirki sem eru að vísu víða um land vegna þess að fiskveiðistefna stjórnarflokkanna hefur orðið til þess að hafnarmannvirki víða eru lítt notuð. Það hefur orðið algjör eyðing á fiskveiðiflota landsmanna á umliðnum árum vegna þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið gegn landsbyggðinni, vil ég segja.

Síðan eru það flugskýli sem varnarliðið skildi eftir þannig að tækifæri og breyttar aðstæður reka menn vissulega til þess að skoða þessa hluti með opnum huga. Það gerum við í Frjálslynda flokknum.

[15:51]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Hér fer fram mikilvæg umræða um framtíðina og það er auðvitað ljóst að við, margir Íslendingar sem höfum verið þeirrar skoðunar að herlaust Ísland á friðartímum væri öruggt og mikilvægt mál, stöndum nú, óvænt kannski, frammi fyrir nýrri staðreynd. Í því liggja tækifærin. Það hefur auðvitað gerst að framkoma Bush-stjórnarinnar og Bandaríkjamanna eftir áratuga samstarf var harkaleg gagnvart vinaþjóð, að nánast skella hurðum og fara með allt sitt hafurtask. Það þýðir samt ekki að harma það en vissulega mun það hafa áhrif á samskipti og trúnað og traust milli þessara tveggja vinaþjóða.

Stóra verkefnið er að vinna úr þeim málum sem hér hafa verið rædd. Ég þakka fyrir það að dómsmálaráðherra hefur rætt um að Lögregluskólinn eigi jafnvel að fara á Suðurnesin. Ég tel að Landhelgisgæslan, og þess vegna ríkislögreglustjórinn, mundi sóma sér þar. Öryggi Íslands á mikið

undir því að varnir okkar verði traustar og trúverðugar. Forstofa Íslands stendur í Keflavík og þaðan verður Ísland varið. Þess vegna tel ég að við þurfum að byggja þessa þætti þar upp.

Það á að mínu mati að staðsetja miðstöð alls eftirlits með land- og lofthelgi Íslands á Keflavíkurflugvelli, svo og miðstöð alls björgunarstarfs. Öll aðstaða er þar fyrir hendi, bæði hvað varðar flug- og hafnarmannvirki, en herinn hafði komið upp miklu af mannvirkjum sem við þekkjum og standa þau nú auð og eru í góðu ástandi. Í þessu liggja stór tækifæri til að endurskipuleggja varnir og öryggismál Íslands út frá þessari aðstöðu og í það eigum (Forseti hringir.) við að fara með þeim hætti að á Suðurnesjum verði miðstöð allra þessara öryggis- og varnarmála.

[15:53]

**Birgir Ármannsson:**

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt í þessu sambandi að átta sig á því að hlutverk Landhelgisgæslunnar í þeirri breyttu mynd sem við stöndum frammi fyrir í dag verður meira og mikilvægara en við höfum séð fram að þessu. Það er ljóst að Landhelgisgæslan kemur til með að taka að sér fleiri og stærri verkefni en til þessa og það er líka ljóst að þingmenn og stjórnvöld verða að bregðast við því með margvíslegum hætti. Ríkisstjórnin hefur gert það á mörgum sviðum og hæstv. dómsmálaráðherra hefur haft forgöngu um það að lagaumhverfi Landhelgisgæslunnar hefur verið breytt. Við gengum frá því núna á síðasta vori að samþykkja ný lög um Gæsluna sem munu skapa henni möguleika á því að takast á við nýtt og aukið hlutverk. Líka hefur verið gerður reki að því að leysa úr brýnni þörf fyrir nýjan og aukinn tækjakost og það er mikilvægt að þingmenn standi saman í því að fylgja því eftir.

Varðandi staðsetningu starfsemi Gæslunnar, annaðhvort að öllu leyti eða hluta, finnst mér lykilatriðið að tekið verði tillit til þeirra þarfa sem Gæslan hefur í því sambandi, hvernig hún getur á sem hagkvæmastan og skynsamlegastan hátt rækt hlutverk sitt við þessar nýju og breyttu aðstæður. Ég get tekið undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað og sagt það nauðsynlegt að skoða kosti suður með sjó í því sambandi. Ég er hins vegar ekki tilbúinn til þess að taka afdráttarlaust afstöðu til þess, heldur verðum við að sjálfsögðu að taka tillit til þeirra verkefna sem um er að ræða og velja þá hagkvæmustu kosti og skynsamlegustu miðað við verkefnið sem þarf að sinna.

[15:55]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Það var í sjálfu sér fagnaðarefni að herinn skyldi fara úr landi þrátt fyrir að ríkisstjórnarflokkarnir báðir, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, hafi grátbeðið hann að vera kyrran. Hins vegar eru bæði möguleikar og tækifæri og skyldur sem geta falist í því að herinn er farinn og við hér getum axlað á eigin ábyrgð rekstur mannvirkja á Keflavíkurflugvelli sem tilheyra gömlu herstöðinni.

Ég hef t.d. velt því alvarlega fyrir mér hvort ekki ætti að setja upp þarna alþjóðlega eftirlitsstöð með siglingum um Norður-Atlantshafið. Það eru gríðarlegar siglingar með alls konar varning, efni og vörur, sem lítið eftirlit er með. Einnig gæti verið hér staðsett alþjóðleg björgunarmiðstöð, einmitt til þess að sinna flugi og umferð, hvort sem er á lofti eða legi, og þar í gæti legið möguleiki.

Ég vil þó sérstaklega vekja athygli hér á fjárhagsstöðu Landhelgisgæslunnar sem hefur nokkur undanfarin ár þurft að berjast við mikinn halla og rekstrarvanda sem ekki hefur verið tekið á. Mig minnir að rekstrarhallinn eða skuldin hafi um síðustu áramót verið tæplega 170 millj. kr. Engar úrbætur eru á leiðinni í gegnum fjárlög hvað það varðar. Þó að verið sé að setja fjármagn í kaup og leigu á þyrlum og þess háttar er rekstrarvandi Landhelgisgæslunnar áfram óleystur. Ég tel, þó að ekki sé nema í (Forseti hringir.) öryggisskyni, að við ættum að byrja á því að taka til þar og tryggja rekstur Landhelgisgæslunnar (Forseti hringir.) áður en við veltum því fyrir okkur að flytja hana.

[15:58]

**Hjálmar Árnason:**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, sem og þeim þingmönnum sem hér lögðu orð í belg. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. ráðherra skuli hafa með faglegum hætti lýst þeim möguleikum að Suðurnesin taki að verulegu leyti, hugsanlega, við starfsemi Landhelgisgæslunnar. Ég vara jafnframt við því að lagt verði í fjárfestingar og stofnkostnað á Reykjavíkurflugvelli vegna þeirrar stækkunar sem augljós hefur orðið hjá Landhelgisgæslunni. Vegna þessarar stækkunar, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, þarf að stækka skrifstofuhúsnæðið og skýli fyrir flugkostinn. Ég teldi óskynsamlegt að leggja út í slíka fjárfestingu núna, ekki síst í ljósi þess að aðstaða er til staðar, eins og ég nefndi áðan, í skýli 831 á Keflavíkurflugvelli. Þetta er glæsilegt skýli sem ekki einungis getur tekið við hinum vaxandi flugkosti Landhelgisgæslunnar, heldur er þar mjög góð aðstaða fyrir skrifstofuhald Landhelgisgæslunnar. Þess vegna hvet ég til þess að sá kostur verði skoðaður nú þegar.

Ég vek líka athygli á því að 800–900 manns misstu snögglega atvinnu sína á Suðurnesjum og ég gæti ímyndað mér að annars staðar hefði heyrst hljóð úr horni. Það hefur gengið nokkuð átakalítið fyrir sig hvað Suðurnesin varðar, þaðan hefur ekki heyrst neitt ramakvein. Ég tel hins vegar að hæstv. ríkisstjórnin sem og þingheimur hafi ákveðnar skyldur gagnvart samfélaginu þarna vegna þeirra ótrúlega stóru breytinga sem hafa orðið og af því að fyrir því eru fagleg rök að færa strax Landhelgisgæsluna til Suðurnesja teldi (Forseti hringir.) ég það hyggilegt og faglegt, að ég tali nú ekki um skynsamlegt.

[16:00]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Varðandi hin faglegu rök og þau sjónarmið sem þarf að hafa í huga kom það ekki fram í máli mínu að þegar ég spyr Landhelgisgæsluna um þessi mál kemur m.a. fram að fyrir liggi upplýsingar frá Veðurstofu Íslands um að skilyrði til neyðarflugs séu mun lakari á Miðnesheiði en í Reykjavík. Það eru svona þættir sem þarf líka að líta til. Ég rakti það ekki í máli mínu og minntist ekki á það að það ætti að stækka flugskýli á Reykjavíkurflugvelli.

Það er skrifstofuaðstaða sem er verið að ræða um við Flugmálastjórn á Reykjavíkurflugvelli.

En hvað um það, ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu og gefa þingmönnum tækifæri til að ræða þessi mál. Ég tel að forgangsverkefnin hjá Gæslunni séu önnur en að fara í þennan flutning en eins og ég sagði útiloka ég hann alls ekki. Raunar hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið lagt sig fram um það að vinna með yfirvöldum á Suðurnesjum. Við höfum gert þar samning um hælisleitendur, flutt útgáfu vegabréfa þangað og lagt fram hugmyndir um að Lögregluskólinn eða Löggæsluskóli Íslands verði starfræktur á Keflavíkurflugvelli. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir stuðning hans við það mál og líka við þá hugmynd sem býr þar að baki, að þar verði víðtækari þjálfunarmiðstöð fyrir þá sem sinna öryggisgæslunni. Eins og hann sagði réttilega er Keflavíkurflugvöllur sá staður sem er kannski viðkvæmastur fyrir okkur þegar litið er til öryggismálanna og við þurfum að koma þar fyrir starfsemi á vegum ríkisins sem sinnir öryggismálum. Ekkert er betur til þess fallið að mínu mati en t.d. Löggæsluskólinn með þjálfunarbúðum sínum og öðru slíku. Einnig hefur verið rætt um að við þurfum að þjálfa hér varalið og það gæti líka komið inn í þetta.

Við höfum vissulega augastað á þeim möguleikum sem þarna eru, útilokum ekkert í þeim efnum og væntum góðs samstarfs við heimamenn um það.

[Fundarhlé. — 16:02]

[18:00]

**Útbýting:**

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 2005 og 2006, 343. mál, skýrsla félmrh., þskj. 372.

Fjarnámssetur, 361. mál, fsp. AHB, þskj. 392.

Fjárhagur sveitarfélaga, 360. mál, fsp. AKG, þskj. 391.

Utanríkis- og alþjóðamál, 363. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 395.

## *Öndunarvélaþjónusta við MND-sjúklinga.*

Fsp. GÓJ, 109. mál. — Þskj. 109.

[18:01]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um öndunarvélaþjónustu við MND-sjúklinga. Eins og menn vita er MND-sjúkdómurinn mjög alvarlegur sjúkdómur sem hefur það í för með sér að vöðvar sjúklinga rýrna og sjúkdómurinn hefur yfirleitt þær afleiðingar að öndunarfæri lamast sem leiðir þá til dauða sjúklingsins. Sem betur fer er þessi sjúkdómur ekki mjög algengur og ef ég man rétt eru líklega um 5–6 sjúklingar greindir hér á hverju ári.

Nýlega var haldin ráðstefna norrænu MND-samtakanna á Selfossi sem ég hafði tækifæri til að sitja og ávarpa. MND-samtökin hér á landi stóðu fyrir þeirri ráðstefnu. Það var mjög fróðlegt fyrir okkur sem erum heilbrigð að þessu leyti að fá að kynnast þar sjónarmiðum sjúklinga og nýjustu rannsóknum sem unnið er að á þessu sviði. Á þessari ráðstefnu hitti ég m.a. danskan mann að nafni Evald Krog sem er merkilegur og hefur lifað merkilegu lífi. Hann er í öndunarvél og hefur verið um nokkuð langt skeið en ferðast um með tvo aðstoðarmenn og lifir eins eðlilegu lífi og hægt er miðað við þær aðstæður að hann er bundinn við hjólastól.

Öndunarvélar hafa nánast ekkert verið notaðar hér á landi í þágu MND-sjúklinga en ég tel mjög brýnt að við reynum að skoða hvort og þá að hve miklu leyti slíkar vélar geta komið MND-sjúklingum til góða. Ég er sannfærður um að slíkar vélar munu létta sjúklingum lífið hér á landi eins og erlendis og geti þess vegna hjálpað MND-sjúklingum við að njóta lífsins, hugsanlega lengt það líka nokkuð og það er ýmsu til kostandi í þeim efnum, hæstv. forseti.

Ég veit satt best að segja í sjálfu sér ekki hver stefna heilbrigðisyfirvalda hér á landi er varðandi öndunarvélaþjónustu og mér er ekki kunnugt um að hún hafi verið gerð sérstaklega opinber. Hins vegar vita allir að þetta er gríðarlega mikil bót fyrir MND-sjúklinga og þess vegna tel ég brýnt að heilbrigðisyfirvöld og heilbrigðisráðuneytið vinni áfram að þessum málum og reyni, eins og ég gat um áðan, að koma til móts við MND-sjúklinga. Ég hef því lagt fram fyrirspurn til hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þar sem ég spyr:

Hvaða áform hefur ráðherra um öndunarvélaþjónustu við MND-sjúklinga?

[18:04]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. 7. þm. Reykv. n. hefur beint til mín spurningu um hvaða áform ég hafi um öndunarvélaþjónustu við MND-sjúklinga. Öndunarvélaþjónusta fyrir MND-sjúklinga hefur verið talsvert í brennidepli umræðunnar að undanförnu. Fyrir nokkru var, eins og hér hefur komið fram, haldin norræn ráðstefna á vegum MND-félagsins þar sem þetta mál var m.a. til umræðu. Í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og víðar hefur það verið valkostur fyrir fólk með háa taugaskaða eða framsækna taugasjúkdóma, m.a. MND, að fá stuðning af öndunarvél þegar vöðvakraftur sem þarf til að anda fer þverrandi eða er ekki til staðar. Þá sér öndunarvélin algerlega um öndun fyrir hinn fatlaða. Hingað til hefur verið boðið upp á stuðning með öndunarvél en aðeins hefur í örfáum tilvikum verið um að ræða að öndunarvélin andi að fullu fyrir einstaklinga til frambúðar. Við höfum fengið kynningu á því hvernig þetta fer fram í nágrannaríkjum okkar og m.a. hef ég átt fundi tvisvar sinnum með Evald Krog sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur líka hitt og hann hefur rætt það við okkur hvernig þetta er gert í Danmörku.

Síðustu árin hefur verið unnið að því að fara yfir stöðu þessara mála hér á landi með tilliti til þess hvort rétt sé að setja upp svipað kerfi hér og tíðkast í nágrannalöndunum, þ.e. að setja upp barkarennu og að fólk lifi við stöðugan öndunarvélastuðning. Í þessu skyni hefur Landspítali – háskólasjúkrahús unnið mjög greinargott yfirlit um líklegan fjölda þeirra sem gætu notað þjónustuna á næstu árum. Í raun er um að ræða talsvert stærri hóp en aðeins sjúklinga með MND. Í þeirri yfirferð sem ráðuneytið hefur unnið að

er litið til þeirra sem hafa orðið fyrir slysum líka eða eru með framsækna taugasjúkdóma.

Landspítali – háskólasjúkrahús er nú þegar með víðtæka öndunarvélaþjónustu fyrir fólk með kæfisvefn og fólk sem hefur þurft á öndunarvélastuðningi að halda af öðrum ástæðum um lengri eða skemmri tíma svo að sú þekking sem er nauðsynleg innan heilbrigðiskerfisins er að mestu leyti til staðar. Út frá þekkingarlegum forsendum erum við því ágætlega inni í því hvernig þjónustunni gæti verið háttað.

Fólk sem er algerlega háð öndunarvél hefur misst mestalla hreyfigetu líkamans og er því verulega háð utanaðkomandi aðstoð í sínu daglega lífi. Þess vegna er þörf á vakt allan sólarhringinn því að ef slokknar á vélinni lifir viðkomandi ekki nema í örfáar mínútur. Sú þjónusta krefst ekki heilbrigðisstarfsmanna frekar en notkun annarra hjálpartækja. Í Danmörku er það alfarið ófaglært fólk sem sér um að manna sólarhringsvaktir í heimahúsum hjá fólki sem er háð öndunarvél. Heilbrigðisþjónustan sinnir hins vegar þeim þáttum sem gera kröfur um faglærða heilbrigðisstarfsmenn á sama hátt og gerist hjá öðrum fötluðum einstaklingum sem búa heima. Einnig sér heilbrigðisþjónustan um að þjálfa starfsmenn í meðferð vélanna í upphafi. Heilbrigðisyfirvöld hafa ásamt félagsmálayfirvöldum unnið að því að meta umfang og mögulegan vöxt þessarar þjónustu á komandi árum og hvernig deila skuli verkefnum milli þessara þjónustuþátta. Einnig er verið að huga að lagalegum þáttum málsins.

Ef um er að ræða þjónustu í heimahúsi eða sambýli er ljóst að verulegur hluti af daglegri umönnun yrði á hendi félagsmálayfirvalda. Hinn faglegi stuðningur sem er nauðsynlegur svo og aðgerðir og þjálfun í tengslum við uppsetningu og umönnun sem tengist sérstaklega öndunarvélunum yrði á vegum heilbrigðiskerfisins. Þjónusta sem fer fram á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum er einnig á hendi heilbrigðisyfirvalda. Það er vilji okkar að við Íslendingar búum við sambærileg réttindi og fólk í nágrannalöndum okkar. Því hljótum við að stefna að því að hið sama gildi fyrir fólk með framsækna taugasjúkdóma hér á landi eins og annars staðar á Norðurlöndunum þannig að áform mín og félagsmálaráðherra eru þau að ljúka yfirferð á þessu máli. Ég tel eðlilegt að við bjóðum upp á öndunarvélaþjónustu fyrir þennan sjúklingahóp, þ.e. þann hóp sem þarf á henni að halda og þá þarf að skoða bæði læknisfræðilegt mat og fleira sem þarf að hafa til hliðsjónar þegar meta skal þessa meðferð. Samtök MND-sjúklinga hafa unnið að þessu máli í mjög góðri samvinnu við stjórnvöld og tel ég að það samstarf hafi borið þann ávöxt að við erum komin nokkuð langt í undirbúningi þessa máls.

Í stuttu máli er svar mitt það að ég tel eðlilegt að við bjóðum upp á þessa þjónustu og við erum núna að klára yfirferð yfir málið á milli ráðuneyta af því að það er alveg ljóst að bæði heilbrigðisyfirvöld og félagsmálayfirvöld þurfa að koma að þessu máli svo að þjónustunni verði vel sinnt.

[18:09]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir að koma með þessa fyrirspurn og ráðherra fyrir svörin. Ég vil samt ítreka að eins og þjónustan er á Norðurlöndunum er, fyrir utan öndunarvélarnar, um heimaþjónustu að ræða. Tveir til þrír starfsmenn fylgja hverjum einstaklingi og það eru ekki heilbrigðisstarfsmenn heldur starfsmenn á vegum félagsþjónustunnar. Ég fagna því að koma eigi þessari þjónustu á en til þess að svo megi vera, að einstaklingar geti þá verið heima, þarf að tryggja félagsþjónustunni meira fjármagn, eyrnamerkja framlög til þessara einstaklinga þannig að það verði ekki íþyngjandi þjónusta fyrir sveitarfélögin að taka þetta að sér.

[18:11]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil taka undir og þakka hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni, fyrir að taka upp þetta mikilvæga mál hér á þingi. Ég fagna sérstaklega svari hæstv. heilbrigðisráðherra Sivjar Friðleifsdóttur því að ég tek undir að þetta er mikilvægt mál og mikið framfaramál og hefur verið eitt helsta baráttumál forsvarsmanna MND-félagsins á síðustu árum. Þeir hafa svo sannarlega unnið í samvinnu við stjórnvöld um hvernig best væri að þoka þessum málum áfram. Algjör forsenda þess að okkur takist að ná fram þessum brýnu bótum á þjónustunni er að félagsmálayfirvöld og heilbrigðisyfirvöld vinni náið saman og ég heyri að það er unnið að því.

Mér finnst mikilvægt að samstaða náist um málið. Það veitir manni svo sannarlega aðra sýn á lífið að kynnast forsvarsmönnum MND-félagsins og þeim ágæta manni Evald Krog sem heimsótt hefur Ísland nú í að minnsta kosti tvö skipti. Það að hafa þetta val um þjónustu og val um þær leiðir sem maður fer í lífinu skiptir höfuðmáli í þessum efnum.

[18:12]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég fagna svörum ráðherra um öndunarvélaþjónustu fyrir MND-sjúklinga. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að öndunarvélaþjónusta hefur einkum verið notuð fyrir sjúklinga með kæfisvefn á vegum Landspítalans en ráðherra lýsir því nú yfir að hún sé að skoða málið. Öndunarvélaþjónusta og sú skoðun mun þá væntanlega taka til MND-sjúklinga, sjúklinga með framsækna taugasjúkdóma, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt, og svo sjúklinga sem orðið hafa fyrir slysum.

Það er verið að skoða þessi mál á vegum heilbrigðisyfirvalda og félagsmálayfirvalda og ég vona að hæstv. ráðherrar heilbrigðismála og félagsmála vinni hratt og örugglega í þeim efnum vegna þess að það er mikilvægt að menn láti ekki hugsanlegan ágreining um það hver eigi að gera hvað, eða hvað eigi að vistast í hvoru ráðuneyti, verða til þess að þessu seinki um of.

Hæstv. ráðherra lýsti því yfir að hún teldi eðlilegt að bjóða upp á öndunarvélaþjónustu. Ég tel mjög mikilvægt að það komi skýrt fram að vilji hæstv. ráðherra stendur til þessa og ég fagna því sérstaklega ef þessi fyrirspurn mín hefur orðið til þess að hreyfa eitthvað við málinu. Ég hvet hæstv. ráðherra áfram í þessum efnum og mun standa að baki henni í þessum málum eins og öðrum. Ég vona jafnframt að aðrir hv. þingmenn á hinu háa Alþingi verði til þess að veita þessu máli stuðning.

[18:14]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessar jákvæðu undirtektir. Með því að spyrja hreyfa menn við málum en þeir tveir sem eiga kannski mestan hlut hér að máli, miðað við það hvað við erum komin langt í undirbúningi þess, eru Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins, og Evald Krog sem hefur komið hingað í heimsóknir til okkar. Þeir hafa rætt þessi mál við okkur, verið miklir baráttumenn og þess vegna erum við komin svona langt með undirbúninginn.

Ég vil draga hérna sérstaklega fram að í samantekt Landspítalans sem hefur skoðað tölur fyrir okkur í þessu sambandi kemur fram að segja má að þegar séu tveir Íslendingar í öndunarvélameðferð. Þeir eru báðir á stofnun. Við undirbúning öndunarvélameðferðar í heimahúsum á Íslandi mætti gera ráð fyrir því að skjólstæðingarnir væru 3–4 í lok fyrsta ársins og að eftir þrjú ár væru skjólstæðingarnir orðnir 5–7. Þetta eru þær tölur sem við sjáum nú þegar að gæti verið hópurinn sem þyrfti á svona þjónustu að halda.

Kostnaðarþátturinn er auðvitað atriði sem við þurfum að fara í gegnum. Það er alveg ljóst að erlendis þjónusta aðallega ófaglærðir aðilar þennan hóp vegna vélanna og það er eitthvað sem hæstv. félagsmálaráðherra er að skoða. Að sjálfsögðu skoðum við það sem undir okkur heyrir, þ.e. heilbrigðisþáttinn og þá erum við aðallega að tala um að þjálfa fólk upp gagnvart því að nota vélarnar og svo auðvitað að sinna heföbundinni heimahjúkrun eftir því sem þarf. Ég tel þetta mál komið á góðan rekspöl og tel sjálf eðlilegt að við hefjum þessa þjónustu.

Umræðu lokið.

## *Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ.*

Fsp. VF, 119. mál. — Þskj. 119.

[18:16]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn varðandi hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ. Ég tel óþarft að fara nákvæmlega yfir málið enda hefur verið spurt um það nokkrum sinnum áður. Þess ber þó að geta að í rúman áratug hefur Mosfellsbær árlega sótt um leyfi til að hefjast handa við byggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ en án árangurs.

Í áætlun heilbrigðisráðuneytisins um uppbyggingu á öldrunarþjónustu 2002–2007 var gert ráð fyrir fjármunum að upphæð 100 millj. kr. í uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ. Það hefur enn ekki gengið eftir og er óhætt að segja að Mosfellsbær sé eitt fárra sveitarfélaga á landinu sem ekki býr við tryggan aðgang að hjúkrunarrýmum fyrir aldraða og sjúka íbúa.

Herra forseti. Af þessum ástæðum ber ég fram fyrirspurn. Eins og fram kom í svari ráðherra við síðustu fyrirspurn þá hreyfa menn við málum með því að spyrja. Ég spyr því, herra forseti:

Hefur áætlun heilbrigðisráðuneytis um uppbyggingu öldrunarþjónustu 2002–2007 þar sem gert var ráð fyrir 100 millj. kr. í uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ verið fylgt eftir? Ef ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ? Hvenær munu þá framkvæmdir hefjast og hvenær er áætlað að það taki til starfa?

[18:18]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. 9. þm. Suðvest. spyr um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ, hvort áætlun ráðuneytisins frá árunum 2002–2007 um að veita 100 millj. kr. til þessa verkefnis hafi gengið eftir, hvort ég hyggist beita mér fyrir uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ, hvenær framkvæmdir muni hefjast og þá hvenær áætlað sé að heimilið taki til starfa.

Virðulegur forseti. Því er til að svara að í áætlunum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hefur verið horft til þess að í Mosfellsbæ er ekkert hjúkrunarheimili. Það er óviðunandi til lengdar fyrir svo stórt bæjarfélag. Mosfellingar hafa þó ekki verið úrræðalausir því að gott samstarf hefur verið milli bæjarfélagsins og hjúkrunarheimilisins Eirar um vistun aldraðra íbúa bæjarfélagsins sem þurft hafa á hjúkrunarvist að halda.

Mosfellsbær hefur staðið ágætlega að uppbyggingu þjónustu við aldraða í bæjarfélaginu, bæði varðandi húsnæðismál, með uppbyggingu þjónustuíbúða, með heimaþjónustu fyrir aldraða og öðrum stuðningi við aldraða sem búa heima. Þá eru níu dagvistarrými í Hlaðhömrum sem einnig eru til mikils stuðnings öldruðum í heimahúsum.

Virðulegi forseti. Spurt er hvort fylgt hafi verið eftir áætlun ráðuneytisins fyrir árin 2002–2007 sem gerði ráð fyrir 100 millj. kr. uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ. Áhersla hefur verið lögð á fjölgun hjúkrunarrýma þar sem þörfin hefur verið brýnust. Brýnasta þörfin hefur m.a. verið í Reykjavík þar sem ákveðið var að byggja upp 200 rými. Þau eru að rísa á næstunni. Lögð hefur verið áhersla á hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut og á Lýsislóðinni.

Samkvæmt niðurstöðum nefndar hæstv. forsætisráðherra, með fulltrúum stjórnvalda og aldraðra, var ákveðið að auka verulega fé til uppbyggingar nýrra hjúkrunarrýma og skiptir miklu að verja þeim fjármunum vel. Það er mat okkar að þau sveitarfélög þar sem brýnast er að sinna uppbyggingu séu Kópavogur, Mosfellsbær, Hafnarfjörður, Garðabær, Reykjanesbær, Árborg og Ísafjörður. Áætlun stjórnvalda um uppbyggingu á þessum stöðum kynnti ég nýlega opinberlega. Jafnframt hef ég átt fund með fulltrúum áðurtalinna bæjarfélaga til að ræða fyrirhugaðar framkvæmdir og ákveðið að skipa samráðshópa um framkvæmdir á hverjum stað með fulltrúum viðkomandi bæjarfélags og ráðuneyti.

Samkvæmt ákvörðun minni verða byggð 20 hjúkrunarrými í Mosfellsbæ. Ég átti nýlega fund með fulltrúum sveitarstjórnar Mosfellsbæjar vegna þessa nýja hjúkrunarheimilis. Gert er ráð fyrir að undirbúningur framkvæmda hefjist um mitt næsta ár og framkvæmdir síðari hluta ársins 2008. Gangi áætlanir ráðuneytisins eftir má ætla að nýtt hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ geti tekið til starfa í lok árs 2008.

Eftir að fyrirspurn hv. þingmanns var lögð fram hefur

staðan gjörbreyst. Nú er búið að taka ákvörðun um byggingu nýs hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ. Ég tel að það hafi verið mjög brýn ákvörðun vegna þess sem koma fram í máli hv. þingmanns, að ekkert rými er innan sveitarfélagsins. Mosfellsbær hefur verið í samstarfi við Eir þannig að aldraðir Mosfellingar hafa þurft að fara út fyrir bæjarfélagið. Ég tel eðlilegt að við byggjum á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu upp hjúkrunarrými og hjúkrunarheimili sem ekki þurfa að vera stórar byggingar með mjög mörgum rýmum. Við höfum færst frá þeirri hugmyndafræði sem ríkti á sínum tíma, að byggja mjög stórar einingar. Þá var talað um hagkvæmni í slíkum byggingum en nú hafa menn færst í átt að því að byggja víðar og byggja sums staðar minni einingar. Þarna er verið að ræða um 20 rýma einingu.

Hins vegar munu gjöldin sem fara til rekstrar, þ.e. daggjöldin, taka mið af stærð heimila. Við munum borga álag á þeim heimilum sem eru minni eða lítil. Heimili með 20 manns og færri fá t.d. 6% álag á daggjöld. Þau sem eru með 40 eða færri fá 4% álag og þau sem eru 60 manna eða færri fá 2% álag. Þannig verður tekið tillit til þeirra eininga sem eru óhagkvæmari í rekstri.

[18:24]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það sem skiptir máli við uppbyggingu hjúkrunarrýma er þetta: Í fyrsta lagi liggur fyrir að innan skamms verður hafist handa við að byggja 200 ný hjúkrunarrými í Reykjavík, 110 rými við Suðurlandsbraut og 90 rými á svokallaðri Lýsislóð. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur síðan lýst því yfir nýlega að til standi að byggja 174 ný hjúkrunarrými, þar af 20 í Mosfellsbæ. Því er ljóst að fram undan er stórkostleg uppbygging á hjúkrunarrýmum í Mosfellsbæ, víðar í Suðvesturkjördæmi, hér á höfuðborgarsvæðinu, Ísafirði og fleiri stöðum.

Það er ljóst að stjórnarmeirihlutinn og hæstv. heilbrigðisráðherra standa sig gríðarlega vel í þessum efnum.

[18:25]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör og fagna því að hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ skuli loks komið á framkvæmdaáætlun. Ég ætla rétt að leyfa mér að minnast á að ekkert annað sveitarfélag af sömu stærðargráðu er án hjúkrunarheimilis í dag. Á næstu árum er talið að 65 ára og eldri muni fjölga hlutfallslega mest í Mosfellsbæ.

En ég þakka fyrir skýr svör og fagna þessum áfanga.

[18:25]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Já, ég heyri að hv. þingmaður talar í sama anda og sveitarstjórnin í Mosfellsbæ, þar sem menn eru fullir bjartsýni og ánægðir með þessa ákvörðun. Þeir eru komnir á fullt í að undirbúa hvernig eigi að standa að þessu með okkur.

Ég vil taka fram að við ræddum um hjúkrunarrými almennt í fyrirspurnatíma fyrr á árinu, í vor. Það var löngu áður en niðurstaðan varð ljós úr samstarfi okkar við Landssamband eldri borgara í nefnd Ásmundar Stefánssonar. Sú niðurstaða varð til þess að við fengum inn aukið fé til uppbyggingar á þessum rýmum. En þá dró ég fram að búið væri að byggja í kringum 3 þús. hjúkrunarrými, það fer eftir því hvernig þau eru skilgreind. Fjöldi þeirra er hins vegar öðru hvoru megin við töluna 3 þús. í dag og þá sagði ég að við værum líklega búin að byggja upp um 88% af þeim rýmum sem við þyrftum og byggja þyrfti um 12% í viðbót. Ég nefndi þá að við þyrftum að byggja 370–380 ný rými á næstunni. Við erum einmitt að gera það. Það er erfitt að áætla þetta en við áætlum að með þeim rýmum sem við byggjum upp á næstu fjórum árum, sem eru 374 nákvæmlega, 200 í Reykjavík og 174 í nágrannasveitarfélögunum, Selfossi, Reykjanesbæ og Ísafirði, þá náum við líklega að anna eftirspurninni, að því gefnu að við aukum heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu sem við ætlum að gera og fjármagn hefur verið tekið til hliðar fyrir.

Þar með er þó ekki sagt að verkefnið sé búið. Síðar þarf að endurbyggja gömul rými sem eru óhentug í dag, þar sem eru fjölbýli og rými með salerni á gangi en ekki inni í rýminu sjálfu o.s.frv. Verkefnið er því ekki búið þrátt fyrir að við sjáum fram á að endar nái saman í fjölda rýma.

Umræðu lokið.

## *Námsframboð í loðdýrarækt.*

Fsp. MÞH, 241. mál. — Þskj. 244.

[18:28]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp í ræðustól til að bera fram munnlega fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra um loðdýrarækt.

Forsaga þessa máls er sú að ég og formaður Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, vorum viðstaddir aðalfund Sambands loðdýrabænda sem haldinn var í Ölfusi í Árnessýslu fyrir nokkrum vikum. Þar urðum við þess áskynja að það gengur afskaplega vel í loðdýrarækt-inni í dag, sérstaklega í minkarækt-inni. Þessar fréttir hafa síðan verið staðfestar í fjölmiðlum undanfarið.

Ég er hérna til að mynda með fyrir framan mig, virðulegi forseti, nýjasta eintakið af hinu ágæta málgagni bænda, Bændablaðinu. Þar er frétt á baksíðunni með svohljóðandi fyrirsögn, með leyfi forseta:

„Meðalminkabú veltir um 20 milljónum og afkoman hefur aldrei verið betri en nú. Verð á skinnum hækkar og fóðurkostnaður fer lækkandi."

Þarna kemur fram nákvæmlega það sama og okkur, mér og hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, var sagt frá á þessum aðalfundi Samtaka loðdýrabænda, að skinnaverð á minkaskinnum er í hæstu hæðum og er í raun og veru miklu hærra en nokkurn mann hafði þorað að óra fyrir.

Á sama tíma hefur átt sér stað mikil umbylting í greininni, allri skipulagningu hennar. Svo virðist sem menn hafi nú náð virkilega góðum tökum á minkarækt hér á landi. En eins og öllum er kunnugt um gekk þessi grein í gegnum miklar hremmingar á 9. áratugnum, ekki endilega vegna þess að menn kynnu ekki að stunda þennan búskap, heldur

kannski frekar vegna þess að óheppilegar markaðsaðstæður komu í bakið á mönnum í kjölfar mikillar uppbyggingar sem varð í greininni.

En eins og ég segi. Menn lærðu af þeirri reynslu og síðan hafa menn unnið hörðum höndum að því að festa greinina í sessi, tekið allt til endurskoðunar, skipulagt hana upp á nýtt, skipulagt rekstur fóðurstöðvanna. Það hafa komið fram ákveðnir kjarnar víða um land þar sem minkarækt er stunduð.

Í framhaldi af þessu langar mig til að grennslast fyrir um það hjá hæstv. ráðherra hvaða námsframboð sé í loðdýrarækt í Landbúnaðarháskóla Íslands eða Hólaskóla. Og hvort það standi þá í framtíðinni til að auka möguleika á slíkri menntun fyrir þá sem vilja þessari stórmerkilegu atvinnugrein vel.

[18:31]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ummælin um loðdýraræktina og fyrirspurnina. Það er rétt sem hv. þm. segir hvað loðdýraræktina varðar, hún hefur gengið í gegnum breytta stöðu á síðustu árum og batnandi en þeim búum sem eftir eru hefur gengið mjög vel og þeir bændur hafa staðið mjög vel að sínum málum.

Þeir hafa náð árangri þrátt fyrir t.d. þá bágu stöðu dollarans sem hér hefur verið síðustu árin. Þetta er því mikill viðsnúningur og gefur ný tækifæri í búgreininni sem er alþjóðleg. Því var spáð í upphafi og ætlun okkar Íslendinga var að við byggjum yfir mikilli sérstöðu hvað þessa búgrein varðar, bæði vegna veðurfars og fóðurgerðar. Þannig að þetta eru gleðilegar fréttir.

En hv. þingmaður bar fram tvær spurningar, í fyrsta lagi:

„Hvaða námsframboð er í loðdýrarækt í landbúnaðarháskólunum?"

Það er frá því að segja að í starfsmenntanámi til búfræðináms við Landbúnaðarháskóla Íslands er tveggja eininga valáfangi sem nefnist annað búfé. Þar er loðdýrarækt gerð nokkur skil. Auk þess hefur verið boðið upp á sérstakt tveggja eininga valnámskeið í loðdýrarækt eingöngu þegar eftirspurn hefur verið eftir slíku námi. Þetta námskeið hefur ekki verið kennt nýlega þar sem eftirspurn eftir faginu hefur legið niðri um nokkurt skeið. Nú kann það að breytast við þessar aðstæður sem ég kem kannski nánar að hér síðar.

Þá annast Landbúnaðarháskólinn efnagreiningar á loðdýrafóðri fyrir fóðurstöðvarnar og gefur leiðbeiningar um úrbætur ef gæðum fóðursins er ábótavant. Landbúnaðarháskóli Íslands heldur því utan um þennan grundvallarþátt greinarinnar og er þar með í ríku sambandi við bændur loðdýraræktarinnar. Önnur spurning hv. þingmanns er:

„Stendur til að auka möguleika á slíkri menntun?"

Ekki er áformað að auka möguleika á þessu námi sérstaklega umfram það sem verið hefur. Það ræðst af eftirspurn hvaða valnámskeið eru kennd hverju sinni. Skólinn hefur á að skipa sérfræðiþekkingu á sviði loðdýraræktar og bregst við með því að bjóða valnámskeið þegar eftirspurn vaknar og nægilega margir nemendur fást í reglubundna kennslu í faginu. Þetta eru svör við spurningum hv. þingmanns.

Loðdýrabændur, ásamt öflugum ráðunaut þeirra hjá Bændasamtökum Íslands, hafa farið í gegnum markvissa endurskipulagningu á síðustu árum, eins og kom fram í máli hv. þingmanns. Gæðastýringu hefur verið komið á á mörgum sviðum til þess að efla búin, hagræða og setja þau í fremstu röð og reyna að ná því marki sem er svo mikilvægt, að standast samkeppnina sem fram fer erlendis. Þeir hafa hugað mjög að kynbótum og öllum þáttum sem snúa að greininni.

Síðan hafa þeir auðvitað ekki síst nýtt mjög vel þann litla stuðning sem ríkisvaldið hefur látið greininni í té. Það eru orðin allmörg ár síðan aftur var gerður samningur af hálfu ríkisstjórnarinnar við loðdýrabændur sem kemur hérna í gegnum þingið, smástuðningur. Sá stuðningur hefur verið notaður mjög vel og skynsamlega í fagmálefni greinarinnar.

Eins og kom fram hjá hv. þingmanni hefur afkoma minkabænda verið vel viðunandi. Síðustu tvö ár hafa verið bændum í greininni afar hagstæð, segir í því sama blaði og hv. þingmaður las hér upp úr. Verð á skinnum hefur sjaldan eða aldrei verið hærra. Fóðurkostnaður hefur lækkað umtalsvert og þar með rekstrarkostnaður búanna. Þá hafa íslenskir bændur náð góðum tökum á framleiðslunni og eru nú í hópi þeirra sem best standa að málum sínum.

Þeir hafa unnið mjög mikið með danska uppboðshúsinu sem hefur skilað þeim miklu. Í kjölfar alls þessa sér Samband íslenskra loðdýrabænda nú fyrir sér frelsi til að reka stór og öflug bú á þessu sviði, sem ekki var til staðar áður, og að miklir möguleikar séu á að efla búgreinina, fjölga bændum í þessari grein landbúnaðarins og þá mun námsáhuginn kvikna (Forseti hringir.) og Landbúnaðarháskólinn mun auðvitað bregðast við því.

[18:36]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Við skulum vona að svo verði, að námsáhuginn kvikni þegar vel fer að ganga í greininni. Ég tel nefnilega að þessi grein, loðdýraræktin, og þá sérstaklega minkaræktin sem gengur svo vel núna sé á margan hátt afskaplega merkileg og spennandi atvinnugrein. Þetta er á vissan hátt eins og besta sorpeyðing sem við getum fundið, ef svo má segja, þ.e. fóðurgerðin sjálf þar sem við nýtum fæðu sem annars hefði jafnvel hugsanlega þurft að urða og eyða, við nýtum þetta til verðmætasköpunar og til mikillar verðmætasköpunar nú um stundir eins og markaðsaðstæðum er háttað.

Það mætti því ímynda sér að þetta kallaði á aukna uppbyggingu í greininni, að menn sæju sér leik á borði að fara út í þennan rekstur í auknum mæli. Þetta er mjög byggðavæn atvinnugrein, ef svo má segja.

Því held ég að það sé afskaplega mikilvægt, virðulegi forseti, að stjórnvöld séu á verði og fylgist grannt með þróuninni. Og vil nota tækifærið til að hvetja landbúnaðarráðherra sem ber ábyrgð á menntun í landbúnaði hér á landi, hvetja hann til að vera vel á vaktinni og sjá til þess ef merki berast um að aukin eftirspurn sé eftir þessu námi, að þá verði brugðist bæði vel og hratt við. Þannig að við þurfum ekki að líða fyrir þekkingarskort ef einhverjir vilja kynna sér betur þessa grein og mennta sig í þessari tilteknu búfjárrækt.

Það væri því gaman að heyra frá hæstv. ráðherra hvort

hann gæti hugsað sér, ef fram kæmu beiðnir um slíkt, að veita meira fé til þess að byggja upp menntun í loðdýrarækt hér á landi umfram það sem við höfum í dag.

[18:38]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil svara því þannig að ég álít að Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri sé skylt að verða við því kalli, eins og ég fór yfir í svörum mínum við fyrirspurnum hv. þingmanns. En ég mun auðvitað fylgjast með því og tel það afar mikilvægt í þessari búgrein eins og í öðrum að fagmennskan sé í fyrirrúmi.

Við getum hugsað til fortíðarinnar ef loðdýrabændum og okkur öllum hefði auðnast að vinna eins og þeir loðdýrabændur sem lifðu hremmingarnar af, þetta öfluga fólk sem nú er í frekar góðum málum að það segir sjálft og kemur alls staðar fram og er farið að skapa gjaldeyri. Ætli það skili ekki gjaldeyri fyrir nokkur hundruð milljónir? Það gæti orðið enn þá stærri liður síðar. Við getum hugsað okkur að ef við hefðum farið í þessa grein frá upphafi af þeirri fagmennsku sem nú hefur verið unnið á síðustu árum, en þegar farið var af stað með loðdýrarækt upphaflega átti hún að leysa alla aðra erfiðleika á landsbyggðinni og var byggð upp með þeim hætti of hratt.

Þess vegna er óskaplega mikilvægt hve greinin heldur vel utan um sín mál, og er með góða ráðunautaþjónustu við Bændasamtökin. Ég vil segja fyrir mig að ég hef átt einstakt samstarf við þetta fólk og dáist að því mikla gæðastarfi sem það hefur lagt á sig og hversu vel menn hafa unnið saman í greininni. Menn læra hver af öðrum og fylgja eftir nýjum leiðum, sem eru að skila þessum gríðarlega árangri og gerir það að verkum að Landbúnaðarháskólinn þarf nú að undirbúa sig til að veita frekari menntun, eins og hér hefur komið fram, og ekki síður hitt að greinin getur sannarlega hvatt duglegt, vel menntað fólk til þess að hefja þessa atvinnugrein (Forseti hringir.) sem er gjaldeyrisskapandi og getur gefið gott í aðra hönd eins og (Forseti hringir.) síðustu árin sýna.

Umræðu lokið.

## *Fæðingarorlof.*

Fsp. BIH, 323. mál. — Þskj. 346.

[18:41]

**Fyrirspyrjandi (Björn Ingi Hrafnsson):**

Hæstv. forseti. Ég ber hér upp fyrirspurn til félagsmálaráðherra um málefni fæðingarorlofs og get þess í inngangi að síðan lögin um fæðingarorlof tóku gildi að frumkvæði fyrrverandi félagsmálaráðherra Páls Péturssonar á sínum tíma, þá held ég að flestir geti verið sammála um að það hafi orðið mikil breyting til batnaðar að því er varðar jafnréttisbaráttuna. Eitt af meginmarkmiðum þeirra laga á sínum tíma var að jafna hlut kynjanna er varðar fæðingarorlof vegna barna.

Nú þegar komin er á fimm til sex ára reynsla af þessum lögum þá hefur þess orðið vart í umræðunni að menn hafa verið að velta fyrir sér hvað taki við. Hvernig ber að þróa þetta kerfi sem er orðið í rauninni nokkurs konar fyrirmynd um hið fullkomna fæðingarorlofskerfi víðar? Við höfum heyrt að á Norðurlöndunum er talsverð umræða um íslenska módelið og það hefur orðið umfjöllunarefni víða um heim.

Þess vegna held ég að það sé ekki óvarlegt að ætla að á næstunni verði sú umræða sterkari en ella hvaða breytingar eigi að gera á kerfinu til batnaðar. Hvernig megi þróa það áfram nú þegar komin er nokkur reynsla á fyrirkomulag þess.

Eitt af því jákvæða sem hefur verið gert síðan lögin tóku gildi er sú staðreynd að karlar hafa nýtt sér fæðingarorlofið í miklu ríkari mæli en jafnvel bjartsýnustu spár gerðu ráð fyrir. Það þýðir auðvitað tvennt. Það þýðir í fyrsta lagi að kostnaðurinn við fæðingarorlofið hefur reynst meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. En það er jákvætt að því leytinu til að það hefur orðið útgjaldaauki, einfaldlega vegna þess að feður hafa í auknum mæli litið á þetta sem sjálfsagðan hlut, þ.e. að nýta orlofið til þess að vera með börnum sínum og held ég að það sé í rauninni ákveðin þjóðfélagsbylting sem hefur farið lágt og mætti ræða frekar um.

Fyrirspurnin hljóðar þannig, í fyrsta lagi:

Hver er skoðun ráðherra á hugmyndum um lengingu fæðingarorlofs foreldra upp í tólf mánuði, sem margir telja að sé næsta skref í þessum efnum?

Í öðru lagi: Hafa kostir þess og gallar að lengja fæðingarorlof verið kannaðir af hálfu ráðuneytisins?

Og í þriðja lagi: Hvernig telur ráðherra unnt að bregðast við vanda foreldra barna á aldrinum 9–18 mánaða, þ.e. frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast á leikskóla?

Þetta bil hefur orðið mjög til umræðu á síðustu mánuðum, m.a. á vettvangi fjölskyldunefndar ríkisstjórnarinnar. Mörg sveitarfélög hafa það nú á stefnuskrá sinni að borga svokallaðar fjölskyldugreiðslur og stefna jafnframt á uppbyggingu leikskóla allt niður í 12 mánaða aldur. Og spurningin er hvort í framtíðinni verði staðreyndin sú að bilið verði brúað með fæðingarorlofi til 12 mánaða og vistun á leikskólum frá því að því lýkur.

[18:44]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Björn Ingi Hrafnsson hefur beint til mín fyrirspurn í nokkrum liðum um fæðingarorlof og þakka ég honum fyrir það.

„1. Hver er skoðun ráðherra á hugmyndum um lengingu fæðingarorlofs foreldra upp í tólf mánuði?“

Lenging fæðingarorlofs kemur vel til greina í framtíðinni en ég tel eðlilegt að skoða það í samhengi við önnur félagsleg verkefni og forgangsröðun verkefna. Vil ég þar t.d. nefna greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna og uppbyggingu almennrar þjónustu við fötluð börn hér á landi. Ég vil jafnframt nefna að ekki eru nema um sex ár síðan lögin um fæðingar- og foreldraorlof voru samþykkt á Alþingi. Fljótlega eftir að lögin voru að fullu komin til framkvæmda reyndist nauðsynlegt að leggja til ýmsar breytingar. Ég nefni sérstaklega að útgjöld sjóðsins voru meiri en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Við þessu þurfti að bregðast og það hefur verið gert með ýmsu móti eins og hv. þingmönnum er kunnugt. Ég vísa þar sérstaklega til breytinga sem voru gerðar á lögunum í júní 2004 og

tóku gildi 1. janúar 2005. Ég tel mikilvægast að nú verði haldið þannig á málum að fjármál sjóðsins komist í jafnvægi og við öðlumst reynslu á þeim breytingum á lögunum um sjóðinn áður en frekari skref verða stigin. Rétt er að árétta að áhrif af þeirri breytingu sem gerð hefur verið á viðmiðunartímabili launa komu fyrst að fullu fram á fyrri helmingi þessa árs.

„2. Hafa kostir þess og gallar að lengja fæðingarorlof verið kannaðir af hálfu ráðuneytisins?"

Lagt hefur verið mat á það hver kostnaður yrði af því að lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði. Á síðasta ári var kannað hver kostnaðurinn yrði ef miðað væri við að hvort foreldri um sig öðlist rétt til fimm mánaða orlofs og sameiginlegur réttur yrði tveir mánuðir. Taldi Tryggingastofnun ríkisins að árlegur heildarkostnaður yrði þá um 7,5 milljarðar kr. sem mundi auka útgjöld Fæðingarorlofssjóðs um rúmlega 2 milljarða. Fæðingarstyrkur var þá ekki meðtalinn. Heildarúttekt eða rannsókn á ýmsum félagslegum áhrifum þess að fæðingarorlof yrði lengt hefur ekki verið gerð. Það er hins vegar ánægjulegt að geta greint frá því að unnið er að rannsókn á ýmsum þáttum varðandi nýtingu fæðingarorlofsins á vegum Jafnréttisstofu og félagsmálaráðuneytisins, auk þess sem nú er að hefjast vinna við rannsóknir á þessu sviði á grundvelli úthlutunarstyrkja úr Jafnréttissjóði þann 24. október síðastliðinn. Ég leyfi mér að fullyrða að fremur óvenjulegt er að svo vel sé fylgst með áhrifum löggjafar og ég tel að þetta sé mjög til fyrirmyndar.

„3. Hvernig telur ráðherra unnt að bregðast við vanda foreldra barna á aldrinum 9–18 mánaða, þ.e. frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast á leikskóla?"

Það er verkefni sveitarfélaga hér á landi að sjá foreldrum fyrir dagvistunarúrræðum vegna barna. Vísa ég þar einkum í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, sem settar eru á grundvelli þeirra, og til laga um leikskóla. Löggjafinn hefur með því veitt sveitarfélögunum sjálfsákvörðunarrétt um hvaða leiðir þau telji best að fara miðað við aðstæður á hverjum stað.

Mér er fullljóst að mál þetta hefur verið nokkuð til umfjöllunar í samfélaginu og ekki síst sem málefni nátengt fjölskyldumálum og jafnréttismálum, eins og fyrirspyrjandi fór reyndar yfir. Hafa verið settar fram ýmsar hugmyndir í því sambandi svo sem að treysta á dagforeldrakerfið, setja á stofn vöggustofur við leikskóla, lengja fæðingarorlof og að foreldrar fái fjárstyrk til að vera lengur heima í stað þess að nýta gæsluúrræði.

Hæstv. forseti. Að mörgu er að hyggja þegar mat er lagt á hvaða leiðir sé best að fara. Atvinnuþátttaka kvenna hér á landi er með því mesta sem gerist en því miður er enn allt of langt í land að jafna launamun kynjanna. Reynslan af lengra fæðingarorlofi í nágrannalöndum okkar er almennt sú að karlmenn séu mun síður líklegir til að taka lengra fæðingarorlof en konur. Því er mikilvægt þegar þessi mál eru skoðuð að stjórnvöld tryggi að með breytingum sé ekki nein hætta á að verið sé að veikja stöðu kvenna á vinnumarkaði þegar við erum öll sammála um að nauðsynlegt sé að styrkja hana enn frekar en nú er.

Síðast en ekki síst, hæstv. forseti, vil ég upplýsa að ég hef falið sérfræðingum félagsmálaráðuneytisins, Jafnréttisstofu og Fæðingarorlofssjóðs að fara ítarlega yfir allar athugasemdir og ábendingar sem fram hafa komið varðandi framkvæmd fæðingarorlofslöggjafarinnar. Í framhaldi af því mun ég meta hvort þörf sé að gera breytingar á þeirri framkvæmd sem nú fyrst er að fást full reynsla á.

[18:49]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Birni Inga Hrafnssyni fyrir að taka upp málefni Fæðingarorlofssjóðs og hæstv. ráðherra fyrir hans jákvæðu undirtektir í málinu. Fæðingarorlofskerfið er fyrir löngu búið að sanna tilvist sína og þær breytingar sem gerðar voru á því árið 2004 eru núna að koma fram. Ég tel að menn séu að ná miklum árangri hvað varðar fjárhag sjóðsins og þá verður líka tækifæri til að stíga næstu skref í þróun þjónustunnar.

Ég held að Fæðingarorlofssjóðurinn og að koma honum á hafi verið eitt merkasta framlag okkar til jafnréttisbaráttunnar og er merkilegt að 90% feðra skuli nýta sér sjóðinn. Það sést líka á umræðunni nú um fyrirspurnina sjálfa að það eru þrír karlmenn sem virðast ætla að taka þátt í umræðunni og ein kona. Það er því greinilega mikill áhugi á málinu. Auðvitað vildu allir Lilju kveðið hafa, og þurfum við ekki að gleyma afstöðu ungra sjálfstæðismanna í málinu á sínum tíma, sem ekki aðhylltust stefnu okkar framsóknarmanna sem börðust hatramlega fyrir því að koma þessu máli í gegn. En nú eru þeir orðnir allir sammála um sjóðinn og ágæti hans og tel ég brýnt að við höldum áfram þróun hans með því að lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði og koma enn frekar til móts við barnafjölskyldur í landinu.

[18:50]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Lenging fæðingarorlofs í níu mánuði og feðraorlof voru bylting í jafnréttis- og fjölskyldumálum sem Framsóknarflokkurinn barðist fyrir og kom í gegn á sínum tíma. Þessar breytingar voru pólitískur minnisvarði guðföður míns í pólitík, Páls Pétursson, fyrrverandi hæstv. félagsmálaráðherra. Þetta er dæmi um fjölskyldustefnu Framsóknarflokksins í framkvæmd. Þetta er mesta framfaraskref sem stigið hefur verið í þágu fjölskyldunnar á undanförnum árum. Nokkuð sem engum hefði dottið í hug eða trúað að hægt væri að koma í framkvæmd.

Næstu skref eru að skoða lengingu fæðingarorlofs og hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að til greina komi að skoða þau mál og ég vona að hv. þingmenn einhendi sér í að koma því stefnumáli Framsóknarflokksins áfram.

[18:51]

**Fyrirspyrjandi (Björn Ingi Hrafnsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra kærlega fyrir svörin og lýsi yfir sérstakri ánægju með þær jákvæðu undirtektir sem hann sýnir fyrirspurninni. Ég þakka sömuleiðis þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa til máls. Greinilegt er að heilmikill samhljómur er í því að næsta eðlilega skref þegar kemur að fæðingarorlofinu sé að lengja það upp í 12 mánuði. Ég tek að sjálfsögðu undir með hæstv. ráðherra að skoða verður mörg önnur brýn velferðarmál í þessu samhengi, en þegar við horfum til þeirrar

þjóðfélagsþróunar sem hefur orðið síðan lögin tóku gildi hefur aldursbilið á leikskólum verið að lækka og verður á næstu árum lækkað úr 18 mánuðum niður í 12 mánuði og þá er ósköp eðlilegt að bilið sé brúað að þessu leytinu til líka, fari úr 9 mánuðum í 12 mánuði.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að útgjöldin hafa reynst meiri, eins og ég vék að, vegna þess að einkum feður hafa nýtt sér þetta kerfi miklu meira en gert var ráð fyrir og það er jákvætt. Þar með hafa lögin náð tilgangi sínum. Ég hvet hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn til að halda áfram með málið á sinni braut. Ég tek undir þau sjónarmið að þetta sé eitt glæsilegasta velferðarmálið sem samþykkt hefur verið á vettvangi þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og samstarfi þeirra tveggja flokka og þess vegna er eðlilegt framhald að fæðingarorlofið lengist upp í 12 mánuði. Miðað við þá góðu umræðu sem hér hefur átt sér stað um málið, bæði af hálfu þeirra sem tekið hafa þátt í umræðunni og af svörum hæstv. ráðherra, er ekki annars að vænta en að þau áform verði kynnt innan tíðar.

[18:53]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég endurtek þakkir til hv. þm. Björns Inga Hrafnssonar að taka þetta mál upp í fyrirspurn og ég þakka einnig öðrum þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni og sýnt málinu mikinn áhuga. Ég tek að sjálfsögðu undir það sem fram hefur komið, m.a. hjá fyrirspyrjanda að málið hefur vakið verðskuldaða athygli víða. Ég hef margoft orðið var við það í samtölum við kollega okkar frá öðrum löndum að málið vekur athygli og mikið er spurt út í það. Aðrar þjóðir horfa því til okkar í þessu efni.

Það er líka hárrétt að þetta hefur breytt mjög miklu í jafnréttismálum. Við sáum það t.d. í könnun sem var kynnt nýlega um launamun kynjanna. Eitt af þeim jákvæðum atriðum sem komu fram í niðurstöðunum var að talið var að tilkoma feðraorlofs hafi haft jákvæð áhrif til að draga úr launamun kynjanna. Það er mjög gott mál að sjálfsögðu. Hin mikla þátttaka feðra í feðraorlofi er líka mjög jákvæð og hefur vakið mikla athygli. Þetta mál er á allan hátt, held ég megi segja, mjög jákvætt og gott.

Ég vil einungis, virðulegi forseti, í lok umræðunnar endurtaka það sem ég sagði áðan í svari mínu, að núna eru í gangi rannsóknir á ýmsum þáttum varðandi fæðingarorlofið og fyrir nokkrum dögum setti ég af stað sérstaka rannsókn og skoðun á þeim athugasemdum og ábendingum sem fram hafa komið um framkvæmd laganna. Ég tel þetta allt saman mjög jákvætt og með því móti eigum við að fylgjast með framkvæmd laganna, ekki síst á þessu sviði og átta okkur á því hugsanlega hvað betur má fara o.s.frv. til að við náum þeim markmiðum sem stefnt er að með slíkri lagasetningu.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 13.–15. mál.

Fundi slitið kl. 18:56.

# 29. FUNDUR

fimmtudaginn 16. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra. — Ein umr.
2. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 348. mál, þskj. 377. — Fyrri umr.
3. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 349. mál, þskj. 378. — Fyrri umr.
4. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, stjtill., 351. mál, þskj. 381. — Fyrri umr.
5. Mannanöfn, frv., 339. mál, þskj. 362. — 1. umr.
6. Virðisaukaskattur, frv., 338. mál, þskj. 361. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Bjarni Benediktsson, 8. þm. Suðvest.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

***Varamaður tekur þingsæti.***

[10:33]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur bréf frá 5. þm. Reykv. n. Helga Hjörvar, dagsett í dag, og hljóðar svo:

„Þar sem ég verð í fæðingarorlofi næstu tvær vikur, sbr. 12. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum, og sæki ekki þingfundi óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi norður, Ellert Schram, fyrrverandi ritstjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.“

Ellert Schram hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[10:34]

**Útbýting:**

Löggilding starfsheitis áfengisráðgjafa, 130. mál, svar heilbrrh., þskj. 387.

***Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra, ein umr.***

[10:34]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Frú forseti. Það eru gömul sannindi og ný að stefna sérhverrar þjóðar í utanríkismálum mótast að miklu leyti af hnattstöðu hennar og heimkynnum. Í þeim efnum er Ísland engin undantekning. Staða Íslands í miðju Norður-Atlantshafinu hefur mótað lífsbaráttu þjóðarinnar frá upphafi. Á þeirri stöðu byggjum við rétt okkar yfir hinum fengsælu fiskimiðum umhverfis landið. Veðurfar og hafstraumar eru uppspretta stöðugrar úrkomu sem tryggt hefur orkuframleiðslu vatnsaflsvirkjana. Eldvirknin á Norður-Atlantshafshryggnum hefur gert okkur kleift að hita híbýli okkar og framleiða rafmagn í gufuaflsvirkjunum.

Hnattstaða landsins er þannig á margan hátt grunnurinn undir þeirri efnahagslegu velsæld sem við Íslendingar búum við í dag. Hún skýrir einnig þá áherslu sem Ísland hefur lagt á þá þætti utanríkismála sem snúa að hafréttarmálum, nýtingu auðlinda hafsins, umhverfisvernd, samgöngum og viðskiptum, auk þróunarmála þar sem samstarf við önnur ríki um sjávarútveg og orkunýtingu hefur verið í öndvegi.

En líklega eru áhrif hnattstöðunnar hvergi skýrari en á sviði öryggis- og varnarmála. Lega landsins í „ystu höfum" hefur öðrum þáttum fremur mótað stefnu Íslands á því sviði. Um alda skeið var fjarlægðin okkar helsta vörn. Heimsstyrjöldin síðari, hernám Breta og orrustan um Atlantshafið, færðu okkur síðar heim sanninn um að fjarlægðin veitti ekki lengur það skjól sem á mætti treysta.

Ytra umhverfi okkar hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Friðsamlegar horfur í samskiptum ríkja Norðurálfu eru undirrót þess að Bandaríkin ákváðu að draga úr varnarviðbúnaði sínum á Íslandi. En breytingar koma fram víðar en í samskiptum einstakra ríkja. Vísbendingar hafa komið fram um áframhaldandi loftslagsbreytingar á norðurslóðum sem gætu, þegar tímar líða, haft umtalsverð áhrif á hafstrauma og náttúrufar og þar með auðlindanýtingu Íslendinga.

Engin þessara breytinga raskar þó þeirri ákjósanlegu stöðu sem hnattstaða Íslands skapar þjóðinni í alþjóðlegum samskiptum. Þvert á móti munu landsins gögn og gæði, þar með talinn sá mannauður sem fólginn er í fólkinu sjálfu, áfram verða undirstaða velmegunar íslensku þjóðarinnar. Með því að nýta auðlindir til sjávar og sveita af ábyrgð og framsýni getum við jafnframt orðið öðrum þjóðum fyrirmynd og vísað veginn í því mikilvæga starfi sem fram undan er á alþjóðlegum vettvangi við að útrýma hungri og sárustu neyð.

Þótt dregið hafi úr viðsjám á norðurslóðum er Ísland nú í þjóðbraut sem aldrei fyrr. Þetta á ekki aðeins við um tíðara farþegaflug sem auðveldar umsvif íslenskra athafnamanna beggja vegna Atlantshafs. Fyrirsjáanlegt er einnig að nýjar siglingaleiðir muni opnast til norðurs samhliða hlýnandi loftslagi. Nýstárleg staða Íslands sem útvarðar við anddyri norðurskautssvæðisins kann m.a. að hafa áhrif á stöðu landsins í öryggismálum svæðisins. Ég tel því tímabært — og raunar óhjákvæmilegt — að stjórnvöld taki aukið mið af nálægustu heimkynnum þjóðarinnar, norðurslóðum, við mótun utanríkisstefnunnar á næstu árum. Í þessu skyni mun utanríkisráðuneytið m.a. standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á Akureyri í mars næstkomandi um áhrif opnunar nýrra siglingaleiða til norðurs.

Frú forseti. Samkomulag Íslands og Bandaríkjanna, sem forsætisráðherra og ég undirrituðum í október sl. í Washington, markar upphaf nýs kafla í varnarsamstarfi þjóðanna. Í samkomulaginu stendur skýrum stöfum að Bandaríkin muni standa við skuldbindingar sínar samkvæmt varnarsamningnum frá 1951 og að varnir Íslands verði tryggðar með miklum og breytanlegum viðbúnaði og liðsafla.

Hins vegar þarf að huga að ýmsu í kjölfar brotthvarfs hersins. Eitt af því er ráðstöfun sjálfs varnarsvæðisins, en segja má að hún sé þrískipt verkefni. Tiltekin mannvirki eru nauðsynleg vegna reksturs alþjóðaflugvallarins og hefur sá þáttur verið tryggður. Eins hefur verið stofnað félag í eigu ríkisins, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., sem mun vinna að því að þróa og ráðstafa öðrum hlutum varnarsvæðisins með það að markmiði að koma sem mestum hluta þess í arðbæra nýtingu. Loks hefur verið skilgreint öryggissvæði við flugvallarsvæðið sem nýtast mun vegna varna landsins til innlendra og fjölþjóðlegra æfinga og sem aðstaða fyrir bandalagsþjóðir Íslands í Atlantshafsbandalaginu.

Atlantshafsbandalagið skilgreinir eftirlit með lofthelgi bandalagsþjóðanna sem grundvallaratriði í vörnum bandalagsins og fram undan eru mikilvægar viðræður við Bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagið um framtíðarrekstur og fyrirkomulag íslenska loftvarnakerfisins sem kostað hefur verið af Bandaríkjamönnum til þessa með rekstri Ratsjárstofnunar. Íslenska loftvarnakerfið samanstendur af mörgum þáttum en helst ber að nefna loftvarnaratsjár, örugg fjarskiptakerfi og getu til aðgerðastjórnunar vegna loftvarna.

Ljóst er að við getum ekki sinnt öllum þáttum loftvarna án aðstoðar bandalagsþjóða. Því eru viðræðurnar við Bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagið mikilvægar. Við höfum orðið vör við áhuga meðal bandalagsþjóða okkar á því hvernig loftvarnakerfinu verði háttað til framtíðar, sem og skipulagi öryggissvæðisins við Keflavíkurflugvöll. Þessir þættir eru auk þess frumforsenda þess að hér geti farið fram æfingar bandalagsins vegna varna landsins og sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins.

Frú forseti. Samkomulag Íslands og Bandaríkjanna um framhald varnarsamstarfsins er traust umgerð um öryggis- og varnarmál Íslands. Engum dylst þó að sú staða sem nú er komin upp kallar á aukið frumkvæði af hálfu okkar Íslendinga að því að tryggja öryggi landsins. Nauðsynlegt er að efla samráð og samstarf við þau ríki sem deila hagsmunum með okkur við norðanvert Atlantshaf. Þó að Bandaríkin skipti hér mestu er einnig rétt að nefna Kanada og ekki síður Bretland og Norðurlöndin. Þá verða auknar kröfur gerðar um framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins og þá sér í lagi til aðgerða á þess vegum. Ef við leggjum okkar af mörkum til starfsemi og aðgerða bandalagsins mun rödd okkar hljóma hærra innan þess.

Hér mun Íslenska friðargæslan vera í lykilhlutverki. Ég hef þegar sett af stað athugun á því með hvaða hætti við getum aukið framlag okkar til aðgerða bandalagsins í Afganistan. Sem dæmi má nefna að kallað hefur verið eftir sérfræðingum á sviði heilbrigðismála, löggæslu og réttar-

fars. Efla þarf samskipti og samráð við hermálayfirvöld og herstjórnir Atlantshafsbandalagsins. Þetta á einnig við um Evrópuherstjórn Bandaríkjanna í Stuttgart í Þýskalandi. Fastanefnd Íslands hjá bandalaginu verður efld til að sinna auknum verkefnum af þessum sökum.

Rétt er og að leita eftir víðtækara samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála. Ég hef áður minnst á nauðsyn þess að fylgst sé grannt með þeirri þróun sem á sér stað á vettvangi Evrópusambandsins. Stækkun Evrópusambandsins, ekki síður en Atlantshafsbandalagsins, tryggir stöðugleika og dregur úr líkum á átökum og ófriði í álfunni og næsta nágrenni. Með aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópusambandinu fer aðild að Atlantshafsbandalaginu og ESB að verulegu leyti saman. Sérstaða Atlantshafsbandalagsins felst þó enn sem áður í því að þar sitja Bandaríkin og Kanada einnig við borðið. Þróun alþjóðamála kallar á náið samstarf milli Atlantshafsbandalagsins og ESB og það samstarf hefur verið í mótun um nokkurt skeið. Hagsmunir okkar felast fyrst og fremst í því að Atlantshafsbandalagið sé áfram kjölfestan í öryggis- og varnarsamstarfi álfunnar. Við hljótum jafnframt að skoða hvernig styrkja megi samstarf okkar við Evrópusambandið á sviði utanríkis- og öryggismála — enda er ljóst að Evrópusambandið mun leitast við að láta meira til sín taka á þessu sviði. Landfræðileg lega Íslands í Evrópu gerir og að verkum að Evrópusambandið hlýtur að vera rökréttur samstarfsaðili í baráttunni gegn mörgum af þeim ógnum sem kunna að steðja að okkur í framtíðinni, svo sem hryðjuverkum og alþjóðlegri glæpastarfsemi á borð við eiturlyfjasmygl og mansal.

Frú forseti. Í umræðu um öryggis- og varnarmál er eðlilegt að staldra fyrst við okkar næsta nágrenni. Þótt allt sé þar nú með kyrrum kjörum er það engin trygging fyrir öryggi á tímum alþjóðavæðingar. Nú á tímum teygja viðskiptahagsmunir Íslendinga sig um víða veröld. Á sama hátt verða hagsmunir okkar í öryggismálum best tryggðir í heimi þar sem ríkir friður, öryggi og stöðugleiki. En það sem skiptir meira máli er að við Íslendingar höfum, líkt og aðrar þjóðir, skyldum að gegna á þessu sviði. Næstkomandi sunnudag, hinn 19. nóvember, verða 60 ár liðin frá því að Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum. Eins og segir í 1. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna er meginmarkmið þeirra að standa vörð um heimsfrið og öryggi. Með aðild okkar að Sameinuðu þjóðunum gengumst við Íslendingar undir þá skyldu að leggja okkar af mörkum í þeim efnum. Okkur Íslendingum ber að rækta þá skyldu eftir föngum og í þessum efnum höfum við margt fram að færa. Ekki dugar að bera því við hversu smá við erum og fjarri helstu átakasvæðum heims.

Mörgum kom á óvart að friðarverðlaun Nóbels árið 2006 skyldu koma í hlut Grameen-bankans í Bangladess og stofnanda bankans, hagfræðiprófessorsins Muhammads Yunus. Við eigum því ekki að venjast að tengja bankastarfsemi við baráttu fyrir friði og öryggi. En Grameen-bankinn er enginn venjulegur banki og Yunus prófessor enginn venjulegur maður. Árið 1974 hóf hann sjálfur að veita litlum hópi fátækra kvenna í Bangladess lán sem voru smá í sniðum. Markmiðið var að gera konum kleift að brjótast úr viðjum fátæktar og búa sér og fjölskyldum sínum betra líf. Í dag njóta hátt í 7 milljónir manna fyrirgreiðslu bankans og eru nánast allir viðskiptavinir bankans konur. Má segja að þarna hafi norska Nóbelsnefndin hitt naglann á höfuðið. Baráttan fyrir efnahagslegum og félagslegum framförum er ekki aðeins barátta gegn fátækt, heldur er hún jafnframt barátta fyrir friði og öryggi. Þetta er í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda sem m.a. var sett fram með skýrum hætti í „Stefnumiðum Íslands í þróunarsamvinnu“ sem kynnt voru á Alþingi í fyrra.

Ekki er síður mikilvægt að Nóbelsnefndin skuli veita þeim viðurkenningu sem leggja sérstaka áherslu á réttindi og kjör kvenna í þróunarlöndum. Það er vel þekkt staðreynd að stuðningur við konur er mjög áhrifarík leið til þróunaraðstoðar. Konur setja hagsmuni fjölskyldunnar í forgang og þær vinna verkefni sín af samviskusemi og áhuga.

Í þróunarsamvinnu Íslands hefur verið lögð rík áhersla á málefni kvenna. Stefna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í jafnréttismálum er að leggja höfuðáherslu á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í þróunarverkefnum stofnunarinnar.

Ég ræddi fyrr í vikunni við stjórn Þróunarsamvinnustofnunar og utanríkismálanefnd um nauðsyn þess að lög um stofnunina verði endurskoðuð. Mjög merkilegt starf hefur verið unnið á vegum hennar og við lítum með stolti til þeirra karla og kvenna sem vinna að þróunarverkefnunum á vettvangi, oft við mjög erfiðar aðstæður. En núverandi lög um Þróunarsamvinnustofnun eru orðin 25 ára gömul og á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar og framfarir við framkvæmd þróunarverkefna. Markmiðið með endurskoðuninni verður að færa þróunarsamvinnu okkar til nútímahorfs og auka skilvirkni í störfum okkar með þarfir og hagsmuni þeirra sem njóta aðstoðarinnar að leiðarljósi. Ég legg áherslu á að vandað verði til verks í þessu starfi og samráð verði haft við stjórnmálaflokkana, félagasamtök, fræðimenn og viðskiptalífið.

Almenn sátt hefur ríkt um þróunarsamvinnu Íslands hingað til og tel ég afar mikilvægt að svo verði áfram. Ég held að við séum öll sammála um að Íslendingar vilji láta gott af sér leiða á alþjóðavettvangi og að við viljum leggja okkar af mörkum til baráttunnar gegn fátækt í þróunarlöndunum. Ég er því vongóð um að breið samstaða náist um framtíðarskipan þessara mála þegar tillögur þessa efnis verða teknar til umfjöllunar á hv. Alþingi.

Í fjölþjóðlegu samstarfi leggjum við einnig áherslu á málefni kvenna. Ber þar fyrst að nefna meira en tífalda hækkun á framlögum til UNIFEM á síðustu tveimur árum. UNIFEM vinnur mikilvægt starf innan Sameinuðu þjóðanna en hefur þó ekki haft það vægi sem við teljum nauðsynlegt. Í málflutningi okkar höfum við því lagt á það ríka áherslu að kynja- og jafnréttissjónarmið verði að taka fastari tökum í verkefnum Sameinuðu þjóðanna. Ég er því afar ánægð með tillögur um endurskipulagningu starfsemi samtakanna sem lagðar voru fram í síðustu viku og eru einmitt í þessum anda.

Ég vil einnig nefna aukna áherslu á málefni kvenna í stríðshrjáðum löndum. Ég kynnti fyrir skömmu nýjar áherslur í starfsemi Íslensku friðargæslunnar, en friðargæslan hefur átt áralangt samstarf við UNIFEM á Balkanskaga.

Sífellt er erfiðara að greina á milli þróunarmála og endurreisnar- og friðaruppbyggingarstarfs að loknum átökum.

Afganistan er gott dæmi þar um en einnig má nefna að þátttaka Íslands í friðargæslu á Srí Lanka er forsenda þess þróunarsamstarfs sem Íslendingar vinna að þar í landi.

Fram undan er leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins þar sem eitt meginviðfangsefni fundarins verður umfjöllun um hvernig betur megi samhæfa störf friðargæsluliðs Atlantshafsbandalagsins og alþjóðlegra stofnana og hjálparsamtaka í Afganistan. Í þessu skyni hafa fulltrúar Atlantshafsbandalagsins fundað með fulltrúum Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans. Má segja að Afganistan sé prófsteinn á það hvernig friðargæsluverkefnum, í nánu samstarfi við þróunar- og hjálparstarf, verði komið fyrir í framtíðinni. Á þessu sviði hafa Íslendingar af dýrmætri reynslu að miðla. Að mínu mati felast tækifæri í þessari þróun mála fyrir Ísland og fellur hún vel að þeirri áherslubreytingu sem *ég hef kynnt og verið er að hrinda í framkvæmd hjá Íslensku* friðargæslunni. Við skulum minnast þess að einn helsti vandi stríðshrjáðra landa er hvernig viðhalda megi stöðugleika eftir að átökum lýkur og koma þannig í veg fyrir að átök brjótist út að nýju. Í um helmingi þeirra landa þar sem friður hefur komist á hefjast vopnuð átök á nýjan leik innan fimm ára. Ef bætt lífskjör fylgja ekki í kjölfar friðarferlisins er veruleg hætta á að ófriður brjótist út á ný.

Áður var gjarnan litið á friðargæslu og þróunarsamvinnu sem alls ótengd verkefni. Viðhorfið var að friðargæsla væri hernaðarlegt verkefni sem Atlantshafsbandalagið, friðargæslulið á vegum Sameinuðu þjóðanna eða aðrar slíkar stofnanir sinntu, en þróunarsamvinna væri hlutverk þróunarstofnana á borð við Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, UNIFEM og Alþjóðabankann. Raunin er sú að allir þessir aðilar hafa á síðustu árum eflt þann þátt í starfsemi sinni sem telst til enduruppbyggingar á ófriðarsvæðum. Það er skref í rétta átt að þeir sem sinna friðargæslu og þróunaraðstoð hafa færst nær hver öðrum á undanförnum árum, og von er til þess að friðarsamningar haldi fyrir vikið og leiði til efnahagslegrar og félagslegrar framþróunar á fyrrum átakasvæðum.

Mikilvægt er að umgerðin um þátttöku Íslands í friðargæslustarfi sé traust. Í því skyni mun *ég* innan skamms leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um Íslensku friðargæsluna sem mikilvægt er að hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Þá er unnið að gerð siðareglna fyrir Íslensku friðargæsluna.

Ég hef hér staldrað við mikilvægi þróunarsamvinnu og friðargæslu í þeirri viðleitni að stuðla að friði og efla öryggi um heim allan. En ekki er síður mikilvægt að huga að vernd mannréttinda í þessum efnum. Það er staðreynd að brot á grundvallarmannréttindum eru oft undirrót átaka og ófriðar. *Verndun mannréttinda stuðlar því* að auknu öryggi og friði í heiminum. Mannréttindi eru einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Ég mun beita mér fyrir því að skerpa og auka innlegg Íslands í umræðuna um mannréttindamál á alþjóðavettvangi. Í því skyni hef ég ákveðið að unnið verði að mótun heildstæðrar stefnu Íslands í mannréttindamálum á alþjóðavettvangi. Meginmarkmið slíkrar stefnumótunar er að greina hvernig Ísland getur lagt sitt af mörkum til þess að varðveita og auka virðingu fyrir mannréttindum í heiminum. Ég legg áherslu á að samráð verði haft við félagasamtök og stofnanir, sem sinna mannréttindamálum, þegar undirbúningur að þessari stefnumótun hefst.

Frú forseti. Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna ber að varðveita frið og öryggi í heiminum. Eins og kom fram í ræðu Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi utanríkisráðherra, á Alþingi árið 2003 er framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna rökrétt framhald þeirrar viðleitni að tryggja grundvallarhagsmuni Íslands á sviði utanríkismála með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sú viðleitni felst í því að Ísland axli þá ábyrgð á alþjóðavettvangi sem vel stæðu og sjálfstæðu ríki ber skylda til gagnvart alþjóðasamfélaginu. Stundum er því haldið fram að smáríki á borð við Ísland eigi ekkert erindi í öryggisráðið, þar eigi aðeins stórveldin að sitja og véla um heimsmálin. Ég hafna með öllu slíkum sjónarmiðum. Friður og öryggi í heiminum er ekki einkamál stórveldanna, heldur svo brýnt hagsmunamál alls mannkyns að öllum ber skylda til að leggja sitt af mörkum. Allt frá stofnun Sameinuðu þjóðanna hefur það verið grunnstef í starfi samtakanna að raddir allra ríkja — stórra sem smárra — eigi að heyrast þegar fjallað er um brýn alþjóðamál.

Frú forseti. Sjálfbær nýting auðlinda hafsins er einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands. Í þeim efnum hafa Íslendingar gengið á undan með góðu fordæmi og sýnt ábyrgð í umgengni við auðlindir hafsins. En því miður er svo ekki farið um alla. Ofveiði og rányrkja á fiskimiðum víða um heim kann, þegar fram í sækir, að hafa neikvæð áhrif á afstöðu fólks til fiskveiða almennt. Í nýlegri skýrslu sem birt var í þekktu vísindariti er gefið í skyn að allur fiskur kunni að hverfa úr heimshöfunum innan 50 ára verði ekki þegar í stað gripið til víðtæks fiskveiðibanns. Það ber að taka undir þau varnaðarorð vísindamanna að fara þurfi með gát í umgengni við hinar fjölbreyttu og viðkvæmu auðlindir hafsins. Á hinn bóginn skiptir máli að það sé gert á réttum vettvangi og forðast ber að umræðan stjórnist af alhæfingum, öfgum og tilfinningahita.

Á undanförnum vikum og mánuðum hefur utanríkisráðuneytið, í samráði við sjávarútvegsráðuneytið, tekið þátt í aðgerðum til að koma böndum á raunverulega rányrkju hinna lifandi auðlinda hafsins í nágrenni okkar. Ólöglegar og eftirlitslausar fiskveiðar skipa sem skráð eru undir hentifána eru alvarleg ógnun við hagsmuni sjávarútvegsríkja. Við þessari ógn verður að bregðast af fullri einurð. Við Íslendingar eigum að taka forustu í baráttunni gegn sjóræningjaveiðum. Þessi barátta kallar á gott samstarf við aðrar þjóðir um þetta brýna hagsmunamál alls mannkyns. Það er einnig mikilvægt að ráðast að rótum vandans sem er einfaldlega sá að sjóræningjaveiðar borga sig þrátt fyrir allt. Löndunarbann og bannlistar geta verið mikilvægt tæki til að auka kostnað þeirra sem stunda þetta ólöglega athæfi. Samstarf við fjármálastofnanir og önnur fyrirtæki sem veita útgerðum sjóræningjaskipa þjónustu sína getur einnig gert slíkum útgerðum erfiðara um vik. En við verðum einnig að vera tilbúin til þess að taka sjálf af skarið. Hugsanlegt er að við stöndum frammi fyrir því að heyja nýtt þorskastríð til varnar fiskimiðunum umhverfis landið gegn taumlausri rányrkju. Þá hlýtur að koma til álita að beita öllum tiltækum ráðum — og verða togvíraklippurnar sem nýttust vel í fyrri þorskastríðum ekki undanskildar í þeim efnum.

Frú forseti. Á liðnum áratug hefur Íslandi tekist að byggja upp eitt öflugasta fríverslunarnet í heiminum. Samn-

ingurinn um Evrópska efnahagssvæðið tryggir okkur aðgang að innri markaði Evrópusambandsins sem er ekki aðeins stærsta sameiginlega markaðssvæði veraldar heldur einnig okkar mikilvægasti markaður. Samræmdar reglur um viðskipti á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og óhindraður aðgangur íslenskra fyrirtækja að mörkuðum í Evrópu hefur verið einn helsti hvatinn að íslensku útrásinni. Fríverslunarsamningur EFTA við ríki utan ESB hefur síðan víkkað út það net. EFTA hefur lokið við gerð 16 fríverslunarsamninga. Í dag nær fríverslunarnet Íslands til ríkja í fjórum heimsálfum með 850 milljónum íbúa.

Við munum halda áfram að vinna að því að efla þetta net. Nýlega var lokið samningaviðræðum við Egyptaland og þá hefur þráðurinn verið tekinn upp að nýju í viðræðum við Kanada og eru vonir bundnar við að takist að ljúka þeim samningum á þessu ári. Þá hafa EFTA-ríkin sérstaklega styrkt stöðu sína í Asíu. Nú fara fram viðræður við samstarfsráð ríkja við Persaflóa og í undirbúningi eru fríverslunarviðræður við Indónesíu. Í sumar var lokið við hagkvæmniathugun á gerð fríverslunarsamnings milli Íslands og Kína og standa vonir til þess að fríverslunarviðræður geti hafist á þessu ári. Það er því ljóst að þróunin á þessu sviði er hröð og jafnvel má gera sér í hugarlund að innan örfárra ára muni það fríverslunarnet sem Ísland er hluti af ná til ríkja með á þriðja milljarð íbúa, þ.e. um einn þriðja alls mannkyns.

Fríverslunarsamningar og aðrir tvíhliða samningar á viðskiptasviðinu, eins og fjárfestingasamningar og tvísköttunarsamningar, geta skipt sköpum fyrir útrás íslenskra fyrirtækja. Íslensk fyrirtæki leita nú í síauknum mæli að nýjum mörkuðum og viðskiptatækifærum og hlýtur þá áhuginn að beinast að hagvaxtarsvæðum Asíu en einnig að Austur-Evrópu og Afríku. Utanríkisþjónustan verður að vera vakandi fyrir því hvar sóknarfærin liggja og tryggja að íslensk fyrirtæki geti sem víðast notið bestu viðskiptakjara.

Jafnframt er ljóst að mikilvægi tvíhliða viðskiptasamninga eykst enn á næstu árum, eftir að samningaviðræður um aukið frelsi í heimsviðskiptum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sigldu í strand í sumar. Á þessari stundu verður ekki fullyrt hvenær hægt verði að taka upp þráðinn að nýju en við Íslendingar hljótum að gera okkur vonir um að viðræðurnar geti hafist á ný sem fyrst, enda eiga fáar þjóðir jafnmikið undir því að frjálsræði verði aukið í alþjóðlegum viðskiptum og við Íslendingar.

Eitt erfiðasta umfjöllunarefnið í þessum viðræðum eru viðskipti með landbúnaðarvörur. Af hálfu Íslands hefur verið lögð áhersla á að tryggja íslenskum landbúnaði raunhæf tækifæri til aðlögunar að breyttu rekstrarumhverfi, bæði neytendum og bændum til hagsbóta. Á meðal íslenskra bænda er skilningur á nauðsyn þess að rekstrarumhverfi þeirra verði breytt og að þeir tengist alþjóðavæðingu viðskiptalífsins og hafa þeir undirbúið sig undir breytta tíma af mikill framsýni og þekkingu. Jafnframt er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þessi þróun býður upp á margvísleg tækifæri. Fram til þessa hefur tollavernd í mörgum nágrannaríkja okkar, einkum ríkja Evrópusambandsins, gert það að verkum að tækifæri til þess að auka útflutning landbúnaðarvara eru mjög fá. Mikilvægt er að við reynum að skapa aukið svigrúm til útflutnings landbúnaðarvara. Því eru nýhafnar viðræður við Evrópusambandið um aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur og ég er vongóð um að þær viðræður muni skila ávinningi til bæði neytenda og bænda.

Frú forseti. Evrópusambandið stendur í dag á krossgötum. Við inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu í Evrópusambandið um áramótin verða aðildarríki þess orðin 27, og hafa þá 12 ný ríki bæst í hóp aðildarríkja ESB á innan við þremur árum. Stækkunin hefur haft margvísleg áhrif á ásýnd, innviði og áherslur Evrópusambandsins. Aðildarríki ESB standa frammi fyrir þeirri spurningu hvað nú taki við og bendir ýmislegt til þess að ekki séu allir á eitt sáttir um svarið. Þróun mála innan ESB varðar hagsmuni Íslands með beinum hætti. Eins og ég vék að áðan er Evópusambandið á meðal okkar mikilvægustu samstarfsaðila á fjölmörgum sviðum, ekki einvörðungu á sviði viðskipta heldur og á sviði utanríkis- og öryggismála og löggæslusamstarfs, og er þá aðeins fátt eitt talið. Samstarf Íslands og Evrópusambandsins er byggt á sameiginlegum hagsmunum og gildismati og ég er sannfærð um að þetta samstarf mun halda áfram að styrkjast á komandi árum. Ég tel það skyldu utanríkisráðuneytisins að fylgjast grannt með þróun mála innan ESB þannig að þegar á reyni séum við í stakk búin til að taka ákvarðanir um hvernig hagsmunum okkar sé best borgið í samskiptum okkar við Evrópusambandið.

Nýlega urðu þau ánægjulegu tíðindi að samningur Íslands og Færeyja um sameiginlegt efnahagssvæði landanna, sem gjarnan er kenndur við Hoyvík í Færeyjum, öðlaðist gildi. Færeyingar eru vissulega fámenn þjóð en raunin er sú að Færeyjar eru íslenskum fyrirtækjum mikilvægara markaðssvæði en margir stærri markaðir. Samningurinn er því stórt skref í þá átt að efla tengsl milli Íslands og Færeyja. Ég hef einnig ákveðið að stíga annað stórt skref í þeim efnum með því að opna aðalræðisskrifstofu Íslands í Færeyjum á næsta ári. Er stofnun aðalræðisskrifstofunnar nokkur tíðindi því að um er að ræða fyrstu sendiskrifstofu erlendis ríkis sem verður opnuð í Færeyjum og er sannarlega við hæfi að í þeim efnum skyldum við Íslendingar verða fyrst til. Færeyingar hafa einnig sýnt áhuga á aðild að EFTA og við munum vitaskuld styðja þá í þeirri viðleitni með ráðum og dáð.

Mér var það sönn ánægja að við gátum fagnað gildistöku Hoyvíkur-samningsins á síðasti þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Segja má að Hoyvíkur-samningurinn, sem byggir á gagnkvæmu trausti grannþjóða, sé dæmi um norrænt samstarf eins og það gerist best. Í nýlegri könnun kemur fram að Íslendingar og Norðmenn leggja meiri áherslu á norrænt samstarf en þau Norðurlandanna sem aðild eiga að Evrópusambandinu. Þetta er okkur áminning um mikilvægi þess að efla norrænt samstarf og gera það að áhugaverðum samstarfsvettvangi fyrir Norðurlöndin öll.

Frú forseti. Á sama tíma og við glímum við nýjar ógnir og ný tækifæri stöndum við Íslendingar einnig frammi fyrir því að þurfa að axla í auknum mæli ábyrgð á okkar eigin öryggi og vörnum. Meginstoð öryggis- og varnarstefnu Íslands er sem fyrr samkomulagið við Bandaríkin. Öryggis- og varnarstefnan er hins vegar sífelldum breytingum undirorpin og þarf stöðugt að vera í endurskoðun. Slík endurskoðun kallar á yfirvegaða og vandaða umræðu um hvernig

best megi sinna öryggis- og varnarþörf landsins. Þetta mál er mikilvægara en svo að afgreiða megi með flimtri eða innantómu pólitísku karpi. Allir stjórnmálaflokkar þurfa að taka þátt í þeirri stefnumótun, og fræðasamfélagið þarf einnig að eiga þar aðkomu. Til skoðunar er í hvaða farveg beri að beina umræðunni til að hún nýtist til þeirrar stefnumótunar sem fer fram hjá stjórnvöldum.

[11:06]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka utanríkisráðherra fyrir ræðu hennar hér í dag. Ræðan er um margt ágæt og byggir á ýmsum hugmyndum, m.a. sem lagðar voru fram á fundi utanríkismálanefndar í gær og lúta að stefnumótun í mannréttindamálum, stefnumótun varðandi þróunaraðstoð, friðargæslu o.fl. Það er því margt ágætt í ræðunni og verið að vinna að ágætum hlutum í utanríkisráðuneytinu þessa dagana eins og kom fram í ræðu utanríkisráðherrans.

Ég verð hins vegar að vekja athygli á því að þessi ræða og sú vinna sem nú er í gangi af hálfu utanríkisráðherra ber nokkurn keim af því að utanríkisráðherra sé nú að freista þess að bæta ímynd ríkisstjórnarinnar í þeim málum sem undir utanríkisráðuneytið heyra. Á elleftu stundu er reynt að bæta fyrir ellefu ára vanrækslusyndir þó að sá utanríkisráðherra sem nú situr í stólnum sé nýr í því embætti hefur ríkisstjórnin setið í tólf ár og allir þeir ráðherrar sem í henni sitja og þeir þingmenn sem hana styðja bera auðvitað jafna ábyrgð á þeirri vinnu sem fram hefur farið í ríkisstjórninni á undanförnum árum. En á elleftu stundu er nú reynt að bæta fyrir ellefu ára vanrækslusyndir og það er auðvitað alltaf gott þegar menn sjá villu síns vegar en það er hins vegar of seint að iðrast eftir dauðann. Ríkisstjórnin er í andarslitrunum og eins og þar segir: feigum verður ekki forðað.

Það er dálítið merkilegt þessa dagana að fylgjast með ráðherrunum, einum af öðrum, gera út á skammtímaminni fólks. Þeir gera það í trausti þess að enginn muni eftir misgjörðum eða vanrækslusyndum undangenginna ellefu ára. Þeir lofa bót og betrun og ávísa nú á framtíðina. Það er skemmst að minnast þess þegar heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra gáfu öldruðum fyrirheit um miklar úrbætur í þeirra málum og ríkisstjórnin næsta á að efna það. Á dögunum var gerður samningur við kvikmyndagerðarmenn um aukin framlög til kvikmyndagerðar og það er næsta ríkisstjórn sem á að greiða fyrir þann samning.

Nú eru gefin fyrirheit um stefnumótun í utanríkismálum, stefnumótun í mannréttindamálum, stefnumótun í þróunaraðstoð, stefnumótun í friðargæslunni, og það er næsta ríkisstjórn sem mun vinna þá stefnumótun. Það færist sem sagt bleik slikja yfir ríkisstjórnina í aðdraganda kosninga. Þetta höfum við svo sem séð fyrr, þetta sáum við hjá Sjálfstæðisflokknum í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna. Þetta eru auðvitað hyggindi en þetta er hentistefna.

Utanríkisráðherra leggur í ræðu sinni áherslu á umhverfisvernd og mannréttindi. Ég geri alveg fastlega ráð fyrir því að ráðherrann sé vel meinandi í þeim efnum en ég vildi að ég gæti trúað því að þar væri talað af heilindum. Tvennt gerir það að verkum að ég verð að gjalda varhuga við því sem ráðherrann segir. Í fyrsta lagi vegna umhverfismálanna þá sé ég ekki að við séum til sérstakrar fyrirmyndar í umhverfismálum. Ráðherrann sagði í ræðu sinni að þar hefðum við margt að kenna öðrum þjóðum. Við stöndum að vísu þokkalega í samanburði við aðrar þjóðir eins og sakir standa, m.a. hvað varðar útblástur gróðurhúsalofttegunda en við stefnum hraðbyri fram úr Kyoto-bókuninni ef fram heldur sem horfir. Aukning í útstreymi koltvíoxíðs vegna nýrra álvera stefnir í um 2.000 tonn. Íslenska undanþágan sem við fengum síðast var um 1.600 þúsund tonn. Við stefnum hraðbyri fram úr því og það er ekkert sem bendir til þess að þjóðir heims geti sótt sér auknar undanþágur næst þegar samið verður.

Í því sambandi ætla ég að vísa í skýrslu fyrrverandi aðalhagfræðings Alþjóðabankans, Sir Nicholas Stern, skýrslu sem hann samdi fyrir bresku ríkisstjórnina, en þar setur hann fram þá skoðun að Evrópuþjóðir verði að draga úr útblæstri sínum um 30% fram til ársins 2020 og um 60% fram til ársins 2050. Að öðrum kosti sé mikil vá fyrir dyrum. Hann bendir á það í skýrslu sinni að verði ekkert að gert strax — ekki seinna, heldur strax — megi búast við því að um 100 milljónir manna verði á flótta vegna flóða víðs vegar um heiminn, að bráðnun jökla muni valda því að einn af hverjum sex íbúum heimsins muni ekki hafa neysluvatn, að dýralífinu verði verulega ógnað og að þurrkar muni hrekja jafnvel hundruð milljóna íbúa jarðar á flótta, gera þá flóttamenn. Það verði því að takast á við þessi mál strax.

Þegar ég tala um að við séum ekkert sérstaklega til fyrirmyndar í umhverfismálum, en sá utanríkisráðherra sem nú situr leggur sérstaka áherslu á þau mál í ræðu sinni núna, fer auðvitað ekki hjá því að það hlýtur að verða að minna á að hér talar fyrrverandi iðnaðarráðherra sem hefur staðið að undirbúningi allra þeirra framkvæmda sem munu, ef fram heldur sem horfir, valda því að við förum fram úr þeim heimildum sem við höfum samkvæmt Kyoto-bókuninni.

Staðan í loftslagsmálum er pólitískt og siðferðilegt verkefni sem við verðum að takast á við af fullri alvöru sem auðug þjóð og við verðum að stefna að því að draga úr útblæstri en ekki auka hann, og við getum ekki búist við því að sækja um frekari undanþágur þegar næsta samningalota hefst.

Í öðru lagi, virðulegur forseti, erum við ekkert til sérstakrar fyrirmyndar í mannréttindamálum meðan við sem þjóð berum pólitíska og siðferðilega ábyrgð á þeim voðaverkum og þeirri óöld sem nú geisar í Írak. Það er svartur blettur á þessari ríkisstjórn að hún skyldi ljá máls á því að styðja innrásina í Írak og það er blettur sem þjóðin sem heild situr uppi með. Ríkisstjórnin hefur aldrei gert upp við stuðning sinn við innrásina í Írak. Og ég tók eftir því þegar frambjóðendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins voru spurðir um afstöðu sína til innrásarinnar í Írak þá fóru þeir eins og kettir í kringum heitan graut. Flestir hverjir svöruðu að innrásin hefði verið röng í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir. En innrásin í Írak var röng í ljósi þeirra upplýsinga sem lágu fyrir þegar innrásin var gerð, gleymum því ekki.

Hans Blix, sem var í forsvari fyrir þeirri leit sem fram fór í Írak að gereyðingarvopnum, kom m.a. hingað til lands og hélt um þetta erindi, fleiri en eitt og fleiri en tvö. Hans Blix fann engin gereyðingarvopn. Hann bað þjóðir heims að bíða, hann bað um lengri tíma, bara örlítinn tíma í viðbót

til þess að staðfesta að þarna væru ekki gereyðingarvopn.

Hvað var gert? Hann var hæddur og smáður af Bandaríkjastjórn og af þeim sem fylgdu henni að málum. Auðvitað berum við sem þjóð fulla ábyrgð á að hafa tekið þátt í þessu. Við berum þar af leiðandi siðferðilega og pólitíska ábyrgð á þeirri ógnaröld sem nú er í Írak.

Ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin lét glepjast til þess að styðja við innrásina í Írak, það er ekki hægt að líta öðruvísi á en að þessi siðlausa ákvörðun hafi verið tekin á grundvelli skammsýnna eiginhagsmunasjónarmiða. Ríkisstjórnin hélt að hún gæti komið sér undan því að takast á við nýjan veruleika í öryggis- og varnarmálum ef hún veitti Bandaríkjastjórn pólitíska og siðferðilegan stuðning í innrásinni í Írak, hún gæti með öðrum orðum verslað í málinu. Ég hygg að aldrei hafi íslensk stjórnvöld lagst jafnlágt.

Varðandi mannréttindamálin er sú áhersla sem lögð er á mannréttindi í þessari ræðu heldur ekki trúverðug þegar þess er gætt hvernig ríkisstjórnin hefur m.a. meðhöndlað Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég veit að núverandi utanríkisráðherra vill gera bót og betrun í því og leggja nokkurt fé til Mannréttindaskrifstofunnar, ég veit það, utanríkisráðherrann kynnti það á fundi utanríkismálanefndar í gær og ég fagna því að það skuli gert og ráðherrann skuli nú sjá að sér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. En það breytir ekki því að það var reynt að svelta Mannréttindaskrifstofu Íslands til hlýðni af núverandi ríkisstjórn af fyrrverandi utanríkisráðherra meðal annars, Davíð Oddssyni, og núverandi dómsmálaráðherra Birni Bjarnasyni.

Ég vil aðeins, virðulegi forseti, leyfa mér að koma hér inn á mannréttindamálin sérstaklega, vegna þess að ég held að það séu gríðarlega mikilvæg mál og ég sakna þess og ég kalla eftir því eina ferðina enn og ég hef gert það áður hér í ræðustól Alþingis, að utanríkisráðuneytið láti þær hugmyndir um mannöryggi sem nú eru að ryðja sér til rúms á alþjóðavettvangi til sín taka. Hugmyndir um mannöryggi eru gríðarlega mikilvægar, þetta eru hugmyndir sem Sameinuðu þjóðirnar eru m.a. að taka upp á sína arma og gerðu að vissu leyti á alheimsleiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna 2005.

Hugmyndin um mannöryggi kallar á alveg nýtt skipulag og ný vinnubrögð í varnar- og öryggismálum. Hún byggir á þeirri hugsun að menn reyni að leggja raunsætt mat á það hverjir eru í mestri hættu og hvað ógnar þeim mest. Almennt má segja að í heiminum steðji mest ógn að þeim þegnum samfélagsins sem minnst völd hafa, þeim sem búa við stöðuga fátækt, hungur, ofbeldi og sjúkdóma. Það er mjög mikilvægt líka að voldugum ríkjum sem freistast til þess að ráðast til atlögu við önnur ríki undir formerkjum verndarskyldu séu sett ákveðin mörk.

Það hefur verið lögð talsverð vinna í það á undanförnum árum að skilgreina þær forsendur sem þurfa að liggja að baki ákvörðun um að fullveldi ríkja víki fyrir verndarskyldu alþjóðasamfélagsins. Verndarskylda alþjóðasamfélagsins er gríðarlega mikilvæg en menn verða líka að umgangast hana af ákveðinni varúð. Kanadastjórn stofnaði starfshóp árið 2000 undir forustu Gareth Evans, fyrrverandi utanríkisráðherra Ástralíu. Þessi hópur skilaði skýrslu undir heitinu „The responsibility to protect". Finnsk stjórnvöld hafa m.a. tekið þá hugmynd upp á sína arma og settu árið 2002 af stað hið svokallaða Helsinki-ferli, m.a. til að ræða þessar hugmyndir og framhald þeirra.

Í þessari skýrslu eru settar fram grundvallarreglur sem hlíta verður ef hernaðaríhlutun á að teljast réttlætanleg. Þær eru í fyrsta lagi skilgreining á réttlætanlegu tilefni sem byggir á því að fyrirsjáanlegt sé mikið mannfall eða þjóðernishreinsanir. Þetta var ekki til staðar í Írak þegar innrásin var gerð þar.

Í öðru lagi varúðarreglur um framkvæmd sem byggi á því að sannanlega sé tilefnið að koma í veg fyrir mannlegar þjáningar, aðrar leiðir hafi verið reyndar til þrautar, aðgerðirnar séu afmarkaðar og líkur bendi til að þær leiði til varanlegrar lausnar. Þetta var ekki til staðar í Írak.

Í þriðja lagi lögmæti alþjóðasamfélagsins, þ.e. að skýrt sé kveðið á um umboð og stöðu Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar norrænu jafnaðarmannaflokkanna hafa m.a. sett fram þá afstöðu að samþykki öryggisráðsins þurfi til og aðeins aðalritari Sameinuðu þjóðanna hafi rétt til að leggja fram tillögu um hernaðaríhlutun á grundvelli mannöryggis. Þetta var heldur ekki til staðar við innrásina í Írak.

Virðulegur forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þetta nýja öryggishugtak sé mjög mikilvægt og ég hef lesið yfir skýrslur utanríkisráðherra, hvers á fætur öðrum, og ég hef aldrei rekist á þetta hugtak í þeim skýrslum og heldur ekki núna í ræðu utanríkisráðherra. Ég hef aldrei heyrt nokkurn utanríkisráðherra segja frá frumkvæði Kanadamanna og Finna í þessum efnum.

Helsinki-ferlið um hnattvæðingu og lýðræði er að mínu mati mjög merkileg tilraun til að leita lausna sem geta hjálpað alþjóðasamfélaginu að standa við þúsaldarmarkmið sín um þróun. Þetta ferli er lausnamiðað, það leiðir saman vitneskju og fólk úr ýmsum áttum og það er þarna sem við Íslendingar eigum að leita fanga þegar við mótum stefnu framboðs okkar til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þarna eigum við að taka okkur stöðu.

Það sem heimurinn þarf núna er skapandi, víðtækt og framsækið samstarf fjölmargra aðila vegna þess að hefðbundnir alþjóðlegir vinnuferlar ráða ekki lengur við þau vandamál sem hafa fylgt hnattvæðingunni. Við Íslendingar eigum að vera frjálshuga (Forseti hringir.) borgarar nýrra hugmynda en ekki láta fyrirberast áttavillt í þoku eftirstríðsáranna.

[11:21]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég á bágt með að skilja þá geðvonsku sem fram kemur í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Vil ég taka sem dæmi umfjöllun hennar um mannréttindakafla í ræðu hæstv. utanríkisráðherra þar sem hæstv. utanríkisráðherra leggur þunga áherslu á gildi mannréttinda og tekur sem dæmi það að gera Mannréttindastofu hátt undir höfði. Ég hefði talið það tilefni til að gleðjast en ekki búist við þeim viðbrögðum sem hv. þingmaður sýnir sem rekur hornin í hæstv. utanríkisráðherra yfir þessum tíðindum.

Það sem mér þótti hins vegar merkilegast í þessari ræðu er notkun hv. þingmanns á hugtökum eins og skammtímaminni og blekkingu sem hún tengdi umræðu um útblástur í almennri umfjöllun um útblástur í veröldinni. Hún tengdi hann gjarnan við stóriðjuframkvæmdir sem hér hafa verið

að undanförnu, rétt eins og ástand í andrúmsloftinu í heiminum á alþjóðavísu mætti rekja til álversframkvæmda á Íslandi.

Það sem hins vegar vekur athygli mína er að það er eins og skammtímaminni hv. þingmanns hafi þrotið. Ef einhver ber ábyrgð á álframkvæmdum á Íslandi, sennilega þeim stærstu, er það hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík sem hefði einfaldlega (Gripið fram í.) getað stöðvað þær framkvæmdir sem borgarstjóri. (Gripið fram í.) Hún hins vegar greiddi atkvæði í borgarstjórn, að vísu með hnút í maga, með þeirri fjárhagslegu ábyrgð sem Reykjavíkurborg ber. (Gripið fram í.) Ég tek það fram, hæstv. forseti, að ég er sammála þeirri ábyrgu afstöðu sem fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík tók.

[11:24]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér heyrist á andsvari hv. þingflokksformanns Framsóknarflokksins, Hjálmars Árnasonar, að hann hafi ekki lesið ræðu utanríkisráðherrans síns, hann hafi bara ekki einfaldlega ekki lesið ræðuna. Í ræðunni segir ekkert um Mannréttindaskrifstofuna. Það var ég sem leiddi hana hér fram og taldi ráðherranum til tekna að hún hefði þó sett 4 millj., ætlar víst að gera á þessu ári, í Mannréttindaskrifstofuna. Ráðherra segir það ekkert í ræðu sinni. Hún var ekkert að hampa því. Það er ég sem tíunda það hér.

Það er greinilegt að hv. þingflokksformaður hefur ekki lesið þá ræðu, stefnumótunarræðu, sem ráðherra hans flytur hér. En látum vera þótt hann gefi sér ekki tíma til þess.

Varðandi álversframkvæmdirnar er það eins og ég gat um hér áðan að ef fram heldur sem horfir, ef menn halda áfram með stækkunina í Straumsvík, Helguvík, með álver fyrir norðan, stefnum við einfaldlega fram úr þeim heimildum sem við höfum. Fyrir utan Kárahnjúkavirkjun og Grundartanga. Þetta verða menn horfast í augu við.

Álversframkvæmdir og stóriðjan við Kárahnjúka voru ekki samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur. Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti ábyrgðir vegna lána og lagði mat á það hvort ábyrgðirnar vegna lánanna mundu hugsanlega falla á Reykvíkinga. Matið var að það væri ekki líklegt til að gerast. Á grundvelli þess samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, með níu atkvæðum gegn fimm, að veita þessar ábyrgðir.

[11:25]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara hér í eitthvert lestrarpróf hjá hv. þingmanni.

Hitt er annað mál, og það vekur athygli, og ég bið forseta að veita því alveg sérstaka athygli, hvernig hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík, reynir hér að firra sig þeirri ábyrgð að hafa sem borgarstjóri í Reykjavíkurborg tekið þá ábyrgð og greitt því atkvæði að Reykjavíkurborg ábyrgðist framkvæmdir Landsvirkjunar við Kárahnjúka. Hefði þáverandi borgarstjóri í Reykjavík neitað því hefði hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir getað stöðvað þær framkvæmdir. Það þýðir ekki fyrir virðulegan formann Samfylkingarinnar að koma hér upp núna eins og hvítþveginn engill án ábyrgðar. Hv. þingmaður ber ábyrgð á þeim framkvæmdum eins og aðrir þeir sem studdu þær framkvæmdir, m.a. hér í þingsal.

Hafi hv. þingmaður ekki tekið eftir því, eða hafi hv. þingmaður gleymt því, studdi drjúgur hluti af þingflokki Samfylkingarinnar þær framkvæmdir með atkvæðagreiðslu hér á hv. Alþingi. Ég tek það enn fram að ég er sama sinnis og sá hluti þingflokks Samfylkingarinnar en vera kann að að nú hafi sú afstaða Samfylkingarinnar breyst í þessu máli eins og öðrum.

Ég vil líka vekja athygli hv. þingmanns á því að það er ekki bara á þessu sviði sem við höfum unnið, Íslendingar, heldur höfum við líka verið í forustu hvað varðar tilraunir með vetnisvæðingu. Þar höfum við vakið verðskuldaða athygli og erum leiðandi á því sviði. Ég tel það afar merkilegt framlag okkar til alþjóðlegra umhverfismála.

[11:28]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingflokksformaður Hjálmar Árnason stóðst ekki lestrarprófið áðan. Nú stenst hann ekki staðreyndaprófið. Þingmaðurinn fer einfaldlega rangt með.

Ég gat þess áðan að atkvæðagreiðslan um ábyrgðina á lánum Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar hefði farið 9:5 í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar átti ég eitt atkvæði af þessum níu. Ef ég hefði ekki greitt atkvæði með Kárahnjúkavirkjun hefðu atkvæðin fallið 8:6 væntanlega. Þá hefði ég verið á móti og þá hefði farið 8:6. Atkvæði mitt, þótt mikilvægt sé, hafði ekki meiri þyngd en atkvæði annarra sem þarna tóku þátt.

Það er alveg rétt að í borgarstjórn Reykjavíkur var lántakan samþykkt. Það er líka alveg rétt að í þingflokki Samfylkingarinnar greiddu 14 þingmenn atkvæði með Kárahnjúkavirkjun. En það er bara algjört aukaatriði í því máli sem snýr að framtíðinni. Við höfum aldrei skorast undan ábyrgð varðandi Kárahnjúkavirkjun. Ábyrgðin núna snýr hins vegar að framtíðinni.

Ef menn ætla að halda áfram á sömu braut, ef menn geta ekki einu sinni snúið frá villu síns vegar frekar en hv. þingflokksformaður Hjálmar Árnason, stefnir bara í eina átt. Þá stefnir í að við förum fram úr þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem við höfum undirgengist. Ef Helguvík, Straumsvík og álver fyrir norðan verður allt saman að veruleika förum við fram úr okkar alþjóðlegu skuldbindingum og það er verkefnið sem við stöndum andspænis í dag, hv. þm. Hjálmar Árnason.

[11:29]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo að við víkjum umræðunni aðeins nær efni dagsins var margt athyglisvert í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, einkum um fortíðina.

Það fór hins vegar minna fyrir umfjöllun um framtíðarstefnu Íslands á sviði utanríkismála. Ég saknaði þess svolítið að heyra ekki af hálfu formanns Samfylkingarinnar framtíðarsýn þess flokks varðandi stöðu okkar í utanríkis- og varnarmálum, varnarmálunum sérstaklega, þegar tekið er tillit til þess að Samfylkingin hefur verið mjög gagnrýnin á málsmeðferð ríkisstjórnarinnar í sambandi við varnarsamning og þau mál að undanförnu. Það hefði verið kjörið tæki-

færi fyrir hv. formann Samfylkingarinnar að nota þetta tækifæri til að lýsa því hvaða valkosti Samfylkingin býður upp á á móti.

Eins vakti það (Gripið fram í.) athygli mína að í þeirri ræðu kom ekki fram sú stefna sem hefur á undanförnum árum verið þungamiðja í stefnu Samfylkingarinnar hvað varðar utanríkismál, að það væri eitthvert brýnasta hagsmunamál okkar að ganga til aðildarsamninga við Evrópusambandið. Ég veitti því athygli að þá umfjöllun var ekki að finna í þessari ræðu sem gefur mér tilefni til að spyrja hv. þingmann hvort um sé að ræða einhverja stefnubreytingu af hálfu Samfylkingarinnar eða hvort Samfylkingin álíti að það mál, hugsanleg aðild að Evrópusambandinu eða aðildarumsókn, sé ekki á dagskrá núna á þessum kosningavetri.

[11:31]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rangt hjá þingmanninum að ég hafi ekki talað hér um framtíðarstefnu. Ég talaði þvert á móti mjög mikið um framtíðarstefnu, ég talaði um að við ættum að fylgja að málum þeirri stefnu á alþjóðavettvangi sem er undir yfirskriftinni mannöryggi. Það er auðvitað mikilvægt innlegg í okkar umræðu að við gætum að því sem nýjast er á alþjóðavettvangi í þessum efnum.

Ég veit að hv. þingmaður hefði gjarnan viljað að ég héldi einhvern veginn allt öðruvísi ræðu en ég verð bara að hryggja hann með því að það var þetta sem mér lá á hjarta í dag. Ég get svo haldið aðrar ræður og hef haldið hérna margar ræður um varnarmál og ég get líka haldið hérna ræður um Evrópusambandið. Það gefast önnur tækifæri í þessum ræðustól. Þó að ég kjósi að tala um mannöryggi verður þingmaðurinn að sætta sig við það að þetta er áherslumál mitt núna en ekki einhver önnur sem hann vildi svo gjarnan hafa.

Ég skal tala um Evrópusambandið. Það er engin launung á því að ég er þeirrar skoðunar að við eigum að sækja um aðild, hefja það ferli, sjá hvað út úr því kemur og hvort við náum viðeigandi samningum. Það er engin launung á því, ég hef margsagt það.

Varðandi varnarmálin sagði ég það líka í umræðum hér um varnarsamninginn síðast að við ætluðum ekki að taka pólitíska ábyrgð á einhverjum leynisamningi um varnarviðbúnað hér á landi sem tveir menn í ríkisstjórninni og kannski einhverjir fleiri vita um. Við tókum ekki pólitíska ábyrgð á þeim gerningi og við áskiljum okkur auðvitað fullan rétt til þess að taka þau mál til endurskoðunar þegar hér verður skipt um ríkisstjórn, að sjálfsögðu.

[11:33]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég auðvitað verð að sætta mig við hvaða áherslur hv. þingmaður hefur í þessum ræðustól. Hins vegar finnst mér full ástæða til að ganga svolítið eftir því og velta fyrir mér, þegar hv. þingmaður talar um að Samfylkingin telji sig hafa fullt svigrúm til þess að taka varnarsamninginn og þau mál sem honum tengjast til endurskoðunar, á hvaða forsendum þau mál verði tekin til endurskoðunar. Hverjar verða þær forsendur sem Samfylkingin leggur til grundvallar? (Gripið fram í.)

Nú liggur fyrir varnarsamningur í breyttri mynd sem gengur út frá því að Bandaríkjamenn og Íslendingar hafa með sér samkomulag (Gripið fram í.) um það að Bandaríkjamenn koma til aðstoðar samkvæmt varnaráætlun ef hættuástand skapast. Það er auðvitað það sem liggur á borðinu. Þegar Samfylkingin segir að hún vilji taka þessi mál til endurskoðunar hlýtur maður að kalla eftir því á hvaða forsendum sú endurskoðun eigi að fara fram. Skiptir það ekki máli þegar gengið er til kosninga í vor að kjósendur geri sér einhverja grein fyrir því hvort Samfylkingin hefur yfir höfuð einhverja hugmynd um það hvað hún vill gera í þessu máli? (**ÞSveinb:** ... ykkar forsendur.)

Okkar forsendur liggja fyrir, hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. (Gripið fram í.) Það er hins vegar eftirtektarvert að Samfylkingin sem gagnrýnir þetta fyrirkomulag í dag telur sig hafa svigrúm til að endurskoða það, vill ekki segja neitt um það á hvaða forsendum á að taka málin til endurskoðunar, á hvaða forsendum eigi að byggja nýja varnarstefnu. Ég held að það sé kannski það mikilvægasta fyrir kjósendur, að heyra þá afstöðu nú á þessum vetri þegar við göngum til kosninga í vor. Það eru þau mál sem snúa að okkur beint, það eru þau mál sem standa okkur næst og það eru kannski þau brýnustu úrlausnarefni sem við þurfum að standa frammi fyrir á næstu missirum.

[11:35]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var merkilegt að hlusta á hv. þingmann spyrja á hvaða forsendum ætti að taka varnarsamninginn til skoðunar þegar hér verður skipt um ríkisstjórn. Eins og ég sagði áðan áskiljum við okkur auðvitað allan rétt til þess enda, eins og kom fram í frammíkalli hjá hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, lágu forsendurnar fyrir þeim varnarsamningi sem endurnýjaður var núna og þeirri varnaráætlun sem honum liggur til grundvallar aldrei fyrir af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Það er búið að setja hér upp varnaráætlun, að vísu leynilegt plagg, varnaráætlun, en það hefur aldrei verið skilgreint gegn hvaða vá á að verjast. Hver er váin? Er það innrás óvinveittra ríkja? Hver er váin sem þessi varnaráætlun er viðbragð við? (Gripið fram í.) Það hefur ekki verið skilgreint af hálfu þeirrar — (**Gripið fram í:** ... nýjan herafla.) Það hefur ekki verið skilgreint, virðulegur forseti, af hverju varnaráætlun, sem er leyniplagg, hefur verið gerð, gegn hvaða vá hún er. Það er auðvitað frumforsenda þess að vera hér með varnaráætlun og varnarsamstarf að menn skilgreini vána sem að okkur steðjar. Það er fyrst núna þegar þessi endurnýjaði samningur var gerður sem menn ætla að setja niður nefnd um öryggismál til að skilgreina vána. Utanríkisráðherra talar um það í ræðu sinni núna að setja upp sérstaka stofnun til að huga að þessum málum. Það er dálítið seint í rassinn gripið að gera það núna eftir allan þennan tíma og eftir að vera búinn að gera varnarsamning og varnaráætlun sem byggir ekki á neinu skilgreindu mati á vánni. Við skulum láta það fara fram fyrst.

[11:37]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Það er eðlilegt að formanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, vefjist tunga um tönn þegar hún á að lýsa afstöðu flokksins til varnarmála. Jón Baldvin Hannibalsson er önnum kafinn nú í þverpólitískri nefnd við að leysa það hvernig Samfylkingin hyggist snúa sér í þessum málum. Ég hef stundum haft orð á því að ef maður rifjar upp þær skoðanir sem Jón Baldvin Hannibalsson hefur haft á varnarmálum og vestrænni samvinnu og þær skoðanir sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur haft á þeim málum sé niðurstaðan þverpólitísk. Það má kannski velta fyrir sér að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sé nú að reyna að rifja upp hvar hún stendur á þessu augnabliki.

Mér þótti athyglisvert að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skyldi halda þeim vana sínum að brigsla öðrum um að þeir vilji ekki virða mannréttindi, gefa í skyn að hér í þessum þingsal séu einstaklingar sem ekki vilji virða mannréttindi. Það þarf náttúrlega mikið þrek til að brigsla öðrum mönnum um slíkt, mikinn siðferðilegan þroska, en því miður gat þingmaðurinn ekki fært rök að þessu, sem ekki er von, vegna þess að fyrir þessu er enginn stafur, orð út í bláinn.

Í annan stað talaði hv. þingmaður um að ríkisstjórnin vildi ekki vera ábyrg í umhverfismálum á alþjóðavettvangi, sem er auðvitað mikill misskilningur ef við rekjum söguna. Að því vék hæstv. utanríkisráðherra m.a. í ræðu sinni þar sem hún gerði sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins sérstaklega að umtalsefni, sem er einn af hornsteinum utanríkisstefnu okkar Íslendinga. Ég sé enn fremur ástæðu til að rifja upp þær áherslur sem við Íslendingar höfum lagt varðandi norrænt samstarf, um þróun í átt að sjálfbæru samfélagi á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum. Sú áætlun sem við lögðum sérstaka áherslu á þegar við fórum með formennskuna í norrænu ráðherranefndinni er þessi: Það er sjálfbær nýting auðlinda hafsins, sjálfbær þróun í landbúnaði og verndun landgæða, sjálfbær þróun í samfélögum á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum, verndun náttúrunnar og líffræðilegrar fjölbreytni á norðurslóðum og atvinnuþróun á Vestur-Norðurlöndum og norðurslóðum.

Við Íslendingar höfum beitt okkur sérstaklega í þessum efnum, hér er ekki tími til að fara inn í einstök atriði. Þessi mál komu m.a. upp á fundum í Vestnorden á þessu sumri og raunar oftar. Við höfum lagt áherslu á það, fulltrúar þeirra landa sem þar eiga fulltrúa, að ástæða sé til að beita sér sérstaklega í þeim efnum. Jafnframt höfum við Íslendingar að sjálfsögðu verið ábyrg varðandi þá miklu möguleika sem við höfum á því að framleiða hér sjálfbæra orku, nýta vatnsaflið og orkulindirnar sem er skylda okkar og auðvitað dregur úr útblæstri á koldíoxíði og öðru slíku eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á.

Ég vil enn fremur, frú forseti, vekja athygli á því að eins og nú er komið er ekki aðalatriðið að við rifjum upp hvaða ástæður réðu því að ráðist var inn í Írak. Við erum að tala um mannöryggi. Það fólk sem þar var smæst undir stjórn Saddams Husseins bjó ekki við mannöryggi frekar en í dag og auðvitað út í hött að halda því fram að við Íslendingar berum siðferðilega ábyrgð á þeim hryðjuverkum sem þar eru unnin. Við eigum þvert á móti að einbeita okkur að því að koma til liðs við alla þá sem þar vilja stilla til friðar og auka öryggi íbúanna.

Ég átti þess kost að sitja á fundi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og á morgunfundum fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um hálfs mánaðar skeið í haust. Það var auðvitað mjög fróðlegt að fylgjast með því hvernig málum vatt fram á þessum tíma og greinilegt að á sumum sviðum, jafnvel þeim sem varða helgustu mannréttindi og öryggi þjóða, eru Sameinuðu þjóðirnar í sjálfheldu. Þetta kristallaðist í síendurteknum atkvæðagreiðslum um það hvort Venesúela eða Gvatemala skyldu taka sæti í öryggisráðinu á næstu tveim árum sem annað þeirra ríkja sem í það skyldu kjörin frá Suður- og Mið-Ameríku og var áskilið að ríkið þyrfti aukinn meiri hluta, þ.e. tvo þriðju atkvæða, til að ná kjöri. Atkvæðagreiðslurnar voru orðnar 47 þegar ég hvarf af fundinum. Þær eru allar leynilegar og illa með tímann farið. Síðan náðist samkomulag um að Panama skyldi taka sætið. Þetta þrátefli sýnir í hnotskurn þann ágreining og tortryggni sem uppi er í alþjóðasamfélaginu og sem veldur því hversu erfitt Sameinuðu þjóðirnar eiga með að standa undir þeim vonum sem við þær voru bundnar við stofnun þeirra, að þjóðirnar næðu saman um ráðstafanir til að tryggja öllu mannkyni frið og velsæld.

Nú eru 60 ár síðan við Íslendingar fengum aðild að Sameinuðu þjóðunum. Fyrstu 20 árin vorum við fámennasta þjóðin í þeim samtökum en síðan hefur þetta breyst og ég ætla að nokkru fleiri en 20 ríki séu nú fámennari en við. Mjög fast er nú unnið að því að vinna fylgi við framboð okkar í öryggisráðið eins og sést á því að við Íslendingar höfum nú tekið upp stjórnmálasamband við nær öll ríki Sameinuðu þjóðanna og vantar einungis 11 eða 12 þjóðir til að loka hringnum.

Til viðbótar vil ég nefna þátt okkar í friðargæslu víða, eins og hæstv. utanríkisráðherra gerði grein fyrir, og aukin framlög til þróunarmála. Ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun að sækjast eftir sæti í öryggisráðinu og raunar skylda okkar sem þjóðar að gera það og standa undir þeirri miklu ábyrgð sem því fylgir gagnvart öðrum þjóðum. Það skerpir sjálfsímynd okkar sem þjóðar og er til þess fallið að við skilgreinum betur fyrir okkur stöðu okkar meðal þjóðanna.

Það voru okkur vissulega mikil vonbrigði að Bandaríkin skyldu kalla varnarliðið heim með þeim hætti sem þau gerðu. Það skýrist af falli Sovétríkjanna og þeirri breyttu heimsmynd sem það framkallaði. Fyrir fram hefðu menn búist við að þvílíkir atburðir yllu því sjálfkrafa að friðvænlegra yrði í heiminum en það er síður en svo. Önnur vá, verri viðfangs, hefur komið í staðinn, sveitir hermdarverkamanna, sjálfsvígsárásir og skipuleg glæpasamtök hafa látið til sín taka, eða eins og segir í ævintýrunum að þegar hausinn var höggvinn af tröllkarlinum uxu tveir samstundis þar sem einn var áður.

Við Íslendingar höfum, guði sé lof, ekki ástæðu til að ætla að við verðum fyrir árásum eða ágangi af því tagi sem ég hef hér lýst ef við höldum vöku okkar því að auðvitað er það frumskylda hvers ríkis að tryggja öryggi þegna sinna. Þess vegna var okkur mikilsvert að Bandaríkin skyldu lýsa því yfir að þau stæðu við skuldbindingar sínar samkvæmt

varnarsamningnum eins og segir í samkomulagi ríkjanna frá því í haust. Þess vegna hljótum við líka að efla löggæslu og almannavarnir, m.a. í samvinnu við nálægar þjóðir. Það er að sjálfsögðu algjörlega út í hött sem fram kom í máli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að í þessum samningi sé eitthvert huldumál sem ekki sé eðlilegt að fari leynt. Þessi samningur er í fyllsta máta eðlilegur og eins að honum staðið og gert er um slíka hluti í nálægum löndum og lýsir þeirri alvöru sem ríki standa frammi fyrir þegar þau hugsa um hvernig hægt sé að tryggja öryggi þegna sinna. Þessi breytta staða veldur því að við Íslendingar verðum að vera virkari í alþjóðlegu samstarfi en áður á þeim vettvangi er varðar öryggismál eins og ÖSE, Atlantshafsbandalagið og Sameinuðu þjóðirnar.

Okkur verður tíðrætt um alþjóðasamfélagið og þær skyldur sem þróun alþjóðamála og viðskipta leggur okkur á herðar. Samskipti þjóðanna eru orðin flóknari og taka á fleiri þáttum en áður sem óhjákvæmilega hefur haft áhrif á þjóðþingin og störf þeirra. Í ljósi þessa tel ég tímabært að endurmeta frá grunni hvernig alþjóðastarf Alþingis er byggt upp, hver sé staða forseta Alþingis í því ljósi, utanríkisnefndar og annarra nefnda sem starfa á alþjóðavettvangi og raunar einnig annarra nefnda Alþingis vegna mála sem upp kunna að koma og varða viðskipti eða samstarf við aðrar þjóðir. Í þessum efnum höfum við Íslendingar verið um of íhaldssamir og er nú kominn tími til að við tökum okkur á. Það er af þessum sökum sem við í utanríkismálanefnd höfum beint því til fjárlaganefndar að ástæða sé til að auka fjárveitingar til alþjóðastarfsemi.

Ég vil geta þess að öll utanríkismálanefnd mun nú í desembermánuði heimsækja Eystrasaltsríkin þrjú. Við ætlum til þess sex daga og leggjum mikið upp úr því að við getum kynnst sem best sjónarmiðum þeirra og tekið upp þau mál sem sameiginleg eru milli þjóðanna. Eins liggur það fyrir, sem er nýmæli, að við Íslendingar ásamt Færeyingum, formenn utanríkismálanefnda og fleiri úr utanríkismálanefndum, munum sækja Grænlendinga heim. Grænlendingar standa frammi fyrir margvíslegum spurningum og vandamálum sem snúa að utanríkismálum, bæði á sviði umhverfismála og sem tekur einnig á ýmsum öðrum þáttum. Þessar þrjár þjóðir leggja upp úr því að standa saman út á við sem inn á við. Einn þátturinn í því er að opna ræðismannsskrifstofu í Grænlandi.

Það er mjög mikið þakkarefni að hæstv. utanríkisráðherra skyldi hafa tekið ákvörðun um að slík skrifstofa yrði opnuð í Færeyjum nú á dögunum, 1. nóvember. Við höfum tekið þetta mál upp við Grænlendinga og ég vonast til þess að það mál geti komist á rekspöl og sömuleiðis að fríverslunarsamningur verði gerður á milli þessara þriggja landa, Íslands, Færeyja og Grænlands. Við Íslendingar höfum á síðustu árum gert fríverslunarsamninga við æ fleiri þjóðir, fjölmargar þjóðir, og er merkilegt margt þar á döfinni eins og undirbúningur að fríverslunarsamningi milli Íslands og Grænlands, og eins við Kanadamenn. Við ríðum þar á vaðið en eins og við vitum hlýtur það að vera hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu að beita sér fyrir frjálsum viðskiptum á sem víðustum grunni og standa gegn því að ríkið styðji með opinberum framlögum atvinnuvegi sem byggja á nýtingu á auðlindum hafsins. Í því efni vil ég sérstaklega nefna að á alþjóðavettvangi höfum við reynt að beita okkur gegn því að ríki styrki fiskveiðar en þær skýrslur sem nú hafa borist um að yfir vofi að fjöldi fiskstofna kunni að hverfa vegna ofveiði hlýtur að ýta við okkur um leið og það er ánægjulegt að geta frá því skýrt að í umfjöllun um fiskveiðistefnu okkar Íslendinga í erlendum blöðum kemur víða fram hversu vel við höfum staðið að nýtingu fiskstofna hér á Íslandi.

[11:51]

**Ellert B. Schram** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er að taka sæti á Alþingi sem varamaður í nokkra daga og það ber vel í veiði á þessum kalda morgni að hér fer fram umræða um utanríkismál. Ég kveð mér hljóðs, ekki til að gagnrýna sérstaklega ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals sem talaði á undan mér, enda þótt þetta sé andsvar við ræðu hans, heldur kannski til að tala um það sem ekki var minnst á, hvorki af hv. þingmanni né hæstv. utanríkisráðherra, og það er auðvitað stærsta utanríkismál okkar og umheimsins, þ.e. atburðina í Írak.

Ég minni á að núverandi hæstv. ríkisstjórn tók afstöðu og ákvörðun um að styðja innrásina í Írak, raunar áður en kosningar fóru fram fyrir þrem, fjórum árum, og leyndi þjóðina þessari vitneskju og hefur síðan haldið þessari stefnu áfram, að manni best skilst, í hópi hinna viljugu og fúsu þjóða sem stutt hafa aðgerðir Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra í Írak á undanförnum missirum og árum.

Þetta er málið sem umheimurinn og fólkið talar um að því er varðar alþjóða- og utanríkismál og ekki er minnst á þetta mál í þeim skýrslum og ræðum sem hér eru fluttar af hálfu stjórnarsinna.

Ég stend hér upp, frú forseti, til að lýsa eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar til Íraksmálsins. Hefur stefna ríkisstjórnarinnar breyst eða er hún enn hin sama, að þeir styðji heils hugar aðgerðir Bandaríkjamanna, jafnvel þó að Bandaríkjamenn sjálfir séu núna á hraðri leið með að breyta afstöðu sinni?

[11:53]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef tekið eftir því að eftir að hv. þm. Ellert Schram snerist heyrir hann ekki nema annað hvert orð sem ég segi. Ég minntist á Íraksmálið áðan. Ég talaði um að það væri orðin sagnfræði að tala um þær ástæður sem lágu til innrásarinnar í Írak, en eins og hv. þingmaður man var því trúað á þeim tíma að Írakar byggju yfir kjarnorkuvopnum.

Ljóst er að mikil ógnarstjórn var í Írak á þeim tíma. Það hefur verið upplýst um fjöldagrafir barna og að þjóðflokkar hafi þar verið drepnir og þar fram eftir götunum og er alveg ástæðulaust að reyna að fegra þá mynd sem ríkti í innanríkismálum Íraka á þeim tíma.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir talaði um mannöryggi áðan. Það má auðvitað líta svo á við séum að hugsa um mannöryggi þegar við veltum því fyrir okkur hvort engu skipti fyrir alþjóðasamfélagið hvort ógnarstjórn ríki í einhverju landi eða ekki. Það má kannski hlæja að því og brosa að því. En það er nú svo að við höfum af því áhyggj-

ur og oft er talað um að alþjóðasamfélagið eigi að grípa inn í. Nú skiptir mestu máli að við Íslendingar reynum að beita áhrifum okkar til þess að friður og öryggi komist á í Írak eins og allar þjóðir heims tala um. Það er kjarni málsins. Hins vegar er ýmis önnur vá uppi í þessum heimshluta sem líka er ástæða til að ræða. En tími minn er búinn í þetta skipti.

[11:55]

**Ellert B. Schram** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvort sem það var lágur rómur þingmannsins eða slæm heyrn af minni hálfu fór það nú svo að ég gat ekki merkt að Íraksmálið sem slíkt eða stefnumörkun, stefnumótun eða stefnubreyting í þeim málum væri á dagskrá, hvorki hjá honum né enn frekar hjá ráðherra. Ég ætla nú ekki að eyða mínum fyrstu mínútum eða klukkutímum á Alþingi í það að fara að skattyrðast við minn gamla vin, hv. þm. Halldór Blöndal.

Kjarni málsins er sá að ég vek athygli á Íraksmálinu vegna þess að það er auðvitað þungamiðja allra utanríkismála. Það væri fróðlegt fyrir okkur í þinginu og fyrir þjóðina að heyra hvort einhverjar stefnubreytingar hafi átt sér stað, hugarfarsbreytingar af hálfu ráðamanna ríkisstjórnarinnar að því er varðar þann harmleik sem þar á sér stað.

Ef ákvörðunin á sínum tíma var tekin á röngum forsendum eða vegna ónógra upplýsinga þá liggja væntanlega þær upplýsingar og röksemdir fyrir núna sem ættu að hjálpa hæstv. ríkisstjórn til að taka ákvörðun um að biðjast afsökunar á því sem hún tók afstöðu til á sínum tíma.

[11:57]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við Íslendingar berum ekki ábyrgð á þeim upplýsingum sem lágu til grundvallar því að ráðist var inn í Írak. Það er útúrsnúningur. Við bárum ekki ábyrgð á innrásinni. Við trúðum hins vegar þeim upplýsingum sem fyrir okkur voru lagðar eins og ýmsar þjóðir aðrar.

En það var eftirtektarvert að fulltrúi Samfylkingarinnar, sá gamli sjálfstæðismaður hv. þm. Ellert B. Schram, minntist ekkert á hvernig hann vildi bregðast við í Írak nú. En um það snúast málin þegar rætt er um þennan heimshluta og einnig um það hvort Íranir séu að koma sér upp kjarnorkusprengju og þar fram eftir götunum, málefni Ísraels og Palestínu o.s.frv.

En ástæða væri til þess auðvitað að hv. þingmaður lýsti skoðun sinni á því, síðar við þessa umræðu, hvernig hann vilji að við Íslendingar stöndum að málum í Írak nú. Það er það sem skiptir máli. (Gripið fram í.) Við þurfum ekki að biðjast afsökunar á neinu, hv. þingmaður. Mig minnir nú að þessi hv. þingmaður hafi haft þá tilhneigingu að biðja einlægt aðra um að biðjast afsökunar en sjaldan gert það sjálfur.

Hins vegar vil ég lýsa yfir ánægju minni með að hann skuli ávarpa mig fyrstan manna hér á þinginu. Við sátum saman á þinginu 1971, á jólaföstu, þannig að það er gaman að við getum rifjað upp 35 ára afmæli í þingsalnum saman innan nokkurra daga.

[11:59]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal kom í lokaorðum ræðu sinnar inn á skýrslu, dómsdagsspá eina mikla, sem nýlega kom út og fyrir sjónir almennings. Ég heyrði í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að hún vitnar einnig í þessa skýrslu og segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Í nýlegri skýrslu sem birt var í þekktu vísindariti er gefið í skyn að allur fiskur kunni að hverfa úr heimshöfunum innan 50 ára verði ekki þegar í stað gripið til víðtæks fiskveiðibanns."

Ég kem hér upp, virðulegi forseti, til að vekja athygli á því að erlendir fjölmiðlar, þó að íslenskir fjölmiðlar hafi ekki gert það, hafa flett allrækilega ofan af þessari skýrslu. Sýnt hefur verið fram á að þessi skýrsla er mjög vafasöm í alla staði og ekki mikið að marka það sem í henni stendur. Ég tel að það sé töluvert mikill ábyrgðarhluti að utanríkisráðherra Íslands komi hér í ræðustól í dag og vitni í þetta plagg sem sýnt hefur verið fram á að byggt er á ansi hæpnum grunni. Það bætir svo ekki úr skák að hv. formaður utanríkismálanefndar Alþingis skuli sömuleiðis gera það.

Um leið heyrði ég að hv. þm. Halldór Blöndal nefndi það að Íslendingar sætu undir lofsorðum vegna fiskveiðistjórnarkerfis síns. Því miður verð ég að segja að þegar rýnt er nánar í það — ég hef nú ekki tíma til að fara út í það hér — þá hefur það ekki skilað þeim árangri sem vonir stóðu til. Ég held að hv. þm. Halldór Blöndal viti allt um það, hann sat á þingi þegar fiskveiðistjórnarlögin voru sett. Hann veit mætavel hvaða væntingar voru gerðar til kvótakerfisins á sínum tíma. Ég hygg að hann viti það líka mætavel innst inni að það hefur því miður ekki staðist væntingar.

[12:01]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var að leggja áherslu á að við Íslendingar værum í fararbroddi og ættum að vera í fararbroddi þeirra þjóða sem leggja áherslu á vistvæna nýtingu á fiskstofnum eins og við höfum gert og ég þakka hæstv. utanríkisráðherra frumkvæði hennar í þeim efnum.

Ég vitnaði m.a. til þeirrar skýrslu Sameinuðu þjóðanna sem var gerð opinber í gær og skýrt er frá í Morgunblaðinu þar sem togveiðar eru gagnrýndar. Þar er talað um tímabundið bann við botnvörpuveiðum á úthöfunum. Þar segir að rúmur helmingur neðansjávarfjalla og kóralvistkerfa í heiminum sé á alþjóðlegum hafsvæðum og að botnvörpuveiðar hafi valdið þar miklum skaða. Ég tel að við Íslendingar eigum að vera vakandi á þessu sviði og beita okkur fyrir því að þjóðir heims standi skynsamlega að fiskveiðum sínum um leið og við hljótum að leggja áherslu á að við högum okkar veiðum þannig að ekki sé sú vá fyrir dyrum á Íslandsmiðum sem lýst er annars staðar.

[12:03]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get svo sem alveg tekið undir það að full ástæða er til að skoða veiðarfæranotkunina og hvernig veiðarfæri hafa verið notuð. Umræðan sem núna fer fram, sem mér skilst að eigi að hefjast í dag eða á morg-

un á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, um hugsanlegt botnvörpubann, er á margan hátt mjög áhugaverð umræða. Hún er líka á margan hátt mjög hættuleg umræða.

Það sem ég er kannski fyrst og fremst að reyna að benda á er að þó að við getum deilt á Alþingi og annars staðar í þjóðfélaginu um hvaða aðferðir við Íslendingar notum við nýtingu á fiskstofnum okkar þá held ég að við þurfum að fara mjög varlega og vera mjög á varðbergi gagnvart síauknum tilhneigingum utanaðkomandi afla. Sumir sigla undir flaggi náttúruverndar, aðrir sigla undir ýmsum pólitískum flöggum en þessi öfl eiga mörg hver það sameiginlegt að vilja seilast til áhrifa og afskipta af því hvernig við Íslendingar nýtum nytjastofna okkar. Við þurfum að vera á varðbergi gagnvart því. Í gangi er mjög markviss og oft og tíðum mjög lævís áróður gegn fiskveiðum almennt og ég hygg að sú skýrsla sem allt of margir því miður hér á Íslandi hafa tekið svo allt of hátíðlega sé meiður af slíkri tilhneigingu. Við sjáum þá tilhneigingu líka varðandi hvalveiðarnar þar sem erlend öfl þykjast geta ráðskast með okkur Íslendinga og sagt okkur fyrir verkum hvernig við eigum að nýta hvalastofna umhverfis landið.

Þetta er náttúrlega allt saman á valdi okkar Íslendinga sem fullvalda þjóðar og við eigum að halda mjög fast í það og ekki hvika frá neinu varðandi það. En að sjálfsögðu eigum við að taka tillit til umhverfismála varðandi nýtingu en ákvarðanir í þeim efnum eigum við fyrst og fremst að taka sjálf á okkar eigin forsendum.

[12:05]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ræða hæstv. utanríkisráðherra er um margt athyglisverð. Segja má að slegnir séu þar sumpart nýir tónar, sem ekki hefur verið hefðbundið í ræðum forvera hennar, og ýmislegt jákvætt að mínu mati og undir það get ég tekið. Ég fagna t.d. þeirri áherslu sem í ræðunni er á málefnum kvenna, bæði í samhengi við þróunarsamvinnu og þróunaraðstoð og viðleitni til að tryggja frið og öryggi í heiminum. Ég deili algerlega þeirri skoðun með hæstv. utanríkisráðherra að vænlegasta leiðin til að ná árangri í þeim efnum er að hverfa frá þeim karllæga heimi hernaðarhyggju og vígbúnaðar sem mannkynið hefur því miður verið fangi í, þ.e. slíkrar hugmyndafræði, og horfa til borgaralegra fyrirbyggjandi aðgerða sem vænlegustu leiðarinnar til að ná fram friði og stöðugleika í heiminum. Það er búið að reyna hitt lengi. Mannkynið er búið að vera fast í viðjum hernaðarhugsunar, vígbúnaðar og valdbeitingar árþúsundum saman og gengur satt best að segja ekki mjög vel, eins og nærtækast er að sjá með því að litast um í heiminum og velta því fyrir sér hvernig í ósköpunum skuli standa á því að á öld upplýsingar og tækni í heiminum skulu heilir lands- og heimshlutar loga í ófriðarbáli.

Hinn mjúki svipur sem má segja að hæstv. utanríkisráðherra sé á vissan hátt að reyna að setja á málaflokkinn og á ræðu sína helgast hins vegar dálítið af því eða næst fram með því að sleppa að tala um ýmislegt sem er ekki jafnskemmtilegt og gefur ekki jafnmjúka mynd af hlutunum. Það er athyglisvert að hæstv. utanríkisráðherra skuli ekki koma inn á málefni Íraks, ástandið í Afganistan eða deilur Ísraels og Palestínu, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Óhjákvæmilegt er að nefna aðeins Íraksmálið. Ekki er hægt annað en að halda íslenskum stjórnvöldum eða ríkisstjórninni og meiri hluta hennar á Alþingi við efnið hvað það snertir. Það mál er óuppgert. Hæstv. ríkisstjórn eða forkólfar hennar munu ekki geta þagað það mál í hel og inn í gleymskuna. Þau hrikalegu mistök sem gerð voru með því að lýsa yfir stuðningi við innrás, ólögmæta innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak verður að gera upp. Þegar menn ætla að reyna að sleppa frá málinu með því að segja að það hafi verið rétt að málum staðið í ljósi þeirra upplýsinga sem þá lágu fyrir, ja, hvar eru þá þær upplýsingar? Hvernig stendur á því að forverar núverandi hæstv. utanríkisráðherra og núverandi hæstv. forsætisráðherra, þeir Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, fara ævinlega undan í flæmingi þegar þeir eru beðnir að leggja á borðið þau gögn sem þeir segjast hafa séð og hafi byggt afstöðu sína á. Hvar eru þau? Voru þau eitthvað rýr í roðinu? Var það kannski aldrei nema eitt símtal frá ónefndum manni sem þurfti til þess að kippa Íslandi upp á vagninn?

Það dugar ekki minna en afsökunarbeiðni og stefnubreyting. Þó seint sé væri það til bóta að fyrir hönd Íslands yrði nú sagt: Það hefur komið í ljós að þarna áttu sér stað mistök. Við biðjum heimsbyggðina velvirðingar á því að hafa tekið þá afstöðu sem við tókum, hún var röng, því að þarna átti sér stað gróft brot á alþjóðalögum. Um það snýst þetta. Farið var í þetta stríð á upplognum forsendum, þær voru diktaðar upp. Þeir menn sem hafa beðist afsökunar á því eins og Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, eru menn að meiri. Hann hefur beðist á því afsökunar að hafa lagt röng gögn fyrir Sameinuðu þjóðirnar og sagt að það muni verða blettur á ferli sínum sem þar gerðist.

Hvar eru sambærilegar afsökunarbeiðnir hér? Ætlar Ísland þá að þrjóskast við jafnvel eftir að Bandaríkjamenn sjálfir eru farnir að endurskoða viðhorf sín til þessara mála?

Afganistan, hvernig er ástandið þar? Ég tel að menn ættu ekki heldur að gleyma því sem gerðist í Afganistan. Er mikill árangur af innrásinni þar? Er það að skila mönnum miklu? Er ekki NATO að sökkva þar í næstum því hliðstætt fúafen og ástandið fer versnandi dag frá degi? Verið er að biðja um aukinn mannafla þangað til þess að taka til eftir Bandaríkjamenn.

Síðan vil ég nefna ástandið í deilum Ísraela og Palestínumanna. Framferði ísraelskra stjórnvalda fer versnandi. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að á síðustu mánuðum hafa Ísraelar gert sig sekari um jafnvel enn alvarlegri brot á alþjóðalögum en áður hefur verið. Ég á þá sérstaklega við innrásina í Líbanon og vopnanotkun þar og hvernig borgaraleg skotmörk og borgaralegir innviðir samfélagsins voru sprengdir í tætlur. Síðan dregur ísraelski herinn sig til baka og skilur eftir að mati alþjóðlegra eftirlitsaðila á svæðinu allt að hundrað þúsund ósprungnar klasasprengjur. Hvað eru klasasprengjur? Það eru einhver ógeðslegustu vopn sem þróuð hafa verið í sögu slíkra vopna og er þá mikið sagt, því að þær eru sérhæfðar til þess að drepa fólk, skaða fólk, en valda ekki tjóni á mannvirkjum.

Ég hef lyft þeirri umræðu hér hvort ekki sé að koma sá tími að menn verði að fara að taka samband sitt við þetta ríki, Ísrael, til endurskoðunar. Ég spyr mig að því: Hvers

vegna skyldu menn ekki ræða pólitískar og viðskiptalegar aðgerðir gagnvart Ísrael þegar gripið hefur verið til slíkra hluta gagnvart öðrum ríkjum iðulega fyrir, að því er virðist, miklu léttvægari sakir en Ísraelar bera ábyrgð á?

Hvernig var það t.d. með Líbíu? Var ekki Líbía látin sæta alþjóðlegum viðskiptalegum refsiaðgerðum um langt árabil af þeim sökum einum að Líbíumenn neituðu að framselja tvo meinta hryðjuverkamenn? Vissulega alvarlegt, en það var nú ekki stærra mál þó en það sem alþjóðasamfélaginu dugði til að réttlæta að halda heilli þjóð í viðskiptalegum refsiaðgerðum um langt árabil.

Hvað með Suður-Afríku? Það er flestra manna mál að pólitísk einangrun og viðskiptalegar refsiaðgerðir hafi átt sinn þátt í að fella ríkisstjórn kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku, sem vissulega bar ábyrgð á skelfilegum hlutum. En er ekki kominn tími til að ræða það hvort ekki verði að fara að taka forustu fyrir því einhvers staðar á alþjóðavettvangi að skoða slíkar aðgerðir gagnvart Ísrael? Eða er það þá þannig að það megi bara beita slíkum aðgerðum ef viðkomandi ríki er ekki vinur Bandaríkjamanna og nýtur ekki skjóls eða stuðnings af þeim? Er það þá það þegar allt kemur til alls sem gerir það að verkum að menn ræða varla einu sinni í vestrænum stjórnmálum hugmyndir um slíkar aðgerðir gegn Ísrael?

Ég held að niðurstaðan af þessu og það er skoðun mín, frú forseti, að aðferðafræðin sem menn hafa almennt verið að beita í þessum efnum er röng, hún er röng. Það verður að færa áhersluna yfir á borgaralegar og fyrirbyggjandi aðgerðir ef ná á árangri í deilum þjóða, trúarhópa, menningarheima. Það verður að jafna og bæta lífskjör í heiminum og gefa því fólki á þeim svæðum þar sem ástandið er verst einhverja von um betri framtíð og eitthvað annað en að grípa til vopna og ofbeldis.

Norðurlöndin geta haft miklu hlutverki að gegna sem boðberar slíkrar hugmyndafræði. Hún er í raun sprottin héðan, frá Norðurlöndunum, því að það var á norrænum vettvangi sem menn fóru fyrst fyrir alvöru fyrir um tíu til fimmtán árum að ræða hugmyndafræði borgaralegra og fyrirbyggjandi friðaraðgerða, það sem stundum er kallað á sænskri tungu: „Civil och förebyggande åtgärder".

Ég vil aðeins nefna það sem snýr að breytingum á högum okkar samfara gleðilegri brottför Bandaríkjahers af Íslandi og nefna aðeins tvennt. Það er í fyrsta lagi það sem snýr að aðgerðum okkar Íslendinga í framhaldinu og þá sakna ég þess að eitthvað sé talað um mengunarþáttinn og þá hreinsun sem ráðast þarf í og Íslendingar hafa nú með samningnum, sem vissulega má gagnrýna, tekið á sínar herðar að gera. Það hefur verið metið svo að það kunni að kosta 2–3 milljarða hið minnsta, en ekkert er vikið að því í ræðu ráðherra og ekki heldur, að ég sé, í skýrslunni. Ég spyr í öðru lagi — næst á eftir spurningu minni til ráðherra um hvort ríkisstjórnin ætli að biðjast afsökunar á stuðningi við Íraksstríðið vel að merkja, sem er formleg spurning af minni hálfu. — Verða fjárveitingar á fjárlögum næsta árs til að hefja hreinsunarstarfið eða á það bara að dankast eins og sumir hafa áhyggjur af?

Þær aðgerðir sem við Íslendingar þurfum svo að grípa til eru borgaralegs eðlis og þær hafa ekkert með einhverja hernaðar- eða vígbúnaðarhugsun að gera, enda hefur engum tekist að benda á neina sérstaka ógn sem réttlæti það að við förum að standa í slíkum æfingum, Íslendingar. Þegar menn svo draga upp hryðjuverkin og segja að þau hafi komið í staðinn og nú verði menn að vígbúast til að mæta þeim, ja, þá spyr ég á móti: Halda menn að það sé aðferðin? Halda menn að hefðbundin hernaðaruppbygging og hefðbundinn vígbúnaður sé lausn í sambandi við glímu við hryðjuverk? Ætli það nú? Ætli það sé ekki einmitt það sem eru einhver sterkustu rök sem hægt er að færa fram fyrir breyttri aðferðafræði í sambandi við öryggis- og friðarmál í heiminum, það er tilkoma skipulegrar hryðjuverkastarfsemi, vegna þess að hún er sprottin úr þeim jarðvegi sem er undirrót alls ills í heiminum. Skortur er á lýðræði, það er skortur á lífsbjörg og það er það ástand sem heilar þjóðir og heilir heimshlutar búa við að engin von er um betri framtíð. Það er ekki boðið upp á neina von. Eða hvaða von halda menn að þriðja kynslóð í flóttamannabúðum Palestínumanna eigi, þar sem þriðja kynslóðin er að alast upp við þann veruleika að vera lokuð inni í flóttamannabúðum og lifa á matarsendingum og fjárframlögum hjálparstofnana, þar sem er 100% atvinnuleysi og engin von um betri framtíð fyrr en örlar þá á einhverri lausn deilumála Ísraels og Palestínu?

Minnst er á það í ræðunni að 60 ár eru að verða liðin frá því að Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum og réttilega líka að Ísland var lengi minnsta sjálfstæða ríkið innan þeirra samtaka. Ég hef átt mér þá von lengi að Ísland minnist þeirrar stöðu sinnar og taki hlutverk sitt sem ein af forustuþjóðum smáríkja í heiminum alvarlega. Þar gæti Ísland virkilega skipt máli. Ég hef lyft þeirri hugmynd, meira að segja í bók, að Ísland bjóðist til að hýsa smáríkjastofnun Sameinuðu þjóðanna og stuðli að því að hún verði til með rausnarlegu framlagi sem gistiland þeirrar starfsemi. Það væri glæsilegt framlag af hálfu Íslands, að hér yrði byggð upp alþjóðastofnun sem gætti sérstaklega hagsmuna og réttinda smáríkja og minni mál- og menningarsvæða. Þá gæti orðið sómi að framgöngu okkar sem og sómi að því að við tækjum sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. En ég minni aftur á í sambandi við það mál að það sem mestu máli skiptir þar er ekki að lokum hvað það kostar eða með hvaða aðferðum við kunnum að komast þangað inn, heldur að fullur sómi verði að þátttöku okkar í starfinu ef við förum þangað inn. Að sú afstaða sem Ísland tekur verði okkur til sóma, að við verðum boðberar þeirrar jákvæðu stefnu í utanríkis- og alþjóðamálum sem sómi verður að, t.d. með því að vera alls staðar og ætíð boðberi lýðræðislegrar, friðsamlegrar alþjóðasamvinnu.

Hvað er það sem smáríkin eiga allt undir í heiminum? Það er að aðferðafræði valdbeitingarinnar, hnefaréttarins linni, vegna þess að smáríkin munu aldrei gæta hagsmuna sinna eða verja sig í heiminum hvorki með vopnavaldi né efnahagsvaldi. Það eru smáríkin sem eiga allt undir því að alþjóðasambandið sé lýðræðislegt og réttlátt og fari að alþjóðalögum. En stóru ríkin hafa tilhneigingu til þess að túlka þjóðarréttinn eins og þeim sýnist og virða hann stundum og stundum ekki.

Ég vil að lokum spyrja um þá nefnd sem hæstv. forsætisráðherra hefur rætt um að eigi að koma til sögunnar og móta stefnu á sviði utanríkis- og öryggismála: Stendur til að nefnd verði skipuð á næstunni með fulltrúum allra

flokka, sem sannarlega er fagnaðarefni að slíkt verði endurvakið?

Að síðustu ætla ég að fagna gerð fríverslunarsamnings Íslendinga og Færeyinga og fagna því sérstaklega að nú verður stofnað embætti aðalræðismanns Íslands í Færeyjum með diplómatíska stöðu. Þá rifjast það upp fyrir mér að einhvern tíma hef ég nú sagt að eina sendiherraembættið sem ég kynni að hafa áhuga á að gegna — hef ekki verið áhugasamur um starf á þeim vettvangi í sjálfu sér sérstaklega — en einhvern tíma sagði ég að eina sendiherraembættið sem ég gæti í raun hugsað mér að sækja um væri að fá að verða fyrsti sendiherra Íslands í sjálfstæðum Færeyjum. Vonandi styttist í það að Færeyjar nái fullu sjálfstæði og að embætti aðalræðismanns Íslendinga breytist þá í sendiherraembætti, og þá kynni svo að fara að (Forseti hringir.) ég félli þá á eigin bragði og yrði að standa við orð mín og sækja um stöðuna.

[12:20]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þá tillögu sem kom hér síðast fram í máli hv. þingmanns þá held ég að þetta sé mál sem utanríkisráðherra verði að taka til mjög alvarlegrar skoðunar og reyna að ganga í sem allra fyrst. Svona tilboð koma ekki á hverjum degi.

Hv. þingmaður vék í máli sínu að upplýsingum þeim sem Colin Powell baðst afsökunar á. Það er rétt að hann gerði það. Hann baðst afsökunar á því að hafa komið fram fyrir hönd þjóðar sinnar í þessu mikilvæga máli í öryggisráðinu með rangar upplýsingar og sagði að það hefði verið svartur blettur á sínum ferli. Hann var að sjálfsögðu ekki að tala um Íraksstríðið almennt heldur þennan dag og þær upplýsingar sem hann hafði í farteskinu.

Vegna þess að hv. þingmaður kallaði eftir afstöðu íslenskra stjórnvalda í þeim efnum vil ég rifja upp ummæli fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar sem hefur ítrekað sagt að hann telji að þessar upplýsingar hafi verið rangar og bætt því við hann telji að honum sé mjög til efs að sama ákvörðun hefði verið tekin ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir.

Að hinu leytinu til vil ég taka undir ýmislegt sem kemur fram í máli hv. þingmanns um málefni Ísraels og honum meðal annars til hróss en bæta þó við að sendiherra þess ágæta ríkis hefur verið á ferð hér á landi á síðustu dögum. Það er mjög mikilvægt að við tölum við þær þjóðir sem við erum ósáttir við í einhverju tilliti. Ég er ekki fylgismaður þess að við hættum að tala við þá sem við erum ósammála. Það er einmitt brýnt að tala við þá sem við erum ósammála og færa rök fyrir okkar sjónarmiði og gagnrýna ef svo ber undir. Þess vegna vil ég fagna því að það hefur verið gert, meðal annars af hálfu hæstv. utanríkisráðherra og hv. þingmanns en gagnrýna þá um leið sem vildu sýna mótmæli sín í verki með því að tala ekki við sendiherrann vegna þess ef við mundum öll nota þá aðferð þá kæmust slík mótmæli aldrei á framfæri.

[12:23]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú bara til að enginn misskilji neitt upplýsa að tvö skilyrði þarf til þess að ég sæki um þetta starf, þ.e. að Færeyjar séu orðnar fullvalda ríki, sjálfstætt. Ég er einlægur stuðningsmaður þess. Ég held að það væri gott fyrir Færeyjar og gott fyrir Ísland að það gerðist en auðvitað er það ákvörðun Færeyinga sjálfra — og svo að sjálfsögðu að við værum þá að tala um fullgilt sendiherraembætti þar.

Ég tek svo bara fram að ég tel að við eigum að fylgja þessu eftir með því að stofna sambærilega skrifstofu á Grænlandi. Það hlýtur að vera eðlilegt enda höfum við ekki gert greinarmun yfirleitt á færeysku og grænlensku samstarfi. Við erum jú saman í Vestnorræna ráðinu og mér finnst eðlilegt að við hugum að því í framhaldinu að sams konar skrifstofa verði opnuð í Nuuk.

Ég bara endurtek það sem ég sagði: Menn eins og Colin Powell eru menn að meiri. Menn vaxa af því að viðurkenna mistök sín og biðjast afsökunar á þeim. Þeir eiga enn þann kost Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson. Þó þeir séu horfnir af vettvangi stjórnmálanna þá ættu þeir enn þann kost að vaxa af því og verða menn til þess að viðurkenna mistök sín og biðjast afsökunar. Ríkisstjórnin sem situr í dag á hins vegar að framkvæma stefnubreytinguna og lýsa henni yfir. Það er hægt að draga Ísland formlega út af þessum lista. Hann er í sjálfu sér til. Hann er efnislegur. Þá mundu menn framvegis verða að vitna til hans á spjöldum sögunnar með því að taka fram að Ísland hefði fallið frá stuðningi sínum við þessar aðgerðir og gert það opinbert. Það dugar ekki sem hv. þingmaður var hér að vitna í að fyrrverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson hafi gert. Það dugar ekki. Það er aumlegt yfirklór að ætla að reyna að bjarga sér þannig eins og hann og reyndar fleiri hafa gert í þessu máli.

Í sambandi við Ísrael að lokum þá er það að sjálfsögðu þannig að á meðan menn eiga stjórnmálaleg samskipti við ríki og á meðan menn hafa ekki bara gefist upp á þeirri leið þá eiga menn að nota þau að sjálfsögðu. Ég er sammála hv. þingmanni um það. En ég held því jafnframt fram, og það er þannig samkvæmt alþjóðalögum, (Forseti hringir.) að stjórnmálaleg einangrun er eitt úrræði sem er (Forseti hringir.) þekkt og hefur verið beitt.

[12:25]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Ég heyri að við getum verið sammála á ýmsum sviðum í þessum mikilvæga málaflokki sem varðar utanríkismál. Það kom mér svo sem ekki á óvart að hann og fleiri hafa saknað einhverra þátta úr þessari ræðu minni sem ég flutti áðan og telja að ég hafi átt að koma inn á mál sem varða Írak til dæmis. Það má svo sem alveg velta því fyrir sér hvort ástæða hefði verið til að vera með einhvern kafla í ræðunni um Írak.

Eins og ég hef sagt opinberlega eftir að ég fékk þetta mikilvæga embætti þá er það nú bara þannig að við höfum enga aðkomu að þeim málum í dag sem varða Írak. Það má hafa mörg orð um ástandið og sorglegt er að vita til þess hversu margir óbreyttir borgarar hafa látið lífið. Við getum velt því fyrir okkur hvort sú lýðræðisþróun sem þó allir eru

að vonast til að muni eiga sér stað í þessu landi náist einhvern tímann.

En hv. þingmaður var að tala um að stjórnvöld ættu að biðjast afsökunar á því sem þarna átti sér stað og þeim stuðningi sem fólst í því að þremur spurningum var svarað játandi af hálfu fyrrverandi ráðamanna hér. Þessar spurningar voru í fyrsta lagi hvort leyfð yrðu afnot af Keflavíkurflugvelli. Önnur spurningin var hvort leyft yrði flug um íslenskt flugstjórnarsvæði. Þriðja spurningin var hvort við tækjum þátt í uppbyggingunni í Írak eftir að Saddam Hussein hefði misst völdin og verið hrakinn frá völdum. Þetta er *málið í hnotskurn. Ég veit ekki alveg á hverju ætti* að biðjast afsökunar nákvæmlega í dag (Forseti hringir.) vegna þess að spurningarnar sem svarað var játandi á þessari stundu voru bara þessar þrjár. Vissulega má segja að það þýði stuðning. Það hefur alla vega verið túlkað þannig.

[12:28]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er nú stærra mál en svo að einungis hafi verið svarað einhverjum þremur spurningum játandi um afnot af íslensku landsvæði og lofthelgi. Ísland lýsti yfir *pólitískum stuðningi* við þessar aðgerðir. *Ísland var sett á* listann yfir ríkin sem studdu aðgerðirnar. Ísland studdi þar með aðgerð sem fól í sér gróft brot á alþjóðalögum og hefur leitt til ómældra hörmunga, eins og varað var við.

Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, fyrrverandi hæstv. ráðherrar, báru ábyrgð á kúvendingu á stefnu Íslands á einum sólarhring bak við tjöldin því fram að því, þangað til tveimur dögum fyrir að nafn Íslands birtist á listanum, hafði utanríkisráðherra sagt að stefna Íslands væri: Meiri tími fyrir vopnaeftirlitið og ný ályktun í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Þessari stefnu var kúvent. Þing og þjóð stóð allt í einu frammi fyrir því að þessir tveir menn höfðu misnotað nafn Íslands með þessum hætti. Það er ljótur blettur á stjórnmálasögu okkar og þátttöku í alþjóðasamstarfi. Þó seint sé eiga menn að biðjast afsökunar á því. Eða hvað? Finnst mönnum gaman að þetta standi svona þegar til dæmis breska læknatímaritið The Lancet á grundvelli alþjóðlegra viðurkenndra aðferða metur það svo að um 650.000 óbreyttir borgarar hafi látið lífið í Írak af völdum stríðsins? Sömu aðferðir og sömu aðilar hafa með stuðningi alþjóðasamfélagsins reynt að meta til dæmis mannfallið í Darfúr. Með sömu aðferðafræði er útkoman þessi fyrir Írak. (Gripið fram í.) Spurningin snýst um að Ísland, þó seint sé, geri mönnum það ljóst að við ætlum ekki að bera ábyrgð á þessu. Það er það sem við viljum fá hér fram, þ.e. formlega afsökunarbeiðni og stefnubreytingu sem verði gerð heyrinkunn á alþjóðavettvangi. Þó við eigum ekki beina aðild sem ríki að aðgerðunum í Írak núna þá skiptir það engu máli því það má nota sem rök og fjarvistarsönnun í mjög mörgum öðrum tilvikum. (Forseti hringir.) Þetta er grundvallarmál. Þetta er prinsippmál. (Forseti hringir.) Þetta er spurning um að menn hafi sjálfsvirðingu í alþjóðlegum samskiptum.

[12:30]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur margoft verið rætt á hv. Alþingi. Í sjálfu sér er erfitt að koma fram með nokkuð nýtt í því. Mér er kunnugt um skoðanir hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar á þessu öllu.

Ég sagði að ráðamenn Íslands svöruðu þessum þremur spurningum játandi. Þeir báðu ekki um að vera á einhverjum lista. Í dag er enginn listi til. Hvernig ættu Íslendingar að koma fram og biðja um að vera þurrkaðir út af einhverjum lista sem í raun er ekki til í dag?

Það sem er aðalatriði í dag, sem við eigum að einbeita okkur að, er að styðja það uppbyggingarstarf sem á sér stað. Við Íslendingar höfum sett í það 300 millj. kr., sem ég rétt *og í samræmi við það stefnt var að á sínum tíma.*

Síðan spurði hv. þingmaður um hreinsunina vegna brottfarar hersins. Það er rétt. Vissulega þarf að hreinsa landið, ekki bara á svæði Keflavíkurflugvallar heldur víðar. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. hefur það (Forseti hringir.) hlutverk að skilgreina það verkefni. En það er vissulega heilmikið verkefni.

[12:31]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurning mín var: Fær Þróunarfélagið þá *peninga? Verða settir peningar í þetta á næsta ári?* Þarf ekki að taka það inn í fjárlög? Eða hvaðan fær Þróunarfélagið fjármuni til að standa í þeim kostnaðarsömu hreinsunaraðgerðum, sem gætu kostað hundruð milljóna króna? Ef pakkinn í heild sinni er upp á 2 til 3 milljarða þá dugir varla minna en allmörg hundruð milljóna ef menn ætla að gera eitthvað af gagn á næsta ári.

En varðandi Írak aftur, þá spyr ég nú bara: Hvaða uppbyggingarstarf? Hvaða uppbyggingarstarf eigum við að styðja í Írak eins og málum er þar komið? Fer ekki ástandið versnandi dag frá degi? Er ekki landið á barmi borgarastyrjaldar? Þarf ekki fyrst að reyna að gera þá hluti upp áður en menn geta farið að tala um uppbyggingarstarf?

Það er aldeilis uppbyggingin í Afganistan eða Írak. Þetta hefur heppnast stórkostlega. Nei. Ég held að við getum ekki afgreitt málið svona.

[12:33]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eðlilegt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi áhyggjur af því hvað það kosti hafi orðið mengun á hersvæðinu á Suðurnesjum. Það var ríkisstjórn hans, sem hann sat í, sem samdi um að Bandaríkjamenn skyldu lausir allra mála að þessu leyti svo að hann ber á því pólitíska ábyrgð. Ég bið hann þó ekki um að biðjast afsökunar á því að hafa setið í þeirri ríkisstjórn þótt full ástæða væri til, eins og hún stóð sig.

Annars stóð ég ekki upp til að ræða það og heldur ekki til að endurtaka það sem ég sagði áður um Írak. Auðvitað hljótum við Íslendingar að stuðla að því að friður komist á eftir okkar litlu getu, þar eins og annars staðar. Ég tek undir þau orð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að því leyti. Það hefur ævinlega verið grundvallaratriði fyrir Íslendinga að finna friðsamlega lausn á málum. Við viljum lýðræðislega lausn á málum og berjumst hvarvetna fyrir friði. Það er grundvöllur í okkar pólitísku afstöðu á alþjóðavettvangi og af þeim sökum höfum við unnið okkur traust.

Auðvitað lýsir sú ákvörðun að við gefum kost á okkur í öryggisráðið þeirri skoðun okkar að við, þótt smáir séum, getum staðið undir þeirri ábyrgð. Hv. þingmaður talaði um að smáþjóðasetur yrði sett á fót hér á Íslandi. Ætli þau séu ekki 96, smáríkin í Sameinuðu þjóðunum, 10 milljóna manna og minni. Þetta yrði myndarlegt setur fyrir allar þessar þjóðir. Ég vil eindilega taka undir þessar hugmyndir og vinna að því ef hægt er.

[12:35]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir undirtektirnar. Ég held að það gæti verið spennandi að setja í gang skoðun á því hvort þetta gæti pólitískt og efnislega orðið að veruleika. Maður sér það fyrir sér að þetta gæti með einhverjum hætti sprottið upp frá smáríkjastofnun sem er starfrækt við Háskóla Íslands. Þar er líka Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, sem sérstaklega helgar sig baráttu fyrir verndun tungumála og minni menningar- og málsvæða. Ýmsir fleiri gætu þar lagt saman kraftana. Síðan þyrfti að kynna þessa hugmynd og vinna brautargengi á alþjóðavettvangi. Ég er viss um að á því eru ýmsir möguleikar.

Varðandi mengunina á Suðurnesjum og samning sem þáverandi utanríkisráðherra Jón Baldvin Hannibalsson átti aðild að, sem er í grunninn milli hersins og sveitarfélaga á Suðurnesjum, um nýtt vatnsból í stað hins gamla sem herinn hafði mengað þá var sá samningur aldrei kynntur í ríkisstjórn. Ég tók mig til og fletti fundargerðum ríkisstjórnar frá þessum tíma til að taka af allan vafa um það. Hann var hvergi borinn upp eða kynntur í ríkisstjórn þegar hann var gerður og því á ábyrgð þess ráðherra sem hann gerði.

Ég er ekki að hlaupast undan því að hafa setið í þeirri ríkisstjórn sem gerði mjög margt gott, eins og ég veit að hv. þingmaður er mér sammála um, t.d. að endurreisa atvinnulífið úr þeim brunarústum sem Sjálfstæðisflokkurinn skildi það eftir í þegar hann hljópst frá verkinu á haustmánuðum 1988.

Sá samningur er bölvaður, það er alveg rétt. Það var slæmt að hann skyldi gerður eins og hann var gerður. En hann fylgir því fordæmi, sem varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins hafði iðulega áður sýnt, að leysa Kanann undan öllum skyldum, t.d. á Heiðarfjalli, sem er öllum til skammar, að síðan skuli landeigendur þar sitja uppi með mengunina og ruslahaugana, að þeir séu þar í leyfisleysi og í raun ólöglega á landi í einkaeign.

En samningurinn suður frá leysti Bandaríkjamenn aðeins undan grunnvatnsmengun á því svæði sem hann tók til vegna gamla vatnsbólsins (Forseti hringir.) en ekki mengun að öðru leyti.

[12:37]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur í ljós að ýmislegt var ekki borið undir ríkisstjórnina á þeim tíma sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnar til. Það hefur nú verið upplýst. Ég hef séð af skrifum þingflokksformanns Vinstri grænna, hv. 9. þm. Reykv. s. að hann leggur trúnað á að formaður Framsóknarflokksins og formaður Alþýðuflokksins hafi séð ástæðu til, með laumulegum hætti, að senda mann til Þýskalands til að athuga hvort minnst væri á Svavar Gestsson í Stasi-skýrslum.

Nú langar mig af þessu tilefni að vita, af því að talað er um að biðjast afsökunar, hvort formaður Alþýðubandalagsins á þeim tíma hafi vitað um þessa sendiför, Ólafur Ragnar Grímsson?

[12:38]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Ég geri ekki ráð fyrir því að þáverandi fjármálaráðherra, Ólafur Ragnar Grímsson, hafi frekar en við félagar hans í ríkisstjórn, ég og Svavar Gestsson, haft hugmynd um þetta mál. Ég held að það liggi í hlutarins eðli að ef einhver okkar hefði fengið um það vitneskju þá hefðum við vitað um þetta allir. Því vil ég a.m.k. trúa þangað til annað kemur í ljós.

Varðandi ábyrgð á verkum ríkisstjórnar og ráðherra, svo það komi fram og fræðilega hliðin á því máli liggi fyrir í þessu sambandi, af því þetta virðist vefjast fyrir mönnum, þá er ríkisstjórn á Íslandi samkvæmt íslenskum stjórnarrétti og íslenskri stjórnsýsluhefð ekki svokallað fjölskipað stjórnvald. Öfugt t.d. við ríkisstjórn Svíþjóðar. Það leiðir af verkum að ef ráðherra sem fer með málaflokk kynnir ekki ákvarðanir sínar eða gjörninga í ríkisstjórninni þá liggur hin stjórnskipulega ábyrgð hjá honum en ekki ríkisstjórninni í heild vegna þess að ríkisstjórn á Íslandi er ekki fjölskipað stjórnvald.

[12:39]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Þegar ég las ræðu hæstv. utanríkisráðherra í gær hnaut ég strax um það sem ekki var sagt og það er ansi margt í þessari skýrslu sem ekki er sagt og ekki er minnst á einu orði. Ég varð að lesa hana þrisvar, virðulegi forseti, til að trúa mínum eigin augum og ég varð að lesa hana aftur áðan til að leita enn staðfestingar á því hvort það gæti virkilega verið að hæstv. utanríkisráðherra Íslands kæmi fyrir Alþingi og flytti ræðu án þess að minnast einu orði á mesta hneyksli í utanríkismálum Íslands frá upphafi, sem er stuðningur ríkisstjórnarinnar við hina ólöglegu innrás í Írak. Ég trúði því ekki fyrr en ég tók á að hæstv. utanríkisráðherra ætlaði að láta það algerlega ógert að minnast á þennan skelfilega verknað. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég fylltist depurð en líka reiði þegar hæstv. utanríkisráðherra fór í andsvörum áðan að tala um lista hinna viljugu þjóða og talaði eins og íslensk stjórnvöld bæru ekki lengur neina ábyrgð á því að við Íslendingar værum á þessum lista vegna þess að þessi listi væri ekki til. Hvers konar röksemdafærsla er þetta eiginlega? Þetta er ekki boðlegt.

Hundruð þúsunda manna liggja í valnum. Fleiri hundruð þúsunda búa nú við örkuml. Landið logar í borgarastyrjöld. Það ríkir alger óöld í Írak. Þessi innrás hefur farið svo gersamlega úr böndunum að það eru allir farnir að viðurkenna það nema einstakir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands. Í raun og veru hafa allir spádómar um það hvernig þetta mundi fara áður en innrásin hófst orðið að veruleika og þetta hefur í rauninni farið miklu verr en nokkur gat ímyndað sér. Samt leyfa ráðherrar, sem settu Ísland á listann yfir hinar svokölluðu viljugu þjóðir að þjóðinni forspurðri, sér að koma

ræðustól og tala hér blákalt eins og þetta hafi bara verið eitthvert smámál. Þetta er ekkert smámál, þetta er grafalvarlegt mál. Við Íslendingar berum ábyrgð á þessu. Við vorum settir á þennan lista sem notaður var til að réttlæta þessa ólöglegu, skelfilegu innrás í fullvalda ríki og við berum ábyrgð á því. Mér finnst alveg með ólíkindum að ríkisstjórnin skuli ekki geta viðurkennt þessi mistök, að hún skuli ekki geta beðið þjóðina afsökunar á þessum mistökum og lýst því yfir á alþjóðavettvangi að þetta hafi verið mistök sem hún harmi.

Það eru svo ótal margar sannanir fyrir því, og við þurfum ekkert að segja núna og getum heldur ekki sagt að auðvelt sé að vera vitur eftir á, því að við sáum það fyrir áður en innrásin hófst að menn væru að hrófla við púðurtunnu. Ástandið í Írak var mjög viðkvæmt. Ég er ekki draga neitt úr því að þar hafi verið harðstjórn. Að sjálfsögðu var þar harðstjórn, ógeðsleg harðstjórn, að sjálfsögðu voru brotin þar mannréttindi og að sjálfsögðu var fólk þar tekið af lífi án dóms og laga og fangelsað. (**Gripið fram í:** Og fjöldamorð.) Og fjöldamorð líka, það er alveg rétt. En við getum ekki losað okkur við slíkt með því að greiða það verð sem greitt hefur verið fyrir innrásina í Írak, við getum ekki leyft okkur það. Það voru mjög margar vísbendingar um að Saddam Hussein sæti í völtum sessi þegar þessi innrás hófst. Það voru líka mjög margar vísbendingar um að þau meintu gereyðingarvopn sem talað var um að væru til í Írak væru ekki til, að þær ásakanir sem haldið var á lofti gegn Írak væru allar byggðar á sandi.

Því miður var það svo að ákveðnir stjórnmálamenn, bæði í Bandaríkjunum, sem réðu þar ferðinni, og líka á Íslandi, vildu ekki hlusta á þessar staðreyndir. Af einhverjum óútskýranlegum ástæðum vildu þeir ekki hlusta. En afleiðingarnar af innrásinni í þetta land hafa verið svo skelfilegar og eiga eftir að verða svo skelfilegar að það sem greitt hefur verið fyrir til að losna við Saddam Hussein og undirsáta hans í Írak er allt of dýru verði keypt, og við vissum það fyrir. Við vissum það fyrir að þetta mundi sennilega fara svona, að landið mundi loga í borgarastyrjöld og þetta færi allt á versta veg.

Virðulegi forseti. Það er annað í þessari skýrslu og ræðu hæstv. utanríkisráðherra sem ekkert er minnst á og það er að sjálfsögðu ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs. Ég hefði gjarnan viljað fá að sjá einhverjar hugleiðingar frá utanríkisráðherra Íslands um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs og þá er ég að tala um ástandið í Ísrael, Palestínu og Líbanon. Þar hafa gerst mjög alvarlegir atburðir á þessu ári, innrás í Líbanon, stöðug átök milli Palestínumanna og Ísraelsmanna og þetta er að sjálfsögðu ástand sem kemur okkur Íslendingum við. Þetta er ástand sem er ógnun við jafnvægi og stöðugleika í heiminum. Þarna er ástand og aðstæður sem hugsanlega munu verða neistinn að næstu stórstyrjöld í heiminum. Það er ekkert flóknara en það. Og ég vísa því á bug að það sé gagnrýni vert, eins og kom fram hjá hv. þm. Birni Inga Hrafnssyni áðan, og röng leið að neita að hitta sendiherra Ísraels til að mótmæla framferði Ísraelsmanna í Palestínu. Það er ekki röng leið, það er útilokunarleið sem beitt er gegn stjórnvöldum sem taka ekki í raun lengur neinum rökum í málflutningi. Þessari aðferð var m.a. beitt með mjög góðum árangri gegn Suður-Afríku á sínum tíma. Það er fyllilega tímabært að farið sé að beita þessari aðferð gegn Ísrael, því að það sýnir sig að Ísraelsmenn vilja ekki hlusta á nein rök og halda bara áfram. Aðgerðir þeirra gegn Palestínumönnum eru ólöglegar. Hernámið í Palestínu er ólöglegt, múrinn skelfilegi, sem ég hef séð með eigin augum í Palestínu, er ólöglegur samkvæmt alþjóðalögum og aðgerðir Ísraelsmanna gegn Palestínumönnum eru engan veginn í samræmi við tilefnið, ef það er yfirleitt nokkurt tilefni. Jafnvel þótt Palestínumenn skjóti einhverjum eldflaugum inn á ísraelskt svæði er ekki hægt að réttlæta það að því sé svarað til baka með stórskotaliði, skriðdrekum og orrustuþotum. Það er ekki hægt að réttlæta það með árásum á íbúðahverfi Palestínumanna. Það verður að segjast eins og er. Þótt stríð sé viðbjóðslegt hljóta menn samt sem áður að setja mörkin einhvers staðar í þeim efnum.

Annað, virðulegi forseti, sem hæstv. utanríkisráðherra minnist hvergi á er Svalbarðamálið. Í fyrri ræðum utanríkisráðherra sem fluttar hafa verið á hinu háa Alþingi hafa utanríkisráðherrar upplýst þingið um hvernig þau mál standa en hæstv. núverandi utanríkisráðherra virðist ekki sjá neina ástæðu til að minnast á það einu orði. Hér er um að ræða mjög mikilvægt hagsmunamál okkar Íslendinga gagnvart nýtingarrétti og hugsanlegri aðkomu að nýtingu náttúruauðlinda í Íshafinu. Á þetta er ekki minnst einu einasta orði. Við fengum að heyra það frá hæstv. þáverandi utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, í fyrra að málin væru í skoðun og að verið væri að vinna að lögfræðiáliti varðandi þessi mál með það hugsanlega í huga að stefna Norðmönnum fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag. Ég vil nota tækifærið, virðulegi forseti, til að spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvernig þessi mál standa núna, hvort ekki sé komin einhver niðurstaða í málin eftir að ríkisstjórnin er búin að vera að skoða þau í þó nokkuð mörg ár. Það hlýtur að vera komin einhver niðurstaða í þau og þingið hlýtur að eiga heimtingu á því að fá svör við þeirri spurningu hvernig þessi mál standa.

Virðulegi forseti. Fyrst farið er að tala um Svalbarða og Norðurhöf, sem eru náttúrlega svæði sem skipta okkur Íslendinga mjög miklu máli, þá verður að viðurkennast að hæstv. utanríkisráðherra kom aðeins inn á þau mál í ræðu sinni, ræddi m.a. um siglingar í Norðurhöfum. Það er alveg ljóst að siglingar um Norður-Íshafið eiga eftir að aukast mjög mikið á næstu áratugum. Það var haldin ráðstefna á Akureyri í ágúst síðastliðnum, Ísland í þjóðleið – Siglingar á Norðurslóðum og tækifæri Íslands, og í kjölfar þeirrar ráðstefnu var gefið út lítið greinasafn sem er fyrir margra hluta sakir afskaplega áhugavert. Þar kemur m.a. fram að olíuflutningar um Norður-Atlantshaf og hafsvæðið umhverfis Ísland munu aukast stórlega á næstu árum. Gísli Viggósson, forstöðumaður rannsókna- og þróunarsviðs Siglingastofnunar Íslands, benti m.a. á norska skýrslu þar sem segir að heildarmagn olíuflutninga með skipum frá norðvestanverðu Rússlandi, þ.e. Múrmansksvæðinu, sé áætlað um 80 millj. tonna árið 2015. Talað er um að 60% af því eða hvorki meira né minna en 48 milljónir tonna verði flutt vestur um haf til Bandaríkjanna og Kanada. Það þýðir, ef við erum að tala um 100 þúsund tonna olíuskip, að 500 fulllestuð skip munu sigla um íslensku lögsöguna á hverju ári aðra leiðina. Síðan þurfa þau að sigla til baka og þá sigla þau væntanlega með kjölfestu um borð.

Hér er á ferðinni stórmál og við Íslendingar hljótum að þurfa að líta á þessi mál mjög heildstætt, þ.e. málefni okkar varðandi Svalbarðasvæðið, sem skiptir mjög miklu máli, og málefni okkar varðandi siglingar um Norðurhöf. Við hljótum að líta á öryggismálin, við hljótum að líta á samskipti við aðrar þjóðir. Norðmenn hafa gefið til kynna að þeir hafi hugsanlega áhuga á að eiga við okkur einhvers konar samstarf í þessum efnum og ég hygg að hagsmunir okkar og Norðmanna fari mjög saman hvað þetta varðar. Því tel ég mjög mikilvægt að við náum lendingu í Svalbarðamálinu, náum einhverri sátt um það eða niðurstöðu því það mál snýr einkum og sér í lagi að Norðmönnum. Thorbjörn Jagland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs og fyrrverandi formaður norska verkamannaflokksins og núna forseti norska Stórþingsins, var hér á Íslandi á dögunum. Hann hitti þá m.a. okkur formenn þingflokkanna og við áttum við hann afskaplega áhugaverðar umræður. Ég beindi þó til hans þeirri spurningu og þeim athugasemdum hvort við gætum ekki einmitt átt nánara samstarf, þ.e. við Íslendingar og Norðmenn, í þessum efnum.

Thorbjörn Jagland tók mjög jákvætt í þetta og ég hygg að hann hafi kannski farið heim til baka til Noregs með fleiri hugmyndir í kollinum varðandi þessi efni en hann hafði þegar hann kom hingað. Ég vona að íslensk stjórnvöld leiti leiða til að ná einmitt eins konar samkomulagi eða samvinnu við Norðmenn í þessum efnum því að hér fara saman mjög miklir hagsmunir, í raun og veru sameiginlegir hagsmunir okkar Íslendinga og Norðmanna varðandi þessa hluti.

Olíuvinnsla í Barentshafi er að fara á fullt skrið. Sennilega mun olíuvinnsla og gasvinnsla einnig hefjast við Svalbarða áður en langt um líður og það er alveg ljóst að flutningar og annað varðandi þá starfsemi mun fara fram í gegnum íslenska lögsögu því að stærstu markaðirnir fyrir þessar afurðir er sannarlega í Norður-Ameríku, Mið-Ameríku og jafnvel Suður-Ameríku. Hér er því á ferðinni mjög stórt og mikilvægt mál.

Tími minn er senn á þrotum, virðulegi forseti. Það eru miklu fleiri atriði sem ég hefði viljað minnast á og ræða um, þ.e. atriði sem hæstv. utanríkisráðherra talar um í ræðu sinni og eru virkilega þess virði að vera rædd í þessum ræðustól. Til að mynda hefði ég viljað ræða nánar brotthvarf Bandaríkjahers og ég hefði viljað nota tækifærið hér til að beina því að utanríkisráðherra hvort ekki sé rétt að íslensk stjórnvöld íhugi betur stöðu þeirra sem störfuðu á Keflavíkurflugvelli á sínum tíma. 600 manns misstu vinnuna þegar Bandaríkjaher hvarf af landi brott og mér finnst íslensk stjórnvöld, ríkisstjórnin, engan veginn hafa staðið sig í því að aðstoða þetta fólk og fylgja því eftir og sjá til þess að það þyrfti ekki að bera skarðan hlut frá borði. Ég hef staðfestan grun um að mjög margir þeirra sem unnu á Keflavíkurflugvelli — þótt þeir hafi fengið ný störf eftir að hafa hætt á vellinum þar sem þeir unnu mjög gott og mikilvægt starf, ekki bara sem starfsmenn Bandaríkjahers heldur líka sem starfsmenn okkar Íslendinga, við að vinna að vörnum og öryggi landsins — hafi í raun og veru borið skarðan hlut frá borði, þ.e. að þau störf sem þeir fengu í staðinn séu ekki jafngóð, jafntrygg og líklega ekki jafn vel borguð og störfin sem þeir höfðu áður. Það hefði verið ánægjulegt ef íslensk stjórnvöld hefðu haft manndóm í sér til að fylgja þessu ágæta fólki betur eftir. Nóg um það, virðulegi forseti.

Tími minn er á þrotum og ég hlýt því að ljúka ræðu minni með ósk um að verða settur aftur á mælendaskrá því að enn eru hvergi útrædd hér í dag utanríkismál Íslands.

[Fundarhlé. — 12:55]

[13:32]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Það er ekki ofsögum sagt að við lifum á tímum mikilla breytinga í alþjóðamálum. Breytingarnar eru svo miklar að landakort sem voru góð og gild fyrir 20 árum eru óþekkjanleg í dag. Við lifum á tímum alþjóðavæðingar, kalda stríðinu er lokið. Við lifum á tímum samruna í Evrópu, við lifum á tímum nýrra ógna eða vaxandi ógna hryðjuverka, eiturlyfja og svæðisbundinna átaka. Við lifum á tímum þar sem fátækt og misskipting eru áberandi í stórum heimshlutum, við lifum á tímum þar sem heimurinn er að þjappast saman vegna þeirrar byltingar sem orðið hefur í fjarskiptum.

Eins og ég nefndi er kalda stríðinu lokið og ég vil alltaf miða það við fall Berlínarmúrsins haustið 1989. Þegar kalda stríðinu lauk varð breyting á stöðu Íslands. Sú mikla breyting er eiginlega innsigluð á þessu ári með brottför bandarískra hersins frá Miðnesheiði. Brottför bandarískra hersins stafaði m.a. af, þótt um það megi deila hvernig það bar að, breyttu mati Bandaríkjamanna á stöðunni á Norður-Atlantshafi, að þar væri ekki ástæða til að óttast hefðbundin hernaðarleg átök og þess vegna væri ekki þörf á að hafa herstöð hér á landi.

Það er auðvitað fagnaðarefni að svo friðvænlega horfi hér í þessum heimshluta hvað sem menn segja um viðskilnað og brottför hersins að öðru leyti. Hins vegar er langt frá því að það horfi friðvænlega í heiminum og svæðisbundin átök eru skelfileg, einkum í Írak og fyrir botni Miðjarðarhafs og í Afganistan, og þessi átök eru vegna fjarskiptabyltingarinnar meira og minna inni í stofu hjá almenningi í heiminum.

Það hefur orðið breyting á stöðu Íslands. Við höfum ekki lengur það hernaðarlega og landfræðilega mikilvægi sem við höfðum áður. Við erum ekki lengur flugvélamóðurskip í miðju Atlantshafi, sá tími er liðinn. Breyting hefur orðið á varnarsamstarfi okkar við Bandaríkin, samþykktur var samningur þar að lútandi síðastliðið sumar. Ég var því fylgjandi að fara þá leið að breyta varnarsamningnum að þessu leyti, en ég er eindregið á því að traust aðild okkar að NATO og þátttaka okkar í þeim skyldum sem henni fylgir sé nauðsynlegur þáttur varnarstefnu okkar.

Hins vegar krefjast þessar breytingar í veröldinni þess að við setjum aukinn kraft í verkefni á borð við friðargæslu og þróunarhjálp. Það er fagnaðarefni að utanríkisráðherra hefur boðað slíkt og hún kynnti það m.a. í utanríkismálanefnd nú í vikunni að þessi mál séu til sérstakrar skoðunar í utanríkisráðuneytinu, reyndar er það boðað með nýjum fjárlögum að efla eigi fjárlög til þróunarhjálpar. Ég vil eindregið lýsa stuðningi við þessi áform utanríkisráðherra og tel það mikið fagnaðarefni að sú ákvörðun hefur verið tekin að fara bæði yfir skipulag þróunaraðstoðarinnar og skipulag

friðargæslunnar, fara m.a. yfir það hvar við getum lagt mest af mörkum, hvernig við getum orðið að liði við að berjast gegn fátækt og misskiptingu. Ég tel að við getum jafnframt hefðbundinni þróunarhjálp orðið að liði í því að byggja upp innra skipulag þjóðanna því að það er almennt viðurkennt, og hinir þekktustu hagfræðingar eru farnir að viðurkenna það að ekki er nóg að byggja upp efnahaginn, það verður líka að byggja upp öflugt velferðarkerfi ef einhver árangur á að nást.

Við getum t.d. byggt upp aðstoð í heilbrigðismálum þar sem plágur á borð við alnæmi eða aids og malaríu herja. Sum löndin eru það fátæk og almenningur þar svo illa staddur að hann hefur ekki einu sinni efni á að fá sér flugnanet til varnar gegn malaríu. Þarna getur alþjóðasamfélagið orðið að liði og þarna nýtast tiltölulega litlir fjármunir mjög vel. Það er fagnaðarefni að ákveðið skuli hafa verið að fara yfir þetta mál og efla þessa starfsemi.

Meginstoðir íslensku utanríkisstefnunnar hafa verið aðild að Sameinuðu þjóðunum, aðild að NATO, samstarf við Bandaríkin um varnarmál, við höfum verið aðilar að innri markaði Evrópubandalagsins í gegnum Evrópska efnahagssvæðið, við höfum verið virkir þátttakendur í norrænni samvinnu um langt skeið og samstarf þingsins í alþjóðamálum hefur aukist mjög. Ég er þess fullviss að það samstarf er miklu markvissara en það var t.d. þegar ég settist á Alþingi fyrir um 20 árum, ég fullyrði það.

Ég vil nefna Norðurlandasamstarfið vegna þess að ég gegni trúnaðarstörfum þar núna. Ég kom inn í það samstarf á ný í haust, inn á Norðurlandaþing eftir tólf ára fjarveru en ég var í stuttan tíma í Norðurlandaráði fyrir tólf árum. Það kom þægilega á óvart, ef svo má segja, hve mér fannst hafa orðið miklar og jákvæðar breytingar á starfi ráðsins. Mér finnst Norðurlandaráð hafa sjálfstraust í dag, mér finnst það telja sig hafa eitthvað fram að færa m.a. í Evrópusamstarfinu þar sem Norðurlöndin eru virkir þátttakendur, sum eru aðilar að Evrópusambandi, önnur eru það ekki en eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég finn að það er mjög góð samstaða um það á Norðurlöndum að þau hafi eitthvað fram að færa í þessu samstarfi, að á Norðurlöndunum sé frelsi, þar sé gott velferðarkerfi, þar séu mannréttindi virt og þar sé tiltölulega mikil valddreifing og að þetta getum við fært sameiginlega út í Evrópusamstarfið.

Það er alveg ljóst að árangur norræns samstarfs hefur verið mikill í gegnum árin. Við höfum ferðafrelsi á Norðurlöndum og frelsi til búsetu. Við höfum sameiginlegan vinnumarkað og sams konar reglur og gagnkvæmar reglur um félagslegan stuðning. Námsmenn á Norðurlöndum hafa rétt til að læra þar hvar sem er og við viðurkennum próf frá öðrum Norðurlöndum. Þetta er gríðarlega mikils virði og hefur verið okkur mikils virði í gegnum árin og samstarf þessarar stóru fjölskyldu í Skandinavíu getum við fært út á annan vettvang.

Miðflokkarnir á Norðurlöndin hafa nýlega samþykkt stefnuskrá um framtíðarsýn sína. Framtíðarsýn þeirra er samvinna yfir landamæri, að afnema landamærahindranir á Norðurlöndunum og hafa forustu í samvinnu við nágrannaþjóðirnar. Norðurlöndin hafa haft mikið samstarf við baltísku löndin, þau hafa haft mikið samstarf við Rússa og Kanadamenn í Norðurskautsráðinu, það samstarf hefur farið vaxandi. Við viljum vera norræn vídd í Evrópusamstarfinu. Við viljum halda öflugu menningarstarfi og samstarfi grasrótarinnar og hafa sem víðtækast samstarf í umhverfismálum og nefni ég þar Norðurskautsráðið sem lykilstofnun því að þar eru miklir hlutir að gerast. Það er mjög áríðandi að efla rannsóknir þar. Í morgun hefur ítrekað verið rætt um norðurleiðina og þá möguleika sem þar opnast. Við þurfum að fylgjast með hvaða áhrif hin mikla bráðnun á norðurhveli jarðar hefur á fiskstofna. Það eru ein stærstu málin hjá okkur að fylgjast sem best með og taka virkan þátt, eins og við höfum gert, í því samstarfi sem er meðal þessara þjóða. Þarna getum við samræmt sjónarmiðin á Norðurlöndum til að vinna með öðrum að þeim miklu verkefnum sem þarna blasa við og eru kannski einna brýnust og afdrifaríkust fyrir okkur af öllum málum ef grannt er skoðað.

Ég vil í lokin koma örlítið inn á hin miklu átök sem eru í Miðausturlöndum. Þau hafa kostað óbreytta borgara lífið eins og hér hefur verið rætt um undanfarna daga. Ég tek undir að það sé rangt að það sé innlegg í þau mál að tala ekki við Ísraelsmenn, annan aðilann í þessum deilum. Ég tel að við verðum að gera það, hlusta á þeirra sjónarmið eins og við höfum gert, en við getum ekki undir neinum kringumstæðum annað en fordæmt það að óbreyttir borgarar falli í stórum stíl, hvorum megin víglínunnar sem það er. Ég varð dálítið undrandi á orðalagi hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar áðan þegar hann talaði um nokkrar eldflaugar sem skotið hefði verið á Ísrael. Við getum ekki talað um þetta af svona mikilli léttúð, þó að við fordæmum aðgerðir Ísraelsmanna og höfum gert rækilega. Þetta er flókið og erfitt viðfangsefni og þessi deila virðist verða æ óleysanlegri.

Það hefur verið rætt mikið um Írak hér í morgun og ég ítreka að það sem íslenska ríkisstjórnin samþykkti í því efni var að leyfa lendingar á Keflavíkurflugvelli, eins og alltaf hefur verið gert í hliðstæðum átökum og var gert í Flóastríðinu, og að leggja 300 milljónir til uppbyggingar ef friðvænlegar horfði í þessum heimshluta. Því miður hefur svo ekki orðið enn og hef ég ekki tíma til þess að fara nánar út í það efni.

Ég tel að Íslendingar eigi að efla utanríkisþjónustu sína eins og það höfum við gert á undanförnum árum. Ég tel að það sé rétt stefna. Við getum ekki lengur treyst á að það sé hlustað á okkur vegna þess að við séum flugmóðurskip í Atlantshafi, við verðum að taka þátt í utanríkismálum á okkar eigin forsendum og það hefur verið stefnan á undanförnum árum. Fyrrverandi utanríkisráðherrar og m.a. Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, vann í þeim anda og ég tel að það hafi verið rétt stefna. Ég minntist á að þingið hefði tekið virkan þátt í alþjóðasamstarfi, ég tel að sú þátttaka sé miklu markvissari en hún var og byggi ég það á langri reynslu sem þingmaður. Ég tel að við eigum að taka þátt á öllum sviðum, vera gildandi og leggja okkar lóð á vogarskálina á alþjóðavettvangi. Það er eftir því tekið ef svo er.

[13:47]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu um margt. Hann nefndi sérstaklega norrænu víddina

og mikilvægi þess að efla samstarf norrænu þjóðanna í Evrópusamstarfinu og ég tek undir það með honum. Nú í haust sat ég fund um norðurskautsmálefnin, nyrst í Svíþjóð, með hv. þingmanni og fleiri alþingismönnum héðan frá Íslandi. Það var mjög athyglisvert.

En því vildi ég spyrja hann þeirrar grundvallarspurningar hvort eina leiðin til að efla hina norrænu vídd í Evrópusamstarfinu til framtíðar og varanlega, þannig að rödd Norðurlandanna verði þar samstillt og há og eftir henni verði tekið og við höfum þar þau hámarksáhrif sem við getum hugsanlega haft í Evrópusamstarfinu, sé sú að Ísland og Noregur sæki um aðild að Evrópusambandinu og gerist þar fullir aðilar rétt eins og Danmörk, Finnland og Svíþjóð eru nú.

Er það ekki eina leiðin til að efla raunverulega hina norrænu rödd, efla hina norrænu vídd í Evrópusamstarfinu þannig að það skipti máli og kveði að og sé varanlegt fyrirkomulag þannig að við höfum þar hámarksáhrif? Þjóðirnar tvær sem enn þá standa utan Evrópusamstarfsins að því leyti að þær eru ekki fullir aðilar og veikja þar með verulega samstarf norrænu þjóðanna í Evrópusambandinu, þær þurfi þá að sækja um aðild innan einhverra missira eða ára, þó það sé kannski ekki spurning um mánuði og ár.

[13:49]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert við umræðurnar í Norðurlandaráði að ég heyrði ekki miklar umræður um að Ísland og Noregur væru utan Evrópusambandsins.

Ég tel að við eigum að fylgjast með þróuninni þar en að það sé ekki tímabært fyrir okkur að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar eigum við að laga efnahagsmál okkar að því sem gerist innan Evrópusambandsins. Ég er ekki einn af þeim sem útiloka aðild að Evrópusambandinu um alla framtíð. Ég er ekki í þeim hópi.

En ég tel að það sé ekkert sem rekur á eftir okkur núna að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Við eigum að fylgjast með því hvað þar gerist. Við höfum lagað okkur að reglum þeirra. Um það hafa verið deilur. Ég tók þátt í því í vor að flytja hér frumvarp um aðflutnings erlends vinnuafls sem menn hafa deilt mikið um upp á síðkastið.

Við höfum mikið samstarf við Evrópu, eðli málsins samkvæmt, og það er vaxandi og við þurfum að huga vel að efnahagsmálum okkar. En ég er ekki einn af þeim sem telja að við eigum að fara og sækja um aðild á morgun. Við eigum að sjá til hvernig þessi þróun verður.

[13:50]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni svarið og tek undir með honum. Ég held að við eigum nefnilega alls ekki að útiloka aðild að Evrópusambandinu heldur þvert á móti að stefna að því að sækja þar um aðild innan einhvers tíma. En það er svo sem ekkert sem liggur á akkúrat núna. Þetta gengur ágætlega eins og er. Ég fagna í sjálfu sér því viðhorfi þingmannsins að hann útiloki ekki aðildarumsókn síðar. Það er gleðilegt að heyra þá tóna úr Framsóknarflokknum eftir að Halldór Ásgrímsson er genginn þaðan á brott en hann var kannski hvað ákafastur Evrópusinni þar innan borðs. (Gripið fram í.) Já, burt úr ríkisstjórninni, hæstv. ráðherra.

En ég vil ég spyrja hv. þingmann um annað sem hann kom inn á ágætu andsvari sínu, það var hin umdeilda tilskipun frá því í vor um frjálst flæði vinnuafls. Það hefur verið gagnrýnt mjög harkalega, ekki síst af þingmönnum Frjálslynda flokksins, að íslensk stjórnvöld hafi ekki sótt um frest við innleiðingu þeirrar tilskipunar sem gera það að verkum að vinnuafl kemur frá fleiri löndum, frjálst flæði, fólk getur komið hér í auknum mæli en þetta hefur verið heilmikið pólitískt þrætuepli undanfarið.

Tekur þingmaðurinn undir það með gagnrýnendum að það hafi verið mistök að innleiða þessa skipun og hún sé rót að einhverjum vanda í samfélaginu, eins og sumir alþingismenn hafa látið liggja að og ýmsir aðrir sem fóðra þá umræðu úti í samfélaginu að útlendingar séu að verða hér mikið vandamál og það að við höfum ekki sótt um frest á þessari tilskipun valdi því vandamáli?

[13:52]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei. Ég tel það ekki mistök að þetta frumvarp hafi verið flutt. Ég flutti það og tók ákvörðun um að flytja það. Ég gerði það eftir viðræður við aðila vinnumarkaðarins. Ég gerði það eftir að um það hafði náðst viss sátt milli ASÍ og aðila vinnumarkaðarins að fara þá leið sem farin var. Ég tel það rétt hjá núverandi hæstv. félagsmálaráðherra með fulltingi ríkisstjórnarinnar að fresta aðlögun tveggja ríkja og sjá síðan í vor hvernig hin nýja löggjöf kemur út.

En hitt vil ég leggja höfuðáherslu á, og það var ætíð í mínum huga, að það þyrfti að leggja fé til innflytjendamála. Gera innflytjendaráði fært að starfa. Ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á það. Í þessari löggjöf voru lagðar skyldur á atvinnulífið um að leggja fram ráðningarsamninga. Það þarf að gera eftirlitsaðilum kleift að ganga eftir því. Sú samstarfsnefnd sem átti að fara yfir þau mál þarf að starfa vel og vera vel á vaktinni um hvernig þetta fyrirkomulag reynist.

Að þessu öllu saman uppfylltu þá tel ég að þetta hafi verið rétt ákvörðun og við þurfum á vinnuaflinu að halda. Sem betur fer er sú sérstaða okkar að innflytjendur fá vinnu. Það er dýrmæt sérstaða og vonandi getum við haldið uppbyggingu atvinnulífsins áfram þannig að svo verði.

[13:54]

**Útbýting:**

Aukatekjur ríkissjóðs, 358. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 389.

Breyting á lögum á orkusviði, 365. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 397.

Hafnalög, 366. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 398.

Landsvirkjun, 364. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 396.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 357. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 388.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 359. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 390.

Þjóðhátíðarsjóður, 356. mál, stjtill. forsrh., þskj. 386.

[13:55]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að tæpa á nokkrum atriðum helstum hér í þessari umræðu um skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál, haustskýrslu hæstv. ráðherra. Tíminn gefur varla tilefni til annars en að ræða fá atriði þó að í raun sé margt undir, og kannski allt, eins og kemur fram hér í ræðum hv. þingmanna. Við erum í raun farin að tala um innanríkismálin þegar við erum að tala um alþjóðamálin af því að kannski eru þetta allt sömu málin þegar allt kemur til alls.

Hæstv. ráðherra gerði í upphafi ræðu sinnar að umtalsefni loftslagsbreytingarnar sem eru að verða. Ég ætla ekki að gera þær að aðalmáli minnar ræðu en vek athygli hv. þingmanna á því að fyrr í dag sagði Kofi Annan, fráfarandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, á fundinum sem nú stendur yfir í Naíróbí í Keníu um loftslagsmálin að það væri honum mikið áhyggjuefni að enginn í alþjóðasamfélaginu hefði tekið forustu um þetta mikilvæga mál, af mörgum talið mikilvægasta mál samtímans og þessarar aldar sem nú er nýhafin. Ég leyfi mér að vitna í frétt af ræðu fráfarandi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, með leyfi forseta:

„Það verður sífellt greinilegra að það mun kosta minna á endanum að draga úr útblæstri núna en það að þurfa að mæta afleiðingum þess síðar," sagði Kofi Annan við þetta tækifæri.

Þetta eru orð í tíma töluð. Oft er sagt að smáríki hafi ekki mikla vigt á vettvangi alþjóðamálanna. Ég hef reyndar alltaf verið því ósammála, og er því ósammála. Ég tel að einmitt í þessum málum, málum sem varða allt mannkyn, hvort sem við erum að tala um loftslagsbreytingar, fátækt, mannréttindi, baráttuna fyrir mannréttindum og baráttuna gegn fátækt geti Ísland lagt jafnmikið ef ekki meira til málanna en margur annar. Það ætti að vera metnaðarmál okkar að ganga þar fram með góðu fordæmi, sérstaklega í loftslagsmálunum, nú um stundir. Þó að það sé góðra gjalda vert að halda ráðstefnu um hugsanlega opnun siglingaleiða í Norður-Íshafi — sem vafalaust verður ef hlýnunin heldur áfram sem fram horfir og auðvitað þurfum við að búa okkur undir þær breytingar eins og allar aðrar breytingar sem gætu orðið — verður að fara að líta dagsins ljós heildarstefna stjórnvalda um það hvernig eigi að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Ég ætla að láta þetta nægja um loftslagsmálin, herra forseti.

Hæstv. ráðherra gerir hér að umræðuefni samninginn sem gerður var á haustdögum við Bandaríkjastjórn um áframhaldandi varnarsamstarf þjóðanna tveggja þar sem Bandaríkjastjórn tók að sér varnir landsins, eins og hún hefur gert í rúmlega 50 ár. Eins og fram hefur komið er um þennan samning lítið vitað nema þau einstöku atriði sem gerð hafa verið opinber í fjölmiðlum og svo auðvitað á fundi hv. utanríkismálanefndar þó að það verði að segjast eins og er að þar er yfirleitt sagt frá hlutunum þegar þeir eru um garð gengnir. Svokallað samráð hefur frekar öfugsnúna merkingu.

Það virðist hins vegar vera þannig með hæstv. ríkisstjórn ... Ég geri mér grein fyrir því að aðrir ráðherrar en Valgerður Sverrisdóttir hafa setið í ráðuneyti utanríkismála á síðustu missirum og árum. Þeir hafa reyndar verið svo margir að maður er hættur að hafa tölu á þeim. En hvað um það. (Gripið fram í.) Já, svo kom Davíð Oddsson, svo kom Geir Haarde, svo kom Valgerður Sverrisdóttir og væntanlega verður nýr ráðherra kominn í vor. Þetta eru þó nokkur umskipti. En það breytir því ekki að í næstum einn og hálfan áratug hafði ríkisstjórnin tóm til þess að búa sig undir það sem verða vildi og það sem allir vissu að yrði. En ríkisstjórnin er kannski svolítið eins og þjóðin er, eins og landinn er, það kemur henni alltaf jafnmikið á óvart á hverju hausti þegar það frystir og fer að snjóa og menn eru ekki komnir með vetrardekkin undir. Að því leyti til má virða ríkisstjórninni það til vorkunnar að hún endurspeglar kannski ákveðið fyrirhyggjuleysi sem því miður einkennir ýmislegt í fari okkar Íslendinga.

Hins vegar hafði verið mjög mikið rætt um þessi mál á hinu háa Alþingi og hefur verið á undanförnum árum, m.a. lögð fram þingmál af hálfu Samfylkingarinnar um það hvernig standa ætti að mótun stefnu um öryggismál, að meta varnarþörf landsins, að meta hvaða hættur steðja í raun að okkur í upphafi nýrrar aldar. Það var ekki gert þrátt fyrir tillögu okkar og virðist aldrei hafa í raun einu sinni komið til greina hjá hæstv. ríkisstjórn að taka upp slík vinnubrögð.

Nú á að gera það og það er vel. Hins vegar er tilkynnt um að einhvers konar samráð eigi að vera um framhaldið, m.a. um, eins og sagði í ræðu hæstv. ráðherra, með leyfi forseta, endurskoðun sem „kallar á yfirvegaða og vandaða umræðu um hvernig best megi sinna öryggis- og varnarþörf landsins. Þetta mál er mikilvægara en svo að afgreiða megi með flimtri eða innantómu pólitísku karpi," hef ég orðrétt upp úr ræðu hæstv. utanríkisráðherra. Þetta eru sannarlega orð í tíma töluð en heldur seint á ferðinni miðað við í hvaða stöðu við erum í þessum málum.

En gott og vel, þessari ríkisstjórn hefur látið annað betur en að taka ráðum eða hugmyndum stjórnarandstöðunnar opnum örmum og gera eitthvað með það. Kannski er hún þess vegna komin út í það horn sem hún er komin í í öryggismálum landsins og kannski urðu þess vegna samningarnir við Bandaríkjastjórn það klúður sem þeir eru frá upphafi til enda, herra forseti. En nú ætla menn að gera yfirbót og því ber að vissu leyti að fagna með einhverjum hætti.

Hæstv. ráðherra talaði um að allir stjórnmálaflokkar ættu að taka þátt í stefnumótun og því fræðasamfélagi sem þyrfti hér að koma á fót. Mig fýsir að vita hvað hæstv. ráðherra hyggist gera til þess að koma á fót slíku fræðasamfélagi. Í tillögu Samfylkingarinnar um þessi mál var lagt til að við mundum setja á fót einhvers konar friðar- og öryggisstofnun. Ég sé fyrir mér að það gæti verið rannsóknastofnun um friðar- og öryggismál, sjálfstæð stofnun með ríkisframlagi og tengslum við háskólana í landinu og jafnvel erlenda háskóla. Með þeim hætti gætum við viðað að okkur upplýsingum og þekkingu og unnið úr og búið hér til raunverulegan grundvöll til að standa á í friðar- og öryggismálum. Það væri gott að vita hvort hæstv. ráðherra hefur eitthvað slíkt á prjónunum eða eitthvað meira um það að segja en fram kom í máli hennar áðan.

Eins og nokkuð hefur verið rætt hér í dag var í ræðunni ekki mikið minnst á stöðuna í Írak. Maður trúir því varla að

hæstv. utanríkisráðherra á Íslandi, fulltrúi stjórnvalda sem studdu innrásina í Írak, komi hér upp og nefni landið ekki á nafn. Eins og allir vita ríkir mikil óöld í Írak. Það er talað um að landið sé á barmi borgarastyrjaldar. Ég tel reyndar að þar ríki borgarastyrjöld. Þar hafa mörg hundruð þúsund manns látið lífið á síðustu tæpum fjórum árum og sér ekki fyrir endann á óöldinni og stjórnleysinu sem þar ríkir.

En enn er það svo að ríkisstjórn Íslands telur enga ástæðu til að draga til baka stuðning sinn við þetta stríð eða með einhverjum hætti biðjast afsökunar á því að hafa stutt þetta feigðarflan. Þetta er að verða eins og á 8. áratugnum, heimsbyggðin gervöll var hætt að styðja stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Víetnam. Eftir stóðu hverjir? Jú, ríkisstjórn Íslands á þeim tíma og líklega ritstjóri Morgunblaðsins.

Hér ætlar þetta að verða eins. Þegar Bandaríkjamenn sjálfir, bæði stjórnvöld og almenningur þar í landi, hafa séð í gegnum blekkingarnar og falsanirnar sem voru bornar á borð fyrir fólk til að fá stuðning við þessa innrás sem enginn grundvöllur var fyrir sitja enn uppi á Íslandi menn sem styðja það með ráðum og dáð en telja sig þó ekki bera neina siðferðilega ábyrgð í málinu. Þetta er næstum því óskiljanlegt, hæstv. forseti.

Í fullri vinsemd og virðingu ætla ég að ráðleggja hæstv. utanríkisráðherra að kynna sér rannsóknir t.d. bandarískra rannsóknarblaðamanna um hvernig það atvikaðist innan bandarísku stjórnkerfisins að farið var í innrásina í Írak. Þeir hafa skrifað um það bækur og hér er ein sem heitir Hubris sem þýðir hroki eða ofdramb. (Gripið fram í.) Hæstv. forseti. Ég er að reyna að upplýsa ráðherrann. Hroki eða ofdramb, bók um það hvernig staðið var að því að ráðast inn í Írak.

Ég velti fyrir mér þegar allt þetta liggur fyrir hvers vegna íslenskir ráðamenn sjá ekki að sér. Hvað veldur því að menn standa hér enn í ræðustóli Alþingis haustið 2006 og verja ákvörðun, líklega tveggja hæstv. ráðherra, um það að styðja þetta stríð? Fyrir hvað stendur þetta fólk í pólitík, herra forseti? Hvaða hagsmuni er hér verið að verja? Hvers vegna sjá menn ekki að sér, biðjast afsökunar og horfast í augu við mistök sín?

En væntanlega mun það ekki gerast í tíð þessarar ríkisstjórnar og væntanlega verður það hlutverk næstu ríkisstjórnar að reyna að viðra út í ráðuneyti utanríkismála og reyna að koma utanríkisstefnu Íslands aftur á réttan kjöl hvað þetta varðar.

Að öðru, hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hefur sett af stað endurskoðun á lögum um Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Það er vel. Það er líka mál sem við jafnaðarmenn höfum margoft mælt fyrir á hinu háa Alþingi, þingsályktunartillaga um stefnumótun í þróunarsamvinnu. Ég sé ekki betur en að hæstv. utanríkisráðherra taki þar upp mjög veigamikil atriði sem við höfum lagt áherslu á og talað fyrir, árum saman vil ég segja, með áherslu á kjör kvenna og barna í fátækustu löndum heims og áherslu á að endurskoða þurfi lögin sem eru 25 ára gömul og svara alls ekki kalli samtímans um það hvernig best sé að vinna saman að því að útrýma fátækt í heiminum. Það er gott.

Þessu þurfa líka að fylgja skýr markmið um það hvert við viljum fara í þessum efnum. Hæstv. ráðherra hefur ekki talað um þau beinum orðum og ég velti fyrir mér hvort endurskoðun laganna eigi einungis að vera einhvers konar lagatæknileg endurskoðum með tilliti til tvíhliða aðstoðar eða fjölhliða, eða fjölþjóða eins og það er orðað, eða hvort hér eigi að fara í skýra markmiðssetningu í þróunarsamvinnu.

Hæstv. forseti. Ég sé að tími minn er á þrotum. Ég þarf greinilega að koma aftur upp til að ljúka máli mínu (Forseti hringir.) hér í dag.

[14:11]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist þess að fyrir ári, þegar utanríkismál voru hér til umræðu, hafði hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sérstakt orð á því að menn ættu ekki að rifja upp atburði kalda stríðsins og það sem gerðist á þeim tíma. Hún taldi að menn ættu að vera mjög í nútíðinni.

Nú tók ég eftir því að hv. þingmaður veittist að Bandaríkjamönnum vegna stríðsins í Víetnam og væntanlega þá líka vegna þess að Vesturveldin stóðu á móti yfirgangi Sovétríkjanna og fylgiríkja þeirra.

Maður getur hins vegar spurt sig nú eins og komið er hvort það fólk sem helst hefur staðið í varnarstöðu fyrir Sovétríkin og þær hugsjónir sem þau stóðu fyrir eigi ekki að biðjast afsökunar á framkomu sinni. Hv. þingmaður veifaði hér bók framan í hæstv. utanríkisráðherra. Ég á í fórum mínum bók sem fjallar um það hvernig Jóhannes Páll páfi, Margrét Thatcher og Reagan áttu með staðfestu sinni og ákveðni í því að standa fast gegn Sovétríkjunum mestan þátt í hruni Sovétríkjanna sem enginn getur harmað.

Ég stóð upp, herra forseti, aðeins til að vekja athygli á því að það er eins og hv. þingmaður hafi enn þann dag í dag mikla samúð með Sovétríkjunum og þeim hugmyndaheimi sem hrundi með þeim. Víetnam-stríðið er dæmi um það.

Ég hygg að ef við förum um þau ríki Austur-Evrópu og víða annars staðar þar sem kommúnisminn var við völd hljótum við í dag viðurkenna að þeir sem stóðu gegn þessu ógnarveldi höfðu rétt fyrir sér.

[14:13]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er ég ekki hokin af reynslu eins og hv. þm. Halldór Blöndal. Árin eru kannski farin að segja til sín hér. Það er hins vegar þannig að þegar við höfum rætt um kalda stríðið á hinu háa Alþingi, og ég minnist einmitt þess sem var rætt hér í fyrra, hef ég einmitt hvatt þingmenn Sjálfstæðisflokksins til að gera upp við sína fortíð eins og þeir sífellt hvetja aðra þingmenn til, þá sem einhvern tímann hafa kennt sig við einhvers konar vinstri skoðanir. Þá stendur ekki á þeim að hvetja menn til að gera upp við fortíð sína en þegar menn eiga að gera upp við hörmulegan stríðsrekstur Bandaríkjanna í Víetnam gegn þjóðfrelsishreyfingu Víetnama þarf ekki að gera neitt.

Og hvað með stuðning Bandaríkjastjórnar við skæruliða, hægri fasista í Mið- og Suður-Ameríkuríkjum, valdaránið í Síle árið 1973, stuðninginn við kontraskæruliðana í Níkaragva, stríðsrekstur í Gvatemala og Hondúras og þannig mætti áfram telja, hæstv. forseti?

Nei, það kemur þeim ekki við af því að þeir eru enn þá

að hugsa í gamla Sovét. Ég get upplýst hv. þm. Halldór Blöndal um það að Sovétríkin voru ekki á mínum vegum. Ætli ég hafi ekki verið 25 ára gömul þegar þau féllu? Og hef aldrei nokkurn tímann talað fyrir því skipulagi, hvorki hér né annars staðar. Hv. þm. Halldór Blöndal getur reynt að koma lygi sinni í þingtíðindin með því að koma hér upp og halda því fram aftur en ég skora á hann að reyna það ekki.

[14:15]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst nú konan ekki falleg í framan þegar hún hrækir út úr sér orðinu lygi að ástæðulausu. Nú er það svo að hv. þingmaður tók upp hanskann fyrir Sovétríkin og fylgiríki þeirra í sambandi við Víetnam og gerði það aftur hér.

Auðvitað hef ég ekki lesið það sem hv. þingmaður skrifaði um utanríkismál á 9. áratugnum ef hv. þingmaður hefur gert það. Má vera að hv. þingmaður væri svo elskuleg að vísa mér á slíkar heimildir og þá mun koma í ljós hvernig þau skrif voru.

En það sem ég er að tala um er hver afstaða hv. þingmanns er til Bandaríkjanna og þeirrar utanríkisstefnu sem Bandaríkin og Vesturveldin hafa fylgt. Ég hef heyrt síendurtekin fáyrði hv. þingmanns í garð Bandaríkjanna.

Hið bandaríska þjóðfélag er síður en svo vont þjóðfélag. Það er einmitt mjög gjöfult þjóðfélag og mjög til fyrirmyndar hvernig mismunandi þjóðflokkar hafa búið þar saman um aldir og hvernig það þjóðfélag hefur þroskast og eflst. Við vitum líka að Bandaríkin hafa oft verið kölluð til til að slökkva elda í Evrópu. Við getum farið í bæði fyrri og síðari heimsstyrjöldina ef út í það er farið, ef á að fara að rifja upp mannkynssögu fyrr og síðar.

Ef við á hinn bóginn tölum um Írak þá vissu menn ekki betur en þeir væru með kjarnorkuvopn í smíðum. Og enn er það svo í þeim heimshluta að heimurinn stendur á öndinni yfir því ef sú yrði niðurstaðan að Íran kæmi sér upp kjarnavopnum og menn vita ekki um afleiðingar þess. Hið alþjóðlega samfélag er því að reyna að berjast á móti þvílíkri þróun.

Mér finnst líka að ekki eigi að vera að tala í einhverri léttúð um þær þrautir sem írakska þjóðin lifir nú. Heldur eigum við (Forseti hringir.) Íslendingar með öllum ráðum að reyna að stuðla þar að friði og öryggi.

[14:17]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var svo sem ekki við því að búast að hv. þm. Halldór Blöndal sneri af villu síns vegar og héldi áfram að gera mér upp skoðanir um Sovétríkin, sem voru náttúrlega til þegar ég var barn og unglingur að aldri, það er rétt. Þau voru til þegar ég var barn og unglingur að aldri og um það bil með þeim hætti er samskiptum mínum best lýst við Sovétríkin, hæstv. forseti.

Hins vegar verða að teljast nokkur tíðindi að núna, 31 ári eftir að Bandaríkin hörfuðu frá Víetnam sé enn til maður uppi á Íslandi, hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Halldór Blöndal, fæddur fyrir seinna stríð, sem er að verja framgöngu Bandaríkjastjórnar í Víetnam-stríðinu. Þá getum við átt von á því að hann muni standa hér, ég veit ekki hvort hann verður á lífi eftir 30 ár, en þá get ég eins átt von á því að hann standi hér eftir 20–30 ár og verji framgöngu Bandaríkjastjórnar í Írak. (**HBl:** ... hvort að þingmaðurinn ætli ...) Honum væri best trúandi til þess. (Forseti hringir.) Honum væri best trúandi til þess.

(**Forseti** (JónK)**:** Ég bið hv. þingmenn að ...)

(Gripið fram í.) Já, vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal ber blak af stríðsglæpamönnum um allan heim með stuðningi sínum við Bandaríkjastjórn.

[14:19]

**Halldór Blöndal** *(ber af sér sakir)*:

Herra forseti. Ég vek athygli hins háa forseta á því að hv. þingmaður sagði að ég hefði borið blak af stríðsglæpamönnum um allan heim. Nú veit ég ekki hvort ég hef nógu falleg augu til að því sé trúað þegar ég segi að þessi ummæli þingmannsins eru á misskilningi reist og ekki mælt af góðum hug.

[14:19]

**Drífa Hjartardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir greinargóða ræðu sem gaf yfirsýn yfir helstu áhersluþætti í utanríkismálum Íslands um þessar mundir. Tengsl þeirra við landfræðilega legu og horfur fram undan. Að auki var gefin innsýn inn í það hvaða gildi eru höfð að markmiði í alþjóðasamstarfi sem Ísland tekur þátt í. Það er nú einu sinni svo að leiðin til farsællar stefnu okkar Íslendinga á þessu sviði, eins og á svo mörgum öðrum, byggist á góðri yfirsýn og skýrum markmiðum.

Hnattstaða Íslands hefur haft mótandi áhrif á stefnu okkar í öryggis- og varnarmálum. Varnarsamstarfið við Bandaríkin hefur verið meginstoð í utanríkisstefnu Íslands og mun vera það áfram þrátt fyrir breytingarnar síðustu missirin við brotthvarf varnarliðsins. Þessar breytingar eru byggðar á þeim góðu horfum sem eru á að friður haldist á okkar svæði í næstu framtíð. Að þessu leyti getum við vel við unað í samanburði við önnur svæði í heiminum.

Önnur alþjóðleg samskipti okkar hafa einnig mótast af landfræðilegri legu landsins, hvort sem það eru stjórnmálaleg, efnahagsleg eða menningarleg samskipti. Það er mögulegt að Ísland muni í framtíðinni efla samráð og samstarf um öryggismál við lönd í kringum okkur, eins og Kanada, Bretland og Norðurlönd, til viðbótar samstarfi við Bandaríkin.

Ekki er ofsögum sagt hversu sterkum böndum við erum bundin nágrönnum okkar á Norðurlöndunum í mörgu tilliti. Þessi staðreynd sem stundum gleymist vegna þess hve hún er samgróin okkur hefur verið og ætti áfram að vera mikil stoð í alþjóðlegu samstarfi okkar. Tengsl okkar við önnur Norðurlönd eru sterk. Þau eru næstu nágrannar okkar sem við eigum í miklum samskiptum við og berum okkur saman við. Við höfum metnað til að standa þeim jafnfætis og vera þeim samstiga.

Hæstv. forseti. Hér er ekki leitast við að draga upp fagra mynd af alþjóðlegum samskiptum, frekar er verið að minna á staðreyndir sem hafa áhrif á daglegt líf Íslendinga. Norrænt samstarf hefur tvímælalaust veitt tækifæri fyrir ein-

staklinga og fyrirtæki á Íslandi.

Það var afskaplega ánægjulegt að heyra hv. þm. Jón Kristjánsson, sem kom nýr inn í Norðurlandaráð núna í haust, tala um hvað Norðurlandaráð hefði breyst mikið til batnaðar og hann sér það vel eftir að hafa verið þar fyrir mörgum árum síðan og er að koma þar inn á ný.

Skemmst er að minnast hve óþreytandi starf hefur farið fram á vegum Norðurlandaráðs til að ryðja landamærahindrunum úr vegi, nokkuð sem veitt hefur Íslendingum tækifæri til að stunda nám og starfa annars staðar á Norðurlöndunum. Það hefur verið til gagns fyrir íslenskt samfélag þegar sú þekking og reynsla sem menn hafa öðlast á Norðurlöndunum hefur borist hingað heim.

Sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs hef ég getað fylgst með starfinu, verið með í að ryðja úr vegi hindrunum milli landanna, en sú vinna miðast ekki aðeins að því að afnema þær hindranir sem eru fyrir hendi, heldur líka koma í veg fyrir að aðrar nýjar myndist.

Þetta gagnast líka fyrirtækjum. Það er að mínu mati engin tilviljun að við útrás íslenskra fyrirtækja á undanförnum árum hafi þau m.a. sótt fram á Norðurlöndunum. Hugsanlegar skýringar á því geta verið þær að þar er viðskiptaumhverfið ekki ólíkt því sem stjórnendur þeirra eiga að venjast á Íslandi, menningin er svipuð og tungumálin skyld.

Á sama tíma og miklar breytingar hafa orðið í alþjóðamálum á borð við endalok kalda stríðsins, stækkun Evrópusambandsins og baráttuna gegn hryðjuverkum hefur norðurlandasamstarfið verið stöðugt. Það hefur verið í takt við tímann og snúist um málefni líðandi stundar. Í þessu sambandi má nefna að á nýafstöðnu Norðurlandaráðsþingi í Kaupmannahöfn voru á dagskrá málefni eins og mansal, skipulögð glæpastarfsemi, loftslagsbreytingar og áherslur sem miðar að því að leysa og koma í veg fyrir togstreitu af menningarlegum toga. Einnig var á þinginu til umfjöllunar áfram norrænt samstarf til að færa sér í nyt ímynd Norðurlanda til að einkenna þau svæði í fararbroddi á tímum hnattvæðingar.

Hæstv. forseti. Eitt af því sem skapar ímynd Norðurlanda, þar á meðal Íslands, eru lýðræðisleg gildi á borð við mannréttindi og jafnrétti. Því er ég sérstaklega ánægð með að heyra hæstv. utanríkisráðherra lýsa þeirri áherslu sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands leggur á þátt kvenna í þróunarsamstarfi sínu víða um lönd. Það er áhrifarík leið að bæta velferð samfélaga og styrkja það mikilvæga hlutverk sem konur gegna.

Á morgun koma tvær ljósmæður aftur til Íslands eftir afar velheppnaða kennslu í Afganistan þar sem þær héldu námskeið í Afganistan og kenndu konum ljósmóðurfræði og fæðingarhjálp. Önnur þeirra er frá Húsavík og hin er frá Reykjavík. Þetta starf sýnir hvað Íslendingar geta lagt af mörkum á ýmsan hátt. Fæðingarhjálp er afskaplega mikilvægt starf. Formaður utanríkismálanefndar nefndi það á fundi í utanríkismálanefnd um daginn að þetta væri í fyrsta skipti líklega sem rætt væri um fæðingarhjálp í utanríkismálanefnd og er það bara vel. Því hvað er mikilvægara en að koma litlu barni heilbrigðu í heiminn og hjálpa til við það? Þetta er einmitt það sem við Íslendingar getum gert. Við getum lagt margt til málanna til að efla kjör kvenna og barna í heiminum og útrýma fátækt.

Eins og hæstv. ráðherra gat um í ræðu sinni áðan er mjög gleðilegt að friðarverðlaunahafi Nóbels árið 2006 sé einmitt Grameen-bankinn í Bangladess og stofnandi hans Muhammad Yunus sem hefur frá árinu 1974 veitt lítil lán til kvenna. Lán sem þrátt fyrir það að vera ekki há hafa gert konum kleift að búa sér og fjölskyldum sínum betra líf, að vera lausar úr viðjum fátæktar. Þessi einfalda viðskiptahugmynd hefur reynst snjöll og haft jákvæð samfélagsleg áhrif. Þetta hefur verið gert líka á Íslandi með mjög góðum árangri.

Það er einnig jákvætt að heyra um hækkun á framlögum til UNIFEM. Ég vil geta þess einmitt í þessu sambandi að ég átti þess kost að fara á vegum Alþjóðabankans til Naíróbí í Keníu í haust þar sem við skoðuðum verkefni sem Alþjóðabankinn hefur verið að styðja. Við komum í skóla í fátækrahverfi í útjaðri Naíróbí. Þar var stórt skilti utan á skólanum með merki UNIFEM. Þetta er skóli þar sem flestöll börnin eiga enga foreldra, sum aðeins eitt foreldri. Skólinn er griðastaður þeirra og þar fá þau það öryggi að fá mat í hádeginu sem ekki öll börn búa við í því landi.

Við fórum líka og heimsóttum smábændur sem hafa fengið styrk frá Alþjóðabankanum og þess má geta að það eru konur sem halda þessu öllu uppi. Það eru konur í landbúnaði, það eru konur í kennslu, þar eru alls staðar konur. Það eru konurnar sem vinna þau verk sem þarf að vinna í landinu. Það eru þær sem hafa djörfung til að stofna fyrirtæki.

Líka var athyglisvert að koma í þingið í Naíróbí þar sem ég tók viðtal við þingkonu. Þær eru mjög fáar á þinginu. Það er sama kerfi hjá þeim og í Bretlandi, og hún sagði mér að konurnar fengju aldrei að taka til máls í þinginu. — „Það er alveg sama hvað við konur erum glæsilegar, hvað við reynum að láta forseta þingsins taka eftir okkur, við fáum aldrei orðið.“

Það er mjög alvarlegur hlutur að ríki eins og Kenía skuli láti það viðgangast að konurnar á þingi þeirra fái ekki að taka til máls. En maður hefur einmitt gott af því að fara út fyrir landsteinana og sjá hvað er að gerast í öðrum ríkjum og þakka þá fyrir það að búa á Íslandi og hafa allt það frelsi sem við búum við.

Hæstv. forseti. Öryggis- og varnarmál eru mikilvæg í utanríkisstefnu Íslendinga. Kjölfestan í þeim málum hefur verið og verður áfram samstarfið við Bandaríkin þó mögulegt sé að leitað verði einnig annarra leiða í þeim efnum. Mikilvæg stoð í alþjóðasamstarfi Íslands er Norðurlandasamstarfið sem sýnt hefur stöðugleika og aðlögunarhæfni. Norðurlöndin eru þekkt fyrir að standa framarlega í jafnréttismálum og því ánægjulegt að áhersla sé lögð á framlag kvenna í starfi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Hins vegar er nauðsynlegt að hafa hugfast að vinna fyrir jafnrétti á Íslandi krefst stöðugrar árvekni, eins og við höfum verið minnt á upp á síðkastið í formi niðurstöðu könnunar félagsmálaráðuneytisins á launum kynjanna og nýafstaðinna prófkjara.

[14:30]

**Álfheiður Ingadóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka skýrslu utanríkisráðherra, þetta er fyrsta skýrsla hennar í þessu

embætti og hún ber vissulega vott um breytingar sem fylgja, eðlilega, mannabreytingum á slíkum stöðum. Það verður að segjast eins og er og taka undir með þeim sem hér hafa talað á undan mér að skýrslan er jákvæð að mörgu leyti og áferðarfalleg við fyrstu sýn.

Ég verð þó, þó að ég ætli ekki að gera það að aðalumfjöllunarefni mínu hér, að minnast aðeins á tóninn sem þar er að finna varðandi loftslagsbreytingarnar. Ég tek undir það sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði um þau efni, mér hugnast ekki sú tilhlökkun sem skín þar í gegn að hlýnandi loftslag muni vera svolítið spennandi fyrir okkur Íslendinga vegna þess að nýjar siglingaleiðir muni opnast fyrir norðan okkur. Eitt er víst, virðulegur forseti, ef svo verður og þegar til þess kemur munu margar aðrar breytingar fylgja og það verður að taka myndarlega á hér í mengunarvörnum þegar olíuskipin stóru fara að fara fyrir norðan okkur. En það var ekki mikið um þetta fjallað í skýrslunni og ég ætla að snúa mér að öðrum efnum í henni.

Eins og ég sagði er skýrslan með nokkuð mýkra yfirbragði en oft hefur verið. Hún er full fyrirheita um breyttar áherslur og stefnumótun í brýnum málaflokkum, svo sem þróunaraðstoð, svokallaðri friðargæslu og mannréttindamálum. Það hins vegar hversu djúpt er á aðgerðum og fjárveitingum í þeim efnum og einnig vekur það sem ekki er nefnt á nafn í skýrslunni ákveðnar grunsemdir.

Það er mikið rætt um grænþvott þessa dagana. Í þessari skýrslu, virðulegi forseti, horfum við á hvítþvott þar sem þögn um óþægilegar staðreyndir og fögur fyrirheit þjóna þeim markmiðum einum að fegra ímynd Íslands á alþjóðavettvangi í tilefni af framboði Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Og svo sannarlega veitir ekki af. Núverandi ríkisstjórn setti smánarblett á heiður vopnlausrar þjóðar þegar hún skipaði sér í hóp hinna staðföstu ríkja og studdi innrásina í Írak, blett sem erfitt verður fyrir þessa sömu ríkisstjórn, þrátt fyrir nýjan utanríkisráðherra, að þvo af nema með því að biðja Íraka og alþjóðasamfélagið afsökunar. Innrásin í Írak og ástandið þar er hvergi nefnt í skýrslu ráðherrans eins og hér hefur ítrekað verið bent á í dag og þá er heldur ekki nefnd á nafn yfirvofandi stefnubreyting bandarískra stjórnvalda í málefnum Íraks vegna afsagnar Donalds Rumsfelds og með sigri demókrata í kosningunum vestra á dögunum. Þögnin um þennan þekkta hornstein í utanríkisstefnu Íslendinga, þ.e. þjónkunina við bandarískt hervald, er hrópandi í þessari skýrslu ráðherrans.

Kosningar til öryggisráðsins eiga ekki að fara fram fyrr en á árinu 2008 og nú leita menn eftir stuðningi víða um heim. Stuðningur fékkst í vikunni frá stjórnvöldum í Ísrael og þá er komið að öðru atriði sem hvergi er minnst á í ræðu utanríkisráðherra, þ.e. ástandið í Palestínu og áralangt og gegndarlaust ofbeldi Ísraelsmanna þar gegn óbreyttum borgurum sem hefur leitt til þess að innviðir samfélagsins eru að hruni komnir og brostnir.

Hæstv. utanríkisráðherra boðar í ræðu sinni endurskoðun laga um þróunaraðstoð, að sett verði lög um svokallaða friðargæslu og að friðargæslunni verði settar siðareglur. Einnig hyggst ráðherrann móta heildstæða stefnu í mannréttindamálum á alþjóðavettvangi. Ég sakna þess helst að ráðherrann minntist ekki í þessu sambandi á inntak ræðu sinnar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í haust þar sem aðaláherslan var einmitt á þróunarmál enda skiptir miklu máli að Ísland hljóti stuðning í stórum hópi þeirra ríkja eigi nokkur von að vera um sæti í öryggisráðinu. Á þingi Sameinuðu þjóðanna sagði ráðherrann m.a. að Ísland vildi axla ábyrgð í þróunarmálum og að við stefndum að því eftir árið 2009 að ná markmiði Sameinuðu þjóðanna um að iðnríkin verðu 0,7% af þjóðartekjum sínum til þróunarhjálpar.

Um þetta atriði í ræðu ráðherrans sagði í leiðara Morgunblaðsins 28. september sl., með leyfi forseta:

„Með framboði sínu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, kosningabaráttunni, opnun vefsíðu o.s.frv. hefur Ísland beint kastljósinu sem aldrei fyrr að því hvernig það stendur að þróunarmálum. Það þýðir að fleiri en áður vita að við höfum góð áform, en þeir vita líka að eins og er stendur eitt ríkasta land í heimi flestum öðrum þróuðum ríkjum að baki í stuðningi við hin fátæku þróunarlönd. Það verður eftir því tekið, hvort við stöndum við stóru orðin."

Virðulegur forseti. Það mun koma í hlut nýrrar ríkisstjórnar að standa við stóru orðin ráðherrans á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og uppfylla skyldur, 35 ára gamlar samþykktir Alþingis og 36 gömul markmið hinna Sameinuðu þjóða. Það er vissulega tilhlökkunarefni, ekki vegna framboðs til öryggisráðsins eða atkvæðaveiða á þeim vettvangi heldur málefnisins vegna, að takast á við það verkefni. En það veltur á því hvort hér verður skipt um ríkisstjórn í næstu kosningum.

Það er þó fleira í þessu máli varðandi þróunaraðstoðina, virðulegur forseti, sem vert er að staldra við. Í skýrslu sinni segir hæstv. ráðherra réttilega að samstaða hafi ríkt um þróunaraðstoðina sem slíka. Hins vegar hefur ekki ríkt samstaða um þessar nánasarlegu fjárveitingar til þróunaraðstoðar og svik við samþykktir Sameinuðu þjóðanna sem ég nefndi áðan. Það hefur heldur ekki ríkt samstaða um að ekki hafi verið staðið við áætlun Alþingis frá 1985 um að ná þessu marki þá á sjö árum, þ.e. á árinu 1992.

Virðulegur forseti. Það ríkir alls engin samstaða um þær bókhaldskúnstir ríkisstjórnarinnar að færa framlög til svokallaðrar friðargæslu á þróunaraðstoð. Í ræðu ráðherrans kom því miður skýrt fram að til stendur að flækja svokallaða friðargæslu enn frekar í hernaðarnet NATO með aukinni samvinnu þar um án þess að nýjar áherslur ráðherrans, sem vert er að fagna, um að konur komi þar til frekari starfa, breyti neinu þar um.

Í umræðum um boðaðar lagabreytingar vegna þróunaraðstoðar og svokallaðrar friðargæslu munu væntanlega koma fram ólík viðhorf og áherslur, til að mynda okkar, vinstri grænna, og ríkisstjórnarflokkanna. Þá mun verða tekist á um þá hugmyndafræði sem að baki býr, annars vegar vopnaða friðargæslu undir stjórn hernaðarbandalagsins NATO og hins vegar eiginlega þróunaraðstoð, borgaralega aðstoð við fólk í neyð og aðstoð til sjálfshjálpar. Það er tími til kominn að um þau mál verði fjallað á Alþingi og þess vegna fagna ég sérstaklega áformum ráðherrans um að endurskoða lög um þróunaraðstoð og setja lög um starfsemi þessarar svokölluðu friðargæslu.

Virðulegur forseti. Á árinu 2005 var fjöldi þess fólks sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna á samkvæmt skilgreiningu að sinna orðinn 19,2 milljónir manna víðs

vegar um heiminn. Árið 2004 var fjöldinn 17 milljónir þannig að hlutfallsleg aukning á milli ára var 13%. Ástæður þessarar aukningar voru aðallega fólk sem var vegalaust innan síns fæðingarlands og einnig ríkisfangslaust fólk, fólk sem er mjög illa statt. Því nefni ég það, virðulegur forseti, að á þennan stóra hóp jarðarbúa í mikilli neyð, hóp sem er í rauninni stærri en þessar tæpar 20 milljónir manna — heildarfjöldi fólks sem hefur flosnað upp frá heimilum sínum víða um heim er áætlaður yfir 40 milljónir manna, um 0,6% af íbúafjölda jarðar — er ekki minnst í skýrslu ráðherrans. Sakna ég þess. Hver skyldi skýringin vera? Skyldi hún vera sú að við getum ekki talist góð fyrirmynd á þessu sviði? Getur ástæðan verið sú að við höfum í vaxandi mæli skellt hurðum okkar í lás þegar heimilislaust og ríkisfangslaust fólk knýr hér dyra og vísað því á guð og gaddinn, og þar með ábyrgð okkar á þessum vanda?

Vissulega hafa Íslendingar af og til tekið við sérvöldum hópum flóttamanna. En það er dapurlegt að frá því að við tókum við fyrsta hópnum 1956 hygg ég að við höfum ekki tekið við fleirum en kannski 500 manns allt í allt. Ég hef lagt fram fyrirspurn til skriflegs svars til dómsmálaráðherra um það hver hafi orðið afdrif hælisleitenda hér á undanförnum árum. Því miður, þó að ég viti auðvitað ekki svarið því að það hefur ekki borist enn, sem eðlilegt er, tel ég víst að engin 13% aukning hafi orðið á þessum fjölda hjá okkur á milli ára enda þótt vegalausum flóttamönnum fjölgi um það í heiminum.

Hæstv. utanríkisráðherra hefur lýst því yfir að hún hyggist leggja áherslu á konur í friðargæslu og þróunaraðstoð og þar með hverfa frá hinum karllægu og hernaðarlegu gildum. Er það vel. Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2000, nr. 1325, um konur, frið og öryggi, er grundvallarályktun þar sem staðfest er að konur hafi vissulega hlutverki að gegna, hvort heldur er við að fyrirbyggja átök og stríð, í friðarumleitunum, í friðargæslu raunverulegri og ekki síst í uppbyggingu að átökum loknum. Tíföldun framlags til UNIFEM hefur verið starfi samtakanna mikils virði, vakið athygli og verið góð fyrirmynd fyrir önnur ríki. Það er hins vegar nöturlegt, virðulegur forseti, að á sama tíma skulum við bera ábyrgð á því að í Írak þjást konur og börn vegna eyðileggingar á vatnsveitum, rafveitum, vegasambandi og skolplögnum. Það er ljóst að stríðið hefur ekki frelsað konur í Írak.

Ég nefni þetta sérstaklega hér sem ég sagði um flóttamennina áðan vegna þess að vandi flóttamanna er vandi kvenna. 80% af öllum flóttamönnum í heiminum í dag eru konur og börn. Ef Íslendingar ætla sér að standa undir nafni í því að styðja við konur í heiminum í sínu starfi í þróunarhjálp er einfaldlega ekki hægt að láta eins og flóttamannavandinn sé ekki til.

Ég nefndi í upphafi að víða í ræðu ráðherrans er að finna góð áform og vissulega mýkri ásýnd en oft áður. Það er hins vegar ljóst að við þurfum að gera betur í mörgum málaflokkum ef við ætlum okkur að vera fyrirmynd í stríðshrjáðum heimi. Framboð til öryggisráðsins hefur beint kastljósinu að íslensku samfélagi og utanríkisstefnu íslenskra stjórnvalda og því hvernig við förum fram á alþjóðavettvangi. Það verður spurt um afstöðuna í öllum málum, stórum og smáum. Það verður líka spurt um Írak, það verður spurt um Palestínu, það verður spurt um flóttamenn og það verður spurt um hælisleitendur.

[14:42]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í tengslum við ræðu hv. þingmanns sem ég þakka fyrir.

Ég vil endilega að hún skilji ekki mál mitt þannig að það sé tilhlökkun í mínum huga vegna þeirra loftslagsbreytinga sem eiga sér stað í heiminum. Það er alls ekki svo. Við horfum hins vegar fram á þær staðreyndir að það er mikil breyting og það er mikil bráðnun íss hér norðan við okkur sem vissulega breytir nokkuð landslaginu í sambandi við flutninga. Þá er full ástæða til þess að við Íslendingar horfum á það sem tækifæri að svo miklu leyti sem það getur orðið það fyrir okkur.

Síðan vil ég segja það í sambandi við þróunarmálin að þó svo að ég komi ekki inn á þau hvað varðar fjárframlög til framtíðar í ræðu minni erum við svo sannarlega ekki að hvika frá þeim áformum sem voru reyndar sett fram fyrst árið 1998 af hálfu þáverandi utanríkisráðherra. — Nei, það er öryggisráðið sem er tilkynnt fyrst um 1998 og þess vegna er ekki hægt að setja samband þarna á milli að mínu mati. Hins vegar er það staðreynd að við stefnum að 0,35% marki núna 2009 og eftir það að þeim markmiðum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sett um 0,7% af þjóðartekjum. Það er ekki verið að hörfa frá því.

Kannski hefur komið einhvers staðar fram í fréttum að stuðningur hafi komið frá Ísrael núna í þessari viku í sambandi við öryggisráðið en það er ekki rétt. Hann var kominn fram fyrir nokkuð löngu síðan en hins vegar orðaði sendiherrann þetta aðeins á fundi okkar. Það er ekki þannig að hún hafi verið að tilkynna fyrst um þennan stuðning núna.

Svo hefði ég gjarnan vilja segja nokkur orð í sambandi við Írak en geri það kannski bara í seinna andsvari mínu.

[14:45]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Ég þakka ráðherranum þetta andsvar. Það kann vel að vera að það felist í loftslagsbreytingunum tækifæri fyrir Íslendinga. Því miður eru loftslagsbreytingarnar fyrst og fremst ógn við lífríki jarðar og við samfélag manna hér á norðurslóðum. Ég vil frekar orða það þannig að þarna væri um mjög brýnt verkefni að ræða frekar en tækifæri. Eins og ég nefndi áðan þurfum við að gæta þess mjög hvernig við stöndum hvað varðar mengunarvarnir ef mengunarslys verður í sjó ef til þess kemur að olíuflutningar stóraukist hér fyrir norðan.

[14:45]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki draga fjöður yfir það að margt hefði mátt betur fara í Írak. Auðvitað óar mig við þeim gríðarlega fjölda sem hefur misst lífið þar, eins og aðra. Ég bendi á að það eru hryðjuverkamenn sem stærsta ábyrgð bera á falli óbreyttra borgara en ekki hernámsþjóð-

irnar. Ég get greint frá því hér, sem ég hef reyndar gert áður opinberlega, að ég átti fund með utanríkisráðherra Íraks þegar ég var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og mér lék mikil forvitni á að vita hvernig hann metur ástandið. Hann leynir því vissulega ekki að ástandið er alvarlegt og mikill órói er í landinu en hann er alls ekki vonlaus um að það takist að koma á friði þar. Hann telur ekki að náðst hafi að skapa varanlegt hatur á milli trúarhópa til framtíðar og hann benti á ýmislegt sem sannfærði mig um að Írak eigi von. Þarna hafa farið fram kosningar og fólkið vill lýðræði en það eru vissulega miklar skærur. Ég held því fram að það séu fyrst og fremst hryðjuverkamenn sem bera þar ábyrgð.

Talað er um að mikilvægt væri að afturkalla stuðning Íslands. Margir hv. þingmenn hafa nefnt það. Ég held því fram að ef við mundum gera það væri það ekki í samræmi við ákvæði ályktunar Sameinuðu þjóðanna, 1546, sem gefur alþjóðaheraflanum skýrt umboð til að aðstoða íröksk stjórnvöld við að koma á öryggi. (Forseti hringir.) Við verðum að hugsa til framtíðar, það skiptir langmestu máli.

[14:47]

**Álfheiður Ingadóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal svo sannarlega taka undir það með ráðherranum að vonandi kemur betri tíð með blóm í haga í Írak en hún er því miður ekki handan við hornið. Við Íslendingar höfum ekki gert mikið til að tryggja að svo verði.

Auðvitað vilja menn í Írak sem annars staðar lýðræði og frelsi. Ætli við Íslendingar mundum ekki afþakka pent það lýðræði og frelsi sem verið er að innleiða þarna með hervaldi og drápum á óbreyttum borgurum? 650 þúsund manns, óbreyttir borgarar, eru talin hafa fallið frá því að stríðið hófst, frá því að við leyfðum þessu stríði að hefjast. Svei mér þá, það er sama hvaðan kúlan kemur, hvort hún kemur frá hermdarverkamönnum eða einhverjum sem eru undir einhverju sem á að heita löggiltur her, það er nákvæmlega sama. Það eru 650 þúsund manns fallin og þessu verður að linna.

[14:49]

**Sigurjón Þórðarson:**

*Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir* skýrsluna og segja að ég styð breyttar áherslur Íslensku friðargæslunnar og að ásýnd hennar verði milduð. Með því er hægt að ná breiðari samstöðu um þá starfsemi. Einnig stingur í stúf að herlaus þjóð taki að sér verkefni sem krefjast vopnaburðar. Við eigum einfaldlega að forðast það eins og heitan eldinn. Við eigum að nýta reynslu okkar og þekkingu á öðrum sviðum, svo sem að styðja verkefni á sviði stjórnunar, heilbrigðis og björgunar. Það stendur okkur miklu nær en eitthvert vopnaglamur.

Ég vil einnig nota tækifærið og fagna fríverslunarsamningi við Færeyinga. Ég tel jafnframt mjög nauðsynlegt að við náum svipuðum samningum við okkar næstu nágranna í vestri, Grænlendinga. Grænland er svo sannarlega land tækifæranna, ríkt af náttúruauðlindum og þar eru einnig gríðarleg tækifæri á sviði ferðamennsku sem við gætum eflaust komið þeim til hjálpar við að nýta sér.

Við í Frjálslynda flokknum erum alfarið andvíg því að Ísland sé í þessu framboðsbrölti til að taka að sér sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Afstaða okkar í Frjálslynda flokknum markast af því að verkefni ráðsins eru m.a. að rannsaka deilur þjóða á milli og ástand sem getur leitt til stríðsátaka. Ráðið á einnig að leita sátta og finna lausn deilumála. Öryggisráðið á m.a. að skera úr um hvort heimilt sé að beita þjóðir heimsins þvingunum, hvort stríðsátök séu réttlætanleg. Ég tel einfaldlega, og er sannfærður um það, að slík verkefni henti ekki íslenskum stjórnvöldum.

Með réttu má einfaldlega efast um íslensk stjórnvöld hafi á að skipa sérfræðingum á sviði hernaðar- og alþjóðamála til þess að geta metið hvort réttlætanlegt sé að fara með ófriði á hendur öðrum þjóðum. Mér finnst það bara ekki vera við hæfi að íslensk stjórnvöld vasist í slíkum málum.

Þeir sem eru á móti hvalveiðum, sem við í Frjálslynda flokknum erum alls ekki, sjá kannski ljósan punkt í hvalveiðunum ef þær koma í veg fyrir að við fáum sæti í öryggisráðinu. Það mun spara okkur ómældar fjárhæðir. Það kostar mikla fjármuni að fara þangað inn og við höfum ekki sérþekkingu til að taka okkur þau verkefni fyrir hendur. Við höfum brennt okkur á því að vera fús og viljug. Við studdum árásina á Írak. Sú ákvörðun Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks er vissulega smánarblettur sem þeir hafa sett á íslensku þjóðina. Ríkisstjórnin virðist því miður ekki vera reiðubúin til þess að brjóta odd af oflæti sínu og einfaldlega biðja íslensku þjóðina, og írösku þjóðina enn fremur, afsökunar á framferði sínu. Hvað hefur ríkisstjórnin gert í stað þess? Hún hefur lyft mönnunum upp sem stóðu að þessu, veitt þeim há embætti, svo sem Davíð Oddssyni sem er nú orðinn seðlabankastjóri, ég tala nú ekki um Halldór Ásgrímsson sem er kominn í eitt æðsta embætti Norðurlandanna. Hann er settur þar þó að hann hafi vissulega gert afdrifaríkustu mistök í utanríkissögu íslensku þjóðarinnar. Ríkisstjórnin lyfti honum þangað upp. Mér er það bara algjörlega óskiljanlegt, ég átta mig ekki á því hvers vegna við lyftum honum þar upp, manni sem setti Ísland á lista yfir stríðsfúsar þjóðir.

Fámenn þjóð á að sníða utanríkisþjónustunni stakk eftir vexti, velja sér verkefni sem henta og einbeita sér að brýnustu hagsmunamálum þjóðarinnar.

Á umliðnum árum hefur stundum verið erfitt að átta sig á vexti íslensku utanríkisþjónustunnar vegna þess að vöxturinn hefur komið í einhverjum rykkjum og kippum. Heilu kippurnar af sendiherrum, tylftir, hafa komið og maður áttar sig ekki á þörfinni. Ekki hefur verið gefinn nokkur rökstuðningur fyrir því hvers vegna hinir og þessir fengu embætti sendiherra, heldur hafa þetta verið pólitískar mannaráðningar, því miður. Það sem er kannski verst við þessar pólitísku ráðningar er að þær rýra trúverðugleika mikilvægis utanríkisþjónustu landsins. Það ættu hæstv. ráðherrar að hafa í huga áður en þeir fara af stað með næstu kippu, sem vonandi verður ekki, heldur að menn rökstyðji þessar embættisveitingar sínar með rökum og greinargerðum.

Við hljótum að ætla að ná árangri á þessu sviði og þá skiptir miklu máli að við höfum velmenntuðu fólki á að skipa. Við ættum að einbeita okkur að því og velja okkur verkefni sem skipta máli. Þá vil ég minnast á að ég hef

vissar efasemdir um fjölda sendiráða úti um allan heim. Það er skoðun mín að við ættum að einbeita okkur miklu meira að þeim stöðum sem skipta máli, t.d. Brussel sem er að verða höfuðborg Evrópu, og ekki nóg með það heldur fáum við þaðan regluverk á færibandi, frá höfuðstöðvunum í Brussel. Það skiptir mjög miklu máli að vakta það sem kemur þaðan þannig að við fáum kannski ekki regluverk fyrir milljónaþjóðir, sem kemur hingað og á að gilda um starfsemi sem er ekki sambærileg við starfsemi í milljónaþjóðfélögum. Ég get nefnt sem dæmi að rútubílstjórar hér þurfa að hlíta reglum sem eiga við á hraðbrautum í Evrópu, þar þurfa kannski að vera takmarkanir en ekki á Íslandi. Þó að rútubílstjórar starfi lengi á hverjum degi er aksturinn sjaldnast meiri en fimm tímar. Við yfirfærum oft ýmsar reglur og tökum þær upp án þess að fara gagnrýnið yfir þær. Ég er sannfærður um að hægt er að hafa áhrif þar svo við þurfum ekki að yfirtaka reglur sem eiga ekkert við í íslensku samfélagi.

Frú forseti. Í ræðu sinni segir hæstv. utanríkisráðherra að stjórnvöld leggi sérstaka áherslu á þá þætti utanríkismála sem snúa að nýtingu auðlinda hafsins. En þegar maður les ræðuna og hlýðir á hæstv. ráðherra kemur í ljós að svo virðist alls ekki vera. Það kemur ekki fram í ræðunni. Það segi ég vegna þess að hæstv. ráðherra vitnar í skýrslu sem birtist í erlendu tímariti og hún vekur máls á henni algjörlega gagnrýnislaust. Innihald skýrslunnar kveður á um að ef framvinda fiskveiða og umhverfismála verður með sama hætti og verið hefur á undanförnum árum muni allir fiskstofnar heimsins hverfa árið 2048. Það er alveg með ólíkindum að ráðherra fiskveiðiþjóðar skuli gleypa þá skýrslu án þess að fara gagnrýnið yfir hana, að hún skuli gera hana að umtalsefni á hinu Alþingi. Út af fyrir sig hlýtur að vera grunsamlegt þegar menn birta eitt svona ártal, að árið 2048 muni allir fiskstofnar heimsins hverfa. Það eina sem vantaði þarna var dagsetningin, hvaða dag það gerðist, t.d. 1. desember. Það sjá allir sem skoða þetta með gagnrýnum huga að svona spár eru mjög vafasamar.

Einnig er umhugsunarefni að fjölmiðlar landsins, fjölmiðlar fiskveiðiþjóðar, skuli birta slíka frétt svo gagnrýnislaust sem raun ber vitni, á forsíðu Morgunblaðsins. Ég verð að segja að ég hef reynt að koma rökstuddri gagnrýni að, birti hana m.a. á heimasíðu minni fyrir rétt um hálfum mánuði og benti á að skýrslan er tóm vitleysa. Það hefur einhvern veginn ekki náðst inn í umræðuna og þess vegna situr hæstv. ráðherra á ráðherrabekk og kynnir skýrslu sem inniheldur tóma dellu.

Óhætt er að fullyrða að gögnin sem þessi skýrsla byggir á og ráðherra vitnar til er hinn ólíkindalegasti samtíningur. Meðal annars eru tíndar til breytingar á lífríki kóralrifja og ósasvæða og síðan fjöldi köfunarferða ferðalanga á ákveðnum friðuðum hafsvæðum. Það verður síðan einhver spádómur um framtíðarveiðar á t.d. Íslandsmiðum eða í Barentshafi. Þetta notar hæstv. ráðherra sem gagn í skýrslu sína. Mér finnst það alveg stórundarlegt.

Það eina sem hæstv. utanríkisráðherra hefur sér til varnar í því að taka þessa vitleysisspá til umræðu er að fræðimennirnir sem komu að þeirri vinnu hafa í gegnum árin haft mjög náin tengsl við íslensk stjórnvöld. Einn þeirra sem minnst er á að hafi komið að skýrslunni var hér síðasta haust, á 40 ára afmæli Hafró, þar sem hann kynnti eina athugunina, eflaust jafnáreiðanlega, á stöðu nær allra fiskstofna heims, a.m.k. fjölmargra. Sömuleiðis var hér fræðimaður sem hefur haft náin tengsl við skýrsluhöfund þar sem hann skrifaði greinargerð fyrir stjórnvöld þar sem gerð var úttekt á Hafró eftir að hún hafði tapað mörg hundruð þúsund tonnum úr fiskabókhaldi sínu um síðustu aldamót. Þá hafði Hafró eitthvað flaskað á því að reyna að geyma fiskinn í hafinu og síðan tapaðist hann úr bókhaldinu. Og hvað gerðist? Jú, sóttur var vísindamaður með tengsl við þá skýrsluhöfunda sem vitnað er til og bar hann lof á starfshætti Hafró og sagði að þetta væri aukinn veiðanleiki.

Auðvitað er það ekki aukinn veiðanleiki sem þar var á ferðum, heldur eitthvað allt annað. Þessar líffræðikenningar sem er unnið eftir og hefur verið gert síðustu 20 árin, og íslensk stjórnvöld hafa rekið fiskveiðistjórn byggða á henni, hafa einfaldlega sýnt það að sú tilraun hefur ekki skilað nokkrum árangri, enda veiðum við helmingi minna núna en við gerðum áður en sú tilraun var gerð, þ.e. íslenska kvótakerfið. Það er nefnilega ástæðan fyrir því að íslensk stjórnvöld taka svona spá fegins hendi. Ef eitthvað er verra, t.d. vond spá úti í heimi, er það réttlæting fyrir að halda áfram sömu vitleysunni og verið hefur undanfarin ár í stjórn fiskveiða hér þótt sú tilraun hafi orðið sjávarbyggðum landsins mjög dýrkeypt. Þá grípa menn svona spá.

Vert er að stjórnvöld velti þessu fyrir sér vegna þess að umræddir vísindamenn fá m.a. styrki til að stunda þessar háðu rannsóknir, með í rauninni fyrir fram gefinni niðurstöðu um ofveiði og um að hætta þurfi veiðum. Þeir fá styrki frá alþjóðasamtökum, m.a. PEW þar sem markmið þeirra samtaka er að leggja allar fiskveiðar af. Ég er sannfærður um að íslensk stjórnvöld hitta einmitt þessi samtök og jafnvel sömu vísindamenn fyrir á ný þegar skýrslur koma um nauðsyn þess að banna botnvörpuveiðar sem hafa verið stundaðar í yfir 100 ár. Þá eru það sömu styrkir og jafnvel sömu vísindamenn og sömu stofnanir sem hafa yfir að ráða gríðarlegum fjármunum, jafnvel meiri fjármunum en nemur upphæð íslenskra fjárlaga, yfir 360 milljörðum króna, sem þeir hafa úr að spila til að styrkja rannsóknir þar sem niðurstaðan er gefin fyrir fram, þ.e. að í raun eigi að koma í veg fyrir fiskveiðar.

Ekki leggja t.d. stjórnvöld áherslu á að draga fram árangur Færeyinga eða skoða kerfi þeirra með gagnrýnum hætti. Nei, það er ekki gert, heldur er þessi leið farin.

Ég sé að tíma mínum er lokið en ætla að koma að einu í lokin. Mér finnst að íslenska utanríkisráðuneytið og íslensk stjórnvöld ættu að beita sér í meira mæli gegn geislavirkni í hafinu og veita næstu nágrönnum okkar sem starfrækja kjarnorkuver meira aðhald en gert er vegna þess að (Forseti hringir.) ljóst er að Bretar ætla að fara meira út í að knýja (Forseti hringir.) land sitt með kjarnorku. Ég vil nota tækifærið og benda hæstv. ráðherra á það.

[15:05]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Við ræðum um skýrslu hæstv. utanríkisráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóða skýrslu og sömuleiðis góða ræðu fyrr í morgun. Í skýrslunni sjálfri, eins og í umræðum í dag, er

komið víða við. Ég mun í ræðu minni koma aðeins inn á nokkur atriði er varða utanríkisstefnu Íslands.

Ég tel að það sé hverri þjóð mikilvægt að reka sjálfstæða og skýra utanríkisstefnu. Það höfum við Íslendingar gert. Stefnan, eins og gefur að skilja, er í sífelldri mótun. Það má segja að á undanförnum mánuðum hafi orðið meiri breytingar á stöðu utanríkismála og öryggis- og varnarmála okkar en orðið hafa um langa hríð. Ég tel að hvað öryggis- og varnarmál varðar hafi ríkisstjórnin haldið vel á málum miðað við þá erfiðu stöðu sem upp var komin.

Breytingarnar hafa kallað á aukið frumkvæði af hálfu okkar Íslendinga við að tryggja öryggi og varnir landsins. Ég tel að að einhverju leyti hafi verið brugðist við því af hálfu ríkisstjórnarinnar en um leið eru aðrar breytingar í undirbúningi og brýnt að halda vel á þeim málum.

Hornsteinn öryggis- og utanríkisstefnu Íslands er þátttaka landsins í starfi Sameinuðu þjóðanna, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, Norðurlandaráði og Evrópusamstarfinu. Samstarf á þeim vettvangi við Bandaríkin verður áfram mikilvægt en ég fagna þeim áherslum hæstv. utanríkisráðherra sem hún hefur lagt fram, um að rækta enn frekar tengslin við Evrópu og tek undir að við þurfum að fylgjast náið með þróun þessara mála á vettvangi Evrópusambandsins.

Ég tók líka eftir því í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að hún telur nauðsynlegt að efla samráð og samstarf við þau ríki sem deila hagsmunum okkar við norðanvert Atlantshaf. Þar skipta Bandaríkin máli en ekki síður Kanada, Bretland og Norðurlöndin. Ég tek heils hugar undir þetta.

Frú forseti. Í þessum umræðum vil ég fjalla sérstaklega um þróunarsamvinnuna. Ég fagna mjög að hæstv. utanríkisráðherra ætli sér að fara í stefnumótun um þróunarsamvinnu okkar Íslendinga. Hún ræddi m.a. um þau mál í gær við utanríkismálanefnd þar sem ég er fulltrúi. Einnig er rætt um að endurskoða lögin um stofnunina enda eru þau orðin 25 ára gömul.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra er baráttan fyrir efnahagslegum og félagslegum framförum ekki aðeins barátta gegn fátækt heldur jafnframt barátta fyrir friði og öryggi. Þess vegna er samstarf og samþætting friðargæslunnar, þar með talið þeirrar íslensku, og þróunarsamvinnunnar svo mikilvæg. Ég fagna því að þau sjónarmið skuli höfð uppi.

Ég tel að við getum verið stolt af framlagi okkar í þróunarsamvinnu í gegnum tíðina. Þar hefur verið unnið merkilegt starf og ég verð að viðurkenna að ég þekki ágætlega til þess, enda má segja að fjölskylda mín hafi tekið þátt í því á mínum yngri árum um árabil, þegar við tókum þátt í verkefni á vegum stofnunarinnar á Grænhöfðaeyjum. Maður hefur þess vegna fylgst náið með þróun starfsins á síðustu árum. Ég fagna þeirri miklu þróun og aukinni áherslu ríkisstjórnarinnar á þau mál. Við verðum sífellt að vera gagnrýnin á verkefnin sem við veljum að fara í á vegum þróunarsamvinnunnar, hverjum þau gagnast best og hvernig.

Ég vildi koma inn á ákvörðun ríkisstjórnarinnar um stóraukin framlög til þróunarmála sem ég held einmitt að séu mjög mikilvæg og til marks um að Íslendingar axli ábyrgð sína á vettvangi alþjóðamála og alþjóðastjórnmála. Við erum rík þjóð sem berum ríkar skyldur í alþjóðasamfélaginu. Á árinu 2004 ákvað ríkisstjórnin að stórauka framlög sín til þróunarmála með það að markmiði að þau skyldu nema 0,35% af vergri landsframleiðslu á árinu 2009. Ég veit ekki betur en sú áætlun þessi haldi og ríkisstjórnin hafi staðið við hana. En á næsta ári, miðað við það fjárlagafrumvarp liggur fyrir þinginu er gert ráð fyrir að framlögin muni nema um 3,2 milljörðum kr. eða sem svarar 0,28% áætlaðrar landsframleiðslu. Með áframhaldandi hækkun munu framlögin nema 4,5 milljörðum kr. á árinu 2009. Það er mikilvægt að þessum fjármunum verði vel varið en ég fagna því að Íslendingar hafa axlað þá ábyrgð að bæta í hvað þetta varðar.

Ég get ekki látið hjá líða að koma að orðum hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem hún lét falla hér um samráðið um endurskoðun Þróunarsamvinnustofnunarinnar og stefnumótun í þeim efnum. Á fundi utanríkismálanefndar í gær voru þau mál þar rædd. Þar fannst mér ráðherra lýsa því yfir, og nefndarmenn tóku undir með ráðherranum að því leyti, að mikilvægt væri að ráðuneytið hefði samstarf við þingið og utanríkismálanefnd um þróun þessara mála. Ráðherrann lýsti því yfir að hann væri að sjálfsögðu tilbúinn að stuðla að því. Mér finnst því óþarfi að vera í fýlu eða draga úr því. Þetta kom líka fram í ræðu hæstv. ráðherra fyrr í dag.

Hvað varðar þróunarsamvinnuna eigum við einmitt að byggja á styrkleikum okkar í henni og baráttunni gegn fátækt í þróunarlöndum. Þar vil ég nefna þekkingu okkar í sjávarútvegsmálum, þekkingu okkar og árangur í heilbrigðismálum og velferðarmálum almennt, þar með tel ég menntamálin. Áherslu á málefni kvenna í þróunarsamvinnu á vegum stjórnvalda tel ég árangursríka leið til að ná raunverulegum árangri hvað þessi mál varðar. Við eigum að halda áfram á þeirri braut og vinna að endurskoðun þróunarsamvinnunnar með þeim hætti að um starfsemi hennar ríki einhugur meðal þjóðarinnar og að starfsemi hennar skili sem mestum árangri. Þó að við séum fámenn þjóð þá erum við rík þjóð með mikla ábyrgð í samfélagi þjóðanna.

Frú forseti. Vegna ræðu hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar áðan vil ég taka fram að ég er sammála honum um að við eigum að vera gagnrýnin og fara varlega hvað varðar fjárveitingar. Við þurfum að vera skynsöm í uppbyggingu og rekstri utanríkisþjónustunnar. Það er hárrétt og ég tek undir það. En ég tel að sú góða uppbygging sem orðið hefur í rekstri og uppbyggingu utanríkisþjónustunnar sé til góðs vegna þess að við erum sjálfstæð þjóð, eyþjóð og lítil þjóð, sem þarf að rækta vel pólitísk tengsl og ekki síður viðskiptatengsl okkar við umheiminn. Ég held að sú stefna sem hæstv. ráðherra hefur markað um að efla einmitt viðskiptahlið ráðuneytisins og þá málaflokka í ráðuneytinu sé vel til þess falin. Íslendingar eru og hafa verið í mikilli útrás og við eigum frekar að örva þá starfsemi en hitt.

Hæstv. forseti. Ég vil hér einnig koma inn á nýjar áherslur hæstv. utanríkisráðherra um Íslensku friðargæsluna sem nýlega hafa verið kynntar. Það má með sanni segja að Íslenska friðargæslan standi á merkum tímamótum. Utanríkisráðherra vinnur að endurskoðun friðargæslunnar og hefur sett fram ný markmið í ljósi þeirrar reynslu og þekkingar sem við Íslendingar höfum aflað okkur þau fimm ár

sem friðargæslan hefur starfað í núverandi mynd. Sú staðreynd að við erum herlaust land hlýtur að móta áherslur okkar í friðargæslunni. Um leið tel ég að hún skapi okkur ákveðna sérstöðu í samstarfi við önnur ríki og alþjóðastofnanir. Mikilvægt er að sátt ríki um starfsemi friðargæslunnar og ég tek því undir með utanríkisráðherra að afar mikilvægt sé að þingið og utanríkismálanefnd, sem og þjóðin öll, ræði um starfsemi friðargæslunnar og áherslur í starfi hennar. Í þeim tilgangi mætti hæstv. utanríkisráðherra á fund utanríkismálanefndar þingsins. Þar voru þau mál rædd. Ég fagna áherslunni á að mýkja ásýnd friðargæslunnar og auka starfsemi hennar á borgaralega sviðinu.

Áherslan er helst á fjórum sviðum: löggæslu og réttarfars, flugmála og flugvallarstjórnar, fjölmiðla- og upplýsingamála, og síðan heilbrigðismála. Í þeim anda er nýtt verkefni á vegum friðargæslunnar en íslensk ljósmóðir og íslenskur hjúkrunarfræðingur eru farin til Afganistan eins og við þekkjum. Við höfum heyrt af því í fréttum. Þar munu þau standa fyrir fæðingarnámskeiði. Á Íslandi er lægstur burðarmálsdauði í heiminum. Við höfum á að skipa vel menntuðu og reynslumiklu fagfólki á öllum sviðum heilbrigðiskerfisins og höfum því margt til að leggja á vettvangi alþjóðasamstarfsins á þessu sviði. Ég tel þetta verkefni gott dæmi um þróunina í friðargæslunni og þróun sem um leið gefur fleiri konum kost á að starfa fyrir Íslensku friðargæsluna. Ég fagna því mjög.

Við Íslendingar berum ábyrgð, eins og ég hef sagt, í samfélagi þjóðanna, sérstaklega í ljósi þeirrar almennu velferðar sem við höfum skapað okkur. Við höfum á að skipa vel menntuðu og reyndu fólki sem getur lagt sitt af mörkum til alþjóðasamfélagsins. Þar vil ég nefna verkefni við mæðra- og ungbarnaeftirlitið. Ég nefni einnig verkefni á sviði flugvalla- og flugmálastjórnunar í Kosovo og Kabúl. Ég tel að stefnumörkun hæstv. utanríkisráðherra sé í takt við íslensku þjóðarsálina og kröfuna um herlaust land. Við látum til okkar taka á þeim sviðum sem við erum sterk á, t.d. í mannréttindamálum og heilbrigðismálum. Ég er viss um að við getum enn frekar eflt starf Íslensku friðargæslunnar og stuðlað að því að um starfsemi hennar ríki sátt. Ég held að það sé mikilvægt.

Frú forseti. Ég vil líka koma inn á mannréttindastefnuna sem ráðherra boðaði í ræðu sinni að hún beitti sér fyrir að unnið yrði að í utanríkisráðuneytinu, hún verður síðan að sjálfsögðu rædd í þinginu og utanríkismálanefnd. Það er mikilvægt að menn tali einni röddu á vettvangi utanríkisþjónustunnar fyrir hönd Íslands hvar sem við komum og tökum þátt í alþjóðasamstarfi. Þess vegna hefur verið ákveðið að marka heildstæða stefnu í mannréttindamálum. Eins og greint hefur verið frá í utanríkisráðuneytinu er sú stefna í gangi. Stefnt er að því að drög að slíkri stefnu verði tilbúin í febrúar 2007 og verði þá kynnt og rædd í utanríkismálanefnd.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðherrans, sem kom fram á fundi utanríkismálanefndar í gær að ráðherrann ætli að beita sér fyrir því að framlög til Mannréttindaskrifstofu verði 4 millj. kr. á þessu ári. Ég fagna þeirri yfirlýsingu og finnst það vel til fundið. Það særði mann hvernig mál fóru á sínum tíma þannig að ég fagna því.

Frú forseti. Auðvitað hefur víða verið komið við í umræðum um utanríkismál enda snerta þau marga þætti þjóðlífsins. Mig langar aðeins að ræða um stefnu Framsóknarflokksins í málefnum Evrópusambandsins. Fyrrverandi formaður flokksins og forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, beitti sér ávallt fyrir mikilli umræðu á vettvangi þingsins og stjórnmála um Evrópusambandsmálin. Ég tel það af hinu góða. Við eigum ekki að forðast þá umræðu heldur þurfum við að taka þátt í henni og fylgjast náið með þróun mála innan Evrópusambandsins, á vettvangi alþjóðasamstarfsins og samfélagsins. Framsóknarflokkurinn markaði sér þá stefnu á síðasta flokksþingi 2005 að mikilvægt væri að við beittum okkur fyrir umræðu um þau mál. Við töldum mikilvægt að þjóðin yrði upplýst um kosti og galla aðildar að EES-samningnum á sínum tíma þegar hann var mikið til umræðu. Á vettvangi flokksins mun áfram haldið upplýsingaöflun og vinnu við mótun samningsmarkmiða og hugsanlegs undirbúnings aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Niðurstöður þeirrar vinnu ætti að bera undir næsta flokksþing sem haldið verður í febrúar eða mars á næsta ári, 2007. Í þeirri stefnu kom jafnframt skýrt fram að kæmi til aðildarviðræðna skyldu niðurstöðurnar að sjálfsögðu bornar undir þjóðaratkvæði. Ég tel reyndar að um það sé almenn sátt.

Það er auðvitað spennandi fyrir okkur framsóknarmenn að fá á næsta flokksþingi niðurstöður þeirrar vinnu sem fram hefur farið á vettvangi flokksins um alllanga hríð. Það er ekkert launungarmál að um málið eru skiptar skoðanir. En ég held samt sem áður að mikilvægt sé að höldum áfram að ræða það fordómalaust og af heilum hug. En málið er auðvitað alltaf til umræðu og við þurfum að taka afstöðu til þess fyrr en síðar.

[15:19]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég leyfi mér að efast um að útrásin fari mikið í gegnum utanríkisþjónustuna eða sendiráð Íslands. Ég þekki það. (**Gripið fram í:** Hvað með Viðskiptaráðið?) Ég hef spurt menn sem hafa staðið að útrásinni og hún fer minnst í gegnum sendiráð Íslands. Ég held að það sé réttlæting á þeirri starfsemi. En látum það gott heita í bili.

Mig langar að spyrja hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur hvort henni finnist ekki undarlegt með vöxtinn í utanríkisþjónustunni, þegar hann kemur svona í kippum, kannski 10 eða 12 sendiherrar í einu á færibandi. Hvort það veki ekki upp einhverjar spurningar um hvort rétt sé staðið að þeim málum. Hvort slík þjónusta eigi ekki að vaxa og að færð séu einhver rök fyrir vextinum í stað þess að hann komi í svona kippum, kannski 10, 12 eða jafnvel 20 sendiherrar á örfáum árum.

Ef maður fer yfir þetta sér maður að mikið af þessum stöðuveitingum eru það sem maður kallar pólitískar stöðuveitingar. Það er náttúrlega vafasamt þegar litið er á mikilvægi utanríkisþjónustunnar. Það er í rauninni verið að gjaldfella þessi mikilvægu störf með því að gera þau að pólitískum bitlingum.

[15:21]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir

andsvar hans. Ég vildi fyrst nefna að það er rétt að ekki fer öll útrásin í gegnum sendiráðin en við skulum samt ekki draga úr mikilvægi þeirra í þeim þætti. Ég held að viðskiptadeildir sendiráðanna og viðskiptahlið ráðuneytisins skili þar allmiklu starfi, það hefur maður fengið á tilfinninguna af viðræðum við aðila vinnumarkaðarins og þá sem staðið hafa í þessum málum.

Þegar hv. þingmaður talar um sendiherra í kippum vil ég geta þess að í tíð þess utanríkisráðherra sem lengst hefur gegnt því embætti í tíð þessarar ríkisstjórnar var þróunin alls ekki á þann veg. Ég held einmitt að hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hafi gert þetta með frekar gegnsæjum hætti og þróunin hafi verið eðlileg og í raun og veru frekar hæg.

Ég hef heldur ekki orðið vör við það á þeim mánuðum sem núverandi hæstv. utanríkisráðherra hefur verið í ráðuneytinu að menn hafi ráðið þar sendiherra í kippum. Hv. þingmaður verður því að eiga þessa spurningu við annan stjórnmálaflokk.

[15:22]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég heyri það á orðum hv. þingmanns að hún er mjög gagnrýnin á það þegar sendiherrar koma í kippum. Ég er það líka. Vísast er þá hv. þingmaður með þeim málflutningi að gagnrýna sjálfstæðismenn, sem voru stórtækir í því að koma jafnvel með flokkshesta inn í þessi mikilvægu embætti. Mér finnst það vera gagnrýnivert og ég er mjög ánægður að heyra að samstarfsflokkurinn skuli ræða um þessa hluti með svo gagnrýnum hætti sem raun ber vitni.

[15:23]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni er auðvitað í sjálfsvald sett hvernig hann ákveður að túlka orð mín. En ég endurtek það sem ég sagði áðan að í tíð núverandi hæstv. utanríkisráðherra og fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, Halldórs Ásgrímssonar, þegar hann var utanríkisráðherra, hafa menn gert þetta á þann veg að hafa þetta sem gegnsæjast og á sem faglegustum grunni. Ég tel að það séu einmitt vinnubrögð sem séu mikilvæg og menn eigi að viðhafa.

[15:23]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem upp af því að hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir beindi orðum sínum til mín í ræðu sinni áðan vegna umræðunnar um stefnumótun og þróunarsamvinnu. Ég átti því miður ekki kost á því að sitja fund utanríkismálanefndar í gær og þurfti að kalla inn varamann, en ég fékk gögnin sem þingmenn fengu á þeim nefndarfundi og þakka fyrir þau.

Ég vildi hins vegar benda á það í ræðu minni að ég hef haft forustu um það í Samfylkingunni að leggja fram tillögu til þingsályktunar um nýja stefnumótunarvinnu í þróunarsamvinnu og endurskoðun á henni sem m.a. tekur til þess að endurskoða lögin, taka meira tillit til frjálsra félagasamtaka og samvinnu við þau og þar fram eftir götunum, vegna þess að við vitum öll að lögin eru úr sér gengin og í raun og veru ekki nýtileg, 25 ára gömul.

Þessi tillaga hefur verið lögð fram með flutningsmönnum úr öllum flokkum á hinu háa Alþingi oftar en einu sinni þannig að hugmyndirnar eru ekki nýjar af nálinni. Þær hafa hins vegar ekki fengið brautargengi í hv. utanríkismálanefnd. Þegar ég tala um samráð felst það náttúrlega líka í því að stundum sé hlustað á það sem aðrir hafa fram að færa og jafnvel tekið til greina, að ég tali nú ekki um að það sé stundum tekið og samþykkt. En það er kannski til of mikils ætlast af meiri hlutanum að fara að breyta um starfsaðferðir hvað það varðar.

Þessar hugmyndir hafa verið á ferðinni hér árum saman. Ég er mjög glöð, innilega glöð yfir því að hæstv. utanríkisráðherra skuli taka þær upp með þessum hætti og gera þær að sínum og kemst vonandi til þess að hrinda þeim í framkvæmd eða a.m.k. ýta þeim úr vör fyrir næstu kosningar.

[15:25]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur að það er mikilvægt að líta til þeirra umræðna og vinnu sem unnin hefur verið á vettvangi þingsins. Ég get vottað um að umrædd þingsályktunartillaga er einmitt af hinu góða. Ég trúi ekki öðru en að það starf sem fram fer innan utanríkisráðuneytisins muni einmitt líta til þeirra umræðna og vinnu sem unnin hefur verið á vettvangi þingsins. Ég treysti hæstv. utanríkisráðherra best til að líta til þess, enda var hún mjög lengi þingmaður og hefur alltaf gert þætti þingsins hátt undir höfði hvað slík mál varðar.

Þó að mikilvægt sé að endurskoða lögin, enda eru þau orðin 25 ára gömul, tek ég undir að það hlýtur að vera aðalatriðið og megintilgangur vinnunnar að setja okkur markmið og hvað það er sem við viljum fá út úr þróunarsamvinnunni. Þróunarsamvinnan hefur auðvitað breyst og breyst mjög hratt á undanförnum árum. Verkefnin sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur farið í hafa líka breyst og þær áherslur sem þar hafa verið uppi.

Ég tel mjög mikilvægt að við ræðum hvert við stefnum í þeim efnum og hvort við séum ekki alltaf að nýta krafta okkar og úrræði á sem bestan hátt. Samvinna okkar við önnur Norðurlönd og aðrar stofnanir á þessu sviði er líka mikilvæg. Við Íslendingar þurfum að velta fyrir okkur hvar við getum mest lagt af mörkum og hvar getum við byggt á styrkleikum okkar sem er, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, m.a. á sviði velferðarmála, fiskveiðistjórnar og sjávarútvegsmála.

Mér finnst mjög spennandi að fá að taka þátt í þeirri vinnu sem fram undan er og ber miklar væntingar til hennar.

[15:27]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að ég hlakka líka til þess að unnið verði almennilega í þessum málaflokki. Það á að veita meira fjármagn til þróunarsamvinnu, það skiptir máli en það skiptir eiginlega meira máli að stefnan sé í lagi og markmiðin líka. Auðvitað verður hún ekki unnin öðruvísi en í samráði við alla stjórnmálaflokka og í almennilegum vinnubrögðum og samskiptum á hinu háa Alþingi, hvort heldur það er í þessum sal eða í vinnu þingnefnda.

Ég get upplýst hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur um það — hún hefur ekki setið mjög lengi á þingi en þó í nokkurn tíma — að þannig er það bara ekki alltaf á hinu háa Alþingi. Hún er kannski ekki orðin jafnharðsvíruð í vinnubrögðum meiri hlutans og sá meiri hluti sem hér hefur setið í næstum 12 ár. Það er gott hennar vegna. En við hin sem höfum verið hér aðeins lengur, ég tala nú ekki um þau sem hafa verið hér lengst allra og kannski síðustu 12 árin, vitum nákvæmlega hvernig meiri hlutinn hefur unnið og hvort hann hlustar á tillögur þeirra sem eru í stjórnarandstöðu eða ekki eða með hvaða hætti þær eru meðhöndlaðar í þinglegum störfum. Það er kannski ekki endilega við hæfi að ræða það í dag í umræðum um utanríkismál en svona er þetta bara og við tölum af reynslu. Af henni má læra og því má líka breyta og vonandi breytast þessi vinnubrögð fyrr en seinna.

[15:29]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir gera of lítið úr áhrifum þingsins. Það er rétt og satt hjá hv. þingmanni að það er ekki langt síðan ég tók hér sæti en það má segja að alla vega á þessu kjörtímabili hafi ég starfað á hliðarlínunni og þá sem aðstoðarmaður þáverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, Jóns Kristjánssonar.

Ég get vottað það að þó að menn finni örugglega einhvern mun á ráðuneytum og ráðherrum þá lagði þáverandi hæstv. heilbrigðisráðherra sig fram um að eiga samráð við þingið og þingflokkana og stjórnmálaflokkana vegna þess að það er oftast þannig að menn komast að betri niðurstöðu við samráð og samræður þó að menn séu ekki alltaf efnislega sammála. Stundum þarf að taka pólitískar ákvarðanir sem ekki allir eru sáttir við en oftast verða ákvarðanir betri við umræður og samræður. Mér finnst of lítið gert úr áhrifum þingsins ef við höldum því ekki til haga hér.

[15:30]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, kom fram með meginviðbrögð okkar í Samfylkingunni við ræðu hæstv. utanríkisráðherra á fundinum fyrr í morgun. Ég get tekið undir málflutning hennar og Þórunnar Sveinbjarnardóttur í þessari umræðu og það sem þær hafa sagt um ýmislegt í skýrslunni og það sem þær hafa viljað bæta við hana.

Ég ætla líka að segja það, virðulegi forseti, eins og reyndar hefur komið fram hér fyrr í dag, að það er öðruvísi tónn í ræðu hæstv. utanríkisráðherra Valgerðar Sverrisdóttur en í þeim ræðum sem við höfum áður hlustað á í utanríkisumræðum á liðnum árum og það gleður mig. Það á að vera annar tónn, það á að vera munur þegar kona hefur í fyrsta sinn sest í stól utanríkisráðherra og flytur okkur boðskap sinn. Það er eðlilegt.

En áður en ég byrja á ræðu minni langar mig aðeins að víkja orðum að þeim orðaskiptum sem urðu hér áður en ég kom í ræðustól. Ungur þingmaður, bjartsýnn og fullur af trúnaðartrausti skildi ekkert í því að annar þingmaður væri að fara í fýlu yfir því að það ætti að fara að endurskoða þróunarsamvinnu af því að ráðuneytið segði að það vildi samvinnu um endurskoðun og þá er nefnilega allt gott. Það er nú bara þannig að á þeim 17 árum sem ég hef átt sæti á Alþingi, á liðnum þremur kjörtímabilum og næstum allan tímann í utanríkismálanefnd, er reynslan sú að ráðuneytið vilji ekki hafa samvinnu, hvorki um endurskoðun og gang mála né stefnumörkun. Því hefur verið mjög ábótavant en þetta vildi ég segja við unga þingmanninn án þess að slökkva of mikið bjartsýnina.

Í umræðu um utanríkismál eins og fer fram í dag eru mörg málefni undir. Um þau er tekist á og/eða bætt við umræðuna og ég hef áhuga á því að taka einn þátt sérstaklega fyrir. Utanríkismálin eru stærstu mál samtímans og umhverfismál eru stærstu mál utanríkismálanna. Þessi orð hafa aldrei átt betur við en í dag.

Fyrir mörgum árum var ég á ferð í Kanada og heimsótti indíánasvæði og kom þar inn í stórt tjald sem var eins konar sýningar- og sölutjald. Það sem vakti athygli mína og hreif mig var stórt plakat uppi á vegg með ljóði sem samið var í orðastað móður jarðar og innihald ljóðsins var á þessa lund:

Áður bjó ég með fólki mínu í sátt og það greiddi hár mitt, hlúði að líkama mínum og naut af honum og tók aldrei of mikið og ef það tók of mikið skilaði það til baka. Nú er komið nýtt fólk. Það hirðir ekki um sátt, það rífur hár mitt, tætir líkama minn, tekur meir en það þarf og skilar ekki til baka og líkami minn visnar.

Þessi viskuorð úr indíánatjaldinu höfðu gífurlega mikil áhrif á mig þarna og þau koma oft í hugann nú þegar ábyrgðarleysi samtímans blasir við.

Fyrir hönd Norðurlandaráðs sit ég sem áheyrnarfulltrúi í þingmannasamstarfi um norðurskautsmál. Ég hef haft mikinn áhuga á þeim málum sem þar eru tekin fyrir og beitt mér í þeim og sérstaklega á því ári sem ég var forseti Norðurlandaráðs, 2005. Þá valdi ég að slá mjög þá tóna um mikilvægi þess að takast á við loftslagsbreytingarnar og bera þær upplýsingar sem hafa komið fram úr hinu mikilvæga samstarfi um norðurskautið inn í Norðurlandaráð og áfram á vegum þess út á við. Samstarf norðurskautsráðsins nær eins og flestir vita til landanna frá Alaska og þar með Bandaríkjunum og Kanada í vestri austur til Rússlands og öll Norðurlöndin og sjálfstjórnarsvæðin eru þar innan borðs. Fyrirferðarmestu verkefni þingmannasamstarfsins á liðnum árum hafa verið loftslagsbreytingarnar og tengd málefni.

Það er til sóma fyrir Norðurskautsráðið, sem er samstarf utanríkisráðherranna, að hafa látið vinna þýðingarmikla skýrslu um loftslagsbreytingar á norðurslóð eða í hánorðri og aðra skýrslu um lífsskilyrði á norðurslóð fyrir u.þ.b. fjórum árum. Þessa skýrslur vöktu víðtæka athygli og skýrslan um loftslagsbreytingar sem gjarnan er nefnd ACIA-skýrslan vakti heimsathygli. Alla tíð síðan hefur verið unnið í vísindasamfélaginu á mörgum vígstöðvum með niðurstöður þeirrar skýrslu. Það þýðingarmesta sem kom fram í skýrslunni var að hitnunin á norðurslóð væri tvisvar til þrisvar sinnum hraðari eða meiri en hitnun annars staðar á hnettinum. Þetta voru óhugnanlegar upplýsingar og margir, margir vildu helst geta haldið því fram að þetta væri ekki rétt og það væri hægt að draga þessar upplýsingar í efa. Ég held að það fólk finnist ekki í dag sem leyfir sér að efast um að þær upplýsingar sem þarna komu fram eru miklar,

alvarlegar og staðfesta loftslagsbreytingar um allan heim og að ástandið hér uppi í hánorðri er alvarlegra en nokkurs staðar annars staðar.

Það er líka mjög áhugavert að Evrópusambandið hefur starfað af miklum áhuga í norðurskautssamstarfinu. Fulltrúi þeirra hefur starfað mjög alvarlega í þingmannasamstarfinu og samstarf ráðherranna hefur líka orðið til þess að inn í það sem við köllum norrænu víddina, sem er áætlun Evrópusambandsins um umhverfisáætlun og aðgerðaáætlun í norður, inniheldur það sem þau kalla norðurskautsgluggann. Það hefur líka haft mikið að segja að Rússland tekur fullan þátt í starfinu um norðurskautið og ég hef leyft mér að halda því fram að samstarf Rússa með þessum þjóðum um norðurskautið hafi beinlínis orðið til þess að Rússar undirrituðu Kyoto-bókunina eftir að upplýsingarnar í ACIA-skýrslunni um hitnunina á norðurslóð voru komnar fram. Það er mín túlkun á því að þeir ákváðu skyndilega að undirrita Kyoto-bókunina.

Það eru hins vegar gífurleg vonbrigði að fram til þessa hafa Bandaríkin ekki viljað taka þátt í þingmannasamstarfinu. Það er smávonarglæta núna þar sem senator frá Alaska, Lisa Murkowski, sótti fund Kanada í mars síðastliðnum hjá norðurskautssamstarfinu og hefur lýst vilja til að vinna með en hún hefur ekki treyst sér til að koma og sækja fundi sem haldnir eru hér á norðurslóð á Evrópusvæðinu.

Það er stærsta hagsmunamál samtímans að sporna gegn loftslagsbreytingunum og það er ofboðslega alvarlegt mál að Bandaríkjamenn skuli draga lappirnar í því máli á pólitíska sviðinu og ég undirstrika á pólitíska sviðinu. Það er líka umhugsunarefni fyrir iðnríkin og öll stórveldi, eins og kom fram fyrr í umræðunni, að aðalritari Sameinuðu þjóðanna Kofi Annan skuli hafa í tvígang gert þetta mál að umtalsefni í Nairobí á fundi núna, bæði þetta að ekki skuli brugðist við og að það skorti aðgerðir til að taka á loftslagsbreytingunum á meðan þetta er að gerast í norðri og gífurlegir þurrkar í suðri, og líka að það skuli enginn veita því forustu í alþjóðasamfélaginu að taka á loftslagsmálunum. Þetta er alvarlegt.

Hins vegar bind ég mjög miklar vonir við samstarf Norðurlandanna og það er vegna þess að um þessar mundir er Rússland með formennsku í Norðurskautsráðinu. Að því loknu munu taka við þrjú tveggja ára tímabil þar sem þrjú Norðurlandanna, hvert á eftir öðru, taka við formennsku í ráðinu og ég ætlast til þess af þeim að þau verði afgerandi og það verði tekið til hendinni og reynt að taka á í alþjóðlegu samstarfi til þess að beina sjónum að þessu alvarlega ástandi og nauðsyn aðgerða.

Það er allt aðra sögu að segja af vísindasamfélaginu í Bandaríkjunum vegna þess að margar merkustu vísindaniðurstöðurnar hafa komið þaðan og bandarískir vísindamenn leiða víða rannsóknarstarf, m.a. í ACIA-skýrslunni sem ég nefndi áðan sem var leidd af Robert Correll, bandarískum vísindamanni.

Í nýrri skýrslu frá bandaríska iðnaðarráðuneytinu er því slegið föstu að orkuneysla muni aukast um 70% milli áranna 2003 og 2030, sem muni auka útstreymi um 75%. Þetta eru gífurlega alvarlegar fréttir. Þróuninni í útstreymi gróðurhúsalofttegunda hefur verið líkt við risaolíuskip á fullri ferð, að jafnvel þó að hægt væri að slá á fulla ferð aftur á bak yrði stöðvunartími mjög, mjög langur. Því er enn langt í land að við sameinumst um að setja fulla ferð aftur á bak og þess vegna svo mikilvægt að fá risaveldin með í pólitísku ákvarðanatökuna.

Þegar við lítum á afleiðingar hitnunarinnar má segja að þær felist á þremur stórum sviðum, í ís, frera og hafinu. Ísþekjan á norðurskautinu þiðnar og Grænlandsjökull þiðnar. Það er horft til tækifæranna til skemmri tíma, siglingarleiðina sem muni opnast og stytta tímann frá Tókíó til London um helming og Kanadamenn eru strax farnir að gera kröfu um að fá að ráða yfir þeirri siglingaleið meðan alþjóðleg samtök og önnur lönd vilja ekkert hlusta á það. Noregur og Rússar munu ætla sér að vinna olíu, gas og málma og það er ekkert sem stoppar neitt af því. Hins vegar getum við ef til vill sameinast um það til skemmri tíma, meðan þetta er eitthvað sem er undir, að við reynum að fyrirbyggja að farið sé með offorsi inn á þetta viðkvæma svæði. Það eru engin sérlög um norðurskautið eins og um suðurskautið en allir alþjóðasamningar um hafið gilda um norðurskautið eins og almennt um hafið. Það er enginn til að meta hvað er æskilegt eða hvað muni gerast og þess vegna eru þessi mál í farvegi sem þarf að halda utan um en það er enginn sem gerir það og enginn sem horfir lengra en til tækifæranna.

Ef við lítum á frerann er það alveg ljóst að frerinn hefur þegar þiðnað og heimkynni ísbjarna hafa þrengst mjög mikið. Dýrin á svæðinu leita lengra norður, veiðisvæði hafa flust mjög til og eyðilagst. Hús hafa skekkst og búsetuskilyrði frumbyggja hafa versnað mjög. Það er alls óþekkt hvað eða hve mikið og hvers konar gas kann að losna úr læðingi úr jörðu þegar frerinn hefur alveg þiðnað og það er gífurlega alvarlegt mál og rannsóknir á því skammt á veg komnar.

Ef við svo snúum okkur að hafinu mun ísinn bráðna út í hafið. Breytingar geta orðið á straumum, m.a. golfstraumnum, við það að svo mikið ferskvatn kemur út í hafið. Það er verið að rannsaka hvaða áhrif þetta hafi á fiskstofna, að hve miklu leyti þeir fari á flakk, og auðvitað er golfstraumurinn þarna stóra málið. Ég get ekki annað en minnt á vísindaráðstefnu sem var hér í haust um hafið. Þar voru feikimargir vísindamenn sem höfðu lagt hönd í plóg í rannsóknum um hafið og það var mikið umhugsunarefni að hlusta á það sem þeir höfðu að segja. Þar var það m.a. nefnt að það hefur áður gerst að stóru stofnarnir okkar hafi farið norður í Íshaf og norður fyrir Evrópu og það geti allt eins gerst aftur. Þetta eru allt vísbendingar enn þá og ekki staðfestar rannsóknir.

Virðulegi forseti. Ég ákvað að koma inn í þessa umræðu og reyna að fjalla svolítið ítarlega um þau mál sem Norðurlandaráð lætur sig svo miklu varða, um loftslagsbreytingarnar og aðgerðir á norðurhveli. Umræðunni hættir til að tætast talsvert til og þess vegna hef ég leyft mér að fjalla fyrst og fremst um eitt mál og hefði reyndar ætlað að taka fyrir þriðja alþjóðaár heimskautasvæðanna en til þess vinnst mér ekki tími.

[15:45]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir ágæta skýrslu um utanríkismál. Ég

lýsi sérstakri ánægju með áherslur hennar í þróunaraðstoð og þróunarsamvinnu og þeim áformum að tengja hana sérstaklega við málefni kvenna. Hér er sannarlega brotið í blað í utanríkismálum okkar Íslendinga.

Það er vaxandi áhersla á málefni kvenna í alþjóðlegu samhengi sem er í fullu samræmi við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og baráttuna fyrir bættum heimi, jafnari skiptingu lífsgæða, friði og öryggi. Það er grundvallaratriði til að útrýma fátækt og hungri og að fást við erfið heilsufarsvandamál að leggja áherslu á málefni kvenna og barna í þeirri baráttu. Þessar áherslur falla líka vel að nýjum áherslum fyrir Íslensku friðargæsluna um að þau verkefni verði unnin í nánu samstarfi við þróunar- og hjálparstarf. Þetta finnst mér mjög góðar áherslur og það verður ánægjulegt að fylgjast með því hvernig þessi mál munu þróast á næstu árum.

Ég vil líka í þessu samhengi geta þess sérstaklega að ég tók þátt í umhverfisráðherrafundum í tengslum við ráðherrafundi í Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna. Þar hafa konur í hópi umhverfisráðherra með sér óformlegt samstarf. Þar höfum við að sjálfsögðu rætt alveg sérstaklega um málefni kvenna, einkum í tengslum við sjálfbæra þróun. Mjög margar sterkar konur hafa sótt þessa fundi, t.d. frá Afríkuríkjunum, og þeir hafa verið mjög gagnlegir og upplýsandi. Það er líka gaman að geta upplýst það hér að þetta er frumkvæði sem kemur frá norrænu umhverfisráðherrunum sem hafa margir hverjir verið konur. Það er enginn vafi í mínum huga að það mun skila árangri að leggja sérstaka áherslu á málefni kvenna í þessu samhengi.

Það er líka augljóst að endurskoðun laga um Þróunarsamvinnustofnun er brýn og það er mjög skynsamlegt að samtímis sé unnið að nýrri lagasetningu um Íslensku friðargæsluna.

Ég átti þess kost núna í október að sitja fundi á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og fylgjast með störfum þar. Þar var mikið unnið að framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Mér finnst fyllilega tímabært að við Íslendingar sækjumst eftir því að eiga þar sæti. Við höfum verið meðlimir í 60 ár og hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa átt sæti í öryggisráðinu svo að það er alveg ljóst að við eigum að láta okkar rödd heyrast þar og sækjast eftir þessu af fullum krafti.

Það er mjög mikið verk að vinna framboði okkar fylgi og tryggja okkur stuðning til þessa mikilvæga verkefnis á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, ekki síst þegar það þarf aukinn meiri hluta atkvæða þjóðanna til að öðlast slíkt sæti.

Það var athyglisvert að upplifa líka á þessum tíma sem ég sótti allsherjarþingið að það var verið að stofna svokallaðan Peace Building Fund. 20 þjóðir tóku þátt í því með framlögum og Íslendingar eru þar á meðal. Þessum sjóði er ætlað styðja við friðaruppbyggingu á stríðshrjáðum svæðum og samtals hafa þessar 20 þjóðir lagt fram rúmlega 142 millj. bandaríkjadala, við Íslendingar þá 1 millj. bandaríkjadala. Þáttur Norðurlandanna er mjög gildur, drjúgur hluti af þessum fjármunum mun koma frá Norðurlöndunum.

Ég vil líka gera að sérstöku umtalsefni hér hvað það er mikilvægt að við leggjumst á eitt um að afla okkur Íslendingum fylgis til að fá sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Þar tel ég að við þingmenn á hinu háa Alþingi höfum heilmikið verk að vinna á alþjóðlegum vettvangi. Við tökum þátt í margs konar alþjóðlegu samstarfi og getum þar lagt þessu máli lið. Ég endurtek það hér að ég tel að við höfum mjög margt til málanna að leggja í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Nú er nýafstaðið Norðurlandaráðsþing. Það var haldið í Kaupmannahöfn um síðustu mánaðamót. Það var einstaklega ánægjulegt að sækja það þing. Það var jákvætt og mikill samhljómur í málflutningi. Það sem í raun og veru stendur upp úr að loknu Norðurlandaráðsþinginu er hvað það er mikill vilji til þess að efla norrænt samstarf. Þegar við lítum til baka, við skulum segja 10 ár aftur í tímann eða rúmlega það, þegar Norðurlandaþjóðirnar, bæði Svíþjóð og Finnland, voru að taka ákvörðun um að ganga í Evrópusambandið var ekki spáð vel fyrir norrænu samstarfi. Þá voru samt nokkrir sem sögðu, og það var greinilega mjög framsýnt fólk, að þetta mundi breytast í tímans rás. Þetta samstarf hefði svo mikla sérstöðu í alþjóðlegu samstarfi, í svæðisbundnu alþjóðlegu samstarfi, að menn mundu átta sig á því innan tíðar hversu gildur þáttur þetta er og á að vera í samstarfi þessara þjóða.

Það sem var einstaklega gleðilegt líka var að Norðurlandaráð lét gera skoðanakönnun meðal íbúa Norðurlandanna um afstöðu þeirra til norrænnar samvinnu. Þetta var gert núna í haust, fyrir Norðurlandaráðsþingið. Þar kom fram að mjög mikill áhugi er á því að styrkja samstarf Norðurlandanna. Kannski má segja að þau lönd, Ísland og Noregur, sem ekki eru í Evrópusambandinu hafi lagt sérstaka áherslu á þetta. Það var samt mjög athyglisvert að það er vaxandi áhersla almennt, líka annars staðar á Norðurlöndunum, ekki hvað síst í Danmörku sem er það Norðurlandanna sem hefur verið lengst í Evrópusambandinu.

Þetta fannst mér mjög athyglisvert og það er líka mjög athyglisvert að það er samhljómur á milli áherslna almennings og þeirra mála sem verið er að vinna að í norrænu samstarfi. Nægir þar að nefna umhverfis- og náttúruverndarmál og alþjóðlega glæpastarfsemi og baráttuna gegn henni. Þetta eru mál sem almenningur hefur gríðarlega mikinn áhuga á að sé unnið vel að í norrænu samstarfi. Það hefur svo sannarlega verið gert og er mikil áhersla einmitt á þessa málaflokka. Síðan hefur verið mikil áhersla á að ryðja úr vegi alls kyns hindrunum yfir landamærin sem þurfti að gera til að auðvelda norrænum borgurum að lifa og starfa sitt á hvað í löndunum, stunda nám og annað slíkt.

Þetta er að sönnu eilífðarverkefni. Þegar búið er að leysa vandasöm mál koma einhver ný í staðinn. Þetta er mál sem er mjög brýnt að halda áfram að vinna að á öflugan hátt.

Mér finnst líka gleðilegt að tekin hafi verið ákvörðun um að opna aðalræðisskrifstofu í Færeyjum á næsta ári. Færeyingar eru sú þjóð sem í raun og veru stendur okkur hvað næst. Við Íslendingar höfum líka í formennskutíð okkar í norræna samstarfinu, bæði á vettvangi ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs, lagt áherslu á samstarf við Færeyjar og Grænland, vestnorrænu löndin. Þarna sýnum við í verki hversu mikils við metum það samstarf.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að norðurskautssamstarfinu sem nokkrir þingmenn hafa gert að umtalsefni og ég tel að sé gríðarlega mikilvægt fyrir okkur í næstu framtíð. Við vorum með formennsku í Norðurskautsráðinu á

árabilinu 2002–2004 og þá voru unnar tvær mjög merkilegar skýrslur, annars vegar um loftslagsmál á norðurslóðum og hins vegar um mannlíf á norðurslóðum. Það er óhætt að segja að þetta er í raun og veru grundvallarvinna sem hefur farið fram í þessum málaflokkum sem er mjög gott að byggja á við ákvarðanatöku til framtíðar.

Opnun siglingaleiðar, svokölluð norðausturleið, við það að loftslag hefur hlýnað og breytingar hafa orðið á íshellunni á svæðinu færir okkur auðvitað mjög mörg ný tækifæri. Jafnframt því koma líka hættur í umhverfismálunum varðandi mengun og ýmislegt fleira sem tengist því.

Fyrri hluta árs 2005 var unnin mjög merkileg skýrsla starfshóps utanríkisráðuneytisins sem heitir „Fyrir stafni haf". Þar er fjallað um tækifæri sem eru tengd siglingum á norðurslóðum. Mér finnst að þær niðurstöður og sú umfjöllun sem þar er sé merkilegt innlegg í þessa umræðu og ég fagna því að núna í mars eigi að halda ráðstefnu á Akureyri um þessi mál. Ég tel það mjög lofsvert framtak.

Þá vildi ég víkja örfáum orðum að EES-samningnum. Það var mikið gæfuspor fyrir okkur Íslendinga á sínum tíma þegar við lögfestum aðild okkar að honum. Hann hefur komið okkur að miklu gagni til að verða aðilar að innri markaði Evrópusambandsins. Það sem við þurfum hins vegar að skoða miklu betur er aðkoma okkar að málum meðan þau eru enn á frumstigi. Ég tel að það þurfi að vera miklu nánari samvinna við Evrópuþingið. Einnig þurfum við að *nýta betur sérfræðinefndir sem vinna að undirbúningi* mála innan Evrópusambandsins. EES-samningurinn tryggir okkur slíkan rétt. Við höfum rétt til þess að koma að málunum á frumstigi. Mér þótti mjög athyglisvert að Thorbjørn Jagland, forseti norska Stórþingsins, ræddi þessi mál mjög opinskátt í viðtali sem var birt í sjónvarpinu. Það má eiginlega segja að þarna sé sameiginlegur vandi Íslands og Noregs. Við þurfum að ganga í að koma fyrr að málum og hafa áhrif áður en kemur til kasta okkar við að lögfesta hið ýmsa regluverk sem okkur ber samkvæmt samningnum.

Ég hef þessi orð ekki fleiri en ítreka þakkir mínar til hæstv. utanríkisráðherra fyrir mjög góða skýrslu og eins þakka ég mjög góðar og málefnalegar umræður sem hafa farið hérna fram um skýrsluna.

[16:01]

**Útbýting:**

Orkustofnun, 367. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 399.

Stimpilgjald, 362. mál, frv. MF o.fl., þskj. 394.

[16:01]

**Björn Ingi Hrafnsson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir þá skýrslu sem hér liggur frammi og þá ræðu sem hún flutti í morgun um utanríkismál og hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni, sem ég tel heilt yfir að hafi verið ákaflega málefnaleg og kannski með því besta sem hefur verið flutt um utanríkismál í sölum Alþingis lengi. Ég hef fylgst með því um nokkurt árabil, m.a. sem fyrrverandi aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Eitt af því sem einkennt hefur þá umræðu nánast alltaf er gagnrýni á það sem ekki er í skýrslum viðkomandi ráðherra hverju sinni. Þetta hefur allt rifjast upp í umræðunni vegna þess að stundum hefur verið brugðið á það ráð af hálfu ráðherra að hafa ákveðið þema í bæði munnlegri og skriflegri skýrslu um utanríkismál. Ég minnist þess að hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fannst fullharður tónn eitt árið þegar þemað var í rauninni hin svokallaða barátta gegn hryðjuverkum og mátti það auðvitað til sanns vegar færa. Annað árið var þemað í skýrslu utanríkisráðherra þróunarsamvinnumál vítt og breitt og þá var í rauninni farið yfir þann málaflokk frá a til ö og ég minnist þess að það var í raun mjög uppbyggileg og góð umræða. Eitt sinn var umræðan nánast algjörlega um Írak og baráttuna gegn hryðjuverkum og þá kunna einhverjir að hafa gagnrýnt það að ekki skyldi vera vikið orðum að almennari þáttum utanríkisþjónustunnar.

Svona er lífið. Það hefur svo sem verið reynt að fitja upp á að ræða um utanríkismál í einstökum þemum með áherslu t.d. á *þróunarsamvinnumál, jafnréttismál og annað* slíkt. Ég tek undir það sem margir hv. þingmenn hafa sagt í umræðunni að á þessu er nokkuð annar blær en á undanförnum árum, og ég fagna því. Ég tel að nýjar áherslur hæstv. utanríkisráðherra í mörgu tilliti sæti tíðindum, og ég fagna þeim. Og það sem meira er, þær hafa mælst mjög vel fyrir bæði meðal hv. þingmanna og eins hjá þjóðinni hefur maður fundið, þessi svokallaða mýkri ásýnd, t.d. friðargæslunnar og aukin áhersla á þróunarsamvinnumál, sem ég fagna auðvitað sérstaklega.

*Í því sambandi langar mig til að koma með nokkur orð* vegna þess að ég naut þeirra forréttinda um nokkurt skeið að vera stjórnarformaður Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, sem komið hefur hér nokkuð til umræðu, sem er stofnun sem fer með þróunarmál okkar Íslendinga, þó einkum tvíhliða samskiptin. Um það er að segja að ég tek undir margt af því sem fram hefur komið, að Þróunarsamvinnustofnun og það starf sem þar er unnið hefur notið stuðnings allra flokka sem hér hafa verið á þingi. Margt af því sem t.d. hv. Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur sagt í þeim efnum í gegnum árin hefur mér fundist ég eiga heilmikla samleið með og vil hæla þeim hv. þingmanni sérstaklega fyrir að hafa sett sig vel inn í þau mál. Raunar naut ég þess sem stjórnarformaður stofnunarinnar lengi að ekki var ágreiningur milli einstakra flokka sem áttu fulltrúa í þeirri stjórn.

Ég minnist þess ekki nokkru sinni að það hafi verið annað en þverpólitísk samstaða um verkefni, sömuleiðis þegar við bættum við samstarfslöndum. Það eru ekki nema rúmlega tvö ár síðan stjórnin ákvað, að höfðu mjög víðtæku samráði við utanríkisþjónustuna, að bæta við samstarfslöndum, sem sætti heilmiklum tíðindum vegna þess að þá bættust við samstarfsálfur. Fram að því hafði samstarf Þróunarsamvinnustofnunar eingöngu tekið til verkefna í Afríku en síðan bættist við Níkaragva og síðan Srí Lanka. Eins og við vitum hefur ýmislegt gengið á í þeim efnum síðan. Sú þróun var svo sem ekki fyrirséð sem hefur orðið til ófriðar t.d. á Srí Lanka. Þegar við fórum þangað fyrir einu og hálfu ári og tókum þar í gagnið skrifstofur og m.a. sendiskrifstofu var þar mjög friðvænlegt um að litast og við áttum mjög gagnlegar viðræður við fulltrúa Norðmanna sem þar hafa farið fyrir friðargæslu. Það var í sjálfu sér ekkert sem benti til að aftur mundi verða heldur ófriðvænlegt á þeim slóðum.

Það minnir okkur á að í þeim löndum og á þeim svæð-

um þar sem við störfum á vettvangi utanríkisþjónustunnar getur oft brugðist til beggja vona. Ég held að það hafi verið ákaflega mikilvægt í starfi utanríkisþjónustunnar að skilja svolítið Þróunarsamvinnustofnun frá öðrum þáttum vegna þess að það hefur orðið til þess að heilmikil þverpólitísk samstaða hefur orðið um þau störf sem þar hafa verið unnin og við höfum getað látið pólitískt karp eiga sig um önnur atriði sem þar hafa verið til skoðunar.

Ég tel að það hafi líka verið mikilvægt vegna þess að með þeim hætti var unnt að auka mjög framlög til stofnunarinnar. Þótt ég geti tekið algjörlega undir það sem hér hefur komið fram, að framlögin séu alls ekki nægileg af Íslands hálfu til þessara mála, þá er þó þess að geta að m.a. undir forustu fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, og að hans tillögu samþykkti ríkisstjórnin að auka framlögin umtalsvert eða upp í 0,35% af landsframleiðslu, sem í alþjóðlegu tilliti er ekki nægilega mikið en þó mjög mikil breyting frá því sem verið hafði. Ef framlögin eru skoðuð síðustu tíu ár, þ.e. nokkurn veginn á starfstíma þeirrar ríkisstjórnar og stjórnarflokka sem nú starfa, þá sjá menn að gífurleg aukning hefur orðið ár frá ári svo jaðrar við nánast byltingu. Vegna þess að þegar hefur komið að starfi Þróunarsamvinnustofnunar hefur breytingin verið svo mikil á milli ára, upp á stundum mörg hundruð milljónir og jafnvel yfir milljarð milli ára, að stofnunin hefur nánast átt fullt í fangi með að skipuleggja störf sín til að bæta við samstarfsverkefnum af því að í starfi hennar eru gerðar mjög stífar kröfur til verkefna um að þau uppfylli skilyrði, það sé gegnsæ stjórnsýsla, vel farið með fjármuni og annað slíkt sem ég held að hafi reynst okkur Íslendingum ákaflega vel.

Ég vildi í rauninni aðeins koma þessu að vegna þess að ég tel að áhersla hæstv. utanríkisráðherra á þessa mýkri ásýnd sé til þess að skapa mjög mikla sátt um störf utanríkisþjónustunnar í landinu. Ég hef fundið að þessu er mjög vel tekið í sölum hv. Alþingis og sömuleiðis í þjóðfélaginu. Það er heilmikill áfangi hjá nýjum utanríkisráðherra sem tekur við nýju ráðuneyti og hefur í rauninni til þess að gera fáa mánuði til að skapa sér sérstöðu, að henni tækist samt sem áður að valda ákveðnum straumhvörfum og ég tel að það sé til marks um pólitískan styrkleika hæstv. ráðherra.

Ég vildi aðeins bæta þessum orðum inn í umræðuna, ég vil ekki lengja hana frekar. Ég hef ákveðna hagsmuni af því að önnur mál komist á dagskrá sem eru til umræðu síðar í dag — og á það sameiginlegt með hv. þm. sem gengur í salinn — en þakka fyrir mjög málefnalega umræðu.

[16:09]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Við erum að ræða um árlega skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál. Víða hefur verið komið við eins og komið hefur fram í umræðunum og ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að tíunda það allt.

Ég ætla hins vegar að fara aðeins dýpra ofan í ræðuna, sérstaklega þar sem komið er inn á varnarmál. Eftir að Bandaríkjamenn ákváðu að fara burt með her sinn hafa vaknað upp ýmsar spurningar um varnir Íslands og eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. utanríkisráðherra eru ýmsar spurningar sem hafa vaknað upp. Ég ætla að grípa hérna niður í ræðunni, og ég óska síðan eftir frekari útskýringum.

Það segir um samkomulagið, með leyfi forseta:

„Samkomulag Íslands og Bandaríkjanna, sem forsætisráðherra og ég undirrituðum í október sl. í Washington, markar upphaf nýs kafla í varnarsamstarfi þjóðanna. Í samkomulaginu stendur skýrum stöfum að Bandaríkin muni standa við skuldbindingar sínar samkvæmt varnarsamningnum frá 1951 og að varnir Íslands verði tryggðar með miklum og breytanlegum viðbúnaði og liðsafla."

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér: Hvað þýðir þetta í raun og veru? Hvað þýðir „með miklum og breytanlegum viðbúnaði og liðsafla"? Þetta hljómar nokkuð vel. Er verið að tala um einhvers konar varasveitir sem hægt er að kalla hingað og varla þá á einhverjum klukkutímum, það hlýtur að taka eina, tvær vikur, eitthvað slíkt. Eða er þetta einhver ákveðinn fastaher sem hægt er að sækja í?

Síðan talar ráðherrann um „skilgreint öryggissvæði við flugvallarsvæðið sem nýtast mun vegna varna landsins til innlendra og fjölþjóðlegra æfinga". Aftur spyr ég: Hvað þýðir t.d. ráðstöfun varnarsvæðisins? Ég velti fyrir mér hvaða svæði það er sem nákvæmlega er átt við.

Nú eru í gömlu Keflavíkurherstöðinni sennilega rúmlega eitt hundrað byggingar. Hver mun hafa umsjón með því svæði og þeim herdeildum sem væntanlega munu koma hingað í framtíðinni og þá til, eins og segir „innlendra og fjölþjóðlegra" æfinga?

Ef við förum aðeins dýpra, herra forseti, talar ráðherra um íslenska loftvarnakerfið, að það samanstandi af mörgum þáttum og nefndi þá helst loftvarnaratsjár, örugg fjarskiptakerfi og getu til aðgerðastjórnunar. Þetta virkar allt mjög flókið, herra forseti, og þess vegna spyr ég um betri útskýringar fyrir mig og aðra. Ég hélt að allt fjarskiptakerfi NATO væri í raun farið af vellinum. Varla erum við að tala um það. En ég spyr: Hverjir munu stýra þessum svokölluðu loftvarnaratsjám? Hverjir hafa þekkingu á því núna þegar herinn er farinn? Eru einhverjir Íslendingar sem ráða við það eða eru kannski einhverjir Íslendingar erlendis að nema til að geta stýrt þessu? Er þetta virkilega virk vörn eða er hún fölsk?

Menn hafa talað um hvað það kosti að herinn hafi farið, hversu háar greiðslur íslenska ríkið fái fyrir að sjá um það sem eftir er. Hvað kostar að reka það loftvarnakerfi sem er nefnt hér og gefið í skyn að það sé í sjálfu sér virkt, og er sá kostnaður þá innan ramma fjárlaganna? Því meir sem maður leggst yfir varnarmálin og þessa ræðu, herra forseti, þeim mun meira veltir maður fyrir sér hver sé í raun heildarkostnaðurinn sem þjóðin kemur til með að bera.

Það er fleira sem ég vil koma að, herra forseti. Síðar í ræðunni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við hljótum jafnframt að skoða hvernig styrkja megi samstarf okkar við Evrópusambandið á sviði utanríkis- og öryggismála — enda er ljóst að Evrópusambandið mun leitast við að láta meira til sín taka á þessu sviði." — Þ.e. öryggismála.

Ég reikna ekki með að hæstv. ráðherra sé að tala um að boða inngöngu í Evrópusambandið, en er hér átt við að Evrópusambandið sé að fara að stofna her, sinn eigin her, varðandi öryggismálin? Ef svo er eru það nýjar og afskaplega fróðlegar upplýsingar sem ég mundi gjarnan vilja fá að

vita nánar um. Má vera að ég misskilji, herra forseti.

Einnig er að sjálfsögðu minnst á framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Ég hefði haldið að öryggisráðið væri aðallega að taka fyrir ófriðarástand, hernaðarátök í hinum ýmsu löndum. Ég velti fyrir mér, herra forseti, ef við erum að sækja þar um aðgang og viljum fá þar fast sæti, höfum við þá yfir að ráða nægilegri sérfræðiþekkingu til að sitja þar fyrir Íslands hönd, hvort sem það er fulltrúi okkar eða aðstoðarmenn hans? Af hverju velti ég þessu fyrir mér? Jú, þetta gæti náttúrlega þýtt enn einn kostnaðarliðinn ef þarf að sérmennta menn ef við fáum sæti í öryggisráðinu annars vegar og hins vegar ef það gerist ekki, hverjir eru þá helstu ráðgjafar okkar varðandi málefni sem koma fyrir öryggisráðið, sem eru þá ófriðarástand annars staðar í heiminum? Ef þekking í utanríkisráðuneyti Íslands er ekki fyrir hendi, hvert sækjum við þá ráðgjöf? Er það t.d. til Bandaríkjamanna? Er öryggisráðið þá nokkuð betur sett ef við erum gróft sagt svona aukaatkvæði fyrir Bandaríkin?

En vera má að við séum einhvers staðar með fólk í námi til að geta sinnt þeim málum sem koma fram í öryggisráðinu, það má vera. Vera má að einhver undirbúningur sé í gangi og þá mundi ég gjarnan vilja fá að vita það.

Herra forseti. Í upphafi var minnst á hin fengsælu fiskimið okkar Íslendinga. Ég varaði við því fyrir nokkrum mánuðum að í september á þessu ári yrðu flotaæfingar Rússa á Atlantshafinu. Því var tekið heldur fálega. Starfsmaður utanríkisráðuneytisins svaraði því til í einum fjölmiðli að þetta ætti ekki við nein rök að styðjast. En það gerðist nú samt í september að þessi floti var á siglingu ekki langt undan landi og herþotur komu hingað til Íslands inn í lofthelgina án þess að nokkur Íslendingur hefði hugmynd um og þá væntanlega ekki hæfni til að átta sig á því að slíkar vélar væru að sveima hér.

Eitt að lokum. Varðandi viðskiptasamning Íslands og — hvað eigum við að segja — til beggja átta, beggja vegna Atlantshafsins, langar mig að fá upplýsingar um afstöðu utanríkisráðherra og/eða ríkisstjórnarinnar þá þegar NAFTA-fríverslunarsambandið óskaði á sínum tíma eftir viðræðum við Ísland og EFTA um svipaða samninga og eru í EFTA.

[16:19]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég flyt nú seinni ræðu mína um ræðu hæstv. utanríkisráðherra sem flutt var í dag. Í fyrri ræðu minni fór ég yfir nokkra punkta og minntist aðallega á þrjú atriði.

Ég minntist á innrásina í Írak og stuðning íslensku ríkisstjórnarinnar við þá innrás, sem aldrei hefði átt að verða. Ég talaði um málefni norðurhafa og Svalbarðamálið og óskað eftir svörum frá hæstv. ráðherra um stöðu þeirra mála, þ.e. stöðu íslenskra stjórnvalda gangvart hugsanlegri málsókn gegn Norðmönnum fyrir alþjóðadómstól vegna Svalbarðasvæðisins.

Ég talaði líka um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs og sagði eitthvað á þá leið að ástandið þar væri afskaplega eldfimt, mjög eldfimt. Sennilega er þar að finna kveikjuþráðinn að stórstyrjöld ef fram fer sem horfir.

Rétt eftir að ég kom úr ræðustól í hádeginu barst mér tölvupóstur frá mannréttindasamtökum í Ísrael. Ég geri ráð fyrir því, virðulegi forseti, að það hafi einungis verið tilviljun. En níu mannréttindasamtök í Ísrael sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu til alþjóðasamfélagsins í dag. Þar er bent á hið hroðalega ástand sem ríkir núna á Gaza-svæðinu. Þar er fullyrt, og sjálfsagt engin ástæða til að draga það í efa, að rúmlega 80% af íbúum á Gaza-ströndinni séu mjög fátækir. Fólkið lifir á undir tveimur bandaríkjadollurum á dag. Stærstur hluti fólksins sem þar býr, þ.e. Palestínumanna, er háður matargjöfum frá alþjóðlegum hjálparsamtökum og öðrum sem gefa þeim vistir.

Á síðustu fjórum mánuðum hefur Ísraelsher drepið rúmlega 400 Palestínumenn á Gaza-ströndinni. Helmingur þeirra voru óvopnaðir borgarar sem tóku á engan hátt þátt í bardögum. Meðal þeirra sem hafa fallið á undanförnum fjórum mánuðum er 61 barn. Rúmlega 70% af vinnuafli, þ.e. verkfærum mönnum og konum á svæðinu, eru án atvinnu eða án launa.

Þann 28. júní síðastliðinn gerði Ísraelsher sprengjuárás á eina af stærstu orkustöðvunum á Gaza-svæðinu, sem framleiddi 43% af því rafmagni sem íbúar á Gaza þurfa á að halda. Síðan hefur fólkið sem býr á Gaza-ströndinni verið án rafmagns 6 til 8 tíma á dag. Þetta hefur haft hroðaleg áhrif, t.d. á vatnsöflun, á frárennsli, geymslu matvæla, starfsemi sjúkrahúsa og heilsuástand almennings yfir höfuð.

Það er búið að loka Gaza-ströndinni nær algjörlega frá heiminum, útiloka hana algjörlega frá heiminum. Palestínumenn hafa enga möguleika til að ferðast inn og út af svæðinu. Ef menn muna hvernig þetta svæði er á korti, þá er þetta við ströndina fyrir botni Miðjarðarhafs. Ef ég man rétt þá eru syðri landamærin móti Egyptalandi en síðan eru öll önnur landamæri í austur og norður að Ísrael og hafið sjálft í vestri. Fólkið kemst ekkert.

Það er erfitt að koma vistum á svæðið. Ísraelsmenn, samkvæmt þessari yfirlýsingu, taka enga ábyrgð á ástandinu og halda því í raun í járngreipum. Ísraelsmenn ráða algjörlega yfir loftrýminu, þ.e. það er ekki hægt að nota flugvélar eða neitt þess háttar til að koma fólki til aðstoðar. Þeir passa líka upp á að enginn komist að Gaza-ströndinni af sjó, samkvæmt þessari yfirlýsingu.

Þeir halda utan um alla skráningu á fólki á svæðinu og koma í veg fyrir að fólk sem annars vegar býr á Gaza-ströndinni, þ.e. Palestínumenn, og síðan Palestínumenn sem búa á Vesturbakkanum, sem kallaður er, þ.e. öðrum hluta Palestínu, fá ekki að fara á milli. Fjölskyldur fá ekki að sameinast. Þarna eru miklir vegatálmar og nánast ómögulegt að komast á milli staða.

Ísraelsmenn, eins og við höfum séð af fréttum, eru stöðugt með hernaðaraðgerðir inni á þessu svæði sem tilheyrir Palestínu, stöðugt með hernaðaraðgerðir og árásir. Ísraelsmenn stjórna öllum innflutningi og útflutningi. Ísraelsmenn hafa einnig tekið yfir skattkerfið á svæðinu og síðan í febrúar hafa þeir haldið eftir því skattfé sem palestínskum stjórnvöldum bar að fá frá sínum borgurum. Það hefur náttúrlega skapað mjög erfitt efnahagsástand.

Virðulegi forseti. Þessi yfirlýsing frá níu mannréttindasamtökum í Ísrael — tökum eftir því að þau eru í Ísrael — barst til okkar þingmanna um hádegisbilið í dag. Þetta er neyðarkall frá mannréttindasamtökum í Ísrael. Hér er m.a. B'Tselem samtökin sem stunda eins konar mannréttinda-

vakt í Ísrael og reyna eftir bestu getu að fylgjast með málum í Palestínu þótt ísraelski herinn og yfirvöld torveldi þar mjög störf þeirra. Ég veit það af því að ég heimsótti höfuðstöðvar þeirra þegar ég fór til Ísraels og Palestínu í fyrra. Hér er m.a. Ísraelsdeild Amnesty International, samtök lækna sem berjast fyrir mannréttindum, samtök rabbía sem berjast fyrir mannréttindum, samtök sem berjast gegn pyndingum og ýmis önnur samtök sem eru að berjast fyrir mannréttindum í Ísrael. Þau benda á að ástandið á Gazaströndinni sé grafalvarlegt. Fólki er haldið þar nánast eins og fuglum í búri og ég held að öllum sem vilja sjá sé ljóst hvað er að gerast þar. Það er hreinlega hægt og bítandi verið að draga allan lífsmátt úr þessu fólki. Því er haldið í eins konar gettói og þarf að búa við miklar raunir.

Þetta er náttúrlega, virðulegi forseti, að mínu mati og okkar í Frjálslynda flokknum gersamlega ólíðandi framferði. Að hernámsþjóð sem vill telja sig til vina Vesturlandanna og hefur lofað að styðja okkur Íslendinga til setu í öryggisráðinu, *sem ég tel frekar vafasaman heiður*. Það er ólíðandi að slík þjóð skuli látin komast upp með svona framferði gagnvart borgurum annarrar þjóðar, gagnvart nágrönnum sínum. Við hljótum að fordæma þetta. Þetta er ekki hægt að líða. Virðulegi forseti. Mig langaði að koma aðeins inn á þessa yfirlýsingu frá mannréttindasamtökum í Ísrael.

Ef við víkjum að ræðu hæstv. utanríkisráðherra og förum hratt yfir hana þá er margt ágætt í henni þótt ég hafi gagnrýnt hana fyrir að sleppa ýmsu sem skiptir miklu máli. Þar er til að mynda komið inn á framtíð varnarsvæðisins á Suðurnesjum og talað um rekstur alþjóðaflugvallarins, öryggissvæðið, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. og annað í þeim dúr.

Mig langaði, virðulegi forseti, vegna þess að ég missti af utandagskrárumræðu í gær um Landhelgisgæsluna og staðsetningu hennar — var staddur annars staðar við skyldustörf — að lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að íhuga eigi mjög vandlega að Landhelgisgæslan verði flutt til Keflavíkurflugvallar.

Ég heimsótti Keflavíkurflugvöll ásamt þingmönnum Suðurkjördæmis fyrir nokkrum dögum. Það var á margan hátt merkilegt að sjá þær miklu byggingar og verðmæti sem þar hafa verið skilin eftir. Þar er, a.m.k. fyrir leikmann, ekki annað að sjá en að þar sé afskaplega góð aðstaða fyrir stofnun eins og Landhelgisgæsluna. Þar eru góð stæði fyrir þyrlur, góð flugskýli og góður aðbúnaður að öllu leyti. Þarna er íbúðarhúsnæði, ef fólk vill búa þarna. Þarna er mjög mannvænt, vil ég segja, íbúðarhverfi. Góðar íbúðarblokkir, stór leiksvæði á milli fyrir börn og leiktæki. Þarna virðist allt til alls.

Síðan er höfn í Njarðvík og í Keflavík þar sem gæsluskipin gætu verið, nú eða í Helguvík. Mér finnst það í raun augljóst að það sé rétta lausnin varðandi framtíðarstaðsetningu Landhelgisgæslunnar og að það þurfi varla að ræða það. En að sjálfsögðu þarf að skoða þau mál með faglegum *hætti og fara betur ofan í það. En ég vil eindregið mæla* með því að þetta verði gert, virðulegi forseti.

Varðandi framtíðarskipan varnarmála og öryggismál á Íslandi þá virðast þau mál komin í ákveðinn farveg. Ég hefði þó viljað sjá að íslensk stjórnvöld sýndu meira sjálfstæði og djörfung í að leita nýrra leiða í þessum málefnum til framtíðar. Ég held að þau stjórnvöld sem nú eru við völd í Bandaríkjunum, sem bera ábyrgð á innrásinni í Írak, séu afskaplega vafasamur félagsskapur fyrir okkur Íslendinga.

Við skulum þó vona að þeim öflum sem nú ráða í Bandaríkjunum verði bolað frá völdum hið fyrsta og þar taki við betra fólk. Ég ætla ekki að vera dónalegur hér í ræðustóli og verð að gæta orða minna. En ég vonast til að annað fólk taki við. Ég get eiginlega ekki orðað þetta *án* þess að vera dónalegur og held að ég segi ekki meira. En ég tel afskaplega vafasamt fyrir íslensk stjórnvöld að vera í slagtogi með þessum mönnum.

Mér þótti neyðarlegt að sjá íslenska ráðamenn í Bandaríkjunum *um daginn elta nánast uppi þessa ráðherra í* Bandaríkjunum og keppast við að láta taka af sér myndir við hliðina á þeim. Ég verð að segja það að ég hefði ekki verið svo gírugur í það. Ég hefði ekki látið taka mikið af myndum af mér í þeim selskap.

*En nóg um það*, virðulegi forseti. Ég hygg að við Íslendingar ættum að reyna að leita frekari leiða varðandi samvinnu í þessum málum, sérstaklega um vöktun á hafinu, bæði öryggisvöktun, umhverfisvöktun og annað þess háttar. Við ættum að leita samvinnu um það við nágrannaþjóðir okkar. Þá er ég fyrst og fremst að hugsa um Norðurlöndin. Við vitum að Danir hafa verulegra hagsmuna að gæta í norðurhöfum. Þeir eru jú á Grænlandi og gæsluskip þeirra koma iðulega til Íslands, til Reykjavíkur og jafnvel annarra hafna til að taka vistir og skipta um áhafnir.

Norðmenn hafa sýnt þessum málum mikinn áhuga. Ég var áðan að horfa á afskaplega áhugavert viðtal við Thorbjørn Jagland, sem er forseti norska Stórþingsins og fyrrverandi forsætisráðherra í Noregi. Ég minntist á hann í fyrri ræðu minni líka. Mig langar að vekja athygli þingmanna á afskaplega áhugaverðu viðtali sem Helgi H. Jónsson, fréttamaður á sjónvarpinu, tók við hann í Norræna húsinu. Það var sýnt á Ríkisútvarpinu í gærkvöldi. Það er hægt að sjá þetta viðtal á netinu. Þar kemur Jagland einmitt inn á það sem ég fjallaði um í fyrri ræðu minni, þ.e. að ákveðnir möguleikar virðast fyrir hendi varðandi slíkt samstarf á milli Íslendinga og Norðmanna.

Þar held ég að séu mikil tækifæri, virðulegi forseti, ef rétt er á málum haldið og ef menn vanda sig held ég að við getum komið á fót gjöfulu og góðu samstarfi við frændur okkar og vini í Noregi. Þeir hafa á undanförnum missirum farið út í mikla uppbyggingu á flota sínum. Það er talað um að eftir nokkur ár verði norski flotinn öflugasti floti Evrópu. Þeir eru að láta smíða sex nýjar freigátur. Þeir hafa endurnýjað nánast algerlega strandgæsluskipin sín og eiga orðið glæsilegan flota, mjög vel útbúin, bæði til að sinna *eftirliti en líka til að sinna mengunarvörnum og öðru þar* fram eftir götunum.

Íslendingar þurfa náttúrlega sjálfir að taka til í eigin ranni. Við erum að efla þyrlusveitina okkar og allt er í góðu lagi með það. Við hyggjumst fara út í að láta smíða fyrir okkur nýtt varðskip. Við ættum að gera þetta allt meðan við leitum leiða til að vinna nánar með okkar næstu nágrönnum, þ.e. Norðurlandaþjóðum í norðurhöfum en gjarnan einnig með öðrum Evrópuþjóðum.

[16:35]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hv. þingmaður talaði um Svalbarðadeiluna í morgun og ég veitti ekki andsvar þá ætla ég aðeins að koma inn á það mál núna. Þannig er mál með vexti að aflað hefur verið ítarlegrar og vandaðrar álitsgerðar virts erlends sérfræðings og beðið hefur verið um viðbótarálitsgerð um afmarkaða þætti málsins. Jafnframt hafa verið haldnir tvíhliða samráðsfundir um málið með fjölda aðildarríkja Svalbarðasamningsins. Viðkomandi ríki hafa sýnt málinu mikinn áhuga og er ljóst að þau þurfa að taka afstöðu til þess hvernig þau munu gæta hagsmuna sinna sem aðildarríki samningsins í væntanlegu dómsmáli. Hópur aðildarríkja Svalbarðasamningsins hefur einnig átt sérstakan samráðsfund um landgrunnsmál Svalbarða. Þetta vildi ég segja um það mál.

Í sambandi við Miðausturlönd, sem ekki var fjallað um í ræðu minni eins og hefur komið fram, það er margt sem ekki var rætt þar og ekki tekið fram í þeirri ræðu en hins vegar kom ég inn á ýmis mál að mínu mati, þá vil ég vil ítreka afstöðu Íslendinga í sambandi við hin alvarlegu mál fyrir botni Miðjarðarhafsins. Við höfum lagt áherslu á vopnahléslínuna frá 1949 og að hún liggi til grundvallar áætlunum sem leiði til þess að tvö ríki, Ísrael og Palestína, búi hlið við hlið innan öruggra og viðurkenndra landamæra. Ríkisstjórnin styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna á hernumdu svæðunum og Ísland hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem og víðar fordæmt ofbeldisverk beggja aðila.

Ég vil að síðustu segja að síðan ég varð ráðherra hafa (Forseti hringir.) verið lagðir 290 þúsund dalir til Palestínu (Forseti hringir.) sem gengið hafa beint til fólksins þar.

[16:37]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er áhugavert að fá þessar fréttir af þróun mála varðandi Svalbarðamálið. Ég hef sagt það hér áður að ég telji að þetta sé kannski stærsta utanríkismál okkar Íslendinga nú um stundir, þ.e. af þeim málum sem horfa beint við okkur ef svo má segja og snerta hagsmuni okkar varðandi auðlindanýtingu og annað þess háttar. Þetta er að sjálfsögðu mjög erfitt og flókið mál og afskaplega viðkvæmt mál. Norðmenn hafa haldið þarna ákveðinni stöðu og hafa haft spil á hendi sem þeir hafa notað af miklum klókindum og mikilli framsýni um áratugaskeið. Núna eru hins vegar vísbendingar um að mikill áhugi sé að vakna hjá öðrum þjóðum á þessu svæði vegna þess að þarna eru mjög miklar auðlindir. Spánverjar hafa sótt fast að Norðmönnum varðandi fiskveiðiauðlindirnar og það er mál í gangi núna fyrir hæstarétti Noregs þar sem spænsk útgerð hefur stefnt norsku ríkisstjórninni vegna deilna um réttindi til að veiða á Svalbarðasvæðinu. Það eru mjög sterkar vísbendingar um að þarna sé bæði olía og gas og það er bara spurning um tíma, virðulegi forseti, hvenær þjóðir fara að seilast eftir þeim auðæfum. Þá gæti fljótt farið að skerast í odda og þess vegna skapast spennt ástand.

Ég minni á að enn er ólokið samningaviðræðum milli Rússa og Norðmanna um hið svokallaða gráa svæði í Barentshafi, það er deila sem aldrei hefur náð að leysast. Menn hafa bara ýtt henni á undan sér með málamiðlunum um margra ára skeið og engin lausn er í sjónmáli. Hins vegar getur skapast þarna viðsjárvert ástand, sérstaklega ef þarna fara að finnast miklar auðlindir sem þjóðirnar fara að sækjast eftir.

Að lokum vil ég sjálfsögðu segja það, virðulegi forseti, að ég hlýt náttúrlega að fagna allri viðleitni íslenskra stjórnvalda til þess að koma hrjáðum íbúum Palestínu til aðstoðar.

[16:39]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kem upp aftur í þessari umræðu í rauninni bara til að klára ræðu mína sem ég náði ekki alveg að ljúka við á þeim tíma sem til var skammtaður fyrr í dag. Maður lendir í ýmsu um ævina, hæstv. forseti, en þegar gamli tíminn mætir, holdi klæddur, og sakar mann um að vera liðsmann Moskvu eða Ho Chi Minh þykist ég vita að sú sem hér stendur hefur flest heyrt, en það segir kannski meira um aðra en mig. Nóg um það.

Hæstv. forseti. Mig langaði til að víkja að öryggisráðinu og því sem hæstv. utanríkisráðherra sagði um það í ræðu sinni og hefur verið rætt hér nánar í dag. Hæstv. ráðherra segir, og ég er henni fyllilega sammála um það, að enda þótt Ísland flokkist sem smáríki á alþjóðlegum mælikvarða eigum við fullt erindi inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og í raun er það hlutverk okkar sem fullvalda og sjálfstæðs ríkis að axla þá ábyrgð. Ef til kemur hugsa ég að það gæti orðið bæði snúið og jafnvel erfitt verkefni á köflum, þannig eru viðfangsefni öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, en ef við erum ekki tilbúin til þess að axla þau og kljást við þau á þeim vettvangi, hvers vegna ættum við þá að ætlast til þess að fulltrúar annarra ríkja geri það og þá í raun fyrir okkar hönd með óbeinum hætti?

Eins og allir vita hafa stórríkin eða stórveldin fimm sem sigruðu í seinni heimsstyrjöldinni haft neitunarvald í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í 60 ár og það setur mark sitt á starf ráðsins. Auðvitað hafa verið í gangi miklar samningaviðræður og undirbúningur að því að reyna að breyta starfsemi ráðsins með einhverjum hætti og mér er fullkunnugt um afstöðu íslenskra stjórnvalda í þeim efnum. Það sem mig langaði til að tengja þetta við er hlutverk öryggisráðsins sem á að standa vörð um alþjóðalög og þjóðarétt og að þau lög og sá réttur sé virtur af aðildarríkjunum og í raun af öllum ríkjum heims. Þá verð ég, hæstv. forseti, að koma aftur að umræðuefni mínu fyrr í dag sem er stuðningur íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak, af því að með þeim stuðningi voru stjórnvöld í raun að taka fram fyrir hendurnar á öryggisráðinu. Það er spurning hvort menn hafi íhugað það mál í því samhengi og í samhengi við framboð okkar til öryggisráðsins. Við hljótum að hafa, sem ríki sem býður sig fram til starfa á vettvangi öryggisráðsins, fulla trú á því að þar eigi að taka ákvarðanir um stríð og frið í raun og veru og að það sé réttur vettvangur til þess en ekki að fylgja einu landi eða einu stórveldi eða einu ríki umfram önnur í vægast sagt vafasamri stefnu sinni um svokölluð forvarnastríð eða einhvers konar stríð gegn hryðjuverkum.

Mig langaði bara til að koma þessu á framfæri við um-

ræðuna í dag af því að við verðum auðvitað spurð um þetta eins og bent hefur verið á, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur bent hér á að við verðum auðvitað spurð um þetta í framboðinu. Við verðum spurð um öryggismálin, um Palestínu, um hvalveiðar, um umhverfismálin og þar fram eftir götunum. Að sjálfsögðu verður það þannig. Þó ekki væri til annars en að fá íslensk stjórnvöld, hver sem þau eru, til þess að standa fyrir máli sínu gagnvart öðrum ríkjum, verður þessi ferð til góðs, hvernig sem hún síðan fer.

Annað sem ég vildi víkja að í lokin er heimsókn sendiherra Ísraels sem hingað kom í vikunni og hitti ráðamenn á Íslandi. Við í Samfylkingunni ákváðum að verða við beiðni sendiherrans um að hitta hana og ég fór sem fulltrúi í utanríkismálanefnd fyrir Samfylkinguna, ásamt formanni flokksins, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, og tók á móti sendiherranum. Þar afhentum við henni umorðalaust ályktun þingflokks Samfylkingarinnar um ástandið í Ísrael og Palestínu og álit okkar á framferði Ísraelsstjórnar, Ísraelshers, og þeirri lögleysu sem þar viðgengst alla daga, árum saman og áratugum saman. Það má svo sem segja frá því að ekki var boðið upp á umræður um það mál, enda töldum við ekki að rökræða þyrfti þau mál við sendiherrann þó að sjálfsögðu bærum við virðingu fyrir embætti hennar. Enda fékk téður sendiherra ágætistíma í íslenskum fjölmiðlum til að útskýra stefnu Ísraelsstjórnar og gat vonandi upplýst landsmenn um hana.

Vandamálið, átökin fyrir botni Miðjarðarhafs, sem rekja má alla leið til stofnunar Ísraelsríkis árið 1948 og stríðanna sem þar hafa verið og til hernámsins, sem á 40 ára afmæli í júní á næsta ári, eru að verða einhver langvinnustu átök í heimi. Kasmírdeilan er álíka gömul og af henni hafa líka hlotist stríð, mannfall og ófriður. Það eru líklega fá brýnni mál á alþjóðlegum vettvangi að leysa en þessi tvö, bæði Palestínudeilan og Kasmírdeilan, og við verðum að vona að Ísland geti með einhverjum hætti beitt sér í þeim efnum á næstunni, á næstum árum, og kannski, ef af verður, innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Hver veit? Það yrði a.m.k. mjög verðugt verkefni.

Það verður að segjast eins og er að framferði Ísraelsstjórnar og Ísraelshers gegn Palestínumönnum hefur bara versnað á undanförnum árum og áratugum. Allt frá því að fyrsta Intefadan fór af stað árið 1987 höfðu hinir almennu palestínsku borgarar ekki í raun verið að berjast gegn hernáminu á götum úti, ekki með þeim hætti sem síðan hefur gerst. Seinni Intefadan, sem hófst árið 2000 og var að einhverju leyti kölluð fram af landtökustefnu Sharonstjórnarinnar og öðrum verkum þeirrar stjórnar Ariels Sharons, hefur ekki bara leitt af sér ólöglegar árásir og ólöglegt framferði Ísraelsstjórnar heldur síaukið ofbeldi, enga virðingu fyrir réttindum fólks, enga virðingu fyrir réttindum Palestínumanna á hernumdu svæðunum, og í raun og veru framferði sem er með öllu óskiljanlegt að látið sé að mestu óátalið.

Við vitum öll hvers vegna það er, það er vegna þess að bakhjarl Ísraels er Bandaríkjastjórn og sú Bandaríkjastjórn sem nú situr hefur líklega verið besti bakhjarl þess ríkis, af því að það gerðist þó á árum áður að aðrar ríkisstjórnir í Washington settu Ísraelsstjórn á stundum stólinn fyrir dyrnar þegar þeim þótti of langt gengið. Það gerist ekki lengur og meðan ekkert er aðhaldið, hvorki það né í raun frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, því að þar er stöðugt beitt neitunarvaldi ef þessi mál koma upp á, líðst Ísraelsmönnum framferði sem er í raun og veru ekkert annað en síendurtekin brot á Genfarsáttmálanum og ýmiss konar stríðsglæpir. Líklega er innrásin í Líbanon í sumar, og það stutta stríð sem þar var háð og klasasprengjurnar 100 þúsund sem eftir liggja, gleggsta dæmið um það hvernig sumum ríkjum líðst að fremja stríðsglæpi en öðrum ekki.

[16:49]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir það að hún er mjög einbeitt í því að styðja umsókn okkar um sæti í öryggisráðinu eins og reyndar miklu fleiri sem hér hafa talað. Ég er ákaflega ánægð að heyra það og tel að við eigum fullt erindi. Við eigum ekki að hafa neina minnimáttarkennd sem mér finnst aðeins hafa brugðið fyrir hjá hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins, að við ráðum kannski ekki við þetta. Staðreyndin er hins vegar sú að við búum yfir heilmikilli sérfræðiþekkingu og hún nýtist ágætlega í þessu sambandi. Það er líka nokkuð langur tími til stefnu og við undirbúum okkur undir það að þetta gangi allt vel þó að við þurfum líka að vera undir það búin að við náum ekki sæti.

Hv. þingmaður talaði um að fylgja ekki einni þjóð umfram aðra og ég er því alveg sammála. Ég held að einmitt vegna þess hvað við erum fámenn eigum við möguleika á að komast áfram án þess að um hagsmunatengsl sé að ræða. Ef litið hefur verið svo á að við værum svo tengd Bandaríkjunum vegna hersins hér að það hafi háð okkur fram til þessa held ég því fram að það sé ekki nú og ekki til framtíðar. Aðstæður hafa breyst mjög og Bandaríkjamenn hafa farið burt með varnarliðið eins og allir þekkja. Ég lít svo á sem utanríkisráðherra að við séum ekki háð þeim frekar en öðrum í skoðunum.

Svo hef ég gjarnan viljað koma aðeins inn á Miðjarðarhafið og þær hörmungar sem þar eiga sér stað og vil gjarnan spyrja hv. þingmann, af því að hún kemur hingað upp aftur og mér finnst hún tala svo (Forseti hringir.) ákveðið, hvort henni finnst að sökin liggi eingöngu hjá Ísrael.

[16:51]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Forseti. Það er auðvitað aldrei þannig að sökin liggi á einum stað. Hins vegar held ég að ef tala á um sök í deilunni milli Palestínu og Ísraels liggi hún allt eins hjá alþjóðasamfélaginu fyrir að hafa tekið þá ákvörðun árið 1947 að stofna Ísraelsríki ári seinna án tillits til þess í raun hvaða áhrif það hefði á fólkið sem þar var fyrir og án þess að leysa þann vanda sem skapaðist við það að stofna Ísraelsríki árið 1948. Sá vandi er núna að verða 60 ára gamall og hann er verri en nokkru sinni fyrr. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þeir sem tóku þátt í að stofna Ísraelsríki og studdu það — og það gerðu Íslendingar og fleiri ríki — gerðu það af góðum hug og góðum vilja en ég er ekki alveg viss um að menn hafi séð fyrir þær hörmungar sem það leiddi af sér. Það er einfaldlega þannig að þegar þjóð hefur verið haldið fanginni, ef svo má segja, í flóttamannabúðum

innan múra við fátækt, vonleysi og örbirgð, ekki bara í nokkur ár heldur áratugum saman, kynslóð fram af kynslóð, verður maður að hafa skilning á því að fólk bregðist við með reiði og jafnvel ofbeldi. En ég ætla ekki að réttlæta ofbeldið, hvorki það sem framið er af Ísraelsher né það sem framið er af sjálfsmorðssprengjuárásarmönnum eða öðrum þeim sem grípa til ofbeldis í Ísrael og Palestínu.

[16:53]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins koma inn á eitt sem kom fram hjá hv. þingmanni. Mér fannst hún vera að hæla sér af því að hún ásamt formanni Samfylkingarinnar hefði átt fund með sendiherra Ísraels og í raun ekki gefið henni tækifæri til að tjá sig. Ég lít ekki svo á að það sé aðferðin til að eiga samskipti við þjóðir, jafnvel ekki þjóðir sem maður er ósáttur við. Ég tel að við eigum að hlusta á málflutning manna, hvort sem þeir eru fyrir botni Miðjarðarhafs eða hvar svo sem deilurnar eiga sér stað og þó að þær séu með þeim hætti að við erum ósátt við framkomu þjóða og getum í raun fordæmt ákveðin atvik sem þar eiga sér stað eins og íslensk stjórnvöld gerðu í þessu tilfelli. Ég tók þann kost að hlýða á mál sendiherrans en vil hins vegar leiðrétta það sem kom fram áður í umræðunni að tilkynning um stuðning Ísraels við öryggisráðið hafi komið fram á þessum fundi. Það var komið fram löngu fyrr að Ísraelsríki mundi styðja framboð Íslands til setu í öryggisráðinu. Það var alls ekki neitt tengt þeim fundi sem átti sér stað núna.

Hv. þingmaður lætur að því liggja að við Íslendingar höfum ekki farið að samþykktum öryggisráðsins með því að „styðja" innrásina í Írak en það er þannig með túlkun á ályktun 1441 frá nóvember 2002 að það var mjög umdeilt hvort hún væri nægilega sterk til þess að vera bakstuðningur við þessa innrás eða ekki. Þetta er eitt af óútkljáðu málunum og það er fjöldi annarra mála í sambandi við þetta hræðilega stríð í Írak. (Forseti hringir.) Ég hef sagt í þessari umræðu og segi einu sinni enn: Ég held að við ættum að horfa fram á veginn.

[16:56]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Forseti. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. utanríkisráðherra að ályktun 1441 var óbeint lögð til grundvallar. Hún var haldreipi sem menn héldu að þeir hefðu. Hins vegar hafa verið færð mjög gild rök fyrir því af sérfræðingum í alþjóðalögum og alþjóðarétti að hún hafi ekki nægt, og síður en svo. Það má vera að menn deili enn um það einhvers staðar en í mínum huga nægði hún aldrei og er einmitt ágætislexía í því hvernig ekki á að standa að svona hlutum.

Hvað varðar samskiptin við Ísrael höfum við alla tíð, jafnaðarmenn og aðrir á Íslandi, átt ágæt samskipti við stjórnvöld þar. Hið sama má segja um stjórn Palestínumanna á síðari árum, ágæt samskipti, og það höfum við í Samfylkingunni átt líka lengi og vel. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir þegar sendiherra Ísraels kemur í sína ferð til Íslands, og hefur auðvitað gert það áður, til að tala máli stjórnvalda þar eins og allir gátu heyrt í viðtölum við hana í fjölmiðlum er hvort við tökum þeim ræðum og þeim rökum þegjandi og hljóðalaust eins og einhvern tíma hefur verið gert eða hvort við mætum þeim með einhverjum hætti. Sumir stjórnmálamenn ákváðu að sýna vanþóknun sína á framferði Ísraelsstjórnar með því að eiga ekki fund með sendiherranum. Við ákváðum að eiga fund með sendiherranum og koma skilaboðum þingflokks Samfylkingarinnar mjög skýrt til skila við hana. Það tókst. Það má vel vera að það hafi kannski ekki verið diplómatískt kórrétt en hins vegar komust skilaboð okkar og skoðun á framferði Ísraelsstjórnar mjög skýrt til skila til sendiherrans og við vonum að hún fari með þau alla leið til Tel Aviv.

[16:58]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)**:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu sem hefur verið mjög málefnaleg að mínu mati og í raun mjög jákvæð þar sem mjög margir hv. þingmenn hafa tekið undir áherslur mínar og mál mitt í upphafi umræðunnar og ég er mjög þakklát fyrir það.

Ég vil aðeins halda áfram með öryggisráðið af því að við vorum að ræða það nú í andsvörum. Auðvitað hefði maður viljað að öryggisráðið gæti leyst öll mál en það tekst ekki alltaf og Íraksmálið, sem hefur verið hér til umfjöllunar, er eitt af þeim málum sem má nefna í því sambandi. En íslensk stjórnvöld hafa hins vegar viljað breyta samsetningunni og starfsháttum öryggisráðsins í því augnamiði að gera það skilvirkara. Það hefur verið talað um óskilvirkni, sem er staðreynd t.d. í sambandi við Ísrael síðastliðið sumar þegar átökin voru í Líbanon, að þar skuli ekki hafa verið hægt að grípa fyrr inn í og stöðva það hræðilega stríð.

En talandi um Líbanon þá langar mig til að greina frá því að á fundi með utanríkismálanefnd í gær greindi ég frá því að við erum að velta fyrir okkur og nánast búin að taka ákvörðun um nýtt verkefni í sambandi við Íslensku friðargæsluna sem gæti unnið í samstarfi við sprengjueyðingardeild Landhelgisgæslunnar. Verkefnið felst í að hreinsa svæðið í suðurhluta Líbanon. Það er ætlunin að friðargæslan leggi til tvö þriggja manna teymi og mundu tveir sérfræðingar frá Landhelgisgæslu ásamt einum bráðaliða eða sjúkraflutningamanni fara til Líbanons í um sex vikur hvort teymi. Íslenska friðargæslan mundi starfa í mjög nánu samstarfi við Svía en þarna er neyðaraðstoðarsveit frá sænska ríkinu. Bækistöð yrði í Týros í Suður-Líbanon. Þarna er svo sannarlega verk að vinna og ég er stolt af því ef við getum komið þar að málum.

Í umræðunni í morgun var spurt frekar út í utanríkis- og öryggismálastofnun sem ég hafði nefnt hér í ræðu minni, reyndar þeirri sem var dreift en ekki þeirri sem var flutt. Við erum í raun ekki komin með fastmótaðar hugmyndir um þessa stofnun enn þá en það sem ég sé fyrir mér er stofnun sem tekur á öryggismálum í víðum skilningi og þar með talin eru að sjálfsögðu umhverfismál, þróunarmál, friðargæsla og mannréttindi og þessi stofnun gæti starfað í tengslum við fræðimannasamfélagið. En eins og ég sagði er í rauninni ekki búið að fullmóta allar þessarar tillögur en þetta verður rætt innan tíðar í ríkisstjórninni.

Í sambandi við stefnu í þróunarmálum þá liggur hún í raun fyrir og kom fram á síðasta ári í þeirri stefnumótun og stefnumörkun sem lögð var fyrir Alþingi í sambandi við

stefnumótun Íslands í þróunarsamvinnu. Vinnan sem fram undan er og snýst um að gera tillögur um breytingar á 25 ára lögum er mjög mikilvæg og ég óska eftir góðu samstarfi við þingið og þá sérfræðinga sem til mála þekkja vegna þess að um þessi mál verður að nást mikil samstaða. Það hefur verið nokkuð góð samstaða fram til þessa og hún þarf að vera áfram, ekki síst þegar við erum að stórauka framlögin þá verður þjóðin að stíga þetta nokkuð vel í takt og þess vegna verður vel vandað til vinnunnar.

Það var spurt um mengun vegna hersins og hvort á fjárlögum næsta árs væru fjármunir til að takast á við það. Þannig er að samkvæmt úttekt sérfræðinga er ekki talið aðkallandi — eða það er a.m.k. ekki hættuástand í sambandi við mengunarmál. Þetta hefur komið fram í áliti sérfræðinga en hreinsunin verður að miklu leyti útfærð samfara nýtingu lands sem nú er á forræði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. Það er ekki gert ráð fyrir fjármunum í fjárlagafrumvarpinu beinlínis vegna þessarar hreinsunar en það verður kallað eftir þeim eftir því sem Þróunarfélagið vinnur störf sín áfram og einhverjir fjármunir eru hugsaðir til Þróunarfélagsins í fjárlögum.

Síðan var spurning frá hv. þm. Valdimar L. Friðrikssyni í sambandi við ratsjárnar. Það eru viðræður fram undan bæði við Bandaríkjamenn og NATO um þetta hlutverk og kostnaðarhlutdeildina. Ratsjárstofnun og ratsjárstöðvarnar eru fjórar og við höfum lagt áherslu á að þær munu allar starfa til framtíðar. Eins og er eru þær reknar af Bandaríkjamönnum en því tímabili lýkur 15. ágúst og það er mikil áhersla lögð á að starfsemin haldi áfram.

Það er ljóst að það kostar hundruð milljóna á ári og gæti jafnvel verið milljarður, að reka þessar stöðvar til framtíðar. Hins vegar hefur verið gert mjög mikið átak í sambandi við tæknimál þessara stöðva, þær eru orðnar mjög sjálfvirkar og hefur þýtt að það þurfti að segja upp fólki sem hefur ekki verið vel séð á þessum stöðum sem ég skil mjög vel þar sem þær hafa verið með starfsemi á norðaustur- og norðvesturhorninu og svo á suðausturhorninu, ég tala nú ekki um á Miðnesheiðinni þar sem fólk hefur verið að missa störf í hundraðatali. En ég tel að við höfum getu og kunnáttu til að fylgjast með flugumferð og til að stjórna loftvarnaæfingum sem við sjáum fram á að verði stundaðar hér er hægt að hugsa sér að hingað komi þar til bærir aðilar og stjórni loftvarnaæfingunum úr þeirri aðstöðu sem Ísland hefur upp á bjóða. Þá er líka alveg hægt að hugsa sér að leitað verði hófanna hjá Atlantshafsbandalaginu hvað varðar loftvarnaeftirlitið.

Fyrrverandi varnarsvæði er núna þrískipt. Það er utanríkisráðherra sem hefur umsjón með öryggissvæðinu svokallaða og hafa verið tryggðir fjármunir til að reka það. Svo er það flugumferðarstjórn Keflavíkurflugvallar sem heyrir undir utanríkisráðuneytið og á næstu mánuðum verður unnið að yfirfærslu á þeirri stjórnsýslu sem hefur heyrt undir utanríkisráðuneytið því að að einhverju leyti á hún heima í viðkomandi fagráðuneyti til framtíðar. Að ýmsu leyti hefur verið sérstakt ástand hér á meðan varnarliðið var en þetta er bara vinna sem þarf að fara í.

Síðan langar mig til að segja, hæstv. forseti, í lokin að það hefur komið fram eða hefur verið þó nokkuð komið inn á gróðurhúsavandamálið og loftslagsbreytingarnar og þá vil ég taka það fram að við Íslendingar erum í ágætismálum hvað varðar þetta tímabil frá 2008–2012 og það er ekki þannig að við sjáum fram á að fara fram úr heimildum okkar á því tímabili. Hins vegar skal það líka tekið fram að ef af öllum þeim álversframkvæmdum verður sem talað er um í dag þá eigum við ekki kvóta til framtíðar. En það er hins vegar ekki okkar vandamál. Fyrirtækin sem eru með áform uppi um að fjárfesta og fara út í frekari uppbyggingu í álbræðslu hér verða að átta sig á því. Við erum sem sagt ekki, eins og margar aðrar þjóðir í kringum okkur, í vandræðum í sambandi við þetta fyrsta viðmiðunartímabil.

Hvað höfum við svo verið að gera til að reyna að draga úr gróðurhúsalofttegundum? Við höfum t.d. tekið þátt í alþjóðasamstarfi um þróun vetnistækni sem getur stuðlað að sveigjanlegri notkun endurnýjanlegra orkugjafa með það fyrir augum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í flutningum. Notkun endurnýjanlegra orkugjafa Íslendinga í orkufrekum iðnaði er til þess fallin að draga úr losun, þegar horft er hnattrænt. Ég held að við verðum að viðurkenna það, þótt við getum verið algerlega ósammála um hvort við eigum að vera að byggja upp álver á Íslandi, að það eru minni gróðurhúsaáhrif af álveri í rekstri hér en ef það væri einhvers staðar annars staðar þar sem það væri drifið áfram með kolum. En ég ætla að vona að ég sé ekki að vekja upp alla þá umræðu hér í lok umræðunnar því að ég held að hún eigi heima annars staðar og er oft tekin upp á hv. Alþingi en ég vildi að þetta kæmi fram.

Svo má líka nefna að við Íslendingar höfum unnið mjög mikilvægt starf á sviði bindinga gróðurhúsalofttegunda, bæði með skógrækt og landgræðslu og þar tel ég reyndar að við eigum gríðarlega mikil tækifæri til framtíðar og jafnvel í sambandi við þróunarstarf þá eigum við möguleika á því að verða þar á vegum Sameinuðu þjóðanna sem sérfræðingar í þróunarlöndum til að kenna landgræðslu. Það væri mjög áhugavert starf sem ég mundi gjarnan vilja beita mér fyrir meðan ég fer þetta mikilvæga starf utanríkisráðherra.

Ég held, hæstv. forseti, að ég sé búin að koma nokkurn veginn inn á flest sem spurt var um og einhverju svaraði ég í andsvörum, en ef svo er ekki þá vona ég að hv. þingmenn gefi sig fram og ég geti þá komið upp aftur og svarað.

[17:11]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra ágæt svör. Að sjálfsögðu svaraði hún ekki öllu og ég átti ekki von á því að til væri þekking hvorki hjá hæstv. utanríkisráðherra né hennar starfsfólki til að svara því. Varðandi loftvarnaratsjá þá talaði ráðherra um að Bandaríkjamenn mundu sinna þeim áfram eða stýra þeim áfram til 15. ágúst 2007. Það eru nýjar upplýsingar fyrir mér alla vega, ég hélt að þeir væru allir farnir blessaðir. Varðandi kostnað við rekstur loftvarnaratsjár og fleira talaði hæstv. ráðherra um hundruð millj. kr., jafnvel allt upp í einn milljarð þannig að hér er að koma fram aukinn kostnaður sem við höfum ekki heyrt um áður á Alþingi og maður fær óneitanlega á tilfinninguna að það eigi eftir að koma í bakið á okkur mun meiri kostnaður við að herinn fór.

Varðandi öryggisráðið þá hef ég enn þá, eins og ég lýsti yfir áðan, áhyggjur af því að utanríkisráðuneytið skorti

þekkingu til að geta starfað þar, þar sem menn eru að tala um ófriðarástand og hernaðarátök og ég óttast því miður, herra forseti, að ráðgjafar okkar í öryggisráðinu verði áfram Bandaríkjamenn og þar af leiðandi munu þeir vera leiðandi fyrir þá ákvarðanatöku sem við tökum þar í framtíðinni, þ.e. ef við komumst í ráðið.

[17:13]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort ég hef talað eitthvað óskýrt í sambandi við Ratsjárstofnun en hún verður rekin af Bandaríkjamönnum þangað til í ágúst á næsta ári. Hvað þá gerist er algerlega óljóst. Við bindum vissulega vonir við að Bandaríkjamenn taki áfram þátt í rekstrinum eða jafnvel NATO en það eru allar líkur á því að Íslendingar þurfi að koma meira að þeim rekstri til framtíðar. Vissulega fylgir því kostnaður að við tökum á okkur meiri skyldur í sambandi við varnir Íslands en áður var og einhverjum finnst það bara allt í lagi, sumum hér í þingsalnum finnst það hið besta mál, að herinn sé farinn þó að það kosti okkur eitthvað, enda erum við rík þjóð. En ég vil þó leggja áherslu á að varnarsamningurinn við Bandaríkin heldur og Bandaríkin taka á sig miklar skyldur í sambandi við varnir Íslands til framtíðar.

Af því að hv. þingmaður er að velta fyrir sér hvort við séum bara ekki í vasanum á Bandaríkjamönnum og þess vegna skipti litlu máli hvort við erum í öryggisráðinu eða ekki. Mér heyrðist hann vera að tala um það, þá er það reyndar þannig að það er alls ekki nein algild regla að Íslendingar greiði atkvæði eins og Bandaríkjamenn hjá Sameinuðu þjóðunum, alls ekki. Það er hægt að telja upp lönd sem Íslendingar hafa átt meiri samleið með en með Bandaríkjamönnum ef út í það er farið.

[17:15]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég lýsa vonbrigðum mínum með það ef ekki á að setja fjármuni í að hefja aðgerðir til að hreinsa mengun á yfirgefnum herstöðvarsvæðum. Það er vond byrjun. Maður hefur illan bifur á því að þar með hefjist þrautaganga í þeim efnum og viðfangsefnið verði látið dankast. Satt að segja fannst mér orðalagið ekki lofa góðu í fylgiskjali með niðurstöðunni sem birtist opinberlega þegar þessir samningar voru undirritaðir. Þar var beinlínis látið að því liggja að það lægi kannski ekki mikið á að takast á við þetta viðfangsefni, a.m.k. hluta þess.

Í öðru lagi vil ég spyrja um stjórnsýslumál á vellinum, t.d. varðandi Flugmálastjórn. Hvernig stendur á því að Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli fer ekki strax undir samgönguráðuneytið?

Ég vil einnig nefna málefni Flugstöðvarinnar sem slíkrar. Bandaríkjamenn lögðu fram fé til byggingar flugstöðvarinnar á sínum tíma eins og frægt varð. Til stóð að þeir bæru 40% kostnaðarins ef ég man rétt en þeir komu því svo klókindalega fyrir að þeirra upphæð var föst þannig að allur umframkostnaður lenti á Íslendingum. Þegar upp var staðið var það okkur kannski ekki sérstaklega hagstætt. Það fylgir hins vegar kvöð í samningunum um að Bandaríkjaher geti yfirtekið flugstöðina til sinna nota ef á þarf að halda. Nú spyr ég: Var leyst úr þessu máli og er þessi kvöð niður fallin eða helst hún?

Í þriðja lagi hlýt ég að mótmæla því að við stöndum vel að vígi hvað loftslagsmálin varðar og Kyoto-bókunina, sem vel að merkja átti aðeins að vera upphafið, fyrsta skrefið á langri leið, að miklu harðari aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bjarga þar með jörðinni, ef maður leyfir sér bara einfaldlega að orða það þannig. Á teikniborðinu eru þrjú, fjögur eða jafnvel fimm ný álversverkefni sem kolsprengja þann ramma út í hafsauga og mundu leiða til þess að Ísland margfaldaði heimsmet sitt, sem við erum þegar að ná, í losun gróðurhúsalofttegunda á íbúa.

[17:17]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sambandi við það sem hv. þingmaður sagði í lokin þá er það skýrt mál að við berum ekki ábyrgð og þurfum ekki að afhenda fyrirtækjum neina mengunarkvóta til framtíðar. Ef þau geta ekki aflað þeirra sjálf verður ekki um það að ræða að þau fjárfesti hér. Þannig er það. Það hefur aldrei verið gefið í skyn og var ekki gert á meðan ég fór með þann málaflokk að við ætluðum að sjá þeim fyrir kvótum til framtíðar. Hins vegar er þetta innan marka miðað við það tímabil sem við erum að tala um í dag.

Hvað varðar stjórnsýslumál þá höfum við lagt mikla áherslu á að hægt sé að tryggja snurðulausa yfirfærslu á þeim verkefnum sem þarna er um að ræða. Til framtíðar litið er ekki ólíklegt að málaflokkar færist yfir til fagráðuneyta en það mun ekki gerast allt í einum hvelli heldur má reikna með því að einhverjir mánuðir líði þangað til þau mál skýrast. Þá verður hægt að hafa þetta eins og eðlilegast er samkvæmt íslenskri stjórnsýslu.

Það má t.d. taka fram að sýslumannsembættið flyst þegar um áramót. Utanríkisráðuneytið mun gera samning um þá þætti er varða okkar svið til framtíðar. En sýslumannsembættið sem slíkt færist og þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því að það verði neitt vandamál. Ég held að það sé ágætisstjórn á þessu af hálfu utanríkisráðuneytisins.

[17:19]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrðist hæstv. ráðherra eiginlega segja að næsta ríkisstjórn verði að bjarga þessu máli. Þá gerum við það að sjálfsögðu (**Gripið fram í:** Förum létt með það.) og förum létt með það. En auðvitað er það algerlega absúrd að mikilvægasta samgöngumannvirki þjóðarinnar, þ.e. flugstöðin í Keflavík, skuli ekki tilheyra samgöngugeiranum og vera undir stjórn samgönguráðherra. Þannig hefði það alltaf átt að vera. Það hefði verið handhægt á sínum tíma að draga þar, (Gripið fram í.) ja, hún var nú ekki á lausu þá, hinna svokölluðu varnarsvæða þannig að flugstöðin væri utan þeirra. Girðingin gat þá legið um flughlöðin.

Ég sé ekki betur, miðað við kortið í skýrslu ráðherrans, en að eiginlegt varnarsvæði eða þetta sem hér er kallað öryggissvæði, sé aðeins lítill hluti svæðisins suðaustan flugbrautirnar. Allur hinn hluti svæðisins ætti eðlilega að færast

undir lögsögu samgönguráðuneytisins. En það verður að taka til í þessu í vor eins og í fleiri málum eftir stjórnarskiptin.

Aftur að Kyoto. Það hefur verið talað um að svigrúm sé fyrir eitt meðalstórt álver í viðbót og ef það bætist við, eitt af þeim þremur sem verið er að undirbúa á fullu, þá verður sprungin öll undanþágan sem grátin var út fyrir Ísland, 1.600 þúsund tonna viðbótarlosunarheimild. Viðbótarheimildin kom til viðbótar því að Ísland fékk bestu meðhöndlun allra ríkja þegar upphaflega viðmiðunin gagnvart almennri losun var sett, þ.e. mátti auka losun um 10% frá 1990. Á borðunum eru meira en tvöföldun álversins í Straumsvík, 250 þús. tonna fyrri áfangi álvers í Helguvík, 250 þús. tonna framleiðsla við Húsavík. Álver í Þorlákshöfn dúkkaði upp, lítið að vísu í byrjun en það verður sennilega ekki mjög hagkvæmt, 60 þús. tonn, þannig að það verður stækkað. Og í dag fréttist af því að Norsk Hydro er á leiðinni til Íslands með óskir um að reisa 600 þús. tonna álver.

[17:22]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef alltaf sagt að það eru engar líkur á því að af allri þessari uppbyggingu álvera verði hér á landi. Ég tel raunar útilokað að hún geti átt sér stað.

Ég hef sagt opinberlega fyrir einu eða einu og hálfu ári síðan að mér finnst að þegar við séum komin upp í milljón tonn þá þurfum við virkilega að hugsa okkur um. Miðað við allar þær framkvæmdir sem hér eru taldar upp og ef Norsk Hydro ætlar að bætast við þá yrði ekkert vit í þessu. Þetta gengur ekki.

Umræðu lokið.

## *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.*

Stjtill., 348. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 377.

[17:23]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga.

Eins og með fyrri ákvarðanir er gerð grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Tilskipun 2004/39/EB er viðamikil tilskipun sem tekur á helstu grunnþáttum verðbréfamarkaða. Tilskipunin byggist á Lamfallussy-ferlinu innan Evrópusambandsins sem miðar að því að evrópskur verðbréfamarkaður verði í fremstu röð í heiminum.

Tilskipunin miðar meðal annars að því að styrkja innri markað ESB á sviði fjárfestingarþjónustu þannig að leyfi til að stunda fjárfestingarþjónustu í einu aðildarríki veitir heimild til að stunda slíka þjónustu í öðrum aðildarríkjum með eða án stofnunar útibús.

Þá er fjallað um upplýsingagjöf, fjárfestavernd og bestu framkvæmd, þ.e. að fjármálafyrirtæki skuli ná bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína. Einnig eru settar reglur um skipulega verðbréfamarkaði sem taka meðal annars til leyfisveitinga, hæfis stjórnenda, hagsmunaárekstra og upplýsingagjafar. Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar í viðskiptaráðuneytinu og er gert ráð fyrir að frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi á vorþingi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og utanríkismálanefndar.

[17:25]

**Útbýting:**

Fjarnám við Háskólann á Akureyri, 371. mál, fsp. DrH, þskj. 405.

Heimild til hlerunar á símum alþingismanna, 372. mál, fsp. KHG, þskj. 406.

Kostnaður við íþróttaefni Ríkisútvarpsins, 375. mál, fsp. BIH, þskj. 409.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 374. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 408.

Tekjur sveitarfélaga af einkahlutafélögum, 370. mál, fsp. AKG, þskj. 404.

Veggjöld, 373. mál, fsp. BIH, þskj. 407.

Þjónusta Símans á sunnanverðum Vestfjörðum, 369. mál, fsp. AKG, þskj. 403.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.*

Stjtill., 349. mál (félagaréttur). — Þskj. 378.

[17:26]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2005, um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn og til að fella inn í samninginn tilskipun 2004/25/EB, um yfirtökutilboð.

Eins og með fyrri ákvarðanir er gerð grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Tilskipunin miðar að því að samræma og styrkja reglur um yfirtökutilboð í Evrópu og tryggja jafna meðferð og aukin réttindi hluthafa í yfirtökum. Þetta eru lágmarksskilyrði sem ná bæði til skyldubundinna tilboða og almennra valfrjálsra tilboða, en aðildarríkjum er heimilt að setja fleiri skilyrði og strangari ákvæði en kveðið er á um í tilskipuninni.

Þá er fjallað um tilboðsskyldu, skilyrði um lágmarks-

verð í tilboði og greiðslumáta, sem og um upplýsingagjöf tilboðsgjafa. Tilskipunin fjallar einnig um skyldur stjórnar í félagi sem tilboð tekur til. Loks er í tilskipuninni kveðið á um að setja skuli reglur um samkeppnistilboð, breytingar á tilboði og afturköllun tilboðs, sem og um upplýsingaskyldu tilboðsgjafa varðandi niðurstöður tilboðs.

Tilskipunin hefur að mestu verið innleidd með lögum frá Alþingi nr. 31/2005, um breytingu á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti. Viðskiptaráðuneytið vinnur að innleiðingu þeirra ákvæða sem ekki hafa þegar verið leidd í íslenska löggjöf.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði *tillögunni vísað til síðari umr. og utanríkismálanefndar.*

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, fyrri umr.*

Stjtill., 351. mál. — Þskj. 381.

[17:28]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, SACU, sem undirritaður var síðastliðið sumar.

Þetta er er fyrsti fríverslunarsamningurinn sem EFTA-ríkin gera við aðra viðskiptablokk og jafnframt fyrsti samningur slíkrar tegundar sem gerður er við ríki í Afríku, sunnan Sahara. Þetta er enn fremur í fyrsta skipti sem ríki sem telst til fátækustu ríkja heims verður aðili að fríverslunarsamningi við EFTA- ríkin, en Lesótó telst til slíkra ríkja.

Í samningnum er tekið tillit til mismunandi þróunarstigs samningsríkjanna. EFTA-ríkin munu lækka og fella niður tolla af sínum vörum hraðar en aðildarríki SACU og samningurinn inniheldur ákvæði um sértæka meðferð í ýmsu tilliti fyrir Botsvana, Lesótó, Namibíu og Svasíland, auk ákvæða um efnahagslega samvinnu og tækniaðstoð. Auk fyrrgreindra ríkja er Suður-Afríka einnig aðili að SACU.

Samningurinn nær til viðskipta með iðnaðarvörur, þar með talið sjávarafurðir, og unnar landbúnaðarvörur. Ísland, Noregur og Sviss hafa jafnframt undirritað tvíhliða samninga við aðildarríki SACU sem munu öðlast gildi á sama tíma og fríverslunarsamningurinn. Samningsaðilar munu enn fremur leitast við að skapa og viðhalda stöðugu og gagnsæju umhverfi fyrir fjárfestingar og hafa lagt grunn að auknu frelsi á sviði þjónustuviðskipta og opinberra útboða.

Ákvæði um vernd hugverkaréttinda eru byggð á gildandi alþjóðasamningum og verða tekin til endurskoðunar innan fimm ára. Samningurinn inniheldur að auki reglur um hvernig bregðast eigi við viðskiptaháttum sem vinna gegn virkri samkeppni, stofnanaákvæði og ákvæði um samráð og lausn ágreiningsmála.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Mannanöfn, 1. umr.*

Frv. BIH o.fl., 339. mál (afnám mannanafnanefndar). — Þskj. 362.

[17:31]

**Flm. (Björn Ingi Hrafnsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Ólafur Jónsson og Sæunn Stefánsdóttir.

Fyrir einstökum breytingum er gerð nánari grein í frumvarpinu en þær ganga einkum út á að leggja niður svokallaða mannanafnanefnd og þar með þá skrá sem sú nefnd heldur úti sem er svokölluð mannanafnaskrá. Þetta þýðir breytingar á 3. gr. núgildandi laga, þ.e. að 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. falli brott. Einnig er breyting í 2. og 3. gr. frumvarpsins á 8. og 13. gr. laganna, þar sem orðið dómsmálaráðherra kemur í stað „mannanafnanefndar".

Í greinargerð með frumvarpinu segir að nafn manna hafi löngum verið talið einn mikilvægasti þáttur sjálfsmyndar þeirra og margir hafi litið svo á að það varðaði fremur einkahagi fólks og persónurétt þess en hagsmuni alls almennings. Enn á við það sjónarmið fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra, Þorsteins Pálssonar, sem kom fram við setningu mannanafnalaga á sínum tíma, þ.e. þeirrar breytingar sem var gerð á þeim, að þótt brýnt sé að sjálfsögðu að unnið sé að varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra *nafnasiða sé yfirleitt farsælla að vinna að því* markmiði með fræðslu og upplýsingu en með beinu lagaboði.

Þetta frumvarp er samið með það í huga að réttur foreldra til að ráða nafni barns síns sé mikill og óumdeildur, en veikari stoðir standi undir beinum afskiptum ríkisins eða löggjafans af slíkum ákvörðunum. Þá er þess og að geta að núgildandi lög hafa sætt mikilli gagnrýni, einkum hvað varðar mannanafnanefnd og úrskurði hennar. Þess eru jafnvel dæmi að nöfnum hafi verið hafnað, enda þótt þau eigi sér langa sögu í íslensku samfélagi og tungu og hafi jafnvel tíðkast innan sömu fjölskyldu í margar kynslóðir. Hefur þetta orðið tilefni mikilla sárinda og deilna, svo sem ítarlega hefur verið greint frá á opinberum vettvangi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að mannanafnanefnd verði lögð niður og öll ákvæði um hana felld brott úr lögum um mannanöfn, nr. 45/1996. Lögboðið hlutverk mannanafnanefndar verði flutt til dómsmálaráðherra sem fer með mál er varða mannanöfn, sbr. 27. gr. laganna, og það verði hlutverk hans að skera úr álitamálum sem upp kunna að koma í sambandi við nafngiftir, nafnritun o.fl. Jafnframt verði mannanafnaskrá sem mannanafnanefnd hefur samið og gefið út lögð niður.

Markmið frumvarpsins er að undirstrika þá meginreglu, *og það er rétt að undirstrika það varðandi ákvæðið um hlut-*

verk hæstv. dómsmálaráðherra, varðandi nöfn og nafngiftir fólks að almennt skuli gert ráð fyrir að nöfn séu leyfð og aðeins sérstakar aðstæður í undantekningartilfellum geti orðið til þess að ríkisvaldið komi í veg fyrir slíkt. Slíkar aðstæður geti t.d. verið hreinar nafnleysur eða að ljóst sé að nafn geti orðið nafnbera til ama, samanber ákvæði núgildandi laga.

Helstu verkefni mannanafnanefndar sem nú starfar, eru þessi:

1. Að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem teljast heimil skv. 5. og 6. gr. laga um mannanöfn og er hún nefnd mannanafnaskrá.

2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Þjóðskrá, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Úrskurðum mannanafnanefndar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds.

Með því að mannanafnanefndin verði lögð niður hættir hið opinbera að gefa út samræmda skrá yfir þau nöfn sem unnt er að gefa einstaklingum hér á landi. En áfram verði þó í gildi meginreglur um fullt nafn, eiginnöfn, millinöfn, kenninöfn og nafngjöf, svo og reglur um nafnrétt manna af erlendum uppruna, nafnbreytingar og skráningu og notkun nafns.

Nöfn Íslendinga og málefni mannanafnanefndar eru ekki komin til umræðu hér í fyrsta sinn í sölum hv. Alþingis. Um þetta hefur verið rætt margsinnis á undanförnum árum. Það má þó segja hv. Alþingi til hróss að með breytingum sem gerðar voru á lögunum síðast árið 1996 voru sniðnir af vankantar sem höfðu valdið miklum deilum og að einhverju leyti má segja að minni styr hafi staðið um störf mannanafnanefndar síðan en þó eru þess ýmis dæmi að úrskurðir nefndarinnar hafi valdið mikilli fjölmiðlaumfjöllun. Síðan þetta frumvarp kom fram hér á hv. Alþingi og frá því var sagt í fjölmiðlum hefur sá sem hér stendur fengið ótölulegan fjölda af bréfum sem fela í sér reynslusögur einstaklinga af samskiptum sínum við nefndina. Sömuleiðis hef ég heyrt í fjölmörgum sem annaðhvort eru mjög sammála þessu frumvarpi eða þá hitt að þeir finna því allt til foráttu. Það er auðvitað fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að fólk hafi um þetta mismunandi skoðanir.

Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur flutti í Norræna húsinu erindi um mál valdsins og vald málsins í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands í janúar á síðasta ári. Þar var m.a. fjallað um mannanafnanefnd, lögin um mannanöfn og með dálítið sögulegan bakgrunn og langar mig að víkja aðeins að þeim þáttum. Einnig vil ég gera grein fyrir nokkrum af þeim sjónarmiðum sem hafa komið fram í bréfum sem mér hafa borist eftir að þetta frumvarp var lagt fram og í lokin mun ég nefna nokkur dæmi um nöfn, bæði um nöfn sem hefur verið hafnað og sem hafa verið leyfð.

En fyrst úr erindi Hallfríðar Þórarinsdóttur, með leyfi forseta:

„Í fyrrnefndu bréfi til Morgunblaðsins fimmtudaginn 20. janúar 2005 sem bar yfirskriftina „Geðþóttaákvarðanir“ eða mannréttindabrot? er bréfritari, Guðborg Auður Guðjónsdóttir, ósátt við að mannanafnanefnd hafi hafnað nafninu Annalísa í einu nafni sem hún og eiginmaður hennar höfðu valið á dóttur sína. Nafnið uppfyllti ekki skilyrði. Hún spyr hvort foreldrum sé ekki treystandi fyrir því að gefa börnum sínum nafn. Hún velti líka fyrir sér hvernig valið er í mannanafnanefndina, hver tilgangurinn sé með lögunum og hvort þau standist fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu.

Skemmst er að minnast þess að Þorgeir heitinn Þorgeirson rithöfundur stóð í áralöngu stappi við yfirvöld um fá að fella niður eignarfalls-ess í föðurnafni sínu. Eftir nær sjö ára þóf í kerfinu fékk Þorgeir loks boðsent bréf frá sjálfum forsætisráðherra, daginn fyrir þingkosningar vorið 1999, þar sem honum var heimilað að fella essið niður. Forsendu þess að hann hafnaði eignarfallinu í kenninafni sínu byggði Þorgeir á því að samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna væru börn ekki eign foreldra sinna.

„Persónulega hef ég fengið aftur full réttindi,“ sagði Þorgeir í samtali við Morgunblaðið, 19. maí 1999. „En hitt er annað mál að þeir vankantar á kerfinu og það miðaldafyrirkomulag, sem er í kringum þessi mannanafnalög í vörslu þjóðskrár, er óleyst eftir sem áður. Hagstofan hefur ekki bara ráðuneytisvald, hún hefur kansellívald eins og var hérna í konungsríki. Hún setur lög, ákveður hegningar og framfylgir þeim.““

Þorgeir fékk síðan nafni sínu breytt í þjóðskrá 6. maí 1999, talsverðu eftir að lögum um mannanöfn var síðast breytt af hv. Alþingi.

„Þorgeir sagði að þjóðin væri nánast þrautpínd undir þessum lögum um einkamál sín án þess að aðhafast. „Þetta er hinn sanni hundatamningaskóli, sem allir eru aldir upp við, og þeir, sem hafa farið af stað hafa flestir gefist upp af því að það er svo erfitt við það að eiga,“ sagði hann. „Þetta er absolútt vald, sem þessi stofnun hefur.“ Lög um mannanöfn, þar sem einum er leyft það sem öðrum er bannað eru lifandi dæmi um bæði það sem Bourdieu kallar „táknrænt vald“ og „táknrænt kapítal“ jafnframt því að vera ákaflega skýrt dæmi um vettvang átaka á tilteknu sviði innan menningarinnar.“

Í þessum fyrirlestri var einnig fjallað um sögulegan bakgrunn nefndarinnar sem slíkrar og dregið sérstaklega fram, sem hefur svo sem verið gert áður á opinberum vettvangi og líka í tengslum við þetta frumvarp, að fátt sé persónulegra en nafnið manns og fáir munu draga í efa vægi nafns í sjálfsímynd sérhverrar manneskju, nafnið sé því samofið persónu hennar. Það er mismunandi frá einu ríki til annars hvort sett eru lög og reglur um nafngiftir en hér á landi er val á mannanöfnum háð lagalegum stuðningi yfirvalda og hluti af opinberri málstefnu og hefur mönnum þess vegna sýnst sitt hvað um þá tillögu.

Sama gildir um breytingar á nafni manns, þær eru líka háðar lögum og samþykki yfirvalda og verður einstaklingur að vera orðinn lögráða til að breyta nafni sínu. Breytingar, hvort heldur á eiginnafni, millinafni eða kenninafni, eru aðeins leyfðar einu sinni nema í algjörum undantekningartilfellum. Og eins og alkunna er verður nafn að vera á mannanafnalista til að fá skráningu í þjóðskrá. Sé nafnið ekki á listanum vísar þjóðskrá málinu til mannanafnanefndar.

Nefndin er skipuð af dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fer m.a. með lögformlegt vald til að samþykkja eða synja beiðnum um íslensk mannanöfn. Nefndin skal samkvæmt lögum semja skrá um eiginnöfn og millinöfn, svokallaða mannanafnaskrá. Þessa skrá ber nefndinni að endurskoða eftir þörfum og gefa út í heild ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Í nefndinni sitja þrír fulltrúar, einn er skipaður að fenginni tillögu heimspekideildar Háskóla Íslands, einn er skipaður að fenginni tillögu lagadeildar háskólans, einn er skipaður að fenginni tillögu Íslenskrar málnefndar. Nefndin samþykkir eða synjar eins og áður sagði beiðnum um íslensk mannanöfn séu þau ekki þegar á skrá. Úrskurðum mannanafnanefndar er ekki unnt að skjóta til æðra dómsvalds. Í nafnalögum er kveðið á um dagsektir að upphæð 1.000 kr. hafi barni ekki verið gefið nafn sem tilheyrir nafnaskrá. Nefndin skal birta niðurstöður úrskurða sinna árlega.

Í fyrirlestri sínum benti mannfræðingurinn sömuleiðis á að annars staðar, t.d. eins og í Bretlandi og Bandaríkjunum, séu nafngiftir ekki háðar lagasetningum. Sú hefð byggi á fordæmisrétti eða Common Law og eigi uppruna sinn í Englandi. Íslensk mannanafnalög byggi hins vegar að sumu leyti á gömlum hefðum meðan aðrir þættir þeirra eigi sér ekki eins djúpar rætur. Til dæmis sé föðurnafnahefðin ævagömul og vegna hennar hefur það ekki tíðkast eins og víða annars staðar að konur skipti um nafn við giftingu.

Það er líka kunnara en frá þurfi að segja að nafngiftir og nafnahefðir eru mismunandi frá einu tungumáli til annars, einni menningu til annarrar og vissulega frá einu tímaskeiði til annars. Svo má bæta því við að það sem einum finnst smekklegt finnst öðrum ósmekklegt og um það eru fjölmörg dæmi sem ég mun kannski fara betur yfir hér á eftir.

Með þessari samantekt á erindi mannfræðingsins, sem var miklu lengra og ítarlegra og heilmiklar umræður sem spunnust um það, vildi ég aðeins geta þess að það er búið að deila um þetta mál árum og jafnvel áratugum saman. Það var sérstaklega fróðlegt að lesa þær þingræður sem haldnar voru bæði hér 1996 þegar lögum var breytt, 1991 held ég að það hafi verið þar áður, og kemur í ljós að þingmenn höfðu á þessu mjög miklar skoðanir og sömuleiðis hefur sá sem hér stendur átt samtöl við fjölmarga presta á undanförnum dögum og vikum sem kannski hafa sérstaklega sterka skoðun á þessu máli, hafa skotið nöfnum og nafnhugmyndum til mannanafnanefndar. Sumir þeirra eru mjög hrifnir af þessari hugmynd, m.a. séra Baldur Kristjánsson í Þorlákshöfn, sem fagnaði þessu frumvarpi sérstaklega á vef sínum í gær, eins og getið hefur verið um í fjölmiðlum. Baldur var áður biskupsritari og ætti að vita sitthvað um þessa hefð og hlutverk mannanafnanefndar.

Hæstv. forseti. Ég vísaði til þess áðan að ég hefði fengið ýmis erindi eftir að þetta frumvarp kom til sögunnar og langar mig til að lesa hér upp úr þremur þeirra. Það er að sjálfsögðu ekki tæmandi en gefur ákveðna mynd. Tvö þeirra eru í sjálfu sér sammála frumvarpinu og það þriðja reyndar líka en það tekur til þáttar sem reyndar er ekki í þessu frumvarpi og fjallar um ættarnöfn sem eru bönnuð, þ.e. að samkvæmt íslenskum lögum er bannað taka upp ný ættarnöfn, og ekki er tekið á í þessu frumvarpi. Mér fannst erindið í sjálfu sér það athyglisvert að ég taldi að það ætti heima í þessari umræðu. Ég tek fram að óskað hefur verið eftir leyfi frá þessum bréfriturum til að birta þetta opinberlega þannig að það er ekki gert í óþökk þeirra. Með leyfi forseta, þá er hér bréf frá Ingu Rós Antoníusdóttur þar sem segir:

„Þú auglýsir á bloggi þínu eftir skoðunum á afnámi mannanafnanefndar og verð ég endilega að tjá mig. Endilega afnemið þessa „merku stofnun" og treystið fólki til þess að velja nöfn á börnin sín. Fá, ef nokkur, haldbær rök virðast mæla með tilvist mannanafnanefndar. Fólk velur þau nöfn á börn sín sem þeim þykir falleg. Aldrei hef ég heyrt um neinn sem hefur valið nafn, sem öðrum þykir kannski ljótt, af einskærri illkvittni. Börn verða ekkert frekar lögð í einelti út af nöfnum sínum en öðru. Nafnahefð er hvort sem er að breytast. Fólk er ekki lengur haldið jafnmikilli áráttu og áður fyrr til þess að skíra eftir eða í höfuðið á ættingjum eða vinum. Hlutfall innflytjenda hefur aukist til muna og með þeim hefur nafnaflóran breyst auk þess sem íslenskun á erlendum nöfnum hefur verið vinsæl undanfarin ár.

Ekki má svo gleyma því að nöfn sem mörgum þykja nýstárleg og útlenskuleg eru gömul og gild nöfn í íslenskum nafnaskrám á meðan nöfn sem þykja hefðbundin íslensk nöfn eru kannski frekar ný af nálinni. Get ég nefnt dæmi um tvö nöfn barna minna, Antonius og Hrafnhildur. Antonius þykir mörgum skrýtið og útlent og spyrja jafnvel hvort barnið hafi fengið það nafn bara til að vera öðruvísi. Fólki þykir nafnið Hrafnhildur hins vegar gamalt og gott íslenskt nafn. Staðreyndin er sú að Antonius hefur verið til í margar aldir á Íslandi á meðan Hrafnhildur er frá fyrri hluta síðustu aldar.

Ef leyfilegt er að skíra Vísa Skuld, Ljótur Ormur, Hreinn Bolli o.s.frv. samkvæmt mannanafnanefnd þá geta nöfnin sem foreldrar vilja gefa börnum sínum varla verið verri.

Kveðja, Inga Rós Antoníusdóttir."

Annað erindi er frá Björk Eiðsdóttur sem býr í Bandaríkjunum. Hún segir, með leyfi forseta:

„Komdu sæll, Björn Ingi. Eftir að hafa kynnt mér frumvarp þitt og fleira varðandi aflagningu mannanafnanefndar og einnig hlýtt á viðtal við þig í Reykjavík síðdegis fann ég mig knúna til að senda þér línu til að lýsa yfir ánægju minni yfir því að þið skulið vekja athygli á þessu máli. Ég er móðir 9 ára stúlku sem heitir Blær, reyndar í þjóðskrá heitir hún enn bara Stúlka. En hún var skírð í góðri trú um að ekkert athugavert væri við nafnið, enda hafði ég fengið hugmyndina að því úr Brekkukotsannál Halldórs Laxness en þar er það einmitt kvenmannsnafn. Presturinn gerði enga athugasemd við nafnið þegar ég ræddi við hann fyrir athöfnina og heyrðust fyrst einhverjar athugasemdir rúmri viku eftir að stúlkan var skírð. Sagðist prestur þá hafa gert mistök og bauð okkur að velja annað nafn. Það segir sig væntanlega sjálft að það hvarflaði ekki að okkur að breyta nafninu.

Málið fór fyrir þáverandi mannanafnanefnd sem um leið hafnaði beiðninni á grundvelli þess að nafnið hefði verið skráð sem karlmannsnafn og ekki mættu kvenmaður og karlmaður bera sama eiginnafn. Nú spyr ég mig hvers

vegna Blær var skráð sem karlmannsnafn þegar stúlka bar það ein manna í þjóðskrá á þeim tíma. Rök nefndarinnar voru þau að nafnorðið blær væri karlkyns en þá má segja á móti að nafnorðin auður og ilmur séu karlkyns meðan nöfnin eru kvenkyns. Sérstök beyging fylgir kvenmannsnafninu Blær, Blæ, Blævi, Blævar, og því auðheyrt hvort um er að ræða kvenmann eða karlmann.

Áður en að skírninni kom hafði ég samband við málfarsráðunaut Ríkisútvarpsins til að fullvissa mig um rétta beygingu nafnsins. Ekki stóð á svörunum þar en þó er nafnið ómögulegt í eyrum mannanafnanefndar. Mín samskipti við þáverandi mannanafnanefnd voru heldur betur endaslepp. Þegar ég ræddi við fyrrverandi formann voru svörin hans á þá leið hvort ég vildi ekki bara skíra dóttur mína Guðmund þar sem ég væri svona hrifin af karlmannsnöfnum. Þegar ég svo útskýrði að presturinn hefði aldrei tjáð mér að nafnið væri ekki á skrá og hvort ekki væri hægt að leysa málið einhvern veginn fyrst svo væri komið, barnið skírt o.s.frv., svaraði hann með því að spyrja mig hvort ég vildi ekki bara aka yfir á rauðu ljósi og spyrja svo lögregluþjóninn hvort hann væri ekki til í að beygja lögin aðeins þar sem þetta væri búið og gert. Þegar ég svo minntist á að stúlka á þrítugsaldri héti þessu nafni á undan nokkrum dreng svaraði hann því að þó að mistök hafi verið gerð fyrir einhverjum árum væri ekki ástæða til að endurtaka þau.

Finnst mér heldur hart að foreldri, sem lætur skíra barn sitt í góðri trú án þess að nokkur hafi bent því á að ráðfæra sig við einn eða neinn varðandi nafngiftina, fái slík svör. Ekki er hægt að skjóta úrskurði mannanafnanefndar fyrir neinn æðri dómstól og hef ég reynt að fá áheyrn fyrrverandi forsætis- og dómsmálaráðherra auk biskups en talað fyrir daufum eyrum þar sem þessi nefnd virðist vera alvöld til að ákveða hvað dóttir mín megi heita eða ekki heita.

Því fagna ég að þið skulið hafa sýnt þessu máli áhuga því að a.m.k. í tilfelli dóttur minnar er einungis um smekksmál að ræða og hefði önnur nefnd auðveldlega getað komist að annarri niðurstöðu. Það er einfaldlega mannréttindamál að fá að ráða nafni barns síns sjálfur án geðþóttaákvarðana aðila settra nefnda.

Með kveðju og von um gott gengi frumvarpsins.

Björk Eiðsdóttir, Pepper Tree Inn í Montgomery í Bandaríkjunum."

Þar kemur kannski skýringin á því af hverju dóttir hennar heitir enn þá Blær án þess að það sé viðurkennt í þjóðskrá, hún býr sem sé erlendis. Það er væntanlega ein leið til þess að komast hjá því.

Þriðja erindið, með leyfi forseta, kemur frá Aðalsteini Leifssyni, lektor í Háskólanum í Reykjavík, og það snýr að ættarnöfnum:

„Sæll, Björn Ingi. Konan mín og ég höfum búið töluvert í útlöndum og við eigum eitt barn sem fæddist á Íslandi, annað í Noregi og hið þriðja í Belgíu. Nýlega þegar við áttum leið um erlendan flugvöll með börnin vorum við hjónin stöðvuð þrisvar sinnum, vegabréfin grandskoðuð og tvisvar flett upp í gagnagrunni. Ástæðan var sú að ég hef eitt eftirnafn, Leifsson, konan mín annað, Jónsdóttir, stúlkurnar hið þriðja, Aðalsteinsdóttir, og drengurinn fjórða, Aðalsteinsson. Hvers vegna voru karl og kona, ógift, að ferðast með þrjú börn sem ekki eru skyld þeim? Eftirlitsfólkinu fannst þetta grunsamlegt og miðað við fréttir af barnaránum er erfitt að agnúast út í þetta ágæta fólk sem er að sinna starfi sínu. Ég hef ekki tölu á þeim skiptum sem ég hef þurft að útskýra íslenskt nafnakerfi fyrir útlendingum, erfiðast á ég með að útskýra af hverju sumir mega nota eftirnöfn (afkomendur aðalsins, sem þá var og hét,) og útlendingar mega halda sínum eftirnöfnum en öllum öðrum er bannað með lögum að nota eða taka upp eftirnafn, sbr. 8. gr. laga um mannanöfn. Þetta ákvæði setur óþolandi takmörk á frelsi meginþorra Íslendinga meðan lítill hópur fólks nýtur þeirra forréttinda að geta valið um það hvort nota eigi ættarnöfn eða ekki."

Aðalsteinn segir í bréfi sínu að sér þætti eðlilegt og skynsamlegt að afnema þetta ákvæði og gefa fólki frelsi til að taka upp ættarnöfn ef það óskar þess.

„Ef fólk er sátt við það og vill halda í það mannanafnakerfi sem fyrir er þá gerir fólk það. Þeir sem það vilja, til að mynda vegna þess að þeir eru búsettir í útlöndum að miklu leyti, geta þá tekið upp ættarnafn sem kemur í stað nafns föður/móður sem kenninafn eða sem kemur til viðbótar við það. Það er hins vegar óþolandi ástand að meginþorra fólks skuli vera bannað að taka upp ættarnafn á meðan aðrar reglur gilda um afkomendur gamla aðalsins" — eins og Aðalsteinn segir — „og fólk frá útlöndum sem kýs að taka íslenskt ríkisfang. Í umræðum í framtíðinni máttu gjarnan bæta frelsi til þess að velja sér kenninöfn við tillögu um frelsi fólks til þess að velja sér eiginnöfn."

Mannanafnanefnd hefur auðvitað gert ýmislegt þarft, ég skal alveg viðurkenna það, og hafnað nöfnum sem mörgum finnst kannski ekki passa. Þó eru fjölmörg dæmi um nöfn sem hefur verið hafnað, þar sem skýtur skökku við, og í útvarpsþætti einum í vikunni ræddi ég einmitt við Baldur Sigurðsson, nefndarmann í nefndinni, og þá viðurkenndi hann reyndar að t.d. þetta dæmi um nafnið Blær væri kannski ágætt dæmi um smekk sem gæti valdið sárindum. Ég þekki annan mann sem heitir Jakob Bjarnar og starfar sem blaðamaður. Hann hefur komist að því sér til undrunar að millinafnið Bjarnar hefur verið bannað. Það er ósköp erfitt að útskýra það fyrir fólki sem heitir þessum nöfnum. Sömuleiðis er nýbúið að banna millinafnið Múli, en það vill svo til að það er líklega eitt þekktasta millinafn í íslenskri tungu og tilheyrir frægum útvarpsmanni.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, hæstv. forseti. Ég gæti gert það, ég er hér með heilmiklar heimildir, bréf og dæmi úr umræðum á þingi á sínum tíma, en ég hef skilning á því að fleiri vilji komast að. Ég þakka fyrir að fá þetta tækifæri til að mæla fyrir þessu frumvarpi á hv. Alþingi, og legg auðvitað til að það verði samþykkt, en vísa því til hv. allsherjarnefndar sem væntanlega fær slík mál til meðferðar.

[17:55]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég þakka flutningsmanni þessa þingmáls, hv. þm. Birni Inga Hrafnssyni, fyrir að vekja máls á því að tími er kominn til að Alþingi skoði á ný lög um mannanöfn. Ég verð að viðurkenna að ég hef hugleitt þetta frá því að ég kom á þingið, sem er ekkert óskaplega langt síðan, og kannski ímyndað mér að sá ráðherra sem þetta heyrir undir, hæstv. dómsmálaráðherra, mundi annast þessa endurskoðun

eða hefja máls á henni vegna þeirra tíðinda sem orðið hafa í tíð hans sem ráðherra.

Það gerðist m.a. að mannanafnanefnd sagði af sér fyrir nokkrum árum vegna afskipta ráðuneytisins af störfum hennar og ný tók við sem tók upp aðeins aðra stefnu að því er ég held. Ég hef þó ekki lagst ofan í það. Síðan hafa verið, eins og flutningsmaður benti réttilega á, ýmsar fréttir af mannanafnanefnd og mannanafnalögum og heyrst ýmiss konar gagnrýni sem, eins og eðlilegt er, hefur beinst að einstökum ákvörðunum nefndarinnar en síður komist á þann stað að fjalla um mannanafnalögin sjálf.

Þar þarf að taka ýmsa þætti inn í. Eins og nefnt hefur verið er auðvitað sjálfsagt að foreldrar ráði nöfnum barna sinna. Það er sú venja sem við höfum úr grárri forneskju þegar um foreldra er að ræða. Líka hefur verið talin ástæða til þess síðan lög voru sett í nútímasamfélagi að samfélagið, samkvæmt þeirri reglu að það þurfi þorp til að ala upp barn, geti gripið inn í slíka nafngjöf ef ami er að eða hætt við að barnið standi ekki undir nafni með einhverjum hætti.

Hér á Íslandi, og ég hygg víðar án þess að geta mjög vandlega skýrt frá því, hefur líka verið talið að nafnaforðinn væri partur af menningu landsins og að samfélaginu væri rétt og skylt að vernda hann og þróa með nokkrum hætti til þess að ekki yrðu kollsteypur í nafnvenjum sem rýrðu menningarlegt gildi nafnaforðans. Öll þessi sjónarmið hygg ég að eigi rétt á sér. Síðan er auðvitað spurning hvernig menn vilja fara að, hvort menn vilja hafa í svolítið gömlum stíl strangar reglur um nafngjöf eða hvort menn vilja beita fræðslu, og áróðri jafnvel, í þessu máli.

Þetta er löng saga og ég ætla ekki að ræða hana hér, bæði nafnasagan sjálf — við erum svo heppin að hafa hér innan húss annan af tveimur höfundum fræðirits um þetta efni, Sigurð Jónsson frá Arnarvatni. Hann gaf ásamt Guðrúnu Kvaran út bókina Íslensk nöfn fyrir svona 10 árum. Við gætum spurt hann. Hann getur því miður ekki komið í stólinn en er fróður um þetta — og síðan er auðvitað saga þessara nafnalaga nokkuð löng líka og mikið hefur verið rifist um nöfn hér á þinginu.

Ég frétti af því að hv. þm. Björn Ingi Hrafnsson ætlaði að bera fram þetta mál og var spenntur að sjá það. Ég verð að vísu að viðurkenna að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum þegar ég sá málið sjálft vegna þess sem flutningsmaður hefur sagt um málið í fjölmiðlum — málið hefur vakið athygli fjölmiðla sem von er og ég óska þingmanninum til hamingju með að hafa fengið þá fjölmiðlaathygli sem raun ber vitni — og þess sem hann sagði hér t.d. í ræðustólnum, en þessa sér ekki stað í frumvarpinu. Frumvarp þingmannsins er þannig að í öllum greinum gengur það út á að leggja niður mannanafnanefnd, fela vald hennar dómsmálaráðherra og fleygja þeirri mannanafnaskrá sem henni var falið að koma upp og varðveita.

Ef Alþingi samþykkti þetta frumvarp óbreytt stæðu eftir reglur 1. gr. laganna um fjölda nafna sem leyfilegt er að bera og um gerð þeirra nafna sem menn geta borið á Íslandi og ákvæði 8. gr. um bann við ættarnöfnum.

Einmitt ættarnöfnin hafa valdið miklum deilum á landinu. Ef ég man rétt fjallaði verulegur hluti fyrirlestrar Hallfríðar Þórarinsdóttur um mál og vald einmitt um ættarnöfnin. Ég var henni að vísu ekki sammála í þeirri röksemdafærslu sem hún var með þar en virði þó bæði fræði hennar og skoðanir. Ég tel að þær hafi auðgað umræðuna um íslenskt mál og íslenska menningu hér á undanförnum árum.

Ég er hins vegar kominn að þeirri niðurstöðu sjálfur í þessum ættarnafnamálum að núverandi ástand sé ekki gott, það sé ekki við það unandi að sumir megi bera hin gömlu ættarnöfn sín og síðan þeir Íslendingar sem bætast við þjóðina en aðrir geti ekki haft ættarnöfn. Ég tel að við eigum að leggja niður þetta bann við ættarnöfnum og láta á það reyna hreinlega hvernig menn taka því. Ef gamla kenninafnakerfið tapar þeirri orrustu þá verður að hafa það. Ég hef enga trú á því að það geri það vegna þess að ég held að þjóðin sé í heildina stolt af kenninöfnum sínum og ég tek eftir að margir þeir sem ættarnöfn bera nota kenninafnið jafnframt.

Forseti. Um þetta er hins vegar ekkert fjallað í frumvarpinu. Gömlu ákvæðin í 8. gr. um ættarnöfnin, að sumir megi bera þau og aðrir ekki, standa eftir. Hið sama er líka að segja um skilyrði þau sem nafn þarf að sæta til að íslenskur maður megi bera það. Því er ekki breytt í þessu frumvarpi. Það nafn skal taka íslenska eignarfallsendingu. Það skal hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það skal samræmast íslensku málkerfi. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls.

Vegna þess að hér var rætt um nafnið Blær — og ég kem líka örlítið við þá sögu sem móðurbróðir stúlku sem kallar sig Þuríði Blæ en er þó aðeins skráð Þuríður — er um það að segja að frumvarp hv. þingmanns bjargar hvorki ætt minni né konunnar sem skrifaði frá Ameríku í þessu máli. Eftir stendur það ákvæði að stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn sem er það ákvæði sem mannanafnanefndin studdi sig við í þessu efni og hefur haldið fram æ síðan að gildi um þetta nafn. Ég er að vísu ekki sammála því vegna þess að ég tel að hér sé sjálfsögð sú túlkun að um tvö nöfn sé að ræða með sameiginlega nefnifallsmynd. En hv. þingmaður kemur okkur ekkert til hjálpar í þessu efni.

Hið sama er að segja um millinöfn og önnur ákvæði frumvarpsins, kenninöfn og nafnrétt manna af erlendum uppruna. Allt stendur þetta, og mannanafnalögin breytast í raun og veru ekki nema að því einu leyti að hlutverk mannanafnanefndar er falið dómsmálaráðherra. Það má vekja athygli á því að sá galli sem menn hafa kallað hér mannréttindabrot, að ekki sé hægt að áfrýja úrskurði mannanafnanefndar, stendur eftir. Það er bara dómsmálaráðherra sem á að taka þá ákvörðun sem mannanafnanefnd tekur nú, og þeim úrskurði sem dómsmálaráðherra fellir í þessu efni yrði ekki hægt að áfrýja.

Þetta þykir mér miður vegna þess að rökstuðningur og málflutningur hv. þingmanns um þetta frumvarp sitt passar ekki við frumvarpið sjálft. Ég veit ekki hverju gegnir en það er svo. Síðan er á það að líta hvernig þetta muni verða ef frumvarpið verður samþykkt.

Þá sýnist mér, forseti, að þetta muni verða þannig að dómsmálaráðherra þarf, á sama hátt og mannanafnanefnd nú, að fylgja ákvæðum laga. Til þess eru lög að þeim sé fylgt og ég geri ekki ráð fyrir því að flutningsmaður vilji kasta lögunum því að hann leggur til að þau séu óbreytt áfram í meginatriðum. Dómsmálaráðherra þarf þess vegna að úrskurða um vafatilvik í þessu dæmi. Hann þarf að vísu

að gera það án þess að hafa mannanafnaskrá við höndina en hann verður að líta á t.d. eignarfallsendingar, á hefðina, málkerfið og ritreglurnar. Hann verður að skoða hvað nöfnin eru mörg. Hann verður að skoða í hvaða formi þau eru, hvernig ættarnafnið lítur út og hvernig millinafnið er. Hann verður að hlíta í úrskurðum sínum því banni við nýjum ættarnöfnum sem hér er tiltekið í lögunum og ég tel m.a. að við ættum að breyta.

Dómsmálaráðherra þarf sem sé að gera allt það sem mannanafnanefndin gerir nú. Það er eðlilegt að álykta, af því að dómsmálaráðherrar eru yfirleitt engir asnar, hvað sem um þá má segja að öðru leyti, að dómsmálaráðherra muni ekki gera þetta að eins konar tómstundagamni á kvöldin heima hjá sér, heldur muni hann setja þetta starf á einhverja af skrifstofum ráðuneytisins, fela það ákveðnum mönnum. Vegna þess að hin faglega hæfni á þessu sviði er takmörkuð í dómsmálaráðuneytinu er eðlilegt að hann komi sér upp einhvers konar hópi manna, annaðhvort í ráðuneytinu eða í tengslum við ráðuneytið eða jafnvel kaupi þá vinnu af einhverjum, segjum hinni nýju Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, til þess að fella þessa úrskurði fyrir sig, til að gera tillögu til sín um það hvernig þessir úrskurðir eiga að vera.

Slík nefnd mundi væntanlega koma sér fljótlega upp skrá um mannanöfn þó að hún væri ekki opinber eða lögfest til þess að miða við. Væntanlega mundi dómsmálaráðuneytið birta þá skrá mönnum til leiðbeiningar á heimasíðu sinni og láta hana liggja frammi í ráðuneytinu. Þegar upp yrði staðið yrði þetta þannig að til yrði ný mannanafnanefnd með nýrri mannanafnaskrá og ekkert hefði breyst nema það að dómsmálaráðherra mundi þurfa að taka að sér hina sáru úrskurði og viðkvæmu sem mannanafnanefnd þó annast nú.

Ég verð að segja það, forseti, að mér kemur þetta svolítið á óvart vegna þess að ég tel ástæðu til breytinga á þessum lögum. Ég hef heyrt í mönnum í mannanafnanefnd rétt eins og hv. flutningsmaður. Þeir segja það, bæði fyrr og síðar, að lögin séu að vísu mjög rökleg en það sé ekki þægilegt að vinna eftir þeim, þar komi lítið mat til greina og þær ákvarðanir sem mönnum hafa þótt hlálegastar séu beint runnar undan rifjum laganna sjálfra.

Við getum haldið okkur við dæmið um Múla, eða myndina Múli sem ekki er tekin sem millinafn. Amast hefur verið við þessu nafni vegna þess að það uppfyllir ekki þau ákvæði laganna — ekki mannanafnanefndar — sem alþingismenn settu hér að millinafn skuli ekki hafa nefnifallsendingu. Það er bannað í lögunum að þau hafi nefnifallsendingu. Af hverju? Ég veit það ekki. Við skulum leita til 1996 eða 1991 til að athuga það. En það eru lögin sem segja það.

Það eru líka lögin sem tiltaka ákveðna hefð. Mannanafnanefndin hefur túlkað þá hefð. Við getum verið ósammála eða sammála þeirri túlkun en henni er falið að túlka þá hefð og setja þá hefð niður í reglur. Það eru líka lögin sem ákvarða, eðlilega, að nafn skuli samræmast málkerfinu og hefðum og venjum í réttritun. Dómsmálaráðherra eða mannanafnanefnd hans mundi halda áfram að búa sér til einhverja viðmiðun, annaðhvort þá sömu og mannanafnanefndin núna hefur eða þá einhverja aðra, um öll þessi atriði.

Ég hef ekki ráðrúm eða tíma til að fara í gegnum það hvað mér fyndist heppilegast í þessu og kannski er ekki æskilegt að einstakir þingmenn tjái sig um það því að þetta er mál sem — og ég þakka hv. þingmanninum aftur fyrir að hafa vakið máls á því, vakið það upp hér í þinginu — þarf góða yfirferð þar sem tekið er tillit til allra sjónarmiða og skoðaðar allar lausnir, allt frá smávægilegum breytingum á núverandi lögum til þeirrar lausnar sem djarft væri að koma fram með í þinginu, sem væri sú að gefa þetta algjörlega frjálst, afnema lögin um mannanöfn og hafa þá þær einar reglur í gildi sem Þjóðskráin mundi væntanlega setja sér, sennilega þannig að íslenskt mannsnafn yrði að vera ekki meira en 200 stafir með bilum. Það gæti að öðru leyti litið út eins og hver einn vildi nema það væri notað latínuletur, hugsanlega að viðbættum tölustöfum. Það er allt hugsanlegt í þessu. Hið algjörlega frelsi væri sem sé þetta.

Enginn hefur orðið svo djarfur að halda því fram hér en það er eitt af því sem við ættum að skoða hreinlega, hvort það er það sem við viljum. Þá mundum við gera það sem flutningsmaður vill, færa foreldrum og síðar nafnhöfum hið fullkomna frelsi til að nota þau nöfn sem hver vill.

Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég er, eins og hefur komið fram, þeirrar skoðunar að það eigi að færa þetta í frjálsræðisátt að einhverju leyti, eða losa um hömlur skulum við segja til þess að vera ekki með mjög gildishlaðin orð, m.a. í ættarnöfnunum. Ég tel líka að reglur um form nafna séu nú þegar það rúmar að einhver viðmiðun í því eða einhver mörk eða landamæri um millinafn og þess háttar séu kannski óþörf.

Ég held mig hins vegar við að það sé skynsamlegt — ég áskil mér rétt til að skipta um skoðun í því — að þessar þrjár reglur séu hafðar í heiðri, í fyrsta lagi sú að foreldrar ráði að sjálfsögðu nöfnum barna sinna, eða þeir aðrir sem teljast vera hæfilegir nafngjafar, þó þannig að börnin geti breytt þeim síðar á ævinni, í öðru lagi að samfélagið gangist við þeirri skyldu að annast tiltekna barnavernd líka í þessu efni og í þriðja lagi það að nöfn falli að málkerfi og réttritun þess tungumáls sem við tölum hér í landinu, er mál málanna, er að minnsta kosti fyrsta málið af nokkrum sem hér eru töluð og það mál sem hér á að vera opinbert.

Að lokum, ég fagna því enn einu sinni að þetta mál skuli koma upp og heiti því að halda því hér heitu með einhverjum hætti. Ég varð þó fyrir vonbrigðum með það frumvarp sem fyrir liggur.

[18:14]

**Flm. (Björn Ingi Hrafnsson):**

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að einhverjum kann að þykja of langt gengið með þessu frumvarpi og öðrum of skammt. En ég held að það sé ákveðinn misskilningur hjá hv. þingmanni að þetta kalli ekki á breytingar, t.d. fyrir umsækjendur um nafnið Blær. Það er ekkert kveðið á um það tiltekna nafn í lögum. Það var einungis þannig, sem er reyndar mjög tæknileg útskýring á því, að stúlka sem er nú á fertugsaldri heitir Blær og hefur heitið það frá fæðingu. En þegar síðasta breyting var gerð á lögum um mannanöfn varð til mannanafnaskrá. Eftir að sú skrá var gefin út þá var skráð þar karlmannsnafnið Blær.

Af þeirri tæknilegu ástæðu fæst núna ekki viðurkennt kvenmannsnafnið Blær þótt það hafi sannarlega komið á undan. Þetta er það sem er rakið í bréfi frá móður þessarar stúlku og reyndar tók Baldur Sigurðsson, sem á sæti í mannanafnanefnd, undir þetta í samtali á dögunum.

Hins vegar kann vel að vera, hæstv. forseti, að sníða megi ákveðna vankanta af þessu frumvarpi til að það falli betur að þeim áherslum sem komu fram í greinargerðinni. En það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að það kalli á að til verði eitthvað fyrirbæri í dómsmálaráðuneytinu sem geti kallast ígildi mannanafnanefndar og komið sér upp mannanafnaskrá þótt það sé í sjálfu sér bráðfyndin tilhugsun.

Málið er að í greinargerðinni er sérstaklega kveðið á um þann megintilgang, oft er litið til vilja löggjafans í þessum efnum, að meginreglan eigi að breytast, þ.e. að nú sé reglan sú að allt sem ekki er sérstaklega leyft sé bannað en þessu verði snúið við þannig að allt sem ekki er bannað verði leyft.

Ég held að þetta sé dálítið veigamikið atriði. Um leið og ekki er til fyrirbæri sem heitir mannanafnaskrá þá hlýtur frelsið að aukast. Ég skal viðurkenna að í fyrstu velti ég því fyrir mér að hafa frumvarpið með þeim hætti að það mundi afnema lögin alveg. En þeir lögfræðingar og sérfræðingar á þessu sviði sem ég ræddi við töldu breytingarákvæði í frumvarpinu nauðsynleg af praktískum ástæðum, m.a. út af samskiptum við Þjóðskrána. En það kann að vera rétt að þess þurfi ekki. Ég skal vera fyrstur til að viðurkenna að það geti tekið breytingum. Ég er fremur á því að þrátt fyrir allt séum ég og hv. þingmaður sammála um flesta hluti sem snúa að þessu máli. Það er síðan lagatæknilegt hvernig hægt er að koma því til skila. Þetta voru ráðleggingar sem *ég fékk, m.a. hjá lögfræðingum* Alþingis, að til þess að þetta mundi ganga upp gagnvart praktískri stöðu, þegar verið er að skíra börn og annað slíkt, væri betra að hafa þetta.

Ein hugmyndin sem kom upp hjá mér fyrstu stigum var einfaldlega að gera stutt lagafrumvarp sem gerði ráð fyrir *því að lög nr. 45 frá 1996 mundu falla niður.* En spurningin er, eins og hv. þingmaður nefndi, hvort það væri fullmikið „anarkí", svo ég sletti hæstv. forseti, og bara bundið af reglum Þjóðskrár um 200 stafa hámark og annað slíkt. Ég skal ekki um það segja hvort það mundi ganga upp.

*Það er rétt hjá hv. þingmanni að ekkert er kveðið á um* ættarnöfn í þessu frumvarpi. Ég rakti það að þetta tiltekna bréf sem ég las upp, frá Aðalsteini Leifssyni lektor, hefði vakið mig til umhugsunar um ættarnöfnin. Á því er alls ekki tekið í þessu frumvarpi. En ég lýsi mig sammála því *sem hv. þingmaður segir, að þegar ég er búinn velta því* fyrir mér er í raun ekki mikil sanngirni í að sumir geti verið með ættarnöfn en aðrir ekki. Við megum heldur ekki gleyma því að margir sem hafa flutt til útlanda í lengri eða skemmri tíma hafa afráðið, kannski ekki að taka upp ættarnöfn, *af því að þeir hafa ekki heimild til þess, að taka upp* einhvers konar nöfn til að hjálpa sér í samskiptum erlendis. Íslenska nafnakerfið er ekki alltaf þjált í þeim efnum.

Ég held að við getum verið sammála um margt, ég og hv. þingmaður. Ég fagna liðveislu hans af þeim augljósu *ástæðum að þetta er minn síðasti dagur í þinginu.* Ég á svo sem ekki von á því að verða hér tíður gestur. Ég fagna liðveislu hv. þingmanns og vonast til að hann haldi þessum kyndli á lofti í þinginu ásamt flutningsmönnum og öðrum sem hafa tjáð sig um þetta.

Ef niðurstaðan af þessu frumvarpi getur orðið til þess að þessum málum verði komið í breytt horf, þótt gerðar verði einhverjar breytingar á þessu frumvarpi, þá held ég að til mikils hafi verið barist. Ég vænti þess að hv. þingmaður og fleiri muni leggja mér og fleirum lið í þeim efnum.

[18:19]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég satt að segja get ekki tekið undir þau orð hv. þingmanns að við séum að einhverju leyti sammála í þessu efni. Ég skoðaði málið sem lagt er fram á þinginu til samþykktar eða synjunar, eða svefns í nefnd sem er kannski algengast en formlega er það með hinu mótinu. Ég get ekki lesið neina þá skoðun út úr þessu frumvarpi sem ég sé sammála eða ósammála. Af frumvarpinu virðist flutningsmaður sammála því að eiginnafn eigi að líta út á ákveðinn hátt og taka íslenska eignarfallsendingu, hafi unnið sér hefð í íslensku máli, skuli standast málkerfið og vera ritað í samræmi við ritreglur.

En það er mjög eðlilegt þegar hver sem um þetta vélar, hvort það er mannanafnanefnd, lögformleg eða dómsmálaráðherra, gæti samræmis. Það er skylda í stjórnsýslunni að gæta samræmis og taka mark á því að menn séu jafnréttháir frammi fyrir lögunum. Ég hef ekki enn þá skilið hvað flutningsmanni gengur til með því að leggja niður mannanafnanefnd nema að því leyti að svona nefndir eru frekar óvinsælar nú á tímum.

Ég sé ekki betur en að mannanafnanefnd vinni nákvæmlega eftir þeim reglum sem henni eru settar í lögunum eins og þau eru núna. En ég hef vakið athygli á því að ef þessi nefnd gerði það ekki þyrfti dómsmálaráðherra væntanlega, nema þar sé um að ræða þeim mun meiri kraftamann, að koma þessu verki fyrir í dómsmálaráðuneytinu eða óformlegri mannanafnanefnd úti í bæ.

[18:21]

**Flm. (Björn Ingi Hrafnsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef hv. þingmanni er illa við að því sé haldið fram að við séum sammála í þessu máli þá skulum við endilega ekki halda því fram.

Hins vegar held ég mig við að þarna sé um ákveðinn misskilning að ræða hjá hv. þingmanni. Það kemur skilmerkilega fram í greinargerð með frumvarpinu að nánast er kveðið á um að allt skuli leyft sem ekki verður bannað í sérstökum undantekningartilfellum, svo sem þegar um er að ræða hreina nafnleysu. Þá getum við hugsað okkur dæmi sem væri fimm x í röð eða þá að nafn geti orðið til ama. Það eru til örfá dæmi um slíkar hugmyndir og hefur heyrst fleygt að sumar af þeim tillögum sem nefndin hafi hafnað í *gegnum tíðina hafi borist til hennar á tilteknu bili sólar*hringsins, síðla nætur um helgar. En látum það liggja á milli hluta.

Ég ítreka það sem ég sagði, að ég held að umræðan í kringum þetta frumvarp hafi orðið til að vekja hv. þing*menn til umhugsunar um að tími sé kominn til að breyta* þessu. Ég mundi fagna því sérstaklega ef kaflanum um ættarnöfnin yrði líka breytt í frjálsræðisátt og velti fyrir mér,

úr því að undirtektirnar eru með þessum hætti, hvers vegna engum hv. þingmanni hafi dottið í hug að koma með þetta mál fyrr. Við skulum velta því fyrir okkur.

Ég held að megintilgangur þessa frumvarps sé alveg skýr. Hinn möguleikinn var að leggja til að lögin um mannanöfn yrðu lögð niður til að koma því frjálsræði á sem hér er lagt til. Af praktískum ástæðum, vegna samskipta við Þjóðskrá, var mér ráðlagt að gera það ekki. Ef það er eina leiðin til að ná megintilgangi frumvarpsins þá vonast ég til að allsherjarnefnd skoði það í þinglegri meðferð.

[18:24]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þingmaður verður að hafa þetta eins og hann vill. En verði lög úr þessu frumvarpi þá dugir ekki að það standi í greinargerð að menn vilji hafa tiltekið frelsi í þessu og allt verði leyft nema það sé sérstaklega bannað, ef ég tók rétt eftir því sem þingmaðurinn sagði, vegna þess að það er ekki svo.

Eftir stendur 5. gr. sem er þannig að nöfn sem ekki taka íslenska eignarfallsendingu eru bönnuð, að nöfn sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli eru bönnuð nema í sérstökum undantekningartilvikum. Nöfn eru bönnuð ef þau brjóta í bága við íslensk málkerfi. Nöfn eru bönnuð ef þau eru ekki rituð í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls. Ættarnöfn eru bönnuð. Fleiri en þrjú eiginnöfn og millinöfn eru bönnuð. Millinafn sem hefur nefnifallsendingu er bannað o.s.frv.

Ef menn hafa ákveðinn vilja sem kemur fram í greinargerð, fjölmiðlasamtölum og þingræðum, þá er betra að frumvarpið feli einnig í sér þann vilja. Ég ætla ekki að segja meira um þetta mál að sinni.

[18:25]

**Flm. (Björn Ingi Hrafnsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og ýmsar gagnlegar ábendingar sem komið hafa fram. Ég held mig þó við þá skoðun að megintilgangurinn sé nokkuð skýr. Sé það vilji hv. þingmanns að afnema t.d. þessa tilteknu grein með öllu og nöfn geti komið hér inn í málið án þess að taka þá mið af venjum og hefðum í íslenskri tungu þá yrðu það heilmikil tíðindi fyrir mig. Ég hef lengi fylgst með störfum hv. þingmanns á akri hinnar íslensku tungu og tekið mark á fjölmörgum pistlum sem hann hefur skrifað um þá hluti. Þegar ég var að velta þessu máli fyrir mér í gær og undirbúa mig fyrir þennan ræðuflutning þá las ég t.d. bók eftir hann sem ég held að heiti Málkrókar, sem mér fannst til marks um mann sem ann tungu sinni.

En hann kemur úr óvæntri átt og er greinilega talsmaður mun meiri frelsis en ég hefði látið mér detta í hug. Ég fagna því og það segir mér að menn eru ekki bundnir í fjötra kennisetninga í þessum efnum.

Ég ítreka hins vegar það sem ég sagði áður, að ef þetta frumvarp, þótt einhverjum kunni að finnast það gallað í einhverjum greinum, getur orðið til þess að lögum um mannanöfn verði breytt, hvort sem það felur í sér að ættarnöfnin verði tekin upp aftur eða ekki, þá tel ég að til mikils hafi verið barist.

Ég ítreka að löng og rík hefð er fyrir því í sölum hv. Alþingis að mál taki einhverjum breytingum í þinglegri meðferð, hvort sem þær eru stórar eða litlar. Ég vænti mikils af störfum hv. allsherjarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Virðisaukaskattur, 1. umr.*

Frv. ÁI o.fl., 338. mál (almenningsvagnar). — Þskj. 361.

[18:27]

**Flm. (Álfheiður Ingadóttir)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason. Tillögugreinin er einföld og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„3. málsl. ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum um virðisaukaskatt fellur brott. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það sem samkvæmt þessari grein skal falla brott er þessi setning: Heimildin tekur ekki til almenningsvagna. Um er að ræða ákvæði sem sett var inn í lögin í maí 2001 sem heimildarákvæði um að endurgreiða þeim sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni tvo þriðju hluta af þeim virðisaukaskatti sem lagður er á við kaup á nýjum vögnum. Í lögunum segir að endurgreiðsluheimildin verði bundin við hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni, sem nýskráðar er á tímabilinu, sennilega á einu ári og búnar eru aflvélum. Síðan kemur þessi setning: Heimildin tekur ekki til almenningsvagna. Um það fjallar þetta litla frumvarp. Það var áður flutt á 130. og 131. löggjafarþingi eins og fram kemur í greinargerð en varð í hvorugt skiptið útrætt og það er endurflutt hér óbreytt.

Virðulegi forseti. Hér er um réttlætismál að ræða og hér er líka um þjóðþrifamál að ræða. Verði frumvarp þetta að lögum sitja almenningsvagnar við sama borð og hópferðabílar þannig að af kaupum nýrra vagna frá 1. september 2000 verða tveir þriðju hlutar virðisaukaskatts endurgreiddir. Ég hef fengið þær upplýsingar hjá kaupendum og rekstraraðilum almenningsvagna víða um land að þetta mundi jafngilda um 170 millj. kr. sem yrði ekki skilið öðruvísi en sem myndarlegur stuðningur við almenningssamgöngur, stuðningur við loftslagsvernd, hvatning til að draga úr mengun vegna bílaumferðar á þéttbýlissvæðum, ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu heldur einnig á Akureyri, Ísafirði, Fjarðabyggð, Reykjanesi og innan Akraness. Til þessara staða sem ég hef nú talið upp hafa frá 1. september 2000 verið keyptir 65–70 stætisvagnar. Þegar þetta heimildarákvæði var sett inn í lögin 2001 átti það að vera takmarkað og gilda fram til loka desember 2003. Það hefur síðan verið framlengt á hverju ári og gildir nú til loka yfirstandandi árs.

Forsendurnar, virðulegur forseti, fyrir því að þetta heimildarákvæði var sett í lög var að brýn þörf væri á því að

endurnýja hópferðabílaflotann þar sem hann væri orðinn óeðlilega gamall og mikil mengun stafaði frá gömlum vögnum. Þarna var sem sagt lögð áhersla á það að hafa jákvæð áhrif á umhverfið, eins og segir í greinargerð með upphaflegu frumvarpi um heimildarákvæðið, og því var ætlað að koma til móts við þann umhverfis- og öryggisvanda sem stafar af úreltum hópferðabifreiðaflota landsins.

Það er í rauninni alveg óskiljanlegt, virðulegur forseti, að almenningsvagnar skuli hafa verið undanþegnir á þessu stigi máls. Kann ég ekki skýringar á því aðrar en að menn hafi talið að floti almenningsvagna væri eitthvað nýrri eða betur búinn en hópferðabílaflotinn. Það kann að vera að svo hafi verið en þá hefur ekki munað miklu, virðulegi forseti, því að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá forstjóra Strætós bs., byggðasamlagsins Strætós, sem rekur almenningssamgöngur á útvíkkuðu höfuðborgarsvæði var meðalaldur vagnanna 12–13 ár áður en Strætó bs. hóf að endurnýja flota sinn. Þetta var á árinu 2001, virðulegur forseti, og elsti vagninn var þá frá árinu 1983. Almenn viðmiðun meðal fyrirtækja í rekstri strætisvagna á Norðurlöndum t.d. er að vagnarnir verði ekki eldri en 12 ára og að meðalaldur verði í kringum sex ár. Það er mat mitt og ég tek undir það með forstjóra Strætós bs. að forsendur um aldur og mengun hafi einnig átt við um almenningsvagnaflotann á þessum tíma en af einhverjum undarlegum ástæðum hefur það kannski ekki komið fram við afgreiðslu málsins. Að minnsta kosti hef ég ekki fundið í umræðum að um það hafi verið fjallað.

Ég nefndi, og það kemur fram í greinargerð með þessu frumvarpi, að jafngild rök liggja að baki nauðsynlegrar endurnýjunar á flota almenningsvagna og flota hópferðabifreiða. Stærsta fyrirtækið á þessu sviði er Strætó bs. sem ég nefndi sem er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustusvæðið er mjög stórt. Það er dreifbýli á Kjalarnesi og í Mosfellsdal, þéttbýli í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi, Álftanesi og Reykjanesbæ. Í ársbyrjun 2006 var þjónustusvæðið útvíkkað til Akraness í tilraunaskyni í tvö ár og þykir sú tilraun hafa tekist vel. Árborg, Hveragerði og Reykjanesbær hafa lýst áhuga á samstarfi við Strætó þannig að þjónustan verði með svipuðum hætti og gagnvart Akranesi.

Strætó bs. heldur nú úti akstri með 115–120 vögnum á þjónustusvæði sínu og þar af eru um 50–55 vagnar á vegum verktaka. Á því tímabili sem um ræðir, ekki frá 1. september 2000 eins og heimildargreinin nær til, heldur frá stofnun Strætós bs. sem var tæpu ári síðar, 1. júlí 2001, hefur Strætó bs. keypt 45 nýja vagna. Eins og ég sagði áðan var meðalaldur vagnanna 12–13 ár þegar þessi endurnýjun hófst. Álagður virðisaukaskattur vegna þeirra kaupa er 161,6 millj. kr. og tveir þriðju hlutar, það sem endurgreiðslan tæki þá til, nema ríflega 107 millj. kr. Stærsti verktakinn, undirverktaki Strætós bs., Hagvagnar, hefur á sama tíma keypt 21 vagn til aksturs á þessu sama þjónustusvæði og álagður virðisaukaskattur vegna þeirra kaupa nemur um það bil 64 millj. og reiknuð endurgreiðsla, ef jafnræði væri með almenningssamgöngum og öðrum hópferðum, næmi þá tæplega 43 millj. kr.

Eins og ég nefndi áðan er utan höfuðborgarsvæðisins haldið uppi reglubundnum almenningssamgöngum á Akureyri, Ísafirði, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ og innan Akraness. Ætla má að endurgreiðsla tveggja þriðju hluta virðisaukaskatts vegna kaupa á almenningsvögnum til allra þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir gæti numið um 170 millj. kr. vegna tímabilsins 1. september 2000 til 31. desember 2006.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að Strætó bs. hefur haft forustu um mikla endurnýjun og fjölgað verulega í vagnaflota sínum, bæði beint og óbeint og þá á ég við undirverktakana. Þessir nýju vagnar eru ekki aðeins öruggari til fólksflutninga og menga minna, eru sparneytnari, heldur hefur Strætó bs. tekið í notkun tvo metanknúna vagna og þrjá vetnisvagna og hefur með þeim hætti skipað sér í forustusveit þeirra sem reyna að breyta frá því að nota jarðefnaeldsneyti til samgangna.

Það er mjög mikilvægt, virðulegur forseti, að styðja við bakið á almenningssamgöngum í landinu, ekki síst með tilliti til mikils útblásturs, mengunarefna og loftslagsbreytinga. Loftmengun, svifryk og sót af völdum samgangna er eitt helsta umhverfisvandamálið á höfuðborgarsvæðinu enda byggja nær allar samgöngur hér á notkun innflutts jarðefnaeldsneytis. Jafnframt því að styðja við þróun vistvænna orkugjafa í samgöngum er nauðsynlegt að auka hlut almenningssamgangna stórlega til að draga úr loftmengun. Fyrsta skrefið, virðulegur forseti, er að tryggja að almenningssamgöngur sitji a.m.k. við sama borð og hópferðaakstur við innkaup á nýjum farartækjum til fólksflutninga. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta nú flutt í þriðja sinn.

Virðulegur forseti. Það er langt liðið á þennan dag og þingfundir hafa staðið sleitulítið frá kl. hálfellefu í morgun. Ég vænti þess vegna ekki mjög umfangsmikilla umræðna um þetta merka mál en legg til að eftir umræðu hér og nú verði frumvarpinu vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Því er ekki að leyna að það væri freistandi ef umhverfisnefnd gæti litið á frumvarpið líka þar sem ég veit að á borðum umhverfisráðherra þessa dagana eru, eins og jafnan áður, hvatningabréf og óskir um aðgerðir til að efla almenningssamgöngur á stærsta þéttbýlissvæði landsins.

[18:39]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Andsvarið er þó með þeim hætti að ég tek undir flest af því sem fram kom í máli hv. þingmanns og vil geta þess að ég hef á hinu háa Alþingi lagt fram fyrirspurnir bæði til hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. umhverfisráðherra um það með hvaða hætti ríkisvaldið sé tilbúið til að koma til móts við rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Ég tek undir það sjónarmið sem kemur fram í þessu frumvarpi, að hið sama eigi að gilda um almenningssamgöngur og rekstur hópferðabíla og njóta þessarar endurgreiðslu.

Hitt er svo annað mál að ég tel raunar að ríkið ætti, og samfélagið allt, að ganga miklu lengra en það gerir. Með ótal aðferðum og dæmum er hægt að sýna fram á þjóðhagslegan ávinning af því að létta undir með almenningssamgöngum og spara þannig á öðrum sviðum. Um þetta hefur talsvert verið rætt á vettvangi borgarstjórnar, bæði á undanförnum árum og núna nýlega. Í borgarstjórn hefur verið rætt um og samþykkt að beina því til Sambands sveitarfé-

laga að eiga viðræður við ríkisvaldið, bæði hæstv. fjármálaráðherra og umhverfisráðherra, um þessi mál, m.a. vegna þess að hæstv. umhverfisráðherra hafði látið þau ummæli falla opinberlega að hún teldi að ríkið ætti með auknum hætti að koma til móts við sveitarfélög sem standa að rekstri almenningssamgangna. Þess vegna teldi ég og örugglega fleiri ástæðu til að fá fram í hverju það felst nákvæmlega og sömuleiðis þá auðvitað viðhorf hæstv. fjármálaráðherra í þeim efnum vegna þess að þó að það sé mjög gott að fá viðhorf einstakra fagráðherra fram er það í þessum efnum, eins og jafnan, sá sem heldur um ríkiskassann sem ræður mestu á endanum.

[18:41]

**Flm. (Álfheiður Ingadóttir)** *(andsvar)*:

Það er rétt, virðulegur forseti, að auðvitað er það ríkissjóður og sá fagráðherra, fjármálaráðherra, sem með hann fer sem um málið fjallar endanlega. Í málflutningnum með þessu litla frumvarpi sem er svo einfalt í smíðum er upplýst að á undanförnum fimm árum hafa fyrirtæki greitt milli 240 og 250 millj. kr. í ríkissjóð í formi virðisaukaskatts af nýjum vögnum til þess að auka öryggi og bæta almenningssamgöngur, ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu heldur víðar um land. Hvergi í samgönguáætlun er tekið tillit til þeirra tekna og því er ekki nema sanngjarnt gagnvart sérstaklega jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, ef hún er höfð í huga, að þarna njóti almenningsfyrirtæki sömu skattaívilnunar og hópferðafyrirtæki með því að endurgreiða til fyrirtækjanna þessar 170 millj. sem ég áðan rakti. Það yrði áeiðanlega mjög mikil lyftistöng almenningssamgöngum í landinu öllu og viljayfirlýsing um það að ríkisvaldið meinti eitthvað með yfirlýsingum um að bæta bæði umferðarmál og loftslagsskilyrði, ekki bara í borginni hér hjá okkur, heldur í heiminum öllum með minnkandi útblæstri.

[18:43]

**Björn Ingi Hrafnsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að Íslendingar eru hrifnir af einkabílnum sínum og ég held að það muni seint ganga að ná fram þeirri viðhorfsbreytingu hér á landi sem kannski er ríkjandi víða um lönd, að almenningssamgöngur komi í staðinn fyrir hinn svokallaða einkabílisma. Hins vegar held ég að það sé algjört lykilatriði hjá okkur að bjóða þær sem valkost, raunhæfan valkost, og reyna að ýta undir þær í ljósi m.a. þeirrar mengunar sem hv. þingmaður nefnir, aukins umferðarþunga sem blasir við öllum sem keyra um götur Reykjavíkur og margs konar annars þjóðfélagslegs ávinnings sem af því mundi leiða.

Ég vildi bara ítreka það sjónarmið að ég er hlynntur þessu og tel að af þessu þurfi að verða. Ég bendi á að rekstur almenningssamgangna er ekki eitt af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga þó að þau hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að veita þá þjónustu. Það er ekki nóg með það að ríkissjóður taki ekki þátt í þeim kostnaði, heldur hefur ríkissjóður umtalsverðar tekjur af rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þá er farið að skjóta skökku við. Þegar um er að ræða stórar tölur eins og hv. þingmaður hefur nefnt með því að mæla fyrir þessu frumvarpi er augljóst að um er að ræða hreina blóðpeninga sem sveitarfélögin leggja til ríkisins vegna þess að þau greiða auðvitað mjög stórar upphæðir með þessum fyrirtækjum. Þau eru að sjálfsögðu ekki arðbær, því er nú verr og miður, og það munar mjög um þessa peninga.

[18:45]

**Flm. (Álfheiður Ingadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil ekki ljúka þessari umræðu öðruvísi en svo að þakka hv. þm. Birni Inga Hrafnssyni fyrir góðar undirtektir við mál okkar flutningsmanna þessa frumvarps. Ég vænti mikils af stuðningi hans, bæði sem formanns borgarráðs Reykjavíkurborgar og varaþingmanns og áhrifamanns í öðrum stjórnarflokknum, Framsóknarflokknum.

Ég held að allir hljóti að sjá að þeir peningar sem hv. þingmaður kallaði réttilega blóðpeninga hafa haft mjög íþyngjandi áhrif á rekstur almenningsvagnakerfisins í landinu þennan tíma. Það yrði almenningssamgöngum veruleg lyftistöng ef hægt væri að fá þessa peninga endurgreidda. Þá værum við kannski nær því marki að auka tíðni vagnanna svo að almenningssamgöngur yrðu raunverulegur valkostur í þessu bílhrjáða samfélagi okkar hér á höfuðborgarsvæðinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:47.

# 30. FUNDUR

mánudaginn 20. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 348. mál, þskj. 377. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 349. mál, þskj. 378. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, stjtill., 351. mál, þskj. 381. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Mannanöfn, frv., 339. mál, þskj. 362. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Virðisaukaskattur, frv., 338. mál, þskj. 361. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Landsvirkjun, stjfrv., 364. mál, þskj. 396. — 1. umr.
8. Breyting á lögum á orkusviði, stjfrv., 365. mál, þskj. 397. — 1. umr.
9. Orkustofnun, stjfrv., 367. mál, þskj. 399. — 1. umr.
10. Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, stjfrv., 347. mál, þskj. 376. — 1. umr.
11. Áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr.
12. Afnám verðtryggingar lána, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
13. Samkeppnislög, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
14. Stjórnarskipunarlög, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr.

**Aðalmenn taka sæti á ný:**

Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Ögmundur Jónasson , 9. þm. Reykv. s.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 6. þm. Suðvest.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[15:03]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Borist hefur bréf um forföll frá 1. þm. Reykv. s., Geir H. Haarde, dagsett 14. nóvember, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 4. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður, Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur, taki sæti á Alþingi á meðan. Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðrún Inga Ingólfsdóttir og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, 1.–3. varamaður á listanum, geta ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni."

Forseta hafa borist bréf og tilkynningar frá 1.–3. varaþingmanni Sjálfstæðisflokksins í Reykv. s. þar sem þeir greina frá forföllum sínum. Kjörbréf Kolbrúnar Baldursdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Kolbrún Baldursdóttir, 1. þm. Reykv. s., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:04]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Kolbrún Baldursdóttir hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

## *Tilkynning um úrsögn úr þingflokki.*

[15:05]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 19. nóvember:

„Það tilkynnist yður hér með, herra forseti, að ég undirritaður hef sagt mig úr þingflokki Samfylkingarinnar og úr Samfylkingunni. Ég mun það sem eftir lifir þessa kjörtímabils starfa á Alþingi sem óháður þingmaður utan þingflokka.

Virðingarfyllst,
Valdimar Leó Friðriksson,
9. þingmaður Suðvesturkjördæmis."

## *Mannabreytingar í nefndum.*

[15:05]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseta hafði borist ósk frá þingflokki Samfylkingarinnar um mannaskipti í nefndum skv. 16. gr. þingskapa. Breytingarnar eru þær að Helgi Hjörvar taki sæti Valdimars L. Friðrikssonar í félagsmálanefnd og í landbúnaðarnefnd taki Einar Már Sigurðarson sæti Valdimars L. Friðrikssonar. Skoðast það samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

[15:05]

**Útbýting:**

Rannsóknir og sjálfbær nýting jarðhitasvæða, 368. mál, þáltill. ÁI o.fl., þskj. 400.

Sjálfsvíg, 167. mál, svar heilbrrh., þskj. 401.

***Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.***

*Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar.*

[15:06]

**Kristján L. Möller:**

Hæstv. forseti. Þann 1. janúar árið 2005 voru gerðar umtalsverðar breytingar á forsendum í rekstri raforkufyrirtækja vegna nýrra raforkulaga. Eins og allir vita fólu þessi lög í sér aðskilnað dreifingar og orkusölu hjá orkufyrirtækjunum. Það var ljóst frá upphafi að húshitunarkostnaður mundi hækka töluvert nema til kæmu auknar niðurgreiðslur. Virðulegi forseti. Þetta eru ekki orð frá mér, heldur tekið upp úr skýrslu Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytisins. Örlítið var átt við þetta og komið til móts við það á síðustu fjárlögum þar sem 100 millj. var bætt í niðurgreiðslu á húshitun en niðurgreiðsla á dreifingu raforku í dreifbýli var áfram 230 millj. kr. og lækkar reyndar nú í frumvarpi til fjárlaga um 25 millj. kr. frá þessum tíma.

Það er ljóst, virðulegi forseti, að íbúar í dreifbýli, þar með taldir allir bændur, hafa fengið svakalega hækkun á raforkureikningum sínum frá því að þetta var gert. Það er ljóst, eins og segir í skýrslum Orkustofnunar, að orkuverð til húshitunar hefur hækkað en önnur not hafa lækkað. Samt sem áður er heildarniðurstaðan hjá fólki í dreifbýli og, eins og ég segi, hjá bændum sú að um stórhækkun er að ræða.

Vafalaust hafa allir þingmenn fengið að heyra þetta frá fólki á þessum stöðum. Ég hef dæmi sem fólk hefur sent mér um 45 og upp í 65% hækkun á raforkureikningum til sveita vegna þessa. Því verð ég nú, virðulegi forseti, með tilliti til þess að við erum að fara að ræða fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár á fimmtudaginn að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra sem jafnframt er formaður Framsóknarflokksins hvort vænta megi tillagna frá hæstv. ríkisstjórn til að auka þessar niðurgreiðslur og koma til móts við það fólk í dreifbýli sem hefur fengið þessar svakalegu raforkuhækkanir vegna breytinga á raforkulögunum.

[15:08]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt, þetta er mikið vandamál víða. Mjög margir hafa fengið á sig talsverðar hækkanir. Við höfum líka upplýsingar um að allmargir búi við mjög svipað verð og enn aðrir hafa fengið lækkun. Það er verið að athuga þetta og ég fullvissa hv. þingmann um að við munum leggja okkur fram um að skoða það. Ég ítreka að þetta eru mjög breytilegar og mismunandi forsendur hjá einstökum raforkukaupendum og mjög ólíkt hvernig verð hefur komið niður. Það eru tiltölulega fáir, sýnist mér, sem eru alveg sambærilegir hver við annan þannig að þetta er flókið mál en við höfum verið að leita upplýsinga um þetta að undanförnu og munum reyna að vinna úr því.

[15:09]

**Kristján L. Möller:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir þessi svör. Í mínum huga er þetta ekkert mjög flókið mál. Reikningar hjá fólki eru dæmin sem sanna hvað hefur gerst og við þurfum ekki neina útreikninga eða meðaltöl. Þetta eru dæmi, eins og ég hef hér undir höndum, um allt að 65% hækkun hjá einum notanda við þessa breytingu. Við getum ekki, virðulegi forseti, eins og hæstv. iðnaðarráðherra segir nú beðið eftir að þetta verði skoðað áfram. Hann segir að þetta sé vandamál o.s.frv. Það er ekki hægt að bíða eftir því og það er ekki hægt að láta það líðast, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin skili auðu í þessu sambandi hvað varðar fjárlög næsta árs. Málið er það brýnt og það alvarlegt að það verður að taka á því strax. Þess vegna spyr ég aftur hæstv. iðnaðarráðherra: Mun ríkisstjórnin leggja til, eins og Orkustofnun segir í sínum gögnum, (Forseti hringir.) meira fé til niðurgreiðslna eða ætlar ríkisstjórnin áfram að skoða málið og skila (Forseti hringir.) auðu?

[15:10]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég endurtek það sem ég sagði: Þetta er í athugun. Reyndar fá hlutfallslega fleiri svipað verð eða lægra en þeir sem fá hækkun og það gerir málið að því leyti auðveldara, að sjálfsögðu. Þetta verður áfram í athugun og við munum reyna að koma með tillögur svo fljótt sem við höfum tekið saman nauðsynlegar upplýsingar.

[15:11]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Ég segi enn og aftur: Í öllum þeim gögnum sem ég hef undir höndum, sama hvort um er að ræða ársskýrslu Orkustofnunar, skýrslu Orkustofnunar til iðnaðarráðherra eða önnur plögg er alls staðar tíunduð hækkun. Má ég aðeins grípa niður í skýrslu Orkustofnunar, með leyfi forseta:

„Verð fyrir almenna heimilisnotkun hækkaði hjá Vestfirðingum í dreifbýli um 24% ...“

„Líkanreikningar fyrir aflkaup gefa 16,3% hækkun hjá Vestfirðingum í dreifbýli ...“

Svo kemur: „Vegna breytinga á töxtum, niðurfellingar og sameiningar, geta einstakir notendur fengið á sig töluverða hækkun“ umfram þetta.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin ætlar að athuga þetta, skoða, bíða og sjá til. Fólkið sem borgar þessa reikninga og hefur fengið á sig 40 og upp í 65% hækkun getur ekki beðið eftir úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar.

[15:12]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Eins og allir heyrðu kom ekkert nýtt fram í þessari ræðu fyrirspyrjanda og svarið er óbreytt. (Gripið fram í.)

*Samgöngur til Vestmannaeyja.*

[15:12]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Eins og kunnugt er eru samgöngur eitt mikilvægasta málefni hvers byggðarlags. Það má segja að samgöngur séu undirstaða allra byggða. Það er líka kunnara en frá þurfi að segja að samfélagið í Vestmannaeyjum hefur nokkra sérstöðu umfram önnur byggðarlög því að þjóðleið-

in til Eyja liggur ekki um land heldur á sjó eða í lofti.

Ég vil nota þetta tækifæri og fagna þeim breytingum sem gerðar hafa verið á flugsamgöngum til Eyja að undanförnu með ótrúlega jákvæðum afleiðingum. Hins vegar stendur eftir sjóleiðin og það er gamli Herjólfur. Það heyrist æ oftar að Herjólfur sé hægfara, taki fáa bíla og haldi að sumu leyti Vestmannaeyingum og ferðamönnum í gíslingu vegna þess hvað bíladekkið er lítið. Herjólfur er að mörgu leyti barn síns tíma en það má líka segja að við Íslendingar höfum dregist aftur úr öðrum þjóðum. Þurfum við ekki annað en að fara til Færeyja og sjá nýjan Smyril sem siglir á milli Þórshafnar og Suðureyjar til að sjá hversu aftarlega á merinni við stöndum þegar ferjur eiga í hlut.

Í samningum við Eimskipafélagið um rekstur Herjólfs til Eyja er ákvæði um að heimilt sé fyrir Eimskipafélagið að reka nýtt skip á þessari leið. Ég spyr því hæstv. samgönguráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir því að nýta það ákvæði í ljósi vaxandi umferðar og þess vaxandi þrýstings Eyjamanna að komast til lands á þeim tíma sem þeim hentar, að þeir geti tekið bíla sína með og ekki síst vegna vaxandi ferðaþjónustu sem er einn aðalvaxtarsprotinn í Vestmannaeyjum. Það er með öðrum orðum tímabært að Vestmannaeyingar geti ferðast eðlilega milli lands og Eyja sem og ferðamenn.

Ég beini þessum spurningum til hæstv. samgönguráðherra.

[15:14]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Eins og hv. þm. Hjálmar Árnason veit hef ég verið óþreytandi sem samgönguráðherra að leita allra leiða til að styrkja og bæta samgöngur við Eyjar. Nú síðast var tekin ákvörðun um að semja við Flugfélag Íslands um aukið og bætt flug með sérstökum ríkisstuðningi.

Fyrir ekki margt löngu var ferðum með Herjólfi fjölgað. Þær eru nú tvær á dag alla daga ársins þannig að þar hefur orðið heilmikil bragarbót. Hins vegar er það rétt sem fram kemur hjá hv. þingmanni að í samningi við skipafélagið sem sér um siglingarnar er gert ráð fyrir því að ef breytingar verða séu tækir endurskoðunarmöguleikar en þeir hafa fyrst og fremst snúið að því að gera breytingar ef aðrar og enn meiri breytingar yrðu gerðar, svo sem ef tekin yrði ákvörðun um að stytta siglingaleiðina með höfn við Bakkafjöru. Samningurinn við Eimskipafélagið er til fimm ára frá síðustu áramótum.

Það liggur hins vegar fyrir að breytingar á Herjólfi til þess að gera hann e.t.v. öflugri og afkastameiri kosta mjög mikið. Nefndin sem var undir forustu Páls Sigurjónssonar komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki skynsamlegur kostur. Ég er þó áfram tilbúinn að skoða alla möguleika til að bæta samgöngur við Eyjar. Stóra verkefnið núna er að fá niðurstöðu í Bakkafjörurannsóknina því að ég tel að það sé nauðsynlegt áður en við tökum aðrar ákvarðanir sem lúta að samgöngum við Eyjar.

[15:16]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að leiðrétta mig en mér mun hafa orðið fótaskortur á tungunni áðan og sagt að menn stæðu aftarlega á merinni og af því að ég sé að hæstv. landbúnaðarráðherra situr hér þá er ekki mjög glæsilegt að standa aftarlega á merinni heldur munu menn sitja þar.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en árétta það hins vegar að verkefnið við Bakkafjöru hlýtur að vera langtímaverkefni. Það er afskaplega kostnaðarsamt, það er undir rannsókn og sýnist sitt hverjum um það. Við erum að tala um úrræði í bráð og þar hefur einmitt verið bent á, í ljósi þeirra krafna og þarfa sem uppi eru í samfélaginu í Vestmannaeyjum, að sem verkefni og lausn í bráð þarf að fá nýja ferju milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja sem bæði gengur hraðar og hefur pláss fyrir fleiri bíla en núverandi Herjólfur en hann er sannarlega barn síns tíma.

Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að nýta það úrræði sem er í samningnum við Eimskip (Forseti hringir.) um heimild til að leita nýrra útboða.

[15:17]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Eins og sjá má í skrifum í blöðum þessa dagana og næstum öllum umræðuþáttum fyrirfinnst nánast enginn þáttur samgöngumála að ekki sé einhver tilbúinn til að bjóða betur. Það sýnir bara hversu mikla áherslu almenningur og stjórnmálamenn í landinu leggja á samgöngumálin. Ég fagna því að sjálfsögðu (Gripið fram í.) og sé hér brosandi menn í salnum sem eru tilbúnir til að standa með ráðherranum í því.

Það er ljóst að Bakkafjöruverkefninu, ef það verður niðurstaðan, þarf að vera lokið árið 2010. Það er tiltölulega stuttur tími þangað til og við þurfum því að taka skynsamlegar ákvarðanir. Ef til er einhver viðráðanleg lausn sem felst í öðru skipi og tefur ekki aðrar ákvarðanir og framkvæmdir í samgöngumálum ber að skoða það. En (Forseti hringir.) ég tel ekkert liggja á borðinu í dag sem bendir til þess.

*Hlutafélag um Flugmálastjórn.*

[15:19]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. samgönguráðherra hvort ekki komi til greina að endurskoða eða afturkalla áform ráðherrans um að einkavæða eða hlutafélagavæða flugleiðsöguþjónustu og starfsemi á flugvöllum landsins.

Síðastliðið vor voru keyrð í gegnum þingið lög sem fólu í sér stofnun sérstaks hlutafélags um flugumferðarstjórn og rekstur á flugvöllum landsins, þ.e. einkavæðingu á grunnþáttum samgangna og öryggismála. Til þessa hefur starfsemin lotið lögum um opinbera þjónustu og þeir starfsmenn sem að henni koma verið opinberir starfsmenn. Þessi verkefni verða nú afhent fyrirtækinu Flugstoðum frá og með næstu áramótum gangi áform hæstv. ráðherra fram. Rekstur flugvalla og flugumferðarstjórn er í mínum huga hluti opinberra samgangna í landinu enda lögðumst við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs gegn einkavæðingu á þessum grunnþáttum almannasamgangna.

Nú berast auk þess fréttir af því að ekkert hafi gengið í að ganga frá ráðningarsamningum milli hins nýja fyrirtækis

og flugumferðarstjóra eða annarra starfsmanna á flugvöllum landsins. Allt þetta var reyndar fyrirsjáanlegt og við bentum á það á sínum tíma, en sama fyrirtækið á að reka flugvelli landsins frá og með næstu áramótum, það á að stofna hlutafélag um rekstur flugvallanna á Ísafirði, Gjögri, Akureyri og Egilsstöðum sem eru grunnnet almannasamgangna. Allt er enn þá í óvissu um hvort þetta gangi einu sinni upp.

Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort ekki sé vit fyrir hæstv. ráðherra að endurskoða þessi áform, afturkalla hugmyndirnar um að hlutafélagavæða þessa starfsemi og halda henni áfram sem hluta af eðlilegu samgangnaneti landsins (Forseti hringir.) í stað þess að gera svona tilraunir og æfingar.

[15:21]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason virðist ekki hafa fylgst með því hvað er að gerast. Alþingi Íslendinga hefur samþykkt lög um breytingar á starfsemi Flugmálastjórnar Íslands. Starfseminni verður skipt upp frá og með næstu áramótum — það er unnið fullum fetum að því og sú vinna er langt komin — annars vegar á þann veg sem snýr að flugöryggissviðinu sem verður Flugmálastjórn Íslands, búið er að skipa nýjan flugmálastjóra frá og með næstu áramótum sem tekur við því verkefni að stjórna Flugmálastjórn Íslands hinni nýju, og hins vegar í hlutafélag í eigu ríkisins.

Það er ekki verið að einkavæða þessa starfsemi, það er ekki verið að stofna hlutafélag um hvern einasta flugvöll í landinu, þingmaðurinn virðist ekki hafa fylgst með. Eitt félag, Flugstoðir ohf., mun sjá um þessa starfsemi. Þar er valinn maður í hverju rúmi við að undirbúa hana í góðu samstarfi. Hins vegar þarf, eins og oft vill verða, að semja um ýmislegt á lokastiginu, eins og það sem komið hefur fram og snýr að flugumferðarstjórum. Það varðar fyrst og fremst lífeyrisréttindi þeirra vegna þess að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins þarf að koma þar að, m.a. þarf að ná samkomulagi við stjórn lífeyrissjóðsins. Ég bind miklar vonir við að þar náist góð sátt. Við höfum m.a. verið með sérfræðinga frá Eurocontrol, evrópsku flugstjórnarstofnuninni, sem hafa unnið að því að endurskipuleggja m.a. vaktakerfi hjá flugumferðarstjórum o.fl. Það starf gekk afskaplega vel. Ég á ekki von á öðru en að þetta gangi allt upp að lokum og sé ekki neitt í spilunum sem gæti leitt til annarrar niðurstöðu. En ég endurtek að það er alger misskilningur hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að verið sé að (Forseti hringir.) einkavæða flugvallastarfsemina. Það er ekki verið að því.

[15:23]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Mér þykir leitt það leitt en það er greinilegt að hæstv. samgönguráðherra veit ekkert hvað hann er að gera og upplýsir það hér. Það er verið að segja upp öllum starfsmönnum, bæði þeim sem eru við flugumferðarstjórn og á flugvöllum landsins og stofna nýtt fyrirtæki um starfsemina á allt öðrum og nýjum kjörum.

Hið alvarlega í þessu máli er sá einkavæðingarferill sem settur er í gang. Hver er munurinn á flugvöllunum á Ísafirði, Akureyri og Gjögri? Af hverju þarf að stofna hlutafélag um þá og setja þá í hlutafélagarekstur? Ekki skila þeir svo miklum arði. Maður stofnar hlutafélag á samkeppnisgrunni um fyrirtæki sem á að skila arði en maður stofnar ekki hlutafélag um almannaþjónustu sem er í rauninni í einkarekstri eða engin samkeppni er við. Hvaða samkeppni er við flugvellina á Gjögri og Ísafirði? Nei, þetta er fullkomlega (Forseti hringir.) rangt og ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða áform sín.

[15:25]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég er algjörlega ósammála hv. þm. Jóni Bjarnasyni að flugvöllurinn á Gjögri skili ekki arði. Hann skilar mjög miklum arði fyrir það fólk sem nýtur þjónustunnar. Það er flogið þangað í áætlunarflugi og ég tel að það sé mikill arður fólginn í því að tryggja þessar samgöngur enda þótt ekki sé greiddur út arður í formi arðs af hlutabréfum. Arðurinn felst í því að tryggja þessa starfsemi fyrir íbúana á Ströndum.

Um það að öllum hafi verið sagt upp, þá liggur það í hlutarins eðli að þegar verið var að skipta upp stofnuninni og leggja gömlu flugmálastjórnina niður þurfti að framkvæma þessar breytingar. Ég hef sagt, og geri ekki ráð fyrir neinu öðru, að staðið verði við það að þeir starfsmenn sem unnu hjá Flugmálastjórn og gera ráð fyrir að fara yfir til Flogstoða ohf., svo sem eins og flugumferðarstjórarnir, (Forseti hringir.) eigi allir að geta fengið vinnu hjá hinu nýja hlutafélagi.

[15:26]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur ekki komið með nein rök fyrir því hvers vegna hlutafélagavæða á flugvellina eða flugleiðsögustarfsemina og stofna nýtt fyrirtæki sem reka á á samkeppnisgrunni í engri samkeppni önnur en „af því bara“.

Hitt vil ég láta hæstv. ráðherra vita að honum ber ekki saman við það sem ég heyri frá starfsmönnum flugvallanna. Þeir hafa fengið uppsagnarbréf miðað við uppsögn 1. desember. Hið nýja fyrirtæki á þó ekki að taka til starfa fyrr en 1. janúar 2007. Auk þess eru þessi mál öll og samskipti við ráðuneytið hvað þetta varðar með allt öðrum hætti en hæstv. ráðherra lýsir hér. Þau eru nánast engin, hafa nánast engin verið síðan í vor með formlegum hætti við ráðherra og yfirmenn ráðuneytisins eins og lofað var.

Þetta er alveg dæmigert þegar lagt er út í slíkan einkavæðingarferil á grunnalmannaþjónustu eins og verið er að leggja út í hér með flugvalla- og (Forseti hringir.) og flugleiðsöguþjónustuna, sem er bara fullkomlega rangt, herra forseti, og ég skora á hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) að afturkalla þessa ákvörðun.

(**Forseti** (BÁ): Forseti áminnir hv. þingmenn um að virða takmarkaðan ræðutíma í þessari umræðu.)

[15:27]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Þó að við ráðherrarnir séum valdamiklir afturköllum við náttúrlega ekki lög svona með einu

orði. Lögin voru samþykkt í þinginu og eftir þeim er að sjálfsögðu unnið. Ég tel það skyldu mína að vinna á grundvelli þessara laga. Ég tel mjög mikilvægt að sú framvinda sé eðlileg og að ekki sé verið að trufla hana með svona upphlaupum eins og hér er verið að stofna til og reyna að gera málið tortryggilegt, eins og það að ráðuneytið hafi ekki komið nærri þessu. Það er hópur fólks á vegum ráðuneytisins sem vinnur að þessu máli upp á hvern einasta dag við hliðina á stjórn hlutafélagsins og það er fullkomlega eðlilegt. Starfsfólkið kemur að sjálfsögðu að því starfi. Ég held að hv. þingmaður hafi annaðhvort ekki heyrt hvað verið var að segja eða viljandi lagt þann skilning í það sem kemur fram í ræðu hans, sem er ein af ótal mörgum, þær eru allar eins, (Gripið fram í.) gegn starfsemi hlutafélaga.

*Rannsókn sakamála.*

[15:29]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Í Morgunblaðinu sl. miðvikudag birtist grein eftir Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjón hjá embætti ríkislögreglustjóra, sem bar heitið „Atlaga úr hulduheimi – Jón og séra Jón“. Í þessari grein er sett fram sú skoðun að mikill munur sé að verða á rannsóknum og meðferð mála sem snúa að ríkum eða valdamiklum sakborningum annars vegar og hinna venjulegu, eins og það er orðað, hins vegar. Við þessari þróun þurfi að sporna til þess að allir þegnar þessa lands sitji við sama borð þegar þeir eru undir opinberri rannsókn.

Hér talar einn af æðstu yfirmönnum hjá embætti ríkislögreglustjóra og því spyr ég hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann sé sammála þessari afstöðu aðstoðaryfirlögregluþjónsins og hvort hann telji ástæðu til að bregðast við henni með einhverjum hætti. Í greininni segir einnig orðrétt:

„Við búum við þróaðar réttarreglur sem eiga að vera nægilega traustar til þess að tryggja að allir fái sömu réttlátu málsmeðferðina, hvort sem um er að ræða auðmann, fjölmiðlakóng, einstætt foreldri eða öryrkja.“

Síðan er því haldið fram að Baugsmálið sé dæmi um að svo sé ekki.

Hér er í raun verið að halda því fram af háttsettum yfirmanni lögreglunnar að jafnræðisregla réttarríkisins virki ekki og að borgurunum sé mismunað í réttarkerfinu, sem eru mjög alvarlegar ásakanir sem eðlilegt er að hæstv. dómsmálaráðherra svari.

Það er ástæða til að benda líka á að í Fréttablaðinu setur ritstjórinn, sem er fyrrum dómsmálaráðherra, fram þá skoðun að hafi aðstoðaryfirlögregluþjónninn rétt fyrir sér þurfi án tafar að gera reka að því að þeir dómarar sem hlut hafa átt að dómum og úrskurðum í Baugsmálinu verði leystir frá störfum og jafnframt að dómsmálaráðherra og Alþingi verði að endurreisa dómstólana með nýrri löggjöf. Svo alvarlega metur fyrrverandi dómsmálaráðherra þessar skoðanir yfirlögregluþjónsins. Því spyr ég líka: Hverju svarar núverandi dómsmálaráðherra skoðunum fyrrverandi dómsmálaráðherra í þessu máli?

[15:30]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég tel að jafnræðisreglan gildi fyrir íslenskum dómstólum og hef ekki orðið var við annað en að hún gildi þar. Varðandi hins vegar réttarfarið í landinu, sérstaklega opinbera réttarfarið, liggur fyrir og hefur verið til kynningar á vef dómsmálaráðuneytisins frumvarp til laga um meðferð sakamála. Sá kynningarfrestur rann út 15. nóvember sl. Síðan verður farið yfir þær tillögur sem þar komu fram og væntanlega lagt fram frumvarp, vonandi á yfirstandandi þingi, en ráðuneytið á eftir að fara yfir þá þætti. Þar hljóta álitamál af þessum toga sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni að koma til skoðunar.

[15:31]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Mér fannst hæstv. dómsmálaráðherra skauta fram hjá þeim spurningum sem ég beindi til hans. *Má líta svo á orð hæstv. dómsmálaráðherra að hann lýsi þá* með þessu trausti á dómskerfið og dómstólana?

Ef hæstv. ráðherra er að því er varla hægt að líta fram hjá því að hann brigslar háttsettum lögreglumanni hjá embætti ríkislögreglustjóra um að fara með rangt mál. Embættið hlýtur um leið að setja niður þegar upplýst er að þessi háttsetti embættismaður hafi kynnt yfirmönnum sínum efni greinarinnar áður en hún var birt. Ég nefni líka að Arnar Jensson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að hann hafi verulegar áhyggjur ef þjóðfélag okkar er að verða þannig að þeir sem skipaðir eru af yfirvöldum til að gæta laga og réttar veigri sér við að rannsaka meint brot þeirra sem mikið eiga undir sér eða hafa greiðari aðgang að fjölmiðlum en almenningur.

Ég spyr hæstv. dómsmálaráðherra hvað hann segi um það.

[15:32]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Það ríkir skoðanafrelsi í landinu og menn geta látið skoðanir sínar í ljósi án þess að ráðherra þurfi að tjá sig um þær í þingsalnum. Varðandi hins vegar álit mitt á dómstólunum flutti ég ræðu á aðalfundi dómarafélagsins á dögunum þar sem ég fjallaði m.a. um það hvort nauðsynlegt væri að koma á laggirnar þriðja dómstiginu eða hvort það hefði verið skynsamlegt á sínum tíma að fella alla dómstóla landsins undir einn hatt í héraðsdómstólum, hvort það hefði kannski verið óskynsamlegt skref að hætta sérhæfingu dómstólanna. Ef til vill ættum við enn að hafa sérstakan sakadóm og hafa sérstakan dóm við meðferð einkamála. Þetta eru þau sjónarmið mín varðandi dómstólana sem ég reifaði á aðalfundi dómarafélagsins.

[15:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki heyrt annað en að hæstv. dómsmálaráðherra sé enn að reyna að koma sér hjá því að svara beinum fyrirspurnum sem til hans er beint, beinum ásökunum frá háttsettum yfirmanni í lögreglunni sem segir hreinlega að réttarríkið mismuni fólki við rannsókn og meðferð mála.

Ef þær ásakanir sem bornar hafa verið fram af þessum háttvirta lögreglumanni eru réttar er einhvers staðar brotalöm í kerfinu sem verður að taka á. Af greininni sem lögreglumaðurinn ritaði verður ekki ráðið hvort brotalömin sé hjá ákæruvaldinu eða hjá lögreglu eða dómstólunum sem líklegast verður að telja þegar til þess er litið hvaða ásakanir komu fram.

Ég held að hæstv. ráðherrann verði að tala skýrar í þessu máli en hann gerir vegna þess að er um að ræða alvarlegar ásakanir um að á þessu þurfi að taka, ekki bara frá háttsettum lögreglumanni heldur líka frá fyrrverandi (Forseti hringir.) dómsmálaráðherra.

[15:34]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Hér hef ég verið spurður um skoðanir mínar og ég hef lýst þeim alveg skýrt og afdráttarlaust. Ég hef sagt að koma muni fram frumvarp um meðferð sakamála þar sem þingmenn geta rætt þennan þátt sem hv. þingmaður er að ræða.

Ég hef kynnt á aðalfundi Dómarafélags Íslands sjónarmið mín varðandi þróun dómskerfisins. Hvaða skoðanir aðrir hafa á því eru þeirra skoðanir en ekki mínar.

***Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 348. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 349. mál (félagaréttur). — Þskj. 378.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 351. mál. — Þskj. 381.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Mannanöfn, frh. 1. umr.***

Frv. BIH o.fl., 339. mál (afnám mannanafnanefndar). — Þskj. 362.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.***

Frv. ÁI o.fl., 338. mál (almenningsvagnar). — Þskj. 361.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Landsvirkjun, 1. umr.***

Stjfrv., 364. mál (eignarhald og fyrirsvar). — Þskj. 396.

[15:39]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Landsvirkjun. Frumvarpið er lagt fram í kjölfar undirritunar á samningi um kaup ríkisins á hlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Meginefni frumvarpsins er tvíþætt. Annars vegar eru lagðar til breytingar á lögum um Landsvirkjun til samræmis við það að ríkissjóður hefur keypt hluti Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu. Hins vegar er lagt til að fyrirsvar vegna eignarhalds ríkisins í Landsvirkjun færist frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra.

Ég vil byrja á því að fara nokkrum orðum um samning íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um kaup á hlutum sveitarfélaganna í Landsvirkjun.

Að frumkvæði Reykjavíkurborgar voru viðræður hafnar í febrúar árið 2005 þegar undirrituð var viljayfirlýsing um að íslenska ríkið leysti til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Þetta var gert í ljósi þeirra breytinga sem raforkulög fólu í sér en eðlilegt þótti að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, sem eigendur annarra orkufyrirtækja, losuðu um eignarhluta sína í Landsvirkjun. Í yfirlýsingunni var upphaflega gert ráð fyrir því að samningur um þetta skyldi liggja fyrir eigi síðar en 30. september árið 2005 og að þessar breytingar á eignarhaldi Landsvirkjunar ættu sér stað 1. janúar 2006.

Samkomulag náðist hins vegar ekki um kaupin og í byrjun árs 2006 urðu aðilar sammála um að ekki væru forsendur fyrir frekari viðræðum að svo stöddu. Um mitt ár 2006 voru viðræður síðan teknar upp að nýju. Í lok október sl. náðist loks samkomulag milli aðila um kaup ríkisins á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í

Landsvirkjun. Var samningur þessa efnis undirritaður miðvikudaginn 1. nóvember og er hann fylgiskjal með frumvarpinu.

Með samningnum skuldbindur íslenska ríkið sig til að kaupa rúmlega 44,5% eignarhlut Reykjavíkurborgar og tæplega 5,5% eignarhlut Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar nk. en var undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis, borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Akureyrar.

Kaupverð eignarhlutanna nemur samtals 30,25 milljörðum kr. og skiptist þannig að Reykjavíkurborg fær um 26,9 milljarða kr. en Akureyrarbær fær um 3,3 milljarða kr. Samkvæmt samningnum greiðir ríkissjóður 1. janúar 2007 Reykjavíkurborg 3 milljarða kr. og Akureyrarbæ tæplega 370 millj. kr. Fyrir eftirstöðvum kaupverðs gefur ríkissjóður út skuldabréf til 28 ára og eru bréfin verðtryggð og bera breytilega vexti. Greiðslur af bréfunum fara annars vegar til Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og hins vegar til Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar til að mæta lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sveitarfélaganna.

Í samningnum er kveðið á um að selji ríkissjóður eignarhlut sinn fyrir 1. janúar 2012, hvort heldur að hluta eða öllu leyti, þó að lágmarki 15%, skuli kaupverð á þeim eignarhluta sem seldur er taka leiðréttingum til hækkunar eða lækkunar, að teknu tilliti til nánar tilgreindra forsendna. Ákvæðið á einungis við selji kaupandi eignarhlut sinn beinni sölu til þriðja aðila. Eftir 1. janúar 2012 eiga hvorki kaupandi né seljendur kröfur á hendur hinum um leiðréttingu á kaupverði. Frá sama tíma falla niður ábyrgðir Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar á þeim skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað hafði verið til fyrir 1. janúar 2007.

Meginmarkmið frumvarpsins er að gera breytingar á lögum um Landsvirkjun til samræmis við þá breytingu sem orðið hefur á eignarhaldi í Landsvirkjun með kaupum íslenska ríkisins á hlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu. Þannig er lagt til að allar tilvísanir til sveitarfélaganna tveggja verði felldar brott. Í frumvarpinu er enn fremur lagt upp með að ekki verði gerðar breytingar á rekstrarformi Landsvirkjunar. Því er lagt til að í stað Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar verði sameigandi ríkissjóðs sérstakt einkahlutafélag sem er að fullu í eigu ríkisins. Stofnað hefur verið eignarhaldsfélag, Eignarhlutir ehf., sem unnt er að nota í þessu efni.

Með eign slíks félags að mjög litlum hluta í Landsvirkjun, 0,1%, má vera ljóst að einungis er verið að fullnægja kröfum um tvo sameigendur að lágmarki í sameignarfélagi. Ríkið er eftir sem áður eigandi Landsvirkjunar að fullu, beint og óbeint, og ekki til þess ætlast að eignarhaldsfélagið hafi bein áhrif á starfsemi Landsvirkjunar í krafti eignarhluta síns.

Þá er gert ráð fyrir því að gildandi sameignarfélagssamningur á milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar falli niður en í stað hans komi nýr sameignarfélagssamningur á milli nýrra sameigenda. Fylgir hann frumvarpi þessu sem fylgiskjal II.

Með þessu fyrirkomulagi er uppfyllt skilyrði um lágmarksfjölda eignaraðila að sameignarfyrirtækinu og sameignarfélaginu, og Landsvirkjun þannig við haldið. Því er ekki þörf á því að gera breytingar á rekstrarformi Landsvirkjunar.

Samkvæmt gildandi lögum um Landsvirkjun falla mál er varða framkvæmd laganna og aðild ríkisins að Landsvirkjun undir ráðherra þann er fer með orkumál. Er það frávik frá þeirri skipan sem almennt var komið á meðferð slíkra eigna með 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands en þar segir m.a. að fjármálaráðuneytið fari með mál er varða eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar þeirra eigna, m.a. að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins.

Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á skipulagi raforkumála og þess að fyrirtækið starfar nú á samkeppnismarkaði er óheppilegt að handhöfn þess sé hjá sama ráðherra og fer með almenna stjórnsýslu á sviði auðlinda- og orkumála. Með hliðsjón af þessu hefur verið ákveðið að fjármálaráðherra skuli taka við eigandahlutverki ríkisins í Landsvirkjun í stað iðnaðarráðherra svo sem verið hefur.

Í samræmi við framangreinda ákvörðun er í frumvarpinu leitað eftir viðeigandi breytingum á lögum um Landsvirkjun en af þeim leiðir að meðferð eigna ríkisins í fyrirtækinu færist við gildistöku laganna til fjármálaráðherra. Þetta felur m.a. í sér að fjármálaráðherra mun skipa stjórn Landsvirkjunar og samþykkja nýjar skuldbindingar og ábyrgðir vegna fyrirtækisins.

Í frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi er m.a. lagt til að meðferð eignarhalds ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Rarik og Orkubúi Vestfjarða færist alfarið til fjármálaráðherra.

Auk framangreindra breytinga er í frumvarpinu að finna ýmsar aðrar tillögur um breytingar á lögum um Landsvirkjun. Lagt er til að fækkað verði í stjórn Landsvirkjunar úr sjö mönnum í fimm. Ríkið á í dag þrjá af sjö stjórnarmönnum en við yfirtöku á hlutum sveitarfélaganna hverfa fjórir fulltrúar þeirra úr stjórn fyrirtækisins. Þá er lagt til að einungis þurfi að leita samþykkis fjármálaráðherra við nýjum skuldbindingum eða ábyrgðum sem fara fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju.

Að öðru leyti er fyrst og fremst um að ræða niðurfellingu ákvæða sem talin eru óþörf í ljósi breytinga sem orðið hafa á skipulagi raforkumála og starfsskyldum Landsvirkjunar. Má sem dæmi nefna að lagt er til að felld verði niður ákvæði um sérstakan samráðsfund, upptalningu laganna á virkjunum sem Landsvirkjun á og rekur og ákvæði sem heimila sveitarfélögum að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun.

Hæstv. forseti. Ég hef hér gert grein fyrir helstu efnisatriðum þessa frumvarps. Ég vil að lokum árétta að ég tel að kaup ríkisins á hlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar hafi verið óhjákvæmilegt skref í að marka skýrari línur varðandi eignarhald opinberra aðila að raforkufyrirtækjum.

Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[15:49]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta frumvarp bera með sér hver forgangsröð Framsóknarflokksins er. Það á ekki að leysa úr því að fara yfir hvað hafa orðið miklar hækkanir hjá almennum neytendum við breytingar á raforkumarkaðnum. Nei, það er ekki forgangsverkefni hjá Framsóknarflokknum. Nei, það er verið að hringla við eignarhaldið og öll áherslan í einhverjum strúktúrbreytingum hjá fyrirtækinu. Mér finnst það vera furðulegt þegar málefni neytenda koma fram í óundirbúnum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra og engin svör liggja fyrir um hversu miklar hækkanir hafa orðið, þá er komið með frumvarp þar sem er verið að hræra með einhver skipulagsmál í staðinn fyrir að svara einfaldlega hvað hækkanir hafa orðið miklar á iðnaði og neytendur í landinu. Mér finnst þetta vera stórundarlegt, að standa hér og ræða þessi mál þegar ríkisstjórnin getur ekki svarað því hvað rafmagnið hefur hækkað mikið, bæði á þá sem hita hús sín með raforku og einnig á iðnaðarfyrirtæki í landinu.

[15:50]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég man alls ekki til þess að það hafi komið fram nokkur fyrirspurn um hve mikið raforkuverð hafi hækkað. Það var rætt um allt aðra hluti og nú er allt annað mál á dagskrá. Ég skil hreinlega ekki þessa ræðu hv. þingmanns.

[15:50]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það virðist því miður vera svo að hæstv. iðnaðarráðherra fylgist ekki með þingstörfum né heldur þegar fjölmargir þingmenn leggja fram frumvörp og þingsályktunartillögur sem varða þessi mikilvægu mál. Í iðnaðarnefnd þingsins er til umfjöllunar þingsályktunartillaga sem mér finnst að hæstv. ráðherra hefði átt að kynna sér en á svari hans við fyrirspurn minni er greinilegt að hann hefur ekki gert það. Hún gengur út á það hvað hækkunin hafi orðið mikil á rafmagnsverði til almennings og til iðnfyrirtækja. Upplýsingar um það liggja ekki á lausu og mér finnst það vera stórundarlegt að hér eigi að halda áfram með einhverjar strúktúrbreytingar á raforkumarkaðnum þegar ráðuneytið hefur ekki svarað þessum einföldu spurningum um hver hækkunin hafi orðið. Ég ætla að vona að hæstv. ráðherra skilji þessa spurningu og þetta andsvar mitt.

[15:51]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var greinilegt á orðum hv. þingmanns í fyrra andsvari hans að hann var að tala um umræðu sem fór fram fyrr á þessum fundi og það var það sem ég átti við. Nú skil ég enn þá minna í því hvernig getur staðið á því að hv. þingmaður er að taka allt annað mál inn á þennan dagskrárlið sem nú er til umræðu.

[15:52]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frumvarp til laga um breyting á lögum um Landsvirkjun, sem felur í sér að kaupa hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar út og geta síðan stofnað nýtt fyrirtæki um Landsvirkjun, er náttúrlega liður í að setja Landsvirkjun á einkavæðingarvagninn eins og forustumenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins hafa áður lýst.

Annars er ekkert að sjá í frumvarpinu um tilgang málsins. Ég hef verið að lesa greinargerð og ég hef verið að lesa skýringar með frumvarpinu og það er hvergi tilgreindur neinn annar tilgangur, þjónustutilgangur, að ætla að bæta þjónustu við almenning. Nei. Ég spyr hæstv. ráðherra: Getur hæstv. ráðherra skýrt það eitthvað nánar en kemur fram í frumvarpinu, hver er tilgangurinn með því að flytja þetta frumvarp annar en sá að setja Landsvirkjun á einkavæðingarvagn raforkumálanna sem hefur reyndar verið stefna ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum?

[15:53]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og kom greinilega fram í framsögu minni þá er þetta áfangi á löngu samningaferli við sveitarfélögin í framhaldi af setningu nýrra laga um raforkumarkaðinn til að koma í veg fyrir hagsmuna- og trúnaðarárekstra í þeirri mótun raforkumarkaðar sem nú stendur yfir.

[15:54]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt sem ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á, þ.e. að hann talar um sameignarfélag. Mér vitanlega er Landsvirkjun sameignarfyrirtæki með sérlögum þannig að það er ekki hægt að vísa í einhver almenn lög um sameignarfélög. Það er ekki um það að ræða í þessu tilviki.

Ég skil orð hæstv. ráðherra þannig að þetta sé liður í því að liðka fyrir að setja Landsvirkjun og reyndar orkukerfið allt, Orkubú Vestfjarða og Rarik öll saman í eitt fyrirtæki til að hægt sé að setja það allt á einkavæðingarmarkað. Auðvitað er það sjónarmið af hálfu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins en ég er algerlega á móti því og spyr: Hvernig er hægt að heimfæra eitthvað af þessum aðgerðum þannig að þær þjóni almenningi betur, að þær gefi lægra raforkuverð eða betri þjónustu, sem hlýtur að vera markmið af hálfu ríkisstjórnarinnar?

[15:55]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það þjónar augljóslega hagsmunum alls almennings og líka ríkisvaldsins sem eiganda þessara fyrirtækja að hreinsa vel til og hafa það alveg skýrt að ekki verði hagsmuna- og trúnaðarárekstrar á markaði.

[15:56]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var tvennt sem ég vildi inna hæstv. ráðherra iðnaðarmála eftir. Annað sem lýtur að verðmætinu á fyrirtækinu og það mun ég spyrja um í seinna andsvari mínu en hitt lýtur að eignarhaldi á fyrirtækjum. Það má segja að það hafi skaðað þennan málsferil í fyrra þegar hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra var með mjög óheppilegar og óábyrgar yfirlýsingar um einkavæðingu fyrirtækisins og framtíðareignarhald á Landsvirkjun af því að þetta mál lýtur almennt að auðlindanýtingu okkar Íslend-

inga og sameignum okkar á helstu og mestu auðlindum okkar. Því vildi ég spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hann fortaki algerlega fyrir að þetta sé fyrsta skref, þeir séu að komast yfir fyrsta þröskuldinn að einkavæðingu Landsvirkjunar. Þessu halda margir fram og það gerði málið tortryggilegt hvernig hæstv. forveri iðnaðarráðherra í starfi gekk fram og kom með mjög óheppilegar yfirlýsingar um það. En spurning mín er: Fortekur hæstv. núverandi iðnaðarráðherra fyrir það að þetta sé vegferð yfir fyrsta þröskuldinn í átt að einkavæðingu Landsvirkjunar?

[15:56]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé misskilningur að ummæli fyrrverandi iðnaðarráðherra hafi lotið að einkavæðingu. Þau lutu að breytingu á réttarformi og hugsanlegri aðild t.d. lífeyrissjóða og annarra félagslegra aðila að þessum fyrirtækjum. Sú breyting sem nú verður hefur engin áhrif á það. Hún er einfaldlega liður í þessari hreinsun eignaraðstæðna milli mismunandi aðila á orkumarkaðnum, eins og ég sagði áðan. Hún stuðlar hvorki að né hindrar aðra þróun á orkumarkaði. Hún er á engan hátt liður í neinu einkavæðingarferli.

[15:57]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek yfirlýsingar hæstv. ráðherra sem fortakslausa yfirlýsingu um að ekki eigi að einkavæða Landsvirkjun hvort sem hægt er að snúa út úr því með því að hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra talaði um það að einkavæða fyrirtækið og koma því í hendur annarra aðila. Þá vildi ég spyrja hæstv. ráðherra um verðmætið á fyrirtækinu. Í bókunum minni hlutans í borgarstjórn Reykjavíkur komu fram mjög öflugar röksemdir í fjórum meginþáttum fyrir því að verðmætið væri allt of lágt og skipti allt að tug milljarða kr., m.a. með spám út af raforkuverði til framtíðar, í öðru lagi út af áhættu í áliðnaði, í þriðja lagi út af óhagstæðu smæðarálagi og í fjórða lagi vegna framtíðarmöguleika Landsvirkjunar á orkunýtingum. Hér er um að ræða mjög alvarlega ásökun, alvarlega röksemdafærslu fyrir því að verðmætið hafi verið allt of lágt, að ríkið hafi verið að hýrudraga Reykjavíkurborg með mjög óeðlilegum hætti. Hvað segir hæstv. iðnaðarráðherra Íslendinga allra við þessu?

[15:58]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fullyrði að það liggur mjög vönduð vinna sérfræðinga að baki því verðmati sem samkomulag varð um. Í því felst að sjálfsögðu, eins og alltaf er í viðskiptum, að það er til mismunandi mat, mismunandi skoðanir og mismunandi áherslur, eins og gengur. Um þetta varð hins vegar málefnalegt mjög vandað samkomulag. Ég hef enga ástæðu til annars en treysta því að það sé á traustum grunni.

[15:59]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að tjá mig um að ég er sammála efni þessa frumvarps en ég er samt sem áður með eina fyrirspurn sem mig langar að koma á framfæri. Aðdragandinn að þeirri spurningu er að á sínum tíma fengu Íslendingar, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg svokallaða Marshall-hjálp og fyrir hana byggði ríkið m.a. Áburðarverksmiðju ríkisins sem síðar var seld og þá fékk ríkið þá fjármuni til sín.

Nú langar mig að spyrja: Í þeim samningi sem gerður hefur verið við Reykjavíkurborg um kaup á hlut borgarinnar í Landsvirkjun, hvorum megin hryggjar liggur sú Marshall-aðstoð sem við Íslendingar fengum á sínum tíma til þess að byggja Sogsvirkjanir sem gengu svo inn í Landsvirkjun?

[16:00]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ekki kunnugt um að sú sögulega athugun á þessum viðskiptum hafi farið fram sem greiði úr því á öllu því árabili sem liðið er síðan Marshall-aðstoðin var greidd út til að unnt sé að rekja þá reikninga nákvæmlega. Mér er ekki kunnugt um það en sjálfsagt er hægt að vinna þá vinnu. Hins vegar er í þessum samningum ekki farið að grafast fyrir um sögulegar forsendur með slíkum hætti.

Þessi samningur fjallar aðeins um að gerð eru skipti milli þessara sveitarfélaga og ríkisvaldsins og hefur ekki verið efast um lagalegar forsendur þess.

[16:01]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Að fengnu þessu svari finnst mér eðlilegt að Alþingi óski eftir því að það verði upplýst hvorum megin hryggjar þeir fjármunir liggja, sem var Marshall-hjálpin, sem fór óvefengjanlega til byggingar á Sogsvirkjun á sínum tíma. Og hvort íslenska ríkið er að borga þá fjármuni til baka til Reykjavíkurborgar.

[16:01]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki tilefni til að fjalla um þessa tillögu sérstaklega, hvorki amast við henni né taka undir hana. En ég geri ráð fyrir að það verði býsna flóknir reikningar og ýmsir liðir bæði í debet og kredit í því.

[16:02]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að fagna því að mistökin sem voru gerð á sínum tíma þegar Reykjavíkurborg og Akureyrarbær voru gerð að sameigendum ríkisins að Landsvirkjun eru leiðrétt þó að það kosti æðidrjúgan skilding. Því sannleikurinn er auðvitað sá að ef þeim aðilum hefði ekki verið hleypt inn í Landsvirkjun á sínum tíma ætti ríkissjóður Landsvirkjun í heilu lagi og hefði ekkert lagt meira til eða lítið meira en það sem fyrir liggur að lagt hefur verið til.

Ég er þó ekki að halda því fram að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafi ekki lagt eitthvað til Landsvirkjunar. Ég fékk svar við fyrirspurn líklega á árinu 1992 eða 1993 og aftur árið 2003, þar sem farið var yfir framlög eigenda til

fyrirtækisins. Þau eru vissulega fyrir hendi. Reykjavíkurborg lagði t.d. til nokkur framlög líklega á 7. og 8. áratugnum þegar Landsvirkjun gekk sem verst. En þeir aðilar fengu líka og hafa fengið allan tímann, eða í þó nokkuð mörg ár er öllu heldur réttara að segja, framlög eða greiðslur frá fyrirtækinu vegna eigendaábyrgðar. Verulegir fjármunir eru þar á ferðinni. Ég held að ef dæmið er gert upp séu framlög Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar því ekki mjög há.

En það verður að horfast í augu við staðreyndirnar. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær áttu þessa hluti. Þá verða menn að vinna með það. Það var hins vegar afar óheppilegt að þessir eigendur væru að Landsvirkjun ásamt ríkinu. Það varð enn erfiðara og óheppilegra eftir að menn lögðu af stað í þær breytingar á raforkumarkaðnum sem hefur staðið yfir á undanförnum árum. Það þurfti þess vegna líka af þeim ástæðum að taka á þeim málum. Þess vegna fagna ég því að niðurstaða skuli vera komin og að leyst verði úr þeim eignarhaldsvanda sem búinn er að vera á Landsvirkjunarhlutunum fram að þessu.

Ég vil í upphafi ræðu minnar, vegna þeirra orðaskipta sem urðu hérna áðan um einkavæðingu Landsvirkjunar eða ekki einkavæðingu, grípa niður í þann samning sem gerður var milli Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og ríkisvaldsins um kaup á þeim hlutum. Ég vil til upplýsingar fyrir umræðuna, með leyfi forseta, vitna í samninginn. 5. gr., undir fyrirsögninni Leiðrétting kaupverðs, gengur út á að útskýra hvað eigi að gera ef Landsvirkjunarhlutir verða seldir í meira mæli en sem svarar 15% á næstu árum. Ég ætla ekki að lesa það allt saman, en vil, með leyfi forseta, vitna aðeins í samninginn. Þar stendur:

„Ákvæði þetta um leiðréttingu kaupverðs á einungis við selji kaupandi eignarhlut sinn beinni til sölu til þriðja aðila. Það skal ekki eiga við (i) þótt um sé að ræða sameiningu Landsvirkjunar við önnur fyrirtæki í eigu kaupanda," — sem er náttúrlega ríkið — „(ii) þótt Landsvirkjun verði breytt í hlutafélag," — það er þó alla vega hugmynd að Landsvirkjun verði breytt í hlutafélag — „(iii) þótt annað fyrirtæki sé sameinað Landsvirkjun, hvort heldur með samruna eða kaupum, þar sem gagngjaldið er einungis eignarhluti í Landsvirkjun, ..."

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að nýr aðili getur komið inn í Landsvirkjun þar sem menn færa eignir á milli, eftir því sem ég skil best og ég verð þá leiðréttur ef annað er upp á teningnum, þ.e. ef þriðji aðili gerist eigandi að Landsvirkjun, aðrir en eru núna. Talað er um einn aðila í viðbót, sem er reyndar bara sýndaraðili að eignarhaldinu til að halda megi sig við það sameignarfyrirkomulag sem um ræðir. Ef þriðji aðili verður eigandi gildir ekki þetta undanþáguákvæði, þ.e. ef einungis er skipt á eignarhlutum í viðkomandi fyrirtæki við Landsvirkjun. Einhverjar hugmyndir hljóta að vera á bak við það þegar menn setja svona fyrirvara í samning.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„... (iv) þótt stofnfé Landsvirkjunar verði aukið og þriðji aðili leggi það viðbótarstofnfé inn til Landsvirkjunar."

Hvað þýðir það? Þetta þýðir að opna á fyrir þann möguleika að einhverjir aðrir verði eigendur að Landsvirkjun. Á bak við þetta hljóta að vera einhverjar hugmyndir um hvað geti gerst eða hvaða möguleikar eru í stöðunni. Vel að merkja, þetta gildir aðeins í fimm ár. Það er því svolítið merkilegt að menn séu að gera ráð fyrir öllum þessum möguleikum þegar ekki er gerð undanþága til lengri tíma en fimm ára.

Mér finnst yfirlýsing hæstv. ráðherra um að ekkert af þessu tagi standi til, þ.e. engin einkavæðing sé á dagskránni, þá er merkilegt að einungis til fimm ára skuli menn hafa alla þessa fyrirvara og undanþágur frá ákvæðinu um leiðréttingu á kaupverði sem ég vitnaði til.

En þá ætla ég aftur að upphafi ræðu minnar sem ég hóf með því að tala um eignarhlutina. Mikil ástæða er til að gera breytingar á þessu. Í fyrsta lagi er Landsvirkjun gríðarlega mikilvægt fyrirtæki. Fyrirtækinu hefur verið trúað fyrir að nýta einhverjar bestu og hagkvæmustu orkulindir sem til eru í landinu. Orkukosti sem menn hafa valið fremst í röðina til virkjunar á undanförnum áratugum. Þess vegna er það afar mikilvægt hvað menn gera við þá kosti í framtíðinni. Þetta hljóta menn að þurfa að setja í samhengi við þá umræðu sem fer fram í samfélaginu núna um auðlindir í almannaeigu, auðlindir í þjóðlendum og hvernig eigi að fara með þær auðlindir, sem við gerum að minnsta kosti flest öll ráð fyrir að verði gerðar að þjóðareign til framtíðar.

Það er skoðun mín að ýmsar af þeim auðlindum sem Landsvirkjun hefur núna undir höndum eigi að vera hluti af þeim þjóðarauðlindum sem varðveita á sem þjóðareignir til framtíðar. Þess vegna er mikilvægt að þær eignir skuli vera komnar í hendur ríkisvaldsins til að hægt sé að fjalla um þetta allt saman, með öðrum auðlindum, t.d. í þjóðlendum og á hafsbotni og hvar sem er, hvernig eigi að koma þeim fyrir til framtíðar litið.

Hinn hluti málsins er samkeppnisvæðing á raforkumarkaðnum sem stjórnvöld hafa staðið fyrir og talað fyrir á undanförnum árum, sem auðvitað er ekki hægt að framkvæma nema búa til einhvers konar samkeppnisumhverfi. Það hlýtur að vera furðulegt í augum fólks sem hefur hlustað á slíkar yfirlýsingar á undanförnum árum, að sjá þær tillögur koma frá ríkisvaldinu, frá ríkisstjórninni, þ.e. að verið er að kaupa Landsvirkjun. Gott og vel. En tillögurnar um að sameina síðan Landsvirkjun og önnur fyrirtæki á orkumarkaðnum fylgja með, og allt hangir þetta saman. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni hvers vegna menn gera þetta.

Mér finnst hæstv. ráðherra og fyrirsvarsmenn ríkisstjórnarinnar ekki hafa útskýrt það með neinum þeim hætti að hægt sé að skilja hvers vegna ríkisstjórnin, sem taldi sig nauðbeygða til að fara í þessa för, þ.e. koma á samkeppnisumhverfi í raforkugeiranum vegna þess að við höfum gert samning um Evrópska efnahagssvæðið og að þrýstingur væri þess vegna á okkur að koma á samkeppni, hvernig það getur svo stemmt saman að koma með tillögur um að sameina öll stærstu orkufyrirtæki í eitt. Af hverju gera menn þetta? Hvers vegna telja menn sig nauðbeygða til þess? Þær útskýringar verða að koma fram í umræðunni. Ekki er hægt að bjóða upp á annað.

Fram kemur í gögnunum að þetta muni auka eigið fé Landsvirkjunar sem hefur staðið í miklum fjárfestingum á undanförnum árum, en ekki er sagt að það sé aðalástæða þess að svona sé að farið. Ég held að hæstv. ráðherra verði

að útskýra það á hv. Alþingi hvort það sé aðalástæðan. Ef það er aðalástæðan, hvers vegna í ósköpunum treysti ríkissjóður sér ekki til að koma með öðrum hætti að þessu máli en þeim að sameina eignarhaldið á öllum raforkufyrirtækjunum sem ríkið á í staðinn fyrir að reyna að búa til trúverðugt samkeppnisumhverfi á raforkumarkaðnum?

Ég segi það alveg hiklaust að hægt er að sjá fyrir sér aðra eignaraðila að einhverjum hluta þeirra eigna sem hér er um að ræða. Þá er ég ekki að tala um Landsvirkjun sjálfa, heldur hin fyrirtækin sem hafa, eins og Orkubú Vestfjarða, verið í eigu annarra aðila. En ríkið keypti. Ríkisvæðing raforkugeirans er orðin gríðarleg núna. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Pétur Blöndal sé mér sammála um það. Fyrst með kaupunum á Orkubúi Vestfjarða og síðan núna með helmingskaupunum á Landsvirkjun. En það má búa til úr þessu einhvers konar eða að minnsta kosti skárra samkeppnisumhverfi á raforkumarkaðnum en fyrir hendi er og að er stefnt með þeim tillögum sem við erum að sjá.

Ég ætla aðeins að ræða um kaupverðið. Það er skoðun mín að margt sé rétt í því sem minni hlutinn hjá Reykjavíkurborg hefur verið að segja um kaupverðið, að vel geti verið að í sjálfu sér hefði mátt reikna verðið mun hærra en gert var. En ég ætla ekki að kvarta undan því. Ég tel það hið besta mál að ríkissjóður geri góð kaup. Ég er sannarlega á þeirri skoðun að ríkissjóður sé að gera prýðileg kaup í samningnum við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um helmingshlut af Landsvirkjun. Þetta er gríðarlega verðmætt fyrirtæki. Þó svo ég sjái pínulítið eftir þessum aurum verð ég þó að viðurkenna að úr því að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær áttu þennan hlut þá verði auðvitað að greiða fyrir hann þá fjármuni sem samkomulag gat orðið um.

Ég er á þeirri skoðun að ríkisvaldið, ríkissjóður og Alþingi þess vegna fyrir hönd hans, geti prýðilega unað við þá niðurstöðu sem nú liggur fyrir. Mér finnst að það hafi verið nokkuð vel sannað með þeirri yfirferð sem liggur fyrir frá þeim sem nú eru í minni hluta hjá Reykjavíkurborg.

Hæstv. forseti. Það eru fleiri mál hér undir. Ég ætlaði að reyna að aðskilja umræðuna um það sem hangir utan í þessu, þ.e. skipulagsbreytingarnar, og ég ætlaði reyndar ekki að hafa þær mikið inni í þeirri ræðu sem ég flyt nú um kaupin á Landsvirkjun og breytingarnar á lögunum sem fylgja þeim kaupum. Ég og við í Samfylkingunni erum að mörgu leyti sammála því að þurft hafi að leysa úr þessum eignarhaldsvanda. Það er gert með þessum hætti. Kaupverðið er prýðilega vel við unandi frá hendi ríkisvaldsins að mínu mati.

Ég ætla ekki að hafa ræðu mína lengri en mun ræða þessi mál betur þegar kemur að hinum málunum sem fylgja með. Ég fæ tækifæri til að fara yfir málin í iðnaðarnefnd. Þar þurfum við að fá svör við ýmsum spurningum. Ég sé alveg ástæðu til þess að til fróðleiks fari menn yfir upphafið að þessu. Ég held að líka sé ástæða til að menn kalli til sérfræðinga í því hvernig á að meta svona eignir eins og þessar því þarna eru á ferðinni gríðarlega miklar eignir. Ég set því aðeins fyrirvara við orð mín um það sem ég hafði yfir hér áðan, að ef sannara reynist þá auðvitað viðurkennir maður það. En með fljótlegri yfirferð og skoðun á því sem fyrir liggur sýnist mér að ríkið hafi gert býsna góð kaup.

[16:18]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um Landsvirkjun. Eins og komið hefur í ljós í ræðum þeirra sem talað hafa á undan mér eru hér ýmsir þættir sem menn vilja gera að umtalsefni og hefur svo sem talsvert af því verið umfjöllunarefni nú þegar á síðum dagblaðanna og í ljósvakamiðlunum.

Ég sé ekki betur, hæstv. forseti, en að hér séu í raun og veru tvö meginmarkmið í gangi hjá ríkisstjórninni. Annað markmiðið með því að leysa til sín eignarhlut borgarinnar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun er óneitanlega það að hleypa Landsvirkjun inn á smásölumarkað í raforku. Hingað til hefur Landsvirkjun verið með heildsöluhlutverk og framleiðslu á raforku en hefur ekki getað staðið í smásölunni. Nú er ríkisstjórnin hins vegar í kjölfarið á hinni svokölluðu markaðsvæðingu raforkumarkaðar að tryggja það að Landsvirkjun hafi hlutverk á smásölumarkaði. Hitt meginatriðið í mínum huga með þessum gjörningi er að laga eiginfjárstöðu Landsvirkjunar um 17 milljarða. Og hvers vegna er eiginfjárstaða Landsvirkjunar slæm? Hún er slæm vegna óráðsíunnar sem farið var út í þegar ákveðið var að reisa Kárahnjúkavirkjun. Eiginfjárstaða Landsvirkjunar er veik, Landsvirkjun hefur étið upp eigið fé sitt í þeim framkvæmdum sem staðið hafa yfir og nú er reynt að bjarga því sem bjargað verður með því að gera Orkubú Vestfjarða og Rarik að dótturfyrirtækjum í Landsvirkjun. Sá gjörningur sem hér er talað fyrir er hluti af þessu ætlunarverki ríkisstjórnarinnar.

Nú er það alveg skýrt hver afstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er í þessum efnum. Þann 1. nóvember, þegar tilkynnt var um kaup ríkisins á þeim eignarhlutum sem um ræðir, gaf borgarstjórnarflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs út yfirlýsingu og mig langar til að fá að lesa hana hér, með leyfi forseta:

„Borgarstjórnarflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmælir harðlega fyrirhugaðri sölu á hlut borgarbúa í Landsvirkjun. Með undirskrift borgarstjóra í dag er stigið skrefi nær þeim markmiðum stjórnvalda, með Sjálfstæðisflokkinn í fararbroddi, að einkavæða Landsvirkjun. Sameiginlegt eignarhald ríkis og tveggja sveitarfélaga í Landsvirkjun hefur einmitt tryggt að þessi mikilvæga starfsemi væri í höndum samfélagsins. Nú skal hins vegar haldið inn á braut einkavæðingar, í samræmi við stefnu stjórnarflokkanna sem er að mola niður samfélagsþjónustuna og koma henni í síauknum mæli í hendur einkaaðilum. Salan á hlut borgarinnar og Akureyrar í Landsvirkjun er liður í þessari yfirlýstu einkavæðingarstefnu Sjálfstæðisflokksins sem samstarfsflokkar hans í ríkisstjórn, borgarstjórn og bæjarstjórn Akureyrar gangast nú undir.

Vinstri græn mótmæla einnig dæmafáu offari meirihlutaflokkanna í borgarstjórn sem hafa farið á bak við borgarráð og borgarstjórn í málinu. Í júlí sl. hét borgarstjóri því í borgarráði að gera ráðinu grein fyrir framvindu málsins en hefur síðan ekki vikið að því einu orði fyrr en nú kemur fullbúinn samningur þar sem búið er að afsala Reykvíkingum dýrmætri sameign án þess að um það hafi verið fjallað af kjörnum fulltrúum og sjónarmið reifuð. Hér gerir meiri hlutinn sig sekan um yfirgang og ólýðræðisleg vinnubrögð

sem því miður eru ekki einsdæmi á stuttum valdatíma nýrrar borgarstjórnar.

Með þessum gjörningi er vegið að hagsmunum Reykvíkinga, bæði í bráð og lengd og ákvörðun um sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun við þessar aðstæður leiðir til þess að raforkureikningar borgarbúa og landsmanna allra munu hækka stórlega í kjölfarið. Fulltrúar Vinstri grænna leggjast hér eftir sem hingað til gegn þeim einkavæðingarleiðangri sem staðið hefur yfir undir stjórn Sjálfstæðisflokks á annan áratug með stuðningi flokka sem setja hagsmuni valds og áhrifa í öndvegi."

Þetta var yfirlýsing frá borgarstjórnarflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hún er dagsett 1. nóvember, sama dag og tilkynnt var um þann gjörning, þann samning sem fylgir með þessu frumvarpi sem fylgiskjal.

Nú er alveg ljóst á hvaða forsendum við vinstri græn höfum ævinlega varað við þeirri markaðsvæðingu á raforkusölu sem ríkisstjórnin hefur verið í ákveðinni krossferð fyrir. Það er jú okkar sjónarmið að raforkuframleiðslan og flutningur og dreifing á raforku sé fyrst og síðast samfélagslegt verkefni sem eigi að reka og sýsla með af samfélagslegum stofnunum í eigu okkar allra. Við höfum ástæðu til að ætla, þjóðin öll hefur ástæðu til að ætla, að hér búi meira að baki en það sem hæstv. ráðherra hélt fram áðan, við teljum augljóst að hér eigi að ganga lengra og við höfum því máli okkar til stuðnings m.a. ummæli hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, úr umræðum sem við áttum hér á 131. löggjafarþingi þegar málefni Landsvirkjunar voru til umfjöllunar. Þetta voru umræður sem fóru fram örfáum dögum eftir að borgarstjórn Reykjavíkur hafði lýst yfir vilja til þess að setja af stað, eða samþykkti öllu heldur að undangengnum þrýstingi, umræður um að losa um hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun.

Þær viðræður áttu að hefjast snemma árs 2005 og í kjölfarið komu hér inn á borð þingmanna mál sem hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir talaði fyrir. Í umræðum á Alþingi þann 22. febrúar 2005 þegar hæstv. iðnaðarráðherra hafði verið þráspurð um hugmyndir ríkisstjórnarinnar um mögulega einkavæðingu í framhaldi af breytingum á lögum um Landsvirkjun sagði hún, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig hefur komið fram sú stefnumörkun að sameinuðu fyrirtæki" — sem þá var verið að fjalla um í þingsölum, sameinuðu fyrirtæki Landsvirkjunar, Rariks og Orkubús Vestfjarða, sem nú eru orðin eins og við vitum dótturfélög — „verði breytt í hlutafélag, þó eigi fyrr en árið 2008. Með hlutafélagavæðingu eru sköpuð skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu," sagði hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir 22. febrúar 2005.

Hún heldur áfram:

„Ástæðan fyrir því að rekstrarforminu verður ekki breytt fyrr en eftir 2008 er fyrst og fremst sú að ekki er talið ráðlegt að fara í svo umfangsmiklar breytingar á meðan á byggingu Kárahnjúkavirkjunar stendur.

Rökin fyrir hlutafélagavæðingu hins nýja fyrirtækis eru helst tvenn. Í fyrsta lagi er hlutafélagaformið langalgengasta form atvinnurekstrar hér á landi og það sem er líklegast til að stuðla að aukinni samkeppnishæfni fyrirtækisins. Í öðru lagi skapar hlutafélagaformið möguleika á því að fá inn aukið hlutafé frá fjárfestum og öðrum aðilum."

Það kemur auðvitað fram, hæstv. forseti, í því frumvarpi sem hæstv. iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson talar hér fyrir að það er markmiðið, að fá inn aðra fjárfesta að þessu borði, og þar með erum við auðvitað að tala um að Landsvirkjun verði innan fárra ára — að öllum líkindum færri en okkur grunar hér — komin á markað og seld í hendur einkaaðila. Þar með eru öll áform og allar hugmyndir framsóknarmanna, ef þær hafa einhvern tíma verið einlægar, fokin út í veður og vind. Þess vegna vara ég þjóðina og kjósendur Framsóknarflokksins við þeim áformum sem hér er talað fyrir. Ég tel að hér sé á ferðinni úlfur í sauðargæru. Máli mínu til stuðnings vil ég m.a. nefna það sem fram kemur í 2. tölulið athugasemda við þetta frumvarp, að það eigi að búa til mikinn málamyndagjörning til þess að hægt sé að fóðra það að lögunum um Landsvirkjun verði ekki breytt strax, henni verði ekki breytt strax í hlutafélag. Þá er búinn til sá málamyndagjörningur að búa til lítið eignarhaldsfélag sem á að heita Eignarhlutir ehf. Það á að vera sameigandi ríkisins í Landsvirkjun með 0,1% í sinn hlut, og með þessu er að sögn hæstv. ráðherra, eins og stendur í athugasemdunum „sameignarfélaginu Landsvirkjun viðhaldið og ekki þarf því að gera umfangsmiklar breytingar á rekstrarformi Landsvirkjunar".

Hæstv. iðnaðarráðherra til upplýsingar verður nú að segja eins og er að það er hálfhlálegt að hæstv. ráðherra skuli í byrjun athugasemdanna við þetta frumvarp kalla Landsvirkjun sameignarfélag en það er Landsvirkjun ekki. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki samkvæmt sérlögum og um það gilda ekki lög um sameignarfélög. Það lítur út fyrir að hæstv. ráðherra sé hér að kasta ryki í augu fólks með því að í inngangi athugasemdanna við lagafrumvarpið talar hann um sameignarfélagið Landsvirkjun. Úr því að svo er finnst mér vera hér atriði sem við þurfum að skoða nánar og eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna sé ekki bara farið inn á þá braut að breyta rekstrarforminu strax í opinbert hlutafélag. Við höfum rætt um opinbert hlutafélag hér í öðru samhengi þar sem Ríkisútvarpið er en ég spyr hæstv. forseta — ekki það að ég sé sérstakur talsmaður opinberra hlutafélaga, síður en svo: Hvers vegna er ekki farið út á þá braut að gera Landsvirkjun að opinberu hlutafélagi með þessu? Í öllu falli mundi það opna félagið meira en þær breytingar sem hér eru lagðar til og ég rifja upp að eftir að við breyttum hlutafélagalögunum og settum inn í þau ákvæði um opinber hlutafélög er kveðið á um það í 63. gr. þeirra að í stjórn opinbers hlutafélags skuli það tryggt að í stjórninni sitji „sem næst jafnmargar konur og karlar". Ljómandi ákvæði sem ekki verður hér inni í þessum breyttu áformum ríkisstjórnarinnar samkvæmt þessu frumvarpi.

Sömuleiðis má nefna það að í opinberum hlutafélögum, samkvæmt hlutafélagalögum, er gert ráð fyrir að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skuli gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögunum skipti það máli varðandi starf þeirra. Annað atriði sem mætti svo sem vel heimfæra upp á breytta Landsvirkjun. Einnig má nefna ákvæði úr hlutafélagalögunum í 70. gr. þar sem talað er um að starfsreglur stjórna opinberra hlutafélaga skuli birtar á vef félagsins ef slíkur er til staðar. Mér finnst það líka vera eitt af þessum

opnu ákvæðum sem eðlilegt væri að giltu um það form sem hér er verið að setja á hvað Landsvirkjun varðar. Einnig má nefna ákvæði úr hlutafélagalögunum í 80. gr. þar sem fjallað er um aðkomu fjölmiðla sem á að vera, samkvæmt henni, heimilt að sækja aðalfund. Einnig er þar tekið fram að kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, sé heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

Loks ber ég niður í 88. gr. hlutafélagalaga en þar er talað um að í samþykktum opinbers hlutafélags skuli kveðið á um að ætíð skuli boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund.

Þetta eru allt atriði sem eru þeirrar náttúru að þau eiga að tryggja ákveðið gagnsæi í störfum opinberra hlutafélaga. Ég hefði haldið að það væri einboðið að slíkt gagnsæi ætti að vera til staðar hér með þeirri breytingu sem verið er að gera en ég sé ekki betur en að hér séu sniðgengin þessi ákvæði, það sé verið að fara inn á braut frekari lokunar og að það eigi að vera allt annað upp á teningnum en það að opna og gera hluti gagnsæja.

Eitt af því sem hefur vakið athygli og hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum varðandi þennan gjörning allan er sú staðreynd að í 5. gr. samningsins sem gerður var á milli aðila, ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, kemur fram, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson gat um í ræðu sinni, að í fimm ár sé í gildi ákveðin sérregla sem felur það í sér að ef kaupandi, þ.e. ríkið, losar um eignarhlut eða selur eignarhlut sinn fyrir 1. janúar 2012, hvort heldur er að hluta eða öllu leyti, þó að lágmarki 15%, skuli kaupverðið samkvæmt þeim samningi sem hér um ræðir á þeim eignarhluta sem seldur er taka leiðréttingum til hækkunar eða lækkunar. Svo segir að hagnaður eða tap af sölu þess eignarhlutar skuli miðast við heildarvirði eigin fjár fyrirtækisins skv. 1. mgr. 4. gr. samningsins.

Nú spyr maður að tvennu og það er óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra svari því í þessari umræðu. Í fyrsta lagi: Hvers vegna þessi dagsetning? Hvers vegna er heimildin bundin við þessa dagsetningu, 1. janúar 2012? Einhver rök hljóta að vera fyrir því, varla getur það verið bara einhvers konar hugdetta sem ræður þessum fimm árum, hvers vegna er ekki lengri tími gefinn til þessarar heimildar? Svo er líka athyglisvert og eðlilegt að spyrja um það: Ef ríkið ákveddi nú að selja 15% við lægra verði — segjum sem svo að ríkisstjórnin sjái ástæðu til að selja einhverjum einkavinum sínum ákveðinn hlut og það verði bara gert við lægra verði — munu Reykjavíkurbúar og Akureyrarbúar þurfa að endurgreiða ríkinu það sem á milli er án þess að hafa nokkru sinni komið að þessari ákvörðun. Þetta yrði ákvörðun ríkisins eins sem eiganda Landsvirkjunar en þetta gildir hvort heldur fengist hærra verð eða lægra. Mér finnst vera afar mikill ágalli í þessari 5. gr. sem ég held að eigendur Landsvirkjunar sem hafa verið fram að þessu að hluta til íbúar í Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ hljóti að þurfa að átta sig á því að hér geti verið maðkur í mysunni.

Svo má líka nefna gagnrýnisatriði sem hafa komið upp vegna þeirrar ákvörðunar að setja þetta allt saman í eitt skuldabréf sem á að vera hugsað til greiðslu á lífeyrisskuldbindingum. Gagnrýnisraddir hafa heyrst um að það geti verið óheppilegt að greiða fyrir þennan hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun með bréfum sem hægt væri að selja á markaði og sömuleiðis hefur verið fjallað um það að form þessa bréfs sé með þeim hætti að ekki sé ljóst hvort það haldi verðgildi sínu til framtíðar miðað við núvirði.

Hér hafa verið nefndir afar alvarlegir ágallar á þessum gjörningi og ég held að hæstv. ráðherra verði að svara fyrir um það, um skuldabréfið eina og núvirði þess, og um málamyndagjörninginn sem búinn er til hér með því að eignarhaldsfélagið Eignarhlutir ehf. er búið til. — Bara svona í neðanmálsgrein er það náttúrlega alveg ótrúlega ófrumlegt nafn á þessu eignarhaldsfélagi, Eignarhlutir ehf., sem er bara búið til svo að hægt sé að kalla Landsvirkjun áfram sameignarfyrirtæki en að öðru leyti algerlega gert til málamynda. Mér finnst það koma fram í orðalaginu á bls. 5 í greinargerðinni þar sem segir að stofnað hafi verið „eignarhaldsfélag, Eignarhlutir ehf., í fullri eigu ríkisins, sem unnt er að nota í þessu efni". Það er verið að búa til einhvers konar skálkaskjól fyrir ríkisstjórnina til að nota í þessum leiðangri sínum sem er auðvitað, þegar upp verður staðið, að markaðsvæða Landsvirkjun. Það er alveg sama hvernig hæstv. iðnaðarráðherra reynir, eins og hann gerði í andsvörum áðan, að sverja af sér þá undirliggjandi þrá ríkisstjórnarinnar, það er búið að segja of margt í þeim efnum. Það hefur verið kveðið misfast að orði en undirliggjandi er sú þráhyggja þessarar hægrisinnuðu ríkisstjórnar að koma öllum ríkiseigum meira eða minna út á markað sem mögulegt er og það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá að peningamenn sæju ýmis tækifæri í því að komast í þetta fyrirtæki, Landsvirkjun, sem er enn öflugra með dótturfyrirtækjunum Orkubúi Vestfjarða og Rarik.

Það gefur augaleið inn á hvaða braut er verið að fara og ég segi fyrir okkur, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs: Við komum til með að berjast á hæl og hnakka gegn þessum áformum eins og við höfum gert hingað til. Okkur er engin launung á því að þegar það varð ljóst að Framsóknarflokkurinn stefndi að þessu leynt og ljóst árið 2005 hægðum við á viðræðuferlinu. Það var fyrir okkar tilstilli að það varð þyngra undir fæti í viðræðuferlinu en ella hefði getað orðið.

Við stöndum vaktina og komum til með að móast við í þessu máli sem endranær.

[16:38]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það eru ýmis atriði í þessu máli sem vert er að leiða hugann að og fjalla almennt um og gagnrýna. Ég tel fulla ástæðu til ítarlegrar umræðu um ýmsa þætti í stefnumörkun í raforkumálum hér á landi. Auðvitað mætti margt segja um fyrirhugaða sameiningu orkufyrirtækjanna þriggja, Landsvirkjunar, Orkubúsins og Rariks. En ég mun spara mér það þar til það frumvarp verður rætt síðar. Það er aðskilin umræða en ég einbeiti mér þess í stað að Landsvirkjun og álitamálum sem ég sé tengjast henni.

Ég vil fyrst setja spurningarmerki við þá breytingu í frumvarpinu að fyrirsvar vegna eignarhalds ríkisins í Landsvirkjun færist frá iðnaðarráðuneyti til fjármálaráðuneytis. Það hefur stundum verið ákveðið með lögum að

fjármálaráðherra fari með hlutabréf í fyrirtækjum sem ríkið á hlut í en fagráðherrar hafa hins vegar engu að síður farið með málefnið, stjórn fyrirtækisins, stefnumörkun þess og annað sem lýtur að afskiptum af stofnun eða fyrirtæki. Þarna virðist mér nýmæli sem kannski þyrfti að fara betur yfir og rökstyðja.

Ég átta mig ekki á hvers vegna nauðsynlegt er að fela fjármálaráðherra stjórn þessa orkufyrirtækis í þessu tilviki, ekki bara ákvörðun um eignarhaldið, um meðferð hlutabréfa eða slíkt heldur ákvörðun sem fyrirtækið tekur um uppbyggingu, aðra stefnumörkun, verðlagningu og annað. Það er allt fært í hendur fjármálaráðherra ef ég skil þessa breytingu í frumvarpinu rétt. Mér finnst þurfa frekari rökstuðning fyrir slíkri tilhögun. Mér finnst eiginlega fagráðherrann aftengdur í þessu máli og ætlað það hlutverk eitt að taka við kærumálum eða úrskurða um álitamál sem varða viðkomandi fyrirtæki.

Ef þetta er almenn lína í stjórnskipuninni, sem ég held að sé ný enda man ég ekki eftir að hafa séð þetta áður, þá hlýtur hún að eiga við á fleiri sviðum. Til eru ýmis félög, þar á meðal hlutafélög, sem heyra undir samgönguráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið. Ég spyr mig því hvort þess megi vænta að mönnum finnist að fjármálaráðherra eigi að fara með stjórn þeirra fyrirtækja. Það ætti væntanlega að vera miðað við þá tillögu sem hér liggur fyrir, nema mér hafi yfirsést eitthvað í röksemdafærslunni. Vonandi verður það þá skýrt betur þannig að ég átti mig á hvers vegna þetta er haft svona.

Ég staldra dálítið við þetta, ekki síst vegna þess að fjármálaráðherra kemur úr þeim stjórnarflokknum sem er ákveðinn í og hefur sem afgerandi stefnu að einkavæða Landsvirkjun. Það hlýtur að breyta heilmiklu um framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar þegar fyrirsvar málsins færist á milli flokkanna. Ég hef því efasemdir um þessa breytingu. Ég tel reyndar eðlilegast að fagráðherrann fari með stjórn þessa fyrirtækis meðan ríkið á það, eins og verið hefur. Ég tel a.m.k. að reiða þurfi fram röksemdir eða frekari skýringar á því hvers vegna menn fara þessa leið í þessu tilviki.

Í öðru lagi — það undirstrikar áhyggjur mínar af þessari breytingu — hefur ríkisstjórnin haft stefnu sem ég hef haft nokkrar áhyggjur af á þessu kjörtímabili. Sú stefna birtist m.a. í tilkynningu um skipulagsumbætur á raforkumarkaði, fréttatilkynningu sem iðnaðar- og fjármálaráðuneytið gáfu út saman 17. febrúar á síðasta ári. Þar er greint frá áformum ríkisins um að sameina Landsvirkjun Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða eftir að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun með því að sameina eigur ríkisins í eitt fyrirtæki.

Í fréttatilkynningunni segir, með leyfi forseta:

„... að gert sé ráð fyrir að sameinuðu fyrirtæki Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hf. verði breytt í hlutafélag, þó eigi fyrr en á árinu 2008. Með hlutafélagavæðingu eru sköpuð skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu."

Í bæklingi sem iðnaðarráðuneytið gaf út í febrúar 2005 undir heitinu Meginverkefni og áherslur á sviði iðnaðar- og viðskiptamála 2003/2005, stefnumið og framkvæmdir, segir á bls. 10 nákvæmlega það sama og ég las upp úr fréttatilkynningunni, að gert sé ráð fyrir því að fyrirtækinu verði breytt í hlutafélag og sköpuð verði skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu. Í viðtali við Morgunblaðið, 18. febrúar 2005, skýrði iðnaðarráðherra þessa stefnumörkun á þá lund að það væru áform um að breyta fyrirtækinu í hlutafélag eftir þrjú ár og enn fremur sagði iðnaðarráðherra, með leyfi forseta:

„Á þeim tímapunkti verður að meta hvenær er rétt að opna fyrirtækið fyrir nýjum eigendum. Það er búið að móta þá stefnu að til þess muni koma."

Þannig hefur stefna ríkisstjórnarinnar verið kynnt, að þetta nýja fyrirtæki eigi að vera hlutafélag og það sé búið að móta þá stefnu að það eigi að opna það fyrir nýjum eigendum.

Ég sé það í frumvarpinu að samningurinn við Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstað er á þá lund að hann er í fullu samræmi við þá stefnumörkun sem ég rakti úr fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins og bæklingi iðnaðarráðuneytisins frá því á síðasta ári. Það segir einmitt í samningnum milli aðila, eins og minnst hefur verið á fyrr í umræðunni, það er sérstakt ákvæði í 5. gr. samningsins um leiðréttingu kaupverðs sem er til komið til þess að taka á því að ríkið sem eigandi Landsvirkjunar muni selja eignarhlut sinn að hluta eða öllu leyti, í beinni sölu til þriðja aðila. Þarna er þetta því áréttað enn í þessu ákvæði, áformin um að selja hlut í Landsvirkjun.

Það er reyndar svo nákvæmlega tíundað að það er tekið fram að ákvæðin um leiðréttingu kaupverðs eigi ekki við ef Landsvirkjun verði breytt í hlutafélag, sem auðvitað ítrekar enn fyrri stefnumörkun um að breyta fyrirtækinu í hlutafélag, og að ákvæðin um leiðréttingu eigi heldur ekki við þó að þriðji aðili leggi til viðbótarstofnfé inn í Landsvirkjun. Með öðrum orðum, þá áskilur kaupandinn, ríkið, sér rétt til þess að geta breytt Landsvirkjun í hlutafélag og fengið nýjan aðila inn í Landsvirkjun með hlutafé án þess að ákvæðið um leiðréttingu kaupverðs verði virkt. Síðan getur komið til þess að ríkið selji hlutabréfin.

Þau áform sem lýst var á síðasta ári eru því greinilega enn í fullu gildi. Ég vil segja, virðulegur forseti, að ég hef ekki verið í hópi þeirra þingmanna sem tala fyrir því að Landsvirkjun verði seld. Ég skal ekki segja hvort þurfi nokkuð að amast við því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag, ég er svo sem ekkert sérstakur áhugamaður um það þótt út af fyrir sig þurfi það ekki að vera svo slæmt, en mér finnst aðalatriðið í stefnumörkuninni vera það að fyrirtækið verði áfram í opinberri eigu, ekki endilega vegna þess að ég telji að fyrirtækið eigi að vera það, heldur vegna þess að Landsvirkjun er yfirgnæfandi fyrirtæki á raforkumarkaði. Það hefur algjöra sérstöðu varðandi markaðshlutdeild.

Með því að sameina þessi þrjú fyrirtæki undir einn hatt hefur það líka algjöra sérstöðu varðandi eign á virkjunum og möguleika á virkjunarkostum, það hefur því í raun og veru algjöra einokunaraðstöðu. Það að ríkið eigi fyrirtæki sem er í þessari stöðu getur gengið meðan ríkið gætir almennra hagsmuna viðskiptavina fyrirtækisins, en það er auðvitað allt annað uppi á teningnum þegar menn hleypa nýjum aðilum inn sem eru komnir eingöngu á þeim forsendum að hagnast og huga fyrst og fremst að arðsemi síns fjár, sem eðlilegt er, því þá eru neytendurnir, viðskiptavinir

fyrirtækisins í þeirri stöðu að þeir eiga sér engar varnir gagnvart þessum einokunarrisa. Þess vegna geta menn auðvitað keypt hlutafé í Landsvirkjun dýrum dómum vegna þess að menn geta haft nokkuð trygga aðstöðu til þess að verðleggja vöruna sem fyrirtækið selur á því verði að dugi til að standa undir kaupunum og álitlegum arði. Það vantar samkeppnisþáttinn inn í málið, það vantar þá aðstöðu sem þarf að vera á svona markaði, að það sé samkeppni á milli aðila sem heldur aftur af því að seljandinn nái í rauninni sínum peningum upp úr vösum neytendanna, eins og það er við þessar aðstæður. Þetta er svipað og er á fjarskiptamarkaði þar sem kaupin eða sala ríkisins á Landssímanum, sem var seldur á mjög háu verði, eru einmitt vegna þess að fyrirtækið hefur svo sterka stöðu á markaði og það er svo lítil samkeppni að kaupandinn gat leyft sér að borga hátt verð og verið nokkuð viss um að geta innheimt það af neytendum fyrirtækisins í gegnum verðið af þjónustunni sem seld er. Afstaða mín byggist þar af leiðandi á því að ég tel að neytandinn í þessu máli sé óvarinn og á meðan sú staða er uppi á þessum markaði þá sé ekki heppilegt að hleypa öðrum aðilum inn í fyrirtækið og ekki heldur arðsemissjónarmiðunum.

Ég vil svo segja líka, virðulegi forseti, og það er sérstakur þáttur í málinu að ríkið er að kaupa af tveimur sveitarfélögum eignarhlut á 30 milljarða kr. Ég legg ekkert mat á verðmæti í því, ég hef svo sem ekkert sett mig inn í hvað er eðlilegt og óeðlilegt verð fyrir þennan hlut. Ég vek bara athygli á því að þarna er ríkið í raun og veru að leggja tveimur sveitarfélögum til feiknarlega mikla peninga sem raska innbyrðis stöðu sveitarfélaganna og það sveitarfélag sem best stendur á landinu fær þarna nærri 30 milljarða kr. Hvernig halda menn að sveitarfélag annars staðar á landinu eða jafnvel bara annars staðar á höfuðborgarsvæðinu standi í samanburði við Reykjavíkurborg eftir þessa innspýtingu? Ég er ekkert að efast um lagalegt gildi þess, ég er bara að draga fram að þarna verður mikið misvægi á milli sveitarfélaganna.

Það má kannski með einföldum hætti búa til röksemdir fyrir því að segja að þarna sé ríkið í raun og veru með eina mestu byggðaaðstoð sem um getur í Íslandssögunni, það er hægt að færa rök fyrir því. Ég vil kannski gera það svolítið í lokin, virðulegi forseti, og spyr: Hvað lögðu þessi sveitarfélög til sem nú selja hlut sinn til Landsvirkjunar? Hvað lögðu þau mikið af mörkum af skattpeningum sínum til þess að búa til þá eign sem þau selja núna?

Það merkilega er þegar maður skoðar þá sögu, sem má finna m.a. í þingskjölum á 130. löggjafarþingi, þskj. 1667, sem er svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn minni um Landsvirkjun, og í þingskjölum á 121. löggjafarþingi, þskj. 560, sem var nefndarálit um frumvarp um Landsvirkjun sem þá var til meðferðar á Alþingi. Þar kemur fram, og reyndar í fleiri þingskjölum sem ég nefni ekki að sinni, að framlög eigendanna, Reykjavíkurborgar, ríkisins og Akureyrarbæjar, voru metin eða hafa verið metin á verðlagi ársins 1995 á 7,2 milljarða kr. Af þeim peningum voru liðlega 5,3 milljarðar eignir, þ.e. Sogsvirkjun og Laxárvirkjun. Um ¾ af framlögum eigendanna voru þessar virkjanir. Aðeins um 2 milljarðar kr. voru peningaframlög eigendanna og Reykjavíkurborg hafði lagt fram um 1.200 millj. kr., í peningum á verðlagi ársins 1996. Þeir peningar voru ekki lagðir fram af skattfé Reykjavíkurborgar heldur Rafmagnsveitum Reykjavíkur, sem lögðu fram þessi framlög Reykjavíkur. Þeirra peninga, eftir því sem ég best veit, var aflað með tekjum af rekstri rafmagnsveitnanna, þ.e. raforkukaupendur í Reykjavík borguðu það hátt verð fyrir raforkuna að fyrirtækið gat hagnast og haft þennan pening til að leggja fram sem framlag Reykjavíkurborgar.

Á móti þessu framlagi hefur t.d. Reykjavíkurborg, af því að ég nefni framlag hennar, 1.253 millj. kr., fengið fram til ársins 2003 um 1.200 milljónir í ábyrgðargjald og um 1.300 milljónir í arðgreiðslur. Í raun og veru á móti sínum peningalegu framlögum hefur Reykjavíkurborg fengið nánast tvöfalt til baka í arðgreiðslum og ábyrgðargreiðslum. Í sjálfu sér hefur því borgin aldrei lagt neitt fram heldur fengið út til baka frá viðskiptavinum Landsvirkjunar, þ.e. ekki bara almenningi í Reykjavík, heldur almenningi um allt land.

Þá kemur næsta spurning: Hver borgaði Sogsvirkjun og Laxárvirkjun, sem eru uppistaðan í framlögum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar? Þegar maður skoðar það þá voru það bandarískir skattgreiðendur sem lögðu það til, um 77% af því fjármagni sem Marshall-aðstoðin var var gjafafé, það var ekki rukkað til baka. Það rann í Mótvirðissjóð og hann lánaði síðan peninga til þess að reisa Sogsvirkjun og Laxárvirkjun. Mótvirðissjóður lánaði um 117 millj. kr. af þeim 194 sem Sogsvirkjun kostaði, um 43 millj. kr. af þeim 62 sem Laxárvirkjun kostaði, þ.e. Marshall-aðstoðin fjármagnaði um 60% af Sogsvirkjun og 70% af Laxárvirkjun. Fyrirtækin borguðu síðan þetta lán til baka, það voru ekki „eigendurnir" sem borguðu það, það voru raforkukaupendurnir, það var almenningur sem borgaði þá peninga. Þegar maður því rýnir ofan í þetta þá koma allir peningarnir frá þeim sem borguðu orkureikningana, ekki frá sveitarfélögunum og ekki frá ríkinu, heldur frá þeim sem borguðu raforkureikningana þannig að þegar það er haft í huga er það nú svolítið óeðlilegt að sveitarfélag fái 30 milljarða kr. fyrir það sem aðrir borguðu í raun.

[16:58]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að mér finnast vangaveltur hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um það hver hafi siðferðilegan rétt til að selja hverjum vera fullkomlega eðlilegar og fullkomlega réttmætar, vegna þess að við lítum á raforkugeirann og raforkufyrirtækin í landinu sem eign allra landsmanna. Það er vitað mál, og við þekkjum það öll, að þar sitja ekki allir við sama borð. Það er ekki sama að búa á Vestfjörðum og í Reykjavík hvað þetta snertir. Ég vil því byrja á því að taka undir með hv. þingmanni hvað þetta snertir.

Hvað varðar það frumvarp sem hér liggur fyrir, um kaup ríkisins á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun, þá langar mig til að staðnæmast við þrjú atriði sem reyndar hafa einkennt umræðuna undanfarna daga. Í fyrsta lagi við verðlagið, verðið sem greitt er til Reykjavíkurborgar og Akureyrar fyrir hlut þeirra í Landsvirkjun. Í öðru lagi langar mig til að spyrja örlítið út í Landsnetið og hafa uppi vangaveltur hvað það snertir. Og í þriðja lagi það sem

hæstv. ráðherra vék að, að hér væri um að ræða áfanga á lengri vegferð. Mig langar til að spyrjast fyrir um þá vegferð og hvert henni sé heitið.

Fyrst um verðlagið, það er umræða sem hefur fyrst og fremst farið fram í Ráðhúsi Reykjavíkur og hjá Akureyringum einnig. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara nákvæmlega í saumana á þeim málum en vek athygli á því að þetta gerist, það er gengið frá þessu samkomulagi nánast umræðulaust. Enda segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í Reykjavík, í fyrirsögn í grein sem hún skrifaði í Morgunblaðið í byrjun nóvember, „Seld án umræðu". Hún segir frá því í greininni að hún hafi lesið um það í blöðum hvernig þetta hafi gengið fyrir sig og þeim hafi síðan verið stillt upp, minni hlutanum, frammi fyrir gerðum hlut. (**Gripið fram í:** Fín kaup.) Síðan deila menn um hversu góð kaupin eru og hagstæð fyrir hvern og þá vek ég athygli á að það er hægt að nálgast það frá ýmsum hliðum, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði, og síðan getum við skoðað þetta þröngt út frá hagsmunum Reykvíkinga, sem mér heyrist telja sig fá of lítið í sinn hlut, enda sé hér rýrari kostur en hafi verið til umræðu fyrir fáeinum mánuðum sem allir voru sammála þá um að hafna.

Þetta er umræða út af fyrir sig, þ.e. verðið, og ég ítreka að það er hægt að horfa á það frá ýmsum sjónarhornum. Það er líka hægt að skoða það út frá hagsmunum raforkukaupenda. Margir hafa áhyggjur af því að þetta hafi ekki verið klók viðskipti af hálfu Reykvíkinga því þetta komi til með að hækka raforkuverð í Reykjavík. Á móti hefur verið fullyrt að Reykvíkingar komi til með að verða sjálfum sér nógir í raforkuframleiðslu en við höfum ekki séð ítarleg gögn um það þannig að það er erfitt að gera sér fyllilega grein fyrir því hver staðan verður hvað þetta snertir.

Enn einn þátturinn sem menn hafa vísað til er eignarhluturinn í Landsneti og hvaða áhrif það komi til með að hafa vegna þess að Landsvirkjun á drjúgan hlut í Landsneti eða kemur til með að eiga, um 80% ef ég veit rétt, og helminginn af því áttu Reykvíkingar og Akureyringar. Hvaða þýðingu hefur það að verða af þessari eign? Þetta eru atriði sem á eftir að upplýsa og eru nokkuð á huldu en þetta eru þættir sem kjörnir fulltrúar í Reykjavík hefðu viljað ræða í opinni lýðræðislegri umræðu. Þegar hæstv. iðnaðarráðherra talar um að þetta sé gert í góðu samkomulagi er það ekki á traustari grunni en svo að menn þorðu ekki að fara með málið í opna lýðræðislega umræðu í borginni heldur var gengið frá því í bakherbergjum og síðan komið með frumvarpið inn í þingið. Þá gerist það náttúrlega eins og venja er að stjórnarþingmönnum er stillt upp við vegg og þeir látnir ganga sín svipugöng eins og venjulega og greiða atkvæði með ákvörðunum sem teknar eru í Stjórnarráðinu. Þetta eru vinnubrögðin.

Varðandi Landsnetið þá langar mig til að beina spurningu til hæstv. ráðherra: Hvernig sjá menn eignarhaldið á Landsneti í framtíðinni? Talað er um að Landsnet eigi að vera í opinberri eigu, að það sé sá þáttur raforkukerfisins sem eigi að vera á vegum hins opinbera, þannig hef ég skilið það, en verður það í gegnum Landsvirkjun eða í gegnum aðra aðila? Hvernig er þetta hugsað? Þetta er eðlileg spurning, ekki síst í ljósi þess að uppi eru áform um að einkavæða Landsvirkjun. Það er ekki rétt sem hæstv. ráðherra sagði að forveri hans í embætti, hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir, hafi ekki léð máls á þessu. Hún gerði það, hún hefur talað um það. Það er rétt sem núverandi hæstv. ráðherra segir að það var m.a. vísað í lífeyrissjóðina en lífeyrissjóðir eru líka einkaaðilar og haga sér nákvæmlega eins og fyrirtæki á markaði með fjárfestingar sínar. Þar erum við einmitt komin að þriðju spurningunni, sem er: Hvert er förinni heitið? Og ég ætla eina ferðina enn, ég er búinn að gera það oft áður, að vitna í ummæli forvera hæstv. ráðherra í embætti, hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur, sem tjáði sig í Kastljóssþætti 17. febrúar árið 2005. Þar var þetta mál rætt og spurt út frá ákvörðunum um að ganga til samninga við Reykjavíkurborg og Akureyri um sölu á hlut þeirra í Landsvirkjun.

Fréttamaður spurði út í viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og sagði, með leyfi forseta, og ætla ég að lesa þetta viðtal upp:

„Fréttamaður: En þessi viljayfirlýsing, sem var undirrituð í dag, er þetta eins og er talað er um fyrsta skrefið í átt að einkavæðingu Landsvirkjunar?

Valgerður Sverrisdóttir: Já, það eru uppi áform um það, að síðan breyta þessu fyrirtæki sem verður til í hlutafélag, hugsanlega árið 2008. Þá erum við komin í gegnum Kárahnjúkauppbygginguna og eftir að fyrirtækið er orðið hlutafélag að þá er ekki ólíklegt og reyndar áform uppi um það að aðrir aðilar geti komið að fyrirtækinu. Þetta er náttúrlega gríðarlega verðmætt fyrirtæki. Vonandi verður ekki síður verðmætt á þessum tíma og það er engin sérstök ástæða til þess að ríkið haldi eitt utan um það.

Fréttamaður: Sérðu fyrir þér hverjum verði boðið að kaupa hluti í þessu hlutafélagi sem þá verður stofnað um Landsvirkjun? Getur almenningur keypt eða verður þetta boðið út einhvern veginn öðruvísi?

Valgerður Sverrisdóttir: Við erum náttúrlega bara ekki komin svo langt. Þetta er svo langt frammi í framtíðinni, en almennt hefur það verið þannig þegar ríkið hefur verið að selja eignir sínar að þá hefur það verið gert allt mjög faglega, vil ég halda fram. Og það hefur svo sem gengið ágætlega, það sem við höfum einkavætt fram að þessu."

Er þetta ekki alveg skýrt? Er ekki verið að tala um einkavæðingu, áform um að einkavæða Landsvirkjun? Síðan hefur hæstv. ráðherra verið að reyna að hlaupa frá þessum ummælum en þau eru alveg kýrskýr, það er alveg kýrskýrt að um þetta hefur verið rætt. Hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde hefur líka talað um að það sé æskilegt að einkavæða Landsvirkjun. Hv. þm. Kjartan Ólafsson — ég nefni dæmin af handahófi nánast — sagði í umræðu um Rarik á sínum tíma, hlutafélagavæðingu Rariks, og hv. þm. Pétur H. Blöndal tók undir það, að að sjálfsögðu yrðu þessi fyrirtæki seld ef gott verð fengist fyrir þau. Ég held að það hafi einmitt verið orðað á þennan veg, að sjálfsögðu yrðu þau seld. Það er þetta sem við erum orðin svo þreytt á, að ráðist sé í kerfisbreytingar undir fölskum merkjum, undir fölsku flaggi. Það á ekki við um hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem hefur talað um að stuðningur sinn við Ríkisútvarpið eða hlutafélagavæðingu þess byggi á því að þar með sé verið að auðvelda sölu þess. Ég hefði gaman af að heyra hv. þm. Pétur H. Blöndal staðfesta það í ræðustól að nýju að svo sé. Íhaldsþingmennirnir tala alveg hreint út en Fram-

sókn lötrar alltaf á eftir þeim í dulargervi. Og því miður heyrðum við hæstv. iðnaðarráðherra segja það aftur núna áðan að það væru engin áform uppi um að einkavæða en það gæti jú komið til tals að lífeyrissjóðir kæmu að málinu.

Gerir hæstv. ráðherra sér grein fyrir því — ég efast ekki um að hann gerir það enda öllum hnútum kunnugur á því sviði — að lífeyrissjóðirnir eru lögþvingaðir til að fjárfesta aðeins í þeim fyrirtækjum og framkvæmdum sem gefa af sér bestan arð að því tilskildu að um örugga fjárfestingu sé að ræða? Þetta þýðir að lífeyrissjóðirnir eru mjög óheppilegir eignar- og rekstraraðilar að almannaþjónustu. Þeir eru mjög varasamir fjárfestar á því sviði. Hvers vegna? Ef á móti blæs eru þeir farnir. Lögum samkvæmt eru þeir farnir. Almannaþjónustan þarf að byggja á miklu meiri stöðugleika en markaðurinn getur nokkurn tíma boðið upp á, en það er svo undarlegt að heyra málsvara ríkisstjórnarinnar, þá sem hafa talað fyrir markaðsvæðingu grunnþjónustunnar, tala um þetta nánast eins og það sé forskrúfuð hugmyndafræðileg skrúfa á sálinni. Það er ætíð neitað að horfa á reynsluna.

Hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra sagði t.d. fyrir fáeinum mánuðum, með leyfi forseta:

„Almennt séð, þá hefur þetta gengið vel, ef við tölum um Evrópu, þessi markaðsvæðing raforkukerfanna. Og það held ég sé nú svona almenn skoðun.“

Þetta væri allt í lagi ef einhver rök væru fyrir þessu en á sama tíma og þetta var sagt var staddur hér á landi framkvæmdastjóri Evrópusambandsins á sviði orkumála, Andris Piebalgs, sem lýsti því yfir að þetta hefði gengið í gagnstæða átt, mjög illa. Samkeppnin á raforkumarkaðnum væri miklu minni en menn hefðu gert ráð fyrir og verðlagið hefði hækkað miklu meira. En á sama tíma kemur iðnaðarráðherra okkar fram og segir að þetta sé allt í lukkunnar velstandi og það sé almenn skoðun að þetta hafi gefið góða raun. Eru þetta blekkingar eða hafa ráðherrar einfaldlega ekki kynnt sér málið? Og áfram skal haldið.

Ég hef áður vitnað í matsfyrirtækið Fitch sem í febrúar á þessu ári gerði úttekt á raforkufyrirtækjum erlendis og komst að þeirri niðurstöðu að opinberu fyrirtækin stæðu sig miklu betur en einkafyrirtækin. Ég er með útdrátt úr þessari skýrslu, ég hef lesið úr henni áður. Þegar rafmagnið fór af nokkrum fylkjum og stórborgum í Bandaríkjunum spurðu margir og m.a. í þessum sal: Hvers vegna að leita okkur fyrirmynda hjá þeim sem geta ekki haldið ljósunum logandi í stað þess að horfa til þeirra sem hafa staðið sig vel? Nákvæmlega það sama er að gerast á Norðurlöndunum, þar hefur markaðsvæðingin leitt til hærra verðs, hærra verðlags. Þegar vakin var athygli á þessu — það hefur oft blossað upp mikil umræða um þetta, t.d. í Noregi — þá segja menn, hugmyndafræðingarnir með skrúfuna á sálinni: „Ja, markaðurinn er bara ekki enn farinn að virka. Fólk er enn ekki farið að átta sig á því að hægt er að velja um fyrirtæki.“ En raforka er bara ekki svona, þessi markaður hagar sér ekki svona. Menn fara ekki að sofa á kvöldin með þeim ásetningi að þegar þeir vakni á morgnana þurfi þeir endilega að vita hvar besti prísinn á raforkumarkaði sé þann dag. Þannig reyndist þetta líka á fyrirtækjamarkaði t.d. í Bretlandi. Það voru allt aðrir þættir sem réðu för, þar á meðal stöðugleikinn.

Kennir fákeppnin á olíumarkaði okkur ekkert? Ekki neitt um samráðið? Og þá er komið að spurningunni: Hvert er förinni heitið, hæstv. ráðherra? Hver er framtíðarsýnin? Hvað sjá menn í kortunum? Verða hér eitt, tvö eða þrjú orkufyrirtæki? Nú er verið að gera Rarik og Orkubú Vestfjarða að dótturfyrirtækjum. Fylgir Norðurorka í kjölfarið? Sameinast Orkuveitan og Hitaveita Suðurnesja? Verður þetta allt að einu fyrirtæki? Hver er framtíðarsýn? Hvert erum við að stefna? Til hvers er leikurinn gerður?

Þegar nýju raforkulögin voru samþykkt og nokkrir mánuðir liðnir lýsti hæstv. iðnaðarráðherra því yfir að þetta væri allt á tilraunastigi. Þegar fréttirnar fóru að berast um 35% hækkum milli áranna 2004 og 2005 til ferðaþjónustubænda, þegar forsvarsmenn orkuveitnanna, Norðurorku, og ég man ekki betur, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur, kvörtuðu yfir lagabreytingunum og sögðust ekki þekkja til nokkurs einasta manns sem teldu þær hafa verið til góðs, þá hélt hæstv. ráðherra sínu striki. Meira að segja hún var að framfylgja hugmyndafræði. En ef hugmyndafræðin leiðir út í þessar ógöngur þarf þá ekki að endurskoða hana?

En spurning mín er sú og raunar tvíþætt — í fyrsta lagi var ég búinn að nefna það að fá svör frá hæstv. ráðherra um eignarhaldið á Landsneti, hvort það verði beint frá hinu opinbera eða í gegnum fyrirtæki sem hugsanlega verður einkavætt — en í öðru lagi: Hver er framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar? (Forseti hringir.)

[17:19]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson bað mig um að lýsa afstöðu minni til hlutafélagavæðingar RÚV. Ég skal gera það þótt það sé dálítið utan dagskrár, frú forseti. Ég leyfi mér það.

Ég er hlynntur því að hlutafélagavæða RÚV vegna þess að það auðveldar það að selja fyrirtækið. En það verður að sjálfsögðu ekki gert nema meiri hluti sé fyrir því á Alþingi. Þá breytir í sjálfu sér ekki miklu hvort búið er að hlutafélagavæða það eða ekki. Sé meiri hluti á Alþingi fyrir að selja RÚV þá yrði það gert hvort sem það er orðið hlutafélag eða ekki.

Varðandi málið sem við ræðum hér þá langar mig að spyrja hv. þingmann, sem er formaður BSRB, um hvernig hann lítur á málið gagnvart félagsmönnum sínum hjá Reykjavíkurborg sem eru í B-deildinni og hinum í A-deildinni. Þetta rennur eiginlega eingöngu til B-deildarinnar. Nú man ég það ekki nákvæmlega en ef ég man rétt eru þeir um 2.000–3.000, þ.e. borgarstarfsmenn. Þarna er þá um að ræða um 10 millj. kr. á hvern borgarstarfsmann í Reykjavík. Ef helmingurinn er í B-deildinni eru þetta 20 millj. kr. á hvern þann sem þessa nýtur. Þetta borga að sjálfsögðu allir skattgreiðendur í Reykjavík.

Það sem ég ætla að spyrja hv. þingmann um er: Hvernig líst honum á að mismuna opinberum starfsmönnum með þessum hætti?

[17:20]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er ekki um að ræða greiðslur til ein-

staklinga. Hér er um að ræða greiðslur sem borgin hefur skuldbundið sig til að standa skil á. Munurinn á milli þeirra tveggja deilda sem hv. þingmaður vísar til er sá að önnur byggir á eins konar gegnumstreymisfyrirkomulagi en hin byggir á því að vera sjálfbær. Iðgjaldið inn í hana er hærra og hugsunin sú að hún rísi undir sjálfri sér.

Hæstv. forseti. Mér þótti athyglisvert að heyra þingmann Sjálfstæðisflokksins staðfesta það eina ferðina enn í ræðustól Alþingis að ástæðan fyrir því að hann styður hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins sé sú að hún auðveldi sölu þess. Hitt vitum við að sjálfsögðu að meiri hluta þarf á Alþingi til að samþykkja söluna. En þessar yfirlýsingar hv. þingmanns og annarra þingmanna finnst mér mikilvægar. Þarna tala menn heiðarlega og hreint út, sem er meira en sagt verður um ýmsa kollega þeirra á þingi.

[17:22]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er enginn vandi fyrir mig að lýsa því yfir að það eigi að selja RÚV. Ég skil bara ekki í því að nokkur maður vilji að ríkið standi í fjölmiðlarekstri. Ég skil það ekki. En það er margt sem maður ekki skilur og maður verður bara að kyngja því.

En varðandi greiðslur til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna þá er engu að síður verið að greiða inn fjármuni, 30 milljarða, 27 milljarða til Reykjavíkurborgar sem renna til lífeyrissjóðsins til að greiða laun opinberra starfsmanna. Þeir sem njóta þess eru 1.500, svona um það bil, eftir minni. Það getur verið að það muni einhverju. En það eru þá um 20 millj. kr. á mann sem hver þeirra nýtur. Það þýðir að þeir sem eru með lífeyrisréttindi fá núna greidd lífeyrisréttindi upp á 20 millj. kr. á mann. Í staðinn fyrir að allir Reykvíkingar njóti þessa, sem eiga jú Landsvirkjun eða svo er sagt, er gerð upp skuld við opinbera borgarstarfsmenn sem ekki hefur verið gert hingað til.

Nú vill svo til að hjá ríkinu hafa þessar skuldbindingar vaxið þvílíkt síðustu fimm eða tíu árin síðan aðlögunarsamningarnir voru gerðir, sem ég barðist mikið fyrir á sínum tíma, að öll sala á ríkisfyrirtækjum síðan, Síminn, bankarnir og allt það, hefur ekki dugað til að greiða hækkun á skuldbindingum. Þannig má segja að ríkisstarfsmenn hafi hirt öll ríkisfyrirtæki sem seld hafa verið hingað til.

[17:24]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er fullkomlega út í hött og byggir á ótrúlegri vanþekkingu sem ég hefði ekki búist við frá tryggingastærðfræðingnum Pétri H. Blöndal, hv. þingmanni.

Um er að ræða samningsbundnar og, hvað ríkið varðar, lögbundnar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Við skulum ekki gleyma því að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna voru fyrr á tíð að verulegum hluta gegnumstreymissjóðir. Þessir sjóðir voru notaðir að stórum hluta vaxtalaust til ýmissa samfélagslegra verkefna. Hv. þingmaður veit að ef við síðan skoðum þetta í samhenginu almannatryggingar og greiðslur úr lífeyrissjóði þá koma allt aðrir hlutir út.

Eða er hv. þingmaður að gefa í skyn að Reykjavíkurborg eða ríkið eigi að svíkja skuldbindingar sínar, ekki framfylgja skuldbindingum sínum og skerða samningsbundnar tekjur úr lífeyrissjóðum? Hv. þingmaður setur dæmið í alrangt samhengi og virðist ekki skilja samhengi hlutanna.

[17:25]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hlýtur að vera erfitt fyrir forustu Framsóknarflokksins að sitja undir ræðum frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem tala beinlínis um að þeir vilji hlutafélagavæða ríkisfyrirtæki eins og Ríkisútvarpið og Landsvirkjun, beinlínis til að greiða fyrir sölu þeirra.

Ég kem þó ekki hingað til að deila á þingmenn Sjálfstæðisflokksins fyrir það. Ég vil hins vegar segja að ég deili áhyggjum hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að hér sé beinlínis stigið fyrsta skref að því að einkavæða Landsvirkjun. Hv. þingmaður flutti góða ræðu þar sem hann rakti margvíslegar vísbendingar um þau áform ríkisstjórnarinnar. Ég held líka að það sé rétt hjá hv. þingmanni að þetta sé hinn raunverulegi tilgangur Sjálfstæðisflokksins. Ég tel líka rétt hjá honum að draga eigi Framsóknarflokkinn í enn eitt skiptið til að liðsinna við einkavæðingu.

Frú forseti. Ég segi þetta vegna þess að borgarfulltrúar Samfylkingarinnar í Reykjavík lögðust gegn þeim gjörningi sem er fóturinn undir þessu frumvarpi. Fyrir því höfðu þeir ýmis rök. Í bókun sem Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi, og fleiri borgarfulltrúar flokksins lögðu fram voru einkum þrenn rök sem hnigu að því að um rangan gjörning væri að ræða. Ein þeirra voru að fyrirvarar um einkavæðingu halda ekki.

Það liggur fyrir að fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, núverandi hæstv. utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, sagði í viðtali að þetta væri áfangi á leið að því að einkavæða fyrirtækið. Það er ljóst og það var bara kippt í hana til að koma í veg fyrir að málið stoppaði af þeim sökum. Þarna birtist enn einn klofningurinn í Framsóknarflokknum um þetta.

En mér þykir merkilegt að hv. þm. Ögmundur Jónasson, þó skýr sé, skuli ekki sjá að í þessu frumvarpi eru enn ein rökin fyrir því að það eigi að einkavæða. Þar segir beinlínis á bls. 4 að heimild sé til þess að breyta verðinu í samningnum ef ríkissjóður selji eignarhlut sinn fyrir 1. janúar 2012. Ég spyr hv. þingmann: Tók hann ekki eftir því? Er hann mér ósammála um að þetta sé enn ein röksemdin fyrir hinum raunverulegu (Forseti hringir.) áformum ríkisstjórnarinnar?

[17:28]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, ég tók eftir þessu ákvæði í lagafrumvarpinu. Reyndar hafði ég skoðað það í öðru samhengi, út frá hagsmunum seljanda, Reykvíkinga annars vegar og Akureyringa hins vegar. Þetta kom til umræðu á fundi sem við áttum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Hitt hafði mér ekki hugkvæmst, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson bendir réttilega á, að með þessu er sýnt hvað vakir fyrir frumvarpshöfundum, að selja þetta fyrirtæki og koma því á markað. En ég sakna þess að við höfum ekki fengið fulltrúa ríkisstjórnarinnar, hæstv. ráðherra, til

þess að tjá sig um þá vegferð sem flokkurinn og ríkisstjórnin er á.

Ég tek undir með hv. þingmanni Össuri Skarphéðinssyni, að það er athyglisvert að hlusta á yfirlýsingar frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins um að þeir styðji þessi frumvörp fyrst og fremst vegna þess að með því sé búið í haginn fyrir einkavæðingu, fyrir sölu þessara fyrirtækja. Ekki aðeins raforkufyrirtækja, heldur einnig Ríkisútvarpsins. Hér var það staðfest eina ferðina enn að stuðningur ýmissa þingmanna Sjálfstæðisflokksins ... (**Gripið fram í:** Þingmanns.) Þeir eru fleiri sem hafa talað í þessa veru. Hv. þm. Pétur H. Blöndal er ekki eini þingmaðurinn sem flutt hefur frumvarp þess efnis að selja eigi Ríkisútvarpið. Þeir voru fleiri þar með í för. Þeir voru a.m.k. þrír talsins. Hv. þm. Kjartan Ólafsson talar um að eðlilegt sé að selja raforkufyrirtækin ef gott verð fæst fyrir þau. Þetta eru menn sem tala hreint út og koma heiðarlega til dyranna. En verður það sagt um (Forseti hringir.) Framsóknarflokkinn?

[17:30]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður varpar þeirri spurningu til mín hvort hægt sé að segja það um Framsóknarflokkinn að hann sé heiðarlegur í þessu máli að því er varðar áform um einkavæðingu. Mitt svar er nei. Ástæðan er eftirfarandi: Forusta Framsóknarflokksins heldur því alveg stíft fram að ekki sé fyrirhugað að einkavæða Landsvirkjun. Eigi að síður mælir formaður Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hér fyrir frumvarpi þar sem málum er svo skipað í greinargerð að þar er beinlínis gert ráð fyrir þeim möguleika að eigi að síður kunni fyrirtækið að verða selt. Þar er reifaður sá möguleiki að kaupverði verði breytt ef svo fer að fyrir árið 2012 verði hlutur úr fyrirtækinu, að lágmarki 15%, seldur. Það bendir til þess að forusta Framsóknarflokksins sé sér meðvituð um þennan möguleika.

Ég er hins vegar undrandi á mínum ágæta félaga úr stjórnarandstöðunni, hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að hann skuli leita langt yfir skammt, að hann skuli seilast aftur til ársins 2005 til ummæla, að vísu mjög merkra, hjá hæstv. utanríkisráðherra sem þá fór með þessi mál og tína til alls konar rök því til staðfestingar að það sé líklegt að að baki vaki einkavæðingaráform þegar í sjálfu frumvarpinu er að finna handfasta sönnun þess að Framsóknarflokkurinn talar gegn betri vitund. Hann segir að sá möguleiki sé ekki uppi í stöðunni að það eigi að einkavæða fyrirtækið. Það kemur samt fram svart á hvítu í greinargerðinni að forusta Framsóknarflokksins sem hlýtur að hafa lesið sitt eigið frumvarp — þó að það kunni að hafa verið skrifað af einhverjum kansellíherrum í ráðuneytinu — gerir ráð fyrir þeim möguleika að til þess kunni að koma fyrir árið 2012. Þá finnst mér nú skýrum skjöplast þegar hv. þingmaður og formaður BSRB veifar ekki þessu tré eins og öðrum, og öllum réttum þó.

[17:32]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessu tré verður veifað. Ég vil leggja áherslu á það að yfirlýsingar sem hafa verið gefnar í þessum sal úr ræðustóli um hvað raunverulega vaki fyrir stjórnvöldum þegar hlutafélagavæðing hefur verið annars vegar hafa oftar en ekki verið sviknar.

Ég man eftir heitstrengingunum öllum í sambandi við hlutafélagavæðingu Landssímans á sínum tíma, ekki bara innan veggja þingsins heldur utan einnig. Það sama gilti reyndar um ríkisbankana. Þar var bara verið að breyta formi. Síðan var allt svikið. (**ÖS:** Það lá nú fyrir.) Það lá nú fyrir, segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson varðandi bankana. Nei, þessar yfirlýsingar voru gefnar en hins vegar skal ég taka það fram að mér finnst ekki saman að jafna að öllu leyti bönkunum annars vegar og Landssímanum hins vegar. Varðandi Landssímann var þetta mjög afdráttarlaust. Síðan var allt svikið. Þannig hefur það gengið fyrir sig. Við erum mörg hver orðin mjög þreytt á þessum endalausu svikum af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

Ætli ég láti þetta ekki gott heita að sinni.

[17:34]

**Útbýting:**

Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, 378. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 415.

Eldi og heilbrigði sláturdýra o.fl., 377. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 411.

Heimilislæknar í Suðvesturkjördæmi, 131. mál, svar heilbrrh., þskj. 402.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 376. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 410.

[17:35]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hér hefur hæstv. iðnaðarráðherra mælt fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Landsvirkjun og við höfum rætt þetta frumvarp í dag. Það felur í sér, eins og komið hefur fram, að ríkið vill kaupa hluti Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun og komast þannig yfir fyrirtækið í heild sinni eins og hér hefur rækilega verið rakið. Það er hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum, ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, um að geta sameinað hin opinberu orkufyrirtæki sem ríkið hefur eignarhald á, Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða, í eitt fyrirtæki til þess síðan, eins og hér hefur ítarlega verið vakin athygli á, að koma þessum fyrirtækjum sameinuðum á markað. Það þvælist fyrir í markaðsvæðingu ríkisstjórnarinnar ef það eru fleiri en einn eigandi að þessum þjónustustofnunum og þess vegna er þetta liður í því að koma orkufyrirtækjum ríkisins á einkavæðingarvagninn.

Ég hygg að flestum komi á óvart að á síðasta vetri fyrir kosningar skuli Framsóknarflokkurinn láta teygja sig áfram — ef það þarf að teygja hann, ef þetta er ekki sjálfviljugt — í markaðsvæðingu á opinberum fyrirtækjum og þjónustustofnunum og út í sölu á þeim. Ég hélt að flokkurinn ætti nóg með að verja aðgerðir sínar við einkavæðingu og sölu Landssímans. Einkavæðing og sala bankanna fór fram og eftirköstin af því, sérstaklega hvernig það var gert, bæði verðmat, tilhögun og annað, eru ekki enn búin og því fer fjarri að þau mál öll hafi verið skýrð með þeim hætti að allir séu sáttir við. Í rauninni ríkir enn þá fullkomin ósátt um

hvernig staðið var að einkavæðingu og sölu bankanna.

Við ræddum fyrr í dag um hlutafélagavæðingu á flugvöllum landsins, flugleiðsöguþjónustunni í landinu. Á örfáum dögum í vor var afgreitt frumvarp til laga um að setja alla flugvelli landsins í hlutafélag sem lýtur bara lögum um samkeppnisrekstur, láta það fá alla flugvelli landsins til umsjár og rekstrar, flugvellina sem eru stór hluti af samgönguneti landsmanna. Hingað til hefur ekki verið ætlunin að flugvellirnir skiluðu í sjálfu sér peningalegum arði til eiganda síns, heldur fyrst og fremst verið til þjónustu fyrir umferð um þá flugvelli alveg eins og vegir og brýr. Þess vegna hélt margur þegar það var keyrt í gegn í vor með stuðningi Framsóknarflokksins að menn mundu láta þar við sitja í bili á þeim bæ.

Fyrir sameinaðan styrk stjórnarandstöðunnar hér á þingi var hlutafélagavæðing RÚV, Ríkisútvarpsins, dregin til baka í vor. Ég hélt satt að segja að Framsóknarflokkurinn teldi nóg að gert í einkavæðingu og markaðsvæðingu.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sem hefur reynt að halda á lofti góðum og gömlum gildum flokksins við litla þökk flokksforustunnar, hefur bent á þetta. Hann hefur bent á það hvernig flokksforustan virðist heillum horfin gagnvart sínum gömlu dyggðum, þeim sígilda hugsjónagrundvelli sem Framsóknarflokkurinn eitt sinn byggði á. Hann hefur bent á þetta, rækilega, og nú síðast fyrir fáum dögum. Hann undrast að Framsóknarflokkurinn skuli enn ganga þennan einkavæðingarveg en svo virðist sem það sé það eina sem þessi forusta Framsóknarflokksins sér.

Margur hélt meira að segja að breyting yrði á þegar nýr formaður kæmi í Framsóknarflokkinn. Allir þekkja viðhorf fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, Halldórs Ásgrímssonar, hann lýsti þeim iðulega og var einn helsti talsmaður fyrir einkavæðingu og markaðsvæðingu á opinberri þjónustu. Ég minnist orðaskipta við þáverandi forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi þingmann, einmitt um Símann þegar hann dásamaði sölu Símans. Ég benti honum á að þetta hefði verið eitt af fósturbörnum íslensks samátaks á sínum tíma, Landssíminn. Meira að segja á þeim dögum, akkúrat þegar verið var að ganga frá sölu Símans, sýndu skoðanakannanir trekk í trekk, aftur og aftur, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar var andvígur því að Síminn væri seldur með öllu grunnfjarskiptakerfinu.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðumst alfarið gegn því, það væri hættulegt fyrir íbúa landsins hvað varðaði bæði jöfnuð í verði og aðgengi í þessari grunnþjónustu. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lítum svo á að hvort sem það er grunnfjarskiptaþjónusta eða raforka sé þetta í eðli sínu grunnalmannaþjónusta og eigi í sjálfu sér ekki að vera rekin á viðskiptalegum grunni í þá veruna að reyna að ná sem mestum peningalegum arði til eigenda sinna — sem á að vera þjóðin — heldur fyrst og fremst fyrir atvinnulífið, heimilin, fólkið í landinu sem á að njóta þessarar þjónustu á jafnréttisgrunni sér til atvinnusköpunar o.s.frv. Þarna bara skilur á milli Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem vill treysta hin góðu gildi sem hafa mótað samfélagsgrunn okkar um áratugi, hvort sem er sameign á Símanum, fjarskiptum, raforkunni, vegunum, þjóðvegunum, eða flugvöllunum. Þetta hefur verið grunnstefna okkar og reyndar samfélags okkar um áratugi sem aðrir flokkar víkja nú frá.

Margur hélt nú að Framsókn sem einu sinni kenndi sig við samvinnuhugsjónina mundi aðeins slá af og hægja á sér í markaðs- og einkavæðingarferlinu. Svo er ekki, við fáum hér inn á borð frumvarp til laga um Landsvirkjun og í framhaldi af því einnig frumvarp til laga um breytingar á eignarhaldi og meðferð eignarhalds á Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Það er viðurkennt að það er bara liður í því að farið verði í einkavæðingu.

Það er reyndar annars merkilegt að hugsa til þess að fyrir nokkrum árum, árið 2003, voru innleidd ný raforkulög. Þá var það gert til að efla samkeppni á raforkumarkaðnum. Það var meira að segja tilgreint að við þyrftum að taka upp einhverja Evróputilskipun í að koma á samkeppni á raforkumarkaðnum og það ætti að vera kominn grunnur til þess.

Hvað þarf til til þess að samkeppni verði? Þá þurfa að vera til fyrirtæki, fleiri en eitt og fleiri en tvö, fleiri en þrjú og fleiri en fjögur, til að halda uppi eðlilegri samkeppni. Á grunni samkeppni er hægt að ætlast til þess að hægt sé að bjóða fram þjónustu á sem hagstæðustu verði og halda uppi þjónustustigi. En hvað er verið að gera hér? Þveröfugt. Hér er verið að gera þveröfugt. Það er fróðlegt. Ég fletti aðeins upp í ræðum þáverandi hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, eins af forustumönnum Framsóknarflokksins, sérstaklega í markaðs- og einkavæðingarmálum, ræðum þar sem hún lagði mikla áherslu á markaðsvæðingu raforkukerfisins. Að efla og innleiða virka samkeppni, sagði ráðherrann á einum stað, yrði neytendum til sérstakra hagsbóta. Þetta mætti þá skilja svo að það hefði verið alveg ófært eins og það var. Við vorum með Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða, Landsvirkjun, allt sem átti að miða að því að reka þennan geira á félagslegum og sameignarlegum grunni. En nú er verið að steypa öllu saman þannig að þessi kollhnís í einkavæðingarferli ríkisstjórnarinnar, sérstaklega Framsóknarflokksins sem hefur dregið einkavæðingarvagninn, er mjög merkilegur.

Ég vil svo í lokin koma að því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson minntist á. Hvernig varð Landsvirkjun til? Það finnst mér að hæstv. iðnaðarráðherra ætti að fara rækilega í gegnum í umræðum á Alþingi, frammi fyrir alþjóð. Hvernig varð Landsvirkjun til? Hvernig mynduðust þessir eignarhlutar í Landsvirkjun, annars vegar ríkisins, hins vegar Reykjavíkurborgar og Akureyrar? Á hvaða sanngirnisgrunni eru þessar eignir nú verðmetnar og keyptar af tveim sveitarfélögum í landinu, sveitarfélögum sem hafa í sjálfu sér ekkert lagt til með beinum hætti í eignarhluta þess enda eru þetta bara íbúar landsins? Það er enginn munur á því hvort íbúinn býr í Reykjavík eða annars staðar á landinu. Þetta eru allt íbúar landsins, íbúar Akureyrar, íbúar Reykjavíkurborgar, íbúar landsins alls. Hvort síðan mönnum fannst, eins og hér hefur stundum verið nefnt, tæknilega hagkvæmt að hafa þetta með þeim hætti að eignarhaldinu væri skipt á milli þessara aðila er álitamál.

Í fyrirspurn sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vitnaði til áðan og las upp kemur fram að það er varla ein einasta króna sem Reykjavíkurborg eða Akureyri hafa lagt fram en þau sveitarfélög eiga núna að fá tugi milljarða. Hvaða rétt-

læti er þetta gagnvart þjóðinni? Hvers eiga íbúar Hafnarfjarðar að gjalda? Hvers eiga íbúar Mosfellsbæjar að gjalda? Hvers eiga íbúar Akraness að gjalda, íbúar Ísafjarðarbæjar og Sauðárkróks? Svo mætti áfram telja. Með hvaða sanngirni tekur ríkið eignir sem raunverulega eru samfélagslegar, og var af tæknilegum ástæðum skipt með þessum hætti, og borgar tveimur aðilum út? Ætli það séu ekki líka opinberir starfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga á Ísafirði eða í Stykkishólmi eða á Sauðárkróki? Ætli þar séu ekki líka einhverjar lífeyrissjóðsskuldbindingar sem getur þurft að standa við? Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að gera rækilega grein fyrir því á hvaða siðferðislegu forsendum gengið er fram með þeim hætti að greiða tveim sveitarfélögum fyrir hlut í almannaþjónustufyrirtæki en ekki öðrum.

Frú forseti. Þessi sala á Landsvirkjun kom líka með furðulegum hætti inn í fjárlaganefnd á föstudaginn fyrir viku. Þá kemur inn í afgreiðslu fjáraukalaga að setja þurfi 29 eða nærri 30 milljarða kr. inn í fjáraukalög til að greiða hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Skýringar fylgdu engar. Þetta var tekið til umræðu í fjárlaganefnd. Ég bað um skýringar. Hvað liggur á bak við þetta? Hvernig er þetta metið? Á ríkissjóður eða eigum við hér á Alþingi ekkert að fá að vita um það? spurði ég þá. Nei, það þótti ekki ástæða til og málið var afgreitt út úr fjárlaganefnd á 10 mínútum, einir 30 milljarðar vegna Landsvirkjunar án þess að nokkur þar inni virtist vita hvað væri um að ræða annað en það sem hafði heyrst í fréttum.

Þarna var líka sótt um heimild upp á 5 milljarða kr. ríkisábyrgð vegna skulda Landsvirkjunar af umframkostnaði við Kárahnjúkavirkjun. 5 milljarðar, af hverju var þetta svona slétt tala? Ég spurði: Hvað liggur á bak við þessa 5 milljarða? Af hverju voru þetta ekki 5.150.000.672 kr. ef þetta er svona nákvæmt? (Gripið fram í.) Ja, ég spurði: Hvað liggur á bak við? Hvernig geta menn komið inn á Alþingi og sagt: Við viljum fá 5 milljarða í aukaríkisábyrgð til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar? Svo spyr maður: Hverjar eru heildarábyrgðir Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar? Ég spyr hæstv. ráðherra að því: Hverjar eru heildarábyrgðir Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar? Þarf ríkið kannski að ganga í meiri ábyrgðir? Hvernig á að skipta þessum 5 milljörðum? Það á að veita þá á fjáraukalögum, og fjáraukalög gilda fyrir þetta ár. Sölusamningurinn á ekki að vera fyrr en 1. janúar ef að líkum lætur. Af hverju leggur þá ekki Reykjavíkurborg líka á móti í ábyrgð? Af hverju koma menn með svona tölur og kasta þeim inn að því er virðist af fullri fyrirlitningu við Alþingi eins og þarna var gert? Ég vil fá upp á borðið hér hverjar ábyrgðirnar eru. Er allt komið upp á borðið?

Við köllum sjúkrahússtofnanir fyrir ef okkur finnst eitthvað óljóst. Ef maður kaupir þrem rúmum of mikið og hefur ekki heimildir til þess er hann kallaður inn á teppi fjárlaganefndar og fjármálaráðuneytis. Þegar kemur 5 milljarða beiðni inn vegna umframkostnaðar við Kárahnjúkavirkjun þykir engin ástæða til að spyrja um neitt.

Frú forseti. Þetta er heldur döpur vegferð sem Framsóknarflokkurinn er hér á í einkavæðingarferli sínu á orkugeiranum og nú Landsvirkjun. Hún er slík að sveitarfélögum er meira að segja stórlega mismunað. Landsvirkjun var byggð upp sem sameign þjóðarinnar þó að hin tæknilega útfærsla væri á sínum tíma um eignarhald. Að mati okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er raforkan og raforkukerfið (Forseti hringir.) grunnþjónusta en á ekki að vera í sjálfu sér (Forseti hringir.) arðsemisbúskapur til að greiða peninga til eigenda sinna.

[17:55]

**Útbýting:**

Hjólreiðabrautir, 379. mál, fsp. KBald, þskj. 416.

[17:56]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingar á lögum um Landsvirkjun, með síðari breytingum. Frumvarpið er afskaplega rökrétt skref og ágætt sem slíkt. Það er mjög óeðlilegt í samkeppni sem búið er að setja á í raforkugeiranum, að meðeigendur fyrirtækis séu jafnframt í samkeppni við það. En þannig er það því Reykjavíkurborg á Orkuveitu Reykjavíkur, sem er í mjög mikilli og góðri samkeppni við Landsvirkjun.

Nokkuð hefur verið rætt um verðleiðréttinguna sem er í frumvarpinu. Ég hugsa að ef hún hefði ekki verið þá hefðu menn líka gagnrýnt það og ekki síður og miklu meira. Þá hefðu menn sagt: Það kemur ný ríkisstjórn með allt öðrum flokkum, sem við vitum ekki einu sinni hverjir eru í dag, sem vilja endilega selja fyrirtækið. Þeir mundu selja þetta á miklu hærra verði, og hvers eiga þá seljendurnir að gjalda? Það hefðu menn sagt, einmitt sömu menn sem nú eru að gagnrýna að þarna skuli vera ákvæði til vonar og vara um verðleiðréttingu. Ég skil þetta í rauninni ekki. Þetta er sjálfsagt atriði í svona samningi, sérstaklega þar sem seljendurnir bera ábyrgð áfram á skuldbindingunum að hluta. (**Gripið fram í:** Er þörf á því?) Sennilega er þörf á því, já. Þó að örugglega mætti semja við lánardrottna er það alltaf töluvert umstang og getur orsakað kostnað. Ég held því að einfaldast sé að halda ábyrgðinni áfram fyrir alla aðila. Ég held að bæði sveitarfélögin eigi að geta treyst ríkissjóði til að standa við ábyrgðir sínar, að minnsta kosti eins og staðan er í dag með núverandi ríkisstjórn við stjórnvölinn. Það gæti náttúrlega breyst ef kæmu einhverjir menn sem fara illa með ríkissjóð.

Ég er óhress með ýmislegt í þessu frumvarpi. Það er í fyrsta lagi þessi lagasniðganga, ég hef búið til það orð í samræmi við skattasniðgöngu, að menn eru að búa til eitthvert hlutafélag til að þetta geti verið sameign. Reyndar er sagt í frumvarpinu að þetta sé bara tæknilegt atriði, en menn eru þarna að fara í kringum lögin um sameignarfélög. Ég skil ekki af hverju menn tóku ekki skrefið til fulls og breyttu þessu í ohf., opinbert hlutafélag, þar sem eigandi getur verið einn. En það má vel vera að það hafi kostað meiri átök við starfsmenn og þýtt einhverjar breytingar þar.

Frú forseti. Það sem ég hef líka á móti og vil benda á er að þetta verður mikið bákn. Það er einn aðili sem á Landsvirkjun og það á að setja Rarik og Orkubú Vestfjarða undir Landsvirkjun. Það er verið að stækka báknið sem þó var með meginhlutann af framleiðslu á raforku í landinu. Ég er ekkert voðalega hrifinn af því, þó þetta séu allt saman eftir sem áður opinber fyrirtæki.

Hér hefur nokkuð verið rætt um framlag eigenda til

Landsvirkjunar. Ég hef nefnt það áður við annað tækifæri að menn hafa í rauninni lagt afskaplega lítið til. Reykjavíkurborg fékk Marshall-aðstoðina til að byggja Sogsvirkjun á sínum tíma. Það varð þó eign Reykjavíkurborgar, sú aðstoð. Hún var ekkert sérstaklega skilgreind og var ætluð fyrir landsmenn alla, en þetta gerðist svona. Það sama má segja með flugvöllinn sem Bretar byggðu í miðri Reykjavíkurborg og hefur að margra mati skaðað Reykjavíkurborg mjög mikið. Það var líka ákvörðun sem hefur þá skaðað, en reyndar er landið afskaplega verðmætt sem bæði Reykjavíkurborg og ríkið eiga í Vatnsmýrinni.

En það sem ríkið lagði inn í dæmið var virkjanaaflið í Þjórsá. Það er mjög öflug á og hefur skaffað vel. Nú veit ég ekki nákvæmlega, ég er ekki sagnfræðingur, en ég held að það tengist eitthvað Titan-félaginu fyrir margt löngu. Þetta fyrirtæki hefur myndað eigið fé. Hvað hefur myndað eigið fé? Það er í fyrsta lagi ef til vill of hátt orkuverð á landinu sem neytendur hafa greitt, að mestu leyti kannski Reykvíkingar til að byrja með þegar þetta var bara fyrir Reykvíkinga og nærliggjandi sveitarfélög, höfuðborgarsvæðið.

En svo má ekki gleyma því að þetta er náttúrlega auðlindin. Þetta er auðlindin sem hefur verið að skaffa þessa miklu eign upp úr engu. Það að menn skuli hafa nýtt auðlindina, skaffað eignina. Hefði aldrei verið farið út í virkjunina á sínum tíma, eins og sumir virkjunarandstæðingar núna vilja, að ekki sé neitt virkjað, hefðu þessir 60 milljarðar aldrei orðið til. Þeir hafa orðið til vegna þess að auðlindin var nýtt og vegna þess að í öllum útreikningum er gengið út frá 40 ára endingartíma virkjana og ákveðnum vöxtum sem yfirleitt eru í lægri kantinum, miðað við það sem reyndin verður, þá myndast geysimikið eigið fé. Eftir 40 ár halda þessar virkjanir áfram alveg óbrotnar, vita ekki að þær séu allar afskrifaðar og halda áfram að skaffa. Þannig geta þær gert það í 100 ár eða lengur. Þetta verður að gullmola.

Það má líta á vatnsorku okkar Íslendinga og heitavatnsorkuna líka, varmaorkuna, sem ígildi auðlinda sem aðrar þjóðir hafa, eins og olíu og kol. Hátt orkuverð er þess vegna eitthvað sem við Íslendingar eigum að gleðjast yfir því við flytjum núna út jafnmikla orku og við flytjum inn. Orkan sem við flytjum út er í formi áls. Við erum farin að hagnast á því núna þegar orkuverð hækkar í heiminum. Það ættu menn að hugga sig við, þeir sem borga háa orkuverðið við bensínstöðina.

En það sem ég er óhressastur með í frumvarpinu er þessi ríkisvæðing. Því ríkið er að kaupa Landsvirkjun af reyndar opinberum aðilum, þ.e. sveitarfélögum. Þetta er engu að síður ríkisvæðing. Ríkið er að eignast fyrirtækið. Þetta er eins konar þjóðnýting. Reyndar er borgað fullt verð fyrir en það er þjóðnýting engu að síður og þar af leiðandi að mínu mati neikvætt.

Hin mikla framkvæmd Kárahnúkavirkjun, sem ég var mjög hlynntur, hafði einn stóran ágalla að mínu mati. Þann að það var ríkið, opinberir aðilar, sem byggðu hana. Það var eini stóri ágallinn við þá virkjun. En núna er Jökla farin að skaffa fyrir okkur, frú forseti. Hún er byrjuð að skaffa og byrjuð að vinna fyrir okkur og það er gott mál.

Ég vil að Landsvirkjun verði einkavædd. Ég tek fram að þetta er mín skoðun. Ég er ekki að tala fyrir neinn flokk. Ég er að tala fyrir sjálfan mig. Það geri ég yfirleitt. Ég vil að fyrirtækið verði einkavætt en fyrst verði því skipt upp. Ég vil að Þjórsárvirkjanirnar myndi einn hluta, sem heita þá Þjórsárvirkjanir hf., með þá væntanlega höfuðstöðvar á Hellu eða Selfossi. Það hefur sýnt sig að menn hafa yfirleitt höfuðstöðvar nálægt virkjunum þegar um er að ræða virkjanafyrirtæki. Annar hluti er Austurlandsvirkjanir, þessi stóra, mikla framkvæmd við Kárahnjúka. Þar væru væntanlega höfuðstöðvarnar á Egilsstöðum eða Reyðarfirði. Svo mundu menn mynda þriðja fyrirtækið sem væri þá restin, þ.e. Rarik, Orkubú Vestfjarða og það sem eftir situr. Svo yrði þetta selt. Þetta er mín hugljómun. Þá næðum við því að virkja einkaframtakið eins og við höfum séð í bönkunum. Þeir hafa blómstrað á þvílíkan hátt að engum hefði einu sinni dottið í hug að það væri hægt eftir að þeir voru einkavæddir. Ég hygg að það sama mundi gerast með þessi þrjú orkufyrirtæki sem ég er að leggja til og þau blómstri þannig að þau muni búa til samkeppni á þessum markaði þar sem frekar lítið fer fyrir samkeppni í dag, því miður.

Það sem menn þurfa að hafa í huga og ganga að með opnum huga í því sambandi er að við værum þá að selja einkaaðilum aðgang að auðlindinni. Það er spurning hvort menn haldi auðlindinni utan við dæmið, með því t.d. að leigja hana til 100 ára eða 150 ára eða eitthvað slíkt. Því 100 ár er ekki langur tími í sögu þjóðar en mjög langur tími í sögu fyrirtækja og einstaklinga. Eftir það yrðu menn að semja upp á nýtt og leigja aftur orkuréttindin. Eða hvort menn séu þá með opnum huga við það, bæði kaupendur og seljendur, að verið sé að selja auðlind þjóðarinnar og verðið sem því nemur þá hátt. Þetta vil ég að menn viti nákvæmlega.

Ég kom inn á það í andsvari við hv. þm. Ögmund Jónasson að opinberir starfsmenn eða lífeyrisréttindi þeirra séu að gleypa allan hagnað ríkisins af sölu ríkisfyrirtækja. Segja má að þetta hafi myndast þegar aðlögunarsamningarnir við opinbera starfsmenn voru gerðir fyrir um það bil átta eða tíu árum. Áður voru ríkisstarfsmenn með lág laun og mjög góðan lífeyrisrétt sem þá var metinn til launa. Svo voru launin hækkuð, aðlöguð greiddum launum á markaðnum, en það gleymdist að aðlaga lífeyrisréttindin. Ég vildi fara þá leið á þeim tíma að ríkisstarfsmenn gætu valið um að vera með góð laun og venjuleg lífeyrisréttindi eins og aðrir borgarar landsins eða þá lægri laun og þessi góðu lífeyrisréttindi. En þeir fengu hvort tveggja, því miður.

Þetta hefur kostað ríkissjóð óhemju fé, frú forseti, og blikna þá allar tölur aðrar sem við sjáum og erum að tala um alla daga. Sennilega hefur skuldbindingin vaxið um 100, 200 milljarða, vegna þess að laun opinberra starfsmanna hafa hækkað mjög mikið og máttu alveg við því. En lífeyrisréttindin fylgja þá án þess að fyrir þau hafi verið greitt iðgjald.

Það sýnir sig að síðan þessi ákvörðun var tekin hafa lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna hækkað miklu meira en sem nemur söluverði á bönkunum, Símanum og þó að Landsvirkjun yrði seld með frá ríkinu. Opinberir starfsmenn hjá Reykjavíkurborg munu vera 2.525, í starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og voru á kjörskrá og greiddu atkvæði við einhverja samþykkt kjarasamninga, og það eru þá rétt um 10 milljónir á hvern starfsmann í starfsmannafé-

laginu. Ef reiknað er með að B-deildin sé enn þá helmingur þeirra, nú veit ég ekki um það, þá eru þetta um 20 milljónir á mann sem hver maður fær, eins og ég gat um áðan.

Þetta eru miklir peningar og það væri vel að opinberir starfsmenn kynnu að meta þessi geysimiklu hlunnindi í allri umræðu um laun. En mér finnst fara frekar lítið fyrir því.

En frumvarpið í sjálfu sér er gott þrátt fyrir þá vankanta sem ég nefndi. Það er nauðsynlegt, vegna þeirrar samkeppni sem er í gangi í dag, og ef vilji myndast fyrir því í Alþingi, ég undirstrika að ég sagði, ef vilji myndast fyrir því í Alþingi að selja fyrirtækið þá auðveldar það söluna. En auðvitað þarf vilja meiri hluta Alþingis til þess.

[18:08]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir að hv. þingmaður virtist ekki vera alveg viss um hvort væri betra að leigja þessar eignir, þ.e. orkulindirnar, til fyrirtækjanna á þessu sviði eða selja þær. Nú liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur gert um það samkomulag að sett verði ákvæði inn í stjórnarskrána um auðlindir í þjóðareign, þ.e. auðlindir sjávar. Fyrir liggja tillögur frá auðlindanefndinni sálugu frá því árið 2000 og reyndar fleiri hugmyndir og tillögur líka um að til verði auðlindir í þjóðareign og auðlindir í þjóðareign eru líka til í formi þjóðlendna. Og einnig reyndar í formi eigna í auðlindum á hafsbotni og víðar.

*Nú langar mig að spyrja hv. þingmann hvort hann telji* ekki að varðveita þurfi inn í framtíðina þessar eignir sem sameign þjóðarinnar, þannig að börnin okkar og barnabörnin eigi líka eitthvað af þessu landi í framtíðinni. Hvort ekki sé þá miklu heppilegra að þau fyrirtæki sem fá orkulindir í hendur til nýtingar og til að hafa með afrakstur*inn* af þeim viðskiptum við þjóðina eða fyrirtæki í framtíðinni, að betri leið sé að menn varðveiti þetta handa komandi kynslóðum frekar en að þetta verði allt saman selt og einkavætt, eins og sumir vilja nú reyndar gera? Hvor leiðin er hv. þingmanni þóknanlegri?

[18:10]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nefndi þetta í ræðu minni til að menn vissu af þessu, menn vissu að þeir væru að selja auðlindina, vissu að þeir kostir væru í stöðunni, annaðhvort að leigja til mjög langs tíma, t.d. til 100 ára, menn byggja nú ekki virkjun fyrir minna, eða þá að þetta sé selt endanlega.

Eitt sinn voru Íslendingar flestir bændur og landeigendur. Síðan fluttu margir á mölina og nú er þannig komið að það eru ekki nema örfáir Íslendingar hlutfallslega sem eru bændur og landeigendur. Afgangurinn af þjóðinni er landlaust fólk. Það hefði einu sinni þótt vera algjörlega fráleitt að meginhluti þjóðarinnar ætti ekkert land. Núna þykir það allt í lagi og enginn sér neitt athugavert við það.

Ég er ekki viss um að eignarréttur þurfi endilega að vera á hendi ríkisins eða hins opinbera. Ég er þeirrar skoðunar reyndar að einkaeignarréttur sé alltaf betri en opinber eignarréttur vegna þess að ábyrgðin á eigninni er næst manninum sjálfum, þeim sem stýrir eigninni, og þar af leiðandi sé umgengnin og arðurinn meiri en ella. Þetta hefur maður séð á fjöldamörgum dæmum. Eitt augljósasta dæmið er náttúrlega salan á bönkunum sem áður skiluðu engum arði, aldrei, og kostuðu meira að segja, það þurfti að veita þeim *víkjandi lán á sínum tíma. En eftir að þeir voru seldir* og einkavæddir hafa þeir skilað svoleiðis gífurlegum fjármunum, bæði eigendum sínum og ríkissjóði í formi skatta, að það liggur við að eftir nokkur ár sé fyrirséð að þeir muni borga á hverju ári góðan hlut af upprunalegu söluverði sínu.

Ég hugsa að til lengri tíma litið sé betra fyrir þjóðina að eignir séu í einkaeign, enda er það stefna flokks míns að svo sé, að sem flestar eignir séu í einkaeign. Ég er á því. En ég vildi varpa fram þessari spurningu til að menn vissu af því hvað þeir væru í rauninni að kaupa og selja.

[18:13]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er óvanalegt að hv. þingmaður sé ekki viss í sinni sök. Mér fannst eins og hann talaði svolítið þannig í ræðu sinni. Ég nefndi dæmi um að flokkur hans hefði gert samkomulag við hinn flokkinn í ríkisstjórninni um að setja eigi auðlindir í þjóðareign inn í stjórnarskrána. Þar hefur verið talað um auðlindir sjávar. Það liggja líka fyrir niðurstöður. Flokkurinn er búinn að vera í ríkisstjórn, þ.e. flokkur hv. þingmanns. Niðurstöður liggja fyrir um þjóðlendur. Ég hef ekki heyrt það fyrr að Sjálfstæðisflokkurinn stefni að því að einkavæða þær þjóðlendur. Það er þá alveg nýtt ef það er orðin stefna flokksins. Þess vegna langar mig til að fá upplýsandi umræður um þetta eignarhald til framtíðar.

Ég er algjörlega ósammála hv. þingmanni hvað það varðar. Ég tel að það sé ákaflega hættuleg leið ef menn ætla hana, þ.e. að gera öll lönd og auðlindir að einkaeign í landinu. *Því við erum ekki að tala um lítið. Við erum að tala um* öll lönd og auðlindir sem eru í þjóðlendunum. Við erum að tala um allan hafsbotninn í kringum landið og auðlindir á honum. Við erum að tala um hafsvæðin í kringum landið, lífríkið í hafinu. Það er mér að minnsta kosti ekki hugnanlegt að menn tali um að einkavæða þetta allt saman og ég tel ekki að saga eignarhalds í einkaeign sé neitt sérstaklega góð til að færa fram rök fyrir því. Það hefur vel sést á því hvernig einkaaðilar hafa eyðilagt auðlindir úti um allan heim og sú saga er til í hverju einasta landi, líka á Íslandi

[18:15]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst varðandi það að einkaaðilar hafi eyðilagt auðlindir þá hafa þeir ekki átt þær sjálfir. Það er kannski akkúrat meinið. Einkaaðilar hafa eyðilagt auðlindir sem aðrir áttu eða enginn átti. Ef menn eiga þær sjálfir þá rækta þeir það, þá gæta þeir sín á því að eyðileggja ekki auðlindina (Gripið fram í.) til þess að þeir og börnin þeirra njóti hennar áfram. Þetta styður einmitt það að þetta skuli vera einkaeign.

En varðandi það að ég sé ekki ákveðinn í þessu máli og sé ekki búinn að finna sannleikann þá hafa nú sumir sagt að þeir sem hafi fundið sannleikann séu hættulegt fólk en þeir sem leiti hans séu gott fólk. Auðvitað þurfa menn að ræða kosti og galla hluta. Ég er að ræða hérna kosti og galla og ég vil að sú umræða verði meira ríkjandi, þ.e. að menn ræði kosti og galla þess að ríkið eigi þessa auðlind til frambúðar

og leigi hana til mjög langs tíma eða einkaaðilar eigi hana eins og bændur og jarðeigendur eiga landið. Ég vil að menn ræði kosti og galla þess. Yfirleitt er það þannig eða þ.e. minn flokkur og það fólk sem hefur slíka heimssýn, að þeir trúa því að einkaeign gefist yfirleitt betur en almannaeign eða ríkiseign.

Varðandi fiskinn í sjónum þá er eitt vandamál með hann sem er öndvert við það þegar bóndi á foss — ég bendi á að bændur eiga fossa í dag sem þeir geta nýtt — öndvert við það er að fiskurinn syndir um sjóinn og það er ekkert hægt að afmarka hann því hann getur synt til annarra landa. Það er ekki hægt að afmarka hann við ákveðinn blett eða svið og þess vegna er eignarhaldið svo erfitt á þeirri auðlind. Hins vegar er fossinn á sínum stað og vatnið. Svo lengi sem jöklarnir eru til staðar og bráðna verður vatnsorkan til staðar og getur vel verið einkaeign nákvæmlega eins og landið sem við leigjum hérna í Reykjavík.

[18:17]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér ræðum við frumvarp um kaup Landsvirkjunar á eignarhlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun. Um það fjallar þetta mál efnislega. Síðan er viðhaldið sameignarfélaginu með því að til verður nýtt hlutafélag um eignarhlut sem er 0,1%. Þetta er nokkuð sem að hefur verið stefnt markvisst og var í raun kynnt sem áform þegar raforkulögin voru til umræðu hér á sínum tíma árið 2003 og reyndar nokkru áður. Niðurstaðan er sem sagt sú að nú er Landsvirkjun að eignast þessa eignarhluti. Síðan er stefnt til þess að gera Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða að einu fyrirtæki. Um þetta hefur svo sem verið rætt í hv. Alþingi. Það hefur legið fyrir að þetta væri sú vegferð sem ríkisstjórnin hefur viljað fara í þessum málum þegar farið var að tala um að lögfesta hér svokallaða samkeppni á raforkumarkaði sem hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir stóð sérstaklega fyrir í sínum málflutningi að því er varðaði raforkulagafrumvarpið á sínum tíma. Það muna sennilega allir það ferli allt. Það var nokkuð skrautlegt. Í raun voru lögin samþykkt í hv. Alþingi, þó þannig að setja þurfti sérstaka nefnd í raforkulögin til að finna út það fyrirkomulag sem menn vildu hafa á samkeppnisumhverfinu og uppskiptingu dreifiveitna og sölu fyrirtækja og annarra fyrirtækja sem áttu að starfa í sérdeildum, uppskiptum deildum á raforkumarkaði.

Hæstv. forseti. Í frumvarpi til raforkulaga var aðalmarkmiðið, eins og stóð í 1. gr. þess, að stuðla að þjóðhagslegri hagkvæmni raforkukerfisins og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Kannast einhver við svona orðalag, þ.e. að efla atvinnulíf og byggð í landinu? Það er einhver hliðstæða til einhvers staðar nefnilega. Hún er sennilega efnislega í lögunum um stjórn fiskveiða, í einhverjum umdeildustu lögum sem hér hafa verið sett og sem því miður hafa ekki náð þeim markmiðum sem að var stefnt, þ.e. að efla mannlíf og byggð í landinu. Því miður verður það að segjast alveg eins og er að það sem að hefur verið stefnt í raforkumálum almennt hjá þessari ríkisstjórn hefur ekki fært landsmönnum þann ávinning sem að var stefnt.

Við í Frjálslynda flokknum vöruðum mjög við því á sínum tíma að það væri engan veginn tryggt að landsmenn högnuðust á þeim breytingum sem leiddu til samkeppni á raforkumarkaði sem ríkisstjórnin stefndi til og um það hafa auðvitað staðið talsverð átök og sitt sýnst hverjum. En því miður er staðreyndin sú víða á landsbyggðinni að raforkuverð hefur hækkað verulega og það þar af leiðandi vegið að stöðu byggðanna í landinu sem er algjörlega andstætt meginmarkmiði raforkulaganna. Í framhaldinu af þessu verður svo Landsvirkjun, Rarik og Orkubúinu spyrt saman í eitt fyrirtæki.

Sá sem hér stendur sagði af þessu tilefni um raforkulögin — það er rétt að draga það hér fram — þann 14. mars árið 2003 að eigi yrði séð annað en og að ég óttaðist mjög að reyndin yrði sú að hér yrði vegið að landsbyggðinni og vegið að kjörum fólks á landsbyggðinni. Þetta sagði ég í ræðu, hæstv. forseti, um raforkulögin á þeim tíma. Við þessu brást þáverandi iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir með andsvari sem ég ætla að leyfa mér að vitna í niðurlagið á. Það hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„... að það sé minn vilji, sem legg fram þetta frv. og ber ábyrgð á því, að níðast á landsbyggðinni. Það er ekki rétt. Það verður séð til þess, því skal ég lofa, að það gangi ekki eftir sem hv. þm. talaði um í ræðu sinni."

Þar á hún við að ég hafði sagt að þetta mundi vega að hagsmunum hinna dreifðu byggða og raforkuverð mundi þar verða hærra og kjör fólksins versna.

Þrátt fyrir þessi skörulegu loforð sem ég vitnaði hér í og komu fram í orðum hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra þá höfum við þingmenn landsbyggðarinnar samt sem áður staðið uppi með það að fá iðulega í hendur upplýsingar um að kjör fólks varðandi raforkuna hafa versnað og raforkan hækkað. Þannig er þessi vegferð, hæstv. forseti. Það er ekki hægt að draga fjöður yfir það að því miður hefur þetta farið með þessum hætti.

Ég fæ ekki séð, hæstv. forseti, að samkeppnin sem átti að innleiða og átti að gera það að verkum að fólk gæti valið sér raforkusala meðal annars í þeim tilgangi að leita eftir lægra orkuverði, hafi virkað. Núna sýnist mér að við munum fækka samkeppnisaðilum eins og staðið er að málum, sem er reyndar alveg í samræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnin lýsti yfir á sínum tíma.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnaði í orð hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur í Kastljóssþætti hjá ríkissjónvarpinu þar sem fyrrverandi iðnaðarráðherra lýsti því yfir skýrt og skorinort að það stæði til að einkavæða Landsvirkjun, selja hana á markaði, sennilega um árið 2008 þó að erfitt væri svo sem að spá um tímasetningar varðandi það. En markmiðið var alveg skýrt. Ef ríkisstjórnin fær að ráða málum til framtíðar, sem vonandi verður ekki eftir næsta vor, verður sem sagt stefnt að því að raforkugeirinn verði að langmestu leyti einkavæddur. Þar held ég að við séum að stíga mjög varhugaverð skref, hæstv. forseti.

Það er eitt sérkennilegt í þessu frumvarpi sem er nú reyndar bara um þessi kaup Landsvirkjunar á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun. Það er ákveði til bráðabirgða II. Þar segir, með leyfi forseta:

„Reykjavíkurborg og Akureyrarbær bera einfalda ábyrgð með ríkissjóði á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað er til fyrir árslok 2006. Skal sú ábyrgð

sveitarfélaganna tveggja á skuldbindingum Landsvirkjunar haldast þar til skuldbindingarnar hafa að fullu verið efndar, en íslenska ríkið mun eftir 1. janúar 2012 tryggja Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ skaðleysi ábyrgðar á þeim skuldbindingum Landsvirkjunar sem á þau kunna að falla eftir þann tíma."

Við kaup Landsvirkjunar á þessum eignarhlutum skulu sem sagt Reykjavíkurborg og Akureyrarbær enn þá bera skuldbindingar að því er varðar Landsvirkjun, þ.e. skuldbindingar sem stofnað hefur verið til með langtímalánum eða öðrum slíkum skuldbindingum. Þrátt fyrir að ríkið yfirtaki Landsvirkjun á ábyrgðin að sitja eftir hjá þessum tveimur sveitarfélögum, alla vega fram til 2012. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst þetta virkilega undarleg niðurstaða, þ.e. að ef sveitarfélag eða einhver annar selur sína eign þá skuli ábyrgðin sitja eftir hjá seljandanum. Mér finnst þetta vægast sagt einkennileg niðurstaða. Ég hefði talið sjálfsagt þegar ríkið yfirtekur þessa eignarhluti að þá færðist ábyrgðin alfarið yfir á ríkið að því er varðar þessar skuldbindingar.

Hæstv. forseti. Ég vil láta þess getið að í borgarstjórn Reykjavíkur hefur F-listi Frjálslynda flokksins mótmælt því að svona skuli vera staðið að málum og krafist þess að skuldbindingum vegna Landsvirkjunar verði þegar í stað aflétt af Reykjavíkurborg í samræmi við það að það er Reykjavíkurborg sem er að selja fyrirtækið eða sinn hluta í fyrirtækinu. Ég held að það sé réttlætismál, hæstv. forseti, að þannig sé að málum staðið. Ég minnist þess ekki að ég hafi séð marga viðskiptasamninga, ef nokkra, þar sem um slíkar ábyrgðir er samið eins og hér hefur verið gert þannig að ábyrgðirnar sitji eftir á þeim aðila sem selt hefur eign sína. Væntanlega mun Landsvirkjun hirða allan arð af fyrirtækinu frá og með 1. janúar 2007 og hefði þar af leiðandi líka átt að bera allar ábyrgðir samfara því. Þannig tel ég að viðskiptunum hefði átt að vera háttað, hæstv. forseti.

Ég vil í lok ræðu minnar lýsa því yfir að ég tel að ferlið sem farið hefur af stað í raforkumálunum í heild sinni hér á landi frá því að lagt var fram frumvarp um raforkulög á árinu 2002 hafi í raun engan veginn þjónað þeim markmiðum raforkulaga sem að var stefnt, þ.e. að lækka orkukostnað almennings og efla atvinnulíf og byggð í landinu. Ég held að það sé alveg á hinn veginn því miður og tel að fyrirtæki, einstaklingar og íbúðareigendur á landsbyggðinni hafi einmitt borið skarðan hlut frá borði við setningu þessara laga. Við stjórnarandstöðuflokkarnir höfum beðið um sérstaka skýrslu um þróun raforkuverðs eftir landsvæðum og eftir kaupendum, þ.e. hvort um sé að ræða heimili, sveitabýli, minni fyrirtæki eða stærri rekstraraðila, til að leiða í ljós hvernig málin hafa þróast frá setningu raforkulaganna því nauðsynlegt er fá það fram ekki síst í ljósi þess að Valgerður Sverrisdóttir lofaði, eins og ég vitnaði til áðan þegar ég lýsti áhyggjum mínum af því að þetta mundi bitna á landsbyggðinni, að þær áhyggjur sem ég hafði vikið að í ræðu minni gengju aldrei eftir, hæstv. forseti, og færi nú betur að menn standi við orð sín.

[18:33]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér erum við að ræða frumvarp til laga um breyting á lögum um Landsvirkjun, þ.e. um breytingu á skipulagi Landsvirkjunar. Markmið frumvarpsins er að búa til umgjörð um fyrirhugaða sölu á hlut Reykjavíkur og Akureyrar til ríkisins. Að einhverju leyti mun eignarhaldið á Landsvirkjun einfaldað og því komið á eina hönd, til ríkisins. Við vitum náttúrlega hvað býr að baki. Það hefur m.a. komið fram í máli fyrrum iðnaðarráðherra að markmiðið sé að einkavæða viðkomandi fyrirtæki.

Í andsvari beindi ég fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um hvort þetta væri það verkefni sem væri hvað brýnast að leggja í, að einfalda eignarhaldið. Að einhverju leyti virðist sú fyrirspurn mín ekki hafa skilist. Ég veit nú ekki hvers vegna en ef til vill er maður ekki á nægilega háu þekkingarstigi til að hæstv. ráðherra nái svo einfaldri fyrirspurn. En ég ætla að endurtaka hana og vonast til að hæstv. ráðherra sjái sér fært að svara.

Fyrirspurnin var um hvort ekki væri rétt, áður en farið er í að breyta eignarhaldi og skipulagi hvað varðar raforkumarkaðinn og Landsvirkjun, að fá á hreint hvað rafmagnsverð hefur hækkað til neytenda og til fólks á landsbyggðinni. Það hefur verið nefnt í umræðunni að orðið hafi gífurlegar hækkanir. Í skýrslu sem fyrrum iðnaðarráðherra dreifði kom ekkert fram hver hækkunin hefði orðið. Mér finnst furðulegt að ráðuneytið og hæstv. iðnaðarráðherra ætli að ráðast í enn frekari skipulagsbreytingar án þess að gera fólki grein fyrir afleiðingum fyrri breytinga. Það er í raun óþolandi að ekki skuli gert hreint í þessu máli.

Það væri hægt að hafa mörg orð um frumvarpið sjálft en það sem mig langar að spyrja hæstv. ráðherra út í er m.a. 7. gr. Þar kemur fram að lagðar eru sérstakar hæfiskröfur á stjórnarmenn í fyrirtækinu. Það væri fróðlegt að fá að vita hjá hæstv. ráðherra hvort það sé í framhaldi af því að menn hafa gengið beint inn í stjórnir raforkufyrirtækja. Í því sambandi vil ég nefna mann sem gerði ákveðin tæknileg mistök og þurfti að gjalda fyrir það en var um leið og hann hafði tekið út dóm settur inn í stjórn Rariks. Það væri fróðlegt að fá að vita hvort þetta sé einhver leið til þess að koma í veg fyrir að menn sem hafa gert tæknileg mistök fari í stjórn Landsvirkjunar. En þetta varðar kannski ekki beint efni frumvarpsins.

Mér finnst að þegar við erum að ræða raforkumál og samkeppnismál þá eigi ekki að vera hægt að hlaupa yfir það, þótt eignarhaldið á Landsvirkjun verði einfaldað, að við sitjum enn uppi með einokunarþáttinn, þ.e. Landsnetið. Við síðustu breytingar átti að verða samkeppni á framleiðslunni en hins vegar átti að vera einokunarfyrirtæki sem sæi um flutninginn og einokunarfyrirtæki hvað varðar dreifinguna. Af þessum þremur þáttum átti að vera samkeppni á sviði orkuframleiðslunnar. Það er svo furðulegt að þegar menn gera breytingar á þessu sviði, sem eiga að tryggja samkeppni, þá fer Reykjavíkurborg sem á orkuframleiðslufyrirtæki út úr Landsvirkjun, sem er í samkeppni. En þá taka menn ekki á meginvandanum sem hlýtur að vera sá að orkuframleiðslufyrirtækin, Landsvirkjun þar fremst, eiga einokunarþáttinn, þ.e. sjá um flutninginn. Mér finnst svolítið furðulegt að Landsnet, sem er í eigu Landsvirkjunar, skuli skilið eftir. Ætti það að vera svo ef menn ætluðu sér í raun og veru að tryggja samkeppni? Ég get ekki séð að menn hafi áhyggjur af því.

Það kom fram hugmynd hjá hv. þm. Pétri Blöndal um að skipta þyrfti Landsvirkjun upp í þrjú fyrirtæki til að tryggja samkeppni. Það mætti eflaust taka undir þessar hugmyndir ef það væri í raun ætlunin. En þetta sýnir kannski að málið snýst ekki um samkeppni, enda hafa framsóknarmenn voðalega lítinn áhuga á samkeppni. Við getum bara nefnt Samkeppnisstofnun, að þegar hún tók á málum var hún lögð niður og búið til nýtt fyrirtæki, Samkeppniseftirlitið, þ.e. ríkisstofnun. Þegar spurt var út í hvort það hefði orðið hraðari gangur á afgreiðslu mála við það þá kom í ljós að það var alls ekki svo heldur hefur málum fjölgað sem bíða afgreiðslu hjá Samkeppniseftirlitinu eftir að það tók til starfa.

Það er af og frá að þetta mál snúi að því að tryggja hag neytenda eða samkeppni eins og látið er að liggja. Nei, að baki býr einungis að koma fyrirtækinu í söluhæfan búning og selja það. Ég er sannfærður um að öllum þeim sem nota rafmagn, fyrirtækjum og einstaklingum, er mest umhugað um verðið á rafmagninu. Það skiptir minna máli hver selur þeim raforkuna. Þær breytingar sem Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkurinn hafa staðið að á umliðnum árum hafa einungis hækkað raforkureikninginn. Ekki nóg með það heldur er svo komið að fólk skilur ekki rafmagnsreikningana sína. Þetta eru miklir reikningar, jafnvel á mörgum blöðum og það er ekki nokkur leið fyrir fólk að skilja hvernig menn komast að niðurstöðunni á reikningum, sem er hærra verð víðast hvar.

Ég vona að hæstv. ráðherra skilji spurningu mína sem var: Hvers vegna er ekki forgangsverkefni að tryggja að neytendur skilji reikningana sína og hve mikil hækkunin á raforkunni er í stað þess að leggja í þessa vegferð? Maður er furðu lostinn að verða vitni að því. En eflaust ætla menn að reyna að komast hjá því að svara spurningum um hve mikið þetta hefur hækkað rafmagnsreikninginn hjá fólki. Það er óumdeilt að víða er hægt að sjá tugprósenta hækkun. Bakarar landsins hafa talað um 50% hækkun. Hvers vegna ekki að líta á vandamálið, t.d. bakara sem hafa orðið varir við 50% hækkun? Í stað þess að spyrja hvernig stendur á þessu þá leggja menn fram frumvörp um einhver skipulagsmál, og alls ekki skipulagsmál sem snúa að því að tryggja samkeppni. Enda er Framsóknarflokkurinn langt frá því að hafa það í forgangi eins og sagan sýnir.

Framsóknarflokkurinn hefur haft annað í forgangi, þ.e. einkavæðingu. Það má ekki gleyma því að S-hópurinn, (Gripið fram í.) sem er nátengdur innsta hring Framsóknarflokksins, fékk góða bita í einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Mig rekur minni til þess að einn leiðtogi þess hóps hafi lýst yfir áhuga á að komast í orkugeirann. Það er kannski það sem rekur á eftir framsóknarmönnum í þessu máli, að koma þessu fyrirtæki í réttar hendur. Ég er sannfærður um það að margir furða sig á því að Búnaðarbankinn skyldi lenda hjá fyrrum varaformanni Framsóknarflokksins, í innsta kjarna Framsóknarflokksins en það eigi ekki að fara fram nein rannsókn á því.

Maður spyr sig: Hver er hugsunin með þessu frumvarpi? Eitt er víst, að ekkert sýnir fram á að tryggja eigi hag neytenda með þessu frumvarpi. Hvað þá að tryggja samkeppni. Framsóknarflokkurinn er í raun rúinn trausti þegar kemur að því að leggja fram með frumvörp sem geta haft í för með sér einkavæðingu.

Í rauninni finnst mér að Sjálfstæðisflokkurinn ætti líka að hugsa sinn gang þegar skipulagsbreytingar og möguleg einkavæðing á raforkumarkaði verða með þessum ólíkindahætti, að opinber fyrirtæki eiga að fara í samkeppni. Síðan eykst til muna opinber eftirlitskostnaður með þeirri samkeppni opinberra fyrirtækja og rafmagnsreikningurinn hækkar. Fólk fær ekkert að vita hve mikið rafmagnið hækkaði í raun. Það fær ekki svör við því heldur fara menn eins og kettir í kringum heitan graut, líkt og í óundirbúnum fyrirspurnum í morgun. Þeir segja að málið sé í athugun. Þetta ætti ekki að vefjast fyrir mönnum en það vefst fyrir þeim vegna þess að þeir vita að niðurstaðan er flokknum í óhag.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri. Mér finnst þetta óneitanlega sérkennileg forgangsröðun hjá stjórnarflokkunum, að vilja í raun ekki grennslast fyrir um hversu mikið rafmagnsverð hefur hækkað. Þess í stað skal farið í skipulagsbreytingar sem virðast miða að einkavinavæðingu.

[18:47]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Mig langar til að bæta fáeinum orðum við það sem ég sagði fyrr í dag um þetta mál. Það er aðallega vegna þess að ég flutti ekki þá ræðu sem ég hef stundum áður flutt hér um önnur sveitarfélög en þau sem áttu hlut í Landsvirkjun. Aðrir hafa svo sem talað um það mál hérna núna, það sem ég vil kalla mistök ríkisvaldsins, þ.e. að láta tvö sveitarfélög í landinu njóta þess að hagnast gríðarlega á því að nýta auðlindir eins og þetta ber vitni um. Menn þurfa ekki annað en að horfa á tölurnar sem liggja fyrir. Þær hljóta að kalla á svör við þeim spurningum hvort önnur sveitarfélög þurfi þá ekki með einhverjum hætti að fá að njóta sambærilegra hluta og þarna hafa gerst. Ég held að það beri prýðilega í veiði, af því að hæstv. ráðherra iðnaðarmála er líka ráðherra byggðamálanna, að fá fram skoðanir hans á þessu atriði. Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður fá þarna gríðarlega mikla fjármuni en vel er hægt að halda því fram að þau sveitarfélög hafi ekki lagt fram mjög stórar fjárhæðir til að skapa verðmætin. Ég er ekki að gera lítið úr þeirra hlut í þessu máli öllu en ég segi bara að þarna voru gerð ákveðin mistök og spurningin er hvort ekki sé eðlilegt að þau verði leiðrétt með einhverjum hætti.

Ég hef haldið því fram hér áður og held því fram aftur hér og nú að eignarhlutir ríkisins í öðrum fyrirtækjum eins og Rarik eða Orkubúi Vestfjarða gætu vel verið notaðir sem hluti í því að leiðrétta þann halla sem þarna myndast í eignum og stöðu sveitarfélaganna. Mér finnst að þau sveitarfélög sem í raun og veru hafa skapað þann auð sem liggur t.d. hjá Rarik væru vel að því komin að eignast hlut í því fyrirtæki. Það er ekkert sjálfsagt að ríkissjóður hirði það fyrirtæki allt saman í sína vörslu sem eign eins og hér er stofnað til. Mér finnst að eignarhlutur sveitarfélaganna í landinu í raforkufyrirtækjunum, annaðhvort dreifingarfyrirtækjunum eða hinum fyrirtækjunum, komi prýðilega til greina, og komi ekki bara til greina heldur hljóti að verða skoðað sem hluti af því máli sem hér er verið að vinna að. Það hlýtur að verða hluti af þeirri yfirferð sem nú er farin í framhaldi af þessum samningi hvort ganga eigi til móts við

önnur sveitarfélög í landinu til að rétta þarna dálítið af. Það er mín skoðun og ég hef sett hana fram hér áður, oftar en einu sinni, og ég endurtek að það er full ástæða til að gefa þessu gaum. Mér finnst ekki vansalaust að forsvarsmenn sveitarfélaga í landinu skuli ekki hafa haldið þessu máli til haga með skýrari hætti en raun ber vitni.

Það er annar hlutur sem mig langaði til að bæta hér við. Ég mun auðvitað tala fyrir því í iðnaðarnefnd að kallaðir verði til aðilar frá sveitarfélögunum í landinu til að ræða þessi mál ásamt öðrum sem tengjast því stóra máli sem við erum hér að fjalla um. Þá kemur auðvitað fram hvaða vilja forsvarsmenn sveitarfélaganna hafa og hvaða skoðanir þeir hafa þá á því hvort einhverja hluti þurfi að gera til að rétta af stöðu sveitarfélaganna í tilefni af því sem hér er um að ræða. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra til viðbótar við það sem ég talaði um hér í dag um þetta ábyrgðargjald. Mér finnst svolítið furðulegt að fyrrverandi eigendum Landsvirkjunar, til helmingshlutar í Landsvirkjun, skuli vera haldið inni í málinu með þeim hætti sem gert er. Þar er gert ráð fyrir því að eftir 2012 liggi fyrir yfirlýsing ríkisvaldsins um að þar verði tekin full ábyrgð á öllum ábyrgðum sem nú eru sameiginlegar með Landsvirkjun vegna skulda Landsvirkjunar. Ríkissjóður tekur sem sagt fulla ábyrgð. Var ekki mögulegt að ríkissjóður tæki bara strax fulla ábyrgð á þessum skuldbindingum? Hvað var að því að gefa slíka yfirlýsingu, hvað var í veginum með að það væri gert? Hvers vegna fara menn þessa leið og þurfa þar af leiðandi að borga Akureyrarkaupstað og Reykjavíkurborg verulega fjármuni vegna ábyrgða fram til ársins 2012? Mig langar a.m.k. til að fá að vita hvernig stóð á því að ekki var hægt að klára þennan hluta málsins núna og spyr þess vegna um það.

Svo langar mig bara fyrir forvitni sakir að spyrja hvers vegna 7. gr. í þessu máli er breytt með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Í frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn, aðal- og varamenn, skulu vera lögráða, bú þeirra skal ekki hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta, þeir skulu hafa óflekkað mannorð og skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni Landsvirkjunar.“

Þegar maður les lögin sem gilda núna um Landsvirkjun er þetta hvergi inni. Er einhver sérstök ástæða fyrir því að menn vilja núna setja það inn í þessa lagagrein að menn sem taka sæti í stjórn skuli hafa óflekkað mannorð? Ég spyr bara af því að ég rakst á þetta þegar ég var að bera saman textana.

Síðan langaði mig í framhaldi af þeim orðaskiptum sem ég átti við hv. þm. Pétur Blöndal að bæta örlitlu við það sem ég sagði þá. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að einkaaðilar færu betur með auðlindir en hið opinbera. Ég er hreint ekki sammála þessu, þess eru auðvitað dæmi að stjórnvöld hafi ekki staðið sig, en það eru líka til ótal dæmi um að einkaaðilar hafi ekki staðið sig. Einkaaðilar eru oft mjög skammsýnir í mati sínu á því hver hagnaður þeirra er. Ákvarðanir einkaaðilanna geta ráðist af mjög miklum skammtímasjónarmiðum þegar um er að ræða t.d. auðlindir sem eru ekki endurnýjanlegar og reyndar aðrar auðlindir líka, einfaldlega vegna þess að viðkomandi aðilar gera ekki ráð fyrir því að eiga viðkomandi auðlindir mjög lengi heldur að þeir muni losa sig við þær áður en skerðing á endurnýjanleikanum hefur komið fram í verði á viðkomandi auðlind.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að þeirrar umræðu sé virkilega þörf hvort í okkar agnarsmáa landi, Íslandi, geti menn tekið þá áhættu að láta einkaaðila eignast allar auðlindir. Það fyndist mér fráleitt. Ég má ekki til þess hugsa að ýmsar auðlindir þjóðarinnar geti þannig komist í eigu einkaaðila að þeir geti bókstaflega haft í hendi sinni hreinlega möguleika þjóðarinnar til framtíðar, að þeir geti átt fiskimiðin við landið eins og gæti stefnt í miðað við þetta einkaeignarhald sem menn halda þar uppi, að þeir gætu átt það sem er í hafsbotninum og undir honum, og orkulindirnar í landinu. Það er eitthvað sem ég get ekki sætt mig við að hugsa til.

[18:57]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil í nokkrum orðum fara yfir frumvarp til laga um breyting á lögum, nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum, sem rætt hefur verið í dag. Það er alveg ljóst að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu eins og það liggur fyrir og þeirri hugmyndafræði sem því liggur að baki.

Fram kom hjá fulltrúum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við sölu á eignarhlut Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar, sem þetta frumvarp byggist á og er til komið vegna þess að Landsvirkjun hefur gengið frá samningum við þessi tvö stóru sveitarfélög um kaup á eignarhlut þeirra í Landsvirkjun, með þeim fyrirvara að það sé samþykkt með þessu frumvarpi.

Einnig er ljóst að með því að taka upp EES-tilskipunina um fyrirkomulag raforkusölu, sem við komum í raforkulög 2002, tókum við upp lagaumhverfi sem ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum aldeilis óviðunandi fyrir eyland sem er það langt frá öðrum mörkuðum að ekki er í náinni framtíð möguleiki á að koma svo hagkvæmt sé rafstreng frá landinu yfir til annarra meginlanda, staða eða landsvæða þar sem væri þá hægt að tala um samkeppni á raforkumarkaði. Landið er víðfeðmt. Við erum fá og hér innan lands er mjög erfitt að koma á virkri samkeppni eins og EES-tilskipunin byggir á, sem sé samkeppni og markaðsvæðingu á raforkumarkaði. Hugsanlega er hægt að stuðla að slíkum markaði á meginlandi Evrópu og víðar þar sem hægt er að koma á samkeppni milli landa og milli stórra fyrirtækja. En við höfum ekki slíkar aðstæður hér á landi. Í samanburði við hinn evrópska markað höfum við hér á landi Rarik, Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku og Orkubú Vestfjarða sem hafa af litlum burðum getað verið á samkeppnissviði innan lands en það hefur bara ekki virkað. Að útiloka slíka samkeppni þó í litlum mæli sé með því að halda síðan áfram að sópa undir Landsvirkjun fleiri fyrirtækjum, eins og Rarik og Orkubúi Vestfjarða, er náttúrlega alveg með ólíkindum, hæstv. forseti. Að sama ríkisstjórn skuli byggja hugmyndafræði sína á samkeppni en á sama tíma í raun að útiloka þá litlu möguleika sem við höfum.

Það að hafa síðan undir raforkusölu Landsvirkjunar til stóriðju hér á landi í þeim mæli sem hefur verið og fyrirsjáanlegt er að stefnt er að og skella síðan öllu saman undir

sama hatt með dótturfyrirtækjunum eins og Rarik og Orkubúi Vestfjarða, sem yrðu þá að sjá bæði um raforkusöluna á innanlandsmarkaði og til stóriðju, þá spyr maður sig: Hvar er styrkur eftirlitsaðilans að fylgjast með hvar mörkin eru? Hvar liggur orkuverðið? Hvernig er það yfirfært á milli sviða?

Ljóst er að markmiðum orkulaganna frá 2002 hefur ekki verið náð. Rafmagnsverð bæði til neytenda og til lítilla og meðalstórra fyrirtækja hefur hækkað svo um munar. Það er sorgarsaga að fylgjast með því hvernig hvert fyrirtæki á fætur öðru, lítil og meðalstór fyrirtæki, eru að fara frá raforkunotkun og yfir í olíubrennslu til að ná niður kostnaðarverði. Þetta er öfugþróun þar sem við höfum möguleika á að sjá landsmönnum fyrir vistvænni orku og möguleikum á að styrkja þá atvinnustarfsemi sem líður fyrir það í dag að vera ekki samkeppnishæf út af raforkuverði, eins og t.d. bændur sem eru með ylrækt eða gróðurhús. Þetta hefur margoft komið fram. Við erum að stefna í öfuga átt.

En verst þykir mér þó, hæstv. forseti, að þetta frumvarp til laga skuli vera lagt enn og aftur fram undir þeim formerkjum Framsóknarflokksins að þetta sé eingöngu til að bregðast við áorðnum hlut en ekki eigi að selja Landsvirkjun. Samt er það meiningin. Það er alveg ljóst í framhaldi af þessu að ef frumvarpið verður að lögum verður auðveldara að selja hluta eða fyrirtækið í heilu lagi eða í bútum. Vonandi náum við í næstu kosningum að komast út úr þeirri markaðshyggju sem nú ríður hér röftum að selja Landsvirkjun í heilu lagi. Nógu margir eru þeir sem hafa mikinn áhuga á og fylgjast grannt með hvenær hægt verði að kaupa hlut eða komast að kjötkötlunum þar sem Landsvirkjun, ef frumvarpið verður að lögum, verður mjög eftirsóknarverður kostur fyrir fjárfesta. Landsvirkjun býr yfir orkuöfluninni, hefur Landsnetið, hefur möguleika á frekari virkjunarkostum og á miklar eignir og landeignir. Til framtíðar litið er þetta fyrirtæki sem getur gefið góðan arð ef hugsað er eingöngu út frá hag fyrirtækisins og þar er sannarlega hægt að ná út miklum gróða ef svo skipast að eignir fyrirtækisins og eignarráð komast í hendur einkaaðila eða fyrirtækja sem eru á markaðsvellinum.

Hæstv. forseti. Það þarf ekkert að vera að spá inn í framtíðina, því að í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Í samningnum“ — verið er að vísa til samningsins um kaup Landsvirkjunar á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar — „er kveðið á um að selji ríkissjóður eignarhlut sinn fyrir 1. janúar 2012, hvort heldur að hluta eða öllu leyti, þó að lágmarki 15%, skuli kaupverð á þeim eignarhluta sem seldur er taka leiðréttingum til hækkunar eða lækkunar, að teknu tilliti til nánar tilgreindra forsendna.“ — Sem vísað er til hér á undan. — „Ákvæðið á einungis við selji kaupandi eignarhlut sinn beinni sölu til þriðja aðila.“

Það er hreinlega gert ráð fyrir því í greinargerðinni að það geti komið til sölu á hluta eða öllu fyrirtækinu. Ég óska eftir því, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson, að fá svör við því hvers vegna Reykjavíkurborg og Akureyrarbær eru látin hafa áfram ábyrgð á þeim veðum og samningum sem hafa verið gerðir fram til 2006. Hefði ekki verið eðlilegra að aflétta þeim kvöðum á þeim tíma sem frumvarpið tekur gildi, ef það gerir það?

Það er margt við þetta að athuga eins og það, hæstv. forseti, að mér hugnast ekki frekar en hv. þm. Pétri H. Blöndal, að verið sé í raun að skrumskæla lagasetningu á hinu háa Alþingi. Verið er með eins konar trixi, í staðinn fyrir að fara fyrst að lögum, að búa til örfyrirtæki sem heitir Eignarhlutir ehf. til þess að slá saman við Landsvirkjun svo hægt sé að halda sama eignarhaldsformi og er í dag. Um Landsvirkjun gilda sérlög. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki. Það er ekki sameignarfélag og verið er að halda því sameignarfyrirtæki inni með því að búa til örfyrirtæki sem heitir Eignarhlutir ehf. Þótt ég hafi lesið frumvarpið nokkrum sinnum yfir get ég ekki með nokkru móti séð hvernig eða hvort þetta litla fyrirtæki, það er trúlega ekkert lítið miðað við mörg önnur fyrirtæki í landinu en á lítinn hlut í Landsvirkjun, á að vera. Er hægt að búa til sérstakt fyrirtæki, ehf., án þess að það hafi þá sérstaka stjórn eða sérstök ákvæði gildi um það? Er hægt að búa það bara til á pappírnum og láta svo stjórn Landsvirkjunar vera yfir hvoru tveggja? Ég óska eftir að hæstv. iðnaðarráðherra fari aðeins yfir þetta og upplýsi okkur hvernig fyrirtækið, sem á að eiga 0,1% af hlut Landsvirkjunar, eigi í rauninni að starfa. Er þetta pappírsfyrirtæki? Er verið að fara í kringum lögin til að halda þessu eignarformi? Er þetta raunverulegt félag eða fyrirtæki, ehf., með sérstjórn sem hvergi kemur fram?

Það er líka verið að þrengja aðkomu almennings að stjórn Landsvirkjunar. Verið er að fækka stjórnarmönnum úr sjö í fimm og segja má að þar sé verið að fækka um fulltrúa Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar. Einnig er verið að færa fyrirtækið úr forsjá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra og það er fjármálaráðherra einn og sjálfur sem á að skipa alla fulltrúana í stjórn. Ef til fundar er boðað með lögmætum hætti eru það þrír stjórnarmenn sem geta farið með allt ákvörðunarvald Landsvirkjunar Mér finnst þetta vera þrenging og þrenging að aðkomu almennings að fyrirtæki sem er þó eign íslenska ríkisins og almennings til að byrja með að minnsta kosti. Mér finnst þetta ákaflega lokuð stjórn og alvarleg þróun sem á sér stað.

Það er margt sem hægt væri að segja um frumvarpið núna í upphafi. Ég tel að fara þurfi mjög vel yfir það og með sveitarfélögunum og eins til að skoða hvaða áhrif EES-tilskipunin, raforkulögin frá 2002 sem áttu að tryggja samkeppni og lægra raforkuverð, hefur haft í för með sér og hvort þá megi áætla að enn frekari samþjöppun verði enn eitt skrefið í þá átt að koma hér á einokun í landinu. Að minnsta kosti er samkeppnin ekki höfð þar að leiðarljósi en markaðsvæðingin er aftur á móti á fullu skriði.

Ég öfunda ekki þingflokk Framsóknarflokksins og framsóknarmenn að fylgja frumvarpinu til enda, því svo margar breytingar höfum við gert á lögum og á rekstrarformi, t.d. hjá Símanum og bönkunum, þar sem Framsóknarflokkurinn stóð hér og sór og sárt við lagði að ekki stæði til að selja, einkavæða eða breyta rekstrinum. En það hefur samt verið gert. Einnig er ljóst hvað verðlag varðar og þjónustu að hvort tveggja hefur farið á verri veg. Það er lakari þjónusta á mörgum sviðum hjá Símanum og fyrirheitin um notkun á söluandvirði Símans að byggja upp dreifkerfið vítt og breitt um landið, það bólar ekki á því enn þá þó svo sveitarstjórnarmenn og fleiri kalli eftir svörum um hvernig eigi að nota Fjarskiptasjóð og hvernig eigi að nota sjóðinn til að bæta þjónustuna. Það bólar ekki á því enn þá.

Hæstv. forseti. Í staðinn fyrir að koma hreint til verks þá er ég hrædd um að enn og aftur sé verið að hola að innan þessa stofnun, eins og aðrar sem hafa verið algerlega áreynslulaust í eigu landsmanna og verið sé að undirbúa markaðsvæðingu á fyrirtækinu, enda eru nógu margir það fjáðir og það skynsamir að sjá hvaða gullkálfur er hugsanlega að koma á markaðinn innan fárra ára.

[19:15]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég spurði í fyrri ræðu minni í dag hvert ferðinni væri heitið. Mér finnst skipta miklu að við fáum ákveðnar vísbendingar um það. Ég hef því miður trú á að hve góður sem ásetningur hæstv. núverandi iðnaðarráðherra kann að vera — ég hef engar efasemdir um að hann sé góður — þá held ég að hann ráði ekki för þegar sterk fjármálaöfl hafa tekið völdin, studd stjórnmálaflokkum og öflum sem vilja fara með þær eignir áfram út á markaðstorgið. Þess vegna hlusta ég mjög grannt þegar þingmenn Sjálfstæðisflokksins tala og segjast styðja þessi áform vegna þess að þau auðveldi einkavæðingu.

En við erum ekki bara að tala um einhverja teoríu. Þetta eru ekki kenningar út í loftið. Við erum að tala um veruleika á Íslandi sem er þess eðlis að einstaklingar og smáir hópar hafa milli handanna gríðarlega fjármuni og af því að Framsóknarflokkurinn stendur fyrir þessu væri vert að rifja upp afskipti Framsóknarflokksins af einkavæðingunni, hvernig einstaklingar nátengdir Framsóknarflokknum hafa hagnast á einkavæðingunni, þar á meðal Búnaðarbankanum. Mig langar til að vitna í sjónvarpsviðtal frá 10. janúar árið 2006. Þar kom m.a. fram, með leyfi forseta:

„Fyrir einu og hálfu ári ákváðum við að efla fjárfestingar okkar utan Íslands og fara í frekari útrás en við þegar höfum verið í á undanförnum árum. Núna metum við það svo að ástandið á íslenska markaðnum, efnahagsástandið, sé afar hagstætt og verði það vonandi næstu árin. Jafnframt að Olíufélagið sé til þess búið að fara í frekari verkefni hér heima, svo sem í orkugeiranum hvort sem það er í vatni eða rafmagni og skapa sér nýja stöðu þar eða í smásölu eða heildsölu. Við teljum að nú sé áhugaverður tímapunktur fyrir nýja aðila að gefa sig fram sem hafa metnað til þess að fara áfram með fyrirtækið."

Þetta sagði Ólafur Ólafsson, sem þá var stjórnarformaður Olíufélagsins. Ég hef fylgst svolítið með fjárfestingum hans og ýmissa annarra sem tengst hafa einkavæðingu Framsóknarflokksins og séð hvernig gullið hefur hlaðist upp. Mig langar að lesa aðeins úr Morgunblaðsfréttum frá árinu 2005. Þann 17. mars segir, með leyfi forseta:

„Kjalar ehf., félag í aðaleigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, hefur eignast 55,7% hlut í Keri hf., sem er aðaleigandi Olíufélagsins hf. Félagið átti áður 41% í Keri ..."

Þann 14. júní í Morgunblaðinu segir síðan, með leyfi forseta:

„Kjalar ehf. hefur í dag keypt hlutabréf í Eglu hf. að nafnverði kr. 2.562.043 eða 23,12% eignarhlut í félaginu. Kaupverð hlutanna var kr. 5.501.000.000. Eigendur Eglu hf. eftir viðskiptin eru Ker hf. 68,04%; Kjalar ehf., 27,93%; og Fjárfestingarfélagið Grettir hf., 4,03%."

Í Morgunblaðinu 2. nóvember segir, með leyfi forseta:

„Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. hefur selt alla eignarhluti sína í Keri hf. og Eglu hf. Um er að ræða liðlega 34% hlut í Keri hf. og rúmlega 4% hlut í Eglu hf.

Kaupandi að hlut Straums-Burðaráss í Keri er félagið sjálft, en kaupin eru liðir í lækkun hlutafjár. Söluverð er trúnaðarmál ... Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. hefur jafnframt selt alla eignarhluti sína í Eglu hf. til félagsins sjálfs ... Eftir viðskiptin á Kjalar ehf., félag í aðaleigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, nærri 87% hlut í Keri. ... Helstu eignir Kers hf. eru Olíufélagið ehf. og stórir hlutir í Samskipum hf., SÍF hf. og Iceland Seafood International ehf. Þá á Ker 68% hlut í Eglu hf. sem er eignarhaldsfélag um 10,88% hlut í Kaupþingi banka hf. Kjalar ehf., félag Ólafs Ólafssonar, á nærri 28% hlut í Eglu.

Jafnframt á Ker um 56% hlut í fasteignafélaginu Festingu ehf. sem varð til árið 2003, við skiptingu Kers, þegar fasteignir Olíufélagsins voru færðar yfir til Festingar og síðar sömuleiðis fasteignir Samskipa og eignir frá Sundi. Festing hefur nú keypt alla hluti Sunds ehf. og J&K eignarhaldsfélags ehf. í Festingu, rúmlega 19% hlutafjár, ásamt því sem félagið hefur leyst til sín hluti Angusar ehf. í sjálfu sér. Kaupverðið er trúnaðarmál."

Hvað erum við að tala um hér? Við erum að tala um að einstaklingar greiða út fimm og hálfan milljarð kr. Það kostar töluverða vinnu að ná í slíka peninga. Þetta er veruleikinn sem menn hafa skapað á Íslandi. Í skjóli einkavæðingar ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum hafa einstaklingar og hópar einstaklinga safnað saman auði og völdum. Þess vegna spyr ég, þegar við erum að stíga skref sem gætu fært þessar stóru, verðmætu sameignir þjóðarinnar út á markaðstorgið, hvort menn hafi hugsað alveg til enda hvert ferðinni er heitið. Ég bara spyr.

Ég veit það ósköp vel að það er gert af góðum hug þegar menn horfa til lífeyrissjóðanna. Þá hugsa menn sem svo að þar sé samfélagslega ábyrgt afl, þetta er sameign þorra þjóðarinnar sem hún vilji fara vel með. En þannig er þessu ekki farið. Lífeyrissjóðirnir hugsa á nákvæmlega sama veg, því miður segi ég, og hörðustu fjárfestar á markaði.

Ætlum við virkilega að taka raforkugeirann, vatnið og aðra þætti almannaþjónustunnar og hrinda út á markaðstorgið þannig að einstaklingar, eins og sá sem ég vísaði til hér geti haft þjónustuna að féþúfu? Þetta eru staðreyndir lífsins. Ég vísa í tölur og staðreyndir sem einkenna orðið íslenskt samfélag. Það eru fjármálamenn sem ráða orðið lögum og lofum. Síðan búum við við ríkisstjórn sem ætlar að halda áfram á þessari braut. Hún er nú að taka hinn verðmæta raforkugeira, rífa hann frá þjóðinni og henda út á markaðstorgið. Finnst mönnum þetta saklaust? Þurfa stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar sem standa fyrir þessu ekki að gera betur grein fyrir máli sínu?

Ég ætla að hlusta á hvað hæstv. iðnaðarráðherra hefur til málanna að leggja, hvernig hann svarar þessum spurningum mínum og ekki síður, hvað hv. þm. Hjálmar Árnason hefur til málanna að leggja. Ég hef trú á að hann sé næstur á mælendaskrá.

[19:25]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Hér hefur í allan dag staðið umræða um eitt og sama málið, þ.e. frumvarp til laga um breyting á lögum um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst þessi umræða í raun hafa verið afskaplega einkennileg, svo ekki sé meira sagt. Umræðan um breytingar á lögum um Landsvirkjun hefur farið eins og kvikuhlaup út og suður. Hér hafa hv. þingmenn hver á fætur öðrum talað um mál sem sum hver eru tengd frumvarpinu en aðrir hafa fjallað um allsendis óskyld mál. Mál sem hafa ekkert með þetta frumvarp að gera.

Einstakir hv. þingmenn hafa jafnvel gengið svo langt, sem ég tel grafalvarlegt, að saka beinlínis heilan þingflokk og heilan stjórnmálaflokk um þjófnað. (**Gripið fram í:** Framsóknarflokkinn.) Ég tel það afar alvarlegt. Ég tel það ódrengilegt og ómerkilegt að vera með slíkar dylgjur, ekki síst eins og síðasti hv. þingmaður gerði. Ég teldi hann mann að meiri að leggja hreinlega fram kærur ef hann er sannfærður um að framinn hafi verið glæpur og hætti að tala eins og hann gerði, sem var ekki í fyrsta sinn. Ég tel það ómerkilega umræðu í hæsta máta að tala eins og hv. þingmaður gerði.

En um hvað snýst þetta frumvarp? Þetta frumvarp snýst ekki um annað en samkomulag sem núverandi eigendur Landsvirkjunar hafa gert með sér. Um það snýst frumvarpið og ekkert annað. En hér er talað um allsherjaruppstokkun í fyrirtækinu, um einkavæðingu fyrirtækisins og þar fram eftir götunum.

Málið snýst hins vegar um samkomulag sem ríkisvaldið og tvö sveitarfélög hafa komist að. Eigendur Landsvirkjunar. Það samkomulag hefur tekið nokkurn tíma. Eins og í öllum viðskiptum þá ganga menn missáttir frá borði. En þetta er samkomulag. Um það snýst frumvarp þetta og ekkert annað. Í því sambandi er þeim mun undarlegra að heyra hv. þingmenn fjalla um allsendis óskylda hluti.

Ég ætla að leyfa mér að gera athugasemd við nokkur af þeim atriðum sem hér hafa komið fram. Í fyrsta lagi vekur athygli mína að flestir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hér tala hafa fjallað um fyrrverandi iðnaðarráðherra. Ég endurtek að þeir hafa fjallað um fyrrverandi iðnaðarráðherra. Það er mikið að þeir skuli ekki ganga lengra aftur og rekja iðnaðarráðherra í gegnum söguna. (**ÖJ:** Þið eruð nýbúnir að skipta um ráðherra.) En hér er verið að ræða frumvarp sem núverandi hæstv. iðnaðarráðherra mælir fyrir og flytur og ber ábyrgð á. En það er eins og hv. þingmönnum þóknist ekki að ræða um nútímann eða framtíðina, hvað þá að ræða við þann hæstv. ráðherra sem flytur þetta frumvarp í þingsal. Nei, þeir beina spjótum sínum til fortíðar. Þeim er líklega best lýst þannig að þeir horfa ávallt til fortíðar, enda fortíðarhyggjufólk á mörgum sviðum. (**ÖJ:** Þetta er mjög málefnaleg ræða.) Ég bið hv. þingmann um að hafa hemil á sér. Hann þarf að þola að honum sé svarað því hann getur ekki staðið ítrekað í ræðustól (**ÖJ:** Gerðu það þá. Svaraðu þá.) og verið með dylgjur eins og hann hefur gert í dag.

Sá sem flytur þetta frumvarp, hæstv. iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson, hefur ítrekað sagt, eins og samþykkt þingflokks Framsóknarflokksins ber með sér, að þetta frumvarp feli ekki í sér undirbúning einkavæðingar, feli ekki í sér þá ætlun að selja enda stendur það ekki fyrir dyrum. Ef slíkt stæði fyrir dyrum þá segðu menn það. (**ÖJ:** Nei.)

Hv. þingmenn Vinstri grænna neita þessu enda telja þeir sig vita betur. Ég vek athygli á því ef hv. þm. Ögmundur Jónasson telur hæstv. iðnaðarráðherra ómerking þá ætti hann að segja það umbúðalaust. Hæstv. iðnaðarráðherra er maður þekktur að heiðarleika og hann flytur frumvarp sem er afskaplega skýrt. (**ÖJ:** Hvers konar tal er þetta eiginlega?)

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að (Forseti hringir.) hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi hemil á athugasemdum sínum.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég óska líka eftir að hv. ræðumaður gæti orða sinna.)

Já, hann mun gera það.

Í annan stað vil ég nefna ræður hv. þm. Péturs Blöndals. Hann hefur komið upp, ekki í fyrsta sinn og ekki í það síðasta, og lýst því að hann sé fylgjandi því að Landsvirkjun verði seld og fylgjandi því að Ríkisútvarpið sé selt. Af þessum yfirlýsingum hv. þingmanns Péturs Blöndals draga hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar þá ályktun að menn geti séð að ætlunin sé að selja Ríkisútvarpið, þrátt fyrir þá staðreynd að flutningsmaður frumvarpsins um Ríkisútvarpið, hæstv. menntamálaráðherra, hafi lýst því yfir að ekki standi það fyrir dyrum, hvorki af hálfu Sjálfstæðisflokksins né höfum við í Framsóknarflokknum sagt að það standi fyrir dyrum. Til þess er enginn vilji.

Það er hins vegar kunnara en frá þurfi að segja að einstakir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, svo sem hv. þm. Pétur Blöndal og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hafa lýst því að þeir telji það æskilegt. En á því er mikill munur og samþykkt, ákvörðun, heils þingflokks, þ.e. bæði þingflokks Sjálfstæðisflokksins og þingflokks Framsóknarflokks. Það stendur með öðrum orðum ekki fyrir dyrum.

En hv. þm. Ögmundur Jónasson og fleiri halda áfram að hamra á orðinu einkavæðing. Það er sambærileg aðferð og var þekkt í Þýskalandi að hamast nógu oft þangað til að almenningur væri farinn að trúa. En menn fara þar beinlínis með rangt mál í þeim efnum. Líklega vísvitandi. (Gripið fram í.) Það voru þín orð, hv. þingmaður.

Verst af öllu þykir mér þegar hv. þingmenn saka þá sem standa að þessu frumvarpi um óheiðarleika. Það kom fram hér m.a. í andsvörum sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Össur Skarphéðinsson áttu sín á milli. Þar notuðu þeir afskaplega ógeðfelld orð þar sem þeir væna m.a. heilan stjórnmálaflokk og flutningsmenn þessa frumvarps um óheiðarleika. Þeir halda því að verið sé að blekkja, fara á bak við, undirlægjuháttur, svik og blekkingar.

Ég vil gera athugasemd við það sem hér hefur komið fram, að með þessu frumvarpi sé eignarhaldið á Landsvirkjun fært yfir á fjármálaráðherra. Nokkrir hv. þingmenn hafa gert mál úr því. En því er til að svara að þetta er í raun það sem hefur verið að gerast að undanförnu og er eðlilegt. Það er eðlilegt að greina eignarhaldið frá hinum daglega rekstri og faglegri stjórn á stofnunum. Það er það sem er verið að gera með þessum hætti. Það er eðlilegt í alla staði. Tilgangur þess er sá að gera einstakar stofnanir sjálfstæðari og greina stjórnsýsluna, hina daglegu stjórnsýslu í einstökum

fyrirtækjum, frá eignarhaldinu. Það er eðlileg stjórnsýsla. Það er gegnsærri stjórnsýsla og hún eykur á sjálfstæði einstakra stofnana. Mér finnst ástæðulaust að túlka breytinguna með þeim hætti sem hér var gert.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson taldi sig hafa fundið mikinn sannleika á bls. 11 í greinargerð með frumvarpinu. Þar er vikið að, með leyfi forseta, því sem heitir Leiðrétting kaupverðs. Þar segir:

„Aðilar eru sammála um að selji kaupandi eignarhlut sinn fyrir 1. janúar 2012, hvort heldur að hluta eða að öllu leyti, þó að lágmarki 15%, skuli kaupverðið samkvæmt samningi þessum á þeim eignarhluta sem seldur er taka leiðréttingu til hækkunar eða lækkunar."

Þarna taldi hv. þm. Össur Skarphéðinsson sig hafa fundið sannleikann. Þarna sæist svart á hvítu að það ætti að selja Landsvirkjun. Undir það tók hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Því er til að svara að það sem ég las upp, þessi sönnun hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, byggir á samningi á milli Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun í þeim sölusamningi sem hér er til umræðu. Af hverju skyldi þetta standa þarna inni? Það er að kröfu sveitarfélaganna, að kröfu Reykjavíkurborgar, bæði hjá núverandi meiri hluta og ekki síður hjá fyrrverandi meiri hluta í Reykjavík þar sem R-listinn var við völd. Sveitarfélögin vildu fá þetta ákvæði inn vegna þess að ef þær breytingar yrðu á eignarhaldi í Landsvirkjun þá vildu þeir slá þennan varnagla til að eiga þá hlut til hækkunar eða lækkunar. Það er ekki að kröfu ríkisvaldsins, ekki að ósk ríkisvaldsins sem þetta fer inn, heldur að kröfu sveitarfélaganna.

Virðulegi forseti. Um þetta þarf í sjálfu sér ekki að segja mikið meira. Það er rétt að árétta að með þessu frumvarpi fer Landsvirkjun ekki til almennrar uppstokkunar, eins og hér hefur verið látið að liggja að öðru leyti en því að það er verið að skipta um eignaraðila. Eignarhaldið færist til og hér er verið að ríkisvæða, færa eignarhald frá sveitarfélögum til ríkisvaldsins. Um það snýst þetta frumvarp. Hvort menn hafa einhvern tímann í framtíðinni aðrar ætlanir með Landsvirkjun hefur ekkert með þetta frumvarp að gera. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Þetta hins vegar mun fá eðlilega og vonandi góða umfjöllun í iðnaðarnefnd.

[19:37]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ósköp var þetta eitthvað rýr ræða. Ég var að vonast til að við heyrðum framtíðarsýn Framsóknarflokksins á skipulag raforkugeirans á Íslandi. Nei, það fór óskaplega lítið fyrir slíkum lýsingum eða umræðu um sjálft málefnið heldur var vísað í samkomulag sem gert hafi verið milli Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og ríkisins og að þetta mál snúist einfaldlega um það. Þetta mál snýst um það hvert við ætlum að fara með raforkugeirann á Íslandi.

Hv. þingmaður gaf til kynna að ég hefði sagt eða gefið í skyn að ég teldi að núverandi hæstv. iðnaðarráðherra væri ómerkingur og hvers vegna ég segði það þá ekki. Ég gaf ekkert slíkt til kynna, enda fjarri því að mér finnist það. Ég færði hins vegar rök fyrir því að með þessu móti væri verið að auðvelda sölu á Landsvirkjun. Og hvers vegna vísaði ég í fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra? Vegna þess að hún gaf yfirlýsingar í þá veru. Hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, gaf yfirlýsingar í þessa veru. Ég las þær yfirlýsingar upp áðan. Eru það dylgjur? Nei, það er raunveruleiki.

Loks um ásakanir sem ég hafi borið fram á hendur einstaklingum og hópum. Við getum kallað það ásakanir, við getum líka kallað það söguskýringar, en þetta eru staðreyndir. Ég vísa í staðreyndir, ég nefni nöfn, ég tala um upphæðir, ég vísa á heimildir mínar. Eru það dylgjur? Nei, þetta er tilraun til þess að að efna til málefnalegrar umræðu um þann raunveruleika sem við hrærumst í og eigum að ræða. Ég læt Framsóknarflokkinn aldrei skipa mér að (Forseti hringir.) hætta umræðu um þessi mál.

[19:39]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki hvarflar að mér eitt augnablik að hvorki ég né Framsóknarflokkurinn munum stoppa umræður hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Ég fagna því hins vegar að hann skuli vera farinn að draga í land með þær alvarlegu ásakanir sem hann viðhafði hér gagnvart hæstv. iðnaðarráðherra.

Ég vek líka athygli hans á því, og endurtek það enn og aftur, að það er ástæða til þess þegar er verið að fjalla hér um frumvörp að hv. þingmaður hlusti á og lesi greinargerðina sem hæstv. iðnaðarráðherra, sá sem stendur að þessu frumvarpi, flytur með frumvarpinu. Það er stefnuyfirlýsingin, það er stefnan, það er þangað sem menn ætla sér. Hvað gerðist í fortíðinni, hvað aðrir hafa komið með, hvers lags yfirlýsingar aðrir hafa komið með kemur þessu máli ekki við. Núverandi hæstv. iðnaðarráðherra ber ábyrgð á þessu máli og hann er maður til að standa undir því. Það er það sem hv. þingmaður ætti að hlusta á og það sem hv. þingmaður ætti að einblína á.

Hvað varðar það sem hv. þingmaður kemur inn á um sölu bankanna þá skil ég ekki hvers vegna verið er að draga það inn í umræðu um þetta mál, af því að það snýst ekki um sölu. Þetta frumvarp snýst ekki um einkavæðingu frá ríki, það snýst um samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga, það snýst um ríkisvæðingu. En af því að hv. þingmanni eru bankarnir svona hugleiknir vekur það athygli mína að hann tilnefnir ávallt nokkra einstaklinga en gleymir því m.a. að þegar Búnaðarbankinn var seldur keyptu hann um 90 þúsund manns, það voru um 90 þúsund manns sem högnuðust á því. Hann gleymir því eflaust að KB-banki, sem er orðinn einn af stærri bönkum á Norðurlöndum og einn af stærri bönkum í Evrópu, hefur fært þúsundum einstaklinga verulegan hagnað. Hann veitir hundruðum ef ekki þúsundum einstaklinga störf, velmenntuðum einstaklingum, ekki síst íslenskum einstaklingum í góðri útrás. Hv. þingmanni finnst það ugglaust bölvað að bankinn skuli vel rekinn, skuli skapa mörg störf og færa þúsundum eigenda sinna ágætar tekjur.

[19:41]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gleymi engu. Ég hef lagt fram spurningar á þingi til að fá fram sannleikann um einkavæðingu Búnaðarbankans. Ég fékk svör sem ég tel ekki vera fullnægjandi og ég mun ganga eftir þeim svörum í þinginu fyr-

ir næstu kosningar. Hv. þingmaður má vita að ég hef engu gleymt og ég vil fá allar þessar staðreyndir upp á borðið.

Varðandi bankana og vel rekna banka þá snýst þetta mál ekki um það. Það snýst um stjórnvaldsaðgerðir og hvernig stjórnvöld hafa staðið að einkavæðingu í landinu og hvaða einstaklingar og hópar, og þá í og með og ekki síst þeir sem staðið hafa í skjóli Framsóknarflokksins, hafa hagnast á henni. Það er lýðræðinu og sannleikanum nauðsynlegt að leiða það fram í dagsljósið.

Að ég sé að draga í land varðandi ummæli mín gagnvart hæstv. iðnaðarráðherra þá er ég síður en svo að gera það. Ég hef fært rök fyrir máli mínu, ég hef óskað eftir því að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hvert þessi vegferð muni leiða okkur.

Ég minni hv. þm. Hjálmar Árnason á að við settumst saman á þing vorið 1995 og ég hygg að það hafi verið árið eftir að umræða hófst um hlutafélagavæðingu Landssímans. Man hv. þingmaður eftir þeirri umræðu? Ég stóð þá klukkutímum saman, dögum og vikum saman í umræðu um það efni. Ég man eftir öllum heitstrengingunum, öllum loforðunum sem síðan voru öll svikin af Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Og þegar ég heyri núna hv. þm. Hjálmar Árnason segja: „Gleymum þessu, horfum nú bara til framtíðarinnar", (Forseti hringir.) þá hef ég mínar miklu efasemdir.

[19:44]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki efa ég að efasemdir hv. þingmanns muni haldast enn um hríð.

Ég vildi að rétt væri hjá hv. þingmanni að allar þær þúsundir einstaklinga sem eiga í og starfa í kringum KB-banka væru allt saman framsóknarmenn, eins og hann hefur gefið í skyn, en grun hef ég um, illu heilli, að svo sé ekki. Ég held að eigendur KB-banka sé fólk úr öllum stjórnmálaflokkum, kannski ekki Vinstri grænum, ég veit það ekki, þó er ég viss um að einhverjir vinstri grænir eiga hlut þar í, enda voru það starfsmennirnir sem áttu þess kost að kaupa í Búnaðarbankanum þegar hann var seldur og þeir gerðu það.

En enn og aftur kemur hv. þingmaður upp í umræðu um samkomulag sem gert er á milli ríkisins og tveggja sveitarfélaga og talar um einkavæðingu og aftur einkavæðingu. Það minnir óneitanlega á heldur ógeðfelldar aðferðir sem notaðar voru um miðbik síðustu aldar einmitt til að hamra á og telja fólki trú um annað en veruleikinn sagði.

Það vekur líka athygli mína að hv. þingmaður skuli koma ítrekað upp í ræðustól og víkja sér undan því að vitna í framsöguræðu hæstv. iðnaðarráðherra, sem er þó framsöguræða með því frumvarpi sem hér er til umræðu en ekki um þau frumvörp sem flutt hafa verið í sögu Alþingis. Það frumvarp er til umræðu og það er frumvarpið sem hæstv. núverandi iðnaðarráðherra er að fjalla um og við erum að fjalla um, aðrir en hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar.

[19:46]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst ótrúlega aumt af hv. þm. Hjálmari Árnasyni að ætla að reyna að telja okkur trú um að komin sé ný ríkisstjórn þótt skipt hafi verið um formann Framsóknarflokksins. Þótt fyrrverandi formaður hrökklaðist frá og kominn sé annar er ekki þar með sagt að búið sé að breyta um stefnu og ríkisstjórn. Honum finnst að þess vegna eigi ekkert að velta fyrir sér hvað fyrrverandi iðnaðarráðherra hafi sagt og hvað fyrrverandi forætisráðherra hafi sagt vegna þess að það sé komin ný ríkisstjórn, búið að skipta um formann Framsóknarflokksins, hann sé orðinn iðnaðarráðherra og þá sé nýtt upp á teningnum.

Ég veit ekki betur en þetta sé sama ríkisstjórn og tók við 1995 og hefur verið allt of lengi. (Gripið fram í.) Hvernig ætlast þingmaðurinn til að vera tekinn alvarlega með því að segja að með því að skipta um einn ráðherra sé hægt að kynna nýja stefnu og enginn þurfi að svara fyrir orð fyrrverandi ráðherra flokksins?

Mér er ofboðið. Hvað sem menn segja um það sem flokkurinn gerir rangt og vitlaust þá vita flestallir í þjóðfélaginu að stefna Framsóknarflokksins í einkavæðingarmálum er gengin fram af fólki. Af hverju á samt að svíkja félaga sína og segja að komin sé ný stefna? Ég leyfi mér að spyrja þingmanninn: Hver er aftur tilgangurinn með þessu frumvarpi sem við ræðum um hérna, um að breyta eignarhaldi á Landsvirkjun? Hann hefur hvergi komið fram. Hins vegar er það yfirlýst stefna af hálfu fyrrverandi ríkisstjórnar Framsóknarflokksins, ef hv. þingmaður vill telja að nú sé komin ný ríkisstjórn, að leysa til sín eignarhlut (Forseti hringir.) sveitarfélaganna í Landsvirkjun í ákveðnum tilgangi.

[19:48]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki á hvað hv. þingmaður var að fara með athugasemd sinni að öðru leyti en hinni gömlu tuggu hans um einkavæðingu, gamalkunnugum áróðri hans um einkavæðingu og aftur einkavæðingu. Hins vegar kom fram draumur hans um að núverandi ríkisstjórn fari frá.

Það er vel skiljanlegt að hv. þingmaður vilji þessa ríkisstjórn frá hafandi í huga að frá 1995, þegar var hér mikið atvinnuleysi, stöðnun og lítið að gerast í atvinnulífinu, hefur atvinnuleysið blessunarlega horfið, hagvöxtur orðið meiri hér en nokkurs staðar í samkeppnislöndum sem við miðum okkur við. Efnahagurinn hefur verið með því móti að á alþjóðavísu skorum við verulega hátt. Það er von að hv. þingmaður vilji ekki sjá meira af þessu.

Hv. þingmaðurinn furðar sig á því að ég skuli benda á að í ræðum hans og fleiri hv. þingmanna er stöðugt vísað til fyrrverandi iðnaðarráðherra. Ég er hissa á því, af því að menn eru svona í sögunni, að þeir skuli ekki ganga lengra aftur í tímann og þylja upp alla þá iðnaðarráðherra sem hér hafa starfað.

Við erum einu sinni að fjalla um frumvarp sem núverandi hæstv. iðnaðarráðherra flytur. Núverandi hæstv. iðnaðarráðherra boðar þar sína stefnu og ábyrgð sem iðnaðarráðherra í núverandi ríkisstjórn. Þess vegna er það eiginlega óskiljanlegt að hv. þingmaður skuli vera svo fastur í fortíðinni. En kannski kemur það ekki á óvart.

[19:50]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað sem segja má um fyrrverandi iðnaðarráðherra Valgerði Sverrisdóttur, eins og hún hefur kynnt stefnu Framsóknarflokksins, þá gerði hún það að mínu viti einarðlega. Hún hefur sagt að hún sjái ekki eftir því sem hún hafi gert.

Síðan kemur hv. þm. Hjálmar Árnason og vill ekki einu sinni viðurkenna fyrrverandi iðnaðarráðherra sinn og reynir að segja Alþingi að búið sé að skipta um skoðun af því að kominn er nýr iðnaðarráðherra. Leyfið mér að taka upp hanskann fyrir Valgerði Sverrisdóttur, fyrrverandi iðnaðarráðherra. Hún stóð á sínum málum og gerði það af myndugleik þótt við værum gjörsamlega ósammála henni. Hún kveinkaði sér ekki undan því að hún væri gagnrýnd fyrir stefnuna sem hún framfylgdi af hálfu Framsóknarflokksins.

Svo kemur hv. þm. Hjálmar Árnason og vill ekki viðurkenna fyrrverandi iðnaðarráðherra eða það sem hún hefur sett fram í nafni ríkisstjórnarinnar. Mér finnst það aumt. Maður getur deilt um málin og verið annarrar skoðunar en að halda því fram að það breyti um stefnu hjá Framsóknarflokknum að nýr iðnaðarráðherra taki við finnst mér dapurlegur málflutningur.

Hvað segir hv. þingmaður við því að tæknilega fá tvö sveitarfélög, Reykjavíkurborg og Akureyri, skipt á milli sín 30 milljörðum kr. af almannafé? Hvað segir hann um það í ljósi þess sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson þingmaður Framsóknarflokksins lýsti fyrr í dag, að fjármagn sem þau hefðu að litlu leyti eða ekki lagt til, skuli úthlutað þeim? Skyldi það vera af því að þarna sitja framsóknarmenn og sjálfstæðismenn alls staðar kringum borðið? Eru það ekki framsóknarmenn og sjálfstæðismenn sem ráða Reykjavíkurborg? Eru það ekki sjálfstæðismenn (Forseti hringir.) og framsóknarmenn sem ráða Alþingi?

En ég tek upp hanskann fyrir Valgerði Sverrisdóttur, frú forseti.

[19:52]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri óvæntu umhyggju hv. þm. Jóns Bjarnasonar fyrir hæstv. utanríkisráðherra, fyrrverandi. iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur. Það er óvænt umhyggja (Gripið fram í.) og fagnaðarefni að þessi umhyggja skuli birtast síðla kvölds í umræðum um breytingar á lögum um Landsvirkjun.

Ég vil hins vegar taka það fram að hæstv. utanríkisráðherra Valgerður Sverrisdóttir er manneskja til að standa fyrir sínu máli og hefur ávallt verið. (Gripið fram í.) Ég dró hins vegar fram að fortíðarhyggja hv. þingmanns er svo mikil að hann getur ekki rifið sig upp úr því að ræða um fortíðina. Hann kemst ekki upp úr fortíðinni til að ræða um framtíð. Frumvörp sem eru flutt eru einmitt til framtíðar.

Svo vil ég vekja athygli á því, af því að hv. þingmaður hefur áhyggjur af því, hvað verði um allt þetta fé. Þetta eru engir smápeningar sem um er að tefla. Löglegir eigendur fyrirtækisins Landsvirkjunar sem hafa komist að niðurstöðu um að ríkisvæða Landsvirkjun. Reykjavíkurborg og Akureyri selja sinn hlut ríkinu og ríkið borgar þeim. Hvert skyldi nú sá peningur renna? Ég hvet hv. þm. Jón Bjarnason til að spyrja formann BSRB að því hvert sá peningur fer. Ef ég veit rétt fer hann í að styrkja lífeyrissjóð og það hlýtur að vera fagnaðarefni. En hv. þingmaður skal kanna það innan raða BSRB.

[19:54]

**Útbýting:**

Málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss, 380. mál, fsp. JóhS og MF, þskj. 417.

[Fundarhlé. — 19:58]

[20:15]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram og hefur tekið býsna langan tíma er að sumu leyti byggð á misskilningi og að sumu leyti sjálfsagt að einhverju leyti á útúrsnúningum. Hér hefur mest verið rætt um sölu á eignarhlutum ríkisins, hugsanlega sölu, fyrirætlanir um sölu einhvern tíma í framtíðinni, en málið sem við erum að ræða fjallar um kaup á eignarhlutum. Frumvarpið sem er til umræðu er ekki um sölu á eignarhlutum ríkisins heldur um kaup ríkisins á eignarhlutum tveggja sveitarfélaga.

Tilvitnanir í ummæli fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra eru sama marki brenndar. Þær hafa verið teknar úr eðlilegu samhengi og rangtúlkaðar. Hún var að tala um framtíðarþróun orkumarkaðarins, hugsanlega sölu, hugsanlegt söluferli. Við erum núna að tala um frumvarp sem fjallar um kaup á eignarhlutum.

Hér eru ýmis atriði sem hefur verið getið um og ég tel mér skylt að víkja stuttlega að eftir því sem tími leyfir. Það var spurt um frekari eigendabreytingar í því sameignarfyrirtæki sem áfram verður um Landsvirkjun og það er rétt að taka fram að það fer þá fram eftir almennum reglum eins og lýst er og þá þarf auðvitað aðild Alþingis þar sem um einkenni sameignarfélags eða sameignarfyrirtækis í ríkiseigu er að ræða.

Hér var líka vikið að eiginfjárstöðu Landsvirkjunar og það er hægt að upplýsa það, eins og menn vita, að hún er traust. Margir ræðumenn hafa vikið að dagsetningunni 1. janúar 2012. Um það er einfaldlega það að segja að hér er um niðurstöðu í viðskiptalegum samningum að ræða og er alþekkt í viðskiptalífinu og í slíkum samningum. Það var nokkur misskilningur hjá ræðumönnum um eigandaumboð fjármálaráðherra og það er ástæða til að nefna það að málefnisstjórnsýsluumboð iðnaðarráðherra um iðnaðar- og orkumál breytist ekki þrátt fyrir þetta.

Hér hafa ýmis orð fallið um réttarform og rekstrarform fyrirtækja og ég hlýt að lýsa áhyggjum mínum yfir þeim einkennilegu viðhorfum sem hér hafa komið fram um hlutafélög og einkahlutafélög. Því er til að svara að sameignarfélög, hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og fleiri rekstrarform sem nefna mætti eru auðvitað skilvirk sjálfsábyrg réttarform fyrirtækja sem getur verið mjög vel við hæfi að velja í hvers konar rekstri. Það er enginn árekstur þar við samfélagslegt hlutverk eða samfélagsþjónustu sem liggur í sjálfu réttarforminu. Það er vel hægt að iðka og þjóna samfélagi og samfélagslegum hlutverkum í öllum þessum réttarformum og rekstrarformum en það er eðlileg-

ast að velja þar úr eftir því sem hæfir hverju sinni. Á sama hátt hlýt ég að lýsa áhyggjum af þeim úreltu viðhorfum sem hér hafa komið fram til markaðarins. Það er alveg það sama með markaðinn. Hann er auðvitað það fólk sem þar starfar og þar á viðskipti. Hann getur vel þjónað almennum neytendum, ekkert síður og jafnvel í flestum atvikum miklu betur en þar sem er ríkisforsjá.

Það var talað um eignarhald á Landsneti. Það hefur áður komið fram að það kemur vel til greina að önnur fyrirtæki og stofnanir á þessum markaði verði þar aðilar að en það er ekki á dagskrá nú.

Hér var oftar en einu sinni vikið að rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Það er rétt að ítreka að það eru samhengislítil orð og algerlega ótengd þeirri umræðu sem hér fer fram. Það er meira að segja tekið skýrt fram í því lagafrumvarpi um Ríkisútvarpið sem nú er til vinnslu á Alþingi að ekki kemur til greina að það verði selt eða sundur bútað.

Ég hlýt tímans vegna að vísa til þess sem ég sagði áður í svari við fyrirspurn um þróun á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar frá árum Marshall-aðstoðarinnar og ég hlýt líka að vísa til þess svars sem ég veitti um raforkuverð, að upplýsingar sem ég hef fengið benda til þess að fleiri kaupendur raforkuverðs hafi fengið lítt breytt eða lækkað verð heldur en þeir sem takast á við hækkað verð.

Það er alveg ljóst að við þurfum að starfa, eins og hér hefur líka komið fram, í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins og vinna hér að frekari mótun og þroska orkumarkaðar. Þá hljótum við auðvitað að taka síðari ákvarðanir um rekstrarform, réttarform, skipulag, samkeppnisaðstæður og fleira, annars vegar á viðskiptalegum grundvelli og forsendum og hins vegar í samræmi við þau samfélagslegu hlutverk sem þessum markaði er ætlað að rækja.

Um ákvæðið í 7. gr. hlýt ég að segja að þar sé einfaldlega um almenn viðhorf að ræða um hæfisskilyrði.

Um fyrirtækið Eignarhlutir ehf. sem hér var nefnt vil ég segja að þetta er einfaldlega alsiða til að tryggja að um óbreytt réttarform og rekstrarform sé að ræða og alþekkt í viðskiptalífinu að nota þá lítil fyrirtæki með sem eignaraðila eða aðila að viðskiptum eða rekstri.

Ég hlýt að harma það sem hér var sagt áðan um einkavæðingu bankanna. Ég hef kynnt mér skýrslur sem Ríkisendurskoðun hefur skrifað um það mál og þar koma ekki fram þær ástæður sem hér voru nefndar. Ég hlýt líka að harma það sérstaklega að hér voru nafngreindir menn, einstaklingar úti í þjóðfélaginu og fyrirtæki, að tilefnislausu.

Að miklu leyti hefur umræðan farið langt út fyrir efnið eins og komið hefur fram. Það sem við erum hér að ræða er aðeins afmarkaður skilgreindur áfangi innan orkumarkaðarins samkvæmt þeim skilmálum sem Evrópska efnahagssvæðið og annað markar okkur. Hér er um að ræða augljós skipulagsmál. Efni frumvarpsins og tillögur eru algerlega hlutlausar varðandi frekari þróun markaðarins, viðskiptalegar forsendur, viðskipti við aðra aðila, lánardrottna og aðra slíka og það tengist alls ekki á nokkurn hátt einkavæðingu, hvorki fyrr né síðar. Þetta er alveg opið og gegnsætt ferli

Að lokum hlýt ég að hafna og vísa á bug þeim fráleitu ummælum sem hér hafa fallið um þá alhliða framfarastefnu og framfarasókn sem hér hefur ráðið að undirlagi framsóknarmanna í ríkisstjórninni sem skilað hefur sér hvarvetna í vaxandi framlögum til velferðarmála, í atvinnuástandi sem á sér varla sinn líka í sögunni og mjög glæsilegri þróun í kaupmætti almennings.

[20:23]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp fjallar ekki um sölu, heldur um kaup. Það er alveg rétt. Einn aðili selur og annar kaupir. Reykjavíkurborg selur, ríkið kaupir. Efasemdir um söluna voru m.a. byggðar á því hjá Reykvíkingum mörgum að þeir vissu ekki hvað vekti fyrir stjórnvöldum, hvaða áform væru uppi um Landsvirkjun og raforkugeirann í framtíðinni. Í því sambandi hlustuðu menn á hvað fulltrúar ríkisstjórnarinnar, þar á meðal og ekki síst fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra, segðu um það efni. Þess vegna vísa menn í ummæli hennar og ég spyr hæstv. ráðherra þegar hann segir að þau hafi verið tekin úr samhengi á hvern hátt það hafi verið gert. Hér er væntanlega vísað til þess sem ég sagði um það efni.

Hæstv. ráðherra segir að það sem við höfum haft til málanna að leggja sé annaðhvort misskilningur eða útúrsnúningar. Við höfum óskað eftir því að fá að vita hvaða hugmyndir hæstv. ráðherra og ríkisstjórn hafa um framtíðarskipan þessara mála. Þegar hæstv. ráðherra vísar í úrelt viðhorf til markaðarins er hann væntanlega að vísa í ummæli okkar, og þar á meðal mín sem hef fært rök fyrir því að markaðsvæðing raforkugeirans hafi leitt til fákeppni og hærra raforkuverðs víðast hvar þar sem sú leið hefur verið farin. Þetta er málefnaleg umræða og aldeilis ekki úrelt en það er óskað eftir því að fá málefnaleg viðbrögð en ekki að viðmælendur hæstv. ráðherra séu afgreiddir á þann hátt að þeir annaðhvort misskilji hlutina eða snúi út úr.

[20:25]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er augljóst. Það sem ég átti við er að slitið er úr samhengi þegar tekin eru örfá orð úr lengra máli fyrrverandi iðnaðarráðherra þar sem talað er um sölu og framþróun markaðarins en við erum hér aðeins að tala um kaup ríkisins.

Í öðru lagi hefur það greinilega komið fram hjá mér, bæði núna í mínum síðustu orðum og líka í frumræðunni, að við viljum vinna að eðlilegri framþróun orkumarkaðar, bæði á viðskiptalegum grundvelli og með tilliti til þeirra samfélagshlutverka sem hann á að gegna.

[20:26]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru ekki slitin úr samhengi örfá orð. Ég las upp úr heilu viðtali við hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra. Ég get látið núverandi ráðherra fá frekari viðtöl og yfirlýsingar frá hæstv. ráðherra. Menn verða að kannast við eigin yfirlýsingar og eigin orð. Síðan geta menn dregið í land eða breytt um skoðun, gott og vel, en þetta voru engu að síður staðreyndir.

Yfir í annað. Hæstv. ráðherra segir að hér hafi menn verið nafngreindir að tilefnislausu. Ég mótmæli þessu. Ég

vísaði í orð eins helsta fjárfestis á Íslandi sem sá orkumarkaðinn og vatnsmarkaðinn vera að opnast fyrir fjárfesta, menn af sínu sauðahúsi. Hér rakti ég fjármagnstilfærslur í íslensku efnahagslífi þar sem einstaklingur, í þessu tilfelli, reiddi fram 5,5 milljarða króna. (Forseti hringir.) Má ekki ræða þetta? (Forseti hringir.) Er þetta að tilefnislausu?

[20:27]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vitanlega er það slitið úr samhengi þegar verið er að ræða um sölu í umræðu um kaup.

Í öðru lagi átti ég ekki við þau orð sem þessi nafngreindi maður hafði um áhuga sinn á fjárfestingum, heldur átti ég við ummæli hv. þingmanns um hann nokkrum mínútum áður í hans máli.s

[20:28]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra talaði um að eiginfjárhlutfall Landsvirkjunar væri traust. Þá endurtek ég það sem ég spurði um í ræðu minni: Hverjar eru ástæðurnar fyrir því að það er verið að sameina öll þessi fyrirtæki á raforkumarkaðnum?

Ég vil spyrja annars líka og fá betur fram hjá hæstv. ráðherra. Við fórum í þann leiðangur að koma á samkeppnisumhverfi á raforkumarkaðnum m.a. vegna þess að við höfðum skrifað undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Er hæstv. ráðherra á þeirri skoðun að þessi gríðarlega samþjöppun á markaðnum sem ríkisvaldið stendur fyrir núna geti farið saman við þau viðhorf sem eru á bak við það að koma á einhvers konar samkeppnisgrundvelli á þessum markaði? Ég spyr að því.

Síðan spurði ég hæstv. ráðherra og hann svaraði því ekki í ræðu sinni hvort hann sem ráðherra byggðamála teldi ekki ástæðu til þess að þær gríðarlegu eignir sem nú færast í fjármunum til Reykjavíkurborgar og Akureyrarkaupstaðar gefi tilefni til þess að menn velti fyrir sér, þótt ekki væri nema til að skoða málið, að önnur sveitarfélög geti notið sambærilegra hluta og þessum sveitarfélögum einum var boðið upp á, hvort veisluborðið væri í raun og veru bara fyrir þessi tvö sveitarfélög eða hvort fleiri kæmu þar til greina.

[20:30]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi sömu eignar ríkisins sem gefur þessum fyrirtækjum möguleika á því að skipuleggja sig betur, nýta fjármagnið betur og styrkir þau þannig. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þessi markaður er í mótun þannig að það er of fljótt að fella dóm um samþjöppun á honum. Þar eru líka aðrir aðilar eins og Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og fleiri mætti nefna.

Ég sagði í fyrra svari mínu í dag að það geti reynst næsta flókinn reikningur að reyna að rekja allt aftur til Marshall-aðstoðarinnar hvað hver hefur fengið og hvað hver hefur greitt í viðskiptum Reykvíkinga og Akureyringa á orkumarkaðnum og það kom einmitt fram í umræðunum áðan að þeir sem hafa staðið undir öllum þeim kostnaði og allir þeirri fjármagnsuppbyggingu eru einmitt greiðendur orkunnar, þar á meðal þá auðvitað Reykvíkingar og Akureyringar.

Ég amast ekkert við því að þetta sé rætt eða athugað, ég bendi aðeins á að það er hættulegt að gera sér í hugarlund að útreikningurinn sé einfaldur.

[20:31]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri ekki ráð fyrir því að það sé einfalt að reikna þessa hluti út. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að það sé vel hægt að skoða þessi mál út frá þeim sjónarmiðum sem hæstv. ráðherra nefndi, þ.e. hvar þessi verðmæti urðu til. Þau urðu til í viðskiptum á þessum markaði. Sá markaður er víðar en á höfuðborgarsvæðinu og Eyjafjarðarsvæðinu þannig að það er alveg ástæða til að menn skoði það.

Síðan verð ég að segja eins og er að ég átta mig alls ekki á því að það séu nein rök fram sett af hálfu hæstv. ráðherra hvað varðar þennan markað ef sú samþjöppun sem hér er boðuð á markaðnum á að þýða að hér geti orðið eitthvert eðlilegt ástand. Þá segi ég bara pass, ég get ekki skilið það.

[20:32]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins endurtaka og ítreka það sem áður hefur komið fram. Hér er ekki um skipulagslega sameiningu, formlega sameiningu eða samruna að ræða. Það er þvert á móti gert ráð fyrir því að Rarik og Orkubú Vestfjarða haldi áfram að gegna hlutverkum sínum eins og verið hefur.

[20:33]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í síðari ræðu sinni tekur skólamaðurinn í hæstv. ráðherra yfir þegar hann fer að gefa umræðunni hér einkunn og segir að hún hafi að hluta byggst á útúrsnúningum. Ég mótmæli því. Ég hef hlustað á alla umræðuna hér í dag og það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að málið sé svo þröngt að hér megi einungis ræða um kaup. Hér má nefnilega líka ræða um sölu, og við hv. þingmenn þurfum ekki leyfi þessa hæstv. ráðherra til að reyna að sjá hlutina í stóru samhengi, til þess að víkka sjóndeildarhringinn og horfa á hlutina frá eins víðum sjónarhóli og hægt er. Það er sjálfsögð skylda okkar sem hingað erum kosin að gera það, og betur væri ef hæstv. ráðherra léti sér segjast í þessum efnum og ræddi hina stóru drætti í þessari mynd, ræddi framtíðarstefnu þessarar ríkisstjórnar í raforkumálum.

Hann er ófús til að gera það og ég skil það vel. Ég hef þá kenningu að það sé vegna þess að hann hafi eitthvað fyrir okkur að fela, hann vilji ekki fara út í að ræða við okkur þessa stóru drætti vegna þess að við höfum komið með vísbendingar um það að ríkisstjórnin ætli sér meira á þessum markaði en gefið hefur verið út. Þess vegna hefur m.a. verið dregin hérna fram sú staðreynd að Olíufélagið hefur gefið það út að það sé núna tilbúið til þess að losa um ákveðnar eignir hjá sér til þess að eiga meiri möguleika á að koma inn í orkugeirann og fjárfesta þar, hvort sem er í vatni eða rafmagni. Þessar yfirlýsingar eru búnar að liggja fyrir af

hálfu Olíufélagsins allt þetta ár og það er alveg eðlilegt að þessir hlutir séu dregnir hér inn.

Varðandi eiginfjárstöðu Landsvirkjunar svaraði hæstv. ráðherra því eingöngu til að hún væri traust. Ég veit ekki betur en að eiginfjárstaða Landsvirkjunar hafi farið dalandi og versnað, (Forseti hringir.) ekki bara í ár heldur líka í fyrra.

[20:35]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var rétt áðan að segja, og ég get endurtekið það, að afstaða ríkisstjórnarinnar er sú að við þurfum að vinna að því að þroska og þróa orkumarkað sem uppfyllir viðskiptaleg skilyrði, fullnægir þeim samfélagslegu þjónustuhlutverkum sem honum er ætlað og er í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta er algjörlega skýrt svar og ég kinoka mér alls ekki við því að ræða hina breiðu framtíðarmynd í þessum málum.

[20:36]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar ríkisstjórnin undirritaði með fjármálaráðherra, borgarstjóranum í Reykjavík og bæjarstjóranum á Akureyri viljayfirlýsinguna um að íslenska ríkið leysti til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun sagði ríkisstjórnin í yfirlýsingu sinni að hún gerði ráð fyrir að fyrirtækin yrðu sameinuð í eitt, Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Því fyrirtæki yrði breytt í hlutafélag, þó eigi fyrr en á árinu 2008, og með hlutafélagavæðingunni væru sköpuð skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu. Þetta lá fyrir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í upphafi síðasta árs. Það er ekkert skrýtið þó að við séum að reyna að ræða þetta á þessum grunni núna þó svo að ríkisstjórnin reyni að flýja í skjól með þessi fyrirtæki, Rarik og Orkubú Vestfjarða, sem einhver dótturfyrirtæki og láti að því liggja að hér sé ekki verið að sameina.

Þetta var markmið ríkisstjórnarinnar þegar viljayfirlýsingin var undirrituð og við höfum ekki fengið (Forseti hringir.) haldbæra skýringu á því að þeirri yfirlýsingu hafi verið breytt.

[20:37]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég eða við í stjórnarliðinu erum alls ekki að víkja okkur undan þessari víðtæku og almennu framtíðarumræðu. Hins vegar eru hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að reyna að koma sér undan því að ræða frumvarpið sem er til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á lögum á orkusviði, 1. umr.*

Stjfrv., 365. mál (eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik). — Þskj. 397.

[20:38]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun sem hér hefur verið til umræðu. Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að gerð verði breyting á fyrirsvari ríkisins varðandi eignarhluti í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik. Í öðru lagi er lagt til að fjármálaráðherra leggi allan eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarik inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Í þriðja lagi er lagt til að gerð verði breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins þannig að eytt verði óvissu um skattalega meðferð við stofnun hlutafélags um fyrirtækið.

Samkvæmt lögum um stofnun hlutafélaga um Hitaveitu Suðurnesja, Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins fer iðnaðarráðherra, ýmist einn eða ásamt fjármálaráðherra, með eignarhlut ríkisins í fyrirtækjunum. Er það frávik frá þeirri skipan sem almennt var komið á meðferð slíkra eigna með reglugerð um Stjórnarráð Íslands en þar segir að fjármálaráðuneytið fari með mál er varða „eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar þeirra vegna, meðal annars að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis".

Með hliðsjón af þessu hefur verið ákveðið að fjármálaráðherra skuli alfarið taka við eigandahlutverki ríkisins gagnvart orkufyrirtækjum í þess eigu. Þetta er gert í ljósi þess að óheppilegt getur verið að handhöfn vegna eignarhalds sé hjá sama ráðherra og fer með almenna stjórnsýslu á sviði auðlinda- og orkumála. Hvað varðar Orkubú Vestfjarða og Rarik verður þetta fyrirsvar óbeint hjá fjármálaráðherra því í frumvarpinu er lagt til að eignarhald ríkisins í fyrirtækjunum færist til Landsvirkjunar en að fyrirsvar vegna eignarhalds ríkisins í Landsvirkjun verði hjá fjármálaráðherra.

Í samræmi við framangreinda ákvörðun er með frumvarpi þessu leitað eftir viðeigandi breytingum á lögum og verði frumvarpið að lögum færist meðferð hlutafjár ríkisins í fyrirtækjunum til fjármálaráðherra um áramót.

Lögð er til sú breyting á lögum um stofnun hlutafélaga um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins að stjórnir félaganna skuli skipaðar þremur til fimm mönnum. Á grundvelli þessarar heimildar mætti síðar fækka stjórnarmönnum úr fimm í þrjá með breytingu á samþykktum félaganna en gert er ráð fyrir að skipan stjórna félaganna verði óbreytt, a.m.k. fram að aðalfundum í félögunum á næsta ári.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra leggi allan eignarhlut ríkisins, annars vegar í Orkubúi Vestfjarða og hins vegar í Rarik, inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkisins en íslenska ríkið á og fer með 100% hlut í báðum fyrirtækjunum. Með því verða Orkubú

Vestfjarða og Rarik að fullu dótturfélög Landsvirkjunar sem fer eftir það með eignarhlutina. Með breytingunni má ná fram ýmiss konar þróun í rekstri fyrirtækjanna.

Í upphafi samningaviðræðna um kaup á Landsvirkjun var gert ráð fyrir að Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða yrðu sameinuð í eitt fyrirtæki eftir að ríkissjóður hefði leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Með því hefði ríkið sameinað eigur sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu. Í frumvarpinu er hins vegar horfið frá þessu og nú lagt til að Orkubú Vestfjarða og Rarik verði áfram rekin sem sjálfstæð hlutafélög en að fjármálaráðherra leggi alla eignarhluti ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarik inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkisins eins og áður sagði. Þessi sömu fyrirtæki stofnuðu fyrr á þessu ári fyrirtækið Orkusöluna ehf. til að annast raforkusmásölu og var stofnun þess fyrsti vísirinn að framtíðarsamstarfi fyrirtækjanna.

Hér er að þessu sinni stigið afmarkað skref í þróun og skipulagi þessara opinberu fyrirtækja og þar með varðandi mótun orkumarkaðarins en ekki er um sameiningu eða samruna fyrirtækjanna að ræða í eitt sameinað fyrirtæki. Miðað við fyrri umræður um þessi mál á fyrri stigum aðdragandans á umliðnum missirum er nauðsynlegt að hafa þetta í huga nú en áður hefur m.a. verið rætt opinberlega um hlutafélög og samrunaferli í þessu samhengi. Nú er aðeins stigið skref í tengslum við kaup á eignarhlutum og fyrirkomulag eigna ríkissjóðs. Afstaða gagnvart lánardrottnum og viðskiptaaðilum breytist ekki að öðru leyti enda um sama rekstrarform áfram að ræða. Frekari þróun síðar ber að meta og ákvarða út frá viðskiptalegum sjónarmiðum í samræmi við mótun raforkumarkaðarins og samkeppnisaðstæður.

Hitt liggur áfram alveg ljóst fyrir að ríkissjóður er eini eigandinn og á þessi fyrirtæki að öllu leyti einn eftir þau kaup sem nú hefur verið samið um. Þetta mun ekki breytast nema með sérstakri ákvörðun Alþingis ef til slíks kemur. Í þessum áfanga er einnig stigið skref varðandi fyrirsvar fyrir þessum eignum og varðandi eignarfyrirkomulag af hálfu ríkissjóðs eins og áður segir.

Lög um skattskyldu orkufyrirtækja, nr. 50/2005, tóku gildi 30. maí 2005 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna ársins 2006. Rafmagnsveitur ríkisins hafa samkvæmt þeim lögum verið skattskyldar frá upphafi ársins 2006 óháð stofnun hlutafélags um rekstur þeirra. Yfirfærslan sem átti sér stað 1. ágúst sl. með breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins hefur sem slík ekki skattskyldu í för með sér. Hins vegar er lögð til sú breyting að hlutafélagið yfirtaki allar skattaréttarlegar skyldur og öll skattaréttarleg réttindi sem að öðrum kosti hefðu fallið á Rafmagnsveitur ríkisins vegna rekstrar þeirra á tímabilinu 1. janúar til 1. ágúst 2006. Er þeirri yfirtöku ætlað að taka til allra skatta, þar með talið tekjuskatts, virðisaukaskatts og tryggingagjalds. Tillaga þessi er til samræmis við það tímamark yfirtöku sem lagt var til í frumvarpi því til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins sem samþykkt var á síðasta þingi. Jafnframt er lagt til að áréttað verði að yfirfærsla eigna skuli í skattalegu tilliti miðast við verðmæti eigna að gerðu endurmati samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 50/2005.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frumvarp og legg til að því verði vísað til hv. iðnaðarnefndar og 2. umr.

[20:45]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hún er kúnstug tilraun hæstv. iðnaðarráðherra til að halda því fram að þessi fyrirtæki tvö, Orkubú Vestfjarða og Rarik, verði áfram sjálfstæð fyrirtæki þegar búið er að setja eignarhlutinn inn í Landsvirkjun. Landsvirkjun tekur að sér að borga skattana, Landsvirkjun fer með alla hlutina í félaginu komi til einhvers slíks fundar o.s.frv.

Nú tek ég undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, að það er miklu betra að tala hreint út heldur en að koma með hlutina svona brenglaða. En að því er virðist trúir ráðherra þessu sjálfur. Það finnst mér kannski alvarlegast. Það er náttúrlega verið að slá þessum fyrirtækjum saman, það er bara svo einfalt. Mér finnst að hæstv. ráðherra eigi að viðurkenna það, viðurkenna tilganginn með þessu en fara ekki svona á bak við hann. En ég ætla að spyrja ráðherrann út í þetta í lokin. Bæði Skagafjarðarveitur og Norðurorka sendu iðnaðarráðuneytinu bréf fyrir tveimur árum, og ítrekuðu það aftur fyrir liðlega ári, þar sem farið var fram á að fá að ræða það að kaupa hlut Rariks á viðkomandi svæðum, þ.e. Norðurorka vildi fá að kaupa hlut Rariks á starfssvæði sínu og Skagafjarðarveitur fóru fram á að fá að ræða kaup á hlut Rariks á starfssvæði sínu, sem hefði kannski líka verið í anda þess að skapa fleiri aðila á raforkumarkaði. Alla vega voru þessi bréf send þegar verið var að ræða um að breyta eignarhaldinu. Þessir aðilar hafa ekki fengið svör, að ég veit, ekki formleg svör. Ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Hvenær á að svara Norðurorku og Skagafjarðarveitum (Forseti hringir.) sem vilja fá að kaupa hlut Rariks á sínum svæðum?

[20:47]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að ekki hafi verið tök á því að verða við þeim erindum sem hv. þingmaður nefndi nú þar sem málin hafa verið í öðrum farvegi. Hins vegar gilda auðvitað almennar stjórnsýslureglur um svör ráðuneytisins.

Ég vil aðeins endurtaka og ítreka það að vissulega voru og eru valkostir í þessu máli, þ.e. fullkominn samruni, fullkomin sameining. Sá kostur var valinn að svo yrði ekki, heldur að fyrirtækin halda formlegri stöðu sinni, verkefnum sínum og hlutverkum, en þarna er náttúrlega eftir sem áður sami eigandi. Við verðum að líta á þetta sem áfanga í þróun því að orkumarkaðurinn er í mótun einmitt núna og á viðkvæmu þróunarstigi.

[20:48]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Því miður er þetta ekki rétt. Það eru komnir nýir lögaðilar sem hlutast til um þarna. Verið er að stofna nýtt hlutafélag sem hæstv. ráðherra minntist á, eitthvert sýndarhlutafélag í fjármálaráðuneytinu sem á að fara með þessa hluti, það er nýr lögaðili. Það eru að koma nýir lög-

aðilar sem fara með eignarhald og málefni Rariks og Orkubús Vestfjarða. Það er verið að hræra býsna mikið saman, þetta er bara fullkomin skrumskæling. Má ég þá biðja um fyrrverandi iðnaðarráðherra sem skammaðist sín ekkert fyrir einkavæðingaráform sín. Hún gerði það ekki, heldur kom hreint til dyranna með þau (Gripið fram í.) en ekki svona bakdyramegin í einni fléttu.

Aftur til þeirra Skagfirðinga sem þvingaðir voru á sínum tíma, undir forustu Framsóknarflokksins, til að selja Rarik Rafveitu Sauðárkróks sem var þeim mjög dýrmæt, var þeim stoð og stytta og skaffaði ódýrt rafmagn á Sauðárkróki, þeir voru þvingaðir til að selja hana Rarik gegn því að Rarik yrði áfram hrein ríkiseign, ekki hlutafélag heldur hreint ríkisfyrirtæki. Það voru rökin á sínum tíma. Nú hafa bæði Norðurorka og Skagafjarðarveitur farið fram á — að mig minnir, ég hef bréfin, fyrir einu eða tveimur árum og ítrekuðu það — að ræða það að kaupa þessa hluti til baka en hafa ekki fengið svar vegna þess að hæstv. iðnaðarráðherra segir að málið sé í öðrum ferli. Já, við vitum að það er í einkavæðingarferli og það er þess vegna sem Norðurorka og Skagafjarðarveitur vilja kaupa aftur sína hluti á þjónustusvæðum sínum vegna (Forseti hringir.) þess að þetta er í einkavæðingarferli.

[20:50]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vissulega ánægjulegt að verða var við að hv. þingmaður leggi svona mikla áherslu á hagsmuni þessa hlutafélags fyrir norðan, en ég endurtek það sem ég sagði að það nýtur að sjálfsögðu jafnræðisréttar og erindi þess verða tekin til afgreiðslu eins og annarra. En ég fagna því að hér kemur fram annað sjónarmið til einkaréttarlegs fyrirtækis, þ.e. hlutafélagsins Norðurorku.

[20:51]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér breytingar á lögum á orkusviði og vissulega er þetta mál nátengt og samtengt því máli sem við ræddum á undan. Ég vil segja það strax að sumt af því sem hér er lagt til er mér ágætlega þóknanlegt, við höfum reyndar lagt það til áður t.d. að fjármálaráðherra fari með eignarhlutinn í þessum orkufyrirtækjum frekar en iðnaðarráðherra. Það hefur komið fram mjög sterk krafa um það frá aðilum sem eru að kljást á þessum markaði að iðnaðarráðherra verði ekki áfram sá sem hefur eignarhaldið á sinni hendi, einfaldlega vegna þeirrar stöðu sem sá ráðherra hefur gagnvart þeim fyrirtækjum sem eiga í samkeppni á markaðnum og þurfa að sækjast eftir því að fá að nýta auðlindir.

Við lögðum fram tillögu um það á síðasta þingi við afgreiðslu mála að eignarhaldið yrði fært til fjármálaráðherra en sú tillaga var reyndar felld á síðasta vori. En þó svo að við séum sammála þeirri gjörð sem þarna er áætluð getum við ekki samþykkt þessar greinar, vegna þess að í þeim er líka gert ráð fyrir að eignarhlutur ríkisins í viðkomandi fyrirtækjum verði lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Við erum einfaldlega ekki tilbúin til að samþykkja það og við teljum að fyrir því vanti líka rök. Ég verð því að kalla enn og aftur eftir rökum hæstv. ráðherra fyrir þessari leið.

Í fyrsta lagi: Hvers vegna er þörf á þessu? Hæstv. ráðherra segir að eiginfjárstaða Landsvirkjunar sé traust. Þá er ekki þörf á því að leggja þetta inn til Landsvirkjunar af þeim ástæðum að eigið fé vanti í Landsvirkjun og hvers vegna er þá verið að þessu? Ekki getur verið að það sé betra fyrir samkeppnina á markaðnum að búa til sem allra stærst fyrirtæki um eignarhaldið. Ég bið hæstv. ráðherra að fara yfir þetta í ræðu sinni og útskýra það fyrir okkur hv. þingmönnum sem hér erum og þeim sem á hlýða hver rökin eru fyrir því að sameina þessi fyrirtæki undir einn hatt.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra, sem einnig er ráðherra viðskiptamála, hvort hann hafi ekki neinar áhyggjur af kærum vegna þess samruna sem hér er fyrirhugaður á markaðnum, hvort aðilar sem taka eiga þátt í þessari samkeppni muni verða sáttir við það að búinn sé til slíkur risi, enn þá stærri risi en fyrir hendi er á þessum markaði og að hann sé bæði í heildsölunni og smásölunni. Ég fer fram á að hæstv. ráðherra skoði það og fari yfir það. Hæstv. ráðherra talar um að ríkisstjórnin vilji þroska og þróa orkumarkaðinn í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, en frá því að farið var að ræða þessi mál, alveg frá því að ríkisstjórnin lagði af stað í þann leiðangur að búa til samkeppnisumhverfi á raforkumarkaðnum, hafa menn talað um EES-samninginn og að í raun og veru væri þrýstingur á okkur frá því samstarfi okkar við aðrar þjóðir að búa til slíkt samkeppnisumhverfi og að þróa og þroska orkumarkað á þann hátt sem gert er í löndunum í kringum okkur. Getur verið að þetta sé rétta leiðin til þess að þróa og þroska slíkan orkumarkað og samkeppnisumhverfi á þeim markaði? Ég get ekki séð það og mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að leggja svolítið á sig til að útskýra það betur, bæði fyrir mér og öðrum sem hafa tekið þátt í umræðunni. Það kann vel að vera að eitthvað hafi farið fram hjá mér sem styður það að þessi leið skuli farin og ég bið þá hæstv. ráðherra að fara yfir það.

Ég get svo sem vísað til þeirra ræðuhalda sem fóru fram í dag og bæði ég og aðrir höfum haft uppi um fyrra málið, því að vissulega eru þessi mál það samtengd að ekki er hægt annað en tala um sömu hlutina í tengslum við þau bæði. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði í dag um fyrra málið en ég óska eindregið eftir því að hæstv. ráðherra útskýri þessi mál betur en mér finnst hann hafa gert fram að þessu.

Hæstv. ráðherra talaði um úrelt viðhorf til markaðar, að menn hefðu verið að tala fyrir úreltum viðhorfum til markaðar. Ég tel að hæstv. ráðherra skuldi okkur svolitla skýringu á því hvers konar viðhorf hann hefur til markaða og hvernig sú leið sem hér er kynnt, með samruna eða sameiningu þessara orkufyrirtækja undir einum hatti, getur farið saman við það að ætla sér að búa til markaðsumhverfi þar sem samkeppni getur orðið um þjónustu og sölu á raforku til notenda hér á landi.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri. Það er ekki ástæða til að endurtaka það sem komið hefur fram fyrr í dag en ég bíð spenntur eftir því að hlusta á betri rök hæstv. ráðherra fyrir þeirri leið sem hann hefur verið að kynna með þessum málum.

[20:58]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði sem er eins konar fylgifrumvarp með breytingum á lögum um Landsvirkjun sem við höfum rætt hér er í sjálfu sér, má segja, framhald af stefnu ríkisstjórnarinnar og í samræmi við hana eins og hún hefur verið á undanförnum árum og ríkisstjórnin hefur kynnt hana, ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, a.m.k. að meginhluta til með því að innleiða markaðskerfið í raforkugeirann og finna allar leiðir til að hækka arðsemiskröfu raforkugeirans til eigin fjár síns. Í staðinn fyrir að hafa að meginmarkmiði að skaffa notendum sínum raforku á sem lægstu verði er komin krafan um arð og arðgreiðslur sem gjörbreytir í sjálfu sér eðli þessarar starfsemi úr að vera þjónustustarfsemi í að verða arðgefandi starfsemi þar sem eigandinn hugsar um að ná peningalegum arði.

Það sem mér finnst samt vekja nokkra furðu er hvernig gengið er eiginlega bakdyramegin í gegnum þetta frumvarp um að leggja Orkubú Vestfjarða og Rarik undir Landsvirkjun. Það stendur svo rækilega að Landsvirkjun fari með *hlutina í viðkomandi félögum*. Þar stendur að Landsvirkjun eigi þessi fyrirtæki 100%. Þar stendur að eignarhlutar Orkubús Vestfjarða og Rariks verði hluti af eignum Landsvirkjunar og einnig að hið nýja hlutafélag sem á að stofna um starfsemina á vegum ríkisins eigi að fara með önnur *réttindi og skyldur eins og skattalagaskyldur og þess háttar*. Í raun er verið að sameina þessi þrjú fyrirtæki.

Eins er líka kveðið á um það í yfirlýsingu iðnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra sem þá voru Valgerður Sverrisdóttir, núna utanríkisráðherra, og Geir Haarde, nú forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. Þar var þessu einmitt lýst yfir, eins og stendur í yfirlýsingunni, með leyfi forseta:

„Ríkið ráðgerir að sameina Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hf. eftir að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Með því sameinar ríkið eigur sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu raforku.“

Þarna var gert ráð fyrir að undirbúningur ætti að fylgja en af tæknilegum mistökum, eða hvað maður getur kallað það, er hann núna fyrst á ferðinni. Áfram segir í þessari yfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að sameinuðu fyrirtæki Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða ehf. verði breytt í hlutafélag, þó eigi fyrr en á árinu 2008.“ — Þessu hefur öllu seinkað um tvö ár eins og við vitum. — „Með hlutafélagavæðingu eru sköpuð skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu.“

Þetta er svo sem alveg í samræmi við þá stefnu sem hér er að gerast. Þó að Framsóknarflokkurinn reyni að fela eitthvað eða slá ryki í augu fólks með því að gera þarna fléttur í eignarhaldi er þetta það sem er að gerast og öllum ljóst.

Það sem ég ætla líka að spyrja hæstv. ráðherra út í tengist þessu hvoru tveggja. Það er um eignir þessara fyrirtækja. Í lögunum um Landsvirkjun eru í 6. gr. í núgildandi lögum taldar upp eignir Landsvirkjunar. Það sem hefur verið talað um, með leyfi forseta, er:

„Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981, um raforkuver, og samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, dagsettu 11. ágúst 1982, eftirtalin raforkuver að fengnu leyfi ráðherra orkumála ...“ og síðan eru taldar upp Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Síðan kemur áfram:

„Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981, eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga: Búrfellsvirkjun, ... Sultartangavirkjun, ... Hrauneyjafossvirkjun, ... Sigölduvirkjun, ... Kröfluvirkjun, ... Vatnsfellsvirkjun, ... Búðarhálsvirkjun, ... og Bjarnarflagsvirkjun.“

Síðan höfum við Laxárvirkjun sem var líka talin upp sem hluti af þessari eignasamstæðu. Þeir segja að samkvæmt sameignarsamningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar taki Landsvirkjun hinn 1. júlí 1983 við eignarhlut ríkisins í Laxárvirkjun. Við heyrðum deilur fyrr á árinu um það með hvaða hætti Laxárvirkjun væri svo sett inn í þetta nýja fyrirhugaða eða sameinaða fyrirtæki eða inn í kaup á Landsvirkjun og verðmat á því. Það sem er hins vegar athyglisvert er að þær eignir sem eru nefndar í lögum um Landsvirkjun eru felldar út úr nýju lögunum.

Í nýja frumvarpinu stendur að þessi 6. gr. m.a. og einnig greinin um Laxárvirkjun séu felldar niður. Ég spyr hæstv. ráðherra hver ástæðan sé fyrir því. Er ástæðan sú að ef ekki er talið upp er hægt að selja þær aðgreint án þess t.d. að breyta lögum um Landsvirkjun? Eins og þau eru núna er þetta talið upp sem hluti í sérlögum sem gilda um Landsvirkjun en fellt niður núna. Ég spyr: Til hvers er verið að fella það burt? Er það til þess að fella burt eignirnar án þess að það þurfi að koma inn til lagabreytingar, geta selt einstakar virkjanir burt? Mig grunar það, það er í anda ríkisstjórnarinnar, *einkavæðingarstefnu Framsóknarflokks* og Sjálfstæðisflokks, að geta selt þetta í sjálfu sér síðan í burtu í bútum.

Sama spurning gildir reyndar einnig um Orkubú Vestfjarða og Rarik. Orkubú Vestfjarða á virkjanir og virkjanarétt, á víða dýrmætan virkjanarétt á sínu svæði. Hvernig er sú eign metin og er gert ráð fyrir hún hverfi líka inn í Landsvirkjun? Rarik á líka virkjanir og virkjanarétt sem er sértilgreindur í sérlögum þeirra. Það kemur mjög óljóst fram, svo að ekki sé dýpra í árinni tekið, hvernig fer með virkjanaréttinn þarna. Þó verður að skilja það svo að Landsvirkjun eignist sjálf, eða þetta nýja fyrirtæki sem verið er að stofna um Landsvirkjun, virkjanarétt og virkjanir þessara orkubúa, Orkubús Vestfjarða eða Rariks. Ég spyr hæstv. ráðherra hvernig þessi atriði séu í raun. Er verið að fara þarna líka bakdyramegin til að geta selt út stakar virkjanir og virkjanakosti sem núna heyra undir þessi þrjú fyrirtæki?

Það er athyglisvert í ljósi umræðunnar, einmitt þegar yfirlýsingin kom frá fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra á sínum tíma um að hugmyndin væri að sameina fyrirtæki Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í eitt hlutafélag, að þá brugðust Vestfirðingar ókvæða við. Hér er ég með úrklippu úr Bæjarins besta, blaðinu þar, sem er með yfirskriftina „Bæjarstjórn Ísafjarðar furðar sig á hugmyndum ráðherra um sameiningu orkufyrirtækja“. Þetta er ekki nýtt, þetta er frá 2005 þegar yfirlýsingin kom fram. „Áætlunin gengur í berhögg við byggðaáætlun fyrir Vestfirði,“ stendur hérna líka. Í þessari grein er því harðlega

mótmælt að verið sé að sameina þessi fyrirtæki. Bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkti ályktun þar sem furðu var lýst á að til stæði að gera samkomulag um sameiningu Landsvirkjunar, Rariks og Orkubús Vestfjarða eins og komið hafði fram í fréttum.

Í umfjöllun í þessari grein er vitnað í tvo sveitarstjórnarmenn, Guðna Geir Jóhannesson og Lárus G. Valdimarsson, þar sem þeir lýsa því að þeim hefði verið lofað að þetta mundi ekki gerast, Orkubú Vestfjarða yrði ekki lagt inn í annað fyrirtæki. Hér vitna ég í viðtal við Lárus G. Valdimarsson, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks lofaði því að hún mundi aldrei standa að því að sameina Orkubúið öðrum fyrirtækjum."

Þau loforð voru gefin þegar Orkubú Vestfjarða var haft af sveitarfélögunum á sínum tíma. Að vísu voru sveitarfélögin sett í fjárhagslegu klemmu vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum, í samskiptum ríkis og sveitarfélaga o.s.frv. Sveitarfélögin á Vestfjörðum voru komin í mikla fjárhagslega klemmu og þá stillti ríkið þeim upp við vegg og sagði: Jú, jú, við skulum skera ykkur tímabundið úr snörunni gegn því að þið látið okkur hafa Orkubúið. Og sveitarfélögin á Vestfjörðum höfðu í rauninni ekki neina valmöguleika. Þeim var bara stillt upp við vegg og hótað því að annars yrðu gjaldfelldar á þau skuldir sem reyndar voru gjaldfallnar vegna Íbúðalánasjóðs og fleira. Þau voru knúin til að láta Orkubúið sitt sem hafði verið aðalstoð þeirra og stytta í uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum. Það hafði m.a. skaffað notendum rafmagn á lægra verði en annars gerðist. Auk þess hafði afli þess verið beitt til að styðja við atvinnurekstur þar. Það var mikil blóðtaka fyrir Vestfirðinga að missa Orkubúið með þessum hætti inn til ríkisins.

Á móti lofaði ríkið hinu og þessu, lofaði að það yrði ekki sameinað öðrum fyrirtækjum, lofaði að það yrði eflt og styrkt á eigin forsendum heima í héraði þeim til hagsbóta. Fyrr í umræðunni var minnst á loforð og efndir ráðherra en ég verð að líta svo á að þótt búið sé að skipta um einn og einn ráðherra í ríkisstjórninni sé sameiginleg ráðherraábyrgð á gjörðum hennar. Enginn getur skotið sér undan þeirri ábyrgð.

Ég held að þegar farið verður yfir öll loforðin og yfirlýsingarnar sem voru gefnar á Vestfjörðum þegar Orkubú Vestfjarða var tekið af sveitarfélögunum muni mönnum finnast efndir þeirra býsna þunnar nú. Þegar Orkubú Vestfjarða er sett inn í þetta nýja fyrirtæki, eignirnar teknar af því, virkjanirnar teknar af því — ég býst við að þær séu hluti af eignunum sem þarna er verið að setja inn — virkjanarétturinn tekinn af því sem Orkubú Vestfjarða hafði býst ég við að þeim finnist þetta vera heldur furðulegar efndir á loforðinu.

Hið sama gildir náttúrlega um Rarik. Rarik er í sjálfu sér fyrst og fremst byggt upp af sveitarfélögunum, af almennum notendum vítt og breitt um landið. Hefði verið réttara, ef á að fara að hræra til um eignarhald og meðferð á eignum Rariks, að þá hefði verið rætt við sveitarfélögin hvort ekki ætti að afhenda bara þeim Rarik. Ég hefði talið á ýmsan hátt eðlilegt að sveitarfélögin í landinu ættu Rarik sem þjónustufyrirtæki fyrir dreifingu og smásölu á rafmagni.

Frú forseti. Það má svo sem fara um þessi frumvörp ýmsum orðum. Ég ítreka að mér finnst miklu hreinlegra af hæstv. ráðherra að hann tali hreint út, sé ekki að búa til hér einhvern rykmökk af fléttum í kringum þessi mál. Við eigum að takast á og ræða þá pólitík sem þarna er á ferðinni, þá pólitík sem hefur verið kynnt. Það er verið að sameina þessi fyrirtæki og búa þau undir að verða sett á markað eða, eins og stendur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá febrúar 2005, skapa skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu, hinu nýja og sameiginlega fyrirtæki. Það er hið eiginlega markmið.

Ég ítreka svo spurningu mína frá því áðan varðandi bæði Norðurorku og Skagafjarðarveitur. Sveitarfélaginu Skagafirði var stillt upp með líkum hætti þegar Rafveita Sauðárkróks sem malaði gull fyrir sveitarfélagið var tekin af því. Það var meiri hluti Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar þá í Skagafirði sem stóð fyrir því að afhenda Rarik Rafveitu Sauðárkróks. Það tókst að forða því að Skagafjarðarveitur færu á eftir, þ.e. reksturinn á hitaveitunum. Síðan hefur Rarik hirt hitaveitur af sveitarfélögum sem lent hafa í greiðsluvandræðum vegna stefnu ríkisstjórnarinnar, m.a. í þessum málum. Hitaveita Blönduóss var tekin og Blönduósi stillt upp við vegg og tekin síðan af þeim hitaveitan. Búðardalur, Dalabyggð, hvað eftir annað hefur þeim verið stillt upp við vegg og veiturnar teknar af þeim. Jafnframt hefur verið sagt að þetta sé nú allt í lagi vegna þess að þetta er bara ríkisstofnun. Rarik er bara ríkisstofnun og verður það. Það var sagt þegar þessar veitur voru teknar af þeim, sagt að þetta væri bara ríkisstofnun og óhætt að treysta ríkinu.

Nú er þetta allt komið á einkavæðingarvagninn. Hversu hratt hann fer er óvíst en hann fer býsna hratt. Ég hefði talið óráðlegt hjá Framsóknarflokknum, bara flokkslega séð, að keyra á þessa einkavæðingu núna.

Ég bara vona, frú forseti, að þessi frumvörp nái ekki fram að ganga og að hægt verði að stöðva þessi einkavæðingaráform, það ferli sem hér er sett í gang. Að vori hljótum við að skipta um ríkisstjórn. Þá fáum við ríkisstjórn sem ber hag almennings meira fyrir brjósti, lítur á raforkuna fyrst og fremst sem þjónustustarfsemi gagnvart byggðunum í landinu, gagnvart fyrirtækjunum og almennum notendum, en ekki tæki fyrir einkavæðingarsinnaða ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í að koma á markað og hugsanlega síðan selja í áföngum, stórum eða smáum, eins og áformin liggja greinilega fyrir.

[21:17]

**Ögmundur Jónasson:**

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp. Við ræddum hér fyrr í dag og í kvöld annað frumvarp. Það fjallaði um kaup og sölu, „aðallega kaup," sagði hæstv. iðnaðarráðherra sem vildi þrengja sjónarhornið sem við hefðum á þá lagasmíð. Hann vildi að þannig ættum við að ræða málið, þ.e. á þröngan máta. Þetta frumvarp fjallar um að færa Rarik og Orkubú Vestfjarða undir regnhlíf Landsvirkjunar. Ef við ræðum málin þröngt blasir fyrst við að spyrja: Hvers vegna er þetta gert? Getur verið að það liggi á að styrkja Landsvirkjun, eigið fé Landsvirkjunar? Bókfært verð þessara stofnana, fyrirtækja, þessarar starfsemi er um 17 millj-

arðar kr., þ.e. Rariks og Orkubús Vestfjarða. Er leikurinn til þess gerður að styrkja stöðu Landsvirkjunar vegna þess að menn sjá einhverja erfiðleika fram undan og í stað þess að veita fjármuni úr ríkissjóði til Landsvirkjunar — nokkuð sem gæti verið pólitískt viðkvæmt — þá kjósi þeir að fara þessa leið? Þetta eru spurningar sem vakna ef við skoðum málin þröngt.

En við erum ekki að skoða málin bara þröngt. Við erum að ræða um framtíð raforkugeirans á Íslandi. Það var í rauninni ágætt sem fram kom hjá hæstv. iðnaðarráðherra í andsvari undir lok umræðu um fyrra frumvarpið. Þá sagði hann á þá leið að hér væri verið að þróa og þroska samkeppnismarkað í raforkugeiranum, þó þannig að hann svaraði samfélagslegum kröfum okkar og væri í samræmi við reglur hins Evrópska efnahagssvæðis. Þetta var kjarni máls. Gott og vel. Þetta er pólitískt markmið. En eigum við ekki að setja þá nánar inn í þessa mynd hvernig menn sjá þennan markað þróast og á hvern hátt þeir stuðla að því sem þeir telja æskilega framvindu með þessari ráðstöfun, að færa Rarik og Orkubú Vestfjarða undir hlíf Landsvirkjunar? Hvernig sjá menn landslagið í framhaldinu? Hvað með Norðurorku? Nú hefur heyrst að það gæti verið æskilegt að færa hana einnig inn í þessa samsteypu. Menn hafa rætt þann möguleika að sameina Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur. Mér finnst að þetta sé nokkuð sem okkur beri að ræða. Þetta eru samfélagseignir og ef það er markmiðið að þróa hér samkeppnismarkað á sviði raforkunnar þá eigum við að ræða það alveg til enda. Það er þetta sem við höfum verið að kalla eftir. Við höfum verið að kalla eftir þessari umræðu, þ.e. að menn tali alveg hreint og opið um þessi mál. Það var í því samhengi sem ég spurði um hvað vekti fyrir mönnum, ef við skoðuðum málin þröngt, með því að færa Rarik og Orkubú Vestfjarða inn í Landsvirkjunarsamsteypuna. Er það til að styrkja eigið fé Landsvirkjunar? Það væri fróðlegt að fá svör við þessu hér á eftir.

Það er í þessu samhengi sem við höfum verið að reyna að framkalla málefnalega umræðu um nákvæmlega þetta módel sem hæstv. iðnaðarráðherra lýsti. Við höfum verið að vísa til reynslunnar í Evrópu, í Bandaríkjunum, á Nýja-Sjálandi og víðs vegar um heiminn, á Norðurlöndunum, og bent á að þetta módel, þetta fyrirkomulag sem hæstv. iðnaðarráðherra lýsir þannig að það sé óskalandið, hafi ekki gefið góða raun fyrir notandann, fyrir kaupanda raforkunnar. Þess vegna dugir ekki að segja við okkur sem viljum ræða málin á þessum málefnalega grunni að þetta séu forneskjuleg viðhorf og þar með sé málið afgreitt.

Þetta eru ekki forneskjulegri viðhorf en svo að neyt*endasamtökin norsku, svo dæmi sé tekið, hafa andæft því* sem er að gerast þar í landi. Sömu sögu er að segja í Svíþjóð. Þar hafa verkalýðsfélögin mótmælt þessu fyrirkomulagi og bent á veikleikana í þessu skipulagi, hvernig sífellt minna sé fjárfest í mannauði, minna hugsað til fyrirbyggjandi aðgerða þannig að þegar á reynir þurfi menn að kaupa rafmagn dýrum dómum frá Póllandi og Þýskalandi og víðar. Vegna þess að fjárfestarnir vilja hala sem mestan arð út úr starfseminni sýna þeir ekki þá fyrirhyggju sem hinn opinberi eigandi gerði áður sem ekki lét stjórnast af arðsemiskröfum.

Síðan sjáum við að tilraunir okkar til að fara inn á samkeppnismarkað hafa að minnsta kosti ekki enn þá skilað okkur lægra raforkuverði og við heyrum mikla gagnrýni sem fram hefur komið. Ég hef hér í ræðustól, hv. þm. Jón Bjarnason og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og annarra flokka, hv. þm. Jóhann Ársælsson sem hefur verið mjög ötull og vakandi í þessari umræðu — marga fleiri mætti nefna, úr Frjálslynda flokknum til dæmis og fleiri — höfum bent á þessar staðreyndir og reynt að kalla eftir málefnalegri umræðu um málið. Hér fyrr á tíð var vinstri mönnum oft núið því um nasir að þeir létu stjórnast af hugmyndafræði og neituðu að horfa til reynslunnar. Þeir svöruðu því iðulega þá til að þeir væru að búa til nýjan heim og við skyldum bara bíða þar til hann væri orðinn til og þá skyldum við meta árangurinn á grundvelli nýrrar mælistiku. Nú hefur þessu verið snúið við. Nú viljum við sem erum kenndir við vinstri stefnu horfa til reynslunnar en hugmyndafræðingar og fylgjendur harðlínumarkaðshyggju og hægri stefnu segja: Við erum að búa til nýjan heim. Bíðið með að dæma okkur þar til hægt er að bregða mælistikunni á veruleikann. — Er ekki búið að snúa heiminum svolítið á hvolf að þessu leyti? Trúa ekki stjórnvöld og ríkisstjórnin í þessu tilviki, og ekki bara hér á landi heldur er þetta að gerast víða um heim, svo grimmt á sína hugmyndafræði að þau neita að horfast í augu við veruleikann, neita að horfa til reynslunnar?

Ég er búinn að taka hér í ræðustól oft og mörgum sinnum fram töflur sem sýna þróun raforkuverðsins í Evrópu og tengja það við þessa markaðsvæðingu og árangurinn er ekki sem skyldi. Ég vitnaði fyrr í dag í framkvæmdastjóra Evrópusambandsins á sviði raforkumála, sem hingað kom og talaði í þessa veru. Þetta var mjög harður markaðssinni frá einhverju Eystrasaltsríkjanna sem sagði: Sá tími mun koma að þetta mun skila okkur lægra verði og verður hagstæðara, hann er bara ekki kominn. Það viðurkenndi hann.

Það er í því ljósi sem mér finnst ástæða til að beina sérstaklega orðum til Framsóknarflokksins, þessa gamla samvinnuflokks sem bar uppi samvinnuhugsjónina til sveita öðrum flokkum fremur, sem trúði því á sínum tíma og ekki að ástæðulausu að með sameiginlegu átaki gætum við lyft grettistaki. Við gerðum það. Það voru ekki bara stofnuð samvinnufélög heldur bundust menn í bæjum samtökum og tóku höndum saman um ýmis þjóðþrifamál. Það er þetta sem við erum að tala fyrir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að þegar kemur að almannaþjónustunni eigum við ekki að segja skilið við slíka hugsun. Við eigum að vinna saman. Við eigum að sjá á hvern hátt við getum nýtt samvinnu manna.

Ég minnist þess að hlusta einhvern tíma á fyrrverandi póst- og símamálastjóra lýsa þeirri breytingu sem varð þegar símafyrirtækin á Norðurlöndum voru gerð að hlutafélögum. Hann lýsti því þannig að áður fyrr hefðu menn komið frá öllum Norðurlöndunum, sest á rökstóla, skipst á skoðunum og upplýsingum og rætt það hvernig þeir gætu hjálpað hver öðrum. Þetta var umræðan. Þetta hefði skilað góðum og miklum árangri. Við hefðum fengið mikla aðstoð frá systurfyrirtækjunum á Norðurlöndum. Ég minnist þessa líka sem starfsmaður Ríkisútvarpsins hvernig þessi samvinna, samvinnuhugsun og hugsjón var öllum til góðs.

Nema hvað, fyrrverandi póst- og símamálastjóri, Ólafur Tómasson, sagði að síðan hefði orðið breyting á við hlutafélagavæðinguna. Þá skyndilega voru að ræðast við samkeppnisaðilar, og myndrænt lýsti hann þessu hvernig menn hefðu haft hnífinn uppi í erminni. Myndræn lýsing á viðhorfsbreytingu, hvernig samkeppnisaðilarnir voru núna farnir að ræðast við, ekki til að hjálpa hver öðrum, nei, nú voru þeir andstæðingar, nema þegar einn fjárfesti í öðrum.

Mér finnst að við eigum ekki að gera lítið úr þeirri breytingu. Við eigum líka að ræða hana í alvöru, hvort það geti verið að okkur Íslendingum vegni betur ef við virkjum samstöðuna, að við leggjumst saman á árarnar í stað þess að leggja eins mikið upp úr samkeppninni og mér finnst ríkisstjórnin gera og hæstv. iðnaðarráðherra nefndi í markmiðslýsingu sinni áðan. Ég tel að í ljósi reynslunnar, bæði hér á landi og þess sem er að gerast erlendis líka, sé ekki hyggilegt að halda út á þessa braut, ég tel það ekki vera hyggilegt. Ég held að hér þróist fákeppnismarkaður. Hugsanlega verði það tvö eða þrjú fyrirtæki sem koma til með að skipta með sér markaðnum og komi ekki til með að berjast á grundvelli verðlags, ég held ekki, hef ekki trú á því.

Reynslan sýnir erlendis frá að þetta hefur ekki orðið reyndin. Við þekkjum það á öðrum sviðum, t.d. í vatninu, þar sem vatnsfyrirtækin skipta með sér markaðnum. Þetta er að vísu öðruvísi, auðveldara er að koma við samkeppni í raforku en í vatni, þar er bara eitt leiðslukerfi en hér er möguleiki á margbreytileika. Það er vissulega auðveldara að koma á raforkusamkeppni en í vatni. Engu að síður segir reynslan það, hún segir það frá Noregi, hún segir það bara víðast hvar og kom fram í máli talsmanns Evrópusambandsins líka, að hvorki einstaklingar né fyrirtæki láta stjórnast af verðlagssjónarmiðum þegar þau velja viðskiptafyrirtæki, það eru önnur sjónarmið sem ráða, og þetta hafi ekki gefið þá raun sem menn höfðu búist við.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta, nema hvað mér finnst mjög hart að þegar menn reyna að leiða umræðuna út á þessar brautir og horfa jafnframt á það sem er að gerast í íslenskum veruleika, horfa á hvernig fjármálamenn og fjármagnsöfl eru að læsa klónum um stóran hluta samfélagsins, þá sé vafasamt að fara með samfélagseignir út á markað, þegar verið er að setja málin inn í þetta samhengi, þetta málefnalega samhengi, þá er þetta allt afgreitt út af borðinu sem misskilningur eða útúrsnúningur. Þetta er enginn misskilningur eða útúrsnúningur.

Ég er alveg reiðubúinn að koma hér eina ferðina enn í 2. og 3. umr. um málið og koma með allar töflurnar, allar staðreyndirnar, allar verðlagsforsendurnar og ræða þær við talsmenn þessara frumvarpa, ég hef gert það mjög oft, það er orðin ansi mikil margendurtekning á því. En það er eins og útilokað sé að fá málefnaleg viðbrögð við þeirri umræðu. Það er bara öllu ýtt út af borðinu að hætti manna sem trúa mjög stíft á sína hugsun og neita að horfa til reynslunnar. Það tel ég vera mjög varhugavert.

[21:34]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Þó að ég kunni að hafa mikla trú á framtíðarmöguleikum orkumarkaðar geng ég ekki svo langt í því að horfa á hina breiðu heildarmynd að líkja honum saman við allsnægtaríki sósíalismans, eins og það var túlkað hér í gamla daga en kom að nokkru leyti fram í orðum síðasta hv. ræðumanns. Ég legg þvert á móti þunga áherslu á að það er mjög viðurhlutamikið verkefni að móta orkumarkað og mjög mörg af þeim sjónarmiðum sem hv. síðasti ræðumaður nefndi koma þar einmitt til skoðunar og þess vegna er svo mikilvægt að leyfa þessum markaði að þroskast, taka skrefin hægt og varlega vegna þess að hann þarf ekki aðeins að þroskast samkvæmt viðskiptalegum sjónarmiðum heldur líka í samræmi við samfélagsleg hlutverk sín og verkefni.

Það var spurst fyrir um fyrirætlanir nokkurra sjálfstæðra fyrirtækja á orkumarkaðinum. Ég get að sjálfsögðu ekki gert grein fyrir þeim því að um sjálfstæð og sjálfsábyrg fyrirtæki er að ræða. Það var spurst fyrir um erindi frá þeim fyrirtækjum til ráðuneytisins. Ég vænti þess að þau njóti jafnræðisréttinda um viðbrögð við þeim erindum ef þau koma fram.

Það hefur talsvert verið rætt um ástæður þess að breyting er gerð á eignartilhögun ríkissjóðs. Sannleikurinn er auðvitað sá, eins og hér hefur margsinnis komið fram, að hér er um ýmsa valkosti að ræða. Það voru ýmsar leiðir færar. Sú leið var valin að Rarik og Orkubú Vestfjarða halda áfram að vera sjálfstæð fyrirtæki sem sinna verkefnum sínum en hins vegar er breytt til um eignartilhögun ríkissjóðs. Með þessu öðlast fyrirtækin, að því er við ætlum, sterka viðspyrnu til framtíðarþjónustuþróunar sem eflir þau. Það eru meginmarkmiðin og eins og kom fram í frumræðu minni og kemur fram í greinargerðinni er það ekki meginmarkmið að styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar og ekki talin þörf á því.

Við verðum að hafa það í huga að það er sami eigandinn eftir sem áður þannig að hvað varðar samkeppnisaðstæður á þessum markaði verður ekki breyting að þessu leyti. Þetta er sami eigandinn og eftir sem áður eru fyrirtækin sérstök og sjálfstæð með sín sérstöku verkefni. Ég var spurður um viðhorf mín til markaðarins yfir höfuð og ég vil taka það fram um það að markaður verður auðvitað að uppfylla margvísleg skilyrði, þar verður neytandinn að hafa valfrelsi, raunverulegt valfrelsi þannig að um raunverulega samkeppni sé að ræða, án þess er ekki um markað að ræða. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar eins og aðrir framsóknarmenn, að markaðslögmálin eigi að lúta siðferðilegum, menningarlegum og mannúðlegum skilmálum enda setjum við manngildi ofar auðgildi.

Það var spurt um upptalningu í lögum. Því er einfaldlega til að svara að það er óþarft að hafa hana. Þessi fyrirtæki hafa sérstakar ábyrgar stjórnir og þau gefa út ársreikninga og ársskýrslur. Þetta ferli er allt saman gegnsætt og opið og augljóst öllum. Ríkisstjórnin hefur ekkert að fela í þessu frekar en í öðrum málum. Öll markmið hennar og vinnubrögð eru augljós í þessum málum enda hefur hún skilað þjóðinni miklum árangri.

[21:38]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Formaður Framsóknarflokksins segir að framsóknarmenn — og alhæfir fyrir þeirra hönd — segi að markaðurinn eigi að lúta siðferðilegum lögmálum. Ja, betur

væri nú ef svo hefði verið á undanförnum missirum og árum. Þar vísa ég til þess sem hefur gerst í skjóli einkavæðingar undanfarinna ára.

Ég legg áherslu á að við gleymum því ekki að raforkugeirinn á Íslandi hefur verið byggður upp eins og margt annað og nánast allir þættir almannaþjónustunnar, á grundvelli samvinnu. Á þessum árum — ég er að horfa til nokkurra ára — stöndum við á tímamótum, ekki bara hér á landi heldur víða í okkar heimshluta, um val á milli tveggja leiða: Á að þroska, svo ég noti orðfæri hæstv. ráðherra, samvinnuaðferðina, hina samfélagslegu leið, eða á að halda út á braut markaðshyggju? Hæstv. ráðherra vill að við höldum hægt út á þá braut en hann vill greinilega að við höldum út á þá braut.

Finnst hæstv. ráðherra og formanni Framsóknarflokksins ekki koma til álita að reyna að þróa og þroska hina samfélagslegu leið, leið samvinnunnar?

[21:40]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég harma þessar hálfkveðnu vísur um einkavæðingu. Einkavæðingin hefur að flestu leyti reynst vel og skilað þjóðinni mjög góðum og miklum árangri.

Ég tek undir það sem gott er sagt um samvinnu en ég bendi á það að frjáls samvinna og markaður eru ekki andstæður heldur geta mjög vel dafnað saman og fer ágætlega á því.

[21:40]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki vera með neinar hálfkveðnar vísur. Ég tel að einkavæðing ríkisbankanna á sínum tíma, ekki síst Búnaðarbankans en beggja bankanna, hafi verið mjög vafasöm og þar hafi gætt spillingar sem enn á eftir að upplýsa. Ég sagði hér fyrr í kvöld að ég hefði lagt fram fyrirspurn á Alþingi og fengið svör sem ég tel vera ófullnægjandi. Ég mun aftur og áður en þetta þing er úti, áður en við göngum til kosninga, ganga eftir því að fá þessar upplýsingar fram í dagsljósið. Það verða engar hálfkveðnar vísur.

Það hafa hins vegar verið hálfkveðnar vísur af hálfu stjórnvalda í garð þeirra sem hafa leyft sér að gagnrýna einkavæðingu ríkisstjórnarinnar.

[21:41]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég harma enn og aftur þessar dylgjur og hálfkveðnu vísur og vísa til þess sem ég sagði á fundi í dag, að Ríkisendurskoðun hefur farið yfir þessi mál og skilað skýrslu um þau og þar hefur þetta allt verið hrakið.

[21:42]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að reyna að spyrja hæstv. ráðherra meira, mér finnst hann ekki bregðast við með þeim hætti að ég eigi von á betri svörum en komin eru og frá minni hendi er því umræðan kannski tæmd. Ég vil þó segja að þegar hæstv. ráðherra sagði áðan að ekki hefði verið talin þörf á að styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar og fyrr í dag endurtekið að eiginfjárstaða Landsvirkjunar væri traust, að rökin fyrir því að sameina þessi orkufyrirtæki eru orðin æði fátækleg.

Ég vil því ljúka máli mínu á því að segja að mér finnst að hér hafi ekki verið talað hreint út. Ég trúi því ekki að ekki séu til sterkari og betri rök fyrir því að búa til eitt fyrirtæki á þessu sviði, þ.e. orkusviðinu, úr öllum fyrirtækjum ríkisins heldur en komið hafa fram. Ég á von á því að raunveruleikinn sé sá að þarna á bak við sé það sem ég hef verið að gefa til kynna í dag og í þessari umræðu, að menn telji svona óskaplega mikla þörf á því að tryggja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar að það þurfi að ganga frá málunum með þessum hætti. Menn eigi von á því að sú gríðarlega fjárfesting sem hefur farið fram á Austurlandi sé Landsvirkjun í raun og veru ofviða. Þess vegna sé gert ráð fyrir þessu og þess vegna sé varnaglinn í samningnum við Reykjavíkurborg og Akureyri um að þriðji aðili geti komið með eigið fé inn í Landsvirkjun innan fimm ára.

[21:45]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að löngu væri komið fram að við erum að tala um afmarkað skilgreint skref, afmarkaðan skilgreindan áfanga í lengri þróun. Ef hér eru einhverjar bilaðar plötur þá eru þær margar.

[21:46]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. iðnaðarráðherra og formaður Framsóknarflokksins ætti að hlusta á samþingmann sinn Kristin H. Gunnarsson, (**Gripið fram í:** ... samflokksmann.) samflokksmann, já, sem hefur bent á að forusta Framsóknarflokksins sé búin að yfirgefa í rauninni flokkinn og hinn almenna flokksmann, samvinnuhugsjónina og þau sjónarmið sem flokkurinn stóð fyrir. Af því að ég hef á vissan hátt taugar til Framsóknarflokksins, þá verð ég að segja þetta.

En að koma fram og reyna að fela einkavæðingaráformin sem eru í frumvarpinu í einhverjum rykmekki, finnst mér ekki vera frambærilegt í sjálfu sér, og engan veginn. Menn eiga að standa við það sem þeir segja og meina en ekki að reyna að komast hjá því.

Ég spurði hæstv. ráðherra um nokkur atriði. Ég spurði um virkjanirnar sem eru taldar upp í lögunum um Landsvirkjun sem hluta af eignum fyrirtækisins, en eru ekki nefnd á nafn og meira að segja kveðið svo á um að bæði 6. gr., sem lýtur að upptalningu á virkjunum, og 2. gr., sem lýtur að Laxárvirkjun, eru felldar á brott.

Ég spyr: Er það til að geta selt einstakar virkjanir án þess að breyta lögunum, einfaldlega í gegnum þetta nýja eigendaform? Eins og lögin eru núna er það ekki hægt. En með breyttum lögum er það hægt. Er það markmiðið? Er það þess (Forseti hringir.) vegna sem verið er að fella niður upptalningu á þessum virkjunum?

[21:48]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vísa til svars míns áðan. Þau fyrirtæki hafa sína sjálfstæðu ábyrgu stjórnir, gefa út sína ársreikninga og ársskýrslur og þar eru þessar upplýsingar allar eftir sem áður.

[21:48]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að Blönduvirkjun hafi einhverja sérstaka stjórn. Mér er ekki kunnugt um að Búrfellsvirkjun hafi einhverja sérstaka stjórn. Mér er ekki kunnugt um að Hrauneyjafossvirkjun hafi einhverja sérstaka stjórn. Mér er ekki kunnugt um að Sultartangavirkjun hafi einhverja sérstaka stjórn. Ég hélt að þetta væru allt saman virkjanir sem væru í eign Landsvirkjunar og lytu stjórn hennar. Þessi útúrdúr hæstv. ráðherra, ég get ekki séð hvernig hann passar. Mér sýnist hann vera að víkja sér undan að svara.

Þetta eru fyrirtæki. Þetta eru eignir. Þetta eru virkjanir í eigu Landsvirkjunar. Ég spurði líka um virkjanir í eigu Orkubús Vestfjarða og Rariks. Er verið að búa til lagaumhverfi til að geta selt einstakar virkjanir út úr þessari samstæðu? Er það áform hæstv. iðnaðarráðherra að svo verði? Er það tilgangurinn með því að fella þær virkjanir út úr (Forseti hringir.) upptalningunni? Ég krefst svars.

[21:49]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmanni er ekki kunnugt um að einstakar virkjanir hafi sérstakar stjórnir. Ég hélt engu fram í því efni. Hins vegar er okkur báðum og öllum öðrum fullkunnugt um að við erum ósammála um það hvernig fara skuli með þetta lagafrumvarp. (**JBjarn:** Já, það er alveg hárrétt. ... loksins ... hjá þér.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Orkustofnun, 1. umr.*

Stjfrv., 367. mál (tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl.). — Þskj. 399.

[21:50]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun. Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar, en sú deild hefur verið rekin sem sjálfstæð eining innan stofnunarinnar, færist undir Íslenskar orkurannsóknir en vatnafarsrannsóknir hins opinbera verði áfram á ábyrgð Orkustofnunar svo sem verið hefur.

Hins vegar er lagt til að Orkustofnun verði veittar heimildir til að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun, til að sinna lögboðnu hlutverki sínu.

Með lögum um Orkustofnun og lögum um Íslenskar orkurannsóknir var starfsemi rannsóknasviðs Orkustofnunar skilin frá stofnuninni og stofnuð sérstök stofnun til að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála. Við undirbúning lagasetningarinnar starfaði nefnd um skipan lögbundinna verkefna Orkustofnunar. Í áliti nefndarinnar frá 16. maí 2002 var lögð áhersla á að hagsmunaárekstrar kynnu að koma upp innan stofnunarinnar milli þeirrar starfsemi sem lýtur að rannsóknum fyrir orkufyrirtæki og hins vegar stjórnsýsluhlutverksins, en það var mjög aukið með setningu raforkulaga. Þá var ákveðið að skilja eingöngu rannsóknasvið Orkustofnunar frá og flytja í sérstaka stofnun en halda vatnamælingum innan Orkustofnunar um sinn.

Á næstu missirum má búast við að Orkustofnun verði falin fleiri stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni. Því þykir ástæða til að stíga til fulls það skref sem tekið var árið 2003 í átt til aðskilnaðar rannsókna og stjórnsýslu Orkustofnunar. Í því skyni er í frumvarpinu gerð sú tillaga að vatnamælingar Orkustofnunar færist til Íslenskra orkurannsókna. Áður hefur verið kannað ítarlega hvort vatnafarsrannsóknum vatnamælinga Orkustofnunar væri betur fyrir komið með öðrum hætti, svo sem með samruna einingarinnar við aðrar stofnanir á sviði náttúrufarsrannsókna. Niðurstaðan er sú með hliðsjón af mörgum atriðum að tilfærsla til Íslenskra orkurannsókna þjóni best þeim markmiðum sem að er stefnt.

Eftir þennan samruna verður til öflug stofnun á sviði hagnýtra orkurannsókna, en einnig í öðrum vatnafarsrannsóknum; stofnun sem getur auk þess haslað sér völl á sviði ýmissa umhverfisrannsókna. Þá hefur það skipt máli að rekstrarfyrirkomulag Íslenskra orkurannsókna og jafnframt núverandi vatnamælingaeiningar Orkustofnunar er með þeim hætti að reksturinn er sjálfbær. Ekki er veitt fé á fjárlögum til þessarar starfsemi, en Orkustofnun gerir samninga um verkefni fyrir hönd ríkisins um viðkomandi orkurannsóknir. Fyrirkomulag þetta hefur reynst vel og mun ekki verða breyting á við þann samruna sem hér er lagður til. Til að ítreka að vatnafarsrannsóknir verði áfram á ábyrgð Orkustofnunar eftir að vatnamælingar stofnunarinnar hafa verið fluttar til Íslenskra orkurannsókna er lagt til að tekið verði sérstaklega fram að eitt hlutverka Orkustofnunar verði að standa fyrir mælingum og rannsóknum á vatnafari landsins.

Við undirbúning frumvarpsins hefur verið haft samráð við Orkustofnun, vatnamælingar Orkustofnunar og Íslenskar orkurannsóknir. Um efni frumvarpsins ríkir sátt meðal stofnananna og samþykkti stjórn Íslenskra orkurannsókna það samhljóða. Gert er ráð fyrir að öllum starfsmönnum vatnamælinga Orkustofnunar verði boðið starf hjá Íslenskum orkurannsóknum. Eru því réttindi starfsmanna vatnamælinga Orkustofnunar tryggð, þrátt fyrir færslu milli stofnana. Hliðstætt ákvæði er í lögum um Íslenskar orkurannsóknir vegna flutnings starfsmanna rannsóknasviðs Orkustofnunar árið 2003.

Orkustofnun hefur samkvæmt 2. gr. laga um stofnunina, sem og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir, það hlutverk að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna. Mikilvægt er að stofnunin hafi fyrir hönd íslenska ríkisins samfellt yfirlit upplýsinga um vatnafar og auðlindir landsins og geti aflað gagna og upplýsinga sem kann að vanta inn í þær upplýsingar sem fyrir eru á stofnuninni.

Auk þess ber stofnuninni að safna ýmsum gögnum vegna þess eftirlits með framkvæmd leyfa sem henni hefur verið falið að annast. Stofnuninni hefur gengið misvel að afla þeirra gagna sem nauðsynleg eru til að sinna hlutverkum hennar, m.a. öflun þeirra upplýsinga sem þörf er á vegna nýrra laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda,

nr. 107/2006, en samkvæmt þeim ber Orkustofnun að taka saman og skila upplýsingum um orkumál sem krafist er vegna bókhalds um losun gróðurhúsalofttegunda. Á síðustu missirum hefur gengið æ verr að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna undirbúnings orkuspáa orkuspárnefndar og samantektar um orkunotkun. Er það ekki síst vegna þess að ýmis fyrirtæki hafa orðið æ tregari til að láta slík gögn af hendi og Orkustofnun hefur ekki haft úrræði til að krefjast gagnanna. Því eru gerðar tillögur um auknar heimildir stofnunarinnar og úrræði sem Orkustofnun verður heimilt að grípa til ef nauðsynleg gögn eru ekki látin af hendi af hálfu þeirra aðila sem þau hafa.

Hæstv. forseti. Með sameiningu starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna lýkur ferli sem hófst árið 1997 þegar jarðhita-, vatnsorku- og orkubúskapardeildir Orkustofnunar voru lagðar niður en í staðinn var stofnuninni skipt í stjórnsýsluhluta og rannsóknahluta.

Að vandlega athuguðu máli og eftir viðræður við aðrar stofnanir um sameiningu vatnamælinga við þær er það niðurstaðan að best sé að sameina vatnamælingar og Íslenskar orkurannsóknir. Með þessum samruna verður til öflug stofnun á sviði hagnýtra orkurannsókna en einnig á sviði almennra vatnafarsrannsókna.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðu vísað til hv. iðnaðarnefndar og 2. umr.

[21:57]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér eru lagðar til breytingar sem eru ekki alveg skýrar þótt maður lesi frumvarpið spjaldanna á milli. Það stendur til, eins og kom fram í máli hæstv. iðnaðarráðherra, að breyta starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar og færa yfir til Íslenskra orkurannsókna en hins vegar eigi að skilja vatnafarsrannsóknir hins opinbera eftir og þær eigi áfram að vera á ábyrgð Orkustofnunar svo sem verið hefur. Til marks um hve hér er um óljós áform að ræða þá segir í umsögn fjármálaráðuneytis, sem er fylgiskjal með þessu frumvarpi, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er lagt til að vatnamælingar Orkustofnunar verði færðar undir Íslenskar orkurannsóknir en Orkustofnun mun þó áfram bera ábyrgð á vatnamælingum.“

Það á sem sagt að færa vatnamælingarnar undir Íslenskar orkurannsóknir en Orkustofnun mun áfram bera ábyrgð á vatnamælingum. Eitthvað hefur kannski skolast til hjá fjárlagaskrifstofunni en það er a.m.k. óljóst á hvern hátt vatnamælingarnar verða færðar til á milli stofnana en vatnafarsrannsóknirnar séu áfram undir hatti Orkustofnunar. Hæstv. ráðherra skýrði ekki á hvern hátt hann sæi þennan aðskilnað verða að veruleika.

Við sem erum í þessum sal vitum að það er ákveðin tilhneiging hjá ríkisstjórninni, sem aðhyllist markaðsvæðingu og háeffun í afar ríkum mæli, að háeffa opinberar rannsóknastofnanir. Skemmst er að minnast háeffunar Matvælarannsókna. Við erum nú ekki búin að bíta úr nálinni með þá framkvæmd og við vitum svo sem ekki, þótt fyrstu skref Íslenskra orkurannsókna hafi tekist og þar virðist ganga vel eins og sakir standa, hversu farsæl skref ríkisstjórnarinnar eru í þessa veru.

Ef það er, eins og segir í þessu frumvarpi, ætlunin að Íslenskum orkurannsóknum verði falin í náinni framtíð aukin verkefni á sviði umhverfisrannsókna tel ég fulla ástæðu til að hæstv. ráðherra skýri mál sitt frekar. Umhverfisrannsóknir eru ansi vítt hugtak. Þær hafa samkvæmt mínum skilningi fyrst og fremst farið fram á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Sú stofnun heyrir undir umhverfisráðherra. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum iðulega átalið iðnaðarráðherra — hver svo sem gegnir því embætti þá stundina — fyrir að seilast í ríkari mæli inn á vettvang umhverfisráðuneytisins, inn á vettvang rannsóknastofnana umhverfisráðuneytisins. Mér sýnist að hér geti verið til staðar tilhneiging í nákvæmlega þá átt. Ég vara við þeirri tilhneigingu. Ég tel mikilvægt að hæstv. ráðherra tali skýrt við 1. umr. og við fáum að heyra á hvern hátt þessi aðskilnaður getur mögulega átt sér stað og hvaða umhverfisrannsóknir á í nánustu framtíð að fela Íslenskum orkurannsóknum.

Mér finnst líka að við þurfum að heyra hvaða stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni hæstv. ráðherra telur að fari í náinni framtíð í auknum mæli til Orkustofnunar. Á hann þá t.d. við verkefni sem talað er um í tillögum auðlindanefndar í nýlegri skýrslu. Það er ekki ólíklegt að hæstv. ráðherra eigi við þau en þá þarf hann að tala skýrt í þeim efnum. Hér ber allt að sama brunni. Stefna ríkisstjórnarinnar í háeffunum og markaðsvæðingu er svo loðin og svo óljós að fólk sem er vel að sér í þessum málum á erfitt með að skilja hvað menn eru að fara, hvað þá fólkið úti á akrinum, sem vinnur hjá þeim stofnunum sem um ræðir eða fólk sem hefur áhugans vegna viljað fylgjast með þeim umræðum sem farið hafa fram í dag. Ég er ekki viss um að margir geri sér ljósa grein fyrir því hvert Framsóknarflokkurinn stefnir í þessum efnum.

Við sem hér höfum verið að andæfa í umræðunni höfum haldið því fram að þráhyggja einkavæðingar svífi þar yfir vötnum og menn séu svo illa haldnir af henni að þeir geti varla á heilum sér tekið öðruvísi en að háeffa og undirbúa einkavæðingu á sameiginlegum eigum okkar, helst í orkugeiranum auðvitað. Mér finnst þeirrar tilhneigingar gæta í svo ríkum mæli að ástæða sé til að vara þjóðina við þessari vegferð. Við höfum sagt að hinn leiðitami Framsóknarflokkur láti markaðsvæðingarstefnu Sjálfstæðisflokksins teyma sig. Maður hefur jafnvel stundum á tilfinningunni að Framsóknarflokkurinn sé farinn fram úr Sjálfstæðisflokknum í þessum efnum.

Mig langar að gera eina athugasemd við orðanotkun í greinargerð með þessu frumvarpi, virðulegi forseti. Í 2. tölulið í athugasemdum við lagafrumvarpið segir, neðarlega á bls. 2:

„Þá hefur það skipt máli að rekstrarfyrirkomulag Íslenskra orkurannsókna og jafnframt núverandi vatnamælingaeiningar Orkustofnunar er með þeim hætti að reksturinn er sjálfbær.“ — Það er væntanlega í þeirri merkingu að reksturinn standi undir sér því næsta setning er svohljóðandi: „Ekki er veitt fé beint á fjárlögum til þessarar starfsemi, en Orkustofnun gerir samninga um verkefni fyrir hönd ríkisins um viðkomandi orkurannsóknir.“

Ég vil koma þeirri ábendingu til iðnaðarráðuneytisins og hæstv. iðnaðarráðherra að nota ekki hugtakið „sjálfbær“ með þessum hætti. Við höfum reynt að vinna jarðveg fyrir

hugtakið „sjálfbær þróun“ í alveg sérstakri merkingu sem ég held að hæstv. iðnaðarráðherra væri hollt að tileinka sér. Það er langt í frá að það hugtak eigi eitthvað skylt við það að vera sjálfbær í merkingunni að standa undir sér. Ég vara við því, á meðan verið er að reyna að vinna sess þessu hugtaki um sjálfbæra þróun, að þá sé verið að rugla þjóðina með því að nota hugtakið „sjálfbær“ í þeirri merkingu að eitthvað standi undir sér. Ég kem þessari ábendingu til skila til iðnaðarráðuneytisins. Ég tel mikilvægt að við þingmenn skiljum eða temjum okkur rétta notkun þessara hugtaka. Öðruvísi er ekki hægt að ætlast til að þjóðin skilji það sem við erum að segja.

Varðandi 3. töluliðinn í athugasemdum með frumvarpinu þá koma þar fram nokkuð alvarlegar upplýsingar. Ég deili sannarlega áhyggjum hæstv. ráðherra í þeim efnum en þar kemur fram að Orkustofnun hafi gengið misvel að afla ýmissa gagna sem nauðsynleg eru til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu. Þar eru sérstaklega tiltekin störf er varða það að safna gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda. Það kemur fram í textanum og í máli hæstv. ráðherra að það væri ekki síst vegna þess að ýmis fyrirtæki hefðu orðið æ tregari til að láta slík gögn af hendi og Orkustofnun hafi ekki haft úrræði til að krefjast gagna sem gerðar eru tillögur um auknar heimildir fyrir.

Mér finnst það afar ámælisvert og alvarlegt ef fyrirtæki sem losa mengandi lofttegundir út í lofthjúp jarðar á Íslandi, þar sem menn státa af hreinu umhverfi og því að við séum umhverfismeðvituð. Það er slæmt ef fyrirtæki á sviði iðnaðar, skyldi maður ætla, sitja á þeim upplýsingum sem lögboðið er að Orkustofnun fái upplýsingar um svo við getum haldið úti einhvers konar skrá um þá losun sem íslensk fyrirtæki eru ábyrg fyrir. Það er sérkennilegt að íslensk fyrirtæki átti sig ekki á ábyrgð sinni í þessum efnum, að þar eigi allar tölur að liggja fyrir Orkustofnun til handa án eftirgangsmuna eða sérstakra þvingunarúrræða. Mér finnst mjög alvarlegt að þessar staðreyndir og upplýsingar skuli koma fram í máli hæstv. iðnaðarráðherra.

Ég sé ekki betur en að fjölmiðlar gætu látið til sín taka í þessu máli og væru rétta aflið til að beita fyrirtækin þrýstingi til að þau átti sig á ábyrgð sinni í þessum efnum. Hér þurfum við að taka höndum saman um að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það getum við ekki nema fyrirtækin séu fús og viljug til samstarfs um að láta af hendi upplýsingar um þá losun sem viðkomandi starfsemi stundar. Sé eina ráðið að gefa Orkustofnun frekari heimildir til þvingana í þessum efnum þá verður svo að vera. Ég kem til með að styðja það en mér þykir miður að grípa þurfi til slíkra aðgerða.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að tvö ný ákvæði bætist við, hið fyrra er svohljóðandi:

„Iðnaðarráðherra ákveður í samráði við Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir hvaða eignir skuli færast með vatnamælingum til Íslenskra orkurannsókna. Þó skulu allar rannsóknaniðurstöður og gagnasöfn sem unnin hafa verið á vatnamælingum Orkustofnunar og fyrir almannafé áfram tilheyra Orkustofnun og vera eign stofnunarinnar.“

Mér finnst þetta athyglisvert. Ég set mig ekki upp á móti því ef af þessum aðskilnaði vatnamælinga verður. En mér finnst að ástæðan fyrir þessu ákvæði gæti mögulega verið sú að menn ætli sér þegar fram líða stundir að losa Íslenskar orkurannsóknir undan eigu almennings, úr opinberri eigu, og menn hyggist með þessu ákvæði að tryggja að dýrmæt gagnasöfn stofnunarinnar fari ekki með í þeirri sölu. Menn hafa brennt sig illa á því soði, t.d. nægir að nefna þegar listaverkasafn Landsbanka Íslands, sem var í sameign þjóðarinnar meðan bankinn var það, var selt nánast óafvitandi.

Við erum einnig minnug þess sem upphaflega var í frumvarpinu um Ríkisútvarpið, þegar segulbandasafn og safn hljóðritana sem Ríkisútvarpið hafði aflað sér með áratugastarfsemi átti að verða einn hluti af eignum Ríkisútvarpsins, sem nánast var hægt að falbjóða út úr stofnuninni. Það er búið að gera bragarbót á því frumvarpi núna en það var út af vökulu auga þingmanns okkar Vinstri grænna, Atla Gíslasonar, sem þau mál tóku breytingum og voru sett í annan farveg. Það kann að vera að hér séu merki um að ríkisstjórnin hafi þó lært að dýrmæt gagnasöfn, sem aflað hefur verið fyrir almannafé og eru í opinberri eigu, séu skilin eftir hjá þeim hluta stofnunarinnar sem ekki er ráðgert að einkavæða. En eftir standa einkavæðingarhugmyndir varðandi Íslenskar orkurannsóknir. Mér virðist 4. gr. til vitnis um það.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni. Það á eftir að fara í nefnd. Ég geri ráð fyrir að þessi umræða fylgi málinu og menn skoði þau atriði sem ég hef gert hér athugasemdir við í ræðu minni.

[22:10]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir undirtektirnar við þetta frumvarp. Það er svolítill misskilningur varðandi ábyrgð á vatnafarsrannsóknum. Það er tekið fram í greinargerð, til að árétta það sérstaklega varðandi 1. gr., að framkvæmdin færist með vatnamælingunum en hins vegar heldur Orkustofnun áfram að kaupa þessa vinnu, kaupa þessi verkefni og bera ábyrgð á að upplýsinga verði aflað áfram.

Það er alls ekki ætlunin að seilast inn á verksvið Orkustofnunar en hins vegar er eðli þessara verkefna þannig að umhverfisþættir blandast alltaf inn í vatnafarsrannsóknir og vatnarannsóknir.

Varðandi stjórnsýsluverkefni átti hv. þingmaður kollgátuna, þ.e. að þau verkefni tengjast ekki síst tillögugerð auðlindanefndar.

Við höfum heyrt ábendingar hv. þingmanns um orðið „sjálfbær“. Sannleikurinn er sá að þarna er sami merkingarkjarni, að rekstur skilar því sama og til hans fer, alveg eins og gert er ráð fyrir á því merkingarsviði sem hv. þingmaður hafði orð á. En það er sjálfsagt að taka þetta til skoðunar.

[22:11]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Gott að heyra að hæstv. iðnaðarráðherra tekur þetta með sér í sarpinn varðandi ábendingu mína um hugtakið „sjálfbær“.

Varðandi rannsóknir á umhverfisþáttum og rannsóknir sem mundu mögulega eiga að heyra undir Umhverfisstofnun eða Náttúrufræðistofnun Íslands dettur mér í hug að skynsamlegt gæti verið að iðnaðarnefnd óskaði eftir áliti

Umhverfisstofnunar á nákvæmlega þessum þætti málsins eða sendi a.m.k. málið til umsagnar til stofnana í umhverfisgeiranum sem sinna rannsóknum. Það er eins og ég nefndi áðan kannski fyrst og fremst Náttúrufræðistofnun Íslands en eflaust Umhverfisstofnun líka, sem hefur með ákveðna þætti málsins að gera þótt hún hafi kannski ekki með rannsóknarþáttinn að gera.

Varðandi aukin verkefni Orkustofnunar er kannski rétt að ég árétti það að fyrirvari minn við skýrslu auðlindanefndar var þess eðlis að ég hef ekki séð á hvern hátt þetta hlutverk Orkustofnunar kemur til með að breytast samkvæmt þeim hugmyndum sem auðlindanefndin lagði fyrir hæstv. ráðherra. Við eigum vænti ég eftir að fá að sjá von bráðar frumvarp sem byggir á tillögum auðlindanefndarinnar. Þá sjáum við kannski skýrar á hvern hátt þetta hlutverk Orkustofnunar kemur til með að breytast eða hvað kemur til með að bætast við það. Ég hef varað við að hlutverk Orkustofnunar verði svo viðamikið að það fari inn á svið umhverfisstofnananna hvað þetta varðar. Ég held að umsýsla með vatn sé viðkvæmt mál sem eigi eftir að verða æ viðkvæmara eftir því sem fram líða stundir og þar þurfi að fara að öllu með gát hvað varðar hlutverkaskiptingu.

[22:13]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þóttu koma fram eðlileg tilmæli til iðnaðarnefndar. Það er rétt að staðfesta að frumvarp auðlindanefndar er í eðlilegu ferli til undirbúnings framlagningar á þingi.

[22:14]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að fá skýrari mynd af því sem fram kemur í 4. gr. Þar stendur:

„Þó skulu allar rannsóknaniðurstöður og gagnasöfn sem unnin hafa verið á vatnamælingum Orkustofnunar og fyrir almannafé áfram tilheyra Orkustofnun og vera eign stofnunarinnar.“

Þýðir þetta að Íslenskar orkurannsóknir hafi ekki aðgang til nýtingar á þessum gögnum? Þýðir þetta aðskilnað þessara gagna?

Síðan langar mig að gera athugasemd við orðalagið í inngangi að athugasemdum við lagafrumvarpið. Ég verð að segja að minn skilningur á íslensku máli er með þeim hætti að mér fannst bókstaflega, þegar hæstv. ráðherra las þetta fyrir okkur og þegar ég las þetta sjálfur, að það hlyti að vera munur á starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar og vatnafarsrannsóknum hins opinbera. Lái mér hver sem vill. En úr því að búið er að upplýsa að þarna eigi menn við sömu hlutina þá held ég að það hefði verið ástæða til þess að menn orðuðu þetta skýrar en þarna er. Orðin „hins vegar“ eru notuð tvisvar sinnum sem verður til þess að misskilningur hlýtur að koma upp þegar menn lesa þetta.

Ég vildi koma þessari athugasemd á framfæri. Að öðru leyti finnst mér hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hafa spurt um öll þau atriði sem þarna skipta mestu máli. En auðvitað fáum við að fjalla um þetta í nefndinni.

[22:16]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einfaldlega staðfesta að að sjálfsögðu verður opinn aðgangur að þessum gögnum áfram, sem eðlilegt er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10.–14. mál.

Fundi slitið kl. 22:16.

---

# 31. FUNDUR

þriðjudaginn 21. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Landsvirkjun, stjfrv., 364. mál, þskj. 396. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Breyting á lögum á orkusviði, stjfrv., 365. mál, þskj. 397. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Orkustofnun, stjfrv., 367. mál, þskj. 399. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ársreikningar, stjfrv., 302. mál, þskj. 317. — 1. umr.
5. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 350. mál, þskj. 379. — 1. umr.
6. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 357. mál, þskj. 388. — 1. umr.
7. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 358. mál, þskj. 389. — 1. umr.
8. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 390. — 1. umr.
9. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 374. mál, þskj. 408. — 1. umr.
10. Áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr.
11. Afnám verðtryggingar lána, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
12. Samkeppnislög, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
13. Stjórnarskipunarlög, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:30]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Að loknum atkvæðagreiðslum um 1.–3. dagskrármál fer fram umræða utan dagskrár um þróun í fjarskiptaþjónustu eftir einkavæðingu Símans. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason. Hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Vatnstjón á mannvirkjum á Keflavíkurvelli.

[13:31]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins vegna frétta af gífurlegu tjóni á mannvirkjum á Keflavíkurflugvelli vegna þess að vatnsleiðslur sprungu í frosti sem staðið hefur nú í nokkra daga. Eftir því sem ég kemst næst er um 20 íbúðarblokkir að ræða og heildarfjöldi íbúða í þessum blokkum er á bilinu 350–400. Þó að ekki sé búið að kanna tjónið að fullu halda menn að það geti verið tjón á um 200 íbúðum. Upphæðir tjónsins hlaupa á hundruðum milljóna króna.

Það er alveg sama hvernig við lítum á þetta mál, hér er ekki um neitt slys að ræða. Hér hafa ekki orðið náttúruhamfarir sem enginn gat séð fyrir. Frost í lok nóvember á Íslandi á íslenskum vetri er frekar fyrirsjáanlegt og menn hefðu átt að geta gert sér grein fyrir að slíkt væri fram undan. Þegar veðurspár bætast við sem spá hörkufrosti hefði maður haldið að þeir sem hefðu með þessar byggingar að gera mundu grípa til einhverra ráðstafana til að tryggja að ekki yrði tjón á byggingum.

Það er ekki utanríkisráðuneytinu að þakka að ekki fór verr. Við getum þakkað fyrir það og kallað það jafnvel glópalán að ekki skyldu fleiri byggingar fara á sama veg og þessar 20. Það hefur ekki verið um neitt eftirlit að ræða innan dyra í þessum byggingum, ekkert eftirlit með því hvort þar sé allt í lagi. Það er ekki eins og ríkið sé að reyna að spara með því að kynda ekki blokkirnar á Keflavíkurflugvelli. Utanríkisráðuneytið kaupir ákveðið magn af heitu vatni af Hitaveitu Suðurnesja í gegnum hemil en hleypir því ekki inn á blokkirnar, borgar fyrir heita vatnið en hitar ekki blokkirnar — og niðurstaðan er þessi.

Maður veltir fyrir sér hvað um sé að ræða. Er þetta algjört kæruleysi, eða hvað? Hver ber ábyrgðina á þessu? Hvernig var eftirliti háttað með þessum gríðarmiklu verðmætum sem eru þarna uppi á flugvelli, eða var kannski ekki um neitt eftirlit að ræða? Af hverju var ekki búið að hleypa hita á þessi mannvirki miðað við það að frost væri fram undan? Og síðasta spurningin: Hver kemur til með að bera tjónið af þessu? Verður það hið nýja Þróunarfélag sem þarf að bera hundruð milljóna króna tjón á þessum byggingum?

[13:33]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Um er að ræða 19 fjölbýlishús af rúmlega 500 mannvirkjum á svæðinu þar sem rör sprungu sökum frosthörku. Um er að ræða 13 hús sem eru mjög skemmd og sex sem eru minna skemmd. Einungis byggingar á athafnasvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. skemmdust. Það er ekki vitað til þess að skemmst hafi nein mannvirki á flugvallarsvæðinu eða öryggissvæðinu. Nákvæmar upplýsingar um umfang tjónsins liggja því miður ekki fyrir á þessari stundu en það er ekki verið að tala um hundruð milljóna, frekar tugi. Það liggur fyrir. (Gripið fram í.) Það er líka allt of mikið, það skal ég taka hér fram.

Það er sem sagt verið að vinna að úttektinni og hún mun leiða í ljós nákvæmlega kostnaðinn en ég vil taka sérstaklega fram, ekki síst vegna orða hv. málshefjanda, að það var hiti á húsunum. Þau rör sem sprungu voru einkum kaldavatnsleiðslur og líklega vegna þess að þegar ekki er búið í húsum hreyfist ekki vatnið. Auðvitað eru þetta öðruvísi hús en Íslendingar eiga að venjast hér, og ekki byggð samkvæmt íslenskum stöðlum o.s.frv. (**Gripið fram í:** ... bara vatn.) Íslenska ríkið mun bera tjónið, það liggur fyrir. Þessar eignir voru ekki tryggðar frekar en er almennt stefna ríkisins í sambandi við tryggingar.

Það er vissulega hægt að halda því fram að þarna hefði átt að vera eitthvert viðhaldseftirlit en þá hefði líka kostað peninga að halda því í gangi. Eftirlitið sem þarna hefur verið hefur verið á vegum sýslumannsembættisins og hefur miklu frekar snúið að mannaferðum. (Forseti hringir.) Ég ætla bara að taka fram að mér þykir mjög leitt að þetta skuli hafa gerst (Forseti hringir.) og biðst afsökunar á því.

[13:35]

**Drífa Hjartardóttir:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson kemur með mál inn á hv. Alþingi sem gerðist á varnarsvæðinu þar sem hús stórskemmdust af völdum frostskemmda. Það verður að segjast og taka undir það að hér áttu sér náttúrlega stað mikil mannleg mistök. (**ÖS:** En hjá hverjum?) Það skiptir kannski ekki máli hver er sökudólgurinn í þessu efni, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Skaðinn er skeður. (**ÖS:** Tæknileg mistök?) Þetta eru mistök og auðvitað verður að taka á þessum málum eins og hæstv. utanríkisráðherra greindi frá áðan.

Það má segja að tjónið hefði getað orðið miklu meira en varð. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að heita vatnið var á húsunum en kaldavatnslagnirnar brustu. Það verður líka

að segja til varnar að núna í nóvembermánuði hafa verið óvenjumiklar frosthörkur. Þær hafa ekki verið svona miklar um margra ára bil og það er nú þannig með okkur Íslendinga að við viljum oft gleyma því hvað veturinn getur borið snemma að. Ég held að við eigum ekki að vera að hengja einn eða neinn varðandi þessi mál. Þarna urðu mannleg mistök og á þeim verður tekið. Þannig er það nú.

[13:37]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Manni hlaut náttúrlega að bregða mjög í brún þegar fréttir bárust af þessu í gærkvöldi. Myndirnar sem við sáum í sjónvarpinu af þessum íbúðum voru vægast sagt skelfilegar.

Þetta er vítavert kæruleysi og ég held að við hljótum að gera kröfu um það að hér verði látin fara fram lögregluransókn á því hvað virkilega fór úrskeiðis. Við þurfum að gera okkur fulla grein fyrir því hvað gerði það að verkum að þessi verðmæti fóru svona í súginn. Var hér um að ræða einhver tæknileg mistök? Var hér hreinlega um að ræða vítavert kæruleysi? Þetta verðum við að fá botn í. Það dugar ekki að hæstv. utanríkisráðherra komi upp í ræðustól og biðjist afsökunar á þessu. Við verðum að fá þetta á hreint.

Ég leyfi mér að andmæla því að þetta séu eitthvað öðruvísi hús en önnur hús á Íslandi. Þau eru það ekki. Við þingmenn Suðurk. vorum um daginn á ferð um flugvallarsvæðið og keyrðum m.a. fram hjá þessum blokkum. Okkur var tjáð af fulltrúum sem sjá um þessi mannvirki að þessi hús væru í engu frábrugðin íslenskum húsakosti að öðru leyti en því að þarna væri öðruvísi rafmagn en í íslenskum húsum. Það eina sem þyrfti að gera til að gera þessi hús byggileg fyrir Íslendinga væri að breyta rafmagninu og þar með væri allt klappað og klárt. Flóknara var það ekki.

Virðulegi forseti. Enn og aftur, það er algerlega ófyrirgefanlegt að þetta skyldi hafa gerst hér á Íslandi þar sem fólk hefur lifað í þessu landi og veit alveg hvernig aðstæður eru og veit að svona mistök eiga alls ekki að geta gerst. Enn og aftur, fulla lögregluransókn í þessu máli.

[13:39]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Virðulegur forseti. Í þessari umræðu hafa talað tveir bændur. Hér talar fyrrverandi sjómaður. Það hefur verið venja hjá þessum stéttum landsins að fylgjast með veðri og veðurspám. Þeir aðilar sem hafa þessa starfsreynslu ættu auðvitað að hafa gert sér grein fyrir því að ákveðið froststig og ákveðinn vindur myndar ákveðna kælingu. Þetta veit ég að hæstv. utanríkisráðherra veit mætavel.

Það þarf kannski að koma þessari þekkingu til þeirra aðila sem hafa eftirlit með húsunum að 6 stiga frost og 7 vindstig búa til mikla kælingu. Hafi það ekki verið þeim ljóst sem áttu að hafa eftirlit með þessum húsum hefur þekking hæstv. utanríkisráðherra ekki komist til skila til þess fólks sem átti að líta eftir þessu.

Hitt er annað mál varðandi þær eignir sem við erum að tala um að verið var að setja heimildargrein inn í fjárlögin um að þeim mætti ráðstafa til borgaralegra nota. Þær verða sennilega ekki mikils virði eins og þær líta út í dag, a.m.k. þær sem verst eru farnar, sem er mikill skaði. Það er alveg furðulegt að það skuli ekki vera klappað og klárt að menn sem eiga að hafa eftirlit með þessum húsum geri sér grein fyrir því að íslenskt veðurfar sé eins og það er og geti þá brugðist við og séð til þess að þjóðin verði ekki fyrir stórskaða vegna handvammar.

[13:41]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Mér er mjög til efs að lögregluransókn þurfi að fara fram þó að orðið hafi frostskemmdir í mannvirkjum á Íslandi. Það hefur gerst áður. Eins og hér hefur komið fram varð mikið slys á Keflavíkurflugvelli og orsakirnar eru fyrst og fremst kuldi, hátt vindstig en síðast en ekki síst að þarna eru mannlaus mannvirki. Þetta eru mannlausar íbúðir og hugsanlega hefði eftirlitið mátt vera meira.

Það liggur líka fyrir að ríkisvaldið situr uppi með mikið tjón og þar er kannski hættan í hnotskurn, að eftir að varnarliðið fór eignaðist íslenska ríkið mannvirki, sum hver glæsileg, tugþúsundir fermetra sem eru mikil verðmæti ef þeir komast í notkun. En þar liggur líka hættan, því lengur sem þessi mannvirki standa ónotuð, þeim mun meiri líkur eru á slysum af þessu tagi. Þeim mun minni líkur eru á að einhver verðmæti fáist út úr þessum mannvirkjum. Þess vegna er mjög mikilvægt að Þróunarfélagið sem var stofnað um rekstur vallarins fái þessi mannvirki til ráðstöfunar. Markmið Þróunarfélagsins er ekki síst það að koma mannvirkjunum í notkun. Þannig verða til verðmæti úr þessum mannvirkjum. Þannig er hægt að koma í veg fyrir frekari slys, þ.e. með því að taka mannvirkin í notkun. Þannig búum við til verðmæti fyrir ríkissjóð og þannig búum við til verðmæti fyrir samfélagið á Suðurnesjum.

[13:42]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Það er alveg ljóst af svörum hæstv. ráðherra að það var ekkert eftirlit innan dyra í þeim mörgu húsum sem þarna standa og hafa staðið auð frá því að herinn fór. Maður hlýtur að spyrja hvernig í ósköpunum geti staðið á því að utanríkisráðuneytið, sem fer með þessi mál og hefur þessi hús á sinni könnu, gangi þannig frá málum að ekkert eftirlit sé innan dyra í húsunum. Ef við bregðum okkur frá í hálfan mánuð í frí til sólarlanda eða eitthvað slíkt fáum við fólk til að fara inn í húsin okkar á þessum hálfa mánuði bara til að sjá hvort ekki sé örugglega allt í lagi. Það er hygginna manna háttur. Það verður ekki hægt að segja að utanríkisráðuneytið hafi staðið sína plikt þarna.

Mér finnst hæstv. ráðherra reyna að tala þetta tjón niður, þetta hafi verið öðruvísi hús og að við þurfum að gera okkur grein fyrir því. Hæstv. ráðherra sagði líka í sjónvarpsfréttum klukkan 12 að einhver hús hefði átt að rífa. Ég er ekki viss um að það séu þessi hús sem átti að rífa. Þetta er mikið tjón. 13 fjölbýlishús mjög skemmd af vatni, sagði hæstv. ráðherra sjálf áðan.

Gerum okkur í hugarlund að í 13 fjölbýlishúsum í Breiðholti hefðu orðið miklar vatnsskemmdir, tugir íbúða í hverju húsi. Hefðum við talað um lítið tjón? Hefðum við reynt að telja fólki trú um að hér væri um tugmilljóna króna tjón að ræða en ekki hundruð milljóna? Við vitum það sem höfum lent í vatnsskemmdum innan dyra hvað það kostar

að gera við slíkar skemmdir. Það er aldrei undir 1,5–2 millj. á íbúð. Ef íbúðirnar eru 200 getur hver sem er reiknað.

Utanríkisráðuneytinu var margoft bent á það af fleiri en einum aðila að það væri nauðsynlegt að láta fara fram eftirlit innan dyra í þessum húsum. Utanríkisráðuneytið brást ekki við, og við hljótum að spyrja: Hver ber á því ábyrgð? Hver ber ábyrgðina á því að það hefur orðið tjón upp á fleiri hundruð milljónir? Það er ekki nóg að koma hér og segja: Ég biðst afsökunar.

[13:45]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson spyr: Hver bar ábyrgðina? Það hlýtur að liggja í augum uppi að sá sem ber hina formlegu ábyrgð á þessu er auðvitað hæstv. utanríkisráðherra. Hún hefur sjálf í reynd viðurkennt það með því að koma hingað og biðjast afsökunar á þeim mistökum sem hún ber formlega ábyrgð á.

Mér finnst það skipta miklu máli í þessari umræðu að hv. þm. Jón Gunnarsson upplýsti það í ræðu sinni áðan að utanríkisráðuneytinu hafi mörgum sinnum, ekki bara einu sinni heldur mörgum sinnum, verið bent á nauðsyn eftirlits. Bersýnilega brást ráðuneytið með engu móti við því. Hæstv. ráðherrann skýrir þessa atburði með því að ekki hafi verið eftirlit með öðru en mannaferðum. Í því felst viðurkenning hæstv. ráðherra á því að ekki hafi verið brugðist við þeim ítrekuðu óskum að eftirlit væri haft með þessum miklu fasteignum.

Mér fannst síðan ræða hins ágæta þingmanns Drífu Hjartardóttur vera fjarri öllum raunveruleika. Hún hélt því fram að óvanalegar veðurhörkur hefðu leitt til þess að menn hefðu ekki brugðist rétt við. Er það þannig fyrir okkur sem búum á Íslandi að við gerum ráð fyrir því að ekki verði frost að vetri til? Er það ekki eðlisfræðilegt lögmál að þegar hiti fer undir frostmark frýs vatn og þá er hætta á svona?

Frú forseti. Fyrst klúðruðu þeir varnarsamningunum. Síðan klúðruðu þeir samningum um viðskilnað. Þar á eftir klúðruðu þeir greiðslunum. Þeir tóku fasteignir upp í kostnað sem Íslendingar þurftu að inna af höndum og núna klúðruðu þeir líka því. Er hægt að komast öllu neðar, frú forseti?

[13:47]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Þetta er ekki gamanmál. Hér er á ferðinni nokkuð sem hæstv. ráðherra hlýtur að láta fara mjög vel yfir í ráðuneyti sínu. Hvernig stendur á því að menn láta heilt bæjarfélag, eins og þarna var, standa eftirlitslaust? Það dettur engum í hug að yfirgefa íbúðina sína lengur en viku án þess að láta fylgjast með henni. Þarna stendur heilt bæjarfélag og þá á bara að gá að því hvort á ferðinni séu einhverjir til að stela verðmætum, ekki að fylgjast með af öryggisástæðum eins og þarna hefði þurft að gera.

Ég held að það verði að upplýsa hverjir áttu að bera ábyrgð á þessu svæði. Það getur ekki verið annað en að einhverjum hafi verið falin ábyrgð á því að gæta öryggis á þessu svæði. Þeir aðilar hafa greinilega ekki verið starfi sínu vaxnir úr því að þeir töldu ekki ástæðu til að hafa eftirlit með eignunum sem þarna eru. Það getur ekki komið fólki á óvart að það frjósi á þessum árstíma á Íslandi. Það bara getur ekki verið.

Það að þessi hús séu eitthvað öðruvísi en önnur hús á Íslandi er heldur ekki rétt. Þau hafa að minnsta kosti staðið fram að þessu án þess að svona tjón yrði. Þeir sem hafa búið þar eru ekki aldir upp á Íslandi, eða fæstir af þeim, þannig að þeir hafa þó a.m.k. kunnað til verka við að passa þessar eignir.

Hér verða menn að upplýsa málið, ekki vegna þess að endilega þurfi að hengja einhverja eins og hér hefur komið fram í umræðunni heldur þurfa menn að vita hvers vegna þetta brást allt saman til að ekki verði önnur tjón í framhaldinu. Menn þurfa að læra af mistökunum. Hér eru aldeilis mistök á ferðinni og ástæða til að læra af þeim.

[13:49]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmenn vita ákaflega vel hvernig ég hefði átt að gera þetta allt saman. En það eru gömul sannindi og ný að það er ákaflega auðvelt að vera vitur eftir á. Það get ég alveg sagt líka, eftir á að hyggja finnst mér að þarna hefði verið hægt að standa betur að málum. Ég endurtek þó að það var hiti á húsunum. Þó að þarna hefði verið eitthvert ágætt lið sem hefði haft það hlutverk að fylgjast með húsunum og fara inn í þau er ekki þar með sagt að það fólk hefði getað komið í veg fyrir þessar skemmdir, a.m.k. ekki að öllu leyti. Það er ekki hægt að fylgjast stöðugt með húsum. Það liggur líka ljóst fyrir. (Gripið fram í.)

En þannig er að Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur frá 1. október sl. haft lyklavöldin á svæðinu en Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. sem stofnað var 24. október er í þann mund að taka við þeim svæðum sem því er ætlað að bera ábyrgð á. Þróunarfélagið mun þar með taka við hlutverki staðarhaldara á þessu svæði.

Það má kannski segja að þarna sé búið að vera ákveðið millibilsástand. Út af orðum hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar vil ég segja að það kom fyrir mig, þótt ég sé bóndi eins og hann segir, að allt rafmagn fór af húsinu mínu fyrir norðan fyrir nokkrum árum. Þar með fraus vatnið og það urðu skemmdir. Það er slæmt þegar þetta gerist en það var þó af því að hitinn fór af. Í þessu tilfelli fór ekki hitinn af. En bara vegna þess að enginn býr í húsunum og það er engin hreyfing á vatninu frýs það.

Þetta er mjög slæmt mál. Ég tek alveg undir það með hv. þingmönnum. Mér finnst mjög slæmt að þetta skuli hafa gerst — en það er svo auðvelt að vera vitur eftir á.

## *Landsvirkjun, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 364. mál (eignarhald og fyrirsvar). — Þskj. 396.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

### *Breyting á lögum á orkusviði, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 365. mál (eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik). — Þskj. 397.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

### *Orkustofnun, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 367. mál (tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl.). — Þskj. 399.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

### *Umræður utan dagskrár.*

Þróun í fjarskiptaþjónustu eftir einkavæðingu Símans.

[13:53]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Eitt af yfirlýstum markmiðum stjórnvalda með einkavæðingu og sölu Símans var að lækka notendagjöld og hækka þjónustustig, samkeppnin mundi leysa fjarskiptamálin. Landssíminn var alveg fram að einkavæðingu með ein lægstu notendagjöld miðað við nágrannalöndin. Viðbragðsflýti starfsmanna Símans vítt og breitt um landið vegna viðgerða eða þess að taka inn nýtt símainntak var viðbrugðið. Síminn hafði þjónustustöðvar víða um land sem brugðust fljótt við og skópu öryggi. Þetta hefur breyst.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti óskar eftir að ró komist á í salnum.)

Starfsstöðvum Símans hefur verið lokað, t.d. á Blönduósi, Sauðárkróki, Siglufirði — um allt land hefur starfsstöðvum Símans verið lokað. Fólk þarf að bíða vikum saman eftir að fá nýtt inntak fyrir síma. Vissulega hefur tæknin orðið flóknari en þjónustan er þeim mun mikilvægari.

„Ég sótti um síma um mánaðamótin júní/júlí og hélt í barnaskap mínum að síma fengi ég innan mánaðar því mér var tjáð að sunnan að það tæki um viku að fá taug inn. Nei, aldeilis ekki, og nú er 3. október og ég er ekki enn tengdur," segir í bréfi til mín frá einum notanda á Snæfellsnesi.

Ný skýrsla um samanburð á farsímamörkuðum á Norðurlöndum sýnir að fram til ársins 2002 voru þau einna lægst á Íslandi en frá þeim tíma hafa þau hækkað um allt að 40% á fjórum árum meðan þau hafa lækkað um 50–60% annars staðar á Norðurlöndunum. Nú eru þau langhæst hér af öllum þessum löndum. Niðurstaða skýrsluhöfunda er sú að markaðurinn á Íslandi einkennist af fákeppni þar sem tvö símafyrirtæki skipta markaðnum á milli sín. Er þetta þróunin sem einkavæðing Símans átti að færa okkur?

Fjarskiptaáætlun var kynnt vorið 2005, þ.e. fyrir rúmu ári, og bundu landsmenn við hana miklar vonir. Þar stendur m.a. að allir sem þess óska hafi aðgang að háhraðaneti árið 2007. Er það svo? Verður það svo? Hvernig hafa staðist markmið um öflugt háhraðanet í grunn- og framhaldsskólum landsins sem átti að vera komið á árið 2006?

Nú er í gangi undirskriftasöfnun á vegum Snerpu á Ísafirði þar sem krafist er jafnréttis í aðgengi að fjarskiptaþjónustu, bæði í verði og gæðum, en þar er þjónustan seld á miklu hærra verði en tilsvarandi þjónusta á höfuðborgarsvæðinu. Snerpa mótmælir því og krefst þess að Síminn veiti þá þjónustu sem við borgum fyrir og dragi til baka þá ákvörðun að skipta landinu upp í misstór gjaldsvæði í skjóli einokunar.

Ég hef því leyft mér, frú forseti, að beina fyrirspurnum til hæstv. samgönguráðherra:

Hver hefur verið þróun á grunngjöldum og almennu verði síma- og fjarskiptaþjónustu hér á landi í samanburði við nágrannalöndin, t.d. sl. átta ár? Hvernig hyggst ráðherra tryggja jafnræði í verði, gæðum og þjónustu í síma- og gagnaflutningsþjónustu hér á landi óháð búsetu?

Einnig eru niðurstöður nýrrar skýrslu um samkeppni og fjarskiptaeftirlit á norrænum farsímamörkuðum sem ég vitnaði til áðan í samræmi við væntingar í kjölfar einkavæðingar á sölu Símans — fjórföld hækkun á farsímagjöldum.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við þeirri gífurlegu verðhækkun sem sú skýrsla leiðir í ljós að hér hafi orðið? Mun ráðherra beita sér fyrir nákvæmri úttekt á því hvernig þróun fjarskiptamála hefur orðið í raun á síðustu 4–5 árum miðað við þær væntingar sem við höfðum? Við fáum mótmæli og ábendingar um lélega þjónustu hvaðanæva að af landinu. Væntingar fólks um að fá betri fjarskiptaþjónustu eru miklar, enda er einn grunnur þess að við getum haldið hér uppi samkeppnishæfri búsetu um allt land einmitt fjarskiptin.

Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem ég hef hér lagt fram, frú forseti.

[13:57]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu áhugamáli okkar margra, fjarskiptum á Íslandi og uppbyggingu fjarskiptakerfanna. Í kjölfar þess að við gerðumst aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði voru fjarskipti gefin frjáls á Íslandi. Það var stofnað sérstakt félag um Símann og Pósturinn slitinn frá þessu fyrirtæki á sínum tíma, 1997. Eftir það hefur Síminn, Landssími Íslands hf. áður, starfað á samkeppnismarkaði og Póst- og fjarskiptastofnun haft það hlutverk að sinna stjórnsýsluaðhaldi og eftirliti. Síðan voru hlutabréfin í Símanum seld og nú er rúmt ár síðan ríkið sleppti algerlega hendinni af þessum rekstri. Samfara því var stofnaður svokallaður Fjarskiptasjóður sem hefur það verkefni að halda áfram að byggja upp í dreifbýlinu.

Á þessum síðustu árum hefur orðið geysilega hröð þróun í uppbyggingu fjarskiptanna. Þétting farsímanetanna hefur orðið mjög hröð og uppbygging mikil. Árið 2000 voru 187 þús. notendur GSM-síma. Í ár eru þeir 284 þús. þannig að það er geysileg aukning á þessum tíma.

Háhraðatengingar hafa byggst upp á vegum fjarskipta-

fyrirtækjanna. Árið 2004 svaraði ég fyrirspurn með að það væru 20 þús. íbúar sem ekki hefðu aðgang að háhraðatengingum. Í síðustu viku svaraði ég sambærilegri fyrirspurn með að það væru 6.300 þannig að breytingin er geysilega mikil í þessari uppbyggingu á undanförnum árum. Fleira mætti telja en ég hef því miður ekki tíma til að fara ofan í það.

Samkvæmt upplýsingum úr skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu frá síðasta ári hafa Íslendingar greitt lægstu gjöld fyrir heimilissíma ef miðað er við kaupgetu, og fyrir árið 2006 er niðurstaða fyrirtækisins Teligen sú að Ísland er með þriðja lægsta kostnað fyrir meðalnotkun á heimilissíma á eftir Kanada og Bandaríkjunum. Staða okkar hvað þetta varðar er býsna góð í samanburði við önnur lönd. Ef miðað er við meðalnotkun heimilissíma á Norðurlöndum er ódýrast hér á landi að nota heimilissíma. Þetta eru geysilega mikilvægar upplýsingar, finnst mér.

En síðan er margs konar önnur þjónusta á sviði fjarskiptanna sem heimilin þurfa að nýta sér, og nýta sér mjög vel. Sérstaklega er það farsíminn. (**Gripið fram í:** Hann er ...) Ég á ekki von á því að svo sé. En í nýlegri úttekt á vegum eftirlitsstofnana var þessi markaður greindur. Nokkrar deilur hafa staðið á milli stofnananna sem gerðu úttektina og fjarskiptafyrirtækjanna þannig að það er best að hafa sem fæst orð um þær orðræður fjarskiptafyrirtækjanna og eftirlitsstofnananna á meðan verið er að greiða úr þeirri flækju. Það er hins vegar alveg ljóst að það þarf að veita fjarskiptafyrirtækjunum hart eftirlit á markaði. Bæði samkeppnisyfirvöld og Póst- og fjarskiptastofnun veita þessum fyrirtækjum að sjálfsögðu aðhald eins og lög gera ráð fyrir.

Póst- og fjarskiptastofnun vinnur nú að markaðsgreiningu fyrir farsímamarkaðinn. Ef markaðsgreining leiðir í ljós að ekki ríkir virk samkeppni á viðkomandi markaði og að fjarskiptafyrirtæki á þeim markaði, eitt eða fleiri, hafa umtalsverða markaðshlutdeild getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á viðkomandi fyrirtæki til að skapa keppinautum þeirra eðlileg samkeppnisskilyrði og draga úr hugsanlegum áhrifum fyrirtækja á samkeppnina á markaðnum. Um þetta er fjallað í fjarskiptalögum. Þetta er sú vörn sem við höfum á forsendum laga til að tryggja hagsmuni hins almenna notanda. Við hljótum að vísa til þess hér í umræðu á Alþingi hvaða lagaramma við höfum sett til að tryggja hagsmuni neytenda. Ég vísa til þess út af fyrirspurnum hv. þingmanns að við höfum ekki á borðinu í samgönguráðuneytinu neina sérstaka úttekt á stöðu þessara mála. Samkeppnisyfirvöld og Póst- og fjarskiptastofnun eru að vinna í þessu sérstaklega og það beinist m.a. (Forseti hringir.) að farsímamarkaði eins og fyrr kom fram hjá mér í þessu svari.

[14:04]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Fyrrverandi iðnaðarráðherra sagði æ, æ, þegar stórhækkun á rafmagnsreikningum bænda og fjölmargra atvinnurekenda á landsbyggðinni lá fyrir, setti nefnd í málið og síðan ekki söguna meir.

Samgönguráðherra kemur af fjöllum og lætur sig litlu varða þegar upplýst er að síma- og fjarskiptakostnaður hafi stórhækkað eftir sölu Símans. Ráðherrann sýnir engin viðbrögð þótt viðhaldsþjónusta sé stöðugt dregin saman á landinu, starfsfólki sagt upp eða flutt til þannig að nú eru heilu landsvæðin að verða án þjónustu. Suðurfirðir Vestfjarða munu búa við algjört óöryggi í símamálum og þjónustu við endurvarpsstöðvar útvarps frá næstu áramótum, hvort tveggja grundvallaröryggistæki á landsvísu. Ráðherrann beinir atvinnuvegum sem byggja á nútímavegasamgöngum, almennilegri flutningsgetu og samkeppnishæfu verði og þjónustu til Reykjavíkur. Enda hefur núverandi ríkisstjórn tekið ákvörðun um að styrkja búsetu á þrem stöðum á landinu, á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Miðausturlandi. Öll önnur svæði mega éta það sem úti frýs í stefnumótun ríkisstjórnarinnar, líka Ísafjörður, sem hafður er með til málamynda.

Það er stundum notuð sú ágæta samlíking þegar skilningur manna er tregur að leiðslur séu langar. Það er viðeigandi að nota um skilning hæstv. ríkisstjórnar á málefnum dreifbýlisins og einnig að flutningsgetan sé á borð við það sem gerðist fyrir 20–30 árum. Metnaður í þeim málum sem heyra undir hæstv. samgönguráðherra hefði átt við fyrir 20–30 árum, hvort heldur er í vegagerð eða síma- og fjarskiptamálum. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Það er tilhlökkunarefni að nú hyllir undir nýjan samgönguráðherra með metnað og framsýni.

[14:06]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég vil í byrjun taka undir þau sjónarmið hjá hv. málshefjanda að það sé full ástæða til að fylgjast með verðlagningu fjarskiptafyrirtækja og veita þeim aðhald og sjá til þess að samkeppni sé ríkjandi á þessum markaði. Ég vil með sama hætti taka undir þau sjónarmið að landið verði eitt gjaldsvæði. Þar með hygg ég að leiðir mínar og hv. málshefjanda skilji, því að af máli hans og svo oft í ræðum hans hér mætti ætla að ekkert hafi gerst í fjarskiptamálum síðustu árin, sérstaklega eftir að ríkið hætti að standa í þeim rekstri. Þá hljótum við að spyrja: Er það virkilega svo? Ég vil nefna aðeins örfá atriði.

Það eru ekki nema rétt rúmlega tvö ár síðan Farice-strengurinn var opnaður sem olli byltingu í samskiptum okkar við útlönd og á sinn þátt m.a. í útrás margra útrásarfyrirtækja. (Gripið fram í.)

Í annan stað vil ég nefna að NMT-kerfið er að ganga sér til húðar en er u.þ.b. að verða leyst af með nýrri tækni sem gjörbyltir NMT-tækninni.

Í þriðja lagi er með sama hætti í undirbúningi og stutt í að tekið verði upp landsdekkandi Tetra-kerfi sem mun leiða til byltingar á öryggissviði. Ég nefni 1. áfanga í útboði Fjarskiptasjóðs þar sem göt í GSM-kerfinu á hringveginum á fimm helstu heiðarvegum eru tekin. Í annan stað er verið að bjóða út í 2. áfanga á vegum Fjarskiptasjóðs GSM á helstu ferðamannastaði. Ég nefni það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að fyrir 2004 voru um 20 þúsund heimili án háhraðatengingar, þau eru 6.300 núna, og innan rúmlega tveggja ára verður að öllum líkindum búið að tengja þau öll.

Svo kemur hv. þm. Jón Bjarnason og segir: Það hefur lítið gerst í fjarskiptamálum. Það er einfaldlega rangt.

[14:08]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði áðan að það væri rangt að lítið hefði gerst í fjarskiptamálum. Það er að vissu leyti rétt, það hafa orðið tímamót í fjarskiptamálum, þau eru því miður bara niður á við, árangurinn er niður á við.

Það sem stefnt var til með einkavæðingu Símans og einkavæðingu raforkukerfisins hefur orðið neytendum til skaða. Það verður bara að segja hlutina eins og þeir eru. Við stöndum uppi með það að fólk á landsbyggðinni hefur skaðast af þessari stefnu. Það er ekki samkeppni á þessum mörkuðum, samkeppnin virkar ekki, þetta er fákeppni/tvíkeppni. Draumur ríkisstjórnarinnar um hraða einkavæðingu og aukna samkeppni hefur því miður snúist upp í martröð þeirra sem eiga að njóta. Það eru þeir sem bera skaðann af stefnunni og þurfa að greiða fyrir með hærra verði. Það er öðruvísi verðlag á landsbyggðinni en á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þar er slakari þjónusta og starfsstöðvar lagðar niður. Afleiðingin er sú að við erum verr stödd á þjónustusviðinu og það virðist stefna til þess að við verðum líka verr stödd varðandi verðlagningu, a.m.k. að því er landsbyggðina varðar. Þannig er það, hæstv. forseti.

Því er ómögulegt annað en að finna að þessari framkvæmd allri eins og hún hefur verið. Það væri sómi að því fyrir ríkisstjórnina að fara að viðurkenna það að einkavæðingarferlið sem átti að leiða til samkeppni hefur ekki tekist. Menn sitja bara uppi með skömmina af þeim verkum sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur.

[14:10]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Eftir breytingar á rekstri og síðan sölu Landssíma Íslands eru ýmsir annmarkar einkavæðingarinnar að koma í ljós. Markmið þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010 eru víðs fjarri og hvað varðar stóra landshluta eða hinar dreifðu byggðir virðast markmiðin vera enn fjarlægari en þingsályktunin gerir þó ráð fyrir.

Ástæðurnar eru margþættar en fákeppni, einokun og forgangsröðun verkefna í krafti markaðslögmála og arðsemiskröfur fyrirtækjanna eru helstu ástæðurnar. Það borgar sig fyrir fjarskiptafyrirtækin að einbeita sér að höfuðborgarsvæðinu og helstu þéttbýlisstöðunum. Hinar fámennari byggðir verða seint arðsamar í þjónustu.

Háhraðatengingar eru stundum nefndar þjóðvegir nútímans þar sem nær öll samskipti og þjónusta fara fram með rafrænum hætti eða eru háð rafrænum samskiptum. Háhraðatenging á öll heimili í landinu sem þess óska árið 2007, segir í fjarskiptaáætlun, og var Fjarskiptasjóði ætlað að styrkja þau svæði sem ekki teldust sterk á samkeppnismarkaði. Enn er ekki farið að úthluta úr sjóðnum í þetta verkefni og hafa sveitarstjórnir því farið þá leið að leggja sjálfar í umtalsverðan kostnað til að missa hreinlega ekki fólk og fyrirtæki út af svæðunum.

Þessu til viðbótar eykur nýleg gjaldskrá Símans misrétti milli þegna landsins þar sem hún byggir á markaðslögmálum og skiptir því landinu í misdýr gjaldsvæði. Íbúar Hafnar í Hornafirði og á Ísafirði hafa mótmælt þessu misrétti og krafist þess að Síminn veiti þá þjónustu sem greitt er fyrir og dragi til baka þá ákvörðun að skipta landinu upp í misdýr gjaldsvæði í skjóli einokunar. Aukinn kostnaður fellur því bæði á sveitarfélög og íbúa þeirra svæða sem búa við markaðsbrest.

Frá því að Síminn var seldur hefur fjöldi farsímafyrirtækja staðið í stað hér á landi og verð til neytenda hefur hækkað þveröfugt við það sem haldið var fram við einkavæðinguna og þvert á þá þróun sem er á öðrum Norðurlöndum. En til að draga úr neikvæðum áhrifum einkavæðingarinnar var komið á sérstökum Fjarskiptasjóði (Forseti hringir.) og fjarskiptaáætlun. Hver á að fylgja þeim markmiðum eftir?

[14:13]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé tvennt sammerkt með öllum sem á Alþingi sitja. Í fyrsta lagi að tryggja hag neytenda og í öðru lagi að tryggja þeim fyrirtækjum sem vilja veita þessa þjónustu góð rekstrarskilyrði.

10. október sl. kallaði samgöngunefnd á sinn fund forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar vegna fréttaflutnings af málum sem hér hafa verið rædd, m.a. þær fullyrðingar að það eina sem væri ódýrara á Íslandi núna hvað símnotkun snerti væru fastlínutengingarnar. Sú þróun hefði orðið að farsímagjöld hefðu hækkað hér á landi á meðan þau hefðu lækkað á öðrum Norðurlöndum. Símafyrirtækin mótmæltu þessu og sögðu að þetta væri ekki rétt, ekki væri tekið tillit til afsláttar símgjalda o.s.frv.

Það upplýstist hins vegar á fundi samgöngunefndar að viðmiðið sem sú ágæta nefnd Norðurlandanna byggir niðurstöðu sína á er það að farið er eftir svokölluðu heildsöluverðsgjaldi, þ.e. grunngjaldi, þar sem ekki er tekið tillit til afsláttar eða annars þvílíks.

Í annan stað kom í ljós að á sama tíma og GSM-notkun á Íslandi hefur minnkað í samanburði við önnur Norðurlönd þá hafa gjöldin hækkað. Þetta vildi samgöngunefnd fá fram og þetta var rætt ítarlega. Auk þess kom margt athyglisvert fram, m.a. að það eru einhverjir þröskuldar fyrir þá aðila sem vilja komast í þessa þjónustu með þeim fyrirtækjum sem fyrir eru. Það kom fram að Síminn er með 65% hlut og Vodafone með 35%. Aðrir virðast ekki eiga aðgang að þessu kerfi. Ég held að við þurfum að skoða það alvarlega hvaða (Forseti hringir.) þröskuldar það eru sem eru þess valdandi að öðrum aðilum gefst ekki tækifæri til að komast inn í þessa þjónustu.

[14:15]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Margt athyglisvert hefur komið fram í þessari umræðu. Það var t.d. athyglisvert að hæstv. samgönguráðherra fór nokkuð mörgum orðum um hversu ódýr heimasíminn væri orðinn hjá Íslendingum en vildi síðan sem fæst orð hafa um kostnað við farsíma. En bent hefur verið á að kostnaður vegna farsímanotkunar hefði vaxið gífurlega hér á landi.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom síðan með aðvaranir og fór yfir viðmið sem viðhöfð höfðu verið varðandi þann samanburð sem gerður var á Norðurlöndunum.

Það er auðvitað eðlilegt að einhver viðmið séu valin en séu mikil afsláttarkjör á Íslandi þá eru afsláttarkjör líka víðar og í öðrum löndum. Þegar menn gera svona samanburð þá velja menn að sjálfsögðu viðmið þannig að niðurstaðan hlýtur að vera sú að hér hafi eitthvað óeðlilegt gerst. Því er eðlilegt, eins og hæstv. ráðherra sagði, að við höfum strangt eftirlit með þeim fyrirtækjum sem á þessum markaði eru.

Frú forseti. Það var fleira sem gerðist þegar Síminn var seldur. Hæstv. ráðherra nefndi m.a. Fjarskiptasjóð sem átti að einbeita sér að því að byggja upp þjónustu í dreifbýli, stytta þann tíma sem ella tæki fyrir alla að fá háhraðatengingar og sjá til að GSM-síminn væri virkur nær alls staðar, a.m.k. á vegum úti.

Í síðustu viku þegar við þingmenn í Norðausturkjördæmi hittum sveitarstjórnir á Norðurlandi þá má segja að það hafi verið rauður þráður í gegnum öll þau viðtöl að ekkert hefði í raun gerst í þessum efnum annað en að hæstv. ráðherra hefði farið í fundaherferð um landið og skapað miklar væntingar um að nú væri þetta allt að komast í lag. En því miður, miðað við það sem sveitarstjórnarmenn sögðu okkur þingmönnum í Norðausturkjördæmi, þá virtist lítið sem ekkert hafa gerst á svæðum þessara sveitarstjórnarmanna.

[14:17]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv . forseti. Við markaðsvæðingu Símans var það eitt af skilyrðum okkar framsóknarmanna að ráðist yrði í miklar endurbætur á fjarskiptum í dreifbýli. Í framhaldinu var stofnaður sérstakur Fjarskiptasjóður sem varið var til 2,5 milljörðum kr. Í framhaldi af þessu er verið að ráðast í uppbyggingu fjarskipta á landsbyggðinni sem annars hefði ekki verið hægt að ráðast í nema þá með mjög mikilli skuldbindingu ríkissjóðs. (**Gripið fram í:** Nei.)

Hæstv. forseti. Þegar hv. stjórnarandstaðan talar um að enginn árangur hafi náðst og segir að heldur hafi þróast í hina áttina, ef eitthvað hafi verið, þá vil ég minna á það sem hæstv. ráðherra benti á áðan, að árið 2004 höfðu 20 þúsund einstaklingar í landinu ekki aðgengi að háhraðaneti. Tveimur árum síðar eru það 6 þúsund einstaklingar sem ekki hafa slíka þjónustu. Auðvitað þurfum við að koma til móts við 6 þúsund einstaklinga. En þeim Íslendingum sem hafa aðgengi að háhraðaþjónustu hefur fjölgað um 14 þúsund á tveimur árum. Svo vogar stjórnarandstaðan sér að segja að þróunin hafi verið í hina áttina, að þjónustan hafi verið skert. (**Gripið fram í:** Gengur of hægt.)

Það er lágmarkskrafa sem við hljótum að gera til stjórnarandstöðunnar að hún fari rétt með í málflutningi sínum á Alþingi. Ég vil benda á að í fjáraukalögum 2006 er gert ráð fyrir að setja 500 millj. kr. aukalega í Fjarskiptasjóð til að bæta þjónustuna enn frekar. Róm var ekki byggð á einum degi en það stendur til að bæta þjónustuna við alla landsmenn á þessu sviði. Við setjum mikla fjármuni í þennan málaflokk. Þetta er mikið áhersluatriði hjá okkur öllum og stjórnarandstaðan á ekki að gera lítið úr þeim fyrirætlunum sem ríkisstjórnin hefur í þessum efnum.

[14:19]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það ætti að vera umhugsunarefni fyrir stjórnarliða að fylgjast með þeirri nauðvörn sem hæstv. samgönguráðherra þarf að beita í þessu máli. Gjöld hafa hækkað og þjónustan á landsbyggðinni hefur minnkað. Í gangi er fákeppni, einokun fyrirtækja og hvað gerir hæstv. ráðherra? Hann beinir talinu að allt öðru. Hann fer að tala um heimilissíma. Það er það eina sem hægt er að benda á að hafi ekki hækkað.

Ég var furðu lostinn þegar ég heyrði ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, hvað hann er kokhraustur yfir ástandi mála, þingmaður sem kemur frá Siglufirði, stað sem hefur orðið rækilega fyrir barðinu á stjórnarstefnu ríkisstjórnarinnar á umliðnum árum hvað varðar fjarskipti. Það mætti nefna loftskeytastöðina sem var lokað á Siglufirði og síðan hefur starfsstöð Símans þar verið lokað. Ég átta mig ekki á því hvað menn eru að fara og hvers vegna þeir ræða ekki um málið af sanngirni eins og hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gerði. Hann ræddi um að það væri áhyggjuefni að verð á farsímasamtölum hefði hækkað.

Nei, þessi umræða á annað skilið en svona kjaftavaðal, vil ég segja. Að menn séu að hreykja sér yfir nákvæmlega engu. Ástandið á landsbyggðinni er slæmt. Þetta eru málefni sem skipta miklu máli, samgöngumálin í víðustu merkingu, gagnaflutningar sem eru forsenda þess að hægt sé að byggja upp atvinnulíf á landsbyggðinni.

Ég vil nefna fleira í þessari umræðu. Ég bendi á að fyrirtæki sem eru í samkeppni við Símann og sum hver, eins og Snerpa sem er staðsett á Ísafirði, hafa leitað til Samkeppniseftirlitsins um að greitt verði úr þegar þau telja sig hafa orðið fyrir barðinu á ójafnri samkeppnisstöðu. Hvað gerist? Þau fá ekki afgreiðslu sinna mála. Þetta er alvarleg staða sem verður að ræða af alvöru.

[14:22]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún undirstrikar það hversu fjarskiptamál, símamálin, eru mikilvæg fyrir alla íbúa landsins hvar sem þeir búa. Ekkert er mikilvægara til að jafna búsetuskilyrði í landinu en jafnt aðgengi að fjarskiptum. Þar þurfa að vera jöfn gæði og sama verð en svo er ekki. Bilið virðist aftur farið að breikka milli íbúanna eftir því hvar þeir búa.

Það var metnaðarmál fyrir nokkrum árum að koma á jöfnuði milli allra landsmanna hvað þetta varðaði og styrk Landssímans var beitt í þeim tilgangi. En nú virðist þetta því miður hafa færst á annan veg. Við ræddum til að mynda áðan um verðhækkanir á farsímamarkaðnum.

Valgeir Guðjónsson, sem söng einu sinni um „Landssímalínu“ á árum áður, segir í viðtali við Fréttablaðið 29. september út af þessu: „Ja, verður maður ekki að taka þessu eins og hverju öðru hundsbiti?“ þegar rætt var um hækkanirnar. Nei, ég er ekki sammála að taka eigi þessu eins og hverju öðru hundsbiti. Við eigum að bregðast við. Okkur ber samfélagsleg skylda til að standa vörð um og byggja upp þessa þjónustu um allt land. Við eigum ekki að láta þetta yfir okkur ganga og taka þessu eins og hverju

öðru hundsbiti, einkavæðingu Símans, einkavæðingu orkugeirans o.s.frv. Nei.

Síminn er seldur. Hann skilar reyndar 2,5 milljörðum í arð á ári, svipuðu og núna er verið að leggja í Fjarskiptasjóð. Það var umræða um að grunnnetið væri til sölu fyrir nokkrum vikum. Væri kannski ráð að við skoðuðum þann möguleika að kaupa aftur grunnnetið þannig að nýta megi það til að styrkja flutningskerfið út um allt land.

Frú forseti. Ég tel mikilvægt að á þessum málum verði tekið af mikilli alvöru. Þetta styrkir okkur sem eina þjóð, (Forseti hringir.) að við stöndum saman og allir sitji hér við sama borð.

[14:24]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég er satt að segja mjög ánægður með hversu mikill áhugi er á þessu viðfangsefni, fjarskiptamálunum. Það vekur líka athygli mína að jafnvel hv. þm. Ögmundur Jónasson gerir enn ríkari kröfur til árangurs núna, eftir að búið er að selja Símann, um uppbyggingu en hann gat gert áður en Síminn var seldur, ef ég skil frammíkall hv. þingmanns áðan. (**ÖJ:** Í samræmi við breytta tækni, að sjálfsögðu.)

En aðalatriðið sem kemur út úr þessari umræðu er að halda mætti að hv. þingmenn hefðu ekki komið í kjördæmi sitt lengi, t.d. hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Ég tala nú ekki um málflutning hv. 6. þm. Norðvest. og þá óskaplegu neikvæðni. Ég velti því fyrir mér hvort þessi óskaplega neikvæði málflutningur í garð þjónustu við landsbyggðina og söngur um að allt sé að fara í kalda kol birtist síðan í prófkjörsárangri þingmanna. Ég held að hv. þingmenn gætu velt því fyrir sér í Samfylkingunni. (**SigurjÞ:** Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því.) Hins vegar er ástæða til þess að undirstrika það að uppbyggingin á sviði fjarskipta hefur verið mikil. Ég dreg ekkert í land með það sem ég hef sagt hvað það varðar. Það er í samræmi við kröfurnar sem við gerum. Við viljum hafa góð fjarskipti í landinu og þau skipta okkur miklu máli.

Grunnnetið var jafnvel til sölu, sagði hv. þm. Jón Bjarnason. Á hvers vegum var það? Hverjir voru að ræða um það? Það voru Vinstri grænir í borgarstjórn innan Orkuveitunnar að velta fyrir sér hvort kaupa ætti grunnnetið af Símanum. Það voru ekki sjálfstæðismenn. Það ber ekki allt upp á sama daginn (Forseti hringir.) hjá hv. þingmönnum Vinstri grænna (Forseti hringir.) — eitt eru orð og annað eru athafnir.

## *Ársreikningar, 1. umr.*

Stjfrv., 302. mál (vanskil á ársreikningi). — Þskj. 317.

[14:27]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

Samkvæmt lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, ber þeim félögum sem falla undir gildissvið laganna að semja og senda ársreikningaskrá ársreikning sinn til opinberrar birtingar innan nánar tilgreindra tímamarka en hlutverk ársreikningaskrár er m.a. að taka á móti, geyma og birta ársreikninga skilaskyldra félaga.

Þrátt fyrir skýra lagaskyldu um skil á ársreikningi er ávallt nokkur fjöldi félaga sem hvorki semur né skilar ársreikningum til ársreikningaskrár en samkvæmt núgildandi lögum um ársreikninga telst til meiri háttar brota sú háttsemi stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félaga sem skilaskyld eru samkvæmt lögunum að láta undir höfuð leggjast að semja ársreikning eða samstæðureikning. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem miða að því að auka skil félaga á ársreikningum til ársreikningaskrár.

Þegar upp kemur sú staða að ársreikningi er ekki skilað til ársreikningaskrár eru úrræði hennar til að bregðast við afar takmörkuð. Ársreikningaskrá getur einungis sent ítrekaðar áskoranir um skil á ársreikningi til stjórnar eða framkvæmdastjóra og ef þeim er ekki sinnt er eina úrræði ársreikningaskrár að vísa málinu til skattrannsóknarstjóra ríkisins. Skattrannsóknarstjóra ber að rannsaka hvað veldur því að ársreikningur félags er ekki lagður fram, sem leiðir til skýrslutöku hjá embættinu. Slík rannsókn getur verið nokkuð tímafrek þrátt fyrir að ástæða vanskila geti oft verið einföld.

Reynslan sýnir að í flestum tilfellum er bókhaldsóreiða ástæða fyrir vanskilum á ársreikningi til ársreikningaskrár en þá hefur ársreikningur viðkomandi félags ekki verið saminn. Einnig eru í undantekningartilfellum félög sem kjósa að leggja ekki fram ársreikning þrátt fyrir að hann hafi verið saminn. Ef ársreikningur hefur ekki verið saminn og sendur ársreikningaskrá er úrræði skattrannsóknarstjóra að senda málið til ríkislögreglustjóra, ef slík vanræksla telst vera meiri háttar brot samkvæmt lögunum, en ef vanskil á ársreikningi til ársreikningaskrár eru tilkomin vegna annarra ástæðna má vísa málinu til yfirskattanefndar til sektarmeðferðar. Þessi úrræði eru seinfarin og hafa hingað til ekki haft tilætluð áhrif.

Með frumvarpinu er lagðar til tvær breytingar. Sú fyrri snýr að því að gera greinarmun eftir stærð félagsins á alvöru þess að semja ekki eða skila ekki ársreikningi. Samkvæmt frumvarpinu teljast slík brot stjórnarmanna og framkvæmdastjóra stærri félaga áfram til meiri háttar brota en lagt er til að sams konar brot stjórnarmanna og framkvæmdastjóra minni félaga teljist ekki til meiri háttar brota en varði engu að síður viðurlögum. Með þessari aðgreiningu munu umrædd brot stjórnarmanna og framkvæmdastjóra minni félaga varða sektum sem heimilt er að leggja á félögin. Leiddar eru líkur að því að þessar breytingar geri það að verkum að rannsókn mála og álagning viðurlaga verði skilvirkari.

Síðari breytingin sem felst í frumvarpinu er að ársreikningaskrá verði veitt heimild til að leggja sektir á þau félög sem teljast til minni félaga og vanrækja að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar. Eins er lagt til að ársreikningaskrá geti lagt sektir á öll félög sem ekki skila fullnægjandi upplýsingum eða skýringum með ársreikningi eða samstæðureikningi. Gert er ráð fyrir því að þessi heimild ársreikningaskrár sé óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns

eða starfsmanns lögaðilans, þ.e. hlutlæg ábyrgð. Verði frumvarpið að lögum er áætlað að það muni ekki leiða af sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skráning og mat fasteigna, 1. umr.*

Stjfrv., 350. mál (framlenging umsýslugjalds). — Þskj. 379.

[14:31]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Þegar brunatryggingar voru gefnar frjálsar 1994 og Fasteignamati ríkisins var falið að halda brunabótamatsskrá og annast framkvæmd brunabótamats var sérstakt umsýslugjald tekið upp. Nam gjaldið 0,025‰ (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar og rann til stofnunarinnar til að standa undir kostnaði hennar við að halda skrá yfir brunabótamat húseigna. Við setningu laga um Landskrá fasteigna haustið 1999 var ákveðið að umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins yrði hækkað úr 0,025‰ í 0,1‰ vegna gerðar hinnar nýju Landskrár fasteigna. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var gert ráð fyrir að gerð skrárinnar tæki um fjögur ár og skyldi það koma í hlut eigenda fasteigna að greiða fyrir gerð hennar. Af þessum sökum var ákveðið að gjaldið skyldi falla niður í árslok 2004 og eftir það yrðu tekjustofnar stofnunarinnar skoðaðir upp á nýtt.

Þegar leið að framangreindri tímasetningu varð ljóst að umræddu takmarki yrði ekki náð innan fjögurra ára, m.a. vegna mun meira misræmis í skránni en gert var ráð fyrir í upphafi.

Haustið 2004 var lagt fram frumvarp fjármálaráðherra þar sem gert var ráð fyrir að innheimta umsýslugjaldsins yrði framlengd enn um sinn. Efnahags- og viðskiptanefnd taldi að leita yrði leiða til að takmarka þann kostnað við verkið sem fasteignaeigendur bæru einir og lagði því til að umsýslugjaldið yrði einungis innheimt með þessum hætti í tvö ár til viðbótar. Eftir það skyldi tekna aflað með öðrum hætti.

Ljóst er að á síðustu árum hefur mikilvægi fasteignamats fyrir ríkið breyst umtalsvert frá því gerð Landskrárinnar hófst, m.a. með því að eignarskattar hafa verið aflagðir og fasteignamat er því ekki nema að litlu leyti stofn til skattheimtu ríkisins. Að sama skapi má segja að gildi fasteignamats og Landskrár fasteigna hafi aukist til mikilla muna fyrir sveitarfélögin í landinu, enda fasteignamat gjaldstofn til innheimtu fasteignaskatta, auk þess sem þjónusta við sveitarfélög hefur verið efld á þann hátt að álagning fasteignaskatta og fasteignagjalda fer fram í Landskránni frá 1. janúar 2007. Sveitarfélögin munu þá jafnframt leggja af sérstakar álagningarskrár.

Í tengslum við nauðsynlega heildarendurskoðun á fjármögnun Landskrár fasteigna hefur fjármálaráðuneytið skipað starfshóp fulltrúa ráðuneyta og hagsmunaaðila í því skyni að fara heildstætt yfir helstu kosti og galla núverandi tilhögunar í fasteignaskráningu hvað varðar fasteigna- og brunabótamat og leggja mat á það hvort ástæða sé til að breyta í einhverju núverandi skipan þessara mála. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sambands íslenskra tryggingafélaga, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Þrátt fyrir að stefnt sé að því að niðurstöður starfshópsins liggi fyrir eins fljótt og kostur er þykir rétt, með hliðsjón af umfangi starfsins og því að starfshópurinn hefur nýlega verið skipaður, að leggja til að núverandi fjármögnun Fasteignamats ríkisins verði framlengd enn um sinn til tveggja ára. Þegar niðurstöður starfshópsins liggja fyrir mun ráðuneytið gera tillögur um þær breytingar sem nauðsynlegt verður talið að gera á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, þar á meðal varðandi heildarfjármögnun stofnunarinnar til framtíðar.

Frú forseti. Þetta eru meginatriði frumvarpsins. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[14:34]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta mál er allt með ólíkindum, finnst mér. Hér er verið að viðhalda áfram skatti sem samkvæmt lögum, sem samþykkt voru árið 2000, átti bara að vera í fjögur ár. Ég veit að hæstv. fjármálaráðherra er mér ósammála um að þetta sé skattur en það er það orð sem ég gef þessu.

Það sem mér finnst þó ekki síður ámælisvert er að hér er hæstv. ríkisstjórn beinlínis að fara gegn vilja þingsins, því að fyrir tveimur árum var samþykkt frumvarp, að tilstuðlan efnahags- og viðskiptanefndar, um að þessu gjaldi yrði ekki fram haldið nema í tvö ár. Það voru beinlínis fyrirmæli af þingsins hálfu að að þeim tíma loknum yrði með einhverjum hætti fundinn annar gjaldstofn. Þetta sagði þingið þá.

Nú kemur hæstv. ráðherra og lætur eins og ekkert hafi í skorist. Tekur ekkert mark á því sem þingið sagði undir forustu hv. þm. Péturs Blöndals og rembist bara eins og rjúpan við staurinn til að taka upp það sem þingið hafnaði.

Með ólíkindum er líka hversu umfang þessa verks hefur aukist. Mig langar til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hvað áætluðu menn að verkið mundi nema að heildarkostnaði þegar þeir lögðu upp í þetta ferðalag árið 2000?

[14:36]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Það er kannski ofsagt að þingið hafi verið búið að ákveða eitthvað tiltekið í þessum efnum þó að auðvitað kæmi fram ákveðin skoðun í umsögn efnahags- og viðskiptanefndar. Eðli málsins samkvæmt verður þessari gjaldtöku ekki fram haldið nema hv. Alþingi ákveði það í þessum þingsal. Ég held því að ástæðulaust sé að gera því skóna að verið sé að fara viljandi, beinlínis eða með einbeittum brotavilja, eða hvernig menn vilja orða það, gegn vilja þingsins.

Hér er verið að bera fram frumvarp fyrir þingið til að taka afstöðu til. Út af fyrir sig má þá velta því fyrir sér líka, ef þessi leið til að afla tekna fyrir stofnunina verður ekki valin, hvaða aðrar leiðir kæmu þá til greina. Það er verkefni þeirrar nefndar sem ég nefndi að reyna að finna út úr því.

Ég hef ekki handbærar tölur um hvað áætlað var í upphafi að heildarumfang verkefnisins mundi verða. Hins vegar held ég að það sé alveg ljóst af því sem komið hefur fram hér að umfangið var miklu meira en menn áætluðu í upphafi. Það sést annars (Forseti hringir.) vegar af því ... Er tíminn búinn? Ég skal þá stytta mál mitt, frú forseti, en augljóslega var umfangið miklum mun meira en menn áætluðu í upphafi, samanber fyrri framlengingu á ákvæðinu og það frumvarp sem hér hefur verið lagt fram.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti biðst afsökunar en tímasetningin er eitthvað að trufla okkur.)

[14:38]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit ekki hvort þetta var sem kallað er á enskri tungu „Freudian slip" að hæstv. fjármálaráðherra nefndi sjálfur hugtakið „einbeittan brotavilja". Það var ekki ég sem nefndi það. Það var hæstv. fjármálaráðherra sem notaði þau orð, væntanlega til að lýsa þeirri háttsemi sem hann er hér uppvís að. Það er hugsanlegt að það megi samt sem áður kalla þetta því nafni sem hæstv. ráðherra gaf því, einbeittur brotavilji.

Þegar horft er til þess að það segir beinlínis í þeirri samþykkt sem efnahags- og viðskiptanefnd gerði og lagði fyrir þingið og það samþykkti fyrir tveimur árum, að einungis ætti að framlengja gjaldið um tvö ár og leita síðan annarra leiða. Í hverju gæti þá hinn einbeitti brotavilji falist? Jú, þeirri staðreynd að ekki var hafist handa við að framkvæma vilja þingsins um að leita nýrra leiða fyrr en núna nýlega.

Hæstv. ráðherra segir frá því að sett hafi verið á stofn nefnd til að gera það fyrir skömmu, þegar hartnær tvö ár eru liðin frá því að þingið gerði samþykkt um að slíkt skyldi gert. Hugsanlega telst það einbeittur brotavilji hjá hæstv. ríkisstjórn að hafa með þessum hætti smokrað fram af sér þeirri kvöð að leggjast í þá vinnu.

Hæstv. ráðherra kvaðst ekki hafa upplýsingar um hvað þetta verk ætti að kosta miðað við hina upphaflegu áætlun. Það hefur aldrei komið fram. En það er hins vegar hægt að reikna það út, miðað við hið upphaflega frumvarp, sem lagði til að gjaldið ætti einungis að vara í fjögur ár, þ.e. að það væri líklegt eða menn teldu að það kostaði 650 millj.

Það kemur fram í fylgiskjali fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu að kostnaðurinn er kominn upp í 2,4 milljarða. Þetta er fjórföld hækkun frá því sem upphaflega var stefnt að. Maður spyr því: Hvað er hér á ferðinni?

[14:40]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að þetta sé nokkuð vel að orði komist hjá hv. þingmanni með „Freudian slip", því að gjarnan hefði ég viljað komast hjá því að flytja þetta frumvarp. Ég þekki mætavel til fyrri umræðna um málið. En staðreyndin er einfaldlega sú að þessu mikilvæga verkefni er ekki lokið. Það þarf að klára það. Það skiptir máli að það verði gert og því er þetta lagt til.

Það er ekki rétt að ekki hafi verið leitað leiða fyrr en nýlega til að finna aðra lausn á þessu máli. En það má hins vegar kannski segja að það hafi komið of seint í ljós að rétt væri að leita samstarfs við aðra aðila um það að komast að niðurstöðu í málinu. Til þess var nefndin skipuð að fleiri aðilar kæmu að því að finna hina leiðina í þessu máli, ef svo má að orði komast.

Ég held að við hljótum að vera sammála um að það þarf að klára verkefnið, að það þarf að fjármagna verkefnið, en það er ekki augljóst í dag að einhver önnur leið sé betri en sú sem hér er lögð til.

[14:42]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hér er auðvitað um að ræða gjaldtöku á fasteignaeigendur og þetta er eiginlega framhald á sérskatti. Það má kannski segja að þetta komi til viðbótar því sem tengist vanefndum á vaxtabótum og er til kostnaðarauka fyrir fólk, skuldsetta einstaklinga sem hafa verið að reyna að eignast íbúðir og eru skráðir fyrir fasteignum.

Ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti, af því hér er um mikla fjármuni að ræða sem hafa farið langt fram úr því sem gert var ráð fyrir í upphafi, hvort ekki þurfi að gera úttekt á því hvernig að þessu verki hefur verið staðið og hvað hér er á ferðinni.

Það vill svo til að við höfum stofnun til að gera það. Það væri sjálfsagt eðlilegast að ríkisendurskoðandi skoðaði málið, skoðaði þennan kostnað og gerði úttekt á þessu ferli og skilaði skýrslu um það til þingsins. Ég held að það sé full þörf á því að það verði gert. Það er svo kannski annað mál að ræða hér um þróun fasteignaverðs og fasteignaskatta en það er auðvitað þannig að þegar fasteignaverð hækkar verulega keyra fasteignaskattarnir fram úr tekjuþróun fólks og það hefur verið að gerast.

Við horfum því á þrennt sem hefur verið að gerast. Í fyrsta lagi á fasteignaverð sem hefur hækkað mikið og þar af leiðandi fasteignaskattar á fólk umfram launaþróun. Í öðru lagi á þennan sérstaka skatt. Og í þriðja lagi á framkvæmd vaxtabótanna sem mig minnir að ASÍ hafi verið að senda frá sér að þyrftu að hækka um 80% en ekki 25% til að fólk verði jafnsett.

[14:44]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni gamall kunningi eins og komið hefur fram við umræðuna, m.a. í andsvörum við ræðu hæstv. ráðherra. Ég get tekið undir það að þetta mál er allt með ólíkindum hvernig sem á það er litið. Við sem höfum fjallað um það í efnahags- og viðskiptanefnd þekkjum auðvitað forsögu þess og hvað það er umdeilt, ekki bara það að stjórnarandstaðan hafi verið á móti því á sínum tíma heldur hefur þetta mál verið gagnrýnt líka í röðum stjórnarliða sem best sést á því að málið hlaut ekki afgreiðslu fyrir tveimur árum með þeim vilja sem hæstv. þáverandi fjármálaráðherra vildi, þ.e. að framlengja þetta gjald um fjögur ár heldur var því breytt í meðferð þingsins þannig að það framlengdist aðeins um tvö ár.

Forsaga þessarar gjaldtöku er sú að á 125. löggjafar-

þingi lagði fjármálaráðherra fram frumvarp sem fól í sér að fasteignaeigendur yrðu látnir bera kostnaðinn við að koma á einu samhæfðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengdust. Þetta umsýslugjald sem rennur til Fasteignamats ríkisins hækkaði við þessa breytingu úr 0,025 í 0,1 prómill af brunabótamati hverrar húseignar. Þegar við ræddum þetta mál í efnahags- og viðskiptanefnd fórum við yfir það hvort eðlilegt væri að fasteignaeigendur einir og sér bæru þetta umsýslugjald og kostnað við að koma á þessari Landskrá fasteigna. Margir umsagnaraðilar sem sendu umsögn um þetta mál til efnahags- og viðskiptanefndar gagnrýndu einmitt að það væru fasteignaeigendur sem ættu að bera kostnaðinn við þessa breytingu. Í nefndaráliti sem við fulltrúar Samfylkingarinnar skiluðum var lagt til að mótmæla þessu harðlega og lögðumst við gegn þessu gjaldi. Það er athyglisvert að áheyrnarfulltrúi sem þá sat fund nefndarinnar, Gunnar Örlygsson, sem nú er í Sjálfstæðisflokknum var sammála því áliti þar sem mjög mikil gagnrýni kom fram hjá okkur á þessa gjaldtöku.

Umsagnaraðilar sem fjölluðu um þetta mál töldu það orka mjög tvímælis að húseigendum væri einum gert að greiða kostnaðinn af stofnun Landskrár fasteigna en eigendur lóða, jarða, hlunninda og ítaka hvers konar sem virt eru til fasteignamats yrðu hins vegar undanþegnir þessu gjaldi. Það kom einnig fram að færa mætti rök fyrir því að Landskráin hefði svo almennt gildi í þjóðfélaginu að eðlilegt væri að fjármagna hana með skatttekjum ríkissjóðs fremur en að hækka umsýslugjaldið. Fjölmargir aðilar nýta upplýsingar Fasteignamatsins, svo sem tryggingafélög, álagningardeildir sveitarfélaga, byggingarfulltrúar við þinglýsingar, stórar lánastofnanir og fleiri. Því er fullkomlega óeðlilegt, virðulegi forseti, að fasteignaeigendur skuli einir og sér þurfa að bera uppi kostnaðinn af stofnun Landskrár með háu umsýslugjaldi sem er innifalið í brunatryggingum fasteigna en vátryggingarfélögin innheimta það með iðgjöldum af brunatryggingum.

Auðvitað er það rétt sem hér hefur komið fram, t.d. hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að kostnaður við að koma á fót þessari Landskrá hefur farið úr öllum böndum. Ég get vel tekið undir það með hv. 5. þm. Norðvest. Guðjóni A. Kristjánssyni að það flögrar auðvitað að manni að það sé eðlilegt að Ríkisendurskoðun fari yfir þann kostnað sem er orðinn af því að koma henni upp. Kostnaðurinn hefur fjórfaldast. Það var lagt upp með það árið 2000 þegar við fyrst fengum þetta mál í þingið að stofn- og rekstrarkostnaður Landskrár fasteigna yrði á fjórum árum um 615 millj., þ.e. 150 millj. á hverju ári, og þegar Landskráin væri tilbúin ætti árlegur rekstrarkostnaður að vera um 100 millj. Á árunum 2000–2004 hefur umsýslugjaldið skilað 950 millj. í tekjur til Fasteignamatsins og síðan bættust við tekjur vegna framlengingarinnar í tvö ár í viðbót. Það er búið að leggja í þetta óhemju peninga og langt umfram alla kostnaðaráætlun. Það hefur verið kallað eftir því að farið yrði ofan í kostnaðinn sem lagt er upp með í verkefnum tengdum ríkinu þó að umfangið hafi aukist minna en við sjáum hér þar sem um fjórföldun á kostnaði er að ræða.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann ekki eðlilegt að hlutlausum aðila verði falið að fara ofan í þann mikla kostnað sem er á þessu verki, 2,4 milljarðar, og fasteignaeigendur einir og sér eiga að bera? Ég hefði haldið að nógir pinklar væru settir á fasteignaeigendur af hálfu ríkisins þó að þessu væri ekki bætt við. Á 131. löggjafarþingi fyrir tveimur árum var á það bent að lauslegt mat á gjöldum sem ríkissjóður hefði af fasteignaeigendum væri um 8 milljarðar. Þar vógu stimpilgjöldin langmest og nú hafa þau margfaldast á umliðnum árum þannig að það er ekkert smáræði sem ríkissjóður hefur af fasteignaeigendum þó að ekki sé verið að leggja þetta gjald á og framlengja það sífellt. Þetta virðist vera eitthvert eilífðargjald sem fasteignaeigendur eiga að bera.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til skoðunar að aðrir aðilar bæru þetta gjald, t.d. ríkissjóður eða aðrir aðilar sem nýta sér fasteignaskrána eins og ég nefndi, sveitarfélögin, byggingarfulltrúar, lánastofnanir, tryggingafélög og fleiri. Þetta kom einmitt til umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd á sínum tíma. Það er auðvitað með endemum að fyrst nú, þegar þetta gjald er að renna út um nk. áramót, bregðist ráðherra við, skipi nefndina og skoði framtíðarfjármögnun á þessu. Af hverju í ósköpunum var ekki framtíðarfjármögnunin skoðuð fyrr? Af hverju var málið heldur látið drabbast með þeim hætti sem hér hefur verið gert? Síðan er farið í sama farið aftur og fasteignaeigendur látnir sitja uppi með kostnaðinn af þessu.

Þetta vildi ég sagt hafa við 1. umr. þessa máls. Það eru auðvitað margar athugasemdir sem vakna þegar maður fer yfir þennan gamla kunningja aftur. Ég mun auðvitað ræða það í efnahags- og viðskiptanefnd en ég tel að hæstv. ráðherra verði að svara ákveðnum fyrirspurnum til að auðvelda umfjöllun málsins í nefndinni, í fyrsta lagi hvort hann telji ekki ástæðu til að hlutlaus aðili fari ofan í þennan kostnað. Hefur ráðherra gert ráðstafanir til þess að svo verði gert þar sem um er að ræða fjórföldun á upphaflegri kostnaðaráætlun? Kom aldrei til greina að aðrir en fasteignaeigendur bæru þessar byrðar? Það er auðvitað rökrétt þegar svona margir aðilar nýta sér fasteignaskrána.

Ég mótmæli því að málið skuli enn og aftur koma inn til þingsins með þessum hætti og það er á margan hátt hægt að taka undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði, efnahags- og viðskiptanefnd og þingið samþykktu að þessi framlenging sem þá var í annað sinn, þegar við fengum þetta fyrir tveim árum, ætti ekki að gilda í fjögur ár heldur einungis í tvö ár og að þann tíma ætti að nýta til að finna framtíðarfjármögnun á þessu verkefni. Þann tíma hefur framkvæmdarvaldið ekki nýtt. Auðvitað hljótum við á löggjafarsamkundunni að mótmæla þeim vinnubrögðum hjá framkvæmdarvaldinu að hundsa algerlega vilja Alþingis í þessu efni, bæði að því er varðar að fara strax ofan í þetta mál til að skoða framtíðarfjármögnun og að enn og aftur skuli málið bera að inni í þinginu með þeim hætti sem hér er gert, að fasteignaeigendur eigi að borga brúsann af öllu saman. Nægir pinklar eru lagðir á fasteignaeigendur þótt þetta gjald sé ekki eina ferðina enn lagt á þá.

[14:53]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr hvort það sé eðlilegt að óháður aðili fari yfir þann kostnað sem þarna hefur orðið.

Ég vil leyfa mér að álykta sem svo að Ríkisendurskoðun sem fer yfir reikninga ríkisaðila geri það, það þurfi ekki sérstaklega að ræða um það við hana, hún meti hvort það sé eitthvað óeðlilegt sem þarna kemur fram. Síst hef ég á móti því að slíkt verði gert. Ríkisendurskoðun hefur bæði rétt og skyldur til að taka upp mál sem hún verður vör við að hugsanlega gætu verið óeðlileg. Ég hef enga ástæðu til að ætla það en ef Ríkisendurskoðun telur einhverja ástæðu til að ætla það hef ég ekkert á móti því að hún skoði það.

Hins vegar er spurningin um hverjir séu eðlilegustu greiðendur þessa verkefnis, þeirrar þjónustu sem þarna fer fram. Ég held að hv. þingmenn geti að vissu leyti lesið í það með samsetningu nefndarinnar sem ég nefndi hvaða aðilar hafa þarna hagsmuna að gæta. Mér finnst alls ekkert óeðlilegt við það að í fyrstu umferð og þegar verið er að setja þetta á stofn geri fasteignaeigendur það. Þeir eiga auðvitað mest undir í þessu. Síðan kæmi til álita með þá sem þjóna fasteignaeigendum.

Ég held að það væri rangt ef við færum að yfirfæra þennan kostnað á þá sem ekki eiga fasteignir og eiga ekki hagsmuna að gæta í þessu tilfelli, ef það skyldi hafa hvarflað að hv. þingmanni.

[14:55]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við hæstv. fjármálaráðherra erum auðvitað fullkomlega ósammála um það hvernig eigi að standa að þessu. Við erum að leggja næstu tvö árin pinkla á fasteignaeigendur upp á 650 millj. kr., og munar um minna. Maður spyr, miðað við forsögu þess máls: Af hverju þarf þessi nefnd svona langan tíma til að fara ofan í þetta mál og skoða hvernig fjármögnun á þessu skuli háttað? Af hverju nægja ekki þessari nefnd nokkrir mánuðir til þess þannig að ekki þurfi að framlengja þetta gjald um eitt ár? Það er óheyrilega rýmilegur tími sem nefndinni er ætlaður til að skoða málið.

Ég nefndi áðan ýmsa aðila sem ég tel að ættu frekar að bera þessa pinkla en fasteignaeigendur einir og sér. Eins og ég nefndi eru m.a. eigendur lóða, jarða, hlunninda og ítaka hvers konar sem virt eru til fasteignamats undanþegnir þessu gjaldi og síðan ýmsir aðilar eins og sveitarfélögin, tryggingafélögin og fleiri sem nýta sér fasteignaskrána. Þetta hefði ekki verið mjög erfitt verkefni fyrir hæstv. fjármálaráðherra ef vilji hefði verið fyrir hendi að taka þannig á þessum málum að fasteignaeigendur bæru þetta ekki einir og sér.

Hæstv. ráðherra tekur undir og gerir engar athugasemdir við það að Ríkisendurskoðun fari ofan í og skoði þetta mál en ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn að beina því til Ríkisendurskoðunar að hún fari ofan í þetta mál og skoði það sérstaklega? Ég veit ekki hvort Ríkisendurskoðun er kunnugt um það nákvæmlega að kostnaðurinn við þetta verk hefur aukist fjórfalt meira en áætlað var í upphafi, farið úr 615 millj. í 2,4 milljarða sem er ansi mikil framúrkeyrsla á kostnaðaráætlun. Það er full ástæða fyrir Ríkisendurskoðun að skoða þetta mál. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn til þess sjálfur að beina því til Ríkisendurskoðunar að hún skoði (Forseti hringir.) kostnaðinn við þetta verkefni?

[14:57]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan hef ég enga sérstaka ástæðu til að ætla að eitthvað sé ekki í lagi hvað þessa starfsemi varðar. Því sé ég ekki ástæðu til að beina því til Ríkisendurskoðunar, en Ríkisendurskoðun fer yfir reikninga þessarar stofnunar eins og annarra stofnana ríkisins og yfir fjármál allra þeirra aðila sem að þessu koma. Sjái hún eitthvað sem er ástæða til að skoða hef ég ekkert á móti því að hún geri það. Eins og ég segi er henni bæði rétt og skylt að skoða það sem hún telur rétt að skoða.

Meira að segja þarf hana ekkert endilega að gruna að eitthvað sérstakt sé á seyði til að skoða hlutina. Ég treysti Ríkisendurskoðun fullkomlega til að hafa frumkvæði að því að skoða það sem hún telur eðlilegt að skoðað sé án þess að ég þurfi sérstaklega að beina til hennar einu eða neinu um það.

[14:59]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna sem felst aðallega í því að framlengja gjald sem hefur runnið til Fasteignamats ríkisins til að byggja upp þá skrá sem heitir Landskrá fasteigna.

Ég vil fyrst taka það fram að þetta verkefni er afskaplega mikilvægt. Landskrá fasteigna sparar mikla fjármuni með því að hafa þetta allt á einum stað og hún hefur líka reynst vera mjög gott kerfi. Þeir sem hafa skoðað það á netinu finnst það frábært, kannski einum of dýrt og einum of flott, ég veit það ekki en það er í alla staði mjög gott.

Ég vil benda á að fasteignamat er undirstaða markaðsbúskapar yfirleitt, undirstaða hagkerfis okkar og margir hafa fært fyrir því rök, þar á meðal hagfræðingurinn de Soto sem skrifaði bókina um undur fjármagnsins, að gott fasteignamat er undirstaða þess að hagkerfi geti gengið. (Gripið fram í.) Fasteignamatið hefur verið mjög lengi við lýði, frú forseti, þannig að hér á Íslandi hafa menn getað skráð eignir sínar en því er ekki þannig farið í öðrum löndum þar sem efnahagslífið gengur ekki eins vel þannig að þetta er í alla staði mjög mikilvægt.

Verkefnið sem við ræðum hér, þ.e. uppbygging þessarar skrár er mikið athugunarefni og virkilega aðfinnsluvert hvað það hefur farið mikið úr böndunum. Vitaskuld hefðu menn á sínum tíma átt að bjóða verkefnið út. Þetta er einmitt verkefni sem hefði verið mjög snjallt að bjóða út, gera um það samning og þá hefði kostnaðurinn örugglega ekki farið svona úr böndunum eins og hann sýnist gera, því eins og hér hefur verið bent á er þetta þrefalt eða fjórfalt dýrara en til stóð. Ýmsar ástæður eru nefndar, t.d. að misræmi í upplýsingum í fasteignaskrá og þinglýsingaskrá hafi verið meira en menn ætluðu og það kostar eflaust töluvert mikið að leiðrétta það. Fyrir vikið erum við með miklu betri þinglýsingaskrá og miklu betri skrár í heildina. En það réttlætir ekki þennan mikla kostnað og að sjálfsögðu hefði átt að bjóða þetta út.

Mér finnst líka, eftir þá umræðu sem fór fram þegar þetta var síðast framlengt, og efnahags- og viðskiptanefnd lagði á sig mikla vinnu við að kanna kerfið og hvaða kostn-

aður væri í því fólginn, að stofnunin sé í rauninni að gefa efnahags- og viðskiptanefnd langt nef, ég verð að segja það. Það voru ákveðnar áætlanir, menn töldu sig geta náð þessu með þeim hætti en það gerðist ekki og nú erum við aftur í þeirri stöðu að þurfa og verða að framlengja þetta gjald. Ég segi verða, vegna þess að verkið er ekki enn þá alveg búið.

Hér hefur verið nefnt að ríkið noti þetta minna en verið hefur þar sem eignarskattur hefur verið aflagður og sveitarfélögin noti þetta í auknum mæli vegna fasteignagjalda. Bankar, fasteignasalar og tryggingafélög nota þessa skrá mjög mikið þannig að það er á margan hátt mjög óeðlilegt að einungis fasteignaeigendur borgi þetta gjald, af öllum þeim sem njóta þess. Þess vegna var lagt til að menn skönnuðu að láta þá aðila sem nota skrána borga meira fyrir hana með hærri skráningargjöldum eða notendagjöldum en það virðist ekki hafa tekist.

Það er líka mjög undarlegt þegar maður lítur á það að fasteignaeigendur borga fasteignagjöld sem byggja á þessu mati að þeir skuli látnir borga matið sjálfir, ekki sá sem leggur skattinn á. Þeir eru látnir kyssa vöndinn sem flengir þá, á vissan hátt, þeir eru látnir hanna kerfi sem er grundvöllur fyrir skattlagningu á þá. Það finnst mér ekkert mjög sniðug leið.

Sem formaður hv. efnahags- og viðskiptanefndar mun ég kalla forstöðumenn stofnunarinnar fyrir nefndina og spyrja þá hvað fór úrskeiðis. Hvað var það sem gerðist sem veldur því að við stöndum nú í þeim sporum að það er ekki búið að klára landskrána eins og til stóð fyrir þá fjármuni sem í þetta voru ætlaðir? Menn geta ekki kvartað undan því að gjaldið hafi lækkað því það hefur hækkað stórlega með hækkun brunabótamats fasteigna undanfarin ár þannig að það er ekki einu sinni sú ástæða til. Það er með mjög þungum hug sem ég fellst á það að styðja þetta frumvarp og ég mun biðja menn um að skoða þann möguleika að þetta verði hreinlega einkavætt, þetta verði annaðhvort selt eða það sem eftir er af verkinu verði boðið út eða að rekstur skrárinnar verði boðinn út til frambúðar. Þetta er nákvæmlega eins og hvert annað starf sem er unnið í þjóðfélaginu hvort sem það er bankastarfsemi, sala á lyfjum eða annað slíkt, það þurfa ekkert endilega að vera opinberir starfsmenn sem sinna þessu verkefni. Og þegar kostnaðurinn fer svona mikið úr böndum þá er full ástæða til þess að menn skoði aðrar leiðir.

[15:05]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er algerlega sammála nánast öllu því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði áðan í sinni ágætu ræðu. En það er óneitanlega eftirtektarvert að hv. þingmaður, sem er formaður efnahags- og viðskiptanefndar og einn af helstu talsmönnum Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum, segir það hér alveg svart á hvítu að kostnaðurinn við þetta verkefni hafi farið úr böndum og hann notar orð eins og aðfinnsluvert. Ég fæ ekki betur séð en við í Samfylkingunni og hv. þingmaður séum fullkomlega sammála í þessu efni.

Það er alveg ljóst að þegar farið var af stað í þetta verk á sínum tíma höfðu menn ekki hugmynd um hvað þeir voru að leggja út í, þeir höfðu engar áætlanir og þeir mátu allt rangt sem hægt var að meta vitlaust strax í upphafi, bæði hversu mikill tími færi í þetta og hversu mikið það mundi kosta. Það er náttúrlega alveg sláandi eins og hv. þm. bendir á að brunabótamat sem er andlag þessa nýja skatts, eins og ég kýs að kalla þetta, hefur snarhækkað. En samt sem áður sér ríkið ekki ástæðu til að lækka hlutfallið sem er tekið til að standa undir þessum kostnaði. Það finnst mér vera ámælisvert. Menn eru því að fá til þessa verks miklu meira en þeir ætluðu fyrir t.d. tveimur árum.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal hvort hann sé ekki sammála því að það sé fullkomlega eðlilegt að óska eftir því að Ríkisendurskoðun geri stjórnsýsluúttekt á þessum hluta ríkiskerfisins, til að skoða hvort það sé rétt sem ég og hann erum að segja að það var aðfinnsluvert hvernig menn lögðu upp í þetta verk. Ég spyr hann sömuleiðis: Er hann sáttur við það að hæstv. ráðherra hafi ekki farið í það að leita annarra leiða, eins og þingið lagði fyrir hann, fyrr en allt var komið í eindaga?

[15:07]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi hugmynd um Ríkisendurskoðun er að koma upp fyrst núna á þessum fundi og ég hef ekki skoðað það sjálfur hvort ástæða er til að kalla út Ríkisendurskoðun til að skoða þessi fjármál. Ég held að hún hafi oft verið kölluð út af minna tilefni. Það má því vel vera að hún, eða einhver, sjái ástæðu til þess að hún skoði þetta mál sérstaklega. Við erum að tala um verulega miklu meiri kostnað en menn áttu von á og það má vel vera að það þurfi að skoða það nánar.

Varðandi það hvort ég sé sáttur við ráðherrann og ráðuneytið í þessu máli er ég ekki alveg viss um hvernig maður á að taka á því vegna þess að það er stofnunin sjálf sem leggur út í kostnað og það hefur komið í ljós að sá kostnaður var meiri en til stóð og við erum eiginlega sett í þá stöðu núna að þurfa að taka á málinu. Ég held að það sé alveg útilokað að hætta við hálfnað verk úti í miðri á, það er alveg útilokað þannig að við erum í hálfgerðri þröng að samþykkja þennan kostnað en ég geri það ekki með glöðu geði.

[15:09]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í tilefni af þeirri umræðu sem hér hefur spunnist um það hvort það ætti að kalla til Ríkisendurskoðun til að skoða þetta þá er alveg nauðsynlegt, ekki síst út af orðum hæstv. ráðherra áðan að taka það skýrt fram, að ég tel ekki að það sé eitthvað misjafnt sem hafi átt sér stað í meðferð fjármuna af hálfu þeirra embættismanna sem þarna um véla. Það sem ég á við er að menn lögðu í hugsunarleysi út í þetta, þeir mátu umfang verksins mjög vitlaust og skýringarnar sem hæstv. ráðherra gaf í framsögu sinni á því hví menn gerðu það standast heldur ekki. Þeir mátu kostnaðinn að öllu leyti rangt og menn virtust bara hafa farið af stað án þess að gera sér nokkra grein fyrir umfangi.

Auðvitað er ég algerlega sammála þeim sem hér hafa talað í þá veru að þetta er verkefni sem hefði átt að bjóða út og þróa á einkamarkaði. Það er algerlega fráleitt að byggja svona upp, finnst mér, innan ríkisins og ég tel að það sé óheppilegt að öllu leyti.

Það kann að vera rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal segir að það væri ábyrgðarleysi af okkur núna að láta nótt sem nemur og hætta við verkefnið, ég er sammála því. Það er búið að kosta miklu til þess og því verður að ljúka. Ég rifja það hins vegar upp að fyrir tveimur árum nefndi hv. þingmaður nokkra möguleika í því efni vegna þess að honum sveið í augum sá miklu kostnaður eins og okkur sem ræddum þetta. En ég vil spyrja hv. þingmann: Með tilliti til þess að nefndin er farin af stað kemur þá ekki til greina að þingið einfaldlega fresti afgreiðslu þessa máls og geri samþykkt um það að starfi nefndarinnar skuli lokið fyrir tiltekinn tíma og við þau verklok taki menn ákvörðun um hvort eigi að halda þessu gjaldi áfram eða ekki?

[15:11]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það stendur til að afgreiða fjárlög fyrir áramót eins og iðulega og venja er til og þetta er hluti af því. Hins vegar eins og ég gat um áðan í ræðu minni þá hyggst ég kalla fyrir forstjóra stofnunarinnar og fá betri mynd af þessu dæmi. Það má vel vera að út úr því komi að ekki þurfi að framlengja þetta nema í eitt ár. Fyrir tveim árum þegar þetta var síðast framlengt nefndi ég ýmsar leiðir til að ná inn fé. Notendagjöld nefndi ég áðan. Það er hugsanlegt að svona kerfi yrði selt eða gefið til þróunarríkis vegna þess að þetta er undirstaða markaðskerfis. Ég hef nefnt það við stofnunina sjálfa og það gæti þá verið verðlagt í þeirri þróunaraðstoð sem slíkt. Það eru sem sagt mjög margir möguleikar til að nýta þetta kerfi. Þetta er óskaplega flott og gott kerfi. Þarna er búið að leysa mörg vandamál eins og t.d. með staðsetningu íbúðar í húsi, skiptingu á landi, sameign og alls konar hluti sem búið er að leysa sem þurfa mikla yfirlegu við þannig að kerfið er gott og í starfi hv. efnahags- og viðskiptanefndar sem fær þetta mál til vinnslu, mun ég skoða ýmsar leiðir til að létta þessum álögum af fasteignaeigendum en það gerist ekki á næsta ári.

[15:12]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Hér erum við að fjalla um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna sem fjallar fyrst og fremst um að framlengja umsýslugjald sem á að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins til að halda og þróa Landskrá fasteigna. Samkvæmt því eiga húseigendur að greiða sérstakt gjald sem er 0,1‰ á árinu 2007 og 2008, eins og þeir hafa gert frá árinu 2000. Mér er sérstaklega minnisstætt þegar þetta mál kom fyrst til umræðu á árinu 2000, á árinu 1999 sennilega og var samþykkt á árinu 2000, að þetta gjald var sérstaklega umdeilt og það þótti ekki sjálfsagt að það yrði sett á. Það var verið að setja álögur á fasteignaeigendur sem á þeim tíma höfðu kannski ekki þekkingu eða skilning á til hvers yrði. Ég hef hins vegar fylgst með þessu verkefni og eins og kom fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal er alveg ljóst að það hefur þróast mjög vel. Þetta er viðamikið verkefni og það er mjög gagnlegt og það hefur sýnt sig að það er hægt að nota það til ýmissa annarra þátta en lagt var upp með. Til dæmis hefur þessi landskrá verið notuð varðandi þjóðlendumálin þannig að það sést á því að það er ekki eingöngu til efnislegra hluta eða bygginga sem það er notað.

Það má líka segja að það er mikill metnaður hjá stofnuninni, Fasteignamati ríkisins, að gera þetta kerfi vel úr garði og það er athyglisverð hugmynd hv. þm. Péturs H. Blöndals að þetta kerfi mætti nota til þróunaraðstoðar í öðrum löndum. Það er alveg ljóst að þetta kerfi hefur einfaldað verulega störf margra stofnana bæði hjá ríki og sveitarfélögum og verið mjög mikilvægt. Hins vegar hlýt ég að taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram varðandi kostnað verkefnisins. Það kemur fram í umsögn fjárlagaskrifstofunnar að þegar til dagsins í dag á árabilinu 2000–2006 hafa 1,6 milljarðar kr. farið í uppbyggingu á kerfinu og það kemur ekki fram hve mikill kostnaður er eftir af þessu starfi en það kemur hins vegar fram að með því að framlengja umsýslugjaldið er þetta 650 millj. kr. til næstu tveggja ára. Það vill þannig til að síðasta fimmtudag, fremur en föstudag, lagði ég mig sérstaklega eftir því að hlusta á forstöðumann Fasteignamats ríkisins á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga segja frá Landskrá fasteigna og þar kom einmitt fram að öll þau gögn sem ætlað var að færa inn í kerfið væru komin inn í kerfið, 93% þeirra væru gögn sem væru í lagi en 7% þeirra væru gögn sem þyrftu enn þá skoðunar við. Við hljótum því að spyrja okkur hve mikil vinna er eftir í þessu kerfi og hvort það kosti raunverulega 650 millj. kr. Það er það sem stendur út af borðinu.

Eins og ég sagði áðan þá hefur notagildi Landskrár fasteigna breyst, það hefur víkkað út. Jafnframt hefur mikilvægi þess fyrir ríkið minnkað, m.a. vegna þess að ríkið er hætt að innheimta eignarskatt, en á hinn bóginn hefur mikilvægi þess fyrir sveitarfélögin aukist því sveitarfélögin ætla að taka Landskrá fasteigna og nota hana til grundvallar *við álagningu á fasteignagjöldum hjá sveitarfélögunum.* Landskrá fasteigna mun vera grunnurinn að álagningu sveitarfélaganna og þannig séð mjög mikilvæg fyrir sveitarfélögin, mikilvægari fyrir sveitarfélögin í dag en fyrir ríkið. Í athugasemdum við frumvarpið, í greinargerðinni koma fram ágætar vangaveltur m.a. um brunabótamat og hvort það eigi að vera áfram hér á landi eður ei og bent á að brunabótamatið er ekki lengur meðal hinna Norðurlandaþjóðanna. Það er því ljóst að það eru ákveðin kaflaskil í þessu verkefni sem full ástæða er til að skoða og því hljótum við að fagna því að starfshópur er tekinn til starfa sem mun taka á þessum málum.

Það er hins vegar svo að þarna er þegar búið að leggja 1,6 milljarða kr. í verkefnið og mér verður hugsað til ýmissa annarra verkefna af svipuðum toga sem hefðu gagn af því að fá svona miklar fjárhæðir. Þá nefni ég sérstaklega rafrænar sjúkraskrár þar sem hugmyndin er í rauninni hin sama, það er að safna á einn stað upplýsingum sem eru unnar mjög víða í kerfinu og veita aðgang að upplýsingum. Þar er fasteignin ekki fókuspunkturinn heldur er það sjúklingurinn og ég held að við sem höfum haft mikinn áhuga á að koma á rafrænni sjúkraskrá hefðum gjarnan viljað hafa aðgang að svona miklu fjármagni til að þróa það áfram. Ég vildi nota þetta sem ákveðna hliðstæðu varðandi verkefni sem er ekki síður mikilvægt en kannski ekki á sama máta hægt að finna hverjir ættu að standa undir slíku verkefni aðrir en ríkið.

Ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal að hv. efna-

hags- og viðskiptanefnd þarf að skoða þetta frumvarp mjög vel og m.a. að velta fyrir sér og fá upplýsingar um hver staða verkefnisins er og hve mikið er eftir, hvað mikill kostnaður er eftir. Jafnframt hlýt ég að benda á að í umsögn fjárlagaskrifstofunnar kemur fram að tekjur eru áætlaðar 325 millj. kr. í fjárlögum en ég get ekki skilið það sem kemur fram í síðustu málsgreininni á annan hátt en að fjárheimildir stofnunarinnar til þess að standa undir landskránni séu 152,5 millj. kr. Við hljótum þess vegna að varpa fram þeirri spurningu, hvert fer þetta fjármagn sem út af stendur?

[15:19]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ásta Möller kemur hér fram með ákaflega mikilvægar upplýsingar. Hún greinir frá því að fyrir skömmu hafi hún verið á ráðstefnu þar sem forsvarsmenn fyrirtækisins sem um ræðir, Landskrár fasteigna, upplýstu hversu mikið væri eftir af verkinu. Það kom fram í máli þingmannsins að á ráðstefnunni hefði því verið haldið fram af forstöðumönnum verksins að 93% væri lokið, eftir væru 7%.

Þá spyr ég eftirfarandi spurningar: Hvernig má það vera, ef einungis er eftir að vinna 7% verksins, að til þess þurfi að verja fjórðungi heildarupphæðarinnar sem fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofunnar að verkið muni kosta miðað við þau verklok sem þar eru gefin upp? Mér er það með öllu óskiljanlegt. Ég hlýt að varpa þeirri spurningu til hv. þingmanns hvort hún telji þá ekki eðlilegt að í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar verði kallað á forustumenn ríkisstofnunarinnar og þeir krafnir skýringa á því hvers vegna allt þetta fé þurfi til.

Í annan stað langar mig til að spyrja þennan árvökula þingmann hvort henni finnist það ekki undarlegt að í öllu þessi bixi kemur hvergi fram hversu mikið af þessu umsýslugjaldi rennur til reksturs landskrárinnar og hversu mikið fer beinlínis í stofnkostnað. Mér finnst það óeðlilegt. Ég vil fá að sjá greiningu á því en hún liggur einfaldlega ekki fyrir.

Í þriðja lagi spyr ég hv. þingmann hvort hún sé þeirrar skoðunar að hér sé einungis um að ræða tímabundið gjald og hvort það muni falla niður og þá, eftir atvikum, ef hún telur að þetta sé tímabundið gjald, hver eigi að greiða kostnaðinn af því að starfrækja síðan landskrána.

[15:21]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær spurningar sem til mín er varpað eru einmitt spurningar sem ég mundi vilja fá svar við hjá forstöðumönnum stofnunarinnar þannig að ég tel að það blasi við að þeir muni verða kallaðir á fund efnahags- og viðskiptanefndar til að gefa þessar upplýsingar og ég ætla ekki að reyna að svara spurningunum.

Hins vegar er oft reytingurinn sem eftir er, 7% sem eftir eru, þar sem vandamálin liggja. Þær upplýsingar las ég út úr ræðu forstöðumanns stofnunarinnar að einmitt þessi 7% af þeim gögnum sem væru einkum til vandræða væru gögn sem þyrftu mikillar yfirlegu við til þess að greiða úr. Við höfum fylgst með því t.d. í þjóðlendumálunum að það er töluverð vinna og töluverð verkefni að finna hvar landamörk liggja og ég geri ráð fyrir að það eigi m.a. við í þessu tilviki.

Varðandi það hve mikið eigi að renna til þess að byggja upp landskrána og hve mikið til reksturs eru það spurningar sem ég hef ekki svör við en vil gjarnan fá að vita. Ég dreg þá ályktun að þar sem Landskrá fasteigna er starfandi, lítur mjög vel út og virðist fúnkera í öllum þeim verkefnum sem stofnunin er að vinna sé ekki mikið eftir af stofnkostnaði. Hins vegar er það forstöðumanna stofnunarinnar að svara því.

Ég hef alltaf gengið út frá því að þetta gjald væri tímabundið. Hins vegar hef ég hvorki þekkingu né kannsski skoðun á því hvernig rekstur Landskrárinnar eigi að vera til frambúðar. Þess vegna er sennilega verið að setja á stofn nefnd til að skoða það. Ég mundi telja að þar sem þetta var tímabundið gjald, lagt upp með það, og þar sem við óttuðumst á þeim tíma að þetta gjald hyrfi ekki (Forseti hringir.) mundi ég standa fast á því að þetta væri tímabundið gjald.

[15:24]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ærleg svör af hennar hálfu, ég gat ekki búist við því að hún svaraði ýmsum spurningum mínum gleggra en hún gerði.

Hins vegar langar mig til þess að spyrja hana hvort hún sé ekki sammála mér um það að þetta verkefni sé dæmi um stjórnlausa útþenslu ríkisins. Þarna leggja menn af stað með verk sem var umdeilanlegt í upphafi að mínu viti, en okkur kann að greina á um það. Hitt er alveg ljóst að það vex og bólgnar með ótrúlegum hætti, verður margfalt dýrara en að var stefnt og það er ekkert sem bendir til þess að verkinu sé að ljúka, menn hafa talið það árum saman. Er þetta þess vegna ekki, frú forseti, dæmi um verkefni á vegum ríkisins sem í fyrsta lagi hefði betur verið komið annars staðar og í öðru lagi virðist vaxa stjórnlaust?

[15:25]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að oft hefur verið talið og í fræðunum er það talið vera eðli opinberra stofnana að þenjast út, að stækka, ekki vegna þess að þær hafi einhvern sérstakan metnað til að vera stærri, öflugri eða viðameiri heldur er metnaðurinn það mikill að þær vilja gera vel. Í þessu tilviki er stofnunin að gera mjög vel, hún er að gera mjög fína hluti.

Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að einkaaðilar með þennan metnað og þetta fjármagn á milli handanna hefðu gert jafn vel, ef ekki betur. Ég tel sem sagt að þetta verkefni gæti vel átt heima í höndum einkaaðila og ég held að þá ætti að stefna að því að stofnunin færi yfir til einkaaðila og að ríkið ætti að geta fengið töluvert fjármagn til baka sem gæti þá staðið undir útlögðum kostnaði. Við mættum þá velta fyrir okkur hvernig sá kostnaður færi til baka til þeirra sem hafa staðið undir fjármögnun stofnunarinnar.

[15:26]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég held að allir þeir þingmenn sem talað

hafa í dag séu sammála um að það verkefni sem frumvarpið varðar er aðfinnsluvert að því leyti til að það hefur vaxið stjórnlaust. Ég hef velt því upp í umræðunni hvort ekki eigi að láta nótt sem nemur og setja punkt aftan við verkið, þessa gjaldtöku.

Þá hef ég vísað til þess að í umræðum áður, á fyrri þingum, hefur komið í ljós alveg einlægur vilji þingmanna Sjálfstæðisflokksins til að hætta slíkri skattheimtu. Því það er ekkert annað en skattheimta sem hér er á ferðinni.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur á ágætan hátt mótmælt því að hægt væri að ljúka því verki núna og ég hef tekið undir þá skoðun. Það er ekki hægt, eins og hv. þingmaður orðaði það, að stíga af þessum hesti í miðri á, hvað þá að söðla yfir á annan.

En ég reifaði þá hugmynd áðan hvort ekki væri gerlegt að þingmenn sammæltust um að láta nefndina, sem hæstv. fjármálaráðherra hefur loksins og vonum seinna sett á stofn og á að leita annarra leiða varðandi tekjur fyrir þetta verkefni, ljúka sínu verki áður en menn taka endanlega ákvörðun um hvort eigi að halda áfram þessu umsýslugjaldi. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar hefur sagt að við þurfum að ljúka fjárlögum og því sé það tæknilega mjög erfitt.

En er það svo, frú forseti? Ég spyr hæstv. ráðherra og eftir atvikum formann efnahags- og viðskiptanefndar, sem á eftir að stýra þessu máli í gegnum nefndina: Er ekki mögulegt að menn sammælist um að framlengja umsýslugjaldinu, t.d. til þriggja, fjögurra mánaða en að þeim tíma loknum taka þá til skoðunar þær tillögur sem frá nefnd hæstv. ráðherra koma og skoða hvort þar séu ekki einhverjar leiðir sem séu betur færar en þessar? Ég spyr þessa tvo hv. þingmenn og hæstv. ráðherra: Hvað mælir því í gegn að sú leið sé farin? Þá er í reynd verið að setja sólarlagsákvæði varðandi umsýslugjaldið og setja þrýsting á nefndina um að skila verki sínu. Ég held að þetta sé leið sem við ættum að skoða.

Sömuleiðis vil ég að það komi alveg skýrt fram af minni hálfu að ég tel að ekkert gruggugt sé á ferðinni hvað varðar meðferð fjármuna í þessu máli nema síður væri. Ég ber fullt traust til heiðarleika allra þeirra sem að málinu koma. Við höfum hins vegar ákveðin tæki í stjórnsýslunni til að kanna hvort rétt sé að verkefnum staðið. Stjórnsýsluúttektum Ríkisendurskoðunar hefur verið beitt til að veita ríkisstofnunum aðhald og til að finna veikleika og læra af þeim.

Það er hugmynd mín og tillaga að gerður verði reki að því að Ríkisendurskoðun taki fyrir stjórnsýsluúttekt á umræddu verki alveg frá upphafi. Menn þurfa þá að skoða hvernig til þess var stofnað. Hvaða áætlanir menn gerðu og á hvern hátt þeim hefur verið framfylgt. Það heitir að veita ríkinu aðhald. Það er hlutverk okkar. Ef einhverjir ættu að þekkja og taka undir það þá eru það þeir hv. þingmenn sem sitja hér í hliðarherbergi og hlýða á mál mitt, þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Því það eru fyrst og fremst þeir sem hafa talað um nauðsyn þess að veita ríkinu aðhald. Þess þá heldur þegar menn eru sammála því sem hv. þm. Ásta Möller kallaði lögmál hérna áðan, að verkefni á vegum ríkisins hlytu að vaxa og bólgna út. Þess þá heldur þegar árum saman hafa legið fyrir vísbendingar um að þetta verk er að vaxa stjórnlaust. Það er enginn sem sér fyrir endann á því og enginn veit hvað það kostar.

Ég er alveg sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal að undirstaða nútímakapítalisma og nútímamarkaðsbúskapar er einmitt skráning fasteigna, sem eru andlag veðhæfni og eru í raun skilgreining eignar. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir, að þetta stendur þróun markaðsbúskapar fyrir þrifum í ýmsum vanþróaðri ríkjum heimsins. Við þekkjum það frá Afríku þar sem menn geta ekki fengið lán til að reyna að hrinda í framkvæmd ýmsum hugmyndum sem þeir fá, góðum viðskiptahugmyndum, af því að þeir geta ekki skilgreint það land sem þeir telja sig eiga. Þar er enginn opinber aðili sem getur gert það fyrir þá. Að því leytinu til er þetta alveg hárrétt hjá hv. þingmanni og fín hugmynd hjá honum, að svona óskaplega fín kerfi gætu verið framlag okkar til þess að stuðla að þróun markaðsbúskapar í sumum þessara ríkja. En mig langar til að spyrja hv. þingmann. Var eitthvað að hinum íslenska kapítalisma fyrir daga þessa kerfis? Að sjálfsögðu ekki, nei.

Með þessu er ég ekki að halda því fram að kerfið sem hér er verið að byggja sé vont eða slæmt. En ég er hins vegar að segja að markaðsbúskapurinn þróaðist á ákaflega eðlilegan hátt áður en þetta kerfi kom til og hefði gert það með nákvæmlega sama hætti þótt menn hefðu ekki kastað hérna 3 milljörðum í þetta. Ég ætla ekki að fara út í grunsemdir mínar um af hverju menn réðust í þetta verkefni. En ég held að það hafi ekki verið gert með hagsmuni íslensks kapítalisma fyrir augum, miklu frekar einhverra annarra hagsmuna.

Það þýðir ekki tæknilega séð að það kerfi sem búið er að verja til bráðum 2,5 milljörðum af fjármunum íslenskra skattborgara, sé ekki vel úr garði gert. En það er hugsanlegt eins og fram hefur komið að það sé allt of vel úr garði gert og þarna sé verið að búa út lúxuskerfi sem við þurfum ekkert á að halda. Ég veit það ekki. Vegna þess að á engu stigi málsins hafa komið fram nægilega vel skilgreindar upplýsingar um hvað þetta gengur út á né heldur hvað veldur þeim mikla kostnaði sem hefur nú þegar stafað af verkinu.

Mér þótti það býsna merkilegt sem hv. þm. Ásta Möller sagði áðan. Hún rifjaði það upp að fyrir nákvæmlega einni viku hefði hún setið ráðstefnu þar sem forsvarsmenn áðurnefnds fyrirtækis upplýstu ráðstefnuna um að nú væri bara eftir 7% af því verki sem menn ætluðu sér að vinna. Þá hlýtur óhjákvæmilega að vakna eftirfarandi spurning. Ef 7% af verkinu eru eftir, hvernig í ósköpunum stendur þá á því að til þeirra 7% þarf að verja sem, samkvæmt upplýsingum frá fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins sem liggja fyrir í fylgiskjali með frumvarpinu, kostar fjórðunginn af þeirri heildartölu sem þar kemur fram að verkið muni kosta? Þetta er mjög skrýtin spurning og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á þessu?

Hæstv. ráðherra sagði í upphafi að verkið hefði orðið dýrara en menn gerðu ráð fyrir vegna þess að misvísandi upplýsingar hafi verið í hinni gömlu fasteignaskrá annars vegar og hins vegar í þinglýsingarskrá hinna ýmsu embætta. Það er alveg rétt. Það hefur komið fram. En hins vegar er hægt að meta það hversu miklu skeikar þarna. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í upphafi gerðu menn ráð fyrir að misvísunin sem þarna væri á ferðinni milli þessara tveggja tegunda skráa væri 10%. Reyndin hafi ver-

ið sú hins vegar að þarna hafi skeikað 15–33%. Hægt er að taka meðaltal af því og þá losar það rösklega 20%. Með öðrum orðum, það sem skeikar frá hinni upphaflegu áætlun er samkvæmt því um 100%, þ.e. að hin upphaflega misvísun er tvöfalt meiri en menn gerðu ráð fyrir í upphafi. Samkvæmt því mætti ætla að kostnaðurinn yrði tvöfalt meiri. Með öðrum orðum, kostnaðurinn yrði þá 1.300 milljónir miðað við hina upphaflegu áætlun sem hægt var að draga út á sínum tíma í umræðum í þinginu.

Hins vegar kemur í ljós, miðað við þær upplýsingar sem fylgja í skjalinu frá fjármálaráðuneytinu, að heildarkostnaðurinn er ekki 1.300 milljónir heldur að minnsta kosti 2.450. Þá spyr maður: Hvernig í ósköpunum á þá að skýra mun upp á hartnær 1.200 milljónir? Hvað veldur honum? Hæstv. ráðherra þarf að skýra það fyrir okkur til að við getum með eðlilegum hætti staðið að samþykkt frumvarpsins. Ekki er hægt að koma hingað og ætlast til þess að þingheimur samþykki áframhaldi tímabundins skatts án þess að vita af hverju framhaldið stafar. Hvers vegna þurfum við að gera þetta?

Hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsti miklum efasemdum við samþykkt þessa máls fyrir tveimur árum, að réttlætanlegt væri að gera þetta. Hv. þingmaður átti þá frumkvæðið að því, ef ég man rétt, með öðrum félaga okkar, hv. þm. Ögmundi Jónassyni og líklega fleiri þingmönnum úr efnahags- og viðskiptanefnd, að þessum skatti yrði einungis haldið áfram í tvö ár. Hv. þingmaður lýsti því þá í ræðu, ef mitt roskna minni brestur ekki, að hann sæi að minnsta kosti þrjár aðrar leiðir til að mæta þeim kostnaði. Ég hlýt að spyrja hv. þingmann: Er hann þeirrar skoðunar enn þá að til séu aðrar leiðir?

Mér finnst merkilegt að þeir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, stuðningsmenn hæstv. fjármálaráðherra, sem ég er líka á minn hátt, skuli fallast á það með mér og öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar, sem hafa gagnrýnt þetta, að málið sé aðfinnsluvert. Eða eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði, það hefur farið úr böndum. Og ef það er svo að mál er aðfinnsluvert og hefur farið úr böndum, ætla þingmenn þá bara að koma hingað eins og ekkert hafi í skorist og ýta á sinn græna hnapp og samþykkja slíka vitleysu áfram? Er það þannig sem menn vinna í Sjálfstæðisflokknum? Það er að minnsta kosti ekki þannig sem menn segja í Sambandi ungra sjálfstæðismanna, sem sumir þeirra ágætu manna eru aldir upp með tiltölulega þokkalegum hætti, að hlutirnir eigi að gerast. Samband ungra sjálfstæðismanna, þar sem hv. þm. Birgir Ármannsson, einn af talsmönnum Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum, hlaut sitt pólitíska uppeldi, hefur margsinnis varað menn við því að leyfa ríkinu að vaxa stjórnlaust í gegnum verkefni af þessum toga. Nú erum við hérna með mál sem í hnotskurn er allt það sem varast vann. Hvað ætla þá þessir ungu þingmenn Sjálfstæðisflokksins að gera? Ætla þeir bara að sitja og brosa og kíma og finnast þetta sniðugt?

Frú forseti. Sá brandari sem þessir ágætu þingmenn eru núna að brosa að, kostar skattgreiðendur 2,5 milljarða. Hann átti að kosta 600 milljónir í upphafi. Enginn þeirra getur komið hingað og svarað þeirri spurningu minni hvernig á því stóð að menn eyddu 1.800 milljónum umfram. Það er enginn sem getur svarað því. Ætlar hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hér hefur verið árvökull aðgæslumaður skattborgara að koma hingað og segja: Ja, það er ekki hægt annað en að samþykkja þetta. Af því að það þarf að gera áður en árinu sleppir? Svona vinna menn ekki í dag. Menn hljóta að skoða þetta og læra að minnsta kosti af reynslunni.

En hæstv. fjármálaráðherra virðist ekkert læra af reynslunni vegna þess að þegar við þingmenn óskum eftir því að menn beiti þeim tækjum stjórnsýslunnar sem við höfum, þó ekki væri nema að læra af hugsanlegum mistökum, og köllum til Ríkisendurskoðun til að fara yfir verkferilinn, þá sér hann enga sérstaka ástæðu til þess. Hugsanlega ef hún sér eitthvað í yfirferð sinni yfir meðferð fjármuna.

Það er enginn að tala um að það hafi með óvönduðum eða óheiðarlegum hætti verið farið með fjármuni. Það sem menn eru hins vegar að tala um er að menn leggja út í ákveðið verkefni sem þeir hafa ekki hugmynd um hvað kostar og eru ekki einu sinni vissir um tilganginn í upphafi, jafnvel þó að hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem hefur skoðað þetta í krók og kring, segi að þetta sé rosalega fínt kerfi, eða eins og hv. þingmaður sagði, hugsanlega of gott.

Þetta finnst mér, frú forseti, vera mergurinn málsins. Þetta verk allt er dæmi um verkefni á vegum ríkisins sem hefur bólgnað stjórnlaust. Það er auðvitað í stíl við það að rekstur ríkisins hefur aldrei þanist út með jafnóhóflegum hraða og einmitt í tíð fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, ekki bara þessa, heldur líka þeirra sem á undan fóru, þ.e. frá því að fyrrverandi fjármálaráðherra, Friðrik Sophusson, kom sér í aðra bithaga. Þá urðu ákveðin kaflaskipti. Eftir það er mín tilfinning sú að hlutirnir hafi verið miklu losaralegri. Þetta er dæmi um það.

Frú forseti. Ég rifja það líka upp þegar við ræddum þetta fyrir nokkrum þingum og veltum fyrir okkur af hverju húseigendur einir séu látnir greiða þetta. Af hverju eru það ekki ýmsir aðrir aðilar málsins? Þá var m.a. talað um að húseigendur væru hvort eð er að borga skattana og ríkið þyrfti á þessu að halda, m.a. til að geta lagt á eignarskatta.

Jæja, frú forseti. Nú er búið að leggja af eignarskatta þannig að ekki er hægt að beita þeirri röksemd lengur. Hæstv. fjármálaráðherra sagði í einu andsvari fyrr í dag að ef menn væru að velta því fyrir sér hvar ætti að bera niður varðandi greiðendur, þá væri hægt að skoða hina nýju nefnd ráðuneytisins og samsetningu hennar og draga af því ályktun. Það er alveg hárrétt hjá honum. Fram kemur að þar situr t.d. fulltrúi tryggingafélaganna. Einnig hefur komið fram í umræðunni að lánastofnanir hafa mikinn hag af umræddri skrá. Þá spyr maður hæstv. fjármálaráðherra: Er þá ekki eðlilegt að tryggingafélögin greiði einhvern hluta af þessu? Og í öðru lagi, að lánastofnanir, sem hafa þennan mikla hag af þessu, komi líka að því að greiða kostnaðinn?

Ég vil að síðustu, frú forseti, spyrja hæstv. ráðherra eftirfarandi spurningar, ef hann mætti vera að því að hlýða á mál mitt, frú forseti: Hversu stór hluti af því umsýslugjaldi sem við erum að ræða um fer til stofnkostnaðar og hversu stór hluti fer til rekstrar? Þetta er algjört lykilatriði að við vitum þegar við erum að samþykkja hugsanlega framlengingu á gjaldinu. Það tíðkast ekki bara í rekstri fyrirtækja heldur í öllum reikningsskilum ríkisins að fram komi, þegar menn eru í svona verki, hvað reksturinn er stór hluti af

þessu og hvað er stofnkostnaður mikill hluti? Það hefur ekki nokkur maður getað dregið það upp úr hinu opinbera. En það eru algjör lykilatriði. Það hlýtur að þurfa að koma fram.

Í annan stað vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær gerir hann ráð fyrir að þessu gjaldi ljúki? Í mínum huga er þetta ekkert annað en skattheimta. Ég tel að þarna sé ríkið með laumulegum hætti að verða sér úti um fé sem er hægt að skilgreina á annan hátt en sem skatt. Það getur hæstv. ráðherra notað m.a. til að lækka formlega skattheimtu sem framkvæmd er á annan máta. En jafnan var talað um þetta og skilgreint af hálfu ríkisins sem tímabundið gjald og því hefur verið framlengt aftur og aftur. Og því spyr ég: Hvenær telur hæstv. ráðherra að þessu sleppi?

Af því að hæstv. ráðherra sagði áðan að það væri ekki rétt að af hálfu ráðuneytisins hefði verið seint í rass gripið með að leita leiða til nýrrar og annarrar tekjuöflunar, sagði að það væri ekki rétt að slík vinna hefði ekki verið í gangi áður en nefndin var sett upp, þá langar mig að spyrja: Hvaða leiðir komu þá helst til álita? Eða voru hugsanlega engar hugmyndir eftir þá vinnu sem hæstv. ráðherra sagði að innt hefði verið af hendi í ráðuneytinu?

Að lokum spyr ég hæstv. ráðherra. Hvenær gerir hann ráð fyrir að sú nefnd sem hann setti á laggirnar nýlega ljúki störfum?

[15:44]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki með niðurbrotnar tölur yfir rekstur þessarar stofnunar sem hv. þingmaður er að biðja um en sjálfsagt að þeim verði komið á framfæri við nefndina og hún fari ítarlega yfir það hvernig þessu er háttað, bæði með stofnkostnað og rekstur, í sinni yfirferð. Síst hefði ég á móti því.

Eins og hv. þingmaður má væntanlega sjá af frumvarpinu og þeirri nefnd sem þegar hefur verið skipuð og þeirri umræðu sem farið hefur fram, bæði af minni hálfu og annarra, þá geri ég ráð fyrir að búið verði að finna aðra lausn á fjármálum umræddsverkefnis þegar því tímabili er lokið sem um er að ræða, þessum tveimur árum. Ef störf nefndarinnar ganga vel fram og tími vinnst til annarra hluta vegna, að koma að nýrri skipan þessara mála, væri það mér alls ekkert á móti skapi. En til að vera raunsær í því hvernig svona mál ganga fram þegar verið er að finna nýja aðila til að fjármagna tiltekin verkefni taldi ég rétt að hafa þetta tveggja ára tímabil sem um er að ræða í frumvarpinu.

En það er nefndarinnar að fara yfir þetta og meta málið. Henni verða að sjálfsögðu veittar allar þær upplýsingar sem hún mun biðja um og er best að hún fari sem ítarlegast yfir málið, því ekki vil ég að neitt sé samþykkt hér á fölskum forsendum.

[15:46]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra býður hér að fyrir nefndina verði lögð skilagrein um það með hvaða hætti kostnaður skiptist á rekstur og stofnkostnað. Ég fagna því, ég tel að það sé algjör forsenda fyrir því að hægt sé að ljúka þessu máli. Ég fagna því líka af annarri ástæðu. Ég er nokkuð kvíðafullur yfir því að það sé hugsanlegt að þetta gjald verði framlengt til eilífðar. Sá kvíði stafar af þeim upplýsingum sem komu fram áðan hjá hv. þm. Ástu Möller og ég hef áður rakið þær. Hún greindi frá því að einungis 7% verkanna sem áætlað er að eigi eftir að ljúka í þessu verkefni séu greinilega það mikil að vöxtum að til þeirra þurfi að kosta fjórðungi af heildarkostnaði verksins. Ég hef náttúrlega enga trú á því að þær tölur standist, ekki hjá hv. þingmanni, heldur held ég að það séu engin rök fyrir því. Þess vegna óttast ég að rekstur þessa verks sé einfaldlega orðinn það dýr og umfangsmikill að það sé hann sem geri það að verkum að nauðsynlegt sé að framlengja þessu bixi ár eftir ár. Ég held með öðrum orðum að hér sé búið að búa til ríkisstofnun sem kosti það mikið að menn verði að innheimta þessi hundruð milljóna árlega af húseigendum til að standa straum af henni. Gott fyrir kapítalismann, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal, en mér er til efs að þetta hafi ráðið úrslitum um framvindu markaðsbúskapar á Íslandi.

[15:48]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við heyrðum hér spádóm hv. þingmanns. Við munum leggja hann á minnið og þegar fram líða stundir rifjum við hann upp og hvernig til hefur tekist með þetta mál.

[15:49]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður beindi til mín spurningunni: Hvað var fyrir daga þessa kerfis, þessarar landskrár? Þá var í gildi afskaplega gott kerfi sem voru veðbækur sýslumanna. Þar unnu mjög nákvæmir menn við skráningu og upplýsingagjöf. Það var reyndar dálítið þunglamalegt og þungt kerfi og erfitt en það skilaði sínu og stóð fyrir því að kapítalisminn eða — ég veit ekki hvaða íslenskt orð við finnum yfir það — markaðsbúskapurinn eða auðvaldið, kalla það sumir, gat gengið hér á landi. Þetta nýja kerfi gerir þessa upplýsingagjöf, skráningu og annað slíkt miklu hraðvirkari og nákvæmari. Það má vel vera að hluti af þeirri miklu veltuaukingu sem orðið hefur á fasteignamarkaði sé kannski vegna þess að kerfið er farið að virka og markaðsbúskapurinn gangi enn betur og muni ganga enn betur í framtíðinni vegna þess arna.

Ég vil benda á að ég held að verðmæti allra fasteigna í landinu, fasteignamatið, sé um 2.000 eða 2.500 milljarðar, þetta er eftir minni, þannig að kostnaðurinn við þetta kerfi er 1‰ af þeim kostnaði. Það er ekki stórt miðað við þá hagsmuni sem um er að ræða.

Hins vegar verðum við að gæta þess sérstaklega að þessi kostnaður sé ekki meiri en þörf er á og það sem ég ætla að gera í hv. efnahags- og viðskiptanefnd er að fá nákvæma lýsingu á því hve mikið fer til rekstrar og hve mikið fer í stofnkostnað, því að ég vil ekki taka undir með hv. þingmanni um að það sem einu sinni var í gildi, eitt sinn skattur, ávallt skattur, gildi lengur. Við erum búin að afleggja eignarskattinn — nú er hæstv. fjármálaráðherra ekki við til að taka við því lofi — við erum búin að afnema fjöldann allan af sköttum og erum að lækka skatta. Þessi regla gildir því ekki lengur en við verðum að vera sérstaklega á varðbergi

gagnvart því að þetta gjald, sem átti fyrst að vera til fjögurra ára og verið er að framlengja til átta ára, vonandi bara sjö, endi sem viðvarandi skattur. Ég mun alla vega vera á varðbergi gagnvart því.

[15:51]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram fróðlegar umræður um þetta mál og er fullt tilefni til, því að svo virðist sem slík verkefni hlaði ævinlega utan á sig og fari verulega fram úr því sem gert var ráð fyrir í upphafi, bæði taka þau mun lengri tíma og í þau fara meiri fjármunir, kerfisverkið þenst út og kallar þannig á aukinn kostnað o.s.frv. Sumt af því kann að vera eðlilegt því þegar verið er að hanna eftirlitskerfi eða skráningarkerfi kann verkið að vera víðtækara en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi.

Þó segir í athugasemdum við frumvarpið, með leyfi forseta:

„Tilgangur laganna var að samræma verklag skráningaraðila við skráningu fasteigna í samhæfðri tölvuvinnslu." — Síðar segir: „Þar sem hvert upplýsingaatriði er aðeins fært einu sinni í landskrána sparast sú margskráning sem áður fór fram hjá ýmsum skráarhöldurum."

Allt kann þetta að vera rétt, ekki ætla ég að mótmæla því fyrir fram, en það er ljóst að þessi skráning á fasteignum, sú skrá sem hér er verið að setja upp varðandi Landskrá fasteigna, gagnast auðvitað ekki bara fasteignaeigendum heldur einnig viðskiptaaðilum, lánastofnunum o.s.frv. Það er þess vegna spurning hvar á að taka þann kostnað sem hlýst af skránni í framtíðinni. Eins og þetta er lagt upp í greinargerð með frumvarpinu er beinlínis sagt að þegar þessi skráning verði komin á sparist margskráning hjá ýmsum skráarhöldurum. Svo kann því að fara að sá kostnaður sem við leggjum í núna í þessu máli, sem er vissulega verulegur og langt umfram það sem menn gerðu sér grein fyrir, komi síðar til baka. En það kann líka að vera að verkið hafi þanist út án þess að menn hafi gert sér grein fyrir því og ýmsir þættir jafnvel verið teknir inn í það sem áður var ekki kortlagt að þyrftu þar að vera. Ég skal ekkert um það segja.

Það má minna á sambærileg mál sem hafa haft mikinn kostnað í för með sér. Ég minni á hönnun tölvukerfis fyrir Tryggingastofnun ríkisins, sem er margbúið að auka fé til, aftur og aftur, endurtekið á fjárlögum og fjáraukalögum, án þess að menn hafi náð að kortleggja hvaða kostnaður hafi átt að koma þar til og hvort hann teljist eðlilegur. Ég veit ekki til þess að gerð hafi verið sérstök úttekt á þeim kostnaði, það kann þó að vera. Ég hef ekki séð hana, það getur verið að viðkomandi ráðuneyti hafi látið skoða það.

Hv. þm. Ásta Möller vék áðan að rafrænni sjúkraskrá og hönnun hennar hefur tekið langan tíma. Þar hefur vissulega verið um talsverðan kostnað að ræða, þó að hann sé kannski ekki sambærilegur við það sem hér er verið að ræða. Við erum að ræða um fjármuni sem stefna í að nálgast jafnvel 3 milljarða króna í þetta verkefni, sem átti upphaflega að standa í fjögur ár og átti að vera lagt upp þannig að því lyki. Síðan var því framlengt um tvö ár og nú á aftur að framlengja því um tvö ár. Á sama tíma hefur verð fasteigna hækkað og þar af leiðandi brunabótamat og tekjurnar hafa aukist. Það streyma því miklir fjármunir inn í þetta verkefni sem gjarnan mætti gera grein fyrir.

Það er rétt að upplýsa það hér, hæstv. forseti, af því að ég gat um það í andsvari við hæstv. ráðherra í dag að ástæða væri til að láta Ríkisendurskoðun kafa ofan í þetta mál, að þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur skrifað Ríkisendurskoðun og beðið um að þetta mál verði skoðað, svo að þær upplýsingar liggi hér fyrir. Ég veit ekki betur en það bréf hafi verið póstlagt en ég bað framkvæmdastjóra flokksins um að ítreka það með tölvuskeyti þannig að mönnum væri ljóst að búið væri að biðja um að málið yrði skoðað.

Ég tel nauðsynlegt að fara ofan í þetta mál eins og það er vaxið og að kostnaður og verkþættir verði kortlagðir. Það kann að vera að sú úttekt leiði í ljós að hér hafi verið hannað slíkt verkfæri til að fylgjast með og vinna að Landskrá fasteigna að það sé verðmætt í sjálfu sér og að sá mikli stofnkostnaður sem ráðist hefur verið í skili sér síðar með hagkvæmni í kerfinu. Að því var stefnt í upphafi þegar lagt var af stað í þetta verk árið 2000, það má beinlínis lesa það út úr því sem ég vitnaði til í upphafi máls míns þar sem bent var á að tilgangur laganna væri að samræma verklag skráningaraðila við skráningu fasteigna í samhæfðri tölvuvinnslu og þar sem hvert upplýsingaatriði væri aðeins slegið inn einu sinni sparaðist þar af leiðandi sú margskráning sem hefði verið framkvæmd áður hjá ýmsum aðilum. Þetta kann að vera rétt, ég ætla ekki að hafna því fyrir fram. En það verður auðvitað fróðlegt hvort Ríkisendurskoðun metur það svo, ef hún gerir stjórnsýsluúttekt á þessu, að þessir fjármunir skili sér síðar eða að hér sé verið að stofna til kostnaðar sem ekki sé líklegt að mati stofnunarinnar að skili sér á komandi árum, nema kannski með því lagi, eins og menn í ríkisstjórnarflokkunum hafa reyndar orðað í umræðunni hér í dag, að verkið verði einkavætt eða boðið út og selt og þar af leiðandi gagnagrunnurinn líka og haldið utan um þetta þannig og ríkið fái þá þessa fjármuni til baka. Ekki skal ég fullyrða neitt um það.

Ég held að það yrði ákaflega fróðlegt ef hægt væri að fá þetta verk unnið fljótt og vel. Það kann að vera að Ríkisendurskoðun geti ekki tekið verkið og skoðað það áður en við lokum fjárlagagerðinni í desember en það er nauðsynlegt að fram fari nokkuð snögg úttekt á því hvað er hér verið að aðhafast, því að við erum ekki að tala um neina smáaura í þessu sambandi, hæstv. forseti.

Það var upplýst hér að 7% væru eftir af þessu verki, 93% væru þegar unnin, og að við ætluðum að verja 650 milljónum á næstu tveimur árum í þau 7% sem eftir eru af verkinu, ef þessar upplýsingar, sem komu fram í máli hv. þm. Ástu Möller, eru réttar, sem ég dreg ekkert í efa.

Eins og ég benti á í ræðu minni höfum við verið að leggja fjármuni ríkisins í vinnslu á ýmsum kerfum. Ég nefndi tölvukerfi Tryggingastofnunar og áður hefur verið nefnd hér landskrá um sjúklinga og nú ræðum við um Landskrá fasteigna. Ég held að óhætt sé að segja að sammerkt með þessum verkefnum er að þau hafa öll tekið til sín meiri fjármuni en menn sáu fyrir í upphafi. Þó hygg ég að verkefnið sem við ræðum núna keyri kannski mest fram úr af þeim öllum, þó að ég hafi ekki þann samanburð akkúrat í pontunni í dag er ég nokkuð viss um að svo sé.

Það hefur iðulega þurft að bæta í þegar verið er að vinna

slík tölvukerfi og upplýsingakerfi, langt umfram þann kostnað sem lagt var af stað með í upphafi. Það er alveg hægt að segja það, hæstv. forseti, að það er eins og svona skráning, stofnanir sem taka að sér kerfisskráningu, fari að lifa sjálfstæðu lífi. Þær þróast og stækka og bæta við sig verkefnum og sífellt virðist vera hægt að auka við verkefnin og skráninguna. Þrátt fyrir að mönnum hafi í upphafi tekist að búa til skráningarkerfi sem ættu að vera til einföldunar og með betri aðgang fyrir almenning og þá aðila sem þau nota, fer það oft svo að þau vaxa stöðugt og stjórnlaust og við sjáum engan veginn fyrir endann á þessu. Um þetta höfum við mörg dæmi, hæstv. forseti. Þar sem við erum hér með dæmi sem bæði hefur keyrt langt fram úr í tíma, miðað við þá verkáætlun sem upphaflega var lagt upp með, og auk þess margfalt í kostnaði, held ég að full ástæða sé til að það verði skoðað sérstaklega af Ríkisendurskoðun og við í Frjálslynda flokknum höfum óskað eftir slíkri skoðun. Það væri mjög þarft ef það gæti orðið, ég tala nú ekki um ef þær upplýsingar gætu að einhverju leyti legið fyrir áður en menn ljúka vegferð þessa máls og samþykkja viðbótarálögur til tveggja ára sem tengjast þróun fasteignaverðs, en fasteignaverð hefur eins og allir vita vaxið og hækkað hér á landi á undanförnum árum og þar af leiðandi hefur sá tekjustofn vaxið meira en menn höfðu gert ráð fyrir.

Það er full ástæða til, hæstv. forseti, að þetta mál verði skoðað gaumgæfilega. Ég vonast til að Ríkisendurskoðun geti skoðað málið sem allra fyrst þannig að eitthvað af þeim upplýsingum liggi fyrir áður en þessu máli verður lokað hér og það verður að lögum en það tengist auðvitað fjárlagagerðinni sem væntanlega lýkur samkvæmt starfsramma Alþingis í fyrri hluta desember.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:03]

**Útbýting:**
Málefni fatlaðra, 247. mál, svar félmrh., þskj. 414.
Umferðarlög, 381. mál, frv. KBald o.fl., þskj. 418.

## *Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 1. umr.*

Stjfrv., 357. mál (refsiákvæði og tímabundin lækkun olíugjalds). — Þskj. 388.

[16:03]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, vegna framlengingar á tímabundinni lækkun olíugjalds og breytinga á refsiákvæðum.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er fyrst og fremst verið að bregðast við vandamálum sem komið hafa upp við framkvæmd laganna um olíugjald og brýnt er að koma í rétt horf sem fyrst.

Í fyrsta lagi er með frumvarpinu lagt til að kveðið verði á með skýrum hætti að sala olíu um borð í varðskip og skip sem notuð eru í atvinnurekstri og skráð eru 6 metrar eða lengri sé undanþegin olíugjaldi. Við slíka afhendingu er ekki gerð krafa um að í olíuna sé bætt litar- eða merkiefnum. Í reglugerð um litun á gas- og dísilolíu er að finna ákvæði þess efnis en rétt þykir að skjóta styrkari stoðum undir það ákvæði.

Í öðru lagi eru í frumvarpinu lagðar til umfangsmiklar breytingar á ákvæðum sem snúa að endurákvörðun, refsingu, kæruheimild, málsmeðferð og eftirliti. Ekki er lagt til að gerð verði breyting á því hvað teljist vera refsiverð háttsemi frá því sem er í núgildandi lögum. Stefnt er að því að refsingar við brotum á lögunum verði gagnsærri og beiting þeirra skilvirkari. Breytingarnar felast einkum í því að sektarákvæði verði ákveðin krónutala en ekki afleiddar af þeirri ætluðu fjárhæð sem undan er dregin og er í núgildandi lögum.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds verði framlengd til loka næsta árs.

Frá því að olíugjald var tekið upp hefur heimsmarkaðsverð á dísilolíu oftar en ekki verið hærra en heimsmarkaðsverð á bensíni. Spár gera ráð fyrir því að heimsmarkaðsverð á dísilolíu verði á næstu missirum að jafnaði hærra en heimsmarkaðsverð á bensíni. Mikilvægt er að innbyrðis samræmi sé í skattlagningu á dísilolíu og bensíni þannig að dísilknúnar fólksbifreiðar verði álitlegri kostur fyrir einstaklinga en þær hafa verið hingað til. Með vísan til framangreinds er með frumvarpi þessu lagt til að þessi tímabundna lækkun olíugjalds úr 45 kr. í 41 kr. verði framlengd á ný tímabundið til 31. desember 2007.

Ekki er áætlað að frumvarpið hafi umtalsverð áhrif á útgjöld við framkvæmd laganna en tekjur af sektum kunna að aukast nokkuð að minnsta kosti fyrst um sinn þar til tilætluð varnaðaráhrif verða komin fram. Framlenging á tímabundinni lækkun olíugjalds og sérstaks kílómetragjalds sem falla átti úr gildi um næstu áramót leiðir til þess að tekjur ríkissjóðs verða um 450 millj. kr. lægri en ella hefði orðið. En þegar hefur verið reiknað með því í forsendum tekjuliða fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007. Ekki er því gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[16:06]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er aðeins eitt sem ég óska eftir að hæstv. ráðherra geri örlítið betur grein fyrir. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni — hann var frekar hraðmæltur og allt í lagi svo sem með það — að hann teldi að afleiðingar þessa máls kæmu ef til vill fram í auknum sektargreiðslum. Ég vil gjarnan, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherra geri nánar grein fyrir því hvað hann á við. Hvar liggur sú sérstaka hætta sem leiðir til þess að ráðherrann gerir ráð fyrir því að brotum fjölgi og sektargreiðslum? Og þarf þá ekki að gefa um það betri leiðbeiningar en hæstv. ráðherra gerði í ræðu sinni?

[16:06]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta felst í tvennu, annars vegar í því að

skýrar er kveðið á um hvað sé brot og þar af leiðandi á að vera auðveldara að fylgja eftir eftirliti og þar með gæti komið til þess að það verði þá frekari sektir og eins vegna þess að upphæðir sektanna eru ákvarðaðar á annan hátt, þ.e. óháð því sem ætlað er að kæmi út úr brotunum til góða fyrir þann sem er brotlegur. En ég geri ekki ráð fyrir að þessi áhrif verði varanleg þar sem ég geri ráð fyrir því að þetta muni hafa fyrirbyggjandi áhrif og muni síðan leiða til þess að brotum fækki vegna fyrirbyggjandi áhrifa sem hljótast af því að skýrara er hvað um sé að ræða og eins hver sektarfjárhæðin er. Þetta er nú ekki neitt sem ég tel ástæðu til að gera sérstaklega grein fyrir í fjármálum ríkisins, alla vega til lengri tíma litið.

[16:08]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til viðbótar við þetta efni sem hér var rætt þá langar mig að fá upplýst hvort ráðherra hafi um það dæmi eða tölur hversu mörg brot sé um að ræða og hversu mörg mál hafi komið upp í þessu sambandi.

Að öðru leyti vil ég taka undir það að hér er áfram um að ræða tímabundna lækkun á fjárhæð olíugjalds, að hún verði framlengd. Ég tel eðlilegt og tek undir það að ekki er annað að sjá en að meginefni frumvarpsins sé til bóta og að eðlilegt sé að framlengja gjaldið eins og það er um eitt ár.

Hæstv. ráðherra nefndi brotin og ég hefði viljað að hann gæti upplýst mig um hvort mikil tilhneiging hafi verið til þess að brjóta þessi lög, þ.e. hvaða upplýsingar ráðherrann hefur í þeim efnum.

[16:09]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki með neinar tölur um það en skal gera reka að því að þær liggi fyrir í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.*

Stjfrv., 358. mál (löggilding starfsheitis grafískra hönnuða). — Þskj. 389.

[16:09]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)**:

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Eins og rakið er í greinargerð var gerð breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, í vor sem leið, sem meðal annars fól í sér að grafískum hönnuðum var bætt við í upptalningu starfsheita í 1. gr. laganna. (**ÖS:** Enn einn skatturinn?) Gjald hefur verið tekið fyrir leyfi til þeirra sérfræðinga sem þar eru tilgreindir á grundvelli 22. tölul. 10. gr. (Gripið fram í.) aukatekjulaganna. Samræmis vegna er hér því lagt til að 22. tölul. 10. gr. verði breytt þannig að unnt sé að taka gjald fyrir leyfi til grafískra hönnuða.

Ég legg til, frú forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 1. umr.*

Stjfrv., 359. mál (framlenging tímabundinnar lækkunar gjalds). — Þskj. 390.

[16:11]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)**:

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpi þessu er lagt til að framlengd verði tímabundin heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Þessi tímabundna heimild fellur að óbreyttu úr gildi 31. desember 2006 og er hér lagt til að hún verði framlengd um tvö ár. Innflutningsverð umræddra bifreiða er alla jafna nokkru hærra en hefðbundinna ökutækja og er heimildinni ætlað að gera þær samkeppnisfærari á almennum markaði. Markmiðið með framlengingunni er að styðja áfram við öra þróun í hönnun og framleiðslu ökutækja sem geta nýtt rafmagn og metangas, enda eru skaðleg áhrif þeirra orkugjafa á umhverfið mun minni en eldsneytis úr olíum. Einnig hefur verið bent á að notkun umræddra bifreiða sé nauðsynlegt skref í frekari þróun í framleiðslu bifreiða sem eingöngu verða knúnar öðrum orkugjöfum en bensíni eða dísilolíu. Það byggist meðal annars á því að dreifikerfi fyrir aðra orkugjafa er enn svo gisið að ekki er unnt að reikna með almennri notkun slíkra bifreiða strax. Enn fremur eru ýmsar aðrar tæknilegar hindranir því til fyrirstöðu. Síðast en ekki síst er aukin notkun umræddra bifreiða í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og þá stefnu stjórnvalda að auka hlut innlendra orkugjafa.

Frú forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[16:13]

**Össur Skarphéðinsson**:

Frú forseti. Batnandi manni er best að lifa og snöggtum batna nú málin sem hæstv. ráðherra flytur hér í dag. (**Gripið fram í:** Það kom að því.) Þau fyrstu sem hann flutti hér voru giska slæm og sérstaklega það sem að fjallaði um Landskrá fasteigna. Þetta frumvarp er aftur á móti miklu rökrænna og horfir til bóta. Auðvitað mun ég og við í Samfylkingunni styðja þetta mál og ég leyfi mér að tala líka fyrir munn félaga minna í VG og lýsa því yfir að þeir munu gera að líka, en það ræð ég af líkum því að þeir hafa gert það áður.

Frú forseti. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst skorta heildstæða stefnu hjá ríkisstjórninni varðandi það að stuðla að og ýta undir notkun ökutækja knúnum endurnýjanlegu eldsneyti. Hæstv. ráðherra sagði réttilega áðan að ein af ástæðunum fyrir því að ríkisstjórnin leggur fram

þetta frumvarp og hefur gert um nokkurra ára skeið sé sú að dreifikerfi þessara nýju endurnýjanlegu orkugjafa sem við erum að fikra okkur í átt til að nota á Íslandi sé svo gisið. Það var vel mælt hjá hæstv. ráðherra og það er alveg hárrétt. Þess vegna telur hæstv. ráðherra nauðsynlegt að stuðla að því að þessir orkugjafar og þessi ökutæki verði tekin upp með því að lækka með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir skatta af ökutækjum og eldsneyti.

Ég vil hins vegar segja, frú forseti, að ég held að þetta gangi allt of skammt. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að stíga miklu stærri skref til að þau skipti nokkru máli. Ég tel að ríkisstjórnin ætti að taka á sig rögg og gera heildstæða áætlun um margvíslegar aðgerðir til að auka notkun farartækja sem nýta endurnýjanlega og innlenda orkugjafa. Ég tel að ríkisstjórnin ætti að setja sér tímasett markmið um það hversu stór hluti innlendra ökutækja verði knúinn með þeim hætti í tiltölulega nálægri framtíð. Ég hef sjálfur lagt fram þingsályktunartillögu á umliðnum árum þar sem skorað er á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum sem miða að því að fjórðungur ökutækja verði knúinn slíkum orkugjöfum árið 2020. Ég tel að við þurfum miklu umfangsmeiri lagabreytingar en þær sem hæstv. ráðherra leggur hér fram um heimildir sjálfum sér til handa. Ég tel að vandamálið sem við stöndum frammi fyrir sé partur af vandamáli heimsins alls og okkur beri siðferðileg skylda og við höfum líka alþjóðlegar samningsskuldbindingar til að stíga miklu stærri skref en þetta. Ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn til að samþykkja lög sem mundu veita hæstv. fjármálaráðherra heimild til að fella niður svo lengi sem þurfa þætti öll opinber gjöld eins og virðisaukaskatt, vörugjald og þungaskatt af samgöngutækjum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa, sömuleiðis af öllum búnaði sem er nýttur til að framleiða nýja endurnýjanlega orkugjafa hér á landi og jafnframt af öllu því endurnýjanlega eldsneyti sem hugsanlega væri hægt að nota til að knýja samgöngutæki. Ég tel að þetta séu alvöruskref. Þau eru miklu stærri en þau sem hérna eru stigin þó að sjálfsagt sé að vanþakka þau ekki. En ef við ætlum okkur að stíga raunveruleg skref til að hvetja með skattaívilnunum og beita efnahagslegum hvötum til þess að fá Íslendinga til að taka upp endurnýjanlega orkugjafa í samgöngum þá verðum við að gera það með þessum hætti. Þá verðum við að gera það með þeim hætti sem um munar. Skrefið sem hæstv. ráðherra stígur hér er gott og góðra gjalda vert. En það er allt of lítið. Við eigum að taka miklu dýpra og fastar á árum í þessu máli.

[16:17]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir falleg orð í okkar garð í hæstv. ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Það er ekki í fyrsta skipti.) Ekki í fyrsta skipti, nei. En þar sem hann nefndi að honum fyndist ekki nóg að gert þá vil ég samt minna á þau verkefni sem ríkisstjórnin hefur stutt á undanförnum árum varðandi vetnisvæðingu og ef ég man rétt þá var í umfangsmikilli skýrslu sem samgönguráðherra gaf út fyrir ekki mjög mörgum árum talsvert ítarleg umfjöllun einmitt um notkun á endurnýjanlegum eldsneytisgjöfum í bifreiðum, þannig að það er ekki eins og ríkisstjórnin hafi ekkert gert í þessu sambandi. Hins vegar held ég að umhverfið, orkugjafar og þar fram eftir götunum séu einfaldlega ekki á því stigi enn þá að það sem við stjórnmálamennirnir ráðum við að gera hafi umtalsverð áhrif á það hvernig hlutirnir munu þróast næstu missirin. En hins vegar ef við höldum áfram að styðja við verkefni eins og vetnisverkefnið þá mun sá dagur væntanlega koma, að það að fella niður gjöld og ýta undir notkun slíkra orkugjafa á annan hátt muni hafa veruleg áhrif. Þá er ég viss um að ekki mun standa á hæstv. ríkisstjórn að taka sig til og leggja fram tillögur í þeim efnum sem munu falla hv. þingmanni jafn vel í geð og þessi tillaga.

[16:19]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Herra trúr. Það vantar ekki að hæstv. ríkisstjórn hafi skrifað býsnin öll af skýrslum um þessi mál. Það vantar ekki heldur að hæstv. ríkisstjórn hafi margsinnis lýst góðum vilja. En það eru dáðirnar sem vantar. Má ég rifja það upp fyrir hæstv. fjármálaráðherra að eini repúblikaninn sem vann umtalsverðan sigur í ríkisstjórakosningum í Bandaríkjunum nú í kosningunum fyrir skömmu var einmitt tortímandinn, það var félagi Arnold Schwarzenegger. Hann vann m.a. sinn sigur vegna þess að hann hefur verið að berjast fyrir því að skattar á ökutækjum sem ganga fyrir endurnýjanlegu eldsneyti og skattar af endurnýjanlegu eldsneyti verði lækkaðir. Það eru slíkir menn, eins og tortímandinn sem hæstv. fjármálaráðherra á að taka sér sem fordæmi.

Það eru heilar þjóðir sem hafa m.a. byggt upp samgöngur sínar á endurnýjanlegu eldsneyti. Má ég minna á Brasilíu sem er undir forustu samfylkingarmannsins og verkalýðsforingjans Lula þar sem menn aka að 90% á vélum sem eru knúnar af etanóli. Má ég benda á það að í mörgum ríkjum Bandaríkjanna sem er mekka kapítalismans eru menn einmitt að fara þá leið að beita efnahagslegum hvötum til að fá menn til að taka upp þessa tækni í ríkari mæli með því að lækka skatta svo um munar. Það er þetta sem skiptir auðvitað mestu máli. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin hefur gert ágæta hluti varðandi vetnið. Það er hins vegar eins og við höfum séð af greinum síðustu vikur í blöðum að það er mjög langt í að það verði almenn tækni sem hægt er að taka upp.

Það ber að hrósa fyrirtækjum eins og Toyota sem hafa sett sér háleit markmið, „zero emission" svo ég sletti ensku, þ.e. engin kolefnalosun. Það eru svona markmið sem menn eiga að setja sér og við eigum að taka undir með svona fyrirtækjum með því að lækka skatta á framleiðslu þeirra.

[16:21]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. þingmanni að í Brasilíu er notaður orkugjafi, etanól, unninn úr sykurreyr og þar að baki liggur áratuga þróunarstarf, það er staðreynd. Og án þess að ég vilji fara í einhvern meting við hv. þingmann þá var það starf hafið löngu löngu áður en Lula komst í forsæti í Brasilíu.

Ég held að við séum efnislega sammála, ég og hv. þingmaður, um hvert við eigum að reyna að stefna í þessum efnum þótt okkur greini kannski að einhverju leyti á um

hver hraðinn geti orðið. Hins vegar verð ég að viðurkenna að það eru eiginlega öll vopn slegin úr höndunum á manni þegar manni er ráðlagt að taka sér Arnold Schwarzenegger, tortímandann og repúblikanann sér til fyrirmyndar af hv. þingmanni.

[16:23]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ástæða þess að ég tek tortímandann og dreg hann inn í þessa umræðu til þess að reyna að vekja hæstv. fjármálaráðherra af svefni sínum í þessu máli er auðvitað sú að ég vík öllum flokkslegum hagsmunum frá og til hliðar þegar um er að ræða svona grundvallaratriði. Ég tel að þau vandamál sem við er að glíma og stafa af losun svokallaðra gróðurhúsalofttegunda séu svo risavaxin að þjóðir heims verði að taka höndum saman til að ráða niðurlögum þessa vanda. Ég vísa þess vegna jafnt til samfylkingarmannsins Lula í Brasilíu og sjálfstæðismannsins Arnolds Schwarzeneggers, tortímandans í Kaliforníu. Mér er alveg sama hvorn þeirra hæstv. fjármálaráðherra kýs að taka sér til eftirdæmis. Ég tek þá báða í þessum efnum. Tortímandinn á glæstan feril hvað varðar umhverfismál í Kaliforníu og það er ástæðan fyrir því að hann hélt velli á meðan flokksbræðrum hans og systrum var meira og minna vikið til hliðar af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að fara út í hér.

Það er staðreynd að ekkert ríki í heiminum hefur gengið jafnlangt og Kalifornía og ég leyfi mér að kalla það ríki. Það er eitthvert umfangsmesta efnahagsstórveldi í heiminum þótt það sé innan vébanda Bandaríkjanna. Ekkert ríki hefur á síðasta áratug farið jafnlangt og menn hafa gert í Kaliforníu þar sem menn hafa í senn sett tálmandi lög en líka lög um efnahagslegan hvata sem ganga og ég tel að séu miklu meiri möguleikar í þessum efnum en menn telja. Ég vísaði í fyrri ræðu minni til stórra bílaframleiðenda eins og Toyota sem hefur með nýrri tækni, Priusbílnum sínum þar sem menn eru að blanda saman gamalli tækni og nýrri, leyst til stórkostlegra markmiða og þeir eru á góðri leið með að ná þeim og þeir hafa sett sér þetta markmið að framleiða bíl sem sleppir engu kolefni út. Það skiptir máli. Það eru háleit markmið. Og hæstv. ráðherra á að taka undir með svona framsýnum fyrirtækjum.

[16:25]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp um að framlengja niðurfellingu á vörugjaldi af ökutækjum sem ekki nota olíu eða bensín. Þetta er í sjálfu sér tilefni til að ræða um mengunarskatta og mengunarvarnir og hér hefur spunnist nokkur umræða um það atriði og ég held að það sé sjaldan of mikið rætt. Þegar vörugjöld, bensíngjald og olíugjald voru tekin upp á Íslandi þá voru þau gjöld aðallega hugsuð sem tekjustofn fyrir ríkissjóð, síðan sem notkunargjald á vegina og núna sýnist mér umræðan vera að snúast upp í að það sé að verða mengunarskattur. En þá ætti að sjálfsögðu að leggja slíkt gjald á alla olíu, ekki bara þá sem notuð er á bíla, líka olíu á skip því að olía mengar jafnmikið hvort sem hún er brennd um borð í skipi eða til að knýja bíl. Ég er hlynntur þessu frumvarpi sem ákveðnu skrefi til að styðja rannsóknir og þróun á slíkum bifreiðum sem ekki menga með koltvíoxíði.

Í því sambandi vil ég benda á þá staðreynd, frú forseti, að Íslendingar flytja út meiri orku en þeir flytja inn. Þetta er ekki almennt vitað en öll sú orka sem við flytjum inn í formi olíu og bensíns á skipin og bílana, sem er nokkurn veginn jafnmikil notkun á báðum sviðum, er svipuð og sú orka sem við flytjum út í formi áls. Þess vegna getur Ísland glaðst yfir hækkun á orkuverði í heiminum og alveg sérstaklega vegna þess að hækkun orkuverðs mun einmitt verða efnahagslegur hvati til að framleiða slíka bíla sem hér um ræðir, bíla sem ekki nota bensín eða olíu, þannig að þetta tengist þessari þróun.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að svona þróun tekur marga áratugi áður en hún verður notkunarhæf og þeir bílar sem hér að um ræðir eru í rauninni ekki notkunarhæfir enn sem komið er, ekki í samkeppni við olíu- og bensínbílana og þess vegna er þessi styrkur íslenska ríkisins á sinn hátt aðstoð við að þróa þessa bíla. Í framhaldi af umræðu sem fór fram áðan um að einhver mætur samfylkingarmaður í Brasilíu hefði gert eitthvað stórkostlegt þá vil ég benda á að við getum alveg eins sagt að hæstv. núverandi ríkisstjórn hafi stigið það stórkostlega skref að það er nánast ekkert annað en jarðhiti notaður við húshitun á Íslandi. Þar er bara notuð hrein orka en þetta var auðvitað gert fyrir löngu og er ekkert núverandi ríkisstjórnar. (Gripið fram í.) Já, hugsanlega, það var svo langt síðan. En það er mikið skref Íslendinga og sennilega er engin þjóð sem þarf að hita húsin sín á annað borð, komin jafnlangt í því að nota ekki mengandi orkugjafa til þess.

Hér var líka rætt um vetnisvæðinguna. Ég hef bent á það fyrir nokkuð löngu að ég hef ekki mikla trú á þeirri kenningu vegna þess að vetnið er í rauninni rafgeymir. Það er notað sem rafgeymir. Það er sett inn raforka til að framleiða vetnið og út kemur raforka til að knýja bíl. Nýtingin er afskaplega léleg, efnið vetni er mjög létt og þarf að geymast undir gífurlegum þrýstingi sem gerir það hættulegt í meðförum og auk þess þó það sé geymt með mörg hundruð sinnum loftþrýstingi þá hefur það ekki mikla orku per kíló. Þetta er því ekki sérstaklega sniðugur rafgeymir og ég er viss um að margir aðrir rafgeymar eru miklu fremri í að knýja áfram bíla en vetnið, þannig að ég hef ekki haft mikla trú á því. Hins vegar er allt í lagi að skoða það mál ásamt fleiru en menn skulu ekki búast við því að það verði einhver allsherjarbylting í þjóðfélaginu á grundvelli vetnisvæðingar.

Þetta frumvarp sem hér er til umræðu og hefur orðið mér tilefni til að ræða lítils háttar um koltvíoxíðsmengun jarðar er gott skref, góður styrkur íslenska ríkisins til þróunar á þessum bílum og ég styð það eindregið.

[16:30]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég verð að hryggja hv. þm. Hjálmar Árnason, sem sat undir þessari vetnisádrepu hv. þm. Péturs H. Blöndals, að ég er honum nokkuð sammála. Ég tel að það sé mjög langt í að vetni verði að almennum orkugjafa í samgöngum almennings.

Ég bendi hins vegar á að ríkisstjórnin hefur lagt fram

margvíslegar skýrslur sem tengjast þróun losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Í einni af síðustu stóru skýrslum ríkisstjórnarinnar kemur fram að hún áætlar að fram til ársins 2020, þ.e. frá árinu 1990–2020, muni losun frá samgöngum hér á landi aukast um tæp 43%. Þetta er alveg gríðarlega mikil aukning.

Við þurfum eins og aðrar þjóðir að reyna á einhvern hátt að taka á þessu. Hv. þingmaður benti á það lofsverða fordæmi og frumkvæði sem Íslendingar hafa sýnt varðandi nýtingu jarðhita. Getum við ekki tekið frumkvæði á öðrum sviðum líka? Ég held að það væri hugsanlegt. Ég rifja upp að það var Orkuveita Reykjavíkur sem árið 1998 lagði fram skýrslu sem sýndi fram á að ef við mundum taka upp endurnýjanlega orkugjafa á 100 þúsund einkabíla mundum við minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 300 þúsund tonn á ári. Það munar nú um minna. Ég held þess vegna að við þurfum að gera allt sem við getum andspænis þeirri vá sem heimurinn og mannkynið stendur frammi fyrir til að draga úr þeirri losun. Hvernig gerum við það?

Ég held að við séum sammála um það, ég og hv. þingmaður, að sennilega er besta leiðin sú að fara leið skattalegra hvata, (Gripið fram í.) það er það sem skiptir mestu máli.

Frú forseti. Ég ætlaði einungis að varpa fram ákveðnum athugasemdum gagnvart hv. þm. Pétri H. Blöndal en ekki að halda ræðu. Hins vegar er það guðvelkomið að ég haldi hér ræðu um þetta mál. (Gripið fram í.)

Ég rifja það upp að í ritinu Velferð til framtíðar mörkuðu íslensk stjórnvöld stefnu um sjálfbæra þróun fram til ársins 2020. Þar axla Íslendingar þá skuldbindingu að draga með virkum hætti úr losun gróðurhúsalofttegunda eða þá auka bindingu þeirra til að minnka hættuna á alvarlegri röskun á veðrakerfum heimsins sem tengist losun gróðurhúsalofttegunda. Það er mjög brýnt að við eins og aðrar þjóðir ráðumst í átak í þessum efnum, ekki síst á sviði samgangna.

Fyrir liggur samkvæmt tölum frá Hagstofunni að bílum hér á landi fjölgar langt umfram fjölgun íbúa. Árið 2000 voru á Íslandi u.þ.b. 180 þúsund bílar og þeim hafði þá á tveimur áratugum fjölgað um 80% á meðan íbúunum fjölgaði bara um 24%. Ég hef ekki yfir nýrri tölum að ráða um fjölgun bíla, en mig uggir að þó að fjölgunin hafi hugsanlega ekki orðið svona mikil hafi hún samt orðið alveg gríðarleg. Ég minnist þess að í greinargerð með samgönguáætlun, sem var samþykkt á Alþingi fyrir nokkrum árum, var sérstaklega dregin fram hættan á því að þessi mikla aukning mundi leiða til þess að okkur Íslendingum tækist ekki að standa við þær skuldbindingar sem við höfðum axlað með ýmsum alþjóðlegum samningum. Þess vegna tel ég svo brýnt að við tökum miklu harðar á í þessu efni, eins og mér fannst hv. þm. Pétur H. Blöndal vera sammála mér um, en hæstv. fjármálaráðherra virðist ekki hafa sama skilning og ýmsir aðrir á þessum efnum.

Ég hef í þeim stuttu ræðum sem ég hef flutt um þetta mál lýst þeirri skoðun minni að nauðsynlegt sé að við stígum miklu stærri skref varðandi skattalega hvata. Ég er sammála því sem t.d. íhaldsmenn í Bretlandi segja, að nauðsynlegt sé að feta sig í átt að því að gjörbreyta skattkerfinu þannig að menn hverfi frá hinni hefðbundnu skattheimtu og tengi hana fremur við umhverfisvernd þannig að menn séu þá í framtíðinni að skattleggja ágang mannsins á umhverfið miklu fremur en þær tekjur sem þeir kunna að hafa. Ég held að það sé framtíðin. Ég vísa reyndar til þess að ríkisstjórnin hefur sýnt ágætt frumkvæði við að leiða mönnum þetta fyrir sjónir með ágætri skýrslu sem umhverfisráðuneytið gaf út fyrir nokkrum árum og fjallaði einmitt um það hvernig ætti að beita skattalegum hvötum til að draga úr mengun.

Ég verð hins vegar að segja að ef menn ætla að fara þá leið verða þeir að gera það á miklu röskari máta en núverandi ríkisstjórn er að gera. Þó að þetta litla frumvarp sem hér er lagt fram sé hið ágætasta breytir það ekki hinu að við þyrftum að fara þá leið að ekki bara veita ráðherranum heimild til að lækka eða afnema vörugjöld á tilteknum bílum, heldur á öllum vélbúnaði sem tengist framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti, öllum samgöngutækjum sem ganga fyrir slíku og að sala þess eldsneytis til almennings væri sömuleiðis undanþegin sköttum. Ég veit að það er mjög drastískt skref og stórt og er mikið frávik frá núverandi kerfi en það mundi hins vegar skipta mjög miklu máli. Ég held að það sem við verðum að gera núna sé að grípa til róttækra ráðstafana.

[16:37]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi í ræðu minni að Íslendingar hefðu sýnt mikið frumkvæði í að hita öll sín híbýli með mengunarlausri orku, þ.e. jarðvarma aðallega og að einhverju leyti með rafmagni. Ég held að það sé nánast ekkert húsnæði nema kannski einhverjir sumarbústaðir sem eru hitaðir upp með gasi og kol eru varla til lengur. Við höfum því sýnt mikið frumkvæði í þeim efnum.

Svo erum við að sýna mikið frumkvæði núna og það er eitthvað sem menn gleyma. Við erum að framleiða ál með mengunarlausri orku, raforku, sem er að keppa við ál úti í heimi sem að mestu leyti — ég held að það séu 80–90% — notar rafmagn sem framleitt er með kolum, olíu eða gasi. Á því sviði höfum við sýnt mjög mikið frumkvæði í að minnka koldíoxíðsmengun á jörðinni og alveg sérstaklega þegar það kemur í ljós núna, eins og upplýsingar hafa borist um, að við flytjum út meiri orku í formi áls en við flytjum inn af olíu og bensíni. Það þýðir að við erum eiginlega í þeim skilningi slétt gagnvart umheiminum. Ef við snúum þessu við má segja að öll orka sem við framleiðum sé jafnmikil og sú orka sem við notum á bíla og skip, þ.e. olíu og gas. Við erum því í rauninni að nota mengunarlausa orku að öllu leyti.

Ég hugsa að í framtíðinni, sérstaklega eftir að sú skýrsla barst sem við heyrðum um daginn um stöðu jarðar, að kröfur muni koma á Ísland um að virkja enn meira og nota enn meira þá mengunarlausu orku sem er að keppa við orku sem framleidd er með frumorkugjöfum sem valda mjög mikilli mengun.

[16:39]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað ágætt hjá stóriðjusinnum Sjálfstæðisflokksins að flytja hér einhvern dýrðaróð um álframleiðslu á Íslandi þegar við erum að reyna að velta fyrir

okkur leiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Ég ætla ekki fyrir mitt leyti að snúa þessari umræðu upp í það.

Hins vegar finnst mér að jafnvel þó að hv. þingmaður hefði að öllu leyti rétt fyrir sér, dragi það ekki úr þeim siðferðilegu skyldum sem við höfum til að leita allra leiða til að draga úr losun slíkra lofttegunda hér á landi. Það liggur alveg klárt fyrir að samkvæmt mati íslenskra stjórnvalda mun losun frá samgöngum á milli áranna 1990 og 2020 aukast um tæp 43%. Það þýðir að við verðum á einhvern hátt að finna leiðir til að stemma stigu við því. Hvernig getum við það? Jú, með því að ýta undir að almenningur taki upp endurnýjanlega orkugjafa og þar með reyna að örva almenning til þess að kaupa bifreiðar og samgöngutæki sem ganga fyrir slíku. En vegna þess hversu framarlega á þróunarferli slíkra tækja við erum stödd núna eru þau dýr í framleiðslu. Við þurfum þess vegna með einhverju móti að draga úr kostnaði þeirra gagnvart almenningi og örva þannig Íslendinga til að kaupa slík ökutæki fremur en önnur. Ég tel að það sé siðferðileg skylda okkar.

Hvernig getum við gert það? Jú, önnur leiðin — við höfum tvær leiðir til þess — er beinlínis að niðurgreiða eða þá, eins og ég hef verið að tala hér fyrir í dag, að fella niður alla skatta af öllum ökutækjum sem nota endurnýjanlega orkugjafa að öllu leyti eða hluta til og sömuleiðis af öllum búnaði til þess að framleiða slíkt eldsneyti hér á landi. Það er hægt að gera það.

[16:41]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að okkur ber siðferðileg skylda til þess að minnka eins og hægt er orkunotkun bíla, skipa og flugvéla. Hins vegar getum við ekki haft nein óskaplega mikil áhrif á hraða tækniþróunar í heiminum þó að við stígum okkar litla skref í þá átt með því frumvarpi sem við ræðum.

Við getum gert annað. Við getum reynt að finna notkun fyrir þá hreinu orku sem við eigum hér á landi enn óbeislaða, sem ekki gengur á náttúruna eða eins lítið og hægt er, þannig að við hjálpum heiminum við að leysa þetta vandamál, því að þetta er vandamál alls heimsins. Raforka sem framleidd er í útlöndum með brennslu kola, olíu og gass, mengar sem raforka á Íslandi gerir ekki. Ég er hins vegar ekki endilega hlynntur því að reisa fleiri álver eða ótakmörkuð álver vegna þess að ég held við séum orðin efnahagslega háð eða getum orðið of háð þeirri vörutegund. Hins vegar eru margir aðrir kostir eins og t.d. að geyma hérna gagnagrunna og annað slíkt sem menn hafa nefnt, sem eru mjög orkukrefjandi og spara þá orku annars staðar í heiminum sem mengar. Þannig getum við mætt þeirri auknu mengun sem við völdum með bílum og skipum í framtíðinni.

[16:43]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við höfum tvenns konar skyldur. Annars vegar gagnvart heiminum og mannkyni öllu. Okkur ber siðferðileg skylda til að taka þátt í viðleitni mannsins til að draga úr þeirri vá sem að okkur steðjar fyrir tilstilli losunar gróðurhúsalofttegunda. Hins vegar höfum við líka mjög ríkar skyldur gagnvart okkar eigin landi og gagnvart framtíðinni og afkomendum okkar. Við verðum að finna þarna ákveðið jafnvægi á milli, með öðrum orðum, það er ekki sjálfgefið að við nýtum þá orku sem við höfum óbeislaða á Íslandi til að framleiða varning sem gæti hugsanlega leitt til þess að heildarlosun á þessum lofttegundum minnkar. Þarna þurfum við að finna ákveðið einstigi þar sem við tökum tillit til beggja sjónarmiðanna, af sjálfu leiðir, tel ég. Hv. þingmaður má mín vegna vera þeirrar skoðunar að það sé gríðarlega þarft verk að framleiða mikið af áli á Íslandi og hann veit að það er mjög umdeilanlegt eða a.m.k. umdeilt sjónarmið.

Ég fagna því hins vegar að hv. þm. Pétur H. Blöndal tekur undir með mér að það sé siðferðileg skylda okkar Íslendinga að reyna að finna leiðir til að draga úr losun þessara skaðlegu lofttegunda. Ein af þeim leiðum, sem ég hélt að Sjálfstæðisflokkurinn talaði fyrir, er hin efnahagslega leið, þ.e. að beita hvötum.

Ég vil síðan aðeins segja til varnar hv. þm. Hjálmari Árnasyni, sem af einhverjum undarlegum ástæðum hefur ekki kosið að taka þátt í umræðunni og svara þeirri gagnrýni sem komið hefur fram af hálfu hins stjórnarflokksins um afstöðu hans til vetnis, að ég tel þó þrátt fyrir allt að það muni um okkar hlut, t.d. í vetninu. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég sagði áðan, að það sé mjög langt þangað til það leysi einhvern vanda, en ég held hins vegar að Ísland geti lagt sitt lóð á vogarskálar með því að taka þátt í því með alþjóðlegum stórfyrirtækjum, með Evrópusambandinu, að þróa dreifikerfið eins og við höfum verið að reyna á Íslandi.

[16:45]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Um þetta mál hefur farið fram góð og efnisleg umræða enda fullt tilefni til. Málið snýst um þá stefnumótun ríkisstjórnarinnar að framlengja aðeins til tveggja ára ákvæði til lægri gjaldtöku af bifreiðum sem nota annaðhvort rafmagn, metangas eða aðra orkugjafa en olíu og bensín.

Ég tek undir það, sem m.a. kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að sú stefnumótun sem hér er lögð til og afgreidd sem slík, sem bráðabirgðaákvörðun til tveggja ára, ætti að gilda til lengri tíma en hér er gert ráð fyrir. Við eigum að marka þá stefnu fyrir framtíðina að þeir sem vilja fjárfesta í ökutækjum sem nota aðra orkugjafa heldur en bensín og dísilolíu geti verið nokkuð vissir um að í íslenskri löggjöf verði eftirgjöf af gjöldum til ríkisins við kaup á slíkum tækjum. Það ætti ekki að vera þannig að innan tiltölulega skamms tíma verði þeim ívilnunum breytt.

Ég held að gefa ætti skilaboð til lengri tíma um að þeirri ívilnun verði ekki breytt og hvatinn verði beinlínis til staðar. Fólk og fyrirtæki sem fjárfestir í slíkum ökutækjum ætti að geta treyst því að svo verði til lengri tíma, a.m.k. til nokkurra ára. Ég tel eðlilegt að sú stefna verði mótuð til áratugs í upphafi og þar með væri hvatinn til staðar. Menn færu frekar út í að kaupa sér ökutæki sem notar slíkan orkugjafa. Farartækin hafa vissar takmarkanir umfram þau sem við notum í dag. Til dæmis er þjónusta við farartæki knúin með bensíni og dísilolíu til staðar hér á landi, þ.e. hér er

nægt framboð af bensín- og olíusölustöðum en fáir staðir þar sem hægt er að kaupa metangas. Hins vegar er auðvelt að nota rafmagn til að endurhlaða farartæki en sá búnaður kostar væntanlega einhverja fjármuni.

Ég hefði talið eðlilegt að við hefðum víðtækari stefnu en ákvörðun til tveggja ára. Stefnumótunin á Íslandi ætti að tryggja fólki og fyrirtækjum það að komið verði til móts við slíka fjárfestingu til lengri tíma. Það þarf einnig að skoða aðra kostnaðarþætti sem fylgja ökutækjum af þessu tagi.

Við þurfum að horfa til dreifikerfis að því er varðar aðra orkugjafa og gera mönnum kleift að nýta ökutækin víðar en eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. Við gætum t.d. sett okkur þá stefnu að menn geti nálgast metangas á fleiri stöðum við hringveginn til að byrja með og síðan hringveginn um Vestfirði líka, a.m.k. þannig að menn komist inn á svæðið og út af því aftur. Það er náttúrlega forgangsskilyrði ef þetta á að vera raunveruleg notkun og við ætlum að efla þetta mikið.

En stór hluti þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu og hér hafa þessi ökutæki verið að ryðja sér til rúms. En til að við getum haft meiri not af slíkum ökutækjum þurfum við að setja fram skýra stefnumótun af hálfu íslenskra stjórnvalda í þeim efnum. Þar af leiðandi mundum við ýta á þá sem nú sjá um olíudreifingu, að þeir geri mögulegt að kaupa aðra orkugjafa þótt þeir yrðu kannski ekki á hverri bensínstöð. Ég held að við gætum þannig flýtt þróuninni, hæstv. forseti. Það er eðlilegt að við horfum til þess.

Við höfum verið að gera tilraunir varðandi vetnisnotkun á undanförnum árum, aðallega með strætisvagna á götum Reykjavíkur. Ég held að það hafi tekist nokkuð vel. Við getum vafalaust gert það í meira mæli. En það er hins vegar alveg rétt sem menn hafa bent á að það kostar raforku að framleiða vetni. Nýtnin á því eldsneyti miðað við kostnað er kannski ekki nægjanleg eins og málum er fyrirkomið í dag þótt opinberir aðilar geti vissulega haft mikil áhrif á möguleika fólks til að nálgast þá orku.

Þetta held ég að þurfi að skoða í samhengi, hæstv. forseti. Ég tel að það væri eðlilegt fyrir okkur að stíga þetta skref til lengri tíma en tveggja ára og huga jafnvel að frekari eftirgjöf varðandi gjöld af þessum ökutækjum til að flýta þróuninni. Það yrði örugglega til þess að fleiri færu að huga að því hvernig hægt væri að framleiða metangas hér á landi.

Hæstv. forseti. Þótt þetta sé ekki stórt mál er það geysilega mikilvægt fyrir framtíðina. Ég hefði talið, hæstv. forseti, að við ættum að huga að framtíðinni að því er þetta varðar og ýta undir þá þróun að við notum minna af innfluttum orkugjöfum, bensíni og olíu, einkanlega með tilliti til þess sem fram hefur komið í þessari umræðu en allir landsmenn vita að ökutækjum fjölgar geysihratt hér á landi.

Við erum miklir bílaeigendur, Íslendingar, og notum bíla í vaxandi mæli. Nánast allir flutningar eru komnir á þjóðvegina og því að mörgu að hyggja og eftir miklu að slægjast, hæstv. forseti, með því að fólk geti treyst því að í gangi sé sú stefnumótun að auka möguleikann á nýtingu vistvænna ökutækja. Það mundi eitt og sér ýta undir það að fólk treysti sér til að kaupa slík tæki ef það veit að notkunarmöguleikar muni aukast með betri aðgangi að orkugjöfunum og víðar en bara á höfuðborgarsvæðinu.

[16:55]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil segja nokkur orð um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti, með síðari breytingum, sem við hér fjöllum um. Í því er lagt til að framlengja tímabundið heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu.

Ég tek hjartanlega undir efni frumvarpsins. En eins og aðrir hv. þingmenn sem talað hafa í þessari umræðu þá tel ég allt of skammt gengið. Að tala um þetta sem tímabundna heimild tel ég að sýni stefnuleysi stjórnvalda í þessum málaflokki. Við getum haft áhrif. Við sjáum að tækninni fleygir fram og eins sjáum við að hugmyndir eru til um farartæki framtíðarinnar sem ekki eru komin á göturnar. En við getum með markvissum, hvetjandi aðgerðum stuðlað að því að almenningur fjárfesti í vistvænum farartækjum og noti vistvænan ferðamáta í staðinn fyrir það ástand sem ríkir í dag, þ.e. mikill innflutningur á bifreiðum, sérstaklega einkabifreiðum. Innflutningur á stórum, bensínfrekum einkabifreiðum hefur t.d. aukist stórlega.

Við höfum stefnt neyslunni í þveröfuga átt við það sem við ættum að gera, miðað við það sem við vitum í dag, að okkur ber sem þjóð að stuðla að því að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Við eigum að stuðla að því með öllum mögulegum ráðum að draga úr útblæstri farartækja, hvort sem er bifreiða, skipa eða flugvéla, til þess að draga úr neikvæðum gróðurhúsaáhrifum sem nú eru í fullum gangi. Við eigum að stuðla að sjálfbærri þróun í samgöngum sem öðru.

Við getum haft áhrif í þessa átt með ákveðnum aðgerðum í stað þess að bíða og sjá til með tímabundnar aðgerðir um að lækka vörugjald og það aðeins af bifreiðum sem nota metangas eða rafmagn en ekki svokölluðum tvíorkubifreiðum. Einnig eru til nýir dísilbílar sem menga minna en bensínbílar.

Auðvitað eigum við að hvetja til að frekar séu keyptar þær bifreiðar sem menga minna, t.d. nýir dísilbílar frekar en bensínbílar. Menn töldu lengi að dísilbifreiðar menguðu meira en bensínbílarnir en það er a.m.k. liðin tíð. Nýir og vandaðri dísilbílar menga minna. Við eigum að hvetja til að vistvænni kostir verði fyrir valinu með öllum ráðum. Það mætti einnig gera með verðmyndun á dísilolíu. Ég tel að markmið sem við settum okkur með að breyta þungaskatti eins og gert var hafi ekki náðst. Sú breyting hefur ekki náð að lækka svo verð á dísilolíu að það hvetji fólk til að kaupa og aka dísilolíubílum. Það er allt of lítill munur á milli bensínverðs og verðs á dísilolíu til að það sé hvetjandi.

Við eigum að stuðla að því að minnka orkunotkun. Það getum við gert með því að efla almenningssamgöngur og draga úr notkun einkabílsins. Við eigum að minnka útblástur bifreiða. Til þess er einnig hægt að hvetja með því að hafa lægri gjöld á mengunarútbúnaði sem hægt er að setja á eldri bíla. Við eigum að nota alla þá hvata sem bjóðast til að auka hlutfall vistvænna farartækja. Við eigum að setja okkur langtímamarkmið um að innan ákveðins árafjölda, segjum fimm ára, tíu ára eða fimmtán eða tuttugu, verði ákveðnu hlutfalli vistvænna ökutækja í landinu náð, bæði

einkabíla og annarra ökutækja. Við ættum að geta náð þessu markmiði með því að lækka vörugjöld eða að afnema þau alveg og lækka tolla eða afnema alveg af vistvænni bílum.

Við getum líka náð slíkum markmiðum með því að hvetja til að metangas verði unnið á urðunarstöðum víða um land og staðið við bakið á sveitarfélögum til að koma á þannig förgun eða urðun að samhliða verði unnið metangas úr sorpi. Þetta er mjög dýrt fyrir minni sveitarfélög en skilar sér til lengri tíma litið. Í skattkerfinu og í stuðningi okkar við sveitarfélögin eigum við auðvitað að sjá til að þau séu í stakk búin til að koma á metangasframleiðslu. Varðandi dreifikerfin þarf að vera aðgangur að þessum orkugjöfum, bæði metangasi og vetni, þegar það verður aðgengilegra, þannig að hægt verði að fara um þjóðvegina öruggur með að geta fyllt á slíka bíla.

Hæstv. forseti. Ég vildi eingöngu koma þessu að. Mér fannst hæstv. fjármálaráðherra ekki trúaður á að við gætum haft áhrif. Við þyrftum að bíða eftir tækninni og sjá hvernig vetnisbifreiðar þróuðust. En við getum haft áhrif. Sé fjárhagslegur hvati fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að kaupa vistvænar bifreiðar fremur en bensínbifreiðar þá kemur annað af sjálfu sér. Það fylgir í kjölfarið. Fari menn að flytja inn stórar bifreiðar og flutningabíla sem nota metangas þá verður það hvati fyrir dreifingarfyrirtækin, að koma upp afgreiðslu á metangasi á fleiri stöðum en er í dag.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins benda á það í leiðinni að olíubirgðir heimsins eru þverrandi. Að öllum líkindum höfum við náð toppnum í dælingu á olíu nú þegar. Allur heimurinn verður að búa sig undir það að olían er þverrandi auðlind. Við þurfum að búa okkur undir að finna aðra orkugjafa á farartæki okkar. Það er hægt að flýta þeirri þróun og við, hæstv. forseti, getum verið, og erum að hluta til, þátttakendur í því. Ég hvet hæstv. fjármálaráðherra til að leggja í þá vinnu með hæstv. umhverfisráðherra að setja sér háleit markmið í þessum efnum og ráðast í metnaðarfyllri áætlun en ráð er fyrir gert í þessu frumvarpi.

[17:05]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að fara yfir örfá atriði sem komu fram í ræðu hv. þingmanns Vinstri grænna. Það kom skýrlega fram að viðkomandi vill að við förum að virkja metangas og það er í sjálfu sér nýmæli að fulltrúar Vinstri grænna vilji yfir höfuð fara í virkjanir á Íslandi og styðja það. Jafnframt talaði viðkomandi þingmaður, Þuríður Backman, um að við ættum að nota endurnýjanlega orkugjafa og nefndi flutningatæki í því sambandi. Einnig talaði þingmaðurinn um að olíulindir heimsins sem nýttar eru í dag valdi mikilli mengun með koltvísýringi. Mér er því spurn: Er fulltrúi Vinstri grænna að kynna hér nýja stefnu í virkjanamálum? Þar sem við erum að virkja fallvötn og framleiða orku sem er endurnýjanleg og skapar ekki mengun og sama gildir um jarðgufuna, við framleiðum mjög vistvæna orku hér á landi, má þá ekki skilja orð þingmannsins sem svo að hún vilji að við snúum okkur að frekari virkjunum á auðlindum okkar í landinu?

[17:06]

**Þuríður Backman** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vinnsla á metangasi fer fram við urðun á sorpi. Það er drýgsta framleiðslan á metangasi. Ég tel að Reykvíkingar þekki mjög vel þá framleiðslu, sem fer fram með miklum myndarskap hjá Sorpu, og notuð er á almenningssamgöngutæki í Reykjavík. Ekki á alla vagna, því miður, en þeim fer fjölgandi. Þetta er til fyrirmyndar.

Metangas er hægt að framleiða á hverjum einasta sorphaug í landinu. Það er mikið sem fellur til og metangas á stóran þátt í eyðingu ósonlagsins með öðrum lofttegundum.

Hvað varðar þá spurningu hv. þingmanns hvort hér sé um nýja stefnu að ræða hjá Vinstri grænum varðandi endurnýjanlega orkugjafa þá er alls ekki svo. Ég get ekki séð að það sé einhver réttlæting í því fyrir okkur að taka við stóriðnaði í álframleiðslu sem fram fer víða um heim þar sem fallvötn eru nægileg til að framleiða orku fyrir slíka stóriðju. En þegar verið er að loka álfyrirtækjum m.a. í nágrannalandi okkar Noregi, sem notar fallvötnin og vatnsorkuna til þess að framleiða rafmagn, og menn ætla sér að flytja þá framleiðslu hingað af því að við seljum orkuna okkar á spottprís og höfum ekki áhyggjur af umhverfinu, þá (Forseti hringir.) sé ég ekki að við séum betur sett með það.

[17:08]

**Hjálmar Árnason**:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu afskaplega einfalt frumvarp sem er í rauninni ekki nema ein grein, fyrir utan gildistökugreinina, og felur í sér ártal þar sem verið er að framlengja ákvæði í gildandi lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o. fl.

Umræðan hefur, eins og gjarnan þegar þessi mál ber á góma, farið út um víðan völl og verið afskaplega upplýsandi og hefur kannski fyrst og fremst snúist um orkugjafa í samgöngum, á bíla og ökutæki. Svo sem vænta má, bæði hér eins og annars staðar, sýnist þar sitt hverjum með hvaða hætti skuli staðið að orkugjöfum á bíla. Þetta mál má nálgast með ýmsum hætti, eins og menn hafa gert hér í umræðunni, en það sem hlýtur þó að vera útgangspunkturinn og tengist þessu frumvarpi er kostnaðurinn.

Menn hafa m.a. talað um að vetnið, sem nýr hugsanlegur orkugjafi, sé dýrt en menn vita jú líka að bensín og jarðefnaeldsneyti eru dýrir orkugjafar. Þegar við ræðum um kostnað er mjög mikilvægt að hafa í huga alla þætti málsins, því að kostnaður er ekki bara eins og hann birtist á dælum á bensínstöðvum eða vetnisstöðinni, við þurfum að taka allan kostnaðinn. Ég vil þannig halda því fram að kostnaður vegna jarðefnaeldsneytis og þeirrar uppbyggingar sem sprengivélin byggir á sé að sumu leyti niðurgreiddur af hinu opinbera. Þá á ég við að þau áhrif sem sprengihreyfillinn og útblásturinn af jarðefnaeldsneyti hefur á umhverfi sitt.

Nú er það þekkt í flestum borgum þar sem bílaumferð er mikil að eitt mesta vandamálið sem borgarbúar eiga við að glíma er útblástur af völdum jarðefnaeldsneytis á sprengihreyflum. Í úttekt sem gerð hefur verið, bæði á vegum Evrópusambandsins og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, liggur fyrir að árlega deyja þúsundir einstaklinga af völdum mengunar sem beinlínis má rekja til jarðefnaeldsneytis, út-

blásturs af sprengihreyflum með jarðefnaeldsneyti. Þá er ótalinn sá kostnaður sem fylgir veikindum, m.a. öndunarfærasjúkdómar, sem herja á íbúa stórborga sem lifa í þessu mengaða lofti, og hv. þingmenn þekkja örugglega af reynslu í ferðalögum sínum. Meira að segja í hinni hreinu Reykjavík má sjá á björtum og stilltum vetrardögum grútarský liggja yfir borginni sem rekja má beinlínis til útblásturs frá bílum og á ákveðnum stöðum á ákveðnum tíma sólarhringsins fer útblástur og svifryk jafnvel yfir hættumörk.

Þetta er kostnaður sem lendir beint og óbeint á samfélaginu og verður að teljast með þegar verið er að tala um kostnað af því að byggja upp innviði í orkumálum og í samgöngumálum. Við getum því ekki bara tekið kostnaðinn eins og hann er á dælu í bensínstöð eða vetnisstöð. Við þurfum að taka allan kostnaðinn á samfélagið í heild sinni. Þannig má segja að í gegnum heilbrigðiskerfið og félagslega kerfið sé hið opinbera að greiða niður bein og óbein áhrif af útblæstri jarðefnaeldsneytis. Við þurfum sem sagt að taka umhverfisáhrifin með. Enda er umræðan víðast hvar sú að taka þennan samfélagslega kostnað inn í útselda verðið á eldsneytinu og taka upp svokallaða græna skatta. Sú umræða hefur t.d. verið mjög áberandi innan Evrópusambandsins, m.a. í vinnuhópi sem skoðaði þau mál og samsettur var bæði af stjórnmálamönnum og fulltrúum bílaframleiðenda í Evrópu.

Þá hefur þetta líka með sjálfbærni að gera. Við flytjum inn jarðefnaeldsneyti fyrir milljarða króna en flytjum í rauninni út peninga, þ.e. peningana sem við kaupum mengandi jarðefnaeldsneyti fyrir. Við flytjum þá úr landi úr okkar efnahagskerfi og tökum inn jarðefnaeldsneyti í staðinn. Ef vetnistæknin og efnarafalatæknin verður hins vegar að veruleika munum við hugsanlega geta snúið þessu dæmi við, í stað þess að flytja út peninga getum við flutt úr landi vetni og fengið peninga í staðinn. Við getum snúið dæminu við og að minnsta kosti orðið sjálfbær hvað varðar orku og haft þannig efnahagslegan ávinning af þessu.

Segja má að við stöndum núna á ákveðnum tímamótum varðandi orku í samgöngumálum, svipað og heimurinn stóð frammi fyrir fyrir svona 100 árum. Fyrir rúmlega 100 árum voru aðalsamgöngutækin í borgum heimsins hestar og hestvagnar. Þeim fylgdi reyndar einn vandi, nefnilega hrossaskítur um borg og stræti og mikil mengun, sýnileg mengun, bæði lyktarmengun og sjónmengun. Það kom einfaldlega upp sú krafa meðal borgarbúa Evrópu og Ameríku að leysa þann umhverfisvanda sem hrossaskíturinn var. Í New York borg voru árlega þúsundir tonna af hrossataði á götum borgarinnar. Menn geta ímyndað sér áhrif þess fyrir íbúana.

Það kom upp sú krafa að breyta þessu og hver var lausnin? Hún var T-módelið af Ford með sprengihreyfli. Það er þessi sprengihreyfill sem við höfum notast við síðustu 100 árin. En nú hillir undir að þar sé að verða breyting. Við stöndum á ákveðnum tímamótum og þau tímamót fela í sér tækifæri en líka ákveðin vandamál, því að við höfum byggt upp innviði í kringum sprengihreyfilinn, í kringum jarðefnaeldsneyti á þennan sprengihreyfil með kostum þess og göllum. Gallarnir eru augljóslega ekki hrossatað eða hrossaskítur á götum borganna heldur mengun í andrúmsloftinu sem veldur miklum skaða eins og ég nefndi hér að framan.

Nú erum við á þessum tímamótum og hvert munum við stefna? Um það er í rauninni ekkert hægt að fullyrða en þó eru ýmsar vísbendingar. Hér hafa verið nefndir metangasbílar og sannarlega skapa þeir tækifæri. Það er mjög ánægjulegt að sjá þær tilraunir sem gerðar hafa verið uppi í Gufunesi, ekki síst fyrir frumkvæði og áræði forstöðumannsins þar, Ögmundar Einarssonar, sem hefur verið mjög dugmikill í því að virkja metangasið sem sprettur upp úr sorphaugunum og er 25 sinnum áhrifameira í mengun en koldíoxíðið. Í stað þess að láta það rjúka út í andrúmsloftið er það beislað, ýmist til að knýja bíla eða framleiða rafmagn. Það er til fyrirmyndar. Menn hafa á sama hátt verið að velta fyrir sér að safna saman kúamykju af sveitabæjum á Suðurlandi og búa til metangas úr henni til að knýja áfram bíla, og nota síðan í áburð og þar fram eftir götunum.

Hins vegar liggur það fyrir að langsamlega flestir bílaframleiðendur heimsins veðja á vetni og efnarafala sem undirstöðu í samgöngutækni 21. aldar. Hvaða skoðun sem við höfum á því, sem þingmenn eða Íslendingar, þá breytir það ekki því að þúsundir vísindamanna á vegum flestra bílaframleiðenda heimsins vinna að því hörðum höndum í harðri samkeppni að þróa þessa tækni. Og sannarlega hefur þessi tækni þróast hratt og vel.

Fyrir sjö árum átti ég þess kost að fá að prófa einn vetnisknúinn bíl með efnarafölum. Þar var einungis pláss fyrir einn ökumann og ekkert meira. Hann var fullur af tækjum og dóti. Sjö árum síðar eru til hjá ýmsum bílaframleiðendum bílar með efnarafölum knúnir vetni sem komast upp undir 500 kílómetra á fyllingunni sem er talið nokkuð ásættanlegt til þess að byggja upp dreifikerfi, og eru að öðru leyti alveg eins og venjulegir bílar fyrir utan það að þeir valda engri mengun og eru hljóðlausir. Þeir framleiða sitt eigið rafmagn úr vetni og súrefni. Eini útblásturinn er hreint vatn sem er í rauninni drykkjarhæft. Sama aðferð var notuð í Appollo-geimförunum til að framleiða drykkjarvatn handa geimförunum.

Hvort sem við höfum trú á þessu eða ekki, þá tel ég það ekki skipta máli. Við munum ekki stjórna þeirri atburðarás fyrir heiminn, það munu bílaframleiðendur sjálfir gera. Ég ítreka það að flestir ef ekki allir bílaframleiðendur heimsins hafa veðjað á vetni og efnarafala. Það er það sem við Íslendingar höfum verið að bjóða. Við höfum boðið Ísland sem tilraunavettvang fyrir þær stórbrotnu tilraunir sem bílaframleiðendur hafa verið að gera út um allan heim. Einn angi þess er strætisvagnaverkefnið. Hingað hafa líka komið bílar frá Daimler-Benz-verksmiðjunum sem hafa verið lánaðir hingað og ég veit að innan fárra vikna eða mánaða stendur okkur til boða að fá hingað nokkra tugi farþegabíla.

Við erum að bjóða Ísland sem tilraunavettvang vegna smæðar landsins og vegna reynslu okkar af því að framleiða vistvænt rafmagn úr okkar vistvænu, fallegu fallvötnum og jarðhitanum. Við höfum reynslu af því að búa til þessa vistvænu orku, við höfum reynslu af því að breyta úr einum orkagjafa yfir í annan, samanber þegar við fórum úr kolum og olíu í húshitun yfir í rafmagn og heitt vatn. Það eru ekki margar þjóðir sem hafa reynslu af því. Vegna smæðar okkar er tiltölulega auðvelt að byggja upp nýja innviði á Íslandi í dreifikerfi og að reyna þessa nýju tækni. Smæðin gerir okkur einmitt stór.

Ástæðan fyrir því að hinir erlendu aðilar hafa valið Ísland á þessum vettvangi er einmitt þessi smæð og sú reynsla sem við höfum, aðgangur okkar að vistvænni orku og þar fram eftir götunum. En ekki síst sú stefnumörkun sem hæstv. ríkisstjórn hefur mótað, undirrituð af fyrrverandi forsætisráðherra, umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra, um að Ísland bjóði hinum erlendu aðilum aðgang að íslensku samfélagi með hinni nýju tækni. Fyrsta ríkisstjórn veraldar sem það gerir. Við höfum fyrir vikið notið verðskuldaðrar athygli og umfjöllunar í hundruðum erlendra blaða og tímarita og sjónvarps- og útvarpsþáttum þar sem draumur okkar Íslendinga um að verða fyrsta vetnisvædda þjóðfélagið vekur athygli og verðskuldaða athygli vil ég segja.

Við höfum ekki bara lýst því yfir með almennu orðalagi að Ísland vilji verða fyrsta vetnissamfélagið heldur höfum við fylgt því eftir, m.a. á hv. Alþingi eins og við erum að gera í þessu frumvarpi, með því að fella niður aðkomugjöld á hina vistvænu bíla, ef kalla má þá þeim nöfnum, og þá hluti sem þarf vegna vetnistilrauna. Við erum fyrsta þjóðin sem grípur til þess en aðrar þjóðir eru að taka við sér, m.a. Norðmenn og Kaliforníubúar, vegna þess að nú er að myndast samkeppni. Menn gera sér grein fyrir því að bílaframleiðendur veraldar eru, hver um sig, að keppast um að verða fyrstur inn á hinn stóra markað með þessar nýju gerðir af bílum. Við höfum þar ákveðið forskot vegna þess að hér hefur verið þverpólitísk samstaða um að bjóða okkur sem tilraunavettvang, sýna það í verki með beinum framlögum til vetnisfélagsins Íslensk NýOrka, og með því skattalega umhverfi sem við höfum skapað hér og erum m.a. að fjalla um í þessu frumvarpi þar sem við erum að framlengja undanþáguákvæði vegna þessarar tilraunar.

Ég er sjálfur sannfærður um að stefnan verði sú að innan örfárra ára munum við sjá hér vetnisknúna bíla í hundraðavís. Miðað við það sem er að gerast hjá bílaframleiðendum þá hygg ég að 21. öldin verði öld efnarafala og vetnis alveg eins og 20. öldin var öld sprengihreyfla og jarðefnaeldsneytis.

Það er spennandi fyrir okkur að vera þátttakendur, að vera beinir þátttakendur í samstarfi við erlenda bílaframleiðendur. Ég vek líka athygli á því að Shell International, sem hefur deild sem þeir kalla Shell Hydrogen, eru þátttakendur og að hluta til eigendur í Íslenskri NýOrku vegna þess að þeir vilja fylgja á eftir sem orkudreifingaraðilar, vilja fylgja bílaframleiðendum eftir. Ef bílabransinn fer út í efnarafala og vetni þurfa orkudreifingarfyrirtækin að fylgja eftir í því og það ætla Shell-menn sér að gera líka og aðrir koma örugglega í kjölfarið.

Menn hafa aðeins velt því upp hér hvort við höfum nægа orku fyrir þetta. Það liggur fyrir að af því sem Orkustofnun telur nýtanlega orku, þegar búið er að taka frá helstu perlur landsins eins og t.d. Dettifoss, Gullfoss og Geysi, þarf ekki nema innan við 10% til þess að við verðum sjálfbær um framleiðslu á vetni fyrir allan bílaflotann okkar og allan fiskiskipaflotann. Og ég minni á að þriðjungur af allri koldíoxíðsmengun okkar Íslendinga stafar einmitt af útblæstri frá bílum og annar þriðjungur af útblæstri frá fiskiskipaflota okkar. Með öðrum orðum að tveir þriðju af öllum útblæstri Íslendinga eiga rætur sínar að rekja til bíla og skipa. Þar eru syndir okkar mestar og þar er líka mesta vinnan fyrir okkur varðandi Kyoto-samkomulagið og þar fram eftir götunum. Þess vegna er það líka spennandi fyrir okkur að vera þátttakendur í vetnistilraunum, vetnisvæðingunni, og geta þar með ráðist á syndir okkar þar sem þær eru mestar og dregið mikið úr menguninni. Við getum farið að spara gjaldeyri og jafnvel skapa gjaldeyri og þar fram eftir götunum.

Þegar ég tala um að það þurfi innan við 10% af nýtanlegri orku okkar er ég einungis að tala um hefðbundinn jarðhita og hefðbundin vatnsföll. Þá tek ég ekki með í dæmið hugsanlega útkomu úr djúpborunum, ekki vindorkuna, sjávarföllin og ölduorkuna og aðra þá orkugjafa sem við eigum algerlega ónýtta hér af því að við höfum haft aðgang að svo ódýrri orku fram að þessu. Við höfum því mikla burði til þess að vera áfram leiðandi á þessu sviði. Það er ekki síst að þakka frumvarpi eins og þessu, þar sem verið er að framlengja undanþáguákvæði, og ég trúi því að við munum halda áfram að framlengja það enn um hríð, til að búa í haginn fyrir þær tilraunir sem nú eiga sér stað og Ísland er kannski stærsta tilraunastofa veraldar á þessu sviði. Þess vegna er það fagnaðarefni að þetta litla frumvarp skuli fá svona mikla og jákvæða umræðu.

[17:27]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður hefur væntanlega mismælt sig þegar hann sagði að vetnið væri orkugjafi. Vetnið er orkuberi eða orkugeymsla en ekki orkugjafi vegna þess að það þarf orku til að framleiða vetni, a.m.k. hér á landi. Á einstaka stað á jörðinni kemur vetni upp úr jörðinni í bland við jarðgas en það er ekki hér á landi.

Hv. þingmaður sagði að það væru mengunarský yfir Reykjavík og það er rétt, það er vegna útblásturs að einhverju leyti en líka vegna svifryks og vetnisbílar búa líka til svifryk. Ég hef ekki séð neina aðferð til þess að losna við svifryk nema að hætta að nota nagladekk eða eitthvað því um líkt.

Hv. þingmaður sagði að við flyttum inn jarðefni, (Gripið fram í.) eldsneyti, og flyttum út peninga. Ég vil ekki sjá það þannig. Ég sagði áðan í ræðu minni: Við flytjum út í formi áls jafnmikla orku og við flytjum inn. Þannig kvittum við fyrir þá koltvíoxíðsmengun sem við búum til á Íslandi, við kvittum fyrir henni gagnvart heiminum, því að það ál sem er framleitt á Íslandi með hreinni raforku, mengunarlausri, er þá ekki framleitt úti í heimi með mengun. Ef það magn af áli sem við framleiðum og flytjum út en þyrfti eitt tonn af olíu í öðrum heimshluta til að framleiða svarar til eins tonns af olíu sem við flytjum inn þá erum við kvitt. Við erum nefnilega kvitt vegna þess að þegar Kárahnjúkavirkjun verður komin í gagnið munum við flytja út jafnmikla orku og við flytjum inn. Það er náttúrlega spurning um mælingu þarna á milli en þetta er það sem Orkustofnun telur. (Forseti hringir.)

[17:29]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við ættum að hugsa aðeins metnaðarfyllra en mér fannst hv. þingmaður gera. Ég er

sammála hv. þingmanni og hef löngum sagt að framlag okkar með útflutningi á áli er mikilvægt framlag til umhverfismála heimsins vegna þess að við erum að framleiða þetta ál með vistvænni orku en ef við ekki gerðum það yrði þetta ál líklega framleitt einhvers staðar annars staðar vegna þess að heimsmarkaðurinn kallar á ál, hugsanlega í Mósambík, Ástralíu eða Kanada, þar sem menn m.a. eru að framleiða rafmagnið með kolum og olíu.

Hins vegar eigum við ekki að stilla þessu upp að annaðhvort flytjum við út ál eða vetni. Við getum nefnilega gert hvort tveggja. Og þó að það væri ekki annað en bara staldra við það að verða sjálfbær, að framleiða okkar eigin orkugjafa eða orkubera, mér er alveg sama hvað hv. þingmaður kallar það, þó að það væri ekki annað en að verða sjálfbær á þann hátt og fá þennan hreina orkugjafa á efnarafölum í staðinn fyrir þann mengandi orkugjafa sem jarðefnaeldsneyti sannarlega er. Til viðbótar gætum við hugsanlega flutt úr landi, og ég trúi ekki öðru en að jafnviðskiptalega sinnaður maður og hv. þm. Pétur Blöndal er sjái ekki bisnesstækifærin í því að flytja út vetni, jafnvel við hliðina á álútflutningi.

Ég árétta að vetnisbílarnir einir og sér, fyrir utan auðvitað dekkin, hafa engan útblástur sem er skaðlegur. Það er einungis hreint vatn sem hv. þingmaður gæti drukkið og orðið mjög hollt af, gagnstætt þeim mikla útblæstri sem kemur af jarðefnaeldsneytinu.

[17:31]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði í ræðu sinni að það væri draumur okkar Íslendinga að verða fyrsta vetnissamfélagið. Draumur. Þetta er sem sagt draumur. Við erum að tala um draum eða trúarbrögð. Vetni nefnilega er ekkert með mikla nýtni. Vetnið eins og það er notað er ekkert annað en rafgeymir eða orkugeymir. Það er sett orka inn og út kemur orka. Og þó að það sé hægt að drekka afraksturinn af því sem hreint vatn þá þarf nýtnin að vera samkeppnisfær. Nýtni þessa orkugeymis þarf að vera samkeppnisfær þannig að sú orka sem kemur út sé ekki of lítið hlutfall af þeirri orku sem sett er inn. Þetta er það sem kallað er nýtni á rafgeymi eða orkugeymi og hún er mjög léleg hjá vetni enn sem komið er. Það má vel vera — ég ætla ekkert að útiloka það — að í framtíðinni verði fundin upp leið til að gera þennan rafgeymi eða þennan orkugeymi hagkvæmari og nýtnari. Ég bendi á varðandi nýtni olíu eða brennslu á olíu og bensíni að það er ekki nema 25–30% nýtni á venjulegri bensínvél. Það er mjög léleg nýtni. Það er því til mjög mikils að vinna. En ég er ekkert viss um að þessi orkugeymir eða þessi rafgeymir verði ofan á eftir 30, 40 ár. Það getur orðið eitthvað allt annað. En hækkandi orkuverð gerir það að verkum — en af því að við Íslendingar erum sjálfbærir þá snertir það okkur ekki nema að því leyti að verð á áli hækkar og þá hækka tekjur okkar af því — þ.e. það hvetur mannkynið og allar þjóðir heims, þar á meðal okkur, til að leita enn ákafar að lausnum sem taka við af olíunni ef hún einhvern tíma skyldi þverra.

[17:33]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fer ekkert á milli mála að orkuverð, verð á bensíni og olíu, hefur hækkað og hækkað og hækkað, og ég er sammála hv. þingmanni um að þjóðir heimsins, til dæmis Bandaríkjamenn sem eru mestu orkunotendur veraldar, leita logandi ljósi að nýrri tækni og hafa sagt að það snúist um pólitískt sjálfstæði, efnahagslegt sjálfstæði að finna nýjar lausnir, að losna úr viðjum, má segja, olíunnar og þeirra sem ráða yfir olíu. Þær lausnir sem virðast vera í sjónmáli eru einmitt efnarafalar og vetni. Hvort sem hv. þingmanni líkar betur eða verr þá veðja líklega allir, að minnsta kosti langsamlega flestir bílaframleiðendur heimsins á það og verja milljörðum í þróunarstarf á því. Fulltrúar Íslenskrar NýOrku hafa heimsótt alla helstu bílaframleiðendur. Þeim hefur ýmist verið boðið að fara þangað eða hafa farið á eigin vegum og þetta er niðurstaðan, að þeir veðja á efnarafala og vetni, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Við erum bara svo heppin að þeir skuli veðja á þessa tækni því að hún gefur okkur svo mikil tækifæri.

Hv. þingmaður skriplaði aðeins á skötu þegar hann fór út í nýtinguna. Það er rétt hjá honum að nýting olíu á sprengivél er ekki nema um 25%–26% og hún verður ekkert meiri, segja sérfræðingar á því sviði og ef hv. þingmaður setur vetni á sprengivél þá nær nýtingin því varla. En við erum ekki að tala um vetnið á sprengivél. Við erum að tala um vetni á efnarafala og þar er nýtingin allt upp undir 70%. Ég endurtek: Allt upp undir 70% á móti 25% nýtingu (Gripið fram í.) olíu á (Gripið fram í.) sprengivél. Hv. þingmaður verður að kyngja þessu. (**Gripið fram í:** Það er ...) Þetta er draumur sem er að verða að veruleika.

[17:35]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Í örstuttu máli vil ég segja að við erum annars vegar að tala um orkugjafa sem er unninn úr jörðu, olíu, gas og bensín, orkugjafa sem er með nýtnina 25%. Hins vegar erum við að tala um orkugeymslu, þ.e. vetni og nýtnin er mjög góð á mörgum rafgeymum, til dæmis rafgeymum í hverjum einasta bíl. Orkugeymslan verður að hafa miklu meiri nýtni en orkugjafinn. Þess vegna getum við ekki blandað þessu saman. 70% nýtni hjá vetni til framtíðar er eitthvað allt annað en 25% á olíu og bensíni sem er orkugjafi. Þess vegna verðum við að gera miklu meiri kröfur til rafgeymis eða orkugeymis en til nýtni á venjulegri bensínvél. Spurningin er hvaða orkugeymsla verður best í framtíðinni.

[17:36]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera að allir bílaframleiðendur veraldar séu á rangri leið. Það kann vel að vera að þeir fjölmörgu vísindamenn, doktorar, masterar og verkfræðingar sem vinna á þeirra vegum og hafa komist að þeirri niðurstöðu að hyggilegast sé að nýta efnarafala og vetni, séu allir á rangri braut og hafi rangt fyrir sér.

Ég hef hins vegar trú á því að hvort sem okkur líkar betur eða verr þá sé þetta sú leið sem þeir ætla sér að fara. Hv. þingmaður verður bara að sætta sig við það. Bílaframleiðendurnir eru á þessari leið og við hljótum að taka mið af því

alveg eins og við tökum mið af því að bílar menga mikið núna en við kaupum þessa bíla og við notum þá af því að það eru bílaframleiðendur sem framleiða bílana en ekki við. Við notum þá hins vegar og þar liggja okkar tækifæri. En ég hef ekki trú á því að þeir hafi allir rangt fyrir sér.

[17:37]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert að útiloka að vetni verði notað til framtíðar sem rafgeymir eða orkugeymir. En ég er að benda á að eitthvað allt annað gæti orðið ofan á. Eins og hv. þingmaður nefndi þá eru bílaframleiðendur að athuga efnarafala og vetni. Það er tvennt. Það eru til ýmsar leiðir. En það er von að Íslensk NýOrka kynnist ekki öðru en því sem snýst um vetni því að þeir hafa sérhæft sig í því og það getur vel verið að það verði ofan (Gripið fram í.) á.

Menn eru að leita að orkugeymslu alls staðar um heiminn sem er með miklu betri nýtni en einhver 70%. Það þarf að vera helst 90%.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.*

Stjfrv., 374. mál (skuldabréfaeign lífeyrissjóða). — Þskj. 408.

[17:38]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Með frumvarpi þessu er lögð til viðbót við 36. gr. laganna sem fjallar um fjárfestingar lífeyrissjóða.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna eru engar takmarkanir á því hversu stór hluti af eignasafni lífeyrissjóðs getur verið í skráðum ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Séu slík bréf óskráð er lífeyrissjóði hins vegar, skv. 3. mgr. 36. gr., óheimilt að fjárfesta fyrir meira en sem nemur 10% af hreinni eign sjóðsins í slíkum bréfum.

Samkvæmt orðalagi 36. gr. laganna snýr ákvæðið í heild sinni fyrst og fremst að fjárfestingum lífeyrissjóða. Hins vegar varðar greinin að efni til samsetningu á eignasafni sjóðanna og hefur greinin því áhrif á eignir sjóðanna óháð því hvort um beinar fjárfestingar sé að ræða eða ekki, til að mynda þegar tiltekin bréf eru afhent lífeyrissjóði vegna uppgjörs á skuldbindingum. Af þeim sökum getur lífeyrissjóði, vegna núgildandi takmörkunar 3. mgr. 36. gr., verið óheimilt að eiga ríkisskuldabréf og skuldabréf sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs en ekki eru skráð á skipulegum markaði, umfram 10% af hreinni eign sjóðsins. Með vísan til þessa er með frumvarpi þessu lagt til að bætt verði við 3. mgr. 36. gr. laganna ákvæði sem kveður á um að í þeim tilvikum þegar bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs, sem nýtur bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka, greiðir inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr., sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, þá skuli sjóðnum heimilt að taka við og eiga slík verðbréf óháð takmörkunum skv. 1. málsl. 3. mgr. 36. gr. Þessi breyting er í samræmi við önnur ákvæði greinarinnar og gengur ekki gegn þeim almennu varúðarsjónarmiðum sem liggja að baki ákvæðum um fjárfestingar lífeyrissjóða.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[17:41]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að ræða mál sem tengist kaupum ríkisins á eignarhlut í Landsvirkjun og greiðslu fyrir þá eignarhluti sem Akureyri og Reykjavíkurborg ákváðu að selja Landsvirkjun. Þetta mál lýtur náttúrlega fyrst og fremst að þeim viðskiptum en er þó víðtækara en það, hæstv. forseti.

Eitt meginmarkmið lífeyrissjóða er að tryggja félagsmönnum sínum þau lífeyrisréttindi sem þeir eiga að geta treyst á að fá samkvæmt lögum. Í almenna lífeyrissjóðakerfinu er gengist undir það að lífeyrisþegar eigi að fá um 56% miðað við þá inngreiðslu sem þeir hafi greitt, þ.e. miðað við þær tekjur sem þeir höfðu meðan þeir greiddu í lífeyrissjóðinn. Það á að vera tryggt að þeir fái um 56% af viðmiðunargrunni eftir 40–45 ár, trygging þeirra sé sú.

Í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna er þetta hins vegar þannig að menn eiga rétt á og möguleika á að fá 70% þeirra launa sem þeir höfðu þegar þeir störfuðu. Þar að auki er svo í lífeyriskerfi opinberra starfsmanna hin svokallaða 90 ára regla starfsaldurs og aldurs. Þetta eru kannski þær meginreglur sem gilda um réttindi félaga í lífeyrissjóðum, það sem þeir eiga að geta verið nokkuð vissir um að fá miðað við núgildandi löggjöf og reglur lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóðirnir hafa auðvitað þurft að hafa fyrir því að reyna að tryggja sem best þá fjármuni sem inn í sjóðina koma og á undanförnum árum hefur sem betur fer tekist allvel að ávaxta féð sem inn kemur í sjóðina og leitast þar af leiðandi við að tryggja lífeyrisréttindi þeirra félaga sem eru félagar í viðkomandi lífeyrissjóði til framtíðar.

Það skiptir auðvitað verulegu máli fyrir lífeyrissjóðina í hverju þeir fjárfesta og einnig að lífeyrissjóðirnir séu mjög opnir fyrir því eins og kaupin gerast nú á eyrinni á fjármálamarkaðnum að færa fé sitt til og fara þangað sem þeir ná bestri ávöxtun hverju sinni. Ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti, hvort það sem hér er verið að heimila geti orðið til þess, þ.e. tilfærsla á fjármunum þess lífeyrissjóðs sem hér um ræðir, að möguleikar lífeyrissjóðsins til að ávaxta fé sitt verði ekki jafnopnir og áður með því fyrirkomulagi sem er opnað á varðandi eignaraðild að fjárskuldbindingum, þ.e. að taka við skuldabréfi og geyma það og eiga. Þetta er svona vangavelta og við getum aldrei fullyrt um hvernig framtíðin lítur út að þessu leyti, en á undanförnum árum hafa lífeyrissjóðirnir leitast mjög við að færa fjármuni sína til í ýmsum fjárfestingum með tilliti til þess að tryggja ávöxtun og þar með lífeyrisréttindi til framtíðar. Meginmarkmið lífeyrissjóðanna er auðvitað að tryggja félagsmönnum sínum þann rétt að þeir geti fengið út viðunandi lífeyri þegar þeir þurfa á honum að halda, að tryggja af-

komu fólks þegar það kemst á efri ár, veikist eða verður öryrkjar o.s.frv.

Hæstv. forseti. Það er rétt að víkja aðeins að því að ASÍ, ef ég man rétt, gerði á síðastliðnu vori samkomulag við ríkisvaldið um að ríkisvaldið kæmi í auknum mæli að þeirri miklu örorkubyrði sem er í sumum lífeyrissjóðunum. Sá lífeyrissjóður sem sá sem hér stendur á mestan sinn rétt í, Lífeyrissjóður sjómanna, hefur nú sameinast öðrum lífeyrissjóði og verið gefið nafnið Lífeyrissjóðurinn Gildi. Örorkan í þeim lífeyrissjóði og örorkuþátturinn af útgreiddum lífeyri komst allt að því að vera 45% af útgreiddum lífeyri, sem er náttúrlega orðin mikil byrði fyrir viðkomandi lífeyrissjóð miðað við það sem gert var ráð fyrir þegar lífeyriskerfið var sett á fót en þá held ég að lagt hafi verið upp með að almenna örorkan í lífeyrissjóðunum mundi sennilega liggja á bilinu 10–12%. Mig minnir að þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir hafi verið gengið út frá því að örorkuþátturinn mundi að öllu jöfnu lenda á lífeyrissjóðunum.

Þess vegna er það ekki undarlegt þegar horft er til þess hversu lífeyrissjóðapakkinn, að því er varðar örorkulífeyri, hefur hækkað verulega umfram það sem menn gerðu ráð fyrir, að verkalýðshreyfingin skuli hafa reist þá kröfu — og ef ég man rétt að ríkið samþykkti — að leggja ákveðna fjármuni inn í lífeyrissjóðakerfið til þess að taka að hluta til niður örorkuþáttinn og greiða inn í lífeyrissjóðakerfið í þeim tilgangi að örorkubyrði legðist ekki með svo mismiklum þunga á stéttir í landinu eftir því í hvaða lífeyrissjóði er greitt. Ef ég nota annan samanburð sem ég man eftir úr umræðu fyrri ára þá minnir mig t.d. að mismunurinn á tveimur lífeyrissjóðum sem ég skoðaði fyrir nokkrum árum hafi verið sá að Lífeyrissjóður sjómanna hafi verið með um 45% örorkubyrði en lífeyrissjóður Búnaðarbanka Íslands, sem þá var, með 1,8%. Þetta er eitt dæmi um hvað örorkan getur lagst misjafnt á lífeyrissjóðina. Auðvitað fer þetta mikið eftir starfsstéttum og vinnuálagi þeirra þannig að þetta er ekki eins í öllum lífeyrissjóðunum og ekki alls staðar eins í lífeyriskerfinu.

Ég geri þetta að umræðuefni, hæstv. forseti, vegna þess að ég held að sú umræða sem hefur farið fram m.a. í haust um breytingu á réttindum örorkulífeyrisþega í lífeyrissjóðunum sýni þetta mál í hnotskurn, þ.e. þegar lífeyrissjóðirnir eru farnir að skoða örorkulífeyrisþegana með það að markmiði að ná að lækka lífeyrisgreiðslurnar út úr lífeyrissjóðunum fyrir ákveðna örorkulífeyrisþega. Það er kannski ekkert óeðlilegt að þetta sé skoðað af hálfu lífeyrissjóðanna en ég hef hins vegar gert athugasemdir við það hvernig framkvæmdin á því hefur verið og ég hef reynt að skýra það með einföldu dæmi.

Dæmið lítur svona út: Skipstjóri í fullu starfi slasaðist, hann datt niður stiga og varð algjör öryrki og var strax metinn sem slíkur, 75% öryrki. Hann hafði bullandi tekjur þegar hann hætti í starfinu og fékk þar af leiðandi framreikning miðað við þær tekjur og var á þeim tíma hæsti lífeyrisþegi í örorkulífeyri úr Lífeyrissjóði sjómanna. Ef hann hefði verið skoðaður aftur samkvæmt vinnureglu lífeyrissjóðanna hefði lífeyrir hans ekki verið lækkaður. Vegna hvers? Vegna þess að þrátt fyrir að hann væri hár í framreikningnum var hann enn þá verulega lægri en hann var í tekjum meðan hann var í starfinu og skoðunarregla lífeyrissjóðanna byggir á því að það beri að lækka fólk í örorkugreiðslum ef það hefur hærri tekjur eftir að það komst á örorkuna.

Hvaða fólk er það þá sem hugsanlega getur lent í hærri tekjum eftir að það kemst á örorkuna? Það er m.a. fólk sem hefur lent í því að veikjast smám saman, verða smátt og smátt frá vinnu. Það er líka fólk sem hefur haft mjög lágar tekjur, t.d. bændakonur á sauðfjárbúi, sem höfðu kannski einhvern viðmiðunargrunn í tekjum upp á 60–80 þús. kr. á mánuði og greiddu inn í Lífeyrissjóð bænda samkvæmt því. Svo kom að því að viðkomandi lenti í slysi og var metinn 25% öryrki og veiktist síðan og var þá metinn 75% öryrki. Þegar farið er að skoða slíkan einstakling í dag með vinnureglu lífeyrissjóðanna getur komið í ljós, og kom í ljós varðandi þann einstakling sem ég er að tala um að hann fékk 21 þús. kr. út úr Lífeyrissjóði bænda, fékk síðan eðlilegar örorkulífeyristryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins, metinn sem 75% öryrki, og þegar lífeyrissjóðirnir fóru að bera tekjur hans sem lífeyrisþega saman við það sem hann hafði meðan hann var í starfi þá reyndist hann vera með hærri tekjur sem öryrki. Greiðslurnar út úr tryggingakerfinu eru sem sagt vel yfir 100 þús. kr. og síðan fær fólk 21 þús. kr. út úr lífeyrissjóði, og þó að það skerði örlítið bætur frá Tryggingastofnun, réttara sagt ekki örlítið heldur gildir þar 45% reglan, þá eru tekjur viðkomandi aðila samt hærri en þær voru þegar hann var starfandi. Þá segja menn: Viðkomandi örorkulífeyrisþegi hefur það betra, er með hærri tekjur. Þetta dæmi hef ég stundum tekið til þess að reyna að skýra út að vinnureglan getur verið ósanngjörn þó að hún standist lög og reglur lífeyrissjóðanna.

Ég vil, hæstv. forseti, ekki hafa mál mitt mikið lengra en vek athygli á því að það er skylda lífeyrissjóða að varðveita fjármuni sína til þess m.a. að greiða út lífeyri og varðveita rétt fólks í lífeyrissjóðum. En úr því að ég minntist hér á loforð ríkisstjórnarinnar eða samning við ASÍ um eingreiðslu vegna örorkuþáttarins þá væri ekki úr vegi að spyrja hæstv. fjármálaráðherra sem hér er: Hvað líður þeim málum sem samið var um við ASÍ eða gert samkomulag um? Hefur verið samið um það við verkalýðshreyfinguna að ríkissjóður yfirtaki smátt og smátt meira af þeim örorkuþætti sem er í hinum almennu lífeyrissjóðum þannig að misvægið verði ekki eins ótrúlega mikið og það er þegar í dag, eða hvað hefur farið á milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar um það? Telur hæstv. fjármálaráðherra að það sem hér er verið að gera tryggi algjörlega stöðu viðkomandi varðandi það að fá þá ávöxtun af þessu fé sem ætlast er til, þ.e. hæstu ávöxtun á hverjum tíma? Það er það sem lífeyrissjóðirnir eiga að leitast við til þess að tryggja lífeyrinn, hvort sem þeim tekst það eða ekki.

[17:54]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ávöxtunin sem lífeyrissjóðirnir eiga að sækjast eftir er auðvitað tengd áhættunni sem felst í fjárfestingunni og að öllu jöfnu er minnsta áhættan fólgin í því að eiga ríkistryggð bréf, og í þessu tilfelli er verið að tryggja að þau bréf sem sjóðurinn á séu eins örugg og hugsast getur og þá væntanlega á vöxtum sem eru í samræmi við að vera þeir vextir á hverjum tíma sem greiddir eru af ríkistryggðum bréfum.

Varðandi síðari spurninguna um örorkubyrðina og samkomulag ríkisins við aðila vinnumarkaðarins þá hefur ekki verið gert neitt frekara samkomulag en gert var í fyrra um þátttöku ríkissjóðs í því að létta af örorkubyrðinni og síðan sú vinna sem átti að fara fram í framhaldi af þeirri samþykkt varðandi endurhæfingu og aðstoð við öryrkja til að eiga afturkvæmt út á vinnumarkaðinn. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að flytja áður en langt um líður frumvarp í samræmi við þetta samkomulag við Alþýðusambandið. Þar af leiðandi er ekki tímabært að fara nánar út í það en hins vegar er samkomulagið mjög skýrt um það hversu miklar greiðslur eigi að vera á næstu árum.

[17:56]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni þessa andsvars vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra að því hvort það megi skilja svar hans þannig að í því felist að ríkið muni bæta upp þann mismun meðalávöxtunar annarra skuldbindinga viðkomandi lífeyrissjóðs og hins vegar þeirrar ávöxtunar sem fylgir þessu bréfi, því að það er jú auðvitað það sem lífeyrissjóðirnir hafa leitast við á undanförnum árum með því að færa til eignasafn sitt í verðbréfum til þess að ná sem bestri ávöxtun. Ef þeir eiga nú að sitja fastir með ríkisskuldabréf, sem ber þá vexti eins og ákvæðið er um, þá tel ég að það sé engin sérstök trygging fyrir því fyrir viðkomandi lífeyrissjóð að það sé sú besta ávöxtun sem menn geti fengið út úr fjármunum sínum.

Ef ég man rétt held ég að sumir lífeyrissjóðir hafi verið að ná allt að 19% ávöxtun á fjárskuldbindingar sínar og þess vegna spyr ég að því hvort skilja eigi svar hæstv. fjármálaráðherra þannig að það verði tryggt að viðskiptin að þessu leyti nái að jafna þá meðaltalsávöxtun sem viðkomandi lífeyrissjóður nær af öðrum fjárskuldbindingum sínum.

[17:58]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast ekki við að það sé 19% ávöxtun á ríkistryggðum bréfum. Þau bréf sem hv. þm. var að vísa til sérstaklega eru ríkistryggð bréf og þau eru með breytilegum vöxtum miðað við þá vexti sem á hverjum tíma eru greiddir af ríkisverðbréfum, það eru þá hámarksvextir á lágmarksáhættu hvers tíma, þannig að það er engin spurning um það hvernig það á að vera á hverjum tíma, það er tiltekið nákvæmlega. Þeir sem fá 19% ávöxtun fá hana á einhverjum allt, allt öðrum forsendum en ríkisbréf eru gefin út á og því er ekki hægt að vera í neinum samanburði þar á milli, hvað þá að tala um einhvern mismun þar á milli. Þetta eru alls ekki samanburðarhæfir pappírar sem hv. þingmaður er að tala um.

[17:59]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Ég var eiginlega ekkert að spyrja út í það hvort pappírarnir væru samanburðarhæfir. Ég var bara að spyrja út í það hvort í þessu samkomulagi væri tryggt að lífeyrissjóðurinn tapaði ekki fjármunum á samkomulaginu, það var það sem ég var að spyrja eftir.

Nú er það svo að menn geta auðvitað keypt ríkiskuldabréf og selt þau og reynt með þeim hætti að fylgja eftir sveiflum á markaðnum. Ég var eingöngu að spyrja hvort í þessu fælist einhver trygging fyrir viðkomandi lífeyrissjóð um að við það að eiga skuldabréf til lengri tíma væri honum tryggt að hann tapaði ekki á viðskiptunum.

[18:02]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)**:

Herra forseti. Hér kom fram reginmisskilningur í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Ríkissjóður átti ekki viðskipti við lífeyrissjóðina eins og hann sagði. Ríkissjóður var í viðskiptum við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ sem eru bakábyrgðaraðilar þessara sjóða. Þeim var greitt með ríkistryggðum skuldabréfum á ákveðnum kjörum. Sveitarfélögin leggja síðan þau bréf inn sem eiginfjárframlag, ef hægt er að komast svo að orði, í lífeyrissjóðina.

Ríkissjóður ábyrgist ekki eitt eða neitt fyrir lífeyrissjóðina með þessum viðskiptum. Að bæta upp einhvern mismun á annars konar markaðsbréfum með ávöxtun sem aldrei mundi fást á ríkisbréfum er bara ekki inni í þessari mynd. Það er eiginlega ekki hægt að svara spurningunni út frá þeim forsendum sem hv. þingmaður gaf sér. Ég er að reyna að skýra að spurningin er eiginlega ekki í samhengi við stöðu þessara mála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Afnám verðtryggingar lána, fyrri umr.*

Þáltill. SigurjÞ o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

[18:02]

**Flm. (Sigurjón Þórðarson)**:

Frú forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um afnám verðtryggingar lána. Flutningsmenn með mér eru hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Þingsályktunartillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að afnumin verði verðtrygging húsnæðislána.“

Á Íslandi búa lántakendur húsnæðislána jafnan við hæstu vexti í Evrópu og þar að auki eru lánin verðtryggð. Íslenskt fjármálakerfi er orðið hluti af alþjóðlegu umhverfi og þess vegna þarf að aðlaga reglur þess og kjör því sem almennt gerist í vestrænum ríkjum. Lánskjör íbúðalána til almennings eru einn þeirra þátta sem þarf að aðlaga. Þau eru alla jafna verðtryggð hér á landi en það heyrir til undantekninga að lán séu verðtryggð erlendis. Það er óásættanlegt að landsmenn búi við allt önnur og miklu lakari lánskjör en almennt gerist í nágrannaríkjunum.

Helstu röksemdir fyrir verðtryggingu lána á Íslandi hafa hingað til verið að með henni skapist forsendur fyrir lægri vöxtum en sú hefur alls ekki orðið raunin. Frá því að gríðarleg hækkunarhrina stýrivaxta hófst í maí 2004 hafa stýrivextir hækkað um 264% en verðbólga hefur fjórfaldast á sama tíma. Þetta sýnir að hækkun stýrivaxta hefur alls ekki tilætluð áhrif, enda bera langtímalán jafnan fasta verð-

tryggða vexti en breyting stýrivaxta hefur lítil sem engin áhrif á verðtryggðu lánin og þar með hefur umrædd hækkun stýrivaxta lítil áhrif til að minnka þenslu. Einu merkjanlegu áhrif stýrivaxtahækkana varða minni fyrirtæki og einstaklinga sem tekið hafa skammtímalán. Búast má við að stýrivaxtahækkunin snerti einkum þá sem standa hvað lakast að vígi við öflun lánsfjár.

Hækkun stýrivaxta hefur bein áhrif til styrkingar á gengi íslensku krónunnar. Það hefur valdið yfirverði á íslensku krónunni sem hefur aukið kaupmátt íslenskra heimila á erlendum varningi og þar með stuðlað að auknum innflutningi og alls ekki slegið á þenslu eins og há verðbólga er til vitnis um. Einnig hefur sýnt sig að hátt verð krónunnar hefur verið þrándur í götu útflutningsfyrirtækja, veikt afkomu þeirra og stuðlað að vöruskiptahalla.

Nauðsynlegt er að breyta lánakerfinu með þeim hætti að stýritæki Seðlabankans verði skilvirkari þar sem núverandi ástand ýtir undir ójafnvægi og hætt er við að ef slakað er á í vaxtahækkunum hríðfalli gengi íslensku krónunnar líkt og gerðist fyrr á árinu.

Afnám verðtryggingar mundi ekki skerða hag lánveitenda til lengri tíma þar sem það yki stöðugleika í efnahagslífinu og yrði til þess að lánastofnanir þyrftu í auknum mæli að taka tillit til stýrivaxta Seðlabankans í öllum ákvörðunum sínum. Við afnám verðtryggingar gæti lánveitandi ekki varpað allri ábyrgð á verðbólguáhættu á lántakandann og það mundi ýta undir ábyrga efnahagsþróun. Við breytinguna mundi einnig skapast þrýstingur til lækkunar vaxtastigs í landinu þar sem lánveitendur og lántakendur yrðu að taka mið af raunhæfum vaxtakröfum í stað þess að skjóta vaxtagreiðslum á frest til næstu kynslóða.

Frú forseti. Afnám verðtryggingar hefur áður komið til umræðu á hinu háa Alþingi og ber að nefna m.a. frumvarp sem Bryndís Hlöðversdóttir flutti um þjónustugjöld og verðtryggingu fyrir fáeinum árum og sömuleiðis hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem hefur flutt mál sem varða afnám verðtryggingarinnar, þ.e. að leggja eigi verðtryggingu af í áföngum. Sömuleiðis hafa komið fram fyrirspurnir, m.a. frá hv. þm. Jóni Gunnarssyni, og þar tók þáverandi viðskiptaráðherra af öll tvímæli um að hún væri í raun andvíg því að fara þá leið þannig að kjör og vextir almennra lántakenda, minni lántakenda, fyrirtækja og almennings, yrðu með sama hætti og í nágrannaríkjunum. Sama er að segja um fyrirspurn sem hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson flutti síðasta vor.

Maður furðar sig á því að Framsóknarflokkurinn leggst gegn því að vextir, verðtrygging og lánaskilmálar verði með sama hætti og almennt gerist í vestrænum ríkjum. Það kemur fram m.a. fram í fyrri frumvörpum sem flutt hafa verið að það heyri til algerra undantekninga að verðtrygging sé notuð í lánum til húsnæðiskaupa. Það þekkist að verðtryggja ríkisskuldabréf en að verðtryggja lán til íbúðakaupa heyrir til undantekninga.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að skoða þessa leið. Af þingtíðindum má ráða að sjálfstæðismenn hafa almennt verið jákvæðir gagnvart því að afnema verðtrygginguna. En svo virðist sem Framsóknarflokkurinn leggist algerlega gegn því. Maður furðar sig á því hvers vegna það er. Það er kominn tími til að bæta hag lántakenda á Íslandi með margvíslegum hætti. Við í Frjálslynda flokknum leggjum fram þessa þingsályktunartillögu og sömuleiðis um að afnema stimpilgjöld, aðra mikilvæga tillögu sem tryggir að lántakendur geti farið á milli lánastofnana og fengið hagstæðari kjör án þess að greiða sérstakan skatt til ríkisins.

Það hefur verið nefnt í umræðunni að háir vextir og verðtrygging séu mikil byrði fyrir lántakendur. Íslensk heimili skulda gríðarlega háar fjárhæðir. Þess vegna hefur verið reiknað út að 1% vaxtahækkun, hvort sem hún stafi af verðbólgu eða hækkun vaxta, muni heimilin jafnvel um 12 milljarða kr. á ári. Þar er um mikið hagsmunamál að ræða. Þessi þingsályktun er sannarlega þess virði að hún fái ræki-lega skoðun í efnahags- og viðskiptanefnd, sem ég vísa henni til hér með og síðari umr.

Að ýmsu ber að hyggja þegar við ræðum um verðtrygginguna og afnám hennar. Ég vildi m.a. nefna að verðtryggingin gæti hafa orðið til að slæva bankana í að vera á varðbergi fyrir innstreymi erlends fjár. Staða innlánsstofnana hefur veikst mjög á undanförnum árum. Bara frá árinu 2004 hefur hrein staða bankanna við útlönd veikst um 1.100 milljarða kr., hvorki meira né minna. Fara þarf rækilega yfir þessi mál, ekki eingöngu út frá stöðu lántakenda heldur líka út frá því hvernig við stýrum hagkerfinu.

Vert er að minnast á að lífeyrissjóðirnir eru að miklu leyti eigendur skuldbindinga og eignir þeirra í verðbréfum, samkvæmt Seðlabankanum, eru yfir 900 milljarðar kr. Þetta mál varðar því stjórn lífeyrissjóða sem í sitja fulltrúar launafólks og atvinnurekenda. Þeir hópar þurfa að koma að borðinu og umræðunni um hvernig við ætlum að hafa lánafyrirkomulag almennings í framtíðinni. Umræðan er mjög mikilvæg og ég er viss um að æ meira muni bera á henni á komandi mánuðum, sérstaklega ef ekki tekst að ná tökum á verðbólgunni. Því miður virðist hún ekki á niðurleið heldur bendir ýmislegt, m.a. veiking krónunnar síðustu vikuna, til þess að menn hafi ekki náð tökum á verðbólgunni. Við sem fylgjumst með efnahagsmálum höfum vissar áhyggjur af því vegna þess að há verðbólga kemur harðast niður á skuldsettum heimilum.

[18:13]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þetta mál með verðtryggingu lána hefur að sjálfsögðu á sér margar hliðar, eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson rakti. Sú tillaga sem lögð er fram lýtur að verðtryggingu húsnæðislána. Ég held að það sé alveg tímabært að skoða hlut og beitingu verðtryggingar í fjármálaviðskiptum, í kaupum á fasteignum og í lántökum.

Verðtrygging hefur sína kosti eins og við vitum. Hún tryggir rétt bæði lánveitenda og lántaka í sjálfu sér gagnvart verðþróun í landinu og hefur vafalaust verið mikilvæg í mörgum tilvikum. Hins vegar er hún líka runnin frá þeim tíma þegar meginhlutinn af fjármálakerfinu, bönkunum, var í ríkiseigu og Íbúðalánasjóður þá kannski í enn ríkari mæli félagsleg lánastofnun. Þá var verðtryggingin í sjálfu sér bara hluti af þeim sáttmála, þannig að ríkið var að stórum hluta ábyrgt fyrir þróun á lánamarkaðnum og meira ábyrgt fyrir kjörum hins almenna borgara.

Á þessu hefur orðið gjörbreyting í sjálfu sér. Fjármálamarkaðurinn er orðinn einkavæddur og lifir þess vegna í

eigin heimi. Ekki er ríkisábyrgð með þeim hætti sem áður var á fjármálastofnunum. Beitingu verðtryggingar hlýtur því líka að þurfa að endurskoða.

Ég held að verðtryggingin sé og geti verið nauðsynleg á langtímalánum og í viðskiptum með húsnæði. Maður hlýtur samt að setja spurningarmerki við það þegar langtímalán, 20, 30, 40 ára lán eru bæði verðtryggð og líka með háum vöxtum. Verðtryggingin ætti að tryggja, eins og lán til íbúðalána, að þau héldu gildi sínu. En þá ættu vextir jafnframt að vera mjög lágir. Vextir af húsnæðislánum umfram 2,5% og 3% finnst mér vera óeðlilegir af verðtryggðum lánum í húsnæðiskaupum, ef ég segi alveg eins og er. Þá eru menn komnir yfir á einhverja aðra braut. Því er alveg ástæða til að skoða þessi mál.

Fólki er lofað ákveðnum verðbólgumörkum. Við höfum stýritæki eins og ríkisstjórn og Seðlabanka sem lofar að ábyrgjast að verðbólgan fari ekki upp fyrir einhver ákveðin mörk, 2,5% með smávikmörkum. Það eru í rauninni loforð sem almenningi eru gefin. Hver á síðan að bera ábyrgðina á því þegar ríkisstjórnin rekur slíka efnahags- og atvinnustefnu að þetta springur? Stýritæki Seðlabankans upp á að halda verðbólgunni innan þessara marka virka ekki. Það eina sem hann hefur er að keyra vaxtastigið upp og auka þannig enn á greiðslubyrði lántakenda. En ríkisstjórnin, sem í rauninni ber ábyrgð á þenslunni og á því að verðbólgan rýkur upp, er stikkfrí. Og almenningur sem hélt að eitthvað væri að marka þessi loforð verður þá að axla þungann af verðtryggðum lánum í verðbólgu með háum vöxtum. Svona lagað gengur ekki upp.

Þessi sjálftökuréttur ríkisvalds og fjármálastofnana hvað þetta varðar finnst mér vera umhugsunarefni. Það á draga þá til ábyrgðar sem bera ábyrgð á verðbólgunni, og það er ríkisstjórnin. Ef ekki væri þessi þensla eða þessi stóriðjustefna hefði ekki verið með tilheyrandi afleiðingum, þá værum við ekki með þessa verðbólgu. Við vitum það.

Það voru allir sem vöruðu við þessu. Seðlabankinn varaði við því að hann hefði ekki stýritæki til að ráða við slíka stóriðjuþenslu. Hann lýsti því yfir. Og skattalækkun samtímis. Hann sagði fyrir um afleiðingarnar. Við hér, að minnsta kosti þingmenn Vinstri grænna, sögðum til um afleiðingarnar, að verðbólgan mundi rjúka upp þrátt fyrir að almenningi hefði verið lofað að hún mundi ekki gera það.

Með svo óábyrg stjórnvöld gagnvart almenningi í landinu, sem lýtur m.a. að verðtryggingu lána, er þetta umhugsunarefni. Ég get þess vegna vel tekið undir að það megi alveg fara að endurskoða hvernig hag almennings sé best borgið hvað lýtur að verðtryggingu og öryggi almennings. Ég er ekki þar með að segja að leggja eigi til að hún sé í sjálfu sér afnumin því það er miklu flóknara mál, en farið sé í gegnum þessi mál og þau endurskoðuð með hag almennings fyrir brjósti. Það finnst mér vel tímabært.

[18:20]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar lána. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem við ræðum það. En öll greinargerðin gengur út frá því að eingöngu séu til skuldarar í landinu en enginn sem leggi fyrir.

Bankar, sem oft eru sagðir hafa bæði belti og axlabönd, eiga yfirleitt ekki sparifé. Bankar leggja ekki fyrir. Athafnamenn leggja heldur ekki fyrir. Það er launafólk sem leggur fyrir. Þetta hafa rannsóknir sýnt. Á Íslandi er því miður allt of lítill sparnaður. Enda gengur öll umræðan út á hag skuldarans. Ég hef sagt að þetta sé skuldaraþjóðfélag.

Hvar er sparnaðurinn? Hann er lögþvingaður með því að skylda alla launamenn til að borga í lífeyrissjóð og þar verður sparnaðurinn til — með skyldusparnaði. Það er sem sagt allt launafólk í landinu sem á sparifé sem er með belti og axlabönd, eins og menn kalla það. Það eru ljótu kallarnir. (**Gripið fram í:** Það eru þeir sem eiga peninga ... lífeyrissjóðirnir.) Þeir sem eiga fjármagn eru yfirleitt með það bundið í atvinnurekstri og skulda oft miklu meira en þeir eiga í sparifé. Mér þætti gaman að sjá einn slíkan sem á meira sparifé en hann á í skuldum. Það eru lífeyrissjóðirnir og launafólk sem á sparifé í landinu. Það eru þeir sem samkvæmt þessari greinargerð eru að græða á verðbólgunni.

En nú kemur merkilegt í ljós. Kannað var fyrir nokkrum árum, ég hef ekki séð nýja könnun en gaman væri að sjá hana, að vextir af verðtryggðum lánum plús verðtrygging hafa ætíð verið lægri en vextir á óverðtryggðum lánum eftir að vaxtafrelsi var tekið upp. Það er heldur ekkert skrýtið, frú forseti, vegna þess að ef maður, segjum að hv. framsögumaður, Sigurjón Þórðarson, ætti sparifé, segjum að hann ætti 1 eða 2 milljónir og vildi leggja þær fyrir. Ef hann fær ekki verðtryggingu þá að sjálfsögðu krefst hann hærri vaxta út af áhættunni, því að verðbólguskot gæti komið sem rústaði eigninni hans. Eins og t.d. er núna. Nú er verðbólguskot og nú situr fjöldi sparifjáreigenda út um allt land og er að tapa vegna þess að nafnvextirnir, ef innstæða er óverðtryggð, ná eiginlega aldrei 7,6% sem er verðbólgan akkúrat í dag. (**Gripið fram í:** ... breytilega vexti.) Já, en þá taka menn breytilega vexti, ég kem að því á eftir. En þeir sem eru með fasta vexti á sparisjóðsbókinni sinni eru að tapa og þeir borga meira að segja fjármagnstekjuskatt af tapinu, á meðan þeir tapa.

Málsvara hefur vantað fyrir sparifjáreigendur á Íslandi. Hann hefur alltaf vantað. Þetta er skuldaraþjóðfélag. Og sú dyggð að leggja fyrir endurspeglast ekki í svona tillöguflutningi.

En það merkilega er, sem ég ætlaði að koma inn á áðan þegar ég var truflaður í frammíkalli, að verðtryggðir vextir hafa alltaf reynst skuldaranum hagstæðari en áhættan er tekin af sparifjáreigandanum. Og þess vegna eru þeir vextir lægri og hagstæðari fyrir skuldarann en fyrir sparifjáreigandann. En sparifjáreigandinn vill það frekar vegna þess að hann fær tryggingu gegn skyndilegri verðbólgu.

Bankarnir sjálfir eru bara miðlarar. Þeim er nokk sama hvað vextirnir eru og hvort lán eru verðtryggð eða óverðtryggð. Þeir taka vaxtamun sem þóknun, en þeir eiga yfirleitt ekki sparifé sjálfir. Þeim er því nokk sama. Eins og ég gat um eiga stórfjárfestar og þeir sem eru miklir athafnamenn yfirleitt ekki sparifé. Við erum því að tala launafólk í landinu, þúsundir, hundruð þúsunda sem eiga sparifé í lífeyrissjóðum og svo hina sem eiga sparisjóðsbók.

Í sjálfu sér gætum við alveg farið yfir í breytilega vexti eins og hér var kallað fram í. Það er alls staðar gert í heiminum þar sem langtímalán eru til lengri tíma en tíu ára,

segjum 30 eða 40 ára lán. Það dytti ekki nokkrum manni í hug að leggja fyrir innstæðu, ekki hv. þingmanni með sínar 2 milljónir, með föstum vöxtum í 40 ár. Svo kæmi ein verðbólguholskefla upp á 30% eftir 20 ár og öll innstæða er farin, öll ávöxtun og allt saman. Nei, menn vilja hafa breytilega vexti. Þá kemur upp mjög sérstakt ástand. Ef vextir væru breytilegir í dag og 4% raunvextir þyrftu vextirnir að vera 12%. Það er það sem hv. þingmaður mundi fara fram á. 12% þyrfti fólkið að borga af höfuðstólnum. Ef það er með 30 millj. kr. skuld, eins og sumir núna sem eru nýbúnir að kaupa sér eign, þá þyrftu þeir að borga 3,6 milljónir í vexti, bara í vexti. Borga það, greiða þær á staðnum og svo að sjálfsögðu afborganir.

Er það þetta sem við viljum? Það er ég hræddur um ekki. Ég er ansi hræddur um að margur skuldarinn mundi þá kveinka sér, að borga 300.000 kr. á mánuði bara í vexti. Það eru kannski ekki margir sem skulda 30 milljónir en þó það séu 20 milljónir, sem er ekki óalgeng tala, væru það 2,4 milljónir sem 12% vextir þýddu eða 200 þús. kr. á mánuði..

Það kemur því í ljós að verðtryggingin er bara góð fyrir skuldarann. Yfirleitt alltaf. Hún er líka góð fyrir sparifjáreigandann, lífeyrissjóðina, fyrir hönd hundruð þúsunda sjóðfélaga, og litla launamanninn sem á sína sparisjóðsbók vegna þess að hann er firrtur áhættunni af gengisskoti. Menn eru því ekkert að bæta hag skuldara með þessari tillögu. Alls ekki. En í hv. efnahags- og viðskiptanefnd mun ég að sjálfsögðu ræða þetta og fara í gegnum það og vita hvort menn virkilega vilja þetta. Ef svo er, að menn vilji sjá greiðslubyrði upp á 2,4 millj. kr. bara fyrir vexti af venjulegu íbúðaláni, ef menn vilja hafa það, allt í lagi, 200.000 kr. á mánuði þyrfti fólkið að borga. Það þyrfti þá aldeilis að hafa tekjur og síðan eru afborganir líka af láninu.

Ég er því ekki viss um að menn hafi hugsað þetta til enda. Enda er verðtryggingin í flestum löndum að aukast. Menn eru að auka heimildir til þess þó menn fari mjög varlega. Af hverju fara menn varlega? Vegna þess að stýritæki Seðlabankans veikjast. Hann hefur ekki lengur sömu stýritækin þegar svona stór hluti af lánamarkaðnum er verðtryggður. Það er vandinn. Það er vandi sem hann kemst ekki hjá.

Þegar menn eru að tala um að afnema verðtryggingu eru þeir að tala um að koma með mjög sveiflukennda greiðslubyrði af lánum sem er háð verðbólgu því menn þyrftu að borga verðbólguna af öllum höfuðstólnum. Það gerist ekki með verðtryggð lán. Þar hækkar höfuðstóllinn sjálfkrafa en menn borgar hann ekki. Þetta er sú mikla breyting sem er á því að hafa þetta verðtryggt eða óverðtryggt.

En eins og ég gat um getur vel verið að komið sé það mikið jafnvægi í lánamarkaðinn, minni hættur séu af svona verðbólguskotum, að í lagi sé að afnema verðtrygginguna. Þá getum við rætt það og farið í gegnum það. Ég er ekki á móti þessari þingsályktunartillögu í sjálfu sér. En að afnema verðtrygginguna án þess að horfa á kosti og galla og án þess að átta sig á hverjir eru hinir raunverulegu eigendur sparifjár, það finnst mér ekki nógu sniðugt.

[18:29]

**Flm. (Sigurjón Þórðarson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Fram kom í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals að þetta væri ekki hugsað til enda. Þetta mundi nú ekki hvetja til sparnaðar. En ég vil að hv. þingmaður hugi að því að þetta er algjör undantekning, verðtrygging, og sparnaður fer fram í öðrum löndum þrátt fyrir að þar sé ekki verðtrygging.

Tillagan er einmitt hugsuð til þess að stýritæki Seðlabankans virki. Það er umhugsunarvert sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að hér eru hæstu stýrivextir sem lengi hafa verið, 14%, en samt sem áður tekst ekki að ná tökum á verðbólgunni. Segja má að helsta stýritæki Seðlabankans sé óvirkt vegna verðtryggingarinnar. Og að hv. þingmaður gefi sér að hér verði um langt skeið 12% verðbólga, það er af og frá. Það er ekki nema þá að menn ætli sér ekki að ná tökum á efnahagslífinu.

Það er algjörlega ólíðandi að það sé svo há verðbólga eins og staðan er nú. Það verður að ná henni niður. Ég er ekki viss um að það gerist nema þá að ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks fari frá.

En ástæðan fyrir þessari tillögu er einmitt að horfa á heildarmyndina og hvetja til sparnaðar. Ef við skoðum þær hagtölur sem Seðlabankinn birtir þá eru bankarnir ekki endilega að hvetja til sparnaðar. Nú er helsti bisnessinn hjá þeim að bera inn erlent lánsfé á lægri vöxtum og endurlána það síðan með verðtryggingu og hæstu vöxtum í heimi.

Þetta er ástand sem ábyrgir stjórnmálamenn, sem við í Frjálslynda flokknum teljum okkur vera, vilja ráða bót á svo hægt sé að ná tökum á efnahagslífinu. Ég vona svo sannarlega að sjálfstæðismenn átti sig á þessu. Þetta gengur ekki svona endalaust.

[18:31]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Greinargerðin hefst þannig, með leyfi forseta:

„Á Íslandi búa lántakendur húsnæðislána jafnan við hæstu vexti í Evrópu og þar að auki eru lánin verðtryggð hérlendis.“

Aðalmarkmiðið er sagt vera að gæta hagsmuna skuldara að því að sagt er. Svo er ekki, eins og ég nefndi með dæmum. Það er ekki verið að gæta hagsmuna skuldara, verðtryggingin gætir einmitt hagsmuna skuldara.

Það fer vissulega fram sparnaður í öðrum löndum. Íslendingar hafa þurft að byggja mjög mikið upp, þeir bjuggu líka við neikvæða vexti í 30–40 ár sem kenndi þjóðinni að skulda. Í áratugi borgaði sig að skulda. Menn eru enn ekki búnir að læra að spara og þvingaður sparnaður í lífeyrissjóðunum verður til þess að menn telja sig ekki þurfa að spara eins mikið af því að þeir eigi fyrir ellinni og þurfi ekki að óttast að verða illa settir í ellinni. Sparnaðarvilji Íslendinga er þess vegna því miður enn þá allt of lágur og ég held að afnám verðtryggingarinnar yrði ekki til að bæta það, ég er alveg sannfærður um það. Ef menn eiga á hættu að tapa sparifé sínu vegna verðbólgu er ég ekki viss um að menn verði fúsari til að spara frekar en nú.

Svo vil ég benda á að því miður skulda Íslendingar alveg gífurlegar fjárhæðir í yfirdrætti með 20–25% nafnvöxtum, sem eru alveg gífurlegir vextir, sem sýnir að Íslendingar eru ekkert voðalega næmir fyrir vöxtum.

Þess vegna held ég að það sé ekkert mjög skynsamlegt að hverfa frá þeirri verðtryggingu sem hefur verið við lýði og hefur gætt hagsmuna lífeyrissjóðanna og þeirra Íslend-

inga sem eru sparifjáreigendur.

[18:33]

**Flm. (Sigurjón Þórðarson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er nokkuð hissa á ræðu hv. þingmanns, að hann sjái ekki að þessi hreina skuldaaukning hjá bönkunum, sem svarar til 1.100 milljarða á tveimur árum, gengur ekki og menn eiga að velta því fyrir sér hvernig á þessu stendur. Ein ástæðan fyrir þessu er verðtryggingin, að ég tel, og ekki bara ég heldur margir sérfræðingar sem hafa tjáð sig um efnahagsmál. Menn bera lánsfé inn í landið vegna þess að þeir geta lánað það út verðtryggt aftur og þar með tryggt það fyrir breytingum á gengi íslensku krónunnar. Ég er ekki viss um að þetta sé gæfuleg leið fyrir íslenskt efnahagslíf.

Ef menn vilja skoða það í alvöru að íslenskt lánakerfi verði með svipuðum hætti og erlendis, getur þessi þingsályktunartillaga orðið til þess og að við sjáum að aðgerðir Seðlabankans fari að virka. Staðreyndin er sú að 14% stýrivextir Seðlabankans virðast ekkert slá á þensluna. Það er áhyggjuefni og það er vegna þess að stýrivextirnir virka bara á yfirdráttarlánin, alls ekki á verðtryggðu lánin sem er massinn af lánunum. Hv. þingmaður ætti að taka þetta til athugunar og ég vona svo sannarlega að hann verði jákvæðari í garð þeirrar umræðu sem þarf að fara fram um lánamarkaðinn en raun ber vitni og hvernig við ætlum að haga lánafyrirkomulagi í framtíðinni. Ég er á því að opin umræða um þessi mál þurfi að fara fram og auðvitað þurfum við líka að skoða hag eigenda skuldanna, lífeyrissjóðanna. Það þurfa (Forseti hringir.) fleiri að koma inn í þessa umræðu.

[18:36]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir að fara þarf fram umræða um verðtryggingu og það sé af hinu góða. Þá þurfa menn líka að segja frá því sem rétt er að skuldaaukningin hjá bönkunum þar sem Íslendingar tóku lán með lækkandi vöxtum, sem er sennilega ein mesta kjarabót sem íslenskir launþegar hafa fengið í áratugi, fólst í því að greiða upp lán hjá Íbúðalánasjóði. Þetta var tilfærsla á skuldum. Það er því ekki rétt að þetta hafi alfarið verið nýjar skuldir hjá bönkunum, þó að því miður hafi verið of mikið um það og sérstaklega of mikið á yfirdrætti, sem er með allt, allt of háum vöxtum. Fólk á að sjálfsögðu ekki að vera með yfirdrátt, það á enginn að vera með yfirdrátt, ekki einn einasti maður.

Vaxtalækkunin sem varð fyrir þrem árum olli þeirri þenslu sem við glímum við í dag og hún stafar af virkjuninni fyrir austan. Það er samdóma álit flestra. Háir stýrivextir Seðlabankans og mjög góð afkoma ríkissjóðs, sem er líka þáttur í því að vinna gegn þenslunni, afkoma ríkissjóðs er ein sú besta í heimi, valda því að menn eru farnir að spá því núna að verðbólgan á næsta ári nái nánast markmiðum Seðlabankans, þ.e. að sú mikla verðbólga, 7,6%, sem við búum við í dag verði horfin um mitt næsta ár og komin niður í þær hæðir sem Seðlabankinn stefnir að, þannig að þetta er ekki svo alslæmt.

En ég vil undirstrika að sú þensla sem við búum við í dag er aðallega vegna þess að bankarnir fóru í samkeppni við Íbúðalánasjóð og buðu lægri vexti en Íslendingar hafa séð í lengri tíma, þó að þeir séu enn þá of háir miðað við það sem gengur og gerist erlendis.

[18:38]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Umræður um verðtryggingu hafa oft farið fram á Alþingi og hér var þess getið að margir hefðu flutt tillögur áður um að þessi mál yrðu endurskoðuð og verðtryggingin lögð af. Ég minnist þess, það hefur líklega verið á árinu 1992 eða 1993, að ég var meðflutningsmaður á þingmáli sem flutt var um þetta efni. Ég rifja það upp vegna þess að hv. framsögumaður talaði um að Framsóknarflokkurinn væri á móti málinu. Þá var Steingrímur Hermannsson formaður Framsóknarflokksins og hann var akkúrat á því máli sem ég tók þátt í að flytja á þinginu, það var líklega 1992 eða eitthvað svoleiðis sem það mál var hér til umræðu.

Á sínum tíma þegar umræður fóru fram um að koma á verðtryggingu fylgdist ég auðvitað með þeirri umræðu og tók þátt í henni eins og aðrir í samfélaginu. Ég keypti þessa hugmynd vegna þess að mér var sagt að ef verðtryggingin kæmist á mundum við sjá svona 1–3% vexti. Það yrði allt annað líf í landinu, í stað þess að vera með vexti upp á tugi prósenta gætum við farið í verðtryggð lán og borgað 1–3% vexti.

Þetta stóð ekki lengi, þetta tilboð varð aldrei til. Þremur eða fjórum árum eftir að verðtryggingin var komin á voru menn komnir með vextina langt, langt upp fyrir þetta. Síðan hafa menn hirt vexti ofan á verðtryggingu sem hafa verið langt fyrir ofan þær væntingar sem okkur voru gefnar á sínum tíma.

Ég er af einni ástæðu á móti verðtryggingu, það er grundvallarastaða og ég hef farið yfir það hér áður. Ég tel að það sé afar óeðlilegt að eignir í samfélaginu séu ekki allar undir svipaða sök seldar hvað varðar verðrýrnun og að það sé fyrst og fremst af þeim ástæðum sem menn eigi ekki að taka stóra þætti út úr samfélaginu sem ekki eiga að taka þátt í þeirri verðrýrnun sem hugsanlega getur komið upp. Skuldir manna eða eignir í skuldum, t.d. í húsnæðiskerfinu, eiga að geta rýrnað eins og aðrar eignir. Samfélagið þarf á því að halda, viðskiptasamfélagið er þannig að allar eignir eru í raun og veru að rýrna eða vaxa, fátt stendur kyrrt í samfélaginu. Þetta þarf allt að fá að þróast með eðlilegum hætti og þar eiga viðskiptin í samfélaginu að skapa verðið. Þetta er tekið úr sambandi með verðtryggingunni og ég tel að það sé ekki hollt.

Það sýndi sig mjög eftir að verðtryggingin var sett á, og ég bendi nú stundum á það, að menn urðu svo hrifnir af verðtryggingu á Íslandi að þeir settu á verðtryggingu launa. Það stóð ekki lengi. Menn sáu að það var ekki hægt, samfélagið gat ekki staðið við verðtryggingu launa. Það myndaðist bara skrúfa sem engin leið var að sjá fyrir endann á. Það varð niðurstaðan að taka verðtrygginguna af launanum en hafa hana áfram á lánunum og það var erfiður tími sem kom í kjölfarið. Það má segja að hluti af því hafi kannski verið eðlilegt en ekki allt. Hluti af því var eðlilegt vegna þess að fjármunir höfðu verið gengisfelldir á Íslandi með þvílíkum endemum að hvergi hafði sést annað eins og á þessu verðbólgutímabili sem við lifðum. Þess vegna mátti

kannski segja að ákveðin rök hafi verið fyrir því að halda verðtryggingu í einhvern tíma. Hver eru rökin núna? Nú eru rökin þau að í raun og veru er verið að hræða menn með því að verðbólgan verði svo mikil að það sé ekki hægt annað en hafa verðtryggingu, af því að menn séu með allt í voðanum ef það komi verðbólguskot. Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur að það er mikil vantrú í landinu á íslenskt fjármálalíf. Ástæðurnar eru auðvitað fyrir hendi. Maður getur alveg skilið það að menn trúi ekkert óskaplega mikið á íslensku krónuna en þetta hangir auðvitað allt saman. Ef menn trúa ekki á að hér geti orðið eðlilegt ástand hvað varðar verðbólgu þá eru menn í raun og veru líka að segja að þeir trúi ekki á íslenskt fjármálakerfi og íslenska krónu sem stabílt framtíðarfyrirkomulag.

Ég held að þessi umræða verði aldrei slitin í sundur. Ég held reyndar að ekki muni verða samkomulag um að afnema verðtryggingu á lánum hér á landi. Breytilegir vextir í verðbólgusamfélagi sem látnir eru taka breytingum sem þarf til að verja eignirnar eru sambærilegir við verðtryggingu. (Gripið fram í.) Það er bara nákvæmlega verðtryggging. Það er náttúrlega hægt að hugsa sér að menn bæti síðan þessum álagsvöxtum við höfuðstólinn og þá eru menn bara komnir með verðtryggingu. Það er nákvæmlega það sem verðtryggingin gerir. En auðvitað hefur sá leiðangur enga þýðingu.

Það sem mér finnst skipta mestu máli í þessu er að menn reyni að finna leið til að styrkja íslenskt fjármálakerfi og koma á ró, koma á stöðugleika sem dugar til þess að fólk geti lifað í öruggu fjármálaumhverfi, en það er ekki öruggt núna. Mér finnst að síðustu ár hafi smám saman fært okkur heim sanninn um það að þetta örlitla íslenska hagkerfi getur ekki staðið til framtíðar eitt og sér með sína krónu. Það er allt of mikil áhætta fyrir fólk og fyrirtæki og menn þurfa því með einhverjum hætti að leita leiða til að koma hér upp sambærilegu fjármálakerfi, sambærilegu öryggi í fjármálum og er í löndunum í kringum okkur. Íslendingar geta ekki endalaust sætt sig við að vera í neðsta sæti hvað þetta varðar. Það skulu vera orð mín hér. Ég tel fulla ástæðu til að menn fari yfir þessi mál í efnahags- og viðskiptanefnd og velti þeim fyrir sér, en ég spái því að þau leiði til þeirrar umræðu sem ég kom inn á í ræðu minni, þ.e. að menn þurfi að leita að sterkari gjaldmiðli en við höfum.

[18:46]

**Flm. (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Vegna þess að því var haldið fram hér af einum hv. þingmanni að skuldaaukning bankanna stafaði af því að bankarnir hefðu yfirtekið að einhverju leyti skuldbindingar Íbúðalánasjóðs þá finnst mér rétt í lokin á þessari umræðu að taka það fram að það er af og frá að það skýri alla þessa skuldaaukningu sem er upp á annað þúsund milljarða frá árinu 2004 til júní þessa árs. Það er ekki hægt að skýra það með því. Það sést best á því að hrein staða Íslands við útlönd á þessum stutta tíma hefur versnað um 600 milljarða kr. Skýringanna er því miklu frekar að leita í þeirri eignaverðbólgu sem hefur verið og því að innlánsstofnanir hafa verið að bera inn lánsfé á lægri vöxtum og endurlána hér. Það er vissulega áhyggjuefni að það sé ekki meiri hvati en raun ber vitni til sparnaðar í þjóðfélaginu. Við sjáum þetta bara á auglýsingum bankanna. Hvað ganga þær út á? Þær ganga út á að auglýsa yfirdráttarlán sem eru með yfir 20% vöxtum. Þetta er áhyggjuefni, þ.e. að það sé kannski verið að auglýsa að það sé 1% eða 2% ódýrara að taka lán fyrir viðkomandi skuldara en þá eru menn jafnvel að tala um 20%–23% vexti sem er alveg gríðarlegt.

Þetta er áhyggjuefni og ég er viss um að þessi umræða bæði um vexti og verðtryggingu á eftir að verða þyngri og sér í lagi ef ríkisstjórnin ætlar ekki að ráða neitt við verðbólguna. Það er náttúrlega stórundarlegt að dæmið sé sett upp með þeim hætti að ekki sé hægt að breyta þessari verðtryggingu vegna þess að þá muni vextir verða yfir 10%. Það er eins og menn ætli bara að búa sig undir það að kveða ekkert niður verðbólguna, að þetta eigi að vera viðvarandi ástand. Því höfnum við algjörlega í Frjálslynda flokknum að menn horfi svo til framtíðar að hér verði 8–9% verðbólga. Það er alveg ótrúleg framtíðarsýn sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins virðast bera hér á borð, þ.e. að þetta ástand verði til framtíðar. Þetta hlýtur að vera tímabundið ástand sem menn ætla að takast á við í raun. (Gripið fram í.)

[18:49]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins koma inn í þessa umræðu. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan að ef ekki væri verðtrygging þá yrðu fjárskuldbindingar þess vegna með 12% vöxtum. (**Gripið fram í:** Eitt ár.) Ha? (**Gripið fram í:** Eitt ár.) Eitt ár, 12% vöxtum.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að viðskiptakjör bankastofnana eru með ýmsu lagi. Ég vænti þess að ef það verður niðurstaða af skoðun þessa máls að rétt sé að stefna að því að afnema verðtrygginguna þá muni starfsemi fjármálastofnana auðvitað breytast sem því nemur, þ.e. menn taka þá mið af því að verðtrygging sé ekki til staðar. Væntanlega setja þeir þá einhver ákvæði um að hugsanlega megi skoða vexti á lánstímanum miðað við einhverjar tilteknar forsendur. Ég held einnig að þeir sem leggja inn sparifé muni að sjálfsögðu gera kröfu til þess að verðskuldbindingar gagnvart þeim verði líka með þeim hætti að til komi frekari útfærsla á því hvernig menn vilja tryggja fé sitt. Nú hafa menn getað gert það svo sem með ýmsum hætti, með kaupum á hlutabréfum og kaupum á gjaldeyri, með gjaldeyristryggðum reikningum og allt það. Menn hafa auðvitað spáð í það fram og til baka.

Hæstv. forseti. Ég hygg að ef við leggjum saman í dag vexti á húsnæðislánum, sem ég hygg að leiki svona á bilinu frá 4,15% þegar þeir voru lægstir og upp í 6% vexti sennilega, og setjum síðan verðtrygginguna ofan á það miðað við núverandi verðbólgu þá séum við komin upp fyrir þau 12% sem hv. þingmaður vék að miðað við eitt ár. Það er auðvitað þannig að verðtryggingaþátturinn dreifist á lánið á lánstímanum. Hins vegar segir ekkert, hv. þm. Pétur Blöndal — jafnsnjall og vel gefinn og þú ert — að bankar geti ekki samið um að dreifa kostnaði ef hann fer yfir eitthvað ákveðið. (Gripið fram í.) Nei, ég er bara að benda á það. Ég meina þú settir þetta upp eins og að bankar hefðu engin tækifæri. Bæði bankar og launþegar hafa tækifæri og lántakendur og sparisjóðurinn, lífeyrissjóðir og aðrir slíkir. Í

nágrannalöndum okkar eru lánskjör einmitt breytileg.

Með þessari þingsályktunartillögu bendum við einfaldlega á að við teljum að þetta mál eigi að fara í gaumgæfilega skoðun, að menn eigi að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að afnema verðtrygginguna þannig að við stefnum þá til þess að vera með svipað fyrirkomulag hér og er í nágrannalöndum okkar. Út á það gengur nú þessi tillaga, hæstv. forseti.

Mér fannst bara á framsetningu hv. þm. Péturs Blöndals að málið væri sett þannig upp af hans hálfu að það væri bara hægt að hafa hærri vexti og þá skipti það máli á afborgunum eins árs, en ef menn væru með verðtryggingu vegna verðbólgu, að þá væri hægt að dreifa verðtryggingu á lánstíma í lánasamningum. Auðvitað er ekki svo. Samningar geta verið með ýmsu móti hvort sem um er að ræða vexti án verðtryggingar dreift á lánstímann eða lán með verðtryggingu.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill að gefnu tilefni minna hv. þingmann á að hann á að beina orðum sínum að forseta en ekki beint að þingmönnum úti í sal.)

[18:54]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég nefndi það í ræðu minni, sem hv. þingmaður gat um, að ef menn eru með langtímalán þá væru þau annaðhvort verðtryggð eða með breytilegum vöxtum. Það mundi enginn lána til 40 ára með föstum vöxtum.

Ef vextir eru breytilegir og hluti af vöxtunum leggst við höfuðstólinn þá er það fyrirbæri sem við þekkjum hérna. Við vorum einu sinni með verðbótaþátt vaxta, afskaplega flókið kerfi þar sem hluti af vöxtunum lagðist við höfuðstólinn. Það var bara nákvæmlega sama og verðtrygging. Þá er miklu betra að ganga hreint til verks og kalla það verðtryggingu. Það er miklu einfaldara. Menn geta haft ýmiss konar skoðun á þessu. Ef menn ekki vilja hafa breytilega vexti eða fasta vexti og verðtryggingu þá eru þeir að tala um að fara yfir í skammtímalán sem eru mjög dýr fyrir lántakendur af því að þeir þurfa þá að endurnýja lánin á fimm ára fresti eða tíu ára fresti og hlíta nýjum vöxtum. Allt bítur þetta í skottið á sjálfu sér.

Við erum að tala um að annars vegar verða lífeyrissjóðirnir með allar sínar skuldbindingar að fá góða ávöxtun og trygga, og einhverjir sparifjáreigendur sem eru því miður allt of fáir, og svo eru það lántakendur hinum megin. Við verðum að finna jafnvægi þarna á milli. Því miður eru markaðsvextir á Íslandi allt of háir vegna þess hvað fólk er gjarnt á að taka lán. Menn taka jafnvel yfirdráttarlán með yfir 20% vöxtum, eins og hér var nefnt, og skulda allt of mikið á þann hátt. Ég ráðlegg hverjum einasta manni að hætta að taka yfirdrátt því það er alveg óheyrilega dýrt.

Hér eru háir markaðsvextir enn sem komið er en ég hef þá trú að þeir muni lækka í framtíðinni. En verðbólguskoti geta menn búist við í öllum löndum, líka hér á landi.

[18:56]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér heyrðist á máli hv. þingmanns að við séum nokkuð sammála um að ef verðtryggingin væri afnumin þá yrðu viðskipti með lánsfé og ávöxtun sparifjár ef til vill einhvern vegin öðruvísi en þau eru í dag. Bankarnir eru reyndar búnir að opna á ýmsa möguleika. Þeir hafa opnað á gengistryggð lán. Þeir hafa líka opnað á að lána til langs tíma með háum föstum vöxtum þannig að þeir hafa svo sem stigið nokkur skref í þessa átt. Meginreglan er samt sú, hæstv. forseti, að lán til íbúðakaupa eru verðtryggð og lengri lán hafa hingað til verið verðtryggð. Það eru fyrst og fremst kannski þeir sem hafa verið í atvinnurekstri sem hafa tekið gengislán. Menn eru þá oft að taka lán með gengi svona eitthvað í samræmi við atvinnustarfsemi sína eða í samræmi við á hvaða gengi skuldbindingar þeirra eru eða þá í hvaða mynt þeir selja sína framleiðslu, þ.e. ef þetta eru framleiðendur og selja á útflutningsmarkaði. Það er auðvitað þekkt, hæstv. forseti.

Ég tel að það sé meira en tímabært — og ætla að láta það vera lokasvar mitt í þessu máli — ég held að það sé meira en tímabært að skoða þetta mál ofan í kjölinn og ég heyri það á máli hv. þm. Péturs Blöndals, sem er formaður efnahags- og viðskiptanefndar, að hann mun skoða þetta mál frá öllum hliðum í nefndinni. Ég held að það sé mjög þarft að gera það. Við skulum velta þessum málum virkilega vel upp og skoða hvort við höfum verið á réttri leið og hvort ástæða sé til að breyta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samkeppnislög, 1. umr.*

Frv. BjarnB o.fl., 11. mál (mat á lögmæti samruna). — Þskj. 11.

[18:58]

**Flm. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005. Ásamt mér eru flutningsmenn hv. þm. Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Örlygsson, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson og Kjartan Ólafsson.

Í sjálfu sér er ekki um mjög flókið mál að ræða heldur varðar það leiðréttingu á viðmiðunarfjárhæðum eins og þær eru í samkeppnislögunum. En samkvæmt 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga er skylt að tilkynna samruna til Samkeppniseftirlitsins sé sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja sem eru að sameinast 1 milljarður kr. eða meira og ársvelta a.m.k. tveggja þeirra fyrirtækja sem aðild eiga að samruna yfir 50 millj. kr.

Þetta frumvarp gengur út á að báðar þessar viðmiðunarfjárhæðir séu of lágar. Þær eru að mati flutningsmanna of lágar. Í frumvarpinu er því lagt til að veltuviðmið varðandi samruna fyrirtækja verði hækkuð verulega.

Eins og menn þekkja hafa umsvif fyrirtækja á Íslandi aukist umtalsvert undanfarin ár. Þeim fyrirtækjum sem falla undir viðmið 17. gr. samkeppnislaganna hefur því fjölgað stórlega. Af þeirri ástæðu er ljóst að líkurnar aukast á að samruni verði í viðskiptalífinu þar sem tilkynningarskylda er til staðar. Slíkum samruna hefur fjölgað. Frumvarpið fjallar um að það liggi í augum uppi að uppfæra þurfi þess-

ar fjárhæðir í takt við þá þróun sem orðið hefur í viðskiptalífinu.

Í greinargerð með þessu frumvarpi er jafnframt bent á að viðmiðunarfjárhæðir samkeppnislaga í nágrannaþjóðum okkar séu allt aðrar og miklu hærri. Benda má á, eins og gert er í greinargerðinni, að í Danmörku er t.d. miðað við að heildarvelta samrunafyrirtækjanna jafngildi um 44 milljörðum kr. en velta að minnsta kosti tveggja fyrirtækja sem aðild eiga að samrunanum nemi 3,5 milljörðum. Í Finnlandi er viðmiðið fyrir heildarveltu að jafngildi um 30 milljarðar kr. og velta tveggja fyrirtækja sem aðild eiga að samrunanum 1,7 milljarðar kr. Í Svíþjóð eru sambærilega tölur 38 milljarðar annars vegar og 1 milljarður hins vegar. Eins og áður hefur komið fram eru fjárhæðirnar á Íslandi 1 milljarðs heildarvelta og hins vegar 50 millj. kr.

Hafa ber í huga að tilkynningarskylda um samruna er ekki léttvæg krafa sem sjálfsagt og eðlilegt er að gera vegna þess hve lítil byrði slík krafa er. Það er ekki þannig. Þetta er töluvert íþyngjandi krafa. Það þarf m.a. að upplýsa um aðdraganda samruna, veltu félaganna sem aðild eiga að samruna, eignarhald, fjárhagsleg tengsl og, það sem kannski getur verið flóknast og mesta vinnu þarf að leggja í, að skilgreina þá markaði sem samruninn hefur áhrif á. Þetta kallar að jafnaði á aðstoð lögfræðinga og eftir atvikum endurskoðenda og að mati þeirra sem leggja málið hér fyrir þingið eru óþarflega ríkar kröfur um tilkynningarskyldu líklegar *til þess að valda ástæðulausu álagi á Samkeppniseftirlitið.*

Á þinginu höfum við gjarnan talað um að grípa þurfi til aðgerða til að auka málsmeðferðarhraða og tryggja að eftirlitsstofnanir okkar, m.a. þær sem fylgjast með því sem gerist á viðskiptasviðinu, hafi svigrúm og tækifæri til að sinna þeim málum sem raunverulega skipta máli en eyði ekki öllum kröftum sínum í léttvægari mál. Með því að hækka viðmiðunarmörkin er tryggt að eingöngu mál þar sem raunverulegir hagsmunir eru í húfi, og ástæða til að ætla að kaup eða samruni fyrirtækis geti skipt máli varðandi samkeppni, komi til kasta Samkeppniseftirlitsins.

Atvinnulífið hefur hvatt til þess að viðmiðin verði hækkuð, sem þarf ekki í sjálfu sér að koma á óvart. Meðal þeirra sem telja nauðsynlegt að hækka viðmiðunarmörk 2. mgr. 17. gr. má nefna Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands. Raunar hafa Samtök atvinnulífsins bent á að ákjósanlegast væri að fella niður ákvæði laganna um bann við samruna og koma í veg fyrir misnotkun ráðandi aðila á markaði með ströngu og virku aðhaldi Samkeppniseftirlitsins gagnvart fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu. Þá hefur einnig verið bent á að óheppilegt sé að viðmiðunarmörk sem þessi séu bundin í lög frekar en t.d. í reglugerð þar sem nauðsynlegt sé að endurskoða veltumörkin reglulega í takt við það sem ég hef áður getið. En það hefur ekki verið gert frá því að ákvæðið var lögtekið. Svo langt verður hins vegar ekki gengið með þessu þingmáli heldur staðnæmst við þá breytingu að þröskuldur fyrir afskipti samkeppnisyfirvalda verði hækkaður, eitthvað í átt að því sem eðlilegt gæti talist.

Með hliðsjón framansögðu er ljóst að varlega er af stað farið með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til. Ég vek athygli á því að við erum enn þá að tala um fjárhæðir sem eru langt frá þeim fjárhæðum sem við þekkjum hjá nágrannalöndunum en ég fór yfir þær.

Ég vil að lokum geta þess að ég tel að of strangar kröfur í þessu efni, of lág viðmið, geti beinlínis orðið til þess að lögin verði sniðgengin í stórum stíl. Hvers vegna ættu menn að gera ráð fyrir því, hjá fyrirtæki sem veltir rétt um milljarði, að þegar viðkomandi fyrirtæki kaupir og hyggst sameinast fyrirtæki þar sem starfa t.d. fjórir starfsmenn, að slíkt sé tilkynningarskylt til Samkeppniseftirlitsins? Það er nefnilega alveg fullkomlega raunhæft dæmi, að fyrirtæki sem veltir 50 millj. kr. hafi ekki nema um fjóra starfsmenn í vinnu. Hvers vegna í ósköpunum ættu menn að gera ráð fyrir því að slíkur samruni sé tilkynningarskyldur út frá almennri skynsemi? Ég hygg að það sé að gerast í stórum stíl úti í atvinnulífinu að uppkaup á fyrirtækjum sem samkvæmt veltuviðmiðum samkeppnislaganna eru tilkynningarskyld til Samkeppniseftirlitsins séu ekki tilkynnt.

Ég hef jafnframt orðið var við það hjá fjölmörgum aðilum, þegar vakin er athygli á þeim reglum sem um þetta efni gilda, að menn rekur í rogastans. Þetta hef ég heyrt bæði frá þátttakendum í atvinnulífinu auk þess sem ég hef reynslu af því úr störfum mínum sem lögmaður og af samtölum mínum við lögmenn sem starfa á þessu sviði. Þessar reglur þykja allt of strangar. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Það er ekki lagt til að reglan verði felld brott úr lögunum heldur einungis að við færum upp viðmiðunarfjárhæðirnar í átt að því sem við getum sagt að sé hóflegt í þessu efni.

[19:08]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum hvað varðar lágmark sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til að þurfa ekki að tilkynna sameiningu *til Samkeppnisstofnunar.*

Þessi mörk voru sett of lágt í byrjun. Ég nefndi það á sínum tíma. Þau eru núna 1 milljarður í veltu og 50 millj. kr. hjá öðru fyrirtækinu. En sambærilegar tölur erlendis eru 30–44 milljarðar við sameiginlega veltu og 1 milljarður í tekjur.

Frumvarpið gengur að því leyti of skammt að mínu mati að þessi mörk eru hækkuð of lítið. Það er gert ráð fyrir 4. milljörðum og 300 millj. kr. Ég vildi gjarnan, þegar hv. efnahags- og viðskiptanefnd fjallar um þetta mál, skoða það í samráði við Samkeppniseftirlitið að mörkin verði hækkuð enn frekar.

Of lág mörk gera að verkum að Samkeppniseftirlitið fær allt of mikið af ómerkilegum málum að fjalla um og getur þar af leiðandi ekki einbeitt sér að þeim málum sem virkilega skipta máli, þ.e. samruna stórra fyrirtækja sem ætti virkilega að skipta máli. Þetta er þekkt. Menn drekkja eftirlitsstofnunum í óþarfa handavinnu og þá vilja alvörumálin oft sleppa í gegn. Það er því ekki til bóta að hafa mörkin svona lág.

Eins og hv. framsögumaður málsins nefndi er ákveðin hætta fólgin í því að tilkynna samruna. Hann nefndi reyndar ekki þá hættu sem mest er, að vinnslan tekur langan tíma. Ég held að ferlið taki einar sex eða átta vikur að lágmarki frá því að menn tilkynna samrunann, frá því að hann er orðinn opinber þar til Samkeppniseftirlitið gefur grænt ljós kemur á samrunann. Allan þann tíma eru lykilstarfsmenn beggja fyrirtækja eða fleiri fyrirtækja í lausu lofti hvað

varðar framtíð sína. Það er þekkt fyrirbæri að þegar slík staða kemur upp vill oft verða mikið los á mannskap og besta fólkið fer þá oft að leita sér að annarri vinnu.

Oft og tíðum getur tilkynningarskyldan valdið því að fyrirtæki missi lykilstarfsmenn sína. Það er ekki æskilegt. Þess vegna eru menn mjög ragir við að fara í svona tilkynningu og ferlið sem því fylgir. Það er hættulegt fyrir fyrirtækin.

Ég held að það séu mörg rök fyrir því að hafa þessi mörk töluvert hærri, jafnvel enn hærri en frumvarpið gerir ráð fyrir þannig að Samkeppniseftirlitið fái þau mál til skoðunar sem skipta máli en sé ekki ónáðað með alls konar smámálum. Eins munu fyrirtækin vita að þau eigi að tilkynna það þannig að það gleymist ekki eða menn viti það ekki. Ferlið má ekki fæla menn frá því að sameina fyrirtæki, sem oft er efnahagslega hagkvæmt, vegna þess að reglurnar gera það að verkum að þeir lenda í biðstöðu, limbói, sem gerir að verkum að þeir eiga á hættu að missa bestu starfsmenn sína.

[19:12]

**Flm. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni af því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal vék að, varðandi mögulega vinnu við frumvarpið í nefnd, ítreka það sem ég hef áður sagt. Ég tel að frumvarpið stilli fram mjög hóflegum hugmyndum um veltuviðmið. Ég get vel fallist á þau sjónarmið sem hann tefldi fram, að hugsanlega ætti að ganga lengra. Sú grunnhugsun lá viðmiðunarfjárhæðunum til grundvallar að hér væri teflt fram upphæðum sem ættu að geta verið óumdeild breyting. Ég get fyrir mitt leyti sagt að ég mundi engar athugasemdir gera við að gengið yrði lengra. Mér þætti eðlilegt að það yrði tekið til skoðunar í nefnd. Ég geri engar athugasemdir við það fyrir mitt leyti.

Það er jafnframt rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að öll óvissa í tengslum við samrunaferli getur verið skaðleg, ekki bara fyrir fyrirtækin og viðskiptavini fyrirtækjanna, heldur líka starfsfólkið. Ég hygg að reglan sé sú að Samkeppniseftirlitið hafi 30 daga frá því tilkynning berst um samruna til að taka afstöðu til þess hvort það vilji taka málið til frekari skoðunar. Berist tilkynning ekki frá Samkeppniseftirlitinu innan 30 daganna mun samruninn ganga eftir.

En út af því mikla álagi sem er á Samkeppniseftirlitinu getur það ekki á þessum 30 daga fresti tekið málin til neinnar skoðunar af viti. Því er athugandi hvort ástæða sé til að skoða málið frekar. Það er því nánast viðtekin venja hjá eftirlitinu að tilkynna alltaf að það hyggist ætla að taka mál til skoðunar, bara til að koma í veg fyrir að 30 daga fresturinn renni út. Það segir sína sögu um í hvaða farvegi málin eru að eftirlitið notar í stórum stíl 30 daga regluna til að tryggja sér viðbótarfrest svo taka megi málin til alvarlegrar skoðunar.

Ég þekki engin sérstök dæmi um að mál dragist stórkostlega umfram 30 dagana. En það eru þekkt dæmi um að menn hafi fengið óbein skilaboð, eftir að hafa fengið tilkynningu um að eftirlitið ætli að taka málið til skoðunar, um að menn vildu vinna sér tíma til að skoða málið frekar. Og fjölmörg dæmi eru um að í framhaldinu hafi verið tilkynnt að ekkert verði aðhafst.

Öll hníga þessi atriði í sömu átt. Það er skynsamlegt að breyta þessu viðmiðum. Við eigum ekki að láta sjálfsögð mál eins og þetta daga uppi í þinginu trekk í trekk heldur ganga hreint til verk. Ég tel að náðst geti breið samstaða um þetta. Atvinnulífið kallar klárlega eftir slíkri breytingu. Ég hygg að þingmenn geti verið sammála um að rétt sé að breyta þessum viðmiðunarmörkum og geri ekki ráð fyrir að í þingnefnd komi fram hávær mótmæli við því. Ég vonast til þess að málið fái góðan framgang á þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.*

Frv. KHG, 12. mál (bráðabirgðalög, þingseta ráðherra). — Þskj. 12.

[19:17]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, með síðari breytingum. Flutningsmaður er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.

Í frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar. Ein er að hætt verði að heimila útgáfu bráðabirgðalaga. Önnur að ráðherra sé ekki alþingismaður og svo er lagt til að breytingar á stjórnarskránni beri að leggja undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

Svo ég ræði fyrst um fyrsta atriðið, þ.e. um afnám bráðabirgðalaga, þá er ég sammála því að ekki eigi að vera auðvelt að gefa út bráðabirgðalög. Hins vegna get ég séð fyrir mér stöðu þar sem nauðsyn bæri til að gefa út bráðabirgðalög, hreinlega vegna stríðsástands, vegna eldgoss, jarðskjálfta eða slíks þar sem ekki næðist að kalla saman Alþingi. Þá mætti ákvæðið gjarnan hljóða þannig að ef ekki næst að kalla saman Alþingi innan hæfilegs tíma sé heimilt að gefa út bráðabirgðalög, þ.e. að skilyrða ákvæðið meira. Ég held að það sé útilokað að afnema algjörlega lagasetningarvald framkvæmdarvaldsins ef við hugsum okkur mikið mannfall eða hörmungar.

Varðandi annað ákvæðið, um að ráðherra sé ekki þingmaður, þá er ég mjög hlynntur því og stóð að frumvarpi sem hæstv. heilbrigðis- og tryggingaráðherra flutti á sínum tíma sem þingmaður um svipað efni. Ég tel það mikilvægt varðandi þrískiptingu valdsins. Í þessu frumvarpi er reyndar ekki tekið á vandamálinu með forseta lýðveldisins, sem er bæði framkvæmdarvald og löggjafarvald, þannig að þrískiptingin næst ekki alfarið í gegn. Það að ráðherra sé bæði framkvæmdarvald og þátttakandi í löggjafarsamkundunni brýtur að sjálfsögðu þrískiptingu valdsins og er að mínu mati afskaplega hættulegt og óheppilegt.

Hins vegar er ég ekki sammála því sem hv. þingmaður leggur hér til, að fjöldi þingmanna verði óbreyttur. Það mætti nefnilega fara þá leið að fækka þingmönnum um tólf, hafa þá 51 í stað 63. Það er ekki hefð fyrir því að ráðherrar vinni heföbundin þingstörf. Þeir starfa ekki í nefndum, eru

ekki í þjónustu Alþingis og þannig mundi ekkert breytast þótt við fækkuðum þingmönnum um tólf. Það mundi líka spara heilmikinn kostnað sem hefur verið bent á að mundi vaxa með þessu frumvarpi. Ég mundi vilja skoða þetta frumvarp með þeirri breytingu að ráðherrar yrðu ekki þingmenn, þ.e. hættu þingmennsku en tækju hana aftur upp ef þeir yrðu aftur upp ef þeir misstu ráðherrasætið. En í staðinn væru þingmenn tólf færri.

Við blöndum víða framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi, því miður. Alþingi vinnur núna fjárlög þar sem fjárlaganefnd ákveður framkvæmdir og alls konar hluti. Það er þekkt að þegar formaður fjárlaganefndar heldur ræðu sína að það er upptalning á alls konar framkvæmdum, þar sem Alþingi tekur ákvörðun um framkvæmdir í sínar hendur. Þar af leiðandi getur ábyrgðin af þeirri framkvæmd ekki fallið á ráðherrann þannig að ábyrgðin liggur hjá Alþingi. En Alþingi á að hafa eftirlit með því að framkvæmdin sé skynsamleg, innan fjárlaga og allt slíkt þannig að öll ábyrgð fellur niður. Það er mjög slæmt.

Hins vegar eru flestöll frumvörp sem Alþingi samþykkir samin af framkvæmdarvaldinu, sem ég held að sé mjög hættulegt. Það er hættulegt að Alþingi skuli hafa tekið upp þá hefð sem er mjög víða í heiminum, að lagafrumvörp eru samin af framkvæmdarvaldinu og jafnvel þeirri stofnun sem á að framfylgja lögunum, sem leiðir oft til þess að starfsfólk stofnana smíðar vopn í hendur sér gagnvart borgurunum. Skattalögin eru ágætisdæmi um það. 109. gr. skattalaga ætti eiginlega að vera bönnuð börnum, eins og ég hef oft nefnt áður. Hún er svo skelfileg. Þar er talað um fangelsisvistir og sektir og ég veit ekki hvað, frú forseti, gagnvart borgurunum ef þeir ekki hlíti lögunum.

Við búum við of mikið samkrull í þessum efnum. Ég mundi vilja að Alþingi hætti að ákveða einstakar framkvæmdir í fjárlögum og vildi að Alþingi tæki upp á að semja frumvörp sjálft. Sá sem semur textann þarf ekki að færa rök fyrir breytingum en allir aðrir sem koma að textanum eftir að hann hefur verið saminn í fyrsta skipti þurfa að *færa rök fyrir breytingum, þar á meðal þingmenn. Þegar* við erum að gera breytingar á stjórnarfrumvörpum þurfum við að færa rök fyrir því af hverju við breytum þeim. Sá sem semur textann gerir heildarmyndina sem lögin taka til. Þess vegna er það mikið framsal á löggjafarvaldi að semja ekki frumvörpin sjálf.

Síðasta ákvæðið líst mér nokkuð vel á. Það er dálítið ankannalegt að breyting á stjórnarskrá skuli þurfa að samþykkja á næsta þingi, sem segir að kosningin er ekki um stjórnarskrána eða stjórnarskrárbreytinguna, heldur um eitthvað allt annað. Menn kjósa kannski stjórn sem hefur sýnt góðan árangur í efnahagsmálum, eins og ég tel að núverandi stjórn hafi sýnt, og þá fellur stjórnarskrárbreytingin í skuggann. Menn eru kannski hjartanlega á móti stjórnarskrárbreytingunni en styðja ríkisstjórnina. Hvað eiga þeir að gera? Ég er mjög hlynntur því að kosið sé beint um breytingar á stjórnarskránni.

Það er fleira sem þyrfti að breyta í stjórnarskránni. Til dæmis er fyrirbærið Hæstiréttur hvergi nefnt á nafn í stjórnarskránni, sem er þó ein af þremur grunnstoðum þrískiptingar valdsins. Ég held að það sé brýnt að tekið verði á því hvernig Hæstiréttur eigi að starfa og sérstaklega verði tekið á því þegar Hæstiréttur fer í hlutverk stjórnlagadómstóls þ.e. metur hvort lög standist stjórnarskrá, sem hann neyðist til að gera öðru hverju og hefur gert. Þá finnst mér að allir dómarar Hæstaréttar eigi að taka þátt í dómnum. Mér finnst að það eigi að standa í stjórnarskránni, að þegar Hæstiréttur fer fram sem stjórnlagadómstóll skuli allir dómarar Hæstaréttar taka þátt í því vegna þess að þá setur dómsvaldið löggjafarvaldinu skorður. Það er mjög alvarlegt mál og mikilvægt.

Ég er því að mestu leyti hlynntur þessu frumvarpi. Ég vil þó benda á að bráðabirgðaákvæði þyrfti að vera mögulegt með mjög ströngum skilyrðum og að fækka mætti þingmönnum um fjölda ráðherrana án þess að nokkuð breytist. Það mundi ekki valda neinum kostnaði fyrir ríkissjóð. Þriðja atriðið tek ég undir óbreytt. Ég vil reyndar benda á það að lokum að í stjórnarskránni mættu gjarnan vera örfá orð um Hæstarétt.

[19:26]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góðar undirtektir við frumvarpið og vil fara fáeinum orðum um það sem fram kom í máli hans.

Í fyrsta lagi, varðandi athugasemd hv. þingmanns um mögulega löggjafarsetningu við afbrigðilegar aðstæður eins og í neyðartilviki þegar ekki tekst að koma Alþingi saman, sem er nokkuð stór vinnustaður og þarf að kalla til 63 þingmenn. Við erfiðar aðstæður gæti verið torvelt að ná nægilegum fjölda til að þingið sé starfhæft því að auk þingmanna þarf embættismenn til að ákvarðanirnar geti gengið fram.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það að þessi atvik geta gerst, þær aðstæður sem hv. þingmaður nefndi geta komið upp og menn þurfa þá að hugsa fyrir því hvernig brugðist yrði við í þeim tilvikum til að stjórnarskráin sé sæmilega fullkomið plagg.

Ríkisstjórnin er auðvitað fámennari en Alþingi og *bráðabirgðalagavaldið er í dag í höndum eins ráðherra* sem yfirleitt hefur samráð við aðra í ríkisstjórninni. Það er auðvitað skilvirkara og meiri líkur á að ráðherra og ráðuneyti geti verið starfhæft við þær erfiðu aðstæður sem upp geta komið heldur en Alþingi sjálft. Ég útiloka ekki að skynsamlegt kunni að vera að hafa viðurlagaákvæði, einhvern svona hemil, ákvæði sem kveður á um hvernig bregðast skuli við í tilvikum sem þessum.

Ég varpa á hinn bóginn fram þeirri hugmynd að eðlilegra gæti verið, einmitt út frá grundvallarreglunni um þrískiptingu valdsins, að heimildin til að setja löggjöf við þessar aðstæður sé í hendi forseta Alþingis fremur en ráðherra sem er fulltrúi framkvæmdarvaldsins. Ég held að það væri eðlilegra þar sem forseti Alþingis er hluti af löggjafarvaldinu. Segja má að líkurnar á því að forseti Alþingis geti gripið til aðgerða eða sett nauðsynleg lög séu jafnmiklar og að ráðherra geti það. Ég mundi setja þá hugmynd fram til að mæta þeim sjónarmiðum.

Um annað sem fram kom í máli hv. þingmanns er að auðvitað er það alltaf gilt sjónarmið að ræða um fækkun þingmanna. Það kann að vera skynsamlegt að huga að fjölda þeirra í tengslum við breytingu eins og þá að ráðherr-

ar færu út af þingi. Ég ekki leggja mat á það í sjálfu sér eða gefa ákveðna skoðun að þessu sinni um hvort ég telji unnt að fækka þingmönnum úr 63 niður í 51. Ég er þó ekki sannfærður um að það muni ganga vel. Þingmenn mundu við þær aðstæður öðlast aukin áhrif, kannski þau áhrif sem ætlast er til að þeir hafi eftir að hafa verið kosnir. Kjósendur mundu því sjá í þingmönnunum meiri ávinning eða meira gagn af þeim verkum sem þeir eru kosnir til og vilja kannski síður þá fækka þeim í kjördæmi sínu. Ég er því ekki viss um að það yrði auðsótt að fækka þingmönnum.

Í þriðja lagi um lagafrumvörpin, það sem kom fram í máli hv. þingmanns um það, get ég verið sammála honum um að framkvæmdarvaldið, kannski mætti segja stofnanavaldið, hefur vaxið mikið á síðustu árum og kannski meira en ráðherravaldið. Það er alveg rétt að í svo fámennu þjóðfélagi sem hér á landi þar sem er kannski ein stofnun á tilteknu sviði þá eru flestir ef ekki allir þeir sem eru sérfróðir á því sviði starfsmenn viðkomandi stofnunar. Þingið sjálft hefur ekki mikla burði til að glíma við það embættismannavald og því þarf að styrkja þingið. Það verður ekki gert nema með því að það geti sótt sérfræðiþekkingu annað en til viðkomandi stofnunar. Ég hugsa að þingið mundi gera það væri búið að skilja að framkvæmdarvald og löggjafarvald. Þingið mundi með tímanum styrkjast í viðleitni sinni til sjálfstæðrar athugunar á frumvörpum sem ráðherrar mundu áfram leggja fram og jafnframt til sjálfstæðrar athugunar á málum og eigin frumvarpsflutnings í framhaldi af þeirri styrkingu. Ég hugsa að sú breyting að ráðherrar verði ekki þingmenn mundi ein og sér leiða okkur í rétta átt hvað þetta varðar.

Síðan finnst mér athyglisverð hugmynd hjá hv. þingmanni að Hæstiréttur taki að sér með sérstökum hætti að skera úr um mál sem lúta að stjórnarskránni og verði nokkurs konar stjórnlagadómstóll með sérstökum ákvæðum í stjórnarskránni. Ég held að full þörf sé á að taka þau mál til athugunar og skipa þeim með ákveðnum hætti. Það fyrirkomulag að allir dómarar Hæstaréttar sitji í dómnum þegar slík mál væru tekin fyrir finnst mér við fyrstu sýn skynsamlegt. Ég tel að sú hugmynd sé afar athyglisverð.

[19:32]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get sagt það strax að bæði 1. gr. og 3. gr. frumvarpsins fellur mér ágætlega í geð og við samfylkingarmenn höfum reyndar talað fyrir þessum breytingum.

Hvað 2. gr. varðar er samstaðan um málið ekki jafnmikil. Ég fyrir mitt leyti tel að það þurfi góða umræðu og kannski betri rökstuðning en fram hefur komið, að ráðherrar megi ekki vera þingmenn og eigi ekki að vera þingmenn. Nú er þetta heimilt en þarna er verið að gera ráð fyrir að það verði ekki heimilt.

Í fyrsta lagi mundi það þýða að stækka þyrfti þingsalinn eitthvað því ég geri ráð fyrir að ráðherrar þyrftu að hafa möguleika á að sitja þingfundi, þó svo þeir hefðu ekki atkvæðisrétt á þingfundunum. Það þyrfti að vera hægt að gera ráð fyrir þeim öllum í þingsalnum. Það er nú eitt af því sem þyrfti að skoða.

Hitt þykir mér öllu verra, að ef maður setur þetta í það samhengi sem kannski eðlilegast er að setja það í, þ.e. ef þetta hefði verið reglan núna þá værum við verið með sex fleiri framsóknarmenn í salnum en annars væri. (Gripið fram í.) Ég set þetta svona fram vegna þess að hv. þingmaður er í Framsóknarflokknum.

Kjósendur hefðu þá í raun, með því að kjósa 12 framsóknarmenn á þing, gefið það rými fyrir Framsóknarflokkinn sem þeir töldu ástæðu til. En síðan með helmingaskiptaaðferðinni við Sjálfstæðisflokkinn væri búið að bæta við sex framsóknarmönnum í viðbót í forustulínu (Forseti hringir.) Framsóknarflokksins í stjórnmálunum. Það fyndist mér of mikið.

[19:35]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg gilt sjónarmið sem hv. þingmaður bendir á og sjálfsagt að ræða það í þaula og skoða það, m.a. við meðferð málsins í þingnefnd.

Við þessa breytingu er tvennt sem mér sýnist að menn geti í raun gert. Menn geta haft óbreytt fyrirkomulag með þingræði, þ.e. þingbundna ríkisstjórn sem fyrst og fremst er mynduð af stjórnmálaflokkunum eða þingflokkunum sem eru kosnir í alþingiskosningum. Það fylgir því auðvitað að þeir flokkar sem komast í ríkisstjórn og velja ráðherra styrkja sitt lið um sem nemur ráðherrunum. Það hlýtur að vera. Það getur ekki farið öðruvísi og ég sé ekki neina leið hjá því, ef menn ætla að hafa þetta kerfi á annað borð vegna þeirra kosta sem það felur í sér að öðru leyti.

Hina leiðina væri líka hægt að hugsa sér til mótvægis við þessa breytingu og hún hefur svo sem verið sett fram áður. Ég held að hún hafi verið sett fram hér í þingsölum í frumvarpsformi fyrir nokkuð löngu síðan, að kjósa líka til framkvæmdarvaldsins. Ekki bara til löggjafarvaldsins með þingkosningum, heldur kjósa líka til framkvæmdarvaldsins með sérstökum kosningum sem miða að því að kjósa að lokum forsætisráðherra sem síðan mundi velja sér ríkisstjórn. Þetta er fyrirkomulag sem þekkist erlendis, t.d. í Bandaríkjunum og ég held ég megi segja í Frakklandi.

[19:36]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara út í umræðu um það fyrirkomulag, þ.e. að kjósa framkvæmdarvaldið sérstaklega. Það er flókin umræða sem væri svo sem full ástæða til að fara kannski í gegnum, en svona fyrir fram er ég ekki á þeirri skoðun að við eigum að fikra okkur yfir á þá leið.

Hins vegar tel ég að ástæða sé til að fara mjög vandlega yfir þá hugmynd sem hv. þingmaður leggur hér fram, og ég hef verið að andmæla í andsvari mínu, vegna þess að það eru greinilega ýmsir á þeirri skoðun og hugmyndir af þessu tagi hafa birst hér og menn hafa talað fyrir þeim í þingsalnum.

En ég tel ákveðinn lýðræðisgalla á þessu sem er þá fólginn í því að stjórnarflokkar í hverju tilfelli — forustumönnum þeirra fjölgar um sem svarar ríkisstjórninni. Værum við með þetta fyrirkomulag núna hefðu um leið og þing var komið saman eftir síðustu kosningar — ef við gerum ráð fyrir að valdir hafi verið ráðherrar úr þingmannahópnum, bara svona til að einfalda málin í dag — varamenn 12 ráðherra gengið hér inn í þingsalinn. Þar með hefði fjölgað í forustu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um sex í hvorum hópi.

Þetta finnst mér ekki vera góð leið og tel ástæðu til að menn ræði hana mjög vandlega. Auðvitað hefur það líka sína kosti að ríkisstjórnin sé ekki úr þingliðinu, ég viðurkenni það. En þetta er galli sem mér finnst ástæða til að draga fram í umræðunni.

[19:39]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé í fljótu bragði enga einfalda lausn á því að leysa þann ágalla sem hv. þingmaður nefnir ef við viðhöfum þingbundna fyrirkomulagið, þingbundna ríkisstjórn. Það hlýtur alltaf að vera við þær aðstæður að þeir flokkar sem eru við stjórn hafi fleirum pólitískum forustumönnum fram að tefla en sem nemur kjörnum þingmönnum. Því það er ekki bara að velja ætti ráðherrana til viðbótar við þingmenn, það eru líka aðstoðarmenn ráðherra og það eru jafnvel ráðgjafar sem eru líka ráðnir inn í ráðuneytin. Og trúnaðarmenn ráðherra eða flokkanna eru valdir til starfa að ýmsum verkefnum á vegum viðkomandi ráðherra.

Sá flokkur sem er við völd hlýtur að óbreyttu fyrirkomulagi, með þingbundnu ríkisstjórnarfyrirkomulagi, alltaf að hafa ávinning af því að vera í ríkisstjórn. Ég sé ekki alveg hvernig við komumst hjá því, nema þá hugsanlega að færa okkur yfir í það að kjósa framkvæmdarvaldið sérstaklega, þannig að það sé alveg sérhluti og þeir sem starfa þar eru þá ekki á vettvangi þingsins.

En engu að síður mundu flokkarnir væntanlega standa að framboði til framkvæmdarvaldsins og ef þeir ynnu það og væru svo líka á þingi væri auðvitað líka ávinningur af því.

Ég sé því út af fyrir sig ekki neina leið til að komast hjá því að þeir flokkar sem eru í ríkisstjórn standi betur að vígi en hinir sem ekki eru þar.

[19:40]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. En aðeins örstutt, í fyrsta lagi hvað varðar það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði um áhrif þeirra sem eru í ríkisstjórn. Það er rétt hjá honum að þingmönnum þeirra flokka sem eru í stjórn mundi fjölga hérna, jafnvel þó við mundum fækka þingmönnum niður í 51, eins og ég nefndi.

Hins vegar held ég að ráðherrar hafi alltaf mikil áhrif og miklu meiri áhrif á tímum fjölmiðlunar en áður var. Það er alltaf mikið keppikefli að komast í stjórn. Hv. þingmaður, þó hann sé nú í stjórnarandstöðu þá skal hann ekki gefa upp vonina. Einhvern tíma á seinni hluta aldarinnar kemst hann kannski í stjórn.

En það sem mig langar til að ræða, herra forseti, er þessi dagskrá. Hún segir nefnilega heilmikið um völd og virðingu Alþingis. Hvað er á dagskránni? Fyrst er atkvæðagreiðsla um þrjú mál. Allt stjórnarfrumvörp. Það frumvarp sem er með hæsta málsnúmerið er mál nr. 367. Það er sem sagt alveg nýtt, nýkomið inn á þing og er nú til afgreiðslu í nefnd, bara strax. Þetta er stjórnarfrumvarp. Það er ráðherra sem flytur þetta. Síðan koma sex mál sem öll eru stjórnarfrumvörp. Þau eru rædd á skikkanlegum tíma dagsins. Svo kemur reytingurinn. Virðing Alþingis. Þingmannamál. Þau eru rædd sem ruslakista og mæta afgangi með tíma og aðhygli o.s.frv. Ég hef lent í að halda ræður kl. hálftvö eða þrjú á nóttinni og ræða að mínu mati um merkt mál, um breytingu á skattalögum eða lífeyrismál eða eitthvað slíkt. Þvílík er virðing Alþingis og sjálfsvirðing sérstaklega að þetta skuli vera svona.

Núna erum við að ræða þingmannamál með málsnúmerin 6 til 12. Þetta eru frumvörp sem voru lögð fram í byrjun þings 2. eða 3. október, eitthvað svoleiðis. Þau mega bíða. Þetta sýnir bara hvernig þrískipting valdsins er og hvernig Alþingi vinnur fyrir framkvæmdarvaldið og þau frumvörp ganga öll fyrir.

Þessu vildi ég nú koma inn í umræðuna, herra forseti, til að nefna þessa dagskrá.

[19:43]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek það ekki aftur að ég tel að það mundi hallast enn meira á en hefur þó gerst gagnvart framkvæmdarvaldinu og þeim stjórnum sem eru með þeim flokkum sem eru í ríkisstjórn ef sú leið yrði farin að ráðherrar yrðu ekki þingmenn og það væri bannað.

En ég tel hins vegar að það sem hv. þingmaður sagði um Alþingi sjálft, eigi algerlega við og ábyrgðin á því fyrirkomulagi og þessu ástandi er auðvitað okkar hér, alþingismanna sameiginlega. Það er val Alþingis. Það er val stjórnarliða að þjóna undir framkvæmdarvaldið. Ég efast ekkert um að það hefur verið í gegnum tíðina val stjórnarliða á hverjum tíma, ekki bara þeirra sem eru núna, og því miður allt of langt gengið í því og sjálfstæði Alþingis alls ekki nógu mikið. Vantar þar gríðarlega mikið á.

Mér finnst afar dapurlegt að hafa t.d. fylgst með því þann tíma sem ég hef verið á Alþingi, að fjölmörg ágæt þingmannamál hafa aldrei fengið afgreiðslu hérna. Nú er ekki hægt að biðja um að menn samþykki þingmannamál. Það á auðvitað að vera fólgið í sannfæringu þingmanna hvort þau verði samþykkt eða ekki.

En það á ekki að vera þannig að þau mál komist aldrei til enda í umfjöllun Alþingis og þau dagi uppi og drepist í nefndum. Þannig er það fyrirkomulag sem hér hefur verið. Það væri mikil bót á ef Alþingi reisti sig úr þeirri öskustó, því enginn getur gert það nema alþingismenn sjálfir.

[19:45]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar tekið öll mál fyrir, jafnt þingmannamál sem önnur, fengið umsagnir og rætt þau í nefndinni. Ég hallast að því að menn ættu að breyta núverandi fyrirkomulagi. Það ætti að vera það fyrirkomulag að öll mál séu unnin og afgreidd út úr nefnd. Það á að hætta að taka tillit til sálarheilla viðkomandi þingmanns sem flytur málið.

Þau yrðu þá afgreidd þannig að annaðhvort leggi nefndin til að þau yrðu samþykkt, þau sem meiri hlutinn eða nefndin öll vill samþykkja, eða þá að nefndin legði til að frumvarpinu yrði hafnað. Nefndin gæti lagt til að eitthvert frumvarp sem hún er ekki sammála um yrði fellt. Þá verður viðkomandi þingmaður bara að kyngja því að málið yrði fellt.

Það væri líka hægt að hafa þann möguleika að málinu

yrði vísað til ríkisstjórnarinnar til þess að vinna það betur og þá er það beiðni eða áskorun Alþingis að ríkisstjórnin vinni málið betur en þingmaðurinn gat. Væntanlega vegna sérþekkingar eða annars slíks. Eða þá að frumvarpinu verði vísað til þingmannsins til nánari og betri útfærslu ef mönnum finnst eitthvað ábótavant við vinnsluna. Svo gæti nefndin sjálf tekið málið upp á sína dagskrá og breytt frumvarpinu það mikið að henni líki vel við það.

En með slíku fyrirkomulagi værum við þó a.m.k. farin að taka afstöðu til allra mála. Ég er reyndar búinn að finna leið fram hjá þessu til að láta Alþingi afstöðu til mála. Það er að flytja breytingartillögu við stjórnarfrumvörp. Ég hef gert það varðandi lífeyrissjóðina. Ég geri það iðulega að láta menn fella það fyrir mér að sjóðfélagar eigi lífeyrissjóðina, ég hef svo gaman af því, af því ég spyr þá alltaf: Hver á þá, þá, ef sjóðfélagar eiga þá ekki?

Svo hef ég líka látið fella fyrir mér að sjóðfélagar skuli kjósa stjórn lífeyrissjóða beinni kosningu. Þannig að (Forseti hringir.) það er leiðin til að láta Alþingi taka afstöðu.

[19:47]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni að auðvitað eiga nefndir þingsins að afgreiða þau mál sem til þeirra koma. Ég hef margkomið því á framfæri að ég tel að ein leiðin til að gera þetta sé að breyta þingsköpum með það fyrir augum að mál verði áfram í þingnefnd þótt þingnefnd hafi ekki tök á að ljúka umfjöllun um það á fyrsta vetri. Þannig að mál yrði t.d. tvo vetur í þingnefnd og þá hefur þingnefndin það mál sem um er að ræða sem verkefni á milli þinga, þ.e. yfir sumarið og fram á haust.

Því er haldið fram, og ég veit ekki betur en allir séu sammála um það, að nefndir þingsins séu að störfum yfir sumartímann og þá á auðvitað að vera hægt að láta klára þau mál sem fyrir liggja. Það er undarlegt að mál skuli alltaf vera litin þeim augum að þau séu ónýt og þurfi að endurflytja og það veldur því að málafjöldi hér á þingi er gríðarlegur.

Ef menn fengjust til að líta þannig á að málin væru komin til nefndar og gætu verið þar, og nefndin ætti að klára þau, hún hefði það á starfsskrá sinni yfir sumarið að ljúka umfjöllun um þau mál sem ekki hefði unnist tími til að klára, það mundi breyta þessari stöðu að mínu viti verulega mikið. Og fækka endurflutningi mála.

Þetta gæti verið leið auk þeirra leiða sem hv. þingmaður nefndi hér áðan. En þetta er verkefni sem þingmenn þurfa að sameinast um að standa betur að. Það er í raun og veru eftir mjög miklu að sækjast því sjálfstæði Alþingis er í húfi hvað þetta varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 19:50.

---

# 32. FUNDUR

miðvikudaginn 22. nóv.,
kl. 12 á hádegi.

**Dagskrá:**

1. Ársreikningar, stjfrv., 302. mál, þskj. 317. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 350. mál, þskj. 379. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 357. mál, þskj. 388. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 358. mál, þskj. 389. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 390. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 374. mál, þskj. 408. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Afnám verðtryggingar lána, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Samkeppnislög, frv., 11. mál, þskj. 11. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Stjórnarskipunarlög, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

***Tilkynning um dagskrá.***

[12:01]

**Forseti (Þuríður Backman):**

Um klukkan hálffjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um Miðstöð mæðraverndar. Málshefjandi er hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. Hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[12:01]

**Útbýting:**

Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 385. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 427.

Fjárlög 2007, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 423; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 424.

Flugmálastjórn Íslands, 390. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 432.

Framkvæmd samgönguáætlunar 2005, 384. mál, skýrsla

samgrh., þskj. 425.
Loftferðir, 389. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 431.
Umferðarlög, 388. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 430.
Vátryggingarsamningar, 387. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 429.

***Ársreikningar, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 302. mál (vanskil á ársreikningi). — Þskj. 317.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Skráning og mat fasteigna, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 350. mál (framlenging umsýslugjalds). — Þskj. 379.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Olíugjald og kílómetragjald o.fl., frh. 1. umr.***

Stjfrv., 357. mál (refsiákvæði og tímabundin lækkun olíugjalds). — Þskj. 388.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 358. mál (löggilding starfsheitis grafískra hönnuða). — Þskj. 389.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 1. umr.***

Stjfrv., 359. mál (framlenging tímabundinnar lækkunar gjalds). — Þskj. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 374. mál (skuldabréfaeign lífeyrissjóða). — Þskj. 408.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Afnám verðtryggingar lána, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SigurjÞ o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:07]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Samkeppnislög, frh. 1. umr.***

Frv. BjarnB o.fl., 11. mál (mat á lögmæti samruna). — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.***

Frv. KHG, 12. mál (bráðabirgðalög, þingseta ráðherra). — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til stjórnarskrárn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 12:08.

# 33. FUNDUR

miðvikudaginn 22. nóv.,
að loknum 32. fundi.

**Dagskrá:**

*Til fjármálaráðherra:*

1. Aðgerðir gegn skattsvikum, fsp. JóhS, 106. mál, þskj. 106.
2. Ófaglært starfsfólk í heilbrigðisþjónustu, fsp. SigurjÞ, 240. mál, þskj. 243.

*Til umhverfisráðherra:*

3. Kjarnorkuendurvinnslustöðin í Sellafield, fsp. SigurjÞ, 141. mál, þskj. 141.
4. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, fsp. BjörgvS, 153. mál, þskj. 153.
5. Skilgreining vega og utanvegaaksturs, fsp. DJ, 333. mál, þskj. 356.

*Til ráðherra norrænna samstarfsmála:*

6. Kjör framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar, fsp. MÞH, 305. mál, þskj. 322.

*Til samgönguráðherra:*

7. Mislæg gatnamót á mótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar, fsp. VF, 121. mál, þskj. 121.
8. Suðurlandsvegur, fsp. JGunn og BjörgvS, 137. mál, þskj. 137.
9. Hjólreiðabrautir, fsp. KBald, 379. mál, þskj. 416.

*Til utanríkisráðherra:*

10. Starfslok starfsmanna varnarliðsins, fsp. JGunn, 136. mál, þskj. 136.
11. Sprengjuleit, fsp. JGunn, 206. mál, þskj. 207.

*Til dómsmálaráðherra:*

12. Sakaferill erlends vinnuafls, fsp. MÞH, 304. mál, þskj. 321.

*Til forsætisráðherra:*

13. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, fsp. JóhS, 223. mál, þskj. 224.

*Til menntamálaráðherra:*

14. Skólagjöld í opinberum háskólum, fsp. BjörgvS, 152. mál, þskj. 152.
15. Stuðningur atvinnulífsins við háskóla, fsp. SæS, 217. mál, þskj. 218.
16. Jafnrétti til tónlistarnáms, fsp. JBjarn, 289. mál, þskj. 302.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

17. Afkoma lunda og annarra sjófugla, fsp. SigurjÞ, 202. mál, þskj. 203.
18. Hrefna og botnfiskur, fsp. SigurjÞ, 229. mál, þskj. 232.
19. Rannsóknir á ýsustofni, fsp. MÞH, 252. mál, þskj. 255.
20. Vísindaveiðar á hval, fsp. MÞH, 283. mál, þskj. 296.

*Til landbúnaðarráðherra:*

21. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, fsp. ÞBack, 298. mál, þskj. 311.

## *Kjarnorkuendurvinnslustöðin í Sellafield.*

Fsp. SigurjÞ, 141. mál. — Þskj. 141.

[12:11]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Það mál sem ég ætla að spyrja hæstv. umhverfisráðherra um hefur áður verið rætt hér, fyrir rúmu ári, og snýst um það hvort íslensk stjórnvöld með hæstv. umhverfisráðherra í broddi fylkingar haldi vöku sinni í brýnasta hagsmunamáli þjóðarinnar sem er að tryggja hreinleika hafsins. Hér er um mjög mikla hagsmuni að ræða fyrir Íslendinga. Er getið um það á bls. 17 í nýrri og ágætri skýrslu um árangur Íslendinga við framkvæmd áætlunar um varnir gegn mengun sjávar að lítils háttar aukning hafi orðið á geislavirka efninu teknetíum á síðustu árum og að hæstu gildi mælist við vesturströnd Íslands. Þess vegna ætti öllum að vera ljóst að það eru gríðarlegir hagsmunir fyrir þjóð sem lifir á fiskveiðum að tryggja það að hreinleiki hafsins verði óumdeildur við Íslandsstrendur.

Í stuttu máli er þetta mál þannig vaxið að sumarið 2004 brást leiðsla í kjarnorkuvinnslustöðinni í Sellafield og varð til þess að tugþúsundir lítra af geislavirkum vökva láku út í umhverfið snemma árs 2005. Lekans varð ekki vart fyrr en um miðjan apríl 2005 og í kjölfarið sendi fyrrum umhverfisráðherra Sigríður Anna Þórðardóttir bréf þann 2. júní 2005. Ekkert svar hefur borist frá breskum yfirvöldum við bréfi hennar þar sem íslensk yfirvöld báðu um skýrslu um málið auk þess sem miklum áhyggjum var lýst yfir af starfrækslu endurvinnslustöðvarinnar. Þess má geta að bara það að lekans verður ekki vart fyrr en nokkrum mánuðum eftir að þessi efni láku út í umhverfið sýnir svo að ekki verður um villst að þarna var pottur brotinn. Þess vegna skiptir verulega miklu máli að íslensk stjórnvöld haldi vöku sinni.

Það hafa orðið tíð skipti á umhverfisráðherrum í þessari ríkisstjórn. Nú gegnir því embætti þriðji umhverfisráðherrann og þá er eins gott að halda vöku sinni svo að mál sem eru svo mikilvæg sem þetta falli ekki á milli stafs og hurðar.

[12:14]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson beinir til mín tveimur spurningum sem báðar varða kjarnorkuvinnslustöðina í Sellafield. Annars vegar beinir hv. þingmaður til mín þeirri spurningu hvort skýrsla breskra stjórnvalda sem ráðherra óskaði eftir í bréfi til breskra yfirvalda þar sem lýst var miklum áhyggjum af starfrækslu kjarnorkuvinnslustöðvarinnar í Sellafield og leka geislavirkra efna frá henni hafi borist íslenskum stjórnvöldum.

Þannig háttar til að í maí 2005 bárust íslenskum stjórnvöldum upplýsingar þess efnis að 83 þús. rúmlítrar af geislavirkum vökva hefðu lekið úr skemmdu röri í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield. Í kjölfar þess sendi umhverfisráðherra bréf til Margaret Beckett, þáverandi umhverfisráðherra Bretlands. Í því bréfi er lýst þungum áhyggjum vegna niðurstöðu rannsóknar sem gerð var eftir að lekinn kom í ljós og í bréfinu er rakið að rannsókn hafi leitt í ljós að geislavirk efni hafi byrjað að leka um miðjan janúar 2005 en að lekinn hafi ekki komið í ljós fyrr en 19.

apríl það sama ár. Þá benda ummæli forstjóra Sellafield-stöðvarinnar til að öryggi í stöðinni hafi verið verulega ábótavant — það er jafnframt tekið fram í bréfinu — og umhverfisráðherra leggur jafnframt áherslu á það í þessu bréfi að atvikið í Sellafield sé mjög alvarlegt og veki upp spurningar um almennt rekstraröryggi endurvinnslustöðvarinnar.

Ef geislavirk efni bærust út í umhverfið frá Sellafield gætu afleiðingarnar orðið geigvænlegar fyrir íbúa norðurslóða og af þessum ástæðum öllum fór umhverfisráðherra fram á að ríkisstjórn Bretlands gerði fulla grein fyrir atvikinu í Sellafield, hvernig og hvers vegna það átti sér stað og til hvaða aðgerða ætlunin sé að grípa til að tryggja öryggi stöðvarinnar gagnvart umhverfinu. Um leið var í þessu bréfi minnt á fyrri kröfur Íslands um að tryggt yrði að mengun frá Sellafield væri hverfandi. Ef ekki sé hægt að ná því marki eru bresk stjórnvöld hvött til að íhuga alvarlega lokun stöðvarinnar.

Umhverfisráðuneytinu hefur borist svar frá breskum stjórnvöldum þess efnis að Heilsu- og öryggisstofnun Bretlands, United Kingdom: Health & Safety Executive, hafi lokið við gerð skýrslu um þetta atvik. Umrædd skýrsla er hins vegar ekki opinber vegna málaferla sem stofnunin á nú í gegn British Nuclear Group sem mun vera fyrirtækið sem rekur stöðina í Sellafield. Skýrslan verður að sögn notuð sem gagn í þessum málaferlum og verður því ekki gerð opinber fyrr en dómsmálinu er lokið. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytinu hafa borist er niðurstöðu í dómsmálinu að vænta núna einhvern tíma í kringum mánaðamótin en það voru síðustu upplýsingar sem við fengum um gang mála.

Hv. fyrirspyrjandi spyr jafnframt hvort ráðherra hyggist fylgja málinu frekar eftir, og þá hvernig.

Frekari viðbrögð umhverfisráðherra og íslenskra stjórnvalda munu ráðast af þeim niðurstöðum sem koma fram í þessari skýrslu United Kingdom: Health & Safety Executive og væntanlegum ákvörðunum breskra stjórnvalda í þessu efni.

[12:17]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég stend reyndar í þeirri meiningu að Margaret Beckett sé utanríkisráðherra Bretlands en ekki umhverfisráðherra.

Síðan eru fréttir um að þessu máli hafi lokið með sekt sem svarar til um 70 millj. íslenskra króna. Ég get ekki betur heyrt en að hæstv. umhverfisráðherra hafi fylgt þessu máli eftir og því væri fróðlegt að heyra nánar hvort þessar séu ekki lyktir málsins af hálfu breskra yfirvalda. Meðal annars segir í Morgunblaðinu að það hafi verið 500 þús. punda sekt vegna þessa máls. Mig fýsir að vita hvort þá sé ekki komið að því að þessi skýrsla berist íslenskum stjórnvöldum.

[12:18]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Varðandi athugasemd hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar um Margaret Beckett vísaði ég til hennar sem þáverandi umhverfisráðherra Bretlands, í maí 2005.

Að öðru leyti vil ég endurtaka það sem ég sagði í fyrra svari mínu. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda munu ráðast af þeim niðurstöðum sem er að finna í þessari skýrslu og jafnframt væntanlegum ákvörðunum breskra stjórnvalda í því sambandi sem hljóta þá að lúta að aðgerðum og áframhaldandi rekstri endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield.

Ég vil jafnframt upplýsa hv. þingmann um að ég hef rætt þessi mál endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield við norska umhverfisráðherrann. Við höfum borið saman bækur okkar og við deilum jafnframt með fyrirspyrjanda þeim áhyggjum sem vert er að hafa af Sellafield vegna þeirrar reynslu sem fékkst og þess atviks sem varð vegna lekans. Vegna sívaxandi hugmynda og stuðnings við hugmyndir um að fjölga kjarnorkuverum, til að framleiða orku, vekur þetta almennt upp áhyggjur um hvernig farið er með úrgang frá slíkum stöðvum, hvort sem hann er grafinn eða hvernig sem menn ætla að taka á því. Það mun einungis vera starfrækt ein önnur endurvinnslustöð sambærileg við Sellafield. Það mun fyrst og fremst vera frá endurvinnslu kjarnorkuúrgangs sem hætta stafar fyrir mengun umhverfisins þannig að ég deili áhyggjum vegna þessa með hv. þingmanni.

Umræðu lokið.

## *Aðgerðir gegn skattsvikum.*

Fsp. JóhS, 106. mál. — Þskj. 106.

[12:20]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Í desember 2004 lagði þáverandi fjármálaráðherra Geir H. Haarde fram skýrslu um umfang skattsvika. Skýrslan varpaði glöggu ljósi á hvernig skipulögð skattsvik hafa aukist og nýjar skattsvikaleiðir bæst við, einkum gegnum erlend samskipti. Aðdragandi þessarar skýrslu var tillaga til þingsályktunar sem ég flutti ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar og Alþingi samþykkti í maí 2002. Skýrslan sýnir vel hve mikill ávinningur er af öflugu skatteftirliti og aðgerðum gegn skattsvikum, m.a. í gegnum herta löggjöf, þegar áætlað er að allt að 35 milljarðar tapist af skattfé landsmanna vegna skattsvika.

Það er ljóst að með auknu fjármagnsflæði milli landa hafa skapast möguleikar á að skrá fyrirtæki erlendis og reikningsfæra umsvif fyrirtækja á erlendum vettvangi, m.a. til skattahagræðis og undanskota frá skatti. Brýnt er því að endurmeta baráttuaðferðir, skattrannsóknir og eftirlit til að mæta nýjum skattsvikaleiðum vegna opnara þjóðfélags og sívaxandi alþjóðavæðingar.

Það var líka kjarninn í niðurstöðu skattsvikanefndarinnar sem vann skýrsluna. Í henni voru settar fram fjölmargar róttækar tillögur sem munu gjörbreyta allri framkvæmd með skatteftirliti og skila að mínu mati miklu fé aftur inn í ríkiskassann sem núna er dregið undan skatti. Meginniðurstaða skýrslunnar var að skattaðilar nýti sér skattaparadís erlendis til að koma tekjum undan skatti, eignir og tekjur erlendis ekki taldar fram og erlendir aðilar notaðir til að breyta niðurstöðu skattskila. Skipulögð skattsvik kváðu

hafa vaxið, m.a. með ráðleggingum sérfræðinga um bókhalds- og framtalssvik ásamt undanskotum í gegnum aðila skráða erlendis, rangfærslur í bókhaldi þar sem einkaneysla er færð sem kostnaður fyrirtækja. Hluti launa, t.d. bónus eða kaupréttur, er ekki gefinn upp til skatts og hluthöfum veitt vaxtalaus lán sem ekki eru gerð upp. Sem upplagt tilefni skattsvika er nefnt í skýrslunni að Ísland sé eitt örfárra landa sem ekki leggi skatta á vexti sem greiddir eru úr landi, fyrirtæki setji upp eignarhaldskeðju þar sem félag erlendis er látið lána hinum innlenda fé og taka hagnaðinn út í formi hárra vaxta sem eru frádráttarbærir frá innlendum aðilum og skattfrjálsir við greiðslu úr landi. Heimildir eru nýttar til skattasniðgöngu, t.d. með milligöngu eignarhaldsfélaga. Hagnaður er tekinn út úr hlutafélögunum með því að selja hlutabréf á undirverði til tengdra aðila erlendis.

Hér er getið nokkurra af meginniðurstöðum skýrslunnar og þar koma fram mjög margar róttækar tillögur til úrbóta sem ég hef ekki tíma til að lesa en ég veit að hæstv. ráðherra þekkir vel. Ráðuneytið hefur nú haft tvö ár til að vinna úr þeim hugmyndum sem þarna koma fram og því er nú spurt:

Hvað af tillögum skattsvikanefndar, sem skilaði skýrslu í desember 2004, telur ráðherra æskilegt að komi til framkvæmda? Eru áform á yfirstandandi þingi um að leggja fram tillögur um aðgerðir gegn skattsvikum, og þá hvaða?

[12:24]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þann áhuga sem hún sýnir þessu máli. Hér er vissulega um stórt og mikilsvert mál að ræða.

Það má segja að frá því að starfshópur um umfang skattsvika skilaði skýrslu sinni sem lögð var fram á Alþingi í desember 2004 hafi verið unnið að því innan ráðuneytisins að skoða einstaka þætti hennar. Almennt má segja að í skýrslunni sé um viðamiklar hugmyndir að ræða sem þarfnast nákvæmrar skoðunar við áður en farið er út í að útfæra þær hugmyndir sem telja má æskilegt að komi til framkvæmda. Þegar er búið að framkvæma eina af tillögum skattsvikanefndarinnar, það er varðandi fyrningu skattsvika sem er nú sex ár frá því tekjuári sem um ræðir. Var sú breyting gerð á skattalögum með lögum nr. 129/2004.

Önnur atriði í tillögum skýrslunnar hafa verið til skoðunar í ráðuneytinu um nokkurt skeið og má þá sérstaklega nefna hugmyndir um CFC-löggjöf, eftirlit með skattskilum stórfyrirtækja, skattlagningu vaxta úr landi, frestun á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum, virka þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi gegn skattsvikum og endurskoðun ákvæða 57. gr. tekjuskattslaga um skattasniðgöngu.

Aðrar tillögur skýrslunnar eru almenns efnis, eins og breytingar á bótakerfum, upplýsingaskyldur fjármálastofnana o.s.frv. Almennt má því segja að frekari tillagna að aðgerðum gegn skattsvikum með hliðsjón af niðurstöðum skattsvikanefndarinnar sé að vænta á næstunni. Að svo stöddu er of snemmt að segja nákvæmlega til um hvað í þeim tillögum muni felast eða nákvæmlega hvenær þær verða lagðar fram.

Varðandi aðgerðir gegn skattsvikum í stærra samhengi er rétt að geta þess að eftirfarandi vinna, burt séð frá skýrslu skattsvikanefndar, hefur átt sér stað innan ráðuneytisins á því sviði. Að hluta til hefur sú vinna þegar skilað sér inn á Alþingi á yfirstandandi þingi. Í frumvarpi til laga um opinber innkaup sem lagt hefur verið fram á Alþingi eru nýmæli sem ætlað er að koma í veg fyrir skattsvik og gerviverktöku. Þar eru ákvæði sem kveða á um skyldur sem tengjast sköttum, réttindum launþega og vinnuvernd og ákvæði sem kveða á um að könnuð sé viðskiptasaga tilboðsgjafa sem og ákvæði um gerviverktöku. Líta má á þetta frumvarp sem öflugt tæki í baráttunni gegn skattsvikum og hafa SA og ASÍ m.a. fagnað þeim nýmælum sem kveðið er á um í frumvarpinu og snúa að þessum atriðum.

Í samstarfi við ASÍ og SA hefur átt sér stað vinna að undanförnu innan ráðuneytisins og skattkerfisins til að athuga með hvaða hætti hægt sé að berjast gegn skattsvikum sem snúa að lögbrotum í atvinnustarfsemi, eins og gerviverktökum og fleiru. Þar hefur m.a. komið til skoðunar hvort rétt sé að herða reglur í lögum um virðisaukaskatt sem snúa að skráningu í virðisaukaskattsskrá, þ.e. að gera ríkari kröfur um hverjir eigi rétt á að vera á virðisaukaskattsskrám. Geta má þess að á Norðurlöndunum hafa slíkar aðferðir reynst gagnlegar, m.a. í baráttu við gerviverktöku og lögbrot í atvinnustarfsemi. Benda má á að embætti skattrannsóknarstjóra hefur á undanförnum mánuðum verið með í forgangi hjá sér skatteftirlit í veitingastarfsemi og mannvirkjagerð. Hefur það átak skilað góðum árangri. Til skoðunar er innan skattkerfisins að fara í almennt eftirlitsátak gegn skattsvikum í atvinnustarfsemi.

Að öllu samanteknu er því ýmislegt í gerjun á vegum ráðuneytisins og skattkerfisins sem snýr að aðgerðum gegn skattsvikum og vonast ég til þess að geta lagt fyrir þingið fleiri atriði í frumvarpi á þessu þingi, jafnvel fyrir jólahlé.

[12:27]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna þessari umræðu hérna því að skýrslan sem hér um ræðir vakti mikla athygli á sínum tíma. Þar kom fram að skattsvik eru á fjórða tug milljarða kr., gríðarlega umfangsmikil. Þess vegna veldur það miklum vonbrigðum að hæstv. fjármálaráðherra skuli koma hér tveimur árum síðar á hraða snigilsins og skila auðu. Það er ýmislegt verið að skoða og það er búið að velta vöngum yfir skýrslunni ágætu enda kom margt gott fram í henni. En ekkert hefur verið gert til að vinna gegn skipulögðum skattsvikum sem hafa, að því er margir halda fram, aukist verulega á þessum tveimur árum í staðinn fyrir að stjórnvöld hafi gripið til harðra aðgerða gegn þeim með eftirliti og hvers kyns aðgerðum. Skattaparadísirnar blómstra áfram, skipulögð skattsvik fara fram í auknum mæli ef eitthvað er, kaupaukar og slíkir hlutir ágerast ef svo má segja og neðanjarðarhagkerfið með tugmilljarðaskattsvikum blómstrar.

Stjórnvöld hafa ekkert gert. Þau hafa sofið á verðinum og skila núna auðu. Það eru mikil vonbrigði að heyra svar hæstv. fjármálaráðherra í þessu máli, að þau hafi á þessum tveimur árum ekkert gert annað en að velta fyrir sér hvað komi til greina að gera einhvern tímann seinna. Það eru að sjálfsögðu mikil (Forseti hringir.) vonbrigði hvernig hæstv. ráðherra hefur farið með þetta mál, mikil vonbrigði.

[12:29]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég tek þó undir með síðasta ræðumanni, mér finnst ganga nokkuð seint að hrinda þessum ágætu tillögum í framkvæmd. Það er auðvitað mjög mikilvægt að það sé unnið fast og vel að því að leggja þessar tillögur fyrir þingið til að bæta alla skattframkvæmd og setja í lög ákvæði sem spornað gætu við skattsvikum. Í húfi eru, eins og við höfum heyrt talað um, tugir milljarða króna sem skattgreiðendur hljóta að gera kröfu til að skili sér til að bæta hér lífskjör og velferð í landinu.

Ég vil þó eigna ráðherranum það sem gott er í svari hans, það kom fram góð viðleitni af hálfu ráðherrans til að fara að einhverjum af þeim tillögum sem lagðar voru fram hjá skattsvikanefndinni. Nefndi hann ýmsar tillögur sem örugglega munu vinna mjög gegn skattsvikum. Ég heyri að hæstv. ráðherra talar um að það gæti jafnvel orðið fyrir jól eða á þessu þingi og ég spyr ráðherrann hvort hann geti svarað eitthvað skýrar um það hverjar þessar tillagna gætu hugsanlega komið fram á þessu þingi. Ég held að það sé afar mikilvægt að fá sem fyrst fram þá löggjöf sem hann nefndi, að koma í veg fyrir að fjármagn sé flutt hér úr landi inn í skattaparadís með CFC-löggjöfinni og ég spyr hvort við eigum von á þeirri löggjöf á þessu þingi.

Hæstv. ráðherra nefndi ekki sérstakar sérhæfðar eftirlitsdeildir sem hafi eftirlit með stórfyrirtækjum eða ef svo var hefur það farið fram hjá mér. Ég held að þær séu afar mikilvægar og ég spyr hvort hæstv. ráðherra hafi talað í svari sínu um að lögfesta ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar um eignir og tekjur viðskiptamanna og eins að færa saksókn og ákæruvald í skattsvikamálum til embættis skattrannsóknarstjóra svo að dæmi sé tekið. Þetta eru mjög mikilvægar tillögur (Forseti hringir.) og eru einhverjar tillögur úr skýrslunni, svo að ég spyrji bara beint út, sem ráðherrann útilokar (Forseti hringir.) alveg að hann muni flytja?

[12:31]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Hæstv. forseti. Já, ég er svo sem ekkert hissa á því að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur finnist ganga frekar seint í þessum efnum. Það er alveg rétt að það eru að nálgast tvö ár frá því að skýrslan kom fram en eðli málsins samkvæmt er þetta flókið mál sem þarf að fara vel ofan í, og það er verið að gera það. Eins og ég sagði áðan vonast ég til þess að geta lagt fram frumvarp á þessu þingi um ýmis af þessum efnum og þá m.a. það sem hún hefur sérstaklega lagt áherslu á, eins og varðandi CFC-löggjöfina. Ég vonast til að geta það en hins vegar er um frekar flókin mál að ræða sem þarf að vinna vel úr.

Ekkert af því sem lagt var til í skýrslunni hefur verið útilokað að svo stöddu. Það má segja að þeir hlutir sem þar koma fram séu misflóknir, misviðkvæmir og misumdeildir og sumir kannski þess eðlis að það þarf að eiga um þá samráð við ýmsa aðra aðila, en ekkert hefur verið útilokað. Ég hins vegar fagna því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur frumkvæði að þessum umræðum og heldur manni við efnið.

Ég verð að segja eins og er hvað varðar innlegg hv. þm. Björgvins Sigurðssonar að hann virðist bara tala, hann hlustar ekki og vill frekar standa í skylmingum en í uppbyggilegum umræðum. Ég held að hann ætti að reyna að læra af eldri þingmönnum í flokki sínum, eins og hv. fyrirspyrjanda, um það hvernig svona umræður geta farið fram á uppbyggilegan hátt.

Umræðu lokið.

## *Ófaglært starfsfólk í heilbrigðisþjónustu.*

Fsp. SigurjÞ, 240. mál. — Þskj. 243.

[12:33]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Á vordögum var talsverð ólga meðal ófaglærðs starfsfólks dvalar- og hjúkrunarheimila og var það í kjölfar þess að Reykjavíkurborg hafði hækkað verulega laun við fólk sem vann sambærileg störf í sínum stofnunum og krafðist ófaglært starfsfólk á m.a. sjálfseignarstofnunum þess að fá sambærileg laun. Var þessi deila nokkuð hörð og varð m.a. til þess að fólk sá sér það ráð vænst að fara í setuverkfall. Það urðu talsverðar deilur sem lauk með því að Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu sendu frá sér yfirlýsingu um nokkurra launaflokka hækkun og síðan 4% launahækkun sem átti að taka gildi 1. október.

Síðan berast fréttir, og segir frá því í Morgunblaðinu þann 30. september að Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu hafi ekki heimild til að efna samkomulagið. Er borið við að ráðherra veiti ekki fjármagn til að uppfylla þetta samkomulag og var samkvæmt fréttinni 1% klipið af launum þessa fólks. Þetta er fólk á lágum launum og manni finnst þetta sérkennilegar sparnaðaraðgerðir og einnig að setja forráðamenn þessara stofnana í svo erfiða aðstöðu. Maður veltir fyrir sér þegar þessi umræða fer af stað hvernig það verður fyrir viðkomandi forstöðumenn að efna loforð í framtíðinni þegar þeim er ekki gert kleift að efna þau loforð sem þeir hafa áður gefið. Þetta mun örugglega rýra traust starfsfólks á yfirlýsingum í framtíðinni.

Það skiptir verulega miklu máli að menn fari ekki svona að. Hér er um gríðarlega mikilvæg störf að ræða. Við höfum orðið vör við það, m.a. í heilbrigðisnefnd þingsins, að fólk sem á foreldra á dvalarheimilum hefur ítrekað kvartað yfir því að þessar stofnanir séu ekki fullmannaðar og þess vegna furðar maður sig á fréttum sem berast af aðgerðum sem þessum af hálfu stjórnvalda. Þetta verður ekki til þess að hvetja fólk til að sækja um störf eða sinna áfram þessum mikilvægu störfum ef ekki er einu sinni hægt að efna yfirlýsingar sem forstöðumenn þessara stofnana gefa. Þess vegna væri fróðlegt að fá viðbrögð hæstv. fjármálaráðherra (Forseti hringir.) við þessu máli.

[12:37]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Viðbrögðin þurfa ekkert að standa á sér. Ég kannast ekki við það að neitt hafi verið klipið af. Í ágústmánuði sl. voru fjárveitingar til fyrirtækja í öldrunarþjón-

ustu hækkaðar í samráði við þá samninga sem FSH gerði við félagsmenn í Starfsgreinasambandinu. Þar var gert ráð fyrir 12,6% hækkun þann 1. maí sl. sem samsvarar þriggja launaflokka hækkun. Síðan var 4% hækkun 1. september sl. Um áramót mun koma hækkun upp á 3,4% hjá hluta stofnana. Fjárveitingar til hjúkrunarheimila ákvarðast samkvæmt reiknilíkani sem byggir á staðalkostnaði hjúkrunarheimila þar sem tekið er tillit til hjúkrunartengdra sjúklinga. Þar sem byggt er á meðaltali kostnaðar allra hjúkrunarheimila er ljóst að óhjákvæmilega verða einhver frávik á kostnaði einstakra hjúkrunarheimila, enda eru þau með breytilega samsetningu vinnuafls og rekstraraðstæður ólíkar. Sem dæmi getur hlutfall félagsmanna úr Starfsgreinasambandinu verið breytilegt.

Fyrirliggjandi gögn frá hjúkrunarheimilum gefa ekki ástæðu til að ætla annað en að um eðlileg frávik sé að ræða sem skýrast af mismunandi aðstæðum á einstökum stofnunum. Ætlunin er að áramótahækkunin sem er að meðaltali 3,4% dreifist misjafnt á stofnanir eftir þörf, og mun heilbrigðisráðuneytið sjá um ráðstöfun þeirra fjármuna, líklegast með notkun reiknilíkansins.

[12:38]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég veit ekki hvernig ég á að skilja svör hæstv. ráðherra. Á að skilja þau svo að þessi yfirlýsing hafi verið efnd að fullu og þá að fréttin og þær kvartanir sem mér hafa borist til eyrna séu rangar?

Mér skildist þó á svörum hæstv. ráðherra að hann ætlaði að sjá til þess að yfirlýsingin yrði efnd í lok ársins, það yrðu þá sambærileg kjör hjá starfsfólki sem ynni hjá þessum stofnunum og hjá sambærilegum hópum sem vinna hjá Reykjavíkurborg. Það er kannski aðalatriðið.

Einnig finnst mér mjög sérkennilegt að svona mál komi upp, að vafi leiki á því hvort yfirlýsingar sem gefnar eru af forstöðumönnum stofnana og heilu samtökunum í heilbrigðisgeiranum gagnvart þeim sem hafa lægstu launin séu efndar. Mér finnst það í rauninni ekki vera stjórnvöldum til sóma að svo sé.

Við verðum líka að gæta að því að hæstv. fjármálaráðherra hefur stundum verið staðinn að því að fara ekki alveg rétt með tölur og gefa til kynna að skattbyrði hafi ekki hækkað, sem hún hefur þó sannarlega gert á þá hópa sem við erum að ræða hér, og það skiptir máli upp á umræðuna hvernig við nálgumst þessa hluti. Er í rauninni verið að efna yfirlýsinguna, sem var gefin, að fullu eða ekki?

[12:40]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég kannast ekki við það að hafa nokkurn tíma verið staðinn að því að fara rangt með tölur og skil ekkert í hv. þingmanni að halda slíku fram. En ég fór yfir það hvaða tölur væru innifaldar í þessum samningi sem gerður var í framhaldi af þeim ákvörðunum sem teknar voru í vor, fór með þær tölur í prósentum þannig að hv. þingmaður getur bara staðreynt hvort þær séu réttar eða rangar, og það verður efnt eins og ég sagði í svari mínu.

Hins vegar er ekkert skrýtið þótt einhverjir hringi í hv. þingmann. Sumir þingmenn eru bara þeirrar gerðar að ef einhver hefur yfir einhverju að kvarta er hringt í þá og þeir fara eins og málpípur (Gripið fram í.) upp í Alþingi og útvarpa því sem einhver sagði við þá — þetta er margþekkt — algjörlega án þess að vera búnir að fara yfir það með nokkurri krítík hvort það sem við þá var sagt átti við einhvern raunveruleika að styðjast eða hvort um einhvern sérstakan sannleika var að ræða. Þetta er ekkert skrýtið.

Það er líka út af fyrir sig ástæða til að vekja athygli á því að flestar þessara stofnana eru ekki stofnanir í ríkisrekstri þannig að það er ekki ríkið sem semur fyrir þær. Þær semja sjálfar og síðan fá þær greiðslur samkvæmt því reiknilíkani sem ég nefndi. Aðstæður þeirra eru mjög ólíkar. Sumar þeirra eru með aðra starfsemi en hjúkrunarstarfsemina þannig að það er ýmislegt sem getur flotið á milli og runnið til og þingmanninum er kannski vorkunn þótt verið sé að koma með einhverjar upplýsingar til hans sem síðan hugsanlega ekki standast.

Það sem ég fór með hér áðan eru staðreyndir málsins eins og þær snúa við þeim samningum sem gerðir voru og um það hvernig fjármálaráðuneytið mun efna þá.

Umræðu lokið.

## *Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.*

Fsp. BjörgvS, 153. mál. — Þskj. 153.

[12:42]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem unnið hefur verið að um nokkurra ára bil. Þess vegna bar ég fram þessa fyrirspurn í ljósi þess að fengin er niðurstaða um þjóðlendur á svæðinu o.s.frv. og einnig spyr ég um rekstur Jöklasetursins á Hornafirði sem miðstöðvar þjóðgarðsins til skoðunar í því samhengi.

Fyrirhuguð stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er mjög mikilvæg aðgerð í mjög mörgu tilliti, eitt mikilvægasta mál byggðanna á Suðausturlandi og að sjálfsögðu fyrir öll sveitarfélögin sjö sem eiga land að jöklinum, enda hefur þjóðgarðurinn fyrirhugaði í för með sér mörg tækifæri í ferðaþjónustu auk væntanlega fjölda fastra starfa við vörslu og eftirfylgni í kringum þjóðgarðinn. Ferðaþjónustan kemur til með að eflast mjög, enda hægt að leiða líkur að því að öflug starfsemi í kringum þjóðgarðinn verði til íbúafjölgunar og fjölbreyttara mannlífs á svæðinu sem honum tengjast. Þá munu íbúar í dreifbýlinu fá mörg verkefni við að bæta aðgengi að náttúruperlunni Vatnajökli. Þá væri upplagt að mati margra sem þar til þekkja að tengja Jöklasetur og háskólasetur í Nýheimum sérstaklega við hinn væntanlega Vatnajökulsþjóðgarð sem mundi opna ótal möguleika í rannsókna- og háskólastarfsemi á þessu svæði og á þessu sviði, þá ekki síst í tengslum við þá starfsemi sem fyrir er. Er það mjög mikilvægt. Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs yrði einnig stigið stórbrotið skref í náttúruvernd fyrir þetta einstaka svæði og fyrir hálendi Íslands allt, þar sem það mundi einnig opna mjög á aðgengi fólks að þessari miklu náttúruperlu. Gert er ráð fyrir að þjóðgarðurinn mundi ná

yfir mjög mikið landsvæði, að mér skilst, sem væri allt að 15% af yfirborði Íslands og verða einn stærsti þjóðgarður í Evrópu.

Þess vegna spyr ég hæstv. umhverfisráðherra — en það má segja að umhverfisráðherrar síðustu missira hafi unnið mjög vel að þessu máli og því hefur fleytt mikið fram á síðustu árum, frá því fyrir fjórum árum að hæstv. þáverandi umhverfisráðherra skipaði sérstaka nefnd sem ynni að stofnun þjóðgarðsins:

Hvenær er von á frumvarpi um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs í þingið? Hvað er verið að tala um að stofnkostnaður þjóðgarðsins verði? Hver er fyrirhugaður rekstrarkostnaður og hvernig er framvinda þjóðgarðsmálsins á allra næstu missirum, að mati hæstv. ráðherra?

[12:45]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir þessa fyrirspurn sem lýtur að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og miðstöð þjóðgarðsins á Hornafirði. Nú háttar svo til að undirbúningurinn að stofnun þjóðgarðsins er það vel á veg kominn að ég geri ráð fyrir því að geta lagt fljótlega fram á hinu háa Alþingi, vonandi á næstu dögum, frumvarp til laga um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Ef ekki er þegar búið að dreifa málinu verður það alveg á næstu dögum.

Eins og kunnugt er hefur frá upphafi verið unnið þannig að undirbúningi þessa máls að töluverður hluti lands í einkaeign verður innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Á vegum ráðuneytisins hafa farið fram viðræður við landeigendur á þeim svæðum sem áhugaverð eru fyrir þjóðgarðinn og reiknað er með að gengið verði til samninga við þessa aðila þegar frumvarpið að Vatnajökulsþjóðgarði er orðið að lögum á hinu háa Alþingi.

Hvað varðar miðstöð þjóðgarðsins á Höfn í Hornafirði er því til að svara að á vegum ráðuneytisins hefur starfað ráðgjafarnefnd sem í sitja fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem fara með stjórnsýslu á því svæði sem gert er ráð fyrir að Vatnajökulsþjóðgarður taki til og jafnframt fulltrúar umhverfisverndarsamtaka. Ráðgjafarnefndin skilaði til mín tillögum sínum og skýrslu þann 3. nóvember sl. en meðal verkefna þeirrar nefndar var að gera tillögu um nauðsynlega uppbyggingu þjóðgarðsins og uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins. Samkvæmt þessum tillögum er gert ráð fyrir að byggðar verði fjórar nýjar meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins og þá er hugsunin sú að þær byggingar verði á ákveðinn hátt einhvers konar kennileiti Vatnajökulsþjóðgarðs. Nefndin fjallaði m.a. um hentuga staðsetningu þessara starfsstöðva þjóðgarðsins og vann jafnframt mat á rýmisþörf þeirra. Nefndin leggur m.a. til að ein fjögurra gestastofa og meginstarfsstöðva verði við Höfn í Hornafirði til viðbótar gestastofunni í Skaftafelli. Tillögur ráðgjafarnefndarinnar eru aðgengilegar í heild sinni á vef Stjórnarráðsins þar sem hægt er að lesa skýrslu nefndarinnar.

Að öðru leyti vil ég segja það um Vatnajökulsþjóðgarðinn að ráðgjafarnefndin leggur til að stofnun þjóðgarðsins taki mið af alþjóðlegum viðmiðum um þjóðgarða og friðlýst svæði og að verndarstig einstakra svæða þjóðgarðsins miðist við hefðbundnar nytjar, svo sem að beit og veiðar á fuglum, dýrum og vatnafiskum geti farið fram með viðlíka hætti innan þjóðgarðsins og verið hefur og að sú landnýting sem ákveðin verður fyrir svæðin með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs feli í sér verndun einstakrar náttúru og landslagsheilda sem ég held að við séum öll sammála um að muni vekja athygli bæði innan lands og ekki síst utan. Landnýting náttúruverndar er til þess fallin að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins eins og hv. fyrirspyrjandi kom að í fyrirspurn sinni og ræðu. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er metnaðarfullt verkefni, hvort sem litið er til markmiða náttúruverndar eða markmiða um framtíðarnýtingu á því svæði sem uppfyllir kröfu um verndargildi þjóðgarðsins. Þetta markmið mun þó ekki nást nema þjónustunet þjóðgarðsins verði byggt upp. Áætlaður kostnaður við uppbyggingu þjónustunetsins er um 1.150 millj. kr. og ráðgjafarnefndin telur raunhæft að mestöll þessi uppbygging eigi sér stað á fyrstu fimm árunum eftir stofnun garðsins. Þannig er gert ráð fyrir því að þjónustunet Vatnajökulsþjóðgarðs verði fullgert árið 2012 ef hafist verður handa á næsta ári.

Að öðru leyti, frú forseti, þakka ég hv. fyrirspyrjanda aftur fyrir þessa fyrirspurn um Vatnajökulsþjóðgarð og fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt stofnuninni og þjóðgarðinum.

[12:49]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er nú annað hvort að þingmenn sýni því áhuga þegar hillir undir að stærsti þjóðgarður í Evrópu verði að veruleika, og það hjá okkur á hálendi Íslands, á Vatnajökli og í kringum hann.

Örfá orð varðandi það sem hæstv. ráðherra kemur inn á, að það sé auðvitað meira en að segja það að stofna þjóðgarð. Við höfum ýmsa fjöruna sopið í þeim efnum á Íslandi og höfum ekki alltaf borið gæfu til þess að hlutirnir séu gerðir með þeim hætti að um þá ríki sátt, þ.e. þá á milli okkar, löggjafans, og heimamanna eða stofnana hins opinbera og heimamanna. Ég styð það og finnst sjálfsagt að búið verði til þjónustunet af því tagi sem hæstv. ráðherra getur um í ræðu sinni en ég hvet jafnframt til þess að við stofnum Þjóðgarðastofnun Íslands, öfluga stofnun sem hafi það að meginmarkmiði að annast grundvallarþætti stjórnsýslu þjóðgarðanna á Íslandi.

[12:50]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. umhverfisráðherra og Alþingi öllu til hamingju með það að stofnun á stærsta þjóðgarði í Evrópu er nú í burðarliðnum. Það blasir við að innan einhverra daga eða vikna verður dreift, samkvæmt orðum ráðherra, frumvarpi til laga um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og það eru að sjálfsögðu stórbrotin tíðindi. Það eru vatnaskil í íslenskri náttúruvernd og það er áfangi í Íslandssögunni sem okkur ber að fagna.

Það er auk þess að sjálfsögðu risavaxið skref í byggðamálum og atvinnumálum á öllu þessu svæði og á Íslandi öllu. Þetta er mjög jákvæð nýting á íslenskri náttúru, bæði til að vernda hana og til að opna aðgengi almennings að þessari náttúruperlu, ekki bara þeirra sem hafa yfir að ráða

sérstökum tækjum og útbúnaði til að komast þangað. Þetta opnar leið fyrir almenning til að njóta þess verðmætasta og dýrmætasta á hálendi Íslands. Þetta er stórbrotinn kafli í íslenskri náttúruvernd og ég fagna honum eindregið. Það er merkilegt mál og það er ástæða til að fagna því hvað málið hefur þó gengið fram frá því að árið 1999 var samþykkt þingsályktun um málið. Auðvitað er að mörgu að hyggja eins og hvar miðstöðvarnar verða, hvernig tengslanetið og stofnananetið í garðinum verður. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom með athyglisverða fyrirspurn áðan en fyrst og fremst er ástæða til að fagna þeim stóráfanga sem er uppi í íslenskri náttúruvernd og íslenskum atvinnu- og byggðamálum með því að stærsti þjóðgarður í Evrópu verður að veruleika innan skamms. Frumvarp um hann kemur í sali þingsins í vetur þar sem við getum rætt að sjálfsögðu miklu ítarlegar og betur hvernig á málum verður haldið og hvernig einstökum þáttum innan lands og í kringum hann verður fyrirkomið.

[12:53]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég vil enn og aftur þakka fyrirspyrjanda góð orð í garð þjóðgarðsins. Eins og kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda hefur verið unnið að þessu máli frá 1999 og við erum nú að ná þeim áfanga að frumvarpið er tilbúið. Ég geri ráð fyrir að mæla fyrir því í þinginu vonandi á allra næstu dögum og síðan eftir að frumvarpið hefur verið afgreitt, sem ég geri ráð fyrir að verði gert með miklum og víðtækum stuðningi þingheims, er náttúrlega ýmis vinna eftir eins og kom fram í fyrri ræðu minni og síðan uppbygging sem gert er ráð fyrir að taki um fimm ár og töluverðu er kostað til.

Aðeins varðandi hugmynd og uppástungu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur er ljóst að stjórnsýsla þjóðgarða er með ýmsu móti hér á landi. Hugmynd hennar lýtur að því að stofna Þjóðgarðastofnun Íslands. Eitt meginmarkmiðið og eiginlega útgangspunkturinn fyrir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var stjórnsýslan sem frumvarpið gerir ráð fyrir með fjögur svæði sem fara með stjórn hvert á sínum hluta þjóðgarðsins og náið samstarf við landeigendur og sveitarstjórnarmenn á hverju þessara sveitarfélaga fyrir sig sem eru sjö á svæðinu. Útgangspunkturinn með Vatnajökulsþjóðgarðinum er sá að náttúruverndin er ein tegund landnýtingar og hún getur skapað okkur auð og tekjur í þjóðarbúið.

Svo er rétt að taka það fram alveg í blálokin, vegna þess að menn hafa lagt áherslu á að þetta verður stærsti þjóðgarður Evrópu þegar stofnun hans er að fullu lokið, að í sjónvarpsþætti sem sýndur var á ABC-sjónvarpsstöðinni í síðustu viku gafst áhorfendum kostur á að velja á milli og kjósa ný sjö undur veraldar og þá var, ekki Vatnajökulsþjóðgarður en samspil íss og elds á Íslandi valið meðal þessara sjö nýju undra.

Umræðu lokið.

## *Skilgreining vega og utanvegaaksturs.*

Fsp. DJ, 333. mál. — Þskj. 356.

[12:55]

**Fyrirspyrjandi (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Árið 1999 voru sett ný náttúruverndarlög og var þar ákvæði um akstur utan vega breytt frá því að banna ónauðsynlegan akstur þar sem spjöll geta hlotist af í að banna akstur utan vega nema á snjó. Nokkrir hópar eru undanskildir í reglugerð sem byggir á lögunum og hlýtur það að teljast óeðlilegt, jafnræðis verður að vera gætt.

Mikil óvissa hefur ríkt um túlkun laganna og er nýjasta dæmið dómur Héraðsdóms Suðurlands þar sem segir í niðurstöðu, með leyfi forseta:

„Í greinargerð með frumvarpi til náttúruverndarlaga segir meðal annars um 17. gr. laganna að leitast sé við að sporna frekar við akstri utan vega sem því miður er allt of algengur og stafar oftast af fákunnáttu eða tillitsleysi við náttúruna. Engin skilgreining er í náttúruverndarlögum á hugtakinu „utan vega“ eða „vegur“.“ ... „Einnig kom fram í málinu að vitað væri til að margir fjölfarnir slóðar séu ekki merktir inn á kort Landmælinga og því séu slík kort ekki óyggjandi sönnun um að slíkur slóði sé ekki jafnvaranlegur og -almennur og þeir slóðar sem þegar hafa verið merktir inn á kort. Af öllu ofansögðu er ekki hægt að draga aðra ályktun og dómurinn metur það svo, að slóði sá sem ákærði ók eftir þann 3. júní 2006 og lögregla og starfsmenn Landhelgisgæslunnar stóðu hann að við akstur á, sé skilgreindur sem götuslóði eða vegur og akstur á honum sé ekki akstur utan vega. Hafi það verið tilgangur löggjafans að útiloka akstur á slíkum slóðum þá verður verknaðarlýsing í náttúruverndarlögum og umferðarlögum að vera skýrari.“

Þetta var eitt dæmi til að lýsa þeirri stöðu sem uppi er. Við búum í mjög sérstöku landi þar sem eru miklar óbyggðir og víðáttur. Víða er landið viðkvæmt fyrir umferð en víða eru lítil sem engin áhrif af henni. Mín skoðun er sú að fyrst og fremst verðum við að vera raunhæf í þeim reglum sem við setjum í umgengni gagnvart útivistarfólki eins og öðrum. Flestir vilja viðhafa eðlilega landnýtingu og því þurfum við að gæta að því að reglur þurrki ekki út skynsamlega notkun eða nýtingu á landinu. Undir það falla útivist og umferð um landið. Aðalmarkmiðið er að sjálfsögðu það að útivistarfólk fari um landið af virðingu og gætni í stað þess að ofsækja saklaust fólk, eins og því miður hefur gerst.

Væri að mínu mati nær að breyta t.d. lögunum til sama horfs og þau voru og taka á raunverulegum landspjöllum. Það er sjaldnast þannig að ofurbönn virki, heldur þarf hugarfarsbreytingu og reglur sem ekki brjóta í bága við réttlætiskennd fólks.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvernig ráðherra hyggist draga úr óvissu sem ríkir um skilgreiningu vega vegna banns við utanvegaakstri. Eru uppi áætlanir um slíkt? Ég vil í því sambandi leggja áherslu á samráð við hagsmunasamtök útivistarfólks.

[12:58]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvernig ráðherra hyggist draga úr þeirri óvissu sem ríkir um skilgreiningu vega vegna banns við utanvegaakstri.

Eins og fram kom í fyrirspurninni ríkir óvissa um akstur á slóðum, sérstaklega vegna tvenns, annars vegar þess að skilgreiningar vega eru óljósar og hins vegar vegna þess að veghaldari er ekki þekktur.

Það er ljóst að Umhverfisstofnun fer með stjórnsýsluna varðandi náttúruvernd og þar með aðgerðir til að koma í veg fyrir akstur utan vega og á grundvelli 17. gr. náttúruverndarlaga er akstur utan vega óheimill. Á grundvelli þessara sömu laga voru einstaklingar ákærðir í sumar um utanvegaakstur og dómur hefur fallið í Héraðsdómi Suðurlands í tveimur málum til þessa. Í báðum málunum voru ökumenn sýknaðir þar sem dómurinn taldi að umferð farartækis „hefði verið um greinilegan og varanlegan slóða í náttúru Íslands" eins og það er orðað í dómnum.

Vinnuhópur um utanvegaakstur með fulltrúum frá Umhverfisstofnun, Landmælingum Íslands og Vegagerðinni skilaði tillögu til ráðherra í 14 liðum í apríl 2005 og að beiðni umhverfisráðuneytis unnu Landmælingar Íslands og Umhverfisstofnun einnig að því að birta leiðbeinandi kort á vefnum í vor þar sem sýnt var hvar helstu slóðar og vegir væru á hálendi Íslands. Tilgangur þessa korts var fyrst og fremst leiðbeinandi. Ætlunin var að tryggja að þeir sem fylgdu kortinu gætu verið í fullri vissu um að þessir slóðar *væru viðurkenndir til aksturs*, þ.e. þeir slóðar sem kortið sýndi. Það var hins vegar meðvitað og skýrt að fleiri slóðar kynnu að vera til staðar þar sem hugsanlega mætti aka án þess að um utanvegaakstur í skilningi náttúruverndarlaga væri að ræða.

Áður en þetta vefkort var birt var það sent til umsagnar til um 30 sveitarfélaga sem eiga lögsögu að hálendinu. Því miður varð frekar lítið um viðbrögð sveitarfélaganna við þessu erindi en þá ber að hafa í huga tímasetninguna síðasta vor þar sem umsagnanna var óskað rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar og jafnframt voru sum þessara sveitarfélaga í sameiningarferli á þessum sama tíma. Kortið var engu að síður birt á vefnum og óskað eftir athugasemdum frá notendum. Nokkuð margar athugasemdir hafa borist og efni þeirra er m.a. spurningar um rétt landeigenda til að loka vegaslóðum sem eru þá á kortinu. Jafnframt er í einhverjum tilvikum spurt um rétt sveitarfélaga til að ákvarða hverjir slóðanna séu opnir og hverjum yrði lokað og líka bárust athugasemdir um slóða sem þegar hefur verið lokað, slóða sem hafa verið taldir eða eru taldir ófærir og slóða sem talið var að vantaði inn á þetta leiðbeinandi kort. Það er rétt að ítreka og halda því til haga að óvissan snýst að miklu leyti um það hver sé veghaldari vega og vegaslóða.

Enginn vafi leikur á veghaldi Vegagerðarinnar en hún sér aðeins um númeraða vegi landsins. Sannleikurinn er hins vegar sá að fæstir af þeim vegum sem sjáanlegir eru á hálendinu eru í skilgreindu veghaldi Vegagerðarinnar. Þá er spurningin, eins og ég sagði, hver veghaldarinn er. Sumir þessara vega eru svokallaðir almennir vegir samkvæmt skilgreiningu 9. gr. vegalaga. Þeir geta verið í eigu sveitarfélaga eða orkufyrirtækja og eiga það sammerkt að vera opnir fyrir almennri umferð.

Þá eru eftir fjölmargir vegir og vegaslóðar sem eru án veghalds og ef við horfum fram hjá hreinum akstri utan vega þar sem engin för eða slóðar eru fyrir stendur út af hvernig fara skal með óskilgreinda vegi og hvernig skal standa að því að flokka þá, kortleggja og merkja. Það verkefni sem er óleyst er hverjir þessara munaðarlausu, ef svo má segja, vega eru ætlaðir til aksturs og hverjir ekki. Það er rétt að taka fram að ég hef átt í viðræðum við félagasamtök vegna þessa máls, m.a. við fulltrúa frá ferðaklúbbnum 4x4 og umhverfisvernd Vélhjólaíþróttaklúbbsins, VÍK. Áfram verður haldið vinnu við að skilgreina vegi og vegaslóða utan þjóðvegakerfisins og ég hef sett af stað starf sem miðar að þessu í nánu samráði við sveitarfélög sem hlut eiga að máli þess efnis hver tilgangur einstakra vega sé og hverjum þeirra megi loka. Eins og ég sagði er veghaldið mikið atriði og það er ástæðulaust annað en að þeim vegum á hálendinu verði lokað fyrir umferð vélknúinna ökutækja þar sem tilgangur vegar er óljós eða enginn aðili, opinber eða einkaaðili, gengst við veginum sem veghaldari. Ég vil í þessu sambandi ítreka skipulagsskyldu sveitarfélaga í þessum efnum svo og lögsögu samvinnunefndar um skipulag miðhálendis Íslands.

[13:03]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Hún dregur ljóslega fram ráðaleysi stjórnvalda. Hér er í embætti þriðji hæstv. umhverfisráðherrann á örfáum árum og það er ekki einu sinni hægt að setja reglur um utanvegaakstur, hvað þá annað. Gefið hefur verið út leiðbeinandi kort og síðan gefur einhver klúbbur út annað kort. Af þessu máli sést, sem er vissulega mjög mikilvægt, að það er ekki einu sinni hægt að taka á litlum málum. Ég lýsi yfir furðu minni á þessu.

Þetta endurspeglar líka áherslu ríkisstjórnar á umhverfismál. Það er ekki hægt að taka á utanvegaakstri, hvað þá öðru. Mér finnst þetta með ólíkindum og eins að hlýða á hæstv. ráðherra tala um leiðbeinandi kort og fabúlera um hvað er mögulegt og ómögulegt í þessum málum. Þetta er einfalt mál, að taka á akstri utan vega (Forseti hringir.) en það virðist því miður ríkisstjórninni algerlega ofviða.

[13:04]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka undir þakkir til hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka málið upp. Þetta er ansi flókið og yfirgripsmikið mál og ástæða til að fara vel yfir það í ljósi sögunnar.

Nú orðið er mikil umferð um hálendi Íslands, akandi, ríðandi og gangandi ferðamanna og því er mjög nauðsynlegt að samræma og ljúka skilgreiningu slóða utan vega. Auðvitað er til staðar mikill fjöldi slóða og vega utan viðurkenndra vega til staðar. En það er bagalegt þegar farið er í mál gegn einstaklingum og þeir jafnvel dæmdir fyrir utanvegaakstur fyrir að fara slóð, árfarveg eins og hv. fyrirspyrjandi sagði mér frá áðan, sem menn hafa notað árum saman og brjóta að sjálfsögðu ekki nein lög með því.

En það þarf að skilgreina þetta og skýra vel. Það er

ástæða til að taka vel til í þessum málum. Þetta er flókið og yfirgripsmikið mál og mikilvægt að samræma og ljúka kortagerð hvað það varðar eins fljótt og auðið er.

[13:05]

**Fyrirspyrjandi (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Ég fagna því að vinna hafi farið fram í ráðuneytinu og að þar muni brugðist við þessari óvissu. Tónninn í ræðu hæstv. ráðherra var sá að hafa ætti samráð og koma til móts við útivistarfólk um allt land, fólk sem virðir náttúruna. Þetta er gríðarlega mikilvægt, ekki síst það að virkja samtök sem hafa greiðan aðgang að útivistarfólki. Einnig vil ég benda á að það þarf að samræma þau kort sem fólk fer eftir.

Mér líst ekki illa á þá leið sem hæstv. ráðherra boðar en ég hefði þó helst viljað að lög færu að mestu í fyrra horf og bendi á að hálendi okkar á að vera opið. Staðreyndin er sú að flestir ferðamenn á hálendinu eru náttúruunnendur, sérstaklega þeir sem ferðast að ráði. Þeir sjá því mikinn hag í að fara vel með landið sitt og nota til þess skynsemi sína.

Víða á hálendinu eru svæði þess eðlis að léttvæg umferð um þau markar engin för í landinu. En stór hluti hálendisins er hins vegar viðkvæmur og þolir litla sem enga umferð. En stærð þessa svæðis er mjög breytileg og fer m.a. eftir árstíma og vatnsstöðu.

Vanir ferðamenn hafa almennt reynslu og skynsemi sem þarf til að greina á milli svæða sem eru í lagi og ekki í lagi með tilliti til léttvægrar umferðar. Hagsmunasamtök útivistarfólks hafa sýnt það í verki að hægt er að ná til þeirra sem minni reynslu hafa. Ég held að það sé mjög eðlilegt að fela þeim það hlutverk í auknum mæli og vil ítreka að ég fagna því samráði sem hæstv. umhverfisráðherra boðaði í ræðu sinni.

Við verðum að fara að ganga frá þessum málum. Óvissan hefur ríkt í mörg ár og nú er svo komið, þegar menn eiga von á að þyrlur frá lögreglunni séu sveimandi yfir þeim í sunnudagsbíltúrum, að staðan er algerlega ólíðandi. Ég vonast til að þetta muni skýrast fljótlega.

[13:08]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur fyrir þessa fyrirspurn og heiti henni því að við munum halda áfram þeirri vinnu sem byrjuð er, m.a. að fullgera kort sem lagt var fram til leiðbeiningar á sínum tíma. Eins og fram kom í fyrri ræðu minni varð kortið, vegna aðstæðna og tímasetningar, ekki betra en raun ber vitni, sérstaklega vegna þess að það voru ekki fleiri sveitarfélög sem brugðust við. En samstarfið við sveitarfélögin er nauðsynlegt í þessum efnum vegna skipulagsvinnu sveitarfélaganna.

Ég tek undir það að þessari óvissu verður að linna. Það verður að leysa þessa flækju og við verðum að ná að kortleggja vegi og slóða og jafnframt miðla þeim upplýsingum til ferðamanna sem fara um þá hluta landsins sem eru fyrir utan vegakerfi Vegagerðarinnar.

Eins og ég sagði þarf samstarf á milli ráðuneytisins, þeirra stofnana sem hlut eiga að máli, sveitarfélaga, landeigenda og félagasamtökum sem hagsmuni hafa af þessu. Ég mun jafnframt halda áfram góðu samstarfi sem við höfum átt við ferðaklúbbinn 4x4 og Vélhjólaíþróttaklúbbinn Vík. Ég tek undir það með hv. þingmanni að það er óásættanlegt að reglur séu ekki nógu skýrar þannig að fólk sem ferðast í góðri trú verði það á að brjóta þær án þess að nokkur ásetningur sé fyrir hendi. Við megum ekki hafa reglurnar þannig að þær brjóti í bága við réttlætiskennd fólks.

Umræðu lokið.

## *Kjör framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar.*

Fsp. MÞH, 305. mál. — Þskj. 322.

[13:10]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. samstarfsráðherra Norðurlandanna, Jónínu Bjartmarz. Fyrirspurnin varðar kjör framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar. Mig fýsir að vita með hvaða hætti íslensk stjórnvöld stóðu að kjöri framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar í lok október síðastliðins, hvort samband hafi verið haft við norsk stjórnvöld í því máli og þá hvernig og hvort ráðherra telji að vinnubrögðin hafi einhver áhrif á starfsemi Norðurlandaráðs í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Þegar maður skoðar þetta mál, athugar til að mynda fréttir af málinu í réttri tímaröð, þá er eins og þar hafi ýmsir brallað allnokkuð í reykfylltum bakherbergjum — verið að plotta eins og sagt er á fínu máli. Það kemur í ljós í viðtali við þann mann sem fékk þessa stöðu, þ.e. Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra Íslands, að Geir H. Haarde, núverandi hæstv. forsætisráðherra, hafi haft samband við hann fyrir nokkru síðan til að ámálga þetta starf við hann. En í viðtölum við t.d. hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, sem mér skilst að sé formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, virðist hún ekki kannast við eitt eða neitt þá daga sem Norðurlandaráðsþing stendur yfir. Það er svolítið undarlegt í ljósi þess að flokkssystkinin hv. þm. Geir H. Haarde og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir virðast ekki ræðast við um þessi mál þótt þau séu í sama flokki og starfi bæði innan Norðurlandaráðs.

Af fréttaflutningi var augljóst að heitingar voru í gangi. Finnar létu skína í tennurnar í þessu máli og sóttust eftir þessu starfi líka. Það er vísbending um það að Norðmenn og Íslendingar hafi komið sér saman um sameiginlegan frambjóðanda og á bak við tjöldin komið því til leiðar að á endanum samþykktu forsætisráðherrar allra Norðurlandanna, að mér skilst, það kjör en síðan hafi menn farið í hrossakaup í framhaldi af því og ákveðið það að Finnar fengju til sín sérstaka skrifstofu menningarmála eftir allar þessar hrókeringar. Öll þessi skipti og baktjaldamakk enduðu með því að Íslendingar fengu framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar og Finnar fengu menningarskrifstofu. Þá er spurningin hvort allir hafi verið ánægðir og

hvort þetta muni hafa áhrif á störf Norðurlandaráðs í framtíðinni.

[13:13]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson beinir til mín þremur spurningum sem lúta að kjöri framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar. Ég vil leitast við að svara þessum þremur spurningum.

Þegar núverandi framkvæmdastjóri norrænu ráðherranefndarinnar tilkynnti 24. ágúst að hann sæktist ekki eftir framlengingu á samningi sínum, sem rennur út um áramótin 2006–2007, fór hæstv. forsætisráðherra þess á leit við Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, að hann gæfi kost á sér til starfsins og féllst hann á þá umleitan.

Forsætisráðherra ræddi í framhaldi af því símleiðis við kollega sína í Noregi, Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð og greindi frá því að Ísland sæktist eftir stöðunni og hvern Ísland byði fram sem nýjan framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar. Samstarfsráðherra sá sem hér stendur kynnti framboðið á lokuðum fundi norrænu samstarfsráðherranna þann 6. september en þá lá fyrir að Finnar mundu einnig sækjast eftir stöðunni og byðu fram Jan Erik Enestam, samstarfsráðherra Finnlands.

Ráðherrarnir voru á fundinum sammála um að ákvörðun um næsta framkvæmdastjóra skyldi byggjast á mati á hæfni og reynslu umsækjenda. Á fundi samstarfsráðherra 23. október kom fram að önnur lönd en Ísland og Finnland sæktust ekki eftir stöðunni og það sem var umfram venju, þ.e. hafði ekki verið gert áður, var að samstarfsráðherrarnir ræddu málið sín á milli og ákváðu að ræða við báða umsækjendurna eða kandídatana, eins og það heitir á norrænu máli, á fundi 30. október þar sem kæmi fram, í viðtölum við þá, m.a. framtíðarsýn þeirra á norrænt samstarf. Að loknum þeim viðræðum 30. október var ákveðið á fundi samstarfsráðherranna að ganga til samninga við Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra.

Varðandi spurninguna um hvort ég telji að vinnubrögð í málinu muni hafa áhrif á starfsemi Norðurlandaráðs í framtíðinni þá vil ég svara því skýrt að ég tel að vinnubrögðin í þessu máli muni ekki hafa annað en jákvæð áhrif á starfsemi Norðurlandaráðs til allrar framtíðar.

[13:16]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði að ýmislegt hefði verið brallað í reykfylltum bakherbergjum. Ég verð að segja að mér finnst þetta afar ósmekkleg ummæli, ekki síst í ljósi þess að sá sem var kosinn er mjög hæfur maður og glæsilegur fulltrúi þjóðar okkar í þeirri mestu ábyrgðarstöðu á erlendum vettvangi sem við höfum átt. Engin deila er um reynslu hans varðandi utanríkismál og Norðurlandasamstarf.

Hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir atburðarásinni sem nákvæmlega ekkert athugavert er við og ráðningin mun án efa verða til þess að efla Norðurlandaráð enn frekar.

[13:17]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði að enginn deildi um reynslu eða hæfi Halldórs Ásgrímssonar en ég ætla að leyfa mér að efast um gæði reynslu manns sem hefur gert afdrifaríkustu mistök í utanríkissögu íslensku þjóðarinnar með því að setja landið, nánast vopnlaust land, á lista yfir vopnfúsar og stríðsfúsar þjóðir sem studdu innrásina í Írak með þeim hörmulegu afleiðingum sem sú innrás hefur haft. Ég held að flestir landsmenn taki undir með mér að þetta hafi verið mjög afdrifarík mistök þannig að reynsla þjóðarinnar af störfum hans hefur ekki alltaf verið góð.

Fleira mætti telja sem ég læt ógert í þetta skiptið.

[13:18]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hér kemur fram að auðvitað á Halldór Ásgrímsson að baki langan og glæsilegan feril í valdapólitísku samhengi. Hitt er einnig rétt að ákvörðunin um aðild Íslands að innrásinni í Írak, viljayfirlýsing okkar og vera okkar á listanum yfir hinar vígfúsu þjóðir sem lýsti yfir innrásarstríði á Írak hér fyrir rúmum þremur árum, er að sjálfsögðu hörmuleg. Hún varpar djúpum skugga á feril Halldórs Ásgrímssonar eins og feril ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar hægri flokkanna síðustu 12 árin.

Hér er deilt um hvort eðlilega hafi verið staðið að kjöri Halldórs sem framkvæmdastjóra norrænu nefndarinnar og hvort verslað hafi verið með Halldór Ásgrímsson í einhverjum vafasömum hrossakaupum eða ekki. Það er engin leið að segja til um það hér, en maður hlýtur að vona að svo hafi ekki verið. Hins vegar varpar þetta líka ljósi á það og hlýtur að (Forseti hringir.) velta upp spurningunni um hversu nytsöm starfsemi (Forseti hringir.) Norðurlandaráðs er nú og í framtíðinni.

[13:19]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Það var nokkurn veginn á þá leið sem ég bjóst fyrir fram við að yrði.

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir skammar mig fyrir það að gera lítið úr þeim sem fékk þessa stöðu. Fyrst hún er að skamma mig, hv. þingmaðurinn, held ég að hún ætti líka að skamma til að mynda finnska þingmenn sem gagnrýndu þessa ráðningu mjög harkalega á sínum tíma. Til að mynda sagði einn þingmaður í viðtali við Fréttablaðið að „við lifum á árinu 2006 og ekkert norrænt land á að hafa rétt til að halda frambjóðendum leyndum“. Þegar maður skoðar í samhengi allar fréttir af þessu máli er einmitt ekki annað að sjá en að hér hafi verið á ferðinni ansi umsvifamikið baktjaldamakk.

Hæstv. ráðherra sagði að fyrst hefði verið tilkynnt um þetta á fundi í byrjun september, hafi ég tekið rétt eftir. Þrátt fyrir það er eins og að formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs hafi ekki haft hugmynd um þetta mál fyrr en kannski alveg á síðustu metrunum. Það er heldur ekki að sjá neins staðar að neinn innan Norðurlandaráðs hafi heldur vitað af þessu fyrr en alveg undir lokin. Ef þetta er ekki

baktjaldamakk, allt þetta púsluspil, þegar maður leggur það saman og fer að skoða það í samhengi veit ég ekki hvað á að kalla baktjaldamakk.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að leggja dóm á það hvort réttur maður hafi fengið þessa stöðu eða ekki. Ég hlýt hins vegar að lýsa miklum efasemdum við að stjórnmálamenn sem hafa gert jafnhroðaleg mistök á alþjóðavettvangi og hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson gerði þegar hann tók þátt í því að setja Ísland á lista hinna svokölluðu viljugu þjóða í Íraksstríðinu eigi í sjálfu sér erindi út fyrir landsteinana.

[13:21]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því í þessum ræðustól að lýsa þeirri skoðun minni að ummæli hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar og Björgvins Sigurðssonar um Íraksstríðið í þessu samhengi við kjör framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar eru ósmekkleg. Ég vísa því jafnframt alfarið á bug sem haldið hefur verið fram af fyrirspyrjanda að hér hafi farið fram einhvers konar baktjaldamakk og hrossakaup.

Það lá fyrir í þetta skipti sem ekki hefur skeð áður í sögu norrænu ráðherranefndarinnar að tveir mjög vel hæfir kandídatar voru um þessa stöðu. Það er kannski ekki rétt að kalla þá umsækjendur. Tveir menn höfðu lýst áhuga á því að gegna þessari stöðu og venju fremur — það hafði ekki verið gert áður — var ákveðið á fundi samstarfsaðila Norðurlandanna að einungis hæfni og reynsla yrðu lögð til grundvallar þessari ráðningu. (Gripið fram í.) Þegar búið var að fara yfir ferilskrá þessara tveggja manna var ljóst að hæfari menn voru ekki til starfsins á Norðurlöndunum en þessir tveir, út frá hæfni þeirra og fyrri reynslu, og þá var ákveðið að taka þessa tvo menn í viðtöl á fundi samstarfsráðherranna þar sem sátu, auk samstarfsráðherranna fimm, (Gripið fram í.) fulltrúar Grænlands og Færeyja. Þar gerðu þessir menn grein fyrir framtíðarsýn sinni og sýn almennt á norrænt samstarf og röktu sögu sína og aðkomu að starfinu til þessa. Niðurstaðan var alveg klár og naut víðtæks stuðnings meðal samstarfsráðherranna eftir þennan fund, sú að Halldór Ásgrímsson væri æskilegasti maðurinn til að gegna þessu starfi. Stuðningurinn var mikill og víðtækur. (Gripið fram í.)

Þegar lesið er úr finnskri pressu um þetta mál skulum við hafa hugfast að Finnar voru sjálfir með hinn kandídatinn. Jan Erik Enestam er samstarfsráðherra þeirra og lýsti áhuga á þessu starfi þannig að við skulum skoða finnsku pressuna í því ljósi. Ég vil þó lýsa því yfir hér að bæði við þessa ákvörðun og í kjölfar hennar kenndi ég mjög mikillar (Forseti hringir.) og víðtækrar ánægju með þann mann sem ráðinn var nýr framkvæmdastjóri norrænu ráðherranefndarinnar, ekki síst vegna áherslna (Forseti hringir.) á samstarfi í vesturátt.

Umræðu lokið.

## *Mislæg gatnamót á mótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar.*

Fsp. VF, 121. mál. — Þskj. 121.

[13:24]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs til að velta upp fyrirspurn um vegamótin á Þingvallaafleggjara og Vesturlandsvegi. Þann 4. september sl. afhentu fulltrúar íbúa í Mosfellsdal hæstv. samgönguráðherra undirskriftalista 180 íbúa í Mosfellsdal þar sem skorað var á yfirvöld vegamála að setja upp hringtorg á mótum Þingvallaafleggjara og Vesturlandsvegar. Jafnframt var þar rætt um hraðahindranir á Þingvallavegi í Mosfellsdal.

Að sögn eins forsvarsmanna þeirra dalbúa, Signýjar Jóhannsdóttur, er mikið um flöskuhálsa sem myndast á þessum gatnamótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar þegar umferðin er mikil, þá einkum um helgar. Oft myndast langar biðraðir þeirra sem eru að reyna að fara úr dalnum inn á Vesturlandsveg. Hér segir Signý orðrétt, með leyfi forseta, varðandi kröfu um hringtorg að „stundum þurfi fólk að bíða í 15–20 mínútur áður en hægt er að beygja frá Þingvallavegi og í átt til Reykjavíkur um helgar. Umferðin hefur aukist jafnt og þétt eftir að Hvalfjarðargöngin komu. Þegar við höfum spurt um þetta mál höfum við fengið þau svör að það eigi að færa Vesturlandsveginn nær Leirunum. Það er búið að tala um það í 20 ár og við erum orðin leið á þessu."

Eins og allir vita er mjög þung umferð þarna á Vesturlandsvegi í báðar áttir og hefur hún aukist töluvert eftir að Hvalfjarðargöngin komu til sögunnar. Undirritaður sóttist eftir upplýsingum frá samgönguráðuneytinu og var vísað á Vegagerðina. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk stendur ekki til að gera neitt sérstakt þarna, eins og orðað var. Það er ekki á neinni áætlun að gera þarna hringtorg en mér var bent á að í september hefði borist beiðni frá samgönguráðuneytinu um að athuga þarna möguleika á gerð hringtorgs.

Miðað við þessar upplýsingar frá Vegagerðinni virðist Mosfellingum, eða dalbúum eins og þeir eru kallaðir inni í Mosfellsdal, hafa tekist með undirskriftasöfnun og áskorun til ráðherra að hreyfa við málinu en ég velti fyrir mér, frú forseti, hver staðan sé núna. Hyggst hæstv. samgönguráðherra bregðast hratt og vel við þessari beiðni? Ég veit ekki til þess að þarna hafi orðið nein alvarleg bílslys en umferðarþunginn eykst stöðugt, áhættan er mikil og því spyr ég hæstv. samgönguráðherra:

Stendur til að gera mislæg gatnamót eða hringtorg á mótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar? Ef svo er, hvenær er áætlað að þeim framkvæmdum ljúki?

[13:27]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að leggja fram þessa spurningu um gerð líklegra gatnamóta eða hringtorgs á mótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar.

Vegagerðin vinnur nú að hönnun hringtorgs á gatnamótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar. Gert er ráð fyrir að hönnun geti lokið á næstu mánuðum þannig að hægt

verði að hefja framkvæmdir í vetur verði ákveðin til þess fjárveiting á fjárlögum og við endurskoðun samgönguáætlunar. Verði ákveðið að hringtorg sé heppileg lausn á þessum stað mun taka 1–2 mánuði að gera þau og verður það væntanlega gert næsta sumar.

Þetta verkefni er að mínu mati brýnt, eins og reyndar mjög mörg endurbótaverkefni á þjóðvegakerfi landsins, og þess vegna lagði ríkisstjórnin til við Alþingi að sett yrði fjárhæð inn í fjáraukalög til þess að ganga í framkvæmdir við sérstakar umferðaröryggisaðgerðir á Vesturlandsvegi, þar á meðal á Kjalarnesi, og sömuleiðis um Hellisheiði. Fyrir þinginu liggur sú tillaga að setja milljarð í það verkefni.

Ég fól Vegagerðinni að hefjast handa til að vinna tíma þá þegar við að undirbúa þetta og í því ljósi er vinnan hafin við hönnun hringtorgsins. Það er talin viðunandi lausn að setja hringtorg við Þingvallavegamótin og auka þar með öryggi á þessum stað.

Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að íbúar í Mosfellsdal heimsóttu samgönguráðuneytið ekki alls fyrir löngu til að ræða umferðaröryggismál á þessu svæði og í dalnum. Þau lögðu fram áskorun og undirskriftalista. Það er alltaf heilmikill stuðningur, held ég, fyrir okkur stjórnmálamenn að vita af stuðningi og vilja íbúa til þeirra aðgerða sem ráðist er í. Ég hef margsagt að við þyrftum að vinna að úrbótum á þessari leið og að því hefur verið unnið á undanförnum árum. Það er búið að breikka veginn í gegnum Mosfellsbæinn og þar hafa verið sett hringtorg til að auka flæðið og bæta ástand umferðarinnar. Mislæg gatnamót voru sett við gatnamót Vesturlandsvegar og Víkurvegar eins og þekkt er og vegurinn breikkaður upp að Skarhólabraut. Næstu verkefni eru þá að ljúka tvöfölduninni algerlega á milli Skarhólabrautarhringtorgsins og þess hringtorgs sem er fyrir ofan.

Þessi framkvæmd við Þingvallaveginn er sem sagt á dagskrá og ég vísa til þess að fjárlaganefnd hefur afgreitt frá sér tillögu um fjárveitingu. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en að þeir fjármunir verði til ráðstöfunar og að hægt verði að ljúka þessari mikilvægu framkvæmd næsta sumar þannig að það verði unnið að henni þegar best er og blíðast, þegar vorið kemur og hægt verður að vinna þetta eins hagkvæmt og kostur er.

Þetta er svar mitt, virðulegi forseti, og ég vænti þess að fregnirnar berist hratt upp í Mosfellsbæ. Það hefur gerst áður.

[13:32]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Þetta er svolítið lýsandi fyrir umræður um vegamál, hér er verið að tala um einstakt hringtorg. Stefnan í vegamálum er í þoku. Hæstv. ráðherra var á fundi í morgun þar sem hann lýsti því yfir að það þyrfti stórátak í vegagerð. Það er svo sannarlega ástæða til þess að taka eftir því þegar hæstv. samgönguráðherra leggur mat á stöðu síns eigin verkefnis sem er auðvitað að vinna að vegagerð á Íslandi.

Það er svo sannarlega ástæða til að vinna stórátak í vegagerð á Íslandi. Okkur hefur miðað mjög hratt aftur á bak á síðustu árum ef við setjum málefnin í samhengi við þörfina. Ég spyr þess vegna hæstv. samgönguráðherra: Eru að fæðast einhverjar áætlanir um að klára þau málefni sem um er að ræða á þessu svæði, veginn út frá Reykjavík í norður og vestur og veginn (Forseti hringir.) frá Reykjavík í austurátt?

[13:33]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Þetta verkefni sem minnst er á er mjög brýnt og ber að skoða rækilega og fara í sem allra fyrst. Það sem ég vil þó vekja athygli á er að nú á þessu ári er hlutfallið af úthlutun ríkissjóðs til vegamála tvisvar sinnum lægra en það var í upphafi kjörtímabilsins. Þá var það 4,4% en nú er það 1,5% þannig að það fer hlutfallslega miklu lægri ... (Gripið fram í.) Í krónum? spyr hv. þingmaður. Það er einnig lægra. Það voru rúmir 4 milljarðar 2003 en á þessu ári fyrirhugað að verði 2,8 milljarðar til viðhalds.

Þetta eru tölur frá upplýsingaþjónustu Alþingis, fengnar í þessu húsi. Ég vonast til þess að hv. þingmenn hristi ekki hausinn hér og efist um þessar tölur sem koma frá ábyrgum aðilum. (Forseti hringir.) Við eigum að ræða þessa hluti eins og þeir eru en ekki í einhverri kosningatölfræði eins og hæstv. ráðherra er tamt.

[13:34]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að við hljótum að fagna öllum vegabótum sem eru gerðar á Vesturlandsvegi. Ég hef áður sagt að Vesturlandsvegur er á margan hátt mjög erfiður vegur og á stundum viðsjárverður. Það væri gaman að fá að heyra hvað hæstv. ráðherra ætlar að þetta tiltekna hringtorg eigi að kosta.

Mér finnst líka að þetta hljóti að vekja upp umræður um það að við þurfum að fara út í verulegar vegabætur á öllum þjóðvegum sem liggja að stór-höfuðborgarsvæðinu. Ég er ekki bara að tala um Vesturlandsveg, ég er líka að tala um veginn um Suðurland og Hellisheiði. Það er orðið mjög aðkallandi. Sú mjög svo jákvæða reynsla sem við höfum til að mynda haft af tvöföldun Reykjanesbrautar á skilyrðislaust að verða okkur hvatning til dáða í þessum efnum. Það á að leggja þessar miklu umferðaræðar þannig að um tvöfalda vegi verði að ræða.

[13:35]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Herra forseti. Ég fagna svari hæstv. ráðherra. Það er rétt að fréttirnar berast oft mjög hratt héðan og upp í Mosfellsbæ, a.m.k. þegar vegamál eru annars vegar. Vísar hæstv. ráðherra væntanlega til þess þegar við ræddum um tvöföldun milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar en það fór allt saman vel.

Ég fagna sérstaklega yfirlýsingu ráðherra um að hann skyldi hafa brugðist svona hratt og vel við ábendingum og óskum Mosfellinga um lagningu hringtorgs á afleggjara Þingvallavegar á Vesturlandsvegi. Ég fagna því sérstaklega að það eigi að verða tilbúið innan árs.

[13:36]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Menn velta fyrir sér í þessari umræðu

hvort eðlilegt sé að fjalla um svo litla framkvæmd sem eitt hringtorg, hvort ekki sé nauðsynlegt að leggja á ráðin um stærri áform. Ég get tekið undir það enda er samgönguáætlun stórt viðfangsefni og umfangsmikið. Engu að síður þurfa hin litlu verkefni líka að vera á dagskrá og það þarf að fjalla um þau, ekki síst ef það er til þess að bæta umferðaröryggi.

Hins vegar veit ég ekki hvaða upplýsingaþjónustu hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur heimsótt á þessum degi. Ef hann færi yfir það í hverju er verið að vinna í okkar kjördæmi ... (**SigurjÞ:** Það er viðhald á vegum.) Við vorum að tala um framkvæmdir. Hv. þingmaður kallar fram í að hann eigi við viðhald. Ég veit ekki hvaða viðhald hann er að tala um, hvort það ... (Gripið fram í.) Það er eitthvert mjög dularfullt viðhald. Hvað um það, þær tölur sem hann nefndi í þessu samhengi, framkvæmdir við samgöngumál, eru ekki í nokkru samræmi við veruleikann. Við erum að tvöfalda Reykjanesbrautina, það hefur orðið vart við það. Það er verið að vinna við tvöföldunina á Suðurnesjunum, í Garðabæ og Kópavogi, þar streyma stórar fjárhæðir í gegn, mörg hundruð milljónir. Það er unnið í kjördæmi okkar þingmannsins, Norðvesturkjördæmi, og þar eru boðin út verk í stórum stíl. Ég er ansi hræddur um að það verði að kanna þessa upplýsingaþjónustu sem vitnað var til. Traustustu heimildirnar eru náttúrlega fjárlög og samgönguáætlunin (Forseti hringir.) og ég held að þingmaðurinn ætti að halda sig við þær.

Umræðu lokið.

## *Suðurlandsvegur.*

Fsp. JGunn og BjörgvS, 137. mál. — Þskj. 137.

[13:38]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Herra forseti. Við leggjum fram fyrirspurn, tveir þingmenn Samfylkingar í Suðurk., sá sem hér stendur og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, um tvöföldun á Suðurlandsvegi. Við lögðum fram þessa fyrirspurn þann 9. október vegna frétta sem þá voru um stofnun einkahlutafélags um tvöföldun Suðurlandsvegar. Þar komu fram mjög athyglisverðar hugmyndir um hvernig mætti flýta tvöföldun þessa vegar og full ástæða er til þess að forvitnast hjá hæstv. samgönguráðherra um hvort hann taki undir þær hugmyndir sem þar eru eða ekki.

Umferðarþunginn á Suðurlandsvegi hefur stöðugt aukist og það er öllum ljóst sem fara þennan veg reglulega að það er full þörf á vegabótum á leiðinni. Öll rök hníga að því að ráðist verði í þessa framkvæmd sem fyrst, hvort sem við lítum á umferðaröryggissjónarmið eða tjón sem verða á þessari leið. Öll rök, fjárhagsleg, tilfinningaleg og öryggisleg, hníga að því að ráðist verði í tvöföldun á Suðurlandsvegi.

Suðurlandið er landsvæði sem á núna í harðri samkeppni við önnur nærsvæði höfuðborgarsvæðisins, hvort sem litið er til Suðurnesja eða Vesturlands, og við vitum að það eru miklar samgöngubætur á leiðinni á Suðurnes með tvöföldun Reykjanesbrautar. Síðan hafa samgöngur til Vesturlands batnað verulega á undanförnum árum og fyrirhugað er með lagningu Sundabrautar að laga þá tengingu enn frekar. Það er mín skoðun að ef Suðurland nýtur ekki samgöngubóta í svipuðum mæli með tvöföldun á Suðurlandsvegi muni verða dregið mjög verulega úr samkeppnismöguleikum þess svæðis við hin nærsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Ég held að öllum sé það ljóst sem keyrt hafa Suðurlandsveginn að sú lausn sem þar hefur verið unnið að, og til bóta, að framkvæma svokallaðan 2+1 veg með víravegrið á milli, er ekki lausn til frambúðar. Hér er um að ræða veg sem liggur yfir fjall og ég er alveg sannfærður um að eftir einn harðan og snjóþungan vetur muni enginn skilja hvernig í ósköpunum stóð á því að menn fóru í þessa lausn, þennan 2+1 veg með víravegrið á milli. Þá verður kallað mjög hart eftir tvöföldun.

Ég held að hæstv. samgönguráðherra þurfi í sjálfu sér að fara að viðurkenna að umferðarþunginn á þessari leið er orðinn slíkur að það þarf að tvöfalda leiðina og það verði eingöngu sparnaður að því að viðurkenna það sem fyrst í stað þess að leggja í mikinn kostnað við að búa til 2+1 veg og þurfa að tvöfalda stuttu síðar.

Því spyrjum við hæstv. samgönguráðherra hvort hann hyggist heimila nýstofnuðu einkahlutafélagi, Suðurlandsvegi ehf., einkaframkvæmd um tvöföldun á Suðurlandsvegi og í öðru lagi hvaða leiðir ráðherrann telji færar við að fjármagna framkvæmdina.

[13:42]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Hv. þingmenn spyrja:

„Hyggst ráðherra heimila nýstofnuðu einkahlutafélagi, Suðurlandsvegi ehf., einkaframkvæmd við tvöföldun Suðurlandsvegar?“

Ég hef enga ákvörðun tekið um heimildir til handa Suðurlandsvegi ehf. hvað varðar fjármögnun framkvæmda við Suðurlandsveg enda verður slík ákvörðun ekki tekin nema á grundvelli samgönguáætlunar sem Alþingi hefur samþykkt og á grundvelli laga sem mundu veita slíka heimild. Í gildandi lögum er ekki um slíka heimild að ræða. Eins og gerðist með Hvalfjarðargöngin á sínum tíma var um þá framkvæmd sett sérstök löggjöf. Slík ákvörðun verður ekki tekin nema að athuguðu máli og þá með hliðsjón af því hve mikið ríkið getur reitt fram af fjármunum vegna þessarar framkvæmdar yfirleitt. Þá verður að líta til þess að vart er um nokkurn hliðarvalkost að ræða fyrir vegfarendur sem því neyddust til að gangast undir þá gjaldtöku sem einkaframkvæmd byggir m.a. á. Komi til þess að velja leið einkaframkvæmdar verður væntanlega um útboð að ræða og ekki hægt að tryggja einu fyrirtæki verkið. Ég tel að einkaframkvæmd komi mjög vel til greina en það yrði að vera að undangengnu útboði þar sem allir aðilar hefðu jafnan rétt til að bjóðast til að vinna það verk, fjármagna það eða vinna á þeim nótum sem útboðið gerði þá ráð fyrir.

Þá er í öðru lagi spurt: „Hvaða leiðir telur ráðherra færar til að fjármagna framkvæmdina?“

Margar leiðir finnast til þess að fjármagna framkvæmdir á borð við þessa. Hver verður fyrir valinu hlýtur að byggja

á hve auðvelt er að afla fjár og hvaða kostnaður er við það. Hagkvæmnisrök og umferðaröryggi ráða fyrst og fremst ferðinni.

Ég vísa að lokum til þess að nú er að störfum nefnd á mínum vegum sem hefur það verkefni að skoða í grundvallaratriðum kosti einkaframkvæmdar í samgöngumálum og ég mun hafa þá vinnu til hliðsjónar þegar mótuð verður stefna um það atriði í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, vil ég segja um þetta að ég tel að við eigum að leita allra leiða til að hraða framkvæmdum við uppbyggingu Suðurlandsvegar um Hellisheiði. Þetta er hins vegar nokkuð stórt verk. Tvöföldun vegarins frá Rauðavatni að Selfossi kostar á bilinu 5–7 milljarða, eins og kom fram í svari mínu til hv. þingmanns fyrr á þingi, eftir því hvaða útfærslur yrðu þar á tengingum, hvort það yrðu mislæg gatnamót, hringtorg eða aðrar lausnir. Það þarf að meta. Endurbygging þessarar leiðar með 2+1 aðferðinni með víraleiðurum sem ég heyri að hv. þingmaður efast um mundi hins vegar kosta 2 milljarða.

Þarna þarf að vega kalt umferðaröryggisþáttinn og framkvæmdahraðann. Við fórum af stað með úrbætur á Hellisheiðinni, í Svínahrauninu, með þessari sænsku útfærslu á 2+1 vegi sem nokkur reynsla hefur fengist af. Það blasir við að gera þarf endurbætur á þeirri útfærslu, breikka veginn, og Vegagerðin mun væntanlega þegar slíkur vegur verður byggður upp í framtíðinni byggja hann upp breiðari. Afkastageta slíks vegar er talin vera 10–12 þús. bílar á sólarhring þannig að það er töluvert mikil afkastaaukning að sjálfsögðu miðað við þegar um eina akrein í hvora átt er að ræða.

En hvað um það, ég tel að við þurfum að skoða þetta allt saman við endurskoðun á samgönguáætluninni. Aðalatriðið er að við reynum að ná sem lengst í þessari uppbyggingu en til þess þarf aukið fjármagn. Eigum við að taka það úr öðrum verkefnum, eigum við að taka lán eða eigum við að fara í einkaframkvæmd og (Forseti hringir.) selja aðgang að þessum vegi? Ég tel að á næstunni verði fjallað um það.

[13:47]

**Kjartan Ólafsson:**

Herra forseti. Við nutum þess, þingmenn Suðurkjördæmis, að fá heimsókn úr Árnesþingi til okkar þar sem ýmis mál voru rædd og m.a. samgöngumál. Þá kom fram hjá einum af okkar ágætu héraðshöfðingjum að menn rifust ekki eða deildu um einbreiðar brýr eða sjúkrahúsbyggingar og ástæðan væri sú að menn væru yfirleitt hræddir við slík mannvirki. Þannig er það með Suðurlandsveginn. Menn ræða ekki og rífast um hann, menn eru einhuga um hann vegna þess að menn óttast þessa leið og þann veg sem nú er og því er einhugur á Suðurlandi um það að brýnasta verkefnið í samgöngumálum sé að tvöfalda leiðina frá Rauðavatni og austur fyrir Selfoss. Allar tölur, umferðartölur sem fyrir liggja, sýna að það er mun meiri umferð á þessum vegi nú en var þegar sú ákvörðun var tekin á Alþingi að tvöfalda Reykjanesbrautina. (Forseti hringir.) Þess vegna er augljóst að framkvæmdin er þörf.

[13:48]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að það er þverpólitísk samstaða um það á Suðurlandi að tvöfalda eigi veginn tafarlaust frá Rauðavatni til Selfoss. En sú samstaða nær því miður ekki inn í Sjálfstæðisflokkinn af því að hæstv. samgönguráðherra hefur nú boðað að verkhönnun og útboð á 2+1 vegi á þessari leið eigi að hefjast um áramótin þar sem lagt er til að 2+1 vegur verði lagður og það verði látið duga til ársins 2030. Svo langt nær samhugurinn eða hin þverpólitíska samstaða. Hún nær ekki inn í þingflokk Sjálfstæðisflokksins, hún nær ekki inn í ríkisstjórnina. Hæstv. samgönguráðherra er með þessu að gera félaga sinn, hæstv. fjármálaráðherra, að ómerkingi orða sinna en allir þingmenn kjördæmisins og frambjóðendur í prófkjöri sjálfstæðismanna á dögunum boðuðu tvöföldun á Suðurlandsvegi alla leið. Um það efast enginn en samgönguráðherra er þar þrándur í götu og því er skorað á hann (Forseti hringir.) að láta af þrákelkni sinni í málinu og gera mönnum ekki þann óleik sem hann gerir hér.

[13:49]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Hvort það er nærvera góðra sunnlenskra gesta hér uppi á pöllum eða sú staðreynd að kosningar eru fram undan eða þá fagleg efnisleg rök, þá hefur skapast mjög þverpólitísk samstaða meðal þingmanna Suðurkjördæmis og ég held almennt íbúa þess kjördæmis um nauðsyn þess að tvöfalda Suðurlandsveg og það hið bráðasta. Ég vil nota þetta tækifæri og fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. ráðherra gaf hér. Ég skil hann ekki öðruvísi en svo en hann sé einmitt opinn fyrir því að svara þeirri þverpólitísku samstöðu sem hefur skapast og þegar þverpólitísk samstaða skapast þá næst líka árangur. Þess vegna fagna ég þeirri yfirlýsingu sem hæstv. ráðherra gaf, hvort heldur það verður gert með hefðbundnum hætti eða einkaleiðin svokallaða farin má einu gilda, bara að farið verði fljótlega og sem allra fyrst út í þá mikilvægu framkvæmd sem tvöföldun Suðurlandsvegar er. Þess vegna fagna ég yfirlýsingu hæstv. ráðherra.

[13:51]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég hef alltaf verið svolítið skotinn í því að farið verði í einkaframkvæmdir hvað varðar svona stór verkefni í vegagerð, sérstaklega þegar um er að ræða að það geti orðið til þess að flýta framkvæmdum umfram það sem annars hefði orðið ef ríkissjóður ætti að borga dæmið. Hvalfjarðargöngin eru ágætt dæmi um það. Hvort það sé hins vegar leiðin sem ætti að fara í þessu tilfelli ætla ég ekki að dæma um hér og nú. Ég vil fá að kynna mér málið betur áður en ég tek afstöðu til þess. Hins vegar held ég að það sé afskaplega brýnt að þessi vegur verði tvöfaldaður, sú 2+1 lausn sem er núna er á margan hátt mjög misheppnuð, sérstaklega á annarri akreininni, þ.e. þeirri einu með víravegriðinu á milli, maður er dauðhræddur við það sérstaklega við sem ökum oft á mótorhjólum. Það er stórhættulegt. Það er ómögulegt að snúa við þegar eitthvað kemur upp á, menn verða bara að halda áfram út á enda.

Þetta er mjög gallað og þetta er engin lausn til frambúðar. Við hljótum að kalla eftir tvöföldum vegi.

[13:52]

**Dríía Hjartardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með félögum mínum, þingmönnum hér, að það er mjög mikilvægt að tvöfalda Hellisheiðina, tvöfalda Suðurlandsveginn austur fyrir Selfoss. Við sjáum hve vel hefur gefist með tvöföldunina á Reykjanesbrautinni. Það er orðið allt annað að aka þann veg. Fólk er öruggt, þetta er mikið öryggismál. Ég tel að leita eigi allra leiða til að hraða þessu verki sem mest má og hætta við 2+1 leiðina þegar í stað. Það er ekkert annað ásættanlegt en tvöfaldur vegur. Fyrir því höfum við þingmenn talað í mörg ár og við viljum að hlustað sé á okkur um að farið verði í tvöföldun á Hellisheiðinni. Það er ekki nokkur spurning um að það eiga ekki að vera nein veggjöld á þeirri leið frekar en öðrum. Þessar stofnleiðir, eins og Reykjanesbrautin, Suðurlandsvegurinn og Vesturlandsvegurinn, eiga allar að vera 2+2 leiðir.

[13:53]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil koma því að að ég tel að sömu lögmál gildi um allar þrjár leiðirnar að og frá höfuðborginni. Það eru í rauninni mjög álíka kröfur sem við eigum að gera til allra þessara leiða. Það er búið að sanna sig með þeirri vegarlagningu sem nú er komin út á Reykjanesið, að því leyti til sem hún er komin, að það er auðvitað framtíðin að búa vegina þannig út að tvær akreinar séu í hvora átt. Þetta er dýrt en það kemur greinilega til baka í því að koma í veg fyrir slys.

Hvort fara eigi fram einkafjármögnun á slíkum framkvæmdum, sem hæstv. samgönguráðherra virðist vera mjög hrifinn af, er eitthvað sem ég set spurningarmerki við. Ég spyr: Því í ósköpunum þarf á því að halda núna þegar ríkissjóður hefur yfir svona gríðarlegu fjármagni að ráða? (Forseti hringir.) Mér fyndist að hæstv. ráðherra ætti að fara yfir það hver þörfin fyrir það er núna.

[13:54]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Mér finnst mjög mikilvægt í umræðu um vegamál að menn líti á heildarmyndina. Í því augnamiði bað ég ágæta upplýsingaþjónustu Alþingis um að taka saman ákveðin gögn, þ.e. útgjöld til vegamála frá 1998–2007. Þau skiptast til vegagerðar í fjárfestingar og viðhald. Mér finnst miður að heyra hæstv. ráðherra gera lítið úr þessari þjónustu, sem er mjög góð, og heyra jafnvel hv. þingmenn gjamma fram í og draga trúverðugleika þessara upplýsinga í efa. Þessar upplýsingar sýna einfaldlega að það er alltaf ákveðin kosningasveifla í útgjöldunum. Á kosningaári taka vegamálin mikinn kipp eins og var m.a. boðað á fundi í morgun að það á að koma kippur í þessi mál á næsta ári. En það sem þessi útgjöld sýna í heild sinni er að árið 2003 voru þau rúmir 12 milljarðar, svo dregur úr útgjöldunum (Forseti hringir.) en síðan er kosningaár fram undan og þá ætlar hæstv. ráðherra að bæta í.

[13:55]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég heyrði ekki betur en hæstv. samgönguráðherra viðurkenndi að 2+1 leiðin á Suðurlandsvegi væri gölluð og þyrfti að endurbæta hana. Hæstv. ráðherra sagði að komið hefði í ljós að þessi sænska aðferð sem menn studdust við og notuðu gengi ekki við þessar aðstæður, það þyrfti að breikka svona vegi ef nota ætti sömu aðferðir og Svíarnir nota. Ég vil því skora á hæstv. ráðherra að í stað þess að fara að leggja til einhverja fjármuni í að breikka þessa gölluðu 2+1 leið að ganga alla leið og viðurkenna það í eitt skipti fyrir öll og það sé full þörf á því að reisa þarna alvöruveg, veg sem er með tveimur akreinum í hvora áttina.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði að það væri þverpólitísk samstaða og einhugur um þetta verk meðal þingmanna Suðurkjördæmis. Það lítur oft og tíðum út að svo sé. En ég verð að segja alveg eins og er að á síðasta þingi þegar við þingmenn Samfylkingarinnar ásamt hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni lögðum fram þingsályktunartillögu sem gekk út á það að á fjórum árum yrði gengið í það að klára þá framkvæmd að kominn yrði upplýstur tvöfaldur vegur yfir Hellisheiði á árinu 2010, þá náði samstaðan ekki lengra en svo að þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins voru ekki tilbúnir til þess að vera meðflutningsmenn á þingsályktunartillögu okkar. Það verður að gera þá kröfu til þingmanna að þeir tali eins utan þingsalar og innan en ekki sitt hvorri röddu eftir því hvar þeir eru staddir.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt að það eigi að gera þetta. Það stefnir í slag við ríkisstjórnina af því að hæstv. samgönguráðherra telur að það sé ekki hægt að gera þetta núna. Kostnaðurinn er upp á 5–7 milljarða þar sem tjónakostnaðurinn einn er um milljarður á ári. Það er ekki spurning, (Forseti hringir.) það á að ráðast í þessa framkvæmd strax.

[13:57]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Þegar þingsályktunartillaga þeirra samfylkingarmanna og Magnúsar Þórs Hafsteinssonar var lögð fram hafði Alþingi þegar samþykkt sérstaka þingsályktun um vegamál. Það væri því algert einsdæmi ef síðan hefði verið brotið upp það lagaumhverfi sem gerir ráð fyrir að Alþingi fjalli um samgönguáætlun og tekinn út einn ákveðinn kafli á vegakerfinu og ályktað alveg sérstaklega um hann. Þetta er náttúrlega svo augljós sýndarmennska sem gengur gegn lögum að það er ekki hægt að ræða frekar um það.

Hvað varðar Suðurlandsveginn þá hef ég marglýst því yfir að ég telji að þessar æðar út frá höfuðborginni, Reykjanesbraut, Suðurlandsvegur — alla leið austur að Þjórsá nefndi ég einu sinni, ég tel að þetta eigi við alla leið að Markarfljóti með tilkomu Bakkafjöruhafnar — og Vesturlandsvegur upp í Borgarnes eigi að vera tvíbreiðir vegir, 2+2. Ég hef marglýst þessu yfir. Svo koma þingmenn upp, eins og Björgvin G. Sigurðsson, trekk í trekk og halda því fram að samgönguráðherra sé einhver þröskuldur í þessu máli. Þetta er ekki málflutningur sem ég get metið að verðleikum. Minn vilji stendur alveg klár. Hins vegar er það deginum ljósara að við gerum ekki alla hluti strax á morg-

un. Þess vegna erum við að fjalla um fjárlög, þess vegna erum við að fjalla um samgönguáætlun, gera áætlun um að gera þetta í ár, annað næsta ár og svo koll af kolli. (Gripið fram í.) Vegirnir og vegakerfið á Íslandi var ekki byggt upp á einni nóttu. Þess vegna þurfum við að vanda okkur (Forseti hringir.) og vinna af sanngirni og öryggi og ég er alveg sannfærður um að um það verður sátt í þinginu þegar búið er að skýra þetta út fyrir Samfylkingunni.

Umræðu lokið.

[14:00]

**Útbýting:**

Fjárlög 2007, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 421; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 422.

## *Hjólreiðabrautir.*

Fsp. KBald, 379. mál. — Þskj. 416.

[14:00]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Baldursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgönguráðherra en áður en ég fylgi henni úr hlaði með fáeinum orðum vil ég lesa fyrirspurnina eins og henni hefur verið dreift:

Hefur ráðherra látið undirbúa áætlun um að lagðar verði hjólreiðabrautir sem verði fullgildur samgöngukostur?

Rökin fyrir að leggja hjólreiðabrautir sem fullgildan samgöngukost eru mýmörg, t.d. er þetta heilsuspursmál og til að sporna við mengun. Einnig felst í slíkri aðgerð sparnaðarsjónarmið, t.d. ef um er að ræða stuttar vegalengdir.

Það sem ég vil leggja áherslu á, virðulegi forseti, er að samgönguyfirvöld hafi forgöngu um lagningu hjólreiðabrauta með Vegagerðina sem framkvæmdaraðila. Ef vel á að takast þarf lagning hjólreiðabrauta að vera í samstarfi við skipulagsyfirvöld og vera hluti af starfi Vegagerðarinnar. Hjólreiðabrautir hafa þá sérstöðu að þær þarf að leggja með sem minnstum halla. Þær þurfa að fylgja hæðarlínum eins mikið og kostur er ef þær eiga að nýtast sem fullgild samgönguleið. Þess vegna þarf að hugsa lagningu hjólreiðabrauta frá upphafi og samhliða hönnun og skipulagningu vegakerfis.

Herra forseti. Hvað varðar útivistarhjólreiðastíga gilda aðeins önnur lögmál að mínu mati og aðrar kröfur. Hingað til hefur að miklu leyti verið ætlast til að hjólað sé á útivistarstígum sem ekki eru lagðir með áðurnefndum kröfum. Virðulegi forseti. Útivistarhjólreiðarstíga má leggja með miklu meiri halla og ekki er eins brýnt að þeir fylgi áætlun skipulagsyfirvalda í vegamálum.

[14:02]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Hér inni eru ýmsir áhugamenn sem hafa tekið málefni hjólreiðamanna upp í þinginu. Þeir eru reyndar ekki mjög margir en ég tel að það sé fyllilega þörf á því að fara yfir þessi mál og svar mitt við fyrirspurninni er þetta:

Í gildandi vegalögum eru hjólreiðastígar ekki skilgreindir vegflokkur né um þá fjallað með öðrum hætti. Því er ekki um það að ræða að gera sérstaka áætlun um lagningu þeirra að svo komnu máli að óbreyttum lögum. Í drögum að nýjum vegalögum sem verið hafa til kynningar og eru á heimasíðu ráðuneytisins og eru til frekari vinnslu, eru hjólreiðastígar skilgreindir sérstaklega sem vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Í drögum að þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita fé í samgönguáætlun til almennra hjólreiðastíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög.

Í vinnu við samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018 verður fjallað um hjólreiðastíga svo framarlega sem sú löggjöf verður staðfest á Alþingi. Þar verður kveðið á um að stefna skuli að því að breyta þessari framkvæmd og þá yrði heimilað að taka þátt í gerð hjóla- og göngustíga meðfram stofnbrautum í þéttbýli og meðfram umferðarmestu þjóðvegum í dreifbýli til jafns við reiðvegi. En eins og hv. þingmenn þekkja er í samgönguáætlun gert ráð fyrir fjárveitingum til reiðvegagerðar við þjóðvegi og þar er fyrst og fremst miðað við að tryggja öryggi ökumanna, bæði gangandi og ríðandi, og bægja umferð ríðandi manna frá vegunum. Ef þetta verður niðurstaðan og samþykkt verður á Alþingi að taka hjólreiðastígana inn, sem ég tel að eigi að gera, þá þarf auðvitað að tryggja fjármuni til þess inn í samgönguáætlun. Ég legg áherslu á að hjólreiðafólki sem og gangandi fólki sé tryggð eins góð aðstaða og hægt er. Fyrst og fremst er það til að auka öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda meðfram umferðarmestu þjóðvegum, bæði í þéttbýli sem utan þess. Ég tel brýnt að umferð hjólandi og gangandi vegfarenda blandist ekki um of umferð ökutækja þar sem umferðarhraði er jafnmikill og raun ber vitni mjög víða.

Við vitum að hjólreiðar hafa aukist mikið við þéttbýli og þó að ég eigi ekki von á að hjólið verði meginsamgöngutæki okkar Íslendinga í framtíðinni þá þarf engu að síður að taka tillit til þessara aðstæðna og tryggja öryggi í umferðinni, öryggi hjólreiðafólks sem annarra. Þess vegna tel ég, virðulegur forseti, að Alþingi eigi að fjalla um þetta og það þurfi að breyta lögum sem að þessu lúta og ég geri ráð fyrir því að áður en langt um líður muni það frumvarp líta dagsins ljós á hv. Alþingi.

[14:06]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil meina að hæstv. samgönguráðherra hafi verið að gefa hér tímamótayfirlýsingu og vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrirspurnina og benda henni á að það liggur einmitt fyrir þinginu þingsályktunartillaga sem flutt hefur verið í fjögur ár í röð þar sem við þingmenn úr öllum flokkum höfum verið að hamra þetta járn og reyna að fá hæstv. samgönguráðherra til að átta sig á því hversu mikilvægt það er að leggja hjólreiðabrautir af því tagi sem hv. þingmaður talar fyrir og sem kveðið er á um í þingsályktunartillögu okkar. Við höfum hins vegar ekki haft erindi sem erfiði með að koma tillögu okkar í gegnum þingið en nú fjölgar greinilega þeim þingmönnum innan Sjálfstæðisflokksins sem ætla að leggjast á sveifina og ég er afar glöð að sjá það og heyra og sömuleiðis glöð að heyra að hæstv.

ráðherra skuli vera búinn að átta sig á mikilvægi þessa máls og þess sé nú að vænta að gerðar verði (Forseti hringir.) lagabreytingar í þessum efnum.

[14:08]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Hér kemur fram algerlega tímabær fyrirspurn frá hv. þm. Kolbrúnu Baldursdóttur, um hjólreiðabrautir sem fullgildan samgöngukost. Við þekkjum það, a.m.k. í þéttbýli, að oft og tíðum er verið að reyna að troða hjólreiðastígum eða hjólreiðabrautum eftir á inn í samgönguleiðir með mismunandi árangri og þetta vill oft verða afgangsstærð en sem betur fer er nú farið að huga að því í skipulagi sveitarfélaga að taka hjólreiðaleiðir eða hjólreiðastíga inn í skipulag og gera ráð fyrir þeim alveg frá upphafi og það hlýtur að verða til mikilla bóta.

Hvað varðar aftur á móti hjólreiðaleiðir utan þéttbýlis þá vantar svolítið á að tekið sé betur á í því máli og bendi ég á hjólreiðastíg meðfram tvöfaldri Reykjanesbraut. Það virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir honum í hönnun og ég veit ekki til þess að búið sé að hanna hann enn þá.

[14:09]

**Drífa Hjartardóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kolbrúnu Baldursdóttur fyrir að vekja máls á þessu ágæta máli sem nafna hennar Kolbrún Halldórsdóttir hefur barist fyrir í mörg ár. Ég tel að þetta sé mjög gott mál því við sjáum hvað hjólreiðamönnum hefur farið fjölgandi og af því að við vorum að ræða um Suðurlandsveginn áðan þá vil ég nefna ört vaxandi fjölda hjólreiðamanna sem fara um Hellisheiðina og í rauninni eru þeir í stórhættu. Þess vegna fagna ég því sem hæstv. ráðherra sagði áðan, það skiptir miklu máli að tryggja öryggi vegfarenda hvort sem þeir eru gangandi, ríðandi eða akandi.

[14:10]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að gleðjast yfir því að málið sé á dagskrá og hæstv. ráðherra gefi það út að það eigi að ráðast í gagngerar breytingar á lagagerð hvað þetta varðar. En fram að þessu hafa samgöngur á borð við hjólreiðar verið afgangsstærð í samgönguker fi okkar Íslendinga eins og allir vita. Hjólreiðar á þjóðvegum utan þéttbýlis eru oft á tíðum stórhættulegar og þar er fólk í mikilli hættu og lítið ráð fyrir því gert. Það er því að sjálfsögðu ánægjuefni að hv. fyrirspyrjandi skuli taka þetta upp og það skuli vera sett á dagskrá með þessum hætti eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur ítrekað gert og það njóti aukins skilnings meðal samgönguyfirvalda að gera verði ráð fyrir hjólreiðabrautum sem afgerandi samgöngukosti til að þetta verði að veruleika, enda er þetta mjög vaxandi ferðamáti.

[14:11]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Kolbrúnu Baldursdóttur, að hreyfa þessu máli og samfagna henni og nöfnu hennar Halldórsdóttur vegna yfirlýsingarinnar sem hæstv. ráðherra gaf.

Nú er það svo að innviðir í samgöngumannvirkjum okkar byggja á ofurtrú og allt að því dýrkun á bílnum, einkabílnum sérstaklega, þrátt fyrir þá staðreynd að stöðugt vaxandi fjöldi hefur áhuga á því að nota reiðhjól sem fararskjóta fyrir utan svo vaxandi ferðamennsku með hjólum. Þessir hjólreiðakappar eru í bráðri hættu miðað við þá innviði sem við búum við núna og þess vegna er það mjög mikið fagnaðarefni og tilhlökkunarefni fyrir samgöngunefnd að takast á við þá góðu yfirlýsingu, taka þann bolta sem hæstv. ráðherra gaf upp hér því að skipulagðar hjólreiðar eru nauðsynlegar vegna öryggis að ekki sé talað um hollustu.

[14:12]

**Ellert B. Schram:**

Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að taka þátt í þessari umræðu. Sem fyrrverandi forseti í Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands veit ég að málefni hjólreiðamanna hafa komið þar inn á borð og ég hef orðið var við að þeir eiga undir högg að sækja. Þeir hafa verið hornreka víða og þá ekki síst í aðstöðu til að stunda hjólreiðar hvort sem það er gert í íþróttaskyni eða sem almennur samgöngumáti. Það er í þessu eins og öðru, það er spurningin hvort kemur á undan hænan eða eggið. Það er náttúrlega eðlilegt að hjólreiðar séu ekki mjög útbreiddar á Íslandi af þeirri einföldu ástæðu að aðstæður hafa ekki verið þeim hentugar eða vinveittar og þess vegna lýsi ég yfir ánægju minni með þá yfirlýsingu sem hæstv. ráðherra hefur gefið um að bragarbót verði gerð þar á. Ég held að (Forseti hringir.) það verði til mikils stuðnings fyrir hjólreiðafólk og líka til að vinna gegn of mikilli notkun bifreiða.

[14:13]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Baldursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir skjót og greinargóð svör og ég vil jafnframt þakka hv. þingmönnum fyrir að taka til máls. Ég fagna hversu góð viðbrögð þetta hefur fengið og ég heyri og geri mér grein fyrir að málið hefur áður verið til umræðu. En núna skiptir máli að við tökum höndum saman, hið háa Alþingi og samgönguráðherra, það þarf að breyta lögum og það þarf að tryggja að þetta verði sett í forgang því að lífið getur legið við. Við ætlumst til þess að fólk hafi hjálma, börnin okkar, unglingar og fullorðnir hafi hjálma en sendum síðan fólkið út í umferðina þar sem það er í rauninni í stórkostlegri hættu. Ég vil þakka fyrir og lýsa ánægju minni með hversu góðar undirtektir þetta mál hefur fengið og vonandi fær það farsælan endi.

[14:14]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Allt hefur sinn tíma má segja og að þetta verkefni sem snýr að hjólreiðum og stígum fyrir þá sem fara um á hjóli hafi setið á hakanum er vegna þess að önnur brýnni verkefni hafa verið talin þurfa vera framar og á undan, af þeim mörgu verkefnum sem legið hafa fyrir.

En ég vil vísa til þess sem segir í skýrslu um umhverfismat áætlana vegna samgönguáætlunar fyrir árin 2007–2018, en áætlunin hefur verið nefnd nokkrum sinnum

í dag. Það er unnið að henni á vegum samgönguráðuneytisins og samgönguráð er að vinna að undirbúningi hennar. Hluti af því starfi er lögum samkvæmt að meta áætlunina, umhverfismeta hana, og núna er á netinu umhverfismatsskýrsla vegna þessarar áætlunar og drög að samgönguáætlun þar sem eru nefnd verkefni, ekki röðun verkefna heldur verkefni og stefnan. Þar kemur eftirfarandi fram sem stefna samgönguráðuneytisins hvað varðar hjólreiðar:

„Til að stuðla að frekari uppbyggingu göngu- og hjólastíga er mikilvægt að stuðla að gerð hjóla- og göngustíga meðfram stofnvegum í þéttbýli. Á sama hátt verði skoðuð þátttaka ríkisins í gerð hjóla- og göngustíga meðfram fjölförnustu stofnvegum í dreifbýli."

Þetta er stefnumótun sem kemur fram í samgönguáætlunardrögunum og eftir henni er unnið í ráðuneytinu.

Umræðu lokið.

## *Starfslok starfsmanna varnarliðsins.*

Fsp. JGunn, 136. mál. — Þskj. 136.

[14:17]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Herra forseti. Hér er um að ræða nokkuð gamla fyrirspurn. Hún var lögð fram 3. október, þ.e. stuttu eftir starfslok starfsmanna sem áður höfðu unnið hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Fyrirspurnin snýst um það hvort hæstv. utanríkisráðherra finnist koma til greina að hlutafélagið sem stofnað var um eignirnar á Keflavíkurflugvelli komi að einhverju leyti að gerð starfslokasamninga við fyrrverandi starfsmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Við vitum betur en frá þurfi að segja að það var ákveðin þrjóska og ofmat íslenskra ráðherra á eigin getu sem leiddi til þess að Bandaríkjamenn ákváðu að fara frá Íslandi með tiltölulega skömmum fyrirvara, styttri fyrirvara en nokkur hefði getað látið sér detta í hug. Samningamenn íslenska ríkisins voru í þröngri stöðu eftir að búið var að tilkynna brottförina og við vitum, eins og ég sagði áðan, af hverju sú þrönga staða kemur til. Ég hélt að í þeirri stöðu yrði þó lögð áhersla á að reyna að tryggja viðunandi starfslok þeirra fjölda starfsmanna sem höfðu að mestu eða öllu leyti eytt starfsævi sinni í störfum fyrir varnarliðið.

Við vitum að utanríkisráðuneyti íslenska ríkisins hefur alltaf í raun borið vinnuveitendaábyrgðina gagnvart starfsmönnunum. Við þekkjum að þegar varnarliðið hefur þverskallast við að greiða samkvæmt samningum eða að öðru leyti brotið á kjörum starfsmanna hefur utanríkisráðuneytinu verið stefnt. Fjöldi dómsmála vitnar um það að þegar upp er staðið er það utanríkisráðuneytið eða íslenska ríkið sem ber ábyrgðina gagnvart íslenskum starfsmönnum varnarliðsins.

Það virðist ekki hafa verið neinn vilji af hálfu íslenska ríkisins að reyna að gæta hagsmuna starfsmannanna í samningunum við Bandaríkjamenn. Einu svörin sem verkalýðsfélög og sveitarstjórnir á Suðurnesjum fengu þegar ríkið var hvatt til þess að gæta hagsmuna starfsmannanna var að ekki væri hægt að finna neina leið til þess í samningum að gæta hagsmuna þeirra, einungis væri um formlegan uppsagnarfrest að ræða hjá bandaríska hernum og ekkert sem ríkið gæti gert til að knýja á í samningum um annað. Þetta var lína samningamanna ríkisins þó að vitað væri um dæmi annars staðar þar sem bandarískt herinn hefði gert betur við starfsmenn sína við niðurlagningu á herstöðvum.

Við vitum hvað íslenska ríkið fékk í sinn hlut. Það voru ruslahaugarnir og tiltekt á þeim og síðan mannvirkin á flugvellinum. Mannvirkin eru verðmæt þar sem þau standa þegar búið verður að koma þeim í not og þau verða lögð til þessa nýja hlutafélags um varnarliðseignir. Því er eðlilegt að spyrja, í ljósi þess að herinn skilur þó eftir ákveðin verðmæti eftir starfsemi sína, hvort ekki sé rétt að velta því fyrir sér að þetta nýja félag tryggi starfsmönnum varnarliðsins, sérstaklega eldri starfsmönnum, sómasamleg starfslok umfram það sem bandarískt herinn var tilbúinn að gera. Ég held að íslenska ríkið skuldi þessum starfsmönnum sem hafa eytt allri starfsævi sinni þarna upp frá sómasamlegri starfslok en bandarískt herinn var tilbúinn til að standa að.

[14:20]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr:

Telur ráðherra koma til greina að hlutafélag um eignir á varnarsvæðum komi að gerð samninga um starfslok við fyrrverandi starfsmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli?

Svarið við því er neitandi. Stofnfundur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. var haldinn 24. október sl. og er tilgangur félagsins að annast framtíðarþróun og umbreytingu á því varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli sem koma á í arðbær borgaraleg not. Í því felst m.a. að gera úttekt á þróunar- og vaxtarmöguleikum svæðisins, annast rekstur, umsjón og umsýslu tiltekinna eigna, þar með talið sölu og útleigu eigna, hreinsun svæða og niðurrif mannvirkja eftir atvikum. Það er hins vegar ekki hlutverk félagsins að koma að gerð samninga um starfslok við fyrrverandi starfsmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

[14:21]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson vekur hér upp umræðu á mjög svo þörfu málefni. Ég hef áður sagt það í þessum ræðustól og víðar að ég tel skilyrðislaust að íslenska ríkið hefði átt að gera einhvers konar starfslokasamninga við þá íslensku starfsmenn sem unnu á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli. Þetta eru mjög sérstakar aðstæður, og sérstakar aðstæður kalla á sérstakar lausnir. Þetta ágæta fólk sem vann hjá bandaríska hernum var ekki bara að vinna hjá bandaríska hernum. Þó að það fengi kannski laun sín þaðan vann það líka í þágu okkar Íslendinga. Þess vegna tel ég að okkur beri siðferðisleg skylda til að veita þessu fólki sómasamleg starfslok.

Ég kalla líka eftir því að íslensk stjórnvöld geri könnun á því hvað varð um þetta starfsfólk, í hvernig störf það hefur farið og hvort það hafi fengið betri eða verri störf eftir að það lauk vinnu sinni hjá Bandaríkjaher.

[14:23]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp. Hér er um brýnt mál að ræða. Það er nefnilega svo að það er til skammar hvernig skilið var við margt af því starfsfólki sem var hjá varnarliðinu. Það vita allir og það blasir við að það þarf að gera könnun á högum þess, hvað varð um þetta fólk og í hvernig störf fór það. Margt af þessu fólki, eldra ófaglært fólk á mjög erfitt með að fá vinnu sem stendur nokkurn launalegan samjöfnuð við það sem það hafði áður hjá varnarliðinu. Þetta er fólk sem helgaði starfsævi sína að mestöllu leyti varnarliðinu og stendur nú uppi án atvinnu þegar varnarliðið fer nokkuð skyndilega. Það væri sómi að því að íslensk stjórnvöld kæmu með einhverjum hætti að því að gera starfslokasamninga við þetta fólk þannig að það megi ljúka starfsferli sínum með reisn og sóma og í fjárhagslegu skjóli þess að hafa starfslokasamning til að lifa af.

Það er sjálfsagt mál, það er mannréttindamál og það er ástæða til að skora á hæstv. ráðherra að endurskoða það svar sem hún gaf áðan og gefa vilyrði fyrir því að íslensk stjórnvöld komi þarna að málum. Að því væri mikill sómi.

[14:24]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Herra forseti. Svör hæstv. ráðherra voru skýr. Nei, það kemur ekki til greina að félag sem fær í heimanmund milljarða króna eignir frá því að varnarliðið var hér taki nokkurn þátt í því að stuðla að sómasamlegum starfslokum fyrir þá starfsmenn sem unnu hjá varnarliðinu í tugi ára. Þetta eru að mínu viti kaldar kveðjur til þessara starfsmanna sem helguðu alla sína starfsævi störfum fyrir einn vinnuveitanda, vinnuveitanda sem ákvað að fara og skilja þá eftir eingöngu með einfaldan uppsagnarfrest. Ég fullyrði að innlendir atvinnurekendur sem rekið hefðu fyrirtæki í tugi ára með sama starfsfólkinu og hefðu lagt niður starfsemi sem hefði skilið eftir sig milljarða króna verðmæti hefðu ekki hagað sér svona gagnvart því starfsfólki. Ég held að flestir innlendir atvinnurekendur hefðu séð sóma sinn í því að nota hluta af þeim verðmætum sem lægju eftir alla þá vinnu sem fólkið hefði innt af hendi til þess að gera starfslok meiri og betri en strípaðir samningar segðu til um.

Íslenska ríkið tekur þarna við milljarða króna verðmætum en það tekur líka við ákveðnum skyldum. Það tekur við þeim skyldum að hreinsa upp eftir varnarliðið. Það á að hreinsa upp mengaðan jarðveg, sprengjur, þann skít sem varnarliðið skildi eftir sig. En hæstv. ráðherra segir hér alveg kalt og kvitt að ekki skuli nota neinn hluta af þessum verðmætum til að hreinsa upp hvernig varnarliðið skilur starfsfólkið eftir, til að hreinsa upp gagnvart því starfsfólki sem hefur alla sína starfsævi unnið hjá varnarliðinu og situr eftir með einföld sex mánaða uppsagnarlaun.

[14:26]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Það var talað um kaldar kveðjur og vissulega má nota þau orð um þær kveðjur sem þetta starfsfólk fékk frá vinnuveitandanum. Vinnuveitandinn var bara einfaldlega ekki ríkið eða íslenska ríkisstjórnin. (Gripið fram í.) Íslenska ríkinu hefur ekki borið skylda til að standa að gerð starfslokasamninga við fyrrverandi starfsmenn varnarliðsins, hvorki fyrr né nú. Íslenskir starfsmenn varnarliðsins voru ráðnir til starfa samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins frá árinu 1951. Varnarliðið var ekki íslensk ríkisstofnun og íslenskir starfsmenn þess töldust ekki til ríkisstarfsmanna. Þetta vita hv. þingmenn ákaflega vel.

Ráðningarkjör starfsmannanna og vinnuskilyrði fóru að íslenskum lögum og venjum. Þeir urðu að sæta því líkt og aðrir launþegar þessa lands að vera sagt upp störfum með hefðbundnum uppsagnarfresti í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga. Biðlaunaréttindi tíðkast heldur ekki á almennum vinnumarkaði og ekki verður séð að starfsmenn varnarliðsins hafi átt slíkan rétt.

Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til að taka það fram að það að varnarliðið skyldi fara úr landi með þetta stuttum fyrirvara og segja upp öllu sínu starfsfólki hefur gengið betur fyrir sig en mér hefði dottið í hug. Ég vil sérstaklega hæla starfsfólkinu og Suðurnesjamönnum almennt fyrir það hvað þeir í raun og veru tóku þessum válegu tíðindum vel. Þegar fleiri hundruð manns tapa vinnu og það er ekki meiri umræða um það en raun ber vitni finnst mér það sýna mikla yfirvegun.

Umræðu lokið.

## *Sprengjuleit.*

Fsp. JGunn, 206. mál. — Þskj. 207.

[14:28]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég ber hér fram fyrirspurn um sprengjuleit og sprengjueyðingu. Fyrirspurnin er sett fram í framhaldi af brottför bandarískra varnarliðsins frá Íslandi og þeim samningum sem íslenska ríkið gerði í því efni. Við vitum reyndar hvernig gekk í samningunum við Bandaríkjamenn og höfum talað um það áður hvernig samningatæknin var hjá Íslendingum og til hvers sú samningatækni leiddi. Hún leiddi til þess, eins og fram hefur komið, að bandarískri herinn skilur eftir ákveðnar eigur en ber enga ábyrgð á því að hreinsa til eftir sig á menguðum svæðum, sama í hvaða formi sú mengun er. Við vitum að hún er mismunandi. Það eru sorphaugar sem þarf að eiga við, jarðvegur sem hefur orðið fyrir olíuleka en síðan eru ákveðin svæði á Íslandi þar sem enn liggja virkar sprengjur eftir æfingar varnarliðsins.

Mikið hefur verið þrýst á ríkið í gegnum árin að eyða fjármunum í sprengjuleit og eyðingu á virkum sprengjum en á sama tíma og íslenskir sprengjusérfræðingar voru við leit og eyðingu á sprengjum á átakasvæðum heimsins voru skólabörn að finna virkar sprengjur hér á Íslandi og leika sér að þeim. Í framhaldi af einum slíkum atburði voru sett upp viðvörunarskilti á vinsælu útivistarsvæði á Strandarheiði og síðan fór fram yfirborðsleit sem skilaði talsverðu magni af sprengjum í eyðingu. Þó er alveg ljóst að mikið verk er enn þá óunnið í leitinni og eyðingunni, ekki bara á Strandarheiði heldur víðar þar sem herinn stundaði æfingar sem fólu það í sér að skjóta sprengjum á skotmörk, sprengj-

um sem ekki sprungu í öllum tilvikum heldur grófust í jörð. Frostlyfting og önnur náttúruleg fyrirbrigði lyfta síðan þessum stórhættulegu hlutum upp á yfirborðið þar sem börn geta rekist á þá með hugsanlegum afleiðingum sem óþarft er að útskýra.

Það er í rauninni ótrúlegt hversu illa hefur gengið að fá íslenska ríkið til að ganga í það verk að hreinsa þessi svæði og stundum hefur manni fundist að partur af tregðunni blandist að einhverju leyti því að fólki innan kerfisins fyndist að Bandaríkjamenn eða bandarískt herinn ætti að taka meiri þátt í því að hreinsa svæðin og þar af leiðandi hafi ekki orðið meira úr verki en raun ber vitni. En nú er því ekki til að dreifa, nú er ábyrgðin skýr. Búið er að semja við Bandaríkjamenn um að þeir beri enga ábyrgð, hún sé að öllu leyti hjá stjórnvöldum. Þau hafa tekið við menguðum svæðum og það er þeirra að hreinsa þau. Við verðum því að ætla að núna liggi fyrir upplýsingar um gerð þessara svæða, staðsetningu og umfang á menguðum svæðum, þar með talið sprengjusvæðum. Utanríkisráðuneytið hlýtur að hafa gert áætlun um hvernig á að hreinsa upp þessi svæði og því er spurt:

1. Er vitað á hvaða svæðum virkar sprengjur liggja eftir æfingar Bandaríkjahers á Íslandi? Ef svo er, hvar eru þessi svæði og hver er stærð þeirra?

2. Hver mun sjá um sprengjuleit og eyðingu á þessum svæðum?

3. Hvenær er áætlað að hreinsun verði lokið og hver er áætlaður kostnaður við leit og eyðingu?

[14:31]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að halda þessu máli vakandi, sem er vissulega mikilvægt.

Fyrsta spurning hans er þessi, með leyfi forseta: „Er vitað á hvaða svæðum virkar sprengjur liggja eftir æfingar Bandaríkjahers á Íslandi?“

Svarið er eftirfarandi: Skot- og sprengjuæfingar hafa verið haldnar á Íslandi frá því í seinni heimsstyrjöldinni á 73 svæðum sem vitað er um og ná yfir 24.000 hektara lands. Flest eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Reykjanesi. Nokkur eru á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi. Langstærstu svæðin eru frá tíma seinni heimsstyrjaldarinnar vegna æfinga breska hernámsliðsins og síðar Bandaríkjamanna.

Önnur spurning er svohljóðandi: „Hver mun sjá um sprengjuleit og eyðingu á þessum svæðum?“

Svarið er eftirfarandi: Sprengjueyðing og þar af leiðandi hreinsun sprengjusvæða er lögum samkvæmt á ábyrgð Landhelgisgæslu Íslands sem hefur eftir þörfum samráð við lögregluyfirvöld á hverjum stað. Að mínu viti kemur þó vel til greina að utanríkisráðuneytið taki þátt í því, t.d. með þeim hætti að sprengjusérfræðingar nýttust til friðargæsluverkefna þann tíma árs sem ekki er hægt að leita að og eyða sprengjum á Íslandi. Slíkt verkefni er einmitt í skoðun í ráðuneytinu núna um stundir og var kynnt í utanríkismálanefnd seint í dag.

Þriðja spurning hljóðar svo: „Hvenær er áætlað að hreinsun verði lokið og hver er áætlaður kostnaður við leit og eyðingu?“

Svarið er eftirfarandi: Ljóst er að um langtímaverkefni er að ræða. Ekki er hægt að gera nákvæmar tíma- og kostnaðaráætlanir um verkefnið vegna þess að ítarleg skoðun svæða þarf að liggja til grundvallar slíku mati. Þó má fastlega gera ráð fyrir því að verkið verði bæði langvinnt og kostnaðarsamt. Samkvæmt áætlun sem unnin var í samstarfi utanríkisráðuneytisins, varnarliðsins og sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar, hefur þegar farið fram hreinsunarstarf á tilteknum svæðum, aðallega á Patterson-svæðinu, og unnið er að því að móta með hvaða hætti þeirri vinnu verður áfram haldið.

[14:34]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Nú þegar varnarliðið er farið jafnskyndilega og raun ber vitni er ljóst að íslensk stjórnvöld bera ábyrgð á því svæði sem áður var talið varnarsvæði. Það er tvennt sem segja má að mikilvægt sé að bregðast við með skjótum hætti. Annars vegar að koma þeim mannvirkjum sem eiga að standa áfram í gagnið og skapa þar með verðmæti. Hins vegar að sinna umhverfismálunum og þá ekki síst því sem hér er til umræðu, þ.e. meintum sprengjum, einfaldlega af því það snertir öryggi. Það er mikið áhyggjuefni þegar umferð um þessi svæði er orðin frjálsari en hún var, þegar svæðið er ekki lengur varnarsvæði skapast þar óneitanlega hætta. Ég vil þess vegna taka undir brýningu um að þessu verki verði hraðað sem mest má, þó ekki væri nema af slíkum öryggisástæðum. Þegar búið er að tryggja öryggið eins og hægt er í þessum efnum þá koma hinir þættirnir á eftir, (Forseti hringir.) eins og að taka mannvirki í notkun.

[14:35]

**Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):**

Herra forseti. Við verðum að fara fram á ákveðnari svör frá hæstv. ráðherra en ráðherrann gaf í ræðustólnum áðan. Ég verð þó að segja að það kemur mér á óvart að um sé að ræða 73 svæði á Íslandi þar sem ætla má að hægt verði að finna lifandi og virkar sprengjur, 73 svæði á 24 þúsund hekturum lands.

Ég hefði haldið að full ástæða væri til að hafa meiri áhyggjur af þessu en mér sýnist stjórnvöld hafa því það að vegfarendur geti rekist á eina lifandi sprengju í alfaraleið er einni sprengju of mikið. Við getum ekki tekið svona létt á þessu máli eins og mér heyrist hæstv. ráðherra gera. 73 svæði á 24 þúsund hekturum lands um allt land en að mestu á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Maður hefði haldið að í samningunum við varnarliðið lægi einhvers konar vinna að baki þar sem menn gerðu sér grein fyrir því hvort íslenska ríkið væri að ná viðunandi samningi eða ekki, eitthvað sem segði að til að koma þessu í viðunandi horf, til að tryggja öryggi íslenskra borgara, þarf að fara í svo og svo viðamikla vinnu við sprengjuleit og eyðingu og það mun kosta svona mikið og við verðum að gjöra svo vel að taka það inn í þessa samninga sem við erum í. Mér heyrist að það hafi ekki verið gert í samningunum við Bandaríkjamenn.

Hvað varðar það sem hv. þm. Hjálmar Árnason sagði áðan um meintar sprengjur, þá er ekki um meintar sprengj-

ur að ræða. Þetta eru raunverulegar sprengjur, þær liggja þarna, það er vitað af þeim. Það þarf að fara í umfangsmikla leit og hreinsun á þessum svæðum. Annað er algjörlega óásættanlegt.

[14:37]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Það er alls ekki svo að ég taki þessu með einhverri léttúð. Mér finnst þetta vera stórmál. En ég get nefnt að t.d. í Danmörku eru sprengjusérfræðingar kallaðir til næstum því daglega vegna sprengna sem finnast á landi eða koma í veiðarfæri. Það er því ekki eins og þetta sé bara vandamál hjá okkur.

Ég vil gjarnan setja meiri kraft í þetta mál og tel það brýnt. Það er hins vegar ekki auðvelt að áætla hversu langan tíma það getur tekið að hreinsa æfingasvæðin. Til viðmiðunar þá er gert ráð fyrir að ljúka hreinsun 200 hektara á Patterson-svæðinu fyrir árslok 2007 og talið er að hreinsa þurfi 500 hektara á Vogaheiði og að því verði lokið 2012. Á næstu fimm árum er mögulegt að gera úttekt á öllum svæðum jafnframt því sem lokið verður við hreinsun verstu svæðanna.

Til að þetta verði framkvæmanlegt þarf að leggja til bæði mannafla og fjármuni eins og augljóst er. Sérstök áhersla yrði þá lögð á svæði nálægt byggð og vinsæl útivistarsvæði á næstu tveimur árum. Áætlun um framhald hreinsana yrði samin með tilliti til upplýsinga sem fram kunna að koma og hvernig til tekst við hreinsun. Til að þetta verði mögulegt þarf að styrkja sprengjueyðingardeild Landhelgisgæslunnar, eins og augljóst er, með því að fjölga þar stöðugildum. Það er eitt af því sem fara þarf í viðræður um af hálfu stjórnvalda hvernig best verður að þessum málum staðið á næstu árum. En ég tek undir það sem hér hefur komið fram að þetta er mál sem mikilvægt er að leggja áherslu á.

Umræðu lokið.

## *Sakaferill erlends vinnuafls.*

Fsp. MÞH, 304. mál. — Þskj. 321.

[14:40]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

Kanna yfirvöld að einhverju leyti hugsanlegan sakaferil fólks sem komið hefur hingað til lands frá ýmsum Evrópulöndum eftir að lög um frjálst flæði vinnuafls tóku gildi 1. maí sl.? Ef svo er, hvernig er þetta gert?

Eins og við höfum kannski öll heyrt í umræðunni undanfarnar vikur hefur aðstreymi erlends fólks sem hingað er komið til að starfa aukist mjög mikið eftir að lögin um frjálsa för launafólks voru tekin upp frá og með 1. maí sl. Þá var opnað fyrir frjálst flæði, sem kallað er, frá löndum eins og Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi.

Við vitum að síðan hafa fjölmargir einstaklingar komið hingað til lands. Tölurnar eru nokkuð á reiki. Ég hef sjálfur lagt fram fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um það hvernig staðan var 1. nóvember sl. og bíð eftir svari hvað það varðar. Eins og ég sagði eru tölurnar nokkuð á reiki en heyrst hafa tölur á milli 7 þúsund og 10 þúsund manns.

Mig fýsir að vita hvort íslensk stjórnvöld kanni að einhverju leyti hugsanlegan sakaferil hjá þeim sem hingað koma og með hvaða hætti er það þá gert, ef um það er að ræða.

[14:42]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Það er rétt að hefja þetta svar á að geta þess að það er rangt hjá fyrirspyrjanda að ný lög um frjálst flæði vinnuafls hafi tekið gildi 1. maí sl. Hið rétta er að þann dag rann út gildistími tiltekinna ákvæða í lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Þar með voru afnumdar takmarkanir fyrir íbúa nýju Evrópusambandsríkjanna að íslenskum vinnumarkaði og því varð réttur til frjálsrar farar launafólks þessara ríkja hinn sami og borgara annarra aðildarríkja.

Nauðsynlegt er að gera greinarmun á EES-borgurum annars vegar og ríkisborgurum þriðju landa hins vegar, þ.e. útlendingum með ríkisfang í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Réttindi þessara hópa eru mjög ólík sem endurspeglast m.a. í því hvaða kröfur er unnt að gera til þessara hópa varðandi framlagningu á gögnum með umsókn um dvalarleyfi.

Þegar um ríkisborgara þriðju landa er að ræða er eitt af grundvallarskilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt útlendingalöggjöfinni að ekki liggi fyrir atvik sem geta valdið því að útlendingum verði meinuð landganga eða dvöl hér á landi, samanber 11. gr. laga um útlendinga, c-lið 1. mgr. Á það m.a. við hafi útlendingur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði. Útlendingi getur enn fremur verið meinuð landganga eða dvöl hér á landi hafi hann verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða oftar en einu sinni verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar eða þegar nauðsyn krefur vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna.

Til að ganga úr skugga um að fyrrnefndar aðstæður eigi ekki við um útlending þarf hann að leggja fram sakavottorð frá heimalandi sínu eða því ríki sem hann hafði búsetu þegar sótt var um dvalarleyfi hér á landi. Af þessu leiðir að sakaferill þriðju ríkisborgara er kannaður til að tryggja að þeir uppfylli eitt af grundvallarskilyrðum útlendingalaganna um komu og dvöl þeirra hér á landi.

Réttarsagan er hins vegar mjög ólík hjá EES-borgurum, enda veitir samningurinn um EES og stofnsamningur Fríverslunarsamtaka EFTA borgurum aðildarríkjanna mjög víðtækan rétt til að nýta sér aðgang að vinnumarkaði ríkjanna. Eitt af meginmarkmiðum þessara samninga er að afnema eins og kostur er allar hindranir sem takmarka réttinn til frjálsrar farar í aðildarríkjunum. Það er einfaldlega hluti

af EES-samningnum að heimildir til að brottvísa borgurum aðildarríkjanna eða meina þeim um landgöngu eru mjög takmarkaðar. Íslendingar geta því unnið á meginlandinu jafnvel þótt þeir hafi verið dæmir fyrir einhver afbrot og hið sama gildir um borgara Evrópusambandsríkjanna hérlendis og borgara frá Noregi og Liechtenstein.

Það er ekki nægjanleg ástæða til að vísa borgara brott frá EES-ríki að þessi borgari hafi verið dæmdur til refsingar. Líta verður til þess um hvers konar afbrot viðkomandi gerðist sekur og gera heildarmat á því, dæmdri refsingu og réttindum og aðstæðum borgarans, því einungis er heimilt að vísa EES-borgara úr landi ef það er nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis. Í framkvæmd hafa stjórnvöld gengið eins skipulega og fast fram og unnt hefur verið gagnvart þeim sem hafa gerst brotlegir hér, t.d. hefur ávallt verið vísað brott ef um fíkniefnabrot er að ræða.

En viðleitni stjórnvalda er þrengri stakkur skorinn að þessu leyti en þau sjálf ætluðu því að Hæstiréttur hefur m.a. fellt úr gildi brottvísunarúrskurð dómsmálaráðuneytisins vegna litháísks borgara. Réttur EES-borgara til frjálsar farar leiðir til þess að ekki er heimilt að krefja þá um sakavottorð þegar þeir sækja um dvalarleyfi hér á landi.

[14:46]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra talaði nokkuð um lönd hinna svokölluðu þriðju ríkja. Ég þóttist vita að þar væru ákveðnar reglur í gildi og spurði þar af leiðandi ekki um það. Hins vegar held ég að þá sé óhætt að túlka svarið hjá hæstv. ráðherra þannig að stjórnvöld eða yfirvöld kanni ekki hugsanlega sakaferla þeirra sem koma hingað frá EES-löndunum nema þá kannski ef einhver mjög rík ástæða er til. Hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef ég veð í villu og svíma hvað þetta varðar.

Það liggur þá fyrir að þeir sem koma hingað hafa mjög víðtæk réttindi, ef svo má segja, og stjórnvöld hafa ekki heimildir til að ganga eftir þessu. Þá vitum við það. Þetta hlýtur að vera svolítið bagalegt að vissu leyti þegar hingað koma svona margir erlendir ríkisborgarar því að þó að tíðni afbrota meðal þeirra hér á landi sé kannski ekkert hærri en hjá Íslendingum hljóta afbrot þeirra á meðal að bætast ofan á þau afbrot sem við þó þegar erum að kljást við hjá íslenskum ríkisborgurum.

Svo að ég spyrji nú hreint út: Hafa íslensk yfirvöld séð ástæðu til að fara nánar ofan í saumana á hugsanlegum sakaferlum þeirra sem hingað hafa komið eftir 1. maí sl. frá þessum tilteknu löndum sem gengu í Evrópusambandið árið 2004?

[14:48]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það hefur verið rannsakað sérstaklega varðandi einstaklinga sem hingað hafa komið. Það var ekki spurt um það og ég hef ekki kannað það sérstaklega þannig að ég hef ekki tök á að svara þeirri spurningu hv. þingmanns. Ég ítreka bara það sjónarmið mitt sem ég hef áður látið koma fram í þessum umræðum, ef menn vilja breyta ríkjandi skipan varðandi EES-borgarana eiga þeir að leggja til að við göngum úr Evrópska efnahagssvæðinu. Það þýðir ekki að koma hér í ræðustól og tala um þetta eins og hv. þingmaður gerir en ganga þá ekki alla leið og segja sem svo að Íslendingar eigi að ganga úr Evrópska efnahagssvæðinu. Það er réttur borgara í EES-ríkjunum að fara frjálsir ferða sinna á milli landa án þess að framvísa sakavottorðum. Það er réttur okkar Íslendinga að setjast að í öðrum EES-ríkjum án þess að við framvísum sakavottorðum.

Ef hv. þingmaður vill taka upp þá reglu hér að EES-borgarar sem koma til landsins á lögmætum forsendum framvísi sakavottorði og þeirra ferill sé þar með kannaður verður hann að óska eftir því að Íslendingar segi sig úr lögum við Evrópska efnahagssvæðið og taki upp aðra skipan. Það er ekkert flóknara en það og getur það þó verið flókið í framkvæmd ef menn ætla að ganga þá leið. En að tala um þetta eins og hv. þingmaður gerir hér og hefur gert finnst mér einkennast af ábyrgðarleysi og ákveðnu skilningsleysi á þeirri réttarstöðu sem íslenska ríkið hefur skapað sér í samskiptum við aðrar þjóðir innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Umræðu lokið.

## *Skólagjöld í opinberum háskólum.*

Fsp. BjörgvS, 152. mál. — Þskj. 152.

[14:50]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Um árabil hefur háskólastigið íslenska verið í fjárhagskreppu, sérstaklega ríkisreknu háskólarnir. Skemmst er þess að minnast þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar um Háskóla Íslands kom fram í fyrra, þá var sagt að annaðhvort fengju skólarnir verulega aukin framlög frá hinu opinbera eða heimildir til innheimtu umtalsverðra skólagjalda og fjöldatakmarkana ættu þeir að halda núverandi stöðu sinni.

Skýrsla OECD frá því í haust um framlög Íslendinga til menntamála var mjög merkileg, og sláandi um sumt. Hún staðfestir t.d. hrópandi mun á framlögum ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar til skólamála. Skólastigin tvö sem sveitarfélögin reka eru meðal þess hæsta en framhalds- og háskólastigið sem ríkið rekur töluvert langt fyrir neðan meðaltal og framlög á hvern nemanda samkvæmt skýrslunni hafa farið minnkandi á síðustu árum. Þó svo að aðsókn hafi mikið aukist, að sjálfsögðu, eins og allir vita, í háskólana hafa framlög á hvern nemanda farið minnkandi. Þetta er áfellisdómur yfir yfirvöldum menntamála enda eru margar menntastofnanir á þessum stigum í alvarlegri fjárhagsstöðu.

Heildarútgjöld Íslendinga til menntamála eru með því hæsta sé miðað við þjóðarframleiðslu en við erum hins vegar einungis í 15. sæti þegar borin eru saman útgjöld á hvern nemanda frá grunnskóla til háskóla sem er raunverulegasti mælikvarðinn á fjárfestingar í menntun og útgjöldum til skólamála. Framlögin hafa hækkað verulega á hvern nemanda á grunnskólastigi en lækkuðu milli áranna 2002 og

2003 til framhalds- og háskóla. Þannig er Ísland í 3. og 6. sæti yfir grunnskóla og leikskóla, skólastigin sem sveitarfélögin reka, en í hópi lægstu þjóða í framlögum til háskóla og framhaldsskóla, 21. sæti á háskólastigi og því 19. hvað varðar framhaldsskólana.

Það er augljóst mál að ef við eigum að ráðast í umfangsmikla menntasókn, þar sem t.d. er talið að hvert viðbótarár í skóla hafi í för með sér efnahagsleg áhrif á bilinu 3–6% fyrir þjóðarbúið og í kringum 22% tekjuauka af því að ljúka gráðu í háskóla, þarf að koma til mikil fjárfesting af hálfu hins opinbera í skólunum, ekki síst háskólunum, og ekki síst rannsóknaþætti háskólanna. Auðvitað þurfa einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir að koma að þessu fjárfestingarátaki en hið opinbera þarf fyrst að lyfta sínum framlögum eða koma með einhverjum hætti að þessu máli. Í ljósi stöðunnar spyr ég hæstv. menntamálaráðherra:

Er til athugunar í ráðuneytinu að veita opinberum háskólum heimild til innheimtu skólagjalda? Ef svo er, hve há verða gjöldin og fyrir nám í hvaða greinum? Ef svo er ekki, hvernig stendur þá til að mæta fjárþörf skólanna og fjármögnun þeirra?

[14:53]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Áður en ég tek til við að svara spurningu hv. þingmanns sem hljóðar á þann veg: Er til athugunar í ráðuneytinu að veita opinberum háskólum heimild til innheimtu skólagjalda? verður því ekki á móti mælt að maður heyrir alltaf sömu gömlu ræðurnar en það er eins og að menn fylgist ekkert með hvernig framlög ríkisins til háskólanna hafa þróast á síðustu árum. Ég vil sérstaklega vekja athygli þingheims á því að hv. þingmaður minntist ekki einu orði á nýjustu töflurnar frá Hagstofu Íslands þar sem við erum komin á svipað ról varðandi framlög til háskóla og t.d. Norðmenn þar sem við erum komin með 1,6% af þjóðarframleiðslunni til háskólanna.

Ég hefði talið réttara að menn kæmu hingað upp og segðu það fagnaðarefni að við erum búin að stórauka framlög til háskólamála.

Háskólarnir þurfa meira. Við erum sammála um það. En það þýðir ekki að líta fram hjá því sem er þó verið að gera. Við höfum í rauninni skorið okkur úr hvað aðrar þjóðir varðar, við höfum ekki verið með takmarkanir varðandi aðgang í háskóla í sama mæli og t.d. Svíar. Eins og menn þekkja voru umsóknir inn í sænska háskóla á árinu 2005 122–123 þús. en plássin voru einungis 62 þús. Hér tökum við mun hærri prósentu af þeim sem sækja um pláss í háskóla. Við höfum á síðustu árum mætt, sem betur fer, stóraukinni þörf varðandi háskólanám. Við einsettum okkur það að fjölga háskólanemum. Okkur hefur tekist það þótt t.d. stjórnarandstaðan hafi verið mótfallin því að styrkja fjölbreytni í háskólakerfinu, m.a. með því að reka einkaháskóla samhliða opinberum.

Ég vil sérstaklega geta þess að þegar leitast er við að svara spurningu hv. þingmanns er að sjálfsögðu fjármögnun háskóla í sífelldri skoðun í ráðuneytinu. Ég veit að við hv. þingmaður erum sammála um að það þarf enn frekar að auka framlögin til háskóla en þó ekki eingöngu í gegnum ríkisvaldið heldur líka leita annarra leiða, eins og ég hef sagt, og þar hef ég sérstaklega tiltekið atvinnulífið. Sem betur fer hafa verið jákvæð teikn á lofti varðandi þátttöku atvinnulífsins, það er í æ ríkara mæli að átta sig á svonefndri samfélagslegri ábyrgð sem oft hefur verið nefnd og eykur framlög sín bæði til kennslu og rannsókna.

Rétt er að taka það fram að á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um háskóla sem að mínu mati skipta afar miklu máli, rammalöggjöf sem setur sérstaklega fram mjög skýrar gæðakröfur um starfsemi háskóla og hvernig kennslu og uppbyggingu við viljum sjá innan háskólasamfélagsins, þá ekki síst með tilliti til þess að við þurfum að standast erlenda samkeppni. Við þurfum að stefna að því að okkar háskólar verði að sjálfsögðu í fremstu röð. Þar var ekki samþykkt gjaldtökuheimild og ekki fjallað um gjaldtökuheimildir í rammalöggjöfinni. Þá kom fram við umræðuna að sérstaklega yrði hugað að hugsanlegri gjaldtökuheimild við endurskoðun á lögunum um ríkisháskólana. Við sjáum fram á miklar breytingar á næstu vikum, hugsanlega, eða þá mánuðum varðandi t.d. Háskóla Íslands og hugsanlega sameiningu Háskóla Íslands við Kennaraháskóla Íslands sem ég vonast til að við fáum tækifæri til að fjalla um á þessu þingi.

Það má benda fyrirspyrjanda á að fjármögnun opinberra háskóla er mjög ofarlega á baugi í umræðum allra Evrópuþjóða varðandi háskólastigið, bæði innan Evrópu og þá innan OECD. Í því samhengi má sérstaklega vísa í skýrsluna sem hv. þingmaður kom inn á, m.a. um efnahagsmál á Íslandi sem var kynnt nýlega en þar var beinlínis lagt til að tekin yrðu upp skólagjöld í ríkisháskólum á Íslandi.

Í annarri nýútkominni skýrslu frá OECD er fjallað um fjármögnun háskólamenntunar. Þar er bent á að í flestum löndum hafi aukning útgjalda til háskólastigsins verið hraðari en aukning þjóðarframleiðslu og því hafi löndin átt erfitt með að bregðast við þessari auknu ásókn í háskólamenntun sem er risin en er þó hvergi meiri en hér. Þetta hefur hins vegar ekki átt við um Ísland þar sem mikill vöxtur í efnahagslífi þjóðarinnar síðustu ár hefur einmitt gert okkur kleift að auka framlög til háskólastigsins verulega og stuðla þannig að áframhaldandi þróun þess. Aukning okkar til háskólastigsins hefur verið meiri og hlutfallslega hraðari en á meðal annarra þjóða sem við berum okkur alla jafna saman við.

Ég veit að við hv. þingmaður höfum iðulega verið sömu skoðunar þegar við höfum rætt um málefni sem tengjast skólagjöldum. Það er ljóst að á yfirstandandi þingi verða skólagjöldin ekki tekin til umræðu og afgreiðslu hér, en við höfum bæði viðrað það að taka upp skólagjöld, m.a. á framhaldsháskólastigi, en að sjálfsögðu ekki fyrr en að ígrunduðu ráði.

[14:59]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að taka til umræðu það mikilvæga mál sem fjármögnun háskólanna er og þá umræðu sem hér á sér stað um skólagjöld í opinberum háskólum. Það hefur verið stefna þessarar ríkisstjórnar að taka ekki upp skólagjöld í grunnnámi í opinberum háskólum þó að hún hafi ekki forðast að

ræða almennt um fjármögnun háskólanna. Það er einmitt mikilvægt að bregðast við þeirri frábæru og jákvæðu þróun sem orðið hefur hér á háskólastiginu. Það er nefnilega svo að nemendum hefur fjölgað langt umfram það sem við vonuðumst til. Þó að við ætluðum okkur svo sannarlega að fjölga þeim hefur fjölgunin orðið enn meiri og ég veit að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson getur tekið undir þá ánægju mína.

Það er mikilvægt að við einmitt ræðum hvernig við mætum þessari þróun, fjölgun háskólanna og fjölgun nemendanna. Ég ætla einmitt á eftir að leggja fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra um það hvernig við m.a. getum rætt þau mál. En við ætlum okkur ekki að fara í skólagjöld, heldur munum við leita annarra leiða til að mæta þessari fjárþörf háskólanna.

[15:00]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þær ágætu umræður sem hér fara fram um þetta mál. En ég var að inna hæstv. ráðherra eftir því hverjar hinar pólitísku línur væru í málinu, burt séð frá því hvað á að gera á þessu þingi. Burt séð frá því þó þetta ríkisstjórnarsamstarf fram að kosningum í vor hafi ekki tekið ákvörðun um að taka upp skólagjöld.

Heldur er ég að kalla eftir auk þess viðhorfum hæstv. ráðherra til þess hvernig eigi að fjármagna háskólana til frambúðar í ljósi þess t.d. hvað hefur verið mikil aukning á nemendum við þá. Og hvernig eigi að jafna stöðu einkareknu háskólanna annars vegar og hinna opinberu hins vegar. Af því, eins og þekkt er, hafa einkareknu háskólarnir eða sjálfstætt reknu eða hvað við köllum þá, heimild til að innheimta skólagjöld ofan á ríkisframlagið sem ríkisreknu háskólarnir hafa ekki.

Það er ójafnræði. Það ójafnræði getur verið réttlætanlegt í ákveðinn tíma á meðan sjálfstætt starfandi eða einkareknu háskólarnir eru að byggja sig upp, en svo þegar því ferli lýkur þá verður og á að jafna þessa aðstöðu. Annaðhvort með því að lækka ríkisframlagið til þeirra á móti, eða veita opinberu háskólunum heimild til einhvers konar skólagjaldstöku, ofan á einhvern hluta af námi sínu. Mér finnst það ekki koma til greina á grunnnámið, ég held að með því móti væri verið stemma stigu við aðsókn í námið. Ég held að við eigum svo langt í land með að hafa fjárfesta á fullu frá hinu opinbera í því námi.

En það kemur að sjálfsögðu til greina að veita heimildir til skólagjaldstöku á einhverjar tilteknar námsgreinar eða framhaldsnám að því uppfylltu að það sé lánað fyrir náminu og jafnræðis til náms þannig að fullu framfylgt.

Ég hef spurt hæstv. ráðherra að þessu áður. Ráðherrann hefur gefið til kynna á öðrum vettvangi að hún sé mjög skólagjaldasinnuð á ákveðnum þáttum námsins. Þess vegna spurði ég hana að því hér hvort það væri búið að leiða málið til lykta ekki síst í ljósi hinnar harkalegu skýrslu frá Ríkisendurskoðun í fyrra.

[15:02]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Já, það er ánægjulegt að menn viðurkenni nú þá miklu fjölgun sem hefur orðið á háskólanemum — og hér úr ræðustóli þingsins. Það hefur kostað mjög mikla krafta og mikið fjármagn að standa undir því að stuðla að því að aðgangurinn verði sem greiðastur að háskólunum hér á Íslandi en aðgangur að háskólum hér er greiðari en gengur og gerist annars staðar í þeim samanburðarlöndum sem við lítum til.

En það er alveg ljóst að núverandi ríkisstjórn mun ekki ræða og ekki beita sér fyrir því að skólagjöld verði lögð á. En ég tel engu að síður rétt og í raun óhjákvæmilegt í náinni framtíð að taka upptöku skólagjalda til alvarlegra umræðna og með hvaða hætti. Ég held að það skipti miklu máli að við fáum sem breiðastan hóp að því borði.

Ég vil ítreka að ég heyri það, að ég og hv. fyrirspyrjandi erum ekkert ósvipaðra skoðana hvað varðar skólagjöldin. Það þarf auðvitað að lána fyrir þeim. Ýmsum aðferðum hefur verið beitt, t.d. í Bretlandi þar sem við sjáum ákveðnum aðferðum beitt annars vegar til þess að heimila skólagjaldsupptöku en hins vegar til að stuðla að því að skólagjöldin ógni ekki jöfnum tækifærum til náms. Það sama gildir t.d. um Ástralíu.

Þetta er umræða sem verður umfangsmikil. Það þarf að taka hana á breiðum grundvelli og fordómalaust. En ég tel að hvort sem horft er til lengri eða skemmri tíma verði óhjákvæmilegt að líta á skólagjöld sem eina af þeim leiðum sem hægt er að fara til að fjármagna háskóla. En það verður að gera afar varlega. Ég kalla líka til, nú sem áður, fyrirtækin í landinu til að stuðla að uppbyggingu háskóla. Einnig vil ég ítreka að ríkið mun að sjálfsögðu halda áfram að efla og auka framlög sín til háskólastigsins. En það verður ekki þannig að ríkið eitt og sér standi eingöngu undir háskólastarfinu.

Umræðu lokið.

## *Stuðningur atvinnulífsins við háskóla.*

Fsp. SæS, 217. mál. — Þskj. 218.

[15:05]

**Fyrirspyrjandi (Sæunn Stefánsdóttir):**

Hæstv. forseti. Það er skemmtileg tilviljun að þessar fyrirspurnir skuli nefndar saman því umræðuefnin eru svo sannarlega nátengd. Ég held að við höldum hreinlega umræðunni áfram.

En það hefur ekki farið fram hjá neinum að það hefur orðið merkileg þróun í menntakerfi okkar og þá sérstaklega á háskólastiginu. Um leið og háskólum hefur fjölgað, og nefni ég þar Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst sem dæmi, hefur nemendum fjölgað stórlega eins og við ræddum rétt áðan.

Á árunum 2000–2005, eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, hefur nemendum fjölgað um rúman helming. Tölurnar eru eflaust orðnar hærri fyrir þetta ár en ég sá það ekki í þeim gögnum sem ég hef undir höndum.

Þróunin hefur því verið stórkostleg. Við höfum verið að hækka menntunarstig þjóðarinnar, fjárfest í framtíð okkar því þróun íslensks mannlífs og atvinnulífs, nýsköpunar og

frumkvöðlastarfsemi byggist á því að í landinu séu öflugir háskólar og aðgengi að þeim og aðsókn sé góð.

Framlög ríkisins til háskólanna hefur aukist mikið eða um 80% frá árinu 1998 til ársins 2005. Hér er um að ræða stóraukin framlög til háskólastigsins en fjárþörf skólanna er mikil og hún er ef til vill meiri en við höfum getað uppfyllt.

Hér áðan svaraði hæstv. menntamálaráðherra fyrirspurn um afstöðu hennar til skólagjalda og eins og kom fram er það ekki stefna ríkisstjórnarinnar sem nú situr að taka upp skólagjöld í ríkisreknum háskólum. Það er alveg skýrt og það hefur verið og er stefna þeirrar ríkisstjórnar sem Framsóknarflokkurinn hefur átt aðild að.

Mér fannst hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson reyndar vera að gæla aðeins við hugmyndir um skólagjöld. Þannig að maður kallar kannski eftir skýrari stefnu Samfylkingarinnar í þeim málum hér seinna.

En ég tel að það þurfi að leita leiða til að fjölga fjármögnunarmöguleikum háskólanna og hæstv. menntamálaráðherra hefur talað um að auka eigi samstarf atvinnulífsins og háskólanna og ég tek heils hugar undir þá skoðun ráðherrans.

Fjármögnun háskólastigsins er eins og fram hefur komið ofarlega á baugi víða um heim. Sumar þjóðir hafa farið þá leið að gera framlög fyrirtækja til háskólastigsins frádráttarbær frá skatti og mér finnst það umhugsunar- og umræðunnar virði. Að því gefnu, að sjálfsögðu, að við tryggjum háskólunum áfram akademískt frelsi. En undanfarin ár heyrum við æ meir af einstökum verkefnum, rannsóknastofum með annarri háskólastarfsemi þar sem fyrirtæki koma að fjármögnuninni og er það vel.

En hæstv. forseti. Í ljósi þess sem ég sagði um nauðsyn nýs fjármagns inn í háskólana og þess sem hæstv. ráðherra hefur sagt um tengsl atvinnulífsins og háskólanna, spyr ég hæstv. menntamálaráðherra, hver afstaða hennar sé til þeirrar hugmyndar að auka stuðning atvinnulífsins við háskóla með því að gera slík framlög frádráttarbær frá skatti.

[15:07]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Í upphafi vil ég sérstaklega benda á að framlög atvinnulífsins til vísindamála eru nú þegar frádráttarbær frá skatti innan ákveðinna marka og því ekkert í rauninni því til fyrirstöðu að heimildin sé notuð. Það er hugsanlegt að stjórnvöld og háskólarnir þurfi einfaldlega að kynna það mál mun betur en raun ber vitni.

Ég vil einnig geta þess að það er kveðið á um skattlagningu fyrirtækja og frádráttarliði í skattalögum en framkvæmd þess heyrir undir fjármálaráðherra og er falin skattstjórum. Þar er meginreglan sú, þ.e. m.a. í lögum um tekjuskatt frá árinu 2003, að allar tekjur í atvinnurekstri eru skattskyldar en það er heimill frádráttur frá tekjum sem nemur þeim kostnaði sem varið er til að afla teknanna. Um þessa meginreglu ríkir almenn sátt og í rauninni eru ekki efnislegar ástæður til að gera breytingar þar á.

Í reynd hefur þetta þýtt að fyrirtæki sem leggja stund á rannsóknir og þróunarstarfsemi og leggja þannig grunn að frekari tekjuöflun fyrirtækisins geta eðlilega dregið kostnaðinn sem af þeirri starfsemi hlýst frá tekjum fyrirtækisins.

En ég geng sem sagt út frá því að hv. fyrirspyrjandi sé að vísa til ákvæðis í sömu lögum sem fellur undir 31. gr. En þar segir af tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri, megi draga einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknastarfa, þó ekki yfir 0,5% af tekjum á því ári sem gjöf er afhent. Þá kemur í ákvæðinu að fjármálaráðherra ákveði síðan með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.

Eins og sjá má samkvæmt gildandi löggjöf þá er í rauninni hægt að draga frá skattskyldum tekjum fyrirtækja ákveðin útgjöld og þetta hefur að mínu mati gefist vel og njóta t.d. háskólar af rausnarskap fyrirtækja sem leggja háskólum lið, með því t.d. að kosta prófessorsstöður eða til að byggja upp aðstöðu til annarra verkefna sem falla að þessum heimildum.

Í ýmsum löndum OECD hefur verið farin sú leið að veita fyrirtækjum skattaívilnanir umfram 100% færslu á kostnaði við rannsóknir og þróunarstörf og hvetja þau þannig til frekari framlaga í þeim tilgangi.

Hér á landi hefur ekki verið talið rétt að beita skattalögum með þessum hætti. Hér njóta fyrirtæki hlutfallslega lágrar skattprósentu af hagnaði miðað við önnur OECD-lönd og hafa því í rauninni nokkuð rými til að ráðstafa tekjum sínum að eigin ákvörðun.

Í rauninni heyrir framkvæmd skattalaganna undir fjármálaráðherra. En engu að síður vil ég undirstrika að það eru í rauninni tvenns konar sjónarmið sem stangast þarna á eða eru að togast á. Það er að hafa einfalt skattkerfi, lága skattprósentu til þess að veita fyrirtækjunum þetta svigrúm til þess að fjárfesta og leggja fram framlög í mikilvæga málaflokka. Við getum nefnt menntunina og menninguna. Við getum nefnt íþróttir og forvarnastarf almennt. Allt eru þetta göfug málefni sem við vonumst til að fyrirtækin setji meira fjármagn í. En til þess þurfa þau auðvitað að hafa svigrúm.

Þannig að það er annars vegar það að hafa lága skattprósentu sem við teljum hafa haft góðar afleiðingar. Við sjáum tekjur ríkisins í rauninni aukast mun meira hlutfallslega miðað við það að við höfum verið að lækka skattinn á fyrirtækin. Síðan er hins vegar það sem er alveg ljóst, eins og kom hér fram í umræðunum áðan, að ég tel mikilvægt að fyrirtæki leggi í ríkari mæli fjármagn inn í háskólana, ekki síst með tilliti til þess að það er ekki síst fyrirtækið sem nýtur góðs af öflugum háskóla bæði í gegnum rannsóknirnar en ekki síður því að fyrirtækin þurfa á mjög öflugu starfsfólki að halda, vel menntuðu o.s.frv.

Ég tel vel koma til greina að maður skoði sérstaklega hvernig hægt er, m.a. í gegnum skattalöggjöfina, að efla framlögin til þessara mikilvægu málaflokka en um leið að við ógnum ekki þeirri mikilvægu meginreglu sem felst í því að hafa einfalt skattkerfi og lága skattprósentu. Það hefur tvímælalaust gefið af sér mikla arðsemi og getið af sér mikla arðsemi í þágu ríkissjóðs sem síðan beinir fjármagninu inn í háskólana.

Það má segja að það hefur líka auðveldað okkur að auka framlögin til háskólastigsins svona hratt sem raun ber vitni

hversu vel ríkissjóður hefur dafnað. Þannig að þetta er tvíbent.

En ég undirstrika að ég tel að það eigi að auðvelda fyrirtækjum með einhverjum hætti að fjárfesta frekar í menntamálunum en ekki síður í menningarmálunum.

[15:13]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það sem mestu skiptir í þessu samhengi og við vorum að ræða áðan í tengdri fyrirspurn er að efla tekjugrunn háskólanna, bæði einkarekinna og opinberra, gera hann fjölbreytilegri. Efla aðkomu atvinnulífs, efla aðkomu einstaklinga og lyfta hinu opinbera framlagi til skólanna upp í það mark sem við viljum að það nái.

Hvað varðar skólagjöldin þá hef ég sagt það áður að það kemur að sjálfsögðu vel til greina að taka upp skólagjöld á tilteknar námsgreinar, t.d. í framhaldsnámi, að því uppfylltu að fyrir þeim sé lánað og jafnréttis til náms sé gætt. Þau hafa marga aðra jákvæða þætti eins og að flýta námslokum og fleira og fleira. Það er hægt að nota gjaldtökuna með jákvæðum hætti einnig.

En á grunnnámi í opinberu háskólunum tel ég að hún eigi alls ekki við. Ég held einfaldlega að það borgi sig alls ekki að taka það upp, hvorki fyrir einstaklingana né hið opinbera. Ég held að það eigi vera gjaldfrjáls menntaleið frá leikskóla og upp í gegnum háskóla. En á mörgum sviðum eiga þau vissulega við.

[15:14]

***Hjálmar Árnason:***

Hæstv. forseti. Það er engin spurning að sú mikla sprenging sem hefur orðið á háskólastiginu hérlendis á allra síðustu árum á eftir að skila sér inn í samfélagið. Hún á eftir að hækka menntastig okkar og hún á eftir að skila sér á öllum sviðum mannlífs.

Þó að hv. Alþingi hafi brugðist við þessari miklu sprengingu með stöðugt auknum fjárframlögum til háskólanna þá eru þar engu að síður vaxtaverkir. Þess vegna er auðvitað mjög mikilvægt að taka þessa umræðu og ber að þakka fyrir hana.

Ég tek undir það sjónarmið að við eigum að reyna að draga atvinnulífið betur inn í þetta og minni m.a. á að einn af forkólfum atvinnulífsins talaði um hina samfélagslegu ábyrgð atvinnulífsins, einmitt í ljósi þess að skattar á atvinnulífið hafa verið að lækka.

Þess vegna tek ég undir það sem hæstv. ráðherra sagði og hvet til þess að það verði farið inn á þá braut sem hv. fyrirspyrjandi er að sneiða að, að skoða skattalegt umhverfi til þess einmitt að gera þennan kanal atvinnulífsins enn greiðari en gert hefur verið.

[15:15]

**Ellert B. Schram:**

Herra forseti. Ég missti því miður af upphafi umræðunnar í fyrirspurnartíma en mér skilst að hér sé verið að spyrjast fyrir um aukin framlög úr atvinnulífinu frá fyrirtækjum til háskólanna og er það allt af hinu góða.

Í því sambandi barst í tal lagaákvæði sem einmitt snýr að því atriði. Það vill svo til að á þeim stutta tíma sem ég hef haft hér aflögu og leyfi til að sitja inni á hinu háa Alþingi þá hef ég verið með í vinnslu að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á umræddri 31. gr. laga um tekjuskatt en frumvarpið fjallar um einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka o.s.frv.

Samkvæmt reglugerð er heimild til þess að ákveða hvað fellur undir þetta. Þar á meðal hafa íþróttirnar notið góðs af. Mér heyrast vera (Forseti hringir.) góðar undirtektir við fyrirspurninni og ég held að það sé mjög einfalt svar við þessu (Forseti hringir.) og það er að hækka 0,5% af tekjum í 2%.

[15:16]

**Fyrirspyrjandi (Sæunn Stefánsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir hans greinargóðu svör og þeim hv. þingmönnum sem hér hafa tekið þátt í umræðunni. Það er mikilvægt, eins og ég sagði, að við höldum áfram þróun háskólastigsins og tryggjum öllum sem það kjósa aðgengi að góðu háskólanámi. Við höfum upplifað þessa þróun, þessa miklu fjölgun og um leið þessa miklu hækkun framlaga ríkisins til háskólastigsins. Þess vegna er mikilvægt að við höldum áfram að ræða um að breikka fjármögnunarmöguleika háskólanna.

Eins og kom fram í máli hæstv. menntamálaráðherra þá liggur fyrir heimild í lögum til þess nú þegar en það er spurning hvernig við útfærum enn frekar þá leið. Ég tek undir að það þarf alltaf að vera með þessi sjónarmið á lofti, annars vegar um einfaldleika og gegnsæi skattkerfisins og hins vegar með hvaða hætti við getum stuðlað að aukinni þátttöku atvinnulífsins í hinum ýmsu málum. Ég tek undir með hv. þm. Ellerti B. Schram að þar eru íþróttirnar og menningarstarfið eins og hæstv. menntamálaráðherra kom inn á, alls ekki undanskilið.

En ég heyri á umræðunni að hérna er samhljómur um að leita leiða til að skoða þessi mál nánar og mun ég leita leiða til að fá ef til vill hæstv. fjármálaráðherra í umræður við okkur í þinginu um það.

En fyrst og fremst skiptir öllu máli að við höldum áfram þróun og eflingu háskólastigsins. Það hefur orðið algjör bylting sem við getum verið stolt af og við eigum að leita leiða til að leyfa háskólunum að þróast og eflast enn frekar. Ég veit að hæstv. menntamálaráðherra mun í samvinnu við þingið tryggja að svo verði.

[15:18]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og líka þessa fyrirspurn. Ég tek heils hugar undir með hv. fyrirspyrjanda að það er mikilvægt að sú bylting sem hefur átt sér stað á síðustu árum á háskólastiginu geti haldið áfram. Við erum ekkert að láta af henni, þetta er jákvæð bylting.

Til þess þarf, við vitum það, aukið fjármagn. Við höfum verið að auka fjármagn til háskólastigsins. Það er hárrétt að við verðum að halda opnum möguleikum fyrir háskólastofnanir, menntastofnanir, til þess að afla eigin tekna með einhverju móti. Við eigum að vera opin fyrir þeim leiðum.

En síðan er svo margt annað sem kemur inn í það að

halda byltingunni áfram. Þess vegna tel ég mikilvægt að ræða þau lög sem ég ræddi í umræðunni áðan, þ.e. nýja rammalöggjöfin um háskólana þar sem við erum að gera auknar gæðakröfur.

Þar erum við að taka háskólana á næsta stig. Við erum búin að fjölga nemum. Við höfum aukið fjármagnið. Núna er komið að því stóra máli að við stöndumst erlenda samkeppni, að okkar fólk hér heima, að háskólar okkar standist gæðakröfurnar, alþjóðlegar gæðakröfur og alþjóðlega staðla sem settir eru, líka til að tryggja að það fjármagn sem við setjum í háskólana og munum halda áfram að auka, skili sér raunverulega til samfélagsins. Það er þetta tvennt sem þarf að fara saman og í þá veru hafa verið tekin jákvæð skref.

Umræðu lokið.

## *Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.*

Fsp. JóhS, 223. mál. — Þskj. 224.

[15:20]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Árið 2001 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar sem flutt var af þingmönnum úr öllum flokkum þar sem ríkisstjórninni var falið að undirbúa heildstæða stefnu í málefnum barna og unglinga. Á grundvelli stefnumótunarinnar átti að gera fimm ára framkvæmda- og aðgerðaráætlun sem leggja átti fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2002.

Það tók fjögur ár að vinna skýrsluna sem lögð var fyrir Alþingi fyrir einu ári. Engin framkvæmda- eða aðgerðaráætlun fylgdi eins og Alþingi hafði kallað eftir. Forsætisráðherra upplýsti bara að eftir fjögurra ára starf nefndar að skýrslugerð sem að komu 130 einstaklingar, m.a. helstu sérfræðingar á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu um málefni barna, þá yrði málið sett aftur í nefnd og nú í svokallaða fjölskyldunefnd forsætisráðherra.

Á síðastliðnu Alþingi lagði ég aftur fram fyrirspurn til þáverandi forsætisráðherra sem staðfesti að lítið hefði verið gert í málinu, engin aðgerðaráætlun hefði verið undirbúin né að fyrir lægi heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Heildarstefnumótun og framkvæmdaráætlun í málefnum barna og unglinga hefur verið í gildi í áratugi á hinum Norðurlöndunum og umboðsmaður barna hefur árlega og á annan áratug kallað eftir slíkri stefnumótun hér á landi en án árangurs.

Í skýrslunni sem lögð var fyrir Alþingi fyrir tveimur árum er að finna upplýsingar um mikla brotalöm í málefnum barna og unglinga hér á landi en þeim hópi tilheyra um 80.000 landsmenn. Einnig er kallað eftir verkaskiptingu milli ráðuneyta og stofnana sem er orðin úrelt, óskýr og óhagkvæm.

Í skýrslunni er lýst miklum agnúum á bóta- og velferðarkerfinu varðandi hag barna, m.a. að bætur velferðarkerfisins séu svo naumt skammtaðar að þær hrökkvi ekki fyrir lágmarksframfærslukostnaði og skorti þar mikið á. Enda væri fátækt fólk oft fast í svonefndri fátæktargildru. Sérstaklega er nefnt að úrbóta sé þörf í málefnum fátækra barna, nýbúa, barna með geðraskanir og barna og ungmenna í vímuefnavanda. Einnig kemur fram hve fljótt dregur úr skólasókn ungmenna því einungis innan við helmingur tvítugra ungmenna stundi nám.

Það er líka grafalvarlegt að í skýrslunni kemur fram að kynferðisleg misnotkun barna sé stórum útbreiddari en álitið hefur verið hingað til og nærri fimmta hvert barn sem er 18 ára að aldri hafi orðið fyrir henni. Auk þess sem stór hópur barna, eða 5–10%, verði reglulega fyrir einelti í skólum.

Það er því skömm að því, virðulegi forseti, að tveir hæstv. forsætisráðherrar sem hafa setið hér frá því að umrædd tillaga var samþykkt á Alþingi, skuli svo lítið hafa gert í málinu, það sé raunverulega í sömu stöðu og þegar þingsályktunartillagan var samþykkt, fyrir utan skýrsluna sem var samþykkt.

Ég vænti þess að þriðji forsætisráðherrann sem fjallar um þetta mál, Geir H. Haarde, svari því nú í þessari fyrirspurn að hann ætli að drífa í framkvæmdum á málinu. Við erum eina Norðurlandið sem höfum ekki slíka stefnumótun og hennar er sannarlega þörf. En í skýrslu Íslands til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna árið 2003, voru fulltrúar ríkisstjórnarinnar einmitt að státa sig af því að slík framkvæmdaáætlun væri í undirbúningi og væri að ljúka. (Forseti hringir.) En samt hefur ekkert verið gert.

[15:23]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Í samræmi við ályktun Alþingis 11. maí 2001 skipaði þáverandi forsætisráðherra um haustið nefnd til að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga undir formennsku Drífu Hjartardóttur, alþingismanns. Nefndin skilaði forsætisráðherra niðurstöðu í skýrsluformi í mars 2005 og var skýrslan lögð fram á Alþingi hinn 18. apríl það ár.

Í skýrslunni er m.a. lögð áhersla á að ríkisstjórnin taki ábendingar barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna frá því í janúar 2003 varðandi framkvæmd barnasáttmálans, til gaumgæfilegrar athugunar. Jafnframt er lögð áhersla á að ávallt liggi fyrir heildstæðar og áreiðanlegar almennar upplýsingar um börn og ungmenni hérlendis, sem máli skipta við stefnumótun og ákvarðanatöku opinberra aðila um hagi þeirra.

Enn fremur er lögð áhersla á að heilsugæsla í skólum sé öflug miðstöð innan hinnar almennu heilsugæslu fyrir börn og ungmenni á öllum skólastigum, að forvarnir, greining og meðferð geð- og atferlisraskana hjá börnum og ungmennum verði aðgengilegar, skilvirkar og árangursríkar og að börn af erlendum uppruna sem vaxa upp á Íslandi fái allan stuðning sem mögulegt er að veita af hálfu opinberra aðila til að aðlagast hinu íslenska samfélagi.

Í framhaldi af þessu fól þáverandi forsætisráðherra sérstakri nefnd sem skipuð var til að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar, að fara yfir tillögur úr skýrslunni með það í huga að fella þær að öðrum tillögum sem miða að því að styrkja stöðu fjölskyldunnar og huga að gerð framkvæmda-

áætlunar sem kveðið er á um í þingsályktun um stefnumótun í málefnum barna og unglinga. Þar er málið núna statt og ég hef beint þeim tilmælum til nefndarinnar að hún ljúki störfum sem fyrst.

Herra forseti. Á vegum ríkisstjórnarinnar er verið að vinna að málefnum barna og unglinga með margvíslegum hætti, enda er þetta mikilvægur málaflokkur sem hefur fengið verulega aukið fjármagn frá hinu opinbera á undanförnum árum. Stefnan í einstökum málum er skýr og áherslur eru í stöðugri endurskoðun í ljósi reynslunnar. Ýmis löggjöf sem ætlað er að tryggja stöðu og velferð barna og unglinga hefur verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Í því sambandi má nefna að ný barnaverndarlög voru samþykkt á Alþingi árið 2002 sem m.a. er ætlað að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu, fái nauðsynlega aðstoð. Þá tóku ný barnalög gildi síðla árs 2003 þar sem m.a. er kveðið á um ýmsan rétt barna, foreldraskyldu og framfærsluskyldu foreldra. Jafnframt hafa nýlega verið samþykkt lög frá Alþingi um að stórhækka barnabætur sem verða til þess að styrkja stöðu fjölskyldunnar enn frekar.

Af öðrum atriðum má nefna að á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að því að efla menntun barna og unglinga og styrkja skólana til að sinna menntunar- og uppeldishlutverki sínu.

Í menntamálaráðuneytinu er verið að ljúka heildarendurskoðun á starfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við samkomulag kennarasamtakanna og menntamálaráðherra sem undirritað var í febrúar síðastliðnum. Þar er lögð áhersla á samfellu í skólastarfinu, allt frá leikskóla til loka framhaldsskóla.

Þá hefur verið starfandi nefnd fjögurra ráðuneyta frá árinu 2000 sem ætlað er að samræma aðgerðir og fylgja eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna. Í heilbrigðisráðuneytinu er unnið að því að efla heilbrigðisþjónustu við börn og unglinga með geðraskanir. Þá hefur sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum sem miðar að þjónustu við börn og unglinga verið verulega aukin og á vegum lýðheilsustöðvar er rekin marghátttuð forvarnaþjónusta sem hefur það að markmiði að styðja við þroska og andlega vellíðan barna og unglinga.

Embætti umboðsmanns barna sem ætlað er að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra gefur árlega út skýrslu um starfsemi þess.

Herra forseti. Af hálfu forsætisráðuneytisins hefur verið leitað eftir upplýsingum frá Norðurlöndunum um stefnumótun þeirra í málefnum barna og unglinga. Þar kemur m.a. fram að áherslur og stefnumörkun Norðurlandanna eru með ýmsum hætti. Grunnurinn að stefnu Svía í málefnum barna og ungmenna er sú stefnumótun sem sænska þingið samþykkti árið 1997 um leiðir til að framkvæma sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Norska ríkisstjórnin hefur lagt fram heildaráætlanir um málefni barna og ungmenna, bæði hvað varðar uppvaxtar- og lífsskilyrði og einnig hvað varðar vernd barna og ungmenna.

Danska fjölskyldu- og neytendamálaráðuneytið gaf út í nóvember 2005 sérstaka skýrslu sem var innlegg ríkisstjórnarinnar í opinberri umræðu um hvernig unnt væri að ná betra jafnvægi milli fjölskyldulífs, atvinnulífs og frítíma.

Í skýrslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis Finnlands, sem gefin var út árið 2005, er m.a. tillaga að opinberri framkvæmdaráætlun Finnlands um málefni barna og ungmenna en hún tekur m.a. mið af athugasemdum barnaverndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd Finnlands að barnasáttmálanum.

[15:27]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Þetta var náttúrlega afleitt svar hjá hæstv. forsætisráðherra. Þetta var sama platan, þetta var sami söngurinn og síðustu tveir hæstv. forsætisráðherrar á undan honum hafa farið með við svipaðri fyrirspurn. Þetta var afleitt svar.

Að sjálfsögðu á inntakið í nýrri barna- og unglingastefnu að snúast að miklu leyti um forvarnir. Forvarnir gegn áfengi og fíkniefnum hvers konar. Það hefði verið mjög gaman að sjá hér glitta í nýja tóna í máli hæstv. forsætisráðherra í þeim málum. Það er uppi mjög hörð umræða í samfélaginu um það hvernig æ yngri börn og unglingar byrja að neyta fíkniefna og áfengis, löglegra og ólöglegra. Vandinn verður alltaf meiri og meiri. Það er talað um samfélagsbrest í þjóðfélaginu að þessu leyti.

Samt kemur hæstv. ráðherra og lætur eins og ekkert sé og fer með sömu gömlu þreyttu þuluna þar sem ekkert nýtt var að finna. Við eigum að móta nýja stefnu (Forseti hringir.) í þessum málum, virðulegi forseti.

[15:28]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Forseti. Það er alveg ljóst að við Íslendingar erum árum ef ekki áratugum á eftir Norðurlandaþjóðunum í þeim efnum sem varða stefnumótun fyrir börn og unglinga. Í þeim málaflokki hafa jafnaðarmenn verið í forustu. Vonandi verður breyting á því í vor hér á landi til hins betra.

Mig langar hins vegar að nota tækifærið og inna hæstv. ráðherra nánar eftir því, hvað líði starfi fjölskyldunefndarinnar undir forsæti Björns Inga Hrafnssonar.

Mest bar á starfi hennar í prófkjörsbaráttu framsóknarmanna hér í borginni fyrir nokkru. En síðan hefur lítið til hennar spurst. Það má því spyrja: Hvað er eiginlega að gerast í þessari ágætu fjölskyldunefnd og hverjar verða tillögur hennar, hvenær mun hún skila af sér? Eða var þetta bara sett á fót til að halda flugeldasýningu fyrir Framsóknarflokkinn í prófkjörsbaráttu um borgina?

[15:30]

**Drífa Hjartardóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil bara geta þess að ég var formaður í þeirri nefnd sem um er rætt komu mjög margar tillögur frá henni. Það var mikil vinna í mörg ár sem fæddi af sér margar mjög góðar tillögur. Þeim var öllum vísað til fjölskyldunefndar og ég vil bara taka undir með öðrum þingmönnum og hvetja til þess að því starfi fari að ljúka, að fjölskyldunefndin fari að skila af sér.

Til grundvallar vinnu okkar í heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga var Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, mjög mikilvægt plagg sem Íslendingar hafa vilj-

að vinna eftir. Ég vil bara hvetja til þess að því starfi fari að ljúka.

[15:31]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Það gengur hreinlega ekki að bjóða Alþingi Íslendinga upp á það eina ferðina enn af þriðja forsætisráðherranum sem fjallar um þetta mál að fá alltaf sama svarið, að það sé ekkert að ske í þessu máli.

Hæstv. forsætisráðherra átti að leggja fyrir Alþingi árið 2002, fyrir fjórum árum, framkvæmdaáætlun í þessu máli sem Alþingi átti að fjalla um. Það hefur ekkert verið gert. Síðasti forsætisráðherra ákvað að setja þetta mál í fjölskyldunefnd forsætisráðherra, eins og hér hefur komið fram, undir stjórn Björns Inga Hrafnssonar sem einungis hefur notað þessa nefnd sem vettvang fyrir sjálfan sig og þá prófkjörsbaráttu sem hann hefur verið í.

Hvað hefur þessi nefnd gert síðan síðasti forsætisráðherra sagði að hún ætti að ljúka störfum sem fyrst? Nákvæmlega það sem þessi forsætisráðherra sem hér talar segir. Hvað hefur hún gert? Um það er spurt í þessari fyrirspurn sem hæstv. forsætisráðherra er hér að svara. Ég óska eftir því að hann svari henni. Hefur hann tímasett það hvenær þessi nefnd eigi að ljúka störfum? Hvenær verður þessi stefnumótun og framkvæmdaáætlun lögð fyrir þingið? Það er ekki til of mikils mælst, virðulegi forseti, að þessu sé svarað hér.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Hefur hann lesið greinasafn sem kom fram í Morgunblaðinu í októbermánuði sl. þar sem rauði þráðurinn var áfellisdómur yfir íslensku samfélagi sem varla væri hægt að kalla barnvænt samfélag, vitnað í sérfræðinga sem segja að barnið sé ekki jafnmikill miðpunktur í samfélaginu og annars staðar á Norðurlöndum þegar borin eru saman uppvaxtarskilyrði barna? Það gengur ekki að bjóða Alþingi upp á þetta. Það er fyrir neðan virðingu þingsins að taka á móti svona svörum, aftur og aftur, frá forsætisráðherra eftir forsætisráðherra, að ekkert sé verið að gera hér að því er varðar þessa stefnumótun sem annars staðar á Norðurlöndunum hefur verið búið við í marga áratugi. Ég mótmæli þessum svörum sem þriðji forsætisráðherra gefur Alþingi Íslendinga (Forseti hringir.) sem var að skila auðu að því varðar stefnumótun (Forseti hringir.) í málefnum barna og ungmenna.

[15:33]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegur forseti. Það er leitt að heyra þessi mótmæli hv. þingmanns við þeim svörum sem hér hafa verið reidd fram. Ég rakti í svari mínu hvernig þetta mál er vaxið og hvað hefur verið gert í því frá því að þingsályktun var samþykkt hér í maí árið 2001.

Skýrslan um þetta mál, skýrsla nefndar Drífu Hjartardóttur, var send þingmönnum öllum í apríl árið 2005, og það er auðvitað rangt sem segir í fyrirspurn þingmannsins að fyrrverandi forsætisráðherra hafi sent fjölskyldunefndinni þetta þrátt fyrir vilja Alþingis. Alþingi hafði aldrei látið í ljósi neina skoðun á því hvort þetta mál mætti fara til athugunar í þeirri nefnd. (Gripið fram í.)

Eins og ég segi, ég hef lagt áherslu á það við þá nefnd að hún ljúki störfum sem fyrst og vonandi verður það þannig.

Umræðu lokið.

[15:34]

**Útbýting:**

Fjármálafyrirtæki, 386. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 428.

Skattlagning lífeyrisgreiðslna, 382. mál, þáltill. EBS o.fl., þskj. 419.

Vatnajökulsþjóðgarður, 395. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 439.

## *Umræður utan dagskrár.*

Miðstöð mæðraverndar.

[15:35]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Miðstöð mæðraverndar hefur starfað við góðan orðstír í sjö ár en hún verður lögð niður á morgun. Hjá Miðstöðinni hafa þungaðar konur sem þurfa meira eftirlit og þjónustu en meðganga alla jafna krefst átt kost á heildstæðri og góðri aðhlynningu og fræðslu, um 700 konur á ári. Þetta eru konur sem glíma við andleg, líkamleg eða félagsleg vandamál sem tengjast meðgöngunni með einhverjum hætti. Í Miðstöð mæðraverndar hefur verið veitt mjög mikilvæg sérhæfð þjónusta, sniðin að þörfum kvennanna og veitt á þeirra forsendum.

Miðstöðin hefur starfað samkvæmt samningi við Landspítala – háskólasjúkrahús. Fyrir nokkru var sú ákvörðun tekin, einhliða að því er virðist af Landspítalanum, að segja samningnum upp og þar með að leggja niður starfsemi Miðstöðvarinnar í sinni mynd. Þetta þýðir röskun á þjónustu við u.þ.b. 200 barnshafandi konur. Helmingur þeirra mun þurfa að leita til LSH og hinar hundrað á heilsugæslustöðvar. Varla þarf að taka fram að í þessu felst að flestar þurfa konurnar að skipta um ljósmæður og lækna og því rofnar samfellan í þjónustu við þennan hóp kvenna.

Líklega liggur ástæða þessara skipulagsbreytinga að einhverju leyti í því að Heilsuverndarstöðin var seld og engin tilraun gerð til þess að ganga til samninga við nýja eigendur um áframhaldandi starfsemi heilsugæslunnar þar. Þess í stað var ráðist í að flytja hana í leiguhúsnæði í Mjóddinni þar sem 150 millj. kr. hefur þurft að verja til þess að breyta keilusal í heilsugæslu. Reyndar er það svo að degi fyrir flutninginn er húsnæðið í Mjóddinni ekki tilbúið vegna þess að þar þurfti að koma upp fullkomnu loftræstikerfi en húsnæðið er með þeim vanköntum að þar er varla hægt að opna glugga.

Forseti. Hver er ástæða riftunar samningsins á milli Miðstöðvar mæðraverndar og LSH? Er það svo að spítalinn eigi erfitt með að manna læknisstöðuna einu sem honum ber að sjá um samkvæmt samningnum við mæðravernd? Gott væri að fá skýr svör við því.

Frá upphafi hefur verið unnið öflugt þróunar- og fræðslustarf í Miðstöð mæðraverndar. Þar hefur sýn heilsugæslunnar verið beitt á meðgöngu og fæðingu, þ.e. sú sýn sem leggur áherslu á fjölskylduna í heild og þau áhrif sem

nýtt barn hefur á samsetningu og samskipti í fjölskyldunni.

Meðganga og fæðing er ekki afbrigðilegt ástand heldur eðlilegur gangur lífsins. Á undanförnum 30–40 árum hefur þjónusta við barnshafandi konur hins vegar færst nær algjörlega til sjúkrahúsanna hér á landi og val kvenna um þjónustu við fæðingu er nánast ekki neitt. Í þessu samhengi er líka athyglisvert að hin vinsæla MFS-þjónusta, meðganga, fæðing, sængurlega, sem veitt var á kvennadeild LSH var lögð niður fyrir stuttu, m.a. að sögn vegna þess að spítalinn sæi ekki lengur um meðgönguvernd sem slíka.

Ljósmæðrafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga hafa mótmælt niðurlagningu þjónustumiðstöðvar mæðraverndar og spurt hvers vegna stofna þurfi nýja deild innan LSH fyrir barnshafandi konur í áhættuhópum. Ljósmæður og hjúkrunarfræðingar benda á að hér sé í raun um að ræða afturför í þjónustunni, afturför um 15–20 ár.

Frú forseti. Ég hef lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra:

Hvaða rök lágu að baki því að Landspítali – háskólasjúkrahús rifti samningi við Miðstöð mæðraverndar sem gilda átti til ársins 2009?

Telur ráðherra að Miðstöðin hafi ekki sinnt starfi sínu sem skyldi?

Telur hæstv. ráðherra að nýtt fyrirkomulag tryggi fullnægjandi þjónustu fyrir þungaðar konur í áhættuhópum?

Telur hæstv. ráðherra að meðgöngu- og mæðravernd sé kannski betur komin á Landspítala – háskólasjúkrahúsi en hjá heilsugæslunni þar sem hún þó á að vera lögum samkvæmt?

Ég leyfi mér að bæta við einni spurningu, frú forseti. Mig langar að spyrja eins og yfirljósmóðir og yfirlæknir Miðstöðvarinnar spurðu í Morgunblaðinu í gær:

Höfðu yfirvöld kynnt sér starfsemi Miðstöðvar mæðraverndar til hlítar áður en ákvörðun var tekin um þessar umfangsmiklu skipulagsbreytingar?

[15:39]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. 4. þm. Suðvest. spyr fjögurra spurninga og svo aukaspurningar í lokin. Í fyrsta lagi: Hvaða rök lágu að baki því að Landspítali – háskólasjúkrahús rifti samningi við Miðstöð mæðraverndar sem gilda átti til ársins 2009?

Eftir að Heilsuverndarstöðin var seld og húsnæðisforsendur breyttust fóru fram viðræður milli Landspítala – háskólasjúkrahúss, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og ráðuneytisins sem leiddu til þeirrar niðurstöðu sem nú er orðin. Rökin eru að hluta til faglegs eðlis og skýrast af þeim vilja heilbrigðisyfirvalda að konur fái sem besta þjónustu á viðeigandi þjónustustigi.

Það má líka draga fram að fyrir tiltekinn hóp kvenna — ég undirstrika tiltekinn hóp kvenna — sem skilgreindur er í áhættuhópi úti á heilsugæslustöðvunum er einfaldara að komast strax inn á LSH og njóta þjónustunnar þar þannig að ekki verði um aukaviðkomustað að ræða í ferlinu. Þetta eru meginástæðurnar fyrir því að þjónustunni verður núna fyrir komið með nýjum hætti, þ.e. skýr greinarmunur verður gerður á milli kvenna sem eru í áhættumeðgöngu, og þær fá þá þjónustu á viðeigandi stað, þ.e. LSH, og svo þeirra kvenna sem eru ekki í áhættumeðgöngu, sem er meginfjöldinn, en þær fá þjónustu á heilsugæslustöðvunum. Þetta nýja fyrirkomulag er í fullu samræmi við klínískar leiðbeiningar landlæknis um meðgönguvernd.

Í öðru lagi er spurt: Telur ráðherra að Miðstöð mæðraverndar hafi ekki sinnt starfi sínu og konum á meðgöngu sem skyldi?

Miðstöð mæðraverndar sinnti skyldum sínum prýðilega í samræmi við það sem til var ætlast. Miðstöðin er sterkur bakhjarl við uppbyggingu mæðraverndar á heilsugæslustöðvunum og veitti öfluga og aðgengilega ráðgjafarþjónustu. Í upphafi leituðu fleiri konur til Miðstöðvar mæðraverndar en gert hafði verið ráð fyrir, bæði konur í eðlilegri meðgöngu og áhættumeðgöngu. Heilsugæslustöðvarnar, sem hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförnum árum, hafa í vaxandi mæli tekið við eftirliti kvenna í eðlilegri meðgöngu. Þetta hefur m.a. gerst vegna þess að heilsugæslan hefur eflst mjög faglega á þessu sviði með ráðningu fleiri ljósmæðra á stöðvunum.

Mjög miklar breytingar hafa átt sér stað á undanförnum áratug gagnvart mæðraverndinni. Fyrir áratug fóru um 40% kvennanna sem fóru í mæðravernd á Landspítalann, 30% fóru á mæðradeild Heilsuverndarstöðvarinnar og einungis um 25% samtals á heilsugæslustöðvarnar. Það hefur auðvitað orðið gífurleg breyting. Núna viljum við færa þessa þjónustu eins og hægt er út á heilsugæslustöðvarnar, það er skrefið sem verið er að stíga. Það má segja að u.þ.b. tveir þriðju þeirra kvenna sem hafa fengið þjónustu á Miðstöð mæðraverndar muni núna fá þjónustu á heilsugæslustöðvunum, en einn þriðji, þ.e. þær sem eru í áhættumeðgöngunni, mun fara á LSH. Það er verið að gera þarna skýran greinarmun á milli, að veita þjónustuna á viðeigandi þjónustustigi og aðallega í heilsugæslunni en einungis lítill hluti fer inn á LSH. Það verða um 15% allra, þ.e. þær sem eru í áhættumeðgöngu.

Með því fyrirkomulagi sem núna er verið að koma á fót og er í fullu samræmi við svokallaðar NICE-leiðbeiningar, sem eru breskar klínískar leiðbeiningar, tel ég að þjónustan við barnshafandi konur verði að mörgu leyti betri og umfram allt markvissari en áður. Samkvæmt þessu er lagt til að konur sem ekki eru í áhættu eigi að sækja sér þjónustu í grunnþjónustunni, í heilsugæslunni, sem núna er mjög vel í stakk búin til að sinna þessu hlutverki en þær sem eru í áhættu fá sérhæfðustu þjónustuna hjá kvennasviði LSH. Þannig er gert ráð fyrir að þungaðar konur sem eru ekki í neinni áhættu sæki mæðravernd á nærliggjandi heilsugæslustöð en konur með skilgreinda áhættuþætti sæki mæðravernd til LSH þar sem sérhæft eftirlit fæðingarlækna og ljósmæðra fer fram.

Mikil áhersla verður að sjálfsögðu lögð á samfellda þjónustu, bæði á heilsugæslustöðvunum og líka innan LSH. Starfið á heilsugæslustöðvunum verður eflt enn frekar og mun njóta öflugs stuðnings Miðstöðvar mæðraverndar.

Ákveðinn hluti þessara kvenna þarf á mjög sérhæfðri þjónustu að halda og ég tel eðlilegt að hún fari fram á LSH. Í heildina vil ég segja að þetta verður einfaldari og markvissari þjónusta og að mínu mati verður þessi breyting til þess að við munum sjá betri þjónustu. Sú niðurstaða bygg-

ist að miklu leyti á því að gott samstarf takist á milli LSH og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ég vil taka það sérstaklega fram að það samstarf hefur verið mjög gott og ég þakka sérstaklega fyrir það. Það er auðvitað forsendan fyrir því að þessi þjónusta verði efld.

[15:44]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að hæstv. ráðherra hefur ekki fengið sömu bréf og við, almennir þingmenn, frá verðandi mæðrum sem eru nú uggandi um sinn hag. Í fjölmörgum bréfum sem okkur þingmönnum hafa borist undanfarna daga frá þessum verðandi mæðrum koma fram mikil sárindi. Sumum finnst að allt gott sem gert hefur verið fyrir verðandi mæður sé lagt niður. Nefnt er Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar og MFS-einingin á kvennadeild LSH. Þetta eru ömurleg eftirmæli áhugalausrar ríkisstjórnar sem hefur auðvitað vitað að hverju stefndi í þessum málum.

Hvað ætlar hæstv. heilbrigðisráðherra Framsóknarflokksins, Siv Friðleifsdóttir, að gera fyrir þessar kynsystur sínar? Hún stendur hér og segir okkur að áhersla sé lögð á samfellda þjónustu í þessu nýja kerfi og hún fullyrðir að þjónustan verði einfaldari og markvissari. Þessi yfirlýsing róar ekki þær mæður sem skrifa okkur þingmönnunum.

Meðal þeirra sem hafa lýst áhyggjum sínum eru Ljósmæðrafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og fagdeild heilsuhjúkrunarfræðinga. Þessir aðilar óska eftir því að ákvörðunin um að leggja Miðstöð mæðraverndar niður verði endurskoðuð. Undir það tökum við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs, og við áteljum framsóknarráðherrana, hvort sem það er hæstv. ráðherra Siv Friðleifsdóttir eða sá sem á undan henni var, fyrir það að hafa sniðgengið þessa aðila þegar ákvörðunin um þetta var tekin.

Hér er horfið aftur til fortíðar frá því ákjósanlega og persónulega fyrirkomulagi að hver verðandi móðir sem er í áhættu á meðgöngu hafi ljósmóður sem fylgir henni eftir fram að fæðingu, til þess horfs sem lagt var niður 1990 af því að það samrýmdist ekki nútímakröfum. Þarna er Framsóknarflokknum rétt lýst. Hann gerir ekkert með reynslu og þekkingu ljósmæðra, lækna og annars starfsfólks Miðstöðvar mæðraverndar, leggur niður þjónustuna sem hefur átt sér stað í nútímalegu heilsuverndarumhverfi (Forseti hringir.) og sjúkdómavæðir meðgönguna.

Hæstv. forseti. Þetta er vond hugmynd.

[15:47]

**Kolbrún Baldursdóttir:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka undir orð hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur um að það er engum blöðum um það að fletta að Miðstöð mæðraverndar hefur árum saman sinnt starfi sínu vel, af natni og mikilli færni. Um það er ég sannfærð, bæði hef ég heyrt það og ég hef líka eigin reynslu af því.

Hins vegar kalla breytingar oft á meiri breytingar og eitt leiðir af öðru. En ég er líka sammála því að það eru ýmsir ókostir við að hafa svona þjónustu á tveimur stöðum. Það er fyrst og fremst hætta á að hlutverk og ábyrgð verði óskýr og að sérþekking tapist. Áhættuþungun er ekki heldur endilega viðvarandi ástand alla meðgönguna og þá getur komið upp sú spurning á hvorn staðinn konan eigi að fara.

Hins vegar er svona komið og þetta er staða mála í dag og þá er að sjálfsögðu spurning að fá reynslu á þetta fyrirkomulag. Eins og það lítur út í mínum augum skiptir núna mestu máli að tekið sé á áhættuþáttum í meðgöngutilfellum af mikilli sérþekkingu og að þau tilfelli fái meðhöndlun af okkar helstu sérfræðingum þar sem nauðsynlegur tækjabúnaður er ekki langt undan.

[15:48]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það ber að þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir að koma með til umræðu Miðstöð mæðraverndar og fyrirkomulag á þeirri þjónustu.

Vorið 2005 ákváðu þáverandi borgaryfirvöld að selja húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar á almennum markaði. Þar var ýmsum greinum forvarna og heilsugæslu vel sinnt sem og ungbarna- og mæðravernd. Við söluna kom upp mikil óvissa og fyrirsjáanlegt varð að starfsemin tvístraðist um borgina. F-listinn í borgarstjórn varaði við þeirri óvissu sem upp kæmi vegna sölunnar þar sem allt var í óvissu um hvar og hvernig þjónustunni yrði komið fyrir. Frjálslyndir í borgarstjórn lögðust gegn sölunni þar sem ekki var tryggt að starfsemin yrði áfram í nágrenni við Landspítala – háskólasjúkrahús.

Flutningur hluta þjónustunnar upp í Breiðholt og annars hluta yfir á kvennadeild veikir og tvístrar þeirri starfsemi og sérfræðiþekkingu sem verið hefur á einum stað. Það var óheppilegt að færa hluta starfseminnar út fyrir svæði LSH en það hefur einmitt verið talinn kostur hingað til að helstu þættir starfseminnar væru svæðisbundnir í grennd við Landspítala – háskólasjúkrahús við Hringbraut. Stofnunin er í dag mikilvæg miðstöð heilsugæslunnar í borginni.

Miklar breytingar verða á skipulagi mæðraverndar á höfuðborgarsvæðinu frá 24. nóvember nk. Þá munu þær konur sem skilgreindar hafa verið með áhættuþætti í meðgöngu sækja mæðravernd á Landspítala – háskólasjúkrahús í stað Miðstöðvar mæðraverndar. Mikil óánægja er meðal starfsfólks Miðstöðvarinnar og óvissa um framhaldið. Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga hefur einnig óskað eftir að ákvörðunin verði endurskoðuð.

Það bendir þess vegna allt til þess að ferlið sé mistök, og hvorki meiri hluti borgarstjórnar né heilbrigðisráðherra fást til að stöðva ferli sem kostar mikla fjármuni og veldur verri þjónustu.

[15:50]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að allt þetta rót er komið á þjónustu við verðandi mæður í áhættu er einkaframtaksæðingarárátta ríkisstjórnarinnar. Ríkið átti fínt húsnæði, Heilsuverndarstöðina, sérstaklega byggt fyrir heilbrigðisþjónustu, seldi það nánast upp úr þurru og tók á leigu óviðunandi húsnæði langt frá Landspítalanum fyrir þjónustu sem mæðraverndin þurfti að vera í nánum tengslum við og spítalinn telur sig ekki hafa mannafla til að sinna þar.

Hvað gengur stjórnvöldum til með þessu? Ekki var þetta í þágu heilbrigðisþjónustunnar sem sinnt var á Heilsuvernd-

arstöðinni. Það er alveg víst. Miðstöð mæðraverndar var opnuð fyrir fjórum árum eftir tugmilljóna króna endurbætur á húsnæðinu í Heilsuverndarstöðinni og fyrir ári var byggt þar upp tölvuver til kennslu og fundarhalda fyrir milljónir króna. Svo var selt.

Engin þarfagreining lá fyrir um húsnæðisþörfina þegar selt var og ákveðið að leigja, enda leiguhúsnæðið gjörsamlega óviðunandi, of lítið, gluggalaust að mestu og annað eftir því.

Þeir sem gerst til þekkja segja að breytingarnar í Mjóddinni kosti að lágmarki 150 millj., öllu meira en það hefði kostað að gera Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg alla upp í fínt ástand. Ég spyr hæstv. ráðherra: Finnst honum þetta viðunandi meðferð á almannafé?

Haldið var áfram að kosta til milljónatugum í breytingar á leiguhúsnæðinu þrátt fyrir að vitað væri að Miðstöð mæðraverndar færi aldrei þangað. Hvaða óráðsía er þarna á ferðinni og hvað hefur þetta kostað skattborgara? Ég fer fram á það að hæstv. ráðherra upplýsi Alþingi um alla þætti þessa máls, máls sem er ástæðan fyrir því að mæðraverndin leggst af í núverandi mynd.

Við þingmenn Samfylkingarinnar munum leggja fram skýrslubeiðni á Alþingi um þessi mál fáist ekki viðunandi svör hér í umræðunni um alla þætti málsins.

[15:52]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir að taka hér upp utan dagskrár málefni Miðstöðvar mæðraverndar. Sömuleiðis þakka ég hæstv. heilbrigðismálaráðherra fyrir svör hennar og þá miklu áherslu sem ég finn á máli hennar að hún leggi á þjónustu við þungaðar konur.

Við eigum auðvitað að gera þjónustu við barnshafandi konur sem best úr garði og ekki síst við þær sem eiga á hættu erfiðleika á meðgöngunni. Umræðuefni okkar hér í dag á auðvitað að vera með hvaða hætti við getum tryggt að þjónusta við þungaðar konur verði sem best, skipulagið sem einfaldast og fyrirkomulag allt sem skilvirkast.

Á undanförnum árum höfum við verið að styrkja grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins, heilsugæsluna, um allt land en ekki síst á höfuðborgarsvæðinu þar sem okkur hafði um nokkurt árabil ekki tekist að fylgja eftir fjölgun fólks á svæðinu. Við höfum opnað fleiri heilsugæslustöðvar og stækkað þær sem fyrir voru en það sem skiptir ekki síst máli er að við höfum aukið þjónustu heilsugæslustöðvanna og það þjónustuframboð sem er í boði á hverri stöð.

Þróun þjónustunnar við þungaðar konur, mæðraverndin, sem hér er til umræðu sýnist mér vera í takt við þessa stefnumörkun hæstv. heilbrigðismálaráðherra. Heilbrigðar, þungaðar konur — sem betur fer eru flestar þungaðar konur það — sækja þjónustu inn á heilsugæslu og helst í því hverfi þar sem þær búa en þær konur sem eiga á hættu erfiðleika á meðgöngunni geta sótt þjónustu kvennadeildar Landspítalans þar sem þær bíða og vonandi eiga síðan barnið.

Það er því samfella í þjónustunni við þann hóp sem ég hef talið mikilvægastan. Enda hefur raunin orðið sú að æ fleiri heilbrigðar, þungaðar konur hafa á undanförnum árum sótt þjónustu mæðraverndar á sinni heilsugæslustöð. Þetta er m.a. gert vegna þess að við höfum styrkt hina faglegu þætti heilsugæslustöðvanna með því að ráða ljósmæður þangað.

Miðstöð mæðraverndar hefur unnið gott starf og það er rétt að þar hefur skapast mikil sérþekking. Sérþekkingin mun nýtast áfram því að eftir breytingarnar sem hér eru til umræðu mun Miðstöðin styðja við bakið á heilsugæslunni, veita henni öfluga ráðgjafarþjónustu og vera bakhjarl hennar.

Sú þróun sem hér er til umræðu mun styrkja þjónustuna við þungaðar konur og það er það sem skiptir máli.

[15:55]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég tel að sala Heilsuverndarstöðvarinnar hafi verið algert glapræði. Það er alveg sérstakt mál sem þarf að fara betur yfir. Enn alvarlegri er þó sú gjörð að ljóst er að salan var óundirbúin að öllu leyti, bæði hvað varðar nýtt húsnæði fyrir starfsemina, alla þá starfsemi sem var í húsinu og það sem verra var, það virðist ekki hafa verið hugað að því hvaða afleiðingar flutningurinn gæti haft fyrir þær konur sem taldar eru í áhættu á meðgöngu á höfuðborgarsvæðinu. Þær hafa flestar sótt þjónustu í Miðstöð mæðraverndar.

Þær skipulagsbreytingar sem nú eru að verða að veruleika leiða hugann að því hvert verið sé að stefna í mæðraeftirliti og eðlilegum fæðingum. Miðstöð mæðraverndar hefur sérhæft sig á sviði áhættumeðgöngu, hvort heldur hún hefur talist andleg, líkamleg eða félagsleg. Þessi þjónusta hefur styrkt Miðstöð mæðraverndar sem miðstöð á sviði sérfræði- og stoðþjónustu mæðraverndar fyrir allt landið. Það er æskileg þróun að efla mæðravernd á öllum heilsugæslustöðvum og því er mikilvægt að sérfræðiþekking ljósmæðra og lækna sé til staðar.

Á höfuðborgarsvæðinu eru deildar meiningar um það hvar eftirlit eigi að fara fram með þeim konum sem taldar eru í áhættumeðgöngu. Mannekla og skortur á sérfræðingum á þessu sviði hefur að einhverju leyti ráðið för. Það er þó ljóst að það er verið að spítalavæða það mæðraeftirlit sem mikil ánægja hefur verið með hjá þeim konum sem vísað hefur verið til Miðstöðvar mæðraverndar.

Að kippa þessari mikilvægu starfsemi burt setur um leið starfsemi Miðstöðvarinnar í uppnám. Fæðingarheimili Reykjavíkur starfaði hér um árabil og var rekstur og stefna þess til fyrirmyndar. Ef konur mættu ráða fæddu þær flestar í því andrúmslofti og þjónustu sem var á fæðingardeildinni, þ.e. ef þær þurfa og óska eftir því að fæða á stofnunum. Þá höfðu þær val. Í dag fæða þær allar á hátæknisjúkrahúsi.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra. Verður MFS — meðganga, fæðing, sængurlega — aftur komið á hjá þeim konum sem sækja mæðraverndina vegna áhættumeðgöngu á LSH?

[15:57]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Mæðravernd er í eðli sínu heilsuvernd, og eftirlit með þunguðum konum í eðlilegri meðgöngu á að vera innan heilsugæslunnar. Það hefur verið metið að í 80%

tilvika sé meðganga og fæðing eðlileg.

Á Reykjavíkursvæðinu eru 3 þús. konur sem njóta þjónustu mæðraverndar á ári hverju, 600 þeirra þurfa á frekara eftirliti að halda og teljast í áhættumeðgöngu.

Þegar Miðstöð mæðraverndar tók til starfa um mitt ár 2001 voru skjólstæðingar hennar um 1.800 talsins. Þeim hefur fækkað verulega á síðustu árum vegna skipulagsbreytinga þegar mæðravernd kvenna í eðlilegri meðgöngu var færð til heilsugæslustöðva með fjölgun stöðugilda ljósmæðra.

Við þessar breytingar hefur Miðstöð mæðraverndar fyrst og fremst sinnt konum í áhættumeðgöngu auk þess að styðja við mæðravernd innan heilsugæslunnar svo og fræðslu fyrir starfsfólk og verðandi foreldra.

Allir eru sammála um að vel hafi verið staðið að þessum skipulagsbreytingum, þær hafi heppnast vel og leitt til bættrar þjónustu. Allflestar konur í eðlilegri meðgöngu njóta nú mæðraverndar á heilsugæslustöðvum og fá jafnframt ungbarnaeftirlit á sömu stöð. Aukin samfella í þjónustu er betri og persónulegri fyrir fjölskyldur og það er mikilvægt.

Með ákvörðunum um að færa þjónustu við konur í áhættumeðgöngu alfarið til Landspítala – háskólasjúkrahúss er grundvelli kippt undan starfsemi Miðstöðvar mæðraverndar í því formi sem verið hefur. Breytingin er rökstudd með því að þjónusta við konur í áhættumeðgöngu sé einfölduð, það þurfi aðeins að leita á einn stað í stað tveggja áður, en greiningartæki og læknisfræðileg þekking á áhættumeðgöngu er fyrst og fremst staðsett á LSH.

Í sjálfu sér eru þetta fullgild rök fyrir breytingunni þótt líta megi á málið frá fleiri hliðum. Hins vegar hlýt ég að gagnrýna hve skjótt þessa breytingu ber að, hve lítinn tíma bæði barnshafandi konur og starfsfólk fái til að aðlagast þessari breytingu. Þá hlýt ég einnig að gagnrýna ákveðið stefnuleysi í þessum málum því að á stuttum tíma hefur verið lagt í miklar fjárfestingar í breytingar á húsnæði og þjálfun starfsfólks til ákveðinna verkefna sem nú er hætta á að fari í súginn.

[15:59]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunni. Hæstv. ráðherra svaraði spurningum mínum á þann hátt að hér yrði um betri og markvissari þjónustu að ræða. Hins vegar hefur komið mjög skýrt fram í máli þingmanna að það er ekki einhlítt, nú síðast í ræðu hv. þm. Ástu Möller þar sem gagnrýndur var bæði sá hraði sem hefur verið á þessu máli og einnig að það er lagt í fjárfestingu og útgjöld á nokkrum póstum án þess að nokkur viti hver framtíðin er í raun. Það hefur hér verið talið upp, endurbætur á Heilsuverndarstöð vegna Miðstöðvarinnar og núna endurbætur í Mjóddinni og svo fram eftir götunum.

Það virðist vera svo, frú forseti, að aðalástæða þessara breytinga sé ekki heilsufarslegs eðlis heldur húsnæðislegs. Aðalástæða þessarar grundvallarbreytingar hefur í raun ekkert með þjónustuna við konurnar að gera. Hér er reynt að bera í bætifláka fyrir breytingarnar og segja: Þetta er í raun betra svona. Spítalinn tekur hér hundruð kvenna, þótt mér sé enn ekki ljóst hvort við erum að tala um 15 eða 30% þessara kvenna. Sú tala er eitthvað á reiki. En á móti kemur að Heilsuverndarstöðin var seld. Hefði hún aldrei verið seld með þeim hætti sem gert var væri ekki verið að breyta neinu. Hér er ekki einhver lýðheilsupólitík að baki. Mér þykir það blasa nokkuð skýrt við, frú forseti.

Þá spyr maður: Hvað veldur? Hvað stýrir í raun stjórnun og pólitískri stefnumótun í heilbrigðiskerfi á Íslandi? Og þjónustu við þann hóp kvenna sem í raun fær besta þjónustu frá heilbrigðiskerfinu, þungaðar konur sem af einhverjum ástæðum eru í áhættuhópi á meðgöngu og einhvern tímann meðgöngunnar? Hvað liggur að baki?

Ég ítreka það sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði hér, við þingmenn Samfylkingarinnar munum (Forseti hringir.) bera fram skýrslubeiðni vegna þessa máls, (Forseti hringir.) aðdraganda þess, kostnaðar og pólitíkurinnar sem að baki er.

[16:02]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu munu konurnar fá bestu þjónustu sem völ er á. Það er að sjálfsögðu markmið okkar. Ég vil taka fram að það er ekki verið að leggja niður Miðstöð mæðraverndar. Það er alls ekki verið að því. Hún verður að sjálfsögðu mikilvægur bakhjarl í heilsugæslunni við faglega þjónustu og ráðgjöf til heilsugæslunnar.

Það sem verið er að gera er að sá hópur sem hefur verið í áhættumeðgöngu er færður til. Á sínum tíma sóttu bara 25% þungaðra kvenna í landinu sér þjónustu á heilsugæslunni. Núna erum við fara upp í 85%. Þetta er bara eðlileg þróun. Þær eiga að njóta þjónustu á eðlilegu þjónustustigi, sem er í heilsugæslunni. Það er gengið í þá átt.

Tveir þriðju af þeim sem nutu þjónustu á Miðstöð mæðraverndar munu núna njóta þjónustu á heilsugæslustöðvunum. Ég veit að þingmenn eru sammála þeirri stefnu, hún er samkvæmt lögum. Það á að þjónusta þennan hóp á heilsugæslunni. Hvað með hinn hópinn sem er í áhættumeðgöngu? Það er erfiðasti hópurinn sem þarf að njóta fullkominnar þjónustu. Þá er eðlilegt að honum sé sinnt á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi.

Hluti þessa hóps hefur þurft að fara inn á Miðstöð mæðraverndar sem aukaviðkomustað. Það verður bara að segjast eins og er. Hluti þessa hóps hefur þurft að fara þangað og síðan inn á LSH til að njóta þjónustunnar þar sem er fullkominn tækjabúnaður og betri aðstæður.

Ég vísa því algjörlega á bug að við séum að stíga eitthvert skref aftur á bak. Það er kolrangt að halda því fram. Við ætlum að veita þunguðum konum á Íslandi þá fullkomnustu þjónustu sem völ er á að veita. Það er mitt mat að hefði þessi húsnæðisflutningur ekki orðið hefðum við samt tekið þetta skref. Það hefði komið seinna. Það er rétt að þetta hefur gengið hratt fyrir sig. Ég tel að við hefðum samt tekið þetta skref. Það hefði bara komið síðar. Það er ekki þannig að hér sé búið að setja fjármagn sem ekki mun nýtast. Breytingarnar sem urðu á (Forseti hringir.) Miðstöðinni á Barónsstíg hefðu þurft að verða hvort eð er. Það voru rör sem sprungu. Það varð að gera við þau rör algjörlega óháð Miðstöð mæðraverndar.

[16:04]

**Útbýting:**

Íþróttakennsla í grunnskólum, 383. mál, þáltill. EBS og GÞÞ, þskj. 420.

[Fundarhlé. — 16:05]

[18:00]

**Útbýting:**

Aldurstakmark á skipulagðar útihátíðir, 392. mál, fsp. KBald, þskj. 434.

Póst- og fjarskiptastofnun, 397. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 441.

Sameining Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins, 393. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 437.

Samtalsmeðferð við þunglyndi og kvíðaröskun, 391. mál, fsp. KBald, þskj. 433.

## *Afkoma lunda og annarra sjófugla.*

Fsp. SigurjÞ, 202. mál. — Þskj. 203.

[18:01]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Núverandi kvótakerfi byggist vægast sagt á vafasamri líffræði þar sem eingöngu er litið til veiða mannsins sem eina áhrifaþáttarins á stærð fiskstofna. Í þessum áætlunarbúskap, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir, hefur hvorki gengið né rekið, enda má spyrja sig hvort ekki sé vafasamt að reyna svona áætlunarbúskap í undirdjúpunum. Stalín datt ekki í hug að fara með áætlunarbúskap sinn í undirdjúpin. Hann reyndi hann bara á þurru landi og gekk ekki vel en samt berja menn hausnum við steininn hér á landi hvað eftir annað og reyna að reka kerfi sem gengur ekki upp og stenst ekki neina líffræðilega skoðun. Ég hef ákveðið að beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra til að hann fari að átta sig á að það eru fleiri þættir en maðurinn sem hafa áhrif á lífríkið og að dýrastofnarnir hafa áhrif hverjir á aðra:

Hefur verið athugað hvort tengja megi afkomu lunda og annarra sjófugla við útbreiðslu og afkomu ýsustofnsins?

Eins dauði er annars brauð í náttúrunni. Fyrir um ári síðan var talsvert rætt um afkomu sjófugla og þá lægð sem stofnarnir voru í, svo sem krían en þar var bent á sandsílið. Í kjölfarið eða síðastliðið vor bárust fréttir af því að Hafró væri að rannsaka sandsílið sérstaklega. Sandsílið er ekki eingöngu æti fyrir sjófugla heldur er það mjög mikilvægt æti fyrir fiskstofnana, nytjastofnana, en það má reikna út að ýsan þurfi að éta um 500 tonn á hverri klukkustund og drjúgur hluti þeirrar fæðu er einmitt sandsílið. Og hvers vegna ætti ekki að spyrja þeirrar eðlilegu spurningar, ef ýsunni fjölgar mjög mikið, hvort það hafi ekki áhrif á stærð sandsílastofnsins sem síðan takmarkar fæðu sjófugla, svo sem lunda? Mér finnst mjög brýnt að hæstv. sjávarútvegsráðherra velti þessu fyrir sér vegna þess að hann horfir eingöngu á veiðar mannsins. Hann hefur svipt heilu byggðarlögin, svo sem Bíldudal, veiðiréttinum og kemur síðan með einhver falsloforð um byggðakvóta sem sjaldnast standa. Mér finnst vera íhugunarefni ef menn sýna ekki vilja til að breikka sjóndeildarhring sinn um lífríki hafsins og áhrif mannsins á það.

[18:04]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði, það eru fleiri áhrifavaldar á lífríki hafsins en einungis maðurinn en ég kannast ekki við það, satt að segja, að ég hafi viljað skella skollaeyrum við þeirri röksemdafærslu. Ég held að það hafi oft komið fram, bæði í mínu máli og margra annarra, að þetta eru algild og almenn sannindi sem ég held að við þurfum í sjálfu sér ekkert að deila um. Þessi áhrif eru margslungin og margbrotin og menn getur greint á um hversu mikil eða víðtæk þau eru og þau eru örugglega mismunandi eftir árferði o.s.frv. En það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað þarf að hyggja að þessum málum og það hefur verið gert.

Athuganir á afkomu og útbreiðslu ýsustofnsins, svo dæmi sé tekið, eru hluti af reglubundinni vöktun Hafrannsóknastofnunar á fiskstofnunum. Niðurstöður varðandi ýsuna eru þær að bæði er útbreiðslan vaxandi og aukning er í magni umhverfis allt land og þetta þekkjum við. Nýlega er hafin hjá Hafrannsóknastofnun rannsókn með það að markmiði að fá gleggri upplýsingar um fæðu ýsu eftir svæðum og árstímum og verður frekari gagna aflað með kerfisbundnum hætti á komandi missirum. Af þessu sjáum við að það er vaxandi áhersla einmitt á þennan þátt málsins og ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður fagni því.

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar á sjófuglum hafa fyrst og fremst beinst að fæðu þeirra og fjölda. Um árabil hefur Arnþór Garðarsson, prófessor við líffræðiskor Háskóla Íslands, fylgst með afkomu sjófugla og hefur komið fram í athugunum hans að varpárangur margra tegunda hafi verið slakur síðastliðin tvö vor.

Ekki hefur verið athugað sérstaklega hvort tengja megi afkomu lunda og annarra sjófugla við útbreiðsluafkomu ýsustofnsins. Á hinn bóginn hafa verið gerðar athuganir af Hafrannsóknastofnun sem benda til þess að tengsl ýsu og sjófugla geti verið til staðar. Nefna má athugun sem hafði það markmið að athuga hvort át sjófugla á seiðum þorskfiska, þar með talinni ýsu, geti verið umtalsvert. Fyrirliggjandi niðurstöður benda ekki til þess að svo sé. Enn fremur geta tengsl ýsu og sjófugla verið vegna sameiginlegra fæðuhópa. Uppistaðan í fæðu lunda er síli og hjá öðrum tegundum sjófugla er síli ásamt loðnu og ljósátu mikilvægasta fæðan. Eldri rannsóknir Hafrannsóknastofnunar hafa sýnt að loðna, síli og ljósáta eru mikilvægir fæðuhópar ýsu en vægi þessara hópa í fæðunni er mjög mismikið eftir landshlutum og árstíma.

Í stuttu máli leiða handbærar niðurstöður úr fæðurannsóknum Hafrannsóknastofnunar í ljós að ýsa og sjófuglar nýta að hluta til sameiginlega fæðuhópa, a.m.k. á stundum. Þess ber þó að geta að umræddir fæðuhópar eru mikilvægir fyrir fjölda annarra tegunda í lífríki sjávar hér við land, þannig að hér vantar mikið á að unnt sé að draga víðtækar ályktanir um orsakasamhengið. Ég ítreka hins vegar, eins og fram kom fyrr í ræðu minni, að þessar rannsóknir standa yfir og að hafin er rannsókn sem hefur það markmið að

varpa gleggra ljósi á upplýsingar um fæðu ýsu eftir svæðum og árstímum og áfram verður haldið á þeirri braut, sem ég geri ráð fyrir að geti þá væntanlega svarað betur spurningum hv. þingmanns.

[18:08]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson spyr hvort tengja megi afkomu lunda og annarra sjófugla við útbreiðslu og afkomu ýsustofnsins. Ég held að það séu meiri líkur en minni á því að þarna séu tengsl á milli. Ef maður skoðar skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ýsustofninn og hvernig hann hefur þróast í áætlaðri stofnstærð, skoðar útbreiðslu ýsunnar og veltir því á sama tíma fyrir sér hvernig standi á því að sjófugl almennt umhverfis landið, ekki bara lundi heldur aðrir fuglar, svartfugl, hve þessum stofnum hefur gengið afskaplega illa að finna fæðu, hvernig afkoma þeirra og nýliðun, viðkoma, hefur hríðversnað á sama tíma og ýsustofninn hefur stækkað mjög hratt, þá held ég að tengslin þarna á milli séu augljós og kannski óþarfi að rannsaka mikið það sem sjálfsagt er og liggur í augum uppi.

[18:09]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Mér finnst það jákvæðar fréttir ef menn eru farnir að tengja saman samspil dýrategunda sem nýta sömu fæðuna en því miður er það ekki reglan að svo sé gert, t.d. í skýrslum Hafró. Ef skýrslum Hafró er flett virðist hver og ein tegund lifa nánast sjálfstæðu lífi og einu áhrifavaldar á nýliðun viðkomandi dýrategundar, svo sem þorsksins, er fjöldi hrygna eða hrygningarstofn og slíkir þættir en það er auðvitað mjög sérkennileg líffræði.

Mér finnst gleðilegt að menn séu aðeins að opna rifuna og líta til annarra átta. Þetta sést m.a. í líffræðiskýrslum, t.d. frá Færeyjum þar sem menn sjá greinileg merki þess að afkoma sjófugla og fiskstofna geti fylgst að. Og það sem meira er, menn sjá skýr merki um það þegar vaxtarhraði eykst að nýliðun batnar, þá aukast líkur á að nýliðun fiskstofna verði mikil. Mér finnst þessi atriði alls ekki komast til skila hvorki í skýrslum Hafrannsóknastofnunar né í stýringu veiðanna þar sem í rauninni er alveg fáheyrt hve farnar eru furðulegar leiðir. Við höfum dæmin t.d. í Arnarfirði þar sem menn reyna fyrir sér með hinar ólíklegustu tilraunir, svo sem að fóðra afræningja í stað þess að veiða þorskinn sem þar er. Það er kominn tími til að menn opni augun og horfi til fleiri átta en gert hefur verið hvað varðar stýringu í veiðum og nýtingu á náttúruauðlindum þjóðarinnar.

[18:11]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri jákvæðu umræðu sem hefur sprottið um þessa spurningu, sem ég held að hafi skipt máli og sé líkleg til þess að við reynum að varpa aðeins ljósi á ákveðið orsakasamhengi sem allir sjá auðvitað fyrir sér að er til staðar í náttúrunni.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði áðan að auðvitað eru sumir hlutir alveg augljósir og við þekkjum þá, þannig að við þurfum í sjálfu sér kannski ekki miklar rannsóknir til að skilja það. Engu að síður held ég að þær rannsóknir sem ég vísaði til, bæði rannsókn Arnþórs Garðarssonar og eins rannsókn Hafrannsóknastofnunar, hafi út af fyrir sig skýrt málið talsvert. Þar kemur fram að menn hafa verið að skoða hvort át sjófugla á seiðum þorskfiska geti verið umtalsvert. Niðurstaðan er að svo sé ekki. Hins vegar er hitt, sem líka skiptir miklu máli í þessu sambandi, og það er að uppistaðan í fæðu sjófuglanna og ýsunnar getur verið sameiginlegir fæðuhópar og það hefur auðvitað áhrif á afkomuna bæði hjá fuglunum og ýsunni. Það er augljóst mál að ef hvor tegund um sig keppir um sameiginlega fæðuhópa hefur það áhrif á afkomu hvors stofns um sig eða alla þessa stofna. Ég held að þetta varpi ljósi á málið. Ég ítreka að þessar rannsóknir hafa staðið yfir og þó að sumt sé manni ljóst er annað það ekki og því held ég að skynsamlegt sé að halda slíkum rannsóknum áfram í einhverjum mæli.

Umræðu lokið.

## *Hrefna og botnfiskur.*

Fsp. SigurjÞ, 229. mál. — Þskj. 232.

[18:13]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Þessi fyrirspurn tengist einnig fiskveiðistjórnarkerfinu, því furðulega kerfi sem við höfum komið á hér á landi og byggir á mjög vafasömum áætlunarbúskap í undirdjúpunum. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað er áætlað að hrefnustofninn í miðhluta Atlantshafsins sem heldur sig við Ísland éti mikið af botnfiski árlega?

Kannski sjá menn ekki alveg samhengið á milli kvótakerfisins og þessara fyrirspurna en ég reikna með að svarið við þessari fyrirspurn verði að það sé gríðarlega mikið af botnfiski. Það hefur verið reiknað út að hrefnustofninn einn og sér éti vel á aðra milljón tonna árlega af fiski. Kannski er eitthvað lítið af því botnfiskur en samt sem áður er um gríðarlegt magn að ræða. Það má líta til þess að spendýr hafsins, hvalir og selir, og fuglar himinsins éta margfalt meira magn af sjávarfangi en maðurinn veiðir. Afli á síðasta ári var um 1,5 millj. tonn. Það er því miklu meira magn sem þessi spendýr og fuglar taka. En líti menn á orkuflæðið í hafinu þá sér hver maður að áhrif mannsins eru mjög lítil miðað við áhrifin sem spendýrin hafa og gleymum því ekki að spendýrin og fuglarnir eru samt sem áður aukaleikarar, aðalleikararnir í þessu samspili og orkuflæðinu eru fiskarnir sjálfir sem éta hverjir aðra og þar gufar upp mesta orkan. (Gripið fram í.)

Hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti að skoða þessa umræðu og líta til þess þegar við sjáum þessar háu tölur og magnið sem spendýrin éta hvers vegna menn standi þá niðri á bryggju og mæli upp úr trillunum fiska upp á einhver kíló með ærnum eftirlitskostnaði, það er verið að telja upp úr bátunum. Menn eru jafnvel að leigja veiðiheimildir fyrir háar upphæðir í einhverju kerfi sem stenst enga líffræði þegar hlutirnir eru skoðaðir raunsætt. Við tökum miklu minna en spendýrin og fuglarnir, sem samt sem áður eru

aukaleikarar, og þess vegna er þessi ofstýring og stjórn sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir algerlega óskiljanleg.

[18:16]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu máli sem hefur verið mikið rætt í almennri þjóðfélagsumræðu eins og við þekkjum. Það stafar af því að fyrir þremur árum var hafist handa við svokallaðar hvalveiðar í vísindaskyni, m.a. til að varpa ljósi á það sem hv. þingmaður var að velta fyrir sér og velti upp í sinni ágætu ræðu áðan.

Ég held að það sé til að undirstrika þörfina á þessum rannsóknum að við ræðum þessi mál vegna þess að ég er alveg sammála hv. þingmanni að þetta er auðvitað einn þáttur þess sem við þurfum að skoða, eins og við ræddum áðan vegna fyrri fyrirspurnar hv. þingmanns.

Eins og menn vita standa yfir umfangsmiklar rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar sem hafa það að markmiði að varpa frekara ljósi á fæðuval hrefnu hér við land og minnka þar með óvissuna í mati á samspili hvala og fiskstofna. Sýnatökum vegna þessara rannsókna lýkur á næsta ári og er niðurstöðu að vænta á árinu þar á eftir, árinu 2008. Þangað til getum við ekki metið afrán hrefnu á bolfiski með fullkominni nákvæmni þó að við getum hins vegar gert okkur grein fyrir líklegri stærðargráðu út frá fyrirliggjandi upplýsingum, því að við vitum að þessar rannsóknir eru nú komnar verulega á veg, þ.e. rannsóknarveiðarnar. Af þessum ástæðum getum við kannski ekki gefið alveg nákvæmt svar við þessari spurningu núna.

Árið 1997 birtust í tímaritinu Journal of Northwest Atlantic Fishery Science tvær greinar eftir sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar þar sem leitast er við að meta afrán hvalastofna við Ísland og hugsanleg áhrif þeirra á afrakstur annarra nytjastofna, svo sem þorsk og loðnu.

Mat á heildarafráni var byggt á fyrirliggjandi talningargögnum frá árinu 1987–1995 um stofnstærðir 12 hvalategunda sem halda reglulega til við Ísland og gögnum um viðverutíma þeirra við landið. Vegna takmarkaðra gagna um fæðusamsetningu flestra þessara tegunda var ekki unnt að meta afrán á einstökum fæðutegundum og því aðeins greint á milli eftirtalinna þriggja fæðuflokka: fiskur, smokkfiskur og krabbadýr.

Niðurstaða þessa mats var að hvalir éta um 6 millj. tonna af fæðu árlega við Ísland og aðliggjandi hafsvæðum í átt að Jan Mayen og Færeyjum, þar af tæplega 3 millj. tonna af krabbadýrum, rúmlega 1 millj. tonna af smokkfisktegundum og rúmlega 2 millj. tonna af fiski. Hrefnan var atkvæðamesti afræninginn, bæði hvað varðar heildarmagn, 2 millj. tonna, og fiskát, 1 millj. tonna. Frumathuganir með fjölstofnalíkan bentu til að vöxtur hvalastofna gæti haft veruleg áhrif á langtímaafrakstur þorsks og loðnu en jákvæð áhrif á rækju gegnum þorskstofninn. Þessar niðurstöður voru þó mikilli óvissu háðar, ekki síst vegna lítillar þekkingar á fæðuvali hér við land. Þess vegna erum við m.a. að efna til þeirrar rannsóknar sem ég gerði hér að umtalsefni.

Gera má ráð fyrir að megnið af bolfiskáti hrefnu við Ísland fari fram á landgrunnssvæðinu og því eðlilegt að miða útreikninga á afráni við talningu á því svæði árið 2001. Þá voru 43.600 hrefnur, samkvæmt 95% öryggismörkum. Heildarafrán hrefnu á þessu svæði er metið um 1,4 millj. tonna á ári eða á bilinu 951 þús. tonn til tæplega 2 millj. tonna samkvæmt ofangreindum öryggismörkum.

Samkvæmt mjög takmörkuðum gögnum um fæðu hrefnu sem lágu fyrir áður en núverandi rannsóknir hófust, var bolfiskur metinn á bilinu 5–10% af fæðunni. Ef við gerum ráð fyrir að bolfiskur sé 7,5% af fæðunni gæti árleg neysla hrefnu verið á bilinu 70–140 þús. tonn af bolfiski.

Á þessu stigi er ekki unnt að gefa fyllra svar við framangreindri spurningu með nokkurri vissu. Mun nákvæmara mat mun fást út úr yfirstandandi hrefnurannsóknum þar sem m.a. verður tekið tillit til breytileika í fjölda hrefna og magainnihaldi eftir svæðum og árstímum. Frumniðurstöðugreining á magainnihaldi 2003–2006, sem kynnt var á ársfundi NAMMCO sem haldin var hér á landi á þessu ári, benda engu að síður til hærra hlutfalls bolfisks í fæðu hrefnu en vísbendingar voru um í eldri rannsóknum. En ég ítreka að þær upplýsingar munu liggja fyrir að loknu rannsóknarprógramminu árið 2007, þ.e. á árinu 2008.

[18:20]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé afskaplega flókið mál að ætla að reyna að reikna út hversu mikið af botnfiski hrefnustofninn éti árlega. Það eru margar breytur sem hljóta að hafa áhrif á það, til að mynda á hvaða svæðum hrefnan heldur sig, hvort hún heldur sig á grunnslóð þar sem botnfiskur er eða hvort hún leitast eitthvað sérstaklega við að elta uppi þetta sérstaka tiltekna æti, sem ég efast töluvert mikið um, því að hrefnan er náttúrlega skíðishvalur og lifir því að verulegu leyti á svifi, dýrasvifi.

En það er svo sem alveg eðlilegt og sjálfsagt að spyrja sig þessara spurninga og við hljótum öll að bíða spennt eftir niðurstöðum úr vísindaveiðum á hrefnu, sem hafa verið stundaðar hér á landi undanfarin ár. Það verður að kannski tilefni til að ræða það nánar á eftir í fyrirspurn sem ég verð með þá til hæstv. ráðherra.

[18:22]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Það er eflaust vafasamt að ætla að reikna upp á einhver tonn eða kíló það sem hrefnan étur árlega af fiski, en ég held að þeir sem velta þessu fyrir sér og þeim gríðarlega háu tölum sem komu fram, jafnvel á þriðju milljón tonna af fiski árlega sem hrefnan étur, ættu að staldra við og velta því fyrir sér hvað þetta er mikið í samanburði við það sem við tökum. Á síðasta fiskveiðiári tókum við um eina og hálfa millj. tonna úr öllum stofnum. Ég tel að menn þurfi að skoða þessar tölur til að átta sig á því sem erum að veiða, við erum aukaleikarar í þessu vistkerfi eins og hrefnan, aðalleikararnir eru náttúrlega fiskarnir sjálfir.

Það má vel reikna út með meiri vissu hvað þorskurinn étur af sjávarfangi en það sem hrefnan étur. Það er örugglega vel á tuttugustu milljón tonna árlega sem hann þarf að éta til að vaxa og viðhalda sér. Á hverjum degi þarf hann að éta að lágmarki 20.000 tonn bara til að halda lífi og síðan

þarf hann að bæta upp fyrir það sem er veitt úr stofninum og til vaxtar.

Ef menn skoða þessar staðreyndir sést augljóslega fáránleiki íslenska kvótakerfisins þar sem menn leggja árlega heilan milljarð í að fylgjast með sjómönnum, hvort þeir séu með 1 eða 4 tonn eftir róðurinn eða kannski 5 tonn. Þetta eru bara svo litlar tölur í þessu samhengi og ég vona svo sannarlega að hæstv. sjávarútvegsráðherra fari að átta sig á (Forseti hringir.) þessum hlutum.

[18:24]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Það er örugglega rétt sem hér hefur komið fram að þessar rannsóknir eru heilmikilli óvissu undirorpnar eins og við þekkjum bara í hafrannsóknum almennt. Þar eru heilmiklir óvissuþættir sem menn þurfa að gera sér grein fyrir. Þess vegna er ákveðið óvissuvægi reiknað inn í allar forsendur þegar menn skoða þessi mál og það þurfa menn að hafa í huga.

Engu að síður held ég að sú rannsókn sem hér hefur staðið yfir síðustu þrjú árin sé að varpa miklu ljósi á myndina. Við erum að gera rannsóknir á hrefnunni, sérstaklega á áhrifum fæðusamsetningar hennar. Við sjáum þegar ákveðna mynd í þessu sambandi. Þær tölur sem ég fór yfir áðan sýna okkur svart á hvítu áhrif hrefnustofnsins á lífríkið í hafinu og þess vegna skiptir þetta allt saman miklu máli.

Það er út af fyrir sig alveg rétt að það má kannski deila um þessa nálgun varðandi botnfiskinn í ljósi þess sem sagt var áðan um hrefnuna en það breytir ekki hinu að það verður líka að hafa í huga þetta fæðusamhengi, þetta samhengi lífríkisins sem við ræddum hér reyndar í fyrri fyrirspurn. Þegar hrefnan á í samkeppni við okkur um aðrar fisktegundir og þegar hún á í samkeppni við fisktegundir um fæðuna hefur það auðvitað áhrif á afrakstur þeirra fisktegunda. Það er þýðingarmikið og þess vegna er svo mikilvægt að menn velti upp öllum þessum hliðum þó að það út af fyrir sig skýri ekki myndina að fullu. Það sýnir okkur fyrst og fremst að það eru mjög margar breytur sem við þurfum að taka tillit til, svo sem afrán fiskanna sjálfra, það er augljóst mál, það eru áhrifin af vaxandi hvalastofnum, áhrifin af sjófuglunum og áhrifin af veiðunum. Allt þetta þarf að vega saman og þess vegna þurfum við að hafa þessa heildarmynd algjörlega fyrir okkur.

Umræðu lokið.

[18:26]

**Útbýting:**

Dragnótaveiðar, 399. mál, fsp. JÁ, þskj. 443.

Erlendir ríkisborgarar án lögheimilis, 396. mál, fsp. MÞH, þskj. 440.

Íslenskukunnátta starfsmanna á öldrunarstofnunum, 398. mál, fsp. AKG, þskj. 442.

Ólögleg atvinnustarfsemi, 394. mál, fsp. MÞH, þskj. 438.

***Rannsóknir á ýsustofni.***

Fsp. MÞH, 252. mál. — Þskj. 255.

[18:27]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Enn höldum við áfram, við líffræðingarnir tveir hér á þingi, ég og hv. þm. Sigurjón Þórðarson, þessum merkilegu bollaleggingum um vistfræði hafsins og tengsl hinna ýmsu stofna, í náinni samvinnu við hæstv. sjávarútvegsráðherra, kannski ekki samvinnu eða samráði, en samt sem áður er hann hér til andsvara.

Mig langaði til að ræða aðeins um ýsuna, virðulegi forseti, og spyrja hæstv. ráðherra út í rannsóknir á ýsustofninum, hvort farið hafi fram einhverjar rannsóknir á mögulegum tengslum stórs ýsustofns umhverfis landið við niðursveiflu í sandsílastofninum. Þetta er spurning sem ég hef velt mikið fyrir mér undanfarin missiri og kannski einkum og sér í lagi í sumar.

Mig langar til að rifja það upp að ástandið í sumar var á margan hátt mjög furðulegt. Þegar maður horfði á lífríkið, til að mynda á fuglalífið, sá maður að það var eitthvað mjög mikið að. Ég hef aldrei séð máva á beit í stórum hópum á graslendi, í móum og túnum, jafnvel á umferðareyjum og inni á lóðum hjá fólki. Banhungraðir mávar sem voru að leita sér að æti í sumar höfðu raðað sér skipulega niður, það var u.þ.b. einn fermetri á hvern fugl. Þeir voru að leita að einhverju, einhverju æti. Ekki veit ég hvað þeir voru að éta, en þeir voru alla vega ekki að éta það sem þeir eiga að vera að éta sem er fiskur og síli. Þetta voru sílamávar.

Við sáum líka að varp misfórst hjá svartfugli víða um land. Við sáum að varpið misfórst hjá kríunni mjög víða. Hún flýgur hingað umhverfis hálfan hnöttinn og ætlar að eiga hér bæði egg og unga og koma næstu kynslóð sinni á legg. En þetta virtist fara alveg skelfilega hjá vesalings kríunni í sumar. Hún virtist ekki finna æti. Maður sá að fuglar komu á hefðbundnar varpslóðir, reyndu að koma sér fyrir en nokkrum dögum síðar voru þeir horfnir, sennilega vegna þess að þeir fundu ekki æti. Hvert þeir fóru veit ég ekki en manni rann þetta ástand allt mjög til rifja. Það var einsýnt að það var eitthvað mikið að í lífríkinu.

Ég held að það hljóti að vera eitthvert samband á milli þess að ýsustofninn hefur vaxið gríðarlega hér við land á undanförnum árum. Skýrslur frá Hafrannsóknastofnun og stofnstærðarmat sýnir það mjög greinilega. Við vitum líka að það hefur minnkað mikið um sandsíli mjög víða. Ég veit að farið hafa fram rannsóknir á sandsílastofninum, þær fóru fram í sumar. Við fengum að heyra af því í fréttum að verið væri að rannsaka hvernig væri með útbreiðslu og viðkomu sandsílis. Ég hygg að fyrstu niðurstöður úr þeim rannsóknum séu alls ekki upplífgandi.

Ég held að það hljóti að vera samband þarna á milli, að þessi gríðarlega ýsumergð sem er nánast allt í kringum landið eigi stóran þátt í þessu máli, þ.e. að ýsan hreinsi hreinlega upp sandsílið af botninum og það sé kannski ástæðan fyrir þeim hörmungum sem við höfum séð.

[18:30]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Það er dálítið gaman fyrir einn stjórn-

málafræðing að hafa það hlutverk að svara spurningum tveggja líffræðinga um líffræðileg málefni og er kannski ekki laust við að maður finni fyrir ákveðinni auðmýkt gagnvart slíkum spurningum. En þá ber þess að geta að sá sem hér stendur er líka þannig vaxinn að hlusta mjög glögglega eftir því þegar líffræðingar tala um stjórnmál. Þess vegna held ég að það sé bara ágætt að stjórnmálafræðingar tali stundum um líffræði eins og líffræðingar tala um stjórnmál og það sé ekki hrein verkaskipting í þjóðfélaginu þar sem einn talar ekki um málasvið annars. Hluti af stjórnmálum er einmitt að líffræðingar hafi skoðun á stjórnmálum og stjórnmálafræðingar á líffræði.

Eins og kunnugt er, svo ég fari með smálíffræðilegan fyrirlestur, eru þrjár tegundir af sandsílaætt hér við land, sandsíli, marsíli og trönusíli. Sandsílið finnst aðeins á grunnu vatni við fjörur sunnan- og suðvestanlands. Hámarkslengd þess er um 20 sentimetrar og það er mjög líkt marsíli að ytra útliti og þarf að telja hryggjarliði til að greina tegundirnar í sundur. Marsíli er langalgengasta sílistegundin hér við land og lifir á 10–15 metra dýpi en algengast á 30–70 metra dýpi og finnst allt í kringum landið þó það sé algengast sunnan- og suðvestanlands.

Beinar rannsóknir á sandsíli hér við land hafa til ársins 2006, fram á þetta ár, verið mjög takmarkaðar. Á árinu 2006 hrinti Hafrannsóknastofnun á hinn bóginn af stað rannsóknum þar sem tilgangurinn var að meta útbreiðslu og stofnstærð sílis. Þar sem um er að ræða fyrsta leiðangur í vöktun á síli er erfitt að meta magn á rannsóknarsvæðum og ekki fæst mælikvarði á magn sílis fyrr en eftir að svæðin hafa verið vöktuð í nokkur ár, enda byggir aðferðin á að mæla hlutfallslegar breytingar.

Ekki hafa farið fram sérstakar rannsóknir á tengslum ýsustofnsins við niðursveiflu í sandsílastofninum, en ég verð þó að vekja athygli á því að fram hafa farið rannsóknir á fæðu fiska sem safnað hefur verið af veiðiskipum alveg frá árinu 2001 og fæðuathuganir í stofnmælingarleiðöngrum Hafrannsóknastofnunar sem farnir eru á mismunandi árstímum. Slíkar rannsóknir á samhengi einstakra tegunda svo sem ýsu og sandsílis, auk vöktunar á stofnstærð sandsílisins ættu því á næstu árum að geta gefið gagnlegar upplýsingar um samspil stofnstærðar ýsu og breytinga í sandsílastofni við Ísland þó niðurstöður liggi ekki fyrir á þessari stundu. Ég vil hins vegar taka undir að ég held að þetta sé mjög áhugavert rannsóknarverkefni alveg sérstaklega í ljósi þess mikla vaxtar sem hefur verið í ýsustofninum. Við sjáum að ýsustofninn hefur verið að vaxa mjög hratt. Það er ekki bara bundið við einstaka árganga þó einn árgangur sé áberandi langstærstur í ýsustofninum eins og nú standa sakir. Aðrir árgangar eru líka sterkir og ég held að þetta sé mjög áhugaverð rannsóknarspurning sem vonandi fæst gleggra svar við þegar fram líða stundir. Hv. þingmenn sem hér eru inni geta örugglega svarað því betur hversu lengi slík rannsókn þarf að standa til að fá áreiðanlega vísindalega niðurstöðu á slíkum rannsóknum, en miðað við það að við höfum verið að gera rannsóknir af öðru tagi á t.d. fæðu fiska alveg frá árinu 2001, þá gæti ég ímyndað mér að það greiddi fyrir því að átta sig á því samspili sem hv. þingmaður var að spyrja um þó að rannsóknirnar á sandsílinu sjálfu hafi ekki hafist fyrr en á þessu ári. Ég geri ég ráð fyrir að þær rannsóknir hafi ekki síst byrjað vegna þess ástands sem hv. þingmaður lýsti og jafnvel við leikmenn tókum eftir, sem var hegðan sjófuglanna hér við land og það fór ekki fram hjá nokkrum okkar sem litum í kringum okkur að sjófuglarnir virtust hegða sér mjög misjafnlega.

Hins vegar heyrði maður líka frá sjómönnum og öðrum þeim sem fylgdust með þessu að að þeirra mati var ástand sjófuglanna dálítið misjafnt eftir landsvæðum. Kannski munu þessar rannsóknir varpa ljósi á það. Það getur einnig verið breytilegt milli ára, það þekkjum við. Varðandi kríustofninn var það einmitt greinilegt af máli manna sem maður heyrði í, m.a. í fjölmiðlum og einnig manna sem höfðu samband við mig og ég talaði við sem vöktu athygli á að ástandið kynni að vera eitthvað misjafnt milli landsvæða eins og svo sem eðlilegt er.

[18:35]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég er með athugasemd. Ég heyrði á mæli hæstv. ráðherra að óvissa væri með mælingar og stofnmælingar og allt það. Er þá ekki undarlegt að vera síðan að úthluta veiðiheimildum upp á kíló í framhaldinu þegar svona mikil óvissa er og einnig að menn séu þá að færa jafnvel aflaheimildir landshorna á milli? Það er alveg ótrúlegt.

Ef menn eru í vandræðum með að meta vöxt dýrategunda og hvort nægilegt æti sé er besta ráðið að vigta einstaklingana. Í skýrslu Hafró kemur fram að einstaklingsvöxtur er mjög hægur og það ber með sér að fiskarnir hafa ekki æti. Mér finnst það ekki vera ný sannindi og ætti ekki að taka langan tíma að finna út.

[18:36]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. sjávarútvegsráðherra binda sig allt of mikið við rannsóknir í þessum efnum. Hann bindur sig við rannsóknir sem mun taka ár að framkvæma og kannski enn fleiri ár að vinna úr niðurstöðum og á meðan líður tíminn og ástandið versnar kannski.

Mér finnst að við hefðum ekki tapað neinu á því þó að við hefðum tekið þá ákvörðun að veiða hreinlega meira af ýsu við þessa aðför. Ég hefði gert það ef ég hefði verið í embætti sjávarútvegsráðherra, sem ég verð kannski vonandi einn góðan veðurdag, ég skal ekki segja um það. Ég hefði ákveðið að veiða meira af ýsu. Ég hefði tekið sénsinn á því. Ég held að við hefðum ekki tapað neinu á því, því það eru fleiri vísbendingar um að ýsan sé mjög sennilega að þurrka út sandsílastofninn, leggist á sandsílið, jafnvel sjúgi það af botninum, éti það úr botninum og komi jafnvel í veg fyrir nýliðun á sandsíli.

Ég hef líka séð í skýrslum Hafrannsóknastofnunar að meira að segja ýsan virðist glíma við mjög alvarlegan ætisskort. Það kemur mjög greinilega fram að meðalþyngd á ýsu hefur hrunið og í nýjustu ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar er sagt að vöxtur ýsu hafi verið mjög hægur árið 2005 og meðalþyngd árgangsins frá 2003, sem er einn stærsti árgangur sem menn hafa nokkurn tíma séð, er sú minnsta sem sést hefur. Þetta segir mér náttúrlega að sá fiskur hefur það ekki mjög gott. Þá held ég að betra sé að veiða hann en láta hann vera áfram í hafinu. Það væri rann-

sókn í sjálfu sér að sjá þá hvort það mundi ekki leiða til þess að ef við aukum veiðiálag á ýsu muni sandsílastofninn braggast. Við svona aðstæður höfum við engu að tapa.

Hitt er svo annað mál að þegar svona mikið er af ýsu á slóðinni stóreykst sóunin við veiðarnar. Nýjasta brottkastsskýrsla Hafrannsóknastofnunar sýnir að brottkastið á ýsu er hreinlega allt of mikið og gersamlega óverjandi. En það er náttúrlega efni í aðra og alveg sérstaka umræðu.

[18:38]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég get ekki tekið undir það með hv. þingmanni að ekki eigi að bíða eftir þessum rannsóknum. Hv. þingmaður var einmitt að spyrja mig um hvort farið hefðu fram einhverjar rannsóknir á mögulegum tengslum ýsustofnsins umhverfis landið við niðursveiflu í sandsílastofninum. Svarið var að þær rannsóknir væru hafnar og svarið var líka það að ég vísaði til annarra rannsókna sem staðið hafa yfir frá árinu 2005 og velti því einmitt fyrir mér hvort sú staðreynd að sú rannsókn sem hafði farið fram á þeim tíma gæti ekki flýtt fyrir því að við gætum komist a.m.k. nálgun varðandi niðurstöður á þessum rannsóknum.

Það er út af fyrir sig alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að til greina kom að auka kvótann í ýsunni vegna þeirrar stöðu sem uppi er í ýsustofninum. Ég tók þá ákvörðun, eins og hv. þingmaður hefur væntanlega tekið eftir, að fara ekki eftir tillögum Hafrannsóknastofnunar varðandi ýsuna. Tillaga Hafrannsóknastofnunar var sú að leggja til verulega minnkun eða talsverða minnkun á ýsukvótanum milli ára, ekki vegna þess að ýsustofninn væri slakur heldur töldu þeir að hámarksafraksturinn væri betri með því að fara varlegar í sóknina.

Ég komst að annarri niðurstöðu. Ég komst að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt væri við þessar aðstæður, m.a. vegna þess að um væri að ræða óvenjulega stóran stofn, að leggja til meiri hámarksafla í ýsu en Hafrannsóknastofnun hafði lagt til. Á vissan hátt var ég því að fara að ráðum hv. þingmanns þó ég væri ekki sérstaklega með þau í huga þegar ég tók þá ákvörðun, ekki svona sérstaklega. Ég hafði hlustað eftir ýmsum sjónarmiðum svipuðum hans sem og mörgum öðrum og komst að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt væri og verjandi að auka hann. Þess vegna lagði ég til og ákvað raunar að hámarksaflinn í ýsunni yrði talsvert meiri en Hafrannsóknastofnun hafði lagt til og veit ég að það gleður hið góða hjarta hv. þingmanns.

Umræðu lokið.

## *Vísindaveiðar á hval.*

Fsp. MÞH, 283. mál. — Þskj. 296.

[18:40]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra um vísindaveiðar á hval. Hafrannsóknastofnun gerði á sínum tíma, þ.e. veturinn 2002–2003, vísindaáætlun eða rannsóknaráætlun. Í þeirri áætlun fólst að við ætluðum að veiða 200 hrefnur, 200 langreyðar og 100 sandreyðar á tveimur árum, auk þess að fara í flugtalningar og gervitunglamerkingar á þeim skepnum. Hrefnuveiðar hafa síðan staðið yfir, vísindaveiðar. Að vísu hafa langt í frá verið veidd jafnmörg dýr og til stóð og vísindaveiðar hafa alls ekki farið í gang enn þá á langreyði og sandreyði þrátt fyrir miklar yfirlýsingar í byrjun.

Í haust ákvað hæstv. sjávarútvegsráðherra, og það var mjög góð ákvörðun, að hefja á ný veiðar í atvinnuskyni á stórhvelum, þ.e. á langreyði, og gefið var út veiðileyfi fyrir sjö dýr. Þær veiðar gengu ákaflega vel og jafnframt var gefið út veiðileyfi til að hefja atvinnuveiðar á hrefnu. Það var einungis eitt dýr tekið en vænta má þess að menn muni heldur betur spýta í lófana þegar vorar og halda þeim áfram ef markaðir finnast fyrir þær afurðir sem koma af þessum skepnum. En við getum náttúrlega ekki fundið þá markaði nema hafa einhverjar afurðir í höndunum. Við hljótum að fylgjast spennt með því hvernig því reiðir af nú á næstu vikum og mánuðum. En það er sönnur saga, virðulegi forseti.

Þegar við fórum að sinna hvalveiðum í atvinnuskyni velti ég fyrir mér hvað yrði um framhald vísindaveiða á hvalastofnum við Ísland því enn höfum við ekki veitt allar langreyðarnar, þessar 200 langreyðar, og ekki höfum við heldur byrjað að veiða sandreyðarnar og eitthvað er einnig eftir af hrefnunum sem við ætluðum að veiða. Mér skilst að vísindaveiðunum hafi átt að ljúka á næsta ári. Þarna er því mikið verk óunnið.

Ég spyr því hæstv. sjávarútvegsráðherra: Hvert verður framhald vísindaveiða á hvalastofnum við Ísland?

Seinni spurning mín til hæstv. ráðherra, virðulegi forseti, er: Hvaða vísindarannsóknir eru gerðar á þeim hvölum sem veiddir verða í atvinnuskyni á þessu fiskveiðiári? Á ég bæði við langreyði og hrefnu.

[18:43]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spyr: „Hvert verður framhald vísindaveiða á hvalastofnum við Ísland?“

Framhaldið verður það að á næsta ári er fyrirhugað að ljúka vísindaprógramminu varðandi hrefnuveiðarnar. Það verða því veiddar 39 hrefnur á næsta ári

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þetta vísindaprógramm sem upphaflega var ætlað til tveggja ára hefur tekið lengri tíma af ýmsum ástæðum. Ég ákvað hins vegar í sumar að bæta í frá því sem áður hafði verið upphaflega, þ.e. að veiða 50 dýr, og auka þetta upp í 60 dýr. Því var um að ræða talsverðar veiðar í sumar og þær gengu mjög vel. Ég er alveg sammála því að mikilvægt er að reyna að hraða þeim veiðum til að fá þær upplýsingar sem við þurfum á að halda. Þess vegna verður þessu lokið á næsta ári hvað hrefnuna varðar.

Ekki eru fyrirhugaðar sérstakar veiðar í vísindaskyni á öðrum hvalategundum, að sinni að minnsta kosti. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það frekar. Á hinn bóginn verður á næsta ári farið í umtalsverðar flugtalningar á hvalastofnum. Um er að ræða rannsókn sem við Íslendingar stöndum að ásamt fleirum og ég held að það muni skipta

mjög miklu máli og geti varpað heilmiklu ljósi á stöðu mála. Það veldur heilmiklu álagi á rannsóknirnar að rannsóknir standa yfir núna og þess vegna var mjög mikilvægt, að mínu mati, að klára stærri hluta af vísindaprógramminu í hrefnunni á þessu ári og geyma það ekki til næsta árs.

Það er mjög mikilvæg skylda okkar að sinna rannsóknum á hvölum hér við land, enda eru hvalir meginuppistaða spendýrafánu Íslands og mikilvægur hluti vistkerfis hafsins við landið. Hafrannsóknastofnun hefur á undanförnum áratugum lagt rækt við hvalarannsóknir m.a. með þátttöku í viðamiklum hvalatalningum á Norðaustur-Atlantshafi á árunum 1986, 1989, 1995 og 2001. Á tímabilinu 1986–1989 stóð stofnunin fyrir umfangsmiklum rannsóknum á langreyði og sandreyði sem ásamt ofangreindum talningum hafa gerbylt þekkingu okkar á hvalastofnum við landið. Þær rannsóknir sýndu m.a. miklar sveiflur í lífsögulegum þáttum langreyðar, svo sem kynþroskaaldri og þungunartíma. Þessir þættir virðast nátengdir næringarástandi dýranna en það er talið ráðast af fæðuskilyrðum í sjónum og þéttleika hvala vegna samkeppni þeirra á milli.

Kem ég nú að síðari spurningunni: „Hvaða vísindarannsóknir eru gerðar á þeim hvölum sem veiddir verða í atvinnuskyni á þessu fiskveiðiári?“

Síðan reglulegar hvalatalningar hófust hefur langreyði fjölgað verulega hér við land. Þær voru taldar 15.600 á svokölluðu Austur-Grænlands-Íslandsstofnsvæði undir lok 9. áratugar síðustu aldar en 25 þúsund dýr árið 2001, sem eru nýjustu upplýsingar. Ekki hafa verið stundaðar rannsóknir á líffræði langreyðar síðan veiðar lögðust af árið 1989 en vísbendingar voru um hækkun á kynþroskaaldri undir lok rannsóknartímans, en það gæti tengst versnandi fæðuskilyrðum og/eða aukningu þéttleika dýra á svæðinu. Það er mjög áhugavert að gera rannsóknir á lífsögulegum þáttum langreyðar nú til samanburðar við hinar eldri rannsóknir. Sérstaklega er áhugavert að kanna hvort aukinn þéttleiki langreyða hafi leitt til breytinga á kynþroskaaldri, þungunartíðni og holdafari. Líffræðingar frá Hafrannsóknastofnun hafa gert mælingar og tekið ýmiss konar sýni úr þeim sjö langreyðum af níu sem veiddar hafa verið frá því að veiðar í atvinnuskyni hófust að nýju nú í sumar með ákvörðun frá 17. október sl. Holdafar hefur verið kannað með mælingum á spikþykkt og ummáli, auk þess sem sýni voru tekin til mælinga á orkuinnihaldi ýmissa vefja. Kynkirtlum hefur verið safnað til rannsókna á æxlunarstigi dýranna og eyrnatöppum til aldursgreiningar. Einnig er kannað magainnihald dýranna og tekið sýni til erfðarannsókna. Á næsta ári verður síðan safnað heilli beinagrind af langreyði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands til varðveislu og sýninga í framtíðinni.

Ljóst er að útgefið aflamark langreyðar fyrir fiskveiðiárið 2006–2007, þ.e. níu dýr er alls ekki nægjanlegt úrtak til marktækra rannsókna en stofnunin stefnir að því að halda slíkum rannsóknum áfram í tengslum við frekari atvinnuveiðar á næstu árum, sem síðar verða teknar ákvarðanir um. Hafrannsóknastofnun hefur gert ráðstafanir til sýnatöku úr þeim hrefnum sem verða veiddar í atvinnuskyni jafnframt því að fylgjast með þeim hrefnum sem veiddar verða í vísindaskyni af eðlilegum ástæðum. Þessi sýnataka er svipuð og ofangreind sýnataka úr langreyði og er framkvæmd af áhöfnum hrefnuveiðibátanna. Þótt sýnataka úr hverri hrefnu sé mun umfangsminni en sú sem fer fram í tengslum við rannsóknaveiðar á hrefnu beinist viðbótarsýnataka að því að vakta stofnana með tilliti til þátta sem geta breyst í tímans rás.

[18:48]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Ég ætla að nota þessa mínútu til að gera að umtalsefni hafrannsóknir almennt. Mér finnst vera umhugsunarefni hvernig staðið er að þeim á Íslandi. Mér finnst hæstv. sjávarútvegsráðherra ítrekað reyna að halda aftur af rannsóknum sem geta að einhverju leyti grafið undan kvótakerfinu og hann er eins og hálfgerður kerfisþræll. Það er neitað að horfa á aðra þætti en þá hefðbundnu, t.d. núna hjá Hafró, sem stangast samt algjörlega á við viðtekna vistfræði. Mér finnst það sérstaklega umhugsunarefni vegna þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra kemur úr landshluta sem hefur farið gríðarlega illa út úr þessu kerfi. Ég skil í rauninni ekki að hann taki því ekki fagnandi þegar við (Forseti hringir.) bendum honum á að (Forseti hringir.) kerfið stenst ekki neina skoðun.

[18:49]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Það var ánægjulegt að heyra hæstv. ráðherra lýsa því að það séu þó gerðar rannsóknir á þeim hvölum sem eru veiddir í atvinnuskyni. Það er að sjálfsögðu gott og blessað að athugað sé holdafar og orkuinnihald, kynkirtlar, eyrnatappar — með tilliti þá til aldursgreiningar reikna ég með — erfðir og annað þess háttar. Líka er athugað með magainnihald til að afla vitneskju um það hvað þessir hvalir hafa étið.

Ég tók eftir því að ekkert kom fram í máli hæstv. ráðherra varðandi vísindaveiðar á þessum svokölluðu stórhvelum, þ.e. við ætluðum að veiða 200 langreyðar og 100 sandreyðar á tveimur árum í vísindaskyni. Mig langar því til að leita svolítið nánar eftir svari við þeirri spurningu hvort stjórnvöld hafi með þessu fallið frá þeim fyrirætlunum og ætli að láta vísindaveiðarnar sem við höfum í ágúst árið 2003 einskorðast við hrefnuna og stunda síðan flugtalningar.

Mig langar líka til að inna hæstv. ráðherra nánar eftir því hvort stjórnvöld hafi fallið frá þessum gervitunglamerkingum sem ég reikna með að séu gerðar til að fylgjast með ferðum þessara dýra, hvert þau leita á mismunandi árstímum. Mjög mikilvægar upplýsingar geta fengist úr því. Ég man að á sínum tíma voru slíkar merkingar gerðar og skiluðu mjög áhugaverðum niðurstöðum.

Er þetta sem sagt raunin, að vísindaveiðum Íslendinga muni ljúka með því að við tökum þessar 200 hrefnur, förum í flugtalningar og síðan ekki söguna meir?

[18:51]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegur forseti. Varðandi vísindaveiðarnar á stórhvelunum hefur í sjálfu sér ekki verið fallið neitt frá þeirri ákvörðun. Á sínum tíma var gerð grein fyrir vísindaprógramminu eins og það var lagt upp og það var farið með

það fyrir vísindanefnd Alþjóðahafrannsóknastofnunarinnar og í sjálfu sér höfum við ekkert fallið frá þeim hugmyndum sem þá voru uppi eða áformum okkar um vísindaveiðar á stórhvelum, þ.e. langreyði og sandreyði.

Hins vegar hefur ekki verið tekin frekari ákvörðun um þetta mál. Við erum núna að fara af stað með atvinnuveiðar á langreyði og ég held að það væri skynsamlegt hjá okkur að doka aðeins við og sjá hvort við getum aflað þeirra upplýsinga sem við teljum nauðsynlegar á grundvelli þeirrar sýnatöku sem fram fer á þessum stórhvelum. Þetta er hlutur sem við þurfum að fara yfir á næstu mánuðum með vísindamönnum okkar, hvort við getum fengið nægjanlegar upplýsingar með þeim hætti. Það er ljóst mál að vísindaveiðarnar á stórhvelunum eru mun umfangsmeiri og dýrari en vísindaveiðarnar á hrefnunni og þess vegna finnst mér eðlilegt — við viljum auðvitað forgangsraða í vísindarannsóknum okkar — að við skoðum það einfaldlega í því samhengi hvort við fáum það miklar upplýsingar með vísindalegri eftirfylgni á stórhvelaveiðunum. Ég veit að ekkert er því til fyrirstöðu að reyna að afla þeirra gagna sem menn vilja í tengslum við þessar atvinnuveiðar en auðvitað eru þetta ekki sams konar veiðar. Þetta er bara hlutur sem ég held að við þurfum að fara yfir.

Ég verð svo bara að játa það, virðulegur forseti, að ég get ekki svarað því hvar þau áform sem hv. þingmaður nefndi um gervitunglamerkingarnar eru stödd. Það er hlutur sem ég þarf einfaldlega að kynna mér betur. Flugtalningarnar eru áformaðar á næsta ári og ég er ekki í nokkrum vafa um að þær ásamt þeim rannsóknum sem fram munu fara með vísindaveiðunum og atvinnuveiðunum eiga eftir að gefa okkur heilmiklar upplýsingar sem eiga eftir að geta gagnast okkur, ekki bara vegna hvalastofnanna heldur ekki síður vegna samhengisins (Forseti hringir.) í lífríki hafsins.

Umræðu lokið.

## *Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr.*

Fsp. ÞBack, 298. mál. — Þskj. 311.

[18:53]

**Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):**

Hæstv. forseti. Það hafa orðið nokkrar breytingar á skipan héraðsdýralækna með tilkomu Landbúnaðarstofnunar. Fram að þeim tíma voru dýralæknarnir skipaðir beint af ráðherra en eru nú skipaðir af forstjóra þessarar nýju stofnunar. Það hefur í sjálfu sér lítið með þessa fyrirspurn mína að gera nema að við þá breytingu að Landbúnaðarstofnun var sett á fót voru gefin fyrirheit um að ekki yrðu gerðar neinar breytingar á skipan héraðsdýralækna, verksviði þeirra og umsýslu eins og verið hefur, eins og kemur fram í lögum um þá stofnun.

Það verður að segjast eins og er að verksvið héraðsdýralækna er mjög mismunandi eftir svæðum, eftir því hvort það er þéttbýli eða eftir því hvernig landbúnaður er stundaður á viðkomandi svæði. Nálægt höfuðborginni hafa sjálfstætt starfandi dýralæknar haft afkomu af því að þjóna bæði gæludýrum og síðan helst þá hrossarækt í þeim mæli að þeir hafi getað séð fyrir sér og haft af því fulla atvinnu. Því má leiða að því líkum að héraðsdýralæknisembættin á ákveðnum svæðum verði meira sem eftirlitsaðilar og, eins og sagt er, sitji meira bak við skrifborðið en þeir dýralæknar sem búa í víðfeðmum héruðum hafa nokkur tök á. Í lögum um héraðsdýralæknana er líka gert ráð fyrir því að víðfeðmustu svæðin séu undanþegin því að þar skuli eingöngu starfa einn dýralæknir, heldur eiga að vera þar tveir dýralæknar. Í lögunum eru talin upp umdæmi héraðsdýralæknanna en tekið fram að t.d. í Austurlandsumdæmi nyrðra, á Egilsstöðum og nágrenni, Eskifirði, Mjóafirði, í Neskaupstað, á Reyðarfirði, Seyðisfirði og í Norður-Múlasýslu, skuli starfa tveir dýralæknar. Þetta hefur einnig með vaktafyrirkomulag að gera. Nú vill svo til að þar eru ekki starfandi tveir héraðsdýralæknar. Það er staða eins og hálfs héraðsdýralæknis og það hefur skapað bæði mikið álag og mikla óánægju á Héraði að svo skuli hátta til og því legg ég fyrir hæstv. (Forseti hringir.) ráðherra þær fyrirspurnir sem hann hefur hjá sér en ekki gefst tími til að lesa upp hér.

[18:57]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég fer fyrst yfir fyrirspurnir 1–3 sem hv. þingmaður leggur hér fyrir mig:

Þá er frá því að segja að ríkisstjórnin hefur samþykkt að ræða við Evrópusambandið um breytingu á undanþágu sem Ísland hefur haft við viðauka I við EES-samninginn sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurðir. Tilefni þessara breytinga er umræða um innleiðingu og framkvæmd nýrrar matvælalöggjafar Evrópusambandsins á EES-svæðinu, en þar er m.a. um að ræða mikla hagsmuni fyrir Ísland vegna útflutnings sjávarafurða.

Löggjöf þessi nær yfir allt framleiðsluferlið frá hafi og haga til maga. Því er um verulega samræmingu að ræða á löggjöf um matvælaöryggi, þar með talið fóðri og starfsaðferðum við að tryggja öryggi afurða í fæðukeðjunni. Ísland hefur innleitt EES-löggjöf um eftirlit með sjávarafurðum en hefur að mestu haft undanþágu frá löggjöf um aðrar dýraafurðir og heilbrigði dýra. Að lokinni ítarlegri athugun á þessari löggjöf er ekki talin ástæða til að viðhalda undanþágu vegna dýraafurða en frjáls viðskipti með lifandi dýr — ég vil taka það alveg sérstaklega fram — og löggjöf þar að lútandi munu ekki falla undir þessar breytingar vegna sjúkdómavarna. Við verðum að standa mjög fast á þeirri sérstöðu sem við búum við.

Ein af forsendum þessarar niðurstöðu vegna dýraafurða er að Ísland grípi til nauðsynlegra mótvægisaðgerða, s.s. sýnatöku og rannsókna til að tryggja öryggi afurða sem fluttar verða inn til landsins. Auðvitað er gert ráð fyrir því í fjárlögum fyrir árið 2007 sem hér hafa verið til umræðu að koma til móts við þessa nýju þörf. Nú er unnið að frágangi ákvörðunar um breytingu á EES-samningnum vegna núgildandi undanþágu Íslands sem að hluta er lagt til að felld verði úr gildi. Samhliða þessari vinnu er verið að skoða hvaða breytingar eru nauðsynlegar á íslenskri löggjöf vegna innleiðingar á nýrri EES-löggjöf á þessu sviði. Þær breytingar munu verða framkvæmd eftirlits og stjórnsýslu á vegum ráðuneyta landbúnaðar, umhverfis og sjávarútvegs en

auk þess koma utanríkis- og forsætisráðuneytin að þessu máli.

Meðal þeirrar löggjafar sem landbúnaðarráðuneytið hefur nú til skoðunar vegna tillagna um yfirtöku á löggjöf í viðauka I við EES-samninginn, eða EES-löggjafar um dýraafurðir og tiltekna dýrasjúkdóma, eru lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Hins vegar verður að taka skýrt fram að formleg yfirtaka á nýjum EES-skuldbindingum hefur ekki átt sér stað og verður ekki gerð án vandaðs undirbúnings. Því liggur ekki fyrir hvaða breytingar gera þarf á umdæmum héraðsdýralækna en þeir eru nú starfsmenn Landbúnaðarstofnunar. Ekki hafa heldur verið teknar ákvarðanir um breytingu á vaktsvæðum dýralækna. Landbúnaðarráðuneytið vinnur nú í samvinnu við önnur ráðuneyti sem málið varðar að skoðun löggjafar og tillögugerð vegna lagabreytinga sem nauðsynlegar teljast. Endanlegar tillögur í málinu munu taka mið af því hvaða kröfur verða gerðar um aðskilnað milli opinberra eftirlitsstarfa og almennrar dýralæknaþjónustu.

Hver sem niðurstaðan verður er nauðsynlegt að tryggja að almenn dýralæknaþjónusta í landinu verði ekki skert þó svo að hugsanlega þurfi að gera breytingar á umdæmisskrifstofum Landbúnaðarstofnunar þar sem héraðsdýralæknar starfa ásamt öðrum dýralæknum. Í viðræðum við ESB hefur komið fram að frá þeim tíma þegar formleg ákvörðun um breytingu á EES-samningnum var samþykkt fengi Ísland allt að 18 mánaða aðlögunartíma til að gera nauðsynlegar breytingar á löggjöf sem fellur undir landbúnaðarráðuneytið og síðan framkvæmd eftirlits þar sem þörf er á. Með hliðsjón af gangi mála og EES-skuldbindingum má því gera ráð fyrir að ekki þurfi að gera breytingar í þessum efnum fyrr en á árinu 2009.

Hvað varðar svo fjórðu spurninguna vil ég segja þetta: Því er til að svara að við umdæmisskrifstofur Landbúnaðarstofnunar í þessu umdæmi eru nú starfandi tveir héraðsdýralæknar á Austurlandi, annar í fullu starfi og hinn í hálfu. Í lögum nr. 66/1993 kemur fram að í umdæminu skuli starfa tveir héraðsdýralæknar eins og nú er. Með lögum nr. 80/2005, um Landbúnaðarstofnun, var gerð sú breyting að héraðsdýralæknar eru ekki lengur embættismenn heldur eru þeir ráðnir til starfa hjá Landbúnaðarstofnun. Það er mat Landbúnaðarstofnunar að umfang opinberra eftirlitsstöðva héraðsdýralækna í þessu umdæmi hafi minnkað það mikið á liðnum árum að ekki sé þörf á að hafa tvo héraðsdýralækna í fullu starfi á þessu svæði. Þegar þessi ákvörðun var tekin var einnig horft til þess að sjálfstætt starfandi dýralæknar hafa boðið almenna dýralæknaþjónustu á þessu svæði til viðbótar — sest þar að og byrjað að veita þjónustu — við það sem héraðsdýralæknar hafa gert (Forseti hringir.) í samræmi við núgildandi lög. Með þessu máli (Forseti hringir.) mun ég auðvitað fylgjast til að tryggja að því verði fullnægt.

[19:02]

**Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég las ekki upp fyrirspurnirnar lið fyrir lið en ég þakka honum þau svör sem snúa að fyrirhuguðum breytingum vegna EES-samningsins og hugsanlega endurskoðun á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu.

Hvað varðar niðurstöðu hæstv. ráðherra um stöðu héraðsdýralækna á Fljótsdalshéraði þá er ég honum ósammála. Ég veit að bændur og þeir sem þurfa á þjónustunni að halda eru ósammála honum líka. Það er talað um tvo héraðsdýralækna. Þeir eru tveir en annar er í hálfu starfi og mikið álag á þeim, sérstaklega þeim sem er þar í fullu starfi. Það er ekki hægt að líkja saman embættum héraðsdýralækna í svo víðfeðmu héraði sem Fljótsdalshéraði er og svæðinu sem héraðsdýralæknar á norðaustursvæðinu eiga að sinna. Það er ekki aðstaða eða nokkur einasti rekstrargrundvöllur fyrir sjálfstætt starfandi dýralækna í hinum dreifðu sveitum Það er einkum í þéttbýli, þar sem gæludýrin eru. Þess vegna verður að horfa til þess að héraðsdýralæknar sinni einnig almennum dýralæknisstörfum eins og þeir hafa gert.

Eigi að breyta og skilja algjörlega á milli eftirlitsstarfa og dýralæknisstarfa er það augljóst í mínum huga að þá verður að ráða fleiri opinbera dýralækna (Forseti hringir.) til að sinna þessum störfum. Það er ekki rekstrargrundvöllur (Forseti hringir.) fyrir sjálfstætt starfandi dýralækna á svæðinu.

[19:04]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður segir, að Austurland er víðfeðmt og vegalengdir þar langar. Það þekkjum við. Ríkisvaldið kemur til móts við það með peninga til að greiða niður akstur o.s.frv. Hins vegar liggur skýrt fyrir að opinber eftirlitsstörf eru minni á Austurlandi en þau voru. Sláturhúsunum hefur fækkað og minna er að gera í hinu opinbera eftirliti. Þeim verkefnum hefur fækkað og í ljósi þess hafa menn viljað prófa þetta með þessum hætti, en ekkert síður af því að auðvitað gerist það um allt land að þar setjast að menntaðir menn í mörgum greinum. Þar hafa sest að menntaðir dýralæknar og starfa auðvitað við ýmislegt á búi sínu eða í einhverju öðru en vilja veita þjónustu einnig. Þannig er það á þessu svæði.

Ég fylgist auðvitað með þessu. Ég hef heyrt þær raddir sem fram komu hjá hv. þingmanni. Ég virði þær og tel mjög mikilvægt að fara yfir þá stöðu með Búnaðarsambandi og bændasamtökum. Ég get einungis heitið hv. þingmanni því að eftir þessa umræðu mun ég fara yfir stöðu málsins enn á ný, hvað bændur á þessu svæði segja um málið og hvort þeir telji aðgang sinn að dýralæknum nægan. Ég met síðan málið út frá því.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá var tekið 16. mál.

Fundi slitið kl. 19:06.

# 34. FUNDUR

fimmtudaginn 23. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

Fjárlög 2007, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 421 og 435, brtt. 422, 423, 424, 436, 444 og 445. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

[10:30]

**Útbýting:**

Fjárlög 2007, 1. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 435; brtt. minni hluta fjárln., þskj. 436; brtt. BJJ, þskj. 444; brtt. minni hluta fjárln., þskj. 445.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Búseta í iðnaðarhúsnæði.

[10:31]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins til að ræða málefni fólks sem býr í iðnaðarhúsnæði. Þannig er mál með vexti að Sölvi Tryggvason, fréttamaður á Stöð 2, hefur undanfarna daga verið með fréttaskýringar í þættinum Ísland í dag þar sem hann hefur fjallað um þetta mál. Það hefur komið fram í þessum þáttum að fleiri hundruð manns virðast búa í iðnaðarhúsnæði víðs vegar um landið, kannski einkum og sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu. Þetta fólk er ekki skráð þarna með lögheimili heldur býr þarna bara. Það er margt sem bendir til þess að þetta húsnæði sé alls ekki samþykkt sem vistarverur fyrir fólk.

Leigumarkaðurinn virðist vera mjög spenntur og fólk reiðubúið til að taka á leigu lítil herbergi, allt niður í 10 fermetra, borga fyrir okurverð og búa í þessu iðnaðarhúsnæði sem er, eins og ég sagði áðan, alls ekki ætlað sem mannabústaðir. Aðbúnaðurinn, miðað við þær myndir sem við höfum séð, virðist vera í samræmi við það, hann er ekki glæsilegur. Í mörgum tilfellum er í þessu húsnæði rekin atvinnustarfsemi, jafnvel á neðri hæðunum, og maður hlýtur að velta fyrir sér hvað mundi gerast ef til að mynda kæmi upp eldur á slíkum stað. Stjórnvöld á hverjum tíma hafa ekki hugmynd um að þarna búi fólk og ef við ímyndum okkur að um sé að ræða verkstæðishúsnæði þar sem eru t.d. gaskútar og fólk sofandi á hæðunum fyrir ofan mætir slökkviliðið á vettvang og slökkviliðsmenn vita ekki hvort fólk er búsett í því eða ekki.

Annar angi af þessu máli er sá að fólkið sem býr þarna er ekki með lögheimili, hefur ekki aðgang að heilbrigðisþjónustu og þetta er allt saman í mjög miklum ólestri. Stór hluti af þeim sem búa í svona húsnæði er erlendir ríkisborgarar en einnig eru dæmi um aðra, fátæka Íslendinga, öryrkja til að mynda. Það var átakanlegt að sjá í gær við hvaða aðstæður Sigurður Valsson öryrki býr í Hafnarfirði. Ég hvet alla þingmenn til að skoða þennan þátt sem sýndur var í sjónvarpinu í gærkvöldi því að það var vægast sagt dapurlegt.

[10:33]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér þykir þetta vera sérstakt upphlaup hjá hv. þingmanni, ekki síst í ljósi þess að hv. félagsmálanefnd setti málið í ákveðinn farveg á fundi sínum í gærmorgun. Við erum með lög um lögheimili til umfjöllunar og ég beindi málinu í þann farveg að kanna hvort hægt væri að breyta lögum í þá átt að einhver leið yrði fundin til að það fólk sem býr í atvinnuhúsnæði njóti réttinda.

Hins vegar eru lögin nokkuð opin, eins og segir í 3. gr., með leyfi forseta:

„Lögheimili skal, svo framarlega sem unnt er, talið vera í tilteknu húsi við tiltekna götu eða á tilteknum stað“ o.s.frv. Þarna er töluverð rýmkun.

Einnig hafa sveitarfélög, sum hver, ýmislegt út á þetta að setja. Ég vitna í umsögn Reykjavíkurborgar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Sjálfstætt vandamál sem orðið hefur meira vart nú á síðustu árum er þegar iðnaðarhúsnæði er leigt sem íbúðarhúsnæði til erlends verkafólks sem þekkir ekki rétt sinn, talar ekki tungumálið og því auðvelt að brjóta á því. Þetta húsnæði uppfyllir almennt ekki með nokkru móti þær kröfur sem gera verður til leiguhúsnæðis. Ef ekki verður komið í veg fyrir skráningu lögheimilis í atvinnuhverfum borgarinnar eru líkur á að þessi vandi aukist og jafnvel hætta á að eins konar gettó fyrir erlent vinnuafl myndist og því brýnt að spornað sé við þessari þróun.“

Það er því alveg ljóst að hér er um mjög flókið mál að ræða. Ég talaði við fólk úr félagsmálaráðuneytinu í gær til að flýta fyrir því að brugðist verði við þessu þannig að félagsmálanefnd geti tekið á málinu. Ég tek undir það að þessi þróun er óeðlileg, og ömurlegt að horfa upp á aðbúnað margra í þessari stöðu. Hins vegar ítreka ég að umræða um þetta fór fram í hv. félagsmálanefnd í gær. Allir nefndarmenn voru á því að skoða þetta mál og ég vonast til þess að koma hreyfingu á það á eðlilegum vettvangi, þ.e. í hv. félagsmálanefnd.

[10:35]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta er vissulega brýnt mál að ræða. Á þessu máli er lagaleg hlið og á því er siðferðileg hlið. Að sama skapi er um að ræða ábyrgð löggjafans og ábyrgð atvinnurekandans.

Ég tek undir það sjónarmið að nauðsynlegt er að herða á

lögum sem þetta varða, og eftirliti og eftirfylgni laga. Ég vona að um það verði þverpólitísk samstaða, eins og hér hefur reyndar komið fram að geti orðið. Við erum að ræða það í félagsmálanefnd Alþingis og vonandi náum við samstöðu um að breyta lögum og herða að sama skapi á eftirliti framkvæmdarvaldsins með því.

Eins og ég sagði er einnig á þessu siðferðileg hlið. Um það eru mjög mörg dæmi að öryrkjar og atvinnulaust fólk, fátækt fólk á Íslandi, búi við þessar aðstæður. Það er hrikaleg tilhugsun og nokkuð sem okkur ber öllum að sameinast um að útrýma.

Síðan eru einnig dæmi um það að þetta tengist atvinnu fólks og þar vísa ég til ábyrgðar atvinnurekenda, óprúttinna atvinnurekenda sem hafa komið fólki fyrir í húsnæði af þessu tagi. Um getur verið að ræða bein tengsl og óbein, þetta er húsnæði á þeirra vegum. Þess eru dæmi að fólk búi allt upp í 12–15 manns í herbergjum, er þar í flatsængum, fólk sem vinnur á vöktum. Ég hef dæmi um (Forseti hringir.) smáar íbúðir þar sem búa 10–15 manns. Hér vísa ég til ábyrgðar samfélagsins og ég vísa til ábyrgðar atvinnurekenda.

[10:38]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að benda hæstv. forseta á það að við erum að ræða um störf þingsins og ég sé ekki að þetta komi neitt nálægt störfum þingsins, ekki er þingið að leigja út þetta húsnæði eða þingmenn þannig að ég sé ekki að við séum að ræða málið undir réttum dagskrárlið.

Hins vegar er þetta alvarlegt mál og bendir náttúrlega á margbreytileika mannlífsins. Sumt fólk býr í skipum, sjómenn og líka sumt fólk sem hefur keypt sér skútur og býr í þeim allt árið, og sumt fólk býr í iðnaðarhúsnæði sem er orðið viðurkennt og hefur spunnist nokkur umræða um það þegar menn breyta iðnaðarhúsnæði í íbúðarhúsnæði fram hjá reglum. Allt þetta sýnir að það er einhver brotalöm í kerfinu og ég held að það sé mjög mikilvægt að við breytum reglum um skráningu í Þjóðskrá þannig að það sé hægt að skrá fólk í húsnæði, jafnvel þó að það sé ekki samþykkt. Það er þá betra að vita hvar fólkið er en að vita það ekki, sérstaklega fyrir þá sem stunda slökkvistörf og slíkt, menn þurfa að vita hvar fólkið býr.

Svo hefur líka tíðkast að hafa hér hugtakið „óstaðsettur í hús“ sem er mjög skrýtið fyrirbæri. Auðvitað eru einhverjir sem hvergi eiga heima, því miður, en það hefur líka komið í ljós að fólk hefur getað skráð sig inn á heimili annars án vitneskju og leyfis viðkomandi. Það þarf að laga þetta, það þarf að leita eftir heimild íbúðareigenda fyrir því að menn geti skráð sig inn á heimili þeirra. Svo hefur líka komið fyrir að menn hafa verið skráðir án þess að þeir vissu af því sjálfir, að einhver annar hafi skráð þá burt af heimili sínu og inn á annað. Það er einhver brotalöm í þessu kerfi öllu og ég legg til, og lagði til á fundi félagsmálanefndar í gær, að gerð yrði (Forseti hringir.) bragarbót á þessu.

[10:40]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Þetta er eitt af mörgum málum sem varpa ljósi á afleitan aðbúnað fjölda fólks á Íslandi, bæði Íslendinga og innflytjenda. Hingað hefur verið mikið streymi á síðustu missirum af erlendu vinnuafli. Hlutfall þess á vinnumarkaði var um 2% fyrir 5–6 árum, nú er það hlutfall orðið um 5%. Eðlilega leiðir það til mikillar spennu, margt hefur farið úrskeiðis í málefnum útlendinga og innflytjenda á Íslandi, mjög margt meira að segja, eins og dæmin kenna okkur og sagan sýnir.

Það þarf að taka verulega á í málefnum útlendinga almennt. Ef það verður t.d. vík á milli Íslendinga og innflytjenda er það ávísun á alvarlega atburði, það er ávísun á tortryggni, andúð og kynþáttahyggju. Við eigum að bregðast við alvarlegum vísbendingum og þess vegna finnst mér gott og sjálfsagt mál að hv. málshefjandi taki þetta upp hér á vettvangi dagsins, hvort sem liðurinn heitir störf þingsins eða annað.

Einnig er þetta alvarleg vísbending um það ástand sem er á húsnæðis- og leigumarkaði. Það vantar húsnæði fyrir fátækt og efnaminna fólk, öryrkja, atvinnulaust fólk, fólk sem hefur orðið gjaldþrota. Það á við um bæði Íslendinga og útlendinga. Það er líka fjöldi Íslendinga sem hírist í hreysum sem er ósamþykkt íbúðar- og atvinnuhúsnæði af ýmsu tagi. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál sem er vert að ræða hér á hinu háa Alþingi, þetta varðar algjöran lífsgrundvöll mikils fjölda Íslendinga. Þetta hefur lengi verið látið óáreitt, það þarf að taka á þessum málum, þetta er eins og ég sagði einnig vísbending um það að hér er fjöldi útlendinga og innflytjenda, tímabundið eða lengur, sem býr við ömurlegar félagslegar aðstæður. Það á að taka málið alvarlega og það á að taka á málefnum útlendinga á Íslandi.

[10:42]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég fagna því að þessi umræða skuli fara hér af stað og tel hana alveg bráðnauðsynlega. Okkur er sífellt að berast til eyrna að Íslendingar og erlent starfsfólk sérstaklega búi í iðnaðarhúsnæði víða á höfuðborgarsvæðinu. Það á eftir að verða stórslys, m.a. vegna eldhættu, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson minntist á áðan.

Síðast í morgun fékk ég fréttir af því að nokkrir tugir Pólverja búi uppi yfir stóru dekkjaverkstæði á Smiðjuvegi í Kópavogi. (Gripið fram í.) Já. Það ætti öllum að vera ljóst að á neðri hæðinni er gífurlegur eldsmatur, dekk, ryðvarnardót o.s.frv. þannig að ég velti fyrir mér hvort ekki sé kominn tími til að taka til hendinni og kanna hvers konar aðstæður þessu fólki eru boðnar. Hér á eftir að verða stórslys, sérstaklega eins og þarna þar sem fólki er boðið upp á að búa fyrir ofan dekkjaverkstæði með allri þeirri eldhættu (Gripið fram í.) sem þar er.

[10:44]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði að sumir byggju í skipum og aðrir í bátum. Frú forseti. Sumir búa í fílabeinsturni og sjá ekki út fyrir hann. Þessi ríkisstjórn býr í fílabeinsturni ef hún heldur að ekki sé pottur brotinn í þessum málum.

Það ber auðvitað að þakka það sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði áðan, að það væri fullur vilji í félagsmálanefnd til að taka á þessu máli. Það breytir engu um það að staðan

er ekki nógu góð og stjórnvöld hafa flotið sofandi að feigðarósi. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur fullkominn rétt til þess að taka þetta mál hér upp á vettvangi þingsins. Þjóðin og þingmenn eiga að fá að vita um þessa stöðu.

Því miður er það þannig að við höfum haft fregnir af því í fjölmiðlum að erlent farandverkafólk búi ekki aðeins við lök kjör og illan aðbúnað í iðnaðarhúsnæði, þess eru líka mörg dæmi á síðustu missirum og árum að þeir búi í gámum sem engum nema hundum væru bjóðandi. Sú þróun sem hefur orðið undir þessari ríkisstjórn sýnir það aðgæsluleysi og þann skort á aðgát gagnvart mannlegum verum sem hefur verið aðalsmerki þessarar ríkisstjórnar gagnvart erlendu farandverkafólki sem hingað hefur komið. Ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst notað erlent vinnuafl sem hagstjórnartæki til að koma í veg fyrir óðaverðbólgu. Þetta fólk sem hingað hefur komið sem góðir gestir hefur í reynd bjargað íslenskum efnahag. Þakkirnar eru ákaflega litlar af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er ekki fyrr en stjórnarandstaðan og ýmsir einstaklingar í röðum hennar taka þetta mál upp sem hún raknar úr rotinu og er þó varla röknuð í dag.

Frú forseti. Erlendu verkafólki er stefnt hingað til þess að bjarga íslenskum efnahag en margt þess býr hér án réttinda, hefur ekki rétt til heilbrigðiseftirlits og þjónustu á borð við Íslendinga. Þetta er vinnuafl sem er með ýmsum hætti misnotað. Menn fá hér ekki þau réttindi sem (Forseti hringir.) við lítum á sem almenn réttindi handa Íslendingum.

[10:46]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að þetta mál hefur á sér lagalegar hliðar og þetta mál hefur líka á sér siðferðilegar hliðar. Það má bæta einni hliðinni við og það er hin mannlega hlið, tilfinningahliðin, því að þetta snýst um fólk. Það er einmitt mjög mikilvægt að fjalla um þetta á faglegan hátt af því að þetta snýst um aðstæður fólks, hina mannlegu hlið. Þess vegna finnst mér það í rauninni jaðra við siðleysi af hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að rífa málið úr faglegum farvegi félagsmálanefndar, þar sem hann sat sjálfur, þar sem faglega er unnið að þessu máli í þverpólitískri sátt til að finna hina faglegu lausn og skilgreina málið. Þess vegna skilur maður ekki hvað vakir fyrir hv. þingmanni að rífa málið úr þessum faglega farvegi nema til þess að þjóna lýðskrumshugsun sinni og popúlisma sem hann er orðinn þekktur fyrir.

Ég held að það ætti einmitt að þakka hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, formanni félagsmálanefndar, fyrir frumkvæðið í þessu máli, að láta félagsmálanefnd taka málið upp, beina því í þann faglega farveg sem er nauðsynlegt að verði gert í svona viðkvæmum málum frekar en að vera með það í lýðskrumi eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson gerir sig sekan um, og ekki í fyrsta sinn.

[10:47]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegur forseti. Þetta var merkileg og ansi spaugileg gusa sem kom frá hv. þingmanni Framsóknarflokksins, Hjálmari Árnasyni. (**Gripið fram í:** Er það?) Hvers vegna í ósköpunum ætti það að vera lýðskrum að vilja taka hér inn á vettvang hins háa Alþingis þetta mál sem er grafalvarlegt eins og fram hefur komið í fjölmörgum ræðum? Hvers vegna ætti það að vera lýðskrum?

Auðvitað fjallar málið um störf þingsins. Það er alveg rétt að það var rétt aðeins minnst á það í lok fundar félagsmálanefndar í gær, það var rétt aðeins minnst á það. Þetta fjallar um störf þingsins. Við höfum liggjandi í félagsmálanefnd frumvörp til laga um breytingar á lögum um lögheimili og breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Ég vænti þess og vona svo innilega að sameinuð félagsmálanefnd geti þá staðið að breytingartillögum á því frumvarpi til að taka á þessum málum.

Ég vænti þess líka að þessi umræða leiði til þess að nú verði hafið eitthvert skipulegt eftirlit með þessu og reynt að bæta hér úr, a.m.k. þá skrá það fólk sem býr í svona húsnæði þannig að yfirvöld viti hvernig þessum málum er háttað.

Er þetta lýðskrum? Er það lýðskrum að tala hér um vandamál sem gæti verið stórt öryggisvandamál? Væri það lýðskrum ef það kæmi upp eldur í kvöld og einhverjir mundu farast í þeim eldsvoða, hv. þm. Hjálmar Árnason? Væri það lýðskrum að hafa vakið athygli á þessu hér í þinginu til þess að reyna að fá úrbætur í þessum málum? Ég segi nei, þetta er ekki lýðskrum. Þetta er ábyrg umræða um vandamál sem við verðum að taka á.

Þetta vandamál hefur á sér margar hliðar. Við höfum jafnvel dæmi um að fólk hafi sofið í sólbekkjum á yfirgefnum sólbaðsstofum. Við höfum heyrt af því að fólk búi í hjólhýsum og húsbílum, við heyrum jafnvel af því að fólk búi í gámum. Er lýðskrum að vekja athygli á þessu hér inni á hinu háa Alþingi? (Gripið fram í.)

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði áðan um að sumir byggju í fílabeinsturni. Ég held að sá turn sé orðinn ansi hár og það er spurning hvort ekki sé kominn tími til að höggva aðeins neðan af honum þannig að íbúar hans átti sig á því að þeir þurfa að vera í betra sambandi við fólkið í landinu og þjóðina. Það hefur myndast hér djúp gjá milli þings og þjóðar. Þingmenn margir hverjir lifa í allt öðrum heimi en almenningur í þessu landi og það er m.a. ástæðan fyrir því að sumir hérna inni virðast eiga afskaplega erfitt með það að átta sig á þeirri umræðu sem við í Frjálslynda flokknum (Forseti hringir.) höfum vakið um málefni innflytjenda.

[10:50]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að þetta mál eigi ágætlega heima undir liðnum um störf þingsins. Það er þingið sem setur lögin, það er þingið sem veitir heimild til að setja reglugerðir samkvæmt lögum. Það eru framkvæmdaraðilar sem setja reglugerðir og eiga að fylgja lögunum eftir.

Það liggur algjörlega fyrir, hæstv. forseti, að þessi umræða á vissulega vel heima undir þessum dagskrárlið. Það kann vel að vera að þetta mál sé viðkvæmt en það þarf að ræða þetta vandamál eins og önnur sem tengjast erlendu fólki hér á landi. Ég held að ekki þurfi að breyta lögum sérstaklega til að fara að framfylgja þeim. Það er fullt af lögum og reglugerðum í gildi sem kveða á um aðbúnað og

hollustuhætti að því er varðar fólk, og það er fullt af lögum og reglugerðum sem kveða á um það hvar fólk má búa og hvar ekki þannig að ekki þarf að breyta lögum til að framfylgja þeim eða beita aðhaldi.

Það þarf að krefjast lagfæringa á því húsnæði sem fólk býr í og það á að fylgja því eftir að annaðhvort sé það gert eða þá að búseta í slíku húsnæði sé algjörlega lögð af. Aðstæðurnar eru oft óviðunandi.

Ég tek hins vegar fram, hæstv. forseti, að þau fyrirtæki sem lengst hafa haft útlendinga í sinni þjónustu hér á landi, fiskvinnslufyrirtækin í áratugi, hafa fyrir löngu langflest hver búið vel að því starfsfólki sem þar hefur starfað eins og ég þekki til þeirra mála víðast hvar um landið. Þetta er kannski vegna þeirra óhemju þensluáhrifa og innstreymis af fólki á íslenskan vinnumarkað sem við höfum engan veginn getað höndlað það hvar fólk býr, hvernig búið er að erlendum starfsmönnum hér á landi eða hversu margir þeir eru og hverjir búa á löglegu lögheimili.

### *Um fundarstjórn.*

Umræða í félagsmálanefnd.

[10:52]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég hef ekki áður nýtt mér þennan lið í fundarsköpum Alþingis en mér varð ofboðið þegar hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson tók til máls áðan og sagði að rétt svo hefði verið minnst á þetta mál undir lok fundar í hv. félagsmálanefnd í gær. (**Gripið fram í:** Ertu ekki að tala um fundarstjórn forseta?) Þetta er ekki rétt og ég vil að það komi fram að undir dagskrárliðnum þar sem við fjölluðum um lög um lögheimili fórum (Forseti hringir.) við yfir þetta mál og ég ...

(**Forseti** (RG)**:** Forseti vekur athygli á að þetta snýst ekki um fundarstjórn forseta.)

(**GÓJ:** Eigum við ekki að leyfa þingmanninum að klára ræðuna sína?) Ég vil bara ítreka það hér að ummæli hv. þingmanns voru röng og ég vildi fá tækifæri til að koma því á framfæri vegna þess sem hann sagði um málsmeðferðina í hv. félagsmálanefnd.

[10:53]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Þingmaðurinn hefur komið þessu á framfæri og út af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram vekur forseti athygli á því að liðurinn um störf þingsins er galopinn en liðurinn um fundarstjórn forseta snýst um fundarstjórn forseta.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 444–445. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

### *Fjárlög 2007, 2. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 421 og 435, brtt. 422, 423, 424, 436, 444 og 445.

[10:55]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007, frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 25. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 28 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Fulltrúar frá fjármálaráðuneyti komu á fund nefndarinnar og til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi dagsettu 5. október sl. óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins er varða málefnasvið hverrar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt um í þingsköpum.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umr. nema samtals 9.564,5 millj. kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum er varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 376.413,7 millj. kr. sem er 3.058,9 millj. kr. hækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður um 8.999,2 millj. kr. sem er lækkun um 6.505,6 millj. kr.

Meiri hlutinn þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar hafa verið til og skýrðar verða á eftir og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Birkir J. Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller, Bjarni Benediktsson og Guðjón Ólafur Jónsson.

Hæstv. forseti. Ég ætla í ræðu minni að fara yfir tekju- og útgjaldahlið fjárlaga við 2. umr. Ég vek athygli á að breytingartillögum hefur verið dreift sem snerta heimildargreinina, 6. gr., og jafnframt breytingartillögur á tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2007. Einnig höfum við lagt fram breytingartillögur við breytingartillögur á þingskjali 422, sem ég er flutningsmaður að og hefur verið dreift til allra þingmanna.

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst af öllu ræða þær forsendur sem eru fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007. Samkvæmt því frumvarpi sem nú liggur fyrir eftir umfjöllun

nefndarinnar fyrir 2. umr. er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði rúmir 376 milljarðar kr. á árinu 2007 en útgjöldin rúmlega 367 milljarðar. Því verður tekjujöfnuður ríkissjóðs jákvæður um rúma 9 milljarða kr.

Meiri hluti fjárlaganefndar hefur lagt til aukin útgjöld upp á 9,5 milljarða kr. en að sama skapi er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um liðlega 3 milljarða. Þannig lækkar tekjujöfnuður ríkissjóðs sem því nemur. Eins og áður sagði er gert ráð fyrir 9 milljarða kr. afgangi, tekjujöfnuði á fjárlögum ársins 2007.

Hæstv. forseti. Forsendur fjárlaga hafa breyst og kannski sérstaklega vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um lækkun á matvælaverði sem mun taka gildi 1. mars nk. Í fyrri áætlunum var gert ráð fyrir að verðbólga ársins 2007 yrði 4,5% en í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að verðbólga ársins 2007 verði 3%. Þar kemur sérstaklega til sú lækkun sem mun verða á matvælaverði á næsta ári sem mun hafa þau áhrif að verðlag á matvöru mun lækka og því er forsendum breytt að þessu leyti og gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2007 verði 3% sem er mikið ánægjuefni.

Hvað einkaneysluna varðar var í fyrri spá fjármálaráðuneytisins gert ráð fyrir samdrætti upp á 1,8% en nú er gert ráð fyrir að samdráttur í einkaneyslu verði um 1% í ljósi breyttra forsendna. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði 1,9% á árinu 2007, sem er með því allra lægsta sem gengur og gerist í Evrópu og er náttúrlega mikið fagnaðarefni fyrir okkur sem þjóð, að við skulum búa við svo hátt atvinnustig sem raun ber vitni og vitnar um sterka stöðu ríkissjóðs, því að að sjálfsögðu hefur sú mikla atvinnuþátttaka hér á innlendum vinnumarkaði og lítið atvinnuleysi stuðlað að mjög öflugum ríkissjóði.

Samkvæmt þeim forsendum sem gerðar eru vegna frumvarpsins árið 2007 er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði sem samsvarar 11,1% af landsframleiðslu en áður var gert ráð fyrir 10,7% viðskiptahalla og er hann því að aukast örlítið sem því nemur. Hér er samt sem áður, hæstv. forseti, um mjög mikinn viðsnúning að ræða því að á árinu 2006, á þessu ári, er gert ráð fyrir um 19% viðskiptahalla. Sá viðsnúningur skýrist af því að innflutningur á næsta ári mun fara minnkandi vegna þess að umsvif vegna stóriðjunnar eru að minnka en að sama skapi munu útflutningstekjur ríkissjóðs vegna álveranna á Grundartanga og á Austurlandi aukast. Þess vegna mun viðskiptahallinn minnka mjög hratt vegna þeirra ákvarðana sem ríkisstjórnin hefur tekið, m.a. um atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði um 4% því að þá verða þau fyrirtæki sem hafa verið og eru í uppbyggingu hér á landi, bæði á Grundartanga og á Reyðarfirði, komin í fullan gang og því mun viðskiptahallinn stórlækka og verða um 4% árið 2008, eins og ég sagði áðan.

Hæstv. forseti. Hvað hagvaxtarspár snertir er gert ráð fyrir meiri hagvexti á næsta ári en við áætluðum. Hagvöxtur verður um 1,5% en var áætlaður um 1%. Skýringin á því er sú sama og gagnvart viðskiptahallanum, þ.e. gert ráð fyrir að mun meiri útflutningur verði það ár og mun minni innflutningur, og að útflutningur muni aukast um 10% en innflutningur að sama skapi um 9%.

Hæstv. forseti. Þá er eðlilegt að við spyrjum að þessu sögðu hvaða áhrif slíkar þjóðhagsstærðir hafi á kjör almennings. Eins og við vitum hefur kaupmáttur heimila aukist mjög mikið frá árinu 1995, um 50–60% raunkaupmáttaraukning, og trúlega má hvergi í Evrópu finna eins mikla kaupmáttaraukningu og á umræddu tímabili á Íslandi. Á þessu ári er gert ráð fyrir að kaupmáttur almennings aukist áfram um 5,7% sem er meira en menn gerðu ráð fyrir í forsendum fjárlaga fyrir árið 2006 og eru mikil gleðitíðindi. Jafnframt er gert ráð fyrir að á næsta ári haldi kaupmáttur almennings áfram að vaxa og að kaupmáttur almennings muni vaxa um yfir 5% á næsta ári og yfir 2% á árinu 2008. Við munum því halda áfram á þeirri leið að kjör almennings á Íslandi muni batna og í ljósi góðrar stöðu ríkissjóðs munum við reyna að skila þeim ávinningi sem við höfum náð í ríkisfjármálum til almennings og til þeirra stofnana í heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónustunni sem þurfa alltaf á sífellt meiri fjármunum að halda. Við höfum náð að skapa miklar tekjur í samfélaginu til að standa undir þeim útgjöldum.

Hæstv. forseti. Eins og ég minntist á áðan er ríkissjóður nær skuldlaus í dag. Nettóstaða ríkissjóðs er mjög góð. Ég minntist á það við 2. umr. fjáraukalaga um daginn að árið 1998, það er ekki lengra síðan, greiddi íslenski ríkissjóðurinn í vaxtagjöld sem samsvaraði öllum framlögum til menntakerfisins. Öll framlög ríkissjóðs sem við vörðum árið 1998 til menntastofnana í landinu voru samsvarandi há og við vorum að verja til vaxtagjalda. Það sýnir sig því hvers lags gríðarlegur viðsnúningur hefur átt sér stað í rekstri ríkisins. Mjög miklir fjármunir eru nú til staðar í ríkissjóði til að standa vörð um mikilvæga málaflokka, eins og ég sagði áðan, og til að bæta enn frekar kjör almennings í framtíðinni.

Hæstv. forseti. Fram kom við 1. umr. fjárlaga að nauðsynlegt væri að fjárlaganefnd færi ítarlega ofan í málefni ráðuneyta og undirstofnana þeirra. Eins og ég sagði í nefndarálitinu áðan hefur nefndin haldið 28 fundi og fengið mikinn fjölda gesta á þá fundi til þess eins að fá skýra mynd á rekstur einstakra stofnana og ráðuneyta. Ég vil af því tilefni árétta að gott samstarf var í nefndinni og ég vil sérstaklega þakka nefndarfólki í fjárlaganefnd fyrir gott samstarf í þeirri vinnu. Að sjálfsögðu getur stjórn og stjórnarandstöðu greint á í ýmsum málum og skárra væri það nú. En mjög mikilvægt er í nefndarstarfi sem þessu að ná samkomulagi um verklag og hverjir skulu kallaðir á fund nefndarinnar og það tókst með ágætum. Fyrir það vil ég þakka.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá að bregða mynd á þær útgjaldatillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar leggur til við 2. umr. Stærstu útgjaldaliðirnir og mestu framlög sem meiri hlutinn leggur til eru til heilbrigðismála og til menntamála. Að sjálfsögðu er það þannig að þegar hver ríkisstjórn leggur fram fjárlög, og ríkisstjórnarflokkar að baki henni, þá er það sú pólitík sem viðkomandi meiri hluti boðar. Áhersluatriði meiri hlutans í þeirri fjárlagagerð sem hefur verið og átt hefur sér stað á undanförnum dögum er að auka framlög til velferðarmála, menntamála og standa vörð um þær glæsilegu stofnanir sem veita almenningi þjónustu á þeim sviðum.

Meiri hlutinn leggur til að 1.726 milljónum verði varið sérstaklega til menntakerfisins eða málefna menntamálaráðuneytisins. Þessir fjármunir fara ekki allir til mennta-

kerfisins en þó nokkuð stór hluti af því og á ég eftir að fara betur yfir það í ræðu minni á eftir. Ríflega 1,5 milljarðar renna til heilbrigðisráðuneytisins, til heilbrigðisstofnana í landinu og mun ég fara betur yfir það á eftir. Þetta eru helstu línurnar sem meiri hlutinn hefur lagt til við 2. umr. í starfi sínu að leggja verulega fjármuni til heilbrigðisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins.

Hæstv. forseti. Ég ætla að fara yfir einstakar breytingartillögur. Ég mun stikla á stóru og fara yfir þau helstu mál sem meiri hlutinn hefur lagt áherslu á og mun ég ekki flytja tæmandi erindi um það og telja upp alla liði eða allar breytingartillögur sem nefndin gerði, heldur stikla á stóru hvað það varðar.

Í fyrsta lagi er lagt til að til liðarins Æðsta stjórn ríkisins verði framlög aukin um tæpar 174 milljónir. Lagt er til að fjárheimild til forsætisráðuneytisins verði aukin um 146 milljónir og til menntamálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að tæpar 1.727 milljónir muni renna, eins og ég nefndi áðan.

Ég vil staldra aðeins við og minna á að á síðasta vori var samþykkt byggðaáætlun á Alþingi af öllum flokkum, þverpólitískt. Mjög mikil áhersla var lögð á í þeirri byggðaáætlun, þeirri stefnumótandi byggðaáætlun sem á að gilda næstu fjögur árin, á uppbyggingu menntunar og þekkingarstigs á landsbyggðinni. Ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól að ef byggðaáætlun, stefnumótandi byggðaáætlun á að hafa eitthvert verulegt gildi í sjálfu sér verður þess að sjást stað í fjárlögum fyrir viðkomandi ár. Ég tel að eftir ágætt samstarf í fjárlaganefnd og eftir góða yfirferð yfir málefni menntamálaráðuneytisins endurspeglist tillögur meiri hlutans í því að við viljum ekki síst styrkja menntunarþáttinn á landsvísu, á landsbyggðinni, því mjög mikilvægt er fyrir byggðirnar að efla menntastofnanir sem þar eru fyrir og bera tillögur meiri hlutans þess merkis.

Hér er í fyrsta lagi gerð tillaga um 300 millj. kr. hækkun til Háskóla Íslands í samræmi við ákvæði nýs kennslu- og rannsóknarsamnings sem fyrirhugað er að gera við skólann. Með nýjum samningi mun Háskóli Íslands setja sér það markmið að öðlast viðurkenningu sem háskóli í fremstu röð. Við hljótum að fagna því stefnumiði sem háskólinn hefur sett sér í samstarfi við menntamálaráðuneytið. Það er mjög mikilvægt að við eflum Háskóla Íslands. Ég er talsmaður þess að við stöndum vörð um ríkisháskólana og ekki síst Háskóla Íslands og jafnframt Háskólann á Akureyri og mjög mikilvægt er að Háskóli Íslands hafi fjármuni til þess að fara í þá stefnumótun, í miklar breytingar á starfsemi sinni. Ég hef kynnt mér þær lítillega og mér líst mjög vel á það hvernig Háskóli Íslands heldur á sínum málum. Ríkisstjórnarmeirihlutinn leggur háskólanum lið í þeirri vinnu til að gera þann háskóla að einum framsæknasta háskóla í Evrópu.

Hæstv. forseti. Gerð er tillaga um 70 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til rannsókna hjá Háskólanum á Akureyri. Hér er mjög mikilvægt skref stigið í þá átt að efla Háskólann á Akureyri sem er, eins og segir í byggðaáætlun stjórnvalda, ein mikilvægasta menntastofnun á landsbyggðinni og hefur í störfum sínum eflt menntun víðs vegar um landið, m.a. í gegnum fjarnám. Það er þannig að þeir nemendur sem stunda nám í Háskólanum á Akureyri kjósa frekar að búa á landsbyggðinni. Þetta segja opinberar tölur. Þess vegna er mjög mikilvægt að vel sé hlúð að þeim skóla sem gegnir svo veigamiklu hlutverki á þessu sviði á landsbyggðinni, eins og ég nefndi áðan, og kemur fram í byggðastefnu stjórnvalda fyrir næstu fjögur árin.

Jafnframt er gert ráð fyrir að 8 millj. kr. verði varið til náms sem fyrirhugað er að fari fram á vegum Háskólans á Akureyri í samvinnu við erlenda háskóla. Þetta er mjög merkilegt mál sem hæstv. utanríkisráðherra hefur beitt sér mjög fyrir og mjór er mikils vísir, vil ég segja í þessu. Það að Háskólinn á Akureyri skuli vera að festa sig í sessi sem alþjóðleg menntastofnun er mjög mikilvægt. Við þurfum að sækja fram, við þurfum að vera í útrás í háskólapólitíkinni sem og á öðrum sviðum í samfélagi okkar. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að við skulum styrkja þetta alþjóðastarf hjá Háskólanum á Akureyri.

Hæstv. forseti. Meiri hlutinn leggur til að styrkja Reykjavíkurakademíuna. Annars vegar er þar lögð til 6,2 millj. kr. hækkun á framlagi til reksturs akademíunnar, hins vegar er gerð tillaga um 4 millj. kr. tímabundið framlag til tviskipts verkefnis í tengslum við tíu ára afmæli akademíunnar.

Hæstv. forseti. Reykjavíkurakademían er mjög merkilegt fyrirbrigði sem hlaut styrkveitingu á sínum tíma frá hv. fjárlaganefnd til að hefja starfsemi sína. Nú eru margir tugir fræðimanna innan akademíunnar og mjög merkilegt fræðastarf fer þar fram. Reykjavíkurakademían hefur ekki fengið mikla hækkun á fjárframlögum á undanförnum árum. Við í meiri hluta nefndarinnar töldum nauðsynlegt að styrkja rekstur akademíunnar því þar er unnið að mjög merkilegu og einstöku fræðastarfi og fræðasamfélagi sem á sér ekki hliðstæðu í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Við vitum til þess að nágrannalönd hafa horft til þessa módels sem Reykjavíkurakademían er og því er mikilvægt að hún haldi áfram að eflast og stækka að vöxtum.

Hæstv. forseti. Málefni framhaldsskólanna hafa verið mjög til umræðu hér innan þings sem utan á síðustu missirum. Í tillögu í því frumvarpi sem lagt var fram nú í haust var gert ráð fyrir að auka framlög til framhaldsskólanna um 500 milljónir en jafnframt var gerð aðhaldskrafa þar á móti um að skerða þær 500 milljónir um 300 og við fengum í fjárlaganefnd þingsins mikil viðbrögð úr samfélaginu, ekki síst frá forustumönnum skólanna um að hér væri of langt gengið og að framhaldsskólunum væri of þröngt sniðinn stakkur á árinu 2007.

Við kynntum okkur í samvinnu við embættismenn í menntamálaráðuneytinu hvernig breytingar voru gerðar á reiknilíkaninu sem margir vildu meina að kæmu sérstaklega illa niður á verknámi og minni skólum á landsbyggðinni. Meiri hluti nefndarinnar hefur lagt það til í framhaldi af þessari vinnu að framlög til framhaldsskóla verði aukin um 250 millj. kr. á árinu 2007. Þar er sérstaklega lögð áhersla á að standa vörð um minni skóla, kannski ekki síst á landsbyggðinni, og um verknámsskólana, því að eins og þær breytingar sem gerðar voru á reiknilíkaninu voru fyrirhugaðar þá var ljóst að það mundi bitna sérstaklega illa á verkmenntun í landinu.

Það er mjög mikilvægt að standa vörð um verkmenntun. Við tölum fallega um þessar námsgreinar á tyllidögum og því er mjög mikilvægt að skerða ekki framlög til þeirra

stofnana sem eiga að standa undir kennslu á þeim sviðum. Því leggur meiri hlutinn til að sérstaklega verði gert ráð fyrir hækkun til verkmenntaskólanna í landinu í tillögum hér við 2. umr. ásamt því sem minni skólar, sem eru kannski ekki með eins hagstæðar rekstrareiningar og þeir stærri, fái sérstakt framlag líka. Það er hægt að sjá það á fylgiskjali hver skiptingin er á milli einstakra skóla eins og þessar breytingartillögur meiri hlutans líta út.

Hæstv. forseti. Meiri hluti nefndarinnar hefur jafnframt gert tillögu um 24 millj. kr. hækkun á liðnum um Fræða- og þekkingarsetur og er fjárveitingin ætluð fjórum háskólasetrum sem þannig fá 6 millj. kr. framlag hver. Þau eru Háskólasetrið á Hornafirði, Háskólasetur Snæfellsness, Háskólasetur Vestfjarða, sem er Fornleifaskóli Vestfjarða, og loks rannsóknasetur Háskóla Íslands í sjávarspendýrafræðum á Húsavík sem ráðgert er að stofna í ársbyrjun árið 2007. Það verður hýst innan Þekkingarseturs Þingeyinga og rekið í nánu samstarfi við þá stofnun og Náttúrustofu Norðausturlands.

Hæstv. forseti. Þetta er í þeim anda sem ég rakti áðan um stefnumarkandi byggðaáætlun stjórnvalda næstu fjögur árin um að auka menntun á landsbyggðinni og fjölga til dæmis háskólasetrum. Ég tel að hér sé um mjög merkilegt skref að ræða. Við erum að stofna fjögur háskólasetur sem sérhæfa sig á ákveðnum sviðum og það er mjög mikilvægt fyrir þau byggðarlög sem ég nefndi hér áðan, sem velflest standa veikt í byggðalegu sjónarmiði, að við komum á fót fræða- og þekkingarsamfélagi á þessum svæðum því að það mun efla þessi samfélög til framtíðar litið. Þó að hér sé ekki um háar fjárveitingar að ræða mun þetta standa undir öflugu fræðastarfi og efla það þekkingarsamfélag sem er fyrir í þessum byggðarlögum. Ég tel vel koma til greina að ganga lengra í þessu á næstu árum því að við þurfum að hækka menntunarstigið á landsbyggðinni ef landsbyggðin á að vera samkeppnishæf við höfuðborgarsvæðið. Það er alveg ljóst og ég held að það sé enginn ágreiningur um það. Því leggur meiri hlutinn til að það verði varanlega sett á fót fjögur háskólasetur á landsbyggðinni eins og ég sagði á Hornafirði, Húsavík, Ísafirði og á Snæfellsnesi. Þetta er mikilvægt mál.

Jafnframt undir lið menntamálaráðuneytisins er gerð tillaga um 100 millj. kr. framlag til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Fólki af erlendum uppruna sem kemur til Íslands til lengri eða skemmri dvalar hefur fjölgað mikið og er skýringa á því ekki síst að leita í mikilli eftirspurn eftir vinnuafli og hagsæld hér á landi. Við þekkjum umræðuna sem hefur farið fram að undanförnu um málefni útlendinga hér á landi. Hún er mjög viðkvæm og þess vegna er mikilvægt að innviðir stjórnkerfisins sem snúa að því fólki sem hefur komið hingað til þess að auka hagvöxt og velsæld hér á landi séu slíkir að við getum tekið sómasamlega á móti því. Því fögnum við sérstaklega því að lagðar séu 100 milljónir til þess að fram fari aukin íslenskukennsla hér á landi því nýbúar sem hingað koma munu aldrei geta samlagast íslensku samfélagi ef þeir ná ekki tökum á tungunni. Þess vegna er mikilvægt að við eflum þessa innviði, verjum meiri fjármunum til þess að erlent vinnuafl hér á landi hafi aðgang að íslenskukennslu. Þetta fólk er að skila okkur, ríkissjóði og íslensku samfélagi, gríðarlegum fjármunum með sínum störfum hér á landi og því eru þær 100 milljónir sem hér eru lagðar til hreinir smámunir miðað við það hvað þetta fólk er að leggja til samfélagsins.

Hæstv. forseti. Gerð var aðhaldskrafa á Þjóðminjasafn Íslands og í umræðum um ríkisstofnanir almennt hef ég lagt áherslu á að við reynum að setja höfuðstöðvar niður þar sem starfsemi er á landsbyggðinni því ef hagræða á í rekstri lenda útstöðvar frá höfuðborgarsvæðinu alltaf fyrstar undir skurðarhnífnum. Þetta er gömul saga og ný. Við fengum þær upplýsingar í fjárlaganefnd að í ljósi þessarar aðhaldskröfu stóð til að skerða starfsemi á landsbyggðinni, annars vegar hjá Forsvari á Hvammstanga og hins vegar Landvist á Húsavík, en þar er um að ræða mjög glæsileg fjarvinnsluverkefni þar sem þessi fyrirtæki hafa þjónustað Þjóðminjasafnið með ýmsum hætti og eru verkefnin nokkur. Við fengum þau skilaboð í hv. fjárlaganefnd að í ljósi aðhaldskröfu á Þjóðminjasafn Íslands var gerð tillaga um það að skera niður fjarvinnsluna á Hvammstanga og Húsavík. Kannski er það fjarlægðin sem skiptir þar máli. Það er kannski auðveldara að bregða hnífnum ef viðkomandi aðili er ekki í næsta skrifstofuherbergi við þig eða á sama gangi. En ég tel í ljósi þess, eins og ég minntist hér á áðan, að ef við í byggðaáætlun ætlum að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni þá séu svona skilaboð ekki góð. Við í meiri hluta fjárlaganefndar gerum tillögu um það að 5 milljónir verði settar í fjarvinnsluverkefni hjá Landvist á Húsavík og 5 milljónir hjá Forsvari á Hvammstanga. Þessi verkefni verða nú sérmerkt á fjárlögum. Þau voru sérmerkt en síðan féll sérmerkingin út þannig að þessi verkefni fóru undir Þjóðminjasafn Íslands. Eins og ég segi þá tel ég mjög mikilvægt að við stöndum vörð um þó þau fáu opinberu störf sem eru á landsbyggðinni. Ég tel að með þessari tillögu meiri hlutans sé starfsemin bæði á Hvammstanga og á Húsavík tryggð til langframa.

Hæstv. forseti. Við leggjum líka fram tillögu um að styrkja mjög merkilegt verkefni á vegum Landsbókasafns Íslands. Það er sem sagt gerð tillaga um að veita Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 12 millj. kr. á ári í þrjú ár til að setja dagblöð á stafrænt form. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að setja Morgunblaðið á stafrænt form með styrk frá Árvakri. Lögberg-Heimskringla hefur verið myndað fyrir styrk frá menntamálaráðuneytinu og nú hefur safnið fengið styrk frá 365 prentmiðlum til að hefja myndatöku á DV, Dagblaðinu og Vísi. Mikil slagsíða er á því dagblaðaefni sem nú er orðið aðgengilegt og telur safnið óásættanlegt að einungis hluti af íslenskum dagblöðum sé aðgengilegur í stafrænu formi. Til að bæta úr þessu hafa Landsbókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri reynt að afla því stuðnings að Alþýðublaðið, Dagur, Tíminn og Þjóðviljinn verði einnig sett á stafrænt form. Landsbókasafnið leggur til myndavél, tengingar milli safnanna, þjálfun starfsmanna og forritunarvinnu.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að almenningur hafi jafnt aðgengi að þeim blöðum sem ég nefndi hér sem ekki er búið að skanna. Þetta er mikið notað í upplýsingavinnu hjá námsmönnum, sagnfræðingum og fleirum sem vilja kynna sér heimildir til forna. En hingað til — eins og staðan er núna — hefur Morgunblaðið einungis verið aðgengilegt hvað þetta varðar og mjög mikilvægt er fyrir fræði-

mannasamfélagið og áhugasaman almenning að hægt sé að fletta upp þessum hinum blöðum líka á stafrænu formi.

Hæstv. forseti. Undir liðnum Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins er gerð tillaga um 62 millj. kr. til safnamála. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 12 millj. kr. tímabundið framlag til Byggðasafnsins í Görðum á Akranesi vegna kútters Sigurfara, í öðru lagi 10 millj. kr. tímabundið framlag vegna Hvalasafnsins á Húsavík og þetta eru framlög sem á að gera samning um við viðkomandi söfn af hálfu menntamálaráðuneytisins. Í þriðja lagi á að gera samning við Víkina, Sjóminjasafnið í Reykjavík, og miðað er við að gerður verði samningur um 30 millj. kr. heildarstyrk sem greiðist í jöfnum greiðslum á þremur árum, árin 2007, 2008 og 2009.

Þá er í fjórða lagi gerð tillaga um 10 millj. kr. framlag vegna ríkisstjórnarsamþykktar vorið 2005 um 30 milljónir til Safnahúss í Búðardal sem greiða á í þremur jöfnum greiðslum, í fyrsta skipti árið 2006. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 hefur þegar verið gert ráð fyrir 10 millj. kr. fjárheimild sem fallið hefur niður við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár.

Í fimmta lagi er gerð tillaga um 8 millj. kr. tímabundið framlag til Hrísbrúnar vegna fornleifarannsókna og uppgraftar. Heildarstyrkur er 24 millj. kr. sem greiðist í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2007, 2008 og 2009.

Í sjötta lagi er gerð tillaga um 6 millj. kr. tímabundið framlag vegna Hekluseturs, en fyrirhugað er að gera samning um 30 millj. kr. styrk á næstu fimm árum. Fyrstu 6 millj. kr. koma til greiðslu 2007. Síðan verða jafnar greiðslur næstu ár og síðasta greiðsla árið 2011.

Í sjöunda lagi er gerð tillaga um 6 millj. kr. tímabundið framlag vegna Galdrasýningar á Ströndum en fyrirhugað er að gera samning um 30 millj. kr. styrk á næstu fimm árum.

Þetta eru sem sagt þær stofnanir sem menntamálaráðuneytið hefur gefið út að séu í því ferli að gera eigi samning við, þ.e. við viðkomandi söfn, enda er mjög mikilvægt fyrir viðkomandi byggðarlög að þau hafi það fast í hendi, þ.e. framtíðarframlög ríkisins til starfs viðkomandi safna. Hér er um mjög gott mál að ræða enda hafa mörg mjög merkileg söfn risið á undanförnum árum.

Hæstv. forseti. Við í meiri hlutanum gerum tillögu um 135,5 millj. kr. tímabundna hækkun á liðnum Húsafriðunarsjóði og snertir það málefni húsafriðunarnefndar. Við höfum verið í ágætu samstarfi við forstjóra húsafriðunarnefndar, Magnús Skúlason, og tillögur okkar varðandi húsafriðun eru í samræmi við ráðleggingar Magnúsar Skúlasonar. Þær eru eins og ég áður sagði upp á 135,5 milljónir. Þetta eru fjölmörg verkefni og mörg þeirra hafa verið um áraraðir í tillögum meiri hluta fjárlaganefndar í uppbyggingarfasa og taka mörg ár oft og tíðum.

Hæstv. forseti. Við leggjum einnig til framlög til ýmissa verkefna á sviði fornleifa. Kristnihátíðarsjóður mun ekki veita framlag til fornleifarannsókna á næsta ári vegna þess að það fé er upp urið. Því fengum við í fjárlaganefnd mörg erindi um að halda áfram styrkveitingu til ýmissa fornleifarannsókna sem Kristnihátíðarsjóður hefur meðal annars styrkt. Mörg þessi verkefni eru einungis hálfköruð. Það er mjög mikilvægt að við klárum þessar rannsóknir sem hafa ekki síst sögulegt gildi fyrir okkur og líka mikið gildi fyrir ferðaþjónustu á viðkomandi stöðum því að hér er um mjög áhugaverð verkefni að ræða.

Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu um 34,4 millj. kr. hækkun til Ungmennafélags Íslands. Þar af er 19,4 millj. kr. hækkun á framlagi til Ungmennafélags Íslands og er 15 millj. kr. framlag ætlað Dalabyggð ásamt UMFÍ vegna ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Sælingsdal.

Svo ég fari í fljótheitum yfir málefni utanríkisráðuneytisins þá gerir meiri hlutinn ráð fyrir að framlög til utanríkisráðuneytisins verði hækkuð um 325 millj. kr. Þar vil ég vekja sérstaka athygli á lið 1.23 Mannréttindamál. Þar er gerð tillaga um 4 millj. kr. millifærslu á fjárheimildum af liðnum Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi yfir á þennan lið. Munu fjármunir af þessum lið renna til Mannréttindaskrifstofu Íslands sem mikið hefur verið í umræðunni við fjárlagagerð á undanförnum árum.

Undir landbúnaðarráðuneyti eru lagðar til 107,8 millj. kr. til útgjaldaauka. Þar ætla ég að stikla á stóru. Gerð er tillaga um 24 millj. kr. hækkun framlags til Skógræktar ríkisins, þar af eru 14 millj. kr. vegna Hekluskóga.

Staða Skógræktarinnar hefur mikið verið til umfjöllunar innan fjárlaganefndar og utan og hafa forsvarsmenn Skógræktarinnar bent á að frá árinu 2005 hafa framlög til stofnunarinnar ekki fylgt verðlagsþróun, að í raun og veru hefur Skógræktin verið rekin á eignasölu. Fjármunum sem Skógræktin hefur haft af eignasölu hefur verið varið áfram til rekstrar. Meiri hlutinn leggur til að bætt verði við 10 millj. kr. í rekstrargrunn Skógræktarinnar auk þess sem við vitum að miklir fjármunir munu koma vegna sölu á löndum Skógræktarinnar á næsta ári. Við höfum tryggingu fyrir því að starfsemi Skógræktarinnar verði á næsta ári í engu skert. Skógræktin muni halda áfram að sinna verkefnum sínum. Fjármunir til þeirrar stofnunar og þeirra verkefna verði tryggðir, bæði með hækkunum á þessum grunni og síðan með sölu á löndum Skógræktarinnar. Rekstur Skógræktarinnar á næsta ári er tryggður. Það er mikilvægt að við stöndum vel að framlögum til skógræktar því að Skógrækt ríkisins sinnir mörgum metnaðarfullum verkefnum víða um land. Það væri synd ef Skógræktin þyrfti vegna fjárskorts að hætta einhverjum af þeim verkefnum. Við teljum tryggt að Skógræktin geti verið með óbreyttan rekstur og staðið að öllum þeim verkefnum sem nú eru í gangi á næsta ári.

Undir liðnum Dóms- og kirkjumálaráðuneyti er lögð til 340,9 millj. kr. viðbót. Þar vil ég sérstaklega nefna fangelsisbyggingar. Lagt er til að tímabundið framlag til endurbóta og framkvæmda við fangelsi og lögreglustöð á Akureyri og fangelsi á Kvíabryggju verði hækkað um 23,5 millj. kr. Í fjárlögum 2006 og fjárlagafrumvarpi 2007 hafa verið veittar samtals 168 millj. kr. til fangelsisins á Akureyri. Gert var ráð fyrir að nýta uppsafnaðan afgang til framkvæmda á Kvíabryggju.

Við þekkjum málefni fangelsanna. Það skortir tilfinnanlega á úrbætur í því, t.d. á Kvíabryggju og á Akureyri. Því er sérstakt fagnaðarefni að við skulum auka framlög til þessara fangelsa til að hægt sé að bæta aðstöðu bæði fanga og starfsmanna í því samhengi.

Hæstv. forseti. Til félagsmálaráðuneytisins er gert ráð fyrir 927 millj. kr. hækkun. Þar er gerð tillaga um 60 millj. kr. framlag til að koma til móts við kostnað sveitarfélaga

við að bjóða fötluðum börnum í 5.–10. bekk grunnskólans svonefnda lengda viðveru fyrir og eftir reglulegan skólatíma. Þetta hefur verið mikið baráttumál hagsmunasamtaka fatlaðra. Ég tel að þó að hér sé einungis um bráðabirgðalausn að ræða þá eigi það ekki bitnað á fötluðum nemendum í grunnskólum landsins þegar hnútur er á samstarfi ríkis og sveitarfélaga varðandi málefni fatlaðra að þessu leyti. Hér er verið að bæta mjög þjónustu við fatlaða nemendur í grunnskólum landsins. Ég tel brýnt að ríki og sveitarfélög höggvi sem fyrst á þann hnút og komast að því hver eigi að þjónusta þennan hóp fatlaðra barna. Við þurfum að hafa það tryggt að fötluð börn njóti þeirra sjálfsögðu mannréttinda að fá þjónustu innan grunnskólanna og lengda viðveru eins og öll önnur börn.

Ég vil líka, hæstv. forseti, vekja sérstaka athygli á að lagt er til að veittar verði 30 millj. kr. til starfsemi nýrrar skammtímavistunar fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjavík. Það er mikil eftirspurn eftir slíkri þjónustu. Árið 2000 var komið á fót sérstöku átaki til að minnka biðlista, bæði í skammtímavistun og ekki síst í búsetuúrræðum fyrir fatlaða. Á annað hundrað búsetuúrræða hafa verið byggð upp á þessu tímabili. Það var mjög slæmt ástand í málaflokknum árið 2000 og við þurfum að halda áfram að gera betur.

Átak í málefnum geðfatlaðra er í gangi en það má ekki þýða að málefni fatlaðra verði sett á núllpunkt. Við þurfum að halda áfram að bæta þjónustu við fatlaða. Það er sérstakt ánægjuefni að lagt er til að ný skammtímavistun verði reist í Reykjavík sem getur þjónað fjölda af börnum og fjölskyldum þeirra. Þessi úrræði hafa verið mjög vel nýtt og það mun minnka verulega álag á aðstandendur fatlaðra barna, þetta úrræði sem lagt er til af hálfu meiri hlutans að byggja upp í Reykjavík á næsta ári.

Hæstv. forseti. Varðandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti er lagt til, eins og ég sagði áðan, að liðurinn verði hækkaður um 1.541,5 millj. kr. Þar vil ég sérstaklega vekja athygli á því sem hefur verið mikið baráttumál eldri borgara. Lagt er til að 192 millj. kr. fari í hækkun á tekjutryggingu ellilífeyrisþega vegna 300 þús. kr. frítekjumarks á atvinnutekjur. Tillagan er í samræmi við samkomulag við eldri borgara en þó er lagt til að framkvæmdinni verði flýtt um tvö ár frá því sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

Hæstv. forseti. Kjör aldraðra hafa mikið verið í umræðunni innan þings sem utan. Forustumenn aldraðra hafa staðið í mikilli kjarabaráttu fyrir hönd þeirra. Ég fagna því að í tillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir því að aldraðir muni frá næstu áramótum hafa 300 þús. kr. frítekjumark til þess að geta farið út á vinnumarkaðinn í hlutavinnu án þess að bótaréttur þeirra skerðist. Í samkomulagi við aldraða var gert ráð fyrir að þetta mundi ekki öðlast gildi fyrr en árið 2009 en þessari breytingu er núna flýtt um tvö ár. Það er ánægjuefni að við skulum stíga það skref að veita öldruðum möguleika á að starfa á almennum vinnumarkaði án þess að lífeyristekjur þeirra skerðist svo um munar. Það er mikilvægt að við getum notið þess að aldraðir leggi hönd á plóg í atvinnulífinu. Það er mikil eftirspurn eftir vinnuafli og þar er um mjög hæft fólk að ræða sem býr yfir mikilli reynslu. Ég fagna þess vegna sérstaklega því að verið sé að bæta kjör aldraðra í þessum efnum.

Hins vegar er alveg ljóst að við erum á langri vegferð í að bæta kjör aldraðra. Það þarf að gera enn betur. Við þurfum að hækka skattleysismörkin, sem munu reyndar hækka í 90 þús. kr. á næsta ári. En við þurfum að halda áfram að bæta kjör aldraðra og öryrkja.

Hæstv. forseti. Gert er ráð fyrir því að hækka framlag til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um 100 millj. kr., sem er hækkun á rekstrarframlagi og fer í rekstrargrunn spítalans. Jafnframt er gert ráð fyrir 1 milljarðs hækkun til að styrkja rekstrargrunn Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þar með eru þessar tvær lykilstofnanir í heilbrigðiskerfi okkar landsmanna í mjög góðum málum á árinu 2007.

Undir lið fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir hækkun um 737,4 millj. kr.

Undir lið samgönguráðuneytisins er áætlað að fjárheimild ráðuneytisins verði aukin um 368 millj. kr.

Undir lið iðnaðarráðuneytisins er lagt til að fjárheimild verði aukin um 61 millj. kr.

Undir lið viðskiptaráðuneytisins er gert ráð fyrir að heimildir verði auknar um 17 millj. kr.

Undir lið Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að fjárheimild aukist um 35 millj. kr.

Að lokum er lag til, undir lið umhverfisráðuneytisins, að fjárheimild þess verði aukin um 236 millj. kr. Ég vek þar sérstaka athygli á málefnum náttúrustofa sem eru sjö talsins á landinu og gegna mjög mikilvægu hlutverki í rannsóknastarfi á landsbyggðinni í náttúruverndarmálum. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að 7 millj. kr. yrðu veittar aukalega til hverrar og einnar náttúrustofu til ýmissa verkefna.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi farið að mestu leyti yfir útgjaldatillögur meiri hlutans. Ég tel að það hafi verið mjög brýnt að bregðast við ýmsu er varðar málefni einstakra stofnana og jafnvel félagasamtaka vegna fjárlaga ársins 2007. Að baki öllum þessum tillögum liggur heilmikil vinna, eins og nefndarmenn vita. Ég er sannfærður um að við höfum í þessu starfi bætt hlut margra stofnana til muna vegna starfsemi á þeirra vegum á árinu 2007.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum nefna, í ljósi þess að við leggjum til stóraukin framlög til velferðar-, mennta- og heilbrigðismála, að að sjálfsögðu erum við líka að skila til almennings í landinu ágóðanum af því að ríkissjóður hefur verið vel rekinn á síðustu 11 árum. Eins og ég hef margoft sagt er ríkissjóður nær skuldlaus þannig að við erum að greiða mjög lítil vaxtagjöld. Þess vegna getum við skilað þeim ávinningi sem náðst hefur í ríkisfjármálum til heimilanna í landinu. Þar ber að nefna, eins og ég benti á áðan, að hækka á skattleysismörk upp í 90 þús. kr. um næstu áramót, sem skiptir miklu máli, sérstaklega fyrir þá lægst launuðu.

Auka á framlög til barnabóta um 1,7 milljarða frá og með næstu áramótum. Það mun sérstaklega koma lágtekju- og millitekjufólki til góða. Ég vil líka benda á að börn, 16 og 17 ára, fá nú rétt á barnabótum, sem er mjög skynsamlegt þar sem sjálfræðisaldurinn var hækkaður fyrir nokkrum árum úr 16 árum upp í 18 ár. Þar er um börn að ræða í skilningi laganna og því eðlilegt að þessir einstaklingar fái barnabætur eins og önnur börn. Þetta er lagt til að taki gildi á næsta ári.

Það á að halda áfram að lækka tekjuskattinn. Hann mun lækka um 1% um næstu áramót og hefur því lækkað um

3% á því kjörtímabili sem nú lýkur senn.

Mikil umræða hefur verið tengd fjárlögunum um lækkun á matarskatti. Hefur stjórnarandstaðan farið mikinn í þinginu um að við framsóknarmenn höfum sérstaklega verið á móti því að lækka matarskattinn. (**Gripið fram í:** Er það ekki?) Ég held að þær hafi verið ófáar ferðirnar sem ég hef komið hingað upp til þess að reyna að leiðrétta þann mikla misskilning (Gripið fram í.) sem stjórnarandstaðan ... (Gripið fram í.) — Nú heyri ég að órói er í salnum því að (Gripið fram í.) stjórnarandstöðunni líður kannski ekki vel undir þessum lestri.

(**Forseti** (RG)**:** Gefa þingmanni hljóð.)

Ég hef komið ófáar ferðirnar hingað til að benda stjórnarandstöðunni á að það hefur ekki verið neinn ágreiningur um að skoða beri það að lækka matarskattinn. En stjórnarandstaðan kom alltaf aftur (Gripið fram í.) og sagði — sérstaklega hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Framsóknarflokkurinn er á móti því að lækka matarskattinn. (Gripið fram í.) Við komum hingað hv. þingmenn ... (Gripið fram í.)

(**Forseti** (RG)**:** Gefum ræðumanni hljóð.)

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði hef ég komið ófáar ferðir og sagt stjórnarandstöðunni að hún þyrfti ekki að hafa áhyggjur af þessu máli. Þetta væri allt í farvegi innan ríkisstjórnarinnar. En samt hefur hún þrástagast á því að Framsóknarflokkurinn væri á móti því að lækka matarskattinn. Þess vegna vil ég vekja athygli hv. þingmanna á því að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir því að matarskatturinn, virðisaukaskattur af matvælum, verði lækkaður úr 14% ofan í 7%. (**ÖS:** Af því að þið voruð beygðir.) Þetta er mjög mikilvægt mál. Margir hafa borið þetta mál fyrir brjósti og ég vil benda á að innan Framsóknarflokksins hefur verið ályktað um þetta mál á flokksþingum. Að sjálfsögðu þarf Framsóknarflokkurinn að fara eftir ályktunum flokksþinga sinna ef svigrúm er til. (Gripið fram í.) — Ég sé að Össur hlær, hv. þm. Össur Skarphéðinsson hlær mikið að þessu.

Í ljósi góðrar stöðu ríkissjóðs höfum við svigrúm til þess að lækka virðisaukaskatt af matvælum. (Gripið fram í.) Þannig höldum við áfram að bæta kaupmátt heimilanna í landinu eins og við höfum gert á síðustu ellefu árum. Kaupmáttur heimilanna í landinu hefur aukist um 50–60%. Kaupmáttur almennings eykst á þessu ári um 5,7%, sem er meira en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga fyrir árið 2006. Á næsta ári er gert ráð fyrir að kaupmáttur almennings aukist um 5%, (Gripið fram í.) rúmlega 5%. Árið 2008 er gert ráð fyrir því að kaupmáttur almennings aukist um rúm 2%. Við ætlum því að halda áfram á þeirri vegferð að skila almenningi því að ríkissjóður er vel rekinn. Við höfum svigrúm til þess að bæta kjör almennings og jafnframt að standa vörð um mikilvægar heilbrigðis-, mennta- og velferðarstofnanir í þessu þjóðfélagi.

Hæstv. forseti. Það er með mikilli ánægju að ég lýk máli mínu. Ég tel að þau fjárlög sem hér hafa verið lögð fram við 2. umr. séu góð fjárlög. Það er verið að lækka skatta, auka kaupmátt heimilanna, verja mjög miklum fjármunum til velferðarmálanna og við erum líka að skila ríkissjóði með tekjuafgangi. Þar af leiðandi er ríkissjóður orðinn nær skuldlaus. Þetta sýnir okkur, hæstv. forseti, að staða ríkissjóðs er sterk og við erum á réttri leið hvað þetta varðar.

Hæstv. forseti. Í nefndaráliti frá meiri hlutanum — ég bið hv. þingmenn sem hafa skjalið fyrir framan sig að líta á það — er meinleg villa. Þar segir að í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis sé gert ráð fyrir tekjur verði 376 þús. milljarðar kr. Þetta er smávægileg villa, en þarna eiga að standa milljónir kr. Ég bendi þingmönnum á það og það er komið í þingtíðindi að hér er um meinlega villu að ræða. Þar sem segir milljarðar eiga að standa milljónir. En kannski er það skiljanlegt í ljósi gríðarlega góðrar afkomu ríkissjóðs að menn geri svona mistök. Ef við höldum áfram á þessari leið getum við farið að telja í þúsundum milljarða, ég lofa hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni því. Við ætlum að halda áfram að bæta hag almennings og mennta-, heilbrigðis- og velferðarstofnana. (**ÖS:** Leiðréttu þetta með matarskattinn.) Þar með lýk ég máli mínu.

[11:48]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):**

Frú forseti. Ég geri hér grein fyrir áliti minni hluta fjárlaganefndar sem í sitja auk mín hv. þingmenn Ellert B. Schram, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Bjarnason og Katrín Júlíusdóttir.

Það var margt merkilegt við ræðu hv. þm. Birkis J. Jónssonar hér áðan. Það verður þó að segja að þrátt fyrir tilraun til mikillar nákvæmni í öllum tillögum meiri hluta nefndarinnar náði hann þó ekki hæstu hæðum sem við höfum heyrt í þessum þingsal, þó vissulega hafi ýmislegt í ræðu hans minnt á þá tíð þegar ónefndur hv. þingmaður fór hér mikinn og tíndi til nær alla safnliði sem í breytingartillögum meiri hluta voru. Hv. þingmaður lét nú duga, ef ég hef heyrt rétt, að fara ekki mikið niður fyrir 4 millj. kr., en það verður að segjast eins og er að víða var leitað og áberandi var stoppið á einstaka stöðum í kjördæmi hv. þingmanns.

Frú forseti. Þannig var að í byrjun þings í haust lögðu allir þingmenn stjórnarandstöðunnar fram tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Tillagan er birt sem fylgiskjal með nefndaráliti minni hlutans. Megininntak hennar er að lífeyriskafli almannatryggingalaga verði endurskoðaður í fullu samráði við samtök aldraðra og öryrkja. Tillagan endurspeglar það sameiginlega viðhorf stjórnarandstöðunnar að eitt allra brýnasta verkefnið á sviði velferðarmála sé að bæta kjör öryrkja og aldraðra. Óumdeilt er að allur þorri þeirra sem þeim hópum tilheyra hefur ekki notið sambærilegs lífskjarabata og stór hluti landsmanna.

Meginmarkmið þingsályktunartillögunnar er að hækka lífeyrisgreiðslur aldraðra og öryrkja svo og að auka svigrúm þeirra til að afla sér tekna án þess að skerða lífeyrisgreiðslur. Sérstök áhersla er lögð á að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og að tekin verði upp afkomutrygging sem byggð verði á skilgreindum neysluútgjöldum lífeyrisþega, einkum þeirra sem eingöngu hafa lífeyri sér til framfærslu.

Kostnaðarútreikningar sem gerðir hafa verið á þessum tillögum sýna að heildarútgjöld þegar allar tillögurnar eru komnar til framkvæmda eru tæpir 7,4 milljarðar kr., en nettóáhrif hjá ríkissjóði verða um 5,5 milljarðar kr. Stærsti útgjaldaliðurinn er hækkun tekjutryggingar í 85 þús. kr. hjá

öldruðum og 86 þús. kr. hjá öryrkjum 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum. Sú tillaga kostar tæpa 3 milljarða kr. en hún gagnast best þeim sem minnstan lífeyri hafa og litla möguleika á að afla sér viðbótartekna.

Stjórnarandstaðan hefur sameinast um að leggja nú aðeins fram þessa tillögu sem breytingartillögu við 2. umr. um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2007. Með því leggur stjórnarandstaðan áherslu á að það er forgangsverkefni í þjóðfélaginu að bæta kjör lífeyrisþega. Það er hægt að gera með þeirri nýskipan lífeyrismála sem lögð er til í þingsályktunartillögunni, m.a. með því að koma á afkomutryggingu, svo lífeyrisþegar fái eðlilegan og sanngjarnan hlut í auknum hagvexti og þjóðartekjum.

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason mun gera nánar grein fyrir þeirri tillögu sem ég hef hér nefnt í ræðu sinni á eftir.

Frú forseti. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði 357,9 milljarðar kr. og tekjur 373,4 milljarðar kr. Áætlaður tekjuafgangur nemur því 15,5 milljörðum kr. Nú við 2. umr. leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld hækki um 9,6 milljarða kr. en jafnframt að tekjuhlið frumvarpsins hækki um 3,1 milljarð kr. Samkvæmt þessu nemur áætlaður tekjuafgangur nú um 9 milljörðum kr. Um 4,6 milljarða kr. af gjaldaaukningunni má rekja til þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að taka erlent lán til að bæta gjaldeyrisstöðu landsins. Vegna þessa hækkar fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður þarf að greiða af væntanlegri innstæðu hjá Seðlabankanum um 1,3 milljarða kr. Þá fær Landspítali – háskólasjúkrahús leiðréttingu á rekstrargrunni sem nemur 1 milljarði kr. Á móti vegur lækkun framlaga til Ábyrgðasjóðs launa, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Fæðingarorlofssjóðs, samtals um 1,1 milljarð kr. Þá koma til aukin útgjöld vegna brottfarar hersins.

Miðað við fjárlög ársins 2006 nemur gjaldaaukningin 16,7% en sé miðað við áætlaða útkomu ársins 2006, eins og hún birtist í frumvarpinu, nemur hækkunin 12,8%, sem er veruleg aukning útgjalda milli ára.

Tekjur ríkissjóðs eru ávallt háðar mikilli óvissu um þróun efnahags- og atvinnumála. Í tengslum við ákvörðun um lækkun matarskatts verða verulegar breytingar á frumvarpinu. Nú er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur lækki um 12 milljarða kr. og vörugjöld lækki um 465 millj. kr. Á móti þeim lækkunum kemur síðan endurmat á tekjuskatti lögaðila sem hækkar um 5 milljarða kr., hækkun áfengisgjalds um 3,8 milljarða kr., hækkun tekjuskatts einstaklinga um 1,5 milljarða kr. og hækkun fjármagnstekjuskatts og annarra eignatekna um tæpa 5 milljarða kr. Alls gera breytingartillögurnar ráð fyrir að tekjur aukist um 3,1 milljarð kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Á undanförnum árum hafa tekjur ríkissjóðs ávallt verið mun hærri en fjárlög viðkomandi árs hafa gert ráð fyrir en það er m.a. vegna þess að þenslan í þjóðfélaginu hefur verið meiri en áætlanir hafa talið. Nokkur óvissa ríkir um þróun efnahagsmála á næsta ári og því erfitt að spá fyrir um hverjar tekjur ríkissjóðs verða. Verði um verulegan samdrátt að ræða stefnir í óefni því ekki verður séð af reynslu undanfarinna ára að ríkisstjórnin hafi þrek eða þor til að bregðast við breyttum aðstæðum og enn síður er þess að vænta af slíkri ríkisstjórn á kosningaári.

Helsta áhyggjuefnið er að stefnuleysi og handahófskenndar ákvarðanir um útgjöld ríkissjóðs til einstakra stofnana og verkefna hefur einkennt um of fjárlagagerð ríkisstjórnarflokkanna. Tekjugrunnur ríkissjóðs hefur veikst og byggist nú æ meir á þensluáhrifum í hagkerfinu. Þetta er þeim mun alvarlegra í ljósi þeirra staðreynda að uppsveiflan í hagkerfinu á undanförnum árum hefur ekki verið notuð til að undirbúa slíkar breytingar og treysta grunn velferðarkerfisins.

Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerði ráð fyrir 4,2% hagvexti árið 2006 en aðeins 1% vexti árið 2007. Spáð var að verðlag hækkaði um 4,5% að meðaltali milli áranna 2006 og 2007 og að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann ykist um 3,8%. Gert var ráð fyrir að einkaneyslan drægist saman um 2% á milli ára og að atvinnuleysi ykist úr 1,3% á yfirstandandi ári í 2,1% árið 2007. Þá var áætlað að viðskiptahallinn lækkaði hratt á næstu árum eða úr 18% halla miðað við landsframleiðslu árið 2006 í 10,7% halla árið 2007 og 3,8% halla árið 2008.

Fjármálaráðuneytið hefur sent frá sér minnisatriði um áhrif af lækkun matarskatts. Við mat á áhrifum þeirra breytinga liggur til grundvallar þjóðhagsspá ráðuneytisins frá því í byrjun október sl. Afmörkuð endurskoðun hefur verið gerð á þessari spá í ljósi nýrra upplýsinga. Að mati fjármálaráðuneytisins er ekki um stórvægilegar breytingar að ræða. Helstu niðurstöður eru:

Búist er við að hagvöxtur verði um 1,5% í stað 1% árið 2007. Þá er gert ráð fyrir að einkaneysla verði 1% meiri en ráðgert var í fyrri spá. Þá er reiknað með að viðskiptahallinn aukist sem nemur um 0,4% af vergri landsframleiðslu.

Vísitala neysluverðs hækkar að meðaltali um 3% í stað 4,5% á milli áranna 2006 og 2007. Spáð er að verðbólgan verði um 2,2% í stað 2,5% á árinu 2008.

Reiknað er með að atvinnuleysi verði um 1,9% af vinnuafli í stað 2,1% árið 2007.

Að lokum lætur fjármálaráðuneytið þess getið að það muni gefa út endurskoðaða þjóðhagsspá í janúar 2007. Þar sem þjóðhagsspá er forsenda margra stórra liða í fjárlögum er það afar sérkennilegt að ráðuneytið ætli að gefa út nýja þjóðhagsspá í janúar á næsta ári, um mánuði eftir að fjárlög hafa verið samþykkt. Slíkt er þó í samræmi við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum því of mikil tengsl við raunveruleikann eru ekki á áhugasviði ríkisstjórnarinnar.

Athyglisvert er að Seðlabankinn telur að tímasetning lækkunar matarskatts sé óheppileg og verið sé að leggja lóð á vitlausa vogarskál í baráttunni við verðbólguna. Bendir bankinn á að aðgerðirnar dragi ekki úr undirliggjandi verðbólgu og seinki aðlögun eftirspurnar. Seðlabankinn leggur áherslu á að þessar aðgerðir lækki aðeins mælda verðbólgu en ekki undirliggjandi verðbólgu. Þær munu auka kaupmátt ráðstöfunartekna og draga úr aðhaldi í ríkisfjármálum. Þetta leiðir til aukinnar eftirspurnar og verðbólgu. Telur bankinn að vegna þessa muni hagvöxtur aukast hálfu prósenti meira á árunum 2007–2008 en ella hefði orðið. Afleiðing að mati bankans er sú að það þarf 0,25–0,50% hærri vexti en ella til að ná settum markmiðum bankans.

Seðlabankinn metur það svo að aðgerðir stjórnvalda muni leiða til þess að verðbólgan verði 3,5% í stað 8% eftir eitt ár. Hins vegar muni verðbólga aukast á ný árið 2008

þegar áhrif lægri neysluskatta hverfa úr mælingu og eftirspurnin eykst á ný. Verðbólgan verði því 4,5% eftir tvö ár sem er langt yfir verðbólgumarkmiðum bankans. Þannig kemur enn einu sinni í ljós að ríkisstjórnin og Seðlabankinn eiga ekki samleið. Afleiðingarnar verður þjóðin að bera.

Hið opinbera hefur tvenns konar úrræði í stjórn efnahagsmála. Annars vegar er það peningamálastefnan sem er á forræði Seðlabankans og hins vegar ríkisfjármálin sem eru verkefni ríkisstjórnar. Um stjórn ríkisfjármála þarf í raun ekki að fjölyrða, hún er engin.

Í mars árið 2001 var undirritað samkomulag ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um breytingar á fyrirkomulagi stjórnar peningamála. Meginmarkmiðið var stöðugleiki í verðlagsmálum sem fól í sér að árleg verðbólga yrði að jafnaði sem næst 2,5%. Er skemmst frá því að segja að þau markmið hafa ekki náðst og má þar helst um kenna svokallaðri efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar á liðnum árum. Hefur hún beinlínis unnið gegn markmiðum Seðlabankans með aðgerðum sínum. Ríkisstjórnin hefur ekkert gert til að draga úr þenslu og aukið ríkisútgjöldin jafnt og þétt. Þá hafa ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir einnig ýtt undir slíka þróun.

Þetta hefur leitt til verulegra hækkana á stýrivöxtum sem aftur á móti hefur leitt til vaxtahækkana og skuldaaukningar hjá skuldsettum heimilum. Þannig hefur ríkisstjórnin í raun unnið gegn hagsmunum heimilanna í landinu.

Ríkisstjórnin hefur gert mörg mistök í efnahagsstjórn á undanförnum árum og hefur því miður að því er virðist ekkert af þeim lært. Fyrstu mistökin voru tímasetning breytinga á húsnæðiskerfinu sem jók þenslu og verðbólgu til muna. Húsnæðisverð snarhækkaði sem og lán til íbúðarkaupa þar sem þau fylgdu markaðsverði. Nú lækkar húsnæðisverð og getur leitt til kreppu hjá fjölda fólks sem skuldar hlutfallslega meira í íbúðarhúsnæði sínu en áður hefur þekkst.

Önnur mistök ríkisstjórnarinnar eru óstjórn í ríkisfjármálunum. Þar hefur ríkt stjórnleysi og skortur á aga. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa verið vantrúaðir á beitingu ríkisfjármála sem hluta af efnahagstjórn. Slíkt ber að sjálfsögðu vott um fullkomna vanþekkingu á hagkerfinu. Þar við bætist að mat ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans á efnahagsástandinu er gjörólíkt og þessir aðilar vinna hvor í sína áttina og er þá ekki von á góðu.

Þriðju mistökin voru skattalækkanir á kolröngum tíma en einföld hagfræði segir skattalækkanir auka ráðstöfunarfé sem eykur neyslu og þar með þenslu í þjóðfélaginu. Aukin þensla var það sísta sem efnahagskerfið þurfti á þeim tíma.

Fjórðu mistökin felast í því að boðaðar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna stóriðjuframkvæmda urðu aldrei að veruleika.

Greiningardeildir bankanna hafa varað við þeirri þróun sem fram undan er, þ.e. tímabundin rýrnun kaupmáttar, lækkun eignaverðs, aukning vanskila og gjaldþrota. Greiðslubyrði heimilanna af lánum sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hækkar og þrengir verulega að þeim sem hafa skuldsett sig á undanförnum árum. Þá gagnrýna greiningardeildirnar einnig að opinber fjármálastjórn taki ekki nægjanlegan þátt í hagstjórninni. Slík gagnrýni kemur að sjálfsögðu ekki á óvart, enda alkunn.

Þótt efnahagsstjórnin hafi verið veik á undanförnum árum tekur steininn úr þegar kemur að framkvæmd fjárlaga. Á undanförnum árum hefur ríkisstjórnin nánast sniðgengið öll lög og reglugerðir sem gilda um framkvæmd fjárlaga. Hún hefur verið harðlega gagnrýnd jafnt af alþingismönnum og Ríkisendurskoðun.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2005 kemur t.d. fram að í árslok þess árs hafði ríflega fjórðungur fjárlagaliða ráðstafað fjármunum umfram heimildir eða alls 135 fjárlagaliðir. Af þeim voru meira en 96 með meira en 4% halla, en samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga ber að grípa til sérstakra aðgerða ef farið er yfir þau mörk. Af þessum 96 stofnunum var 71 með meiri halla en 10%.

Bráðabirgðatölur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2006 benda ekki til þess að ástandið hafi batnað. Í raun hefur sigið enn frekar á ógæfuhliðina hjá þeim stofnunum sem voru með halla í árslok 2005 og fleiri stofnanir eru komnar 10% eða meira fram út fjárheimildum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er ekki frekar en undanfarin ár tekið á vanda fjölmargra stofnana sem standa illa og þar með er hætta á að sú þjónusta sem Alþingi hefur með lögum ákveðið að veita almenningi verði ekki veitt eða stofnanirnar haldi áfram að safna halla.

Þá hefur Ríkisendurskoðun bent ítrekað á að mikil frávik frá fjárlögum ár eftir ár séu til marks um meira agaleysi í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga hér á landi en tíðkast í öðrum löndum. Frávikin hafa að meðaltali verið um 15–20% undanfarin ár. Slík frávik þekkjast ekki í nálægum löndum, þar er borin sama virðing fyrir fjárlögum og öðrum lögum. Ríkisstjórnin hefur því miður með framkvæmd sinni grafið undan nauðsynlegri virðingu fyrir fjárlögum.

Gjaldahlið fjárlaga hefur verið vanáætluð ár eftir ár. Þegar fjárlög eru borin saman við ríkisreikning kemur í ljós að á árunum 2000–2004 hafa útgjöld farið tæplega 120 milljarða kr. fram úr fjárlögum sem er að meðaltali 10% frávik. Á árunum 1998–2005 hafa ríkisútgjöld aukist um 100 milljarða kr. Rekstur ríkisins hefur þannig aukist um 40% á þessu árabili en fullyrða má að þjónusta þess hefur ekki aukist hlutfallslega jafnmikið.

Frú forseti. Verklag rammafjárlaga var tekið upp árið 1992 en í því felst að ríkisstjórnin gerir tillögur að útgjaldarömmum fyrir hvert ráðuneyti sem síðan koma með tillögur um skiptingu útgjalda vegna málaflokka sinna í fjárlagafrumvarpinu. Því miður hefur þetta verklag um rammafjárlög aldrei náð lengra en til fjárlagafrumvarps hvers árs. Þegar frumvarpið hefur verið lagt fram má segja að allir rammar hverfi, hvorki meiri hluti fjárlaganefndar né ríkisstjórnin sjálf hafa virt rammana og í skýrslum Ríkisendurskoðunar hefur komið fram að ríkisstjórnin sjálf hafi í raun gengið ákafast fram gegn þeirri hugsun sem í rammafjárlögum felst.

Á undanförnum árum hafa mörg ráðuneyti beitt ýmsum aðferðum til að komast fram hjá þessum römmum. Nú hefur menntamálaráðuneytið tekið upp nýja siði í þeim efnum og líklega slegið öll fyrri met. Ef borin eru saman fjárlög 2006 og fyrirliggjandi frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 kemur í ljós að ýmis óskipt framlög menntamálaráðuneytis-

ins aukast verulega og sum þrefaldast á milli ára.

Sem dæmi má nefna að framlag til viðfangsefnisins „Söfn, ýmis framlög, menntamálaráðuneytið“ hækkar úr 10,9 millj. kr. í 32,1 millj. kr. og framlag til liðarins „Ýmis framlög menntamálaráðuneytisins“ eykst úr 55,6 millj. kr. í 106,6 millj. kr. Á móti vegur að felld eru niður eða dregið verulega úr framlögum til ýmissa sjóða og félagasamtaka, svo sem til Skáksambands Íslands, Bridgesambands Íslands, Listasafns ASÍ, Nýlistasafnsins og Skátasambandsins.

Meiri hluti fjárlaganefndar hefur eðlilega talið nauðsynlegt að afturkalla þessar skerðingar en þó án þess að lækka t.d. áðurnefnd ýmis framlög menntamálaráðuneytisins. Þannig hefur ráðuneytinu tekist að auka verulega þær fjárveitingar sem eru til ráðstöfunar ráðherra.

Slík hækkun þekkist ekki hjá öðrum ráðuneytum og er eins og áður segir líklega nýtt met í árangri einstakra ráðuneyta til að brjóta niður ramma ríkisstjórnarinnar. Slíkt getur komið sér vel fyrir viðkomandi ráðherra á komandi kosningaári, enda hefur komið fram að hæstv. ráðherra hefur boðað nýja samninga við fjölmarga aðila sem hugsanlega geta orðið gott fjölmiðlafóður. Minni hluti fjárlaganefndar gagnrýnir slík vinnubrögð harðlega.

Frú forseti. Notkun reiknilíkana við skiptingu fjárveitinga á milli stofnana verður æ algengari. Lengst hefur reiknilíkan framhaldsskóla verið við lýði. Síðan hafa bæst við ný reiknilíkön, m.a. hjá landbúnaðarráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Reiknilíkan framhaldsskólanna hefur lengi verið gagnrýnt fyrir að taka ekki tillit til ýmissa ólíkra þátta í rekstri framhaldsskólanna. Minni hluti fjárlaganefndar hefur lengi haft efasemdir um gagnsemi líkansins við að mæla fjárþörf skólanna og oftar en einu sinni óskað eftir upplýsingum um forsendur þess.

Nú hefur verið upplýst af starfsmönnum menntamálaráðuneytisins, samanber það sem fram kemur í áliti minni hluta menntamálanefndar, að aldrei hafi raunveruleg fjárþörf skólanna ráðið fjárveitingum til þeirra. Möguleikar líkansins hafi heldur aldrei verið nýttir til fullnustu þar sem forsendur þess byggjast á fjárlögum ársins 1997 og því hafi raunveruleg fjárþörf skólanna aldrei verið metin og notuð í líkaninu. Líkanið hafi fyrst og fremst verið notað til að skipta því fjármagni sem til skipta hefur verið hverju sinni milli skólanna.

Frú forseti. Það er mat minni hluta fjárlaganefndar að nauðsynlegt sé að gerð verði óháð úttekt á öllum reiknilíkönum sem nú eru í notkun áður en fleiri reiknilíkön verða tekin í gagnið.

Frú forseti. Vegna þess að hv. þm. Birkir J. Jónsson fór í ræðu sinni áðan örlítið yfir þær lagfæringar sem gerðar voru á milli umræðna í fjárveitingum til framhaldsskóla er rétt að upplýsa nokkrar staðreyndir sem fram komu m.a. í gögnum sem starfsmenn menntamálaráðuneytisins dreifðu á fundi í fjárlaganefnd. Þar í plaggi sem ber yfirskriftina Hagræðing framhaldsskólans kemur fram í samanburði á milli grunnskóla og framhaldsskóla, annars vegar að störfum í grunnskólum hafi á árabilinu frá 2000–2005 fjölgað um tæp 25% á meðan nemendafjölgun á sama árabili hefur verið 1,6%. Á sama tíma hefur stöfum í framhaldsskólum fjölgað um 4,9% en ársnemendum um 25,7%. Við sjáum að samanburðurinn á milli grunnskóla og framhaldsskóla er með þeim hætti að það hlýtur að vekja sérstaka athygli og umhugsun. Yfirskriftin á því plaggi sem starfsmenn menntamálaráðuneytisins dreifðu í fjárlaganefnd var eins og ég sagði áðan Hagræðing framhaldsskólans.

Það er vissulega hægt að kalla hlutina hagræðingu ef það markmið næst fram að nota minna fjármagn og veita áfram sömu þjónustu. Því miður held ég að það hafi ekki tekist í framhaldsskólum landsins heldur hafi í raun og veru dregið úr ákveðinni þjónustu þar og þetta sýnir fyrst og fremst að fjárveitingar til skólanna hafa ekki fylgt nemendafjölguninni. Þessu til viðbótar hlýtur að vekja sérstaka athygli hvernig málum er háttað í grunnskólunum. Það getur vel verið að sumir segi að þar hafi verið farið óvarlega með fé og við getum þá minnkað örlítið þessa tölu en samt blasir við að í grunnskólum landsins hefur þjónustan verið að stóraukast. Meðan þjónustan hefur verið að aukast í grunnskólunum og framhaldsskólarnir hafa ekki fylgt í kjölfarið segir það sig sjálft að gífurlegur munur verður á þjónustunni á milli skólastiga og það verður auðvitað vart við það í framhaldsskólum landsins þegar nemendur koma úr grunnskólum og hafa fengið þar ákveðna þjónustu sem síðan er ekki við lýði í framhaldsskólunum. Þetta skapar gífurlega hættu á stórauknu brottfall úr framhaldsskólunum eða hreinlega að færri nemendur skili sér í framhaldsskólann.

Það er hins vegar yfirleitt markmið allra ríkisstjórna að auka sem mest hlutfall nemenda í ákveðnum árgöngum í framhaldsskólum. Því miður virðist það stefnumið ekki hafa náð til ríkisstjórnarinnar sem nú situr við völd. Þar er ætíð verið í nauðvörnum. Og það er rétt, frú forseti, að vekja athygli á því að það tókst nú ákveðin nauðvörn sem meiri hluti fjárlaganefndar stóð fyrir með stuðningi minni hlutans — sem ég vona að menn hafi metið, því að það var þverpólitísk samstaða um að það yrði eitthvað að gera gagnvart þeirri skerðingu sem fram kom í fjárlagafrumvarpinu. Af 300 milljónum tókst að ná 250 til baka. Það er auðvitað, eins og ég sagði, ekki nema nauðvörn, það tókst að bjarga fyrst og fremst þeim skólum sem hvað verst fóru út úr tillögum hæstv. ráðherra. Þannig tókst að lagfæra stöðu verknámsskóla og minni framhaldsskóla, sérstaklega úti um land, og auðvitað ber að þakka það sem vel er gert. En þegar litið er til framtíðar þurfum við, við hefðum auðvitað þurft að gera það nú og jafnvel enn þá fyrr, að snúa vörn framhaldsskólans í sókn. Það er kominn tími til að framhaldsskólinn fari í sókn. Í öllum alþjóðlegum samanburði sjáum við að við stöndum hvað verst í þeim samanburði gagnvart framhaldsskólanum. Nú er því tími til að snúa af þeirri braut en það er augljóst mál að til þess þurfum við að skipta um ríkisstjórn.

Frú forseti. Það er fleira athyglisvert sem gerst hefur á undanförnum árum. Til dæmis að heildarskattbyrði jókst um rúm 10% á 10 árum samkvæmt nýrri skýrslu OECD. Skattheimtan var 32,1% af vergri landsframleiðslu árið 1995 en 42,4% samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2005. Af þeim 24 löndum sem OECD lítur til var mesta aukning í skattheimtu á milli ára á Íslandi, eða um 3,7 prósentustig. OECD ber einnig saman hvar mestu breytingar hafa orðið á skattheimtu sem hlutfalli af landsframleiðslu á

milli áranna 1995 og 2004. Samkvæmt þeim lista er Ísland í öðru sæti hvað aukningu varðar, með tæplega 8% aukningu.

Þegar litið er til skatta á tekjur og hagnað hafa þeir nálega tvöfaldast á sama tímabili, úr 10,7% af landsframleiðslu árið 1995 í 19,5% árið 2005. Ef einungis eru skoðaðir skattar á tekjur einstaklinga hafa þeir aukist úr 9,7% af landsframleiðslu árið 1995 í 14,3% árið 2004. Þannig blasir við að tekjuskattur af einstaklingum hefur aukist um tæpan helming á tímabilinu. Skattar á tekjur fyrirtækja hafa aukist um 0,4 prósentustig á sama tímabili, úr 0,9% af landsframleiðslu árið 1995 í 1,3 árið 2004. Eignaskattur hefur hins vegar dregist saman á tímabilinu, úr 2,8% af landsframleiðslu í 2,5%. Skattheimta af vöru og þjónustu stendur nánast í stað, var 15,2% af landsframleiðslu árið 1995 en var 15,9% árið 2004.

Tölur OECD benda til þessa að u.þ.b. helmingur aukningar heildarskattbyrðar sé kominn til vegna aukins tekjuskatts einstaklinga. Þetta er athyglisvert í ljósi þess hvernig skattbyrði mismunandi hópa hefur þróast. Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, hefur sýnt fram á að 90% þjóðarinnar hafa tekið á sig aukna skattbyrði. Einungis sá tíundi hluti þjóðarinnar sem hefur hæstar tekjurnar ber nú minni skattbyrði.

Mest hefur dregið úr skattbyrði þeirra sem hæstar hafa tekjurnar. Skattbyrði þeirra hefur helmingast. Árið 1993 námu skattgreiðslur þessa hóps 35% af tekjum en voru árið 2004 15,8% af tekjum. Hins vegar hefur mesta aukning skattbyrðar orðið í tekjulægstu hópunum þar sem hún hefur í sumum tilvikum margfaldast. Ef litið er til tekjulægsta fjórðungsins hefur skattbyrði þeirra tvöfaldast eða meira. Stefán Ólafsson skýrir það svo að rýrnun skattleysismarka hafi aukið skattbyrði lágtekju- og millitekjuhópa meðan óvenjulágur fjármagnstekjuskattur skýri einkum lækkaða skattbyrði hátekjufólks.

Afleiðingar þessa birtast í tölum um tekjuójöfnuð innan landa Evrópska efnahagssvæðisins þar sem Ísland er í fjórða sæti þeirra þjóða þar sem tekjuskiptingin er ójöfnust samkvæmt svokölluðum Gini-stuðli. Einungis Lettland, Portúgal og Tyrkland búa við meiri ójöfnuð og Bretland og Eistland koma næst á eftir Íslandi á listanum. Þessu er algerlega öfugt farið á Norðurlöndunum, en Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Noregur mynda hóp þeirra landa þar sem tekjuskiptingin er jöfnust, ásamt Slóveníu og Tékklandi.

Frú forseti. Skuldir heimilanna eru nokkuð sem vert er að hugleiða. Þær voru um 1.200 milljarðar kr. um mitt ár og höfðu aukist um 276 milljarða kr. frá sama tíma á síðasta ári. Jafngildir aukningin tæplega 29%. Skuldirnar hafa meira en fjórfaldast frá miðju ári 1995 þegar þær stóðu í 299 milljörðum kr. Sú breyting hefur einnig orðið á tímabilinu að bankakerfið hefur aukið hlut sinn af skuldum heimilanna úr um 19% árið 1995 í 53% nú.

Skuldir heimilanna voru um 540 milljarðar kr. í lok síðasta árs og höfðu þá aukist um 214 milljarða kr. frá upphafi ársins. Skuldirnar hafa enn aukist það sem af er ári og voru um 680 milljarðar kr. í október, sem jafngildir tæplega 26% aukningu. Verðtryggðar skuldir heimilanna voru um 500 milljarðar kr. í október en voru 416 milljarðar kr. í byrjun árs og höfðu þá aukist úr 197 milljörðum kr. árið áður.

Í Peningamálum, riti Seðlabankans, frá því í október kemur m.a. fram það mat bankans að á heildina litið hafi fjármálaleg skilyrði heimilanna versnað og er í því samhengi vísað til hærri vaxta húsnæðislána og aukins kostnaðar við yfirdráttarlán.

Fleiri hafa aukið skuldir sínar en heimilin á undanförnum árum og þar koma auðvitað sveitarfélögin við sögu. Skuldir sveitarsjóða hafa aukist á síðustu árum úr 122 milljörðum kr. í lok árs 2003 í 136 milljarða kr. í lok síðasta árs. Hafa skuldir sveitarsjóða á hvern íbúa því aukist úr 422 þús. kr. í 455 þús. kr.

Afkoman sveitarfélaganna er mjög breytileg og eiga mörg þeirra í verulegum fjárhagserfiðleikum. Á síðasta ári skiluðu 60 sveitarfélög jákvæðri afkomu sem nam 6,4 milljörðum kr. meðan 37 sveitarfélög voru rekin með 1,5 milljarða kr. halla. Um 48 þúsund manns, eða 16% þjóðarinnar, búa í sveitarfélögum sem standa ekki undir rekstri. Brýnt er að tekið verði á málefnum sveitarfélaganna svo allir íbúar landsins njóti jafnaðar þegar kemur að þeirri grunnþjónustu samfélagsins sem sveitarfélögin eiga að sinna.

Fram hefur komið að sveitarfélög hafi orðið fyrir tekjuskerðingu, m.a. vegna fjölgunar einkahlutafélaga. Þetta hefur t.d. þau áhrif að rýra útsvarstekjur sveitarfélaganna en auka um leið tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti. Sveitarstjórnarmenn hafa ítrekað farið fram á leiðréttingu á tekjustofnum í kjölfar þessara breytinga en ekki haft erindi sem erfiði. Einkahlutafélög voru rúmlega 20.000 á árinu 2004 en voru orðin 25.600 um mitt þetta ár. Tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti hafa stóraukist, úr 9 milljörðum kr. árið 2004 í 21,7 milljarða kr. á síðasta ári. Það ár höfðu 6.600 fjölskyldur hærri fjármagnstekjur en launatekjur og 2.200 framteljendur höfðu engar aðrar tekjur en fjármagnstekjur.

Frú forseti. Þetta segir okkur að málefni sveitarfélaganna eru ekki í því horfi sem ætti að vera þrátt fyrir að æði oft hafi farið af stað verkefni í að taka á málunum, setja málefni sveitarfélaganna í forgang og efla sveitarstjórnarstigið. Þetta hefur því miður ekki náð fram að ganga og ætti að vera hverjum manni að vera ljóst að á þessum málum verður að taka heildstætt. Það verður að skoða myndina alla, ákveða hvaða verkefni eiga heima hjá sveitarfélögunum, áætla hvað þau verkefni kosta og fara síðan yfir tekjustofna þeirra í heild sinni þannig að tekjustofnar þeirra verði t.d. blanda af beinum og óbeinum sköttum. Það þarf líka að taka ákvörðun um hversu stór sveitarfélögin þurfi að vera til að geta sinnt þeim verkefnum sem menn telja að eigi að vera hjá þeim.

Vegna þess vantrausts sem allt of lengi hefur ríkt milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins má segja að þau mál stöðvist alltaf á miðri leið. Ég varð vitni að því vegna þess að ég tók töluverðan þátt í síðasta átaki um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Ég sá hve mikið þetta vantraust hefur skemmt fyrir. Við sjáum hversu lítið gekk í því átaki og sveitarstjórnarmenn kenndu nær eingöngu um samsetningunni á tekjustofnunum og að ekkert fylgdi nema orðagjálfur um væntanleg verkefni. Það er því brýnasta verkefnið gagnvart þessum málaflokki að byggt verði upp á ný traust á milli

ríkisvaldsins og sveitarstjórnarstigsins.

Frú forseti. Vaxtabótakerfið hefur oft komið til umræðu. Í það hefur nokkuð verið krukkað undanfarin ár. Ríkisstjórnin boðar 430 millj. kr. hækkun framlaga vegna vaxtabóta í fjárlagafrumvarpi. Þrátt fyrir það verða útgjöld til vaxtabóta 226 millj. kr. lægri en þau voru árið 2003. Ef tekið er mið af þróun vísitölu neysluverðs frá 2003 til september 2006 eru áætluð útgjöld vegna vaxtabóta, að raungildi, 968 millj. kr. lægri nú (**Gripið fram í:** Af hverju 2003?) en þá. Hv. þingmaður, 2003 er viðmiðunarárið í fyrri töflu líka.

Það er auðvitað eðlilegt að við miðum við eitthvert ár. Hv. þingmaður getur trúlega farið enn aftar í tímann til að finna viðmið eða beitt hinni alkunnu aðferð sem ríkisstjórnin og hv. þingmaður eru þekkt fyrir, að fara eins stutt aftur í tímann og hægt er til að hægt sé að segja að um aukningu sé að ræða þegar ríkisstjórnin hefur skert útgjöldin nokkur ár á undan. Sömu aðferð hafa menn notað gagnvart persónuafslættinum, að skerða hann og skerða en auka síðan nokkur ár í röð og segja: Við erum alltaf að bæta stöðuna og erum á réttri leið. Þessi aðferð hefur á stundum, því miður, gengið. Hún teystir á skammtímaminni fólks. En það er ljótur leikur, hv. þingmaður, að treysta á það. Enginn veit hvaða kosningar það verða að slíkt muni ekki ganga lengur.

Ríkisstjórnin hefur beitt margvíslegum aðferðum á kjörtímabilinu til að skerða vaxtabætur. Í fyrsta lagi er sífellt lægri hluti eftirstöðva skulda lagður til grundvallar við útreikning vaxtabóta. Árin 2003 og 2004 miðuðust vaxtabætur við 7% eftirstöðva skulda. Árið 2005 var þetta hlutfall lækkað í 5,5% og síðan í 5% á þessu ári. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á ekki að ganga nema til hálfs við að vinda ofan af skerðingunni og miða við 6%. Í öðru lagi voru einungis greidd út 90% af hámarksupphæð vaxtabóta árið 2004 og 95% árið 2005. Í þriðja lagi hefur húsnæðisverð hækkað mikið á tímabilinu og langtum meira en eignaviðmið til útreiknings vaxtabóta, sem stóð í stað á milli áranna 2005 og 2006.

Frú forseti. Ríkisstjórnin hefur lagt í vana sinn að lofa ýmsu. Ríkisstjórnin lofaði endurskoðun vaxtabóta við gerð kjarasamninga í vor. Frumvarp hennar um að hækka lágmark eignaviðmiðunar að frádregnum skuldum við útreikning vaxtabóta liggur nú fyrir Alþingi. Alþýðusamband Íslands hefur lýst því yfir að með frumvarpinu hafi ríkisstjórnin ekki efnt þau loforð sem voru gefin við gerð kjarasamninga og ekkert samráð hafi verið haft við ASÍ um vinnslu málsins þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Nú síðast á föstudag gekk forusta ASÍ á fund fjármála- og forsætisráðherra en án árangurs. Ríkisstjórnin ætlar greinilega að halda áfram á sömu braut þrátt fyrir loforð um annað.

Það er með ólíkindum að gengið skuli til samninga en ekki megi treysta aðila eins og ríkisstjórninni. Þetta er því miður enn eitt dæmi um að ríkisstjórninni er ekki hægt að treysta fyrir samningum sem þessum. Hún sýnir ekki einu sinni þá lipurð að hafa örlítið samráð við þá sem við er samið. En, frú forseti, við vonum að gera megi einhverjar lagfæringar á þessu í nefndinni þar sem málið er nú statt.

Frú forseti. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007, svo og breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar, bera með sér að kosningar eru á næsta ári og því er aðeins um bráðabirgðatillögur að ræða. Það bíður nýrrar ríkisstjórnar að gera raunhæft fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár. Þess vegna er það frumvarp sem hér er til umfjöllunar og breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar við það aðeins hluti af tilraun ríkisstjórnarflokkanna til að tryggja áframhaldandi setu sína í ríkisstjórn.

Ábyrgðarleysi ríkisstjórnarflokkanna í ríkisfjármálum hefur verið áberandi undanfarin ár en nú keyrir um þverbak. Það frumvarp sem hér liggur fyrir ásamt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er plagg sem lítið mark er takandi á, m.a. vegna þess hve efnahags- og tekjuforsendur eru óvissar og útgjaldaákvarðanir handahófskenndar. Allt bendir til þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn geri ekki ráð fyrir að framfylgja þurfi frumvarpinu og þess vegna er frekar horft til fjölmiðlaþarfar einstakra ráðherra en mikilvægis fjárlaga fyrir efnahagsmál þjóðarinnar. Frumvarpið segir allt sem segja þarf um nauðsyn þess að ríkisstjórnin láti af hendi völdin á vori komanda.

Frú forseti. Ég hef gert grein fyrir áliti minni hluta fjárlaganefndar en í minni hluta fjárlaganefndar eru auk mín hv. þm. Ellert B. Schram, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Bjarnason og Katrín Júlíusdóttir.

[12:27]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef veitt því athygli að tillögur minni hlutans á Alþingi snúa ekki að heilbrigðis-, mennta- og velferðarmálum. Minni hlutinn á Alþingi gerir engar tillögur um að auka framlög til mennta- eða heilbrigðiskerfisins. Ég ætla að láta kanna það í dag hvort þetta eigi sér hliðstæðu, að minni hluti eða stjórnarandstaða á þingi skuli ekki koma með neinar tillögur vegna stofnana sem þurfa aukin framlög eftir viðtöl sem við í hv. fjárlaganefnd höfum átt við fjölmargar stofnanir á vegum ríkisins. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Hvers lags ábyrgðarleysi er þetta af hálfu stjórnarandstöðunnar (Gripið fram í.) að koma ekki með neinar tillögur hvað varðar þessar stofnanir (Gripið fram í.) við 2. umr. fjárlaga?

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að stjórnarandstaðan hefur enga stefnu í þessum málefnum og ætlar að láta reka á reiðanum hvað þetta varðar. Hún setur ekki nokkrar tillögur fram um að bæta stöðu heilbrigðisstofnana, framhaldsskóla eða annarra stofnana af því tagi. Það er stóri punkturinn í þessari umræðu. Stjórnarandstaðan hefur ekki getað komið sér saman um sameiginlegar tillögur um þessa mikilvægu málaflokka. Það veit ekki á gott ef stjórnarandstaðan ætlar að reyna að mynda ríkisstjórn eftir næstu kosningar, að ágreiningurinn sé svo mikill sem raun ber vitni.

Ég kalla eftir því að stjórnarandstaðan skýri það út í þessari umræðu hvernig margar ríkisstofnanir geti búið við óbreyttar fjárheimildir (**GAK:** Það er von þú spyrjir, þetta eru þínir menn.) að teknu (Gripið fram í.) tilliti til þeirra tillagna sem við í meiri hlutanum höfum lagt fram. Ég skora á hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að kynna sér þær.

[12:29]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson)** *(andsvar)*:

Frí forseti. Það er nú óþarfi fyrir hv. þingmann að láta svekkelsi yfir því að við í minni hlutanum skulum vera sameinuð með tillögu, og það enga smátillögu, sem segir, eins og farið var yfir, hver eru algjör forgangsverkefni eftir aðgerðir eða aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar á þeim sviðum. Þetta er að sjálfsögðu táknræn tillaga um hvað við viljum setja í forgang.

Við gætum komið með fjölda tillagna eins og við höfum margoft gert áður til að leyfa hv. þingmanni að halda áfram að fella tillögur eins og hann hefur ætíð gert, meira að segja tillögur sem við höfum lagt fram — ég nefni bara dæmi frá því í fyrra — varðandi framhaldsskólana sem birtust síðan í tillögum frá meiri hluta fjárlaganefndar í fjáraukalögum, nákvæmlega sama krónutala og við bentum á. Hvaða tilgangi þjónar það? Það þjónar engum tilgangi, því miður, virðulegi þingmaður, af þeirri einföldu ástæðu að hér er ekki unnið að alvörufjárlögum.

Ég hélt að ég hefði farið nógu oft yfir það með hv. þingmanni til að hann skildi að vinna meiri hluta fjárlaganefndar, vinna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum, er með þeim hætti að það er ekki nokkur leið fyrir ábyrgan minni hluta að byggja nokkrar tillögur á því rugli sem frá ykkur kemur, hv. þingmaður.

(**Forseti** (JóhS): Hv. þingmönnum ber að beina orðum sínum að forseta en ekki beint að einstaka þingmönnum.)

[12:31]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það skiptir engu máli, sagði hv. þm. Einar Már Sigurðarson, hvað við leggjum hér til, það skiptir engu máli. Það skiptir þá væntanlega engu máli hvaða sýn þjóðin á að hafa á stefnu Vinstri grænna, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins. Það skiptir engu máli að hafa stefnu í fjárlagagerð. Ég hef, hæstv. forseti, eiginlega aldrei séð aðra eins útreið hjá stjórnarandstöðunni eins og nú á fjórða ári þessa kjörtímabils. Engin lína lögð í mennta-, heilbrigðis- eða félagsmálum.

Það er með ólíkindum, enda vissi ég það, hæstv. forseti, að sundruð stjórnarandstaða gæti ekki komið sér saman um slíkar tillögur í svona mikilvægum málaflokkum. Eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson benti réttilega á áðan voru þeir á þeirri tillögu um að auka framlög til framhaldsskólanna, Frjálslyndi flokkurinn og Samfylkingin. Vinstri grænir voru ekki á þeirri tillögu, enda var það þannig í fyrra og öll árin á kjörtímabilinu að stjórnarandstaðan er út og suður og rökþrota stjórnarandstaða er nú í þeim sporum að geta ekki komið með tillögur vegna þess að það skiptir ekki máli.

Auðvitað skiptir það ekki máli að þjóðin fái að vita hvaða stefnu Vinstri grænir, Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn hafa í velferðar- og menntamálum. Það skiptir engu máli, sagði hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Er þetta boðlegt? (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ég óska hv. stjórnarandstöðu góðs gengis í umræðunni en það verður kannski ójafn leikur í ljósi þess að ef þingmenn Vinstri grænna ætla að koma hér upp og gagnrýna okkur fyrir að auka ekki útgjöld til hinna og þessara málaflokka þá hafa þeir ekkert lagt fram sjálfir. Engar tillögur liggja fyrir.

[12:33]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Frasaflaumur hv. þingmanns hefur að sjálfsögðu engin áhrif. Þetta sýnir fyrst og fremst að hv. þingmaður er afskaplega svekktur yfir því að stjórnarandstaðan skuli koma sameinuð í þessa umræðu.

Það þarf ekkert að rifja upp fyrir hv. þingmanni hvernig umræðan hefur verið undanfarin ár. Við höfum margbent á þá hluti sem betur mega fara. Stefna okkar flokka verður ekki vandamál, hún liggur fyrir, hún er skýr. Hv. þingmaður þarf því, frú forseti, ekki að hafa neinar áhyggjur. Ég held að hv. þingmaður ætti frekar að reyna örlítið að fækka í frasaflaumnum og reyna að fara örlítið í málefnalega umræðu. Það væri að minnsta kosti tilbreyting í því.

[12:34]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í framsögu hv. þingmanns komu fram mjög merkilegir hlutir, þ.e. í kaflanum um efnahagsmál og efnahagsstjórn. Þar segir að nú standi svo að miklar deilur séu uppi og ekki samræming á milli efnahagsstefnu Seðlabankans og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem sé gjörólík, og þeir aðilar vinni hvor í sína áttina, eins og stendur þar.

Ber að skilja þetta svo, virðulegi forseti, að hv. þingmaður sé sammála peningastefnu Seðlabankans? Það er mjög mikilvægt að fá það fram vegna þess að við höfum deilt um það árum saman, sérstaklega síðustu tvö, þrjú árin. Er hv. þingmaður sammála vaxtastefnu Seðlabankans? Telur hann að hún hafi verið rétt? Telur hann að Seðlabankinn hafi gert rétt með því að festa sig svo í þessi ný-keynesísku módel að hækka eigi vexti hvað sem tautar og raular þó að engin verðbólga sé á Íslandi önnur en í fasteignum? Þessu höfum við staðið frammi fyrir í tvö ár.

Er nú svo komið að stjórnarandstaðan á Íslandi er orðin sammála þeirri peningapólitík? Það er mjög nauðsynlegt að vita hvort svo er, því að hér eru sögð stór orð. Það er sagt að óstjórn sé í stefnu ríkisstjórnarinnar, óstjórnin sé algjör og hún beri vitni um — hvað stendur? „Slíkt ber vott um fullkomna vanþekking á hagkerfinu.“ Það er ekki verið að spara orðin hérna, það er ekki verið að spara þau.

Hvað er það þá, virðulegi forseti, sem þingmaðurinn telur að ríkisstjórnin hafi átt að gera samkvæmt tillögum Seðlabankans? Í hverju var það fólgið? Átti hún að berjast gegn öllum kaupmætti launþega eða bótaþega eða gegn hverju átti hún að berjast? Átti hún að berjast gegn því að lækka skatta, átti hún að berjast gegn því að umhverfi atvinnulífsins væri eins og það er?

[12:36]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Fátt nýtt kom fram í þessu ágæta andsvari

hv. þingmanns. Við höfum líklega tekið nokkrum sinnum svipaðar brýnur um svipuð mál en hv. þingmaður hefur yfirleitt vanið sig á að gera Seðlabankann að blóraböggli í þessum efnum.

Málið er hins vegar það, hv. þingmaður, að Seðlabankinn hefur ákveðið markmið, sem ég veit ekki betur en hv. þingmaður hafi samþykkt eins og ýmislegt annað sem frá ríkisstjórninni hefur komið, og Seðlabankinn bregst við því sem er hverju sinni. Hann hefur þetta markmið og hefur ekki aðrar leiðir en vaxtaákvörðunina. Við getum vissulega deilt um hvort vaxtahækkanir hafi verið nákvæmlega það sem við hefðum viljað í hvert skipti, en meginástæðan fyrir þessu er að sjálfsögðu sú, og það kemur fram í nefndarálitinu ef hv. þingmaður hefði nú hlustað eða lesið betur, að ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa ekki verið í takt, hafa verið á stundum að fara hvor í sína áttina.

Vanþekkingin á hagkerfinu átti við það sem fram hefur komið hjá ýmsum stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, að ríkisfjármálin skipti engu máli í efnahagsstjórninni. Það er það sem er verið að vitna í. Þetta hefur því miður komið ítrekað fram hjá nokkrum hv. þingmönnum og ef ég man rétt jafnvel hjá nokkrum hæstv. ráðherrum. Þegar það viðhorf er viðhaft skilur maður í betur umgengni meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar um fjárlögin og lög um fjárreiður ríkisins vegna þess að það er eins og þessi lög séu bara eitthvað sem eigi að vera upp á punt, eftir þessu eigi ekkert að fara.

Hv. þingmaður veit þetta mætavel og hefur á stundum náð sér þokkalega á strik þegar sú umræða hefur átt sér stað, en því miður ætíð að lokum verið í liðinu og fylgt liðinu á græna takkann.

[12:38]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að endurtaka spurninguna: Fylgir þingflokkurinn eða hv. þingmaður stefnu Seðlabankans eða ekki? (Gripið fram í.)

Í júní síðastliðnum gerðu aðilar vinnumarkaðarins, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins, með sér samkomulag sem var meginsamkomulag, það skiptir öllu máli. Ríkisstjórnin lýsti yfir fullkomnum stuðningi við það samkomulag.

Seðlabanki Íslands fór gegn því samkomulagi. Hann fór gegn því og hækkaði vexti aftur og aftur þrátt fyrir yfirlýsingar vinnumarkaðarins um hvað þeir ætluðu að gera og hvernig þeir væru að vinna. Er hv. þingmaður sammála þessu eða ekki? Telur hann að Seðlabankinn hafi gert rétt eða rangt? Ég vona að hann geti svarað því.

Það eru nefnilega deilur um peningamálin í heiminum. Það eru heilmiklar deilur um hvernig beri að stjórna þeim. Á Íslandi hefur það gerst að hingað inn hefur streymt gríðarlegt magn af erlendu fé, fé sem er að leita að vaxtamismun. Spurningin er sú: Hefur vaxtahækkun Seðlabankans orðið til þess að deyfa verðbólgu, minnka eftirspurn, minnka spennu eða hefur hún verið til þess að auka hana? Það er nefnilega spurningin sem menn þurfa að spyrja sig í dag. Seðlabankinn, sem hefur verið að leika alltaf þetta mikla, fallega hlutverk að þykjast vera eitthvert slökkvilið í þjóðfélaginu, getur verið að hann hafi verið sjálfur brennuvargurinn?

Það er nauðsynlegt að menn horfist í augu við þetta og nauðsynlegt að hv. þingmaður svari spurningum sem til hans er beint, já eða nei, er hann sammála þeim eða er hann ósammála þeim?

[12:40]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Til þess að róa hv. þingmann get ég sagt að ég tel að Seðlabankinn hafi gengið fullhart fram í vaxtahækkunum sínum, ef hv. þingmanni líður örlítið betur við það, því ég verð að segja eins og er, frú forseti, að maður hefur orðið örlitlar áhyggjur af formanni og varaformanni fjárlaganefndar vegna þess að þeir eru fullæstir svona í miðju hádeginu. Það er full ástæða til að reyna að róa hv. þingmenn niður. (**EOK:** Reyndu að svara þessu.)

Ég er búinn, hv. þingmaður, að svara því, ég tel að Seðlabankinn hafi gengið fullhart fram í vaxtahækkunum. En ég frábið mér það að hv. þingmaður leyfi sér endalaust og stöðugt að gera ríkisstjórnina stikkfrí í efnahagsmálum og þeim efnahagsvanda sem verið hefur. Ríkisstjórnin ber auðvitað höfuðábyrgð á því hvernig skipinu hefur verið siglt í þeim efnum. Það þensluástand og sú verðbólga sem kom upp í sumar er að sjálfsögðu vegna aðgerða eða aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar. Aðilar vinnumarkaðarins hafa nú í tvígang á stuttu tímabili komið með björgunarbátinn og bjargað ríkisstjórninni í versta vandanum. (Gripið fram í.) Þess vegna, hv. þingmaður, — frú forseti, hv. þingmaður virðist ekki vilja hlusta — er auðvitað alveg nauðsynlegt að hv. þingmaður geri sér grein fyrir því að ríkisstjórnin hefur hlutverki að gegna í þessum efnum. Það þýðir ekki að koma hér ár eftir ár og hjóla í Seðlabankann eða fá útrás fyrir einhverja geðvonsku út í fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, sem nú situr í Seðlabankanum, og standa hér uppi og skammast út í það sem þar er gert. (Gripið fram í.)

Leitum upprunans og leitum vandans. Ef við gerum það á réttum stöðum, frú forseti, hef ég trú á að ná megi tökum á efnahagsmálunum svo aðilar vinnumarkaðarins þurfi ekki að koma með reglulegu millibili með björgunarbátinn til að bjarga ríkisstjórninni úr því feni sem hún hefur sjálf komið sér í.

[12:42]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007. Stjórnarandstöðuflokkarnir á þingi, Frjálslyndi flokkurinn, Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð, skila sameiginlegu nefndaráliti við 2. umr. fjárlaga. Þessir flokkar skila einnig sameiginlegum breytingartillögum sem lúta fyrst og fremst að einum ákveðnum málaflokki sem að mati þessara flokka er brýnastur af öllum brýnum.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur mælt fyrir sameiginlegu nefndaráliti okkar þingmanna sem sæti eigum í fjárlaganefnd í minni hlutanum, sem eru auk Einars Más Sigurðarsonar, Ellert B. Schram, Katrín Júlíusdóttir, Guðjón Arnar Kristjánsson og sá sem hér stendur.

Ég vísa til mjög ítarlegs nefndarálits, sem hv. þm. Einar

Már Sigurðarson mælti hér fyrir, hvað varðar sameiginlegar áherslur um fjárlagatillögurnar og nefndarálit sem liggja fyrir við 2. umr. fjárlaga. Ég mun hins vegar fyrst og fremst gera grein fyrir sameiginlegum breytingartillögum okkar sem undirstrika, eins og ég sagði áðan, þær áherslur og þá forgangsröðun sem við teljum nú hvað allra brýnastar.

Þær lúta fyrst og fremst að því að tryggja afkomu og tekjugrunn elli- og örorkulífeyrisþega, hópa í samfélaginu sem hafa mátt berjast fyrir bættum kjörum sínum. Tekist hefur verið á um kjör þessara hópa á Alþingi. Þar skiptast menn í flokka, annars vegar í ríkisstjórnarflokka Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, sem ekki hafa hirt um að bæta kjör þessara hópa sem skyldi eða látið þau fylgja eftir öðrum kjarabótum í samfélaginu, og hins vegar velferðarflokkana, sem eru Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Frjálslyndi flokkurinn og Samfylkingin, sem standa nú saman við fjárlagaafgreiðsluna.

Frú forseti. Við þingmenn fáum allmörg bréf og tölvupósta frá fólki víðs vegar að á landinu þar sem það ber upp erindi sín eða tjáir viðhorf sín. Þessi bréf og þessi samskipti eru okkur mjög mikilvæg. Þau halda okkur betur í sambandi við þjóðina, við lífið eins og það gerist í raun. Ég fékk eitt slíkt bréf í gær sem ég ætla að lesa smákafla úr, þó að bréfritari vilji ekki láta nafns síns getið, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Mig langar til að senda þér póst um það sem ég má búa við. Ég var húsasmiður í aðalstarfi öll mín ár“ — þessi maður er fæddur 1946 — „en sjúkraflutningsmaður í aukastarfi í um 30 ár. Báðum þessum störfum varð ég að hætta af heilsufarsástæðum, var úrskurðaður öryrki árið 2004. Ég átti hlut í trésmiðju en seldi af framangreindum ástæðum. Af sölu fékk ég 10% fjármagnstekjuskatt og í viðbót 45% skerðingu frá Tryggingastofnun. Ég átti viðbótarlífeyrissparnað. Hann var skattlagður um 36,72% og síðan aftur skerðing um 45% frá Tryggingastofnun. Til að endar nái saman hjá okkur hjónum fór konan að auka við sig vinnu, og aftur 45% skerðing frá Tryggingastofnun.

Við hjónin eigum ungmenni í háskóla og það kostar sitt. Ég tala nú ekki um þegar um landsbyggðarfólk er að ræða. Mér er ofboðið hve hart er sótt að mér og mínum og nú spyr ég þig, hv. þingmaður, hvað ætlar þú og þinn flokkur að gera í málefnum öryrkja? Þó að ég sé landsbyggðarmaður þá er þetta mál allra landsmanna. Mér finnst ekki nóg að talað sé um skilning og síðan ekkert meir.

Með von um viðbrögð okkur öllum til heilla.“

Í gær, 22. nóvember, var stutt viðtal í Ríkisútvarpinu sem hafði yfirskriftina: „Öryrki fær ekki viðbótarlífeyrissparnað sinn.“ Þar stendur, með leyfi forseta:

„9.000 krónur standa eftir af 400.000 króna lífeyrissparnaði konu sem hugðist nýta peningana eftir að hún varð öryrki. Afganginn tekur skatturinn og svo skerðir Tryggingastofnun lífeyrissgreiðslur, bæði konunnar og eiginmanns hennar.

Bára Pálmarsdóttir var greind öryrki fyrir ári síðan [...]. Þegar hún og maðurinn hennar, sem er ellilífeyrisþegi, þurftu að ráðast í umfangsmiklar viðgerðir á húsinu sínu hugðust þau nýta sér viðbótarlífeyrissparnaðinn í stað þess að taka lán. Bára tók út tæpar 400.000 krónur. Skatturinn tók tæplega 147.000 af þeirri upphæð og síðan kom í ljós að Tryggingastofnun skerti bætur hennar og eiginmanns hennar.“

Bára Pálmarsdóttir segir: „Svo voru skertar tekjur hjá manninum mínum um 95.000 og hjá mér um 149.000 vegna þess að ég er öryrki.“

Þá er hún spurð: „Og hvað var þá mikið sem að stóð eftir?“

Bára Pálmarsdóttir: „Þegar allt er komið til að þá eru það 9.000.“

Frú forseti. Er að furða þó að fólk í samfélaginu, stórir hópar, spyrji: Hvað ætlið þið að gera? Því erum við að svara í þeim sameiginlegu tillögum sem við leggjum til hér, þingmenn og þingflokkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Frjálslynda flokksins og Samfylkingarinnar. Við viljum að tekið sé í alvöru á málum þess fólks sem hér er um að ræða en ekki bara talað. Í þingsályktunartillögu sem þessir flokkar fluttu sameiginlega í upphafi þings í haust, mál nr. 3 á þingskjali 3, en þar fluttu allir þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lífeyriskafla laga um almannatryggingar. Endurskoðunin verði unnin í fullu samráði við samtök aldraða og öryrkja. Skoðað verði samspil almannatrygginga og lífeyriskerfisins með það að markmiði að einfalda tryggingakerfið, draga úr skerðingaráhrifum tekna og auka möguleika lífeyrisþega til að bæta kjör sín. Þá verði komið á afkomutryggingu sem tryggi viðunandi lífeyri. Til undirbúnings afkomutryggingar verði þegar í stað gerð úttekt á framfærslukostnaði lífeyrisþega sem grunnlífeyrir og tekjutrygging byggist á. Eftirfarandi atriði verði m.a. lögð til grundvallar í nýrri framtíðarskipan lífeyrismála:“

Það eru einmitt um þau atriði, frú forseti, sem við flytjum breytingartillögu.

Við fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins gerum að tillögu okkar að tekjutrygging ellilífeyrisþega hækki, í samræmi við fyrrnefnda þingsályktunartillögu okkar frá haust, í 602 millj., tekjutrygging örorkulífeyrisþega í 350 millj. og vegna nýrrar framtíðarskipanar lífeyrismála komi 6.431.700 millj. eða samtals 7 milljarðar 383 millj. og 700 þús.

Frú forseti. Þessir hópar hafa svo sannarlega staðið eftir. Tillagan gerir ráð fyrir að ný tekjutrygging aldraða verði 85 þús. kr. á mánuði og öryrkja 86 þús. kr. frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Frá sama tíma verði dregið úr skerðingaráhrifum tekna þannig að í stað þess að skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerði tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru, verði hlutfallið 35%.

Frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007 og skerði ekki tekjutryggingu. Skoðað verði hvort nýta megi hluta þessa frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóði. Öryrkjar hafi val um þetta nýja frítekjumark eða eldri reglu eftir því hvort er þeim hagstæðara.

Frú forseti. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á þetta atriði, frítekjumark vegna atvinnutekna. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara hljóðaði upp

á frítekjumark upp að 200 þús. kr. ári sem kæmi til framkvæmda 1. janúar 2009. Því hefur reyndar verið flýtt vegna mikils þrýstings og að það verði 300 þús. kr. frá 1. janúar næstkomandi. Það var ánægjulegt að ríkisstjórnin skyldi láta undan þrýstingi bæði stjórnarandstöðunnar og samtaka elli- og örorkulífeyrisþega gagnvart þessu en það er lítið hænufet sem þarna er stigið þó að í sjálfu sér beri að þakka það litla sem er.

En fátt er mikilvægara en að hinni samfélagslegu umgjörð lífeyris og annarra slíkra almannagreiðslutekna fylgi líka hvatning til þess að þeir sem geti verði sem lengst á vinnumarkaðnum, geti stundað vinnu, hlutastarf, tímabundið starf eða fullt starf, eftir því sem viðkomandi er fær um og hentar án þess að það skerði grunnlífeyri fólks sem komið er á hann og á rétt á honum samkvæmt lögum þar um.

Við heyrum stöðugt og lögð er áhersla á það að byggð séu upp sveigjanleg starfslok. Að fólk geti valið um hve hratt það hættir störfum eða fer út af hinum svokallaða vinnumarkaði. Við vitum líka að fátt er betra og heilsusamlegra, bæði andlega og líkamlega, fyrir fólk en að geta verið sem lengst á vinnumarkaði og unnið eins og það hefur þrek og vilja til. Í þessu kerfi þarf því að vera hvatning sem hér er einmitt lögð til.

Þá leggjum við til að ráðstöfunarfé, eða vasapeningar svokallaðir, við dvöl á stofnun hækki um 50% frá 1. júlí 2006 ásamt því að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. Frá 1. janúar 2008 verði stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulagi á daggjaldastofnunum fyrir aldraða í svipaða veru og gildir fyrir fatlaða á sambýlum. Einnig að afnumin verði að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka og að öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á ellilífeyri.

Frú forseti. Við í stjórnarandstöðuflokkunum, velferðarflokkunum Vinstri hreyfingunni grænu framboði, Samfylkingunni og Frjálslynda flokknum, leggjum áherslu á að það sé forgangsatriði að bæta kjör þessa fólks og styrkja á það á atvinnumarkaðnum og einnig að tryggja því grunnlífeyri og mannsæmandi kjör.

(**Forseti** (JóhS)**:** Nú háttar svo til að forseti mun gera matarhlé eftir eina mínútu til klukkan hálftvö. Ég spyr hv. ræðumann hvort hann vilji ljúka máli sínu á einni mínútu eða fresta máli sínu til klukkan hálftvö.)

Ég fresta bara máli mínu, frú forseti.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:31]

**Jón Bjarnason** (frh.)**:**

Virðulegi frú forseti. Ég var kominn þar í máli mínu fyrir hádegisverðarhlé þar sem ég var að gera grein fyrir sameiginlegum tillögum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins varðandi afgreiðslu fjárlaga hér við 2. umr.

Við leggjum mikla áherslu á að kjör elli- og örkorkulífeyrisþega verði í raun bætt. Ég vitnaði til tölvupósts, eins af mörgum sem við þingmenn fáum þar sem fólk lætur í ljósi skoðanir sínar, ber upp erindi sín og tjáir hug sinn til einstakra mála, sem er okkur ómetanlegt í starfi okkar á Alþingi.

En höfum sameinast um, þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna, þingmenn velferðarflokkanna, að leggja nú megináherslu á málefni þessa fólks. Við fluttum tillögu um það í haust, í byrjun þings, sameiginlega tillögu varðandi elli- og örorkulífeyri, eins konar framtíðarsýn okkar í þessum málum.

Í samræmi við það leggjum við til að tekjutrygging ellilífeyrisþega verði hækkuð, við leggjum til nýja framtíðarskipan lífeyrismála, eins og segir í greinargerð með tillögum okkar. Það eru Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn sem standa saman að þessum málum.

Í greinargerðinni segir: Þingmenn stjórnarandstöðunnar lögðu fram í upphafi þessa þings þingsályktunartillögu um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Með þeirri breytingartillögu sem við nú flytjum og ég mæli hér fyrir er lagt til að eftirtaldir liðir í þeirri tillögu komist til framkvæmda strax 1. janúar 2007:

Í fyrsta lagi að ný tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. á mánuði og öryrkja 86 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem þar hafa orðið. Frá sama tíma verði dregið úr skerðingaráhrifum tekna þannig að í stað þess að skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerði tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru, verði hlutfallið 35%.

Frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði, eða 900 þús. kr. á ári og skerði ekki tekjutryggingu. Það er gríðarlega mikilvægt, eins og ég lagði áherslu á í ræðu minni áðan, að innbyggður hvati sé til að fólk geti valið sér sveigjanlegri starfslok. Það sé hvatt til að vera og taka þátt í vinnumarkaðnum að hluta eða að öllu leyti svo lengi sem það hefur kraft og vilja til, án þess að grunnlífeyrir þess skerðist. Ekki síst í því atvinnuástandi sem við nú búum við þar sem er gríðarleg þensla og skortur á vinnufúsum höndum. Einmitt þá ætti þetta að vera til mikilla hagsbóta.

Þá leggjum við líka til að ráðstöfunarfé, svokallaðir vasapeningar við dvöl á stofnun, hækki um 50% frá 1. júlí ásamt því að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. Og frá 1. janúar höfum við þá stefnumörkun að breyta greiðslufyrirkomulagi á daggjaldastofnunum til aldraða í svipaða veru og gildir fyrir fatlaða á sambýlum.

Við erum ekki hér að tala um háar upphæðir, frú forseti. En þó er þetta mikil hækkun frá því sem nú er. Við teljum þetta alger lágmörk til að tryggja lágmarkstekjugrunn fólks þannig að það geti lifað og tekið þátt í samfélaginu af lágmarksreisn.

Tillögur okkar á næsta ári hljóða samtals upp á 7 milljarða 383 millj. og 700 þús. kr. Nú er það svo þegar upphæð sem og þessi kemur inn í veltu samfélagsins þá fer hluti af henni að sjálfsögðu aftur í skatta til ríkisins. Hluti af þessu fer að sjálfsögðu í aukna neyslu og þannig skilast peningarnir til baka. Auk þess sem almenn heilbrigði og velsæld fólks eykst ef það getur stundað atvinnu sem lengst án þess að það skerði grunnlífeyri.

Á móti þessum tillögum flytjum við tekjujöfnunartillögur þó svo við teljum reyndar að svigrúmið nú í tekjum rík-

issjóðs sé það mikið að það ætti að vera hægt að koma til móts við þessar kröfur eða tillögur okkar gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum án þess að gera endilega ráð fyrir auknum tekjum ríkissjóðs.

Ef við værum við stjórnvölinn, þá mundum við líka forgangsraða útgjaldaliðum ríkissjóðs með öðrum hætti en núverandi ríkisstjórn gerir. Enda er það einn meginmunur á velferðarflokkunum sem berjast fyrir velferð almennings og hinum sem hugsa stöðugt um þá sem hæstar og mestar hafa tekjurnar. En við leggjum til á móti að reiknað verði með meiri tekjum af sköttum af hagnaði og hærri tekjuskatti með auknum innheimtuaðgerðum, með auknu skatteftirliti, en það hefur þráfaldlega verið í umræðunni að hér séu tugir milljarða kr. sem ríkið verði af í sköttum vegna undanskota eða farið sé á svig við skattalög.

Í því sambandi, virðulegi forseti, minni ég á ritstjórnargrein í Morgunblaðinu frá 22. júlí síðastliðnu, undir yfirskriftinni „Feluleikir, skattar og eignarhald" og þar segir, með leyfi forseta:

„Morgunblaðið sagði frá því í frétt á baksíðu í gær að félög og einstaklingar skráðir á Ermarsundseynni og skattaparadísinni Guernsey, ættu um 41 milljarð kr. í íslenskum fyrirtækjum. ...

Í mörgum og kannski flestum tilfellum er allt uppi á borðinu um það hverjir raunverulegir eigendur félaganna eru, sem eiga stóra hluta í fyrirtækjum hér á landi. ...

Í öðrum tilfellum liggja upplýsingar um raunverulega eigendur hins vegar ekki á lausu."

Síðan kemur áfram:

„Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri," sem nú er reyndar að verða fyrrverandi, „er harðorður um þessa þróun í samtali við Morgunblaðið í gær. „Ég held að það leiki enginn vafi á því að mörg af þessum félögum sem þarna er um að ræða staðsetji sig þarna til þess að komast undan skatti," segir Indriði. „Raunar er alveg óvíst hvað af þessum eignum er talið fram. Við sjáum það í ýmsum málum sem hafa komið upp að þar vantar mikið á. Í mörgum tilvikum eru þetta bein skattsvik þar sem margir af þeim aðilum sem við höfum náð til hafa ekki gert grein fyrir þessum eignum og tekjum."

Indriði segir að skattyfirvöld eigi erfitt um vik vegna þess að ekki sé í gildi hér á landi svokölluð CFC-löggjöf sem veiti heimild til að skattleggja einstaklinga eða félaga erlendis í svokölluðum skattaparadísum ..."

Áfram segir:

„Það verður auðvitað að gera skýran greinarmun á athæfi, sem er lögbrot og því, sem er í samræmi við gildandi lög og reglur. Hins vegar er ástæða til þess fyrir fjármálaráðuneytið og Alþingi að kanna hvort ástæða sé til að setja löggjöf á borð við þá sem ríkisskattstjóri segir að vanti hér á landi. Kannski hefur ekki þótt þörf á henni hingað til vegna þess hversu íslenskt atvinnulíf hefur verið lítið alþjóðavætt. Nú er orðin þar breyting á.

Þeir sem fjárfesta á Íslandi eiga að búa við samkeppnisfært skattaumhverfi en skattasamkeppnin á að felast í lágum skatthlutföllum, ekki því að menn geti komist hjá því að borga skatta til samfélagsins eins og aðrir."

Ég vitnaði í þessa forustugrein frú forseti, til þess bara að undirstrika að meira að segja ríkisskattstjóri telur að veruleg undanskot og það að fara á svig við skattalög sé hér í gangi í stórum stíl.

Við heyrum líka um vaxandi svokallaða svarta starfsemi í samfélaginu, þ.e. atvinnustarfsemi án þess að greiða skatta. Hversu mikið það er eru ekki tölur um, en ég minnist þess að hafa heyrt í umfjöllun um þau mál að menn teldu að ríkið yrði af tugum milljarða, jafnvel 20, 30 milljörðum kr. í eðlilegri skattheimtu ef rétt væri fram talið, vegna beinna skattsvika eða að farið væri á svig við skattalög.

Væri nú ekki vel til fundið að ná til þessara aðila, ná eðlilegum sköttum af þeirri starfsemi sem þarna eru í gangi til að þeir skattar gætu runnið beint til þess að koma til móts við lífeyrisþegana hér á landi sem búa við afar skert kjör miðað við samfélagið í heild?

Þess vegna leggjum við til í tekjuáætlunum okkar, frú forseti, að það megi vel hugsa sér að brúa þetta bil með því að skattar á tekjur og hagnað hækki um svona 4 milljarða. Þetta er ósköp lítill hluti af því sem talið er að sé þar í pípunum. Skattar á vörur og þjónustu hækki um 1,4 milljarða, eða samtals 5,4 milljarða. En við leggjum aftur til á móti að auknu fjármagni verði varið til skattaeftirlits, þ.e. 350 millj. kr., sem ætti að verða til þess að auðvelt yrði að skila þeim mun sem þarna er.

Einnig gerum við ráð fyrir að þetta fjármagn, 7 milljarðar kr., fari í umferð með þeim hætti sem ég hef gert grein fyrir, það skili sér þá. Það er talið að þriðjungurinn af því skili sér síðan með beinum eða óbeinum hætti aftur í ríkissjóð í formi skatta, í formi virðisauka- og veltuskatta o.s.frv.

Þannig að það sem út af stæði hér, tæpir 2 milljarðar kr. í þessu sambandi, teldum við ekkert óeðlilegt að félli á þann afgang sem nú er á ríkissjóði enda er það innan skekkjumarka sem gefið er upp varðandi tekjuöflun ríkissjóðs. Tekjuöflun ríkissjóðs hefur nú sveiflast meir en það.

Það er meira að segja innbyggt í okkar kerfi að það ætti að vera hægt að ná tekjum til að standa undir þeim eðlilegu og nauðsynlegu mannréttindum sem við leggjum hér til.

Frú forseti. Það er alveg sláandi hver munur er á þegar félagshyggjuflokkar fara með stjórn eða þegar þeir flokkar sem kenna sig meira við einkavæðingu og einkarekstur fara með stjórn, svo ekki sér talað um í heilbrigðis- og velferðarmálum. Við munum eftir kosningabaráttunni í Reykjavík á síðastliðnu vori þar sem m.a. sjálfstæðismenn undir forustu núverandi borgarstjóra lögðu mikla áherslu á að bæta kjör ellilífeyrisþega. Ég held að við munum öll eftir þeim gríðarlegu yfirlýsingum.

Að kosningum loknum var myndaður sams konar meiri hluti í Reykjavík eins og er hér á Alþingi, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn. Hvað ætli sé það fyrsta sem þessir flokkar gera? Jú, það er einmitt að hækka gjaldskrá velferðarsviðs borgarinnar um tæp 9%, sem bitnar harðast á lágtekjufólki, á elli- og örorkulífeyrisþegum.

Ég er hér með grein úr Morgunblaðinu þar sem viðtal er við Margréti Margeirsdóttur sem sýnir táknrænt hvernig fer þegar Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eru við stjórn. Þeir lofa einu fyrir kosningar, eins og við munum öll í gylliboðunum sem var lofað til eldri borgara fyrir kosningar í vor, en þegar kosningar eru afstaðnar er allt annað uppi á teningnum. Margrét segir, með leyfi forseta:

„„Við lýsum yfir miklum vonbrigðum og undrun með þessar hækkanir í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað á undanförnum missirum um kjör eldri borgara. Þessi hækkun kemur hreinlega eins og blaut tuska framan í okkur," segir Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara og vísar þar til ákvörðunar velferðarráðs Reykjavíkurborgar" — sem er undir stjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins — „að hækka gjaldskrá velferðarsviðs borgarinnar um 8,8% frá og með næstu áramótum.

Segir Margrét ljóst að hækkunin muni koma allra verst við þá eldri borgara sem lakast eru settir og munar um hvaða upphæð sem er. Segir hún tímasetningu hækkunar einnig koma á óvart og að eðlilegra hefði verið af hálfu borgarinnar að bíða með hækkanir þar til ljóst væri hvernig rekstrarárið kæmi út í heild."

Við sjáum því hvernig verður þegar þessir flokkar komast til valda eins og við höfum upplifað á Alþingi á undanförnum árum, en þá hefur einmitt verið hvað harðast tekist á um kjör eldri borgara, um lífeyrisþega og um þá sem þurfa að vera á elli- eða dvalarheimilum eða þurfa að leggjast inn á sjúkrahús í lengri eða skemmri tíma. Um þetta hefur verið tekist á hér.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu lengri nú í fyrri ræðu minni. Ég er fyrst og fremst að mæla fyrir þessum tillögum. Leggja áherslu á samstöðu stjórnarandstöðuflokkanna í þeim málum sem þeir gera að meginmáli við fjárlagagerðina og undirstrika þar með að þetta er sá málaflokkur sem þessir flokkar, þegar þeir hafa fellt núverandi ríkisstjórn, munu taka á númer eitt. Biðin er orðin ærið löng og lengist enn til vors. En í næstu kosningum gefst tækifæri til að kjósa um mismunandi stefnur, að kjósa um áframhaldandi stefnu Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins sem lýsir sér best, eins og ég lýsti áðan, í því að Reykjavíkurborg byrjaði á því að hækka þjónustugjöld til eldri borgara, eða þær tillögur okkar um að bæta og stuðla að mannsæmandi kjörum hjá þessum hópi.

Í upphafi máls míns vitnaði ég, frú forseti, til tölvupósts sem ég fékk í gær þar sem einstaklingur rakti sögu sína og hvernig staða hans væri. Ég held að ég ljúki ræðu minni með því að vitna áfram til þess. Bréfi hans lýkur á þennan hátt, með leyfi forseta:

„Mér er ofboðið hvað hart er sótt að mér og mínum og nú spyr ég þig, hv. þingmaður, hvað ætlar þú og þinn flokkur að gera í málum öryrkja? Þó ég sé ekki landsbyggðarmaður," segir þessi bréfritari, „þá er þetta mál allra landsmanna. Mér finnst ekki nóg að talað sé um skilning og síðan ekkert meir. Með von um viðbrögð okkur öllum til heilla." Bréfið er síðan undirritað af viðkomandi.

Tillögur okkar hér eru svör okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins við þessu ákalli. Sjálfsagt koma þau svör ekki fyrr en í vor við kosningarnar en þau svör verða að koma þá.

[13:51]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Framsóknarflokkurinn þarf ekkert á því að halda að þingmenn Vinstri grænna skilgreini stefnu flokksins. Framsóknarflokkurinn er félagshyggjuflokkur og þegar hv. þingmaður lætur að því liggja í hverri einustu ræðu sem hann heldur um fjárlög hverju sinni, að stjórnvöld hafi verið að skerða framlög til heilbrigðis- og velferðarmála, þá er það rangt. Ég veit ekki hve oft ég hef þurft að koma hingað upp til þess að leiðrétta málflutning hv. þingmanns í þeim efnum.

Það er búið að auka framlög til heilbrigðismála frá árinu 1998 um 27,5 milljarða að raungildi eða um 49%. Það er búið að auka framlög til almannatrygginga sem tíðrætt er um frá árinu 1998, um 23 milljarða að raungildi, að teknu tilliti til allra verðlagshækkana eða um 45%. Hv. þingmaður þarf því ekki að skilgreina það fyrir hvað Framsóknarflokkurinn stendur í stjórnmálum. Það er ljóst.

Hins vegar tek ég undir það, og það er (Gripið fram í.) sameiginlegt baráttumál okkar allra, að halda á áfram að bæta kjör lífeyrisþega. Ég hef lýst því yfir að mér finnst kominn tími til þess að við endurskoðum í heild sinni lífeyriskerfi þjóðarinnar og þar er ég sérstaklega að tala um Tryggingastofnun ríkisins og þá starfsemi sem þar fer fram. Getum við ekki gert þessa þjónustu skilvirkari? Getum við ekki gert þessa þjónustu notendavænni en hún er? Ég þekki til fólks sem hefur þurft að bíða mjög lengi eftir því að ná tíma hjá Tryggingastofnun í gegnum eitt símtal, 15, 20 mínútur. Þetta er oftar en ekki fólk sem er ekki við fulla heilsu. Hvers lags framkoma er það við lífeyrisþega í landinu að þeir þurfi að bíða í slíkan óratíma bara eftir að komast í samband við viðkomandi stofnun? Við þurfum að byggja upp alvöruþjónustustofnun sem þjónustar þá sem þurfa á þjónustunni að halda.

[13:53]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Af verkunum eru menn dæmdir. Alveg eins og stendur í þessu bréfi sem ég vitnaði hér til ... (Gripið fram í.) Það er ekki nóg að hafa góðan vilja eða lýsa yfir áhyggjum og áhuga á málinu ef ekkert er gert.

Ég minni á að Tryggingastofnun hefur heyrt undir framsóknarráðherrana líklega síðan 1995. Er það (Gripið fram í.) ekki rétt hjá mér? Hún hefur heyrt undir Framsóknarflokkinn síðan 1995, í 11 ár. Í 11 ár hefur Framsóknarflokkurinn farið með málefni Tryggingastofnunar ríkisins.

Sá dómur sem hv. þingmaður kveður hér upp um starfsemi hennar, sem ég ætla ekkert að segja til um hvernig er í sínum daglegu störfum, er því á ábyrgð Framsóknarflokksins.

Ég harma að Framsóknarflokkurinn sem einu sinni kenndi sig við félagshyggju skuli vera svo algerlega horfinn frá þeim grunnhugsjónum í framkvæmd. Ég held að við hörmum það fleiri. Því fleiri flokkar, því fleiri þingmenn sem aðhyllast félagshyggju og samhjálp í raun hér á þingi, því betra, þó þeir séu í Framsóknarflokknum. En daprast er þó þegar menn vilja ekki viðurkenna (**Gripið fram í:** Að þeir séu í Framsóknarflokknum?) staðreyndirnar. Því meðan svo er þá er ekkert hægt að búast við að gripið verði til framkvæmda.

Við leggjum hér fram tillögur sem eiga að koma til framkvæmda strax. Ég spyr hv. þm. Birki J. Jónsson hvort hann vilji bara ekki styðja tillögurnar okkar. Þetta er útreiknað. Þetta er tilbúið.

[13:55]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mikið rétt að Framsóknarflokkurinn hefur haft heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið síðastliðin 11 ár. Það hafa verið gerðar miklar breytingar á lífeyrissjóðakerfinu á því tímabili. Eins og ég rakti áðan hafa miklir fjármunir verið settir í þetta kerfi. Margar breytingar hafa verið gerðar á þessu kerfi, breytingar sem voru ætlaðar til góðs, og við efumst ekki um hér, til þess að bæta stöðu lífeyrisþega.

Hins vegar tel ég að komið sé að þeim tímapunkti að menn þurfi að setjast niður og fá heildaryfirsýn yfir þetta kerfi. Það er mjög mikilvægt. Ég vil minna hv. þm. Jón Bjarnason á að það var ekki fyrr en 1998 sem við breyttum lögum um húsnæðismálastjórn og við tók Íbúðalánasjóður. Það tekur tíma að umbreyta kerfum. Ég held að við getum verið sammála um að Íbúðalánasjóður sé í dag fyrirmyndarstofnun þó það hafi verið mjög umdeilt á sínum tíma.

Ég bið hv. þingmann um að blása ekki á þá hugmynd *mína að við förum í heildarendurskoðun á þessu kerfi. Öll* kerfi þurfa að vera í endurskoðun. Ég er að leggja það til hér í þessari umræðu að menn setjist yfir þessi mál, yfirvegað. Ég er ekki að tala um, eins og hv. þingmaður, að gera hlutina strax. Við þurfum að setjast yfir hlutina og sjá hvaða breytingar er hægt að gera, meðal annars til þess að bæta þjónustu við þá sem þiggja þjónustu til dæmis Tryggingastofnunar ríkisins. Hvernig getum við gert þetta kerfi skilvirkara? Þetta eru spurningar sem við þurfum að vega og meta.

Eins og ég sagði þá er búið að setja heilmikla fjármuni *inn í þetta kerfi og við umbyltum því ekkert strax. Orð eru* til alls fyrst þó að hv. þingmaður vilji gera lítið úr því. En þá lýsi ég mig reiðubúinn til þess að fara ofan í þessi mál, ofan í þessa vinnu. Við gerum það ekkert strax. En við getum hafið vinnuna (Gripið fram í.) þannig að sú breyting sem tekur gildi eftir þá vinnu verði til góðs.

[13:57]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg gott og blessað að setja nefnd í að endurskoða þetta. Það er sjálfsagt að gera það. En þær tillögur sem við leggjum hér fram til tafarlausra úrbóta á kjörum þessa fólks þurfa ekki að bíða. Þær eru skilgreindar. Það þarf ekki að umbylta neinu kerfi til að koma þeim til framkvæmda. Það er bara að taka ákvörðunina. Síðan má fara að skoða öll möguleg kerfi og endurskoða lífeyriskerfin. En gagnvart þessu fólki, gagnvart þessum tillögum, þarf þess ekki.

Þess vegna legg ég áherslu á það sem segir í tölvubréfinu sem ég las upp áðan, að það er ekki nóg að segjast vilja skoða allt með jákvæðum huga ef ekkert er gert. Það eru í rauninni bara verkin sem tala, tillögur okkar, velferðarflokkanna á þingi, sem viljum skipta þessari ríkisstjórn út, ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, meðal annars vegna aðgerðaleysis í málefnum elli- og örorkulífeyrisþega. Það er hægt að ganga nú þegar til verka.

Ég hef ekki minnt á hvernig einkavæðingin, símkostnaður og þjónustugjöld koma stöðugt líka harðar niður á þessu fólki, tekjulágu fólki, elli- og örorkulífeyrisþegum. Skólagjöld, stöðugt hærri námsvistar- eða skólagjöld koma líka langharðast niður á fólki með lægstar tekjur og í stöðu eins og ég hef verið að lýsa.

Þetta er allt saman verk þessarar ríkisstjórnar. (Forseti hringir.) Við þurfum að skipta um ríkisstjórn líka, frú forseti, en við þurfum að samþykkja þessa tillögu sem við leggjum hér til.

[13:59]

**Útbýting:**

Fjáraukalög 2006, 47. mál, þskj. 393.

[14:00]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það liggur beinast við, held ég, að taka aðeins upp þráðinn þar sem frá var horfið í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar og andsvörum hv. formanns fjárlaganefndar.

Hv. formaður fjárlaganefndar, Birkir Jón Jónsson, sagði *áðan að það hlyti að vera sameiginlegt markmið okkar í* þinginu að bæta stöðu lífeyrisþega og í því sambandi þyrfti að endurskoða m.a. tryggingalöggjöfina að því er snýr að eldri borgurum og öryrkjum og jafnvel störf Tryggingastofnunar.

Nú ætla ég að láta störf Tryggingastofnunar liggja svolítið á milli hluta í ræðu minni en vek hins vegar athygli á því að í sameiginlegri tillögu stjórnarandstöðunnar frá því á síðastliðnu hausti er einmitt lagt til að hafin verði endurskoðun á stöðu tryggingaþega í landinu. Það verði gert með því að skilgreina neysluútgjöld og skoða viðmiðun fyrir *grunnlífeyri og tekjutryggingu. Þessi viðmiðun hækki í* samræmi við neysluvísitölu þannig að tryggt sé að hún haldi verðgildi sínu. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Hækki launavísitala umfram neysluvísitölu verði tekið mið af henni þannig að lífeyrisþegum sé tryggð hlutdeild í auknum kaupmætti í samfélaginu."

Það er því ekkert nýtt að það sé talsverður vilji fyrir því í þinginu að skoða þessa málaflokka. Hins vegar hefur skort verulega á það að ríkisstjórnarflokkarnir hafi fengist í þessa vinnu á undanförnum árum.

Ég minni á það, hæstv. forseti, að sá sem hér stendur *hefur í sex ár flutt tillögu í þinginu um að frítekjumark* komi á undan skerðingarreglum Tryggingastofnunar.

Sameiginlega leggjum við til í stjórnarandstöðunni að tekið verði upp 75 þús. kr. frítekjumark vegna atvinnutekna frá næstu áramótum og að einnig verði skoðað hvort nýta megi hluta þessa frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóði og er síðan bent á leiðir í því sambandi.

Hafi hv. formaður fjárlaganefndar litið svo á að hann væri að boða algerlega ný sannindi í þinginu um að menn vilji skoða tengingu og skerðingarreglur Tryggingastofnunar gagnvart lífeyrisþegum, þá verð ég að upplýsa hann um að svo er ekki. Sá sem hér stendur hefur talað um þetta í fleiri ár. Hæstv. sitjandi forseti hefur talað um þessi mál í fleiri ár. Það er því algerlega út úr kortinu hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni að líta svo á að hann hafi uppgötvað einhvern nýjan sannleika í þessum málum með innkomu sinni áðan í andsvari við hv. þm. Jón Bjarnason. Svo er ekki. En við

fögnum því auðvitað alveg sérstaklega þegar framsóknarmenn öðlast skilning á því að þetta sé ákveðið vandamál sem þarf að taka á. Ég fagna hverjum liðsmanni sem vill koma að þessum málum með okkur og gleðst yfir því, hæstv. forseti, þegar menn lýsa því yfir hér í pontu að það sé nauðsynlegt að fara í þessi mál. Það er í raun og veru efni þeirrar þingsályktunartillögu um nýskipan lífeyrismála sem stjórnarandstaðan flutti á haustdögum og það er efni þeirrar breytingartillögu sem við leggjum nú til sameiginlega, stjórnarandstaðan, við breytingu á þeim fjárlögum sem verið er að ræða hér.

Ef svona mikill áhugi og vilji er hjá þingmönnum Framsóknarflokksins sem hér hafa tjáð sig að taka á þessum málum, skora ég á þá þegar kemur til atkvæðagreiðslu að greiða sérstaklega atkvæði um það að hækka tekjutryggingu samkvæmt tillögu okkar. Þar er verið að tala um 6 þús. kr. fyrir hvern einstakling sem hefur ekkert annað til að komast af, hvort heldur það er eldri borgari eða öryrki. Ég vænti þess að forusta Framsóknarflokksins hafi verið að taka merkilega afstöðu í þessu máli og formaður fjárlaganefndar hafi verið að tjá þá afstöðu, en að þeir komi ekki hér upp eins og ævinlega við afgreiðslu fjárlaga og greiði atkvæði á móti hverri einustu efnislegu og góðu tillögu sem stjórnarandstaðan flytur. (**GÖJ:** Hvaða tillögur eru það?)

Í því sambandi langar mig að upplýsa hv. þm. Birki Jón Jónsson og hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson, frammíkallanda, um það hver urðu verk stjórnarandstöðunnar á síðastliðnu hausti þegar stjórnarandstaðan flutti 42 tillögur til þess að lagfæra ýmislegt sem þá var verið að afgreiða í fjárlögunum. (**Gripið fram í:** Hvað eru þær margar núna?) Ég skal gera grein fyrir því á eftir í löngu máli þannig að þingmaðurinn öðlist skilning á því sem ég er að segja.

Síðan heyrði ég formann fjárlaganefndar lýsa því alveg sérstaklega yfir í ræðustóli fyrr í dag að hann harmaði það hversu fáar tillögur væru lagðar fram af stjórnarandstöðunni, (**Gripið fram í:** Já.) hann harmaði það alveg sérstaklega. Ég vissi það bara ekki fyrr en í morgun, hv. þingmaður, að það væri sérstakt skemmtiatriði fyrir Birki Jón Jónsson að fella allar tillögur stjórnarandstöðunnar, sama hversu góð málefni væri um að ræða. Ég áttaði mig ekki á því. Ég hefði aldrei trúað því að nokkur flokkur eða þingmenn nokkurs flokks væru þannig innréttaðir að þeir væru með það sem sérstakt skemmtiatriði að fella nánast allar málefnalegar tillögur stjórnarandstöðunnar. Það er búið að upplýsa það, það liggur þá fyrir. Þess vegna sakna hv. þingmenn þess náttúrlega núna að fá ekki aðrar tillögur frá stjórnarandstöðunni en mjög markverðar, tillögur um að hækka tekjutryggingu ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega og um nýja skipan lífeyrismála eins og við höfum lagt til í tillögu okkar.

Ég vænti þess, vegna þess hvernig menn hafa talað hér í morgun, að hv. þingmenn, a.m.k. Framsóknarflokksins — enn hefur enginn sjálfstæðismaður flutt ræðu, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom hér upp í andsvörum — hafi þann manndómsbrag til að bera við afgreiðslu þessa máls að þeir geti samþykkt að fara í einu skrefi upp í 75 þús. kr. frítekjumark áður en til skerðingar kemur, ef þeim er eitthvað annt um að eldri borgarar og lífeyrisþegar í landinu komist betur af en þeir hafa gert á undanförnum árum.

Ef það á bara að vera skemmtiatriði að fella tillögurnar þá skil ég að þeir sakni þess að fá ekki fleiri tillögur, en þær eru um markverða stefnu og markverð atriði. Við völdum það í stjórnarandstöðunni að leggja eingöngu fram eina efnislega tillögu sem sneri að lífeyrispakka eldri borgara og öryrkja við þessa umræðu, vegna þess að við teljum að þetta sé forgangsmál, að þetta sé mál sem ekki sé hægt að draga ár eftir ár. Ég sagði áðan að í sex ár hefðum við í Frjálslynda flokknum flutt tillögu um 50 þús. kr. frítekjumark áður en kæmi til skerðingar.

Það er ekkert hægt að afsaka umræðuna með því að segja að hún sé flókin. Menn hljóta að vera búnir að kíkja örlítið inn í reglur Tryggingastofnunar á undanförnum árum. Menn hljóta að vita að skerðingin var einu sinni 67% og að hún er núna 45%. Menn hljóta að vita að ríkisstjórnin ætlar ekki að fara með hana nema niður í 38,35. Menn hljóta að vita að við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til að hún fari í einu skrefi strax niður í 35 og að ekki kæmi 25 þús. kr. frítekjumark þar á undan eins og ríkisstjórnarflokkarnir hafa nú fallist á og lagt til, heldur 75 þús. Það væri frítekjumark sem dygði fyrir u.þ.b. hálfu starfi á vinnumarkaði, ekki mjög hálaunuðu starfi, sem væri það sem fólk gæti þénað án þess að fá 45% skerðingu eða 38,35% skerðingu plús skattgreiðslur, sem er það kerfi sem við höfum búið við á undanförnum árum. Ég hélt, satt að segja, að það væri búið að skrifa nóg af skýrslum um þetta mál og leggja fram nóg af gögnum til þess að allir gætu skilið um hvað málið snýst. Það snýst um það hvort við ætlum að viðurkenna að sú kynslóð eldri borgara sem kom okkur inn í nútímaþjóðfélag með vinnu sinni og framlagi, eigi að fá að njóta þess með okkur á seinni árum ævi sinnar að lifa mannsæmandi lífi. Ekki bara þeir sem höfðu það albest meðan þeir voru í starfi og hafa kannski góðan lífeyri, heldur líka hinir, líka hin 25% lífeyrisþega sem eru með undir 21 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóði sínum. Þetta hljóta þingmenn að vita.

Þó að menn hafi skrifað að gullvagn framtíðarinnar væri einhvers staðar fram undan fyrir eldri borgara — það kom út úr tillögum Ásmundar Stefánssonar og ábendingum hans — þá hygg ég, hæstv. forseti, að það sé lengra í framtíðinni fyrir stóra hópa í þjóðfélaginu, því miður. Einkum fyrir þá lægst launuðu, þá sem eru í hálfu starfi, þá sem eru veikir, þá sem hafa stundað nám lengi og lenda svo í því að veikjast og ná ekki að afla þeirra tekna sem þeir ætluðu sér með námi sínu. Þetta fólk kemur ekki til með að eignast mikil lífeyrisréttindi. Það er því margt að athuga í þessum málum.

Hér er ég með þennan pakka, hv. þingmaður, með allar atkvæðagreiðslur þínar, öll neiin við 42 tillögum stjórnarandstöðunnar á síðasta þingi. Þannig að það er von að þú saknir þeirrar skemmtunar að geta ekki fellt 42 tillögur. En það reynir á það núna hvort hægt er að samþykkja fáar tillögur og þær markverðar. Það reynir á það hvort einhver meining er í þeim orðum sem sögð hafa verið í þessum ræðustól í morgun. Menn geta ekki látið svona ár eftir ár, eins og hér sé bara eitthvert leikhús. Það er ekki hægt.

Samtök eldri borgara og ríkisstjórnin gerðu með sér ákveðið samkomulag um bætta framtíð fyrir eldri borgara. Eldri borgarar hafa lýst því yfir að þeir hafi talið sig vera nánast nauðbeygða til að skrifa undir þann pakka, vegna

þess að ella hefðu þeir ekki fengið ákveðna áfanga, m.a. í umönnunarmálum sem þeir sóttust eftir.

Við fengum bréf frá Landssambandi eldri borgara fyrir nokkru síðan, en það eru tillögur landssambandsins í lífeyris- og kjaramálum eldri borgara, þar segir, með leyfi forseta:

„Hafin verði nú þegar endurskoðun á lífeyristryggingakafla almannatrygginga, einangrað“ — ég endurtek: einangrað — „frá heildarendurskoðun laganna. Landssamband eldri borgara leggur jafnframt áherslu á að vinna við löggjöfina í heild verði hafin sem fyrst þar sem sérstaklega verði endurskoðaðar reglur um endurgreiðslur bóta frá Tryggingastofnun ríkisins, vegna annarra tekna.“

Ný tekjutrygging aldraðra hækki í 85 þús. kr. fyrir eldri borgara og í 86 þús. kr. fyrir öryrkja, sem er sama upphæð og sama tala og við í stjórnarandstöðunni lögðum til í tillögum okkar. Síðan er lagt til að skerðingarhlutfallið fari strax 1. janúar næstkomandi niður í 35% en ekki 38,35 eins og ríkisstjórnin ætlar að gera. Þeir taka sem sagt undir tillögu okkar í stjórnarandstöðunni, sem við erum með tillögur um að fjármagna við fjárlagagerðina núna, um að fara með skerðingarregluna strax niður um 10 prósentustig og hefja 35% regluna 1. janúar næstkomandi.

Þeir taka undir að frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007 og bæta reyndar í og óska eftir því að það nái einnig strax til lífeyrissjóðstekna. Þeir segja í 4. lið tillagna sinna:

„Í ljósi þess að skattleysismörk hafa lækkað að raungildi telur Landssamband eldri borgara nauðsynlegt að hækka skattleysismörk að raungildi og bendir jafnframt á fyrri kröfur Landssambands eldri borgara um skattfrelsi grunnlífeyris.“

Þeir segja í 5. lið:

„Skerðing á lífeyri almannatrygginga vegna tekna maka og vegna sambýlis verði afnumin frá 1. janúar 2007.“

Það er sama tillaga og stjórnarandstaðan hefur lagt til sameiginlega.

Þeir tala um að hraða verði úttekt á framfærslugrunni lífeyrisþega sem unnið er að í nefnd forsætisráðherra. Í framhaldi af þeirri vinnu verði tryggt með lögum að ellilífeyrir fylgi neysluvísitölu eða launavísitölu, hækki hún meira þannig að lífeyrisþegum sé tryggð hlutdeild í auknum kaupmætti.

Þeir vilja hækka ráðstöfunarfé fyrir dvöl á stofnunum um 100%. En við lögðum til í stjórnarandstöðunni að hún hækkaði um 50% eða úr 22 þús. kr. í rúmar 33 þús., svokallaðir vasapeningar.

Þeir segja sem sagt að ráðstöfunarfé fyrir dvöl á stofnunum eigi að hækka um 100% og það eigi að taka gildi frá 1. júlí 2006, ásamt því að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr., sem er sama tillaga og við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til.

Þeir vilja einnig að frá 1. janúar 2008 verði stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulagi daggjaldastofnana fyrir aldraða svo þeir haldi forræði sínu, eins og gilt hefur í tæpa þrjá áratugi fyrir fatlaða. Þetta er sama tillaga og við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til.

Þeir öryrkjar sem ná ellilífeyrisaldri haldi áfram aldurstengdum óskertum örorkubótum. Þetta er sama tillaga og við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til.

Unnið verði markvisst að því að afnema tekjutryggingu og koma í staðinn á þrepatengdu skattkerfi. Við höfum ekki verið með þá tillögu inni í þeim pakka en höfum auðvitað bent á það í máli okkar að vegna lækkunar persónuafsláttar hafi skattgreiðslur lágtekjufólksins aukist. Það vita allir og þarf ekki mikið að deila um það. Búið er að leggja fram skýrslu eftir skýrslu um það.

Samtök eldri borgara hafa tekið að meginhluta til undir þá tillögu sem við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til að stefnan yrði sett á við afgreiðslu fjárlaga. Við völdum það í stjórnarandstöðunni vegna þess að við teljum þetta mikilvægt mál og nauðsynlegt að stíga virkilega góð skref fram á við nú þegar, því nauðsynlegt er að eldri borgarar fái að njóta þess sem á að lagfæra í þjóðfélaginu. Það dragist ekki mörg ár inn í framtíðina.

Þess vegna höfum við lagt til, hæstv. forseti, að í fjárlagafrumvarpið kæmi ákvörðun um að í lífeyristryggingar, lið 08-204, kæmu til viðbótar 7.383,7 millj. kr., sem við teljum að þurfi til að fjármagna þetta dæmi.

Hæstv. forseti. Þetta eru þær tillögur sem stjórnarandstaðan hefur lagt upp með. Það verður því ekki mjög gaman hjá ríkisstjórnarflokkunum við afgreiðslu þessa máls því þeir geta bara fellt tvær, þrjár tillögur, en ekki 42 eins og á síðasta hausti.

Við völdum það í stjórnarandstöðunni að koma með þetta mál fram sem eitt mál við fjárlagagerðina vegna þess að þetta er eitt mikilvægasta málið sem við ættum að geta sameinast um á hv. þingi við afgreiðslu fjárlaga.

Í pakkanum í fyrra, hæstv. forseti, voru margar mjög efnislega góðar tillögur sem við töldum að þá þyrfti að gera lagfæringu á á fjárlögum þessa árs. Sumar af þeim tillögum sem eru í þessum pakka hefur ríkisstjórnin núna tekið upp, eða réttara sagt fjárlaganefnd, og sett inn í sínar tillögur í fjáraukanum fyrir síðasta ár og vafalaust eitthvað til lagfæringar í fjárlögum.

En það er sláandi að í sumum tilvikum eru menn að tala um sömu tölur í fjáraukanum fyrir þetta ár og stjórnarandstaðan lagði til upp á krónu. Ég nefni t.d. grunnskólana, (**Gripið fram í:** Framhaldsskólana.) framhaldsskólana vildi ég sagt hafa.

Þetta er nú svona, hæstv. forseti. Mér finnst ekki að stjórnarliðar þurfi að koma hér upp og halda ræður í þá veru að reyna að gera grín að okkur, eins og gert var í morgun. Ég held bara að þeir ættu að líta í spegil og gera grín að sjálfum sér. (**Gripið fram í:** Þeir hverjir?) (**Gripið fram í:** Framsóknar...) Ég er að tala við þá sem töluðu við okkur hér í morgun um þessi mál. Ég gat þess þegar þú varst fjarverandi, hæstv. forseti, að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefði ekki flutt ræðu hér í morgun. Þannig að það sé alveg ljóst, hæstv. forseti, við hverja ég á í máli mínu. En svona er nú þetta.

Ég held að það sé ákaflega nauðsynlegt fyrir íslensku þjóðina að átta sig á því að undanfarin þrjú ár á þessu kjörtímabili hefur stjórnarandstaðan flutt fjölda tillagna til að reyna að hafa áhrif á ýmislegt í afgreiðslu fjárlaga. Mér er nær að halda, þó ég hafi ekki skoðað nema bara árið í fyrra þar sem hver einasta tillaga var felld, að allar breytingartil-

lögur sem við höfum borið inn í þingsal hafi ævinlega verið felldar af ríkisstjórninni.

Ekki skal draga dul á og er alveg réttmætt að segja það í þessum ræðustól, að vissulega er það svo að í vinnunni í fjárlaganefnd, sem oft er ágæt, nær stjórnarandstaðan stundum að lenda málum í samstarfi við stjórnarflokkana og menn eru sammála um þá niðurstöðu. Það ber auðvitað að þakka.

En það er alveg óþarfi, hæstv. forseti, að koma hingað upp og reyna að gera málflutning okkar ótrúverðugan að þessu leyti núna vegna þess að við flytjum of fáar tillögur. Þær eru markverðar og þær kosta mikla peninga. Við gerum okkur grein fyrir því. En þær eru stefnumarkandi og markverðar. Það er alveg óþarfi af forustumönnunum í fjárlaganefnd að gera grín að því, þó að við höfum valið þessa málsmeðferð núna og höfum ekki komið með pakka ykkur til skemmtunar til að fella. (Gripið fram í.) Já, ég gleðst alltaf með æskumönnum og Birkir Jón Jónsson er einn af betri æskumönnum þessa lands, ég get alveg sagt það. Ég er ekki að tala niður til hans að því leyti til. Ég er bara ósáttur við það hvernig hv. þingmaður nánast reyndi að tala niður til okkar og gera grín að okkur í stjórnarandstöðunni í morgun. Þess vegna hef ég snúið þessu upp á hv. þingmann og bið hann nú að labba fram á eftir þegar hann hefur tíma til og kíkja í spegil og koma svo hér inn með samviskuna að vopni í þennan ræðustól.

Hæstv. forseti. Ég hafði langa ræðu hér á blöðum sem ég ætlaði að flytja, en ég er satt að segja að hugsa um að sleppa henni og láta þetta nægja. Það er þó eitt atriði sem ég vil vekja athygli á að lokum. Flutt hefur verið frumvarp inn í þing um að afnema og leggja niður það sem fjölskyldur landsins hafa getað treyst á að þær fengju, þ.e. sérstakar greiðslur upp á 92 þús. kr. fyrir önnina, fyrir nemendur af landsbyggðinni á aldrinum 16–18 ára sem þurfa að sækja í framhaldsnám um langan veg, sem þeir hafa notað sem dreifbýlisstyrk. Núna liggur einhvers staðar í nefnd mál um að fella þær greiðslur niður. Ég minni á að menntamálaráðherra hefur fallist á að stofna til framhaldsskóladeildar í Vesturbyggð. Við fögnum því. Ég vona að við fögnum því öll.

Okkur þingmönnum Norðvesturkjördæmis voru kynntar tölur sem unnar voru af fólki í Vesturbyggð þar sem sýnt var fram á að námskostnaður eins nemanda á framhaldsskólastigi, ef senda þurfti hann um langan veg til náms, gat leikið á bilinu 600 þús. kr. upp í milljón ári. Yfir milljón á ári. Upp í þennan kostnað átti fjölskylda að fá tvisvar sinnum 92 þúsund í dreifbýlisstyrk. Þetta á núna að fella niður. (Gripið fram í.) Þetta er í sérfrumvarpi sem liggur í þinginu. Ég er að vekja athygli á þessu í annað sinn, því ég gerði það einnig við fjáraukalagaumræðuna. Ég er að vekja athygli á þessu núna í annað sinn vegna þess að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að ríkisstjórnin ætli að fara með málið óbreytt í gegn. Það getur bara ekki verið. Þetta er í algerri andstöðu við allt sem við höfum samþykkt hér á hv. þingi.

Ég minni á byggðastefnuna um að þar skuli menntunarmál vera í forgangi með sérstöku tilliti til landsbyggðarinnar. Það getur ekki verið að menn ætli að gera þetta svona. Þetta hljóta að vera mistök. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, hæstv. forseti, að tillagan sem er í 4. lið frumvarpsins, ef ég man rétt, komi óbreytt inn í þing til afgreiðslu eða samþykktar. Það getur ekki verið vilji þingmanna miðað við stefnuna sem tekin var í byggðamálum, að leggja aukna áherslu á menntun og miða við það að fólk sitji sem mest við sama borð hvar sem það býr á Íslandi. Nær væri að hækka dreifbýlisstyrkinn.

Í lokin vil ég minna á að við vorum með tillögu um það í fyrra að hækka dreifbýlisstyrkinn en hún var felld. Svo ég vitni bara í eina af þeim tillögum sem við vorum með.

Ég ætla rétt að vona, hæstv. forseti, að orð mín hafi orðið til þess að menn hugsi sig um og líti stundum á þær tillögur sem stjórnarandstaðan flytur með jákvæðu hugarfari og að tillögur stjórnarandstöðunnar eru líka til framfara og bóta en ekki einungis til að skemmta sér yfir og fella þær síðan.

[14:27]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leiðrétta þann misskilning að ég hafi í ræðu minni áðan, það var að minnsta kosti ekki meiningin, ætlað að tala niður til hv. stjórnarandstöðu eða gera grín að tillögum þeirra.

Fyrst og fremst finnst mér það vera ábyrgðarhluti þegar við höldum í fjárlaganefnd 28 fundi og köllum á okkar fund tugi aðila úr þjóðfélaginu, fjöldann allan af stofnunum, einstaklingum og félagasamtökum, að við erum að gera það til að móta okkur sýn á hvernig við viljum sjá fjárlög ársins 2007 líta út.

Ég er ekki að gera lítið úr stjórnarandstöðunni þegar ég bendi á að stjórnarandstaðan leggur ekki fram neinar tillögur í heilbrigðismálum, menntamálum og félagsmálum eftir hina miklu vinnu sem hefur átt sér stað í nefndinni. Ég held að ég sé ekkert að gera lítið úr stjórnarandstöðunni þegar ég segi að mér finnst að þjóðin eigi heimtingu á því að vita hver stefna stjórnarandstöðunnar er í málefnum Landspítala – háskólasjúkrahúss, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands o.s.frv.

Er það ekki eðlilegt að í stefnumarkandi umræðu sem hér fer fram og í umræðum um fjárlög ársins 2007, að þjóðin fái að vita hvað hv. stjórnarandstaða vilji gera í málefnum þessara stofnana?

Ég tek enn og aftur fram að ræða mín í andsvörum í dag var ekki til þess að draga dár að stjórnarandstöðunni. Síður en svo. Það er ekki þannig. Ég hefði talið, eftir þá miklu vinnu sem fram hefur farið í nefndinni, að við gætum fengið sýn allra þingflokka á Alþingi hvernig þeir vilji að fjárlög ársins 2007 líti út. Við getum verið sammála eða ósammála í þeim efnum. Aðalatriðið er að menn hafi sýn á fjárlög ársins 2007.

[14:29]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt að taka fyrir þá áskorun hv. þm. og formanns fjárlaganefndar, Birkis Jóns Jónssonar, að upplýsa þjóðina um hvað stjórnarandstaðan hefur lagt til á undanförnum árum í breytingartillögum.

Ég held að við getum falið framkvæmdastjórum flokkanna okkar að tína það saman og setja það upp í skilmerki-

legt plagg. Við getum sent það út fyrir kosningar þannig að það liggi þá algerlega ljóst fyrir hvaða tillögur hafi verið fluttar og hvað hefur verið fellt, svo þjóðin viti það. Það er alveg sjálfsagt.

[14:30]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það svo að forsendur fjárlaga ársins 2007 og umhverfið í samfélaginu er allt öðruvísi en hugsanlega árið 2006. Það er margt breytilegt í þessum heimi á milli ára og mörg ný úrlausnarefni sem blasa við okkur í fjárlagagerð ársins 2007.

Ég segi það bara enn og aftur. Mér finnst bara ekkert óeðlilegt við að við nefnum það hér í ræðustóli Alþingis að stjórnarandstaðan hafi ekki komið fram með neinar tillögur í mennta-, heilbrigðis- og félagsmálum. Það er ekkert óeðlilegt við það.

Ég ætla þó ekkert að gera lítið úr þeirri tillögu sem hv. þingmenn hafa lagt fram um málefni eldri borgara. Það er löng ganga. Við skulum hafa það í huga að ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um það, og m.a. trúlega vegna þess að eldri borgarar hafa líka verið mjög öflugir í málflutningi sínum, að bæta kjör þeirra um áramótin. Við getum haft skiptar skoðanir um hvort eigi að ganga lengra í þeim efnum.

En við skulum halda því til haga að það er verið að stórhækka skattleysismörkin. Það er verið að hækka lágmarkslífeyri þeirra sem verst standa. Það verið að lækka matarskattinn. Við höfum lækkað eignarskattinn, hann er horfinn, sem var mikill kostnaður fyrir marga eldri borgara. Við skulum hafa það í huga hvað vel hefur verið gert og hvað þarf að gera betur í þessum efnum.

Við erum sem betur fer að skila ríkissjóði í þannig ástandi að við munum hafa miklu meira svigrúm á næstu árum til þess að bæta lífskjör aldraðra, lífeyrisþega og annarra landsmanna. Að því er stefnt. Þannig að það er hreint og klárt stefnumið ríkisstjórnarinnar að halda áfram á þeirri braut að bæta þau kjör og við munum sjá þess stað í fjárlögum ársins 2007.

[14:32]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla bara að segja það hér í lok þessara andsvara, að guð láti gott á vita þegar menn eru tilbúnir að taka til greina eitthvað af þeim lagfæringum sem við höfum lagt til á undanförnum áratugum.

[14:32]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem er fyrst og fremst fréttnæmt við 2. umr. fjárlaga er að stjórnarandstaðan hefur komið sér saman um eina tillögu. Að sjálfsögðu kallaði stjórnarandstaðan saman fréttamenn af því tilefni eins og í hvert einasta skipti á kjörtímabilinu sem hún hefur komið sér saman um einhvern skapaðan hlut. Ég vek athygli á því að þetta er í fyrsta skipti á yfirstandandi kjörtímabili sem stjórnarandstaðan skilar einu minnihlutaáliti við frumvarp til fjárlaga.

Mig langar hins vegar að fræðast um eitt atriði, hæstv. forseti, frá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Það varðar þá stefnu sem Frjálslyndi flokkurinn og stjórnarandstaðan hefur sett fram og hefur komið fram í ræðu hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, sem er nú heilbrigðisráðherraefni stjórnarandstöðunnar eins og menn vita. Hann hefur lagt gríðarlega áherslu á það, og lagði sérstaka áherslu á það í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra að það yrði að skera niður ríkisútgjöld. Hér væri orðið allt of mikið félagsmálabatterí og Sjálfstæðisflokkurinn væri orðinn stærsta félagsmálabatterí landsins.

Þess vegna spyr ég hv. þingmann, hvernig samræmast þessar tillögur Frjálslynda flokksins og stjórnarandstöðunnar þeirri stefnu flokksins að skera niður ríkisútgjöld?

Og í öðru lagi, mun hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og félagar hans í stjórnarandstöðunni og Frjálslynda flokknum, styðja tillögur meiri hluta fjárlaganefndar um aukin ríkisútgjöld upp á 9,5 milljarða kr.?

[14:34]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kom nú eiginlega bara hér upp í þessu andsvari til að gefa hv. þingmanni kost á að halda áfram með andsvar sitt. Vegna þess að mér finnst vanta útskýringar á því hvað hann á við þegar hann var að tala um hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Var þetta eitthvert sérstakt tilefni sem þar var um að ræða? (Gripið fram í.)

Ég vona satt að segja að hv. þingmaður geti skýrt það út fyrir mér þannig að ég geti reynt að svara því í seinna andsvari.

[14:35]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir og er skráð í þingtíðindi, að hv. þm. Sigurjón Þórðarson, heilbrigðisráðherraefni stjórnarandstöðunnar, lýsti því yfir í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra hér fyrr í haust (Gripið fram í.) að það yrði að skera niður ríkisútgjöld. Þegar hann var spurður nánar út þau efni þá vék hann sérstaklega að lyfjamálunum og ætlaði þannig að auka lyfjaálögin á sjúklinga. Það voru nú öll ráðin þegar hann var spurður.

Þess vegna spyr ég hv. þingmann: Hvernig samræmist þessi tillaga, þessi eina tillaga stjórnarandstöðunnar við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga, þeirri stefnu Frjálslynda flokksins að skera niður ríkisútgjöld? Þetta er tiltölulega einföld spurning og ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður geti svarað henni.

Og í öðru lagi, og það er seinni spurningin sem ég kom með áðan og hv. þingmaður vék sér fimlega frá að svara. Ætlar Frjálslyndi flokkurinn og hv. þingmaður að styðja tillögur meiri hluta fjárlaganefndar um aukin ríkisútgjöld upp á 9,5 milljarða?

[14:36]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þetta atriði sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson byggir málflutning sinn á hafi líka verið tekið hér upp af hv. þingmanni við fjáraukalagaumræðuna með nákvæmlega sama hætti. (Gripið fram í.)

Ég held að ég hafi einmitt þá gefið hv. þingmanni svar

um þetta málefni sem snýr að kostnaði sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson var að ræða. Ef ég man rétt var hv. þingmaður að tala um lyfjakostnað, að það væri markmið að geta dregið úr honum, lyfjakostnaði ríkisins.

Ef mig brestur ekki minni, hv. þingmaður, þá held ég að það hafi verið Framsóknarflokkurinn sem réð Pál Pétursson í það að reyna að ná niður lyfjakostnaði hér á landi. Ég held að honum hafi orðið þó nokkuð ágengt í því.

Ég veit ekki til þess að það hafi verið farið beint út í að sjúklingar færu að greiða meira og ég held að það hafi ekki verið hugsun Sigurjóns Þórðarsonar, sem hv. þingmaður kallar jafnan heilbrigðisráðherraefni, (**Gripið fram í:** Kirkjumálaráðherraefni.) heilbrigðisráðherraefni ríkisstjórnarinnar. Hann hefur orðað þetta svona. Hann hefur ekki minnst á kirkjumálin þótt Sigurjón Þórðarson væri afar hæfur í því að gæta jafnræðis milli trúarsafnaða hér í landinu. Ég efa það ekki. Þess vegna hefur hv. þingmaður ekki hætt sér út á þá braut að nefna hann kirkjumálaráðherra.

En hitt liggur ljóst fyrir að hv. þm. Sigurjón Þórðarson er með heilbrigðustu mönnum hér á þingi. Hann er einhver mesti sundkappi sem hefur verið hér innan dyra og kann margt fyrir sér í íþróttum og hefur lengi starfað í æskulýðsstarfi, verið í íþróttasamtökum og ungmennafélögum. (Gripið fram í.)

Þannig að það liggur algerlega fyrir, hv. þingmaður að sá (Forseti hringir.) umræddi þingmaður sem þú nefnir er efnilegur til að takast á við þau mál sem þú ert að gefa honum nafngiftina að.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti áminnir þingmenn um að ávarpa hæstv. forseta en ekki einstaka þingmenn úti í sal.)

[14:39]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Þegar við tókum fjárlagafrumvarpið til 1. umr. hér í haust taldi ég rétt og skylt að gera grein fyrir því hvað væri helst frábrugðið í þessu frumvarpi frá því sem hefði verið á umliðnum árum. Þá fór ég ofan í það að stærsta stílbrotið í þessu væri hin gríðarlega aukning sem væri í frumvarpinu til millifærslnanna, til velferðarkerfisins í þjóðfélaginu. Það var hin stóra breyting á þessu frumvarpi frá því sem verið hefur á undanförnum árum vegna þess að það hefur verið stefnan og henni hefur verið fylgt mjög nákvæmlega lengi að við ætlum ekki að láta millifærslurnar hækka að raungildi nema um 3,5% á ári og höfum staðið við það, samneysluna ekki nema um 2,5% á ári og höfum staðið við það.

Í þessu frumvarpi er mjög vikið frá þessu vegna þess að raunhækkun á framlögum til samhjálpar og velferðarmála er yfir 10%. Það er það sem er athyglisvert við þetta frumvarp, það er hin mikla breyting frá því sem verið hefur. Það er jafnframt yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að þetta sé einstakt dæmi, það sé ekki annað fyrirhugað á komandi árum en að hverfa aftur til 3,5% raunaukningarinnar, enda skiljanlegt, milli 10 og 11% raunaukning til velferðarmála er náttúrlega eitthvað sem ekkert þjóðfélag hefur áður gert að ég viti og ég held að það sé langt að leita að finna dæmi þess í Íslandssögunni að slíkt átak hafi verið gert eins og nú er fyrirhugað í þessu frumvarpi.

Ég vek athygli á þessu, virðulegi forseti, vegna þess að mér er nær að halda að það sé nákvæmlega sama hvað ríkisstjórnin hefði hækkað framlögin til velferðarmála mikið, ég geri því skóna að stjórnarandstaðan hefði í öllum tilfellum alltaf komið og treyst sér til þess að bjóða enn þá betur. Núna liggur fyrir ein breytingartillaga frá stjórnarandstöðunni sem mér skilst að sé upp á — ég hef ekki alveg áttað mig á því, það er dálítil misvísun í frásögninni — 6–8 milljarða kr. (**Gripið fram í:** Tæplega 7,4.) 7,4 ef ég leiðrétti mig, þá er ég nálægt þessu.

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að mín ágæta ríkisstjórn, sem ég styð, sé að sýna mjög mikla bjartsýni þegar hún leggur fram slíkt frumvarp um rúmlega 10% raunhækkun til velferðarmála. Hún er að sýna mjög mikla bjartsýni enda leyfist henni það kannski vegna þess að framgangur efnahagslífsins á Íslandi hefur verið með miklum ólíkindum núna um nokkuð langt skeið og hefur verið tekið til þess erlendis að menn þekkja ekki önnur eins dæmi. Það er því kannski eðlilegt að ríkisstjórnin sé bjartsýn um framgang mála miðað við reynslu liðins tíma. En þá verð ég að segja sem svo að ég ætla að stjórnarandstaðan sé haldin enn þá meiri bjartsýni, jafnvel mikilli ofbirtu um framgang efnahagsmálanna úr því að hún treystir sér til að fara enn þá hærra, fara upp í 7–8 milljarða þar að auki, fyrir utan hækkanir sem liggja fyrir um framgang velferðarmála. Það er vel ef stjórnarandstaðan er orðin enn þá bjartsýnni en ríkisstjórnin á það hvað framtíðin ber í skauti sér varðandi íslensk efnahagsmál, það er vel.

Hins vegar er það svo, virðulegur forseti, að það er ágætt og sú þjóð hlýtur að vera hamingjuþjóð sem getur lagt mjög mikla peninga til samhjálpar til þeirra sem lakar standa í þjóðfélaginu, til þeirra sem eru öryrkjar, til þeirra sem eru veikir. Það liggur fyrir að Ísland er að allra dómi, í öllum skýrslum Sameinuðu þjóðanna um velferð samfélaganna, um lífsmöguleika fólksins, um jöfnuð og lífskjör ber öllum skýrslum saman um að Ísland er þar í fremsta flokki, Noregur yfirleitt talinn aðeins standa betur, Ísland yfirleitt í öðru, þriðja eða fjórða sæti. Þetta er mikil hamingjuþjóð sem hefur tekist á tiltölulega skömmum tíma að ná þeim árangri.

Það er nefnilega þannig að það getur vart verið að þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa eða hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, geti staðið hér í ræðupúlti og farið að metast um það hvor vilji gera betur við þá sem lakar standa. Er þetta spurning um gæði þingmanna eða hversu brjóstgóðir þeir eru eða um manngæsku þeirra eða hvað? Hvernig má það vera í hinum kalda, harða heimi þar sem fátæktin ríður húsum nær um allan heim? Er það þá vegna þess að allir þar séu svo vondir, er þetta vegna mannvonsku? Er þetta vegna þess að menn hafi ekki samúð með náunganum? Nei, virðulegi forseti, velferðarþjóðfélögin eru aðeins til þar sem efnahagslífið er heilbrigt og efnahagslífið er sterkt, aðeins þau þjóðfélög geta veitt mikla fjármuni til velferðarmála, engin önnur. Það er ekki af mannvonsku stjórnvalda sem neyðin er svo mikil í heiminum sem raun ber vitni.

Ég ætla ekkert að þræta um það hér, virðulegur forseti, hvort það sé rétt eða rangt að veita 6 milljörðum, 8 milljörðum, 10 eða 15 milljörðum meira eða minna, það er ekki spurning um manngæsku mína eða annarra. Ég er hins veg-

ar haldinn dálitlum efa um það og segi það beint út því að það er rétt að tala af hreinskilni, ég held að velgengni síðustu ára hafi kannski fært okkur einhverja ofbirtu í augun. Ég segi það vegna ýmissa ummæla sem hafa fallið hér undanfarna daga og undanfarnar vikur um stöðu mála á Íslandi. Okkur hefur gengið betur en öllum öðrum þjóðum en við megum aðeins passa okkur.

Ég tek sem dæmi umræðuna um vegamál sem fór fram í gær. Það er eins og allir hafi gleymt öllu, hér sé bara hægt að taka upp tugi milljarða hingað og þangað í hvaða verkefni sem er. Menn gleyma því að þetta stendur og fellur með efnahagslífinu, með atvinnulífinu, og við getum ekki sótt einhverja endalausa peninga. Það getur vel verið að það sé rétt að eyða meiru í hitt og þetta o.s.frv., en ég efast stórlega um að það sé samfélaginu til velfarnaðar þegar lengra er litið. Ég held að við Íslendingar höfum farið, ef eitthvað væri, tiltölulega geyst, okkur hefur tekist það, við höfum verið heppnir. Við getum ekki treyst því að við verðum alltaf heppnir. Það getur alltaf slegið í bakseglin jafnvel hjá þessari þjóð, Íslendingum, sem eru svo ánægðir með sjálfa sig.

Eftir að hafa hlustað á ræður stjórnarandstöðunnar spyr ég sjálfan mig um hvað við séum að deila. Ég set dálítið spurningarmerki við það sem þeir setja upp. Hér kemur ágætur hv. þm. Einar Már Sigurðarson og talar heilmikið um skattamál. Hann bendir á að heildarskatttekjur hins opinbera hafi hækkað á Íslandi, sem er alveg hárrétt hjá honum. En hver hefur fengið þessar tekjur? Það er ríkið sem hefur fengið þær og sveitarfélögin og sveitarfélögin þó heldur meira en ríkið. Samt talar sami hv. þingmaður um að þetta sé mesta vá vegna þess að sveitarfélögin vanti svo mikla peninga. Hvernig stendur á því að sveitarfélögin vantar samt svona mikla peninga? Jú, ástæðan er mjög einföld, sveitarfélögin hafa gengið fram fyrir skjöldu og hækkað þjónustustig á öllum mögulegum sviðum, þjónustustig við borgarana og allir verið sammála um það. Auðvitað þurftu þau að fá peninga til þess.

Auðvitað er það rétt að í nokkur ár hefur ríkið fengið meiri peninga en það fékk áður. Það var gert vitandi vits og að yfirlögðu ráði. Svo koma menn í stjórnarandstöðunni og tala um lækkun á raungildi skattleysismarka. Hvaða hugtak skyldi það nú vera, virðulegur forseti? Hvað er raungildi skattleysismarka, við hvað er þá verið að miða? Menn tala hér aftur á bak og áfram um að skattleysismörk eigi að fylgja neysluvísitölu eða verðvísitölu en ég veit ekki um nokkurn mann sem skilur hvað hann vildi sagt hafa.

Það er best að taka það fram, virðulegur forseti, rétt enn einu sinni því ég hef rætt þetta árum saman við afgreiðslu fjárlaga, en sannleikurinn er sá að það hefur verið opinber stefna, fjármálastefna Íslands, ríkisins, að í því mikla góðæri sem hefur gengið yfir samfélagið þá tæki ríkið hluta af því til sín, það er bara satt. Það hefur alltaf legið fyrir að það bæri að gera það, alltaf. Til hvers hefur ríkið notað þá peninga? Það hefur aukið á velferðarkerfið meira en við höfum áður haft efni á, við höfum lagt meira í skólamál en við höfum áður haft efni á, við höfum lagt meira í samgöngumál en við höfum áður haft efni á og í síðasta lagi höfum við borgað niður allar skuldir ríkisins, sem er rétt og satt og heilbrigt að gera þegar vel árar. Var einhver á móti því? Var einhver sem talaði gegn því? Taldi einhver þá að ríkið ætti ekki að fá hlut af bættri afkomu samfélagsins? Ég heyrði engan segja það.

Svo koma menn eftir á og segja að það hafi verið stolið af þeim sköttum, það sé búið að skattleggja menn umfram það sem eðlilegt er, því að stundum koma menn og segja: Það átti að láta skattleysismörkin fylgja launavísitölu. Hvað meina menn með slíku tali? Ef skattleysismörk fylgja launavísitölu hvað gerist þá? Í miklum launahækkunum, eins og hafa gengið yfir Ísland núna í meira en tíu ár, hefði allur ágóði samfélagsins gengið til borgaranna en ríki og sveitarfélög hefðu ekki fengið krónu. Var það meiningin? Eru það virkilega sömu mennirnir sem koma hér upp með tillögur um að auka velferðarmálin enn þá meira en ríkisstjórnin hefur lagt til, auka þau núna um 7–8 milljarða, eru þeir líka að segja að það hafi verið ranglega teknir skattar af almenningi? (Gripið fram í.)

Hvort heldur meintu þeir að það væri rétt að ríkið tæki til sín hluta af hagnaðinum eða hitt að það bæri að láta það allt út til samfélagsins, láta það út til einstaklinganna? Þegar menn tala svona verða þeir að gera upp við sig, virðulegur forseti, hvað þeir meina í þessu. Þetta verða menn að gera það upp við sig og átta sig á því þegar þeir tala um að skattbyrðin hafi aukist. Skattbyrðin hefur ekki aukist, skatthlutfallið hefur aukist, það er verið að borga hærra hlutfall til hins opinbera og sérstaklega sveitarfélaganna af miklu, miklu hærri tekjum, vegna þess að rauntekjurnar, ráðstöfunartekjurnar, tekjurnar eftir skatta hafa aukist stórlega á Íslandi. Svo koma þessi ágætu stjórnarandstæðingar með enn eina samlíkinguna og segja: Hér hefur aukist misrétti.

Í hverju er það nú fólgið, þetta mikla misrétti sem hefur aukist? Jú, það var opinber stefna Sjálfstæðisflokksins um árabil að unnið skyldi að því að fella niður hátekjuskattinn. Sjálfstæðisflokkurinn hélt því fram um leið og sá skattur var lagður á þjóðina að hann væri bæði rangur og að hann væri ranglátur. Hann væri rangur að því leyti að hann drægi úr vilja manna til að vinna og búa til verðmæti og hann væri ranglátur vegna þess að það væri verið að hegna þeim sem legðu harðast að sér. Það var alla tíð stefnumál Sjálfstæðisflokksins að koma þessu skattþrepi fyrir kattarnef. Svo tekst það loksins, að koma skattþrepinu fyrir kattarnef. Þá kemur prófessor í félagsfræði og kemst að þeirri merkilegu niðurstöðu að úr því að hátekjuskatturinn var lagður niður þá hafi skattar lækkað meira á hátekjumönnum en öðrum. Það er nauðsynlegt að gera svona rannsóknir. Þetta hefði engum dottið áður í hug eða hvað? Svona er nú málflutningurinn. Það er rétt að Sjálfstæðisflokkurinn stóð fyrir því að fella niður hátekjuskattinn, það er rétt og satt og ber alltaf að halda því á lofti og best að segja frá því eins og það er.

Við getum haldið áfram að ræða um skattamál og það er nauðsynlegt að gera það vegna þess að það er verið að villa mönnum sýn. Núna er það stefnumál ríkisstjórnarinnar gagnvart lögunum um tekju- og eignarskatt, eða tekjuskatts, eins og það heitir núna, að festa skattleysismörkin við neysluvísitöluna en það er niðurstaða manna að það kunni að vera réttlátara. Ég er einn af þeim mönnum, virðulegi forseti, sem eru á móti þessu. Ég held að ríkisstjórnin sé þar að stíga rangt skref vegna þess að þetta á að vera opið. Það

er nefnilega þannig að það getur hvort tveggja gerst, það eru ekki alltaf jólin, það er ekki alltaf slík uppákoma, það er ekki alltaf slíkur tekjuauki eins og við erum að upplifa núna síðustu tíu, tólf árin. Það hafa komið tímabil í sögu allra þjóða að það hefur gengið illa, tekjur hafa rýrnað, það hefur gengið á móti, það hafa verið erfiðleikar. Þá er nauðsynlegt, virðulegi forseti, einmitt þegar á móti blæs, að ríkið geti haft borð fyrir báru, ríkið geti komið og þá á ríkið einmitt að koma og létta á sköttunum, þegar illa gengur í atvinnulífinu og hjá einstaklingum. Það getur íslenska ríkið í dag vegna þess að við höfum verið þeir gæfumenn á umliðnum árum að nýta okkur góðærið til þess að borga niður skuldirnar sem voru fyrir. Þetta er megininntakið í þeirri skattastefnu sem rekin hefur verið og það á hver maður að sjá að þetta þjónar þeim tilgangi að gera ríkið hæfara til þess að mæta sveiflunum sem við vitum að verða í þessum heimi.

Talandi um samhjálpina sem er svo brýn og er svo nauðsynleg, sérstaklega í litlum samfélögum eins og okkar þar sem allir þekkja alla og allir eru háðir hver öðrum, þá megum við aldrei gleyma því hver undirstaðan er, eins og ég nefndi áðan. Það er aðeins í því samfélagi þar sem efnahagslífið er heilbrigt sem við getum byggt upp betri afkomu og vaxandi afkomu á hverju ári, afkomu launafólksins sjálfs, vinnandi Íslendinga hvort sem það eru flugfreyjur, þjónar eða múrarar, smiðir eða hvað sem þeir gera. Það er það þjóðfélag sjálft, þjóðfélag sem getur bætt kjör fólksins, hins vinnandi fólks, það þjóðfélag eitt og engir aðrir geta síðan bætt og staðið vörð um kjör þeirra sem minna mega sín, ekkert annað þjóðfélag getur það. Þess vegna skiptir það öllu máli og menn skulu ekki gleyma því sem okkur hefur tekist á Íslandi á síðasta áratug 20. aldarinnar, þótt það gleymist nú oft í umræðunni, það er að gjörbreyta allri viðskiptalöggjöf Íslands, einum 80 lagabálkum, við gjörbreyttum öllu lagaumhverfi viðskiptanna, settum hér á hina frjálslyndustu löggjöf sem til er í Evrópu. Þetta hefur verið stefnumál Sjálfstæðisflokksins áratugum saman. Það hefur verið trú sjálfstæðismanna áratugum saman að þetta væri leiðin til þess að bæta kjör Íslendinga, til þess að þjóðin fengi notið sín í landi sínu.

Þegar þessi stefna loksins var framkvæmd í lok 20. aldarinnar lét árangurinn ekki á sér standa. Síðan hefur verið hér mikið velmegunarskeið. Hér hefur verið hagvöxtur, vöxtur á hagnaði fyrirtækja hefur verið meiri en nokkurn tíma fyrr, launahækkanir verið meiri en nokkurs staðar í nágrannalöndunum og meiri kaupmáttaraukning en nokkurs staðar annars staðar. Það er einmitt árangurinn af þessu umhverfi, af þessu lagaumhverfi sem hefur sannað sig. Það er þess vegna sem við höfum efni á því að bæta kjör fólks, það er þess vegna sem við höfum efni á því í þessu frumvarpi sem nú liggur fyrir samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar að bæta kjörin, bæta framlögin til samhjálparinnar um yfir 10% að raungildi. Þetta er málið sem þetta snýst um. Og ríkisstjórnin hefur sannarlega verið að fylgja fram ákveðinni stefnu og hefur ekki farið neitt í launkofa með hver sú stefna væri.

Því er það undarlegt þegar svo ágætur maður eins og Einar Már Sigurðarson, talsmaður Samfylkingarinnar, kemur hér og gerir að umtalsefni að óstjórnin í ríkisfjármálum sé óendanleg og vitnar í Seðlabankann um að ríkisstjórnina hafi skort bæði þrek og þor til að taka á ríkisfjármálunum til þess að passa upp á að það væri ekki þensla í ríkisfjármálunum. Hvaða þrek var það sem vantaði, hvaða þor var það sem vantaði? Átti að taka niður hvað, framlög til menntamála, framlög til heilbrigðismála, framlög til félagsmála, til samgöngumála? Hvar var það sem þrekið og þorið þraut? Hvar var það sem ríkisstjórnin brást Seðlabankanum og þeirra stefnu? Hvar var það? Ég veit það ekki, það kemur ekki fram, virðulegi forseti, það hefur enginn þeirra sagt það, en þeir virðast hafa mikinn áhuga fyrir því að svo sé.

Það kemur líka fram í sömu ræðu, og vitnað er í Seðlabankann, að það sé óvarleg og röng tímasetning á lækkun matarskattsins svokallaða, og vitnað enn í Seðlabankann, að það sé óheilbrigt vegna þess að þá geti kaupmáttur almennings vaxið. Það var talsmaður Samfylkingarinnar sem talaði. Það var hann sem las upp úr umsögn Seðlabankans. Ég spyr enn og aftur: Er Samfylkingin búin að fá Seðlabankann sem talsmann sinn, eða hvað? Hvernig standa þessi mál? Hvað á að halda að sé gagnrýni þeirra og hvað ekki?

Einnig var sagt áðan að í því góðæri sem hefur sannarlega gengið yfir Íslandi hafi ríkisstjórnin brugðist gjörsamlega, svo ég taki það orðrétt eftir, brugðist gjörsamlega að treysta grunn velferðarsamfélagsins. Hvernig getur ein ríkisstjórn brugðist gjörsamlega í því að treysta grunn velferðarsamfélagsins? Hver er þessi grunnur, hver er grunnur velferðarsamfélagsins? Velferðarsamfélagið, virðulegi forseti, hvílir á atvinnurekstri Íslendinga, á efnahagslífi Íslendinga, það hvílir þar og hvergi annars staðar. Hefur atvinnulíf Íslendinga verið að visna á umliðnum árum? Hefur það allt verið að drabbast niður? Annað sýna tölurnar. Þær sýna að afkoma íslenskra fyrirtækja, til allrar guðslukku, hefur farið batnandi frá ári til árs. Þau hafa verið að bæta sig og efla á allan hátt, þ.e. fyrirtækin og atvinnureksturinn sem er grundvöllurinn að velferð Íslendinga. Hann hefur ekki verið að visna, alls ekki.

Þetta skrýtna tal, virðulegur forseti, þessa ágæta fólks í stjórnarandstöðunni vekur dálitlar spurningar í huga mínum. Hvað er það sem stjórnarandstaðan vildi sagt hafa? Hvað er það sem stjórnarandstaðan vill berjast fyrir? Er það að hækka velferðarmálin um 7,4 milljarða núna meira en við erum að gera? Vel kann að vera að það sé hið besta mál. En bíðum við, er það skynsamlegt eða liggja fyrir rök um það? Það getur vel verið, ég ætla ekki að þreyta menn eða þrasa um það. Ég bendi á að það hefur aldrei, menn finna ekkert dæmi þess í Vestur-Evrópu á síðasta áratug eða einum og hálfum áratug um nokkurt samfélag sem hefur aukið meira framlög sín til velferðarmála en hið íslenska. Það þykir mörgum skrýtið þegar við flettum því í gegn og ég hef farið með það áður á þinginu en menn vilja ekki trúa þeim tölum.

Hvað halda menn að sé nú mesta hækkunin á síðustu tíu eða fimmtán árum? Það er alveg sama hvort við tökum tíu ár eða fimmtán ár. Mesta raunhækkun til eins málaflokks á Íslandi er — til hverra skyldi það nú vera? Veit það einhver? Nei, það vill enginn vita það af því að það passar ekki inn í þá mynd sem menn eru að reyna að búa til, vegna þess að það er einmitt til þeirra sem lakast standa sem peningarnir hafa farið mest. Það vill enginn vita, það passar

ekki fyrir einhverjar hetjur sem eru að bjóða sig fram í prófkjörum fyrir hina og þessa flokka eins og Vinstri græna að koma opinberlega og segja: Ég skammast mín fyrir að vera Íslendingur. Þeir skammast sín fyrir að vera Íslendingar, þessar hetjur.

Nei, það er til málefna fatlaðra sem langmesta raunaukningin á Íslandi er, alveg sama hvort það er á síðustu fimm, tíu eða fimmtán árum. Svo skammast þeir sín fyrir að vera Íslendingar, þessir menn. Ég held að það sé best að þeir haldi bara áfram að skammast sín fyrir að vera til. Ég held að það fari best á því.

Virðulegur forseti. Eins og jafnan áður er það þannig að í þeim tillögum sem liggja fyrir við 2. umr. fjárlaga og koma frá meiri hluta fjárlaganefndar og að hluta til frá ríkisstjórninni, þetta er svona sameiginlegur flutningur, er það hefðbundið og gegnumgangandi að þær ganga mjög mikið út á byggðamálin. Ég hef sagt hér áður að það er eins og fjárlaganefnd Alþingis sé orðið það eina sem eftir stendur af byggðamálum á Íslandi. Menn veigra sér orðið við því að þora að standa frammi fyrir því að hjálpa og styrkja íslenska byggð. Það hefur því komið í mjög auknum mæli á fjárlaganefnd að standa einmitt fyrir mjög mörgum og margvíslegum verkefnum sem ríkið er að styðja og styrkja á landsbyggðinni.

Við höfum áður farið í gegnum það hvert aðalþemað hefur verið. Það hefur gengið út á menntamálin, það hefur gengið út á símenntunarstöðvarnar, það hefur gengið út á að efla framhaldsskólana, það hefur gengið út á að efla þekkingarsetrin, *það hefur gengið út á að efla þá vísa að háskólastofnunum* sem hafa víða verið að stinga niður fæti á Íslandi til mikillar blessunar og mikils styrks fyrir byggðirnar. Þetta ásamt fjölmörgu öðru hefur verið viðfangsefni okkar. Formaður nefndarinnar fór mjög ítarlega í gegnum þá hluti hér í upphafi. Ég ætla því ekki að nefna einstakar tillögur í sjálfu sér í þessu sambandi heldur aðeins minna á þetta mikla byggðaverkefni sem við erum að framkvæma. Ég veit og þekki það í gegnum árin að sannarlega hefur náðst verulegur árangur og ekki veitir af vegna þess að í þeim miklu umhræringum sem eiga sér stað í Vestur-Evrópu og ekki hvað síst á Íslandi, stendur landsbyggðin að sjálfsögðu höllum fæti. Því er oft spurt: Hvernig stendur á þessari stjórnarandstöðu, hvernig má það vera að stjórnarandstaðan sé svona byggðafjandsamleg í afstöðu sinni til margra mála?

Það sem brennur á mér heitast er að nefna nokkur atriði varðandi landbúnaðinn. Það er með ólíkindum hvað hefur heyrst í þessum sal og í tali ýmissa stjórnarandstöðuþingmanna um landbúnaðarmál. Því er haldið fram, virðulegi forseti, aftur og aftur að landbúnaðurinn sé hinn mikli myllusteinn sem sé að draga niður framtíðarhagsmuni Íslendinga. Ótrúleg ósannindi.

Íslensk matvæli eru í dag 5,7% af neysluvísitölunni, þ.e. innlend matvæli. Lífskjör og kaupmáttur Íslendinga hefur verið að vaxa frá um 2–6% á hverju einasta ári síðustu tíu árin með einni undantekningu, árið 2000. Hvað halda menn nú að mikið sé til í því sem haldið er fram að rústa eigi íslenskan landbúnað til að bæta kjörin með innfluttum, niðurgreiddum landbúnaðarafurðum? Það kann að vera, virðulegi forseti, að þess séu dæmi og verið er að vinna að því að afnema það að á ýmissi „gourmet" matvöru og ýmissi unninni kjötvöru séu óttalega vitlausir ofurtollar, sem er alveg sjálfsagt að taka í burtu, enda eru þeir bara fyrir misskilning að mínum dómi og eiga ekkert að vera og hafa ekkert að segja.

Aðalatriðið er hitt að við verjum landbúnaðinn gagnvart mjólkuriðnaðinum og stöndum að því með honum að hann nái því að vinna enn undir búvörulögunum og að mynda hér eitt samlag sem er svo gríðarlega nauðsynlegt að það hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu. Danir og Svíar vita að Danmörk er ekki nógu stór, Svíþjóð er ekki nógu stór, þess vegna mynda þeir eitt samlag til þess að reyna að standa vörð um danskan og sænskan mjólkuriðnað. Hvers vegna gera þeir þetta? Vegna þess, virðulegur forseti, að afkoman í mjólkuriðnaðinum í Evrópu og Ameríku byggist á unninni mjólkurvöru, þar liggur álagningin. Alls staðar er nýmjólkin seld í raun verulega undir kostnaðarverði.

Ef við opnuðum Ísland og yrðum við kröfum þessara vitringa að opna Ísland fyrir unnum mjólkurafurðum gætum við kannski fengið meira úrval af ostum og kannski eitthvað ódýrari osta. En hvað mundi gerast? Möguleikarnir til að reka íslenskan mjólkuriðnað mundu hrynja. Við yrðum að *vísu að skaffa okkur innlenda nýmjólk, en hvað yrði* hún? Hún yrði kannski helmingi dýrari en hún er í dag. Þetta er því villukenning sem er beinlínis til þess að eyðileggja landbúnaðinn og stuðla og vinna að því að kjör fólksins versni en batni ekki.

Svo koma virðulegir prófessorar sem kunna að reikna það út *réttilega, eins og flestir sem kunna litlu margföldunartöfluna* gætu gert líka, að þar sem íslenskur landbúnaður er ekki samkeppnisfær við Evrópu sé rétt að leggja hann niður því að þá mundu menn fara að vinna arðbærari störf. Þetta er alveg rétt lagt saman, en hverju gleyma þessir góðu menn? Þeir gleyma því að á bak við íslenskan landbúnað er landsbyggðin öll, þ.e. að við byggjum þetta land. Ég fullyrði, virðulegur forseti, að ef við hættum að byggja landið, ef við rústuðum íslenskan landbúnað mundu framlög okkar til félagsmála margfaldast miðað við þá styrki sem við erum að veita íslenskum bændum. Það er fer mjög ofsögum af því hvaða styrkja íslenskur landbúnaður nýtur.

Sannleikurinn í því máli er sá að í ár eru styrkirnir til landbúnaðarins 8.509 milljónir samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir eða rétt um 2,3% af frumvarpinu. Það eru ekki 14.000 milljónir eða 16.000 milljónir, eins og menn hafa látið hafa eftir sér og meira að segja skrifað í blöð. Það eru 8,5 milljarðar, það er rétta talan. Þetta eru 2,3% af ríkisútgjöldunum. Þau útgjöld hafa verið að lækka hlutfallslega síðustu tíu, fimmtán árin. Þau hafa lækkað verulega. Á tíunda áratug 20. aldar voru þessi útgjöld kringum 4,5–5,5% af ríkisútgjöldunum, hafa í raun lækkað þannig og eðlilega í takt við það að íslenskt efnahagslíf hefur verið að vaxa verulega hratt og mikið. Þrátt fyrir að landbúnaðurinn hafi virkilega staðið sig vel, framleiðnin og framleiðslan verið að aukast, er landbúnaðurinn í sjálfu sér minna hlutfall af heildarframleiðslunni en áður. Ég býst við að hann hafi verið fyrir 20 árum kannski um 4,5–5%, gæti verið kominn niður í — ja, ég þekki það ekki nákvæmlega, ég mundi giska á undir 2%, mér þætti það sennilegt.

Það er því allt eðlilegt og heilbrigt sem er að gerast hér.

Við erum að styrkja framleiðsluna, enda höfum við fullan rétt á því, þjóð sem býr á 66. breiddargráðu norðlægrar breiddar. Ég minni á að þegar Finnar og Svíar gengu í Evrópubandalagið var gerður samningur um styrkingu til sænsks og finnsks landbúnaðar, og þá var miðað við 62. breiddargráðu, þar mætti styðja hann beint með framleiðslutengdum bótum. Við Íslendingar eigum því allan rétt á að styðja landbúnað okkar, enda höfum við af því augljósan hag.

Ísland er í hópi þeirra þjóða sem samkvæmt opinberum mælingum styrkja landbúnað sinn mest. Þær opinberu mælingar fara þannig fram að tekinn er beinn styrkur til landbúnaðarins, auk þess sem menn meta áhrif aðflutningsgjalda og tolla og reyna að setja það upp í huganum hvert verðið væri á frjálsum markaði og sagt sem svo: Þetta er hlutur bóndans og þetta er hlutur styrksins. Nú er enginn frjáls markaður til á Íslandi og ekki nokkur leið að koma honum við en þetta er út af fyrir sig ágæt aðferðafræði og ég ætla ekki að bera neitt á móti henni, en samkvæmt þessu erum við í hæsta flokki — ásamt hverjum? Ásamt Norðmönnum, Japönum og Svisslendingum. Við erum mjög svipaðir og höfum aðeins sveiflast til og frá milli ára.

Hvernig má það vera? Eru Svisslendingar svona vitlausir að vera að styðja sinn landbúnað? Hvernig stendur á því að þeir gera það? Það er alveg auðséð hvers vegna þeir gera það, þeir eru bara að tryggja byggð í landi sínu. Af hverju eru Norðmenn að styðja landbúnað sinn? Til að tryggja byggð í landi sínu. Af hverju er hin ríka þjóð Japanar að styrkja landbúnað sinn á þeirri hrjóstugu eyju sem þeir búa á? Til að tryggja byggð í landi sínu. Þetta fólk kann alveg að reikna. Það er ekki skortur á reiknikunnáttu sem veldur þessu. Það er mat þeirra á því hvernig á að standa best að og hvernig á að varðveita það að eiga þetta land og byggja það. Það eru mjög mikil ósannindi þegar menn segja að landbúnaðurinn hafi ekki fylgt eftir þeirri hagræðingu og þeirri framför sem hefur orðið í öðrum íslenskum atvinnuvegi. Það er vegna þessa sem mér finnst svo óskiljanlegt hvernig á því stendur að stjórnarandstöðunni, með Samfylkinguna náttúrlega alltaf í broddi fylkingar, dettur í hug þessi landsbyggðarfjandsamlega stefna sem þeir eilíflega klifa á sem byggist meira og minna á ósannindum eða algjörum ósannindum. (Gripið fram í.)

Mér er líka oft hugsað til þess þegar ég heyri stjórnarandstöðuna tala um iðnaðarmál og framtíð Íslands, hvernig í ósköpunum mennirnir fara að komast að slíkri niðurstöðu. Hér í þingsölum hefur ríkt hin mesta fóbía, hin mesta barátta gegn stórvirkjunum og eðlilegri uppbyggingu stóriðjuvera. Það kann að vera svo, virðulegur forseti, að það bíði okkar að sjá að þeir ágætu íbúar Hafnarfjarðar felli það að þar verði stækkað álver. Það er þá þeirra vandamál. Ég veit að draumalandið er annars staðar úti á landi. Menn vita hversu gríðarlega þýðingu bygging álversins í Reyðarfirði hefur haft fyrir alla byggð á Austfjörðum og er það mikil blessun að vita til þess, enda mjög arðsamur atvinnurekstur. Ísland á þessar miklu auðlindir, orkuna, og er þannig með tilliti til framtíðarinnar — af því að þetta er nýtanleg orka, þetta er orka sem ekki eyðist — kannski alríkasta þjóð heimsins. Framtíð okkar byggist meira og minna á því að við getum einmitt nýtt hana og eigum að nýta hana.

Fyrirhugað er að virkja á Norðausturlandinu jarðvarmastöð og setja upp álver við Húsavík. Það verður mikil blessun fyrir Þingeyjarsýslur og styrkir byggðirnar á Norðausturlandi. Þeim áföngum ber að fagna mjög. Það þarf að styrkja byggðirnar og á að styrkja byggðirnar. Fjandskapurinn sem liggur í hinum pólitísku andstæðingum er óskiljanlegur. Hér koma menn og halda fram ótrúlegum hlutum, segja að við virkjanaframkvæmdir á Íslandi hafi verið unnin hin mestu hervirki, hér hafi verið eyðilögð íslensk náttúra o.s.frv. Allt saman tilbúningur og allt saman ósannindi. Menn skulu ferðast með Þjórsá og fara upp með henni, skoða orkuverin og segja hvaða tjón hefur verið unnið. Hefur fjallkonunni verið nauðgað eða hvar liggur þetta mikla tjón? Hvar er þessi ofsalegi skaði? Ég hef aldrei vitað annan eins grát og yfir þessu Hálslóni, þeim 57 ferkílómetrum, sem er mestmegnis grjót og urð en þó nokkuð af mosaþembum. Það var nú meira tjónið sem Ísland varð fyrir, Ísland er bara að sökkva í sæ, hrópuðu þeir hérna, fólkið sem stendur hér oft á fimmtudögum og er að syngja og kyrja í hádeginu fyrir okkur guðvorslandsins og ögrumskorið og öll þau fallegu ljóð.

Hvað erum við að vinna hér, virðulegi forseti? Við erum að vinna að meiri landgræðslu, meiri skógrækt en nokkurn tíma í sögu Íslands með þeim árangri að núna loksins erum við að ná því að gróðurfar Íslands er að aukast, við höfum ekki tapað eins og við höfum verið að gera áratugum saman. Við erum að vinna að stórum verkefnum sem verða til þess að við munum sigra í þeirri miklu baráttu við þau náttúruöfl sem eru okkur svo erfið, (Gripið fram í.) fallvötnin og fossarnir, svo ég tali nú ekki um eldfjöllin sem við eigum alltaf eftir að glíma við alla tíð. Ég undrast þann óskaplega fjandskap í stjórnarandstöðunni í garð slíkra framfara, sem er meginvon Íslands til framtíðarinnar að nýta orkuna, meginvon landsbyggðarinnar að hún njóti þeirra miklu kosta sem hún býr yfir, meginvonin til að tryggja hér stöðuga og sterka byggð. Þess vegna undrast ég svo mikið hvernig í ósköpunum stjórnmálaflokkar sem vilja láta taka sig alvarlega koma hér fram vikum, mánuðum og missirum saman með þá fjandsamlegu stefnu sem á ekkert skylt við veruleikann, ekkert nema tilfinningaþrungið fólk, tilfinningaþrungið gagnvart einhverri náttúru sem menn fyrir misskilning halda að verið sé að misbjóða. En það er verið að efla og styrkja og byggja upp íslenska náttúru, það er ekki verið að misbjóða henni á neinn hátt.

Út á það ganga þessar tillögur, virðulegi forseti, svo ég fari aftur í gegnum það. Þær ganga út á að styrkja byggðirnar. Það er gegnumgangandi þema við þennan tillöguflutning. Styrkja íslenskar byggðir þannig að við getum varið þær til framtíðar, að við byggjum þetta land þannig að við eigum landið því að öðruvísi verðum við ekki til sem þjóð.

[15:21]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, talsmaður Sjálfstæðisflokksins í fjármálum og efnahagsmálum, fór víða yfir. Það er alveg rétt sem hann sagði, hann lýsti hvernig stefna Sjálfstæðisflokksins hefur verið. Að atvinnustefnan hefði verið stóriðjustefna, umhverfisstefnan hefði verið stórvirkjanir, efnahagsstefnan og skattastefnan hefði

verið að lækka skatta á hátekjufólki og fella niður sérstaka hátekjuskattinn, færa skattbyrðina frá hátekjufólki yfir á lágtekjufólk, einkavæðing á Símanum, einkavæðing á almannaþjónustu. Já, þetta hefur verið stefna Sjálfstæðisflokksins og opinber stefna. Og ég spyr hvaða göldrum þurfti að beita, eða kannski þurfti ekki að beita neinum göldrum, á Framsóknarflokkinn til að fylgja þessu öllu eftir?

*Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum andstæð þessari stefnu.* Við erum á móti því að færa eigi skattbyrðina yfir á lágtekjufólk. Það er alveg hárrétt.

Ég vildi hins vegar heyra hvernig hv. þingmanni líst á efnahagshorfurnar. Eru ekki stýrivextir Seðlabankans 14%? Er það eitthvað sem lýsir góðri efnahagsstjórn af hálfu ríkisstjórnarinnar? Fer ekki viðskiptahallinn líklega á þriðja hundrað milljarða króna á þessu ári? Var reyndar áætlaður fyrir ári síðan 130 milljarðar, að mig minnir, 110, 120 eða 130, eitthvað svoleiðis. Fer svo líklega á þriðja hundrað. Sýnir það góða efnahagsstjórn? Sýnir það jafnvægi í efnahagsmálum?

Hverjar eru svo horfurnar fyrir næsta ár? Eigum við að búa áfram við þetta gríðarlega vaxtastig sem stýrt er af atvinnu- og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, þótt hv. þingmaður reyni að kenna Seðlabankanum um það? Hefur hv. þingmaður engar áhyggjur af skuldastöðu þjóðarbúsins sem slíks, sem hefur margfaldast bara á örfáum árum?

[15:24]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var eiginlega beiðni um smáyfirlit um efnahagsmál. Það er nú varla hægt að koma því fyrir í andsvari. *En þannig standa málin að íslenska ríkið er* skuldlaust. Einstaklingarnir og fyrirtækin hafa skuldsett sig mikið og það er hættuleg þróun, eins og menn hafa bent á víða í Vestur-Evrópu, bæði hér og í Bandaríkjunum. Það er mjög hættuleg þróun. En eignir þeirra hafa aukist enn þá meira og við skulum vona að þeir kunni fótum sínum forráð.

Sú efnahagsstefna sem við höfum rekið hefur skilað öll fullkomnum árangri. Afkoma sjávarútvegs á Íslandi hefur aldrei verið betri í áratugi. Þökk sé því einkaframtaki sem þar vinnur, þökk sé þeirri frjálsu verslun sem þar ríkir, þökk sé þeirri frjálsu verðmyndun sem er á öllu, bæði gjaldeyri og á markaði, og þökk sé þeirri grundvallarbreytingu sem gerð hefur verið á íslensku efnahagslífi.

Þetta stendur mjög traustum fótum og þetta er grundvallaratriði varðandi afkomu landsbyggðarinnar. Það sem ég spurði hv. þingmann um, og átti von á að hann talaði um, var hvernig á því að standi að þeir geti eilíflega komið sér undir þá landsbyggðarfjandsamlegu stefnu að taka undir eilífan barnaskap einhverra krakka sem gráta út af einhverjum grösum, sem er allt misskilningur. Íslensk náttúra stendur mjög vel. Við höfum hvergi gert nein hermdarverk gagnvart náttúrunni. Við höfum hvergi nokkurs staðar skaðað *íslenska náttúru. Við erum að byggja upp til framtíðar með* orkunni sem við eigum í svo ríkum mæli og mun færa þessari þjóð gríðarlegar tekjur á komandi mannsöldrum. Af hverju í ósköpunum eru þessir menn alltaf að berjast gegn landsbyggðinni?

[15:25]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vek athygli á því að þingmaðurinn forðast að ræða efnahagsforsendurnar og skuldastefnu þjóðarbúsins, háa vexti. En hann hefði kannski getað minnst á það sem kom fram á fundi með fulltrúum efnahags- og viðskiptanefndar þar sem sagt var að verði ráðist í frekari stóriðjuframkvæmdir eða gefinn ádráttur um slíkt á næsta ári væru þessar efnahagsforsendur sem hér er lagðar til grundvallar hrundar. Þá næðum við ekki vaxtastiginu niður, þá næðum við ekki verðbólgunni niður.

Þegar við krefjumst svara um hvað ríkisstjórnin ætlar að gera í þeim efnum þá er draumur þeirra alls staðar, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom inn á, um aukna stóriðju, fleiri álver. En hvað kostar það efnahagslífið? Þeir sem komu á fund nefndarinnar sögðu að aukin stóriðja á næsta ári eða ádráttur um slíkt þýddi áframhaldandi ógnarjafnvægi í efnahagsmálum ef þá yrði nokkurt jafnvægi, a.m.k. verða þær tekjuforsendur sem hér eru lagðar upp og grunnforsendur fjárlaga alveg út í buskanum. Ég bið hv. þingmann að átta sig aðeins á því á hvaða grunni er byggt og hlusta á varnaðarorðin hvað þetta varðar.

Hv. þingmaður minntist á sjávarútveginn. Ætli sjávarbyggðirnar á Vestfjörðum, Norðurlandi og víðar hafi ekki orðið býsna hart úti vegna stóriðjustefnunnar, vegna stefnunnar í sjávarútvegsmálum? En hv. þingmanni virðist vera alveg sama um það.

Að lokum. Tillaga okkar í stjórnarandstöðunni hljóðar upp á að hækka frítekjumark (Forseti hringir.) atvinnutekna vegna lífeyrisþega upp í 75 þús. kr. á mánuði. Styður þingmaðurinn það?

[15:28]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir sem komu á fund okkar í nefndinni, voru þetta einhverjir huldumenn? Hétu þeir ekkert? Hvaða fólk var þetta? Var það einhvers staðar utan úr geimnum eða hvaða fólk var að koma og segja ykkur einhverjar draugasögur? Ég hef ekki hugmynd um hverjir mættu þar. Mér er nokkurn veginn nákvæmlega sama hverjir það voru, alveg nákvæmlega sama, því að þeir hljóta að hafa verið að bulla.

Það liggur fyrir að frá því að við höfum framkvæmdir fyrir austan hefur nettóinnstreymi erlends fjármagns til Íslands verið í kringum 700 milljarðar. Virðisaukinn af virkjununum og verksmiðjunum eru 50–70 milljarðar. (**Gripið fram í:** Vaxta...) Hvort skyldi nú hafa haft meiri áhrif á þjóðfélagið, 700 milljarðarnir sem komu inn eða 70 milljarða virðisaukinn?

Það er nefnilega þannig að það hávaxtastig sem Seðlabankinn stendur fyrir, og hv. þingmaður veit að ég hef mótmælt árum saman, fær ekki staðist. Það getur ekki staðist og það er engin önnur leið til baka en að hverfa frá því, menn eru komnir undir grjót með þessa stefnu.

Þess vegna eigum við, og það tekur enginn eftir því í þinginu, að láta 90 milljarða inn í Seðlabankann með nýju láni. Þess vegna þurfum við, eins og ég sagði við 1. umr. fjárlaga, jafnvel að leggja 100 milljarða inneign okkar í Seðlabankann inn sem gjaldeyrisforða vegna þess að við

verðum að komast út úr þessu vaxtastigi sem við getum ekki lifað við, hvorki almenningur, fyrirtækin né Seðlabankinn. Við það þurfum við að lifa. Og það eru ósannindi, hreinn tilbúningur, að það hafi verið ruðningsáhrif vegna virkjanaframkvæmda sem sett hafi svona mikinn þrýsting á efnahagslífið hér. Það er innstreymi erlendra peninga, sem komu hér vegna þess vaxtamismunar sem hafði verið búinn til, sem hefur valdið þeim óþægindum og þeim þrýstingi sem við höfum þurft að glíma við á umliðnum árum.

[15:30]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var margt athyglivert í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, talsmanns Sjálfstæðisflokksins, við þessa umræðu og í fjárlaganefnd. Það er víða sem ég gæti komið við en þó er eitt sem stakk mig hvað mest og það er að hv. þingmaður var að fárast út í málflutning stjórnarandstöðunnar um misskiptinguna sem hefur átt sér stað í samfélaginu. Hann talaði eins og umræðan um misskiptingu og sú staðreynd að hér hafi einhver misskipting átt sér stað á undanförnum árum væri bara tal út í bláinn og það væri rangt.

Virðulegi forseti. Hann talaði líka um einhvern félagsfræðing úti í bæ. Bæði umræddur félagsfræðingur auk annarra fræðimanna í íslensku samfélagi hafa sýnt fram á að misskipting hefur aukist í samfélaginu, kaupmættinum sem mönnum er svo tíðrætt um og hv. þingmaður nefndi hefur verið gríðarlega misskipt. Þeir sem lægstar hafa tekjurnar hafa samkvæmt þessum rannsóknum ekki fengið nema um 26% kaupmáttaraukningu á meðan þeir sem hæstar hafa tekjurnar hafa fengið um 80% kaupmáttaraukningu.

Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort hann sé ósammála þessum niðurstöðum og hvort hann haldi því fram að kaupmáttaraukningin hafi komið jafnt til allra. Eða er hann ekki tilbúinn til þess í eitt skipti fyrir öll að standa hér í þessum stóli og viðurkenna að stjórnvaldsaðgerðir undanfarinna ára hafi haft áhrif í átt til misskiptingar, bæði á kaupmáttaraukninguna og líka á skattbyrðina?

[15:32]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hefur komið fram í skýrslum fjármálaráðuneytisins að ráðstöfunartekjur, þ.e. tekjur eftir skatta, hafa að sjálfsögðu verið mismunandi. Lægstu tölurnar eru í kringum 26–28% raunhækkun kaupmáttar á nokkru árabili, sem er þó hærra en nokkurs staðar annars staðar í heiminum.

Hvað hefur gerst á Íslandi? Hingað hafa komið inn mjög stórir atvinnuvegir, hátækniatvinnuvegir og hinn mikli atvinnuvegur sem heitir bankar. Hvað gera þessi fyrirtæki? Þau borga fyrir menntun, það er sú mikla blessun sem hefur komið yfir þetta land. Það er fullyrt við mig að menntunarstig starfsmanna íslenskra banka sé mjög svipað og kennaranna við háskólana. Bankastarfsemi er orðin stærri, eins og við mælum þetta, en sjávarútvegurinn. Þar er borgað mjög, mjög hátt kaup. Er það rangt? Er það kannski, virðulegur forseti, eins og Ögmundur Jónasson hélt fram, að það væri betra að vera laus við fyrirtæki sem gæti borgað hátt kaup en að lenda í því að ekki hefðu allir jafnt?

Það er ekki samasemmerki milli jafnaðar og réttlætis, það er langt því frá. Það er einmitt efnahagslífið sem getur borgað há laun, sem getur keypt hér dýrasta vinnuaflið, sem gefur mestu fjármuni inn í samfélagið og gerir okkur kleift að standa vörð um þá sem minnst mega sín í samfélaginu. Þetta er sú efnahagspólitík sem við höfum staðið fyrir, þess vegna erum við að ná árangri, þess vegna er þetta að vaxa. Það er af hinu góða að hámenntaðir Íslendingar geta sótt vinnu sína hér á Íslandi og fengið mjög hátt kaup. Værum við betur settir ef þetta fólk gæti ekkert unnið hér á Íslandi, yrði bara að vera í útlöndum? (Forseti hringir.) Væri það betra, væri þá meira réttlæti?

[15:34]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Já, virðulegi forseti, hér fengum við það staðfest loksins frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að það sé stefna núverandi ríkisstjórnar að misskiptingin sé hluti af stefnu hennar, það er þó gott að það kemur hér skýrt fram að þetta sé hluti af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, þ.e. aukin misskipting. Hér hrósar hann sigri yfir því hversu vel hefur tekist upp á því sviði á undanförnum árum. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hreinskilnina í þessum efnum vegna þess að enginn þingmaður þessa ríkisstjórnarmeirihluta hefur þorað að standa hér og segja þetta hreint út.

Virðulegi forseti. Það er annað sem ég vil spyrja hv. þingmann um en við erum að ræða hér um kaupmáttaraukningu og ræddum um þau 26% sem hinir lægst launuðu hafa fengið. Niðurstaða mikilvægrar úttektar sem gerð var á kjörum eldri borgara er sú að lægsti þriðjungur eldri borgara, sem býr við um 100 þús. kr. eða jafnvel minna á mánuði, að sá hópur hafi eingöngu fengið um 16% kaupmáttaraukningu sé tekið tillit til þeirrar yfirlýsingar sem gerð var í sumar. Í ljósi þess, virðulegi forseti, að hann talar um að sú efnahagsstefna sem hér hafi verið rekin sé til þess að fjármagna velferðarkerfið, er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson þá ekki tilbúinn til þess að koma hér með stjórnarandstöðunni í atkvæðagreiðslu á morgun og greiða því atkvæði að eldri borgarar og öryrkjar fái leiðréttingu kjara sinna og fái í það minnsta að halda í við þá lægst launuðu og fá þá kaupmáttaraukningu sem þeir, þ.e. hinir lægst launuðustu, hafa fengið? Svo að þeir séu ekki enn og aftur skildir eftir (Forseti hringir.) langt, langt, langt fyrir aftan aðra og meira að segja hina launalægstu.

[15:36]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Keppikefli ríkisstjórna er ekkert annað en það að vera með frjálst efnahagslíf, tryggja að verðmyndun sé frjáls, tryggja að einstaklingarnir geti fengið að njóta sín. Síðan er það aukaatriði, það er bara alls ekkert aðalatriði hvort út úr því kemur einhver sérstakur jöfnuður eða ójöfnuður. Við verðum að taka því sem af hinu góða ef hingað koma sterk og mikil fyrirtæki sem geta keypt besta vinnuaflið og borgað hæstu launin, það er ekki verið að taka það af nokkrum manni. Það er ekkert keppikefli að búa til mismun. Það er keppikefli að samfélagið sé frjálst þannig að allir njóti sín.

Gagnvart velferðarþjónustunni er því að svara að framlög til velferðarmála hafa hækkað hér að undanförnu miklu,

miklu meira en kaup hins almenna verkamanns, miklu meira, miklu hærri greiðslur. Lágmarksgreiðslur öryrkjanna eru núna um 140 þús. kr. á mánuði, ellilífeyrisþeganna í kringum 120 og eitthvað, ég er ekki nákvæmlega með þessar tölur hjá mér. En framlögin til velferðarmálanna hafa hækkað miklu, miklu meira en árangur verkamannanna sem eru að vinna, hins vinnandi Íslendings. Við verðum að passa okkur á því, hversu fallegt og hversu gott sem það er að geta stutt þá sem minna mega sín, við megum aldrei ganga þannig fram að við tryggjum ekki fyrst og fremst afkomu verkafólksins, að fyrirtækin hafi stöðu til þess að bæta kjör hinna vinnandi Íslendinga. Þannig getum við bætt kjör annarra, alls ekki öfugt. Það er afkoma verkafólksins, vinnandi fólksins sem er grunnurinn, síðan getum við byggt hitt ofan á, ekki öfugt. Þetta verða menn að vita og þetta verða menn að kunna.

[15:38]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar þingsins, hefur í ítarlegu máli gert grein fyrir nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar á þskj. 421, og sömuleiðis breytingartillögum meiri hlutans.

Eins og fram kom í máli hv. þingmanns leggur meiri hluti fjárlaganefndar til aukin útgjöld í frumvarpinu upp á 9,5 milljarða kr. Í ljósi breyttra forsendna er gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs aukist um 3 milljarða kr. Þetta þýðir að tekjujöfnuður ríkissjóðs lækkar sem þessu nemur og verður 9 milljarðar á árinu 2007, þ.e. það verður 9 milljarða kr. afgangur á fjárlögum næsta árs og afkomu ríkissjóðs.

Þetta þýðir, hæstv. forseti, að gangi þessar breytingar eftir verða tekjur ríkissjóðs 376 milljarðar kr. en útgjöldin 367 milljarðar. Mismunurinn er 9 milljarðar eins og ég gat um áðan.

Ástæður þessa eru þær að forsendur fjárlaganna hafa breyst að nokkru leyti frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram og rætt við 1. umr. Það sem skiptir mestu máli í því sambandi eru ákvarðanir stjórnarmeirihlutans og ríkisstjórnarinnar um lækkun matvælaverðs sem munu hafa í för með sér að tekjur ríkissjóðs munu lækka um 12,2 milljarða kr. eins og ég mun koma að síðar í ræðu minni.

Það liggur hins vegar fyrir að verðbólga næsta árs verður ekki 4,5% eins og spáð var, heldur 3%. Þá er sömuleiðis gert ráð fyrir að samdráttur í einkaneyslu verði upp á 1% og loks að atvinnuleysi verði 1,9%, sem er nánast náttúrulegt og kemst ekki öllu neðar með góðu móti. Það er bjart yfir efnahagslífinu og það er bjartara fram undan þrátt fyrir að góðæri hafi ríkt hér á landi í hátt í þrjú kjörtímabil. Þannig er nú spáð meiri hagvexti á næsta ári, 1,5%, í stað 1%, eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Árið 2008 er því spáð að hagvöxturinn verði 2,8% í staðinn fyrir 2,6% eins og áður hafði verið spáð. Og á árinu 2008 mun verðbólgan halda áfram að minnka og verður, samkvæmt spám, 2,2% á því ári.

Eins og menn vita, og þarf ekki að fara mörgum orðum um, hefur kaupmáttur almennings hér á landi aukist á síðustu 12 árum, og það er engin smáaukning, hæstv. forseti. Kaupmáttur almennings hefur að meðaltali aukist um 60% á síðustu 10 árum. Hvað þýðir það, hæstv. forseti? Það þýðir að kaupgeta einstaklinganna hefur aukist um 60% umfram verðbólgu. Það er gert ráð fyrir því að á þessu ári muni kaupmáttur aukast um 5,7%, á næsta ári um 5% og árinu 2008 um ríflega 2%. Þetta er auðvitað veruleg kaupmáttaraukning og munar um minna.

Það sem skiptir auðvitað máli þegar ríkisfjármálin eru rædd er skuldastaða ríkissjóðs. Ég hef áður gert það að umræðuefni við umræður um fjárlög og fjáraukalög að ríkissjóður er að verða nánast skuldlaus. Á síðustu 10 árum hafa 77% af skuldum ríkissjóðs verið greiddar niður og nú háttar svo til að skuldirnar nema einungis um 5,78% af tekjum ríkissjóðs. Þetta hefði einhvern tímann þótt heyra til tíðinda, hæstv. forseti.

Eins og ég gat um áðan stendur til að lækka virðisaukaskatt af matvælum og raunar fleiri vörum. Þetta mun hafa í för með sér 12,2 milljarða kr. lækkun á tekjum ríkissjóðs. Þessir fjármunir eiga að, og munu vonandi, skila sér beint í vasa borgaranna en ekki til milliliða eins og er kannski hættan á. Við verðum að treysta því að milliliðirnir skili þessum peningum og lækkunum áfram til neytendanna. Það er full ástæða til þess að fara lítillega yfir þær tillögur sem ríkisstjórnin lagði til fyrir um einum og hálfum mánuði. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að vörugjöld af matvælum, bæði innlendum og innfluttum, öðrum en sykri og sætindum, verði felld niður að fullu 1. mars 2007. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að virðisaukaskattur af matvælum verði lækkaður úr 14% í 7% frá og með sama tíma, þ.e. 1. mars 2007. Í þriðja lagi verður virðisaukaskattur af matvælum, þeim matvælum sem verið hafa með 24,5% virðisaukaskatt, líka lækkaður í 7% frá og með 1. mars 2007. Þetta er sérstaklega athyglisvert, hæstv. forseti. Á sínum tíma, í desember 2003, flutti ég hér jómfrúrræðu um lækkun virðisaukaskatts af matvælum þar sem ég benti á þetta misræmi sem væri á virðisaukaskatti af matvælum þar sem annars vegar væri um að ræða 14% virðisaukaskatt, hins vegar 24,5% og meira í segja í einhverjum tilvikum engan virðisaukaskatt. Ég tók ýmis dæmi því til staðfestu. Þá tók þátt í umræðunum hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem því miður hefur ekki verið viðstaddur umræðuna í dag en væri kannski full ástæða til. Það væri gaman að heyra hv. þingmann fagna tillögum ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi og lýsa yfir stuðningi við þær. En vonandi gefst tækifæri til þess síðar, hæstv. forseti, ef hv. þingmaður lætur svo lítið að reka hér inn nefið síðar í umræðunni.

Í fjórða lagi snúa tillögur ríkisstjórnarinnar um lækkun virðisaukaskatts að því að lækka virðisaukaskatt af annarri þjónustu og vörum í 14% þrepi, þ.e. af bókum, tímaritum, blöðum, húshitun og hótelgistingu. Það verður ekkert 14% virðisaukaskattsþrep, heldur verður einungis 7% þrep. Virðisaukaskatturinn verður þá 0%, 7% og svo 24,5%. Ég vil líka vekja athygli á því í þessu sambandi, sem er annað áhugamál hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að það var upplýst í umræðum í fjárlaganefnd og í samtölum við embættismenn úr fjármálaráðuneytinu að til stæði að lækka virðisaukaskatt af tóndiskum, geisladiskum með tónlist, úr 24,5% í 7%. Það er sérstök ástæða til að fagna því og ég geri ráð fyrir að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar muni taka undir með ríkisstjórninni í þeim efnum hvað varðar geisladiskana, eins og öðrum atriðum er lúta að lækkun

virðisaukaskatts og lækkun matvælaverðs.

Í fimmta lagi snúa tillögur stjórnarmeirihlutans að því að lækka virðisaukaskatt af veitingaþjónustu, úr 24,5% í 7%. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir því að almennir tollar á innfluttum kjötvörum verði lækkaðir um allt að 40%. Hvert skyldu allar þessar krónur skila sér, hæstv. forseti? Þær munu skila sér í veski neytenda þessa lands, þær munu skila sér í veski landsmanna sem mun leiða til aukins kaupmáttar landsmanna allra.

Í því sambandi er fróðlegt að velta fyrir sér hvaða áhrif þessar aðgerðir munu hafa. Það er gert ráð fyrir því að aðgerðir stjórnarmeirihlutans muni leiða til 16% lækkunar matvælaverðs og 2,3% lækkunar neysluverðs vísitölu á næsta ári. Þetta er töluvert. Þess utan má gera ráð fyrir því að lækkun virðisaukaskatts á öðrum vörum, úr 14% í 7%, þ.e. bókum, tímaritum, blöðum, húshitun og hótelgistingu, muni leiða til þess að vísitala neysluverðs lækki um 0,4% í viðbót. Þá eru ekki tekin með áhrif vegna lækkunar á virðisaukaskatti á geisladiskum úr 24,5% í 7%.

Heildaráhrif þessara aðgerða ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans hér á Alþingi munu koma fram í lækkun vísitölu neysluverðs sem nemur um 2,7–3% á næsta ári. Breytingarnar munu, eins og áður sagði, taka gildi 1. mars 2007.

Eins og ég gat um áðan verður ríkissjóður af 12,2 milljörðum kr. vegna þeirra aðgerða sem fyrirhugaðar eru.

Þetta hefur hins vegar líka önnur áhrif sem vert er að huga að. Um leið og matarverð lækkar hefur almenningur meiri peninga til að eyða í eitthvað annað, þ.e. kaupmátturinn eykst og það kallar aftur á móti á meiri eftirspurn sem leiðir til meiri framleiðslu sem leiðir til fleiri starfa og launahækkana. Gert er ráð fyrir því að tekjuskattur ríkissjóðs aukist um 1,5 milljarða af þeim sökum. Nettótap ríkissjóðs, ef svo má segja, nemur því ekki 12,2 milljörðum heldur lágmarkast sem þessum 1,5 milljörðum nemur.

Eins og menn vita hefur ríkisstjórnin staðið fyrir fjölmörgum framfaramálum á undanförnum 10 árum. Þetta er velferðarstjórn. Það liggur til að mynda fyrir að barnabætur verða hækkaðar um næstu áramót um 25% miðað við barnabætur í ár. Ég vek líka athygli á því að tekjuskattur einstaklinga mun lækka um 1% á næsta ári. Þá hefur tekjuskattur lækkað um 3% á kjörtímabilinu. Í því sambandi er freistandi að rifja upp kosningaloforð framsóknarmanna frá því fyrir síðustu kosningar. Hver voru þrjú meginkosningastefnumál Framsóknarflokksins? Í fyrsta lagi 90% húsnæðislán, (Gripið fram í.) í öðru lagi lækkun endurgreiðslubyrði námslána í 3,75% og í þriðja lagi lækkun tekjuskatts. Öll þessi mál komu til framkvæmda á fyrstu tveimur árum kjörtímabilsins. Á fyrstu tveimur árum kjörtímabilsins — það þurfti ekki lengri tíma, hæstv. forseti, til að koma stefnumálum Framsóknarflokksins fram en tvö ár.

Eins og ég gat um áðan er ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins velferðarstjórn. Ég vek athygli á því að tveir þriðju af útgjöldum ríkissjóðs renna til velferðarmála, þ.e. til menntamála, félagsmála og heilbrigðismála.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar fyrr í dag hafa framlög til heilbrigðismála aukist um 27,5 milljarða kr. umfram verðbólgu, þ.e. að raungildi, frá árinu 1998 til 2005. Þá eru ekki talin með þau útgjöld sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjáraukalaga eða tillögum 1. minni hluta fjárlaganefndar til breytingar á því frumvarpi og heldur ekki tillögum meiri hluta fjárlaganefndar hér við 2. umr. um fjárlög.

Ég vil líka vekja athygli á því að á sama tíma, frá árinu 1998 til ársins 2005, hafa framlög til almannatrygginga aukist umfram verðbólgu um 45%, þ.e. 23 milljarða kr. Þá eru heldur ekki talin með þau gríðarlegu útgjöld sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu og breytingum samkvæmt tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Framlög til fræðslumála hafa aukist að raungildi um 60%, heil 60%, frá árinu 1998 til 2005, þ.e. um 12,3 milljarða, þar af hafa framlög til háskólanna í landinu aukist um 7,4 milljarða, þ.e. 80%. Það er nánast tvöföldun á sjö ára tímabili, frá 1998 til 2005. Allt er þetta fyrir utan þær hækkanir sem gert er ráð fyrir í tillögum fjárlaganefndar, bæði við 2. umr. um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 og 2. umr. um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2007.

Geta menn, hæstv. forseti, haldið einhverju öðru fram en að ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sé velferðarstjórn og sé umhugað um velferðarmál í íslensku samfélagi?

Þrátt fyrir það hefur velgengnin verið slík í efnahagsmálunum hjá okkur Íslendingum að ríkissjóður skilar árlega tugmilljarða tekjuafgangi.

Ég vil aðeins vekja athygli á breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar á þskj. 422. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur farið allítarlega yfir þær tillögur og ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að rekja þær ítarlega. Ég vil þó vekja athygli á tvennu, hæstv. forseti, í fyrsta lagi hækkun á framlagi til menntamála, í öðru lagi hækkun á framlagi til heilbrigðismála. Samkvæmt tillögum meiri hluta fjárlaganefndar er gert ráð fyrir því að útgjöld sem heyra undir svið menntamálaráðuneytisins hækki um 1.726,7 millj. kr. Hefði einhver talið nóg að gert í fjárlagafrumvarpinu sjálfu.

Það er rétt að gera örlitla grein fyrir nokkrum atriðum í þessu sambandi. Ég bendi í fyrsta lagi á það að framlög til Háskóla Íslands hækka, samkvæmt tillögum meiri hluta fjárlaganefndar, um 308 millj. kr. Framlög til Háskólans á Akureyri hækka um 70 millj. kr. Framlög til framhaldsskóla hækka um 240 millj. kr. Það er alls staðar verið að bæta í hvað varðar menntamálin frá því sem var í fjárlagafrumvarpinu eins og það var lagt fram við 1. umr. Alls staðar er verið að bæta í og auka framlög til menntamála.

Ég vek líka athygli á þremur atriðum sem mér finnst sérstök ástæða til að vekja athygli á, hæstv. forseti. Í fyrsta lagi eru það framlög til kvikmyndagerðar. Eins og menn vita hefur Framsóknarflokkurinn um langt skeið, allt frá því að flokkurinn settist í ríkisstjórn 1995, lagt áherslu á aukinn gang kvikmyndaiðnaðarins hér á landi. Það var hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, sem hóf það verk á sínum tíma, á kjörtímabilinu 1995–1999 með miklum myndarbrag. Hæstv. núverandi utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, hélt því starfi áfram. Og nú hefur þriðji framsóknarráðherrann, hæstv. iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson, fetað í fótspor þeirra. Og nú er lagt til, við 2. umr. frumvarps til fjárlaga, að framlög til Kvikmyndasjóðs hækki um 123 millj. kr.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á tillögu meiri hluta fjárlaganefndar um að veita fé til gerðar sparkvalla á vegum

Knattspyrnusambands Íslands að fjárhæð 25 millj. kr., eins og sambandið sóttist eftir. Það er kunnara en frá þurfi að segja að slíkir sparkvellir hafa breytt og munu breyta verulega allri iðkun knattspyrnu hér á landi. Í því sambandi leggur ríkissjóður og við, hv. þingmenn á hinu háa Alþingi, því frábæra framtaki Knattspyrnusambandsins lið.

Þess vegna er sérstök ánægja að um það hafi náðst samstaða meðal meiri hluta fjárlaganefndar um að leggja til 25 millj. kr. framlag til gerðar sparkvalla, og taka þar með undir og sýna í verki stuðning Alþingis við þetta framtak Knattspyrnusambands Íslands.

Í þriðja lagi vil ég minnast á framlag til Reykjavíkurakademíunnar. Eins og menn vita er Reykjavíkurakademían samfélag sjálfstæðra fræðimanna í svokölluðu JL-húsi við Hringbraut. Þarna er unnið ákaflega merkilegt starf sjálfstætt starfandi fræðimanna og ríkið hefur komið að því samfélagi með fjárveitingum til Reykjavíkurakademíunnar. Nú er lagt til að þessi framlög hækki umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu um 10,2 millj. kr., þar af 4 millj. kr. vegna 10 ára afmælis Reykjavíkurakademíunnar. Það er gott að Alþingi geti þannig í verki sýnt stuðning sinn við samfélag fræðimanna eins og meiri hlutinn leggur til.

Hæstv. forseti. Á næsta ári er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði sem svarar 11,1% af landsframleiðslu. Í ár, árið 2006, er gert ráð fyrir að hallinn verði 19% þannig að viðskiptahallinn minnkar verulega, og gert er ráð fyrir að á árinu 2008 verði viðskiptahallinn orðinn 4%. Hvernig skyldi standa á því? Jú, á næstu árum fer að gæta áhrifa af stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi. Þá fer að gæta áhrifa af útflutningi á áli frá nýju álveri Reyðaráls í Reyðarfirði. Þessi álframleiðsla mun eins og önnur stóriðja og allur iðnaður í landinu og öll atvinnustarfsemi í landinu skila tekjum í ríkissjóð, bæði beint og óbeint. Ég þori að fullyrða að þær stóriðjuframkvæmdir og sú stóriðja sem verða mun á Austurlandi skilar tugum milljarða í ríkissjóð.

Hvað eigum við svo að gera við alla þessa tugmilljarða sem við fáum í ríkissjóð sem stóriðjuframkvæmdirnar skila og munu skila á næstu árum? Í hvað notum við þá? Við notum þá til að standa undir öflugu velferðarkerfi. Við notum þá til að standa undir öflugu menntakerfi. Við notum þá til að standa undir öflugu heilbrigðiskerfi. Og við notum þá til að standa undir öflugri félagslegri aðstoð við landsmenn. Allir landsmenn munu því njóta góðs af þeim framkvæmdum sem nú standa yfir á Austurlandi.

Hæstv. forseti. Það er erfitt að vera í stjórnarandstöðu þegar vel gengur eins og hjá hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutanum á Alþingi. Það er virkilega erfitt þegar vel gengur í þjóðfélaginu, þegar verðbólga er lítil, hagvöxtur mikill, kaupmáttur hækkar jafnt og þétt o.s.frv. Það hafa það auðvitað allir miklu betra núna en fyrir 10 árum. Það er bara þannig, hæstv. forseti. Þess vegna er erfitt að vera í ríkisstjórn. Það kom fram við 1. umr. um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar að eina athugasemdin, ein helsta athugasemd, svo að við drögum aðeins úr því, hæstv. forseti, talsmanns stjórnarandstöðunnar og fjármálaráðherraefnis stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Jóns Bjarnasonar, var sú hvað fjárlagafrumvarpið var dauft á litinn. Sú var gagnrýnin, hvað þetta plagg sem telur 465 blaðsíður væri dauft á litinn.

Ætli það sé gaman að vera í stjórnarandstöðu upp á svona býtti?

Ég verð að segja að þegar ég hlustaði fyrr í dag á þá ágætu hv. þingmenn sem hafa valist svo óhönduglega í það leiðindahlutverk að þurfa að vera hér á móti ríkisstjórninni við fjárlagaumræðuna, og þá á ég við hv. þm. Jón Bjarnason, Einar Má Sigurðarson og Guðjón Arnar Kristjánsson, varð mér einhvern veginn hugsað til texta Megasar um gamla sorrý Grána. Ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni að þessum talsmönnum stjórnarandstöðunnar líði eins og gamla sorrý Grána vegna þess að þeir eru beygðir hér í umræðunni, beygðir hvað eftir annað af talsmönnum ríkisstjórnarinnar á hinu háa Alþingi.

Það er ekki úr vegi að lesa upp kvæðið um gamla sorrý Grána svo að menn geri sér betur grein fyrir því hvernig hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar líður við 2. umr. um ríkisfjármál og efnahagsstjórn á hinu háa Alþingi. Kvæðið er svona, með leyfi forseta:

Gamli sorrý Gráni er gagnslaus og smáður,
gisinn og snjáður, meðferð illri af.
Hann er feyskinn og fúinn
og farinn og lúinn
og brotinn og búinn að vera.
Hann er þreyttur og þvældur
og þunglyndur, spældur,
beiskur og bældur í huga.

Gamli sorrý Gráni er gagnslaus og smáður,
gisinn og snjáður, meðferð illri af.
Hann er beygður og barinn
og brotinn og marinn
og feigur og farinn á taugum.
Hann er knýttur og kalinn
og Karoni falinn,
ó, hvað hann er kvalinn af öllum.

Gamli sorrý Gráni er gagnslaus og smáður,
gisinn og snjáður, meðferð illri af.

Hæstv. forseti. Ef ekki væru liðin svo sem eins og 35 ár síðan þetta ágæta kvæði var samið hefði maður haldið að það væri samið sérstaklega um hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, sérstaklega um talsmenn hennar við fjárlagaumræðuna hér, hv. þingmann, fjármálaráðherraefni stjórnarandstöðunnar, Jón Bjarnason, hv. þm. Einar Má Sigurðarson og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson.

Svo er nú ekki en þeir eru illa farnir og eru beygðir í þessari umræðu, brotnir og búnir að vera eins og segir í kvæðinu. Þreyttur og þvældur og þunglyndur, spældur, beiskur og bældur í huga, þetta er líðan hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar, og hefur komið vel fram í máli þeirra í dag.

Það er kannski ekki ástæða til fyrir stjórnarandstöðuna að vera svona beygð í þessari umræðu og bæld vegna þess að stjórnarandstaðan hefur náð stórkostlegum árangri við þessa fjárlagagerð og í þessari umræðu. Hvaða árangur er það, hæstv. forseti? Jú, í fyrsta skipti á þessu kjörtímabili skilar stjórnarandstaðan einu áliti, einu sameiginlegu áliti við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga. Það er í fyrsta skipti á þessu kjörtímabili sem það gerist. Ekki nóg með það, þetta

er í fyrsta skipti frá árinu 1999 sem stjórnarandstaðan skilar sameiginlegum tillögum og sameiginlegu nefndaráliti við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga.

Það er stórmerkilegt, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan skuli loksins hafa komið sér saman í fyrsta skipti í sjö ár um tillögur við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga.

Hv. þm. Jón Bjarnason, fjármálaráðherraefni stjórnarandstöðunnar, sagði hér fyrr í umræðunum í dag: Af verkunum verða menn dæmdir. Og það er rétt, hæstv. forseti, af verkunum verða menn dæmdir og af verkunum skuluð þér dæma þá. Hverjar eru svo tillögur stjórnarandstöðunnar, hverjar skyldu tillögur hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar vera? Hverjar eru tillögur stjórnarandstöðunnar um framlag til menntamála? Hverjar eru þær tillögur? Hæstv. forseti. Það eru engar tillögur frá stjórnarandstöðunni hér við 2. umr. um framlög til menntamála, engar. Þetta eru þeir hv. þingmenn sem hafa gasprað hátt um framlög til háskóla, framhaldsskóla og um framlög til annarra mála sem snúa að menntamálaráðuneytinu. Hvaða tillögur gera svo hv. þingmenn við 2. umr. um fjárlög fyrir næsta ár? Engar, ekki ein einasta tillaga er um aukin framlög til menntamála frá stjórnarandstöðunni.

Hverjar eru þá tillögur stjórnarandstöðunnar um framlög til heilbrigðismála, hverjar skyldu þær vera? Oft hefur verið talað hátt um það hvað það vanti mikið fé til ýmissa stofnana innan heilbrigðiskerfisins, til ýmissa annarra viðfangsefna sem við erum daglega að fást við, til ýmissa nýbygginga, viðgerða, viðhaldsframkvæmda og annarra mála. Hverjar eru svo tillögur stjórnarandstöðunnar um aukin framlög í heilbrigðismálum? Engar tillögur, hæstv. forseti, ekki ein einasta tillaga frá stjórnarandstöðunni um aukin framlög til heilbrigðismála, ekki ein.

Hverjar eru þá tillögur stjórnarandstöðunnar um framlög til félagsmála? Hvað ætli hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi haldið margar ræður um fjárvöntun vegna fatlaðra, ýmissa mála og málaflokka á sviði félagsmálaráðuneytisins? Og hverjar eru þær tillögur sem stjórnarandstaðan leggur fram í félagsmálum fyrir næsta ár? Engin tillaga, ekki ein einasta tillaga. Stjórnarandstaðan segir pass.

Stjórnarandstaðan segir pass í velferðarmálum og hefur engar tillögur fram að færa á sviði menntamála, á sviði heilbrigðismála eða á sviði félagsmála. Engar, ekki nokkrar einustu. Það er gott, hæstv. forseti, fyrir landsmenn að huga að þessu og muna þegar fram í sækir.

Hver er svo afsökun hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar fyrir að þau hafi ekki rolast til að flytja eina einustu tillögu á sviði menntamála, heilbrigðismála og félagsmála? Jú, þær verða allar felldar. Það er uppgjöf, það er algjör uppgjöf af hálfu hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar við þessa umræðu. Hún er orðin svo beygð og brotin, eins og segir í kvæðinu eftir Megas, að hún leggur ekki í að leggja hér fram eina einustu tillögu á sviði heilbrigðismála, menntamála eða félagsmála. Þeir landsmenn sem bjuggust kannski við að sjá hverjar áherslur stjórnarandstöðunnar í þessum málaflokkum væru eru engu nær. Þeir eru engu nær, hæstv. forseti, vegna þess að stjórnarandstaðan getur ekki sýnt fram á áherslur sínar á sviði menntamála, heilbrigðismála eða félagsmála.

Hvernig birtist stefna stjórnarandstöðunnar, hæstv. forseti? Hvað skyldu landsmenn eiga að halda, hvernig eiga þeir að finna út áherslur stjórnarandstöðunnar miðað við tillögur hennar um aukin framlög á fjárlögum? Það er ekki hægt, hæstv. forseti, vegna þess að tillögurnar eru engar, stjórnarandstaðan segir pass við 2. umr. fjárlaga um menntamál, heilbrigðismál og félagsmál.

Það er þess vegna að verða nokkuð merkilegt að lesa álit minni hluta fjárlaganefndar á þskj. 435 um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007.

Þar segir m.a. á bls. 3, með leyfi forseta:

„Um stjórn ríkisfjármála þarf ekki að fjölyrða, hún er engin.“

Það er bara engin stjórn á ríkisfjármálunum. Þetta hefur auðvitað allt bara gengið svona glimrandi vel af sjálfu sér síðustu 11 árin hjá ríkisstjórninni. Hún var svo heppin, það voru væntanlega svo góðar ytri aðstæður.

Á bls. 4 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt efnahagsstjórnin hafi verið veik á undanförnum árum tekur steininn úr þegar kemur að framkvæmd fjárlaga.“

Ja, það munaði ekki um það, hæstv. forseti.

Hver eru svo skilaboð stjórnarandstöðunnar til fólksins í landinu um þau auknu fjárútlát og útgjöld sem meiri hluti fjárlaganefndar leggur hér til við 2. umr.?

Þau skilaboð koma fram á bls. 8, með leyfi forseta:

„Það frumvarp sem hér liggur fyrir ásamt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er plagg sem lítið mark er takandi á, m.a. vegna þess hve efnahags- og tekjuforsendur eru óvissar og útgjaldaákvarðanir handahófskenndar. Allt bendir til þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn geri ekki ráð fyrir að þurfa að framfylgja frumvarpinu og þess vegna er frekar horft til fjölmiðlaþarfar einstakra ráðherra heldur en mikilvægis fjárlaga fyrir efnahagsmál þjóðarinnar. Frumvarpið segir allt sem segja þarf um nauðsyn þess að ríkisstjórnin láti af hendi völdin á vori komanda.“

Þetta eru skilaboðin sem stjórnarandstaðan sendir landsmönnum, nú þegar meiri hlutinn er að leggja til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um 9,5 milljarða miðað við það sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Það eru kaldar kveðjur sem stjórnarandstaðan sendir landsmönnum og öllum þeim sem áttu von á og eiga von á auknum fjármunum vegna tillagna meiri hluta fjárlaganefndar. Og það er rétt að undirstrika það, hæstv. forseti, að það er meiri hluti fjárlaganefndar sem leggur þessar tillögur fram. Og það er bara ekkert mark á þeim takandi, segir stjórnarandstaðan í nefndaráliti sínu. En sem betur fer er hér meiri hluti á þinginu sem mun sjá til þess að þessum tillögum verði fylgt fram og landsmenn geta huggað sig við það að þeir þurfa ekki að treysta á hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar í þeim efnum.

Það ber allt að sama brunni, hæstv. forseti. Sömu ræðurnar eru fluttar ár eftir ár af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hvað skyldi hv. þm. Einar Már Sigurðarson hafa sagt hér í fyrra um efnahagsstjórnina? Með leyfi forseta, á 48. fundi 3. desember 2004, í hittiðfyrra, sagði hv. þm. Einar Már Sigurðarson:

„Eins og fyrri ár er ríkisstjórnin aðeins farþegi í efnahagshraðlestinni sem nú brunar nær stjórnlaust um þjóðfélagið.“

Hæstv. forseti. Höfum við heyrt þetta áður? Höfum við heyrt þennan söng áður? Já, við höfum heyrt hann margoft áður og við heyrum hann enn þann dag í dag. Að ég tali ekki um hv. þingmann, fjármálaráðherraefni stjórnarandstöðunnar, Jón Bjarnason sem hljóp sem fætur toguðu út úr þingsalnum, hvað skyldi hann hafa sagt í fyrra í umræðum um fjárlögin fyrir þetta ár? Hann sagði að útflutningsgreinarnar væru í stríði, og, með leyfi hæstv. forseta:

„Útflutningsgreinarnar ... berjast nú við verstu hamfarir af mannavöldum sem er efnahagsstefna núverandi ríkisstjórnar."

Verstu hamfarir af mannavöldum, hæstv. forseti, það munaði ekki um það og þessar „verstu hamfarir af mannavöldum" hafa líklega skilað ríkissjóði afgangi upp á 150 milljarða kr. á síðustu tveimur árum. Það eru meiri hamfarirnar.

Auðvitað eru hamfarir fyrir stjórnarandstöðuna og hv. þingmenn hennar á Alþingi að þurfa að þola að efnahagsmálin gangi svona vel ár eftir ár og að allt sé hér í lukkunnar velstandi, og það sem meira er, að hver einasti landsmaður finni fyrir því hvað hlutirnir ganga miklu betur og hversu vel hefur gengið í efnahagsstjórninni á síðustu 10 árum.

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um eru það stóru pólitísku tíðindin í þessari fjárlagaumræðu að stjórnarandstaðan hefur náð saman um tillögu, eina tillögu við 2. umr. um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Stjórnarandstaðan hefur náð saman um eitt nefndarálit í tilefni af 2. umr. um frumvarp til fjárlaga í fyrsta skipti á kjörtímabilinu, hæstv. forseti, og í fyrsta skipti frá árinu 1999. Hvernig halda menn svo að þessum flokkum mundi ganga að vinna saman í ríkisstjórn þegar þeir ná ekki saman um eitt álit, hæstv. forseti, nema á sjö ára fresti? Það verður glæsileg ríkisstjórn, hæstv. forseti, að þurfa að búa við það að stjórnarandstöðuflokkarnir nái saman einu sinni á sjö ára fresti komist þeir í ríkisstjórn. Einu sinni á sjö ára fresti ná stjórnarandstöðuflokkarnir saman um eitt álit og það er ekki álit um hvaða mál sem er. Það eru ríkisfjármálin. Það eru fjárlögin, hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan nær saman um fjármálin og fjárlagatillögur á sjö ára fresti.

Er þetta björt framtíð, hæstv. forseti? Skyldi vera bjart yfir íslenskri þjóð að eiga framtíð sína undir þessum hv. þingmönnum? (**JBjarn:** Það er mjög bjart.) Það er mjög bjart, segir hv. þm. Jón Bjarnason, fjármálaráðherraefni stjórnarandstöðunnar. Það er rétt hjá honum. Það er mjög bjart ef hv. þingmaður verður áfram í stjórnarandstöðu. (**JBjarn:** Nei.) Og það er vel.

Það er hins vegar landsmanna og kjósenda að svara því hvort þeir vilji fá hv. þingmann í fjármálaráðuneytið eða hafa hann hér áfram, beygðan og búinn að vera eins og segir í kvæðinu eftir Megas, næstu fjögur árin.

Í sumar gerði ríkisstjórnin samkomulag við samtök aldraðra um breytingar á almannatryggingagreiðslum, greiðslu ellilífeyris. Það er kannski rétt að rifja aðeins upp forsöguna í þessu sambandi, hæstv. forseti. Árið 2003 háttaði svo til að ríkisstjórnin og samtök aldraðra gerðu sams konar samkomulag. Það er rétt að taka fram að það var staðið við það samkomulag í einu og öllu af hálfu ríkisstjórnarinnar nema eitt atriði sem varðaði sveigjanleg starfslok. Það er enginn ágreiningur um það, hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Ríkisstjórnin gerði samkomulag aftur (**Gripið fram í:** Aftur og aftur.) við samtök aldraðra nú í sumar, í júlímánuði, þar sem gert var ráð fyrir hækkun ellilífeyris, uppbyggingu hjúkrunarheimila og fleiri atriðum með sama hætti og gert hafði verið í samkomulaginu frá 2003 sem var efnt að öllu leyti hvað það varðar. (Gripið fram í.)

Þetta samkomulag sem var byggt á störfum svokallaðrar Ásmundarnefndar, á samkomulagi þar að lútandi og nefndaráliti þeirrar nefndar sem samtök aldraðra tóku fullan þátt í og áttu fullan þátt í þeirri ákvörðun, þýðir 6,5 milljarða í útgjaldaauka ríkissjóðs á næsta ári. Ekki nóg með það, hæstv. forseti, heldur mun þetta leiða til 26,7 milljarða kr. hækkunar í þessum málaflokki til ársins 2010. Þar af munu 18 milljarðar renna til ellilífeyrisþega, hæstv. forseti. Þetta var samkomulagið sem gert var í fullri sátt á milli samtaka aldraðra og ríkisstjórnarinnar. (**JBjarn:** Það er ekki rétt. Það er ósatt.) Svo koma yfirboðsflokkarnir í stjórnarandstöðunni og ætla að gera enn betur við gamla fólkið. Nú á ekki að leggja fram 6,5 milljarða á næsta ári, heldur 13 milljarða. Auðvitað er auðvelt að vera í stjórnarandstöðu þegar menn haga sér með þessum hætti. Auðvitað er það auðvelt.

Síðan hefur stjórnarandstaðan komið sér saman um eina tillögu við þessa 2. umr. um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Hvað gerir stjórnarandstaðan þegar hún kemur sér saman um eitthvað, hæstv. forseti? Hún boðar að sjálfsögðu til fréttamannafundar. Að sjálfsögðu verður að kalla til blaðamenn þegar þau undur og stórmerki gerast að stjórnarandstaðan nær saman um eitthvert málefni. Þótt menn sláist hér eins og hundar og kettir í hliðarsölum þess á milli er sjálfsagt að boða til fréttamannafundar í hvert einasta skipti sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar ná saman um eitthvert mál. Það er sjálfsagt, og það er þakkarvert að íslenskir fjölmiðlar skuli greina landsmönnum frá því í hvert einasta skipti sem stjórnarandstaðan nær saman um eitthvert mál.

Ég vona að stjórnarandstaðan haldi áfram að boða blaðamenn á sinn fund þegar hún nær saman. Það er að vísu afskaplega sjaldgæft en þeim mun meira fréttaefni þegar þau undur og stórmerki gerast.

Þetta er tillaga stjórnarandstöðunnar, eina tillaga stjórnarandstöðunnar við 2. umr. um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Hún felur í sér 7 milljarða kr. útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð á næsta ári.

Hvert er svo samræmið í málflutningi stjórnarandstöðunnar á hinu háa Alþingi? Ég hef stundum nefnt hv. þm. Sigurjón Þórðarson í þessu sambandi sem, nota bene, er heilbrigðisráðherraefni stjórnarandstöðunnar. (**Gripið fram í:** Ekki kirkjumálaráðherra?) Hann má vera kirkjumálaráðherra líka mín vegna, og kirkjumálaráðherraefni því að aldrei verður hann ráðherra. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson gat þess í upphafi þings í haust í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra að það yrði að skera niður ríkisútgjöldin og að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir á hinu háa Alþingi færu vill vegar vegna þess að þeir væru að stórauka útgjöldin, þeir væru alltaf að auka útgjöld ríkissjóðs.

Hvernig skyldi það samræmast þessari stefnu Frjálslynda flokksins og stjórnarandstöðunnar að leggja til að útgjöld til lífeyrismála eldri borgara væru hækkuð um 7 milljarða kr.? Það er ástæða til að hv. þingmaður svari því. (**JÁ:** Ertu á móti því?) Það er ástæða til þess að hv. þingmaður

svari hvernig þetta samræmist stefnu hans og Frjálslynda flokksins og stjórnarandstöðunnar um að skera niður ríkisútgjöldin.

Þetta er sá hv. þingmaður, hæstv. forseti, sem talaði um Sjálfstæðisflokkinn sem stærsta félagsmálabatterí landsins. Er hægt að biðja um betri einkunn fyrir velferðarstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins? Er hægt að fá betri einkunn frá einhverjum öðrum aðila en þessi orð hv. þingmanns? Ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins er velferðarstjórn og það kemur skýrt fram hér í umræðum um fjárlög næsta árs og þær tillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar hefur lagt fram.

Ég hef áður gert það að umræðuefni úr þessum ræðustól að menn verði að horfa á samhengi hlutanna. Ég gat um það áðan að allar þær framkvæmdir sem eiga sér stað á Austurlandi munu skila milljörðum og aftur milljörðum í ríkissjóð. Bankastarfsemi, fjármálastarfsemi á Íslandi skilar milljörðum í ríkissjóð og er orðin stærri atvinnugrein en sjávarútvegurinn. Tekjurnar af íslenskri fjármálastarfsemi eru orðnar meiri en tekjurnar af sjávarútveginum.

Kvikmyndaiðnaðurinn. Við höfum séð nýleg dæmi, fjölmörg, um það hvernig sú iðnaðargrein er að vaxa hér á landi og þannig mætti lengi telja, hæstv. forseti, um fjölda nn allan af atvinnugreinum sem eru að vaxa í því efnahagsumhverfi sem ríkisstjórnin hefur skapað hér á undanförnum 10 árum.

Við sjáum árangur. Við sjáum hærri skatttekjur. Við sjáum hærri skatttekjur ríkissjóðs þrátt fyrir að tekjuskattsprósenta fyrirtækja hafi verið lækkuð úr 30% í 18%. Veltan er meiri. Tekjurnar eru meiri, og hvað þýðir það þegar tekjur ríkissjóðs eru meiri? Jú, hæstv. forseti, þá getum við staðið undir öflugu velferðarkerfi, heilbrigðiskerfi, félagsmálakerfi og menntakerfi, öllum þeim málaflokkum sem stjórnarandstaðan hefur engar tillögur um hér við 2. umr. um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Hver er þá ábyrgð manna eins og hv. þm. Jóns Bjarnasonar, fjármálaráðherraefnis stjórnarandstöðunnar, þegar hann leggur áherslu á að það þurfi að koma hér á stóriðjustoppi? Það yrði stóriðjustopp, og það yrði auðvitað eitt allsherjarstopp ef hv. þingmaður mundi rata í fjármálaráðuneytið að loknum næstu kosningum. (**JÁ:** ... á dagskrá?)

Steingrímur Sigfússon, hv. þingmaður úr Vinstri grænum eins og hv. þm. Jón Bjarnason, vildi ekki bara stóriðjustopp, heldur lagði hann til að menn mundu ekki byrja að safna vatni í Hálslón. Heldur ætti þessi Kárahnjúkastífla að vera „minnisvarði um heimsku mannsins", eins og hv. þingmaður orðaði það. Mér er spurn, hæstv. forseti: Heimsku hvaða manns?

Þriðji þingmaðurinn úr hópi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Ögmundur Jónasson, sagði að sér væri það að meinalausu að viðskiptabankarnir flyttu úr landi. Viðskiptabankarnir eru alþjóðleg fyrirtæki sem skila milljörðum og aftur milljörðum í ríkissjóð beint og óbeint á hverju einasta ári, alþjóðleg fyrirtæki sem flytja fé til landsins, skila tekjum inn til landsins svo að skiptir tugum milljarða og menn geta þá eflt velferðarkerfið, sett meiri peninga í menntakerfið, heilbrigðiskerfið og meiri peninga til félagsmála jafnvel þó að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi ekki eina einustu tillögu um þau efni hér við 2. umr. um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Hv. þm. Ögmundi Jónassyni er nokk sama þótt þessi starfsemi hverfi úr landi. Þetta er ábyrgðarhlutur, hæstv. forseti. Halda menn virkilega að bankarnir hafi aldrei hugleitt að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi? Halda menn að viðskiptabankarnir gætu ekki búið við betra rekstrarumhverfi einhvers staðar annars staðar þrátt fyrir allar þær umbætur sem átt hafa sér stað á síðustu 10 árum? (**Gripið fram í:** Já.) Halda menn það virkilega?

Ég sé að hv. þm. Jóhann Ársælsson stendur í þeirri trú. Það er gott að trúa því, hæstv. forseti, en það er því miður einföld trú og barnaleg. (Gripið fram í.) Við skulum átta okkur á því, hæstv. forseti, að viðskiptabankarnir eru með starfsemi og útibú í tugum landa. Ég þori nánast að fullyrða að það sé nánast í öllum heimsálfum. Ætlar hv. þm. Jóhann Ársælsson að taka undir þau orð með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að það sé bara allt í lagi þó að þessi starfsemi hverfi úr landinu? (Gripið fram í.) Það sé bara allt í lagi að öll bankastarfsemi og höfuðstöðvar viðskiptabankanna hverfi úr landi? Ég sé að hv. þingmaður hristir höfuðið og auðvitað getur hann ekki verið sammála því þannig að ekki er nú stjórnarandstaðan sammála um það, hæstv. forseti.

Þegar svona er komið, hæstv. forseti, að menn leggja hér til stöðvun á uppbyggingu iðnaðar í landinu, að stigið verði til baka, Hálslón tæmt og Kárahnjúkavirkjun minnisvarði um heimsku einhvers manns, ótilgreinds, að bankarnir verði sendir úr landi til að auka jöfnuð — það er langeinfaldast að auka jöfnuðinn með því að senda hálaunamennina úr landi, ekki satt? — hljótum við að spyrja okkur þessarar spurningar: Höfum við Íslendingar efni á því að þessir menn taki við stjórn landsins? Eru menn virkilega orðnir svo áhættusæknir að þeir ætli að leggja því lið að þessir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar taki við stjórn landsins eftir næstu kosningar? (Gripið fram í.)

Auðvitað óttast maður allt hið versta, hæstv. forseti. Það er ljóst að stjórnarandstaðan er sammála um eitt fyrir utan þessa einu tillögu við 2. umr. fjárlaga og það er að koma þessari ríkisstjórn frá. Þess vegna er ástæða til að óttast þegar menn hafa þann tilgang einan. (Gripið fram í.)

Það sem vekur athygli í því sambandi er að menn hafa engan annan tilgang, (Gripið fram í.) hafa ekkert annað markmið en það eitt að koma ríkisstjórninni frá. Og af hverju? Bara til að koma henni frá. Ekki geta þeir stjórnað landinu, við höfum séð að þeir koma sér saman einu sinni á sjö ára fresti um fjárlög ríkisins. Er hægt að leggja þetta á íslenska þjóð? Eigum við ekki annað og betra skilið, hæstv. forseti?

Ég legg áherslu á það að í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er gert ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs aukist um 9,5 milljarða kr. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að ríkissjóður skili afgangi upp á 9 milljarða kr. Ég vil geta þess í þessu sambandi að mikil vinna hefur farið fram í tengslum við þessa fjárlagagerð og tillögur meiri hlutans. Ég hygg að hátt í 800 erindi hafi borist fjárlaganefnd með beiðni um fé úr ríkissjóði. Gestir sem hafa komið á fund fjárlaganefndar og fagnefnda margs konar skipta hundruðum þannig að það er búið að undirbúa þessi fjárlög vel og það er búið að undirbúa vel þessar tillögur af hálfu meiri hlutans.

Það er annað en hægt er að segja um tillögur stjórnarandstöðunnar. Enda er árangurinn eftir því, hæstv. forseti, árangurinn af starfi stjórnarandstöðunnar er þessi: Hún hefur einu sinni á sjö ára tímabili komið sér saman um ríkisfjármálin og sú niðurstaða skilaði sér í einni tillögu við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga.

Stjórnarandstaðan er lúin, eins og segir í kvæði Megasar, og feyskin og fúin.

[16:50]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki margt í ræðu hv. þingmanns sem ég kýs að tala um en ég vildi ekki láta hjá líða að þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Hún hefur örugglega opinberað fyrir þeim sem hér fylgjast með hvað Framsóknarflokkurinn er óskaplega hræddur við kosningarnar fram undan.

Hann hefur kosið að ganga með Sjálfstæðisflokknum til þeirra kosninga og reka þann hræðsluáróður að aðrir geti ekki stjórnað landinu en Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn saman. Hann hefur kosið, eins og gert hefur verið á undanförnum árum reyndar, að þakka þessum tveimur flokkum fyrir allt gott sem er gert í landinu, jafnvel sólskinið og góða veðrið. (**GÖJ:** Það gerði ég ekki.) Það liggur að minnsta kosti nærri að svo sé.

Ég verð að segja alveg eins og er að það er mikill sjónarsviptir að Framsóknarflokknum í íslenskri pólitík. Það er ömurlegt að sjá hvernig hann ætlar að ganga sína hinstu göngu. Ég man eftir framsýnum manni sem sagði fyrir nokkrum árum að það ætti að sameina flokkana. Hannes Hólmsteinn Gissurarson er sá. Menn hafa ekki haft þá tillögu uppi mikið síðan en sá tími sem hefur liðið nú í haust og aðfaradagar þessara kosninga sem eru núna fram undan segja okkur svo skýrt að Framsóknarflokkurinn er genginn í björgin endanlega og að það er alveg óhætt að fara að halda útfararræðurnar yfir honum.

[16:52]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þó að það styttist í hinstu göngu hv. þingmanns í ræðustóli Alþingis verður ekki hið sama sagt um hv. þingmenn Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Framsóknarflokkurinn er 90 ára og hann hefur gegnt lykilhlutverki allan lýðveldistímann í stjórn landsins. Það er rétt að menn hafi það í huga. Það eru ekki bara síðustu þrjú kjörtímabil, Framsóknarflokkurinn hefur verið í ríkisstjórn nánast allan lýðveldistímann.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að það er ástæða til að óttast það ef núverandi stjórnarandstöðuflokkar ná meiri hluta á Alþingi. Það eru ekki bara framsóknarmenn sem óttast það. Þjóðin óttast það. Landsmenn allir óttast það. Af hverju er það?

Það er af því að þessir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar koma sér saman um ríkisfjármálin á sjö ára fresti. Hvernig ætla menn að sitja í ríkisstjórn þegar þeir koma sér saman um ríkisfjármálin á sjö ára fresti og ná að skila einni, ekki tveimur, heldur einni tillögu við 2. umr. um fjárlög ríkisins?

Það er auðvitað ástæða til að kalla saman fréttamenn til að láta þá vita að þeir hafi loksins eftir sjö ár náð saman um eina tillögu og skilað einu áliti við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007.

[16:54]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa verið á sínum forsendum í stjórnarandstöðu undanfarin ár. Þeir hafa ekki þurft á því að halda að búa til eitthvert skuggaráðuneyti í þingsölum. Það hefur hins vegar ekki staðið á samþykki Framsóknarflokksins við öllu því sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur viljað gera á undanförnum árum. Þar hefur ekki verið erfitt að ná saman. Einn maður hefur spriklað öðruvísi í þingsalnum á undanförnum árum, allan tímann, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Aðrir hafa það ekki verið. Hinir hafa rétt upp hendurnar með öllu.

Flokkurinn er orðinn svo heillum horfinn að honum dettur ekki einu sinni í hug að nefna það sem hann hefur gert í gegnum tíðina, að hann ætli að ganga óbundinn til næstu kosninga. Nei, nei. Hann gengur með hálsbandið til kosninganna. (**Gripið fram í:** Hann er líka orðinn 90 ára.) Flokkurinn er reyndar að verða 90 ára og það er svona eins og með mannsævina. Hún er yfirleitt ekki öllu lengri.

[16:55]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé það að hv. þm. Jóhann Ársælsson óttast kosningarnar. Hann hræðist kosningarnar fyrir hönd Samfylkingarinnar. Hann hræðist kosningarnar fyrir hönd stjórnarandstöðunnar. Og það er auðvitað rétt, það er skynsamlegt hjá honum vegna þess að þeim mun nær sem líður komandi alþingiskosningum, þeim mun betur munu landsmenn gera sér grein fyrir því hversu hriplek þessi stjórnarandstaða er í öllum sínum málflutningi og málatilbúnaði.

Þrátt fyrir að stjórnarandstöðunni hafi á hinu háa Alþingi við 2. umr. um fjárlagafrumvarp ríkisins tekist eftir mikið erfiði og sjö ára stred að skila sameiginlegu nefndaráliti og leggja fram sameiginlega eina tillögu, nota bene. Það er ekki bjart fram undan.

Mér finnst rétt að landsmenn og þjóðin fái að vita hvernig staðan er í raun og veru. Það er líka rétt að þjóðin fái að vita hver stefnumál þessarar stjórnarandstöðu eru. Þau stefnumál liggja ekki fyrir í tillögum við 2. umr. fjárlaga. Stjórnarandstaðan segir pass í félagsmálum. Stjórnarandstaðan segir pass í heilbrigðismálum og stjórnarandstaðan segir pass í menntamálum.

Þetta eru skilaboð stjórnarandstöðunnar og hv. þingmanna hennar til almennings í landinu. Stjórnarandstaðan segir pass. Stjórnarandstaðan er eitt stórt pass.

[16:57]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið áhugaverðar umræður sem af er degi við 2. umr. fjárlaga. Það er margt sem hægt væri að segja um þá síðustu ræðu sem haldin var hér en ég ætla að geyma það þar til ég kem inn á þau efnisatriði sem þar var um fjallað. Eitt verð ég þó að segja, virðulegi forseti, það er alveg augljóst að hv. þingmönnum ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórninni er hvellbrugðið við þá staðreynd að

stjórnarandstaðan leggur hér fram sameiginlegt nefndarálit og sameiginlegar tillögur.

Hv. þingmaður sem talaði hér áðan æpti inn í þingheim að þetta væri eftir sjö ára streð, að þá kæmi sameiginlegt nefndarálit og sameiginlegar tillögur frá stjórnarandstöðunni. Ég get upplýst hv. þingmann um það, þar sem ég tók þátt í þessari vinnu, að það tók okkur enga stund að skerpa okkur saman um sameiginlegar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið (Gripið fram í.) vegna þess að markmiðið er skýrt. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson kallar hér fram í að þetta séu engar tillögur. Ég er honum algjörlega ósammála vegna þess að kjarabætur þær sem við leggjum til í breytingartillögum við þetta fjárlagafrumvarp til eldri borgara og öryrkja þessa lands eru miklar og þetta eru góðar tillögur.

Hv. þingmenn, og formaður fjárlaganefndar ekki síst, hafa staðið í þessum stóli og kallað eftir fleiri tillögum frá stjórnarandstöðunni. Ég lít auðvitað svo á, þegar þetta ákall kemur eftir fleiri tillögum frá stjórnarandstöðunni frá formanni fjárlaganefndar, að honum hugnist svo vel sú tillaga okkar sem liggur hér fyrir um stórbætt kjör eldri borgara og öryrkja í þessu landi að hann kalli eftir fleiri tillögum. Það kemur mér alls ekki á óvart. Á morgun munum við greiða atkvæði um þá tillögu og ég geri þá ráð fyrir því að hv. þingmenn, sem eru svo hrifnir af breytingartillögum stjórnarandstöðunnar að þeir kalla eftir fleirum, hljóti að snúast á sveif með okkur og greiða atkvæði með þessum tillögum, kjósa með stórbættum kjörum eldri borgara og öryrkja, kjósa með auknum kaupmætti þessara hópa.

Síðan er auðvitað, eins og hv. formaður fjárlaganefndar veit, enn möguleiki á því að leggja fram fleiri góðar breytingartillögur. Stjórnarandstaðan er alveg til í það. Ef hv. formaður fjárlaganefndar kallar eftir fleiri góðum tillögum sem hann er tilbúinn til að samþykkja getum við að sjálfsögðu farið með honum í það verkefni. Ég þakka þá þau góðu viðbrögð sem tillöguflutningur okkar fær með þessu ákalli um fleiri tillögur og veit að stjórnarandstaðan er vel til í að hjálpa þessari ríkisstjórn enn frekar við tillögu- og fjárlagagerð.

Virðulegi forseti. Það er bara svolítið sérkennilegt að sitja undir þessu ákalli hv. formanns fjárlaganefndar eftir fleiri tillögum frá stjórnarandstöðunni þegar staðreyndin er sú að ár eftir ár hefur stjórnarandstaðan lagt fram tillögur til breytinga á frumvarpi til fjárlaga og ár eftir ár hafa þær allar verið felldar. Hver ein og einasta tillaga stjórnarandstöðunnar hefur verið felld. Frú forseti. Þeir sem hafa fylgst með fjárlagaumræðunni yfir nokkurra ára tímabil hljóta auðvitað að sjá að það vekur greinilega upp ótta hjá hv. þingmönnum stjórnarflokkanna að stjórnarandstaðan komi sameinuð til leiks með sameiginlegar tillögur við þessa 2. umr. fjárlaga. Að minnsta kosti verður þeim svo tíðrætt um þá staðreynd að hún vekur hjá þeim ugg.

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að stjórnarandstaðan leggur fram sameiginlegt nefndarálit og ekki síst sameiginlega þessar mikilvægu tillögur, þessar mikilvægu kjarabætur, og tímabæru, til eldri borgara og öryrkja þessa lands er auðvitað sú að við, þessir þrír flokkar, erum að sýna að meðal okkar ríkir þverpólitísk samstaða um þetta mál. Við leggjum slíkan þunga á málið og þess vegna er það lagt fram sem ein stór tillaga, ein raunveruleg leiðréttting, risastórt skref í leiðréttingu, á kjörum þessara hópa.

Auðvitað vonumst við til þess að hv. þingmenn sem tilheyra Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki sjái sóma sinn í því á morgun að koma með okkur í þann leiðangur að leiðrétta kjör eldri borgara og öryrkja, þess stóra hluta þeirra hópa sem ekki hafa fengið hlutdeild í kaupmáttaraukningunni sem hefur átt sér stað á undanförnum árum. Þeirra tími er einfaldlega kominn, frú forseti.

Það fjárlagafrumvarp sem hér liggur fyrir er á margan hátt mjög merkilegt vegna þess að það ber þess skýr merki að fram undan eru kosningar, ekki síst þá kannski breytingartillögurnar sem þessi meiri hluti fjárlaganefndar leggur fram. Það er auðvitað margt sem er afar gagnrýnivert og er vel farið yfir það í nefndaráliti minni hlutans. Ég ætla ekki að fara yfir það enda hefur hv. þm. Einar Már Sigurðarson gert það ágætlega fyrr í dag. Það er þó eitt sem verður að nefna þegar við ræðum fjárlög ríkisins og það eru vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar og það hvernig sá meiri hluti sem henni fylgdi á Alþingi umgengst fjárlög, hvernig vinnubrögðin öll eru í tengslum við fjárlagagerðina. Það er bara þannig, virðulegi forseti, að fjárlög eiga að gefa heildstæða mynd af stöðu og rekstri ríkissjóðs og eiga að gefa heildstæða mynd um rammann við rekstur ríkissjóðs.

Því miður er það bara ekki þannig og það er ekki hægt að fara í gegnum þessa umræðu öðruvísi en að koma inn á þau gríðarlegu frávik frá fjárlögum sem er að finna hjá fjölmörgum stofnunum. Á þetta höfum við ítrekað bent og Ríkisendurskoðun hefur líka ítrekað bent á það við fjárlög hvers árs að gríðarlega mikið sé um of- og vanáætlanir. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framgang fjárlaga fyrir árið 2005, sem út kom í sumar, kom fram að fjárlagaliðir sem hafa farið 4% fram úr heimildum og fjárlagaliðir sem eiga 4% eða meira ónýtt séu um 68% allra fjárlagaliða. Og ekki nóg með það, heldur hafa þrír fjórðu af þessum 68% farið 10% fram úr eða eiga meira en 10% ónýtt.

Þetta eru gríðarlegir fjármunir þegar saman er tekið. Þegar svona er á málum haldið og meiri hlutinn á Alþingi lætur hlutina malla með þessum hætti í gegnum árin og uppsafnaður vandi er látinn flæða á milli ára þannig að það vantar alla yfirsýn geta fjárlög ríkisins ekki verið sá skýri rammi um rekstur ríkisins sem þau eiga að vera. Það er við þessar aðstæður sem fjárlögin verða ónýtt verkfæri við stjórn efnahagsmála.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði það talsvert að umtalsefni áðan hvað stjórnarandstaðan ætti við í þessum efnum þegar hún segði að Seðlabankinn hefði einn verið látinn sjá um stjórn efnahagsmála. Það er akkúrat þetta, þetta er einn af þeim stóru þáttum sem við eigum við. Fjárlögunum er ekki beitt við stjórn efnahagsmála, eins og á að beita þeim. Það er ekki nóg með að þetta sé ónýtt verkfæri af þessari ástæðu við stjórn efnahagsmála, heldur fer þetta líka mjög á svig við fjárreiðulögin. Það er þess vegna sem Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á þetta en ekki hefur verið á það hlustað.

Ég ræddi í andsvari við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson fyrr í dag um misskiptingu. Það er bara staðreynd að í samfélagi okkar hefur misskiptingin vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum undir stjórn þeirrar ríkisstjórnar sem hér sit-

ur. Hv. þingmenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins geta ekki vikist undan þeirri staðreynd.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson var ærlegur hér í dag þegar hann greindi okkur frá því að þetta væri afleiðing þeirrar efnahagsstefnu sem rekin hefði verið og þannig væri það bara. Ég vil þess vegna spyrja hvort Framsóknarflokkurinn sé þessari stefnu sammála og hvort þarna sé talað fyrir hönd beggja þessara flokka. Við vitum vel að Sjálfstæðisflokkurinn hefur hyglt þeim sem meira eiga í samfélagi okkar og er ekkert að fela það, en Framsóknarflokkurinn verður að fara að svara því hvers vegna hann láti þetta gerast á meðan haldnar eru hátíðarræður um að Framsóknarflokkurinn sé hluti af einhverri velferðarstjórn hér á landi. Það er auðvitað með ólíkindum og það er misnotkun á hugtakinu velferð eða velferðarstjórn þegar svona er talað og staðreyndirnar blasa við. Þetta er nefnilega beinlínis rangt.

Virðulegi forseti. Þessum ágætu hv. þingmönnum verður tíðrætt um, og forsætisráðherra nefndi þetta líka í stefnuræðu sinni, hina gríðarlegu kaupmáttaraukningu sem hefur átt sér stað í samfélagi okkar. Það deilir enginn um að hér hefur orðið kaupmáttaraukning. Henni hefur hins vegar verið misskipt eins og öðru, og það ekkert smávegis. Sýnt hefur verið fram á að þeir sem hæstar hafa tekjurnar hafa fengið tæplega 80% kaupmáttaraukingu á meðan þeir sem lægstar hafa tekjurnar hafa fengið um 26,6% kaupmáttaraukningu. Efstu 10 prósentin hafa fengið það miklu meiri kaupmáttaraukningu en 10 prósentin sem koma á eftir þeim að þar munar 27 prósentustigum. Þarna birtist, frú forseti, okkur alveg gríðarleg framúrkeyrsla þar sem efstu 10 prósentin keyra mjög hratt fram úr öðrum hópum í þjóðfélaginu. Ég vil eingöngu segja, frú forseti, að ég tel það ekki kunna góðri lukku að stýra ef menn skilja stóra hópa eftir í velmegunarsamfélagi.

Sá hópur sem ég vil nefna hér að hafi verið skilinn eftir af þessari ríkisstjórn er ekki síst eldri borgarar. Ég tók saman og lýsti hlutföllum um kaupmáttaraukningu launahópa og þá finnst mér rétt að nefna hér að samkvæmt útreikningum frá Landssambandi eldri borgara um þróun kaupmáttar frá árinu 1995 til 2005 hefur kaupmáttur eldri borgara á þessu tímabili eingöngu verið 16% sem er dæmigerður fyrir lægsta þriðjunginn hjá eldri borgurum, og það er enginn smáhópur.

Frú forseti. Ég er ekki endilega að segja að allir eigi að hafa fengið akkúrat 60%. Það sem ég er að segja er að svona eigum við ekki að skilja stóra hópa eftir á meðan aðrir æða áfram í aukningu kaupmáttar. Þetta liggur fyrir okkur þegar við ræðum þessi mál, og þarna hefur stór hópur hreinlega verið skilinn eftir. Það sem er verst við það er að þessi hópur hefur ekki sömu tækifæri og aðrir vegna þess að á honum hvíla íþyngjandi lagasetningar á þá leið að ráðstöfunartekjur hans skerðast verulega, lífeyrisgreiðslur skerðast verulega ef fólk ætlar að afla sér aukatekna. Þá er öll vinna þess í raun og veru ókeypis, fólk fær ekkert út úr því. Fólki er markvisst haldið niðri með íþyngjandi lagasetningu.

Frú forseti. Það er þetta sem við í stjórnarandstöðunni erum að sýna að við viljum breyta. Við viljum ekki að stórir hópar, og þá þeir hópar sem hafa skilað ævistarfi sínu, séu skildir eftir með þessum hætti og haldið markvisst niðri með íþyngjandi lagasetningu. Það er bara engan veginn sanngjarnt. Þess vegna leggur stjórnarandstaðan fram sameiginlega tillögu í upphafi þessa þings um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Hún er niðurstaða mikillar vinnu þingmanna í þessum flokkum, Samfylkingu, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Frjálslynda flokknum, þar sem saman koma raunverulegar og góðar hugmyndir sem lengi hefur verið unnið með, og mikilvægar hugmyndir fyrir þessa hópa um stórbætt kjör þeirra.

Mér finnst, frú forseti, þess vegna dálítið sérkennilegt að sitja hér undir svona ræðum. Við höfum komið með raunverulegar tillögur um að bæta fólki það tjón sem það hefur orðið fyrir af því að búa við íþyngjandi lagasetningar héðan, af hinu háa Alþingi. Við viljum bæta þessu fólki það sem því ber og gefa því hlutdeild í kaupmáttaraukningunni sem hefur átt sér stað samfélaginu. Ég bið því hv. þingmenn ríkisstjórnarmeirihlutans sem hér sitja að ræða þessar tillögur við okkur efnislega (Gripið fram í.) í stað þess að standa hér og reyna að gera lítið úr þeim, kalla fram hér að stjórnarandstaðan hafi engar tillögur í einu eða neinu þegar hér liggja fyrir svo mikilvægar tillögur sem raunin er. Frekar óska ég eftir efnislegri umræðu en þeim sérkennilegu upphrópunum sem þeir sem hafa fylgst með umræðunni í dag hafa orðið vitni að.

Ég verð að segja, frú forseti, að mér hafa blöskrað verulega þau orð sem uppi hafa verið höfð í dag um þessa tillögu. Hér halda sumir þingmenn raunverulega að í þessum ræðustól fari menn í einhvern leik, hér sé í þingsölum leikur í gangi á milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Hér eru sett lög og staðreyndin er þessi: Lög sem hér hafa verið sett eru íþyngjandi fyrir stóra hópa. Það er þetta sem við eigum að ræða efnislega. Ég hef ekki heyrt neinn rökstuðning frá þeim hv. þingmönnum ríkisstjórnarmeirihlutans sem hér hafa talað í dag fyrir því hvers vegna þeir munu þrýsta á nei-hnappinn á morgun, eins og þeir munu væntanlega gera. Það væri meiri bragur að því ef menn kæmu hér upp og segðu skoðun sína á þessum tillögum og rökstyddu það hvernig þeir ætla að fara í atkvæðagreiðslu um þetta mál á morgun.

Virðulegi forseti. Þá finnst mér mikilvægt að fara aðeins yfir það í stuttu máli hvað felst í þeim tillögum sem við leggjum fram en segja má að grundvallaratriðið í þeirri tillögu til þingsályktunar sem stjórnarandstaðan lagði fram sameiginlega í byrjun þings sé að komið verði á svokallaðri afkomutryggingu. Til þess að hægt verði að koma henni á þarf að gera neyslugrunn, þ.e. að búa til og fara yfir hver raunveruleg framfærsluþörf lífeyrisþega er og byggja afkomutrygginguna á þeim grunni. Þá, frú forseti, munum við alltaf vera með raunverulegar tölur miðað við raunverulega þörf þessara hópa í stað þess að hæstv. ríkisstjórn geri eins og þessi nú, bjóði fólki upp á endalausa talnaleiki og blekkingar í þeim efnum og reyni að halda því fram að það hafi það betra en raunin er, þegar fólk finnur á eigin skinni hina raunverulegu stöðu.

Frú forseti. Þetta er grundvallaratriðið í tillögu okkar. Við segjum engu að síður að eftir einn mánuð og eina viku eigi eldri borgarar og öryrkjar að fá gríðarlegar kjarabætur og þeir eigi að fá þær fyrst. Meðan verið er að fara yfir hina raunverulega framfærsluþörf þeirra er mikilvægt að veita

þeim mikilvægar kjarabætur.

Í stuttu máli er í fyrsta lagi lagt til að hækka hið nýja frítekjumark sem kveður á um í yfirlýsingum á milli ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara frá því í sumar svo að bæði ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar geti unnið sér inn 900 þús. kr. á ári án þess að lífeyrir hins opinbera skerðist. Okkar tillögur eru 600 þús. kr. hærri en tillögur ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir. Þessi ríkisstjórn hefur lagt fyrir Alþingi tillögur um 300 þús. kr. frítekjumark fyrir ellilífeyrisþega. Það finnst okkur ekki nóg og við vitum — það er ekki bara að okkur finnist, heldur vitum við það — að það er ekki nóg og að auki leggjum við líka til að öryrkjar fái þetta sama frítekjumark upp að 900 þús. en þessi ríkisstjórn skilar auðu þegar kemur að frítekjumarki á atvinnutekjur öryrkja.

Í öðru lagi leggur stjórnarandstaðan til að tekjutrygging verði hækkuð upp í 85 þús. kr. fyrir ellilífeyrisþega og 86 þús. kr. fyrir örorkulífeyrisþega auk breytinga á launavísitölu frá því að samkomulagið var gert.

Í þriðja lagi er lagt til að afnumin verði með öllu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka. Þetta mál þekkja allir enda hafa fallið um það dómar og þetta er gríðarlega stórt hagsmunamál fyrir þessa hópa. Þetta er líka réttlætismál.

Í fjórða lagi er lagt til að vasapeningar þeirra sem dvelja á stofnunum hækki um helming og frítekjumark þeirra sömuleiðis.

Í fimmta lagi leggur stjórnarandstaðan til að öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á ellilífeyri.

Virðulegi forseti. Þá er að auki lagt til að skerðingarhlutföll verði minnkuð þannig að skattskyldar tekjur umfram frítekjumark skerði tekjutrygginguna eingöngu um 35% en ekki 45% eins og gert er ráð fyrir í dag eða rúm 38% eins og tillögur ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir.

Það er þetta sem okkar tillögur snúast um og það er þetta sem við viljum að hv. þingmenn ríkisstjórnarmeirihlutans ræði við okkur. Það er um þessar kjarabætur sem atkvæði verða greidd á morgun og ætli hæstv. ríkisstjórn og ríkisstjórnarmeirihlutinn og þingmenn sem tilheyra Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki hér á þingi að hafna þessum tillögum förum við fram á að þeir haldi hér í það minnsta eina ræðu þar sem sú afstaða er rökstudd. Það er lágmark að menn geri það ef þeir ætla að hafna svo mikilvægum kjarabótum fyrir eldri borgara og öryrkja sem liggja fyrir þessu þingi.

Frú forseti. Það hefur stungið mig líka í þessari umræðu, og þá ekki síst þegar talsmaður Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, hélt ræðu áðan og varð tíðrætt um það hversu mikið útgjöld til velferðarmála hefðu aukist. Það er margt sem býr að baki þeirri tölu en ég bið hv. varaformann fjárlaganefndar að tala um fólkið, fólkið á bak við þessa útgjaldaaukningu en ekki eingöngu rýna í hana sjálfa. Á bak við allar þær tölur sem um ræðir í þessu fjárlagafrumvarpi og ekki síst í köflum sem snúa að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er fólk og það er ekki hægt að afgreiða fólk sem býr við mismunandi aðstæður í okkar samfélagi, gríðarlega mismunandi kjör eins og fram hefur komið, með einni summu upp á tvo tugi milljarða í útgjaldaaukningu og afgreiða málið þannig út af borðinu að ekki þurfi að ræða kjör þess. Það er bara ekki hægt. Og það er ekki boðlegt, frú forseti. Lífið er ekki meðaltal og íslenskt samfélag er ekkert meðaltal, við þurfum að ræða raunveruleikann eins og hann er í stað þess að slá upp meðaltalsmyndum og halda því svo fram í framhaldinu af því að hér hafi það allir ofboðslega gott þegar við vitum að það er ekki þannig. Ég bið menn í þessum umræðum um að tala um raunveruleikann eins og hann er og viðurkenna að hér búa menn við mismunandi aðstæður og mismunandi kjör.

Ég verð bara að viðurkenna það, frú forseti, að ég hef pínulitlar áhyggjur eftir að hafa heyrt þá tvo ágætu menn sem hafa talað hér fyrir hönd Framsóknarflokksins, bæði formann fjárlaganefndar, hv. þm. Birki Jón Jónsson og síðan hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson, af því hversu mikil firring þeirra er. Ég veit ekki í hvaða veruleika þeir búa þegar þeir slá upp glansmyndum af samfélaginu sem venjulegt fólk sér ekki í sínu daglega lífi og það, frú forseti, veldur mér áhyggjum.

Áður en ég yfirgef kaflann um lífeyrismálin vil ég koma inn á það sem hv. þingmaður og formaður fjárlaganefndar sagði áðan í andsvari, að kjarabætur til handa eldri borgurum og öryrkjum væru löng ganga. Ég bendi hv. formanni fjárlaganefndar á að gangan er ekki lengri en svo að ganga inn í þingsal á morgun og greiða atkvæði með tillögum stjórnarandstöðunnar um kjarabætur til þessara hópa. Hann veit það jafn vel og við að þetta rúmast innan ramma fjárlaganna með þeim tekjutillögum sem við höfum einnig lagt fram og í stað þess að hefja einhverja langa göngu sem hann boðaði í dag hvet ég hann til að trítla inn í þingsal á morgun og greiða þessu atkvæði. Það er ekki flóknara en svo.

Frú forseti. Það eru fleiri atriði í þessu fjárlagafrumvarpi sem við verðum að ræða. Það er ekki hægt að fara í gegnum þessa umræðu án þess að fara nokkuð í gegnum skólamálin, þ.e. þau skólastig sem ríkisvaldið rekur, framhaldsskólann og háskólann. Það varð mörgum mikið áfall þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram og það kom fram að fjölgun 800 ársnemenda inn í framhaldsskólana ætti að fylgja 500 millj. kr. rekstrarframlag. Þegar lesið er örlítið lengra kemur fram að á móti er gerð 300 millj. kr. aðhaldskrafa og er henni skipt á milli skólanna með breytingum á forsendu líkansins með því að hækka hópviðmið faglegra áfanga og tölvunámsáfanga úr 15 í 18. Síðan eru nefnd fleiri atriði sem á að gera breytingar á í reiknilíkani.

Virðulegi forseti. Það er ekki að undra að menn hafi fengið nokkurt áfall. Við vitum að við höfum ekki lagt nægja fjármuni til framhaldsskólanna. Þegar við ræddum á síðasta ári fjárlögin fyrir þetta ár ályktaði stjórn Félags framhaldsskólakennara um fjárveitingar til framhaldsskólanna og fjárhagsstöðu þeirra og það var mjög merk ályktun vegna þess að hún var skýr og skorinorð þar sem félagið gagnrýndi stjórnvöld mjög harðlega fyrir að vanáætla gróflega, eins og þar er sagt, og markvisst fjárveitingar til framhaldsskóla hvað varðar nemenda- og heildarfjárþörf. Í þeirri ályktun var rakið í mjög skýru máli að framlög á fjárlögum vegna nemendafjölda í framhaldsskólunum hefðu verið vanáætluð og síðan hafi verið gripið til þess ráðs í fjáraukalögunum að bæta þennan skort upp en það hafi þó aldrei

náðst fyllilega.

Þetta, frú forseti, var gagnrýnt mjög í þessari ályktun frá því á síðasta ári þegar við vorum að vinna með fjárlögin fyrir þetta ár. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld hafa brugðist við þessari árlegu vanáætlun á nemendafjölda og heildarfjárþörf framhaldsskóla með því að sækja um viðbótarframlög í fjáraukalagafrumvörpum, sem hrökkva þó hvergi til.“

Þetta voru skilaboðin á síðasta ári. Í þessari ályktun var líka annað sagt, með leyfi forseta:

„Það hriktir í undirstöðum margra framhaldsskóla vegna erfiðs rekstrarumhverfis sem forsendur reiknilíkansins taka ekki tillit til. Af þessum sökum hefur námsframboð margra skóla orðið einhæfara.“

Þetta var gríðarlega hörð gagnrýni og hún var vegna vinnubragða menntamálaráðuneytisins. Það vanáætlaði á síðasta ári fyrir fjárlagaárið í ár með markvissum og skipulegum hætti nemendafjölda inn í framhaldsskólana, kom síðan með upphæð inn í fjáraukalög og nákvæmlega það sama gerðist í ár.

Stjórnarandstaðan lagði til við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári 250 millj. kr. hækkun til framhaldsskólanna til þess að mæta nemendafjölgun. Sá þingmeirihluti sem hér situr felldi þær tillögur en kom núna með nákvæmlega sömu upphæð inn í fjáraukalögin. Það var vitað að þetta þyrfti til en í leik sínum með fjárlögin hentaði það þessari ríkisstjórn ekki að sýna raunveruleikann eins og hann er við gerð fjárlaganna fyrir þetta ár.

Virðulegi forseti. Ég nefni þetta hér vegna þess að eins og ég kom inn á áðan ákveður í ár þessi ríkisstjórn og menntamálaráðuneytið að fara aðra leið. Í stað þess að fá aftur á sig svona harða gagnrýni um vandræðalegar vanáætlanir sem eru fyrirséðar ákveður hæstv. menntamálaráðherra að samþykkja það að hér sé lagt fyrir fjárlagafrumvarp þar sem 800 nemenda fjölgun á milli ára er viðurkennd og að þeim eigi að fylgja 500 millj. kr. hækkun en aðhaldskrafa veldur því að dregnar eru til baka 300 millj. þar af. Því var auðvitað mótmælt hástöfum innan fjárlaganefndar. Meiri hluti fjárlaganefndar má eiga það að hann mótmælti þessu einnig og veit ég að hv. formaður fjárlaganefndar lét í sér heyra hvað þau mál varðaði, og er vel. Niðurstaðan af því varð sú að komið var inn með breytingartillögu upp á 250 millj., þ.e. það á að skila til baka 250 millj. af 300 millj. kr. skerðingu. Eftir standa 50 millj. Framhaldsskólinn er skertur í ár um 50 millj. Svörin sem við fengum við því hvernig það kæmi niður á skólunum var þessi: Þetta mun koma niður á stóru bóknámsskólunum. Þar höfum við svarið við því, frú forseti. Það hefur verið tekin pólitísk ákvörðun um að skerða framlög til stóru bóknámsskólanna á framhaldsskólastigi.

Frú forseti. Þetta hljóta að vera mjög vond tíðindi vegna þess að hér er verið að beita nokkru sem ég vildi gjarnan fá að kalla sjokkmeðferð að því leyti að skerðingunni er dembt á menn í upphafi og svo verða allir svo fegnir þegar búið er að skila einhverju af henni til baka að upp gufar sú mikilvæga umræða sem þarf að fara fram um reiknilíkanið sem á að nota til útdeilingu fjármagns, alla gallana sem eru á því og hvernig það er í rauninni. Í stað þess að vera reiknilíkan er það orðið að deililíkani, útdeililíkani. Reiknilíkan á auðvitað að reikna og sýna raunverulega fjárþörf og síðan eiga fjárframlög að fara eftir því. Það reiknilíkan sem hér er verið að nota er hins vegar notað til að deila út. Almennileg reiknilíkön eru ekki notuð þannig. Þá er líka rangnefni að kalla þetta reiknilíkan. Þá á bara að kalla þetta deililíkan. Hvað er það fyrsta sem menn gera eins og í þessu fjárlagafrumvarpi? Það er að leggja til breytingar á reiknilíkaninu til að skila skerðingunni inn í framhaldsskólana.

Frú forseti. Við hljótum að mótmæla þessum vinnubrögðum og þó að þessi ríkisstjórn og hæstv. menntamálaráðherra hafi ákveðið að beita sjokkmeðferðinni á fólk til að þagga niður umræðuna um hið meingallaða reiknilíkan kemst hún ekki undan því, frú forseti, að þurfa að taka þetta reiknilíkan upp fyrr en síðar.

Við erum að tala um gríðarlega mikilvægt skólastig og þetta er alls ekki boðlegt. Skólarnir geta ekki búið við óbreytt ástand. Þegar reiknilíkanið var sett á var það hugsað til þess að skólarnir gætu raunverulega gert áætlanir fram í tímann og hefðu fastan grunn til að gera áætlanir út frá.

Ef þessi ríkisstjórn og þessi hæstv. menntamálaráðherra sem nú situr ætlar núna á hverju einasta ári að nota reiknilíkanið til að dreifa skerðingum til framhaldsskólanna geta menn og þessir skólar náttúrlega gleymt því að hér sér eitthvert reiknilíkan. Þá er búið að eyðileggja það. Og ekki var það beysið fyrir.

Frú forseti. Ég mótmæli svona leikjum og boða það að við munum halda áfram að hvetja til þess að þetta reiknilíkan verði endurskoðað.

Það eru fjölmörg önnur mál á sviði skólamála, þá ekki síst á sviði háskólamála, sem ég vildi líka ræða hér en mun gera síðar við þessa umræðu. Ég segi bara stuttlega að mér þykir vægast sagt sérkennilegt hver afstaða menntamálayfirvalda er gagnvart skólakerfinu, háskólakerfinu og framhaldsskólakerfinu. Mér finnst vont ef hæstv. menntamálaráðherra sér það sem sinn helsta tilgang að vera í einhverju áróðursstríði í fjölmiðlum fyrir því að hér hafi framlög til háskólastigs eða framhaldsskólastigs víst hækkað þegar verkefni menntamálaráðherra á að vera að sækja fram fyrir hönd þessara skóla. Nei, frú forseti, hér er bara status quo og einu framlögin sem koma inn í háskólana núna eru vegna nemendafjölgunar. Þau eru ekki til að sækja fram í gæðum námsins. Þetta hefur komið skýrt fram og við höfum rætt ótal sinnum í þessum stóli þær skýrslur sem komu t.d. fram um Háskóla Íslands á síðasta ári. Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluúttekt á stöðu Háskóla Íslands og hin úttektin sem gerð var var á vegum European University Association. Þessar skýrslur sögðu í stuttu máli þetta: Háskóli Íslands er búinn að aðlaga sig eins og hann getur að þeim fjárhagsramma sem honum er gefinn. Þetta er góður skóli, gæðin í náminu og kennslunni eru mikil en ef hann þarf að laga sig enn frekar að þrengdum fjárhagsramma eða þá ef fjárhagsramminn þrengist enn frekar byrjar það að bitna á gæðum námsins.

Frú forseti. Ég vil fá að heyra hvað menntamálayfirvöld ætla að gera í þessu. Það kemur aldrei fram. Í staðinn sér hæstv. menntamálaráðherra það sem sitt helsta verkefni að reyna að slá ryki í augun á fólki, að komast hjá umræðunni með því að leggja metnað sinn í einhverja talnaleiki þegar

niðurstaðan er bara sú að framlögin hafa ekkert aukist umfram nemendafjölgun. Það er bara staðreynd sem við verðum að horfast í augu við. Nýjustu niðurstöður OECD sýna að við erum í 21. sæti OECD-ríkjanna yfir framlög til háskólastigsins og því 19. til framhaldsskólastigsins.

Frú forseti. Þetta finnst mér mikilvægt að fram komi hér og ég brýni menn í að hugsa betur um skólana, hætta þessum talnaleik og fara að hugsa um hvernig við sjáum þessa skóla og hvernig við ætlum að sækja fram með þessa skóla til framtíðar. Við vitum vel að við þurfum að ráðast í breytingar á framhaldsskólanum þannig að við komum í veg fyrir það mikla brottfall sem er í íslenskum framhaldsskólum. Hann þarf að verða sveigjanlegri og aðgengilegri fyrir bæði þá sem hafa horfið frá námi og líka þá sem ekki finna sig í framhaldsskólunum eins og þeir eru í dag.

Þetta er verkefnið, virðulegi forseti, ekki að eyða endalausum tíma í það hvernig við ætlum að breyta reiknilíkaninu til þess að það henti fjárhagsrammanum. Það á ekki að vera verkefnið. Verkefnið á að vera hvernig við gerum framhaldsskólann sveigjanlegri og aðgengilegri fyrir þá hópa sem hann gagnast ekki í dag.

Það væri hægt að halda hér langa ræðu um einmitt þetta mál. Ég ætla að koma að nokkrum fleiri þáttum áður en ég lýk máli mínu. Þar nefni ég að í þessu fjárlagafrumvarpi og breytingartillögum frá meiri hluta fjárlaganefndar er lögð til lækkun á áætlun á framlagi til Fæðingarorlofssjóðs. Mér finnst rétt að ræða það hér. Þetta er ekki há upphæð, 200 millj., en við þessa fjárlagaumræðu er mikilvægt að það komi fram hvers vegna menn gera þetta. Ég lít svo á að fæðingarorlofsfrumvarpið sé eitt merkilegasta frumvarpið sem komið hefur lengi fyrir þetta þing. Staðreyndin er hins vegar sú að þessi ríkisstjórn er á góðri leið með að eyðileggja þessi góðu fæðingarorlofslög.

Þetta segi ég vegna þess að á vordögum 2004 þegar þessi lög voru búin að vera í gildi í fjögur ár og nýkomin til framkvæmda að fullu kom þessi hæstv. ríkisstjórn fram með breytingartillögur til þess að koma böndum á útgjöld sjóðsins. Núna hefur sýnt sig að þessar breytingartillögur eru á góðri leið með að eyðileggja þessi ágætu lög. Þetta segi ég vegna þess að þegar breytingarnar voru gerðar var í fyrsta lagi farið í að breyta viðmiðununum, þ.e. tekjuviðmiðunartímabili tekna, þannig að í staðinn fyrir að vera 12 mánuðir samfleytt frá því að fæðingarorlof er tekið og aftur fyrir, og síðan meðaltal af því og 80%, fóru menn í það að taka tvö síðustu skattaár. Þannig var tekið mið af síðustu tveimur stimpluðu skattframtölum.

Þetta hefur, frú forseti, leitt til þess að viðmiðunartíminn getur verið allt frá 24 mánuðum upp í 36 mánuði eftir því hvenær ársins barnið er fætt. Þetta er auðvitað í eðli sínu ranglátt og líka að þarna er viðmiðunartímabilið orðið allt of langt. Þetta kemur sér illa fyrir þá sem hafa verið í námi, eru nýkomnir úr námi. Það er líka oft mikið launaskrið hjá ungu fólki sem er að koma sér upp fjölskyldu og er nýkomið frá námi.

Þetta kemur líka mjög harkalega niður á fjölskyldum þar sem stutt er á milli barneigna. Þetta þýðir í raun og veru að fæðist fjölskyldu barn í október 2006 og annað barn í desember árið 2008, þá er hluti af viðmiðunum með barninu árið 2008, af tekjuviðmiðunum, frá árinu 2004 og 2005. Þetta veldur auðvitað því að það er ekki lengur verið að miða við 80% af tekjum fólks. Það átti að vera þannig en sú er ekki raunin í dag. Ég vil benda á það við þessa umræðu að ég hef, ásamt fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar, lagt fram breytingartillögur við fæðingar- og foreldraorlof þar sem á þessu er tekið vegna þess að þetta gengur ekki og þetta breytir að sjálfsögðu upphaflegum markmiðum fæðingarorlofslaganna. Menn verða að horfast í augu við það. En þetta, frú forseti, fannst mér rétt að minnast á hér þar sem verið er að leggja til lækkun á fæðingarorlofssjóði, þetta er ástæðan fyrir því.

Í lokin, frú forseti, verð ég að nefna mál sem er mjög mikilvægt að hér sé tekið upp en það er vaxtabótakerfið. Í fjárlagafrumvarpinu boðar ríkisstjórnin 430 millj. kr. aukningu á framlögum vegna vaxtabóta í frumvarpinu. Í því sambandi finnst mér rétt og mikilvægt að benda á að þrátt fyrir að þetta hljómi eins og um háar upphæðir sé að ræða er staðreyndin hins vegar sú að allt þetta kjörtímabil hefur ríkisstjórnin markvisst verið að skerða vaxtabætur og það hafa verið notaðar ótrúlegustu æfingar til þess. Sem dæmi um það má nefna að árin 2003 og 2004 miðuðust vaxtabætur við 7% af eftirstöðvum skulda. Árið 2005 lækkuðu bæturnar niður í 5,5% og síðan í 5% á þessu ári. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á að stíga hálft skref til baka og miða við 6%.

Í öðru lagi voru einungis greidd út 90% af hámarksupphæð vaxtabóta árið 2004 og 95% árið 2005 og síðan í þriðja lagi og ekki síst, frú forseti, þá hefur húsnæðisverð hækkað mjög mikið á þessum tíma og langtum meira en eignaviðmið til útreiknings vaxtabóta, sem stóð í stað milli áranna 2005 og 2006.

Frú forseti. Þetta hefur leitt til þess að þrátt fyrir að hér sé boðuð 400 millj. kr. hækkun til vaxtabóta þá er það að krónutölu 226 millj. kr. lægra en það var árið 2003, þannig að á yfirstandandi kjörtímabili hafa vaxtabætur markvisst verið skornar niður um 226 millj. að krónutölu. Sé þetta reiknað á fast verðlag í september þá eru þetta 1,4 milljarðar sem munar núna í ár og verður rétt tæplega milljarður á næsta ári miðað við þetta fjárlagafrumvarp.

Frú forseti. Þessu höfum við ítrekað mótmælt og halda menn að fólk sjái ekki í gegnum þessi vinnubrögð? Það er markvisst skorið niður á annan milljarð allt kjörtímabilið. Þegar svo kemur að kosningum er einhverju örlitlu skilað til baka og það eru kallaðar stórhækkanir inn í vaxtabótakerfið. Þvílík della, frú forseti, leyfi ég mér að segja. Þetta er auðvitað ekki bjóðandi. Að því samanlögðu hvernig farið hefur verið með vaxtabótakerfið og fæðingarorlofskerfið þá vil ég leyfa mér að spyrja hv. þingmenn Framsóknarflokksins hvort þetta sé fjölskyldustefnan sem Halldór Ásgrímsson boðaði og setti heila nefnd í þegar hann var forsætisráðherra. Maður hlýtur að spyrja sig að því. Eru þetta tillögur frá fjölskyldunefndinni sem ekkert hefur heyrst í annað en umræðan um skólabúningana? Og hvers vegna talaði fjölskyldunefndin um skólabúninga? Það var vegna þess að hún var farin að sjá og vissi af því að misskiptingin sem átt hefur sér stað á undanförnum árum var farin að sjást á börnum í skólum landsins. Þess vegna er umræðan um skólabúninga, eins og formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur ítrekað bent á, birtingar-

mynd misskiptingarinnar. En ég leyfi mér að spyrja, frú forseti, hvort þessar tillögur, þ.e. skerðingar á fæðingarorlofinu og skerðingar á vaxtabótakerfinu séu komnar úr smiðju fjölskyldunefndar Framsóknarflokksins. Því það er auðvitað komið nóg af þannig pólitík að hér sé blásið í endalausa herlúðra, settar á laggirnar nefndir á blaðamannafundum og á sama tíma gerist svo ekki neitt nema skerðingar, eins og í þessu tilfelli.

Frú forseti. Aðeins um vaxtabæturnar í lokin. Fyrir þinginu liggur frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt sem snýst um vaxtabætur. Það varðar hið einangraða mál sem snýr að afleiðingum þeirrar miklu hækkunar sem hefur orðið á fasteignaverði sem er farið langt umfram eignaviðmiðið sem er notað til útreiknings vaxtabóta. Ríkisstjórnin kemur með tillögur inn í þingið um úrbætur í þeim efnum sem eru tillögur sem ASÍ hafnaði í sumar. Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í sumar lofaði ríkisstjórnin að leiðrétta skerðinguna vegna þess að þúsundir heimila urðu fyrir barðinu á þessari skerðingu á árinu. Þúsundir heimila fengu engar vaxtabætur í ár. Ríkisstjórnin lofaði að skila því til baka, en hvað kemur hún með inn í þingið? Hún kemur með tillögur sem ASÍ hafnaði í sumar. Í yfirlýsingu hennar eru jafnframt gefin fyrirheit um að haft verði náið samráð við ASÍ um útfærslu leiðréttinganna.

Nei, frú forseti. Það var ekki haft samráð og það er alveg ljóst að þegar það frumvarp verður orðið að lögum munu ekki nærri því allir sem sitja nú heima og bíða eftir vaxtabótunum sem þeim var lofað, fá þær. Það er mjög alvarlegt mál að mínu mati vegna þess að hér er kastað til hendinni, slumpað á einhverja 25% tölu í stað þess að skoða þessa hópa. Það er eins og menn hafi ekki nennt að fara í þá vinnu og það er mjög erfitt að fá upplýsingar um það hvernig fólk mundi koma út úr þessum skerðingum, hversu margir misstu bæturnar algerlega, hversu margir urðu fyrir skerðingum og hversu miklum. Ég vil, frú forseti, nota orðið að harma um þessi vinnubrögð vegna þess að þetta mun hafa mikil áhrif á fjölmargar fjölskyldur. Ég hvet ríkisstjórnina til að endurskoða þetta þannig að tryggt verði að þær fjölskyldur sem sitja eftir og bíða eftir þeim vaxtabótum sem þeim var lofað fái þær allar, ekki bara hluta af þeim. Annars má segja að það verði ansi köld og gödduð jólagjöf, jólagjöf alsett göddum sem ríkisstjórnin sendir þeim heimilum nú rétt fyrir jól.

Frú forseti. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar þá hefur hv. formaður fjárlaganefndar kallað á fleiri breytingartillögur frá stjórnarandstöðunni. Okkur er ljúft og skylt að hjálpa honum með því að laga þetta frumvarp óski hann sérstaklega eftir því milli 2. og 3. umr.

Í lokin vil ég segja þetta, frú forseti: Þessi ríkisstjórn á bara tíma til 12. maí. Eftir þann tíma er ég alveg sannfærð um að hér mun taka við raunveruleg velferðarstjórn. (Gripið fram í.) Þá verða væntanlega ýmsir nýir í stjórnarandstöðunni.

Frú forseti. Að endingu vil ég hvetja menn til að stíga þau skref með okkur á morgun þegar greidd verða atkvæði um þessar tillögur, að stórbæta lífskjör eldri borgara af myndarskap. Því eins og ég sagði í ræðu minni áðan þá er það lagasetning héðan sem heldur þessu fólki niðri, sem heldur stórum hópum fólks niðri og það er það sem við þurfum að leiðrétta. Fyrst þurfum við að bæta kjör þeirra allverulega og fara svo í vinnu við að endurskoða almannatryggingakerfið algerlega frá grunni svo það hætti að íþyngja þeim sem þess eiga að njóta.

[17:56]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður fór hörðum orðum um framkvæmd fjárlaga. Mér fannst hv. þingmaður tala óvarlega. Það er vissulega svo að á hverju ári er mikið vandamál varðandi framkvæmd fjárlaga, mjög margar stofnanir eiga í erfiðleikum með það.

Stærsti vandinn á þessu ári og sá mesti við að glíma var Landspítali – háskólasjúkrahús. Þess vegna verðum við með við lokaafgreiðslu fjáraukalaga einn milljarð kr. til þeirrar stofnunar til að taka niður þann halla sem hefur orðið á árinu. Þetta er stærsti hallinn. Við erum líka með fleiri tillögur við 3. umr. fjárlaga sem koma inn á einar 20–30 heilbrigðisstofnanir, en heilbrigðisstofnanir hafa átt í miklum erfiðleikum á þessu ári. Það er ekki síst vegna þeirra launabreytinga sem áttu sér stað á árinu og í lok síðasta árs, þegar borgarstjórinn í Reykjavík stóð fyrir því að hækka laun umönnunarstétta, sem áttu að heita svo, hækka laun sem gengu upp allan launastigann eins og sjá má alls staðar hvar sem menn vilja skoða það, menn geta t.d. skoðað heimasíðu Eflingar, þar kemur það mjög skýrt fram. Þetta olli okkur miklum erfiðleikum og margt fleira sem við erum að reyna að eiga við á hverju ári og tekst í mörgum tilfellum þó að víða sé alltaf pottur brotinn, það er alveg hárrétt. En ég held að hv. þingmaður hafi farið heldur geyst með stóryrðum sínum um þessa hluti.

Þingmaðurinn sagði líka að ríkisstjórnin hefði gersamlega brugðist við að nota fjárlögin til að stýra efnahagsmálunum og benti þá enn og aftur á Seðlabankann. Ég spyr enn og aftur: Hvað er það sem ríkisstjórnin átti að gera til að stjórna efnahagsmálunum? Átti hún að fara að tillögum Seðlabankans um að skera niður kaupmátt Íslendinga? Var ríkisstjórnin að gera rangt í því að fara ekki að tillögum Seðlabankans um þetta? Ég vildu mjög gjarnan heyra svar hv. þingmanns.

[17:58]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo við komum að þessu síðasta, hvað átti að gera. Það sem ég sagði í ræðu minni og það sem ég sagði líka í ræðu minni við 2. umr. um fjáraukalög, var að of- og vanáætlanir ríkisstjórnarinnar hafa valdið því að á milli ára flæða fjármunir sem hafa þau áhrif að fjárlögin eru ekki sá skýri rammi sem þau eiga að vera vegna þess að ríkisstjórnin hefur látið það óátalið að svo sé. Þetta eru miklir fjármunir sem þarna flæða á milli ára þannig að fjárlögin eru ekki lengur sá skýri rammi og það skarpa tæki sem þau eiga að vera við stjórn efnahagsmála, ef allt væri eðlilegt. Það er ekki aðeins stjórnarandstaðan sem hefur gagnrýnt þetta, Ríkisendurskoðun hefur líka gagnrýnt þetta.

Frú forseti. Hv. þingmanni var líka tíðrætt um það hvað það væri sem við gagnrýndum varðandi framkvæmd fjárlaga. Það er akkúrat þetta atriði sem ég var að nefna hér og þetta eru ekki fáir liðir sem eru of- eða vanáætlaðir. Það eru

68% allra fjárlagaliða, sem eru of- eða vanáætlaðir um 4% eða meira samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í sumar.

Virðulegi forseti. Þetta eru staðreyndir sem við höfum farið yfir og þegar svo margir fjárlagaliðir eru annaðhvort of- eða vanáætlaðir þá hlýtur það að hafa áhrif á það hvaða vigt fjárlögin hafa við stjórn efnahagsmála. Þetta verður að laga. Þetta höfum við gagnrýnt ár eftir ár og ekki bara við heldur líka ríkisendurskoðandi.

[18:01]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að það eru mjög margir liðir í ríkisútgjöldunum sem ekki eru á áætlun, bæði of og van. En hv. þingmaður fer með himinskautum í ruglinu þegar hún segir að það valdi þenslu að skilja eftir 20 milljörðum meira en umframeyðslan var. (Gripið fram í.) Það var 20 milljörðum meira eftir inni en keyrt var út af. Hv. þingmaður virðist bara alls ekki hafa lesið þetta. Eða heldur hv. þingmaður að 20 milljarða inneign hjá ríkisstofnunum hafi valdið þenslu í efnahagslífinu?

Nei, nú gengur alveg fram af mér af ruglinu, og hef ég heyrt ýmislegt bull áður, að það sé ástæðan fyrir því að ríkið hefur ekki getað valdið því, eins og Seðlabankinn segir, að stjórna efnahagsmálum vegna þess 20 milljörðum minna var eytt af fjárveitingunum, það eru 20 milljarðar umfram. Þar fara menn algjörlega villir vegar.

Ég spyr hv. þingmann aftur: Undir hvað vildi stjórnarandstaðan taka hjá Seðlabankanum? Hvað átti að skera niður í ríkisútgjöldunum? Átti að standa vörð um það og passa upp á, eins og Seðlabankinn hefur sagt, að kaupmátturinn yxi ekki svona mikið? Það var gagnrýnin frá Seðlabankanum. Tekur stjórnarandstaðan undir það og hvar átti að skera niður? Átti að skera niður heilbrigðismálin? Átti að skera niður menntamálin, félagsmálin, samgöngumálin o.s.frv.?

Í fullri vinsemd, hv. þingmaður, segðu mér hvað átti ríkisstjórnin að gera? Þú hefur ekki minnst á það einu einasta orði enn þá. Það var eytt 20 milljörðum minna en fjárlögin voru, ekki meira. Því miður, þú fórst með algjörlega rangt mál. (Forseti hringir.)

[18:03]

**Forseti (Birgir Ármannsson)**:

Forseti vill árétta að samkvæmt þingsköpum ber þingmönnum að ávarpa forseta en ekki einstaka aðra hv. þingmenn.

[18:03]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasta andsvar hv. þingmanns var náttúrlega með ólíkindum, nema hann sé að gera sér það að leik að snúa út úr orðum mínum, bæði í andsvari og líka í þeim ræðum sem ég hef flutt um þetta mál, bæði í umræðu um fjáraukalög og fleiri atriði.

Einn þáttur þess sem ég er að gagnrýna og sem er birtingarmynd óstjórnar ríkisstjórnarinnar í umgengni um fjárlögin eru þessar of- og vanáætlanir, skipulögðu of- og vanáætlanir. Auðvitað hefur það áhrif þegar tugir milljarða flæða á milli ára. (**EOK:** Ekki ...) Herra forseti. Auðvitað hefur það áhrif þegar tugir milljarða flæða á milli ára og menn eru gjörsamlega búnir að missa yfirsýnina á þá raunverulegu heildarmynd sem fjárlög eiga að gefa. Menn hafa enga yfirsýn lengur vegna þess að þeir hafa leyft slíkum vinnubrögðum að malla ár eftir ár. Ætlar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að segja mér að það geti ekki haft áhrif ef tugir milljarða eru látnir flæða milli ára hjá stofnunum. (**EOK:** Og 20 milljarðar skildir eftir?)

Virðulegi forseti. Hv. þingmanni er órótt þegar ég bendi á þá staðreynd að ríkisstjórninni hefur algerlega mistekist. Hún hefur misst fjárlagagerðina algerlega úr böndunum. Við erum með mjög mörg dæmi um það og harða gagnrýni frá Ríkisendurskoðun á framkvæmd fjárlaga. Ríkisstjórnin hefur fullkomlega misst tökin á efnahagsmálum. Við erum með hæstu vexti í heimi, við erum með mesta viðskiptahalla sem þekkist (Forseti hringir.) og er líklega heimsmet. Við höfum búið við verðbólgu (Forseti hringir.) sem við höfum ekki séð í langa tíð, þó að hún sé að fara niður nú, (Forseti hringir.) allt of lengi.

[18:05]

**Þuríður Backman**:

Hæstv. forseti. Í dag höfum við rætt um fjárlög íslenska ríkisins og fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2007. Framsögumenn stjórnar og stjórnarandstöðu hafa gert grein fyrir áherslum ríkisstjórnarinnar og sameiginlegu nefndaráliti stjórnarandstöðunnar og þeim breytingartillögum sem stjórnarandstaðan leggur fram.

Ég ætla ekki að fara mjög djúpt í þær tillögur en vil þó segja að ég tel að að þessu sinni, eins og kannski oft áður en þó kannski sérstaklega þessa dagana, séu þær blikur á lofti að það hljóti að vera erfitt fyrir fjárlaganefnd og ríkisstjórn að standa að fjárlagagerð næsta árs. Svo margar blikur eru á lofti sem hljóta að gera allan grunn að ábyrgri fjárlagagerð fyrir árið 2007 í mjög lausu lofti, sama hversu menn vilja vanda sig og vera ábyrgir í vinnu sinni. Stjórn efnahagsmála er þannig háttað um þessar mundir hvað varðar stöðu íslensku krónunnar undanfarna daga, hvað varðar skuldastöðu þjóðarbúsins, hvað varðar þá háu vexti sem hér eru, þá er svo margt í umhverfi okkar sem þolir ekki meira, sem komið er alveg að ýtrustu mörkum. Við þessar aðstæður má lítið út af bregða svo ekki verði kollsteypa eða þær blikur á lofti sem geta komið á röð atburða sem geta valdið miklu efnahagslegu tjóni, bæði fyrir ríkissjóð og ekki síður fyrir fyrirtækin í landinu.

Varað er við áframhaldandi spennu á íslenskum vinnumarkaði og í íslensku efnahagslífi. Fremstur í flokki þar hefur verið Seðlabankinn sem ber að vakta efnahagsstjórnina og efnahagslífið og vera til leiðbeiningar um hvernig halda eigi verðbólgu innan ákveðinna marka, sem er 2,5%, og er sá aðili sem á að gefa ríkisstjórninni leiðbeiningar.

Nú eru blikur á lofti. Ekki hefur verið farið að ráðum Seðlabankans allt undanfarið ár og undanfarin tvö, þrjú ár þar sem Seðlabankinn hefur varað við því að fara út í miklar framkvæmdir eða miklar fjárfestingar og ef þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar, stóriðjustefnu og framkvæmdastefnu á öllum stigum, verður fylgt, að fara þá mjög varlega hvað varðar ríkisútgjöld og hefur Seðlabankinn lagt til að dregið

verði saman í opinberum rekstri, bæði í þjónustu og framkvæmdum.

Hæstv. forseti. Ekki hefði ég getað ráðlagt hæstv. ríkisstjórn svo nokkru nemi hvar draga ætti saman í opinberum rekstri. Svo margar stofnanir hafa nú verið færðar frá hinu opinbera og yfir í einkarekstur eða komið af höndum ríkisins að það sem eftir er eru stofnanir sem ég tel að við séum að mestu sammála um að eigi að vera í ríkisrekstri eða eigu hins opinbera og því erfitt að sjá hvar þar eigi að draga saman. En það sem augljóslega er hægt að gera og hefði átt að horfa á fyrir þremur árum var að horfa á þær framkvæmdir sem segja má að hafi verið kveikjan að því þensluástandi sem ríkir í dag, þ.e. þegar ríkisstjórnin og meiri hlutinn á hv. Alþingi tók þá ákvörðun að fara í stærstu framkvæmd Íslandssögunnar, mestu byggðaáætlun allra tíma eða stórframkvæmdirnar fyrir austan. Bara við að það lá í loftinu að af þessu gæti hugsanlega orðið var alveg nóg til að koma af stað bylgju væntinga og svo mikilli bjartsýni að menn fóru í raun og veru fram úr sér. Þegar svo við bættist að bankarnir opnuðu sjóði sína fyrir húsbyggjendum og lánuðu ótæpilega varð þetta eins og bensín á eld, eins og við þekkjum öll, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem rokið hafa upp heilu hverfin. Sagt er að stór hluti þeirra sem vinna við byggingar þessara húsa núna séu erlendir verkamenn sem hingað hafa komið til að gera gullgrafaraæðið framkvæmanlegt.

Það er erfitt að snúa til baka. En því miður verður segja, og það er rétt að það komi hér fram, að næsta ár getur líka orðið erfitt fyrir marga fjölskylduna þar sem lánin voru svo auðfengin og margir hafa eflaust í bjartsýni farið í meiri fjárfestingar en þeir raunverulega réðu við.

Blikur eru á lofti hvað varðar launaþróun í landinu. Það eru líka blikur á lofti hvað varðar áframhaldandi háa vexti af þeim lánum sem íbúðareigendur hafa tekið og það má lítið út af bregða til að fólk missi ekki þær eignir sínar eða þann hluta í þeim sem þeir hafa þegar fjárfest í. Það er því erfitt að afgreiða fjárlög við þessar aðstæður. Segja má að kannski sé það heimatilbúinn vandi hjá núverandi ríkisstjórn að hafa komið sér í þessar aðstæður en svona liggur landið fyrir okkur sem vinnum að fjárlagagerðinni fyrir næsta ár.

Varað er við öllum hugmyndum um frekari stóriðju. Það eru kannski háværustu aðvörunarorð Seðlabankans, og annarra sem fylgjast með íslensku efnahagslífi, að við þolum ekki frekari eða meiri spennu á því sviði. Þetta eru svo stórar framkvæmdir að það verður að taka þær alveg sérstaklega út.

Það er ekki hægt að líkja stóriðjuframkvæmdum við neitt annað. Þær eru alveg sér á báti vegna stærðar og umfangs og inngrips inn í allt. Eina leiðin til að reyna að vinda ofan af þessu er því að búa sig undir að taka hlé á þessari hugmyndafræði, gefa ekki undir fótinn með að haldið verði áfram, viðhalda ekki þessum væntingum, slaka á og vinna vinnuna frá grunni eins og hefði átt gera áður en farið var í síðustu stórvirkjun, Kárahnjúkavirkjun, þ.e. að klára þá vinnu sem snýr að umhverfinu, náttúrunni og ná sátt um þau svæði sem við viljum vernda og erum tilbúin til að taka undir frekari virkjanir hvort heldur það eru vatns- eða gufuaflsvirkjanir og ákveða í hvað við viljum nota þá takmörkuðu orku sem eftir er. Við verðum að gefa okkur tíma til þess arna, þ.e. að fara í þessa vinnu og við þurfum á því að halda út af efnahagslífinu einnig.

En það eru fleiri blikur á lofti því að innstreymi erlends vinnuafls hefur verið mikið. Mikið hefur verið fjallað um það núna undanfarið bæði í fjölmiðlum og á hinu háa Alþingi af ýmsum ástæðum. Hingað kemur ekki erlent fólk í atvinnuleit, þ.e. það er ekki ráðið hingað til lands nema hér séu verkefni sem kalla á vinnuafl umfram það sem Íslendingar geta sjálfir séð fyrir. Því getum við sjálf og ein stjórnað því hversu mikið erlent vinnuafl streymir inn í landið. Með því að draga úr þessari spennu drögum við líka úr þörf á erlendu vinnuafli. Erlent vinnuafl hefur bjargað okkur á þessu ári en því hafa fylgt ýmsir ókostir líka. Fyrir íslenskt verkafólk er þetta þegar farið að koma niður á launatöxtum, þ.e. hjá þeim sem vinna við byggingaframkvæmdir og eru í störfum sem þenslan hefur haft hvað mest áhrif á. Sennilega hefur stærstur hluti þess erlenda vinnuafls sem hingað hefur komið verið ráðið á lægstu umsömdum töxtum og því hefur borið á því að íslenskir verkamenn hafa orðið að sæta því annaðhvort að fara á þessa sömu taxta sem hafa fram til þessa ekki verið viðmiðunartaxtar, þ.e. að fara á byrjunarreit eins og hinir erlendu verkamenn, eða þá að þeir geta tekið pokann sinn því svo auðvelt er að ráða erlenda verkamenn í þeirra stað. Þetta er mjög svört og ljót hliðarverkun af innstreymi erlends vinnuafls hingað og það er atvinnurekendum og okkur sjálfum til skammar að notfæra okkur það að semja í raun um svo lága taxta að vart sé hægt að framfleyta sér á þeim. Í þeirri trú hefur verkalýðshreyfingin undirritað samninga um að það væru engir ráðnir á þessa lágu taxta. En nú er raunin önnur og heyrst hefur úr röðum talsmanna launþega að fara verði í verulegar kjarabætur strax á næsta ári og hækka laun og lægstu taxta um allt að 50%. Ég vil nefna þetta hérna, hæstv. forseti, því að staðan sem við erum búnir að koma okkur í kallar á aðgerðir. Þjóðin kallar á að unnið sé í málum innflytjenda, erlendra verkamanna. Ef við ætlum að búa hér í friðsömu landi áfram þá verðum við að sjá til þess að þeir erlendu verkamenn sem hingað koma hafi sömu kjör og Íslendingar, búi við svipaðar aðstæður eða sömu aðstæður og að þeir séu ekki notaðir til að lækka laun íslenskra launþega, notaðir sem svipa á íslenska iðnaðarmenn.

Þetta hefur tíðkast á þeim sviðum atvinnulífsins þar sem erlent vinnuafl hefur komið. Á öðrum sviðum hefur verið mikið launaskrið og alveg ótrúlegt til dæmis á fjármálamarkaðnum eða fjármálaheiminum þaðan sem maður heyrir launatölur sem eru á heilli mannsævi svo hátt uppi að maður varla skilur að einstaklingar geti komið þessu í lóg eða að mánaðarlaun séu árslaun eða margra ára laun annarra. En svona hefur þetta þróast. Ég heyrði í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar fyrr í dag að þetta finnst honum í raun vera hið besta mál, þarna sé um að ræða hinn frjálsa markað og við þessu sé ekkert að gera. Honum finnst að þetta verði bara að fara sína leið og þróast í þá átt sem markaðurinn sjálfur vill þannig að hann er trúlega mjög ánægður með að hér hafi myndast stór gjá á milli almennra launamanna, verkamanna og iðnaðarmanna og þeirra sem lifa svo í heimi allsnægta í markaðs- og fjármálaheiminum.

En launaskriðið á öðrum sviðum en iðngreinunum hefur

valdið spennu og óróa á þeim stofnunum sem eru á sviði umönnunar- og félagsþjónustu. Það hefur verið erfitt að fá fólk til vinnu á þeim töxtum sem í gildi hafa verið og það hefur verið erfitt að halda fólki og sérstaklega hæfu fólki þannig að nú má segja að þetta gildi um alla leikskóla vítt og breitt um landið, að þetta gildi um félagsþjónustuna hjá sveitarfélögunum og þetta gildi líka um öldrunar- og heilbrigðisstofnanir, þ.e. að erfitt sé að fá fólk, halda fólki. Það hefur verið meðal annars hluti af rekstrarerfiðleikum þessara stofnana hvað þær hafa orðið að yfirborga eða greiða hærri laun en gert var ráð fyrir við afgreiðslu síðustu fjárlaga þar sem erfitt hefur reynst að halda rekstrinum gangandi. Því miður hefur ekki öllum stofnunum tekist að ráða nýtt fólk eða fleira fólk þannig að stofnununum hefur verið haldið gangandi með því að fá starfsmenn til að vinna í yfirvinnu, bæta á sig vinnu, og fyrir vikið eru vinnustaðirnir orðnir, má segja, þrúgandi fyrir starfsfólkið. Álag er mikið og aðstaðan slík að enginn hefur óskað eftir því eða kært sig um það. En fólk hleypur ekki út af stofnunum þar sem sjúklingar og aldraðir liggja. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég dáist að þrautseigju og dugnaði þess fólks sem stendur eftir og leggur á sig mikla vinnu og sýnir þrautseigju við að halda þessum stofnunum gangandi.

Þá langar mig að nefna framkvæmd fjárlaga. Ég nefndi það í upphafi að við núverandi aðstæður hlýtur að vera mjög erfitt að leggja fram frumvarp til fjárlaga og halda því fram að þau séu ábyrg vegna óróans í okkar umhverfi. Á undanförnum árum hef ég fylgst með því að stofnanir sem eru mjög ábyrgar í rekstri hafa lagt fram rekstraráætlun, fjárlagabeiðnir fyrir sín ráðuneyti og sem þær hafa talið vera svona næst því að stofnunin sinnti sínu lögboðna hlutverki. En þegar beiðni viðkomandi stofnunar birtist síðan í fjárlagafrumvarpinu þá er hún allt önnur og jafnvel oftast lægri en það sem viðkomandi stofnun bað um. Þá er það bara sjálfgefið að að ári liðnu, ef lagt er upp með fjárlög sem viðkomandi stofnun telur að dugi ekki fyrir lögboðnum rekstri, þá hlýtur að koma halli eða skekkja inn í reksturinn nema því aðeins að dregið sé úr starfseminni. En það er bara ekki þægilegt fyrir allar stofnanir að gera það. Sú krafa hefur verið að stofnanirnar sýndu aðhald, sparnað og jafnvel niðurskurð. En það hefur reynst þeim mjög erfitt. Ég mælist til þess, hæstv. forseti, að næsta ríkisstjórn — þá er að vísu ekki sanngjarnt að beina orðum til hæstv. forseta, fulltrúa þessarar ríkisstjórnar — ég óska þess að næsta ríkisstjórn læri af þeirri fjárlagasmíð sem við höfum búið við og horfi betur á tillögur og treysti þeim stofnunum sem heyra undir ríkið og ríkissjóð og fari nær þeirra beiðnum en gert er í dag. Ég trúi því að þannig værum við nær raunveruleikanum og nær því að vera með fjárlögin eins og þau eiga að vera, þ.e. innan ramma þannig að stofnanir fari ekki fram yfir eins og ríkisendurskoðandi hefur margsinnis bent á.

Hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan leggur áherslu á eingöngu eitt mál og það er að bæta hag aldraðra og öryrkja og hún hefur fylgt eftir þingsályktunartillögunni sem hún lagði fram við upphaf þings. Þetta er sú stefnumótun sem við höfum unnið saman og stöndum að. Við teljum að í raun sé það okkar framlag til að hafa áhrif á afgreiðslu fjárlaga fyrir 2007. Takist okkur að ná eyrum stjórnarliða þannig að þeir átti sig á því að með því að fara að þessum hógværu kröfum aldraðra sem stjórnarandstaðan hefur tekið upp og gert að sínum þá mun kostnaður ríkissjóðs ekki hækka eins mikið og þessar tölur segja til um því um leið og aldraðir eins og aðrir geta farið að hreyfa sig og njóta aðeins lífsins þá kemur þetta auðvitað fram bæði í virðisauka og fer út í neysluna og eins þá með sköttum af tekjum ef aldraðir og öryrkjar ná því sem þeir óska eftir, þ.e. að geta verið frekari þátttakendur úti í atvinnulífinu án þess að vera hegnt fyrir það með því að lenda bæði í skerðingum í bótakerfinu og eins skattalega.

Það sem ekki hefur verið sérstaklega fjallað um hérna og kemur ekki fram í breytingartillögum minni hlutans eða stjórnarandstöðunnar er Framkvæmdasjóður aldraðra. Hann var settur á eins og nafnið bendir til til að standa undir framkvæmdum við öldrunarstofnanir. En smám saman var farið að skerða þennan sjóð og taka í rekstur þegar öldrunarstofnanir áttu í rekstrarerfiðleikum eins og þær hafa nú löngum átt. Það gekk svo langt að fyrir tveimur árum, að mig minnir, var rekstrarhlutfallið — ætli það séu ekki um þrjú ár síðan? — rekstrarhlutfallið komið alveg upp í 50%. Jú, það eru um þrjú ár síðan því að á undanförnum tveimur árum hefur verið reynt að draga úr hlutfalli til reksturs og setja meira til framkvæmda. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna samkomulags við aldraða eða sameiginlegrar yfirlýsingar þeirra var ákveðið að Framkvæmdasjóður aldraðra yrði eingöngu notaður til framkvæmda. En það á ekki að gerast fyrr en árið 2008. Margt í þeim tillögum og samkomulagi sem hér birtist í frumvarpi um breytingu á lögum um almannatryggingar hefur ríkisstjórnin endurskoðað og lagfært nú alveg hreint á síðustu metrunum, þremur dögum eftir að hún lagði fram frumvarpið, þannig að þessi frestun til 2008, 2009 og 2010 er ekki jafnáberandi og var í viðkomandi frumvarpi. En ég hefði viljað að framkvæmdasjóðurinn yrði allur notaður til framkvæmda á næsta ári en það ekki látið bíða til 2008.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara frekar yfir tillögurnar um kjörin. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd hafa gert það mjög vel en ég ætla aðeins að nefna nokkur önnur atriði. Það er varðandi Landspítala – háskólasjúkrahús sem var búinn að lýsa því hvernig fyrirsjáanleg rekstrarstaða yrði nú í lok árs. Staða spítalans var mjög góð árið 2004–2005 en hefur farið versnandi allt frá síðasta ári og var mjög slæm á þessu ári. Nú í vor var fyrirsjáanlegt að það stefndi í mikinn halla. Það var af ástæðum sem stofnunin sjálf réð lítið við, það var bæði gengisþróun, það var launaþróun eins og ég kom inn á áðan og það var hækkun á lyfjum. Allt þetta jók skuldastöðuna og gerði Landspítala – háskólasjúkrahúsi erfitt fyrir og þar ofan á bættust erfiðleikar við að geta útskrifað þá sem voru búnir að fá þjónustu og eftirmeðferð og þá sérstaklega aldraða.

Þetta stefnir í betra horf núna þótt það sé alls ekki orðið nógu gott og það þarf að halda enn frekar áfram á þeirri leið á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega, að efla heilsugæsluna og heimahjúkrun og þverfaglega vinnu milli heilsugæslu og félagsþjónustu þannig að aldraðir og aðrir þeir sem þjónustu hafa fengið á sjúkrahúsum geti farið heim og verið lengur heima. Þetta er mjög nauðsynlegt og ég lít á það skref sem tekið hefur verið sem byrjunarskref. Það voru tvö

stór skref tekin núna, það er milljarður til að gera upp árið 2006 í fjáraukalögum og milljarður til að bæta rekstrarstöðu sjúkrahússins núna, viðurkenning á því að þetta sé raunveruleikinn þannig að sjúkrahúsið fari inn í næsta ár með betri rekstrarstöðu. Vonandi tekst stofnuninni það án þess að það komi niður á gæðum þjónustunnar og vonandi þannig líka að hægt sé að bæta starfsaðstöðu og draga úr álagi á starfsmönnum stofnunarinnar og þá sérstaklega í hjúkruninni sem hefur verið alveg gegndarlaust, í raun og veru alveg óþolandi ástand sem búið er að ríkja þar lengi.

Það er enn þá langt í land á mörgum sviðum innan stofnunarinnar sem við sem þjónustuþegar viljum að verði bætt úr. Við fylgjumst reglulega með og vitum hversu langir biðlistar í hinar ýmsu aðgerðir eru og enn eru óásættanlegir biðlistar fyrir þá sem þurfa á gerviliðaaðgerðum að halda, hvort sem það er á Landspítalanum, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri eða Sjúkrahúsinu á Akranesi en það er á þeim stofnunum sem slíkar aðgerðir eru gerðar. Þetta er ástand sem þarf að laga og það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort biðlistar inn á Landspítalann í þessar aðgerðir munu styttast við það að stofnunin fær þennan aukna stofn í reksturinn.

Hvað varðar heilsugæsluna í Reykjavík þá hefur hún líka verið að eflast að undanförnu en samt þarf heilsugæslan, bæði hér í höfuðborginni og úti um allt land til muna meira fjármagn en hún fær í dag. Það kemur fram í hvert einasta skipti sem við tölum um fjárlögin að þetta er eina leiðin til að draga úr heildarútgjöldum til heilbrigðisþjónustu í landinu, þ.e. að efla heilsugæsluna. Að gera hana svo aðgengilega að hver einasti íbúi hafi heilsugæslulækni, viti hvert hann eigi að fara, viti að það taki ekki nema stuttan tíma að komast að á viðkomandi heilsugæslustöð, fái þar viðhlítandi þjónustu, að þar sé þverfagleg vinna og að aðgengi að sérfræðiþjónustu sé gott í gegnum heilsugæslustöðina. Hér á höfuðborgarsvæðinu er gott aðgengi að sérfræðingum sem vinna á stofum — og vel á minnst, hæstv. forseti, það er ánægjulegt að sjá að það var aðeins aukið við framleiðslu Tryggingastofnunar til að liðka um samninga við óskilgreinda sérfræðilækna, kom ekki fram hvaða, en þær eru margar sérgreinarnar sem banka upp á hjá Tryggingastofnun ríkisins og krefjast endurskoðunar á samningi, bæði hvað varðar hækkun lyfja og ekki síður fjölgun eininga. Þetta er því nokkuð sem við þurfum að fylgjast með, líka hvernig sérfræðiþjónustan verður á næsta ári, hvort það verða fleiri uppsagnir og hvort sjúklingar sem leita til sérfræðiþjónustunnar muni þá hugsanlega bera meiri kostnað en þeir gera í dag.

Hvað varðar heilsugæsluna þá þarf heilsugæslan úti um land að eiga möguleika á að fá til sín sérfræðinga og það hefur hún ekki í dag miðað við þann ramma sem henni er ætlað, það er staðreynd. Það er núna orðinn skilningur á því að það verði að efla ákveðna þjónustu innan heilsugæslunnar, t.d. geðheilbrigðisþjónustuna. Það er smám saman verið að koma henni á. Það gengur mjög hægt en það hefur verið tilraunastarf í gangi, t.d. uppi í Grafarvogi, norður á Akureyri, á Akranesi, á Suðurnesjum og á fleiri stöðum sem hefur gengið mjög vel. Það er í raun og veru ekki eftir neinu að bíða nema stuðla að því að við höfum sérfræðinga á þeim sviðum sem á þarf að halda. Þar tel ég að menn þurfi að vera mjög vakandi yfir því að efla háskólana, sérstaklega Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri sem útskrifa heilbrigðisstéttir, að þessar stéttir séu þá til í landinu til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru. En þessi þjónusta, sérfræðiþjónustan heim í hérað, er forsenda þess að heilsugæslan standi undir nafni og dregur úr því að fólk þurfi að fara um langan veg með auknum kostnaði bæði fyrir ríkissjóð og sérstaklega fyrir einstaklingana sjálfa.

Það er önnur stofnun sem hefur fengið náð fyrir augum hv. fjárlaganefndar og það er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem hefur sem betur fer verið að eflast. Þar er framsýnt og dugmikið fólk eins og víða á þessum stofnunum. Stofnunin hefur sett sér mjög háleit markmið við að efla þjónustuna og hefur tekist það, hefur m.a. dregið til sín þjónustu frá nærliggjandi heilbrigðisstofnunum og íbúum hefur líka fjölgað á svæðinu, þar er fjölbreyttari þjónusta en rekstrarfé til stofnunarinnar hefur ekki fylgt þessari þróun. Þetta hefur nú verið viðurkennt bæði í fjáraukalögum og fjárlögum þannig að reksturinn geti að öllum líkindum haldist óbreyttur næsta ár ef ekkert kemur upp á en miðað við fjárlög 2007, þær tillögur sem liggja frammi, þá er stofnuninni ekki gefið neitt svigrúm til að bæta starfsemina, auka starfsemina eða koma með nýtt inn. Það er heldur ekki verið að koma til móts við kröfur neytenda og stofnunarinnar um að bæta tækjabúnaðinn þannig að hægt sé að fá nýtt sneiðmyndatæki. Þetta er dýrt tæki, það kostar 110–112 milljónir en það er nauðsynlegt að það fáist heimild til að fjárfesta í því. Ómtæki er að öllum líkindum komið inn á fjárlögin en til þess að stofnanir eins og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Austurlands, þ.e. Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, standi undir þeim væntingum sem íbúar svæðisins hafa, þá verða þessar stofnanir að vera það vel tækjum búnar að þær séu samkeppnishæfar við viðhlítandi þjónustu annars staðar. Annars fer fólk burt af svæðinu og það er öllum dýrt og það er algerlega óþarfi að stuðla að því að fólk sæki annað ef bæði þekking er til staðar og þarf ekki annað en að endurnýja þau tæki sem fyrir eru. Hvað varðar viðhald á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þá hefur það haldist alveg óbreytt frá 1993. Ég veit að veðráttan er góð norður á Akureyri en hún er ekki svo góð að það þurfi ekki að viðhalda húsum, bæði að utan og innan.

Það er annað sem ég vil vekja athygli hæstv. forseta og þingheims á en það er sjúkraflugið. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur sérstakan samning varðandi sjúkraflug inn á svæðið og þjónar sjúkrafluginu. Sjúkrahúsið leggur til lækna í flugið þegar á þarf að halda en það er mikill munur á greiðslum samkvæmt þeim samningi og þeim greiðslum sem hafa verið inntar af hendi varðandi sjúkraflug hjá þyrlunni fyrir sunnan. Þetta er erfiður samanburður og eins les maður það að þyrluflugmenn í sjúkraflugi hafi sagt upp störfum. Ég hvet því til þess að sérstaklega verði horft til þess að sjúkrahúsið beri ekki umtalsverðan kostnað af sjúkrafluginu, kostnað sem Landspítali – háskólasjúkrahús, sem er þessi stóra móðurstofnun og við erum að bera okkur saman við, hefur ekki. Ég tel það mjög óréttlátt og það er mikilvægt að stofnanirnar sitji við sama borð þannig að það sé ekki aukakostnaður á stofnanirnar á landsbyggðinni. Eins finnst mér það sanngirnismál gagnvart þeim flug-

mönnum sem fljúga þessum flugvélum og sjúkraflutningamönnum sem sinna sjúkrafluginu. Sjúkraflutningaskólinn er hluti af þessu stóra dæmi sem þarf að skoða miklum mun betur.

Það er önnur heilbrigðisstofnun sem ég ætla að nefna sérstaklega og það er Heilbrigðisstofnun Austurlands. Heilbrigðisstofnun Austurlands er búin að eiga í miklum erfiðleikum og sérstaklega núna frá því að farið var í hinar miklu framkvæmdir í fjórðungnum fyrir austan. Þeim miklu framkvæmdum og þeirri mannfjölgun sem varð vegna Kárahnjúkavirkjunar, Fjarðaáls og allra annarra umsvifa á svæðinu var ekki fylgt. Stofnunin hefur því verið að safna skuldum og stefndi í það núna undir áramótin að vera með 140 millj. kr. rekstrarhalla. Í fjáraukalögum var samþykkt að greiða til stofnunarinnar fyrir rekstur þessa árs 93 milljónir. Stofnuninni er ætlað að fara inn í mjög svipað ástand og verið hefur á svæðinu með fjölgun íbúa og mikið álag með 50 millj. kr. halla á bakinu. Ég held að það hljóti allir reikningsglöggir menn að sjá að þetta gengur ekki upp. Það hefur margoft verið ályktað um Heilbrigðisstofnun Austurlands, samþykktir hafa verið frá aðalfundi SSA, sveitarfélögunum og frá íbúunum og þeir hafa áhyggjur af stöðu stofnunarinnar.

Rekstraráætlun fyrir næsta ár liggur ekki fyrir en ljóst er að þessar 50 milljónir vantar hvernig svo sem rekstraráætlun kemur út og hvernig hún verður hækkuð. Fjármagn til tækjakaupa á næsta ári er eingöngu 8,4 milljónir, þetta er eins og einn bíll, og þetta eru stofnanir allt frá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, Heilsugæslu- og sjúkrahússtofnuninni á Egilsstöðum og alveg norður í Vopnafjörð, fyrir utan aðrar heilsugæslustöðvar. Það eru 8,4 milljónir í tækjakaup og viðhald. Þarna eins og á fleiri stöðum þarf að endurnýja í mjög dýrum tækjum.

Það sem ég hef áhyggjur af, hæstv. forseti, er að verið er að bæta það reiknilíkan sem hefur verið í gildi hvað varðar rekstur heilbrigðisstofnana, öldrunarstofnana og sjúkrastofnana. Reiknilíkanið hefur verið mjög gagnrýnt að það taki ekki til raunkostnaðar og á meðan reiknilíkanið var látið gilda hafa þessar stofnanir, öldrunarstofnanir þó sérstaklega, verið að safna skuldum. Núna er þetta viðurkennt, þ.e. að reiknilíkanið sem farið hefur verið eftir var ekki rétt og verið er að bæta inn í reiknilíkanið mönnunarlíkani.

Ég hef einnig áhyggjur af því, hæstv. forseti, að hvað varðar framlög til Heilbrigðisstofnunar Austurlands þá á samkvæmt hinu nýja reiknilíkani að reikna framlög á hvert sjúkrarúm 80% af kostnaði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Þetta væri í sjálfu sér í lagi ef maður væri nokkuð viss um að rekstrargrunnur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri væri réttur en ég vil, hæstv. forseti, draga í efa að svo sé. Ég held að hann sé vanáætlaður og því er mikilvægt að fylgjast vel með þessum reiknilíkönum, taka þau út um mitt næsta ár og sjá hvert stefnir og grípa þá strax inn í og að það komi þá inn á næstu fjáraukalög bætur til stofnananna þannig að það sigli ekki allt í sama farið. Ef nota á reiknilíkan — í grunninn er reiknilíkanið út af fyrir sig rétt en það verður ekki rétt nema það byggi á réttum rekstrargrunni sem er nær raunveruleikanum en ekki samkvæmt þeirri stöðu sem viðkomandi stofnanir hafa orðið að aðlagast eftir fjárlögum undanfarinna ára þar sem krafan um aðhald og niðurskurð hefur verið það mikil að stofnanirnar hafa ekki getað verið í eðlilegri þróun, eðlilegri uppbyggingu og haft eðlilega mönnun.

Hæstv. forseti. Ég vil minna á margflutta tillögu hv. þm. Jóns Bjarnasonar um að fjárlögin séu endurskoðuð að vori og nær sé að fara yfir þau þá en að afgreiða þau með þeim hætti sem gert er.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um öldrunarstofnanirnar. Þær fá nokkur framlög núna. Það er sem sé viðurkennt að vandi þeirra hefur verið mikill, hann er mikill og hann verður það áfram þrátt fyrir þá viðbót sem kemur til stofnananna. Ég vil ítreka hvað varðar reiknilíkanið að mjög nauðsynlegt er að taka út reksturinn strax um mitt ár til að sjá hvort það hreinlega dugi.

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að víkja að öðru máli, láta þessa yfirferð um heilbrigðisþjónustuna og um áherslur stjórnarandstöðunnar á velferðarmál duga, en ég trúi því að það skilji allir sem fylgjast með afgreiðslu fjárlaga á þessu ári að ekki mun standa upp á stjórnarandstöðuna að koma með breytingartillögur við margar greinar og bæta um betur ef eftir samstarfi verður óskað, en á meðan það er ekki látum við þessa einu duga.

Ég vil aðeins nefna, hæstv. forseti, Skógrækt ríkisins. Samkvæmt nefndarálitinu frá meiri hluta fjárlaganefndar og breytingartillögum er gerð tillaga um 24 millj. kr. hækkun á framlagi til Skógræktar ríkisins en þar af eru 14 millj. kr. vegna Hekluskóga. Það er við þetta sem ég vil gera athugasemd, hæstv. forseti.

Á fjárlögum 2006 þegar Hekluskógaverkefnið fór í gang voru 6 milljónir settar í verkefnið. Þá var þetta verkefni alveg sérmerkt í fjárlögum sem Hekluskógar. Til verkefnisins fékk Landgræðslan 7 milljónir og Skógrækt ríkisins 7 milljónir en báðum þeim stofnunum var ætlað að standa með bæði sveitarfélögunum og félagasamtökum að Hekluskógum. Hekluskógar eru enn samstarfsverkefni þessara stofnana, sveitarfélaganna og félagasamtaka. Núna samkvæmt þessum lið er Skógrækt ríkisins, einni stofnun, ætlað að leggja til verksins 14 millj. kr. Þar af leiðandi eru þetta eingöngu 10 milljónir sem eiga að fara til rekstrar Skógræktar ríkisins.

Skógræktin var ekki að óska eftir hærri framlögum en hún nauðsynlega þurfti til að halda við óbreyttum rekstri sem er þó alveg hreint í lágmarki, það voru 18 millj. kr. Fjárþörf Skógræktar ríkisins á enn og aftur að mæta með því að krefjast þess eða fara fram á það við Skógrækt ríkisins að hún selji eignir. Hún hefur verið að selja eignir sínar til þess að geta verið í rekstri. Þetta er ótrúleg meðferð á einni stofnun. Nú er henni ætlað að selja úr eign sinni í Skorradal og eins á Tumastöðum. Ef af þessu verður og ekki verður komið til móts við stofnunina að öðru leyti, mun koma til uppsagna starfsmanna. Stofnunin getur ekki komið til móts við slíkar kröfur öðruvísi en að draga úr rekstri.

Eftir allar þær ræður sem hér hafa verið fluttar um mikilvægi skógræktar, um mikilvægi uppgræðslu, um mikilvægi þess að það sé nú allt í lagi að drekkja löndum undir lón því að við séum svo dugleg að rækta skóg og nytja lönd, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, að það gerði ekkert til með þær mosaþúfur sem

fóru undir Hálslón því við værum svo dugleg að rækta skóg, þá á Skógrækt ríkisins að stuðla að þekkingargrunni fyrir alla skógrækt í landinu. Og ef við ætlum að sverfa svo að henni að hún geti ekki staðið undir því hlutverki held ég að við ættum að falla frá allri þessari skrúðmælgi um skógrækt, fyrir utan það að Hekluskógar eru og verða sérverkefni og á ekki að vera sett inn á fjárlög Skógræktar ríkisins. Þetta er ósanngjarnt. Þetta er ekki rétt og gerir ekkert annað en að draga fjármagn frá Skógrækt ríkisins. Að ein stofnun skuli vera krafin um slíkt eins og selja eignir sínar er alveg hreint ótrúlegt.

Hæstv. forseti. Tíminn er fljótur að hlaupa frá manni þegar farið er yfir alla þá þætti sem eru svo áhugaverðir og gaman væri að styðja. Málið er, hæstv. forseti, að oft þarf ekki mikla fjármuni til að koma góðum verkum af stað. Hingað barst okkur blað, kálfur inni í einu dagblaðinu, Kraftur og mannlíf í Þingeyjarsýslum, sem segir frá mörgum verkefnum og áhugaverðri sýn sem margir hafa í þeim fjórðungi og á því svæði. Sum þeirra þurfa einhvern stuðning til að komast í gang, önnur hugsanlega einhvern stuðning til að rekstrargrunnur sé fyrir viðkomandi starfsemi. Þetta getur líka verið starfsemi sem verður til þess að annað blómstrar í kring og getur stuðlað sterkari og betri byggð. Hér væri hægt að fara yfir langan lista eins og að koma upp háskólasetri á Húsavík, stuðla enn betur að Háskólanum á Akureyri o.s.frv. Stuðla að verkefnum, eins og ég sagði áðan, sem geta ein og sér styrkt önnur verkefni, eins og nýtt verkefni sem heitir Söguslóðir á Íslandi, og er til þess að styrkja og samtengja þá sem eru í hinni menningarlegu ferðaþjónustu og gæti með þeim samtökum styrkt svo margt annað.

Ég fer ekki inn á samgöngumálin, það væri heill fundur út af fyrir sig að fara yfir samgöngumál. Mörg verkefni og áhugaverð eru styrkt í safnliðum og á fjárlögum og það er gott, en það er líka sárt að horfa til þess hvað mörg áhugaverð verkefni verður að taka út af borði fjárlaganefndar þar sem fjárlagaramminn er það knappur. Litlu verkefnin eru ekki síður mikilvæg, og þá sérstaklega úti um hinar dreifðu byggðir, þar sem þau skapa atvinnu og eru ekki síður andleg styrking þannig að fólk horfi bjartsýnna til framtíðar.

Ég horfi bjartsýn til framtíðar, hæstv. forseti. Ég trúi því að þetta séu fjárlög til vorsins eins og margir hafa tekið fram, og að hér taki ný ríkisstjórn við að vori sem endurskoði síðan þá stöðu sem fjárlögin og afgreiðsla þeirra hefur komið okkur í.

[Fundarhlé. — 19:00]

[19:31]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum um fjárlög ársins 2007. Nú er málið komið út úr nefnd og hefur tekið á sig nokkuð breytta mynd. Ég hef lagt mig fram um að reyna að fylgjast með umræðunni hér í dag eins og hún hefur fram farið og ég verð að segja að það er ýmislegt í henni sem hefur vakið athygli mína eins og vænta mátti reyndar. Eins og venja er til einangrast umræðan við 2. umr. fjárlaganna ekki einungis við tillögur frá meiri eða minni hluta fjárlaganefndar heldur snýst hún ekkert síður um þær áherslur sem er að finna í frumvarpinu í meginatriðum og stöðuna í efnahagsmálum almennt. Margt hefur verið sagt í dag um stöðuna í efnahagsmálum sem ég hef athugasemdir við og jafnframt er margt í tillögum minni hluta fjárlaganefndar og umræðunni um þær tillögur sem ég hef athugasemdir við.

Í fyrsta lagi vil ég rifja upp það sem ég sagði við 1. umr. um þetta fjárlagafrumvarp, að það ber traustri stöðu ríkisfjármálanna gott vitni. Það er ótrúlega sterk staða í ríkisfjármálunum þegar við getum haldið áfram að lækka skuldir. Við lækkum skuldir svo mikið með þessu frumvarpi að við erum að komast í hóp með þeim ríkjum sem minnst skulda í hinum vestræna heimi. Það hefur verið lagt til grundvallar í þessu fjárlagafrumvarpi að vaxtatekjur ríkisins verði í fyrsta skipti hærri en vaxtagjöldin. Með þessu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir því að innstæða ríkisins hjá Seðlabankanum verði rúmlega 100 milljarðar og allt er þetta til vitnis um ótrúlega sterka stöðu í ríkisfjármálunum sem gerir okkur kleift á næstu árum að halda áfram þeirri uppbyggingu sem staðið hefur yfir undanfarin ár og aukið er við reyndar í þessu fjárlagafrumvarpi.

Það er hins vegar eitt sem ég hef dálítið saknað í dag og það er umræðan um aukið aðhald í ríkisfjármálunum. Vissulega hefur verið komið inn á það í umræðunum að ríkisendurskoðandi hafi gert athugasemdir við framkvæmd fjárlaga. Það er engin ástæða til að amast við þeirri umræðu. Það er afskaplega mikilvægt að vel takist til við framkvæmd fjárlaga og við eigum stanslaust að leita leiða til að tryggja að stofnanir haldi sig innan þess ramma sem þeim eru settar í fjárlögunum og að ríkisreikningurinn endurspegli þegar upp er staðið að hann sé í sem bestu samræmi við þær áætlanir sem fyrir fram voru gerðar um ríkisreksturinn. Ekki ætla ég að gera lítið úr mikilvægi þess en það sem ég saknaði úr umræðunni eru tillögur að leiðum til að tryggja betra samræmi þarna á milli, tryggja betra samræmi á milli fjárlagagerðarinnar og framkvæmdar fjárlaga og kannski ekki síður hugmynda sem væru líklegar til að draga úr aukningu ríkisútgjaldanna. Ég held að menn hafi í allt of ríkum mæli viljað forðast að horfast í augu við það að við þurfum að gera ákveðnar kerfisbreytingar til að á fjárlögum verði ekki sjálfkrafa útgjaldaaukning. Við gerum miklar kröfur til forstöðumanna stofnana í fjárlögunum og höldum þeim við efnið. Þekkt er sú aðferð að skilja menn eftir með afgang þegar menn hafa ekki haldið sig innan ramma sem þeim hefur verið settur. Ég hef fyrir mitt leyti ákveðnar efasemdir við þær aðferðir og kalla eftir samstöðu á þinginu um það að menn gangi til verkefna eins og þess að taka til skoðunar lög um opinbera starfsmenn sem afnemi til að mynda áminningarskylduna. Það er algerlega nauðsynlegt. Um leið og við gerum miklar kröfur til forstöðumanna stofnana þurfum við að skapa þeim umhverfi sem tryggir að þeir geti í rekstri sínum náð fram nauðsynlegum sveigjanleika alveg eins og gildir í öllum öðrum rekstri annars staðar í þjóðfélaginu.

Í þessu fjárlagafrumvarpi og í þeim breytingum sem er verið að gera hér við 2. umr. er gengið út frá því að virðisaukaskattur lækki. Menn þekkja það og komið hefur verið dálítið inn á það í umræðunum í dag að á þessum síðasta þingvetri kjörtímabilsins er ríkisstjórnin að ljúka við þær skattalækkanir sem rætt var um í upphafi kjörtímabilsins.

Það birtist í mikilli lækkun á virðisaukaskatti og því ber að fagna sérstaklega að það skuli vera jafngott svigrúm til þeirra skattalækkana sem þar er um að ræða og raun ber vitni. Hér er um að ræða skattalækkanir sem koma heimilunum til góða, skattalækkanir sem munu ekki bara lækka matvöruverð heldur munu líka gagnast ferðaþjónustunni á Íslandi. Stór hluti af þeirri starfsemi sem ferðaþjónustan stendur fyrir á Íslandi mun fara í lægra skattþrepið. Þetta eru mjög jákvæðar breytingar á skattkerfinu og vel heppnaðar aðgerðir sem við bindum miklar vonir við að muni ekki bara verða til þess á næsta ári að draga úr verðbólgu heldur auka líka ráðstöfunartekjur heimilanna. Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri til að fagna hugmyndum um breytingar á virðisaukaskattskerfinu og á næstu dögum vænti ég þess að fram komi nýtt frumvarp um breytingar á lögum um virðisaukaskatt auk þess auðvitað sem í sama vetfangi verða gerðar breytingar á vörugjöldum sem stefna í sömu átt, þ.e. til lækkunar matarverðs. Það má segja að þessar skattalækkanir séu lokahnykkurinn í langri hrinu skattalækkana sem stjórnarflokkarnir hafa beitt sér fyrir á þessu kjörtímabili og það fer vel á því að gengið sé jafnvel örlítið lengra en lagt var af stað með. Ég vil leyfa mér að fagna því líka að skattalækkanir stjórnarflokkanna á þessu kjörtímabili ganga ívið lengra en við gerðum ráð fyrir í upphafi kjörtímabilsins.

Það var töluvert mikil umræða um það fyrir síðustu kosningar hversu miklar skattalækkanir hægt væri að ráðast í á þessu kjörtímabili. Þeir sem fylgdust með á þeim tíma muna að stjórnarandstöðuflokkarnir voru með sínar hugmyndir og Sjálfstæðisflokkurinn tefldi jafnframt fram sínum hugmyndum og menn tóku saman þessar hugmyndir og reyndu að reikna það til raunvirðis ef flokkarnir næðu að hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum sem þar voru til umræðu.

Í umræðu um þær skattalækkanir sem við sjálfstæðismenn börðumst fyrir fyrir síðustu kosningar var almennt talið að þær mundu draga úr tekjum ríkissjóðs um u.þ.b. 16 milljarða. Uppreiknað til núvirðis eru það u.þ.b. 19 milljarðar. Ég hef látið taka það saman fyrir mig að tekjur ríkissjóðs á næsta ári verða u.þ.b. 23 milljörðum minni en ella hefði orðið ef ekki hefði komið til þeirra skattalækkana sem hrint hefur verið í framkvæmd á þessu kjörtímabili. Hvernig fara menn að því að lækka skatta um 23 milljarða á einu kjörtímabili, á sama tíma og stóraukið er við framlög til velferðarmála? Það er staðreynd að ekki bara á þessu kjörtímabili heldur ár eftir ár undanfarin ár hefur verið stóraukið við framlög til velferðarmála. Þetta geta menn séð af fyrirliggjandi gögnum um þetta efni. Það er í sjálfu sér alveg sama hvar menn drepa niður fæti, hvort menn vilja skoða framlög til heilbrigðismála, menntamála eða tryggingamála sem hafa mikið verið til umfjöllunar hér í dag, það er um verulega mikla aukningu að ræða. Ef við skoðum til að mynda skiptingu útgjalda eftir málaflokkum eins og hún birtist í töflu 5 í fyrri hluta fjárlagafrumvarpsins má sjá að á rekstrargrunni aukast framlög til heilbrigðismála frá ríkisreikningi á árinu 2004 þegar þau voru 75 milljarðar til meira en 90 milljarða í þessu frumvarpi. Eins og þessu frumvarpi var teflt fram 1. október var gert ráð fyrir að framlög til heilbrigðismála yrðu 92,5 milljarðar. Því hefur síðan auðvitað verið haldið fram í umræðunni í dag að þessi gjöld séu vanáætluð. Við skulum bara ganga út frá því að þessi áætlun sé rétt og þá er niðurstaðan sú að það hefur verið aukið við framlög til heilbrigðismála um 17 milljarða á þessu kjörtímabili. Það er fyrir utan þær tillögur sem liggja síðan fyrir í sérstöku frumvarpi og gert er núna ráð fyrir í breytingartillögum.

Til almannatrygginga og velferðarmála hefur verið varið til viðbótar frá reikningi ársins 2004 21 milljarði. Ég gæti haldið áfram að tína upp úr einstökum málaflokkum í þessum fyrri hluta fjárlagafrumvarpsins. Það skiptir tugum milljarða sem við höfum bætt við í málaflokka eins og þessa. Hvernig förum við að þessu? Hér hafa menn í dag talað mikið um misskiptinguna og ójöfnuðinn sem núverandi ríkisstjórn hafi staðið fyrir, staðið fyrir aukinni misskiptingu tekna í þjóðfélaginu, og helst virðist það fara í taugarnar á þeim sem láta til sín taka í þeirri umræðu að sumir hafi aukið meira við tekjur sínar en aðrir.

Það er tínt til að við höfum afnumið hátekjuskattinn. Það er jafnvel talað um eignarskattinn þó að u.þ.b. tveir þriðju þeirra sem greitt hafa eignarskatt hafi verið komnir yfir 65 ára aldurinn á meðan eignarskatturinn sálugi var enn við lýði. Það er talað um lækkun almennu tekjuskattsprósentunnar. Síðan er auðvitað líka talað um hið klassíska, að persónuafslátturinn hafi ekki verið tengdur við launavísitölu. Nú liggur fyrir áætlun ríkisstjórnarinnar um að tengja persónuafsláttinn við neysluverðsvísitöluna. Ég hef ekki heyrt nein sérstök fagnaðarlæti út af því í þingsölum frá þeim sem mest hafa kallað eftir þeirri breytingu. Það á síðan eftir að koma í ljós hvað þetta í raun og veru kostar ríkissjóð í tekjutapi. Ég hygg að það sé heldur varlega áætlað sem menn hafa horft til þar.

Hverju hefur einkavæðingarferlið skilað? Hverju hefur það skilað sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir hér, að lækka fyrirtækjaskattinn í þrepum úr því sem hann var — við skulum ekki gleyma því að fyrirtækjaskattur var hér fyrir ekkert löngu síðan 50% og er kominn núna niður í 18% — og hverju hefur það skilað að endurskilgreina fjármagnstekjuskattinn og breyta honum til lækkunar niður í 10%? Hverju hefur það skilað að lækka skattana og auka frelsið? Hverju hefur það skilað að láta ríkið draga sig út úr rekstri skipafélaga, útgerðarfyrirtækja, (Gripið fram í.) bankanna? Hverju hefur þetta skilað? (Gripið fram í.)

Við getum skoðað hvaða áhrif þetta hefur haft á tekjur ríkisins vegna þess að auðvitað liggur fyrir hver opinber gjöld lögaðila hafa verið ár frá ári. Það er fróðlegt að skoða þessar tölur í samhengi við þau útgjöld sem menn tefla hér fram og leggja til að bætt verði við í fjárlögin við 2. umr. fjárlaganna. Tekjuskattur lögaðila, greiddur á árinu 2001, var 9,1 milljarður. Þetta var fyrir fimm árum. Á þessu ári er áætlað að tekjuskattur lögaðila verði 34,7 milljarðar. (**Gripið fram í:** ... tekjuskatturinn ... 50%.) Það er laukrétt hjá hv. þingmanni sem grípur hér fram í að þetta skilar stórauknum tekjum í ríkissjóð, skattalækkunaraðferð stjórnarflokkanna. Bara þessi eini tekjuliður, tekjuskattur lögaðila, hefur hækkað um 25 milljarða frá árinu 2001.

Ef við tökum opinber heildargjöld lögaðila, hvað lögaðilarnir greiða á þessu ári til ríkisins til viðbótar við það sem þeir gerðu árið 2001, eru það engar smátölur. Það eru

43 milljarðar sem lögaðilar greiða til viðbótar til ríkisins. Það er með þessari aðferðafræði, að leysa úr læðingi krafta einstaklingsframtaksins á vinnumarkaðnum, úti í atvinnulífinu, sem tekist hefur að auka umsvifin á Íslandi samhliða því að skattarnir hafa lækkað, og það eru þessar aðgerðir sem eru grundvöllurinn undir þeirri aukningu til velferðarmála sem má finna í þessu fjárlagafrumvarpi og menn geta rakið hér ár fyrir ár aftur í tímann. Þetta er grundvöllurinn.

Ef ekki væri þessi grundvöllur gæti minni hluti fjárlaganefndar ekki komið hér við 2. umr. fjárlaga og lagt til 13,4 milljarða aukningu til öryrkja og lífeyrisþega. Það er hin raunverulega tillaga minni hluta fjárlaganefndar, sem kölluð er 7,4 milljarða hækkun. Ef borið er saman við gildandi lög um efnið, ekki við fjárlögin vegna þess að í þessum fjárlögum er ríkisstjórnin þegar búin að bæta inn á næsta ári tæpum 6 milljörðum til þessara hópa, öryrkja og lífeyrisþega, ef við tökum bara grunninn eins og hann er í dag, á árinu 2006, og skoðum hvað tillögur minni hluta fjárlaganefndar þýða þýða þær 13,4 milljarða. Það er auðvitað algjörlega fráleitt að koma hingað í þingsal og hlýða á ræður þar sem menn býsnast yfir þeirri stefnu sem hér hefur verið rekin, sem hefur lagt grunninn að þeirri gríðarlegu tekjuaukningu sem orðið hefur hjá ríkinu á forsendum aukinna umsvifa í atvinnulífinu þar sem lögaðilar í dag greiða 43 milljörðum meira til ríkisins en þeir gerðu fyrir örfáum árum. Þetta eru forsendurnar. Menn býsnast yfir þessu, kalla þetta misskiptingu auðs og kalla helst eftir því að sem flestir af þessum aðilum flytji lögheimili sitt til útlanda vegna þess að þá gætum við jafnað stöðuna niður á við en á sama tíma koma þessir aðilar og leggja til 13,4 milljarða til öryrkja og lífeyrisþega. (**Gripið fram í:** Hvernig færðu þetta út?) 13,4 milljarðar eru samanlagðar tillögur ríkisstjórnarinnar og minni hluta fjárlaganefndar. (**Gripið fram í:** Ókei.) Tillögur minni hluta fjárlaganefndar eru 7,4 milljarðar ofan á tillögur ríkisstjórnarinnar. Við skulum ekki gleyma því að tillögur ríkisstjórnarinnar (**JBjarn:** Þær eru til tveggja ára.) munu strax á næsta ári kosta mikla fjármuni. (Gripið fram í.) Á árinu 2006, á yfirstandandi ári, kosta þær breytingar sem byggja á samkomulagi sem gert var fyrr á árinu við þessa hópa, og menn hafa ýmist kallað samkomulag eða yfirlýsingu og eitthvað hefur verið tekist á um það en við vitum hvað ég á við hér, tæpa 2 milljarða en strax á næsta ári 5,5 milljarða. Síðan má bæta við þá fjárhæð u.þ.b. 300 millj. vegna þess að lagt er til að frítekjumarkið upp á 300 þús. kr. komi til framkvæmda strax um næstu áramót og það mun kosta nokkur hundruð milljónir.

Þetta er sá veruleiki sem við erum að ræða um hér við 2. umr. fjárlaga. Það sem stjórnarandstaðan hefur keppst við að kalla hér misskiptingu og aukinn ójöfnuð í þjóðfélaginu er þegar öllu er á botninn hvolft forsenda þeirra auknu framlaga til velferðarmála sem þetta fjárlagafrumvarp endurspeglar.

Það hefur víða verið komið við. Hér hefur m.a. verið rætt um fæðingarorlof og því haldið fram að ríkisstjórnarflokkarnir séu að gera árás á fæðingarorlofskerfið. Ég hef fulla samúð með þeim sem hafa bent á tilvik um þá sem til að mynda hafa eignast fleiri en eitt barn með skömmu millibili. Það má alveg halda því fram með ágætisrökum að þegar breytingarnar voru síðast gerðar á fæðingarorlofslögunum hafi menn ekki séð fyrir slík tilvik. Það verður samt sem áður að horfast í augu við það að allar breytingar í þessa átt kosta peninga.

Hver er staðreyndin varðandi fæðingarorlofið fyrst menn vildu taka það til umfjöllunar í þessari umræðu? Þegar frumvarpið kom fram á sínum tíma lá fyrir áætlun frá fjármálaráðuneytinu um það hvað breytingarnar mundu kosta. Með leyfi forseti ætla ég að lesa upp úr áætlun fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins:

„Gert er ráð fyrir að framangreindur kostnaður vegna fólks á vinnumarkaði verði fjármagnaður með tryggingagjaldi.“

Það segir í þessari áætlun:

„Áætluð heildarútgjöld frumvarpsins vegna fólks á vinnumarkaði árið 2001 eru um 2 milljarðar, árið 2002 um 2,5 milljarðar og árið 2003 um 3 milljarðar kr.“

Í millitíðinni hefur verið gripið til aðgerða til að tryggja betri fjármögnun á Fæðingarorlofssjóðnum vegna þess að útgjöldin urðu strax í upphafi meiri en menn sáu fyrir. Þegar frumvarpinu var teflt fram hér á þinginu sáu menn fyrir sér að þetta gæti siglt í 3 milljarða. Í þessu fjárlagafrumvarpi er varið til fæðingarorlofsmálanna yfir 7 milljörðum. Þetta er kallað í ræðum í dag aðför gegn fjölskyldustefnunni. Það er alveg ótrúlegt að hlusta á slíkan málflutning.

Í umræðum um lífeyrismál finnst mér mjög mikilvægt að menn haldi til haga því sem gert hefur verið og skoði raunkostnað við hugmyndir minni hluta fjárlaganefndar eins og ég hef vikið að hér áður. Við hljótum öll að geta verið sammála um að til lengri tíma litið er það markmið hjá okkur að tryggja að þeir sem ljúka venjulegri starfsævi og komast á lífeyrisaldur eigi ekki að þurfa á neinni opinberri aðstoð að halda. Almannatryggingakerfið hlýtur að þessu leyti til til lengri tíma að vera fyrst og fremst hugsað til þess að koma til móts við þá sem af einhverjum orsökum hafa ekki átt möguleika á að vinna fulla starfsævi, ýmist vegna örorku eða annarra óhappa sem þeir hafa lent í á lífsleiðinni. Að þessu leytinu til er skyldusparnaðarkerfið skynsamlegt, það tryggir fólki framfærslulífeyri þegar á efri árin er komið.

Mér finnst mikilvægt að við förum að nálgast lífeyrismál eldri borgara með dálítið nýjum hætti og horfast í augu við þá staðreynd að núna eru á lífeyrisaldri og munu koma á lífeyrisaldur um eitthvert árabil — sem gætu verið u.þ.b. 10–15 ár — einstaklingar sem hafa ekki tryggt sér lífeyrisréttindi með þeim hætti sem tíðkast í dag og munu þar af leiðandi ekki hafa í einhverjum mæli framfærslu sem dugar samkvæmt þeim viðmiðum sem við getum verið sátt um. Þetta kallar á einhvers konar aðstoð frá hinu opinbera, frá almannatryggingakerfinu, en í allri umræðu um skerðingar finnst mér menn hafa farið fram úr sér og haldið því fram að skerðingar séu óeðlilegar í sjálfu sér. Auðvitað er ekkert óeðlilegt þegar við erum að tala um tekjutryggingu að það komi til skerðinga þegar einstaklingar hafa tekjur. Hvað er óeðlilegt við það að einstaklingur sem hefur, segjum, 300–400 þús. kr. í framfærslu þurfi að sæta skerðingum í bótagreiðslum frá ríkinu? Það er ekkert óeðlilegt við það, ekki neitt.

Dæmin sem fylgja frumvarpi ríkisstjórnarflokkanna um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um

málefni aldraðra sýna að jafnvel þeir sem eru yfir þessum viðmiðunarmörkum sem almennt er verið að tala um hér í umræðunni í dag munu geta fengið framlög frá tryggingakerfinu. Við getum tekið dæmi um örorkulífeyrisþega sem á maka sem er lífeyrisþegi með 130 þús. kr. í lífeyrissjóðstekjur, og jafnvel slíkur örorkulífeyrisþegi, sem hefur 250 þús. í atvinnutekjur, mun eiga rétt á bótum eftir að þetta frumvarp verður gert að lögum. Auðvitað eru bæturnar hærri eftir því sem framfærslutekjurnar eru lægri og þannig á það auðvitað bara að vera. Það sem við þurfum að fara að ræða hérna af meiri alvöru á þinginu eru leiðir til þess að auka sparnað og tryggja enn betur en við gerum í dag að allir þeir sem komast á eftirlaunaaldurinn (**Gripið fram í:** ... séreignarlífeyrissparnaðinn líka.) eigi möguleika á því að framfleyta sér með góðum og öruggum hætti. Séreignarlífeyrissparnaðurinn sem hefur verið til umræðu núna, sérstaklega í fréttatímum — það má halda því fram með góðum rökum að það sé óeðlilegt að þeir sem eru komnir langt á starfsævinni og leggja fyrir séreignarlífeyrissparnað þurfi að þola skerðingar á þeim réttindum sem þeir eiga fyrir hjá tryggingakerfinu. Ég get alveg tekið undir með þeim sem halda því fram. Ef við ætlum að halda í skerðingar hjá þessum hópi er enginn hvati til staðar fyrir viðkomandi til að leggja til hliðar í séreignarsparnað.

Þegar við horfum hins vegar til þeirra sem yngri eru er alveg augljóst að það er til staðar mikill hvati til þess að njóta þess skattafsláttar sem séreignarlífeyrissparnaðurinn býður upp á og það er enginn vafi hjá ungu fólki sem er úti á vinnumarkaðinum í dag að það er skynsamlegt að leggja til hliðar í þennan sparnað jafnvel þó að til skerðingar kæmi þegar viðkomandi fer á eftirlaunaaldur vegna þess að ávinningurinn af sparnaðinum yfir starfsævina er svo margfaldur á við þann rétt sem viðkomandi gæti mögulega átt gagnvart bótatryggingakerfinu ef ekki væri um neinn sparnað að ræða. Þannig kerfi eigum við að byggja upp og við eigum að hjálpa fólki til sjálfshjálpar og það er auðvitað grunnstefið í þessum frumvörpum til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra sem liggja fyrir þinginu. Við erum ekki að ræða þau hér heldur eru í fjárlagafrumvarpinu ýmsar afleiddar tölur þar vegna þess máls. Auðvitað er grunnstefið í því máli að stíga lengra í þá átt að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Það er grunnhugsunin á bak við það að lækka skerðingar.

Hver er munurinn á frumvarpi ríkisstjórnarflokkanna og frumvarpi minni hluta fjárlaganefndar, til að mynda hvað skerðingarnar varðar? Ég hygg að munurinn sé sá að í frumvarpi ríkisstjórnarflokkanna er gert ráð fyrir að skerðingarhlutfallið fari niður í 38,5% á meðan minni hluti fjárlaganefndar leggur til að skerðingarhlutfallið verði 35%. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki ...) Það er staðreyndin varðandi skerðingarhlutföllin. Hér er verið að stíga stórt skref úr 45% niður í 38,35% þannig að þessu sé öllu til haga haldið. Lækkunin á skerðingarhlutföllum samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarflokkanna er úr 45 niður í 38,35.

Síðan er komið að frítekjumarki frá áramótum upp á 300 þús. kr. á ári. Það er rétt sem fram hefur komið að minni hluti fjárlaganefndar gerir í sínum 13,4 milljarða litlu tillögum ráð fyrir því að lengra þurfi að ganga, það þurfi að færa frítekjumarkið upp í 900 þús. kr. Við getum lengi rifist um það hversu mikið er nóg í þessum efnum en það verður ekki sagt um það frumvarp sem stjórnarflokkarnir hafa teflt fram að það gangi ekki einmitt í sömu átt og minni hluti fjárlaganefndar leggur til vegna þess að þessar tillögur eru nákvæmlega sama eðlis, þær ganga bara misjafnlega langt. Það er hins vegar eitt mjög athyglisvert við tillögu minni hluta fjárlaganefndar í þessu efni þegar við ræðum skerðingar, það segir í þingsályktunartillögu sem er í fylgiskjali með málinu að frítekjur vegna atvinnutekna verði 75 þús. kr. á mánuði og síðan segir að skoðað verði hvort nýta megi hluta þessa frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóði..

Hvað eru menn að fara hér? Hér eru menn væntanlega að fara inn á þá braut að jafnvel þeir sem hafa góðar lífeyristekjur og eru komnir á eftirlaunaaldur þurfa ekki að þola neina skerðingu á bótarétti sínum frá Tryggingastofnun. Ef þetta er hugsunin á bak við þetta orðalag held ég að menn séu á hraðri leið inn í gjaldþrotamódel sem menn eru að reynda að vinda ofan af víða í Evrópu þar sem gengið hefur verið of langt í sósíalismanum. Slíkt óðagot endar í of lítilli atvinnuþátttöku, í því að fjöldi fólks leggst á velferðarkerfið og það sligast á endanum undan byrðinni. Við þekkjum dæmin í Norður-Evrópu, jafnvel í Skandinavíu. Nú standa fyrir dyrum endurbætur á velferðarkerfinu í Svíþjóð. Menn þurfa að fara beint í það verkefni að skerða réttindin við litlar vinsældir. Ég held að við eigum að bera gæfu til þess hér meðan við erum að byggja upp okkar velferðarkerfi að ana ekki út í einhverjar breytingar sem vonlaust er að vinda ofan af síðar.

Ég get bætt því við í þessa umræðu um almannatryggingakerfið í heild sinni að mér finnst þetta í heild sinni afskaplega vont kerfi. Hér er reynt að staga eitthvað í kerfið og það er verið að byggja á þeim grunni sem er til staðar en auðvitað er þetta of ógagnsætt kerfi, illskiljanlegt og flókið. Það er þó viðleitni í frumvarpi ríkisstjórnarflokkanna til að sameina bótaflokka og auka eitthvað við sveigjanleikann en kerfið í heild sinni er auðvitað allt of flókið og ógagnsætt.

Hvað er í þessum tillögum ríkisstjórnarflokkanna? Það er auðvitað ekki bara hækkun á lífeyri sem tryggir öllum þeim sem ekki njóta annarra tekna en greiðslna frá Tryggingastofnun um 15 þús. kr. á mánuði og svo hækka bæturnar um áramótin um 2,9%, heldur er líka um að ræða einföldun á kerfinu með því að tekjutrygging og tekjutryggingarauki er sameinað í einn bótaflokk. Um er að ræða hækkun á heimilisuppbót, lækkun á skerðingarhlutföllum eins og ég hef áður komið inn á, áhrif á tekjur maka minnka, um er að ræða sérstaka hækkun á lífeyri, það er sett þetta frítekjumark upp á 300 þús. og það er gripið til aðgerða til að hækka vasapeninga. Fyrir utan þessa breytingu sem snertir frítekjumarkið, sem er sérstök aðgerð sem ákveðin hefur verið til að flýta áhrifum frítekjumarksins fram til næstu áramóta, er hér um að ræða hækkun lífeyrisgreiðslna upp á 5,5 milljarða sem verða væntanlega í kringum 5,8 eftir þessa breytingu á næsta ári, tæpa 6 milljarða árið 2008, 6,3 milljarða árið 2009 og um 7 milljarða árið 2010. Þetta eru að mínu áliti verulegar hækkanir. Þær koma til viðbótar öðrum hækkunum sem gripið hefur verið til á þessu kjörtímabili og það er auðvitað ekki sanngjarnt og ekki rétt í neinu samhengi að halda því fram að núverandi ríkisstjórn hafi verið með aðför gegn velferðarkerfinu, það er algjör-

lega fráleit fullyrðing sem hefur mátt lesa úr fjölmörgum ræðum hér í dag. 21 milljarðs hækkun til almannatrygginga og velferðarmála frá ríkisreikningi 2004 til þessa frumvarps er stór hækkun, í kringum 25%.

Ég ætla ekki í þessari ræðu minni að fara inn í einstaka liði sem hafa komið til hækkunar. Mér finnst ágætt að láta skýringar formanns fjárlaganefndar duga þegar kemur að einstökum breytingartillögum við 2. umr. fjárlaganna. Þetta skýrir sig auðvitað að mestu leyti sjálft en eins og tillögurnar bera með sér ganga þær einmitt í þá átt að auka enn frekar við þessa málaflokka, hvort sem við horfum til menntamálanna og skoðum aukin framlög til framhaldsskólastigsins eða horfum til heilbrigðismála og lítum á milljarð sem fer til Landspítala – háskólasjúkrahúss á þessu ári og áfram inn í rekstrargrunninum á því næsta. Það er gengið enn lengra eftir sömu leið við 2. umr. og með þeim breytingartillögum sem núna liggja fyrir.

Hér hefur töluvert verið rætt um þróun kaupmáttar og býsna fast að orði kveðið, óréttlætið sagt birtast í því að kaupmáttur þeirra sem lægstar hafa tekjurnar hafi ekki hækkað nægilega mikið. Hvað hefur kaupmáttur launa hækkað mikið frá árinu 1995? Hann hefur hækkað um rúmlega 40%. Hvað hefur kaupmáttur ellilífeyris hækkað frá árinu 1995? Hjá einhleypum rúmlega 50%, hjá sambúðarfólki rétt um 80%. Ég er hér að vísa í töflu sem fylgir frumvarpi til breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða. Þetta er staðreynd málsins. Það er búið að stórauka kaupmáttinn hjá öllum hópum þjóðfélagsins. Það eru góðu tíðindin. Þessar markvissu aðgerðir sem við njótum nú, aðgerðir sem miðuðu að því að leysa úr læðingi nýja krafta sem áður voru í viðjum ríkisvaldsins eða heftir í höndum þess, hvort sem við horfum til bankanna eða annarrar starfsemi sem áður var rekin af hinu opinbera, hafa svo stórlega aukið hér umsvifin að við njótum nú tekna af auknum umsvifum sem gera okkur kleift að auka framlög til velferðarmála. Ég hef áður í ræðu minni farið yfir það hvernig tekjur frá lögaðilum einum saman hafa stóraukist á nokkrum árum en heildartekjur ríkissjóðs hafa aukist um 150 milljarða frá árinu 2001, úr 245 milljörðum upp í 393 milljarða samkvæmt áætlun á þessu ári. Við munum fara fram úr þeirri áætlun, það liggur þegar fyrir. Við munum fara fram úr því að hafa hækkað heildartekjur ríkissjóðs um 150 milljarða. Þessa hluti má ekki slíta úr samhengi og ég ítreka það sem ég hef áður sagt, hugmyndir minni hluta fjárlaganefndar byggja á stórauknum umsvifum sem stjórnarflokkarnir hafa tryggt, hafa aukið við tekjur ríkissjóðs og staðið undir þeim auknu framlögum til velferðarmálanna sem við erum vitni að í þessu frumvarpi sem er gott frumvarp og sýnir stóraukna lækkun skulda. Við erum að lækka skuldir svo mikið að fá ríki í hinum vestræna heimi skulda minna en Ísland. Það er ótrúlegt (Gripið fram í.)

Að lokum ætla ég að minnast á eina jákvæða aðgerð sem tengist fjárlagagerðinni núna. Hún er afar skynsamleg og felst í því að með nýrri lántöku verður hægt að auka gjaldeyrisforða Seðlabankans um í kringum 80 milljarða. Það var ekki sjálfgefið að það væri svigrúm til slíkra hluta en aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálunum hefur tryggt að við getum gripið til þessara aðgerða. Það er skynsamlegt og jákvætt og við treystum auðvitað á að vel takist til með að draga úr því þensluástandi sem er núna. Auðvitað þurfum við að ná að nýju jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þetta fjárlagafrumvarp á að tryggja að jafnvægi komist á að nýju á næsta ári og það er gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir okkur öll. Það eykur ekki líkurnar á að þessu jafnvægi verði náð að koma með 13,4 milljarða kr. hugmyndir um útgjaldaaukningu eins og minni hluti fjárlaganefndar hefur gert hér.

[20:14]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst ein örstutt leiðrétting. Hv. þm. Bjarni Benediktsson talaði um skuldir Íslendinga, skuldir íslensku þjóðarinnar og taldi þær vera litlar á heimsvísu. Við erum hins vegar skuldugasta þjóð í heiminum. Skuldirnar skiptast þannig og hafa skipast á þann veg að stórlega hefur dregið úr skuldum ríkissjóðs. Skuldir sveitarfélaganna hafa stóraukist hins vegar og skuldir fyrirtækja og heimila hafa stóraukist að sama skapi.

En ég vildi spyrja hv. þingmann út í ummæli hans um að afnema áminningarskyldu hjá ríkinu. Hann vill ná upp böndum á ríkisreksturinn. Heyrði ég rétt að eitt þeirra ráða sem hann vill grípa til er að geta rekið fólk skýringalaust? Það felur það í sér að afnema áminningarréttinn.

[20:15]

**Bjarni Benediktsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi skuldirnar. Það eru skuldir ríkissjóðs sem ég hef tekið hér til umfjöllunar og þær hafa stórlækkað. Skuldir ríkissjóðs, svo það sé á hreinu, hafa stórlækkað og íslenska ríkið skuldar ríkja minnst í Vestur-Evrópu. Þegar talað er um að skuldir einstaklinga og skuldir þjóðarinnar hafi aukist verðum við líka að taka með eignirnar, vegna þess að eignir fjölskyldnanna í landinu hafa jafnframt stóraukist.

Hér var spurt um lög um opinbera starfsmenn. Ég er þeirrar skoðunar að afnema eigi áminningarskylduna. Það er mín bjargfasta trú. Ég er þeirrar skoðunar að áminningarskyldan í lögum um opinbera starfsmenn leiði til of mikilla þyngsla í ríkisrekstrinum, komi hreinlega í veg fyrir að hægt sé að gera nauðsynlegar hagræðingar þegar þörf krefur. Ég held að dæmin sanni það. Við höfum m.a. fengið ákall frá forstjóra Landspítalans sem sagði (Forseti hringir.) nauðsynlegt að gera þessa breytingu ef gera ætti þá kröfu til hans að standast fjárlög.

[20:16]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við sem ekki erum í Sjálfstæðisflokknum lítum á Íslendinga sem eina þjóð. Þegar við tölum um skuldir þjóðarinnar horfum við til þjóðarinnar allrar, ríkisins, sveitarfélaga, fyrirtækja og heimilanna í landinu. (**Gripið fram í:** Og eignanna.) Og eignanna líka. Við horfum á nettóskuldir þjóðarinnar sem eru hæstar miðað við landsframleiðslu í heiminum.

Varðandi áminningarskylduna og réttinn til að reka fólk, þá er það svo að þeir sem stýra stofnunum eru embættismenn. Þeir eru ráðnir til fimm ára og lúta öðrum reglum en

almennir starfsmenn. Það er gagnvart almennum starfsmönnum sem menn vilja afnema áminningarskylduna. Það er þannig að forstjórar, og það gildir um veika forstjóra, sem ekki treysta sér til að ræða við sitt fólk vilja geta rekið fólk án nokkurra skýringa. Út á það gengur afnám áminningarskyldunnar, og að Sjálfstæðisflokkurinn sé talsmaður þess að afnema mannréttindi með þessu móti er furðulegt á að hlýða.

En (Forseti hringir.) svona tala menn sem eru talsmenn veikra stjórnenda (Forseti hringir.) sem þora ekki að ræða opinskátt við sína (Forseti hringir.) starfsmenn. Það er hægt að leggja niður störf hjá ríkinu (Forseti hringir.) og það er hægt að vísa mönnum frá en það á að fara eftir settum leikreglum.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég vil áminna hv. þingmenn um að virða ræðutímann þar sem hann er svo knappur, eingöngu ein mínúta.)

[20:18]

**Bjarni Benediktsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Aðeins varðandi fyrra atriðið og skuldir þjóðarinnar. Við þurfum að taka með í reikninginn þegar við tölum um þessar skuldir að þær birtast hér og hvar. Þegar Kaupþing banki ákveður að kaupa Singer & Friedlander í Bretlandi og tekur til þess aðeins nokkurra milljarða lán þá aukast skuldir Íslendinga, en eignirnar aukast reyndar líka stórlega. Kaupþing banki er orðinn það stór banki að hann getur, með einstökum ákvörðunum af þessu tagi, haft stórkostleg áhrif til breytinga í þessu efni. Þetta verður að skoðast af einhverri yfirvegun. Við verðum að taka eignirnar með í þennan reikning.

Ég hygg að dæmin sanni, um síðara atriðið, um áminningarskylduna, að þetta kerfi er of þungt í vöfum. Við hljótum að þurfa að hlusta á forstöðumenn stofnana sem koma til okkar, ég tala nú ekki um þegar forstöðumaður þeirrar stofnunar á Íslandi sem er með flesta starfsmenn í vinnu kemur með ákall til fjárlaganefndar um breytingar í þessu efni. (Forseti hringir.) (**ÖJ:** Talsmenn forstjóranna, veikra forstjóra.)

[20:19]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt sem skyggir á það sæluríki sósíalismans sem hv. þingmaður dró upp áðan og gerði að umtalsefni í ræðu sinni. En það eru skattalækkanirnar sem ég ætlaði að spyrja hann út í sem hann hafði mörg orð um áðan. Þegar rýnt er ofan í þær kemur í ljós að mest hefur dregið úr skattbyrði þeirra sem hæstar hafa tekjur þar sem skattbyrði þeirra hefur helmingast niður á við, úr 35% í 18%, á meðan skattbyrði þeirra sem eru tekjulægstir hefur í sumum tilvikum margfaldast. Hv. þingmaður lagði mjög út af hinum farsælu skattalækkunum hægri stjórnarinnar í ræðu sinni áðan. Er þetta ásættanleg niðurstaða af skattalækkunarhrinunni, eins og hann orðaði það? Var þetta markmiðið? Hyldýpi á milli á stétta í samfélaginu og nánast barbarískur ójöfnuður sem á sér varla samjöfnuð nema í nokkrum löndum sem ég mun nefna í síðari andsvari mínu.

[20:20]

**Bjarni Benediktsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessi umræða um skattbyrðina er farin að verða dálítið þreytt hér í þinginu. Það er örugglega búið að taka marga daga á þessu kjörtímabili að ræða einmitt þetta. Skattbyrði þeirra sem enga skattbyrði höfðu hefur aukist. Það er alveg rétt. Það voru nefnilega fjölmargir sem enga skattbyrði höfðu vegna þess að þeir voru undir skattleysismörkunum. En í stjórnartíð þessara stjórnarflokka hafa þeir ruðst upp fyrir þessi mörk (Gripið fram í.) og þannig hafa þeir komið inn og tekið þátt í skattbyrðinni í landinu. Það borga engir einstaklingar 18% skatt. Það eru lögaðilarnir sem greiða 18% skatt en ekki einstaklingarnir. Okkur hefur tekist að auka kaupmáttinn og það er það sem við viljum horfa á, það sem fólk tekur með sér þegar það fer heim að loknum löngum vinnudegi. Það er það sem skiptir máli, það er það sem menn eiga að horfa á, vegna þess að það eru launin sem standa undir lífskjörum fólksins, ekki skattprósenta.

[20:21]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var nokkuð dæmalaus flótti frá hinni miklu lofræðu um skattalækkunarhrinu ríkisstjórnarinnar. Það sem ég nefndi áðan um skattbyrði einstakra hópa í samfélaginu er algjört grundvallaratriði. Það er það sem þetta gengur allt út á.

Hv. þingmaður talaði um að við mættum ekki sligast undan byrðum sósíalismans og við yrðum að gæta hófs í því. Það er einmitt það sem skiptir öllu máli. Á síðustu tíu árum hefur myndast hyldýpi á milli hópa og stétta í samfélaginu. Þetta er algjört grundvallaratriði í allri umræðu um skattalækkanir. Og svo ég vitni í hinn fræga Gini-stuðul þá er Ísland í fjórða sæti þeirra þjóða þar sem tekjuskiptingin er ójöfnust. Það eru bara Lettland, Portúgal og Tyrkland sem standast nokkurn samjöfnuð við hinn íslenska ójöfnuð sem er orðinn að sérstöku fyrirbæri hér á landi. Þess vegna spurði ég hv. þingmann, sem gerði svo mikið úr skattalækkunum: (Forseti hringir.) Er það ásættanleg niðurstaða af (Forseti hringir.) skattalækkunarhrinu ríkisstjórnarinnar?

[20:22]

**Bjarni Benediktsson** *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hér er náttúrlega verið að draga upp mikla falsmynd af því sem gerst hefur í þjóðfélaginu í skattamálunum og ekki í fyrsta skipti. Það er staðreynd að með persónuafslættinum og frítekjumarkinu sem honum fylgir er tekið mikið félagslegt tillit til þeirra sem lægst hafa launin og lægstar hafa tekjurnar. Skattbyrði þeirra sem eru á lágmarkslaunum í landinu er að sjálfsögðu miklu minni en þeirra sem hærri hafa launin. Og þeim mun hærri sem launin eru í landinu, þeim mun hærra hlutfall af launanum fer í skatta. Það er hið innbyggða, félagslega tillit sem persónuafsláttur inn og frítekjumarkið tryggir. Þetta er algjörlega klárt. Það sem fer í taugarnar á þeim sem halda ræður af þeim toga sem hér er gert, er að sumir hafa aukið meira við sig í launum en aðrir. Það er ákall á sósíalísku (Forseti hringir.) aðferðina sem er víðast hvar gjaldþrota á Norðurlöndunum

[20:24]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að forseti virði mér það til vorkunnar að mér finnst ótrúlegur belgingur í þessum unga hv. þingmanni að halda því fram að tillögur stjórnarandstöðunnar grundvallist á góðri afkomu sem þessi ríkisstjórn hefur búið til með frammistöðu sinni. Á hverju grundvallast hin svokallaða góða frammistaða ríkisstjórnarinnar? Jú, hún er fjármögnuð af viðskiptahalla og því sem þessi hv. þingmaður hefur sjálfur kallað mistök í húsnæðislánakerfinu af hálfu ríkisstjórnarinnar.

En ég spyr hv. þingmann: Er hann að segja okkur að viðskilnaður kollega hans, hæstv. fjármálaráðherra, sé slíkur *í ríkisfjármálunum að við höfum ekki efni á að hækka* tekjutryggingu í 85 þús. kr.? Er hann að halda því fram að frammistaða hans og kollega hans sé slík að ekki sé hægt að hækka vasapeninga þeirra sem búa á stofnunum? Er það þetta sem hv. þingmaður heldur fram? Ef svarið er já, ætti hann þá ekki frekar að koma sér í annað skipsrúm (Forseti hringir.) og sinna einhverju öðru en þessu ef árangurinn (Forseti hringir.) er svona slappur?

[20:25]

**Bjarni Benediktsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, jú, við höfum vel efni á því að hækka við þessa hópa sem hér eru nefndir til sögunnar. Það er einmitt það sem frumvarpið sem ríkisstjórnin hefur teflt fram um þetta efni gengur út á. Á næsta ári á nefnilega hækka framlögin til þessara hópa sérstaklega, öryrkja og ellilífeyrisþega, um u.þ.b. 6 milljarða.

Það er því engin ástæða til að spyrja hvort við höfum ekki efni á að grípa til aðgerða til að styðja betur við þessa hópa vegna þess að það liggja einmitt fyrir þinginu tillögur í þessu efni. En að koma hér fram með tillögur sem kosta 13,4 milljarða og setja þær í þann búning að þær kosti einungis 7 milljarða, finnst mér frekar ódýrt.

[20:26]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kalla alla góða vætti mér til hjálpar og liðsinnis í því að koma í veg fyrir að þessi hv. þingmaður verði nokkurn tíma fjármálaráðherra. Ef reikningskúnst hans er slík að hann geti haldið því fram að tillögur sem við höfum sýnt fram á að kosti 7,4 milljarða, kosti eigi að síður 13 milljarða, þá brestur mig allt skyn. Og guð forði okkur frá slíkum hæstv. fjármálaráðherra.

Frú forseti. Til marks um vitleysuna hjá þessari ríkisstjórn þá nefni ég það að fréttatímarnir hafa verið fullir af því hvernig þessu liði hefur tekist að koma séreignarlífeyrissparnaði fyrir með þeim hætti að ríkisstjórnin fer bókstaflega ránshendi um hann. Tekur hann allan upp, ginnir fólk til þess að leggja fyrir samkvæmt kerfi sem í ljós kemur að er svo lekt að nánast allt sem það sparar er tekið.

Ætlar þessi hv. þingmaður að halda því fram að það sé kerfi sem hægt er að verja? Nei, það gerir hann ekki, hann er of skynsamur til þess. En ætlar hann þá að svara því hvort þessu kerfi verði (Forseti hringir.) breytt?

[20:27]

**Bjarni Benediktsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók það fram í ræðu minni í dag að ég tel að almannatryggingakerfið sé vont og það þurfi að laga. Það er of flókið, það er ekki gegnsætt, fólk skilur ekki hvaða rétt það á. Og jafnvel góðir menn eins og þeir sem sitja í fjárlaganefnd eiga bágt með að átta sig á hvaða hreyfingar einstaka breytingartillögur gera á réttindum fólks. Það er bara stórkostlegt vandamál að finna út úr þessu, það kostar vinnu sérfræðinga. (**ÖS:** Við bjóðum fram Ástu R.) Formaður fjárlaganefndar hefur lýst yfir áhuga á því að taka kerfið til endurskoðunar. Fjármálaráðherra tók það fram í viðtali í dag að hann teldi að sú skerðing sem verður á bótaréttindum vegna séreignarsparnaðarins þyrfti að skoðast. Ég get tekið undir það. Ég tel að það séu of mörg dæmi þess að óréttlátar skerðingar séu í kerfinu. En tekjuskerðingarhugmyndin sem slík er ekki slæm vegna þess að við eigum að tryggja að fjármunirnir renni til þeirra sem engar tekjur hafa eða mjög (Forseti hringir.) takmarkaðar.

[20:28]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er í sjálfu sér himinn og haf, finnst mér, milli þeirra hópa í samfélaginu sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og stjórnarandstöðunni tölum fyrir og hv. þm. Bjarni Benediktsson. Hann talaði í ræðu sinni um að fólki sem væri með svona 300–400 þús. kr. á mánuði ætti ekki að ívilna eða koma til móts við í gegnum almannatryggingakerfið, eins og með hækkun á frítekjumarki. Við erum ekki fyrst og fremst að tala um það fólk. Við erum að tala um fólk sem er kannski með innan við 100 þús. kr. á mánuði.

Frú forseti. Fyrir um hálfum mánuði síðan var mælt fyrir frumvarpi sem gerði ráð fyrir að frítekjumark vegna atvinnutekna lífeyrisþega yrði 200 þús. kr. á ári frá 1. janúar 2009 (Forseti hringir.) og 300 þús. kr. árið 2010. Nú hefur (Forseti hringir.) það verið fært fram.

[20:29]

**Bjarni Benediktsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bara ekki rétt eftir mér haft að ég sé sérstaklega að horfa til þeirra, sambúðaraðila, sem hafa í heildarráðstöfunartekjur um 400 þús. Ég tiltók einungis eitt dæmi úr frumvarpinu sem liggur frammi, sem sýnir fram á að jafnvel sambúðaraðilar sem hafa úr að spila 250 þús. kr. atvinnutekjum og 150 þús. kr. lífeyristekjum, munu eiga rétt til bóta úr kerfinu. Jafnvel þeir sem hafa þessar tekjur. Svo mun rétturinn auðvitað aukast eftir því sem atvinnutekjurnar eru lægri.

Ef við tökum bara dæmið sem hér er kallað eftir, og er einmitt að finna í frumvarpinu, um þann sem hefur 100 þús. kr. atvinnutekjur, þá gera tillögur ríkisstjórnarflokkanna ráð fyrir að einhleypur ellilífeyrisþegi með 100 þús. kr. atvinnutekjur fái sem nemur 22% hærri bætur, nái þessar breytingar fram að ganga, en gildir í dag. Ég get því ekki betur séð en að verið sé að svara ákalli hv. þingmanns mjög rækilega.

[20:31]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því í sjálfu sér að ríkisstjórnin skuli vera að láta undan þeim þrýstingi stjórnarandstöðunnar, þrýstingi elli- og örorkulífeyrisþega, eins og hún er að gera, þótt ekki sé nema mjög lítið, að færa frítekjumarkið sem hún er með fram til gildistökunnar 1. janúar nk. Það er mjög ánægjulegt. En það var fyrir þrýsting.

Og hvað heyrum við nú? Við erum búin að vera að tala um séreignarlífeyrissparnaðinn og nú heyrist aftur í dag: Jú, við erum reiðubúin til að skoða það. Ég spyr hv. þingmann: Af hverju ekki bara að stíga heiðarlega skrefið til fulls, af reisn og samþykkja þær tillögur sem við höfum lagt fram um lágmarkslífeyri, um frítekjumark, en ekki láta berja sig til hænufeta sem þó ber að fagna hverju sinni?

[20:32]

**Bjarni Benediktsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt, ég tel að verið sé að stíga mjög myndarlegt skref með þeim breytingum sem hér eru lagðar til (Gripið fram í.) og liggja til grundvallar því frumvarpi sem hér liggur frammi. Það er gert ráð fyrir að um 6 milljörðum verði varið í þennan málaflokk sérstaklega. Við getum lengi rifist um hvað er nóg í þessu efni og auðvitað er seint nægilega mikið gert í því að bæta réttindi þeirra sem bágust hafa kjörin. 13,4 milljarðar eru það sem tillögur minni hluta fjárlaganefndar kosta ef borið er saman við það sem gildir í dag, á árinu 2006. (**ÖJ:** Þetta er fráleitur málflutningur.) 7 milljarðar eru viðbótin við það sem þegar er komið inn í fjárlögin þannig að við skulum bara horfa á þetta eins og þetta er. Það er verið að bæta þessum 7 milljörðum ofan á tillögur ríkisstjórnarflokkanna.

[20:33]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Við erum í 2. umr. um fjárlögin 2007 og rétt aðeins í byrjun vil ég nefna að ég hef tekið eftir því að meiri hlutinn hefur gert ýmsar jákvæðar breytingartillögur við sjálft frumvarpið og fagna ég þar sérstaklega auknum framlögum til íþróttamála og æskulýðsmála í samræmi við þær ábendingar sem ég og fleiri hafa komið með á síðustu vikum. Ég verð samt að benda á eitt atriði sem virðist hreinlega hafa fallið út og minna á það sérstaklega þar sem ég sé að hv. formaður fjárlaganefndar er staddur hér, stuðning við Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi. Framlag til hennar hefur fallið algerlega niður, það var ekki í fjárlagafrumvarpinu og það kemur ekki fram í breytingartillögunum en ég vonast til að það verði tekið upp milli 2. og 3. umr.

Veiðimálastofnun hefur undanfarin ár orðið fyrir mikilli tekjuskerðingu, m.a. vegna Fiskræktarsjóðs og minni styrkja frá Landsvirkjun þar sem þeir hafa dregið saman í að styrkja rannsóknarverkefni í ám og vötnum og því ber að fagna ákvörðun fjárlaganefndar um aukið rekstrarframlag til Veiðimálastofnunar.

Ég tek líka eftir að það er áætlað aukið fé til Vinnumálastofnunar og þá fyrst og fremst vegna laga um starfsmannaleigur og vegna fjölgunar umsókna útlendinga um atvinnuleyfi. Við í félagsmálanefnd vöruðum við því á sínum tíma að aukin verkefni væru sett á Vinnumálastofnun án þess að fé fylgdi. Það var talið óþarft eftir ábendingum frá fjármálaráðuneytinu en nú hefur verið úr því bætt.

Varðandi málefni fatlaðra ber að fagna breytingartillögu sem er liður 700, ýmis verkefni, þar sem eru lagðar til 60 millj. kr. til að koma til móts við kostnað sveitarfélaga við að bjóða fötluðum börnum svokallaða lengda viðveru. Það er þó eitt í þessu, þetta er tímabundið og það þarf að koma í veg fyrir það í framtíðinni að ríki og sveitarfélög séu ávallt að takast á um þessi verkefni, þau þurfa að koma sér saman um hvor aðilinn eigi að sinna því.

Þá er lofinu, herra forseti, lokið í bili og ég ætla að bregða mér aðeins yfir í utanríkismál.

Það er liður 215, varðandi rekstur fyrrum varnarsvæðis við Keflavíkurflugvöll þar sem er gerð tillaga um 280 millj. kr. tímabundið framlag við yfirumsjón fyrrum varnarsvæðis. Í umræðum um utanríkismál fyrir viku lagði ég fram nokkrar spurningar til hæstv. utanríkisráðherra vegna varnarmála. Í svari hæstv. ráðherra kom m.a. fram, með leyfi forseta:

„Síðan var spurning frá hv. þm. Valdimar L. Friðrikssyni í sambandi við ratsjárnar. Það eru viðræður fram undan bæði við Bandaríkjamenn og NATO um þetta hlutverk og kostnaðarhlutdeildina. Ratsjárstofnun og ratsjárstöðvarnar eru fjórar og við höfum lagt áherslu á að þær munu allar starfa til framtíðar. ...

Það er ljóst að það kostar hundruð milljóna á ári og gæti jafnvel verið milljarður, að reka þessar stöðvar til framtíðar."

Ég get ekki séð, herra forseti, að gert sé ráð fyrir því í breytingartillögunum með allt að milljarðs kr. kostnaði við rekstur ratsjárstöðva á Keflavíkurflugvelli í þessum lið, 215. Af hverju það er veit ég ekki nema hér sé einungis um vanþekkingu hæstv. utanríkisráðherra að ræða, að þetta geti kostað hundruð milljóna, jafnvel allt upp í milljarð. Það ber að varast og má jafnvel leiða líkur að því að þarna eigi eftir að koma töluverður kostnaður í bakið á ríkisvaldinu við rekstur varnarsvæða á Keflavíkurflugvelli.

Varðandi tekjutryggingu ellilífeyrisþega sem töluvert hefur verið rædd hér í dag kemur fram í breytingartillögunum, í lið 204, að lögð sé til 192 millj. kr. hækkun vegna 300 þús. kr. frítekjumarks. Þarna er vitnað í samkomulag sem var gert við eldri borgara en það ætti öllum að vera ljóst að það er vafamál hvort um samkomulag hafi verið að ræða eða ekki. Menn eru sífellt að deila um þetta milli ríkisvaldsins og eldri borgara og það verður að viðurkennast að þessar deilur eru með öllu ólíðandi, sú mikla togstreita sem ríkisstjórnin hefur skapað í samskiptum sínum við eldri borgara. Ég bendi jafnframt á þá tillögu sem hefur verið minnst á í dag sem öll stjórnarandstaðan lagði fram undir heitinu Framtíðarskipan lífeyrismála og gengur mun lengra en tillaga fjárlaganefndar gerir.

Næst langar mig til að ræða hér um Ekron-starfs- og endurhæfingarþjálfun. Það kemur fram í lið 07-999, ýmis framlög, að þar sé tillaga frá fjárlaganefnd um 4 millj. kr. styrk til þessarar starfsemi. Ég verð að viðurkenna að að kemur mér talsvert á óvart miðað við jákvæðni heilbrigðisráðherra er við tókumst á um þetta í fyrirspurnatíma 15.

nóvember sl. Ekki síður kemur mér þessi lága fjárveiting á óvart þegar í ljós kemur hverjir hafa mælt með þessari starfsemi, t.d. hæstv. dómsmálaráðherra, umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra.

Í áðurnefndum fyrirspurnatíma kynnti ég fyrir þingheimi Ekron-starfsþjálfun og sé ekki ástæðu til að gera það hér aftur en hins vegar sé ég ástæðu til að fara sérstaklega yfir umsókn hennar í þeirri trú og von að menn sjái að sér er þeir átta sig á um hversu mikilvægt verkefni er að ræða. Í umsókn hennar segir varðandi starfsþjálfun og endurhæfingu, með leyfi forseta:

„Ekron er starfsþjálfun og endurhæfing fyrir einstaklinga sem eiga ekki greiðan aðgang út á hinn almenna vinnumarkað, svo sem vegna fíknar sinnar, örorku eða atvinnuleysis. Hugmyndafræðin gengur út á að virkja mannauð hvers og eins og áhersla lögð á gagnvirka aðlögun einstaklinganna við sitt félagslega umhverfi sem er forsenda þess að menn nái að þróa raunhæfa sjálfsmynd og sjálfsábyrgð, finna út hæfni sína og þróa tengsl við aðra og nýta samfélagslegar bjargir. Umsóknarferlið verður á þá leið að læknir, félagsráðgjafi, sálfræðingur, áfengisráðgjafar, afbrotafræðingar og fleiri fagaðilar óska skriflega eftir starfsþjálfun fyrir viðkomandi einstakling.

Við inntöku í Ekron-starfsþjálfun mun fagaðili taka viðtal við viðkomandi einstakling, og þarfir og staða hans metin. Einnig verður haldinn fjölskyldufundur þar sem við teljum það mjög mikilvægan lið í bata að fjölskyldan sé þátttakandi í lífi einstaklingsins. Í framhaldi af því og í samvinnu við einstaklinginn er sett upp meðferðaráætlun og markmið. Verkefnið er rannsóknartengt frá upphafi með svokölluðum ASEBA-matslistum sem mæla í fyrsta lagi vanda einstaklingsins, bera kennsl á einkennamunstur, nota frásögn og upplýsingar um leikni og þátttöku í ýmsum athöfnum og meta færni og aðlögun.

Boðið verður upp á áhugasviðspróf sem gert verður af félags- og námsráðgjafa og mat á starfsáhuga og starfshæfni. Veitt verður ráðgjöf við náms- og starfsval út frá eigin áhugasviði, færni og gildismati til að auka líkur á að það starf sem valið er sé við hæfi einstaklingsins. Starfsþjálfun hefst kl. 9 og er til kl. 16 alla virka daga. Einstaklingurinn mun þannig búa heima hjá sér en sækja starfsþjálfunina eins og hverja aðra vinnu. Hver einstaklingur mun sækja vinnu á hinum almenna vinnumarkaði undir eftirliti og handleiðslu hópstjóra. Í upphafi er gert ráð fyrir um 2 klukkustundum á dag og verður aukið í samræmi við getu og markmið hvers og eins þar til viðkomandi einstaklingur verður fær um að vinna fullan vinnudag."

Herra forseti. Ekron-starfsþjálfun og endurhæfing snýst um að aðstoða öryrkja við að fara af örorku út á vinnumarkaðinn. Um tekjur segir í umsókn Ekrons, með leyfi forseta:

„Áætlaður kostnaður vegna örorku einstaklings sem fer á örorku um 32 ára aldur er á bilinu 100–150 milljónir og er þá ótalinn kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu og þau gjöld sem viðkomandi einstaklingur hefði annars greitt til ríkisins, lífeyrissjóða og fleira. Áætlanir Ekron-starfsþjálfunar gera ráð fyrir að 24 einstaklingar séu í starfsendurhæfingu á hverjum tíma. Markmiðið er að ná 75% árangri og að starfsþjálfunin verði frá tveimur mánuðum og að hámarki 18 mánuðum. Miðað við ofangreindar forsendur, sbr. útreikning á örorkubótum, má gera ráð fyrir að beinn ávinningur af starfsendurhæfingunni verði 186–392 milljónir króna eða 279–588 milljónir króna ef um 75% árangur er að ræða."

Herra forseti. Til þessa starfs var sótt um styrk að upphæð 72 millj. en nefndin sá einungis ástæðu til að verða við 4 millj. Ég tel rétt að menn horfi ögn lengra þegar um er að ræða starfsemi sem gengur út á það að hjálpa einstaklingum, öryrkjum, fyrrverandi vímuefnaneytendum til að hjálpa sér sjálfir í stað þess að vera alfarið á kostnað ríkisins.

Mig langar að síðustu að ræða eilítið um nám fyrir geðfatlaða, samstarf Geðhjálpar, Fjölmenntar og ríkisins. Í Morgunblaðinu í gær segir í grein að samstarfsverkefni Fjölmenntar um starfsendurhæfingu fyrir geðfatlaða sé í uppnámi og verði jafnvel sjálfhætt um áramótin fáist ekki næg fjárveiting til verkefnisins. Það er verið að tala um fjárveitingu upp á 12 millj. sem vantar upp á þá fjárveitingu sem fyrir er til að hægt sé að halda þessu námi gangandi. Það er hvergi hægt að finna það í breytingartillögum meiri hlutans. Geðhjálp boðaði af þessu tilefni til baráttufundar í gær og var þar samþykkt ályktun sem ég ætla að leyfa mér að lesa, herra forseti:

„Ályktun baráttufundar Geðhjálpar um áframhaldandi menntunar- og starfsendurhæfingarúrræði fyrir geðfatlaða og heilaskaðaða:

Fundurinn skorar á menntamálaráðherra og ríkisstjórn Íslands að tryggja nú þegar nauðsynlegt fjármagn til samstarfsverkefnis Fjölmenntar og Geðhjálpar svo að hægt verði að bjóða upp á fullt nám nú á vorönn.

Það er afstaða fundarins að óásættanlegt sé að farið verði af stað með skert náms- og starfsendurhæfingartilboð til handa geðsjúkum og heilasköðuðum eftir næstkomandi áramót í ljósi þess að nauðsynleg fjárframlög hafa ekki og munu ekki berast, skv. yfirlýsingu menntamálaráðherra þar um.

Það er skýlaus krafa að hið opinbera tryggi lög- og stjórnarskrárbundinn rétt fólks með geðsjúkdóma og heilaskaða til menntunar og fræðslu við hæfi. Að óbreyttu er ríkisstjórnin að ganga gegn eigin samþykktum sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar í desember 2004.

Það er óþolandi og óviðunandi að eina sérhæfða náms- og stuðningsúrræðið í landinu fyrir ofangreinda hópa skuli sífellt mæta fordómum af hálfu stjórnvalda. Þess er jafnframt krafist að stjórnvöld gangi hið fyrsta frá framtíðarskuldbindingum með þjónustusamningi við Fjölmennt þar sem tryggt verði nám og stuðningur við alla hópa fatlaðra og þá einnig geðfatlaða. Fullri ábyrgð á framhaldinu er lýst á hendur ríkisstjórn Íslands."

Herra forseti. Enn og aftur eru komnar upp deilur milli ríkisstjórnarinnar og ákveðinna minnihlutahópa í þjóðfélaginu. Þetta nám á vegum Fjölmenntar gefur geðfötluðum og heilabiluðum og aðstandendum þeirra mun betra líf auk þess sem slíkt nám hjálpar þessum einstaklingum til að mennta sig betur og jafnvel að komast út á vinnumarkaðinn. Ég tel rétt að fjárlaganefnd endurskoði afstöðu sína í þessu máli á milli 2. og 3. umr.

Að lokum í þessu máli og því til stuðnings ætla ég að grípa niður í frétt sem kom í Morgunblaðinu þann 10. októ-

ber sl. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Dagurinn í dag markar mikil tímamót í hagsmunabaráttu geðfatlaðra.“ — Og hér er afskaplega falleg mynd af hæstv. félagsmálaráðherra og fleirum, og í þessari grein segir m.a.:

„Í samtali við Morgunblaðið sagðist félagsmálaráðherra leggja mikla áherslu á menntunarmál geðfatlaðra og hyggst hann sökum þessa beita sér fyrir því að félagsmálaráðuneytið, í samvinnu við menntamála- og fjármálaráðuneyti, finni leið til þess að tryggja Fjölmennt áframhaldandi rekstrarfé svo það geti eftir sem áður sinnt þjónustunni við notendur Fjölmenntar.“

Herra forseti. Það er ekki að sjá að hæstv. félagsmálaráðherra ætli að standa við þessi orð sín, a.m.k. hefur hann þá ekki náð samvinnu við hv. fjárlaganefnd ef litið er til þeirrar staðreyndar að það vantar 12 millj. kr. upp á að Fjölmennt geti sinnt þessu starfi sem ég hef gert svo vel grein fyrir.

[20:51]

**Útbýting:**

Kirkjugarðsgjald, 400. mál, fsp. EBS, þskj. 446.

Sameining lögregluembætta, 325. mál, svar dómsmrh., þskj. 412.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, 351. mál, nál. utanrmn., þskj. 453.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 403. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 449.

Tónlistarnám og fjárhagslegur stuðningur við tónlistarskóla, 407. mál, fsp. KolH og JBjarn, þskj. 454.

Tónlistarskólar, 406. mál, fsp. KolH og JBjarn, þskj. 452.

Vatnstjón á Keflavíkurflugvelli, 402. mál, fsp. JGunn, þskj. 448.

[20:52]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Hér hefur verið farið víða um í dag í umræðum um fjárlögin. Ég ætla rétt að staldra við á nokkrum stöðum og byrja á því sem ég kom inn á í andsvari mínu áðan við hv. þm. Bjarna Benediktsson þar sem hv. þingmaður hafði gert mjög að umtalsefni í ræðu sinni hrinu skattalækkana ríkisstjórnarinnar á liðnum árum. Ég spurði hv. þingmann út í afleiðingarnar og stöðu þeirra skattalækkana sem eru eftirfarandi og ég ætlaði að fara aðeins yfir af því að þær eru að mínu mati mjög alvarlegar. Hægri haukarnir í Sjálfstæðisflokknum hampa þessum afleiðingum að sjálfsögðu mjög enda hafa verið stigin risavaxin skref í átt að því samfélagi sem þeir stefna að, þar sem er núna uppi gríðarlegur ójöfnuður, ójöfnuður sem á sér varla hliðstæðu í nokkru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar er Ísland í fjórða sæti þeirra þjóða þar sem tekjuskiptingin er ójöfnust samkvæmt svokölluðum Ginistuðli og einungis Lettland, Portúgal og Tyrkland búa við meiri ójöfnuð og Bretland og Eistland koma næst á eftir Íslandi á listanum. Þessu er algjörlega þveröfugt farið á hinum Norðurlöndunum þar sem þau lönd fjögur, Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Noregur skipa hópinn þar sem tekjuskiptingin er jöfnust, ásamt Slóveníu og Tékklandi. Þetta er sá samanburður sem er hvað öflugastur og markvissastur þegar er borin saman samfélagsgerð einstakra ríkja og afleiðingarnar af skattastefnu ríkisstjórnarinnar í hverju landi fyrir sig.

Afleiðingarnar af skattastefnu ríkisstjórnarflokkanna eru einfaldlega þær að hyldýpi er á milli hópa í samfélaginu, annars vegar á milli lífeyrisþeganna sem við erum að fjalla um í sameiginlegri tillögu stjórnarandstöðunnar við fjárlagagerðina fyrir árið 2007 og hins vegar hátekjuhópanna í samfélaginu sem lifa allt öðru lífi, sem búa hér í hálfgerðri skattaparadís fyrir hátekjufólkið, eða sem er að verða það. Það er hyldýpi á milli þeirra sem hafa aðstæður til að koma fjármunum í burtu og njóta þeirra með öðrum hætti og lífeyrisþega og lágtekjufólksins í landinu.

Þegar rýnt er ofan í þessar skattkerfisbreytingar kemur margt merkilegt í ljós. Heildarskattbyrðin t.d. hefur aukist um 10% á áratug samkvæmt nýlegri skýrslu frá OECD og skattheimta sem var rúmlega 32% af vergri landsframleiðslu fyrir árið 1995 er núna rúmlega 42% samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2005, einungis tíu árum síðar. Af þeim 24 löndum sem OECD mælir og lítur til var mesta aukningin í skattheimtu á milli ára á Íslandi, eða um 3,7%, en þá ber OECD einnig saman hvar mestu breytingarnar hafa orðið á skattheimtu sem hlutfall af landsframleiðslu milli áranna 1995 og 2004. Samkvæmt þeim lista er Ísland í öðru sæti hvað aukningu varðar, heildarskattbyrðisaukning hefur verið tæplega 8%.

Þegar litið er skatta á tekjur og hagnað hafa þeir u.þ.b. tvöfaldast á þessu sama viðmiðunartímabili, úr 10,7% af landsframleiðslu árið 1995 í tæplega 20% af landsframleiðslu árið 2005. Ef við skoðum bara skatta á tekjur einstaklinga hafa þeir aukist um tæplega 10%, 9,7% af landsframleiðslu árið 1995, í rúmlega 14% árið 2004. Þannig kemur það mjög sterklega fram að tekjuskattur á einstaklingum hefur aukist um tæpan helming á tímabilinu og skattar á tekjur fyrirtækja hafa aukist um 0,4% á sama tímabili, úr 0,9% af landsframleiðslu í 1,3%. Eignarskatturinn hefur hins vegar dregist saman á tímabilinu úr 2,8% af landsframleiðslu í 2,5%. Skattheimta af vöru og þjónustu stendur hins vegar nánast í stað, var 15,2% af landsframleiðslu en er 15,9% fyrir árið 2004.

Tölur OECD benda einnig til þess að nálega helmingur aukningar heildarskattbyrðar sé kominn til vegna aukins tekjuskatts einstaklinga. Þetta er mjög athyglisvert í ljósi þess hvernig, eins og ég nefndi áðan, skattbyrði einstakra hópa í landinu hefur þróast á þessum tíma og er algjört grundvallaratriði að taka inn í umræðuna þegar rætt er um skattbyrði einstakra hópa, þegar rætt er um skattalækkanir, þegar rætt er um skattkerfið og skattkerfisbreytingarnar og hvaða afleiðingar þær breytingar hafa hverju sinni af því að þarna kemur pólitík hverrar ríkisstjórnar að sjálfsögðu skarpast fram og þar sjáum við líka skarpast afleiðingarnar af stjórnarstefnu síðasta áratugar, síðustu tólf ára ef svo má segja, þarna koma þær hvað best fram. Þar hefur mest dregið úr skattbyrði þeirra sem hafa hæstar tekjurnar. Það er staðreynd sem blasir einfaldlega við og er grunnurinn að þeirri fullyrðingu að hérna ríki núna gríðarlegur og vaxandi ójöfnuður og það sé komin upp hyldýpisgjá milli þeirra

sem hafa lægstu launin, þeirra sem lifa af lífeyrisgreiðslunum einum saman, lífeyrisþeganna og þeirra sem hafa hærri tekjurnar.

Skattbyrði þeirra sem hæstar hafa tekjurnar hefur helmingast á þessu tímabili. Í upphafi þess námu skattgreiðslur þessa hóps 35% af tekjum en árið 2004 voru þær einungis 15,8% af tekjunum. Á móti því kemur að mesta aukning skattbyrðar hefur orðið í tekjulægstu hópunum þar sem hún í sumum tilvikum og mörgum hefur einfaldlega margfaldast. Ef litið er til tekjulægsta fjórðungsins hefur skattbyrði þeirra tvöfaldast eða meira. Sem sagt, skattbyrði tekjulægsta hópsins í samfélaginu hefur tvöfaldast á þessu tímabili. Þar er kominn alvarlegasti hlutinn af málinu.

Afleiðingarnar af þessu birtast í tölum um tekjuójöfnuðinn, eins og ég nefndi áðan, innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem Ísland hefur þotið á ævintýralegum hraða upp listann um ójöfnuð í ríkjum og hraðinn á ójöfnuðinum er nánast ótrúlegur og á sér eiginlega engan samjöfnuð í neinu vestrænu ríki, það þarf að leita til ríkja Suður-Ameríku til að finna hraðann á ójafnaðaraukningunni. Þar vermir Ísland núna fjórða sæti á lista yfir tekjuskiptingu þar sem tekjuskiptingin er ójöfnust samkvæmt svokölluðum Gini-stuðli. Það eru einungis Lettland, Portúgal og Tyrkland sem búa við meiri ójöfnuð, eins og ég nefndi hérna áðan.

Þess vegna var spurt hér fyrr í umræðunum í dag: Voru þetta markmiðin með skattkerfisbreytingunum sem átti að ná fram með skattalækkunarhrinu ríkisstjórnarflokkanna eða á að bregðast einhvern veginn við þessum staðreyndum? Er þetta ásættanleg staða? Var þetta markmiðið að mynda þá gjá sem orðin er á milli stéttanna og hvernig — ef vilji er til þess — á að brúa þetta bil og koma á meiri jöfnuði í landinu þannig að við vermum bekkinn með hinum Norðurlandaþjóðunum þar sem tekjuskiptingin er jöfnust en ekki skammarlistann með löndunum þar sem ójöfnuðurinn er mestur og þar sem hann vex hröðustum skrefum?

Annað sem er mjög mikilvægt atriði í fjárlagaumræðunni snýr að vaxtabótakerfinu. Ríkisstjórnin boðar hækkun framlaga vegna vaxtabóta upp á 430 millj. kr. Þrátt fyrir það verða útgjöldin til vaxtabótanna 226 millj. kr. lægri en þau voru árið 2003. Ef við tökum mið af þróun vísitölu neysluverðs frá 2003 til september 2006 eru áætluð útgjöld vegna vaxtabóta að raungildi tæpum milljarði lægri núna en þá, eða 968 millj. kr.

Ríkisstjórnin hefur beitt mjög fjölbreytilegum aðferðum á kjörtímabilinu til að skerða vaxtabætur. Í fyrsta lagi er sífellt lægri hluti eftirstöðva skulda lagður til grundvallar við útreikning vaxtabóta. Árin 2003 og 2004 miðuðust vaxtabæturnar við 7% eftirstöðvar skulda en árið 2005 var það hlutfall lækkað í 5,5% og síðan í 5% á þessu ári og samkvæmt frumvarpinu sem við ræðum núna á ekki að ganga nema til hálfs við að láta skerðinguna ganga til baka þannig að viðmiðið sé 6%.

Í annan stað voru einungis greidd út 90% af hámarksupphæð vaxtabóta árið 2004 og 95% árið 2005.

Í þriðja lagi hefur húsnæðisverð hækkað gríðarlega á tímabilinu. Eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gat um fyrr í dag hefur verðbólgan fyrst og fremst verið í húsnæðisverðinu þar sem húsnæðislánin, húsnæðislánabreytingin og sú mikla og róttæka umbreyting sem varð á umhverfi húsnæðis- og fasteignalána fyrir nokkrum missirum, hefur m.a. orðið til þess að húsnæðisverð hefur hækkað gríðarlega á þeim tíma og miklu meira en viðmið til útreiknings vaxtabóta voru sem stóðu í stað á milli áranna 2005 og 2006 um leið og þau hefðu kannski þurft að taka mjög miklum breytingum þar sem þenslan á húsnæðismarkaði var gífurleg á þeim stutta tíma.

Ríkisstjórnin lofaði endurskoðun vaxtabóta við kjarasamningagerðina í vor og frumvarpið um að hækka lágmark eignaviðmiðunar að frádregnum skuldum við útreikning vaxtabóta liggur nú fyrir Alþingi. Hefur ASÍ lýst vonbrigðum með frumvarpið og fullyrðir að ríkisstjórnin efni ekki nema að hluta þau loforð sem gefin voru við kjarasamningagerðina í vor og gagnrýnir mjög harðlega að ekki hafi verið haft samráð við forustumenn Alþýðusambandsins þrátt fyrir margítrekaðar óskir um að svo yrði gert. Hlýtur það að vera nokkur áfellisdómur.

Sú tillaga sem stjórnarandstöðuflokkarnir flytja sameiginlega og var kynnt á blaðamannafundi í morgun hefur hlotið mikinn hljómgrunn í samfélaginu, er að heyra, og vakið mikla athygli enda tillagan til mikillar fyrirmyndar þar sem tekið er á, held ég að megi fullyrða, alvarlegasta samfélagsmeini okkar Íslendinga. Við afgreiðslu fjárlaga hefur stjórnarandstaðan sameinast um að leggja fram tillögur um stórhækkun á greiðslum til elli- og örorkulífeyrisþega sem samtals nema ríflega 7 milljörðum kr. og stendur þá í rúmum 13 milljörðum sé það lagt saman við tillögur ríkisstjórnarinnar.

Helstu atriðin í tillögum okkar eru eftirfarandi og hafa verið rakin og rædd ítarlega í dag:

Í fyrsta lagi er lagt til nýtt frítekjumark sem felur í sér að bæði ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar geti unnið sér inn 900 þús. kr. á ári án þess að lífeyrir hins opinbera skerðist nokkuð. Tillögur ríkisstjórnarinnar gera einungis ráð fyrir 300 þús. kr. frítekjumarki fyrir ellilífeyrisþega og engu frítekjumarki til öryrkja.

Í öðru lagi leggur stjórnarandstaðan til að tekjutrygging verði hækkuð upp í 85 þús. kr. á mánuði fyrir ellilífeyrisþega og 86 þús. kr. fyrir örorkulífeyrisþega, auk breytinga á launavísitölu frá því í sumar.

Í þriðja lagi er lagt til að afnumin verði með öllu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka, sem er mikið réttlætismál og barist var harkalega fyrir í þinginu fyrir nokkrum árum og olli miklum deilum í samfélaginu.

Í fjórða lagi er lagt til í tillögu stjórnarandstöðunnar að vasapeningar þeirra sem dvelja á stofnunum hækki um helming eða 50% og frítekjumark sömu einstaklinga verði einnig hækkað um helming eða úr 50 þús. kr. á ári í 75 þús. kr.

Í fimmta lagi leggur stjórnarandstaðan til að öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á ellilífeyri.

Í lokin er lagt til að skerðingarhlutföll minnki þannig að skattskylda á tekjur umfram frítekjumark skerði tekjutryggingu aðeins um 35% í stað 45% núna.

Þetta eru tillögur sem liggja núna fyrir þinginu og verður væntanlega greitt atkvæði um þær á morgun. Verður fróðlegt að sjá hvernig stjórnarliðar margir hverjir, sem börðust fyrir sumum þessara mála í prófkjörum sínum síð-

ustu vikur og mánuði, muni afgreiða þær tillögur í þinginu þegar þar að kemur.

Að sjálfsögðu er margt annað sem vert er að nefna við fjárlagaumræðuna og eitt af því snýr að menntamálunum. Ber þar sérstaklega að líta til þeirrar úttektar sem OECD gerði á framlögum Íslendinga til menntamála núna í haust og var um margt mjög merkileg. Þar staðfestir skýrslan mikinn mun á framlögum ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar til skólamála þar sem skólastigin tvö sem sveitarfélögin reka eru í fremstu röð hvað varðar framlög, en framhalds- og háskólastigið eru töluvert fyrir neðan meðaltal innan OECD-ríkjanna og framlög á nemanda höfðu farið minnkandi á því árabili sem þar er til umræðu, sem eru árin 2002 og 2003. Segir það meira en mörg orð um fjárfestingarnar og skortinn á fjárfestingunum í menntakerfinu sem eiga sér stað á þeim árum.

Heildarútgjöld Íslendinga til menntamála eru ein þau hæstu innan OECD-ríkjanna sé miðað við verga þjóðarframleiðslu en við erum hins vegar í 15. sæti þegar borin eru saman útgjöld á hvern nemanda árlega frá grunnskóla upp í háskóla. Það er raunverulegasti mælikvarðinn á fjárfestingar í menntun og útgjöldum til skólamála. Framlögin hafa hækkað verulega á hvern nemanda á grunnskólastigi en lækkuðu, eins og ég gat um áðan, á milli áranna 2002 og 2003 til framhalds- og háskóla. Ísland er í þriðja sæti í framlögum til leikskóla, sjötta sæti til grunnskóla, sem eru skólastigin sem sveitarfélögin reka, en hins vegar erum við í hópi lægstu þjóða í framlögum til háskóla og framhaldsskóla þegar þessi mælikvarði er notaður. Þannig erum við í 21. sætinu á háskólastiginu og því 19. hvað varðar framhaldsskólana, skólana sem ríkið rekur.

Þarna er mikill munur og bendir til að metnaður sveitarfélaganna og skilningur þeirra á mikilvægi fjárfestinga í menntun sé allur annar en ríkisvaldsins, enda er grunnskólinn okkar kominn í hóp þeirra bestu í heimi á þeim árum sem sveitarfélögin hafa haft hann til reksturs. Þetta er eitt af því sem skýrsla OECD tekur til sérstakrar umfjöllunar, þ.e. fjármögnun skólastiganna, en ríki og sveitarfélög kosta um 93% af grunn- og framhaldsskólanum í viðmiðunarlöndunum og á síðustu árum hefur fjármagn frá öðrum en hinu opinbera aukist verulega í öllum löndum innan skólastigsins. Þar standa stjórnvöld hér á krossgötum og mikilvægt að ítarlega umræða fari fram um fjármögnun háskólastigsins til framtíðar þar sem tekjusamsetning háskólanna er í auknum mæli sú að stærsti hlutinn kemur frá hinu opinbera, annar hluti frá atvinnulífi og sá þriðji frá einstaklingunum sjálfum.

Þegar skoðaðir eru þeir háskólar sem standa í fremstu röð — af því að rætt var um það fyrr í dag að Háskóli Íslands hefði sett fram metnaðarfull markmið um að skólinn færi í röð þeirra fremstu og bestu í heiminum, sem að sjálfsögðu allir taka undir, en til að svo megi verða þyrfti að taka heljarstökk í opinberum framlögum til háskólans, auk þess að leita margra annarra leiða til að afla honum tekna. Bara bókakosturinn einn og sér, háskólabókasafn, er eitthvað sem er lagt til algjörs grundvallar bestu rannsóknarháskóla í heiminum en safnið hér stenst engan samjöfnuð, ekki einu sinni við það sem er vel í löku meðallagi meðal evrópskra og bandarískra háskóla.

Bestu háskólarnir eru á flesta mælikvarða þeir bandarísku. Af tíu bestu háskólum í heimi eru átta bandarískir og tveir breskir. Það er nokkur stöðugleiki á þeim lista þar sem þetta eru meira og minna sömu skólarnir ár eftir ár sem búa að löngum og miklum hefðum en hafa mjög öfluga tekjustofna frá ríkinu, bandarísku skólarnir frá fylkjunum og alríkinu og síðan frá atvinnulífinu og einstaklingum. Það er allt önnur samsetning á náminu og tekjugrunni háskólanna en hér. Bara það að koma íslenska háskólanum, Háskóla Íslands, eina háskólanum sem getur staðið undir því nafni að vera rannsóknarháskóli eða ætti að geta gert það, í fremstu röð þyrfti að koma til margföldunar á framlögum til hans til að ná því metnaðarfulla markmiði sem að sjálfsögðu mundi skila sér margfalt og margvíslega til baka, þá er allt slíkt tal í dag um að Háskóli Íslands sé á leiðinni í fremstu röð og á bekk með bestu háskólum í heimi innantómt tal. Það er svo langt, langt frá því að skólinn sé á leiðinni þangað, því miður. Aðbúnaður hans er einfaldlega svo fjarri því að vera nokkurs staðar í námunda við það.

Til að efla háskólana og gera þeim kleift að sækja fram í fremstu röð þarf að koma fram mikið aukið fjármagn frá hinu opinbera, frá fyrirtækjum og frá einstaklingum. Íslenskir háskólar eiga í miklum og vaxandi fjárhagsvanda. Vissulega hefur sókn í háskólana aukist mikið, enda er eldra fólk sem hafði stutta formlega skólagöngu, stutta formlega menntun, að sækja í miklum mæli aukna menntun. Það er að sjálfsögðu mjög lofsverð og jákvæð þróun sem hefur átt sér stað á mörgum árum. Á móti kemur þá að þau grundvallarmistök voru gerð í íslenska menntakerfinu að háskólarnir eru allt of margir. 300 þúsund manna þjóðfélag stendur ekki undir eða fullkomlega á bak við átta sjálfstæða háskóla. Það voru mistök. En það er í sjálfu sér margt jákvætt við það líka. Sjálfstæðar menntastofnanir hafa náð að skjóta rótum og náð mikilli fótfestu og nú þarf að stíga ný skref í þá átt að sameina suma skólana. Rætt er um að sameina Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands undir einn hatt og ég held að það væri mjög jákvætt. Við þurfum að sameina kraftana og efla þær stofnanir til að mynda einn framúrskarandi rannsóknarháskóla sem við getum ætlast til að komi fyrst í hóp þeirra 500 bestu kannski á næstu tíu árum og síðan skref af skrefi í átt að vera með einn besta rannsóknarháskóla í heiminum. Til að svo mætti verða þyrfti að eiga sér stað gífurlega umfangsmikið fjárfestingarátak í háskólamenntun. Umgjörðin þyrfti öll að gjörbreytast.

Menntun er að sjálfsögðu einstök fjárfesting, bæði fyrir einstaklinga og ríkið. Fullyrt er að hvert viðbótarár í skóla hafi í för með sér efnahagsleg áhrif fyrir þjóðarbúið á bilinu 3–6%, hvert eitt ár í skóla, og í kringum 22% tekjuauka af því að ljúka gráðu í háskóla. Þetta er náttúrlega gífurleg verðmætasköpun sem á sér stað. Efnahagslegur ávinningur af aukinni menntun er hafinn yfir allan vafa og yfirlitsskýrsla OECD um stöðu mála í 30 viðmiðunarlöndum er ágætur vegvísir um hvert við ættum að stefna og hvert við erum ekki að stefna og hvað við þurfum að gera til að ná þeim markmiðum sem ég hef verið að ræða um og hafa verið mjög uppi í opinberri umræðu á síðustu árum. Við verðum einfaldlega að fjárfesta miklu meira í menntun.

Mjög stórir árgangar komu inn í framhaldsskólana á síð-

ustu árum. Við sáum fyrir ári síðan að verið var að vísa fólki burt úr framhaldsskólunum í stórum stíl, fólki sem vildi koma aftur, fólkinu sem hafði frestað námi sínu, fallið á brott eða hvað sem það er kallað, fólki sem hafði ekki lokið formlegri framhaldsskólagöngu og vildi koma aftur, var vísað frá. Það var með herkjum að tókst að taka á móti öllum nýnemum í kerfinu. Þarna var að sjálfsögðu að mörgu leyti um að kenna fyrirhyggju- og andvaraleysi menntamálayfirvalda sem brugðust í þessu máli. En ekkert hefur verið gert til að sporna sérstaklega við brottfallinu. Lítið hefur verið gert til að auka aðsókn í verknámið og iðnnámið sem er mjög vanræktur þáttur í íslensku menntakerfi. Við þyrftum að ráðast í sérstakt átak til að efla iðnmenntun og verkmenntun í landinu, átak sem við í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni höfum talað fyrir um árabil að þurfi að ráðast í. Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur flutt á þremur þingum yfirgripsmikla þingsályktunartillögu um eflingu iðnmenntunar hvers konar í landinu sem er einn mikilvægasti útrásarþátturinn í íslensku menntakerfi. Það stendur undir svo mörgum öðrum atvinnulífstengdum fjárfestingum okkar Íslendinga.

Menntakerfið hefur vissulega verið sett hjá hjá hinu opinbera og það reyndist sveitarfélögunum að mörgu leyti *mjög þungur baggi að taka við grunnskólanum fyrir tíu árum*. Grunnskólinn var þá fjársveltur. Hann var að mörgu leyti gamaldags. Sveitarfélögin þurftu að byrja á að einsetja skólana í stórum stíl, byggja mikið yfir grunnskólana. Öll ytri umgjörð íslenska grunnskólans hefur gjörbreyst á þeim tíu árum sem sveitarfélögin hafa rekið grunnskólana. Metnaður þeirra til reksturs grunnskólanna er mikill. Mikið hefur verið byggt yfir skólana, íþróttastarf grunnskólanna er öflugt í mörgum sveitarfélögum. Við sjáum hvernig það hefur verið gert í Reykjavík og mörgum öðrum öflugum sveitarfélögum úti um allt land, en ríkið hefur hins vegar ekki komið með sanngjörnum hætti til móts við sveitarfélögin sem þurftu að ráðast í þá miklu fjárfestingu í grunnskólakerfinu og leikskólunum í rauninni líka þar sem sveitarfélögin hafa verið að feta sig að því að geta boðið tveggja ára og helst eins árs börnum vist í leikskóla til að leysa þann mikla vanda. Það er einnig partur af menntakerfinu. Við eigum að stefna að gjaldfrjálsum leikskóla frá ákveðnu árabili. Öll börn þurfa að hafa sama rétt á því óháð efnahag foreldra og jafna þarf aðstöðuna þar. Ríkisvaldið hefur hins vegar ekki viljað koma til móts við þær fjárfestingar, enda tala dæmin um hvernig það hefur að mörgu leyti leikið sveitarfélögin að reka leik- og grunnskólana sem tekur yfir 50–60% af útgjaldaþáttum sveitarfélaganna. Þau hafa að mörgu leyti ekki getað staðið undir slíkum fjárfestingum nema með mikilli skuldsetningu og skuldir sveitarsjóða hafa á þessum síðustu árum aukist úr 122 milljörðum kr. í lok ársins 2003 í 136 milljarða kr. í lok síðasta árs. Þar með hafa skuldir sveitarsjóða á hvern íbúa aukist úr 422 þús. kr. í 455 þús. kr.

Ríkisvaldið hefur komið illa fram við sveitarfélögin í landinu. Ríkisvaldið hefur ekki viljað mæta sanngjörnum kröfum sveitarfélaganna um endurskoðun á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, endurskoðun á tekjugrunni sveitarfélaganna. Afkoma sveitarfélaganna er auðvitað mjög breytileg og mörg þeirra eiga í verulegum fjárhagserfiðleikum. Þar munar líka um þá brotlendingu sem sameiningartillögur hæstv. félagsmálaráðherra fyrir einu og hálfu ári guldu. Þær guldu algjört afhroð. Þær voru kolfelldar um allt land enda voru þær tillögur illa undirbúnar. Það var illa að þeim tillögum staðið þó að góður hugur fylgdi. Mjög ósannfærandi framsetning var á tillögunum þar sem ekki átti að fylgja þeim endurskoðun á tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Það var mjög ósannfærandi og dómur kjósenda féll og dómur kjósenda var mjög harður. Tillögurnar um allt land voru kolfelldar þannig að sameiningarferlið sigldi því miður í strand, því það væri sveitarfélögunum, verkefnum og íbúum þeirra mjög til framdráttar ef sveitarfélögunum fækkaði, þau stækkuðu og þeim væri þannig gert kleift að yfirtaka fleiri verkefni frá ríkinu eins og þekkist víðast í Skandinavíu þar sem hlutfall opinberra verkefna meðal sveitarfélaganna er 70% og 30% hjá ríkinu meðan hlutfallið hér er þveröfugt, 30/70 í hina áttina.

Við í Samfylkingunni höfum talað fyrir því og flutt um það tillögur að flytja eigi t.d. rekstur framhaldsskólanna yfir til sveitarfélaganna. Gera eigi reynslusamning við tiltekin sveitarfélög um rekstur framhaldsskólans og þangað eigi að stíga skref. Þangað eigi einnig að flytja öldrunarþjónustu, félagsþjónustu og síðan fleiri verkefni koll af kolli, löggæslu *jafnvel og fleira slíkt*. Til að það geti orðið þarf að sjálfsögðu að bæta afkomu sveitarfélaganna og ganga frá réttlátri og sanngjarnri skiptingu á tekjum milli ríkis og sveitarfélaga og endurskoða leiðirnar sem við höfum eða fara í það upp á nýtt með alvörutillögum að endurskoða tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og fara aftur af stað með fólkinu í sveitarfélögunum til að kjósa um nýjar sameiningartillögur.

*Afkoma sveitarfélaganna er mjög breytileg og mörg* þeirra eiga í verulegum fjárhagserfiðleikum. Á síðasta ári má nefna að 60 sveitarfélög skiluðu jákvæðri afkomu sem nam rúmlega 6 milljörðum, 6,4 milljörðum kr. en 37 sveitarfélög voru rekin með 1,5 milljarða kr. halla. Hátt í 48 þúsund manns eða 16% þjóðarinnar búa núna í sveitarfélögum sem standa ekki undir rekstri. Það er að sjálfsögðu grafalvarlegt mál þegar hátt í 50 þúsund Íslendingar búa í sveitarfélögum sem eru svo illa stödd að þau standa ekki lengur undir rekstri, hvað þá að þau geti boðið íbúum sínum betri þjónustu eins og öldrunarþjónustu, betri leikskóla og gjaldfrían leikskóla. Stóru, ríku sveitarfélögin, vel reknu sveitarfélögin eins og Reykjavíkurborg — að minnsta kosti fram að síðustu sveitarstjórnarkosningum — geta ráðist í slíkar aðgerðir, boðið íbúum sínum betri og öflugri þjónustu en þau 37 sveitarfélög þar sem 16% þjóðarinnar búa geta að sjálfsögðu ekki boðið íbúum sínum upp á betri þjónustu af því að þau standa ekki undir rekstri.

Eins og segir í nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar er nauðsynlegt að tekið verði á málefnum sveitarfélaganna svo allir íbúar landsins njóti jöfnuðar þegar kemur að þeirri grunnþjónustu samfélagsins sem sveitarfélögin eiga að sinna. Þetta er eitt af stóru atriðunum við fjárlagagerðina og eitt af því sem er miður að út af fór, að ekki hefur á síðustu árum verið tekin upp tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga. Skuldir sveitarsjóða eru jafnalvarlegar og miklar og þær eru og hafa aukist eins og ég sagði úr 422 þús. kr. á hvern íbúa í landinu í 455 þús. kr. á þessum þremur árum.

Þarna ber sérstaklega að geta að í skuldsettustu og fátækustu sveitarfélögunum eru íbúaskuldirnar að sjálfsögðu miklu hærri.

[21:23]

**Útbýting:**

Tekjuskattur, 22. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 455; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 456.

[21:24]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég hef fylgst nokkuð vel með þeirri umræðu sem hefur farið fram í dag og hún hefur um margt verið mjög áhugaverð. Það er sláandi við umræðu af þessu tagi hve alhæfingargjörn hún stundum verður og ég hugsa að þeirri gagnrýni megi beina til okkar í stjórnarandstöðu oft og tíðum ekkert síður en til stjórnarliða. Auðvitað ber að viðurkenna það sem vel hefur verið gert og það sem vel hefur tekist til. Hlutverk okkar er að reyna að setja málin í raunsætt og sanngjarnt samhengi. Þannig hljótum við að staðnæmast við þá staðreynd að skuldir íslenska ríkisins hafa snarminnkað á undanförnum árum og það svo mjög að við erum í hópi þeirra ríkja þar sem ríkissjóðir skulda einna minnst. Ég staðnæmist við það sem fram kemur í gögnum með fjárlagafrumvarpinu, að hrein staða ríkissjóðs, hreinar skuldir að frádregnum viðskiptareikningum og innstæðum ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands, hafi lækkað úr 32% af landsframleiðslu árið 1997 í aðeins 1,4% á næsta ári. Þetta er ágætt og árangur svo langt sem það nær og hér kemur að því að við skoðum málin í raunsæju samhengi.

Það er gott þegar tekst að ná skuldum ríkissjóðs niður á þenslutímum, vegna þess að á samdráttartímum er mikilvægt að geta þanið út og jafnvel tekið á sig skuldir til að örva atvinnulífið. Á hitt ber að líta að skuldum ríkissjóðs hefur að hluta til verið náð niður með ráðstöfunum sem eru takmarkaðar í tíma og þá vísa ég til sölu ríkiseigna. Ríkissjóður hefur hagnast vegna sölu á eignum sínum, þar á meðal arðbærum eignum. Ég nefni t.d. Landssíma Íslands, ég nefni bankana, þó þeir hafi ekki skilað beinum arði inn í ríkissjóð á sama hátt og Landssíminn gerði. En aðalatriðið er að ein skýringin á bak við velgengni ríkissjóðs er sú að við höfum verið að selja arðbærar eignir. Harold McMillan, fyrrum forsætisráðherra Breta, varaði einhvern tíma við því að menn seldu fjölskyldusilfrið og var þá að vísa í einkavæðingu af því tagi sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum. Þetta er ein ástæðan fyrir því að tekist hefur að ná skuldum ríkissjóðs niður.

Önnur ástæðan er sú að tímabundnir þensluskattar hafa verið mjög miklir. Hagur ríkissjóðs hefur verið góður m.a. vegna þess að veltan í samfélaginu hefur verið mjög mikil. Umfang efnahagsstarfseminnar hefur þanist út. Að sjálfsögðu er það gott ef við lítum þröngt á málið. Skoðum þetta hins vegar í samhengi skuldasöfnunar þjóðarinnar og þeirrar staðreyndar að á þessu ári nemur viðskiptahallinn um 19% af landsframleiðslu sem er á þriðja hundrað milljarða króna. Við höfum búið við viðskiptahalla ár eftir ár, ekki eins mikinn á öðrum árum og þessu ári en þó mjög mikinn. Viðskiptahallinn á þessu ári er um 90 milljörðum meiri en ráð var fyrir gert þegar við ræddum fjárlög fyrir réttu ári síðan. Þetta er ein ástæðan fyrir því að ríkissjóður hefur hagnast. Á þenslunni, á geysilegum innflutningi og þenslu sem við hljótum að spyrja hvort innstæða sé fyrir. Þetta er önnur ástæðan fyrir velgengni ríkissjóðs.

Þetta meina ég þegar ég segi að það sé mikilvægt að skoða málin í víðu, raunsæju samhengi. Þegar við skoðum málin þröngt gleðjumst við öll yfir því að tekist hafi að ná skuldum ríkisins niður. Það er gott, það er jákvætt. Þegar málin eru skoðuð í þessu víða samhengi fer það að taka á sig aðra mynd, eða fyllri mynd skulum við segja.

Enn er þess að geta að skuldir sveitarfélaganna hafa verið að aukast. Aftur skulum við forðast alhæfingar þar, vegna þess að sum sveitarfélögin eru í býsna góðum málum. Þau hafa skilað rekstrarafgangi á undanförnum árum á meðan önnur eru rekin með halla, sum með verulegum halla. 60 sveitarfélög hafa skilað jákvæðri afkomu, 37 sveitarfélög neikvæðri og sum mjög neikvæðri.

Þetta er eitt af því sem hefur verið að gerast, að ríkið hefur fært verkefni frá sér yfir til sveitarfélaganna án þess að tekjustofnar hafi fylgt með í nægilega ríkum mæli. Þetta er ein önnur ástæða fyrir því að tekist hefur að ná skuldum ríkisins niður en að sama skapi hafa þær þá komið fram annars staðar.

Í þriðja lagi verðum við að skoða skuldir þjóðarbúsins í heild sinni. Vegna þess að þó að við lítum svo á að ríkissjóður sé það sem við höfum öll sameinast um og er á ábyrgð okkar allra, þá erum við ein þjóð í þessu landi, heimilin og fyrirtækin, og þess vegna skoðum við skuldastöðu okkar allra sameiginlega. Það gerði líka Fitch, matsfyrirtækið Fitch. Þegar það lítur á íslenskan þjóðarhag þá horfir það til þjóðarbúsins í heild sinni.

Þótt það hafi verið alveg rétt hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni að benda á hina mjög svo hagstæðu skuldastöðu ríkissjóðs, þá erum við skuldugasta þjóð í heimi þegar litið er á þjóðarbúið í heild sinni. Að minnsta kosti skuldugasta þjóð sem matsfyrirtækið Fitch metur. (Gripið fram í.) Og líka með tilliti til eigna. Matsfyrirtækinu hefur verið bent á það, því hefur verið haldið fram að það sé mikilvægt, og hv. þm. Bjarni Benediktsson og hv. þm. Birkir Jón Jónsson hafa bent á að, að sjálfsögðu þurfi að skoða nettóstöðuna. Það þurfi líka að meta eignasöfnun erlendis. Þegar við t.d. metum skuldsetningu fjármálafyrirtækja þá þurfum við einnig að skoða hver eignamyndunin er. Það gerir Fitch fyrirtækið líka og hefur bent á að skuldirnar hafi numið 357% af erlendum tekjum þjóðarbúsins árið 2005 og Fitch fyrirtækið kemst að þeirri niðurstöðu að Ísland sé skuldugast af öllum löndum sem það meti til lánshæfis.

Það kemur fram í síðasta mati Fitch, sem var birt núna í nóvember — annað mat birtist fyrr á árinu, ég held að það hafi verið í febrúar — að þá hafi eignastaðan orðið heldur hagstæðari, frá þeim tíma. En engu að síður segir hér í síðustu skýrslu Fitch, með leyfi forseta:

„Þessi þrönga staða ásamt miklu ójafnvægi í hagkerfinu gerir landið berskjaldað fyrir ytri áföllum svo sem hækkun vaxta erlendis og/eða skyndilegum breytingum á viðhorfum fjárfesta. Slík framvinda og líkleg viðbrögð við þeim gæti valdið mun dýpri kreppu en því skammvinna samdráttarskeiði sem fylgdi í kjölfar svipaðrar fjárfestingaruppsveiflu á seinni hluta tíunda áratugarins með óhagstæðum afleið-

ingum fyrir heimili, fyrirtæki og banka sem eru mun skuldsettari nú en áður var.“

Þetta segir í þessari síðustu skýrslu Fitch sem fram kemur og var rækilega tíunduð í Morgunblaðinu föstudaginn 10. nóvember undir fyrirsögninni: Ísland skuldar mest allra landa sem Fitch metur.

Þetta eru staðreyndir málsins. Og hér kemur fram í öðrum gögnum sem ég er með undir höndum um þessa skoðun, það er línurit sem sýnir að erlend staða þjóðarbúsins sé orðin neikvæð sem nemur um það bil þrettánföldum útflutningstekjum.

Þetta eru náttúrlega staðreyndir sem við hljótum að horfa til. Það dugir ekki að einskorða umræðuna við ríkissjóð einan. Við verðum að skoða samhengi hlutanna og skoða það af raunsæi. Horfa til þess á hvaða forsendum og hvernig, hvers vegna skuldunum var náð niður. Vegna sölu á ríkiseignum, í sumum tilvikum, arðbærum ríkiseignum, sem hefur verið líkt við að selja fjölskyldusilfrið því það gerum við bara einu sinni. Með því að færa skuldir frá ríkinu, þungann frá ríkinu yfir á sveitarfélögin og vegna þensluskatta sem eru tímabundnir. Sumir vonandi tímabundnir segjum við og þá er ég að horfa til þeirrar þenslu sem er fjármögnuð með geigvænlegri skuldasöfnun erlendis. Á þessu ári erum við að tala um neikvæðan halla á þriðja hundrað milljarða króna.

Þess vegna er það svolítið undarlegt að menn skuli koma hér og stjórna liðinu og segja að allt sé í lukkunnar velstandi. Ég velti því fyrir mér hvort þeir mundu segja það um sitt eigið fjölskyldubókhald ef þeir ár eftir ár tækju skuldir langt, langt umfram tekjur sínar. Skuldir langt umfram tekjur sínar og segðu svo: Sjáið þið bílana sem ég er að kaupa: Sjáið þið allar fínu utanlandsferðirnar sem ég er að fara í. Síðan væri farið að rýna í bókhaldið og þá kæmi í ljós að þeir væru í vaxandi skuld og áhöld um hvort og hvernig þeir færu að því að greiða þær til baka.

Það er annar handleggur en hitt skiptir máli að við skoðum þessi mál af raunsæi og reynum að taka á hverjum þeim vanda sem við teljum að ógni jafnvægi í íslensku þjóðarbúi. Þetta er svona almennt um skuldastöðuna.

En áður en ég vík frá þessu eða hverf frá þessu langar mig til að tala aðeins nánar um forsendur þessara fjárlaga. Það var svolítið sérkennileg upplifun, hún er ekki alveg ný af nálinni í mínum reynsluheimi að vísu, að hlusta á sérfræðinga koma fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og gera grein fyrir mati sínu á því sem þeir telja líklegt að gerist í íslensku efnahagslífi á komandi ári. Það var sláandi að Seðlabankinn og ýmsar bankastofnanir virtust horfa fram hjá því sem mestu máli skipti. Ekki allar að vísu. En það sem mestu máli skiptir að sjálfsögðu er hvað hér gerist í stóriðjumálum. Hvað gerist varðandi stóriðjuna?

Hæstv. iðnaðarráðherra, formaður Framsóknarflokksins, segir að ríkisstjórnin hafi fyrir löngu hætt að fylgja stóriðjustefnu. Það var nú gert fyrir þremur árum, held ég að hann hafi sagt að væri, tveimur eða þremur árum, ég man ekki hvort er. En á sama tíma eru uppi áform um stórfelldar fjárfestingar í stóriðju. Í virkjunum og stóriðju.

Þannig eru áform um að stækka álverið í Straumsvík úr 180.000 tonnum í 460.000 tonn, þ.e. um 250.000 tonn. Það á eftir að greiða atkvæði um deiliskipulag í Hafnarfirði, sem er með öðrum orðum atkvæðagreiðsla um stækkun álversins. En engu að síður er það svo að tvö fyrirtæki, tvær teiknistofur eru þegar byrjaðar að hanna kerskálana eða gera tillögur þar að lútandi. Undirbúningurinn er á fullri ferð.

Við þekkjum að á teikniborðinu er álver í Helguvík upp á 250.000 tonn og nýtt álver við Bakka á Húsavík upp á 250.000 tonn. Enda þótt ljóst sé að ekki verði ráðist í þessar framkvæmdir á næsta ári þá er engu að síður ljóst að ákvörðun um að ráðist verði í framkvæmdirnar mun hafa veruleg áhrif í efnahagslífinu. Þar er ég að tala um væntingar sem hafa áhrif á gengi krónunnar, á gengi gjaldmiðilsins og ég er einnig að tala um beinar framkvæmdir. Ég er að tala um fjárfestingar og framkvæmdir. Ég tók hér sem dæmi, örlítið dæmi, að teiknistofurnar eru þegar byrjaðar að teikna álver við nýju kerskálana í Straumsvík.

Þetta eru staðreyndir. Það er eiginlega furðulegt að ríkisstjórnin skuli komast upp með það, ekki gagnvart stjórnarandstöðunni, við erum orðin ýmsu vön þar, heldur gagnvart sínu eigin liði, gagnvart stjórnarmeirihlutanum að neita að svara nokkru um áform sín í þessum efnum. Annars vegar höfum við staðhæfingar formanns Framsóknarflokksins um að ríkisstjórnin hafi hætt að fylgja stóriðjustefnu fyrir þremur árum eða voru það tvö, ég man það ekki, a.m.k. fyrir nokkrum árum eða missirum. Og hins vegar höfum við þennan veruleika á borðinu.

Þegar við nú erum að ræða fjárlögin og forsendur fjárlaga er fráleitt annað en að taka þetta með í reikninginn. Þetta viðurkenndu að sjálfsögðu fulltrúar bankanna og fjármálastofnana sem komu á okkar fund í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Um forsendur fjárlaganna og það sem hér hefur verið sagt, en ég ætla að gera pínulítinn útúrdúr í ræðu minni af því að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, er sestur hér á stól. Ég hlýddi nefnilega á mál hans í dag. Hann talaði þar um vilja Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þess að stöðva iðnaðaruppbyggingu í landinu, held ég að hafi verið. Og er þá væntanlega að tala um þá stefnu sem Framsóknarflokkurinn segir í einu orðinu að sé ekki til. Við erum að stöðva það sem formaður Framsóknarflokksins segir að sé ekki til. Það hafi verið hætt við stóriðjustefnuna fyrir nokkrum missirum og þessi áform séu í rauninni ekki til í veruleikanum. Er það þetta sem við erum að stöðva? Framsóknarflokkurinn verður eiginlega að ná sér saman um einhverja hugsun sem heil brú er í. Er ekki kominn tími til þess?

Síðan að bönkunum. Hv. þingmaður sagði að sá sem hér stendur væri mikill áhugamaður um að koma allri bankastarfsemi úr landi. Sú var tíðin að sá flokkur sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson og hv. þm. Birkir Jón Jónsson eru fulltrúar fyrir, Framsóknarflokkinn, var flokkur samvinnu. Innan flokksins rúmaðist oft talsverð sanngirni líka. Mér heyrist flokkurinn vera núna orðinn flokkur sérhyggju og samkeppni, fyrst og fremst. Flokkur sem ekki skilur röksemdir þeirra sem hafa áhyggjur af vaxandi tekjuskiptingu í landinu og þeirri staðreynd að auðmenn eru farnir að stýra samfélagi okkar í mjög ríkum mæli á ekkert skylt við þá gömlu samvinnuhugsjón sem Framsóknarflokkurinn var reistur á, eða þannig er það í mínum skilningi.

Þeir eru til, og ég skil það þegar fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, ég tali nú ekki um hægri sinnaðir menn í þeim flokki koma fram og reyna að telja okkur trú um að allur sá auður sem er verið að skapa í ýmsum stofnunum, það er rétt, með fjárfestingum og framkvæmdum hér á landi og víða um heim, að hann sé vegna þess að það séu til nokkrir brilljant strákar, svona sex, sjö, átta manns sem séu sérí fjárfestingum. Þannig sé þetta allt til komið. Ég horfi allt öðruvísi á þessi mál.

Annars vegar erum við að tala um íslenska bankakerfið sem er eitt þróaðasta bankakerfi í heiminum, vegna þess að það byggir á mjög traustum hefðum, góðum mannskap og mjög þróuðum kerfum. Ef við berum íslenska banka saman við það sem við finnum víða í Bandaríkjunum og kannski almennt í Bandaríkjunum og tvímælalaust við það sem við finnum í Evrópu, þá búum við við mjög þróað bankakerfi. Það er tæknilega mjög þróað og það er mjög gott. Þetta hef ég oft sagt.

Þessir bankar hafa síðan verið einkavæddir og menn hafa fengið mikla peninga í hendur, auk sjóða sem einnig hafa verið settir inn í þessa púllíur. Ég nefni þar FBA á sínum tíma, sem fór síðan inn í Íslandsbanka, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, sem sameinaður var úr ýmsum sjóðum. Þarna er komið mikið fjármagn, ef menn fá það í hendur, þar sem auðvelt er að láta kapítölin ávaxta sig, svo maður vitni í Skúla Thor. (Gripið fram í.) frá öndverðri 20. öldinni. Það er hægt.

Síðan koma lífeyrissjóðirnir. Hafa menn hugleitt hvað það í reynd hefur þýtt þegar tugum milljarða er pumpað viðstöðulaust út í atvinnulífið og út í fjárfestingar þessara aðila? Þegar það síðan gerist að menn eins og ég, fólk úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, einstaklingar í verkalýðshreyfingu og í samfélaginu almennt, koma og segja við þá sem þarna stýra för: Farið ykkur ekki óðslega, farið vel með. Takið ekki óþarflega mikið til ykkar og sýnið samfélagslega ábyrgð. Ef þið gerið það ekki eruð þið að segja ykkur úr lögum við samfélag ykkar, það samfélag sem þið eruð sprottnir upp úr og eigið velgengni ykkar að þakka. — Það var það sem ég sagði hér forðum, forðum sem þýðir fyrir fáeinum dögum eða vikum. Þetta er hugsunin á bak við það.

Að sjálfsögðu vil ég hafa öflugt, íslenskt bankakerfi. Þess vegna mæltum við með því í okkar flokki að við hefðum a.m.k. einn ríkisbanka, ekki vegna þess að okkur þætti það vera sáluhjálparatriði að ríkið ætti og ræki banka, alls ekki, röksemd okkar var sú að í litlu efnahagskerfi eins og okkar væri það mikilvægt, ekki síst sem forsenda samkeppni því að sú hætta væri fyrir hendi, sem hefur síðan reynst raunveruleg, að sömu aðilar eignuðust lánveitandann og væru í senn þiggjendur sjálfir, þ.e. að fyrirtæki og fjármálamenn í atvinnulífinu eignuðust fjármálafyrirtækin.

Nú vitum við ekki hvernig okkur reiðir af og ég vona að sjálfsögðu innilega að allt fari vel. Við eigum öll mikið undir því komið. Lífeyrissjóðir landsmanna eiga mjög mikið undir því komið og við eigum það öll. Við höfum öll rétt á að setja fram og reisa siðferðilegar kröfur á hendur þeim sem hafa fengið að stýra þessum stofnunum, við höfum fullan rétt til þess. Við höfum horft til þess, og þar höfum við nefnilega verið bandamenn, Framsóknarflokkurinn og stjórnarandstaðan, vissulega Vinstri hreyfingin – grænt framboð, og verkalýðshreyfingin, að standa t.d. vörð um Íbúðalánasjóð. Þar hafa fjármálastofnanirnar gerst mjög frekar við að reyna að koma honum fyrir kattarnef. Ég bíð spenntur eftir að sjá hverjar lyktir verða af viðræðum sem hafa verið í Brussel undanfarna daga um kærur sem fjármálakerfið hefur sett fram á hendur Íbúðalánasjóði og ríkinu fyrir að voga sér að hafa uppi einhverjar samfélagslegar áherslur. Þetta þykir mér vera hinn stóri slagur í stjórnmálunum, hvort og að hvaða marki við ætlum að varðveita hin samfélagslegu gildi og að hvaða marki við ætlum að hleypa fjármálaöflunum inn á gafl. Þetta er pólitísk barátta sem skiptir máli hvar í flokk og hvar í sveit menn skipa sér.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hélt andheita ræðu að venju við þessa umræðu. Hann fór vítt um völl, um alla spítalaganga landsins og skólastofur og almannastofnanir og um heiminn allan reyndar, því að hann sagði að misskiptingin í heiminum væri ekki orðin til vegna mannvonsku, það væri ekki mannvonskan sem réði. Nei, en kannski eru það áherslur við stjórnun heimsins og skiptingu verðmætanna sem skipta máli hvort örbirgðinni er haldið við og þeirri miklu tekjuskiptingu sem við þekkjum í heiminum í dag. Að sjálfsögðu er heimurinn, eins og okkar þjóðfélag, háður mannanna verkum, vilja okkar til að stýra því og auðvitað getum við haft áhrif, til góðs eða ills, til að auka á þessa skiptingu eða draga úr henni og stefna að jöfnuði.

Síðan hefði verið fróðlegt að heyra hv. þingmann leggja nánar út af þeirri kenningu sinni að allur ágóði á undanförnum árum hafi farið til borgaranna en ekki til ríkis og sveitarfélaga. Ég náði þessu ekki alveg en þetta þýðir væntanlega á mannamáli að í stað þess að sjúklingur fái ókeypis umönnun á sjúkrahúsi fái hann að borga beint, af því að hann hafi fengið þá peninga að einhverju leyti í vasann áður. Vandinn er sá að kjör hinna veiku og sjúku, sem þurfa á slíkum aðgangseyri að velferðarstofnunum landsins að halda í sífellt ríkari mæli, hafa ekki bæst heldur rýrnað.

Áður en ég kem nokkrum orðum að sjálfu fjárlagafrumvarpinu, og þá ekki síður þeim tillögum sem stjórnarandstaðan hefur sameinast um, langar mig til að segja nokkur orð um ræðu hv. þm. Bjarna Benediktssonar, sem kvaddi sér sérstaklega hljóðs til að fjalla um ástandið í ríkisfjármálum og hve allt væri þar gulli glóandi. Hann sagði að það væri mikilvægt að ná tökum á stjórnun ríkisstofnana, og hvað þurfti að gera til þess? Jú, það þyrfti að vera auðveldara að reka fólk. Þess vegna vill hv. þm. Bjarni Benediktsson afnema það sem kallað er áminningarskylda úr lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Hver er þessi áminningarskylda, hvað er hér um að ræða? Þeir sem stýra stofnunum eru ráðnir þar sem embættismenn núna, það er hin almenna regla. Embættismenn eru ráðnir til fimm ára í senn og þá þarf að endurnýja ráðningu þeirra. Hægt er að segja embættismönnum upp eins og öðrum og þá gengur það eftir ákveðnu ferli, en hin almenna regla er að embættismenn eru ráðnir til fimm ára í senn. Þetta er samkvæmt lagabreytingum sem lögfestar voru, að mig minnir, 1. janúar 1997. Síðan er sú regla sem gildir almennt um starfsfólk hjá hinu opinbera. Það er hægt er að segja fólki upp störfum og það er hægt er að gera á ýmsum

forsendum. Það er hægt að ráðast í kerfisbreytingar, umbreyta og umbylta starfseminni og leggja störf niður. Þá á fólk rétt á biðlaunum. Það fer eftir því hvenær fólk réðist til starfa hvort það á rétt á þessum biðlaunum, vegna þess að eftir 1997 var biðlaunarétturinn afnuminn í lögunum og hann gildir einvörðungu um þá sem ráðnir voru fyrir þann tíma. Þetta var mikið afturhaldsskref þegar þessu var breytt.

Fólk sem á rétt til biðlauna getur verið á launum í sex mánuði eða tólf mánuði ef það hefur verið lengi í starfi. Er um miklar upphæðir að ræða? Er þetta gott eða slæmt? Þetta er mjög góð regla og almennt er atvinnureksturinn ekki dýr og vissulega ekki ef um er að ræða fólk í láglaunastörfum. Við skulum taka einstakling með 200 þúsund í sex mánuði, það eru 1,2 milljónir sem viðkomandi hefur í laun fái hann ekki annað starf. Fái hann annað starf, sambærilegt starf, dregst sú upphæð frá þessari. Við erum ekki að tala um mikla peninga.

Nú þykir öllum alveg sjálfsagt ef stórvesírum er skákað til í atvinnufyrirtækjum að þeir verði að fá í hendur milljónir, jafnvel tugi milljóna, jafnvel hundruð milljóna. Það þykir ekki nokkur skapaður hlutur hjá neinum í þeirri átt, en mönnum þótti alveg stórkostlegt hagsmunamál að afnema biðlaunaréttinn hjá hinum almenna starfsmanni. Biðlaunarétturinn var þannig afnuminn.

Ein leiðin til að segja fólki upp er því að ráðast í skipulagsbreytingar. Það er hægt hjá hinu opinbera og þá er hægt að segja fólki upp störfum á málefnalegum grundvelli eins og þessum. Það er málefnalegur grundvöllur ef ráðast á í kerfisbreytingar, skipulagsbreytingar í stofnunum.

Að lokum er að sjálfsögðu hægt að segja upp fólki sem ekki rækir sínar skyldur, sem ekki sinnir starfi sínu sem skyldi. Það eina sem þarf að gera þá er að veita því áminningu til að það eigi kost á að leiðrétta misskilning sem hugsanlega veldur því að atvinnurekandinn telji að viðkomandi hafi ekki rækt skyldur sínar eða til að bæta sig í starfi. Slíka áminningu ber að veita og það er hún sem menn vilja losna við. Og það eru yfirleitt hinir veiku stjórnendur sem kalla á þetta, það eru einstaklingar sem þora ekki að kalla starfsmenn sína fyrir sig og ræða opinskátt við þá hverju sé áfátt í starfi þeirra, þora ekki að kalla á þá til að ræða það, vilja bara reka þá og helst láta þá hverfa af vinnustaðnum viðstöðulaust, helst samdægurs. Þetta er farið að tíðkast mjög oft. Það er hætt við því að veikir stjórnendur noti þessa aðferð og þeir vilja fá stuðning löggjafans til þess. Þá stekkur náttúrlega íhaldið fram, alltaf þegar eitthvað horfir í afturhaldsátt, og styður það. Við urðum vitni að því áðan að ungur maður úr Sjálfstæðisflokknum, hv. þm. Bjarni Benediktsson, hinn mætasti maður að flestu leyti, leyfir sér að detta ofan í þann hrikalega pytt að taka undir með þessu afturhaldssjónarmiði sem ég segi að stríði beinlínis gegn mannréttindum.

Þetta er hluti ástæðunnar fyrir því að menn vilja einkavæða og hlutafélagavæða opinberar stofnanir, þ.e. að komast fram hjá lögum og reglugerðum af þessu tagi. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki að breyta starfsmannalögunum?) Breyta starfsmannalögunum í þá veru að hægt sé að reka fólk án þess að gefa skýringar? (**Gripið fram í:** ... að breyta stofnunum.) Það má segja það en ég held að hvorugu þurfi að breyta. Mér hefur virst, og ég þekki nú nokkuð til slíkra mála, að snjallir og góðir stjórnendur eigi ekki í nokkrum vandræðum með þetta. Og ég er alls ekki að taka upp hanskann fyrir þá sem ekki sinna starfsskyldum sínum, aldeilis ekki, auðvitað eiga allir að gera það. Þeir sem ekki rækja starf sitt, gera það ekki af hirðusemi og skyldurækni, eiga ekki að vera í því starfi, svo einfalt er það. Þetta vildi ég nefna sérstaklega í þessu samhengi.

Á Alþingi eru fimm stjórnmálaflokkar. Þeir eru allir með mismunandi áherslur. Mér hefur heyrst í dag að stjórnarmeirihlutinn sé nokkuð samstiga í því sem hann hefur sagt. Ég þekki það frá gamalli tíð að Framsóknarflokkurinn á aðrar rætur og mér hugnanlegri, en hann hefur lagt rækt við þessa hægri rót um of að mínu mati á umliðnum árum, að tala máli markaðshyggju og samkeppni, og gefið minna fyrir samvinnuna.

Hvað stjórnarandstöðuna áhrærir þá eru að sjálfsögðu einnig mismunandi áherslur þar uppi, enda erum við í þremur mismunandi stjórnmálaflokkum. Við erum með ólíkar áherslur í utanríkismálum, í umhverfismálum um margt, um það sem snýr að skipulagi almannaþjónustunnar, þar eru áherslur um margt mismunandi, en um eitt höfum við sameinast og það er hið sögulega við daginn í dag og reyndar haustið allt. Við sammæltumst um það í upphafi þings að við mundum reyna að stilla saman strengi okkar um það sem við vildum ná fram á þinginu í vetur og færum síðan að hamra í aðdraganda komandi kosninga, nokkuð sem við vildum sammælast um að framkvæma á Íslandi. Og hvað er það? Það er að bæta hag þeirra hópa í þjóðfélaginu sem lakast standa. Út á það ganga tillögur okkar.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson auglýsti ákaft og andheitt eftir tillögum stjórnarandstöðunnar, hvað hún vildi gera í skólamálum, í heilbrigðismálum og á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Á undanförnum árum höfum við lagt fram aragrúa tillagna á öllum þessum sviðum og þá ekki síst í umhverfismálum, atvinnumálum, byggðamálum og einnig hvað varðar rekstur almannaþjónustunnar. Við gætum staðið hér dögum saman og farið í gegnum það þannig að þær tillögur eru fyrir hendi.

Það sem við erum að segja í dag er þetta: Nú beinum við kröftum okkar að því að bæta kjör þeirra hópa sem lakast standa, þ.e. öryrkja, hópa aldraðra. Við viljum laga stöðu þessara hópa. Við viljum gera það með því að koma líka til móts við kröfur sem uppi hafa verið í þjóðfélaginu á undanförnum árum um að ekki eigi að refsa öryrkjanum eða hinum aldraða sem nýtur greiðslna úr almannatryggingum fyrir að afla tekna að því marki sem nú er gert. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna nokkuð og fara með það í 300 þúsund kr. Það var ákveðið að flýta þeirri framkvæmd og svolítið skondið því að við heyrðum hæstv. heilbrigðisráðherra tala um það viku fyrir þá ákvörðun, áður en greint var frá þessu, að það kæmi ekki til greina. Sagt var í þessum þingstóli að það væri ekki á döfinni. En þegar fréttist af því að stjórnarandstaðan væri að sameinast um sínar tillögur, sem gera ekki ráð fyrir 300 þúsund heldur 900 þúsund kr. á ári, var ákveðið að flýta framkvæmd ríkisstjórnarinnar nokkuð.

Við hækkum tekjutrygginguna og einnig kjör fólks sem dvelur á öldrunarstofnunum. Það var gerð rækileg grein

fyrir þessum tillögum í dag. Hv. þm. Jón Bjarnason gerði það prýðilega en hann er fyrir hönd stjórnarandstöðunnar 1. flutningsmaður að tillögunum. Stjórnarandstaðan stendur öll, vel að merkja, að þeim, hún vann þær í sumar undir forustu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Við höfum öll sameinast um þessar tillögur, en þær tillögur sem hv. þm. Jón Bjarnason talaði fyrir í dag sem 1. flutningsmaður eru reistar á tillögum stjórnarandstöðunar frá því í haust.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð að sinni um fjárlagafrumvarpið. Það má vel vera að ég kveðji mér aftur hljóðs þegar lengra líður á umræðuna en til að aðrir þingmenn komist að ætla læt ég máli mínu lokið að sinni.

[22:07]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér mál málanna, hið viðamikla fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Það er nú komið til 2. umr. á Alþingi eftir meðhöndlun í fjárlaganefnd. Á einum mánuði og 20 dögum tókst hv. fjárlaganefnd að minnka þennan hugsanlega tekjuafgang sem lagt var upp með í fjárlagafrumvarpinu sem var þá um 17 milljarðar niður í innan við 10 milljarða. Útgjöld hafa verið aukin hér talsvert mikið og mun ég gera það að umtalsefni í ræðu minni og skoða aðeins líka þau ummæli sem nú þegar hafa fallið í umræðunni sem hefur farið fram hér í allan dag.

Mig langar til að byrja aðeins á því að gera athugasemdir við orð varaformanns fjárlaganefndar, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, en það kveikti hjá mér hugrenningar að hlusta á hann. Hann stendur, að sögn, í baráttu við náttúru Íslands, við hálendið og fallvötnin, eldfjöllin, og hann hefur aldrei vitað meiri grát, hv. þingmaður, en út af „þessu Hálslóni", þessu 57 ferkílómetra lóni sem fer yfir mela og urðir og einhverjar mosaþembur, eins og þingmaðurinn orðaði það. Það mætti halda, sagði hann, að verið væri að nauðga fjallkonunni. En það er þá bara verið að tryggja byggð í þessu landi.

Ég verð að segja, frú forseti, að mér rann til rifja að hlusta á varaformanninn standa í þessum ræðustóli og úthella tilfinningum sínum á þeim nótum sem hann gerði. Við hv. varaformaður fjárlaganefndar eigum samleið í baráttunni fyrir því að byggð sé tryggð í landinu en það skiptir máli á hvern hátt það er gert. Stór hluti þjóðarinnar sættir sig ekki við að það sé gert með því að fórna helstu gersemum íslenskrar náttúru og stór hluti íslensku þjóðarinnar sættir sig ekki við að hafa svona ríkisstjórn sem hagar sér eins og fíll í postulínsverksmiðju eða refur í hænsnakofa.

Ég verð að segja að þegar maður rýnir í þær áætlanir sem stórfyrirtæki hafa um að reisa fleiri álverksmiðjur hér á landi, og það enga smásmíði heldur allt upp í 600 þús. tonn, og menn tala um það eins og sjálfsagðan hlut að hér sé hægt að fóðra með orku risaálbræðslur sem hægt sé að drita niður út um allt land finnst manni eins og maður sé staddur í absúrd leikriti. Það er ekki heil brú í þeim áformum sem þó eru komin vel á veg og á mikið flug án þess að Alþingi sé upplýst og án þess að sveitarfélög séu upplýst. Það er bara eins og þetta sé einkamál stórfyrirtækjanna sem samt eru á makki við ríkisstjórn Íslands. Ríkisstjórnin veit um öll þessi áform. Það var ríkisstjórnin sem markaðssetti landið sem stóriðjuland. Það er ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á óstöðugleika í efnahagskerfinu sem er fylgifiskur stóriðjuframkvæmda. Álverið sem verið er að reisa nú og hefur valdið öllum þeim óstöðugleika sem við höfum átt við að glíma í efnahagskerfinu síðustu þrjú árin er bara lítið miðað við álverið sem Norsk Hydro þykist ætla að reisa hér á næstu árum. Við erum að tala um 340 þús. tonna álver austur á Reyðarfirði, Norsk Hydro ætlar að reisa 600 þús. tonna álver. Svo koma nokkur 250 þús. tonna álver í millitíðinni.

Það er eins og þessi ríkisstjórn sé ekki tengd við neinn veruleika. Hún einblínir á einhverja draumsýn einhverra draumóramanna um það að hér sé hægt að ná úr iðrum jarðar þvílíkri raforku eða hitaorku sem hægt sé að breyta í raforku að annað eins á ekki að hafa sést á byggðu bóli. Skýjaborgirnar eru þvílíkar að það tekur ekki nokkru tali. Og það er að hluta til á skýjaborgum sem hugmyndir þessarar ríkisstjórnar eru reistar um þetta fjárlagafrumvarp en að mörgu leyti eru samt sem áður góðir hlutir hér þó að stigið sé að okkar mati í stjórnarandstöðunni minni skref og önnur skref en kannski ætti að stíga.

Eins og ég segi, stór hluti þjóðarinnar vill að þessi ríkisstjórn fái hvíld, og það í vor. Hún er búin að vera of lengi við völd og það þarf að gefa henni frí. Mér finnst þetta fjárlagafrumvarp vera til marks um það. Það er til marks um það sem stjórnarmeirihlutinn í fjárlaganefnd gerist sekur um en það er tengt þessum fjáraustri sem mér sýnist hafa gripið stjórnarmeirihlutann í fjárlaganefndinni. Ég vil meina að meiri hlutinn gerist með þeim tillögum sem hér liggja á borðum okkar á þskj. 422 sekur um að beita svo valdi sínu að það er ámælisvert.

Hér er verið að afgreiða fjárlög á kosningaári þar sem meiri hluti fjárlaganefndar fer lengra inn á þá braut en nokkru sinni fyrr á þeim átta árum sem ég hef setið á Alþingi Íslendinga að útdeila háum fjármunum fram hjá því kerfi sem löggjöfin segir til um að viðhafa eigi, að því er virðist í því augnamiði að kaupa sér velvilja. Hérna eru stjórnmálamenn á atkvæðaveiðum á ferð og fyrirgreiðslupólitíkusar sem láta eins og þeir eigi ríkissjóð. Ég trúi því ekki, frú forseti, að kjósendur Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks séu stoltir af sínum mönnum í dag. Ég ímynda mér að það renni á menn tvær grímur þegar niðurstöður úr vinnu fjárlaganefndar eru skoðaðar.

Niðurstöður þessa meiri hluta, eins og ég sagði áðan, eru fólgnar í því að stjórnarliðar sem fyrir einum mánuði og 20 dögum gáfu sig út fyrir að ætla að skila ríkissjóði með 17 milljarða tekjuafgangi geta ekki á sér setið í fyrirgreiðslunum sem enda með því að tekjuafgangurinn verður innan við 10 milljarðar.

Nú má ekki skilja orð mín svo að ég sé mótfallin hækkuðum framlögum til heilbrigðismála eða menntamála. Síður en svo. En ég er ósátt við að stjórnarliðar skuli koma til 2. umr. um fjárlög, berjandi sér á brjóst rétt fyrir kosningar, spilandi út þessum fúlgum í breytingartillögum eftir þau miklu vonbrigði sem ýmsar opinberar stofnanir urðu fyrir þegar frumvarpið leit dagsins ljós. Samkvæmt frumvarpinu, eins og það liggur fyrir í þessari gulu bók, er gert ráð fyrir mikilli skerðingu á fjölda stofnana og fullkomlega óraunhæfum fétekjukröfum eins og ég mun víkja að síðar í máli mínu.

Hv. formaður fjárlaganefndar sá ástæðu til að koma í

andsvar við ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, sem var einn af talsmönnum stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu og gerði grein fyrir breytingartillögum eða sameiginlegum tillögum stjórnarandstöðunnar um ýmsa þætti sem varða stórhækkaðar greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega, samtals ríflega 7 milljarðar kr.

Formaðurinn, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, sá ástæðu til að gera það að umtalsefni að engar tillögur væru í tillögum stjórnarandstöðunnar um að bæta stöðu heilbrigðisstofnana, stofnana félagslega kerfisins eða menntakerfisins. Og var mjög hneykslaður, náði varla upp í nefið á sér. Var mjög hissa á því að stjórnarandstaðan skyldi nú ekki koma með neinar tillögur til að bæta stöðu þeirra stofnana. Hvernig telur stjórnarandstaðan eiginlega að margar ríkisstofnanir geti búið við óbreyttar fjárheimildir? lá í spurningu formannsins. Það er kannski von að hann spyrji. En í spurningunni er auðvitað falinn áfellisdómur yfir eigin gerðum. Eða hefur hv. formaður fjárlaganefndar í raun áhyggjur af stöðu þeirra stofnana sem um ræðir? Ég lýsi eftir svari frá hv. formanni við þeirri spurningu. Og svari við því hvers vegna hann hækkar þá ekki sjálfur framlögin til þeirra stofnana sem hann ber svo mjög fyrir brjósti í því andsvari sem ég geri hér að umtalsefni. Eða ber hann hag þeirra einungis fyrir brjósti þegar hann telur að með því geti hann komið höggi á stjórnarandstöðuna? Það skyldi þó ekki vera. Hv. þingmaður hlýtur að átta sig á hvað svona yfirlýsingar hafa í för með sér og ég vona að fjölmiðlar hafi verið að hlusta og geti þá haldið áfram að spyrja hv. þingmann sem fer fyrir fjárlagavinnu meiri hlutans því það þarf að skýra þessi ummæli nánar.

Er hv. formaður fjárlaganefndar þeirrar skoðunar að tillögur meiri hlutans séu svo lágar að þær nægi ekki til að bæta stöðu heilbrigðisstofnana, stofnana félagslega kerfisins eða menntakerfisins? Ef hv. formaður telur að framlögin séu of lág hlýtur hann að vera að brjóta eiðstafinn sem hann undirritaði hér þegar hann settist á þing fyrir tæpum fjórum árum og er grundvöllur að þingsetu hans.

*Það er ótrúlegt að sjá hvernig hv. þingmaður hneykslast* á því að stjórnarandstaðan skuli ekki vera að gera hér einhverjar tillögur um bragarbót fyrir heilbrigðiskerfið, fyrir félagslega kerfið. (**BJJ:** Það eru engar.) Það eru engar, segir hv. formaður. Ekki eru þær hjá meiri hlutanum. Ég held því að hv. formaður þurfi að skýra orð sín nánar, að hann skuli hneykslast á því að stjórnarandstaðan skuli ekki koma með tillögur þar að lútandi. Ef það er svona mikil þörf á að leiðrétta eitthvað verður hv. þingmaður að gera það sjálfur.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur líka haldið því fram í dag að nauðsynlegt sé að skera upp bótakerfi ríkisins og taka það til heildarendurskoðunar. Það er sagt á vef Ríkisútvarpsins í dag að tilefni þeirra orða þingmannsins sé kannski öðru fremur saga sem hér hefur verið rakin í dag, saga sem við heyrðum í fréttum útvarps í gærkvöldi, saga öryrkja sem hafði leyst út tæplega 400 þús. kr. af viðbótarlífeyrissparnaði en þegar skatturinn var búinn að taka sitt og Tryggingastofnun búin að skerða bætur hennar og eiginmanns hennar, sem er ellilífeyrisþegi, stóðu eftir 9.000 kr. af sparnaðinum. 9.000 kr. af 400 þús. kr. Auðvitað hneykslast fólk á þessu og áttar sig ekki á hvers konar landi við lifum í og við hvers konar kerfi við búum sem geti farið svona með viðbótarlífeyrissparnað öryrkja.

Stjórnarliðar hafa talað fyrir því í dag að skera þurfi upp þetta kerfi og að koma þurfi í veg fyrir að svona lagað gerist, þar með hv. formaður fjárlaganefndar og líka hv. þm. Bjarni Benediktsson sem heldur því fram að mikið hafi verið gert til að reyna að bæta kjör eldri borgara og öryrkja og enn standi mikið til í þeim efnum. Hann segir að ungt fólk sem er að byrja að greiða viðbótarlífeyrissparnað í dag eigi ekki að þurfa á almannatryggingum að halda þegar það kemst á efri ár og að almannatryggingakerfið sé fyrir þá sem lenda í óhöppum.

En á sama tíma og þetta er að gerast eru þessir herramenn að breyta opinberum stofnunum í hlutafélög, undirbúa einkavæðingu almannaþjónustu, sem á eftir að leiða til hvers? Til aukinnar misskiptingar í samfélaginu, til aukins launamisréttis og til aukins launamunar kynjanna. Hér stangast því hvað á annars horn í gjörðum þessara manna. Í orði kveðnu við fjárlagaumræðuna vilja þeir öflugt velferðarkerfi og svo eru þeir að grafa undan því með hinni hendinni í gjörðum sínum að öðru leyti.

Það færist nefnilega í vöxt að starfsemi einkafyrirtækja sem selja þjónustu á markaði sæki um stuðning til fjárlaganefndar og þeim fyrirtækjum fjölgar árlega sem njóta árvissra styrkja á fjárlögum og aukafjárlögum. Þessir háu herramenn eru líka að gera í því að sjá til þess að undirbúa jarðveginn fyrir frekari einkavæðingu. Mér kemur í hug þessi tilhneiging sem er mjög rík núna í fjárlagafrumvarpinu að láta opinberar stofnanir fara að greiða í beinhörðum peningum leigu til Fasteigna ríkisins. Ég get nefnt Landbúnaðarstofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands og Þjóðleikhúsið.

Margar af breytingartillögum fjárlaganefndar eða meiri hluta fjárlaganefndar eru einmitt til komnar vegna svona hluta, að verið er að krefja ríkisstofnanir um leigu sem eru greiddar úr einum vasa ríkisins yfir í hinn. Og svo mega menn spyrja sig hvort ekki stefni í það innan fárra ára að batteríið, Fasteignir ríkisins, verði sett á markað. Verði einkavætt og sett á markað. Þeir eru bara að undirbúa slíkt. Þeir eru að búa til kerfi til að búa í haginn fyrir einhverja góða einkaaðila, sem þarf að plokka út eða velja út úr einkavinaflórunni, og svo verður einkavætt. Þetta er tilhneigingin og þetta er stefnan þó svo þeir séu ekki að flíka henni hér og nú í fjárlagaumræðunni.

Talsvert af þeim fjárlagatillögum sem varða svona styrki og sporslur eru einmitt til einkafyrirtækja. Samningar sem t.d. menntamálaráðuneytið hefur verið að gera í ríkum mæli eru gerðir við einkaaðila. Talsvert er um að fyrirtæki sem starfa t.d. á vettvangi skólamála og bjóða upp á ýmsar tæknilegar lausnir fyrir námsmenn eða stúdenta, framleiða námsefni eða bjóða upp á kennslu í einstökum námsgreinum, séu að sækja um styrki til fjárlaganefndar og fái fyrirgreiðslu. Einnig má nefna ráðgjafarfyrirtæki sem keppa á markaði um hylli neytenda hvert á sínu sviði. Þau eru farin að sækja í auknum mæli til fjárlaganefndar um stuðning og eru að fá. Seinni árin finnst mér eins og ríkissjóður hafi verið opnaður í auknum mæli fyrir bein framlög til slíkra fyrirtækja og mér sýnist þetta vera að öllum líkindum liður í aukinni einkavæðingu opinberrar þjónustu sem ríkisstjórnin vinnur nú að leynt og ljóst.

Að minnsta kosti er ekkert amast við því að fyrirtæki á markaði sæki í auknum mæli um fjármagn til verkefna sinna til fjárlaganefndar, heldur er þeim tekið opnum örmum og okkar sameiginlegu sjóðir eru opnaðir svo úr þeim renna milljónirnar óhindrað. Og engar úthlutunarreglur gilda. Nei, ekki hjá fjárlaganefnd og ekki þarf að merkja framlögin heldur sérstaklega aðstandendum fyrirtækjanna á hinum opinberu pappírum svo almenningur á ekki auðvelt um vik að sjá hverjum er verið að umbuna.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum mótmælt þessum nýju siðum og við teljum vera um misnotkun valds að ræða hvað fjárlaganefnd hefur verið örlát á fjármuni hins opinbera, sérstaklega á þeim fjárlögum sem úr þessum ræðustóli hafa verið nefnd kosningafjárlög.

Einnig hafa verið settar stórar upphæðir sem látnar hafa verið í virkilega þarfa málaflokka, ég er ekki að kasta rýrð á það. En upphæðir sem hafa ekki einu sinni farið fyrir fjárlaganefndina til umræðu heldur eitthvað sem meiri hlutinn hefur stimplað og sent út fréttatilkynningar um að nú sé verið að láta 100 milljónir í íslenskukennslu til útlendinga, framlögin til Kvikmyndastofnunar er eitt, þar sem fóru tæpar 130 millj. kr. á einu bretti til að hækka framlög til Kvikmyndastofnunar.

Í dag kom svo útspil frá menntamálaráðuneytinu um að búið sé að stofna Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar með athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Stofnaðilar Útflutningsskrifstofu íslenskar tónlistar eru Samtónn og Landsbankinn, en auk fjárframlaga frá stofnaðilum leggja utanríkisráðuneytið, menntamálaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið til fjárframlög til rekstrar Útflutningsskrifstofunnar. Árleg fjárframlög til reksturs skrifstofunnar nema 17,5 millj. kr. á ári yfir þriggja ára tímabil. Þar af eru framlög ráðuneytanna 10 millj. kr. sem skiptast þannig að menntamálaráðuneytið leggur til 5, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 2,5 og utanríkisráðuneytið 2,5 millj. kr. Nú skal það tekið fram að ég hef ekkert á móti Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, en að þessi tilkynning skuli koma frá menntamálaráðuneytinu í dag, þegar búið er að stimpla meira að segja allar breytingartillögur sem koma úr fjárlaganefnd, er athugunarvert.

Svo gerðist það líka að í dag fengum við fréttatilkynningu þar sem sagt er að ríkisstjórnin hafi samþykkt á fundi sínum á þriðjudag, að tillögu Árna Mathiesens, hæstv. fjármálaráðherra, að leggja til við Alþingi að virðisaukaskattur á geisladiska verði lækkaður niður í 7%. Menn eru í miklum bríma, miklum ham, við að slá sig til riddara, með eins og ég segi ýmsum verkefnum sem Alþingi væri alveg tilbúið til að standa saman að, ef við fengjum tækifæri til þess að ræða um það. En minni hlutinn er sniðgenginn, minni hlutinn í fjárlaganefndinni hefur ekkert um þetta að segja. Hann fær ekki að sjá pappírana sem eru á bak við jafnvel hundruð milljóna úthlutanir. Það er því virkilega ámælisvert hvernig núverandi ríkisstjórn á kosningaári er að fara með völd sín og ég vil segja, misfara með völd sín.

Frú forseti. Ég stend að tveimur minnihlutaálitum nefnda sem birt eru í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndarinnar á þingskjali 421. Ég mun nú gera grein fyrir þeim minnihlutaálitum. Það er annars vegar minnihlutaálit frá menntamálanefnd og hins vegar minnihlutaálit frá umhverfisnefnd. Í fylgiskjali VI í nefndaráliti meiri hlutans, sem kemur þá frá 2. minni hluta menntamálanefndar því það náðust einungis tveir minni hlutar þegar málið var afgreitt út, segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Nefndin fékk til sín á fund Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti, Jónatan Garðarsson og Ástu Hrönn Maack frá tónlistarsjóði. Sérstakur fundur var haldinn með fjárlaganefnd, menntamálanefnd og starfsmönnum menntamálaráðuneytis, Gísla Þór Magnússyni og Aðalsteini Eiríkssyni, um reiknilíkan ráðuneytisins vegna framhaldsskólanna.

Annar minni hluti gerir athugasemd við vinnutilhögun nefndarinnar þetta árið. Tími hennar fór að mestu í að vinna tillögur að úthlutun safnliða, og stendur 2. minni hluti að afgreiðslu safnliðanna eins og hún er skýrð í áliti 1. minni hluta nefndarinnar. Eini fundurinn sem haldinn var um efni frumvarpsins, utan kynningarfundar með fulltrúum menntamálaráðuneytisins, var fundurinn með fjárlaganefnd um stöðu framhaldsskólanna sem áður er nefndur. Ekki var kallað á gesti varðandi neina aðra liði frumvarpsins."

Þetta, frú forseti, er að mínu mati afar ámælisvert því að sjálfsögðu á menntamálanefnd að kalla til sín forstöðumenn helstu menntastofnana og það hefur verið til siðs í menntamálanefnd að gera það. En að þessu sinni var það ekki gert og allur tími nefndarinnar fór í að taka á móti gestum sem höfðu sent inn umsóknir til fjárlaganefndar en eins og alkunna er fjölgar þeim sem senda inn styrkbeiðnir til fjárlaganefndar á ári hverju og er kannski ekki að undra þar sem fjárlaganefnd er jafnörlát á fé og úthlutanir opinbers fjár og raun ber vitni.

Í áliti 1. hluta menntamálanefndar segir eftirfarandi um safnliðina, sem við stöndum að afgreiðslu á, með leyfi forseta.

„Nefndin telur að í meginatriðum eigi úthlutun til einstakra verkefna á sviði lista og menningar að vera í höndum sjóða sem komið hefur verið á í þeim tilgangi."

Nú vona ég að hv. þingmenn meiri hluta fjárlaganefndar leggi við eyru. Það er sem sagt álit meiri hluta menntamálanefndar að það eigi að meginhluta til að úthluta til einstakra verkefna á sviði lista og menningar í gegnum sjóði, enda höfum við sjóði og farveg fyrir flest af þeim verkefnum sem við fáum inn á okkar borð. Við höfum sett lög um ákveðna sjóði og ég nefni safnasjóð því til staðfestingar og tónlistarsjóð sömuleiðis.

Áfram segir á áliti 1. minni hluta menntamálanefndar, með leyfi forseta:

„Hjá stjórnum og ráðum sem annast úthlutun úr slíkum sjóðum fara umsóknirnar í gegnum faglegt mat sem menntamálanefnd Alþingis hefur ekki forsendur til að beita. Í þessu sambandi bendir nefndin á að úthlutun vegna tónlistarerinda eigi að fara fram í gegnum tónlistarsjóð. Samkvæmt lið 02-982-1.25 í frumvarpi til fjárlaga 2007 fær tónlistarsjóður 49 millj. kr. Nefndin hefur, að beiðni fjárlaganefndar, skoðað umsóknir um styrki til einstakra tónlistarverkefna, t.d. Berjadaga, sem er tónlistarhátíð á Tröllaskaga, Harmonikkufélags Vestfjarða, Músíkur í Mývatns-

sveit, Sumartónleika í Skálholtskirkju og Þjóðlagahátíðar á Siglufirði, og telur að eðlilegra væri að þessar umsóknir kæmu til skoðunar hjá tónlistarsjóði þar sem gilda ítarlegar reglur um úthlutunina, sbr. reglur nr. 125/2005, um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði. Með því móti er líka komið í veg fyrir að sótt sé um á báðum stöðum eins og brögð hafa verið að. Slíkt er einkum óheppilegt fyrir tónlistarsjóð sem reynir að meta sínar úthlutanir án vitneskju um hverjir hljóta styrki frá Alþingi."

Þetta var úr áliti 1. minni hluta menntamálanefndar. Undir það rita hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, og hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir.

Minni hlutinn í menntamálanefnd tekur undir þetta sjónarmið. Þegar hv. formaður nefndarinnar fór á fund fjárlaganefndar óskaði hann beinlínis eftir því að tónlistarsjóður yrði hækkaður um 20 milljónir til þess að þau verkefni sem — nú sé ég að hv. formaður fjárlaganefndar rekur upp stór augu, hann rekur kannski ekki minni til þess — en með það skildum við í menntamálanefnd að þetta yrði erindi hv. formanns til fjárlaganefndar að tónlistarsjóðurinn yrði hækkaður um 20 milljónir til að hann gæti þá tekið við þeim föstu árlegu tónlistarverkefnum sem eru vítt og breitt um landið og Alþingi vill að haldi áfram. Þar erum við að tala um Skálholtshátíð, Reykholtshátíð, tónlistarhátíðina á Kirkjubæjarklaustri, Berjadaga á Tröllaskaga og lengi mætti áfram telja. Það er fjöldinn allur af svona hátíðum sem hafa fengið einhver hundruð þúsunda, kannski 400 þúsund eða 500 þúsund á ári, frá Alþingi. Slíkar fjárveitingar eiga bara að fara í gegnum tónlistarsjóð og tónlistarsjóðurinn á auðvitað að gera samninga við þessi verkefni til ákveðins tíma, t.d. fimm ára í senn, og endurskoða þá að fimm árum liðnum og sjá þá hvort hátíðin hefur ekki vaxið og dafnað og hvort hún fái ekki áframhaldandi samning eða hvort hún hafi breyst og hvort einhverju þurfi að breyta.

Af þessu tilefni kölluðum við í menntamálanefnd á stjórn tónlistarsjóðsins og fengum Ástu Maack og Jónatan Garðarsson á fund til okkar og við áttum langt og gott samtal við þau um nákvæmlega þetta. Það er í slíkum farvegi sem tónlistarverkefnin eiga auðvitað að vera, því þegar allt kemur til alls eru heiðarlegir einstaklingar — ég segi ekki heiðarlegir einstaklingar, bara einstaklingar sem vita hvernig tónlistarsjóður var hugsaður. Hann var hugsaður sem slíkur að taka yfir þau verkefni sem Alþingi hafði verið að láta renna til á hverju ári til að spara m.a. fjárlaganefnd eða menntamálanefnd öllu heldur vinnuna við að skoða allar umsóknirnar og setja sig inn í þær. Menntamálanefnd, sem síðan hefur gert tillögu til fjárlaganefndar sem yfirleitt hefur verið farið að jafnvel þó svo að fjárlaganefnd hafi alltaf stækkað pottinn og útdeilt svo á eigin vegum ýmsum styrkjum sem menntamálanefnd hafði ekkert um að segja.

Þetta er óráðsía sem verður að stöðva. Við í menntamálanefnd höfðum tillögu í þeim efnum og óskuðum eftir því að að henni yrði farið, en hvað gerist? Fjárlaganefnd er svo laus höndin í pyngjunni að styrkirnir til tónlistarverkefna dælast út en nefndin vill ekki hækka tónlistarsjóðinn og tryggja faglega úthlutun til slíkra verkefna með mögulegum samningum til ákveðins tíma. Það er skammsýni af fjárlaganefnd að hafa ekki farið að beiðni menntamálanefndar því að með þessu móti hefði mátt skapa miklu meiri sátt og fagmennsku í kringum úthlutanirnar en nokkurn tíma verður hægt að koma á hjá okkur þingmönnunum.

Í heildina má segja, svo ég kannski spinni þennan þráð örlítið áfram þó ég sé í miðjum klíðum að gera grein fyrir álitum menntamálanefndar, að það sé skýrt dæmi uppi á borðum okkar í þessum fjárlögum um það hvað fjárlaganefnd er á hálum ís með að vera sífellt að auka útdeilingar sínar á opinberu fé. Nú hefur það verið til siðs hjá sjálfstæðu atvinnuleikhópunum að þeir hafa haft fjármuni sína, rúmar 40 milljónir, undir fjárlagalið sem heitir Til starfsemi atvinnuleikhópa. Það hefur algjörlega haldið að leikhóparnir vita að í þennan sjóð sækja þeir um allar sínar leiksýningar sem þeir vilja setja upp. Leikhóparnir hafa fellt sig við þetta og fara í gegnum þann faglega farveg að leiklistarráð, sem úthlutar úr sjóðnum, fær allar þær umsóknir, skoðar þær faglega og úthlutar faglega. Nú er hins vegar farið að bera á því á þessum fjárlögum að einstakir leikhópar eru farnir að sækja sjálfstætt til fjárlaganefndar. Fá leikhóparnir stuðning fjárlaganefndar? Já, eins og ekkert sé.

Hvað heldur hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, að hann fái marga leikhópa yfir sig á næsta ári? Ég get lofað honum því að þeir verða nokkuð margir því að þegar einn sér að svona er hægt að fara að, þá koma hinir auðvitað í kjölfarið. Viðleitni þeirra sem hafa verið að reyna að vinna að því að koma hlutunum í faglegan farveg er fyrir borð borin. Meiri hluti hv. fjárlaganefndar gerir sér það að leik að riðla eða koma í veg fyrir að hægt sé að setja upp faglegt, skilvirkt, gagnsætt kerfi þar sem um jafningjamat er að ræða og faglega úthlutun. Nei, þetta skal halda áfram á þessari braut og þá skal líka fjárlaganefnd bara fá í höfuðið enn fleiri verkefni en hingað til hafa verið. Ég held að það sé nú nóg samt.

Við getum nefnt húsafriðunarnefnd og alla styrkina til uppbyggingar á gömlum húsum vítt og breitt um landið. Af hverju má ekki húsafriðunarnefnd útdeila þeim styrkjum? Af hverju er það gert þannig að fjárlaganefnd úthlutar þeim? Jafnvel þó svo að fjárlaganefnd sé farin samvisku sinnar vegna síðustu tvö ár að kalla á formann húsafriðunarnefndar til að sitja við borðið þegar fjárlaganefndin úthlutar er miklu heilsusamlegra fyrir okkur öll að setja fjármunina til húsafriðunarnefndar, í þann sjóð sem þar er og láta úthlutunina fara fram á faglegum forsendum í gegnum nefndina. Fjárlaganefnd hefur ekkert að gera með puttana í þessum einstöku verkefnum.

Framhaldsskólarnir og reiknilíkanið, það er nú eitt málefnið sem heyrir undir menntamálanefnd. Frumvarpið gerir ráð fyrir aðhaldskröfu upp á 300 milljónir á framhaldsskólana. — Nú þarf ég að fletta hér upp í breytingartillögunum mínum. Mér sýnast framhaldsskólarnir fá leiðréttingu upp á 260 milljónir í breytingartillögunum, (**Gripið fram í:** 250.) 250, já, segir hv. formaður. Að hluta til er því komið til móts við kröfu framhaldsskólanna en þegar menntamálanefnd gerði álit sitt leit út fyrir að aðhaldskrafan upp á 300 milljónir stæði. Henni var skipt á milli þeirra með breytingum á forsendum reiknilíkansins með því að hækka hópviðmið og fagbóklega áfanga, tölvunámsáfanga og raungreinaáfanga og með því að auka nýtingarkröfu bóklegra áfanga.

Það er mat okkar í 2. minni hluta menntamálanefndar að

með þessu móti sé verknámsskólunum gert afar erfitt fyrir og líklegt er að þeir verði að fella niður áfanga þar sem útilokað er að þeir nái að auka nemendafjölda í öllum þeim áföngum sem um ræðir. Skólar á landsbyggðinni verða sérstaklega illa úti í þessum aðgerðum. En eins og ég sagði áðan er verið að hliðra þarna til að talsvert miklu leyti. Ég geri því ráð fyrir að framhaldsskólarnir geti lifað við þá skerðingu sem er þá trúlega upp á 50 milljónir en ekki 300 eins og stefndi í.

Það er svo alvarlegt í sjálfu sér, virðulegi forseti, sem fram kom á fundi menntamálanefndar og fjárlaganefndar með starfsmönnum menntamálaráðuneytisins, að í raun hafa framhaldsskólarnir aldrei verið metnir inn í reiknilíkanið út frá raunverulegri þörf skólanna. Þörfin hefur aldrei ráðið fjárveitingunum þeirra heldur hafa grunnforsendur reiknilíkansins verið miðaðar við þá upphæð sem skólarnir fengu árið 1997, áður en líkaninu var komið á. Þannig hafa möguleikar þessa reiknilíkans aldrei verið notaðir til fullnustu þar sem þessi raunverulega þörf skólanna hefur aldrei verið viðmiðið heldur einungis sú upphæð sem sett var til skólanna samkvæmt fjárlögum 1997 og síðan verið framreiknuð æ síðan.

Það er mat okkar sem skipum 2. minni hluta menntamálanefndar að þörf sé á að endurskoða þetta mál því að á hverju ári frá því að reiknilíkanið var tekið í gagnið hafa framhaldsskólarnir fært fram málefnaleg rök fyrir því að líkanið mæli ekki þörf þeirra og hafa þeir farið fram á sanngjarnar leiðréttingar á fjárframlögunum. Nú er svo komið að nokkuð margir skólanna hafa verið að skera svo mikið niður að komast ekki lengra í hagræðingunni. Ástandið er orðið þannig að búnaður margra verknámsskólanna er orðinn svo úreltur og úr sér genginn að ekki verður lengur við það unað. Aðstæður skólanna margra núna gefa ekki til kynna að stjórnvöld meini neitt með hástemmdum yfirlýsingum um hækkað menntastig þjóðarinnar, né með hátíðlegum ræðum um mikilvægi iðn- eða starfsnáms. Það er ekki fyrr en við sjáum alvarlegar aðgerðir og verulegt átak í þessum málum að hátíðaræðurnar fara að hafa eitthvert gildi og einhverja merkingu.

Út frá þessum hugleiðingum er það krafa 2. minni hluta að framlagið til skólanna verði reiknað upp á nýtt, að miðað verði við raunhæfar nemendatölur 2007 og að tekið verði mið af launa- og verðlagsþróun við endanlegar ákvarðanir um fjárframlög. Hér hefur orðið einhver leiðréttíng á þó ekki hafi verið farið alla leið, það er auðvitað vel og því ber að fagna en engu að síður eru grunnprinsippin í þessu máli okkar, 2. minni hluta menntamálanefndar, fullgild.

Háskólinn á Akureyri er næstur í umfjöllun okkar í 2. minni hluta. Við gerum athugasemdir við það að háskólinn hafi síðustu árin verið rekinn með umtalsverðum halla. Við höfum vissulega reynt á Alþingi að mæta þeim halla með auknum fjárframlögum síðustu tvö ár. Það er mat 2. minni hluta að hagræðing sú og endurskipulagning sem skólinn hefur ráðist í af þessum sökum sé komin svo langt að vart verði lengra gengið. Deildir hafa verið sameinaðar, þeim fækkað úr sex í fjórar, og starfsfólki hefur verið sagt upp störfum. Til að losa skólann úr fjárhagslegri spennitreyju þarf að ráðast í varanlegar aðgerðir og tryggja hækkaðan rekstrargrunn skólans um 60 millj. kr., auk þess sem bæta þarf skólanum að fullu hækkuð útgjöld vegna launa- og verðlagshækkana.

Nú ber að taka það fram, virðulegi forseti, að hækkunin sem kemur til skólans í breytingartillögunum, samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans er 60 milljónir. (**Gripið fram í:** 70.) 70, segir hv. formaður, ég er með 60 hérna, það er meira að segja prentvilla í breytingartillögunni, það stendur 40 í breytingartillögunum sem á víst að vera 60.

Það segir í nefndaráliti meiri hlutans um Háskólann á Akureyri — jú, 70 milljónir, það er rétt, en þar af eiga 40 milljónir, ef ég man rétt, að fara í hækkaða húsaleigu í rannsóknarhúsinu. — Nú hristir hv. þm. höfuðið. (Gripið fram í.) Fer það beint til rannsókna? (Gripið fram í.) Heimildir mínar segja að 40 milljónirnar sem komu í hækkun, ég man að það stendur í fjárlagafrumvarpinu, að 40 milljónir sem komu í hækkun í fjárlagafrumvarpinu, sem sagt er að eigi að hækka rannsóknafé skólans, eiga samkvæmt frumvarpinu allar að fara í hækkaða húsaleigu á rannsóknarhúsinu (Gripið fram í.) Borgum. Við vitum öll hvernig rannsóknarhúsið við Háskólann á Akureyri er til komið. Það var nú ein einkaframkvæmdarvitleysan, þar sem verið er að krefja stofnanir eins og Háskólann á Akureyri og Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetrið, um himinháa húsaleigu sem er svo há að helst vildu þessar stofnanir ekki þurfa að vera í húsinu. En þær eru píndar til þess með hærri fjárframlögum sem ríkið reiðir af hendi af því að þeir eru svo mikið fyrir einkaframkvæmdir.

Gott og vel. Það er þá búið að leiðrétta fjárframlögin til Háskólans á Akureyri að einhverju leyti frá því að þetta er skrifað og því ber að fagna og vonandi að það sé þá nægilega mikið til að skólinn geti vel við unað. Ég á ekki von á að það sé svo mikið að skólinn verði sáttur, því að samkvæmt upplýsingum okkar í menntamálanefnd er nauðsynlegt, til að uppfylla rannsóknarsamning menntamálaráðuneytisins við skólann, að bæta við 100–150 milljónum í rannsóknafé. Það er því mat okkar í 2. minni hluta menntamálanefndar að hækkunin sem fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir og jafnvel 70 millj. kr. viðbót til Háskólans á Akureyri sé ekki nægilega mikil til að uppfylla þá samninga sem gerðir hafa verið.

Háskóli Íslands hefur fengið hækkað framlag upp á 300 milljónir, því ber að fagna. Þar með er sleginn úr höndum okkar þingmanna í 2. minni hluta menntamálanefndar sá kafli í nefndaráliti okkar um Háskóla Íslands en við færðum rök fyrir því að koma yrði til móts við háskólann og þá metnaðarfullu stefnu sem hann hefur mótað til næstu 10–15 ára. Stefna þessi hefur bæði verið samþykkt á háskólafundi og í háskólaráði og því er eðlilegt að löggjafinn taki undir þá stefnu með því að gera vel við skólann á næstu árum. Í orði kveðnu heyrist manni á meiri hluta fjárlaganefndar að það eigi að gera og því ber að fagna. Ég vona að það verði þá líka til frambúðar að þessi nýi samningur geti skilað Háskóla Íslands því sem ætlast er til, því sem skólinn stefnir að og hætt verði að halda þessum þjóðarskóla okkar við hungurmörkin og svelta hann inn á braut skólagjalda, eins og mér hefur virst núverandi meiri hluti ætla að gera, a.m.k. Sjálfstæðisflokkurinn, og Framsóknarflokkurinn hefur verið dreginn með í þeim efnum.

Enn gagnrýnir 2. minni hluti framsetningu frumvarpsins

þar sem fjárveitingar til kennslu og rannsókna í háskólum eru ekki aðgreindar á viðfangsefnaliði hjá hverjum skóla fyrir sig. Það er ósvinna finnst manni að gera nefndarmönnum og öðrum þeim sem þurfa að vinna eftir fjárlagafrumvarpinu erfiðara fyrir en nauðsyn krefur, að gera okkur svona erfitt fyrir að glöggva okkur á einstökum þáttum frumvarpsins. Þá gerir framsetning frádráttarliða háskólanna, t.d. hluti af tekjum skólanna vegna skrásetningargjalda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins, það að verkum að ekki er hægt að bera saman útgjöld ríkisins vegna skólanna. Það hlýtur að vera sanngjörn krafa að framkvæmdarvaldið geri löggjafanum svo auðvelt sem verða má að greina það sem að baki frumvarpinu liggur.

Við gerum líka athugasemd við fjárframlögin samkvæmt fjárlagafrumvarpinu til stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Við sjáum reyndar í breytingartillögum meiri hlutans að búið er að leiðrétta þar ákveðna þætti sem við getum vel við unað og hleyp ég því yfir þann kafla álits okkar.

Þá er kafli sem fjallar um ósanngjarna aðhaldskröfu. Í honum segir að í frumvarpinu sé gerð krafa um aðhald hjá ýmsum söfnum og sjóðum sem ætlaðir eru til að styrkja listir og menningu. Má þar nefna tónlistarsjóð, bókmenntasjóð og starfsemi atvinnuleikhópa, sem og starfsemi áhugaleikfélaga. Þessir liðir voru leiðréttir, þ.e. starfsemi áhugaleikfélaga var leiðrétt í tillögum meiri hlutans og sömuleiðis starfsemi atvinnuleikhópanna, um 5 milljónir hvor, og er það auðvitað vel og eru báðir hóparnir vel að þeim auknu fjármunum komnir.

Lokakaflinn í nefndaráliti 2. minni hluta fjallar um Náttúruminjasafn. Við gerum athugasemd við það að ætlunin skuli vera að fjármagna nýtt höfuðsafn Náttúruminjasafn Íslands af óskiptum liðum menntamálaráðuneytisins. Nýtt náttúruminjasafn verðskuldar sjálfstæðan fjárlagalið nú þegar hillir undir að því verði formlega komið á laggirnar árið 2007. Rétt er þó að geta þess að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins kennir um skorti á upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu, sem er ámælisvert, ekki síst í ljósi gagnrýni sem kom fram í málflutningi stjórnarandstöðu í tengslum við umfjöllun um þingmál um nýtt náttúruminjasafn á 132. löggjafarþingi og raunar líka núna síðan þetta var skrifað á þessu yfirstandandi þingi.

Undir álitið rita auk mín hv. þingmenn Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson og Mörður Árnason.

Áður en ég klára mig alveg af efnisliðum menntamálaráðuneytisins langar mig að geta um það, virðulegi forseti, að í breytingartillögum frá meiri hluta menntamálanefndar getur að líta talsvert aukin framlög til ýmissa safna og má þar nefna söfn sem fara undir Þjóðminjasafn Íslands á fjárlagalið Þjóðminjasafnsins og sömuleiðis söfn sem fara á safnliði fjárlagafrumvarpsins. Þar er um tugi milljóna að ræða sem bætt er í til safnanna og hefur fjárlaganefnd þann háttinn á, sem ég hef verið að gagnrýna í ræðu minni, að hún útdeilir án nokkurra faglegra viðmiða til ýmissa safna og sýninga, setra og safnavísa á sama tíma og safnasjóður getur bara unað við sitt áfram og fær ekki til umfjöllunar þær hugmyndir og þær umsóknir sem fjárlaganefnd fjallar um.

Nýverið hafa komið fram hugmyndir frá Gísla Sverri Árnasyni, sem hefur gert rannsókn á safnamálum á Íslandi. Hann skrifaði mastersritgerð sem kynnt var í Þjóðminjasafninu á fyrirlestri í síðustu viku þar sem hann kemur inn á opinbera stjórnsýslu varðandi söfn og kemur með hugmynd um að það væri kannski ráð að fara að stofna umdæmissöfn á Íslandi, sérstök umdæmissöfn sem gætu þá orðið eins og millistig á milli hinna eiginlegu höfuðsafna og svo þeirra litlu safna sem eru samt svo mikilvæg í hinum dreifðu byggðum landsins. Ég held að það sé mjög tilhlýðilegt að menntamálanefnd og fjárlaganefnd líti aðeins á hugmyndir Gísla Sverris sem ganga út á það að þær 350 safnaeiningar sem starfræktar eru í landinu, afar smáar og veikburða langflestar, fái einhvers konar lífsmöguleika. Það er eðlilegt að skoða hvort umdæmissöfn af því tagi sem Gísli Sverrir leggur til að verði komið á laggirnar gætu ekki einmitt orðið til þess að styrkja lággróðurinn og mynda tengsl á milli höfuðsafnanna og þessara smáu eininga. Í niðurstöðu rannsóknarinnar kemst Gísli að þeirri niðurstöðu að þetta sé fýsilegt og þetta á sér fordæmi í nágrannalöndum okkar þar sem þrískipting safnastarfsemi er þekkt eða þriggja þrepa stjórnsýsla safnamála og hefur verið til eflingar safnastarfi og mundi eflaust verða það hér.

Það er athyglisvert í niðurstöðum Gísla Sverris að fram kemur að 2003 hafi safnasjóður úthlutað einungis 17% af framlögum sem úthlutað var það ár til safna. Hver úthlutaði þá 83%? Jú, mikið rétt, það var fjárlaganefnd. Gaman væri að reikna út úthlutanir fjárlaganefndar þetta árið til safna og þróunina á því. Ég spyr því hv. formann fjárlaganefndar hvort honum finnist þetta gott verklag og góð stjórnsýsla og hvort ásættanlegt sé að í gegnum safnasjóð — sem hefur það lögbundna hlutverk að úthluta styrkjum til safna sem þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur, ákveðnar faglegar kröfur og standa sig í þeim efnum, þetta eru söfn sem safnasjóður eða safnaráð hefur eftirlit með — fari innan við 20% af því sem úthlutað er til safna. Það stangast beinlínis á við vilja Alþingis þegar safnasjóður var stofnaður og safnaráði komið á laggirnar. Fjárlaganefnd er því að mínu mati að fara á svig við vilja Alþingis þegar hún úthlutar 83% og kannski meiru fram hjá safnasjóði til verkefna sem safnasjóður með réttu ætti að annast.

Þetta er nákvæmlega sama sagan og um tónlistarsjóðinn áðan. Þetta er fyrirgreiðslupólitík, þetta er valdafíkn sem fjárlaganefnd er haldin. Hún vill ekki sleppa úr höndum sínum þeim möguleika að geta deilt og drottnað varðandi opinbera fjármuni. Hún þorir ekki eða tímir ekki að sleppa þeim áhrifum sem fjárlaganefnd eða núverandi meiri hluti telur sig geta haft þess vegna úti í hinum dreifðu byggðum, því að mest af þeim fjármunum fara í mjög góð verkefni, ég ítreka það enn og aftur. Það er ekkert að þessum verkefnum, þau eiga bara að fara í hinn faglega farveg til safnasjóðs sem var settur á laggirnar til að úthluta eftir ákveðnum reglum þess konar styrkjum. Þetta er ekki hlutverk fjárlaganefndar og hún verður að fara að átta sig á því.

Sem dæmi má nefna að náttúrustofurnar eru kerfi sem fjárlaganefnd hefur líka svelt. Alltaf er það þannig að náttúrustofurnar fá niðurskurð á hverjum einustu fjárlögum og svo er það í breytingartillögum meiri hlutans sem náttúrustofurnar fá ávallt einhverja bragarbót. Þetta er ekki nokkur stjórnsýsla. Náttúrustofurnar eiga að vera öflugur tengiliður

landsbyggðarinnar við þau verkefni sem þar eru til staðar og þær eiga að fá að hafa öruggt umhverfi hvað varðar fjármuni og fjármál en ekki þetta sveiflukennda rokk sem er á fjárlaganefnd sýknt og heilagt hvað varðar náttúrustofurnar.

Ég hvet til þess að látið verði af þessum leiðu siðum fjárlaganefndarinnar. Það kemur til með að leiða til faglegra safnastarfs, faglegri úthlutana til lista og menningarmála. Það mundi eflaust breyta einhverju varðandi minnstu einingarnar í safnaflórunni en það mundi líka hjálpa safnaflórunni ef fleiri smáar einingar geta unnið saman eða tengst stærri einingum. Þannig væri lífsvon þeirra miklu meiri og möguleiki á því að gera úr þessu eitthvert net þar sem hvað styður annað.

Að lokum, virðulegi forseti, ætla ég að fara nokkrum orðum yfir álit okkar minni hluta umhverfisnefndar. Það fjallar um stofnanirnar þrjár sem eru einar af fimm stærstu stofnunum umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Skipulagsstofnun. Sammerkt er í umsögn okkar um þær stofnanir að þær verða allar fyrir barðinu á niðurskurði í fjárlögunum og óhóflegri sértekjukröfu. Umhverfisstofnun hefur nýverið farið í gegnum stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar. Sú stjórnsýsluúttekt var í raun áfellisdómur yfir framkvæmdarvaldinu, yfir ríkisstjórninni, sem fór í ótímabæra sameiningu starfandi stofnana með samþykkt laganna um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002. Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni að hvorki hafi orðið faglegur né fjárhagslegur ávinningur af sameiningunni. Þetta verður rætt hérna sérstaklega í utandagskrárumræðu á morgun og óþarfi kannski að fara náið ofan í það núna. En það er alveg ljóst að úttekt Ríkisendurskoðunar leiðir í ljós bæði samskiptabresti og slæman undirbúning að stofnun Umhverfisstofnunar og kallar á að gerðar séu ákveðnar bragarbætur í samskiptum umhverfisráðuneytisins og stofnunarinnar.

Á fundi sem umhverfisnefnd átti með forstjóra Umhverfisstofnunar var niðurstaða Ríkisendurskoðunar í raun staðfest, tel ég, þ.e. að á skorti sameiginlegan skilning ráðuneytisins og stofnunarinnar hvað varðar fjárþörf og ég sé ekki á breytingartillögum meiri hlutans að það hafi verið leiðrétt svo nokkru nemi. Sú leiðrétting sem lögð er til eða tillaga kemur frá meiri hlutanum um hækkun vegna, ef ég man rétt, Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum, sem t.d. var ekki á forgangslista stofnunarinnar. Það var eitt og annað sem stofnunin hafði við fjárlagafrumvarpið að athuga og eitt og annað sem hún gat nefnt til, þætti sem nauðsynlegt var að fá aukna fjármuni í, t.d. dýraverndarþáttinn. Fjárlaganefnd sinnir því ekki en lætur hins vegar stofnunina hafa fjármuni í einhver eyrnamerkt verkefni sem voru ekki á forgangslista stofnunarinnar.

Á meðan höldum við áfram að sjá Umhverfisstofnun í fjársvelti og þá málaflokka sem helst hefðu þurft umbun, t.d. náttúruverndarsvið stofnunarinnar sem berst í bökkum. Ég held því fram að ríkisstjórnin sé að murka lífið úr því. Með hugmyndum ríkisstjórnarinnar um Vatnajökulsþjóðgarð sem dreift var hérna í þinginu í dag kemur í ljós að náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar virðist ekki eiga að hafa neitt hlutverk í Vatnajökulsþjóðgarði. Það stefnir því í að náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar missi út úr höndum sínum eða að tekin verði frá því sú stjórnsýsla sem hefur verið á þess ábyrgð hingað til er varðar þjóðgarðana okkar og þeirri stjórnsýslu á bara að koma fyrir einhvers staðar og einhvers staðar. Ég er ekki að mæla gegn því að stjórnsýslustofnanir séu í þjóðgörðunum og í sveitarfélögunum sem eiga landið sem þjóðgarðar eru í eða eru næst þjóðgörðunum, en það skiptir verulegu máli að Þjóðgarðastofnun Íslands, sem eðli málsins samkvæmt er náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar, verði líka öflug stofnun sem tryggi yfirsýn og samræmingu, heildarsýn stjórnsýslunnar á þjóðgörðum þjóðarinnar.

Þessar stofnanir þrjár, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og Skipulagsstofnun eru allar að glíma við óbærilegar sértekjukröfur og ég sé ekki að breytingartillögur meiri hlutans hafi nokkru breytt þar um. Ég sé ekki ástæðu til að fara frá orði til orðs í álitið hvað varðar Náttúrufræðistofnun en ljóst er að hún stefnir í mikinn rekstrarhalla enn eina ferðina, 80–90 millj. kr. í lok ársins ef ekki verða neinar breytingar á. Við í minni hlutanum teljum að nauðsynlegt sé að veita stofnuninni úrlausn á þessum fjárlögum. Það kom einhver smáleiðrétting á aukafjárlögunum sem fóru hérna í gegn um daginn, en við teljum að sértekjukrafa stofnunarinnar sé óraunhæf og það þurfi að færa hana niður að minnsta kosti um 30 millj. kr. Sama má segja um Skipulagsstofnun, þar teljum við að færa þurfi sértekjukröfuna niður og leiðrétta hvað það varðar.

Virðulegi forseti. Ég hef farið á hálfgerðu hundavaði yfir eitt og annað af því sem ég hef haft við þessi vinnubrögð að athuga. Ég vil meina að fjárlaganefnd þurfi að skoða vinnubrögð sín upp á nýtt því að mér finnst þessi úthlutunarárátta þeirra vera komin svo langt að ég fer að spyrja mig: Hvenær ætla þeir að fara að úthluta úr Íbúðalánasjóði? Kemur að því næst að fjárlaganefnd fari inn á svið Íbúðalánasjóðs og fari að úthluta úr honum? Hún er farin inn á svið leiklistarsjóðs, tónlistarsjóðs, safnasjóðs og svo mætti áfram telja. Hvar ætlar hún að láta staðar numið?

Þetta er ekki nægilega faglegt og það er synd að þurfa að horfa upp á þetta ár eftir ár að fjárlaganefnd skuli þrjóskast svona við að opna augu sín og viðurkenna það. Það hefur verið opin pyngja en eins og ég hef áður sagt hef ég ekkert við þessi verkefni að athuga sem slík annað en það að hlutirnir eiga að fara sína réttu boðleið sem löggjafinn hefur fyrirskrifað í lögum. Það hefur aldrei verið ætlun löggjafans að þeir hlutir fari í þann farveg sem nú stefnir í.

Virðulegi forseti. Ég læt máli mínu lokið.

[23:03]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel í ljósi þeirrar ræðu sem hér var haldin af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að þessi fimm manna þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þurfi að samræma nokkuð málflutning sinn og líka í því hvernig þeir haga störfum sínum í hv. þingnefndum því að það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði og sagðist tala fyrir hönd þingmanna Vinstri grænna í þessari umræðu samrýmist ekki málflutningi eða stefnu Jóns Bjarnasonar í þessum málum, svo það sé á hreinu.

Það er stefna fjárlaganefndar að standa vörð um hinar dreifðu byggðir. Við höfum staðið vörð og sagt að stofn-

anavaldið í Reykjavík einblíni oft ekki upp fyrir Elliðaárnar. Það verður einhver að standa vörð um hinar veiku byggðir. Við þekkjum málefni t.d. eins og Árneshrepps á Ströndum. Það er kannski valdafíkn og pólitísk spilling að framfylgja þingsályktunartillögu um að setja fjármuni til Strandamanna (Gripið fram í.) og í einstök verkefni þar? (Gripið fram í.) Ég vil heyra hv. þm. Jón Bjarnason taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur sem telur það óeðlilegt (Gripið fram í.) að fjárlaganefnd hafi fjárveitingavald til þeirra verkefna.

Hún nefnir að það sé faglegt — og missir það reyndar út úr sér — og heiðarlegt fólk í þeim sjóðum sem eru að úthluta til þessara verkefna. (Gripið fram í.) Ég efast ekkert um það. En hvað liggur í þeim orðum þegar hv. þingmaður talar um valdafíkn, talar um að við séum að misfara með völd okkar með því að lækka virðisaukaskatt á geisladiskum vegna þess að það séu að koma kosningar? Þvílíkt og endemis bull er þetta.

Er það þannig að þegar ... (Gripið fram í.) Það eru nú kosningar á fjögurra ára fresti, alþingiskosningar, má þá ekkert gera á því ári eins og að lækka verð á geisladiskum? Því miður lýsi ég yfir miklum vonbrigðum með málflutning hv. þingmanns og hvet hv. þingmenn til að samræma (Forseti hringir.) málflutning sinn um störf fjárlaganefndar.

[23:05]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður snýr út úr orðum mínum mjög hraustlega.

Verkefnið sem þingsályktunartillagan er um, þ.e. að styrkja byggðina í Árneshreppi á Ströndum, var ekki verkefni sem hefði getað farið í gegnum tónlistarsjóð, leiklistarsjóð eða safnasjóð. (Gripið fram í.) Nei, nei. Sannleikurinn er auðvitað sá að ég er að tala um sjóðina sem við eigum sem hafa lagalegt hlutverk, sem löggjafinn er búinn að koma á og hefur ætlað ákveðið hlutverk. Það hlutverk er fjárlaganefnd að eyðileggja með því að taka úthlutanir til einstakra verkefna, safna, tónlistarverkefna, leiklistarverkefna til sín.

Ég er ekki að tala um að styrkja byggðir á Ströndum eða önnur verkefni sem er eðlilegt að fjárlaganefnd hafi — ég er ekki að tala um að taka eigi öll verkefni af fjárlaganefnd. Hv. þingmaður má ekki misskilja orð mín svo eða snúa svo út úr þeim. Hv. þingmaður má ekki vera svo skyni skroppinn að halda að öll verkefni fjárlaganefndar eigi að fara í einhverja lögbundna sjóði, það er ekki þannig. Ef hann hefur hlustað á mál mitt var ég að tala um tiltekin verkefni sem við erum búin að setja í ákveðinn farveg sem fjárlaganefnd er að skemma með þessum úthlutunum sínum.

Auðvitað viljum við öll sem hér erum inni standa vörð um hinar dreifðu byggðir. Ég mótmæli þeim hroka framsóknarmanna eins og það sé einkamál þeirra að styrkja hinar dreifðu byggðir. Það er ekki einkamál framsóknarmanna að gera það og þeir eru ekki þeir einu í þessum sal sem það vilja gera, það er mikill misskilningur hjá hv. þingmanni. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur flutt hverja tillöguna á fætur annarri sem er til þess fallin að styrkja hinar dreifðu byggðir. Margar af þeim hafa verið felldar af þeim meiri hluta sem hér ræður ríkjum. Hv. þingmaður skal því bara athuga um hvað hann er að tala og kalla hlutina sínum réttu nöfnum.

[23:07]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir þurfi að lesa þá ræðu sem hún flutti áðan. Hún sakaði meiri hluta fjárlaganefndar um valdafíkn, hún sakaði meiri hluta fjárlaganefndar um að misfara með völd sín, sem eru mjög alvarlegar ásakanir, svo við höfum það á hreinu.

Ég hef ekki heyrt það frá Jóni Bjarnasyni þegar við erum að tala um málefni húsafriðunar að þar sé hv. fjárlaganefnd að misfara með völd sín. Það vill svo til að við hv. þingmenn þekkjum til þeirra verkefna, höfum skoðað þau verkefni, m.a. með forustu húsafriðunarsjóðs. Ég vil minna hv. þingmann á að það er nú svo að fjárlagavaldið er hjá Alþingi.

Hv. þingmaður nefndi það áðan ómaklega að hv. fjárlaganefnd væri að rokka með málefni náttúrustofa. Fyrst væri skorið af þeim og svo bætti fjárlaganefnd í. Það er þannig að þingið tekur við frumvarpi frá ríkisstjórn Íslands til meðhöndlunar. Fjárlaganefnd hefur ætíð bætt sérstaklega fjármunum til náttúrustofa í störfum sínum þannig að fjárlaganefndin hefur ekkert verið að rokka eitt né neitt í þeim þáttum. Þegar við erum að tala um sjálfstæði þingsins verða þingmenn að bera virðingu fyrir því valdi sem fjárlaganefndin hefur. Við setjum fjárlög hvers árs og ef við vogum okkur að breyta tillögum ríkisstjórnarinnar, t.d. hvað náttúrustofur varðar sem skipta mjög miklu máli, þá heyrist mér að þingmaðurinn sé að mótmæla því, hér sé ekki nógu faglega staðið að verki, þingmenn hafi ekki nægilega faglega þekkingu og vinni ekki nægilega faglega að þeim hlutum.

Ég mótmæli því að við eigum að binda allar ákvarðanir í viðjar embættismanna, að þingmenn megi ekki taka stefnumarkandi ákvarðanir um að auka framlög til náttúrustofa vítt og breitt um landið eins og hv. þingmaður var aðýja að, það ætti að gera á öðrum og faglegum forsendum, ég bara mótmæli því.

[23:09]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það svo að sjálfstæði þingsins mætti vera meira þegar fjárlög eru annars vegar, ég er alveg sammála hv. þingmanni um það. Ég hef t.d. sagt að óforsvaranlegt sé að ráðherrar skuli vera að koma með fjárveitingar upp á óskir — um hvað, 5 milljarða? Kom ekki 5 milljarða ósk út af Kárahnjúkavirkjun frá einhverju ráðuneytinu sem fjárlaganefnd afgreiddi bara pappírslaust í gegnum fjárlaganefnd? 100 milljónir til íslenskukennslu fyrir útlendinga, hvaðan kom sú tillaga? Við erum búin að krefjast þess hérna á þinginu að þetta gerist, en framkvæmdarvaldið kemur síðan með ordrurnar til fjárlaganefndar sem hún afgreiðir út pappírslaust. Oft má því fjárlaganefnd vera krítískari í því sem hún er að gera eða sjá til þess að meiri umræða allra sé í fjárlaganefnd og þá helst hér á þinginu líka um þau verkefni sem eru að fara í gegnum nefndina, þannig að sjálfstæði þingsins í fjárveitinga-

málum á auðvitað að vera til staðar.

Varðandi náttúrustofurnar eigum við bara að sjá til þess að þær fái inn í sinn grunn það sem þær þurfa til starfs síns. Við vitum alveg hvað þær þurfa til síns starfs. (Gripið fram í.) Við vitum það alveg öll hér, bæði minni hluti og meiri hluti, að náttúrustofurnar geta ekki lifað af með 5 millj. kr. fjárveitingu eða hvað það er sem fjárlögin gera ráð fyrir að þær fái á hverju ári. Þær vita því aldrei þegar fjárlagafrumvarpið kemur út hvað þær hafa til starfans eða hverju fjárlaganefnd ætlar að bæta við þær. Þess vegna sagði ég að það er rokkað frá ári til árs með fjárveitingar til náttúrustofanna. Það er óviðunandi að þurfa að vinna við þær kringumstæður.

Ég held að við verðum að koma miklu meira og betra skikki á þessi fjárlög og þegar hv. fjárlaganefnd afsakar sig eða friðar samvisku sína þegar hún er búin að úthluta árum saman til einstakra verkefna á verksviði húsafriðunarnefndar, þá friðar hún samvisku sín eins og hún hefur gert núna síðustu tvö eða þrjú árin með því að kalla formann húsafriðunarnefndar til sín að borðinu þannig að ekki sé hægt að saka (Forseti hringir.) þá um að það sé ófaglegt sem verið er að gera. (Forseti hringir.) Þetta er kannski til bóta, ég viðurkenni það, en þetta er til að friða samviskuna.

[23:12]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Vegna orðaskipta um vinnu við fjárlagagerðina vil ég segja að ég hef gagnrýnt hvernig staðið er að fjárlagavinnu bæði af hálfu framkvæmdarvalds og þings. Þetta er í raun ekki fjárlagavinna þings. Þetta eru að meginhluta fjárlög framkvæmdarvalds og síðan meiri hluta á Alþingi.

Það sem gerist í fjárlagagerðinni, og ég hef gagnrýnt, er að fjárlagavinnan og fjárlagafrumvarpið kemur fyrst inn sem trúnaðarmál á fyrsta degi þings og tveim dögum seinna eiga þingmenn síðan að fara að ræða fjárlagafrumvarpið efnislega. Síðan er það hér í vinnslu í rúman mánuð áður en það er afgreitt sem lög.

Hér voru í heimsókn danskir fjárlaganefndarmenn. Þegar þeir heyrðu um þessi vinnubrögð og hvernig staðið væri að þessu, þá blöskraði þeim. Það lá við að þeir hlægju að því hvers konar fagleg vinnubrögð væru á ferðinni og líka blöskraði þeim hinn þingræðislegi hluti vinnubragðanna. Ekki var verið að draga það í efa að allir sem að þessu kæmu reyndu ekki að gera það á besta lund eins og hver og einn gæti persónulega gert. En þessi farvegur fyrir fjárlagavinnuna fannst þeim alveg ótækur.

Ég hef ítrekað lagt það til á undanförnum árum að fjárlagavinnan færi fram á þann hátt að á vori legði ríkisstjórnin fram grófa drætti fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár sem færi jafnvel í gegnum eina umræðu fyrir þinglok. Fjárlaganefnd mundi síðan starfa yfir sumarið og haustið með þess vegna framkvæmdarvaldinu við að útbúa og ganga frá fjárlagafrumvarpi sem lagt yrði fyrir þingið í þingbyrjun.

Frumvarpið yrði lagt fram svipað og hinir dönsku fjárlaganefndarmenn sögðu. Það er lagt fram einum mánuði áður en 1. umr. fer fram. Þingmenn geta þá sett sig inn í það og kallað til aðila frá framkvæmdarvaldinu, frá stofnunum og frá hinum ýmsu aðilum, þannig að við 1. umr. fer í raun fram fagleg umræða á forsendum sem allir þingmenn hafa fengið tíma og tækifæri til að afla sér. Síðan fengi þetta tveggja, þriggja mánaða ferli til viðbótar í þinginu.

Hér er þetta bara gert eins og maður sé að moka í steypuvél og sé að flýta sér fyrir myrkur að vera búinn að hella steypu í mótin, því við vitum að steypa þarf vegginn. En þessi vinna getur ekki farið svona fram. Þetta hef ég gagnrýnt. Það verður að segjast eins og er að í haust þegar frumvarpið kom fram mátti segja að kastað hafi tólfunum, sérstaklega í vinnu ráðuneyta gagnvart einstaka málaflokkum.

Þetta snýst ekki um hvaða verkefni eru inni eða úti. Þetta snýst um hvernig ráðuneytin skila til þingsins vinnu og samþykktum sem hafa verið gerðar á undanförnum þingum og undir eðlilegum forsendum gangi bara áfram og ráðuneytin geti tekið með sér inn í sínar tillögur. Auðvitað hefur fjárlaganefndin sínar skyldur og fer yfir málin og þingið ber ábyrgð á afgreiðslu fjárlaga.

En eins og við upplifðum þetta í haust, öðrum haustum fremur, halda einstaka ráðherrar inni í ramma frumvarpsins — þeir fá úthlutað ramma — þeim áhersluþáttum og verkefnum sem þeim persónulega er annt um, henda síðan öðrum út sem hafa meira og minna verið föst á fjárlögum í mörg ár og ekki hafa verið neinar pólitískar tillögur um að verði teknar út eða að taka þurfi í raun um þær umræður á þinginu á hverju ári. Allt í einu er þessu núna hent út.

Stóra dæmið er náttúrlega, eins og við töluðum um áðan, framhaldsskólarnir. Það lá fyrir samkvæmt þeirra eigin reiknilíkani að 300 millj. kr. þyrfti til framhaldsskólanna. Samkvæmt þeirra eigin reiknilíkani sem þeir hafa unnið eftir, sem hefur þó verið gagnrýnt og talið að væri lágmarksdeililíkan á fjármagn en mældi ekki endilega þann raunkostnað sem við vildum hafa. Til dæmis eru 4% afskriftir af tækjum og búnaði í framhaldsskólunum, tölvum, kennslubúnaði og tækjum. Hver gæti gert ráð fyrir því að þau entust í 25 ár? Það er bara fráleitt. En þetta er grunnurinn undir reiknilíkaninu. Svo er þetta skorið niður núna og hent inn í þingið með 300 millj. kr. niðurskurði samkvæmt þeim reglum sem viðkomandi ráðuneyti hefur sett sér sem lágmark til að vinna eftir. Þær 300 milljónir hafa síðan verið notaðar í önnur gæluverkefni innan ramma sem ráðuneytið fékk og viðkomandi ráðherra hefur verið meira hrifinn af. Því hann vissi að þingið mundi aldrei — eða mundi að minnsta kosti berjast gegn því að þetta færi með þeim hætti í gegn.

Svona er með ýmsa aðra málaflokka, íþróttamál, menningarmál og marga aðra þætti sem taldir eru upp í frumvarpinu sem hafa árum saman verið á liðum menntamálaráðuneytisins, annaðhvort inni á einstaka safnliðum eða sem sérgreindir fjárveitingaliðir hjá ráðuneytinu og pólitísk sátt hefur verið um að ætti að vera þar og ekki þurfi að taka umræðu um.

Núna allt í einu er þessu hent út. Þetta er eins og að vera, og ég lýsti einhvern tíma, dómari í handboltaleik sem veit að meðan leikurinn stendur ræður hann með flautunni sinni hverja hann rekur út af, hvenær hann dæmir ruðning o.s.frv.

Svo virðist sem menntamálaráðherra, sem er mikill íþróttamaður, ég tek hæstv. menntamálaráðherra svona sem dæmi, hafi brugðið sér í gervi dómarans sem flautar og

flautar því hann veit að hann á einn réttinn á að flauta meðan hann er á vellinum. Hins vegar er hann líka sem hluti af liðinu og reynir að komast eins langt á sínum vettvangi þangað til hann fær dæmdan á sig ruðning.

Auðvitað verður Alþingi að taka á þessu. Það er mjög óeðlilegt þegar þingmenn meiri hlutans koma hér og segja: Við björguðum þessu. Við áttum þennan andstæðing sem var í menntamálaráðuneytinu eða landbúnaðarráðuneytinu eða félagsmálaráðuneytinu sem kom með svona slæmt frumvarp. Og við þess vegna björguðum því inn. Slíkum vinnubrögðum hefur verið beitt núna í miklu ríkari mæli en áður var.

Fjárlaganefnd á þess vegna að vera starfandi stærri hluta ársins og vera öll virk og taka þátt í hinni efnislegu og pólitísku meðferð fjárlagafrumvarpsins. Þó að hún að sjálfsögðu beri síðan ábyrgð á afgreiðslu þess.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir lagði einmitt áherslu á, eins og kom rækilega fram í ræðu hennar, að það væru ekki hin einstöku verkefni sem sett er fjármagn í heldur það ferli og hvernig þetta ber að. Svo kemur hv. formaður fjárlaganefndar og stærir sig af því að fjárlaganefnd hafi lagt til hækkun á framlögum til Háskólans á Akureyri, sem löngu var fyrirséð að þyrfti og engin pólitísk sátt var um að skera niður þó svo að ráðherra gerði tillögu um það. Þess vegna er mikilvægt að þingið leggi til þær leiðréttingar sem eru þó engan veginn fullnægjandi fyrir þá stofnun.

Ég verð því að segja, herra forseti, að hv. formaður fjárlaganefndar mætti beita sér fyrir því að tekin væru upp mun skikkanlegri vinnubrögð við fjárlagagerðina því í rauninni eru fjárlögin á hverjum tíma hin pólitíska yfirlýsing ríkisstjórnar fyrir næsta ár.

Ég sakna þess, herra forseti, að nýskipaður iðnaðarráðherra skuli ekki hafa verið hér, formaður Framsóknarflokksins, sem hefur ekki mikla þingreynslu, nánast enga, og enga reyndar því hann er ekki þingmaður. Hann er embættismaður í þinginu og hefði kannski verið hollt fyrir nýkjörinn formann Framsóknarflokksins að sitja hér og fylgjast með og taka þátt í umræðu um fjárlög þó ekki væri nema einu sinni. (**Gripið fram í:** Framsóknarflokkurinn er með svo góða talsmenn í ríkisfjármálunum.) Þetta snýst ekki um hverjir eru talsmenn, þetta snýst um að a.m.k. formaður flokksins sé örlítið inni í því sem verið er að fjalla um. Það er verra fyrir hann að koma eins og álfur út úr hól, m.a. í fjárlagaumræðu.

Mér hefur ekki sýnst í þeim umræðum sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur verið, að hann sé með allt á hreinu hvað um er að ræða, án þess að ég ætli að draga það neitt sérstaklega inn í umræðuna. En það hefði verið að mínu viti mjög skynsamlegt ef hæstv. iðnaðarráðherra hefði verið hér við og svarað fyrir t.d. stóriðjustefnuna sem efnahagsstöðugleikinn veltur á, og verður horfið frá.

Ég ætla aðeins að fara í nokkur önnur atriði, herra forseti. Ég vona að hv. formaður fjárlaganefndar sé nærri svo hann heyri mál mitt. Er landbúnaðarráðherra í húsinu? Ég hefði viljað spyrja hann nokkurra spurninga, virðulegi forseti.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti getur upplýst að landbúnaðarráðherra er ekki í húsinu sem stendur.)

En er hann væntanlegur, veit hæstv.. forseti það? Ég vildi að hann kannaði það því að ég hef áhuga á að spyrja hann. Hér er í fjárlagafrumvarpinu og breytingartillögum sótt um heimildir til að selja 65 jarðir eða jarðarparta. Ég hefði viljað inna hæstv. landbúnaðarráðherra eftir því á hvaða forsendum verið er að fá heimildir til að bjóða þetta allt falt?

Við stöndum núna frammi fyrir því að fyrirtæki og fjársterkir einstaklingar kaupa jarðir upp í stórum stíl. Menn tala um að fyrirtækjasamstæða sé komin með kannski hundrað eða á annað hundrað jarðir. Kaupa jafnvel úr búskap, safna saman framleiðslurétti o.s.frv. Menn óttast síðan það sem þegar er hafið, að selja þær jarðir síðan til erlendra aðila. Eitt mesta áhyggjuefnið í íslenskum landbúnaði er sú óvissa sem ríkir einmitt um þennan grunn. Verður rekinn hér sjálfseignarbúskapur eða ekki? Verður linnulaus uppsöfnun á jörðum í höndum örfárra einstaklinga og fyrirtækja? Erum við að lenda í sama fari og í sjávarútveginum, að kvótinn eða fiskveiðiheimildirnar séu bara að fara á örfárra manna hendur?

Ég hef flutt frumvarp á Alþingi um að takmarka verði hversu stór hluti framleiðsluréttarins megi vera á einni hendi til að fara ekki út í það að hér verði fákeppni eða einokun á þeim markaði sem ógni atvinnuöryggi, framleiðsluöryggi og matvælaöryggi.

Hérna er landbúnaðarráðherra að sækja um að fá heimildir til að selja 65 jarðir og jarðarparta. Væri ekki nær að hæstv. landbúnaðarráðherra væri með tillögur um hvernig hann gæti styrkt, eflt og stutt landbúnaðarframleiðslu og búsetu á einhverri af þeim jörðum en að vera að sækja um heimildir til að selja þær?

Ég vil vara við þeirri stefnu sem hér er tekin, að ríkið sé að selja jarðir á opinberum markaði. Landbúnaðurinn, búsetan, framleiðslan, hin dreifða byggð, á að hafa forgang en ekki að græðgin og peningahyggjan eigi að ráða ferð um hvort jarðir safnist upp á örfárra manna hendur og þar ætti allra síst landbúnaðarráðherra að ganga fram fyrir til að selja jarðir.

Ég hefði því viljað heyra skýringar hæstv. landbúnaðarráðherra á öllum þeim jörðum sem hér er verið að auglýsa til sölu. 65 jörðum og jarðarpörtum. Sumar geta svo sem verið eðlilegar og átt sínar skýringar, ég ætla ekki að neita því. Ábúendur sem búa vel á jörðinni og hafa búið þar um árabil og vilja eignast jörðina til að tryggja sér áframhaldandi búsetu og atvinnurekstur á jörðinni. En ég sé greinilega að aðrar jarðir er verið að bjóða falar, hlunnindajarðir og jarðir sem geta verið eftirsóttar af auðmönnum og fyrirtækjum. Nokkurn veginn víst að ekki verður bændafólki gert kleift, sem vill stunda þar atvinnurekstur, hefðbundinn landbúnað eða ferðaþjónustu, að kaupa jarðirnar til þess, ef um er að ræða dýrmætar jarðir á því sviði. Ég hefði því viljað spyrja um þetta.

Annað varðandi kaup og leigu fasteigna þá vil ég benda á að liðinn 6.12, að leigja með kauprétti sérhannað fangelsishúsnæði. Eftir því sem ég man best í fjárlaganefnd var sá liður afturkallaður að beiðni nefndarinnar og ekki síst meiri hlutans sem hafði engan áhuga á því að ríkið væri enn á ný að fara í einhverjar einkaframkvæmdir eða kaupleigueinkaframkvæmdir á mannvirkjum sem nýtast ættu til opinberrar þjónustu eins og fangelsisbygging. Enginn dregur það í efa

að byggja þurfi fangelsi, það vanti, en þá verður það gert á vegum ríkisins. Ég leyfi mér því að spyrja, frú forseti, mig minnir að þessir liðir hafi átt að fara út og man ekki betur og vil spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvort þessi heimild um að leigja með kaupréttí sérhannað fangelsishúsnæði hafi átt að fara út, við ættum ekki að fara inn í neinn nýjan Sóltúnssamning með þetta.

Ég ætla aðeins að drepa á nokkur atriði í viðbót. Sjúkrahúsmálin. Það er rétt að það er verið að gera tillögur til að styrkja rekstrargrunn bæði Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þó að það sé sjálfsagt engan veginn nóg. En aðrar sjúkrahússtofnanir standa meira eða minna eftir. Ég vil því spyrja formann fjárlaganefndar hvort það sé meiningin að þessum fjárlögum verði lokað án þess t.d. að taka fyrir sjúkrahúsin og heilbrigðisstofnanirnar og svo ég nefni dæmi, Hvammstanga. Reksturinn á Hvammstanga á árinu 2006 var skorinn niður um 6 millj. kr. miðað við það sem áður hafði verið og því hafði verið lofað hátíðlega í umræðum bæði í fjárlaganefnd og hér, að bætt yrði úr því á þessu ári, árinu 2006. En þess sér hvergi stað og ekki heldur að því sé bætt inn í fyrir næsta ár.

Blönduós. Sama þar, þar er niðurskurður upp á 12 millj. kr. Eru þetta sjúkrahúsin sem á að ná sér niðri á? Því hafði verið lofað við síðustu fjárlög að þetta yrði bætt á þessu ári í gegnum sérstakan safnlið á heilbrigðisráðuneytinu. Ég veit ekki til að það hafi verið gert né að settir hafi verið neinir peningar inn í þann lið á næsta ári samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Sama er með Patreksfjörð og Bolungarvík svo dæmi séu tekin.

Grófasta dæmið er svo líklega Sjúkrahúsið á Akranesi. Sjúkrahúsið á Akranesi er eitt öflugasta sjúkrahús landsins. Þar hefur verið góður rekstur og þess gætt í hvívetna að halda sig innan fjárlaga þar til að á síðastliðnu ári var þrengt svo að starfseminni þar að líkur eru á að upp safnist halli. Sömuleiðis vantar fjármagn til að standa undir rekstri næsta árs í Sjúkrahúsinu á Akranesi. Þeir sækja um brýnan fjárstuðning til starfseminnar, til tækjakaupa, til viðhalds húsnæðisins, til að efla starfsemina en það er ekki lögð króna í það. Hins vegar koma klúbbar, t.d. Lionsklúbbarnir á Vesturlandi og gefa sjúkrahúsinu mikilsverð tæki. Heimaaðilar eru að safna fyrir, að ég held sneiðmyndatæki fyrir sjúkrahúsið en þegar kemur til ríkisvaldsins þá er allt stopp. Menn spyrja: Var verið að refsa þessu sjúkrahúsi á einhvern hátt fyrir góðan rekstur? Ég vona ekki. En það vekur mér kvíða að nú þegar skuli vera farið, að því er virðist, að beita svokölluðum reiknilíkönum eða áætlunum um það hvernig skuli vera á hverju sjúkrahúsi sérstaklega úti um land án þess að fram hafi farið nokkur pólitísk umræða um t.d. hvert þjónustustigið skuli vera. Okkur í fjárlaganefnd voru kynntar hugmyndir eða drög að reiknilíkani fyrir mönnun og fyrir rekstur og heilsugæslu á heilbrigðisstofnunum. Mér vitanlega var ekki búið að ganga frá því að þetta væri grunnur til skiptingar á fjármagni á milli heilbrigðisstofnana úti á landi. Hitt er að við erum að taka þá pólitísku umræðu um hvaða þjónusta ætti að vera þar. En núna er þessu beitt. Ég vil því spyrja hv. formann fjárlaganefndar: Er það meiningin að meiri hluti fjárlaganefndar sé búinn að loka vinnu í fjárlaganefnd hvað varðar fjárhæð heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsanna, m.a. úti um land? Ef svo er þá verð ég að lýsa mikilli óánægju. Ég reyndar mótmælti því í fjárlaganefnd að þetta væri sent út óafgreitt en ég vissi ekki að þetta væri jafnalvarlegt og ég sé að hér er.

Það sama er reyndar með öldrunarstofnanirnar. Öldrunarstofnanir vítt og breitt um landið hafa hvorki fengið úrlausn á skuldum sem þar hafa safnast upp vegna rangra ófullnægjandi fjárveitinga né fjármagn til rekstrar á næsta ári. Það eru komnar upp handahófskenndar leiðréttingar á einstökum stofnunum bæði hvað varðar uppgjör skulda og einnig rekstrarframlög á næsta ári en aðrar látnar vera alveg úti. Ég spyr hv. formann fjárlaganefndar: Er því starfi lokið að mati meiri hlutans? Eiga þær stofnanir sem ekki hafa enn fengið neina úrlausn á fjárhagsvanda sínum eða fjárþörf til næstu ára að sitja uppi með þann vanda eins og hann nú blasir við? Þá lýsi ég yfir miklum vonbrigðum með það.

Síðasta sem ég vildi líka nefna, frú forseti, eru vegamálin. Maður opnar varla svo útvarp eða sjónvarp eða sér í blöð að ekki sé verið að lofa nýjum vegi hér og þar. Hæstv. samgönguráðherra talar um stórátak í vegamálum, í samgöngumálum. Samtök verslunar og þjónustu koma nú og krefjast stórátaks í vegamálum. Þau samtök steinþögðu í sumar þegar kom yfirlýsing um frestun á vegaframkvæmdum upp á liðlega 1 milljarð kr. á Vestfjörðum og norðausturhorninu til að slá á þensluna, en þenslan var fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu og tengdist annars vegar stóriðjuframkvæmdum og hins vegar þenslu á byggingamarkaði og þess háttar. Þá sögðu Samtök verslunar og þjónustu ekki orð nema þau hvöttu til aðhalds og studdu niðurskurðinn eða frestunina, það best ég veit. En nú er komið og hvatt til aukinna vegaframkvæmda og ég spyr þá eins og við gerðum í fyrra og hittiðfyrra og árið þar áður og fyrir fjórum árum. En það er samt hollt að minnast þess hver stefnan hefur verið. Fyrir fjórum árum var samþykkt metnaðarfull vegáætlun. En það var ekki fyrr búið að samþykkja hana, það var ekki fyrr búið að kjósa en hún var skorin niður, fyrst um 1.600 millj., svo um 2 milljarða, svo aftur um 2 milljarða þannig að samtals er búið að skera niður vegáætlun sem samþykkt var fyrir fjórum árum líklega um 6,5 milljarða kr. og það fyrsta sem mönnum datt í hug í sumar í efnahagsaðgerðum var að fresta vegaframkvæmdum. Og nú hrópa allir: Jú, jú, auknar vegaframkvæmdir og mikið er það gott mál, að sjálfsögðu. En ég er bara viss um að nú á að fara að leika nákvæmlega sama leik. Það verður lofað miklum vegaframkvæmdum á árinu 2008 og 2009 og 2010 og 2011 og 2012, mikil lifandis ósköp, alveg eins og gert var fyrir síðustu kosningar. En síðan geta efndirnar orðið svipaðar og á síðustu fjórum árum, það var það fyrsta sem var skorið niður. Meira að segja vegaframkvæmdir, vegáætlun plús það fjármagn sem var ætlað að setja í vegi af svokölluðum símasölupeningum, eru skornar niður um 3,5 milljarða á næsta ári. Það er raunveruleikinn. Svo tala menn hástemmt um stórar og miklar framkvæmdir, stórátak og fjölmiðlar meira að segja ganga á lagið og finnst þetta alveg stórmerkilegt. Þeir ættu að kíkja í fjárlagafrumvarpið. Tölurnar segja: Niðurskrift upp á 3,5 milljarða kr. miðað við það sem áætlað var að setja á næsta ári. Það er veruleikinn.

Síðan kemur hæstv. fjármálaráðherra í prófkjörsþröng

og segir í viðtali varðandi breikkun Suðurlandsvegar og tvöföldun þjóðvegar frá Selfossi til Reykjavíkur: „Raunhæft að taka ákvörðun um útboð vegarins fyrir jól." Hvar er hæstv. fjármálaráðherra? Hefur hv. þingmaður og formaður fjárlaganefndar fengið afrit af loforði hans um tvöföldun á Suðurlandsvegi frá Reykjavík til Selfoss? Þetta verður vonandi framkvæmt en hefur hann fengið afrit af loforði hans um að búið væri að ganga frá samningi um útboð á þessum vegi fyrir jól? Ég vil spyrja um það og ég krefst svars þó að fjármálaráðherra sé í prófkjörsþröng og sé, eins og hann sagði í haust, farinn að líta landið allt öðrum augum eftir að hann fór í framboð á Suðurlandi. Ég hélt reyndar að fjármálaráðherra ætti að líta landið sömu augum hvar sem hann væri staddur. En hæstv. fjármálaráðherra fannst það viðeigandi.

Og þá á að leysa málið í einkaframkvæmd. Ja, mikil er lausnin. Ég spyr hv. formann fjárlaganefndar og hann getur líka borið það til varaformanns fjárlaganefndar, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar: Er búið að ræða við þá um allar þessar einkaframkvæmdir sem á að fara í á vegum hér? *Við opnum varla svo sjónvarpsskjá að þar sé ekki annaðhvort* hæstv. samgönguráðherra eða fjármálaráðherra eða einhver slíkur að lofa nýjum og nýjum vegum í einkaframkvæmd eða einhverju. Er einhver munur á áhrifum á þenslu hvort um er að ræða einkaframkvæmd eða ekki? Eru það ekki sömu fjármunirnir sem þarf til? Ég hefði haldið það. En raunveruleikinn hjá ráðherranum er um niðurskurð á næsta ári upp á 3,5 milljarða. Raunveruleikinn er niðurskurður upp á milli 6 og 7 milljarða á vegáætlun síðastliðin fjögur ár. Raunveruleikinn er sá að það fyrsta sem gripið var til á síðastliðnu sumri til að draga úr þenslu var að fresta vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Svo koma sömu menn og halda að þeir geti glennt sig framan í þjóðina og sagt: Nú ætlum við að gera stórátak í vegamálum. Mér finnst þetta vera hámark hræsninnar, ég verð að segja alveg eins og er.

Þjóðin kallar á vegi, kallar á bættar samgöngur en kallar ekki á skrum. Það er það ljótasta sem gert er, það er að vera með þetta gríðarlega skrum sem menn eru með hér og ég kalla eftir svari: Hvar liggja fyrir loforðin í fjárlagaafgreiðslunni, loforð fjármálaráðherra og fleiri um tvöföldun á t.d. Suðurlandsvegi fyrir jól? Útboð? Svona vinnubrögð ganga ekki, frú forseti.

Þessi fjárlög og loforð öll, samningar sem er verið að gera tvist og bast, og ráðherrar mega ekki vera að því að taka þátt í þingstörfum eða vinna eðlilega vinnu varðandi undirbúning fjárlaga vegna þess að þeir eru að skrifa undir einhverja samninga sem eiga að taka gildi árið 2008, 2009, 2010, 2011 og 2012. Hvers konar vinnubrögð eru þetta, formaður fjárlaganefndar? Ég veit ekki til þess að neinn samningur hafi nokkurt gildi fyrr en Alþingi hefur samþykkt hann. (**Gripið fram í:** Ekki lögin um sölu Símans.) Þannig að þessir ráðherrar sem núna eru út og suður með loforð og undirskriftir um samninga á samninga ofan, þeir hafa enga heimild til þess. Þetta er bara kosningaskrum. Og ef formaður fjárlaganefndar vildi nú taka á sig rögg eins og formaður fjárlaganefndar á að gera, þá á hann að kalla þessa ráðherra fyrir og spyrja þá. Hvað eruð þið að gera? Hvaðan hafið þið þessar heimildir? Hverju eruð þið búnir að lofa? Þetta eru allt saman hin bestu verkefni, ekki vantar það. Og síðast skal ég vera að kasta rýrð á þau. Þá geta þau komið hingað inn á Alþingi og Alþingi samþykkt þau og þá fá þau veruleika og gildi.

Það er ýmislegt, frú forseti, sem hv. formaður fjárlaganefndar mætti beita sér fyrir að gera bragarbót á í vinnubrögðum nefndarinnar gagnvart þinginu eins og ég hef rakið. Það er svo sem hægt að fara yfir ýmislegt fleira. Eitt af því stórmerkilegasta sá ég á lið utanríkisráðuneytisins. Ég get ekki sleppt því að minnast á að enn eru menn við sama heygarðshornið. Við gerum búin að gleyma því að við erum sem betur fer laus við herinn og það besta sem við gerðum væri að segja skilið við allt hernaðarbrölt. Það besta sem við gerðum væri að afsaka það gagnvart þjóðinni, koma með skriflega og formlega yfirlýsingu til að afsaka það að við höfum tekið þátt í innrásinni í Írak. Það hafi verið hin hörmulegustu mistök íslenskra stjórnmálamanna, foringja og forustumanna að samþykkja að Ísland tæki þátt í innrásinni í Írak. Þeir hefðu átt að lýsa sig friðarþjóð og losa sig undan frekari hernaðarþátttöku og herbrölti, ekki síst *þegar maður er laus við herinn.* Nei, þá verður að flytja á lið utanríkisráðuneytisins: Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 16 millj. kr. framlag vegna stöðu fulltrúa Íslands í höfuðstöðvum yfirherstjórnar Atlantshafsbandalagsins í Brunsum. Á kannski Halldór Ásgrímsson fyrrverandi forsætisráðherra að taka þetta með? Ég held að það væri eitthvað þarfara við þessar 16 millj. að gera en fara að senda fulltrúa til að sitja í yfirherstjórn Atlantshafsbandalagsins. Ég verð bara að segja eins og er. Það væri nær að láta þessa upphæð renna til sjúkrahússins á Hvammstanga, Blönduósi, Patreksfirði, Bolungarvík, Akranesi eða hvað eina annað en fara að setja peninga undir fulltrúa í yfirherstjórn Atlantshafsbandalagsins. Er ekki komið nóg af hernaðarþátttöku okkar? Við ættum frekar að biðjast afsökunar á því hvað við höfum verið að gera á undanförnum árum í þeim efnum og segja stopp.

Frú forseti. Ég gæti farið yfir fleiri atriði en læt þetta duga að sinni.

[23:49]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður beindi til mín að minnsta kosti tveimur efnislegum spurningum. Sú fyrri snýr að heilbrigðismálum. Það var ljóst hér við 2. umr. fjáraukalaga að meiri hluti nefndarinnar og nefndin, að ég tel, ætlaði sér að fara í vinnu sem varðaði stöðu einstakra heilbrigðisstofnana og öldrunarstofnana. Sú vinna er í gangi og meiri hluti nefndarinnar mun við 3. umr. fjáraukalaga koma með sínar tillögur um að bæta stöðu einstakra heilbrigðis- og öldrunarstofnana og munum við gera nánar grein fyrir því innan fjárlaganefndar og í umræðum í næstu viku.

Hins vegar verður fróðlegt að sjá hvort minni hluti fjárlaganefndar og stjórnarandstaðan á þingi verði með tillögur í málefnum öldrunar- og heilbrigðisstofnana. Það er trúlegt að þau vísi þá til þess að þau hafi gert tillögur árið 2004 og 2005 og þær standi náttúrlega vegna fjárlagagerðar ársins 2007. En þannig virka bara hlutirnir ekki. Það er ný staða hjá hverri einustu heilbrigðis- og öldrunarstofnun landsins.

En Vinstri grænir ætla að skila auðu í því og segja að stefnan sé skýr. En hún er einfaldlega ekkert skýr því að við þurfum að setja fjárlagaramma vegna ársins 2007. Ef hv. stjórnarandstaða heldur að hún komist upp með að vera ekki með tillögur í menntamálum og heilbrigðismálum þá á hún eftir að reka sig á að slíkt gengur ekki upp. Kjósendur verða að vita fyrir hvað stjórnarandstaðan stendur í einstökum málaflokkum. Það er lágmarkskrafa. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Í öðru lagi fór hv. þingmaður yfir samgöngumálin og hugmyndir um einkaframkvæmdir. Því er til að svara að það hefur náttúrlega ekki verið skrifað undir þá samninga og þeir hafa ekki verið bornir undir forustu fjárlaganefndar.

[23:51]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get staðfest að það er alveg hárrétt hjá hv. formanni fjárlaganefndar að sú yfirlýsing lá fyrir innan fjárlaganefndar að farið yrði yfir skuldastöðu sjúkrahúsa og öldrunarstofnana fyrir 3. umr. fjáraukalaga og ég sé enga ástæðu til annars en að það verði gert og vonandi að þar verði tekið á málum.

Hins vegar varðandi rekstrargrunn heilbrigðisstofnananna og viðkomandi stofnana fyrir næsta ár þá skal það upplýst að ég innti eftir því innan fjárlaganefndar áður en það var afgreitt út hvort ætlunin væri að taka það fyrir. Eftir að ég hafði spurt um það var sagt að það yrði gert, þó með nokkrum semingi. Ég gat sem sagt ekki skilið það svo að því hefði samt verið lýst yfir að fara skyldi efnislega í það. Ég vil því gjarnan heyra það hjá hv. þingmanni hvort það sé líka staðfast áform formanns fjárlaganefndar að endurskoða líka og kanna hvernig megi bæta úr rekstrargrunni heilbrigðis- og öldrunarstofnana fyrir rekstrarárið 2007. Ég tel að það skipti miklu máli að gera það.

Varðandi síðan tillöguflutninginn þá vil ég segja að eðlilega starfa nefndir og einstakir nefndarmenn þannig innan nefndar, ég tala nú ekki um fjárlaganefndar, í tengslum við þau mál og málaflokka sem á annað borð koma þar inn og nefndarmenn fá sameiginlega aðgang að (Forseti hringir.) að þeir fjalla að sjálfsögðu um þau atriði og flytja um þau beinar og óbeinar tillögur innan nefndarinnar.

[23:54]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu á vettvangi þingsins sem hv. þingmenn flytja sínar tillögur. Sú hefur verið venjan hingað til.

Hv. þingmaður nefndi vanda margra heilbrigðisstofnana hringinn í kringum landið. Hann býsnaðist mikið yfir honum. En sjálfur kemur hv. þingmaður ekki með neinar tillögur inn í þennan sal um hvernig eigi að bregðast við þessum vanda. Eins og ég sagði áðan þá stendur til og það er yfirlýst stefna að taka málefni heilbrigðis- og öldrunarstofnana fyrir á milli 2. og 3. umr. fjáraukalaga. Það er mjög mikilvægt (**Gripið fram í:** ... fjárlaga.) að ráðast á ýmsa skuldahala því að rekstrarafkoma viðkomandi stofnana byggist náttúrlega að sjálfsögðu að miklu leyti á því hvort viðkomandi stofnun dragi mikinn skuldahala með sér yfir áramót, því að viðkomandi stofnun lendir þá fljótlega í vanskilum ef skuldirnar eru miklar, lendir í að borga mikla dráttarvexti en það hefur mjög íþyngjandi áhrif á rekstur viðkomandi stofnana og er í raun eins og snjóbolti sem hleður utan á sig.

Eins og ég sagði hér við 2. umr. fjáraukalaga þá er það yfirlýst stefna okkar að fara mjög ítarlega ofan í skuldastöðu stofnana. Ég er sammála hv. þingmanni Jóni Bjarnasyni um að við eigum eftir að fara betur efnislega ofan í þau mál. Ég hef trú á því að ágæt samstaða verði innan nefndarinnar í þeim efnum enda er brýnt að búa vel að heilbrigðisþjónustunni í landinu. Við leggjum til sérstaklega í 2. umr. fjárlaga að lykilstofnanirnar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og háskólasjúkrahúsið fái auknar heimildir og við ætlum að skoða málefni annarra stofnana í fjáraukalögum í þeirri vinnu sem fram undan er.

[23:56]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður svaraði ekki spurningu minni um hvort við tækjum rekstur og stöðu stofnana aftur upp við 3. umr. fjárlaga. Ég vísa samt til orða sem féllu og voru bókuð í fjárlaganefnd um að það yrði gert. Ég geri því ráð fyrir að hv. þingmaður hafi ekki komist nógu langt í andsvari sínu. En ég treysti því að við tökum það líka þar upp.

Síðan varðandi vegamálin þá get ég ekki annað, frú forseti, en nefnt þær yfirlýsingar sem ráðherrar hafa gefið hér á undanförnum dögum, bæði ráðherra samgöngumála, fjármála og aðrir sem menn gætu haldið að væru ábyrgir í stjórnsýslunni, um vegaframkvæmdir, einkaframkvæmdir o.s.frv. Stórátak í vegamálum í einkaframkvæmd talaði hæstv. samgönguráðherra um núna í gær og hélt fjálglega ræðu um það. Ég veit ekki hvar sú pólitíska stefna hefur verið mörkuð að hann geti talað þannig. Að mínu viti hefur hæstv. samgönguráðherra ekkert umboð til að tala eins og hann gerði þegar hann var að lofa og gera ráð fyrir stórauknum vegaframkvæmdum í formi einkaframkvæmdar og þess háttar. Ég óska eftir því að þessi vegamál og loforð ráðherranna og yfirlýsingar í þeim efnum verði tekin fyrir í fjárlaganefnd og þeir krafðir þar skýringa um hverju sé verið að lofa. Við þurfum stórátak í samgöngumálum. Það gerum við á opinberum vettvangi en ekki með því að skera niður eins og gert hefur verið á undanförnum árum og koma síðan og lofa rétt fyrir kosningar.

[23:58]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér ræðum við fjárlög næsta árs. Hv. þm. Jón Bjarnason minntist í ágætri ræðu sinni á að hann saknaði tveggja ráðherra, hæstv. landbúnaðarráðherra og einnig hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Ég verð að taka undir þessi orð hv. þingmanns, sérstaklega hvað varðar formann Framsóknarflokksins, sér í lagi vegna þess að ef hann væri viðstaddur þessa umræðu gæti hann kannski aðlagað sig því þekkingarstigi sem hér er í þingsölum og þá þyrftu ekki að koma honum á óvart þær fyrirspurnir sem maður ber upp. Hann gæti þá komist niður á þetta stig og aðlagað sig. En ég sakna að auki enn annars hæstv. ráðherra, sjálfs hæstv. forsætisráðherra. Hér erum við að ræða efnahagsmál og þau

heyra undir hann.

Staða efnahagsmála nú, meðan hann dundar sér við að hringja inn viðskiptin í kauphöll í Ameríku, er bara ekkert góð. Hér er verðbólga, háir stýrivextir og menn reyna að halda uppi gengi íslensku krónunnar en allt kemur fyrir ekki. Gengið hefur fallið síðustu daga og sjálfur aðalhagfræðingur Seðlabankans greip til þess ráðs að bera út þá sögu að til greina kæmi að hækka vexti enn meira. Þetta eru fréttir dagsins. Síðan ætlar Seðlabankinn að taka erlent lán til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína og koma þá í veg fyrir einhverja kollsteypu í gengismálum.

En það er ekki að sjá mikið aðhald í þessum fjárlögum, alls ekki, nema þegar kemur að gamla fólkinu. Þá er ekki hægt að taka á vanda þess. Við í stjórnarandstöðunni, Frjálslynda flokknum, Samfylkingunni og Vinstri grænum, höfum sameinast um að leggja aðaláherslu á þessi mál. Ég er alveg viss um að þjóðin er sammála okkur. Þarna skortir á.

Það er fleira sem er vert að minnast á varðandi stöðu efnahagsmála. Ýmsir þingmenn stjórnarliðsins hafa dregið upp mjög ranga mynd af stöðunni, í rauninni algera glansmynd. Menn horfast ekki í augu við staðreyndir, m.a. hv. þm. Bjarni Benediktsson sem gaf það í skyn að skuldastaða þjóðarinnar væri bara býsna góð og ein sú besta í heimi. Síðan var hann leiðréttur og honum bent á að þjóðarbúið í heild sinni er nánast það skuldugasta í víðri veröld.

En það er rétt að tala um hlutina eins og þeir eru. Hrein skuldastaða við útlönd er rúm þjóðarframleiðsla eins árs, 1.300 milljarðar. Þá er búið að draga allar eignir frá skuldum í útlöndum og við stöndum uppi með skuldir upp á 1.300 milljarða. Þetta kemur fram í hagtölum Seðlabankans. Innlánsstofnanir hafa bætt við sig gríðarlegum skuldum. Menn, eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson í sinni ræðu, tala um að eignir standi á móti. En ef við förum yfir þessar tölur er hrein skuldastaða innlánsstofnana við útlönd 1.860 milljarðar en var árið 2004 eitt þúsund milljörðum minni. Hér hefur bæst gríðarlega í þann skuldabagga sem þjóðin ber. Þetta eru staðreyndirnar og við eigum að tala um þær eins og þær eru.

Það er leitt að verða vitni að því að hv. þingmenn Framsóknarflokksins reyni að snúa út úr málflutningi manna í stjórnarandstöðunni sem koma með ábyrgar tillögur um hvernig reka megi ríkisbatteríið betur en gert er. Við höfum m.a. bent á það í stjórnarandstöðunni að það er hægt að ná meiri árangri í t.d. heilbrigðiskerfinu ef við leggjumst yfir það að ná niður lyfjakostnaði. Menn reyna hér með mjög ómálefnalegum hætti að gera það tortryggilegt og gefa í skyn að þegar ábyrgir þingmenn benda á að hægt sé að ná fram talsverðum sparnaði ef við fáum lyf á sambærilegu verði og t.d. Norðurlandaþjóðirnar ætlum við að fara að leggja álögur á gamla fólkið og sjúklinga. Það er alveg stórundarlegt að menn skuli leyfa sér að segja svona dellu, sér í lagi þegar menn koma í veg fyrir að stjórnarandstaðan nái í gegn kjarabótum fyrir þessa hópa.

Þessi ríkisstjórn stendur fyrir ójöfnuð, gríðarlegan ójöfnuð, ójöfnuð af mjög undarlegu tagi vegna þess að ríkisstjórnin hefur tekið til sín meira skattfé af þeim hópum sem hafa lágar tekjur og alls ekki af þeim sem hafa hæstu tekjurnar. Hún hefur í rauninni tekið hlutfallslega meira af þjóðarkökunni í skatta og deilt því síðan ójafnt út. Einn hópur sleppur. Það er sá 10% hópur sem hefur hæstu tekjurnar.

Það er ekki rétt sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ítrekað hefur haldið fram, að þeir sem vinna í bönkunum hafi öll þessi háu laun og að sú sé ástæðan fyrir þessum ójöfnuði eins og hans hefur orðið vart og kemur fram í mælingum hæstv. fjármálaráðherra sem hefur bent á það í skriflegu svari við fyrirspurn minni og sýnt fram á að ójöfnuðurinn á Íslandi er að verða hvað mestur í heimi. Nei, það er ekki eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir. Það geta menn kynnt sér með því að lesa í gegnum nýja skýrslu um fjármálamiðstöðina Ísland. Þar kemur fram að 3% mannaflans vinni í bönkum og fjármálastofnununum og afli 6% atvinnutekna í landinu. Það er af og frá að ætla að þessi 3% sem hafa að vísu tvöfalt hærri laun en að jafnaði í landinu séu ástæðan fyrir þessum mikla ójöfnuði. Það er bara alls ekki svo. Það getur hver maður séð í hendi sér.

Ástæðan er allt önnur. Hún er sú að stjórnarflokkarnir hafa staðið fyrir mjög óréttlátu kvótakerfi sem m.a. fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins hagnaðist persónulega á. Við sáum það m.a. í fréttum í vikunni að út úr þessu kvótakerfi hafi aðili á Vestfjörðum fengið 1.000 millj., bara í þessari viku. Fyrir nokkrum vikum halaði aðili í Grímsey sem rak nokkrar trillur inn aðrar 1.000 millj. Þeir menn sem fá þessa peninga borga 10% fjármagnstekjuskatt. Þetta er hópurinn sem er orsökin fyrir þessum gríðarlega ójöfnuði. Menn hafa halað til sín eitthvað sem þeir eiga ekki, hluta af þjóðarauðnum og síðan selja menn það og taka í eigin vasa. Eftir stendur atvinnugreinin stórskuldug.

Hér tala félagar okkar í stjórnarandstöðunni oft og tíðum um að Kárahnjúkavirkjun sé orsök allrar þenslunnar en ég vil leyfa mér að benda á að kvótakerfið á sinn þátt í þessu, m.a. vegna þess að a.m.k. tvær Kárahnjúkavirkjanir hafa runnið út úr kvótakerfinu. Eftir stendur atvinnugreinin stórskuldug og alls ekki hefur orðið vart við neina hagræðingu. Tekjurnar núna af sjávarútveginum eru sambærilegar við það sem þær voru fyrir fimm árum þrátt fyrir að fiskverð sé með hæsta móti.

Þarna er orsökin fyrir ójöfnuðinum og auðvitað að menn hafa selt sjálfum sér ríkiseignir fyrir lítið, eins og framsóknarmenn hafa gert ítrekað. Er skemmst að minnast þegar S-hópurinn fékk Búnaðarbankann með greiðslufresti og milljón dollara afslætti og ég veit ekki hvað og fékk síðan VÍS út úr Landsbankanum og greiddi undirverð. Þarna er hópurinn sem fær miklar tekjur af fjármagni og borgar sáralitla skatta.

Við í Frjálslynda flokknum höfum ekki áhuga á því að velta okkur upp úr þessu endalaust. Við horfum fram á veginn og viljum að þessu kvótakerfi verði hent á haugana vegna þess að það hefur náttúrlega engu skilað. Samt sem áður verða menn eins og fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins að sæta ábyrgð í þessu máli og það þarf að rannsaka þessa einkavæðingu sem brýtur í bága við siðferðiskennd meiri hluta fólks. Vegna þess að hér er í salnum ágætur þingmaður, hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, verð ég að segja að í dag hringdi í mig Skagfirðingur sem hlýddi á ræðu hans sem ég missti því miður af vegna þess að ég var á fundi með rússneska sendiherranum — mjög athyglisvert

viðtal sem við fengum þar — og honum blöskraði málflutningurinn. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson gerði lítið úr því að við legðum til góðar tillögur um ríkisfjármálin, svo sem að lækka lyfjakostnað (Gripið fram í.) og fleiri atriði. Mér finnst þetta bara stórundarlegt og í rauninni stjórnarmeirihlutanum til skammar að viðhafa svona málflutning.

Það eru fleiri þættir sem við þurfum að fara í gegnum þegar við horfum á ríkisfjármálin, t.d. þessa skammsýni sem lýsir sér í áætlanagerð sem miðar ekki fram í tímann. Við sjáum t.d. að þegar menn skipuleggja vegamál er ekki horft mjög langt fram í tímann. Meira að segja í sumar var vegagerð frestað í einhverja mánuði. Við skulum láta það liggja á milli hluta enda var frestun vegagerðar á Vestfjörðum um nokkra mánuði meiri háttar aðgerð í efnahagssögu þjóðarinnar til að slá á þenslu. Það er aldrei að vita nema að þetta verði meðal útflutnings Íslands, hugmyndasmíð og hagþekking þjóðarinnar sem hún getur farið með í útflutning. Það er aldrei að vita nema Geir Haarde geri fleira en að hringja bjöllum í Ameríku. Hann fer kannski næst í fyrirlestraferð og kynnir það hvernig hann ræðst að þenslu í þjóðfélaginu með því að fresta vegagerð í einum landshluta.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að horfa til lengri tíma hvað varðar vegamálin. Við höfum lagt upp með það að koma öllum vegum niður á láglendi, undir 200 metra hæð, og lagt fram ítarlegar tillögur hvað það varðar. Ef maður skoðar verk hæstv. samgönguráðherra og það hvernig hann hagar málum sínum hegðar hann sér greinilega með kosningar í huga. Það er dregið saman á milli kosninga og síðan bætt í rétt fyrir kosningar. Nú á t.d. að fara í stórátak. Þjóðin er farin að sjá í gegnum hann og þetta þýðir ekkert lengur. Það er svo undarlegt að samt reyna menn þetta.

Ég segi svo sem ekki að allt í þessum breytingartillögum sé alslæmt. Margt af þessu er gert af góðum hug, t.d. veit ég að hv. formaður fjárlaganefndar Birkir Jón Jónsson ber hlýjan hug til Siglufjarðar, eins og ég geri reyndar líka, og við skoðun á þessum breytingartillögum sér maður það greinilega. Það kemur fram hér að þjóðin á að setja 8 millj. í skíðamannvirki á Siglufirði og ég get tekið undir að það sé jákvætt verkefni. Síðan er Síldarminjasafnið, 5 millj., það er jákvætt verkefni. Svo er það Fjallabyggð, náttúrugripasafn, mjög jákvætt. Berjadagar, 1 millj., Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar, stofnkostnaður við sýningu, 6 millj. Þetta eru allt mjög góð verkefni og ekkert nema gott um þau að segja. Ég þekki að vísu ekki Jötunheimaverkefnið á Siglufirði. En þetta er allt af góðum hug.

Ég verð samt að segja — ég er reyndar ekki búinn að taka saman hvað þetta eru margar milljónir — að þetta er kannski lýsandi staða fyrir Framsóknarflokkinn. Hann er búinn að svipta Siglufjörð atvinnuréttinum. Siglfirðingar mega ekki einu sinni fiska síld á Síldarminjasafninu þó svo að hún vaði upp að bryggju. Það má ekki vegna þess að Framsóknarflokkurinn er fastur í þessu kvótakerfi. Það er búið að selja atvinnuréttinn frá Siglufirði og eftir standa stórskuldug fyrirtæki. Ef einhver ætlar að gera það sem forfeður þeirra gerðu mann fram af manni þarf hann að kaupa atvinnuréttinn eða leigja hann fyrir þrjá fjórðu af innkomunni.

Auðvitað skilur maður það að hv. þingmaður er lentur í slæmum félagsskap í þessu kerfi, lentur í neti, en menn verða, ef þeir ætla í rauninni að komast út úr þessu og sjá þessar byggðir dafna á ný, að veita fólkinu atvinnurétt. Það þýðir ekki bara að styrkja þessi góðu söfn um minningu um liðna tíma, heldur þurfa þessar byggðir að fá að þróast áfram. Ég vona svo sannarlega að framsóknarmenn fari að átta sig á að þetta gengur ekki svona lengur.

Ég þekki hérna eitt verkefni mjög vel, Heimskautsgerði á Raufarhöfn. Það er mjög gott verkefni og ég get stutt það þótt það fái vissulega mikla peninga, 10 millj. kr. Horfum aðeins á Raufarhöfn. Það er örugglega búið að hækka rafmagnsreikninginn á Raufarhöfn af Framsóknarflokknum um miklu hærri upphæð. Það er líka búið að taka atvinnuréttinn af fólkinu á þessum stöðum. Ef fólkið fengi aftur einhvern hluta af atvinnuréttinum væri þessi byggð fullfær um að reisa þetta ágæta Heimskautsgerði og gera það af myndarskap án atbeina ríkisins. Um það snýst þetta mál.

Við megum ekki horfa fram hjá aðalatriðum þessara byggða. Það er ekki hægt að dreifa eingöngu styrkjum í minningu um liðna tíma. Þessar byggðir verða að fá að halda áfram að þróast og það gerist ekki nema fiskveiðistjórnarkerfinu verði breytt og enn fremur er ekki til bóta það sem Framsóknarflokkurinn hefur gert, að hækka rafmagnsreikninginn hjá fólki. Mér finnst þetta mikil ósvinna sem hann hefur framkvæmt þar.

En við leggjum, eins og áður segir, mikla áherslu á velferðarmálin, m.a. vegna þess að vissir hópar hafa dregist mjög mikið aftur úr. Það hafa samtök aldraðra sýnt fram á. Þess vegna höfum við í stjórnarandstöðunni ákveðið við þessa fjárlagagerð að leggja áherslu á að bæta stöðu þeirra hópa á næsta ári. Ég stóð í þeirri von að ríkisstjórnin sem dreifir peningum hingað og þangað gæti staðið með okkur í þessu en það virðist því miður ekki verða ef marka má ummæli hv. þingmanna stjórnarflokkanna.

Það eru fleiri þættir sem við þingmenn landsbyggðarinnar leggjum áherslu á, m.a. þá stöðu sem er uppi við kostnað fólks sem þarf að senda börnin sín í skóla um langan veg. Okkur finnst afar merkilegt hvað stjórnarliðar taka dræmt í þessar almennu aðgerðir, sérstaklega í ljósi þess að þeir eru svo duglegir að veita í svona minni verkefni hingað og þangað sem flest hver eru mjög góð. Menn verða að horfa á þetta í samhengi. Það er ekki hægt að taka atvinnuréttinn af þessum byggðum. Maður spyr sig: Til hvers? Til hvers eru þeir að þessu? Fyrir hvern?

Nú er fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins farinn af sviðinu og ég hélt að menn gætu kannski litið á heildarmyndina, á byggðaþróunina og séð það að kerfi sem skilar helmingi minni afla en fyrir daga þess er ekki gott. Alls ekki. Ekki fyrir nokkurn, a.m.k. ekki fyrir þjóðina, mögulega þá sem eiga eftir að selja sig út úr greininni en alls ekki fyrir atvinnugreinina sjálfa.

Það kom m.a. fram í svörum hæstv. ráðherra að hann gat ekki fært nokkur einustu rök fyrir meintum almannahagsmunum af því að halda áfram þessari vitleysu. Mér fannst það leitt af því að ég beið spenntur eftir því. Ég hef ekki séð þessa meintu almannahagsmuni og leitað samt lengi eftir því að fá einhvern botn í þetta dæmi. Því miður eru bara engin svör.

Að lokum vil ég aðeins minnast á fyrrverandi borgarstjóra í Reykjavík sem er kannski ekki sérstök vinkona okkar í Frjálslynda flokknum þótt ótrúlegt sé. Ég held að hún átti sig kannski ekki á því máli sem hún deilir hvað harðast á okkur fyrir, þ.e. hvað það varðar að við viljum hefta flæði erlends vinnuafls inn í landið. En hún má eiga það að hún hækkaði í borginni laun hjá fólki með lægstu launin. Einstakir þingmenn hafa haft horn í síðu hennar fyrir það og hér hafa nokkrir þingmenn flutt miklar ræður um að þetta sé orsökin fyrir efnahagsvanda þjóðarinnar. Mér hefur fundist alveg ótrúlegt að hlýða á þessar ræður. Aldrei heyrir maður þessa menn, sem hafa svona miklar áhyggjur af þeim sem hafa um 150 þús. á mánuði með öllu, kvarta yfir því að hæstu starfslokasamningar sem hljóða kannski upp á tugi eða jafnvel hundruð milljóna hafi einhver áhrif á launaþróunina, hvað þá þegar jafnvel framsóknarmenn gera samninga við þá sem hafa stýrt heilu stofnununum og brotið af sér í starfi og mögulega brotið lög. (**GÓJ:** Ertu að tala um Sverri Hermannsson?) Valgerður Sverrisdóttir gerði þennan starfslokasamning við (Gripið fram í.) forstjóra Byggðastofnunar og það var upplýst m.a. í útvarpsviðtali við ágætan þingmann framsóknarmanna þar sem hann fór rækilega yfir þetta mál.

Það er aldrei rætt um að þessi endi geti orsakað (Gripið fram í.) launaójafnvægi og skapað spennu á launamarkaði. (**GÓJ:** Farðu nú aðeins yfir Sverri Hermannsson ...) Það er náttúrlega með ólíkindum að menn skuli alltaf leggjast þarna á, bæði við að skattleggja og klípa af fólkinu, t.d. af eldri borgurunum, og telja að fjárlagadæmið fari bara algerlega úr skorðum ef tillögur okkar í stjórnarandstöðunni sem hljóða upp á rúmlega 7 milljarða kr. bætur til þeirra sem hafa lægstu tekjurnar ná fram að ganga. Það er alls ekki svo. Það þarf að taka á öðrum þáttum.

Ég er svo sannfærður um að fólk sjái að það þarf að gefa stjórnarflokkunum rækilegt frí til að ná betri tökum á stjórn efnahagsmála. Þeir hafa, því miður, eins og ég fór yfir hér í byrjun ræðu minnar misst verðbólguna úr böndum. Hér hrannast upp erlendar skuldir og þeir eru ánægðir.

[00:23]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski fyrst rétt að leiðrétta hv. þingmann með það að skuldir ríkissjóðs séu að fara upp úr öllu valdi. Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað um 77% á síðustu 10 árum og ríkissjóður er að verða skuldlaus. Það hefði verið betra, hæstv. forseti, ef hv. þingmaður hefði hlýtt á ræðu mína í dag. Þar sem klukkan er langt gengin í eitt að nóttu sé ég kannski ekki ástæðu til að endurtaka hana. (**SigurjÞ:** Jú, hún var góð.) Hún var góð, það er rétt eins og fram kemur hjá hv. þingmönnum. Vissulega var hún góð og ég held að hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefði haft gott af að hlýða á hana. Þar fór ég rækilega yfir það að það hefði tekið stjórnarandstöðuna sjö ár að koma sér saman um eitt sameiginlegt nefndarálit um frumvarp til fjárlaga og eina tillögu. Hv. þingmaður sagði að stjórnarandstaðan væri að flytja tillögur við fjárlagagerðina um lækkun lyfjakostnaðar. Hvar eru þær tillögur, hv. þingmaður? Hvar eru þær tillögur, hæstv. forseti?

Ég vek athygli á því að stjórnarandstaðan flytur engar tillögur í menntamálum, engar tillögur í félagsmálum og engar tillögur í heilbrigðismálum. Það er auðvitað von að stuðningsmaðurinn, þessi eini, í Skagafirði hafi haft samband við hv. þingmann og sagt að það væri rakinn dónaskapur að rekja þetta á hinu háa Alþingi. Þetta er samt satt, hvort sem menn trúa því eða ekki.

Hv. þingmaður sagði að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar legðu áherslu á velferðarkerfið og ætluðu að leggja til mikil fjárútgjöld. Hvernig kemur það heim og saman við hugmyndir hv. þingmanns um að skera niður (Forseti hringir.) ríkisútgjöld eins og hann hefur þó oft lagt áherslu á?

[00:25]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að upplýsa hv. þingmann um að það eru fleiri en einn stuðningsmaður í Skagafirði. Þeim fjölgar óðum og flokksstarfið þar er að eflast hjá okkur frekar en hitt. En svo að ég svari hv. þingmanni ætti ég að taka fram að honum hefur kannski misheyrst þegar ég talaði um að skuldastaða þjóðarbúsins væri mikil. Það er rétt hjá hv. þingmanni að skuldir sjálfs ríkissjóðs, sem er lítill hluti af þessu dæmi öllu, eru lágar en heimilin skulda gríðarlegar upphæðir, á annað þúsund milljarða og bankarnir skulda líka gríðarlega. Staða bankanna gagnvart útlöndum hefur versnað eins og ég fór yfir. Ég vonast til þess að hv. þingmaður kynni sér þetta vegna þess að þetta skiptir verulega miklu máli. Ég vona líka að hann taki því betur en raun ber vitni hér þegar maður leggur til góðar tillögur, m.a. í heilbrigðismálum. Þau eru mesti útgjaldamálaflokkurinn og við eigum að taka öllum tillögum af jákvæðni, taka á því þegar menn fara illa með. Það má sjá í sjónvarpsþáttum þegar sjúklingar eru sendir á Saga Class til Danmerkur og til baka. Þjóðarbúið eða a.m.k. hið opinbera stendur uppi í plús vegna þess að lyfin eru svo miklu dýrari á Íslandi en í Danmörku. Það er verk að vinna í þessum málaflokki og ég vona að menn eigi eftir að taka þessum ábendingum betur en hingað til.

Hvað varðar tillöguflutninginn lögðum við til fjöldamargar tillögur í fyrra sem allar voru felldar, hvorki meira né minna en 42, (**Gripið fram í:** Það var í fyrra.) þannig að menn geta ekki kvartað.

[00:28]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er einkennilegur málflutningur hjá hv. þingmanni. Nú vísar hann til tillagna sem stjórnarandstaðan lagði fram í fyrra, við umræður um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006. Við erum að ræða um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 og það liggur fyrir að það eru engar tillögur frá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar, engar tillögur um framlög til menntamála, engar tillögur um framlög til heilbrigðismála og engar tillögur um framlög til félagsmála.

Hv. þingmaður sagði í ræðu sinni að hann legði áherslu á velferðarkerfið, að stjórnarandstaðan legði áherslu á velferðarkerfið, og þetta er sami hv. þingmaður og hefur lýst því yfir, til að mynda í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra, að það þurfi að skera niður ríkisútgjöld. Hvernig kemur sá málflutningur heim og saman við tillögur hv.

þingmanns, sem hann er að mæla fyrir, um útgjöld til aldraðra og aukinn ellilífeyri? Hvaða tillögur hefur hv. þingmaður í fyrsta lagi um niðurskurð í ríkisútgjöldum? Það dugar ekki fyrir hv. þingmann að vísa til einhvers meints niðurskurðar á lyfjakostnaði ríkisins. Hann veit það sjálfur að það verður eitthvað meira að gerast en að skera niður lyfjaútgjöld. Ég spyr líka hv. þingmann: Ætlar hann að styðja tillögur meiri hluta fjárlaganefndar um aukin ríkisútgjöld upp á 9,5 milljarða við atkvæðagreiðslur á morgun?

[00:30]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er kannski erfitt að eiga orðastað við suma framsóknarmenn. (**Gripið fram í:** Svaraðu þá spurningunum.) Þeir virðast ekki skilja hlutina þegar maður talar venjulega íslensku sem ég tel mig gera. Formaðurinn á t.d. erfitt með að skilja spurningar þegar maður ber þær hér upp. Það er kannski þetta háa þekkingarstig sem Framsóknarflokkurinn er á. Annaðhvort þarf ég eitthvað að reyna að feta mig upp á þetta stig eða þeir að færa sig neðar. (**Gripið fram í:** ... svara spurningunum.) Ég styð þessa tillögu, auðvitað geri ég það og ég horfi á þessi verk. (Gripið fram í.) Ég vona að hv. þingmaður slaki á og gefi mér færi á að svara andsvari hans. Ég styð þetta vegna þess að þessir hópar hafa setið eftir. Mér finnst eðlilegt að við þurfum að fara yfir þessa hluti ef við ætlum að rétta hlut þeirra. Svo er ég ekkert viss um að þessar tillögur sem við höfum reiknað út að kosti rúma 7 milljarða, en ekki 9 eins og hv. þingmaður virðist telja, verði það mikill kostnaður (**BJJ:** ... meiri hluta ...) og við teljum að með því að rétta hlut þessa fólks skili sér fjármunir aftur inn í ríkiskassann. Ég er sannfærður um að það er hægt að ná miklu meiri og betri árangri við stjórnun fjármála íslenska ríkisins. Því miður skilja framsóknarmenn ekki, eða vilja ekki skilja, þegar við bendum þeim m.a. á lyfjakostnað sem er 50% hærri en hann þarf að vera eða það að reka hér dvalar- og öldrunarheimili fyrir 15 þús. millj. árlega og hafa ekki neina samninga um að þessir fjármunir skili sér til réttra verka. (Forseti hringir.) Við höfum fulla trú á okkar verkum. (**Gripið fram í:** Hvað ...?)

[00:32]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Eins og staðan er núna sýnist mér stefna í að sú ræða sem ég ætla mér að flytja verði sú síðasta við 2. umr. nema einhverjir af þeim hv. þingmönnum sem eru í húsinu eða nágrenni þess setji sig aftur á (Gripið fram í.) mælendaskrá.

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan hefur við fjárlagagerð fyrir árið 2007 ákveðið að leggja alla áherslu á að bæta þegar á næsta ári stöðu og velferð eldri borgara og öryrkja. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem Samfylkingin, Frjálslyndi flokkurinn og Vinstri grænn lögðu til í þingsályktunartillögu um nýja framtíðarskipan lífeyrismála á þskj. 3 sem stjórnarandstöðuflokkarnir kynntu sameiginlega í upphafi þings í haust. Til að fjármagna þessa velferðarstefnu er lagt til að útgjöld ríkissjóðs til velferðarmála verði hækkuð um 7,4 milljarða kr. á næsta ári. Stjórnarandstöðuflokkarnir leggja ekki til aðrar tillögur til aukinna útgjalda við þessa fjárlagagerð. Við teljum hins vegar að svo mikla nauðsyn beri til að bæta þegar afkomu aldraðra og öryrkja að það mál eigi að fá algeran forgang nú þegar.

Þrátt fyrir að það takist að bæta hag aldraðra og öryrkja núna, þ.e. ef ríkisstjórnarflokkarnir fallast á að gera átak í þeim efnum með okkur í stjórnarandstöðunni, er samt sem áður mjög mikið ógunnið í þessum málum á næstu árum. Við viljum, eins og komið hefur fram í máli mínu, tryggja til framtíðar að fólk í þessu landi sem hefur ekki neinar aðrar tekjur en lágmarksbætur Tryggingastofnunar ríkisins komist af í hverjum mánuði af þeim lágmarkstekjum sem öllum verði greitt úr tryggingakerfinu. Þess vegna þarf neyslukönnun eins og við mælumst til að verði gerð og markmið um afkomu, þ.e. rauntekjur eftir skatta til eðlilegs lífs.

Skattstefna þessarar ríkisstjórnar hefur einkennst af því í mörg ár að þeir sem hafa haft hærri tekjurnar í þjóðfélaginu hafa fengið aukinn ávinning til sinnar eyðslu og afkomu eftir skatta en þeir sem hafa verið í lægstu tekjuhópunum hafa borið meiri byrðar en áður var. Fram á þessa staðreynd hefur verið sýnt með mörgum rökum, m.a. af Stefáni Ólafssyni um skattbyrði eftir 10 tekjuhópum. Það er þess vegna ljóst, hæstv. forseti, að eftir næstu alþingiskosningar þarf ekki bara að fylgja eftir þeirri stefnumótun sem Samfylkingin, Frjálslyndi flokkurinn og Vinstri græn leggja svo mikla áherslu á í velferðarmálum, heldur þarf einnig að huga að því að skattbyrði lágtekjuhópa vaxi ekki og að rauntekjur þeirra eftir greiðslu skatta til ríkis og sveitarfélaga nægi til mannsæmandi lífs.

Fólk á ekki að þurfa að ganga við betlistaf á Íslandi, allra síst það fólk sem færði okkur nútímalífsgæði á Íslandi og er nú komið á efri ár. Það er engin ástæða til þess að auka hér á misskiptinguna meðal þegna þjóðfélagsins eins og því miður hefur átt sér stað að undanförnu. Ég hef oft undrast áherslur ríkisstjórnarinnar í skattamálum, og það höfum við gert í Frjálslynda flokknum, einkum vegna þess að við urðum þess ekki vör þegar við áttum viðræður við þá sem miklar tekjur hafa að þeir vilji leggja sitt af mörkum svo að hér sé ekki fátækt meðal fólks.

Virðulegi forseti. Fyrir þinginu liggur frumvarp sem varðar verulega fjármál heimilanna, einkum þeirra sem búa á landsbyggðinni og eiga ekki aðgang að framhaldsskóla í sinni sveit eða næsta nágrenni. Þar er frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996. Í 4. gr. þess er lögð til veruleg breyting á 65. gr. laganna, að þar standi 18 ár í stað 16. Hvaða áhrif hefur þetta á tekjur fólks og ráðstöfunartekjur á heimilum?

Þá kemur að byggðastefnunni sem var samþykkt samhljóða síðasta vor af okkur þingmönnum með þeirri áherslu að efla menntun, sérstaklega á landsbyggðinni. Í 4. gr. þess frumvarps segir, með leyfi forseta:

„Í 65. gr. tekjuskattslaga er að finna heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni. Samkvæmt 4. tölul. 65. gr. skal skattstjóri taka til greina umsókn manns um lækkun á tekjuskattsstofni ef hann hefur haft veruleg útgjöld af menntun barna sinna 16 ára og eldri. Í samræmi við breytingu á aldursmarki barnabóta er hér lagt til að aldursmarki ívilnunar vegna menntunarkostnaðar barna verði breytt úr 16 árum í 18 ár.“

Virðulegi forseti. Hér hlýtur maður að staldra við og velta fyrir sér hvað þetta skyldi þýða fyrir fjölskyldur á landsbyggðinni sem þurfa að kosta börn sín til menntunar um langan veg fjarri heimili sínu. Hvaða áhrif skyldi þetta hafa?

Í afar merkilegri samantekt sem þingmenn Norðvest. og menntamálaráðherra fengu varðandi kostnað fólks í Vesturbyggð við að senda börn sín í framhaldsskóla var sýnt fram á að kostnaður við að senda barn til framhaldsskólanáms af því svæði til Akureyrar væri 614 þús. kr. á ári, til Ísafjarðar 612 þús. kr. á ári, til Laugarvatns 400 þús. kr. á ári og til Reykjavíkur 1.068 þús. kr. á ári. Þar inni í var húsaleiga ásamt ferðakostnaði, en fyrst og fremst húsaleigan lyfti þessum kostnaði upp, einkum og sér í lagi í Reykjavík. Á móti þessum kostnaði hafa foreldrar á landsbyggðinni fengið vegna barna á framhaldsskólaaldri 92 þús. kr. á önn, þ.e. um 180 þús. kr. á ári.

Ég vek athygli á þessu, hæstv. forseti, vegna þess að mér finnst þessi tillaga ganga á skjön við stefnu okkar í byggðamálum. Hér er mikil mótsögn. Við samþykktum samhljóða að efla menntun á landsbyggðinni. Það gerðum við og þetta stangast algerlega á við það. Þótt hér sé væntanlega svarað — og þá var kominn tími til þess — beiðni fólks úr Vesturbyggð um að fá framhaldsdeild heima í héraði fyrir þá sem þar búa þarf fjöldi ungmenna utan af landi að sækja framhaldsskóla annað en í heimabyggð.

Ég átta mig bara ekki á því, hæstv. forseti, með tilliti til þess kostnaðar sem fylgir því að senda barn í skóla milli landshluta hvers vegna lagt er til í stjórnarfrumvarpi að frádráttur í skattalögum vegna námskostnaðar verði felldur niður. Ég fæ ekkert samhengi í þann tillöguflutning með tilliti til byggðaáætlunar og þess sem þar var samþykkt um að leggja áherslu á menntun á landsbyggðinni og þess máls sem hér var flutt og bíður nú afgreiðslu í nefnd. Frumvarpið lýtur að því að minnka útgjöld ríkisins og tengist því fjárlögum. Ég taldi sjálfsagt og rökrétt að athygli yrði vakin á þessu við fjáraukalagaumræðuna og vek máls á því nú við 2. umr. fjárlaga árið 2007 ef það gæti orðið til þess að ríkisstjórnin sæi að sér í þessu máli sem er náttúrlega vanhugsað af fjármálaráðherra og mjög óréttlátt gagnvart fólkinu á landsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Sú breytingartillaga sem minni hluti fjárlaganefndar, þ.e. stjórnarandstaðan, leggur fram við þessa afgreiðslu fjárlaga kostar alls um 7,4 milljarða kr. á næsta ári nái hún fram að ganga. Það má gera ráð fyrir að 25–30% af upphæðinni skili sér aftur til ríkissjóðs, þ.e. um 2 milljarðar kr. Við vitum að þær aðgerðir sem stjórnarandstaðan vill grípa til og kosta þessa peninga, rúma 7 milljarða, (Gripið fram í.) ganga fyrst og fremst til fólks sem er efnalítið og ég held að okkur sé óhætt að reikna með því að stærsti hlutinn af þessum peningum fari í neyslu, þ.e. að kaupa fæði og klæði og annað þess háttar. Við getum reiknað með að verulegur hluti af þessari fjárhæð skili sér aftur í formi neysluskatta. Þumalfingursreglan segir 25–30% og mér skilst að hæstv. fjármálaráðherra hafi sjálfur nefnt þær prósentur í þessu samhengi. (**SigurjÞ:** Það er ekki alltaf að marka útreikninga hans.) Það er ekki alltaf að marka útreikninga hans, segir hv. þm. Sigurjón Þórðarson, og það mál vel vera að það sé rétt. Eflaust er þó nokkuð til í því.

Með hertu skatteftirliti má auka tekjur ríkissjóðs um 3,5 milljarða kr. Með þeim aðgerðum sem við leggjum til fyrir fólk svo að það geti aflað sér tekna án þess að til komi skerðingar, þ.e. ef við hækkum frítekjumarkið og gerum aðrar aðgerðir þannig að fólk geti unnið án þess að það komi til mikillar skerðingar á bótum, má reikna með vinnuhvatningu, að aðgerðirnar hvetji fólk til að vinna. Fólk borgar svo gjöld og skatta af launum sínum. Þannig mun eitthvað af peningum einnig skila sér inn í ríkissjóð á móti þeim peningum sem við leggjum til að fari í þá aðgerð sem liggur fyrir í breytingartillögu okkar í stjórnarandstöðunni.

Til viðbótar þessu má líka benda á það að einhvers staðar segir: Vinnan göfgar manninn. Ég held að það sé mjög mikið til í því, vinnan göfgar manninn. Ef fólk langar til að vinna, getur unnið, er ég ekki í neinum vafa um það að slíkt fólk verður ánægðara og það verður lengur gott til heilsunnar ef það fær að sinna störfum og jafnvel vera samvistum og í félagsskap við annað fólk, til að mynda á vinnustöðum. Maður er manns gaman, segir annað máltæki. Ég hygg að þetta muni draga úr kostnaði hins opinbera vegna elli og veikinda auk þess, eins og ég sagði áðan, sem skatttekjur munu aukast í framtíðinni með aukinni atvinnuþátttöku fólks. Mér finnst þetta, hvað eigum við að segja, heilbrigð skynsemi. Menn þurfa ekki alltaf að reikna allt í rot til að komast að skynsamlegri niðurstöðu. Stundum eru hlutirnir svo augljósir að maður hreinlega framkvæmir þá. Það er ekkert flóknara en það. Ég held að í raun og veru geti allir fallist á þessi rök, jafnvel stjórnarliðar, þeir geti í raun og veru fallist á það að þó nokkur skynsemi sé í þessu. Hún er ekki alveg alvitlaus, hugsunin á bak við þetta, alls ekki.

Til viðbótar hygg ég líka, virðulegi forseti, að þessar aðgerðir mundu í raun og veru gera okkur kleift að nýta betur þann mannauð sem við höfum í landinu. Fólk sem býr við einhverja örorku eða fólk sem er kannski komið á eftirlaunaaldur getur farið út á vinnumarkaðinn og unnið létt störf, einhver hlutastörf og þar fram eftir götunum, til að mynda við verslun og þjónustu. Það mundi hjálpa til við að anna þeirri miklu eftirspurn sem virðist vera eftir fólki á vinnumarkaði og ég held að það væri mjög jákvætt. Þar af leiðandi gætum við nýtt fólk, íslenska borgara, til að sinna hér störfum og þyrftum ekki að flytja fólk inn í stórum stíl til þeirra starfa. Við vitum þetta öll og þekkjum vel af þeirri umræðu sem verið hefur í þjóðfélaginu undanfarnar vikur, umræðu sem við í Frjálslynda flokknum opnuðum á, með mjög góðum árangri verð ég að segja. Það hefur þegar leitt til þess að ríkisstjórnin hefur þó aðeins rankað við sér í þessum efnum. Ég hygg að ef við hefðum gert þetta strax í fyrra þegar við sáum að það væri þörf og mikil eftirspurn eftir vinnuafli hefðum við kannski getað sagt sem svo að það væri ekki alveg nauðsynlegt að kasta frá okkur möguleikunum til að fá frest á frjálsu flæði starfsfólks frá hinum nýju löndum Evrópusambandsins sem svo eru kölluð til að uppfylla skilyrði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég hef bent á það í umræðum og umræðuþáttum, virðulegi forseti, að með einföldum breytingum á skattkerfinu hefðum við hæglega getað gert breytingar sem hefðu gert okkur kleift að nýta betur þann mannauð sem er í landinu

og þá um leið gert breytingar sem hjálpuðu fólki að hjálpa sér sjálft, sem við í Frjálslynda flokknum teljum afskaplega mikilvægt, þ.e. að fólk geti eftir fremsta megni fengið að hjálpa sér sjálft.

Mér hefur alltaf fundist mjög undarlegt og ég hef átt erfitt með að skilja það að flokkur eins og Sjálfstæðisflokkurinn skuli ekki leggja meiri áherslu á þetta, að flokkur sem leggur mikla áherslu á einkaframtakið og frelsi einstaklingsins, að einstaklingurinn hafi frelsi til athafna til að bjarga sér sjálfur á sínum eigin forsendum, skuli ekki geta tekið undir þetta með okkur í Frjálslynda flokknum. Það hefði verið mannsbragur að því að sjá það gerast, en því miður, ég verð að segja það, virðulegi forseti, hefur þetta oft valdið mér verulegum vonbrigðum. Í staðinn stendur Sjálfstæðisflokkurinn að því að setja upp skattgirðingar til þess nánast að koma í veg fyrir að fólk geti hjálpað sér sjálft, að fólk geti farið út á vinnumarkaðinn og aflað sér tekna. Þetta er á margan hátt mjög slæmt, mjög neikvætt, og þegar maður skoðar þetta í heild sinni held ég að það sé hreinlega óskynsamlegt að hafa þetta svona.

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað á þingmenn í dag og sérstaklega á þá stjórnarliða sem hafa haldið hér ræður. Ég tek eftir því að mjög fáir sjálfstæðismenn hafa tekið þátt í umræðum. Í augnablikinu kannast ég bara við að tveir hv. þingmenn frá Sjálfstæðisflokknum hafi tekið þátt í umræðum við 2. umr. fjárlaga, sem er náttúrlega afskaplega mikilvæg umræða. Hæstv. ráðherrar hafa verið afskaplega sjaldséðir hér og hefur lítið sést til þeirra í dag. Fjármálaráðherra var hér reyndar, enda ber honum skylda til þess, en það hefur mjög lítið borið á öðrum ráðherrum í dag. Það eru aðallega tveir framsóknarþingmenn sem hafa haft sig í frammi og staðið vaktina, ef svo má segja. Þeir hafa flutt ræður og síðan verið í andsvörum við þá stjórnarandstæðinga sem hafa talað. Mér finnst það í raun og veru svolítið dæmigert að það er eins og Framsóknarflokkurinn sé alltaf settur í vörnina fyrir aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Það er alltaf eins og framsóknarmenn séu látnir henda sér fyrir plóginn og verja ríkisstjórnina. Þegar verið er að afgreiða mál, jafnvel stór og þung mál eins og þetta, er það alltaf vesalings litli Framsóknarflokkurinn sem er látinn fórna sér og alltaf virðist vesalings litli Framsóknarflokkurinn vera jafnviljugur til að kasta sér á sverðið á meðan Sjálfstæðisflokkurinn situr og horfir á.

Þetta er einkennileg sambúð á stjórnarheimilinu, virðulegi forseti. Ég ætla svo sem ekki að fara að skipta mér neitt meira af einkalífi flokkanna í þessu merka hjónabandi en þetta vekur oft athygli mína og mér finnst þetta oft hafa verið æpandi í dag.

Þeir þingmenn sem hafa talað hér, sérstaklega hv. þingmenn Framsóknarflokksins, hafa gagnrýnt það mjög að við skulum einungis vera með eina tillögu, breytingartillögu við fjárlögin, og hafa kallað hástöfum eftir tillögum okkar varðandi menntakerfið, heilbrigðiskerfið og aðra þætti fjárlagafrumvarpsins. Hvar eru þær breytingartillögur? hafa þeir hrópað úr þessum ræðustól og vilja endilega fá að sjá þær.

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, fulltrúi Frjálslynda flokksins í fjárlaganefnd, sem flutti hálftímaræðu í dag, afskaplega góða, kraftmikla og öfluga ræðu, hafi svarað því mjög vel hvernig stendur á því að stjórnarandstaðan kemur ekki hlaupandi með tugi breytingartillagna við fjárlagafrumvarpið. Reynslan hefur einfaldlega kennt okkur að við eigum ekkert að vera að skemmta stjórnarliðum með því að bera upp tillögur æ ofan í æ til þess eins að sjá þá fella þær eins og flugur.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson benti á það í ræðu sinni í dag að við afgreiðslu síðustu fjárlaga, þ.e. fyrir u.þ.b. ári síðan, hefðu verið bornar upp hvorki meira né minna en 42 breytingartillögur við fjárlögin og þær voru allar felldar, hver og ein einasta. Ekkert komst í gegnum múrinn hjá stjórnarliðum. Það var alveg sama hversu góðar tillögurnar voru, alveg sama hversu góð rök menn færðu fyrir máli sínu, alveg sama hversu snjallar ræður voru fluttar úr stólnum, það skipti engu máli, þetta var allt saman kolfellt. Og ég verð að segja, virðulegi forseti, að enda þótt ég hafi ekki setið lengi á þingi, ég er einungis búinn að vera hér í rúmlega þrjú ár, þá hef ég þó lært eitt og það er að frumvörp stjórnarandstæðinga, þingmál stjórnarandstæðinga, sama hversu góð þau eru og sama hversu skynsamlegar breytingartillögur þeirra við frumvörp stjórnarliða eru, þetta er allt saman fellt, því miður. Þetta er hefð sem hefur komist á á Íslandi, hálfundarleg hefð sem eflaust skapast af því að hér hafa ávallt verið meirihlutastjórnir sem hafa haft alla þræði í hendi sér, hafa haft völdin í hendi sér og getað stjórnað eins og þær lystir í krafti meiri hluta.

Hér hefur aldrei verið minnihlutastjórn sem hefur þurft að stjórna landinu í skjóli þingsins, ef svo má segja, og ég hygg að það væri kannski hollt fyrir okkur Íslendinga að prófa það fyrirkomulag eins og einu sinni. Slíkar stjórnir hafa til að mynda verið við völd í nágrannalöndunum og það hefur gengið afskaplega vel að stjórna í þeim löndum. Ég minni t.d. á Noreg, þar sem ég þekki vel til, þar sem minnihlutastjórnir hafa iðulega setið að störfum árum saman og þar blómstrar landið, þar blómstrar efnahagurinn. Noregur er eitt mesta velferðarríki heims og gengur ákaflega vel, þetta er fyrirmyndarland. Það er ekki eins og þar hafi allt farið í kaldakol þó að þar hafi starfað minnihlutastjórnir í skjóli þingsins, jafnvel þriggja flokka stjórnir og jafnvel þaðan af fleiri. Hér á landi fussa menn og sveia ef talað er um stjórnir sem samanstanda af fleiri en tveimur flokkum og telja það alveg ómögulegt. Ég tel reyndar að það sé mikil bábilja og tóm vitleysa að tala um slíkt. Menn bera þá við reynslu af ríkisstjórnum sem voru á Íslandi fyrir 20 eða 25 árum eða þaðan af lengra síðan. Það er ekki samanburðarhæft að bera saman stjórnmálaflokka sem voru þá til, persónur sem voru í íslenskum stjórnmálum þá í þjóðfélagi sem var í raun allt öðruvísi en þjóðfélag okkar í dag, að ætla að bera það saman við nútímann og setja samasemmerki þar á milli, hrista höfuðið og segja: Nei, þetta mun aldrei ganga, þetta er ómögulegt. Ég er ekki sammála slíkri pólitískri greiningu á Íslandi árið 2006, virðulegi forseti, alls ekki.

Við í stjórnarandstöðunni sem höfum talað fyrir okkar málum í dag höfum gert það af góðum hug. Við höfum mælt fyrir áðurnefndri breytingartillögu okkar og talað um fjárlögin, menn hafa komið víða við, flutt málefnalegar og góðar ræður og margt athyglisvert hefur komið í ljós. Við lok þessarar umræðu vil ég lýsa því yfir að við í stjórnar-

andstöðuflokkunum viljum svo sannarlega trúa því í lengstu lög, virðulegi forseti, að stjórnarþingmenn fallist á rök okkar í stjórnarandstöðunni um að hér sé á ferðinni mál sem eigi skilið að fá stuðning og forgang við afgreiðslu fjárlaga árið 2007, þ.e. hækkunin til lífeyrisþega, og að þessar sameiginlegu tillögur okkar í stjórnarandstöðunni eigi það skilið að fá afgreiðslu.

Það er a.m.k. afskaplega dapurlegt að heyra hæstv. fjármálaráðherra tala eins og hann talaði í fréttum í dag þar sem hann lýsti hreinu frati, virðulegi forseti, á þessar tillögur og fann þeim allt til foráttu. Þær eru nefnilega ekkert svo vitlausar, þær eru alls ekki óskynsamlegar. Það er ekki eins og verið sé að æða út í tóma vitleysu og stofna til stórkostlegs kostnaðar fyrir ríkissjóð, alls ekki. Ég hef farið yfir það í máli mínu, virðulegi forseti, að þegar upp verður staðið muni þetta sennilega verða mjög góð fjárfesting. Þessir 7 milljarðar munu skila sér aftur til baka og gott betur til lengri tíma litið.

Ég hyggst nú koma aðeins að öðrum málum varðandi afgreiðsluna á fjárlagafrumvarpinu. Ég hef í fyrri hluta ræðu minnar farið yfir tillögur okkar í stjórnarandstöðunni, breytingartillöguna, rætt um hvers vegna við komum ekki með fleiri breytingartillögur og fært rök fyrir máli mínu. Ég vil fá að koma hér að einu máli sem hefur valdið mér miklum vonbrigðum í þessu frumvarpi. Það er sértækt mál sem varðar sjúkrahús úti á landi. Málið er það, virðulegi forseti, að sjúkrahúsinu og heilsugæslustöðinni á Akranesi, þessari merkilegu og ágætu heilbrigðisstofnun, sem er ákaflega vel rekin, hefur verið synjað um að fá auknar fjárveitingar við afgreiðslu þessa fjárlagafrumvarps. Mér finnst það mjög slæmt. Það væri gaman að fá að heyra útskýringar á því hjá formanni fjárlaganefndar, hv. þm. Birki J. Jónssyni, sem ég sé að gengur í salinn, hvernig standi á því að ekki var hægt að verða við beiðni forstjóra Sjúkrahúss Akraness, Guðjóns Brjánssonar, og starfsfólks hans, fólks sem hefur staðið sig ákaflega vel í rekstri sjúkrahússins, sem hefur því miður lent í hallarekstri. Hvernig stendur á því að ekki var hægt að verða við þessari beiðni? Mér er kunnugt um að forstjóri Sjúkrahúss Akraness hafi komið á fund fjárlaganefndar og talað fyrir þessu máli. Mér var líka sagt frá því áðan að önnur sjúkrahús á landsbyggðinni hefðu jafnvel fengið auknar fjárveitingar en að ekki hafi verið farið eftir þessari frómu ósk frá þeim á Akranesi.

Mér finnst það svolítið undarleg ákvörðun vegna þess að Sjúkrahús Akraness er, eins og ég sagði, ákaflega gott sjúkrahús. Þetta er eitt af þeim sjúkrahúsum sem eru í grennd við höfuðborgarsvæðið, Stór-Reykjavíkursvæðið. Við höfum þrjú slík sjúkrahús. Það er Sjúkrahúsið á Akranesi, Sjúkrahúsið á Selfossi og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Allar þessar sjúkrastofnanir gegna á margan hátt mjög mikilvægu hlutverki. Þær taka oft kúfinn ofan af því sem er á höfuðborgarsvæðinu. Ég veit að Sjúkrahúsið á Akranesi hefur staðið sig vel í ýmsum aðgerðum og hefur til að mynda tekið við fæðandi konum, konur af höfuðborgarsvæðinu hafa fætt uppi á Akranesi. Og ég vil minna á, af því að það eru framsóknarmenn í salnum sem gætu kannski svarað fyrir þetta, að það eru ekki mörg ár síðan sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi fengu sérstök verðlaun frá fjármálaráðuneytinu vegna þess að þessi stofnun þótti til fyrirmyndar í ríkisrekstri. Það var árið 2004.

Þessi stofnun, sem hefur fengið lof og hrós stjórnvalda, stofnun sem hefur verið til fyrirmyndar í rekstri, er núna skilin eftir í halla. Guðjón Brjánsson, forstjóri sjúkrahússins, lýsir því yfir að þetta muni sennilega þýða það að grípa þurfi til fækkunar á aðgerðum, að loka þurfi deildum í sumar og að jafnvel þurfi að segja upp starfsfólki. Mér finnst mjög slæmt og dapurlegt að heyra þetta. Það er enn tækifæri til að bæta ráð sitt, það er hægt að bæta úr þessu milli 2. og 3. umr. Ég vona svo sannarlega að hv. formaður fjárlaganefndar sýni þann drengskap að bæta úr þessu þannig að fólk þurfi ekki að upplifa þetta á þessu ágæta sjúkrahúsi, að menn taki þetta virkilega til skoðunar á milli 2. og 3. umr. og þarna verði bætt úr því að þessi stofnun á þetta alls ekki skilið.

Virðulegi forseti. Nú þegar ég hef komið þessari athugasemd minni á framfæri, þá vil ég að lokum fá að þakka eitt af því sem er þó vel gert í frumvarpinu. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að gera það.

Þannig er mál með vexti að ég er varabæjarfulltrúi í bæjarstjórn Akraness fyrir hönd Frjálslynda flokksins. Frjálslyndi flokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn unnu mikla sigra í sveitarstjórnarkosningunum í vor og mynduðu að loknum kosningum nýjan meiri hluta í bæjarstjórn Akraness. Ég vil fá að nota tækifærið hér, virðulegi forseti, til að koma á framfæri þökkum til hæstv. menntamálaráðherra og fjárlaganefndar fyrir að hafa gefið grænt ljós á að nú verði settir peningar með skipulegum hætti í að kútter Sigurfari sem stendur á Akranesi verði endurbyggður.

Í því fjárlagafrumvarpi sem hér er til afgreiðslu er rætt um 12 millj. kr. greiðslu sem verður þá fyrsta greiðslan af fimm greiðslum samkvæmt samningi sem hefur verið gerður við hæstv. menntamálaráðherra. Heildarupphæðin verður að lokum 60 millj. kr. og þeim peningum verður varið til þess að endursmíða kútter Sigurfara á Akranesi. Þetta er að sjálfsögðu mjög höfðinglega og vel að verki staðið, virðulegi forseti, og full ástæða til að þakka, sérstaklega hæstv. menntamálaráðherra fyrir að hafa brugðist svona vel við.

Málefni þessa skips hafa verið í miklum ólestri. Það kom hingað frá Færeyjum árið 1976, ef ég man rétt, og var þá tekið á land og því var breytt. Það voru stórhuga, miklir dugnaðarforkar, dugnaðarmenn í Kiwanisklúbbnum á Akranesi sem stóðu að því. Það var lyft grettistaki í því að gera þetta skip upp og reyna eftir fremsta megni að færa það í upprunalegt horf. Það hefur staðið allar götur síðan við byggðasafnið að Görðum á Akranesi, verið þar svona hálfgert kennileiti og einkenni fyrir Akranesbæ, enda tignarleg sjón að sjá.

En því miður er það nú þannig með tréskip að ef þau eru tekin á land þá skemmast þau fljótt. Tímans tönn hefur unnið hratt á kútter Sigurfara og ástand hans er orðið mjög bágborið, sem er náttúrlega mjög sorglegt vegna þess að þetta skip er jú eini kútterinn sem við Íslendingar eigum eftir af öllum þeim kútterum sem við áttum. Þessi skip komu okkur sem þjóð til bjargar á sínum tíma. Þetta er eini kútterinn sem við eigum eftir af þeim kútterum sem voru á Íslandi og er náttúrlega þjóðargersemi. Þetta skip er mjög mikilvægt, það er hluti af menningararfi okkar og það er því fyllilega kominn tími til, þó fyrr hefði verið, að gert verði stórátak í

því að gera við það.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lengi haft mjög mikinn áhuga á því að það yrði gert eitthvað fyrir þetta skip. Við höfum ítrekað nefnt það í þingræðum á þessu kjörtímabili og kallað eftir því að eitthvað yrði aðhafst í málefnum skipsins. Við töluðum líka um það í kosningabaráttunni á Akranesi í vor að við ætluðum, ef við kæmumst til valda, að gera átak varðandi þetta skip.

Ég vil fá að nefna sérstaklega hér og nú dugnað og elju tveggja bæjarfulltrúa, þ.e. Karenar Jónsdóttur, fulltrúa Frjálslynda flokksins í bæjarstjórn Akraness og formann bæjarráðs, og Gunnars Sigurðssonar, sem er fulltrúi Sjálfstæðisflokksins og forseti bæjarstjórnar og síðan Gísla S. Einarssonar bæjarstjóra. Þau þrjú hafa staðið sig virkilega vel á undanförnum mánuðum í því að þetta yrði loksins að veruleika, að okkur tækist að bjarga skipinu.

Virðulegi forseti. Örfá orð um það hverjar fyrirætlanirnar eru núna. Ég tel mig loksins geta greint frá því opinberlega hver hugsunin er á bak við þær. Hugmyndin á bak við þetta var sú, ef ég rek forsögu málsins, þá fór ég núna í haust, í september, til Færeyja, að ná í annað skip sem heitir Höfrungur og var smíðað á Akranesi 1929 og færa það heim til Íslands. Við ætlum að gera það. Þetta skip var ekki í nógu góðu ástandi til að sigla því heim núna en við hyggjumst sigla því heim næsta vor og sjá til þess að sá bátur verði gerður upp. Þetta er einn af fyrstu mótorbátunum. Einn af fyrstu trébátunum sem voru smíðaðir með mótor á Íslandi. Fyrsta tréskipið stóra sem var smíðað á Akranesi og eitt af fyrstu skipum hinnar merku útgerðar Haraldar Böðvarssonar og co. Afskaplega merkilegur bátur.

En í sömu ferð og ég fór þarna ásamt góðum mönnum, þá skoðaði ég einmitt kútter sem Færeyingar hafa gert upp, kútter sem heitir Westward Ho sem er jafngamall og kútter Sigurfari. Það skip var orðið svo illa farið á sínum tíma að fyrir nokkrum árum sökk það hreinlega í höfninni í Þórshöfn í Færeyjum. Færeyingar tóku sig til og söfnuðu fé, nægilega miklu til að gera þeim kleift að senda skipið til skipasmíðastöðvar í Skotlandi sem sérhæfir sig í að gera upp gömul tréskip.

Skipið kom aftur heim til Færeyja nú í vor, í maí, eftir að hafa verið í Skotlandi í nokkur ár þar sem það var endursmíðað. Við fórum og skoðuðum þetta skip nú í haust. Ég verð að segja það að hér var einfaldlega sjón sögu ríkari. Það var afskaplega glæsilegt og stórkostlegt að sjá hve svona skip eru falleg og glæsileg þegar þau eru með fullum búnaði, rá og reiða. Þegar þau eru í sínu rétta umhverfi, þ.e. fljótandi á sjónum.

Þessi kútter, Westward Ho, liggur nú í Þórshöfn í Færeyjum. Þórshafnarbær hefur yfirtekið skipið. Það er nú notað til þess að sigla með ferðamenn, sigla með gesti sem koma til Færeyja og notað sem eins konar móttökuskip fyrir fólk sem kemur til Færeyja og Færeyingar vinir okkar og frændur vilja gera vel við.

Hugmynd okkar á Akranesi er sú að kútter Sigurfari verð tekinn af stæði sínu, þar sem hann hefur staðið frá 1976, í 30 ár, við byggðasafnið á Görðum, verði fluttur erlendis og leitað verði tilboða í að endursmíða skipið. Það eru nokkrar skipasmíðastöðvar í nágrannalöndunum sem sjá um þetta. Þeir sem hafa kunnáttu og tækjabúnað til að smíða tréskip og geta tekið svona verkefni að sér geta gert þetta með miklum sóma. Hugmyndin er að kútter Sigurfari verði gerður upp þannig að hægt verði að sigla honum á nýjan leik.

Draumurinn er sá, virðulegi forseti, að eftir nokkur ár, kannski fimm, sex ár, þá munum við enn á ný sjá kútter sigla seglum þöndum við Íslandsstrendur, kútter sem siglt er af Íslendingum. Við sjáum hann sigla um sundin blá, um Faxaflóa, inn í Hvalfjörð og þetta skip verði hægt að nota til þess að þjálfa fólk í því að sigla seglskipum en sú kunnátta er varla til lengur á Íslandi. Að skipið verði notað til að sigla með ferðamenn. Að skipið verði notað við opinberar móttökur og til að taka á móti tignum gestum sem hingað koma, jafnvel fara með þá í stuttar ferðir. Þannig að þetta skip verði aftur í raun og veru yndisauki fyrir okkur öll Íslendinga sem þjóð og minni okkur á þennan menningararf okkar, minni okkur á þá merku fortíð sem skútuöldin var.

Með samstilltu átaki er þetta vel gerlegt, virðulegi forseti. Kútter Sigurfari mun áfram eiga heimahöfn á Akranesi og hann mun verða geymdur þar. Þær 60 milljónir sem nú koma til verkefnisins verða sem sagt notaðar til þess að endurgera skipið. Akranesbær mun leggja fé til á móti þannig að hægt verði að ljúka verkefninu. Og við vonum að sjálfsögðu að í framtíðinni verði hægt að fá einhverjar tekjur inn á skipið og hugsanlega vilji ríkið einnig koma að rekstri skipsins í framtíðinni, því þetta skip er, þó það sé á Akranesi og muni eiga þar heimahöfn, að sjálfsögðu eign þjóðarinnar og þjóðargersemi sem slíkt og því ákaflega mikilvægt að við Íslendingar stöndum öll vörð um það og sjáum til þess að það haldi bæði reisn sinni og fegurð til framtíðar.

Virðulegi forseti. Mig langaði til að koma inn á þetta í ræðu minni, geta þess og þakka enn og aftur fyrir þetta höfðingsbragð, að ríkið skuli nú loksins koma með myndarlegum hætti að þessu þannig að hægt verði að endurgera kútter Sigurfara.

Vonandi verður þetta fyrsta skrefið af þó nokkrum skrefum sem við Íslendingar þurfum og verðum að taka núna varðandi verndun gamalla skipa. Því miður hefur mörgum skipum verið fargað, mörgum skipum sem geymt hafa merkar heimildir um bæði verklag og atvinnusögu Íslands, skipum sem hafa verið hluti af menningararfi okkar. Þetta eru skip sem þær kynslóðir sem gengið hafa á undan okkur notuðu til þess að koma fótunum undir þjóðina, sjá til þess að við yrðum bjargálna þjóð að nýju.

Við þurfum að gera það upp við okkur, virðulegi forseti, og kannski við hér á Alþingi, hverju við ætlum að bjarga. Það eru kannski ekki mörg skip sem við þurfum að bjarga til framtíðar en við þurfum að gera upp við okkur og móta með okkur áætlun um það hverju við ætlum að bjarga og síðan gera skipulega áætlun um hvernig við ætlum að fara í það verkefni.

Þetta eru kannski 10, 15 bátar, allt í allt. Að okkur takist með þeim hætti að tryggja okkur eintök af þessum skipum, bæði fyrir okkur sjálf og afkomendur okkar til framtíðar. Við munum eiga þau í framtíðinni og þau yrðu í sínu rétta umhverfi, flest þeirra, sérstaklega þau stærri, þ.e. þau verði á floti og þeim verði siglt. Ég tel að þetta sé ákaflega mikilvægt.

En tíminn er orðinn naumur fyrir okkur. Það eru ekki margir bátar eftir. Báturinn sem ég minntist á áðan, sem hét Höfrungur og var frá Akranesi hann er sá eini sem eftir er á floti af fjölmörgum trébátum sem voru smíðaðir á Akranesi á síðustu öld. Hann er sá elsti. Hann var smíðaður 1929. Ég hygg að ef hann yrði gerður upp og færður aftur til fyrri vegs og virðingar, færður í sitt upprunalega horf, þá yrði kútterinn í raun og veru elsta tréskip Íslendinga og sennilega yrði þá Höfrungur sem Akurnesingar eignuðust næstelstur.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að þreyta þingheim með meira spjalli um þetta mikla áhugamál mitt og okkar í Frjálslynda flokknum. Það bíður betri tíma. Ég sé að nú líður að nóttu og læt því lokið ræðu minni við 2. umr. fjárlaga.

[01:13]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður beindi til mín fyrirspurn út af málefnum heilbrigðisstofnana og eins og hefur komið fram í umræðum í allan dag þá er það yfirlýst markmið fjárlaganefndar að fara yfir málefni öldrunar- og heilbrigðisstofnana fyrir 3. umr. fjáraukalaga sem mun fara fram í næstu viku. Sú vinna stendur því yfir í nefndinni og munu tillögur koma inn í þingsal að lokinni þeirri vinnu fjárlaganefndar.

[01:14]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Guð láti á gott vita. Ég leyfi mér þó að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvort hann hyggist þá beita sér fyrir því að farið verði að óskum forstjóra sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi varðandi þörf fyrir aukin fjárframlög til að rétta af hallann sem hefur verið á sjúkrahúsinu og heilbrigðisstofnuninni þar.

[01:14]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði þá stendur þessi vinna yfir hjá fjárlaganefnd. Að sjálfsögðu munum við ekki taka neina einstaka stofnun út úr í þeirri vinnu, heldur munum við horfa heildstætt yfir landið á allar þær heilbrigðisstofnanir og öldrunarstofnanir sem þar um ræðir og munum skoða málið í þeirri vinnu sem fram undan er.

Síðan verður það að koma í ljós hver niðurstaðan verður gagnvart einstaka stofnunum. En eins og ég segi er þeirri vinnu ekki endanlega lokið, nefndin á eftir að klára hana og niðurstöður munu koma í ljós í næstu viku við 3. umr. fjáraukalaga.

[01:15]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hljótum þá að bíða spennt eftir því hver niðurstaðan verður. Ekki bara þingmenn á hinu háa Alþingi heldur einnig íbúar á Vesturlandi og íbúar á höfuðborgarsvæðinu.

Því eins og ég fór yfir í ræðu minni áðan þá hefur þetta sjúkrahús og starfsfólk þess staðið sig afskaplega vel. Þetta er fyrirmyndarheilbrigðisstofnun og hún gegnir mjög mikilvægu hlutverki, ekki bara á Akranesi heldur gegnir hún líka mikilvægu hlutverki fyrir fólk m.a. hér á höfuðborgarsvæðinu og að sjálfsögðu einnig í nágrannasveitarfélögunum.

Það væru gríðarleg vonbrigði, hygg ég, fyrir fjölmarga íbúa á þessum svæðum ef það færi nú svo að ekki yrði hægt að verða við þessum óskum sem eru mjög hógværar og vel rökstuddar. En við hljótum öll að bíða spennt með jákvæðu hugarfari og ég vona svo sannarlega að hv. formaður fjárlaganefndar hafi heyrt þessi orð mín og muni taka tillit til þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 01:17.

---

# 35. FUNDUR

föstudaginn 24. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Fjárlög 2007, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 421 og 435, brtt. 422, 423, 424, 436, 444 og 445. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Tekjuskattur, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 455 og 457, brtt. 456. — 2. umr.
3. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, stjtill., 351. mál, þskj. 381, nál. 453. — Síðari umr.
4. Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, stjfrv., 347. mál, þskj. 376. — 1. umr.
5. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 386. mál, þskj. 428. — 1. umr.
6. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 387. mál, þskj. 429. — 1. umr.
7. Breyting á ýmsum lögum á sviði Neytendastofu, stjfrv., 378. mál, þskj. 415. — 1. umr.
8. Hafnalög, stjfrv., 366. mál, þskj. 398. — 1. umr.
9. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 385. mál, þskj. 427. — 1. umr.
10. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 430. — 1. umr.
11. Flugmálastjórn Íslands, stjfrv., 390. mál, þskj. 432. — 1. umr.
12. Loftferðir, stjfrv., 389. mál, þskj. 431. — 1. umr.
13. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 397. mál, þskj. 441. — 1. umr.
14. Vatnajökulsþjóðgarður, stjfrv., 395. mál, þskj. 439. — 1. umr.

15. Umferðarlög, frv., 381. mál, þskj. 418. — 1. umr.
16. Skattlagning lífeyrisgreiðslna, þáltill., 382. mál, þskj. 419. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

[10:31]

**Útbýting:**
Tekjuskattur, 22. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 457.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[10:32]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**
Um klukkan 4 í dag fer fram umræða utan dagskrár um málefni Umhverfisstofnunar í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar. Málshefjandi er hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Hæstv. umhverfisráðherra Jónína Bjartmarz verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

## *Fjárlög 2007, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 421 og 435, brtt. 422, 423, 424, 436, 444 og 445.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:33]

**Einar Már Sigurðarson** *(um atkvæðagreiðslu)*:
Frú forseti. Komið er að atkvæðagreiðslu við 2. umr. um fjárlög fyrir árið 2007. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 svo og breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar bera með sér að kosningar eru á næsta ári. Því er aðeins um bráðabirgðafjárlög að ræða. Það bíður nýrrar ríkisstjórnar að gera raunhæf fjárlög fyrir næsta ár. Þess vegna er rétt að skoða tillögur meiri hluta fjárlaganefndar sem tilraun ríkisstjórnarflokkanna til að tryggja áframhaldandi setu þeirra í ríkisstjórn.

Ábyrgðarleysi ríkisstjórnarflokkanna í fjármálum hefur verið áberandi undanfarin ár en nú keyrir um þverbak. Tillögur meiri hluta fjárlaganefndar eru plagg sem lítið mark er takandi á, m.a. vegna þess hve efnahags- og tekjuforsendur eru óvissar og útgjaldaákvarðanir handahófskenndar. Allt bendir til þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn geri sjálfur ekki ráð fyrir að þurfa að framfylgja frumvarpinu. Þess vegna er frekar horft til fjölmiðlaþarfar einstakra ráðherra en mikilvægis fjárlaga gagnvart efnahagsmálum þjóðarinnar.

Frú forseti. Við höfum á undanförnum dögum séð undirskriftarþörf einstakra ráðherra þar sem ritað er undir samninga sem gilda eiga fram í tímann eða allt næsta kjörtímabil. Frumvarpið segir í raun allt sem segja þarf um nauðsyn þess að skipt verði um ríkisstjórn á vori komanda.

Frú forseti. Ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna er alger í þessu máli. Þess vegna munum við í minni hlutanum sitja hjá við óábyrgar tillögur þeirra.

[10:35]

**Jón Bjarnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi frú forseti. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2007 kemur nú til atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. Í þessu frumvarpi er margt gott sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa tekið undir, bæði í umræðum á þingi og í umfjöllun í nefndum. Hins vegar er þar einnig annað sem er miður, t.d. að enn skortir fjármagn til allmargra heilbrigðisstofnana, sérstaklega á landsbyggðinni, til öldrunarstofnana og til ýmissar annarrar umönnunar sjúkra og heilsugæslu.

Stjórnarandstaðan hefur á Alþingi frá fyrsta degi þingsins sameinast um eitt mál, eitt stórmál sem var stórátak í lífeyristryggingum elli- og örorkulífeyrisþega og annarra sem lifa á lægstu bótum. Við lögðum fram í upphafi þings þingsályktunartillögu um nýja framtíðarskipan lífeyrismála þar sem lögð var áhersla á að taka til hendi. Við flytjum breytingartillögur við þetta frumvarp í samræmi við þá þingsályktunartillögu um að tekjutrygging aldraðra verði að lágmarki 86 þús. kr., að frítekjumark lífeyrisþega vegna atvinnutekna verði lágmark 75 þús. kr. á mánuði, að vasapeningar hækki frá því sem nú er um 50% og önnur grunnatriði sem við leggjum til. Þetta eru meginákerslur okkar í umræðum um þessi fjárlög.

Ég vitnaði í gær í bréf sem ég fékk frá trésmið sem hafði misst heilsuna. Hann lýsti því hvernig þau hjónin höfðu barist fyrir því að fá nægar ráðstöfunartekjur. Skerðingar hér og skerðingar þar hvar sem niður var borið. Hann spurði: Hvað ætlið þið að gera? Jú, tillögur okkar, sem hér verða bornar upp, eru um stórkostlega bót á málum eða a.m.k. lágmarksbætur fyrir þessa hópa verði þær samþykktar hér á Alþingi í nokkru góðæri. Það er góðæri á vissan hátt þótt menn efist um forsendur þess.

Að öðru leyti, frú forseti, sitjum við hjá við atkvæðagreiðslu um allar megintillögur frumvarpsins en leggjum áherslu á að tillögur okkar nái fram að ganga.

[10:38]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Við atkvæðagreiðsluna sem hér fer fram um fjárlög 2007 skal vakin athygli á því að stjórnarandstaðan flytur þrjár tillögur um aukin útgjöld upp á 7,4 milljarða kr. sem allar, ef samþykktar yrðu, mundu bæta verulega hag og afkomu aldraðra og öryrkja, einkum þeirra sem hafa úr minnstum fjármunum að spila.

Ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur á undanförnum árum fellt allar tillögur til lagfæringar á fjárlögum sem stjórnarandstaðan hefur flutt Á síðasta hausti voru það 42 tillögur.

Það hefur verið venjan með yfirstjórn ráðherraræðisins, sem þessi ríkisstjórn hefur tamið sér. Í gær var upplýst í umræðum að það vinnulag að fella allt hefði a.m.k. verið framsóknarmönnum mikil gleðistund.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að það verði stjórnarþingmönnum minnisstætt til framtíðar ef þeir fella tillögur okkar um átak til að bæta líf þess fólks sem vann landið úr fátækt fyrri tíðar til bjargálna. Frjálslyndi flokkurinn og þingmenn hans munu að þessu sinni sitja hjá við allar tillögur stjórnarliða, sem ekki hefur verið venja okkar til þessa, hæstv. forseti.

Ýmsar tillögur í frumvarpinu eru til bóta en annað vantar algerlega, t.d. auknar fjárveitingar til sjúkrahússins á Akranesi. Það er skilið eftir.

[10:40]

**Birkir J. Jónsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. fjárlaga er ríkissjóði skilað 9 milljarða kr. afgangi á árinu 2007. Það endurspeglar gríðarsterka stöðu ríkissjóðs. Þrátt fyrir þetta er stórauknum fjármunum varið til velferðar-, heilbrigðis- og menntamála. Við ætlum áfram að standa undir því velferðarþjóðfélagi sem við höfum byggt upp á síðustu árum.

Ég vek athygli á því að í mennta- og heilbrigðismálum hefur hv. stjórnarandstaða ekki lagt fram neinar tillögur við 2. umr. fjárlaga ársins 2007.

Hæstv. forseti. Í ljósi sterkrar stöðu ríkissjóðs getum við haldið áfram að auka kaupmátt almennings. Á næsta ári stendur fyrir dyrum að hækka skattleysismörk upp í 90 þús. kr. Það stendur til að hækka barnabætur um 25% eða um 1,7 milljarða, sem munu skila sér sérstaklega til lágtekju- og millitekjufólks.

Það stendur jafnframt til að lækka tekjuskatt um 1% og jafnframt lækka virðisaukaskatt á matvælum sem mun hafa í för með sér meiri kaupmátt fyrir almenning og lægri verðbólgu á næsta ári. (Gripið fram í.) Einnig stendur til að hækka frítekjumark aldraða og lífeyrisþega upp í 300 þús. kr. án þess að lífeyrir viðkomandi skerðist.

Hæstv. forseti. Sterk staða ríkissjóðs veldur því að við getum haldið áfram að standa vörð um velferðarkerfið. Við getum haldið áfram að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Við getum líka haldið áfram að styrkja kaupmátt heimilanna í landinu. Við munum halda áfram á þeirri braut og ég er stoltur af því fjárlagafrumvarpi sem við höfum lagt fram.

En því miður er engin stefna í veigamiklum atriðum af hálfu stjórnarandstöðunnar. Í veigamiklum málum koma engar tillögur frá stjórnarandstöðunni. Það er fáheyrt og því miður ríkir algert stefnuleysi (Gripið fram í.) og glundroði á þeim bæ.

[10:42]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Þessi atkvæðagreiðsla er lýsandi fyrir þá möguleika sem skapast þegar efnahagslífið fær að blómstra og haldið er með ábyrgum hætti um ríkisfjármálin. Fjárlagafrumvarpið og tillögur meiri hlutans eru grundvöllur fyrir stærsta átaki síðari ára í að bæta kjör lífeyrisþega, fyrir stærsta átaki nokkru sinni til að lækka matvælaverð, fyrir gríðarlegri styrkingu í heilbrigðiskerfinu og fyrir mikla aukningu framlaga til framhaldsskóla og háskóla. Þetta gerum við á sama tíma og við skilum afgangi upp á 9 milljarða kr.

Ef við horfum til baka eitt ár þá gera áætlanir ráð fyrir því að ríkissjóður yrði næsta árið rekinn með 7 milljarða kr. halla. Viðsnúningurinn á þessum tíma er þessi. Fyrir vikið getum við farið í þessi stórverkefni en samt skilað afgangi og jafnframt tekist á við ný útgjöld sem voru ófyrirséð vegna brotthvarfs varnarliðsins.

Þeir sem ekki sjá þetta eru hreinlega blindir og grípa fram í stöðugt þegar aðrir reyna að gera grein fyrir atkvæði sínu. Þetta er góð staða og stjórn ríkisfjármála er ábyrg. Þetta er gott fjárlagafrumvarp og tillögurnar frá stjórnarmeirihlutanum eru góðar.

Brtt. 445,1 kölluð aftur.

Brtt. 424 (ný sundurliðun 1) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, EBS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SigurjÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 422,1.a–b samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 422,1.c samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, PHB, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 422,1.d–16.e, sérstök yfirlit I,1–2 og sérstök yfirlit II samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ,

JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, EBS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 444,1 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, EBS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 422,16.f og sérstök yfirlit I,3, svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JÁ, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 422,17–21.b samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 422,21.c samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

**nei:** PHB.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JGunn, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:52]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við greiðum hér atkvæði um opinbera listastefnu, líkt og gerðist í einræðisríkjum. Við greiðum atkvæði um heiðurslaun listamanna og þar er lagður til menningarsmekkur hins opinbera. Ég er á móti því, auk þess sem ég tel að þeir listamenn sem eru þarna á listanum séu margir hverjir komnir á þann stað í lífinu og búnir að ná þeim árangri að þeir þurfi ekki styrkja við.

Hins vegar, ef menn ætla að veita heiðurslaun geta menn farið út í það að veita 1 kr. á mánuði sem er miklu ódýrara fyrir ríkissjóð. Svo vantar á listann suma listamenn. Ég hef bent á það áður, mjög merka listamenn sem við Íslendingar eigum, eins og Björk Guðmundsdóttur sem er mjög merk og ég vildi gjarnan veita heiður en hún þarf ekkert á neinum styrk að halda þannig að það yrði mjög gott að veita henni 1 kr. á mánuði. Þar með fengi hún heiðurinn.

Þarna vantar líka fleiri listamenn sem við eigum og eru mjög merkir. (**Gripið fram í:** ... Megas?) Ég er sem sagt á móti slíkri opinberu stefnu þar sem hið opinbera segir: Þetta er list og annað er ekki list. (**Gripið fram í:** Þetta var listileg ræða.)

Brtt. 422,21.d–63 og sérstök yfirlit I,4–18 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JÁ, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, SAÞ, SP, SJS, VF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 436,a felld með 28:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KJúl, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, EBS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, RG.

**nei:** JBjart, KÓ, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, KBald, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ.

14 þm. (KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SJS, VF, SP, ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK) fjarstaddir.

14 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:56]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Með breytingartillögum sem stjórnarandstaðan leggur hér fram eru lagðar til stórfelldar og tímabærar kjarabætur til eldri borgara og öryrkja. Sú tillaga sem við greiðum atkvæði um hér gerir ráð fyrir að frítekjumark á atvinnutekjur ellilífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði. Ríkisstjórnin leggur til 25 þús. kr.frítekjumark sem er allt, allt of lágt. Eldri borgarar eiga það inni að við leiðréttum kjör þeirra myndarlega vegna þess að hið háa Alþingi ber ábyrgð á því að eldri borgurum hefur verið haldið niðri með íþyngjandi lagasetningum. Kostnaður við þessa tillögu er ekki hár, þ.e. um 410 millj. kr. til viðbótar þeim 192 millj. sem hið smánarlega frítekjumark ríkisstjórnarinnar kostar.

Í nýliðnum prófkjörum höfðu ýmsir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hátt um frítekjumark til eldri borgara og ég skora á þá þingmenn að standa við stóru orðin og segja já við tillögunni. Ég segi já, frú forseti.

[10:58]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Stjórnarflokkarnir hafa gert samkomulag við eldri borgara og þar er tekið upp það nýmæli að taka upp frítekjumark og við ákváðum að flýta upptöku þess frá því sem ákveðið hafði verið. Það mun taka gildi um næstu áramót. Uppsafnað eru þetta 27 milljarðar á næstu fjórum árum sem munu fara til lífeyrisþega, bæði ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Meginhlutinn fer til ellilífeyrisþega, 18 milljarðar, en 7 til öryrkja þannig að hér er um að ræða stærsta skref sem við höfum tekið og líklega hið stærsta sem nokkur ríkisstjórn mun taka í að bæta kjör ellilífeyrisþega og öryrkja. (Gripið fram í.) Ég segi nei við þeirri tillögu sem hér er lögð til og tel að þar sé um algjört yfirboð að ræða. Ég segi nei.

[10:59]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er mikið hagsmunamál og það er mikið réttlætismál fyrir aldraða og öryrkja sem afla sér einhverra launatekna að það verði ekki til að skerða greiðslur til þeirra úr almannatryggingum. Aldraðir og öryrkjar sem vilja afla sér tekna, hugsanlega tímabundið, fólk sem í mörgum tilvikum býr við óstöðugt heilsufar, veigrar sér við því vegna þess að það er af því tekið úr greiðslum almannatrygginga.

Ríkisstjórnin hefur látið undan þrýstingi utan þings og innan, þrýstingi frá Landssambandi eldri borgara, frá Öryrkjabandalaginu og stjórnarandstöðunni hér á þingi, og vill lötra áfram í framfaraátt. Við viljum stíga myndarlegt skref. Í stað þess að frítekjumarkið verði 300 þús. kr. viljum við að það verði 900 þús. kr. á ári. Ríkisstjórnarflokkarnir hér á Alþingi leggjast gegn þessum framförum, leggjast gegn þessu framfaraskrefi. (Forseti hringir.) Við segjum já.

[11:01]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Fjölmargir af yngri forustumönnum Sjálfstæðisflokksins hafa á síðustu vikum og mánuðum lýst því yfir að hækka beri frítekjumarkið. Sumir hafa jafnvel lýst því yfir að leyfa eigi ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegum að vinna eins mikið og þeir vilja án þess að það skerði lífeyri þeirra. Það væri jákvætt í núverandi ástandi þar sem við þurfum á öllu vinnuafli að halda. Því var lýst yfir af einum af upprennandi leiðtogum Sjálfstæðisflokksins í umræðu í gær að þetta kerfi væri vont og vinnuletjandi.

Nú leggur stjórnarandstaðan fram tillögu sem gerir ráð fyrir því að horfið verði að hluta til frá þessu kerfi. Hér hafa því þingmenn stjórnarliðsins tækifæri til að standa við stóru orðin. En eins og endranær hafa þeir fallið á prófinu. Dáðir fylgja ekki orðum. Hér er talað um að auka kostnað ríkissjóðs vegna þessa um 400 millj. kr. umfram tillögur ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. fjármálaráðherra segir að velsæld ríki. Velsældin er ekki meiri en svo að það er ekki hægt að koma til móts við aldraða og öryrkja með þessum hætti. Ég segi já.

[11:02]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Eins og allir í þessum sal sjá er hér á ferðinni mikið sanngirnismál. Það er með ólíkindum að við skulum deila um þessa tillögu í ljósi þeirra kjarabóta sem hún tryggir eldri borgurum og í ljósi þeirrar hugmyndafræði sem liggur henni að baki.

Þetta er ekki dýr tillaga. Í raun munu fleiri krónur koma í ríkiskassann með aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara þannig að hún er ódýrari en sú tala gefur til kynna sem liggur fyrir á þessu blaði. Ég held að aðstaða stjórnarliða í dag sýni að þeir meina afskaplega lítið með því að þeir ætli að setja málefni eldri borgara í forgang. Við sjáum að víða í samfélagi okkar er sótt að eldri borgurum. Skýrasta dæmið er hin síaukna skattbyrði sem þessi hópur þarf að búa við.

Nú hefur meira að segja komið fram að ríkisstjórnarflokkarnir beinlínis hótuðu Landssambandi eldri borgara í samningaviðræðum að ef þeir drægju skattamálin og lífeyrismálin inn í umræðuna þá mundu áform um búsetuúrræði komast í uppnám. Ég spyr: Hvers konar ríkisstjórn höfum við, sem hótar hagsmunasamtökum eldri borgara með þessum hætti? Þess vegna segi ég já.

[11:04]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Ríkisstjórnin gerði ekki samkomulag við eldri borgara heldur var gefin út yfirlýsing vegna þess að ríkisstjórnin var ekki tilbúin að ganga lengra en raun ber vitni í kjaramálum eldri borgara. Ég segi já við 75 þús. kr. frítekjumarki strax um áramótin fyrir ellilífeyrisþega þannig að þeir geti aukið tekjur sínar um 75 þús. kr. á mánuði án þess að það skerði bæturnar.

Ríkisstjórnin lagði til 17 þús. kr. eftir tvö ár og 25 þús. kr. eftir þrjú ár en bakkaði þó aðeins í 25 þús. kr. nýverið. Ef þetta verður fellt sýnir það innantóm orð frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins í prófkjörunum og sýnir viljaleysi ríkisstjórnarinnar í að draga úr þeirri fátæktargildru og vinnuletjandi umhverfi sem kerfið felur í sér. Það er löngu tímabært að endurskoða lífeyriskafla almannatrygginganna. Ég segi já við þessari tillögu.

[11:05]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Með þessari sameiginlegu tillögu stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi eru stigin risavaxin skref í átt til réttlætis. Samþykkt hennar mundi losa mikinn fjölda eldri borgara og lífeyrisþega úr fátæktargildru. Um er að ræða eitt brýnasta sanngirnismál íslensks samfélags og því er átakanlegt að heyra það að orðaglamrið úr prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á dögunum hafði ekkert inntak. Stóru orðin um að setja málefni eldri borgara og öryrkja í forgang í íslensku samfélagi standast ekki.

Það er miður, virðulegi forseti, að ekki eigi að standa við stóru orðin þegar kemur að brýnu sanngirnis- og réttlætismáli í íslensku samfélagi. Að sjálfsögðu, virðulegi forseti, segi ég já.

[11:07]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér er tekin afstaða til þess hvort fólkið sem fær greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins getur fengið að starfa í hálfu starfi í þjóðfélaginu án þess að greiðslur þeirra skerðist. Ríkisstjórnarflokkarnir taka þá afstöðu að

meina því fólki að taka þátt á vinnumarkaði án þess að fá skerðingar á greiðslur sínar, sem núna eru 45% og eiga að vera 38,35%. En við höfum lagt til að þær fari niður í 35%.

Stjórnarliðum finnst að bótaþegar geti ekki unnið hálft starf án þess að fá skerðingar. Það er ömurlegt að vera vitni að því hvaða augum stjórnarþingmenn sjá líf eldri borgara og öryrkja í þessu landi. Ég segi já.

[11:08]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Það er í raun ömurlegt að hlusta á málflutning stjórnarandstöðunnar í þessu máli, um fjárlög sem eru einhver bestu fjárlög sem Alþingi hefur afgreitt.

Ég var einn af þeim forustumönnum ríkisstjórnarinnar sem sat í ráðherrabústaðnum þegar sú stund var í höfn að eldri borgarar náðu, eftir vinnu Ásmundar Stefánssonar og fleiri, sáttargjörð um að fá á næstu 4 árum 27 milljarða kr. til viðbótar til að bæta kjör sín. Það var stór stund. Það var ekki stund tára, það var stund gleði. Þess vegna er þetta yfirboð sem hér er lagt fram.

Þegar menn hafa gert samkomulag þá hafa þeir gert samkomulag og standa við það. Það þekkir enginn betur en verkalýðsleiðtoginn Ögmundur Jónasson. Þá stunda menn ekki yfirboð þannig að málflutningur stjórnarandstöðunnar er enn sá sami, að reyna að æsa til ófriðar í íslensku samfélagi. Þeir viðurkenna ekki að staðan á Íslandi er betri en nokkru sinni fyrr (Gripið fram í.) og að margir fá kjarabætur (Gripið fram í.) sem eru mikilvægar. (Forseti hringir.) Sem betur fer eru eldri borgarar og öryrkjar í þeim hópi. (Forseti hringir.) Ég segi nei.

[11:10]

**Ellert B. Schram:**

Frú forseti. Þetta mál snýst í raun um það eitt hvaða afstöðu við höfum til hags og kjara eldri borgara. Að því er varðar þetta frítekjumark sem hér er til ákvörðunar þá er öllum væntanlega ljóst að ástandið er einfaldlega á þann hátt að kerfið sem við búum við er fátæktargildra. Það er vítahringur að því leyti að ellilífeyrisþegum er beinlínis hegnt fyrir að afla sér tekna.

Hér er gerð tilraun til að gera bragarbót á þessu kerfi þannig að ellilífeyrisþegar geti aflað sér 75 þús. kr. á mánuði án skerðingar. Lægra getur það varla verið.

Ríkisstjórnin skilar fjárlögum með 9 milljarða afgangi en á sama tíma leyfir hún sér að bjóða ellilífeyrisþegum upp á 25 þús. kr. í tekjur án skerðingar. (Forseti hringir.) Það segir alla söguna. Ég segi já, frú forseti.

[11:12]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur aukið skatta á lágtekjufólk í landinu. Hún mætir í þingsalinn ákaflega hreykin yfir þessum 25 þús. kr. sem menn mega vinna sér inn á almennum markaði eftir að þeir eru komnir á ellilaun. Það er verið að tala um fátækasta fólkið í landinu. Mér finnst þetta ekki rausnarlegt og ekki í samræmi við það sem menn hafa talað um, t.d. að hafa sveigjanleg starfslok og gefa fólki tækifæri til að aðlaga sig því að fara á eftirlaun.

Mér finnst þetta ekki í samræmi við að hafa fólk í fyrirrúmi, a.m.k. er það ekki gamla fólkið sem er í fyrirrúmi hjá þeim flokkum sem hér ráða ríkjum. Ég tel alls ekki of langt gengið með tillögum stjórnarandstöðunnar og að þær ættu jafnvel að ganga lengra. En ég segi já.

[11:13]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Það er ótrúleg skammsýni hjá ríkisstjórninni að rýmka ekki meira frítekjumark lífeyrisþega til að auðvelda þeim atvinnuþátttöku. Allir vita að það er ekki aðeins betra fyrir lífeyrisþegana sjálfa heldur samfélagið í heild.

Staðan er sú að skerðingarreglurnar sem lífeyrisþegarnir búa við eru hrein eignaupptaka samanber dæmið um lífeyrisþegana sem eru með 110 þús. kr. í tekjur og afla sér 10 þús. kr. atvinnutekna. Þeir halda eftir af 10 þús. kr. aðeins 1.500 kr. eftir skatta og skerðingar. Það er auðvitað hrein skömm fyrir ríkisstjórnina hvernig hún stendur að málinu.

Það er ástæða til að vekja athygli á því að þótt verið sé að rýmka frítekjumark lífeyrisþega þá er ekkert gert fyrir öryrkjana. Það er engin breyting hjá öryrkjunum að því er varðar frítekjumark. Það vita auðvitað allir nema ríkisstjórnin hve mikilvægt er að rýmka frítekjumarkið. Ég segi bara: Hafi þessi ríkisstjórn skömm fyrir hvernig hún stendur að málum. Ég segi já.

[11:14]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Fyrsta dag þingsins í haust lagði stjórnarandstaðan sameinuð, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þingmenn Samfylkingarinnar og þingmenn Frjálslynda flokksins, fram tillögu á Alþingi um lágmarksréttarbætur fyrir aldraða og öryrkja. Við þingmenn þessara flokka lítum á málið sem forgangsmál í samfélaginu. Við fylgjum þessum tillögum okkar eftir á Alþingi og krefjumst aðgerða.

Það er ekki nóg að sýna skilning og vilja ræða málin og jafnvel að setja þau í nefnd. Nei, hér er allt ljóst. Það væri auðvelt að samþykkja þessar tillögur okkar um lágmarksréttarbætur fyrir aldraða og öryrkja. Ég skora á þingmenn að fylkja sér á bak við okkur í velferðarflokkunum og segja já.

[11:16]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Hér er að ljúka atkvæðagreiðslu um tillögu stjórnarandstöðuflokkanna um það að heimila eldri borgurum að vinna fyrir 75 þús. kr. á mánuði án þess að verða fyrir skerðingum á lífeyri sem greiddur er af ríkinu.

Það er alveg ljóst af þeirri atkvæðagreiðslu sem hér er að fara fram að stjórnarliðar á þingi ætla að fella þessa tillögu. Það er ekki mikil reisn yfir þeirri afgreiðslu. Það tókst að fá ríkisstjórnarflokkana til þess að breyta hugmyndum sínum um frítekjumark til handa eldri borgurum núna á seinustu dögum þingsins. Rausnin var sú að ríkisstjórnin ætlaði að heimila eldri borgurum að vinna fyrir 17 þús. kr. á mánuði án þess að til kæmu skerðingar á árinu 2009, 25 þús. kr. á árinu 2010. Þetta tekur gildi nú um næstu áramót vegna baráttu eldri borgara og stjórnarandstöðunnar, en ég verð að segja að ég hef skömm á þeirri afstöðu sem stjórnarliðar sýna eldri borgurum hér á þingi. Ég segi já.

Brtt. 422,64 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 436,b felld með 28:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MÞH, MF, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, EBS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, RG.

**nei:** MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, KBald, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ.

14 þm. (MÁ, SAÞ, SJS, VF, SP, ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:21]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hér er með sama hætti og í hinu fyrra nafnakalli verið að greiða atkvæði um það hvort að þessu sinni öryrkjum verði heimilt að vinna sér inn 750 þús. kr. án þess að lífeyrisgreiðslur skerðist. Þessi ríkisstjórn skilar afgangi, og gumar af því, sem nemur 9 milljörðum kr. Hér er um útgjöld að ræða sem svara til 340 millj. kr. Nánasarháttur og níska þessarar ríkisstjórnar í garð öryrkja er með ólíkindum, eins og menn hafa sagt hér áður: Við hljótum að hafa skömm á þessari framkomu. Hvar eru nú þeir sem voru hér og riðu eins og riddarar á hvítum hesti til að frelsa öryrkja úr fótsnöru fátæktarinnar í prófkjörum liðinna vikna, fólkið sem talaði um að það ætti að leyfa fólki að hjálpa sér sjálft? Hvar er það núna? Það kemur hér hvert á fætur öðru og fellir þessa sjálfsögðu tillögu. Ég segi já.

[11:22]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Hér erum við að leggja til að öryrkjar geti unnið sér inn 75 þús. kr. á mánuði án þess að það skerði bætur þeirra og þá geti þeir valið milli þeirrar reglu og hinnar sem fyrir er í almannatryggingunum. Þetta kæmi þeim best sem eru fátækastir, þeim sem hafa minnst. Ríkisstjórnin ætlaði ekkert að gera fyrir þennan hóp. Hún skilaði þessum hópi auðu. Þetta segir alla söguna um það hvernig þessi ríkisstjórn er gagnvart þeim sem minnst hafa og áherslum hennar gagnvart öryrkjum og málefnum lífeyrisþega. Ég segi já.

[11:24]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það hvort öryrkjum yrði heimilt að hafa 75 þús. kr. á mánuði án þess að verða fyrir skerðingu. Það verður að segjast alveg eins og er, hæstv. forseti, að það stefnir sennilega í það sama með þessa tillögu eins og hina fyrri varðandi eldri borgara og ég endurtek einfaldlega að mér finnst afstaða ríkisstjórnarinnar í þessum málum, ríkisstjórnar stjórnarþingmannanna, vægast sagt ömurleg.

Það er verið að reyna að opna fyrir það að fólk geti komist betur af í þessu landi, það sem minnst hefur, og þá leggjast menn gegn því alveg sérstaklega. Ég segi já.

[11:25]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um þá tillögu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins að frítekjumark m.a. öryrkja verði 75 þús. kr. á mánuði vegna atvinnutekna. Í umræðunni um lífeyrisgreiðslur eru öryrkjar gjarnan settir til hliðar.

Þessar tillögur sem við flytjum hér um lágmarksbætur til elli- og örorkulífeyrisþega eru forgangsmál. Þótt ég harmi það að meiri hluti Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins skuli velja það að fella þessa lágmarksgreiðslu sem við leggjum til lofum við okkur því að náum við að skipta um ríkisstjórn í vor sem við stefnum að (Forseti hringir.) verður þetta forgangsmál í nýrri ríkisstjórn með þátttöku Vinstri grænna. Ég segi já.

[11:27]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Sú atkvæðagreiðsla sem hér fer fram sýnir muninn á stjórnarflokkunum og stjórnarandstöðuflokkunum. Þingmenn stjórnarflokkanna hér á þingi eru að fella það að heimila fólki með skerta starfsgetu að vinna sér fyrir 75 þús. kr. á mánuði án þess að verða fyrir skerðingum á bótum frá hinu opinbera.

Hvað er að fólki?

Þessir einstaklingar með skertu starfsgetuna munu borga af þessu skatta og skyldur eins og hver annar sem vinnur fyrir launum. Þessir einstaklingar munu eyða þessum launum sínum hér innan lands og greiða af því virðisaukaskatt eins og aðrir gera. Hvað er að fólki að geta ekki samþykkt það að fólk með skerta starfsgetu, öryrkjar, megi vinna fyrir 75 þús. kr. á mánuði án þess að bæturnar skerðist? Þetta er ekki spurning um krónur og aura, þetta er spurning um vilja, spurning um virðingu og spurning um reisn. Ég segi já.

Brtt. 436,c felld með 28:21 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:29]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Kaupmáttur lífeyrisþega hefur hækkað

helmingi minna en hjá öðrum. Grunnlífeyrir og tekjutrygging lífeyrisþega væru í dag 17 þús. kr. hærri á mánuði ef raungildi þessara greiðslna hefði haldist eins og þær voru 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við.

Lífeyrisþegar eru í öftustu röð hjá þessari ríkisstjórn. Lífeyrisþegar eru í forgangi hjá stjórnarandstöðunni.

Þessi tillaga sem hér er greitt atkvæði um, ný framtíðarskipan lífeyrismála, er stærsta framfaraskref sem stigið hefur verið í málefnum lífeyrisþega í marga áratugi. Ég segi já.

[11:30]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Þær þrjár tillögur sem hv. stjórnarandstæðingar hafa flutt mundu fara með afganginn af ríkissjóði, keyra upp þenslu og eru hættulegar að því leyti. Auk þess kosta þær um 48 þús. kr. á hvern einasta vinnandi mann í landinu eða 97 þús. kr. á hjón. Þetta er lýðskrum og yfirboð. Ég segi nei.

[11:31]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Við erum að greiða atkvæði um að tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. frá áramótum og öryrkja 86 þús. kr. Við erum að greiða atkvæði um að minnka tekjutengingar þannig að þær fari úr 45% í 35%. Við erum að greiða atkvæði um að sjúklingar á hjúkrunarstofnunum fái helmings hækkun á vasapeningum. Þeir fengu ekkert hjá ríkisstjórninni í sumar, ekki neitt. Þeir voru skildir eftir.

Við leggjum til að fólk haldi aldurstengdri örorkuuppbót sinni þegar það fer á ellilífeyri og viljum afnema tengingar við tekjur maka. Við erum að greiða atkvæði um það og einnig að fólk haldi eftir 75 þús. kr. af lífeyri sínum þegar það fer inn á stofnun eða á lífeyrisgreiðslur.

Ætla menn að segja nei við þessu eins og sést á töflunni? Þetta segir allt um þessa ríkisstjórn. Ég bið lífeyrisþega og landsmenn alla að hafa þetta hugfast, viljaleysi ríkisstjórnarinnar í málefnum lífeyrisþega. (Forseti hringir.) Ég bið þá að hafa þetta hugfast í kosningunum í vor. Ég segi já.

[11:32]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að taka afstöðu til þess hvort auka eigi greiðslur til eldri borgara og öryrkja um 6 þús. kr. á mánuði með því að hækka tekjutrygginguna. Hér taka menn afstöðu til þess hvort hækka eigi vasapeninga hjá fólki sem dvelur á stofnunum úr 22 þús. kr. og upp í 34 þús. kr., eins og við höfum lagt til. Hér er einnig tekin afstaða til tekjutryggingar maka.

Hæstv. forseti. Ég furða mig enn og aftur á afstöðu ríkisstjórnarflokkanna í þessum málum. Ég held að þeir hafi ekki mikla framtíðarsýn fyrir eldri borgara og öryrkja í þessu landi, því miður. Ég segi já.

Brtt. 422,65.a samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 444,2 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 422,65.b kom ekki til atkv.

Brtt. 422,66–68 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 422,69 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁRJ, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:35]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Forseti. Hér greiðum við atkvæði um 1.000 millj. kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn Landspítala – háskólasjúkrahúss sem er eins og við vitum flaggskip heilbrigðisþjónustu okkar og mikilvægt að það geti áfram þróað þjónustu sína við sjúklinga.

Frá sameiningu sjúkrahúsanna tveggja í Reykjavík hefur náðst mikil hagræðing en nú er svo komið að það þarf að styrkja rekstrargrunninn. Ég furða mig á afstöðu- og afskiptaleysi stjórnarandstöðunnar gagnvart Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem og heilbrigðismálunum almennt, þar sem menn sitja hjá í öllum tillögum stjórnarmeirihlutans um að styrkja heilsugæsluna. (Gripið fram í.) Ég segi því já við 1.000 millj. kr. til Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Brtt. 422,70–71.d og sérstök yfirlit I,19 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 444,3 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 422,71.e og sérstök yfirlit I,20, svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 422,72–83 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 445,2 kölluð aftur.

Brtt. 422,84–106, sérstök yfirlit I,21–29 og sérstök yfirlit III–V samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Sundurliðun 2, svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Sundurliðun 3 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, GÞÞ, GHall, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Sundurliðun 4 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, EOK, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

3.–5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ,

KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁMM, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Brtt. 423 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JónK, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JÁ, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KBald, LB, MS, MF, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, SæS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ArnbS, GAK, GÞÞ, GÖg, HBl, ISG, JóhS, JBjarn, JónK, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, SAÞ, SP, SJS, VF, ÞBack) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:44]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hér er verið að afgreiða fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár við lok 2. umr. Það er óhætt að segja að þetta eru kosningafjárlög þar sem ríkisstjórnin þeytir kosningaloforðum á báða bóga sem aldrei fyrr (**EOK:** En þið?) og kjördæmapot ráðherranna hefur sennilega aldrei birst með jafnsterkum hætti og nú, hv. þingmaður. Það er óhætt að segja að ráðherrarnir sem stynja á bekkjunum í dag hljóta að leggjast mettir til hvílu í kvöld.

Stjórnarandstaðan hefur sameinast um burðartillögur sem með táknrænum hætti undirstrika samstöðuna sem með henni hefur verið á þessum vetri og verður þegar stjórnarandstaðan (Gripið fram í.) hrindir þessari ríkisstjórn. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (RG)**:** Forseti óskar eftir að þingmenn gefi ræðumanni hljóð.)

Frú forseti. Eins og ég gerði veikburða tilraun til að segja frá áðan gegn köllum stjórnarliðsins þá er það þannig að stjórnarandstaðan hefur sameinast um tillögur sem verða burðarásar í samstarfi hennar á þessum vetri og jafnframt þegar þessari ríkisstjórn verður hrundið frá völdum. (Gripið fram í.) Á sama tíma og tillögur okkar ganga út á aukinn jöfnuð hefur þessi ríkisstjórn sameinast um það sem er að verða hið nýja aðalsmerki hins nýja Íslands, þ.e. vaxandi stéttskipting og ójöfnuður. Þessi ríkisstjórn hefur sameinast um það að hækka skatta á öllum þeim sem voru best efnaðir. Það má fullyrða að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið trúr hugsjónum sínum, sögu og fortíð, með því að hækka skatta á alla en standa vörð um bætt kjör þeirra (**EOK:** Tíminn er búinn.) sem eru best efnaðir. (Forseti hringir.)

Frú forseti. Ég hef þrjár mínútur til að gera grein fyrir atkvæði mínu og hef lokið nákvæmlega einni og hálfri mínútu.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti biðst velvirðingar en í ræðustólnum eru ræðumanni gefnar þrjár mínútur en einungis ein til atkvæðaskýringar. Þingmenn verða að virða það að ræðumaður taldi sig hafa þrjár mínútur. Ég gef ræðumanni andartak til að ljúka ræðu sinni.)

Frú forseti. Þær tillögur sem stjórnarandstaðan hefur sameinast um ganga allar út á að bæta kjör öryrkja og aldraðra. Það sem ríkisstjórnin hefur hins vegar sameinast um er að bregða fæti fyrir viðleitni stjórnarandstöðunnar til að bæta kjör þeirra sem verst eru staddir í þessu samfélagi. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (RG)**:** Því miður voru ræðumanni gefnar upp þrjár mínútur í ræðustól en það var ekki forseti sem stjórnaði því. Þingmaðurinn taldi sig því hafa lengri tíma en hann hafði. Forseti vekur athygli á að í atkvæðaskýringunni sem hér fer fram er ein mínúta fyrir hvern ræðumann.)

[11:48]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Við þessa atkvæðagreiðslu hefur kristallast sá grundvallarmunur sem er á stefnu ríkisstjórnarinnar annars vegar og stjórnarandstöðunnar hins vegar. Stjórnarandstaðan hefur við þessa atkvæðagreiðslu sameinast um tillögur til að bæta stöðu þess fólks í íslensku samfélagi sem býr við erfiðust kjör. Það á við um hópa aldraðra og það á við um öryrkja. Við vildum stíga afdráttarlaust skref í framfaraátt en ríkisstjórnin hefur fellt tillögur okkar.

Þetta eru síðustu fjárlög þessarar ríkisstjórnar á þessu kjörtímabili og vonandi síðustu fjárlög Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Kjósendur í komandi alþingiskosningum hljóta að minnast þessarar atkvæðagreiðslu, annars vegar afstöðu ríkisstjórnarinnar sem lagðist gegn kjarabótum til ellilífeyrisþega og öryrkja og hins vegar stjórnarandstöðu sem sýnt hefur þann vilja sinn í verki að vilja jafna kjörin í landinu með því að bæta kjör lágtekjufólks, bæta kjör aldraðra og öryrkja. Um þetta verður kosið í vor. (Forseti hringir.) Það má til sanns vegar færa að með þessari atkvæðagreiðslu hafi hafist kosningabarátta fyrir komandi alþingiskosningar.

[11:49]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Við erum að ljúka atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga. Það sem stjórnarandstöðuflokkarnir kalla yfirboð ríkisstjórnarinnar og kosningafjárlög frá stjórnarflokkunum eru fjárlög sem þeir treysta sér til að bæta við öðrum 7 milljörðum kr., sem er auðvitað ekki annað en yfirboð. (Gripið fram í.)

Hugmyndir stjórnarandstöðuflokkanna nema rúmum 13 milljörðum í þennan málaflokk. Þetta er auðvitað ekki annað en yfirboð. Þetta eru ekki trúverðugar tillögur. En mesti brandarinn er þó sá að tillögurnar sækja styrk sinn í aðhaldssama stefnu stjórnarflokkanna í ríkisfjármálunum, í það breytta umhverfi sem stjórnarflokkarnir hafa tryggt til að leggja grunninn að því að við getum haldið áfram að bæta við á velferðarsviðinu.

[11:50]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Atkvæðagreiðslunni um síðustu fjárlög þessarar ríkisstjórnar sem nú gengur til móts við dauðastríð sitt fer brátt að ljúka, virðulegir þingmenn. Þessi atkvæðagreiðsla sýnir með óyggjandi hætti að ríkisstjórnin er alveg jafnforhert og þegar hún hóf valdaferil sinn. Þessi ríkisstjórn heldur áfram að breikka bilið á milli fátækra og ríkra í þessu landi. Hún virðist staðráðin í að halda stórum hópi þjóðfélagsþegna í basli og fátæktargildru enn um stund.

Ég vil lýsa því yfir, sem einn af fulltrúum stjórnarandstöðunnar, að það eru betri tímar fram undan. Þessu undarlega hjónabandi fálkans og framsóknarmaddömunnar lýkur brátt. Þá taka við nýir vendir sem munu sópa miklu betur, ekki síst fyrir þá sem (Forseti hringir.) minna mega sín í þjóðfélaginu. (**Gripið fram í:** Útlendingana sérstaklega.)

[Fundarhlé. — 11:52]

## *Tekjuskattur, 2. umr.*

Stjfrv., 22. mál (vaxtabætur). — Þskj. 22, nál. 455 og 457, brtt. 456.

[12:06]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem er að finna á þskj. 455.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Dórótheu Jóhannsdóttur, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur, Ingva Má Pálsson og Sigurð Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti og Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins. Nefndinni bárust auk þess umsagnir um frumvarpið.

Rétt til vaxtabóta eiga þeir sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota og einnig þeir sem keypt hafa eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð. Vaxtabætur greiðast út að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs, skuldir vegna húsnæðislána, tekjur, sem og eignir í lok þess árs.

Það er einkum tekjuaukning og hækkun fasteignamats á milli ára sem leiddi til skerðingar á vaxtabótum við álagningu síðasta haust. Aðrar eignir en fasteignir og jafnframt skuldir hafa einnig áhrif á það til hve hárra vaxtabóta einstaklingur á rétt. Eignir eru t.d. ökutæki, verðbréf og innstæða í banka. Verðbréf og fasteignir hafa hækkað mikið undanfarin ár en skuldir flestra hafa hækkað í takt við verðbólgu sem hækkaði miklu minna. Þó er vitað að skuldir heimilanna hafa vaxið mjög mikið bæði vegna skuldbreytinga og hækkunar yfirdráttar. Skuldir eru t.d. húsnæðislán, yfirdráttur og námslán. Þar sem nettóeign er mismunur á eignum og skuldum viðkomandi er hún mjög næm fyrir breytingum á hvoru tveggja og getur sveiflast mjög mikið milli ára.

Í frumvarpinu er lagt til að lágmark eignaviðmiðunar að frádregnum skuldum til skerðingar á vaxtabótum verði hækkað afturvirkt um 25%. Þessi hækkun miðast við það að framtalin nettóeign allra framteljenda hækkaði um tæp 25% milli áranna 2004 og 2005. Þessar aðgerðir koma til framkvæmda þegar að samþykktu frumvarpinu og viðbótarvaxtabætur eiga að koma til útgreiðslu fyrir áramót.

Frumvarpið á rætur sínar að rekja til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 22. júní sl. í tengslum við áframhaldandi gildi kjarasamninga þar sem hún lýsti sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kæmi við niðurstöðu ákvörðunar vaxtabóta að hækkun fasteignaverðs árið 2005 hefði leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum.

Við ákvörðun vaxtabóta í ágúst sl. kom í ljós skerðing á heildarfjárhæð vaxtabóta frá því sem reiknað hafði verið með samkvæmt forsendum fjárlaga fyrir árið 2006 og var auk þess um umtalsverða fækkun vaxtabótaþega að ræða. Varð niðurstaðan samkvæmt álagningartölum að ákvarðaðar vaxtabætur voru um 300 millj. kr. lægri en reiknað hafði verið með í fjárlögum. Var lækkunin minni en flestir bjuggust við, um 6%. Sú 25% hækkun eignamarka sem ASÍ taldi ófullnægjandi í júní sl. reyndist í ljósi álagningar í haust því vera næg til að mæta meðalhækkun nettóeignar allra framteljenda eins og að framan greinir. Það var samdóma álit gesta nefndarinnar að ekki væri unnt að elta breytingar hjá ákveðnum einstaklingum. Þess vegna hlyti hækkun eignamarka að byggjast á meðaltalshækkun.

Í umsögn ASÍ er nefnt að eignamörkin þurfi að hækka um 83% á milli ára til að einstaklingar í tiltekinni stöðu verði jafnsettir og fyrir hækkun fasteignamats. Nefndi fulltrúi ASÍ 80% á fundum með nefndinni. Sú hækkun mundi leiða til þess að hjón með 17 millj. kr. nettóeign ættu rétt á vaxtabótum. Í viðræðum við fulltrúa ASÍ var rætt ítarlega um áhrif frumvarpsins á einstaka hópa en ekki komu fram ákveðnar hugmyndir ASÍ um hækkun eignamarka. Samkvæmt frumvarpinu byrja vaxtabætur hjóna að skerðast þegar nettóeign þeirra fer yfir 7,7 millj. kr. og falla niður við 12 millj. kr. nettóeign.

Eins og að framan greinir er í þessu frumvarpi lögð til afturvirk 25% hækkun á því lágmarki nettóeignar þar sem skerðing vaxtabóta hefst. Talsvert var rætt um það í nefnd-

inni hversu mikið lágmark eignaviðmiðunar skv. 4. mgr. Bliðar 68. gr. þyrfti að hækka til að standa við þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf í júní sl.

Ljóst er að vegna jafnræðisreglu er ekki hægt að hafa mismunandi eignamörk fyrir einstaka hópa og landshluta. Þar sem fasteignaverð hefur hækkað miklu minna úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu munu vaxtabætur til fólks úti á landi aukast, en minnka til fólks á höfuðborgarsvæðinu við þessa breytingu. Hins vegar mun sú hækkun sem lögð er til með þessu frumvarpi bæta stöðu þeirra sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu. Nefnt hefur verið að greiðslumat byggist m.a. á vaxtabótum og það kunni að bregðast ef vaxtabætur falla niður. Því er til að svara að greiðslumatið byggist ekki síður á tekjum og þær hafa hækkað umtalsvert umfram það sem við hefði mátt búast. Þannig mun greiðslumat í flestum tilvikum standast þó að vaxtabætur skerðist.

Meiri hlutinn leggur til að hafin verði endurskoðun á vaxtabótakerfinu þar sem það hafi augljósa agnúa. Má þar nefna, líkt og fram kemur í umsögn Seðlabanka Íslands, að niðurgreiðsla á lánsfé er til þess fallin að auka skuldsetningu almennings og draga úr sparnaði. Meiri hlutinn telur ekki heppilegt að hvetja fólk til skulda á þann hátt og vill að hugað sé að gjörbreytingu á þessu kerfi.

Meiri hlutinn leggur til að eignarmörkin verði hækkuð um 30% í stað 25% eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Í því sambandi má nefna að matsverð fjölbýlishúsa í Reykjavík hækkaði um 30% á milli ára. Við þessa breytingu er áætlað að vaxtabætur hækki alls um 4,3% umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2006.

Sú hækkun á eignamörkum sem hér er lögð til er vegna þess óeðlilega ástands sem stafar af mikilli hækkun fasteigna og verðbréfa og telur nefndin eðlilegt að sú hækkun á eignamörkum verði tekin til endurskoðunar ef sú staða snýst við á næstu árum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali:

1. Lagt er til að lágmark eignaviðmiðunar hækki um 30% í stað 25% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

2. Lögð er til breytt dagsetning í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins úr 1. desember 2006 í 31. desember 2006. Ætla má að langstærstur hluti framteljenda fái þær bætur sem þeir eiga rétt á samkvæmt frumvarpinu greiddar út á innan við viku. Hins vegar má gera ráð fyrir að það taki 2–3 vikur að endurákvarða og greiða einhverjum hluta manna.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Ásta Möller og Hjálmar Árnason.

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um vaxtabótakerfið og hvernig það virkar. Ef hjón í ákveðinni stöðu sem skulda 15 millj., sem er ekkert mjög fjarri lagi með venjulegt fólk, eru með vaxtagjöld upp á 800 þús. og með 7,2 millj. í árstekjur, þ.e. 600 þús. kr. samanlagt á mánuði, 300 þús. kr. hvort, sem eru einmitt meðallaun ASÍ-fólks, og þessi hjón eiga 10 millj. í nettóeign fá þau 187 þús. kr. í vaxtabætur. Ef þau hins vegar hafa ákveðið í desember sl. að fara í heimsreisu sem kostar milljón og borga hana í desember lækkar eignin um milljón og við það hækka vaxtabæturnar um 66 þús. kr. á þessu ári. Ríkið styrkir heimsreisuna fyrir þetta fólk svo að maður tali ekki um ef eyðslan er meiri, þá aukast vaxtabæturnar enn frekar.

Af þessu dæmi má ljóst vera að þetta kerfi er mjög hvetjandi til skulda. Þessi hækkun á vaxtabótum, 66 þús. kr., hefði komið núna í haust og svo aftur og aftur á meðan fólkinu tekst að halda eignunum fyrir neðan eignamörkin. Það má einmitt gera með því að skulda, með því að eyða.

Þá vil ég nefna að hjón sem eru með 13 millj. í árstekjur, þ.e. 1,1 milljón á mánuði samanlagt, geta fengið bætur frá ríkinu. Ef þau skulda nægilega mikið geta þau fengið bætur þó að þau séu með 1,1 milljón á mánuði samanlagt í tekjur. Í mínum huga er þetta ekki velferðarkerfi. Ég tel að fólk í þeirri stöðu þurfi ekki bætur.

Samkvæmt frumvarpinu hækka eignamörkin þannig að hjá hjónum byrja bæturnar að skerðast við 8 millj. kr. og hætta að skerðast við tæplega 13 millj. kr. eign. Ég tel, herra forseti, að fólk sem á 8 millj., að maður tali ekki um 13 millj., í eign þurfi ekki á bótum frá velferðarkerfinu að halda, hvað þá ef menn ætla að hækka þetta enn frekar eins og menn gáfu í skyn að þyrfti að gera.

Í nefndaráliti minni hlutans kemur fram að hann vísi allri ábyrgð á niðurstöðu þessa máls á ríkisstjórnina og það eru engar tillögur, herra forseti, ekki neitt. Það er ekki hægt að segja hvað þeir ætla að fara með mörkin hátt. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sem skrifar undir það nefndarálit vill fara með mörkin enn hærra þannig að fólk sem er jafnvel með — ég veit ekki hvaða mörk hann ætlar sér að fara með og ég mun spyrja hann að því á eftir og hann vill láta fólk fá bætur úr velferðarkerfinu sem er með eignir upp á 14, 15, 17 millj. Hvernig fær það staðist þá stefnu sem hv. þingmaður, sem ritar undir nefndarálitið, aðhyllist um jafnaðarmennsku?

Eins og kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans mundu þær hugmyndir sem ASÍ var með gera það að verkum að fólk sem á eignir upp á 17 millj. fengi bætur úr velferðarkerfinu, nettóeignir, eignir umfram skuldir. Það var reyndar ekki neglt niður, heldur var það nefnt á fundum nefndarinnar og í greinargerð frá ASÍ að hækkunin þyrfti að vera eitthvað í þeim takti. Ég reyndi að koma með dæmi um hjón sem tiltölulega nýlega hefðu keypt sér íbúð með 80–90% skuldsetningu og benti á að það þyrfti að hækka eignamörkin um 370% til að þau töpuðu ekki vaxtabótunum. Þessi dæmi ættu að sýna fólki, herra forseti, að þetta kerfi er ekki á vetur setjandi. Þess vegna leggur meiri hlutinn til að þessu kerfi verði breytt og í leiðinni gætu menn gjarnan tekið á húsaleigubótakerfinu sem hefur ekki síðri agnúa, herra forseti.

Ég flutti reyndar fyrir nokkrum árum frumvarp um að taka upp húsnæðisbætur í staðinn fyrir hvort tveggja vegna þess að vaxtabæturnar gera ráð fyrir því að menn skuldi og húsaleigubæturnar gera ráð fyrir því að menn leigi nægilega dýrt. Ég held að það sé mjög brýnt, herra forseti, að breyta þessu kerfi, sérstaklega í ljósi þeirra dæma sem ég nefndi hér. Það er ljóst að það fólk sem fær bætur eftir þessa breytingu verður annað fólk en það sem fékk bætur í fyrra vegna þess hvað þessi eignarviðmið eru kvik.

Það er líka því miður ljóst að það fólk sem sýnir ráð-

deild og sparsemi og stofnar ekki til nýrra skulda missir vaxtabæturnar en hinum sem eru duglegir að kaupa sér jeppa, fara í utanlandsreisur og annað slíkt og eyða og spenna er hyglað, herra forseti.

Ég fellst á þessa hækkun með þeim rökstuðningi sem ég nefndi en ég er ekki aðdáandi þessa kerfis enda hef ég margoft lagt til, herra forseti, að því verði breytt en eins og með svo margt annað taka þingmenn ekki á slíkum vandamálum eða sjá þau ekki eða segja að þetta sé ekkert vandamál.

[12:23]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég er viss um að mörgum mun bregða í brún þegar þeir átta sig á innihaldi þessa frumvarps frá ríkisstjórninni sem kveður á um leiðréttingu á útgreiddum vaxtabótum frá í ágúst vegna verulegrar hækkunar á fasteignamati. Ég býst við að það séu margir sem bíða eftir því núna að frumvarpið verði afgreitt og vænta þess þá að fá leiðréttingu á vaxtabótum sínum. Eins og vitað er skertust vaxtabætur mjög margra, fjölda manns, í ágúst síðastliðnum þegar vaxtabætur voru greiddar út vegna hins háa fasteignamats. Staðan var raunar sú hjá mörgum sem höfðu fengið fullar vaxtabætur í ágúst árið áður, að þeir fengu engar vaxtabætur í ágúst síðastliðnum þó ekkert hefði breyst í kjörum eða tekjum viðkomandi, nema að fasteignamatið hafði hækkað. Það var það eina sem hafði breyst í kjörum mjög margra sem nú búast við að fá vaxtabætur.

Ég ætla að rifja það upp, virðulegi forseti, að stjórnarandstaðan krafðist þess á Alþingi síðastliðið vor að lögum yrði þá þegar breytt þannig að komið yrði í veg fyrir þann skell á fjárhag heimilanna sem var yfirvofandi vegna skerðingar á vaxtabótum. Við því var ekki orðið með þeim afleiðingum, eins og ég var að lýsa, að vaxtabætur skertust verulega hjá fjölda einstaklinga og í mörgum tilvikum þurrkuðust þær alveg út, jafnvel hjá þeim sem höfðu fengið fullar vaxtabætur árið áður. Ég held að ekki sé ofsagt að margir áttuðu sig ekki á þeim skelli sem þeir urðu fyrir í ágúst og gerðu ráð fyrir vaxtabótum í fjárhagsáætlunum sínum á árinu.

Staðan eins og hún er nú, eftir að frumvarpið er komið úr meðferð í efnahags- og viðskiptanefnd, er að ríkisstjórnin kom ekki aðeins aftan að fjölda íbúðareigenda með því að leiðrétta ekki vaxtabæturnar strax í vor með tilliti til gífurlegrar hækkunar á fasteignamati, heldur kemur hún enn og aftur í bakið á fjölda heimila í landinu sem enga leiðréttingu fá með frumvarpinu, sem þó höfðu verið gefnar væntingar um.

Minni hlutinn í efnahags- og viðskiptanefnd, sem flytur hér sameiginlegt nefndarálit, ítrekar harðlega að ekki skuli vera staðið við yfirlýsingu um vaxtabætur sem gerð var í sumar í tengslum við endurskoðun kjarasamninga. Við gagnrýnum því bæði vinnubrögðin og eins efnisinnihaldið og niðurstöðuna í frumvarpinu. Yfirlýsingin sem gerð var í sumar var í tengslum við endurskoðun kjarasamninga og þá kvað yfirlýsingin á um að leiðrétta ætti vaxtabætur ef í ljós kæmi veruleg skerðing á vaxtabótum vegna hækkunar á fasteignamati.

Í umsögn ASÍ um frumvarpið, sem kom fyrir efnahags- og viðskiptanefnd, kemur fram að það hafi verið og sé skilningur fulltrúa ASÍ á yfirlýsingunni að á grundvelli hennar eigi að finna leið til að gera þá sem verða fyrir marktækri skerðingu nokkurn veginn jafnsetta. Ég endurtek, hæstv. forseti, nokkurn veginn jafnsetta og ef ekki hefði komið til hinnar miklu hækkunar á fasteignamati. Þetta er grundvallaratriði.

Einnig kemur fram í umsögninni að leiðinni sem valin er í frumvarpinu til að leiðrétta þá miklu skerðingu sem orðið hafði á vaxtabótum, hafi ASÍ hafnað í sumar. Þeirri leið var sem sagt hafnað sem ríkisstjórnin kom svo með inn í þingið nú á haustdögum, þeirri leið var þegar hafnað í júní í sumar í tengslum við kjarasamninga. Niðurstaðan þá, eins og fram kom í umsögn ASÍ, var að aðilar urðu ásáttir um að nýta tímann — ég bið hæstv. forseta að taka eftir því, að nýta tímann til hausts til að skoða málið og samráð yrði haft við ASÍ. Í umsögn ASÍ kemur fram að ekkert hafi orðið af slíku samráði og það sem meira er að ASÍ hefur ekki einu sinni fengið umbeðin gögn til að geta lagt mat á skerðinguna og hvaða leiðir hægt væri að fara til að fólk fengi eðlilega leiðréttingu sinna mála.

Svona vinnubrögð, hæstv. forseti, eru ekki forsvaranleg. Menn leggja upp í það í sumar að leiðrétta vaxtabæturnar vegna hækkunar á fasteignamati, menn sammælast um að setjast niður og fara sameiginlega yfir forsendur á nýjum útreikningum, en ekkert hefur verið gert í því máli, virðulegi forseti, ekkert sem heitið geti. Ekki er hægt að kalla það samráð þótt ASÍ hafi í september verið kallað til einu sinni eða tvisvar til að kynna því hvaða leið ríkisstjórnin væri að fara í þessu efni. Engin tilraun var gerð til að fara yfir og meta sameiginlegar forsendur sem nýir útreikningar áttu að byggja á.

Ég tel að þetta sé mjög alvarlegt vegna þess að í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar kom í ljós að ASÍ hafði einlægan vilja til að ná sameiginlegri lendingu með ríkisstjórninni í málinu. Mér kæmi ekki á óvart, virðulegi forseti, að eftirmáli yrði í samskiptum ASÍ og ríkisstjórnarinnar vegna þeirrar niðurstöðu og málsmeðferðar í umræddu máli. Það hlýtur að kólna í viðskiptum milli þessara aðila þegar ekki er staðið við það samráð sem menn sammæltust um að yrði varðandi forsendur þessara útreikninga. Það sem meira er og alvarlegt er að ASÍ ætlaði þá sjálft að reyna að mynda sér skoðun um forsendur á þessu máli og kallaði þá eftir gögnum — ég ætla að ítreka það, virðulegi forseti, þannig að hér verði ekki útúrsnúningar á eftir um það, að kallað var eftir ópersónugreinanlegum gögnum frá ríkisskattstjóra til að hægt væri að fara yfir hvaða forsendur væru sanngjarnar við útreikning á þessum málum með það að markmiði, eins og ASÍ lagði upp með, að þeir sem urðu fyrir marktækri skerðingu vegna hækkunar á fasteignamati yrðu nokkurn veginn jafnsettir eftir sem áður.

Við í stjórnarandstöðunni gerðum ítrekaðar tilraunir til þess, meðan málið var í meðferð í efnahags- og viðskiptanefnd, að fá þá aðila þar sem himinn og haf var milli skoðana hjá varðandi þessa útreikninga til að setjast yfir málið og reyna að koma sér saman um sameiginlegar forsendur í útreikningunum, þannig að sá tími sem málið væri í meðferð hjá nefndinni yrði þá nýttur til þess að menn gætu stað-

ið bærilega sáttir frá borði eftir að hafa reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu í málinu. En tíminn var alls ekki nýttur til þess, virðulegi forseti. Það var ekki fyrr en í gær, eftir mikinn eftirrekstur frá stjórnarandstöðunni, að fulltrúar ASÍ og fjármálaráðuneytisins, og þá væntanlega formaður efnahags- og viðskiptanefndar, settust yfir það til að ná sameiginlegri niðurstöðu. Niðurstaðan varð sú að breytingin á eignamörkunum verður ekki 25% heldur 30% eins og formaður nefndarinnar lýsti áðan. Og það er ekki sameiginleg niðurstaða ASÍ og stjórnvalda að þarna sé komin sameiginleg lausn á þessu máli vegna þess að sú breyting sem þarna er gerð er raunverulega bitamunur en ekki fjár með tilliti til þeirra markmiða sem ASÍ setti sér, að aðilar yrðu nokkurn veginn jafnsettir.

Ég heyrði að formaður efnahags- og viðskiptanefndar kallaði hér af hverju stjórnarandstaðan flytji ekki breytingartillögu. Stjórnarandstöðunni var ekki gert það kleift frekar en ASÍ að fá fram þær forsendur sem nauðsynlegar voru til að stjórnarandstaðan eða ASÍ gætu lagt fram útreikninga og forsendur, og þá eftir atvikum breytingartillögur, sem byggðu á útreikningum sem nauðsynlegir voru til þess að hægt væri að leggja fram slíka breytingartillögu. Við mótmælum vinnubrögðum í þessu máli, bæði gagnvart stjórnarandstöðunni og ekki síst gagnvart ASÍ, og líka efnisinnihaldi þessa máls. Niðurstaðan er sú að fjöldi einstaklinga og fjölskyldna í landinu, sem skapaðar hafa verið væntingar hjá að mundu nú í desember hljóta leiðréttingu á þeirri miklu skerðingu á vaxtabótum sem fram kom í ágústmánuði sl., verður fyrir miklum vonbrigðum, en hjá mörgum heimilum, einstaklingum og hjónum hurfu vaxtabæturnar hreinlega alveg.

Málið er vissulega líka seint á ferðinni. Það var lagt fram á fyrstu dögum þingsins en það kom ekki til nefndarinnar fyrr en 7. nóvember, ef ég man dagsetninguna rétt. Allt þetta verður til þess að fólk fær ekki vaxtabæturnar afgreiddar á þeim tíma sem tiltekinn var í frumvarpinu þegar það var lagt fram í haust, þ.e. 1. desember. Ef frumvarpið verður afgreitt á þeim degi eru líkur á því að stór hluti þeirra sem fær endurgreiðslu samkvæmt þessu frumvarpi — menn hafa nefnt töluna 80–90% án þess að ég hafi hugmynd um hvað er á bak við hana — fái vaxtabæturnar endurgreiddar á bilinu 1.–5. desember, alla vega er stefnt að því að það verði fyrir 31. desember en það er auðvitað ófært að ekki sé hægt að standa við að greiða þær allar út 1. desember. En það má eins og annað rekja til vinnubragða við alla meðferð þessa máls, bæði áður og eftir að það kom inn í þingið.

Það er því ljóst, virðulegi forseti, að stjórnvöld hafa algerlega gengið á svig við samkomulagið en í umsögn sem við fengum kemur orðrétt fram um þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar:

„Aðilar urðu því ásáttir um að nýta tímann til hausts til að skoða málið og að samráð yrði haft við ASÍ. Því miður hefur ekkert orðið af slíku samráði.“ — Segir í umsögn ASÍ og í lok umsagnarinnar kemur síðan fram: — „Í ljósi þess sem að framan er rakið telur ASÍ að frumvarpið eins og það er fram sett sé með öllu óásættanlegt og ekki í samræmi við þær viðræður sem áttu sér stað milli ríkisstjórnar og ASÍ í aðdraganda yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.“

Þetta er staðan í málinu þegar það er tekið til 2. umr. og þó að við í stjórnarandstöðunni séum ósátt við þetta mál munum við greiða því leið gegnum þingið í dag, þannig að það geti orðið að lögum til þess að þeir sem fá þó einhverja leiðréttingu á sínum málum með þessu frumvarpi þegar að lögum er orðið, fái þá leiðréttingu sem fyrst.

Ég tók eftir því að formaður efnahags- og viðskiptanefndar finnur vaxtabótakerfinu allt til foráttu og tínir til dæmi um hjón sem eiga einhverja ákveðna eign og þeim dettur síðan í hug að fara í sólarlandaferð, ég man nú ekki hvað hann nefndi, (**Gripið fram í:** Heimsreisu.) heimsreisu sem kosti milljón og þá geti þessi hjón fengið vaxtabætur út á þá skuldsetningu. Þá er bara verið að fara fram hjá lögunum ef það er hægt, vegna þess að það stendur hér: „Maður sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði ...“ (Gripið fram í.) — Það stendur hér í lögunum, ég er að lesa beint upp úr lögunum — „vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.“ (Gripið fram í.) Þannig að samkvæmt lögunum sjálfum ... (Gripið fram í.) Hef ég ekki orðið, virðulegi forseti? Samkvæmt lögunum sjálfum má ekki greiða út vaxtabætur nema vegna öflunar á húsnæði. Vöxtum af einhverju öðru sem er algerlega óskylt íbúðarhúsnæðinu á að gera grein fyrir á öðrum stöðum í skattframtalinu. Það skiptir engu máli hver eignamörkin eru í því sambandi, ef skuldsetningin er ekki vegna húsnæðisöflunar má ekki greiða út vaxtabætur samkvæmt lögunum. Þetta er bara klárt og kvitt í lögunum sjálfum. (Gripið fram í.) Og menn sem setja aðra skuldsetningu á skattframtöl sín til þess að reyna að fá út vaxtabætur fara ekki að lögum. Þannig er staðan. Ég sé að hv. þingmaður hristir höfuðið og það væri kannski þess virði að kalla til ríkisskattstjóra milli 2. og 3. umr. og biðja hann að túlka fyrir okkur lögin, hvort okkar fari með rétt mál í þessu sambandi.

ASÍ hefur í umsögn sinni sett fram sláandi dæmi um hvernig sú leið sem ríkisstjórnin leggur til með hækkun á eignarstuðli um 25%, sem er að vísu kominn í 30% núna eftir að þessi dæmi voru sett fram, dugi hvergi til að bæta fjölda heimila þá skerðingu sem þau hafa orðið fyrir. Í mörgum tilvikum er ekki um neina leiðréttingu að ræða hjá fólki með lágar og meðaltekjur, þrátt fyrir þessa hækkun á eignarstuðlinum, sem er algerlega óviðunandi. Við erum að stærstum hluta til að fjalla um fólk með lágar tekjur og meðaltekjur. Það skýrist af því að skerðing vaxtabóta, sem hefst þegar eignin nær 6,2 millj. hjá hjónum en þær falla alveg út þegar hún er orðin 9,9 millj., er á svo þröngu eignabili að gífurleg hækkun á fasteignamati, allt upp í 35% en meðaltali sennilega 29% á höfuðborgarsvæðinu þar sem það hækkaði mest, kemur í veg fyrir nokkra leiðréttingu vaxtabóta, þrátt fyrir þessa 25% hækkun á eignastuðlinum. Með því að hækka hann í 30%, sem er sennilega í dæmi því sem ASÍ setur upp, þar eru tvö dæmi tekin, annað af hjónum og hitt af einstaklingi, mundi þetta sennilega í öðru dæminu a.m.k. kannski rétt skríða undir þessi eignamörk,

sem heldur aukast við þá breytingartillögu sem meiri hlutinn gerir.

ASÍ tekur dæmi af hjónum með 440 þús. kr. í tekjur sem áttu eign upp á 25 millj. kr. en 19 millj. í skuld, eða 6 millj. kr. nettóeign, sem fengu fullar vaxtabætur við álagningu 2005. Síðan hefur ekkert breyst í aðstæðum þessa fólks nema að fasteignamatið hefur rokið upp þannig að eignin hefur þá orðið verðmætari, a.m.k. um tíma. Þetta er auðvitað eignabóla, þetta er ekkert fast í hendi hjá fólki. Fólk lifir ekkert betur við það að fasteignamatið hækki og eignin hækki á pappírnum. Miðað við 29% hækkun á fasteignamati milli áranna 2005 og 2006 hækkar eignin í þessu tilviki í rúmar 32 millj. en skuldin hækkar aðeins um rúm 4%, fer úr 19 millj. kr. 2005 í 19 millj. og 760 þús. Nettóeignin er því 12 millj. og 490 þús. eftir hækkunina á fasteignamatinu en var áður 6 millj. Vaxtabætur falla niður við 9,9 millj. kr. eign og því fengu þessi hjón engar vaxtabætur í ágúst sl. Nú þegar búið er að hækka eignastuðulinn um 25% fer eignin í 12,4 millj. og sennilega eitthvað örlítið meira með þeirri breytingu sem hér er gerð og við þessa hækkun fær fólkið í dæmi ASÍ enga leiðréttingu á vaxtabótum sínum. Það er líka tekið dæmi af einstaklingi sem ég tel óþarft að rekja hér en þar er um að ræða einstakling með 15 millj. kr. húsnæðiseign, hann fékk í vaxtabætur 105 þús. á árinu 2005 en fær engar nú, þrátt fyrir þessar leiðréttingar, vegna þess að fasteignamatið fer langt upp fyrir eignamörkin jafnvel þó að þau hækki núna um 25–30%.

Þetta er niðurstaðan, virðulegi forseti, eftir að ríkisstjórnin hefur setið yfir þessu máli frá því í sumar. Það sem er gagnrýnisvert, og við gagnrýnum auðvitað mjög harðlega, er að ekki var reynt að leita að raunverulegu samráði við ASÍ um þetta mál þannig að við stæðum ekki frammi fyrir því núna að fjöldi einstaklinga sem væntir þess að fá vaxtabætur fær þær ekki þegar þessi leiðrétting er komin fram.

Það er ekki eins og það sé í fyrsta skipti, virðulegi forseti, sem ríkisstjórnin skerðir vaxtabætur hjá fólki. Þessari ríkisstjórn er meinilla við vaxtabætur og eins og við heyrðum af orðum hv. formanns efnahags- og viðskiptanefndar vill hann örugglega helst slá þær af ef hann réði einn og gæti ráðið ferðinni í þessu efni. Það hefur verið reiknað út að á árunum 2003–2006 hafi vaxtabætur verið skertar um 1,4 milljarða kr. Það hefur auðvitað komið mjög hart niður á mörgum heimilum sem byggt hafa greiðsluáætlanir sínar m.a. á greiðslu vaxtabóta. Þegar verið er að vinna greiðslumat fyrir fólk, hvort heldur er í bönkum eða hjá Íbúðalánasjóði, og verið að meta greiðslugetu fólks þá eru vaxtabæturnar auðvitað hafðar með, vegna þess að þær hafa áhrif á greiðslubyrði fólks og því er auðvitað verið að koma í bakið á fólki þegar síðar er fundin einhver leið til að skerða vaxtabætur meira og meira .

Árin 2003 og 2004 miðuðust vaxtabætur við 7% eftirstöðva skulda. Árið 2005 var þetta hlutfall lækkað í 5,5 og síðan í 5% á þessu ári. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á ekki að ganga nema til hálfs við að vinda ofan af skerðingunni og er miðað við 6%. Í öðru lagi voru einungis greidd út 90% af hámarksupphæð vaxtabóta árið 2004 og 95% árið 2005. Í þriðja lagi hefur húsnæðisverð hækkað mikið á tímabilinu og langtum meira en eignaviðmið til útreiknings vaxtabóta sem stóð í stað milli áranna 2005 og 2006. Ég hef tekið eftir því að hæstv. fjármálaráðherra hefur stundum notað það sem rök þegar hann er að skerða vaxtabæturnar að vextir hafa verið að lækka í landinu. (Gripið fram í.) Jú, vextir af húsnæðislánum lækkuðu nokkuð á tímabilinu frá 2004–2006 en það eru samt nálægt 50 þúsund manns, þegar ég leitaði eftir þeim upplýsingum t.d. hjá Íbúðalánasjóði, sem eru með fasta vexti sem eru hærri en vextirnir þegar þeir voru að lækka, með vexti yfir 5% og 5,5%. Það voru því ekki rök sem hægt var að nota fyrir tugi einstaklinga sem treystu á vaxtabæturnar að vegna þess að vextir hefðu lækkað væri hægt að breyta vaxtabótakerfinu og minnka útgreiðslur á vaxtabótum.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég harma auðvitað að þetta skuli verða niðurstaðan. Það munu verða mikil vonbrigði, eins og ég sagði, fyrir fjölda heimila í landinu þegar fólki verður ljóst að það muni ekki fá leiðréttingu á vaxtabótum sínum eins og það hafði vonað. Það eru líka mikil vonbrigði hvernig ríkisstjórnin hefur hunsað eðlilegt samráð við Alþýðusamband Íslands í þessu máli og ég ítreka að það kæmi mér ekki á óvart þó að einhver eftirmál yrðu í samskiptum ASÍ og ríkisstjórnarinnar vegna þess.

Niðurstaða okkar í minni hlutanum er því að vísa allri ábyrgð á niðurstöðu málsins á ríkisstjórnina og við áteljum harðlega að fjöldi fólks sem væntir leiðréttinga á greiðslum vaxtabóta muni annaðhvort fá litla eða enga greiðslu á vaxtabótum nú í desember eins og lofað hafði verið.

[12:46]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi athugasemd um þær fullyrðingar hv. þingmanns að dæmið mitt um milljón króna útgjöld til ferðalaga sé ekki rétt. Vextirnir sem menn nota við útreikning vaxtabóta eru eingöngu tengdir láni af íbúðakaupum. Hins vegar eru eignirnar samkvæmt lögunum allar eignir, þ.e. eignir mínus skuldir, hverju nafni sem þær nefnast, námsskuldir, yfirdráttur eða annað. Ég var bara að tala um eignaskerðinguna, ég var ekki að tala um að menn tækju vexti af þessari skuld til frádráttar, eingöngu eignaskerðinguna. Nettóeignin er eignir mínus skuldir. Dæmið er hárrétt að því leyti.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann sem skrifar undir nefndarálitið og nefnir enga tölu — nú þarf að fara að gera eitthvað, frú forseti, það þarf virkilega að fara að koma með einhverja ákveðna tölu til að hægt sé að leiðrétta: Hvað ætlar hv. þingmaður að gera? Ætlar hún að styðja frumvarp ríkisstjórnarinnar? Ætlar hún að fella tillögu meiri hlutans, ætlar hún að samþykkja hana, sitja hjá, ekki að taka afstöðu? Hún hefur ekki lagt fram neinar tillögur, ekki sagt 40% hækkun, 35% hækkun, ekki neitt. Hún er algjörlega aðgerðalaus, ætlar ekki að gera neitt til að laga stöðuna.

Hvað ætlar hv. þingmaður að gera? Ætlar hún að greiða atkvæði með breytingartillögu meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar, sitja hjá, greiða á móti og samþykkja tillögu ríkisstjórnarinnar eða ætlar hún líka að fella hana? Á þetta allt að verða óbreytt?

[12:48]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér þann munað að halda hv. þingmanni í spennu fram eftir degi þangað til afstaða mín í þessu máli kemur í ljós. Það liggur náttúrlega alveg fyrir að hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar, meiri hlutinn og ríkisstjórnin hafa gert okkur í minni hlutanum ókleift að flytja hér breytingartillögur við þetta frumvarp með sama hætti og ASÍ. ASÍ kallaði eftir gögnum, en fékk ekki, til að geta unnið tillögur sínar að breytingu með líkum hætti og við hefðum gert hér ef við hefðum fengið umbeðin gögn.

Það er svo mikill dónaskapur í þessu máli, virðulegi forseti, af hálfu ríkisvaldsins. ASÍ sendi tölvupóst fyrir fimm vikum þar sem beðið var um þessi gögn og það var ekki virt viðlits, ASÍ fékk ekkert svar við þessum tölvupósti þar sem beðið var um þessi gögn til að það gæti unnið tillögur sínar og lagt þær fram í nefndinni. Með sama hætti er okkur í nefndinni gert ókleift að leggja fram breytingartillögur með alveg sömu forsendum og rökum og ASÍ, nákvæmlega sömu rökum.

Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð, það er vanvirða við þingið að haga sér svona gagnvart stjórnarandstöðunni, og síðan er það líka lítilsvirðing gagnvart ASÍ sem gerði þá kröfu í sumar að fá fram leiðréttingu að gögnum sé haldið frá því til þess að það geti ekki sett fram sínar tillögur.

Síðan varðandi vaxtabæturnar. Það er alveg nýtt fyrir mér ef það er virkilega svo að fólk sem skuldsetur sig vegna heimsreisu eða hvað það nú er sem ekkert er tengt íbúðarhúsnæði geti fengið vaxtabætur út á það. Þá er bara eitthvað að í skattkerfinu. Aldrei mundi mér detta í hug ef ég skuldsetti mig fyrir einhverju öðru en húsnæði að fara að setja það fram með þeim hætti á skattframtalinu að ég gæti fengið út á það vaxtabætur. Ég skal viðurkenna það að ef þetta er virkilega svona í framkvæmd (Forseti hringir.) er eitthvað að í vaxtabótakerfinu og ég hefði gaman af að spjalla við ríkisskattstjóra (Forseti hringir.) um það.

[12:50]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Menn fá ekki vaxtabætur út á þá eyðslu eða þær skuldir. Það er misskilningur hv. þingmanns. Hins vegar eru vaxtabæturnar skertar miðað við eign manna. Ef menn eiga mikla eign eru þær skertar meira. Þá er verið að tala um eign mínus skuldir. Menn fá ekki vaxtabætur út á heimsreisuna, allan vaxtakostnaðinn í kringum það, heldur minnkar heimsreisan eignirnar um milljón og við það skerðast vaxtabæturnar minna sem þær ella hefðu gert af því að hjónin eiga milljón kr. minna í nettóeign og fá 66 þús. kr. meira í vaxtabætur, þ.e. skerðingin verður 66 þús. kr. minni af því að þau eiga milljón kr. minna. Ég hélt að hv. þingmaður skildi þetta. Þarna koma sem sagt ekki vextir af þessum skuldum, alls ekki, þeir eru bara á skuldum tengdum húsnæðinu.

Það er ekki rétt að menn geti ekki lagt fram hugmyndir eða tillögur án þess að fá upplýsingar og alla skattskrána í heilu lagi, heldur geta menn að sjálfsögðu sest niður og reiknað út ýmiss konar dæmi fyrir skjólstæðinga sína og skattgreiðendur. Ég er búinn að gera það, ég er búinn að setja niður alls konar dæmi fyrir fólk sem er með námslán, fólk sem er nýbúið að kaupa, fólk sem er búið að kaupa fyrir löngu síðan, fólk sem býr úti á landi sem iðulega hagnast á þessu eða fólk sem býr hér í Reykjavík þar sem íbúðarverð hefur hækkað um 30%. Ég hef líka tekið dæmi um það að menn eigi hlutabréf og að þau hækki. Þetta er ég búinn að reikna allt út. Niðurstaðan er nánast hvað sem er frá því að menn hagnist um einhver prósent upp í það að þurfa að hækka eignamörkin um 370%, það var það hæsta sem ég fann.

Hvað gera menn? Menn taka eitthvert meðaltal, menn taka það meðaltal sem gefur nánast sama og fjárlögin gerðu ráð fyrir og þó eilítið betur. En menn skulu ekki láta sér detta í hug (Forseti hringir.) að þeir nái öllum tilfellum.

[12:52]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal getur ekki neitað því að hann gerði stjórnarandstöðunni og Alþýðusambandinu mjög erfitt fyrirrj. Við gátum ekki unnið okkar verk og lagt mat á þær forsendur og útreikninga sem þurfti að gera til þess að fólk fengi vaxtabætur í samræmi við það markmið sem ASÍ setti sér, að fólk yrði nokkurn veginn jafnsett ef ekki hefði komið til þessi mikla hækkun á fasteignamati.

Það hafði t.d. ekki verið úr vegi að skoða stöðuna ef fasteignamatið hefði ekki hækkað svona mikið og eignirnar t.d. bara hækkað jafnmikið og skuldirnar, rúm 4% í samræmi við verðlag, og álagningin hefði verið stillt inn á það núna í ágúst. Þá hefðum við séð hvað fólk hefði getað fengið raunverulega út úr þessu ef fasteignamatið hefði ekki blásið svona upp. Um þetta hefði þurft að taka sérstaka umræðu. Þetta er mjög óeðlilegt viðmið, þetta fasteignamat til útreiknings á vaxtabótum, og það þarf að skoða aðrar leiðir í því sambandi. Munum við lenda í þessu sama á næsta ári vegna þess að fasteignamat hækkar gífurlega, eins og við erum að gera núna? Þetta viðmið við fasteignamat er því alveg óhæfa.

Það liggur fyrir að við getum ekki lagt fram breytingartillögu af því að við fengum ekki þær upplýsingar sem við báðum um — sem voru sömu gögn og ASÍ bað um — til þess að geta reiknað út hvaða breytingartillögur við hefðum átt að setja hérna fram til að fólk yrði jafnsett eða nokkurn veginn jafnsett og ef ekki hefði komið til þessi mikla hækkun á fasteignamati.

[12:54]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur margt komið fram. Af því að hv. þingmaður kom inn á mál varðandi hv. formann efnahags- og viðskiptanefndar, Pétur Blöndal, langaði mig aðeins að taka upp að mér finnst ekki rétt að ráðast á hv. þingmann vegna þess að hann fékk þó aðilana til að setjast niður. Ég tel að við hefðum frekar getað gagnrýnt fjármálaráðuneytið fyrir að hafa ekki nýtt þennan tíma í betra samráð. Við fengum reyndar upplýsingar um að einhver sam-

skipti hefðu átt sér stað en hins vegar er það aldrei gott þegar menn svara ekki erindum.

Mig langaði að segja að við verðum þó að taka tillit til þess að hér er verið að setja 590 millj. aukalega í þennan málaflokk, í vaxtabæturnar, og menn geta auðvitað reiknað sig í hvað sem er eins og hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á áðan. Þess vegna tel ég ekki rétt að segja að stjórnvöld hafi algerlega gengið á svig við samkomulagið. Ég er þó þeirrar skoðunar að vaxtabætur ættu meira að koma efnaminna fólki og ungu fólki til hjálpar. Við fengum upplýsingar um að með þessum breytingum og ef farið hefði verið með þetta upp í hærri prósentutölu hefði jafnvel eldra fólk komið inn. Mér finnst vera tími til kominn að endurskoða kerfið en með þeim rökum að ég vil að efnaminna fólk og ungt fólk fái þessa aðstoð og fái bæturnar í auknari mæli vegna þess að það er það sem við viljum stefna að.

Ég tek undir að það má gagnrýna ýmislegt í þessu ferli en við stöndum frammi fyrir þessu og viljum auðvitað að fólk fari að fá þetta greitt út um næstu mánaðamót og spyr því hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvort hún mundi taka undir að farið yrði í slíka endurskoðun.

[12:56]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmanni fannst ég hafa verið fullharkaleg við formann efnahags- og viðskiptanefndar af því að hann hefði verið sá sem hefði leitt saman deiluaðila til að fá einhverja aðra niðurstöðu. Ég held að hv. þingmaður muni nú ekki hvernig þetta gekk fyrir sig í efnahags- og viðskiptanefnd, það var eiginlega strax á fyrsta fundi nefndarinnar sem ég óskaði eftir því að deiluaðilar mundu nýta tímann og setjast yfir það að ná sameiginlegri niðurstöðu í þessu máli. Mig minnir að svar formanns efnahags- og viðskiptanefndar hafi verið það að málið væri hjá efnahags- og viðskiptanefnd sem ætti að afgreiða það þannig að það væri óþarfi að láta deiluaðila fara að setjast yfir þetta þó að lokin á síðasta degi sem nefndin fjallaði um málið hefðu að vísu orðið þau að hann varð við ítrekaðri kröfu okkar í stjórnarandstöðunni um það. Þannig kom inn smáleiðrétting til hækkunar á eignastuðlinum.

Hv. þingmaður gumar mikið af því að nú sé verið að setja 500 millj. í vaxtabótakerfið til að leiðrétta þetta en hún verður líka að muna að á árunum 2003–2006 hefur vaxtabótakerfið verið skert um 1.400 millj., 1,4 milljarða, sem hefur komið mjög hart niður á fólki sem hún ber hér fyrir brjósti eins og fram kom í þessum ræðustól, þ.e. fólki með lágar og meðaltekjur, þessi flata skerðing sem var farið í svo að dæmi sé tekið. Ríkisstjórnin hefur verið mjög flink að finna upp margvíslegar leiðir til að skerða vaxtabótakerfið en það er helst fólk með lágar og meðaltekjur sem nýtur góðs af vaxtabótakerfinu þó að dæmi séu um annað. Ég er sannarlega hlynnt því að fara allar leiðir sem hægt er til að bæta vaxtabótakerfið og að það gagnist best fólki með lágar og meðaltekjur. Það var einmitt það sem var lagt upp með þegar vaxtabótakerfið fór af stað en þessi ríkisstjórn er á góðri leið með að eyðileggja vaxtabótakerfið alveg eins og hún hefur verið mjög ötul við að eyðileggja fæðingarorlofskerfið. Gæti ég haft langt mál (Forseti hringir.) um það.

[12:58]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir séum ekkert mjög langt hvor frá annarri í áherslum á vaxtabótakerfið. Ég ítreka þá afstöðu mína að ég vil að það lifi áfram en með þessum áherslum sem ég ítrekaði áðan á yngra fólk og þá tekjulágu. Við megum reyndar ekki gleyma þeim hópi ungs fólks sem er t.d. að koma úr námi og er með mikið af skuldum, námslán og margt annað, er að reyna að kaupa sér húsnæði, sem er nú ekki auðvelt eins og staðan er í dag, og er kannski með ágætistekjur en miklar skuldir. Það fær auðvitað sitt.

Mér finnst mikilvægt að við hömrum á þessum hlutum. Auðvitað verðum við að líta líka til þess að undanfarin ár hafa tekjur hækkað og vextir sömuleiðis að ákveðnu marki og eignir hafa aukist. Það er ástæðan fyrir því að bæturnar hafa kannski ekki vaxið eins og áður. Hins vegar eru mjög margir aðrir hlutir sem við verðum að taka tillit til. Það er kannski þessi hópur sem á húsnæði sem hefur hækkað mikið út af fasteignamatinu en er ekkert að hreyfa sig, það nýtur ekki ágóðans, er ekki að selja eða neitt slíkt. Þar hækka gjöldin og hækka og mér finnst fólk ekki fá nægа umbun fyrir að sýna aðhaldssemi og spara og ekki fjárfesta of mikið.

Eins og ég segi, ég held að það sé virkilega tími til kominn að endurskoða þetta kerfi án þess þó að fórna einhverjum grundvallarhugsjónum sem við viljum að vaxtabótakerfið endurspegli. Ég ítreka að ég held að við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir höfum svipaðar áherslur í þeim málum en því er ekki að neita að reikningsreglurnar á bak við þetta vaxtabótakerfi eru orðnar einkennilegar og ákveðnir hlutir hafa of mikil áhrif á það hvernig það þróast. Ég ítreka að við erum að auka útgjöldin til vaxtabótanna, teljum okkur standa við samkomulagið og það er nauðsynlegt að fólk fái þetta greitt út sem fyrst.

[13:01]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður talar gegn betri vitund þegar hún segir að stjórnarliðar séu að standa við samkomulagið. Hv. þingmaður hefur eins og aðrir hlustað á ASÍ. Hv. þingmaður hefur eins og aðrir í efnahags- og viðskiptanefnd lesið umsögn ASÍ og þar kemur fram að ekki sé staðið við samkomulagið, það sé farið á svig við það vegna samráðsleysis, það liggur bara fyrir. Ég hygg að það muni alveg örugglega heyrast í ASÍ eftir þessa niðurstöðu.

Hv. þingmaður ber hag unga fólksins fyrir brjósti og ég ætla ekkert að draga það í efa. Hún fylgir þessari ríkisstjórn og ríkisstjórnin hefur gert marga hluti sem hafa skert verulega hag unga fólksins, t.d. eins og ég var að nefna með fæðingarorlofið. Ekki eru nú greidd 80% af launum, heldur er fæðingarorlofið komið niður í 75% af launum vegna skerðingarinnar og viðmiðunartímans sem reiknaður er út.

Hverjir eru nafnvextir í dag t.d. hjá fólki sem er að taka sér lán þegar við skoðum verðbólguskattinn svonefnda? Ég hugsa að nafnvextirnir séu um 13%. Það hefur komið mjög hart niður á unga fólkinu sem hv. þingmaður ber fyrir brjósti hvernig farið hefur verið með t.d. Íbúðalánasjóð.

Hæstv. ráðherra hefur ekki leiðrétt brunabótamatið þannig að lán til unga fólksins sem er að kaupa sér íbúð er ekki 90% af verði íbúðar. Lánin frá Íbúðalánasjóði eru komin niður í 40–50% af verði íbúðar.

Það er þetta sem er að fara með íbúðakaupendur, lánin sem fólk fær og sparnaður þessa fólks brennur upp núna í þessum hækkunum sem hafa orðið og sérstaklega vegna þess að hæstv. félagsmálaráðherra og ríkisstjórnin hafa neitað að breyta (Forseti hringir.) þessu viðmiði sem hefur komið mjög hart niður á unga fólkinu.

[Fundarhlé. — 13:03]

[13:33]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frumvarp. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem var talsmaður minni hlutans í efnahags- og viðskiptanefnd um þetta mál hefur þegar gert ágætlega grein fyrir afstöðu okkar en þó ætla ég að fara nokkrum orðum um málið.

Við erum að ræða breytingartillögu við lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, og málið snýr að vaxtabótum. Eins og kunnugt er eiga þeir rétt til vaxtabóta sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota og einnig þeir sem hafa keypt eignarhlut í kaupleiguíbúðum. Þessar vaxtabætur ráðast af ýmsum breytum. Þær ráðast af eignum fólks og þá skiptir fasteignamatið sköpum. Þær taka mið af tekjum einstaklinganna og skuldum þeirra. Spurningin er hvernig þetta spilast síðan saman.

Nú gerðist það og hefur gerst á síðustu mánuðum og missirum að fasteignamatið hefur rokið upp úr öllu valdi. Það hefur hækkað stórlega. Það þýddi að þeir sem höfðu tekið lán til kaupa á eignum eru skyndilega komnir með miklu meiri eign handa milli. Eignin er orðið miklu verðmætari en hún áður var enda þótt skuldirnar séu hinar sömu og jafnvel þótt tekjurnar séu svipaðar.

Nú er það svo að fólk er yfirleitt ekki að kaupa íbúðarhúsnæði sem fjárfestingu heldur sem íverustað. Auðvitað ganga íverustaðir kaupum og sölum eftir atvikum en þetta er yfirleitt áfangastaður sem fólk heldur inn í með sig og sína. Við þessa sprengingu á fasteignamarkaðnum, hækkun fasteignamats, þá skertust tekjurnar eða greiðslurnar sem menn áttu rétt til í vaxtabótakerfinu og af þeim sökum ákvað Alþýðusamband Íslands við endurskoðun kjarasamninga síðastliðið sumar að taka málið sérstaklega upp. Það var leitað eftir samkomulagi við stjórnvöld um hækkun, breytingu á skerðingarmörkunum, þannig að þau tækju mið af hinum breytta veruleika á fasteignamarkaði.

Í viðræðunum í sumar lagði ríkisstjórnin fram tillögu um að hækka eignastuðlana talsvert, um 25% en sérfræðingar Alþýðusambandsins töldu ekki nóg að gert og það náðist ekki samkomulag um málið. Lyktir urðu hins vegar þær að ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu, hinn 22. júní, þar sem segir meðal annars, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin lýsir sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kemur við niðurstöðu álagningar í ágúst nk. að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefur leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum.“

Í bréfi sem efnahags- og viðskiptanefnd barst frá Alþýðusambandinu fyrir fáeinum dögum, 17. nóvember segir, með leyfi forseta, m.a.:

„Það var og er skilningur fulltrúa ASÍ á yfirlýsingunni“ þ.e. þeirri sem hér var vitnað til „að á grundvelli hennar eigi að finna leið til að gera þá sem verða fyrir marktækri skerðingu nokkurn vegin jafnsetta og ef ekki hefði komið til þessi mikla hækkun fasteignamats.

Í viðræðum aðila í sumar nefndu ráðherrar þá hugmynd að hækka eignastuðla um 25% og málið væri þannig úr sögunni. Á það féllust fulltrúar ASÍ ekki og bentu á að málið þarfnaðist frekari skoðunar. Hækkun á eignastuðlum um 25% dugir ekki. Aðilar urðu því ásáttir um að nýta tímann til hausts til að skoða málið og að samráð yrði haft við ASÍ. Því miður hefur ekkert orðið af slíku samráði.“

Í bréfinu tilgreinir síðan Alþýðusambandið ástæður fyrir því eða færir fyrir því rök að sambandið telji að hækkun eignastuðla um 25% dugi ekki. Í gögnum Alþýðusambandsins er tekið dæmi sem hv. þingmaður, framsögumaður minni hlutans í þessu máli fór ágætlega í gegnum áðan, og þar er vísað til þess að fólk sem festi kaup á eign fyrir 25 millj. kr., sem gæti verið fjögurra herbergja íbúð þess vegna, tók lán fyrir þeirri eign og er með tiltölulega svipaðar tekjur, verður af vaxtabótum vegna hækkunar á fasteignamatinu. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór í gegnum þetta dæmi. Ég er með það hérna fyrir framan mig. Ég ætla ekki að tefja umræðuna með því að hafa það upp aftur.

Ágreiningurinn um þetta mál snýst eiginlega um tvennt: Það snýst að sjálfsögðu um innihaldið, þ.e. hvort dugi að hækka eignastuðlana um 25% eða hvort þurfi að hækka þá enn meira. Alþýðusambandið hefur í því sambandi nefnt 80% án þess þó að sambandið hengi sig í þá tölu. En spurningin snýst um það hvor talan færi okkur nær þeim markmiðum sem menn ræddu í sumar við endurskoðun kjarasamninga. En þetta snýst einnig um vinnubrögð, um aðkomu Alþýðusambandsins að þessum viðræðum. Við höfum fengið nokkuð misvísandi upplýsingar um þetta efni. Okkur er annars vegar sagt frá fundum sem aðilar hafi átt þar sem þeir hafi rætst við, að því er virðist fyrst og fremst um samskipti en eftir því sem ég fæ best skilið þá hefur ekki verið orðið við óskum Alþýðusambandsins um að sérfræðingar sambandsins annars vegar og fjármálaráðuneytisins hins vegar settust yfir málið með öll þau gögn sem til þarf til að freista þess að komast að niðurstöðum.

Við tókum þetta mál upp og höfum rætt það ítrekað á fundum í efnahags- og viðskiptanefnd og það varð samkomulag um það í nefndinni að hún legði sitt til þess eða mæltist til þess að aðilar settust yfir málið, þetta var í fyrradag, en ég heyri það á fulltrúum Alþýðusambandsins að fundirnir hafi ekki skilað því sem væntingar hafi staðið til af þeirra hálfu enda hafi sennilega þurft meiri tíma til vinnslu á málinu og af þeim sökum höfum við lagt áherslu á gagnrýni okkar í garð ríkisstjórnarinnar og þá einkum fjármálaráðuneytisins fyrir að standa ekki að þessu máli eins og efni standa til. Það sem hefði þurft að gerast er að aðilar hefðu þurft að sitja í haust og fara yfir þau gögn sem menn síðan reisa tillögur sínar á. Við gagnrýnum harkalega þessi vinnubrögð. Þetta er eiginlega mergurinn málsins í gagnrýni okkar.

Að öðru leyti vil ég gera rök og málflutning hv. þm. Jó-

hönnu Sigurðardóttur að mínum. Hún talaði fyrir hönd okkar í minni hlutanum í stjórnarandstöðunni í þessu máli og ég hef ekki miklu við það að bæta.

[13:44]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður er jafnaðarmaður og vill jafna kjör fólks. Hvað vill hann fara hátt með eignamörkin? Nú er gert ráð fyrir því að hjón sem eru með 12 millj. í nettó eigið fé eigi að geta fengið bætur úr velferðarkerfinu. Vill hv. þingmaður fara með þetta upp í 14, 17, 20 eða hvað? Einföld spurning.

[13:45]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta ekki vera sérstaklega einföld spurning. Ég er því almennt fylgjandi að hér verði komið upp traustum húsaleigumarkaði, en ég skal segja það að ég hef verið fylgjandi því að fólki sem vill eiga sitt húsnæði sé gert það kleift. Ég hef verið fylgjandi sjálfseignarstefnu í húsnæði. Ef menn eru það verðum við að horfa til þess að fólk með meðaltekjur geti fest kaup á húsnæði sem er fyrir fjölskyldu á bilinu 20–30 millj. kr. Þetta er bara staðreynd. Og ef við horfum til einstaklinga með millitekjur í þjóðfélaginu duga þær ekki til, ef á að auðvelda fólki að eignast sitt húsnæði.

Það sem hv. þingmaður telur vera mjög einfalda spurningu og óskar eftir hreinum og einföldum svörum er kannski ekki alveg svona einfalt. Kannski snýst þetta um annað og meira. Kannski snýst þetta um stefnuna í húsnæðismálum. Hvað viljum við? Viljum við stuðla að því að millitekjuhópar geti eignast sitt húsnæði, ég tala nú ekki um þá sem lakast standa að vígi? Ég hefði viljað stuðla að því líka fyrir þá hópa. Allra lægstu hóparnir eru komnir út af eignamarkaðnum með því fyrirkomulagi sem við búum við núna. Eftir breytingar á húsnæðislögunum sem gerðar voru fyrir nokkrum árum var ráðist gegn félagslegu þáttunum í húsnæðiskerfinu þannig að það fólk er komið yfir á húsaleigumarkaðinn. Mér finnst það vera ágætur kostur ef hann er fyrir hendi og ef hann er traustur. Ég vil hafa hinn valkostinn líka og ef við viljum það verðum við að horfa raunsætt á þessi mál.

[13:47]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Velflestir landsmenn, þeir sem eiga húsnæði hafa hagnast meira á húsnæði sínu á síðasta ári en þeir höfðu í tekjur, sumir verulega miklu meira, þ.e. þeir sem voru mikið skuldsettir. (Gripið fram í.) Það verður til þess að eignir þeirra hækka mjög mikið og spurningin sem við stöndum frammi fyrir í dag er hvort við ætlum að hækka þessi eignamörk. Hvað vill hv. þingmaður hækka þau mikið? Hvað vill hann fara hátt með eignamörkin? Á fólk sem er með 15 milljónir að fá bætur frá ríkinu eða hvað vill hann gera? Það þarf að gera eitthvað. Menn geta ekki alltaf skákað í því skjólinu að þeir hafi ekki upplýsingar o.s.frv. og taki ekki neina afstöðu og komi ekki með neinar tillögur. Engar tillögur liggja fyrir aðrar en þær frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd, sem leggur til 30% hækkun á eignamörkunum, en engar tillögur eru frá stjórnarandstöðunni, ekki neitt. Það er blankó. Ég spyr hv. þingmann: Hvað vill hann sjá þessi mörk fara hátt? Samræmist það heimsmynd hans og skoðun að fólk sem er með 14, 15, 17 millj. kr. hreina eign sé að fá bætur frá ríkinu?

[13:48]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þeir sem eru ábyrgir fyrir óforsvaranlegum vinnubrögðum í þessu máli eigi að hafa svolítið hægt um sig, og það á við um hv. formann efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, hv. þm. Pétur H. Blöndal.

Hjá hjónum byrjar skerðing þegar nettóeign er einungis rúmar 6 millj. kr. (Gripið fram í.) og verður eftir þessa breytingu 8 millj. kr. Vaxtabætur hverfa núna með öllu þegar nettóeign nær 9,8 milljónum. Þannig er það núna. Við erum í rauninni ekki að tala um mikla eign ef við horfum til veruleikans á fasteignamarkaðnum, þá er ekki um mikið að ræða. Það er bara staðreyndin. Ef við á annað borð viljum að fólk eigi sitt húsnæði, þá verðum við að horfa á hvort íslensku lágtekju- og millitekjufólki er það yfirleitt kleift. Vaxtabótakerfið verður að taka mið af því og horfa á veruleikann eins og hann er. Síðan þegar okkur er sagt að fólk hafi hagnast svo mikið á fasteignahækkuninni, ef menn sitja í íbúð sem þeir hafa fest kaup á og ætla ekki að fara þaðan, una hag sínum vel, þá gildir einu hvað fasteignaverðið hækkar ef kaup fólksins hefur ekki hækkað að sama skapi. Það er fyrst og fremst breytan í því samspili sem hefur áhrif á vaxtabæturnar sem hefur hækkað, sprengst upp á við, er verðið á fasteigninni, þá hefur ekkert gerst annað en að kjör fjölskyldunnar eða einstaklingsins eftir atvikum hafa rýrnað.

[13:51]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Mig langar við 2. umr. um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, að segja hér nokkur orð. Frumvarpið kom fram í tengslum við samkomulag milli ASÍ og samtaka atvinnulífsins í sumar og fól í sér yfirlýsingu frá ríkisstjórninni frá 22. júní síðastliðnum þar sem ríkisstjórnin lýsti sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kæmi við niðurstöðu álagningar í ágúst að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefði leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum. Þetta var úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Við munum flest okkar sem vorum á vorþingi að töluverðar umræður voru á þinginu og í samfélaginu um hvaða áhrif hækkað fasteignaverð hefði á vaxtabætur nú í haust, hver upphæð þeirra yrði og hvernig þær skiptust á milli einstaklinga. Það voru ákveðnar skoðanir, ákveðnar hugmyndir í gangi um að vaxtabætur mundu verða mun lægri en fjárlög fyrir árið 2006 gerði ráð fyrir, enda kom fram í umræðu í nefndinni að bæði fulltrúar ASÍ og fjármálaráðuneytisins höfðu talið að hækkun fasteignaverðs hefði þau áhrif á upphæð vaxtabóta að lokinni álagningu að hún

mundi lækka frá því sem fjárlög 2006 gerðu ráð fyrir. Í ljósi þessa má mjög vel skilja afstöðu ASÍ í vor að hafna hugmynd um 25% hækkun á eignaviðmiðun sem taldi að vaxtabæturnar mundu hafa þau áhrif að upphæðin yrði mun lægri. Núna hins vegar eftir álagningu í sumar kom í ljós að upphæð vaxtabóta var nokkuð nálægt því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum og 25% hækkun næði að brúa það bil og gott betur.

Virðulegi forseti. Vaxtabótakerfið er flókið og margir þættir hafa áhrif á upphæð vaxtabóta. Ljóst er að hækkun á verði fasteigna á síðustu missirum hefur haft mikil áhrif. Hópurinn sem fær vaxtabætur breytist á milli ára. Eignastaða breytist, skuldastaða breytist og tekjur breytast. Það er því ekki alltaf sami hópurinn sem fær vaxtabætur frá einu ári til annars. Við hækkun á fasteignaverði hafa orðið verulegar breytingar á þeim hópi. Þeim sem fá vaxtabætur hefur fækkað á milli ára þótt upphæðin eftir álagningu hafi verið litlu lægri en á fyrra ári. Það bendir til þess að vaxtabætur séu almennt hærri en áður hjá þeim hópi sem nú fær þær bætur.

Ég verð að taka undir með þeim sem bent hafa á að sviptingar, eins og þær sem orðið hafa á síðustu missirum í fasteignaverði, og aukin skuldsetning heimilanna setur strik í reikning hjá ýmsum sem hafa gert ráð fyrir vaxtabótum þegar þeir gerðu áætlanir um fasteignakaup sérstaklega. Hins vegar er ljóst og það kom fram í umræðum nefndarinnar að ekki er með nokkrum hætti hægt að elta breytingar hjá ákveðnum einstaklingum heldur verði að horfa á heildina.

Fram kom í nefndinni að mismunandi skilningur væri á milli manna um hvort með frumvarpinu, með 25% hækkun á eignaviðmiðun, hefði verið staðið við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins í vor. Hins vegar er ljóst, eins og hefur komið fram í ræðum fyrr í dag, að upphæðin til vaxtabóta er með frumvarpinu hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2006. Hún hefur þvert á móti hækkað, hún hefur hækkað um það bil 300 millj. kr. og því verður ekki annað sagt en út frá þessu sjónarmiði hafi verið staðið við samkomulagið.

Eins og fram kom í framsögu hv. þm. Péturs H. Blöndals var í umfjöllun nefndarinnar ákveðið að hækka viðmið í 30% í stað 25%. Með því var komið til móts við sjónarmið ASÍ um frekari hækkun viðmiðunar, en eins og fram hefur komið fyrr í dag setti ASÍ í raun aldrei fram neina sérstaka tölu þó gefið hafi verið dæmi um 80% hækkun eignaviðmiðunar og með því yrði þá dekkuð flestöll dæmi en það mundi leiða til verulegrar hækkunar vaxtabóta. En það var ekki hugmyndin með þessari yfirlýsingu í vor, að mínu mati. Ljóst er að engan veginn væri hægt að tryggja að allir væru jafnsettir eftir og það yrði að miða við meðaltalshækkun í hverju einasta tilviki.

Að lokum, herra forseti, vil ég lýsa þeirri skoðun minni að taka þurfi vaxtabótakerfið til gagngerðrar endurskoðunar og endurskoða tilgang þess. Ég tel að það eigi í auknum mæli að beina niðurgreiðslu á lánum, sem vaxtabótakerfið óneitanlega er, til ungs fólks sem er að kaupa sína fyrstu íbúð. Með því er lagður sterkari grunnur undir eignakaup ungs fólks til frambúðar en gert er í dag. Það mun bæta hag þeirra til framtíðar burt séð frá framtíðartekjum.

[13:56]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Herra forseti. Við erum að ræða hér við 2. umr. frumvarp sem lýtur að vaxtabótum. Stjórnarandstaðan leggur sameiginlega fram minnihlutaálit í efnahags- og viðskiptanefnd og gerir þar alvarlegar athugasemdir.

Fyrsta athugasemdin lýtur að vinnubrögðunum í þessu máli. Fram kom í vinnu nefndarinnar að Alþýðusamband Íslands hafi ekki fengið þau gögn sem það taldi sig þurfa til að geta lagt mat á skerðinguna. Það er ámælisvert, sérstaklega í ljósi aðdragandans að þessu máli sem laut að samkomulagi eða yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í viðræðum við ASÍ og aðila vinnumarkaðarins þegar kom að kjarasamningum. Þess vegna er það mjög alvarlegt þegar Alþýðusamband Íslands telur að boðað samráð hafi ekki verið til staðar eða uppfyllt að öllu leyti. Sömuleiðis hefur verið bent á að þeirri leið sem hér er farin hafi Alþýðusambandið hafnað fyrr í sumar og því er alveg ljóst að engin sátt er um aðgerðir ríkisstjórnarflokkanna.

Mig langar mig að vitna í það sem forseti Alþýðusambandsins segir á heimasíðu sinni nú í morgun. Hann er harðorður í garð ríkisstjórnarinnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin lofaði því í sumar við endurskoðun kjarasamninga, að tekið yrði á vanda þess fólks sem missir nú stóran hluta vaxtabóta sinna — eða jafnvel allar bæturnar — fyrir þær sakir einar að fasteignamat hækkar milli ára.

Fólk hefur ekkert meira á milli handanna þó fasteignamatið hækki. Þvert á móti, það hefur minna vegna þess að talsverður hluti fær nú ekki vaxtabæturnar. Það verður ekki horft fram hjá því að ríkisstjórnin gaf loforð í sumar um að tekið yrði á þessum vanda strax og þing kæmi saman nú í haust og að samráð yrði haft við verkalýðshreyfinguna um nauðsynlegar breytingar. Þrátt fyrir að ASÍ hafi ítrekað leitað eftir samráði nú í haust og vetrarbyrjun var í engu orðið við því og óskum ASÍ um aðgang að nauðsynlegum gögnum ekki einu sinni svarað. Niðurstaðan eins og hún stefnir í að verða er með öllu óviðunandi og kemur ekki til móts við vanda þeirra þúsunda sem nú fá skertar eða engar vaxtabætur. Við bentum á þetta strax í sumar og höfum gert það ítrekað síðan. Það er ekkert hægt að lýsa þessari niðurstöðu öðruvísi en svo að hér sé um hreinar vanefndir að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar."

Þetta segir forseti Alþýðusambandsins nú í morgun um þá leið sem ríkisstjórnarflokkarnir vilja að við lögfestum og förum hér í dag.

Að sjálfsögðu áttum við að standa við gefin loforð við verkalýðshreyfinguna. Að sjálfsögðu áttum við að uppfylla það markmið sem laut að því að gera fólk jafnsett fyrir hækkunina á fasteignamatinu. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Það er einfaldlega ekki gengið nógu langt.

Það er sömuleiðis mjög alvarlegt þegar Alþýðusambandið telur að hér sé um að ræða hreinar vanefndir og það verður fróðlegt að sjá viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar á næstu dögum í ljósi þess að verkalýðshreyfingin lítur á þetta sem hluta af samkomulagi sem var gert hér í sumar til að tryggja frið á vinnumarkaðnum. Leiða má líkur að því að sá friður sé væntanlega úti.

Önnur meginathugasemd stjórnarandstöðunnar lýtur að

efni frumvarpsins sem, eins og ég kom áður að í mínu máli, gerir fólk ekki jafnsett fyrir hækkun á fasteignamatinu. Við höfum dæmi um einstaklinga sem eru í nákvæmlega sömu stöðu og áður en missir síðan vaxtabæturnar eða verður fyrir skerðingu í ljósi þess að fasteignamatið hefur hækkað. Þetta fólk fær talsverðan skell. Þetta eru ekki litlir fjármunir sem snerta viðkomandi fjölskyldu. Þetta getur hlaupið á hundruðum þúsunda. Þetta eru fjármunir sem fólk hefur jafnvel haft ákveðnar væntingar um að fá og þess vegna er þetta mjög bagalegt fyrir margar fjölskyldur.

Í þessu samhengi þarf að minnast þess að Íslendingar hafa aldrei verið eins skuldugir og einmitt í dag. Íslensk heimili skulda um 1.200 milljarða kr. sem er meira en landsframleiðslan. Skuldir heimila hafa aukist um 30% á einu ári. Hér er því um að ræða mjög skuldug heimili, skulduga landsmenn sem hafa í mörgum tilvikum gert ráð fyrir að fá sinn skerf af vaxtabótunum en fá hann ekki. Það þarf að hafa í huga að fæstir eru að kaupa eða selja húsnæði sitt. Menn ráðast væntanlega í þá fjárfestingu tiltölulega sjaldan. Þó að fasteignamatið hafi hækkað og þetta fólk búi nú í verðmætari húsum þá hefur hins vegar engin önnur breyting átt sér stað enn. Fólk hefur ekki fengið fjármunina í hendurnar ef svo mætti segja þó að það verði fyrir einhvers konar auðsáhrifum eins og þekkt er.

ASÍ hefur bent á að þessi leið ríkisstjórnarinnar komi sérstaklega niður á lágtekju- og millitekjufólki. Þeir nefna það þótt eflaust sé hægt að finna dæmi um hitt. Í minnihlutaáliti stjórnarandstöðunnar stendur að í mörgum tilvikum sé ekki um neina leiðréttingu að ræða hjá fólki með lágar tekjur og meðaltekjur, þrátt fyrir þessa hækkun á eignastuðlinum, sem er algjörlega óviðunandi. Skýrist það af því að skerðing vaxtabóta, sem hefst þegar eignin nær 6,2 millj. kr. en þær falla alveg út þegar hún er orðin 9,9 millj. kr., er á svo þröngu eignabili að gífurleg hækkun á fasteignamati, *allt upp í 35% þar sem það hækkaði mest*, kemur í veg fyrir nokkra leiðréttingu vaxtabóta, þrátt fyrir 25% hækkun á eignastuðlinum.

Einnig vert að hafa í huga að fasteignaverð eða fasteignamat hefur aukist mismikið eftir því hvar fólk býr. Leiða má líkur og rök að því að höfuðborgarbúar fari verr út úr þessu en aðrir. *Þegar ég tala um höfuðborgarbúa þá* leyfist mér að segja að við séum að ræða um langstærstan hluta landsmanna í ljósi þeirrar staðreyndar að 65% þjóðarinnar býr á einu prósenti landsins, hér á höfuðborgarsvæðinu. Enda er Ísland eitt mesta borgríki sem fyrirfinnst. Stór hluti af landsmönnum hefur sem sagt búið við mjög hækkandi fasteignamat og verður síðan fyrir skerðingu eins og þeirri sem hér hefur verið lýst.

Þetta hefur einnig áhrif á væntingar fólks, þ.e. það hafði hugsanlega og í mörgum tilvikum væntingar um að fá eitthvað í vaxtabótunum eins og það hefur hugsanlega fengið undanfarin ár þótt það sé að sjálfsögðu ekkert áskrifendur að þeim, langt í frá. Hins vegar hagar fólk sér eftir því hvernig fortíðin hefur farið með það og fólk hefur ákveðnar væntingar um hvernig staða þess verður á næsta ári.

Að mínu mati er hér því komið aftan að fólki. Við erum ekki að ná að uppfylla það markmið sem við settum okkur og ríkisstjórnin, að minnsta kosti í sumar, þ.e. að fólk sé jafnsett gagnvart þessari miklu hækkun á fasteignamatinu. Við og verkalýðshreyfingin höfum bent á að fólkið er ekki jafnsett eftir að þessi leið ríkisstjórnarflokkanna hefur verið farin. Kannski kemur þetta ekki á óvart, herra forseti, í ljósi forgangsröðunar ríkisstjórnarinnar. Nefna má ýmis önnur atriði í efnahagsmálum þessa lands og ríkisstjórnarinnar sem benda öll í eina átt, þ.e. að þrengja að hinum venjulega Íslendingi.

Við höfum nú þegar staðfestingu á því, meira að segja frá hæstv. fjármálaráðherra, að skattbyrði hafi aukist á öllum tekjuhópum nema þeim tekjuhæsta, þ.e. topp 10%. Þar hefur skattbyrðin lækkað. Hins vegar hefur hún hækkað hjá öllum öðrum á valdatíma þessarar ríkisstjórnar. Við búum enn þá við eitt hæsta matvælaverð í heimi og ríkisstjórnarflokkarnir neita enn að ganga alla leið eins og við í Samfylkingunni viljum gera til að tryggja hér Evrópuverð á matvælum. Áfram verður því matarverð á Íslandi með því hæsta í heiminum. Einnig var fróðlegt að sjá við afgreiðslu fjárlaga í morgun að ekkert var komið inn á boðaðar tollalækkanir. Það er eins og ekki sé gert ráð fyrir þeim þó ríkisstjórnarflokkarnir hafi boðað að þær eigi að taka gildi 1. mars næstkomandi. Annaðhvort eru þær í algeru uppnámi eða það illa undirbúnar að ríkisstjórnarflokkarnir gátu ekki komið þeim í fjárlögin. Þeir ætla því að nota gömlu aðferðina og taka á því með öðrum hætti fram hjá fjárlögum eins og við þekkjum. En þrátt fyrir að þeir lögfesti sínar tollalækkanir er alveg ljóst að þar er alls ekki gengið nógu langt að mínu mati og margt skilið eftir sem mun viðhalda hinu háa matarverði.

En það er eins og ríkisstjórnin telji það vera einhvers konar náttúrulögmál að allt þurfi að vera dýrt á Íslandi. Það er ekki nóg með að skattbyrðin hafi verið þyngjast og matvælaverðið sé með því hæsta sem þekkist. Við búum við gríðarlega hátt bensínverð, hátt lyfjaverð og háa vexti, en vextir eru að sjálfsögðu ekkert annað en verð á peningum.

Þetta er allt afrakstur efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar sem hefur svo sannarlega gengið sér til húðar. Ríkisstjórnin hefur sýnt fram á að hún þarf á hvíld að halda því hinn óstöðugi stöðugleiki heldur áfram í efnahagslífinu eins og allir hafa bent ríkisstjórninni á hvort heldur það eru stjórnarandstöðuflokkarnir, greiningaraðilarnir eða jafnvel Seðlabankinn. *En ríkisstjórnarflokkarnir þráast við og kasta* hér fram einhvers konar glansmynd sem aldrei stenst þegar á hólminn er komið.

Leið ríkisstjórnarflokkanna í vaxtabótunum með því að koma aftan að fólki, ungu fólki, skuldugu fólki, ætti kannski ekki að koma á óvart. Sömuleiðis kemur hún kannski ekki á óvart í ljósi skoðana sem margir stjórnarliðar hafa látið í ljós, þ.e. að þeim er einfaldlega í nöp við vaxtabótakerfið. Jafnvel vilja þeir sumir leggja það af með öllu og hafa gefið það sterklega til kynna. Sömuleiðis er það gert í meirihlutaáliti stjórnarflokkanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur til að hafin verði endurskoðun á vaxtabótakerfinu þar sem það hafi augljósa agnúa. Má þar nefna, líkt og fram kemur í umsögn Seðlabanka Íslands, að niðurgreiðsla á lánsfé er til þess fallin að auka skuldsetningu almennings og draga úr sparnaði. Meiri hlutinn telur ekki heppilegt að hvetja fólk til skulda á þann hátt og vill að hugað sé að gjörbreytingu á þessu kerfi.“

Það væri gaman að ræða hvaða leið ríkisstjórnarflokkarnir vilja fara í þessu vaxtabótakerfi. Vilja þeir leggja það algerlega niður eða vilja þeir standa vörð, eins og stjórnarandstöðuflokkarnir, um kerfi sem á fyrst og fremst að koma til móts við skuldugt lágtekjufólk og millitekjufólk? Í ljósi þess sem við vitum um skuldastöðu heimilanna er talsverð þörf á því að vega á móti hinni slæmu skuldastöðu íslenskra heimila.

Að lokum ítreka ég að stjórnarandstaðan er ósátt við þá leið sem farin er. Hún telur að samkomulagið við verkalýðshreyfinguna hafi ekki verið uppfyllt. Verkalýðshreyfingin hefur bent á það sjálf. Vinnubrögðin hafa verið mjög sérkennileg. Gögn hefur skort og umræðan í efnahags- og viðskiptanefnd hefur verið á stundum sérkennileg í því ljósi. (Gripið fram í.) Efnislega gengur þetta frumvarp alls ekki nógu langt. Ríkisstjórnin nær ekki því markmiði að láta fólk vera jafnsett eftir þetta frumvarp og það var fyrir hækkun á fasteignamatinu.

[14:10]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir þráðust við. Ég held að vandi vinstri manna hér á þingi sé nú aðallega sá að kjósendur þráast við að kjósa þá. Ég vildi bara koma því að. (Gripið fram í.)

Svo talaði hv. þingmaður um að skuldsetningin hefði aukist mjög mikið. Nú er það svo merkilegt að þegar skuldsetningin vex þá minnkar eignin og þá minnka skerðingarnar í vaxtabótakerfinu. Það er nú dálítil mótsögn í því sem hv. þingmaður er að segja. Þeir sem eru duglegastir að skuldsetja sig fá óskertar vaxtabætur. Kerfið hvetur því til skuldsetningar. Hvernig getur hv. þingmaður þá verið á móti því að kerfið sé tekið til endurskoðunar?

[14:11]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að við hv. þm. Pétur Blöndal séum ekki sammála um þá hugmyndafræði að hið opinbera eigi að standa fyrir einhvers konar kerfi til að koma til móts við skuldugan almenning. Vaxtabótakerfið er þannig hugsað að það eigi að létta róður skuldugs fólks. Til þess var til þess stofnað. Það væri fróðlegt að fá að vita hvort hv. þingmaður vilji leggja vaxtabótakerfið alveg af. Það má lesa það úr hans orðum.

Ég held að stærsti vandi íslenskra heimila sem hafa orðið mjög skuldug á mjög skömmum tíma sé ekki vegna vaxtabótakerfisins. Það er auðvitað efnahagsástandið sem hefur ýtt fólki í skuldsetningu. Hér hefur verið keyrt áfram af mikilli þenslu. Ríkisstjórnarflokkarnir viðhalda miklum væntingum meðal annars með stóriðjuframkvæmdum. Síðan er einfaldlega mjög dýrt að lifa á Íslandi. Húsnæðisverð hefur hækkað gríðarlega mikið. Við búum við eitt hæsta matvælaverð í heimi, hæstu vexti í heimi, eitt hæsta bensínverð í heimi, eitt hæsta lyfjaverð í heimi þannig að það er dýrt að vera Íslendingur. Til að ná endum saman neyðast íslenskar fjölskyldur til að taka lán.

Aðgerðir ríkisstjórnarflokkanna og aðgerðaleysi á sumum sviðum hvetja íslenskan almenning til að skuldsetja sig fyrst og fremst en ekki vaxtabótakerfið í sjálfu sér.

[14:12]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hefur komið í ljós á undanförnum árum að neysla almennings hefur aukist gífurlega, sérstaklega í bílum og utanlandsferðum og slíku. Eru menn þvingaðir til að kaupa sér jeppa? Ég veit ekki til þess. Ég held einmitt að vaxtabótakerfið hvetji þá sem vilja kaupa sér bíla og stofna til skulda til þess. Ég nefndi áðan dæmi um fólk sem eyðir milljón í heimsreisu. Það fær 66 þús. kr. auknar vaxtabætur. Því er kannski ekkert skrýtið þó fólk skuldsetji sig þegar velferðarkerfið verðlaunar það fyrir það.

En þeim hins vegar sem sýna ráðdeild og sparsemi er hegnt. Þeir komast fljótlega upp fyrir eignamörkin og fá þá litlar sem engar vaxtabætur. Eftir því sem þeir spara meira á vissu eignabili þeim mun minni vaxtabætur fá þeir.

Þetta er vaxtabótakerfið í hnotskurn. Það er spurning hvort hv. þingmaður sé hlynntur því enn þá.

[14:14]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hlynntur vaxtabótakerfinu. Stjórnarandstaðan er það. Ég veit ekki betur en að ríkisstjórnarflokkarnir hafi líka sagt sig vera hlynnta því. Annars væru þeir varla að gera þær breytingar sem hér er um að ræða. Hv. þingmaður hefur reyndar ekki enn svarað skýrt hér í dag hvort hann vilji leggja af vaxtabótakerfið í heild sinni. Hann svarar því kannski á öðrum vettvangi eða hefur kannski gert það áður.

Það er mjög sérkennilegt í málflutningi hv. þm. Péturs Blöndals að umræðan um velferðarkerfið fer alltaf að snúast um heimsreisur og jeppakaup og annað slíkt. Það er mjög sérkennilegt að þingmaður sem veit mætavel eða ætti að vita mætavel hver staða ýmissa hópa í okkar samfélagi sé, komi alltaf með röksemdir gegn hluta velferðarkerfisins á þeim nótum að menn séu að kaupa sér jeppa og heimsreisur.

Mig langar að upplýsa hv. þingmann um að 30.000 Íslendingar lifa á 100 þús. kr. eða minna. Þriðji hver eldri borgari þarf að lifa af 110 þús. kr. og minna og margir af miklu minna. Námsmenn fá námslán sem er langt undir lágmarksframfærslu. Þetta eru hópar sem ekki kaupa neina jeppa. Þetta eru ekki hópar sem kaupa heimsreisur. Við búum til okkar velferðarkerfi væntanlega með það að markmiði að geta aðstoðað þá sem þurfa á aðstoð að halda og þetta eru hópar sem þurfa það. En það er sérkennileg lenska hjá þingmanninum að setja allt í samhengi við hina ofurríku sem væntanlega í huga þingmannsins hafa alltaf það að markmiði að misnota velferðarkerfið.

Auðvitað er hægt að finna dæmi þess að menn misnoti velferðarkerfið. En það er ekki röksemd í sjálfu sér gegn tilvist velferðarkerfisins, langt í frá. Staða í samfélagi okkar kallar á velferðarkerfið, öflugt vaxtabótakerfi sem tekur á skuldugum almenningi. Það nær ekki nokkurri átt að tala um jeppakaup og heimsreisur í sömu andrá og vaxtabótakerfið vegna þess að þeir hópar sem ég taldi hér upp (Forseti hringir.) standa ekki í jeppakaupum sem þingmanninum er svo tíðrætt um.

[14:16]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um vaxtabótamálið. Þegar á síðasta vori, hæstv. forseti, áður en þingi lauk var bent á þann vanda sem hér er um að ræða. Talið var að til þessa mundi draga varðaði vaxtabætur til fólks vegna þess að fasteignir hefðu hækkað verulega í verði og því mundi hrein eignastaða, út frá verði fasteigna samkvæmt fasteignamati og hins vegar vegna skuldsetningar fólks, verða til þess að áætlanir röskuðust hjá mörgum sem á sínum tíma fóru í greiðslumat hjá viðskiptabanka sínum, tóku lán, keyptu íbúð. Þeir skulda jafnmikið og þegar þeir sömdu greiðsluáætlun sína sem byggðist því að forsendur í þjóðfélaginu færu ekki langt frá þeim viðmiðum sem greiðsluáætlunin byggði á, þ.e. þar er gert ráð fyrir því hvað fólk hefur í tekjur.

Það er jafnvel reiknað með því að kjarasamningar leiði til kauphækkana á næstu árum. Menn geta gefið sér einhverjar meðaltalskauphækkanir til lengri tíma. Yfirleitt eru lán til húsakaupa til langs tíma og hægt að gera ráð fyrir kauphækkunum að jafnaði á bilinu 2–3%. Það mætti teljast gott til lengri tíma litið, umfram annan kostnað. En oft er ekki hægt að gera ráð fyrir því. En þetta eru viðmið sem menn nota þegar þeir reyna að átta sig á því hvað líklegt sé að ungt fólk hafi í tekjur á næstu árum til að fjárfesta í íbúð. Hve hátt lán það ráði við. Yfirleitt fjárfestir fólk í íbúð til að búa þar til nokkurra ára og er ekki endilega að kaupa sér íbúð með það að markmiði að íbúðin hækki í verði vegna fasteignamats.

Menn taka því í fyrsta lagi mið af kaupgetu sinni og lánastofnanir einnig. Það tekur mið af fasteigninni sem er verið að kaupa og þar eru væntanlega reiknuð inn í gjöld sem fylgja fasteigninni, fasteignagjöld og ýmis önnur gjöld. Einhverju gera menn ráð fyrir í viðhald o.s.frv. Viðkomandi einstaklingar og lánastofnanir hafa síðan yfirleitt gert ráð fyrir að vaxtabætur héldu sér nokkurn veginn og ríkisstjórnir á hverjum tíma og Alþingi mundi ekki breyta vaxtabótunum þannig að þessar forsendur fólks skekktust mikið.

Nú stöndum við frammi fyrir því á hv. Alþingi að gera lagfæringar á þessu. ASÍ reisti þá kröfu við ríkið á síðastliðnu vori, og er rétt að ítreka það að það var ASÍ en ekki Samtök atvinnulífsins, að þetta mál skyldi skoðað til leiðréttingar. Það var þó ekki gert á síðasta vori þótt á það hafi verið bent að það væri nauðsynlegt til að fólk héldi vaxtabótum nokkurn veginn í samræmi við áætlanir, greiðslumat sitt og tekjur.

Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti. Ég held að menn verði líka að átta sig á því að hækkun á verði fasteigna er ekki eitthvað sem fer í vasann hjá mönnum. Það er ekki eitthvað sem fólk tekur bara úr vasanum til að lifa af. Það ætlar væntanlega að búa í fasteigninni, a.m.k. í einhver ár. Það mun ekki að innleysa þann hagnað sem ef til vill gæti orðið af því að selja íbúðina. Sjálfsagt mundu menn kaupa sér aðra íbúð og ekki víst að eignastaða fólks lagist nokkuð við það.

Tvennt hefur áhrif á greiðslugetu fólks miðað við það greiðslumat sem það fór í. Fasteignaskattarnir hækka. Fasteignaverð hefur hækkað um 29% að meðaltali og sennilega upp í 35% á Reykjavíkursvæðinu. Þar af leiðandi hækka fasteignaskattar. Það hefur áhrif á hvaða tekjur eru eftir til að greiða af lánum o.s.frv. Verðbólgan hefur valdið því að kostnaður við lán hefur hækkað þótt hann dreifist á greiðslutíma. Þegar það bætist við, hæstv. forseti, að vaxtabætur hverfa þá sjá allir sem vilja sjá að þetta hefur veruleg áhrif á hvað viðkomandi fjölskylda hefur til að mæta þeim skuldbindingum sem hún tók á sig og tók á sig í góðri trú.

Ég hygg að allir hv. þingmenn átti sig á því sem ég hef hér rakið. Þetta hefur áhrif. Ég endurtek að það er ekki svo að fólk sé almennt að kaupa og selja fasteign á hverju ári og leysa út hagnað. Frekar er líklegt að fólk, a.m.k. ungt fólk, þurfi að stækka við sig frá fyrstu íbúðarkaupum. Það er staðan sem við sitjum uppi með.

Forusta ASÍ telur að það sem nú er lagt til í frumvarpi ríkisstjórnarinnar nægi ekki til þess að uppfylla það sem talað var um á síðasta sumri, að fólk yrði jafn vel sett eftir lagfæringarnar af hendi ríkisstjórnarinnar og það var fyrir. Það held ég að hafi verið markmiðið. Hins vegar hefur komið í ljós, það var m.a. upplýst í efnahags- og viðskiptanefnd, að samráðið sem menn töldu víst að yrði, milli ríkisins annars vegar og Alþýðusamband Íslands hins vegar, hefur ekki farið fram. Menn hafa ekki unnið að málinu saman og ASÍ hefur borið sig illa undan því að fá ekki upplýsingar um málið til að leggja mat á um hve mikið væri nauðsynlegt að vaxtabætur hækkuðu til að fólk yrði jafn vel sett. Það hafa verið búin til dæmi sem allir þekkja, þau hafa verið rakin hér, um að jafnvel þyrfti að hækka eignastuðulinn um allt að 83% til að menn komist í sömu stöðu og fyrr. En formaður efnahags- og viðskiptanefndar telur að slík hækkun mundi keyra fram úr öllu hófi og hafa í för með sér verulegar breytingar umfram það sem menn höfðu verið að leita eftir.

Samráðið sem áttí að verða varð ekki. Ég ásaka ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki haft samráð og gefið ASÍ upplýsingar svo að þeir gætu sjálfir reiknað þessi dæmi. Fulltrúar ASÍ á fundi efnahags- og viðskiptanefndar kváðust ekki hafa fengið upplýsingar og gætu þar af leiðandi ekki, þótt þeir hefðu tekið fram ákveðin dæmi sem sýndu þessa breytingu upp á 83%, vegna upplýsingaskorts og án forsendna fyrir útreikningum ríkisins metið það nákvæmlega hvaða tillögur þeir hefðu í málinu eða að hægt væri að leita sátta um aðra tölur en þau 25% sem lögð voru til í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem hefur reyndar hafa verið hækkuð í 30%.

Það er auðvitað þannig, hæstv. forseti, að hækkun launa fylgir öðrum lögmálum en hækkun fasteignaskatta og fasteignaverðs og hefur þar af leiðandi allt önnur áhrif. Ég hygg að fólk hafi ekki fengið kauphækkanir í samræmi við hækkun fasteignaverðs á undanförnum árum. Slík breyting á milli ára sem menn hafa tekið dæmi um veldur því miklum vanda í þessu efni.

Ég er áheyrnarfulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd en átti þess ekki þess kost að sitja síðasta fundinn sem var haldinn meðan umræður fóru fram um fjárlög í gær. Ég er þar af leiðandi ekki á nefndarálitinu sem áheyrnarfulltrúi en ég lýsi mig samþykkan því eins og stjórnarandstaðan hefur skrifað það. Ég tek undir þær ásakanir sem þar birtast að því er varðar vinnubrögð og annað.

Hér hefur verið rakið dæmi um fjölskyldu sem hefur 440 þús. kr. í mánaðarlaun eða 5,3 millj. á ári. Ætli það teljist ekki þokkaleg laun. Það hefur verið sýnt fram á að slík fjölskylda sem hefur engu breytt, búið áfram í húsnæði sínu o.s.frv., fær engar vaxtabætur. Fólk sem hefði átt að fá 236 þús. kr. í vaxtabætur ef sömu forsendur hefðu verið til staðar og áður. Ég endurtek, hæstv. forseti, að féð sem bundið er í fasteigninni við hækkun fasteignaverðs er ekki eyðslufé í vasa fólks. Það er eign sem reiknuð fyrir þau verðmæti miðað við hækkun fasteigna á hverju ári. Það er auðvitað engin trygging fyrir því að fasteignaverð hækki í framtíðinni. Það getur alveg lækkað. En eftir sem áður situr fólk uppi með það, vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið, að fá ekki vaxtabætur. Það dregur verulega úr því að fólk nái kannski endum saman miðað við gefnar forsendur, það sem fólkið gerði ráð fyrir þegar það keypti íbúðina og lánastofnanir töldu eðlilegt við útreikning á því hvað fólk þyrfti að hafa í tekjur til að geta staðið undir kaupunum. Vaxtabætur hafa verið reiknaðar inn í það dæmi.

Tvennt hefur vegið hastarlega að þeim tekjugrunni sem fólk hefur til að standa undir afborgunum. Annars vegar missir vaxtabóta og hins vegar veruleg hækkun fasteignagjalda, sem afleiðing af háu fasteignaverði. Þetta vildi ég láta koma fram og ætla ekki að lengja mál mitt frekar. Það er hins vegar nauðsynlegt að þetta mál fái að fara í gegn. Fólk varð af vaxtabótum á þessu ári og væntanlega bíður það eftir að fá þær sem hugsanlega á rétt á þeim. Því miður er allt málið komið í tímapressu. Það var kannski það sem stjórnarliðar ætluðu sér, að setja málið í tímapressu svo að jafnvel stjórnarandstaðan á þingi, þótt hún væri óánægð með framsetningu málsins og afgreiðslu þess, mundi ekki stoppa málið. Við viljum auðvitað ekki hafa af fólki að það geti fengið vaxtabætur á þessu ári. En þingtíminn styttist óðum og eigi að ná þessum greiðslum að stærstum hluta inn á árinu sem nú er að líða þá þarf málið hraða afgreiðslu.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef rakið þá er ég ósáttur við vinnubrögðin og ósáttur við niðurstöðu frumvarpsins. Ég tel að það hafi verið afar undarleg vinnubrögð af hálfu ríkisins að láta ekki af hendi upplýsingar um á hvaða forsendum ríkisvaldið byggir útreikninga sína þannig að m.a. forusta ASÍ og stjórnarandstaðan hefði getað skoðað málið fyrr og menn ef til vill fundið prósentuviðmið sem sátt hefði náðst um þótt ekki hefði náðst að tryggja þar öll möguleg dæmi, miðað við það sem áður var.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, síðari umr.*

Stjtill., 351. mál. — Þskj. 381, nál. 453.

[14:32]

**Frsm. utanrmn. (Drífa Hjartardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd á þskj. 453 um mál nr. 351, um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Jónsson og Friðrik Jónsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (European Free Trade Association, EFTA, sem Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss eru aðilar að) og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja (South African Customs Union, SACU, sem Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland eru aðilar að) sem undirritaður var í júní og júlí 2006 á Höfn í Hornafirði, í Genf, Gabarone og Pretoríu.

Samningurinn kveður á um lækkun og afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum landbúnaðarvörum auk þess sem í honum eru ákvæði um vernd fjárfestinga og hugverkaréttinda, þjónustuviðskipti, samkeppnismál og úrlausn deilumála. Í samningnum er tekið tillit til mismunandi þróunarstigs aðildarlandanna. Ísland, ásamt Noregi og Sviss, hefur jafnframt undirritað tvíhliða samning við aðildarríki SACU og munu þeir samningar öðlast gildi á sama tíma og fríverslunarsamningurinn.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálitið rita Halldór Blöndal, formaður, Bjarni Benediktsson, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Sæunn Stefánsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, 1. umr.*

Stjfrv., 347. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 376.

[14:34]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum nr. 35/1966 en starfar nú samkvæmt lögum nr. 136/2004. Sjóðurinn hefur frá stofnun verið óskipt sameign allra sveitarfélaga á Íslandi og hefur hann það hlutverk að tryggja sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Sjóðurinn er t.d. sérlega mikilvægur fyrir þau sveitarfélög sem verst standa en þar njóta öll sveitarfélög sömu kjara öfugt við almennan fjármagnsmarkað.

Með setningu laga nr. 136/2004 var lagaumhverfi lánasjóðsins breytt til samræmis við almenn starfsskilyrði fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði eftir því sem fært var, meðal annars með niðurfellingu á ákvæðum um árleg framlög til hans úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og frá ríkissjóði. Í tengslum við niðurfellingu þessara framlaga var beinum afskiptum ríkisins af rekstri lánasjóðsins hætt og öll ábyrgð á stjórn hans og rekstri færð til sveitarfélaganna. Þá var Lánasjóði sveitarfélaga gert að starfa sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki á grundvelli starfsleyfis Fjármálaeftirlitsins og undir eftirliti þess fékk hann starfsleyfi í ágúst 2005. Verði frumvarp þetta að lögum verða

tekin frekari skref í átt að aðlögun lánasjóðsins að almennum starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja.

Megininntak frumvarpsins er eftirfarandi:

1. Kveðið er á um skiptingu eigin fjár lánasjóðsins. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldi sveitarfélaga á hverju ári frá 1967 ráði skiptingu á þeim hluta eigin fjár lánasjóðsins sem myndaður er af framlögum úr jöfnunarsjóði og ríkissjóði á hverju ári frá stofnun lánasjóðsins en útistandandi lán um áramót hvert ár ráði skiptingu á þeim hluta eigin fjár sem myndaður er af öðrum rekstrartekjum hvers árs að frádregnum rekstrarkostnaði.

2. Stofnað verði opinbert hlutafélag um rekstur Lánasjóðs sveitarfélaga en félagið verði alfarið í eigu sveitarfélaga í samræmi við framangreinda skiptingu eigin fjár lánasjóðsins.

3. Takmörkun verður á meðferð hlutafjár. Hlutafé getur eingöngu verið í eigu sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja að fullu í eigu þeirra. Hámarksatkvæðisréttur eins hluthafa mun miðast við 15% og ekki verða heimiluð nein viðskipti með eignarhluti í tvö ár frá gildistöku laganna eins og þau eru áætluð, þ.e. til ársloka 2008, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lög þessi taki gildi 1. janúar nk.

Kveðið er á um að tilteknar ívilnanir sem Lánasjóður sveitarfélaga nýtur vegna almannaþjónustuhlutverks haldi gildi sínu. Lánasjóðurinn mun áfram hafa það hlutverk að tryggja sveitarfélögum hagstæðustu lánakjör sem fáanleg eru á hverjum tíma. Þrátt fyrir þá formbreytingu að stofnað verði opinbert hlutafélag um sjóðinn er gert ráð fyrir að tiltekin sérákvæði sem um hann gilda verði áfram í lögum.

Frá stofnun hefur lánasjóðurinn aldrei tapað útláni sem skýrist m.a. af sérákvæði í sveitarstjórnarlögum um að sveitarfélög geti veitt honum veð í tekjum sínum. Afar mikilvægt er að þetta ákvæði verði áfram í gildi. Einnig er gert ráð fyrir að lagaákvæði um skattfrelsi sjóðsins verði áfram í gildi verði frumvarpið að lögum.

Rétt er að minna á að við setningu laga um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 136/2004, setti Alþingi það skilyrði að hafin yrði vinna við að skilgreina eignarhald á sjóðnum. Þeirri vinnu er nú lokið og ríkti algjör samstaða á ársfundi sjóðsins, sem haldinn var í september sl., um þá skiptingu. Sama má segja um tillögu stjórnar um að breyta sjóðnum í opinbert hlutafélag í eigu allra sveitarfélaga.

Ég vil undir lok máls míns vekja athygli á því að auk heföbundinnar kostnaðarumsagnar fjármálaráðuneytisins sem fylgir þessu frumvarpi fylgir einnig umsögn skrifstofu sveitarstjórnarmála í félagsmálaráðuneytinu þar sem fjallað er um efnahagsleg áhrif frumvarpsins á sveitarfélögin.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[14:39]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því frumvarpi sem hér er mælt fyrir af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra. Það eru þó tvær spurningar sem mig langar að varpa til hans.

Í fyrsta lagi kemur það fram í máli hæstv. ráðherra að einn tilgangurinn með þessari breytingu sem verið er að gera á sjóðnum er að færa hann sem næst því umhverfi sem ríkir á fjármálamarkaði. Þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það samrýmist því markmiði að þessi sjóður njóti fullkomins skattfrelsis áfram.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hann hvort frumvarpið sé þannig úr garði gert að það skapi í reynd möguleika á því að eitt sveitarfélag eða hugsanlega eitt fyrirtæki í eigu sveitarfélags geti eignast allt hlutafé í þessum sjóði.

[14:40]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst út af skattfrelsinu. Hér er um að ræða sjóð sem starfar á grundvelli þess að vera almannaþjónustufyrirtæki og ég hygg að það séu kannski meginrökin varðandi skattfrelsið.

Varðandi hina spurninguna, hvort eitt sveitarfélag eða fyrirtæki geti keypt upp alla hluti, þá hygg ég að út af fyrir sig sé það hægt í framtíðinni en ég minni á það ákvæði í frumvarpinu að enginn einn hluthafi getur haft meira en 15% atkvæðisrétt á hluthafafundum.

[14:41]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er í sjálfu sér alveg sammála því markmiði sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra að þar sem um er að ræða almannaþjónustufyrirtæki eigi að greiða götu þess eins og best verður gert. Að því leytinu til hef ég síður en svo á móti því að það njóti skattfrelsis en þá finnst mér hins vegar að það sé umhendis að halda því fram að verið sé að færa þennan sjóð inn á svið þar sem umhverfi hans verði sem næst því sem ríkir á almennum fjármálamarkaði. Á þeim markaði ríkir sem betur fer ekki skattfrelsi heldur eru fjármálafyrirtæki í vaxandi mæli að reiða af höndum mjög mikilvægar skatttekjur. Ekki meira um það, frú forseti.

Svo langar mig bara, rökræðunnar vegna, að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé þá þannig að eitt tiltekið fyrirtæki, eins og Orkuveita Reykjavíkur, gæti fræðilega eignast allt hlutaféð. Hæstv. ráðherra svaraði því í reynd með jáyrði. Þá langar mig til þess að spyrja hann: Hver fer þá í slíku tilviki með hin 85 prósentin af atkvæðisréttinum ef við erum að tala um kringumstæður þar sem eitt sveitarfélag eða eitt fyrirtæki í eigu sveitarfélags á allan sjóðinn en hefur einungis 15% af atkvæðisrétti? Einhvers staðar hljóta hin 85 prósentin að liggja. Ég er viss um að þessi hæstv. ráðherra, sem hefur sýnt það með verkum sínum að hugsa fyrir öllu, hefur líka hugsað fyrir þessum möguleika.

[14:42]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Auðvitað er mögulegt, eins og hv. þingmaður orðaði það, held ég, að þetta geti gerst með þessum hætti. Ég held hins vegar að ákveðin markaðslögmál muni þá gilda í þessu eins og mörgu öðru og hver er þá hagur eins fyrirtækis eða eins sveitarfélags að kaupa upp hluti í þessum lánasjóði? Ég treysti mér ekki til að dæma um það hér og nú. (Gripið fram í.) Já, en þetta snýst náttúrlega bara um starfsemi sjóðsins og markmiðin með frumvarpinu eru alveg skýr.

Ákvæðið um 15% hámarkshlutdeild hlýtur að vera

ákveðin bremsa á það að menn vilji kaupa upp öll hlutabréf í sjóðnum, enda þori ég nánast að fullyrða að það muni ekki koma til, en framtíðin verður að skera úr um það.

[14:43]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú hafa sumar af þeim spurningum þegar komið fram sem ég hugðist spyrja en það eru þó ýmsar vangaveltur eftir.

Ég vil t.d. spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig fer um eignarhluta ef það verður niðurstaða íbúa í sveitarfélagi sem hefur sameinast að kljúfa sig aftur í sundur? Hvað gera menn varðandi eignarhlutann ef sveitarfélag sem hefur verið sameinað klofnar aftur upp í einhverjar einingar?

Í annan stað velti ég líka fyrir mér: Ef svo er að sú stofnun sem hér er um að ræða á að nálgast það að verða sem mest á viðskiptalegu sviði eins og slíkar stofnanir en hafa samt skattfrelsi og hægt verður að hafa algjörlega opin viðskipti um þessa eignarhluti, þá finnst mér svolítið horfið frá þeirri hugsun sem ég taldi að væri á bak við þessa lánastarfsemi til sveitarfélaganna, sem er að þjónusta á almannasviði og að veita sveitarfélögum sérstakan aðgang að fjármagni þegar þau hafa þurfa á því að halda. Ég held að þetta frumvarp þurfi að skoðast virkilega vel, hæstv. forseti, og að það sé ekki sjálfgefið að þetta geti gengið svona eftir eins og hæstv. ráðherra hefur lýst því.

[14:45]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson velti fyrir sér hvað mundi gerast ef sveitarfélag klofnar upp eða því yrði skipt upp með einhverjum hætti. Ég hygg að með þessa eign sveitarfélaga fari bara eins og um aðrar eignir, sveitarfélögin eiga margar eignir í fasteignum og öðru. Ég geri ráð fyrir að það verði með sama móti farið með þá eign sem er til umræðu, ég svara því þannig.

Skattfrelsi hefur verið hjá lánasjóðnum og það verður áfram. Ég held ég hafi svarað því áðan varðandi almannaþjónustuna.

Ég hvet eindregið til þess að félagsmálanefnd fari vel ofan í þetta mál. Eins og ég sagði í framsögu minni er um að ræða sjóð sem er alfarið í eigu sveitarfélaganna og hefur verið það frá upphafi. Það er ósk eigendanna að fara þessa leið og ég féllst á það, ég tel það góða leið. En ég hvet til þess að menn skoði þetta vel í nefndinni og fái þær upplýsingar sem menn telja sig þurfa þar.

[14:46]

**Útbýting:**

Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, 408. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 458.

Æskulýðslög, 409. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 460.

[14:47]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég held að þetta frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, sem hæstv. félagsmálaráðherra hefur mælt fyrir, þurfi ítarlegrar skoðunar við. Í andsvörum hafa þegar komið fram ýmis atriði sem mér finnst að þurfi að skoða.

Markmiðið með slíkum sjóði þarf að vera alveg skýrt og á að vera tekið fram í lögum. Ef það er ætlunin, eins og hér er sagt og hæstv. ráðherra sagði, að þessi sjóður eigi nánast að þjóna sama tilgangi og í hliðstæðu formi og verið hefur, þetta sé aðeins formbreyting, þ.e. að skilgreina eignarhluti eftir einhverri ákveðinni formúlu sem gefin var, í staðinn fyrir að áður var hann í sameign allra óskilgreint, þá á bara að segja að þetta sé formbreyting. Ef hann á líka að njóta annarra ívilnana eins og um opinbera þjónustustofnun væri að ræða, þá á að segja það og lagaumgjörðin á þá að vera þannig að svo sé tryggt.

Þess vegna á III. kafli á bls. 4 ekkert heima þarna, en þar segir:

„Ekki mega fara fram viðskipti með hluti í félaginu fyrr en 1. janúar 2009. Sveitarfélögum er þó heimilt að færa eignarhluti sína til stofnunar eða fyrirtækis sem að fullu er í eigu sveitarfélagsins.“

Ef tilgangurinn með frumvarpinu er alfarið sá, eins og sagt er, að það eigi að skilgreina hlutina og skipta þeim á sveitarfélögin og markmiðið sé áfram að hann sé í eigu sveitarfélaganna og þjóni sem slíkur, þá á hann að vera það, það er svo einfalt. Enda segir í IV. kafla að ríkisábyrgð sé má segja á öllum skuldbindingum sjóðsins þar sem félagsmálaráðherra getur greitt eða tekið af framlagi viðkomandi sveitarfélags og jöfnunarsjóðsframlagi til að standa skil á skuldbindingum ef hann gerir það ekki beint. Því má segja að það sé, enda er ég ekki að setja í sjálfu sér út á það.

En það að ætla að opna á að einstök fyrirtæki eða sveitarfélög geti eignast sjóðinn að stórum hluta, þó að atkvæðisréttur eins aðila sé bundinn við 15%, þá er það ekki markmið laganna, það er bara svo einfalt. Við höfum engan áhuga á að fara að búa til eitthvert einkavæðingarferli og fara bakdyramegin að einkavæðingu á sjóðnum, eins og umrædd tillögugrein býður upp á. Vilji menn breyta formi sjóðsins þá gerum við það með lögum en ekki að vera að hafa neina sjálfvirkni í lögunum sem gefur færi á að einstakur aðili geti eignast nánast allan sjóðinn og átt svo ríkisábyrgð á skuldbindingum hans eða skuldbindingum einstaklinga eða einstakra sveitarfélaga gagnvart honum.

Ég geri ekki beina athugasemd við þetta þó að menn séu að fara hérna út í einhverja kollhnísa og reiknikúnstir með því að reyna að skilgreina eigendahlutfall sjóðsins á einstök sveitarfélög. Það má vel vera að það sé skynsamlegt þó að ég sjái ekki beint markmiðið í því — nema markmiðið sé að opna á þá leið sem ég varaði við áðan, að einstök fyrirtæki á vegum sveitarfélaga eða sveitarfélag geti komist yfir allan sjóðinn, því að frá og með 1. janúar 2009 mega viðskipti fara fram um hluti í sjóðnum innan sveitarfélaganna og innan fyrirtækja í eigu þeirra.

Það er heldur ekki skýrt hvort sveitarfélög geti nú þegar — eða ég sé það ekki svona í fljótu bragði — afhent hluta af sínum hlut til fyrirtækis í eigu viðkomandi sveitarfélags, en það virðist vera svo. Eftir árið 2009 er það að minnsta kosti fullkomlega heimilt. Mér finnst orðalagið ekki alveg skýrt í lögunum hvort það er heimilt innan þess tíma.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta. Ég tel að það eigi að vera alveg skýrt hvert markmiðið er með

sjóðnum. Þetta er félagslegt markmið á tilveru sjóðsins og verkefnum hans gagnvart sveitarfélögunum og það á þá að vera svo. III. kaflinn er að mínu viti fullkomlega — ekki bara óþarfur heldur opnar hann fyrir einkavæðingu eða fyrir uppsöfnun á eignarhlutum sjóðsins á örfárra hendur. Ef menn vilja hafa það þannig eiga menn að segja það hreint út. En það er ekkert því til fyrirstöðu að lögum sé breytt ef mönnum sýnist ástæða til annars árið 2009 eða 2015 eða hvenær sem það er, ef það er vilji Alþingis á hverjum tíma. En einhver sjálfvirkni í uppsöfnun eignarhluta á ekki að vera í lögunum. Svo einfalt er það.

[14:53]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka umræðuna um málið sem ég tel mjög mikilvægt og miklir hagsmunir í því fyrir sveitarfélögin.

Aðeins út af því sem síðasti hv. ræðumaður sagði varðandi það sem kemur fram í frumvarpinu um eignarhaldið og hvernig því verði háttað, verði þetta að lögum, þá minni ég á, hv. þm. Jón Bjarnason, að þegar lögum um Lánasjóð sveitarfélaga var síðast breytt árið 2004 var það einfaldlega vilji Alþingis að þetta eignarhald yrði skýrt, eins og kom fram í ræðu minni. Það er í raun verið að fara eftir vilja þingsins að því leyti til. Síðan er það ósk frá eigendum sjóðsins að hann verði rekinn í því rekstrarformi sem heitir opinbert hlutafélag og ég er sammála því og þess vegna er þetta frumvarp hér komið.

Að öðru leyti heyri ég það á umræðunni að mikill áhugi er eðlilega fyrir þessu máli hjá hv. þingmönnum og ég hvet til þess að í félagsmálanefnd verði farið rækilega ofan í þetta og menn fái allar þær upplýsingar sem menn þurfa á að halda, það er eðlilegt, ég hvet því til þess. Að öðru leyti þakka ég þessa umræðu.

[14:55]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en ég ætla rétt aðeins að geta þess að vegna þess að lánasjóðurinn nýtur alls konar forréttinda, borgar ekki skatta og skyldur og nýtur auk þess núna samkvæmt frumvarpinu ríkisábyrgðar á lán sem tekin eru fyrir ákveðinn tíma, þá er ég á móti honum af því að hann skekkir samkeppni.

Hins vegar er ég mjög hlynntur frumvarpinu því það skýrir eignarhaldið. Ég hef verið í ákveðinni krossferð fyrir því að finna eigendur að öllu fé og þetta er liður í þeirri krossferð að finna eigendur og það verður allt annar andi í stjórninni sem kosin er af sveitarfélögunum þegar hún veit að hún er að fjalla um eignarhluta sveitarfélaganna í lánasjóðnum en ekki einhverja óljósa sameign. Þetta skerpir mikið á arðsemiskröfu.

Það er þarna örlítið sem ég er mjög hlynntur, að taka 3 milljarða af eigin fé og setja það út til sveitarfélaganna. Ég held að það sé gott mál, það er allt of mikið eigið fé í þessum sjóði. Það er nú ekki mikið fleira sem ég vildi segja, frú forseti, nema ég vildi þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni enn einu sinni. Hann er alltaf með svo góðar og frumlegar hugmyndir um hvernig megi einkavæða fyrirtæki ríkisins og það er mér virkilega mikil hvatning þegar hv. þingmaður heldur ræður sínar og segir að hægt sé að einkavæða þetta og hitt.

[14:56]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ekki tefja framgang þessa ágæta máls en það skiptir auðvitað máli að afstaða Sjálfstæðisflokksins liggi fyrir í málinu. Hér hefur talað einn þingmaður sjálfstæðismanna og hann er meira að segja einn helsti talsmaður Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum.

Hv. þm. Pétur Blöndal kom hér en ég hef ekki greind til þess að skilja afstöðuna sem hv. þingmaður var að lýsa. Hv. þingmaður sagðist algjörlega vera á móti þessum sjóði af rökum sem hann tiltók. Hins vegar sagðist hann vera hlynntur frumvarpinu. Ber þá að skilja það svo að hv. þingmaður ætli fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins að samþykkja frumvarpið en vera samt á móti efni þess?

[14:57]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að hv. þingmaður geri sér grein fyrir að sjóðurinn starfar í dag, það er ekki verið að mynda hann, ég ætla að vona að hann geri sér grein fyrir því.

Það sem við erum að gera núna er að skerpa á eignarhaldinu. Ég er hlynntur því en ég er á móti sjóðnum sem slíkum. Ekki er verið að tala um að leggja hann niður eða stofna hann eða gera eitthvað slíkt, heldur er verið að skerpa á eignarhaldinu og ég er mjög hlynntur því.

[14:58]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alltaf hættulegt þegar hv. þm. Pétur Blöndal fer að hæla mér og sérstaklega þegar ég fer að hæla honum til baka, þá er eitthvað mjög mikið að. En það sem er gott við hv. þm. Pétur Blöndal er að hann kemur oft skýrt að efninu hvort sem maður er innilega ósammála honum eða ekki. Það breikkar því umræðuna hvort sem hún verður betri eða ekki fyrir bragðið. (**GAK:** Þú ert skilningsríkur maður.) Já, ég er skilningsríkur.

Ég árétta að ef hinn eini vilji og tilgangur með frumvarpinu er að skýra eignarhaldið, eins og hæstv. félagsmálaráðherra kom inn á, að þetta hafi verið að ósk sveitarfélaganna að það yrði gert, þá getur Alþingi samt haft sjálfstæða skoðun á því. Þó að sveitarfélög óski eftir einhverju hefur Alþingi hina pólitísku skoðun sína og meirihlutaskoðun á því ef út í það fer. Það eru því ekki einhver algild sannindi þó að einhver annar vilji eitthvað öðruvísi heldur en Alþingi síðan ákveður.

En ef það er hinn einbeitti vilji að skýra eigi eignarhaldið og það verði svona en að öðru leyti starfi sjóðurinn óbreytt áfram og með óbreyttum tilgangi sem félagslegur sjóður, þá á hann að vera það. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann sé ekki sammála mér að þá eigi heldur ekki að vera í lögunum, hvort sem við erum með eða á móti einkavæðingu framdyramegin eða bakdyramegin, ef meiri hluti verður fyrir því að breyta sjóðnum í það að einstakir aðilar geti keypt hann upp, komist yfir hann að stórum hluta. Þá yrði bara lögunum breytt á Alþingi í þá veru ef meiri hluti er fyrir því. En viljinn á að vera fullkomlega skýr og ein-

faldur en ekki neinar bakdyr (Forseti hringir.) í því sambandi.

[15:00]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er tjáð að vinstri græn í sveitarstjórnum hafi verið hlynnt þessu. Ég veit ekki um neinn sem er sérstaklega á móti því að sveitarfélögin eigi þetta. (Gripið fram í.) Það að menn selji sinn hlut þýðir væntanlega að hann hafi orðið einhvers virði í höndum sveitarfélaganna. Ef einhver vill kaupa allan sjóðinn hækkar verðið bara þeim mun meira. Það er enginn neyddur til að selja.

Í þeim sveitarfélögum sem eru sniðug og bíða með að selja hækkar verðið bara og hækkar ef einhver vill endilega komast yfir sjóðinn. Það er jákvætt fyrir viðkomandi sveitarfélög og íbúa þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fjármálafyrirtæki, 1. umr.*

Stjfrv., 386. mál (eigið fé, EES-reglur). — Þskj. 428.

[15:01]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Frumvarpið mælir fyrir um hvernig staðið verður að innleiðingu á breyttum reglum um eigið fé fjármálafyrirtækja sem teknar eru upp á Evrópska efnahagssvæðinu með breytingum á tveimur tilskipunum, nr. 2006/48 og nr. 2006/49.

Reglurnar eru byggðar á staðli frá Basel-nefndinni um bankaeftirlit, svonefndum Basel II staðli sem gefinn var út í júní 2004 og uppfærður í nóvember 2005. Hann kemur í stað eldri staðals um eigið fé alþjóðlegra fjármálafyrirtækja sem að stofni til er frá 1988. Gert er ráð fyrir að þessar nýju reglur verði innleiddar í lög og reglur aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins með gildistöku hinn 1. janúar 2007.

Sú leið hefur verið valin í frumvarpinu, eins og reyndar víðar, að meginatriði breytinganna verða lögfest, verði frumvarpið að lögum, en útfærslum og tækniatriðum er vísað í reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Tilgangur þess að lögbinda ákveðið lágmark eigin fjár fjármálafyrirtækja sem þó ákvarðist af umfangi starfseminnar helgast af því að fjármálafyrirtæki þurfa að geta þolað talsverð fjárhagsleg áföll án þess að lenda í greiðsluþroti. Reglur Basel-nefndarinnar hafa það að markmiði að samræma reglur milli aðildarríkja nefndarinnar hvað varðar starfsemi alþjóðlegra fjármálafyrirtækja. Á Evrópska efnahagssvæðinu hefur frá upphafi verið farin sú leið að láta Basel-reglurnar gilda um öll fjármálafyrirtæki hvort sem starfsemi þeirra er alþjóðleg eða bundin við eitt land.

Markmiðið með breytingunum er einkum að ákvörðun um lágmark eigin fjár fjármálafyrirtækja verði byggð á nákvæmari viðmiðum en hingað til hefur verið stuðst við þannig að fyrirtæki sem hafa góða stjórn á áhættum sínum geti notið þess við útreikning á eiginfjárkröfunni. Þetta er gert með tvennum hætti: Meginreglur eru annars vegar ítarlegri en áður og auk þess geta stór fjármálafyrirtæki með öflugt skipulag fengið að byggja eiginfjárkröfuna á eigin áhættumati að hluta.

Ákvæði um eigið fé eru í 84. og 85. gr. laganna. Í þremur fyrstu málsgreinum 84. gr. eru ákvæði um lágmark eigin fjár sem lagt er til að breytist nokkuð þannig að nýjar málsgreinar koma í stað eldri. Síðari hluti greinarinnar er einkum skilgreining á eigin fé í þessu samhengi og leggur frumvarpið til nokkrar breytingar á henni. Lagt er til að hugtakið eiginfjárgrunnur verði notað í 84. gr. í stað hugtaksins eigin fjár en þetta hefur í för með sér breytingar á nokkrum öðrum lagagreinum. Breytingar eru lagðar til á 85. gr. sem fjallar um liði sem draga þarf frá eigin fé áður en það er borið saman við lágmarkið. Þá er lögð til breyting á 17. gr. vegna innleiðingar á ákvæði tilskipunar 2006/48 um fullnægjandi innri ferla við mat á áhættum og eiginfjárþörf fjármálafyrirtækis og breyting á 28. gr. vegna lagfæringar á undanþáguákvæði um hámark á virkum eignarhlutum en það ákvæði hefur áhrif á hvaða liðir dragast frá eiginfjárgrunni skv. 84. og 85. gr. laganna.

Eins og áður kom fram er reiknað með að þessar nýju reglur komi til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu hinn 1. janúar nk. Mikilvægt er því að frumvarp þetta verði að lögum fyrir áramót.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[15:06]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekkert hef ég neitt á móti Basel II fremur en ég hafði nokkuð á móti Basel hinum fyrsta. Ég er meira að segja hlynntur Basil fursta. En í máli hæstv. ráðherra kemur fram að sú stefna hafi verið tekin af hálfu ráðuneytisins að innleiða meginbreytingarnar sem leiða af þessum tilskipunum tveimur í lög en skilja útfærsluna eftir með þeim hætti að hún komi fram í reglum Fjármálaeftirlitsins. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hefði ekki dugað að láta tilskipanirnar og þær breytingar sem af þeim leiða koma allar fram í reglum Fjármálaeftirlitsins? Er beinlínis nauðsynlegt að setja sérstök lög þar um?

[15:07]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé litið almennt svo á að það sé nauðsynlegt að a.m.k. undirstöðureglur og -rammar séu lagðir í lögum til þess að um fullnægjandi löggildingu sé að ræða í aðildarlöndunum, það sé hins vegar kannski matsatriði hversu langt er gengið í því. Hér er reynt að fara hóflega leið í þessu máli.

[15:07]

**Ágúst Ólafur Ágústsson**:

Frú forseti. Hér er á ferðinni afskaplega spennandi mál um eiginfjárreglur fjármálafyrirtækja sem við í efnahags- og viðskiptanefnd hlökkum mikið til að skoða og einhenda okkur í.

Það segir sig sjálft að það er auðvitað mikilvægt að hafa samræmdar reglur á þessu sviði eins og á svo mörgum öðrum sviðum. Ef ég skil hæstv. viðskiptaráðherra rétt er hér um að ræða skyldu okkar til að innleiða efnisreglur þeirra tilskipana sem hann vísaði til. Það væri reyndar fróðlegt að fá viðbrögð frá hæstv. viðskiptaráðherra um hvort hér sé um að ræða skyldu eða ekki, hvort við höfum í rauninni eitthvert val hvað þetta varðar. Það væri líka fróðlegt að vita að hvaða leyti við höfum svigrúm í efnahags- og viðskiptanefnd til að koma að breytingum þessa máls. Markmiðið er væntanlega að stuðla að samræmingu og þá hlýtur svigrúm löggjafans eðli málsins samkvæmt að vera mjög takmarkað.

Við sjáum að markmiðið með þessum breytingum er fyrst og fremst að ákvörðun um lágmark eigin fjár fjármálafyrirtækja verði byggð á nákvæmari viðmiðum en hingað til hefur verið stuðst við og að fyrirtæki sem hafa góða stjórn á áhættum sínum geti notið þess við útreikning á eiginfjárkröfunni. Meginreglurnar eru víst ítarlegri en áður og stór fjármálafyrirtæki með öflugt skipulag geta fengið að byggja eiginfjárkröfuna á eigin áhættumati að hluta.

Eins og ég skil frumvarpið eru þetta efnisatriði málsins. Mig langar að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort hér sé verið að bregðast við einhverjum vanda hvað þetta varðar, hvort honum sé kunnugt um að eitthvað hafi kallað á þessa breytingu úti í hinum stóra heimi og hvort þessar breytingar muni breyta einhverju í raun og veru varðandi íslensku fjármálafyrirtækin. Hver er hin praktíska breyting, ef svo mætti segja?

Í greinargerðinni er sagt að framvegis muni lánastofnanir geta valið á milli ýmissa aðferða við uppgjör á eiginfjárkröfum vegna lánaáhættu og að annaðhvort verði unnt að velja tiltölulega einfalda aðferð, sem kallast staðlaða aðferðin, eða þá að velja aðra tveggja flóknari aðferða sem m.a. byggjast á eigin útreikningi fyrirtækja á áhættu. Það kallast víst innramatsaðferðir. Notkun innramatsaðferðar er háð heimild frá Fjármálaeftirlitinu sem jafnframt mun hafa reglulegt eftirlit með því hvort aðferðirnar sem beitt er standist ýmsar kröfur sem gerðar eru.

Síðan segir þarna, með leyfi forseta:

„Staðlaða aðferðin minnir á þá aðferð sem nú er notuð til að reikna út eiginfjárkröfu. Líklegt er að langstærstur hluti fjármálafyrirtækjanna miðað við fjölda muni velja hana. Innramatsaðferðirnar gera strangar og kostnaðarsamar kröfur til áhættumats fyrirtækjanna og er því búist við að einungis stærri fyrirtæki sæki um leyfi til að nýta þær aðferðir."

Fjármálafyrirtækjum er veitt valfrelsi milli tvenns konar aðferða. Mig langar að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort það sé skynsamlegt að hafa tvenns konar aðferðir sem fyrirtækin geti valið um og hvort á þeim sé einhver grundvallarmunur sem gæti vakið einhvern misskilning eða eitthvað slíkt eftir því hvaða aðferðir menn styðjast við. Mig langar einnig að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort markaðsaðilar fjármálafyrirtækja hér á landi hafi sýnt þessu máli einhvers konar viðbrögð, hvort honum sé kunnugt um það. Býst hann við einhverjum vandkvæðum eða að íslensku fjármálafyrirtækin nái að fara að starfa eftir þessum lagabreytingum strax 1. janúar? Er nægur tími til að undirbúa viðkomandi fyrirtæki, eru þau í stakk búin til að fara eftir þessu? Þetta snertir auðvitað það hvort þetta séu í raun og veru miklar breytingar eða hvort þær séu aðallega tæknilegs og formlegs eðlis.

Mig langar einnig að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra um kostnaðinn. Í greinargerðinni er sagt að kostnaðurinn muni aukast, þá væntanlega bæði hjá Fjármálaeftirlitinu og hjá fjármálafyrirtækjunum sjálfum. Rekstur Fjármálaeftirlitsins er fjármagnaður með ríkistekjum af eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og hér er sagt að þeim kostnaði verði mætt af þeim tekjum. Mig langar því að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra: Hversu mikið mun eftirlitsgjaldið hækka ef við samþykkjum þetta frumvarp? Mun sú hækkun ekki að öllu leyti duga fyrir þeim kostnaði sem Fjármálaeftirlitið verður fyrir við lögfestingu þess?

Einnig væri fróðlegt að vita hvort viðskiptaráðuneytið hafi metið það hvort kostnaður hjá fyrirtækjunum sjálfum muni aukast við að uppfylla þessar kröfur, hvort við séum að lögleiða hér það íþyngjandi reglur að talsverður kostnaður falli á viðkomandi fyrirtæki. Er e.t.v. hægur vandi fyrir þessi fyrirtæki að uppfylla kostnaðinn?

Að lokum langar mig að forvitnast um atriði sem hæstv. viðskiptaráðherra kom inn á í andsvari sínu sem lýtur að því að útfærslurnar og tækniatriðin eigi að vera ákvörðuð í reglum sem eru settar af Fjármálaeftirlitinu. Gerir hann ráð fyrir miklum breytingum hvað það varðar? Mun Fjármálaeftirlitið ráðast í meiri háttar breytingar á sínu regluverki vegna þessa frumvarps?

Í sjálfu sér styð ég markmið þessa frumvarps. Mér finnst það samræming á mikilvægum reglum. Samræmingin er góð. Hún er grundvöllur Evrópusamvinnunnar. Við höfum séð hvað þetta regluverk sem kemur frá Evrópusambandinu hefur fært okkur margt jákvætt í okkar samfélagi. Í rauninni sjáum við allar grundvallarbreytingarnar á fjármálalöggjöfinni, samkeppnislöggjöfinni, viðskiptalöggjöfinni, persónuréttarlöggjöfinni, umhverfislöggjöfinni, fjarskiptalöggjöfinni — svona mætti lengi telja. Við sjáum að þær breytingar á þessum lagabálkum, lagaumhverfi, koma að stærstum hluta frá Evrópusambandinu og í langflestum tilvikum eru þessar breytingar til batnaðar. Ég hef enga ástæðu til að efast um að þessar breytingar sem við erum að innleiða hér varðandi eiginfjárreglurnar séu af sama meiði, þ.e. að gera fjármálafyrirtæki okkar samkeppnishæfari og gegnsærri.

[15:15]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Ég fagna því frumvarpi sem hér er komið fram. Það er mjög nauðsynlegt í þeirri stöðu sem við erum í nú með atvinnulíf sem hefur blómstrað óvenjuhratt og mikið og starfar ötullega jafnvel utan lands, alveg sérstaklega þar með þessari útrás eins og hún er kölluð. Við það magnast upp áherslur sem menn hafa kannski ekki kynnst áður, alla vega ekki að stærðargráðunni til. Þetta er þvílík áhætta að menn eiga mjög erfitt með að átta sig á henni. Það er tugmilljarða áhætta sem menn eru að taka í einstökum dæmum og jafnvel hundruð milljarða. Því er orðið mjög mikilvægt að bankarnir sem eiga mikla hagsmuni þarna tengda hafi bæði gott áhættustýringarkerfi innan borðs,

innra eftirlit með áhættu og aðferðir til að dreifa áhættu. Brýnt er að opinberir eftirlitsaðilar gæti þess að þessi kerfi vinni rétt og að annarri áhættu sem kerfin taki ekki til sé mætt þannig að sparifjáreigendur og aðrir viðskiptamenn bankanna þurfi ekki að óttast að neitt komi upp á. Það er þekkt úr gjaldþrotafræðum og öðrum fræðum sem fjalla um líkindi að þegar menn taka mjög mikla áhættu og í vaxandi mæli þá er gjaldþrotið nánast óumflýjanlegt. Það er bara spurning hvenær. Þess vegna er mjög brýnt að bankar sem lána í svona starfsemi séu búnir undir það að taka á slíkum vandamálum. Mér sýnist nú að menn séu mjög duglegir í bönkunum að dreifa áhættunni til að geta ráðið við það ef einhverjir aðilar fara illa í sínum fjárfestingum.

Frú forseti. Ég styð þetta frumvarp. Ég mun vinna að hröðum framgangi þess í hv. efnahags- og viðskiptanefnd og kalla til gesti sem vonandi geta skilað góðum niðurstöðum og góðum greinargerðum þannig að frumvarpið megi batna ef þörf er á í nefndinni.

[15:17]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessi ágætu viðbrögð og prýðilegar spurningar sem ég vonast til að geta fjallað eitthvað um þó þeim verði kannski ekki svarað endanlega í stuttu svari. Ég vil þakka þær ágætu undirtektir sem hér hafa komið fram hjá hv. þingmönnum.

Í sem einföldustu máli er um það að ræða að gera samræmda sundurliðun á áhættuþáttum á efnahagsreikningi og setja síðan samræmt margfeldi við hvern lið fyrir sig. Það er í allra skemmstu máli það sem um er að ræða þannig að niðurstöðutala á þessum áhættumatsreikningi sé með þeim hætti að viðskiptaaðilar og stjórnendur hvers fjármálafyrirtækis geti þokkalega við unað í þokkalegu öryggi.

Í sjálfu sér eru Basel II reglurnar ekki skylda, en innleiðing þeirra verður skylda við það að þær eru teknar upp í tilskipun. Það gerist raunverulega með þeim hætti. Það er kannski ekki rétt að segja að þessar reglur séu settar vegna einhverra sérstakra vandamála eins og hv. þingmaður spurði um. Það er frekar um það að ræða að þetta er þróunarstig. Þetta er liður í langri þróun. Vinnan við Basel II staðalinn hefur staðið yfir í mjög mörg ár. Hún hefur farið í gegnum margar umræður meðal fjármálastofnana og er ákaflega vönduð og reyndar flókin vinna þarna að baki. Það er ekki heldur um það að ræða að það séu sérstök vandamál í íslenskum fjármálafyrirtækjum sem verið er að mæta heldur frekar þróunarþarfir þeirra eins og ég sagði og ég hygg að einn sterkasti hvatinn til að taka upp þessar reglur hér á landi sé einfaldlega hagsmunir og öryggi fyrirtækjanna. Með því að fylgja þessari þróun vel eftir sýna þau sig að vera metnaðarfull, örugg og traust á alþjóðlegum markaði.

Þá var spurt hvort það væri heppilegt eða eðlilegt að hafa tvær eða reyndar þrjár aðferðir um að velja. Sannleikurinn er sá að flest minni fyrirtæki, og þar af leiðandi trúlega öll íslensku fyrirtækin, eiga kost á því að velja stöðluðu leiðina. Hinir kostirnir tveir um innramatsaðferðir eiga þá frekar við um þau fyrirtæki sem eru stærri, eru metnaðarfyllri, eru í flóknari viðskiptum, eru kannski í áhættufyllri viðskiptum og telja sér þess vegna henta eða jafnvel nauðsynlegt á markaði að sýna að þau viðhafa svo mikla vinnu, svo vandaða vinnu og svo flókið og fullkomið kerfi sem þar heimtist til.

Það kann að vera að ýmis vandkvæði verði við innleiðslu þessara nýju reglna. Ég á reyndar ekki von á því fyrir þau fyrirtæki sem taka upp staðlaða aðferð. En ég held að það geri sér allir grein fyrir því að upptaka innramatsaðferðar tekur býsna langan tíma hjá fyrirtæki og ég held að það sé gert ráð fyrir því að þau hafi tíma og svigrúm til þess arna enda um valkvæðar ákvarðanir að ræða.

Við vitum ekki núna hver kostnaður verður af þessu. Í sjálfu sér má segja að útgáfa leiðbeinandi reglna af hálfu fjármálaeftirlitsins liggi kannski að talsverðu leyti fyrir í því að þessar tilskipanir séu fyrir hendi og álit Basel II nefndarinnar sé fyrir hendi og það er kunnugt öllum íslenskum bankamönnum og sérfræðingum fjármálaeftirlitsins til nokkurra ára nú þegar þannig að það er ekki þar með sagt að það verði mjög mikill kostnaður við það umfram það sem ella yrði. En einhver kostnaður verður þetta og vitanlega verður það talsverður kostnaður í metnaðarfullum fyrirtækjum að kaupa til sín alla þá flóknu sérfræðivinnu sem er dýr við að búa til þessa áhættugrunna og til dæmis þau sem taka innramatskerfið.

Ég endurtek að ég þakka þessar ágætu undirtektir og vönduðu spurningar sem hér komu fram og sýna hvað þetta er í raun og veru heillandi mál fyrir þá sem hafa á annað borð hafa áhuga á slíkum efnum.

[15:22]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir greinargóð svör. Það er fróðleg vinna fram undan í efnahags- og viðskiptanefndinni og við höfum sem betur fer ágætan tíma núna á nefndardögum eftir helgi.

Mig langar að inna viðskiptaráðherrann eftir dálitlu varðandi kostnaðinn. Hæstv. viðskiptaráðherra segir að kostnaðurinn sé ekki alveg klár, þ.e. hvað varðar aukinn kostnað hjá Fjármálaeftirlitinu. Að sama skapi er væntanlega erfitt að meta þann kostnað sem verður fyrir hendi hjá sjálfum fjármálafyrirtækjunum og kannski ómögulegt fyrir viðkomandi ráðherra að meta það. En mig langaði að inna eftir því hvort það væri alveg öruggt að þeim kostnaði sem þó hlýst af þessu frumvarpi hjá Fjármálaeftirlitinu verði að öllu leyti mætt með hækkuðu eftirlitsgjaldi þannig að við munum ekki sjá fjármagn tekið úr sameiginlegum sjóðum landsmanna í formi skatta sem fara til Fjármálaeftirlitsins. Er það alveg öruggt og réttur skilningur að aukinn kostnaður Fjármálaeftirlits verði ekki fjármagnaður af skattfé heldur af þessum þjónustugjöldum sem Fjármálaeftirlitið nú þegar innheimtir af fjármálafyrirtækjunum sjálfum?

[15:24]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að megnið af þeim kostnaði sem um verður að ræða yrði innheimtur hjá viðkomandi fyrirtækjum því hér er um sértækan kostnað að ræða vegna sértækra verkefna. Ég hygg að hann muni dreifast á jafnvel nokkur ár. Sannleikurinn er þó sá að þessar reglur sjálfar liggja fyrir í þeim alþjóðlegu textum sem fyrir hendi eru

þannig að það þarf ekki að nema nein ný þekkingarlönd á þessu sviði. Ég geri ráð fyrir því að það verði nægur tími til að bregðast við þörfum, aðstæðum og óskum sem kunna að koma upp við þessa innleiðingu. Ef óskað verður eftir því að tekið sé úr sameiginlegum sjóðum þá mun það vafalaust helgast af því að þar sé um einhver sameiginleg hagsmunamál að ræða. Að því leyti sem um er að ræða upptöku sérstakra reglna í einstökum fyrirtækjum þá tel ég tvímælalaust að það verði innheimt með venjulegum hætti af hálfu Fjármálaeftirlitsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, 1. umr.*

Stjfrv., 378. mál (áfrýjunarnefnd neytendamála, faggilding). — Þskj. 415.

[15:25]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum á sviði Neytendastofu sem er á þskj. 415.

Frumvarp þetta er tvíþætt. Annars vegar miða breytingar þær sem lagðar eru til að því að unnt verði að skjóta öllum ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Hins vegar eru lagðar til breytingar á tveimur lagabálkum sem nauðsynlegt er að gera vegna lagabreytinga sem gerðar voru á síðasta þingi þegar framkvæmd faggildingar var færð frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu með lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og þegar lög um vog, mál og faggildingu voru felld úr gildi með lögum nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Áfrýjunarnefnd neytendamála var sett á stofn með lögum nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda, á árinu 2005. Til áfrýjunarnefndar neytendamála er nú hægt að skjóta stjórnvaldsákvörðunum Neytendastofu sem teknar eru á grundvelli laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og annarra laga sem heyra undir Neytendastofu og hafa að geyma heimild til málskots. Slíka málskotsheimild er nú að finna í lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, lögum um neytendalán og lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Í frumvarpi því sem nú er mælt fyrir er lagt til að málskotsheimild til áfrýjunarnefndarinnar verði sett í öll önnur lög sem Neytendastofa hefur eftirlit með framkvæmd á, þ.e. lög um alferðir, lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga, lög um rafrænar undirskriftir og lög um vörur unnar úr eðalmálmum. Jafnframt er lagt til í frumvarpi þessu að orðalagi áfrýjunarheimilda í lögum um neytendalán og lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu verði breytt til samræmis við orðalag heimildarákvæða þeirra sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Breytingin er lögð til þar sem mikilvægt er talið að unnt sé að skjóta ákvörðunum stofnunarinnar til æðra stjórnvalds, en margar ákvarðanir Neytendastofu varða einstaklinga sem neytendur og er því mikilvægt að þeir hafi aðgang að ódýrri, skilvirkri og einfaldri leið til að fá ákvarðanir stofnunarinnar endurskoðaðar.

Þá er lagt til að bætt verði við ákvæði í þá lagabálka sem ekki hafa slík ákvæði nú þess efnis að um meðferð mála hjá Neytendastofu fari samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Markmið breytingarinnar er að tryggja gagnsæi og samræmi í málsmeðferð hjá Neytendastofu.

Hæstv. forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og til hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[15:30]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Hér erum við að tala um frumvarp um breytingu á lögum á sviði Neytendastofu. Það er sagt að markmiðið með frumvarpinu sé tvíþætt. Annars vegar séu lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum laga um Neytendastofu sem hún hefur eftirlit með framkvæmd á. Þar á að miða breytingar að því að unnt sé að skjóta öllum ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Í annan stað eru lagðar til breytingar sem varða færslu á framkvæmd faggildingar frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu.

Hér er auðvitað um mjög mikilvægt mál að ræða. Neytendamálin í heild sinni ættu að mínu mati að vega þyngra í pólitískri umræðu en þau gera núna. Allir landsmenn eru jú neytendur og mér finnst að hagsmunir neytenda þurfi oft að lúffa fyrir hagsmunum annarra hópa, svo sem Bændasamtakanna, eins og við þekkjum úr umræðu um hvort samkeppnislög eigi að gilda um landbúnaðinn eða ekki.

Í því máli er grundvallarmunur á afstöðu Samfylkingarinnar annars vegar og ríkisstjórnarflokkanna hins vegar sem við tókumst á um fyrr í haust. Þar er Samfylkingin sammála talsmanni neytenda um að, að sjálfsögðu sé það í hag neytenda og í raun í hag bænda einnig, að innleiða samkeppni á landbúnaðarmarkaðnum eins og öðrum á mörkuðum. En þótt þetta sé ekki efni þess frumvarps sem nú er til umræðu undirstrikar það samt að við þurfum að ræða oftar um neytendamál.

Hér er verið að bæta inn, eins og mér skilst, heimild til að skjóta öllum ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála og í sjálfu sér er það jákvætt. Við höfum þá meginreglu í stjórnsýslu okkar að stjórnvaldsákvörðunum er hægt að skjóta til æðra stjórnvalds nema í algerum undantekningartilvikum og síðan er dómstólaleiðin að sjálfsögðu alltaf fær. En á meðan það er áfrýjunarleið þá ber mönnum að nýta sér hana.

Mig langar að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort áfrýjunarheimild sé ekki heimil samkvæmt þeim lögum sem nú gilda. Og er það þá rétt skilið að þeim ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli þeirra laga sem hér eru talin upp hafi ekki verið hægt að áfrýja til áfrýjunarnefndar samkeppnismála? Eða hafa menn stuðst við einhverja aðra almenna heimild annars staðar í lagasafninu? Er hér verið að bæta áfrýjunarleiðina eða er einfaldlega verið að setja hana í þá lagabálka sem hér eru taldir upp?

Sé þessi áfrýjunarheimild ekki til staðar núna og verið sé að bæta úr því, sem er auðvitað jákvætt, þá má væntan-

lega gera ráð fyrir að málum muni fjölga hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála. En hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinum auknum kostnaði fyrir ríkissjóð verði þetta frumvarp samþykkt. Mig langar því að spyrja hvort ekki megi gera ráð fyrir því að kostnaður við áfrýjunarnefnd samkeppnismála muni aukast ef málum muni fjölga í ljósi þess að hægt verður að skjóta fleiri ákvörðunum Neytendastofu til viðkomandi nefndar.

Við sjáum að hér er sett inn áfrýjunarheimild í lagabálka sem geta snert ýmiss konar viðskipti og mjög fjölbreytileg viðskipti. Við erum að tala um breytingu á lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga og breytingu á lögum um rafrænar undirskriftir. Og breytingu á lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Þetta eru allt lagabálkar sem í eðli sínu geta snert ýmiss konar viðskipti. Væntanlega þegar tíminn líður munu ákvarðanir Neytendastofu vera að einhverju leyti á sviði þessara laga. Því er einboðið að mínu viti að málum muni fjölga, þ.e. að því gefnu að hér sé verið að bæta inn alveg nýrri áfrýjunarheimild.

Mig langar því að spyrja varðandi kostnaðinn hvort það sé ekki skammsýni að gera ráð fyrir að enginn kostnaður muni hljótast af þessu frumvarpi. Mig langar einnig að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort það standi til að efla með einhverjum hætti áfrýjunarnefndina til lengri tíma og um leið sömuleiðis að efla Neytendastofu og embætti talsmanns neytenda.

Að lokum langar mig að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra, fyrst við erum að ræða þetta mál, hvernig reynslan af Neytendastofu og talsmanni neytenda sem tók til starfa árið 2005, með lögum frá 2005, hafi verið. Hvort reynslan hafi ekki verið hreint með ágætum og hvort við þurfum að hafa þá langtímasýn að jafnvel efla og fjölga mannafla hjá Neytendastofu og hjá talsmanni neytenda. Og hvort hann deili þeirri skoðun með mér að við eigum heldur að ýta undir starfsemi þessara eftirlitsaðila frekar en hitt.

[15:34]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka ágætar undirtektir og vandaðar spurningar sem hv. þingmaður bar hér fram. Eins og segir í fylgiskjali með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði fyrir ríkissjóð af innleiðingu þessa frumvarps og gera má ráð fyrir því að það verði sparnaður fyrir dómstóla að einhverju leyti við það að menn nýti meira þá leið að skjóta málum til áfrýjunarnefndar.

Eins og þetta er núna eru heimildir fyrir hendi til að skjóta stjórnvaldsákvörðunum Neytendastofu sem miðast við eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gegnsæi markaðarins og við nokkur önnur lög einnig til áfrýjunarnefndar.

Frumvarpið gerir sem sagt ráð fyrir því að auka heimildir neytenda að verulegum mun. Það kemur fram hvaða lög þar er um að ræða, ég þarf ekki að telja þau upp aftur því ég gerði það áðan.

Hér er sem sagt um það að ræða að styrkja mjög heimildir og möguleika neytenda til þess að skjóta málum til úrskurðarnefndarinnar og fá þar tiltölulega skjótan málefnalegan úrskurð á mál sín eða vafaefni. Ég held ótvírætt að það sé réttarbót að því fyrir neytendur almennt.

Eftir þeim upplýsingum sem ég hef þá hefur starfsemi Neytendastofu og talsmanns neytenda gengið mjög vel. Þar hafa menn auðvitað verið að vinna í ýmsum fyrstu verkum og skipulagsverkefnum eftir þær breytingar sem orðið hafa á lögum og reglum um þessi málefni og þessar stofnanir. En ég hef ekki orðið var við annað en að það hafi gengið ágætlega og hafi skilað allgóðum árangri að svo miklu leyti sem forsendur eru til að æskja árangurs þegar í stað, eftir svo stuttan tíma. En ég þakka undirtektir.

[15:37]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hæstv. viðskiptaráðherra. Hér er um að ræða réttarbót, þ.e. við erum að skjóta hér, ef ég skildi hæstv. viðskiptaráðherra rétt, stoðum undir þá heimild að það ætti að skjóta öllum ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Ég held ég hafi mismælt mig og kallað þetta áfrýjunarnefnd samkeppnismála. En þetta er að sjálfsögðu önnur nefnd, áfrýjunarnefnd neytendamála. Svo það komi hér fram.

En ég tók ekki eftir því hvort hæstv. viðskiptaráðherra kom inn á hugsanlega aukinn kostnað nefndarinnar. Fyrst hæstv. viðskiptaráðherra telur að þetta muni jafnvel leiða til sparnaðar fyrir dómstóla og fjölga málum til þessarar nefndar, þá hlýtur kostnaðurinn að aukast við viðkomandi nefnd.

Því langar mig að spyrja aftur í þessu andsvari hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann ætli að mæta þeim aukna kostnaði með einhverjum hætti. Eða hvort hann telji það svigrúm vera fyrir hendi hjá áfrýjunarnefndinni nú þegar, að hún sé í stakk búin til að mæta þessari fjölgun mála. Síðan væri jafnvel fróðlegt að heyra, þ.e. ef hann hefur það á takteinunum, hversu fjölmenn nefndin er nú þegar og hvað hún kostar í dag.

[15:38]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef reyndar ekki almennileg svör við þeim spurningum sem nú voru lagðar fram. Ég hef skilið það svo að úr því að ekki verður aukinn kostnaður ríkissjóðs, þá sé gert ráð fyrir því að þarna sé um einhver mörkuð gjöld að ræða sem séu fyrir þjónustu nefndarinnar og þá greidd af öðrum aðilum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Flugmálastjórn Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 390. mál (heimildir til gjaldtöku). — Þskj. 432.

[15:39]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006. Eins og þingheimi er kunnugt voru samþykkt á hinu háa Alþingi síðastliðið vor tvö lagafrumvörp um breytingu á starfsemi og skipulagi Flugmálastjórnar Ís-

lands. Markmið þeirra var stofnun opinbers hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur sem Flugmálastjórn hefur annast og hins vegar að skipa málum þannig að Flugmálastjórn Ísland sinni áfram stjórnsýslustarfsemi og þar með eftirlitsstarfsemi.

Ljóst var þegar framangreind frumvörp voru lögð fram að ekki mundi fyllilega nást að ljúka mótun gjaldaákvæðis vegna Flugmálastjórnar Íslands. Lögin voru því samþykkt með almennri gjaldaheimild í 9. gr. laganna.

Megintilgangurinn með frumvarpi þessu er að leggja til nýja skipan varðandi gjaldtöku Flugmálastjórnar með almennum gjaldaheimildum stofnunarinnar. Jafnframt eru felldar niður ýmsar skattlagningarheimildir í lögum um loftferðir, nr. 60/1998, og lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, sem ekki er lengur þörf fyrir.

Hafist var handa við að ljúka vinnunni í haust og liggur að baki mikil vinna hjá Flugmálastjórn við að tengja kostnað og eftirlit við drög að gjaldskrá sem nú liggur fyrir.

Gerðar voru nokkrar breytingar á dögunum í samræmi við athugasemdir frá gjaldanefnd fjármálaráðuneytis. Með þessu er lögð til sú grundvallarbreyting að verið er að hverfa frá skattheimtu en taka í stað þess gjöld sem verða kostnaðartengd. Flest gjaldanna sem talin eru upp í frumvarpinu eiga sér fyrirmynd í núgildandi lögum og gjaldskrá. Með að setja fram eitt ákvæði er telur upp gjöld sem heimilt er að innheimta er gjaldtakan gerð eins skýr og gagnsæ og mögulegt er.

Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á heildargjaldtöku gagnvart flugrekendum en nokkrar breytingar verða innan gjaldskrárinnar, þ.e. að tilfærsla verður milli einstakra kostnaðarþátta sem taka mið af greiningu á kostnaði sem átt hefur sér stað. Frumvarpið gerir ráð fyrir um 20% hækkun á útgáfu fyrsta lofthæfisskírteinis sem er reyndar skattur. Hafa verður í huga að gjöld og skattar sem kveðið er á um í loftferðalögum hafa ekki hækkað í tíð gildandi laga og í raun ekki frá árinu 1992. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir nýjum gjaldaheimildum vegna eftirlits Flugmálastjórnar með hlutafjárvæddri flugleiðsögustarfsemi, þ.e. vegna Flugstoða ohf.

Frumvarpið var unnið í samstarfi samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar og flugráð hefur fengið frumvarpið til umsagnar og ekki gert við það athugasemdir. Þá var það einnig sent til umsagnar hagsmunaaðila og hafa engar athugasemdir borist frá þeim.

Frumvarpið er aðeins tvær greinar og er í 1. gr. þess kveðið á um gjaldaheimild Flugmálastjórnar. Það er kveðið á um heimild til að innheimta gjöld vegna útgáfu skírteina, starfsleyfa, heimildaeftirlits og vottunar, auk annarrar starfsemi svo sem vegna sérstakrar þjónustu sem óskað er vegna vottunar, viðurkenningar, prófunar eða veitingar heimilda.

Lýst er ítarlega í 1. gr. frumvarpsins hvernig hátta skal heimild Flugmálastjórnar Íslands til innheimtugjalda. Eru það bæði árleg gjöld svo sem vegna árlegs eftirlits og útgáfu skírteina svo og gjöld fyrir einstaka þjónustuþætti svo sem prófgjöld til útgáfuheimilda sem tengjast einstökum atburðum og vegna samhæfingar eða samstarfs við erlend stjórnvöld í þágu eftirlitsskylds aðila.

Eins og fyrr segir eiga flest gjaldanna sem talin eru upp í 1. gr. frumvarpsins sér fyrirmynd í núgildandi lögum og gjaldskrá. Nýmæli í frumvarpinu er heimild til að krefjast innheimtu fyrirframgreiðslu vegna yfirferðar gagna og samskipta svo sem vegna útgáfu starfsleyfis eftirlitsskylds aðila. Er það talið nauðsynlegt þar sem slík vinna er iðulega tímafrek og kann að dreifast yfir langan tíma án þess að tryggt sé að umsækjandi ljúki umsagnarferli.

2. gr. lagafrumvarpsins kveður á um gildistöku og niðurfellingu heimilda í lögum um aukatekjur ríkissjóðs til innheimtugjalda vegna útgáfu skírteina og flugrekstrarleyfa þar sem þau færast inn í 9. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands. Einnig er mælt fyrir um brottfall annarra gjaldtökuheimilda er varða lendingargjöld og fleira sem einnig hefur verið tekið inn í hið nýja lagafrumvarp.

Virðulegi forseti. Hér verður að öðru leyti ekki farið nánar yfir ákvæði frumvarpsins sem skýrð eru í athugasemd við einstakar greinar þess. Frumvarpið er til þess fallið að gera alla gjaldtöku er varðar útgáfu skírteina, heimildaeftirlit og vottun eins skýra og gagnsæja og mögulegt er.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgöngunefndar og vænti ég góðs samstarfs við þingmenn um að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi. En þess ber að geta að ráðuneytið hefur haft góða samvinnu við samgöngunefnd og farið yfir flest þau frumvörp sem eru á dagskrá þingsins og til meðferðar í þinginu. Ég tel mjög mikilvægt að slík forvinna fari fram og þakka hv. samgöngunefndarmönnum fyrir gott samstarf hvað það varðar.

[15:45]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er í sjálfu sér þakkarvert að hæstv. ráðherra skuli hafa unnið forvinnu í málinu. Mættu ýmsir kollegar hans og starfssystur í hæstv. ríkisstjórn taka sér þau vinnubrögð til eftirdæmis og reyna frekar að ná meiri sátt um ýmis mál sem hingað koma og eru ákaflega umdeild.

Ég hafði talið, áður en ég hlýddi á mál hæstv. ráðherra, að í þessu frumvarpi væri ekki um að ræða nein ákvæði sem leiddu til aukinnar gjaldtöku. Hæstv. ráðherra greindi hins vegar frá því að í 2. gr. frumvarpsins væri að finna auknar gjaldtökuheimildir. Mig langar því til að spyrja hann: Er það svo að hér sé fortakslaust verið að veita nýjar gjaldtökuheimildir og hvað er gert ráð fyrir að sú gjaldtaka kunni að nema miklu þegar allt er saman reiknað?

[15:46]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu minni gerum við ráð fyrir að umsvif þeirrar starfsemi sem í dag fellur undir flugöryggissvið Flugmálastjórnar verði í öllum aðalatriðum óbreytt. Engu að síður verður einhver tiltekinn viðbótarkostnaður af því að þessi starfsemi verði sérstök stofnun. Við höfum lagt mikla áherslu á það í allri þessari vinnu að gætt sé ýtrustu hagkvæmni í endurskipulagningunni og við leggjum áherslu á að gætt sé hófs í þeim gjöldum sem lögð verða á samkvæmt þessum ákvæðum frumvarpsins, en stofninn hefur í sumum tilvikum ekki verið hækkaður, eins og fram kom, síðan 1992 þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson var í ríkisstjórn og við áttum gott samstarf eins og raun-

ar enn þann dag í dag. Þess vegna teljum við, ekki síst vegna þess að umsvifin í þessu starfi hafa aukist vegna fjölgunar flugvéla á okkar svæði og fjölgunar flugvéla hjá flugrekstraraðilum, að tryggja þurfi eðlilega hækkun. Í sumum tilvikum er hún nokkur en hún tengist að sjálfsögðu þeirri starfsemi sem þarna er um að ræða. Það er því ekki fyrir fram gefið, vegna þess að verkefnin eru sveiflukennd frá einum tíma til annars, að verið sé að auka tekjur stofnunarinnar vegna þess að þær eru að verulegu leyti tengdar starfsemi sem vex og minnkar frá einum tíma til annars eftir því hversu margar flugvélar eru á lofti (Forseti hringir.) á vegum íslenskra flugrekstraraðila.

[15:48]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er væntanlega eitt af því sem verður kannað gaumgæfilega í meðferð hv. samgöngunefndar. Mér sýnist af máli hæstv. ráðherra að hann sé að boða hér umtalsverða hækkun sem hann er þó að reyna að draga fjöður yfir með því að segja að það sé hvort eð er kominn tími á að hækka ýmis gjöld sem fyrir voru. Ekki ætla ég að deila um það.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að við áttum prýðilegt samstarf árið 1992 og síðar. En ég minnist þess ekki að við höfum nokkru sinni átt mikið eða gott samstarf um að hækka álögur á flugrekstur á Íslandi og ég dreg það mjög í efa, þrátt fyrir alla þá hlýju sem ég finn í brjósti mér bærast til hæstv. ráðherra, að það samstarf muni takast á síðustu dögum fyrir jól.

[15:49]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sem betur fer hefur orðið mikill vöxtur í flugstarfsemi á Íslandi. Það byggist m.a. á því að flugöryggissvið Flugmálastjórnar hefur verið afskaplega fljótt í förum og snúningalipurt og hugmyndaríkt við það að þjóna flugrekstraraðilunum.

Ég vek athygli á því, eins og fram kom í ræðu minni, að flugráð, sem skipað er mörgum góðum mönnum sem hafa mikla þekkingu og mikla reynslu, hefur farið yfir frumvarpið og það hefur verið sent flugrekstraraðilum til umsagnar. Það hafa ekki komið athugasemdir þaðan, enda held ég að allir þeir sem í flugráði eru og flugrekstraraðilarnir geri sér grein fyrir því hversu geysilega mikilvægt er að halda úti þessari starfsemi flugöryggissviðsins og nú Flugmálastjórnar frá áramótum og að um hana sé traust tekjuumgjörð. Það er mjög athyglisvert að flugrekstraraðilarnir eru mjög sáttir við þessar breytingar og hafa staðið með okkur í endurskipulagningunni bæði beint og óbeint og því ber að fagna.

[15:51]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í athugasemdum við þetta lagafrumvarp, um breytingu á lögum um Flugmálastjórn Íslands, segir að hún sé m.a. afleiðing af þeirri ákvörðun eða samþykkt á Alþingi síðastliðið vor að skipta Flugmálastjórn upp og stofna hlutafélag um flugvallarekstur og flugleiðsöguþjónustu, nokkuð sem ég er enn meira sannfærður um nú en þá að sé röng ákvörðun, að fara út í einkavæðingu og markaðsvæðingu á þessum þáttum, flugvallarekstri og flugleiðsögu.

Verið er að leita eftir tekjugrunni fyrir þessa starfsemi og þá velti ég því fyrir mér í fyrsta lagi, hvort hæstv. ráðherra gæti greint aðeins frá því hver breytingin er en segir hér að verið sé að fella niður heimildir til skattlagningar sem áður voru inni. Í öðru lagi, hverjum er endanlega ætlað að greiða þann kostnað sem hér er verið að leggja til? Mér sýnist að það séu kannski fyrst og fremst flugrekstrarhafar og þeir sem eru með flugvelli og aðra starfsemi á vegum flugs og flugþjónustu. Hlýtur þá ekki kostnaðurinn að lenda endanlega á notendum flugsins, farþegum og öðrum? Erum við ekki bara að samþykkja eða opna fyrir aukna markaðsvæðingu og auknar gjaldtökuheimildir sem lenda endanlega á farþegunum og geta leitt til enn hærra verðs á þessari þjónustu og skerða þannig samkeppnishæfni hennar?

[15:53]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mat mitt er að frumvarpið, eins og það er lagt fram hér og sem liður í endurskipulagningu þessarar starfsemi, muni styrkja samkeppnishæfni íslenskra flugrekenda. Það fer ekkert á milli mála.

Vegna orða hv. þingmanns þá er alls staðar í veröldinni verið að aðskilja eftirlitshlutverk og þjónustuhlutverk. Við ætlum að gera það um næstu áramót.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Markmiðið með frumvarpinu er að færa Flugmálastjórn Íslands heimildir til gjaldtöku og fella niður á móti skattlagningarheimildir sem ekki er lengur þörf á í viðkomandi lögum. Gjaldtakan er m.a. vegna vottunar, starfsleyfa, skírteina og eftirlits. Þessi breyting á tekjustofnum Flugmálastjórnar Íslands mun hafa í för með sér óverulegar breytingar á gjaldtöku í heild sinni."

Síðan segir:

„Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð."

Aðalatriði málsins er að í heild sinni er verið að halda þessu innan þess ramma sem verið hefur en, vel að merkja, það er algerlega nauðsynlegt að stofnunin hafi möguleika á því, og þess vegna eru þessar gjaldtökuheimildir, að bregðast við þegar flugfélög okkar skrá nýjar vélar, að geta hlaupið til fyrirvaralítið og í því hefur sá kraftur sem flugfélögin eru að sýna í uppbyggingu verið falinn, að flugöryggissviðið hefur getað gripið inn í (Forseti hringir.) og sinnt þessari þjónustu fyrirvaralítið og með miklum ágætum.

[15:55]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir orð hæstv. ráðherra um að það sé mjög mikilvægt að flugfélög okkar hafi sem besta samkeppnisstöðu og hafi möguleika til öflugs starfs í þjónustu sinni okkur öllum til hagsbóta.

Þessi umsögn frá fjármálaráðuneytinu sem hæstv. ráðherra vitnaði til segir bara ekki neitt, hún er gjörsamlega blönk, þannig að það er varla hægt að hugsa sér lélegri og aumari umsögn frá fjármálaráðuneytinu. Við rekum okkur æ oftar á það að umsagnir fjármálaráðuneytisins um kostnað vegna frumvarpa eru meira og minna út í bláinn og þeg-

ar til kastanna kemur er allt öðruvísi. Ég tala nú ekki um þegar verið er að skipta félögum upp, einkavæða hluta og hluti er áfram í ríkisrekstri, sameina stofnanir á óhagkvæman hátt o.s.frv. og þá hafa þessar kostnaðaráætlanir fjármálaráðuneytisins meira og minna verið út í bláinn. Ég held að ástæða sé til að þar á bæ fari menn að huga betur að. Hvað þýðir t.d. þetta: „Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð“? Hvað þýðir að það verði ekki séð? Mér finnst þetta engin umsögn og þetta verður sjálfsagt tekið fyrir í hv. samgöngunefnd þegar við fáum frumvarpið þangað.

Ég vil t.d. benda á að ein gjaldtökuheimildin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sérstakrar þjónustu sem óskað er vegna vottunar, viðurkenningar, prófunar eða veitingar heimilda, samkvæmt föstu gjaldi á hverja unna klukkustund.

Við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu flugrekstrar auk ferða og uppihalds.“

Þetta er býsna opin heimild. Þetta markaðsvæðingarferli sem hér er lagt upp með (Forseti hringir.) á því eftir að kosta okkur drjúgt, frú forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Loftferðir, 1. umr.*

Stjfrv., 389. mál (EES-reglur). — Þskj. 431.

[15:58]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til breytinga á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006, þar sem kveðið er á um breytta skipan gjaldtöku stofnunarinnar. Ástæða var til að leggja samhliða fram frumvarp til breytinga á lögum um loftferðir og tryggja frekari lagastoð fyrir innleiðingu EES-gerða sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn en hafa ekki verið innleiddar í íslenskan rétt sem og að gera aðrar tímabærar leiðréttingar á ákvæðum laganna til samræmis við það sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar á þessu sviði.

Meðal breytinga eru annars vegar reglur sem heimila Flugmálastjórn að banna flug loftfara frá ákveðnum flugrekstraraðilum eða frá einstökum ríkjum sem sett hafa verið á svonefndan svartlista Evrópusambandsins. Auk þess eru reglur um flutning hreyfihamlaðra og þjónustu við þá á flugvöllum og reglur um upplýsingar fyrir farþega um hver sé raunverulegur flytjandi.

Hins vegar lúta breytingar frumvarpsins að því að styrkja lagastoð vegna evrópska flugsvæðisins að setja skilyrði fyrir umskráningu loftfara, að viðkomandi hafi staðið í skilum á greiðslum gjalda til Flugmálastjórnar, að heimila setningu skipulagsreglna innan flugvalla og útvíkkun á hugtakinu flugumferðarstjórn í flugleiðsöguþjónustu og landamærastöð í stað tollhafnar.

Vikið skal að einstökum atriðum frumvarpsins.

Í 1. gr. er kveðið á um heimild Flugmálastjórnar Íslands til að banna flug loftfara sem skrásett eru eða starfrækt frá tilteknum ríkjum og eða flugrekendum í íslenskri lofthelgi á grundvelli flugöryggis. Stofnuninni er gert að miðla upplýsingum um slíkt bann til almennings, alþjóðlegra stofnana og ríkja. Nánar skal kveðið á um setningu slíks banns, skilyrða, framkvæmd, afléttingu þess og upplýsingamiðlun í reglugerð. Ástæða þessa eru nýlegar reglugerðir Evrópusambandsins sem innleiddar verða í EES-samninginn á *næstunni*.

Allt frá 1996 hafa samtök flugmálastjórna í Evrópu, ECAC og Flugöryggissamtök Evrópu, JAA, haft forgöngu um að aðildarríki þess geri úttektir á erlendum loftförum og flugrekendum sem viðkomu hafa í ríkjum þess í því skyni að auka flugöryggi. Með slíkum úttektum er leitað staðfestingar á því að loftför og áhafnir sem lenda í aðildarríkjum uppfylli viðauka við Chicago-samninginn sem hefur að geyma lágmarksreglur og viðmið um flugöryggi.

Evrópusambandið gaf árið 2004 út tilskipun um framkvæmd og skýrslugjöf og árið eftir nýja tilskipun um setningu og afturköllun slíks banns, upplýsingamiðlun og um varnir flugrekenda sem fyrir slíku banni verður. Gert er ráð fyrir að innleiða sambærilegar reglur hér, þ.e. að Flugmálastjórn geti tekið ákvörðun um bann en samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 hefur Flugmálastjórn ekki slíka heimild í dag. Þær heimildir sem lög um loftferðir hafa að geyma ná einungis til þess að aftra för loftfars sem ekki telst lofthæft frá íslensku yfirráðasvæði, sbr. 135. gr. núgildandi laga. Þá er sérstök heimild í 4. gr. laganna þar sem samgönguráðherra er heimilt þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna almannaöryggis eða allsherjarreglu, að takmarka eða banna loftferðir almennt eða um hluta af íslensku yfirráðasvæði. Heimild þessi er annars eðlis og beinist að flugsamgöngum almennt, en ekki að því að banna einstökum flugrekendum eða loftförum för um íslenska lofthelgi.

2. gr. frumvarpsins kveður á um breytingar á 2. mgr. 10. gr. laganna er fjallar um heimild til að skrá loftfar hér á landi sem íslenskum flugrekanda er heimilt að nota í rekstri sínum ef það er í eigu einstaklinga með ríkisfang og heimilisfesti í tilteknum ríkjum sem Ísland hefur samið við vegna þessa. Í núverandi ákvæði er vísað til tveggja samninga sem Ísland er aðili að. Til að komast hjá frekari breytingum á ákvæðinu er mælt fyrir um almennara orðalag svo ekki þurfi að koma til langrar upptalningar á þeim samningum sem Ísland hefur gerst aðili að.

Einnig er kveðið á um breytingar á 3. mgr. 10. gr. Með breytingunni gefst flugrekendum frekara svigrúm til þess að skrá loftfar hér á landi og að leita megi eftir skráningu loftfars hér á landi þótt eignarhald þess kunni að vera í höndum aðila utan ríkja sem Ísland hefur samið við.

Meðal nýmæla frumvarpsins eru ákvæði 4. gr. er varða rétt fatlaðra og hreyfihamlaðra en nauðsynlegt að hafa skýra lagastoð fyrir nýrri reglugerð Evrópusambandsins sem býður innleiðingar í íslenskan rétt. Það nýmæli er lögfest að komi til þess að synja þurfi fötluðum eða hreyfi-

hömluðum farþega um flutning vegna þess að flugöryggiskröfur mæla gegn því eða ef stærð loftfarsins eða dyr þess rúma ekki farþega skuli flugrekandi, umboðsmaður hans eða ferðaskrifstofa gera viðhlítandi ráðstafanir til að stinga upp á öðrum viðunandi möguleika á flutningi. Samkvæmt framangreindri reglugerð Evrópusambandsins á farþegi rétt á að fá endurgreiddan farmiða eða að breyta flugleið á áfangastað komi til synjunar um flutning.

Þá er mælt fyrir skyldu rekstraraðila flugvallar til að veita fötluðum og hreyfihömluðum aðstoð á tilgreindum stöðum til að komast um borð í loftfar, í tengiflug og fleira. Gert er ráð fyrir að þessi aðstoð rekstraraðila flugvallar sé fjármögnuð með gjaldi sem lagt sé á notendur flugvallar í samræmi við hlut hvers notanda af farþegum sem um flugvöllinn fara en í dag ber hver og einn flugrekandi ábyrgð á þjónustu við fatlaða viðskiptavini sína. Nú eru í gildi reglur um hámarksfjölda fatlaðra eða hreyfihamlaðra um borð í loftförum og verður hún endurskoðuð í ljósi breyttra reglna.

Þá er í 5. gr. kveðið á um heimild til setningar skipulagsreglna innan flugvalla en núverandi heimild nær aðeins til setningar slíkra reglna er varða ýmis mannvirki utan flugvalla. En nauðsynlegt þykir að hægt sé að kveða á um skipulag og starfsheimildir þeirra sem þar eru. Í 6.–8. gr. eru ýmsar lagfæringar sem skýra sig sjálfar.

Í 9. gr. frumvarpsins er nýmæli sem kveður á um að við bókun farseðils skuli samningsbundinn flytjandi upplýsa farþega um nafn hins eiginlega flytjanda. Verði breytingar á eftir að bókun hefur farið fram skal samningsbundinn flytjandi upplýsa farþega um það svo fljótt sem kostur er. Það færist sífellt meira í vöxt að annar flytjandi annist og starfræki loftflutning en sá sem samdi við farþega upphaflega um flutninginn. Í sumum tilvikum semur flytjandi við flugrekanda um flutning en í öðrum tilvikum er um að ræða tilfærslu á milli flugrekenda, svo sem vegna bilunar eða annarra ófyrirséðra atvika. Er hér sú skylda lögð á samningsbundinn flytjanda, þ.e. þann aðila er semur við farþega um flutning, að hann upplýsi við bókun um nafn hins eiginlega flytjanda. Sé óljóst þegar bókun fer fram hver eiginlegur flytjandi er ber samningsbundnum flytjanda að tilkynna farþega um eiginlegan flytjanda um leið og slíkar upplýsingar fást staðfestar. Mikilvægt er að flugrekandi eða ferðaskrifstofa, eftir atvikum, upplýsi samningsbundinn flytjanda um hver hinn eiginlegi flytjandi er verði breytingar á þeirri tilhögun sem farþega var áður tilkynnt um. Fái söluaðili ekki upplýsingar um eiginlegan flytjanda getur hann ekki framfylgt ákvæðinu og er því ráðgert að hann sæti ekki ábyrgð vegna þessa.

Að lokum vek ég athygli á nýmæli í síðustu efnisgrein frumvarpsins, um heimild til handa ríkisstjórninni til að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæma viðurkenningu réttinda, skírteina, heimilda, starfsleyfa og vottunar á sviði loftflutninga. Þessi breyting tengist aðild Íslendinga að Flugöryggisstofnun Evrópu árið 2004. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 1592/2002, um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu er gert ráð fyrir tiltekinni samningagerð um gagnkvæma viðurkenningu af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við þriðju ríki. Nauðsynlegt er að Ísland geri sambærilega samninga við þriðju ríki samhliða Evrópusambandinu til að tryggja hnökralausan rekstur íslenskra flugrekenda og sama rekstrarumhverfi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Er hér miðað við að samgönguráðherra fari með samningsgerð.

Virðulegur forseti. Ég hef farið yfir helstu ákvæði og nýmæli frumvarpsins um breytingar á lögum um loftferðir. Breytingunum er ætlað að styrkja lagaumhverfi fyrir innleiðinga nýrra EES-gerða og um leið eru lagðar til nokkrar breytingar á skyldum flugrekenda gagnvart fötluðum, um upplýsingaskyldu þeirra og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að semja um gagnkvæma viðurkenningu ýmissa réttinda sem tengjast flugrekstri. Breytingarnar eru til þess fallnar að styrkja stjórn og eftirlit með flugrekstri og styrkja íslenska flugrekendur í þróun sinni, sókn og útrás á erlendum vettvangi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til samgöngunefndar og vænti góðs samstarfs við þingmenn enda eru þingmenn einhverjir allra mestu ferðalangar sem ég þekki. Ég vænti því að hv. þingmenn hafi hlustað af athygli á það merkilega umbótafrumvarp sem hér er flutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 22. mál (vaxtabætur). — Þskj. 22, nál. 455 og 457, brtt. 456.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:10]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. „Þetta eru einfaldlega vanefndir af hálfu ríkisstjórnarinnar á því sem lofað var," segir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, á heimasíðu ASÍ í dag um það frumvarp sem hér á að fara að greiða atkvæði um. Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„„Ríkisstjórnin lofaði því í sumar við endurskoðun kjarasamninga, að tekið yrði á vanda þess fólks sem missir nú stóran hluta vaxtabóta sinna – eða jafnvel allar bæturnar – fyrir þær sakir einar að fasteignamat hækkar milli ára. ... Niðurstaðan eins og hún stefnir í að verða er með öllu óviðunandi og kemur ekki til móts við vanda þeirra þúsunda sem nú fá skertar eða engar vaxtabætur. ... Það er ekkert hægt að lýsa þessari niðurstöðu öðruvísi en svo að hér sé um hreinar vanefndir að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar", sagði forseti ASÍ að lokum."

ASÍ lagði upp með að íbúðarkaupendur yrðu nokkurn veginn jafnsettir og ef ekki hefði komið til hinna miklu hækkana á fasteignamati. Það er langt í frá að íbúðarkaupendur séu jafnsettir eftir þær breytingar sem hér á að gera að lögum.

Það er ástæða til að ítelja einnig vinnubrögðin í þessu máli, samráðsleysið við ASÍ og að þeir séu ekki virtir svara um að fá nauðsynleg gögn í málinu til að geta lagt fram tillögur og hugmyndir að breytingum. Svona vinnubrögð hljóta að hafa eftirmála í samskiptum ASÍ og ríkisstjórnar-

innar þegar ekki er hægt að treysta samkomulagi sem gert er við ríkisvaldið.

Við í minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar tökum undir þær ákúrur sem ASÍ hefur sett fram á ríkisstjórnina. Við vísum allri ábyrgð á niðurstöðu þessa máls á ríkisstjórnina og áteljum harðlega að fjöldi fólks sem væntir leiðréttinga og greiðslu vaxtabóta muni annaðhvort fá litlar eða engar greiðslur á vaxtabótum í desember eins og lofað hafði verið.

[16:12]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Samkvæmt þessu frumvarpi byrja vaxtabætur hjá hjónum að skerðast í rúmum 8 millj. kr., þ.e. þegar hrein eign er um 8 millj. kr., og dettur algerlega út þegar eignin er komin í 12,8 millj. kr. Jú, þetta er talsverð eign en ef við horfum til veruleikans og til fasteignaverðs í landinu, hvað venjuleg fjögurra herbergja íbúð fyrir 4–5 manna fjölskyldu kostar, þá eru það orðnar verulegar upphæðir. Það sem ég furða mig á er að heyra umfjöllun sumra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins um þetta mál. Það er ekki hægt að alhæfa í því efni. En mér virðist margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, eða sumir þeirra sem hafa haft sig í frammi í þessari umræðu, í furðulega litlum tengslum við veruleikann í landinu, við kjaraveruleika venjulegs launafólks á Íslandi.

Það er misræmi í því sem flokkurinn segir. Annars vegar vill hann fylgja sjálfseignarstefnu á húsnæðismarkaði, að fólki sé gert gerlegt að eignast húsnæði sitt, og hins vegar stendur hann fyrir lögum sem gera venjulegu launafólki, almennu launafólki, ógerlegt að eignast húsnæði.

Hæstv. forseti. *Ég kveð mér hljóðs til skýringar á afstöðu okkar,* einnig vegna vinnubragða í tengslum við þetta mál. Alþýðusambandi Íslands var heitið samstarfi um útfærslu og endanlegar niðurstöður á útreikningi vaxtabóta, hvar skerðingarmörkin skyldu vera. Það hefur ekki gengið eftir. Hér er um að ræða alvarlegar vanefndir. Menn vísa í formlega fundi sem haldnir hafa verið en á daginn kemur að fundirnir hafa fyrst og fremst snúist um hvernig samskiptum skyldi hagað. Þegar kemur að hinni eiginlegu aðkomu sem Alþýðusambandi Íslands var heitið við þetta mál þá er hún nánast engin, enda fullyrðir Alþýðusambandið og forsvarsmenn þess að um sé að ræða vanefndir á kjarasamningum. Þetta er alvarlegt mál, einnig af þeim sökum. Af þessum ástæðum munum við sitja hjá við atkvæðagreiðsluna en leggjum áherslu á að stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi lýstu því yfir að þeir mundu ekki standa í vegi fyrir því að þetta mál yrði tekið til afgreiðslu og gert að lögum í dag. Við vildum stuðla að því að þeir sem koma til með að njóta hærri vaxtabóta fái þær sem allra fyrst. En við hefðum viljað að stærri skref hefðu verið stigin í þessu efni.

Brtt. 456,1 samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÓJ, GHall, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SF, StB, SæS.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EBS, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, LB, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (AKG, ArnbS, BjörgvS, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, HBl, ISG, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, SAÞ, SÞorg, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:16]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Forseti. Við greiðum hér atkvæði um að lágmark eignaviðmiðunar, að frádregnum skuldum, til skerðingar á vaxtabótum verði hækkað afturvirkt um 30%. Í meðförum nefndarinnar höfum við hækkað eignaviðmiðun úr 25 í 30% eins og fram hefur komið. Það skiptir miklu máli að við náum að greiða út bæturnar fyrir jól, en aðalatriðið er að við erum að auka útgjöld til vaxtabóta um 590 millj. kr. eða umfram verðlag. Það skiptir máli að við stöndum vörð um vaxtabótakerfið. Það hefur komið fram við meðferð þessa máls að fara þarf í endurskoðun á vaxtabótakerfinu til að vaxtabæturnar skili sér sannanlega til þeirra sem mest þurfa á að halda eða lágtekju- og millitekjufólks. Ég segi já, því að við verðum að tryggja fólki þessar bætur fyrir jólin.

1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÓJ, GHall, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SF, StB, SæS.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EBS, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, LB, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (AKG, ArnbS, BjörgvS, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, HBl, ISG, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, SAÞ, SÞorg, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 456,2 samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÓJ, GHall, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SF, StB, SæS.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, LB, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (AKG, ArnbS, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, HBl, ISG, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, SAÞ, SÞorg, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÓJ, GHall, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, SKK, SF, StB, SæS.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, LB, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

27 þm. (AKG, ArnbS, BjörgvS, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, HBl, ISG, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, SAÞ, SÞorg, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÓJ, GHall, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn,

JBjart, KÓ, KBald, KolH, LB, MS, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, StB, SæS, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (ÁRJ, EBS, GAK, ÖS*) greiddu ekki atkv.

27 þm. (AKG, ArnbS, BjörgvS, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, HBl, ISG, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, SAÞ, SÞorg, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já. ]

***Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, frh. síðari umr.***

Stjtill., 351. mál. — Þskj. 381, nál. 453.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, EBS, GÓJ, GAK, GHall, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JBjart, KÓ, KBald, KolH, LB, MS, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, StB, SæS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

27 þm. (AKG, ArnbS, BjörgvS, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, HBl, ISG, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, SAÞ, SÞorg, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 466).

***Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 347. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 376.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Fjármálafyrirtæki, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 386. mál (eigið fé, EES-reglur). — Þskj. 428.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 378. mál (áfrýjunarnefnd neytendamála, faggilding). — Þskj. 415.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Flugmálastjórn Íslands, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 390. mál (heimildir til gjaldtöku). — Þskj. 432.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Loftferðir, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 389. mál (EES-reglur). — Þskj. 431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 6., 8.–10. og 13.–15. mál.

Fundi slitið kl. 16:22.

---

# 36. FUNDUR

föstudaginn 24. nóv.,
að loknum 35. fundi.

**Dagskrá:**

1. Tekjuskattur, stjfrv., 22. mál, þskj. 464. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 397. mál, þskj. 441. — 1. umr.
3. Umferðarlög, frv., 381. mál, þskj. 418. — 1. umr.
4. Skattlagning lífeyrisgreiðslna, þáltill., 382. mál, þskj. 419. — Fyrri umr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:23]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

### *Tekjuskattur, 3. umr.*

Stjfrv., 22. mál (vaxtabætur). — Þskj. 464.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:23]

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÓJ, GHall, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KBald, MS, PHB, RG*, SKK, SF, StB, SæS.

12 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, LB, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (AKG, ArnbS, BjörgvS, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, HBl, ISG, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði. ]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 465).

### *Umræður utan dagskrár.*

Málefni Umhverfisstofnunar í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar.

[16:24]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það fer ekki á milli mála að sú ríkisstjórn sem nú situr er mjög veik stjórn. Forsætisráðherrar koma og fara, en þeir eru nú einu sinni yfirmenn efnahagsmála og árangurinn er eftir því, svo sem verðbólga og mjög háir vextir. En það eru fleiri ráðherrar sem koma og fara, m.a. hæstv. umhverfisráðherrar. Þeir hafa verið þrír á þessu kjörtímabili, og það sem meira er, þeir hafa verið þrír á meðan sú stofnun, Umhverfisstofnun, sem hér er til umræðu hefur starfað. Ég er sannfærður um að það hefur valdið því að hún hefur ekki fengið þá pólitísku leiðsögn sem hún átti skilið þegar hún fetaði sín fyrstu spor.

Það þarf ekki mikinn sérfræðing í umhverfismálum til að sjá að víða er pottur brotinn í málaflokknum. Það eru ekki bara stór og flókin mál sem vafist hafa fyrir umhverfisráðherrum heldur einnig sáraeinföld mál, svo sem utanvegaakstur. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir benti á þetta í fyrirspurn til hæstv. ráðherra í fyrradag og það var greinilegt af svörum hæstv. ráðherra að það skortir talsvert á að hægt sé að fylgja því eftir að tryggt sé að ekki verði landspjöll vegna utanvegaaksturs.

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Umhverfisstofnun, sem er ein af höfuðstofnunum umhverfisráðuneytisins, sýnir svart á hvítu að stóru málin hafa einnig liðið fyrir hringlandahátt ráðherra sem hafa alls ekki sýnt þá pólitísku forustu sem nauðsynleg er í málaflokknum.

Eins og áður sagði hafa þrír umhverfisráðherrar setið á þeim þremur árum sem stofnunin hefur starfað. Stofnunin hefur úr að spila á níunda hundrað milljónir af fé almennings. Það skiptir því verulegu máli hvernig haldið er á störfum hennar. Fimmtu hverri krónu sem umhverfisráðuneytið hefur yfir að ráða er ráðstafað af þessari stofnun. Aðalmarkmiðið með stofnun Umhverfisstofnunar var að bæta og einfalda stjórnsýsluna. Þá á ég við að tryggja að utanumhald um útgefnar reglur yrði betra og einfaldara þannig að skýrari reglur giltu um þennan mikilvæga málaflokk.

Í skýrslu ríkisendurskoðanda kemur fram að þessu markmiði hafi ekki verið náð. Þar segir berum orðum að stofnunin gæti ekki einu sinni að því að hafa verkbókhald, hvað þá annað. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki að í umsögn Ríkisendurskoðunar felist ákveðinn áfellisdómur yfir Umhverfisstofnun og einnig pólitískri leiðsögn hinna þriggja hæstvirtu ráðherra sem farið hafa með málaflokkinn. *Í mínum huga hlýtur það að vera. Það er mikill* áfellisdómur að markmið stofnunarinnar hafi ekki gengið eftir.

Hvað hefur hæstv. ráðherra gert til að sjá til þess að *stofnunin sinni upphaflegu markmiði sínu og hvað hefur* stofnunin verið að aðhafast ef hún hefur ekki sinnt því? Hvað hefur hún þá verið að gera? Fram kemur í skýrslu ríkisendurskoðanda að breyta þurfi skipulagi stofnunarinnar. *Hefur ráðherra einhverjar hugmyndir í þeim efnum eða á að* fara fram enn ein skoðunin sem kostar peninga og tíma sem frestar því að tekið verði á þeim málum sem taka þarf á?

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að fjárveitingar hefðu átt að nýtast betur. Til hvaða aðgerða hefur ráðuneytið gripið til að stofnunin nýti þær fjárveitingar sem almenningur hefur veitt til stofnunarinnar? Ég spyr sérstaklega í ljósi þess að umhverfisráðuneytið er þeirrar skoðunar að stofnunin ræki ekki hlutverk sitt sem skyldi. Hvernig stendur á því að stofnunin hefur komist upp með að hafa ekki verkbókhald? Ég spyr að því enn og aftur. Við lestur skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram mikill áfellisdómur yfir stofnuninni og einnig má lesa á milli línanna mikinn áfellisdóm yfir pólitískri leiðsögn hæstvirtra ráðherra.

Eitt af því sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar er að eitthvert boðvald skorti yfir stofnunum sveitarfélaga úti í héraði. Ég vil að lokum spyrja: Hvað hefur stofnun sem ekki nær að stjórna sjálfri sér að gera með að stjórna stofnunum úti í héraði, frú forseti?

[16:29]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Markmiðið með stofnun Umhverfisstofnunar, þar sem sameinaðar voru í einni stofnun starfsemi Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, veiðistjóraembættisins og hreindýraráðs auk þess sem dýraverndunarmál voru sett þar undir, var að einfalda og styrkja stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og þar með auka réttaröryggi, að efla faglega þætti sem falla undir Umhverfisstofnun og stuðla að hagkvæmari rekstri. Enn fremur var talið að með

sameiningunni yrði auðveldara að ná fram stefnumiðum sem stjórnvöld hafa sett sér við framkvæmd umhverfismála.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að stofnun Umhverfisstofnunar hafi orðið til þess að einfalda álitsgjöf og umsagnarhlutverk í þeim málaflokkum sem falla undir stofnunina en að hún hafi þó ekki leitt til þess að stjórnsýsla í þessum málaflokkum hafi orðið einfaldari og styrkari eins og stefnt var að með sameiningunni. Það kemur fram í skýrslunni að fagleg þekking Umhverfisstofnunar virðist almennt góð og að færa megi rök fyrir því að sameiningin hafi stuðlað að bættri nýtingu þekkingar. Stofnunin veiti almennt góða þjónustu þegar leitað er eftir óformlegri aðstoð eða leiðbeiningu. Það er því ljóst að ýmislegt hefur gengið eftir af því sem ætlunin var að ná fram með stofnun Umhverfisstofnunar þó að enn hafi ekki öllum markmiðum sameiningarinnar verið náð.

Hér verður að hafa í huga að stofnunin hefur aðeins starfað í fjögur ár sem er e.t.v. of skammur tími til þess að hægt hafi verið að ná öllum þeim markmiðum sem stefnt var að þótt vissulega hefði verið æskilegt að málin hefðu gengið fljótar fyrir sig. Ég tel hvorki felast áfellisdóm yfir Umhverfisstofnun né yfir leiðsögn umhverfisráðherra í málaflokknum í skýrslu Ríkisendurskoðunar en í skýrslunni koma fram margar góðar ábendingar um það sem betur má fara, en það var einmitt tilgangurinn þegar þess var farið á leit við Ríkisendurskoðun að hún léti fara fram stjórnsýslu- og fjárhagsendurskoðun á stofnuninni.

Umhverfisstofnun er ein mikilvægasta stofnun umhverfisráðuneytisins og sinnir fjölmörgum málaflokkum á sviði umhverfis- og matvælamála, umfang starfseminnar nær yfir starfsemi sem sums staðar erlendis er undir mörgum mismunandi stofnunum. Fyrir vikið er nauðsynlegt að forgangsröðun verkefna sem og stjórnsýsla sé í föstum skorðum og eru þau atriði til frekari skoðunar í ráðuneytinu. Í þessu tilviki er vert að hafa í huga að engin íslensk stofnun er eins tengd framkvæmd EES-samningsins og Umhverfisstofnun en u.þ.b. 40% allra gerða sem koma frá Evrópusambandinu og falla undir samninginn heyra undir verksvið Umhverfisstofnunar. Það hefur vissulega skapað ákveðna erfiðleika við forgangsröðun verkefna þar sem sú vinna verður að vera í forgangi en henni er eins og kunnugt er að öllu leyti stjórnað af ákvörðunum Evrópusambandsins. Ráðuneytið hefur reynt að stuðla að því að hægt sé að mæta þessari vinnu, m.a. með auknum fjárveitingum, en sífellt bætast við atriði sem taka verður á og mörg hver kosta töluverða fjármuni svo sem ýmiss konar mælingar og úttektir sem jafnvel kalla á dýrar fjárfestingar í búnaði.

Skipurit Umhverfisstofnunar, sem starfað hefur verið eftir frá því að stofnunin tók til starfa fyrir tæpum fjórum árum, var unnið á vegum forstjóra stofnunarinnar í samráði við starfsmenn með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga og sett fram með það fyrir augum að ná fram sem bestri samlegð og sameiningu starfseminnar. Skipuritið tók mið af nýrri stofnun sem var í startholunum og eins og önnur skipurit er það háð breytingum í ljósi fenginnar reynslu.

Ég tel einsýnt að breyta þurfi skipuriti stofnunarinnar í ljósi niðurstöðu Ríkisendurskoðunar, m.a. á þann hátt að gera það einfaldara og ekki síst að það lýsi starfsemi stofnunarinnar betur en núgildandi skipurit gerir. Ég er jafnframt þeirrar skoðunar, þar sem Umhverfisstofnun er stjórnsýslustofnun, að leggja verði meiri áherslu á stjórnsýslu stofnunarinnar en gert hefur verið en sérfræðihlutverk stofnunarinnar virðist skyggja um of á stjórnsýsluhlutverk hennar. Þannig virðast þær starfseiningar sem voru sameinaðar í stofnuninni starfa tiltölulega óbreyttar en ein af ástæðunum fyrir því að Ríkisendurskoðun var beðin um úttekt á stofnuninni var fyrirkomulag stjórnsýslu hennar. Nýting fjármuna er að sjálfsögðu mjög háð því hvernig tekið er á þeim málum. Stofnunin hefur ekki haft verkbókhald eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar en það hefur nú verið tekið upp í ljósi ábendinga Ríkisendurskoðunar. Aðrar stofnanir ráðuneytisins færa allar verkbókhald, enda hefur ráðuneytið lagt áherslu á nauðsyn þess, m.a. til að geta lagt mat á vinnu við einstök verkefni sem og á fjárþörfina.

Frú forseti. Vegna þess að spurningar hv. fyrirspyrjanda eru nokkuð viðamiklar vil ég fá að ljúka við að svara þeim í seinni ræðu minni.

[16:34]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Fyrir þremur árum hóf Umhverfisstofnun starfsemi eftir að stjórnarliðar samþykktu hroðvirknislega unnið frumvarp um hana. Alvarlegar athugasemdir og varnaðarorð Samfylkingarinnar þá eru öll að koma á daginn, svo sem að það væri óraunhæft með öllu að ekki fylgdi því kostnaður að steypa saman stofnunum, hvað þá fjórum. Ríkisendurskoðun segir að allt sem stefnt var að hafi meira og minna mistekist, stofnunin þjóni ekki tilgangi sínum.

Þetta er úttekt sem forstjóri stofnunarinnar óskaði sjálfur eftir vegna skorts á fjárveitingum til að sinna þeim verkefnum sem stofnuninni var ætlað að sinna. Ríkisendurskoðun telur að auknar fjárveitingar hefðu átt að nýtast betur og að Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið hafi ekki haft sameiginlega sýn á forgangsröðun verkefna.

Á þeim þremur árum sem liðin eru frá stofnun Umhverfisstofnunar hafa þrír ráðherrar verið yfir málaflokknum. Það er ekki mikil samfella í nokkru þegar stöðugt er verið að skipta út konum í brúnni, konum sem hafa verið skiptimynt í valdatafli karlanna í ríkisstjórninni. Fyrir það háttalag hafa umhverfismálin og stofnunin liðið. Maður veltir því fyrir sér hvaða tilgangi það þjóni að hlusta hér á útlistingar nýjasta umhverfisráðherrans sem setið hefur stutt í stólnum og á eftir stuttan stans þar, enda voru svörin fátækleg ef nokkur.

Úttekt Ríkisendurskoðunar er áfellisdómur yfir Umhverfisstofnun en raunar frekar áfellisdómur yfir stjórnvöldum sem komu henni á án nauðsynlegs undirbúnings. Tíðar ráðherrahrókeringar eru lítilsvirðing við þann mikilvæga málaflokk sem umhverfismálin eru og hafa bitnað á honum. Um það vitnar þessi úttekt Ríkisendurskoðunar. Það á ekki að koma sökinni á ástandinu yfir á embættismenn, sem eflaust gera sitt besta við óviðunandi aðstæður, allri ábyrgð á stöðu mála hjá Umhverfisstofnun vísa ég á hæstv. ríkisstjórn.

[16:36]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Úttekt Ríkisendurskoðunar er áfellisdómur yfir framkvæmdarvaldinu. Hún leiðir í ljós að sameining þriggja stofnana og tveggja ráða á umhverfissviði var ótímabær og markmiðin illa skilgreind og að með sameiningunni hafi hvorki orðið faglegur né fjárhagslegur ávinningur. Það þarf ekki að koma neinum á óvart, að mínu mati, eins og til sameiningarinnar var stofnað í hlandspreng vorið 2002. Þarna var slegið saman þremur fjárvana stofnunum og tveimur fjársveltum ráðum í eina stóra fjárvana stofnun sem aldrei var meiningin að yrði sterk.

Á fundi með menntamálanefnd fyrir skemmstu staðfesti forstjóri stofnunarinnar það sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að það skorti á sameiginlegan skilning ráðuneytisins og stofnunarinnar hvað fjárveitingar varðar. Á stofnuninni hvílir, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem verið var að samþykkja hér við 3. umr. í morgun, fullkomlega óraunhæf sértekjukrafa upp á 128 milljónir, sem er hækkun úr 57,5 milljónum á síðasta ári. Ekki sinnti meiri hluti fjárlaganefndar í nokkru óskum stofnunarinnar um lækkun sértekjukröfu svo það er ekki bara umhverfisráðuneytið sem er í afneitun gagnvart þeim vanda sem Umhverfisstofnun á við að glíma heldur allur stjórnarmeirihlutinn á Alþingi.

Það er mitt mat, virðulegi forseti, að Umhverfisstofnun hafi aldrei verið ætlað að vera sú öfluga stofnun sem hæstv. þáverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, lét í veðri vaka í umræðu um lagasetninguna. Til hennar var stofnað þegar Framsóknarflokkurinn var kominn með myllustein Kárahnjúkavirkjunar um hálsinn og einn liðurinn í því að lama Náttúruvernd ríkisins, sem hafði reynt að standa í lappirnar í því máli og vera málsvari náttúruverndar, var að leggja hana niður, týna henni í hollustuvernd og matvælarannsóknum. Forstjóri Náttúruverndar var lækkaður í tign og gerður óvirkur, kippt út úr kastljósi fjölmiðlanna, tekinn úr sambandi við nefndir Alþingis, og í staðinn settur þar forstjóri Hollustuverndar ríkisins sem á þessum átakatímum átti fullt í fangi með að fóta sig sem talsmaður náttúruverndar í landinu. Það er dapurlegt í ljósi þessarar skýrslu, frú forseti, að Framsóknarflokkurinn skuli (Forseti hringir.) enn ráða lögum og lofum í umhverfisráðuneytinu.

[16:39]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um úttekt Ríkisendurskoðunar á málefnum Umhverfisstofnunar frá september 2006. Það ber að vekja athygli á að forstjóri Umhverfisstofnunar óskaði sjálfur eftir því við Ríkisendurskoðun að hún gerði stjórnsýsluúttekt á starfseminni, einkum til að meta hvort fjárframlög til hennar væru í samræmi við starfsumfang og verkefni. Ljóst má vera að verkefni stofnunarinnar eru umfangsmikil og hafa stjórnendur gagnrýnt að auknum verkefnum hefur ekki fylgt aukið fjármagn. Um það virðist vera ágreiningur milli umhverfisráðuneytis og stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun er tæplega fjögurra ára gömul stofnun og varð til við sameiningu fjögurra stofnana á sviði umhverfismála. Ég er þeirrar skoðunar að ákvörðun um sameiningu þeirra hafi verið rétt. Margt hefur tekist vel eins og kemur fram í úttekt Ríkisendurskoðunar en að sama skapi eru ýmsar athugasemdir gerðar um starfsemina um þætti sem betur mættu fara. Jafnframt segir í skýrslunni eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þó að rök kunni að vera fyrir því að Umhverfisstofnun hafi ekki verið tryggð fjárframlög sem samrýmast að fullu nýjum verkefnum er rekstur hennar almennt í viðunandi horfi fjárhagslega séð. Þá er bent á að skipulagsbreytingar innan stofnunarinnar geti skilað meiri hagkvæmni og þar með fjármagni til að sinna nýjum verkefnum."

Það sem máli skiptir er að athugasemdir Ríkisendurskoðunar liggja fyrir og að stjórnendur stofnunarinnar hafa þegar brugðist við mörgum ábendingum um það sem betur mætti fara. Það verður að gera þær kröfur til stjórnenda opinberra stofnana að þeir geri nauðsynlegar ráðstafanir varðandi skipulag og starfstilhögun svo stofnunin geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Ég hef fulla trú á að stjórnendum muni takast það ætlunarverk sitt á sem skemmstum tíma. Það er forsenda þess að hægt verði að meta að nýju fjárframlög til starfseminnar.

[16:41]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Með stofnun Umhverfisstofnunar var verið að sameina fjórar stofnanir í eina, þ.e. Náttúruvernd ríkisins, embætti veiðistjóra, Hollustuvernd ríkisins og hreindýraráð.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er getið ýmissa jákvæðra atriða í rekstri stofnunarinnar, m.a. að þar sé góð fagleg þekking og að sameining hafi stuðlað að bættri nýtingu þekkingar í stofnuninni. Það kemur líka fram í skýrslunni að stofnunin veiti almennt góða þjónustu.

Ég vil vekja athygli á nokkrum atriðum sem fram komu í máli hæstv. umhverfisráðherra áðan í kjölfar þessarar skýrslu Ríkisendurskoðunar. Í fyrsta lagi telur ráðherra að það þurfi að breyta og einfalda skipurit stofnunarinnar. Í öðru lagi má ráða af máli hæstv. ráðherra að það sé ástæða til að leggja meiri áherslu á stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar fremur en sérfræðihlutverk. Það sem kannski er athyglisvert er að þessar stofnanir hafa haldið áfram að starfa eins og þær séu sjálfstæðar en ekki ein eining og ég held að það þurfi að lagfæra. Í þriðja lagi liggur fyrir að verkbókhald hefur verið tekið upp í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar og er það vel. Ég tel sömuleiðis vert að athuga hvort ekki sé ástæða til að skoða það að sameina allt heilbrigðiseftirlit þannig að það verði á vegum ríkisins.

Það sem er hins vegar merkilegast við þessa umræðu, hæstv. forseti, er að hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni tókst að halda hér ræðu án þess að minnast á sölu ríkisbankanna, án þess að minnast á kvótakerfið og án þess að minnast á Framsóknarflokkinn. Ég tel að þetta sé í fyrsta skipti frá því að hv. þingmaður var kjörinn á þing sem honum tekst að halda ræðu án þess að minnast á eitthvert þessara atriða.

[16:43]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis sem skoðar líka mál að ósk ráðherra eða stofnana. Ríkis-

endurskoðun er tæki fyrir þingmenn til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Hún skilar Alþingi úttektum og skýrslum, sem við ræðum eins og núna, en Alþingi tryggir ekki að úrbætur séu gerðar. Ég er að benda á að eftirfylgni skortir.

Þegar gagnrýni og krafa um úrbætur hefur komið fram til ráðherra eða ríkisstofnunar hlýtur Alþingi að þurfa að fá svör við því síðar hvað gert var með þær aðfinnslur. Alþingi á að geta metið hvort málinu sé á einhverjum tíma farsællega lokið. Oft lýkur því ekki, það er í skýrslu uppi í hillum þingmanna og óljóst hvernig með var farið. Því miður er undir hælinn lagt hvernig fyrirspurnum um úrvinnslu máls er svarað á Alþingi síðar. Nefndir þingsins, í þessu tilfelli umhverfisnefnd, ættu að mínu mati að fá það hlutverk að fylgjast með hvernig brugðist er við athugasemdum Ríkisendurskoðunar af viðkomandi ráðuneyti. Það er að mínu mati ófullnægjandi fyrir stofnun eins og Ríkisendurskoðun þar sem fólk hefur unnið af fullum krafti, jafnvel mánuðum saman, og skilað skýrslu sem afdráttarlaust gerir kröfur um úrbætur ef ekkert gerist síðan, og þess eru dæmi.

Þessi skýrsla er því miður ádeila og ég er þess vegna ósammála umhverfisráðherra. Hún er ádeila um vandamál sem snúa bæði að ráðuneytinu og Umhverfisstofnun, um verkefni og forgangsröðun, um að samspil skorti á milli fjárveitinga og verkefna, um skipulagsvanda og stjórnunarvanda, og hér þarf að taka á. En nefndir þingsins eiga að fá veigamikið hlutverk í eftirfylgni, að úttekt leiði til úrbóta.

[16:45]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég held að það segi nokkuð um ástand og stöðu Umhverfisstofnunar að forstjóri þeirrar stofnunar skuli sjálfur hafa óskað eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á starfseminni, bæði rekstri og stjórnunarlegri stöðu stofnunarinnar. Það er mjög margt ámælisvert sem fram kemur í skýrslunni en fyrir okkur sem fylgdumst með stofnun Umhverfisstofnunar og undirbúningi þeirrar stofnunar koma niðurstöður ríkisendurskoðanda ekki á óvart. Undirbúningi þeirrar stofnunar var hraðað mjög og starfsmenn þeirra stofnana sem slegið var saman í eina stofnun, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, embætti veiðistjóra og embætti hreindýraráðs auk verkefna á sviði dýraverndar, vöruðu mjög við því að búin yrði til fjárvana stofnun, því að allar þessar stofnanir voru fjárvana og fjárskortur háði þeim öllum þegar lagt var upp í þessa vegferð. Að efna til og stofna nýja stofnun úr fjárvana stofnunum boðar ekki gott. Ég mjög dreg í efa að staðið yrði þannig að þessari stofnun í dag með Hollustuvernd ríkisins sem hefur frá þessum tíma fengið mjög aukin verkefni með EES-samþykktum og -tilskipunum.

Ég vil í lokin, hæstv. forseti, vara við þeim hugmyndum sem koma fram í lok skýrslunnar um að koma öllu heilbrigðiseftirliti yfir til ríkisins og undir þessa stofnun. Miklu frekar ætti að huga að því hvort heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefðu ekki tækifæri og nógan styrk til að taka að sér (Forseti hringir.) fleiri verkefni en þau gera í dag.

[16:48]

**Kjartan Ólafsson:**

Frú forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu var Umhverfisstofnun stofnuð með sameiningu nokkurra ríkisstofnana, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, veiðistjóraembættisins og hreindýraráðs auk verkefna á sviði dýraverndunarmála. Markmiðin voru skýr í upphafi, og þau voru einföld í sjálfu sér eins og ævinlega þegar verið er að sameina stofnanir, þ.e. að einfalda og styrkja stjórnsýsluna og gera hana skilvirkari og þar með auka réttaröryggi, að efla faglega þætti sem falla undir Umhverfisstofnun og stuðla að hagkvæmni í rekstri. Loks var talið að þessi sameining mundi auðvelda að ná fram stefnumiðum sem stjórnvöld hafa sett um framkvæmd umhverfismála.

Nú hefur það gerst að umhverfisráðuneytið óskaði eftir því við Ríkisendurskoðun að embættið tæki út stjórnsýslu og fjárhagsumhverfi stofnunarinnar. Þetta var gert að beiðni forstjóra Umhverfisstofnunar. Mér finnst það eitt að stofnunin sjálf eða forstjóri hennar hafði frumkvæði um beiðni sem þessa skipta miklu máli og sýna þann vilja sem er þar á bæ. Í skýrslunni er bent á margt sem betur má fara og farið hefur verið yfir það hér af nokkrum hv. þingmönnum. Ég treysti hæstv. umhverfisráðherra fullkomlega til að vinna að framgangi þessara mála eins og gert er ráð fyrir og tillögur Ríkisendurskoðunar benda á að hluta. Mér finnst þetta einfaldlega vera verkefni sem þarf að vinna og ég treysti ráðherra til þess.

[16:50]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það er kannski rétt að taka fram í upphafi ræðu minnar að auðvitað er margt ágætt og gott sem fram fer í Umhverfisstofnun. En það er ekki hægt að líta fram hjá því að markmiðið með stofnuninni hefur ekki gengið eftir, þ.e. að bæta stjórnsýsluna, og þegar höfuðmarkmiðið næst ekki verða menn að horfast í augu við það. Það stendur einfaldlega á bls. 42 í skýrslunni að þetta sé ekki einungis mat Ríkisendurskoðunar heldur einnig ráðuneytisins. Það segir hér, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðuneytið hefur bent á að Umhverfisstofnun bregðist stundum seint við beiðnum frá ráðuneytinu og leggi of litla áherslu á lögfræðilegu hliðina."

Áfram segir:

„Ráðuneytið bendir enn fremur á að forgangsröðun Umhverfisstofnunar sé ekki nægjanlega skýr og t.d. hafi hún vanrækt verkefni sem beinast að vörnum gegn mengun sjávar."

Þetta er því einnig dómur ráðuneytisins. Enn fremur segir á bls. 46:

„Meðal viðskiptavina Umhverfisstofnunar er nokkuð kvartað undan því að stofnunin svari seint erindum sem beinast til hennar."

Það er ekki hægt að líta fram hjá því að stofnað var til Umhverfisstofnunar til að bæta stjórnsýsluna en meginefni þessarar greinargerðar Ríkisendurskoðunar er að það hafi bara alls ekki tekist.

Það er vert að líta almennt á það hvernig til hefur tekist þegar ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks

hefur verið að sameina stofnanir og það hefur oftar en ekki tekist illa. Meðal annars er vert að benda á það þegar sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð, það átti að leiða til sparnaðar. Hvað gerðist? Aukinn kostnaður. Hvað gerðist hér þegar steypt var saman fjölda stofnana án þess að búið væri að undirbúa málið? Meginmarkmiðið tókst ekki og á því verða einhverjir að bera ábyrgð. Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að gera okkur grein fyrir því (Forseti hringir.) hvernig menn ætla að líta á þennan vanda og bregðast við honum.

[16:52]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Eitt af því sem hv. málshefjandi hafði orð á í upphafsræðu sinni voru þvingunarúrræði Umhverfisstofnunar og mig langar að víkja að því í seinni ræðu minni. Ég tek fram að Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum yfir að ráða þvingunarúrræðum í þeim tilvikum sem sú stofnun fer með beint eftirlit, með sama hætti og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga þar sem eftirlit fellur undir það.

Ég tel þvingunarúrræði Umhverfisstofnunar fullnægjandi. Það verður að hafa í huga að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna fer með meginþunga eftirlits á sviði mengunar- og matvælamála og það er aðeins í örfáum tilvikum sem Umhverfisstofnun fer með beint eftirlit, en það varðar innflutningseftirlit með matvælum, eiturefnum og hættulegum efnum og eftirlit með ákveðinni meiri háttar starfsemi svo sem stóriðju. Hins vegar eru tæki Umhverfisstofnunar til þess að taka á málum ef heilbrigðiseftirlit stendur sig ekki lítil sem engin og það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að taka þurfi það mál sérstaklega til endurskoðunar og bent er á að jafnvel komi til greina að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að allt þetta eftirlit verði fært undir ríkið. Að sjálfsögðu þarf að kanna það mál í nánu samráði við sveitarfélögin.

Frú forseti. Ég vil fá að taka það fram vegna ræðu málshefjanda að ráðuneytið hefur lagt á það ríka áherslu að Umhverfisstofnun geti sinnt hlutverki sínu og starfsemin byggist upp í samræmi við þau markmið sem voru sett með stofnun stofnunarinnar árið 2003 og það mun verða gert m.a. á grundvelli þeirrar skýrslu sem hér liggur fyrir. Skýrslan gefur tilefni til þess að skoða betur ýmsa þætti og það var einmitt tilgangurinn með því að fara fram á úttektina að fá utanaðkomandi sýn á það sem betur má fara. Ég tel, frú forseti, að óþarft sé að hlaupa upp til handa og fóta og vera með gífuryrði eða sleggjudóma og það þjóni ekki hagsmunum þessarar stofnunar.

## *Póst- og fjarskiptastofnun, 1. umr.*

Stjfrv., 397. mál (tekjugrunnur). — Þskj. 441.

[16:54]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003. Frumvarpið miðar að því að breyta tekjugrunni Póst- og fjarskiptastofnunar.

Í núgildandi lögum eru tekjustofnar stofnunarinnar þrír. Í fyrsta lagi er lagt rekstrargjald á fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur, í öðru lagi er lagt á númeragjald og í þriðja lagi innheimtir stofnunin gjöld samkvæmt gjaldskrá.

Í þessu frumvarpi er lagt til að gjöld sem ákveðin hafa verið í gjaldskránni og staðið hafa undir kostnaði við umsýslu stofnunarinnar vegna starfrækslu gjaldenda á þráðlausum fjarskiptabúnaði, verði felld úr gjaldskránni. Í staðinn verði sett inn í lögin lögbundið gjald fyrir notkun tíðna sem tiltekið verði sérstaklega í lögunum.

Skipulagning tíðninotkunar og almennt eftirlit með sendibúnaði af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar er nauðsynlegt til þess að hægt sé að starfrækja þráðlaus fjarskipti. Þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar miðar að því að tryggja öryggi þráðlausra fjarskipta og koma í veg fyrir truflanir. Þetta er þjónusta við þá sem nota ljósvakann til fjarskipta og því eðlilegt að þeir beri kostnað af þeirri umsýslu sem starfsemin kallar á. Það hefur hins vegar reynst erfitt að sérgreina kostnað við þjónustu við einstaka gjaldendur. Því er nauðsynlegt og í takt við þau viðhorf sem ríkja í dag varðandi gjaldtöku hins opinbera að gjöld þessi verði ákveðin með lögum.

Tillaga að gjöldum fyrir tíðninotkun byggist á vandaðri greiningu sem gerð var á kostnaði við umsýslu Póst- og fjarskiptastofnunar vegna þráðlausra fjarskipta.

Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til breytingar á núgildandi ákvæði laganna er heimila samgönguráðherra að setja stofnuninni gjaldskrá en í samræmi við þá tillögu að kveða á um lögbundið tíðnigjald er nauðsynlegt að breyta gjaldskrárákvæði laganna til samræmis við það. Jafnframt eru lagðar til breytingar á ákvæðinu í þá átt að skýra nánar hvaða þjónusta það er sem taka má gjald fyrir og hvaða þætti beri að leggja til grundvallar þegar reiknaður er kostnaður við einstaka þjónustuþætti.

Þær breytingar sem ég hef farið hér yfir munu leiða til um 13 millj. kr. tekjulækkunar fyrir stofnunina. Þá liggur einnig fyrir að stofnunin mun verða fyrir tekjutapi vegna breytinga á þeirri framkvæmd sem verið hefur á álagningu rekstrargjalds en úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum nýlega að rekstrargjald skyldi ekki lengur lagt á innri veltu vegna sölu á fjarskiptaþjónustu milli deilda innan sama fyrirtækis auk virðisaukandi þjónustu. Þessi breyting á framkvæmd mun hafa í för með sér tekjuskerðingu fyrir Póst- og fjarskiptastofnun sem nemur um 14 millj. kr. á ári. Þessi niðurstaða hefur því þær afleiðingar að gjaldstofn rekstrargjalds verður lægri en stofnunin hefur gert ráð fyrir í áætlunum sínum undanfarin ár. Til að mæta þessari tekjuskerðingu sem stofnunin verður fyrir með þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til og með fyrrgreindum úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála er lagt til að rekstrargjald sem fjarskiptafyrirtækjum ber að greiða hækki úr 0,2% í 0,3%. Með þessum breytingum á gjaldstofnum er þannig ekki gert ráð fyrir því að heildartekjur stofnunarinnar hækki heldur að þær verði þær sömu og áður.

Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á dagsektarákvæði laganna en þar er verið að leggja til breytingar, til samræmis við þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Hér er ekki um efnis-

breytingu að ræða heldur er verið að samræma ákvæði laga um Póst- og fjarskiptastofnun og ákvæði fjarskiptalaga er kveða á um dagsektir.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umferðarlög, 1. umr.*

Frv. KBald o.fl., 381. mál (bílpróf 18 ára). — Þskj. 418.

[16:59]

**Flm. (Kolbrún Baldursdóttir):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um umferðarlög, nr. 50/1987. Meðflutningsmenn eru Pétur H. Blöndal og Þuríður Backman.

Breytingin sem mælt er fyrir felur í sér að í stað orðanna 17 ára í a-lið 2. mgr. 48. gr. laganna kemur 18 ára. Frumvarpið felur í sér að lögin taki gildi 1. júlí 2007. Ákvæði til bráðabirgða hljóðar þannig:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu aldursmörk a-liðar 2. mgr. 48. gr. vera 17 ára og einn mánuður frá gildistöku laganna og gilda í tvo mánuði. Þessi aldursmörk skulu hækka um einn mánuð á tveggja mánaða fresti og gilda í tvo mánuði í senn uns 18 ára aldursmörkum er náð.

Ég mun útskýra þetta nánar í lok ræðu minnar.

Virðulegi forseti. Umræður um ökuleyfisaldur á Íslandi eru ekki nýjar af nálinni á Alþingi Íslendinga. Málið er sérstaklega skoðað í skýrslu dómsmálaráðherra frá árinu 2001. Með breytingu á umferðarlögum árið 2002 var ákveðið að fara þá leið að gefa út bráðabirgðaökuskírteini sem gildir í tvö ár, og fái handhafi slíks skírteinis ekki punkta vegna umferðarlagabrota samfellt í 12 mánuði er heimilt að gefa út fullnaðarökuskírteini. Með þessari breytingu var litið svo á að fyrsta árið með ökuskírteini væri eins konar reynslutími áður en fullnaðarskírteini væri fengið.

Undanfarin ár, virðulegi forseti, hafa ökumenn á aldrinum 17–18 ára átt hlut að mörgum umferðarslysum vegna glæfralegs aksturslags. Í kjölfar hrinu alvarlegra umferðarslysa, jafnvel banaslysa, hefjast gjarnan miklar umræður í samfélaginu um það með hvaða hætti hægt sé að sporna við þessari vá. Ýmsar hugmyndir hafa verið reifaðar og hefur ríkisstjórnin nú nýlega samþykkt frumvarp samgönguráðherra um breytingar á umferðarlögum sem allar miða að því að sporna við hraða- og ofsaakstri ungra ökumanna.

Það frumvarp, frú forseti, sem hér er mælt fyrir gengur lengra að því leytinu að í því felst að ökuréttindi fengi enginn fyrr en hann hefði náð að lágmarki 18 ára aldri. Hér er ekki spurning um hvort breyting sem þessi sé æskileg, heldur er það ábyrgð þeirra fullorðnu og Alþingis að láta einskis ófreistað til að forða börnum undir 18 ára aldri frá því að valda sjálfum sér og öðrum skaða.

Fjölmörg rök renna stoðum undir mikilvægi þessarar lagabreytingar. Hér skulu nefnd þau veigamestu sem varpa munu enn frekar ljósi á það af hverju 17 ára unglingur á ekki erindi undir stýri.

Að aka bifreið við misjafnar og oft erfiðar aðstæður, eins og þekktar eru hér á Íslandi, krefst ákveðins vitsmuna- og félagsþroska. Þess vegna er mikilvægt að hafa þroskasálfræði unglinga til hliðsjónar þegar fjallað er um hvenær unglingar hafa mögulega fyrst öðlast tilskilinn þroska til að stjórna ökutæki með þeirri ábyrgð sem því fylgir í umferðinni.

Vitað er að einstaklingar taka út mikinn hluta líkamlegs og andlegs þroska fyrstu 20 ár ævi sinnar. Hversu hratt viðkomandi fer í gegnum þroskaferilinn er bæði einstaklings- og kynjabundið, sem og aðstæðubundið. Enda þótt líkamlegur þroski ungmenna sé hvað sýnilegastur á þessum árum, tekur vitsmuna- og félagsþroski unglingsins stöðugum breytingum og munar mikið um hvert ár sem nær dregur fullorðinsárunum. Ef litið er nánar á þennan aldur er það almenn vitneskja að meðal einkenna unglingsáranna sé ákveðin tilhneiging — ég segi ákveðin tilhneiging — til áhættuhegðunar, áhrifagirni og hvatvísi. Unglingar hafa ekki öðlast nema takmarkaða almenna lífsreynslu og hafa ekki heldur þann vitsmuna- og félagsþroska sem þarf til að geta lagt raunhæft mat á flókin ytri áreiti og aðstæður. Upplifun þeirra og skynjun á hættum í umhverfi sínu er oftast nær frábrugðin skynjun og upplifun fullþroska einstaklings. Önnur og ég vil segja ekki óalgeng einkenni þessa aldursskeiðs er óttaleysi, margir unglingar skynja hvorki mikilvægi þess að vera varkár né mikilvægi þess að hugsa gaumgæfilega áður en framkvæmt er. Sökum þroska- og reynsluleysis sjá margir á þessu aldursskeiði ekki tengsl orsakar og afleiðingar nógu skýrt.

Annað ekki óþekkt einkenni þessa aldursskeiðs, frú forseti, er að unglingar upplifa gjarnan að ekkert illt geti hent þá. Þeir líta jafnvel léttvægum augum á atriði sem fullorðnir líta alvarlegum augum. Enda þótt foreldrar og aðrir fullorðnir sem umgangast unglingana geri sitt besta til að uppfræða og vara þá við ófyrirsjáanlegum hættum og mikilvægi þess að gæta að sér ná viðvörunarorðin því miður ekki alltaf eyrum þeirra. Staðreyndin er sú að því nær sem dregur fullorðinsárum dregur úr þessi einkennum. Dómgreind dýpkar, innsæi eykst og einstaklingurinn verður hæfari með hverju ári sem líður til að setja sig í spor annarra, meta aðstæður, gera áætlanir og sjá fyrir möguleg orsakatengsl.

Víkjum nú ögn nánar að félagsþroska þessa aldursskeiðs en ítrekað hefur verið sýnt fram á með sálfræði- og félagslegum rannsóknum að því eldri sem unglingurinn verður því minni líkur eru á að hann láti undan félagaþrýstingi eða hafi yfir höfuð þörf fyrir að sýna sig fyrir félögum sínum. Út frá sjónarmiðum þroskasálfræðinnar er því auðvelt að leiða líkum að því að 18 ára unglingar séu mun hæfari til að taka ábyrgð á sér og sínu lífi en þegar þeir voru 17 ára. Hvert ár á þessu tímaskeiði, frú forseti, getur þannig skipt sköpum hvað varðar nauðsynlegan þroska til að geta tekið þá lágmarksábyrgð sem stjórnun ökutækis í umferðinni krefst.

Önnur veigamikil rök sem styðja frumvarp þetta er sú staðreynd að börn eru í samfélagi okkar skilgreind sem börn þar til þau hafa náð 18 ára aldri. Árið 1997 voru samþykkt lög á hinu háa Alþingi sem kveða á um að ungt fólk fái hvorki sjálfræði né fjárræði fyrr en 18 ára. Árum saman

hafði viðmiðið verið 16 ár. Sú breyting að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 árum í 18 var ekki gerð út í bláinn, heldur af því að Alþingi taldi það nauðsynlegt hagsmunum barna og unglinga. Breytingin var gerð svo að fullorðnir gætu haldið verndarhendi yfir börnunum þar til að álitið var að þau gætu byrjað að axla sjálfsábyrgð. Þess vegna skýtur skökku við að unnt sé að fela 17 ára barni — já, ég segi barni — þá ábyrgð að aka bifreið þegar það getur hvorki tekið sjálfstæða ákvörðun um að festa kaup á ökutæki né hefur það rétt til að ráðstafa eigin fé. Okkur ber að létta þessari ábyrgð af unglingunum og forða á sama tíma mörgum þeirra frá því að skaða sjálfa sig og aðra með því að stjórna ökutæki áður en þau hafa náð tilskildum þroska.

Frú forseti. Enda þótt þetta mál sé að mínu mati og fjölmargra annarra lífsspursmál skal áréttað að hér er ekki verið að dæma alla unga ökumenn sem ábyrgðarlausa. Því fer fjarri. Þótt tilhlökkun sé mikil eftir að fá ökuréttindi eru margir nýir bílprófshafar fullir kvíða þegar þeir fara í sínar fyrstu ökuferðir. Þeir gera sér far um að sýna fyllstu aðgætni og eru sérstaklega varkárir fyrstu mánuðina í umferðinni meðan þeir eru að þjálfa akurshæfni sína og átta sig á aðstæðum. Með því að hækka lágmarksaldurinn í 18 ár má auðveldlega leiða líkum að því að þessi „upphafsvarkárni" færist einnig upp um eitt ár.

Frú forseti. Það er nokkuð ljóst að ekki munu allir taka frumvarpi þessu fagnandi. Þau ungmenni sem nú nálgast 17 ára afmælisdag sinn og hafa ákveðið að taka bílpróf strax þegar þeim áfanga er náð eru ef til vill uggandi. Eins má reikna með að heyra óánægjuraddir frá landsbyggðarfólki sem komið hefur með þau mótrök að verði frumvarp þetta að lögum muni það valda unglingum og fjölskyldum þeirra á landsbyggðinni miklum óþægindum. Þar eru aðstæður með öðrum hætti, vegalengdir stundum meiri og samgöngumöguleikar færri. Ég vil ekki, frú forseti, gera lítið úr þessum rökum og ég get vel skilið þessi sjónarmið. En hvort er veigameira, þægindi eða mannslíf? Við vitum að slysin eiga sér stað og munu því miður halda áfram að eiga sér stað. Hversu mörg og hversu alvarleg vitum við ekki en verði þetta frumvarp að lögum sem leiða mun til þess að koma í veg fyrir þótt ekki væri nema eitt bílslys af völdum 17 ára ungmennis er tilgangi þeirra náð.

Eins og sést, frú forseti, hvernig sem á málið er litið, hvort sem með þessari umræðu eða annarri sem hefur að gera með velferð og heilsu barna og unglinga undir 18 ára aldri, er það skylda okkar að hafa vit fyrir þeim og búa þeim aðstæður sem eru best til þess fallnar að vernda þau sem og aðra vegfarendur í umferðinni. Verði frumvarp þetta að lögum mun heilum árgangi verða forðað frá því að geta slasast eða látið lífið undir stýri eða verða fyrir þeirri ógæfu að aðrir slasist eða látist í umferðinni af þeirra völdum.

Frú forseti. Eins og ég gat um í upphafi er í bráðabirgðaákvæði þessa frumvarps gert ráð fyrir að aldursmörkin verði hækkuð í þrepum, þ.e. um einn mánuð á tveggja mánaða fresti. Með þessum hætti kemur þessi aðgerð mildilega til framkvæmda, enda engin sanngirni í því að unglingur sem verður 17 ára daginn eftir gildistöku laganna þurfi að bíða í heilt ár eftir að fá ökuskírteini. Að sama skapi yrði slæmt ef ökukennsla og sú sérþekking sem henni fylgir félli niður í nærri heilt ár. Markmið laganna mundi með þessu nást á tæpum tveimur árum. Til að útskýra þetta betur í lokin, frú forseti, er framkvæmdin með þeim hætti að þeir sem verða 17 ára þann mánuð sem lögin taka fyrst gildi og næsta mánuð á eftir öðlast rétt til að taka bílpróf 17 ára og eins mánaðar. Þeir sem verða 17 ára næstu tvo mánuði þar á eftir öðlast bílprófsrétt 17 ára og tveggja mánaða og þannig áfram koll af kolli. Með þessari aðlögun er gert ráð fyrir að lögin taki að fullu gildi 1. maí 2009.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarp þetta verði að lokinni umfjöllun hér flutt til 2. umr.

[17:12]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. s., Kolbrúnu Baldursdóttur, fyrir flutning þessa máls. Ég vil láta þess getið að ég er meðflutningsmaður á þessu frumvarpi og styð heils hugar að það skref verði tekið að færa bílprófsaldurinn frá 17 upp í 18 ára aldur. Í þessu frumvarpi er þetta skref tekið ákaflega varfærnislega á tveimur árum þannig að þeir unglingar sem eru komnir með fiðring í magann og eftirvæntingu eftir að komast á götuna með fullgilt bílpróf geta andað léttar og rólegar því að ef þetta frumvarp verður samþykkt taka þessi 18 ára aldursmörk ekki gildi með það sama.

Ég tek undir það sem kemur fram í greinargerðinni hvað varðar þroska unglinga á þessum mótunarárum fram undir tvítugt. Það munar mjög mikið um hvert ár frá 15 ára upp að tvítugu. Mér finnst ákveðin samræming felast í þessu líka en fyrst og fremst horfi ég á þroskann og það að eins og umferðin er í dag er ábyrgðin orðin það mikil hjá ökumönnum að maður á að horfa fyrst og fremst á öryggið en ekki þægindi þess að 17 ára gamlir unglingar geti komist ferða sinna undir stýri.

Mér finnst, hæstv. forseti, fleira sem við getum horft til þegar við herðum reglur og tryggjum meira umferðaröryggi en er í dag. Ég tel rétt að huga einnig að vélarstærð, vélarafli og þyngd ökutækja. Það hefur verið tekið upp sums staðar, ég get ekki nefnt hvaða lönd það eru en það þekkist að þeir sem eru nýbúnir að fá ökuskírteini, þeir sem eru að byrja að aka bifreið, búa við takmörk á það hversu kröftugri og öflugri bifreið megi aka. Það er hluti af þessum þætti að því óþroskaðri sem einstaklingarnir eru, þeim mun hættara er þeim í umferðinni. Því miður má yfirfæra þetta á piltana frekar en stúlkurnar sem eru í eðli sínu flestar varkárari. Ég tek líka undir það að auðvitað eru langflestir ungir menn varkárir ökumenn en þar eru þó innan um þessir sem bíða eftir að komast á stóru kröftugu bílana og það eru einmitt þeir sem þyrftu á því að halda að hafa ekki leyfi til að vera á þessum stóru tryllitækjum eins og þeir sækjast eftir í dag.

Ég þakka frumkvæðið í þessu máli og vona að það fái brautargengi í vetur og góðar undirtektir í hv. samgöngunefnd.

[17:16]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kolbrúnu Baldursdóttur fyrir þetta frumvarp og þá ítarlegu greinargerð sem því fylgir. Ég tel þetta vera athyglisverða

og umhugsunarverða hugmynd og hún er vel rökstudd í ítarlegri og ágætri greinargerð.

Þetta er að sjálfsögðu afar viðkvæmt mál því að hjá flestum unglingum er stóra stundin 17 ára markið og líklega meiri hluti þeirra kominn með bílpróf, sjálft ökuskírteinið á afmælisdaginn, hvorki meira né minna, enda tengist þetta ákveðnu frelsi. Þeir eru eins og fuglar sem fá vængi til að geta ferðast um, vera ekki bundinn af tveimur jafnfljótum eða strætisvögnum. Þetta er ákveðin frelsistilfinning, ef til vill ákveðin leið að fá viðurkenningu á því að vera orðinn fullorðinn. Út frá þeim sjónarmiðum er þetta viðkvæmt mál.

Ég vil taka undir að nálgast má þetta út frá ýmsum sjónarhornum. Finna má rök bæði með og á móti því að hækka aldurinn til ökuskírteinis. Eitt sjónarhornið er, eins og kemur fram í greinargerðinni, út frá þroskasálfræði og þroska unglinga, hvenær einstaklingurinn er orðinn það þroskaður að hann geti axlað þá ábyrgð að vera ökumaður í umferð og í stöðugt vaxandi umferð. Sjálfsagt er hægt að finna dæmi þess að í einhverjum tilvikum er sá þroski aldrei til staðar hversu gamlir sem einstaklingar verða, en hér erum við að tala um heildina.

Hins vegar má nálgast þetta út frá kerfislegum sjónarhornum, jafnræði. Við vitum að 18 ára aldursmarkið er skilgreining á fullorðinsárum, þá telst einstaklingur vera orðinn fullorðinn. Einstaklingurinn fær um leið ákveðin önnur réttindi, samfélagsleg réttindi, þó að auðvitað séu ákveðnar mótsagnir, svo sem með giftingaraldur. Að því leytinu til má segja að það séu rök að samræma 18 ára markið við það að gerast fullorðinn og fá þau réttindi sem því fylgja en um leið ábyrgð sem fylgir því að teljast fullorðinn.

Grundvallarspurningin hlýtur því að vera þessi: Er það vandi að ökumenn á Íslandi skuli fá ökuleyfi 17 ára gamlir? Ég hygg að við getum verið sammála um það og tölur segja okkur að langsamlega flestir ökumenn axla þá ábyrgð, hafa þroskann og geta ekið um í umferðinni án þess að vera vandamál. En þá kemur spurningin með minni hlutann, þennan afgerandi minni hluta en þeim mun kannski dramatískari ef svo má að orði kveða, að samkvæmt tölum frá Umferðarstofu eru það óneitanlega ökumenn á aldrinum 17–18 ára sem oftast, langsamlega oftast lenda í umferðarslysum. Við getum sagt að eitt alvarlegt umferðarslys er einu alvarlegu umferðarslysi of mikið og ef orsakavaldurinn er aðallega unglingar á aldrinum 17–18 ára hljótum við að fókusera á það.

Ég vil taka undir þá hugmynd sem hefur svo sem verið hreyft áður, að einstaklingar fái ökuskírteini í þrepum, eins og þekkist í sumum löndum, þ.e. að á fyrsta ári — alveg óháð aldri reyndar — megi einstaklingar ekki aka bifreið nema upp að ákveðinni vélarstærð og komist þar af leiðandi ekki jafnhratt yfir og kraftmiklir bílar. Ef þeir sanna að þeir valdi þeirri vélarstærð er á næsta þrepi vélarstærðin og kraftur bifreiðarinnar aukinn.

Ég er líka mjög hlynntur því að herða refsirammann og það mun verða rætt síðar í frumvarpi frá hæstv. samgönguráðherra sem liggur fyrir þinginu, því að við þurfum að bregðast við þeim skelfilegu slysum sem hafa farið svo vaxandi í umferðinni.

Það er þó einn punktur sem ég vil velta upp án þess að ætla að lengja umræðuna og það er þegar við erum að spyrja okkur hvort þetta sé vandi. Svarið er að ungir ökumenn eru að hluta til vandamál. Þetta er sá hópur sem veldur flestum slysum. En eru það allir ökumenn á 18. ári? Svarið við því er nei. Vegna þess að í ljós hefur komið að það eru fyrst og fremst strákar á aldrinum 17 ára sem eru ógn fyrir marga í umferðinni. Þá koma fram þessar andstæður, ef við segjum að stelpurnar hafi ekki verið vandamál í umferðinni fram til þessa, kannski vegna þess að þær þroskast fyrr en við strákarnir, án þess að ég geti svo sem svarað því, hv. flutningsmaður þekkir það eflaust betur sem sálfræðingur. En ef stelpurnar eru að öllu jöfnu ekki vandamálið í umferðinni má spyrja hvort við séum að láta hegðan einhvers lítils hluta stráka á 18. ári kalla ákveðna refsingu yfir stelpur sem ekki eru vandamál. Getum við hugsað okkur það að við notum staðreyndirnar, við notum söguna, við notum reynsluna til að lyfta þakinu fyrir stráka þannig að það komi með þeim hætti jákvæð mismunun gagnvart stelpum? Statistikk og tölfræði frá Umferðarstofu segir í rauninni að það séu strákarnir. Þess vegna kannski er ástæða til að líta á þá án þess að refsa stelpunum. En hvort það gangi upp út frá jafnræðissjónarmiði skal ég ósagt látið en mér finnst þetta að minnsta kosti umhugsunarefni og verður fróðlegt að fá umsagnir til hv. samgöngunefndar þegar við tökum til við að vinna í málinu. En ég tel ástæðu til að þakka fyrir að þessari hugmynd skuli hreyft hér.

[17:23]

**Flm. (Kolbrún Baldursdóttir):**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum Þuríði Backman og Hjálmari Árnasyni fyrir innlegg þeirra.

Já, það er ekki neitt nýtt að heildin þurfi gjarnan að líða fyrir minni hlutann og í þessu tilviki jafnvel bara lítinn hóp og það er mjög ósanngjarnt. En ég er hrædd um að einhvers staðar mundi heyrast hljóð ef við færum að leggja það til að búa til ólík lög fyrir kynin, ein lög fyrir stúlkurnar og önnur fyrir drengina. Ég get því ekki alveg séð það fyrir mér hér og nú að slík umræða yrði vinsæl í allri þeirri jafnréttisumræðu sem við erum búin að vera í undanfarin ár og eigum þar margt eftir að laga.

Staðan er því sú að því miður yrði þetta að ganga yfir alla heildina. Við erum að tala um 3–4 þúsund ungmenni í hverjum árgangi. Það eru ekki allir sem taka bílprófið um leið og þeir ná 17 ára aldrinum en sá hópur sem fer út í umferðina ár hvert núna eins og staðan er, 17–18 ára, er 3–4 þúsund. Ef frumvarpið verður að lögum gilda að sjálfsögðu ein lög yfir allan hópinn. Deila má um hversu sanngjarnt það er en svona er það nú.

Hins vegar voru margir góðir punktar sem komu fram áðan. Ég fagna því einnig að ekki séu fleiri mótrök sem hafa komið fram við 1. umr., sem segir mér að ég held að almennt séð sé fólk tiltölulega sátt við að fara að huga að því að taka þetta skref.

Mig langar til að nefna eitt atriði. Þegar ég hugsa til baka og ákveðið var á hinu háa Alþingi að færa sjálfræðisaldurinn frá 16 ára upp í 18 ár, þá minnist ég þess að mörgum þótti þetta skelfilega róttæk breyting. Við höfðum í mörg ár búið við það að 16 ára unglingur varð sjálfráða,

hann gat tekið sínar ákvarðanir, pakkað niður í tösku og farið að heiman ef honum sýndist svo.

Núna finnst okkur í rauninni ekki nema eðlilegt að aldurinn sé 18 ár. Þetta er mjög sambærilegt finnst mér, að eftir nokkur ár þegar við munum hugsa til baka, þ.e. verði frumvarpið að lögum, þá held ég að við minnumst þess ekki svo mjög skýrt að þetta hafi verið nein sérstök róttæk breyting. Þannig er það með svo margt þegar við erum að gera breytingar, að þegar til lengri tíma er litið er þetta í rauninni bara allt saman frekar eðlilegt.

Þarna er verið að gera mikla samræmingu. 18 ár er jú aldurinn sem við höfum skilgreint að barn komist í fullorðinna manna tölu. Ekki er þar með sagt að þann dag sem barn eða unglingur vaknar á 18 ára afmælisdegi sínum sé hann orðinn fullþroska, síður en svo. Þroskinn heldur áfram, kannski langt fram yfir tvítugsaldurinn og eins og ég sagði áðan með mismunandi hraða. Og það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, að við vitum að stúlkur fara gjarnan hraðar í gegnum þennan þroska, bæði líkamlegan og vitsmunalegan þroska, og þannig hefur það sjálfsagt verið alla tíð, að minnsta kosti í mörg ár og ég sé ekki að það verði neinar sérstakar breytingar á því.

Ég fagna því að ekki eru fleiri mótrök við 1. umr. og vonast til að frumvarpið fái farsæla meðhöndlun við 2. og 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skattlagning lífeyrisgreiðslna, fyrri umr.*

Þáltill. EBS o.fl., 382. mál. — Þskj. 419.

[17:27]

**Flm. (Ellert B. Schram):**

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram tillögu til þingsályktunar ásamt tveimur öðrum hv. þingmönnum, Jóhönnu Sigurðardóttur og Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Tillagan fjallar efnislega um skattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna og þá breytingu á tekjuskattslögum að lífeyrissjóðsgreiðslur skuli skattlagðar eins og um fjámagnstekjur væri að ræða. Þar sem ég er varamaður á þingi og er að falla á tíma hafa þingforsetar verið svo vinsamlegir að greiða fyrir því að málið komist á dagskrá og mér gefist tækifæri til að fylgja því úr hlaði. Ég þakka þá tillitssemi og mun ekki eyða of miklum tíma þingsins í að gera grein fyrir þessari tillögu.

Í gær fór reyndar fram mikil umræða um kjör eldri borgara við 2. umr. fjárlagafrumvarpsins og sú tillaga sem hér liggur fyrir er sömuleiðis um hagsmuni eldri borgara. Málalok afgreiðslunnar í gær sem sneri að bættum kjörum aldraðra voru mér mikil vonbrigði og voru í rauninni sorgleg því að þau kosta ríkissjóð ekki mikil útlát í hlutfalli við veltu ríkissjóðs og í ljósi þess að fjárlög gera ráð fyrir 9 milljarða kr. afgangi. Afgreiðslan í gær var eins og, leyfi ég mér að fullyrða, blaut tuska framan í andlit eldri kynslóðarinnar.

Tillögur minni hlutans sem felldar voru í morgun gengu út á að hækka frítekjumark og lagfæra tekjutryggingu, hækka vasapeninga eldri borgara o.s.frv. og snerust að mestu leyti um það fólk sem þarf að sækja bætur til Tryggingastofnunar ríkisins, fólkið sem ber minnst úr býtum, og sumt af því verður að lifa á strípuðum bótum og þess heldur var þessi niðurstaða dapurleg sem við urðum vitni að í morgun.

Sú tillaga sem ég er framsögumaður að snýr aftur á móti að þeim hópi eldri borgara sem þiggur greiðslur úr lífeyrissjóðum sínum, þar sem þeir hafa greitt af launagreiðslum áður. Samkvæmt lauslegum athugunum kemur í ljós að 90% fólks 67 ára og eldri, eða um 25 þúsund manns, fá greiðslur úr lífeyrissjóðum. Að meðaltali eru lífeyrisgreiðslur ekki, merkilegt nokk, nema um 60 þús. kr. á mánuði. Auðvitað er margt af þessu fólki með aðrar tekjur og ýmist atvinnutekjur eða fjármagnstekjur. Samtals voru tekjur að meðaltali hjá 67 ára gömlu fólki og eldra, ef miðað er við árið 2004, 154 þús. kr. Dreifingin var sú að helmingur lífeyrisþega var með í heildartekjur 114–140 þús. kr. á mánuði og 40% með tekjur á bilinu 140–220 þús. kr. á mánuði. Um 8% voru með minna en 100 þús. kr.

Af þessum tölum má sjá að þessi hópur skattþegna er ekki á háum tekjum með vísan til þess að samkvæmt útreikningum Hagstofunnar er neysluþörf hvers einstaklings á þessum aldri u.þ.b. 200 þús. kr. eftir skatt. Til samanburðar má geta þess að meðaltekjur fólks á aldrinum 25–65 ára voru 285.500 kr. á árinu 2004. En hvort heldur tekjur einstaklings eru 150 þúsund eða 280 þúsund og hvort heldur þeirra er aflað með vinnuframlagi eða þær fengnar úr lífeyrissjóði greiðir viðkomandi almennan tekjuskatt.

Á sama tíma hefur verið lögleiddur annar skattur, fjármagnstekjuskattur, sem eins og allir vita er lagður á vexti og arð og nemur 10%. Með öðrum orðum: Annars vegar er um að ræða fólk sem leggur fé sitt inn á bankabók eða fjárfestir í verðbréfum eða leigir út fasteignir sínar og nýtur ávöxtunar af þeim sparnaði og ávöxtunin eru tekjur sem bera 10% skatt. Hins vegar er hinn almenni launamaður sem greiðir iðgjöld sín í lífeyrissjóðinn og fær lífeyri þegar hann nær lífeyrisaldri en hann greiðir almennan tekjuskatt, 37 eða 38%. Þetta þarf varla að útskýra og þetta þekkja allir en í þessu felst mikið óréttlæti og mismunun. Sparnaður er alltaf sparnaður í eðli sínu og þar á fólk að sitja við sama borð þegar kemur að skattbyrði eða skattútlátum vegna þessa sama sparnaðar. Þessi tillaga til þingsályktunar gengur út að jafna þennan rétt.

Lífeyrissjóðakerfinu var á sínum tíma komið á hér á landi á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Upphaflega var það kerfi hugsað sem viðbót við almannatryggingakerfið sem hefur með tíð og tíma breyst í hálfgert ölmusukerfi með öllum sínum annmörkum og fólk verður í æ ríkari mæli að treysta á lífeyrissjóðinn sem það hefur greitt í og á aðild að. Það er þó engan veginn allt fast í hendi í þeim efnum og alkunna er að margir lífeyrissjóðir hafa ávaxtað sitt pund með misjöfnum árangri og aðilar sjóðsins og launagreiðendur hafa sumir hverjir farið illa út úr sparnaði sínum í lífeyrissjóði. Lífeyrisgreiðslur eru auðvitað hugsaðar til þess að fólk geti séð sér farborða og þær dekki lágmarksframfærslu en það er þó langur vegur frá því að svo sé. Þar tala tölurnar sem ég nefndi áðan sínu máli. Nær helmingur lífeyrisþega fær 114–140 þús. kr. á mánuði, eins og ég gat

um áðan, úr sínum lífeyrissjóði og síðan er þessi hungurlús skattlögð af fullum þunga.

Því má heldur ekki gleyma að lífeyrisgreiðslur eru lögbundnar, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Launafólki er ekki boðið upp á neitt val. Þetta er lögþvingaður sparnaður og sparnaðurinn er háður ávöxtun og vöxtum og þar er aldrei á vísan að róa í þeim efnum.

Allt eru þetta að mínu mati röksemdir fyrir þýðingu og gildi þeirrar tillögu sem hér er flutt, að skattar af sparnaði í einu eða öðru formi eigi að búa við og lúta sömu grundvallarreglunum. Sparifjáreigendur eiga ekki að greiða skatt af slíkum tekjum eftir því hvernig til sparnaðarins er stofnað og ég held að það sé heila málið.

Virðulegi forseti. Þessi þingsályktunartillaga felur í sér að líta á allan sparnað sem sparnað og ekki tekjur í almennum skilningi tekjuskattslaganna. Með því að stíga það skref að samþykkja þessa tillögu er komið til móts við langstærsta og fjölmennasta hóp eldri borgara og þetta yrði hin raunverulega kjarabót sem sá hópur gæti fengið og kæmi honum best. Þetta er árangursríkasta skrefið sem við getum stigið til móts við þann hóp landsmanna sem hefur lagt grundvöllinn að ríkidæmi okkar.

Áætlað er að útlát ríkissjóðs nemi um 3 milljörðum ef þessar tillögur ná fram að ganga. Ég vek í því sambandi athygli á að hér er verið að tala um breytingu sem tekur gildi á þarnæsta fjárlagaári, þannig að hún hefur engin áhrif á þau fjárlög sem nú eru hér til afgreiðslu. Mestur hluti þeirrar skattalækkunar sem yrði lenti á sveitarfélögunum og við flutningsmenn tillögunnar leggjum áherslu á að það verði lagað samtímis þessari lagabreytingu. Enn fremur þarf sömuleiðis að skoða bætur frá hinu opinbera, eins og um er fjallað í tillögunni sjálfri, þ.e. að bætur almannatrygginga njóti sömu breytinga í skattlagningu þegar þar að kemur. Þetta hangir hvort eð er allt á sömu spýtunni, enda þótt ekki sé beinlínis gerð tillaga um það að sinni en lagt til að það mál verði skoðað. Það er eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra verði falin verkstjórn í þessu máli því að sjálfsagt þarf að skoða fleiri en eina grein í skattalögunum og málið getur að einhverju leyti verið flókið viðureignar sem sérfræðingar ættu þó að geta leyst úr. Það er hins vegar skoðun okkar flutningsmanna og vilji að Alþingi lýsi yfir stuðningi við tillöguna og við þessa kjarabót og rétti þannig eldri borgurum höndina þeim til sjálfsbjargar.

Að lokum við ég segja þetta, virðulegi forseti: Eftir þær umræður sem áttu sér stað í morgun er svo sem ekki við að búast miklum undirtektum frá meiri hlutanum og stjórnarliðinu sem hér situr á þingi, en ég held að það fari ekki milli mála að sú afgreiðsla var skilaboð í tvær áttir. Þar voru víglínurnar og átakapunktarnir markaðir, annars vegar að ríkisstjórnarliðið hefur engan skilning á högum þess fólks sem hér er um að ræða, það telur mikilvægara að skila 9 milljarða kr. afgangi á fjárlögum frekar en að hækka frítekjumark eldra fólkinu til handa. Þetta eru skilaboðin frá ríkisstjórnarliðinu. Á hinn bóginn eru skilaboðin þau, a.m.k. frá okkur í Samfylkingunni, að þetta mál sem hér er flutt og þær tillögur sem lagðar voru fram í morgun við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins hafi algjöran forgang. Málefni eldri borgara munu sitja í fyrirrúmi ef og þegar Samfylkingin kemst til áhrifa. Um það verður væntanlega kosið á komandi vori og þá vona ég að þar muni ríkisstjórnin mæta sínu Waterloo.

Ég legg svo til að lokum, virðulegi forseti, að þessari þingsályktunartillögu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar og síðari umr.

[17:38]

**Útbýting:**

Endursala viðskiptabanka á eignum sem þeir hafa leyst til sín við nauðungarsölu, 410. mál, fsp. JóhS, þskj. 462.

Framkvæmd nauðungarsölu, 411. mál, fsp. JóhS, þskj. 463.

Húsnæðismál opinberra stofnana, 405. mál, fsp. ÞBack, þskj. 451.

Svæðisbundin fiskveiðistjórn, 401. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 447.

[17:39]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að taka undir þá þingsályktunartillögu sem hv. þm. Ellert B. Schram mælti fyrir um að gera breytingar á skattlagningu á lífeyrisgreiðslum og þá sérstaklega að útbúa frumvarp um að lífeyrisgreiðslur úr almennum lífeyrissjóðum verði skattlagðar á sama hátt og fjármagnstekjur. Ég hef lengi verið þeirra skoðunar að skattleggja eigi greiðslur úr lífeyrissjóði eins og fjármagnstekjur og lét útbúa fyrir mig frumvarp á þessu kjörtímabili um það. Við vinnslu þess frumvarps kom í ljós að greiðslur til lífeyrisþega úr lífeyrissjóðum eru að stórum hluta til fjármagnstekjur þó að þær séu það ekki að öllu leyti, því að sumu leyti eru þær sparnaður en að öðru leyti fjármagnstekjur. Það er því fullkomlega eðlilegt að skattur sem greiddur er af slíkum greiðslum sé sá sami og fjármagnstekjuskattur.

Við þekkjum það sem höfum kynnt okkur lífeyrisgreiðslur til aldraðra og öryrkja að skattar og skerðingar í almannatryggingunum taka til baka að stórum hluta þann sparnað sem fólk hefur verið að leggja fyrir í gegnum lífið og það er auðvitað gjörsamlega óviðunandi. Og eins og hv. þm. Ellert B. Schram benti á er þetta lögbundinn sparnaður sem fólk tekst á hendur með því að greiða í lífeyrissjóðina. Ég tel því mjög tímabært og nauðsynlegt að fara í þessa vinnu og einnig að skoða hvort ekki sé full ástæða til að breyta skattlagningu á lífeyrisgreiðslum úr almannatryggingunum.

Umræður um málefni lífeyrisþega undanfarið hafa einnig vakið almenning til umhugsunar um þessi mál, sem er fullkomlega tímabært og mjög nauðsynlegt. Ég vil líka fagna því að fjölmiðlar hafi látið þessi mál til sín taka og tekið þau alvarlega til umræðu, eins og Ríkisútvarpið hefur gert í Speglinum undanfarið. Ég er alveg sannfærð um að ef stjórnarandstaðan og fjölmiðlar taka höndum saman um að berjast fyrir þessum málum og breytingum á lífeyristryggingunum — kaflinn í almannatryggingunum um lífeyrismálin er náttúrlega orðinn úreltur og barn síns tíma — muni nást réttlátar breytingar í þeim efnum, bæði hvað varðar þá skattlagningu sem verið er að tala um hér og einnig skerðingarmálin.

Auðvitað eru það vonbrigði eins og gerðist í morgun

þegar tillaga okkar stjórnarandstöðuflokkanna var felld af ríkisstjórnarmeirihlutanum, þar sem við lögðum til minni skerðingar í almannatryggingunum og ýmsar aðrar kjarabætur. En það koma tímar eftir þá tíma sem við upplifum núna og ég trúi ekki öðru en að kjósendur, þegar þeir sjá hvernig ríkisstjórnin bregst við úrbótum í málefnum aldraðra, veiti henni ekki umboð áfram til að vera við stjórnvölinn.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að rökstyðja þetta mál frekar, hv. þm. Ellert B. Schram hefur gert það ágætlega. Ég hef verið sannfærð um að fara eigi þessa leið og vonandi næst þetta mál fram í efnahags- og viðskiptanefnd, þó að ég sé ekki of bjartsýn eftir meðferð tillagna okkar í morgun, en við munum auðvitað fylgja þessu eftir, eftir kosningar, ef þetta mál nær ekki fram að ganga að þessu sinni.

[17:43]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég er einn af þeim alþingismönnum sem er hlynntur því að skattar séu allmiklir. Ég vil frekar greiða fyrir almannaþjónustuna í gegnum skattkerfið en beint sem einstaklingur. Ég vil frekar borga með sköttum fyrir heilbrigðisþjónustu og velferðarþjónustuna almennt en gera það í sjúklingagjöldum, skólagjöldum o.s.frv. Þess vegna staðnæmist ég að sjálfsögðu þegar ég sé þann tekjumissi sem hið opinbera verður fyrir.

Sé hins vegar um það að ræða að raða í forgangsröð skattkerfisbreytingum sem hafa ívilnanir í för með sér þá væri þessi breyting mjög ofarlega á lista hjá mér. Ég er hlynntur þessu máli en langar að gera grein fyrir sjónarmiðum mínum til þess og hvers vegna ég er hlynntur því.

Lífeyrisþegar sem borga í samtryggingarsjóði njóta ákveðinna ívilnana. Iðgjald til lífeyrissjóðs er þannig undanþegið skatti og að því leyti frábrugðið því sem gerist þegar við leggjum inn á bankareikning eða leggjum fé til hliðar á einkareikningum. Um nokkur ár var það fyrirkomulag að greiðslur úr lífeyrissjóðum nutu ákveðinna ívilnana en síðan var því breytt þannig að menn fóru í hinn endann og afléttu sköttum af iðgjöldum. Ég var mjög mótfallinn því á sínum tíma og benti m.a. á að þeir sem börðust fyrir þessum skattaívilnunum, sem var þá fullorðið fólk, eldri kynslóðin, nyti ekki ávaxtanna af baráttu sinni. Það væru hinir yngri sem kæmu til með að gera það. Ég styð þetta ekki á þeim forsendum að um tvísköttun sé að ræða eða annað af því tagi og hef efasemdir um mikinn samanburð við einkareikninga eða bankareikninga hvað þetta snertir.

Ástæðan fyrir því að ég er hlynntur þessari hugsun er sú að ég tel æskilegt að ívilna eldri borgurum, fullorðnu fólki og draga mörk á milli elstu kynslóðarinnar og hinnar yngri. Það er meginástæðan fyrir því að ég er þessu hlynntur. Í annan stað get ég sætt mig við ákveðna mismunun í þágu samtryggingarsjóða. Mér finnst ekki óeðlilegt að þeir búi við góðan kost. Þá horfi ég til þess og ítreka að ef maður leggur inn á bankareikning þá er sú greiðsla náttúrlega skattlögð, það eru tekjur sem hafa verið skattlagðar. Greiðslur sem fara inn í lífeyrissjóði eru undanþegnar skatti. Iðgjaldið er undanþegið skatti þannig að því er ekki alveg saman að jafna. Þar er hin ástæðan fyrir því að ég er hlynntur þessari hugsun, að mér finnst að samtryggingarlífeyrissjóður eigi að búa við ákveðna ívilnun.

Það sakar náttúrlega ekki að geta þess að ýmsir ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu, þar á meðal BSRB sem ég kem aðeins nærri, hafa ályktað í þessa veru. Samband lífeyrisþega innan BSRB hefur tekið málið til umfjöllunar og hefur lýst stuðningi við þessa hugsun. Þótt ég sé ekki í þessum stóli að tala sérstaklega fyrir hönd samtakanna þá vísa ég til þess að á nýafstöðnu þingi BSRB var samþykkt ályktun sem er í samræmi við þessa tillögu til þingsályktunar.

[17:49]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég held að dagurinn í dag hafi sýnt það vel hverjir í þessum sal, hvaða flokkar, vilja setja málefni lífeyrisþega í forgang og hverjir láta lífeyrisþega mæta afgangi. Það var ömurlegt að sjá í morgun hvernig stjórnarflokkarnir stráfelldu allar tillögur stjórnarandstöðunnar um að bæta kjör lífeyrisþega og skapa þeim meira svigrúm til að afla sér atvinnutekna án þess að slíkar tekjur skertu greiðslur almannatrygginga.

Stór hópur lífeyrisþega býr við hreina fátækt hér á landi og hefur ekki annað sér til framfærslu en lífeyri almannatrygginga og kannski lítilræði úr lífeyrissjóðum. Það er ekki annað að sjá á stjórnarflokkunum en þeir vilji halda þessum hópi lífeyrisþega áfram í fjötrum fátæktar og halda þeim frá vinnu, þótt þeir gætu fengið vinnu til að bæta við framfærslutekjur sínar. Það er ömurlegt, virðulegi forseti.

En nú undir kvöld á þessum degi er mælt fyrir máli sem mun hafa afgerandi áhrif á kjör lífeyrisþega nái það fram að ganga. Þetta er stórmál, baráttumál Landssamtaka eldri borgara og lífeyrisþega um langan tíma sem ekki hefur náð fram að ganga. Ég þakka hv. 1. flutningsmanni þess, hv. þm. Ellerti B. Schram, fyrir góða forustu í þessu máli og vandaða greinargerð með þessari tillögu til þingsályktunar.

Ég er meðflutningsmaður að þessari tillögu og þarf út af fyrir sig ekki að hafa langt mál um hana. Rökstuðningurinn er góður og maður bara veltir fyrir sér sanngirninni og réttlætinu í því í þessu þjóðfélagi, að auðmenn sem að verulegu leyti lifa af fjármagnstekjum sínum skuli einungis þurfa að borga 10% fjármagnstekjuskatt meðan lífeyrisþegar, hvort sem það eru aldraðir eða öryrkjar sem rétt hafa tekjur sér til framfærslu sem losa 100 þús. kr., þurfa að borga 37% skatt. Það þarf út af fyrir sig ekki að tefla fram fleiri röksemdum til að sýna fram á hve mikið sanngirnismál er á ferðinni.

Við í Samfylkingunni höfum nokkur sett fram þingmál um endurskipulagningu á skattkerfinu. Þar rekjum við óréttlætið í skattlagningunni í tíð þessarar ríkisstjórnar þar sem skattbyrði á 90% landsmanna hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar þrefaldast til fjórfaldast meðan 10% þjóðarinnar, þeir sem mest hafa milli handanna, auðmennirnir sem hafa rakað til sín peningum, hafa fengið skattalækkanir. Þar er dregið fram, sem kom t.d. fram við síðustu skattálagningu, hvernig efnað fólk greiðar hlutfallslega lægri skatta en almennir launþegar þar sem verulegur hluti teknanna ber einungis 10% fjármagnstekjuskatt. Í álagningarskránni á þessu ári, vegna tekna 2005, kom fram að 6.600 framteljendur eru með hærri fjármagnstekjur en aðrar tekjur og að 2.200

manns greiða einungis fjármagnstekjuskatt. En á sama tíma greiða almennir launþegar og lífeyrisþegar tæplega 37% skatt. Þar kemur einnig fram að 1% skattgreiðenda eða 600 fjölskyldur eru með 60% allra fjármagnstekna. Að meðaltali eru þessar fjölskyldur með 95 millj. kr. í fjármagnstekjur á ári. Eins er athyglisvert að 10% hjóna, um 6 þúsund talsins, eru með 83% allra fjármagnstekna. Þetta þýðir í raun að 90% skattgreiðenda hafa litlar eða engar fjármagnstekjur. Þessi hópur, það fólk sem hefur það best í þjóðfélaginu, efnafólkið í landinu, þarf einungis þarf að greiða 10% fjármagnstekjur af stórum hluta framfærslutekna sinna. Í þessu býr óréttlætið.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki síst óréttlátt þegar horft er til þess að þegar lífeyrisþegar, sem lagt hafa til hliðar lögum samkvæmt inn í lífeyrissjóði, taka út sinn lífeyri og hafa náð til þess aldri þá þurfa þeir að greiða 37% skatt. Þó eru um tveir þriðju af lífeyrisgreiðslunum sem fólk fær út úr lífeyrissjóðunum ekkert annað en vextir og verðtrygging, ekkert annað en fjármagnstekjur. Eðli málsins samkvæmt ætti lífeyrir því einungis að bera fjármagnstekjuskatt. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það, virðulegi forseti, hvað slík breyting sem hér er á ferðinni mundi bæta kjör þessa fólks.

Við höfum heyrt fréttir um það á síðustu dögum hvernig viðbótarlífeyrissparnaður skerðir lífeyrisgreiðslur almannatrygginga ef fólk þarf á honum að halda og leysir hann út. Það er til skammar hvernig það er, virðulegi forseti. Það er sérstakt mál sem þarf að taka alveg sérstaklega fyrir, að fólk skuli sæta svona mikilli skerðingu á almannatryggingagreiðslum ef tekinn er út viðbótarlífeyrissparnaður. Það þarf að huga að því að það skerði ekki greiðslur almannatrygginga þegar viðbótarlífeyrissparnaður er tekinn út. Það hlýtur líka að þurfa að huga að því að lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðunum, a.m.k. að einhverjum hluta, skerði ekki greiðslur almannatrygginga. Hvort tveggja þetta er mikið ranglæti sem þarf að leiðrétta og auðvitað þarf að taka skattkerfið allt til rækilegrar endurskoðunar. Það er ekki hægt, virðulegi forseti, að fólk sem býr við rétt rúmlega 100 þús. kr. tekjur þurfi að borga af því skatt.

Áður en þessi ríkisstjórn tók við borgaði fólk sem einungis lifði af greiðslum almannatrygginga engan skatt. Það þurfti ekki að greiða skatt af sinni litlu framfærslu. En nú er það þannig að t.d. fólk sem þarf fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum þarf líka að borga skatt af þeim greiðslum. Allt þetta segir okkur hve mikilvægt er að fara í að endurskoða skattkerfið með það að markmiði að lækka skattbyrði fólks með lágar og meðaltekjur. Sú leið sem hér er mælt fyrir er sannarlega skref í þá átt að koma á meiri sanngirni í skattkerfinu.

[17:57]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól til að þakka fyrir að þetta mál skuli flutt. Það er tímabært að fram komi þingmál af þessu tagi. Umræður um þessi mál hafa reyndar oft staðið í sölum Alþingis og kröfur um að tekið verði á þessum málum hafa legið fyrir lengi en ekki verið fyrir hendi vilji stjórnvalda til að gera neitt sem bragð er að í þessum málum.

Tvískinnungsháttur inn er ótrúlegur hvað skattlagninguna varðar. Mönnum finnst sjálfsagt að það sé lágur skattur á tekjum sem menn hafa af eignum sínum ef þær eru í fjármunaformi. Það á að vera miklu lægri skattur en ef menn þræla fyrir þeim tekjum sem um er að ræða með höndunum eða einhvers konar starfsemi. Ég hef aldrei getað skilið hvernig hægt er að skilja sundur störf manna hvað skattlagningu varðar. Ég tel það jafnmikla vinnu og eiga að bera alveg jafnmikinn skatt ef starfsemi manns er fólgin í að stýra fjármagni og hafa peninga út úr því eins og að prjóna peysu eða sokka til að selja. Þess vegna er þetta ófært.

Svörin sem menn fá í umræðunni um þessi mál eru að ef fjármagnstekjuskatturinn hækki þá hverfi menn úr landi með peningana sína. En það á ekki við þegar farið er að ræða um sparnaðinn hjá eldri borgurum. Þeir komast ekki burtu. Það virðist vera málið. Það á að skattleggja þá sem hægt er að ná til en hinir eiga að sleppa. Ég segi þess vegna að það er ástæða til að velta því fyrir sér hvort ekki væri hægt að komast einhverja millileið í þessu. Þarna væri t.d. hægt að hækka fjármagnstekjuskatt lítillega og í staðinn gætum við haft lægri skattlagningu á lífeyrisgreiðslur og aðrar sambærilegar greiðslur. Þá á ég auðvitað við sparnað fólks af öðru tagi. Þarna þarf að vera samræmi á milli.

Það þarf líka að undanþiggja tiltekinn sparnað þannig að allir hafi hann frjálsan að einhverju marki, eðlilegan sparnað fólks. Það er engin ástæða til að skattleggja hann. Ég tel að ríkinu sé engin vorkunn að leggja það til með því fólki sem býr í landinu, þ.e. að leggja lægri skatta á lífeyrissparnað þess, þótt hann sé ekki skattlagður í upphafi. Hann er grunnur þeirra tekna sem menn fá úr lífeyrissjóði í framtíðinni og með því er létt því fargi af ríkinu, sem það átti allan tímann að bera, þ.e. bera ábyrgð á því að við sameiginlega sæjum til þess að enginn liði skort í elli sinni. Ríkið hefur létt þessu af sér frá því að lífeyrissjóðirnir fóru af stað. Síðan þá hefur stefnan og framtíðin verið sú að lífeyrissjóðirnir beri þetta allt uppi. Ég tel að menn eigi einfaldlega að gera hlutina þannig að allir geti vel við unað. Lífeyrissjóðirnir taka smám saman við hlutverki sem áður var talið hlutverk hins opinbera og í það stefnir að menn fari þann veg á enda. En menn verða að gera það myndarlega.

Þegar talað er um fjármagnstekjuskatt og annað slíkt þá segja menn gjarnan: Ja, ég er ekkert á móti því að menn græði. Ég er ekkert á móti því að menn hafi það gott. En hvers vegna þurfa einhverjir að hafa það skítt í þessu samfélagi? Ég tel enga ástæðu til þess. Þetta er svo öflugt og ríkt samfélag að það er engin ástæða til að neinn hafi það skítt. Það er okkur til skammar ef fólk þarf að hafa áhyggjur af framfærslu sinni í ellinni. Það er engin ástæða til þess. Það er heldur engin ástæða til að óttast um hagsmuni ríkisins þótt hagur eldri borgara braggist frá því sem er. Það skilar sér allt til baka í ríkissjóð. Þótt menn hafi það sæmilegt í ellinni þá mun ríkissjóður ekki tapa á því.

Það hefur sýnt sig að eftir því sem samfélagið hefur orðið öflugra og ríkara þá hefur ríkissjóður fitnað og bólgnað sem aldrei fyrr. Það mun ekki verða ríkissjóði til bölvunar að eldri borgarar í þessu landi þurfi ekki að klípa hverja krónu til að geta framfleytt sér, eins og raunin er um hluta af eldri borgurum þessa lands. Það er því tímabært að ræða þetta mál og ekki bara ræða heldur láta til skarar skríða og

koma á meira réttlæti í þessum málum en verið hefur. Okkur er engin vorkunn að gera það.

[18:03]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um breytingar á skattlagningu lífeyrisgreiðslna. Tillagan er vel meint en því miður byggir hún á misskilningi og er auk þess félagslega mjög ósanngjörn.

Greiðslur í lífeyrissjóði hafa ætíð verið frádráttarbærar frá skatti, utan sjö ár þar sem 4% launþegans voru ekki frádráttarbær til skatts en þau voru sett inn í persónuafsláttinn á þeim tíma en hann var hækkaður stórlega til þess að mæta því. Annars hafa 4% og 6% atvinnurekenda ætíð verið skattfrjáls og þar af leiðandi er fjármagnið í lífeyrissjóðunum óskattað.

Nú skulum við hugsa okkur að maður nokkur hafi einhvern tíma í fyrndinni átt 1 þús. kr. og við skulum gefa okkur til einföldunar að skattprósentan hafi verið 40%. Ef hann lagði í lífeyrissjóð gat hann lagt 1 þús. kr. í lífeyrissjóðinn. Ef hann hins vegar lagði ekki í lífeyrissjóð hefði hann þurft að borga skatta og átt þá 600 kr. eftir. Inneignin í lífeyrissjóðnum var sem sagt 66% hærri.

Nú skulum við gefa okkur það að maðurinn hafi ætíð náð sömu ávöxtun á þetta fé eins og lífeyrissjóðurinn og keypt fyrir það spariskírteini. Þá á hann alltaf 66% meira í lífeyrissjóðnum en í frjálsum sparnaði. Þegar kemur að því að hann tekur lífeyrinn úr lífeyrissjóðnum á hann 66% meira þar, og þá á sem sagt eftir að skatta það. Þá er eðlilegt að tekinn sé 40% skattur af því þegar það er greitt út og þá er maðurinn jafnsettur, nema í lífeyrissjóðnum hefur hann ekki borgað fjármagnstekjuskatt eins og hann hefði gert ef hann hefði verið með þetta í frjálsum sparnaði. Hann er því verr settur að hafa sparað utan lífeyrissjóðanna en innan þó að hann borgi fullan tekjuskatt af upphæðinni. (**Gripið fram í:** Er þetta allt sami maðurinn?) Þetta er sami maðurinn, já.

Ég er bara að sýna fram á að það verður að skatta greiðslurnar úr lífeyrissjóðum þegar þær koma til útgreiðslu til að hann sé eins settur og ef hann hefði lagt féð í frjálsan sparnað, vegna þess að fjármagn lífeyrissjóðanna er algjörlega óskattað, það er frestuð skattlagning. Ég skil nú ekkert í því að þeir menn sem vilja gæta hagsmuna ríkissjóðs og vilja skatta, kannski ekki sem mest en vilja skatta duglega, séu að leggja til skattfrelsi af þessum upphæðum.

Svo kemur hinn þátturinn, herra forseti, sem er enn þá verri. Ef menn mundu gera þetta og greiðslur úr lífeyrissjóðunum yrðu að hluta til með fjármagnstekjuskatti þá mundi það fólk sem er með lægstar tekjurnar — vegna þess að ekki er persónuafsláttur í fjármagnstekjuskattinum — allt í einu fara að borga skatt af lífeyrisgreiðslunum. Þar er ekkert frítekjumark þannig að þeir sem eru með tekjur upp á 100 þús. eða 120 þús. kr. og hluta af því úr lífeyrissjóði, þyrftu að fara að borga fjármagnstekjuskatt sem væri meiri en tekjuskatturinn sem þeir greiða í dag. Hins vegar yrðu þeir sem eru með 300 þús. eða 400 þús. kr. úr lífeyrissjóði að miklu leyti skattfrjálsir.

Ég veit ekki hvort það hefur virkilega verið markmið þeirra sem fluttu þingsályktunartillöguna að auka skattlagningu á lágtekjufólkið og létta henni af hátekjulífeyrisþegum, og þeir eru nokkrir til og þó nokkuð margir. Tillagan byggir því á miklum misskilningi.

[18:08]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst þetta svolítið undarleg ræða, ég verð að segja það alveg eins og er, vegna þess að þingsályktunartillagan sem hér liggur fyrir — það getur varla verið að hv. þingmaður hafi misskilið hana á þann hátt, að það hafi átt að verða niðurstaðan af því sem lagt er til, að menn færu að leggja meiri skatta á þá sem lægstar hefðu tekjurnar. Tillagan er ekki hugsuð þannig. Vitanlega þurfa menn að vanda sig við þá vinnu sem tillagan gengur út á. Það sem við sem styðjum þessa tillögu viljum sjá að gerist, er að það verði sanngjarnt sem kemur út.

Hv. þingmaður veit vel að í samfélaginu eru stórir hópar fólks, það er kannski ekki rétt að segja stórir hópar, en það er til töluvert mikið af fólki sem á gríðarlega mikla fjármuni. Það borgar af þeim afar lága skatta. Eru þetta lífeyrisgreiðslur allt saman? Er þetta eitthvað sem fólk hefur borgað skatta af í gegnum tíðina? Hvernig hafa þessir peningar orðið til í viðskiptum í landinu? Gríðarlegar eignir. Af þeim eru borguð lægstu gjöld sem hægt er í ríkissjóð.

Á sama tíma er sparnaður fólks skattaður á hæstu prósentum. Við viljum sjá réttlæti í þessu, sjá að fólk geti átt lífeyrissparnað sinn og borgað af því svipað og það borgar af fjármagnstekjum.

[18:10]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er enginn misskilningur. Í tillögunni stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp þess efnis að lífeyrisgreiðslur úr almennum lífeyrissjóðum verði skattlagðar á sama hátt og fjármagnstekjur.“ — Allar.

Það þýðir að maður sem er með 100 þús. kr. úr lífeyrissjóði mundi fara að borga 10 þús. kr. í skatt, en ef þessar 100 þús. kr. væru skattlagðar í venjulegum skatti þá eru 90 þús. kr. skattfrjálsar og maðurinn mundi borga 4 þús. kr. af 10 þús. kallinum umfram. Hann mundi hækka í sköttum. Auðvitað flækir það málið að hann er líka með greiðslur úr Tryggingastofnun o.s.frv. en það er ekki endilega þannig að þetta sé félagslegt.

Þeir hins vegar sem hafa rosaháar tekjur úr lífeyrissjóði, 400–500 þús. kr., og það eru kannski sem betur fer dæmi um fólk sem hefur lagt mikið fyrir í lífeyrissjóðum, mundu borga sáralitla skatta. Er það virkilega markmið manna?

Síðan færði ég rök fyrir því að þetta væri óréttlátt gagnvart þeim sem spöruðu utan lífeyrissjóðanna (Gripið fram í.) og hefðu lagt inn peninga utan við lífeyrissjóðina. Þetta fé í lífeyrissjóðunum er að mestu leyti óskattað. Það er sáralítill hluti, 4% af launum í sex eða sjö ár sem var skattfrjáls eða fór inn í persónuafsláttinn, þetta fé er því óskattað. Þess vegna er eðlilegt að það sé skattlagt þegar það er greitt út. Þetta byggir allt á misskilningi.

[18:11]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og hv. þingmaður hafi ekki gert sér grein fyrir að stór hluti af eigum lífeyrissjóðanna er orðinn til vegna starfsemi lífeyrissjóðanna líka, vegna fjárfestinga, vegna þess að menn hafa unnið með þessa peninga. Allt sem út úr þeim er greitt er hins vegar skattlagt með þessum hætti. Það er því ekki bara um það að ræða að iðgjöldin sem koma þar inn hafi verið ósköttuð heldur er verið að skatta allt sem út úr þeim kemur.

Ég verð að segja það alveg eins og er varðandi lífeyrissjóðina, sem eru að létta okinu af ríkissjóði sem ríkissjóður átti að hafa í ellitryggingunum, og það virðist stefna í að það verði endanlegt einhvern tíma í framtíðinni miðað við þá stefnu sem þetta virðist hafa núna, að mér finnst ekkert mikið þó að ríkissjóður leggi það til lífeyrissjóðanna að skatta þá ekki.

[18:12]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi mig fara nákvæmlega í gegnum það að ef maðurinn borgar ekki skatt af þúsund krónunum í lífeyrissjóðnum þá er það alltaf 66% meira sem hann á þar heldur en ef hann er með 600 kr. til ráðstöfunar eftir skatt til að kaupa spariskírteini eða ávaxta sjálfur. Hann ávaxtar eins og lífeyrissjóðurinn. Hann lætur fé sitt vinna fyrir sig eins og lífeyrissjóðurinn. Lífeyrissjóðurinn er ekkert annað en að ná ávöxtun á sitt fé og féð er allt saman óskattað, líka ávöxtunin.

Það eina sem ég benti á er að lífeyrissjóðurinn er enn betri vegna þess að hann borgar ekki fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum sínum en allar tekjur lífeyrissjóðsins eru náttúrlega fjármagnstekjur. Þegar hann greiðir það út sem lífeyri hefur iðgjaldið vaxið en iðgjaldið var aldrei skattað, það er málið.

Tillagan byggir því algjörlega á misskilningi sem og umræðan í þjóðfélaginu. Hún byggir algjörlega á misskilningi. Það er eðlilegt að fé sem hefur ekki verið skattað sé skattað þegar það er greitt út, það er frestun á skattlagningunni. Ég geri ráð fyrir að menn meini vel með tillögunni, það er ekki spurning, en menn þurfa að átta sig á um hvað málið snýst.

Svo benti ég á að ef þetta yrði gert kæmi upp alveg óskaplega mikið félagslegt óréttlæti sem menn hafa verið að benda á gagnvart fólki sem hefur miklar fjármagnstekjur, að þeir sem hafa hæstan lífeyrinn mundu borga 10% af því en þeir sem eru með lægstan lífeyrinn mundu þurfa að borga 10% af því en slyppu með að borga skatta af næstum allri upphæðinni út af frítekjumarkinu í venjulegum tekjuskatti.

[18:14]

**Flm. (Ellert B. Schram)**:

Herra forseti. Það er nú liðið á daginn og kannski ekki viðeigandi að draga þessa umræðu mikið á langinn. Ég vildi þó þakka flestum þeim sem hér hafa tekið til máls, ef ekki öllum, fyrir innlegg þeirra í umræðuna.

Fyrst vil ég vísa til þess sem hv. þm. Ásta Ragnheiður sagði um lífeyrissjóðina. Að lífeyrissjóðirnir eru náttúrlega í eðli sínu fjármagnsávöxtun og allar þær lífeyrisgreiðslur sem eru greiddar út eru í eðli sínu fjármagnstekjur. Þannig að þessu leyti er það alveg réttlætanlegt og hægt að rökstyðja að arður sem greiddur er út til lífeyrisþega í formi mánaðarlegra greiðslna sé skattlagður sem fjármagnstekjur.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson minntist hér á þann annmarka sem kannski má segja að sé á þessum tillöguflutningi og sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur minnst á líka, þ.e. að felldar eru niður skattlagningar á þeim fjórum prósentum sem menn borga í iðgjald frá einum tíma til annars inn í sjóðina. Að því leyti get ég fallist á að það atriði hljóti að vera til athugunar ef og þegar að því kemur að framkvæma þessa tillögu.

En ef menn standa frammi fyrir því að fara þá leið að breyta skattlagningunni á lífeyrissjóðsgreiðslurnar úr almennri tekjuskattsálagningu yfir í fjármagnstekjuskattinn og hvort hægt sé að samþykkja það eða ekki á þeim grundvelli að þá þurfi að taka upp skattlagningu aftur á iðgjaldið, þá er ég þeirrar skoðunar að meginþorri manna mundi segja að það væri hagkvæmara fyrir hvern og einn einstakling að hann borgi þá skatt af þessum fjórum prósentum þegar launin eru greidd og iðgjaldið tekið. Þá sé það fé komið til ávöxtunar inni í lífeyrissjóði og síðan skattlagt sem fjármagnstekjur þegar þar að kemur. Af þessum tveim kostum held ég að það sé yfirgnæfandi öruggt að fólk mundi velja fyrri kostinn.

Ég hafði ekki heyrt fyrr um að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefði tekið þetta mál til meðferðar á þingi sínu nýlega og ályktað í þá sömu átt og þessi þingsályktunartillaga felur í sér, en ég gleðst auðvitað yfir þeim óvænta stuðningi.

Ég þakka líka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir innlegg hans í umræðuna sem var allt á þeim nótunum að styðja bæði tillöguna og hugsunina á bak við hana.

Hér kom svo hvítur stormsveipur inn í þingsalinn um það leyti sem menn voru að ljúka umræðunni, hv. þm. Pétur Blöndal og fór mikinn. Það er ekki annað að heyra en að hann sé fyrir fram búinn að ákveða að vera á móti þessari leið. Hann er fyrir fram búinn að gefa sér að þetta sé eitthvað sem hann geti ekki samþykkt, eða hans flokkur. Hefur þess vegna fundið hér upp á því að vera með alls kyns athugasemdir og útreikninga sem er auðvitað hægt að koma með gagnreikning á móti og halda hér áfram rökræðum við hann á þeim nótum.

Ég verð auðvitað að skilja það og viðurkenna ef einhverjir pólitíkusar, alþingismenn eða stjórnarflokkar eru bara á móti þessari aðferð. En ég minni á það, hv. þm. Pétur Blöndal, að við erum ekki að tala um ríkissjóð hér. Við erum ekki að tala um lífeyrissjóðina. Við erum að tala um fólkið, einstaklingana í landinu, sem þiggur lífeyrisgreiðslurnar þegar það er orðið 67 ára og eldra.

Eins og ég gat um í framsöguræðunni þá þiggja um 90% 67 ára fólks og eldri, eða 25–30.00 manns, greiðslur úr lífeyrissjóðum sínum. Þar af eru um 50% sem þiggja greiðslur á bilinu 114 til 140 þús. kr. og 40% á bilinu 140 upp í 180 þús. kr. Þetta er sem sagt fólkið sem fær mánaðarlega úr lífeyrissjóðunum sínum, við skulum segja 130 upp í 200 þús. kr. á mánuði. Það er þetta fólk sem borgar 38% tekjuskatt af þeirri upphæð og heldur eftir, eða svo getur stærðfræð-

ingurinn reiknað það út hve miklu það heldur eftir. Á sama tíma upplýsir Hagstofan að lágmarksframfærsla einstaklings á þessum aldri sé um 200 þús. kr. eftir skatt.

Þessi tillaga er auðvitað sprottin úr þessum jarðvegi að einstaklingarnir í þjóðfélaginu, sem eru orðnir 67 eða eldri, og þiggja lífeyrisgreiðslur upp á 160–170 þús. kr., þeir standa uppi með 100 þús. kr. Það er þessi hópur sem skiptir kannski mestu máli að því leyti að ef hann er hættur að borga tekjuskatt og fer að borga fjármagnstekjuskatt þá lækka skattarnir. Það er auðvitað alveg augljóst. En ég kann víst ekki að reikna þetta öðruvísi út.

Svo er auðvitað hægt að koma með dæmi um 100 þús. kr. einstaklinga sem í núverandi fyrirkomulagi mundu ekki borga neinn skatt vegna skattleysismarka eða vegna þess að tekjurnar eru svo lágar. En þeir mundu lenda í 10% skatti ef við tækjum þennan fjármagnstekjuskatt upp. Ef menn eru neikvæðir gagnvart þessu og fyrir fram á móti þá er auðvitað hægt að finna svona aðferðir.

Ef menn hins vegar eru jákvæðir og skilja þýðingu og gildi og ástæðuna fyrir framlagningu þessarar tillögu þá fara þeir auðvitað í það að laga hana þannig að ekkert órétttlæti komi út úr henni. Vegna þess að tilgangurinn með tillögunni er náttúrlega fyrst og fremst sá að hafa hér sanngjarnt skattkerfi. Að það sé ekki sá mismunur og ranglæti ríkjandi áfram að fólk sé með sambærilegar tekjur hvort heldur það fær úr lífeyrissjóði eða hefur tekjur af því að leigja kjallarann hjá sér út, 150 þús. kall eða hvað það er, að það borgi mismunandi skatta af þessum tekjum. Þetta er viðfangsefnið.

Ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal er hjartahlýr og skilningsríkur og ég vona að hann fari ekki að snúa frekar út úr þessu og skilji hver tilgangurinn er. Hann er ekki fyrir ríkissjóð. Hann er ekki til þess að þvæla um það fram og til baka í skattkerfinu, hann er til þess að koma til móts við það fólk sem hefur varla í sig eða á.

[18:21]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði að ég yrði fyrir fram á móti þessu. Það er ekki rétt. Ég er að færa rök fyrir því að þetta sé misskilningur, þetta frumvarp eins og öll umræðan. Vegna þess að fjármagn lífeyrissjóðanna hefur ekki verið skattað. Hvorki hjá fyrirtækjunum né hjá launþegunum. Nema einhver sjö ár, þar sem 4% iðgjaldið var sett inn í persónuafsláttinn.

Svo talar hann um minn flokk. Ég er ekkert að tala fyrir minn flokk. (Gripið fram í.) Þingmenn eru bara trúir sannfæringu sinni hér á hinu háa Alþingi. Ég er að tala fyrir mig. Ég ætla að biðja hv. þingmann að vera ekki að blanda flokknum mínum inn í þetta. Þegar hann talar um að ég sé pólitíkus þá er ég líka sérfræðingur þó að ég sé pólitíkus. Ég get haft vit á hlutunum þótt ég sé pólitíkus.

Hann talar um að stór hluti af lífeyrisgreiðslum séu fjármagnstekjur. Það er rétt. Það er talið að tveir þriðju af lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóðanna séu fjármagnstekjur. En það átti eftir að skatta þá. Ég færði rök fyrir því að vegna þess að þetta fjármagn er óskattað þá er maður sem hefði sparað við hliðina á og borgað skatt af því, hann væri eins settur þó að hann borgaði skatta af lífeyrisgreiðslunum.

Svo sagði hann að það væri betra ef menn borguðu skatta af fjórum prósentunum. Það var nú aldeilis barátta verkalýðshreyfingarinnar fyrir að fá að draga þetta frá skatti. Það á enn þá eftir að borga skatta af framlagi fyrirtækjanna sem er 6%. Sá skattur hefur reyndar lækkað, hann var einu sinni 50% en er kominn niður í 18% núna. Þannig að það mætti kannski taka mið af því.

En það er rökvilla í dæminu. Vegna þess að þetta fjármagn er óskattað. Það hefur aldrei verið tekjuskattað. Þess vegna er mjög eðlilegt að borgaður sé skattur af því þegar það er greitt út. (Gripið fram í.) Það er ekkert nauðsynlegt. Við getum fellt alla skatta niður. Það er líka til í dæminu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:24.

---

# 37. FUNDUR

miðvikudaginn 29. nóv.,
kl. 6 síðdegis.

**Dagskrá:**

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

## *Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.*

[18:00]

**Útbýting:**

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 348. mál, nál. utanrmn., þskj. 480.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 349. mál, nál. utanrmn., þskj. 481.

Fjáraukalög 2006, 47. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 477; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 478; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 479.

Flutningur verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, 186. mál, nál. allshn., þskj. 474; brtt. allshn., þskj. 475.

Foreldrar langveikra og alvarlega fatlaðra barna, 213. mál, svar félmrh., þskj. 413.

Íslendingar í fangelsum erlendis, 321. mál, svar utanrrh., þskj. 461.

Nám í listdansi, 270. mál, svar menntmrh., þskj. 470.

Sala á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg, 404. mál, fsp. ÞBack, þskj. 450.

Tannlæknakostnaður barna og unglinga, 112. mál, svar heilbrrh., þskj. 469.

Tekjuskattur, 22. mál, þskj. 464.
Tekjuskattur, 412. mál, frv. EBS og SæS, þskj. 467.
Upplýsingalög, 296. mál, nál. allshn., þskj. 473.
Vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar, 415. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 472.
Veiting ríkisborgararéttar, 413. mál, frv. allshn., þskj. 468.
Verslunaratvinna, 414. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 471.
Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, 416. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 482.

Fundi slitið kl. 18:02.

---

# 38. FUNDUR

fimmtudaginn 30. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál sbr. 42. gr. þingskapa.
2. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 397. mál, þskj. 441. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Umferðarlög, frv., 381. mál, þskj. 418. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Skattlagning lífeyrisgreiðslna, þáltill., 382. mál, þskj. 419. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Fjáraukalög 2006, stjfrv., 47. mál, þskj. 393, frhnál. 477, brtt. 478 og 479. — 3. umr.
6. Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 416. mál, þskj. 482. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 376. mál, þskj. 410. — 1. umr.
8. Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, stjfrv., 408. mál, þskj. 458. — 1. umr.
9. Þjóðhátíðarsjóður, stjtill., 356. mál, þskj. 386. — Fyrri umr.
10. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 387. mál, þskj. 429. — 1. umr.
11. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 430. — 1. umr.
12. Hafnalög, stjfrv., 366. mál, þskj. 398. — 1. umr.
13. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 385. mál, þskj. 427. — 1. umr.
14. Vatnajökulsþjóðgarður, stjfrv., 395. mál, þskj. 439. — 1. umr.
15. Eldi og heilbrigði sláturdýra o.fl., stjfrv., 377. mál, þskj. 411. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá AFA, aðstandendafélagi aldraðra.
Erindi frá stjórn Framsóknarfélags Árborgar.

## *Varamenn taka þingsæti.*

[10:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hafa tvö bréf um forföll þingmanna. Hið fyrra er frá 8. þm. Suðvest., Bjarna Benediktssyni, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í einkaerindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, Þórdís Sigurðardóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Síðara bréfið er frá 1. þingmanni Framsóknarflokksins í Norðaust., Valgerði Sverrisdóttur, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, Þórarinn E. Sveinsson forstöðumaður, taki sæti á Alþingi á meðan.“

Þórdís Sigurðardóttir og Þórarinn E. Sveinsson hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa á ný.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Ummæli formanns Framsóknarflokksins um stuðning við innrásina í Írak.

[10:33]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Á nýafstöðnum fundi miðstjórnar Framsóknarflokksins sagði formaður flokksins og hæstv. iðnaðarráðherra í ríkisstjórninni m.a.:

„Mikið hefur verið rætt um ákvarðanir íslenskra stjórnvalda á sínum tíma um málefni Íraks. Þær byggðust á röngum upplýsingum, forsendurnar voru rangar og ákvarðanaferlinu ábótavant. Þessar ákvarðanir voru því rangar eða mistök. Svonefndur listi um staðfastar þjóðir var einhliða framsetning Bandaríkjastjórnar og hluti af þessari hörmulegu atburðarás. Ákvarðanir um öryggismál og alþjóðaverkefni ber ævinlega að taka eftir vandaðasta undirbúning og eftir trúnaðarsamráð við lögmætar stofnanir eins og utanríkismálanefnd Alþingis. Við skulum tala hreinskilnislega um þetta, hvort sem einhver okkar tengdust þessu sjálf eða komu þar hvergi nærri.“

Lýkur þar tilvitnun í ummæli hæstv. iðnaðarráðherra,

formanns Framsóknarflokksins. Hæstv. forseti. Þessi ummæli ber að taka alvarlega því að vonandi er þeim ekki ætlað að vera yfirklór í aðdraganda alþingiskosninga til þess eins að kaupa Framsóknarflokknum frið við kjósendur og fá þá til að gleyma framkomu flokksins og forsvarsmanna hans í þessu máli.

Nú hefur formaður Framsóknarflokksins tekið undir með stjórnarandstöðunni um að ákvörðun Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, Alþingis og þar með íslensku þjóðarinnar hafi verið ólögmæt, það hafi verið ólögmætt af þeirra hálfu að lýsa yfir stuðningi við innrásina í Írak. Þetta er mikilvæg yfirlýsing en við hana verður ekki skilið með þessu móti og ég leyfi mér að beina þeirri spurningu til formanns Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðarráðherra sem er hér í salnum, hvort þetta mál hafi þegar verið tekið upp í ríkisstjórn og enn fremur spyr ég: Er formaður Framsóknarflokksins og Framsóknarflokkurinn reiðubúinn að styðja þá tillögu sem liggur fyrir þinginu um að skipuð verði rannsóknarnefnd til að rannsaka aðdraganda og ástæður þess að (Forseti hringir.) ríkisstjórn Íslands ákvað að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjamanna og Bretlands í Írak 20. mars árið 2003?

[10:35]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að lesa upp orð mín og taka af mér það ómak. Um var að ræða framsöguræðu á flokksfundi þar sem verið er að vinna að málefnum til sérstaks málefnaflokksþings sem verður haldið á vegum framsóknarmanna í febrúar nk. Ég held að hv. þingmaður hafi farið alveg *rétt með textann. Hins vegar las* hann miklu meira úr honum en efni standa til. Það hefur farið fram lögfræðileg athugun á lögmæti þessarar ákvörðunar á liðnum tíma. Þetta var sem sagt ræða á flokksfundi framsóknarmanna og er liður í málefnavinnu okkar sem stendur yfir. Það er ekki venja að menn flytji skýrslur í ríkisstjórn um ræður sínar á flokksfundum og ég hyggst ekki taka það upp, enda þarf miðstjórn Framsóknarflokksins ekki á neinum leiðbeiningum að halda þaðan.

[10:36]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Þetta var nokkuð sérkennileg ræða af hálfu formanns Framsóknarflokksins. Hann talaði eins og þetta væri einungis mál sem hann ætti við Framsóknarflokkinn og það væri bara spurning hvernig Framsóknarflokkurinn tæki á þessu máli á sínum miðstjórnarfundi.

Þetta er mál sem formaður Framsóknarflokksins og formaður Sjálfstæðisflokksins eiga við þjóðina og þetta snýst ekki bara um eitthvert lögmæti. Þetta snýst um siðferðilega ranga ákvörðun sem tekin var upphaflega af tveimur mönnum og studd af ríkisstjórninni allri og af þingmeirihlutanum öllum. Það eru þessir ráðamenn, þessir formenn þessara flokka, ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn sem bera siðferðilega ábyrgð á því að hafa tekið þessa ákvörðun sem var röng. Hún var röng þá, hún byggði á röngum forsendum þá og hún er röng núna. Þessir menn komu fram í þinginu — og Morgunblaðið skrifaði t.d. um Samfylkinguna á þeim tíma að þeirri skoðun minni sem ég setti fram í mars 2003 um að það ætti að taka okkur af þessum lista var lýst sem ístöðuleysi Samfylkingarinnar, að vilja ekki vera á lista hinna staðföstu þjóða.

En hverjir voru ístöðulausir? Hverjir voru ístöðulausir og afvegaleiddu þjóðina? Það var ríkisstjórnin, þessir ráðamenn sem gerðu það og þeir skulda okkur afsökun sem sitjum hér í minni hluta á þingi, stjórnarandstöðunni, þeir skulda þjóðinni afsökun og þeir skulda alþjóðasamfélaginu það að gera grein fyrir þeirri afstöðu sinni að ákvörðunin á sínum tíma hafi verið röng.

Hún byggði á röngum forsendum, og hún var röng siðferðilega og lagalega.

[10:38]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Forseti. Orð formanns Framsóknarflokksins á miðstjórnarfundi okkar voru skýr. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór rétt með þau og aðrir ættu kannski að gera upp sína fortíð rétt eins og við gerum í þessu máli.

Það liggja fyrir allar staðreyndir sem máli skipta um hvernig þessi ákvörðun var tekin. Jafnframt liggur fyrir það álit lögfræðinga að sú ákvörðun þáverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra að styðja við innrásina í Írak hafi verið lögmæt. Það er ekki mitt að kveða upp úr með hvort nægilegt samráð hafi verið haft við utanríkismálanefnd og Alþingi í skilningi laga eða ekki en á hinu hef ég skoðun, og hún er sú að það hefði verið hyggilegt og rétt að hafa um þetta víðtækt pólitískt samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd. (Gripið fram í.) Það voru a.m.k. pólitísk mistök í mínum augum að meira samráð var ekki haft þessa daga *eftir þingfrestun nokkrum vikum fyrir kosningar 2003.*

Hvaða lærdóm drögum við af þessari reynslu og hvernig bregðumst við við til að hindra að þessi atvik endurtaki sig í framtíðinni? Við drögum þann lærdóm að við þurfum að treysta þann grundvöll sem utanríkisstefna okkar byggir á. Sjálfstætt ríki sem rekur sjálfstæða utanríkisstefnu þarf fyrst og fremst að geta reitt sig á þekkingu innlendra stofnana og innlendra sérfræðinga og mat þeirra á innlendum hagsmunum við aðstæður sem þessar. Viðbrögð okkar eiga að vera þau að halda áfram þeirri efnislegu umræðu um þessi mál sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hóf á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins. Við eigum að leiða þá umræðu til lykta að íslensk utanríkisstefna taki aðeins mið af íslenskum veruleika, íslenskum hagsmunum og þeirri hefð sem er Íslendingum allra hefða dýrmætust, að hér býr þjóð sem fer með friði. Við þurfum að stíga ný skref í varnar- og öryggismálum okkar. Það er nauðsynlegt og gott að eiga nána vini og bandamenn í alþjóðlegu samstarfi en hversu góðir sem þeir eru og hversu náið sem samstarfið er getur sjálfstæð þjóð ekki framselt öðrum ábyrgð sína á vanda til eigin ákvarðana.

[10:40]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Innrásin í Írak var viðbjóðslegt glæpaverk sem kostað hefur hundruð þúsunda manna lífið. Hundruð þúsunda, ef ekki milljónir, búa við örkuml, milljónir eru á flótta, landið logar í borgarastyrjöld. Það er liðið

þrjú og hálft ár.

Ég hef oft skoðað þetta mál, m.a. í gögnum Alþingis, og mig langar til að minna á það að í febrúar árið 2003 þegar rúmur mánuður var í innrás lagði þingflokkur Vinstri grænna fram þingsályktunartillögu. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma þeirri afstöðu á framfæri á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar þar sem við á að leita skuli allra leiða til að afstýra innrás í Írak, þar á meðal að veita vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna nægan tíma til að ljúka störfum sínum. Komi til hernaðaraðgerða gegn Írak á næstu mánuðum skal Ísland tilkynna að ekki verði heimiluð afnot af aðstöðu á íslensku yfirráðasvæði né verði um neins konar þátttöku að ræða af Íslands hálfu í slíkum aðgerðum."

Virðulegi forseti. Þessi þingsályktunartillaga fór inn í utanríkismálanefnd og sást ekki aftur. Meiri hlutinn í utanríkismálanefnd, og þar voru m.a. tveir hv. þingmenn sem sitja í salnum núna, báðir eru ráðherrar í dag, hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason og hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar Kristinn Guðfinnsson, ætti kannski að gefa okkur skýringar á því hvernig stóð á því að þessi þingsályktunartillaga fékkst ekki rædd í þinginu þótt nægur tími væri til að gera það á þessum örlagaríku dögum í aðdraganda þessarar innrásar.

Hvað gerði það að verkum að málið fékkst ekki rætt á Alþingi þrátt fyrir einlægan vilja stjórnarandstöðuflokkanna til að gera það? Við hljótum öll, bæði við sem erum hér á þingi og íslenska þjóðin, að gera kröfu um það að við fáum skilyrðislaus svör við þessari spurningu.

[10:43]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Við höfum orðið vitni að því á skömmum tíma að hæstv. iðnaðarráðherra, formaður Framsóknarflokksins, hefur gert tvær mjög athyglisverðar tilraunir til að þvo af flokknum óþægileg mál og fría Framsóknarflokkinn af allri ábyrgð á fortíð sinni. Hitt var þegar hæstv. iðnaðarráðherra reyndi að þvo af flokknum stóriðjustefnuna í sumar með eftirminnilegum hætti.

Það er einnig ljóst af þessu að hin hefðbundna transformasjón, umbreyting Framsóknarflokksins í stjórnarandstöðuflokk á síðustu mánuðum kjörtímabils, er hafin. Nú er gamla Framsókn komin með skottið niður og er farin að reyna að mjaka sér yfir í stjórnarandstöðu og láta eins og hún beri ekki ábyrgð á nokkrum sköpuðum hlut þótt hún sé að búin að vera 12 ár í ríkisstjórn, 12 árum of lengi.

Það er líka undarlegt ef ræðumaður á miðstjórnarfundi hjá Framsóknarflokknum, Jón Sigurðsson, er einhver annar maður en hæstv. iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson og formaður annars stjórnarflokksins. Hafa orð ræðumannsins einhverja aðra stöðu, eitthvert annað vægi en þó að hæstv. iðnaðarráðherra og formaður annars stjórnarflokksins talaði? Það var helst að heyra á hæstv. iðnaðarráðherra áðan að þetta væri allt önnur Ella af því að þetta hefði verið ræða á miðstjórnarfundi hjá Framsókn, hvað væru menn að blanda því saman við ábyrgð Framsóknarflokksins hér sem ríkisstjórnarflokks.

Nei, formaður Framsóknarflokksins hefur sagt svona hálft a. Hann á eftir að segja seinni helminginn af a-inu og allt b-ið og það sem þar á eftir kemur. Ef þetta voru mistök ætlar þá formaður Framsóknarflokksins að taka upp baráttu fyrir því að þau verði leiðrétt, það verði beðist afsökunar á þeim og beita sér fyrir því að samstarfsflokkurinn breyti líka um áherslur og þar með ríkisstjórnin öll? Annars eru engar innstæður fyrir þessu hjali (Forseti hringir.) og þetta er bara hefðbundið kosningaorðagjálfur hjá gömlu Framsókn.

[10:45]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Það er sérkennilegt þegar menn tala hér í þessum þingsal eða á öðrum vettvangi eins og að Íslendingar hafi verið beinir aðilar að innrásinni í Írak. (Gripið fram í.) Það var auðvitað ekki þannig.

Hvaða ákvörðun var tekin hér fyrir Íslands hönd árið 2003? Hún var í nokkrum þáttum, hún var um að heimila lendingar og flug í íslenskri lofthelgi vegna þessara aðgerða sem er hefðbundin aðgerð og hefur oft verið heimiluð áður við svipaðar aðstæður. Hún var í öðru lagi sú að veita 300 millj. kr. til mannúðaraðstoðar í Írak og til enduruppbyggingar í kjölfar átaka. Hvaða aðili veitti þá fjárveitingu? Skyldi það ekki hafa verið Alþingi Íslendinga? Það var í fjáraukalögum árið 2003. 100 millj. fóru til mannúðaraðstoðar á árinu 2003 og 200 millj. hafa síðan runnið til endurbyggingarverkefna og síðasti hlutinn var í samstarfsverkefni með Össuri til stoðtækjanota í landinu.

Þetta eru þær ákvarðanir sem skiptu máli á árinu 2003. Síðan tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að amast ekki við því að Ísland væri á lista yfir hinar svokölluðu staðföstu þjóðir. (Gripið fram í.)

En Ísland hefur ekki átt beina aðild að þessu stríði og það vita auðvitað allir menn. Það er alveg furðulegt stærilæti í fólki sem telur að íslenska ríkisstjórnin eða Íslendingar skipti það miklu máli í alþjóðlegu samhengi og í sambandi við ákvarðanir af þessu tagi að það hafi haft einhver áhrif á atburðarásina sem þarna varð. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvort á að kalla það stærilæti eða minnimáttarkennd (Gripið fram í.) en annað hvort er það, alveg eins og frammíköllin frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni bera vott um.

[10:47]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þetta er orðið alvarlegt ágreiningsmál innan ríkisstjórnarinnar því að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra kallar það ranga ákvörðun og mistök sem hæstv. forsætisráðherra segir að hafi falist í mannúðlegum stuðningi við írösku þjóðina og leyfi til flugferða yfir landið. Þetta verðum við að fá skýrt.

Hvaða ákvarðanir er um að ræða?

Samkvæmt forsætisráðherra er um að ræða þessar tvær ákvarðanir. Það eru þær sem hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson kallar mistök og rangar ákvarðanir, eða hvað? Hvaða skrípaleikur er þetta?

Einn þáttur af því sem nú hefur gerst hefur utanríkispólitíska hlið. Fyrst Jón Sigurðsson, síðan hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson í Blaðinu og nú Geir Haarde hafa í raun

og veru lýst atburðarásinni þannig að fyrsti kafli hafi verið sá að í Hvíta húsinu hafi nafn Íslands verið sett á hinn fræga lista yfir viljugar þjóðir. Það fellur reyndar saman við atburðarásina eins og ég minnist hennar, sem var þannig að við heyrðum fyrst um þennan lista og um stuðning Íslendinga þvert á það sem utanríkisráðherra hafði látið í veðri vaka dögum áður frá blaðamannafundi í Hvíta húsinu þar sem blaðafulltrúinn Fleischer, sem þá var upplýsingafulltrúi Bush, lýsti þessu yfir. Þá kom fát á íslenska ráðamenn en að lokum tóku þeir undir þetta.

Ef þetta stenst þýðir það annaðhvort það að það er verið að kalla okkar menn druslur, Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, að þeir séu þær druslur að hafa hlýtt skipunum, beinum fyrirmælum frá Washington, eða þá að það er verið að ásaka Bandaríkin um gróft brot á sjálfstæði og fullveldi Íslendinga með því að þeir taki ákvörðun (Forseti hringir.) fyrir okkar hönd.

[10:49]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Það er vægt til orða tekið að segja sem svo að þetta mál verði undarlegra með hverjum deginum sem líður, og eru þó tæplega fjögur ár liðin frá því að tveir menn í ríkisstjórn Íslands veittu pólitískan stuðning sinn, allan sinn stuðning, við innrásina í Írak og hafa varið hann þar til á laugardaginn var að formaður annars stjórnmálaflokksins dró í land. Svo segir hann núna að of mikið hafi verið lesið í orð sín.

Og enn ver formaður Sjálfstæðisflokksins stuðninginn og mun væntanlega gera það um aldur og ævi. Hann reynir hins vegar að gera lítið úr honum, þetta hafi allt saman verið einhver smáatriði, einhver tæknileg atriði. Hver voru þá mistökin sem formaður Framsóknarflokksins var að biðjast afsökunar á um helgina? Voru það einhver tæknileg mistök sem urðu á stjórnarheimilinu þegar veittur var fullur, 100%, pólitískur stuðningur við innrásina í Írak sem hefur verið varinn með kjafti og klóm síðan þar til það kom einhver smásvikkur á menn um helgina? Hingað til hefur hann verið varinn með kjafti og klóm, frú forseti.

Menn verða að fara að gera það upp við sig til hvers þeir studdu þessa innrás og allt sem henni fylgdi. Þeir verða að fara að skýra það út fyrir þjóðinni og gera sér grein fyrir því að það að amast ekki við því að fara á lista hinna vígfúsu þjóða þýddi í raun að þar var verið að gefa Bandaríkjastjórn og bresku ríkisstjórninni pólitískt vilyrði, pólitíska heimild, til innrásar vegna þess að þessa menn vantaði meiri hluta í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Þá vantaði meiri hluta í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til að fá stuðning við þessa innrás. Menn ættu kannski að setja það í samhengi við framboð (Forseti hringir.) Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

[10:51]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég átti sæti í utanríkismálanefnd á þessum umræddu tíma. Ég hlustaði á þetta í fréttum sem við erum að ræða hér. Fyrstu upplýsingarnar um kúvendingu íslenskra stjórnvalda í utanríkismálum komu í erlendum fréttum, á erlendum fréttastofum við það að lesinn var upp listi yfir 30 viljuga. Þannig gerðust þessir hlutir.

Nú, eftir alla þá umræðu sem hefur farið fram, kemur nýr formaður Framsóknarflokksins á miðstjórnarfund. Hann heldur ræðu um þetta viðkvæma mál sem aldrei hefur fengist niðurstaða í á Alþingi. Hann segir: Þetta voru rangar upplýsingar. Þetta voru rangar ákvarðanir. Þetta var ekki vandaður undirbúningur. Klappið varð svo mikið að hann varð að gera hlé á ræðu sinni og það féll steinn frá hjarta allra viðstaddra.

Við erum vön uppákomum hjá Framsókn á kosningavetri. Ég er ekki vön því að formaður flokks sé með eina afstöðu á miðstjórnarfundi sínum og aðra afstöðu í ríkisstjórn en svo virðist vera nú. Svo virðist vera nú eftir ræðuna hér.

Ágæti forseti. Ekkert sem nú er sagt breytir stuðningi íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak á sínum tíma eða þurrkar okkur út af lista 30 viljugra á þeim afdrifaríka tíma. Orð hæstv. forsætisráðherra Geirs H. Haardes um að ákveðið hefði verið að amast ekki við því að við værum á listanum eru grundvallaratriði. Það breytti atburðarásinni. Það breytti ásýnd Íslands og okkar utanríkisstefnu. Það er ljóst að Alþingi á eftir að gera upp þessi mál og mér er stórlega misboðið á þessu augnabliki.

***Um fundarstjórn.***

Afgreiðsla mála fyrir jólahlé.

[10:54]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Mig langaði til að ræða um stjórn fundarins og stjórn þinghaldsins fram undan. Gert er ráð fyrir því að þingi verði frestað í lok næstu viku, á föstudaginn í næstu viku. Fyrir þinginu liggur fjöldi mála. Okkur er sagt í þingnefndum að mörg þeirra verði að klára fyrir áramótin, þau verði að verða að lögum.

Við í stjórnarandstöðunni erum öll af vilja gerð til að ganga til samstarfs við stjórnarmeirihlutann um markvisst þinghald fram undan. Forsenda þess að svo geti orðið er að menn setjist yfir verkefnið, ríkisstjórnin forgangsraði þeim málum sem hún telur brýnast á þessari stundu að fá lögfest í þinginu.

Við höfum óskað eftir því, formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar, að ríkisstjórnin geri okkur grein fyrir því hvaða þingmál það eru sérstaklega sem hún leggur áherslu á. Við höfum engin svör fengið. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forseta þingsins hvenær þess sé að vænta að við fáum niðurstöður í þessu efni.

[10:56]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Samkvæmt starfsáætlun þingsins eru ekki margir dagar þangað til þing á að ljúka störfum fyrir jól. Ef ég man rétt er talað um 8. desember, þ.e. föstudaginn eftir rétt rúma viku.

Við þingflokksformenn höfum ekki fengið neinar upplýsingar enn þá um það hvernig hæstv. forseti hyggst lenda þessu þinghaldi, ef svo má segja, hvaða mál stendur til að afgreiða héðan sem lög áður en Alþingi fer í jólafrí.

Við sjáum hins vegar að enn berast inn frumvörp, m.a.

var nú í morgun dreift frumvarpi um svokallaðan matarskatt þar sem mér sýnist vera á ferðinni einhvers konar jólapakki ríkisstjórnarinnar í aðdraganda kosninga. Það er alger óþarfi að fara að sýsla eitthvað með það frumvarp núna því að nægur tími er til stefnu, ég fæ ekki betur séð af textanum en að hér séu ákvæði sem eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. mars á næsta ári.

Alþingi kemur saman í janúar þannig að okkur ætti að gefast góður tími til að afgreiða þetta mál þá með þinglegum hætti sem er okkur til sóma í staðinn fyrir að ætla að vinna í því með einhverjum bægslagangi núna á síðustu dögunum fyrir jólahlé.

Fjölmörg frumvörp hafa þegar verið afgreidd úr nefndum, stór frumvörp, en við höfum afskaplega takmarkaðar upplýsingar um það hvað eigi að gera við þessi mál núna áður en þing lýkur störfum fyrir jól. Það væri mjög gott að fá einhverjar upplýsingar um það frá hæstv. forseta hér og nú hvernig þinghaldi skuli haldið áfram eða þá að formenn þingflokka ættu fund strax með hæstv. forseta. Við gætum gert hlé á þingfundi og gert út um þetta þannig að við getum öll farið að leggja niður fyrir okkur og skipuleggja hvernig við hyggjumst haga störfum okkar hér á næstu dögum.

### *Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál sbr. 42. gr. þingskapa.*

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Birgir Ármannsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Guðjón Ólafur Jónsson (A),
Sigurjón Þórðarson (B).

### *Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 397. mál (tekjugrunnur). — Þskj. 441.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

### *Umferðarlög, frh. 1. umr.*

Frv. KBald o.fl., 381. mál (bílpróf 18 ára). — Þskj. 418.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

### *Skattlagning lífeyrisgreiðslna, frh. fyrri umr.*

Þáltill. EBS o.fl., 382. mál. — Þskj. 419.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

[11:01]

**Össur Skarphéðinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér er verið að leggja það fyrir þingið að veita afbrigði fyrir hinum svokallaða matarskatti. Hér er um að ræða mál sem hæstv. ríkisstjórn kynnti strax í upphafi þings að hún hygðist leggja fram. Síðan hefur hún haft allmargar vikur til að færa það í þingtækan búning. Það hefur hins vegar ekki tekist fyrr en í gær þegar þetta mál var lagt fram á útbýtingarfundi. Tilskilinn frestur er ekki liðinn til þess að hægt sé að taka þetta mál á dagskrá. Það er því ekki hægt að ræða þetta mál nema til komi atbeini stjórnarandstöðunnar.

Við höfum lýst því yfir í stjórnarandstöðunni að við erum reiðubúin til þess að rétta fram hönd sátta til þess að hægt verði að ljúka þinghaldi hér á skikkanlegum tíma, og til að undirstrika þann sáttavilja munum við í Samfylkingunni og fleiri í stjórnarandstöðunni greiða því atkvæði okkar að þetta mál verði tekið á dagskrá hér á eftir. Með því undirstrikum við í fyrsta lagi það sem við höfum áður sagt að í þessu máli er margt jákvætt en í öðru lagi undirstrikum við vilja okkar til að ná samstöðu með ríkisstjórninni um að hægt verði að ljúka hér þinghaldi á skikkanlegum tíma. Þessi afstaða okkar er því til staðfestingar.

[11:03]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það kemur nokkuð á óvart að hæstv. ríkisstjórn komi með þetta mál svo seint sem raun ber vitni og enn meira á óvart að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki hafið neinar viðræður við stjórnarandstöðuna, eða forseti þá sem verkstjóri slíkra hluta rætt neitt um það hvernig eigi að haga þinghaldinu næstu daga. Ef ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að fá þetta mál afgreitt fyrir jól — sem í sjálfu sér er engin knýjandi nauðsyn á að gera vegna þess að það á ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. mars nk., ef ég veit rétt, og er ekki með neinum beinum hætti tengt áramótunum þannig að þess vegna mætti í sjálfu sér alveg lögtaka það í janúar eða febrúar nk. — ætti hæstv. ríkisstjórn, áður en hún t.d. ætlast til þess að stjórnarandstaðan fari að styðja hér að þetta mál komi á dagskrá með afbrigðum, að sjá til þess að menn væru eitthvað farnir að reyna að kortleggja þingstörfin og hvernig þinginu megi ljúka hér á tilsettum tíma, 8. desember nk.

Nú liggur það fyrir að ýmislegt er við það miðað að þingi ljúki þá, m.a. störf þingnefnda, þannig að það mun skapa mikil vandræði ef ekki verður hægt að standa við þá

áætlun. Væntanlega er það ætlun forseta og allra sem að málinu koma að svo verði. Í ljósi þess, frú forseti, að ríkisstjórnin leggur ekkert á sig í þessum málum og hefur ekki beðið um neinar viðræður um þessa hluti finnst mér að stjórnarliðar geti bara sjálfir séð um þessi afbrigði sín.

[11:05]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan átta ég mig ekki alveg á því af hverju það liggur svona mikið á að taka þetta tiltekna frumvarp á dagskrá fyrir jól. Ég hreinlega sé enga ástæðu fyrir því og man ekki til þess að ég hafi fengið neinar skýringar hjá hæstv. forseta fyrir þessu, til að mynda á fundum með formönnum þingflokka. Við fáum engar upplýsingar um það hvernig þinghaldið verður hér næstu daga. Við vorum á fundi í gær, formenn þingflokka, og þar var okkur ekki tjáð að það mætti búast við kvöldfundi í kvöld. Hins vegar fengum við tölvupóst sendan á eftir okkur hvað það varðaði þegar fundinum með formönnum þingflokka var lokið.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þetta bendir ekki til mikillar auðmýktar eða samvinnuvilja stjórnarliða við stjórnarandstæðinga. Enn og aftur, ég sé ekki nein haldbær rök fyrir því að þetta frumvarp um matarskattinn verði tekið á dagskrá því að þessi lög eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. mars á næsta ári. Samkvæmt starfsáætlun þingsins kemur þingið að sjálfsögðu saman aftur eftir jól, í janúar, og þá munu okkur gefast einar 6–7 vikur að ég vænti til þess að fjalla einmitt um þetta mál.

Hér er einfaldlega á ferðinni frekar ódýrt áróðursbragð af hálfu ríkisstjórnarinnar, eins konar jólapakki í aðdraganda kosninga sem hún ætlar að færa þjóðinni, og þess vegna grunar mig að þetta frumvarp um matarskattinn sé lagt fram einmitt á þessum tíma. Það leiðir líka kannski hugann frá ýmsum öðrum óþægilegum málum sem ríkisstjórnin þarf að kljást við. Við ræddum hér áðan Íraksmálið, og Ríkisútvarpsfrumvarpið bíður hér 2. umr. sem verður væntanlega mjög löng og mjög ströng. Þetta gæti kannski orðið til þess að dreifa athygli almennings frá þeim málum sem valda að sjálfsögðu ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum þó nokkru hugarangri þessa dagana, eins og við reyndar sjáum á því hvernig sambúðin er núna á stjórnarheimilinu, hvernig brestirnir á milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks koma sífellt betur í ljós.

Virðulegi forseti. Við í Frjálslynda flokknum munum sitja hjá við afgreiðslu þeirra afbrigða sem hér verða greidd atkvæði um á eftir.

[11:07]

**Pétur H. Blöndal** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég vona að hv. stjórnarandstæðingar átti sig á því að þetta frumvarp sem við erum að veita hér afbrigði í dag kemur inn í fjárlögin, ég ætla að vona að menn átti sig á því. Ég vona að þeir vilji ekki hafa fjármunina í fjáraukalögum, það þykir ekki góð lenska. Þess vegna er mikilvægt að þetta frumvarp verði samþykkt fyrir áramót og ég sé ekki að það sé neinn grundvallarágreiningur um málið sjálft. Ég hvet menn til að styðja þessi afbrigði og vinna hratt og vel í nefndum. Ég mun leggja mitt af mörkum til þess að þetta nái fram. Þetta er gott mál, þetta er skattalækkun og ég held að allir gleðjist yfir því, jafnt stjórnarandstæðingar sem stjórnarliðar.

[11:08]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Eins og kom fram í máli þingflokksformanns Samfylkingarinnar mun Samfylkingin greiða fyrir því að þetta mál geti komið hér á dagskrá með afbrigðum. Það gerum við bæði til þess að reyna að liðka fyrir þingstörfum en við gerum það líka vegna þess að hér er auðvitað á ferðinni mál sem hefur áhrif á kjör fólks í landinu og það skiptir máli að vel sé að því staðið og það vel undirbúið.

Þar kem ég kannski að merg málsins. Hann var einmitt að finna í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals sem réttilega benti á það að þetta hefði áhrif á fjárlögin. Hvar erum við stödd í þessu þinghaldi? Við erum stödd viku fyrir jólaleyfi þingsins og þá er komið hingað með stórt skattamál með afbrigðum, mál sem hefur áhrif á fjárlögin sem koma til 3. umr. í næstu viku. Skipulagið á starfi ríkisstjórnarinnar og þinghaldinu er auðvitað alveg fáránlegt, það sést í hnotskurn í þessu máli. Stórt skattamál kemur inn í þingið með afbrigðum, mál sem er viðurhlutamikið og þarf mikillar skoðunar við en hefur bein áhrif á fjárlögin sem eru að koma til lokaafgreiðslu núna fyrir jólaleyfi. Þessi vinnubrögð eru engu lagi lík.

Þingmeirihlutinn og ríkisstjórnin verður að bera ábyrgð á svona vinnulagi en við munum ekki setja hindrun í veg þess að þetta mál geti komið til umræðu í þinginu og farið inn í nefnd. Við vitum hins vegar auðvitað ekkert hverjar lyktir málsins verða síðan þegar það kemur til skoðunar í nefndinni. Það getur vel verið að þar þurfi miklu meiri vinnu við en svo að það takist að ljúka því á einni viku.

[11:10]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Til þess að koma í veg fyrir að þetta þingmál komist á dagskrá þyrfti stjórnarandstaðan að greiða atkvæði gegn því að svo yrði. Við höfum marglýst því yfir, margir fulltrúar stjórnarandstöðunnar, hér í dag að við erum því fylgjandi að taka brýn hagsmunamál til umræðu, þar á meðal þetta. Við viljum ræða um almannatryggingar og lagabreytingar á því sviði og sérstaklega það sem gæti orðið til hagsbóta öryrkjum og þeim sem standa höllum fæti í okkar samfélagi.

Það sem ríkisstjórnin á eftir að gera er að segja okkur frá forgangsröð sinni. (**Gripið fram í:** Nú, lækka matarverðið.) Hv. þingmaður spyr hver sé okkar forgangsröð. Hún er sú sem ég lýsti. Fyrir þinginu liggja ýmis mál frá stjórn og stjórnarandstöðu sem snerta almannahag í þessu landi (**Gripið fram í:** Þú ert bara að ...) og ég kalla eftir því að ríkisstjórnin geri okkur og þjóðinni grein fyrir sinni pólitísku forgangsröð. (Gripið fram í.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 6. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHj, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JónK, KJúl, KBald, KolH, KHG, LB, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

5 þm. (JBjarn, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, BÁ, DJ, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, HBl, JGunn, JBjart, KÓ, KLM, MF, MÁ, VF, ÞKG) fjarstaddir.

[11:12]

**Útbýting:**

Fjáraukalög 2006, 47. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 483.

## *Fjáraukalög 2006, 3. umr.*

Stjfrv., 47. mál. — Þskj. 393, frhnál. 477 og 483, brtt. 478 og 479.

[11:13]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hlutinn gerir breytingartillögur við sundurliðun 2 sem samtals nema 377,8 millj. kr. til hækkunar. Auk þess eru gerðar breytingartillögur við 4. gr. frumvarpsins.

Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Hæstv. forseti. Ég vísa til þeirra breytingartillagna sem hefur verið dreift hér og eru á sérstöku þingskjali. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Birkir J. Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Dagný Jónsdóttir og Ásta Möller.

Hæstv. forseti. Við 2. umr. fjáraukalagafrumvarpsins kom skýrt fram að meiri hluti nefndarinnar taldi að hann þyrfti meira svigrúm til að fara sérstaklega yfir málefni heilbrigðisráðuneytisins á milli 2. og 3. umr. Tillögur meiri hluta nefndarinnar bera þess merki að við höfum tekið málefni heilbrigðisráðuneytisins sérstaklega til skoðunar og leggjum til að útgjöld til sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva verði aukin um 200 millj. kr. á milli umræðna til að mæta greiðsluvanda þeirra stofnana. Jafnframt leggjum við til viðbótar 360 millj. af ónotuðum fjárheimildum til öldrunarstofnana en það er ofan á 500 millj. sem komu frá tillögum ríkisstjórnarinnar við 2. umr. fjáraukalaga.

Hæstv. forseti. Við leggjum mikla áherslu á að þær tillögur sem við höfum lagt fram til að koma til móts við fjárhagsvanda heilbrigðisstofnana, öldrunarstofnana og dvalarheimila í landinu skipta mjög miklu máli. Staðreyndin er sú að margar af þessum stofnunum hafa glímt við ákveðinn greiðsluvanda og það hefði verið mjög erfitt fyrir þessar stofnanir sem sinna svo mikilvægu hlutverki að fara yfir áramót með mikinn skuldahala sem hefði þá leitt það af sér að viðkomandi stofnanir hefðu fljótlega lent í miklum greiðsluerfiðleikum sem hefðu aftur leitt það af sér að þær stofnanir hefðu þurft að greiða dráttarvexti og vanskilagjöld eins og við þekkjum. Það hefur að sjálfsögðu gríðarlega mikil áhrif á rekstur viðkomandi stofnana og því mjög brýnt að koma til móts við þær.

Gerð er grein fyrir því í þingskjalinu hvernig þessum fjármunum er skipt á milli einstakra heilbrigðisstofnana, öldrunarstofnana og dvalarheimila. Við áttum ágætt samstarf í meiri hluta nefndarinnar við starfsmenn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í þessari vinnu og það sem hér er lagt fram hefur verið unnið í samvinnu við starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins.

Hæstv. forseti. Við 3. umr., lokaumræðu fjáraukalaga fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir því að tæpum 378 millj. kr. verði varið til hækkunar. Þar af leiðir að afgangur ríkissjóðs frá árinu 2006 verður u.þ.b. 44,6 milljarðar og við skilum þar með ríkissjóði með miklum afgangi. Við verjum jafnframt heilmiklum fjármunum aukalega til velferðarkerfisins og til þess að bæta hag almennings í landinu. Í ljósi góðrar stöðu ríkissjóðs er mikið ánægjuefni að geta afgreitt fjáraukalög ársins 2006 með svo miklum afgangi sem raun ber vitni.

Hæstv. forseti. Þar með hef ég lokið máli mínu.

[11:18]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar en auk mín eru á þessu áliti hv. þm. Einar Már Sigurðarson, Ellert B. Schram, Jón Bjarnason og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Virðulegi forseti. Við 3. umr. um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld ríkisins verði enn aukin um tæplega 380 millj. kr. að viðbættum þeim rúmlega 19 milljörðum sem þegar hafa verið samþykktir eftir 2. umr. Að stærstum hluta er um að ræða 200 millj. kr. framlag til að mæta rekstrarhalla ýmissa heilbrigðisstofnana. Þá eru einnig millifærðar 360 millj. kr. af fjárlagaliðnum Öldrunarstofnanir, almennt sem er nr. 08-401, á ýmis hjúkrunarheimili og öldrunarstofnanir, einnig til að mæta rekstrarhalla. Verður það að teljast nýbreytni að óskað sé sérstaks samþykkis í fjáraukalögum til að millifæra fjárheimildir með þessum hætti, ekki síst í ljósi þess að í ríkisreikningi er gerð sérstök grein fyrir millifærslum fjárheimilda innan ársins og þarf 10 blaðsíður í reikningnum til að gera grein fyrir þeim öllum. Sjálfsagt væri full þörf á því að fjárlaganefnd yrði gerð nánari grein fyrir ýmsum millifærslum þar. Fjöldi millifærslnanna sýnir svo ekki verður um villst að á liðnum árum hefur myndast sérstakt fjárveitingavald innan framkvæmdarvaldsins sem rýrir þá yfirsýn sem nauðsynlegt er að Alþingi hafi yfir fjárveitingar.

Frú forseti. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum er nú gert

ráð fyrir að tekjujöfnuður ársins 2006 verði tæpir 45 milljarðar kr. en fjárlög ársins 2006 gerðu ráð fyrir tekjujöfnuði að fjárhæð tæplega 20 milljörðum kr. Tekjujöfnuðurinn hefur því ríflega tvöfaldast á árinu og nú er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði tæplega 380 milljarðar kr. sem er 13,3% hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Gjöldin eru nú áætluð tæplega 335 milljarðar kr., 6,2% meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Gera má ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs verði meiri en hér er áætlað vegna þess að fjölmargar stofnanir eiga í rekstrarvanda sem ekki hefur verið tekið á af hv. Alþingi og benda bráðabirgðatölur til þess að mun fleiri stofnanir hafi um mitt ár 2006 verið komnar 10% fram úr fjárheimild en voru í lok árs 2005. Það er líka sérkennilegt að þurfa að horfa upp á það ár eftir ár hvernig fjáraukalögin eru notuð til að bæta tilteknum stofnunum uppsafnaðan rekstrarhalla en ekki er bætt úr rekstrarhalla annarra. Sumar stofnanir virðast eiga mun greiðari aðgang að fjáraukalögum en aðrar. Leiðréttingarnar eru því tilviljanakenndar og ekki að sjá að fylgt sé neinum reglum í þeim efnum.

Frú forseti. Eitt af stærstu vandamálunum við fjárlagagerð undanfarinna ára er skortur á upplýsingum um fjárhagsstöðu stofnana ríkisins, bæði þeirra sem eiga við rekstrarvanda að stríða og hinna sem virðast alltaf hafa nægt fé milli handanna. Er þetta m.a. gert að umtalsefni í nefndaráliti sem sömu hv. þingmenn stóðu að en var nefndarálit 2. minni hluta fjárlaganefndar við 2. umr. um fjáraukalögin.

Í greinargerð með frumvarpi til fjárreiðulaga er sérstaklega fjallað um tilgang fjáraukalaga. Segir þar m.a. að með frumvarpinu sé mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Þannig er gert ráð fyrir því að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir komi fram í fjárlögum. Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í fjáraukalögum innan fjárhagsárs verði fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki var hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög snerust þannig fyrst og fremst um ófrávíkjanleg málefni en ekki um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir eiga að koma til umfjöllunar eftir atvikum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár."

Ef litið er til síðustu ára kemur í ljós að aldrei hefur verið gengið um lokafjárlög og fjárlög á þann hátt sem lögin gera ráð fyrir.

Í 7. gr. fjárreiðulaganna segir, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra skal leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs fyrir Alþingi eigi síðar en tveimur vikum eftir að þing kemur saman að hausti." — Þá segir enn fremur í 45. gr. að, með leyfi forseta, „með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., [skuli] fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar".

Nú er liðinn nær einn og hálfur mánuður frá því að leggja átti fram frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2005 en hvergi bólar á því. Þetta er sérkennilegt í ljósi þess að ríkisreikningur fyrir árið 2005 kom út í júlí á þessu ári og því hefði átt að vera nægur tími til að leggja frumvarpið fram.

Lokafjárlögin eru mjög mikilvæg. Þar á að leita heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar á milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Enn fremur skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs. Þessu er ekki fylgt nú fremur en áður.

Það er athyglisvert að þau lokafjárlög sem lögð hafa verið fram á undanförnum árum hafa ekki efnislega uppfyllt ákvæði fjárreiðulaganna. Þetta höfum við gagnrýnt í stjórnarandstöðunni á hverju einasta ári. Þar hefur m.a. hvorki verið gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum né veittar skýringar á geymdum fjárheimildum. Það má því velta því upp hvort frumvarp sem efnislega uppfyllir ekki skilyrði þeirra laga sem það byggir á sé tækt til þinglegrar meðferðar á Alþingi.

Það eru önnur atriði sem eru mikilvæg þegar kemur að umfjöllun um frumvarp til fjáraukalaga. Má þar t.d. nefna að aldrei er þess getið í skýringum hvort útgjöld sem leitað er heimilda fyrir séu þegar til fallin eða hvenær áætlað sé að þau falli til. Hins vegar hefur það gerst að leitað hefur verið eftir heimildum til útgjalda í fjáraukalögum þar sem beinlínis er tekið fram í skýringum að meginþungi útgjaldanna falli ekki til fyrr en á næsta ári. Þetta eru auðvitað ekki tæk vinnubrögð samkvæmt fjárreiðulögunum.

Ég ætla að nefna nokkur dæmi um atriði sem ekki eiga heima beinlínis í fjáraukalögum. Ég vil í fyrsta lagi nefna að það vekur athygli að það er óskað eftir 15 millj. kr. framlagi vegna athugunar á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og á Reykjavíkurflugvelli. Það kemur fram í skýringum að með fjáraukalögum 2005 voru veittar 18 millj. kr. til verkefnisins en það vekur líka athygli að þetta viðfangsefni er hvorki í fjárlögum ársins 2006 né í fjárlögum ársins 2005 en fær aukafjárveitingu bæði árin. Þetta mál ætti með öllu eðlilegu að hafa komið inn í fjárlög á þessum árum en ekki sem viðbótarfjárveiting.

Þá vil ég í öðru lagi nefna að óskað er eftir 150 millj. kr. framlagi til að standa undir hlutdeild ríkissjóðs í áföllnum kostnaði vegna undirbúnings að byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Þetta viðfangsefni hefur beinlínis verið falið í heimildargreinum fjárlaga undanfarinna ára og samið um útgjöld sem aldrei hafa komið til efnislegrar meðferðar í fjárlaganefnd.

Þá vil ég í þriðja lagi nefna að lagt er til að veitt verði 120 millj. kr. viðbótarframlag á nýju viðfangsefni undir fjárlagaliðnum 02-982, Listir og framlög, til að standa straum af útgjöldum við menningarsamninga. Hér er gott dæmi um ný útgjöld sem ekki eiga heima í fjáraukalögum. Þau eru ekki ófyrirséð þar sem þau byggja á meðvitaðri ákvörðun um gerð þessara samninga. Eðlilegast hefði verið að ræða þá í umræðu um fjárlög fyrir árið 2007.

Frú forseti. Annað dæmi sem ég vil nefna er að landbúnaðarráðuneytið óskar eftir 354,5 millj. kr. framlagi til að styrkja byggingu reiðhalla, reiðskemma og reiðskála sem reistir verða í samvinnu við hestamannafélög. Frú forseti. Þetta eru án efa ágæt verkefni en þetta eru ekki ófyrirséð útgjöld þar sem ákvörðunin lýtur að styrkjum til þessara félaga og hefði auðvitað átt að kynna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007.

Fleira mætti nefna sem dæmi um fjárveitingar sem ranglega eru tilfærðar í fjáraukalögum og vil ég nefna líka að

t.d. er óskað eftir 1.000 millj. kr. framlagi vegna umferðaröryggis á vegum út frá höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða framkvæmdir sem munu bæta verulega umferðaröryggi, eins og segir í frumvarpinu. Svo mörg voru þau orð. Ekki er gerð nánari grein fyrir þessum framkvæmdum, hvort þær séu hafnar, hvenær áætlað sé að þeim ljúki og hvort öll útgjöldin falli til á þessu ári. Það má líka nefna að það er lagt til að Fjarskiptasjóður fái 500 millj. kr. á árinu 2006 í stað ársins 2007. Þá vil ég spyrja: Hvaða kostnaður hefur fallið til og mun falla til núna til áramóta sem veldur því að það þarf að færa þessar 500 millj. frá fjárlögum 2007 yfir á árið 2006?

Þá má líka nefna lið sem fellur á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins, 10 millj. kr., vegna vinnu við gerð frumvarps um fjölmiðla vegna þess að kostnaðurinn hefur verið umfram það sem getur talist eðlilegt að aðalskrifstofan geti borið enda var kostnaðurinn ekki allur fyrirséður. Virðulegur forseti. Það má vel vera að þetta hafi verið ófyrirséð atvik en það verður að skýra fyrir okkur hvernig „eðlilegt" er skilgreint í þessu samhengi. Ekki koma nægilegar útskýringar með frumvarpinu.

Hins vegar má segja að það er staðreynd að umræður um fjáraukalög vekja oft minni athygli en umræðurnar um fjárlögin. Því er kannski meiri freisting að koma ýmsum málum í gegnum fjáraukalögin en í gegnum fjárlög. Það er ómögulegt að meta ágæti fjárlaga út frá umfangi fjáraukalaga einna og sér. Til þess þarf mun meiri upplýsingar, t.d. frumvarp til lokafjárlaga fyrra árs, skýrslu um framkvæmd fjárlaga fyrstu níu mánuði fjárlagaársins og áætlun um útkomu til áramóta. Án þessara upplýsinga verða bæði fjárlög og fjáraukalög hálfgerð eylönd án innbyrðis tengingar, án upphafs og án endis.

Það hefur margoft komið fram í álitum minni hluta fjárlaganefndar í gegnum árin að hvergi meðal hinna vestrænu ríkja þekkist að framkvæmdarvaldið komist upp með að umgangast fjárlög með þeim hætti sem hér tíðkast. Lítil sem engin virðing er borin fyrir fjárlögum og sú ábyrgð og sú vandvirkni sem nauðsynleg er við framkvæmd þeirra er ekki til.

Þess vegna hafa öll fjárlög þessarar ríkisstjórnar verið marklaus plögg, málamyndagerningar sem leiða af skyldu hverrar ríkisstjórnar til að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Sitjandi ríkisstjórnarmeirihluti á Alþingi hefur ekki viljað gera bót á þeim slælegu vinnubrögðum sem meiri hlutinn hefur vanið sig á. Það verður því verkefni, frú forseti, nýrrar ríkisstjórnar að skapa þann aga og þá festu sem nauðsynleg er í ríkisfjármálum.

Ég hef nú lokið því að gera grein fyrir minnihlutaáliti úr fjárlaganefnd. Eins og fyrr segir rita undir það ásamt þeirri er hér stendur hv. þm. Einar Már Sigurðarson, Ellert B. Schram, Guðjón Arnar Kristjánsson og Jón Bjarnason.

Frú forseti. Áður en ég lýk máli mínu er atriði sem ég vil taka hér upp vegna þess að í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er gert ráð fyrir 90 millj. til vaxtabóta til viðbótar þeim 200 millj. sem þegar hafa verið samþykktar eftir 2. umr. Þessi upphæð er tilkomin vegna samkomulags sem var gert í sumar, þ.e. ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu í tengslum við endurskoðun kjarasamninganna og lofaði því að leiðrétta skerðingu á vaxtabótum sem stór fjöldi heimila í landinu varð fyrir vegna hækkunar á fasteignamati.

Frú forseti. Ég tel rétt að gera þetta mál að örlitlu umtalsefni hér vegna þess að það er auðvitað til algjörrar skammar hvernig á því máli hefur verið haldið. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði ágætlega grein fyrir afstöðu okkar þegar málið var hér til umræðu fyrir helgi en ég tel rétt að koma inn á það núna vegna þess að hér er lögð til hækkun á framlaginu sem er nú þegar alveg ljóst að er ekki nándar nærri nóg. Ríkisstjórnin brýtur samkomulagið sem gert var við ASÍ í sumar. Það var um það rætt að haft yrði samráð við ASÍ um þessar leiðréttingar. Það hefur ekki orðið, og hefur forusta ASÍ margoft gert grein fyrir því og fullyrt að frumvarpið sem samþykkt var hér fyrir helgi, að viðbættum þessum 90 millj. sem hér koma til, sé einfaldlega vanefndir af hálfu ríkisstjórnarinnar á því sem lofað var. Það segir Grétar Þorsteinsson m.a. í yfirlýsingu sem er finna á vef Alþýðusambands Íslands. Þar segir hann að ríkisstjórnin hafi lofað því í sumar við endurskoðun kjarasamninga að tekið yrði á vanda þess fólks sem missti stóran hluta vaxtabóta sinna eða hreinlega allar bæturnar fyrir þær sakir einar að fasteignamatið hafði hækkað á milli ára.

Frú forseti. Ekkert annað hefur breyst í lífi þessa fólks en það að fasteignamatið hækkaði. Það hefur ekkert meira á milli handanna og það gerði ráð fyrir þessum vaxtabótum við áætlanagerð sína. Það er alveg ljóst að þessar 290 millj. sem núna koma inn til viðbótar eru ekki nóg til að mæta þessum gríðarlegu skerðingum sem þetta fólk varð fyrir. Fjöldi heimila í landinu gerir ráð fyrir bótum vegna loforða ríkisstjórnarinnar í sumar um að leiðrétta þessar skerðingar, fólk gerði hreinlega ráð fyrir því að fá leiðréttingu á þessum vaxtabótum fyrir jól. Það fólk verður fyrir miklu áfalli vegna þess að mjög margir munu ekki fá þessa leiðréttingar. Það eru aldeilis kaldar kveðjur sem þessu fólki eru sendar héðan af hinu háa Alþingi.

Það á þó ekki að koma á óvart, frú forseti, að menn skeri vaxtabæturnar hér niður vegna þess að það er það sem þessi ríkisstjórn hefur markvisst gert á undanförnum árum, og hér sjáum við enn eina birtingarmynd þess.

Frú forseti. Það kemur mér á óvart og það hryggir mig að Framsóknarflokkurinn sé stokkinn á þann vagn með Sjálfstæðisflokknum að eyðileggja vaxtabótakerfið. Þegar hv. þingmenn Framsóknarflokksins standa hér í þessum ræðustól og halda því fram að þeir séu í velferðarríkisstjórn veit ég ekki á hvaða plánetu þeir búa. Velferðarríkisstjórn gerir ekki svona. Hún kemur ekki aftan að heimilunum í landinu eins og verið er að gera hér. Þetta eru engar smáupphæðir, frú forseti, þessar upphæðir geta hlaupið hátt í mánaðarlaun eftir skatt hjá lágtekjufólki í landinu.

Ég lýsi vonbrigðum mínum með þessa niðurstöðu hjá ríkisstjórninni en segi jafnframt að hún kemur mér ekki á óvart vegna þess að við vitum að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki verið hlynntur þessu vaxtabótakerfi. Hafa deildir innan þess stjórnmálaflokks beinlínis ályktað gegn því þannig að það kemur ekki á óvart að Sjálfstæðisflokkurinn fari þá leið að eyðileggja vaxtabótakerfið. En að Framsóknarflokkurinn skuli hoppa á vagninn svona auðveldlega með Sjálfstæðisflokknum hryggir mig og sýnir manni að það er ekkert að marka hin stóru orð framsóknarmanna þegar á

hólminn er komið, þegar þau eru komin í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Þá lúffa þau í einu og öllu til þess að halda sínum sex ráðherrastólum. Þá er öllum prinsippum varpað fyrir róða.

Frú forseti. Þegar fyrrverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, setti á laggirnar fjölskyldunefnd til að skoða stöðu fjölskyldnanna í landinu var blásið í herlúðra og sagt að núna ætti að fara að skoða hag fjölskyldunnar í heildarsamhengi. Þá verð ég að segja, frú forseti, að ef þessar skerðingar á vaxtabótunum eru fjölskyldustefna Framsóknarflokksins krefst ég þess að hv. þingmenn komi hér upp og greini frá því hvað þeir ætli að gera fyrir heimilin í landinu. Það að setja á laggirnar fjölskyldunefnd til að skoða heildstætt mál fjölskyldunnar er eingöngu yfirklór yfir stórfellda niðurskurð á framlögum til heimilanna í landinu.

Frú forseti. Það hefur verið með hreinum ólíkindum að fylgjast með því á þessu kjörtímabili hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur skorið niður með markvissum hætti vaxtabætur til heimilanna í landinu. Vil ég þá nefna að í rauninni má segja að þeir hafi ævintýralegt hugmyndaflug í þeim efnum. Þá vil ég í fyrsta lagi nefna að sífellt lægri hluti eftirstöðva skulda er lagður til grundvallar við útreikning vaxtabóta. Árin 2003 og 2004 miðuðust vaxtabætur við 7% af eftirstöðvum skulda. Árið 2005 var þetta hlutfall lækkað í 5,5% og síðan í 5% á þessu ári. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á ekki að ganga nema til hálfs við að vinda ofan af þessari skerðingu og þá á að miða við 6%.

Í öðru lagi voru einungis greidd um 90% af hámarksupphæð vaxtabóta árið 2004, og 95% árið 2005. Þá komum við að því að í þriðja lagi hefur húsnæðisverð hækkað mjög mikið á tímabilinu og langtum meira en eignaviðmið til útreiknings vaxtabóta hefur gert ráð fyrir sem stóð í stað milli áranna 2005 og 2006.

Frú forseti. Ég krefst þess að fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar komi hér í eitt skipti fyrir öll upp í þennan ræðustól og segi okkur frá því hvað þeir ætla sér með vaxtabótakerfið. Þessi niðurskurður bitnar mjög harkalega á heimilunum í landinu og ekki síst fólki með lágar tekjur og millitekjur og þá helst líka ungu fólki með gríðarlega þunga framfærslubyrði sem missir vaxtabæturnar. Þarna er komið aftan að fólki og við hljótum að krefjast þess að hv. þingmenn sem standa að þessum skerðingum og hafa samþykkt þær á þessu kjörtímabili geri grein fyrir því hvað þeir eru að fara með vaxtabótakerfinu.

Frú forseti. Hver einn og einasti fasteignareigandi sem hefur fengið vaxtabætur finnur það á framlögunum á hverju einasta ári hvernig þau hafa verið skert. Þegar einstaklingarnir fara í íbúðarkaup gera þeir ráð fyrir þessum vaxtabótum og þá er mjög mikilvægt að það liggi fyrir hvernig á að reikna þær út hverju sinni en þessi ríkisstjórn kemur aftan að fólki með alls kyns æfingum og skerðingum sem koma mjög illa niður á þessum hópi.

Frú forseti. Ég verð að nefna það hér að þessi ríkisstjórn hefur markvisst skert framlög til vaxtabóta og má nefna það að á næsta ári, miðað við það fjárlagafrumvarp sem fyrir liggur hér í þinginu, verða útgjöld til vaxtabóta 226 millj. kr. lægri en þau voru árið 2003 að krónutölu. Sé tekið mið af þróun vísitölu neysluverðs frá árinu 2003 til september 2006 eru áætluð útgjöld vegna vaxtabóta tæplega milljarði króna lægri á næsta ári en þau voru árið 2003.

Þegar þessi ríkisstjórn gerir upp þetta kjörtímabil, hvernig hún hefur staðið sig, og stendur frammi fyrir heimilunum í landinu stendur þetta eftir, milljarður í skerðingu á vaxtabótum.

Frú forseti. Þetta eru kaldar kveðjur frá ríkisstjórninni. Þetta er þó staðreynd og þetta er sú staðreynd sem blasir við heimilunum í landinu þegar við göngum til kosninga í vor. Þá er eins gott líka að hv. þingmenn Framsóknarflokksins fari rétt með en komi ekki með aumt yfirklór eins og þeir eru að gera í Íraksmálinu núna. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Þá vil ég í lokin segja að það eru ansi kaldar kveðjur sem ríkisstjórnin sendir Alþýðusambandi Íslands sem fer fyrir stærstum hópi launafólks í landinu. Það eru heldur kaldar kveðjur þegar samkomulag sem gert var í sumar er brotið með þessum hætti. Það verður að segja að svona vinnubrögð hljóta að hafa eftirmála og áhrif þegar það kemur hér berlega í ljós í þessu máli að ekki er hægt að treysta samkomulagi sem Alþýðusamband Íslands gerir við ríkisvaldið. Það er grafalvarlegt mál þegar svo er. Það mun án efa hafa einhverjar afleiðingar. Auðvitað verða aðilar vinnumarkaðarins að geta treyst yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín um þetta öllu fleiri en ég tek undir gagnrýni sem komið hefur frá Alþýðusambandi Íslands og ég átel það mjög harðlega að fjöldi fólks sem væntir þess að fá leiðréttingar á vaxtabótum vegna þess að því var lofað í yfirlýsingum í sumar muni væntanlega fá engar eða mjög litlar leiðréttingar á greiðslum vaxtabóta núna fyrir jólin.

Þetta tel ég mjög alvarlegt mál, frú forseti, og gat ekki látið hjá líða að nota tækifærið til að segja um það nokkur orð í þessum stóli þegar við erum að afgreiða þessa smánarlegu viðbót, þessa pínulitlu viðbót, þessa örflís til viðbótar vaxtabótunum.

Ég vænti þess, frú forseti, að hv. þingmenn Framsóknarflokksins muni þurfa að standa frammi fyrir kjósendum í vor og svara þeirri spurningu hvers vegna flokkurinn sem lofaði því að hér ætti að efla stöðu fjölskyldunnar og styrkja hana kemur svo aftan að fólki með milljarði í skerðingu á vaxtabótunum á kjörtímabilinu. Ég tel að hv. þingmenn, sérstaklega Framsóknarflokksins, skuldi heimilunum í landinu skýringar á þessu vegna þess að það er staðreynd að ekkert hefur komið út úr þessari fjölskyldunefnd og það eina sem gerist hér í þinginu er að það er kroppað í tekjur fjölskyldnanna, ekki síst ungu barnafjölskyldnanna sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

[11:48]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hafði nú ekki mikið fyrir því að setja stöðu fjölskyldunnar í vítt samhengi. Hún kallaði eftir stefnu Framsóknarflokksins í málefnum fjölskyldunnar og staðreyndin er sú að barnabætur eiga að hækka á næsta ári um 25%, um 1,7 milljarða kr. Það er verið að lækka tekjuskattinn á fjölskyldurnar í landinu um 1%, en stjórnarandstaðan er reyndar á móti því að tekjuskatturinn verði lækkaður. Það er verið að hækka

skattleysismörkin úr 78 þús. kr. upp í 90 þús. kr. Það er verið að lækka matarskattinn úr 14% niður í 7%. Þetta er stefna Framsóknarflokksins í skattamálum.

Jafnframt hefur verið unnið að vaxtabótamálum innan efnahags- og viðskiptanefndar. Nú voru lagðar til rúmlega 90 millj. kr. til aukinnar hækkunar. Ég þekki ekki í þaula þá vinnu sem þar fór fram en ég treysti þeim nefndarmönnum sem lögðu þar hönd á plóg til að standa vel að þeirri vinnu.

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður dró upp dökka mynd af stöðu íslenskra fjölskyldna þrátt fyrir að kaupmáttaraukningin hafi hvergi verið eins mikil og á Íslandi með hliðsjón af þeim löndum sem við berum okkur saman við. Kaupmáttaraukningin á þessu ári hjá heimilunum, ráðstöfunartekjur fjölskyldnanna, aukast um 5,6% á þessu ári, munu aukast um rúmlega 5% á næsta ári ef spár ganga eftir og um rúm 2% á árinu 2008. Við ætlum því að halda áfram á þessari braut, að minnka álögur á fjölskyldurnar í landinu. Við ætlum að lækka skatta og láta fjölskyldurnar í landinu njóta þeirrar gríðarlega sterku stöðu sem ríkissjóður býr nú við.

Við ætlum að halda áfram á þessari braut en ég vek sérstaka athygli á því að hv. þingmaður benti ekki á eitt einasta jákvætt atriði sem ríkisstjórnin hefur unnið að til að bæta hag fjölskyldnanna í landinu. Hún fann eitt strá til þess að hengja sig á en horfði ekki á heildarsamhengi hlutanna.

[11:51]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson svaraði ekki spurningunni sem ég lagði upp með í ræðu minni varðandi vaxtabæturnar. Hann svaraði ekki á hvaða ferðalagi Framsóknarflokkurinn væri varðandi vaxtabæturnar og hverju hinar skipulegu skerðingar sættu. Hann svaraði því ekki. Í stað þess nefnir hann dæmi um hvar ríkisstjórnin hefur hækkað framlög.

Frú forseti. Hv. þingmaður nefndi barnabæturnar. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér þykir hann ansi brattur að nefna barnabæturnar og að þar sé verið að gefa í. Það er vissulega rétt en þessi ríkisstjórn hefur beitt þeim vinnubrögðum að skerða fyrst harkalega framlögin og koma síðan með hluta af því til baka rétt fyrir kosningar. Þetta eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, að skerða fyrst harkalega og koma síðan með hluta til baka. Ég vil í þessu samhengi spyrja hv. þingmann hvar barnakort Framsóknarflokksins eru. Þau er ekki að finna hér. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Hv. þingmaður talaði drýgindalega um skatta og lækkun á þeim. Við vitum hvernig þróunin á skattbyrðinni hefur verið á undaförnum árum. Það hefur komið fram í svari frá fjármálaráðuneytinu að eingöngu 10 prósentin sem hæstar hafa tekjurnar búa við lægri skattbyrði. Þannig hafa skattalækkanir ríkisstjórnarinnar skilað sér til heimilanna í landinu. Þær hafa skilað sér með aukinni skattbyrði vegna þess að skattleysismörkin hafa nánast staðið í stað á sama tíma. Það sem skila á til baka í hækkun á persónuafslætti er eingöngu brot af því sem ætti að vera ef persónuafslátturinn hefði verið látinn fylgja t.d. launaþróun.

[11:53]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er leitt til þess að vita að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir skuli ekki vera betur að sér um barnabótakerfið en svo að hún viti ekki að núverandi ríkisstjórn hefur staðið að breytingum sem miða að því að sjö ára börn og yngri fái ótekjutengdar barnabætur. Það er leitt til þess að vita að hv. þingmaður skuli ekki vita það en þannig eru svokölluð barnakort sem hv. þingmaður talaði um að sjálfsögðu að hluta til komin til framkvæmda.

Í annan stað nefndi hv. þingmaður að hún áttaði sig ekki á því hvert Framsóknarflokkurinn stefndi í vaxtabótakerfinu. Ég bendi hv. þingmanni á fjárlagafrumvarp fyrir árið 2007 þar sem gert er ráð fyrir að vaxtabætur verði rúmir 5,5 milljarðar kr. Þær eru á þessu ári, á fjárlögum ársins í ár, 5,1 milljarður kr. Nú er verið að bæta þar í um 300 millj. kr. Stefnan er sú að við erum að auka við vaxtabæturnar.

Hins vegar getur hv. þingmaður fundið heppilegt ártal til þess að bera sig saman við. Við getum farið aftur til ársins 1991 ef við viljum eða ársins 1997. Menn velja sér alltaf hentug viðmið. (Gripið fram í.) Ég vil benda hv. þingmanni á að í fjárlögum fyrir árið 2007 aukum við verulega til vaxtabótakerfisins og hvað barnabæturnar varðar vil ég minna á að á árunum 1991–1995 var kjararýrnun í samfélaginu. Hvað gerði ríkisstjórn kratanna þá? Jú, hún skerti barnabæturnar, sló Íslandsmet í að skerða barnabætur. Tölurnar tala sínu máli.

Kaupmáttur er að aukast hér á landi. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir getur reynt að halda því fram að við séum á annarri leið en kaupmáttur fjölskyldnanna er aukast, það eru miklar skattalækkanir fram undan og mikil kaupmáttaraukning. Við ætlum að halda áfram á þeirri leið. En ekki veit ég, hæstv. forseti, hvert hv. þm. Katrín Júlíusdóttir vill stefna í þeim efnum.

[11:55]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var aumt yfirklór með vaxtabæturnar. Ég benti á þá staðreynd að bara á þessu kjörtímabili, það er mjög eðlilegt að miða bara við þetta kjörtímabil, hefur ríkisstjórnin skert vaxtabætur og mun niðurstaðan úr því verða 1 milljarður í mínus á næsta ári. Vaxtabæturnar ættu að vera 6,5 milljarðar á næsta ári ef þær hefðu haldið sér frá árinu 2003 þegar þessi ríkisstjórn tók við. Það mjög eðlilegt að miða við það ártal.

Hv. þingmaður er eitthvað viðkvæmur fyrir því að ég velji ártalið 2003 sem viðmiðun en það er ekki óeðlilegt vegna þess að þá tók þessi ríkisstjórn við.

Ég lýk með því að spyrja: Hver verður útkoman þegar þessi ríkisstjórn hefur setið sín fjögur ár? Hún verður milljarður í mínus. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Hún verður ekki bara milljarður í mínus heldur eru það 226 milljónir af krónutölu. Stjórnarliðar koma upp og halda því fram að verið sé að auka við vaxtabætur og barnabætur og ég veit ekki hvað og hvað, meðan í raun er aðeins verið að skila til baka örlitlum hluta af harkalegum skerðingum.

Frú forseti. Það er ekki hægt að halda svona blekkingatali áfram. Auðvitað sér fólk í gegnum þetta vegna þess að hver einasta fjölskylda í landinu hefur fundið fyrir þessu. Fólk finnur þetta þegar vaxtabæturnar koma og eins við greiðslu á barnabótunum.

Frú forseti. Barnakort Framsóknarflokksins eru að hluta komin til framkvæmda. Það má vel vera. En að bjóða upp á að hér sé eingöngu ótekjutengt upp að sjö (Forseti hringir.) ára aldri er ekki nóg. Þar eru svik á loforðum Framsóknarflokksins.

[11:58]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 við 3. umr. Ég held að aldrei verði of oft farið í gegnum það hvert er lögformlegt hlutverk fjáraukalaga. Ég hef reyndar flutt þessa ræðu held ég við hverja umræðu um fjáraukalögin um það hvernig eigi að nota fjáraukalög og hvaða lögformlega stöðu þau hafa. Mín skoðun er sú að meðferð og beitingu fjárreiðulaga hafi hrakað undanfarin ár. Við erum æ meir að færast yfir í svokölluð ráðherrafjárlög, þ.e. að ráðherrarnir, ríkisstjórnin og einstök ráðuneyti taka sér fjárveitingavald, ákveða útgjöld og ákveða málaflokka sem eru jafnvel í uppáhaldi hjá þeim og síðan er það fjárlaganefndar svo sem að fara í gegnum það eftir því hvernig atvikast en þingið stimpli ákvarðanir sem ráðherrarnir hafa í rauninni löngu ákveðið.

Í lögum um fjárreiður ríkisins er kveðið á um hvernig fara skuli með ákvarðanir á útgjöldum, hvernig þær eru ákvarðaðar og hvernig fjárlögum er síðan framfylgt. Þar er líka skýrt kveðið á um hver hin lögformlegu verkaskipti framkvæmdarvaldsins og Alþingis eru hvað varðar meðferð fjármuna ríkisins og þeirra ákvarðana sem Alþingi tekur. Að sjálfsögðu er hin lagalega hlið þannig að það er Alþingi sem á að hafa lögformlegt ákvörðunarvald og ráðherrarnir eiga að fara eftir þeim ákvörðunum en þetta virðist hafa snúist við. Þetta virðist í æ fleiri atriðum hafa snúist við þannig að það eru ráðherrarnir sem taka ákvarðanirnar og Alþingi er síðan notað til þess að stimpla þær.

Tökum t.d. meðferð fjáraukalaga. Eins og við þekkjum eru fjárlög samþykkt fyrir næsta ár. Við stöndum nú frammi fyrir að samþykkja fjárlög fyrir árið 2007, þau eru að koma núna inn til 3. umr. og komu í byrjun desember. Það eru fjárlög íslenska ríkisins gagnvart árinu 2007. Við fengum reyndar frumvarp til fjárlaga ekki hér inn í þingið fyrr en í byrjun október. Á þingsetningardag var fjárlagafrumvarpinu dreift á þinginu. Þremur dögum seinna áttum við að taka það til efnislegrar umræðu á þinginu. Þessu var reyndar dreift til fulltrúa í fjárlaganefnd sem trúnaðarmáli í upphafi þingsetningardags, það er það fyrsta sem þingið fær að sjá af frumvarpinu. Síðan á að taka það til efnislegrar umræðu þremur dögum seinna, og sér hver heilvita maður að þó að þingmenn séu upp til hópa miklir andans atgervismenn er það samt ofætlan að halda að þeir geti almennt sett sig inn í þessi mál til hlítar á þremur dögum þannig að hægt sé að taka eðlilega efnislega umræðu áður en málið fer til fjárlaganefndar þar sem frumvarpið er meðhöndlað. En tíminn er skammur því að 2. umr. fer gjarnan fram um mánuði eða innan við mánuði síðar og svo 3. umr. einum og hálfum mánuði eða tveimur mánuðum síðar. Þinginu er því á tveimur mánuðum ætlað að afgreiða fjárlögin á þennan hátt. Þetta eru náttúrlega alveg óþolandi vinnubrögð.

Í haust kom fjárlaganefnd danska þingsins í heimsókn til okkar. Þegar við lýstum fyrir þeim þeim vinnubrögðum sem hér tíðkuðust við svokölluð ráðherrafjárlög, þ.e. þegar ráðherrarnir ráða og Alþingi er bara afgreiðslustofnun að stórum hluta fyrir ráðherrana, þá blöskraði dönsku þingmönnunum. Þeir sögðu að slík vinnubrögð mundu ekki líðast þar. Þar er fjárlagafrumvarp kynnt mönnum og fjárlaganefnd tveimur mánuðum fyrir þingbyrjun og fer þá í gang vinna og gagnasöfnun af hálfu fjárlaganefndar. Þegar því er dreift á þinginu eru þingmenn undirbúnir undir efnislegar umræður í þinginu og síðan fer það aftur í vinnslu. Vinna þingsins með fjárlagafrumvarp, þá á ég við alls þingsins, stjórnarþingmanna og stjórnarandstöðuþingmanna, tekur því a.m.k. um hálft ár. Hér er þessu rubbað af. Enda sjáum við hvernig afraksturinn verður.

Frumvarpi til fjáraukalaga er einungis ætlað að taka á skyndilegum atriðum sem koma upp innan ársins, sem alltaf geta gerst, enda segir í lögum um frumvarp til fjáraukalaga sem við erum að fjalla um, í 43. grein, með leyfi forseta:

„Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir."

Síðan koma forsendurnar:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga." — Valdi ófyrirséð atvik.

„Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár."

Það er ósköp skýrt kveðið á um þetta. Ég vildi gjarnan heyra ábyrgðaraðilana, formann og varaformann fjárlaganefndar, hv. þingmenn Birki Jón Jónsson, fyrir hönd Framsóknarflokksins, og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, fara yfir það hvernig þeim finnist þeim lögum hafa verið framfylgt þegar við erum að meðhöndla fjáraukalögin. Hefur lögum verið framfylgt um að aðeins skuli koma með á fjáraukalög heimildir fyrir því ef upp koma ófyrirséð atvik? Eða ef Alþingi hefur samþykkt lög í millitíðinni sem kveða á um útgjöld, gerðir hafa verið kjarasamningar sem ríkið er aðili að, sem krefst breytinga? Aðrar heimildir eru ekki á fjáraukalögum sem slíkum. En þetta virðist vera allt öðruvísi nú.

Þess vegna skiptir máli að fjárlögin sjálf séu mjög vel unnin. Lítum aðeins á hvernig þetta var fyrir ári þegar við vorum að afgreiða fjárlög fyrir þetta ár. Veltum fyrir okkur vinnubrögðunum.

Tökum Háskólann á Akureyri. Fyrir lá að fjárveiting til Háskólans á Akureyri væri allt of lág, það lá fyrir þá. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þingmenn Samfylkingarinnar og þingmenn Frjálslynda flokksins fluttum tillögu á Alþingi fyrir ári um að bæta þyrfti a.m.k. 100 millj. kr. inn í rekstrargrunn Háskólans á Akureyri, það lægi alveg fyrir. Það var fellt. Þingmaður Norð-

austurkjördæmisins, Birkir Jón Jónsson, honum þótti jú leitt að geta ekki orðið við þessu, en þetta lá alveg fyrir.

Ekki vildum við á miðju ári stöðva Háskólann á Akureyri, ekki vildum við það. Þá er komið með á fjáraukalögum núna að hækka fjárveitingar til Háskólans á Akureyri um nánast þær upphæðir sem við lögðum til fyrir ári. Svo koma þingmenn, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson, og hæla sér af því að hafa hækkað þessi framlög og þetta sé ofboðslegt góðverk. Þetta eru slæm og léleg vinnubrögð. Þetta lá allt fyrir þá.

Við skulum taka fleiri dæmi, Landspítala – háskólasjúkrahús. Fyrir lá fyrir ári að það fjármagn sem veitt var þá á fjárlögum þessa árs til Landspítala – háskólasjúkrahúss væri allt of lágt miðað við að sjúkrahúsið ætti að halda óbreyttri starfsemi, það lá alveg fyrir. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þingmenn Samfylkingar og þingmenn Frjálslynda flokksins lögðum til á Alþingi fyrir ári að fjárhagsgrunnur Landspítala – háskólasjúkrahúss fyrir árið 2006 yrði hækkaður um a.m.k. 1 milljarð kr. Það var fellt af þingmönnum Framsóknarflokksins og þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Þetta lá samt alveg fyrir.

Hvað gerist nú við fjáraukalög? Jú, auðvitað varð að koma til móts við rekstrarvanda Landspítala – háskólasjúkrahúss og nú er lagður til 1 milljarður kr. á fjáraukalögum þessa árs til að gera það. Það lá fyrir fyrir ári síðan. Svo koma hv. þingmenn og segja: Ofboðslegt góðverk erum við að gera, að veita 1 milljarði meira til Landspítala – háskólasjúkrahúss en var á fjárlögum ársins. Þeir ættu frekar að skammast sín fyrir léleg vinnubrögð og biðjast afsökunar á vinnubrögðum sínum (**Gripið fram í:** Nei.) því að þetta lá allt fyrir. Slík vinnubrögð eru ekki einu sinni lagalega heimil.

Svona getum við rakið hvert dæmið á fætur öðru um hvernig ríkisstjórnarmeirihlutinn fer á svig við lög í fjárlagaafgreiðslunni.

Framhaldsskólarnir. Fyrir ári síðan lá fyrir að 250–300 millj. kr. þyrfti til viðbótar til framhaldsskólans, það lá fyrir. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins fluttum um það tillögu að slík upphæð kæmi inn á fjárlög ársins eins og eðlilegt var og allt lá fyrir. Nei. Hv. þingmenn Framsóknarflokksins og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins felldu það fyrir ári síðan. Þetta lá fyrir. Á öllum tillögum frá menntamálaráðuneytinu og frá framhaldsskólanum lá fyrir að fjármagn vantaði inn í framhaldsskólann á þessu ári. Lögum samkvæmt átti að verða við þeirri beiðni, nema þá að lögin kvæðu á um að það yrði eitthvað skorið niður, að stofnunum yrði skipað að skera niður. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006 fór meiri hlutinn því ekki að lögum.

Í fjáraukalagafrumvarpinu núna erum við náttúrlega eðlilega tilneydd til að koma með nákvæmlega þær fjárupphæðir inn í rekstur framhaldsskólans, en það lá fyrir. Svo koma þeir hv. þingmenn, Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar og hæla sér af því að vera að bæta þarna í, vera að gera þarna góðverk. Vissulega má segja að það sé góðverk að draga þarna í land það sem löngu var vitað en þarna er verið að fara á svig við lög. Þarna er ekki verið að fara í raun að lögum um fjárreiður ríkisins. Þarna er verið að fara eftir handahófskenndum vinnubrögðum við fjárlagagerð.

Ég get nefnt fleiri slík dæmi sem við munum nú heyra og höfum heyrt í ræðum í haust, sérstaklega hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, formanni fjárlaganefndar, þar sem verið er að hæla sér af því verið sé að auka fjármagn til hinna og þessara verkefna á fjáraukalögum, verkefna sem nánast öll voru fyrirsjáanleg fyrir ári síðan, nánast öll sem þingmenn stjórnarandstöðunnar bentu á, annaðhvort í einstökum nefndum eða hér á þingi, fluttu um það tillögur að fjárlögin eins og þau lágu fyrir gætu ekki staðist. Þær tillögur voru hins vegar felldar þá, þó að allt væri ljóst.

Nú koma þessir þingmenn og hæla sér af því að hafa verið neyddir til að draga stofnanir og verkefni að landi, af því að fjárlögin voru röng og þau voru röng frá byrjun. Þeir ættu frekar að skammast sín og biðjast afsökunar á lélegum vinnubrögðum við fjárlagagerðina frekar en að vera að hæla sér af lélegum vinnubrögðum, eins og hv. þm. Birkir J. Jónsson hefur gert, hæla sér af því að hafa staðið gegn því eða ekki fylgt því eftir og neitað að samþykkja fyrir ári auknar fjárveitingar til Landspítala – háskólasjúkrahúss sem þá lágu fyrir, hæla sér svo af því í dag að koma með sömu upphæð.

Það verður aldrei lag á fjárlagagerð íslenska ríkisins með þeim vinnubrögðum sem við höfum nú staðið frammi fyrir, hvorki í ár né á undanförnum árum með þessu ráðherraríki og þingmenn ríkisstjórnarinnar lyppast niður á Alþingi fyrir kröfum ráðherranna. Það er það sem við erum að sjá þegar verið er að kynna þetta fjáraukalagafrumvarp.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt það til að öll fjárlagavinnan verði endurskoðuð, það gangi ekki sá vitleysisgangur sem við upplifum hér. Hann gengur hvorki upp gagnvart því að hér sé haldið uppi eðlilegri stjórnsýslu og utanumhaldi um fjármál ríkisins, um gjöld og tekjur, né gagnvart stofnununum. Ég hef lagt til gjörbreytingu á þessu, að grunnforsendur fjárlaga verði lagðar fram að vori, það verði eitt síðasta verk vorþings að ríkisstjórnin leggi fram ákveðnar grunnforsendur fjárlagafrumvarps síns fyrir næsta ár. Sú vinna væri í gangi. Um hana gæti verið tekin ein prinsippumræða um vorið þar sem ræddar væru forsendur og áherslur fjárlaga fyrir næsta ár. Síðan kæmi það aftur til vinnslu seinni parts sumars og nefndin sjálf fengi frumvarpið til vinnslu og meðferðar, Alþingi yrði styrkt hvað varðar efnahagslega ráðgjöf, stofnuð yrði efnahagsskrifstofa Alþingis, sjálfstæð og óháð framkvæmdarvaldinu. Þingmenn og nefndir gætu notið styrks þessarar efnahagsskrifstofu til þess að undirbúa og fara yfir á eigin forsendum einstaka þætti sem lúta að fjárlagagerðinni. Við höfðum Þjóðhagsstofnun á sínum tíma sem hafði hluta af þessum verkefnum. Einhvern tíma kom hún ekki með rétta spá eða réttar niðurstöður fyrir yfirvaldið, og í samræmi við gerræðislegar ákvarðanir þessarar ríkisstjórnar líkaði forsætisráðherra ekki umsögn Þjóðhagsstofnunar vegna þess að hún laut ekki beint boðvaldi hans og ríkisstjórnarinnar og Alþingis — og hún var lögð niður. Flutt var frumvarp á Alþingi þar sem meiri hluti þingmanna náttúrlega lúffaði eins og alltaf, meiri hluti ríkisstjórnarinnar, og Þjóðhagsstofnun var lögð niður, eina tækið sem Alþingi hafði þá til að leggja mat á fjárlagaforsendur á eigin grunni.

Ég ætla ekki að gera lítið úr efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, hún er sjálfsagt hið besta mál, en það er greinilegt að fjármálaráðuneytinu veitir ekki af enn betri ráðgjöf hvað fjármálastjórn ríkisins varðar. Hún er fyrst og fremst hluti af framkvæmdarvaldinu, hluti af fjármálaráðherra sem leggur svo sín mál inn í þingið. Við vitum alveg hvernig framkvæmdarvaldið vinnur. Það er í sjálfu sér engin ráðgjafarnefnd fyrir Alþingi. Þetta tel ég vera mestu grundvallarþörf sem við þurfum að bregðast við, styrkja Alþingi þannig að Alþingi geti á eigin forsendum unnið fjárlagafrumvarp, lagt mat á efnahagsforsendur og gjaldaforsendur í miklu ríkari og betri mæli en við núna höfum möguleika til, ekki síst þegar við höfum meiri hluta sem gerir lítið annað en að hlýða boðvaldi ráðherranna.

Ég hef lagt til að við komum með fjáraukalagafrumvarp að vori, þá sé farið yfir hvaða breytingar hafi orðið yfir veturinn, hvaða frumvörp hafi verið samþykkt til breytinga á gjöldum. Þá má endurskoða tekjuáætlun ef þannig er. Eitt síðasta verk þingsins að vori væri að yfirfara fjárlög ársins og koma með nauðsynlegar breytingar sem þarf að gera og það sé þá þingið sem taki þá ákvörðun þannig að framkvæmdarvaldið geti fylgt henni eftir. Síðan komi þá fjáraukalagafrumvarpið aftur að hausti.

Sjáið hvað þetta er vitlaust og löglaust, það er að koma desember og við erum að fjalla um heimildir til viðbótarútgjalda á þessu ári og það er einn mánuður eftir. Við erum að fjalla um milljarðaútgjöld sem hafa að sjálfsögðu dreifst á þetta ár. Skuldbindingar vegna þeirra hafa dreifst á þetta ár. Fjárlög næsta árs verða afgreidd eftir viku. Meginhluti af því sem hér er verið að taka ákvörðun um hefði annaðhvort átt að tilheyra fjárlögum næsta árs eða verið ákveðinn *með fjárlögum á sínum tíma. Umgengni stjórnvalda, ríkis*valds og meiri hluta fjárlaganefndar, og meiri hluta Alþingis sérstaklega sem styður þessa ríkisstjórn, um fjármál ríkisins finnst mér ekki boðleg. Ég ítreka það að í mörgum dráttum er farið á svig við lög um fjárreiður ríkisins, enda hefur Ríkisendurskoðun — sem er ein af fáum stofnunum sem enn fær að starfa óháð á vegum Alþingis — ítrekað bent á að framkvæmd fjárlaga sé ekki alltaf lögum samkvæmt. Ekkert hefur hins vegar verið gert til bóta.

Ég get þess vegna, frú forseti, ekki annað en farið í þetta í byrjun til að alþingismenn átti sig á því þegar hv. formaður fjárlaganefndar lýsir fjálglega að hér sé lagt til til viðbótar, og til viðbótar þar, á fjáraukalögum, allt vafalaust hin bestu verkefni eða að meginhluta, en að meginhluta verkefni og fjármagn sem var vitað um og átti að koma inn á fjárlög þegar þau voru samþykkt fyrir ári. Við vitum það öll hér. Samt hefur meiri hlutinn ekki döngun í sér til að fylgja því eftir að þannig sé unnið og lúffar fyrir ráðherravaldinu í þeim efnum.

Það er þó alveg skylt að geta þess sem gott er í þessu sambandi. Við höfum tekið þessa orðræðu í fjárlaganefndinni. Í umfjöllun einstakra nefndarmanna eru menn meira sammála um þessa grunnnálgun sem reynist þó erfitt að koma yfir í reynd. Ég vil sérstaklega nefna hv. þm. Einar Odd Kristjánsson sem hefur þó helst, bæði í nefndinni og á Alþingi, tjáð sig um að vinnubrögðin séu ekki ásættanleg. Og ég met það. Þess vegna tel ég eitt hið brýnasta mál þegar við nú ræðum hér þessi fjáraukalög, síðustu fjáraukalög þessarar ríkisstjórnar — vonandi kemur hún aldrei aftur — að fara yfir vinnubrögðin og hverju þarf að breyta og hvað ný ríkisstjórn, laus við Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn, mun þá hafa sem sín höfuðmarkmið. Ég mun leggja það til að Alþingi verði styrkt og því gert kleift að vinna betur á eigin forsendum að þessum fjárlagamálum en nú er.

Ef hv. þm. Birkir Jón Jónsson fer aftur að hæla sér af þeim breytingartillögum sem meiri hlutinn gerir við fjáraukalagafrumvarpið get ég lesið upp tillögurnar sem við fluttum fyrir ári. (Gripið fram í.) Þá getum við lesið upp tillögurnar sem við fluttum við fjárlagaafgreiðsluna fyrir ári sem hv. þingmenn felldu en sem nú koma að stórum hluta hér inn. Ég held að við ættum að huga að því að þetta eru fyrst og fremst dæmi um léleg vinnubrögð sem við erum að takast á við.

Ég ætla að fara, frú forseti, í nokkra þætti í þessu frumvarpi. Ég ætla fyrst að velta upp málefnum sjúkrahúsanna og heilbrigðisstofnananna. Má ég rifja upp í því sambandi að þegar við afgreiddum fjárlög fyrir ári mótmælti ég því að fjárlögin yrðu afgreidd út úr nefnd vegna þess að það var ekki tekið á fjárhagsvanda öldrunarheimila, hjúkrunarheimila og margra heilbrigðisstofnana. Ég lét bóka það sérstaklega þá. Ég man líka að ég krafðist þess að frumvarpið yrði tekið í nefnd fyrir 3. umr. til að taka á málefnum þessara stofnana. Því var hafnað af þessum ríkisstjórnarmeirihluta þó að það væri vitað að það vantaði hundruð millj. kr. inn í rekstrargrunn þessara stofnana, hjúkrunarheimilanna, öldrunarheimilanna, margra heilbrigðisstofnana, og þannig afgreiddi meiri hlutinn þetta mál fyrir ári með gríðarlegu fjárhagslegu gati og fjárvöntun fyrir þessar stofnanir, enda hefur þetta verið eitt aðalumræðuefnið í sumar og tekist á um fjárhagsvanda hjúkrunarheimila og öldrunarheimila. Allt þetta lá fyrir í fyrra en ekki var tekið á því.

Það lá því ljóst fyrir að það yrði að koma til einhver bragarbót á málefnum þessara stofnana við afgreiðslu á fjáraukalögum. Það var ekki hægt að láta stofnanirnar ganga fram óbreyttar. Það verður að segjast að tillögurnar sem ríkisstjórnin kom með í fjárlaganefnd hvað fjárhagsvanda þessara stofnana varðaði voru ekki burðugar. Örfáar stofnanir voru teknar út úr og kynntar við 2 umr. fjáraukalaga eins og við munum eftir. Það virtist hafa verið beitt handahófskenndri aðferð um það að þessi stofnun skyldi fá eitthvað, skuldir skyldu klipptar af þessari stofnun en ekki hinni, það virtist fullkomlega handahófskennd aðgerð af hálfu ríkisstjórnarinnar, bar meira keim af framboðs- eða prófkjörsmálum einstakra ráðherra en að tekið væri á málaflokknum í heild.

Það var þó samhljóða álit fjárlaganefndar við 2. umr. fjáraukalaga að við svo búið mætti ekki standa. Að því áliti stóðu saman bæði meiri hluti og minni hluti hvað það varðaði að ekki gengi það upp eins og ríkisstjórnin ætlaði að gera tillögur um að afgreiða hjúkrunarheimili, öldrunarheimili og heilbrigðisstofnanir í landinu. Það eru örfá skipti sem það hefur opinberast innan fjárlaganefndar að meiri hluti og minni hluti hafa sagt að svona lagað gengi ekki þegar ríkisstjórnin ætlaði að skilja mikinn fjölda og meginþorra heilbrigðisstofnana og öldrunarheimila, sérstaklega á landsbyggðinni, eftir með mikinn skuldahala og rekstrar-

grunn sem engan veginn var í takt við skuldirnar. Lengra náði að vísu samstarfið ekki þannig að meiri hlutinn kemur nú við 3. umr. með nokkra leiðréttingu á skuldum þessara heilbrigðisstofnana en þó er fjarri því að á málunum sé tekið. Þetta er meira yfirklór en að á málefnunum sé tekið. Ég vil láta meiri hlutann njóta sannmælis, að þarna sé viðleitni, en því fer fjarri að á vandanum hafi verið tekið.

Hvaða þýðingu hefur það að láta stofnanir fara með halla yfir næstu áramót, að burðast með halla þegar vitað er að þær hafa enga möguleika á að greiða þann halla upp af einhverjum framlögum ríkisins til almenns rekstrar? Sérstaklega hefur Heilbrigðisstofnunin á Akranesi verið í umræðunni og ég ætla að gera hana að umtalsefni á eftir, bara sem dæmi. Það er hægt að taka fleiri, en Heilbrigðisstofnunin á Akranesi er stofnun sem hefur verið í mjög góðum rekstri og með öfluga starfsemi. Fyrir ári gerði hún samning um sértækar liðskiptaaðgerðir, stofnun sem býr yfir mikilli fagþekkingu og möguleikum. Á síðasta ári og þessu hefur hins vegar rekstrargrunnur hennar ekki staðið undir starfseminni sem þar hefur verið. Ekki vegna þess að stjórnunin þar sé eitthvað verri, síður en svo, það er viðurkennd góð stjórnun, heldur vegna þess að rekstrargrunnurinn og framlög af hálfu ríkisins eru ekki í takt við starfsemina sem hún hafði þó beðið um og við vorum sammála um að skyldi veitt.

Núna er lagt til að hallinn verði minnkaður um 10 millj. kr. þó að vitað sé að hann er um 40 millj. Við höfum allar tölur upp á það. Við höfum líka sannfærst um að reksturinn sé í góðu lagi, starfsemin líka o.s.frv. Ef eitthvað er vildum við frekar færa þangað aukin verkefni en hitt. Þeir sem hafa komið á sjúkrahúsið á Akranesi ættu að geta verið sammála um það. En þá er afgreiðslan sú að í staðinn fyrir að taka á þessum málum eins og raunveruleikinn kallar á eru í þessu frumvarpi veittar 10 millj. kr. til að lækka skuldir Heilbrigðisstofnunarinnar á Akranesi þótt vitað sé að hallinn er tæpar 40 millj.

Svona er það með fleiri heilbrigðisstofnanir sem við fjöllum hér um. Tekinn er hluti af uppsöfnuðum halla en þær látnar áfram bera halla sem verður þeim að fótakefli í frekari rekstri. Ekki viljum við fara að skera þá starfsemi niður, eða er það?

Mig langar til að ræða aðeins betur um sjúkrahúsið á Akranesi. Dæmið þar er svo hróplega ósanngjarnt. Ég er með frétt hérna úr Skessuhorninu frá 6. janúar 2006 og í henni stendur, með leyfi forseta:

„Samið um 18 biðlistaaðgerðir á Akranesi.

Jón Kristjánsson heilbrigðismálaráðherra hefur gert samning við Heilbrigðisstofnunina á Akranesi um 18 biðlistaaðgerðir á árinu 2006. Er það hluti af samningi við fjórar heilbrigðisstofnanir um 600 aðgerðir. Samningurinn er gerður til að stytta biðtíma sjúklinga sem bíða eftir tilteknum læknisaðgerðum og stofnanirnar sem í hlut eiga eru Landspítali – háskólasjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, St. Jósefsspítali í Hafnarfirði og Heilbrigðisstofnunin Akranesi."

Þarna er byggð upp sérhæfð þekking til að takast á við liðskiptaaðgerðir en þegar kemur að fjármagninu til að halda úti þessari starfsemi er annað upp á teningnum. Er að furða þótt bæjarstjórnin á Akranesi hafi óskað samhljóða eftir fundi með fjárlaganefnd aftur til að skoða þessa meðferð. Samkvæmt frétt í Skessuhorninu 29. nóvember sl. er staðan svona, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Akraness óskar fundar með fjárlaganefnd vegna SHA.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti samhljóða í gær að fela forseta bæjarstjórnar að hafa forgöngu um að óska eftir fundi ásamt yfirmönnum Sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar (SHA) á Akranesi með formanni og varaformanni fjárlaganefndar Alþingis á næstu dögum. Á fundinum verði farið fram á að endurskoðuð verði sú ákvörðun fjárlaganefndar að veita ekkert af fjáraukalögum til SHA."

Á Akranesi eins og á mörgum öðrum stofnunum er mikill metnaður. Þarna hafa félagasamtök verið að gefa tæki. Nýlega voru Lionsklúbbarnir, að mig minnir í Borgarfirði og á Akranesi, að gefa sjúkrahúsinu tæki til að styrkja samkeppnisstöðu og möguleika sjúkrahússins. Það var líka verið að safna fyrir sneiðmyndatæki til að gefa á sjúkrahúsið á Akranesi og ég held að það sé komið. En þegar við heyrum frá fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins segja þeir: Nei, við viljum ekki að það sé neitt sneiðmyndatæki sem kalli bara á aukinn rekstur.

Manni er spurn: Eigum við ekki að taka þessa heilbrigðisumræðu um leið og við tökum hér fjárlagaumræðu heilbrigðisstofnananna? Það er í peningum sem stefnan skýrir sig. Það dugar ekkert að skrifa undir samninga sem síðan er ekki staðið við, heldur haldið aftur af fjárveitingum.

Tökum sem dæmi, af því ég þekki svo vel til, heilbrigðisstofnanirnar á Hvammstanga og Blönduósi. Þar var skorið niður. Á árinu 2005 var skorinn niður reksturinn til beggja stofnananna, um 6 millj. kr. á Hvammstanga og um 12 millj. á Blönduósi, reyndar 5 millj. á Patreksfirði. Ég þekki vel til á þessum stofnunum.

Ég gagnrýndi þetta þá mjög hart sem varð til þess að veittar voru úr potti ráðuneytisins árið 2005 til þess að lina þessar svokölluðu hagræðingarkröfur 2 millj. til Hvammstanga og 8 millj. til Blönduóss upp í þessar 12 millj. sem voru skornar af. En árið 2006 var þessi niðurskurður látinn koma til framkvæmda að fullu. Ég minnist þess að fyrir ári þegar við ræddum fjárlög fyrir þetta ár gagnrýndi ég þetta og spurði hvort þetta ætti að vera raunin, hvort þetta væri sú sparnaðar- og hagræðingaraðgerð sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir, að skera niður framlög til lítilla sjúkrahússtofnana eins og á Hvammstanga, Blönduósi og Patreksfirði, og reyndar Bolungarvík þá líka.

Þá sagði þáverandi formaður fjárlaganefndar, Magnús Stefánsson — ég hef það ekki hér alveg orðrétt — en hann mótmælti því að þessi niðurskurður væri í gangi og vísaði til þess að á vegum heilbrigðisráðuneytisins væru óskiptir liðir sem ættu að renna til þessara stofnana og að þessi niðurskurður kæmi ekki til framkvæmda. Það hefur ekki staðist. Þessi niðurskurður er kominn til framkvæmda. Fyrir árið 2006, miðað við fyrir tveimur árum síðan, óverðbætt, er búið að skera niður á Hvammstanga um 6 millj. og á Blönduósi um 12 millj. Menn taka enga umræðu um hvort þetta sé vilji Alþingis en hann speglast svo sem í því þegar meiri hlutinn samþykkir þetta.

Svo kemur mönnum á óvart þegar þessar stofnanir safna halla. Ef menn vilja endurskilgreina þjónustuhlutverk þess-

ara heilbrigðisstofnana ættu þeir ekki að byrja að taka þá umræðu áður en peningarnir eru skornir niður? Hvammstangi hefur t.d. sóst eftir því að fá ákveðin sérverkefni og hefur verið veitt vilyrði fyrir því. Hins vegar hafa engir peningar komið. Á Blönduósi var tekin í notkun endurhæfingarstöð sem vitað var að mundi krefjast fjármagns. Þangað hafa engir peningar komið.

Svona getum við farið, frú forseti, hringinn í kringum landið þar sem gengið er á þessar litlu stofnanir. Ég veit að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, hefur lýst því, a.m.k. í fjárlaganefnd, að hann sé ekki sammála þessum vinnubrögðum. Engu að síður er þetta veruleikinn og við höfum lýst yfir óánægju þar. Ég er alveg heiðarlegur og segi að hv. þingmaður hefur gert það.

Raunveruleikinn er eins og einhver maskína sem gengur yfir. Það eru þessar litlu stofnanir, hvort sem það er elliheimili eða heilbrigðisstofnanir úti um land, sem verða að taka á sig stefnu ríkisstjórnarinnar um að skera niður þjónustu. Þó að í þessu fjáraukalagafrumvarpi sé komið að nokkru til móts við þessar stofnanir með því að skera af þeim uppsafnaðan halla sem allir vissu fyrir að mundi safnast upp þegar fjárveitingar voru skornar niður — það vissu allir — hefur Alþingi samt keyrt í gegn niðurskurð gagnvart heilbrigðisstofnunum eins og ég nefndi hér, á Hvammstanga, Blönduósi, Bolungarvík og Patreksfirði. Svo lengi sem þær eru látnar bera stöðugan niðurskurð — er ekki gerð hagræðingarkrafa á þær núna til viðbótar? — geta þær ekki annað en safnað halla eða skorið niður þjónustu. Viljum við það? Viljum við að þessar stofnanir skeri niður þjónustu sína? Ég vil það ekki.

Það er mjög fróðlegt þess vegna, frú forseti, að fara yfir þennan lista sem við höfum hér, um það hvað er lagt til hinna einstöku heilbrigðisstofnana í fjáraukalagafrumvarpi sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson formaður fjárlaganefndar montaði sig af að væri verið að gera núna. Það lá fyrir fyrir ári síðan. Það væri miklu nær og réttara að setja þessa peninga inn í rekstrargrunn stofnananna en að pína þær og hengja þær upp og láta þær þjást með skuldahala eins og hér er áfram gert.

Þegar við heyrum fleiri stjórnarþingmenn hæla sér af því hvað lagt sé til á fjáraukalögum til að skera af halla þessara stofnana, sem er í sjálfu sér gott mál, minni ég á að það var það allt saman fyrirsjáanlegt. Þetta er aðeins hluti af vandanum og ætti að koma inn á fjárlög en ekki inn með þessum hætti.

Það verður þess vegna fróðlegt að sjá við afgreiðslu fjárlaga, við 3. umr. hvað kemur inn í rekstrargrunn þessara stofnana til að þær haldi ekki áfram annaðhvort að safna halla eða skera niður þjónustu. Ég hef upplýsingar um það að t.d. á Akranesi vantar að lágmarki 40–50 millj. kr. inn í rekstrargrunn sjúkrahússins á Akranesi til að halda þar óbreyttri starfsemi. Það væri fróðlegt að sjá hvort það kemur inn í fjárlög fyrir næsta ár. Ég veit að þessa stöðu vantar áfram, a.m.k. þessar 12 millj. kr. inn í rekstrargrunn Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi.

Það verður fróðlegt að sjá hvort það kemur inn í rekstrargrunn þessara stofnana við 3. umr. fjárlagafrumvarps. Hið sama er um stofnunina á Hvammstanga. Aðrir þingmenn geta rakið fjárhagsstöðuna hjá Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík, á Austurlandi o.s.frv. Þótt hér sé látið að nokkru í standa þær áfram eftir.

Frú forseti. Það er ýmislegt fleira sem má velta fyrir sér hvað standi út af. Af því að það er svo gott að finna það vil ég nefna stofnun sem heitir Veiðimálastofnun. Hún er mjög mikilvæg, hefur eftirlit með vatnalífríki landsins og stundar rannsóknir. Hún aflar gagna til leiðbeiningar um umgengni og nýtingu á ferskvatnsfiski. Við afgreiðslu fjárlaga í fyrra var alveg ljóst að rekstrargrunnur hennar var með þeim hætti að hún þurfti aukið fjármagn í rekstur sinn. Við vissum það. Það var tekist á um þetta í fjárlaganefnd og í landbúnaðarnefnd. Allir nefndarmenn vissu að rekstrargrunnurinn gengi ekki upp. Samt fékkst ekki tekið á málum fyrir ári síðan. Stofnunin er með lögboðin verkefni sem hún getur ekki vikið sér undan að vinna og má ekki lagalega víkja sér undan.

Það er því visst fagnaðarefni að nú skuli vera skorinn af henni þessi uppsafnaði halli og henni þannig gert mögulegt að starfa áfram hvað það varðar. Við höfum ótal gögn og upplýsingar um mikilvægi stofnunarinnar, um möguleika hennar, rannsóknir í ám og vötnum, rannsóknir á veiðinýtingu, rannsóknir varðandi fiskeldi, gagnagrunn, lífríki og umhverfi vatna. Auk þess er komin krafa, þjónustutilskipun Evrópusambandsins vegna þess að við þurfum að geta rannsakað og staðfest efnainnihald og stöðu ferskvatns hér á landi. Þetta vitum við allt. Þetta lá fyrir fyrir ári síðan, við hefðum getað sett það beint inn í rekstrargrunn stofnunarinnar en sem betur fer kemur þetta núna inn á fjáraukalög en átti að koma inn fyrir ári síðan. Það er því í sjálfu sér fagnaðarefni.

Eitt langar mig til að spyrjast fyrir um sem við höfum fengið upplýsingar um og ekki er tekið á í fjárlagafrumvarpinu. Á fundi með þingmönnum Norðvesturkjördæmisins í Varmahlíð 23. október 2006 komu sveitarstjórnarmenn með nokkur atriði sem þeir vildu ræða við þingmenn. Eitt af því var veiðar á ref og mink og kostnaðarþátttaka ríkisins í þeim efnum. Það er kveðið á um í lögum að sveitarfélögin eru ábyrg fyrir að halda niðri fjölda refa og minka og þau eru skyldug til þess samkvæmt lögum. Flest reyna þau að gera það eins og lög kveða á um. En það er líka kveðið á um að ríkið skuli vera þátttakandi í kostnaðinum og það er kveðið á um hver viðmiðunarþátttaka ríkisins skuli vera, mig minnir að hún sé 40%, ég man það ekki alveg nákvæmlega. En það eru komin mörg ár síðan ríkið hefur staðið við þá kostnaðarhlutdeild þannig að æ stærri og þyngri hluti þessa sameiginlega verkefnis hefur fallið á viðkomandi sveitarfélög.

Sveitarfélögin eru misstór. Sum eru með gríðarleg landflæmi en fátt fólk hlutfallslega þannig að það að halda uppi eftirliti og veiðum á ref og mink er kannski eitt af stærri verkefnum og útgjaldaverkefnum sumra sveitarfélaga. Þarna bregst ríkið. Ég sé hvergi í þessum tillögum fjáraukalaga að verið sé að kom til móts við þessa greiðsluskyldu ríkisins sem ekki er efnd, þ.e. að ríkið greiði sinn hlut í eyðingu refa og minka eins og kveðið er á um.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að ríkið ætti alfarið að bera ábyrgð á að eyða minknum. Minkurinn er aðskotadýr í íslenskri náttúru, hann var fluttur hingað inn á ábyrgð ríkisins á sínum tíma. Loðdýrarækt er sjálfsögð atvinnugrein og

núorðið er svo um búið að minkar sleppa ekki lengur út. En sá minkur sem er í íslenskri náttúru í dag er kominn til vegna aðgerða stjórnvalda og það ætti ekki að leggja það á einstök sveitarfélög að bera meginþorrann af kostnaðinum við að halda útbreiðslu hans niðri. Ríkið ætti að mínu mati eitt að bera ábyrgð á kostnaði við að halda niðri og helst eyða minknum úr íslenskri náttúru.

Ég vil spyrja hv. formann fjárlaganefndar: Hvað er sett til viðbótar til sveitarfélaganna eða til þess að greiða hlut ríkisins í eyðingu refa og minka? Einn stærsti liður margra sveitarfélaga er kostnaður við þetta verkefni sem þeim er lögum samkvæmt skylt. Í minnispunktum frá sveitarstjórnarmönnum í Skagafirði kemur fram að endurgreiðsla ríkisins vegna refa hafi einungis numið rúmlega 22% fyrir tímabilið 1. september 2005 til 31. ágúst, en mig minnir að það eigi að vera um 40%. Sama hlutfall er með mink. Ég veit að hv. þingmenn, bæði varaformaður og formaður fjárlaganefndar hafa eins og ég fengið fjölmörg bréf frá sveitarfélögum vítt og breitt um landið þar sem þeir benda á að ríkið standi ekki við þann samning og þær skuldbindingar sem gerðar voru um þátttöku ríkisins í þessum kostnaði og þar munar miklu, það munar tugum milljóna. Þetta bitnar harðast á dreifbýlinu, fátækum sveitarfélögum.

Ég vil spyrja hv. þingmenn: Hvar sést þess stað að komið sé til móts við þessa fjárvöntun sem hefur þó legið rækilega fyrir og kemur hart niður á þessum sveitarfélögum? Mér finnst það ekki vansalaust að það skuli einmitt alltaf vera þessi sveitarfélög, dreifbýlið, sveitarfélögin stóru sem eru sniðgengin eða að ríkið skuli fyrst og fremst velja þau til þess að níðast á hvað svona þætti varðar. Þetta eru stórútgjöld hjá sveitarfélögum, t.d. Dalabyggð, Vesturbyggð og svo mætti áfram telja vítt og breitt um landið, stór og víðfeðm sveitarfélög sem samt, lögum samkvæmt og af metnaði, vinna í því að halda niðri ref og mink en ríkið svíkst undan því að standa við skuldbindingar sínar hvað þetta varðar.

Ég óska eftir svörum frá hv. fulltrúum ríkisvaldsins, formanni og varaformanni fjárlaganefndar hvað fjármagn til eyðingar refa og minka varðar. Ég þykist vita og veit að hv. þingmenn vita það líka og hafa fengið um það mörg bréf að þarna vantar tugi milljóna upp á að ríkið standi við sinn hlut hvað það efni varðar.

Annað atriði vil ég líka spyrjast fyrir um. Við fengum ágæta áminningu í áðurnefndu bréfi frá sveitarstjórn Skagafjarðar þar sem spurst er fyrir um tónlistarnámið á framhaldsskólastigi. Ég er reyndar með fyrirspurn hér inni á Alþingi til hæstv. menntamálaráðherra hvað varðar tónlistarnámið en tónlistarnám er hluti af námi við framhaldsskóla og hluti af námskrá. Fram til ársloka 2004 lagði ríkið fram hluta á móti sveitarfélögunum hvað varðaði námskostnað í tónlistarnámi við framhaldsskóla en það hefur ekki verið gert nú í ár, ekkert. Ég þekki margt fólk sem verður að senda ungmenni sín í önnur sveitarfélög í framhaldsskóla, ungt fólk sem vill stunda tónlistarnám, bæði innan framhaldsskólans og einnig sem sjálfstætt nám. Ríkið ber ábyrgð á því að jafnræðis sé gætt hvað varðar nám á framhaldsskólastigi.

Hvers vegna er tónlistarnámið undanskilið? Hvers vegna stendur ríkið ekki við sinn hlut hvað tónlistarnámið varðar? Þetta eru ekki háar upphæðir hvað varðar tónlistarnám í framhaldsskólum, þetta eru kannski 50, 60, 70 milljónir, en þetta skiptir það fólk sem stundar slíkt nám gríðarlega miklu máli. Þetta sýnir líka hvaða virðing er borin fyrir tónlistarnámi og reyndar oft öðru listnámi í framhaldsskólum að einmitt það skuli vera valið til þess að skera niður framlög. Það fylgir því heilmikill kostnaður þegar fólk verður að senda börn sín burtu, hvort sem það er í framhaldsskóla á Akureyri eða til Reykjavíkur þar sem hluti af náminu er tónlistarnám, hluti af námskránni er tónlistarnám, en getur ekki farið með eðlilegum hætti innan veggja skólans í heimabyggð. Þetta verða viðkomandi foreldrar að bera. Er eitthvert jafnræði í þessu?

Ég spyr hvort ekki hefði verið lag og hefði ekki verið nær að koma og leiðrétta þessa synd gagnvart íbúum landsins en aftur bitnar þetta sérstaklega á íbúum dreifbýlisins því að mörg sveitarfélög þau sem hafa framhaldsskóla hjá sér reyna að koma í veg fyrir að þetta bitni beint á nemendunum sjálfum, en þeir sem þurfa að senda börnin sín frá heimili í framhaldsskóla verða að taka á sig þennan kostnað. Aftur eru það íbúar dreifbýlisins sem verða að taka á sig stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum fjármálum.

Þó að við séum með fyrirspurn, sem vonandi kemst á dagskrá í næstu viku um það hvað hæstv. menntamálaráðherra hyggist gera varðandi tónlistarnámið, varðandi framhaldsskólanám í tónlistarnámi og kostnað af því, finnst mér allt í lagi að fulltrúar ríkisvaldsins, fulltrúar fjármálavaldsins, meiri hlutinn og Alþingi, hv. formaður og varaformaður fjárlaganefndar svari því: Var ekkert hugleitt að taka kennslukostnað í tónlistarnámi við framhaldsskóla inn í fjáraukalögin til þess að rétta þennan þátt?

Þegar litið er yfir þetta ár er varla hægt að yfirgefa það án þess að ræða um vegamálin og mig langar að koma aðeins að þeim í lokin.

Þó áður, um frétt sem við heyrðum í dag um að Breiðafjarðarferjan Baldur hafi ekki getað lent við Brjánslæk, ferðum í dag hafi verið aflýst. Ég held að þetta sé þriðji eða fjórði dagurinn í röð sem ferðum á milli Stykkishólms og Brjánslækjar er aflýst vegna þess að það þarf að gera smá endurbætur á höfninni í Brjánslæk. Samtímis kom frétt um að ófært væri um Klettsháls þannig að vegurinn að vestanverðu, frá Reykhólum og til Patreksfjarðar væri ófær. Ég spyr: Hefðum við ekki átt að bregðast við núna? Það er alveg ljóst að höfnin við Brjánslæk getur ekki annað því öryggi sem nauðsynlegt er til þess að ferjan geti gengið með eðlilegum hætti á milli Stykkishólms og Brjánslækjar. Það er ekki kostnaðarsöm framkvæmd sem þarf að ráðast í en það þarf að gera hana. Ef þetta er fjórði dagurinn sem er stopp og Breiðafjarðarferjan Baldur — sem er mjög gott skip — getur ekki lent, er þetta ekki skyndileg uppákoma sem Alþingi ætti að sameinast um að takast á að taka á? Það finnst mér. Endurbætur á hafnaraðstöðunni á Brjánslæk eru ekki beint inni á hraðferð í vegáætlun, í samgönguáætlun. Erindið hefur þó verið kynnt fyrir okkur bæði í samgöngunefnd og í fjárlaganefnd.

Þegar við sjáum fram á að þarna er flöskuháls í samgöngumálum milli heilla byggðarlaga, þ.e. endurbætur á höfninni í Brjánslæk, þá finnst mér það vera mál sem við ættum að taka á. Það er skyndilegt mál, það er mál sem

kemur upp nú og við sjáum að verður að leysa ef ekki á að stefna í óefni í allan vetur. Fróðir menn segja mér að hægt sé að ráðast í þessar framkvæmdir þó að vetrarlagi sé, þ.e. það sem þarf að gera við höfnina, og ég spyr: (Forseti hringir.) Er þetta ekki mál sem fjáraukalög eiga að taka á, skyndileg þörf til þess að bjarga (Forseti hringir.) samgönguþætti á milli landshluta, frú forseti?

(**Forseti** (RG)**:** Forseti vill trufla ræðu hv. ræðumanns. Nú er komið að þeim tíma þegar áformað var að gera hálftíma matarhlé og forseti vill spyrja ræðumann hvort hann sé að ljúka ræðu sinni, hvort hann vilji ljúka henni núna á næstu mínútum áður en gert verður matarhlé eða hvort hann eigi enn þá mikið eftir af ræðunni.)

Frú forseti. Ég á nokkra kafla eftir í ræðu minni, málaflokka sem ég vil gera skil og það eiginlega hentar mjög vel að ljúka hér á þessari spurningu sem ég var með, frú forseti:

Eigum við ekki að taka á málefnum hafnaraðstöðunnar á Brjánslæk? Það er mál sem snertir einmitt fjáraukalagavinnu, skyndileg þörf sem er augljós og verður að taka á. Ég held að það sé mjög hæfilegt, frú forseti, að gera hlé ...

(**Forseti** (RG)**:** Er ræðumaður þar með að ljúka fyrstu ræðu sinni eða ...)

Nei, að gera hlé, frú forseti.

(**Forseti** (RG)**:** Hv. ræðumaður ætlar að gera hlé á ræðu sinni og þá verður gert hlé á þessum fundi fyrir matarhlé.)

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:30]

**Jón Bjarnason** (frh.)**:**

Frú forseti. Ég var í ræðu minni fyrir matarhlé kominn að kaflanum um samgöngumál og ætlaði einmitt að ræða um hafnaraðstöðu fyrir Breiðafjarðarferjuna og Brjánslæk. Ég vona að hæstv. samgönguráðherra muni heyra orð mín en núna er held ég fjórði dagurinn í röð sem Breiðafjarðarferjan Baldur getur ekki lent við höfnina í Brjánslæk vegna ókyrrðar og veðurs. Jafnframt er ljóst að ef ráðist verður í nokkrar endurbætur á höfninni við Brjánslæk er hægt að halda uppi þessum ferðum.

Svo háttar til samtímis að vegurinn um Klettsháls sem tengir Suðurfirðina á sunnanverðum Vestfjörðum er líka ófær þannig að þarna er þessi landshluti samgöngulaus. Nauðsynlegar endurbætur á höfninni við Brjánslæk eru ekki á áætlun, en alveg ljóst að þarna þarf að grípa til aðgerða. Hin nýja ferja, Breiðafjarðarferjan Baldur sem hóf siglingar fyrr á þessu ári, er hið besta skip og hefur miklu meiri flutningsgetu en eldri ferja, bæði hvað varðar fólk og flutningabíla, og er þess vegna mikil samgöngubót. Verstöðvarnar eða bæirnir á sunnanverðum Vestfjörðum gátu sent fisk t.d. beint á flug með nokkru öryggi með ferjunni en nú kemur í ljós að það þarf að laga hafnaraðstöðuna á Brjánslæk til þess að hún geti lent þar. Reyndar þarf líka að laga hafnaraðstöðuna í Flatey á Breiðafirði til að hún geti lent þar í slæmum veðrum en fyrst og fremst þarf að laga hafnaraðstöðuna á Brjánslæk.

Ég er með erindi eða minnisblað sem kom til fjárlaganefndar þar sem segir að það að lengja stálþil hafnarinnar um 17 metra, sem mér skilst að sé lágmarksaðgerð, mundi kosta 20–22 millj. kr. Mér hefur líka verið tjáð að hægt sé að ráðast í þessar endurbætur þó að það sé vetur, það sé ekkert bundið við að ráðast í þær að sumrinu, enda vitum við að það er hægt að athafna sig þarna hvort sem það er vetur eða sumar hvað það varðar að bæta þennan viðlegukant sem þarf til. Mér finnst þetta vera alveg hreint ekta mál sem á að taka upp í fjáraukalögum. Þarna kemur upp brýn þörf sem er skyndilega augljós og hafði svo sem verið vitað að það þyrfti að bæta höfnina í Brjánslæk og brýnt að úr þessu sé leyst. Þarna mætti, að mér skilst, ráðast í framkvæmdir með tiltölulega litlum fyrirvara, þetta sé það einföld framkvæmd að ekki þurfi mikinn tæknilegan undirbúning til að ráðast í hana og þarna væri einmitt kjörið mál inn í fjáraukalagaafgreiðslu og þess vegna svo sem inn á fjárlög á næsta ári en í þetta væri hægt að ráðast. Ef Alþingi samþykkti nú þegar í þessari viku eða við afgreiðslu fjáraukalaga heimild upp á einhverja þá upphæð sem þarna er verið að tala um væri kannski hægt að ráðast í þessar framkvæmdir nú fyrir jól. Heill landshluti verður án samgangna eins og við stöndum hér frammi fyrir þannig að ég óska eftir því, frú forseti, að hv. meiri hluti Alþingis og formaður og varaformaður fjárlaganefndar hugleiði hvort þetta sé ekki mál sem við eigum að taka á. Ég hefði líka viljað heyra í samgönguráðherra. Ef hæstv. samgönguráðherra er hérna í húsinu hefði ég gjarnan viljað að hann kæmi hér á eftir, frú forseti, og svaraði því hvað hann hygðist gera til að ráða nú þegar bót á hafnaraðstöðu við Brjánslæk þannig að ferjan geti gengið með eðlilegum hætti, a.m.k. hvað það varðar. Ég óska þess að forseti sjái til þess að þessi spurning komist til hæstv. ráðherra samgöngumála þannig að hann geti svarað henni hér.

(**Forseti** (RG)**:** Óskar ræðumaður eftir því að leitað sé eftir því að samgönguráðherra komi til fundar?)

Já.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti mun kanna hvort það er mögulegt.)

Þá vil ég aðeins víkja enn frekar að því sem er í fjárlögunum um heimild til samninga. Við höfum fjárlög og lög um fjárreiður ríkisins þar sem kveðið er á um útgjöld til einstakra málaflokka á fjárlögum. Hins vegar eru æ fleiri tilvik þar sem einstakir ráðherrar gera skuldbindandi samninga, meira að segja til nokkurra ára. Ég held að nærtækasta dæmið sé samningurinn sem gerður var við fyrirtækið Borgir um aðstöðuna fyrir Háskólann á Akureyri þar sem gerður var langtímasamningur um að háskólinn fengi þar inni og greiddi leigu, samningur sem aldrei var borinn undir Alþingi sem slíkur. Þessi ákvörðun byggir á mjög veikri heimildargrein í lögum um fjárreiður ríkisins þar sem ráðherra er heimilt að gera slíka samninga í undantekningartilvikum enda komi þeir fyrir Alþingi hið fyrsta.

Nú höfum við staðið frammi fyrir því æ ofan í æ að það verður að auka fjárveitingar til þessara stofnana, eins og Háskólans á Akureyri og Náttúrufræðistofnunar á Akureyri sem leigir þetta hús, vegna þess að húsaleigan er svo há, miklu hærri en ef byggt hefði verið í eigin húsnæði. Samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu, frú forseti, er lögð til 60 millj. kr. aukafjárveiting til Háskólans á Akureyri árið 2006. Með framlaginu er komið til móts við nemendafjölgun upp á 20 millj. kr., og 40 millj. kr. eru til að standa undir kostnaði af Borgum, rannsóknahúsnæði skólans. Stöðugt er

verið að setja inn aukið fjármagn til að greiða húsaleigu af rándýru húsnæði sem einkaaðilar eiga og hafa allt sitt á þurru því samningurinn er verðbættur o.s.frv. Ég vil spyrja hv. formann fjárlaganefndar og ég spurði að því líka í fjárlaganefnd: Kemur ekki til greina að segja þessum samningi upp? Til hve langs tíma var þessi okursamningur gerður? Eru þessar stofnanir skuldbundnar til að skrifa út tékka til einkaaðila sem eiga þetta hús sem verður þeim sá rekstrarbaggi að fjárveitingavaldið hefur varla undan að veita fjármagn til þessarar stofnunar?

Frú forseti. Ég sé að hæstv. samgönguráðherra er kominn og þá ítreka ég þá spurningu sem ég vildi leggja fyrir hann af því að við erum að ræða fjáraukalög. Þau eru einmitt til að taka á skyndilegum og óvæntum kostnaði við eitthvað sem þarf að ráðast í mjög skyndilega og ekki var hægt að gera ráð fyrir á fjárlögum þess árs. Það er einmitt hlutverk fjáraukalaga. Nú berast fréttir af samgönguvandræðum, ætli nú sé ekki fjórði dagurinn í röð sem ferðir Breiðafjarðarferjunnar Baldurs á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru felldar niður vegna veðurs og þá fyrst og fremst vegna þess að ferjan getur ekki lent við höfnina í Brjánslæk. Þessi nýja ferja er nokkru stærri en þær sem voru áður, hið besta skip, gott flutningaskip og gott sjóskip, en höfnin við Brjánslæk sem reyndar var vitað að yrði ófullnægjandi sýnir nú að ferjan getur ekki lent þar við erfið veðurskilyrði. Það liggur jafnframt fyrir hvað þarf að gera við höfnina í Brjánslæk til að þetta geti verið í þokkalegu lagi, fyllsta öryggis gætt svo að hægt sé að halda uppi þessum ferjusiglingum. Jafnframt komu fréttir í hádeginu eða í morgun um að Klettsháls væri ófær þannig að landleiðin var líka stopp. Það er mjög alvarlegt þegar þessi samgönguleið lokast eins og við verðum þarna vitni að. Breiðafjarðarferjan er mjög mikilvæg, flytur bæði fólk og vörur til og frá Vestfjörðum, Suðurfjörðunum. Hún flytur fisk á markað, hvort sem er hér innan lands eða erlendis þannig að hún gegnir mjög mikilvægu hlutverki.

Nú liggur nokkurn veginn ljóst fyrir eða okkur hefur a.m.k. verið kynnt minnisblað sem segir hvað þurfi að gera á Brjánslæk til þess að ferjan geti lagst þar að. Þar þarf að lengja stálþil og ráðast í nokkrar framkvæmdir, þó ekkert óyfirstíganlegar. Á því minnisblaði sem ég er með er talað um liðlega 20 millj. kr. Ég veit ekki hvort það dugar í sjálfu sér en fróðir menn segja mér einnig að það sé hægt að ráðast í þessar framkvæmdir hvort sem er um sumar eða vetur, það sé í sjálfu sér ekkert bundið við það. Ef það væri vilji Alþingis að ráðast nú þegar í þessar framkvæmdir væri hægt að taka um það ákvörðun. Þetta er ekki há upphæð. Þetta er einmitt að mínu viti dæmigert mál um skyndilega og brýna þörf sem hægt er að verða við, sem hægt er að leysa, sem hægt er að koma í gang eins og endurbætur þarna. Það væri alveg ekta mál fyrir fjáraukalög til að afgreiða þannig að jafnvel væri hægt að ráðast í framkvæmdir á þessu ári.

Þetta er alveg gríðarlega mikið mál, þetta með að ferjan geti gengið með eðlilegum hætti á milli Stykkishólms og Brjánslækjar. Það liggur fyrir hvað þarf að gera og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst ráðherra koma að þessu máli og hvernig er þá sú hugmynd að við tökum það upp hér á Alþingi og gerum tillögu um það við afgreiðslu fjáraukalaga þannig að fjármagn verði veitt til þessara endurbóta? Þetta er ekki há upphæð en skiptir þessi samgöngumál afar miklu máli. Ég tel þetta eitt af því brýnasta sem við þurfum að gera núna, að bæta hafnaraðstöðuna við Brjánslæk þannig að ferjusiglingin geti gengið með eðlilegum hætti. Þetta var fyrst og fremst spurning mín til hæstv. ráðherra hvað þetta varðaði, frú forseti, og ég þakka fyrir að hæstv. ráðherra er kominn til að heyra hana.

Ég hef rætt um málefni sjúkrahúsanna, sjúkrahússins á Akranesi, heilbrigðisstofnananna á Blönduósi, Hvammstanga, Patreksfirði. Allar þessar stofnanir eru skildar eftir með hala og við bíðum spennt eftir því að sjá hvort fjármagn komi til þessara stofnana á fjárlögum.

Ef við lítum örstutt yfir þetta ár efnahagslega, við erum að ræða fjáraukalög fyrir þetta ár, var á fjárlögum fyrir ári gert ráð fyrir því að hér yrði 11–12% viðskiptahalli. Það var gert ráð fyrir því fyrir ári síðan í fjárlögum sem þá voru afgreidd. Nú horfir til þess að hann verði nálægt 20% af vergri landsframleiðslu, verði ekki 120–130 milljarðar eins og gert var ráð fyrir að hámarki á fjárlögum fyrir ári, heldur að hann verði yfir 200 milljarðar. Þetta sýnir hvernig efnahagsstjórnin hefur verið hér. Í lok þessa árs erum við komin með stýrivexti Seðlabankans upp í 14% sem er með því hæsta sem gerist sem lýsir engu nema miklu jafnvægisleysi í efnahagsmálum. Þetta hefur þá áhrif á gríðarlega hátt vaxtastig. Það segja mér menn að vextir á skuldabréfalánum séu komnir yfir 20%. Yfirdráttur er kominn í 23–24% og við tölum áfram um mesta góðæri. Það er þá góðæri sem hefur verið nýtt vel ef þetta á að speglast í þessum mikla ójöfnuði og óöryggi í efnahagsmálum.

Það hefur líka verið minnt á að skuldir þjóðarbúsins hafa vaxið alveg hreint gríðarlega. Það er meira að segja svo að matsfyrirtækið Fitch sá ástæðu til að breyta nýlega mati á horfum sínum um lánshæfi ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar. Sérfræðingur þessa virta alþjóðlega matsfyrirtækis Fitch bendir á að erlendar skuldir þjóðarbúsins muni á þessu ári hækka í 360% af vergri landsframleiðslu á árinu sem er meira en þreföld skuldastaða þjóðarbúsins árið 2000. Vissulega hafa komið þarna eignir á móti en engu að síður hafa nettóskuldir þjóðarbúsins vaxið alveg gríðarlega. Erlend staða þjóðarbúsins núna er neikvæð um sem nemur 13-földum útflutningstekjum og hefur hríðversnað á skömmum tíma. Menn eru hér að tala um góðæri, vissulega er góðæri en þetta er mikið pappírsgóðæri. Mig minnir að það hafi verið í bók Andra Snæs Magnasonar, Draumalandinu, þar sem talað var um heróínhagvöxt þar sem viðskiptahallinn, óráðsían keyrir sig áfram með sjálfvirkum hætti því að við þorum ekki að taka á timburmönnunum. Þegar við metum efnahagshorfurnar fyrir næsta ár kemur skýrt fram hjá þeim aðilum sem hafa gefið þar álit að það sé hægt að stefna að nokkuð mjúkri lendingu ef mjög varlega er stigið til jarðar á næstu mánuðum og missirum. Það gerum við ekki með 14% stýrivöxtum Seðlabankans, það vitum við. Það gerum við ekki með 7–8% verðbólgu. Það gerum við ekki með 15–20% viðskiptahalla þannig að það er ljóst að það verður að fara hér mjög varlega en allir segja að verði áframhald á þessari stóriðjustefnu sem rekin hefur verið á undanförnum mánuðum og missirum verður ekkert efnahagsjafnvægi í landinu.

Frú forseti. Ég hef farið yfir nokkur þau atriði í þessari fyrri ræðu minni um fjáraukalagafrumvarpið og get þá í seinni ræðu minni komið að þeim atriðum sem hér standa enn þá út af.

[13:50]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir þetta langa mas hv. þingmanns er mér dálítil spurn. Það er vissulega þannig að menn geta deilt um marga hluti. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvernig ber að setja hluti fram og hvernig ber að vinna að hlutum. Það er hið eðlilegasta.

En það sem ég skil ekki við þessi ræðuhöld er hvaða nauð rak hv. þingmann til að viðhafa þetta orðbragð? Hvenær í veröldinni skyldi það hafa gerst, virðulegi forseti, að ég hafi staðið upp og hælt mér af góðverkum? Því í ósköpunum getur hv. þingmaður staðið hér upp og sagt þetta aftur og aftur? Getur hann fundið orðum sínum stað? Ég á ekki von á því en ég bið hv. þingmann að gera það því ég kann ekki við svona. Mér finnst þetta mjög óviðkunnanlegt.

Ég veit ekki hvað ég hef unnið til þess að vera nafngreindur æ ofan í æ og sagt að ég tilheyri þeim þingmönnum sem alltaf lyppist niður. Síðan er maður nafngreindur aftur og sagt að þingmaðurinn eigi að skammast sín fyrir slæleg vinnubrögð. Nefndur aftur og aftur, mennirnir sem lúffa alltaf. Hafa ekki döngun í sér. Hvaða nauð rekur hv. þingmann til að tala svona um samstarfsmenn sína í fjárlaganefnd sem hann er að vinna með? Telur hann sig hafa einhvern hag af því? Telur hann að það sé einhverjum til fremdar þó hann haldi því fram að við séum einhverjar druslur?

Ég trúi því ekki að menn þurfi að hafa svona orðbragð. Ég vil ekki trúa því og ég spyr hv. þingmann: Af hverju gerir hann þetta? Sér hann ekki ástæðu til þess að draga í land og biðjast afsökunar á því?

[13:52]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég minnist þess ekki að hafa sagt orðið drusla og ætla ekki að taka það orð mér í munn. (**EMS:** Þá hefði forseti þurft að víta þig.) Hins vegar verða hv. þingmenn að meta það sjálfir við sig hvernig þeir skoða það.

Það sem ég vakti rækilega athygli á er að verið er að leggja fram frumvarp til fjáraukalaga með upphæðum til málaflokka sem lágu fyrir að voru vanáætlaðir við fjárlagaafgreiðslu fyrir ári síðan. Ég minni þingmanninn á að við afgreiðslu fjárlaga úr nefnd fyrir ári, mótmælti hann því að það væri þinghæft vegna þess að ekki væri tekið á fyrirsjáanlegum vanda, rekstrarvanda, uppsöfnuðum halla öldrunarheimila, hjúkrunarheimila og sjúkrahúsa.

Ég minni hann á að bókuð voru mótmæli á þingi og við lögðum fram tillögur við afgreiðslu fjárlaga þá. Hvað var gert við þær tillögur, frú forseti? Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er varaformaður fjárlaganefndar og hann stendur ágætlega undir því.

En þessar tillögur voru allar felldar þá. Getur þingmaðurinn nefnt það við mig hér, þ.e. við forseta, að þær upplýsingar hafi ekki legið fyrir fyrir ári síðan? Rekstrarvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss, lá hann ekki fyrir? Á að beita fjáraukalögum á þann hátt koma með upphæðir sem voru fyrirsjáanlegar og áttu að koma inn á fjárlögum ársins? Eru það rétt vinnubrögð?

[13:54]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði hv. þingmann hvort hann gæti fundið orðum sínum stað þar sem hann fullyrðir að ég væri að hælast um af góðverkum. Ég bað hann um að finna orðum sínum stað. Hann virtist ekki geta það. Ég skora á hann að reyna aftur.

Ég er alveg viss um, virðulegi forseti, að í málvitund allra Íslendinga er það svo, að þeir menn sem alltaf lyppast niður, þeir menn sem hafa ekki í sér eina döngun, þeir menn sem alltaf lúffa, það eru menn sem í almennri vitund eru bara druslur. Ég misskil því hv. þingmann ekki þegar hann lýsir mér og félögum mínum og nefnir með nafni við slíkar lýsingar.

Ég fer aftur yfir þetta. Ég spyr hv. þingmann aftur. Hvaða nauð rak hann til þessa orðbragðs? Hvaða nauð var það sem rak hann til þess að koma hér upp í ræðustól á hv. Alþingi, hafandi þessi ummæli um félaga sína?

[13:55]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson situr á þingi sem þingmaður og er jafnframt talsmaður Sjálfstæðisflokksins í fjármálum og er varaformaður fjárlaganefndar.

Þegar ég hef nefnt þingmanninn hefur það ávallt verið sem þingmaður eða varaformaður viðkomandi nefndar varðandi störf hans eins og þau birtast á Alþingi. Ég ber mikla virðingu fyrir persónunni Einari Oddi Kristjánssyni. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er með skörulegri, málefnalegri og harðdrægari málsvörum ríkisstjórnarinnar og einnig andstæðingur hennar í ýmsum málum.

En ég spyr þingmanninn á móti: Hvað réð því þegar hv. þingmaður greiddi atkvæði gegn því í fyrrahaust, við afgreiðslu fjárlaga, að Landspítali – háskólasjúkrahús fengi 1 milljarð sem var fyrirsjáanlegt að vantaði? Og að elli- og hjúkrunarheimilin fengju það fjármagn sem þar þurfti til? Að Háskólinn á Akureyri fengi það fjármagn sem þurfti til og var fyrirsjáanlegt og lágu tillögur um og allir sáu að var fyrirsjáanlegt? Hvað kom til að þingmaðurinn felldi það? Að kröfu hvers? Við í fjárlaganefnd vorum allir sammála um að þetta fjármagn þyrfti. En hvers vegna voru þá tillögurnar felldar?

Svo koma þær núna inn sem fjáraukalög. Gott og vel. En þær áttu að koma inn sem fjárlög. Þeir þingmenn sem felldu þær þá gegn betri vitund eða gegn upplýsingum að minnsta kosti sem lágu þá fyrir um að þær gengju ekki upp — ég veit ekki af hverju þeir greiddu þá atkvæði gegn þeim þegar þeir vissu að þetta mundi koma (Forseti hringir.) hvort eð var.

[13:57]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla hvorki að blanda mér í umræðu um köpuryrði hv. þingmanns né það að hann skuli ekki hafa fundið orðum sínum stað. Hann verður bara að hlíta því ef

hann finnur ekki orðum sínum stað, þá er þetta meiningarlaust sem hann sagði.

Ég ætlaði að spyrja hv. þingmann um tímalengd ræðunnar. Hann talaði í einn klukkutíma og 22 mínútur með matarhléi. Það er ókostur við svona ræður að maður veit ekki hvenær þær eru búnar. Þess vegna er svo erfitt að fara í andsvar. Þess vegna er svo erfitt að mynda málefnalega umræðu.

Af tilviljun hlustaði ég á hann tala um að koma ætti með fjáraukalög að vori og hausti. Það var góður punktur. En svona góðir punktar týnast í öllum vaðlinum. Þetta er svo langt, þetta er svo mikið. Það er svo margt.

Ég mundi því ráðleggja hv. þingmanni og öðrum þeim sem tala svona lengi að tilkynna fyrir fram hvað þeir ætli að tala lengi svo einhver málefnaleg umræða geti myndast. Maður situr ekki hérna lon og don og bíður í von og óvon hvort hv. þingmaður talar tíu mínútur, hálftíma, einn klukkutíma eða fjóra klukkutíma. Það er bara ekki hægt. Svona aðferðir við málflutning og ræðuhöld eyðileggja alla málefnalega umræðu, því miður.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort honum finnist þetta vera málefnalegt að tala svona lengi og koma með einstaka góða punkta sem týnast og að ekki sé hægt að fara í andsvör við hann vegna þess að maður veit ekki hvenær ræðan er búin?

[13:59]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vorkenni hv. þm. Pétri H. Blöndal ekkert þó hann sitji í þingsalnum. Ég sit þar lengst af sjálfur og hv. þm. Pétur H. Blöndal er líka mjög duglegur að taka þátt í umræðum.

Hins vegar finnst mér hann gera lítið úr því máli sem hér er til umræðu, þ.e. fjáraukalögum ríkisins. Við erum að fara í rauninni yfir útkomu ársins 2006 og leita jafnframt skýringa hvað hafi farið úrskeiðis. Kannski vill hv. þingmaður upplýsa mig um hvers vegna það gerðist að spáð var 11–12% viðskiptahalla en hann reyndist síðan vera um 20%? Er það einhver áætlanagerð, áætlanagerð fyrra árs var nú ekkert betri, þegar við erum að gera upp árið?

Ég spyr, af hverju eru stýrivextir núna 14% en var spáð að yrðu miklu lægri? Þetta er með því hæsta sem gerist. Við erum að taka út fjárlagaumræðu ársins. Það má vel vera að hv. stjórnarþingmönnum finnist það vera smámál. Það má vel vera.

En fyrir mér er það ekki smámál, fjárlög íslenska ríkisins, segi það alveg eins og er, þegar verið er að fara ofan í einstaka þætti þess eða hvernig fjárlögin hafa verið framkvæmd. Ég spyr, af hverju þurfum við núna að setja inn stórar upphæðir einstakra málaflokka, sem lá fyrir fyrir ári síðan að þyrfti? Mér finnst því að hv. þingmaður megi ekki gera mjög lítið úr þessum mikla og stóra málaflokki. Fyrir mér er þetta stórmál.

[14:01]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér hefur reynst miklu erfiðara að halda stuttar ræður en langar og segja jafnmikið í stuttum ræðum og löngum. Reyndar er ég með það markmið, frú forseti, að ræðutími minn sé að meðaltali undir þremur mínútum og ég hef haldið því nokkurn veginn og ég skammast mín þegar ég er farinn að tala mjög lengi, vegna þess að þá finnst mér ég vera hættur að meitla hugsun mína á þann hátt að ég geti komið henni til skila í stuttu máli.

Það er engin lítilsvirðing við málefnið sem við ræðum hér þótt ég spyrji hv. þingmann hvort hann geti ekki sagt fyrir fram hvað hann muni tala lengi, þannig að maður geti nokkurn veginn komið í andsvar við hann og haldið uppi málefnalegri umræðu. Málið snýst um það. Mín vegna má hann tala í fjóra klukkutíma ef hann segir það fyrir fram. En ef hann kemur ekki hugsun sinni skýrar á framfæri en á fjórum klukkutímum, þá er það hans vandamál en ekki mitt.

Hins vegar hef ég margoft rætt um fjárlög og fjáraukalög og sagt að fjárlög séu að sjálfsögðu spádómur. Það sem hv. þingmaður talaði um í sambandi við viðskiptahallann og háa vexti, er vegna þess að þar gerðist eitthvað, sem ég held að enginn þingmaður hafi ímyndað sér að mundi gerast, sem var styrkur bankanna og innhlaup þeirra inn á íbúðalánamarkaðinn, sem hefur keyrt upp þenslu. Sú þensla er að mínu mati og margra annarra meginástæðan bæði fyrir verðbólgu — því að húsnæðisverðið er reiknað inn í verðbólguna — og líka viðskiptahallanum vegna kaupmáttaraukningar, vegna auðsáhrifa. Ég held því að enginn hafi getað spáð fyrir um þessa þenslu á íbúðamarkaðnum fyrir tveim, þrem árum. Hins vegar verða menn stöðugt að vanda sig við að spá. Það er að sjálfsögðu rétt. Og það eru réttmætar ábendingar að sumt af því sem er í fjáraukalögunum hefði mátt sjá fyrir í fjárlögunum. Ég er sammála því. En ég fór aðallega upp í andsvar til að ræða um fyrirkomulag ræðunnar.

[14:03]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri að hv. þingmaður er farinn að draga í land og viðurkenna að það sé í sjálfu sér (Gripið fram í.) stórmál hvernig að íslenska ríkið er rekið, að það sé ekkert smámál ef viðskiptahallinn eykst um 200 milljarða kr. og þó að sé spurt. En af því að hv. þingmaður vék að hallanum, þá man ég ekki betur en Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri hafi á sínum tíma varað við þessu og sagt að þetta mundi gerast ef stóriðjuframkvæmdirnar og skattalækkanirnar héldu áfram. Ég man ekki betur og get vísað til þess.

Hitt sem ég ætla að leiðrétta hjá þingmanninn er þegar hann sagði að fjárlög væru spár. Tekjuhliðin er almennt spá en þó út frá þeim miklu forsendum sem til eru. En fjárlög fyrir einstakar stofnanir og verkefni eru ekki spár (Gripið fram í.) heldur til reksturs sjúkrahúsa, skóla, meira að segja er sett í verklagsreglur að ef vikið er 3 eða 4% frá þeirri tölu sem gefin er upp í fjárlögum skuli kalla viðkomandi forstöðumann fyrir og hann spurður út í það. Er þá ekki eins gott að fjárlögin séu rétt unnin? (Gripið fram í.) Fjárlögin eru ekki spár. En það er kannski nýtt fyrir forstöðumenn sjúkrahúsa og skóla að heyra að sú tala sem er ætluð í kostnað hjá þeim sé bara spá, svo ráði þeir hvað þeir gera. Það er bara ekki svo. Ég held að hv. þm. Pétur H. Blöndal verði að setja sig betur inn í fjárreiðulögin áður en hann

blandar sér í umræðuna með þessum hætti.

[14:05]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Ég verð að hryggja hv. þm. Pétur H. Blöndal með því að ég treysti mér ekki til þess í upphafi ræðu minnar að segja mjög nákvæmlega hversu löng ræða mín verður, en eins og hv. þingmaður veit hef ég ekki lagt í vana minn að halda hér mjög langar ræður. Ég hef hins vegar reynt að hafa þær málefnalegar og hafa næstum því hvert orð einstakt gullkorn, eins og hv. þingmaður veit. Ég geri því ráð fyrir að hv. þingmaður fylgist gaumgæfilega með og grípi þau gullkorn sem hér munu falla, því að ekki mun af veita, miðað við þau andsvör sem hér hafa verið veitt, að ákveðnir þættir séu skýrðir enn frekar en gert hefur verið fram að þessu.

Það er eðlilegt þegar við förum yfir frumvarp til fjáraukalaga, og það við 3. umr., að við rifjum aðeins upp til hvers fjáraukalög eru. Hvað segja fjárreiðulögin um hvað eigi að vera í fjáraukalögunum? Það verður að segjast eins og er að því miðar ansi hægt að fjáraukalögin falli innan þess ramma sem fjárreiðulög gera ráð fyrir. Undanfarin sjö ár hefur næstum því á hverju ári verið rætt um að gerð verði bragarbót á því og reynt verði að nálgast fjárreiðulögin eins og kostur er en því miður hefur það gengið afar hægt, eins og hér hefur nokkuð verið til umfjöllunar. Það liggur t.d. ljóst fyrir að núna er bæði í frumvarpinu sjálfu og þeim breytingartillögum sem fram hafa komið, ótrúlega lítill hluti þess sem við mundum segja að félli klárlega undir það sem gert er ráð fyrir í fjárreiðulögum, þ.e. að þetta hafi algerlega verið ófyrirséð eða séu afleiðingar af kjarasamningum eða lagabreytingum. Langminnsti hlutinn er þannig til kominn.

Frú forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram held ég að nauðsynlegt sé að rifja þetta örlítið upp þannig að það liggi alveg ljóst fyrir hvað segir í fjárreiðulögunum. En þar segir, m.a. í því sem fylgdi í greinargerðinni þegar fjárreiðulögin voru samþykkt, orðrétt, með leyfi forseta:

„Í fjáraukalögum innan fjárhagsárs verði fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki var hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög snerust þannig fyrst og fremst um ófrávíkjanleg málefni en ekki um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir eiga að koma til umfjöllunar eftir atvikum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár."

Þetta er mjög skýrt, frú forseti. Það er því með ólíkindum að talsmenn meiri hluta fjárlaganefndar og stjórnarmeirihlutans á þinginu komi hér og fjalli síðan fyrst og fremst um það sem hér eru gerðar tillögur um og snýr að rekstrarvanda einstakra stofnana. Hér segir mjög skýrt að það eigi ekki heima í fjáraukalögum. Það er alveg sama hve rekstrarvandinn er mikill og nauðsynlegur, það á að leysa hann á annan hátt. En vandinn er nákvæmlega sá sami, að sjálfsögðu.

Ég mun síðar í ræðu minni nefna nokkur dæmi um það hvernig menn fara á mjög áberandi hátt á svig við þessi ákvæði fjárreiðulaga. Það er ekki til sóma þegar þannig er staðið að málum ár eftir ár. Auðvitað má segja að það sé eðlilegt að það taki einhvern tíma, að það sé einhver aðlögunartími til að menn nái algerlega utan um málið, en nú er sá aðlögunartími löngu liðinn og þess vegna á þetta að heyra sögunni til. En ekki eins og við verðum, því miður, vitni að núna, að það sé jafnvel verið að bæta í, að það sé verið að bæta í á þennan hátt.

Það segir hins vegar ekkert um að ekki hafi verið nauðsynlegt að taka á rekstrarvandanum. Það á, samkvæmt fjárreiðulögunum, ýmist að gera í lokafjárlögum ársins eða í fjárlögum næsta árs. Þetta er mjög skýrt. En af því það eru lokafjárlög þá er það líka alvarlegur hlutur að lokafjárlög fyrir árið 2005 hafi ekki enn litið dagsins ljós, þrátt fyrir að í fjárreiðulögunum segi að það eigi að gerast samhliða ríkisreikningi. Sá tími sem miðað er við er löngu liðinn. Þess vegna má í rauninni segja að fjáraukalögin og fjárlögin hafi hvorki upphafspunkt né endapunkt og séu í lausu lofti. Við höfum margoft gagnrýnt það og mjög harðlega hvernig að þessu staðið. Það liggur t.d. ljóst fyrir að fjárhagsárið 2006 hefur ekki upphafspunkt af því að það er ekki einu sinni búið að leggja fram lokafjárlögin, hvað þá heldur samþykkja þau fyrir árið 2005. Það liggur ekki fyrir hvar upphafspunkturinn er eða á hverju á að byrja. Það liggur ekki ljóst fyrir fyrr en búið er að samþykkja lokafjárlög fyrir árið 2005.

Það eru ýmis atriði í fjáraukalagafrumvarpinu sem benda til þess að ekki verði allt nýtt á þessu ári. Það er t.d. afar stór upphæð í afskaplega þarft mál sem ég vil nefna sem dæmi um þetta, en það er milljarður vegna umferðaröryggis á vegum út frá höfuðborgarsvæðinu. Þar segir orðrétt: „Um er að ræða framkvæmdir sem munu bæta verulega umferðaröryggi." Vonandi. Og eins og ég sagði áðan, afskaplega brýnt mál, 1 milljarður. Ég er þess fullviss að það mun ekkert veita af því til að gera þetta. En það liggur ekkert fyrir um það og við höfum engar upplýsingar um hvað er að ræða. Hvaða framkvæmdir eru þetta? Eru þessar framkvæmdir búnar? Er þeim ólokið eða hvernig standa málin? Verður þessi milljarður allur nýttur fyrir áramót eða verður hann nýttur að einhverju leyti á næsta ári? Hvað breyttist frá því að fjárlög voru samþykkt um þetta? Þetta liggur ekki fyrir. Við vitum því raunverulega ekki hvort við erum að hluta til að fjalla um fjárveitingar á árinu 2007 í fjáraukalögum fyrir árið 2006. Þetta er dæmi í þá áttina.

Það er búið að nefna nokkur dæmi um það sem augljóst var að bæta þyrfti við þegar við samþykktum fjárlög fyrir árið 2006 fyrir ári síðan, ýmislegt blasti við og ýmsar tillögur komu frá minni hlutanum varðandi þau efni. Það er allt í lagi að rifja það upp að eitt dæmið er líklega skýrast í þeim efnum en það eru framhaldsskólarnir þar sem við gerðum tillögu um 250 millj. vegna þess að nemendafjöldi ársins væri vanáætlaður. Það gerist síðan að nú kemur tillaga frá meiri hlutanum um nákvæmlega sömu krónutölu. Þá blasti þetta við. Þarna er auðvitað verið að fara á svig við fjárreiðulögin vegna þess að þetta var algerlega fyrirséð.

Það sem mér þykir verst er að það kemur í raun og veru aldrei skýring frá meiri hlutanum um hvernig á þessu stendur. Af hverju ná menn ekki tökum á þessu? Af hverju þurfa menn endilega að fara á svig við fjárreiðulögin? Aðlögun-

artíminn er löngu, löngu liðinn. Og ég verð að segja, frú forseti, að mér finnst fulltrúar meiri hlutans skulda skýringar á því af hverju að fara þarf á svig við fjárreiðulögin ár eftir ár.

Ef fjárreiðulögin eru þannig að mati hv. þingmanna að ekki sé hægt að fara eftir þeim, hlýtur að vera eðlilegt að þeir komi með tillögur um breytingar á þeim lögum. Ég trúi því ekki að það sé vilji meiri hlutans að fara ár eftir ár á svig við fjárreiðulögin. Annaðhvort verður meiri hlutinn að taka sér tak og reyna að vinna innan fjárreiðulaganna eða að koma með tillögur um að breyta fjárreiðulögunum þannig að þessir þættir verði í lagi. Því miður bendir ekkert til þess að það sé einu sinni vilji til að gera annað hvort. Það skortir a.m.k. mjög á að það komi nokkrar skýringar frá hv. þingmönnum í meiri hlutanum á því hvernig á þessu standi.

Meðan það er þá hlýtur maður að álykta að það sé eitthvert vandamál á ferðinni sem hv. þingmenn treysti sér ekki til að fjalla um eða gefa skýringar á. Það er alls ekki gott. Það vantar líka skýringar á því, sem ég vona að hv. þingmenn komi með seinna í umræðunni, hvað tefur lokafjárlög ársins 2005. Það er eiginlega algjörlega óskiljanlegt vegna þess að í umræðum lokafjárlaga nokkurra undanfarinna ára hafa verið heitstrengingar um að nú mundu menn ná takti í þessu. Ég held að það sé skoðun allra að auðvitað sé æskilegt að lokafjárlög, eins og núna lokafjárlög ársins 2005, væri búið að samþykkja áður en við samþykkjum fjáraukalög fyrir árið 2006, ég tala nú ekki um áður en við samþykkjum fjárlög fyrir árið 2007. En nú er ekkert sem bendir til þess að svo verði því lokafjárlagafrumvarpið hefur ekki einu sinni verið lagt fram. Það er því augljóst mál að enn eitt árið verðum við ekki með upphafspunkt í þessu ferli öllu saman.

Það er ýmislegt fleira sem þyrfti að fara yfir og lagfæra í ferlinu. Ég tók eftir því að hv. þm. Jón Bjarnason ræddi um ákveðna þætti í því sambandi og það er óþarfi að endurtaka nokkuð af því. Ég vildi þó aðeins fara inn á það sem bæði ég og aðrir hafa nokkrum sinnum nefnt í ræðum sínum í gegnum tíðina en það er sú breyting sem á varð þegar ákveðið var að nota svokölluð rammafjárlög, sem í raun og veru hafa aldrei staðið undir nafni. Því miður er eingöngu um rammafjárlagafrumvarp að ræða en eftir að fjárlagafrumvarpið hefur verið lagt fram eru allir rammar lagðir til hliðar og eins og fram hefur komið í nokkrum skýrslum, m.a. Ríkisendurskoðunar, virðist það vera helsta áhugamál ríkisstjórnarinnar hverju sinni að fella þessa ramma og láta þá ekki gilda lengur.

Ég er sannfærður um það, frú forseti, að við munum ekki ná tökum á þessu almennilega fyrr en við ljúkum því ferli sem hófst fyrir alllöngu síðan, ég þori nú ekki alveg að fara með ártalið en það var líklega 1992 sem það var tekið upp og hefur raunverulega ekkert þróast frá þeirri tíð. Þá var ákveðið strax að byrja þetta með því að hafa rammafjárlagafrumvarp og síðan var auðvitað ætlunin að þróa það áfram. Í flestum nágrannalöndum okkar þar sem þessari aðferð er beitt er það þannig að fyrst er umræða um rammann en það er auðvitað eitt af því sem skortir hér, að Alþingi komi að samþykkt rammanna. Nú er það eingöngu ríkisstjórnin sem hverju sinni ákveður rammana en treystir sér síðan ekki til þess að hafa rammana þannig að þeir geti haldið alla leið og þess vegna hverfa þeir þegar fjárlagafrumvarp er lagt fram.

Eðlilegustu vinnubrögðin væru auðvitað þau að rammarnir yrðu ræddir á lokadögum þings að vori. Þar væri farið gaumgæfilega yfir hvernig þeir ættu að vera, hvað teldist eðlilegt, tekist væri á um það á þeim tíma og komist að niðurstöðu. Út frá þeirri niðurstöðu fengi framkvæmdarvaldið það hlutverk að semja fjárlagafrumvarp sem yrði lagt fram eins og hefðin er á fyrsta degi þings að hausti. Eftir það tæki fjárlaganefndin við fjárlagafrumvarpinu og hefði verkstjórn um hvernig það færi í gegnum þingið. Rammarnir segðu auðvitað til um hvað mikið færi í hvern málaflokk og síðan færu fagnefndirnar faglega yfir sína þætti hver og ein, skiluðu inn til fjárlaganefndar sem síðan mundi samræma og fara yfir þættina. Fjárlaganefndin hefði ákveðna verkstjórn yfir þessu verklagi öllu saman.

Þannig vinnubrögð ættu að vera í þessum þáttum. Þá væri þetta t.d. ekki eins og við höfum heyrt fagnefndir gagnrýna, að þær fá ákveðin verkefni frá fjárlaganefndinni, senda þau síðan aftur inn í nefndina og nefndin gerir, eftir aðstæðum, ýmsar breytingar þar á sem er misjafnlega tekið í fagnefndunum, eins og eðlilegt er, því rammi nefndanna og verkefni þeirra í öllu þessu ferli er í rauninni afar óljós. Niðurstaðan verður þar af leiðandi oft margvísleg. En eins og hin raunverulega rammafjárlagagerð er hugsuð þarf þetta að sjálfsögðu að halda alla leið til þess að það gagnist eins og það er hugsað.

Þetta bendir líka á þann vanda sem við sitjum uppi með hér í þinginu og hefur því miður farið versnandi frá því að ákvörðun var tekin um að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Það er miður hvernig þau mál hafa þróast en þar hefur orðið mikil breyting á síðan opnuð var skrifstofa eða deild hjá fjármálaráðuneytinu sem hefur sinnt þessu fyrir ráðuneytið. Sú áætlunargerð hefur síðan verið lögð til grundvallar í allri fjárlagavinnu og ekkert nema gott um það að segja. En það liggur alveg ljóst fyrir að sjálfstæði þingsins hefur minnkað við það að hafa ekki aðgang að öðrum aðilum til þess að fara yfir hlutina. Það er minnisstætt að þegar hér var rætt um að leggja Þjóðhagsstofnun niður þá tók þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Davíð Oddsson, býsna vel í það og taldi ekkert óeðlilegt að hér hjá þinginu kæmi sérstök hagdeild sem tæki að hluta til við þessu verkefni. Það er nákvæmlega það sem okkur vantar, að hér sé ákveðin deild, hagdeild sem við hefðum aðgang að. Sú deild væri sjálfstæð gagnvart framkvæmdarvaldinu og þingið gæti látið hana vinna ýmsa þætti í þessu ferli öllu saman, fara yfir áætlunargerðina, gefa sér alls konar niðurstöður sem síðan væri hægt að byggja á út frá því sem fyrir lægi. Þá hefðu menn á einhverju öðru að byggja þannig að það væri ekki allt tekið í raun veru — ég veit ekki hvort rétt er að nota orðið gagnrýnislaust eða að menn hafi ekki neina valkosti.

Þetta skapar þinginu allt of mikið ósjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu, sem raunverulega hefur ferlið allt í hendi sér og það er auðvitað þannig, eins og við höfum mýmörg dæmi um, að þar er valdið allt of mikið og ráðherraræðið hefur stöðugt farið vaxandi og því miður hallar þar af leiðandi á löggjafarvaldið í þessu sambandi. Þetta er mjög miður, sérstaklega gagnvart fjárlagagerðinni og þess

vegna hefur bæði eftirlitshlutverk nefndarinnar og aðhald fjárlaganefndarinnar stöðugt farið minnkandi.

Ég tók hins vegar eftir því að hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður fjárlaganefndar, tók svo til orða að samstarf meiri hlutans við starfsfólk heilbrigðisráðuneytisins hefði verið mjög gott varðandi þær tillögur sem hér liggja fyrir um ýmsar heilbrigðisstofnanir. Það er auðvitað gott og vel að meiri hluti fjárlaganefndar nái góðu samstarfi við starfsfólk einstakra ráðuneyta en það segir því miður svolítið um störf fjárlaganefndar að hv. þm. og formaður fjárlaganefndar, Birkir J. Jónsson, skuli sérstaklega tilgreina að þetta góða samstarf hafi aðeins verið við meiri hluta nefndarinnar. Þetta er, frú forseti, dæmigert vegna þess að meiri hluti nefndarinnar hefur á stundum því miður litið þannig á að eiginlega væri önnur nefnd í nefndinni sem væri meiri hluti nefndarinnar, nefndin væri ekki ein heild. Þess vegna er störfum nefndarinnar oft skipt þannig að meiri hluti nefndarinnar er sér að störfum og minni hlutinn síðan bara á stundum að vinna með meiri hlutanum.

Auðvitað ræður meiri hlutinn för, þó það nú væri, þannig er það auðvitað þegar meiri hluti er við lýði, hann ræður för. Þetta er hins vegar ekki góður vitnisburður um störf fjárlaganefndar sem hefur gífurlega mikilvægu hlutverki að gegna bæði sem aðhaldsaðili á framkvæmdarvaldið og einnig til að sýna sjálfstæði löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu. Með því vinnulagi, að meiri hlutinn sé í sérstöku samstarfi við framkvæmdarvaldið án þess að hafa minni hlutann með í för eru hlutirnir ekki eins og þeir eiga að vera. Í því sambandi má t.d. nefna að sum þjóðþing líta svo alvarlega á hlutverk fjárlaganefndarinnar og á eftirlitshlutverk fjárlaganefndarinnar gagnvart framkvæmdarvaldinu að það er sett inn að formaður fjárlaganefndar skuli vera úr stjórnarandstöðu, einmitt til þess að tryggja að eftirlitshlutverkinu og aðhaldshlutverkinu sé sinnt sem skyldi þannig að ráðherraræðið ráði ekki öllu í ferlinu. En þetta hefur þróast á þennan hátt hjá okkur og það er augljóst mál að sá meiri hluti sem hér er við lýði nú mun engu breyta, er orðinn vanur eða samdauna þessu vinnulagi og virðist láta sér vel líka. Það blasir því við að það mun bíða nýrrar ríkisstjórnar að gera einhverjar breytingar á þessum þáttum.

Það er búið að fara yfir það hér og ég hef minnst á það líka að ýmsar tillögur sem hér liggja fyrir eiga ekki heima í fjáraukalögum, þær eiga ýmist heima í lokafjárlögum eða fjárlögum næsta árs. Ég lofaði því áðan að ég mundi nefna nokkur dæmi þar um og ég held að það sé rétt að gera það. Það er t.d. athyglisvert að gerð er tillaga í fjáraukalagafrumvarpinu um 15 millj. kr. vegna viðfangsefnis sem heitir Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og á Reykjavíkurflugvelli. Vissulega þarft verk og nauðsynlegt og ef ég man rétt var gert samkomulag um þetta á milli samgönguyfirvalda og Reykjavíkurborgar og málið var sett í ákveðið ferli. Það er því mjög sérkennilegt að þetta viðfangsefni hefur aldrei verið á fjárlögum en hefur hins vegar tvö ár í röð verið á fjáraukalögum. Í hvorugt skiptið hefur þetta átt heima í fjáraukalögum. Það liggur ljóst fyrir að samningurinn var ekki ófyrirséður, þetta var á fjáraukalögum fyrir árið 2005 og kemur svo aftur núna á fjárlaukalögum fyrir árið 2006. Þetta var séð fyrir þegar við vorum að samþykkja fjárlög fyrir árið 2006, að minnsta kosti. Hér er því enn eitt dæmið um það þegar farið er á skjön við fjárreiðulög.

Það er einnig merkileg tillaga sem er í upphaflega frumvarpinu, einnig um mjög þarft mál, þ.e. 150 milljónir til undirbúnings að byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Þar er líka um ákveðinn samning að ræða og þess vegna sérkennilegt að þetta sé í fjáraukalagafrumvarpi. Þetta er samningur sem gerður hefur verið á milli aðila og er því ekkert ófyrirséð, því að maður væntir þess að samningar séu gerðir þannig að menn viti hvað þeir eru að gera hverju sinni.

Af því að ég er að nefna samning er eðlilegt, frú forseti, að rifja það upp að þessi samningur hefur nokkrum sinnum verið nefndur hér í þessum sal og nýlega bættist við annar samningur varðandi kaup ríkisins á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Hvorugur samningurinn hefur verið ræddur efnislega í fjárlaganefnd þrátt fyrir að hæstv. fjármálaráðherra hafi sagt hér úr ræðustól að eðlilegt væri að þessir samningar yrðu birtir í fjárlaganefnd og um þá fjallað. En staðan er sú þegar við erum komin í 3. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2006 að hvorugur samningurinn hefur borist til fjárlaganefndar. Og miðað við mínar upplýsingar er líklega einn fundur eftir í fjárlaganefnd áður en við förum í 3. umr. um fjárlög fyrir árið 2007. Það er því ekki seinna vænna og þess vegna eðlilegt, frú forseti, að nýta það tækifæri og vekja sérstaka athygli á þessu.

Ég held að það sé nauðsynlegt að óska eftir því, hæstv. forseti, að forsætisnefnd aðstoði fjárlaganefnd við það að fá þessa samninga inn til nefndarinnar. Ég veit ekki betur en að þessi fundur verði á mánudag og það er afar nauðsynlegt að forsætisnefnd hafi afskipti af málinu, því að eins og ég fór hér yfir áðan þá eru nokkuð margir mánuðir frá því að óskað var eftir fyrri samningnum — gott ef það er ekki jafnvel ár frá því að upphaflega var óskað eftir honum. Hinn samningurinn kom upp fyrir nokkrum vikum og hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt það úr þessum ræðustól að það væri mjög eðlilegt að báðir þessir samningar yrðu kynntir og ræddir í fjárlaganefnd af þeirri einföldu ástæðu að verið er að gera tillögur um töluvert fjármagn í þessu skyni og þess vegna mjög óeðlilegt að hvorugur samningurinn hafi komið þar til umfjöllunar.

Ég vil því nota tækifærið og óska eftir að forsætisnefnd kanni hvort ekki sé tryggt að þessir samninga báðir verði til umræðu í fjárlaganefnd á mánudag þegar nefndin kemur saman í síðasta skipti fyrir 3. umr. fjárlaga ársins 2007. Ellegar, frú forseti, held ég að óhjákvæmilegt sé að við munum gera alvarlegar athugasemdir við það að 3. umr. um fjárlög ársins 2007 fari hreinlega fram á þriðjudag í næstu viku. Því það er algerlega óhjákvæmilegt og eðlileg krafa af okkur hálfu að við það verði staðið að samningarnir verði lagðir fram í nefndinni áður en 3. umr. um fjárlög ársins 2007 fer fram því það er síðasta umræða sem á sér stað í þinginu um þau mál.

Frú forseti. Ég hef farið yfir nokkur dæmi þess að ákveðnir hlutir ættu ekki heima í fjáraukalögum og tek enn fram að það á ekkert skylt við innihald þeirra mála sem eiga í hlut.

Næsta dæmi sem ég tek er einmitt um mjög þarft mál sem þarf að ræða, en það eru svokallaðir menningarsamningar. Þetta eru samningar sem hafa víða reynst mjög vel

og var fyrst gerður slíkur samningur á Austurlandi fyrir nokkrum árum. Reynslan af því hefur sýnt að þetta hefur stóraukið framlög til menningarmála. Sveitarfélögin hafa því komið með miklu meiri styrk inn í þessi mál en áður var. Því er um mjög þarft mál að ræða.

Hins vegar hlýtur maður að spyrja: Hvað eru 120 millj. kr. viðbótarframlag að gera inn í fjáraukalagafrumvarpið til þessa viðfangsefnis vegna menningarsamninga sem ekki er búið að gera? Eða hvað, frú forseti? Að vísu skortir okkur gjarnan upplýsingar um hvaða samninga hæstv. ráðherrar eru að gera hverju sinni. Suma samninga gera þeir sem við lesum um í fjölmiðlum eða fréttum að búið sé að rita undir og skuldbinda þá ríkissjóð þess vegna um ómældar milljónir ófá árin fram í tímann. Eða að komið er með eins og þetta inn í fjáraukalagafrumvarp, 120 millj. kr. vegna menningarsamninga, og gefnar þær skýringar að þetta séu samningar sem eigi eftir að gera. Þetta séu samningar sem eftir er að gera við þá landshluta sem ekki hafa menningarsamning.

Enn ítreka ég að vissulega er um afskaplega mikilvægt verkefni að ræða. En þetta á að sjálfsögðu ekki heima í fjáraukalagafrumvarpi. Vegna þess að slíkir samningar geta ekki verið ófyrirséðir. Það er algerlega útilokað að samningagerð sé ófyrirséð. Samningagerð sem þessi hlýtur að vera fyrirséð því fólk hlýtur að vita hvenær það er að gera samninga og hvenær ekki. Fólk gerir að sjálfsögðu ekki samninga, skyldi maður ætla, öðruvísi en að það hafi umboð til þess og þeir séu þá að lágmarki undirritaðir, eins og mýmörg dæmi eru um, með fyrirvara um að upphæðir verði í fjárlögum viðkomandi árs.

Hér eru settar 120 milljónir í fjáraukalagafrumvarpið fyrir árið 2006, sem þýðir að þessa samninga á að gera fyrir áramót. Og þessa peninga á að nota fyrir áramót. Ég minnist þess ekki, frú forseti, að hafa séð nýjan menningarsamning undirritaðan nýlega, þó mikið hafi verið sagt frá samningum í fjölmiðlum. Ég hugsa að það verði þá heldur betur að drífa sig til verksins ef á að koma þeim 120 millj. kr. í lóg fyrir áramót og nýta. Nema ef vera kynni að þetta væri raunverulega hugsað enn einu sinni á skjön við fjárreiðulögin. Að það væri meðvitað verið að velta því fyrir sér að nýta eitthvað af þessu á næsta ári. Ekki vitum við, því ekki fáum við upplýsingar um það. En hér er alveg augljóslega hvort sem er verið að fara á skjön við fjárreiðulög.

Fleiri dæmi væri hægt að nefna. Ég ætla að láta að duga að nefna tvö til viðbótar. Annað er nokkuð sérkennilegt orðalag sem ég hef áður gert að umræðuefni, ef ég man rétt, við 1. umr. um fjáraukalögin en ekki fengið neina skýringu á. Við í fjárlaganefnd höfum hins vegar fengið sundurliðun á ákveðnum kostnaði. Í frumvarpinu segir varðandi þetta, en um er að ræða aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins sem óskar eftir og tillaga er gerð um að fái 10 millj. kr. vegna vinnu við gerð frumvarps um fjölmiðla. Notað er það sérkennilega orðalag að ekki sé talið eðlilegt að aðalskrifstofan beri kostnaðinn. Ekki er talið eðlilegt að aðalskrifstofan beri slíkan kostnað.

Nú skyldi maður ætla að það væri eðlilegt að aðalskrifstofan, þegar hún setur einhverja vinnu í gang, átti sig á hversu mikill kostnaður muni falla á verkið. Það hljóti að vera eðlilegt. En ég get engan veginn séð að þetta orðalag eigi við, að það geti ekki talist eðlilegt að aðalskrifstofan beri kostnaðinn sem hún leggur sjálf til. Hann hefur varla verið ófyrirséður. Þetta er því enn eitt tilfellið um að óeðlilegar tillögur eru í fjáraukalagafrumvarpinu.

Frú forseti. Síðasta dæmið sem ég ætla að nefna er um að ekki getur verið um ófyrirséð útgjöld að ræða. Ég tek enn fram að ég er ekki að lýsa nokkurri skoðun á því verki sem um er rætt. Um 354,5 millj. kr. framlag er að ræða til að styrkja byggingu reiðhalla, reiðskemma og reiðskála. Mjög góð mál sem verið er að gera í samvinnu við hestamannafélög og afskaplega gott sem slíkt og á vonandi eftir að skila hestaíþróttinni verulega fram á við. En hér getur ekki verið um ófyrirséð útgjöld að ræða. Það er algerlega ómögulegt. Því að ákvörðun hefur verið tekið um að styrkja félögin eða taka þátt í þessu verkefni með félögunum og sú ákvörðun hlýtur að hafa verið meðvituð, en ekki eitthvað sem menn hafa allt í einu staðið frammi fyrir að ákveða. Það er því algerlega út úr öllu korti að þetta skuli vera á fjáraukalögum fyrir árið 2006. Þetta á auðvitað að vera á fjárlögum ársins 2007. Þar á þetta heima.

Frú forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur nokkuð víða komið við, þótt það hafi ekki verið í framsöguræðunni, sem var skorinorð og nett en ekki víða farið, en andsvörum hefur hv. þingmaður farið nokkuð mikinn og á kunnuglegan hátt að ýmsu leyti. Mér þótti afar magnað þegar hv. þingmaður reisti sig mikið í stólnum og tilkynnti að stefna Framsóknarflokksins væri m.a. sú, og að því mér skildist hafi verið býsna lengi, að lækka matarskattinn niður í 7%. Það er að vísu hárrétt hjá hv. þingmanni að nú virðist stefna Framsóknarflokksins vera orðin sú. En lengi vel var hún allt önnur. Margoft hefur komið fram opinberlega að ástæðan fyrir því að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki náð saman um þetta fyrr en nú, hafi í raun verið andstaðan í Framsóknarflokknum. Væntanlega vegna þess að Framsóknarflokkurinn vildi koma einhverju öðru fram. En ég verð að segja að í þessu máli hafi, sem betur fer, Sjálfstæðisflokknum tekist að hafa vit fyrir Framsóknarflokknum.

Það er afar sjaldgæft að þannig sé staðið að verki, vegna þess að hin dæmin eru því miður miklum mun fleiri þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur beygt Framsóknarflokkinn, hefur hreinlega beygt Framsóknarflokkinn og sveigt hann algerlega frá þeim markmiðum sem sá flokkur hefur margoft lýst. En í þessu tilfelli hefur þetta þó verið á jákvæðan hátt og ég heyri það og trúi því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson sé farinn að trúa því sjálfur að þetta hafi alltaf verið stefna Framsóknarflokksins. Ég vona að hv. þingmanni líði bara betur við það og ég samgleðst hv. þingmanni hreinlega yfir því að gleði hans skuli vera mikil yfir því skrefi. Ég ætla ekki að fjalla neitt frekar um það en bara samgleðjast hv. þingmanni með þetta, því hér er verið að stíga skref sem við mörg hefðum talið að hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu. Þetta verður náttúrlega rætt sérstaklega í 1. umr. sem væntanlega fer fram seinna í dag, þar sem þetta er í frumvarpsformi og þar getum við rætt það nánar. En ég vildi aðeins minnast á þetta því ég taldi rétt að vera með svona jákvæða strauma til hv. þingmanns varðandi þetta og endurtek að ég samgleðst hv. þingmanni yfir því að nú skuli Framsóknarflokkurinn vera orðinn þeirrar skoðunar að þetta hafi trúlega ætíð verið brýnt mál.

Frú forseti. Ég fer að stytta mál mitt en vil rétt undir

lokin vekja athygli á að því miður virðist vera afar tilviljanakennt hvernig tekið er á vanda stofnana. Nú vil ég samt rifja upp það sem ég sagði í byrjun ræðu minnar þegar ég rifjaði upp fyrir hv. þingmönnum fjárreiðulögin, að á vanda stofnana á að taka á annan hátt en hér er gerð tillaga um samkvæmt fjárreiðulögunum. Þetta á einmitt að gera í lokafjárlögum eða í fjárlögum næsta árs.

En látum þeirri umræðu lokið að sinni og veltum þá fyrir okkur samhengi hlutanna. Hvernig stendur á því að stefna gagnvart stofnunum er ekki samræmd hvað þetta varðar? Hér er t.d. verið að taka á vanda ýmissa heilbrigðisstofnana, og út af fyrir sig allt gott um það að segja. Eins og ég sagði áðan tók hv. þm. Birkir Jón Jónsson sérstaklega fram að mjög gott samstarf hafi verið milli meiri hluta nefndarinnar og starfshóps heilbrigðisráðuneytisins. Ég ætla ekki að fara yfir allt sviðið því það tæki of langan tíma.

Ég ætla að taka eitt dæmi, annað ráðuneytið, þ.e. menntamálaráðuneytið. Hvernig stendur á því að ekki tókst jafngott samstarf við starfsfólk menntamálaráðuneytisins um vanda ýmissa stofnana þar? Við skulum þrengja þetta og halda okkur eingöngu við framhaldsskólana svo við séum ekki að fara um allt sviðið. Það liggur alveg fyrir og við í minni hlutanum fengum meira að segja að vera með á þeim fundum þegar um þessi mál var fjallað. Eins og kom fram í máli formanns fjárlaganefndar var meiri hlutinn hins vegar algerlega einn með þessi mál gagnvart heilbrigðisráðuneytinu. Þar var hið góða samstarf við meiri hlutann — tek fram sérstaklega, við meiri hlutann. En fulltrúar menntamálaráðuneytisins komu á fund nefndarinnar og við fórum nokkuð vel yfir málin og fengum nokkuð góða kynningu á málefnum framhaldsskólans. Fengum ágæta glærusýningu þar sem um þetta var fjallað. Þar kom fram að ýmsir framhaldsskólar hafa um nokkuð langt árabil átt við ákveðinn halla að stríða sem því miður hefur ekkert verð gert í. Það hefur verið lagfært innan ársins. Margir skólar hafa náð að sýna jafnvægi innan ársins en á milli ára flytjast alltaf, hvað eigum við að segja, gömlu, mögru árin.

Á ákveðnum árabilum var það sem sagt viðurkennt að það hefði verið rangt gefið og reynt var að lagfæra það. Það hefur tekist gagnvart ýmsum skólum innan ársins. En gamli vandinn siglir alltaf með og ekkert gert í því. Hefði maður nú ætlað, miðað við það sem verið er að gera gagnvart heilbrigðisráðuneytinu, að meiri hlutinn hefði hugsanlega getað — kannski hefur hann gert tilraun til að ná góðu samstarfi við starfsfólk menntamálaráðuneytisins en það ekki tekist. Það vitum við ekki í minni hlutanum. Ég vænti þess að talsmaður meiri hlutans gefi okkur skýr svör um hvort sú tilraun hafi verið gerð og hún hafi mistekist og það sé skýringin á því að gert er upp á milli stofnana eins og hér er augljóslega gert.

Á kynningunni sem við í minni hlutanum fengum að sitja, og erum þess vegna ágætlega að okkur í þeim efnum, heyrðum við að margir framhaldsskólar eru með skuldahala sem stöðugt er til staðar. Það var upplýst að líklega hafi síðast eitthvað verið gert í að stytta halann hjá Menntaskólanum í Kópavogi árið 1993 en síðan eru liðin nokkuð mörg ár.

Við fengum líka að heyra, sem ég trúi að hafi verið að minnsta kosti verið ýmsum í meiri hlutanum ákveðin kennsla, að hið svokallaða reiknilíkan framhaldsskólanna hefur í raun ekki verið reiknilíkan í þeirri merkingu sem menn leggja gjarnan í það orð. Reiknilíkanið hefur ekki verið notað eins og það var hugsað í upphafi, þ.e. til að reikna út kostnaðinn við að reka skóla með ákveðnum nemendafjölda. Nei, reiknilíkanið svokallaða kvað fyrst og fremst hafa verið notað sem skiptilíkan, þ.e. til að skipta ákveðinni upphæð til framhaldsskólanna. Sú upphæð var ekki reiknuð út heldur fundin eftir öðrum leiðum sem starfsmenn menntamálaráðuneytisins gátu að sjálfsögðu ekki lýst fyrir okkur. Þeir fengu eingöngu það hlutverk að nota líkanið til að skipta upphæðinni.

Við þekkjum það frá umræðum fyrri ára að oft á tíðum var nemendafjölgunin vanáætluð. Það var alkunn leið til nokkurra ára. Af og til var hins vegar reynt að áætla fjölgun nemenda rétt en þá var reynt að klípa úr öðrum þáttum. Þannig hófst t.d. umræðan í haust. Í fjárlagafrumvarpinu var hreinlega gerð hagræðingarkrafa upp á 300 millj. kr. til framhaldsskólanna. Nú hefur hins vegar tekist að fá 250 millj. kr. af þeim til baka. Þó er skilinn eftir allur vandi fyrri ára og það sem þarf til að sækja fram í framhaldsskólunum, sem er gífurlega mikilvægt mál. Við höfum séð það í öllum alþjóðlegum samanburði að framhaldsskólastigið stendur hvað verst í þeim samanburði. Þar þarf virkilega að bæta í og er hálfhjákátlegt þegar forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar í málaflokknum koma fram og hæla sér af auknu fjármagni til framhaldsskóla landsins en geta ekkert um fjölgun framhaldsskólanema.

Í þessu samhengi er fróðlegt að rifja upp samanburð sem starfsmenn menntamálaráðuneytisins komu með á fund fjárlaganefndar, glærur sem starfsmennirnir kölluðu hagræðingu framhaldsskólans. Þar er talað um hagræðingu framhaldsskólans, hún sett á mælistiku og fundið út að gífurlegur árangur hafi orðið í hagræðingunni með því að bera saman grunnskóla og framhaldsskóla.

Við vitum að grunnskólinn, eftir að hann var færður til sveitarfélaganna, hefur vaxið gífurlega og þjónustan batnað. Þar hefur orðið raunveruleg umbylting. En því miður sanna þessar ágætu glærur ráðuneytisins að framhaldsskólinn hefur ekki fylgt þeirri þróun. Framhaldsskólinn hefur orðið eftir. Það kallar ráðuneytið hagræðingu. Hvaða tölur voru lagðar fram? Jú, í grunnskólanum hefur störfum fjölgað á árabilinu frá 2000 til 2005 um tæp 25%. En nemendafjölgunin hefur aðeins verið 1,6%. Það þýðir að þjónustan hefur stóraukist í grunnskólanum.

Hvernig eru sambærilegar tölur í framhaldsskólunum á sama árabili frá 2000 til 2005? Jú, störfum hefur fjölgað um tæp 5%. En ársnemendum, sem er það viðmið sem ráðuneytið notar til að útdeila fjármunum, hefur fjölgað um tæp 26%. Við sjáum að þarna hefur væntanlega dregið verulega úr þjónustu og ekki að sjá nokkurt samræmi á milli skólastiga. Þetta mun því miður, ef fram heldur sem horfir, skapa breiðari gjá á milli skólastiganna sem ég hélt að væri sameiginlegt markmið og áhugamál allra að reyna að hafa sem minnsta þannig að sem minnst viðbrigði yrðu fyrir nemendur að fara úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Þetta er a.m.k. alþekkt meðal skólafólks sem eitt af þeim vandamálum sem þarf að leysa.

Ég hef heyrt mörg dæmi af foreldrum sem hafa fylgst

með börnum sínum í grunnskóla og því að þau fengju ákveðna þjónustu vegna vanda sem nemendurnir hafa átt við að etja. Þeir koma til framhaldsskólans og gera ráð fyrir að sama þjónustan sé til staðar í framhaldsskólunum. Þeim hefur brugðið mjög þegar í ljós kemur að framhaldsskólinn getur ekki boðið upp á hið sama. Þar myndast því miður vandi sem verður að taka á en þetta er eitt af því, eins og annað sem ég hef nefnt, sem bíður nýrrar ríkisstjórnar. Það verður þó að nefna að það er jákvætt í þeim efnum að í það styttist með hverjum deginum að ný ríkisstjórn komist til valda.

Frú forseti. Aðeins aftur að reiknilíkaninu. Það skiptir töluverðu máli til að átta sig á því hvað það kostar í raun að reka framhaldsskólana. Ég sagði áðan, og hef heimildir fyrir því sem allir í fjárlaganefnd urðu vitni að, að starfsmenn ráðuneytisins sögðu að líkanið hefði ekki nýst og ekki þróast eins og það var hugsað heldur hafi það fyrst og fremst verið notað til að skipta fyrir fram ákveðinni fjárupphæð. Að sjálfssögðu er eðlilegt að líkanið verði endurskoðað nákvæmlega. Það þarf að þróa það og taka inn breytingar sem verða á skólastarfi. Það hefur því miður ekki verið gert í þróun líkansins.

Einnig þarf að horfa til þess sem Ríkisendurskoðun hefur bent á. En það er vandi sem þarf einnig að taka á á öðrum vettvangi að Ríkisendurskoðun gerir skýrslur, gera tillögur um hitt og þetta en það er raunverulega engin eftirfylgni og enginn sem ber ábyrgð á að þeim tillögum sé fylgt eftir. Ríkisendurskoðun hefur einmitt bent á að varðandi reiknilíkan framhaldsskólanna sé óeðlilegt að fastakostnaður, eins og stór hluti af húsnæðiskostnaði, skuli tengdur nemendafjölda og taka breytingum miðað við nemendafjölda. Sá fasti kostnaður breytist ekkert eftir nemendafjölda. Það er afar óeðlilegt og eðlilegt að taka slíkt til endurskoðunar. Það kom einmitt fram hjá starfsmönnum menntamálaráðuneytisins að þeir könnuðust við þessa ábendingu en því miður hefði ekkert enn verið gert í þessum efnum. En þessu þarf að breyta og miðað við allt virðist þetta enn eitt verkefnið sem bíður nýrrar ríkisstjórnar og er þá af mörgu að taka og augljóst að upphafstími nýrrar ríkisstjórnar verður verkum hlaðinn. Mörg verkefni bíða og mörg hver afar nauðsynleg.

Frú forseti. Ég hef stiklað á stóru í þeim athugasemdum sem ég hef fram að færa varðandi frumvarpið og þær breytingartillögur sem liggja fyrir um fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2006. Það væri vissulega hægt að tína fleira til en ég lofaði hv. þm. Pétri H. Blöndal í byrjun ræðu minnar að reyna að vera stuttorður og held mér hafi tekist það þokkalega. Ég vona að hv. þingmaður staðfesti að hér hafi verið nokkuð mörg gullkornin.

[14:56]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir ágætt samstarf í nefndinni á þessu hausti þótt okkur greini á um margt í frumvarpinu sem hér er rætt um.

Hv. þingmanni var tíðrætt um matarskattinn eins og mörgum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar. Á þessu kjörtímabili hafa hv. þingmenn talað sem svo liti út sem framsóknarmenn hafi sérstaklega viljað koma í veg fyrir að virðisaukaskattur á matvælum yrði lækkaður.

Ég minni hv. þingmann á að það hefur verið stefnumið framsóknarmanna, samþykkt á flokksþingum framsóknarmanna, að stefna að því að lækka virðisaukaskatt af matvælum. Við þingmenn Framsóknarflokksins höfum hins vegar sagt að við þyrftum að fara varlega í skattalækkanir til að geta staðið undir öflugu velferðarkerfi.

Nú er ljóst að ríkissjóður er það sterkur og afgangur af rekstri ríkissjóðs það mikill að við höfum svigrúm til að fara út í frekari skattalækkanir. Matarskatturinn verður lækkaður 1. mars á næsta ári, sem mun þýða verulega kjarabót fyrir heimilin í landinu, lægri verðbólgu og umfram allt munum við halda áfram á þeirri braut að bæta hag allra landsmanna. Þetta kemur ekki síst þeim tekjulægstu til góða auk þess sem við ætlum að stórhækka skattleysismörk, stórhækka barnabætur til lágtekju- og millitekjufólks um 25% og lækka tekjuskattsprósentuna.

Unnið er að því á ýmsum sviðum að bæta kjör fjölskyldnanna í landinu, ekki síst þeirra sem lægstar tekjur hafa enda munu skattleysismörk hækka verulega um næstu áramót. Við þurfum að halda áfram á þeirri braut að auka kaupmátt, ekki síst þeirra sem lægstar tekjurnar hafa (Forseti hringir.) enda bera tillögur ríkisstjórnarinnar þess merki.

[14:56]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nokkur misskilningur hjá hv. þingmanni að mér hafi orðið tíðrætt um matarskattinn. Ég minntist aðeins á hann í framhjáhlaupi til að reyna að samgleðjast hv. þingmanni. Hann virtist trúa því að þetta hefði ætíð verið stefna Framsóknarflokksins. Ég ætla ekki að rengja hv. þingmann um hvað hafi verið samþykkt á flokksfundum og flokksþingum. Ég er ekki sérfræðingur í þeim samþykktum. (Gripið fram í.)

Ég trúi því auðvitað að þetta sé rétt hjá hv. þingmanni en það vekur mér fyrst og fremst undrun þar sem fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins var helsti talsmaður þess að ekki væri rétt að lækka matarskattinn. Ég minni á það að samstarfsflokkurinn, hv. þingmenn samstarfsflokksins, hafa á stundum hreinlega sagt það opinberlega að það sem tefði framkvæmd þessa loforðs Sjálfstæðisflokksins frá síðustu kosningum væri Framsóknarflokkurinn.

Ég held að hv. þingmaður ætti að hjóla í aðra en mig varðandi það mál. Ég held að það sé eðlilegt að menn eigi það sem þeir eiga.

En þeir eru mjög ánægjulegir þessir föstu kaflar í andsvörum og ræðum hv. þingmanns, um hvað allt sé gott og ríkisstjórnin alltaf að bæta, að áfram verði haldið á þeirri braut o.s.frv. Það minnir mig á slagorð Framsóknarflokksins sem ég man ekki alveg hvenær var og er kannski aðeins farinn að ruglast í — mig minnir að það hafi verið „fólk í baksýnisspeglinum".

Mér sýnist að hv. þingmaður hafi farið og skoðað spegil því ég man eftir því að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson benti hv. þingmanni á spegil. Frú forseti. Ég held að ég kanni spegilinn sem hv. þingmaður er að horfa í.

[14:58]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður virðist eitthvað hafa ruglast í ríminu áðan þegar hann fór að rifja upp gömul slagorð Framsóknarflokksins. En það sem hann nefndi áðan hefur nú ekki verið sérstakt slagorð Framsóknarflokksins svo ég muni eftir. (**Gripið fram í:** Þetta er nýja slagorðið.) En ég er nú reyndar ungur að árum þannig að það er kannski ekki að marka.

Hæstv. forseti. Ég vil bara benda á það enn og aftur að eins og við höfum rætt á kjörtímabilinu þá hefur Samfylkingin verið með eintóm yfirboð í skattamálum. Við höfum reiknað þau upp á tugi milljarða í sumum tilfellum, þær tillögur sem Samfylkingin hefur komið með. Við framsóknarmenn leggjum áherslu á að nauðsynlegt er að standa undir öflugu velferðarkerfi í landinu og menn þurfa að hugsa sinn gang þegar teknar eru ákvarðanir um skattalækkanir.

Nú hef ég fullvissu fyrir því, í ljósi sterkrar stöðu ríkissjóðs, að við getum hvort tveggja, bætt velferðar-, mennta- og heilbrigðiskerfið og einnig farið í ákveðnar skattalækkanir, hækkun á persónuafslætti, hækkun á barnabótum og svo má áfram telja.

En það er nauðsynlegt að þetta haldist í hendur, að við höfum svigrúm til að sinna heilbrigðis-, mennta- og velferðarmálum. Það getur verið að einstaklingar innan Samfylkingarinnar vilji minnka samneysluna og minnka framlög til ákveðinna þátta í þessum málaflokkum. Það hefur ekki verið og er ekki stefna Framsóknarflokksins.

Við höfum varað við því að fara of geyst í skattalækkanir. Við þurfum að hafa borð fyrir báru til að standa undir mikilvægum þáttum í velferðarþjónustunni. Það er ljóst að sterk staða ríkissjóðs gerir það að verkum að við getum bæði aukið kaupmátt heimilanna en líka staðið vörð um heilbrigðiskerfið, félagskerfið og menntakerfi landsins.

[15:00]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er augljóst mál að hv. þingmaður horfir eingöngu í baksýnisspegilinn vegna þess að það er ekki horft á neitt annað en það sem er langt aftur á bak og síðan sagt að nú ætlum við að laga. Við erum alltaf að laga og bæta frá því sem við skertum og því sem við breyttum og nú erum við að reyna að fara í rétta átt af því að það eru að koma kosningar. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Það breytir auðvitað engu en það er afar ánægjulegt að hv. þingmaður virðist vera að venja sig á það að taka helstu málasvið okkar jafnaðarmanna og setja þau fremst hjá sér, þ.e. að hér þurfi að jafna kjörin, auka jöfnuð í samfélaginu.

Hv. þingmaður hefur hins vegar tekið þátt í ríkisstjórnarsamstarfi sem hefur einkennst af því að auka ójöfnuð í samfélaginu. Hv. þingmaður er í þeim hópi sem hefur gengið þá leið að auka skattheimtu á þá sem minnst hafa en létta henni af þeim sem meira hafa. Þetta hefur verið einkenni ríkisstjórnarinnar og í þessu hefur hv. þingmaður tekið þátt, því er verr og miður. En batnandi mönnum er best að lifa og ég ætla rétt að vona að Framsóknarflokkurinn — vegna þess að ég ber ákveðna umhyggju fyrir Framsóknarflokknum þrátt fyrir allt — sé að átta sig og breyta til og ætli nú að skila sér eitthvað nálægt upprunanum en ekki að fjarlægjast hann eins og hann hefur gert jafnt og þétt undanfarin ár. Þá er hugsanlega hægt að hafa eitthvert gagn af Framsóknarflokknum í framtíðinni (Gripið fram í.) en ég hugsa því miður að Framsóknarflokkurinn þurfi örlítið lengri tíma en þessa örfáu mánuði sem eru til kosninga til að ná að endurreisa sig.

Við vonum að Framsóknarflokkurinn nýti næsta kjörtímabil, þegar hann verður úti í horni, hugsi sinn gang og komi síðan eftir það kjörtímabil vígreifur til að taka þátt í að auka jöfnuð í samfélaginu, komi með okkur og verði þá hugsanlega orðinn hæfur til að vera meðreiðarsveinn í ríkisstjórn jafnaðarmanna á Íslandi.

[15:03]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Við erum í 3. umr. fjáraukalaga og það hefur verið töluvert mas sem af er deginum eins og við er að búast á slíkum degi. Við erum að leggja lokahönd á fjárlögin fyrir þetta ár, fjárlög sem menn höfðu efasemdir um fyrir ári hvort fengju staðist, (Gripið fram í.) fjárlög sem liggur fyrir að munu líklega enda í árslok með um 20 milljarða kr. meiri afgangi en við gerðum ráð fyrir í upphafi, þ.e. 40–50 milljarða afgangur á fjárlögum er eitthvað sem við höfum ekki séð. Ég tel ekki með sölutekjur þegar þær hafa komið en það eru engar sölutekjur í þessu sem skipta máli þannig að hér tekur ríkið til sín verulega fjármuni og bætir stöðu sína mikið á allan hátt. Það kann svo sem hverjum og einum að þykja sitt hvað um það hvort það sé rétt en a.m.k. liggur fyrir að hér hefur verið mjög vel haldið á málum. Það er almennt viðurkennt í Evrópu að það eru mjög fá ríki þar sem ríkisfjármálin standa eins traustum fótum og á Íslandi. Það eru helst Noregur og Sviss sem þar er um að deila. Þau eru með svipaða stöðu og engar skuldir.

Við getum fagnað því vegna þess að við vitum aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér. Eins og ég hef sagt einhvern tímann áður þarf ekki alltaf að vera góðæri og það er mjög nauðsynlegt að ríkið standi það vel að vígi að það geti gripið til ráðstafana ef einhvers staðar herðir á og kreppir að þessari þjóð.

Stjórnarandstaðan hefur talað hér nokkuð lengi og nokkuð mikið og eins og við var að búast hefur hún fundið þessu flest til foráttu. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir talaði mjög lengi og var mjög hneyksluð, tók það fram aftur og aftur að hún var mjög hneyksluð og þótti flestir hlutir með ólíkindum. Ég veit ekki hvaða hlutir voru ekki með ólíkindum. Hún var dálítið illskeytt í ræðu sinni og það var greinilegt af málflutningi hennar í hvern veg a.m.k. sumir stjórnarandstæðingar vilja færa þessa umræðu, ef ekki allir stjórnarandstæðingar, ekki ræða efnislega um hversu vel hefur tekist til í efnahagslífi Íslendinga á liðnum árum. Nei, við sáum nefnilega á föstudaginn var, virðulegur forseti, í hvaða farveg stjórnarandstaðan vill leiða þetta.

Það var að mínum dómi dálítill skrípaleikur við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. fjárlaga. Hvernig stóð á því, virðulegi forseti? Jú, við skulum rifja þetta aðeins upp.

Á þessu ári hefur ríkisstjórnin gert heilmikla samninga, meiri samninga en nokkurn tíma áður hafði verið gert til að auka velferð til að stækka tryggingakerfið á Íslandi þannig

að, eins og við höfum talað um áður, rúmlega 10% aukning á almannatryggingakerfinu var raunaukning milli ára sem ég ætla að sé mesta aukning sem nokkurn tíma hefur verið. Það var gerður samningur sérstaklega við eldri borgara og samtök þeirra og menn lýstu yfir mikilli gleði. Það voru allir mjög kátir, eða hvað? Voru ekki allir mjög kátir? Mig grunar nefnilega að svo hafi ekki verið. Ég held að stjórnarandstaðan hafi ekki verið mjög kát. Hvernig mátti það vera, virðulegi forseti, að hún væri það ekki? Nei, þetta var of gott. Hún varð út undan, hún varð að láta á sér bera. Þess vegna kemur hún allt í einu hér á haustdögum og segir að 5.500 millj. sem er verið að setja í velferðarmálin séu ekki nóg, það þurfi meira. Það þarf að fara með aukninguna upp í 13 milljarða, ekki 10,5%, nei 25% raunaukningu til velferðarmála.

Það eru kosningar að vori, virðulegur forseti, það á að kjósa. Svo var efnt til þessa gleðifundar á föstudaginn þegar stjórnarandstaðan vildi fá nafnakall um tillögur sínar, hér kom upp hver hv. þingmaður á fætur öðrum og gerði grein fyrir atkvæði sínu, gerði réttara sagt grein fyrir því hversu góður hann væri. Það var akkúrat leikritið, að sýna hina góðu stjórnarandstöðu og hina vondu stjórnarsinna. Þetta átti alltaf að vera spurning um einhverja góðmennsku. Það er hörmulegt, virðulegur forseti, þegar svo er komið fyrir þinginu að keppnin er um það hvort menn séu góðir eða vondir. Það er alveg skelfilegt. Ég efast ekkert um að hv. þingmenn, hvort sem þeir eru stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar, séu mjög góðir menn, ég efast ekkert um það. Það hefur hent ýmsa að vera stjórnarsinnar og ráðherrar og þurft að lifa við það að kjör fólks, öryrkja og ellilífeyrisþega, hafa rýrnað. Þurft að lifa við það, þurft að vera félagsmálaráðherra kannski árum saman við þær aðstæður að kjör fólksins rýrnuðu. Aldrei hef ég efast t.d. um það að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hafi þótt það mjög slæmt. Ég veit að hún er mjög góð kona, ég efast ekkert um að hún hefur þjáðst mikið. En hvernig stóð á því að kjörin versnuðu? Var það vegna þess að stjórnin var vond? Nei, það var vegna þess að aðstæður í þjóðfélaginu voru mjög slæmar. Það voru erfiðleikar í efnahagslífinu. Þess vegna rýrnuðu þau.

Núna, þegar við getum bætt kjör fólks, er það ekki af góðmennsku þingmanna, hvorki stjórnarþingmanna né stjórnarandstæðinga. Það er vegna þess að það er góðæri í landinu, efnahagslífið gengur vel. Þess vegna er þetta hægt. Þess vegna er það mjög slæmt ef þingið vill setja þetta í þær skorður að fara að metast um góðmennsku manna eða velvild. Við trúum því öll að Íslendingar geti lifað góðu lífi í þessu landi en til þess þarf að halda rétt á hlutunum og það hefur tekist með þeirri efnahagslöggjöf sem við höfum sett okkur á umliðnum árum og áratugum, gjörbreytt því þannig að íslenskt efnahagslíf skilar meiri og betri árangri en áður. Þess vegna fáum við 20 milljörðum meiri tekjur á árinu 2006 en við ætluðum. Efnahagslífið skilar miklu meiri afgangi og miklu meiri hagnaði og þannig miklu meiri tekjum í ríkissjóð. Þessu eigum við að fagna. Við skulum vona að ríkissjóður standi það vel í dag að hann geti tekið við ef á móti blæs.

Sumt í ræðum hv. þingmanna er náttúrlega skiljanlegt. Þegar við göngum frá fjáraukalögum er þar ýmsu ábótavant og mætti betur fara. Mér fannst þó, virðulegur forseti, hrapallega ósanngjarnt hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni þegar hann hélt langa ræðu um afkomu heilbrigðis- og sjúkrastofnana. Þetta hefur verið viðfangsefni okkar svo lengi sem ég man eftir mér og það hefur alltaf gengið þannig að það hefur verið erfiðleikum bundið að átta sig á fjármagnsþörf þessara stofnana. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess og það hefur alls ekki tekist eins og skyldi, það er langt frá því. Við höfum vonast til þess að okkur takist að hafa betra hald á þessu en áður. Það tekst að sumu leyti, margar stofnanir standa mjög vel eða ágætlega, aðrar ekki. Mér finnst mjög ósanngjarnt hjá hv. þingmanni þegar hann segir að fjárlaganefnd Alþingis sem vann af heilum hug við að leggja fram mjög margar tillögur til að bæta fjárhag þeirra og skera niður halann stundi aumt yfirklór, eins og hv. þingmaður kallaði það. Við lögðum okkur alla fram við að fara í gegnum þetta.

Hins vegar liggur fyrir að það er mjög erfitt að átta sig á rekstrarvanda sumra stofnana. Það er ekki nokkurt einasta samræmi á milli nýtingarinnar í stofnununum eða fjárhagsafkomu þeirra. Okkur tókst samt að leysa peningavandræði flestra þeirra. Nokkrar liggja eftir vegna þess að við gátum ekki fundið nokkurn einasta flöt á því að vita hvernig við áttum að koma til þeirra fjármunum. Eða er það kannski þannig að hv. þm. Jón Bjarnason telur rétt hjá ríkinu að auglýsa um hver áramót hvernig staðan er og borga svo alltaf brúsann? Eigum við þá alltaf að borga eins og hann sagði? Eins og raunveruleikinn er, sagði hann, það ætti að borga eins og raunveruleikinn er.

Hvernig haldið þið að það yrði, virðulegur forseti? Það ætti bara alltaf að borga. Á þá að henda öllu því sem búið er að vinna að í ein 10 ár, öllu RAI-matinu og öllum tilraunum til að meta hjúkrunarþyngdina og allt sem við erum að gera? Eigum við að henda því öllu fyrir róða og segja: Hver er skuldin á áramótum, við borgum það bara eins og raunveruleikinn er? Þetta er fullkomlega ábyrgðarlaust, virðulegur forseti. Við erum að reyna að ná tökum á þessu. Okkur hefur tekist það að sumu leyti en það er mjög margt eftir varðandi heilbrigðisþjónustuna og kostnaðinn við heilbrigðismálin sem ég hef mjög oft gert að umræðuefni í sambandi við fjárlögin, mjög oft farið yfir það við hvaða vanda við Íslendingar eigum að stríða varðandi það að við getum ekki hamið kostnaðinn. Við erum með flest sjúkrarúm á þúsund íbúa af öllum þjóðum heims. Við erum næstyngsta þjóð Evrópu, við erum næstríkasta þjóð Evrópu. Verga landsframleiðslan hér er í 3. eða 4. sæti í Evrópu. Samt eyðum við 10–11% af landsframleiðslunni í heilbrigðismálin og dugar ekki til. Þetta er vandamál sem við skulum ekki hlæja að, ekki gera þannig að við séum bara með eitthvert aumt yfirklór. Við stöndum frammi fyrir miklum vanda sem okkur hefur ekki tekist að leysa. Hins vegar eru heilbrigðismálin í mjög góðum farvegi þannig að það er hvergi betri heilbrigðisþjónusta en á Íslandi. Ríkið stendur frammi fyrir því að það verður að ná betri tökum á þessum hlutum, það verður að gera það.

Ég sé ekki ástæðu til að fara efnislega meira ofan í þetta mas sem hefur komið fram hjá hv. þingmönnum. Íslenska ríkið stendur mjög vel. Þessi fjárlög sem við afgreiðum núna eru með meiri afgang í rekstri en nokkurn tíma áður.

Við erum með betri afkomu í ríkisfjármálum en hjá nokkurri annarri þjóð. Við skulum þakka fyrir það. Við eigum bara að þakka. Það er miklu nær fyrir okkur að vera þakklát en að fárast yfir því hvernig hlutirnir standa. Ég skil vel stjórnarandstöðuna. Hún hefur mjög lítið að segja um þetta. Þess vegna reynir hún að fara með masi austan við sól og sunnan við mána eins og vanalegt er þegar menn hafa lítið um að ræða. Það er svoleiðis sem þetta gengur fyrir sig og við þekkjum það frá fyrri tíð, verður eflaust þannig áfram og er ekkert við því að segja.

Ég vil samt segja það hér, virðulegur forseti, að ég sé ástæðu til að þakka öllum meðnefndarmönnum mínum í fjárlaganefnd fyrir mjög mikið og gott samstarf á þessu hausti. Það reynir mikið á menn í þessari nefnd, þeir þurfa mikið að vinna saman en það reynir mjög mikið á það að þeir séu samheldnir og fari skipulega í þessa miklu vinnu. Okkur hefur tekist það á þessu hausti og fyrir það er ég þakklátur og vil koma þeim þökkum til þeirra allra.

Þessi 45 þús. millj. afgangur á fjárlögum er eitthvað sem við skulum vera þakklát fyrir. Við skulum vonast til þess að framtíðin verði björt á Íslandi en minnast þess líka að það er gott að eiga borð fyrir báru ef svo færi, sem oft hefur gerst áður, að það syrti eitthvað á dalnum. Ég á von á því að svo gæti hent en þá þurfum við ekki að örvænta vegna þess að við höfum sterkan ríkissjóð sem getur tekið á og varið kjör þeirra sem verst eru staddir.

[15:16]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hjá hv. þingmanni var nú nokkuð fyrirséð. En það olli mér hugarangri var að hann sagði að menn hefðu glaðst mjög við yfirlýsinguna sem gefin var í tengslum við samkomulag eldri borgara og ríkisins. Hv. þingmaður veit það jafn vel og sú sem hér stendur, enda situr hann í hv. fjárlaganefnd og sat á nefndarfundi þegar Landssamband eldri borgara mætti á fund nefndarinnar og lýsti því hvernig þeim var stillt upp við vegg í þessu máli, að ekkert yrði af samkomulaginu um uppbyggingu á hjúkrunarrými og annarri þjónustu ef þeir héldu kröfum sínum um bætt kjör til streitu. Þetta veit hv. þingmaður og þess vegna er það rangt þegar hann heldur því fram að hér hafi verið almenn mikil gleði með þennan samning. Hann veit hug Landssambands eldri borgara.

Virðulegi forseti. Það er rangt hjá hv. þingmanni að við höfum lagt til 13 milljarða útgjöld. Þetta gerir hann til að reyna að slá ryki í augu manna. Við lögðum til nettó 5,5 milljarða. (Gripið fram í.) Þetta var til viðbótar því samkomulagi sem var verið að uppfylla, því smánarlega samkomulagi, eins og ég vil kalla það. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það er bara staðreynd að ef grunnlífeyrir og tekjutrygging hefðu haldið raungildi sínu frá árinu 1995 væru þau 17 þús. kr. hærri nú en þau eru. Þetta veit hv. þingmaður.

Sömuleiðis má nefna skattleysismörkin sem leggjast mjög þungt á eldri borgara, en þau væru 137 þús. kr. hefðu þau haldið í við launavísitölu og sennilega um 120 þús. ef þau hefðu haldið í við vísitölu neysluverðs. Þetta veit hv. þingmaður og þess vegna hryggir það mig að hann skuli standa hér og fara með svo (Forseti hringir.) með það mál sem hann hér flutti. (**Gripið fram í:** Hann var bara að masa.)

[15:18]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var vitni að viðtölum bæði í sjónvarpi, útvarpi og blöðum við Landssamband eldri borgara og ríkisstjórnina um það samkomulag sem gert var. Ég var vitni að því. Það lýstu allir yfir mikilli ánægju sinni.

Hins vegar er það rétt sem hv. þingmaður sagði að á fund fjárlaganefndar kom stjórn þessa landssambands og sagði frá því, því miður, að formaður þessarar nefndar, samninganefndarinnar, aðspurður hver það hafi verið, hefði kúgað þá, eins og hann orðaði það, til þess að skrifa undir. Hann var spurður að því hver hefði gert það. Jú. Það var formaðurinn, en formaðurinn heitir Ásmundur Stefánsson.

Ég lít á þau ummæli sem hörmuleg vegna þess að ég veit að þau eru eintómur rógur og ósannindi. Ég þekki Ásmund Stefánsson og ég veit það vel og er tilbúinn að leggja höfuð mitt að veði fyrir því að aldrei nokkurn tíma mundi sá maður (Gripið fram í.) hafa kúgað eldri borgara, kúgað þá til að skrifa undir. Þetta var ómerkilegt, verulega ómerkilegt. Það er alveg sama hvort menn eru ungir eða gamlir, það er jafnvítavert, alveg sama á hvaða aldri þeir eru, að fara svo með hlutina.

Við vitum að það var bara boðið betur. Það var boðið betur og þá var fyrri samningi afneitað. Fyrri samningi var afneitað af því það var boðið betur. Það voru boðnar 7.500 kr. millj. betur. Það var yfirboð og þá var ákveðið að hafna því samkomulagi sem menn höfðu lýst yfir opinberlega að þeir væru mjög ánægðir með. Það er hægt að kalla það samkomulag smánarbætur, 5.500 millj. sem er mesta hækkun í sögu lýðveldisins. Ef menn hafa smekk fyrir því að kalla það smán þá gera þeir það. En um þetta var samið. Yfir þessu lýstu menn ánægju alls staðar. Þannig stendur það þó menn hafi talið rétt og viljað heldur afneita því síðar þá er það þeirra vandamál og þeim til smánar.

[15:21]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Katrín Júlíusdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að mótmæla því að svona sé talað um fjarstadda menn úr ræðustóli Alþingis og þeir rægðir með þeim hætti sem hér var gert. Ég vil byrja á því að mótmæla því. Það er ekki hv. þingmanni til sóma að tala svona um fjarstadda menn sem heimsóttu fundi fjárlaganefndar.

Virðulegi forseti. Ég vil að við ræðum þetta mál efnislega. Ég vil spyrja hv. þingmann. Hann lýsti því hér í ræðu sinni að íslenska ríkið stæði mjög vel. Hann barði sér hér á brjóst og fór yfir það. Það er rétt. Tekjujöfnuðurinn er mun meiri en búist var við og mikið stendur eftir eða um 20 milljörðum meira en gert var ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Við vitum það líka að launatekjur ýmissa hópa hafa hækkað mikið og hér hefur verið uppsveifla og kaupmáttur aukist mikið. En ég verð að spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Hvers vegna hefur það verið látið gerast að kaupmáttur lífeyrisþega (Forseti hringir.) hafi ver-

ið látinn hækka helmingi minna annarra í landinu? Þannig hefur þessum hópi verið haldið niðri markvisst með lagasetningu frá Alþingi.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vek athygli á því að klukkan í ræðustólnum er ekki rétt. Hv. ræðumaður hafði aðeins eina mínútu til umráða. Það hefur næsti ræðumaður líka.)

[15:22]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það voru 20 manns eða rúmlega það á þessum fundi hjá fjárlaganefnd Alþingis og voru vitni að nefndum ummælum. Þau hafa verið ítrekuð alls staðar og mjög oft og mjög víða. Ég fer rétt með þetta. Menn geta staðfest það. Sá sem sagði frá ætla ég að sé varaformaður samtakanna. Ég ætla að eldri borgarinn heiti Helgi. Ég man nú ekki hvers son hann er.

Hann sagði frá þessu að þeir hefðu verið kúgaðir af Ásmundi Stefánssyni, formanni nefndarinnar, til að skrifa undir þetta. Menn geta svo haft hvaða skoðun sem er á því.

Ég fullyrði það séu rangindi og að farið sé rangt með að segja að lífeyrir og örorkubætur hafi hækkað helmingi minna að annarra launþega í landinu. Þetta er bara hrein vitleysa. Þetta er bara uppspuni. Þetta er algjörlega rangt. Þær hafa fylgt almennri þróun launa. Það er hægt að sýna fram á það. Það er enginn vörn í því að koma hérna upp (Forseti hringir.) og segja slíka fjarstæðu.

[15:23]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í fyrsta lagi verð ég að víkja að þeim orðaskiptum um það hver hafi opinberlega kúgað eldri borgara til samnings. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur hér og reynir að varpa því á formann nefndarinnar, Ásmund Stefánsson. Þær upplýsingar sem ég hef eru að það hafi verið eftir tilskipun frá ráðherra, enda hvaðan kæmu tilskipanir annarra um það hve langt skuli ganga í samningum en frá ráðherra og ríkisstjórn? Það er mjög aumt að ætla að varpa því frá þeim sem raunverulega bera ábyrgð. Ég trúi ekki að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ætlist til þess.

Hins vegar verðum við að víkja aftur að því sem hv. þingmaður kom inn á, þ.e. að ríkissjóður stæði óvenjuvel og að tekjuafgangur hefði verið á þessu ári. Vonandi stendur ríkissjóður vel áfram að minnsta kosti á næsta ári ef skynsamlega verður haldið á málum og enn þá betur á þarnæstu árum ef við skiptum um ríkisstjórn. Þá verður tekjugrunnur ríkisins betri og raunsannari.

En er þá ekki einmitt rétt núna við þessar aðstæður að leiðrétta kjör örorkulífeyrisþega og eldri borgara sem um munar sem hafa svo sannarlega dregist aftur úr á undanförnum árum miðað við aðra í þjóðfélaginu? Menn hafa minnst hér á skattleysismörkin o.s.frv. Við höfum áður rakið tengingarnar við allar mögulegar tekjur. Þær skerða lífeyrinn.

Við hv. þingmaður erum báðir fylgjandi því að fólk geti unnið sem lengst og lagt þjóðarbúinu til með verkum sínum, höndum og hug. Því leggjum við til að frítekjumarkið verði hækkað, já, vegna atvinnutekna í 75 þús. kr. á mánuði strax. Hverjar voru tillögur ríkisstjórnarinnar? Þær voru um 200 þús. kr. á ári árið 2009. Var það ekki eða hvað? Þeir eru að vísu núna (Forseti hringir.) búnir að renna á rassinn með það sem betur fer.

[15:25]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Á fundi fjárlaganefndar var stjórn eldri borgara innt eftir því hver hefði kúgað þá. Svarið var: Formaður nefndarinnar. Ég hef þetta bara beint eftir þeim. Það voru 20–25 manns inni á þessum fundi. Formaður nefndarinnar. Þannig var það sagt og ég hef enga ástæðu til að rengja það. Maðurinn vildi meina svo að ætti það vera.

Ég ætla að leyfa mér að fara í gegnum það að samkvæmt núgildandi lögum hækka örorkubætur og ellilífeyrisbætur samkvæmt almennri launaþróun. Það hefur fylgt henni nákvæmlega í mörg ár og enginn hvikað frá því.

Ég ætla líka að segja frá því sem liggur alveg fyrir: Við erum að leggja hér til við fjárlagafrumvarp fyrir 2007, 5.500 millj. kr. hækkun á almannatryggingum sem er að raungildi rúmlega 10%. Ég tel það vera mjög gott. Við megum að þakka fyrir ef það tekst. Það er mikil bjartsýni á bak við þá tölu. Ég fullyrði að hitt er eingöngu yfirboð, yfirboð stjórnarandstöðunnar að telja sig geta farið upp í raunhækkun á þessu upp í 25% á milli ára. Það er bara yfirboð. Það er bara skrum.

[15:27]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)***:**

Frú forseti. „Yfirboð," segir hv. þingmaður, gagnvart þessum hópi, lífeyrisþegum, þ.e. örorkulífeyrisþegum og ellilífeyrisþegum. Það er hægt að hafa þá aðferð að halda niðri kjörum og hækka þau svo skyndilega rétt fyrir kosningar, þó allt of lítið.

Ég minnist þess líka að eldri borgarar sögðu á þessum fundi — án þess að ég sé að vitna í einstök orð nefndarmanna, þeirra manna sem komu á fund fjárlaganefndar, því það gerir maður almennt ekki — en þeir sögðu: „Best væri að vera með kosningar einu sinni ári því þessir ríkisstjórnarflokkar reyna aldrei að gera neitt nema aðeins að hysja upp um sig buxurnar síðustu mánuði fyrir kosningar. Síðan hin árin þá er allt í lagi að láta reka á reiðanum."

Ég vona að hv. þingmaður muni þau orð líka að það þurfi að kjósa árlega til þess að ríkisstjórnarflokkarnir, (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, sýni viðleitni í að bæta kjör örorkulífeyrisþega og aldraða.

[15:28]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Um þetta liggja öll gögn fyrir. Við vitum nákvæmlega hvað hefur gerst á umliðnum árum. Umliðin 10–12 ár eru þau farsælustu í sögu Íslands. Það hefur aldrei fyrr tekist að bæta kjör og kaupmátt Íslendinga meira en á þessu tímabili. Það hefur aldrei tekist fyrr að bæta svo og treysta almannatryggingakerfið eins og okkur hefur tekist á þessu tímabili. Þökk sé efnahagslífinu. Þökk sé hversu vel hefur tekist til við íslenskt efnahagslíf. En það er lykillinn að því að við getum rekið hér velferðarsamfélag. Það er þess vegna sem við erum rík þjóð. Það er þess vegna sem við getum stutt og stuðlað að miklu velferðarsamfélagi.

Þjóðir sem ekki geta stjórnað fjármálum sínum geta ekki bætt kjör þegna sinna. Þjóðir sem ekki kunna fótum sínum forráð geta ekki byggt upp almannatryggingakerfi eins og við höfum gert.

[15:29]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók eftir því að hv. þingmaður fór hér nokkuð yfir þær leiðréttingar sem gerðar væru á vanda ýmissa heilbrigðisstofnana. Ég átti nú von á því að hv. þingmaður mundi að einhverju leyti svara þeim spurningum sem ég beindi til meiri hluta fjárlaganefndar um það hvernig á því stæði að enn þann dag í dag væri farið mjög á skjön við fjárreiðulög, hvort það væri vegna þess að meiri hlutinn treysti sér ekki til að fara að lögum eða vegna þess að meiri hlutinn teldi eðlilegt að fara á skjön við lögin, eða að meiri hlutinn teldi að lögin væru bara þannig gerð að eftir þeim væri ekki hægt að fara. Í framhaldi af því spurði ég hvernig á því stæði að meiri hlutinn kæmi þá ekki með einhverjar tillögur um breytingu á lögunum. En það er athyglisvert að nú er — ég þori nú ekki að fullyrða sem aldrei fyrr — en það hefur ekkert dregið úr þeim vana meiri hlutans að fara mjög á skjön við fjárreiðulögin.

Ég veit ekki hvort það var þetta sem hv. þingmaður vildi kalla mas. En það kæmi mér út af fyrir sig ekkert á óvart að þetta væri flokkað undir það vegna þess að ekki virðist vera nokkur leið að fá hv. þingmenn meiri hlutans til að fara í efnislega umræðu af þessum toga. Það er eins og meiri hlutinn hafi engan áhuga á að bæta þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í þessum efnum.

Mér sýnist því miður að ef ég fæ ekki svör frá hv. þingmanni um þessa þætti þá sé það hreinlega staðfesting á því að áhugi er ekki fyrir hendi til að reyna að ná tökum á ríkisfjármálunum.

[15:31]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég muni það rétt að ég sé búinn að sitja í i fjárlaganefnd ásamt hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni í átta ár. Hann hlýtur að vita og muna það mætavel að við höfum allan þann tíma verið einmitt að kljást ekki hvað síst um kostnaðinn í heilbrigðismálum, um það vandamál að reyna að halda utan um rekstrarkostnað heilbrigðisstofnana. Það hefur víða tekist ágætlega. Við eigum margar stofnanir sem standa sig mjög vel í því. En það eru margir þættir sem við höfum ekki ráðið við. Við höfum ekki ráðið við útþensluna og við höfum ekki ráðið við kröfurnar um aukna þjónustu. Við höfum heldur ekki ráðið við marga þætti í kostnaðarþróuninni.

Ég vil minna á það sem dvalarheimilin og öldrunarheimilin standa frammi fyrir í ár — og við vorum einmitt að reyna að laga og erum að laga með tillöguflutningi okkar núna um að setja verulegt fé, nokkur hundruð millj. kr. inn í þær stofnanir — að þær hafa átt í miklum erfiðleikum með launaþróunina. Og man nú enginn þegar borgarstjórinn í Reykjavík hækkaði í desember síðastliðnum launin hjá hinum lægst launuðu, eins og hún sagði sjálf frá, sem reyndist ekki vera hjá hinum lægst launuðu því menn gátu lesið það strax á heimasíðu Eflingar að samningarnir áttu við alla alveg upp í topp. Síðan gerðu sveitarfélögin fleiri samninga sem hafa verið þeim mjög erfiðir og kostnaðarauki mikill vegna þess að þeir eru hærri en samningar ríkisins. Þetta er eitt af því sem stjórnendur þessara stofnana hafa ekkert ráðið við, staðið alveg ráðþrota, og ekki þeim að kenna eða hægt að ásaka þá á nokkurn hátt fyrir það að þeir hafi ekki staðið sig í stykkinu gagnvart fjárlögum. Við erum einmitt að leysa þau frá þeim vanda vegna þess að við höfum skilning á því í mörgum tilfellum að þetta er ekki þeirra sök.

Í öðrum tilfellum er það svo, virðulegi forseti, og við kunnum hreinlega ekki svörin en við þurfum að halda áfram á næstu árum að leita þeirra svo okkur takist betur til en hingað til.

[15:33]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Því miður bárust engin svör, það er rétt hjá hv. þingmanni. Hins vegar höfum við verið allan þann tíma sem við höfum setið saman í fjárlaganefnd verið að kljást við svipaðan vanda gagnvart heilbrigðiskerfinu og víða hafa menn náð ágætum árangri. En hluti af vandanum og hluti af því að farið er á skjön við fjárreiðulögin er að það er ekkert samhengi í hlutunum. Nú er verið að bæta stöðu ýmissa stofnana, eins og hv. þingmaður kom inn á, en það er hins vegar ekkert sem bendir til þess að grunni stofnananna verði breytt í fjárlögum næsta árs. Það eru því allar líkur á að næsta haust eða þarnæsta haust verði vandinn kannski svipaður vegna þess að ekki er verið að taka á meginhluta vandans.

En meginspurning mín til hv. þingmanns var þessi: Hvernig stendur á því að enn þann dag í dag er farið á skjön *við fjárreiðulögin? Hver er ástæðan fyrir því?* Ætlar hv. þingmaður enn einu sinni að víkja sér undan að svara hvernig á því stendur að meiri hluti fjárlaganefndar treystir sér ekki til að fara að fjárreiðulögum? Hvernig stendur þá á því, ef það er ekki hægt að þeirra mati, af hverju koma þeir þá ekki með breytingar á fjárreiðulögunum þannig að hægt sé að fara eftir lögunum?

[15:34]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég skil bara ekki spurninguna. Ég veit ekki betur en við höfum gert allt sem í okkar valdi stendur á umliðnum árum til að hafa fjárlögin svo rétt sem við best vissum. Við höfum bara ekki ráðið við þróunina. Ég var að segja frá því réttilega að við höfum gert allt sem við höfum getað til þess og við ætlum að halda því áfram. Það er þó verið að vinna mjög markvissa og góða vinnu í heilbrigðisráðuneytinu og við höfum lofað heilbrigðisráðuneytinu að vera með þeim núna strax eftir áramótin og halda áfram þeirri vinnu. Ég efast ekki um að stjórnarandstaðan mun taka þátt í því með okkur. Það er nauðsynlegt. En þetta er ekki einfalt. Ef við finnum einhverja einfalda formúlu til að gera þetta þá mundum við flytja hana út um allan heim vegna þess að kostnaður við heilbrigðisþjónustuna er hlutur sem allar vestrænar þjóðir eru að glíma við og tekst nú mismunandi vel til. Við erum ekki ein í þessu vandamáli. Þau eru þekkt alls staðar.

[15:36]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Hér hefur verið farið nokkuð vítt um í umræðum um frumvarp til fjáraukalaga og víða komið við eins og gefur að skilja og að mörgu leyti hefur það snúist upp í nokkuð almenna stjórnmálaumræðu um fjárlög, áherslur og áhersluleysi meiri hlutans við fjárlagagerðina. Ég ætla að koma sérstaklega inn á nokkra þætti.

Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir flutti afskaplega athyglisverða og skorinorða ræðu þar sem hún tók sérstaklega til vaxtabæturnar og þau alvarlegu svik sem eiga sér stað hjá ríkisstjórnarflokkunum, sérstaklega Framsóknarflokknum, hvað varðar vaxtabótamálin. Því var lofað hástemmt fyrir nokkrum missirum að í fjölskyldustefnu ríkisstjórnarinnar, í sérstakri stefnu ríkisstjórnarinnar, yrðu vaxtabæturnar sérstaklega settar fram. En svo kemur í ljós að á ferðinni er aðför að vaxtabótakerfinu þar sem vaxtabætur í skjóli Framsóknarflokksins eru lægri, yfir 220 millj. kr., en árið 2003 og milljarði lægri ef reiknað er út frá vísitölu en vera ættu á fimm ára tímabili. Það er grafalvarlegt mál þegar verið er að svíkja þá sem mest þurfa á vaxtabótum að halda, fólkið sem hefur lægri tekjur, fólkið sem er að byggja yfir fjölskyldu sína, fólkið með börnin. Verið er að svíkja þá hópa í samfélaginu um vaxtabæturnar sem voru á meðal meginstoða í loforðum stjórnarflokkanna á sínum tíma um að staðið yrði við. Og það er náttúrlega alveg sérstök saga á bak við skattleysismörkin, hvernig þau hafa staðið í stað og skattbyrði lágtekjufólks aukist stórkostlega á þeim tíma á meðan skattbyrði hinna tekjuháu, skattbyrði þeirra sem háar hafa tekjurnar og lifa af fjármagnstekjum og slíkum hlutum, hefur minnkað, hefur helmingast niður á við.

Ef við lítum aðeins yfir skattkerfið til að átta okkur á um hvað er að ræða í fjáraukalögunum, kemur í ljós að skattbyrðin jókst um rúmlega 10% á tíu árum samkvæmt skýrslu frá OECD og skattheimtan sem var 32% af vergri landsframleiðslu árið 1995, þegar núverandi ríkisstjórn tók við af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, fór upp í 42% samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2005. Skattbyrðin, skattheimtan af landsframleiðslu hefur sem sagt aukist úr 32% í 42%, það er gífurleg aukning. Af þeim 24 löndum sem OECD tekur til er mesta aukning í skattprósentu á Íslandi eða um 3,7 prósentustig. OECD ber einnig saman hvar mestu breytingarnar hafa orðið á skattheimtu sem hlutfall af landsframleiðslu á milli áranna 1995 og 2004 og samkvæmt þeim lista er Ísland í öðru sæti með tæplega 8% aukningu.

Það er sérstaklega fróðlegt í því ljósi að líta til þess hvar sú mikla skattheimta, þessi mikla aukning á skattheimtu á þeim tíu árum, kemur niður. Kemur hún niður á hátekjufólkinu sem hefur efni og stöðu á að borga hærri skatta? Nei, hún kemur fyrst og fremst niður á fólkinu með lágu tekjurnar og bótaþegunum. Jafnnöturlegt og það nú er er hin aukna skattheimta fyrst og fremst tekin þar. Hátekjulið er að sjálfsögðu látið í friði, að sjálfsögðu segi ég, þegar áherslur hægri stjórnarinnar eru skoðaðar. Hátekjufólkið borgar miklu minni skatta en fyrir tíu árum en lágtekjufólkið og bótaþegarnir borga skatta af sínum lágu launum. Þegar litið er á skatta á tekjur og hagnað hafa þeir nálega tvöfaldast á sama tímabili, úr 10% af landsframleiðslu í tæp 19%. En ef einungis eru skoðaðir skattar á tekjur einstaklinga hafa þeir aukist úr 9,7%, tæplega 10% af landsframleiðslu fyrir 11 árum, í 14,3% árið 2004, á tíu ára tímabili. Þannig kemur fram að tekjuskattur af einstaklingum hefur aukist um tæpan helming á tímabilinu og skattar á tekjur fyrirtækja um 0,9% af landsframleiðslu í 1,3%. Hér eru mjög merkilegar tölur á ferðinni og mjög afhjúpandi fyrir þá pólitík sem er í rauninni rekin í landinu fyrir undirstöðuna að þeim stjórnmálum sem hægri stjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hefur staðið fyrir á síðustu tíu árum, sem hefur einkum falist í því að ráðast í mjög stórbrotnar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir og hins vegar að lækka skatta og álögur á fólk með háar tekjur og auka raunverulega skattbyrði á þá sem hafa lægri meðaltekjur og lífeyrisþega. Kjör þessara hópa, kjör þeirra sem hafa það verra í samfélaginu hafa versnað. Bilið á milli ríkra og fátækra, bilið á milli efnafólksins og efnalítils fólks hefur aukist stórkostlega í samfélaginu á síðustu árum og á áratug hefur skapast gjá á milli stétta og hópa í íslensku þjóðfélagi. Það er í rauninni það sem öllu skiptir þegar við hefjum umræðurnar um þetta allt saman, setjumst yfir smáatriðin og einstök atriði og ræðum um stóru myndina. Hvernig heildarmynd íslenskra stjórnmála hefur breyst á umræddum áratug, á þeim tólf árum sem ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur verið við völd.

Efnahagskerfið hefur verið keyrt áfram af mjög stórbrotnum og umdeildum framkvæmdum á vettvangi stóriðju og virkjana. Auðurinn sem hefur orðið til í samfélaginu er orðinn miklu misskiptari en nokkurn tíma áður í Íslandssögunni og á sér engan samjöfnuð.

Fátækt fólk, eldra fólkið, öryrkjarnir og lífeyrisþegarnir lifa við mjög kröpp kjör á Íslandi í dag. Þeir eru fastir í fátæktargildru sem ríkisstjórnin hafnar að losa þá út úr, samanber afgreiðslu meiri hlutans á sameiginlegri tillögu stjórnarandstöðuflokkanna, Samfylkingar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins fyrir örfáum dögum og var ríkisstjórnarflokkunum til skammar þar sem þeir höfnuðu því að forgangsraða fjármununum í þágu þeirra sem langmest þurfa á því að halda. Það eru forgangsstjórnmál umfram öll önnur verkefni í samfélaginu að hækka laun lífeyrisþeganna í landinu og gera fólki kleift með því að hækka tekjuviðmið, hækka frítekjumarkið og afnema tekjutenginguna við laun maka, gera því fólki kleift sem lifir á lífeyri hvort sem það er vegna örorku eða hás aldurs, að lifa með sóma, reisn og virðingu í íslensku samfélagi. Það er lykillinn að mildara og manneskjulegra samfélagi en því var sópað út af borðinu í einni atkvæðagreiðslu af stjórnarflokkunum fyrir nokkrum dögum. Það var átakanleg atkvæðagreiðsla að því leyti og það var mjög leitt að stjórnarflokkarnir sáu sér ekki hag í að koma að þeirri tillögu stjórnarandstöðunnar og afmá eða minnka þá skömm sem kjör margra lífeyrisþega eru í íslensku samfélagi. Við munum það vel fyrir 5–6 árum þegar samfélagið var skekið til og frá í mjög hörðum og illvígum deilum um öryrkja þegar íslenska ríkisstjórnin var rekin fyrir Hæstarétt hvað eftir annað í mannréttindabaráttu öryrkja fyrir mannsæmandi lífi og sjálfsögðum réttindum. Það þurfti að reka hægri stjórnina fyrir Hæstarétt og dómstóla hvað eftir annað til að ná fram sjálfsögðum mannréttindabótum á lífi

þessa fólks. Og áfram skal keyrt í þá áttina.

Af því að stjórnarflokkunum hefur verið tíðrætt um skattalækkanirnar eða, eins og það var orðað, þá hrinu skattalækkana sem átt hefur sér stað á Íslandi á síðustu árum, hljótum við að spyrja við umræður um fjárlög og fjáraukalög: Hver er þá staðan að skattalækkunarhrinunni lokinni? *Hún er einfaldlega sú að það er orðin gjá á milli stétta* í íslensku samfélagi. Það er dýpkandi gjá, hylur á milli hópa og stétta í samfélaginu, og þeir sem hafa háu launin og lifa við velsæld og auð búa einfaldlega í allt öðru samfélagi en þeir sem lökust hafa kjörin. Þeir sem lægst hafa launin, þeir sem verið er að svíkja um vaxtabætur, þeir sem verið er að svíkja um eðlilegar og sjálfsagðar breytingar á lífeyriskerfinu lifa í allt öðru samfélagi heldur en það fólk. Hálaunafólkið og þeir sem hafa það gott í íslensku samfélagi lifa í allt öðru þjóðfélagi en fátæka fólkið, eldra fólkið, bótaþegarnir, lífeyrisþegarnir. Og núna við þau tímamót þegar ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks flytur sín síðustu fjárlagafrumvörp á þessu kjörtímabili — þetta síðasti veturinn áður en við göngum til vonandi sögulegra alþingiskosninga hinn 12. maí 2007 — hafnar ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks því einstæða tækifæri að snúa þessari þróun örlítið við. Að ganga fram af réttlæti og sanngirni gagnvart þeim hópum í samfélaginu þar sem aftur á móti öll stjórnarandstaðan nær samkomulagi um að leggja til hliðar allar aðrar breytingartillögur við fjárlögin til að standa saman að tillögu um að bæta hlut þeirra sem hafa það slæmt efnalega í íslensku samfélagi, gamla fólksins sem hefur ekki sjóði til að sækja í eða fær háan lífeyri, fólksins sem lifir á berstrípuðum bótagreiðslum, öryrkjanna sem haldið er í fátæktargildru með skerðingunni við launatekjur og tekjur maka, sem er ekkert annað en mannréttindabrot og skammar- og smánarblettur á íslensku samfélagi.

Ég held að þorri Íslendinga skammist sín fyrir hvernig komið er fram við gamla fólkið, sem hefur ekki fjármagn eða fjármagnstekjur til að lifa af aukalega, við bótaþegana, öryrkjana og þá sem þurfa að lifa á strípuðum lífeyrisgreiðslum. Ef eitthvert mál sameinar íslensku þjóðina þá held ég að það sé viljinn til að gera vel við þetta fólk, að forgangsraða fjármunum hins opinbera á þann hátt að þetta fólk geti lifað með reisn, með sama hætti og aðrir í þjóðfélaginu sem hafa það gott, hafa ágætar tekjur og geta lifað góðu lífi. En því miður hafnaði ríkisstjórnin þessu sögulega tækifæri, þessu síðasta tækifæri sínu til að snúa við hinni alvarlegu þróun til aukins ójafnaðar, þróun sem er ævintýraleg á þeim 10–12 árum sem ríkisstjórn hægri flokkana hefur setið. Ríkisstjórnin hafnaði sögulegu tækifæri, sjálfsagt af *þeirri einföldu ástæðu að ekki er pólitískur vilji í* flokkunum til að snúa þessari þróun ójöfnuðar, ranglætis og óréttlætis við. Það er alvarlegt mál. Ef kjósa á um eitthvað í vor á að kjósa um hvernig við viljum forgangsraða í samfélaginu, hvernig við viljum breyta samfélaginu, hvernig við viljum horfa á þessa þróun á næstu tíu árum.

Hvernig í ósköpunum halda menn að staðan verði eftir tíu ár í viðbót undir stjórn sömu hægri flokka? Hún yrði að sjálfsögðu óskapleg af því að á síðustu tíu árum hefur orðið gríðarlega breyting á, gjá hefur myndast milli stétta og hópa í þjóðfélaginu og menn geta ímyndað sér hvernig yrði hér umhorfs eftir tíu ár í viðbót ef sömu flokkar sætu áfram við völd. Þess vegna er svo mikilvægt að skipta um ríkisstjórn í vor og þess vegna þurfa kosningarnar í vor að snúast um ójöfnuðinn, að snúast nákvæmlega um það hvernig við viljum að þessum málum sé háttað í íslensku samfélagi eftir nokkur ár, hverjir eiga að bera byrðarnar og hverjir eiga að *standa undir samfélaginu. Dregið hefur mest úr skattbyrði* þeirra sem hæstar hafa tekjurnar, skattbyrði þeirra hefur helmingast niður á við, úr 35% af tekjum en var 15,8% af tekjum árið 2004. Hins vegar hefur mesta aukning skattbyrði orðið í tekjulægstu hópunum þar sem hún hefur í mörgum tilvikum margfaldast. Ef litið er til tekjulægsta fjórðungsins hefur skattbyrði þeirra tvöfaldast eða meira.

Stefán Ólafsson prófessor á mikinn heiður skilinn fyrir umfjöllun sína um íslenska kerfið, íslensku leiðina, það fyrirkomulag sem við búum við, höfum byggt upp og hefur verið að þróast á síðustu árum. Stefán skýrir það svo að rýrnun skattleysismarka hafi aukið skattbyrði lágtekju- og millitekjuhópa meðan óvenjulágur fjármagnstekjuskattur skýri einkum lækkaða skattbyrði hátekjufólks. Þetta er í sjálfu sér ósköp einfalt mál en þróunin hefur verið mjög hröð á síðustu árum. Það sem við eigum að hafa í huga þegar við göngum inn í kosningabaráttuna sem hefst upp úr áramótum og lýkur 12. maí í vor, eru afleiðingarnar af þessu og er hver staðan er en hún er nákvæmlega sú að Ísland er í fjórða sæti þeirra þjóða innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tekjuskiptingin er ójöfnust samkvæmt margfrægum Gini-stuðli, aðeins Lettland, Portúgal og Tyrkland búa við meiri ójöfnuð og Bretar og Eistlendingar koma þar á eftir. Þessu er fullkomlega öfugt farið á Norðurlöndunum þar sem ég held að Íslendingar vilji almennt skipa sér á bekk. Við munum kjósa um það í vor hvort Ísland eigi að verma áfram ójafnaðarbekkinn með Bandaríkjunum og þeim löndum sem ég taldi upp áðan eða fara norrænu leiðina til jöfnuðar og réttlætis þar sem Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Noregur mynda hóp þeirra landa þar sem tekjuskiptingin er jöfnust, ásamt reyndar Slóveníu og Tékklandi. Auðvitað eigum við að fara norrænu leiðina og jafna hlut þess fólks í landinu sem hefur hæstar tekjurnar og lægstar. Við eigum að sjálfsögðu að lækka fjöllin og hækka dalina og um það á að kjósa í vor.

Við hljótum að fara rækilega yfir þetta allt núna þegar verið er að afgreiða fjárlög og fjáraukalög frá þinginu. Eins og ég nefndi áðan fór hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, í sinni góðu og vönduðu ræðu, ítarlega yfir vaxtabótamálin þar sem ríkisstjórnin boðaði 430 millj. kr. hækkun framlaga vegna vaxtabóta í frumvarpinu en þrátt fyrir það verða útgjöldin vegna bótanna 220 millj. lægri en þau voru árið 2003. *Í raun og veru er því verið að svíkja fólkið sem þarf* mest á vaxtabótum að halda um vaxtabætur upp á milljarð ef reiknað er út frá þeim viðmiðunum sem rétt er að gera.

Ef við tækjum mið af þróun vísitölu neysluverðs frá 2003 til september 2006 eru áætluð útgjöld vegna vaxtabóta að raungildi 968 millj. kr. lægri núna þau voru en þá. Eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir kom inn á hefur ríkisstjórnin beitt margvíslegum aðferðum á kjörtímabilinu til að skerða vaxtabæturnar. Því eru þetta að sjálfsögðu ekkert annað en svik af hálfu ríkisstjórnarinnar við fólk sem gerði sér vonir um vaxtabætur og þarf svo nauðsynlega á þeim að halda,

sérstaklega í ljósi þess hver þróunin hefur verið á húsnæðismarkaði á síðustu árum og hve margir hafa farið út í það að offjárfesta í húsnæði og þurfa mjög á bótunum að halda, fólk sem er með millitekjur, lægri millitekjur og lágar tekjur, fólk sem er að eignast og ala upp börn og er að koma sér upp þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn.

Hitt sem ég vildi koma inn á við 3. umr. um fjáraukalög, og hv. þm. Einar Már rakti hér nokkuð áðan, er þegar verið er að elta uppi hallann í menntakerfinu til að loka þar hinum ýmsu liðum eins og auðvelt er að gera og hver staðan er í framlögum til menntamála og í íslenska menntakerfinu. Það er sérstaklega athyglisvert að velta því fyrir sér í ljósi þeirrar umræðu sem t.d. fer fram í háskólunum sjálfum, en hinn 11. maí síðastliðinn var samþykkt mjög vandað og yfirgripsmikið stefnuplagg um framtíð íslenska háskólans þar sem metnaðarfull, vel skilgreind markmið, framtíðarsýn og leiðir til að ná markmiðunum, aðgerðaráætlun, fylgir plagginu, þar sem rætt er um afburðaárangur og framúrskarandi háskóla, sem ég er ekki í neinum vafa um að er bæði metnaður og mannafli til að ná. En það strandar allt á einu: Það er á metnaðarleysi ríkisvaldsins, á skorti og ónógum framlögum til að við förum þó ekki nema í áttina að því að koma Háskóla Íslands, íslenska rannsóknarháskólanum, í hóp þeirra 100 bestu í heimi, hvað þá þeirra 500 bestu í heimi.

Það er einfaldlega svo, virðulegi forseti, að fjársveltið ógnar gæðum háskólanna eins og skýrsla Ríkisendurskoðunar dró mjög glögglega fram í fyrra um fjárskort Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, opinberu háskólanna. Skólarnir eru einfaldlega komnir í þrot, þeir nýta fjármagnið vel en þeir komast ekki lengra. Ef gæði skólanna eiga ekki að dragast verulega saman þurfa þeir annaðhvort að fá verulega aukin framlög frá hinu opinbera, heimild til innheimtu hárra skólagjalda og/eða heimild til að vísa frá töluverðum hluta þeirra sem sækja um inngöngu þar sem væri mjög drastískt skref. Menntamálaráðherra og meiri hlutinn á Alþingi, hinn metnaðarlausi meiri hluti sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í skólamálum, hefur svarað þessu með mjög einföldum en undarlegum hætti, þ.e. að skólarnir sjálfir verði að marka þá braut hvort þeir vilji innheimta skólagjöld af nemendum sínum eða ekki, að skólarnir skuli sjálfir kveða upp úr um það hvernig þeir eigi að vera fjármagnaðir, það sé ekki pólitískt málefni ríkisstjórnarinnar. Það er með algerum ólíkindum að velta þeim beiska bikar í fangið á skólunum sjálfum af því að það er stórpólitísk spurning og það er algert grundvallarmál, eitt af grundvallaratriðunum í íslensku samfélagi. Rétt eins og það er grundvallarmál hvernig við skattleggjum einstaka tekjuhópa í þjóðfélaginu þá er algert grundvallarmál hvernig við fjármögnum háskólana, hvort við veljum það að láta nemendur borga há skólagjöld eða hvort við kjósum að hafa gjaldfrjálsa menntaleið eins og ég og Samfylkingin og við jafnaðarmenn styðjum. Jafnaðarstefnan felst að sjálfsögðu fyrst og fremst í því að hér sé til staðar gjaldfrí menntaleið frá leikskóla og upp í gegnum grunnnám í háskóla. Það er hið minnsta. Rétt eins og jafnaðarstefnan felst í því að lækka fjöllin og hækka dalina í tekjuviðmiðunum og endurskipuleggja skattheimtuna þannig að skattbyrði einstakra hópa, tekjuhópa í samfélaginu, séu ekki með þeim hætti sem ég lýsti áðan, þar sem skattbyrði þeirra sem hæstar hafa tekjurnar hefur helmingast niður á við en skattbyrði þeirra sem lægstar hafa tekjurnar hefur tvöfaldast hið minnsta. Ójöfnuðurinn hefur vaxið gríðarlega. Eins og það er inntakið í jafnaðarstefnunni að draga úr ójöfnuði og auka jöfnuð með beinum hætti í samfélaginu þá er það að sjálfsögðu eitt helsta baráttumál jafnaðarmanna að bjóða upp á bestu skóla í heimi, bestu leikskóla í heimi, gjaldfrjálsa leikskóla, bestu grunnskóla í heimi, gjaldfrjálsa grunnskóla, bestu framhaldsskóla í heimi, gjaldfrjálsa framhaldsskóla, bestu háskóla í heimi, gjaldfrjálsa menntaleið alla leið frá leikskóla og upp í gegnum háskóla.

Fjársveltið og fjárhagsstaðan ógnar að sjálfsögðu gæðum þessara stofnana í dag. Staðan er þannig að háskólarnir eru í fjárhagskreppu og besta dæmið um það er að núna eru yfir 500 virkir nemendur við Háskóla Íslands umfram kennslusamning. Fjárveitingar til rannsókna við skólann hafa farið lækkandi á liðnum árum og framlag ríkisins á hvern nemanda er núna lægra en árið 1999, fyrir sjö árum.

Auðvitað hafa heildarframlögin aukist verulega enda stunda fleiri nám í háskólum um allan hinn vestræna heim en fyrir tíu eða fimmtán árum síðan. Nemendaframlagið dregur fram kjarna málsins og fjárveitingar á nemanda hafa farið lækkandi á síðustu sjö, átta árum. Áralangt fjársvelti verður alvarlegra með hverju árinu, ógnar gæðum skólanna og vegur að stöðu Háskóla Íslands sem eina rannsóknaháskóla þjóðarinnar á sama tíma og menntamálaráðherra talar fjálglega um að það sé frá henni komið að Háskóli Íslands eigi á næstu fimm árum að ná háleitum markmiðum. Það er talað um það í stefnumótuninni sem ég gat um áðan. Hún nær frá árinu 2006 til 2011 en árið 2011 verður Háskóli Íslands 100 ára gamall. Þetta flaggskip hinnar fullvalda og frjálsu þjóðar er að verða hundrað ára gamalt og af því tilefni settu menntamálaráðherra og rektor Háskóla Íslands fram það metnaðarfulla markmið að á þeim tíma skuli Háskóli Íslands komast í hóp 100 bestu skóla í heimi. Það er stórt markmið og jákvætt að Háskóli Íslands og forustumenn hans og menntamálaráðherra hugsi stórt. Það er afskaplega jákvætt.

En hvaða efndir fylgja orðum hæstv. menntamálaráðherra? Nákvæmlega engar. Hæstv. menntamálaráðherra knýr ríkisreknu háskólana niður á hnén til að grátbiðja um heimild til skólagjalda til að komast út úr kreppunni. Menntamálaráðherra sveltir ríkisreknu háskólana til að óska eftir skólagjaldaheimild til að komast út úr fjárhagskreppunni. Það er eina leiðin fyrir skólana meðan þeir fá ekki aukin framlög frá ríkinu, eina leiðin til að koma í veg fyrir að gæði skólanna minnki verulega.

Á sama tíma er í gangi hjá hæstv. menntamálaráðherra blekkingaleikur um að undir hennar forustu sé unnið að því að gera Háskóla Íslands að einum af 100 bestu háskólum í heimi. Ja, heyr á endemi. Menntamálaráðherra hefur staðið fyrir því að skólarnir eru fjársveltir, sveltir til að gráta út heimildir til að leggja á skólagjöld.

Við jafnaðarmenn bjóðum upp á betri kosti fyrir næsta vor. Við ætlum að ráðast í umfangsmikið fjárfestingarátak í menntakerfinu. Til að nefna dæmi um það þyrftu framlög Íslendinga til háskólastigsins að vera 4–8 milljörðum kr. hærri á hverju einasta ári til að við stæðum á pari við nor-

rænu þjóðirnar í framlögum til háskólastigsins sem hluta af þjóðarframleiðslu. Við þyrftum að verja um 5–6 milljörðum kr. meira á ári til háskólastigsins. Það væri fjárfestingarátak sem bragð væri að og eitthvað kæmi út úr. Það væri ekki einu sinni nóg til að fylgja eftir hinum háleitu markmiðum en það væri kannski áfangi á þeirri leið og mundi hugsanlega skila okkur í hóp 500 bestu háskóla í heiminum til að byrja með og síðan koll af kolli.

Hjá Háskóla Íslands blasir ekki annað við en að fara fram á heimild til að taka upp harkalegar fjöldatakmarkanir og innheimta há skólagjöld eins og skýrsla Ríkisendurskoðunar um Háskóla Íslands frá því í fyrra sýnir fram á. Niðurstaða þeirrar fínu úttektar á skólanum var að skólinn væri vel rekinn, fjármagnið gjörnýtt, frábærlega vel nýtt, og það eina sem vantaði væru meiri peningar, annars lægi leið skólans niður á við, ekki upp á við. Flaggskip okkar, Háskóli Íslands, mundi einfaldlega rýrna að inntaki og skólinn ætti enga möguleika á að komast í hóp bestu skóla í heimi.

Ég nefndi að við þyrftum að verja 4–8 milljörðum kr. meira á ári í háskólastigið ef við vildum standa á pari við norrænu þjóðirnar sem allar hafa aukið framlög sín. Það á sérstaklega við Finna. Þegar kreppti að og atvinnuleysi í Finnlandi var fyrir 10–15 árum hátt í 20% þá réðust Finnar í umfangsmikla fjárfestingu í menntakerfi sínu sem núna hefur skilað þeim í hóp ríkustu og best menntuðu þjóða í heiminum. Við verjum um 1% af landsframleiðslu til háskólastigsins á meðan norrænu þjóðirnar og Bandaríkin verja til þess á bilinu 3–5%. Það vantar fleiri milljarða inn í menntakerfið til að aðbúnaðurinn verði þannig að hægt verði að skapa þar aðstæður til að búa til bestu skóla í heiminum. Það er eitt af því orðið hefur eftir á stjórnartíð hægri flokkanna síðustu tólf árin.

Eitt af alvarlegustu dæmunum um forgangsröðun hægri flokkanna síðustu tólf árin er að mínu mati sveltistefnan í menntakerfinu. Það vantar milljarða í það. Um áratuga skeið hafa flestar vestrænar þjóðir aðrar en Íslendingar aukið hlutfall af framleiðslu sinni til menntamála mikið á meðan við sitjum eftir með áherslu okkar á aukna stóriðju sem sókn til nýrra tíma. Tölurnar tala sínu máli. Í skýrslu OECD eru framlög einstakra landa til háskólastigsins eftir þessu. Íslendingar eru eftirbátar í samfélagi þjóðanna þegar kemur að fjárfestingum í háskólastiginu og menntakerfinu öllu að grunn- og leikskólastiginu undanskildu. Eftir að sveitarfélögin tóku við þeim hafa þau opnað upp á gátt fyrir miklar fjárfestingar og framlög til þeirra eru nú með því hæsta í heiminum á meðan framlög til framhaldsskólans og háskólastigsins eru með því lægsta innan OECD-landanna, langt fyrir neðan meðaltal, sérstaklega til háskólastigsins þar sem framlög á nemanda hafa dregist saman síðustu átta ár í stað þess að aukast. Þetta er grundvallaratriði fyrir komandi vetur, þ.e. að háskólastigið, sem hefur verið fjársvelt, verði frelsað úr þeirri spennitreyju.

Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu að Háskóli Íslands væri ódýr í rekstri, hefði náð góðum árangri á mörgum sviðum, sérstaklega þegar horft væri til útskrifaðra nemenda í grunn- og meistaranámi. Doktorsnemum fjölgaði einnig töluvert eða úr 36 árið 2000 í 107 árið 2004. Þetta hlutfall þarf þó að sjálfsögðu að margfaldast eigi skólinn að komast í úttektir yfir bestu háskóla í heiminum.

Menntakerfið er ein besta fjárfesting sem er hægt að ráðast í, bæði fyrir einstaklinga og ríkisvaldið, sé það gert með skynsamlegum hætti og inntak skólanna endurskoðað. Talið er að að meðaltali hafi hvert viðbótarár í skóla í för með sér efnahagsleg áhrif fyrir þjóðarbúið á bilinu 3–6% og í kringum 22% tekjuauka fyrir einstakling og ríki að ljúka háskólagráðu. Efnahagslegur ávinningur af aukinni menntun, t.d. á Norðurlöndunum — oft er vísað sérstaklega til Finnlands sem fór með stórbrotnari hætti í slíkar breytingar en nokkur önnur þjóð í heiminum — er hafinn yfir allan vafa. Skýrsla OECD um stöðu máli í 30 löndum er glöggur vegvísir um hvert við stefnum og hvert við ættum að stefna.

Ég nefndi áðan stefnumótun Háskóla Íslands sem samþykkt var á fundi þar í vor, metnaðarfullt og glæsilegt plagg um vaxandi háskóla. Þar er lítillega vikið að fjármögnun og samkeppnisstöðu ríkisreknu háskólanna sem er óviðunandi í dag. Einkareknu háskólarnir hafa heimild til að innheimta án þess að nokkurt þak sé sett á það. Bifröst hækkaði t.d. skólagjöldin óhóflega, að mínu mati, í haust. Einkareknu háskólarnir hafa heimild til að innheimta skólagjöld ofan á nemendaframlögin frá hinu opinbera sem eru jafnhá og til opinberu háskólanna. Þetta er ójafnræði sem kannski var hægt að réttlæta til að byrja með, meðan einkareknu skólarnir voru að koma sér fyrir og byggja upp starfsemi sína, en að sjálfsögðu þarf að leiðrétta stöðuna með einhverjum hætti þegar fram í sækir. Það er á hreinu.

Til að skýra stöðu háskólans má t.d. nefna að í Háskóla Íslands er að meðaltali einn kennari á hvern 21 nemanda á meðan hlutfallið í öðrum háskólum af svipaðri stærðargráðu og umfangi er einn kennari á hverja 15–17 nemendur. Það segir töluvert um stöðuna. Eins er aðbúnaður háskólans og ríkisreknu háskólanna fullkomlega ósambærilegur við það sem gerist hjá skólum á lista 100–200 bestu háskóla í heiminum. Við eigum að gera nýjan sáttmála. Samfélagið á að gera nýjan sáttmála við Háskóla Íslands, við opinberu háskólana, rétt eins og aðra háskóla í landinu, þannig að við höfum hér einn rannsóknarháskóla, sameinaðan rannsóknarháskóla, Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, sem yrði á meðal 100–200 bestu háskóla í heimi eftir nokkur ár. Á afmælisárinu árið 2011 sæjum við kannski glytta örlítið í þetta markmið.

Þannig ætti framtíðarsýnin að vera. Í stefnumótunarskýrslunni sem var samþykkt var á háskólafundi 11. maí í vor sagði, með leyfi forseta:

„Til að þjóna íslensku samfélagi leggur háskólinn áherslu á að eiga gott samstarf við stjórnvöld, grunn- og framhaldsskóla, menningarstofnanir, aðra innlenda háskóla, rannsóknastofnanir og íslenskt atvinnulíf. Það gerir okkur kleift að ná markmiði okkar um að skipa skólanum í raðir 100 bestu háskóla heims."

Við hljótum að velta því sérstaklega fyrir okkur þegar fjárlög og fjáraukalög íslenska ríkisins eru samþykkt hvernig búið er að háskólamenntun og menntun almennt á landsbyggðinni. Flestir viðurkenna það í dag að bestu byggðaaðgerðirnar eru að sjálfsögðu samfélagslegar, í menntun og atvinnulífi um leið, eru aukið aðgengi að menntun úti á landi, að efla menntastofnanir á landsbyggðinni. Við vitum hvaða áhrif Háskólinn á Akureyri hefur haft á stóru svæði

fyrir norðan. Hann hefur gjörbreytt samfélaginu. Þar er fjölbreyttara, öflugra, skemmtilegra og betra samfélag en áður en skólinn þar var byggður upp. Það má nefna fleiri menntastofnanir utan höfuðborgarsvæðisins sem hafa skilað frábærum árangri eins og háskólann á Bifröst og landbúnaðarháskólana á Hvanneyri og Hólum í Hjaltadal. Þetta eru allt stofnanir sem hafa náð frábærum árangri og gjörbreytt mannlífinu á viðkomandi svæðum.

Við eigum að gera menntunina að inntaki nýrrar byggðastefnu, um leið og við eflum samgöngur, tvöföldum vegi og gerum átak í samgöngumálum, sem glyttir ekkert í hjá ríkisstjórninni nema á aumkunarverðum blaðamannafundum hjá hæstv. samgönguráðherra. Þegar rýnt er í það á að tvöfalda og bæta vegina á næstu 100–200 árum. Við erum að tala um raunverulegar úrbætur á næstu missirum.

Við viljum einnig efla þær menntastofnanir sem hafa sprottið upp, að mörgu leyti af sjálfu sér en að mörgu leyti vegna þess að þær voru settar á fjárlög af fjárlaganefnd á sínum tíma, þ.e. fræðslunetin, símenntunarstöðvarnar sem fyrst voru stofnaðar til að bjóða upp á öfluga fullorðinsfræðslu, símenntun og endurmenntun. Þær hafa nú í raun tvö jafngild hlutverk, annars vegar öfluga fullorðinsfræðslu og hins vegar háskólamenntun með fjarnámi sem hefur skipt ótrúlega miklu máli.

Núna stunda t.d. tugir nemenda nám á fræðslunetinu á Selfossi, það eru nemendur við Háskólann á Akureyri í hjúkrunarfræði, tugir nemenda sem sækja úr heimabyggð sinni háskólanám, hjúkrunarfræði eða kennaramenntun. Ég hitti þennan hóp í haust þegar hann barðist fyrir því að fá aukin framlög. Hve margir hefðu farið í nám ef ekki hefði verið boðið upp á þetta fjarnám? Meira en helmingurinn sagðist líklega ekki hafa farið í háskólanám en hinn helmingurinn sagði að líklega hefði hann flutt búferlum til Reykjavíkur og væntanlega ekki flutt til baka fyrr en seinna.

Lykillinn að byggðasókninni er að efla aðgengi að námi eins og við gerðum með framhaldsskólana, þegar við byggðum upp glæsilega framhaldsskóla um allt land sem gjörbreyttu heilu svæðunum. Nú eigum við að byggja upp öflugar menntastofnanir, fjarnám í háskólum og margt annað í gegnum þær stofnanir sem til staðar eru, símenntunarstöðvarnar og fræðslunetin um allt land: á Suðurnesjum, á Suðurlandi, á Vesturlandi, Norðurlandi vestra, Austurlandi og Þingeyjarsýslum, auk vísis að háskólastarfsemi vestur á Ísafirði. Þetta eru stofnanir sem við eigum að leggja mikið í að efla á næstu árum.

Þessar stofnanir eiga að starfa undir regnhlíf Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri af því að almennt er talið að lágmarksstærð rannsóknaháskóla sé um 20.000 nemendur og upptökusvæðið 500.000 manns, þ.e. helmingi stærri en Háskóli Íslands og mannfjöldinn næstum helmingi meiri en íslenska þjóðin. Háskólinn telur innan við 10.000 nemendur og þjóðin er 300.000 manneskjur. Það er ekki síst út af þessu að hlúa þarf sérstaklega að háskólastiginu í stað þess að svelta það til tjóns, dreifa kröftum með allt of mörgum háskólum og trassa að innleiða sjálfstætt gæðaeftirlitskerfi með starfsemi skólanna sem reyndar er kominn vísir að.

Að mörgu er að hyggja, virðulegi forseti, í þessu sambandi. Við fögnum á morgun 1. desember, fullveldi okkar, t.d. með samkomu í Háskóla Íslands sem hefst kl. 1 í Hátíðarsalnum. Þar verða ræðumenn frá öllum flokkunum sem túlka þar á 5–7 mínútum, að ég held, stefnu flokka sinna í málefnum háskólans. Fróðlegt verður að heyra hvað flokkarnir hafa þar að segja um stöðu skólans.

Rannsóknaháskóli er talinn þurfa að að lágmarki 20.000 nemendur en margir slíkir skólar eru miklu stærri. Við þurfum að gera helmingi betur við Háskóla Íslands, eða sameinaðan Háskóla Íslands og Kennaraháskólann, til að sá skóli verði einn af þeim bestu í heiminum. Í stefnuskránni frá því í vor eru nefndir samanburðarháskólar Háskóla Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í viðleitni til að ná afburðaárangri vill Háskóli Íslands bera sig saman við nokkra háskóla bæði austan hafs og vestan. Þeir eru:

Háskólinn í Kaupmannahöfn, Danmörku; Háskólinn í Helsinki, Finnlandi; Háskólinn í Lundi, Svíþjóð; Háskólinn í Uppsölum, Svíþjóð; Háskólinn í Tromsø, Noregi; Háskólinn í Bergen, Noregi; Háskólinn í Aberdeen, Skotlandi; Boston University, Bandaríkjunum."

Þetta eru hinir opinberu samanburðarháskólar Háskóla Íslands. Þetta eru allt framúrskarandi skólar sem hafa, eins og segir hér, náð afburða árangri. Íslenskir háskólarnir geta allir náð slíkum árangri því þeir hafa mannaflann og metnaðinn en það skortir hins vegar fjármagn til þess og ytri umgjörð. Þessir skólar eru sambærilegir að rekstrarformi, stærð og námsframboði. Valdir eru háskólar á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum sem almennt eru taldir, í hinum ýmsu úttektum, meðal 100 bestu háskóla í heimi. Með leyfi forseta, segir svo:

„Við slíka röðun eru mikilvægustu mælikvarðarnir birtingar á rannsóknarniðurstöðum í viðurkenndum alþjóðlegum ISI-tímaritum, fjöldi greina í tímaritunum Nature og Science, vísindaverðlaun til kennara og nemenda, áhrif af rannsóknarniðurstöðum vísindamanna, fjöldi erlendra nemenda, fjöldi erlendra kennara og mat virtra fræðimanna á háskólunum. Enn fremur er tekið mið af þáttum á borð við fjölda nemenda á hvern kennara og árangri nemenda eftir brautskráningu." — Ég nefndi áðan að fjöldi nemenda á hvern kennara er 21 við Háskóla Íslands en meðaltalshlutfall er 15 eða 16 nemendur á kennara í fremstu skólum heimsins.

En við höfum alla burði til að koma Háskóla Íslands eða íslensku háskólunum í hóp bestu háskóla í heimi. Það er engin spurning. Við erum með frábæra kennara. Það þarf hins vegar að einfalda mjög innviði skólanna.

Ég held að skoða eigi vandlega, þegar við erum búin að sameina Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, sem ég held að verði gert, tel ég að við eigum að skoða hvort gera eigi skólann að sjálfseignarstofnun. Ég held að með því að gera sameinaðan háskóla að sjálfseignarstofnun verði stofnunin öflugri þar sem innra stjórnkerfi mundi einfaldast verulega og hinn nýi skóli mundi njóta hins besta úr einkarekstrarfyrirkomulagi sem sjálfseignarstofnanir ná vel yfir eins og við ræddum um í sambandi við Ríkisútvarpið. Ég held það gæti orðið farsælt að skoða vandlega að gera Háskóla Íslands að sjálfseignarstofnun. Hann fengi meira sjálfstæði, yrði öflugri og dýnamískari, stjórnkerfið einfald-

ara og innviðirnir nútímalegri og betri. Þannig held ég að við gætum náð afburðaárangri, þeim árangri sem við þurfum að ná með rannsóknaháskólum okkar eigi hann að komast í hóp hinna bestu.

Ég vildi líka nefna eitt, virðulegi forseti, sem mér þykir athyglisvert, sem dregur fram hve langt hin íslensku fjárlög, fjáraukalög og þær pólitísku áherslur sem við hljótum að lesa út úr fjárlögum, hve óralangt íslensku háskólarnir eru frá markmiðum sínum. En hér segir, með leyfi forseta:

„Til að vinna að því langtímamarkmiði að verða meðal 100 bestu háskóla heims hefur Háskóli Íslands sett sér stefnu fyrir tímabilið 2006–2011. Hún felur í sér að stórefla doktorsnám við skólann, fjölga birtingum greina í virtum alþjóðlegum fræðiritum, laða að hæfustu nemendur og kennara, efla samstarf við virta erlenda háskóla, treysta tengslin við íslenskt atvinnulíf, styrkja stjórnkerfi skólans og bæta stoðþjónustu. Stefnan miðar að því að ná þremur aðalmarkmiðum ásamt tilheyrandi undirmarkmiðum. Stefnan felur jafnframt í sér aðgerðaáætlun."

Aðalmarkmiðin eru, með leyfi forseta:

„1. Framúrskarandi rannsóknir. Háskóli Íslands ætlar að efla hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Til þess þarf að stórefla doktorsnám og auka samstarf við aðra háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki.

2. Framúrskarandi kennsla. Háskóli Íslands þjónar samfélaginu og þörfum þess fyrir menntun á heimsmælikvarða með því að veita nemendum framúrskarandi kennslu í nánum tengslum við rannsóknastarf skólans.

3. Framúrskarandi stjórnun og stoðþjónusta. Háskóli Íslands ætlar að styðja vel við rannsóknir og kennslu með skilvirku stjórnkerfi, góðri stoðþjónustu og öflugu gæðakerfi."

Þessu er síðan fylgt eftir í hinu vandaða plaggi um stefnu Háskóla Íslands og markmiðin til ársins 2011, þegar Háskóli Íslands, flaggskip okkar Íslendingar í menntun og fræðum, verður 100 ára gamall. Þá eru 100 ár frá að þessi fátæka, unga og litla þjóð réðst í það stórvirki að stofna háskóla. Ég held að enginn deili um að alvöruháskóli, rannsóknaháskóli sem stendur að öflugu námi og rannsóknum, ekki síst í íslenskum fræðum, er undirstaða sjálfstæðrar og frjálsrar en fámennrar þjóðar.

Við hljótum að velta því yfir okkur þegar háskólinn er að verða 100 ára gamall, en á morgun fögnum fullveldi þjóðarinnar, hvert við stefnum með skólana okkar. Við höfum að mörgu leyti náð góðum árangri með íslenska skóla á síðustu 100 árum, afburðaárangri. Skólarnir hafa gjörbreyst. En samt stöndum við langt að baki þeim þjóðum sem hafa unnið sig upp úr sömu örbirgð. Margar þeirra hafa náð betri árangri á sama tíma, þjóðir sem reiða sig oft eingöngu á hugvit, mannafla og þekkingu af því að þær búa ekki við ríkulegar auðlindir eins og við Íslendingar. Við búum að fisknum í sjónum, fallvötnum okkar, háhita í jörð og mörgum öðrum auðlindum. Olía og fiskur eru auðlindir Norðmanna, járnnámur í Svíþjóð o.s.frv.

Þjóðir eins og Danmörk og Finnland reiða sig meira á menntaðan, upplýstan mannafla og jöfnuð í samfélaginu. Þessar þjóðir gæta að því að ekki myndist hyldýpisgjá milli stétta og hópa í þjóðfélaginu eins og þróast hefur hjá Íslendingum á síðustu tíu árum. Það á að vera rauður þráður í gegnum umræðuna um fjárlagagerð íslenska ríkisins, hvort sem er í umræðum um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 eða frumvarpið til fjárlaga fyrir árið 2007, að mest hefur dregið úr skattbyrði þeirra sem hæstar hafa tekjurnar. Skattbyrði þeirra hefur helmingast, farið úr 35% í 15,8 á meðan mesta aukning skattbyrðar hefur orðið í tekjulægstu hópunum. Þar hefur hún í mörgum tilfellum margfaldast. Þetta er algert grundvallaratriði.

Það er forgangsverkefni að breyta þessu og leiðrétta kjör fátækra Íslendinga, kjör þeirra sem lifa á lífeyrisbótunum strípuðum. Leiðrétta kjör eldri borgara og öryrkja. Síðan eru næstu skref í menntamálum og heilbrigðismálum. Ég hef gert hér menntamálin að sérstöku umtalsefni síðustu klukkustundina eða svo þar sem ég hef fært rök fyrir því og dregið fram með tölulegum staðreyndum, að fjársveltið ógnar gæðum og innra starfi íslensku háskólanna.

Í minni skólum hefur farið fram eftirtektar- og aðdáunarvert uppbyggingarstarf á síðustu árum, t.d. í háskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík, sem eru einkareknir skólar. Þeir hafa staðið sig afskaplega vel. Aukin samkeppni um íslenska háskólanemendur er að flestu leyti af hinu góða.

En við erum líka að keppa við erlenda skóla. Við erum að keppa við erlenda rannsóknaháskóla í fremstu röð um bestu og öflugustu nemendurna og þar erum við að mínu mati að gefa eilítið eftir eða a.m.k. eru uppi vísbendingar um að ekki sé pólitískur vilji fyrir því eða að það sé ekki á pólitískri verkefnaskrá ríkisstjórnar hægri flokkanna tveggja að ráðast í neins konar fjárfestingarátak í menntun. Þeir eru á harðahlaupum að elta uppi þróunina sem á sér stað eiginlega fyrir framan nefið á þeim og án þeirra aðkomu, má segja. Fullorðið fólk, fólk á aldrinum 30–50 ára fer nú aftur í skólana út um allan hinn vestræna heim, til Norðurlandanna, Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna og sækir sér aukna menntun og aukna fræðslu. Það er glæsileg þróun. Það er eins og fyrir 20–30 árum þegar fullorðnir Íslendingar stefndu í öldungadeildir menntaskólanna og fjölbrautaskólanna þegar áfangakerfið kom upp. Guði sé lof, þegar það kom upp fyrir um 30 árum og opnaði nýja menntaleið fyrir fullorðið fólk sem hafði ekki haft aðstæður, tækifæri og efni á því að sækja sér menntun eftir barnaskólann og grunnskólann fyrr en það var orðið fullorðið fólk sem var kannski komið langt með að ala upp börnin sín, var farið að hafa tekjur og gat þá nýtt sér þessi tækifæri.

Nú er þetta að gerast aftur. Nú er fullorðið fólk sem ekki hafði aðstæður til að sækja sér háskólamenntun á sínum tíma að sækja aftur í háskólann út um allan heim. Íslensk stjórnvöld bregðast þannig við að í fyrra var 2.500 umsóknum um vist í háskóla hafnað. Það segir ekki alveg að 2.500 manns hafi ekki fengið inni í neinum háskóla því þetta var eitthvað dreift um o.s.frv. Það er ekki samræmt kerfi yfir þetta en það segir okkur að miklum fjölda Íslendinga er haldið frá því að sækja sér nám af því að stjórnvöld eru svo upptekin af því á fjárlögum hvers árs að elta þetta uppi en samt sem áður tekst þeim ekki að halda betur í við þróunina en svo að framlög á nemanda nú eru lægri en árið 1999 til Háskóla Íslands.

Þannig er staðan í dag, virðulegi forseti, og það er nauðsynlegt að ræða mjög ítarlega slíka þætti árlega í umræðu um fjárlaga- og fjáraukalagagerð. Um hvað erum við að tala? Hvernig samfélagsgerð er að þróast? Samfélagsgerðin hefur þróast með dramatískum hætti síðustu 12 árin en á þeim tíma hefur íslenskt samfélag greinilega gerbreyst hvað varðar jöfnuð og ójöfnuð. Jöfnuður á milli hópa og stétta heyrir í dag sögunni til þar sem ójöfnuðurinn hefur aukist gífurlega. Stærsta verkefni frjálslyndrar jafnaðarmannastjórnar eftir nokkra mánuði verður að sjálfsögðu — og það er risavaxið verkefni — að leiðrétta ójöfnuðinn, jafna kjör fólks eftir því hvernig aðstæður þess eru í lífinu. Fyrsta skrefið í því er að gerbreyta högum þeirra sem lifa af lífeyrisgreiðslum, þ.e. eldri borgara, öryrkja og annarra eins og kom fram í sameiginlegri tillögu stjórnarandstöðunnar fyrir nokkrum dögum en þá kaus ríkisstjórnarmeirihlutinn með rauða takkanum frá sér það sögulega tækifæri að stíga eitt lítið skref í áttina að því að minnka ójöfnuð í íslensku samfélagi og auka jöfnuð. Þetta er inntakið í þeirri pólitísku sókn sem við jafnaðarmenn erum að ráðast í núna á næstu mánuðum og við munum sækja fram af fullum krafti, fullri festu og til sigurs núna fyrir 12. maí í vor. Næstu sex mánuðina verður að eiga sér stað hvöss og gagnrýnin umræða um grundvallargildin í íslensku samfélagi. Þetta er þróunin síðustu 12 árin en hvernig viljum við að þróunin verði næstu 12 árin ræðst í vor vegna þess að með ríkisstjórnarskiptunum þá verður að sjálfsögðu ekki tjaldað til einnar nætur heldur kemur þar vonandi ríkisstjórn sem sitja mun lengi og hafa tíma og tækifæri til að snúa þróuninni við og hverfa af þessari ömurlegu braut ójafnaðar og misskiptingar og í átt að því að jafna verulega kjörin, lækka fjöllin og hækka dalina. Út á það á sókn okkar jafnaðarmanna að ganga í vor.

Ég hef farið töluvert yfir stöðu Háskóla Íslands og hve gríðarlega hin háleitu markmið Háskóla Íslands um að komast í hóp hinna 100 bestu háskóla eru á skjön við veruleikann. Það er himinn og haf á milli þeirra fjármuna sem nú er varið til Háskóla Íslands á fjárlögum ríkisins og þeirra metnaðarfullu markmiða sem skólinn og menntamálaráðherra lýðveldisins — þó að erfitt sé að trúa því að menntamálaráðherra hafi haft nokkra einustu aðkomu að málinu miðað við hve dapurlega, að ég segi ekki grátlega ráðherrann hefur komið að rekstri Háskóla Íslands þar sem skólinn hefur verið að heyja harða varnarbaráttu, ég tala ekki um Háskólann á Akureyri en þar þurfti að leggja niður tvær deildir í fyrra bara til að halda sjó. Nei, íslenski menntamálaráðherrann lætur hafa það eftir sér að hann sé þátttakandi í því að íslenski háskólinn eigi að komast í hóp hinna hundrað bestu í heiminum. Það er ekkert annað en skrum, virðulegi forseti, það er pólitískt orðagjálfur sem er ekkert að marka og um þetta munum við að sjálfsögðu kjósa í vor. Stórbrotið fjárfestingarátak í menntun, meira fé til menntamála, við eigum að fara finnsku leiðina, við eigum að fjárfesta á öllum skólastigum.

Mér hefur orðið tíðrætt um háskólastigið og Háskóla Íslands af því að þar brennur eldurinn kannski hvað heitast núna. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson fjallaði ítarlega um hið handónýta reiknilíkan sem er notað í framhaldsskólanum. Það virkar sem skiptilíkan á fyrir fram ákveðna upphæð sem er úr tengslum við raunveruleikann og er notað til að hagræða, til að skera niður í rekstri framhaldsskólanna, til að mæta stærstu árgöngum Íslandssögunnar sem komu inn í framhaldsskólana í fyrra og núna, þá átti einfaldlega að skera eitt ár niður af framhaldskólunum.

Menntamálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa gert þrjár atlögur, þrjú áhlaup á íslenska framhaldsskólann, sem alltaf hefur verið hrundið sem betur fer, með skerðingareða styttingartillögum sínum sem endað hafa í ruslakörfunni hér eftir hvert þing, enda illa ígrundaðar og vondar tillögur. En í hvert einasta skipti hefur menntamálaráðherra ætlað að berja þær og þvinga í gegn en sem betur fer hefur m.a. menntasamfélagið komið í veg fyrir það og stjórnarandstaðan í þinginu og margir, margir aðrir.

Um leikskólann og grunnskólann þarf að sjálfsögðu að fjalla mjög ítarlega í hinni pólitísku umræðu. Sveitarfélögin hafa með rekstur þeirra að gera. Þau hafa að mjög mörgu leyti staðið sig frábærlega vel við að umbylta innri og ytri gerð þessara tveggja skólastiga. Leikskólinn hefur þróast mjög hratt og vel. Það er búið að byggja yfir grunnskólann eins og hann leggur sig, það er búið að einsetja grunnskólann síðan sveitarfélögin tóku við honum. Það er hins vegar hægt að færa rök fyrir því að sveitarfélögunum hafi verið ansi naumt skammtað, það þurfi að jafna og koma á réttlátri tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga þar sem sveitarfélögin, mörg hver, berjast í bökkum. Skuldir sveitarfélaganna hafa aukist á síðustu árum úr 122 milljörðum í lok ársins 2003 í 136 milljarða í lok síðasta árs og hafa skuldir sveitarsjóða á hvern íbúa aukist úr 422 þús. í 455 þús. Afkoma sveitarfélaganna er því afskaplega breytileg, aðallega eftir stærð þeirra, og mörg þeirra eiga í verulegum erfiðleikum. Á síðasta ári skiluðu 60 sveitarfélög jákvæðri afkomu sem nam 6,4 milljörðum á meðan 37 sveitarfélög voru rekin með halla upp á einn og hálfan milljarð. Ef 48 þúsund manns eða 16% íslensku þjóðarinnar búa í sveitarfélögum sem standa ekki einu sinni undir rekstri hvað þá auknum fjárfestingum í framfaramálum eins og gjaldfríum leikskóla, sem er nokkuð þverpólitísk sátt um allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins að ráðist verði í, þá kallar það á endurskoðun á tekjustofnum og tekjuskiptin milli ríkis og sveitarfélaga. Það er ekki hægt að hverfa frá umræðu um fjáraukalög eða fjárlög nema rýrt hlutskipti sveitarfélaganna sé nefnt og það hve illa ríkisstjórn hægri flokkanna hefur komið fram við sveitarfélögin á síðasta ári og ekki síst þau 12 ár sem R-listinn var við völd í Reykjavíkurborg. Reykjavíkurlistinn stóð sig frábærlega vel og umbylti félagslegri þjónustu í borginni, byggði upp leikskólana, byggði upp grunnskólana. Minnisvarðar hans eru glæsilegir og hafa gerbreytt öllum infrastrúktúr sveitarfélaganna. Önnur sveitarfélög hafa fylgt í kjölfarið og svo eru mörg sem eru núna að ganga skref í nýjar áttir og bjóða upp á enn þá meiri þjónustu sem tryggir aukinn jöfnuð burt séð frá efnahag fólksins. Þar má nefna hvað Hafnfirðingarnir hafa verið að gera í frístundamálunum. Það eru glæsileg skref og það þarf að koma á móti sveitarfélögunum og tryggja þeim hlutdeild í veltusköttunum til að þau hafi nógu öfluga tekjustofna til að standa undir rekstri og til að ráðast í þau verkefni sem pólitískur meiri hluti á hverjum stað telur að ráðast þurfi í.

Það hefur sérstaklega borið á því í yfirstandandi umræðu um fjárauka- og fjárlög að sveitarfélögin hafa orðið fyrir tekjuskerðingu, t.d. vegna fjölgunar einkahlutafélaga. Þetta hefur rýrt útsvarstekjur þeirra um leið og það eykur tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti, jafnósanngjarnt og það nú er. Þess vegna held ég að það sé svo mikilvægt að gæta að tekjustofnaskiptingunni á milli ríkis og sveitarfélaganna. Nú hafa sveitarstjórnarmenn ítrekað farið fram á leiðréttingu á tekjustofnum í kjölfar þessara breytinga þó þeir hafi ekki enn þá haft, því miður, erindi sem erfiði. Til að draga upp mynd af þessu þá voru einkahlutafélögin 20 þúsund árið 2004 en á einu og hálfu ári, þ.e. um mitt árið 2006 voru þau orðin 25.600. Tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti höfðu aukist úr 9 milljörðum árið 2004 í 21,7 milljarða á síðasta ári. Það sama ár höfðu 6.600 fjölskyldur hærri fjármagnstekjur en launatekjur og 2.200 framteljendur höfðu engar tekjur aðrar en fjármagnstekjur.

Þannig hef ég komið inn á nokkra mjög áríðandi og mikilvæga þætti um stöðuna í stærstu, öflugustu og mikilvægustu málaflokkum okkar og ég mun fara betur yfir það síðar, virðulegi forseti.

[16:43]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við erum hér við lokaumræðu um fjáraukalögin og hefur víða verið komið við. Ég hlýddi síðast á ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar og hún var að mörgu leyti mjög merkileg. Hann fór ákaflega vel yfir menntamálin og ýmislegt í þeim málum og get ég þess vegna nánast algjörlega sleppt því að fjalla um menntamál í ræðu minni. Þeim hafa verið gerð mjög góð skil og ekki ástæða til að taka annan hálftíma í það af minni hálfu. Þar er búið að draga fram þær áherslur sem við þurfum að horfa til varðandi þróun menntamála hér á landi til framtíðar litið og þá stefnumótun og átak sem við munum vissulega þurfa að stefna að.

Það er hins vegar svoleiðis, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan hefur valið sér það sem forgangsmál við fjárlagavinnuna núna í haust að fylgja eftir stefnumótun sinni frá því í upphafi þings í velferðarmálum. Ég ætla í ræðu minni að byrja á að fjalla nokkuð um velferðarmálin í víðu samhengi og gera þeim nokkur skil við 3. umr. fjáraukalaga.

Hægt væri vissulega að leggjast í það að velta sér sérstaklega upp úr fjáraukalagaafgreiðslunni sem slíkri, en þar er líka búið að segja á skilmerkilegan hátt ýmislegt eins og það að sum atriði eigi ekkert endilega heima í fjáraukalögum en eigi að vera í fjárlögunum hverju sinni að því er varðar að ná utan um það sem menn telja að þurfi til til að standa við það að við getum verið með nokkurn veginn fyrirsjáanlegan rekstur á þeim stofnunum sem við ætlum okkur að reka og til að þær stofnanir nái að vinna þau verkefni sem við viljum að þær vinni og skili af sér án þess að það fylgi jafnframt með að stofnanir safni upp skuldum á milli ára sem ættu að okkar viti að vera nokkuð fyrirsjáanlegar.

Það er heldur ekki eðlilegt að við tökum ekki á því að stofnanir geti rekið sig án þess að beinlínis sé hægt að lesa það út úr afgreiðslu fjárlaga að slíkar stofnanir muni vera í fjáraukalögum ársins á eftir fyrir viðkomandi ár og síðan jafnvel að það ekki dugi til þannig að ekki sé tekið á þeim vanda sem til staðar er. Eða þá í annan stað að ríkisstjórnin hafi skýra stefnu um að viðkomandi stofnanir skuli skera niður starfsemi sína eða beita mjög miklu aðhaldi í starfsemi sinni. Forstöðumenn stofnana reyna að leysa verk sín af hendi og vafalaust hafa forstöðumenn og starfsfólk stofnananna sýn á það og stefnu hvert eðlilegt sé að stefna miðað við það sem sagt hefur verið undanfarin ár og þá aðstöðu sem fjárfest hefur verið í.

Áður en ég fer í að ræða almennt um velferðarmálin vil ég nefna eitt atriði sem snýr að svona máli en það er sjúkrahúsið á Akranesi. Mér finnst ástæða til þess, af því að ég lít svo á að sjúkrahúsið á Akranesi hafi verið ákaflega vel rekið á undanförnum árum og hafi að mörgu leyti sýnt framúrskarandi starf bæði í rekstri og þjónustu. Ég minnist þess að hæstv. forseti, sem nú situr í forsetastól, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, veitti sjúkrahússtofnuninni á Akranesi sérstök viðurkenningarverðlaun fyrir árangur í starfi og góða þjónustu. Ég held að allir hafi verið sammála um það þegar þau voru veitt. Stofnunin hefur hins vegar haldið áfram að reyna að bæta þjónustu sína og hefur leyst mörg verk ágætlega af hendi, hefur tekið virkan og öflugan þátt í að reyna að höggva á biðlista, t.d. hvað varðar liðskiptaaðgerðir, aukið afköst sín þar um 70 aðgerðir á þessu ári umfram það sem var. Það hlýtur að hafa dregið úr biðlistum, t.d. í Reykjavík hvað slíkar aðgerðir snertir, og auðvitað kostar það einhverja fjármuni að taka þannig til verka. Þarna erum við að nota aðstöðu og þekkingu sem er til staðar og væntanlega að hjálpast sameiginlega til við að létta á sjúkrahúsunum í Reykjavík við að vinna að aðgerðum er snerta liðskipti og minnka þar af leiðandi og stytta biðlista.

Á sjúkrahúsinu á Akranesi var aðstaða sængurkvenna einnig endurbætt nýlega, eftir því sem ég best veit, og aðstaða til fæðingarhjálpar og hefur fæðingum á þeirri stofnun fjölgað. Starfsemin hefur því aukist og ég hygg að menn hafi verið sammála um að þannig skyldi það gerast. En nú hagar svo til að stofnunin er rekin með halla. Menn komu frá stofnuninni og gerðu okkur grein fyrir því í fjárlaganefnd að þannig væri það og menn yrðu þá að taka afstöðu til þess hvort stofnunin gæti haldið áfram að bæta starfsemi sína eða a.m.k. að veita sömu þjónustu og hún veitir á þessu ári eða hvort stefna eigi að því að draga saman í starfseminni á næsta ári.

Því miður held ég að niðurstaðan sé sú, hæstv. forseti, að allar horfur séu á því að draga þurfi úr starfseminni á næsta ári að óbreyttum fjárveitingum. Held ég þó að aukið hafi verið í og muni koma fram í fjárlögum um 10 millj. kr., ef ég man rétt, og að hallinn sem var tæpar 40 milljónir muni enda í kannski 27 milljónum á næsta ári. Það er líka óásættanleg staða fyrir þá sem reka sjúkrahúsið og einnig fyrir okkur sem fjöllum um slíkar rekstrarhorfur og fjárveitingar, að horfa til þess að vita ekki hvort stofnunin getur haldið áfram að veita þá góðu þjónustu sem hún hefur veitt og hvort stofnunin getur aukið við hana, heldur standa frammi fyrir því nú, þegar komið hefur fram hallarekstur, m.a. vegna aukinna verkefna og aukinnar þjónustu, að stofnunin þurfi aftur að draga saman seglin og minnka starfsemi sem ef til vill mun draga úr þeirri þjónustu sem hefur verið vaxandi, því hún hefur verið aukin og bætt á undanförnum árum. Þetta er auðvitað afar bagalegt.

Víða er þörf í heilbrigðiskerfinu og víða er svo sem verið að veita fjármuni til heilbrigðisstofnana. Ég minni á sjúkrahúsið á Akureyri og Landspítala – háskólasjúkrahús sem fær rúman milljarð í fjáraukanum. Það er svo sem sums staðar verið að bæta í. Þarna er að vísu aðeins bætt í en það dugar engan veginn til þess að hallinn sé tekinn það niður að menn standi ekki frammi fyrir einhvers konar aðhaldi eða niðurskurði. Vonandi tekst nú að lagfæra þá stöðu þannig að sjúkrahúsið geti að minnsta kosti veitt sambærilega þjónustu og það hefur veitt á þessu ári. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að það verði kannski gert í fjárlögum fyrir næsta ár þó að hallinn fari að hluta til yfir áramót. Þetta vildi ég sagt hafa varðandi þetta atriði. Tek þetta svona sem dæmi um stofnun sem ég tel og held að sé vel rekin og ég held að við öll í fjárlaganefnd höfum ekki getað myndað okkur þá skoðun eftir viðtal við forstöðumenn stofnunarinnar og af þeim gögnum sem við fengum, að stofnunin sé illa rekin eða hafi ekki veitt góða þjónustu. Þetta er spurning um aukafjárveitingar eða samdrátt í starfsemi stofnunarinnar. Því verðum við í síðasta lagi að svara við lok afgreiðslu fjárlaganna fyrir næsta ár því að ekki er gert ráð fyrir að lagfæra stöðu stofnunarinnar í fjáraukanum að mínu viti til að stofnunin sjái til þess að hún hafi eðlilegan og góðan rekstur á næsta ári.

Það er náttúrlega leitt þegar stofnanir sem árum saman hafa verið reknar innan fjárlaga en hafa verið að auka þjónustu sína þurfa að draga úr henni. Það verður þá að liggja fyrir einhver stefnumótun um það í heilbrigðisráðuneytinu að þannig eigi það að vera, að menn vilji draga úr hjá viðkomandi stofnun. Ég fæ ekki alveg heim og saman rökin í því, því ég held að full þörf sé á þessum sérstöku þáttum sem sjúkrahúsið á Akranesi hefur verið að bæta sig í, annars vegar í liðskiptaaðgerðum og hins vegar í fæðingarhjálp. Þetta er spurning sem við stöndum frammi fyrir, hæstv. forseti, og eðlilegt að hún sé nefnd í þessari umræðu sem dæmi um að við horfum á vanda sem við ættum að taka á en gerum ekki og færum hann yfir áramót. Það getur þýtt að svo haldi áfram og menn verði jafnvel með þann vanda áfram á næsta ári inni í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar að ég ætlaði að ræða nokkuð um velferðarmálin að þessu sinni við lokaumræðu fjáraukalaganna. Ég hef, hæstv. forseti, og minn flokkur gengið út frá því í okkar pólitísku sýn að við vildum hafa öflugt og gott velferðarkerfi í landinu. Það væri markmið að hafa öflugt og gott velferðarkerfi. Þar af leiðandi hljótum við líka sem stjórnmálaafl að hafa svarað því, þar sem gott velferðarkerfi kostar fjármuni, að vildum tryggja það að velferðarkerfið gæti fengið þá fjármuni að hægt væri að veita góða og eðlilega þjónustu og að þeir sem þurfa á aðstoð að halda í velferðarkerfinu geti fengið hana og lifað af henni mannsæmandi lífi. Þeim spurningum hljótum við að hafa svarað jákvætt og við höfum gert það í Frjálslynda flokknum. Við viljum sem sagt gott og öflugt velferðarkerfi og við viljum sjá fyrir fjármagni til að hægt sé að standa þannig að málum að fólk geti haft eðlilega og góða velferð í lífi sínu og komist af.

Ég hef stundum orðað það svo að velferðarkerfið ætti að vera þannig upp byggt að enginn Íslendingur þyrfti á því að halda að ganga við betlistaf til að komast af og það held ég að sé markmið. Stjórnarandstaðan tók þá merku afstöðu á síðasta hausti að svara þeirri spurningu með jái að tryggingakerfi til framtíðar skuli vera þannig að það veiti fólki mannsæmandi líf.

Í samræmi við það lögðum við á liðnu hausti fram stefnumótun um það hvernig við teldum að þyrfti að stíga fyrsta skrefið varðandi lagfæringu á kjörum eldri borgara og öryrkja. Við lögðum fram sérstakar tillögur í því efni, þ.e. að strax yrði tekist á við verkefnið af þó nokkrum myndugleika 1. janúar næstkomandi. Við lögðum ýmsar tillögur fram sameiginlega fram í hv. Alþingi og við höfum svo fylgt þeim eftir við fjárlagaumræðu næsta árs. Við fluttum ákveðnar tillögur í fjárlögunum við 2. umr. um að auka þyrfti fjárveitingar inn í þessa liði, þ.e. tekjutryggingu aldraða og öryrkja, að draga þyrfti úr skerðingarmörkum, opna frítekjumark upp að 75 þús. kr. o.s.frv., lagfæra vasapeninga, lagfæra greiðslur til fólks á stofnunum og afnema tekjutengingar og síðan að öryrkjar sem yrðu eldri borgarar við 67 ára aldur héldu sérstakri örorkuuppbót. Þetta var meginefni tillagna stjórnarandstöðunnar og er í samræmi við það sem ég sagði áðan, þ.e. að við viljum stefna til þess að þeir sem þurfa á því að halda að fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, hvort sem það eru eldri borgarar eða öryrkjar, komist af á tekjum sínum og til framtíðar verði síðan gert sérstakt átak í því að meta hvað einstakir lífeyrisþegar þurfa til framfærslu, þ.e. einhleypir, hjón, öryrkjar með mismunandi stöðu o.s.frv. Til framtíðar viljum við í stjórnarandstöðuflokkunum svara því að þangað viljum við stefna þegar þessari endurskipulagningu verður lokið — það getur auðvitað tekið einhver ár — þannig að allir sem ekki eiga möguleika á að afla sér tekna eða eiga tekjur annars staðar að úr þjóðfélaginu, t.d. í lífeyrissjóðum, séreignasjóðum eða fjármagnstekjur, geti komist af í kerfinu. Við höfum út af fyrir sig ekki sagt í stefnumótun okkar að við ætlum að fella niður allar tekjutengingar. En við höfum sagt: Tekjutengingarnar eins og þær eru í dag eru óeðlilegar. Þær eru 45%, þ.e. skerðingarreglurnar hjá Tryggingastofnun og við höfum lagt til í fyrsta skrefi að þær færu strax niður í 35%. Við höfum svo sem ekki tekið nákvæma afstöðu um hvaða skref við viljum stíga næst. En við höfum þó lýst því í greinargerð með tillögum okkar að það þyrfti að skoða sérstaklega lífeyristekjur fólks einnig með tilliti til þess að lífeyristekjur skertu ekki tryggingabætur. Við höfum einnig bent á að við slíka útfærslu til framtíðar væri mjög eðlilegt að útfæra það með þeim hætti að skerðingar væru ekki jafnbrattar og þær eru í dag, kæmu nánast að lífeyrisþegum á einhverri ákveðinni krónutölu og þar með hæfist skerðing upp á 45% eða 35% heldur væri hægt að útbúa regluna þannig að þegar skerðing ætti að koma til samkvæmt þeirri samsetningu sem menn vildu hafa þá hæfist hún á miklu lægri prósentutölu en 35 eða 45 eins og nú gildir. Við höfum bent á að þetta mætti taka í þrepum þegar lífeyrir eða atvinnutekjur væru orðnar yfir eitthvert ákveðið mark og þá kæmi skerðingin inn sem kannski 9% á tekur yfir 60 þúsund eða 70 þúsund eða 50 þúsund eða hvaða tölu sem menn setja þar inn og síðan kannski 18% á næstu 10 þús. kr. þar á eftir. Það væri þá ekki fyrr en menn væru komnir verulega upp í tekjum sem skerðingarnar væru farnar að ná þeim tölum sem hafa verið í gildi hér á landi á und-

anförnum árum.

Ég ætla ekki að rekja sögu tryggingakerfisins að þessu leyti. En hægt er að minna á að ekki eru mörg ár síðan skerðingarreglan var 67% í tryggingakerfinu. En þá var að vísu ákveðið frítekjumark. Það var svo fellt út og settur inn tekjutryggingarauki og sérstök heimilisuppbót í staðinn og út á þá framsetningu hafa menn haldið því fram að það væri sérstakt frítekjumark gagnvart tekjutryggingunni, þ.e. vegna þess að það þyrfti ákveðnar tekjur þegar menn væru búnir að eyða með skerðingarreglunni og komnir að tekjutryggingunni. Það er auðvitað hægt að kalla það frítekjumark á undan tekjutryggingu þegar búið er að eyða heimilisuppbót og sérstakri tekjutryggingu. En ég held að eldri borgurum og öryrkjum sem fá þessar samsettu lágmarksbætur Tryggingastofnunar finnist það ekki neitt sérstakt frítekjumark þegar þeir horfa fyrst á heimilisuppbótina hverfa og síðan á sérstöku tekjutrygginguna. Ég hef því aldrei skilið þessa röksemd sem hefur oft verið flutt af stjórnarliðum um sérstakt frítekjumark í tryggingakerfinu eins og það er, en því hefur stundum verið haldið fram að það væri þannig.

Hæstv. forseti. Tryggingakerfið er geysilega flókið og er í raun allt of flókið. Það stefnir vonandi í að við einföldum það með því að steypa saman tryggingaflokkum sem heita tekjutrygging og sérstök tekjutrygging eða tekjutryggingarauki í einn flokk sem heitir ný tekjutrygging. Í sumar var samið um sérstaka greiðslu til viðbótar fyrir þá sem lægstar hafa bæturnar upp á 15 þús. kr. og hefur það síðan verið fimmti bótaflokkurinn, þ.e. sérgreiðsla samkvæmt samkomulagi frá því í júlí, held ég hafi verið. En það fellur niður um næstu áramót þannig að eldri borgarar munu upplifa það að bótaflokkarnir í tryggingakerfinu verða þrír. Þeir verða gamli ellilífeyririnn sem núna er 24 þús. kr., hin nýja tekjutrygging sem við erum hér að leggja til að verði 85 þús. kr. í okkar tillögum og 86 þús. fyrir öryrkja, en ríkisstjórnin felldi þá tillögu við 2. umr. fjárlaganna. Þar af leiðandi, ef þeir ætla að halda sér við þá afstöðu við afgreiðslu fjárlaganna, mun þessi upphæð ekki verða 85 þús. heldur 78 þús. og einhverjar krónur eins og ríkisstjórnin hefur lagt til í sínum tillögupakka.

Við höfum lagt til 75 þús. kr. frítekjumark og að vasapeningar hækki um 50% eða um 11 þús. kr. rúmar og verði tæplega 34 þús. kr. Síðan var ég búinn að nefna aðrar tillögur sem ekki eru beinlínis krónutölutengdar, til dæmis niðurfellingu miðað við tekjur maka en það er auðvitað mjög breytilegt eftir því hvernig tekjuskiptingin er annars vegar milli lífeyrisþegans og hins vegar makans eða hvort báðir eru lífeyrisþegar eða makinn með háar eða lágar tekjur o.s.frv. Þetta kerfi er allt mjög flókið og ekki er undarlegt þó að eldri borgarar og öryrkjar eigi erfitt með að átta sig á útfærslu þessa kerfis. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að taka þetta kerfi til gagngerrar endurskoðunar og lagfæra og við teljum enga ástæðu til þess að bíða eftir því að stíga fyrstu markverðu skrefin. Þess vegna höfum við einmitt lagt til að þetta verði gert núna um áramót. Ég sagði áðan: Við viljum öflugt og gott velferðarkerfi og við vitum að gott velferðarkerfi kostar fjármuni. Stjórnarandstaðan er tilbúin að leggja þá fjármuni inn í þetta kerfi til þess að fólk geti lifað af því. Þess vegna höfum við lagt þetta til og það mun kosta ríkissjóðinn okkar 7,4 milljarða á næsta ári að uppfylla þessa tillögu. Við höfum einfaldlega sagt já við því. Þannig á það að vera. Sú er forgangsröðun stjórnarandstöðunnar í velferðarmálum að við göngum til þess leiks að taka 7,4 milljarða til viðbótar til að tryggja betri afkomu fólks sem þarf að lifa af lífeyrisbótum. Það er auðvitað sérstök stefnumótun í velferðarmálum og velferðarkerfinu og við gerum okkur vissulega grein fyrir því að þó að nokkuð vel ári hjá ríkissjóði nú meðal annars vegna þess að ríkissjóður hefur fengið það sem ég vil kalla mikið af eyðslufé í sína sjóði, þ.e. fé sem rennur inn í ríkissjóð vegna þess að eyðslan í þjóðfélaginu er mikil og spennan mikil, þá getum við engan veginn gert ráð fyrir því til framtíðar, hæstv. forseti, að þannig verði það um aldur og ævi. Þess vegna getum við á komandi árum þurft að fást við það að skattkerfið okkar þarf að bera uppi þann kostnaðarauka sem við leggjum til og við gerum okkur fyllilega grein fyrir því.

Hæstv. forseti. Ég hef sagt það í ræðu og riti og get endurtekið það hér að ef við sem höfum það gott og erum með miklar tekjur þurfum að greiða hærri skatta til að halda uppi eðlilegu velferðarkerfi og því velferðarkerfi sem við viljum sjá og stefna að þá segi ég bara já við því. Það er ekki flóknara en það. Ef það þarf hærri skatta til að hafa hér eðlilegt og gott velferðarkerfi þá hljótum við sem leggjum til breytingar að segja já við því ef það er nauðsynlegt. Hins vegar velur sér auðvitað hver ríkisstjórn á sínum tíma sín forgangsatriði og það er misjafnt hvernig menn leggja upp stefnu sína varðandi það hvernig þeir vilja ráðstafa fjármunum. Það er líka misjafnt hvernig ríkisstjórnir og stjórnmálaflokkar leggja upp sínar skattastefnur. Í því sambandi langar mig, hæstv. forseti, að víkja að því að alla vega við í Frjálslynda flokknum lögðum það til fyrir síðustu alþingiskosningar, miðað við að til væru þeir 16 milljarðar sem þá var veifað af ríkisstjórnarflokkunum sem væri auðvelt að nota til skattalækkana hjá launþegum, þ.e. ef þeir væru til og í hendi þá lögðum við til að þessir 16 milljarðar yrðu notaðir til að hækka persónuafsláttinn því það væri sú aðferð við skattalækkanir sem við vildum stefna til vegna þess að við töldum og teljum enn að það leiði til aukins jöfnuðar í þjóðfélaginu og lagi stöðu þeirra sem minna bera úr býtum og þar með eldri borgara og öryrkja og annars fólks sem hefur minni tekjur. Það hefði sem sagt híft upp betur rauntekjur þessara hópa heldur en skattastefna ríkisstjórnarinnar og forgangsröðunin í henni.

En við höfum ekki ráðið stefnunni í skattamálum. Það hefur ríkisstjórnin gert og hún hefur valið allt aðrar áherslur. Fyrsta áhersla ríkisstjórnarinnar var sú að velja það að leggja algerlega niður hátekjuskatt, bara leggja hann algerlega niður. Nú geta menn deilt um það hvort hátekjuskattur eigi að vera 7%, 5% eða einhver önnur tala og menn geta líka deilt um það hvort það séu hátekjur að vera með 400 þús. kr. á mánuði, 500 þús. kr. eða 600 þús. kr. En stefnumótun ríkisstjórnarinnar um að setja þetta í forgang og fella niður hátekjuskattsþrepin í áföngum á nokkrum árum er auðvitað stefnumótun um að þeir sem hafa hæstu tekjurnar í þjóðfélaginu eigi að borga minna eftir skattbreytingarinnar heldur en áður var — svo einfalt er það — því að lágtekjufólkið var ekki að borga hátekjuskatt. Þetta gera menn á sama tíma og misvægið eykst í þjóðfélaginu og það dregur í sundur, þ.e. hér verða til mikil hálaunastörf og launa-

þróun hjá fólki sem hefur sjálftöku í launum gengur í allt aðra hátt en hinna sem eru á almennum vinnumarkaði. Það hefði varla skaðað milljónkrónumanninn þó hann hefði borgað 5% hátekjuskatt. Það hefði varla sett hann á hliðina. Ef það hefði hins vegar orðið til þess að við efldum velferðarkerfið frekar þá hefði ég sagt já við því, þ.e. ef spurningin snerist eingöngu um þann valkost.

Næsta skref ríkisstjórnarinnar var að fara í flata prósentulækkun í skatti í stað þess að fara persónuafsláttarleiðina og það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar allt þetta kjörtímabil. ASÍ knúði hins vegar ríkisstjórnina til að breyta 1% af þessum 4% sem hún ætlaði að lækka skattana með niður í það að færa það 1% og fjármuni sem þar voru yfir í það að hækka persónuafsláttinn og þar með skattleysismörkin. Það mun sennilega duga til þess að skattleysismörkin fara á næsta ári úr 78–79 þús. kr. sem þau eru í dag rétt upp fyrir 90 þús. kr. Um það munar fyrir þá sem eru með 110–130 þús kr. í tekjur eða þaðan af minna. Það munar um það. Það hefði verið ákaflega auðvelt hæstv. forseti að marka þá stefnu á sínum tíma, úr því að svona miklir fjármunir voru til, 16 milljarðar til að setja í lækkun tekjuskattanna, þ.e. að fara þá leið að setja meiri hluta þess inn í persónuafsláttinn og þar með koma skattleysismörkunum yfir 100 þús. kr. og meira að segja þó nokkuð yfir þær. En það var ekki gert vegna þess að það er jú ríkisstjórnin sem ræður för og keyrir fram sína stefnu.

Þó að þess sé einstöku sinnum saknað, m.a. síðast í umræðu um fjárlögin við 2. umr., að stjórnarandstaðan hafi flutt fáar tillögur til breytinga þá var það nú samt svo, hæstv. forseti, að á síðasta ári fluttum við 42 tillögur og þær voru allar felldar, hver einasta. Núna fluttum við þrjár og þær voru felldar en þær sneru eingöngu að velferðarmálum sem ég hef gert að meginefni í ræðu minni.

Hæstv. forseti. Það hefur verið venja við afgreiðslu fjárlaga og stefnumótun ríkisstjórnar á undanförnum árum, að ekki hefur verið tekið mikið tillit til tillagna stjórnarandstöðunnar hvort sem það hefur verið í velferðarmálum, skattamálum eða öðrum málum. Þess vegna þarf viðhorfsbreytingu við stjórn landsins ef vera á breyting á þeirri stefnu. Þá viðhorfsbreytingu er sennilega eingöngu hægt að knýja fram með því að fólk kjósi öðruvísi í næstu kosningum í maí í vor en það hefur gert undanfarin ár og felli þá sem hafa setið við völd á undanförnum árum. Mér virðist, hæstv. forseti, að þannig þurfi hlutirnir að ganga fram og vænti þess að kjósendur fari að velta því fyrir sér í alvöru með hvaða hætti þeir ætla að ná fram breyttum áherslum við stefnumótun, m.a. í velferðar- og skattamálum hér á landi.

Hæstv. forseti. Við viljum vissulega gera margt í þjóðfélagi okkar en við höfum misjafna sýn á hvað við viljum setja í forgang og þannig er það. Við í Frjálslynda flokknum höfum þá sýn t.d. að við viljum gott og öruggt samgöngukerfi. Það greinir sjálfsagt enga þingmenn á um að vilja það en menn hafa þó mismunandi sýn á það hvað teljist helst til bóta við samgöngubætur. Þá er ég að tala um það sem ég kalla varanlegar samgöngubætur sem duga okkur til markverðra áfanga inn í framtíðina, bæði í því að stytta vegalengdir milli svæða og landshluta og einnig til að auka umferðaröryggi. Þá hljótum við að spyrja okkur, hv. þingmenn: Hver hefur reynslan verið? Hvað er það sem hefur verið að færa okkur aukið öryggi í umferðinni á undanförnum árum? Hvað er það sem hefur verið að stytta flutningstíma eða ferðatíma fólks um landið og um leið veitt fólki aukið öryggi?

Við í Frjálslynda flokknum höfum svarað því á ákveðinn hátt. Við höfum búið til ályktun um það sem við höfum flutt í hv. þingi að við teldum að til framtíðar ætti að horfa til þess að fara undir þau fjöll sem við þurfum að fara undir, þar sem erfiðustu fjallvegirnir eru, í stað þess að vera að gera vegi yfir fjöll. Við höfum einnig svarað því að stytta ætti vegalengdir þar sem mögulegt er, m.a. með því að fara yfir firði þar sem því yrði við komið, enda eðlilega þá staðið að vegagerð og öðru slíku með tilliti til náttúrunnar en ekki að lengja leiðir, t.d. með því að teygja sig fyrir fjarðarbotna og fara yfir fjöll og hálsa.

Við höfum sagt að hægt sé að auka mikið umferðaröryggi með því að gera verulegar endurbætur á gatnakerfi, m.a. út frá Reykjavík og höfum minnst á Sundabraut í því sambandi. Við bentum á Reykjanesbraut á sínum tíma sem núna hillir undir að verði með tvær akreinar í hvora átt og aðskildar akstursleiðir. Við höfum bent á Vesturlandsveg og Suðurlandsveg en þetta eru þær tvær leiðir sem mestur umferðarþunginn er á.

Ég held að þingmenn greini ekkert endilega á um þetta en það spurning um hvernig menn vilja raða þessu upp í forgangsröð. Ég get sagt það fyrir mína parta að ég vil frekar keyra eitt ár á malarkafla og fá varanlega lausn en að fara einhverja leið sem dugar ekki til þess að veita það umferðaröryggi eða samgönguöryggi sem sóst er eftir. Við getum bara velt þessu upp með nokkrum dæmum.

Hvalfjarðargöng. Ég hygg að ekkert dauðaslys hafi verið í Hvalfjarðargöngum. Ég hygg líka að áður en þau komu hafi það verið árvisst að fólk dó í umferð í Hvalfirði, við að aka fyrir Hvalfjörð.

Vestfjarðagöng. Sama sagan þar, ekkert slys, sem betur fer, sem telst alvarlegt eða dauðaslys. Meðan við þurftum að fara yfir fjöllin dó fólk við að komast þær leiðir.

Ég held að við verðum að horfa á þessi atriði, hæstv. forseti, en þau kosta fjármuni og þau kosta að við setjum fjármunina á ákveðna stefnu og að saman fari stefnumótun okkar varðandi fjárlög og fjáraukalög hvers árs og hvert við viljum stefna.

Í tillögu Frjálslynda flokksins er talað um að við þurfum að gera sennilega ein 14 jarðgöng til viðbótar á Íslandi til að koma öllum leiðum sem núna eru yfir fjallvegi á láglendisvegi undir 200 metra hæð yfir sjó og ná þar með fram miklu umferðaröryggi og mikilli styttingu veganna. Ef það kostar 700 milljónir að gera hvern kílómetra í jarðgöngum og ef kílómetrarnir eru um 60 þá eru það 42 milljarðar sem þarf í slíka áætlun. Þá er spurning: Hvað ætla menn að gera þetta á mörgum árum og hvað þarf að tryggja mikla forgangsröðun fjármuna í það? Þetta held ég að menn eigi að gera og vonandi verður tekist á við það í nýrri samgönguáætlun að svara svona grundvallarspurningum varðandi stefnumótun okkar til framtíðar. Það getur ekki verið, hæstv. forseti, að við Íslendingar þurfum alltaf að finna upp hjólið. Nánast allar þjóðir sem búa í fjöllóttu landslagi — og nægir þá að nefna þá sem næstir okkur eru, Færeyinga,

Norðmenn — hafa leyst samgöngur sínar með því að gera jarðgöng, og þannig er það auðvitað víða annars staðar í fjöllóttu landslagi. Það er sú aðferð sem hefur dugað til til að leysa samgöngubætur þjóðvegakerfisins.

Ég hvet því til þess, hæstv. forseti, að til framtíðar horfum við til þess og stýrum saman fjárlögum og fjáraukalögum hvers árs miðað við það hvaða markverðar framkvæmdir og raunhæfar umbætur út frá öryggisþætti og umferðarþætti við viljum gera í samgöngumálum og tengjum saman fjárlög og fjárlagagerð og samgönguáætlanir að þessu leyti.

Það hefur verið svo á undanförnum árum, hæstv. forseti, að í fjárlögum, sérstaklega á kosningaári, hafa stundum verið markaðar miklar tekjur til að setja í samgöngubætur. Það hefur hins vegar verið þannig að þegar frá kosningaárinu líður hefur dregið úr fjárveitingunum og hægt á framkvæmdum. Síðan er aftur gefið í á næsta kosningaári. Þetta eru ekki mjög markviss vinnubrögð, hæstv. forseti, og þau þarfnast endurskoðunar við og menn eiga að ræða þá stöðu eins og hún er.

Það er kannski tvennt, hæstv. forseti, tvö stutt dæmi sem ég vil ræða um varðandi fjárlög og samgöngur, sem eru nokkuð nálægt okkur í tíma. Reyndar er annað dæmið þannig að það er skollið á og veldur því að samgöngur eru ekki eðlilegar og það er ferjuhöfnin á Brjánslæk. Keypt var ný ferja til að sigla yfir Breiðafjörð sem var mun stærra skip en það sem fyrir var. Það þarf öðruvísi aðstöðu eða aukna aðstöðu á höfninni á Brjánslæk til að komast þar upp að í flestum eðlilegum veðrum. Þetta sáu menn nánast strax og skipið fór að sigla frá Stykkishólmi til Brjánslækjar. En þetta eru þær vetrarsamgöngur, stundum þær einu sem fólkið í Vesturbyggð og á Tálknafirði þarf að búa við til að komast inn á suðvesturhorn landsins, því að fjallvegurinn sem lagður var yfir Kletthváls er náttúrlega háður þeim náttúrutakmörkunum sem þar hafa verið í þúsund ár og breyttust ekkert við nýjan veg. Þar gerir alltaf vitlaust veður þegar gerir vont veður og alveg sérstakur forgangur að það verður alltaf snælduvitlaust veður á Kletthálsi, hvort sem hann blæs að norðaustan, austan eða sunnan og suðvestan. Þannig er það bara og þetta vissu menn auðvitað fyrir og hefði átt að fara undir Kletthálsinn einum hjalla neðar og fara þar með göng í gegn frekar en að gera þann veg sem gerður var, því að hann veitir ekki það umferðaröryggi sem sóst var eftir. Þetta var mönnum bent á, m.a. af þeim sem hér stendur sem flutti um þetta sérstakar tillögur hér á þingi og ræddi um þetta við vegagerðamenn þegar að þessu var stefnt. Því miður var ekki hlustað á þetta og ekki var heldur hlustað á heimamenn sem þekktu þetta svæði og þennan fjallveg. Þess vegna sitja menn enn þá uppi með það að í vondum veðrum, á splunkunýjum uppbyggðum vegi yfir Kletthváls er hann kolófær, oft með fyrstu vegum sem verður ófær. Þetta áttu allir að geta vitað. Þannig er nú það, hæstv. forseti.

Núna sitjum við sem sagt uppi með það að ferjuhöfnin á Brjánslæk getur ekki tekið við þessu skipi með fullkomnu öryggi þegar eitthvað er að veðri vegna þess að skipið er stærra en fyrra skip og höfnin hefur ekkert breyst. Vinda þarf bráðan bug að því, hæstv. forseti, að lagfæra höfnina ef fullt gagn á að verða að þeim samgöngum sem fást með ferjusiglingum yfir Breiðafjörð. Fólk þarf auðvitað að geta treyst á þetta að vetrarlagi í flestöllum veðrum þó að komi stundum þannig veður að ekki sé hundi út sigandi hvað þá heldur fólki. Þá ferðast menn náttúrlega ekki hvort sem er á bílum eða skipum. En að öllu öðru leyti þarf þetta að vera þannig að menn geti treyst á samgöngurnar.

Á þessu þarf að taka, hæstv. forseti, og væntanlega og vonandi verður það gert því að nú er einmitt komin upp sú staða sem m.a. sá sem hér stendur varaði við á fjórðungsþingi Vestfirðinga í haust, að ef ekkert yrði að gert mundi það gerast í fyrstu veðrum að siglingar féllu niður. Hver maður sæi það í hendi sinni sem væri búinn að reyna kannski einu sinni, tvisvar að komast norður yfir Breiðafjörð og væri snúið við rétt við hafnargarðinn vegna þess að þar væri ekki fært að, að menn legðu ekki oft í slíkar ferðir. Það er engin sérstök skemmtisigling að sigla yfir Breiðafjörð í vondum veðrum og menn sækjast ekkert sérstaklega eftir þeim viðsnúningi að sigla í sex tíma sem ferðin tekur fram og til baka. Slíkt fyrirkomulag gerir það að verkum að ef óöryggið í ferðatíðninni er slíkt að fólk geti ekki treyst á það mun bara draga úr því að menn sækist eftir að fara með ferjunni. Þá munu menn reyna frekar að brjótast eftir þjóðvegunum og þá kannski stundum við aðstæður sem eru ekki til þess fallnar og geta kallað á slys, hæstv. forseti, það hljóta allir að gera sér ljóst.

Síðan er eitt atriði að lokum, hæstv. forseti, sem ég vil tengja samgöngumálum en er líka öryggisatriði fyrir fólk á Íslandi. Það er svokölluð norðaustur-suðvesturbraut á flugvellinum í Reykjavík og gagnast helst þegar er erfiður útsynningur, en til stendur að loka þeirri braut og það verður sjálfsagt gert.

Í Keflavík er einnig norðaustur-suðvesturbraut og henni var lokað fyrir nokkrum árum. Ef það reynist svo að menn ætli að loka suðvestur-norðausturbrautinni á flugvellinum í Reykjavík þarf að opna brautina á Keflavíkurflugvelli þannig að það sé neyðarbraut þegar veðuraðstæður eru með þeim hætti sem ég lýsti og þegar sérstaklega þarf á slíkri braut að halda sem hefur þessa stefnu, norðaustur/suðvestur, til að flugvélar geti lent. Þetta þurfa menn að skoða og hugsa sérstaklega fyrir næsta ár og taka það inn í fjárlagaframvarp næsta árs og gera áætlanir um hvar slík öryggisbraut á að vera til staðar. Hún verður að vera til staðar á öðrum hvorum staðnum, upp á annað er vart bjóðandi, hæstv. forseti.

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta staðar numið í máli mínu og vænti þess að menn horfi til þess sem ég hef verið að segja.

[17:32]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef fylgst með ræðu hv. þingmanns, hann kom víða við og síðast kom hann að ferjusiglingunum yfir Breiðafjörð. Í dag er einnig felld niður ferð yfir Breiðafjörðinn vegna þess að ekki er hægt að lenda við bryggjuna á Brjánslæk. Það eru komnir fimm dagar núna á skömmum tíma sem ekki hefur verið hægt að fara yfir vegna þess að ekki hefur verið hægt að lenda við bryggjuna. Og samtímis voru fregnir um að Klettsháls væri ófær.

Í ljósi þeirrar þekkingar á siglingum og veðrum sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur þá langar mig til að

spyrja: Hvað má búast við að þetta geti gerst oft á næstunni í svona vetrarveðrum?

Af því að hv. þingmaður þekkir mjög vel til þessara aðstæðna vildi ég aðeins heyra hvað við eigum að gera. Hvað getum við gert? Það er hægt að ráðast í framkvæmdir strax. Ég hef lagt til að taka þurfi a.m.k. ákvörðun þegar í stað.

Þarna er um gríðarlegt hagsmunamál að ræða og öryggismál fyrir alla íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum. Ég vildi aðeins heyra nánar um þetta hjá hv. þingmanni vegna þess að þó að hann sé góður á öllum sviðum þá veit ég að siglingarnar eru hans fag og meðferð báta í góðum og slæmum veðrum.

[17:34]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú þannig með Barðaströndina að þar standa strengir út úr öllum fjörðum í norðaustanátt en þó missterkir. Það getur oft verið æðisterkur strengur út úr Vatnsfirði og þó að fjörðurinn sé ekki mjög langur er dalurinn mjög langur. Þarna er oft það sterkt veður að það er ekki auðvelt að fara upp að bryggjunni vegna þess hvernig þetta skip er hannað til að taka lendingu við þessa bryggju. Eldri Baldur var þannig hannaður að hann sigldi upp með bryggjunni með stefnið á undan. Þessi ferja bakkar upp að bryggjunni og það er náttúrlega dálítið annar handleggur fyrir utan það að eldri Baldur var sennilega einum 12–14 metrum styttri en sá sem nú er, ef ég man rétt.

Ég sé því ekki, hæstv. forseti, ef maður lítur alveg raunsætt á málið, að það dugi neitt annað ef á að leysa þetta mál en að reka niður viðbótarstálþil og lengja bryggjuna um 15–20 metra. Ég hygg að endi bryggjunnar þyrfti að vera rúnnaður eins og víða er gert í hafnarinnsiglingum, þannig að skip geti komið að bryggjunni með mismunandi stefnu eftir vindi og fært sig svo upp með henni. Bráðabirgðalausnir í þessu efni duga ekki neitt. Menn verða einfaldlega að reka niður stálþil og gera það sem allra fyrst, og fylla upp í það, ella (Forseti hringir.) munu verða mjög stopular ferðir yfir Breiðafjörð.

[17:36]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er nákvæmlega sama og ég kom inn á í ræðu minni varðandi siglingar yfir Breiðafjörð. Ferjan Baldur er gott skip og lætur vel í sjó en hefur ítrekað orðið að hverfa frá höfninni á Brjánslæk vegna þess að ekki hefur verið hægt að lenda.

Ég legg því til að þetta verði forgangsmál sem tekið verði upp strax. Það kemur í ljós núna að þetta þarf að gerast. Eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sagði þá er ekkert annað að gera en að ráðast þegar í að lengja þarna stálþilið og viðlegukantinn og rúnna hann af þannig að skapist var fyrir skipið til að leggja að.

Þetta er samgönguæð við heilan fjórðung. Klettsháls er iðulega ófær vegna hálku og veðra. Stórir bílar með flutning á fiski komast ekki um. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson áréttar einmitt það sem ég hef sett fram að þarna sé brýnna aðgerða þörf.

[17:37]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að þarna er brýnna aðgerða þörf. Það er auðvitað ekki hægt að una við þetta þegar svo hagar til að Vegagerðin hefur lagt veg yfir Klettsháls sem því miður er oft ófær vegna veðurs og veðuraðstæðna. Það er ekki vegna þess að vegurinn sé illa lagður sem slíkur, heldur verður hann oft ófær vegna veðuraðstæðna og mjög fljótt í vondum veðrum. Það mun ekkert breytast meðan vegurinn liggur þar sem hann er.

Þess vegna er ekki nema eitt til ráða, það verður að bæta hafnaraðstöðuna þarna ef tryggja á að flesta daga við eðlilegar aðstæður sé fært fyrir fólk sem býr í Vesturbyggð að komast yfir Breiðafjörð eða fólk sem býr sunnan Breiðafjarðar að komast norður yfir. Það verður ekki leyst nema með bættri hafnaraðstöðu. Það verður ekkert undan því vikist að takast á við það ef ekki á að verða hreint vandræðaástand í vetur. Við virðumst oft gleyma því, Íslendingar, að það er engin áskrift til að góðum vetri. Hún er ekki til frekar en þegar menn ætla að taka veð í góðu sumri.

[17:39]

**Útbýting:**

Tollalög, 419. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 494.

Tryggingagjald, 420. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 495.

[17:39]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við höfum til lokaumræðu frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006. Menn hafa farið vítt yfir sviðið. Ég get eiginlega ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um þetta frumvarp í framhaldi af því sem ég hafði að athuga við afgreiðslu fjárlaganefndar í umræðunni um fjárlög ársins 2007.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sem var í ræðustól á undan mér fjallaði um skattkerfið og hvernig ríkisstjórnin hefur notað það eða misnotað, jafnvel látið undir höfuð leggjast að nýta það eins og stjórnarandstaðan hefur lagt til, en hún hefur unnið að því að sameina sjónarmið sín varðandi skattkerfið og þær hugmyndir sem þar liggja til grundvallar. Mig langar í því sambandi að minnast á viðtal við Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra, sem var ríkisskattstjóri í tæp átta ár en lét nýverið af störfum.

Í nýútkominni Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra, fer Indriði nokkrum orðum um skattkerfið okkar. Það eru orð í tíma töluð sem ættu í sjálfu sér að vekja þingheim til nokkurrar umhugsunar um hvernig við höfum farið með skattkerfið og hvernig því hefur verið stýrt á undanförnum árum og í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Indriði segir að það skorti fyrst og fremst heildstæða sýn á skattkerfið og telur að stýra þurfi því mun markvissar til að það nýtist eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Þar hefur hann fyrst og fremst í huga grundvallaratriði í þá veru að skattkerfið sé skilvirkt tekjuöflunarkerfi fyrir hið opinbera þar sem gætt sé jafnræðis og sanngirni, skattkerfið eigi að vera hlutlaust að því marki sem mögulegt er og í því innbyggð ákveðin tekjujöfnun sem við höfum ekki nýtt okkur.

Því er ætlað, segir Indriði, að leiðrétta ýmsa bresti markaðsbúskaparins sem til staðar eru. Brestum markaðsbúskap-

arins hefur í raun fjölgað í tíð þessarar ríkisstjórnar og skattkerfið frekar verið nýtt til að breikka bilið á milli þeirra sem hafa mikið á milli handanna og hinna sem minna bera úr býtum.

Það er nokkur áfellisdómur fólginn í orðum hinn reynda ríkisskattstjóra, Indriða H. Þorlákssonar, í þessu viðtali þar sem hann ásakar í sjálfu sér löggjafarsamkunduna fyrir að hafa heimilað misræmið í skattalegri meðferð einstaklinga og hópa eftir tegundum tekna og það ójafnræði sem ríkir í kerfinu. Ég held að þingheimur ætti að lesa viðtalið við Indriða H. Þorláksson af kostgæfni og skoða í ljósi orða hans og reynslu þá umsýslu og þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í þessum sal um skattkerfið og notkun þess undanfarin ár.

Það er alkunna að nágrannalönd okkar, sérstaklega Norðurlöndin, hafa gengið fram fyrir skjöldu og verið fremst í flokki þjóðríkja við að byggja þetta kerfi þannig upp að það jafni byrðina af hinum samfélagslega kostnaði á einstaklingana og tryggi að þeir sem meira hafa greiði stærri hlut af hinum sameiginlega kostnaði. En þannig hefur það ekki verið hjá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sannarlega ekki. Þar hafa menn farið út af brautinni sem við höfðum markað okkur með því að sækja í reynslubrunn annarra Norðurlanda, sem eru okkur fremri að þessu leyti og hafa reynslu umfram okkur. Þau hafa borið gæfu til að standa vörð um grundvallarsjónarmið skattkerfisins sem Íslendingar með Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk í broddi fylkingar virðast ætla að klúðra.

Þetta eru alvarleg mál, virðulegi forseti, sem taka þarf til gaumgæfilegrar skoðunar. Við þurfum reyndar sífellt að skoða það á löggjafarsamkundunni hvernig þetta kerfi okkar vinnur. Hvort það er farið að snúast upp í andhverfu sína og hvort það sé hætt að vera tekjujöfnunarkerfi eins og því var ætlað.

Nóg um skattkerfið, frú forseti. Ég ákvað að gera nokkrar athugasemdir við fjáraukalögin í framhaldi af umræðum um þau fyrir fáum dögum. Ég gagnrýndi nokkuð fjárlaganefnd fyrir það á hvern hátt hún sýslaði með fjárútlát og fjárstuðning til ýmissa verkefna á safnliðum. Það er lenska, eins og menn vita, að safnliðir eru iðulega strikaðir út í fjárlagafrumvarpi en síðan settir inn, ótæpilega að mínu mati, af fjárlaganefndinni þegar hún rýnir í frumvarpið.

Í ljós kemur að í þessu fjáraukalagafrumvarpi hafa að minnsta kosti 25 millj. kr. virði í verkefnastyrkjum fallið út úr fjárlögum fyrir árið 2006 en þau eru sett aftur inn á fjáraukalögunum sem við ræðum nú. Sem dæmi um þetta eru fjárveitingar til safnahúss í Búðardal, framlög til Nemanets, sem er tilraunaverkefni í námsráðgjöf. Fjárframlög til endurbyggingar Reykholtskirkju og fjárframlög til Textílseturs Íslands á Blönduósi. Allt eru þetta dæmi um verkefni sem fjáraukalagafrumvarpið segir að hafi fallið niður í meðförum þingheims á fjárlögunum fyrir 2006. Ég verð að segja að sá vitnisburður sem kemur fram í þessu fjáraukalagafrumvarpi hvað þetta varðar staðfestir það sem ég sagði við 2. umr. um fjárlög fyrir 2007. Þetta ráðslag fjárlaganefndar, að útdeila ótæpilega til verkefna á þeim nótum sem gert er, er til vansa. Þegar fjáraukalögin eru notuð til að leiðrétta störf fjárlaganefndar á þennan hátt þá er það að mínu mati staðfesting á þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð. Við verðum að snúa af þessari braut.

Eða ætla menn að halda áfram að láta fjáraukalagafrumvarpið segja fjárlaganefnd að hún hafi gleymt þessu og hinu smáverkefni vítt og breitt um landið þegar þau eru afgreidd undir lok árs? Hver maður hlýtur að sjá, virðulegi forseti, að svona vinnubrögð ættu ekki að líðast á löggjafarsamkundunni. Hér ætti að vinna mun markvissar og gera áætlanir um verkefni af þessu tagi til ákveðins tíma, meta fjárþörf þeirra og ákveða í ráðuneyti menntamála hvers konar fjárstuðning viðkomandi verkefni fá og til hve langs tíma sá samningur ætti að gilda.

Í ofanálag, frú forseti, er á bls. 61 í fjáraukalagafrumvarpinu fjallað um menningarsamninga og lagt til að 120 millj. kr. viðbótarframlag verði sett á fjárlagalið menntamálaráðuneytisins til að standa straum af útgjöldum við menningarsamninga. Það er tekið fram í þessari greinargerð, frú forseti, að í gildi sé menningarsamningur við sveitarfélögin á Austurlandi og Vesturlandi og sömuleiðis við Akureyri um stuðning ríkisins við rekstur atvinnulistastofnana í bænum en önnur samtök sveitarfélaga á landinu hafi óskað formlega eftir samstarfi um menningarmál.

Tilgangur menningarsamninganna var að efla menningarstarf í landshlutunum og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í einn farveg. Í einn farveg, stendur hér. Mikið rétt, frú forseti. Þeir menningarsamningar sem nú þegar hafa verið gerðir voru gerðir með það að markmiði að taka fjármuni, sem fjárlaganefnd hafði úthlutað fram að þeim tíma að menningarsamningarnir voru gerðir, til einstakra verkefna og færa undir hatt einhvers konar menningarráðs í viðkomandi landshluta. En sú ákvörðun fær ekki staðist. Fjárlaganefnd getur ekki á sér setið.

Í fjáraukalagafrumvarpinu er núna lagt til að áframhaldandi samningar verði gerðir við sveitarfélögin eða landshlutana og í það veittar 120 millj. kr. á fjáraukalögum, sem samkvæmt fjárreiðulögum ætti auðvitað að gera þegar búið væri að gera samningana. Fjárreiðulögin segja að fjáraukalögin séu til að standa straum af kostnaði við ófyrirséðar uppákomur og ófyrirséð fjárútlát á yfirstandandi ári. Ég tel að það verði að svara þessu, virðulegi forseti, við þessa umræðu. Ég er ekki eini þingmaðurinn sem hefur gert athugasemdir við nákvæmlega þessi atriði.

Ég tel að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, eða aðrir þeir sem hér eru vel að sér um fjárlögin geri grein fyrir því við lokaumræðu fjárlaga á hvern hátt þetta er komið til. 120 millj. í menningarsamninga sem ekki er búið að gera og sem ekki er til stafkrókur um, til hvaða sveitarfélaga eða landshluta það eigi að fara. Það er ekki hlutverk fjáraukalaga að gera það sem hér er lagt til. Það stangast á við fjárreiðulög. Ég gagnrýni þessa afgreiðslu, frú forseti, að hér skuli vera farið fram með þessum hætti.

Fjallað er um menningarráð sem verði samstarfsvettvangur sveitarfélaganna varðandi þessa menningarsamninga. Það eigi að hafa það hlutverk að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum og úthluta fjármunum til menningarverkefna, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu, og verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu sem og að annast samningana. Á sama tíma horfum við upp á þá afgreiðslu sem fjárlaganefndin viðhefur í þessum málum. Við sjáum að menningarsamningarnir taka ekki

ómakið af fjárlaganefnd. Fjárlaganefnd leyfir sér ekki þann munað að losa sig við verkefnin til þessara menningarsamninga. Hvar á að gera við þá samninga sem þessar 120 millj. kr. heyra undir? Hvaða verkefni eru í farvatninu? Hvaða hugmyndir liggja þarna að baki?

Virðulegi forseti. Ég undirstrika að fjárreiðulögin segja nákvæmlega til um á hvern hátt beri að nota fjáraukalög. Það er leitt til þess að vita að ár eftir ár skuli farið út fyrir verksvið fjáraukalaga að þessu leyti og það á ekki einungis við um fjárlagaliði menntamálaráðuneytisins í þeim efnum. Það eru ekki einungis þeir sem eru þannig í fjáraukalagafrumvarpinu sem hér er til umræðu. Einnig má nefna gríðarlega háar upphæðir á landbúnaðarráðuneytið þar sem sótt er um hátt á fjórða hundrað milljóna króna til að styrkja byggingu reiðhalla, reiðskemma og reiðskála vítt og breitt um landið.

Ég sé ekki annað en að hér fari gríðarlega háar upphæðir til verkefna sem auðvelt hefði verið að sjá fyrir og setja beinlínis á fjárlögin 2007 sem enn eru opin. Þau eru enn til umfjöllunar í þinginu. Hér finnst mér hin mesta ósvinna í gangi og mér þykir sárgrætilegt að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndarinnar, sem flutti ræðu fyrr í dag, skuli kalla þessar ávirðingar okkar stjórnarandstöðuþingmanna mas, mas sem ekki sé svara vert.

Við þeim fyrirspurnum sem beint var til varaformanns fjárlaganefndar, þegar hann flutti ræðu sína, fengust engin svör. Hann virti spurningar hv. þingmanna og athugasemdir ekki viðlits heldur kallaði þær mas og baðst undan masi stjórnarandstöðuþingmanna. Ég verð að hryggja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson með því að ég læt það ekki fæla mig frá því að koma í ræðustól Alþingis og lýsa sjónarmiðum mínum í þeim efnum.

Ég vil, frú forseti, einnig benda á lið sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið sem er sama marki brenndur, þ.e. liður sem hefði átt að koma á fjárlögum, annaðhvort þessa árs eða 2007. Þetta er fjárstyrkur eða fjárheimild til Hafrannsóknastofnunar sem á að auka samkvæmt frumvarpinu um tæpar 200 millj. kr. Þar af eru um 53,3 millj. kr. vegna kostnaðar við vísindaveiðar á hrefnu sem fóru fram í sumar. Það kemur í ljós í greinargerð með þessu frumvarpi að um sé að ræða fjármuni sem eiga, að því er virðist, að fara í vasa Félags hrefnuveiðimanna sem hafa gert samning við sjávarútvegsráðuneytið um veiðarnar. Gegn samningnum skuldbindur þetta félag hrefnuveiðimanna til að veiða allt að 60 hrefnur á árinu 2006 í vísindaskyni.

Hæstv. forseti. Þetta var allt vitað þegar frumvarp til fjárlaga 2006 var samþykkt. Ég spyr: Hvernig getur á því staðið að annar eins lapsus skuli koma fram þegar menn vita að barist er í þessum vísindaveiðum við litla hrifningu fjölda fólks og stórs hluta þjóðarinnar? Af hverju áttuðu menn sig ekki á því að slíkir fjármunir ættu að vera inni í fjárlagafrumvarpinu? Úr því að þeir voru ekki inni í fjárlagafrumvarpinu 2006 þá spyr ég: Eru fjármunir fyrir vísindaveiðunum á næsta ári inni í fjárlagafrumvarpinu 2007? Eða ætlar hv. þm. Birkir Jón Jónsson leiðrétta svona hluti afturvirkt til frambúðar? Fáum við annan svona pakka í fjáraukalagafrumvarpi 2007, þar sem þurfum afturvirkt að greiða til Félags hrefnuveiðimanna fyrir vísindaveiðar á hrefnu?

Nei, frú forseti. Svona ráðslag með fjármuni ríkisins ber að gagnrýna. Það er skylda okkar í stjórnarandstöðunni að hafa auga á þeim þingmönnum sem leggja fram frumvarp af þessu tagi, þar sem farið er á svig við fjárreiðulög, ekki bara á einni blaðsíðu eða tveimur, ekki bara í einu atriði eða tveimur, heldur gegnumgangandi í öllu frumvarpinu, ráðuneyti eftir ráðuneyti.

Að lokum fletti ég á bls. 82, í kafla iðnaðarráðuneytisins. Þar kemur fram að lagt sé til að veitt verði 25 millj. kr. framlag til leiðréttingar á óskiptum lið iðnaðarráðuneytisins til samræmis við þau verkefni sem liðnum er ætlað að fjármagna. Þetta er einhvers konar safnliður undir iðnaðarráðuneytinu. Ég lýsi því yfir að skýringin með þessum lið er fullkomlega óásættanleg og ófullnægjandi. Ég hef fylgst með umræðum, 1. umr. og 2. umr. og 3. umr. sem nú er að ljúka, og enginn úr meiri hlutanum hefur útskýrt hvað hér um ræðir. Menn hafa ekki skýrt eitt einasta af þessum atriðum. Þegar við stjórnarandstöðuþingmenn höfum rýnt í einstök atriði þessa frumvarps þá höfum við ekki fengið svör.

Enn einu sinni lætur stjórnarmeirihlutinn eins og fjárlög ríkisins séu einkamál stjórnarliða, einkamál ráðherra og þeirra sem styðja þessa ríkisstjórn. Ég lýsi því yfir, frú forseti, að það er ekki svo. Þetta eru mál sem þjóðinni allri koma við. Við í stjórnarandstöðunni reynum eftir fremsta megni að bera gagnrýnin sjónarmið á það sem hér er verið að sýsla. Það er ekki boðlegt, eins og gerðist í dag, að hv. varaformaður fjárlaganefndar skuli leyfa sér að kalla þá gagnrýni mas. Ég vísa þeim ummælum til föðurhúsanna og óska eftir því að menn taki sig á og skoði af alvöru hvort ekki beri að stunda annars konar vinnubrögð og tryggja að starfað verði í samræmi við fjárreiðulög.

[17:57]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason spurðist fyrir um það í ræðu sinni í dag hvernig tryggja mætti endurbætur á hafnaraðstöðu vegna siglinga Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, þá sérstaklega vegna þess að nú er þar komin ný og stærri ferja sem þarf betri hafnaraðstöðu. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu sem sýnir kannski að það er vaxandi áhugi á siglingum ferjunnar og þeirri þjónustu sem hún sinnir. Eins og fram kom hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni er Klettshálsinn ófær um þessar mundir og við finnum það að sjálfsögðu þegar veður verða verri yfir vetrartímann og ófærð er á veginum um Barðaströnd hversu mikilvægt það er að ferjan geti sinnt þessari þjónustu.

Það hefur legið fyrir að bæta þyrfti hafnaraðstöðuna. Það var lagt fyrir hafnaráð og í framhaldi af umfjöllun þess um málið lá fyrir að kostnaður vegna endurbóta á hafnaraðstöðunni bæði á Brjánslæk, í Flatey og Stykkishólmi væri hluti af kostnaði við hafnargerð þar vegna ferjunnar. Í því ljósi hefur verið unnið. Hvað varðar aðstöðuna í Stykkishólmi var strax brugðist við þar og farið í endurbætur. Gert er ráð fyrir að þær verði einhverjar til viðbótar. Þar hafa stjórnendur ferjunnar ekki talið teljandi vandkvæði, hvorki við að leggjast að né fara frá. Í Flatey hins vegar er gömul timburbryggja sem ferjan hefur lagst upp að og það er alveg

ljóst að þar þarf verulegra endurbóta við, og sömuleiðis á Brjánslæk.

Siglingastofnun hefur unnið að athugun og útfærslum á endurbótum þarna og að þeim verður unnið áfram. Hafnarstjórnirnar þurfa auðvitað að koma þar að, bæði í Vesturbyggð, Reykhólasveitinni og Stykkishólmsbæ. Ég veit ekki annað en að bæði heimamenn og Siglingastofnun geri sér fulla grein fyrir því hvað er nauðsynlegt að gera þarna og samgönguráðuneytið hefur lagt ríka áherslu á og ég hef gefið um það fyrirmæli að fundnar verði leiðir til að bæta þar úr. Við erum að endurskoða samgönguáætlunina og hafnahluta hennar og gerum ráð fyrir því að það fjármagn sem þarf til þess að standa að endurbótunum verði tekið af þeim fjármunum sem fjárlög gera ráð fyrir á næsta ári, og eftir atvikum ónýttar fjárveitingar á þessu ári, til þess að hægt verði að ljúka því sem þarf að gera þarna. Ég sé því ekki að fjárskortur eigi að koma í veg fyrir framkvæmdir hvað þetta varðar.

Þetta er sú lína sem samgönguráðuneytið hefur lagt mjög skýra, þ.e. að það á að gera þær endurbætur sem nauðsynlegar eru. Hins vegar, eins og kom fram í umræðum hjá hv. þingmönnum, sem voru raunar lærðar umræður um hönnun hafnarmannvirkja að hluta til, er að ýmsu að hyggja. Það er náttúrlega ekki auðvelt að leggjast upp að, eins og á Brjánslæk í ofsaveðri þannig að það verður vart búið svo um hnúta að hægt sé að sigla í hvaða veðri sem er. Engu að síður þarf að framkvæma þarna endurbætur og að því er unnið og Siglingastofnun hefur það verkefni á sinni könnu í samstarfi við heimamenn.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi hér fram. Að öðru leyti þakka ég þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hún er gagnleg og það er gott að hv. þingmenn fari yfir þessa þætti eins og annað, þ.e. það sem snýr að samgöngumálum.

[18:03]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir að bregðast við og ræða þessi mál varðandi ferjuaðstöðu Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, bæði í Stykkishólmi, Flatey og ekki hvað síst á Brjánslæk.

Eins og nú er hafa ferðir fallið niður, í líklega eina fimm daga á skömmum tíma, vegna þess að ekki hefur verið hægt að lenda á Brjánslæk. Þótt menn hafi vænst þess þegar hin nýja ferja var keypt að ekki þyrfti að ráðast strax í brýnar hafnarbætur á Brjánslæk til að hægt yrði að halda uppi eðlilegum siglingum er raunin önnur. Ferjusiglingar yfir Breiðafjörð eru gríðarlega mikilvægar fyrir allt atvinnulíf á Vestfjörðum og fyrir samskiptin bæði hvað fólk og flutninga varðar á milli Snæfellsness, Vesturlands og til Suðurfjarða.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann vilji ekki svara nákvæmar hvernig brugðist verður við fyrirsjáanlegum erfiðleikum við lendingar á Brjánslæk. Auðvitað koma hin verstu veður og það er ekkert hægt að gera en eins og nú hefur verið undanfarna daga hefði alveg verið hægt að sigla yfir fjörðinn en vegna þess að hafnaraðstaðan á Brjánslæk er ekki nægilega góð og fullkomin hefur skipið ekki getað lagst að. Ég hef lagt það til að það verði strax gripið til aðgerða og (Forseti hringir.) undirbúnar framkvæmdir sem duga.

[18:05]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ágætt að hv. þingmaður telji að það eigi að grípa strax til aðgerða. Það hefur verið gert nú þegar og út af fyrir sig er ekkert frekar um það að segja. Það er unnið að undirbúningi, hönnun og athugun á því sem þarf að gera þannig að það hefur verið gripið, og fyrir löngu síðan, til aðgerða en þær eru ef til vill umfangsmeiri en menn höfðu búist við. Þetta er hin blákalda staðreynd, það hafa verið gefin fyrirmæli um að ganga til þeirra framkvæmda sem nauðsynlegt er til að hægt sé að halda úti þessari ferjuleið. Ég vænti þess bara að hv. þm. Jón Bjarnason styðji samgönguráðherrann í þeim áformum og aðgerðum sem nauðsynlegt er að hafa í frammi þarna.

[18:07]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur fyrir að það þarf að lengja þarna viðlegukant og reka niður stálþil upp á 17–20 metra. Kostnaður við þetta er áætlaður einhvers staðar á milli 20–23 millj. kr. Þetta er samdóma álit þeirra sem ég hef rætt þetta mál við nú að þurfi að gera. Ef þetta eru þær aðgerðir sem hæstv. ráðherra segir að þurfi að ráðast í þá fagna ég því.

Fjáraukalögum á einmitt að beita til að taka upp svona skyndilega fjárþörf, skyndilegar aðgerðir til að halda uppi samgöngum við heilan landshluta eins og þarna er um að ræða. Það kemur í ljós að ferjuhöfnin á Brjánslæk uppfyllir ekki þær nauðsynlegu kröfur sem þarf að gera til að ferjan geti gengið eðlilega yfir. Þá er bara að bregðast við því. Ég vona að skilja megi orð hæstv. ráðherra þannig að það eigi að ganga í að setja þetta stálþil eins og talið er að þurfi og að ráðist verði í þær framkvæmdir eins hratt og nokkur kostur er, varðandi undirbúning. Undirbúninginn strax og framkvæmdir í beinu framhaldi. Mér skilst að það sé hægt að vinna þessar framkvæmdir mjög auðveldlega að vetrinum.

Ég legg áherslu á að þegar upp kemur slík staða að heill landshluti býr við svona mikið samgönguóöryggi og það liggur fyrir hvað þurfi að gera þá eigi að gera það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 1. umr.*

Stjfrv., 376. mál (tímasetningar á tilteknum ráðstöfunum). — Þskj. 410.

[18:09]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á gildandi lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands frá síðasta ári sem finna má á þskj. 410.

Í frumvarpinu er lagt til að samtals 3.400 millj. kr. af fyrirhugaðri ráðstöfun söluandvirðisins verði færðar milli

ára. Frumvarpið er að sjálfsögðu nátengt fjárlagafrumvarpi næsta árs og skarast einnig við fjáraukalagafrumvarp fyrir yfirstandandi ár. Markmiðið með frumvarpinu er að jafna framkvæmdum á milli ára og draga úr fyrri áformum um framkvæmdir á næsta ári í ljósi þess að umsvif þá verða almennt meiri í þjóðarbúskapnum en áður var áætlað. Má m.a. rekja þessi auknu umsvif til þess að enn eru miklar framkvæmir í gangi og verða á næsta ári á vegum einstaklinga og fyrirtækja þótt yfirstandandi framkvæmdum í tengslum við stóriðju ljúki að mestu á næsta ári.

Í frumvarpinu er ýmist um að ræða flýtingu fjárveitinga yfir á þetta ár, árið 2006, eða frestun fram á árið 2008, eftir stöðu einstakra verkefna. Þannig er með frumvarpinu lagt til að verkefnum er nema 1 milljarði kr. af fyrirhugaðri ráðstöfun á næsta ári verði flýtt og að þau færist yfir á þetta ár. Þau skiptast til jafns, annars vegar á smíði nýs varðskips og hins vegar á aukið framlag í Fjarskiptasjóð. Er þar um að ræða verkefni sem stefnir í að verði fyrr á ferðinni en áður var áætlað. Er því lagt til að þau flytjist fram og hefur þegar verið gert ráð fyrir þeim breytingum í frumvarpi til fjáraukalaga sem nú er útrætt hér í þinginu, samanber þær umræður sem var að ljúka rétt í þessu.

Gerð er grein fyrir þessum atriðum í athugasemdum við frumvarp til fjáraukalaga.

Helsta breytingin með því frumvarpi sem ég mæli nú fyrir er sú að lagt er til að framkvæmdir sem nema 2,4 milljörðum kr. færist frá árinu 2007 til ársins 2008. Er þar að stærstum hluta um að ræða verkefni í vegamálum sem af ýmsum ástæðum er ólíklegt að unnt verði að ráðast í á næsta ári. Þrátt fyrir frestun verkefna er áætlað að framlög til vegaframkvæmda aukist um 3,5 milljarða á næsta ári, í tæplega 10,5 milljarða.

Við ákvörðun um frestun fjárveitinga hefur að sjálfsögðu verið stuðst og miðað við stöðu einstakra verkefna og lagt til að þeim verði frestað sem styst eru á veg komin eða fyrirsjáanlegt er að muni hvort sem er tefjast af öðrum ástæðum, t.d. skipulagslegum. Þær fjárveitingar sem lagt er til að frestað verði til ársins 2008 eru í fyrsta lagi fjárveitingar vegna Sundabrautar en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að í það verkefni fari 100 millj. á næsta ári í stað 1.500 millj. Þessi fjárveiting, ásamt þeim heimildum sem fyrir hendi eru, mun eigi að síður nægja til að eðlilegur undirbúningur verksins geti haldið áfram á næsta ári en þá mun hin frestaða fjárveiting koma af fullum þunga inn í verkið.

Í öðru lagi er lagt til að fjárveiting við gatnamót við Nesbraut dreifist á tvö ár og verið 400 millj. kr. á næsta ári í stað 600.

Í þriðja lagi er lagt til að fjárveiting í Tröllatunguveg um Arnkötludal verði lægri en áður var áformað og til verkefnisins verði varið 200 millj. kr. á næsta ári í stað 400 en á móti hækki framlagið að sama skapi árið 2008. Ekki er gert ráð fyrir að það hafi í för með sér töf á því að verkinu ljúki.

Í fjórða lagi er lagt til að 300 millj. kr. framlag til Norðausturvegar færist yfir á árið 2008 en það mun lítil sem engin áhrif hafa á framgang verkefnisins eins og horfur eru nú.

Loks er lagt til að 300 millj. kr. vegna nýbyggingar fyrir Stofnun íslenskra fræða færist yfir á árið 2008. Frumathugun á verkefninu er að hefjast og í framhaldi af henni er áformað að efna til samkeppni um hönnun byggingarinnar sem á að rísa við Suðurgötu eins og kunnugt er. Þegar niðurstaða úr samkeppninni liggur fyrir verða gerð útboðsgögn og er miðað við að takist að bjóða verkið út seinni hluta árs 2008.

Ég vil að lokinni þessari framsögu, virðulegi forseti, leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og í ljósi efnis þessa máls legg ég til að því verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[18:14]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það var mikið bögglauppboð þegar ríkisstjórnin tilkynnti ráðstöfun silfursins úr sölu Landssímans. Menn slógu mjög um sig og ætluðu að gera góðverkin hér og góðverkin þar. Eitt af því sem menn gerðu var að eyrnamerkja fjárveitingar ýmsum þörfum samgönguframkvæmdum. Menn glöddust eðlilega yfir því, ekki síst á þeim svæðum sem lengi hafa beðið úrlausnar og hafa mátt sæta því að verk hafa dregist, jafnvel árum saman, sem menn hafa bundið miklar vonir við að yrði ráðist í og gjarnan talið brýnasta viðfangsefni til að bæta skilyrði og aðstæður byggðar, ekki síst á jaðarsvæðum.

Það fer að verða þörf á því að gera heildarúttekt á því og fá fram greinargerð um það hvernig þessi hæstv. ríkisstjórn hefur hringlað með framkvæmdafé, sérstaklega til samgöngumála, fram og aftur á undanförnu kjörtímabili. Ég veit eiginlega satt best að segja ekki hvað stendur eftir af upphaflegri samgönguáætlun hæstv. samgönguráðherra og þeim lögmælta farvegi sem framkvæmdir á þessu sviði eiga að lúta. Nú er það þannig að í vegalögum og lögum um samræmda samgönguáætlun er lagt niður ákveðið verklag þar sem Alþingi á að koma að því á grundvelli tillögu frá samgönguráðherra að ákveða framkvæmdaröð í vegamálum, flugmálum og höfnum. Þetta byggir á ýmsum gömlum hefðum um að þingmannahópar kjördæma komi að þessu verki.

Á seinni árum hefur það hins vegar orðið æ algengara að þetta verklag er einfaldlega klippt úr sambandi. Stærri og stærri hluti ákvarðana um framkvæmdir í samgöngumálunum er kokkaður við ríkisstjórnarborðið með því að annaðhvort skera niður áður ákveðnar framkvæmdir sem Alþingi hefur samþykkt eða taka inn nýjar á grundvelli þess að ríkisstjórnin af örlæti sínu hafi fundið einhvers staðar peninga til að ráðast í slíkar framkvæmdir. Heil jarðgöng hafa skotið upp kollinum og farið í framkvæmd á örfáum mánuðum sem alls ekki voru inni á neinni samgönguáætlun á sama tíma og önnur verkefni sem búið er að bíða lengi eftir og menn hafa tekist á um að koma inn í röðina eru sett út eða þeim er frestað. Ég fer fram á það, frú forseti, að samgönguráðherra leggi fyrir Alþingi greinargerð þar sem þetta er allt saman sett í töflur eða samanburðarhæf gögn, þ.e. framkvæmdirnar sem menn hafa ýmist flýtt eða skorið niður, fé sem menn hafa aukið í eða dregið til baka vegna þenslu o.s.frv. Er einhver hér í salnum sem botnar almennilega í þessu, kann þetta? Ég efast um að hæstv. samgönguráðherra geri það sjálfur og er þá mikið sagt. Ég verð að játa að þó að ég hafi fylgst þokkalega með þessum málum á

ég orðið æ erfiðara með að hafa einhverja yfirsýn yfir það hvernig gefið er í eða stigið á bremsurnar á víxl.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að þessi eini framkvæmdaflokkur ríkisins, vegaspottarnir, sérstaklega í afskekktum byggðum, skuli vera stóri stillirofinn í hagkerfinu? Okkur er talin trú um að það standi allt og falli með því að flýta eða fresta nokkurra tuga eða nokkurra hundruða milljóna króna vegaframkvæmdum. Mér hefur ekki sýnst á ýmsum öðrum sviðum að það hafi mikil efnahagsáhrif þó að menn hlaupi til með milljarðana og/eða, ef við berum það saman við aðrar stærðir í hagkerfinu, það sem bankarnir dæla inn í hagkerfið eða draga út úr því.

Ég bara verð að segja það, frú forseti, að mér finnst ákaflega tilfinnanlegt og dapurlegt að sjá t.d. enn á ný höggvið í sama knérunn og flutt til fjármagn, fjárveitingum til langþráðra úrbóta í samgöngumálum á Vestfjörðum og norðausturhorni landsins bakkað. Gátu ekki hæstv. ráðherrar látið sér detta eitthvað annað í hug en að fara enn að hringla með þessa hluti og bera það fyrir sig að verkin hafi kannski ekki gengið alveg jafnhratt fram og til stóð? Hvað með það? *Þá bíða fjárveitingarnar eins og alsiða er í hinum* opinbera geira, fjárveitingin bíður þá eyrnamerkt eftir viðkomandi framkvæmd, hún er til staðar og það er engin tortryggni og engin óvissa sköpuð með því. Síðan er verkið boðið út eins fljótt og það er hægt.

Mér eru það mjög mikil vonbrigði, svo að ég tali t.d. um það verkefni sem er í Norðausturkjördæmi, að af svonefndri Hófaskarðsleið milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar skuli vera teknar 300 millj. sem áttu að vera þar til ráðstöfunar úr þessu silfri á næsta ári og færðar yfir á árið 2008. Er það vegna þenslunnar á norðausturhorni landsins sem ríkisstjórnin grípur til þessa ráðs? Gæti hæstv. forsætisráðherra Geir Hilmar Haarde komið hérna upp fyrir mig og farið yfir það hvort þenslan á norðausturhorninu, t.d. í nágrenni við Raufarhöfn, hafi verið til stórlegra vandræða? Þetta er hluti af því að koma Raufarhöfn loksins í almennilegar vegasamgöngur, vegur sem þverar Hólaheiði um Hófaskarð og leggur til Raufarhafnar.

Ég hygg að hið sama eigi við um framkvæmdir í Arnkötludal eða Tröllatunguheiði vestra, að mönnum þyki nú eftir mikla baráttu fyrir því að koma þeirri framkvæmd inn, sem mjög margt mælir satt best að segja með, til að tengja svæðin beggja megin á Vestfjarðakjálkanum, *að þar skuli* svo borið niður þó að þar sé farið aðeins vægar í sakirnar en þegar Hófaskarðsleiðin á í hlut. Hver eru rökin í þessu? Veit hæstv. forsætisráðherra, eða hæstv. samgönguráðherra, ekki að t.d. í tilviki Hófaskarðsleiðar er um að ræða stórt verkefni sem er nokkurn veginn vitað að taki 2–3 ár og verður boðið út í einu lagi? Hvaða tilgangi þjónar að taka af því fé og færa milli ára öðrum en þeim að skapa tortryggni og valda mönnum óróleika á þessu svæði? Það á sjálfsagt eftir að reyna að fara með hefðbundna vafninga um að verkið hafi tafist í undirbúningi o.s.frv. en það eru engin rök í mínum huga vegna þess að, eins og ég segi, þá bíður bara fjárveitingin.

Komi nú að því, sem vonandi verður, að hægt verði að bjóða þetta út öðru hvorum megin við áramótin vitum við vel að verktakar hafa heilmikið svigrúm til að vinna verkin hraðar, sérstaklega ef nægir fjármunir eru til að greiða inn á verkið strax á fyrri hluta framkvæmdatímans. Heimamenn þarna bundu vonir við að leiðin yrði akstursfær undir haust 2008 þannig að menn yrðu einum vetri nær því að fá þessar heilsárssamgöngur milli byggðanna en ella verður. Það að færa fé af árinu 2007 yfir á 2008 getur auðvitað torveldað þetta auk þess sem ekki er nægt pláss fyrir þá lausafjármuni á þessari leið því að hún er þegar búin að sæta miklum töfum. Ef við tökum norðausturleiðina frá Húsavík eða þess vegna úr Ljósavatnsskarði með ströndinni austur um og upp á Hérað, og Vopnafjarðarheiði þar með talin, er nú ærið handtak þar eftir. Það er ekki eins og að það séu vandræði að færa þá til fé og vinna einhverja aðra áfanga á leiðinni fyrir það sem ekki yrði þörf fyrir á árinu 2007 á þessari leið. Auðvitað er þetta ákveðin frestun framkvæmda á þessu svæði. Það er sköpuð óvissa og það er boðið upp á það að menn geti tekist á um þessa hluti eitt ár enn, sem sagt á næsta ári verði þá aftur opnað á að takast á um þessa hluti.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég kaupi ekki rök hæstv. ríkisstjórnar, a.m.k. ekki hvað varðar þessar tiltölulega litlu fjárhæðir sem eiga að renna til almennra vegaframkvæmda á jaðarsvæðum landsins. Það má auðvitað segja að t.d. stórframkvæmd upp á 1,5 milljarða í þenslunni á suðvesturhorninu hafi talsverða skírskotun til þenslunnar, hvort sem það er Sundabraut eða einhver tvöföldun eða eitthvað annað hér á svæðinu. En geta menn ekki skilið tilfinningar þeirra sem sæta því aftur og aftur að framkvæmdir í afskekktum landshlutum og á jaðarsvæðum eru meðhöndlaðar svona á sama tíma og ýmsar brýnar framkvæmdir á suðvesturhorninu eru settar í flýtimeðferð, boðnar út jafnvel áður en þær koma inn á samgönguáætlun, og þá bera menn fyrir sig vaxandi umferðarþunga, umferðaröryggi eða annað því um líkt? Ég get ekki sagt annað en að mér finnst þetta vera óskaplega rislágt hjá hæstv. ríkisstjórn. Menn hugsa þetta kannski þannig að það muni ekki svo mikið um þá kjósendur sem þarna búa af því að það vekur athygli manna að menn láta sig hafa þetta, jafnvel á kosningavetri. Það er ástæða til að óska stjórnarþingmönnunum til hamingju með að fara með þetta veganesti og selja mönnum það á þessu svæði, en ekki finnst mér mjög hátt á þessu risið, satt best að segja.

Maður er ærið hugsi yfir þessum vinnubrögðum og *þeim hefðum sem smátt og smátt hafa skapast í þessum* efnum, að nota niðurskurð eða þá allt í einu ákvarðanir sem menn slá um sig með og halda gjarnan blaðamannafundi til að tilkynna að nú hafi þeir af gæsku sinni ákveðið að stórauka framkvæmdir með þessum eða hinum viðbótarfjármununum sem eru komnir af sölu ríkisfyrirtækja eða einhverju öðru slíku. Hvað er ríkisstjórnin búin að halda oft blaðamannafundi þar sem hún hefur stært sig af því að nú verði heldur betur gefið í? Og hvað er hún oft búin að draga þá hluti aftur til baka? Þetta er eins og jójó, eins og krakkarnir segja, þetta er jójó ríkisstjórnarinnar og vegamálin verða alltaf fórnarlambið alveg sérstaklega. Það á t.d. alls ekkert að auka þenslu að færa fjármuni í hina áttina, varðandi varðskip eða Fjarskiptasjóð eða annað því um líkt. Það er ekki þensluhvetjandi þótt milljarður sé færður fram en það er nauðsynlegt að bakka 1,5 milljörðum eða hvað það nú er í þessu tilviki.

Ég legg til að a.m.k. þessir liðir frumvarpsins verði einfaldlega teknir út og að í öllu falli fái að standa framkvæmdirnar á þessum jaðarsvæðum landsins, Vestfjörðum og norðausturhorninu, sem sannanlega hafa ekki orðið mikið vör við þensluna sem ríkisstjórnin hefur í þessu tilviki svona miklar áhyggjur af. Sé það svo að verkin hafi ekki sjálf strax þörf fyrir allt þetta fé er venjan sú að svæðið fær að njóta þess og þingmannahópar kjördæmanna hafa þá svigrúm til að lána þær fjárveitingar milli ára og milli verka. Hvers vegna á að taka það svigrúm af þingmönnum Norðvest. og Norðaust. í þessu tilviki? Hver eru rökin fyrir því? Við vitum það öll sem þekkjum þessa hluti og höfum komið eitthvað nálægt þeim — sumir kannski í 24 ár eins og sá sem hér talar — að þessum peningum verður þá ekki ráðstafað annað, þeir verða ekki notaðir til að flýta framkvæmdum sem kannski væri hægt að gera og endurgreiða svo yfir í verkið sem þeir eru merktir. Það er ósiður að hringla svona með þetta þegar búið er að setja það niður í lög eða samgönguáætlun og það hafa skapast væntingar um að þessir hlutir standi. Hvaða virðingu á fólk að bera fyrir framkvæmdaáætlun ríkisins ef svona er alltaf farið með hlutina, ef það er hringlað með þetta endalaust fram og til baka?

Ég vil meina að forveri núverandi hæstv. samgönguráðherra, stórvinur minn, 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, hafi því miður gert sig sekan um að fara dálítið inn á þessa braut á sínum embættisferli sem samgönguráðherra en ég fullyrði að núverandi samgönguráðherra er að slá hann út. Hann er að verða heimsmeistari í þessum æfingum fram og til baka, þessum jójó-leik með framkvæmdafé í vegamálum. Það er ekki í samræmi við það verklag sem er lögbundið og hefðarhelgað hér að þessir hlutir séu teknir fram hjá Alþingi með aðferðum af því tagi sem hæstv. ríkisstjórn hefur seilst til að gera æ ofan í æ. Ef áframhald á að verða á þessu er bara best að ríkisstjórnin taki alveg við þessu og menn séu ekkert að þykjast með það að Alþingi hafi hér einhverju hlutverki að gegna og það eigi að taka eitthvert mark á samræmdri samgönguáætlun. Það er þá bara að verða eins og hver annar brandari ef þetta er endalaust gert svona.

Ég vil líka meina, frú forseti, að það sé reginmisskilningur að almennar vegaframkvæmdir af þeirri stærðargráðu að minni og meðalstórir verktakar ráða vel við þær séu inni í einhverri samkeppni við eða hafi áhrif á þenslu sem fyrst og fremst byggist annars vegar á stórverktökunum, risaverktökunum sem eru í risaframkvæmdunum, og svo þá þenslu í almennum byggingariðnaði. Jarðvinna og efnisflutningar í almennri vegagerð eru ekki sérstaklega mannaflafrek verkefni. Það liggur þegar fyrir að verð í tilboðum lækka nú á nýjan leik vegna þess að það horfir til minni verkefna eða er greinilega meira svigrúm fyrir verktaka af þessari stærðargráðu að taka að sér verk. Það er engin sérstök ástæða til að ætla að í verk af þessu tagi sem yrðu boðin út núna á rólegum tíma öðru hvorum megin áramótanna fengjust ekki ágæt tilboð. Síðan bara réðist hver framkvæmdahraðinn gæti orðið.

Ég held að efnisrökin fyrir þessu séu ákaflega veik og í raun og veru alls ekki til staðar, sérstaklega ekki þegar kemur að þessum minni framkvæmdum í almennri vegagerð úti á jaðarsvæðum landsins. Þetta er möndl, frú forseti, sem mér finnst að ríkisstjórnin eigi ekki að smækka sig með. Hún á bara að draga þetta til baka, a.m.k. þessa liði framkvæmdarinnar, og ég áskil mér allan rétt til að hafa á því skoðun og beita mér fyrir því hér í þinginu að þetta verði lagfært. Það er að sjálfsögðu hægt að láta ákvæði sérlaga standa í þessum efnum hvað sem fjárlögunum líður og leiðrétta það þá aftur eftir á með fjáraukalögum ef svo ber undir.

Ég spyr líka: Er þess ekki að vænta að hæstv. samgönguráðherra komi hér með eitthvað bitastæðara, þ.e. einhverja heildarendurskoðun á samgönguáætlun eða vegáætlun? Hefði ekki verið nær að takast á við þessa hluti þar? Af hverju þarf að rjúka í þetta núna? Var ekki hægt að leyfa þessum hlutum að standa eins og þeir voru, a.m.k. hvað varðar þessar almennu framkvæmdir í vegagerð, og útkljá það mál hér á útmánuðum?

[18:31]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að gefa mér tækifæri til að skýra þessi mál út. Ég vek athygli á að frumvarpið um ráðstöfun söluandvirðis Símans er um mjög miklar aðgerðir á sviði mikilla framfaramála svo sem samgöngumála. Ég tel að þingmenn, ekki síst stjórnarþingmenn, hafi mjög gott veganesti úr þinginu fyrir kosningabaráttuna varðandi þær ráðstafanir sem við erum að efna til hér með því að taka ákvarðanir um stórátak í vegagerð og út á það gengur ráðstöfun söluandvirðis Símans hvað varðar framlögin til Vegagerðarinnar. Við erum að fara í meira átak, meiri framkvæmdir en nokkru sinni áður.

Hins vegar er það þannig, eins og hv. þingmaður þekkir mætavel, að við þurfum að taka ákvarðanir í ríkisfjármálum og við þurfum að taka tillit til aðstæðna í efnahagsmálum og það höfum við gert. Það er að koma fram að það voru hárréttar aðgerðir hjá okkur að hægja á framkvæmdum því að nú erum við að fá mjög góð tilboð, fín tilboð m.a. í vegagerð, og það er verðhjöðnun.

Hvað varðar norðausturveginn, sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni, þá höfum við 850 millj. til þeirra framkvæmda. Það liggur hins vegar fyrir, og hv. þingmaður veit það, að ekki verður hægt að bjóða út norðausturveginn fyrr en undir vor. Við höfum eftir sem áður 550 millj. til þeirra framkvæmda og við munum jafnframt geta sett af stað útboð til að klára veginn að Kópaskeri. Ég tel að þetta svæði geti því mjög vel (Forseti hringir.) við unað hvað varðar þau framkvæmdaáform sem hér eru upp á teningnum.

[18:33]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef heyrt þessar ræður áður hjá hæstv. samgönguráðherra. Hann hélt nákvæmlega sömu ræðuna þegar hann mælti hér fyrir hinni glæstu samgönguáætlun sinni fyrir kosningar 2003. Hver hafa orðið örlög hennar? Þá átti að gera stórátak. Það er samtals búið að skera niður eða fresta framkvæmdum á þessu kjörtímabili fyrir 5,5–6 milljarða kr. 1,5–2 milljarða á hverju ári, 2004, 2005 og 2006. Er þetta ekki veruleikinn, hæstv. samgönguráðherra?

Það er hægt að setja upp glæstar áætlanir og hægt að halda svona ræður, en þegar veruleikinn er svona og hann birtist okkur m.a. í svona hentistefnu, svona hringli, og algjöru virðingarleysi fyrir þeim áætlunum sem menn hafa sjálfir sett, eins og hefur auðvitað reynst með hæstv. samgönguráðherra og samgönguáætlun hans. Hann hefur tætt hana í sundur aftur og aftur eða staðið að því með ríkisstjórninni. Þá er náttúrlega von að menn verði að lokum þreyttir á þessu.

Staðreyndin er engu að síður sú, þrátt fyrir þá tölu sem hæstv. samgönguráðherra nefndi, að það er að verða mikil seinkun á framkvæmdum eins og við höfðum gert okkur vonir um að þær gætu orðið á norðausturleiðinni og sérstaklega *auðvitað því að verkið um Hófaskarð yrði boðið* út. Það eru því nýjar fréttir fyrir mér ef það er orðið þannig núna að verkið verði ekki boðið út fyrr en undir vor.

Ég hef hringt nokkuð reglulega í Vegagerðina, ýmist í umdæmisstjórann á Akureyri eða Vegagerðina hér fyrir sunnan. Þetta átti að vera í haust, þetta átti að vera síðla í haust, þetta átti að vera snemma vetrar og síðustu fréttir voru að vonandi yrði þetta fyrir áramótin, alla vega ekki mikið lengur en hinum megin við áramótin. Það er því endalaust verið að bakka með þetta. Ég fer nú að efast um að það hafi verið sá kraftur á bak við undirbúninginn á þessari framkvæmd sem vera skyldi ef þetta gengur endalaust svona fyrir sig.

Ég endurtek, frú forseti, að það eru þá engin rök til annars en að leyfa fjárveitingunum að bíða á þeim verkefnum sem búið var að eyrnamerkja þær.

[18:36]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kippi mér ekkert upp við það þó að hv. þingmaður tali af lítilsvirðingu um þær framkvæmdir sem hafa verið í gangi á vettvangi samgöngumála á undanförnum árum. Ég held að þær skýri sig náttúrlega fyrst og fremst í því ljósi að þar talar fyrrverandi samgönguráðherra sem komst hvorki lönd né strönd í þeim framkvæmdaáformum, hvað þá að uppfylla þær þarfir sem voru uppi í samgöngumálum á þeim tíma. Þann samanburð get ég alveg þolað.

Aðeins um framkvæmdir við norðausturveginn þá liggur það fyrir, og hv. þingmaður veit það mætavel, að það er ekki vegna þess að slegið hafi verið slöku við varðandi undirbúning framkvæmda af hálfu Vegagerðarinnar að hann hefur tafist. Það er vegna deilna um skipulagsmál, vegna deilna við landeigendur. Ég verð að viðurkenna að það veldur mér vonbrigðum að hv. þingmaður skuli tala eins og hann gerir hér.

Það hefur ekki staðið á vegagerðarmönnum og hönnuðum að leggja sig fram um að leysa þá þraut sem er að koma framkvæmdum af stað. En við þekkjum það að vegna skipulagsmála og vegna umhverfismats regluverksins, sem ég tel mjög mikilvægt, hafa framkvæmdir tafist.

Við vitum líka að framkvæmdir hafa tafist um allt land vegna deilna við landeigendur og deilna um skipulagsmál. Ég held að þingmenn þurfi að kynna sér þetta betur og jafnvel í kjördæmum sínum til að þeir tali ekki með þeim hætti sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerir hér. Það er staðreynd að við höfum sett af stað stórframkvæmdir í vegamálum á Íslandi og við eigum að vera stolt af því.

[18:38]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað þvættingur og útúrsnúningur að ég hafi talað af lítilsvirðingu um þær framkvæmdir sem hafa verið í gangi. Hefur hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson heyrt mig tala niðrandi um einhverjar framkvæmdir sem hafa verið í gangi? Ég er að gagnrýna hringlið með þessi mál. Ég er að gagnrýna niðurskurðinn frá kosningasamgönguáætluninni árið 2003. Ég vakti athygli á þeirri óþægilegu staðreynd sem það greinilega er fyrir hæstv. samgönguráðherra að hann hefur tætt niður sína eigin samgönguáætlun og skorið hana niður um 5,5–6 milljarða. kr. á kjörtímabilinu og því hefur hæstv. ráðherra ekki treyst sér til að mótmæla. Hann má vel halda því fram að ég hafi verið ónýtur samgönguráðherra og hvorki komist lönd né strönd. En ég bendi þá hæstv. samgönguráðherra á að draga sig norður á Vestfirði og spyrja heimamenn að því hvort ég hafi verið þeim verri samgönguráðherra en aðrir menn, Vestfirðingum. Ég held að hæstv. samgönguráðherra ætti að gera það.

Ég endurtek svo að það eru mönnum mikil vonbrigði að sjá að verið er að hringla með framkvæmdir og fjárveitingar til framkvæmda eins og Hófaskarðsleiðarinnar, sérstaklega vegna þess menn eru búnir að verða fyrir miklum vonbrigðum með að verkið hefur tafist. Ég þekki það allt saman eins og handarbakið á mér, hæstv. samgönguráðherra. Ég veit hvernig það hefur gengið til og veit að það eru á því skýringar sem að flestu leyti eru alveg fullgildar. Það verður ekki við það ráðist að ágreiningur var um vegarstæðið og átök ýmis. En mér var sagt fyrir mörgum vikum síðan að loksins væri þeirri þrautagöngu lokið og lögformlega ekkert lengur í vegi fyrir því að fara af stað með útboðsgögnin. Þess vegna eru mér það nýjar fréttir frá samgönguráðherra og mikil vonbrigði að nú verði verkið ekki boðið út fyrr en undir vor. Það bætir ekki úr skák að síðan eigi að hringla með fjárveitingar sem búið var þó seint og um síðir að ákveða inn á þetta verk, eins og þessa hlutdeild í söluandvirði Landssímans.

[18:40]

**Útbýting:**

Búnaðarfræðsla, 189. mál, nál. landbn., þskj. 489; brtt. landbn., þskj. 490.

Jarðalög, 418. mál, frv. landbn., þskj. 487.

Lífeyrissjóðir, 233. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 491; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 492.

[18:40]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er fyllsta ástæða til að fara nokkrum orðum um tillögur sem er að finna í þessu lagafrumvarpi, sérstaklega hvað varðar að seinka framkvæmdum við vegabætur á Vestfjörðum og norðausturhorni landsins og færa fjármagn til með lögum frá árinu 2007–2008.

Mér líst ekki vel á þær tillögur, virðulegi forseti, og ég á erfitt með að finna rökstuðninginn fyrir þeim. Ég hef hlustað vandlega á mál þeirra tveggja ráðherra sem hafa talað

fyrir þessu máli og ég er ekki sannfærður um að rökin sem þeir hafa borið fram dugi til þess að réttlæta þessa tillögu sem er að finna í frumvarpinu.

Ég vil fyrst aðeins segja, til að því sé haldið til haga og menn njóti sannmælis í þingsal, að ávirðingar hæstv. samgönguráðherra á fyrirrennara sinn, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, hér áðan voru ekki maklegar. Þær voru ekki maklegar, virðulegi forseti, þegar hann bar það á þingmanninn að hann hefði hvorki komist lönd né strönd í störfum sínum sem samgönguráðherra á sínum tíma.

Ég vil benda á tvennt sem tókst að leysa og leiða til niðurstöðu á þeim tíma. Það er annars vegar framkvæmdin um Hvalfjarðargöng, sem ég held að menn hljóti að vera sammála um að var þörf, og hins vegar, sem mér er þó ofar í huga, eru það Vestfjarðagöngin.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon má eiga það og njóta þess sannmælis að hann lagði mikið á sig á þeim tíma til að ná samkomulagi í þinginu til þess að gera þá framkvæmd að veruleika. Honum tókst það og honum tókst að ganga það vel frá málinu fyrir alþingiskosningarnar 1991 að ríkisstjórnin sem þá tók við gat ekki rift þeim samningum. Var þó fullur vilji til þess, virðulegi forseti.

Það var fullur vilji til þess hjá oddvita þáverandi ríkisstjórnar og þáverandi samgönguráðherra að rifta þeim samningum og skera af framkvæmdinni jarðgangalegginn til Súgandafjarðar. Enda töluðu menn með þeim hætti á þeim tíma að kannski væri heppilegast að borga fólkinu sem þar býr peninga til að flytja í burtu.

Þetta munum við enn sem búum á Vestfjörðum og held að engin ástæða sé til að þegja yfir því. Þessi sjónarmið voru uppi í flokki hæstv. samgönguráðherra og ég held að hann ætti að spara sig í því að bera ávirðingar á menn þegar þessi mál liggja undir. Að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér í deilur á milli þeirra tveggja um samgöngumál. Það verða þeir að útkljá sín í milli. En þarna var um að ræða framkvæmd sem snerti fleiri en þá tvo, sem snerti Vestfirðinga. Ég vil a.m.k. halda því til haga sem ég tel satt og rétt í þeim efnum.

Virðulegi forseti. Þau rök sem eru borin fram fyrir þessu frumvarpi er að slá þurfi á þensluna í þjóðfélaginu, það þurfi að fresta framkvæmdum til að slá á þensluna. Lítum aðeins á það mál og hvað frumvarpið hefur að geyma í þeim efnum.

Það er lagt til í frumvarpinu að fresta vegaframkvæmdum fyrir samtals um 500 millj. kr. Annars vegar um Arnkötludal eða Tröllatunguheiði og hins vegar á norðausturhorninu um svonefnda Hófaskarðsleið á árinu 2007 og færa þá fjármuni til 2008. Það er þá væntanlega hugsað til þess að slá á þensluna að draga úr þessum framkvæmdum um 500 millj. kr. Gott og vel. Það má skilja þau rök. En á móti kemur í sama frumvarpi að lagt er til að færa til fé frá árinu 2008 fram á árið 2007, annars vegar 500 millj. vegna varðskips og hins vegar 500 millj. í fjarskiptasjóð.

Það er því lagt til að auka útgjöld á árinu 2007. (**Samgrh.:** 2007 til 2006.) Gott og vel. Það er 2007 til 2006 sem fer yfir á þetta ár. Hvað ár er 2006? Það er árið sem þenslan og verðbólgan er. Er það árið sem menn geta bætt við framkvæmdum upp á 1 milljarð kr.? Ef menn geta það, þá spyr ég: Hvers vegna þarf þá að færa 500 millj. frá árinu 2007 og yfir á árið 2008 þegar verðbólgan á að vera lægri og þenslan er minni? Þarna finnst mér vanta skýringar. Ég vil bæta því við líka sem fram kom í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra, 3. október sl. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun einnig leggja til við Alþingi að þegar í stað verði ráðist í sérstakt átak til úrbóta á umferðaræðum út frá Reykjavík“ o.s.frv.

Eftir mínum heimildum er þar um að ræða að bæta við framkvæmdum við Suðurlandsveg og Vesturlandsveg um 500 millj. á hvorum stað á næsta ári. Það er samtals 1 milljarður kr. í viðbót í framkvæmd í vegamálum. Ef það er hægt, hvers vegna þarf þá að fresta þessum framkvæmdum fyrir 500 millj. á sama ári út af þenslu? Mér finnst vanta skýringar á því.

Ég fæ ekki betur séð, ef menn taka það sem útgangspunkt að þenslan sé svo mikil, að þá séu menn einfaldlega að færa til framkvæmdir til að skapa svigrúm fyrir nýjar framkvæmdir og þá þurfi að ryðja öðrum til hliðar. Þá kemur að því að maður spyr sig: Er það þá ný forgangsröðun hjá ríkisstjórninni, sem er ekki að finna í vegáætlun eða þeim samþykktum sem menn hafa gert, að seinka vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og norðausturhorninu en setja á sama tíma nýjar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu? Ef það er ný stefnumörkun sem ríkisstjórnin ber hér fram þá styð ég hana ekki. Ég segi það alveg hreint út, ég styð hana ekki.

Virðulegi forseti. Þessar tillögur eru viðkvæmar hvað varðar Vestfirði. Menn hafa beðið lengi eftir því að ná árangri í uppbyggingu vega. Þar hefur auðvitað margt gott gerst á undanförnum árum. Það skal dregin fjöður yfir það því að mikið hefur áunnist, en það er líka mikið sem varð eftir og þar er meira eftir en annars staðar á landinu. Þess vegna er það viðkvæmt að seinka mikilvægum samgöngubótum til þess eins, að því að mér virðist, að skapa svigrúm fyrir samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu. Ég ætla ekki að tala gegn því í sjálfu sér. Ég vil bara halda því til haga að það er ósanngjarnt og ekki stefna sem mér finnst skynsamleg að seinka uppbyggingu vega vestur á firði.

Ég vil líka fara fram á það að hæstv. samgönguráðherra skýri betur áform sín varðandi Arnkötludal. Það kom fram í ræðu hæstv. forsætisráðherra að ríkisstjórnin hefði aflétt útboðsbanni á framkvæmdum í októberbyrjun vegna þess að náðst hafi góður árangur í baráttunni við verðbólguna og dregið úr þenslunni. Engu að síður er Vegagerðinni ekki heimilt að bjóða út framkvæmdir í Arnkötludal. Náði þá þessi aflétting á útboðsbanni ekki til þeirra framkvæmda? Eftir þeim upplýsingum sem ég hef um áform í þessum efnum er ekki gert ráð fyrir að bjóða út framkvæmdir í Arnkötludal fyrr en í febrúar/mars.

Þá leikur mér forvitni á að vita hvort búið verði að ganga frá samningum við lægstbjóðanda í því verki fyrir kosningar. Eða verður málið ófrágengið fram yfir kosningar? Það skiptir auðvitað verulegu máli því að ef það verður ófrágengið veit maður ekki hvað kann að dragast frekar í málinu. En reynslan sýnir okkur að eftir kosningar er tilhneiging til að hægja á framkvæmdum sem menn hafa talað fyrir fyrir kosningar að þyrftu að vinnast á tilteknum tíma.

Ég held því að það sé nauðsynlegt að fá skýrar yfirlýsingar samgönguráðherra um það hver áformin eru um útboð

og verksamninga varðandi Arnkötludal. Ljóst er að verkið mun hefjast mun seinna en upphaflega stóð til. Gert var ráð fyrir að það yrði boðið út á þessu ári en það verður þá, miðað við það sem fyrir liggur, ekki fyrr en í febrúar/mars, þannig að menn byrja þá engin verk fyrr en með vorinu og það er ljóst að því seinkar alla vega um veturinn. Það má vel vera að takist að hafa verktímann styttri og menn ljúki verkinu á sama tíma og upphaflega var áætlað, eða á árinu 2008, þannig að menn geti tekið veginn í notkun á þeim tíma sem áætlað var með lögunum um ráðstöfun söluandvirðis Landssíma Íslands. En alla vega hafa menn seinkað því að byrja og mér sýnist vera nokkur óvissa um hvort menn nái að hnýta alla enda varðandi þetta verk fyrir næstkomandi alþingiskosningar.

[18:52]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra hefur hér mælt fyrir frumvarpi um breyting á lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. þar sem verið er að leggja til frestun á framkvæmdum, frestun á ráðstöfun fjár af söluandvirði Símans sem hafði verið gert ráð fyrir að færi í vegaframkvæmdir.

Þetta er svo sem ekki nýtt og þarf engum að koma á óvart að þetta sé það fyrsta sem þessi ríkisstjórn ræðst á þegar bregðast á við svokallaðri þenslu, þ.e. vegaframkvæmdir og sérstaklega vegaframkvæmdir úti á landi.

Við erum búin að sjá það síðastliðin fjögur ár hvernig þarna hefur verið tekið á. Gert var ráð fyrir stórátaki í vegamálum fyrir síðustu alþingiskosningar á árinu 2003. Þá var komið hér með tillögur um stóra innspýtingu í vegaframkvæmdir. Þess var reyndar gætt að árið 2002 var það var það haft í algeru lágmarki til þess að munurinn væri meiri. Árið 2002 voru framlög til vegamála því ein þau minnstu þá um nokkurt árabil.

Síðan varð vissulega nokkur innspýting 2003 og 2004 en engan veginn í samræmi við þá vegaáætlun og þá áætlun sem hafði verið lagt upp með. Mig minnir að fyrst eftir kosningar hafi áætlunin verið skorin niður, ef ég man rétt, um tæpa 1 millj. og 700 þús. kr. eða að 1.700 millj. kr. hafi strax verið skornar niður á fyrsta ári eftir kosningar. Síðan kom niðurskurður upp á tæpa 2 milljarða og svo kom aftur niðurskurður upp á 2 milljarða. Heildarniðurskurður á vegáætlun frá árinu 2003–2006 hefur því numið einhvers staðar liðlega á milli 6–7 milljörðum kr. af þessari kosningavegáætlun sem allir litu þá með væntingum til því fátt er betri fjárfesting en bættar samgöngur vítt og breitt um landið. Væntingar fólks eru miklar og ánægja þegar það heyrir að ráðast eigi í stórframkvæmdir eða stórátak, hvort sem það er lítið eða stórt reyndar, í vegamálum. Það gleður auðvitað fólk og eykur því bjartsýni.

Þegar við lítum síðan aftur á hvað hefur gerst á þessum árum þá lítur út fyrir að á árinu 2006 muni verða varið langminnst til vegamála í mörg ár. Ef við förum aftur til 2002, jú, árið fyrir kosningar þá komum við í sama hlutfall. Það sem hefur gerst auk þess til viðbótar er að æ stærri hluti af framlögum til vegamála rennur til viðhalds á aðalvegum landsins vegna þess að umferðin þyngist og viðhaldið eykst. Ég er með hérna súlurit útprentað frá Vegagerðinni um það hvernig þetta hefur þróast. Árið 2006 er að verða eitt aumasta ár í vegagerð á Íslandi í mörg ár. Samanborið við þær væntingar sem þjóðin bar til vegáætlunar sem kynnt var fyrir tæpum fjórum árum þá er þetta — ja, ég veit ekki hvað hæstv. samgönguráðherra vill kalla þetta — en þjóðin held ég að upplifi þetta meira og minna sem svik.

Nú í kjölfar alls talsins, allra ræðnanna, hvað ætli hæstv. samgönguráðherra sé búinn að halda margar ræður nú á síðustu dögum og vikum um stórátak í samgöngumálum á næstu árum og hvað ætli ráðherrar sem hafa komið því við hafi haldið margar fjálglegar ræður? Ég vil nefna nokkur dæmi. Það er verið að skella skuldinni á vegaframkvæmdir. Það er sagt að þær haldi uppi þenslunni og þess vegna þurfi að skera niður þessar litlu vegaframkvæmdir til að halda niðri þenslu. Hæstv. forsætisráðherra meira að segja lét sig hafa það að segja það sama hér áðan. Frestun á vegaframkvæmdum um rúmlega milljarð á Vestfjörðum eða á Norðausturlandi var mikilvægari í sumar til þess að slá á þenslu í 1.000 milljarða dæmi.

Í haust voru menn í kosningabaráttu í prófkjöri. Það væri stórfróðlegt að heyra viðhorf hæstv. samgönguráðherra og forsætisráðherra af því verið var að tala um þenslu. Ég er hérna með fréttir frá prófkjöri fjármálaráðherra og ég ætla að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hann hafi lesið það og fylgst með. Þetta er úr blaði þeirra sem birtist á suðurland.net 8. nóvember. Fyrirsögnin er, með leyfi forseta:

„Raunhæft að taka ákvörðun um útboð vegarins fyrir jól, segir fjármálaráðherra."

Það er útboð á tvöföldun Suðurlandsbrautar.

Hér segir í fréttinni, með leyfi forseta:

„Ályktun árangursríks fundar um tvöföldun þjóðvegarins á milli Selfoss og Reykjavíkur sem haldinn var í Tryggvaskála á þriðjudag er, að herða þurfi baráttuna fyrir því að vegurinn verði boðinn út í einkaframkvæmd." — Í einkaframkvæmd.

„Þeir sem geta tekið ákvörðun um það eru stjórnarþingmenn og ríkisstjórnin. Fjármálaráðherra sagði á fundinum að það væri raunhæfur möguleiki að taka ákvörðun um þetta núna fyrir jólin svo hægt væri að hefjast handa í janúar 2007 ..."

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra álits á þessum yfirlýsingum hæstv. fjármálaráðherra. Mér finnst að þingið verði að fá að vita hvernig á þessum málum standi. Ég vil líka spyrja hæstv. forsætisráðherra. Er einkaframkvæmd í vegamálum nokkuð minna þensluhvetjandi eða hættulegri fyrir þensluna en almennar vegaframkvæmdir á vegum ríkisins? Ég krefst svara. Núna ríða hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar um héruð og predika einkaframkvæmd í vegamálum, segja að það verði að fara í einkaframkvæmd vegna þess að ríkið standi sig svo illa, svíki loforð um vegaframkvæmdir, svíki fjármagn til vegaframkvæmda, skeri það niður þegar það getur. En svo má fara í einkaframkvæmd. Ég krefst þess að bæði samgönguráðherra og forsætisráðherra svari því hvort þetta sé sú stefna sem eigi að fylgja. Er það þetta sem verið er að leiða inn með því að skera niður fjármagn á vegum ríkisins til vegaframkvæmda til þess að íbúar vítt og breitt um landið, hvort sem það er nær eða fjær höfuðborgarsvæðinu, kalli á einkaframkvæmd í vegamálum vegna þess að ríkið standi ekki við loforð sín? Er

það þetta sem verið er að reyna að segja með þessum niðurskurðartillögum sem hæstv. forsætisráðherra er hér að boða á framlögum til vegamála?

Ég get látið hæstv. forsætisráðherra hafa bæði viðtöl og yfirlýsingar fjármálaráðherra sem fer með ríkiskassann þar sem hann er að lofa vegaframkvæmdum í einkaframkvæmd á Suðurlandi fyrir áramót. Ég krefst svara. Er hægt að ætlast til þess að fjármálaráðherra, þó svo hann sé í prófkjörsnauð, fari með fleipur? Er það hægt? (**Gripið fram í:** Svona erfitt prófkjör.) Það er erfitt prófkjör, já, enda segir hæstv. fjármálaráðherra að hans sjónarmið hafi öll breyst síðan hann flutti sig sem þingmaður í Suðurkjördæmi. Ég hélt að það væri ekki enn búið að kjósa hann þangað? Ég hélt það. Ég hélt að það væri ekki fyrr en eftir næstu kosningar að búið yrði að kjósa hann þingmann Suðurkjördæmisins. En fyrirsögnin er falleg og eðlileg. Ég er tilbúinn að berjast fyrir Sunnlendinga, segir Árni Mathiesen í einkaviðtali við Sunnlenska þar sem hann rekur þessi loforð.

Ég hef líka hér yfirlýsingar hæstv. samgönguráðherra þar sem hann segir í viðtölum að hann sjái ekkert einkaframkvæmd í vegamálum til fyrirstöðu og talar í raun fyrir slíku vegna þess að ríkið þá væntanlega standi sig svona illa. Ég krefst svara við þessu hvoru tveggja sem ég hef hér spurt um, þ.e. yfirlýsingu fjármálaráðherra um að ekkert standi vegi fyrir því að taka ákvörðun um þetta fyrir jólin, að semja um einkaframkvæmd og breikkun vegarins og að hefjast handa í janúar 2007. Einnig um hvort það sé þá ekkert þensluhvetjandi og hvort það sé þá stefna ríkisstjórnarinnar að vegaframkvæmdir eigi að fara í einkaframkvæmd vegna þess að ríkið standi ekki við loforð sín gagnvart landsmönnum. Það hlýtur að valda öllum vonbrigðum sem nú heyra að enn á að skera niður vegaframkvæmdir á næsta ári. En svo lofa þeir miklum framkvæmdum á árinu 2008 og 2009. Já, það er auðvelt því þá verður þessi ríkisstjórn vonandi ekki til staðar.

Ég held að það hljóti að valda Vestfirðingum vonbrigðum að heyra að enn eigi að fresta eða draga úr áherslum og hraða á fjármagni til framkvæmda á Vestfjörðum. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti hér viðhorf íbúa norðausturhornsins til þessara ákvarðana. Ég hef þó ekki heyrt þá enn þá minnast á að þeir verði að fara með það í einkaframkvæmd. Reyndar hafa menn sagt það á Vestfjörðum að vegur um Arnkötludal muni aldrei koma nema í einkaframkvæmd vegna þess að ríkið muni aldrei eða seint eða illa standa við þær skuldbindingar og loforð og vilyrði sem það hefur gefið.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs á að skera niður samanlagt framlög til vegamála að mig minnir um 3,5 milljarða kr. miðað við það sem hafði verið lofað á vegáætlun og auk þess það sem hafði verið lofað við sölu Símans. Við erum því þar að tala um áframhaldandi niðurskurð miðað við þau loforð sem hafa verið gefin. Hins vegar vantar ekki loforðin upp á árið 2008 og 2009.

Ég vakti athygli á þessu strax þegar verið var að ráðstafa söluandvirði Símans hversu heimskuleg símasalan var og hún verður heimskulegri og heimskulegri eftir því sem frá líður. Svo er það Fjarskiptasjóður og fjármagn sem átti að fara í Fjarskiptasjóð. Jú vissulega er verið að ýta nokkru fé fram á árinu 2006. En hvað er búið að gera? Er búið að gera nokkuð fyrir þetta fé? Og árið 2006 er nánast liðið. Er búið að framkvæma nokkuð á vegum Fjarskiptasjóðs á árinu 2006? Getur hæstv. forsætisráðherra bent á hvað hafi verið gert á vegum Fjarskiptasjóðs á árinu 2006? Ég vil gjarnan fá upptalningu á því. Ég vil gjarnan fá upptalningu á því sem búið er að gera á vegum Fjarskiptasjóðs árið 2006, og þykir núna nauðsynlegt að setja fjármagn fram frá árinu 2007 til 2006.

Það væri líka fróðlegt að fá aðeins umræðu um stöðu Fjarskiptasjóðs. Eftir því sem mér skilst átti Fjarskiptasjóður að styrkja fjarskipti og ríkisstyrkja fjarskipti á landsvæðum þar sem svokallaðir samkeppnisaðilar, þ.e. Síminn og Ogvodafone eða aðrir treystu sér ekki til að reka og byggja upp fjarskipti á samkeppnisgrunni. Þeir hafa ekki undan því landið er alltaf að stækka. Alltaf er að stækka það svæði þar sem þessir aðilar segja að þeir geti ekki séð neinar forsendur fyrir því að byggja upp fjarskiptaþjónustu á arðsemisgrunni á þessum og þessum stað.

Vestfirðingar voru einmitt að senda frá sér ályktun um daginn. Það var undirskriftasöfnun hjá Bæjarins besta hjá Snerpu á Ísafirði, undirskriftasöfnun, ákall um að fá að lágmarki að sitja við sama borð og aðrir í fjarskiptamálum. Það liggur bara einn strengur um Vestfirði og hann annar ekki því sem á hann er sett. Engar áætlanir liggja fyrir um það hvernig eigi að efla eða bæta fjarskiptasambandið, gagnaflutningskerfið til Vestfjarða, engar. En það er búið að selja Símann sem var sá eini sem hafði afl til að gera þetta. Á meðan sér aumingja Fjarskiptasjóður sem átti að fjármagna þetta fram á æ stærri verkefni því fjarskiptafyrirtækin eru auðvitað ekkert að ráðast í verkefni nema þau sem skila þeim uppsettum arði. Og þetta svæði stækkar á landinu. Sala Símans verður því æ vitlausari og kemur æ meira í koll íbúum landsbyggðarinnar sérstaklega en einnig hér. Símgjöld hækka eins og hérna hefur verið rakið áður í þingsölum, þjónustan versnar og svo þykjast menn hér vera að færa einhverjar upphæðir á milli ára við ráðstöfun á söluandvirði Símans.

Nei, frú forseti. Enn mega íbúar landsbyggðarinnar þola að það fyrsta sem þessi ríkisstjórn gerir þegar hún vill slá á þenslu eða skera eitthvað niður, er að skera niður vegaframkvæmdir á Vestfjörðum. Hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson var í andsvari við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og brigslaði honum um dugleysi í samgöngumálum, vegaframkvæmdum og sagði að hann hefði hvorki komist lönd né strönd. Ég heyri það nú æ oftar á Vestfjörðum að þau biðja um að skipt verði um samgönguráðherra og vilja fá heldur Steingrím J. Sigfússon til að leysa úr málum og fylgja þeim eftir en ekki stöðugt, eins og núverandi samgönguráðherra gerir, að lofa fyrst og geta svo ekki staðið við eða fresta og fresta ár eftir ár framkvæmdum. Enn á ný gerist það hér.

Frú forseti. Ekki er hægt annað en að vera dapur yfir því sem þessi ríkisstjórn er að gera. Hún gengur enn á framkvæmdir, sérstaklega vegaframkvæmdir á landsbyggðinni. Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. forsætisráðherra. Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar sem birtist hér í yfirlýsingu fjármálaráðherra, þ.e. að það ætti að vera raunhæfur möguleiki að taka ákvörðun um að semja um einkaframkvæmd á tvöföldun vegarins milli Reykjavíkur og Selfoss? Þetta er

mikilvæg framkvæmd, mikil lifandis ósköp, mikilvæg framkvæmd og nauðsynleg. En er þetta hátturinn sem á að viðhafa, annars vegar svona loforð og hins vegar það að einkaframkvæmd eigi að leysa málin þegar ríkissjóður stendur ekki við sitt? Á að stefna í það? Hafa einkaframkvæmdir í vegamálum nokkuð minni áhrif á þenslu en almennar aðrar framkvæmdir? Það er þá alveg nýtt fyrir mér. Ég bið hæstv. forsætisráðherra að skýra betur mál sitt og afstöðu einstakra ráðherra og ríkisstjórnarinnar til þessara mála. Hvers vegna þarf stöðugt að velta þessum niðurskurði og frestunum á þá landshluta þar sem menn hafa beðið sem lengst eftir því að fá almennilega vegi og hvers vegna skulu þeir stöðugt þurfa að taka á sig niðurskurð og frestanir í vegaframkvæmdum?

[Fundarhlé. — 19:10]

[19:45]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Við höldum áfram umræðu um breytingar á lögum um ráðstöfun á söluandvirði Símans. Nokkur ástæða er til að ræða um þau málefni sem hér eru sett fram að gerðar verði breytingar á.

Nokkur umræða hefur orðið um vegamálin í tengslum við frumvarpið og þau undarlegu vinnubrögð sem hafa viðgengist hér árum saman í vegamálum. Við sem höfum fylgst með þeim málum í gegnum tíðina í valdatíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr höfum séð alveg ótrúlegar æfingar og breytingar á fyrirætlunum í vegamálum í gegnum árin. Núna síðast var ákveðið að hægja á, ekki bara að hægja á, heldur stöðva framkvæmdir í vegamálum. Þetta var gert á síðasta ári. Miklar umræður urðu í Norðvesturkjördæmi um þær ákvarðanir og hvaða rök væru fyrir þeim og hvaða áhrif yrðu af þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin tók.

Stjórnarþingmenn Norðvesturkjördæmis og hæstv. ráðherra héldu því fram alveg hiklaust í umræðum og samtölum við þingmenn og aðra, sem vildu vita hvaða áhrif yrðu af þessu, að þetta mundi ekki breyta neinu hvað varðaði framkvæmdir í Norðvesturkjördæmi. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson orðaði það einhvern veginn þannig að framkvæmdir í Norðvesturkjördæmi mundu ekki tefjast um einn einasta dag vegna þeirra ákvarðana. Nú kemur frumvarp og það er þannig orðað í athugasemdum með frumvarpinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 2007 ákvað ríkisstjórnin í ágúst 2006 að fresta framkvæmdum á árinu 2007 umfram það sem áður hafði verið ákveðið. Breytingar í frumvarpinu eru í samræmi við þær ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og einnig við ákvæði frumvarps til fjárlaga 2007 og frumvarps til fjáraukalaga 2006.“

Ég nefni þetta vegna þess að hér er sérstaklega fjallað um Tröllatunguveg, um Arnkötludal, og þar er skorið niður vegafé til þess verkefnis um helming á árinu 2007 og þeir fjármunir fluttir yfir á árið 2008. Það hlýtur að vekja upp spurningar um hvernig staðið verði að því máli. Ég verð að viðurkenna að mér finnst ástæða til að hafa af því áhyggjur að ekki verði staðið að málum eins og lofað var. Talað var um að bjóða þetta verkefni út strax upp úr áramótum og framkvæmdum mundi ljúka á árinu 2008. Nú er ákveðið að einungis skuli vera 200 milljónir í stað 400 milljóna til verkefnisins á árinu 2007, en meiri fjármunir á árinu 2008 og lok verkefnisins verði áfram eins og ákveðið hafði verið.

Maður hlýtur að spyrja. Hvernig stendur á þessum æfingum með fjármagn til vegalagningar þarna? Ég held að skilja verði þetta þannig að þarna séu menn í raun að viðurkenna það sem staðreynd að þetta verkefni mun frestast, það muni dragast. Þess vegna er ástæða til að halda að það sé ekki endilega heldur að marka það sem verið er að halda fram, að verklokin muni ekki dragast. Mér finnst mjög slæmt að svona skuli vera staðið að málum.

Þá er um það að ræða líka að verið er að leggja til breytingar á fjármunum til fjarskiptamála. Ég sé ástæðu til að spyrja eftir því hvernig stendur á þeim flutningi fjármagns á milli áranna 2007 og 2006, 500 millj. kr. Nú erum við á þeim tímapunkti að 1. desember er á morgun. Það er ekki líklegt að hægt sé að gera mikið í fjarskiptamálum á þeim tíma sem eftir lifir af árinu. Og erfitt að sjá fyrir sér að hægt sé að ráðstafa hálfum milljarði á þeim tíma.

Ég held að kalla verði eftir svörum hæstv. ráðherra samgöngumála um hvernig á þessu standi. Hvaða framkvæmdir það séu sem þarna eigi að koma til sem hægt er ljúka. Hvaða fjárfestingar eru það sem hægt er að taka ákvarðanir um núna á þeim tíma sem eftir lifir af þessu ári? Allt ber þetta vott um að menn hafi staðið illa að skipulagningu verkefna og full ástæða er til að fá fram hvað hefur verið að gerast.

Hæstv. samgönguráðherra nefndi það sem hann hefur reyndar verið að nefna á undanförnum dögum, að nú standi til stórátak í vegagerð. Það er eins og maður kannist við það orðalag frá fyrri dögum. Það hefur nefnilega verið blásið til stórátaks í vegagerð við upphaf hvers einasta kjörtímabils á undanförnum árum. En jafnoft hefur ákvörðun verið tekin um að skera niður fjármagn til vegagerðar í framhaldi af því að ríkisstjórn hefur sest að völdum og þá hefur verið tekið til hendinni við að breyta þeim áætlunum sem fyrir hafa legið.

Hæstv. ráðherra sagði áðan í ræðu sinni að það hefði verið hárrétt að hægja á, eins og hann kallaði það. Reyndar var ekki tekin ákvörðun um að hægja á neinu. Tekin var ákvörðun um að stöðva útboð á nýjum verkefnum. Eins og ég sagði áðan var málum lýst þannig fyrir okkur þingmönnum í Norðvesturkjördæmi að það hefði engin áhrif á fyrirhugaðar framkvæmdir þar. Hér er verið að staðfesta að það hefur að minnsta kosti áhrif á þennan veg, um Arnkötludal, sem ég var að tala um.

Það hlýtur líka að vekja athygli þegar skorið er niður svo gríðarlega mikið fjármagn til Sundabrautar eins og raun ber vitni. Því að á árinu 2007 var meiningin að í það verkefni færu 2,5 milljarðar (Gripið fram í.) — 1,5 milljarðar voru ætlaðir í það verkefni, ég biðst afsökunar á mismæli mínu. En nú er meiningin að einungis 100 millj. kr. verði til þess verkefnis á næsta ári.

Skýringin á því er sú að ekki sé búið að undirbúa framkvæmdir þar með þeim hætti að hægt sé að nýta þessa fjármuni. Gott og vel. Á því skal auðvitað tekið mark. En á maður þá líka að taka mark á því að hægt sé í stað þess að nýta 2,5 milljarða á árinu 2008 í framkvæmdir þarna, að þá sé hægt að nýta þar 3,9 milljarða? Það sé bara hægt að

flytja þessa fjármuni þarna á milli ára og það passi þá að bæta því við sem ekki er hægt að nýta á næsta ári yfir í það þarnæsta.

Ég verð að segja eins og er að ákveðin tortryggni vaknar gagnvart því að þarna séu í raun enn ein röng skilaboðin á ferðinni hvað þessi verkefni varðar.

Þetta eru málefni sem hafa verið og verða ævinlega til mikillar umræðu á Alþingi. Auðvitað hafa menn mikinn áhuga á samgöngumálum og að samgöngur í landinu komist í viðunandi horf. Að fólkið úti á landsbyggðinni fái möguleika til að komast á milli byggðarlaga og um landið með eðlilegum hætti. Upp á það vantar æðimikið víða. Það hefur orðið mönnum mikil vonbrigði á undanförnum árum hversu hægt þetta hefur gengið, að koma vegakerfinu í viðunandi horf.

Það sem er svo ef til vill enn verra er að það sem menn hafa haft fyrir sið á undanförnum árum að lýsa sem miklum afrekum í vegamálum, þ.e. þeim framkvæmdum sem þó hafa verið gerðar, að á undanförnum árum hefur verið að koma í ljós að þarfirnar fyrir auknar framkvæmdir hafa aukist miklu hraðar en framkvæmdirnar, sem þó hafa verið gerðar, vega upp á móti.

Ég hygg að við stöndum verr núna hvað vegakerfið varðar og þær kröfur sem eðlilegt er að gera til þess heldur en við höfum gert á undanförnum árum. Svo mikil hefur aukning umferðar orðið. Svo mikil hefur aukning þungaflutninga orðið í landinu að við höfum ekki haft undan.

Ég held að það væri ráð að hæstv. samgönguráðherra hætti að halda hinar stóru ræður um afrekin í vegamálum úr því hann er enn einu sinni kominn fram á sjónarsviðið með að tala um stórátak í vegamálum. Þörfin fyrir þetta stóra átak í vegamálum, eftir öll hin stóru átökin í vegamálum sem hæstv. ráðherra hefur lýst á undanförnum árum, segir okkur það að menn hafa ekki haft undan þörfinni sem hefur verið að myndast á nýjum framkvæmdum og betra viðhaldi á vegum landsins.

Það má líkja hæstv. samgönguráðherra að öðru leyti við ökumann sem ýmist gefur bensínið í botn eða snarbremsar. Það er ekki gott ökulag og slíkir menn eru teknir úr umferðinni í okkar landi ef þeir haga sér þannig að hætta skapast. Ég tel að veruleg hætta hafi skapast. Hún hefur komið niður á byggðarlögunum í landinu. Hún hefur komið niður þar. Auðvitað eru allir sammála um að vegamálin skipti mestu þegar menn velta fyrir sér hvernig hægt er að tryggja byggð í landinu. Það óöryggi sem fólk býr við gagnvart vegamálum í landinu, gagnvart framkvæmdum í vegamálum, að menn geta ekki treyst loforðum um endurbætur í vegamálum, það er hættulegt og það hefur valdið óöryggi fólks á landsbyggðinni og landflótta. Ef Íslendingar koma ekki samgöngumálum í þannig horf að fólkið á landsbyggðinni geti búið við, þá mun aldrei enda taka sú byggðaröskun sem uppi hefur verið á undanförnum árum.

Mér finnst að líka sé ástæða til að ræða þetta mál út frá heiðarleika stjórnmálamanna vegna þess að stjórnmálamenn hafa á undanförnum árum gengið fram með hin stóru loforð um samgöngubætur sem jafnóðum hafa verið tekin til baka, hægt á þeim eða hafa jafnvel verið skorin niður, eins og hér hefur verið lýst í dag.

Ekki er mikil virðing borin fyrir fólkinu á þeim landsvæðum þegar svona er að málum staðið. Ég er líka á þeirri skoðun að það sé ákaflega óskynsamlegt að ganga ekki fram og koma á betri vegasamgöngum en raun ber vitni. Ég held að sú fjárfesting sé gríðarlega mikils virði. Hún tryggi að menn nýti landið, nýti möguleikana sem landið okkar býður upp á, ef þarna er vel að málum staðið og að sama skapi komi í veg fyrir þá nýtingu og hafi af okkur möguleika landsins ef ekki er vel að málum staðið.

Ég ætla ekki að hafa orð mín miklu lengri um þetta. Ég sé ástæðu til að gera þessar athugasemdir og benda á að meira að segja þessi tillaga er ótrúverðug. Það er t.d. ekki líklegt að þeir fjármunir sem verið er að ýta fram á árið 2008 vegna Sundabrautar nýtist. Ég tel ástæðu til að hæstv. ráðherra útskýri það, á hverju hann byggir þá tillögu sem þar liggur fyrir. Á hvaða framkvæmdaáætlun það er byggt að hægt sé að nýta 3,9 milljarða á árinu 2008 úr því að ekki er hægt að nýta nema 100 millj. á árinu 2007.

Þetta er það sem ég vildi segja, hæstv. forseti, um málið. Ég vonast til þess að hæstv. samgönguráðherra útskýri þetta betur og ég endurtek, ég geri kröfu um að gerð verði grein fyrir hvernig á að ráðstafa þessum hálfa milljarði sem er fluttur núna af árinu 2007 til ársins 2006 vegna fjarskiptanna. Og líka hvernig eigi að sjá til þess að það sé öruggt að hægt sé að standa við verklok hvað varðar veginn um Arnkötludal.

[20:03]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frumvarp en rifja aðeins upp tilurð þess. Við erum að ræða um breytingu á lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands. Það frumvarp er frá því í október 2005 en sumarið á undan var Síminn seldur fyrir 66,7 milljarða kr.

Það hefur verið rifjað upp í umræðu um frumvarpið hve góð fjárhagsstaða þessa fyrirtækis hafði verið, en árið áður, árið 2004, skilaði Síminn í rekstri tæpum 7.400 millj. kr. — 7,4 milljörðum. Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir voru þá nákvæmlega 7.381 millj. kr. Veltufé frá rekstri var 6.800 millj. kr.

Við umræðuna um þetta frumvarp var rifjað upp hve miklum fjármunum Síminn skilaði árlega í ríkissjóð. Það var líka rifjað upp hver afstaða þjóðarinnar almennt var til sölunnar á Símanum. Í öllum skoðanakönnunum sem gerðar voru um sölu Símans og höfðu áður verið um hlutafélagavæðingu þessa fyrirtækis var þjóðin eindregið á móti þessari ráðstöfun. Þjóðin var eindregið á móti því að láta þessa gullkvörn af hendi.

Nú voru góð ráð dýr. Ríkisstjórnin ákvað að búa til sérstök einkavæðingarfjárlög þar sem hagnaðinum af Símanum yrði ráðstafað. Ég held að þetta frumvarp sem við ræddum hér haustið 2005, skömmu eftir að þing kom saman, sé eitthvert dæmalausasta frumvarp sem komið hefur til umfjöllunar Alþingis í sögu þess. Hér var ráðstafað fjármunum um ókomin fjárlagaár, allt fram til ársins 2012. Menn ræddu þetta hér í alvöru, menn ræddu í alvöru um Sundabraut, um fjármuni til Árnastofnunar, til geðfatlaðra, allt sem horfði til vinsælda í samfélaginu. Allir óvinsælu hlutirnir voru í hinum almennu fjárlögum en í þessum sól-

skinseinkavæðingarfjárlögum var bara það sem jákvætt var.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gagnrýndum þessi vinnubrögð, þennan loddaraleik. Við bentum á að það kæmi til ákvörðunar síðari þinga að ráðstafa þessum fjármunum. Niðurstaðan varð engu að síður sú að ákvarðanir voru teknar.

Við bentum á og vöruðum við því að menn kynnu að vera að vekja væntingar og nú riði á að staðið yrði við gefin fyrirheit, ella kæmi það í hlut síðari þinga og síðari ríkisstjórna að taka á þessum málum miðað við þær aðstæður sem þá voru uppi.

Hvað er að gerast núna? Nákvæmlega það sem við vöruðum við. Nú er byrjað að hringla í þessum einkavæðingarfjárlögum ríkisstjórnarinnar. Það er byrjað að skera niður og fresta framkvæmdum sem áður hafði verið lofað.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að tefja umræðuna með því að endurtaka það sem félagar mínir, hv. þingmenn úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, hafa farið rækilega yfir hér. En mig langar þó til að vekja athygli á einu atriði til viðbótar og það tengist yfirvofandi alþingiskosningum. Nú er aftur byrjað að lofa, nú er aftur byrjað að koma með stóru, digru loforðin. Nú á að tvöfalda veginn frá Reykjavík til Hveragerðis. Og hvernig? Að sjálfsögðu á að bjóða hann í einkaframkvæmd. Hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. samgönguráðherra eru byrjaðir að lofa vildarvinum sínum í Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum framkvæmdum sem þeir koma til með að hagnast á. Er það í þágu skattborgarans? Nei. Ég hvet menn til að kynna sér úttekt Ríkisendurskoðunar á einkaframkvæmd í vegamálum og vegasamgöngum. Í þeirri skýrslu er komist að þeirri niðurstöðu að slíkar framkvæmdir séu ekki skattborgaranum til hagsbóta. Ég tel ástæðu til að vekja sérstaklega athygli á þessu.

Ég vil einnig rifja upp og ítreka ummæli þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna að þessu sinni. Þar höfum við vakið athygli á því að stjórnarflokkarnir með hæstv. ráðherrana í broddi fylkingar eru aftur farnir að lofa langt fram í tímann. Þeir eiga eftir að sitja að völdum í örfáa mánuði. Engu að síður eru þeir byrjaðir að gefa loforð fram í tímann. Hver koma örlög þessara loforða til með að verða? Niðurskurður að öllum líkindum í einhverjum tilvikum sem þá fellur í hlut næstu ríkisstjórnar.

Hæstv. forseti. Á þessu vildi ég vekja athygli og rifja upp þetta dæmalausa frumvarp og loddaraskapinn og blekkingarnar sem því tengjast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, 1. umr.*

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 458.

[20:10]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Aðdragandi málsins er þingmönnum að sjálfsögðu vel kunnur og óþarft að rekja hann í löngu máli.

Viðræðum bandarískra og íslenskra stjórnvalda um framtíðarvarnir Íslands og skil á landi og aðstöðu lyktaði með samningum sem kynntir voru 26. september sl. og undirritaðir í Washington 11. október.

Samhliða viðræðunum við Bandaríkjamenn markaði ríkisstjórnin stefnu um það hvernig standa skyldi að því að koma varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli með skipulegum hætti í arðbær borgaraleg not. Var ákveðið að fyrst um sinn færi utanríkisráðherra áfram með stjórnsýslu á öllu svæðinu til þess að engin óvissa væri um hvaða ráðuneyti eða stjórnsýslustofnun væri bær til að fjalla um mál. Svæðinu yrði síðan komið í áföngum í almenn not.

Var reglugerð um Stjórnarráð Íslands breytt 29. september sl. til að árétta að utanríkisráðherra færi með stjórnsýslu á varnarsvæðum uns birt yrði auglýsing um að slíkt svæði hefði verið tekið til annarra nota í heild eða að hluta. Enn fremur var ákveðið að stofna þróunarfélag með aðkomu sveitarfélaga á Suðurnesjum sem yrði leiðandi varðandi umbreytingu og þróun svæðisins.

Meginmarkmið þess frumvarp sem hér er flutt er að skapa skýran lagaramma utan um yfirfærslu varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli úr hernaðarnotum í almenn borgaraleg not. Í gildandi lögum eru engin ákvæði um það hvað verður um varnarsvæði eftir að því er skilað. Að mati ríkisstjórnarinnar er hyggilegast að sú umbreyting sem stefnt er að gerist ekki á einni nóttu heldur í áföngum og með skipulegum hætti eins og frumvarpið kveður á um.

Má benda á að þótt varnarliðið hafi farið af landi brott í lok september sl. er enn á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli fjöldi mannvirkja í eigu Atlantshafsbandalagsins sem lúta sérstöku skilaferli.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir tekur einungis til varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli en ekki annarra svæða sem bandaríska varnarliðið hefur skilað. Helgast það af sérstöðu Keflavíkurflugvallar vegna stærðar svæðisins og mannvirkja sem þar eru og starfsemi sem þar hefur farið fram. Önnur svæði mun utanríkisráðherra taka úr notkun, eða afmynstra ef svo mætti segja, með einfaldri auglýsingu. Hefur reyndar þegar verið gefin út auglýsing um að svæðið í Hvalfirði hafi verið tekið í borgaraleg not.

Varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli er samtals rúmlega 80 ferkílómetrar. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi verður svæðinu skipt í þrennt, í fyrsta lagi flugvallarsvæði, svæði A sem verður athafnasvæði alþjóðaflugvallarins, í öðru lagi öryggissvæði, svæði B sem verður ætlað til varnarþarfa, þar með talið heræfinga og eftir atvikum friðargæsluæfinga, og í þriðja lagi starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., svæði C sem er það svæði sem koma á hið fyrsta í borgaraleg not.

Samkvæmt frumvarpinu mun forsætisráðherra þegar þar að kemur gefa út auglýsingu um að varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli hafi verið tekið til annarra nota en varnarnota. Enn fremur er heimilað að tilteknir málaflokkar verði áfram á einni hendi þótt svæðið falli að öðru leyti undir almennar reglur. Þannig má gera ráð fyrir að fljótlega verði gefin út auglýsing um svæði C, þ.e. að það sé ekki

lengur frátekið til varnarnota.

Víkjum þá nánar að hinum einstöku svæðum, virðulegi forseti. Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um hvernig staðið skuli að yfirfærslu Keflavíkurflugvallar til samgönguyfirvalda. Flugvallarsvæðið er afmarkað á fylgiskjali en það hefur ekki áður verið skýrlega afmarkað landfræðilega. Mun nefnd sérfræðinga vinna tillögur um framkvæmd yfirfærslunnar og skila þeim ekki síðar en í febrúarlok á næsta ári. Þar verður m.a. tekið tillit til varnarþátta og varnarmálahlutverks utanríkisráðuneytisins en þess má geta að flugbrautirnar sjálfar eru að mestu leyti í eigu Atlantshafsbandalagsins.

Þegar samkomulag hefur náðst milli ráðuneytanna um yfirfærsluna mun forsætisráðherra gefa út auglýsingu þar að lútandi. Ekki eru fyrirhugaðar sérstakar lagabreytingar aðrar enda ráð fyrir því gert í 7. gr. frumvarpsins að ekki verði lengur talað um utanríkisráðherra sem æðsta yfirvald í lögum um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

Hvað varðar öryggissvæði samkvæmt 3. gr. þykir nauðsynlegt að taka frá afmarkað svæði til varnarþarfa. Samkvæmt samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna munu Bandaríkin halda árlega tvíhliða og/eða fjölþjóðlegar heræfingar hér á landi og verður öryggissvæðið m.a. frátekið til þessara nota.

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um svæði sem falið verður Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. Inni á því svæði er m.a. íbúðabyggðin sem bandaríska varnarliðið skildi eftir. Er Þróunarfélaginu ætlað að annast umsýslu þessara fasteigna í umboði ríkisins. Félagið var stofnað 24. október sl., og undanfarið hefur verið unnið að gerð þjónustusamnings við félagið og er hann nú á lokastigi.

Gert er ráð fyrir að auk umsýslu fasteigna á umræddu svæði taki félagið við umsýslu tiltekinna fasteigna á flugvallarsvæðinu og jafnvel eftir atvikum á öryggissvæðinu. Eitt fyrsta verkefni félagsins verður að gera úttekt á fasteignum á svæðinu og tillögur um nýtingu þeirra. Enn fremur er félaginu ætlað að vera leiðandi varðandi þróun svæðisins í heild. Er ljóst að þarna er um að ræða eitt stærsta skipulags- og þróunarverkefni á Íslandi á síðari árum.

Fasteignir á varnarsvæðum hafa fram til þessa verið undanþegnar opinberum gjöldum. Í 5. gr. frumvarpsins er sú undanþága framlengd uns einstökum fasteignum hefur verið komið í almenn not með leigu eða sölu. Er ekki talið eðlilegt að ríkið greiði fasteignagjöld af ónýttu húsnæði eða húsnæði og mannvirkjum sem hugsanlega verða rifin að einhverju leyti.

Frú forseti. Ég legg til að máli þessu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[20:17]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er ef til vill ekki efni til að fara í langa ræðu um þetta mál. Hér er um heilmikla „bráðabirgða-bráðabirgðaráðstöfun“ að ræða. Ég hef ekki talið hversu oft orðin „til bráðabirgða“ koma fyrir en það eru nokkur skipti í þessu stutta frumvarpi. Það er umhugsunarefni út af fyrir sig, að þrátt fyrir þann tíma sem hefur verið til undirbúnings breytinganna sem tengjast brottför hersins þá virðist enn mikill bráðabirgðabragur á öllu sem snýr að framkvæmd íslenskra stjórnvalda á svæðinu, stjórnsýslu og verkaskiptingu.

Ég vil sérstaklega nefna að yfirfærsla flugvallarstarfseminnar og þess sem á að taka til borgaralegra er dálítið óljós eins og um þetta er búið. Reyndar segir í 1. gr. að markmið laganna sé að kveða á um skipan mála til bráðabirgða.

Svæðaskipting í flugvallarsvæði, öryggisvæði B og svo svæði sem Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur yfir að ráða, er í ekki eins hrein og ætla mætti þegar farið er að skoða ákvæði frumvarpsins. Þá kemur í ljós að í raun má rutta fasteignum og mannvirkjum fram og til baka samkvæmt sérstökum ákvæðum sem af einhverjum ástæðum eru sett í frumvarpið.

Þannig er t.d. í 3. gr. kveðið á um að utanríkisráðherra sé heimilt að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. umsýslu tiltekinna fasteigna á svæði B ef þörf krefur, þ.e. á svokölluðu öryggissvæði. Í næstu grein er kveðið á um að enn fremur sé heimilt að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar að annast í umboði ríkisins umsýslu fasteigna á svæði sem koma á hið fyrsta í arðbær borgaraleg not og merkt eru sem C á fylgiskjalinu. Eðlilega, það svæði er beinlínis skilgreint sem starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar svo ég átta mig ekki á af hverju þarf að taka það fram í fyrri málsgrein 4. gr. frumvarpsins.

En seinni málsgreinin segir:

„Enn fremur er heimilt að fela félaginu umsýslu tiltekinna fasteigna á svæði A og önnur verkefni sem tengjast framtíðarþróun og umbreytingu svæða A og C.“

Þar með eru komnar heimildir til að færa undir félagið verkefni, mannvirki eða svæði, á báðum hinum svæðunum, bæði svæði A og B. Þá fer þetta að verða dálítið grautarlegt. Af þessu verður ekki annað ráðið en að síðan eigi hæstv. ráðherrar, flugmálayfirvöld og aðrir sem koma við sögu eftir að setjast niður, sjálfsagt yfir kaffibolla, og möndla um það hvað fer hvert á svæðinu.

Ég held að þetta stafi fyrst og fremst af því, sem var ólánsniðurstaða, að ekki skyldi farið í hreint uppgjör á málinu og svæðin í raun aðeins höfð tvö, þ.e. flugvallarsvæðið og flugvallarstarfsemi og síðan allt hitt, sem Þróunarfélagið hefði fengið til að ráðstafa og koma í not. Þetta helgast af því að menn ætla að halda eftir svæði sem menn burðast við að skilgreina sem öryggissvæði sem verði frátekið undir heræfingar og að því virðist, m.a. á grundvelli samninganna við Bandaríkjamenn, bíður það bara eftir því að þeir noti það eins og þeim kann að sýnast. Þetta hindrar að farið sé í hreint uppgjör á málinu.

Utanríkisráðherra á að skipa í nefnd í samráði við samgönguráðherra, fimm sérfræðinga. Það er eins gott að það verði allt sérfræðingar, sem hafi það hlutverk að undirbúa snurðulausa færslu á stjórnun og rekstri Keflavíkurflugvallar. Þar er væntanlega átt við að undirbúa snurðulausa færslu á starfseminni á svæði A yfir til flugmálayfirvalda og frá utanríkisráðuneyti til samgönguráðuneytis.

Ég hélt satt best að segja að þetta ætti að gerast fljótlega en hér kemur í ljós að málið er enn í þoku og nefnd þessi á að skila af sér tillögum um framkvæmd yfirfærslunnar fyrir febrúarlok 2007.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra um flugstöðina.

Nú var það svo að flugstöðin var byggð, illu heilli að mínu mati, í samstarfi við bandaríska herinn. Herinn reiddi fram tiltekna fjárhæð sem, ef ég man rétt, átti að nægja fyrir um 40% af kostnaði við bygginguna en dugði ekki til þess vegna þess að gríðarlegur umframkostnaður hlaust af ýmsu sem óhönduglega tókst til við þessa byggingu. Hún varð miklu dýrari en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir. Ég held því fram að þessi fjárstuðningur Bandaríkjamanna hafi verið býsna dýru verði keyptur þegar upp var staðið. Byggingin varð m.a. miklu dýrari í framkvæmd og óhentugri vegna krafna sem Bandaríkjaher setti í staðinn á móti framlagi sínu, um alls konar kúnstir sem ekkert áttu skylt við þarfir venjulegrar flugvallarstarfsemi og venjulegrar flugstöðvar. En böggull fylgdi skammrifi. Ákvæði var um það í samkomulaginu að bandarískt herinn gæti leyst flugstöðina til sín ef þeir tímar kæmu að herinn teldi sig hafa þörf fyrir aðstöðuna.

Nú spyr ég: Er þessi kvöð enn til staðar? Var henni komið út úr heiminum í uppgjörinu eða samningum við Bandaríkjamenn á haustdögum? Þetta hlýtur að skipta máli ef mannvirkið á loksins, og þótt fyrr hefði verið, að færast undir samgönguráðherra. Það hefur verið kúnstug staða allan þennan tíma að mikilvægasta samgöngumannvirki þjóðarinnar, sem ég held að millilandaflugvöllurinn í Keflavík augljóslega sé, hefur ekki heyrt undir samgönguráðherra. En þegar það verður væri dálítið ankannalegt ef þessi gamla kvöð fylgdi enn með, ég tala ekki um ef henni fylgir líka að halda verði við engisprettugildrunum í niðurföllum og öllu því sem var áskilið af hálfu Bandaríkjamanna til að byggingin uppfyllti staðla bandarískra hersins. Jafnvel eins og þeir eru í hitabeltinu eða hvar sem þeir eru.

Vandræðagangurinn kemur kannski best í ljós þegar skoðuð er 7. gr. Þar er valin sú leið að setja orðið ráðherra í staðinn fyrir utanríkisráðherra. Þetta er væntanlega gert vegna þess að þar með skiptir ekki lengur máli hvað er hjá hverjum lengur eða skemur, utanríkisráðherra, samgönguráðherra eða jafnvel einhverjum fleirum. (Gripið fram í.) Það var nú enn þá verra með retúrinn. Það er þannig vegna hitans í Flóríða að einangra verður retúrinn í bandarískum herstöðvum. Þess vegna varð að sjálfsögðu að gera það líka í flugstöðinni í Keflavík. En það hefur ekki þótt til siðs á Íslandi að gera slíkt.

Svo spyr ég hæstv. forsætisráðherra að lokum en hann nefndi það sem voru nýjar fréttir fyrir mér, en má vel vera að hafi komið fram áður, að búið sé að gera þjónustusamning við Þróunarfélagið: Þetta er svolítið skrýtið, er þetta ekki hreint ríkisfyrirtæki? Af hverju þarf að gera þjónustusamning milli ríkisins og þessa Þróunarfélags og um hvað er hann eiginlega? Ég hélt að þetta væri opinber sýslan, opinber framkvæmd, að koma þessu í gagnið. Er það vegna þess að mönnum er svo mikið í mun að reka þetta strax sem fyrirtæki í hagnaðarskyni, í samkeppni eða hvað?

Ég spurði um daginn hvaða fjármunir yrðu ætlaðir í hreinsun á svæðinu strax á næsta ári. Svarið var því miður að þeir væru engir, að minnsta kosti ekki í fjárlagafrumvarpi eða í fjárlögum næsta árs eins og til stendur að afgreiða þau. Ég spyr því enn: Er í þessum áformum, t.d. í nefndum þjónustusamningi, kveðið á um að hefjast handa um hreinsun svæða? Ef svo er, með hvaða fjármunum á þá að gera það? Hvernig á að standa þar að svona almennt?

Mér finnst þetta fara svolítið veiklulega af stað. Ég verð að segja eins og er. Félagið er stofnað með mjög litlu fé. Það yfirtekur að vísu í sjálfu sér, að nafninu til, verðmætar og miklar eignir eða fær þær til umráða. En þær eru ekki fé í hendi fyrr en þá eitthvað af þeim er farið að gefa þeim nytina sína. Einhverja fjármuni hlýtur félagið að þurfa að hafa á milli handa, ekki síst ef það ætlar að standa undir kostnaði af hreinsunarverkefni strax á næsta ári, sem á að sjálfsögðu að hefjast handa við. Það á ekki að láta það allt saman lenda í útideyðu.

Ég vildi gjarnan, annaðhvort nú við þessa umræðu eða áður en málið fer lengra, áður en það kemur úr nefnd og til 2. umr., að fyrir lægju svolítið skýrari línur og svör við spurningum af þessu tagi. Ég vil láta það sjónarmið mitt koma fram að mér finnst einboðið að setja kraft í málið, að láta Þróunarfélagið hafa fjármuni milli handa þannig að það hafi bolmagn til að standa myndarlega að málum, a.m.k. að passa upp á að húsin frjósi ekki og ekki verði þar skemmdir og vandræði eins og þegar er byrjað að bera á.

Mér finnst að menn þurfi að taka svolítið betur á að ýmsu leyti, frú forseti.

[20:28]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Hv. þingmaður vék hér að nokkrum atriðum og ég skal reyna að svara þeim eftir bestu getu. Það er alveg rétt að hér á að skjóta lagastoð undir tiltekið bráðabirgðaástand sem við vonum öll að vari sem styst.

Ástæðan fyrir því að gert er ráð fyrir þeim möguleika að Þróunarfélagið yfirtaki tilteknar eignir á svæðum A og B er sú að gert er ráð fyrir að að fenginni reynslu gæti komið í ljós að það sé einfaldlega heppilegri ráðstöfun. Í ljós gæti komið að eignir á svæðinu, eins og það er núna skilgreint, væri betra að leigja eða selja með þeim hætti sem Þróunarfélagið mun gera.

Við höfum tekið frá tilteknar eignir, t.d. varðandi svokallað öryggissvæði, íbúðarblokkir. Það er ekki alveg víst að full not verði fyrir allt það húsnæði. Þá finnst mér einboðið að gera megi ráð fyrir því að því verði afsalað til Þróunarfélagsins.

Varðandi stjórnsýslumálin vék hv. þingmaður að því að í 2. gr. er talað um nefnd sérfræðinga sem skuli undirbúa yfirfærslu ... (**SJS:** Snurðulausa.) snurðulausa yfirfærslu á stjórnun og rekstri flugvallarins milli ráðuneyta. Það er mikilvægt að það gangi vel og greiðlega fyrir sig.

Stefnan hefur verið mörkuð. Hún er sú að á fyrrverandi varnarsvæði falli stjórnsýslan í sömu skorður og annars staðar í landinu almennt séð. Það þýðir að flugstarfsemin, það sem henni tilheyrir, mun flytjast frá utanríkisráðuneyti yfir í samgönguráðuneyti. Tollgæslan mun flytjast frá utanríkisráðuneyti yfir í fjármálaráðuneyti. Það er þegar búið að gera ráðstafanir til að löggæslan flytjist milli utanríkis- og dómsmálaráðuneytis. Svo eru önnur mál eins og heilbrigðismál og skipulagsmál sem á endanum munu rata til sinna almennu heimkynna í samræmi við það sem almennt gerist í landinu.

Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að utanríkisráðherra fari með skipulagsmálin þar til annað verður ákveðið. Það

kann vel að vera, þótt ég hafi ekki nefnt það hér, að á endanum verði þetta svæði, Suðurnesin öll og sveitarfélögin sem þar eru, plús fyrrverandi varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli, eitt skipulagssvæði. Að mörgu leyti held ég að það væri mjög heppilegt. Það mundi þá lúta hinum almennu lagareglum um þau mál undir yfirstjórn félagsmálaráðherra.

Það segir sig sjálft að þegar Bandaríkjamenn hafa yfirgefið varnarsvæðið eru þær skuldbindingar sem gengist var undir varðandi flugstöðina brott fallnar. En flugstöðin sem slík heyrir nú samkvæmt sérstökum lögum undir utanríkisráðherra. Ég tel að það sé þá næsta sjálfgefið að breyta því forræði með lögum þegar það þykir tímabært og færa yfir til samgönguráðherrans.

Þessi stefna er í raun mörkuð í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í september en jafnframt eru menn ásáttir um að hraða þessu ekki um of, en að slík heildaryfirfærsla á flugvellinum, rekstrinum og stjórnsýslunni þar auk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar geti orðið með vorinu. Þar með held ég að þeim spurningum sé svarað.

Þingmaðurinn spurði síðan aðeins meira um Þróunarfélagið, hvort það væri ekki opinber aðili. Þróunarfélagið er einkahlutafélag í eigu ríkisins. Það er ekki heimilt að fela slíku félagi, sem er í einkaréttarlegum skilningi eins og hvert annað hlutafélag, eignir ríkisins nema með lagaheimild. Þeirrar lagaheimildar er aflað með breytingartillögu sem lögð hefur verið fram við fjáraukalög. Því þar er lagt til að við 4. gr. bætist nýr liður, 4.61, um að heimilt sé að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.

Þarna er heimildin fengin sem væntanlega verður framlengd í fjárlagafrumvarpinu til að fela þessu félagi að annast þau verkefni sem því er ætlað að sinna. Slíkur þjónustusamningur sem þingmaðurinn spurði um yrði gerður á grundvelli, að mig minnir, 30. gr. laganna um fjárreiður ríkisins. En þetta þarf að gerast með þeim hætti til að öllum formsatriðum sé haldið til haga.

Hins vegar er félaginu ætlað að starfa á viðskiptalegum forsendum. Þess vegna er eðlilegt að gera þá kröfu til félagsins að það afli sér tekna með leigu húsnæðis eða eftir atvikum sölu þess, m.a. til að fjármagna hreinsun á svæðinu. Það er eitt af því sem tiltekið er í stofnsamþykktum félagsins, að það hafi það verkefni, eftir atvikum, að leigja, selja, hreinsa eða rífa mannvirki á landsvæði innan þess vébanda.

Þetta eru náttúrlega heilmikið verkefni. Það er rétt sem hv. þingmaður sagði. Þetta er mikið mál og þetta verður eflaust fjárfrekt. En það er líka rétt sem hann sagði, að þarna eru miklar eignir sem eiga að geta gefið af sér fjármagn til að standa undir þessum verkefnum.

[20:34]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að játa að efasemdir mínar vaxa hratt um að menn hafi valið mjög gáfulega eða skilvirka aðferð í þessum efnum. Þetta er greinilega nokkuð snúið, að stofna einkahlutafélag sem starfar í einkaréttinum og þarf síðan að fá sérstaka heimild til að yfirfæra til þess opinberar eignir. Það á síðan að fá sem lögbundið verkefni að annast hluti sem í raun eru á sviði hins opinbera, eins og að hreinsa upp menguð svæði.

Ef þetta er einkafyrirtæki, þó að vísu í eigu ríkisins sé og starfar sem slíkt í samkeppni og á að reyna að afla tekna á móti útgjöldum sínum, þá er spurningin sú: Er þá eðlilegt að það sé jafnframt látið taka að sér verkefni, sem auðvitað eru hreinar skyldur ríkisins að hreinsa þarna mengað land á svæðum sem ríkið tók eignarnámi til að leggja undir herinn?

Hefði ekki verið alveg eins einfalt að hafa þetta fyrst og fremst umsýslufélag, að eignirnar héldust í eigu ríkisins, að þegar þær færu að afla tekna eða væru seldar fengi ríkið fjármunina og ríkið reiddi fram fé til að hreinsa svæði? Af hverju að fara með þessa fjármuni í gegnum félag í einkarekstri sem starfar á sviði einkaréttarins?

Ég er að sjálfsögðu sammála því að færa stjórnsýslu á þessu svæði til eðlilegs horfs og þó fyrr hefði verið. Það er fagnaðarefni ef svo er að kvöðin gamla á flugstöðinni sé fallin brott. Að sjálfsögðu á flugstöðin að færast yfir til samgönguráðuneytisins og önnur verkefni yfir til viðkomandi ráðuneyta. Og það hefði verið og væri hægt að gera þessi mál öll upp á hreinu borði ef ekki væri verið að þvælast með þessi svæði B, þessi svokölluðu varnarsvæði, leifar af dvöl hersins hér. (Forseti hringir.) Í því sambandi spyr ég einnig um Helguvík, hvað með hana?

[20:36]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst út af Helguvík. Því er til að svara að Helguvík er mannvirki sem er í eigu Atlantshafsbandalagsins og var ekki hluti af mannvirkjum í eigu Bandaríkjamanna. Það eru hins vegar í undirbúningi ráðstafanir til þess að íslenska ríkið geti yfirtekið Helguvík en það hefur ekki enn gerst. Helguvík á það sammerkt með ýmsum öðrum mannvirkjum, bæði innan vallarsvæðisins og utan, að þar hefur Atlantshafsbandalagið kostað mannvirkin. Þau eru formlega í eigu þess og það þurfa að fara fram viðræður um þann tilflutning og þá tilfærslu sem ég vona að geti gengið hratt og vel fyrir sig. Þá geri ég ráð fyrir að við munum taka það hafnarmannvirki til eðlilegra nota fyrir okkur og vonandi tekst að koma olíuflutningunum af Keflavíkurveginum inn á það svæði, svo ég nefni dæmi.

En hitt er varðar Þróunarfélagið er í sjálfu sér ekkert flókið. Þessi leið var bara valin. Þetta er fyrirkomulagsatriði til að tryggja að þetta verði sjálfbært með þeim hætti að tekjurnar af svæðinu geti staðið undir kostnaði og jafnvel gott betur.

Við höfum ákveðið að fara þessa leið og sú stefna var mótuð í yfirlýsingunni 26. september að gera þetta með þessu móti. Félagið var síðan stofnað mánuði síðar og nú er verið að afla þeirra lagaheimilda sem nauðsynlegar eru en auðvitað er heimilt að gera þjónustusamning, á grundvelli fjárreiðulaganna, eins og ég gat um áðan. En við viljum hafa þetta tryggt með þessum hætti og ég tel að það sé áhrifameiri leið að gera þetta svona en að ríkið sé sjálft með puttana í þessu, þó vissulega sé þetta nú allt á ábyrgð ríkisins á endanum.

Að öðru leyti vænti ég þess að við hv. þingmaður þurfum ekki að deila mikið um þetta þó svo ég geri mér grein

fyrir að þetta svæði B fer mikið fyrir brjóstið á honum. En það ætti nú að vera alger óþarfi finnst mér.

[20:39]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir greinargóð svör og ég tel að það hafi ýmislegt verið upplýst um þetta mál sem mér lék hugur á að vita og ef til vill fleirum.

Það er ekki bókstafurinn sem fer í taugarnar á mér í sambandi við B-svæðin, heldur einfaldlega eðli þeirra. Ég hefði fagnað því enn meir að samhliða brottför hersins og í beinu framhaldi henni hefði farið fram hreint, endanlegt og tæmandi uppgjör á þessum málum. Þar með talið að öllu landsvæði yrði skilað yfir til borgaralegra nota. Menguð svæði hreinsuð upp og eðlileg stjórnsýsla kæmist á á öllu því svæði.

Ég spyr um Helguvík vegna þess að þar er lítill reitur merktur áfram sem svæði B, sem öryggissvæði. Ég er sammála hæstv. forsætisráðherra um að það er ákaflega mikilvægt að ná Helguvík og koma henni til fullra nota, af því að þá opnast möguleikar, eins og hann benti réttilega á, að þessir miklu eldsneytisflutningar á vegunum heyri sögunni til.

Varðandi síðan starfsemi Þróunarfélagsins er ég ekki þeirrar skoðunar að mestu máli skipti að það fari að afla tekna til að geta svo aftur borið kostnaðinn af menguðum svæðum, hreinsun mengaðra svæða. Mér finnst aðalatriðið vera að Þróunarfélagið verði vel í stakk búið og hafi bolmagn til þess að koma mannvirkjunum og svæðunum í not, að þarna komi starfsemi og arðurinn verði óbeint leiddur af því að mannvirki og svæði komist þarna til nota. En ekki að pressan sé á því að Þróunarfélagið fái strax inn fjármuni vegna þess að annars verði ekki hægt að fara að hreinsa menguð svæði o.s.frv.

Ég er tortrygginn út í það fyrirkomulag sem þarna er sett upp að þessu leyti og hefði talið að menn hefðu átt að láta Þróunarfélagið fá talsverðan heimanmund, tannfé, og það sakaði þá ekki ef hann skilaði sér margfalt (Forseti hringir.) til baka í gegnum arð af starfseminni og verðmæti fyrirtækisins.

[20:41]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að tortryggni þingmannsins sé ástæðulaus og að sú leið sem valin var muni leiða það í ljós að hægt er að gera hvort tveggja, afla tekna til að standa undir hreinsun eða niðurrifi þegar menn eru búnir að meta það nákvæmlega hvað þarf að gera mikið af slíku, en í stofnskjali þessa félags segir líka og það segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að markmiðið er náttúrlega það að koma þessum eignum sem fyrst í arðbær borgaraleg not þó án þess það valdi röskun á svæðinu. Það held ég að allir geti verið sammála um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[20:42]

**Útbýting:**

Erlent starfsfólk, 310. mál, svar félmrh., þskj. 426.

Ríkisútvarpið ohf., 56. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 500; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 501.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, 57. mál, nál. menntmn., þskj. 502.

## *Þjóðhátíðarsjóður, fyrri umr.*

Stjtill., 356. mál (starfslok sjóðsins). — Þskj. 386.

[20:42]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)**:

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um að leggja niður Þjóðhátíðarsjóð. Eins og margir eflaust muna var Þjóðhátíðarsjóði komið á laggirnar í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi árið 1974. Hefur sjóðurinn starfað frá árinu 1977 samkvæmt staðfestri skipulagsskrá sem sett var samkvæmt ályktun Alþingis.

Tilgangur sjóðsins hefur, eins og segir í samþykktum hans, verið að veita styrki til stofnana og annarra aðila sem hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar sem núlifandi kynslóðir hafa tekið í arf. Gert hefur verið ráð fyrir að styrkir úr sjóðnum séu viðbótarframlög til þeirra verkefna sem styrkt eru en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Veruleg umskipti hafa orðið á fjárhagsstöðu sjóðsins og skemmst er frá því að segja að fjármunir hans hafa dregist mjög saman. Á sama tíma hafa ýmsir aðrir aðilar orðið atkvæðameiri í styrkveitingum á þessu sviði, bæði opinberir aðilar og einkafyrirtæki.

Upphaflega var stofnfé sjóðsins 300 milljónir gamalla króna sem var ágóði Seðlabanka Íslands af útgáfu þjóðhátíðarmyntar í tilefni af 1100 ára búsetu hér á landi. Reiknað var með að til sjóðsins rynni ágóði af sölu á svokallaðri tilefnismynt. Það hefur á hinn bóginn ekki gengið eftir. Hefur stjórn sjóðsins leitast við að bæta fjárhagsstöðu hans og m.a. kannað aðra tekjumöguleika á sviði myntútgáfu, en þrátt fyrir þessar tilraunir stjórnar sjóðsins hafa ráðstöfunartekjur hans dregist verulega saman. Sjóðstjórnin hefur gert forsætisráðuneytinu grein fyrir stöðu málsins og tillögum sínum sem þessi þingsályktunartillaga byggir á.

Sé upphafleg fjárhæð sjóðsins framreiknuð með lánskjaravísitölu mundi hún jafngilda um 345 millj. kr. Eignir sjóðsins í lok síðasta árs voru aftur á móti aðeins um 88 millj. kr. enda tekjum sjóðsins, þar á meðal verðbótum af verðbréfaeign, verið ráðstafað í styrki á umliðnum árum.

Með því að ekki hafa fundist aðrir tekjumöguleikar fyrir sjóðinn og stjórn hans telur ólíklegt að þeir muni finnast á næstunni, hvort sem er á sviði myntútgáfu eða með öðrum hætti, er í samræmi við fyrirmæli 11. gr. skipulagsskrár sjóðsins lagt til að heimilað verði í sérstöku bráðabirgðaákvæði eða sólarlagsákvæði að leggja niður starfsemi sjóðsins og að úthlutun styrkja ljúki árið 2011.

Gangi tillagan eftir munu árlegir fjármunir sjóðsins til

styrkveitinga á næstu fimm árum verða um 20 millj. kr. sem er verulega hærri fjárhæð en verið hefur til ráðstöfunar á undanförnum árum. Til samanburðar úthlutaði stjórn sjóðsins á árinu 2006 samtals 2,6 millj. kr. í styrki. Allir sjá að úthlutun af þeirri stærðargráðu stendur vart undir því virðulega nafni sem Þjóðhátíðarsjóður ber.

Með þeim hætti sem hér er lagt til verður unnt að styrkja betur áhugaverð verkefni þar sem óskað er eftir hærri fjárhæðum en sjóðurinn hefur bolmagn til að veita nú.

Frú forseti. Ég legg til að tillögunni verði að umræðu lokinni vísað til síðari umræðu og hv. allsherjarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Umferðarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 388. mál (ökuskírteini, hert viðurlög). — Þskj. 430.

[20:47]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987. Tildrög þessa frumvarps er einkum sú mikla aukning sem orðið hefur á hraða og ofsaakstri í umferðinni á undanförnum missirum og þær fórnir sem sú háttsemi hefur haft í för með sér.

Samkvæmt nýjustu tölum var heildarkostnaður umferðarslysa hér á landi á árinu 2005 áætlaður 21–29 milljarðar kr. Ekki verður hjá því komist að grípa til markvissra ráðstafana til að stemma stigu við þeirri óöld sem hefur viðgengist í umferðinni. Það er niðurstaða helstu sérfræðinga á sviði umferðarmála að þessi málaflokkur hafi sérstöðu að því leyti að tveir þættir hafi afgerandi áhrif á hegðun ökumanna, þ.e. viðurlög við umferðarlagabrotum og eftirlit með hegðun ökumanna í umferðinni. Þegar hefur verið brugðist við fyrrgreinda þættinum, annars vegar með verulegri hækkun sekta um allt að 60% með breytingu á sektarreglugerð vegna brota á umferðarlögum sem taka mun gildi 1. desember, þ.e. á morgun. Hámarksupphæð sekta vegna umferðarlagabrota verður samkvæmt reglugerðinni hækkuð í 300 þús. kr. í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Enn fremur verða vikmörk vegna hraðaksturs minnkuð úr 10 km á klukkustund í 5 km á klukkustund.

Varðandi eftirlitsþáttinn þá er sýnileiki eftirlits mjög mikilvægur og í samræmi við umferðaröryggisáætlun hefur verið gerður sérstakur samningur við ríkislögreglustjóra um aukið eftirlit á þjóðvegum. Sá samningur rennur út um áramót og nú er verið að huga að endurnýjun hans vegna næsta árs. Jafnframt hafa í samræmi við áætlunina verið keyptar myndavélar til umferðareftirlits og tvær vélar verið settar upp á Vesturlandsvegi til Borgarness sem teknar verða í notkun um næstu áramót. Gert er ráð fyrir að allt að 20 nýjum myndavélum á næsta ári. Stefnt er að staðsetningu myndavéla þar sem hætta er á hraðakstri og þar sem slys hafa orðið. Ég hef mikla trú á að myndavélaeftirlit verði til að draga úr hraða og stuðli að fækkun slysa í samræmi við mjög góða reynslu erlendis, sérstaklega í Frakklandi.

Mikilvægt er að úrvinnsla gagna vegna myndavélaeftirlitsins verði skilvirk en jafnframt þarf að huga að breytingum umferðarlaga vegna þessa og verður það liður í heildarendurskoðun umferðarlaga sem fyrirhugað er að fari fram á næsta ári. Meginmarkmið frumvarpsins er því annars vegar að herða viðurlög við umferðarlagabrotum, veita heimildir til þess, sérstaklega vegna hraðaksturs og annarrar vítaverðrar háttsemi í umferðinni og hins vegar að auka kröfur til ungra ökumanna sem eru að stíga sín fyrstu skref í umferðinni.

Frumvarpið er í samræmi við umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var sem þingsályktun á 131. löggjafarþingi 27. maí 2004. Þá var litið til þess að umferðarmál höfðu þann 1. janúar 2004 flust frá dómsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins og því var tekin ákvörðun um að fella framkvæmd þingsályktunarinnar inn í samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 í formi umferðaröryggisáætlunar fyrir sama tímabil. Þar er m.a. gert ráð fyrir að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni lækki að jafnaði um 5% á ári. Í því sambandi voru gerðar breytingar á umferðarlögum á síðasta þingi, m.a. vegna aksturs undir áhrifum ölvunar og fíkniefna. Við framkvæmd umferðaröryggisáætlunar hafa komið fram ýmis atriði sem kalla eftir breytingum á umferðarlögum til að ná markmiðum áætlunarinnar.

Ekki verður fram hjá því litið að bifreiðaeign landsmanna hefur aukist gríðarlega. Árið 1975 voru 71.459 bifreiðar á landinu en árið 2005 voru þær orðnar 214.885. Lætur því nærri að bifreiðaeign hafi fimmfaldast á 30 árum. Því segir það sig sjálft að taka verður umferðaröryggismál föstum tökum og leita allra leiða til að gera umferðina eins örugga og áfallalausa og mögulegt er. Frumvarpinu er ætlað að bregðast við þessu og stuðla að auknu umferðaröryggi og fækkun slysa í umferðinni.

Við samningu frumvarpsins hefur verið haft samráð við þá aðila sem koma að umferðarmálum, embætti ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, lögreglustjóraembættið í Reykjavík og rannsóknarnefnd umferðarslysa svo nokkuð sé nefnt. Drög að frumvarpinu voru kynnt á vegum ráðuneytisins og barst fjöldi athugasemda frá félagasamtökum og almenningi sem tekið hefur verið mið af.

Þau ákvæði frumvarpsins sem einkum snúa að ungum ökumönnum eru eftirfarandi: Lagt er til að bráðabirgðaskírteini gildi í þrjú ár í stað tveggja ára. Engu að síður verður mögulegt fyrir ungan ökumann að fá fullnaðarskírteini að ári liðnu hafi viðkomandi sýnt ábyrga hegðun í umferðinni, ekki fengið punkt á ökuferilsskrá vegna umferðarlagabrota og farið í akstursmat hjá viðurkenndum ökukennara. Á þann hátt eru þeir sem standa sig vel verðlaunaðir.

Þeir ökumenn sem sýna óábyrga hegðun í umferðinni geta aftur á móti átt það á hættu að fá einungis endurnýjað bráðabirgðaskírteini að þremur árum liðnum með þeim takmörkunum sem slíkt ökuskírteini hefur í för með sér.

Þá er í frumvarpinu lagt til það nýmæli að komið verði á stigskiptingu ökuskírteina. Í því felst að heimilt verður að takmarka akstursleyfi byrjanda við tiltekna tíma sólarhrings. Þannig mætti t.d. hugsa sér að ungum ökumönnum með bráðabirgðaskírteini verði óheimilt að aka bifreið milli kl. 12 að nóttu fram til 6 að morgni en tölur fyrir árin 1998–2005 sýna að 20% banaslysa í umferðinni verða frá

miðnætti á laugardegi fram til sunnudags. Þegar við bætist að 41% þeirra sem létust í umferðinni árið 2005 var ungt fólk má leiða að því líkur að takmörkun á akstri ungmenna á vissum tímum sólarhringsins geti snúið þeirri óheillaþróun að einhverju leyti við.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að heimilt verði að takmarka fjölda farþega yngri en 20 ára í bifreiðum ungra ökumanna. Reynslan sýnir að það getur haft mjög truflandi áhrif á óreynda ökumenn að hafa margt ungt fólk í bifreið sinni á sama tíma og ökumaðurinn verður að einbeita sér að akstri, í sumum tilfellum við aðstæður sem honum eru framandi.

Í þriðja lagi er lagt til að heimilt verði að setja reglur um takmörk á vélarafl ökutækis sem ungur ökumaður má stjórna. Þetta er ekki ósvipað því að nýútskrifaðir flugmenn fá heimild til að stjórna litlum flugvélum til að byrja með. Með aukinni reynslu fá þeir síðan heimild til að stýra stórum og öflugum flugvélum. Segja má að með þessum kröfum sé komið til móts við þá sem hafa lagt til að ökuleyfisaldur verði hækkaður í 18 ár en álitamál hefur verið hvort slík aðgerð skili árangri þar sem rannsóknar sýna að fyrsta ár ökumanns sé ávallt það erfiðasta. Þetta fyrirkomulag er við lýði m.a. í Bandaríkjunum, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Þýskalandi og hefur gefist vel. Efnahags- og framfarastofnun OECD hefur sérstaklega mælt með því að hömlur séu settar á ótakmarkað akstursleyfi ungra og reynslulítilla ökumanna.

Annað nýmæli varðandi unga ökumenn er að lagt er til að innleitt verði akstursbann í íslensk umferðarlög en ákvæði þetta er að danskri fyrirmynd. Akstursbann beinist að ungum ökumönnum með bráðabirgðaskírteini og felur í sér að hafi ungur ökumaður fengið fjóra punkta eða fleiri í ökuferilsskrá vegna umferðarlagabrota skuli lögreglustjóri afturkalla ökuréttindin sem ökuskírteinið veitir og banna hinum brotlega að aka bifreið þar til hann hefur farið á námskeið og staðist ökupróf að nýju. Segja má að hér sé ungum ökumönnum settar nokkuð þröngar skorður varðandi heimild til aksturs en enn og aftur skal lögð áhersla á að markmiðið með þessum tillögum er að efla umferðaröryggi og koma í veg fyrir að ungir ökumenn valdi sér og öðrum tjóni í umferðinni. Tölur sýna að 28% banaslysa í umferðinni á undanförnum sjö árum eru af völdum ungra ökumanna og eru þeir því hlutfallslega mun fleiri en í öðrum aldursflokkum.

Í frumvarpinu er sérstaklega tekið á viðurlögum við hraðakstursbrotum. Markmiðið með breytingum er tvíþætt: Annars vegar er lagt til að sektir vegna hraðakstursbrota verði hækkaðar og hins vegar að sektarupphæð taki í auknum mæli mið af kringumstæðum þegar hraðakstur á sér stað. Þannig er gert ráð fyrir að hlutfallslega hærri sektum sé beitt þegar ekið er yfir hámarkshraða á stórum bifreiðum, svo sem vörubifreiðum og hópbifreiðum. Sama á við um akstur bifreiða með eftirvagni, hjólhýsum og kerrum svo dæmi séu tekin en engum vafa er undirorpið að slíkur akstur krefst mun meiri aðgætni en undir venjulegum kringumstæðum. Enn fremur er lagt til að sektir verði ákveðnar hærri en ella þegar ekið er á yfir 140 km hraða á klukkustund og einnig þegar ekið er á tvöföldum hámarkshraða en í þeim tilvikum er lagt til að svipting ökuréttar verði ákvörðuð eigi skemur en í sex mánuði.

Málefni bifhjólamanna hafa verið í brennidepli að undanförnu en bifhjólamenn hafa látist í þremur banaslysum í umferðinni á þessu ári. Athygli hefur beinst að hlífðarbúnaði þeirra en reynslan sýnir að viðurkenndur búnaður getur bjargað mannslífum. Því er lagt til í frumvarpinu að heimild verði veitt til að setja reglur um slíkan búnað og hvað teljist til hans.

Að lokum er lagt til í frumvarpinu að gera megi vélknúið ökutæki sem ökuskírteini þarf til að stjórna og notað er við umferðarlagabrot upptækt hafi ökumaður verið staðinn að grófum og endurteknum umferðarlagabrotum. Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir frekari brot á umferðarlögum sem stofnar lífi og heilsu vegfarenda í hættu. Sömuleiðis er lagt til að ökutæki sé gert upptækt ef ökumaður hefur ítrekað orðið uppvís að ölvunarakstri með meira en 1,2 prómill af áfengismagni í blóði. Þetta ákvæði er sett að fyrirmynd í dönsku umferðarlögunum en ekki eru líkur á að oft muni reyna á slík ákvæði í reynd. Engu að síður er æskilegt að umferðarlöggjöfin geri ráð fyrir slíkum möguleika því nauðsynlegt er að geta gripið til sérstakra aðgerða gagnvart síbrotamönnum í umferðinni. Koma verður í veg fyrir að þeir haldi afbrotferli sínum áfram og leggi þannig líf og limi vegfarenda í hættu með háttsemi sinni.

Virðulegi forseti. Það er von mín að við getum öll sameinast um þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram. Þær beinast einkum að hættum sem stafa af hraðakstri, vanda ungra og óreyndra ökumanna og að síbrotamönnum í umferðinni. Sjálfsagt finnst sumum of langt gengið í hertum viðurlögum í umferðarlagabrotum. Öðrum finnst ef til vill að lengra mætti ganga. Mikilvægast finnst mér þó að með afgreiðslu lagafrumvarps þessa getum við lagt okkar af mörkum til að fækka slysum í umferðinni og þar með þeim hörmungum sem þau hafa oft og tíðum í för með sér.

Eins og áður sagði fluttust umferðarmál frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis þann 1. janúar 2004. Frá þeim tíma hefur mikil vinna farið fram af hálfu ráðuneytisins í allan þennan málaflokk í samræmi við mikilvægi hans. Enn er talsvert verk óunnið og ég leyfi mér að minna á að þessi lagabreyting, ef samþykkt verður, er skref í mun lengri göngu, því takmarki sem við höfum sett okkur í umferðaröryggisáætlun, að tíðni alvarlegra umferðarslysa verði ekki meiri hérlendis en sú sem lægst er í nágrannalöndum okkar. Margt fleira þarf að koma til, ekki síst umbætur á vegakerfinu sjálfu. Vona ég að við getum einnig náð samstöðu á næstu missirum um það mikla átak sem þær munu kosta.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgöngunefndar og vænti ég góðs samstarfs við þingmenn um að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi þar sem mikið er í húfi í þágu umferðaröryggis í landinu.

[21:00]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér nægir andsvar til að koma að athugasemdum mínum við þetta frumvarp við 1. umr. Ég held að við séum öll sammála um að það er nauðsynlegt að grípa til markvissra aðgerða til að reyna að draga úr því mikla manntjóni, dauðsföllum og slysum sem verða í umferðinni.

Þar náum við því miður enn ekki þeim árangri sem skyldi, það verður bara að horfast í augu við það. Það gengur seint og í rauninni ekki neitt að ná dauðaslysum niður úr þeim 2–3 tugum á ári sem þau hafa verið í að jafnaði að undanförnu.

Í þessu frumvarpi er ýmiss konar viðleitni sem er góðra gjalda verð, eins og að herða eftirlit og hækka sektarmörk og fleira í þeim dúr, auk tiltekinna aðgerða sem tengjast ungum ökumönnum. Þar er þó ekkert sagt um það, sem mér kemur að sjálfsögðu fyrst í hug og væntanlega mörgum fleirum, að einfaldlega hækka aldursmörk fyrir útgáfu ökuskírteinis. Þegar breytingar voru gerðar á umferðarlögum á sínum tíma og innleidd var heimild til æfingaaksturs flutti ég hér á þingi breytingartillögu við það frumvarp um að æfingaaksturstímabilið væri 17–18 ára aldursmörkin þannig að í reynd færðist útgáfa ökuréttindanna upp um ár. Ég er sannfærður um að það hefði þá verið sársaukalítil breyting, menn hefðu sæst á það að í reynd yrði fyrsta árið æfingaár undir þeim formerkjum að það væri æfingaakstur á ábyrgð reyndari ökumanns. Þessa braut mætti vel hugsa sér að feta í áföngum, taka einhverja mánuði eða hálft ár í einu til að mýkja þá aðlögun að hærri aldursmörkum sem við vitum svo sem að ýmsir eru ekki hrifnir af. Ég held að við getum ekki annað en horfst í augu við reynslu margra annarra þjóða og hún er sú að það hefur skilað miklum árangri að vera með hærri aldursmörk en þau sem við notum.

[21:02]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gat þess í framsöguræðu minni að sá kostur að hækka aldursmörkin hefði verið skoðaður. Niðurstaðan varð sú að gera það ekki, heldur lengja þann tíma sem bráðabirgðaökuskírteinið yrði gefið út og enn fremur herða viðurlög, takmarka í raun ökuréttindin á þessum fyrstu árum og gera þær kröfur að þeir sem brjóta af sér fari í endurhæfingu. Við nálgumst þetta en það kann vel að reynast nauðsynlegt að gera enn frekari breytingar. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að samgöngunefnd taki þennan þátt til sérstakrar skoðunar og meti hvort ganga eigi skrefið svo langt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefnir hér.

Ég tel að svo komnu máli ekki skynsamlegt að fara þá leið, heldur setja þessar takmarkanir á réttindi ungra ökumanna þannig að þeir sem standa sig vel og sýna að þeir eru vel færir til þess að aka bílum fái tækifæri til þess með öllum þeim takmörkunum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

[21:04]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég fagna frumvarpinu sem hæstv. ráðherra var að mæla fyrir. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að menn fari yfir þessi mál og geri bragarbætur á þeim lögum og reglum sem gilda. Auðvitað eru einstakar hugmyndir og tillögur sem hér koma fram umræðuefni, og menn munu sjálfsagt ekki koma sér fullkomlega saman um hvað sé skynsamlegt og hvað ekki af því sem hér er lagt til. Nefndin mun fara yfir það.

Ég tel reyndar að það ætti að hækka aldursmörkin. Það er auðvitað spurning hversu mikið eigi að hækka þau. Mér finnst að nefndin þurfi að fara vandlega yfir það hvaða vandamál fylgja því að hækka aldursmörkin. Ég geri mér alveg grein fyrir því að því fylgja ákveðin vandamál, og ný geta skapast við hækkun aldursmarkanna sem kannski verða ekki endilega miklu betri. Ég held t.d. að ungir ökumenn sem annars mundu sjást á bílum á götunum gætu birst á mótorhjólum eða einhvers konar skellinöðrum, öðrum farartækjum ef þeir fá ekki bílpróf. Það er umhugsunarefni hvort það mundi þá ekki líka valda óöryggi í umferðinni.

Ég hef vissar efasemdir um myndavélar sem hæstv. ráðherra virðist binda miklar vonir við. Ég held að þær geti verið mjög góðar á vissum takmörkuðum svæðum og stöðum en varla getum við séð til þess að hraðaksturskappar sem fara út á vegina til að fá útrás þeirrar ástríðu sinnar að keyra hratt muni ekki fljótlega átta sig á því hvar sé hægt að vera við þá iðju.

Ég tel fulla ástæðu til að nefndin skoði að það úrræði verði til staðar í reglum um refsingar, getum við kallað, að ökumenn sem gera sig seka um hraðakstursbrot sé hægt að dæma til að aka með skráningartölvu í bílum sínum, tölvu sem skráir ökuhraða, þannig að hafi menn brotið þannig af sér í umferðinni að ástæða þyki til verði þeir að sætta sig við það að aka eingöngu í bílum sem hafa slíka skráningartölvu. Þeir verða þá sjálfir að standa straum af þeim kostnaði sem er fólginn í því að kaupa slíka tölvu og setja í bílana. Það er í sjálfu sér ekkert dýrara en þær sektir sem hér eru á ferðinni ef menn brjóta illa af sér í umferðinni og kæmi prýðilega til greina. Þetta er ekki óþekkt fyrirbrigði. Ökumenn stórra flutningabifreiða þurfa að búa við það að vera með slík tæki í bílunum og ég sé ekki betur en að það úrræði sé a.m.k. allrar athygli vert.

Hæstv. ráðherra talaði um að sýnileiki lögreglu væri meðal þess sem þyrfti að vera til staðar. Ég er honum sannarlega sammála um það og tel reyndar að á sínum tíma hafi verið stigið skref aftur á bak þegar vegalögreglan hvarf af vegunum. Hún gerði verulega mikið gagn og vonandi sjáum við þá eitthvað sem kemur þar í staðinn. Refsingar eru út af fyrir sig nauðsynlegar og gera líka gagn en það sem við þurfum að átta okkur á er að þessi mikli hraðakstur sem er á vegunum fer að töluverðu leyti fram á svæðum þar sem erfitt er að koma við eftirliti. Þess vegna tel ég ástæðu til að nefna þá hugmynd að setja megi þá kvöð á ökumenn sem hafa brugðist trausti samfélagsins að þeir megi ekki vera á bílum nema með skráningartæki í.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Eins og ég sagði í upphafi fagna ég þessu frumvarpi og vona bara að samgöngunefnd gangi vel að fjalla um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Hafnalög, 1. umr.*

Stjfrv., 366. mál (gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 398.

[21:10]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003. Frumvarp þetta var

samið af endurskoðunarnefnd skipaðri af samgönguráðherra í samræmi við bráðabirgðaákvæði IV í lögunum. Nefndin var skipuð ýmsum fulltrúum hagsmunaaðila, svo sem hafnarstjórnar, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, auk þess sem með nefndinni störfuðu starfsmenn ráðuneytisins og Siglingastofnunar Íslands.

Nefndinni var falið að meta hvernig til hefði tekist við framkvæmd laganna og gera tillögur að nauðsynlegum breytingum að fenginni reynslu. Niðurstaða nefndarinnar var að ekki væri komin mikil reynsla af lögunum þar sem tiltölulega stutt er síðan þau tóku gildi og framlengdur hefur verið gildistími 24. gr. laganna með sérstakri breytingu á hafnalögum sem Alþingi samþykkti á síðasta ári og sveitarstjórnir höfðu lagt ríka áherslu á.

Það er helst að gjaldtaka samkvæmt 17. gr. laganna hafi verið gagnrýnd, bæði af Hafnasambandi sveitarfélaga sem og einstökum höfnum og notendum hafna, en með lögunum voru afskipti stjórnvalda af gjaldtöku hafna afnumin og höfnum gert að setja sér gjaldskrá á grundvelli meginreglu um þjónustugjöld. Hefur sú gagnrýni einkum beinst að því að ekki sé hægt með viðunandi hætti að skipta rekstrarkostnaði skipa- og vörugjalda með þeirri aðferð sem ákvæðið gerði ráð fyrir og þar með ekki unnt að uppfylla grundvallarsjónarmið þjónustugjalda.

Drög að þessu frumvarpi voru lögð fyrir hafnasambandsþing sem haldið var síðasta haust á Höfn í Hornafirði og kynnt þar sérstaklega. Ekki voru gerðar neinar teljandi athugasemdir við frumvarpið af hálfu þingsins. Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru eftirfarandi:

Lögð er til sú breyting að skipulag hafna er falið hafnarstjórn en í núgildandi lögum er kveðið á um samráð við hafnarstjórn. Áfram er gert ráð fyrir samráði við Siglingastofnun og einnig að framkvæmdaleyfi sé gefið út af sveitarstjórn. Með tillögu þessari er í raun ekki verið að breyta fyrirkomulagi þessara mála, heldur færa lagaákvæðið til samræmis við þá framkvæmd sem nú tíðkast og er hagkvæmust. Þá er rétt að hafa í huga að þetta samrýmist einnig því að þar sem hafnir eru með sérstaka hafnarstjórn fellur kostnaður við deiliskipulag á hafnarsjóð og gildir það sama um hafnir sem falla undir 3. tölul. 8. gr. laganna.

Þá er fjallað um birtingu gjaldskráa. Fyrir gildistöku núgildandi hafnalaga var aðeins um að ræða eina gjaldskrá hafna sem gilti um allar hafnir landsins nema einstakar stóriðjuhafnir Gjaldskráin var gefin út af samgönguráðuneytinu og birt í Stjórnartíðindum. Engin ákvæði eru í núgildandi hafnalögum um birtingu gjaldskráa hafna, hvorki hafna í opinberum rekstri né einkarekstri. Framkvæmdin á því hvort og þá hvernig einstakar hafnir hafa staðið að birtingu gjaldskráa hefur verið mjög mismunandi og hefur Siglingastofnun frá því að lögin tóku gildi leitast við að birta á heimasíðu sinni yfirlit um þessar gjaldskrár. Jafnframt hefur verið ágreiningur um hvort höfnum í opinberum rekstri sé skylt að birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2005 eða hvort um heimildarákvæði sé að ræða. Vegna þessa og til að tryggja að gegnsæi ríki um gjaldtöku hafna er lagt til að kveðið verði á um það í hafnalögum að höfnum sé skylt að birta gjaldskrár sínar með skýrum og aðgengilegum hætti, svo sem á netinu. Einnig er tekið fram, til að taka af allan vafa, að höfnum í opinberri eigu er heimilt að birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda en ekki er um skyldu að ræða.

Þá er fjallað um 17. gr. og upplýsingaskyldu hafna. Lagt er til að þrír gjaldflokkar verði sameinaðir í eitt nýtt gjald, hafnargjald, sem aftur skiptist í fjóra nánar tilgreinda kostnaðarliði. Gjaldinu sé ætlað að standa undir þeim kostnaði sem þar er tilgreindur og er höfnum heimilt að nota alla þessa kostnaðarliði í því skyni að mæta þeim kostnaði sem undir hafnargjaldið fellur. Nauðsynlegt er að gera tillögur um þessar breytingar þar sem núverandi ákvæði er að mati þeirra sem við hafnirnar starfa með öllu óframkvæmanlegt. Lagt er einnig til að notendur hafna geti krafið hafnarstjórn um upplýsingar um kostnað sem almennt hlýst af veittri þjónustu sem gjaldinu er ætlað að standa undir. Þetta er gert til að auka gegnsæi í þessum viðskiptum.

Þá er fjallað um breytingu á heimildum hafna sem ekki teljast til opinbers reksturs í gjaldtöku. Í núgildandi hafnalögum, nr. 61/2003, er kveðið á um gjaldtöku hafna sem ekki telst til opinbers reksturs í 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. og er miðað við að gjaldtakan standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er, ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar. Eins og ákvæðið er orðað getur það valdið vafa um hvort heimilt sé að taka tillit til uppbyggingar hafnarinnar og viðhalds við gjaldtöku en ljóst er að slíkt er nauðsynlegur og eðlilegur hluti af starfsemi og rekstri hafnarinnar. Höfnum er ekki heimilt að taka tillit til arðsemiskrafna í gjaldtöku sinni og geta því vart skilað arði en gert er ráð fyrir því í 19. gr. laganna að svo sé. Því er lagt til að 1. málsl. 20. gr. verði breytt og kveðið á um að við gjaldtöku megi gera arðsemiskröfur með takmörkunum eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við greinina.

Jafnframt er tekið fram að heimilt sé við gjaldtökuna að miða við stofnkostnað við uppbyggingu hafnarinnar og viðhald til að taka af allan vafa um slíka heimild. Áfram er tryggt í 19. gr. laganna að höfn sé ekki heimilt að greiða arð til eigenda sinna fyrr en eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð hennar sem sett er samkvæmt 4. gr. laganna. Talið er að samkeppnislög og eftirlit Samkeppniseftirlitsins eigi að tryggja að höfn geti ekki gert óhóflegar arðsemiskröfur í gjaldskrá sinni.

Þá er fjallað um nýja endurskoðunarnefnd en það er lagt til að á ný verði tiltekið að endurskoðunarnefnd verði skipuð til að fara yfir reynsluna af þessum lögum. Í þetta sinn er miðað við að það verði gert eigi síðar en árið 2010 en þá ætti að vera komin nokkur reynsla á styrkjaákvæði núgildandi hafnalaga.

Virðulegur forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

*Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.*

## *Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 1. umr.*

Stjfrv., 385. mál (heildarlög). — Þskj. 427.

[21:18]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa. Frumvarpið er afrakstur samvinnu samgönguráðuneytis, Siglingastofnunar og hagsmunaaðila sem koma að þessari atvinnustarfsemi.

Meginmarkmið frumvarpsins er að efla öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra en jafnframt að stuðla að auknum vörnum gegn mengun sjávar.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á tvennum lögum. Annars vegar lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og hins vegar lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum. Verði frumvarpið að lögum koma þau í stað þessara laga.

Með frumvarpi þessu eru ákvæði alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöðvar áhafna fiskiskipa frá 1995 innleidd í íslenska löggjöf en Ísland er eitt sjö ríkja sem fullgilt hefur samþykktina.

Markmið alþjóðasamþykktarinnar er að setja lágmarksstaðla um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa sem eru 24 metrar að skráningarlengd og lengri. Af þessu leiðir að þeir sem gegna tilteknum störfum um borð í þeim íslensku fiskiskipum sem mælast 24 metrar að skráningarlengd eða lengri skuli að lágmarki lúta þeim kröfum sem gerðar eru í samþykktinni til menntunar og þjálfunar þeirra sem eiga að gegna viðkomandi störfum. Þó svo að samþykktin hafi ekki enn sem komið er öðlast alþjóðlegt gildi þykir eðlilegt að við endurskoðun laganna sé litið til viðmiða alþjóðasamþykktarinnar sem Ísland hefur fullgilt. Með því eru opnuð ný atvinnutækifæri fyrir íslenska sjómenn til starfa á alþjóðlegum vettvangi. Á sama tíma er stuðlað að samræmingu atvinnuréttinda til starfa á kaupskipum annars vegar og á fiskiskipum og öðrum skipum hins vegar. Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að skírteini skipstjórnarmanna miðist við lengd skipsins í metrum talið í stað brúttórúmlestatölu. Eins og framkvæmdin er í dag byggir gildandi löggjöf um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á brúttórúmlestamælingum skipa. Sú aðferð við mælingu skipa er byggð á alþjóðasamþykkt sem nú hefur verið aflögð. Breyting sú sem lögð er til í frumvarpinu er í samræmi við alþjóðasamþykktir auk þess sem mæling skipa í brúttórúmlestum er að leggjast af. Í nýjum alþjóðasamþykktum er miðað við að skip séu mæld eftir brúttótonnum eða skráningarlengd og tekur frumvarpið mið af því fyrirkomulagi.

2. Lagt er til að lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum taki mið af skráningarlengd skipsins í stað brúttórúmlesta. Jafnframt verði tekið mið af reglum, vinnutíma og hvíldartíma. Þetta fyrirkomulag er til samræmis við nýja skírteinisflokka skipstjórnarmanna sem taka mið af skráningarlengd skipsins og útiveru þess. Gildandi lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum kveða nokkuð skýrt á um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna háð brúttórúmlestatölu þess. Eins og áður sagði hafa reglur um mælingu á stærð skipa tekið þeim breytingum að mæling í rúmlestum hefur vikið fyrir nýrri aðferð til mælinga. Stærð skipa mælist nú í brúttó- og nettótonnum í stað brúttó- og nettórúmlesta áður eins og fram hefur komið.

3. Lagt er til að smábátanám komi í stað náms til svonefndra 30 brúttórúmlestaréttinda eða pungaprófs eins og þau réttindi hafa gjarnan verið nefnd. Ég tel afar mikilvægt að undirstrika að við viljum varðveita þau réttindi. Gert er ráð fyrir útfærslu þessa fyrirkomulags í reglugerð. Nokkuð hefur borið á gagnrýni á 30 rúmlesta réttindin eins og þeim er fyrir komið í dag, einkum vegna þess að skip sem mælast vel undir 30 brúttórúmlestum eru á veiðum á sömu miðum og mun stærri fiskiskip þrátt fyrir að kröfur til menntunar og þjálfunar skipstjórnarmanna til starfa á umræddum skipum séu mjög ólíkar. Til að koma til móts við þessa gagnrýni og til að færa þessi réttindi til samræmis við þær hugmyndir sem lágu að baki þeim þegar núgildandi lög voru sett, hefur náðst samstaða við hagsmunaaðila um að í reglugerð verði gert ráð fyrir smáskiparéttindum sem miðist við 12 metra sem mestu lengd skips og að farsvið takmarkist við strandsiglingar sem eru 50 sjómílur frá landi. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á fyrirkomulagi kennslu til framangreindra réttinda heldur eingöngu settar fram hóflegar kröfur um gæðastjórnunarkerfi á þá aðila sem sinna umræddri kennslu samkvæmt 4. gr. frumvarpsins.

4. Lagt er til að atvinnuréttindi kennd við 1. stig skipstjórnarnáms sem hafa veitt réttindi til starfa sem skipstjóri á skipum allt að 200 brúttórúmlestum veiti rétt til starfa á skipum allt að 45 metrum að lengd. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir nýju réttindastigi til starfa á skipum sem eru allt að 24 metrum að skráningarlengd. Með þessu fyrirkomulagi eru atvinnuréttindi aðlöguð að ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar auk þess sem komið er til móts við óskir um mögulega styttingu náms til lægri atvinnuréttinda skipstjórnarmanna.

5. Lagt er til að atvinnuréttindi vélstjórnarmanna miðist áfram við afl aðalvélar í kílóvöttum á svipaðan hátt og í gildandi lögum. Gerðar eru breytingar ár réttindaflokkum vegna starfa á skipum með vélarafl undir 750 kílóvöttum í þeim tilgangi að einfalda menntunarkröfur og skírteinisútgáfu vegna vélstjórnaréttinda. Framangreind breyting tekur mið af þróun í skipagerð og sjósókn undanfarinna ára.

6. Lagt er til að lágmarksfjöldi vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum miði að mestu leyti við sömu reglur og eru í gildandi lögum. Áskilið er að lágmarksfjöldi skuli einnig hafa hliðsjón af úthaldi skips og ákvæðum 64. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, um vinnu og hvíldartíma skipverja.

7. Lagt er til að Siglingastofnun Íslands verði falin útgáfa atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Samkvæmt gildandi lögum hefur útgáfa atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna verið hjá sýslumönnum á landsvísu og hjá tollstjóranum í Reykjavík. Tillagan er sett fram með það að markmiði að unnt sé að einfalda núverandi kerfi og stuðla að auknu samræmi við útgáfu skírteina. Talið er heppilegra að útgáfa atvinnuskírteina sé á einni

hendi, þ.e. hjá Siglingastofnun Íslands sem hefur yfir að ráða starfsmönnum með mikla sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Siglingastofnun Íslands fer samkvæmt gildandi lögum með útgáfu alþjóðlegra skírteina og hefur sett upp sérstakt gæðakerfi til útgáfu slíkra skírteina, sem skiptir mjög miklu máli. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir því að þetta gæðakerfi verði jafnframt notað við útgáfu þeirra skírteina sem hér um ræðir.

8. Lagt er til nýmæli sem varðar stjórnendur skemmtibáta en þau málefni hafa verið mjög til umræðu síðustu missirin. Með skemmtibátum er í frumvarpinu átt við þá báta sem skrásettir eru sem skemmtibátar samkvæmt lögum um skráningu skipa. Hér er um að ræða þá báta sem mælast 6 metrar á lengd eða lengri mælt á milli stafna. Gerð er ótvíræð krafa til þeirra sem stjórna skráningarskyldum skemmtibátum um handhöfn þar til gerðs skemmtibátaskírteinis. Gengið er út frá því að samgönguráðherra geti í reglugerð gert sömu kröfur til þeirra aðila sem stjórna skemmtibátum sem hafa meira en 50 kílóvatta vélarafl óháð skráningarskyldu. Það er óhjákvæmilegt að unnt verði að setja reglur um slíka báta með vísan til öryggissjónarmiða og vegna talsverðrar notkunar svo aflmikilla báta hér við land. Lagt er til að samgönguráðherra verði falin heimild til að setja reglur um skemmtibáta og stjórnendur þeirra, þar með talið um menntun, þjálfun, aldur, heilbrigði, sjón og heyrn, auk skírteinisútgáfu til þeirra sem öðlast vilja rétt til að stjórna skemmtibátum. Jafnframt er gert ráð fyrir heimild samgönguráðherra til að setja reglur um gerð skemmtibáta, stærð þeirra, afl og farsvið og um öryggiskröfur sem gerðar verða til skemmtibáta og stjórnenda þeirra. Gengið er út frá því að stjórnendum skemmtibáta verði gert skylt að afla sér grunnþekkingar á öryggisþáttum sem tengjast siglingum og skipstjórn skemmtibáta. Hér er hugmyndin sú að stjórnendum skemmtibáta verði gert skylt að sækja þar til gerð námskeið af þessu tilefni. Að námskeiði loknu er gert ráð fyrir að nemendur hafi aflað sér fullnægjandi þekkingar og þjálfunar til stjórnunar slíkra báta, þ.e. skemmtibáta, og geti öðlast þar til gert skemmtibátaskírteini.

9. Lagt er til að sömu skilyrði eigi við um þá aðila sem stjórna erlendum skemmtibátum. Með erlendum skemmtibátum er átt við skemmtibáta sem skrásettir eru erlendis óháð því hvort þeir eru í eigu Íslendinga eða erlendra aðila, enda séu þeir notaðir að staðaldri í íslenskri landhelgi. Skulu slíkir aðilar vera handhafar þar til gerðs skemmtibátaskírteinis eða annars sambærilegs erlends skírteinis. Engin ákvæði eru í gildandi lögum varðandi þær kröfur sem gera skuli til stjórnenda skemmtibáta um menntun og þjálfun. Eins og staðan er í dag eru um 400 skemmtibátar á íslenskri skipaskrá og fer fjölgandi. Áhugi manna á þessari tegund siglinga er því mjög mikill og virðist fara vaxandi. Víða erlendis hafa um nokkurt skeið gilt ítarlegar reglur um menntun og þjálfun þeirra sem stjórna skemmtibátum. Ljóst er að það krefst kunnáttu og þekkingar að stjórna skemmtibátum eins og öðrum bátum. Margir þeir sem eiga skemmtibáta hafa nú þegar aflað sér nokkurrar menntunar á þessu sviði. Mikilvægt er að stjórnendur slíkra báta þekki siglingareglur á umferðarleiðum til að fyllsta öryggis sé gætt. Einnig er mikilvægt að þeir geti brugðist rétt við hættum á neyðarstundu. Auknar líkur eru á mistökum ef kunnáttan er lítil. Að teknu tilliti til öryggissjónarmiða og þeirra miklu hagsmuna sem eru í húfi er það mat mitt að brýnt sé að gera bragarbót á því tómarúmi sem í dag er ríkjandi varðandi þessa tilteknu tegund báta.

Lagt er til í frumvarpinu að að ákvæðið taki gildi 1. maí 2007. Eftir þann tíma verða allir sem stjórna skráningarskyldum skemmtibátum í íslenskri landhelgi að afla sér tilskilinnar menntunar og þjálfunar til stjórnunar skemmtibáta og hafa fengið útgefið þar til gert skírteini.

Að lokum eru í frumvarpinu skilgreind nokkur ný hugtök. Auk þess er hugtökum breytt til samræmis við ákvæði alþjóðasamþykkta.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgöngunefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Eldi og heilbrigði sláturdýra o.fl., 1. umr.*

Stjfrv., 377. mál (gjaldtökuákvæði). — Þskj. 411.

[21:32]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 411. Um er að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Í núgildandi 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum, er kveðið á um með hvaða hætti gjald fyrir þá heilbrigðisskoðun sem fram fer í sláturhúsum samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna er innheimt. Eftirlitsgjaldið er innheimt sem ákveðin krónutala á hvert kíló kjöts, nánar sundurgreint eftir tegundum, og rennur það í sjóð í vörslu landbúnaðarráðherra. Einnig kemur fram í sömu málsgrein að eftirlitsgjaldinu sé ætlað að standa straum af heilbrigðiseftirliti kjötskoðunarlækna og að miðað sé við raunkostnað. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að í stað þess að Alþingi ákveði með lögum þá krónutölu sem greiða á fyrir hvert kíló kjöts vegna heilbrigðiseftirlits verði ráðherra falið með heimild í 2. mgr. 11. gr. laganna að setja gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlitið sem byggð skal á raunkostnaði við það.

Að festa gjald til heilbrigðiseftirlitsins í lög, líkt og nú er gert, hefur þann ókost að lagabreytingar er þörf í hvert sinn sem kostnaður eykst eða minnkar við eftirlitið og því tryggja gildandi lög ekki að eftirlitsgjaldið geti staðið straum af raunverulegum kostnaði við eftirlitið.

Sú aðferð að heimila ráðherra að setja gjaldskrá sem byggist á raunkostnaði við eftirlitið á sér hliðstæður víða í almennri löggjöf og tryggir það að auðveldara er að bregðast við hækkunum og lækkunum á eftirlitskostnaði en þegar fjárhæð gjalds er lögákveðin. Ráðherra er einnig falið að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits, en sams konar heimild er að finna í núgildandi lögum.

Frumvarpið byggist á reglugerð Evrópusambandsins, nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004, um opinbert eftirlit til að tryggja að uppfylltar séu kröfur laga um fóður og matvæli og um reglur varðandi dýraheilbrigði og dýravernd. Reglugerðin er hluti af viðauka I við EES-samninginn um heilbrigði dýra og plantna sem landbúnaðar-, sjávarútvegs-, umhverfis- og utanríkisráðuneytið eru nú í viðræðum um upptöku í íslenskan rétt. Mikilvægt er að frumvarpið verði að lögum enda mun það leiða til þess að útflutningur íslenskra sláturafurða til okkar helstu viðskiptalanda verður bæði öruggari og greiðari. Í frumvarpinu er afmarkað til hvaða þátta nauðsynlegt heilbrigðiseftirlit tekur og skýrt er kveðið á um að eftirlitsgjaldið taki ekki til greiðslu á öðrum kostnaði en nauðsynlegum kostnaði af þeim verkefnum sem fram koma í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er það nýmæli að ef þörf er á viðbótareftirliti, eða sértæku eftirliti, með sláturafurðum skuli viðkomandi sláturleyfishafi eða framleiðandi greiða fyrir slíkt eftirlit sérstaklega en kostnaður af því verði ekki innifalinn í hinu almenna eftirliti.

Sértækt eftirlit með sláturafurðum er nauðsynlegt þegar tiltekin starfsemi sláturleyfishafa eða framleiðanda uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til sláturafurða vegna gruns um smitefni, mengun og þess háttar. Þetta eftirlit getur því hvort sem er beinst að sláturleyfishafanum vegna sýkingar í sláturhúsi eða að einstaka framleiðendum vegna sýkingar á búum þeirra.

Á síðustu árum hafa komið upp allnokkur tilvik þar sem greinst hafa á búum smitefni sem ógna matvælaöryggi og þörf hefur skapast á að taka aukalega sýni úr afurðum búsins. Af frumvarpinu leiðir að þar sem greinast smitefni verður framleiðandinn eða sláturleyfishafi sjálfur að bera þann kostnað sem af viðbótarsýnatökum og prófunum hlýst. Þetta er í anda þess að þeir sem þarfnast nánara eftirlits, e.t.v. vegna verri aðstöðu eða lélegrar heilbrigðisaðstöðu, beri af því kostnað. Með þessu eru framleiðendur hvattir til að tryggja eftir fremsta megni gott heilbrigðisástand svo ekki þurfi að koma til sérstakra prófana vegna smitefna hjá þeim. Með þessu er jafnframt tryggt að kostnaði vegna sýnatöku hjá einstökum framleiðendum sé ekki velt yfir á stéttina í heild sem eykur kostnað allra framleiðenda og getur leitt til hækkunar afurðaverðs.

Í frumvarpinu er kveðið á um að heilbrigðiseftirlitsgjald með sláturafurðum megi innheimta með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Með þessu er mælt fyrir um réttarfarshagræði við innheimtu sem á sér margar hliðstæður í löggjöfinni.

Að lokum er kveðið á um að endurskoða skuli ákvæðið um eftirlitið í síðasta lagi að fimm árum liðnum.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er að finna kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið og læt ég nægja að vísa í það. Að öðru leyti vísa ég til þeirra athugasemda er fylgja frumvarpinu.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[21:42]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. landbúnaðarráðherra um að mikilvægt er að hafa þetta eftirlit sem öruggast og best og líka ódýrast.

Ég velti hins vegar fyrir mér hinni lögformlegu stöðu þessarar gjaldtöku, að hægt sé að fela það í hendur landbúnaðarráðuneytinu að búa til gjaldskrá sem byggist á einhverjum raunkostnaði. Við fyrirtækjarekstur er náttúrlega hægt að reikna út hver er raunkostnaður einhverra þátta en hér er um opinbert stjórnsýsluverkefni að ræða sem landbúnaðarráðuneytið verður ábyrgt fyrir hvort sem það innheimtir tekjur fyrir það eða ekki, það breytir engu um ábyrgðina.

Hver á þá að staðfesta það að gjaldskrá byggist á raunkostnaði og gefa einu ráðuneyti heimild til að leggja á gjaldskrá eftir raunkostnaði? Við fáum iðulega ákvarðanir um tekjur ríkissjóðs vegna ákveðinna verkefna, gott og vel með það, en það breytir ekkert stjórnsýslulegri ábyrgð. Ég held að þegar verið er að binda slíkt í krónutölu sé það hin almenna regla að það verði að ákveða þetta fyrir hvert ár í senn á grundvelli staðfestra útreikninga. Mér finnst það vera nokkuð rúm heimild sem ráðherra fær þarna til að reka starfsemi sem á að standa undir sér, opinbera stjórnsýslu- og eftirlitsstarfsemi.

Í öðru lagi vil ég spyrja um kostnaðinn. Hvaða forsendur liggja núna fyrir um kostnaðinn af þessu máli og hvaða áhrif hefur þetta t.d. á afurðaverð til bænda eða rekstur sláturhúsa, því að einhver á að bera hann? Hér stendur í 1. gr.: „Kostnað af eftirlitinu ber sá sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem er undir hinu aukna eftirliti.“ — Það eru væntanlega sláturhúsin.

Í þriðja lagi hefur stöðugt verið beðið eftir lögum eða reglum sem tækju til heimavinnslu afurða. (Forseti hringir.) Það er ekki verið að koma til móts við þá aðila í þessu eftirliti. Ég spyr ráðherra um það því að mér finnst þetta vera býsna opin og sérstök heimild sem þarna er verið að festa í lög varðandi gjaldheimtu af opinberu stjórnsýsluverkefni.

[21:45]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fór rækilega yfir það í ræðu minni að sú aðferð sem lögð er til, að heimila ráðherra að setja gjaldskrá sem byggist á raunkostnaði við eftirlitið, á sér hliðstæður víða í almennri löggjöf og ég bið hv. þingmann að fara vel yfir það þegar málið kemur til landbúnaðarnefndar. Ég veit að hv. þingmaður situr þar og hann getur kynnt sér að það á sér fyrirmyndir í löggjöfinni og þetta er því grandskoðað af okkur og talið eðlilegt.

Hvað varðar hækkunina á sláturkostnaði liggur þetta auðvitað fyrir og við vitum báðir að þetta snýr ekki síst að svínum og kjúklingum. Við glímum við mjög litla sjúkdóma í landbúnaðinum, við fáum þó upp og höfum fengið upp salmonellu í svínum og kjúklingum. Það hefur stundum verið töluverð glíma en mikill árangur Íslendinga einstakur, og við höfum náð að taka á því. En til að fylgja því eftir að búin séu hrein getur þurft að taka stroksýni áfram og þá er talið eðlilegt að þau bú sem búa við þennan vanda beri sérstaklega þennan eftirlitskostnað og auk þess, eins og

önnur, almennan kostnað.

Ég hygg því að þetta sé á margan hátt sanngjarnt en ég bið hv. þingmann að fara vel yfir málið (Forseti hringir.) þegar það kemur til landbúnaðarnefndar.

[21:47]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu mun það verða gert en ég vil vekja athygli strax á þessu og einnig því: Hver á að bera kostnað ef verið er að verja sig gegn einhverjum faraldri? Tökum dæmi. Það er stöðugt verið að auka og rýmka heimildir á innflutningi á kjöti og sláturafurðum frá fleiri og fleiri svæðum, því miður. Við vitum að það getur borist hættuleg veiki eins og kúariða og annað því um líkt, Kreutzfeld-Jacobs sjúkdómurinn o.s.frv. Væntanlega ná þessi lög, rannsóknir eða þetta eftirlit ekki til þeirra, eða er það? Það getur þurft að gera býsna dýrar rannsóknir og taka mörg sýni til að gera það.

Í lokin vil ég inna hæstv. landbúnaðarráðherra eftir hvalkjötinu. Verið er að tala hérna um kjöt af sláturdýrum, en hvalkjötið? Maður sér að verið er að gera að hval í Hvalfirði og þar eru spígsporandi menn í alls konar fötum, jafnvel með hunda sér við hlið, og þykjast vera að gera að hval. Hvalur er kjöt og kjötvara og tilheyrir að sjálfsögðu því. Hvernig er með eftirlitið á hvalskurði? Ætti hann ekki líka að falla undir þessi lög og þessar reglur? (Forseti hringir.) Þetta tekur jú til kjöts af sláturdýrum og það er verið að slátra hvalnum til að skera hann niður með þessum hætti, herra forseti.

[21:48]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hv. þm. Jón Bjarnason er nú það vel að sér að hann veit að komi upp faraldur er alveg sérstaklega á því tekið. Við höfum verið það miklir gæfumenn, Íslendingar, að við höfum ekki búið við slíkt og ég held að það sé ástæðulaust að reyna að vekja þann ótta upp. Innflutningur á kjötafurðum er undir mjög strangri löggjöf og fylgt mjög eftir að það sé gert eftir settum og virtum reglum sem bæði Evrópusambandið og alþjóðasamfélagið hefur sett sér. Þar er allrar varúðar gætt þó að ég taki undir það með hv. þingmanni að vissulega er mikil þörf á að vaka vel yfir því.

Innflutningur hefur svo sem ekki verið í neinni aukningu sem nemur. Einhver innflutningur hefur verið, frá því að opnað var í gegnum GATS-samninga frá 1995, á bæði nautakjöti og kjúklingum og svínum undir þeirri ströngu löggjöf. Ég held því að þetta sé allt saman í öruggri höfn og snýr ekkert að þessu máli sem slíku, það er allt annað mál.

Hvað hvalkjötið varðar verður hv. þingmaður að spyrja Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Yfirdýralæknir hefur einnig farið yfir það mál og Landbúnaðarstofnun. Ég vona að það sé í góðu horfi, þó að ég taki undir með hv. þingmanni (Forseti hringir.) það er vissulega gert á allt annan hátti en í sláturhúsum og er þess vegna að mínu mati líka umhugsunarefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6., 10. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 21:51.

# 39. FUNDUR

mánudaginn 4. des.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjáraukalög 2006, stjfrv., 47. mál, þskj. 393, frhnál. 477 og 483, brtt. 478 og 479. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 376. mál, þskj. 410. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, stjfrv., 408. mál, þskj. 458. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Þjóðhátíðarsjóður, stjtill., 356. mál, þskj. 386. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Hafnalög, stjfrv., 366. mál, þskj. 398. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 385. mál, þskj. 427. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 430. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Eldi og heilbrigði sláturdýra o.fl., stjfrv., 377. mál, þskj. 411. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 416. mál, þskj. 482. — 1. umr.
11. Tollalög, stjfrv., 419. mál, þskj. 494. — 1. umr.
12. Tryggingagjald, stjfrv., 420. mál, þskj. 495. — 1. umr.
13. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 387. mál, þskj. 429. — 1. umr.
14. Vatnajökulsþjóðgarður, stjfrv., 395. mál, þskj. 439. — 1. umr.

**Aðalmenn taka sæti á ný:**

Geir H. Haarde forsrh., 1. þm. Reykv. s.,
Helgi Hjörvar, 5. þm. Reykv. n.

**Fjarvistarleyfi:**

Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[15:01]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá þingflokksformanni sjálfstæðismanna, Arnbjörgu Sveinsdóttur:

„Þar eð Björn Bjarnason, 2. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður, Katrín Fjeldsted læknir, taki sæti á Alþingi á meðan."

Katrín Fjeldsted hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[15:01]

**Útbýting:**

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 430. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 518.

Eignarhlutur og þátttaka viðskiptabankanna í annarri starfsemi, 114. mál, svar viðskrh., þskj. 488.

Fjárlög 2007, 1. mál, þskj. 459; frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 512.

Fjöldi þeirra sem sótt hafa meðferð við áfengis- og vímuefnavanda, 423. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 498.

Gatnagerðargjald, 219. mál, nál. félmn., þskj. 505; brtt. félmn., þskj. 506.

Greinargerð um jafnréttisáætlun, 422. mál, fsp. KolH, þskj. 497.

Hjúkrunarrými, 145. mál, svar heilbrrh., þskj. 476.

Íslenskt efni á dagskrá Ríkisútvarpsins, sjónvarps, 212. mál, svar menntmrh., þskj. 485.

Kostnaður við stuðningsaðgerðir í Írak, 427. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 509.

Magn og verðmæti ólöglegra fíkniefna, 424. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 499.

Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 519.

Skatttekjur ríkis og sveitarfélaga, 421. mál, fsp. JóhS, þskj. 496.

Stjórn fiskveiða, 432. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 520.

Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, 347. mál, nál. félmn., þskj. 507.

Styrkir AVS rannsóknasjóðs í sjávarútvegi, 426. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 504.

Styrkir til íþróttaiðkunar og heilsuræktar, 328. mál, svar fjmrh., þskj. 486.

Svæði sem notuð hafa verið til skot- og sprengjuæfinga, 425. mál, fsp. JGunn, þskj. 503.

Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, 231. mál, nál. félmn., þskj. 508.

Þróunarsamvinna og þróunarhjálp, 417. mál, beiðni um skýrslu GÖg o.fl., þskj. 484.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Forsendur fyrir stuðningi við innrásina í Írak.*

[15:04]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum og svo sem hér á þingi líka kom það fram í ræðu nýlega hjá formanni Framsóknarflokksins að forsendur fyrir þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að styðja innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak hefðu verið rangar og að ákvarðanaferlinu í þessu máli hefði verið ábótavant. Forsendur voru

rangar, það var vitað þá þegar er innrásin var gerð og er kannski rétt að rifja það upp í þessu sambandi að Wolfowitz, sem er núna bankastjóri Alþjóðabankans, sagði í maí 2003, með leyfi forseta:

„Af stjórnkerfislegum ástæðum komum við okkur saman um eina ástæðu, gereyðingarvopnin, vegna þess að það var eina ástæðan sem allir gátu verið sammála um.“ — Það var þess vegna sem menn ákváðu að nota gereyðingarvopnin sem átyllu.

Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason hefur sagt á heimasíðu sinni að ríkisstjórnin hafi haldið velli þrátt fyrir það að hún hafi stutt innrásina í Írak — sem rétt er. Það er auðvitað ekki of seint að fella ríkisstjórnina, það er hægt að gera það í vor, en það er heldur ekki of seint að iðrast. Það er rétt að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort ekki sé kominn tími til að hann, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, iðrist þessarar ákvörðunar og biðjist afsökunar á henni.

[15:06]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Það er rétt munað hjá hv. þingmanni að stjórnarandstaðan þáverandi reyndi að gera sér heilmikinn mat úr þessu máli fyrir síðustu kosningar en hafði ekki erindi sem erfiði. Það sem liggur fyrir í málinu, eins og ég rakti hér í síðustu viku, er það að íslensk stjórnvöld samþykktu að leyfa yfirflug og lendingar ef á þyrfti að halda í tengslum við þetta mál en á það reyndi ekki sérstaklega að því er ég best man. Síðan samþykkti Alþingi með sérstakri fjárveitingu að veita 300 millj. kr. til uppbyggingarstarfs í Írak og til mannúðar- og neyðaraðstoðar. Þar var atbeini Alþingis að þessu máli.

Hvort Íslendingar hefðu síðan ekki átt að heimila að nafn Íslands færi á margumræddan lista, sem var einhliða gjörningur af hálfu Bandaríkjamanna, er síðan annað mál. Ég tel að sú afstaða sem tekin var af hálfu íslenskra ráðamanna á þeim tíma hafi verið réttlætanleg í ljósi þeirra upplýsinga og þess sem fyrir lá um þetta mál á þeim tíma.

[15:07]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég hjó eftir því að hæstv. forsætisráðherra sagði að hann teldi að þessi ákvörðun hefði verið réttlætanleg, hann sagði ekki að þetta hefði verið rétt ákvörðun en það mátti skilja það þannig að það hefði verið hægt að réttlæta hana.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hann sé þá sammála formanni Framsóknarflokksins um að ákvörðunin hafði verið byggð á röngum upplýsingum, forsendurnar hafi verið rangar og ákvarðanaferlinu ábótavant, að þessar ákvarðanir hafi verið rangar eða mistök.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort hann sé þá sammála formanni Framsóknarflokksins hvað þetta varðar.

[15:08]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Það er alltaf hægt að vera vitur eftir á. Ég tel að sú ákvörðun sem tekin var á þeim tíma, og við erum að tala um, hafi verið rétt miðað við þær forsendur sem þar lágu fyrir. Þetta hef ég margsagt í þessum ræðustól og það er rangt að halda því fram að Alþingi hafi ekki komið nærri þessu á nokkurn hátt vegna þess að, eins og ég benti á áðan, Alþingi samþykkti 300 millj. kr. fjárveitingu sem var hluti af þessu máli. Hvort síðan hefði mátt hafa meira og betra samráð við utanríkismálanefnd er sjálfsagt rétt að það hefði verið betra og heppilegra að það hefði verið gert en það var sem sagt ekki svo.

[15:08]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég held að ef við höldum áfram að tala um þetta mál nokkuð lengur í þingsalnum munum við á endanum geta fengið hæstv. forsætisráðherra til að viðurkenna að þessi ákvörðun hafi verið röng, hún hafi byggt á röngum forsendum og hún hafi verið mistök af hálfu ríkisstjórnarinnar. Að sjálfsögðu á því ríkisstjórnin að biðja þing og þjóð afsökunar á því að hafa afvegaleitt þjóðina í þessu máli.

Ég held að ef við tölum svolítið lengur um þetta, fram að jólum, fáum við þessa yfirlýsingu fram. Hún væri auðvitað gríðarlega mikilvæg og það mundi breyta heilmiklu í stöðu þessa máls ef hún næðist fram. Ég held að það sé ástæða til að við höldum áfram aðeins að klappa þennan stein, hæstv. forsætisráðherra, þannig að við fáum fram yfirlýsinguna um það að ákvörðunin hafi verið röng, byggð á röngum forsendum allan tímann og ákvarðanaferlinu ábótavant.

[15:09]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Hér gætir enn þess misskilnings sem ég gat um í síðustu viku í umræðum um þetta mál, að það mundi einhverju breyta fyrir ástandið í Írak eða framgang þessa máls hvað við segjum um það á Alþingi. Algjörlega er það fráleit kenning eins og allir hljóta að sjá. (**Gripið fram í:** Ágreiningur í ríkisstjórninni.) Við tókum ákvörðun á sínum tíma, hún var tekin á grundvelli ákveðinna málsástæðna, alveg eins og danska ríkisstjórnin ákvað að senda sína eigin hermenn til þátttöku í Írak og þar eru þeir enn. Hún tók hana á þeim grundvelli og rökstuddi með því að írakska stjórnin hefði ekki framfylgt þeim ályktunum Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðsins sem þá lágu fyrir. Það voru þær ástæður sem danska ríkisstjórnin gaf þinginu þar og þjóðinni og heldur sig enn þá við. Hins vegar held ég (Gripið fram í.) að sú ákvörðun sem tekin var af okkar hálfu hafi verið rétt í ljósi þeirra upplýsinga sem þá lágu fyrir, hv. þingmaður. (Gripið fram í.)

*Stuðningur við innrásina í Írak.*

[15:11]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég ætlaði einnig að hreyfa sama máli og beina máli mínu til hæstv. forsætisráðherra, formanns Sjálfstæðisflokksins, yfirmanns ríkisstjórnarinnar. Ég vitna til viðtals á fréttavef BBC við Kofi Annan þar sem hann lýsir þeirri skoðun sinni að ástandið í Írak nú sé borgarastyrjöld, þráspurður að því af hálfu fréttamanns, ber það saman við borgarastyrjöldina í Líbanon á sínum tíma og segir að ástandið í Írak nú sé verra en ástandið var þar.

Hann lýsir jafnframt hryggð sinni yfir því að gengið hafi verið fram hjá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á sínum tíma og lýsir þeirri skoðun að með meiri tíma fyrir vopnaeftirlitsmenn og alþjóðlegum aðgerðum hefði mátt komast hjá þessu hörmulega stríði og því ástandi sem nú hefur skapast í Írak þar sem allt hafi gengið eftir sem varað var við. Að lokum lýsir fráfarandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna því að hagur almennra borgara í Írak sé verri nú en hann var á tímum harðstjórnar Saddams Husseins.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort hann sé sammála aðalritara Sameinuðu þjóðanna um að í Írak sé borgarastyrjöld og ástandið með þeim hætti sem hann lýsir.

Seinni spurning mín til hæstv. forsætisráðherra er mjög praktísk og varðar hlut sem snýr beint að Íslandi. Það þýðir ekki fyrir hæstv. ríkisstjórn að láta eins og að yfirlýsing sú sem gefin var af hálfu ríkisstjórnarinnar í nafni Íslands á sínum tíma hafi verið án nokkurra skuldbindinga. Staðreyndin er sú að bandarískum stjórnvöldum voru gefin fyrirheit og það samþykkt að þau mættu nota íslenska lofthelgi, lenda á íslenskum flugvöllum, auk þess sem heitið var fjárframlögum til þess sem kallað var uppbygging í Írak að loknu stríði.

Og nú spyr ég hæstv. forsætisráðherra og ég vona að svörin verði ekki í neinni þoku: Stendur samþykki Íslands við því að íslensk lofthelgi og íslenskir flugvellir séu notaðir vegna aðgerða í Írak eða hefur það verið formlega afturkallað? Það er a.m.k. eitthvað sem hægt er að gera og hefur hagnýta þýðingu. Eða er enn þá að þessu leyti óbreyttur stuðningur ríkisstjórnar Íslands við stríðið í Írak sem stendur yfir, borgarastyrjöldina sem þar er og Bandaríkjamenn eru aðilar að?

Ég vil fá svör, já eða nei. Er yfirlýsingin enn að þessu leyti í fullu gildi eða hefur hún verið afturkölluð? Ef ekki, stendur þá til að afturkalla hana?

[15:13]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg sama hvað stjórnarandstaðan hér reynir mikið að kenna íslensku ríkisstjórninni um ástandið í Írak, það mun ekki takast. Allt venjulegt fólk, viti bornar manneskjur, sér að það er ekki hægt að láta eins og að það sem gerst hefur í Írak sé okkur hér í þessum sal eða ríkisstjórn Íslands að kenna. En þannig er nú talað. Borgarastyrjöld í Írak, er hún íslensku ríkisstjórninni að kenna?

Til að svara hv. þingmanni vil ég segja að ég tel mig ekki geta fullyrt hvort það ástand sem þar er núna skuli skilgreina sem borgarastyrjöld eða ekki. Hins vegar hafa losnað þarna úr læðingi mikil átök milli trúarhópa og milli annarra aðila í þjóðfélaginu sem náttúrlega hafa blundað undir lengi, eins og allir vita, áratugum og jafnvel öldum saman. Hins vegar er nú búið að koma á lýðræðisskipulagi í Írak. (Gripið fram í.) Þar er núna kosin ríkisstjórn, þar er kosinn forseti og ýmislegt horfir til betri vegar þar í landi þrátt fyrir allt.

Varðandi seinni spurninguna, varðandi lendingarleyfi og yfirflug hér, engin sérstök ákvörðun hefur verið tekin um að afturkalla það, eftir því sem ég best veit. Bandaríkjamenn og aðrar þjóðir sem við erum í bandalagi við hafa yfirleitt greiðan aðgang ef þær þurfa að koma hér við þannig að sú ákvörðun hefur, eftir því sem ég best veit, ekki verið afturkölluð frekar en fjárveitingin upp á 300 millj. sem búið er að veita í endurreisnar- og uppbyggingarstarf í Írak og hefur komið þar að góðum notum eftir því sem ég hef heyrt.

[15:15]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin. Það eru nýjar fréttir í málinu, sem ríkisstjórnin kemst ekki undan, að atbeini Íslands við styrjaldarreksturinn í Írak stendur enn að þessu leyti, að í gildi er samþykki ríkisstjórnarinnar við því að íslensk lofthelgi og íslenskir flugvellir séu notaðir til þessara aðgerða.

Hvað er þá orðið um endurskoðun Framsóknarflokksins sem fer með utanríkisráðuneytið? Það eru innstæðulaus orð ef ekkert hefur breyst. Engin afsökunarbeiðni. Engin viðleitni til að fá okkur tekin af listanum sem hæstv. utanríkisráðherra reynir alltaf að segja að sé ekki til. Það sem hefur raunverulegt gildi og felur í sér raunverulega aðild Íslands að þessum aðgerðum, þ.e. heimildin til að nota hér lofthelgi og flugvöll, er enn í gildi.

Atbeini ríkisstjórnarinnar að styrjaldarrekstrinum í Írak er sem sagt enn við lýði og hæstv. forsætisráðherra gat engu (Forseti hringir.) um það svarað hvort til stæði að endurskoða það.

[15:16]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Þessi atbeini er ekki meiri eða merkilegri en svo að mér er ekki kunnugt um að ein einasta flugvél hafi komið hér við í þessum tilgangi. Aðrar leiðir hafa verið farnar í því skyni þannig að þetta hefur sem sagt engu máli skipt.

Það væri gaman að fá það fram hjá hv. þingmanni — ég man ekki hvernig hann greiddi atkvæði um þá fjárveitingu — var hann kannski líka á móti því að við verðum 300 millj. kr. til uppbyggingarstarfs í Írak í kjölfar átakanna þar? Var þingmaðurinn líka á móti því? Vill hann ekki að við leggjum okkar af mörkum með þeim hætti á þessum átakasvæðum?

[15:17]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það stendur ekki á okkur að leggja til að Ísland verji myndarlegum fjármunum til uppbyggingar og hjálpar á svæðum þar sem þörf er fyrir slíkt þegar aðstæður til þess hafa skapast. En það fer enn þá lítið fyrir uppbyggingunni í Írak og Afganistan. Þannig hafa málin þróast í þessum tveimur löndum sem Bandaríkjaher og stuðningsmenn hans hafa ráðist inn í að undanförnu.

Varðandi hins vegar atbeina Íslands reyndi víst á hann. Það vita allir að umferð um Keflavíkurflugvöll jókst verulega. Það vita allir að þar lentu flutningavélar með miður geðslegan farm sem settur var sérstakur öryggisvörður um. Það hefur verið umferð sem tengist aðgerðunum í Írak allt til þessa, það ég best veit. Það er t.d. almannarómur að flutningaflugvélar með klasasprengjur og jafnvel önnur miður geðsleg vopn hafi lent á Keflavíkurflugvelli. Þó svo væri ekki, og jafnvel þó að ekki reyndi á þetta með beinum hætti, hefur stuðningurinn grundvallargildi. Þetta er spurn-

ing um prinsippafstöðu Íslands. Viljum við áfram ljá atbeina okkar við þetta ólögmæta árásarstríð sem var brot á alþjóðalögum og hefur haft allar (Forseti hringir.) þessar hörmungar í för með sér?

[15:18]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Það sem hefur grundvallargildi í þessu er sú ákvörðun Alþingis, þessarar stofnunar hér, að verja 300 millj. kr. af almannafé, í fyrsta lagi 100 millj. til neyðar- og mannúðaraðstoðar í gegnum Rauða krossinn og fleiri stofnanir og síðan 200 millj. til beinnar uppbyggingar í kjölfar átakanna þarna. 92 millj. runnu í stoðtækjaverkefni í landinu í samstarfi við fyrirtækið Össur og þar höfum við sérþekkingu.

Það er alveg út í hött að gera lítið úr þeirri fjárveitingu eða gera lítið úr því að Íslendingar hafi getað látið gott af sér leiða með þessum hætti í þessu stríðshrjáða landi. (Gripið fram í.)

*Boð lyfjafyrirtækja.*

[15:19]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Í Morgunblaðinu fyrir síðustu helgi birtist athyglisverð grein. Það var frásögn af því að félag geðlækna á Íslandi hygðist efna til jólafagnaðar. Það er í sjálfu sér ekki í frásögur færandi nema það að til þessa fagnaðar var boðið í sameiningu af félagi geðlækna og lyfjafyrirtæki sem munu í sameiningu hafa auglýst þennan mikla gleðskap.

Það kemur jafnframt fram í fréttinni, virðulegur forseti, að það muni vera samkomulag alþjóðasamtaka lækna og lyfjaframleiðenda að ekkert sé athugavert við það að slíkir aðilar haldi sameiginlega fundi ef um fræðslu er að ræða. Ég á reyndar bágt með að sjá að það sé mikil fræðsla í því að efna til jólafagnaðar þar sem fyrst og fremst matur og drykkir eru á boðstólum en minna mun hafa farið fyrir fræðsluerindum í umræddum jólaboðskap.

Í umræddri frétt kemur jafnframt fram að formaður félags geðlækna hafi svarað þeirri spurningu blaðamanns hvort hann teldi þetta eðlilegt að engum kæmi við hvað gerðist innan félagsins. Er ég í sjálfu sér sammála því svo langt sem það nær. Það hlýtur hins vegar að koma okkur við sem skattborgurum hið nána samstarf lækna, lyfjaframleiðenda og lyfsala. Lyf á Íslandi eru mun dýrari, allt að því helmingi dýrari, en í nágrannalöndum okkar og það hlýtur líka að vekja okkur til umhugsunar að notkun geðlyfja á Íslandi mun vera miklu meiri en í nágrannalöndum okkar.

Því er eðlilegt að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hæstv. ráðherrann telji að þetta nána samband geðlækna og lyfjafyrirtækja sé eðlilegt og hvort hæstv. ráðherra muni kanna þessa undarlegu frétt og bregðast við.

[15:21]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Það er rétt sem kom hér fram að á Íslandi notum við talsvert miklu meira af geðlyfjum en nágrannaríkin. Við notum reyndar 60% meira en Danir og Norðmenn og 30% meira en Svíar. Lyf eru almennt frekar dýr á Íslandi. Frumlyf eru á sambærilegu verði en samheitalyf eru talsvert miklu dýrari.

Mér finnst þetta mjög sérstakt, þetta sem kom upp með þennan jólafund. Þær upplýsingar sem ég hef eru á þá leið, og það hefur komið fram í fjölmiðlum, að þarna hefur lyfjafyrirtækið Eli Lilly boðið geðlæknafélaginu til fundar. Mér skilst að þetta boð frá sölustjóra lyfjafyrirtækisins hafi verið sent út á bréfhaus Geðlæknafélags Íslands og lyfjafyrirtækisins með tölvupósti á læknana og að ekki hafi komið fram að þarna ætti að fara fram fræðsla. Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef úr fjölmiðlum.

Læknafélag Íslands sem þessir læknar eru líklega allir meira eða minna félagar í hefur ásamt Frumtaki, sem eru frumlyfjaframleiðendur, gert samkomulag um að það sé í lagi að lyfjafyrirtæki greiði fyrir svona fundi eða styrki þá svo framarlega sem þetta séu fræðslufundir og það komi skýrt fram í boðinu. Mér skilst að það hafi ekki komið fram í þessu tilviki.

Ég tel mjög mikilvægt að við skerum á öll hugsanleg hagsmunatengsl. Við teljum að lyfjafyrirtæki noti u.þ.b. 400 millj. kr. á Íslandi á ári til að markaðssetja lyf. Þetta eru auglýsingar og ýmislegt annað sem menn beita til að markaðssetja lyfin sín. Það eru geysilegir hagsmunir í húfi. Við kaupum geðlyf fyrir um 2 milljarða (Forseti hringir.) á ári hjá Tryggingastofnun.

[15:23]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra svörin. Þetta mál lýtur auðvitað að siðferðilegum spurningum. Það lýtur líka að fjárhagslegum spurningum því að þegar upp er staðið snertir þetta ekki bara útlát ríkissjóðs, heldur snertir lyfjaverð vasa neytenda, ekki síst sjúklinga.

Þess vegna er mjög mikilvægt að línur séu hreinar í þessu máli og við hljótum að spyrja: Er þetta meinta jólaboð hið fyrsta jólaboð sem haldið er sameiginlega af félagi geðlækna og lyfjaframleiðendum eða lyfsölum? Eru fleiri sambærileg dæmi þá hjá öðrum læknahópum og öðrum lyfjaframleiðendum eða lyfjadreifingaraðilum?

Við hljótum líka að spyrja: Með hvaða hætti er eftirlit af hálfu hins opinbera með þessu sambandi lækna og lyfjaframleiðenda? Það eru læknar sem gefa út ávísanir á lyf og það eru lyfsalar sem afgreiða þau. Þess vegna er þarna um mjög mikla hagsmuni að ræða. Það er um milljarða króna hagsmuni að ræða og mikilvægt að eftirlitið og línur séu skýrar (Forseti hringir.) í þessum efnum.

[15:24]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Já, það er miklir hagsmunir hér í húfi. Við kaupum geðlyf fyrir um 2 milljarða í gegnum Tryggingastofnun ríkisins þannig að þetta eru háar upphæðir. Við fáum líka, að sjálfsögðu, ágætisþjónustu fyrir peninginn.

Ég tel mjög mikilvægt að hér verði andrúmsloft sem tryggi það að sjúklingar og aðrir geti treyst því að ekki sé um hagsmunatengsl að ræða. Við vitum að lyfjafyrirtækin hafa að sjálfsögðu hag af því að koma lyfjunum sínum á markað og hag af því að þau sé notuð. Ég tel mjög mikilvægt að við tryggjum eins og hægt er að læknar láti ekki

glepjast af lyfjafyrirtækjunum. Það er eðlilegt að menn fái upplýsingar og fræðslu en menn verða að gæta hófs í þessu.

Mikil umræða hefur farið fram á vegum lækna um þessi mál og ég fagna henni. Ég höfða til siðferðiskenndar þeirra. Það verður að vera tryggt að sjúklingar og við öll hin getum treyst því að þetta sé í lagi.

*Tvöföldun Suðurlandsvegar.*

[15:26]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Hörmulegir atburðir í umferðinni beina sjónum okkar að sjálfsögðu að umferðaröryggismálum og þeim stóru framkvæmdum sem rætt er um í vegamálum þjóðarinnar sem snúa sérstaklega að tvöföldun vega.

Tvöföldun Suðurlandsvegar er eitt stærsta hagsmunamál samfélagsins í dag og ekki út af neinu öðru en því að vegfarendur óttast um líf sitt. Topparnir í umferðinni eru slíkir að oft er viðvarandi hættuástand á veginum. Umferð hefur aukist um 80–90% á örfáum árum, og framúrakstur og tvöfaldur hámarkshraði fólksbíla og vörubifreiða skapa gífurlega hættu á svo umferðarþungum og erfiðum vegi þar sem fjallvegurinn yfir Hellisheiði er innifalinn.

Aðgreining akreina er meginmálið. Þar koma að sjálfsögðu allar leiðir til álita, einkaframkvæmdir og aðrar. Það er eina leiðin til að ná fram viðunandi umferðaröryggi á veginum. Frábær reynslan af Reykjanesbraut undirstrikar það þar sem reynslan er mjög góð út frá umferðaröryggislegu sjónarmiði.

2+1 til 2030 eru skilaboðin sem Vegagerðin kynnir núna, að einni akrein verði bætt við veginn og það látið duga til 2030. Það er algjörlega óviðunandi lausn að mínu mati. Þverpólitísk samstaða allra flokka, sveitarstjórnarmanna og einstaklinga í kjördæminu og langt út fyrir það er um að tvöfalda veginn, að tafarlaus tvöföldun Suðurlandsvegar sé eina lausnin sem búandi sé við.

Borist hafa misvísandi skilaboð um málið, t.d. sagði varaformaður samgöngunefndar í sjónvarpsfréttum í gær að það ætti að tvöfalda veginn á næstu 3–4 árum. Um leið kynnir Vegagerðin 2+1 veg sem er algjörlega óboðleg bráðabirgðalausn og andstaða er við á svæðinu.

Ég spyr hæstv. samgönguráðherra: Hvora leiðina á að fara? Kemur einkaframkvæmd til greina við tvöföldun? Hvað leggur hæstv. samgönguráðherra til? Hver er hin pólitíska ákvörðun ríkisstjórnarinnar í málinu?

[15:28]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Hin pólitíska stefnumörkun af minni hálfu sem samgönguráðherra hvað þetta varðar er að leiðirnar út frá höfuðborginni, bæði til Suðurnesja, austur fyrir fjall um Suðurlandsveg og Vesturlandsveg í norðurátt, verði tvöfaldar með aðgreindum akstursstefnum. Það er hin pólitíska stefnumörkun af minni hálfu sem samgönguráðherra.

Að þessum undirbúningi er unnið og ég hef talið koma vel til greina að standa að einkaframkvæmd hvað þetta varðar vegna þeirra spurninga sem hv. þingmaður lagði hér fyrir. Ef það gæti bent til þess að framkvæmdum mætti hraða tel ég að það eigi að skoða það.

Ég hef lýst því yfir að ég sé tilbúinn til þess og það mun verða kynnt í samgönguáætlun sem verður lögð fyrir þingið hvaða leiðir ég tel að eigi að fara til að tryggja sem hraðasta framvindu þessarar framkvæmdar.

[15:29]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ef ég skil orð hæstv. samgönguráðherra rétt er hann að kynna hér stefnubreytingu í málinu. Í umræðum á þingi fyrir nokkrum vikum við hv. þm. Jón Gunnarsson og fleiri þingmenn hér í þingsal var ekki annað á hæstv. samgönguráðherra að skilja en að 2+1 vegur yrði látinn duga, það yrðu framkvæmdir eins og Vegagerðin kynnti, en nú tekur hann undir að það komi til greina að ráðast strax í gerð á tvöföldum vegi og að einkaframkvæmd komi þar til greina.

Undir það tek ég. Það eru mín viðhorf og margra annarra. Ég bið hæstv. samgönguráðherra þá að staðfesta að hann sé að kynna hér stefnubreytingu í málinu, að það sé pólitískur vilji fyrir því í ríkisstjórninni að ráðast í tvöföldun á Suðurlandsvegi, fjórar aðskildar akreinar, en ekki látin duga sú ófullnægjandi bráðabirgðalausn sem felst í svokölluðum 2+1 vegi til ársins 2030 eins og Vegagerðin kynnir og hæstv. ráðherra hefur hingað til talað fyrir. Um leið hljóta þessi skilaboð að vekja vonir og hæstv. ráðherra skýrir þau þá hér.

[15:30]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Það er rangt hjá hv. þingmanni að samgönguráðherra sem hér stendur hafi talað fyrir þeirri lausn að það skuli vera 2+1 vegur til ársins 2030, það er bara rangt. Samgönguráðherra hefur aldrei nokkurn tíma kynnt slíka stefnu.

Það sem hv. þingmaður vitnar til er að íslenskt verkfræðifyrirtæki hefur unnið áætlun fyrir Vegagerðina þar sem reynt er að meta afkastagetu 2+2 annars vegar og 2+1 hins vegar á þessari leið. Það sýnir sig að samkvæmt spám gæti þessi vegur annað afköstum. Það er allt annað en það að velja leið sem við getum orðið ásátt um sem framkvæmd sem tryggi um leið það öryggi sem við viljum hafa. Ég er ekki að kynna neina stefnubreytingu. (Forseti hringir.) Ég hef margsinnis lýst því yfir, bæði hér í þinginu og annars staðar, að ég telji að við eigum að velja 2+2 veg á þessum þremur leiðum. Það er rangt hjá hv. þingmanni að ég hafi kynnt hér einhverja stefnubreytingu.

[15:32]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að heyra þá afdráttarlausu skoðun hæstv. samgönguráðherra, sem er ný fyrir mér og er ný hér.

Í frétt á heimasíðu Vegagerðarinnar segir þann 15. nóvember 2006, fyrir hálfum mánuði síðan:

„Forhönnun og verkhönnun fyrsta áfanga vegarins lýkur nú um áramótin 2006 og er stefnt að því að bjóða út framkvæmdir við fyrsta áfanga í framhaldi af því.“ — Fyrr í fréttinni kom fram að um var að ræða 2+1 veg.

Auðvitað er þetta stefnubreyting hjá hæstv. ráðherra og þá hlýtur þetta að verða blásið út af borðinu. 2+1 vegur sem er búið að hanna, stendur til að bjóða út og á að hefja fram-

kvæmdir við núna um áramótin hlýtur þá að heyra sögunni til. Við heyrum það í viðtölum við sveitarstjórnarmenn og forustumenn á Suðurlandi og langt út fyrir það að það er þverpólitísk krafa að Suðurlandsvegur verði tvöfaldaður tafarlaust. 2+1 vegur er ónóg framkvæmd. Hæstv. samgönguráðherra tekur undir það hér og fullyrðir að hann hafi aldrei haldið því fram. Hann hlýtur þá að hafa samband við Vegagerðina og kalla til baka forhönnun og verkhönnun fyrsta áfanga af 2+1 sem á að hefjast um áramótin, eftir eins og 25 daga.

Auðvitað er það stefnubreyting, hæstv. ráðherra, og hún er mjög ánægjuleg og henni hlýtur hann að fylgja eftir af *fullum pólitískum þunga*.

[15:33]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

*Virðulegur forseti. Eins og hv. þingmenn þekkja gerum* við ráð fyrir því og afgreiðum það væntanlega hér sem lög frá Alþingi í fjáraukalögum fyrir árið 2006 að setja sérstaka fjármuni til öryggisaðgerða á þessum vegi. Ég lít svo til að meðal þeirra öryggisaðgerða sem við getum farið í strax — eins og hv. þingmaður veit mætavel verður ekki sett af stað á morgun eða eftir mánuð tvöföldun þessarar brautar frá upphafi til enda — og stefnan er á þeim nótum að auka öryggið með girðingum eða vegriðum þar sem það er hægt og gera það strax. Í því ljósi höfum við látið skoða þetta og *meta hvernig við getum gengið til þeirra verka að auka ör*yggið á þessari braut.

Að lokum, virðulegi forseti, hljótum við þingmenn á hinu háa Alþingi að senda þeim fjölskyldum sem hafa orðið fyrir slysum og dauðsföllum og syrgja nú sína nánustu hlýjar samúðarkveðjur héðan.

## *Um fundarstjórn.*

Fyrirspurnir til ráðherra.

[15:35]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Mig langaði að beina einni spurningu til þín sem varðar það hvernig valdar eru þær fyrirspurnir sem koma hér til umræðu. Fyrirspurnirnar skipta verulega miklu máli, frú forseti, til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og það virðist sem Frjálslyndi flokkurinn hafi verið útilokaður nú í þessari umræðu. Við ætluðum að beina spurningu til hæstv. sjávarútvegsráðherra en hún komst ekki á dagskrá og ég spyr hverju það sæti. Á dagskrá voru teknar tvær fyrirspurnir *nánast sama eðlis varðandi Írak hvor frá sínum* flokknum og síðan er fyrirspurn sem varðar innanflokksmál Framsóknarflokksins þar sem hv. þm. Hjálmar Árnason spyr ráðherra flokks síns út í sín mál. Ég spyr hverju þetta sæti. Hvernig velur hæstv. forseti þær fyrirspurnir sem koma hér á dagskrá? Er það orðið svo að ekki megi ræða málefni sjávarútvegs af hálfu Sjálfstæðisflokksins, að þetta séu svo viðkvæm mál að menn reyni að útiloka þá umræðu?

Það væri fróðlegt að fá svör hjá hæstv. forseta hvað þetta varðar. Það vekur óneitanlega mjög mikla furðu að tvær fyrirspurnir séu teknar um Írak og síðan spyr samflokksmaður ráðherra út í málefni og loks kemur fyrirspurn sem er í raun sama eðlis og var í fyrirspurnatíma í síðustu viku varðandi Suðurlandsveg. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ekki *sitji allir* við sama borð í þessum þingsal.

[15:36]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að ræða fundarstjórn forseta. Ég vil fá að lýsa því yfir sem þingflokksformaður Frjálslynda flokksins að ég kláraði mér í kollinum yfir því að eina óundirbúna fyrirspurnin sem við í þingflokknum, einn af þingmönnum okkar, vildum bera fram hér í dag fékkst ekki tekin fyrir. Ég sendi tölvupóst til skrifstofu Alþingis góðri stundu áður en þingfundur hófst og greindi frá því að hv. þm. Sigurjón Þórðarson vildi koma að einni fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra varðandi sláandi niðurstöðu úr stofnmælingu Hafrannsóknastofnunar, svokölluðu haustralli. Mér finnst það svolítið einkennilegt, virðulegi forseti, að jafnhófsöm beiðni og þessi eina litla fyrirspurn frá okkar flokki í þessum fyrirspurnatíma skuli ekki hafa komist að. Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa orð mín fleiri um þetta, virðulegi forseti, en mælist til þess að meira tillit verði næst tekið til óska okkar.

[15:38]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vísar því algjörlega á bug að hér hafi ekki verið staðið eðlilega að verki. Það eru ýmsar forsendur að baki því hvernig valið er hvaða óundirbúnar fyrirspurnir eru teknar fyrir, frá hverjum og til hvaða hæstv. ráðherra þeim er beint. Það eru ákveðnar verklagsreglur sem hv. þingmenn geta kynnt sér hvenær sem þeir óska eftir.

Varðandi þessar athugasemdir er það auðvitað þannig að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins verða að hlíta reglum þingskapa rétt eins og aðrir þingmenn. Það er alveg skýrt í 49. gr. þingskapa að í „allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum fundi getur forseti heimilað þingmönnum að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra". Þessi umræða hófst nákvæmlega fjórar og hálfa mínútu yfir þrjú þannig að þessum tíma var lokið, eins og forseti greindi frá.

Þar að auki getur forseti greint frá því að fleiri fyrirspurnir komust ekki að undir þessum dagskrárlið og þó höfðu þær fyrirspurnir borist fyrr en þessi fyrirspurn frá hv. þingmanni.

[15:39]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég tíndi hérna til nokkrar röksemdir fyrir *þessari umkvörtun minni og þær eru reyndar fleiri, m.a.* að tvær fyrirspurnir komu frá þingflokki Samfylkingarinnar meðan við vorum útilokaðir í Frjálslynda flokknum.

Ég vil bara leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvort hún ætli að halda þessu áfram, hvort hún telji þetta eðlileg vinnubrögð og að við í Frjálslynda flokknum megum búast við því í framtíðinni að við verðum útilokaðir frá því að leggja hér fram fyrirspurnir og hvort þetta geti í raun talist eðlileg og lýðræðisleg vinnubrögð. Ég get alls ekki séð að Frjálslyndi flokkurinn eigi ekki rétt á því að bera fram fyrirspurnir eins og aðrir þingflokkar. Ég fordæmi vinnubrögð hæstv. forseta og ég vona svo sannarlega að hæstv. forseti sjái að sér, komi til okkar í þingflokki Frjálslynda flokksins

og verði við bón okkar um það að við fáum eðlilega málsmeðferð og afgreiðslu hér í þinginu. Þetta sem hæstv. forseti hefur staðið að er bara alls ekki eðlilegt. Þetta er mjög ólýðræðislegt og mér finnst stórundarlegt að verða vitni að því á þjóðþingi Íslendinga að einn flokkur, minnsti flokkurinn, skuli vera lagður í einelti af forseta þingsins. Ég furða mig á þessu. Það getur ekki verið eðlilegt að hæstv. forseti telji það sanngjarna málsmeðferð að einn þingflokkur fái tvær fyrirspurnir meðan annar er útilokaður nema þá að hæstv. forseti sé hrædd við umræðu um sjávarútvegsmál og vilji einfaldlega koma í veg fyrir hana.

Hæstv. forseti skuldar okkur í Frjálslynda flokknum svo sannarlega skýringar á vinnubrögðum sínum hér í dag.

## *Fjáraukalög 2006, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 47. mál. — Þskj. 393, frhnál. 477 og 483, brtt. 478 og 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:43]

**Katrín Júlíusdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum lagt fram sameiginlegt framhaldsnefndarálit fyrir 3. umr. um fjáraukalagafrumvarp það sem greidd eru atkvæði um hér. Þar förum við ítarlega yfir gagnrýni okkar á þetta frumvarp.

Virðulegi forseti. Það hefur margoft komið fram í áliti minni hluta fjárlaganefndar í gegnum árin að hvergi meðal hinna vestrænu ríkja þekkist að framkvæmdarvaldið komist upp með það að umgangast fjárlög með þeim hætti sem hér tíðkast. Lítil sem engin virðing er borin fyrir fjárlögum og sú ábyrgð og sú vandvirkni sem nauðsynleg er við framkvæmd þeirra er ekki til.

Þess vegna hafa öll fjárlög þessarar ríkisstjórnar verið marklaus plögg, málamyndagerningar. Sitjandi ríkisstjórnarmeirihluti á Alþingi hefur ekki viljað, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þess efnis, gera bót á þeim slælegu vinnubrögðum sem meiri hlutinn hefur vanið sig á. Það verður því verkefni, frú forseti, nýrrar ríkisstjórnar að skapa þann aga og þá festu sem nauðsynleg er í ríkisfjármálum. Gjöldin nú eru áætluð um 6,2% meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Það má gera ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs verði meiri en hér er áætlað vegna þess að fjölmargar stofnanir eiga í rekstrarvanda sem ekki hefur verið tekið á á hv. Alþingi og benda bráðabirgðatölur til þess að mun fleiri stofnanir hafi um mitt ár 2006 verið komnar 10% fram úr fjárheimild en voru í lok árs 2005.

Það er líka mjög sérkennilegt að þurfa að horfa upp á það ár eftir ár hvernig fjáraukalögin eru notuð til að bæta tilteknum stofnunum uppsafnaðan rekstrarhalla en ekki er bætt úr rekstrarhalla annarra. Sumar stofnanir virðast eiga mun greiðari aðgang að fjáraukalögum en aðrar. Leiðréttingarnar eru því tilviljanakenndar og ekki að sjá að fylgt sé neinum reglum í þeim efnum.

Í greinargerð með frumvarpi til fjárreiðulaga þegar það lá hér fyrir þinginu var sérstaklega fjallað um tilgang fjáraukalaga. Sagði þar m.a. að með frumvarpinu og fjárreiðulögunum eigi að marka skýra stefnu um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Þannig sé gert ráð fyrir því að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir komi fram í fjárlögum.

Virðulegi forseti. Ef litið er til síðustu ára kemur í ljós að aldrei hefur verið gengið um lokafjárlög og fjárlög á þann hátt sem fjárreiðulögin gera ráð fyrir. Það er ómögulegt að meta ágæti fjárlaga út frá umfangi fjáraukalaganna einna og sér. Til þess þarf mun meiri upplýsingar. Án þeirra upplýsinga verða bæði fjárlög og fjáraukalög hálfgerð eylönd án innbyrðis tengingar, án upphafs og endis. Virðulegi forseti. Við munum sitja hjá við afgreiðslu þessara fjáraukalaga og vísa ábyrgð á þeim (Forseti hringir.) algjörlega til stjórnarflokkanna.

[15:46]

**Jón Bjarnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2006 kemur nú hér til lokaatkvæðagreiðslu. Ég hef áður lagt áherslu á það í umræðum um fjárlagavinnuna af hálfu Alþingis að brýna nauðsyn beri til að breyta um aðferð. Við þurfum að hefja fjárlagavinnuna mun fyrr og Alþingi þarf að koma að henni og ef þörf er á á að vinna fjáraukalög að vori og svo aftur að hausti. Sá háttur sem hér er hafður á, að Alþingi fái fjáraukalög fyrir árið undir lok ársins og að það sé í raun inni bara formsatriði að stimpla og afgreiða þær ákvarðanir sem framkvæmdarvaldið hefur tekið á árinu eru ólíðandi vinnubrögð.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og reyndar þingmenn Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins lögðum við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári síðan til fjölmargar breytingartillögur, sérstaklega hvað viðvék velferðarkerfinu. Þær tillögur voru felldar þá, m.a. varðandi Háskólann á Akureyri. Þær voru felldar þá en nú koma leiðréttingar inn við fjáraukalög. Gott og vel, gott að fá þær en þetta var allt saman fyrirsjáanlegt við fjárlagagerð fyrir ári og þessi vinnubrögð eru þess vegna ekki Alþingi sæmandi.

Frú forseti. Það eru ýmis atriði sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum gert miklar athugasemdir við. Við 2. umr. kom inn heimild til þess að ríkið keypti hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Alveg án skýringa og án umfjöllunar er það komið inn að varið skuli um 30 milljörðum kr. til að kaupa Landsvirkjun. Það mál allt er enn í uppnámi. Nýverið var meira að segja kærður til félagsmálaráðuneytisins sá bráðabirgðagjörningur sem gerður var milli ríkisvaldsins og Reykjavíkurborgar. Fleiri atriði þar eru í uppnámi þannig að það er algjörlega ótímabært að taka þá afgreiðslu hér inn, enda mótmæltum við því.

Annað atriði sem hér er líka inni er 5 milljarða ríkisábyrgð vegna framkvæmda Landsvirkjunar við Kárahnjúkavirkjun á árinu 2006. Hvorki hefur komið skýring á því til hvers þessi upphæð þarf að koma inn né hefur verið gerð grein fyrir því hvort Reykjavíkurborg eða Akureyri komi með tilsvarandi ábyrgð á móti, engin svör hafa fengist. Svoleiðis er það með allt of mörg atriði hér að ekki fást svör við mörgum þeim spurningum sem lagðar hafa verið fram.

Frú forseti. Þær breytingartillögur sem hér eru lagðar fram og mig langar að greiða atkvæði um sérstaklega eru margar til bóta en þegar litið er á frumvarpið í heild sinni (Forseti hringir.) er það á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar hér þannig að við þingmenn (Forseti hringir.) Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sitjum hjá, frú forseti.

[15:49]

**Birkir J. Jónsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil við upphaf atkvæðaskýringar minnar þakka allri fjárlaganefnd fyrir mjög vel unnin störf og samstillt átak í að klára m.a. fjáraukalög fyrir árið 2006. Hér er um að ræða mjög gott frumvarp sem skilar 45 milljarða kr. afgangi í ríkissjóð þannig að við höldum áfram á þeirri vegferð að greiða niður skuldir ríkisins en auk þess er það stefna meiri hlutans á hv. Alþingi að standa vörð um velferðarmálin og það endurspeglast í því frumvarpi sem við greiðum hér atkvæði um. Það er kveðið á um það að setja 860 millj. sérstaklega til öldrunarheimila í landinu, 1.000 millj. til Landspítala – háskólasjúkrahúss og 100 millj. til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Þessar stofnanir, hæstv. forseti, gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í samfélagi okkar. Því er það ábyrgðarhluti af stjórnarandastöðunni hér á þingi að hún vilji ekki leggjast á sveif með okkur stjórnarliðum í að bæta stöðu þessara stofnana í fjáraukalögum fyrir árið 2006. Þessar stofnanir, eins og ég sagði áðan, gegna mjög veigamiklu hlutverki og við þurfum að bæta stöðu þeirra til að gera rekstrarafkomu þessara stofnana á næsta ári betri en ella hefði orðið.

Við munum halda áfram að standa vörð um velferðarkerfið verði þetta fjáraukalagafrumvarp samþykkt. Við munum jafnframt halda áfram að lækka álögur á heimilin í landinu með lækkun skatta á heimilin í landinu með hækkun á barnabótum þannig að við erum að gera allt í einu. Við erum að lækka skuldir ríkissjóðs, auka framlög til velferðarmála og bæta hag allra fjölskyldna í landinu. Við munum halda áfram á þeirri leið í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 sem við munum ræða á Alþingi á morgun.

[15:51]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla svo sem ekki að tefja þingfundinn með því að viðhafa hér langt mál. Ég kem bara upp til að lýsa því yfir að við í þingflokki Frjálslynda flokksins munum sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu fjáraukalaga 2006. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir og Jón Bjarnason hafa í sjálfu sér farið ágætlega yfir afstöðu stjórnarandstöðunnar til þessa máls þannig að ég hef ekki orð mín fleiri, virðulegi forseti.

Brtt. 478 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (DrH, EOK, EMS, GÓJ, GAK, GHall, GÖg, GÖrl, JÁ, KF, LB, MÁ, VF, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 479 samþ. með 29 samhlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, HHJ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (DrH, EOK, EMS, GÓJ, GAK, GHall, GÖg, GÖrl, JÁ, KF, LB, MÁ, VF, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:53]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég held að ekki sé hægt að skilja við fjáraukalög ársins 2006 óðruvísi en að fara aðeins yfir örfá atriði í því hvernig gengið hefur til. Fyrir ári var spáð hér að viðskiptahallinn yrði 11–12% á þessu ári. Hann reynist líklega núna um 20% af vergri þjóðarframleiðslu. Þá var gert ráð fyrir því að hann næmi einungis 120–130 milljörðum kr. en hann fer sennilega yfir 200, jafnvel í 220 milljarða kr. Vextir eru með því hæsta sem gerist, a.m.k. í Evrópu, og verðbólgan er tvöfalt meiri en spáð var fyrir ári þannig að það er alveg ljóst að þessi mikli efnahagslegi óstöðugleiki sem þessi fjárlög spegla er þjóðinni hættulegur.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (DrH, EOK, EMS, GÓJ, GAK, GHall, GÖg, GÖrl, JÁ, KF, LB, MÁ, VF, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 526).

## *Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., frh. 1. umr.*

Stjfrv., 376. mál (tímasetningar á tilteknum ráðstöfunum). — Þskj. 410.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

6 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, HHj, ISG, JGunn) greiddu ekki atkv.

15 þm. (DrH, EOK, EMS, GÓJ, GAK, GHall, GÖg, GÖrl, JÁ, KF, KolH, LB, MÁ, VF, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

***Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 458.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.*
*[Sjá orð forseta í dálki 2476.]

***Þjóðhátíðarsjóður, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 356. mál (starfslok sjóðsins). — Þskj. 386.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Hafnalög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 366. mál (gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 398.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 385. mál (heildarlög). — Þskj. 427.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Umferðarlög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 388. mál (ökuskírteini, hert viðurlög). — Þskj. 430.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Eldi og heilbrigði sláturdýra o.fl., frh. 1. umr.***

Stjfrv., 377. mál (gjaldtökuákvæði). — Þskj. 411.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

***Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, 1. umr.***

Stjfrv., 416. mál (lækkun matarskatts). — Þskj. 482.

[15:59]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar frá 9. október 2006 um aðgerðir til að lækka matvælaverð og fleira. Með frumvarpi þessu eru tillögurnar útfærðar að því er varðar vörugjald og virðisaukaskatt auk þess sem lagðar eru til örfáar breytingar til viðbótar.

Í fyrsta lagi er lagt til að vörugjöld verði felld niður af innlendum og innfluttum matvælum, öðrum en sykri og sætindum. Með sykri og sætindum er fyrst og fremst átt við vörur sem er að finna í 17. kafla tollskrárinnar, sem ber heitið „Sykur og sætindi". Einnig er gert ráð fyrir að vörugjöld muni hvíla áfram á ýmiss konar súkkulaði sem er að finna í 18. kafla tollskrárinnar og sírópi í 21. kafla. Hins vegar er lagt til að vörugjöld verði felld niður af öllum öðrum matvælum.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Meginbreytingin felst í því að gert er ráð fyrir að lægra skattþrepið í virðisaukaskatti fari úr 14% niður í 7% og að öll matvara og önnur vara til manneldis verði í lægra skattþrepi. Í dag ber eingöngu ákveðinn hluti matvörur 14% virðisaukaskatt en önnur matvara ber 24,5% virðisaukaskatt. Verði frumvarp þetta að lögum mun öll vara til manneldis bera 7% virðisaukaskatt. Breyting þessi hefur þannig í för með sér að virðisaukaskattur af annarri þjónustu og vörum í 14% þrepi, svo sem bókum, tímaritum, blöðum, húshitun, afnotagjöldum útvarpsstöðva og hótelgistingu, verður lækkaður í 7%. Lagt er og til að virðisaukaskattur af veitingaþjónustu verði lækkaður úr 24,5% niður í 7%. Fyrir utan augljósan ávinning fyrir almenning af því að virðisaukaskatturinn sé lækkaður mun þetta einnig verða til mikils hagræðis fyrir aðila í veitingarekstri. Endurgreiðslukerfi á virðisaukaskatti hefur verið við lýði fyrir þá sem selja tilreiddan mat sem hefur skapað talsverða vinnu og umsýslu fyrir þá. Með þessari breytingu verður þetta kerfi óþarft og hefur hún því mikla einföldun í för með sér. Þá er lagt til að virðisaukaskattur af geisladiskum, hljómplötum og segulböndum með tónlist verði 7%, en það er

gert til að jafna samkeppnisstöðu tónlistarútgefenda við bókaútgefendur.

Með frumvarpinu eru einnig lagðar til tvær aðrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Lagt er til að heimild skv. 5. gr. A til samskráningar á virðisaukaskattsskrá nái einnig til sparisjóða og dótturfélaga þeirra. Hlutafélög og einkahlutafélög hafa heimild samkvæmt ákvæðinu til samskráningar. Bent hefur verið á að sparisjóðir geti haft hagsmuni af því að njóta samskráningar eins og hlutafélög og einkahlutafélög. Ekki verður séð að nein rök standi gegn því að sparisjóðir njóti sama réttar til samskráningar og er því lögð til þessi breyting. Að lokum er lagt til að heimild í lögum um virðisaukaskatt um endurgreiðslu tveggja þriðju hluta virðisaukaskatts af nýjum hópferðabifreiðum verði framlengd til 31. desember 2008. Það er gert í samræmi við tillögu starfshóps sem samgönguráðherra skipaði til að fjalla um rekstraraðstæður þeirra sem reka hópferðabifreiðar með hliðsjón af hlutverki þeirra í almenningssamgöngukerfinu.

Samræmis vegna og til einföldunar í framkvæmd er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lækkun á virðisaukaskatti af matvöru nái einnig til áfengis, en samkvæmt núgildandi lögum er áfengi í efra þrepi virðisaukaskatts. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar um lækkun matvælaverðs miðuðu hins vegar ekki að því að lækka verð á áfengi. Af þeim sökum er með frumvarpi þessu lagt til að áfengisgjald verði hækkað til mótvægis við þá verðlækkun sem verður vegna lækkunar virðisaukaskatts af áfengi, eða sem nemur 58%. Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting leiði til breytingar á tekjum ríkissjóðs af áfengi.

Frá því að frumvarpið kom fram í þingsölum hefur orðið talsverð umræða um hvaða áhrif frumvarpið hafi á verð á áfengi. Komið hefur fram að þeir sem eiga viðskipti með áfengi telji að þetta leiði til umtalsverðrar hækkunar á tekjum ríkissjóðs. Jafnframt hefur komið fram, sem er rétt, að þetta hafi í för með sér mismunandi breytingar á verði áfengis eftir tegundum vegna þess að munur er á að leggja krónutölugjald á lítra af vínanda og virðisaukaskatt á endanlegt söluverð áfengis. Hugsanlegt er líka að þetta hafi í för með sér talsverðar breytingar á innheimtu tekna ríkissjóðs, annars vegar af áfengi sem selt er á veitingahúsum og hins vegar áfengi sem selt er í útsölum ÁTVR. Ljóst er að þessar breytingar geta verið umtalsverðar. Þær hafa greinilega valdið talsverðri ólgu og gætu orðið mjög umdeildar og tímafrekt að fara yfir þær og sannreyna hvað er rétt í þeim útreikningum sem lagðir hafa verið fram, útreikningum sem sumir hverjir byggja sjálfsagt á mismunandi og misvísandi forsendum.

Ég tel þess vegna að þar sem alltaf hefur legið fyrir að þessi breyting ætti ekki að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs eða breyta forsendum fjárlaga og vegna þess að nokkuð skammur tími er til að ljúka þingstörfum þá væri skynsamlegt að fresta því að taka afstöðu til þessara greina. Ég vildi því með fullri virðingu fyrir hv. efnahags- og viðskiptanefnd leggja til að nefndin frestaði því að taka afstöðu til greina um að lækka virðisaukaskattinn á áfengi og hins vegar að hækka áfengisgjald. Þannig gefst tími til að fara betur yfir þessi mál með hagsmunaaðilum og þeim sem komið hafa fram með athugasemdir og kanna hvort þær eigi við rök að styðjast. En sé svo þá leiti menn annarra leiða til þess að ná því markmiði að lækka virðisaukaskatt á áfengi án þess að ríkissjóður tapi tekjum ef mögulegt er.

Ég tel hins vegar nauðsynlegt að aðrar greinar sem ég hef farið yfir, sem lúta að því að lækka virðisaukaskatt á matvælum og öðru nái fram að ganga á þinginu fyrir jólahlé vegna þess að þær hafa áhrif á fjárlögin og tekjugrundvöll fjárlaga.

Verði þetta frumvarp óbreytt að lögum er áætlað að á árinu 2007 lækki tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum um 465 millj. kr. og tekjur af virðisaukaskatti um 12 milljarða kr. Heildarlækkun tekna ríkissjóðs á árinu 2007 er þannig áætluð 8.765 millj. kr. og á heilsársgrundvelli nemur tekjulækkunin rúmlega 10,5 milljörðum. Inn í þessar tölur verður að taka að samkvæmt frumvarpinu mundu tekjur af áfengisgjaldi hækka um 3,7 milljarða kr. en þar sem virðisaukaskatturinn af áfengi og áfengisgjaldið ættu að standast á hafa tölurnar um áfengisgjaldið ekki áhrif á niðurstöðutölurnar sem ég fór með á undan.

Hvaða áhrif, frú forseti, mun þetta frumvarp hafa á vöruverð? Útreikningar um það geta auðvitað aldrei orðið hárnákvæmir enda hægt að gefa sér mismunandi forsendur. En gera má ráð fyrir því að áhrif á matvörur, aðrar en kjöt og mjólkurvörur, verði á bilinu 10–12%. Auk þess munu mjólkurvörur ekki hækka og verður í raun um verðstöðvun að ræða hvað mjólkurvörur varðar á næsta ári. Verð á mjólkurvörum mun því standa í stað í tvö ár og tollar á kjötvörum munu lækka í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þannig má gera ráð fyrir að áhrifin verði á bilinu 12–13%. Þegar síðan áhrif á verð veitinga er tekið með má gera ráð fyrir að áhrifin verði á bilinu 14–16% eins og talað var um í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hér er alls staðar miðað við matvælaverðsvísitöluna.

Bein áhrif, t.d. á reikninginn í veitingahúsunum, gætu orðið á bilinu 12–13% án áfengis. Þegar síðan áhrif á verð vöru sem er í lægra þrepinu en ekki telst til matvöru eru tekin með má gera ráð fyrir því að áhrifin á neysluverðsvísitöluna verði á bilinu 2,6–2,7%. Að sjálfsögðu er um umtalsverðar breytingar að ræða sem hljótast munu beint af þessu frumvarpi. Inn í spilar annað sem er að gerast í efnahagsumhverfinu sem vonandi hefur jákvæð áhrif og bætir mjög hag heimilanna.

Ég legg því til, frú forseti, að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[16:11]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Allir sjá að ríkisstjórnin hefst fyrst og fremst að í þessu máli vegna frumkvæðis Samfylkingarinnar frá í haust og reyndar frá fyrri þingum. Tvennt staðfestir það kannski fremur en annað. Það er m.a. tillaga hæstv. fjármálaráðherra um að hv. efnahags- og viðskiptanefnd skoði ekki áfengisgjöldin, frumvarpið er það illa unnið að við eigum að skilja það eftir.

Annað stingur í stúf. Í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar er hvergi minnst á fyrirhugaða og boðaða tollalækkun. Allir sem hafa kynnt sér þessi mál vita að það er stóri þátturinn í að lækka matvælaverðið, þ.e. breytingar á tollunum. Ég vil

því kalla eftir skýrum svörum frá hæstv. fjármálaráðherra um það: Hvernig stendur á því að í þessu frumvarpi og ekki heldur í fjárlögunum er gert ráð fyrir að tollar eigi að lækka þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi boðað að tollar skuli lækka að einhverjum hluta 1. mars næstkomandi?

[16:12]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, allir vildu Lilju kveðið hafa, eru eiginlega einu viðbrögðin sem hægt er að sýna við fyrri hluta andsvars hv. þingmanns. Ég minni hv. þingmann og hv. þingheim á að fyrir síðustu alþingiskosningar var það á stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins að lækka matvöruverð með því að lækka virðisaukaskatt. Aðspurðir sögðu fulltrúar Samfylkingarinnar að þeir hefðu það ekki á sinni stefnuskrá að lækka matvöruverð (Gripið fram í.) með því að lækka virðisaukaskatt, hv. þingmaður. Sem betur fer skiptu þeir um skoðun. Ég verð að segja að ég gleðst yfir því að þeir skuli hafa gert það og ég treysti því að Samfylkingin muni fylgja þessu máli í þinginu og styðja ríkisstjórnina í því.

Varðandi tollalækkanir á kjötvörum þá er um það að segja að það krefst meiri útfærslu og jafnframt þess að haft verði samráð við aðra aðila. Um þetta er hægt að semja þannig að okkar vörur fái þannig jafnvel ívilnanir á erlendum mörkuðum á móti.

[16:13]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Samfylkingin lofaði í síðustu kosningum að lækka matarskatt um helming. Eftir þær kosningar hefur Samfylkingin lagt fram frumvarp um það á hverju einasta ári. Hins vegar hefur flokkur hæstv. fjármálaráðherra í hvert einasta skipti fellt það frumvarp, nákvæmlega sömu breytingar og hann leggur til núna á lokaspretti kjörtímabilsins.

En með því að skilja eftir tollana, sem eru að mínu mati stóra málið, er ljóst að þetta mál er illa undirbúið. Auk þess virðist eitthvert ósætti innan ríkisstjórnarinnar. Við þekkjum afstöðu hæstv. landbúnaðarráðherra sem virðist vera ráðherra neytendamála í augum ríkisstjórnarinnar. Það er ljóst að ef gert er ráð fyrir tollalækkunum á næsta ári þá ættu þær að koma í fjárlögum. Hvernig stendur á því, hæstv. fjármálaráðherra, að stjórnin hefur ekki tryggt það að þær tollalækkanir komi fram í fjárlögunum eða í þessu frumvarpi? Er málið það illa undirbúið? Brá ykkur það mikið þegar Samfylkingin tók frumkvæðið í haust og lagði fram metnaðarfullan pakka (Forseti hringir.) sem mundi lækka matvælaverð um helmingi hærri upphæð en ríkisstjórnarflokkarnir ætla að gera?

(**Forseti** (SP): Forseti vill biðja hv. ræðumenn um að virða þann tíma sem er ætlaður til andsvara.)

[16:14]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar við erum að lækka skatta þá er ekki mjög gott að það sé gert of hratt, sérstaklega ekki á þenslutímum. Á þetta hefur hv. þingmaður margsinnis bent. Þess vegna hefur ríkisstjórnin reynt að dreifa skattalækkununum á kjörtímabilið.

Ríkisstjórnin hefur lækkað skatta á hverju einasta ári kjörtímabilsins og núna er gerð tillaga um þessa skattalækkun, ekki vegna þess að það hafi ekki staðið til heldur vegna þess að það var talið rétt að lækka aðra skatta á undan. Ef hv. þingmenn muna eftir því þá sagði ég fyrir ári síðan að nægur tími væri eftir af kjörtímabilinu til að koma fram með þessar lækkanir.

Tollalækkanirnar eru hins vegar flóknara mál en lækkun á virðisaukaskatti. Við erum að reyna að semja um þá hluti við aðra aðila líka til að bæta stöðu okkar annars staðar í því sambandi. Það er hins vegar ekki líklegt að við sjáum mikil áhrif af þeim tollalækkunum á tekjur eða gjöld ríkissjóðs (Forseti hringir.) þótt að vonandi komi þær til með að lækka verð.

[16:16]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú þegar ríkisstjórnin hefur loksins verið rekin til að koma með frumvarp, ég segi loksins, um lækkun matarskattsins, eftir frumkvæði Samfylkingarinnar í upphafi þessa þings og í upphafi allra þinga kjörtímabilsins, þá kemur samt hér meira með. Það er varðandi 9. gr. þar sem á að lækka virðisaukaskatt af áfengi og hækka áfengisgjald í staðinn.

Við höfum hlustað á hæstv. fjármálaráðherra flytja sitt mál og biðja efnahags- og viðskiptanefnd um að geyma þessa grein og þennan hluta frumvarpsins vegna þess hvað þetta er illa unnið.

Það hefur verið umtalsverð ólga í landinu, sagði hæstv. fjármálaráðherra. Þetta er umdeilt og það þarf að sannreyna útreikningana. Hvers konar vinnubrögð eru þetta, virðulegi forseti, í hinu háa fjármálaráðuneyti?

Eru þetta kannski tæknileg mistök sem hér eiga sér stað? Ég minnist þess ekki á stuttum þingferli mínum að flytjandi máls, eins og hæstv. fjármálaráðherra nú, hafi þurft að koma og biðja nefndina strax við 1. umr. að skilja eftir hluta (Forseti hringir.) vegna þess að það sé umtalsverð ólga og það eigi eftir sannreyna útreikninga.

[16:17]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Enn vilja fleiri Lilju kveðið hafa og er út af fyrir sig ekkert skrýtið þótt menn vilji hafa uppi orð um það eftir að hafa kannski sjálfir svarað í símann á skrifstofu Samfylkingarinnar um að hún hafi það ekki á stefnuskrá sinni að lækka virðisaukaskatt af matvælum. (**Gripið fram í:** Það var annar.) Var það annar, hv. þingmaður? Ég get aldrei munað hver þeirra það var.

En varðandi útreikningana þá held ég að það sé nú — jú, það getur vel verið, það er ekki oft sem menn biðja um það í framsöguræðu að beðið sé með afgreiða ákveðna hluti. En það getur vel verið að menn hafi almennt ekki haft þá hógværð til að bera, ef þeir finna að hlutirnir eru kannski að misskiljast eða vekja viðbrögð sem ekki var von á eða væru ekki réttlætanleg og vilji er fyrir hendi til að gera hlutina þannig að samstaða sé um, ef manni (Forseti hringir.) er þá veitt það á neikvæðan hátt þegar beðið er um að þeir verði skoðaðir frekar þá finnst mér það afar einkennilegt, frú forseti.

[16:19]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekkert óeðlilegt við að gerð sé athugasemd við þetta. Ég held nefnilega að hér hafi ekki verið um tæknileg mistök að ræða. Ég held að það hafi verið ásetningur fjármálaráðherra, að ætla ná í þremur milljörðum meira í áfengisgjaldið við að breyta virðisaukaskattinum eins og reiknað hefur verið út af hagsmunaaðilum úti í bæ. Ég held að þetta hafi verið ásetningur.

Þá kemur upp í hugann, virðulegi forseti, að fyrrverandi fjármálaráðherra, núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, kom með útreikninga út af frægu gjaldi sem var dísilolíugjaldið. Hvernig hefur það þróast, virðulegi forseti? Í öllum gögnum sem ríkisstjórnin kemur fram með núna segir að tekjurnar af dísilolíugjaldinu séu allt að tveimur milljörðum hærri á þessu ári en reiknað var út í byrjun.

Hvernig var það gert, virðulegi forseti? Það var vegna þess að fjármálaráðuneytið var með vitlausar tölur um lítrafjölda. Þá var þessi aðferð notuð til að ná í þá tvo milljarða sem skatt af dísilolíugjaldinu. (Forseti hringir.) Og virðulegi forseti. Ég endurtek að ég held að hér hafi verið um ásetning að ræða.

[16:20]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Þetta er nú algerlega óskiljanleg röksemdafærsla hjá hv. þingmanni. Fyrst er ráðherrann skammaður fyrir að biðja um að beðið sé með málið og svo er komið og hann skammaður fyrir að það hafi verið ásetningur af því að einhvern tímann hafi eitthvað verið rangt reiknað að hans mati. (Gripið fram í.)

Ég verð eiginlega bara að spyrja hv. þingmann og þá sem á þetta hlusta yfirleitt: Til hvers hefði hæstv. fjármálaráðherra átt að reyna að læða inn einhverri þriggja milljarða kr. tekjuaukningu á áfengisgjaldinu? (Gripið fram í.) Hvað hefði hún gagnast honum? Ekki er verið að leggja þetta til í fjárlagafrumvarpinu. Ekki kemur það fram í einhverjum fölskum afgangi á fjárlagafrumvarpinu þá. Hvaða gagn væri að þessu þá? (Gripið fram í.)

Afgangurinn á þessu ári eins og við vorum að samþykkja í fjáraukalögum áðan er 45 milljarðar. Nei, ekki getur fjármálaráðherrann kvartað yfir því að það séu ekki til fjármunir í ríkissjóði.

Hvers vegna hefði hann átt að reyna að svindla inn þremur milljörðum (Forseti hringir.) í áfengisgjaldinu án þess að þeir kæmu nokkurs staðar fram í reikningunum, frú forseti?

[16:21]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér í 1. umr. um þennan meinta tilgangslausa ásetning hæstv. fjármálaráðherra. En ég legg áherslu á að það er mikilvægt að þetta frumvarp verði samþykkt til að fjárlögin standist. Ég gleðst enn fremur yfir þessari skattalækkun sem er upp á 10,5 milljarða á ári.

En ég vil benda á að hér er verið að ræða frumvarp fram í tímann sem er óvenjulegt og þess vegna er ekkert skrýtið þegar menn vilja svo gera skattlagningu veitingahúsanna samræmda, 7%, að einhverjar skekkjur komi fram. Ég felst alveg á það að skoða málið í hv. efnahags- og viðskiptanefnd hvað þetta varðar.

En mig langaði til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra um áhrif þessa frumvarps á verðlag og hvort menn hafi nýlega endurreiknað það, því þetta mun jú lækka t.d. verð á veitingahúsum um 14% slétt, lækkun úr 24,5% niður í 7% virðisaukaskatt, mun lækka alla matvöru á veitingahúsum um 14%.

[16:22]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Það er auðvitað ákveðnum erfiðleikum háð að reikna nákvæmlega út hvernig þetta mun gerast. Það hafa verið gerðir um þetta útreikningar sem verða kynntir í nefndinni, óski hún þess. Ég fór með tölur hérna áðan, mig minnir að talið hafi verið að þetta mundi lækka um 12–13%. Það held ég að sé ansi góð niðurstaða.

Það er þannig að talan sem álagningarprósentan lýsir kemur ekki alveg nákvæmlega út vegna þess að hlutfallið í heildarverðinu er lægra en prósentunni nemur. Það gæti út af fyrir sig skýrt þann mun sem þarna kom fram. En annars þakka ég hv. þingmanni fyrir góðar undirtektir við tillögu minni um að fresta umfjöllun um þátt áfengis og áfengisgjald.

[16:23]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningunni um áhrif á verðlagið. En ég þakka svörin við öðru. Ég vil benda á að við lækkunina úr 24,5% niður í 7% mun verðlag á veitingastöðum lækka um 14% að því gefnu að til staðar sé samkeppni.

Við ætlum að vona að það sé dálítil samkeppni, að minnsta kosti að því sem snýr að almenningi, pitsustöðum og slíku. 2.000 kr. pitsa mun lækka um 280 kr. og það munar töluvert um það ef samkeppnin lækkar um 300 kr., þá er það enn þá betra.

Þetta mun allt verða til að lækka verðlag. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hvað er talið að nýjustu upplýsingar gefi tilefni til mikillar lækkunar á verðlagi? Svo er ég náttúrlega á móti þeirri sykurforsjá sem kemur fram í frumvarpinu en það er önnur saga.

[16:24]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gert ráð fyrir því að aðgerðin sem slík hafi lækkunaráhrif á neysluverðsvísitölu sem nemur 2,6 til 2,7%. Til hvers það síðan leiðir þegar búið er að reikna efnahagslegu áhrifin í samhengi við annað sem er verið að gera í efnahagslífinu er síðan önnur stærð sem verður að skoða í þjóðhagslegu samhengi.

[16:25]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. fjármálaráðherra til hamingju með að hafa tekið upp margar af tillögum Samfylkingarinnar sem hún lagði fram á haustdögum. Sömuleiðis vil ég óska honum til hamingju með að í svörum sínum í dag hefur hann í reynd staðfest það sem við

sögðum, að þetta þingmál um lækkun matarskattsins væri beinlínis til komið vegna tillagna Samfylkingarinnar.

Það kemur í ljós af máli hæstv. ráðherra að hann hefur verið að flýta sér svo mikið við að koma málinu fram, beinlínis sem svari við þingmáli Samfylkingarinnar, að í fyrsta lagi var ekki hægt að setja tollalagabreytingar eða kostnað sem af þeim hlýst inn í fjárlagafrumvarpið af því það var ekki tími til þess.

Í öðru lagi hafði hann ekki heldur getað reiknað út áfengisgjaldið með þeim hætti að viðunandi sé. Þetta staðfestir hvílík fljótaskrift var á þessu. Er ekki hæstv. ráðherra sammála mér um þetta? Í öðru lagi hef ég eina, litla efnislega spurningu til hæstv. ráðherra. Felur frumvarpið í sér að virðisaukaskattur af gangagjaldinu í Hvalfirði muni lækka?

[16:26]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta fer nú að verða broslegt með hv. þingmenn Samfylkingarinnar, hversu gjarnan þeir vildu hafa staðið að því að lækka virðisaukaskattinn og lækka matvælaverðið. Það er í ljósi þess, sem ég fór yfir áðan, hvernig málin þróuðust í aðdraganda kosninganna fyrir bráðum fjórum árum, þar sem Samfylkingin lýsti því yfir aðspurð að hún vildi ekki lækka virðisaukaskattinn á matvæli til þess að lækka matarverðið.

Ég held ég geti staðfest og farið alveg rétt með að verði þessar breytingar að lögum muni virðisaukaskattur af gangagjaldinu lækka. En varðandi það að einhver fljótaskrift sé á frumvarpinu, þá er það ekki svo.

Það koma hins vegar oft upp álitamál og umræður í þjóðfélaginu sem rétt er að taka tillit til hér á hv. Alþingi og mig furðar mjög að hv. þingmenn skuli vera að agnúast út í að það skuli gert.

[16:27]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil líka óska hæstv. ráðherra til hamingju með að hafa loksins gert reka að því að lækka virðisaukaskatt á gangagjöldum. Þetta er mál sem Samfylkingin, sérstaklega hv. þm. Jóhann Ársælsson, hefur barist fyrir árum saman. Þakkarvert að hann skulu nú loksins fá stuðning frá ríkisstjórninni.

Síðan að því er varðar þá fljótaskrift sem er á þessu frumvarpi, þá liggur það náttúrlega alveg ljóst fyrir, að ef þetta frumvarp hefði verið undirbúið vel en ekki af skyndingu, þá hefðu menn kannski verið búnir að ljúka nauðsynlegum samningum varðandi tollamálin sem hæstv. ráðherra sagði að ekki væri búið að gera. Hvernig stendur á því að ekki er búið að hnýta þá enda sem lausir eru? Jú, vegna þess að þráðurinn var ekki tekinn upp nema rétt korteri fyrir þingbyrjun.

Hæstv. fjármálaráðherra og forusta Framsóknarflokksins fór á taugum út af þingmálum Samfylkingarinnar. Þið tókuð upp helminginn af hugmyndum Samfylkingarinnar, létuð að vísu hinn helminginn vera. Þið gerðuð þetta í slíkum flýti að að því er þetta mál varðar, þá er fjárlagafrumvarpið óklárað. Hæstv. fjármálaráðherra hafði ekki einu sinni tíma (Forseti hringir.) til að gera sjóklárt. Hann var svo mikið að flýta sér.

[16:28]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að ég verði að óska hv. þingmanni til hamingju með, fyrst hann er búinn að óska mér svo oft til hamingju, að uppgötva að Samfylkingin hefði einkarétt á því að hafa fundið það upp að lækka verð á matvörum með því lækka virðisaukaskattinn. (Gripið fram í.)

Það er skemmtilegt að heyra þetta núna. Þetta er eitt besta dæmið um pólitískan viðsnúning á stuttum tíma sem um getur í sögu íslenskra stjórnmála. Asinn í málinu hefur verið svo mikill að það hefur þurft að flytja frumvarp um þetta á hverju ári þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að það yrði flutt um þetta frumvarp fyrir lok kjörtímabilsins í samræmi (Gripið fram í.) við kosningaloforð og stjórnarsáttmála. Og að nauðsynlegt væri hins vegar að dreifa öllum skattalækkununum á kjörtímabilið vegna áhrifa sem þetta hefði á efnahagslífið.

[16:30]

**Útbýting:**

Fjárlög 2007, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 513; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 514; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 515; brtt. SKK o.fl., þskj. 521.

[16:30]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Fjármálaráðherra sagði áðan að allir vildu Lilju kveðið hafa. Það er rétt en það er náttúrlega bara einn höfundur. Það er ein frumgerð. Annað eru eftirlíkingar. Höfundurinn í þessu máli og frumgerðin er tvímælalaust Samfylkingarinnar og eins og hér hefur komið fram í andsvörum og umræðum í tengslum við þau var asinn svo mikill á ríkisstjórninni eftir að Samfylkingin kom fram með sitt mál í upphafi þings í haust og það þurfti að vinna svo hratt í málinu að það var í rauninni ekki tilbúið og ekki tækt inn á þingið.

Fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins kemur núna inn í þingið eftir 16 ár í ríkisstjórn — Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með fjármálaráðuneytið í 16 ár — en hann kemur í þingið viku fyrir jólaleyfi þingsins, leitar eftir því að fá tekið upp viðamikið frumvarp um virðisauka, vörugjöld og gjald af áfengi og tóbaki, fá er það tekið hér upp með afbrigðum inn á dagskrá þingsins viku fyrir jólaleyfi þingsins og í þessu máli eru hvað, 12 milljarðar undir. Því er skellt hér inn með afbrigðum viku fyrir jólaleyfi. Eftir þau 16 ár sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í fjármálaráðuneytinu þarf að skella svona máli inn með afbrigðum viku fyrir jólaleyfi, fimm mánuðum fyrir kosningar.

Þetta segir náttúrlega allt sem segja þarf um það hvað mönnum brá í brún í stjórnarliðinu og ekki síst í Sjálfstæðisflokknum þegar Samfylkingin kom fram með þingsályktun sína í haust. Ég vil vekja athygli á því að þessi tillaga Samfylkingarinnar var 23. mál þingsins. Ég hef nú ekki fyrir framan mig frumvarp ríkisstjórnarinnar til þess að sjá númer hvað það mál er. En menn geta rétt ímyndað sér hvert númerið er á því því að það kom hérna með afbrigðum inn í síðustu viku. Okkar mál var 23. mál og það er ekki enn komið á dagskrá þingsins. Ég vek athygli á því að við höfum ekki enn mælt fyrir því. Nú ætla ég ekki að kenna forseta þingsins eða stjórn þingsins í sjálfu sér um það.

Verið getur að það hafi verið reynt að koma því á dagskrá án þess að það hafi endilega tekist. En þetta segir okkur samt hvernig málum er háttað í þinginu, þ.e. að mál sem stjórnarandstaðan flytur á fyrstu dögum þingsins, kemur fram með, ná ekki inn á dagskrá. En svo kemur þingmál hér með afbrigðum frá fjármálaráðherra og við erum að ræða það hér, að vísu allt of seint fram komið.

Á tillögu Samfylkingarinnar til þingsályktunar og lagafrumvarpi fjármálaráðherra er talsverður munur. Bæði þessi *mál fjalla um aðgerðir til að lækka matvælaverð.* (Gripið fram í.) Munurinn er sá að í þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar er ekki aðeins lagt til að vörugjöld á matvæli verði felld niður heldur líka að tollar á matvælum verði felldir niður í áföngum og þar liggur einmitt stóri munurinn á okkar máli og því frumvarpi sem fjármálaráðherra mælir fyrir.

Eins og kom fram í andsvari þingmanns Samfylkingarinnar, Ágústs Ólafs Ágústssonar, þá er ekkert verið að taka á tollamálunum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Fjármálaráðherra upplýsti að það væru svo fáeinar útreikningar og fáeinar samningar sem þyrfti til þess að leiða það mál til lykta að menn væru einfaldlega ekki tilbúnir með það. Það segir okkur aftur það sem hér hefur verið bent á, hvað mönnum brá í brún þegar Samfylkingin kom fram með sitt mál að þeir voru einfaldlega ekki tilbúnir með sín mál. Þeir voru ekki búnir að fara yfir útreikningana. Þeir voru ekki búnir að átta sig á því hvað þeir þyrftu að gera til þess að koma fram með heildstætt mál sem tæki á matvælaverði í gegnum vörugjöldin, í gegnum virðisaukaskattinn og í gegnum tollana eins og Samfylkingin lagði til.

Í máli Samfylkingarinnar, 23. máli á þinginu, var líka gert ráð fyrir því að teknar yrðu upp viðræður við bændur um það hvernig hægt væri að ganga frá sérstökum tímabundnum aðlögunarsamningi við þá til þess að mæta þeirri *niðurfellingu tollverndar sem* við lögðum til að kæmi í áföngum. Þetta er auðvitað alveg gríðarlega mikilvægt að gert sé vegna þess að ef til tollalækkana eða niðurfellingar á tollum kemur, sem er ekki gerð tillaga um í máli ríkisstjórnarinnar, þá hefur það auðvitað áhrif á íslenskan landbúnað og verður að mæta því með öðrum aðgerðum.

Samfylkingin lagði líka til í þingsályktunartillögu sinni að samkeppnis- og verðlagseftirlit á matvælamarkaðnum yrði stóraukið. Það er gríðarlega mikilvægt á sama tíma og lækkaður er virðisaukaskattur á matvælum og vörugjöldum að því sé fylgt vel eftir með virku samkeppnis- og verðlagseftirliti þannig að tryggt sé að þessar lækkanir komi neytendum í hag og að hvorki heildsalar né smásalar taki til sín stærri hlut vegna þess svigrúms sem þarna myndast. Það þarf að fylgja þessum tillögum í frumvarpinu vel eftir með virku samkeppnis- og verðlagseftirliti á matvælamarkaðnum og það gerðum við tillögu um í Samfylkingunni.

Eins og hér kom líka fram í andsvörunum er þetta ekki í fyrsta skipti núna í haust sem Samfylkingin lætur matvælaverðið *til sín taka. Eiginlega má segja að Samfylkingin hafi* átt upptökin að því að farið var að skoða þetta mál af einhverri alvöru þegar hún flutti tillögu sem samþykkt var á 128. löggjafarþingi um að athuga orsakir hás matvælaverðs á Íslandi. Samfylkingin flutti um þetta tillögu og fékk hana samþykkta. Forsætisráðherra fól þá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að vinna skýrslu um málið sem kom út á vordögum 2004.

Samfylkingin hefur líka flutt í tvígang frumvarp eins og fram kom í máli hv. þm. Ágúst Ólafs Ágústssonar, bæði á 130. og 131. löggjafarþingi um að lækka lægra þrep virðisaukaskatts úr 14% í 7%, en í því eru flest mikilvægustu matvæli landsmanna. Samfylkingin hefur því átt allt frumkvæði í þessu máli bæði með tillögunni um að vinna skýrslu um orsakir hás matvælaverðs og síðan með þeim tillögum sem hún hefur flutt um lækkun á virðisaukaskatti á matvælum.

Skýrslan sem ég vitnaði til áðan og unnin var af Hagfræðistofnun Háskólans sýndi svo ekki var um að villast að matarverð á Íslandi var með því hæsta í heiminum og 50% hærra en að meðaltali hjá nágrannaþjóðum innan ESB. Þetta hefur líka verið staðfest í öðrum skýrslum sem gerðar hafa verið. Ég vil vekja athygli á því að þrjár skýrslur hafa verið unnar um þetta mál og jafnmargar nefndir skipaðar til að skoða orsakir hás matvælaverðs á Íslandi og þær hafa í rauninni allar komist að sömu niðurstöðu í þeim efnum. Niðurstaða þessara úttekta allra hefur verið að aðalorsök hins geipiháa matvælaverðs á Íslandi séu innflutningstollar. Í þessum skýrslum kemur einnig fram að mismunandi ríkidæmi þjóða útskýri ekki þennan mikla verðmun enda eru margar af samkeppnisþjóðunum ríkari en Íslendingar og með meiri kaupmátt en mun lægra matvælaverð. Þetta hefur verið meginniðurstaðan og það er í rauninni ekki verið að takast á við þessa meginniðurstöðu í því frumvarpi fjármálaráðherra *sem hér liggur fyrir heldur aðeins á litlum* þætti málsins, sem er vörugjaldið og vissulega er mikils um vert að taka á því og virðisaukaskattinum. Eftir standa tollamálin óleyst og með öllu er óljóst hvernig ríkisstjórnin ætlar að takast á við það mál, bæði hvernig hún vill standa að því að lækka innflutningstollana og eins hvernig hún ætlar að standa að málum gagnvart landbúnaðinum sem auðvitað verður fyrir ákveðnum búsifjum ef ekkert er að gert þegar tollar eru lækkaðir á innfluttum landbúnaðarafurðum.

Þegar það hefur verið nefnt í umræðu um matvælaverð að matarkarfan hér sé 50% dýrari en að meðaltali í Evrópu hafa menn talað um að það væri villandi samanburður og að ekki sé rétt að taka meðaltal allra Evrópuríkja og bera saman við Ísland. Það má auðvitað til sanns vegar færa. Það á almennt við í þeim samanburði sem hér er ástundaður gjarnan á Alþingi þegar Evrópa á í hlut. Hins vegar hefur það líka komið fram — svo við tökum bara einstök lönd — þá hefur það komið fram meðal annars hjá verðlagseftirliti ASÍ að verð á matarkörfu með algengum undirstöðumatvælum skeri sig algjörlega úr í Reykjavík og Ósló þegar Norðurlöndin eru tekin saman og borið saman matvöruverð á Norðurlöndum. Í Reykjavík og Ósló er matvælaverð um 48–54% hærra en í Kaupmannahöfn og Helsinki og 85–90% hærra en í Stokkhólmi, svo bara Norðurlöndin séu tekin og sá samanburður notaður. Í fjölmörgum könnunum Neytendasamtakanna hefur þetta sama komið upp og þær sýna allt að 69% verðmun á matarkörfu í Reykjavík eða á Íslandi og á Norðurlöndunum.

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði skipta tollar verulegu máli í því sambandi og ástæða er til að líta til þess í sambandi við tollana að í sjálfu sér hefur lækkun á tollum

ekki mikla tekjurýrnun í för með sér fyrir ríkissjóð. Það kemur fram meðal annars í skýrslu formanns matvælaverðsnefndar að helmingslækkun á tollum mundi minnka tekjur ríkissjóðs um 145 millj. kr. en vegna veltuáhrifa kæmu um 900 millj. kr. aftur inn í ríkiskassann. Tollar eru því tvímælalaust leið sem verður að skoða af alvöru. Ríkisstjórnin verður að gera grein fyrir því fyrr en síðar hvernig hún ætlar að takast á við þau mál því að hún boðaði það þegar hún kom fram með þessar tillögur um lækkun á virðisaukaskatti og vörugjöldum að fylgja mundu með tillögur um tollalækkanir. En þær hafa enn ekki litið dagsins ljós.

Virðulegur forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara yfir einstök efnisatriði í þessu máli. Það er nú til 1. umr. og fer í efnahags- og viðskiptanefnd og verður skoðað þar. Ég vil engu að síður geta þess hér og mér finnst að það verði að koma inn í umræðuna að í þessu frumvarpi er verið að leggja til, að ég held ákvæði til bráðabirgða — nú finn ég þetta ekki hér fyrir framan mig, virðulegur forseti — að það verði áfram veitt heimild til þess að veita þeim sem reka hópferðabifreiðar tvo þriðju hluta virðisaukaskatts, þ.e. að þeir fái tvo þriðju hluta virðisaukaskatts vegna kaupa á nýjum vögnum til hópferðaaksturs endurgreiddan samkvæmt þessu frumvarpi, að það ákvæði haldi áfram sem verið hefur inni í lögum að tveir þriðju hlutar virðisaukaskatts af nýjum hópferðabifreiðum verði endurgreiddur.

Þetta ákvæði nær ekki til almenningsvagna og ég hlýt, virðulegur forseti, að leggja á það áherslu að það verði skoðað í efnahags- og viðskiptanefnd að kaupendur almenningsvagna fái líka þessa endurgreiðslu á virðisaukaskatti á sama hátt og kaupendur hópferðabifreiða. Þessi leiðrétting á auðvitað að verða afturvirk til ársins 2001 þegar þetta ákvæði kom inn í lög um að kaupendur hópferðabifreiða skyldu fá virðisaukaskattinn endurgreiddan. Það er í raun mjög sérkennilegt að ríkisvaldið skuli þannig mismuna aðilum og annars vegar veita þeim sem kaupa hópferðabifreiðar afsláttinn eða endurgreiðsluna en ekki þeim sem reka almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu eða í öðrum sveitarfélögum landsins. Það er stefna þessarar ríkisstjórnar, hélt ég, að styðja við bakið á almenningssamgöngum og draga úr útblástursmengun vegna bifreiða. Þá skiptir auðvitað verulegu máli að staðið sé vel við bakið á þeim sem reka almenningssamgöngur, og það gera sveitarfélögin með ærnum tilkostnaði fyrir þau. Liður í því að styðja við bakið á þeim er að fella niður þennan virðisaukaskatt af almenningsvögnum rétt eins og hópferðabifreiðum og ég legg áherslu á það, virðulegur forseti, að það verði skoðað sérstaklega í efnahags- og viðskiptanefnd hvort ekki sé hægt að koma til móts við þá sem reka almenningsvagna. Það liggur fyrir og þingmenn hafa fengið ályktun frá ársfundi Strætó bs. frá 29. nóvember síðastliðnum þar sem ársfundur skorar á ríkisvaldið að leggja sitt af mörkum til að bæta rekstrarskilyrði almenningssamgangna og minnka þær álögur sem lagðar eru á starfsemina. Þar er annars vegar lögð áhersla á endurgreiðsluna á virðisaukaskattinum og svo að leiðréttur verði sá kostnaðarauki sem almenningssamgöngur urðu fyrir vegna brottfalls þungaskatts og upptöku olíugjalds.

Virðulegur forseti. Þetta vil ég að komi fram hér og verði skoðað í efnahags- og viðskiptanefnd.

[16:46]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa nokkurri undrun vegna ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og reyndar einnig vegna þess neikvæða tóns sem mér fannst birtast í málflutningi talsmanna Samfylkingarinnar í andsvörum við ræðu fjármálaráðherra áðan.

Nú hefði mátt vænta þess að þegar mál af þessu tagi kemur inn í þingið yrði því fagnað. Að því yrði fagnað að ætlunin er með þessu að stíga það skref að lækka matvælaverð verulega í landinu með því að breyta skattlagningunni á þann gríðarlega mikilvæga hátt sem lagt er til.

Verið er að tala um mestu breytingu á virðisaukaskatti í meira en áratug. Verið er að tala um breytingu sem felur í sér verulega kjarabót fyrir heimilin í landinu. Ég hefði vænst þess að það væri lykilatriðið í málflutningi Samfylkingarinnar þegar kemur að slíkri umræðu. Ég hefði raunar haldið að þetta mál væri þess eðlis að um það gæti orðið verulega góð samstaða í þinginu og því koma þessi viðbrögð mér nokkuð á óvart.

Hins vegar hvað varðar það efnislega sem fram hefur komið hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og öðrum sem hafa tjáð sig á vegum Samfylkingarinnar í umræðunni, þá er nú sagnfræðin kannski ekki upp á marga fiska þegar kemur að því að skoða bakgrunn þeirra tillagna sem verið er að fjalla um. Því það liggur alveg fyrir að í landsfundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins vorið 2003 var skýrt kveðið um þá breytingu sem hér er gerð tillaga um varðandi virðisaukaskatt á matvæli. Rétt er að geta þess að það var ekki fyrr en eftir að sú samþykkt lá fyrir að Samfylkingin sneri við blaðinu og fór að boða sömu stefnu.

[16:49]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það getur vel verið að það hafi ekki komið nógu skýrt fram í máli mínu áðan að auðvitað hljótum við að líta svo á að þarna séu mikilvægir áfangar á ferðinni í því að lækka matvöruverð fyrir heimilin í landinu, ef frumvarpið nær fram að ganga. Vissulega skiptir verulegu máli, og það kom fram í ræðu minni, sú lækkun á virðisaukaskatti og vörugjöldum, sem hér er á ferðinni.

En það sem við hljótum hins vegar að benda á í Samfylkingunni og leggja mikið upp úr er að tekið sé á tollamálunum samhliða þessum breytingum. Lykilatriði er að það sé gert samhliða. Ríkisstjórnin boðaði það. Hún sagði að tekið yrði á vörugjöldunum, virðisaukaskattinum og tollunum og menn hafa ekkert séð frá ríkisstjórninni um tollamálin enn þá.

Auðvitað hljótum við að leggja á það áherslu vegna þess að eins og hefur komið fram í skýrslunum um matvælaverðið er það lykilatriðið í því að halda hér uppi háu matvöruverði. Það eru tollarnir.

Virðulegur forseti. Vissulega fagna ég því að ríkisstjórnin hafi áttað sig í þessu máli, þó seint sé, og komi með mál inn á þingið viku fyrir jólaleyfi, tekið inn með afbrigðum, fimm mánuðum fyrir þinglok og efni þar með vonandi það loforð sem gefið var.

[16:50]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var örlítið jákvæðari í þessu svari en í ræðu sinni áðan. Ég held að allir þingmenn, bæði samfylkingarmenn og aðrir, ég veit raunar ekki um afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, en ég held að allir aðrir þingflokkar ættu að geta fagnað þessu frumvarpi og þeim breytingum sem þar eru boðaðar.

Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að hafa í huga, að hér er um mikilvægt skref að ræða til að bæta lífskjörin í landinu. Það er mikilvægt að ná fram þessari breytingu á skattlagningu til þess að efla hag heimilanna. Taka má undir það sem kom fram í svari hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur áðan, að mikilvægt er auðvitað að slíkar breytingar skili sér út í verðlagið og það verði eftirlit með því að þær komist alla leið.

Hvað varðar þann þátt sem snýr að vörugjöldum og tollum er ljóst að verið er að gera tillögur um verulegar breytingar varðandi vörugjöldin þó ég og sennilega fleiri þingmenn gætum hugsað okkur að ganga lengra í þeim efnum.

Ég segi líka, eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, að ég vildi sjá meiri breytingar á tollunum í þessu sambandi. Það er hins vegar ekki inni í þessu frumvarpi en það liggur fyrir yfirlýsing um stefnu ríkisstjórnarinnar hvað það snertir þó útfærslan sé ekki komin fram.

En ég sé ekki að varpa þurfi nokkrum skugga á þá tillögu sem hér er verið að fjalla um varðandi virðisaukaskattinn og þá miklu breytingu sem í frumvarpinu felst. Hér er um að ræða tillögur sem sennilega fela í sér allt að 10 milljarða lækkun á tekjum ríkissjóðs. Það er gríðarlega mikilvægt að þær upphæðir skili sér í vasa landsmanna, (Forseti hringir.) skili sér til heimilanna þegar breytingarnar ná fram að ganga.

[16:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég ætla fara nokkrum orðum um þetta frumvarp sem er til efnda á tillögum ríkisstjórnarinnar, sem kynntar voru 9. október síðastliðinn, um aðgerðir til að lækka matvælaverð.

Ég vil þó fyrst segja vegna orðaskipta sem orðið hafa milli ræðumanna ýmissa frá Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki, þar sem menn hafa rætt mikið höfundarrétt á þeirri hugmynd að lækka matvælaverð og hver hafi lofað og hver ekki lofað lækkun á virðisaukaskatti á matvælum, að ég held að minni manna sé óþarflega stutt ef þeir vilja fara í sögulega upprifjun á þessum málum á annað borð.

Það er ekki svo, frú forseti, að þetta mál sé að koma til kasta Alþingis nú á allra síðustu missirum eða árum og aldrei hafi verið tekist á um skattlagningu matvæla á Íslandi fyrr en á þessu kjörtímabili í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Sá sem hér stendur skal þá rifja þessa hluti örlítið upp. Það var þannig að 2. desember 1988 urðu hljóðbærar, í tengslum við ákvörðun ríkisstjórnar sem þá sat að taka upp virðisaukaskatt í staðinn fyrir söluskatt, tillögur sem kallaðar voru almennt matarskattstillögurnar. Sem sagt, að taka ætti upp virðisaukaskatt í stað söluskatts í einu þrepi á allar vörur sem hefði þá, miðað við þær reglur sem áður höfðu gilt, þýtt umtalsverða hækkun á matvælum. Af þessu spunnust mjög hörð átök.

Hver var flutningsmaður þessa frumvarps? Það var þáverandi hæstv. fjármálaráðherra og formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvin Hannibalsson. Verkalýðshreyfingin og þáverandi stjórnarandstaða sem samanstóð af þingflokkum Alþýðubandalags, Borgaraflokks og Samtaka um kvennalista, veitti þessari ríkisstjórn harða viðspyrnu með stuðningi frá verkalýðshreyfingunni.

Einmitt þann dag sem ég nefndi, fyrir svo mörgum árum síðan, 2. desember, var haldinn í þinghúsinu merkur fundur þar sem ríkisstjórnin vildi kynna stjórnarandstöðunni þær hugmyndir sínar að milda örlítið áhrifin af upptöku matarskattsins með því að greiða niður fjóra vöruflokka matvæla, draga þannig úr áhrifunum. Þetta var kjöt, fiskur, mjólk og grænmeti.

Þá kom í ljós að ríkisstjórnin var þegar búin að selja þetta samkomulag verkalýðshreyfingunni og ætlaði, ef svo má segja, að selja sama hlutinn tvisvar og kaupa stjórnarandstöðuna góða út á þetta mál. Það tókst ekki. Upp úr sauð á fundi hér í suðvesturhorni hússins sem þá var kallað myndaherbergið. Mér er það í fersku minni að við vorum þá í forustu fyrir stjórnarandstöðunni, ég og Albert Guðmundsson, formaður Borgaraflokksins, og það var fátt um kveðjur þegar þessum fundi lauk 2. desember 1988 og upp hófst einhver harðasta lota átaka milli stjórnar og stjórnarandstöðu sem ég hef gengið í gegnum á Alþingi á mínum tæpu 24 árum þar, þ.e. orrustan mikla um matarskattinn og fleiri tengdar breytingar.

Þá þegar voru hörð átök um nákvæmlega sama hlut og hér er enn til umfjöllunar, hvernig haga eigi skattlagningu á þessar brýnustu lífsnauðsynjar fjölskyldnanna. Er réttlætanlegt að hafa þar aðra og vægari skattlagningu en á aðrar almennar vörur? Svo vill til, frú forseti, að það var þá og er enn afstaða þess sem hér stendur. Hvað sem aðrir segja get ég a.m.k. státað af því, að ég tel.

Mér er bent á, sem rétt er, að ég hafi óvart farið rangt með ártal, þetta var að sjálfsögðu 2. desember 1987. Þetta var fyrir stjórnarskiptin. Þetta er þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks er enn við völd og áður en hún sprakk 1987, sem var reyndar mjög tengt þessu máli. Því að hin hörðu átök um upptöku matarskattsins og eindregin krafa formanns Alþýðuflokksins, Jóns Baldvins Hannibalssonar, og fylgismanna hans, um að virðisaukaskatturinn skyldi vera í einu þrepi og ganga yfir allar vörur jafnt, kom svo mjög til umræðu síðsumars 1988 þegar sú ríkisstjórn var komin í miklar ógöngur með stöðu efnahagsmála og leitaði leiða til að komast út úr því og þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson, lagði til að horfið yrði frá skattlagningu á matvæli með þeim hætti sem ákveðið hafði verið skömmu áður. Það var kölluð rýtingsstunga í bak af samstarfsaðilum í ríkisstjórn.

Síðan, til að fara hratt yfir sögu, komu þeir tímar að menn tóku upp annað þrep í virðisaukaskattinum og það var haft 14%. Þá var ég sömuleiðis fylgjandi því og hef jafnan verið. Mín rök hafa verið tvenn, og bæði mjög einföld: Annars vegar að matarútgjöldin vega þeim mun þyngra sem tekjur fjölskyldnanna eru lægri og þær eru stærri. Þetta er staðreynd. Þess vegna hafa útreikningar

jafnan sýnt að það sé tekjujafnandi og góð aðgerð að hlífa þessum brýnustu lífsnauðsynjum fjölskyldnanna við skattlagningu. Hins vegar að ég hef metið það svo, og ég held að það sé rétt mat, að þegar slík aðgerð er einu sinni komin inn í lög og orðin pólitísk staðreynd þá er mjög erfitt að hrófla við henni. Það má óska hverjum þeim til hamingju sem ætlar að reyna að hrófla við þeirri vægari skattlagningu á slíkum brýnum lífsnauðsynjum þegar hún er einu sinni komin á.

Ég hef þar af leiðandi alltaf metið það svo að þetta sé fastara í sessi og tryggari aðgerð til að bæta kjör þessara hópa en t.d. beinar niðurgreiðslur á fjárlögum. Menn hafa gjarnan sagt að það sé jafnvel betri kostur í þessum tilvikum t.d. að færa sömu fjármuni yfir í barnabætur. Reikningslega getur vel verið að færa megi rök fyrir slíku og þau rök notuðu framsóknarmenn gjarnan fyrir því að þeir vildu frekar fara slíkar leiðir heldur en að vera með lægri skatta á mat. Pólitískt eru slíkar ráðstafanir miklu valtari í sessi því að þeim er hægt, með einföldum breytingum við afgreiðslu fjárlaga eða skattalaga á hverju ári, að breyta, draga úr eða skerða. En það er erfiðara að fela það ef menn ætla að hrófla við grundvallaraðgerð af því tagi að hafa matvöruna eða t.d. barnaföt eða aðrar slíka nauðsynjavörur fjölskyldna öðruvísi skattlagðar.

Ég er enn þeirrar skoðunar að þetta sé skynsamleg aðgerð og get þá komið að frumvarpinu og sagt að ég sé almennt hlynntur því sem hér er á ferðinni í þessu frumvarpi og það erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við teljum þetta í öllum aðalatriðum vera skynsamlegar aðgerðir eins og nú er málum háttað til þess að koma til móts við sterkar kröfur um lægra matvælaverð hér á landi. Hér eru einnig á ferðinni fleiri jákvæðir þættir. Ég nefni að þetta bætir stöðu veitingaþjónustunnar, þetta er jákvætt innlegg varðandi starfsskilyrði ferðaþjónustunnar í landinu en þar hafa menn lengi kvartað undan háu matvælaverði.

Það er sömuleiðis ánægjulegt að menningarstarfsemi, bækur, blöð, tímarit og einnig geisladiskar og hljómplötur fá þarna sterkari stöðu með lækkun almenna þrepsins úr 14% niður í 7, og það að geisladiskar, hljómplötur og segulbönd með tónlist að annað því um líkt kemur þarna inn einnig. Í öllum aðalatriðum má því kalla þessar ráðstafanir í frumvarpinu fagnaðarefni.

Varðandi hátt verð á matvælum þá hef gagnrýnt það, og geri enn, að viðleitni stjórnvalda og skoðun á þessum málum var að mínu mati í of þröngum farvegi. Mér fannst það undarleg ráðstöfun hjá þáverandi formanni Framsóknarflokksins, Halldóri Ásgrímssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, að setja nefnd á laggirnar sem eingöngu átti að skoða hátt matvælaverð á Íslandi. Því er það svo að það sé fyrst og fremst matvælaverðið sem er hátt, borið saman við önnur lönd? Nei, veruleikinn er sá að það gildir um verðlag almennt. Að mínu mati var ekkert síður ástæða til að skoða það hvernig á því stendur að innflutt vara, sem á ekkert skylt við matvöru, ekkert skylt við landbúnaðarstefnu á Íslandi eða tollvernd, er hlutfallslega síst ódýrari hér borið saman við önnur lönd? T.d. fatnaður, skór, ýmis merkjavara af því tagi. Þetta er veruleikinn og er þá ekki alveg eins ástæða til að kanna það?

Menn geta út af fyrir sig sagt að matvaran sé óumflýjanleg og brýn neysluvara í útgjöldum hverrar fjölskyldu. Það er rétt. En má ekki að verulegu leyti segja það sama um ýmislegt annað? Ekki ganga menn klæðlausir hér í landi eins og veðráttan er. Er ekki staðreyndin sú að nánast enginn fataiðnaður er eftir í landinu þannig að slíkur varningur er allur fluttur inn? Og hann reynist 40–60% dýrari en víða í samanburðarlöndunum og er síst ódýrari hlutfallslega en innflutta matvaran.

Hvernig stendur á því að matvara erlendis frá, svo sem nýlenduvörur, sem nýtur engrar tollverndar er síst ódýrari borið saman við aðra flokka hlutfallslega en sú vara sem framleidd er innan lands eða nýtur verndar?

Mér hefur alla tíð fundist ósanngjarnt og beinlínis efnislega rangt að einskorða þessa umræðu við matvælaþáttinn og alveg sérstaklega ómaklegt að beina eingöngu sjónum að þeim hluta matvörunnar sem framleiddur er á Íslandi eða nýtur tollverndar hér. Því það er ekki svo að vandamálið sé einskorðað við það, aldeilis ekki.

Þá erum við komin að því að líta þarf á fleira. Það þarf að líta á verslunina, á samkeppnisaðstæðurnar. Það þarf að greina þá staðreynd að verðlag almennt er mjög hátt á Íslandi, að innflutt vara er almennt dýr. Við vitum vel að upp að vissu marki eru á því náttúrulegar og beinar efnislegar skýringar. Markaðurinn er lítill, flutningaleiðir eru langar, við erum ekki nema 300 þúsund, vöruvelta víða í verslun er hæg, rýrnun allmikil o.s.frv. Þetta kann vel að skýra einhvern 10, 20 prósenta mun þannig að það sé fyllilega ásættanlegt, það er þá einfaldlega veruleikinn, það fylgir því að búa í þessu landi eins og aðstæðurnar eru. En þarna er ískyggilega og grunsamlega mikill munur sem ekki verður rakinn til landbúnaðarins, fyrirkomulagsins hvað varðar framleiðslu, verðlagningu eða tollvernd þeirrar vöru, heldur er hluti af stærra máli, verðmyndun almennt og verðlagi í landinu. Hvers vegna er þessi hluti málsins alltaf gerður að sökudólgi eða blóraböggli? Hvers vegna í ósköpunum skipaði fyrrverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, nefnd sem átti bara að kanna hátt matvælaverð? Af hverju ekki vöruverð, af hverju ekki verðlag? Af hverju ekki verðmyndunina almennt og greina hana?

Kemur þá ekki í ljós, eins og Nóbelsskáldið sagði forðum, að það er almennt dýrt að vera Íslendingur. Við lifum við þann veruleika að verðlag er hátt hér á landi. Sem betur fer er kaupgjald líka hátt og kaupmáttur á Íslandi er gagnvart þessum vörum í raun alls ekkert lakari en gengur og gerist í nálægum löndum. Það sjáum við best á því að skoða að fjölskyldurnar hér eyða hlutfallslega ekki meira af launum sínum og ráðstöfunartekjum til matvælakaupa en þær gera í öðrum löndum, um 15–16% og þar af vegur innlenda matvaran orðið minna en 6–7%, eða ekki meira en það.

Að tala um að í verðlækkun þess þáttar útgjalda heimilanna felist möguleikar á einhverjum stórfelldum kjarabótum kemur manni spánskt fyrir sjónir. Hvernig er hægt að stórbæta kjör fjölskyldna í landinu með því að lækka eitthvert verð á 5–6% útgjalda fjölskyldunnar þegar aðrir þættir, eins og rekstur á bíl eða ferðalög eða aðkeypt þjónusta, vegur miklu þyngra? Að ég tali ekki um húsnæðisöflun eða annað því um líkt.

Það eru lágtekjufjölskyldurnar, það eru barnmargar lágtekjufjölskyldur sem finna tilfinnanlega fyrir þessu háa

vöruverði og matvælaverði þar með og það gerir það að verkum að sá sem hér talar hefur verið og er, og hefur alltaf verið á sinni tíð á þingi, sammála því að grípa til aðgerða þarna og hafa skattlagninguna á þessum brýnu lífsnauðsynjum vægari.

Ég hef gjarnan lagt til að þar bættust við vörur eins og t.d. barnavörur, sérstaklega fyrir barnafjölskyldurnar, og þær gætu þá verið annaðhvort í þessu lægra skattþrepi eða hreinlega án virðisaukaskatts eins og er t.d. í Bretlandi og virðist ekki skapa nein stórkostleg vandamál í skattlagningunni þar. Veruleikinn er auðvitað sá að virðisaukaskatturinn er í þremur þrepum. Hann er 24,5, 14 eða 7% núna og svo núll. Þannig verður það væntanlega áfram og skapar ekki nein stórkostleg vandamál hjá öðrum þjóðum.

*Ég er alveg sammála þeirri aðgerð að færa 14% þrepið niður í 7% yfir línuna.* Ég held að ekki hefði verið skynsamlegt að fara út í þrjú þrep eða kannski fjögur, ef við tökum núllið með, og skilja eftir einhverja vöruflokka í 14%. Mér finnst útfærslan á þessu tæknilega vera skynsamleg.

Ég vil nefna hér til sögunnar, svo það gleymist ekki, þann hóp sem sannanlega býr við tilfinnanlega hátt matvælaverð eins og annað vöruverð og það eru íbúar landsbyggðarinnar. Það eru íbúar þeirra svæða á landsbyggðinni sem ekki hafa lágvöruverðsverslanir innan seilingar. Þar er matvælaverðið og vöruverðið í alvöru tilfinnanlega hátt. Hvað er ríkisstjórnin að gera til að takast á við það? Er hún með einhverjar aðgerðir til að bæta starfsskilyrði strjálbýlisverslunar? Nei. Hefur ríkisstjórnin mannað sig upp í að efna tillögur um að lækka flutningskostnað? Nei. Auðvitað stendur það algerlega upp á ríkisstjórnina að gera eitthvað í þeim efnum.

Við höfum á undanförnum mánuðum heyrt fréttir um mikla rekstrarerfiðleika lítilla verslana á landsbyggðinni sem eru algjörlega lífsnauðsynlegar fyrir viðkomandi byggðarlög. Það verður að vera matvælaverslun í Grímsey. Það verður að vera matvælaverslun á Breiðdalsvík og víða annars staðar. Annars getur fólk ekki búið á þessum stöðum nema hafa bíl og það hafa ekki allir og jafnvel þó svo væri er eiginlega ekki boðlegt að reka byggð nema þar séu a.m.k. daglegar nauðsynjar fáanlegar. Þarna hefðu menn mátt standa betur að vígi.

Afstaða flokks míns almennt er sú að við erum hlynnt aðalefni þessa frumvarps. *Við höfum á hinn bóginn viljað* fara varlega í sakirnar gagnvart aðgerðum sem geta kippt fótum undan íslenskum landbúnaði, íslenskum matvælaiðnaði og stofnað öllum þeim ríku hagsmunum sem þar eru á bak við í voða. Þar er á bak við byggð í strjálbýlinu í sveitum landsins. Þar eru á bak við miklir atvinnuhagsmunir þar sem 4.000–6.000 manns hafa beint og óbeint atvinnu af þjónustu við og úrvinnslu á framleiðslu landbúnaðarins. Þar er á bak við fæðuöryggi landsmanna, að við séum, a.m.k. hvað varðar fæðu, sjálfum okkur næg í einhverjum mæli. Það er þannig, veruleikinn er sá að við framleiðum sjálf um eða innan við helming fæðuþarfar þjóðarinnar. Það er lágt hlutfall miðað við flest lönd. Flestir mundu viðurkenna, held ég, að æskilegt er að þetta hlutfall sé hærra, ef eitthvað er. Ég nefni hollustu- og heilbrigðisþáttinn. Við vitum hvaða gæði við höfum í okkar innlendu framleiðslu og meðvitund manna um hið gagnstæða, þ.e. ónóga hollustu, mengun og skaðlegt efnainnihald varnings sem framleiddur er í verksmiðjubúskap með mikilli notkun eiturefna o.s.frv., fer nú mjög vaxandi. Menn leita víða aftur til upprunans í *náttúrulegri framleiðsluaðferðir, lífrænar* vörur o.s.frv. Þarna þurfum við Íslendingar að taka okkur á.

Sú grunnhyggna, frumstæða umræða að það eina sem skipti máli sé verðið, að til sé eitthvert sameiginlegt meðaltalsmatvælaverð í Evrópu og það sé hægt að ræða án tillits til aðstæðna og gæða, er ekki rishá. Það er heldur ekkert sérstaklega hátt á því risið að rífast hér um höfundarrétt á því að grípa til skynsamlegra aðgerða sem koma fjölskyldunum í landinu til góða.

Að síðustu er ekki hægt annað en nefna, frú forseti, tekjuáhrif frumvarpsins. Nú verður það sjálfsagt ekki vinsælt að einhver nefni það, en þá skal það gert til þess að einhver segi það, að hér er verið að afsala ríkissjóði umtalsverðum fjármunum, 8.700 millj. strax á næsta ári því að þetta á að ganga í gildi korteri fyrir kosningar eins og sagt er. Miskunn ríkisstjórnarinnar á að líta dagsins ljós 1. mars, er það ekki? Tveimur mánuðum fyrir þingkosningar, alveg í bláenda kjörtímabilsins. Það er nú með seinni skipunum, ekki satt, sem ríkisstjórnin efnir eitthvað af loforðum sínum eða var það Sjálfstæðisflokkurinn í þessum efnum?

Tekjutap ríkissjóðs er 10,5 milljarðar kr. á ársgrundvelli. Það eru umtalsverðir fjármunir, sett í samhengi t.d. við útgjöld til menntamála eða framkvæmdir í vegamálum eða hvað sem er. Þegar þetta bætist við verulegt tekjutap ríkissjóðs vegna skattalækkana á öðrum sviðum, þar á meðal ígildi 2% lækkunar tekjuskatts um komandi áramót og fleiri breytingar sem gerðar hafa verið, þá er alveg ljóst að hinn stöðugi tekjugrunnur ríkissjóðs lækkar umtalsvert með þessum ráðstöfunum í heild. *Það er auðvelt að gera það* núna vegna þess að það háttar svo til að ríkið hefur haft miklar tekjur af þenslunni, af viðskiptahallanum og í raun og veru af afbrigðilegu ástandi í hagkerfinu, ástandi sem ekki fær staðist til lengdar vegna þess að það er ekki hægt að reka ríkið með grenjandi halla í viðskiptum við útlönd endalaust. Þessum tíma mun ljúka því vonandi tekst að skipta um ríkisstjórn í landinu í vor, ríkisstjórn sem hefur hugsun á því að reyna að innleiða aftur stöðugleika og ástand í hagkerfinu sem fær staðist, þ.e. við náum endum saman og rekum þjóðarbúskapinn í jafnvægi. Þá mun það taka í að búið er að afsala ríkissjóði jafnumtalsverðum tekjum og þessi ríkisstjórn er nú að gera á lokaspretti kjörtímabils síns.

Þess vegna endurtek ég það, þó að ég hafi sagt það nokkrum sinnum áður, að ekki er víst að það verði eins auðvelt að vera fjármálaráðherra á næstu árum og koma saman hallalausum fjárlögum og verið hefur að (Forseti hringir.) undanförnu.

[17:13]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í yfirgripsmikilli ræðu sinni kom hv. þingmaður inn á matarútgjöld og sagði matarútgjöld vega þyngra hjá lágtekjufólki en hátekjufólki. Þetta er eitthvað sem ég lengi vel trúði sjálfur og mjög margir. Síðan rakst ég á könnun, sem ég held að Háskólinn á Bifröst hafi gert þar sem hann kannaði þessa fullyrðingu, og það kom í ljós

að matarútgjöld eru háð tekjum fólks og meira að segja línulega, þannig að maður sem er með tvöfalt hærri tekjur eyðir að jafnaði tvöfalt meira í mat. Forsenda hv. þingmanns er því ekki rétt samkvæmt þessari könnun. Og þá mundi ég allt í einu eftir því að í þau skipti á ævinni þegar ég hef orðið blankur, sparaði ég aðallega í matarinnkaupum því að þar er hægt að spara heilmikið. Ef maður kaupir ódýran mat, pasta og því um líkt í staðinn fyrir nautasteikur, eða fer minna út að borða, getur maður sparað umtalsvert í matarútgjöldum.

Þess vegna held að menn þurfi að vita, eða a.m.k. að gera sér grein fyrir því eða átta sig á því, að þessi könnun liggur fyrir og að sú fullyrðing er ekki rétt að lágtekjufólk eyði jafnmiklu í krónutölu og hátekjufólk og þar af leiðandi hlutfallslega miklu meira miðað við tekjur.

[17:15]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get t.d. vitnað í útreikninga sem Þjóðhagsstofnun gerði á breytingartillögum sem ég flutti við mál af þessu tagi á 10. áratugnum, og Þjóðhagsstofnun reiknaði út í samstarfi við Hagstofuna tekjujöfnunaráhrif mismunandi tillagna sem fluttar voru við afgreiðslu þess þingmáls. Ég held að það hafi verið þrjár tillögur, ríkisstjórnarinnar, Framsóknarflokksins og tillögur sem Alþýðubandalagið flutti þá. Þá staðfesti Þjóðhagsstofnun að tekjujöfnunargildi þeirra tillagna sem við fluttum var mest. Inn í það komu tekjujafnandi áhrif aðgerða af því tagi að lækka sérstaklega matarverð. Útkoman varð ósköp einföld og rökrétt, það kom stórum, tekjulágum fjölskyldum mest til góða.

Nú kann að vera nokkuð til í því sem hv. þingmaður var með, að tekjuhátt fólk getur að sjálfsögðu líka eytt miklu í mat og náð sama hlutfalli í útgjöldum að þessu leyti og aðrir ef það svo kýs og bruðlar, en það á val. Munurinn á því og lágtekjufólkinu er að þar eiga menn ekkert val, menn verða náttúrlega með einhverjum ráðum að eiga fyrir lífsnauðsynlegum matarútgjöldum. Því miður er það veruleikinn að þúsundir fjölskyldna í þessu landi hafa svo lítið handa á milli að þegar hinn fasti kostnaður er kominn, þ.e. útgjöld vegna húsnæðis og kannski skólagöngu barna og aðrir slíkir hlutir, ég tala nú ekki um ef menn eru að reyna að láta eftir sér að reka heimilisbíl, fer afgangurinn í mat. Við þekkjum örugglega öll svona fólk — ef svo er ekki legg ég til að menn nái sambandi við einhverja — sem veltir fyrir sér hverri krónu þegar líður á mánuðinn, og þær krónur eru eftir til matarkaupa fram að næstu mánaðamótum. Það er þetta fólk sem fær sérstaka kjarabót með aðgerðum af þessu tagi. Ég held því alveg blákalt fram að það sé mikið á sig leggjandi til að gera ráðstafanir sem bæta stöðu þess.

[17:17]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kom með þetta dæmi einmitt vegna þess að aðstæður hafa breyst. Eins og hv. þingmaður sagði í ræðu sinni eyðir fjölskyldan hlutfallslega minna af tekjum sínum í matarinnkaup og ég hugsa að það leiði til þess að þeir sem hafa meiri tekjurnar hafi þá meira til ráðstöfunar í matarkaup og eyði meira og ég hugsa að mismunur á matarkörfunni hafi breyst mjög mikið á milli fjölskyldna.

Auðvitað þekkir maður dæmi um fólk sem hefur mjög lítið og þarf að snúa hverri krónu en það kemst líka af með miklu minna en aðrir sem ekki þurfa að snúa krónunni og jafnvel bruðla í matarinnkaupum.

[17:18]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg ljóst að matarútgjöldin hafa farið lækkandi sem hlutfall af ráðstöfunartekjum fólks. Ég bendi þingmönnum á, þeim sem ekki þegar hafa orðið sér úti um ágæta bók sem heitir „Við öll, íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum“, að þar er í það vitnað að í lok seinna stríðs eyddu fjölskyldurnar á Íslandi að meðaltali næstum helmingi ráðstöfunartekna sinna í mat, matarútgjöldin ein tóku næstum hálfar tekjur fjölskyldnanna. Síðan hefur þarna orðið mikil breyting á af tveimur ástæðum. Það hefur orðið mikil framleiðniaukning í landbúnaði og matvælaverð hefur lækkað, það er veruleikinn, og tekjur hafa auðvitað hækkað. Þarna hefur orðið sú gleðilega þróun að nú eyða menn að meðaltali aðeins kannski 16% af ráðstöfunartekjum sínum í mat og þar af þessum 6% til innlendu matvörunnar sem ég áðan nefndi.

Það er auðvitað hægt að hugsa sér fleiri ráðstafanir á fjármunum sem geta verið skilvirkar til að koma kjarabótum til tekjulágra, barnmargra fjölskyldna. En þetta er að mínu mati alveg örugglega (Forseti hringir.) ein þeirra.

[17:19]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek sérstaklega undir það sem fram kom í máli hv. þingmanns varðandi stöðu landbúnaðarins og þátt hans í útgjöldum heimilanna. Það er alveg rétt sem þingmaðurinn bendir á, hlutfall innlendra matvæla í útgjöldum heimila hefur lækkað verulega á síðustu árum og það er einmitt nauðsynlegt að beina athyglinni að því til þess að beina umræðunni um lækkun matarverðs frá landbúnaðarkerfinu sjálfu. Of margir hafa viljað tengja þetta tvennt saman og telja nauðsynlegt að gera kerfisbreytingar á íslensku landbúnaðarkerfi ef ná eigi lækkun á landbúnaðarverði. Það held ég að séu ekki réttar ályktanir og nauðsynlegt einmitt að halda á lofti upplýsingum sem sýna annað.

Ég held að aðalatriðið sé það að við búum í markaðskerfi sem þýðir að þegar ríkisvaldið grípur til aðgerða eins og þessara, að lækka tekjur sínar með því að lækka tiltekinn skatt, virðisaukaskatt í þessu tilviki, er ekkert víst að sú skattalækkun skili sér til þeirra sem eiga að fá hana, þ.e. neytenda, vegna þess að sá sem selur vöruna hefur frelsi til verðlagningar. Fyrir því er reynsla, m.a. frá Svíþjóð, að það er hætta á því að aðgerð af þessu tagi mistakist ef ekki fylgir samhliða einhver aukin samkeppni á þeim markaði sem lækkunin nær til. Ég bendi einmitt til þeirrar reynslu árið 1995 í Svíþjóð. Því miður sé ég ekki neina nýja samkeppnisaðila inni á þessum markaði þannig að við verðum þá að skoða það í þinglegri meðferð þessa máls til hvaða aðgerða menn geta gripið til að tryggja að verðið lækki og skattalækkunin skili sér þangað sem hún á að fara en endi ekki í vasa þeirra sem selja vöruna.

[17:21]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér heyrist nú að við ræðumaður séum í aðalatriðum sammála og hv. þingmaður nefndi hér hlut sem mér vannst ekki tími til að koma inn á í ræðu minni og er mjög gildur, þ.e. það að þessar aðgerðir týnist ekki á leiðinni og að þær skili sér raunverulega alla leið til neytenda.

Varðandi landbúnaðinn er mjög mikilvægt að menn hafi það í huga og sýni því sanngirni að landbúnaðurinn hefur tekið mikið á sig á undanförnum árum. Honum er enn ætlað það. Er það ekki svo að mjólkurvörur eigi að haldast í óbreyttu verði í tvö ár í tengslum við þetta samkomulag? Það er þó nokkur fórn þegar til þess er litið að verðbólgan er ein 6–8% um þessar mundir. Það munar um minna en að lofa því fyrir fram í þetta mikilli verðbólgu að halda verði á framleiðsluvöru sinni alveg óbreyttu.

Ég vil líka nefna það að í búvörusamningum, a.m.k. þeim sem ég þekki best til, var innbyggð hagræðingarkrafa á landbúnaðinn. Greinin tók á sig, ein atvinnugreina svo að mér sé kunnugt um, kvöð um hagræðingu sem var innbyggð í samning, í löggerning sem var bindandi að þessu leyti.

Svo vil ég nefna einnig í sambandi við þessa aðgerð að það er ákaflega mikilvægt að halda uppi þessu eftirliti með að verðið beinlínis lækki í búðunum. Ég get síðan nefnt ein rök enn sem tengjast því sem áður hefur verið rætt um landsbyggðina af minni hálfu sem mæla með því að virðisaukaskatturinn á matvörunni verði lækkaður sérstaklega og það er sú staðreynd að þrátt fyrir að virðisaukaskattur sé mun skárri en söluskattur hvað varðar svokölluð uppsöfnunaráhrif eru þau samt í vissum mæli áfram til staðar. Virðisaukaskatturinn leggst ofan á endanlegt útsöluverð vörunnar á endastað. Hvar er það hæst? Jú, það er í afskekktustu héruðum landsins þar sem er mestur flutningskostnaðurinn, minnst vöruveltan og mest rýrnunin. Að því leyti er mjög gott að virðisaukaskatturinn á slíka vöru sé sem lægstur í lokin því að þá dregur úr þeim uppsöfnunaráhrifum sem eru annars í eðli sínu fólgin í að leggja virðisaukaskatt á endaverð vörunnar.

[17:24]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að undirstrika það sem ég held að sé aðalatriðið í þessu máli, að verðlagning á vörunni ræðst af kaupgetu almennings. Hún ræðst ekki af uppsöfnuðum framleiðslukostnaði, við erum löngu komin út úr því hagkerfi að verðlagning á vöru sé ákvörðuð með því að leggja saman einstaka kostnaðarliði og setja á einhverja hæfilega þóknun. Við búum í markaðshagkerfi þar sem verðlagning ákvarðast af kaupgetunni og engu öðru þannig að þegar við lækkum skattlagningu ríkissjóðs er ekkert víst að sú lækkun skili sér í lægra verði, sérstaklega ef kaupmáttur almennings lækkar ekki, heldur vex miklu fremur. Hættan á því að þetta týnist á leiðinni er veruleg og Alþingi verður að skoða málið í því ljósi að tryggja að skattalækkunin skili sér þangað sem hún á að fara.

[17:25]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að vísu svo að inni í þessu kerfi eru enn þá vissir þættir sem lúta að verðlagsákvörðunum, eins og heildsöluverðlagning á mjólkurvörum ef ég man rétt, þannig að það er kannski ekki alveg svo að verðlagið ráðist alfarið af framboði og eftirspurn á markaði í þessu tilviki.

Það er hins vegar hárrétt sem hv. þingmaður segir að þegar upp er staðið ræðst það af kaupgetu almennings hvort varan selst á einhverju tilteknu verði. Það er alveg vitað að innflutningsverslunin lagði sig ekkert sérstaklega fram um að lækka verð vörunnar í takt við sterkara gengi krónunnar á meðan það var á uppleið á síðasta ári og fram í byrjun þessa árs. Þegar maður spurði búðareigendur og innflytjendur af hverju þeir skiluðu ekki lægra verði í takt við sterkari krónu svöruðu þeir bara: Hvers vegna á maður að lækka verðið meðan allt selst? Það er að sjálfsögðu þarna áfram til staðar.

Sem sagt, öflugt eftirlit með því að þessar aðgerðir skili sér er mjög mikilvægt.

[17:26]

**Útbýting:**

Fæðingar- og foreldraorlof, 428. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 516.

Ættleiðingarstyrkir, 429. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 517.

[17:26]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum og vörugjöld, lögum um virðisaukaskatt og lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Hér hafa farið fram gagnlegar umræður um málið. Hér er auðvitað um að ræða tillögur ríkisstjórnarinnar frá því í sumar um hvernig eigi að lækka matarreikning heimilanna í landinu. Það er mjög mikilvægt mál. Hér er um að ræða afrakstur vinnu sem sett var í gang með skipan nefndar þáverandi forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, um lækkun matarverðs. Eins og frægt er orðið náðist ekki samstaða í nefndinni um niðurstöður en hagstofustjóri, formaður nefndarinnar, skilaði áliti sínu í sumar. Þá tók ríkisstjórnin við málinu og kynnti tillögur sínar þann 9. október. Þær liggja fyrir í frumvarpi þessu.

Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni með að auðvitað hefur verið hálfeinkennilegt að fylgjast með því hvernig menn hafa reynt að eigna sér höfundarrétt þessara tillagna. Þessi umræða er ekki ný af nálinni og ósköp eðlilegt að menn eigi líka umræður um það eftir pólitískum línum hvernig menn vilja haga þessum málum. Framsóknarmenn hafa rætt þessi mál heilmikið, lækkun matvælaverðs og lækkun virðisaukaskatts á matvælum á flokksþingum og miðstjórnarfundum og hafa lagt fram ályktanir þess efnis að fara eigi í slíkar lækkanir vegna þess að það sé mikilvægt fyrir heimilin í landinu, ekki síst tekjulægstu hópana og barnmargar fjölskyldur.

Samt held ég því til haga að fyrir síðustu kosningar lögðum við ekki sérstaklega upp með þessar lækkanir í forgrunni í stefnuskrá okkar. Við höfum alltaf verið þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt fyrir ríkið að geta staðið und-

ir velferðarkerfinu sem við höfum haft metnað og gæfu til að byggja upp. Þess vegna lögðum við upp með aðrar hugmyndir í skattalækkunum fyrir síðustu kosningar. En vegna hinnar góðu stöðu ríkissjóðs og þess hve vel hefur verið haldið á ríkisfjármálum á undanförnum árum, þeirri staðreynd að okkur hefur tekist að greiða mikið niður af skuldum ríkisins og í staðinn látið vaxtagreiðslur ganga í velferðarkerfið og aðra samneyslu, þá höfum við svigrúm sem við nýtum hér í dag.

Í stuttu máli ganga tillögurnar út á að vörugjöld af innlendum og innfluttum matvælum, öðrum en sykri og sætindum, verði felld niður að fullu 1. mars 2007. Tímasetningin er auðvitað valin í efnahagslegu tilliti þótt menn séu að ýja að öðru í umræðunni. Tímasetningin er valin með tilliti til efnahagsstjórnarinnar því að það er mikilvægt að þetta sé gert á þannig tíma að það komi ríkisrekstrinum vel og ekki síst að það skili sér örugglega til þeirra sem á þurfa að halda, til heimilanna í landinu.

Ég fagna þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að undanskilja vöruflokka þar sem sykur og sætindi eru innifalin út af lýðheilsusjónarmiðum. Það hefur margoft komið fram í umræðunni, m.a. hjá Lýðheilsustöð, að það sé mikilvægt að við lækkum ekki verð á þeim vörum vegna þess að það geti hvatt til aukinnar neyslu á þeim. Ég held að þessi þjóð þurfi, rétt eins og aðrar þjóðir í vestrænum heimi, að berjast við aukinn vanda vegna offitu og ofþyngd. Ég tel því að það hafi verið gott að undanskilja það.

Virðisaukaskattur á matvælum verður síðan lækkaður úr 14% í 7% frá 1. mars 2007 og verður öll vara til manneldis í lægra þrepinu. Ég held að þetta sé góð útfærsla á því. Jafnframt verður virðisaukaskattur af annarri þjónustu og vörum í 14% þrepi, þ.e. bækur, tímarit, blöð, húshitun og hótelgisting lækkuð í 7% og ríkisstjórnin hefur bætt því við, frá því að þetta var lagt fram 9. okt., að geisladiskar muni falla í sama flokk. Það er mikilvægt að tónlist geti keppt við bækur á jafnréttisgrundvelli og út frá samkeppnislegu sjónarmiði fagna ég því. Virðisaukaskattur á öðrum matvælum, sem hefur verið 24,5%, verður lækkaður í 7% frá sama tíma og virðisaukaskattur af veitingaþjónustu lækkaður úr 24,5% í 7% frá sama tíma.

Fulltrúar ferðaþjónustunnar hafa fagnað síðastnefnda atriðinu og tek ég undir með þeim. Ég held að í þessu felist tækifæri til að efla frekar ferðaþjónustu á Íslandi. Ég held að það nýtist ekki síst byggðum okkar um allt land þar sem mikil aukning hefur verið í ferðaþjónustu. Þetta gefur okkur frekar tækifæri til að sækja fram. Ég fagna þessu frumvarpi mjög, eins og ég hef sagt hér. Ég held að ríkisstjórnin sé að stíga mikilvægt skref í átt að því að lækka matarreikninginn í landinu eins og ég held að við séum öll sammála um að það muni nýtast, ekki síst tekjulægri fjölskyldum, tekjulægstu einstaklingunum og barnafjölskyldum.

Ég vil halda því til haga, eins og síðasti ræðumaður gerði í ræðu sinni, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að auðvitað er um að ræða heilmiklar breytingar fyrir landbúnaðinn. Ég held að það sé mikilvægt að við verðum sammála um að ekki verði vegið að landbúnaðinum þannig að hann geti ekki starfað í því umhverfi sem við búum honum. Menn mega ekki gleyma því að landbúnaður er víða undirstaða byggðar, kannski einmitt þar sem byggðirnar standa hvað veikastar. Framsóknarmenn hafa þess vegna viljað standa vörð um að landbúnaðurinn geti starfað áfram og í þessu samhengi er mikilvægt að slíta ekki í sundur umræðu um matvælaverð annars vegar og almenna umræðu um verðlag eins og fram kom, a.m.k. hjá síðasta ræðumanni.

Íslendingar hafa alltaf haft metnað til þess að reyna að vera að mestu leyti sjálfum sér nógir, að hér sé matarkista sem standi undir þörfum okkar. Við þurfum ekki að rifja upp umræðuna lengra aftur en til síðasta vetrar þegar mikið var rætt um fuglaflensuna svokölluðu. Af því sjá menn hve mikilvægt er að við getum að einhverju leyti verið sjálfum okkur nóg og sjálfstæð.

Bændasamtökin vöktu máls á þessum aðgerðum, með leyfi forseta, ef ég mætti rifja upp frétt á vef þeirra frá 9. október síðastliðnum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Verðstöðvun á mjólk og lækkun tolla á kjötvörum, um allt að 40%, er ávísun á kjaraskerðingu hjá bændum. Mikilvægt er að útfærsla á tillögum ríkisstjórnarinnar á lækkun tolla á kjötvörum verði með þeim hætti að bændum og afurðastöðvum verði gert kleift að takast á við þær. Hins vegar er ljóst að um sársaukafulla aðgerð er að ræða fyrir bændur.

Mjólkuriðnaðinum er mikilvægt að fá svigrúm til að takast á við hagræðingarmarkmið sitt sem er metnaðarfullt. Mikilvægt er að þessar aðgerðir skili sér að fullu til neytenda. Bændur munu samkvæmt þessum tillögum þurfa að leggja verulega mikið af mörkum og það verður verslunin líka að gera."

Ég tek heils hugar undir þetta. Þarna stigu forsvarsmenn bænda í rauninni fram þegar umræðurnar höfðu staðið um alllangan tíma í ríkisstjórninni og í samfélaginu öllu, um að nauðsynlegt væri að lækka matarreikning heimilanna. Þá höfðu afurðastöðvarnar og bændur frumkvæði að viðræðum við ríkisstjórnina þar sem lögð var til sú leið sem hér liggur fyrir, annars vegar að verðstöðvun muni ríkja á mjólk í tvö ár og hins vegar að menn muni leita leiða við útfærslu á tollalækkunum. Sú vinna er í fullum gangi.

Frú forseti. Menn hafa rætt um þær breytingar sem verða á högum ríkisins hvað þetta varðar á næsta ári. Árið 2007 verður ríkið af tekjum sem nema 8,7 milljörðum. Á heilsársgrundvelli þýðir það 10,5 milljarða. Það verður að halda því til haga að þetta eru tekjur sem ríkið hefur haft og þær hafa staðið undir mörgum brýnum velferðarmálum sem við viljum standa undir og höfum í síauknum mæli fjárfest í, sem betur fer. Eigi ríkið að verða af þessum tekjum þarf einmitt að tryggja að þær rati örugglega í hendur skattborgaranna sjálfra en ekki til milliliða. Á vegum ríkisstjórnarinnar, þ.e. hæstv. viðskiptaráðherra, er í gangi vinna í samvinnu við verðlagseftirlit ASÍ, Neytendastofu og fleiri, til að tryggja að matarverðslækkunin sem hér um ræðir, og vonandi verður samþykkt að lögum fyrir jól, því að þetta tengist auðvitað fjárlagafrumvarpinu, tapist ekki á leiðinni frá haga ofan í maga.

Síðustu ræðumenn fjölluðu einnig um þessi mál. Ég tek undir að það þarf að taka á því. Við getum ekki einungis horft til samkeppnissjónarmiða, sem eru mikilvæg, heldur líka til verðlagseftirlitsins. Ég treysti því að hæstv. viðskiptaráðherra og þingnefndin sem mun taka málið til umfjöllunar, hv. efnahags- og viðskiptanefnd, ræði þau mál.

Við þurfum ekki að ræða um þær breytingar sem áttu að verða á áfengisgjaldinu enda munum við fresta þeirri umræðu. En að sjálfsögðu munum við fara yfir það í þingnefndinni. Ég held að það sé mikilvægt að koma til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið í umræðunni síðustu daga. En það er ljóst að með þessum tillögum var ekki ætlunin að lækka gjald á áfengi, ég held að um það sé full samstaða, a.m.k. er það ekki stefna Framsóknarflokksins að lækka gjald á áfengi enda hefur það að mínu mati neysluhvetjandi áhrif. Við hljótum að leita annarra leiða en lagt var upp með í þessu frumvarpi.

*Ég held að þetta frumvarp sé mikilvægt og skipti máli* fyrir fjölskyldurnar í landinu, að við lækkum matarreikning heimilanna með þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Það er afar brýnt að við tryggjum að lækkanirnar muni sannarlega skila sér í vasa neytenda, þ.e. frá haga ofan í maga en týnist ekki hjá milliliðum á leiðinni. Við megum ekki gleyma þeim fórnum, ef svo má segja, sem landbúnaðurinn færir í þessu sambandi. Hann er tilbúinn að taka þátt í þessu mikilvæga máli með okkur. Þess vegna finnst mér umræða Samfylkingarinnar um þessi mál og landbúnaðarmálin vera óábyrg vegna þess að þar eru menn um leið að gleyma þeirri mikilvægu stétt sem heldur uppi byggð víða um landið. Við eigum að samþætta þessi sjónarmið, sem ég tel okkur gera í þessu frumvarpi. Með því komum við til móts við þær raddir sem hafa hvatt til að lækka matarreikning landsmanna og ég tek undir það. Á sama tíma stöndum við vörð um fjölmörg störf, ekki einungis eru á landsbyggðinni heldur líka á þéttbýlisstöðum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og um landið allt.

Ég vona að okkur takist, herra forseti, að ganga hratt og vel frá málinu í þinginu og að okkur takist að afgreiða þetta mikilvæga mál fyrir jól.

[17:38]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Menn hafa komið víða við í þessari umræðu. Ég ætla að hefja mitt mál á að koma inn á ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem var ágæt. Hann kaus að fara aftur í tímann og rifja upp skattbreytingu frá því fyrir 19 árum og hugmyndir sem þá komu upp um að vera með eitt þrep til að afstýra því að göt yrðu í nýja kerfinu. Ég man líka vel eftir þeim viðbrögðum sem urðu við þeirri hugmynd þótt ég hafi ekki verið á þingi þá. Það er alltaf gott að hafa með í farteskinu reynsluna frá fyrri tíma og átta sig á því af hverju umræðan hefur orðið með tilteknum hætti, þessum en ekki hinum.

En ég minni á, af því að núna erum við m.a. að tala um virðisaukaskattslækkun, sem nýta á til að ná niður matarverði, að ég hef frá því að ég byrjaði á matarverðsumræðunni, frá ársbyrjun 2001, alltaf talað um almennar fjölþættar aðgerðir til að ná niður matarverði. Það er hollt fyrir okkur að vita af því, af því að matarverð er umtalsvert lægra í Danmörku en á Íslandi, að þar er 25% virðisaukaskattur á matvæli. Þetta snýst ekki bara um virðisaukaskattinn en það er sýnilegt og áþreifanlegt að lækka skatt, m.a. á matvæli, þegar maður vill ná niður verði.

Það er líka full ástæða til að benda á að í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er virðisaukaskattur 12–14% og hefur verið að breytast á síðustu fjórum, fimm árum. Umtalsverð lækkun á matarverði varð bæði í Svíþjóð og Finnlandi eftir aðild að Evrópusambandinu. En matarverð í Noregi er á mjög svipuðum slóðum og á Íslandi í dag enda eiga þessar þjóðir margt sameiginlegt, bæði í landbúnaðarkerfi og skattkerfi auk þess sem þær standa báðar utan við Evrópusambandið og hafa hingað til ekki beitt kröftum sínum til að grípa til heimatilbúinna aðgerða sem mundu skila sér á svipaðan hátt í matarverði og gerist þegar löndin hafa gengið til liðs við Evrópusambandið.

Þetta vildi ég nefna í upphafi, virðulegi forseti. Svo vil ég, út af því að rætt var um neikvæðan tón Samfylkingarinnar, segja að það er ekki rétt, Samfylkingin lýsti nefnilega miklum stuðningi við áform ríkisstjórnarinnar strax 9. október þegar tillögur um matarverðslækkanir komu fram og hefur lýst sig fylgjandi því sem ríkisstjórnin gerir núna. En *hún hefur öll þessi ár talað fyrir almennum aðgerðum til* lækkunar og telur að gera eigi meira en hér er gert. Það er ekkert óeðlilegt, þegar um svo stórt mál er að ræða, að á það sé bent og gagnrýnt að tillögurnar um breytingar skuli koma fram 9. október og síðan þurfi að afgreiða málið með afbrigðum undir *mánaðamót nóvember/desember*. Menn eiga ekki að vera hörundsárir vegna þess. Það á að ýta við málum og gagnrýna það þegar ekki er haldið nógu vel á spilunum.

Áðan var því haldið fram að það væri óþarfi að horfa til baka og eigna sér tillögur fram og til baka. Ég ætla ekki að eigna mér neina tillögu en ætla samt að leyfa mér að horfa til baka um um það bil sex ár og m.a. benda á veturinn 2002–2003 þegar bæði Samfylking og Sjálfstæðisflokkur settu fram hugmyndir um 7% virðisaukaskatt á matvæli sem fyrsta skref til að ná niður matvælaverði. Auðvitað gerðu allir sér grein fyrir því að það að lækka matarverð úr 14 í 7% var ekki nema brot af því sem þurfti að gera til að ná niður matarverðinu sem er mun miklu hærra á Íslandi en annars staðar.

Um það hefur einnig verið talað fyrr í umræðunni, að auðvitað á að horfa á allt vöruverð en allir sem hafa eitthvað verslað á liðnum árum vita að aðrar vörur hafa lækkað umtalsvert. Það er ekki jafnmikill ávinningur af því í dag að kaupa vörur í útlöndum og það var áður fyrr. Það er allt annað að fara í rafmagnsvöruverslanir í dag en þegar ég var að byrja að búa, svo eitthvað sé nefnt varðandi þróun vöruverðs.

Ljóst er að það er fátt sem stjórnvöld gera til breytinga og til lækkunar sem hefur jafnvíðtæk áhrif og áhrif til góðs fyrir alla eins og að lækka matarverðið og það höfum við bent á. Og af því að ég sagði áðan að ég mundi líta sex ár til baka var það árið 2001 sem skriflegt svar ráðherra Hagstofunnar sýndi að þróun matvælavísitölu á Norðurlöndunum samanborið við Evrópusambandið hafði verið afar óhagstæð í öllum mælikvarða varðandi Ísland frá 1990–2001, mjög óhagstæð. Auðvitað skiptir það máli líka að reyna að átta sig á hvernig matarverðið var 1990 og kom í ljós eftir að farið var að rannsaka það að matarverð hafði líka þá verið hærra á Íslandi en í fyrrgreindum löndum. Þegar þróunin var skoðuð hafði matarverð verið að aukast og samanburður var æ óhagstæðari fyrir Ísland öll þessi ár, allan þennan áratug. Það var þess vegna og vegna þeirra upplýsinga sem

undirrituð lagði fram sem fyrsta mál á haustþingi árið 2002 tillögu um að gera úttekt á orsökum matvælaverðsins. Búið var að sýna þá í samanburði hver munurinn var og einnig að kanna hve ólík tenging landanna á Evrópusambandið hefði þarna áhrif og farið var í að láta vinna skýrsluna á grundvelli þess að fyrir lá að allt að því 70% hærra matarverð væri hér en í Evrópu.

Ég verð að segja af því að ég er búin að vera bráðum 18 ár á þingi, að ég man ekki eftir að eitt þingmannamál hafi vakið viðlíka umræðu í samfélaginu og þessi tillaga gerði haustið 2002. Mjög fljótlega fór sú umræða að lifa sínu sjálfstæða lífi og hætti að vera á nokkurn hátt tengd við það að hún hefði hafist á Alþingi Íslendinga. Sú umræða stóð vikum saman í ræðu og riti í samfélaginu. Síðan þá hefur það verið þannig að með því að umræðunni hefur verið haldið vakandi á Alþingi hefur fólk verið mjög meðvitað um matarverðið og að hægt sé að breyta því.

Af því að verið er að tala um virðisaukaskattinn þá var það strax haustið 2003 fyrsta þingmál Samfylkingarinnar og 1. flutningsmaður var formaður flokksins, Össur Skarphéðinsson. Við lögðum til lækkun virðisaukaskatts úr 14% í 7%. Við bentum ítrekað á það í umræðu um matarverð að lækkun matarverðs hefði víðtækari áhrif en bara það að lækka útgjöld fjölskyldunnar umtalsvert eftir því hversu víðtækar aðgerðirnar væru sem gripið væri til vegna þess að matarverðið hefði áhrif á mælingu verðbólgu og neysluvísitöluna. Með því að lækka matarverðið lækkaði maður í rauninni verðbólguna eða mælieininguna. Svo núna þegar við erum búin að hlusta á umræðuna um fjárlög, hefur það komið aftur og aftur fram sem stóra málið í málflutningi þingmanna stjórnarflokkanna hve það sé stórkostlegt að af því að grípa eigi til þeirra aðgerða sem nú er verið að mæla fyrir, muni verðbólgan ekki mælast 4,5%, eins og áður hefði verið búið að kynna, heldur mundi hún bara verða 3% vegna áhrifa af breytingunum á því máli sem verið er að flytja hér.

Þetta var ekkert nýtt fyrir okkur. Þetta var það sem við sögðum þegar tillögur komu fram um að lækka tekjuskatt. Við lögðum það til að í stað þess að fara í lækkun tekjuskatts yrði einmitt farið í matarverðið af því að það hefði svo víðtæk áhrif, af því að það hefði áhrif á fjölskyldurnar, af því að það hefði áhrif fyrir þá sem hefðu allra lægstu tekjurnar sem tekjuskattslækkun hefði ekki og af því að það hefði áhrif á verðbólguna og þar með verðtryggingarmælingu allra lána fjölskyldnanna. Það munar um minna hjá fólki sem er kannski með 10 millj. kr. lán á herðunum, ungar fjölskyldur, að verðbólga mælist 3% en ekki 4,5%. Það munar um minna. En við töluðum fyrir daufum eyrum og á auðvitað að minna á það að við erum í þessi ár búin að tala fyrir daufum eyrum. Ríkisstjórnin hefur daufheyrst við þeim ábendingum okkar. Henni lá svo á að koma á stefnumörkun sinni um lækkun tekjuskatts, að það er ekki fyrr en hún er í raun hrakin til þess á þessu ári, að ákveðið er að fara í lækkun matvælaverðs.

Af hverju segi ég að ríkisstjórnin hafi verið hrakin til þess? Jú, þegar ég nefndi að við hefðum flutt hérna sem fyrsta þingmál árið 2002 tillögu um að leita orsaka matarverðs, var Hagfræðistofnun Háskóla Íslands falið það verkefni og stofnunin vann það verk og skilaði ítarlegri skýrslu sem fjallaði algerlega um hvað væri hægt að gera og hvað orsakaði matarverðið alveg upp í það að strangara verðlagseftirlit og samkeppniseftirlit þyrfti.

Veturinn eftir bar sú sem hér stendur fram fyrirspurn til allra ráðuneytanna sem tengdust ábendingum sem komu fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Og þá skyldi maður halda að stjórnarflokkar sem væru með einhverjar hugmyndir um að taka á matarverðinu væru farnir að skoða þær hugmyndir og ábendingar sem þar komu fram í ráðuneytum sínum, sem voru ábendingar allt frá málefnum fjármálaráðuneytisins upp í landbúnaðarráðuneyti, viðskiptaráðuneyti o.s.frv. Öll svörin sem bárust síðla vetrar sýndu að skýrslan hafði ekki verið opnuð. Hvergi var verið að skoða nokkurn skapaðan hlut, hvergi var verið að gera úttektir, hvergi verið að vinna með ábendingarnar. Það eina sem var svarað í landbúnaðarráðuneytinu var að í erlendum alþjóðlegum samningum væri verið að skoða tollamál og að öðru leyti væri ekki verið að skoða neitt slíkt hér heima og átti það við um ráðuneytin.

Ég hef alltaf sé það svo að það hafi tengst örvæntingu Framsóknarflokksins yfir fylgishruni að þáverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, ákvað skyndilega að skoða þyrfti matarverðið. Hann kom með það í áramótaræðunni sjálfri um síðustu áramót, að ekki væri lengur hægt að láta það viðgangast að fjölskyldur á Íslandi þyrftu að borga miklu hærra verð fyrir matinn en fjölskyldur annars staðar og heldur væri ekki hægt að una við það að málefni fjölskyldunnar væru ekki sett í öndvegi, svo hann ákvað að setja nefndir í bæði málin, í málefni fjölskyldunnar og líðan hennar og nefnd í matarverðið, matarverðið þar sem allt lá fyrir í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Skemmst er frá því að segja að um leið og þeir sem valdir voru til að fara yfir málin fóru að skoða hvað þyrfti að gera og hvað væri hægt að gera og settu fram tillögu, sem hefði reyndar ekki komið fram ef formaður matvælanefndarinnar hefði ekki haft þann kjark til að bera, þegar hann náði ekki samstöðu í nefndinni að skila áliti, að vera einn og sjálfur á þeim tillögum sem voru settar fram, þá hefði sennilega ekkert gerst. Ef hann hefði ekki haft þann kjark til að bera að senda frá sér tillögur og afgreiðslu frá nefndinni þó hún væri ósamstiga, þá hefði sennilega ekkert gerst. Þess vegna lít ég eiginlega svo á að formaður matvælanefndarinnar hafi verið sá maður sem kannski spilar stærst hlutverk núna í því að á þessum kosningavetri drífa menn sig í að setja fram tillögur til breytinga sem eiga að koma til framkvæmda korteri fyrir kosningar. En það vill svo til að sá flokkur sem væntanlega mun verða í aðalhlutverki í næstu ríkisstjórn er sammála þeim aðgerðum og mun byggja áfram við þessar tillögur og mun halda áfram með það mál og fylgja því eftir sem ekki er að finna í frumvarpi fjármálaráðherra en er að finna í tillögum okkar.

Við getum alveg skilið að mönnum hafi fundist það hljóma miklu betur að segja að menn felli niður vörugjöld en sleppi honum á sykri og sætindum. Við í Samfylkingunni erum algerlega sammála því að mjög mikilvægt er að reyna að vera með þann boðskap til þjóðarinnar að dregið sé úr neyslu á sykri og sætindum. En það kom líka fram og er alger staðreynd og mikil áhersla er lögð á það í skýrslu matvælanefndar, að breytingar á vörugjöldunum missa al-

gerlega marks ef byrjað er að toga út úr þeim sætindin vegna þess að það er eiginlega sykur í öllu sem er að finna í eldhúsinu okkar. Þess vegna er það þannig að lækkun vörugjalda, sem var lögð mikil áhersla á í skýrslunni, verður talsvert marklaus ef taka á sykurinn út úr. Þess vegna var það að þrátt fyrir að við í Samfylkingunni deilum því sjónarmiði stjórnarflokkanna að mikilvægt sé að draga úr sykurneyslu mundi vera skynsamlegra með tilliti til vinnubragða að fella öll vörugjöld á matvæli niður. Það er líka athyglisvert og full ástæða til að benda á að fram hefur komið að t.d. gosdrykkir, sem eru sennilega það sem hefur verst áhrif á krakkana okkar og ekki síst unglingana þegar um er að ræða neyslu sykurs og óhollustu, munu líklega ekki falla undir þá tillögu fjármálaráðherra. Ef það er rétt er það mjög alvarlegt mál og full ástæða til að efnahags- og viðskiptanefnd skoði það, því ef það er einhver ein matvælategund sem hefur meiri áhrif en önnur á sykurneyslu unglinga þá er það gosdrykkjaneysla því hún er gífurleg.

Við höfum lagt fram sömu tillögu og stjórnarflokkarnir um að virðisaukaskattur verði samræmdur og verði 7%, en við höfum líka lagt til að tollar á matvæli verði felldir niður í áföngum. Við höfum lagt til að gerður verði tímabundinn aðlögunarsamningur þegar tekið er fyrsta skref á tollalækkun og síðan verði fyrirkomulagi stuðnings við landbúnað breytt. Auðvitað tekur það sinn tíma en mjög mikilvægt er að sú breyting verði unnin í samvinnu við bændur. Ljóst er að bændur eru hræddir við umræðuna um lækkað matarverð og þeir eru hræddir við allar breytingar sem snúa að þeim. Þeir eru hræddir við að eitthvað verði tekið í burtu sem þeir þekkja og ekkert annað komi í staðinn. En við vitum það öll, við erum öll með bændur í fjölskyldum okkar og þekkjum vel til, en við vitum líka að í sumum tilfellum skilar sáralítill hluti af verðinu sér til bóndans. Því er mjög mikilvægt að þora að endurskoða slíka hluti og fara í tollabreytingar sem kosta ríkissjóð ekki mikið en vigta þungt og fara jafnframt í nýjar og öðruvísi aðgerðir til stuðnings þeim sem lifa í sveitum.

Að lokum þetta, virðulegi forseti. Það sem er gott við þá tillögu sem hér er, er að við erum að gera það sjálf sem gerist meira eða minna við aðild t.d. þeirra landa sem gerast aðilar að Evrópusambandinu. Við erum sjálf að skoða hvernig við getum gert hlutina. Hverju getum við breytt til að það verði til hagsbóta fyrir fólkið í landinu okkar? Þetta er eitt skrefið í því. Þó að okkur í Samfylkingunni finnist skrefið ekki nógu stórt munum við styðja þetta og vinna að heilindum í málinu í efnahags- og viðskiptanefnd.

[17:58]

**Útbýting:**

Fjárlög 2007, 1. mál, brtt. HBl, þskj. 523.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 266. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 522.

Málefni aldraðra, 190. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 525.

Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, 231. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 524.

[17:59]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Herra forseti. Hér erum við að ræða frumvarp ríkisstjórnarinnar sem hefur það m.a. að markmiði að lækka matvælaverð. Að mati okkar í Samfylkingunni er það löngu tímabært skref sem hér er tekið og við fögnum því að sjálfsögðu þó að við hefðum viljað ganga lengra eins og hefur komið fram í máli þeirra þingmanna flokksins sem hafa talað hér í dag.

Það er rétt að rifja aðeins upp söguna hvað varðar þessi áherslumál á þessu kjörtímabili. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað lagt fram tillögur á þingi um að lækka virðisaukaskatt á matvælum um helming á þessu kjörtímabili, á hverju einasta ári ef út í það er farið. Í hvert einasta skipti hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins ýtt á nei-hnappinn og fellt þær tillögur.

Loksins örfáum mánuðum fyrir kosningar vaknar Sjálfstæðisflokkurinn upp við þá stöðu að hann hefur ekki uppfyllt eitt af kosningaloforðum sínum sem var það nákvæmlega sama og okkar á sínum tíma sem laut að því að lækka matarskattinn um helming.

Samfylkingin hefur ítrekað tekið frumkvæði í þessu máli og ekki síst vegna baráttu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem hefur ítrekað verið með fyrirspurnir og skýrslubeiðnir um þetta mál og hreyft þannig við því.

Þingflokkur Samfylkingarinnar fór sömuleiðis af stað aftur í haust með metnaðarfullar tillögur sem mundu lækka matvælakostnað landans um fjórðung sem er meiri háttar lækkun og mikil kjarabót fyrir allar íslenskar fjölskyldur. Örfáum dögum eftir að Samfylkingin lagði fram sínar hugmyndir fóru ríkisstjórnarflokkarnir af stað og kynntu sínar tillögur sem nú er komið á daginn að eru illa unnar að einhverju leyti því að við höfum tvö dæmi sem benda til þess að annaðhvort hafi útspil eða viðbrögð ríkisstjórnarflokkanna við frumkvæði Samfylkingarinnar verið illa undirbúið eða einhvers konar ósætti er á milli ríkisstjórnarflokkanna.

Hér hefur hæstv. fjármálaráðherra í andsvari fyrr í dag sjálfur beðið um frestun á ákveðnum hluta þessa frumvarps sem lýtur að lækkun virðisaukaskatts á áfengi og að sama skapi hækkun á áfengisgjaldi vegna þess að málið hafi einfaldlega verið vanreifað og nauðsynlegir útreikningar ekki kláraðir. Maður kann að minnsta kosti að meta þessa hreinskilni og virða hana við hann. Hins vegar hverfur sú virðing fljótt þegar á það er litið hversu illa var staðið að undirbúningi þessa máls.

Hin vísbendingin sem segir að þetta mál gæti verið betra, eða að það sé einhvers konar ósætti milli Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins, er að í þetta frumvarp vantar að öllu leyti áætlanir um boðaðar tillögur ríkisstjórnarflokkanna um tollalækkanir. Við tókum eftir því strax í fjárlaganefndinni og fjárlaganefndinni hér á þingi að ekki er gert ráð fyrir þessum tollalækkunum sem ríkisstjórnin þó boðaði núna í haust að ættu að taka gildi 1. mars nk., sem sagt að þær tollalækkanir ættu að hafa áhrif á fjárlögin. Það er ekki gert ráð fyrir því í fjárlögunum og það er ekki gert ráð fyrir tollalækkunum í þessu frumvarpi.

Mig langar að skauta aðeins, herra forseti, yfir helstu álitamálin að mínu mati í frumvarpinu. Hið fyrsta sem er gagnrýnisvert er að þessar aðgerðir taka ekki gildi fyrr en 1.

mars nk., tveimur mánuðum fyrir kosningar. Það er vert að rifja upp að þessi ríkisstjórn hefur haft 11 ár til að lækka matvælaverðið en ekki gert. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa meira að segja unnið gegn lækkuðu matvælaverði með því að greiða atkvæði gegn tillögum Samfylkingarinnar sem í sumum tilvikum eru nákvæmlega eins orðaðar og þær tillögur sem núna birtast rétt fyrir kosningarnar.

Það er einnig vert að vekja athygli á því að kjarabótin fyrir almenning sem ríkisstjórnarflokkarnir þó boða í þessu frumvarpi er einungis helmingurinn af því sem felst í tillögum Samfylkingarinnar, þ.e. að Samfylkingin var reiðubúin að lækka matvælaverðið helmingi meira en ríkisstjórnarflokkarnir vilja. Við ætluðum að lækka matvælaverðið um 200 þús. kr. á hverja fjölskyldu á ársgrundvelli og það er alveg augljóst að hvert einasta heimili munar um slíka upphæð. Við göngum talsvert lengra hvað þetta varðar en ríkisstjórnin gerir.

Víkjum fyrst að vörugjöldunum. Samfylkingin lagði fram afskaplega skýra stefnu í þeim í haust. Við viljum einfaldlega fella niður vörugjöld á matvælum og ganga alla leið en ríkisstjórnin ætlar hins vegar að fella minna en helming vörugjaldanna niður, ætlar að skilja meira en helming vörugjaldanna á matvælum eftir þar sem hún tekur út vissa flokka matvæla sem ríkisstjórnin telur vera óholla í einhverjum skilningi þess orðs. Hér eru ríkisstjórnarflokkarnir að praktísera talsverða neyslustýringu sem verður mjög fróðlegt að heyra ýmsa þingmenn Sjálfstæðisflokksins réttlæta, ef þeir leggja í þá umræðu, sem er þeirra að réttlæta. Með því að skilja eftir stóran hluta vörugjaldanna viðhöldum við sömuleiðis þeim flókna vörugjaldaframskógi sem er til staðar. Vörugjöldin eru tímaskekkja að mínu mati. Þau hafa uppsöfnunaráhrif og þetta er flókið regluverk. Það er einfaldlega miklu hreinlegra að afnema vörugjöld með öllu en vera ekki með þetta hálfkák varðandi þau.

Ef við förum núna yfir í virðisaukaskattinn er það fagnaðarefni að þeir ætla að helminga virðisaukaskattinn á matvælum og það er bara orðrétt eins og fyrri tillögur Samfylkingarinnar. Ríkisstjórnin ætlar sömuleiðis að lækka skatta á bókum og tímaritum og fleiri hlutum sem er einnig í anda fyrri tillagna Samfylkingarinnar og fyrri kosningaloforða flokksins.

Það er sömuleiðis sérstaklega ánægjulegt að ríkisstjórnin hefur tekið undir orð þingmanna Samfylkingarinnar um að lækka virðisaukaskatt á tónlist sem oft situr eftir í þessari umræðu en má alls ekki gera því að við þurfum að hlúa betur að menningu okkar og gera það með víðtækum hætti. Við sjáum að menningin er vaxandi atvinnugrein í landinu og til að undirstrika mikilvægi hennar má benda á þá staðreynd að framlag menningar til landsframleiðslunnar er 4% en að sama skapi er framlag sjávarútvegsins 7–8%. Til samanburðar er menningin afskaplega stór hluti af hagkerfi okkar sem auðvitað ber að gefa gaum.

Tollarnir, eins og ég segi, eru stóra málið þegar kemur að því að lækka matvælaverð. Hér skila ríkisstjórnarflokkarnir algjörlega auðu. Það er ekki minnst á tollana í þessu máli ríkisstjórnarinnar sem er mjög bagalegt. Það er auðvitað vert að velta fyrir sér hvort hinn nýi ráðherra neytendamála þessarar ríkisstjórnar, Guðni Ágústsson, hafi einfaldlega stoppað málið eða hvort ríkisstjórnin bíði eftir einhvers konar línu frá Bændasamtökunum. Ég veit ekki hvernig það er en það er gagnrýnisvert að tollalækkunin skuli ekki skila sér í þetta frumvarp vegna þess að ríkisstjórnin boðaði að tollalækkanirnar ættu að taka gildi 1. mars nk.

Samfylkingin ætlaði að fella niður alla tolla í áföngum. Við tefldum fram þeirri hugmynd að fella niður helminginn 1. júlí og síðan mundum við fella niður afganginn í samráði við hagsmunasamtök bænda og neytenda. Að sama skapi töldum við rétt að gera sérstakan tímabundinn aðlögunarsamning við bændur fyrir 1. júlí sem tekur tillit til niðurfellingar helmings tollverndarinnar. Síðan mundum við að sjálfsögðu ræða við fulltrúa bænda um næstu skref í að fella niður tolla. Tollar eru líka tímaskekkja sem blasir alveg við.

Ríkisstjórnin sem skilar auðu í tollamálum í dag talaði í haust um að hún vildi lækka almenna tolla af innfluttum kjötvörum allt að 40%, þ.e. ríkisstjórnin ætlar ekki að fella alla tolla niður, ætlar bara að fella niður tolla af afmörkuðum vörum, og síðan allt upp að 40%. Sú tillaga virkar hálfmáttlaus en hún er þó skárri en það sem við stöndum frammi fyrir í dag, þ.e. engri tollalækkun.

En segjum að ríkisstjórnarflokkarnir vakni einhvern tímann til lífsins og lækki tollana í þeim anda sem þeir boðuðu núna í haust, þá er alveg ljóst að ríkisstjórnin skilur eftir tolla á mjög mikilvægum matvælum. Má þar nefna að áfram verða tollar á mjólkurafurðum og smjöri, pylsum, kaffi og kryddi, kæfum og drykkjarvörum, sósum, súpum, ís og sælgæti, túnfiski og sardínum, hrognum og feiti og olíu o.s.frv. Áfram eru mjög mikilvægir þættir í neyslu okkar skildir eftir og það ber sérstaklega að harma að mínu mati.

Það er fróðlegt að rifja upp að þegar ríkisstjórnin gerði eitt af sínum fáu jákvæðu verkum, það var á sínum tíma þegar ríkisstjórnin felldi niður tollavernd á gúrkum, tómötum og paprikum, gerðist í rauninni þrennt sem kannski kom sumum úrtölumönnum á óvart. Í fyrsta lagi lækkaði auðvitað verðið á viðkomandi vörum, á þessum grænmetistegundum. Númer tvö, verð lækkaði á öðrum grænmetistegundum sem ekki urðu fyrir sömu breytingu á tollunum. Og númer þrjú, meira seldist af viðkomandi grænmeti. Hagur bænda hefði átt að aukast, og jókst. Það er miklu skynsamlegri leið. Við höfum þessa jákvæðu reynslu af breytingu á tollakerfinu og síðan með því að mæta hagsmunum bænda á sama tíma með sérstökum samningi eins og var gert þegar tollaverndin var afnumin af gúrkum, tómötum og paprikum. Þá var gerður tímabundinn aðlögunarsamningur sem við í Samfylkingunni erum einmitt að tala um. Tollakerfið er ekki í hag neytenda og í þessu tilviki ekki heldur í hag bænda.

Í þessu sambandi er oft bent á að Íslendingar eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni WTO og það er sagt: Við skulum bara bíða eftir niðurstöðum þeirra viðræðna. Það gleymist kannski að láta það fylgja að Ísland skipar sér með afturhaldssömustu þjóðum veraldar þegar kemur að þeim samningaviðræðum. Síðan má einnig benda á og rifja upp að þær viðræður virðast ekki ganga sérstaklega vel og alls óvíst er hvenær þeim lýkur. Það nær ekki nokkurri átt að fulltrúar ríkisstjórnarinnar vísi alltaf í einhverja óræða framtíð hvað það varðar. Við höfum val um að lækka matvælaverðið myndarlega án þess að það gerist á kostnað

bænda og við eigum að gera það.

Samfylkingin fékk gagnrýni á sínum tíma fyrir að við ætluðum að koma aftan að bændum. Það er að sjálfsögðu ekki rétt. Í tillögum okkar er gert ráð fyrir samráði við bændur, sem er kannski umfram það sem kom fram í tilkynningu ríkisstjórnarinnar um leiðir hennar, og að sama skapi er gert ráð fyrir tímabundnum aðlögunarsamningi við bændur. Slíkt var hvorki í tillögum ríkisstjórnarinnar frá því í haust né í þessum tillögum.

Við teflum sömuleiðis fram hugmyndum um breytt fyrirkomulag stuðnings við landbúnað. Ég held að landbúnaðarkerfið okkar sé gallað. Þetta er eitt dýrasta kerfi í heimi fyrir skattgreiðendur. Neytendur greiða eitt hæsta matvælaverð í heimi og bændur uppskera ekki eins og þeir ættu að gera.

Stórvinir okkar í Bændasamtökunum komu á fund þingflokksins og ræddu þessi mál við þingflokk Samfylkingarinnar. Þar kom m.a. fram að bóndinn getur kannski átt von á því að fá u.þ.b. 40% af útsöluverði vöru sinnar í sinn hlut. Þetta finnst mér besti vitnisburðurinn um að kerfið er gallað. Við í Samfylkingunni viljum hækka hlutdeild bóndans í útsöluverði sinnar eigin vöru. Það er eitthvað að sjálfu kerfinu, það er dýrt, orsakar hátt matvælaverð og bændur hafa verri kjör en ella. Það verður bara að viðurkennast. Bændur gætu haft það betra ef þeir tækju undir tillögur Samfylkingarinnar um réttlátara kerfi, opnara kerfi, kerfi sem fær að starfa á eigin forsendum á hinum frjálsa markaði. Það hefur reynslan sýnt að virkar.

Það er ekkert að óttast fyrir bændur að mínu viti. Við þurfum að stíga þessi skref. Við munum gera það í samráði við bændurna en ég átta mig ekki alveg á því af hverju Bændasamtökin eru ekki viljugri til viðræðna um að breyta kerfinu í frjálsræðisátt á meðan þau sjálf benda á að bóndinn fær allt of lágan hluta af útsöluverðinu.

Ég ítreka að ég geri mér alveg fulla grein fyrir því að bændur eru ekki ofsælir af kjörum sínum þannig að það er enn einn vitnisburðurinn um að kerfið er að einhverju leyti gallað.

Samfylkingin lagði sömuleiðis í tillögum sínum áherslu á að auka samkeppnis- og verðlagseftirlit á matvælamarkaðnum. Það er algjört lykilatriði í okkar huga að við þurfum að tryggja að fyrirhugaðar lækkanir á virðisaukaskatti og vörugjöldum — og vonandi tollum einhvern tímann, þegar það kemur — skili sér til neytenda. En þá þurfum við að hafa öflug samkeppnisyfirvöld og öflugan talsmann neytenda. Það er líka kannski vert að rifja upp að ríkisstjórnin hefur ítrekað fellt tillögur stjórnarandstöðunnar um aukið fé til samkeppnisyfirvalda en að sama skapi hafa sumir þingmenn ríkisstjórnarinnar kallað eftir afskiptum samkeppnisyfirvalda á matvælamarkaðnum. En að sjálfsögðu þurfum við að færa samkeppnisyfirvöldum bæði fjárráð og möguleika til að sinna þessu mikilvæga verkefni.

Annað sem skilur að Samfylkinguna og ríkisstjórnarflokkana — og reyndar alla flokka þessa þings — er að Samfylkingin er eini flokkurinn sem vill að samkeppnislög gildi um landbúnaðinn. Samfylkingin var eini flokkurinn sem gerði athugasemd við það þegar samkeppnislögin voru undanþegin með sérstökum hætti þegar síðasti mjólkursamningur var gerður. Hér er enginn munur á afstöðu framsóknarmanna og sjálfstæðismanna í þessari ríkisstjórn. Af einhverjum furðulegum ástæðum telja þeir að samkeppnin sé neytendum óhagstæð á þessum markaði, ólíkt öllum öðrum mörkuðum. Þetta er umræða sem við tókum fyrr í haust og auðvitað endurspeglast í henni grundvallarmunur á Samfylkingunni annars vegar og ríkisstjórnarflokkunum hins vegar.

Það er búið að ræða um áfengisgjaldið. Það er mjög skýr vitnisburður um að þetta mál hafi verið vanreifað og gert í miklum flýti. Ráðherra biður hv. efnahags- og viðskiptanefnd að skilja það sérstaklega eftir en tillögur í frumvarpinu lutu að því að hækka áfengisgjaldið um tæplega 60% og heildsalarnir töldu að það mundi hafa veruleg áhrif á smásöluverðið. Fyrir það ber auðvitað að þakka, að hæstv. ráðherrann viðurkenndi að hér hefði ekki verið sérstaklega vel að verki verið, og við munum skoða þetta í efnahags- og viðskiptanefnd.

Það er líka allt í lagi að halda því til haga að þegar ríkisstjórnin boðaði í óðagoti lækkun á virðisaukaskatti á matvælum minntist hún ekki einu orði á að það ætti að hækka áfengisgjald á sama tíma. Áfengisgjaldið gefur, að mig minnir, rúmlega 7 milljarða og hugmyndir með þessu frumvarpi lutu að því að hækka áfengisgjaldið um 4 milljarða þannig að við værum þá komin með áfengisgjald upp á 11 milljarða kr. sem er svipuð upphæð og allir framhaldsskólar landsins kosta. Við þurfum líka aðeins að velta fyrir okkur á hvaða verði við viljum sjá áfengi í landinu. Þar spilar auðvitað margt inn í, bæði meðferð landans á áfenginu, forvarnir o.s.frv. Eins og allir vita er áfengi á Íslandi með því dýrasta í heiminum en þrátt fyrir það er vínmenning okkar kannski ekkert sérstaklega til fyrirmyndar.

Að lokum, herra forseti, mikið hefur verið rætt hérna í dag um hver hafi átt hugmyndina að lækkun virðisaukaskattsins og hver ekki. Það er fagnaðarefni að margir fylki sér á bak við tillögu um að lækka matvælaverðið. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gekk enn lengra en aðrir í þessari umræðu og fór til ársins 1987 til að skýra sína afstöðu. Það er aðeins fyrir mína tíð og það er kannski vert að koma þeim skilaboðum til hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að 1987 var sá sem hér stendur einungis 10 ára gamall þannig að það er svolítið langt seilst að fara þangað til að rökstyðja mál sitt um það hver hafi verið fyrstur til að tala fyrir lækkuðu matvælaverði og hver ekki. Þetta er samt skemmtileg umræða.

Samfylkingin hefur sýnt hug sinn í verki. Á hverju einasta ári frá kosningunum vorið 2003 höfum við lagt fram þingmál um að lækka matvælaverðið. Við höfum verið með fjölmargar fyrirspurnir og skýrslubeiðnir um einmitt þetta mál þannig að þetta snertir kjarna hugmyndafræði okkar og áherslna. Í hvert einasta skipti sem tillögur okkar hafa komið til atkvæðagreiðslu hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem þó höfðu nákvæmlega sama kosningaloforð á stefnuskrá sinni, kosið gegn tillögum okkar. Núna loksins er hún að hreyfa sig, þessi blessaða ríkisstjórn, enda að koma kosningar. Við sjáum þetta í öðrum málaflokkum eins og í samgöngumálunum. Þetta er vonandi söngur sem almenningur þekkir og sér í gegnum því að það er alveg ljóst að þegar Samfylkingin kemst til áhrifa og valda munum við ekki starfa með þessum hætti.

Eins og ég segi, við fögnum því skrefi sem hér er tekið. Við bendum á galla í þessu máli, verulega galla, og sýnum hvað það er vanreifað og illa undirbúið. Við hefðum viljað ganga lengra að sjálfsögðu. Stærsti þátturinn til að lækka matvælaverð, eins og margoft hefur komið fram og m.a. í matvælaskýrslunni, er tollalækkanirnar.

Það er einn þáttur sem er afskaplega jákvæður við tollalækkanir, þær borga sig fyrir ríkissjóð í ljósi þess að tollarnir sem slíkir færa ríkissjóði ekki sérstaklega háar fjárhæðir en með lækkuðu matvælaverði skila þær krónur sér margfalt til baka. Kjör ríkissjóðs og almennings mundu batna við afnám tollanna og við mundum mæta þeim breytingum með góðum og sanngjörnum samningi við bændur. Í því sambandi þarf ekkert að óttast.

Það er fagnaðarefni að við tökum þetta skref en við þurfum að ganga miklu lengra. Stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki er fyrir vikið bragðdaufari en hún þyrfti að vera því að tollana vantar. Matvælastefna Samfylkingarinnar er stefna sem verulegt bragð er að. Við munum tefla henni fram í komandi kosningum.

[18:19]

**Útbýting:**

Fjárlög 2007, 1. mál, brtt. fjmrh., þskj. 527.

[18:19]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breyting á lögum um vörugjald og virðisaukaskatt af ýmsum vörum. Í dag hefur farið fram allítarleg umræða um ýmsa þætti þessa máls. Tilgangur þess er eins og komið hefur fram er að lækka matvælaverð með því að lækka ýmis gjöld.

Það er vert að lækka matarverð og ýmsar af aðgerðunum í þessu frumvarpi eru góðra gjalda verðar. En þetta er ekki einhlítt. Í umsögn fjármálaráðuneytisins um þetta frumvarp segir, með leyfi forseta:

„Megintilgangur frumvarpsins er að lögfesta ákvæði sem nauðsynleg eru til að áform um aðgerðir til að lækka matvælaverð o.fl. nái fram að ganga í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar frá 9. október 2006. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á lögum um vörugjald sem miðar að því að frá og með 1. mars 2007 falli niður að fullu vörugjöld af matvælum, öðrum en sykri og sætindum. Í öðru lagi er lögð til breyting á lögum um virðisaukaskatt sem miðar að því að lægra skattþrep í virðisaukaskatti fari úr 14% niður í 7% og að öll matvara og önnur vara til manneldis verði í lægra skattþrepinu. Breytingin hefur einnig í för með sér að virðisaukaskattur af annarri þjónustu og vörum sem nú eru í 14% þrepi lækkar í 7%, ásamt því að virðisaukaskattur af veitingaþjónustu, geisladiskum, hljómplötum og segulböndum og öðrum sambærilegum miðlum lækkar úr 24,5% í 7%. Í þriðja lagi er lögð til hækkun á áfengisgjaldi til að vega upp tekjumissi af lækkun virðisaukaskatts á áfengi úr 24,5% í 7%. Hækkun áfengisgjaldsins er 58% og miðar að því að tekjur ríkissjóðs af áfengi verði sem næst óbreyttar."

Hér er lögð til viðamikil breyting varðandi skattlagningu á þessum vöruflokkum sem tvímælalaust mun hafa áhrif til lækkunar vöruverðs og einnig á tekjur ríkissjóðs. Í þriðja lagi felst í þessum breytingum á sköttum á matvöru ákveðin neyslustýring. Gegnum skattlagningu á matvörum má hafa áhrif á neyslu og neysluvenjur, sem ég kem aðeins að síðar.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarpið segir enn fremur:

„Til viðbótar því sem hér hefur verið rakið eru í frumvarpinu lagðar til tvær breytingar á lögum um virðisaukaskatt, ... Annars vegar að heimild til samskráningar á virðisaukaskattsskrá nái einnig til sparisjóða og dótturfélaga þeirra, og hins vegar að heimild til endurgreiðslu á tveimur þriðju hlutum virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu á hópferðabifreiðum framlengist um tvö ár, ..."

Sé litið á hvaða þættir hafa áhrif á kostnað við framfærslu á landinu þá er það náttúrlega fleira en matarverð, m.a. kostnaður almenningssamgöngur. Í gegnum niðurfellingu skatta og gjalda getum við stýrt því hvers konar neysla nýtur forgangs. Hér eru hópferðabifreiðar teknar fyrir. Það framlengist um tvö ár, þ.e. endurgreiðsla á tveimur þriðju hlutum virðisaukaskatts.

En varðandi þetta viljum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ganga nokkru lengra. Við höfum, ásamt Álfheiði Ingadóttur sem var á þingi fyrir skömmu sem varaþingmaður, flutt tillögu til breytinga á lögum um virðisaukaskatt þar sem við allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru meðflutningsmenn að. Hún lýtur að almenningssamgöngum, sem ég tel að ættu að koma inn í þetta frumvarp. Í greinargerð með frumvarpi okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta var flutt á 130. og 131. löggjafarþingi en varð í hvorugt skiptið útrætt. ... Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að kaupendur almenningsvagna sitji við sama borð og kaupendur annarra hópferðabifreiða og njóti endurgreiðslu á tveimur þriðju hlutum virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. des. 2006." — Með þessu viljum við ná því fram að almenningsvagnar, strætisvagnar, njóti sömu kjara hvað endurgreiðslu á virðisaukaskatti varðar og hópferðabifreiðar.

„Með lögum nr. 57/2001 var bundin í lög heimild til að endurgreiða þeim sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni tvo þriðju hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003. Með lögum nr. 72/2005 var heimildin framlengd til 31. des. 2006." — Það er sú gamla heimild sem hér yrði framlengd í tvö ár í viðbót. En hún nær eingöngu til hópferðabifreiða sem reknar eru í atvinnuskyni.

En í greinargerð með tillögunni sem Álfheiður Ingadóttir er fyrsti flutningsmaður að segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Niðurfelling virðisaukaskatts vegna kaupa á almenningsvögnum er hins vegar óheimil samkvæmt lögum nr. 50/1988 og hafa þeir sem reka almenningssamgöngur, en það eru einkum sveitarfélög og fyrirtæki þeirra, engrar endurgreiðslu notið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fyrirtæki sem reka almenningssamgöngur sitji við sama borð og þeir sem reka hópferðabifreiðar í samræmi við jafnræðis-

reglu stjórnarskrárinnar.

Jafngild rök liggja að baki nauðsynlegrar endurnýjunar á flota almenningsvagna og flota hópferðabifreiða. Stærsta fyrirtækið á þessu sviði er Strætó bs., sem er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustusvæði þess er dreifbýli á Kjalarnesi og í Mosfellsdal, þéttbýli í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi, Álftanesi og í Reykjanesbæ. Í ársbyrjun var þjónustusvæðið útvíkkað til Akraness í tilraunaskyni í tvö ár. Þá hafa Árborg, Hverageröi og Reykjanesbær lýst áhuga á samstarfi við Strætó bs. þannig að svipuð þjónusta verði veitt þessum sveitarfélögum og Akranesi."

Mér er spurn, og vildi gjarnan heyra svar við því frá hæstv. fjármálaráðherra: Hvers vegna mega þessir aðilar, sem kaupa og reka almenningsvagna, ekki njóta slíkrar lækkunar á virðisaukaskatti? Fólkið sem nýtir sér slíkar samgöngur er oft ekki með háar tekjur fyrir utan það að með því yrði komið á stýringu þar sem hvatt yrði til að nota einkabílinn minna og nota fremur almenningssamgöngur, sem væri líka pólitísk stefnubreyting.

Í hinni ágætu greinargerð með tillögu okkar um að endurgreiðsla virðisaukaskatts nái líka til almenningsvagna segir að þetta sé ekki svo há upphæð, að þarna sé kannski um 60–70 millj. kr. að ræða.

Ég ítreka að ég vil fá að heyra hjá hæstv. fjármálaráðherra hvers vegna ekki var stuðlað að jafnræði að þessu leyti varðandi endurgreiðslu virðisaukaskatts til almenningssamgangna. Hvers eiga almenningssamgöngur að gjalda? Er hæstv. ráðherra á móti almenningssamgöngum? Það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo að verið sé að refsa almenningssamgöngum, þeim sem reka almenningsvagna, samanborið við aðila, t.d. eigendur hópferðabifreiða. Ég er ekki að setja út á að þeim sé veittur afsláttur af virðisaukaskatti en þarna hefur ríkið tæki til að létta undir og lýsa pólitískum vilja sínum til almenningssamgangna.

Inn í málið fléttast einnig umhverfissjónarmið. Að vísu er ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins ekki talin sú umhverfissinnaðasta og heldur á hinn veginn. Það er varla hægt að hugsa sér ríkisstjórn sem gengið hefur harðar og grimmar gagnvart öllum meginreglum umhverfismála heldur en ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.

Í greinargerð okkar með þessu máli segir einmitt, með leyfi forseta:

„Loftmengun, svifryk og sót af völdum samgangna er helsta umhverfisvandamálið á höfuðborgarsvæðinu enda byggjast samgöngur nær allar á notkun innflutts jarðefnaeldsneytis. Jafnframt því að styðja við þróun vistvænna orkugjafa í samgöngum er nauðsynlegt að auka hlut almenningssamgangna stórlega til að draga úr loftmengun. Fyrsta skrefið er að tryggja að almenningssamgöngur sitji a.m.k. við sama borð og hópferðaakstur við innkaup á nýjum farartækjum til fólksflutninga."

Fyrir mér er þetta ekki smámál, herra forseti. Fyrir mér er þetta stórmál, bæði peningalegt gagnvart þeim sem reka almenningssamgöngur í landinu og einnig stórpólitískt mál. Við vitum að almenningssamgöngur eru mun vistvænni, þetta er hluti af því að byggja upp grunnþjónustukerfi fyrir íbúana. Mér er spurn: Er þessari ríkisstjórn illa við almenningssamgöngur? Það er ekki hægt að lesa annað út úr þessu máli en að ríkisstjórninni sé illa við almenningssamgöngur með því að þeim er refsað, séu aðstæður þeirra bornar saman við aðstöðu eigenda hópferðabifreiða. Ég hvet til þess að nefndin sem fær þetta frumvarp til skoðunar skoði hlut almenningsvagna í því máli sem hér er til umræðu.

Herra forseti. Ég ætla að minnast á ýmis önnur atriði varðandi þetta frumvarp. Það er gott, svo langt sem það nær, að lækka matarverð. En þetta er bara svo lítill hluti af verðmyndun matvæla. Ég hefði viljað sjá að svokölluð matarnefnd fyrrverandi forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, sem hann setti á stofn og þetta frumvarp er að hluta til afsprengi af, hefði fengið víðtækara verksvið og gera úttekt á því hvernig mætti í raun lækka matarverð í landinu. En þá voru nefndarmenn og jafnvel þáverandi forsætisráðherra sjálfur, Halldór Ásgrímsson, svo samansúrraðir um að þetta snerti bara landbúnað og sérstaklega landbúnaðarvörur sem væru framleiddar innan lands. Störf nefndarinnar snerust því að meginhluta, a.m.k. þegar tillögurnar birtust, um það hvernig mætti helst þrengja að, kreista og kremja innlendan landbúnað. Ég bendi á flutningskostnaðinn, ekki síst flutningskostnaðinn út á land. Þar eru líka neytendur. Það eru ekki bara neytendur á höfuðborgarsvæðinu. Það eru líka neytendur um allt land og matvöruverð skiptir þá ekki síður máli en neytendur á þessu svæði.

Á sínum tíma var gerð heilmikil úttekt á flutningskostnaði í landinu. Við þekkjum, a.m.k. við sem búum úti á landi, hvað flutningskostnaðurinn er gríðarlegur og hefur mikil áhrif og skerðir samkeppnishæfni landsbyggðarinnar, atvinnurekstur og stórhækkar vöruverð. Ég er með skýrslu nefndar um flutningskostnað sem samgönguráðuneytið lét vinna og kom út í janúar 2003. Þar er rakið að flutningar, hvort sem eru á landi eða sjó, hafa færst á hendur að mestu leyti tveggja aðila. Því má heita að þar sé um einokun eða fákeppni að ræða. Þar er líka rakið mjög ítarlega hvernig flutningskostnaður hefur blásið út eins og blaðra. Talað er um að flutningskostnaður á nokkurra ára tímabili hafi hækkað um 100–200% á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar þrátt fyrir að menn teldu að orðið hefði mikil hagræðing við að þetta var komið á hendur eins eða tveggja aðila.

Niðurstöður þeirra sem tóku saman þessa skýrslu í janúar 2003 eru að það sé fullkomlega óeðlilegt hve mikið flutningskostnaður hefur hækkað og í öðru lagi að komin sé fákeppni eða einokun á þennan markað, sem geri það að verkum að menn geta nánast skammtað sér verð fyrir flutninginn. Eins þykja gjaldskrár ógagnsæjar og engin leið að sjá hvaða gjaldskrá er í gangi eða eftir hvaða reglum flutningskostnaðurinn er innheimtur. Þeir telja þetta mjög samkeppnishamlandi.

Það er líka merkilegt að þessi skýrsla kom út á kosningaári, í janúar 2003 og var til umfjöllunar í þinginu. Henni var eftir umfjöllun vísað til þáverandi iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, og til Byggðastofnunar. Þetta varð eitt af kosningamálum Framsóknarflokksins, þ.e. lækkun flutningskostnaðar. Að kosningum loknum gerist ekki nokkur skapaður hlutur og í umræðum á Alþingi 19. október 2005 var flutningskostnaðurinn til umræðu. Þá var ráðherra spurð hvers vegna hafi ekki verið tekið á flutningskostnaði til milli landsbyggðarinnar og Reykjavíkur og

þá segir í ræðu hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Málið var svo á ný til umfjöllunar í ríkisstjórn 9. júlí 2004 og það varð að samkomulagi milli iðnaðarráðherra, samgönguráðherra og fjármálaráðherra að það yrði tekið til nánari umfjöllunar embættismanna þessara ráðuneyta. Til þess að gera langa sögu stutta þá hefur ekki náðst samstaða um framgang málsins milli þessara þriggja ráðuneyta eins og ég upplýsti ríkisstjórn um á fundi í lok ágúst síðastliðinn og þannig stendur málið."

Þrátt fyrir alla umræðuna á þingi, þrátt fyrir yfirlýsingar um að taka á flutningskostnaðinum sem hefði verið nær að leggja fyrir þessa nefnd líka því að flutningskostnaðurinn hefur gríðarleg áhrif á vöruverð úti á landi, þá hefur ekkert gerst. En þetta var eitt aðalkosningamálið. Ég man eftir því á fundum á Vestfjörðum að þá riðu frambjóðendur Framsóknarflokksins um héruð, á vordögum 2003, og töluðu um þá miklu baráttu sem þeir ætluðu að leggja í fyrir lækkun flutningskostnaðar. Hver var svo niðurstaðan? Hérna í Bæjarins besta 14. júní stendur, með leyfi forseta:

„Það er 25% dýrara að flytja eitt tonn til Ísafjarðar en Hornafjarðar þrátt fyrir að vegalengdin sé sú sama. Flutningskostnaður er hæstur til og frá Ísafirði samkvæmt niðurstöðu skýrslu sem unnin var fyrir sjávarútvegsklasa Vestfjarða.

Þuríður Gísladóttir viðskiptafræðingur gerði skýrsluna að beiðni sjávarútvegsklasa Vestfjarða og er skýrslan hluti af lokaritgerð hennar við Viðskiptaháskólann á Bifröst."

Hér eru fleiri fréttir frá Vestfjörðum sem sýna að ekki hefur orðið nein breyting heldur er flutningskostnaðurinn eitt stærsta vandamálið þar, bæði hvað varðar vöruverð en líka út af samkeppnishæfni framleiðslu frá Vestfjörðum. En það verður fróðlegt að vita hvort Framsóknarflokkurinn leggur aftur af stað með þetta sem eitt af sínum stærstu kosningaloforðum, að lækka flutningskostnað. Ég tel að þetta sé eitt af hinum brýnu málum að taka á til að jafna vöruverð í landinu og jafna samkeppnisaðstöðu fólks, bæði hvað varðar vöruverð og framleiðslu, þ.e. samkeppnishæfni í atvinnurekstri. Þetta er eitt brýnasta málið og nefndin hefði líka átt að taka á þessu.

[18:39]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ágæt ræða hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Ekki dreg ég það í efa að hann ber hag landsmanna mjög fyrir brjósti. Hann hefur eins og ég barist fyrir því að ráðist yrði í aðgerðir til að lækka matarverð til heimilanna í landinu. Við höfum stundum ekki alveg horfst í augu varðandi lækkun á matarskattinum svokallaða. Mér heyrist á hv. þingmanni, þó hann sé eigi að síður kominn á sömu skoðun og Samfylkingin hefur verið og loksins ríkisstjórnin, að það sé guðsþakkarvert og tímabært að lækka matarskattinn. Þetta höfum við sett fram í formi þingmála árum saman.

Hins vegar hefur hv. þingmaður verið mér öndverðrar skoðunar að því er varðar aðild að Evrópusambandinu. Eitt af því sem ég og fleiri höfum sagt að fælist sem ávinningur í aðild að Evrópusambandinu er lækkun matarverðs. Hv. þingmaður hefur, að ég hygg, haldið því fram, eins og margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, að hægt væri að ná fram svipaðri lækkun á matarverði án þess að ganga í Evrópusambandið með sértækum aðgerðum. Eitt af því er að sjálfsögðu lækkun á matarskattinum. En það sem hefur langmest áhrif á hátt matarverð hér á landi er tollverndin. Þar hefur mér fundist hv. þingmaður og félagar hans í VG standa mjög fast í ístaðinu, svo ég sem er hófsemdarmaður í þessum efnum hef mjög fundið að því. Mér hefur þótt nóg um.

Mig langar að spyrja hv. þingmann. Er Vinstri hreyfingin – grænt framboð undir engum kringumstæðum reiðubúin til að fallast á að slaka á varðandi innflutningstolla á landbúnaðarafurðum?

[18:41]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er í sjálfu sér mjög athyglisverð og ekki óvænt spurning frá hv. þingmanni.

Í fyrsta lagi er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir að þær stuðningsaðgerðir sem eru heimilaðar af hálfu Evrópusambandsins til landbúnaðar, sérstaklega á norðurslóðum, eru aðgerðir sem hver og ein ríkisstjórn getur gert á eigin spýtur. Ef það er pólitískur vilji til hliðstæðra aðgerða hér og þar, þá getur ríkisstjórnin gert það á eigin forsendum. Þess vegna fannst mér mjög skondið þegar vitnað var í Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóra Bændasamtakanna, í fréttum og hann sagði að það gæti komið að því að bændum væri betur borgið í skjóli Evrópusambandsins — en þá botnaði hann ekki setninguna — en í skjóli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Því að hverjir aðrir hafa vélað um landbúnaðarmál á Íslandi á undanförnum mánuðum og missirum en þeir flokkar? Það er ekkert í aðgerðum af hálfu Evrópusambandsins sem menn geta verið að vitna til sem íslensk ríkisstjórn getur ekki gert miklu ódýrar en að fara í gegnum Evrópusambandið með það. Vegna þess að þegar við erum komnir í Evrópusambandið, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson er að gæla við, þá er íslenska þjóðin skattlögð og verður að senda peningana til Brussel sem síðan mundi hugsanlega senda þá aftur til að styðja íslenskan landbúnað. Við mundum vilja koma til móts við aðgerðirnar beint.

Ég held að það sé alveg hárrétt, eins og ég mundi vilja lesa í orð Sigurgeirs Þorgeirssonar, að aðalmarkmiðið er, og nauðsynlegt fyrir landbúnaðinn, að losna við núverandi ríkisstjórn.

[18:44]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þingmaður standa sig vel í túlkunum á orðum fyrrverandi aðstoðarmanns landbúnaðarráðherra Sjálfstæðisflokksins. Hann heldur því fram að sá ágæti maður hafi með ummælum sínum viljað forða íslenskri bændastétt frá Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum. Ég veit ekki einu sinni hvort ESB mundi duga til þess, herra forseti.

Spurning mín grundvallast á því að við blasir að áfram verður haldið hinum svokölluðu Doha-viðræðum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Það hefur komið fram. Þær höfðu áður, að menn töldu, runnið út í sandinn.

Ég hef sjálfur hlustað á ráðuneytisstjóra landbúnaðar-

ráðuneytisins fyrir Evrópunefnd forsætisráðherra greina frá því að það sé almenn skoðun þeirra sem starfa innan vébanda þess samningaferlis, að líklegt sé að niðurstaða þeirrar samningalotu sem nú fer í hönd leiði til þess að aðildarríki stofnunarinnar neyðist til að létta innflutningstollum af sem nemur 40–50%. Það er um það bil hið sama og sá áfangi sem Samfylkingin lagði til vegna þess að við tókum auðvitað mið af þeim veruleika sem blasir við. Ég held þess vegna að íslenskur landbúnaður muni standa frammi fyrir þessu þegar fram líða stundir og fyrr en síðar, hugsanlega áður en kemur til forsetakosninga í Bandaríkjunum sem nú eru ekki langt undan. Ég held að þetta hafi verið það sem réði orðum og ummælum Sigurgeirs Þorgrímssonar sem hv. þingmaður vitnaði til.

En er það þá ekki svo að betra sé fyrir okkur að hafa frumkvæði að þessu og ráða því meira sjálfir, Íslendingar, hvernig við förum í það að létta af innflutningsvernd sem þessu nemur, heldur en að láta aðrar útlendar stofnanir skipa okkur fyrir eins og Alþjóðaviðskiptastofnunin mun gera?

[18:46]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var á stórum bændafundi í síðustu viku þar sem Valdimar Einarsson var með erindi. Valdimar er íslenskur bóndasonur úr Dölunum en hefur búið á Nýja-Sjálandi. Var fyrst starfsmaður landbúnaðarins þar og er nú starfsmaður bankanna. Hann benti á að um 80–90% af heimsverslun með landbúnað væri í höndum Nýsjálendinga. Þannig að heimsverslun á landbúnaðarvörum er ekki svo mikil.

Hann benti líka á að tollvernd á þeim vörum sem eru framleiddar hér á landi og við viljum framleiða hér, bæði hvað varðar atvinnulega og líka hollustulega þætti og einnig til að nýta hinar íslensku auðlindir, við munum ekki standast það nema í gegnum tollvernd.

Ef við lítum á landbúnaðarvörumarkaðinn í heild sinni þá eru það í raun sárafáir vöruflokkar sem njóta tollverndar inn í landið eða framleiðsla sem nýtur tollverndar. Við erum með hæsta, að ég held, hlut af innfluttum landbúnaðarvörum án tollverndar í heiminum. Þetta er allt korn, stór hluti grænmetis, olía, soja og sykur. Allt saman er þetta tollfrjálst eða ekki með sérstaka tolla. Það er bara innlend landbúnaðarframleiðsla.

Það er alveg hárrétt að þetta er pólitísk ákvörðun. Viljum við hafa þetta svo eða viljum við vera undirorpin öðrum? Eins og Valdimar Einarsson benti á, þið fáið ekkert val hvers konar rusl þið flytjið inn. Þið hafið ekkert val. Það verður bara flutt inn og svo verður ykkur bara sagt að éta.

Það er því pólitísk ákvörðun hvort við viljum standa vörð um bæði íslenskan landbúnað og að nýta íslenska auðlind, (Forseti hringir.) íslenskt vinnuafl o.s.frv. (Forseti hringir.) Þá pólitísku stefnu höfum við, að það skuli gert.

[18:48]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Er það ekki rétt skilið hjá mér að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar sé flutt af hæstv. fjármálaráðherra?

(**Forseti** (JónK): Það er rétt skilið.)

En hann er ekki í salnum.

(**Forseti** (JónK): Ég geri ráðstafanir til þess að gera honum aðvart.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir það. Mér finnst eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra sé viðstaddur umræðu um eigið frumvarp hér í þingsölum og veiti því eftirtekt sem fram kemur við umræðuna þó að það sé kannski eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra kjósi heldur að vera í einhverjum öðrum sölum en þessum þegar hann hefur þurft að leggja fram frumvarp sem ríkisstjórnin hefur sannarlega hrakist til að leggja fram vegna þrýstings frá öllum öðrum en sjálfri sér, missiri eftir missiri og ár eftir ár. Við bjóðum hæstv. fjármálaráðherra velkominn í salinn og það er gott að sjá hæstv. fjármálaráðherra við umræðuna.

Þetta eru auðvitað líka með sínum hætti merkileg kaflaskil í sögu ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í hartnær 12 ár og furðulegt að einkum ungir hægri menn í röðum stjórnarliða skuli ekki vera viðstaddir í hópum því það má þó með sanni segja að hér gefur að líta fyrsta frumvarpið sem með einhverjum rétti mætti kalla að leiddi til skattalækkana fyrir venjulegt fólk í landinu.

En eins og við þekkjum, þá hafa síðastliðin 11 ár verið nánast ein samfelld skattahækkunarleið ríkisstjórnarflokkanna. Einkanlega á meðaltekjufólkið í landinu en á láglaunafólkið líka. Eitt samfellt skattahækkunarskeið þannig að nú, 11 árum eftir að núverandi ríkisstjórn kom til valda, stöndum við uppi með hærri skatta en við höfum áður þekkt í landinu, hvort sem litið er til krónutölu í tekjuöflun ríkissjóðs, til hlutfalls af landsframleiðslu eða til umfangs ríkisútgjaldanna sem orðin eru miklu meiri en við höfum nokkru sinni þekkt.

Allan þennan stóra reikning hafa menn auðvitað lagt á meðaltekjufólkið í landinu með því að ganga á vaxtabæturnar, með því að ganga á barnabæturnar, með því að halda niðri persónuafslættinum. Og með alls kyns laumusköttum og gjaldtöku sem við þekkjum úr margvíslegri umræðu undangengin ár. Skatta sem aldrei áttu að verða skattar. Gjöld sem aldrei áttu að verða gjöld.

Við umræðuna fyrr í dag gerði hv. þm. Kristján L. Möller t.d. ágætlega grein fyrir því með hvaða hætti ríkisstjórnin notfærði sér breytingarnar á olíugjaldinu á síðasta þingi til þess að auka nú enn á, og töldu ýmsir að aldrei yrði hægt að bæta í það sem þar var komið af álögum á bifreiðaeigendur og á flutningskostnaðinn í landinu.

Þegar við lítum yfir þessa vegferð er það auðvitað ánægjuefni og sérstakt fagnaðarefni að loksins komi fram frumvarp sem sannarlega mun leiða til lækkunar á sköttum heimilanna í landinu og skattgreiðslum venjulegs fólks. Við í stjórnarandstöðunni munum auðvitað reyna að greiða slíku máli, þá loksins það kemur fram, leið í gegnum þingið.

En það verður ekki aðeins það sem verður verkefni okkar í þessu. Vegna þess að þegar menn líta á það hvenær ríkisstjórnin sem nú hefur setið rúm 11 ár við samfelldar skattahækkanir sínar ætlar að uppfylla þær skattalækkanir sem hér eru fluttar þá er það 1. mars á næsta ári. Þeir sem þekkja til vita sem er, að sá virðisaukaskattur sem leggst á í mars og apríl á næsta ári á að koma til greiðslu í maí á

næsta ári, þ.e. þegar sitjandi ríkisstjórn er farin frá.

Það verður þess vegna ekki aðeins verkefni okkar hér í stjórnarandstöðunni að greiða þessari fyrstu skattalækkun leið í gegnum þingið. Það verður líka hlutskipti okkar að framkvæma hana að loknum kosningum og sjá til þess að hér verði svigrúm til þess að mæta því tekjutapi sem hún lýtur að. Því á 12 ára valdatímabili sínu hefur ríkisstjórnin ekki treyst sér til að standa fyrir einni einustu skattalækkun til venjulegs fólks í landinu, sem heitið getur.

En eftir sem áður fögnum við auðvitað því þetta er þó viðleitni í þessa átt, korteri fyrir kosningar og vegna mikils þrýstings frá verkalýðshreyfingunni og auðvitað vegna látlauss tillöguflutnings stjórnarandstöðunnar hér á hinu háa Alþingi, virðulegi forseti.

Við hljótum auðvitað líka að gleðjast vegna þess að það er ekki þannig að þessu máli sé verið að hreyfa fyrsta sinni á Alþingi. Það er nú aldeilis ekki svo. Þessu máli hefur hér verið hreyft aftur og aftur. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur því verið hreyft ítrekað og við í Samfylkingunni höfum tekið þetta mál upp í fjárlagaumræðu eftir fjárlagaumræðu. Við höfum flutt tillögur um það að hinum röngu áherslum ríkisstjórnarinnar í skattamálum yrði breytt í þá veru að menn færu frekar í að lækka virðisaukaskatt á matvæli í landinu sem sannarlega kæmi hinu venjulega fólki í landinu til góða, meðaltekjufólki, láglaunafólki og ekki síst barnafjölskyldunum.

Aftur og aftur hefur stjórnarmeirihlutinn fellt þessar tillögur, fellt sömu tillögur og þeir standa nú að flutningi að. Þess vegna hljótum við í Samfylkingunni líka að gleðjast, að sjá stjórnarliðið hafa hrakist undan í rúm þrjú ár í þessu máli, í umræðu eftir umræðu og neyðast nú loks til þess korteri fyrir kosningar að flytja þá tillögu sem við höfum aftur og aftur haldið fram. Staðreyndin er einfaldlega sú að þeir þora ekki í kosningar eftir samfelldar skattahækkanir sínar í 11 ár án þess að taka á matarskattinum.

Við sem höfum tekið þátt í þessari umræðu hér um margra ára skeið, söknum þess auðvitað út af fyrir sig, að heyra ekki meira í fulltrúum Framsóknarflokksins við umræðuna en raun ber vitni. Því það verður að segja að það er hæstv. fjármálaráðherra og flokki hans til sóma að sannarlega var þetta eitt af þeim stefnumálum sem þeir höfðu nokkuð uppi í síðustu kosningum. Trúlega stóð ekki á þeim við að ráðast í að reyna að lækka matvælaverðið með lækkun virðisaukaskatts.

En það var alveg augljóst í fjárlagaumræðu eftir fjárlagaumræðu, að hinn stjórnarflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, stóð greinilega í vegi fyrir því og þvert gegn því að hægt væri að fara í þann leiðangur sem ég held að allur almenningur í landinu og stærstur hluti starfandi þingmanna á Alþingi hafi haft ríka sannfæringu fyrir að mikilvægt væri að ráðast í.

Það virðist augljóst að Framsóknarflokkurinn hafi einfaldlega staðið þvert gegn því að farið væri í lækkun á hinum svokallaða matarskatti og þannig reynt að lækka nokkuð útgjöld heimilanna í landinu. Framsóknarflokkurinn hefur auðvitað líka staðið þvert gegn því, með sínum hætti, að sporna gegn verðbólgunni sem alla ráðherratíð hæstv. fjármálaráðherra Árna Mathiesens hefur verið langt yfir öllum viðmiðunarmörkum, blikkandi á rauðu ljósi í hverjum einasta mánuði yfir þeim viðmiðunarmörkum sem Seðlabankinn hefur sett. Það var því auðvitað mikilvægt innlegg í þá þróun og hefði mátt koma til miklu fyrr, að ráðast í að reyna að lækka matvælaverðið.

En það var augljóst af öllu að Framsóknarflokkurinn stóð einarðlega gegn því í stjórnarsamstarfinu að hægt væri að lækka matarreikning heimilanna. En nú virðist loks hafa tekist að beygja Framsóknarflokkinn í þessu efni. Ég held að það væri út af fyrir sig forvitnilegt að heyra hér við umræðuna sjónarmið þingmanna Framsóknarflokksins um þetta stjórnarfrumvarp eftir þá miklu umræðu sem við höfum átt um þetta.

Við munum að það voru, ekki bara frá framsóknarþingmönnum, heldur líka frá ýmsum framámönnum í Sjálfstæðisflokknum, t.d. margvíslegar og miklar efasemdir um að skattalækkun af því tagi sem hæstv. fjármálaráðherra leggur nú til mundi nokkurn tíma ná til heimilanna í landinu í raun og sann. Vegna þess að hún mundi gufa upp á leiðinni, trúlega hjá Baugi, sem eins og alþjóð þekkir hefur verið flokki hæstv. fjármálaráðherra ákaflega ... Er tíminn búinn?

(**Forseti** (JónK)**:** Klukkan er sjö en ég býð ræðumanni upp á að ljúka ræðu sinni. Það eru átta mínútur eftir af ræðutíma hans.)

Ég held að það væri mikilvægt að heyra hvort þau sjónarmið í stjórnarliðinu sem lýsa áhyggjum af því að þessi skattalækkun nái ekki til heimilanna í landinu, séu algjörlega hjöðnuð. Eða hvort hæstv. fjármálaráðherra hafi gripið til sérstakra aðgerða til að tryggja að þessi skattalækkun skili sér örugglega til heimilanna í landinu, eða hvort menn hafi alfarið fallið frá þeim sjónarmiðum sem þeir hafa áður haldið fram í þessari umræðu.

Það eru líka margs kyns skattaleg atriði sem er eðlilegt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra um, því það sýnir sig í þeirri vinnu sem menn hafa unnið í nefnd eftir nefnd um það hvernig megi vinna að lækkun matarverðs í landinu að það eru ýmis önnur atriði sem gætu jafnvel haft enn þá meiri og betri áhrif til þess en lækkunin á vaskinum einum sér. Í umræðum um þá sögu og þann tillöguflutning allan held ég að full ástæða sé til að halda til haga sérstaklega nafni hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, sem hefur sannarlega sem oddviti Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi beitt sér sérstaklega og af einurð fyrir því að halda vakandi umræðunni um lífskjör heimilanna og um matvælaverðið í landinu.

Þar er kannski fyrst til að taka vörugjöldin en það hafa verið færð fyrir því nokkuð sterk rök að afnám vörugjaldanna mundi skila meiri árangri miðað við tekjutap ríkissjóðs að krónutölu en sú aðgerð sem hér er lögð til og eðlilegt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar að aðgerðir í vörugjöldum og tollum gætu jafnvel skilað okkur enn betri árangri en þær tillögur sem hér eru lagðar fram.

Og síðan hljóta að vakna ákveðnar spurningar um flokkun þátta í hin tvö skattþrep þegar menn kjósa að hafa tvö skattþrep í virðisaukaskatti, eitt fyrir þær vörur sem eigi að vera ódýrari, eins og matvöru og aðra slíka vöru, og annað fyrir vöru sem eigi að vera dýrari, þá hvers vegna menn hugi t.d. ekki að því að flytja nauðsynjavöru, einkum fyrir aldraða og sjúka, eins og t.d. lyf, í lægri flokkinn. Hvers

vegna er ákveðið að margs konar neysluvarningur sem sannarlega telst ekki til lífsnauðsynja sé í lægra þrepinu meðan lyf sem eru stórum hópum og oft tekjulágum, algjör lífsnauðsyn, hvers vegna er sá vöruflokkur ekki fluttur í neðra þrepið?

Það er líka óhjákvæmilegt að hæstv. fjármálaráðherra geri grein fyrir því hvers vegna ekki sé gert ráð fyrir neinu tekjutapi í tollum í fjárlagafrumvarpi næsta árs, og svari þeim ávirðingum sem hér hafa verið uppi í umræðunni um að það sýni að frumvarpið sé óvandað og illa undirbúið, að ekki sé gert ráð fyrir kostnaði af þessum þætti málsins í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Og að hann svari sömuleiðis þeirri miklu gagnrýni sem áfengisgjaldið hefur sætt.

Við sáum það í deilunum sem stóðu um olíugjaldið hvernig fjármálaráðuneytið lagði til umtalsvert hærra olíugjald á dísilolíuna en nokkurt tilefni var til og hefur leitt til þess að verð á dísilolíu á bensínstöðvum er orðið hærra en bensínverð. Ég hygg að það hafi verið sannfæring mjög margra þingmanna og kom ítrekað fram við umræðuna að þetta væri óhæfileg gjaldtaka af hálfu fjármálaráðuneytisins en af hálfu ráðherra var því statt og stöðugt haldið fram að þetta mundi aðeins bæta ríkissjóði tekjutapið.

Nú er komið í ljós að gjaldið gerir langtum meira en það og skilar ríkissjóði verulega auknum skatttekjum í hirslur sínar og nú eru komnar fram ábendingar um að eins sé farið með áfengisgjaldið. Í tengslum við breytingar á því hljóta líka einfaldlega að vakna spurningar um uppbyggingu áfengisgjaldsins og hvort það gjald og uppbygging þess sé ekki í sjálfu sé orðið úrelt, því þar er verið að leggja krónutölu á ákveðnar einingar en ekki hlutfallslega álagningu ofan á innkaupsverð eins og er þó almennt viðtekin venja í gjalda- og skatttöku í kerfi okkar á 21. öldinni.

En virðulegi forseti. Af því það er komið langt fram á daginn þá held ég að ég láti hér staðar numið í fyrri ræðu minni um málið.

[19:05]

**Útbýting:**
Fjárlög 2007, 1. mál, brtt. VF, þskj. 533.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–14. mál.

Fundi slitið kl. 19:06.

---

# 40. FUNDUR

þriðjudaginn 5. des.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Fjárlög 2007, stjfrv., 1. mál, þskj. 459, frhnál. 512 og 528, brtt. 513, 514, 515, 521, 523, 527, 529, 530 og 533. — 3. umr.
2. Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 416. mál, þskj. 482. — Frh. 1. umr.
3. Tollalög, stjfrv., 419. mál, þskj. 494. — 1. umr.
4. Tryggingagjald, stjfrv., 420. mál, þskj. 495. — 1. umr.
5. Fæðingar- og foreldraorlof, stjfrv., 428. mál, þskj. 516. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Ættleiðingarstyrkir, stjfrv., 429. mál, þskj. 517. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 387. mál, þskj. 429. — 1. umr.
8. Vatnajökulsþjóðgarður, stjfrv., 395. mál, þskj. 439. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

## *Vísun máls til nefndar.*

[10:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Við atkvæðagreiðslu í gær um vísun frumvarps um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli til 2. umr. og nefndar urðu þau mistök að málinu var vísað til utanríkismálanefndar en ætlun flutningsmanns var að málið færi til allsherjarnefndar og hann gerði raunar tillögu um slíkt. Forseti leggur til að málið fari til allsherjarnefndar og fer málið í þá nefnd ef ekki eru gerðar athugasemdir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:31]
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

[10:32]

**Útbýting:**

Aðgerðaáætlun til að stemma stigu við mansali, 434. mál, fsp. KolH, þskj. 532.

Fjárlög 2007, 1. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 528; brtt. minni hluta fjárln., þskj. 529; brtt. minni hluta fjárln., þskj. 530.

Velta vínbúða í Mjódd og Garðheimum, 433. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 531.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Ummæli formanns Samfylkingarinnar á fundi í Keflavík – förgun fugla í Húsdýragarðinum.

[10:34]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ræða sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hélt fyrir margt löngu í Borgarnesi vakti furðu. Nú hefur hins vegar borið svo við að hv. þingmaður hefur haldið aðra ræðu sem hún vill kenna við Keflavík og hefur sú ræða vakið enn meiri furðu en sú fyrri.

Það sem einkum hefur vakið athygli er sú afdráttarlausa niðurstaða hv. þingmanns að kjósendur treysti ekki þingmönnum Samfylkingarinnar fyrir stjórn landsins. Þetta eru í sjálfu sér engin ný tíðindi fyrir okkur sem stöndum utan Samfylkingarinnar en það er ánægjulegt að fá þetta staðfest með svo afgerandi hætti af hálfu formanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. (Gripið fram í.) Það er full ástæða til að óska hv. þingmanni til hamingju með að hafa komist að þessari niðurstöðu og ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að taka með svo afdráttarlausum hætti undir orð mín en ég hef í ræðu og riti á undanförnum árum vakið athygli á þessu.

Það eru hins vegar tvær hliðar á þessu máli eins og öðrum, hæstv. forseti. Hin snýr að hv. þingmönnum Samfylkingarinnar og ég held að það séu fá ef nokkur dæmi í seinni tíma stjórnmálasögu okkar Íslendinga að formaður flokks hafi niðurlægt þingmenn sína með jafnafgerandi og augljósum hætti og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur kosið að gera í þetta skiptið.

Það er napur norðanvindur sem leikur um þingflokk Samfylkingarinnar og það eru kaldar kveðjur sem formaður flokksins færir þingmönnum sem sumir hverjir hafa setið hér árum og áratugum saman. Það eru einkennilegar kveðjurnar sem Margrét Frímannsdóttir, fyrrverandi formaður þingflokks Samfylkingarinnar, og aðrir þingmenn sem nú eru að láta af störfum eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson og Rannveig Guðmundsdóttir svo einhverjir séu nefndir, það eru kaldar kveðjur sem formaður Samfylkingarinnar sendir þeim þingmönnum.

Það er hins vegar annað, hæstv. forseti, sem ég vil vekja athygli á en í þessu felast skilaboð til framtíðarinnar. Af hverju? Jú, vegna þess að það eru engar líkur á að það verði nokkrar breytingar á þingflokki Samfylkingarinnar á næsta kjörtímabili. Þetta er skemmtilegt upphaf á kosningabaráttu Samfylkingarinnar. Skilaboð formannsins, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, til frambjóðenda eru skýr og þau eru þessi: Kjósendur treysta ykkur ekki. Það er ánægjulegt að vita af því í upphafi kosningabaráttunnar hvernig Samfylkingin ætlar að reka kosningabaráttu sína í vor.

[10:36]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni fyrir að vekja athygli á merkri ræðu minni sem ég flutti á flokksstjórnarfundi flokksins í Keflavík og þá ræðu má m.a. finna á heimasíðu Samfylkingarinnar fyrir þá sem ekki höfðu tækifæri til að hlusta á hana sem ég hygg að séu allmargir í þessum sal. Ég vil líka þakka hv. þingmanni fyrir það að taka upp þykkjuna fyrir þingmenn Samfylkingarinnar og vilja slá um þá skjaldborg í þingsal. Það er fallega gert af hv. þingmanni (**Gripið fram í:** Það veitir ekki af.) að mæta svona til leiks og vilja styðja okkar ágæta þingflokk.

Um ræðu þingmannsins hef ég í sjálfu sér að öðru leyti ekkert að segja. Hann veit auðvitað að þingflokkur Samfylkingarinnar er öflugur þingflokkur, til alls líklegur á næstu mánuðum og Framsóknarflokkurinn á hér verulega í vök að verjast, er að tapa miðjunni í íslenskum stjórnmálum vegna þess að þangað sækir Samfylkingin auðvitað aukið fylgi sitt og þess vegna kemur þingmaðurinn hingað upp í örvæntingarfullri tilraun til að kasta rýrð á Samfylkinguna og reyna að lyfta sjálfum sér. Ég held að það þurfi meira til og það væri kannski ráð fyrir Framsóknarflokkinn að vera svolítið heiðarlegur og einlægur og skoða sjálfan sig svolítið gagnrýnið og þá væri kannski einhver leið til að Framsóknarflokkurinn gæti orðið fyrir einhverjum viðsnúningi. En sjálfumgleði og andvaraleysi er ekki farsælt veganesti þegar flokkar eru komnir við pilsnermörk í fylgi og þurfa að sækja inn á markaðinn.

[10:38]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Já, það rekur ýmislegt á fjörur okkar þingmanna undir þessum dagskrárlið um störf þingsins. Þannig háttar til að ég hef í nokkurn tíma beðið eftir að koma hér að umræðu, bæði utan dagskrár og eins í óundirbúnum fyrirspurnatíma í gær, varðandi förgun 56 fugla í Húsdýragarðinum. Nú hillir undir lok þingsins og ég sé ekki fram á að ég fái að taka þessa umræðu við hæstv. landbúnaðarráðherra nema ég kveðji mér hljóðs um störf þingsins.

Þann 20. nóvember sl. fyrirskipaði hæstv. landbúnaðarráðherra að tillögu Landbúnaðarstofnunar og yfirdýralæknis að 56 fuglum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal yrði lógað. Þetta var gert á grundvelli 8. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sem kveða á um að ráðherrann geti fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að hindra útbreiðslu tiltekinna dýrasjúkdóma.

Hæstv. forseti. Nú hafa komið upp áhöld um það hversu nauðsynlegar þessar aðgerðir hafa verið enda málið þannig vaxið að í upphafi þessa árs, í janúar, greindust í fjórum fuglum mótefni við flensu, sýnin týndust eða fóru eitthvað á flakk og erfiðlega gekk að fylgjast með þeim fuglum sem smitaðir voru eða höfðu þetta mótefni í blóðinu og það var a.m.k. ekki staðið þannig að málum að hægt hefði verið að grípa til þeirra aðgerða sem ég mundi telja að væru eðlilegar. Hæstv. landbúnaðarráðherra gaf þessa fyrirskipun út án þess að hafa samráð við ræktendafélagið sem ræktar þennan sjaldgæfa stofn landnámshænsna. Það stríðir gegn Evrópureglum en í þeim segir að í tilfelli sem þessu, þegar fuglaflensu verði vart eða einhvers konar ótti um hana grípur um sig þá beri að hafa samband við ræktendafélag. Þess vegna spyr ég hæstv. landbúnaðarráðherra: Hvers vegna var ekki haft samband við Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna um viðbrögð við þeim möguleika að fuglaflensa bærist til landsins og hvers vegna var beðið

með að slátra fuglum sem greindust með mótefni fyrir níu mánuðum?

[10:41]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég hef svo sem fullan skilning á því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vilji fjalla um förgun fugla í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum en þannig vill til, frú forseti, að ég hef áhuga á því að ræða um förgun annarra fugla hér í þjóðfélaginu, nefnilega þeirra sem sitja í þingflokki Samfylkingarinnar vegna þess að ég gat ekki betur séð á forsíðu Morgunblaðsins á sunnudaginn en að hv. þm. og formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefði í ræðu sinni í Keflavík slegið heilan þingflokk af og lýst því yfir að kjósendur þyrðu ekki að treysta þingflokknum. Þetta eru auðvitað kaldar kveðjur til þeirra þingmanna sem sitja í þingflokki Samfylkingarinnar, blaut tuska í andlitið á þeim og söguleg yfirlýsing frá formanni stjórnmálaflokks sem vill láta taka sig alvarlega og ekki björgulegt upphaf á kosningabaráttu flokksins.

Maður veltir því fyrir sér hvað sé eiginlega hægt að gera í stöðunni. Hvað á að gera í málinu? Við sem erum lýðræðissinnar gerum okkur grein fyrir mikilvægi stjórnarandstöðu, sérstaklega stærsta stjórnarandstöðuflokksins hér á Alþingi fyrir lýðræðislega umræðu. En svo kemur formaður stærsta stjórnmálaflokksins og lýsir því yfir að þingflokkurinn sé uppfullur af handónýtum þingmönnum sem enginn þorir að treysta [Hlátrasköll í þingsal.] og kemur síðan upp í ræðustól Alþingis á þriðjudegi og heldur því fram að þingflokkurinn sé öflugur. Hún hélt ræðuna á laugardegi. Ég veit ekki hvort maður á að sitja eða standa eða hlæja eða gráta. Staðan í Samfylkingunni er orðin þannig að maður veit ekki hvað snýr upp og hvað snýr niður.

Frú forseti. Ég hef lokið máli mínu en verð þó að segja að lokum að ég hef miklar áhyggjur af stöðu Samfylkingarinnar, stöðu þingflokks hennar.

[10:43]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegi forseti. Það er afskaplega litlu hægt að bæta við þessa umræðu sem hefur verið skemmtilegri en oft áður. Eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson benti á þá er það mjög sögulegt að formaður stjórnmálaflokks skuli koma og gefa þingmönnum sínum svona einkunn. Þetta er auðvitað mjög sögulegt. Og ef við settum þetta í eitthvert annað samhengi, af því að maður er nú vanur ýmsum uppákomum í Samfylkingunni, ef við settum þetta í samhengi við einhvern annan stjórnmálaflokk, ef formaður einhvers annars stjórnmálaflokks hefði komið og afgreitt þingflokkinn með slíkum hætti þá þætti það jafnvel meiri frétt en þetta. (Gripið fram í.) Og kaldi raunveruleikinn er sá — ég vek athygli á því að hv. þm. Mörður Árnason kallaði fram í og sagði að það væri jafnvel meiri ástæða til að tala um aðra þingflokka, hann er líka sammála þessu. Hann er augljóslega sammála því að ekki sé nokkur einasta leið að treysta þingflokki Samfylkingarinnar og er hann innanbúðarmaður og þekkir það ágætlega og vonin er nákvæmlega engin vegna þess að eftir prófkjörið liggur það alveg fyrir að ef Samfylkingin fær einhver atkvæði í næstu kosningum og eitthvert fylgi þá er nákvæmlega sama fólkið í þingflokknum, nema hv. þm. Jón Gunnarsson. [Hlátrasköll í þingsal.] Ég vil ekki trúa því að hann beri það upp að öll þjóðin treysti ekki þingflokki Samfylkingarinnar til að gæta hagsmuna þeirra, tryggja stöðugleika, fara með skattpeninga af ábyrgð og gæta þess að atvinnulíf okkar sé samkeppnishæft og vernda hagsmuni Íslands utan landsteinanna eins og formaður Samfylkingarinnar fór í smáatriðum yfir. Það er ekki bara að þeir treysti þeim ekki, heldur í smáatriðum í öllu sem skiptir máli, þar treystir þjóðin ekki Samfylkingunni. En svona er þetta bara, virðulegi forseti.

[10:45]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Þetta er nú aldeilis skemmtileg umræða. (Gripið fram í.) [Hlátrasköll í þingsal.] Hingað komu í ræðustól hv. þingmenn, Guðjón Ólafur Jónsson fór þar fremstur meðal jafningja. Svo komu þeir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins Sigurður Kári Kristjánsson og Guðlaugur Þór Þórðarson (Gripið fram í.) sem reyndar, frú forseti, hafa nú lítið sést hér í salnum síðustu vikurnar. (Gripið fram í.) Þeir hafa líklega verið að ná sér og borga reikningana eftir prófkjörin. Hvað veit ég. (**Gripið fram í:** Nú!) Hvað veit ég. En nú fundu þeir erindi sitt á hv. Alþingi. (**Gripið fram í:** Já.) Þetta er erindi Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Þetta er erindi ungu karlanna (**Gripið fram í:** Var þetta ekki rétt ...) í Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum við kjósendur á Íslandi. (**Gripið fram í:** Við héldum ekki ræðuna.) Þeir hafa (**Gripið fram í:** Við vorum ...) miklar áhyggjur af Samfylkingunni, miklar áhyggjur. (Gripið fram í.) Ég frábið mér þessa umhyggju, frú forseti. Ég frábið mér umhyggju (Gripið fram í.) þessara góðu karla í Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki (**Gripið fram í:** Margur hefur ... séð eftir því.) sem eiga það eitt erindi í stjórnmálum að finna sér eitthvað skemmtilegt til að tala um þegar þeir fá sér espressó á morgnana. En þeir hafa ekkert fram að færa um pólitík, um hugsjónir eða neitt það sem máli skiptir fyrir fólkið í þessu landi því þeir eru í öðrum leik. Þeir eru líklega í prófkjörsleiknum. (Gripið fram í.) Þeir eru í kjaftakarlaleiknum. Þeir eru í leiknum sem þeim finnst svo skemmtilegt að leika hér í salnum alla daga. En þeir (Gripið fram í.) hafa ekkert fram að færa (**Gripið fram í:** Ertu ekki að ...) við kjósendur þessa lands. Þeir hafa ekkert fram að færa (Gripið fram í.) við fólkið í landinu annað en sjálfumgleði sína og andvaraleysi, sjálfumgleðina sem (Gripið fram í.) endurspeglast í því að trítla upp á þriðjudagsmorgni nokkrum dögum fyrir þinghlé og tala um ræðu formanns Samfylkingarinnar vegna (Forseti hringir.) þess að Guðjón Ólafur Jónsson hefur (Gripið fram í.) svo miklar áhyggjur.

[10:48]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég þakka hlý orð [Hlátrasköll í þingsal.] og samúðarkveðjur í okkar garð en verð að hryggja menn með því að yfirlýsingar og fréttir um meinta förgun okkar í þingflokki Samfylkingarinnar eru ýktar. [Hlátrasköll í þingsal.] Það er auðvitað ekki (**Gripið fram í:** Ekki stórlega ýktar.) furðulegt að menn úr þingflokki eins og þingflokki Sjálfstæðisflokksins sem ekki eru vanir hreinskiptnum umræð-

um og hafa nú í áratugi mátt una við einvalda formenn sem ekki nota ræður á fundum til að aga sitt lið heldur gera það með öðrum hætti, skuli ekki skilja hvernig við förum að því að styrkja okkur í Samfylkingunni, nefnilega með sjálfsgagnrýni [Hlátrasköll í þingsal.] og einlægum skömmum og svívirðingum sem við hreinsum okkur með og stígum fram eins og goðin eftir ragnarök að lokum. Svona gera almennilegir flokkar.

Hitt er kannski sérkennilegra þegar 2. varaþingmaður Framsóknarflokksins í tilteknu kjördæmi í Reykjavík, þar sem er búið að hrekja burt tvo fyrrverandi forustumenn, kemur (Gripið fram í.) að ræða þann vanda Samfylkingarinnar að sá flokkur sé ekki nema með 25% fylgi í staðinn fyrir 30% fylgi eða 35% fylgi, þ.e. fyrrverandi 2. varamaður úr þingflokki sem býr við það traust kjósenda að vera með (Gripið fram í.) 5% fylgi og 6% fylgi. Ég verð að segja það, forseti, að ég tel að tíma þingsins sé betur varið í að yfirheyra (Forseti hringir.) meintan morðingja 56 landnámshænsna í [Hlátrasköll í þingsal.] Húsdýragarðinum.

[10:50]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég fer fram á að ég fái tíma frá því að hlátrasköllum lýkur (Gripið fram í.) til að mæla það sem ég vil segja. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður hefur sama tíma og aðrir hér en það er ekki hægt að breyta klukkunni þó að hlátrasköll dynji í salnum.)

Hæstv. forseti. Hér er mikil íþrótt að nota orðhengilshátt af ýmsu tagi og við það hafa menn sannarlega skemmt sér núna þegar þeir hafa rætt um ræðu formanns Samfylkingarinnar frá því á laugardaginn. Ég hafði efasemdir þegar ég hlustaði á þessa ræðu að það væri skynsamlegt að setja þetta svona fram. En ég hef eiginlega skipt um skoðun. [Hlátrasköll í þingsal.] Ég er eiginlega að skipta um skoðun vegna þess að hún dregur athygli að því sem skiptir máli og það sem skiptir máli er að í kosningunum í vor mun það ráða úrslitum um það hvort ríkisstjórnin falli að menn hafi traust á þingflokki Samfylkingarinnar (Gripið fram í.) og það er til umræðu hér (Gripið fram í.) og það er ekki það sem formaður Samfylkingarinnar sagði að hún treysti ekki þingflokknum. (**Gripið fram í:** Nú?) (Gripið fram í.) Nei, þið skuluð þá bara lesa ræðuna, hv. þingmenn, (Gripið fram í.) og skemmta ykkur við orðhengilsháttinn þegar þið eruð búnir að því. Þetta skiptir máli. Ég held að þeir sem fylla þá flokka sem hafa 8% um þessar mundir í skoðanakönnunum ættu ekki að ganga fram og tala um að aðrir séu rúnir trausti. (Gripið fram í.) Ég held að flokkur sem þrátt fyrir allt hefur aldrei farið niður fyrir 25% svona almennt í skoðanakönnunum á kjörtímabilinu geti bærilega við unað og hafi nú þótt bara ágætlega stór flokkur í gegnum tíðina (**Gripið fram í:** Er þetta ...?) á hinum pólitíska vettvangi.

Ég endurtek, hæstv. forseti, að það er þetta sem skiptir máli og það vita hv. stjórnarsinnar að það er traustið á þingflokki Samfylkingarinnar sem mun ráða úrslitum í vor.

[10:52]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir þá miklu hreinskilni að hafa sjálf áttað sig á því að þjóðin treystir ekki Samfylkingunni. Þetta eru ummæli sem eru sjaldgæf og hreinskilni sem er sjaldgæf í stjórnmálum. Nú er það brennt á enni og brjóst Samfylkingarinnar: Þjóðin treystir þeim ekki. (Gripið fram í.) Þetta var auðvitað eitthvað sem við vissum. Þetta er samsafn fólks undir regnhlíf (**Gripið fram í:** Fékkst þú ekki orðið út á hænsni?) kommanna, (Gripið fram í.) kratanna, Kvennalistans ... (Gripið fram í.) Ég hef sama frelsi í ræðustól og hver annar. (Gripið fram í.) Ég vil þakka þessa hreinskilni. Hún er skýr. (Gripið fram í.) Hún er brennd þeim á brjóst.

Svo sný ég mér að hinum fuglunum sem voru í sjálfu sér miklu dýrmætari í Reykjavík, í Húsdýragarðinum. [Hlátrasköll í þingsal.] Þeir áttu að fá að lifa en þeir urðu að deyja, blessaðir, vegna þess að það fannst í garðinum veira, (**Gripið fram í:** Framsóknarveira.) H5N2 og H5N9, sennilega samfylkingargen. Vírusinn, þessi mikli sjúkdómur, gat verið til staðar og samkvæmt ákvörðun allra sem hér fara með þessi mál varð að farga þessum fuglum og rannsaka þá. Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin hefur gert kröfur til þess. Sem betur fer var ekki vírus til staðar en við skulum hugsa okkur það hvað þetta var mikið öryggisatriði að fella þessa fugla og (**KolH:** Af hverju er ...?) hreinsa garðinn og fá síðan nýja fugla með hækkandi sól í vor. Það verða fuglar sem geta sigrað kosningar þó Samfylkingin geri það ekki, nýir glæsilegir fuglar sem munu skemmta borgarbúum. Ég bið menn að gera ekki grín að þessari niðurstöðu. (Forseti hringir.) Þetta var grafalvarlegt og landbúnaðarráðherra varð að hlíta þessari niðurstöðu heilbrigðisstofnunarinnar og (Gripið fram í.) æðstu vísindamanna hér.

[10:55]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það má eiginlega segja að það hafi verið dálítið gaman að þessum umræðum hér í morgun, annars vegar að hingað skuli koma upp fulltrúi stjórnmálaflokks sem mælist með þetta fjóra til fimm þingmenn í skoðanakönnunum og hafa af því miklar áhyggjur og sýna þingflokki Samfylkingarinnar mikla umhyggju þegar hann lýsti því yfir að hugsanlega kynni þjóðin ekki að treysta þingflokknum. En hann hafði ekki orð á því að þjóðin er náttúrlega gersamlega búin að gefast upp á Framsókn. Hann nefndi það ekki einu orði.

Þá hafði ég ekki síður gaman af því að heyra hina umræðuna sem hér fór fram um að landbúnaðarráðherra hefði nánast lagt til að farga fuglum í Húsdýragarðinum. Mér finnst þessi umræða í morgun vera að mörgu leyti skemmtileg. Hins vegar er hún kannski að mörgu leyti athyglisverð í því ljósi að nú er langt liðið á þingið og hér er mikið að gera. Það þarf að fjalla hér um mörg mikilvæg mál. En þetta er talið það mikilvægasta núna á þessum morgni. (**Gripið fram í:** Það sýnir styrk Samfylkingarinnar.) Það sýnir augljóslega styrk Samfylkingarinnar. En það sem í reynd er kannski ástæða fyrir því að þessi umræða er vakin er að Samfylkingin var að skoða sín innri mál og velta fyrir sér meðal annars því (Gripið fram í.) að hún mælist um þessar mundir með 25% fylgi. En við viljum auka það fylgi. Þetta þýðir þá væntanlega að 75% þjóðarinnar hafa

ekki í augnablikinu hug á því að styðja við flokkinn og um það snýst vitaskuld þessi umræða því ef það á að fella (Gripið fram í.) þessa ríkisstjórn þá er alveg ljóst að Samfylkingin verður að gera það. Þannig liggur þessi staða (Gripið fram í.) og það er eðlilegt að formaður flokksins sýni hreinskilni með því að lýsa yfir áhyggjum af þessari stöðu. Þetta (Forseti hringir.) ættu kannski miklu fleiri að gera. Það er svolítið gaman að þessari umræðu, virðulegi forseti, í ljósi þess að fyrir nokkrum dögum kom formaður Framsóknarflokksins hér í pontu og (Forseti hringir.) sagði að það sem þeir ræddu sem sín innri mál ætti ekki erindi hér á þingið. En hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hafði ekki fyrir því að fara eftir fyrirmælum formannsins.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 529–530. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 5. og 6. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

### *Fjárlög 2007, 3. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 459, frhnál. 512 og 528, brtt. 513, 514, 515, 521, 523, 527, 529, 530 og 533.

[10:59]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti frá meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007. Nefndin hefur haldið áfram umfjöllun sinni um frumvarpið frá því að 2. umr. fór fram 23. nóvember sl. Meiri hluti nefndarinnar gerir nokkrar breytingartillögur við frumvarpið sem nema alls 96 millj. kr. til lækkunar útgjalda.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara hér yfir allar þær breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu um en ætla að stikla á þeim stærstu hvað það varðar.

Í fyrsta lagi er vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna lögð til 139 millj. kr. lækkun fjárveitingar sem er vegna þess að umsóknum um námslán hefur ekki fjölgað eins mikið og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarpsins, auk þess sem gengisþróun hefur verið hagstæðari. Sama breyting er lögð til á útgjöldum og í ríkisframlagi í C-hluta.

Í öðru lagi er lagt til að framlag til flugverndar verði lækkað um 60 millj. kr. sem skýrist af minni kostnaði við flugvernd vegna farþega frá þriðja ríki. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir tæplega 160 millj. kr. hækkun til verkefnisins en nú er ljóst að kostnaðurinn verður talsvert minni. Sama breyting er lögð til á útgjöldum og ríkisframlagi í B-hluta.

Hvað útgjaldahliðina varðar er gerð tillaga um 12,6 millj. kr. tímabundna hækkun á liðnum fyrirhleðslur. Þar af er gert ráð fyrir 12 millj. kr. framlagi vegna neyðarástands sem skapast hefur við Jökulsá á Fjöllum í Kelduhverfi vegna klakastíflna í ánni. Hefur áin hlaupið úr farvegi sínum í Skjálftavatn og var mikil hætta á að hún ryddi sér leið í Litluá sem hefði haft í för með sér mikið landbrot og ómældan skaða á lífríki árinnar. Talið er nauðsynlegt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur. Þeir sem til þekkja eru trúlega sammála um brýna nauðsyn þess að þarna verði gripið inn í og veittir fjármunir til þess að verja Skjálftavatnið og það lífríki sem þar er auk þess sem byggðinni í Kelduhverfi væri mikil hætta búin ef allt færi nú á versta veg í því máli sem þarna um ræðir og áin ryddist inn í vatnið. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða.

Í fjórða og síðasta lagi er lögð til 45 millj. kr. fjárheimild til að standa straum af útgjöldum vegna umferðaröryggisáætlunar. Í nýlegum breytingum á umferðarlögum hækkar umferðaröryggisgjald úr 200 kr. í 400 kr. Áætlað er að hækkun gjaldsins skili 45 millj. kr. í auknar tekjur á næsta ári. Áformað er að ráðstafa tekjunum til umferðaröryggismála og gæðamats á vegum.

Það eru að sjálfsögðu nokkrar fleiri tillögur frá meiri hluta nefndarinnar en ég ætla tímans vegna ekki að fara í þær allar, heldur vísa ég til breytingartillagna frá meiri hluta nefndarinnar sem hefur verið dreift á sérstöku þingskjali.

Hæstv. forseti. Almennt um fjárlögin og fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Eins og komið hefur fram í umræðum um fjáraukalög fyrir árið 2006 og fjárlög ársins 2007 er staða ríkissjóðs mjög sterk. Ef við horfum til ársins 2005 skilaði ríkissjóður yfir 100 milljarða kr. afgangi og ef við horfum til fjáraukalaga ársins 2006, þessa árs, er gert ráð fyrir um 45 milljarða kr. afgangi. Samkvæmt því frumvarpi sem við ræðum hér er gert ráð fyrir ríflega 9 milljarða kr. afgangi á næsta ári. Þessi sterka staða veldur því að ríkissjóður hefur getað greitt niður skuldir sínar að allverulegu leyti þannig að nettóskuldastaða ríkisins er nær engin. Ef við förum aftur til ársins 1998 greiddi ríkissjóður vaxtagjöld sem samsvöruðu öllum útgjöldum til menntamála. Við vörðum sömu fjármunum í allt menntakerfi landsins og við greiddum í vaxtagjöld. Hér er um gríðarlegan viðsnúning að ræða og þar af leiðandi er hægt að verja miklu meiri fjármunum til velferðarkerfisins í framtíðinni vegna þess að skuldir og skuldastaða ríkissjóðs er með þeim hætti sem raun ber vitni. Fyrir utan það blasti árið 1995 við mjög alvarleg staða hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Frá árinu 1995 er búið að setja yfir 100 milljarða kr. inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það blasti við mikill greiðsluvandi hjá lífeyrissjóðnum sem hefði getað leitt til þess að hann hefði orðið nánast gjaldþrota. Það hefur verið stefnumið þessarar ríkisstjórnar að efla lífeyrissjóðakerfið í landinu og sérstaklega Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það er mjög mikið hagsmunamál fyrir lífeyrisþega í landinu að við stöndum vörð um þennan styrka lífeyrissjóð. Reyndar, hæstv. forseti, er lífeyrissjóðakerfi Íslands með því sterkasta sem um getur í Evrópu og öðrum löndum sem við berum okkur saman við og það skiptir miklu máli að við stöndum vörð um þetta mikilvæga kerfi sem á að vera lífeyrisþegum á efri árum til halds og trausts í þeirri lífsbaráttu sem það fólk á í hverju sinni.

Hæstv. forseti. Ef ég dreg saman í örstuttu máli þær

breytingar sem við leggjum til í þessu frumvarpi og þær útlínur sem fjárlög ársins 2007 marka er verið að skila ríkissjóði með 9 milljarða kr. afgangi. Þannig getum við haldið áfram að greiða niður skuldirnar og eins og ég sagði áðan eru þær nær engar orðnar í dag. Jafnframt er miklum fjármunum varið til mennta-, heilbrigðis- og velferðarmála og líka til þess að bæta kaupmátt heimilanna og stöðu fjölskyldnanna. Ætla ég að fara í örfáum orðum yfir það.

Í því frumvarpi sem við ræðum hér er gert ráð fyrir að barnabætur muni á næsta ári hækka um 25% á milli áranna 2006 og 2007. Þó var gefið heilmikið í hvað barnabæturnar varðaði á milli áranna 2005 og 2006 þannig að á næsta ári verða það 8,5 milljarðar sem fara til barnabótakerfisins samanborið við 5,5 milljarða á árinu 2005. Á milli áranna 2005 og 2007 eru hækkuð framlög í barnabótakerfið úr um 5,5 milljörðum upp í 8,5 milljarða. Þetta er í samræmi við það sem m.a. við framsóknarmenn lofuðum fyrir síðustu kosningar, þ.e. að stórauka framlög til barnabótakerfisins, og veitti ekki af. Þær breytingar sem við erum að gera núna á barnabótakerfinu ganga í þá átt að nú munu unglingar á aldrinum 16–18 ára njóta þess að fá barnabætur enda er það eðlilegt mál þar sem sjálfræðisaldurinn hefur verið hækkaður úr 16 árum upp í 18. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða, sérstaklega fyrir fjölskyldur sem eru með unglinga á þessu árabili á framfæri sínu. Einnig munu þessar breytingar leiða til þess að tekjulágt fólk og millitekjufólk mun fá hlutfallslega meira af þessum 1,7 milljörðum en aðrir þannig að hér er um tekjujöfnun að ræða í skattkerfinu sem mun sérstaklega skila sér til lágtekjufólks.

Við leggjum líka áherslu á það, stjórnarflokkarnir, að lækka tekjuskattsprósentuna. Hún mun lækka um 1% á næsta ári og við skulum hafa það í huga í þessari umræðu að stjórnarandstaðan öll hefur lagst gegn því að tekjuskattur á einstaklinga yrði lækkaður um þetta 1%. Hvað sögðum við fyrir síðustu kosningar? Hvað sögðum við við námsmenn og fólk sem var nýkomið úr námi, fólk með gríðarlega framfærslubyrði? Reyndar var það með sómasamleg laun, góð laun, en við getum ekki horft til launanna einna og það veit fólkið sem streðar í þessum málum. Það er mikil framfærslubyrði, fólk er að kaupa sér húsnæði í fyrsta skipti, eignast börn og koma sér áfram í lífinu. Þetta fólk hefur ekki fengið, í ljósi þess að það hefur haft háar tekjur, miklar barnabætur og ekki miklar vaxtabætur heldur. Þá spurðum við: Hvernig á að bregðast við þessum vanda hálaunafólks? Þetta fólk lendir sem sagt í þessum jaðaráhrifum í skattkerfinu og það er ekki hægt að bregðast við gagnvart þessum hópi nema með því að lækka tekjuskattinn. Við lofuðum því fyrir síðustu kosningar, báðir ríkisstjórnarflokkarnir, að tekjuskattsprósentan á hinn vinnandi mann yrði lækkuð.

Síðan kemur hv. stjórnarandstaða og andæfir þessari stefnu ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnarflokkarnir og þingmenn þeirra voru kjörnir á þing með þetta veganesti. Meiri hluti þjóðarinnar (Gripið fram í.) hefur verið sammála um að það eigi að lækka tekjuskattsprósentuna jafnframt því sem við bætum tekjur lífeyrisþega og barnafjölskyldna með lág laun.

Síðast en ekki síst gerum við ráð fyrir því að frá og með næstu áramótum verði skattleysismörk hækkuð upp í 90 þús. kr. Það er mikið hagsmunamál fyrir eldri borgara þessa lands, láglaunafólk og aðra lífeyrisþega. Þetta var gert í kjölfar samkomulags við aðila á vinnumarkaðnum til að tryggja stöðugleika þar og við höfum náð meiri stöðugleika í hagkerfinu eftir að það samkomulag var gert. Þetta mun leiða til þess að skattleysismörk fara úr rúmum 78 þús. kr. upp í 90 þús. og hækka þar af leiðandi um 14% á milli ára. Trúlega megum við gera betur í þessum efnum og það er ákveðin framtíðarmúsík en við stígum hér stór skref á milli áranna 2006 og 2007 til að bæta stöðu lífeyrisþega og eldri borgara.

Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að lækka virðisaukaskatt af matvælum þann 1. mars nk. sem mun leiða til þess að verðbólga á næsta ári verður mun minni en upphaflegar forsendur fjárlagafrumvarpsins, þegar það var lagt fram, gerðu ráð fyrir þannig að kaupmáttur almennings eykst við þetta og matarverð í landinu lækkar. Það er búið að vera svo merkilegt hér á þessu kjörtímabili að hv. stjórnarandstæðingar hafa komið hér upp trekk í trekk og sagt að Framsóknarflokkurinn væri sérstaklega á móti því að lækka matarskattinn. Það heyrist ekki hátt í hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar í dag þegar þessar tillögur um lækkun matvælaverðsins hafa verið lagðar fram sem er mikið hagsmunamál fyrir íbúa landsins, heimilin í landinu.

Við framsóknarmenn höfum jafnframt sagt að við förum ekki í blindar skattalækkanir á kostnað velferðarkerfisins. Það hefur verið útgangspunktur okkar framsóknarmanna í þeirri umræðu að ef við ætlum að ráðast í skattalækkanir megi það ekki bitna á heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfinu. Í ljósi sterkrar stöðu ríkissjóðs er svigrúm til þess að lækka matarskattinn, virðisaukaskatt af matvælum og nokkrum öðrum vöruflokkum, úr 14% niður í 7%.

Hæstv. forseti. Annað það sem er mikið rætt í þessari umræðu um fjárlög og hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar staglast á er að hér hafi sérstök hægri stjórn verið við lýði á undanförnum árum. Hvernig vilja menn nú skilgreina hægri og vinstri? Menn gera það trúlega með mismunandi hætti en eigum við ekki að segja að ef við drægjum úr ríkisútgjöldum og hefðum það að stefnumiði að draga úr ríkisútgjöldum, framlögum til heilbrigðis-, mennta- og velferðarmála, gætum við talað um hægri stjórn? En hver er staðreynd mála hér? Frá árinu 1998 til ársins 2006 höfum við hækkað útgjöld til heilbrigðismála um 49% að raungildi, um 27,5 milljarða að raungildi, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Er hér um hægri stjórn að ræða? Hér er ekki um neina hægri stefnu að ræða þegar framlög til heilbrigðismála eru stóraukin.

Á sama árabili, frá árinu 1998 til 2006, eru aukin útgjöld til almannatrygginga, til lífeyrisþega, um 45%, (Gripið fram í.) um 23 milljarða að raungildi. Er hér um hægri stefnu að ræða? (**Gripið fram í:** Nei, framsóknarstefnu.) Ég segi nei. Við höfum viljað standa vörð um starfsemi undirstöðustofnana í þessu þjóðfélagi og þess vegna hefur núverandi ríkisstjórn stóraukið útgjöld til þessara mikilvægu málaflokka. Þegar við horfum til ársins 2007 er þar ekki um neina stefnubreytingu að ræða. Framlög til öldrunar-, heilbrigðis-, mennta- og félagsmála eru stóraukin. Meðal annars eru settar 900 millj. aukalega í fjáraukalögum ársins 2006 til öldrunarstofnana í landinu til að gera þeim bet-

ur kleift að standa undir rekstri ársins 2007. Margar af þessum stofnunum voru í miklum greiðsluvanda og það var því mikilvægt að leiðrétta stöðu þessara stofnana fyrir árið 2007. Það hefur verið gert. Einnig hafa verið settar 1 þús. millj. aukalega til þess að koma til móts við vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss á þessu ári og enn fremur var 120 millj. varið í að koma til móts við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á þessu ári.

Á þessu ári er verið að setja um 2 milljarða sérstaklega í öldrunarheimilin, Landspítalann og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Jafnframt er á næsta ári gert ráð fyrir því að framlög til starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss verði aukin um milljarð og til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um 100 millj., til Háskólans á Akureyri hátt í 80 millj., til Háskóla Íslands um 300 millj. (Gripið fram í.) Síðan segja hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að hér sé einhver hægri stjórn við völd þegar ríkisstjórnin vill standa vörð um og efla þær stofnanir sem ég hef talið hér upp.

Reyndar hefur stjórnarandstaðan ekki komið með neinar tillögur um það hvað eigi að gera í menntamálum eða heilbrigðismálum með tilliti til útgjalda. Stjórnarandstaðan hlýtur að vera svona ánægð með núverandi meiri hluta, núverandi meiri hluti leggur mikið í heilbrigðisstofnanir og menntastofnanir en stjórnarandstaðan situr hjá í tillögum sínum. Hún hefur ekki döngun í sér til þess að styðja þær góðu tillögur sem stjórnarmeirihlutinn á Alþingi leggur fram til að standa vörð um þessar undirstöðuþjónustugreinar í samfélagi okkar. Stjórnarandstaðan skilar auðu við þessa umræðu, hæstv. forseti.

Reyndar hefur stjórnarandstaðan komið sér saman um eina tillögu sem er meiri framlög til lífeyrisþega í landinu. Þær hugmyndir eru góðra gjalda verðar. Hins vegar hefur ríkisstjórnin bætt kjör lífeyrisþega. Eins og ég sagði áðan má alltaf gera betur í þeim efnum en það er búið að stórhækka skattleysismörkin, frítekjumark eldri borgara verður 300 þús. og gildistöku þess er flýtt. Það átti ekki að taka gildi fyrr en árin 2008 og 2009. Við munum svo halda áfram á þessari vegferð en við þurfum að setja okkur ákveðinn ramma og ég hef trú á því að með því að reka ríkissjóð eins og við höfum gert á umliðnum árum getum við haldið áfram að bæta kjör lífeyrisþega í landinu. Það er stefnumið ríkisstjórnarinnar.

Kjör lífeyrisþega hafa ekki verið skert eins og margir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa haldið fram. Þau hafa ekki verið skert. Það hafa allir notið kaupmáttaraukningar í samfélaginu og nú hefur það hentað stjórnarandstöðunni að ræða um árið 2006 en ekki árið 2007 þegar talað er um skattstefnu ríkisstjórnarinnar. Staðreyndin er sú að frá og með næstu áramótum, eins og ég hef sagt, munu skattleysismörk stórhækka, barnabætur munu hækka um 1,7 milljarða sem mun skila sér sérstaklega til lágtekju- og millitekjufólks. Stjórnarandstaðan sér sér því miður engan hag í því að halda því til haga að það er komið til móts við þá sem minna mega sín. Auðvitað getum við alltaf gert betur eins og ég hef áður sagt en þetta er stefna ríkisstjórnarinnar og við munum halda áfram á þeirri vegferð.

Hæstv. forseti. Að lokum bendi ég á þá ánægjulegu staðreynd að kaupmáttur íslenskra heimila á árinu 2006 jókst mun meira en forsendur fjárlagaársins 2006 gerðu ráð fyrir. Nú er gert ráð fyrir því að kaupmáttur heimilanna í landinu muni aukast um 5,7% á þessu ári og þá er búið að taka tillit til hækkunar á verðlagi og öllu. Þetta er nettókaupmáttaraukning heimilanna upp á 5,7%. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að kaupmáttur heimilanna í landinu aukist um rúm 5% á næsta ári og í langtímaspá er gert ráð fyrir að kaupmáttur heimilanna aukist um rúm 2% á árinu 2008. Þetta er til viðbótar þeim árangri sem við höfum náð sem þjóð að auka kaupmátt alls almennings. Kaupmáttur hefur aukist um 50–60% frá árinu 1995. Það er engin þjóð sem getur státað af viðlíka árangri.

Ofan á það, eins og ég rakti áðan, gerum við ráð fyrir því að kaupmáttur haldi áfram að aukast á árunum 2007 og 2008. Hæstv. forseti. Útlínur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007 eru skýrar. Við erum að koma til móts við lágtekju- og millitekjufólk, allan almenning, það er verið að lækka álögur á heimilin í landinu, það er verið að lækka skatta. Við erum að setja meira í heilbrigðis-, mennta- og félagsmál og við erum líka búin að gera ríkissjóð nær skuldlausan nettó þannig að við fáum jafnvel vaxtatekjur en greiðum ekki vaxtagjöld og ég minni á það sem ég nefndi áðan um að vaxtagjöld ríkissjóðs samsvöruðu árið 1998 því sem við vörðum til alls menntakerfisins.

Hæstv. forseti. Ég er mjög ánægður með það frumvarp sem við vonandi munum afgreiða hér við þessa 3. umr. Von mín stendur til þess að við getum haldið áfram að bæta kjör allra í samfélaginu og standa vörð um öflugar heilbrigðis-, mennta- og velferðarstofnanir. Ég tel að þessu öllu sögðu að við séum á réttri leið sem þjóðfélag. Við tökum stórstígum framförum og lífsgæði Íslendinga almennt eru meðal þess allra besta sem gerist i Evrópu.

[11:21]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við hv. þm. Birki Jón Jónsson vil ég segja: Auðvitað eru þessi fjárlög ekki alslæm en það er saga til næsta bæjar að Sjálfstæðisflokkurinn skuli sætta sig við að sitja í þessari voðalegu vinstri stjórn sem hv. þingmaður lýsti í ræðu sinni.

Þó svo að lífskjör almennings séu, af þeim meðaltölum sem hv. þingmaður vitnar ævinlega til, ekki að versna þá vita menn að ríkisstjórnin hefur enga stjórn á þenslunni, enga stjórn á viðskiptahallanum sem að stórum hluta stafar af stóriðjuframkvæmdunum. Við vitum öll hvernig gengið hefur sveiflast og óstöðugleikinn hefur magnast í samfélaginu. Við þekkjum misskiptinguna sem eykst stöðugt, við vitum að lífeyrisþegum fjölgar ár frá ári sem þurfa ár eftir ár að skrapa saman af ráðstöfunartekjum sínum, sem ekki eru nú of miklar, til að endurgreiða Tryggingastofnun svokallaðan ofgreiddan lífeyri. Auðvitað er hv. þingmaður ekki í góðu sambandi við þjóðina eða lífið í landinu þegar hann getur belgt sig eins og hann gerir í ræðustóli.

Spurning mín til hv. þingmanns er einföld. Hún varðar lækkunina á framlaginu til lánasjóðsins um 139 millj. Mig langar til að vita meira um það hvernig þessi lækkun er til komin en hv. þingmaður sagði í ræðu sinni. Við horfumst í augu við það að háskólastúdentum fjölgar gríðarlega. Ég vil fá að vita hvort þessi lækkun kemur á einhvern hátt til með að bitna á háskólastúdentum. Er þetta gert með vitund og

vilja háskólastúdentanna og samtaka þeirra eða liggur hér fiskur undir steini? Ég hefði talið að hér hefði þurft að koma sterkari yfirlýsing frá hv. þingmanni um þessi mál.

Einnig vil ég fá að vita, í tengslum við háskólaumræðuna og umræðuna um fjárframlög til háskólans, hvar samningar við Háskóla Íslands eru staddir. Við vitum að 300 millj. kr. eru settar ofan á fjárveitingu til Háskóla Íslands í þessum fjárlögum en við vitum ekki út frá hvaða samningum er gengið eða út frá hvaða forsendum er gengið í þeirri fjárveitingu, hvort þar er bara um eitthvert slump að ræða. Hvar standa þessir samningar?

[11:23]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þær breytingar sem við erum að gera hér gagnvart lækkun á fjárveitingum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna munu ekki hafa nein áhrif á kjör námsmanna. Hér er einfaldlega um það að ræða að umsóknum um námslán hefur ekki fjölgað eins mikið og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Hér er því um leiðréttingu að ræða en ekki stefnubreytingu hvað það varðar.

Hins vegar benti hv. þingmaður á að núverandi ríkisstjórn hefði engin tök á stöðugleikanum og að það væri mikill óstöðugleiki. Það var gert samkomulag við aðila vinnumarkaðarins á sumarmánuðum og ríkisstjórnin tók þátt í því. Stjórnarandstaðan andmælti mörgum þeirra óvinsælu aðgerða sem ríkisstjórnin fór í á þeim tíma. Nú eru þær aðgerðir að skila árangri. Öll merki eru um að verðbólga sé á niðurleið og það er ekki spáð hárri verðbólgu á næsta ári eins og hv. þingmanni er fullkunnugt um. Við erum að ná tökum á stöðugleikanum en við höfum þurft að taka ýmsar erfiðar ákvarðanir hvað það varðar. Eins og ég benti hv. þingmanni á skiptir það miklu máli fyrir heimilin í landinu að verðbólga sé ekki há. Og eins og ég sagði áðan er því spáð að kaupmáttur heimilanna í landinu muni aukast um rúm 5% á næsta ári, en að því gefnu að við stöndum vörð um stöðugleikann og missum ekki tök á verðbólgunni. Allar spár gera ráð fyrir að verðbólgan fari lækkandi og hún verði mun lægri á næsta ári en hún hefur verið á þessu ári og það skiptir máli fyrir íslenskan almenning.

[11:25]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður segist vera að ná tökum á stöðugleikanum. Ég held að það væri miklu nær fyrir hv. þingmann að reyna að ná tökum á óstöðugleikanum. Við erum ekki með neitt fast í hendi þó að spár greiningardeildar bankanna séu með þeim hætti sem þær eru núna. Auðvitað er það vilji okkar allra að hér ríki stöðugleiki en þá verður líka að stjórna efnahagsmálum á þann hátt að honum sé ekki stöðugt stefnt í voða. Stóriðjuvæntingar, sem áframhaldandi vofa yfir, ógna stöðugleikanum og þær stóriðjuvæntingar eru að hluta til vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum hingað til og sömuleiðis er hinn gríðarlegi viðskiptahalli sem við er að glíma að stórum hluta þessari stefnu ríkisstjórnarinnar að kenna.

Mér þykir ánægjulegt og gott að fá að heyra það frá hv. þingmanni að ekki sé verið að skerða á nokkurn hátt kjör námsmanna þó að lækkun til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sé upp á 139 millj. Ég tek það gott og gilt og vona að það verði staðfest af samtökum námsmanna að þau séu sammála þeirri yfirlýsingu.

Hvað varðar samninga við Háskóla Íslands, þá held ég að það væri eftirsóknarvert við þessa umræðu að fá að vita frá hv. þingmanni, formanni fjárlaganefndar, hvernig þessar 300 millj. eru hugsaðar, hvort einhverjar forsendur séu að baki þeim eða hvort þær eru bara eitthvert friðþægingarslump sem fjárlaganefnd hefur ákveðið að setja til Háskóla Íslands til að lækka þær raddir sem hafa auðvitað verið háværar, að Háskóla Íslands sé mismunað í hinni miklu menntasókn þar sem þessi ríkisstjórn hefur dregið taum einkaskólanna umfram þjóðskólann Háskóla Íslands. Það er mikilvægt að við fáum það fram við þessa umræðu, enda höfum við þingmenn allra stjórnmálaflokka nýverið rætt við háskólamenn, á fullveldisdaginn 1. desember, um vilja okkar og hug til Háskóla Íslands.

[11:27]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þær 300 millj. sem gert er ráð fyrir að fari í sérstakan samning við Háskóla Íslands til að efla hann og styrkja munu vafalaust nýtast vel. Nú er það svo að það eru samningar og viðræður í gangi á milli trúlega ráðuneytisins og yfirvalda í Háskóla Íslands og verið er að móta þennan samning. Ég hef ekki tekið þátt í þeirri vinnu þannig að ég get því miður ekki upplýst hv. þingmann hvernig sá samningur verði upp byggður.

Það er athyglisvert þegar maður hlustar á ræður Vinstri grænna hvað þeir hafa miklar áhyggjur af viðskiptahallanum. Á þessu ári verður viðskiptahallinn um 19–20% af landsframleiðslu. Á næsta ári er gert ráð fyrir að hann verði rúm 11% af landsframleiðslu í forsendum fjárlagafrumvarps ársins 2007. Það helgast m.a. af því að innflutningur er að minnka og útflutningur að aukast. Starfsemi álversins á Reyðarfirði verður að nokkru leyti komin af stað á næsta ári og þar af leiðandi mun viðskiptahallinn minnka. Árið 2008 er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði um 4% vegna þess að þá verður álverið á Reyðarfirði tekið til starfa af fullum þunga og álverið á Grundartanga með stækkuninni þar. En hv. þingmönnum Vinstri grænna finnst engin ástæða til að benda á hvað þessi iðnaður mun skila þjóðarbúinu í framtíðinni og öll þau störf sem verða til, t.d. á Austurlandi og á Grundartanga, auk hinna miklu útflutningstekna sem munu myndast í kjölfar þessara framkvæmda fyrir íslensku þjóðina. Með þessum framkvæmdum getum við haldið áfram að standa undir okkar öfluga heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfi og það er ætlun okkar, þó að aðrir séu á móti því.

[11:29]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki dettur mér í hug að veita andsvar í venjulegum skilningi þess orðs við jafnágætri ræðu og hv. þm. Birkir Jón Jónsson flutti hér. Það er þó ein spurning sem ég vildi koma á framfæri við hv. formann fjárlaganefndar, því að við afgreiddum út úr fjárlaganefnd í

gærmorgun frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár en eftir hádegið tókum við til umræðu stjórnarfrumvarp sem lýtur að verðlagningu matvöru og opinberum álögum á hana. Við umræðuna kom fram að ekki væri gert ráð fyrir þeim tollalækkunum á matvöru sem gert er ráð fyrir í því frumvarpi, í fjárlagafrumvarpinu sem við erum nú með undir. Mér finnst því nauðsynlegt að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvort hér sé í fyrsta lagi rétt með farið, í öðru lagi hvers vegna ekki sé gert ráð fyrir því í frumvarpinu og hvort einhver ágreiningur sé um framkvæmdina, og í þriðja lagi hvort ástæða sé til að taka frumvarpið aftur inn í nefndina til að ráða bót á þessu svo frumvarpið megi vera sem réttast.

[11:31]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina. Það eru ákveðnar viðræður í gangi milli aðila eftir því sem við komumst næst í starfi okkar í hv. fjárlaganefnd, meðal annars um þessi tollamál. Þau mál eru í eðlilegum farvegi. Ég tel ekki ástæðu til þess að taka málið aftur inn í nefndina.

Við höfum mörg önnur dæmi, meðal annars mörg frumvörp til dæmis um skattamál sem hér eru til meðferðar í þinginu og er ekki búið að afgreiða. Þetta er eins og mörg önnur frumvörp sem eru afgreidd á eftir fjárlagafrumvarpinu. Hins vegar er það alveg rétt að ákveðnar forsendur liggja á bak við viðkomandi frumvörp. En eins og ég segi þá hafa slík frumvörp oft verið afgreidd eftir að fjárlagafrumvarpið hefur verið samþykkt og það verður ekkert öðruvísi með þetta mál en önnur.

Það er rétt sem hv. þingmaður benti á að gert var ráð fyrir breytingum í tollamálum og ég vænti þess að við fáum niðurstöðu í þau mál fljótlega. Það er búið að kostnaðarmeta og leggja heildarlínurnar gagnvart þessum pakka og ég efast ekkert um að það muni standast allt í þeirri meðferð sem fram undan er hvað það frumvarp varðar.

[11:32]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. formanni fjárlaganefndar svarið. Mér þykir ekki nóg að svarað sé að það hafi gerst áður að samþykkt hafi verið frumvörp sem breyttu forsendum fjárlaga eftir að fjárlögin höfðu verið afgreidd. Ef það liggur fyrir kostnaðarmat á þessum aðgerðum þá finnst mér illt að skilja hvers vegna ekki sé rétt að gera ráð fyrir þeim í fjárlögum.

Ég hlýt að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvort hann telji það vera vinnubrögð eins og þau eigi að vera í ríkisfjármálum og meðferð þeirra að fá inn með afbrigðum á síðustu dögum þingsins stór mál um tekjur sem ekki tekst að gera ráð fyrir í fjárlögum fyrir næsta ár og hvort hann sem formaður fjárlaganefndar þingsins verði ekki að gera meiri kröfur um verkhætti og það að vandað sé til í þeim málatilbúnaði sem við fáum hingað í þingið frá framkvæmdarvaldinu.

[11:33]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Birkir J. Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða frumvarp sem gerir það að verkum að virðisaukaskattur af matvælum verði lækkaður. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, þjóðþrifamál. Auðvitað getum við verið sammála um að mál sem slík megi koma fyrr inn í þingið. En í ljósi þess að hér er um mikilvægt mál að ræða þá samþykktum við afbrigði og þess má geta að Samfylkingin stóð með stjórnarflokkunum í því máli enda teljum við að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða þó aðrir stjórnarandstöðuflokkar hafi setið hjá í þeirri afgreiðslu.

En auðvitað er það alltaf baráttumál okkar þingmanna að við fáum frumvörp fyrr inn. Ég held að okkur fari nú fram í þeim efnum. Okkur hefur farið fram í fjárlagagerðinni. Ég tel því að við séum á réttri leið þó sumum þyki að nokkuð gangi hægt í þeim efnum. En hver og einn metur það fyrir sig.

[11:35]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar):**

Virðulegur forseti. Dreift hefur verið á fundinum framhaldsnefndaráliti frá minni hluta fjárlaganefndar. Auk mín skipa hann þingmennirnir úr Samfylkingu Einar Már Sigurðarson og Katrín Júlíusdóttir, Guðjón Arnar Kristjánsson frá Frjálslynda flokknum og Jón Bjarnason úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, síðast en ekki síst.

Ég vil þakka hv. formanni fjárlaganefndar fyrir greinargerð hans um störf meiri hlutans og sömuleiðis fyrir samstarfið í fjárlaganefndinni á þessu hausti. Það hefur um margt verið ágætt og ástæða er til að þakka formanninum fyrir það og meiri hlutanum sömuleiðis, enda mikilvægt að í nefndinni sé gott samstarf.

Ég held þó að full ástæða sé til að gera starfshætti nefndarinnar að nokkru umfjöllunarefni í þessari umræðu enda er löngu tímabært að á þeim úr sér gengnu og úreltu vinnubrögðum sem þar eru uppi verði tekið og nýir starfshættir innleiddir við vinnu í fjárlögunum í þinginu. Ég trúi því svo sem að um það hljóti að takast þverpólitísk samstaða enda hafa menn lýst vilja til þess úr mörgum flokkum um margra ára skeið. En því miður hefur lítið orðið úr efndum.

Það fjárlagafrumvarp fyrir árið 2007 sem hér liggur fyrir er í sjálfu sér bara endapunkturinn á stefnu ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í ríkisfjármálum um tólf ára skeið sem hefur einkennst í fyrsta lagi af misskiptingu, aukinni misskiptingu, í öðru lagi af agaleysi í framkvæmd ríkisfjármála og verulegum framúrkeyrslum þar og í þriðja lagi af taumlausum og stöðugum vexti útgjalda þannig að engu er líkara en að framkvæmdarvaldið fái ekkert við ráðið á útgjaldahlið ríkisfjármálanna. Á þensluskeiðum eins og þeim sem við höfum verið að fara í gegnum þá finna menn ekki ýkja hart fyrir því. En þegar dregur saman seglin eins og allir vita að nú er fram undan þá súpa menn auðvitað seyðið af því að hafa haldið þannig á ríkisfjármálunum.

Afleiðingin af þessari stjórnarstefnu hefur verið stöðugur óstöðugleiki. Alla fjármálaráðherratíð hæstv. fjármálaráðherra, Árna Mathiesens, hefur verðbólgan í landinu ver-

ið yfir viðmiðunarmörkum í hverjum einasta mánuði frá því að hæstv. ráðherra tók við. Þann verðbólguskatt hefur ríkisstjórnin með aðgerðum sínum og eftir atvikum athafnaleysi lagt á launafólk í landinu ofan á þá miklu þyngingu skattbyrði meðaltekjufólks og lágtekjufólks sem við höfum fylgst hér með á umliðnum árum. Í ár er skattbyrðin og ríkisútgjöldin bæði orðin meiri en þau hafa nokkru sinni verið fyrr, hvort sem litið er til krónutölunnar eða til hlutfalls af landsframleiðslu sem þó hefur aldrei verið meiri en einmitt nú. Það hlutfall sem allan síðasta áratug fór nær aldrei yfir 30%, er nú vel yfir 30% bæði hvað varðar ríkisútgjöldin á næsta ári, 30,4% hygg ég, og hvað varðar tekjur ríkissjóðs eða skattana sem lagðir eru á landsmenn, en þeir voru nærfellt þriðjungur landsframleiðslunnar á síðastliðnu ári.

Þær breytingar sem hér eru til umfjöllunar við 3. umr. eru út af fyrir sig ekki verulegar. Frumvarpið sem hér liggur fyrir var í sjálfu sér rætt í þaula við 2. umr. Breytingartillögur þær sem hér liggja fyrir eru flestar hverjar smávægilegar. En þó gætu nokkrar breytingartillögur stjórnarandstöðunnar miklu máli skipt hlytu þær framgang.

Breytingartillögur meiri hlutans lúta að því að lækka um 96 millj. kr. sem einkum stafar af því að ekki er sama eftirspurn eftir lánum úr Lánasjóði íslenskra námsmanna og gert hafði verið ráð fyrir og hefur það þegar komið fram hér í umræðunni í svörum og andsvörum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og hv. þm. Birkis J. Jónssonar. Í sjálfu sér er ekki efnislegt tilefni til að fjalla mikið um tillögur meiri hlutans hér.

Núverandi minni hluti leggur hins vegar til nokkrar breytingar á frumvarpinu, fyrst og fremst auðvitað táknrænar, því þær sýna fyrst og fremst áherslur minni hlutans í aðalatriðum. Þær lúta í fyrsta lagi — og þar er um að ræða tillögur sem fluttar voru við 2. umr. — að hertu skatteftirliti. En það hefur því miður verið svo hér í umfjöllun um fjárlög og skattamál að þó að fyrir liggi ítarlegar skýrslur æðstu yfirmanna skattamála í landinu um að trúlega verði ríkissjóður af um eða yfir 30 milljörðum kr. á hverju ári vegna skattsvika þá hefur gengið illa að efla skatteftirlitið. Þó sýna okkur tölur, reynslutölur frá nágrannalöndum okkar allt í kring, að hverja krónu sem menn leggja til þess verks að efla skatteftirlitið megi þeir vænta að fá tífalda eða jafnvel tólffalda til baka. Það er sannarlega góð fjárfesting fyrir ríkissjóð, fyrir nú utan mikilvægi þess að reyna að halda uppi röð og reglu í framkvæmd skattheimtu í landinu, að leggja fjármuni í að bæta skattskilin í landinu þannig að þar séu ekki jafnmargir sem fara ekki að reglum eða skila ekki því sem skila ber.

Einkanlega snúa þó tillögur minni hlutans að tveimur útgjaldaþáttum. Annar snýr að lífeyrisþegum, bæði örorku- og ellilífeyrisþegum, og er í sjálfu sér endurfluttur frá því við 2. umr. Þá lagði minni hlutinn til að elli- og örorkulífeyrisþegum yrði gert kleift að hafa 75 þús. kr. í atvinnutekjur án þess að það leiddi til skerðingar á lífeyrisgreiðslum til þeirra, þ.e. mánaðarlega, 900 þús. kr. á ári.

Nú er kunnara en frá þurfi að segja að þessum hópum er skorinn mjög þröngur stakkur í framfærslu. Liðlega 100 þús. kr. á mánuði eru þessum hópi iðulega ætlaðar til framfærslu sinnar. Því miður hefur hann verið bundinn þannig í viðjar tekjutenginga og skatta að hann hefur jafnvel tapað nær öllum atvinnutekjum sínum, ef hann hefur einhverjar haft, annars vegar skatta og hins vegar í skerðingar á bótum og önnur jaðaráhrif.

Ég held að allir sem fjalla um þjóðfélagsmál á Íslandi, og þá með að minnsta kosti örfáum undantekningum ef einhverjar eru, játi að þetta sé ekki skynsamlegt fyrirkomulag og að á þessu fyrirkomulagi sé enginn að hagnast því hér er auðvitað fyrst um að ræða miðstýrða, skipulagða fátækt sem fólki virðist engin leið að brjótast út úr vegna þess að reyni það að sér farborða eða að auka tekjur sínar með einhverjum hætti þá er það meira og minna allt tekið af þeim aftur. Það letur fólk auðvitað til sjálfsbjargarviðleitni og á endanum er vandséð að nokkur hafi hag af þessum hörðu skerðingum á tekjum bæði elli- og örorkulífeyrisþega. Þegar við nú vitum hversu þeir hafa mátt dragast aftur úr í kjörum á þessu tólf ára valdatímabili (Gripið fram í.) Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, vinstri stjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, eins og hv. formaður fjárlaganefndar kallaði stjórnina hér áðan, hygg ég, eða vildi að hún væri, þá er alveg ljóst að ekki er vanþörf á aðgerðum til að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega.

Í ljósi þess að landsfundur Sjálfstæðisflokksins sem er stærri stjórnarflokkurinn þó að ráða hafi mátt af ræðu hv. formanns fjárlaganefndar að sá stjórnarflokkur réði ekki miklu um stjórnarstefnuna þá er Sjálfstæðisflokkurinn stærri stjórnarflokkurinn og hann hefur ítrekað ályktað á landsfundum sínum að afnema skuli tekjutengingar með öllu að þessu leyti. Þess vegna var eðlilegt að stjórnarandstaðan vænti þess að hún fengi nokkurn stuðning við þessa tillögu við 2. umr. enda útreiknaður kostnaður við hana út af fyrir sig óverulegur miðað við hina miklu hagsmuni þessa stóra hóps sem eru annars vegar. En nú flytjum við aftur sams konar tillögu um að elli- og örorkulífeyrisþegum verði gert kleift að hafa svolitlar aukatekjur og fyrst Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur tímdu ekki að leyfa elli- og örorkulífeyrisþegum að vinna sér inn 75 þús. kr. á mánuði þá er það tillaga okkar nú að þeir leyfi það að elli- og örorkulífeyrisþegar hafi 70 þús. kr. á mánuði. Það er niðurstaðan að kostnaður við þá aðgerð er rétt um 690 millj. kr., ef ég man rétt, sem verða að teljast ákaflega óverulegir hagsmunir fyrir ríkissjóð miðað við þann stóra fjölda fólks, þá tugi þúsunda sem þetta hagsmunamál snertir og yrði til að létta lífsbaráttuna hjá.

Við hljótum enn að vona, fulltrúar núverandi minni hluta í fjárlaganefnd, að stjórnarliðið sjái að sér eða, eins og tókst með matarskattinn, að fyrir hvatningu stjórnarandstöðunnar takist Sjálfstæðisflokknum að svínbeygja Framsóknarflokkinn í málinu og knýja hann til að láta þetta sjálfsagða framfaramál ná fram að ganga. Það hlýtur að vera Framsóknarflokkurinn sem stendur í veginum fyrir því að létt sé nokkuð tekjutengingum af elli- og örorkulífeyrisþegum því það liggur fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn hefur það að yfirlýstri stefnu sinni, samþykktri á landsfundi eftir landsfund, sem við í núverandi minni hluta flytjum tillögu um. En við höfum auðvitað ágæt dæmi um það úr stjórnarsamstarfinu að þó að Framsóknarflokkurinn hafi lagst af fullum þunga gegn þjóðþrifamálum, eins og því að lækka verð á matvælum, hefur tekist að knýja hann til að hverfa frá þeirri andstöðu sinni og standa að því að slík mál væru

flutt þótt seint sé, en þau koma einmitt fram í þessu frumvarpi.

Hitt sem núverandi minni hluti flytur tillögu um hefðum við líka ætlað að yrði auðsótt mál í þinginu, eins mikið og um það hefur verið fjallað og eins mikið og til að mynda frambjóðendur í prófkjörum allra stjórnmálaflokkanna hafa um það talað á undanförnum vikum. Það lýtur að fjárframlagi til Framkvæmdasjóðs aldraða sem ekki hefur fengið lögboðna tekjustofna sína um margra ára skeið, en framkvæmdasjóðurinn á sem kunnugt er að standa undir uppbyggingu hjúkrunarheimila í landinu og þeirri mikilvægu þjónustu fyrir aldraða á Íslandi. Því hafa allir stjórnmálaflokkar í þinginu, hygg ég, lýst yfir að það sé mikið og brýnt forgangsmál að eyða biðlistum sem eftir hjúkrunarrými eru og eru sannarlega skammarlegir og í raun og veru ótrúlegt að menn hafi setið í 12 ár á valdastóli án þess að hafa unnið á þeim hætishót að heitið geti.

Sömuleiðis höfum við fjallað um það hér að sá aðbúnaður sem er á sumum þessara hjúkrunarheimila eða öldrunarstofnana er óviðunandi. Þannig er gríðarlega stór hópur aldraðra, ég held ég fari rétt með að það hafi verið upp undir eitt þúsund manns, sem deilir herbergi með öðrum. Það hlýtur að teljast, á árinu 2006, algerlega óviðunandi úrræði fyrir fullorðið fólk sem þarf á sólarhringsþjónustu að halda að geta ekki lifað sjálfstæðu lífi í sínu eigin rými heldur þurfi að deila herbergi með öðrum og jafnvel fleiri en einum. Þess vegna mundum við ætla að sú tillaga sem hér er uppi, að leggja 5 milljarða í það að ganga á þessa biðlista og reyna síðan að bæta aðstöðu þeirra sem fyrir eru í þessum hjúkrunarrýmum, hlyti að eiga nokkuð greiðan framgang í þinginu.

Þetta er í stórum atriðum það sem ástæða er til að segja um þær tillögur sem við flytjum sem eru, eins og ég hef áður sagt, táknrænar tillögur um megináherslur okkar í nokkrum málum og ég fagna því að það er núverandi minni hluti sem heild sem stendur að þessum breytingartillögum og því nefndaráliti sem hér hefur verið dreift.

Þær tillögur sem er að finna í fjárlagafrumvarpinu eru því miður gamalkunnar að því leytinu til að það er algerlega fyrirsjáanlegt að þetta fjárlagafrumvarp mun ekki standast. Það er því miður þannig um agaleysið í framkvæmd fjárlaga í okkar annars ágæta landi að frá árinu 2002 hygg ég að frávikin frá fjárlögum og til niðurstöðu séu liðlega 20 þús. milljónir á ári. Það eru því nærfellt 400 millj. í hverri einustu viku sem eru skekkja frá fjárlögunum til þeirra útgjalda sem stofnað er til. Það er auðvitað algerlega óviðunandi framkvæmd á fjárlögum og sömuleiðis að nærfellt helmingur fjárlagaliða fer ítrekað fram yfir þær heimildir sem þeir hafa. Slíkt aga- og aðhaldsleysi leiðir af sér bæði virðingarleysi gagnvart lögunum og sem afleiðingu af því stjórnlítinn vöxt á útgjöldum og þá tíðum í það sem síst skyldi. Auðvitað getur það verið verðugt viðfangsefni að auka t.d. útgjöld til heilbrigðis- og menntamála en við höfum t.d. séð sendiráð utanríkisþjónustunnar ganga fram með þeim hætti í ríkissjóð á undanförnum árum að allir gegnir menn hljóta að fordæma hvernig að því hefur verið staðið. Við höfum kallað eftir að tekið sé á þessu agaleysi af festu.

Það er þess vegna ekkert nema sorglegt að bæði fyrirheit um það að endurskoða starfsaðferðir fjárlaganefndar, sem hafa verið gefin í þessum sal frá því að ég kom hingað inn, ár eftir ár, hafa því miður ekki verið efnd og starfsaðferðir nefndarinnar ekki tekið þeim framförum sem nauðsynlegt er til að veita eftirlit og aðhald með framkvæmd fjárlaganna. Augljóslega er enn af hálfu framkvæmdarvaldsins fyrst og fremst litið á fjárlögin sem einhvers konar áætlunarpappíra sem skipti ekki miklu máli. Að minnsta kosti kom framkvæmdarvaldið enn með frumvarp í gær, að vísu ágætt frumvarp um að lækka virðisaukaskatt á matvælum sem við í Samfylkingunni höfum barist fyrir árum saman, og nú korteri fyrir kosningar treysta stjórnarflokkarnir sér ekki til annars en verða við því, en sá böggull fylgir þar skammrifi að ekki er gert ráð fyrir tekjutapi í tollum vegna frumvarpsins í því fjárlagafrumvarpi sem liggur fyrir. Ef menn ætla ekki að taka sér tak og fara að umgangast fjárlögin af meiri ábyrgð og festu en svo að þeir sjái þó a.m.k. til þess að mikilvæg tekjufrumvörp komi fram áður en fjárlög eru afgreidd endanlega, þá er auðvitað ekki von á góðu því að eftir höfðinu dansa limirnir. Ef fjármálaráðuneytið stendur ekki betur að verki í vinnubrögðum sínum þá er ástæða til að hafa áhyggjur af því. Áður höfum við talað um hversu miður það er að ýmsar af helstu stofnunum ríkisins í æðstu stjórn ríkisins sýni fjárlögunum litla virðingu og kannski er það ekki síst vegna þess að fjárlagagerðin sjálf er ekki nægilega vönduð. Þar vita menn að stofnanir og liðir eru ýmist í stórum mínus eða stórum plús eftir atvikum, yfirleitt eftir því hvort það er í hörðu eða mjúku málunum, og að fjárveitingar á köflum a.m.k. nægja ekki til að mæta þeim lögbundnu verkefnum sem krafist er. Fyrir vikið verður ákveðin lausung í ríkisrekstrinum sem skattgreiðendur á endanum greiða fyrir.

Síðan er ástæða til að hafa áhyggjur af því að við skulum þurfa að byggja umfjöllun um þetta frumvarp á þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá því í byrjun október og að hana eigi ekki að endurskoða fyrr en í janúar. Ég kalla eftir að því verklagi verði breytt í ráðuneytinu þannig að við höfum í þinginu nýjustu þjóðhagsspá við höndina þegar fjárlagafrumvörp eru afgreidd endanlega. Það hefur því miður sýnt sig að spár fjármálaráðuneytisins úreldast giska hratt. Þannig hafa spár ráðuneytisins um helstu hagstærðir í mörg undanfarin ár verið ákaflega langt frá veruleikanum í veigamiklum atriðum og kannski vonlítið að framkvæmd fjárlaga sé eins og best verður á kosið þegar áætlanagerðin er með þeim hætti. Þar líður fjármálaráðuneytið fyrir afleiðingarnar af stjórnarstefnunni sem lýsa sér í stöðugum óstöðugleika í efnahagsmálum og það gerir ríkisvaldinu, alveg eins og heimilunum og atvinnufyrirtækjunum í landinu, erfitt fyrir um áætlanagerð. Þegar verðbólgutölurnar eru hærri en við þekkjum nokkurs staðar í kringum okkur, þegar vaxtastigið er hærra en þekkist nokkurs staðar í ríkjum af okkar stærð, þegar gengi gjaldmiðilsins getur skoppað um tugi prósentna á skömmum tíma, veldur það ríkissjóði erfiðleikum við áætlanagerð rétt eins og heimilunum og atvinnufyrirtækjunum. Ég saknaði þessa dálítið í umfjöllun formanns fjárlaganefndar fyrr þegar hann fagnaði því að skuldir ríkissjóðs minnkuðu, sem full ástæða er til að taka undir með hv. þingmanni að er fagnaðarefni og ástæða til að hrósa þeim árangri sem náðst hefur í því, en um leið

verða menn að hafa ákveðnar áhyggjur af skuldastöðu annarra aðila í samfélaginu og þá ekki síst heimilanna í landinu því að við verðum að treysta hinu öfluga atvinnulífi sem við eigum til að standa fyrir sínu en heimilin eru orðin ískyggilega skuldsett. Það vekur aftur athygli okkar á þeim skorti á efndum sem Alþýðusambandið hefur talið vera á loforðum ríkisstjórnarinnar frá 22. júní sl. um vaxtabætur sem er mætt með 30% aðgerð sem ekki er talin fullnægjandi af hálfu Alþýðusambandsins til að mæta þeim skerðingum sem fólk er að verða fyrir núna í miðjum óstöðugleikanum.

Það rímar náttúrlega við skattapólitík stjórnarflokkanna um 12 ára skeið, þar sem gengið hefur verið mjög langt fram í því að halda niðri persónuafslætti til þess að þyngja skattbyrði venjulegs vinnandi fólks, meðaltekjufólks og láglaunafólks, sem mest til að létta af hinum sem meira hafa og skerða vaxtabætur, barnabætur og aðrar slíkar millifærsluleiðir í skattkerfi okkar sem hafa fram að þessu létt róðurinn fyrir þá sem eru með meðaltekjur, fjölskyldufólk sem er að koma sér upp húsnæði eða aðra slíka hópa. Það er auðvitað teflt á tvær hættur að auka og þyngja svo skattbyrði meðaltekjufólks og láglaunafólks í landinu á tímum þegar jafnframt er verið að leggja á það fólk verðbólguskattinn og hávaxtaskattinn sem afleiðingar af því að ríkisstjórnin missti algerlega stjórnina á öllum helstu hagstærðum og hefur ekki náð neinni stjórn á því enn. Ekki er útlit fyrir annað en að hæstv. fjármálaráðherra verði yfir verðbólgumarkmiðunum út sína fjármálaráðherratíð, þó að við hljótum auðvitað að vona að verðbólgunni taki að slota og sem betur fer eru ákveðin merki um að það kunni að vera að gerast en þó því miður trúlega einkum vegna þess að gengið hefur haldist hér sterkt um hríð og það getur auðvitað haft neikvæð áhrif fyrir ýmsa aðila í samfélagi okkar.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi í aðalatriðum farið yfir tillögur okkar við þessa umræðu og vísa að öðru leyti í það nefndarálit sem dreift hefur verið á fundinum.

[12:01]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Við fjöllum um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 við 3. umr., lokaumræðu þingsins við meðferð og afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007. Hv. þm. Helgi Hjörvar hefur gert grein fyrir framhaldsnefndaráliti okkar, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, í fjárlaganefnd en fulltrúar þeirra flokka standa sameiginlega að nefndaráliti og einnig að flutningi þeirra breytingartillagna sem við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Frjálslynda flokksins og Samfylkingar, leggjum megináherslu á í fjárlagaumræðunni.

Ég vil byrja á að vísa til eins fyrsta þingmálsins sem flutt var á þessu þingi, þ.e. tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Það var tillaga sem allir þingmenn þessara þriggja flokka, velferðarflokkanna, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, stóðu saman að í upphafi þings og markaði í raun þær áherslur, þær stefnur og þá forgangsröðun sem þessir flokkar vildu og vilja hafa og undirstrika í samfélaginu.

Á grundvelli þeirrar tillögu sem við fluttum þá, um framtíðarskipan lífeyrismála, flytjum við tillögu í samræmi við þá stefnu okkar nú við afgreiðslu fjárlaga. Í tillögu til þingsályktunar á þskj. 3, 3. máli á dagskrá þingsins, sem flutt var af þingmönnum þessara þriggja flokka, segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lífeyriskafla laga um almannatryggingar. Endurskoðunin verði unnin í fullu samráði við samtök aldraðra og öryrkja. Skoðað verði samspil almannatrygginga og lífeyriskerfisins með það að markmiði að einfalda tryggingakerfið, draga úr skerðingaráhrifum tekna og auka möguleika lífeyrisþega til að bæta kjör sín. Þá verði komið á afkomutryggingu sem tryggi viðunandi lífeyri. Til undirbúnings afkomutryggingar verði þegar í stað gerð úttekt á framfærslukostnaði lífeyrisþega sem grunnlífeyrir og tekjutrygging byggist á. Eftirfarandi atriði verði m.a. lögð til grundvallar í nýrri framtíðarskipan lífeyrismála“ og síðan eru talin upp í tillögunni:

„1. Ný tekjutrygging aldraðra verði“ — miðað við verðlag eins og það var 1. október sl. — „85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr.“ — á mánuði — „frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Frá sama tíma verði dregið úr skerðingaráhrifum tekna þannig að í stað þess að skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerði tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru, verði hlutfallið 35%.

2. Frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007 og skerði ekki tekjutryggingu. Skoðað verði hvort nýta megi hluta þessa frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóði. Öryrkjar hafi val um þetta nýja frítekjumark eða eldri reglu eftir því hvort er þeim hagstæðara.“

*Það er ein af meginstoðum í íslensku samfélagi, og* reyndar í hvaða samfélagi sem er, að innbyggður hvati sé til þess að fólk leggi sitt af mörkum eins og það hefur aldur og þrek til. Þess vegna er mikilvægt að lífeyriskerfið sé byggt þannig upp að það virki ekki hamlandi á atvinnuþátttöku fólks. Því höfum við sett þetta sem eitt af grunnbaráttumálum í skipan lífeyrismála, að fólk sem er komið á lífeyri, hvort sem er ellilífeyri eða örorkulífeyri, geti stundað vinnu og haft atvinnutekjur upp að ákveðnu marki án þess að það skerði grunnlífeyri. Hið sama ætti reyndar einnig að gilda um greiðslur úr ýmsum lífeyrissjóðum sem greiða mjög lágar upphæðir, fólk á mjög lítinn rétt og fær lágar upphæðir, tökum t.d. Lífeyrissjóð bænda. Fólk sem hefur oft verið heimavinnandi eða ekki verið með launatekjur í gegnum ævina en greitt í lífeyrissjóði á yfirleitt mjög takmarkaðan rétt úr þeim lífeyrissjóðum. Tökum dæmi af húsfreyjum í sveitum sem hafa mjög lítinn lífeyrissjóð að ganga í, þá er mjög ósanngjarnt að þær lágu upphæðir verði kannski til þess að skerða annan grunnlífeyri sem viðkomandi fólk á rétt á. Allt þetta leggjum við áherslu á að verði tekið inn í fyrirhugaðri endurskoðun til að tryggja sem best lágmarksréttindi og kjör þessa fólks.

Við 2. umr. fluttum við tillögu um einmitt þessi atriði sem ég hef talið upp, um að tekjutrygging aldraðra yrði 85 þús. kr. frá 1. janúar 2007, verðbætt, og 86 þús. kr. hjá öryrkjum og einnig að frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega yrðu 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007. Þær tillögur voru báðar felldar af ríkisstjórnarmeirihlutanum, af

Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum sem á hátíðastundum berja sér á brjóst og segjast ætla að berjast fyrir kjörum þessa fólks en svo þegar á reynir er raunin önnur.

Vissulega hefur orðið þrýstingur, bæði frá samtökum aldraðra og einnig frá þingmönnum og þingflokkum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins með tillöguflutningi hér. Það varð þó til þess að ríkisstjórnarflokkarnir ákváðu að flýta gildistöku þess sem áður hafði verið ákveðið af þeirra hálfu, að frítekjur vegna atvinnutekna yrðu 300 þús. kr. á ári frá og með næstu áramótum en áttu annars að taka gildi árið 2009 og 2010. Ljóst er að ríkisstjórnarflokkarnir kunnu aðeins að skammast sín þótt bara að hluta sé í þessum efnum. Betur má ef duga skal.

Þess vegna flytjum við þessa tillögu við 3. umr. í örlítið breyttu formi til að gefa ríkisstjórnarflokkunum, Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum, enn á ný tækifæri til að sýna hug sinn í verki, hvort þeir vilji greiða götu þess að við stígum enn stærri, betri og markvissari skref til að rétta kjör aldraðra og örorkulífeyrisþega. Við fluttum áður tillögu um 75 þús. kr. frítekjumark á mánuði vegna atvinnutekna en hafi það verið of stór biti í háls ríkisstjórnarflokkanna flytjum við tillögu um 70 þús. kr. á mánuði, að fólk geti haft atvinnutekjur upp á 70 þús. kr. á mánuði án þess að það skerði grunnlífeyrisréttinn.

Einnig flytjum við, sem er kannski þá megintillaga okkar og ég mæli fyrir, tillögu um Framkvæmdasjóð aldraðra. Í umræðum í samfélaginu hefur komið fram á síðustu dögum að Framkvæmdasjóður aldraðra hefur verið hlunnfarinn á nokkrum undanförnum árum um samtals 5 milljarða kr., þ.e. Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður um ákveðið verkefni með ákveðinn tekjustofn, tekjurnar voru innheimtar en þeim var ekki skilað til verkefnanna. Ég legg því til að þeim 5 milljörðum verið skilað til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem hann hefur verið svikinn um á undanförnum árum. Það er síðan Framkvæmdasjóðsins að ákveða hve hratt og hvernig þeim 5 milljörðum verði varið. Við gerum náttúrlega ráð fyrir að þeim verði varið til úrbóta í búsetu- og umönnunarmálum aldraðra.

Ég held að fátt hafi verið óréttlátar gert gagnvart þessum hópum, gagnvart öldruðum, en að skerða Framkvæmdasjóð aldraðra, taka frá honum fé, í rauninni hálfstela því. Framkvæmdasjóður aldraðra er með markaðan tekjustofn en fékk ekki féð. Við skulum aðeins rifja upp hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra. Samkvæmt lögum nr. 125/1999 er kveðið á um Framkvæmdasjóð aldraðra, með leyfi forseta:

„Framkvæmdasjóður aldraðra skal stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt.

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal varið til:

1. Byggingar þjónustumiðstöðva og dagvista, sbr. 2. og 3. tölul. 13. gr., og byggingar stofnana fyrir aldraða, sbr. 14. gr., en þó ekki til byggingar íbúða í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga.

2. Að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða, sbr. 2. og 3. tölul. 13. gr. og 14. gr., að frátöldum íbúðum í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga.

3. Viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila.

4. Reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum, sbr. 14. gr.

5. Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.“

...

„Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Skal gjaldið nema 6.075 kr.“ — þetta er miðað við árið 2004 — „á hvern gjaldanda og kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs.“

Þetta gjald hefur verið innheimt allar götur síðan lögin um sjóðinn voru sett en því hefur ekki verið skilað til sjóðsins, til þeirra verkefna sem lögin kveða á um. Samþykkt hafa verið sérlög á Alþingi hverju sinni síðan þá af þingmönnum Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins sem hafa heimilað þeim að skila ekki því fjármagni til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Í raun eru þetta svik við það fólk sem greiðir þetta fjármagn til Framkvæmdasjóðs aldraðra — það greiða allir, þetta er nefskattur, óháður tekjum, lagður á alla sem eru skattskyldir, eins og ég minntist á áðan. Þegar þessir peningar eru innheimtir af hálfu ríkisins héldum við að þarna væri tryggt að þessir peningar rynnu til Framkvæmdasjóðs aldraðra en svo er ekki, sjóðurinn hefur verið snuðaður um 5 milljarða kr. á þessu tímabili, frá 1999.

Það er ágætt að vitna til fréttaskýringar í Morgunblaðinu frá 27. nóvember 2006. Þar segir undir fyrirsögninni Ríkið skili fimm milljörðum, með leyfi forseta:

„Ríkisvaldið hefur frá árinu 2007 tekið samtals tæpa fimm milljarða króna úr framkvæmdasjóði aldraðra og nýtt til reksturs og viðhalds á hjúkrunarheimilum í stað nýbygginga. Þetta segir Reynir Ingibjartsson, formaður Aðstandendafélags aldraðra, AFA, en félagið stóð fyrir fjölmennum baráttufundi í Háskólabíói á laugardag. Að sögn Reynis eru lög um sjóðinn 25 ára gömul en samkvæmt þeim greiðir hver Íslendingur árlegan nefskatt sem nú nemur um sex þúsund krónum á mann. „Framkvæmdasjóðurinn heitir framkvæmdasjóður, ekki rekstrarsjóður og þess vegna eiga peningarnir úr honum að fara til nýrra bygginga. Þetta er forgangsskattur og átti að standa undir því að byggja hér hjúkrunar- og dvalarheimili,“ segir Reynir en sem kunnugt er bíða hundruð aldraðra eftir vist á slíkum heimilum.“

Fundurinn sem var gríðarlega fjölmennur og magnaður í Háskólabíói „samþykkti samhljóða áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar Íslands um að leggja stóraukið fjármagn til uppbyggingar hjúkrunarheimila á fjárlögum fyrir árið 2007. Biðlistum skuli eytt, heimaþjónusta stórefld og öldruðum ekki lengur boðið upp á að deila herbergi með öðru fólki, oft ókunnugu. Þá er þess krafist að ríkið skili milljörðunum fimm sem voru nýttir til reksturs og viðhalds í stað nýbygginga. „Hjúkrunarheimili eru rekin fyrir daggjöld sem ríkið greiðir en þegar þau hafa ekki dugað til hefur verið gengið í framkvæmdasjóðinn,“ segir Reynir.“

Í þessu viðtali eru þær kröfur sem bæði aldraðir og Aðstandendafélag aldraðra hafa lagt áherslu á raktar ítarlega, þ.e. að Framkvæmdasjóðurinn rynni óskertur til þeirra verkefna sem ætlað var í upphafi en ekki til annarra al-

mennra rekstrarverkefna sem ríkið ber á annan hátt ábyrgð á. Þess vegna leggjum við til, herra forseti, að þessum 5 milljörðum verði skilað til Framkvæmdasjóðs aldraðra eins og sjálfsagt og eðlilegt er.

Þetta eru aðaltillögur okkar varðandi útgjöld. Við teljum að þeir hópar sem ég hef nefnt eigi að njóta sérstaks forgangs, ekki síst þegar menn guma af góðri stöðu ríkissjóðs. Hvort sem það stenst allt eða ekki þá eru þetta einmitt hóparnir, aldraðir og öryrkjar, sem nýta á svigrúmið til að aðstoða. Þess vegna leggjum við til, herra forseti, annars vegar að frítekjumark vegna atvinnutekna sem skerði ekki grunnlífeyrisréttindi, örorkulífeyrisréttindi, verði 70 þús. kr. á mánuði, og hins vegar að 5 milljarðar kr. komi aftur í Framkvæmdasjóð aldraðra eins og lög kveða á um en verði ekki stungið undan og settir í önnur almenn rekstrarverkefni á vegum ríkisins.

Víkjum aðeins að fjárlagafrumvarpinu. Það hefur verið leikur stjórnvalda, sem aldrei fyrr, að leggja fram frumvarp að hausti þar sem skorið hefur verið niður fjármagn til ýmissa verkefna stofnana, sérstaklega á velferðarsviðinu og menntasviði. Við munum eftir umræðunni í haust þegar frumvarpið var lagt fram. Þá höfðu verið skornar niður fjárveitingar til framhaldsskólanna um 300 millj. kr. Þó var þörfin reiknuð út samkvæmt reiknilíkani sem stjórnvöld sjálf höfðu búið til, sem skammtar í mörgum tilfellum algjört lágmarksfé til framhaldsskólanna. Samt þótti ástæða til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að skerða það framlag um 300 millj. kr. Menn vissu að það bitnaði á minni skólum, verknámsskólum og starfsnámsskólum. Stjórnarandstaðan tók mjög hart á þessu máli og kennarar, starfsmenn framhaldsskólanna vítt og breitt um landið, sendu ákall um að framhaldsskólarnir yrðu ekki skornir niður. Ég minnist bréfa frá Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, Menntaskólans á Ísafirði, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki — þetta voru skólarnir sem harðast áttu að verða úti í niðurskurði ríkisstjórnarinnar, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Starfsmennirnir brugðust við og bentu á að þetta gæti ekki gengið upp, hvort menn ætluðu virkilega að skera niður nám hjá þessum skólum um allt land.

Lyktir urðu þær að eftir harðvítuga baráttu lét ríkisstjórnarmeirihlutinn undan. Það var reyndar sterkur áhugi á því líka innan allrar fjárlaganefndar að mótmæla þessari aðför framkvæmdarvaldsins að framhaldsskólunum. Engu að síður voru þar fulltrúar viðkomandi flokka í ríkisstjórn. Þá var fjárhagur framhaldsskólanna bættur um 250 millj. kr. þótt lágmarksfjárþörfin væri 300 millj. Áfram munum við standa frammi fyrir því á næsta ári, að óbreyttu, að beita eigi niðurskurði á þessa skóla, a.m.k. upp á þessar 50 millj. kr. og voru þeir þó ekki ofsælir fyrir, sérstaklega ekki verknámsskólarnir, starfsnámsskólar og minni skólar á landsbyggðinni. Svo koma sömu þingmenn, þingmenn þessara sömu ríkisstjórnarflokka, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, og hæla sér af því sérstaklega að tekist hafi að draga hluta af niðurskurði ríkisstjórnarflokkanna til baka með baráttu, m.a. stjórnarandstöðunnar á Alþingi, í staðinn fyrir að leggja fjármagnið strax til í frumvarpinu, eins og átti að gera.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson gumaði á sama hátt af að hækkun á fjárveitingum til Landspítala – háskólasjúkrahúss upp á 1 milljarð kr. Já, það er hægt að leika sér svona með hlutina, byrja á því að sparka fjárveitingunum út úr fjárlagafrumvarpinu sjálfu þegar það kemur frá ríkisstjórnarflokkunum, Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum, skera fyrst niður og koma svo eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson og hæla sér af því að þessum milljarði hafi aftur verið bætt inn sem var skorinn niður í frumvarpinu. Öllum var ljóst að þær fjárveitingar sem voru ætlaðar til Landspítala – háskólasjúkrahúss voru allt of naumar. Þetta var það sama og gerðist í fyrra, því sem vantaði var bætt inn á fjáraukalögum. Svo halda menn að þeir sýni mikla góðmennsku með svona leik.

Ég get nefnt fleiri atriði, breytingartillögur við 2. og 3. umr. fjárlaga, þar aðeins er verið að leiðrétta það sem ríkisstjórnarflokkarnir höfðu áður sparkað úr fjárlögum. Þeim finnst síðan óskaplega góðmannlegt að taka aftur inn í fjárlög það sem þeir höfðu sparkað út mánuði áður.

Einn er þó sá málaflokkur, herra forseti, sem mér finnst standa einna alvarlegast út af. Það eru sjúkrahúsin á landsbyggðinni, t.d. sjúkrahúsið á Akranesi. Þar er vel rekið sjúkrahús sem búið var að gera samning við um sérstök verkefni, liðskiptaverkefni. Vegna rangs reiknigrunns fyrir heilbrigðisstofnanirnar vantar fjármuni í rekstur þess. Það er alveg sjálfsagt að bæta nauðsynlegu fjármagni inn í Landspítala – háskólasjúkrahús, eins og ég hef hér áður sagt, og einnig til sjúkrahússins á Akureyri en það réttlætir ekki að önnur sjúkrahús séu látin sitja á hakanum og fái ekki úrlausn sinna mála, bæði hvað varðar rekstrarkostnað og verkefni.

Ég vil nefna sérstaklega sjúkrahúsið á Akranesi vegna þess að það hefur fengið verðlaun fyrir góðan rekstur og fyrir að halda vel um fjármuni. En eins og oft áður er slíkum aðilum refsað, þegar ljóst er að ýmsir rekstrarrammar sem mótast af ákvörðunum ríkisstjórnar eða utanaðkomandi aðila skekkja rekstrargrunn, t.d. heilbrigðisstofnana, á að láta það bitna á þeim? Í rekstrargrunn sjúkrahússins á Akranesi, til að það geti haldið óbreyttri starfsemi á næsta ári, vantar eitthvað á milli 40 og 50 millj. kr. Þetta sjúkrahús er látið fara inn í árið 2007 án þess að komið sé til móts við það á nokkurn hátt. Þetta sjúkrahús nýtur mikillar velvildar íbúanna og samtök eins og Lionsklúbbar og félagasamtök á svæðinu hafa gefið þangað tæki til að styrkja stöðu þess og nú er verið að safna fyrir sneiðmyndatæki sem sjúkrahúsið fær á næstunni. Þegar við ræddum þetta í fjárlaganefnd með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins, hvort ekki væri gott að fá svona tæki, mátti helst skilja á þeim að það væri ekki svo gott því að það mundi bara auka rekstrarkostnaðinn. Af því spryttu fleiri verkefni sem mundu kosta rekstur, meðan sjúkrahúsið og íbúarnir töldu sig styrkja stöðu þjónustunnar á svæðinu. Fólkið þyrfti ekki að fara suður til að kaupa slíka greiningu, sjúkrahúsið gæti gert hana á sjúklingum sem væru þegar komnir á sjúkrahúsið. Þetta væri til hagræðingar og til að styrkja starfsemina á svæðinu en þó var helst að skilja að þetta þýddi bara aukin útgjöld og aukinn rekstrarvanda sem heilbrigðisráðuneytið væri ekki reiðubúið að mæta, að sú þjónusta ætti ekki að vera á þessum stað.

Þetta er svolítið öfugsnúið. Ég hef líka nefnt sjúkrahúsið á Hvammstanga sem var á sama hátt skorið niður í fyrra og

hittiðfyrra og sá niðurskurður látinn ganga áfram fram á næsta ár, niðurskurður upp á 6 millj. kr. frá árinu 2005 gengur áfram óbættur fram á árið 2007. Hið sama má segja um sjúkrahúsið á Blönduósi, það var skorið niður um 12 millj. kr. árið 2005. Það var reyndar bætt að hluta árið 2005 en þessar 12 millj. kr. munu ganga óbættar á niðurskurðarárinu 2007. Þar var þó tekin í notkun fyrir nokkru síðan ný endurhæfingaraðstaða sem átti að bæta þjónustuna en auðvitað kostar bætt þjónusta pening. Þar þótti ríkisvaldinu ástæða til að skera niður.

Þetta er keðjuverkandi. Þegar starfsemin er skert eða þrengt að henni á einu sviði innan sjúkrastofnunar hefur það áhrif á öll önnur svið. Þannig er þjónustan kerfisbundið hrakin út af þessum sjúkrahúsum. Það hefur þær afleiðingar að fólkið sem býr á viðkomandi svæði býr við meira óöryggi, þarf að sækja meiri þjónustu langt að með kostnaði, fyrirhöfn og óþægindum. Auk þessa eru slíkar stofnanir mikilvægir vinnustaðir í sínum heimabyggðum og er einnig skylt að horfa til þess. Það þarf að vinna verkin og sinna þjónustunni hvort sem þau eru öll flutt burt úr héraðinu eða ekki. Því ekki frekar að styrkja þessar heilbrigðis- og sjúkrastofnanir úti um land í staðinn fyrir að kvelja þær stöðugt niður?

Hið sama gildir til dæmis um Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Þar ræður niðurskurður, kyrkingarstefna ferð.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson sagði í ræðu áðan að ekki hefðu komið fram tillögur frá stjórnarandstöðunni. Það er ekki rétt. Ég hef gert hér grein fyrir tillögum sem lúta að öldruðum og öryrkjum. En við afgreiðslu fjárlaganna í fjárlaganefnd mótmælti ég því að þessar sjúkrastofnanir væru skildar eftir í uppnámi með ónógt rekstrarfé og yrðu að óbreyttu að skera niður verkefni á næsta ári. Ég spurði og flutti um það tillögur í nefndinni að þessar stofnanir fengju viðbót í rekstur sinn á næsta ári sem þyrfti til að halda óbreyttri starfsemi. Meiri hlutinn varð ekki við þessum beiðnum. Hann felldi þær. Hvaða þýðingu hefur það að bera aftur hingað inn í þingið tillögur sem meiri hlutinn, framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, þingmenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins eru búnir að fella í fjárlaganefnd? Ég mótmælti þessum vinnubrögðum meiri hlutans, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, í fjárlaganefnd og taldi að hjúkrunar- og sjúkrastofnanir úti á landi væru það síðasta sem menn ættu að ráðast á við hagræðingu og niðurskurð. Ég hef hér lista, frú forseti, yfir það að flestar þessar stofnanir draga líka á eftir sér óuppgerðan skuldahala frá fyrri árum. Það var ekki einu sinni svo að hann væri allur uppgerður fyrir árið.

Hérna gengur hv. þm. Halldór Blöndal. Ég er ekkert viss um að hv. þingmaður sé neitt hress yfir meðferð flokksmanna sinna á sjúkrahússtofnunum á landsbyggðinni. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur lengst af verið baráttumaður fyrir (Gripið fram í.) góðri stöðu og öruggri heilbrigðisþjónustu úti um land. En nú er þetta ekki það mál sem er efst á baugi hjá þessum ríkisstjórnarflokkum.

Frú forseti. Ég hef vikið að sjúkrahúsunum á landsbyggðinni sem fá ekki fjármagn til starfsemi sinnar. Ég hef nefnt Akranes, Patreksfjörð, Hvammstanga, Blönduós, Húsavík og Heilbrigðisstofnun Austurlands svo að nokkur dæmi séu tekin. Hið sama gildir um öldrunarheimilin sem eru víða úti á landi. Það munar nefnilega svo miklu þar hvort þrengt sé að rekstrinum. Þetta eru litlar stofnanir, mikilvægar í sínu samfélagi og eru því afar viðkvæmar fyrir því þegar rekstur þeirra er skertur. Þegar litið er á afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins gagnvart þessum málaflokki verð ég að segja, herra forseti, að heilbrigðisstofnanirnar á landsbyggðinni bera hér illilega skarðan hlut frá borði.

Annar málaflokkur sem mig langar til að taka hér fyrir, forseti, er tónlistarfræðslan. Ég gerði hana reyndar aðeins að umtalsefni í umræðu um fjáraukalögin. Það er svo að tónlistarnám er meðal annars hluti af framhaldsskólanámi. Við erum með tónlistarbrautir, tónlistaráfanga í framhaldsskólum og lengst af var þetta viðurkennt sem hluti náms sem ríkisvaldið bæri ábyrgð á. Hins vegar bar svo við árið 2005 að fjárstuðningur til tónlistarnáms í framhaldsskólum var felldur niður. Staðan er nú sú að allt þetta ár, árið 2006, hafa nemendur eða foreldrar þeirra orðið að bera allan kostnað vegna tónlistarnáms nemenda í framhaldsskólum landsins þar sem viðkomandi sveitarfélög gera það ekki. Þetta er nám á ábyrgð ríkisins eins og annað framhaldsskólanám. Þetta er mjög óréttlátt gagnvart fólki, ég tala nú ekki um fólki af landsbyggðinni sem verður að senda unga fólkið sitt frá sér í framhaldsskóla og greiða þar ærinn kostnað, dvalarkostnað og annan skólakostnað sem ekki þyrfti að gera ef skólinn væri í heimabyggð þeirra. Ofan á þetta bætist síðan þetta óréttlæti með tónlistarnámið.

Árið 2005 var síðasta árið þegar gert var sérstakt viðaukasamkomulag um að ríkið kæmi að greiðslu kostnaðar við tónlistarnám í framhaldsskólum. Mig minnir að það hafi þá verið svona 50 millj. kr., eitthvað svoleiðis. Þetta eru ekki háar upphæðir. En síðan árið 2006 hefur ekkert gerst í þessu máli. Þetta er bara fullkomlega óviðunandi. Þetta er hneisa, skömm og óréttlæti gagnvart því fólki sem hér á í hlut og líka gagnvart þessum námsgreinum. Hvers eiga námsgreinar í tónlist að gjalda, viðurkenndar af námskrá? En ríkið stendur ekki með sama hætti straum af kostnaði vegna þeirra og kostnaði við annað nám. Þegar fólk verður að senda börn sín í framhaldsskóla, hvort sem það er af byggðum Norðurlands til Akureyrar eða til Reykjavíkur þar sem möguleiki er á slíku tónlistarnámi þá lendir það á fólkinu sjálfu að greiða. Ég spyr nú bara hér af því að hv. formaður fjárlaganefndar er í salnum og heyrir mál mitt og honum er vafalaust kunnugt um að þetta er eitt þeirra mála sem við þingmenn fáum hvað flest bréf út af, þ.e. þessu margs konar óréttlæti varðandi tónlistarnámið. Hverju sætir það að ríkið skuli ekki axla ábyrgð sína, að meiri hluti Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins á Alþingi skuli ekki axla ábyrgð sína varðandi tónlistarnámið? Enn er þetta látið vera eitthvert þrátefli á milli ríkis og sveitarfélaga um tónlistarkennsluna almennt. Það er jú líka stórmál en þó önnur hlið. Það er óumdeilt að tónlistarnám í framhaldsskólunum samkvæmt námskrá er hluti af lögboðinni námskrá framhaldsskóla og að ríkisvaldið eigi að greiða það. Hvers vegna er það ekki gert? Hvers vegna eru þessar 50–60 millj. kr., eða ég veit ekki hvað þarf til að koma til móts við tónlistarnámið, ekki á fjárlögunum? Þetta er því eitt atriðið enn sem er sniðgengið við fjárlagagerðina og, eins og ég sagði áðan, nokkuð sem bitnar aftur og aftur

á fólki úti um hinar dreifðu byggðir landsins.

Frú forseti. Það ekki verður hjá því komist að tala um vegamálin. Nú þessa dagana sem aldrei fyrr er í umræðunni lögð gríðarleg áhersla á auknar og bættar vegaframkvæmdir. Það er alveg hárrétt áhersla. En hvernig hefur þetta verið á undanförnum árum? Jú, það var samþykkt metnaðarfull samgönguáætlun og vegáætlun árið 2003 til fjögurra ára og átti þá að gera alveg stórátak í samgöngumálum. Hver hefur niðurstaðan orðið? Jú, strax fyrsta árið var það skorið niður þannig að ef litið er til síðustu þriggja, fjögurra ára sem þessi vegáætlun hefur verið í gildi þá telst mér til að búið sé að skera hana niður um nærri 6,5 milljarða kr. Þetta eru efndirnar á síðustu árum í vegaframkvæmdum sem var búið að búa til væntingar fyrir, sem voru komnar inn á vegáætlun, hvort sem það voru vegaframkvæmdir á Vestfjörðum, norðausturlandi, á Suðurlandi, innan Reykjavíkur, milli Reykjavíkur og út frá Reykjavík til nágrannabyggðanna. Allt þetta var inni á áætlun fyrir tæpum fjórum árum. Fólk hafði eðlilega væntingar um að staðið yrði við þessa áætlun. En hún hefur verið skorin niður, fyrsta árið um í kringum 1.700 millj. kr. og síðan næstu ár á eftir um 2 milljarða ár hvert þannig að samtals er niðurskurður búinn að vera á sjöunda milljarð kr. á þessu tæplega fjögurra ára tímabili. Þetta eru nú framkvæmdirnar og við sjáum núna árið 2006 minnstu framkvæmdir í vegamálum í mörg ár. Svo koma sömu aðilar hingað og tala um að gera þurfi stórátak í vegamálum. Þetta eru þeir ríkisstjórnarflokkar, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur. Ráðherrar þeirra fara nú um allar grundir og taka undir kröfu íbúanna um stórátak í vegamálum. En reyndin sýnir niðurskurð á síðustu árum um á sjöunda milljarð kr. Það eru efndirnar.

*Eðlilega skapar svona vinnulag mikla spennu í samfélaginu.* Vegaframkvæmdum sem fólk er búið að horfa til í mörg ár er frestað. Þær eru skornar niður. Þeim er frestað ár eftir ár og það skapar spennu og ósátt. Síðustu mánuði tel ég okkur upplifa meiri ósátt um vegaframkvæmdir en nokkru sinni fyrr vegna þessara svika, vegna þess að vegáætlun hefur verið svikin á undanförnum árum. Hér liggur líka fyrir frumvarp um að fresta því að nýta svokallaðan hluta af söluandvirði Símans sem menn montuðu sig af á sínum tíma þegar Síminn var seldur, við það óhappaverk sem var unnið í mikilli andstöðu við þjóðina. Síminn var seldur og þá átti að verja hluta af söluandvirðinu til vegabóta. Hvað er verið að gera núna? Jú, hér liggur fyrir frumvarp um að fresta að nýta þetta fjármagn í að minnsta kosti eitt ár, fresta á þriðja milljarði kr. sem var ætlað að taka af söluandvirði Símans til vegaframkvæmda en er nú lagt til að verði frestað. Og hver voru rök hæstv. forsætisráðherrans þegar hann mælti fyrir þessu frumvarpi fyrir líklega þremur dögum? Jú, rökin voru þau að það væri svo mikil þensla í samfélaginu og yrði á næsta ári að þess vegna yrði að fresta. Man ekki hæstv. forseti eftir því að hæstv. forsætisráðherra sagði einmitt þetta hér, að þessu þyrfti að fresta vegna þenslu? Jahá, hvernig var það í sumar þegar átti að grípa til sérstakra aðgerða til að slá á þenslu? Jú, þá var gripið til þess að fresta vegaframkvæmdum, reyndar aðallega á Vestfjörðum og Austfjörðum, upp á rúmlega 1 milljarð kr. Það var höfðinglegt. Gripið var til þess að fresta vegaframkvæmdum til að slá á ímyndaða þenslu sem var komin út af allt öðru. Var þessi aðgerð eitthvað í samræmi við það sem sagt er nú og er krafist þessa dagana um stórátak í vegamálum? Samtök verslunar og þjónustu ályktuðu að stórátaks í vegamálum væri brýn þörf. Við höfum nú hér undirskriftalista, bréf og áskoranir frá heilu landshlutunum, af Suðurlandi nýverið, um átak í vegamálum. Jú, jú og ráðherrarnir hlaupa út um allar koppagrundir og taka undir það eðlilega. Eðlilega, segi ég, því að í raun, í verki skera þeir niður vegaframkvæmdir.

Það er verið að skapa um þetta fullkomna ósátt. Hvers er þá gripið til? Þá er gripið til þess að segja: Við þurfum að taka vegaframkvæmdirnar í einkaframkvæmd. — Hefur það engin áhrif á þensluna ef það á að gera alla vegi í einkaframkvæmd?

Ég er hér með yfirlýsingu frá fjármálaráðherra sem ég sé ekki að sé komin inn í fjárlög. Hann segir í viðtali við Suðurlandsfréttir þann 8. nóvember að í raun ætti að taka ákvörðun um útboð á veginum, þ.e. tvöföldun þjóðvegarins á milli Selfoss og Reykjavíkur fyrir jól og það eigi að gera í einkaframkvæmd. (**Gripið fram í:** Sem er ódýrast.) Sem er nefnilega ekki ódýrast, það er hin mikla blekking Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins eins og kemur fram í skýrslu frá Ríkisendurskoðun sem gerði úttekt á hagkvæmni einkaframkvæmdar í vegamálum. Ég ætla að fara yfir þessa skýrslu á eftir, sem sýnir fram á að þetta er mikil blekking, einkaframkvæmdir í vegamálum eru miklu dýrari og óhagkvæmari en almennar framkvæmdir sem Vegagerðin stendur að. Og hvað með rökin fyrir því að það þurfi að fara í einkaframkvæmd, það muni ekki hafa áhrif á þensluna að vera í einkaframkvæmd?

Ég held að þetta sé ein versta blekking sem ráðherrar *ríkisstjórnarflokkanna* ... (**HBl:** ... *Gunnar Birgisson* um einkaframkvæmdir í vegagerð.) Gunnar Birgisson er nefnilega miklu skynsamari en margir aðrir sjálfstæðismenn, hann lagðist einmitt gegn einkaframkvæmdum í almannakerfinu, hv. þm. Halldór Blöndal.

Frú forseti. Ég ætla einmitt að koma að þessu með rök forsætisráðherra fyrir því að nauðsynlegt sé að skera niður vegaframkvæmdir vegna þenslunnar og að jafnframt sé einkaframkvæmd eina lausnin. Hér er skýrsla frá Ríkisendurskoðun sem kom út í júní 2006 sem lýtur að kostum og göllum einkaframkvæmda í vegamálum. Í inngangi skýrslunnar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hefur að beiðni samgönguráðuneytisins lagt mat á gerð Hvalfjarðarganga, annars vegar miðað við þá leið sem farin var, þ.e. einkaframkvæmd, hins vegar miðað við að ríkið hefði kostað og rekið göngin með sama hætti og tíðkast um aðrar samgönguframkvæmdir. Ástæða beiðninnar eru fyrirætlanir um síðari áfanga Sundabrautar en til greina hefur komið að ráðast í hann sem einkaframkvæmd."

Ríkisendurskoðun gerði þessa úttekt einnig vegna stöðugra umræðna um einkaframkvæmdir í vegakerfinu.

Ég vil leggja áherslu á að það er afar brýnt að ráðast í auknar vegaframkvæmdir og samgöngubætur. Þær samgöngubætur eiga að vera í opinberri forsjá, þjóðin á að eiga vegina. Það er engin framtíð fyrir okkur sem þjóð að ætla að fara að einkavæða þjóðvegi landsins og reka þá síðan sem eins konar fyrirtæki. Ég held að það sé það hættuleg-

asta sem við gætum gert en er mikið talað um þessa dagana vegna svika ríkisstjórnarflokkanna í samgöngumálum. Ef ríkisstjórnarflokkarnir hefðu staðið við vegáætlunina á undanförnum þremur og fjórum árum þá væri ekki þessi ósátt, þá væri nú búið að koma mun meiru í verk í vegaframkvæmdum en raunin er. Nú þegar við stöndum frammi fyrir því að skera á niður vegaframkvæmdir á næsta ári um 3,5 milljarða kr., miðað við það fé sem ætlað var á vegáætlun að ráðstafa til vegaframkvæmda á síðastliðnum árum og á næsta ári en það er niðurskurður upp á 3,5 milljarða kr., þá á maður erfitt með að skilja orðræðu margra ráðherra þegar þeir segja að þeir skuli leysa þetta í einkaframkvæmd.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir einmitt um þessa einkaframkvæmd, með leyfi forseta:

„Einkaframkvæmd er talin geta verið hagkvæmur kostur fyrir ríkið við ákveðnar kringumstæður og er þar einkum horft til eftirtalinna atriða:

Í fyrsta lagi ef framkvæmd er háð verulegri áhættu sem einkaaðili er frekar tilbúinn að taka á sig. Almennt gildir samt að áhættan kemur fram í verði þjónustunnar sem hækkar eftir því sem áhættan er meiri.“

Ef við förum út í einkaframkvæmdir á vegum þá eru tekin hærri gjöld.

„Í öðru lagi ef einkaaðili býr yfir meiri færni en ríkið á því sviði sem einkaframkvæmdin er á. Í því felst t.d. að einkaaðili komi með nýjar og hagkvæmari lausnir en opinberir aðilar réðu yfir.

Í þriðja lagi ef einkaaðili getur náð meiri hagkvæmni við framkvæmdina ...“ þ.e. nýtt tæki sín og búnað.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er síðan rakið að ekkert af þessu er til staðar í vegaframkvæmdum. Það er vitað að enginn hefur meiri tækni og þekkingu á vegaframkvæmdum en Vegagerðin í gegnum áralanga reynslu sína, það er því ekki verið að sækja aukna reynslu eða aukna hagkvæmni með því að einkavæða vegaframkvæmdir.

Enda segir áfram í skýrslunni:

„Einkaframkvæmd getur hins vegar verið óhagkvæmari kostur fyrir ríkið af eftirtöldum ástæðum:

Í fyrsta lagi er fjármagnskostnaður einkaaðila að jafnaði hærri en ríkisins. Kostnaður ríkisins við lántöku er minni vegna minni áhættu lánveitenda og eins gera opinberir aðilar oft lægri ávöxtunarkröfu til eigin fjár ...

Í öðru lagi er fjárhagslegt bolmagn einkaaðila oft minna en ríkisins sem getur þýtt að ekki náist eins hagstæðir samningar við verktaka þar sem einkaaðilinn getur ekki boðið fram jafngóðar verktryggingar.

Í þriðja lagi kunna bindandi ákvæði í samningi um einkaframkvæmd að torvelda að hægt sé að bregðast fljótt við nýjum og breyttum aðstæðum.“

Ríkisendurskoðun leggst því eindregið gegn því eða varar við því að beitt sé einkaframkvæmd við vegagerð. Mun ódýrara og mun öruggara sé að Vegagerðin sjái um framkvæmdir.

Í skýrslunni er m.a. rakið að gerð var sérstök úttekt á Hvalfjarðargöngunum og Ríkisendurskoðun telur að gerð Hvalfjarðarganga hefði jafnvel orðið mun ódýrari ef ríkið hefði sjálft staðið að gerð ganganna. Það hefði getað fjármagnað göngin ódýrar, það hefði getað átt möguleika á ódýrari fjármögnun, ódýrari lánum til þess að fjármagna göngin og þau þannig orðið ódýrari. Þannig að meira að segja við gerð Hvalfjarðarganganna, sem margir hafa gumað af sem góðri reynslu í einkaframkvæmd, þá telur Ríkisendurskoðun það alls ekki endilega hafa verið svo. Og telur reyndar líka að vegna óhagstæðra lána sem tekin voru vegna Hvalfjarðarganganna sé nú örðugra að fella niður eða hætta gjaldtökunni miðað við þá ákvörðun að göngin borguðu sig upp. Ég tel reyndar að það sé löngu kominn tími til þess að gjöld í Hvalfjarðargöngin verði felld niður, þetta er orðinn hluti af hinu almenna samgöngukerfi landsmanna og á ekki að láta íbúa sem þurfa að nota þessi göng greiða sérstakan skatt umfram aðra svona mörgum árum eftir að framkvæmdum er lokið. Þetta er hluti af þjóðvegakerfi landsins sem allir eiga að hafa greiðan aðgang um án gjalds.

Í umræðum og niðurstöðum í umræddri skýrslu segir varðandi Hvalfjarðargöngin, með leyfi forseta:

„Hvalfjarðargöngin hafa stundum verið tekin sem dæmi um vel heppnaða einkaframkvæmd og eru þau jafnvel talin geta rutt veginn fyrir að ráðast með sama hætti í fleiri verkefni í samgöngumálum. Þó getur gerð og rekstur Hvalfjarðarganga varla talist hrein einkaframkvæmd í hefðbundnum skilningi þess orðs enda stóðu opinberir aðilar að baki hlutafélaginu Speli.“

Og síðan segir:

„Þá er vart hægt að staðhæfa með gildum rökum að kostnaður við Hvalfjarðargöng hefði orðið meiri þótt ríkið hefði sjálft staðið fyrir framkvæmdinni.“ Það er að segja í stað þess að fela hlutafélagi að annast um hana. „Þannig hefði hönnun ganganna sjálfsagt orðið mjög áþekk og sjálf gangagerðin verið boðin út og hagstæðasta tilboði tekið ...“ — en ríkið hefði getað sótt ódýrara fjármagn.

Síðan þegar rökin fyrir því eru leidd áfram, hvort ráðist skuli í einkaframkvæmdir, þá mælir Ríkisendurskoðun gegn því, segir að ríkið eigi að hafa allar forsendur til þess að gera framkvæmdirnar ódýrari og öruggari en einkaaðilar. Rökin fyrir því að fara í einkaframkvæmd í vegamálum sé því röng. Hitt er svo annað mál að ef ríkið ætlar stöðugt að draga lappirnar og skera niður í vegaframkvæmdum, eins og það hefur gert á undanförnum árum þá kallar það á svona hörð viðbrögð eins og við upplifum þessa dagana. Kannski er það ætlun ríkisins að pína samfélagið til einkavæðingar á vegum landsins með því að halda þeim í slíkri úlfakreppu hvað varðar fjármagn.

Ég vil ítreka það í lok ræðu minnar um vegaframkvæmdir að rök hæstv. forsætisráðherra um að það yrði að fresta vegaframkvæmdum á næsta ári og skera niður opinbert fjármagn til vegaframkvæmda til þess að slá á þenslu eru honum ekki bjóðandi. Sú ákvörðun að fresta vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi í sumar til þess að slá á þenslu voru ríkisstjórnarflokkunum, Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum til skammar. Og nú á aftur að fara að bjóða upp á einkavæðingarumræðu og halda því fram að einkavæðing í vegakerfinu hafi ekki nein áhrif á þenslu í samfélaginu, bara ef ríkið standi fyrir henni. Hvers konar hugsunarháttur, hvers konar röksemdafærsla er hjá mönnum, hjá ráðherrum sem bera slíkt á borð?

Við eigum að gera stórátak í vegamálum, ekkert að vera að draga það, og ríkið á að sjá um það. Ríkið getur tekið lán

á hagkvæmustu kjörum ef þörf er á til þess að ráðast í nauðsynlegar vegaframkvæmdir og það á að gera það en ekkert að vera að væflast undan með orðræðu um að einhverjir aðrir eigi að gera hluti sem það á að gera sjálft.

Herra forseti. Verður gert matarhlé nú?

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill grennslast fyrir um hversu mikið hv. þingmaður á eftir af ræðu sinni.)

Ég á heilan kafla eftir sem ég gæti reyndar frestað til seinni ræðu. Ég held að ég ljúki hér fyrri ræðu minni, herra forseti, um vegaframkvæmdirnar og hvernig enn á ný, aftur á fjárlögum næsta árs er niðurskurður á lofuðu fjármagni til vegamála, upp á að mig minnir um 3,5 milljarða kr. Það sýnir í raun hvernig ríkisstjórnin hagar sér. Það er búið að fresta og skera niður vegaframkvæmdir um 6,5 milljarða á síðastliðnum rúmum þremur árum og síðan tala menn á hátíðastundum um stórátak í vegamálum. Ég held að það væri nær fyrir menn að tala minna og gera meira í vegamálum og láta vegáætlun standa og verja til þess myndarlegum fjárveitingum, eins og þörf er á.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:30]

**Halldór Blöndal:**

Herra forseti. Hinn 16. júní í sumar barst mér bréf frá formanni utanríkismálanefndar norska Stórþingsins, Olav Akselsen, þess efnis að Norðurlandaþjóðir hafi áður komið að því að styrkja endurbyggingu þinghússins í Bosníu-Hersegóvínu. Nú hefur norska Stórþingið farið þess enn á leit við þjóðþing Norðurlanda að þau styrki frekari endurreisn þinghússins í Bosníu-Hersegóvínu þar sem nauðsynlegt er að endurbæta og laga útlit og veggi hússins. Upp úr því er lagt að koma húsinu í gott horf til að eyða þeim eyðileggingaráhrifum sem að þessu leyti urðu á þjóðþinginu í stríðinu á Balkanskaga.

Áætlaður kostnaður við framkvæmdir er talinn vera 740 þús. evrur eða um 65 millj. kr. Norðmenn hafa boðist til að greiða helminginn af kostnaðinum og hafa óskað eftir stuðningi, eins og ég sagði áður, annarra ríkja á Norðurlöndum við fjármögnun 30% heildarkostnaðar en 20% ætla heimamenn að borga.

Í áliti utanríkismálanefndar, sem hún stendur öll að, til fjárlaganefndar var þess farið á leit að orðið verði við beiðni norska þingsins. Ekki hefur enn náðst samkomulag um skiptingu kostnaðar milli Íslendinga, Dana, Svía og Finna. Eins og ég sagði er verkefnið mjög brýnt og tengist endurreisn ríkisins og lýðræðisþróun þar í landi.

Hér er lagt til að 1,5 millj. kr. verði veitt til verkefnisins með fyrirvara um að sú fjárhæð sem við leggjum til þessa verks kunni að breytast og verður hún þá að koma til endurskoðunar síðar. Ég flyt þessa tillögu, en það er í samræmi við utanríkismálanefnd og vilja hennar.

[13:32]

**Útbýting:**

Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 435. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 536.

[13:33]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við erum komin í 3. umr. fjárlaga fyrir árið 2007. Í morgun var gerð grein fyrir nefndaráliti minni hlutans í fjárlaganefnd og þeim tillögum sem minni hlutinn hefur flutt núna við lokaafgreiðslu fjárlaga ársins 2007.

Umræðan um fjárlögin og fjáraukalögin nú í haust hefur að mörgu leyti verið nokkuð sérstök. Hún hefur einkennst m.a. af því að við í stjórnarandstöðunni höfum verið sökuð um ábyrgðarleysi, sökuð um að hafa ekki flutt margar breytingartillögur eins og við höfum gert á undanförnum árum við hina ýmsu liði fjárlagagerðarinnar.

Því hefur meira að segja verið haldið fram, hæstv. forseti, og leyfi ég mér þá að vitna í andsvar hv. framsögumanns meiri hluta fjárlaganefndar, Birkis Jóns Jónssonar, þar sem hv. þingmaður sagði svo, með leyfi forseta:

„Ég kalla eftir því að stjórnarandstaðan skýri það út í þessari umræðu hvernig margar ríkisstofnanir geti búið við óbreyttar fjárheimildir ...“ — Ég held að ég verði að endurtaka þetta, hæstv. forseti.

„Ég kalla eftir því að stjórnarandstaðan skýri það út í þessari umræðu hvernig margar ríkisstofnanir geti búið við óbreyttar fjárheimildir að teknu tilliti til þeirra tillagna sem við í meiri hlutanum höfum lagt fram.“ — Þ.e. ríkisstjórnarmeirihlutinn.

Hæstv. forseti. Við afgreiðslu fjárlaga á síðastliðnu hausti, þ.e. fyrir fjárlög þessa árs, 2006, lagði meiri hlutinn fram margar tillögur í mörgum liðum til að lagfæra ýmislegt sem okkur þótti á skorta í fjárlagagerðinni. Það voru samtals 42 tillögur, hæstv. forseti, sem stjórnarandstaðan lagði fram fyrir ári síðan til lagfæringar á fjárlögunum fyrir þetta ár.

Þær tillögur voru allar felldar, kolfelldar, hæstv. forseti. Ef mig brestur ekki minni, sem ég held að geri ekki, var sú tillögugerð af stjórnarliðum á síðastliðnu hausti kölluð ábyrgðarlaus. Ábyrgðarlausar tillögur. Núna hins vegar kallar hv. formaður fjárlaganefndar eftir því að stjórnarandstaðan komi og skýri út í umræðu um fjárlögin hvort þær ríkisstofnanir sem fjallað er um geti búið við óbreyttar fjárheimildir.

Það er nú svo, hæstv. forseti, að það hefur nánast verið skemmtiatriði ríkisstjórnarþingmanna í þessum þingsal á undanförnum árum, ef marka má þá umræðu sem hér hefur farið fram í haust um fjárlög og fjáraukalög, að fella hverja eina og einustu tillögu stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstaðan gerði skilmerkilega grein fyrir þeim á síðastliðnu hausti.

Síðan kemur formaður fjárlaganefndar í pontu og auglýsir sérstaklega eftir tillögum frá stjórnarandstöðunni til að lagfæra stöðu stofnana við afgreiðslu þessara fjárlaga, eins og kom fram í þeirri ræðu, hæstv. forseti, sem ég vitnaði til áðan, þar sem beinlínis var mælst til þess að stjórnarandstaðan kæmi með tillögur til að lagfæra stöðu einstakra stofnana. Þetta var formaður fjárlaganefndar sem mælti fyrir meirihlutaálitinu og sá til þess að fella hverja einustu tillögu af 42 tillögum stjórnarandstöðunnar á síðasta hausti.

Ríkisstjórnarmeirihlutinn kom síðan með tillögur í fjáraukalagafrumvarpi þessa árs til að lagfæra stöðu sömu stofnana og við lögðum til á síðastliðnu hausti að væru lag-

færðar í fjárlögunum. Það sem var fyrirsjáanlegt við afgreiðsluna á síðastliðnu hausti varðandi ýmsar stofnanir, var kolfellt, af því að stjórnarandstaðan flutti þær tillögur. En síðan máttu náttúrlega þingmenn ríkisstjórnarinnar í fjárlaganefnd að gjöra svo vel og koma með sömu tillögur, nánast upp á sömu upphæðir. Nánast upp á sömu upphæðir, hæstv. forseti.

Tillögur upp á 250 milljónir fyrir framhaldsskólana til að lagfæra stöðu þeirra. Tillögur varðandi Háskólann á Akureyri o.s.frv. Þær tillögur sem voru kallaðar ábyrgðarlausar á síðasta hausti og allar kolfelldar hafa síðan gengið aftur í höndum ríkisstjórnarmeirihlutans við afgreiðslu fjáraukalaga. Og að hluta til munu þær ganga inn í fjárlög næsta árs, því það var ekki einu sinni gert í fjáraukalögunum að taka á þeim vanda sem þó var til staðar og menn sáu. Það er ekki hlutverk fjáraukalagagerðarinnar endilega að taka á því sem menn eiga að geta séð fyrir með nokkurri vissu, að tilteknar upphæðir og tillögur þurfi að vera í fjárlögum hvers árs.

Þess vegna er það svolítið skondið, hæstv. forseti, þegar maður vitnar til þeirra orða sem ég vitnaði til áðan, að hv. formaður fjárlaganefndar skuli nú á þessu hausti auglýsa sérstaklega eftir því að hann sakni tillagna frá stjórnarandstöðunni um að lagfæra ýmislegt sem vantar í fjárlögin fyrir næsta ár, árið 2007, að því er varðar ýmsar ríkisstofnanir, og ræði um hvernig þær geti ekki búið við óbreyttar fjárheimildir. Þetta er nú einhver hin furðulegasta uppákoma umræðunnar í haust, hæstv. forseti, sem ég man bara eftir lengi.

Það var hins vegar þannig, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan valdi það á þessu hausti, ekki af neinni tilviljun, heldur vegna þess að við vildum forgangsraða verkefnum og einnig vegna þess að við fórum yfir afgreiðslu mála af hendi meiri hlutans í hv. Alþingi, ríkisstjórnarmeirihlutans, um það hvernig tillögur okkar á undanförnum árum hefðu verið afgreiddar. Sú skoðun sýndi að allar tillögur okkar, margar um tiltölulega litlar lagfæringar en þó til þess að lagfæra fjárlögin, voru allar kolfelldar, eins og ég nefndi áðan.

Ég fór mjög skilmerkilega yfir þetta, hæstv. forseti, í umræðu um daginn þar sem ég fór nákvæmlega yfir það hvernig þessar 42 tillögur á síðastliðnu hausti voru allar kolfelldar af ríkisstjórnarflokkunum, þó sumar þeirra gengju svo aftur í fjáraukalögum næsta árs. Ekki var nú fyrirhyggjan meiri við vinnslu fjárlaganna en þetta. Síðan kemur hv. formaður nefndarinnar og auglýsir eftir sérstökum tillögum okkar.

Þær sérstöku tillögur sem stjórnarandstaðan kaus hins vegar að flytja nú við fjárlagagerðina sneru að einum málaflokki, sneru að því að bæta afkomu aldraðra og öryrkja og taka á þeim málum sem tengjast tekjutengingum hjá Tryggingastofnun, lagfæra það í áföngum og leggja til að sérstök úttekt verði gerð til að einfalda tryggingakerfið og draga úr skerðingaráhrifum tekna og auka þar af leiðandi möguleika lífeyrisþega til að bæta kjör sín.

Komið yrði á til framtíðar afkomutryggingu sem tryggi viðunandi lífeyri fólks. Þar með var stjórnarandstaðan að svara ákaflega merkilegri spurningu: Á velferðarþjóðfélag eins og Ísland að tryggja það að þeir sem hafa sér ekki annað til framfærslu en örorkubætur eða ellilífeyri eigi að geta komist af í þjóðfélaginu? Að fólk hafi mannsæmandi kjör ef menn eiga ekki annan rétt til tekna eða hafa ekki möguleika á að afla sér annarra tekna en þeirra sem oft hafa verið nefndar einu nafni, sameiginlegar lágmarksbætur frá Tryggingastofnun ríkisins?

Þessu svaraði stjórnarandstaðan sameiginlega með tillöguflutningi sínum í haust í sérstakri þingsályktunartillögu um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Við höfum svarað því játandi, allir stjórnarandstöðuflokkarnir, með tillöguflutningi okkar, að við viljum sjá framtíðina þannig þegar upp er staðið eftir breytingar á tryggingakerfinu og endurskoðun á tekjutryggingum og skerðingarreglum og öðru slíku, með samspili til skattkerfisins, að fólk geti komist af á rauntekjum sínum eftir skatta.

Því það er auðvitað þannig, hæstv. forseti, að ekki er nóg að setja krónutöluna upp í bótum frá Tryggingastofnun ef skattkerfið er síðan þannig að það tekur stóran hluta af þeim tekjum sem ætlaðar eru fólki til lágmarksframfærslu. En þannig hefur það einmitt þróast í tíð núverandi ríkisstjórnar sem hér hefur setið við völd undanfarinn áratug.

Það hefur þróast þannig, hæstv. forseti, að fólk borgar núna hlutfallslega lægri skatta af tekjum sínum en það gerði fyrir nokkrum árum, sé tekið tillit til þróunar kaupgjalds og verðlags. Skattleysismörk hafa ekki tekið mið af því að fólki sé ætlað að komast af á lágmarksbótum.

Hinar svokölluðu samsettu lágmarksbætur Tryggingastofnunar eru ekki skattlausar. Þær voru að kröfu ASÍ hækkaðar á síðastliðnu sumri um 15 þús. kr. fyrir þá innan við 400 lífeyrisþega sem ekkert annað hafa sér til framfærslu en lágmarksbætur. Skattleysismörkin hafa ekki fylgt þróuninni. Þar af leiðandi borgar fólk tekjuskatt af lágmarkstekjum. Fram á þetta hefur verið sýnt af mörgum aðilum í þjóðfélaginu.

Eldri borgarar hafa með dæmum sýnt fram á að skerðingarreglur Tryggingastofnunar skera tekjurnar niður ef fólk reynir að bjarga sér. Síðan kemur tekjuskatturinn þar til viðbótar. Það sem fólk heldur eftir af tekjum úr lífeyrissjóði, hvort sem við erum að tala um hinn almenna lífeyrissjóð með samtryggingarheimildunum eða séreignarsparnaðinn. Tekjur úr lífeyrissjóðskerfinu valda skerðingum hjá Tryggingastofnun ríkisins og af þeim er síðan borgaður fullur skattur, svo fremi sem fólk hefur fullnýtt persónuafsláttinn sinn annars staðar, sem það hefur væntanlega gert. Hann er ekki hærri en svo því að skattleysismörkin hafa verið í kringum 78 þús. kr. en munu væntanlega fara í 90 þús. kr. eftir næstu áramót að kröfu ASÍ. Alþýðusamband Íslands knúði fram að ríkisstjórnin breytti skattastefnu sinni, þ.e. að lækka tekjuskattinn um 2% flatt um næstu áramót, í að færa 1% yfir í persónuafsláttinn. Það þýðir að persónuafslátturinn dugir eftir næstu áramót til að skattleysismörkin færist upp í rétt rúmar 90 þús. kr.

Það er einkennilegt, hæstv. forseti, að það skuli nánast alltaf þurfa að pína ríkisstjórnina til að stíga skref sem geta bætt stöðu aldraðra og öryrkja í þessu þjóðfélagi, eða lágtekjufólksins. ASÍ þurfti að þrýsta á aðgerðir. Menn hafa þurft að sækja rétt sinn fyrir dómstólum gagnvart ríkinu, t.d. í öryrkjamálinu. Eldri borgarar hafa lýst því yfir að þeir hafi nánast verið nauðugir látnir skrifa undir samkomulag sem gert var með eldri borgurum og ríkisstjórninni seinni

hluta þessa hausts. (**GÓJ:** Ekki trúir þingmaðurinn því?) Það er þannig, hæstv. forseti, að ég hef mjög sjaldan reynt eldra fólk að lygum. Það er fátítt ef eldra fólk ber fyrir sig lygi. Þannig að ég verð að segja það, hæstv. forseti, vegna frammíkalls hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar að ég met það svo að eldri borgarar hafi sagt sannleikann þegar þeir sögðu frá því að þeir hefðu verið settir upp að vegg með að fá pakka í velferðarmálum varðandi hjúkrunarheimili og betri aðstoð fyrir eldri borgara, að þeir hefðu keypt það því verði að skrifa undir þessa yfirlýsingu. Þeir lýstu því þó jafnframt yfir, eins og allir muna, að baráttu þeirra væri ekki lokið og þeir mundu halda henni áfram. Þeir hafa gert það með sóma. Þeir hafa haldið því fram að þeir hafi kosið að tryggja þennan velferðarpakka, betri aðbúnað og hjúkrunarheimili.

Samtök eldri borgara hafa með sérstöku plaggi tekið undir nánast allt sem við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til varðandi stefnumótun sem við hefðum viljað að tækju gildi um næstu áramót, þ.e. að frítekjumark eldri borgara og öryrkja væri 75 þús. kr. og þar af leiðandi um 900 þús. kr. á ári en ekki 25 þús. kr., eða um 300 þús. kr. á ári eins og varð niðurstaða ríkisstjórnarflokkanna. Þeir hafa tekið undir það að lækka eigi skerðingarregluna úr 45% niður í 35%. Þeir hafa tekið undir að hækka vasapeninga fólks á stofnunum. Þeir hafa tekið undir að taka tekjutengingu milli maka úr sambandi þegar um næstu áramót. Þeir hafa tekið undir það að til framtíðar þurfi að endurskoða alla tryggingalöggjöfina til einföldunar en það eigi ekki að verða til að tefja nauðsynlegar lagfæringar sem stjórnarandstaðan hefur lagt til í ýmsum málum er snúa að öldruðum og öryrkjum. Þeir hafa tekið undir að hækka tekjutryggingu aldraða upp í 85 þús. og fyrir öryrkja upp í 86 þús. 1. janúar næstkomandi. Það var tillaga stjórnarandstöðunnar sem var felld við 2. umr. um fjárlögin. Samtök eldri borgara hafa skýra afstöðu til þess sem þeir telja til bóta og hvaða skref ætti að stíga í því.

Hæstv. forseti. Í nefndum þingsins, m.a. á fundum í efnahags- og viðskiptanefnd, hefur komið fram að við breytingar ríkisstjórnarinnar, í dæmi þar sem 10 þús. kr. koma til viðbótar við tekjur eldri borgara, er skerðingin í dag, miðað við skerðingu upp á 45% og skattgreiðslur, allt að 77% þeirrar upphæðar sem menn fá til viðbótar við lágmarkslífeyrinn. Eftir breytinguna sem ríkisstjórnin ætlar að ráðast í þá mun þetta hlutfall fara niður í 68% á árinu 2009. Skerðingin verður þrátt fyrir allt 68% fyrir hverjar 10 þús. kr. sem eldri borgari vinnur sér inn eða fær úr lífeyrissjóði. Það veldur skerðingum og með skattgreiðslum standa aðeins eftir 3.200 kr., 68% skerðing eftir allar lagfæringarnar.

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að skoðað verði hvað fólk þarf sér til framfærslu á Íslandi. Hvað þurfa eldri borgarar til framfærslu? Hvað þurfa hjón? Hvað þurfa öryrkjar o.s.frv.? Það þarf að gera könnun á því hvað þessir hópar þurfa sér til framfærslu að lágmarki. Í framhaldi af því yrði komið á viðunandi afkomutryggingu.

Þá vík ég aftur að því, hæstv. forseti, að það er ekki nóg að krónutalan fari upp. Það þarf að horfa á endastöðina í málinu, þ.e. rauntekjurnar eftir skerðingar og skatta. Hverjar eru þær? Allir í þjóðfélaginu eiga að komast af með sómasamlegum hætti. Það á ekki að vera þannig að verulegur hluti fólks, sem hefur ekkert annað en Tryggingastofnun til að treysta á, þurfi að leita til félagsþjónustu sveitarfélaga til að fá viðbót til að geta lifað af eða leita til vina og ættingja til að fá viðbótarfé svo það geti lifað af. Eiga menn að hafa nóg til að komast af? Velferðarþjóðfélag hlýtur að svara þeirri spurningu með jái. Stjórnarandstaðan hefur tekið afstöðu til þess og sagt: Ef við náum markmiðum okkar munum við vinna að því í markvissum áföngum á næsta kjörtímabili að tryggja að fólk komist af á lágmarksbótum. Þá er eðlilega átt við rauntekjur. Þetta er samspil uppbóta og greiðslna, skerðinga og skatta og síðan kemur lokaspurningin: Hvað hefur fólk í rauntekjur til að komast af? Á þá tölu verðum við að líta. Það er auðvitað framtíðarverkefnið að endurskoða reglur Tryggingastofnunar og reyna að einfalda þær eins og frekast er kostur.

Bótaflokkar Tryggingastofnunar hafa jafnan verið fjórir á undanförnum árum, þ.e. grunnlífeyrir um 24 þús. kr., tekjutrygging um 45 þús. kr., tekjutryggingaraukinn um 23 þús. kr., heimilisuppbótin 18.800 kr. og í sumar var bætt við fimmta flokknum, uppbót sem ASÍ knúði fram, þ.e. viðbótargreiðslu sem væntanlega fellur um næstu áramót inn í það sem verður ný tekjutrygging. Um næstu áramót einfaldast tryggingakerfið nokkuð. Það er til bóta og verður samansett úr grunnlífeyrinum, gamla ellilífeyrinum, úr svokallaðri nýrri tekjutryggingu sem felur í sér tekjutengingarnar, tekjutryggingaraukann og þá viðbótargreiðslu sem kom í sumar upp á 15.000 kr. Varðandi eldri borgara verður þetta a.m.k. einfaldara, þ.e. bótaflokkarnir eru færri. En skerðingarreglurnar eru eftir sem áður flóknar, tengjast bæði tekjum og upphæðum og eins búsetu fólks og búskaparháttum. Er það í sambúð? Er það gift o.s.frv.? Hvernig virka tekjur maka á milli hjóna? Þannig mætti lengi telja.

Það er margt sem fást þarf við, hæstv. forseti, ef við í stjórnarandstöðunni ætlum að ná fram þeirri breytingu að eldra fólk í þessu landi, öryrkjar og láglaunafólk, komist af á lágmarkstekjum. Til þess viljum við horfa. Við köllum þetta velferðarstefnu og velferðarpakka og höfum lagt það fram sameiginlega sem fyrsta mál á þessu þingi.

Til viðbótar því sem ég hef sagt vil ég taka það sérstaklega fram að ríkisstjórnin felldi tillögu okkar um 75 þús. kr. frítekjumark við 2. umr. fjárlaganna. Núna fá fulltrúa ríkisstjórnarinnar á Alþingi tækifæri á ný til að taka afstöðu til tillagna okkar. Við höfum lækkað upphæðina í 70 þús. kr. og enn á ný gefst ríkisstjórninni tækifæri til að bæta ráð sitt og laga stöðu eldri borgara að verulegu leyti varðandi frítekjumarkið.

Það er engin tilviljun að við skyldum tala um 75 þús. kr. í frítekjumark. Við gáfum okkur að fólk gæti a.m.k. verið í hálfu starfi, og þar væri ekki um hálaunastarf að ræða, án þess að bætur þess frá Tryggingastofnun yrðu skertar. Þess vegna settu menn þessa upphæð í 75 þús kr. Hún hefði vissulega getað verið einhver önnur, 80 þús. eða 85 þús. kr. Við höfum hins vegar valið að lækka hana niður í 70 þús. og berum fram tillögu um að það verði á fjárlögum og gert ráð fyrir því við 3. umr. fjárlaga. Menn fá annað tækifæri í ríkisstjórnarflokkunum til að bæta ráð sitt, hæstv. forseti.

Til viðbótar höfum við lagt fram tillögu um að inni í Framkvæmdasjóð aldraðra verði skilað þeim 5 milljörðum kr. sem það hafa verið teknir frá árinu 1992 til 2007, þeir

verði merktir úr ríkissjóði inn í sjóðinn og verði þar þannig að gera megi markvissar áætlanir um uppbyggingu á íbúðum fyrir aldraða, öryrkja og önnur þau búsetuúrræði sem nauðsynleg eru til að sátt náist um þau mál.

Ég minni á að á fjölmennum fundi í Háskólabíói nýverið lagði Aðstandendafélag aldraðra áherslu á þetta, að ná til baka þeim 5 milljörðum kr. inn í Framkvæmdasjóði aldraðra sem farið hefðu í rekstur á undanförnum árum en ekki verið varið til nýbygginga og endurbóta á hjúkrunar- og dvalarheimilum, sem er þó verkefni Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Með því að þessir peningar færu af fjárlögum næsta árs inn í sjóðinn gætu menn búið til áætlanir um hvernig eigi að standa að þeim málum, sem Framkvæmdasjóði aldraðra er ætlað að vinna að, á næstu árum og gert um það skynsamlegar tillögur. Peningarnir væru til staðar. Menn þyrftu auðvitað ekki að framkvæma fyrir þá alla fyrsta árið en hægt væri að gera skynsamlegar tillögur um hvernig megi standa að áföngum í þá veru. Um þessa tillögu verða greidd atkvæði við 3. umr. fjárlaganna. Þá reynir á hvort ríkisstjórnarmeirihlutinn vill fara þá vegferð sem við leggjum til, að skila því fé til baka í Framkvæmdasjóð aldraðra svo gera megi skynsamlegar tillögur um hvernig að málunum eigi að standa.

Þegar atkvæði hafa verið greidd um þessa tillögu tel ég fullreynt, hæstv. forseti, gagnvart ríkisstjórninni hvort menn vilja gera breytingar og lagfæringar sem um munar eða hvort menn standa frammi fyrir því að nánast allar tillögur sem við höfum lagt til verði eina ferðina enn, sem eru þó ekki margar við þessa fjárlagagerð, felldar. Þær voru 42 á síðasta hausti og allar felldar með miklum ánægjuhrópum, að því að mér skildist við 2. umr. Sé ég nú að sumir gleðjast og rétta upp hendur, hæstv. forseti, í tilefni þess að þeir hafa sennilega verið að koma úr líkamsþjálfun. Það fer vel á að þingmenn haldi sér hraustum. En það færi líka vel á að þingmenn ríkisstjórnarinnar styddu tillögur um að tryggja velferð og eðlilegt líf fólks sem komið er á efri ár og hefur skilað okkur því þjóðfélagi sem við búum við í dag.

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég gera að aðalumræðuefni. Ég tel það skipta mjög miklu máli að stefnumótun stjórnarandstöðunnar nái fram að ganga. Þess vegna eru þessar tillögur fluttar enn á ný. Enn á ný er stjórnarliðum gefið tækifæri til að taka jákvæða afstöðu til þeirra. Hins vegar verðum við að hryggja stjórnarliða með því að þetta voru tiltölulega mjög fáar tillögur. Það vantar sennilega 40 tillögur á að þær nái því sem við lögðum fram í fyrra. Þess vegna verður skemmtiatriðið við að fella þær ekki nálægt því hið sama og á síðasta hausti. Ég vænti hins vegar þess, af því að tillögurnar eru svona fáar, að menn geti tekið málefnalegri afstöðu til þeirra en gert hefur verið á undanförnum árum.

Hæstv. forseti. Ég hygg að nóg sé sagt um þennan þátt málsins í bili. Það er auðvitað tilefni til að ræða fleira við þessa umræðu og getur verið að ég geri það. Ég á kost á að flytja aðra ræðu. Ef umræðurnar þróast við 3. umr. fjárlaga eins og þær þróuðust við 2. umr. er mjög líklegt að maður eigi eftir að lenda aftur í stólnum og halda tölu yfir stjórnarliðum um hvernig staðið hefur verið að verkefnum á undanförnum árum.

Ég vænti þess hins vegar — vegna þess að ég hygg, hæstv. forseti, að þingmenn stjórnarliða vilji gera vel — að þeir hafi fengið nægan tíma frá afgreiðslunni við 2. umr. og geti mætt með bros á vör og sagt við eldri borgara og öryrkja: Við ætlum að fallast á að framtíð ykkar verði betri eftir næstu áramót en verið hefur. Við erum tilbúin að stíga það skref með stjórnarandstöðunni eftir að hafa athugað okkar gang. Ég vænti þess. En það eru auðvitað bara væntingar mínar. Niðurstaðan kemur í ljós í atkvæðagreiðslunni, hæstv. forseti.

[14:05]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það er komið að lokaumræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007. Það væri auðvitað freistandi að endurtaka þá ræðu sem ég flutti við 2. umr. málsins en ég er að hugsa um að sleppa því að endurflytja hana. Mér þykir samt sem áður vert að geta hér nokkurra atriða sem skipta máli og sýna hversu vel hefur verið haldið á ríkisfjármálum og efnahagsmálum af hálfu stjórnarmeirihlutans á Alþingi. Ég mun síðar í ræðu minni víkja að framgöngu stjórnarandstöðunnar við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár og þess framhaldsnefndarálits sem minni hlutinn hefur komið sér saman um.

Ég vek athygli á þeim horfum að verðbólga næsta árs verði 3% en ekki 4,5% eins og áður var spáð, sömuleiðis að verðbólgan verði 2,2% árið 2008. Verðbólgan er því á niðurleið en kaupmáttur, ráðstöfunartekjur almennings í landinu, eykst sífellt. Eins og ég hef áður tekið fram í þessum ræðustól hefur kaupmáttur almennings aukist að meðaltali um 60% á síðustu 10 árum. Það sem skiptir miklu máli er hins vegar það að ríkissjóður er að verða nánast skuldlaus. Á síðustu 10 árum hafa 77% af skuldum ríkissjóðs verið greidd niður. Það eru engar smáupphæðir og hefði einhvern tíma þótt fréttnæmt, hæstv. forseti.

Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar slá ýmist í eða úr. Í öðru orðinu kvarta þeir yfir því að útgjöld ríkisins séu of mikil en í hinu orðinu að útgjöld ríkisins séu of lítil, ekki séu næg framlög til tiltekinna mála eða málaflokka. Þá er kannski rétt, hæstv. forseti, að rifja upp að framlög til heilbrigðismála jukust á árunum 1998 til 2005 um 27,5 milljarða kr. Á sama tíma jukust framlög til almannatrygginga um 23 milljarða kr., þ.e. um 45%. Þetta er fyrir utan verðbólgu, þetta er umfram þá hækkun sem leiðir af verðbólgu. Framlög til fræðslumála hafa aukist að raungildi um 60% á sama tímabili, frá árinu 1998 til 2005, og þar af hafa framlög til háskóla aukist um 7,4 milljarða, þ.e. 80%. Ég vek athygli á því að þetta er fyrir utan fjárlög 2006 og þær tillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar lagði fram við 2. umr. um frumvarp til fjáraukalaga.

Ég gerði að umtalsefni í ræðu minni við 2. umr. um fjárlagafrumvarp næsta árs þau merku tíðindi að stjórnarandstaðan hefði komið sér saman um sameiginlegt nefndarálit. Eins og ég gat þá um er þetta í fyrsta skipti á kjörtímabilinu sem stjórnarandstaðan kemur sér saman um sameiginlegt nefndarálit við frumvarp til fjárlaga. Ekki nóg með það, hæstv. forseti, þetta er í fyrsta skipti frá árinu 1999, í sjö ár, sem stjórnarandstaðan kemur sér saman um eitt nefndarálit

við afgreiðslu fjárlaga.

Hvað gerði stjórnarandstaðan í tilefni af þessu? Það var ekki kaffifundur eins og stundum vill verða, það var heldur betra en það. Það varð auðvitað að kalla til blaðamenn, það gefur augaleið að það verður að kalla til blaðamenn þegar stjórnarandstaðan kemur sér saman um einhvern skapaðan hlut. Það var auðvitað gert í þessu tilviki. (Gripið fram í.) Hverjar voru svo tillögur stjórnarandstöðunnar við 2. umr. fjárlaga? Hvaða tillögur skyldu það vera, þessar stórkostlegu tillögur? Það er kannski ekki rétt að tala um þær í fleirtölu vegna þess að þetta var ein tillaga (Gripið fram í.) og stjórnarandstaðan skilaði auðu, hún lagði ekki fram neinar tillögur um aukin framlög til menntamála, hún lagði ekki fram neinar tillögur um aukin framlög til félagsmála og hún lagði ekki fram neinar tillögur um aukin framlög til heilbrigðismála. (Gripið fram í.) Þetta var hugurinn sem stjórnarandstaðan sýndi þjóðinni við 2. umr. um fjárlög. Enda heyri ég að hv. framsíkallandi Einar Már Sigurðarson er hér beygður, og auðvitað er hann beygður, það er búið að afskrifa hann. Það er búið að lýsa því yfir að honum sé ekki treystandi, að kjósendur treysti honum ekki. Það er búið að lýsa því yfir að honum sé ekki treystandi fyrir ríkisfjármálunum. Þetta er það sem ég er búinn að segja í ræðustólnum mjög lengi en það var ekki ég sem sagði þetta um helgina, heldur var það formaður Samfylkingarinnar, formaður hv. þingmanns, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem sagði að þingmanninum væri ekki treystandi frekar en öðrum þingmönnum í þingflokki Samfylkingarinnar. Kjósendur treysta ekki þingmönnum Samfylkingarinnar, það voru skilaboð og mjög skýr skilaboð formanns Samfylkingarinnar til hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar og annarra í þingflokki Samfylkingarinnar.

Það má kannski halda þessari umræðu svolítið áfram. (Gripið fram í.) Það vakti athygli hér í gær að heilbrigðisráðherraefni stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, hélt því fram að hæstv. forseti hefði lagt Frjálslynda flokkinn í einelti. (**Gripið fram í:** Ha?) Ég veit ekki hversu langt þessi paranoja hjá Frjálslynda flokknum á að ganga en mér sýnist þetta bera vott um verulega óvissu og slæmt sálrænt ástand hv. þingmanna Frjálslynda flokksins. Manni hefur eiginlega sýnst af fréttum undanfarna daga að frjálslyndir séu aðallega í því að leggja hver annan í einelti, það þurfi ekki atbeina hæstv. forseta til þess. En slík er paranojan að menn sjá sérstaka ástæðu til að koma hér upp í ræðustól og kvarta yfir eineltistilburðum hæstv. forseta. (**GAK:** Þú verður sífellt skemmtilegri.) Hversu langt á þessi umræða að ganga um einelti Frjálslynda flokksins? (Gripið fram í.) Já, það væri full ástæða til þess að fara svolítið lengra í þessum efnum. (Gripið fram í.) Já, það má hafa mörg orð um Framsóknarflokkinn, vissulega er það rétt, hæstv. forseti. (**Gripið fram í:** Gerði hann ekki bara mistök?) Það vita þeir sem vilja vita að Framsóknarflokkurinn hefur verið lengst allra flokka í ríkisstjórn á Íslandi á lýðveldistímanum, og hvar koma þau áhrif fram? Þau koma fram alls staðar á öllum sviðum þjóðlífsins.

Af því að ég gat um það áðan að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hefðu undir myndavélum fjölmiðlanna komið sér saman um eitt nefndarálit við 2. umr. um fjárlög er auðvitað ástæða til að skoða hver skilaboð hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar til almennings voru við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins við 2. umr. Hvernig skyldu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa tekið á tillögum um aukin framlög til ýmissa málaflokka? Hver skyldi hafa verið afstaða hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar til tillagna meiri hluta fjárlaganefndarinnar? Hver voru þau, hæstv. forseti? Eigum við ekki bara að renna yfir það (**Gripið fram í:** Jú.) þannig að almenningur viti hver afstaða stjórnarandstöðunnar er og hvernig hún kemur fram gagnvart almenningi í landinu (**GAK:** ... almenningur ...) þegar tækifæri er til? (Gripið fram í.) Sé ég nú hv. þm. Sigurjón Þórðarson koma á harðahlaupum inn í þingsalinn til að missa ekki af neinu í þessari skemmtilegu ræðu. (Gripið fram í.) Það er líka hollt fyrir hv. þm. Sigurjón Þórðarson eins og aðra þingmenn (Gripið fram í.) einelta flokksins að rifja upp hvernig þeir sýndu hug sinn til þjóðarinnar við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga. (Gripið fram í.)

Við skulum byrja á menntamálunum. (Gripið fram í.) Eins og ég sagði áðan lagði stjórnarandstaðan ekki fram neina tillögu við 2. umr. fjárlaga sem sneri að menntamálum, (Gripið fram í.) ekki eina einustu tillögu um menntamál. (**Gripið fram í:** Var þörf á ...?) Við skulum sjá hvað meiri hluti fjárlaganefndar gerði.

Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að framlög til Háskóla Íslands yrðu hækkuð um 308,8 millj. (**Gripið fram í:** Hefði átt að vera meira.) Nú væri fróðlegt að fá að vita um tillögur stjórnarandstöðunnar. Þær voru engar. Maður hefði þó kannski haldið að stjórnarandstaðan gæti látið svo lítið að taka undir og styðja tillögur um aukin framlög til Háskóla Íslands. (**HHj:** Ertu nýr hérna?) Hver var svo afstaða hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar til tillagna um ríflega 300 millj. kr. fjáraukningu til Háskóla Íslands? Þau ákváðu að sitja hjá, þau treystu sér ekki til að styðja tillögu um það að Háskóli Íslands fengi ríflega 300 millj. kr. hækkun á fjárlögum næsta árs. Það er fróðlegt fyrir stúdenta við Háskóla Íslands að vita af þessu, það er fróðlegt fyrir forráðamenn Háskóla Íslands að vita af þessu.

Ég talaði t.d. að á málþingi Stúdentaráðs Háskóla Íslands á föstudaginn og þar talaði heilbrigðisráðherraefni stjórnarandstöðunnar úr einelta flokknum, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, og hafði uppi mikil áform og hástemmdar yfirlýsingar um gildi Háskóla Íslands. Þar töluðu líka hv. þm. Björgvin Sigurðsson og Kolbrún Halldórsdóttir. Þeim láðist hins vegar öllum að greina frá því að þau hefðu ekki treyst sér til að samþykkja hækkun til Háskóla Íslands upp á ríflega 300 millj. kr. Þetta eru skýr skilaboð frá stjórnarandstöðunni til Háskóla Íslands.

Sömu sögu er að segja um Háskólann á Akureyri, hæstv. forseti. Þar lagði meiri hluti fjárlaganefndar til að framlög til Háskólans á Akureyri yrðu aukin um 78 millj. kr. Hvað gerði stjórnarandstaðan? Maður hefði kannski haldið að hún hefði hamast hér á já-takkanum og greitt þessu atkvæði, sérstaklega hv. þm. Einar Már Sigurðarson þar sem skólinn er í kjördæmi hans og hann hefur á góðum stundum lagt mikla áherslu á starfsemi Háskólans á Akureyri. Hvað skyldi hann hafa gert við 2. umr. um fjárlögin? Hann sat hjá. Ætli það þyki ekki tíðindi í kjördæmi hv. þingmanns að hann hafi ekki treyst sér til að samþykkja fjárframlög til Háskólans á Akureyri, aukin fjárframlög upp

á 78 millj. kr.? Það hefur kannski bara verið búið að slá hann af þá þegar. Kannski hefur formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, verið búin að hvísla því í eyrað á honum að kjósendur treystu honum ekki fyrir stjórn ríkisfjármálanna fremur en stjórn annarra mála er varða stjórn ríkisins.

Ég vakti í ræðu minni við 2. umr. málsins athygli á málefnum Reykjavíkurakademíunnar. (**Gripið fram í:** ... útskrifast?) Við 2. umr. lagði meiri hluti fjárlaganefndar til að *framlög til Reykjavíkurakademíunnar yrðu aukin um* 10,2 millj. kr. Þetta er sjálfstætt samfélag fræðimanna þar sem unnið hefur verið gott starf og eins og ég gat um í ræðu minni við 2. umr. hafði ég tækifæri til að sækja þessa akademíu heim (**Gripið fram í:** Nú?) fyrr í haust og sjá með eigin augum (Gripið fram í.) það góða starf sem þar er unnið. Það hefur a.m.k. skilað sér í því að hér var lagt til að Reykjavíkurakademían fengi 10,2 millj. aukalega og Reykjavíkurakademían fær núna 22 millj. kr. á fjárlögum næsta árs. (Gripið fram í.) Og hvað gerði hv. þm. Einar Már Sigurðarson, hvað gerðu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar? Skyldu þeir hafa greitt þessu atkvæði? Nei, þeir auðvitað sátu hjá. Þetta eru menn sem geta enga ábyrgð borið. Einn stjórnarandstöðuflokkurinn er í einelti við sjálfan sig og það er búið að afskrifa alla þingmenn annars stjórnarandstöðuflokks sem óhæfa, þeim sé ekki treystandi að áliti kjósenda til að sjá um stjórn ríkisins, þar með ríkisfjármálin, enda hafa þeir haft heldur hægt um sig við þessa umræðu sem vonlegt er.

Þá komum við að framhaldsskólunum. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur verið sérstakur áhugamaður um að bæta hag framhaldsskóla. Hvað skyldi þá hv. þingmaður hafa gert þegar meiri hluti fjárlaganefndar lagði til 260 millj. kr. hækkun við 2. umr. um fjárlagafrumvarpið? (Gripið fram í.) Hv. þingmaður vill meina að hér hafi ríkissjóður verið að skila einhverju til baka. Maður hefði þá haldið að hv. þingmaður gæti greitt því atkvæði að þessu fé yrði skilað til baka en svo var aldeilis ekki. Hann vildi bara greinilega að þessu fé yrði þá ekki skilað til baka vegna þess að hann gat ekki greitt því atkvæði, ekki frekar en aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar gat hann greitt því atkvæði að framlög til framhaldsskóla yrðu aukin um 260 millj. við 2. umr.

Það má líka benda á Fjölbrautaskóla Snæfellinga, í kjördæmi sjálfs fjármálaráðherraefnis stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Það voru lagðar til 7 millj. kr. aukalega til Fjölbrautaskóla Snæfellinga þannig að framlögin *yrðu alls 169,3 millj. á næsta ári. Hvað gerði hv. þm. Jón* Bjarnason? Maður hefði haldið að hann hefði hlaupið upp til handa og fóta til að fá að greiða þessum framlögum atkvæði sitt. Hann treysti sér ekki í það, ekki frekar en aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar. Meira að segja hv. þm. Sigurjón Þórðarson, sem sætt hefur hvað mestu einelti hér á þinginu, treysti sér ekki heldur til að greiða þessu atkvæði (Gripið fram í.) þrátt fyrir að þetta væri í hans kjördæmi. Sagan segir meira að segja að hv. þingmaður hafi komið þar einu sinni. (**SigurjÞ:** Hvert?) Á Snæfellsnesið. (**SigurjÞ:** Ég var alinn þar upp.)

Ég vek líka athygli á því, hæstv. forseti, að meiri hluti fjárlaganefndar lagði til við 2. umr. að veittar yrðu 100 millj. kr. til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Hvað skyldi stjórnarandstaðan hafa gert í þeim málum, er ekki rétt að upplýsa þjóðina um það? Ég sé að þingmenn Frjálslynda flokksins, hins einelta, eru nú orðnir mjög áhyggjufullir. Það var kannski skiljanlegt að þeir greiddu þessu ekki atkvæði en aðrir þingmenn, þingmenn Vinstri grænna og hv. þingmenn Samfylkingarinnar, treystu sér ekki til að samþykkja að greiddar yrðu 100 millj. til að efla íslenskukennslu fyrir útlendinga. Þetta voru skilaboðin, þetta er til *merkis um stefnu stjórnarandstöðunnar í málefnum útlendinga*. Það þarf bara engan pening í málefni útlendinga, það þarf bara engan pening í íslenskukennslu fyrir útlendinga. Þetta eru hugguleg skilaboð frá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar til þjóðarinnar.

Við getum líka tekið framlög til byggða- og minjasafna. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að framlög til Þjóðminjasafnsins mundu hækka um 10 millj. og framlög til ýmissa byggða- og minjasafna um 46,5 millj. kr. Hvað gerðu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar þá? Það þarf kannski ekki lengur að hafa mörg orð um þetta, hæstv. forseti, þau auðvitað skiluðu auðu. Stjórnarandstaðan hefur skilað auðu við þessa umræðu, enda er henni ekki treystandi fyrir ríkisfjármálunum eins og fram kom í máli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í Keflavík í Reykjanesbæ á dögunum.

Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn. Þar lagði meiri hluti fjárlaganefndar til að fjárheimildir yrðu auknar um 12 millj. kr. þannig að fjárheimildirnar yrðu alls ríflega 650 millj. Auðvitað treysti stjórnarandstaðan sér ekki til að leggja þessu lið. Eins og það hefði verið auðvelt, hæstv. forseti, að freistast til þess að ýta á já-takkann einu sinni, þótt ekki væri nema einu sinni í allri atkvæðagreiðslunni við 2. umr. fjárlaga. Því miður tókst það ekki, hæstv. forseti, og er auðvitað skiljanlegt.

Við skulum næst taka Blindrabókasafn Íslands. Það er safn sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa haft sérstakan áhuga á og meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að framlög til Blindrabókasafnsins yrðu aukin um 5 millj. Gátu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar stutt þá tillögu? Nei. Að hugsa sér, hæstv. forseti, þingmenn stjórnarandstöðunnar *treystu sér ekki til að styðja tillögu meiri hluta* fjárlaganefndar um 5 millj. kr. aukaframlag til Blindrabókasafns Íslands.

Það er freistandi að taka næst til umfjöllunar framlög til ýmissa annarra safna, til að mynda Listasafns Alþýðusambands Íslands þar sem meiri hlutinn lagði til að framlögin yrðu 5,5 millj., framlag til Nýlistasafnsins yrði 8 millj. og framlag til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar mundi hækka um 0,7 millj. og verða 8 millj. Hvernig sýndi stjórnarandstaðan hug sinn til lista- og menningarmála við afgreiðslu í 2. umr. um fjárlög? Ekki studdi hún þessar tillögur, auðvitað gat hún ekki stutt tillögur um aukin framlög til lista- og menningarstarfsemi, það gefur augaleið. Þetta er hugurinn, hæstv. forseti, sem stjórnarandstaðan sýnir lista- og menningarlífinu hér á landi.

Hann kemur fram í fleiri atriðum. Stjórnarandstaðan gat ekki stutt tillögu um að hækka framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands um ríflega 150 millj. Það sem meira er, stjórnarandstaðan gat ekki hugsað sér að styðja tillögu um

aukin framlög til kvikmyndagerðar upp á 123 millj. Stórir þættir og mikil aukning á fjárlögum, og stjórnarandstaðan skilar auðu. Stjórnarandstaðan segir pass, stjórnarandstaðan hefur sagt eitt stórt pass við þessa umræðu um fjárlögin.

Þá eru það leikhóparnir. Hvernig tóku hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar á leikhópum? Maður hefði kannski haldið að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hefðu haft áhuga á leik, til að mynda hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sem ég held að sé eini lærði leikari stjórnarandstöðunnar þó að þeir séu margir góðir. Hvernig skyldu hún og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa tekið á tillögum meiri hluta fjárlaganefndar um aukin framlög til áhugaleikfélaga og atvinnuleikhópa? Hún skilaði auðvitað auðu, stjórnarandstaðan skilaði auðu, hún sagði pass. Hún gat ekki samþykkt aukin framlög til áhugaleikfélaga eða atvinnuleikhópa.

Hæstv. forseti. Því miður er sömu sögu að segja af öðrum málefnum er varða listir og fræðistörf. Til að mynda gat stjórnarandstaðan ekki stutt tillögu um aukin fjárframlög til Hins íslenska bókmenntafélags upp á 14,3 millj. kr., ekki til Skriðuklausturs upp á 7,7 millj. kr. og ekki til Snorrastofu í Reykholti upp á 6 millj. kr. Það verður fróðlegt þegar hv. þm. Jón Bjarnason, fjármálaráðherraefni stjórnarandstöðunnar, (**JBjarn:** Glæsilegt.) ríður um héruð (**JBjarn:** Já, á skjóttum.) og mun reyna að skýra það út fyrir Borgfirðingum hvers vegna hann gat ekki stutt tillögu meiri hluta fjárlaganefndar um 6 millj. kr. aukaframlag til Snorrastofu. Hverju ætlar hv. þingmaður að svara?

Það er nefnilega þannig að það er oft innantómt gjálfur sem kemur frá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Það verður erfitt fyrir þau að fara um héruð landsins og reyna að skýra það út fyrir landsmönnum hvers vegna þau gátu ekki stutt framlög um aukið fé til ýmissa málaflokka í öllum héruðum landsins.

Við skulum taka Íþróttasamband fatlaðra. Nú leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að framlög til Íþróttasambands fatlaðra nemi 22 millj. kr. Við 2. umr. var lagt til að þessi framlög hækkuðu frá því sem var í frumvarpinu sjálfu um 2,4 millj. kr. Hvað skyldu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert? Hvað ætli hv. brottrekni þingmaðurinn, Valdimar Leó Friðriksson, hafi gert í þeim efnum, (**Gripið fram í:** Brottrekinn hvaðan?) sá fyrsti sem fékk skilaboðin um það að (**MÞH:** Það er munur á brottrekstri og uppsögn.) hann væri ekki hæfur og honum væri ekki treystandi til að fara með stjórn landsins (Gripið fram í.) og að kjósendur mundu ekki treysta honum? Hvað skyldi hann hafa gert við þessa atkvæðagreiðslu? Hvað skyldu aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert? Studdu þau tillögu um aukin framlög til Íþróttasambands fatlaðra? Nei, þau gátu það ekki. Það væri fróðlegt ef hv. þingmenn mundu nú renna upp í Hátún og skýra það út fyrir forsvarsmönnum Íþróttasambands fatlaðra að þau hafi ekki getað stutt tillögu um aukin fjárframlög til sambandsins. Það mætti svo sýna þær útskýringar í Spaugstofunni á laugardaginn, (Gripið fram í.) jafnfyndnar og þær munu væntanlega reynast.

Skáksamband Íslands. Nú háttar svo til, hæstv. forseti, að forseti Skáksambandsins hefur hlotið þau örlög að bjóða sig fram fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð í næstu alþingiskosningum. Þetta er skelegg kona og mundi vafalaust bæta miklu við þingflokk Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hún kom á fund fjárlaganefndar og bað um aukin fjárframlög til Skáksambands Íslands og til Skákskóla Íslands. Hvað gerði meiri hluti fjárlaganefndar? Hann lagði til aukin fjárframlög til Skáksambands Íslands upp á 5,3 millj. þannig að sambandið fær nú 17 millj. og til Skákskóla Íslands upp á 1,4 millj. þannig að skólinn fær nú 8,5 millj. kr.

Það verður fróðlegt þegar hv. þm. Jón Bjarnason, fjármálaráðherraefni stjórnarandstöðunnar, fer að skýra þetta út fyrir félaga sínum, forseta Skáksambandsins, að hann hafi bara hreinlega ekki getað stutt þessar tillögur. Hvernig ætlar hv. þingmaður að gera það? Ætlar hann að segja að þetta sé svo vond ríkisstjórn, þetta sé svo vondur stjórnarmeirihluti, svo vondir menn í meiri hluta fjárlaganefndar að ekki hefði verið hægt að styðja þær tillögur sem meiri hlutinn lagði til? Eða ætlar hv. þingmaður, eins og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar, að segja að þetta sé á ábyrgð meiri hluta þingsins? Það skyldi þó ekki vera. Auðvitað er þetta á ábyrgð meiri hluta þingsins, en bannar það hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar að styðja einstök mál? Það er nefnilega þannig, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan vill enga ábyrgð taka, stjórnarandstaðan þorir ekki að axla ábyrgð og þess vegna er skiljanlegt að kjósendur treysti ekki þingmönnum stjórnarandstöðunnar, hvort sem er Samfylkingarinnar eða öðrum, til að fara með stjórn landsins.

Þetta eru stóru pólitísku tíðindin. Stóru pólitísku tíðindi síðustu vikna eru þau að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hefur loksins áttað sig á því að almenningur í landinu, kjósendur, treystir ekki þingmönnum Samfylkingarinnar. Það er vel að hv. þingmaður hafi áttað sig á þessu, enda eru þingmenn Samfylkingarinnar óvenjubeygðir og lítilfjörlegir í þingsalnum í dag eins og menn hafa orðið varir við.

Eigum við að taka fleiri sambönd, hæstv. forseti? (**JBjarn:** Sambandið.) (**Gripið fram í:** Sambandið sjálft bara.) Við skulum taka hér Bridgesambandið, (**MÞH:** Framsóknarflokkinn.) Bridgesamband Íslands. (**Gripið fram í:** S-hópinn.) Ég held að einhverjir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar kunni á spil, mér er sagt það og ég hef í sjálfu sér ekki ástæðu til að draga það í efa. Hvernig skyldu þá hv. þingmenn hafa tekið í tillögu meiri hluta fjárlaganefndar um að auka framlög til Bridgesambands Íslands um 15 millj.? (**VF:** 15? Það voru 5 á þessu ári.) Það voru 15 millj. Það var lagt til 0 í fjárlagafrumvarpinu (Gripið fram í.) og 15 millj. við 2. umr. fjárlaga. (Gripið fram í.) Hvað skyldu hv. þingmenn hafa gert? Greiddu þau því atkvæði? Nei, auðvitað gerðu þau það ekki. Það var svo sjálfsagt að það þurfti ekki að minnast á það, auðvitað greiddu þau því ekki atkvæði, gátu ekki stutt það. Þau vildu bara að Bridgesambandið fengi ekki neitt.

Eigum við að taka Ungmennafélag Íslands? Ég sé að ungmennafélagsfrömuðurinn, hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson, er í salnum. (**Gripið fram í:** Og ég líka.) (**JBjarn:** Eru ... hópar ...?) Hvernig skyldu ungmennafélagar (Gripið fram í.) stjórnarandstöðunnar ...

(**Forseti** (SAÞ)**:** Forseti beinir því til hv. þingmanna að hafa þögn í salnum meðan ræðumaður talar.)

Hæstv. forseti. Það er skiljanlegt að hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar sé órótt, það er mikil ólga í öllum stjórnarandstöðuflokkunum. Þingmenn Frjálslynda flokksins og helstu forustumenn leggja hver annan í einelti og eru orðnir svo paranojaðir og illa haldnir að þeir telja hæstv. forseta leggja sig í einelti líka. Það er búið að afskrifa hv. þingmenn Samfylkingarinnar frá stjórn landsins, og ekki af þjóðinni heldur af formanninum sjálfum sem hefur lýst því margoft yfir að landsmenn treysti ekki hv. þingmönnum Samfylkingarinnar til að fara með stjórn landsins. Það er mikilvægt að það komist til skila, og það oft og það mörgum sinnum, hæstv. forseti.

Hvað gerðu ungmennafélagar stjórnarandstöðunnar þegar meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að framlög til Ungmennafélags Íslands yrðu aukin um 34,4 millj. þannig að framlagið næmi 100 millj. á næsta ári? Ungmennafélagar stjórnarandstöðunnar sátu hjá, þau sögðu pass. Þau lögðu ekki í að samþykkja þessa tillögu, treystu sér ekki til að styðja hreyfingu sína. Þau treystu sér ekki til að styrkja Ungmennafélag Íslands til viðbótar um þessar 34,4 millj. kr. Það verður fróðlegt þegar hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson fer um kjördæmi sitt og reynir að skýra það út fyrir ungmennafélögum þar og öðru fólki af hverju hann gat ekki stutt tillögu um aukin framlög til Ungmennafélags Íslands.

Bandalag íslenskra skáta, hvernig fór stjórnarandstaðan með Bandalag íslenskra skáta? Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að framlög til Bandalags íslenskra skáta yrðu aukin um 9 millj. Og auðvitað sat stjórnarandstaðan hjá, auðvitað sagði stjórnarandstaðan pass eins og í öllum öðrum málum þar sem framlög ríkissjóðs voru aukin.

Meira að segja sparkvellirnir, hæstv. forseti, fengu ekki að vera í friði fyrir stjórnarandstöðunni, meira að segja framlag til Knattspyrnusambands Íslands til að byggja upp sparkvelli víða um land og ljúka því átaki fékk ekki að vera í friði, hæstv. forseti. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar treystu sér ekki til að styðja aukið framlag til sparkvallanna.

Mikið hefur verið talað um þann vanda sem steðjar að Suðurnesjamönnum í kjölfar brotthvarfs hersins af Keflavíkurflugvelli. Hvernig skyldu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hafa miklar áhyggjur af þessum vanda hafa tekið á tillögu meiri hluta fjárlaganefndar um sérstakt fjárframlag til reksturs fyrrum hersvæða við Keflavíkurflugvöll upp á heilar 280 millj. kr. sem maður skyldi ætla að mundi bæta eitthvað atvinnuástandið á Suðurnesjum? Hvernig skyldu hv. þingmenn hafa tekið á þessu? Jú, þingmenn stjórnarandstöðunnar sátu hjá, þau sögðu pass.

Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að framlög til Skógræktarfélags Íslands yrðu aukin um 6 millj. kr. Hvernig skyldu stjórnarandstæðingar hafa tekið á því? Jú, auðvitað með hefðbundnum hætti, þeir gátu ekki stutt framlög til Skógræktarfélags Íslands upp á heilar 6 millj. kr.

Það er furðulegt að horfa upp á þessa afstöðu stjórnarandstöðunnar til frjálsra félagasamtaka í landinu. Það er óhuggulegt að vita til þess að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar treysti sér ekki til að styðja framlög úr ríkissjóði til ýmissa félagasamtaka og áhugamannasamtaka víða um land sem eru að vinna yfirleitt í sjálfboðastarfi að góðum og uppbyggilegum málefnum sem brýn þörf er á að sinna.

Ég gat um Skógræktarfélags Íslands. Hvernig skyldu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa tekið á Skógrækt ríkisins? Þar lagði meiri hluti fjárlaganefndar til að framlög yrðu aukin um 24 millj. kr. Ég sé að þetta er sérstakt áhugamál hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni — sem nú hleypur í salinn — enda stofnun í kjördæmi hans. Hvernig skyldi hv. þingmaður eða aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa tekið á þeirri tillögu meiri hluta fjárlaganefndar? Jú, þeir sátu hjá og gátu ekki, treystu sér ekki, þorðu ekki að samþykkja aukin fjárframlög til Skógræktar ríkisins.

Fróðlegt er að horfa aftur til landbúnaðarskólanna, hæstv. forseti. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að framlög til Landbúnaðarháskóla Íslands yrðu aukin um 30 milljónir og yrðu þá tæplega 890 millj. kr. á næsta ári. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði líka til að framlög til Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal yrðu hækkuð um 4 milljónir og yrðu 320 millj. kr. Hvernig skyldi fyrrverandi Hólarektor, hv. þm. Jón Bjarnason, hafa tekið á þeim tillögum stjórnarandstöðunnar? Tveir skólar í kjördæmi hans, þar af annar þar sem hann gegndi stöðu rektors um margra ára skeið, hvernig skyldi hv. þingmaður hafa tekið á þeim tillögum? Maður hefði haldið að fyrra bragði að hann hefði verið snöggur til að greiða þeim atkvæði, en því var ekki að heilsa. Hv. þingmaður, eins og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar, sat hjá. Hann skilaði auðu, hann sagði pass. Það verður mikil skemmtiför þegar hv. þm. Jón Bjarnason heldur næst heim að Hólum. Það verður skemmtiför, hæstv. forseti.

Það væri auðvitað full ástæða til að fara með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að Hólum, þótt ekki væri nema til að reyna að hjálpa honum og útskýra fyrir heimamönnum á Hólum að hv. þingmaður hafi ekki treyst sér, ekki þorað, ekki getað sýnt þann kjark að samþykkja aukin framlög til síns gamla skóla á Hólum. Ja, sér er nú hver hneisan.

Við getum tekið Veiðimálastofnun. Við skulum skoða hana aðeins, hún er líka sérstakt áhugamál hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Veiðimálastofnun hefur eftir breytingar við 2. umr. 162,3 millj. kr. sem framlag úr ríkissjóði. Við 2. umr. lagði meiri hluti fjárlaganefndar til að þau framlög yrðu aukin um 20 millj. kr. Að sjálfsögðu sat stjórnarandstaðan hjá, að sjálfsögðu sagði stjórnarandstaðan pass, að sjálfsögðu gat stjórnarandstaðan ekki greitt því atkvæði. Þetta er allt á ábyrgð stjórnarmeirihlutans á Alþingi. Það er líka gott að fólk viti að það er stjórnarmeirihlutinn sem leggur þessar breytingar til og það er stjórnarmeirihlutinn sem samþykkir þessar auknu fjárveitingar án alls atbeina hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar.

Hæstv. forseti. Fyrirhugað er að fjölga nemendum Lögregluskóla Íslands. Mönnum hefur á stundum orðið tíðrætt um nauðsyn þess að fjölga lögreglumönnum og auka sýnilega löggæslu. Hvað gera menn svo þegar lagt er til að Lögregluskóli ríkisins fái aukalega 35 millj. kr. til að geta tekið inn fleiri nema? Auðvitað samþykkti stjórnarmeirihlutinn á Alþingi þá tillögu undantekningarlaust en hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sátu hjá. Maður hlýtur að spyrja sig, hæstv. forseti, þegar svona háttar til: Hvað eru hv. þingmenn að gera í þingsalnum við þessa atkvæðagreiðslu þegar þeir treysta sér ekki til að greiða einni einustu tillögu atkvæði sitt? Þetta er svo sorglegt og svo átakanlegt að engu tali tekur. (**Gripið fram í:** Viltu ekki harka af þér samt?)

Við skulum næst snúa okkur að málefnum fatlaðra,

hæstv. forseti. — Sé ég nú í salnum stuðningsfulltrúann sjálfan, hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson, sem lagði manna fyrstur á flótta úr Samfylkingunni. Hvernig skyldi hann hafa tekið á tillögunum um aukin útgjöld til málefna fatlaðra? Hvernig skyldu aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa tekið á tillögum um aukin — ekki niðurskurð — aukin fjárútgjöld, aukin útgjöld til málefna fatlaðra, tillögu um að auka framlög til ýmissa verkefna á sviði fatlaðra um 90 millj. kr. eða tillögu um að setja sérstaklega 32 millj. kr. til viðbótar í málefni fatlaðra í Reykjavík? Hvernig tóku forkólfar stjórnarandstöðunnar á því máli? Hvernig tók stuðningsfulltrúinn á því máli? Hvernig tóku hv. þingmenn á því máli, tillögum um aukin framlög til málefna fatlaðra við 2. umr. um fjárlög næsta árs? Skyldu þeir hafa greitt þessu atkvæði? Að sjálfsögðu ekki, hæstv. forseti. Getuleysið er algjört. Ábyrgðarleysið er algjört og hræðslan við að taka ákvörðun er algjör. Það er gott fyrir forsvarsmenn fatlaðra um land allt að vita hver hugur stjórnarandstöðunnar er til málefna fatlaðra í raun og veru þegar á reynir. — Og það er geispað, hæstv. forseti, af því að þetta skiptir stjórnarandstöðuna ekki neinu máli, málefni fatlaðra skipta stjórnarandstöðuna engu máli eins og fram kemur og eins og hún sýnir hug sinn við atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga.

Við getum horft á ýmis önnur félagsmál. (Gripið fram í.) Ég ætla bara að nefna nokkur dæmi, til að mynda var lagt til af hálfu meiri hluta fjárlaganefndar, stjórnarmeirihlutans á Alþingi, að hækka vinnuframlög til Geysis um 5,3 milljónir, framlag til Félags heyrnarlausra um 4 milljónir, framlag til Geðhjálpar um 5 milljónir, framlag til Stróks, vinnumiðlunar fyrir geðfatlaða, um 5 milljónir, framlag til Stígamóta um 5 milljónir, framlag til Félagsþjónustu við nýbúa um 4 milljónir, framlag til innflytjendaráðs og móttöku flóttamanna um 9 milljónir og ýmis önnur framlög um 18,7 milljónir. Maður hefði haldið að allir hv. þingmenn á hinu háa Alþingi hefðu getað sameinast um að auka framlög til þessara málaflokka. En hvað gerir þá stjórnarandstaðan? Hvað gera þá hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem eru vanir að kveina og kvarta í þingsölum þegar þeim loksins gefst kostur á að sýna hug sinn í alvöru til umræddra málaflokka, til málefna fatlaðra, innflytjenda og annarra hópa? Hvað gera hv. þingmenn? Þeir gera bara alls ekki neitt. Það er þeirra besti leikur. Það er það besta sem þeir geta gert, að gera ekki neitt. Þeir gátu ekki einu sinni hugsað sér að styðja tillögur meiri hlutans um þessi efni. Er þetta ekki grátlegt, hæstv. forseti? Er ekki grátlegt fyrir þjóðina að þurfa að búa við stjórnarandstöðu sem þessa, sem treystir sér ekki einu sinni til að taka afstöðu til fyrrgreindra málaflokka?

Við skulum aðeins ræða um heilbrigðismálin, hæstv. forseti. Við getum til að mynda tekið Landspítala – háskólasjúkrahús. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa löngum kvartað yfir fjárhagsvandræðum Landspítalans, fjársvelti Landspítalans, og því hvernig stjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi á að hafa komið fram við Landspítalann og forráðamenn hans. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til við atkvæðagreiðslu um fjáraukalög fyrir þetta ár að framlög til Landspítalans ykjust um 1 milljarð kr., 1.000 milljónir. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði líka til við 2. umr. um afgreiðslu fyrir fjárlög 2007 að framlög til Landspítalans ykjust um rúman milljarð, þ.e. 1.023,4 millj. kr. Oft hefur verið kvartað og kveinað af hálfu stjórnarandstöðunnar yfir því að framlög til heilbrigðismála væru ekki næg, og framlög til Landspítalans ekki næg. Hvernig sýnir stjórnarandstaðan og hv. þingmenn hennar svo hug sinn til Landspítalans þegar færi gefst á að auka framlögin um 1 milljarð á þessu ári og 1 milljarð á næsta ári? Hún skilar auðu, hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan getur ekki einu sinni samþykkt að auka fjárframlög til Landspítala – háskólasjúkrahúss um 1 milljarð. Þetta er erfitt líf, hæstv. forseti, það er erfitt að vera hræddur. Það er erfitt að vera hræddur og skelfdur í stjórnarandstöðunni og fá svo þann dóm yfir sig að kjósendur treysti manni ekki, ofan á allt saman. Er það nema von að kjósendur treysti ekki fólki eins og hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar til að fara með stjórn landsins þegar stjórnarandstaðan segir pass í hverri tillögunni, í hverju málinu á fætur öðru sem snýr að framlögum úr ríkissjóði? (**GAK:** Ekki vera svona sorgmæddur.)

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til 120 millj. kr. aukningu á fjárframlögum til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri við umræðu um fjáraukalög fyrir árið 2006. Við 2. umr. um það mál sem við erum hér með til umræðu, hæstv. forseti, lagði meiri hluti fjárlaganefndar til 100 millj. kr. hækkun.

Hvernig skyldi oddviti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hafa tekið á þeirri tillögu við 2. umr. málsins? Hann gerði auðvitað það sama og allir aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar. Hann gerði ekki neitt. Hann gat ekki einu sinni stutt stærsta sjúkrahús landsbyggðarinnar með því að greiða því atkvæði að sjúkrahúsið fengi 100 millj. aukalega á fjárlögum ársins 2007.

Það eru einkennileg skilaboð, hæstv. forseti, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sendir til höfuðstöðva Norðurlands í kjördæmi sínu. En það er hollt fyrir Akureyringa og aðra Norðlendinga og íbúa Norðaust. að muna hvern hug hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ber í raun og veru til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Það má sömuleiðis líta á önnur mál sem varða heilbrigðisráðuneytið til að leita eftir hug stjórnarandstöðunnar til þeirra mála. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að framlög til SÍBS ykjust um 7 millj., framlög til Hjartaheilla um 5 millj., framlög til vist- og meðferðarheimilisins í Krýsuvíkurskóla um 10 millj. og hvernig tók stjórnarandstaðan á þessu? Hún náttúrlega tók ekkert á þessu, hæstv. forseti. Hún ákvað bara að sitja hjá. Hún ákvað bara að það væri einfaldast að greiða þessu ekki atkvæði, að styðja ekki þessi framlög til mannúðarmála, til velferðarmála. Þetta eru skilaboðin, hæstv. forseti, sem stjórnarandstaðan sendir trekk í trekk til landsmanna. Þarna er hugurinn, þarna kemur hann best í ljós.

Hið sama má segja um framlag til öldrunarstofnana, til að mynda Jaðars í Ólafsvík ef hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur komið þangað á leið sinni um Snæfellsnesið. Það var lagt til að framlög til Jaðars ykjust um 20 millj. Þetta er í kjördæmi hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar. Það væri fróðlegt þegar og ef hv. þingmaður fer aftur á Snæfellsnesið að heyra hann skýra út fyrir forstöðumönnum Jaðars í Ólafsvík

að hann hafi ekki getað stutt tillögu um að framlög til þessarar öldrunarstofnunar yrðu aukin um 20 millj. kr. Það verður ekki skemmtileg stund fyrir hv. þingmann. En hann fær ekki vikist undan þeim örlögum sínum og þeim afdrifaríku ákvörðunum sem hann hefur tekið í þingsal, hvorki í þessum efnum né öðrum.

Við getum til að mynda tekið endurhæfingardeild Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands þar sem lögð var til 5 millj. kr. aukning á framlögum fyrir næsta ár. Stjórnarandstaðan sagði pass, gat ekki greitt þessu atkvæði. Sömu sögu er að segja um 44,6 millj. sem renna eiga til heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnarandstaðan sagði pass. Það er hægt að taka Heilbrigðisstofnunina á Siglufirði þar sem lögð var til ríflega 50 millj. kr. hækkun. Stjórnarandstaðan sagði pass. Það er hægt að taka aðra heilbrigðisstofnun eins og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga þar sem lagt var til að framlög hækkuðu um 32 millj. Og stjórnarandstaðan sagði pass. Furðulegt, hæstv. forseti, furðulegt.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson er líklega sá hv. þingmanna sem ferðast hvað mest innan lands með flugi. Maður hefði því haldið að hann tæki vel í aukið framlag og aukna styrki til innanlandsflugs. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að framlög og styrkir til innanlandsflugs hækkuðu um 95 millj. og yrðu 246,8 millj. Og hvað gerði hv. þm. Einar Már Sigurðarson? Hvað gerðu aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar? Gátu þau stutt með þessum hætti við landsbyggðina? Nei, þau gátu það ekki. Það var bara ekki nokkur vegur. Það var ekki nokkur vegur að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar fengjust til þess að styðja tillögu um að auka styrki til innanlandsflugs. Þetta eru skemmtileg skilaboð til landsbyggðarinnar, hæstv. forseti.

Það er gaman fyrir landsbyggðarfólk að vita með hvaða hætti hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar berjast fyrir landsbyggðina og málefni hennar. Þetta eru skýr skilaboð, skilaboð um að það eigi ekki auka styrki til innanlandsflugs. Það er ekki einu hægt að styrkja það, hæstv. forseti.

Við getum tekið ferðamálin. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að landkynningarskrifstofur erlendis fengju 40 millj. kr. til viðbótar við það sem var í fjárlagafrumvarpinu og ferðamálasamtök landshluta 20 millj. Hvað gerði stjórnarandstaðan í þessum málum, þessi sama stjórnarandstaða og hefur lagt áherslu á mikilvægi ferðamannaþjónustunnar og ferðamannaiðnaðarins? Hvað skyldi þessi sama stjórnarandstaða hafa gert þegar hún gat aukið framlög til ferðamála um heilar 60 millj.? Ekki neitt. Bara hreint alls ekki neitt. Hún skilaði auðu. Hún gat ekki stutt tillögur stjórnarmeirihlutans um aukin framlög til ferðamála.

Samkeppnismálin. Hvernig ætli stjórnarandstaðan hafi tekið á þeim? Gat hún stutt tillögur stjórnarmeirihlutans um 17 millj. til viðbótar við það sem var í fjárlagafrumvarpinu til Samkeppniseftirlitsins til að styrkja og efla samkeppniseftirlit? Nei. Auðvitað gat stjórnarandstaðan ekki stutt tillögur stjórnarmeirihlutans í þeim efnum.

Eigum við að snúa okkur að umhverfismálunum? Umhverfisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð. Þessi þjóðgarður verður sá stærsti í Evrópu. Maður hefði haldið að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hefðu einhvern áhuga á því að láta þetta mál til sín taka á hinu háa Alþingi og styðja að farið yrði af stað með myndarbrag þegar þjóðgarðurinn yrði opnaður. Hver eru svo viðbrögð stjórnarandstöðunnar? Stjórnarmeirihlutinn lagði til að tæplega 120 millj. kr. yrðu settar í Vatnajökulsþjóðgarð og stjórnarandstaðan sagði pass. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem á tyllidögum þykjast hafa áhuga á náttúruvernd sýna hug sinn í verki til náttúruverndar með þessum hætti. Þeir treystu sér ekki til að styðja fjárframlög til Vatnajökulsþjóðgarðs. Það er hollt fyrir náttúruverndarmenn og áhugamenn um umhverfisvernd að hafa það í huga að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa engan áhuga á náttúruverndarmálum og engan áhuga á Vatnajökulsþjóðgarði. (**SigurjÞ:** Framsóknarflokkurinn hefur hann.) Þau gátu ekki stutt tillögu um að setja 120 millj. kr. í Vatnajökulsþjóðgarð. Ja, mikil er skömmin, hæstv. forseti.

Við skulum sömuleiðis horfa á aðrar stofnanir umhverfisráðuneytisins. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til 10 millj. kr. viðbótarframlag til Landmælinga Íslands, 10 millj. viðbótarframlag til Náttúrufræðistofnunar Íslands, 7 millj. kr. viðbótarframlag til náttúrustofu í Neskaupstað, náttúrustofu í Vestmannaeyjum, náttúrustofu í Bolungarvík, náttúrustofu í Stykkishólmi, náttúrustofu á Sauðárkróki, náttúrustofu í Sandgerði og náttúrustofu á Húsavík, 7 millj. kr. viðbótarframlag til hverra þessara náttúrustofa þannig að hver stofa fengi samtals á næsta ári 15,8 millj. Hver er svo áhugi hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar á starfsemi náttúrustofa um landið? Hann birtist í því, hæstv. forseti, að þingmenn stjórnarandstöðunnar treystu sér ekki eða vildu ekki eða gátu ekki stutt tillögur um aukin framlög til náttúrustofa og náttúrufræðistofnana.

Þetta sýnir allt saman, hæstv. forseti, hvaða hug stjórnarandstaðan ber til landsmanna. Þetta sýnir allt saman af hverju hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir að kjósendur treysti ekki þingmönnum Samfylkingarinnar. Þetta sýnir af hverju landsmenn treysta ekki stjórnarandstöðunni til að fara með stjórn landsins. Það er vegna þess að stjórnarandstaðan skilar auðu. Það er ekki nóg með að stjórnarandstaðan hafi ekki lagt fram neina tillögu í heilbrigðismálum. Stjórnarandstaðan lagði heldur ekki fram neina tillögu í menntamálum og stjórnarandstaðan lagði ekki fram neina tillögu í félagsmálum. Stjórnarandstaðan gat ekki stutt eina einustu tillögu frá meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umr. um fjárlög á hinu háa Alþingi, ekki eina til allra þessara góðu málefna, sumra hverra sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa rætt oft og mikið um. Þau gátu ekki stutt eina einustu tillögu, hæstv. forseti, og það er gott að það sé skráð í þingtíðindin og það er gott að almenningur um allt land fái að vita af því.

Hver er svo ábyrgðin? Hver er ástæðan fyrir því að þingmenn stjórnarandstöðunnar gátu ekki flutt eina einustu tillögu um framlög til menntamála, félagsmála eða heilbrigðismála og gátu ekki stutt eina einustu tillögu frá stjórnarmeirihlutanum á Alþingi? Hver er ástæðan, hæstv. forseti? Það kannski kemur fram í máli hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar hér síðar, þ.e. þeirra sem ekki er búið að dæma úr leik.

Það verður væntanlega stutt ræða hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni enda er búið að afskrifa hann. Kjósendur hafa aldrei treyst honum. Fyrir liggur sú yfirlýsing formanns Samfylkingarinnar að kjósendur treysta ekki hv. þm. Einari

Má Sigurðarsyni til að fara með stjórn landsins og ríkisfjármálanna. Það hlýtur að vera stutt ræða fram undan hjá honum, hæstv. forseti. (**Gripið fram í:** Miðað við þína.) Hann getur auðvitað ekki svarað þessu, hann getur ekki svarað þessu ábyrgðarleysi, hæstv. forseti. Það er auðvitað ábyrgðarleysi af hálfu stjórnarandstöðunnar að þora ekki, geta ekki eða vilja ekki taka afstöðu til einnar einustu tillögu stjórnarmeirihlutans á hinu háa Alþingi.

Eitt vakti athygli mína, í framhaldsnefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar er ýjað að því að stjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi bæði eyði of miklum fjármunum og of litlum fjármunum úr ríkissjóði. Það er fróðlegt að lesa álit minni hlutans. Það er sérstök ástæða til að lesa úr þessu minnihlutaáliti vegna þess að þetta er í fyrsta skipti á kjörtímabilinu sem stjórnarandstaðan kemur sér saman um eitt álit. Í fyrsta skipti frá 1999. Í álitinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Jafnframt því sem hægir á hagkerfinu er næsta ár kosningaár sem oft hvetur ríkisstjórn sem óttast úrslit kosninga til að taka „vinsælar" ákvarðanir á kostnað skynseminnar."

Það væri kannski rétt, hæstv. forseti, að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar svöruðu því hverjar þessar vinsælu ákvarðanir eru, þessar vinsælu, óskynsamlegu ákvarðanir. Hvaða ákvarðanir eru það sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar telja óskynsamlegar og vilja þá væntanlega fella niður framlög til þeirra? Geta þau lýst því? Þora þau að lýsa því? Ég held að það sé nefnilega málið, hæstv. forseti, að þau þora því ekki fremur en öðru hér í þingsalnum.

Hæstv. forseti. Í lokaorðum í framhaldsáliti minni hlutans stendur:

„Ríkisstjórnarmeirihlutinn er orðinn þreyttur og farinn að kröftum. Það stafar hins vegar ekki af miklum afrekum heldur er ástæðan þvert á móti fyrst og fremst valdþreyta og hugmyndaskortur. Núverandi ríkisstjórnar verður m.a. minnst fyrir virðingarleysi gagnvart fjárlögum og agaleysi við stjórn ríkisfjármála. Væntanleg fjárlög fyrir árið 2007 eru því miður enn eitt dæmið um slík vinnubrögð ríkisstjórnarmeirihlutans."

Þetta er eitthvað sem ætti að fara í stóru brandarabókina, hæstv. forseti. Hver skyldi árangurinn af stjórn ríkisfjármálanna hafa verið síðustu árin? Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni hvernig efnahagsstjórnin hefði gerbreyst á síðustu 10 árum, hvernig kaupmáttur almennings hefði aukist, verðbólga minnkað o.s.frv. Skuldir ríkissjóðs hafa greiðst upp hratt og örugglega og ríkissjóður er nánast skuldlaus. Ríkissjóður hefur skilað 150 milljörðum í afgang á síðustu tveimur árum. Er það virðingarleysi gagnvart fjárlögum og agaleysi við stjórn ríkisfjármála? Hvert er virðingarleysið við þessa meðferð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2007? Það er auðvitað virðingarleysi hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar gagnvart landsmönnum með því að þora ekki, geta ekki og vilja ekki taka nokkra ábyrgð, hvorki á einstökum tillögum né fjárlögunum í heild.

Þetta er getulaus stjórnarandstaða, hæstv. forseti, og það er sama hvernig menn hamast hér í ræðustól af hálfu stjórnarandstöðunnar, því verður ekki breytt. Kjósendur hafa ekki traust á þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Hún er sjálf búin að dæma sig úr leik og það mun koma í ljós á vori komanda.

[15:20]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir ágæta og skemmtilega ræðu. Hún virðist vera framhald af þeirri ræðu sem hann flutti í morgun. Hann er að verða einhvers konar skemmtanastjóri í þinginu. Það skyldi þó aldrei verða ef hann heldur áfram á sömu braut — því hefur verið hvíslað að mér — að hann verði ekki bara skemmtanastjóri heldur jafnvel hirðfífl, þó að ég sé kannski ekki á sama máli hvað það varðar.

Mig langar að spyrja hv. þingmann um tekjuhliðina. Nú gefur Framsóknarflokkurinn sig stundum út fyrir það að vera félagshyggjuflokkur. Þingmaðurinn hefur hér farið yfir það hvernig hann deilir út fjármunum ríkisins en hann hefur lítið fjallað um það hvernig hann hefur aflað teknanna. Það er þannig að afleiðing skattstefnu ríkisstjórnarinnar er sú að hann hefur alltaf farið dýpra og dýpra ofan í vasa þeirra sem hafa lágu launin. Nú hefur sjálfur hæstv. fjármálaráðherra, frú forseti, gefið mér þær upplýsingar að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafi aukið enn á ójöfnuðinn þannig að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson fer alltaf dýpra og dýpra ofan í vasa þeirra með lágu launin en einn hópur sleppur og það er sá hópur sem hefur allra hæstu launin. Ég spyr bara hv. þingmann þegar hann fer hér yfir hvernig hann deilir út þessu fé hingað og þangað til margra ágætra verkefna hvort þetta sé eitthvað í samræmi við félags- og samvinnuhugsjón Framsóknarflokksins. Ég get ekki séð það og það eru margir gamlir framsóknarmenn sammála mér og furða sig á þeirri vegferð sem þeirra gamli Framsóknarflokkur fer í í þessum fjárlögum og undanfarin ár, frú forseti.

[15:22]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fór auðvitað eins og ég óttaðist að hv. þingmaður gat engu svarað um það hvers vegna hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar treystu sér ekki til að styðja eina einustu tillögu frá stjórnarmeirihlutanum um aukin fjárframlög til ýmissa stofnana, félagasamtaka og annarra góðra mála. Þess í stað kaus hann í andsvari sínu að tala um eitthvað allt annað, eitthvað sem ég hafði ekki minnst einu orði á. Það liggur auðvitað fyrir, hæstv. forseti, að tekjur ríkissjóðs hafa aukist gríðarlega á undanförnum árum, m.a. vegna þess að veltuskattar hafa aukist gríðarlega mikið, m.a. vegna framkvæmda í kjördæmi hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar (**EMS:** Hárrétt, hárrétt.) og líka, hæstv. forseti, má nefna að tekjur af skatti á fyrirtæki og lögaðila hafa aukist gríðarlega á undanförnum árum þrátt fyrir að tekjuskatturinn hafi verið lækkaður úr 30% í 18%. (Gripið fram í.)

Það sem liggur hins vegar fyrir, hæstv. forseti, er það að stjórnarandstaðan er rúin trausti. Það er búið að afskrifa hv. þm. Össur Skarphéðinsson, ekki af mér eða öðrum hv. þingmönnum stjórnarflokkanna, heldur af formanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur sem er búin að afskrifa þennan hv. þingmann. Það er ljótt. (**Gripið fram í:** Það er ljótt.)

[15:24]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom ekki á óvart að hv. þingmaður forðaðist eins og heitan eldinn að minnast á ójöfnuðinn sem Framsóknarflokkurinn hefur staðið fyrir og misskiptinguna sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa sameinast um að leiða yfir þjóðina. Í ræðu sinni minntist hann á það einelti sem Frjálslyndi flokkurinn hefur orðið fyrir hér af forseta þingsins og við urðum vitni að í gær í þingsal. Ég verð að segja að ég hef ekki enn þá fengið neinar skýringar á því hvernig stóð á því að við fengum ekki að bera upp fyrirspurn í þinginu. Þetta er ekkert gamanmál, frú forseti. Menn velta auðvitað fyrir sér hverjar skýringarnar eru. Ég hef reynt að geta í eyðurnar. Er þetta vegna þess að við ræðum um málefni sem stjórnarflokkarnir forðast eins og heitan eldinn, svo sem sjávarútvegsmál? Það er mjög viðkvæmt, m.a. vegna þess að þeir hafa komið hér upp kvótakerfi sem skilar ekki neinu, hefur aukið á misskiptinguna og tekið atvinnuréttinn af landsbyggðinni. Er það það sem má ekki ræða, eða er það hitt að sá þingmaður sem hér talar er í einhverri ónáð hjá hæstv. forseta vegna þess að hann hefur leyft sér að ræða m.a. um olíusamráðsmálið og tengsl hæstv. forseta við það mál? Ég hef bent á það að hún var einmitt dómsmálaráðherra þegar þau lögbrot stóðu yfir. Kannski eru tengsl þess máls við forseta þingsins ástæðan fyrir því að Frjálslyndi flokkurinn eða sá sem hér stendur og ræðir þessi mál hafi orðið fyrir þessu óréttlæti í gær.

Ég hef ekki fengið neinar skýringar og ég segi bara að mér finnst þetta það alvarlegt mál að hv. þingmaður og grandvar sem Guðjón Ólafur Jónsson er, lærður lögmaður og ég frétti það að hann væri með framhaldsmenntun frá Skotlandi, (Forseti hringir.) getur ekki haft það hér í flimtingum.

[15:27]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni er Frjálslyndi flokkurinn orðinn einelti flokkurinn. Hv. þingmenn Frjálslynda flokksins elta hver annan á röndum og leggja hver annan í einelti. (**SigurjÞ:** Nei, nei.) Framkvæmdastjóri þingflokksins leggur framkvæmdastjóra flokksins í einelti, eða formann flokksins. Þessar fáu hræður sem enn eru í Frjálslynda flokknum leggja hver aðra í einelti og því miður er þessi eineltisumræða orðin svo áberandi hjá hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins að þeir eru farnir að bera hana inn í sali Alþingis. Þetta er sorglegt, hæstv. forseti, þegar við erum að ræða við 3. umr. frumvarp til fjárlaga næsta árs og hv. þingmaður beinir í andsvari sínu til mín fyrirspurnum um meint einelti forseta á hendur hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins. Þetta er algerlega furðulegt, hæstv. forseti.

Ég geri ráð fyrir því að hæstv. forseti geti svarað því aftur jafn vel og forseti svaraði í gær að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins hafi ekki orðið fyrir neinu einelti hér. En því miður er paranojan orðin slík í herbúðum Frjálslynda flokksins að menn eru farnir að halda að þeir verði fyrir einelti vegna atbeina hæstv. forseta Alþingis. Ég hef skömm á þessum málflutningi, hæstv. forseti.

[15:28]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var nokkuð undarleg ræða sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson flutti. Það versta kannski við ræðuna var allur þessi fjöldi rangfærslna. Nokkrum þeirra var beint sérstaklega til mín af einhverjum ástæðum, kannski af því að ég var sá eini sem nennti að hlusta á hv. þingmann í hálftíma áðan. (**Gripið fram í:** Ha?)

Í fyrsta lagi er rétt að taka fram að það er rangt að sá er hér stendur hafi verið á brott rekinn úr Samfylkingunni. Í öðru lagi fullyrti hv. þingmaður að ég hefði setið hjá við afgreiðslu breytingartillagna meiri hlutans við 2. umr. fjárlagafrumvarps og tók hann sérstaklega fram að ég hefði setið hjá við tillögur um hækkanir á framlögum til íþrótta- og æskulýðsmála og málefna fatlaðra. Frú forseti. Þetta er ekki rétt og ég legg til að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson kynni sér gögnin betur áður en hann fer með svona fullyrðingar.

Það er líka rétt að halda því til haga að breytingartillögur meiri hlutans um hækkanir á fjárframlögum til íþrótta- og æskulýðsmála eru allar í samræmi við þær ábendingar sem ég kom fram með strax við 1. umr. fjárlagafrumvarps. Hv. þingmaður talaði um skoðanir, orð á tyllidögum og jafnframt hældi hann sér fyrir framlag til málefna geðfatlaðra. Þess vegna spyr ég hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson: Hyggst þingmaðurinn styðja breytingartillögu mína um hækkun á fjárframlögum til Fjölmenntar sem er menntunar- og starfsendurhæfingarúrræði fyrir geðfatlaða og heilaskaðaða? Þarna vantar um 12 millj. miðað við loforð ríkisstjórnarinnar, og ég spyr: Hyggst hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson styðja þessa breytingartillögu?

[15:30]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Allt er þetta spurning um túlkun orða. Ég sagði í ræðu minni að hv. þingmaður væri brott rekinn úr Samfylkingunni. Ég held að hann hafi kosið að skrifa uppsagnarbréfið sjálfur. En það er eins og við önnur starfslok að mönnum gefst kostur á því nema að hv. þingmaður hafi vitað það á undan öðrum hv. þingmönnum Samfylkingarinnar að kjósendur treystu honum ekki, að kjósendur treystu ekki þingmönnum Samfylkingarinnar, að mati formanns flokksins, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

Það eru sérkennileg skilaboð, eins og ég hef áður getið um, að formaður flokks skuli koma fram með þeim hætti gagnvart þingmönnum sínum enda sést að hv. þm. Einar Már Sigurðarson, sem situr hér í salnum, er hinn beygðasti og nánast kominn undir borð eftir ræðu formanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Það verður ekki hátt risið á hv. þingmanni þegar hann fer að koma upp í ræðustól og reyna að skýra út fyrir þingi og þjóð hvernig á að vera hægt að treysta honum fyrir ríkisfjármálunum ef formaður flokksins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, lýsir því yfir að kjósendur hafi ekki traust á honum frekar en öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar.

[15:32]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það fór eins og mig grunaði. Nú hefur hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson belgt sig út í nokkra klukku-

tíma og þakkar sér nánast allt sem gott hefur verið gert. En hann neitaði að svara einfaldri fyrirspurn um hvort hann hygðist styðja þessa breytingartillögu. Við höfum margoft heyrt þessa ræðu hv. þingmanns um svokallaða Keflavíkurræðu en ég skora á hann, eftir allar skammirnar í dag, að svara þessari einföldu fyrirspurn: Hyggst hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson greiða atkvæði með breytingartillögu minni um hækkun á fjárframlögum til Fjölmenntar, menntunar- og starfsendurhæfingarúrræði fyrir geðfatlaða og heilaskaðaða? Þar vantar um 12 millj. kr. til að hægt sé að reka námskeið fyrir 100 manns til að aðstoða þetta fólk við að komast áfram í námi eða í vinnu.

Frú forseti, ég óska eftir því að hv. þingmaður svari þessu hátt og snjallt en hætti að belgja sig út og skammast í formanni Samfylkingarinnar.

[15:34]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að árangurinn af ræðu minni við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 sé að koma fram. Hann er sá að einn stjórnarandstöðuþingmaður hefur ákveðið að flytja eina tillögu til viðbótar frá því sem áður var. Ég rakti ítarlega í ræðu minni að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hefðu ekki flutt eina einustu tillögu í félagsmálum, ekki eina einustu tillögu í heilbrigðismálum og ekki eina einustu tillögu í menntamálum við 2. umr. fjárlaga.

Nú liggur hins vegar fyrir að hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson hefur treyst sér, eftir að hafa gengið úr Samfylkingunni, til að leggja fram eina tillögu við 3. umr. fjárlaga. Það er auðvitað sérstök ástæða til að fagna því og óska hv. þingmanni til hamingju með að hann hafi náð því, genginn úr Samfylkingunni, að leggja fram eina tillögu við 3. umr. um fjárlögin. Það verður að koma í ljós við atkvæðagreiðslu að lokinni 3. umr. hvernig ég greiði atkvæði. Það mun koma skýrt fram.

En ég skal lofa hv. þingmanni því að ég mun taka afstöðu. Það er það sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa ekki þorað að gera við atkvæðagreiðslur um fjárlögin í haust.

[15:36]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það hefur á margan hátt verið fróðlegt að fylgjast með 3. umr. um fjárlög fyrir árið 2007 þótt margt hafi áður gengið á líkt því sem nú er verður þó að segja að hinn sérstaki ræðustíll og málflutningur ungliðadeildar Framsóknarflokksins hafi sett svip á umræðuna. Það er greinilega komin gífurleg samkeppni á milli hv. þingmanna Guðjóns Ólafs Jónssonar og Birkis J. Jónssonar um hvor tali meira og hvor geti þakkað sér fleiri erindi sem hafa notið velvildar meiri hluta fjárlaganefndar.

Það er t.d. alveg ljóst, taki maður bókstaflega ræður þeirra hv. þingmanna, að Sjálfstæðisflokkurinn er áhrifalaus flokkur hvað varðar fjárlög og að mér heyrðist á stundum í ræðum hv. þingmanna virtist Sjálfstæðisflokkurinn varla hluti af ríkisstjórninni lengur. (**GÓJ:** Ertu ekki feginn?) Málið snýst ekki um hvar feginleikinn liggur í þessu sambandi. Ég er eingöngu að velta fyrir mér innihaldinu í ræðum hv. þingmanna. Ef menn tækju mark á því sem þar hefur verið sagt mundu menn draga þessa ályktun. En þetta eru auðvitað eðlileg varnarviðbrögð manna sem verið hafa í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur auðvitað ráðið för og kengbeygt Framsóknarflokkinn trekk í trekk og virðist ekkert lát ætla að verða á því. Við megum búast við því að áfram verði haldið á þeirri leið.

Ég verð að hryggja hv. þingmenn með því að segja að þeir hafa ekki náð að setja nein met í þessari yfirferð sinni yfir fjárlögin. Við sem höfum verið örfáum árum lengur á þingi munum eftir því að annar fyrrverandi hv. þingmaður fór mun lengra í yfirferð um tillögur meiri hluta fjárlaganefndar og náði að koma við á fleiri stöðum á landinu en þeir samanlagt náðu, þótt ég tæki fyrir síðustu 3–4 ræður þeirra. Hv. þingmenn verða því að bæta sig verulega ef þeir ætla að komast á spjöld sögunnar og þótt ekki væri nema að komast með tærnar þar sem viðkomandi fyrrverandi þingmaður hafði hælana. Þar þurfa þeir töluvert í að bæta.

Hins vegar verður að segja, um hinn sérkennilega ræðustíl, að hann hlýtur að vera þjálfaður í einhverjum ungliðabúðum Framsóknarflokksins. Í flestum flokkum væri þetta líklega flokkað undir skemmtiatriði en ég veit ekki hvort skemmtiatriði, svo löng sem sumar ræður hv. þingmanna hafa verið, mundu slá í gegn nema í einhverjum sérstökum hópum sérvaldra framsóknarmanna. (**Gripið fram í:** Þeir eru kannski einir á fundum.) Það er rétt, virðulegi forseti, hjá hv. þingmanni. Ef hv. þingmenn eru einir geta þeir fullnægt því að skemmta öllum sem viðstaddir eru, hafi þeir sérstaklega gaman af því að hlusta á sjálfan sig. Það yrði alveg sérstaklega góður árangur að því leyti. Þannig held ég að þetta hafi verið síðastliðna klukkustund. Það hlýtur að vera skýringin á þessum mikla og öfluga málflutningi sem var þó nokkuð einsleitur og ofnotkun nokkurra orða sem ég ætla ekki að hafa eftir var mjög áberandi.

En mér þótti fróðlegt þegar hv. þingmaður gekk svo langt í að benda á hvílík áhrif hann hefði orðið á afgreiðslu mála í fjárlaganefnd að hann tilgreindi sérstaklega að hv. þingmaður hefði heimsótt ákveðna stofnun og þar með hafi legið ljóst fyrir hver árangurinn varð af þeirri heimsókn. Það skipti milljónum. Það skipti milljónum fyrir viðkomandi stofnun að hv. þingmaður hafi komið þar í heimsókn. Þetta er alveg sérstakur árangur og lofsvert að hv. þingmaður upplifi stöðu sína með þessum hætti. (**GÓJ:** Hvaða stofnun var þetta?) Minni mitt nær, hv. þingmaður, til þess að nefna hið ágæta samfélag Reykjavíkurakademíuna í þessu sambandi. Þar kom þetta sérlega skýrt fram. En ef hv. þingmaður hefur lifað sig svo skarpt inn í ræðu sína að hann muni ekki hvað sagt var þá er eðlilegt að aðstoða hv. þingmann við að rifja það upp.

Þannig er mál með vexti, virðulegi forseti, að það er ekkert gamanmál hvernig fjallað er um fjárlög ríkisins á stundum. Ég verð því miður að segja það að hlutar úr ræðum ungliðadeildar Framsóknarflokksins eru með þeim hætti að það er eiginlega ekki við hæfi þegar við ræðum jafnmikilvæg mál og fjárlög. (**GÓJ:** Er við hæfi að sitja hjá?) Það sorglegt, frú forseti, þegar hv. þingmenn hafa ekki annað til málanna að leggja en að vekja athygli á því að þeir séu sérstakir áhrifamenn í einstökum fjárveitingum fyrir utan það að ráðast að þingmönnum stjórnarandstöðunnar vegna þeirrar línu sem þeir hafa ákveðið varðandi svo mikilvæga

löggjöf sem fjárlögin, þ.e. að vekja athygli á ábyrgðarleysi stjórnvalda með því að sitja hjá. Nýjasta dæmið í því samhengi var þegar hæstv. fjármálaráðherra mælti loksins í gær fyrir máli um breytingar á virðisaukaskatti og ýmsu öðru sem því fylgir. Þá kom í ljós að ekki væri nóg með að málið væri algerlega á seinustu stundu. Frumvarpið tengist að sjálfsögðu fjárlögunum og ef menn legðu metnað sinn í verklagið þá væri búið að afgreiða það frumvarp áður en við færum í lokaumræðu um fjárlög næsta árs. Slík eru áhrif frumvarpsins á fjárlögin.

En það hvarflar ekki að stjórnarmeirihlutanum á þingi að bæta vinnubrögðin af þeirri einföldu ástæðu að virðing þeirra, eða réttara sagt virðingarleysi þeirra við fjárlögin, passar ekki inn í þá mynd. Þrátt fyrir að hæstv. fjármálaráðherra hafi viðurkennt það í gær að svo illa væri staðið að málum að frumvarpið væri í heild sinni a.m.k. ekki tækt til þinglegrar afgreiðslu vegna þess að í því lægju þegar fyrir ákveðnir hlutir, strax við 1. umr., sem gerðu að verkum að ekki yrði hægt að ljúka vinnu við frumvarpið á næstu dögum, þrátt fyrir að hæstv. ráðherra hafi óskað þess að að yrði afgreitt fyrir jól.

Hæstv. ráðherra kvað upp úr með að eðlilegt væri að láta hluta frumvarpsins bíða þrátt fyrir að auðvitað hafi það áhrif á fjárlögin. Það hefur að vísu ekki áhrif á niðurstöðutölur en það hefur áhrif á ýmsa liði fjárlaganna og eins og ég sagði áðan. En væri einhver metnaður og fagleg vinnubrögð hjá meiri hlutanum í fjárlagagerð og fjárlagaafgreiðslu þá mundi það að sjálfsögðu ekki hvarfla að meiri hlutanum að afgreiða fjárlögin út úr þinginu áður en frumvarpið um virðisaukaskatt og fleiri gjöld væri afgreitt. En það er ekki einu sinni til umræðu. Það hvarflar ekki að meiri hlutanum að biðjast afsökunar á vinnubrögðum sínum, eðlilega ekki. Svo samdauna eru þeir orðnir vinnubrögðunum og virðing þeirra gagnvart fjárlögunum er þannig að þetta skiptir þá engu máli. Það skiptir þá engu máli þótt það sé vitað, á morgun þegar búast má við að við afgreiðum fjárlögin, að fjárlögin augljóslega standast ekki og það verði væntanlega staðfest nokkrum dögum síðar.

Þrátt fyrir að meiri hlutinn láti yfirleitt sem þetta séu hinir glæsilegustu pappírar og gífurlega vel sé að öllu staðið þá vita þeir að sjálfsögðu, eftir alla þá yfirferð og umræðu sem átt hefur sér stað undanfarin ár, að fjárlögin eru ekki þau lög sem þau eiga að vera. Þau eru ekki unnin út frá þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að tryggja að þau virki sem önnur lög. Þess vegna er virðingin ekki meiri fyrir lögunum.

Það má nefna annað dæmi, að vísu ekki stórt, sem sýnir í raun líka hversu óvönduð vinnubrögðin eru. Ég man eiginlega ekki eftir jafnsérkennilegu dæmi að minnsta kosti mörg ár. Þannig var að við 2. umr. um fjárlög ársins 2007 kom meiri hluti fjárlaganefndar með tillögur um að Vatnasafn í Stykkishólmi fengi tvisvar sinnum 20 millj. kr. Það var sem sagt á tveimur fjárlagaliðum, 20 millj. kr. á hvorn lið. Einhver órói myndaðist í stjórnarmeirihlutanum og talið var að þarna væri líklega um einhver mistök að ræða og snarlega var dreift tillögu frá formanni nefndarinnar um að annar liðurinn, þ.e. 20 millj. kr. yrðu strax teknar til baka. Þannig var þetta samþykkt í lok 2. umr. af stjórnarmeirihlutanum. Nú hins vegar liggur fyrir enn ein tillagan um þetta ágæta Vatnasafn í Stykkishólmi. Nú skal bæta við 10 millj. kr. Það er því búið að vera tvisvar sinnum 20 og einu sinni mínus 20 og svo núna einu sinni plús 10. Þetta er dæmigert fyrir vinnubrögðin. Ég leyfi mér að efast um að sú tala sem nú er fundin sé út af fyrir sig nokkuð réttari en þær tölur sem hér hafa yfirleitt verið á ferðinni því að þannig virðist þetta vera æðioft að einhver tilviljun ræður því hvaða tölur enda á blaði hjá þessum stjórnarmeirihluta. Þannig er það gagnvart svona litlum liðum eins og þessum og því miður er það þannig líka gagnvart mörgum mjög stórum stofnunum. Þar virðist ekki vera lagt í þá vinnu sem nauðsynleg er til að menn átti sig raunverulega á stöðu stofnananna. Við sjáum það ár eftir ár að fjöldi stofnana og fjöldi fjárlagaliða ýmist lýkur árinu með halla, mismunandi miklum, og svo eru aðrir sem síðan hafa safnað inneignum. En það virðist vera algerlega tilviljunum háð hvenær farið er yfir þetta til að komast að því hvað valdi. Þess vegna eru fjárlög samþykkt ár eftir ár sem taka raunverulega ekkert mið af raunveruleikanum heldur eru eitthvert tilviljunarkennt fát út í loftið. Þannig er það til dæmis nú að komið var víða við í fjáraukalögunum fyrir þetta ár, til dæmis í heilbrigðisstofnunum og öldrunarstofnunum. En það hefur ekkert fylgt inn í tillögur varðandi fjárlög fyrir næsta ár. Ef það hefði verið nákvæmlega unnið í fjáraukalögunum og talin hefði verið ástæða til þess eftir skoðun sem hér var sérstaklega tilgreint að farið hefði fram með ágætu samstarfi meiri hluta fjárlaganefndar við starfsfólk í heilbrigðisráðuneytinu — og við skulum gefa okkur að þessi vinna hafi verið afskaplega fagleg og góð og niðurstaðan sem kom fram í tillögum vegna fjáraukalaganna hafi verið sú rétta — þá er auðvitað sérkennilegt að leggja í slíka vinnu og láta hana ekki fylgja inn í fjárlög næsta árs vegna þess að ef það hefði verið rétt niðurstaða sem kom fram í fjáraukalögum fyrir árið 2006 þá hlýtur sama leiðrétting á grunni í rekstri þessara stofnana að hafa átt jafnt við um fjárlög fyrir árið 2007. En þarna virðist ekkert samhengi vera á milli hjá meiri hlutanum á Alþingi. Þetta er í samræmi við það sem ég hef áður sagt um virðingarleysi ríkisstjórnarmeirihlutans gagnvart fjárlögum.

Ég tók eftir því að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hafði sérstakan áhuga á lokaorðum minni hluta fjárlaganefndar þar sem meðal annars er komið inn á þetta. Ég get auðvitað sleppt því að lesa þetta orð fyrir orð, virðulegur forseti, því að hv. þingmaður sá um það fyrir mig. En þar er einmitt minnst á þetta virðingarleysi gagnvart fjárlögum. Ég heyrði svo ekki betur en hv. þingmaður hefði ekkert áttað sig á því og virtist ekkert kannast við hvað þarna var verið að fjalla um.

Nú hefur hv. þingmaður ekki verið að störfum á Alþingi og tengst fjárlagavinnunni mjög lengi þannig að kannski er skiljanlegt að hv. þingmaður sé ekki enn búinn að átta sig á þessu og hafi kannski ekki einu sinni hugmyndaflug til þess. Það er eiginlega ekki hægt að ætlast til þess að hv. þingmenn á fyrstu mánuðum sínum á þingi hafi eiginlega hugmyndaflug til að gera sér ljóst hvernig ríkisstjórnarmeirihlutinn umgengst fjárreiðulög og síðan fjárlög. Því er skiljanlegt að hv. þingmaður komi alveg af fjöllum þegar um þetta er rætt því þannig eru því miður vinnubrögð ríkisstjórnarinnar gagnvart þessu. Það þarf ekki að vitna í ræður

okkar stjórnarandstæðinga til að fá það staðfest vegna þess að í skýrslum Ríkisendurskoðunar ár eftir ár er á þetta sama bent. Það er algerlega með ólíkindum hve lítill árangur er. Látum vera, virðulegi forseti, að stjórnarmeirihlutinn fari ekki mikið eftir því sem við í minni hlutanum bendum á. En að Ríkisendurskoðun skuli ekki hafa nein áhrif til þess að bæta vinnubrögð meiri hlutans er mikið áhyggjuefni og nokkuð sem við þurfum að fara sérstaklega yfir, þ.e. að þessi stofnun, Ríkisendurskoðun, sem starfar á vegum Alþingis skuli í raun ekki hafa neina stöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu. Kannski er eðlilegra að segja að þessi stofnun sem vinnur á vegum Alþingis og á að vera aðstoðarstofnun fyrir þingið til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald hefur í raun engin áhrif á þingmeirihlutann hér til að nýta sér þetta, til að veita þetta aðhald sem er algerlega nauðsynlegt. Þetta er alveg sérstakt athugunarefni.

En þegar ákveðinn ríkisstjórnarmeirihluti er þreyttur og farinn að kröftum er ekki hægt að búast við því að neinn kraftur sé settur í að veita framkvæmdarvaldinu aðhald, enda höfum við séð að það sem menn hafa nefnt ráðherraræði er algerlega allsráðandi gagnvart fjárlagaferlinu. Hægt er að nefna mýmörg dæmi þar um. En líklega eru greinilegastar núna tilraunir einstakra ráðherra til það að brjóta niður það sem við köllum ramma ráðuneyta. Hefur það nokkrum sinnum verið gert að umræðuefni og er til viðbótar við það sem ég hef áður sagt. Þetta er afskaplega sérkennilegt. Ríkisstjórn ákveður árlega ramma fyrir hvert ráðuneyti og ráðuneytin síðan fylla út í þessa ramma fyrir fjárlagafrumvarp hvers árs. Rammarnir halda vissulega fram að framlagningu fjárlagafrumvarpsins en síðan heyra þeir sögunni til. Við höfum í fjárlaganefnd — það hefur verið rætt og sjaldan verið ágreiningur út af fyrir sig um það milli meiri hluta og minni hluta — fylgst með því hversu hugmyndarík ráðuneytin eða hæstv. ráðherrar eru við að fara á skjön við rammana sem hæstv. ráðherrar ákveða sjálfir. Ýmsum brögðum hefur verið beitt í gegnum tíðina. Oft og tíðum hefur náðst samkomulag um það milli nefndarinnar og ráðuneytanna um að að minnsta kosti sami leikur sé ekki endurtekinn mjög oft. Þannig var það til dæmis um menntamálaráðuneytið á síðasta ári, ef ég man rétt, eða þar áður. Þá hafði ákveðinni aðferð verið beitt sem rætt var sérstaklega um á milli nefndarinnar og ráðuneytisins og komust menn að niðurstöðu um að þetta yrði ekki endurtekið aftur. Þá bregður svo við nú þegar fjárlagafrumvarpið er lagt fram og síðan í framhaldi af því að beitt er algerlega nýjum aðferðum og þær aðferðir eru slíkar og gengið er svo langt að ég held að óhætt sé að fullyrða að það sé algert met. Þá kemur í ljós að meiri hlutinn í fjárlaganefndinni hafði algerlega áttað sig á því hvað þarna væri á ferðinni, þ.e. að ráðuneytið var eingöngu að víkka sinn ramma út. Besta dæmið er afskaplega sláandi. — Nú gengur í salinn hv. þm. Birkir Jón Jónsson. — Það er bara lítið dæmi af því hvað menntamálaráðuneytið gerði. Ég fór betur yfir það við 2. umr. og ætla ekki að eyða í það mjög miklum tíma. En ég vil nefna besta dæmið og það er táknrænt af því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson er eins og þingheimur veit formaður fjárlaganefndar og líklega einn ákafasti briddsspilari þingheims. Menntamálaráðuneytið ákveður til að halda sig innan ramma gagnvart fjárlagafrumvarpinu að setja fjárupphæðina sem hefur verið við lýði til Bridgesambands Íslands áratugum saman niður í núll krónur. Það var ekki eins og verið væri að lækka sig eitthvað örlítið vegna aðhaldskrafna. Nei, það var sett í núll krónur. Ef enginn sem kom að þeirri tillögu hefur talið líkur á því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, hinn ákafi briddsspilari og formaður fjárlaganefndar mundi ekki kyngja þessu alveg þegjandi þá held ég að að þurfi að skipta um ansi marga í menntamálaráðuneytinu, þ.e. ef það hefði hvarflað að nokkrum manni að þetta yrði látið standa. Nei, auðvitað frú forseti, var það ekki þannig. Auðvitað var þetta meðvituð ákvörðun sem var vitað að meiri hluti fjárlaganefndar mundi lagfæra vegna þess að þetta hefði að sjálfsögðu aldrei verið látið standa. Enda kom það á daginn að meiri hlutinn leiðrétti þetta og ýmislegt fleira sem var með svipuðum hætti, þ.e. ýmis félagasamtök voru hreinlega skorin vitandi að það mundi aldrei fara alla leið. Með þessu náði menntamálaráðuneytið meti alveg örugglega á þessu kjörtímabili í þessari sérkennilegu samkeppni milli hæstvirtra ráðherra. Það verður þó að taka fram, frú forseti, að ekki taka allir hæstv. ráðherrar þátt í þessum leik. Það er alls ekki þannig.

En fram undan eru kosningar og það er augljóst að verulegur skjálfti er í stjórnarliðum. Þess vegna er sums staðar gengið svona langt vegna þess að fjölmiðlaumfjöllun er nokkuð sem sumir hæstv. ráðherrar virðast hafa býsna gaman af og telja að hún geti hjálpað til væntanlega í kosningum. Það er best að halda sig bara við menntamálaráðuneytið vegna þess að þar er þetta langmest áberandi. Í fyrsta lagi er það þetta met sem sett er í því að brjóta ramma. Við sjáum alveg tilganginn með því. Hann er ekkert launungarmál og auðvitað átta sig allir, að minnsta kosti fjárlaganefndarmenn, á því hvað þarna er á ferðinni. Það á að skrifa á næstu vikum og mánuðum undir alveg ótrúlegan fjölda samninga og sérkennilegt er að þessir samningar skuli ekki allir raunverulega vera gerðir. Þannig ætti að standa að málum. En eins og ég hef nefnt áður þá er enginn faglegur áhugi á því að sinna þessu verki eins og vera ber. Auðvitað ættu allir samningar sem koma við sögu í fjárlögum næsta árs að vera frágengnir þannig að ljóst liggi fyrir í hvað þessar fjárveitingar eiga að fara. En þannig er ekki mál með vexti. Þó að undir nokkra samninga hafi veri skrifað og gefin vilyrði fyrir öðrum, og þá yfirleitt fjölda ára fram í tímann, þ.e. langt inn í næsta kjörtímabil, þá er þessu þó aldrei alls ekki nærri lokið. Við eigum eftir að verða vitni að því að einstaka ráðherrar eiga eftir að skrifa undir mun fleiri samninga.

Ég nefndi um daginn við 3. umr. um fjáraukalög dæmi sem er nokkuð sláandi og með því sérkennilegra held ég að sé óhætt að segja þó þar sé fjallað um býsna góð mál, þ.e. 120 millj. kr. sem menntamálaráðuneytið hefur til að ganga frá menningarsamningum vítt og breitt um landið. Þetta er afskaplega þarft. Þetta er á fjáraukalögum fyrir árið 2006. Þess má þá vænta að þeir samningar verði gerðir allir núna bara, mér liggur við að segja, í gær vegna þess að það sem er samþykkt á fjáraukalögum fyrir árið 2006 á væntanlega að nýta á árinu 2006. En nú styttist óðum í áramót þannig að nú verður hver að duga sem hann best getur í þeim efnum til að ná samningum.

Frú forseti. Ég spái því að einhver bið verði á þessum samningum, eitthvað fram á næsta ár þannig að þeir sem fá samningana verði ekki búnir að gleyma því þegar á kjördaginn kemur. Þetta er því miður leikur sem verið er að leika en er ekki neinn skemmtileikur í þeirri merkingu.

Ég heyrði að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson vitnaði í nefndarálit okkar þar sem á það er bent að hætta væri á því á kosningaári að verið væri að samþykkja ýmsar „vinsælar" ákvarðanir. Þetta er auðvitað hluti af því að það er verið að setja þetta í slíkar umbúðir. Skynsemin er þá ekki endilega með í för, að ég tali nú ekki um að við völd situr ríkisstjórn eins og við höfum núna sem óttast augljóslega mjög úrslit kosninga (**Gripið fram í:** Nei.) og mun því reyna ýmislegt væntanlega til að bæta sinn hag.

Frú forseti. Það er auðvitað ánægjulegt að ekki er hægt að heyra neinn ótta í ræðum hv. þingmanna Framsóknarflokksins. Þar virðast hv. þingmenn vera algerlega vera búnir að átta sig á í hvað stefni og óttinn er augljóslega víðs fjarri. Enda reisti hver þingmaðurinn sig meir en hinn eftir því sem á leið og sífellt var gert minna úr samstarfsflokknum og hv. þingmenn sáu völd Framsóknarflokksins í hillingum. Þeir voru augljóslega alls ráðandi í ríkisstjórninni.

Það var sérlega skemmtilegur kafli í ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, þegar endurtekið var nokkrum sinnum að hér væri sko ekki um hægri stjórn að ræða. Það væri eitthvað allt annað en hægri stjórn sem hér sæti. Hv. þingmaður var augljóslega að reyna að sannfæra að minnsta kosti sjálfan sig í þeim efnum, en um leið auðvitað að segja við samstarfsflokkinn að hann hefði nú engin áhrif á stjórnarstefnuna. Það væri Framsóknarflokkurinn sem hér réði öllu.

En þetta er auðvitað eins og ég hef áður nefnt, dæmi um að Framsóknarflokkurinn er að reyna að láta sér líða örlítið betur í þeirri stöðu að sitja í ríkisstjórn sem hefur aukið ójöfnuð í samfélaginu og hefur auðvitað keyrt hægri leiðina af miklum krafti. Það er eðlilegt að ungliðadeildin í Framsóknarflokknum, sem vonandi ætlar sér einhverja framtíð í stjórnmálum, vilji ekki lifa við þetta og sé byrjuð að reyna að sannfæra sjálfa sig um að raunveruleikinn sé einhver allt annar en hann er. Það er auðvitað fyrsta skrefið að sannfæra sjálfan sig til þess að eiga einhverja möguleika í að sannfæra aðra.

Það má auðvitað búast við því að þennan söng eigum við eftir að heyra til vors og vonandi að þá verði annar málflutningur allsráðandi því það er nú skemmtilegra í málflutningi stjórnmálamanna — vegna þess að við viljum nú öll, held ég, veg stjórnmálamanna sem mestan — þegar menn reyna að halda sig við raunveruleikann og sannleikurinn er hafður með í för og vonandi sem mest ráðandi í málflutningi. En ekki að menn séu eingöngu í einhverjum draumórum eða því að snúa öllu á hvolf, eins og hv. þingmaður gerði ítrekað þegar hann reyndi að sannfæra sjálfan sig um að sú ríkisstjórn sem nú sæti væri ekki hægri stjórn.

Það væri auðvitað að hafa langt mál um það til að sýna fram á að svo sannarlega hefur árangur ríkisstjórnarinnar verið mestur í því að koma fram hægri sjónarmiðum, auka ójöfnuð jafnt og þétt. Auka skattheimtu af þeim sem minnsta hafa en létta henni af hinum. Það er auðvitað besta dæmið um þá hægri stefnu sem hér hefur verið rekin. Það er alveg sama hvað hv. þingmenn Framsóknarflokksins endurtaka það oft að eitthvað annað sé að gerast. Þetta er auðvitað raunveruleikinn sem fólkið þekkir.

Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson nefndi ýmis dæmi sem hann þóttist vera furðu lostinn yfir að stjórnarandstaðan hefði ekki treyst sér til, eins og hv. þingmaður orðaði, að styðja. Það er auðvitað hægt að gera tilraun til þess að fara yfir það, þó að ég efist um að það beri nokkurn árangur, að að sjálfsögðu leggur ríkisstjórnarmeirihlutinn fjárlagafrumvarpið fram á sínum forsendum. Öll vinnan í fjárlaganefndinni er á forsendum stjórnarmeirihlutans, meira og minna stýrt og keyrt af hæstv. ráðherrunum sjálfum.

Stjórnarandstaðan verður að haga málflutningi sínum þannig að valdar eru þær leiðir sem við teljum að séu líklegastar til að vekja athygli og þannig berum við okkur að. Við höfum t.d. valið það að velja núna út stór og mikil mál sem eru táknræn um það hvernig hefur verið komið fram við ákveðna hópa í landinu.

Nokkrir hv. þingmenn leyfa sér að koma hér aftur og aftur og tala um að engar tillögur hafi verið lagðar fram. Síðan eru taldir upp ýmsir málaflokkar þar sem engar tillögur höfðu verið lagðar fram í og slíkur verður æsingur hv. þingmanna að þeir nefna meira að segja þann málaflokk sem þessar stóru tillögur okkar tilheyra. En það virðist engu breyta.

En þetta er auðvitað þannig að við höfum náð saman um að setja í forgang ákveðin mál til þess að vekja sérstaka athygli á því hvernig hefur verið farið með ákveðna hópa í samfélaginu.

Það var líka athyglisvert hjá hv. þingmanni sem gerði mikið úr því að ég hefði á stundum fjallað um málefni framhaldsskóla og taldi það afar sérkennilegt þegar stjórnarmeirihlutinn, þessi bjargvættur alls, kæmi með tillögur um að 250 millj. kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu færu til framhaldsskólanna. Til viðbótar við 250 milljónirnar eru 10 millj. kr. til kvikmyndasýninga í framhaldsskólum og hv. þingmaður talaði þar af leiðandi um 260 millj. kr.

En eins og þeim er lagið í ungliðadeild Framsóknarflokksins, þá sleppti hv. þingmaður að sjálfsögðu öllu sem á undan er gengið og hefði hann þó ekki þurft að fara langt til að átta sig á því að þarna er aðeins verið að skila til baka hluta af því sem tekið var strax þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram. Það er meira að segja sagt í skýringum í fjárlagafrumvarpinu sjálfu að miðað við þann nemendafjölda sem gert er ráð fyrir að verði í framhaldsskólum á næsta ári þá þurfi ákveðna fjárhæð. En vegna hagræðingarkröfu þá séu 300 millj. kr. skornar af því.

Síðan er hér tillaga, eins og kom fram, um 250 milljónir af þessum 300, og þá er það sett í þetta hefðbundna samhengi, þegar búið er að taka mikið og einhverju er skilað, þá er það í nafni góðmennskunnar. En það er aldrei talað um niðurskurðinn eða það sem af var tekið.

Þannig að þrátt fyrir að fram komi í gögnum stjórnarmeirihlutans sjálfs að til þess að framhaldsskólarnir stæðu jafnt miðað við árið í ár og við gætum þá farið yfir hvernig staðan væri gagnvart árinu í ár, til þess hefði þurft 300 milljónum meira en aðeins 250 er skilað. Hvað þá heldur ef við færum að ræða um þörfina á því að auka hlut framhaldsskólanna og bæta í. Þó að við gerðum ekki annað en

að bera okkur örlítið saman, þess vegna við önnur skólastig á landinu, eða framhaldsskóla í öðrum löndum, þá kæmi í ljós að við þyrftum verulega í þetta að bæta og að gera stórfelldar breytingar. En það er augljóst mál að þetta eins og svo margt annað bíður nýrrar ríkisstjórnar.

Ný ríkisstjórn verður að byrja á því strax að loknum kosningum að endurskoða fjárlög ársins 2007. Þau eru þannig gerð að hjá því verður að sjálfsögðu ekki komist. Væntanlega verður heildaruppskurður og þó svo að það verði kannski erfitt innan ársins þá er augljóst mál að það verður að byrja á því að gera þar uppskurð og ýmsar breytingar, að ég tali nú ekki um gagnvart síðan árinu 2008, þar sem þarf verulega að taka á ýmsum hlutum og í raun og veru breyta í grundvallaratriðum öllum vinnubrögðum.

Að mínu mati er nauðsynlegt að halda sig við rammafjárlög sem slík. Það þarf að þróa það form áfram en ekki að grafa sig sífellt dýpra ofan í það far sem því miður hefur verið viðhaft frá því að rammafjárlögin voru tekin upp, það þarf að láta þeirri hugsun lokið þegar búið er að leggja fjárlagafrumvarpið fram.

Þetta þarf að gerast með þeim hætti að á vorþingi séu raunverulegu rammarnir ákveðnir, auðvitað með þeim fyrirvörum að breytingar geti orðið á til haustsins en þingið sjálft fari yfir þetta og ákveði og þar sé raunverulega tekist á um hvernig skipt sé á milli málaflokka. Og síðan sé lagt fram fjárlagafrumvarp þar sem römmunum er útskipt og þá fari fagnefndir undir verkstjórn fjárlaganefndar nákvæmlega yfir það hvernig fjármunum er varið innan hvers ramma eða hvers málaflokks, (**Gripið fram í:** Ja hérna.) þannig sé ábyrgð þingsins líka meiri.

Þau vinnubrögð sem nú eru viðhöfð ná auðvitað ekki nokkurri átt, að fjárlaganefndin haldi utan um þetta allt saman, fagnefndirnar séu í einstaka safnliðum og þar sé eiginlega meginregla að tillögur nefndarinnar séu hafðar að einhverju leyti til hliðsjónar en séu allar stokkaðar meira og minna upp þegar fjárlaganefnd fer yfir hlutina. Ég tala nú ekki um t.d. gagnvart stofnunum þá hlýtur að vera eðlilegt að fagnefndirnar væru sérfræðingar í stofnunum sinna málaflokka og gætu veitt framkvæmdarvaldinu það aðhald sem nauðsynlegt er, bæði við gerð fjárlaganna og síðan í eftirlit við framkvæmd fjárlaganna því hvort tveggja er mjög mikilvægt.

En það blasir hins vegar við að aðhald um framkvæmd fjárlaga er að sjálfsögðu miklum mun erfiðara þegar svo slælega er staðið að fjárlagagerð eins og nú er gert. Kæruleysið er svo mikið að þótt menn viti að stofnanir geti t.d. ekki rekið sig á þeim fjárveitingum sem ákveðnar eru í fjárlögum þá er ekkert gert í því ár eftir ár, heldur er það bara látið lulla áfram og af og til í fjáraukalögum er slumpað inn einhverri upphæð til að gera lífið örlítið bærilegra. En það er aldrei farið yfir málið og velt fyrir sér hvaða þjónustu stofnanirnar eigi að veita, né gert ráð fyrir hvað það muni kosta og þannig séu fjárveitingar ákvarðaðar.

Nei, það er yfirleitt notast við grunn sem í flestum tilfellum er ævaforn og síðan er bara reiknað áfram út frá því en raunveruleikinn yfirleitt ekkert hafður með í för. Þetta hefur því miður einkennt þessi vinnubrögð allt of, allt of lengi, og við í stjórnarandstöðunni og einnig Ríkisendurskoðun höfum bent á það ár eftir ár, að svona eigi að sjálfsögðu ekki að standa að þessum málum.

Herra forseti. Það er auðvitað ýmislegt í fjárlagafrumvarpinu sem er illa ígrundað og má finna að. Það er rétt að nefna að nú liggja fyrir tillögur um verulegar breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs á næsta ári. Þar er fyrst og fremst verið að tala um að fella niður vörugjald af matvælum og lækka virðisaukaskatt af slíkum vörum í 7% úr 14%, og síðan voru miklar tillögur uppi um verulegar breytingar á áfengisgjaldi vegna þess að það átti að lækka vöruskatt á áfengi úr 24,5% í 7%. Þetta átti náttúrlega að breyta ýmsu en það var augljóst að margt í þessu er afar óljóst, og við höfum haft efasemdir um ýmsa útreikninga í því sambandi.

Síðan hefur komið í ljós að ýmis samtök hafa gert athugasemdir, sérstaklega við breytingarnar á áfengisgjaldinu og virðisaukaskattinum á áfengi. Þau merku tíðindi urðu hér strax í gær við 1. umr., þegar mælt var fyrir frumvarpinu, að hæstv. fjármálaráðherra viðurkenndi að svo illa væri að málinu staðið að nauðsynlegt væri að fresta a.m.k. gildistökunni um breytinguna á virðisaukaskattinum á áfengið og breytingum á áfengisgjaldinu.

Þetta vekur hins vegar upp hugsanir um hvort nokkuð sé betur að öðrum tillögum staðið, hvort útreikningarnir á þeim séu eitthvað nákvæmari. Ég geri ráð fyrir að efnahags- og viðskiptanefnd fari nákvæmlega yfir það. Eins og ég sagði áðan er það auðvitað fyrir neðan allar hellur að bjóða þinginu upp á þau vinnubrögð að láta það frumvarp vera hér í miðri vinnslu þegar gert er ráð fyrir að afgreiða fjárlögin, vegna þess að þar er komið inn á miklar breytingar í tekjuöflun ríkissjóðs. Og ef ekki er hægt að reikna út niðurstöðuna gagnvart breytingunni á áfenginu, sem maður hefði haldið, herra forseti, að væri nú hvað einfaldast, því að maður trúir því a.m.k. að fjármálaráðuneytið hafi afskaplega góðan aðgang að öllum upplýsingum sem snerta sölu áfengis þar sem salan fer öll í gegnum ríkisstofnun — það virtist ekki vera hægt — þá veltir maður fyrir sér öllum hinum útreikningunum sem eru væntanlega ekki byggðir á eins nákvæmum tölum og maður skyldi ætla að fjármálaráðuneytið hefði gagnvart áfenginu. En hæstv. ráðherra hefur sem sagt viðurkennt að þar sé um einhver mistök að ræða og það kæmi mér ekki á óvart þó að ýmislegt fleira ætti eftir að koma í ljós varðandi það mál.

Það er náttúrlega borin von að gera ráð fyrir því að sá stjórnarmeirihluti sem nú situr hafi nokkurn áhuga á því að sýna fagleg vinnubrögð í umgengni við fjárlög og þess vegna munum við væntanlega afgreiða fjárlög fyrir árið 2007 á morgun, þrátt fyrir þá óvissu sem þarna kemur fram. Það verður bara til þess, eins og áður hefur komið fram, að ný ríkisstjórn verður að endurmeta alla stöðuna vegna þess að þarna er auðvitað gífurleg óvissa og þegar við erum að sigla inn í tíma, þar sem miklar líkur eru á að dragi úr þenslunni og þar af leiðandi gæti dregið verulega úr tekjuinnstreymi til ríkissjóðs, þá er afskaplega mikilvægt að við stjórnvölinn sé ríkisstjórn sem hefur kjark og dug til að taka ákvarðanir út frá þeim niðurstöðum sem fyrir liggja hverju sinni en ríkisstjórnin hefur sýnt það undanfarin ár að til þess hefur hún ekki kraft og dug. Hún hefur með vissu millibili fengið aðstoð aðila vinnumarkaðarins til að koma í veg fyrir að verðbólgan haldi áfram að fara úr böndunum en það gerðist samt á þessu ári að verðbólgan fór allt of hátt

upp. Það hefði verið hægt að koma í veg fyrir það. Mörg aðvörunarorð voru höfð uppi um það við fjárlagagerðina í fyrra og færð rök fyrir því, ekki bara af okkur í stjórnarandstöðunni, mig minnir að nær allir aðilar sem að slíkum málum koma hafi bent á það en ríkisstjórnin ein taldi að engin hætta væri á ferðum. Almenningur ber síðan kostnaðinn af þessu og ekki síst fólk sem er verulega skuldugt þar sem verðbólgan reiknast inn í allar skuldir þess og hækkar þær sem því nemur.

Herra forseti. Ég hef nokkrum sinnum farið yfir það hve mikilvægt sé að allar upplýsingar liggi fyrir þegar fjárlög eru gerð og það verður að segjast eins og er að maður er orðinn hálfþreyttur á því að benda á sömu staðreyndirnar ár eftir ár. Það virðist enginn áhugi vera á því að færa fjárlagagerðina inn í nútímann, að nýta sér alla þá upplýsingatækni sem fyrir liggur til að reyna að ná tökum á fjárlagagerðinni og skapa grundvöll fyrir það að hægt sé að líta á fjárlögin eins og önnur lög og að eftir þeim sé farið og þau nýtt til að hafa áhrif á efnahagsmálin. Það má t.d. nefna dæmi um það hversu þessu hefur farið aftur á undanförnum árum. Við munum að á meðan Þjóðhagsstofnun var til og annaðist efnahagsspá fyrir stjórnvöld þá var alltaf gefin út endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir 3. umr. um fjárlög. Þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður og þessi efnahagsspá var færð inn í fjármálaráðuneytið var tekin ákvörðun um að gefa ekki út endurskoðaða þjóðhagsspá fyrr en í janúar eftir að fjárlög eru samþykkt. Það kæmi mér því ekki á óvart að núna í janúar, þegar þessi endurskoðaða spá liggur fyrir, verði ýmsar forsendur fjárlaganna strax orðnar úreltar.

Það er sorglegt þegar svona skref eru stigin aftur á bak. Það hefði verið hægt að mæta þessu á þann hátt sem margoft hefur verið bent á — og er í raun og veru algjört grundvallaratriði ef áhugi hefði verið fyrir því að löggjafarvaldið sýndi framkvæmdarvaldinu eitthvert aðhald — að koma upp hagdeild á Alþingi sem hefði auðvitað átt að gerast strax og Þjóðhagsstofnun var aflögð. Víða hefur verið bætt í og nefndasviðið verið eflt á margan hátt en af einhverjum ástæðum hefur þetta ekki náðst í gegn. Við höfum verið með tillögur um það við afgreiðslu fjárlaga að ég veit ekki í hvað mörg ár en það hefur ætíð verið fellt, þrátt fyrir að í upphafi þegar frumvarpið um niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar var rætt hafi þáverandi hæstv. forsætisráðherra talað jákvætt um það og talið það hið þarfasta mál að við þessar breytingar yrði slík starfsemi efld innan þingsins. Því miður hefur það ekki náð fram að ganga en eitt af því sem bíður nýrrar ríkisstjórnar er að breyta þessu vinnulagi öllu og það er þá hluti af því sem tekið verður fyrir.

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem vakið hefur athygli, bæði í umræðunum og ýmsu sem átt hefur sér stað í samfélaginu. Það vakti t.d. alveg sérstaka athygli í byrjun nóvembermánaðar, ef ég man rétt, þegar mikið var rætt um nýhafnar hvalveiðar að varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem einnig er formaður Ferðamálaráðs, fór mikinn í fjölmiðlum. Og það var ekki síður athyglisvert þegar haft er í huga að varaformaður Ferðamálaráðs er hv. þm. Dagný Jónsdóttir. Stjórnarflokkarnir eiga því báðir fulltrúa og þá æðstu í Ferðamálaráði þar sem boðað var að nota ætti 300 millj. kr. í landkynningu árlega, m.a. vegna þess að mæta þyrfti áhrifum hvalveiðanna. Það var m.a. rætt um þörf á ýmsum könnunum og að afla þyrfti ýmissa gagna. Ég held að allir hafi skilið þessar fréttir á þann veg að það væri tryggt að á fjárlögum næsta árs yrði þessi upphæð tryggð. Nú sést hins vegar ekkert af þessari upphæð og enginn kannast við að hún sé á leiðinni eða hvar hún er. Ég vænti þess að hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður fjárlaganefndar, geti upplýst um þessa upphæð ef það er einhver misskilningur af minni hálfu að hún finnist hvergi og hafi gufuð upp einhvers staðar, ég veit ekki hvar, því að í fréttum kom m.a. fram að hæstv. samgönguráðherra hefði tekið vel í þetta og verið afskaplega ánægður með að svona ætti að standa að málum. En af einhverjum ástæðum hefur þetta horfið á leiðinni og ekkert að sjá. Ef þetta er einhver misskilningur af minni hálfu, sem ég tel mig hafa fullvissu um að er ekki, vænti ég þess að hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður fjárlaganefndar, leiðrétti mig ef eitthvað hefur farið fram hjá mér í þessum efnum.

Það er auðvitað afar sérkennilegt að varaformaður fjárlaganefndar skuli fara svo mikinn í fjölmiðlum varðandi slík mál og síðan sé það bara innstæðulaust. Þetta gæti, herra forseti, verið sönnunin á því sem hv. þm. Birkir J. Jónsson sagði þegar hann gaf í skyn að Sjálfstæðisflokkurinn hefði eiginlega ekkert orðið um það að segja hvernig fjárlögin væru eða tillögur meiri hluta nefndarinnar sem fram kæmu, Framsóknarflokkurinn sæi bara algjörlega um þessi mál. Það skyldi þó ekki vera að varaformaður fjárlaganefndar hafi verið beygður af Framsóknarflokknum, að hann hafi nú loksins risið upp og sýnt vald sitt og stoppað af þessa peninga til Ferðamálaráðs. Einhvers staðar þarf að upplýsa hvað þarna hefur átt sér stað. Niðurstaðan er a.m.k. sú að engir fjármunir eru þarna á ferðinni, engar tillögur hafa komið fram um að verða við ósk Ferðamálaráðs, þrátt fyrir það að báðir stjórnarflokkarnir eigi þar fulltrúa og hæstv. ráðherra hafi tekið alveg sérstaklega undir að þetta væri þarft og gott mál. Og þá var auðvitað, eins og ég sagði áðan, gert ráð fyrir því að þetta skilaði sér inn í frumvarpið en þar er ekkert. Við væntum einhverra skýringa við því og að Ferðamálaráð hljóti að reka sitt erindi með meiri krafti en gert hefur verið hingað til.

Herra forseti. Það hefur, eins og ég sagði áðan, margt afar merkilegt komið fram í umræðum um fjárlög fyrir árið 2007. Ég hugsa þó að það sem slegið hafi öllu öðru við séu ummæli nokkurra þingmanna stjórnarliðsins við 2. umr. Hvað merkast er líklega þegar formaður fjárlaganefndar, hv. þm. Birkir J. Jónsson, kom í andsvar, eftir að ég hafði flutt nefndarálit minni hluta nefndarinnar, og var býsna brugðið, ég veit svo sem ekki af hverju en eitthvað olli titringi hv. þingmanns sem sagði m.a., með leyfi forseta:

„... koma ekki með neinar tillögur vegna stofnana sem þurfa aukin framlög eftir viðtöl sem við í hv. fjárlaganefnd höfum átt við fjölmargar stofnanir á vegum ríkisins.“

Minni hlutinn kom ekki með neinar tillögur vegna stofnana sem þurfa aukin framlög, sagði formaður nefndarinnar. Væntanlega, og það fer ekkert á milli mála að mati formanns nefndarinnar, þurfa stofnanirnar aukin framlög, samkvæmt viðtölum og upplýsingum sem hafa borist.

Síðan gekk hv. þingmaður enn lengra og sagði, með leyfi forseta:

„... hvernig margar ríkisstofnanir geta búið við óbreytt-

ar fjárheimildir, að teknu tilliti til þeirra tillagna sem við í meiri hlutanum höfum lagt fram."

Herra forseti. Þetta er nú, leyfi ég mér að segja, met í málflutningi. Þarna kemur hv. þingmaður, formaður fjárlaganefndar, og segir raunverulega að meiri hlutinn hafi með markvissum hætti neitað að auka framlög til stofnana í fjárhagsvanda, neitað að tryggja þeim viðunandi rekstrargrundvöll. (**Gripið fram í:** Nei.) Væntanlega vegna þess að hv. þingmaður hefur ekki náð fram vilja sínum — sem hefur væntanlega verið sá að tryggja þennan rekstrargrundvöll — þá er farið að skamma stjórnarandstöðuna. Ég hefði haldið, herra forseti, að það hefði verið eðlilegra að hv. þingmaður hefði farið með þessa ræðubúta sína t.d. á þingflokksfundum ríkisstjórnarflokkanna vegna þess að þar sitja hæstv. ráðherrar sem, eins og hv. þingmaður veit jafn vel og ég, stýra því og stjórna hvernig að þessum málum er staðið, því miður. Ég trúi því hins vegar að hv. þingmaður sé, og þarna hafi það komið fram, alveg sami áhugamaðurinn og ég um að breyta þessu ferli þannig að Alþingi verði það aðhald og fái aftur þau völd sem það á að hafa varðandi fjárlagagerð. Ég trúi því að það hafi komið fram í þessum orðum hv. þingmanns, að það hafi verið löngunin, en til þess að fá útrás fyrir langanir sínar og vegna þess að hv. þingmaður hefur ekki náð fram því sem hann vildi gagnvart ríkisstjórnarflokkunum hafi útrásin þurft að fara í þennan farveg.

Það var fleira sem vakti athygli í 2. umr. um fjárlög, þar tók annar hv. stjórnarþingmaður þátt í umræðunni og saknaði þess að ekki væri nægilega rætt um aukið aðhald í ríkisfjármálum. Þó svo að rætt hefði verið um þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun hafði gert við framkvæmd fjárlaga, m.a. í nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar, þá saknaði þessi hv. stjórnarþingmaður þess að ekki væri nægilega rætt um það. Síðar í ræðu sinni nefndi hv. þingmaður að meðal þess sem hann saknaði úr umræðunni væri, orðrétt, með leyfi forseta:

„... tillögur að leiðum til að tryggja betra samræmi þarna á milli, bæta samræmi á milli fjárlagagerðarinnar og framkvæmdar fjárlaga og ekki síður hugmynda sem væru líklegar til að draga úr aukningu ríkisútgjalda."

Herra forseti. Það er eins og sumir stjórnarsinnar séu að vakna upp við vondan draum og það er vonum seinna þegar við blasir að það hægir á í efnahagskerfinu og tekjustreymið inn í ríkissjóð fer minnkandi. Þá verður erfiðara að snúa útgjaldahjólinu til baka og sýna aðhald og festu í ríkisfjármálum.

Það er athyglisvert þegar hv. þingmenn úr stjórnarmeirihlutanum koma fram með slíkar ábendingar vegna þess að þetta er auðvitað það sem við höfum haldið fram til nokkurra ára. Það virðist vera að einstaka hv. þingmaður hafi tekið eftir þessu en af ýmsum ástæðum — eins og sumir hafa orðað það, þeir eru í liðinu og þurfa að fylgja því sem ákveðið er við ríkisstjórnarborðið — skortir líklega sjálfstæðið til að ganga lengra en hópurinn gerir. En það eru auðvitað smávísbendingar um það í þessum ummælum hv. þingmanna að það sé a.m.k. áhugi til að breyta þessu verklagi, breyta þessum vinnubrögðum og taka af festu á þeim málum eins og við höfum boðað nú um nokkurt skeið.

Herra forseti. Ég held að ekki sé hægt að ljúka þessari ræðu öðruvísi en að fara örlítið yfir skattamálin vegna þess að ungliðadeild Framsóknarflokksins vék enn einu sinni að þeim kafla í afrekaskrá ríkisstjórnarinnar og virtist vera að reyna að sannfæra sjálfa sig, því að ég er viss um það að hún nær ekki að sannfæra nokkurn annan. Þeir vildu meina að hér væri staðið gífurlega vel að verki, hér væru jöfnunarkerfin nýtt til fullnustu og stöðugt væri verið að bæta hag þeirra sem minna hafa. Því er auðvitað öfugt farið eins og margoft hefur verið bent á en hv. þingmenn fara ætíð sömu leiðina, þeir fara mismunandi stutt aftur í tímann til að finna sér viðmiðunartölur og leggja síðan gífurlega áherslu á það, þegar búið var að skerða hlutina nógu mikið, að nú sé verið að bæta frá því sem verst var orðið. Því er meira að segja haldið fram að lækkaðir hafi verið skattar, að því er manni skilst, á öllum landsmönnum, þrátt fyrir að beitt hafi verið ýmsum brögðum til að hækka skatta á stærstum hluta þjóðarinnar. Vitnað hefur verið til ýmissa gagna í þessu sambandi sem hv. þingmenn hafa af einhverjum ástæðum kosið að kynna sér ekki eða taka ekki tillit til. Það má nefna skýrslu frá OECD, það má nefna stórmerka rannsókn Stefáns Ólafssonar, prófessors við Háskóla Íslands, en hann hefur sýnt fram á að 90% þjóðarinnar hafi tekið á sig aukna skattbyrði, það sé eingöngu 1/10 hluti sem hefur hæstu tekjurnar sem beri nú minni skattbyrði. Þetta segir það sem segja þarf í þessum efnum. Þetta kemur líka fram þegar borin er saman tekjuskiptingin í samfélaginu og þegar borið er saman hvernig ójöfnuður hefur þróast hjá þjóðum, setjum við þar met og augljóst að við erum því miður að þróast í átt að hinu ameríska kerfi og burt frá því norræna.

Þetta eru grundvallaratriðin í stjórnmálaumræðunni nú um stundir og því má segja að það sé skiljanlegt að nokkrir hv. þingmenn Framsóknarflokksins reyni að leiða umræðuna inn á aðrar brautir. Það er ekkert skrýtið að ýmsir hv. þingmenn sem hafa tileinkað sér skoðanir Framsóknarflokksins eins og þær voru til skamms tíma, hafi áttað sig á því í seinni tíð að ríkisstjórnin er að fara þveröfuga leið. Félagshyggjan sem var ráðandi þar til skamms tíma hefur látið undan og nú er keyrð blind hægri stefna. Í ljósi þess verður að taka hin síendurteknu orð formanns fjárlaganefndar um að þetta sé ekki hægri stefna og þá eru yfirleitt tekin dæmin um það að þegar búið væri að skerða mjög mikið væri hægt að bæta örlitlu til baka, og hafa það sem viðmið og telja það til afreka að verið væri að stíga örlítil skref til baka frá því sem lengst var gengið. Gleymum því ekki að þessi skref eru ekki síst stigin í ljósi þess að kosningaár er fram undan og þá er auðveldara að reyna að trúa því, a.m.k. hann sjálfur, að verið sé að stíga einhver skref í rétta átt.

Herra forseti. Þetta er því miður blekkingarleikur sem ekki er til fyrirmyndar og á í raun og veru alls ekki heima í umræðu um fjárlög. Þar á að beita öllu öðru en blekkingum, þar eiga menn að horfa á staðreyndirnar og gera áætlanir út frá þeim en ekki einhverri óskhyggju.

[16:36]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Mig langar að nefna nokkur atriði í tengslum við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007. Auk þess hef ég hug á að víkja að ræðum sem hér hafa verið fluttar. Sér-

staklega hefði verið ánægjulegt ef ræðumenn hefðu verið viðstaddir. Það eru sérstaklega þingmenn Framsóknarflokksins, formaður fjárlaganefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson annars vegar og hins vegar hv. 7. þm. Reykv. n., Guðjón Ólafur Jónsson, sem ég hafði hugsað mér að eiga orðastað við í leiðinni.

Varðandi ræðu hins fyrrnefnda, formanns fjárlaganefndar, þá fór hann nokkuð með himinskautum, var sérstaklega ánægður með afrakstur vinnunnar í fjárlaganefnd og árangur ríkisstjórnarinnar og taldi það allt harla gott. Ég ætla að koma betur aðeins að því á eftir um leið og ég reifa svona áhyggjur mínar af stöðu ríkisfjármála og efnahagsmála á Íslandi um þessar mundir. Satt best að segja blöskrar mér glansmyndagerðin hjá stjórnarsinnum. Mér finnst það til marks um andvaraleysi.

Ég hef af því áhyggjur að menn horfist ekki af raunsæi í augu við hlutina. Sumt er jákvætt en annað ekki. Það eru viss batamerki á ákveðnum sviðum, t.d. í afkomu sveitarfélaganna þótt meira þurfi til. Það er jákvætt að ríkissjóður er mjög skuldlítill. En annað er hins vegar mjög neikvætt og virðist ekki ætla að verða nein bót á ástandinu þar sem helst þyrfti, þar á ég t.d. sérstaklega við viðskiptahalla og jafnvægisleysi í hagkerfinu.

Varðandi ræðu hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar þá get ég tekið undir það með hv. 10. þm. Norðvest., Sigurjóni Þórðarsyni, að það hefur út af fyrir sig nokkurt skemmtigildi að fá menn eins og hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson inn á þing — svona í hófi, mundi ég segja.

Ég verð þó að segja að ég hef varla heyrt ræðu þar sem eins hressilega var teygt á lopanum, í upp undir einn og hálfan tíma er mér tjáð, sem fjallaði aðeins um eitt lítið atriði. Öll ræðan var um eitt lítið atriði, þ.e. það mikla hneyksli að stjórnarandstaðan skyldi ekki styðja breytingartillögur meiri hlutans. Hv. þingmaður skrúfaði sig hring eftir hring og æsti sig upp út af því mikla hneyksli, út af þessu reginhneyksli. Hann las úr þessu fullkomið áhugaleysi, ef ekki bara fjandskap þingmanna stjórnarandstöðunnar við öll þau mál sem veita átti fé til. Það var sem sagt þannig. Af því að stjórnarandstaðan hér á Alþingi lætur ríkisstjórnarmeirihlutann um að koma fjárlagafrumvarpi sínu í gegn og gera á því breytingar eftir atvikum þá er það hvorki meira né minna en þannig að stjórnarandstaðan er gjörsamlega skeytingarlaus um allt sem þar á í hlut.

Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson er ekki mjög þingreyndur. Honum hefur nýlega skolað hér á fjörur ef svo má að orði komast, (Gripið fram í.) sökum mikils mannfalls í Framsóknarflokknum í Reykjavík. Óvenju mikið af mönnum hefur þar hrotið fyrir borð og þar engir smákarlar: fyrrverandi formaður flokksins, fyrrverandi forsætisráðherra, og einnig fyrrverandi félagsmálaráðherra og erfðaprins, Árni Magnússon. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson er hér allt í einu kominn með fast sæti í bili. Það kann að vísu að fara svo að því ljúki um miðjan mars næstkomandi, við sjáum til. En auðvitað má fyrirgefa hv. þingmanni í ljósi þessarar skömmu þingreynslu.

Það er eins og hv. þingmaður átti sig ekki á því að það er í fyrsta lagi algjörlega helguð hefð að stjórnarandstaðan lætur ríkisstjórn eftir að bera ábyrgð á fjárlagafrumvarpi sínu. Ég held að það sé almennur siður í þjóðþingum. Að lokum er það ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á því. Stundum þurfa minnihlutastjórnir að fá stuðning við frumvörp sín en þó er það stundum þannig að sá stuðningur er fólginn í hlutleysi eða hjásetu.

Hefðin er líka sú að það fer eftir atvikum hvort minni hluti greiðir atkvæði efnislega um einstakar greinar í viðkomandi frumvarpi og svo breytingartillögur eða kýs þá einföldu aðferð að sitja hjá við breytingartillögurnar sem og frumvarpið sjálft þá í heild sinni, sem er hefðin. Ég hygg að ef menn fletti þessu aftur á bak í gegnum þingsöguna þá finni þeir að þetta er upp og ofan og ræðst af aðstæðum hverju sinni.

Þannig hefur það t.d. verið hjá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við höfum, ef við höfum talið aðstæður þannig að unnið hafi verið efnislega og boðið af sanngirni upp á hlutdeild stjórnarandstöðu í vinnu í fjárlaganefnd þá er sjálfsagt mál að sortera tillögurnar og styðja þær sem menn vilja sérstaklega styðja.

Reyndar var það þannig, sem virðulegur formaður fjárlaganefndar mætti hugsa um, að á löngum árabilum var vinnuandrúmsloftið í fjárlaganefnd þannig að nefndin öll flutti meginbreytingartillögur milli umræðna. Það var síðan meiri hluti sem flutti tilteknar lykiltillögur, fjáröflunartillögur og annað því um líkt. En ef verið hafði gott samkomulag og vinnuandrúmsloft í fjárlaganefnd þá flutti nefndin gjarnan öll gjarnan uppistöðubreytingartillögurnar, þær sem ekki voru umdeildar, lagfæringar og viðbætur sem ekki voru átök um. Það vinnuandrúmsloft hefur ekki verið í nefndinni upp á síðkastið. Ég man ekki eftir neinum sameiginlegum breytingartillögum frá fjárlaganefnd sem heitið getur, að minnsta kosti ekki að þessu sinni.

Þarna hafa verið önnur vinnubrögð og annað andrúmsloft. Meiri hlutinn hefur einn flutt þessar breytingartillögur og þá er stjórnarandstöðunni að sjálfsögðu í sjálfsvald sett hvort hún velur sér það verklag að greiða efnislega atkvæði um þær út af fyrir sig eða hvort hún situr hjá og lýsir ábyrgð á fjárlögum á hendur ríkisstjórninni.

Þessi næstum eins og hálfs tíma ræða hv. þm. Guðjón Ólafs Jónssonar var eiginlega um ekki neitt. Hún var eiginlega byggð á fullkomnum misskilningi eða vanþekkingu á þeim hefðum sem hér ríkja í vinnubrögðum. Að sjálfsögðu ber ekki að lesa nokkurn skapaðan hlut út úr því þótt stjórnarandstaðan lýsi því yfir að hún hafi ákveðið að standa svona að málum. Þá liggur það fyrir með skýringum af hennar hálfu. Þetta er verklag sem menn velja sér í tengslum við umræðurnar eða atkvæðagreiðslurnar.

Það er auðvitað líka þannig að í mörgum tilvikum eru menn óánægðir og ósáttir við breytingarnar, t.d. til hækkunar á fjárveitingum sem lagðar eru til, þótt þær séu í rétta átt. Þá kemur upp staðan: Á stjórnarandstaðan að lúta litlu og segja: Þetta er þó betra en ekki neitt, og greiða því atkvæði? Eða á hún að segja, sem er kannski hennar afstaða: Þetta er aldeilis ónóg, við ætlum ekki að greiða atkvæði með upphæðum sem við teljum allt of lágar, þegar í hlut eiga t.d. fjárveitingar til heilbrigðis- eða menntastofnana eða annað slíkt?

Stjórnarandstaðan hefur verið í þeirri aðstöðu undanfarin ár að hamra á því sem hefur reynst rétt, að menn loka fjárlögunum af óraunsæi gagnvart því sem þarf að leggja til

lykilmálaflokka eins og heilbrigðismála og stærstu stofnananna þar og skólamála. Þetta vita allir, þetta hefur alltaf komið á daginn.

Ríkisstjórnin neyðist til að viðurkenna þetta sjálf ár eftir ár í fjáraukalögunum — eða hvað var á dagskrá í umræðum og atkvæðagreiðslu um fjáraukalög nú fyrir skemmstu annað en hækkun á fjárveitingum til málaflokkanna sem í sumum tilvikum voru nákvæmlega sömu tölur og meiri hlutinn felldi sem breytingartillögur stjórnarandstöðunnar fyrir tæpu ári? Þannig var það nú. Þegar þetta er haft í huga, virðulegur forseti, fer nú að verða lítið eldsneyti í ræðunni miklu hjá hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni og ekkert eftir nema þá að velta því fyrir sér hvort slíkt hafi skemmtanagildi í sjálfu sér, að menn komi upp og þenji sig um slíka hluti eins og hann gerði. Auðvitað er það ekki málflutningur sem nær nokkurri átt að fara að halda því fram og bera það upp á þingmenn einstakra kjördæma úr stjórnarandstöðu að af því að þeir rjúki ekki til og styðji einhverjar breytingartillögur frá meiri hluta fjárlaganefndar, þá séu þeir áhugalausir um málefni viðkomandi stofnana í kjördæmum sínum. Hverjum dettur það í hug? Og hvað ætti mönnum að ganga til, t.d. þeim sem hér talar, að vera allt í einu á gamals aldri í pólitík orðinn algjörlega áhugalaus um málefni Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, svo dæmi sé tekið? En það heyrðist mér hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson vera að reyna að segja áðan. Ekki þarf að ræða það, herra forseti, það er svo fjarstæðukennt.

Ég ætla að víkja aðeins að ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar og því sem hann gerði að umtalsefni, sem var í sjálfu sér ágætt að formaður fjárlaganefndar við lokaafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins fjallaði um hina stóru drætti í ríkisfjármálunum og efnahagsmálunum. En ég hlýt að endurtaka það að mér fannst gæta þar mikils óraunsæis eða mikillar óskhyggju í huga hv. þingmanns þegar hann talaði um þá glæstu mynd og hinn mikla árangur og hvað bjart væri fram undan í þessum efnum og hversu ótrúlegum árangri ríkisstjórnin hefði í rauninni náð. Því miður get ég ekki deilt þeirri bjartsýni nema að mjög litlu leyti. Reyni ég þó þegar ég les mig í gegnum þetta að leyfa ríkisstjórninni og stöðu mála að njóta sannmælis. Engin ástæða er til að slá striki yfir það sem jákvætt er og eru einfaldlega staðreyndir, t.d. að skuldir ríkissjóðs hafa farið lækkandi undanfarin ár. Ég segi gjarnan: Skárra væri það nú eins og aðstæður hafa verið. Það helgast af því að ríkissjóður hefur fengið inn gríðarlegu tekjur af þenslunni í þjóðarbúskapnum, ríkissjóður er því miður að fitna af viðskiptahallanum. Það gerist alltaf. Það má heita reglan að ríkissjóður fær inn auknar tekjur, það gusast inn í ríkissjóð þegar mikill innflutningur er og miklar tekjur af þeim sökum. Þegar hagsveiflan er á því rólinu er ríkissjóður gjarnan fyrsti aðilinn sem nýtur góðs af. Sveitarfélögin koma stundum í humátt á eftir í einhverjum mæli. Þau njóta að sjálfsögðu ekki tekna af óbeinum sköttum með sama hætti en oft verður launaskrið og útsvarstekjur aukast í kjölfar slíks ástands.

Einnig má segja að það sé jákvætt sem ég nefndi aðeins áðan, að afkoma sveitarfélaganna fer margra hverra heldur batnandi. Segja má að stærri sveitarfélögin njóti flest í nokkrum mæli þeirra launahækkana og þess tekjuauka sem orðið hefur í samfélaginu og má svo sem aftur segja: Skárra væri það nú. En þegar við horfum þó á stöðu sveitarfélaganna er ýmislegt ekki eins glæsilegt og vera skyldi þar. Ef við tökum t.d. glænýja árbók sveitarfélaga, árbók ársins 2006, þar sem gerðar eru upp tekjur, rekstur og afkoma sveitarfélaganna á árinu 2005, er það nú ekki allt of beysið, satt best að segja. Tökum t.d. rekstrarafkomuna. Hún er neikvæð fyrir fjölmörg sveitarfélög og ef við tökum tekjur og gjöld er hún að meðaltali neikvæð um að vísu ekki nema 25 þús. kr. á íbúa, en það er þó það. Ef við förum yfir í efnahagsstöðuna og skoðum skuldirnar, þá eru þær gríðarlega miklar. Hlutfallslega eru þær gjarnan á bilinu 100% til um og yfir 200% af tekjum, ef við tökum skuldir og skuldbindingar. Ef við tökum samstæðurnar, þ.e. rekstur sveitarfélaganna og undireiningar þeirra, þ.e. samantekin reikningsskil hækka þessar skuldatölur enn gjarnan sem hlutfall af tekjum. Auðvitað eru þá eignir og tekjur undireininganna á móti. En þetta eru ískyggilegar tölur, að sveitarfélögin holt og bolt skuli vera skuldug svo nemur árstekjum til tveggja ára tekjum í heild sinni. Þetta er veruleikinn. Vegur þar þyngst að stóru sveitarfélögin frá og með Reykjavíkurborg og niður að Seltjarnarneskaupstað eru með einni undantekningu með skuldir á bilinu tæplega 100% í tilviki Kópavogs og upp í 186% þar sem er Reykjanesbær. Hin stóru sveitarfélögin liggja svo þarna á milli, Reykjavík með 175%, Hafnarfjarðarbær með 170%, Akureyrarbær með tæp 140% o.s.frv.

Þetta eru nú tölurnar. Strax þegar kemur frá ríkissjóði að sveitarfélögunum er myndin ekki eins glæsileg. Og þegar menn monta sig af því hér, stjórnarliðar, að í tíð þeirra hafi skuldir ríkissjóðs lækkað og verið greiddar niður og þær séu jafnvel að verða óverulegar eða engar, t.d. ef gjaldeyrisvarasjóður Seðlabankans og innstæður í Seðlabanka eru teknar með, er það þá ekki þeim mun nöturlegra að menn standi frammi fyrir því að efnahagur sveitarfélaganna er sem raun ber vitni? Og sömu aðilar hafa þá horft algerlega aðgerðalausir á það að sveitarfélögin hafa safnað skuldum undanfarin ár og eru þrátt fyrir „góðærið" þó ekki að ná meiri árangri en þetta, að þau eru rétt við núllið í rekstri og allar fjárfestingar eru í raun teknar að láni.

Ef við horfum á þjóðarbúið að öðru leyti, heimilin og atvinnulífið, er ósköp einfaldlega staðfest, því miður, að íslenska hagkerfið og máttarstoðir samfélagsins eru einhverjar þær skuldugustu sem fyrirfinnast á byggðu bóli. Ekki var virðulegur formaður fjárlaganefndar að eyða miklum tíma í að lesa fyrir okkur upp úr nýjustu matsskýrslunum um hagkerfið. Ekki fór hann mikið í síðasta hefti Peningamála frá Seðlabankanum, nei, það passaði ekki að vitna mikið í það. Ekki fór hann mikið í skýrslur Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD. Nei, það stemmir ekki inn í ræðuhöldin um hið mikla góðæri.

Þá verða bara aðrir að gera það. Ef menn ætla að fá raunsanna mynd af ástandinu verður auðvitað að skoða bæði kost og löst á hlutunum. Það hrynur allt til grunna hjá mönnum sem ætla einungis að horfa á aðra hliðina á málum þegar út í rökræðuna er komið.

Það er nærtækt að taka fyrst nokkurn veginn glænýja niðurstöðu matsfyrirtækisins Fitch Ratings sem kom fram rétt fyrir miðjan nóvembermánuð síðastliðinn. Þar voru neikvæðar horfur í lánshæfismati Íslands staðfestar og það var

gert vegna þess að íslenska hagkerfið er enn mjög skuldsett og á eftir að takast á við mörg af þeim aðlögunarvandamálum og verkefnum sem sérfræðingar fyrirtækisins hafa áður bent á í skýrslum sínum. Þeir telja að merkja megi jákvæða þróun upp að vissu marki í fjármálakerfinu, þá fyrst og fremst að endurfjármögnun bankanna hafi gengið allvel sem auki nokkuð á traust og trúverðugleika á því sviði en segja að Fitch hafi áfram áhyggjur af þjóðhagslegu ójafnvægi og hvernig aðlögunin frá þessu ójafnvægisástandi geti orðið á endanum. Þeir ræða um að framboðshliðin, þenslan, sé drifin af miklum fjárfestingum og drifin áfram á framboðshlið með fjárfestingum í ál- og orkuiðnaði.

Síðan ræða þeir hjá Fitch svolítið um viðskiptahallann. Þeir vekja athygli á þeirri staðreynd að jafnvægi í hagkerfinu sé hvergi í sjónmáli. Stjórnvöld takist enn á við mikla heildareftirspurn og styrkingu krónunnar á nýjan leik í kjölfar skammtímainnflæðis á fjármagni vegna hins mikla vaxtamunar við útlönd, sem er í raun ástand þar sem allt sem hægt væri að kalla jafnvægi er úti í hafsauga, því að auðvitað ætti það ekki að vera að gerast við þessar aðstæður að krónan styrktist á nýjan leik eins og hún hefur gert núna á síðari hluta ársins þegar viðskiptahallinn er um 20%. Það eitt t.d. segir manni hversu gjörsamlega galið þetta ástand er, að eftir skammvinna veikingu fór krónan að styrkjast á nýjan leik af því að menn eru að spila með vaxtamuninn milli Íslands og útlanda, koma hér við með fjármagn og fá á því fljóttekna ávöxtun og aðhaldstæki Seðlabankans bíta minna en raun ber vitni fyrir vikið.

Það stefnir í að viðskiptahallinn verði um eða yfir 20% á þessu ári, 20% af vergri landsframleiðslu, 20% af um 1.100 milljarða vergri landsframleiðslu eða 220 milljarðar kr. þar um bil. Þetta þýðir að í lok þessa árs munu erlendar skuldir hækka í um 360% af vergri landsframleiðslu, þær nálgast sem sagt 4.000 milljarða kr. í lok ársins. Það er meira en þreföld skuldastaðan frá árinu 2000. Nú segja menn á móti gjarnan að þarna hafi myndast eignir erlendis. Gott og vel. En ég held að allir hljóti að sjá að þetta eru rosalegar breytingar, þreföldun á erlendri skuldastöðu þjóðarbúsins á sex, sjö árum.

Hvað mundi þetta segja okkur um stöðu þjóðarbúsins t.d. ef syrti nú í álinn í alþjóðafjármálaheiminum eða ef t.d. vextir hækkuðu snögglega eða ef allt í einu drægi úr framboði á fjármagni til að fjármagna viðskiptahalla ríkja? Það hefur verið um auðugan garð að gresja þar. Auðvelt hefur verið að fá fé og frekar verið eftirspurn eftir því að koma fé í ávöxtun en það getur breyst. Þetta segja þeir Fitch-menn að þýði að hið mikla ójafnvægi ásamt skuldunum geri það að verkum að landið sé berskjaldað fyrir ytri áföllum, svo sem hækkun vaxta erlendis og/eða skyndilegum breytingum á viðhorfum fjárfesta. Slík framvinda og líkleg viðbrögð við þeim gætu valdið dýpri kreppu en á því skammvinna samdráttarskeiði sem fylgdi í kjölfar svipaðrar fjárfestingaruppsveiflu á seinni hlut tíunda áratugarins með óhagstæðum afleiðingum fyrir heimili, fyrirtæki og banka sem eru mun skuldsettari nú en áður var. Það er kannski lykilsetningin í þessu öllu saman, það sem gerir það að verkum að staðan verður viðkvæmari og í raun hættulegri með hverri slíkri hringferð sem hagkerfið tekur. Mikill munur er á stöðunni á árunum 2000–2002 og því sem nú er, að heildarskuldirnar erlendis hafa þrefaldast síðan. Nettóskuldastaðan hefur stórversnað jafnvel þó að eignirnar séu teknar þar inn í myndina á móti.

Þetta sögðu þeir Fitch-menn og ég bæti þessu við glæsiræðu formanns fjárlaganefndar sem fjallaði bara um það sem gott og jákvætt er að hans mati en sleppti öllu hinu.

Seðlabankinn er býsna áhyggjufullur líka, hann er það. Hann segir t.d. að þó að verðbólguhorfur hafi batnað dálítið frá því að hann birti sitt síðasta mat, sem var fyrir mitt ár, og Seðlabankinn hefur endurskoðað verðbólguspá sína talsvert mikið síðan þá, það ber vissulega að viðurkenna, en hann segir samt: Verðbólguhorfurnar eru þó enn óviðunandi, kalla á aðgát og aðhald. Væntingar um hraða lækkun stýrivaxta á næstunni eru því ekki raunsæjar.

Þeir segja að þó að viss jákvæð teikn séu á lofti sem séu fagnaðarefni sé áfram verið að fást við erfið úrlausnarefni.

Seðlabankinn segir, með leyfi forseta:

„Viðskiptahalli er gríðarlegur, meiri en fimmtungur af landsframleiðslu. Þótt dregið hafi nokkuð úr útlánaaukningu er hún enn mikil, vinnumarkaður er þaninn, væntingar miklar í þjóðfélaginu og útgjaldaaðhald hins opinbera hefur veikst.“

Svo kemur Seðlabankinn að því sama og matsfyrirtækið Fitch var að fjalla um og segir:

„Ljóst er að Ísland á mikið undir vilja alþjóðlegra fjárfesta og lánveitenda til að fjármagna hallann,“ þ.e. viðskiptahallann.

Það þarf að slá einhvers staðar 220 milljarða kr. til þess að borga mismuninn á því sem við erum að flytja inn og eyða og því sem við flytjum út og öflum í þjónustutekjur.

Seðlabankinn heldur áfram:

„Þjóðarbúið verður því berskjaldaðra en ella fyrir hræringum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og viðbrögðum við réttum eða röngum fréttum af íslensku efnahagslífi. Atburðir á fyrstu mánuðum ársins ættu að vera í fersku minni.“

Hvað er verið að segja? Jú, það er ósköp einfaldlega verið að vekja athygli á því að þetta ástand er orðið svo viðkvæmt að meira að segja einhverjar kviksögur, einhver orðrómur getur reynst okkur stórvarasamur við þessar aðstæður af því að auðvitað fylgjast menn með, auðvitað vita allir orðið hversu skuldsett íslenska þjóðarbúið er. Það vita allir hversu veikur Seðlabankinn er, hversu lítill gjaldeyrisvaraforðinn er og hversu ofboðslega háð íslenska fjármálakerfið og þjóðarbúið í heild er stanslausri endurfjármögnun á hinum miklu erlendu skuldum og viðbótarfjárþörf vegna viðskiptahallans, því að það tekur í að þurfa að bæta við 120, 150, 200, 220 milljörðum kr. árlega bara til þess að fjármagna hann umfram eyðsluna.

Seðlabankinn fjallar um þetta í ítarlegra máli og það mætti margt um það segja. Þar er fjallað um hættuna á því að undirliggjandi sé verðbólguþrýstingur. Það er í raun og veru verið að vara mjög við ýmsu sem ríkisstjórnin hefur verið að gera, bæði tímasetningu skattalækkana og því hvernig ríkisstjórnin hefur hringlað fram og til baka með framkvæmdir og fleira í þeim dúr. Að síðustu er auðvitað sagt beint út að lækkun óbeinna skatta, þ.e. sú aðgerð sem hefur nú verið til umræðu á Alþingi allra síðustu klukku-

tímana komi auðvitað á mjög óheppilegum tíma hvað þetta varðar. Menn geta sagt sem svo: Við ætlum að gera það samt, það er mikið í húfi og það hefur verið mikill þrýstingur á að lækka matvælaverð og allt þetta. Stjórnarflokkarnir telja að þó seint sé verði þeir að efna kosningaloforð sín, sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn. Það breytir ekki hinu að mat sérfræðinga og fagstofnana er það að þetta komi á ákaflega óæskilegum tíma og seinki óhjákvæmilega þeirri aðlögun eftirspurnar sem þarf að eiga sér stað. Seðlabankinn gengur reyndar lengra og telur sig þurfa að hafa stýrivextina um 0,25–0,5% hærri en ella ef ekki hefði komið til þessarar lækkunar skatta og vörugjalda.

Ég gæti farið í fleiri skýrslur og álit. Ég er hérna t.d. með sumarskýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um íslenska hagkerfið. Þar kveður við mjög svipaðan tón. Þar er varað mikið við hinum miklu erlendu skuldum. Það er reyndar sérstakt að þar er líka varað mjög við stóriðjustefnunni og spurt mjög áleitinna spurninga, ekki í fyrsta sinn, í þeirri skýrslu um það hvert Íslendingar séu eiginlega að fara í þeim efnum og hvernig standi á því að Íslendingar hafi ekki lagt í mat á því, sjálfstætt og óháð, gagnsætt mat á því hvort þjóðhagslega sé hagkvæmt að keyra þjóðarbúið og hagkerfið áfram með þessum hætti. Af umfjöllun sérfræðinga Efnahags- og framfarastofnunarinnar lýsa efasemdir um að það sé glóra í þessu, en þeir segja það á penan hátt. Þeir segja það í gegnum það, að velta þessari spurningu upp aftur og aftur í hverri skýrslunni á fætur annarri og spyrja með vaxandi undran hverju það sæti að íslensk stjórnvöld keyri þetta áfram án þess að nokkurt þjóðhagslegt mat sé lagt til grundvallar á því hvort þetta sé nógu arðbært eða hagkvæmt.

Það er auðvitað þannig, virðulegur forseti, að það er mikið jafnvægisleysi í íslenska þjóðarbúskapnum. Það hefur verið viðvarandi og það er ekkert lát á því. Það sem vekur náttúrlega mesta undrun er að ekki verður annað ráðið af framgöngu ríkisstjórnarinnar en að það eigi bara að láta vaða á súðum áfram. Eða hvað er að gerast, hvað er í farvatninu, virðulegur forseti? Jú, er ekki verið að undirbúa hérna ein þrjú, fjögur ný risastór álvers- og stóriðjuverkefni? Hvað þýðir það fyrir hagkerfið ef af því verður öllu saman á árunum 2007–2010, 2012, 2015? Það þýðir væntanlega að þenslan verður enn þá meiri en hún hefur verið á undangengnu tímabili, jafnvægisleysið verður ekki minna. Það verður að keyra á svimandi háum stýrivöxtum og viðskiptahallinn verður mun meiri en ella. Í öllum þessum álitum er settur sá fyrirvari varðandi aðlögun hagkerfisins og jafnvægi í þessum efnum að ekki verði ráðist í frekari stóriðjuframkvæmdir. Það segja menn alveg skýrt hér í áliti Seðlabankans, það segir matsfyrirtækið líka eða matsfyrirtækin, svo maður tali nú ekki um sérfræðinga Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem hamra á því í áliti sínu að þar liggi stærsta óvissan.

Er þá hægt að fara nýjan hring svona svipaðan og menn fóru á árunum 1996, 1997 og 1998 og fram yfir 2000 og svipaðan hring og við erum búin að fara frá upphafi árs 2003 til og með yfirstandandi tíma, sem yrði þá lagt upp í kannski á síðari hluta næsta árs eða í öndverðu ári 2008 ef það yrði valið að gera svo? Jú, það getur vel verið að skútan fljóti einn hring enn en ekki mikið lengur, ósköp einfaldlega vegna þess að ef viðskiptahallinn næst ekki verulega niður og helst í jöfnuð og helst í afgang á allra næstu árum ja, þá bara hlaðast enn meiri skuldir á þjóðarbúið og smátt og smátt bresta forsendur þess að halda úti sjálfstæðu velmegunar- og menningarsamfélagi á Íslandi. Það verður bara þannig vegna þess að það er ekki hægt að láta það ganga upp að reka þjóðarbú frekar en bara heimili eða fyrirtæki með viðvarandi halla út í hið óendanlega, það sjá allir hugsandi menn að það getur ekki gengið og allra síst ef viðskiptahallinn er þannig saman settur að kannski tveir þriðju af honum eru í raun og veru bara hrein eyðsla, aðeins einn þriðji er til kominn vegna þess að menn séu að fjárfesta í framleiðslutækjum eða einhverjum innviðum sem geti gefið af sér arð og staðið undir sér síðar meir. En það er því miður þannig að aðeins um þriðjungur viðskiptahallans verður rakinn til slíkra fjárfestinga. Þá á náttúrlega eftir að svara því hvort þær fjárfestingar séu allar líklegar til að verða svo þjóðhagslega arðbærar að þær geri mikið meira en að bara sjá um sig sjálfar.

Ég óttast það hvað mest, verð ég að segja, virðulegur forseti, að versta martröðin sé eftir í sambandi við stóriðjubrjálæðið, ég óttast það. Það er þegar menn vakna upp við vondan draum og átta sig á því að svo lítið verður eftir af veltu stóriðjustarfseminnar í landinu, nettó, í íslenska hagkerfinu að það gerir ekki betur en að sjá um sig sjálft gagnvart þeim skuldum og skuldbindingum sem fylgja. Þetta stafar auðvitað af því, virðulegur forseti, að óvenjulágt hlutfall af veltu t.d. álfyrirtækis, þó að það sé skráð á Íslandi og skattgreiðandi hér, en ef það er í eigu erlends aðila, staðnæmist í íslenska hagkerfinu eða aðeins rétt um eða liðlega þriðjungur af veltunni. Hvernig stendur á þessu? Jú, það er vegna þess að þetta er í raun og veru umskipun á hráefni eða umbreyting á erlendu hráefni sem fer síðan úr landi aftur. Eigandinn er erlendur þannig að arðurinn til hans og þóknun og umsýsla hans rennur líka úr landi, og þá er niðurstaðan sú að aðeins 30–35% af veltunni staðnæmist í íslenska hagkerfinu. Þessar fjárfestingar og það sem þeim fylgir hafa hins vegar gríðarleg efnahagsáhrif, ryðja ýmsu öðru úr vegi. Hlutföllin eru þannig að um 15–20% fara í rafmagn, 10% í vinnulaun og kannski 5% í aðra kostnaðarþætti. Þessa speki hefur ræðumaður m.a. frá greiningardeildum innlendra banka og frá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu. Í skýrslu þeirra er fjallað um þetta og það leynir sér ekki að þetta er einn af þeim þáttum sem valda efasemdum þeirra þar á bæ um að þessi stóriðjuáhersla sé skynsamleg.

Í raun er dæmið verra en þetta fyrstu 25–40 árin í hverju nýju álvers- og virkjanaverkefni. Það stafar af því að nánast hver einasta króna sem fer í að byggja orkuverið er tekin að láni erlendis. Tekjurnar vegna raforkusölunnar fara fyrstu 25–40 árin, á meðan þau lán eru borguð upp, beint úr landi, þannig að stór hluti af innkomunni fyrir þann þáttinn sem álverið borgar í raforkuverð, þ.e. þau 15–20% sem þangað fara, streymir í raun og veru í gegnum orkufyrirtækið, Landsvirkjun í flestum tilvikum eða Orkuveitu Reykjavíkur, og beint úr landi aftur. Þá fer nú ekki að verða mjög mikið eftir í íslenska hagkerfinu ef það eru fyrst og fremst þessi 10% eða þar um bil í vinnulaun, 5% í aðkeypta þjónustu og afskriftir og annað hér innan lands og einhver hluti

af því sem borgað er fyrir rafmagnið.

Á sama tíma erum við með atvinnugreinar þar sem kannski 80% af veltunni verður eftir í íslenska hagkerfinu, eins og í tilviki sjávarútvegsins, 75% í tilviki ferðaþjónustunnar, alveg upp undir 100% stundum í tilviki hátækni- og þekkingarfyrirtækjanna þar sem menn eru fyrst og fremst að selja hugvitið.

Þá gæti það farið svo því miður, virðulegur forseti, að við ættum eftir að verða fyrir þeirri bitru reynslu, t.d. ef það gerðist að vaxtakjör yrðu óhagstæðari á alþjóðafjármagnsmörkuðum, eða ef álverð yrði ekki mjög hátt, að sáralítil hjálp yrði af álversfjárfestingunum til að borga af stórvaxandi erlendum skuldum þjóðarinnar, sem eru afleiðingar af því ástandi sem stóriðjufjárfestingartímabilin hafa skapað eða eiga a.m.k. ríkan þátt í að skapa næstu 25–40 árin, að það gerði ekki betur en að Kárahnjúkadæmið og álverið á Reyðarfirði sæi um sig sjálft, kannski varla það, kannski yrði Landsvirkjun hreinlega í baksi.

Hvað á þá að segja við erlendu sérfræðingana þegar þeir koma næst? Það vita allir með hverju íslenska ríkið, ríkisstjórnin og sérfræðingar hennar hafa verið að reyna að róa sendinefndir Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Jú, við heyrðum það í ræðum í dag að það yrðu svo miklar útflutningstekjur af áli. Það mundi breyta þessu öllu á næstunni, við fengjum svo mikil verðmæti til að gera öll góðverkin sem hv. formaður fjárlaganefndar var að tala um. En það þarf þá að verða eitthvað eftir úr því dæmi. Ef það bara rétt slefast við að sjá um sig sjálft þá er það nú ekki mikið, það eru í öllu falli tekjurnar sem koma inn í vinnulaun og aðkeypta þjónustu en það er bara svo lágt hlutfall af veltunni. Þó að dæmið sé stórt, þó að þarna sé velt miklum fjármunum þá vega 10% í vinnulaun svo lítið. Þessi iðnaður er sífellt að verða vélvæddari, sjálfvirkari, eins og við sjáum á því að risastórt álver sem framleiðir 300–400 þúsund tonn af áli í dag er með svipaðan fjölda starfsmanna eða jafnvel færri en álverið í Straumsvík var með í upphafi þegar það framleiddi kannski 40 eða 70 þúsund tonn. Það segir sína sögu um þróunina í greininni. Þetta er að langmestu leyti að verða vélvædd umbreyting á hráefni og minna og minna sem fellur til í formi vinnulauna og annarra slíkra ytri eða aðkeyptra kostnaðarþátta. Stóru þættirnir eru innflutningur á báxíti og rafskautum og síðan þóknunin til erlends aðila og hagnaðurinn sem hann dregur úr landi.

Þetta eru allt saman þættir, virðulegur forseti, sem mér finnst alveg leyfilegt að rifja upp eða taka inn í umræðuna, til að rétta hana aðeins af og fá í hana aðeins meiri ballans, sérstaklega eftir ræðu formanns fjárlaganefndar, sem dró upp mikla glansmynd og taldi allt saman harla gott sem hann og hans menn, flokksbræður og -systkin og félagar í ríkisstjórninni hefðu sýslað við. Ég vil þó taka það sérstaklega fram að ég er ekki einhver bölsýnismaður og er ekki svartsýnn á að málum sé þannig komið á Íslandi að við getum ekki unnið okkur út úr þeim aðstæðum sem við stöndum frammi fyrir, virðulegur forseti, ég trúi að sé hægt að gera það en það er erfitt verkefni. Það er verulega krefjandi verkefni að sjá hvernig hægt er að ná íslenska þjóðarbúskapnum í jafnvægi á næstu missirum, það verður að takast, það þarf að takast. Það verður sársaukafullt, það er ekki hægt öðruvísi.

Hin leiðin er ekki boðleg, að láta bara vaða áfram á súðum, panta meiri veisluföng, skrifa fleiri tékka, það er ekki boðlegt. Við getum ekki sem ein kynslóð í landinu leyft okkur að halda hér uppi í raun og veru fölskum umsvifum og þenja hagkerfið út í formi lána sem dælt er inn í hagkerfið og ætla svo bara fjandanum að hirða þann síðasta eða einhverjum öðrum að borga reikninginn. Það er ekki boðlegt. Það er það sem ríkisstjórnin hefur í raun og veru því miður í allt of miklum mæli komist upp með að gera, það er allt of holt undir þessu svokallaða góðæri. Það er í raun og veru í allt of, allt of miklum mæli bara ábyrgðarlaus eyðsla umfram efni, umfram það sem verið er að afla með því að skuldsetja þjóðarbúið og ætla framtíðinni, börnunum okkar að borga reikningana. Þannig eiga menn ekki að hafa leyfi til að hegða sér og allra síst eiga menn að komast upp með að slá sig til riddara á grundvelli slíks og guma af einhverjum glæsilegum árangri í þeim efnum þegar honum er í raun og veru ekki til að dreifa nema í allt of, allt of takmörkuðum mæli.

Auðvitað er margt jákvætt og hefur margt þróast okkur Íslendingum í hag á síðustu árum. Það er t.d. auðvitað þannig að vöxtur fjármálageirans og þær tekjur sem þaðan spretta núna eru ævintýralegar, það er alveg hárrétt, það hefur margt gerst magnað í þeim efnum. En menn skulu fara varlega í að treysta að það sé á vísan að róa um aldur og ævi með þær tekjur. Bæði getur brugðið til hins verra um afkomu á þeim bæjum mjög skyndilega, það þekkjum við. Afkoma í slíkri starfsemi og í slíkri þjónustu sem er mjög eftirspurnarháð er oft mjög sveiflótt.

Það getur líka farið svo að eitthvað af þeim umsvifum sem íslenskir bankar hafa byggt upp á erlendri grundu hverfi bara allt í einu héðan frá íslenska hagkerfinu. Það getur dottið í þá banka að selja eignirnar en það getur líka dottið í erlenda banka hreinlega að kaupa íslensku bankana. Hvenær verður KB-banki orðinn nógu stór og spennandi til þess að einhver af risunum í Evrópu eða einhvers staðar annars staðar fari allt í einu að hafa á honum áhuga og geri eigendunum þannig tilboð að þeir geti ekki hafnað því? Þá losna auðvitað heilmiklir fjármunir þar með, en öll hin erlendu umsvif sem hafa vissulega skilað arði hér heim vegna höfuðstöðva bankanna hér, af því að hér er hagnaðarmiðstöðin, þau geta þar með gufað upp í leiðinni þegar starfsemin er ekki lengur á okkar höndum

Auðvitað verða menn að hafa í huga að slíkt er ekki að öllu leyti sambærilegur grunnur undir efnahagslífinu og hagkerfinu eins og rótföst starfsemi sem er hér og verður ekki með auðveldum hætti flutt héðan. Það á að sjálfsögðu í miklu ríkari mæli við um umsvif t.d. í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og öðru slíku þar sem landið sjálft eða auðlindir þess og fólkið sem hér býr eru undirstaðan en ekki atvinnuumsvif í erlendum löndum á grundvelli vinnuafls sem þar er. Menn segja kannski: Er á meðan er, og gott og vel, ég geri ekki lítið úr því að miklar tekjur af þessari starfsemi hafa skilað sér inn í landið.

Ég held þó að við séum í ákveðinni hættu með að búa ekki nógu vel að þeirri fjölbreyttu nýsköpun og þróun í undirstöðum atvinnulífs okkar og efnahagslífs sem flestar framsæknar þjóðir vilja helst sjá blómstra og við ættum að

vera miklu meira hugsi en við erum yfir því að það er ekki lengur sá kraftur og uppbygging í t.d. hátækni- og þekkingargreinum hér eins og virtist ætla að verða um tíma. Það er í vaxandi mæli merki um að slík starfsemi sé, ef ekki beinlínis flutt úr landi þá a.m.k. byggð upp erlendis og fyrirtækin haldi að sér höndum í höfuðstöðvum sínum hér heima og fjárfesti ekki eða bæta við sig, auki ekki afköst sín í framleiðslu eða starfsemi hér af ástæðum sem við þekkjum auðvitað öll.

Þetta fer nú vonandi allt saman vel samt, forseti, og við skulum bara vera bjartsýn og trúuð á að okkur takist að glíma með farsælum hætti við þessi verkefni. Þetta eru allt saman viðfangsefni til að takast á við. En þeim mun lengur sem menn fresta vandanum og fresta að horfast í augu við hann og fresta því að takast á við t.d. að ná jöfnuði í viðskiptum þjóðarbúsins við útlönd þeim mun verra verður að eiga við þetta, það er alveg augljóst mál. Hvert ár sem glatast í þeim efnum er mjög dýrt og ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar er auðvitað fyrst og fremst fólgið í því að það er engin viðleitni af neinu tagi til þess að takast á við þá hluti. Þvert á móti tala menn hér eins og þeir gera, hv. þm. Birkir Jón Jónsson og aðrir talsmenn stjórnarflokkanna, þó svo að viðskiptahallinn sé næstum helmingi meiri en hann átti að vera samkvæmt áætlun á þessu ári, um 20% í staðinn fyrir kannski 10–12%. Er það ekki eitthvað til þess að hafa áhyggjur af? Getur hv. þingmaður komið hér og bara yppt öxlum yfir því, gert sér upp gleðilæti? Mér finnst það alveg með ólíkindum.

Ég ætla nú ekki hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni að eyða sínum skamma tíma hér inni á Alþingi kannski í það að hafa miklar áhyggjur af viðskiptahallanum, ég skynja alveg þörf hans fyrir að fjalla um aðra hluti. Hitt er svo annað mál hvort hann gerir sér mikið gagn með ræðum eins og hann flutti hér í dag eða hvort hann vill endilega að metnaður sinn í þingsögunni verði fyrst og fremst sá, að í fyllingu tímans verði eingöngu slíkt að finna í þingtíðindunum sem hann hafi skilið hér eftir sig.

[17:22]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er orðin ágæt umræða, 3. umr. um fjárlög fyrir árið 2007. Hv. stjórnarandstaða hefur lagt fram sameiginlegt nefndarálit og hefur sömuleiðis verið með sameiginlegan tillöguflutning, bæði við 2. umr. og líka við 3. umr. fjárlaga. Er það nýmæli og eins og ég kom inn á og hefur verið áhugavert við bæði 2. umr. og 3. umr. er það hversu taugatrekkt hæstv. ríkisstjórn er yfir því að stjórnarandstaðan skuli koma sameinuð til leiks við fjárlagaumræðuna á þessu hausti.

Þetta segi ég vegna þess að menn, bæði formaður fjárlaganefndar við 2. umr. og síðan hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson og aðrir stjórnarþingmenn sem hér hafa talað, hafa staðið í þessum stóli og kallað eftir frekari tillöguflutningi frá stjórnarandstöðunni. Við buðum þeim það auðvitað þegar kallað var eftir þessum frekari tillöguflutningi frá stjórnarandstöðunni við 2. umr. að við værum til í að fara með ríkisstjórninni í að bæta fjárlagafrumvarp þeirra, enda kölluðu þeir svo sterklega eftir því.

En því miður varð það ekki raunin, virðulegi forseti. Heldur gerðist það að þær tillögur sem við lögðum fram um að stórbæta kjör eldri borgara og annarra lífeyrisþega, og einnig örorkulífeyrisþega, voru kolfelldar af ríkisstjórnarmeirihlutanum. Þannig var það nú.

Virðulegi forseti. Þegar vinnubrögðin eru slík er það ekki fýsilegur kostur fyrir stjórnarandstöðuna að leggja í mikla vinnu við tillögugerð eins og við gerðum varðandi lífeyrismálin og leggja hana fyrir þingið þegar vitað er að algjörlega óháð gæðum tillagnanna eru þær alltaf felldar.

Ég verð að segja, frú forseti, að það hryggði mig mjög að heyra, þegar við lögðum þessa tillögu fram, hvernig hún var afgreidd af hv. ríkisstjórnarmeirihluta á þinginu vegna þess að hún var afgreidd með þeim orðum að þær kjarabætur sem væru samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingum hennar frá því í sumar, væru þær stórkostlegustu í Íslandssögunni og bingó, búið, og þar með væri búið að bæta kjör eldri borgara þannig að sómi væri að.

Virðulegi forseti. Þeim málflutningi höfum við auðvitað mótmælt vegna þess að þetta er rangt. Umræddum hópi hefur verið haldið markvisst niðri af hinu háa Alþingi með lagasetningu. Lagðar hafa verið á þennan hóp íþyngjandi skerðingar með tekjutengingu og öðru því sem hefur rýrt kjör hópsins allverulega. Það er svo langt, langt í land að við séum búin að bæta þeim hópi upp þær kjaraskerðingar sem Alþingi, þessi staður hér, hið háa Alþingi, og meiri hluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur lagt á fyrrgreinda hópa.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að gera grein fyrir þeim tillögum sem við lögðum fram síðast við 2. umr. Eins og fram hefur komið lögðum við fram sameiginlega, stjórnarandstaðan, allir þingmenn stjórnarandstöðunnar, þingsályktunartillögu strax við upphaf þings um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Þar var kveðið á um hinar margvíslegustu kjarabætur, en það sem var kannski grundvallaratriði og er grundvallaratriði í þeirri tillögu er að kveðið er á um mjög náið samstarf við félög eldri borgara og líka félög öryrkja og annarra lífeyrisþega.

Það er náttúrlega algert grundvallaratriði að menn breyti þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið gagnvart þessum hópum og hætti að setja lög, íþyngjandi lög á þá hópa og fari að setja lög með þeim. Það skiptir miklu máli og í tillögu okkar kristallast það viðhorf stjórnarandstöðunnar að þannig viljum við vinna.

Auk þess að telja til þau atriði sem við teljum mikilvægt að gera nú þegar til að bæta kjör þessara hópa, var líka annað grundvallaratriði í tillögunni að neysluútgjöld lífeyrisþega verði skilgreind þannig að þau myndi viðmiðun fyrir grunnlífeyri og tekjutryggingu. Er gert ráð fyrir að sú viðmiðun mundi síðan hækka í samræmi við neysluvísitölu þannig að tryggt sé að hún haldi verðgildi sínu.

Virðulegi forseti. Þetta þýðir í rauninni það, að ætlan okkar stjórnarandstöðunnar og Samfylkingarinnar er að ráðast í raunverulega úttekt á framfærsluþörf þessara hópa og er það algert lykilatriði.

Að öðru leyti felur tillagan í sér, og það sem við færðum síðan inn í breytingartillögu, í fyrsta lagi nýtt frítekjumark, samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar frá því í sumar, sem verði þannig að það nái bæði til ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega og báðir hóparnir geti unnið sér 900 þús. kr. á

ári án þess að lífeyrir hins opinbera skerðist.

Tillögur ríkisstjórnarinnar og það sem samþykkt hefur verið er að þar er eingöngu gert ráð fyrir 300 þús. kr. frítekjumarki fyrir ellilífeyrisþega og engu frítekjumarki til öryrkja. Tillaga okkar var felld. Þessi tillaga okkar var felld af ríkisstjórnarmeirihlutanum, þ.e. að hækka þetta upp í 900 þús. kr. á ári til ellilífeyrisþega og að veita einnig öryrkjum frítekjumark.

Þess vegna, frú forseti, höfum við lagt fram svipaða tillögu aftur, nema að nú gerum við ráð fyrir að frítekjumarkið verði 70 þús. kr. á mánuði og gefum núverandi ríkisstjórn og ríkisstjórnarmeirihluta þar með tækifæri til að koma með okkur í það verkefni að bæta kjör stórra hópa ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega þannig að sómi sé að. Þetta er ekki kostnaðarsöm aðgerð, virðulegi forseti, heldur hleypur þetta á rúmlega hálfum milljarði. Við teljum þetta skipta gríðarlega miklu máli.

Við viljum gefa ríkisstjórnarmeirihlutanum tækifæri til að koma með okkur í að hækka frítekjumarkið upp í 70 þús. Við ætlum sem sagt að gefa ríkisstjórnarmeirihlutanum annað tækifæri. Ég segi annað tækifæri vegna þess að við eigum að koma mikið að stjórnmálaflokkum sem eiga sæti á Alþingi, eiga fulltrúa á Alþingi og eru að koma úr prófkjörum. Í þeim prófkjörum, ekki síst í prófkjörum sjálfstæðismanna, heyrðist hátt í ýmsum frambjóðendum. Þá heyrðist hátt í ýmsum frambjóðendum um að hækka þyrfti frítekjumark á atvinnutekjur ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega.

Síðan kom í ljós við atkvæðagreiðslu í síðustu viku að nákvæmlega engin innstæða var fyrir því orðagjálfri í prófkjörunum. Engin. Vegna þess að hér sat þetta sama fólk og hafði lofað öllu fögru í prófkjörum sínum, og án efa fengið atkvæði út á það, og felldi tillögur okkar sem voru í mjög svipaða veru, ef ekki í sömu veru og þeirra eigin höfðu verið í prófkjörum. Þetta, virðulegi forseti, veldur mér áhyggjum. Þetta veldur mér áhyggjum ef menn sitja hér á hinu háa Alþingi og fylgja ekki sannfæringu sinni. Annaðhvort þýðir þetta það að menn fylgja ekki sannfæringu sinni eða þá hreinlega að ekkert er að marka loforð sem sett eru fram í prófkjörum hjá frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins, vegna þess að það birtist einfaldlega hér í salnum í síðustu viku.

Virðulegi forseti. Í tillögum okkar, sem voru felldar í síðustu viku, fólst einnig það sem við lögðum til í anda þingsályktunartillögunnar sem ég kynnti áðan, en við lögðum til að tekjutrygging yrði hækkuð upp í 85 þús. kr. á mánuði fyrir ellilífeyrisþega og 86 þús. á mánuði fyrir örorkulífeyrisþega, auk breytinga á launavísitölu frá því í sumar. Einnig lögðum við til að afnumin yrðu með öllu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka. Þetta hefur verið stórt baráttumál og dómur hefur fallið í þessu.

Einnig lögðum við til að vasapeningar þeirra sem dvelja á stofnunum mundu hækka um helming afturvirkt til 7. júlí á þessu ári og frítekjumark þessara sömu einstaklinga yrði einnig hækkað, úr 50 þús. kr. á mánuði í 75 þús. kr. á mánuði. Þá var einnig lagt til að öryrkjar héldu aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á ellilífeyri og jafnframt lagt til að skerðingarhlutföll yrðu minnkuð verulega, þannig að skattskyldar tekjur umfram frítekjumark, þ.e. 900 þús. kr. frítekjumarkið sem tillögur okkar kváðu á um, skerði tekjutryggingu aðeins um 35% í stað 45% eins og nú er.

Virðulegi forseti. Mér þykir mikilvægt að koma inn á þetta og minna á að þetta eru þær tillögur sem ríkisstjórnarmeirihlutinn felldi. Við höfum nú komið með tillögur og ætlum að veita þeim annað tækifæri, eins og ég sagði, til að hækka frítekjumarkið og vonumst við til að í atkvæðagreiðslu um fjárlögin muni þeir þingmenn sem lofuðu þessu í prófkjörsbaráttunni koma og standa við stóru orðin og greiða atkvæði tillögu um hækkun á frítekjumarki.

Virðulegi forseti. Við 3. umr. leggur stjórnarandstaðan einnig fram sameiginlega tillögur, þar sem felldar hafa verið tillögur okkar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, um að lagðir verði til 5 milljarðar sem verði skilað aftur í Framkvæmdasjóð aldraðra og þar með verði hafin alvöruuppbygging á hjúkrunarrýmum og þjónusturýmum fyrir þá sem á því þurfa að halda.

Sá hópur er, samkvæmt nýlegu svari sem kom frá heilbrigðisráðherra, mjög stór sem er í brýnni þörf. Það hleypur á hundruðum einstaklinga sem eru í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum. Þetta, virðulegi forseti, verðum við að leysa og því leggjum við til við 3. umr. að úr þessu verði bætt með þeim hætti að greiddir verði 5 milljarðar í Framkvæmdasjóð aldraðra, þ.e. endurgreitt, vegna þess að þeir fjármunir ættu auðvitað að vera þar ef haldið hefði verið á málum eins og vera bar.

Frú forseti. Það sem mér finnst skipta máli í umræðunni er, eins og ég kom inn á í upphafi máls míns, að ljóst er að við hér á Alþingi höfum verið að setja íþyngjandi lög á eldri borgara og einnig á öryrkja. Það er eitthvað sem við verðum að leysa. Og það gengur auðvitað ekki þegar hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna standa í þessum stóli og guma af því að hér hafi allt gengið svo vel og allt verið í lukkunnar velstandi á undanförnum árum, þegar staðreyndin er sú að stór hópur hefur verið skilinn eftir. Þetta er hópur sem ekki getur gert mikið vegna þess að hann er lokaður inni. Hann er lokaður inni í þröngu lagaverki sem rýrir tekjur hans svo mjög eins og raun ber vitni.

Að mínu mati er eitt stærsta verkefni stjórnmálanna að tryggja að eldri borgarar fái lifað sjálfstæðu lífi með reisn og einnig að öryrkjar fái lifað sjálfstæðu lífi með reisn í íslensku samfélagi. Það sem er allra mikilvægast í þessum efnum er að allar breytingar verði gerðar í góðu samráði við félög eldri borgara og líka við félög öryrkja vegna þess að þau vita betur, þau lifa á þeim fjármunum sem svo mjög er um rætt hér. Meðan hv. Alþingi er svo fast í meðaltölum held ég að mörgum hér veiti nú ekki af að heyra hvernig raunverulegt líf er hjá einstaklingi sem er tekinn inn í það meðaltal sem menn eru ávallt að guma af.

Ég segi, virðulegi forseti, að það er komið nóg af stjórnmálum þar sem dembt er yfir heila kynslóð lagasetningum sem íþyngja henni og slík vinnubrögð eiga auðvitað að heyra fortíðinni til. Við í Samfylkingunni höfum sagt að við viljum vinna með þessum hópum til að bæta lífskjör þeirra og breyta þannig því vinnulagi sem viðhaft hefur verið í því að hér sé dembt yfir fólk íþyngjandi lögum.

Virðulegi forseti. Ég kom aðeins inn á það að þessir hópar hefðu verið skildir eftir. Þetta segi ég vegna þess að hv. stjórnarþingmenn tala mikið um hinn mikla kaupmátt

ráðstöfunartekna sem hefur hækkað mikið á undanförnum árum, eða frá því að þeir tóku við. Það er vissulega rétt. Menn þekkja ástæðurnar fyrir því og er EES-samningurinn einn t.d. mjög stór þáttur í því. En það sem er kannski mikilvægast og það sem við eigum að vera að ræða er hvernig stjórnvaldsaðgerðum hér á landi hefur verið beitt til þess markvisst, ekki er hægt að segja annað en að það hafi verið markvisst, að kaupmáttaraukningunni hefur verið misskipt. Henni hefur gróflega misskipt. Henni hefur verið gróflega misskipt á þann hátt, virðulegi forseti, að samkvæmt úttekt fræðimanna er staðreynd að af þeirri 60% kaupmáttaraukningu sem við höfum búið við á undanförnum árum, hafa þeir allra tekjuhæstu, eða tíundin sem hæstar hefur tekjurnar, fengið tæplega 80% kaupmáttaraukningu en þeir tekjulægstu, þeir launalægstu hafa fengið um 27% kaupmáttaraukningu yfir þennan tíma. Ofan á þetta, yfir þann tíma sem núverandi ríkisstjórn hefur setið, er ég hérna með útreikninga sem Landssamband eldri borgara hefur tekið saman um þróun kaupmáttar fyrir eldri borgara, miðað við ólíkar tekjur úr lífeyrissjóði í samanburði við hækkun hjá almenningi. Ellilífeyrisþegi sem ekki býr einn er eingöngu að fá og hefur fengið á bilinu á árunum 1995 og til ársins 2007 16% kaupmáttaraukningu. Miðað við þær breytingar sem gerðar voru núna samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er dæmigert fyrir lægsta þriðjunginn í þeim hópi að fá eingöngu 16% kaupmáttaraukningu.

Virðulegi forseti. Við eigum að skoða þessar tölur. Þetta eru þær tölur sem við eigum að vera að skoða af því ég hafna því að kaupmáttaraukningu og velsæld í samfélagi okkar sé skipt með þessu móti. Við í Samfylkingunni höfum hafnað því og ítrekað tekið þetta mál upp vegna þess að við viljum ekki að kaupmáttaraukningu í samfélaginu og velferð sé misskipt svo gróflega eins og hér hefur verið gert á undanförnum árum. Það er bara stjórnvaldsaðgerðum þarna um að kenna vegna þess að núverandi stjórnvöld hafa með stjórnvaldsaðgerðum markvisst misskipt í gegnum skattalækkanir, misskipt ágóðanum sem samfélagið hefur eignast á undanförnum áratug eða meira.

Okkur jafnaðarmönnum blöskra slík vinnubrögð. Okkur blöskra slík vinnubrögð og við höfum ítrekað bent á það við umræðu t.d. um skattalækkanir vegna þess að við vildum fara aðrar leiðir í skattalækkunum en ríkisstjórnin lagði til. Frekar vildum við hækka skattleysismörkin og matarskattinn en að fara í flatar skattalækkanir. Við sjáum afleiðingarnar af þeim flötu skattalækkunum í svari sem ég er með fyrir framan mig, sem er svar fjármálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um tekjuskatt einstaklinga. Það kom fram á síðasta þingi, mig minnir í febrúar á síðasta ári. Þar kemur berlega í ljós, þegar tekjutíundir eru brotnar niður, að það er einn hópur sem hefur fengið lækkaða skattbyrði á undanförnum árum og það eru þau 10% sem hæstar hafa tekjurnar í samfélaginu.

Það er ekki þannig sem við í Samfylkingunni viljum lækka skatta heldur viljum við gera það þannig að það komi þeim best sem lægstar hafa tekjurnar hlutfallslega. Þessi ríkisstjórn hefur verið alveg ótrúlega kjörkuð í því að halda fram að hér hafi skattar verið að lækka á undanförnum árum, þegar þetta svar kemur frá fjármálaráðherra til hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, og segir hreinlega svart á hvítu hvernig skattbyrðin hefur breyst og á hvaða hópa hún hefur verið að þyngjast og á hverja hún hefur verið að léttast.

Þetta geta allir kynnt sér og þess vegna hefur mér þótt merkilegt, virðulegi forseti, að sitja stundum í þessum sal og hlýða á ræður hv. þingmanna stjórnarliðanna þar sem þeir halda því fram að hér á landi hafi skattar verið að lækka. Vegna þess að þegar menn svo til frysta skattleysismörkin gerir skattalækkun ofan frá lítið fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar og meðaltekjurnar. En hún hefur greinilega, eins og birtist í fyrrgreindu svari, gert heilmikið fyrir þau 10% sem hæstar hafa tekjurnar. Við í Samfylkingunni. viljum ekki gera þetta á þennan hátt vegna þess að okkur blöskrar sá ójöfnuður sem núverandi ríkisstjórn hefur búið til.

Virðulegi forseti. Það eru nokkur mál sem mig langar að koma inn á í tengslum við afgreiðsluna á fjárlagafrumvarpinu og er eitt þeirra menntamálin. Það er alveg klárt, og ég verð að viðurkenna að við höfum miklar áhyggjur af þróuninni á þeim skólastigum sem ríkisvaldið fer með, og það er staðreynd að við höfum verið að húrra niður. Við höfum verið að húrra niður í samanburði við OECD-ríkin þegar kemur að framlögum til framhaldsskóla og til háskólastigsins.

Við fórum að mig minnir úr 14. sæti, í framlögum til framhaldsskólastigsins, í það 19. og erum komin niður í 21. sæti í framlögum til háskólastigsins. Þetta, virðulegi forseti, hlýtur að valda okkur verulegum áhyggjum. Hæstv. menntamálaráðherra hefur verið dugleg við að segja og halda um það blaðamannafundi hversu mikið framlög til menntamála hafi aukist en það sem hæstv. menntamálaráðherra gleymir er að nefna að aukin framlög eru til komin vegna fjölgunar nemenda. Þau eru ekki til komin vegna þess að menn séu að bæta við í menntamálum og hækka framlögin. Nei, þau eru til komin vegna nemendafjölgunar. Það fylgir heldur ekki sögunni hjá hæstv. menntamálaráðherra að framlögin hafa ekki einu sinni fylgt fjölgun nemenda ef farið væri í einu og öllu að reiknilíkani því sem nota á til grundvallar við útreikninga á framlögum til framhaldsskóla og háskóla.

Virðulegi forseti. Varðandi framhaldsskólann þá verð ég að nefna að það er með ólíkindum hvaða aðferðum ríkisstjórnin hefur beitt við fjárlagagerðina í tengslum við útgjöld til framhaldsskólans. Í ár ákvað hæstv. menntamálaráðherra að beita einhvers konar sjokk-meðferð, ég bið forseta að afsaka slettuna, vegna þess í fjárlagafrumvarpinu var lagt til að rekstrarframlag framhaldsskólanna ætti að hækka um 500 millj. kr. sem svari til fjölgunar um ríflega 800 ársnemendur. Því átti að skipta á skólana samkvæmt almennum forsendum með aðstoð reiknilíkans. Virðulegi forseti. Í fjárlagafrumvarpinu kemur síðan fram að vegna aðhaldskröfu verði 300 millj. kr. af þessum 500 millj. kr. teknar til baka og því skipt niður á skólana samkvæmt almennum forsendum sama reiknilíkans.

Virðulegi forseti. Þetta olli verulegum titringi. Skólasamfélagið og við í stjórnarandstöðunni urðum verulega áhyggjufull yfir því sem þarna væri að gerast því þarna var um hreinan niðurskurð að ræða og einungis um rúmlega þriðjung af fjármagni sem fylgja ætti hverjum nemanda

með nýjum nemendum inn í framhaldsskólana í haust. Á milli umræðna, á milli 1. og 2. umr., var ákveðið að koma með um 250 millj. kr. af þessu til baka, þ.e. skila 250 milljónum af 300 millj. kr. niðurskurði.

Eftir stendur engu að síður tvennt. En það fylgdi býsna merkileg yfirlýsing með þessum gjörningi. Hún var sú að tekin var pólitísk ákvörðun um að skera niður framlög til stóru bóknámsskólanna. Um það var tekin pólitísk ákvörðun þannig að þessar 250 millj. kr. fara að mestu til minni verknámsskóla. Það er gott og vel en, virðulegi forseti, þetta hefur í för með sér að þetta árið verða allir svo lifandis fegnir að hafa fengið þennan harkalega niðurskurð til baka að öll umræða um reiknilíkanið er látin bíða betri tíma. Að þessu leyti má segja að þetta hafi verið snjöll aðferðafræði hjá ráðuneytinu til að forðast umræðu um hið meingallaða reiknilíkan.

Virðulegi forseti. Svona rekur maður ekki mikilvægt skólastig. Að mínu mati er þetta hæstv. menntamálaráðherra til mikils vansa og sýnir okkur hvað ríkisstjórnin er í raun hugmyndalaus þegar kemur að framhaldsskólastiginu. Það er ljóst að það á ekki að blása til sóknar á framhaldsskólastiginu á næstu árum miðað við þetta.

Virðulegi forseti. Ég hef verulegar áhyggjur af því á hvaða leið við erum með framhaldsskólann. Hann er í fyrsta lagi gríðarlega miðstýrður og reiknilíkanið sem notað er til að reikna út framlög á hvern nemanda er meingallað. Ég hef áhyggjur af þessari miðstýringu og reiknilíkaninu. Þetta tvennt hefur leitt til að skólastigið er að verða einsleitara. Við erum að berjast gegn brottfalli úr framhaldsskóla og þegar skólastig verður jafneinsleitt og framhaldsskólinn er þá útilokar það stóran hóp frá námi úr framhaldsskólanum.

Það er ekki sá skóli sem við jafnaðarmenn viljum reka. Við áttum okkur á mikilvægi þess að allir fái aðgengi að námi og höfum lagt fram tillögur í þeim efnum. Mér finnst, virðulegi forseti, að í tengslum við þessi fjárlög eigum við að ræða slíka hugmyndir. Mér finnst, virðulegi forseti, sú hugmynd mjög verðug sem fram hefur komið að við þurfum að treysta skólasamfélaginu í auknum mæli, sendum ekki svo bindandi námskrá inn í framhaldsskólana sem raunin er í dag, fækkum einingum á svokölluð kjarnafög og gefum skólunum frelsi til þess að marka sér sérstöðu. Það vantar nefnilega, í okkar kerfi undir stjórn Sjálfstæðisflokksins, að fagfólkinu sé treyst, að treysta skólafólkinu fyrir því sem fram fer í skólunum. Þetta eru menn að gera til að reka framhaldsskóla sem ódýrast en það getur ekki verið markmið í sjálfu sér. Það getur ekki verið eina stefna hæstv. menntamálaráðherra í málefnum framhaldsskólans að komast hjá því að hækka framlögin og komast hjá því árlega að fara í gegnum umræðu um stöðu framhaldsskólans. Það er sú stefna sem mörkuð hefur verið. Það er gert með því að beita sjokk-meðferðum líkt og nú við afgreiðslu fjárlaga.

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að rifja upp að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið í ár sendi stjórn Félag framhaldsskólakennara til okkar alþingismanna ályktun um fjárveitingar til framhaldsskólanna og fjárhagsstöðu þeirra. Þetta var mjög skýr og skorinorð ályktun. Félag framhaldsskólakennara gagnrýndi stjórnvöld harðlega fyrir að vanáætla gróflega, eins og þar var sagt, og árvisst fjárveitingar til framhaldsskóla hvað varðar nemendafjölda og heildarfjárþörf. Þar var rakið að framlög vegna nemendafjölda í framhaldsskólunum hafi verið vanáætluð hingað til en gripið til þess í fjáraukalögum að bæta upp þann skort en það hafi þó aldrei náðst fyllilega.

Virðulegi forseti. Þessi ályktun var býsna harkaleg. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórnvöld hafa brugðist við þessari árlegu vanáætlun á nemendafjölda og heildarfjárþörf framhaldsskóla með því að sækja um viðbótarframlög í fjáraukalagafrumvörpum, sem hrökkva þó hvergi til.“

Seinna segir þar, virðulegi forseti:

„Það hriktir í undirstöðum margra framhaldsskóla vegna erfiðs rekstrarumhverfis sem forsendur reiknilíkansins taka ekki tillit til. Af þessum sökum hefur námsframboð margra skóla orðið einhæfara.“

Í lokaorðum ályktunarinnar segir einnig, með leyfi forseta:

„Við Íslendingum blasa enn mörg óleyst verkefni áður en menntunarstig þjóðarinnar stenst samjöfnuð við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við. Þar er tekið á móti hverjum nemanda sem æskir skólagöngu, sú er ekki raunin hérlendis.“

Virðulegi forseti. Þessi ályktun var send þingmönnum fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið í ár. Hún var býsna harkaleg og augljóst að mönnum var mikið niðri fyrir eftir áralangt svelti. Hvað gerðist, virðulegi forseti? Í fyrra var vanáætlaður með skipulegum hætti sá fjöldi sem færi inn í framhaldsskólana á þessu ári. Síðan var því mætt á fjáraukalögum, eins og sagði í þessari ályktun. Menn voru farnir að þekkja þessi vinnubrögð. Það virðist vegna þessa að hæstv. menntamálaráðherra notar þessa sjokk-meðferð, þ.e. að skera harkalega niður og skilja aðeins eftir um þriðjunginn af því fjármagni sem ætti að fylgja fjölgun nemenda í framhaldsskólunum. Það virðist gert til að sleppa við þessa umræðu. Það þykir mér miður, virðulegi forseti. Ég verð að segja, áður en ég lýk þessum hluta ræðu minnar, að mér finnst það menntayfirvöldum á Íslandi til vansa hvernig unnið hefur verið á þessu sviði.

Auðvitað eigum við að ræða það raunverulega hver staða framhaldsskólans er og hvert við viljum stefna með hann og sömuleiðis hvernig við náum til þeirra sem ekki ljúka námi úr framhaldsskóla, þeirra sem flokkast undir svokallað brottfall. Hvernig náum við til þeirra sem ekki skrá sig. Skoða þarf fjölda hópa vel innan framhaldsskólanna sem ekki hefur verið gefinn gaumur, t.d. nýbúa sem hingað koma, ætla að búa hér og vilja setjast að. Það er ekki nægjanlegt tillit tekið til þeirra í framhaldsskólunum. Það er verulegt áhyggjuefni vegna þess að brottfall hjá þeim hópi er verulegt, ef þeir einstaklingar yfirleitt skrá sig í framhaldsskóla.

Til dæmis má nefna að við ættum að ræða raunverulega skólapólitík, t.d. hvernig við getum einfaldað leið nýbúa í gegnum framhaldsskólann. Ein leið t.d. sú að þeir geti skipt t.d. á dönskunámi, sem er skyldufag, eða fengið einhverja sérstaka aðstoð í íslensku til að auðvelda þeim námið. Tungumálið getur orðið þeim að fótakefli, sérstaklega þegar komið er á hærri stig menntunar.

Virðulegi forseti. Ég vildi líka gera annað skólastig að umræðuefni, þ.e. háskólastigið. Á síðasta ári komu fram tvær skýrslur um stöðu Háskóla Íslands. Önnur þeirra var stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á stöðu háskólans og hin var úttekt á vegum European University Association. Þessar skýrslur vöktu verulega athygli vegna þess að báðar gáfu skýrt til kynna að þessi stóra og mikilvæga stofnun, rannsóknaháskólinn sem við höfum verið að byggja upp í hátt í 100 ár, búi við verulegan fjárskort. Báðar þessar skýrslur drógu fram að Háskóli Íslands væri vel rekin stofnun en væri að komast í þrot með þau úrræði sem þar eru til til að draga saman seglin og nýta fjármagnið sem best. Þar segir að næsta verkefni sé að auka fjárframlög til skólans.

Virðulegi forseti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er gerður samanburður á Háskóla Íslands og tíu öðrum háskólum. Þar kemur Háskóli Íslands verulega illa út sem kom reyndar vel fram í umræðunni um fjárlögin í fyrra. Mér finnst við ekki hafa fengið næg svör frá hæstv. menntamálaráðherra um það hvernig menn ætli að bregðast við því. Þessar skýrslur mega ekki, eins og gerist bara allt of oft á Alþingi, verða til einskis. Hér eru gerðar góðar skýrslur sem eiga mikið erindi inn í umræðuna án þess að nokkuð sé gert með þær. Menn gefa sér góðan tíma í að ræða þær en síðan er þeim illa og lítið fylgt eftir. Miðað við þá löngu og miklu umræðu sem átt hefur sér stað um skýrslur þær sem ég nefndi teldi ég eðlilegt að hæstv. menntamálaráðherra gerði okkur grein fyrir því hvernig hún hygðist bregðast við þeim.

Virðulegi forseti. Það eru nokkur mál sem mig langar að koma inn á og þau lúta að málefnum fjölskyldunnar vegna þess að núverandi ríkisstjórn og talsmenn hennar hafa haft sig mikið í frammi og haldið því fram að nærri því hver einasta stjórnvaldsaðgerð, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, talar, sé til að bæta hag barnafjölskyldna og fjölskyldna í landinu. Þetta er auðvitað alls ekki rétt og ég ætla að nefna nokkur dæmi um það hvernig ríkisstjórnin leggur sig beinlínis fram um að kroppa í kjör og tekjur þessara hópa. Vinnubrögðin sem ríkisstjórnin beitir í þeim efnum eru náttúrlega með hreinum ólíkindum.

Mig langar að byrja á að nefna örlítið fæðingarorlof og Fæðingarorlofssjóð vegna þess að í umræðum, bæði um fjárlög og fjáraukalög, hafa komið fram tillögur um að lækka framlög í Fæðingarorlofssjóð. Það er auðvitað afleiðing þess að á vordögum árið 2004 voru gerðar breytingar á fæðingarorlofslögunum sem birtist í því að verið er að draga saman framlögin í sjóðinn.

Þessar breytingar voru gerðar til að minnka útgjöld sjóðsins en það sem stjórnarliðar hafa ekki viljað ræða er hvaða áhrif þetta hefur á lögin sjálf. Vegna þess að það er staðreynd, frú forseti, að um þetta var þverpólitísk samstaða um aldamótin síðustu þegar þessi lög voru sett og er mikið til þeirra horft frá nágrannaríkjum okkar. Auðvitað fagnaði stjórnarandstaðan þessu en síðan gerist það að gerðar voru breytingar á lögunum árið 2004 sem valda því að núna minnkar í sjóðnum. Þetta er að hafa veruleg áhrif á margar barnafjölskyldur, sem fagna því að barn hafi fæðst inn í fjölskylduna, vegna þess að þau fæðingarorlofslög sem við lögðum upp með um aldamótin eru ekki þau sömu og við erum að vinna með nú. Ég segi þetta vegna þess að þegar fæðingarorlofslögin voru sett þá var tekið mið af meðaltekjum síðustu 12 mánaða áður en fæðingarorlof var tekið, samfelldra 12 mánaða áður en fæðingarorlof var tekið. Árið 2004 var þessu breytt þannig að tekið var mið af tveimur síðustu skattárum, þ.e. tveimur síðustu almanaksárum áður en fæðingarorlof er tekið. Þetta hefur verulegar breytingar í för mér sér. Þegar tekið er mið að tveimur síðustu almanaksárum er alveg ljóst að þá er ekki lengur um að ræða hér á landi að foreldrar sem fara í fæðingarorlof fái 80% af tekjum sínum þegar þeir fara í fæðingarorlof, vegna þess að þegar farið er taka mið af launum svo langt aftur erum við komin niður í miklu lægri tekjur.

Virðulegi forseti. Þessari breytingu var harðlega mótmælt. Ég veit að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór vel yfir þetta og mótmælti þessu harðlega á sínum tíma. Hún fór fyrir nefndaráliti minni hlutans þegar þetta var afgreitt í þinginu og þar kom fram að þetta atriði, þ.e. hið breytta viðmiðunartímabil, hefði verið eitt af helstu gagnrýnisatriðum umsagnaraðila eins og ASÍ, BSRB, BHM og SÍB. Í nefndaráliti minni hlutans kom einnig fram að t.d. í umsögn frá BHM væri sagt að rofið væri samráð við samtök launafólks um sem næst 80% af heildartekjum í fæðingarorlofi. Á það var ekki hlustað heldur ákváðu menn að rýra gildi þessara ágætu laga sem sett voru á sínum tíma. Þessu höfum við auðvitað mótmælt vegna þess að þetta breytir náttúrlega fæðingarorlofslögunum, markmiðum þeirra og forsendum algerlega.

Við höfum nú lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Auk mín eru flutningsmenn í því máli hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Mörður Árnason. Við leggjum til að þessu verði breytt til fyrra horfs að því leyti að mánaðarleg greiðsla fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skuli nema 80% að meðaltali heildarlauna og það skuli miða við 18 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Af því við miðum við þennan tíma, þ.e. eitt og hálft ár eða 18 mánuði samfellda, þá er gert ráð fyrir að við útreikninga á meðaltali þessara launa skuli taka tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu.

Þetta gerum við til að færa markmið fæðingarorlofslaganna aftur til fyrra horfs og ekki síst vegna þess að áhrifin sem þetta hefur á fjölskyldur í landinu eru veruleg. Meðal þeirra áhrifa sem þetta hefur er t.d. ef foreldrar eignast tvö börn með skömmu millibili, það líða innan við tvö ár á milli barneigna í fjölskyldunni, þá koma launatekjur sem foreldrarnir voru með jafnvel fjórum eða fimm árum fyrr inn í útreikninginn með seinna barninu og hafa þannig áhrif á tekjur í fæðingarorlofi. Þetta getur orðið til þess að markmið fæðingarorlofslaganna verði ekki uppfyllt, þarna erum við komin svo langt frá upphaflegum áætlunum, svo langt frá upphaflegum forsendum og upphaflegu hugmyndinni. Það getur margt gerst hjá ungi fólki á svo löngum tíma, við vitum t.d. að það getur verið mikið launaskrið hjá fólki sem er koma úr námi og það fær stöðuhækkun eða launahækkun eða lendir jafnvel í tímabundnu atvinnuleysi sem kemur

þarna inn í. Þegar ungt fólk á barneignaraldri er að stíga fyrstu skrefin á starfsferli þá er framgangur og breytingar á launum oft allverulegar. Það getur því skipt verulegu máli, virðulegi forseti, hvort miðað er við tekjur allt að 36 mánuðum fyrir fæðingu barns eins og getur gerst núna eða 18 mánuðum og síðan uppreiknað miðað við launavísitölu.

Við hvetjum þingheim til að samþykkja þessar tillögur okkar og frumvarp og snúa aftur til baka að þeim upphaflega tilgangi sem þessi lög áttu að þjóna. Þetta er eitt dæmið um það hvernig núverandi ríkisstjórn hefur bara á þessu kjörtímabili gengið að barnafjölskyldunum, svo ég taki vægt til orða.

Virðulegi forseti. Það er mjög margt í fæðingarorlofslögunum sem við verðum að skoða og það eru líka fleiri atriði sem við leggjum til í frumvarpi okkar en við munum fara yfir það þegar mælt verður fyrir því. En það sem ég vil líka koma inn á hér, það kemur ekki fram í þessari tillögu núna, er að hv. Alþingi fari að ræða það af fullri alvöru að taka næsta skref í að lengja fæðingarorlofið, þannig að við séum a.m.k. á pari við nágrannaþjóðir okkar.

Hér á landi er fæðingarorlofið 39 vikur taki báðir foreldrar það sem þeir eiga rétt á. Í Finnlandi er það 44 vikur, í Noregi 52, í Danmörku 52, en það nemur allt að 68 vikum í Svíþjóð. Þetta snýst um fjölskyldustefnu. Við vitum að það er erfitt að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þangað til leikskólavist hefst. Oft þarf að bíða jafnvel í 9–12 mánuði og sú bið getur verið erfið vegna þess að það komast ekki allir að hjá dagforeldrum.

Þetta hefur auðvitað ekki góð áhrif á eitt af grunnmarkmiðum laganna sem er að stuðla að jöfnum rétti karla og kvenna á vinnumarkaði, vegna þess að hætt er við því þegar brúa þarf bilið þarna á milli að þá taki sá aðili sem hefur lægri tekjur það hlutverk að sér og í okkar samfélagi er það því miður enn þá yfirleitt konan, virðulegi forseti. Þetta rýrir stöðu íslenskra kvenna á vinnumarkaði og það er ein ástæðan fyrir því að ég tel að þurfum að lengja fæðingarorlofið en önnur ástæða er líka sú að við eigum að skipta því jafnt á milli foreldra. Enn ein ástæðan er að þetta er auðvitað algerlega óþolandi rask fyrir barnið og kemur náttúrlega verst niður á því að þurfa jafnvel að þvælast á milli aðila sem gæta þess.

Annað sem er líka ástæða fyrir því að ég tel mikilvægt að lengja fæðingarorlofið er að á þessum tíma, á þessum mánuðum á milli 9 og 12 mánaða, verða gríðarlegar breytingar í þroska barnsins sem mikilvægt er að foreldrarnir taki þátt í.

Virðulegi forseti. Ég nefndi það að mér þykir þessi ríkisstjórn hafa verið ansi aðgangshörð í að þrengja að barnafólki og fjölskyldum í landinu. Ég er búin að nefna það hvernig hún hefur með markvissum hætti breytt fæðingarorlofinu þannig að í dag erum við ekki með sama fæðingarorlof og lagt var af stað með í lögunum, núna fá foreldrar minna greitt í fæðingarorlofi en þeir fengu áður hlutfallslega af tekjum sínum.

Það er ekki bara á þessu sviði, virðulegi forseti, sem gengið hefur verið að barnafólki. Ég verð líka að nefna, og ég hef oft staðið í þessum ræðustóli og farið yfir það, að það er með hreinum ólíkindum hvernig þessi ríkisstjórn hefur starfað á kjörtímabilinu. Við erum með gott vaxtabótakerfi. Þetta vaxtabótakerfi er ætlað til þess að mæta fólki sem er með miklar skuldir vegna íbúðarkaupa. Það er staðreynd, virðulegi forseti, að húsnæðisverð hér á landi er mjög hátt og til þess að geta keypt íbúð þarf venjulegt fólk að skuldsetja sig töluvert og þess vegna hafa vaxtabæturnar skipt það fólk gríðarlega miklu máli.

Á þessu kjörtímabili hefur ríkisstjórnin skert vaxtabætur um 1,2 milljarða kr. sé tekið mið af vísitölu neysluverðs í september síðastliðnum. Þetta eru auðvitað ekki neinar smáræðis upphæðir, virðulegi forseti. Til þess að skera svona niður hefur ríkisstjórnin beitt ævintýralegum aðferðum á þessu kjörtímabili. Það er stundum sagt um ríkisstjórnina að hún sé hugmyndalaus og þrotin hugmyndum og ég get alveg tekið undir það, en þegar kemur að því verkefni að skerða vaxtabætur eða skerða kjör barnafólks vantar hana ekki hugmyndir. Það sjáum við á því og ég get nefnt það hér að í fyrsta lagi er sífellt lægri hluti eftirstöðva skulda lagður til grundvallar við útreikning vaxtabóta. Það hefur farið frá því að árið 2003 og 2004 miðuðust vaxtabætur við 7% af eftirstöðvum skulda, árið 2005 var sú tala lækkuð niður í 5,5% og loks í 5% á yfirstandandi ári, en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu núna á ekki að ganga nema til hálfs við að vinda ofan af þessari skerðingu og miða við 6%.

Í öðru lagi var eingöngu greitt út 90% af hámarksupphæð vaxtabóta árið 2004 og 95% árið 2005.

Í þriðja lagi hefur húsnæðisverð hækkað mjög mikið á kjörtímabilinu og langtum meira en eignaviðmið til útreiknings vaxtabóta hafa gert, sem stóðu í stað árið 2005 og hafa nýlega verið hækkuð upp um 30%, sem er þó ekki nándar nærri nóg, virðulegi forseti, eins og við þekkjum. Það hefur leitt til þess að Alþýðusamband Íslands hefur sent frá sér yfirlýsingu um að verið sé að brjóta samkomulag sem gert var við Alþýðusambandið frá því fyrr í sumar. Sagt er í yfirlýsingu frá ASÍ að þarna sé um vanefndir að ræða.

Á vefsíðu Alþýðusambands Íslands frá 24. nóvember segir, að það séu einfaldlega vanefndir af hálfu ríkisstjórnar á því sem lofað var í sumar. Þetta er sagt um það frumvarp sem fór í hér gegn fyrir nokkrum dögum. Einnig segir á vefsíðunni að ríkisstjórnin hafi lofað því í sumar við endurskoðun kjarasamninga að tekið yrði á vanda þessa fólks sem missir nú stóran hluta vaxtabóta sinna eða jafnvel allar bæturnar fyrir þær sakir einar að fasteignamat hækkar á milli ára. Það er staðreynd, virðulegi forseti, að ekkert hefur breyst hjá þessu fólki og það hefur ekki meira fé á milli handanna þó að fasteignamatið hafi hækkað. Það stendur alveg í sömu sporum, nema það er búið að missa allar vaxtabæturnar. Stór hópur fólks hefur misst allar vaxtabæturnar, þarna getur munað tekjum og erum við að tala um upphæðir sem geta verið allt að mánaðarlaun eftir skatt, slíkar eru upphæðirnar. Þarna var því verulega verið að koma aftan að fólki með þeim gjörningi sem átti sér stað þegar breytingarnar voru gerðar hérna fyrir rúmri viku. ASÍ mótmælir þessu harðlega.

Á vefsíðu Alþýðusambands Íslands er jafnframt sagt að ekki verði horft fram hjá því að ríkisstjórnin hafi gefið loforð í sumar um að tekið yrði á þeim vanda strax og þing kæmi saman og að samráð yrði haft við verkalýðshreyfinguna um nauðsynlegar breytingar. Þetta var brotið vegna

þess að ASÍ var aldrei haft með í ráðum við þá breytingu og er því mótmælt harðlega hér.

Þá segja þeir einnig að niðurstaðan, eins og hún stefni í að verða, sé með öllu óviðunandi og komi ekki til móts við vanda þeirra þúsunda sem fá skertar vaxtabætur eða engar. Á þetta var bent strax í sumar. ASÍ benti á þetta strax í sumar og ég vil líka vísa til þess að ýmsir þingmenn, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, bentu einnig á þetta áður en þing fór heim í vor.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst ríkisstjórnin hafa staðið illa að verki með því að koma svona í bakið á þeim stóra hópi fólks sem lofað var í sumar að fengi þessar bætur, fengi skerðingar til baka en stór hópur er að fá tóman jólapakka, fær sendan tóman kassa heim fyrir þessi jól, sem hefur búist við því og var beinlínis lofað að hann skyldi fá þessar skerðingar til baka.

Virðulegi forseti. Af því að ég sé að hv. þm. Birkir J. Jónsson er genginn hér í salinn, formaður fjárlaganefndar og þingmaður Framsóknarflokksins, þykir mér mikilvægt að inna hann eftir því hvað sé orðið um hina boðuðu stefnu, fjölskyldustefnu Framsóknarflokksins, þegar ég hef rakið hér hverja staðreyndina á fætur annarri um hvernig verið er að herða að og þrengja að barnafólki í landinu. (**ÖS:** Hún fór með fylginu.) Hvert er þessi fjölskyldustefna farin? Já, hv. þm. Össur Skarphéðinsson bendir réttilega á að líklegt er að stefnan hafi fokið með fylginu, enda held ég erfitt verði fyrir Framsóknarflokkinn að sækja það fylgi aftur miðað við það að hafa skert t.d. fæðingarorlofið eins og raun ber vitni og komið í bakið á fjölda foreldra og fjölskyldna og að hafa skert vaxtabæturnar. Þær breytingar sem gerðar hafa verið nú og það fjárlagafrumvarp sem við erum að samþykkja — það eitt stendur eftir í vor þegar Framsóknarflokkurinn mætir kjósendum sínum að búið er að skerða vaxtabæturnar á kjörtímabilinu um 1 milljarð. (**BJJ:** Ég er að missa matarlystina.) Ég er ekki hissa á að hv. þm. Birkir Jón Jónsson lýsi hér yfir að hann sé að missa matarlystina vegna þess að það hafa margir misst matarlystina yfir því hingað til og þetta bendir kannski til þess að hann sé að átta sig á mikilvægi málsins.

Ég vil segja, virðulegi forseti, um þennan hluta að ríkisstjórnin hefur beitt þeirri aðferðafræði að skera mjög harkalega niður og koma síðan með örlítið til baka rétt fyrir kosningar. En við, virðulegi forseti, ætlum ekki að láta hana komast upp með það í þetta skipti varðandi vaxtabæturnar vegna þess að þó svo að örlítið sé að koma til baka núna þá stendur eftir heill milljarður sem verður að svara hvernig menn ætli að skila og hvort þeir ætli að skila honum. Sama var gert með barnabæturnar, skert var harkalega, skorið harkalega niður og síðan var örlitlu skilað til baka rétt fyrir kosningar. Þetta eru vinnubrögð, virðulegi forseti, sem allir sjá í gegnum.

Ég vil í lok ræðu minnar, frú forseti, örlítið koma inn á stöðu krónunnar og Evrópumálin. Þannig er, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin hefur staðið fyrir hinum mestu efnahagsmistökum sem við höfum séð hér á landi um langa tíð. Ekki þarf að nefna marga hluti þar sem henni hefur mistekist. Við getum t.d. nefnt verðbólguna sem hefur verið á þvílíku flugi og hefur ekki snert við verðbólgumarkmiðum Seðlabankans og gerði það ekki í rúm tvö ár, er kannski nýfarin að snerta þar við svona dag og dag núna, og fór meira að segja langt upp í 10% núna í ágúst. Ríkisstjórnin hefur með þessu lagt á íslenska þjóð nýjan skatt, svokallaðan verðbólguskatt og hefur innleitt hann og er hann orsök mestu kjaraskerðinga almennings í um áratug. Það er bara staðreynd, frú forseti, og ég kom inn á það áðan að það er ekki einasta að dýrt sé að kaupa sér húsnæði hér á landi og vextirnir séu háir, heldur erum við með hæstu vexti í heimi. Það er líka ein af afleiðingum þessara efnahagsmistaka ríkisstjórnarinnar að vera með heimsins hæstu vexti, og út af því hefur almenningur í landinu setið með þá verðbólgu í fanginu og orðið fyrir gríðarlegum kjaraskerðingum og ekki síst vegna verðtryggingar á húsnæðislánum. Fjölskyldur í landinu sem eru með miklar skuldir, og ekki þá síst þær yngstu, hafa orðið fyrir gríðarlegum kjaraskerðingum vegna þessa. Þetta er verulegt áhyggjuefni, sérstaklega í ljósi þess að ríkisstjórnin virðist ekki og hefur ekki viljað taka á því máli.

Þá er einnig hægt að nefna að viðskiptahallinn er í sögulegu hámarki og er langmestur hér á landi af öllum OECD-þjóðunum. Skuldir þjóðarbúsins hafa aldrei verið hærri. Nefna má að skuldir heimilanna hafa aldrei verið hærri og skuldir fyrirtækjanna hafa aldrei verið hærri. Við erum líka með, eins og ég kom inn á fyrr í ræðu minni, aukna skattbyrði hjá öllum tekjuhópum nema þeim allra tekjuhæstu og við erum með hæstu vexti í heimi. Og það verður ekki af ríkisstjórninni skafið að peningastefna hennar og efnahagsstefna hafa leitt þetta af sér. Þetta er náttúrlega ekkert annað en kjaraskerðing til almennings.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur ekki sinnt neinum af viðvörunarljósunum sem allir fagaðilar og stjórnarandstaðan hafa kveikt fyrir löngu. Seðlabankinn hefur verið látinn standa einn eins og hv. þm. og formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur ítrekað bent á, í baráttunni enda neitar ríkisstjórnin að horfast í augu við raunveruleikann. Það er bara þannig, virðulegi forseti, að þær vaxtahækkanir sem við höfum þurft að búa við, sem eru í rauninni knúnar fram af núverandi ríkisstjórn með aðgerðaleysi sínu í að nýta ríkisfjármálin við stjórn efnahagsmálanna, valda því að þær þrengja auðvitað verulega að þessu verðtryggða hagkerfi sem almenningur þrífst í, það er almenningur sem situr í því. Það er þannig, virðulegi forseti, að hin löngu verðtryggðu lán draga úr mætti vaxtahækkana Seðlabankans og gera síðan hækkanir Seðlabankans á skammtímavöxtum bitlausari en ella. Á þessu verður að taka.

Hæstv. forseti. Í þessu sambandi er ekki óeðlilegt að fara inn í umræðuna um kosti þess að halda hér uppi íslensku krónunni og halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli. Hv. þingmaður og formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hélt ræðu sem ítrekað var vitnað í hér í morgun þar sem menn ákváðu að nota tíma sinn á Alþingi í að snúa út úr orðum formanns Samfylkingarinnar og hengdu sig í eina setningu og slitu úr öllu samhengi. Mér hefði þótt miklu meira um vert ef þeir þingmenn hefðu komið hingað í ræðustól og þorað að ræða þau efnisatriði sem í umræddri ræðu voru, vegna þess að í henni komu fram mjög merkar og mikilvægar yfirlýsingar nú í aðdraganda kosninga. Í þeirri ræðu sagði formaður Samfylkingar-

innar m.a. að skoða ætti af fullri alvöru aðild að Evrópusambandinu og ítrekaði þannig afstöðu Samfylkingarinnar til margra ára. En eins og vitað er er Samfylkingin eini flokkurinn sem vill að við göngum í Evrópusambandið. Þetta sagði formaðurinn. Þetta nefndi hún vegna þess að flestar rannsóknir bentu til að upptaka evru mundi þegar fram liðu stundir stuðla að auknu jafnvægi í efnahagsmálum okkar.

Með leyfi forseta, segir jafnframt:

„... styrkja rekstrarskilyrði fyrirtækja og bæta verulega kjör heimilanna í landinu. Öflug fyrirtæki og fjársterkir einstaklingar flýja nú krónuna unnvörpum en íslenskur almenningur situr fastur í rússíbananum."

Nær hefði verið að hv. þingmenn stjórnarliða hefðu þorað að koma hér upp og ræða þessi ummæli formanns Samfylkingarinnar fremur en að standa hér og þvæla um einhverja eina setningu sem þeir slitu úr öllu samhengi. Þá hefðum við staðið hér og rætt þessi alvörumál sem skipta allan almenning gríðarlega miklu til framtíðar.

Virðulegi forseti. Ég ætla að nefna að 17. nóvember sl. kom grein í Viðskiptablaðinu undir yfirskriftinni: Krónan er stressaður gjaldmiðill. Hún heldur áfram að vera viðkvæm fyrir fréttum. Þetta er fyrirsögnin á þeirri frétt. Í henni segir að sérfræðingar séu sammála um að veikingarhrinuna sem átti sér stað dagana á undan megi rekja til skýrslu Fitch Ratings frá því í vikunni þar á undan þar sem ítrekaðar voru neikvæðar horfur fyrir lánshæfismat ríkissjóðs og einnig að tilkynning Seðlabankans um erlenda lántöku hafi haft áhrif, enda túlkuðu erlendir aðilar þá aðgerð bankans sem ótta við yfirvofandi kreppu.

Virðulegi forseti. Við þurfum auðvitað að fara í gegnum heiðarlega umræðu um það hvort við viljum hafa svo stressaðan gjaldmiðil áfram í landinu, svo veikburða gjaldmiðil sem þolir ekki fréttir frá útlöndum eða skýrslugjöf frá útlöndum öðruvísi en að fara á mikið flug. Við búum í opnu hagkerfi og við viljum búa í opnu hagkerfi, staða íslensku krónunnar hefur veruleg áhrif á lífskjör fólksins í landinu og þess vegna verðum við að skoða þetta í alvöru.

Ég ætla ekkert að leyna því að ég hef verið stuðningsmaður þess og er stuðningsmaður þess að við göngum í Evrópusambandið, gerumst þar fullgildir aðilar og tökum upp evru sem gjaldmiðil. Ég tel að það gæti reynst okkur afar farsælt og mundi bæta lífskjör okkar. Fyrir því hafa verið færð veruleg rök og auk þess yrði mikill akkur í því fyrir viðskiptalífið. Enda er það staðreynd að þeir sem sitja uppi með krónuna í dag, þann gjaldmiðil, er almenningur í landinu og lítil og meðalstór fyrirtæki. Stóru fyrirtækin nota krónuna lítið í dag og eru farin að gera upp að miklu leyti til í erlendri mynt og flest í evru. Þetta er auðvitað eitthvað sem við verðum að taka inn í reikninginn og ég vona að farið verði að ræða hér fyrir alvöru.

Sem dæmi um þetta kom áhugaverð frétt snemma í haust, en þá var Viðskiptaráð með morgunfund þar sem þeirri spurningu var velt upp hvort krónan væri á útleið bakdyramegin og evran að koma í staðinn. Þeirri spurningu hefur verið ýtt úr vör að verulega miklu leyti til af atvinnulífinu því að atvinnulífið finnur hvað harkalegast fyrir því hversu erfitt er að halda uppi krónunni. Atvinnulífið hefur líka burði til að gera svo skýra grein fyrir afstöðu sinni í þessum efnum vegna þess að þar er um skipulagða starfsemi að ræða í þeim efnum, eins og hjá Viðskiptaráði sem velti þessu upp á morgunverðarfundi.

Í frétt af fundinum sem birtist í Fréttablaðinu 4. október síðastliðinn segir Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, sem er eitt af okkar stóru hátæknifyrirtækjum í útflutningi, að innan Actavis, Össurar og Marels hafi farið fram alvarleg umræða um skráningu hlutabréfa í evrum. Hann segir einnig mikilvægt að fyrirtæki sameinist um eina mynt komi til þess að þau leggi krónuna af til þess að viðskiptakostnaður verði ekki of mikill. Hann segir krónuna sífellt minni þátt í rekstri Marels og að á síðasta ári hafi 25% kostnaðar félagsins verið í krónum. Á næsta ári verði það 12% og 7% árið 2009. Í fréttinni er vitnað orðrétt í stjórnarformann Marels þar sem hann segir:

„Við horfum ekki lengur á krónuna sem hagstærð í okkar rekstri."

Virðulegi forseti. Þetta er eitt fyrirtæki af mörgum sem svona er ástatt um og ef staðan er sú að fyrirtæki eru raunverulega að skila krónunni út bakdyramegin og taka upp aðra gjaldmiðla í rekstri sínum, þá verðum við auðvitað að skoða það og fara að ræða af fullri alvöru hvernig við ætlum að bregðast við því og hvar almenningur á að standa í því umhverfi.

Virðulegi forseti. Ég vil líka vitna í mjög góða grein sem kemur í 51. árgangi Fjármálatíðinda, seinna hefti árið 2004, þar sem Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur Seðlabankans skrifar mjög góða grein sem ber yfirskriftina „Hagkvæmt gjaldmiðlasvæði. Hve smátt er of smátt?" Þetta er mjög fróðleg grein og góð aflestrar fyrir okkur sem höfum áhuga á þessu og ég hvet sem flesta til þess að skoða hana. Þar kemur ýmislegt mjög áhugavert fram og m.a. að gjaldmiðlaóvissa sé líkleg til þess að draga úr utanríkisviðskiptum. Þar vitnar hann í nokkrar rannsóknir sem hafa verið gerðar og segir að þótt niðurstöður athugana séu nokkuð mismunandi þá sýni þær ótvírætt að sjálfstæður gjaldmiðill leiði til umtalsvert minni utanríkisviðskipta en ella. Þar segir líka að sjálfstæður gjaldmiðill virðist vera umtalsverð viðskiptahindrun með öllu því velferðartapi sem viðskiptahindranir hafi í för með sér.

Hvað Ísland áhræri, segir Arnór í greininni, þá hafi áhrif sjálfstæðs gjaldmiðils á utanríkisviðskipti verið könnuð og hann vitnar í niðurstöður rannsókna Þórarins Péturssonar og Francis Breedons frá árinu 2005 og segir að þær gefi til kynna að viðskipti Íslands við evrulöndin og við EMU-löndin kunni að aukast um 60% með aðild að EMU án þess að viðskipti við önnur ríki verði fyrir neikvæðum áhrifum. Við verðum að taka mark á niðurstöðum sem koma fram úr slíkum rannsóknum, að utanríkisviðskipti muni aukast allverulega, um allt að 60% eins og þarna kemur fram. Við verðum líka að skoða vísbendingar um að stóru fyrirtækin séu að hætta nota krónuna. Það er ábyrgðarhluti að ríkisstjórnin skuli ætla að sitja þegjandi á meðan þannig þróun á sér stað og staðreyndirnar liggja á borðinu, það er ábyrgðarhluti. Við í Samfylkingunni höfum ekki viljað sitja þegjandi og hljóðalaus á meðan slík þróun á sér stað og höfum viljað ræða þetta af fullri alvöru og teljum það, eins og ég kom inn á, ábyrgðarhluta að taka ekki þátt í þessari umræðu eins og núverandi ríkisstjórn hefur gert.

Virðulegi forseti. Það kemur líka fram í fyrrnefndri ágætri grein Arnórs Sighvatssonar, aðalhagfræðings Seðlabankans, að útilokun á gengisóvissu mundi bæta skilyrði innlendra smáfyrirtækja til að stækka út fyrir markað smáríkisins og auðvelda erlendum fyrirtækjum að starfa innan þess. Þar vitnar hann í niðurstöður fræðimanna sem heita Frankel og Rose, sem virðast styðja þetta, en innan hagfræðinnar finnast sterk tengsl á milli gagnkvæmra viðskipta þjóða og samfylgni í hagsveiflu.

Í lokaorðum þessarar greinar kemur fram að sterk rök séu fyrir því að sjálfstæður gjaldmiðill feli í sér umtalsverða viðskiptahindrun og rannsóknir hafi leitt rök að að jafnvel smávægileg viðskiptahindrun geti haft töluverð áhrif á efnahagsleg sambönd og það sé almennt viðurkennt að viðskiptahindranir feli í sér mikið velferðartap. Þá segir hann í niðurlagi greinarinnar, og mér finnst mikilvægt að leggja við hlustir þegar slíkt er sagt, að það að leggja á eða viðhalda viðskiptahindrunum krefjist rækilegs rökstuðnings. Ég vil þess vegna varpa þeirri spurningu, virðulegi forseti, til hv. þingmanna stjórnarliðanna sem hér sitja hvernig þeir ætli að rökstyðja það að við höldum hér úti sjálfstæðum gjaldmiðli inn í óendanlega framtíð eins og ummæli þeirra og vinnubrögð hér virðast bera merki um að við munum gera, vegna þess að það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að fara vel í gegnum þessa umræðu.

Ég hef komið inn á það að atvinnulífið er orðið ansi hávært í umræðunni um að taka upp evru og við vitum að evran verður ekki tekin upp nema það sé gengið að fullu inn í Evrópusambandið. Það er margvíslegur annar ávinningur af því auðvitað og við erum að sjálfsögðu, eins og ég hef áður komið inn á í þessum stól, mjög stórir aðilar að Evrópusambandinu — nema við höfum lítið um það að segja sem þar fer fram, við erum eins konar aukaaðilar. En verði gengið þar inn og evran tekin upp þá fylgja því margvíslegar kjarabætur fyrir bæði almenning og fyrirtæki.

Mér finnst líka mikilvægt að nefna t.d. það sem kemur fram í grein í Fréttablaðinu 26. apríl, þar segir Ingimundur Sigurpálsson, sem er formaður Samtaka atvinnulífsins, að full ástæða sé til að ræða Evrópusambandið og evruna af fullri yfirvegun. Í viðtali við formann Samtaka iðnaðarins frá 20. september kveður við svipaðan tón, þar segir að samtökin hafi lengi viljað stuðla að virkri umræðu um Evrópumálin. Ég vil spyrja hv. þingmenn stjórnarliða: Ætla þeir enn þá að sitja hjá á meðan þessir stóru aðilar, Verslunarráðið, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins fara í gegnum þessa umræðu eins og raunin er? Það getum við að sjálfsögðu ekki.

Virðulegi forseti. Ég kom inn á það áðan að almenningur hefur auðvitað setið uppi með verðtrygginguna í fanginu og ég hef verið áhugamanneskja um að afnema verðtrygginguna en hins vegar yrði það mál sjálfleyst ef við gengjum í Evrópusambandið og tækjum upp evruna. Mér þykir áhugavert í því ljósi og ég vil kannski skilja það eftir hér að lokum, þó að ég gæti haldið lengri ræðu um kosti þess að við gengjum í Evrópusambandið, að á fundi Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja þann 27. apríl síðastliðinn kom mjög mikilvæg yfirlýsing fram í ræðu Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings, með leyfi forseta:

„Hreiðar Már segir ljóst að það stýritæki sem vaxtastýring Seðlabankans er sé ekki nægilega öflugt tæki í hagstjórninni. Hann telur að tvennt sé til ráða við núverandi aðstæður í hagkerfinu, að taka upp evruna með inngöngu í Evrópusambandið eða afnema verðtrygginguna.“

Virðulegi forseti. Þetta var sagt í apríl á fundi Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Það hefur ekki heyrst múkk frá ríkisstjórninni um það hver framtíðarsýn hennar sé í þessum efnum. Ég tel það vera ábyrgðarhluta vegna þess að umræðan um aðild okkar að Evrópusambandinu snýst fyrst og fremst um lífskjör. Hér hefur ríkt óstjórn í efnahagslífinu og það er staðreynd að íslenskt viðskiptalíf er afar viðkvæmt fyrir utanaðkomandi áhrifum, eins og fram hefur komið í ræðu minni, það þolir ekki fréttir erlendis frá um skýrslugjöf. Þess vegna er það ábyrgðarhluti að horfa fram hjá þessu, þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir lífskjör í landinu, við verðum hluti af stærri heild, við verðum hluti af stærra myntsvæði og því fylgir meiri stöðugleiki. Við fáum lægri vexti, það er staðreynd, við getum afnumið verðtrygginguna, hún mun falla um sjálfa sig, og við fáum meiri stöðugleika í efnahagslífið. Og eins og ég kom inn á áðan þá hafa komið fram mjög sterk rök fyrir því og það hefur komið fram í niðurstöðum kannana og athugana og rannsókna fræðimanna að utanríkisviðskipti hér gætu aukist um allt að 60%. Þetta, virðulegi forseti, er eitthvað sem við verðum að taka fullt mark á og ég vona að þingheimur fari að hlusta á þetta en sitji ekki sofandi meðan atvinnulífið losar sig við krónuna þannig að íslenskur almenningur verði sá eini sem tekur upp krónu og greiðir af húsnæðislánum sínum eða fyrir mat en aðrir verði ekki hér í viðskiptum með krónu. Þetta tel ég mikilvægt, frú forseti, og fannst eiga erindi inn í þessa umræðu.

[18:46]

**Útbýting:**

Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, 232. mál, nál. sjútvn., þskj. 539; brtt. sjútvn., þskj. 540.

Brottfall úr framhaldsskólum, 155. mál, svar menntmrh., þskj. 493.

Búnaðarfræðsla, 189. mál, brtt. JBjarn, þskj. 541.

Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, 220. mál, nál. félmn., þskj. 537; brtt. félmn., þskj. 538.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 357. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 544.

Skráning og mat fasteigna, 350. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 543.

[18:47]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu, annars vegar um Fjölmennt og hins vegar um starfsþjálfun. Það hefur komið fram í fjölmiðlum undanfarið að nám fyrir geðfatlaða sé í ákveðnu uppnámi. Hér er um að ræða samstarfsverkefni Fjölmenntar og Geðhjálpar varðandi menntun og starfsendurhæfingu fyrir geðfatlaða.

Hjá Fjölmennt hefur því verið haldið fram að þessu verkefni sé sjálfhætt um áramótin ef ekki komi til aukin fjárveiting og er vísað m.a. til þess að í árslok 2004 hafi ríkisstjórnin falið menntamálaráðherra að tryggja þennan rekstur en það hafi ekki gengið eftir.

Hvað erum við hér að tala um? Við erum að tala um samstarfsverkefni Geðhjálpar og Fjölmenntar sem er kallað menntun og endurhæfing, og það er engin spurning að það er full þörf fyrir úrræði af þessu tagi. Þetta er nám sem er mikilvægur hluti endurhæfingar fólks sem hefur misst fótanna á vinnumarkaði eða þurft jafnvel að hætta skólagöngu vegna geðraskana.

Lagalegur réttur geðfatlaðra til endurhæfingar þegar hennar er þörf er alveg ótvíræður, eins og kemur fram í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, en í markmiðsgrein laganna segir að það beri að „tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi".

Varðandi endurhæfingu og stoðþjónustu kemur fram í 8. gr. laganna að það skuli veita „fötluðum þjónustu sem miðar að því að gera þeim kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra".

Jafnframt kemur fram í 26. gr. laga um málefni fatlaðra að þeir skuli „njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi".

Til hverra taka svo lögin nákvæmlega? Í 2. gr. kemur það skýrt fram en þar segir, með leyfi forseta:

„Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum."

Það ætti að vera ljóst af þessu, frú forseti, að lagalegur réttur geðfatlaðra til endurhæfingar þegar þess er þörf er ótvíræður.

Eins og ég minntist á áðan er þetta nám hjá Fjölmennt/Geðhjálp í uppnámi. Það vantar, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, 12 millj. til að starfsemin geti haldið eðlilega áfram á næsta ári. Eins og ég hef nefnt hér áður er þetta nám liður í því að hjálpa fólki til að komast aftur út í samfélagið. Margt af þessu fólki væri ella nánast lokað af gagnvart samfélaginu þannig að þetta nám gefur fólki tækifæri til að komast aftur út í lífið. Reynslan sýnir að þetta hefur hreinlega breytt lífi fólks, hvort sem það hefur þá farið út í meiri skólagöngu eða jafnvel alla leið út í atvinnulífið.

Um það snýst þetta að miklu leyti, þ.e. að hjálpa fólki til að komast af örorkubótum og út í atvinnulífið sem ætti að sjálfsögðu að vera markmið okkar allra að vinna að.

Það er rétt að minna á það hér, frú forseti, að í samtali við Morgunblaðið þann 10. október sl. sagðist félagsmálaráðherra leggja mikla áherslu á málefni geðfatlaðra og að hann hygðist beita sér fyrir því að ráðuneytið fyndi í samvinnu við mennta- og fjármálaráðuneytið leið til að tryggja Fjölmennt áframhaldandi rekstrarfé.

En það er þarna eins og svo víða annars staðar að verkefnið skarast á milli þriggja ráðuneyta og það virðist oft því miður vera þannig að það sé nóg til þess að málefni strandi.

Það hefur jafnframt komið fram í fjölmiðlum, frú forseti, að öllum kennurum Fjölmenntar sem hafa séð um þetta sérstaka nám fyrir fólk með geðraskanir og heilaskaða hefur verið sagt upp af þessum sökum. Verður námið því skert verulega um áramót ef ekki kemur til 12 millj. kr. viðbótarfjárveiting á árinu 2007.

Fyrir nokkrum árum sendi Geðhjálp áskorun til ráðherra ríkisstjórnarinnar varðandi þetta verkefni. Þar kom skýrt fram að menntamálaráðherra var falið að tryggja áframhaldandi rekstur verkefnisins en það virðist ekki hafa verið gert.

Seinni breytingartillagan sem ég er með varðar Ekron-starfsþjálfun. Ég fór yfir það hér við 2. umr. fjárlaga hvaða verkefni væru þar í gangi og hversu þýðingarmikil þau gætu verið og skoraði á fjárlaganefnd að taka þau sérstaklega til skoðunar en því miður hefur nefndin ekki séð sér fært að setja þangað hærra framlag en 4 millj. kr. Ársrekstrarkostnaður er áætlaður 72,4 millj.

Um hvað snýst þessi Ekron-starfsþjálfun og endurhæfing? Hún snýst einfaldlega um það að aðstoða óvirka vímuefnaneytendur við að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Það er aftur það sama og í hinu tilfellinu, hér er verið að leita leiða til þess að koma fólki af örorkubótum og yfir á vinnumarkaðinn. Það ætti ekki að vefjast fyrir neinum hve mikill fjárhagslegur sparnaður það gæti orðið fyrir ríkissjóð. Það hefur m.a. verið reiknað út að áætlaður kostnaður vegna örorku einstaklings sem fer á örorku um 32 ára aldur getur verið yfir 100 millj. kr. Þá er ekki tekið tillit til kostnaðar vegna heilbrigðisþjónustu og annarra gjalda sem einstaklingurinn ella hefði greitt, t.d. til lífeyrissjóða.

Eitt er sérstakt við það, frú forseti, að ekki skuli vera gert ráð fyrir hærri fjárveitingu til þessarar starfsþjálfunar, sú staðreynd að í hópi meðmælenda með þessum rekstri eru fjórir ráðherrar sem hafa lýst því yfir að þeir mundu styðja þennan rekstur og telji hann nauðsynlegan, bæði fyrir þessa einstaklinga og fyrir ríkissjóð að sjálfsögðu. Þau eru hæstv. félagsmálaráðherra Magnús Stefánsson, hæstv. heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir, hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason og hæstv. umhverfisráðherra Jónína Bjartmarz.

Eins og ég sagði áðan snýst þessi starfsþjálfun um að aðstoða öryrkja við að fara af örorku og út á vinnumarkaðinn og ætti því að vera keppikefli okkar allra að styðja við slíka starfsemi.

Rætt hefur verið um að fólki sem verður öryrkjar vegna geðraskana hefur hlutfallslega fjölgað og hluti af því vandamáli er einmitt ungmenni sem hafa verið í vímuefnaneyslu. Því fylgir oft kvíði o.s.frv. og á endanum verða þessir einstaklingar öryrkjar og háðir ríkinu.

Eins og kom fram áðan talaði ég fyrir þessum málum hér við 2. umr. en þau hafa því miður ekki notið náðar fjárlaganefndar og ekki komist á blað þeirra breytingartillagna sem liggja fyrir en ég mun leggja fram hér á morgun við atkvæðagreiðslu um fjárlögin, 3. umr., breytingartillögur í þá veru að styðja þennan rekstur og reikna nú með því, þótt ekki væri nema vegna yfirlýsinga hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar hér í dag, að þetta verði samþykkt, a.m.k. af flokki hans.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti hyggst gera hlé á þessum fundi á næstu örfáu mínútum og hv. ræðumaður hefur val um það hvort hann vill ljúka ræðu sinni á næstu 3–5 mínútum eða hefja mál sitt á nýjan leik að loknu matarhléi kl. hálfátta. Ræðumaður getur líka valið um það að finna hentugan stað til að fresta ræðu sinni.)

Ræðumaður á einungis eina mínútu eftir, frú forseti.

(**Forseti** (JóhS)**:** Þá heldur ræðumaður áfram máli sínu.)

Þakka þér fyrir.

Fyrri breytingartillagan við brtt. 513, a-lið 7. tölul., hljóðar þannig að í stað fjárhæðarinnar 0,9 komi 12,9. Við 9. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða bætist nýr liður, Fjölmennt, menntunar- og starfsendurhæfingarúrræði fyrir geðfatlaða og heilaskaðaða, með 12 millj. kr. framlagi.

Seinni breytingartillagan við breytingartillögur fjárlaganefndar er þannig að við a-lið 13. tölul. komi í stað fjárhæðarinnar 0,8 69,2. Í 17. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða breytist 7. tölul., Ekron-starfsþjálfun, þannig að í stað 4 millj. kr. komi 72,4 millj. kr.

Eins og áður sagði, frú forseti, miðast þær báðar við að fylla upp í það skarð sem ég hef farið hér yfir varðandi Fjölmennt, menntunar- og starfsendurhæfingarúrræði fyrir geðfatlaða og heilaskaðaða, og Ekron-starfsþjálfun.

[19:00]

**Útbýting:**

Ársreikningar, 302. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 546.

[Fundarhlé. — 19:00]

[19:31]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Mig langar að nefna nokkur atriði. Þau snúa að fjárlögunum við 3. umr. Ég hafði ætlað að taka til máls við 2. umr. en þá var orðið svo langt liðið á kvöld að ég ákvað að geyma þá ræðu til þeirrar 3. umr. sem nú stendur yfir.

Atriðin sem mig langar til að nefna snúa að öldruðum og öryrkjum og tillögum stjórnarandstöðunnar frá því við 2. umr. sem ríkisstjórnarmeirihlutinn felldi við þá afgreiðslu og síðan eru það nýjar tillögur stjórnarandstöðunnar við 3. umr. Ég vil gjarnan koma aðeins að fjárveitingu til Landspítalans og síðan að fötluðum og uppbyggingu á sambýlum fyrir þá. Um það ætlaði ég aðallega að tala við 2. umr. En ég hafði ekki tök á því vegna þess hvað umræðan dróst á langinn.

Eins og komið hefur fram í umræðunni ákvað stjórnarandstaðan að sameinast um fáar en mikilvægar tillögur við afgreiðslu þessara fjárlaga fyrir árið 2007 og lagði til breytingar sem snúa að bættum kjörum ellilífeyrisþega og öryrkja og voru þær í samræmi við þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar um breytta framtíðarskipan lífeyrismála. Þá lögðum við til við 2. umr. og erum reyndar að leggja þessar sömu breytingartillögur fram nú við afgreiðslu frumvarps heilbrigðisráðherra í framhaldi af samkomulagi, eins og þeir kalla það eða yfirlýsingu, aldraðra og ríkisstjórnarinnar frá því 19. júlí í sumar. En tillögurnar sem við lögðum fram við 2. umr. sneru að því að ný tekjutrygging, sem verður lögfest líklega nú fyrir áramótin og tekur gildi um áramót við breytta bótaflokka frá almannatryggingunum, verði hærri en ríkisstjórnin gerir ráð fyrir, að hún verði fyrir aldraða 85 þús. kr. og fyrir öryrkjana 86 þús. kr. frá 1. janúar sem er allnokkru hærri upphæð en ríkisstjórnin leggur til.

Við lögðum sömuleiðis til og munum leggja til við afgreiðslu frumvarps heilbrigðisráðherra að skerðing á bótum vegna annarra tekna verði minni en ella. Hún er í dag 45%. Við leggjum til að hlutfallið verði 35% frá áramótum. Ríkisstjórnin gengur mun skemur, lækkar þó skerðingarhlutfallið aðeins, mun leggja til nokkra lækkun en þó ekki eins mikla og við.

Við lögðum líka til að frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega yrðu 75 þús. kr. á mánuði. Ekki gat ríkisstjórnarmeirihlutinn fallist á það. Samkvæmt tillögum sem líklega koma fram á næstu dögum frá meiri hlutanum í heilbrigðis- og tryggingaefnd verður lagt til 25 þús. kr. frítekjumark og það sjá allir sem vilja að það er mjög lág upphæð. Aldraðir geta lítið unnið eða tekið þátt í atvinnulífinu fyrir þá upphæð á mánuði enda hefur verið gert grín að því í blöðum nú undanfarið hvað ríkisstjórnin leggur fram lága frítekjuupphæð þarna gagnvart skerðingunni á tekjutryggingunni.

Við lögðum einnig til að 75 þús. krónurnar giltu fyrir öryrkjana. Það kæmi mun betur út fyrir þá sem hafa lægstu tekjurnar en sú regla sem gildir nú. Það hefði komið þeim sem hafa úr minnstu að spila mun betur en sú regla sem gildir nú.

Við lögðum einnig fram að ráðstöfunarfé, þ.e. vasapeningar á stofnunum hækkuðu um 50% og það aftur í tímann frá 1. júlí 2006, og sömuleiðis að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. í 75 þús. sambærilegt við það frítekjumark sem við lögðum til gagnvart atvinnutekjunum. Þessar tillögur okkar voru einnig felldar við 2. umr. En þess ber að geta að við teljum mjög mikilvægt að greiðslufyrirkomulagi á daggjaldastofnunum fyrir aldraða verði breytt þannig að það verði svipað og er fyrir fatlaða á sambýlum þannig að fólk missi ekki fjárhagslegt sjálfstæði sitt við það að lenda inni á hjúkrunarstofnun eða vera lengi inni á stofnun heldur haldi sínum tekjum og greiði síðan fyrir þá þjónustu sem það fær. Einnig þyrfti að vera mun meira val um hvaða þjónusta býðst fólki sem fer inn á hjúkrunarheimili.

Við lögðum einnig til fjárveitingar til þess að unnt væri að afnema að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna til atvinnu- og lífeyristekjur maka og að það gengi í gildi um áramótin. Nú höfum við verið að fjalla einmitt um þessar tillögur í heilbrigðis- og tryggingaefnd undanfarna daga og í ljós kemur að það hvernig ríkisstjórnin ætlar að lögfesta þessar breytingar sem koma út úr nefnd forsætisráðherra undir stjórn Ásmundar Stefánssonar gerir það að verkum að enn fleiri gallar koma fram í kerfinu heldur en nokkurn tíma áður og að í rauninni er verið að gera kerfið mun flóknara en lagt var upp með. Markmiðið með öllum þessum breytingum sem nefndin komst að samkomulagi um, eða niðurstaða nefndarinnar varð um, var að einfalda kerfið. En það háttalag sem haft er á með gildistöku og hægt minnkandi tekjuskerðingu vegna tekna maka gerir það að verkum að kerfið verður mun flóknara. Það er furðulegt að ríkisstjórnin geti ekki fallist á það að minnsta kosti að minnka það flækjustig með því að samþykkja þessar tillögur frá okkur í minni hlutanum. Það var sem sagt lagt til við 2. umr. að fá fjármagn til þess að þessar breytingar gætu tekið gildi um áramótin. En við 2. umr. var það fellt.

Við lögðum einnig til að öryrkjar sem misst hafa starfs-

getu snemma á ævinni og því ekki geta safnað sér lífeyri í lífeyrissjóðum en hafa fengið örorkuuppbót haldi henni eftir að þeir eru komnir á ellilífeyri. Sú fjárveitingartillaga var einnig felld. Það verður að segjast eins og er að eftir að hafa fylgst með þeirri afgreiðslu við 2. umr. þá sjá allir sem vilja sjá að þessi ríkisstjórn ber ekki hag aldraðra og öryrkja fyrir brjósti.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefndinni hafa lagt fram breytingartillögur við 3. umr. og framhaldsnefndarálit eftir að ríkisstjórnarmeirihlutinn felldi allar tillögurnar sem komu fram við 2. umr. og þar eru teknir fyrir tveir þættir sem snúa að öldruðum og öryrkjum. Þar er sem sagt lagt til að frítekjumarkið verði 70 þús. kr. Það er lækkað um 5 þús. kr. frá þeirri tillögu sem kom fram við 2. umr. Það er sem sagt lagt til að um áramótin verði frítekjumark gagnvart tekjutryggingunni hjá elli- og örorkulífeyrisþegunum 70 þús. kr. á mánuði. En ég minni á að stjórnarmeirihlutinn hefur lagt til þessar smánarlegu 25 þús. kr. sem komu fram — eru ekki í frumvarpinu reyndar — en komu fram hjá ráðherra í umræðu um þessi mál. En samkvæmt yfirlýsingunni við aldraða var gert ráð fyrir að þessar 25 þús. kr. kæmu ekki fyrr en eftir fjögur ár, það frítekjumark. Þetta er því allt mjög smánarlegt í þeim efnum frá ríkisstjórninni.

Hin tillagan frá minni hluta fjárlaganefndar, þ.e. fulltrúum Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Frjálslyndra er síðan um að flýta mjög uppbyggingu á hjúkrunarþjónustu, búsetu og umönnunarmálum aldraðra með því að skila til baka þeim fjármunum sem teknir hafa verið úr Framkvæmdasjóði aldraðra og hafa farið í rekstur eða annað, þ.e. að þeim verði skilað til uppbyggingar þangað til búið verður að leysa þann vanda sem fólk stendur frammi fyrir. Eins og menn vita þá bíða mörg hundruð aldraðir eftir að komast að á hjúkrunarheimilum eða eftir annarri þjónustu. Það vantar tilfinnanlega skammtímavistun og hvíldarinnlagnir eða hvíldarrými fyrir þá sem dveljast heima, þ.e. til að hvíla aðstandendur sem sinna sínum nánustu í heimahúsum. Bara í umræðunni um heilabilaða fyrr í haust kom fram að rúmum fyrir hvíldar- eða skammtímavistun fyrir heilabilaða fækkaði um helming nú á þessu ári. Það voru fjögur pláss en eru aðeins tvö í dag sem eru sérhæfð fyrir heilabilaða. Þau henta í rauninni ekki nema þeim sem eru hvað verst farnir af þessum sjúkdómi. Fyrir þá sem eru minna veikir og þá sem eru yngri hentar þessi skammtímavist alls ekki. Ég vil minna á að við verðum að fara að huga að því að taka við og fá þjónustu fyrir ört stækkandi hóp þeirra sem munu fá þennan sjúkdóm þar sem öldruðum fjölgar mjög í samfélagi okkar. En ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að fjölga hjúkrunarrýmum á næstu fjórum árum um 374 sem dugar alls ekki til til að leysa þennan vanda, alls ekki.

Ég vil líka minna á að um þúsund aldraðir á hjúkrunarheimilum í dag dvelja þar í fjölbýli, annaðhvort tveir eða jafnvel þrír saman í herbergi, mjög þröngt. Það er auðvitað ástand sem við getum ekki boðið fólki upp á sem er orðið veikt og þarf hjúkrunarvist. Þarna er því líka mikill vandi sem þarf leysa. Minni hluti fjárlaganefndar leggur til að 5 milljörðum verði skilað aftur í þessar framkvæmdir þannig að hægt verði að leysa þennan vanda.

Mig langar til að nefna, af því að ég er að ræða þetta atriði sérstaklega, að á stórum fundi sem Aðstandendafélag aldraðra hélt í Háskólabíói í lok nóvember lýsti séra Jóna Hrönn Bolladóttir, í mjög áhrifamiklu erindi, þeim vanda sem margir aldraðir standa frammi fyrir. Hún talaði m.a. um eigin aðstæður og föður sinn sem orðinn er mjög veikur. Hún lýsti því hvernig stór hópur aldraðra sem bíður eftir hjúkrunarþjónustu fær hana aldrei. Hún nefndi dæmi um að þegar röðin væri komin að fólki þá hentaði sú þjónusta því alls ekki. Þetta er vanvirðing við kynslóð sem er í dag farin að missa heilsuna og hefur skilað samfélaginu ævistarfi sínu. Þetta er alger lítilsvirðing við þetta fólk að standa svona að þjónustunni.

Við í stjórnarandstöðunni höfum lagt fram breytingartillögur við fjárlagagerðina að þessu sinni. Nú er að sjá hvort ríkisstjórnarmeirihlutinn er tilbúinn að styðja heldur lægra frítekjumark gagnvart atvinnutekjum hjá elli- og örorkulífeyrisþegum og skila síðan til baka þeim fjármunum sem teknir hafa verið af þeim markaða tekjustofni sem Framkvæmdasjóður aldraðra er og verið settir í annað en uppbyggingu. Því á að skila aftur þannig að hægt sé að eyða biðlistum. Menn hafa tækifæri til þess, þegar atkvæðagreiðslan fer fram um fjárlögin, að snúa við blaðinu og bæta ráð sitt. Gangi það ekki eftir hvet ég fólk, sem fylgist með afgreiðslu fjárlaga og hvernig menn skipta fjármunum sem við leggjum öll í sameiginlega sjóði og deilum út til þjónustu fyrir þá sem þurfa mest á henni að halda, til að kjósa ekki yfir sig fólk sem forgangsraðar á þann hátt, sem skilur út undan þá kynslóð sem skilað hefur dagsverki, ævistarfi sínu til samfélagsins. Margir aldraðir þurfa á hjúkrunarþjónustu að halda en margir hverjir fá hana aldrei, eins og Jóna Hrönn Bolladóttir prestur sagði frá í Háskólabíói á stórum fundi Aðstandendafélags aldraðra.

Tillögur okkar munu þannig koma til atkvæðagreiðslu og ég vil nefna að áður en þing fer heim fyrir jólin munu einnig koma aftur til atkvæða tillögur okkar sem snúa að bættum kjörum aldraðra, þegar frumvarp heilbrigðisráðherra kemur inn í þingið eftir nokkra daga

Virðulegi forseti. Næst langar mig aðeins að gera að umtalsefni uppbyggingu og þjónustu við fatlaða. Í samtali sem ég átti við formann Þroskahjálpar og fleiri fulltrúa hagsmunasamtaka fatlaðra var mér bent á að miðað við fjárlagafrumvarpið eins og það er nú muni biðlistar eftir þjónustu sem snýr að þroskaheftum og þeim sem eru fatlaðir lengjast vegna þess að ekki er gert ráð fyrir að fjölga muni í þeim hópi sem þarf þá þjónustu sem hingað til hefur verið byggð myndarlega upp fyrir fatlaða. Þetta á við um búsetu, stuðning, atvinnutækifæri, endurhæfingu o.s.frv.

Nýverið skilaði hæstv. félagsmálaráðherra glæsilegri skýrslu, vel unninni, um þjónustu við fatlaða. Ég held að hún hafi komið á netið í gær, fyrradag eða nú um helgina. Þar er mjög glæsilegt plagg en því miður virðist fjárlagahlutinn, þ.e. peningarnir sem þarf til að hægt sé að fylgja eftir öllum þeim fínu hugmyndum og tillögum sem fram koma í skýrslunni, ekki gera ráð fyrir úrbótum. Peningarnir fylgja ekki og því verður allt tal um stefnumótun, að það eigi að setja Ísland í fremstu röð eins og fjálglega hefur verið talað um og verið kynnt á blaðamannafundum og í umræðum um stefnumótunina um málefni fatlaðra, bara marklaust og innantómt hjal. Það er orðin tóm ef ekki fylgja fjár-

munir til að koma því í framkvæmd. Ég verð að segja að ég get tekið undir með fulltrúum þeirra hagsmunasamtaka sem hafa bent á þetta. Ég furða mig á því að ráðherrar með mikinn metnað sem hafa látið fara fram vandaða vinnu í málaflokknum skuli ekki fylgja henni betur eftir en svo að fjármunir til að koma henni í framkvæmd fylgi ekki þegar fjárlög eru afgreidd. Það er ekki beint trúverðugt að standa þannig að málum.

Ég gagnrýni harðlega að ekki skuli veittir fjármunir til að veita þjónustu þeim fötluðu sem bætast við og þurfa þjónustu með sambýlum, stuðningsúrræðum, dagþjónustu o.s.frv. Biðlistar munu lengjast. Það er ámælisvert þegar þannig er staðið að málum gagnvart fötluðum og þeim sem búa við þroskahömlun.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að nefna annað atriði við umræðuna, þ.e. Landspítala – háskólasjúkrahús. Ég tók eftir því að við 2. umr. kom fjárveiting upp á einn milljarð til Landspítalans enda var ljóst að fyrirsjáanlegur halli á þessu ári er 1 milljarður kr. Sömuleiðis stendur Landspítali – háskólasjúkrahús frammi fyrir frekari fjárhagsvanda þar sem uppsafnaður halli í lok síðasta árs, sem spítalinn er látinn dragnast með, hala sem safnar dráttarvöxtum, er tæpar 500 millj. kr. Fjárveitingin dugir því ekki til að veita óbreytta þjónustu áfram.

Við vitum hvers vegna þessi staða er komin upp hjá spítalanum. Það er að mestu leyti vegna óhagstæðrar gengisþróunar en stór hluti útgjalda spítalans er í erlendri mynt. Sömuleiðis er hallinn til kominn vega þenslu á vinnumarkaði og aukins launakostnaðar. En hann er ekki síst vegna aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu spítalans, þ.e. þjónustu sem Landspítali – háskólasjúkrahús verður að sinna. Honum er ekki stætt á að vísa fólki annað því að spítalinn á að taka við öllum. Hann tekur við stórslysum, við þeim sem önnur sjúkrahús geta ekki sinnt. Í fjárlagafrumvarpinu, eins og það kom inn í þingið, var ekkert gert til að taka á þessum vanda. Aðeins var gert ráð fyrir að fjárveitingar til spítalans hækkuðu í samræmi við áætlaða verðlags- og launavísitölu en þess má geta að Landspítalinn hefur verið rekinn með óbreyttum raunfjárframlögum ríkisins frá 1999–2006. Þjónustan hefur aukist jafnt og þétt en samt sem áður gerði ríkisstjórnin ekki ráð fyrir að spítalinn lækkaði áætlaðan rekstrarkostnað sinn árið 2007.

Ég minni á að þegar slys eða alvarlegir sjúkdómar koma upp getur Landspítalinn ekki sagt: Afsakið, því miður. Við erum búnir með fjárveitinguna. Það er ekki í boði. Þeir verða að taka við öllum og er skylt að veita öllum sem þangað leita bestu mögulegu þjónustu. Þangað koma öll erfiðustu tilfellin, inn á Landspítala – háskólasjúkrahús. Ekki nóg með það heldur er Landspítali – háskólasjúkrahús einnig hið almenna sjúkrahús höfuðborgarsvæðisins þar sem íbúum hefur fjölgað um 6,8% á síðustu fimm árum og þeim sem eru yfir sjötugt hefur fjölgað um 11,3%. Þeim sem eru eldri en 80 ára hefur fjölgað um 25,2%. Auðvitað finnur spítalinn það á þjónustu sinni þegar öldruðum fjölgar svo mjög. Þess ber einnig að geta að erlendum ferðamönnum sem þurfa þjónustu hefur líka fjölgað mikið. Þeir koma inn á Landspítalann. Þessi fjölgun kemur fram í aukinni eftirspurn sem spítalinn verður að mæta.

Mig langar að nefna nokkur dæmi úr mjög fróðlegum bæklingi sem Landspítalinn sendi frá sér nú í haust sem heitir Starfsemisupplýsingar LSH. Þar telja þeir upp hversu mjög þjónustan á spítalanum hefur aukist. Ég ætla að nefna nokkur dæmi. Komum á dagdeild Landspítalans fjölgaði t.d. um hátt í 12.000 á árunum 2000–2005. Komum á göngudeildir fjölgaði um 54.500 á þessum tíma. Komum á slysa- og bráðadeildir fjölgaði um 9.000 á árabilinu 2000–2005. Kransæðavíkkunum fjölgaði um 226, hjartaþræðingum um rúmlega þúsund. Ég ætla að minna á að hver kransæðavíkkun kostar frá 770 þús. kr. til 1.330 þús. kr. og hver hjartaþræðing kostar á bilinu 150–375 þús. kr. Síðan koma til ný lyf, ný tækni og annað sem hefur í för með sér viðbótarkostnað. Þetta eru allt upplýsingar úr stórfróðlegum bæklingi, Starfsemisupplýsingum LSH. Þær sýna, svo ekki verður um villst, hvað þjónusta spítalans hefur aukist þrátt fyrir að fjármunir til spítalans hafi ekki hækkað í samræmi við það.

Mig langar að nefna dæmi, vegna þess að það hefur verið nokkuð í umræðunni undanfarið, að stjórnendur spítalans og læknar hans standa frammi fyrir því, aðallega stjórnendur þó, hvort taka eigi í notkun ný krabbameinslyf sem sannað hafa gagnsemi sína og breyta þá notkun annarra lyfja sem verið hafa í notkun fyrir þröngt skilgreinda hópa. En til að geta tekið upp þessi nýju krabbameinslyf sem gagnast ákveðnum hópi betur en þau lyf sem notast er við þá þarf spítalinn a.m.k. 350 millj. kr. til viðbótar. Maður veltir fyrir sér, þegar spítalanum hafa verið svo naumt skammtaðir fjármunir í þetta langan tíma, hvort stjórnvöld séu að leggja það til að forgangsraða á spítalanum eftir því hvaða sjúkdómum fólk er haldið.

Í þessum svokölluðu sólskinsfjárlögum var ekki gert ráð fyrir viðbótarpeningum til þessa stóra spítala, einnar af helstu heilbrigðisstofnunum okkar. Ég minni á að einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, sem hefur gert sig gildandi í heilbrigðismálum, lagði til að leysa vandann og spara með því að færa þjónustu út af spítalanum. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum að ekkert sýnir fram á að sú starfsemi sem hefur verið færð út af spítalanum hafi reynst hagkvæmari eða betri. Það er ekkert sem sýnir að það spari nokkuð og engar lausnir sjáanlegar.

Ég velti því fyrir mér hvaða skilaboð ríkisstjórnin er að senda stjórnendum spítalans og þeim 5.000 starfsmönnum sem þar starfa með því að gera ekki fjárveitingum til spítalans hærra undir höfði, þ.e. greiða ekki frekar til hans en raun ber vitni. Við vitum að starfsfólkið hefur lagt mjög hart að sér. Ég hitti daglega konur sem starfa á Landspítalanum og þær hafa sagt mér að vinnuumhverfið sé orðið mjög þrúgandi þar vegna stöðugs aðhalds í fjármálum og vinnuálags en eins og ég benti á áðan hafa fjárveitingar til spítalans aðeins hækkað í samræmi við áætlaða verðlags- og launavísitölu.

Einnig ber að hafa í huga að þegar spítalanum er haldið í spennitreyju hvað varðar fjármuni þá er erfitt að ætlast til þess að hægt sé að fjölga sífellt aðgerðum og fylgjast með nýjungum í læknisfræði fyrir sömu fjárframlög. Ég verð að segja að starfsfólk Landspítalans hefur unnið þrekvirki á liðnum árum en það er ekki hægt að ætlast til þess að þannig gangi það endalaust verði fjárframlög áfram skorin við nögl. Ég hef mjög miklar efasemdir um að milljarður-

inn sem bættist við við 2. umr. dugi til. En auðvitað ber ríkisstjórnarmeirihlutinn ábyrgð á þeim fjárlögum sem hér er verið að afgreiða. Eins og ég sagði áðan höfum við í minni hlutanum, fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Frjálslyndra, ákveðið að leggja áherslu á fá mál en mikilvæg. Málefni Landspítalans eru auðvitað mikilvæg og ég bendi fulltrúum meiri hlutans í fjárlaganefnd á þessa þætti og vísa allri ábyrgð til þeirra varðandi fjárlögin.

Ég minni enn fremur á að frá okkur í stjórnarandstöðunni eru komnar tillögur við 3. umr. sem snúa að frítekjumarkinu gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum, 70 þúsund kr. á mánuði. Minna má það varla vera en það er hlægilegt að ætlast til að fólk geri sér að góðu þessar 25 þús. kr. sem ríkisstjórnin skammtar þeim og áttu að koma eftir fjögur ár. Menn geta ekki unnið mikið án þess að fara yfir 25 þús. kr. á mánuði. Síðan minni ég á tillögu um að skila til uppbyggingar á hjúkrunarþjónustu, búsetu og umönnunarmálum fyrir þá sem eru hjúkrunar þurfi, 5 milljörðum kr. úr framkvæmdasjóðnum sem hafa verið teknar í annað.

Mig langar, áður en ég lýk máli mínu, af því að ég hef talað mikið um aldraða að minna á að fjöldi yngra fólks er hjúkrunar þurfi. Því fólki hefur líka verið gert erfitt fyrir og margt hvert bíður eftir hjúkrunarplássi við hæfi. Það er erfiðara að sækja um hjúkrunarpláss fyrir þá sem eru undir 67 ára. Það er ekki sama ferlið sem þeir þurfa að ganga í gegnum og þeir sem eru orðnir ellilífeyrisþegar. Það er auðvitað óeðlilegt og á auðvitað að gilda það sama fyrir alla. Ef þú þarft á þjónustunni að halda þá áttu að geta fengið hana, sama á hvaða aldri þú ert. Langveik börn fá þjónustu og það þykir sjálfsagt. Foreldrarnir fá hvíldarinnlagnir en þegar fólk er komið yfir miðjan aldur, búið að missa heilsuna og er jafnvel heima, þá er ekki jafnsjálfsagt að aðstandendur þeirra fái skammtímavist fyrir sjúklinginn sem þeir annast. Það er ekki sami aðgangur að hjúkrunarvist fyrir þann sjúkling og fyrir börnin og þá sem eru orðnir 67 ára. Þetta er þáttur sem við verðum að taka á og breyta þannig að allir eigi greiðan aðgang að þeirri þjónustu í velferðarkerfinu sem þeir þurfa sannarlega á að halda.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns ætla ég ekki að hafa ræðu mína langa heldur aðeins taka á þessum fjórum þáttum sem ég hef farið lauslega yfir, þ.e. tillögur okkar í minni hlutanum, tillögurnar sem stjórnarmeirihlutinn felldi við 2. umr. Ég nefndi stöðuna í málefnum fatlaðra og þjónustu við þá, svo sem sambýli, dagþjónustu, stuðningsúrræði og annað. Biðlistar fyrir þessa þjónustu munu lengjast ef ekki verður breyting á fjárveitingum til málaflokksins. Auk þess nefndi ég stöðuna á Landspítalanum og það sem ég óttast að muni gerast verði engin breyting á hvað hann varðar.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og ætla ekki að hafa ræðu mína lengri en vonast til að stjórnarmeirihlutinn sjái að sér og samþykki breytingartillögur okkar úr stjórnarandstöðunni þegar þær koma til atkvæða við lokaafgreiðslu fjárlaga.

[20:08]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Nú þegar dregur að því að umræða um frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár, árið 2007, er á lokaskrefum, ef svo má að orði komast, vil ég aðeins leggja orð í belg, sérstaklega líka vegna þess að ég átti þess ekki kost að taka þátt í 2. umr.

Það hefur verið um margt athyglisvert að hlusta á þær umræður sem átt hafa sér stað. Hápunktur dagsins var að hlusta á ræðu hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar, 7. þm. Reykv. n., í dag um fjárlög þar sem hann fór yfir fjárlög íslenska ríkisins af sinni alkunnu snilld. Umræðan var tölulega vert lituð ummælum síðustu helgar og áfram. Ég hugsaði með mér að ef ég ætti eina ósk, núna rétt fyrir jólin, mundi ég óska þess að allir þingmenn Framsóknarflokksins á næsta kjörtímabili, sem ég held að verði ekki nema 4–5 ef guð lofar, yrðu nákvæmlega eins og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson. (**BJJ:** Það er óraunhæft.) Ég veit að óraunhæft er að þeir verði 4–5, það er rétt hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, ég held að þeir verði færri. Þar sem ég nefndi tíðindi helgarinnar, sjálfseyðingarhvöt og allt það þessi hv. þingmaður notaði þegar hann fór yfir fjárlög íslenska ríkisins, er dálítið sérstakt að hv. þingmaður kemur úr kjördæmi í Reykjavík, Reykv. n., sem mælist með 2% fylgi. (**BJJ:** 3%.) Það var akkúrat það sem ég vissi reyndar að Framsóknarflokkurinn í Reykv. n. var með 3% fylgi og 2% í Reykv. s. Mér fannst bara svo gaman að heyra hv. þm. Birki Jón Jónsson, fulltrúa Framsóknarflokksins, sem er hér í salnum kalla fram að það væru 3%. Það var náttúrlega alveg (Gripið fram í.) dásamlegt að heyra þá tölu, (Gripið fram í.) að Framsóknarflokkurinn í Reykv. n. skuli mælast með 3% fylgi þaðan sem þessi hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson kemur, að vísu eins og komið hefur fram eftir að nokkuð margir hafa hrökklast frá borði. Ber þá fyrstan að nefna fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra og utanríkisráðherra sem hrökklaðist úr stólnum eftir rúmt ár, úr stól sem hann passaði aldrei í og náði aldrei tökum á. Það er alltaf ljótt, alveg sama hver maðurinn er, þegar menn eru í of stórum fötum. Það fer þeim illa. Það var einmitt þannig sem það gerðist. Svo gerðist meira, fleiri hrökkluðust frá borði. Erfðaprinsinn sem átti að taka við Framsóknarflokknum hrökklaðist líka frá. Og inn kom þessi prýðilegi dásamlegi þingmaður, Guðjón Ólafur Jónsson, sem fór beint inn í 3–4 nefndir þingsins eins og aðrir framsóknarmenn. Þeir eru sem betur fer svo fáliðaðir að þeir þurfa að skipta þessu vel niður á sig. Hann fór í fjárlaganefnd og hin ánægjulegu tíðindi þessa dags við 3. umr. var fjárlagaræða hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar.

Ég ítreka það sem ég sagði, ég vona að ef framsóknarmenn á annað borð verða kosnir við kosningarnar 12. maí 2007 verði allir eins og þessi hv. þingmaður.

Ég sé að hv. þm. Birkir Jón Jónsson er í salnum. Ég hlustaði líka með athygli á ræðu hans, þá miklu bjartsýni, óskhyggju og allt það sem kom fram í ræðu hans um árangur ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum, en þá kom upp í hugann — best að segja það strax vegna þess að hér var samflokksmaður minn, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, að fara yfir málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss — það var að vísu ekki við þessa umræðu sem hv. þingmaður gat þess, heldur við 2. umr. og var eiginlega það sem stóð eftir í huga mínum eftir ræðu hv. þingmanns við 2. umr. fjárlaga — ekki man ég hvort það var í ræðu eða andsvari — en það var þegar hv. þingmaður talaði um að hann hefði

fengið fréttir af því að skjólstæðingar einhverrar tryggingastofnunar hefðu þurft að bíða eftir að fá símtal við þá ágætu stofnun í 15 mínútur. Ég hugsaði með mér að ef þetta væri eini vandinn í trygginga- eða heilbrigðiskerfinu mætti tvöfalda þann biðtíma töluvert eftir símtali við Tryggingastofnun. Mikið óskaplega var þetta þunnur þrettándi sem kom þar fram, að tala um þetta sem vandamál sem þyrfti að lagfæra svolítið og ég hygg að hv. þingmaður hafi þá átt við að veita þyrfti meira fé til Tryggingastofnunar þannig að þar mætti fjölga starfsfólki við að svara í símann.

Það er sannarlega rétt að margt starfsfólk þarf hjá Tryggingastofnun til að stunda þá útreikninga, endurútreikninga og taka við skilaboðum, símtölum og samtölum bæði frá eldra fólki og öryrkjum varðandi þær tekjuskerðingar sem fólk verður fyrir, allt að því óskiljanlegar sumum hverjum, og er núverandi hæstv. ríkisstjórn ekki til sóma eins og það hefur verið. Mörg dæmi hefur maður fundið og fengið um hvers konar tekjur skerða bætur eldri borgara, allt frá því að viðkomandi selur kannski húsbréf sem viðkomandi fékk við sölu á sinni dýrmætustu eign, þ.e. húsnæðinu, og hefur svo kannski farið á elliheimili. Ég þekki dæmi þess að einstaklingur hafi fengið allt að tveggja ára skerðingu í framhaldi af því að hafa selt nokkur húsbréf. Ég þekki líka dæmi þess að fólk hefur þurft að ganga í sjóði sína til að fá sér pening í atvinnuleysi eða til að ná saman endum og þá hefur skerðing komið. Svona má lengi telja.

Nýjasta dæmið sem ég heyrði um þessa tekjuskerðingu sem reiknuð er út hjá Tryggingastofnun, stofnun sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, gat um í ræðu sinni við 2. umr. að hann hefði heyrt að fólk þyrfti að bíða í 15 mínútur eftir að fá samband við þjónustuaðila þar, er um hjón úti á landi sem leigt hafa frá sér hluta af húsinu og fengið fyrir það nokkrar leigutekjur sem eru notaðar til að borga rafmagn, hitaveitu, fasteignagjöld og viðhald. Engu að síður eru bráttóleigutekjurnar notaðar til að skerða tekjur viðkomandi einstaklinga.

Ég tek eftir því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, er farinn úr salnum. Mér þykir það miður vegna þess að ég ætlaði að taka fyrir það sem ég held að hefði verið betra fyrir hann að tala um sem bið eftir kerfinu. Það er dæmi sem við þekkjum vel, þ.e. að vegna fjárskorts í heilbrigðiskerfinu, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og e.t.v. fleirum, kemst það fólk sem þarf að fara í liðskiptaaðgerð ekki að. Heyrst hafa sögur af því að frá og með enduðum ágúst á einum spítalanum og eitthvað seinna á hinum, þ.e. á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, hafi kvótinn fyrir slíkar aðgerðir einfaldlega verið búinn. Það fólk sem er svo óheppið að bíða þess að komast í aðgerð kemst ekki að fyrr en einhvern tímann á næsta ári. Fjárveiting til þessara þátta er búin og má ekki gera meira.

Virðulegi forseti. Ég set þetta í samhengi, eins og ég hef áður sagt, við ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, formanns fjárlaganefndar. Hann ræddi um, ég ætla ekki að segja biðlistann í kerfinu heldur biðina í kerfinu, þ.e. hann vissi af einstaklingi sem bíða þurfti í 15 mínútur eftir að fá samband við þjónustufulltrúa hjá Tryggingastofnun. Ég held að hv. þingmaður hefði átt að kynna sér betur stöðuna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Þá setti hann þetta kannski ekki fram á jafnósmekklegan hátt og hann gerði. Hann horfir fram hjá aðalatriðunum, t.d. þeim sem ég talaði um. Hann kemur síðan eins og ég veit ekki hvað og ber sér á brjóst fyrir hönd fjárlaganefndar og ríkisstjórnarmeirihlutans fyrir það eitt að hafa í fjáraukalögum og síðan í breytingartillögum við fjárlög fyrir árið 2007 bætt 1 milljarði kr. til Landspítalans og 100 eða 120 millj. kr. til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Hann telur sig þar með hafa himin höndum tekið og það sé dæmi um hina ágætu ríkisstjórn að beinlínis allt sé gert sem beðið er um. Það er hins vegar ekki svo, virðulegi forseti.

Ég á sæti í heilbrigðis- og tryggínganefnd. Þegar stjórnarmeirihlutinn var að semja nefndarálit sitt frá heilbrigðis- og tryggínganefnd vorum við í minni hlutanum spurð hvort við ætluðum ekki að vera með á því, eins og oft gerist, með eða án fyrirvara. Ég tilkynnti fyrir hönd minni hlutans að við yrðum ekki á því. Þá var ekkert fjallað um það sem þá var vitað, að Landspítala – háskólasjúkrahús vantaði 1 milljarð kr. í frumvarpi til fjárlaga 2007 til að geta haldið uppi óbreyttum rekstri eða svipuðum og hann er núna, væntanlega með þeim takmörkunum sem innbyggðar eru í spítalanum í dag miðað við fjárframlög.

Það kom mér ákaflega á óvart að stjórnarmeirihlutanum í heilbrigðis- og tryggínganefnd var algjörlega ókunnugt um að 1 milljarð kr. vantaði fyrir fjárveitingu 2007. Þessi milljarður kom hins vegar frá hv. fjárlaganefnd. Það var sérkennilegt að verða þess áskynja að stjórnarmeirihlutinn í heilbrigðis- og tryggínganefnd hafði ekki hugmynd um það. Hér hefði verið ástæða til að spyrja um aðrar heilbrigðisstofnanir, t.d. Heilbrigðisstofnun Austurlands og hvort þar sé búið að gera allt sem þarf að gera til að hún geti haldið áfram eðlilegri starfsemi. Eins og við þingmenn Norðausturkjördæmis vitum hefur verið hjá okkur beiðni allt þetta ár um að vinna á fjárhagsvanda Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Samtök sveitarfélaga á Austurlandi og fleiri hafa óskað eftir því við þingmenn kjördæmisins að fundað verði með þeim. Hins vegar verður að segjast eins og er, sem er dapurlegt, að hv. 1. þm. Norðaust., Valgerður Sverrisdóttir, hefur ekki enn fundið tíma til að halda þann fund og hefur ekki getað komið honum á enda er hún þeirrar skoðunar að þingmannahópurinn sem slíkur eigi lítið að koma að málum.

Þetta er önnur nefndanna sem ég sit í á hinu háa Alþingi. Ég hef farið yfir hennar aðkomu og ætla að láta það duga vegna þess að ég veit að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur farið vel yfir það sem að henni snýr.

Ég ætla hins vegar að skoða frumvarpið út frá hinni nefndinni sem ég sit í, þ.e. samgöngunefnd. Ég sagði áðan um ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar sem lýsti fyrir hönd stjórnarmeirihlutans óskhyggju og bjartsýni á árangur. Ég held að í október á næsta ári, 2007, komi í ljós að þetta er glanspappír, glanspakki, hugglegur jólapakki, mikill tekjuafgangur og allt það. Þessu er pakkað inn í fallegar umbúðir en innihald pakkans er ekki eins gott og gefið er til kynna.

Það er rétt, virðulegi forseti, og ber að taka undir að það er ánægjulegt að skuldir ríkissjóð hafa lækkað. Það er sannarlega rétt. Annað væri hins vegar óeðlilegt en að af þeim ofboðslegu tekjum sem ríkissjóður dregur til sín hafi ekki

eitthvað verið notað til að lækka skuldir vegna þess að ekki hefur verið svo mikið um framkvæmdir á vegum ríkisins. Ég ætla að koma að því á eftir í sambandi við samgöngumálin.

Tekjuflæðið í ríkissjóð hefur verið mikið. Þær tekjur hafa sem betur fer verið notaðar til að grynnka á og lækka skuldir ríkissjóðs. Tekjurnar eru m.a. innflutningstekjur af viðskiptahalla sem er um 20% af vergri landsframleiðslu, sem áætlað er að verði á þessu ári um 220 milljarðar kr. Engan skyldi undra að í ríkissjóð koma miklar tekjur með slíkum viðskiptahalla.

Í ríkissjóð hafa einnig komið tekjur og skattar af skuldasöfnun landans, almennings og fyrirtækja. Þær hafa aukist mjög og eru Íslendingar að verða með skuldugri þjóðum miðað við þær tölur sem menn hafa séð frá OECD. Það er ekki nóg að horfa bara á skuldir ríkissjóðs sem hafa verið lækkaðar, skuldir almennings hafa hækkað, skuldir fyrirtækja hafa hækkað, skuldir sveitarfélaga hafa hækkað og þannig má áfram telja.

Ríkisstjórnin hefur verið mjög iðin við það, frá upphafsári stjórnarsamstarfsins 1995, að auka sífellt skatttekjur sínar af þjóðfélagshópum sem síst ætti að ráðast á, þ.e. gamalmennum og öryrkjum. Það er staðreynd að aldraðir og öryrkjar, með örlitlar lífeyristekjur, borga tvo til tvo og hálfan mánuð af árstekjum sínum í skatta til ríkis og sveitarfélaga. Skatttekjur ríkissjóðs af öldruðum og öryrkjum hafa flætt í ríkiskassann undanfarin ár og m.a. verið notaðar til þess sem ríkisstjórnin gumar sem mest af, þ.e. að lækka skuldir ríkissjóðs. Verði þeim að góðu með þær tekjur en ég hef áður sagt að sú skattheimta er einn mesti smánarblettur á okkar ríka og vel menntaða þjóðfélagi og hvernig komið er fram við aldraða og öryrkja. Þess vegna lýsi ég því með sérstakri ánægju að stjórnarandstaðan kom fram sem heild með þá einu breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga við 2. umr. sem er í takt við þingmál sem öll stjórnarandstaðan flutti í upphafi þings. Hún er mjög lík því sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt undanfarin ár varðandi aldraða og öryrkja.

Tillaga okkar var felld að viðhöfðu nafnakalli af stjórnarmeirihlutanum sem sýnir enn einu sinni svart á hvítu að þrátt fyrir gaspur stjórnarmeirihlutans, þar sem margir hverjir eru nýkomnir úr prófkjöri — þá á ég sérstaklega við sjálfstæðismenn, frambjóðendur þess flokks, hvernig þeir skrifuðu og auglýstu að þeir vildu ganga til verka til að bæta hag aldraðra og öryrkja. Þeir féllu á fyrsta prófi. Þingmennirnir sem hér sitja og voru í prófkjöri þar sem þeir skrifuðu og töluðu um frítekjumark, hærri örorkustyrk og hærri bætur til aldraðra og öryrkja, féllu á fyrsta prófi eins og ríkisstjórnin í heild sinni.

Áður en ég sný mér að öðru en þessum mikilvæga málaflokki ítreka ég að það er skömm þessarar ríkisstjórnar hve miklar tekjur ríkissjóður hefur fengið með sköttum á aldraða og öryrkja. Það er hins vegar ánægjulegt, virðulegi forseti, að leiðrétting þeirra mála hlýtur að verða fyrsta verkefni stjórnarandstöðunnar ef henni tekst, eins og lítur út fyrir í dag, að fella þessa ríkisstjórn. Þá verður fyrsta verkefni hinnar frjálslyndu stjórnar jafnaðarmanna að bæta kjör aldraðra og öryrkja. Þeir eiga það sannarlega inni.

Stjórnarmeirihlutinn gumar af því að ríkið skuldi orðið lítið. Þá kem ég að hinum opinbera aðilanum, sveitarfélögum í landinu. Í fréttum í kvöld kom fram að hjá Ráðhúsi borgarinnar væri traustur ís á tjörninni og fréttamaðurinn sem stóð á honum sagði að ísinn væri traustur en fjárhagur Reykjavíkurborgar væri ekki eins traustur. Þegar meira að segja stærsta sveitarfélag landsins á ekki tekjur fyrir venjulegum rekstrargjöldum getum við spurt hvernig ástatt sé fyrir öðrum sveitarfélögum sem lifa ekki af hina miklu þenslu í landinu, sem aðallega er á höfuðborgarsvæðinu. Hvernig er staðan hjá þeim sveitarfélögum? Hvernig er staðan hjá sveitarfélögum með þúsund, tvö þúsund, fimm þúsund eða fimmtán þúsund íbúa?

Ég hef heyrt, virðulegi forseti, að það sé verulegt gat hjá Akureyrarkaupstað, upp á einar 240 millj. Ég gat þess áðan hvernig staðan er hjá Reykjavíkurborg og tekjuafgangurinn er eingöngu vegna þess að Reykjavíkurborg er að selja hlut sinn í Landsvirkjun, þess vegna lítur það vel út. Við skulum svo fara yfir það hvort eitthvað í þessu frumvarpi til fjárlaga verður til þess að bæta stöðu sveitarfélaganna í landinu. Nei, síður en svo. Enn einu sinni er hægt að koma hér upp við afgreiðslu fjárlaga og gagnrýna bæði ríkisstjórnina og síðast en ekki síst stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir linkind og allt að því aumingjaskap í samskiptum sínum við ríkisvaldið. Þar að auki er himinn og haf milli hagsmuna stóru sveitarfélaganna og litlu sveitarfélaganna í landinu, litlu sveitarfélaganna víða á landsbyggðinni sem setja 60–70% af tekjum sínum í menntakerfið og eiga þá ekki nærri nóg fyrir öllu sem þarf að gera. Þannig stækkar sú gjá sem er milli íbúa þessara sveitarfélaga sem eiga að njóta þeirrar þjónustu sem lögbundið er að sveitarfélögin eigi að veita en þessi litlu sveitarfélög geta engan veginn veitt og sífellt stækkar þessi gjá.

Það kom nýlega fram að u.þ.b. 2.500 þegnar þessa lands telja eingöngu fram fjármagnstekjur. Það er nú svo, virðulegi forseti, að af fjármagnsskatti, þessum 10% skatti sem greiddur er af fjármagnstekjum og verðbótum, við skulum hafa þær í huga líka, rennur ekkert til sveitarfélaganna. Ekkert hefur verið gert í því af hálfu ríkisstjórnarinnar eða forustumanna Sambands íslenskra sveitarfélaga að fá þetta lagfært, að breyta þessu sem ég held að hafi komið til á síðustu 3–5 árum í svona auknum mæli. Þetta skekkir mjög rekstur sveitarfélaganna og tekur frá þeim tekjur. Talað er um að taka upp viðræður við ríkisvaldið um þetta en nýkjörin stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, með Halldór Halldórsson, bæjarstjóra og sjálfstæðismann á Ísafirði í broddi fylkingar, og Árna Þór Sigurðsson, borgarfulltrúa Vinstri grænna í Reykjavík sem varaformann, er ekki að gera neitt í þessum málum um þessar mundir, að mér skilst. Það er dapurlegt ef sjálfstæðismenn sem stýrt hafa Sambandi íslenskra sveitarfélaga, núverandi borgarstjóri og bæjarstjórinn á Ísafirði sem tekinn er við, eru svo flokkshollir ríkisstjórn sinni og sínum flokki að þeir gleyma að berjast fyrir hagsmunum Sambands íslenskra sveitarfélaga, og sérstaklega á ég þá við litlu sveitarfélögin úti um allt land sem, eins og ég sagði áðan, berjast mjög í bökkum vegna fjárhagserfiðleika. Svo kemur ríkisstjórnin, forsætisráðherra og aðrir, og hundskamma sveitarfélögin fyrir að taka ekki þátt í aðgerðum til að minnka þenslu í landinu. Það er ekki öll vitleysan eins.

Við getum líka farið yfir það, virðulegi forseti, að með breytingu á lögum um einkahlutafélög hefur þeim fjölgað að mig minnir í rúmlega 20 þúsund á umliðnum árum eða frá því að reglur um þau voru rýmkaðar. Það var ágæt aðgerð en hún hefur samt sem áður gert það að verkum að sveitarfélögin fá miklu minni tekjur en áður vegna þess að menn reikna sér lægri laun, áður fyrr greiddu menn skatta sína og útsvör af sínum rekstri en nú er það komið yfir í einkahlutafélagið þar sem bæði er greidd lægri skattprósenta og allt fer til ríkisins en ekkert til sveitarfélagsins.

Virðulegi forseti. Þetta lýsir sér kannski best í því að sveitarfélögin í landinu þyrftu að nota tekjur sínar í rúmlega tvö ár til að eiga á móti skuldum. Nú geta menn vafalaust sagt eins og vant er með sveitarfélögin: Já, en það eru miklar eignir á móti. Það eru vafalaust miklar eignir í holræsakerfi, vatnskerfi og götum og þess háttar en menn verða að hafa í huga að það er enginn til að kaupa þær eignir, skuldirnar verða ekki borgaðar niður nema með skattfé viðkomandi íbúa.

Þetta er einn þátturinn í því að tekjur ríkissjóðs hafa aukist svo mikið sem raun ber vitni, þetta mikla tekjuflæði inn í ríkissjóð sem notað er svo til þess að menn geti barið sér á brjóst og talað um hvað þeir stjórni vel og hvað allt sé gott. Þarna er sem sagt verið að færa, samkvæmt þeim dæmum sem ég hef tekið, ríkissjóði miklar tekjur frá sveitarfélögunum í landinu sem sitja svo eftir, og íbúarnir sem í þeim búa, með skerta þjónustu. Stór gjá er að myndast á milli höfuðborgarsveitarfélaganna og fjölmargra sveitarfélaga úti á landi, ekki þó allra sem betur fer en þó nokkuð margra.

Í gær mælti hæstv. fjármálaráðherra fyrir frumvarpi um lækkun matarskatts, sem er gott og góðra gjalda vert. Loksins er það svo en þingflokkur Samfylkingarinnar, sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hafði svo miklar áhyggjur af í morgun og ég hef gert að umtalsefni, hefur verið í fararbroddi undanfarin mörg þing við flutning tillögu um lækkun matarskatts. Hann gerði það eitt af sínum fyrstu málum á þessu þingi, flutti útfærðar tillögur um það. Nokkrum dögum seinna kom ríkisstjórnin með sitt frumvarp. Samfylkingunni, okkur jafnaðarmönnum, tókst að lokum að reka ríkisstjórnina til þessa verks og loksins er þetta frumvarp komið fram. Því ber auðvitað að fagna, svo langt sem það nær. Í því frumvarpi var líka grein sem var um breytingu á virðisaukaskatti á áfengi, úr 24,5% niður í 7%, og það var dálítið sérstakt að hæstv. fjármálaráðherra, sem mælti fyrir þessu frumvarpi í gær, boðaði jafnframt og fór þess á leit við efnahags- og viðskiptanefnd að þessi þáttur frumvarpsins yrði ekki afgreiddur, yrði látinn bíða. Hvers vegna fór svo með nýlegt frumvarp sem fjármálaráðuneytið og sérfræðingar ríkisstjórnarinnar hafa vafalaust eytt miklum tíma í að búa til? Hvernig stóð á því að nokkrum dögum seinna þurfti fjármálaráðherra að koma með skottið á milli lappanna og biðja okkur þingmenn um að afgreiða ekki breytinguna á virðisaukaskattinum á áfenginu og hækkun á áfengisgjaldinu, eins og hann ætlaði, að biðja um að þetta yrði látið kyrrt liggja?

Í stuttu andsvari mínu, virðulegi forseti, við hæstv. fjármálaráðherra í gær gat ég ekki annað sagt en að ég héldi að það hefði verið ásetningur hæstv. ríkisstjórnar að gera þessa breytingu, þetta hefði verið meðvituð ákvörðun, hún hafi ætlað sér að ná í a.m.k. 3 milljarða kr. í auknu skattfé af sölu á áfengi á Íslandi í ríkiskassann. Það var hins vegar ekki reiknað með því að þau samtök sem berjast fyrir þau fyrirtæki sem selja áfengi í landinu, þ.e. vínveitingahús og skemmtistaði, færu svo fljótt af stað og yrðu svo snögg til að reikna út að sú breyting sem þarna var lögð til ætti og mundi að óbreyttu gefa 3 milljörðum meira í ríkiskassann en fjármálaráðherra sagði. Það skiptir engu máli þótt í frumvarpinu hafi staðið að ekki væri ætlunin að auka tekjur ríkissjóðs með þessum breytingum.

Hvers vegna segi ég þetta, virðulegi forseti? Það eru stór orð að ásaka hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórn fyrir það sem þarna er gert. Jú, ég skal rökstyðja það með svokölluðu dísilolíugjaldi sem hæstv. núverandi forsætisráðherra, þáverandi fjármálaráðherra landsins, Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, kom með í þingið og var samþykkt. Þar voru tekjur af þungaskatti teknar og þeim deilt í ímyndaðan fjölda seldra lítra af dísilolíu og út úr því fékkst hið himinháa dísilolíugjald sem er 45 kr. á lítrann í dag, að vísu með sífellt nýjum lögum um að veita 4 kr. afslátt og er nú 41 kr. í dag. Sú aðferð sem notuð var við að reikna út dísilolíugjaldið er mjög í takt við þá aðferð sem notuð er núna til að reikna út tekjur ríkissjóðs af áfengisgjaldinu vegna breytinga á virðisaukaskatti af áfengi. Menn ætluðu sér að ná þar í aukatekjur. Menn töluðu um það hér að kerfisbreytingin, úr þungaskatti yfir í dísilolíugjaldið, ætti ekki að hafa tekjuauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Var það svo, virðulegi forseti? Nei, síður en svo. Það hefur komið í ljós í gögnum, bæði frá fjármálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og öðrum, að það sem ég hef gagnrýnt hér allan tímann að sala, fjölda lítra af dísilolíu, er miklu meiri en gert var ráð fyrir. Þess vegna er ríkissjóður að ná til sín á þessu ári allt að 2 milljörðum kr. meira í tekjur af dísilolíugjaldi en ætlað var. Það má segja sem svo, virðulegi forseti, að sannarlega hefði verið hægt að sleppa t.d. þungaskattinum af tengivögnum vegna þess að tekjurnar eru miklu meiri en ætlað var. Sama aðferð er notuð af hæstv. ríkisstjórn með virðisaukaskattinn af brennivíninu og áfengisgjaldið og með kerfisbreytingunni úr þungaskatti yfir í dísilolíugjaldið. Þessi skatttpíningarríkisstjórn náði sér þarna í aukatekjur sem ekki var sagt frá. Það er verulegt umhugsunarefni, virðulegi forseti, fyrir hv. alþingismenn hvernig hið opinbera, framkvæmdarvaldið, ráðherrar og ráðuneyti, kemur með gögn inn til Alþingis — ég tók hér eitt dæmi um virðisaukaskattinn af áfengi og áfengisgjaldið, ég tók annað dæmi af breytingu úr þungaskatti yfir í dísilolíu, olíuskattinn. Svona má áfram telja hvernig framkvæmdarvaldið kemur inn til okkar alþingismanna með vitlaus gögn, beinlínis röng, viljandi eða óviljandi, og Alþingi, oftast nær stjórnarmeirihlutinn, er látið samþykkja þetta sem hefur svo þessar afleiðingar í för með sér.

Virðulegi forseti. Ég sé að í salnum er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem var formaður iðnaðarnefndar þegar breyting á raforkulögum var keyrð í gegnum Alþingi. Þá kemur upp í huga minn eitt atriði, þótt það sé ekki beint til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð en það er af sama meiði og þessi tvö dæmi sem ég tók, þ.e. um gögn sem koma frá framkvæmdarvaldinu sem gögn með frumvörpum og sem gögn

sem kallað er eftir í viðkomandi nefndum. Þá á ég auðvitað við þá miklu breytingu sem varð á raforkukerfinu 1. janúar 2005 með nýjum raforkulögum þar sem okkur í iðnaðarnefnd var sí og æ og eftir spurningar frá okkur, m.a. þeim þingmanni sem hér stendur og þeim hv. þingmanni sem situr úti í sal, þáverandi formanni iðnaðarnefndar, Kristni H. Gunnarssyni, þar sem margoft var kallað eftir því frá iðnaðarráðuneyti og ýmsum stofnunum hvaða afleiðingar þetta hefði í för með sér, hvort þetta væri hækkun eða lækkun. Og hvert var svarið sem við fengum? Þetta átti kannski að vera 1%. Hvert er svo dæmið? Jú, ég gerði það að umtalsefni ekki alls fyrir löngu þar sem ég spurði formann Framsóknarflokksins, núverandi hæstv. iðnaðarráðherra, út í það hvort ríkisstjórnin ætlaði að ganga eitthvað í það að jafna þann mikla kostnað sem leggst á fólk í dreifbýli, þá sem síst skyldi leggja auknar álögur á, bændur, fólk í litlum byggðarlögum, sem hefur verið að fá á sig allt að 60% hækkun á raforku vegna þessara kerfisbreytinga, vegna þess að gögn sem komu frá iðnaðarráðuneytinu til iðnaðarnefndar voru beinlínis röng. Ég er alveg sannfærður um það, virðulegi forseti, að við þingmenn hefðum hugsað okkur tvisvar um og hefðum ekki hleypt því máli í gegn eins og gerðist, ef við hefðum haft þær upplýsingar sem við höfum nú um framkvæmd þeirra laga og það sem augljóst var þar inni.

Þess vegna er það staðreynd, virðulegi forseti, að í því frumvarpi sem við ræðum nú fyrir árið 2007 verða engir auknir fjármunir veittir til niðurgreiðslu húshitunar eða til raforkudreifingar í dreifbýli. Það er jólagjöfin í ár frá hæstv. ríkisstjórn, stjórnarmeirihlutanum, til íbúa í hinum dreifðu byggðum landsins, sem fá á sig allt að 60% hækkun vegna húshitunar, að fá það óbætt áfram beint í hausinn eins og þeir hafa fengið, niðurgreiðslur verða ekki auknar. Þetta eru sannarlega kaldar kveðjur, sérlega kaldar kveðjur til íbúa þessara svæða, frá Framsóknarflokknum. Við skulum heldur ekki gleyma Sjálfstæðisflokknum, þótt hann reyni alltaf að vera fjarverandi við öll svona óþægileg mál er sökin engu að síður mikil hjá sjálfstæðismönnum.

Virðulegi forseti. Eitt af þeim atriðum í frumvarpi til fjárlaga sem við ræðum hér og stjórnarmeirihlutinn hælir sér mjög af er að nú á að veita miklu meira fé til samgöngumála, til vegagerðar í landinu. Ef ég man rétt er talað um hækkun upp á 4 milljarða kr. Þetta á sem sagt að nota í átak í samgöngumálum landsins, í vegagerð. Það hefur líka verið mjög gaman að fylgjast með því hvernig fulltrúar stjórnarmeirihlutans koma hér upp í ræðustól og hæla sér af því sem þarna er sett fram, að nú eigi aldeilis að bretta upp ermar og byggja vegi úti um allt, nú verði tekið til hendinni, 2+2 í þessa átt, 2+1 í aðra átt og jarðgöng hér og jarðgöng þar o.s.frv. Guð láti gott á vita, virðulegi forseti. Vonandi gengur þetta eftir.

En þetta hefur ekki alltaf gengið eftir, því miður. Við höfum áður séð svona frumvarp til fjárlaga. Við höfum áður séð borubratta stjórnarþingmenn tala um að nú fari þetta allt að breytast, það verði settir svo miklir peningar í vegamál og annað slíkt. Hæstv. samgönguráðherra heldur fundi og talar um að stórátak í vegagerð sé hafið. Sá sem hér stendur skal verða síðastur til að andmæla því, það er sennilega mikil þörf á að það verði gert. Ríkisstjórnin hefur stuðning minn til þeirra verka. En hver er svo raunveruleikinn í því sem gert hefur verið? Það er þannig, og ég hef stundum sagt það, að ég vildi óska að kosið væri til Alþingis á hverju einasta ári, a.m.k. með tilliti til þess hvað kemur í frumvarpi til fjárlaga til vegagerðar. Svo skrýtið sem það er voru svipuð áform uppi um stórátak í vegagerð þegar við afgreiddum fjárlög árið 2002, fyrir árið 2003. Haldnir voru fundir í Iðnó af núverandi hæstv. samgönguráðherra og þáverandi formanni samgöngunefndar, sem mig minnir að hafi verið Árni Johnsen, og það voru dregnar upp þvílíkar glærur og Íslandskort og ég veit ekki hvað og hvað. Nú yrði gaman að vera Íslendingur og keyra um þjóðvegi landsins, nú væri allt á réttri leið. Rúmir 16 milljarðar voru áætlaðir í fjárlögum fyrir árið 2003 í það stórátak sem gera átti. Má ég aðeins minna á það til skýringar að alþingiskosningar voru vorið 2003, ef ég man rétt 10. maí, og frambjóðendur stjórnarflokkanna fóru um öll héruð, í alla bæi og öll kauptún og allar sveitir og boðuðu fagnaðarerindið.

Hver var svo raunveruleikinn? Alþingi var varla komið saman eftir kosningar 2003 þegar byrjað var að skera niður og fresta.

Strax í fjárveitingum til samgöngumála árið 2004 var þetta dottið niður í 13 milljarða, árið 2005 niður fyrir 13 milljarða og síðan koll af kolli. Áformin sem voru uppi hafa verið þannig að framkvæmdir í vegamálum hafa verið skornar niður um 2 milljarða kr. á ári, árið 2004, 2005 og núna 2006. 6 milljarða kr. niðurskurður í samgöngumálum eftir kosningar 2003, eftir hin miklu áform sem komu fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 sem eru keimlík því sem skrifað er inn í frumvarpið nú fyrir árið 2007.

Ég vara við því að þessi ágætu áform sem ég styð, ég vildi gjarnan sjá meira, verði skorin niður áður en langt um líður. Það verða vafalaust fundnar einhverjar góðar ástæður fyrir því að skera þau niður, eins og t.d. þensla eða að verktakar bjóði ekki nógu vel eða eitthvað svoleiðis. Einhver ástæða verður fundin til þess. Það er rétt að hafa það í huga, virðulegi forseti, að tekjur ríkissjóðs af bifreiðanotkun og bifreiðainnflutningi árið 2005, sem er það ár sem við höfum til að bera saman eða taka rauntölur, eru hvorki meira né minna en 47 milljarðar kr. Hve miklu skyldi vera varið til vegagerðar og vegaframkvæmda eins og ég hef gert hér að umtalsefni? 13,4 milljörðum árið 2005. 34 milljarðar kr. renna beint í ríkissjóð og eru notaðir þar og svo kemur stjórnarmeirihlutinn og hælir sér af því að tekjuafgangur sé svo mikill hjá ríkissjóði. Auðvitað er hann mikill, m.a. vegna þess sem ég hef talið upp sem er skattar af öldruðum og öryrkjum, svívirðileg framkoma gagnvart sveitarfélögunum í landinu, tekjur af neyslu þjóðfélagsins, neyslusköttum, tekjur af 220 milljarða viðskiptahalla og öðrum innflutningi og svo tekjur af bifreiðanotkun og bifreiðainnflutningi. 34 milljarðar runnu þráðbeint inn í ríkissjóð árið 2005, m.a. notaðir til að greiða niður skuldir eins og við sjáum.

Er þetta eitthvert nýmæli, virðulegi forseti? Nei, það er nefnilega ekki svo. Þetta er búið að vera svona mörg undanfarin ár. Það er búið að vera þannig að frá árinu 1995, þegar sjálfstæðismenn og framsóknarmenn tóku saman í ríkisstjórn, hefur verið slegið heimsmet að mati Félags íslenskra bifreiðaeigenda og fleiri aðila, sem hafa látið sig þetta varða og hafa reiknað þetta út, í skatttekjum af bif-

reiðanotkun og bifreiðainnflutningi. Árið 2004 komu tæpir 40 milljarðar í ríkiskassann en einungis 14,1 milljarður fór til vegagerðar. Á kosningaárinu 2003, eins og áður hefur komið fram, voru heildartekjur ríkissjóðs af bifreiðainnflutningi og bifreiðanotkun rúmir 34 milljarðar kr. og þá var kosningagjöfin og eytt örlítið meira en síðustu 2–3 ár eða 17,3 milljörðum kr. Árið áður var, eins og áður sagði, aðeins 13 milljörðum varið til vegamála og tekjurnar voru þá 31,3 milljarðar kr. Enda sjáum við að framlag til vegamála sem hlutfall af landsframleiðslu var árið 2005 það lægsta í sögu þessarar ríkisstjórnar frá 1995, eða 1,35%, en tekjurnar voru 4,65%. Tekjurnar af ökutækjum sem hlutfall af landsframleiðslu 4,65% en einungis 1,35% varið til vegamála miðað við landsframleiðslu. Lægsta hlutfall frá 1995. Mér segir svo hugur að það þurfi að fara töluvert aftar til að finna lægra hlutfall ef það er þá til. Og hvers vegna segi ég þetta, virðulegi forseti? Jú, ég bendi á það lýðskrum sem felst í þessu frumvarpi þar sem boðaðar eru auknar fjárveitingar til vegamála, sem sannarlega er þörf á um land allt, en ég óttast að þetta sé ekkert annað en kosningaáróður, eingöngu sett hér svo að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna geti riðið um héruð eins og þeir gerðu 2003 og sagt að nú verði allir vegir byggðir upp og allar brýr tvöfaldaðar og jarðgöng hér og jarðgöng þar o.s.frv. Ég er áhugamaður um svona framkvæmdir, ég fagna því að meira fé verði sett til vegamála eins og margoft hefur komið fram í ræðu minni á hinu háa Alþingi, mér finnst að setja mætti meira til þeirra, en ég treysti ekki hæstv. ríkisstjórn til að fylgja eftir þeim áformum sem boðuð eru í þessu frumvarpi. Ég hugsa að þjóðhátíðardagurinn 17. júní 2007 verði ekki liðinn þegar við förum að heyra að ýmsu verði frestað af þessum áformum.

Ég hef gert að umtalsefni tekjuöflun og skatta ríkissjóðs sem hafa stórhækkað, skattar á almenning hafa stórhækkað, *alveg sama þótt ríkisstjórnarflokkarnir telji okkur trú um* annað, það er þannig að ýmsar breytingar í þessum óbeinu sköttum hafa gert það að verkum að þetta er svona.

Það er sannarlega þörf á stórátaki í vegamálum eins og boðað er í þessu frumvarpi, það þyrfti að vera miklu meira og þyrfti að vera þannig að staðið yrði við það. Menn verða að átta sig á því að í okkar ágæta landi sem er ekki mjög stórt erum við þó með um 13 þús. kílómetra af vegum. Ég er ekki viss um að allir þingmenn geri sér grein fyrir hvernig skipting þeirra er en á fundi sem ég var á ekki alls fyrir löngu kom það fram. Það voru ákaflega athyglisverðar tölur. Þær eru þannig að stofnvegir eru 4.230 kílómetrar og á höfuðborgarsvæðinu eru þeir 99 kílómetrar, tengivegir eru rétt rúmir 4 þús. kílómetrar og á höfuðborgarsvæðinu 18 kílómetrar, safnvegir eru 2.576 kílómetrar, enginn á höfuðborgarsvæðinu, svokallaðir landsvegir eru 2.225 kílómetrar, 14 kílómetrar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta sýnir dæmið.

Ég vil minna á svar hæstv. samgönguráðherra við fyrirspurn minni fyrir einu eða tveimur árum, þar sem ég dró m.a. fram þær upplýsingar sem ég hef farið með hér, um heildartekjur ríkissjóðs af bifreiðainnflutningi og bifreiðanotkun á móti því sem varið er í vegakerfið. Hægt er að skoða hvernig þeir vegir skiptast eftir kjördæmum og eftir sveitarfélögum. Það er hryllilegt að skoða ýmsa tengi- og safnvegi í ýmsum byggðarlögum landsins. Þar eru m.a. brýr frá 1910, að mig minnir, sem mjólkurbíllinn sem þarf að keyra um sveitina til að ná í afurðir frá bændum kemst varla yfir nema tómur. Þetta er ástandið. Fjölmargir af þessum vegum hafa ekki það burðarþol sem þarf í dag, ég tala ekki um eftir að strandsiglingar lögðust af. Þess eru dæmi, t.d. við jafnfallegt og gott byggðarlag eins og Vopnafjörð, að menn hafi ekki getað skipað út fiski árið 2006 vegna þess að þjóðvegurinn hefur ekki burði til þess og þarf að loka honum og setja á hann þungatakmarkanir á vorin. Þetta er ástandið í vegakerfinu þótt margt hafi áunnist.

En af 13 þús. km eru eingöngu 4.600 km lagðir bundnu slitlagi, mest auðvitað á hringveginum. Það hefur aukist úr 3.700 km á árinu 1999. Á sama tíma hefur ökutækjum í landinu fjölgað. Talið er að fjölgun ökutækja frá árinu 1999–2005 sé um 30% og umferð hefur að sjálfsögðu aukist. Ég hef t.d. séð tölur um að umferð um Suðurlandsveg og Hellisheiði hafi aukist um 40% frá árinu 1999 og um Vesturlandsveg sunnan Þingvallavegar um 62%. Það er athyglisvert í þeirri umræðu sem fram fer núna um endurbætur á Suðurlandsvegi um Hellisheiði sem er sjálfgefið að þurfi að fara í og þá til langs tíma, að það dugi til fjölmargra næstu ára. Þá held ég að ekki sé hægt að gera annað en fara í svokallaðan 2+2 veg. Þau hörmulegu slys sem orðið hafa á þessum vegi sýna að við getum ekki búið við þá vegi sem byggðir voru fyrir mörgum árum. Til langs tíma voru svokallaðir 1+1 vegir, þ.e. venjulegir þjóðvegir eins og við keyrum á í dag, 6,5 metra breiðir. Nokkrir voru gerðir 7,5 m breiðir en síðustu ár eru þeir 8,5 metrar. Miðað við þessa miklu umferð og þær miklu tekjur sem streyma inn í ríkiskassann verður að leggja meiri áherslu á að bæta þá vegi sem um ræðir. Þar verður að vera vegrið sem skilur að akstursstefnur, hvort sem það er í 2+1 eða 2+2 vegi, sem talið er koma til greina á Suðurlandsvegi, 19 metra breiða rúmlega. Sú framkvæmd yrði þá til næstu 35 eða 40 ára, *samanber framkvæmdir á Reykjanesbraut. Menn sjá þvílík* bylting þar varð.

Ég sagði áðan, virðulegi forseti, að áherslurnar í samgöngumálum væru misjafnar eftir kjördæmum og eftir svæðum. Á höfuðborgarsvæðinu byggjast þær á að umferðin gangi hraðar frá A til B, ef svo má að orði komast. Úti á landi snýst það um hvort fólk komist yfir höfuð milli staða, eins og ég nefndi áðan með veginn niður í Vopnafjörð. Sama gildir um fjölmarga aðra staði. Það er ljóst að gera þarf miklu meira átak í vegagerð á Íslandi, virðulegi forseti. Ég held að fara þyrfti í meiri framkvæmdir til næstu 3–4 ára og gera töluvert meira stórátak en ríkisstjórnin gumar sér af í frumvarpi til fjárlaga. Ég hef þó fyrirvara á því þar sem ég treysti þeim ekki til að fylgja því eftir. Það verður verkefni næstu ríkisstjórnar að leggja töluvert meira fé í vegagerð á Íslandi, annars vegar að gera betra flæði á milli og tryggja að menn komist yfir höfuð á milli. Byggja þarf upp eldgamla niðurgrafna vegi sem víða eru úti á landi, byggja jarðgöng o.s.frv. Það ætti að vera eitt af forgangsverkefnunum í framkvæmdum ríkisins næstu 3–4 ár.

Ég ætla að leyfa mér að segja, virðulegi forseti, að ég held að íslenska þjóðin verði töluvert sátt við að leggja meira fé til vegagerðar á næstu árum, sem skiptist auðvitað milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Það yrði unnið á öllum þessum svæðum, Sundabraut í Reykjavík, tvöföldun

á Suðurlandsvegi, þess vegna í einkaframkvæmd, sem ég held að sé mjög álitlegur kostur að prófa, t.d. með Suðurlandsveg enda tókst framkvæmdin við Hvalfjarðargöng mjög vel og hefur verið til góðs.

En það þarf líka að taka til hendinni í landsbyggðarkjördæmunum. Þar ætla ég að fara aðeins yfir þau tvö sem ég þekki best, þ.e. Norðvesturkjördæmi og mitt kjördæmi, Norðausturkjördæmi. Þar eru ýmis aðkallandi verk sem þarf að ráðast í. Fyrir það fyrsta þarf að ljúka malbikun á hringveginum um Arnarstaðamúla í Norðausturkjördæmi, sem vonandi er að komast á framkvæmdastig eftir þá vitlausu aðgerð ríkisstjórnarinnar að stoppa framkvæmdir í sumar vegna þenslu, eins og það hét, sem hæstv. forsætisráðherra dró til baka tveimur mánuðum seinna og sagði að ástandið væri betra í þjóðfélaginu. Það hefði gengið svo niður þenslan og verðbólgan að nú væri allt í lagi að starta nokkrum vegabútum úti á landi sem kostuðu 1.100 millj. kr. á þessu ári. Það var mjög ánægjulegt að þegar hæstv. forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni að þenslan hefði minnkað og verðbólgan minnkað og í lagi að fara að vinna við veginn niður á Vopnafjörð eða veg milli Þistilfjarðar og Öxarfjarðar, Dettifossveg eða eitthvað af þeim vegabótum sem við höfum talað um.

Virðulegi forseti. Það er sannarlega þannig að á fjölmörgum stöðum, t.d. á Vopnafirði á árinu 2006, að menn búa við allsendis vonlausan veg og framkvæmdum við hann hefur verið frestað fram á næsta ár. Það á að vinna fyrir 300 millj. kr. og eitthvað aðeins meira árið 2008. Þannig mun árið 2008 eða 2009 loksins verða kominn uppbyggður almennilegur vegur til Vopnafjarðar. Það er auðvitað ekki boðlegt.

Sama má segja um nýjan veg í staðinn fyrir Öxarfjarðarheiði, sem er einn sá alfurðulegasti vegur sem enn er í vegakerfi okkar. Hann er niðurgrafinn lækjarvilpum í og ég veit ekki hvað. Hann lokast við fyrstu snjóa. Þar átti að byggja upp nýjan veg, milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar, svokallaða Hófaskarðsleið. Hún var skorin niður í sumar en datt aftur inn síðar. En enn kemur hæstv. forsætisráðherra og flytur frumvarp þar sem hann breytir röðinni á hinum margfrægu og margnotuðu símapeningum og boðar að framkvæmdir sem áttu að hefjast árið 2007 við þann nýja veg verði færðar aftur til ársins 2008.

Ef ég held mig við mitt kjördæmi þá má nefna þar fleiri vegi, t.d. veginn að hinum fallega Dettifossi, Dettifossleið sem lengi hefur verið kallað eftir, að búa til almennilegan veg svo ferðamenn, bæði innlendir og erlendir, geti séð það fallega landslag. Þar er líka niðurgrafinn vegur með stórum og miklum steinhnullungum og erfiður yfirferðar nema á sérútbúnum bílum.

Vegtengingin við Norðfjörð er sérstakur kapítuli út af fyrir sig. Göng sem þar voru byggð, að sjálfsögðu einbreið, eru í 630 metra hæð yfir sjávarmáli. Það var vonlaus aðgerð og raunar illskiljanlegt hvernig þetta var gert á sínum tíma, að byggja þau göng í svo mikilli hæð, nema það hafi verið eins og þegar við lögðum 6,5 m vegina með litlu sem engu burðarlagi, vegi sem eru að eyðileggjast núna, að jarðgöngin, Oddsskarðsgöngin hafi verið gerð til að gera eitthvað fyrir sem minnstan pening en þau er ekki til langframa og hafa verið í notkun allt of lengi án þess að ráðist hafi verið í ný göng. Þess vegna hljóta, virðulegi forseti, á næsta ári, ekki seinna en á vordögum 2008, framkvæmdir að hefjast við Norðfjarðargöng. Það er hluti af því sem ég er að tala um, þ.e. aukið fé til vegamála. Svona má lengi áfram telja.

Einkafélag á Norðurlandi, Greið leið ehf. hefur unnið alla undirbúningsvinnu fyrir Vaðlaheiðargöng sem er hið besta mál. Þau komast vonandi á laggirnar með samþykkt samgönguáætlunar, að komið verði til móts við það fyrirtæki til að gera það sem þar þarf að gera og koma því verki í gang sem þarf að haldast í hendur við lengingu flugbrautar á Akureyri. Það er auðvitað bæði hagkvæmt og skynsamlegt að sprengja göngin og nota það sem úr þeim kemur til að lengja flugbrautina. Mér skilst að allt að því helmingur þess sem úr göngunum kæmi mundi nýtast til lengingar flugbrautarinnar. Ég kem kannski betur að flugbrautunum á Akureyri og Egilsstöðum á eftir undir Flugmálastjórnarliðnum í samgönguáætluninni.

Ég hef talið upp nokkrar nauðsynlegar vegaframkvæmdir í mínu kjördæmi. Ég get auðvitað einnig farið yfir í Norðvesturkjördæmi og nefnt framkvæmdir sem mér skilst að einnig hafi verið frestað að verja til svokölluðum símapeningum. Í sama frumvarpi og hæstv. forsætisráðherra flutti fyrir nokkrum dögum til að breyta röð framkvæmda fyrir svokallaða símapeninga sem ríkisstjórnarflokkarnir hældu sér af, peningum sem fengust fyrir sölu Símans og áttu að fara til vegamála. Samkvæmt því skal færa til frá árinu 2007 til ársins 2008 hina þörfu og góðu framkvæmd sem vegurinn um Markötludal er. Ef ég man rétt mun hann stytta vegalengdina frá Ísafirði til Reykjavíkur um allt að 40 km. Ég sé að hv. þm. úr Norðvesturkjördæmi, Kristinn H. Gunnarsson, jánkar þeirri tölu þannig að ég fer með rétt mál.

Ýmsar aðrar framkvæmdir í Norðvesturkjördæmi voru skornar niður í sumar, fóru í hið margfræga frestunarferli eins og þverun Mjóafjarðar, sem líka styttir leiðina og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir í þessu kjördæmi. Þetta kjördæmi kallar á auknar fjárveitingar til vegagerða af fjárlögum íslenska ríkisins.

Má ég rétt í lokin, virðulegi forseti, ræða um Óshlíðargöng sem ríkisstjórnin setti milljarð í á síðasta ári og átti að hefja framkvæmdir við. Sem betur fer, segi ég, hafa þau framkvæmdaáform sem lagt var af stað með, þ.e. að gera það með þremur svokölluðum slaufum inn í Óshlíðina af Óshlíðarvegi, ekki orðið að veruleika. Ég vona sannarlega að það verði aldrei gert.

Ég tel, virðulegi forseti, að við verðum að læra af reynslunni. Ég hef bent á og gagnrýnt Oddsskarðsgöng og mjóa vegi, 6,5 metra breiða með litlu burðarþoli, þunnu slitlagi og þá skammsýni að gera sem mest fyrir sem minnst fé. Það kemur í hausinn á okkur núna og æpir á meira fé til viðhalds. Til að taka þá slysahættu út sem Óshlíðin sannarlega er, með miklu grjóthruni, vona ég að niðurstaðan verði að byggð verði almennileg göng annaðhvort frá Ósi í Seljadal yfir í Hnífsdal eða yst í Syðri-Dal í Bolungarvík og yfir í Hnífsdal. Slík framkvæmd kostar eitthvað örlítið meira en slaufurnar þrjár sem lagt var upp með, að byrja á einum göngum og svo næstu og svo þriðju. Ég man ekki hvað þetta voru margir kílómetrar en mér fannst það alltaf arfavitlaus hugmynd og treysti á að aðrar og betri tillögur komi

fram um framtíðarvegtengingu til þess ágæta og fallega staðar Bolungarvíkur. Þeir eiga það sannarlega skilið eftir að hafa búið við slæman og hættulegan veg um Óshlíð um langt skeið.

Ég hef reyndar áður sagt að það kann að vera dæmi um skammsýnina sem felst í að henda takmörkuðu fé af fjárlögum til samgönguáætlunar, vegáætlunar eins og hún hét áður fyrr, þegar menn sletta peningum hist og her á þess að vinna vegina almennilega Auðvitað átti aldrei að byggja upp Óshlíðina eins og hún var gerð. Það átti strax að gera jarðgöngin sem ég held að verði ofan á á næstu missirum. Vonandi hefjast framkvæmdir við þau á næsta ári.

Ég ætla þar með að ljúka máli mínu um vegaframkvæmdir á landsbyggðinni í þessum tveimur kjördæmum sem ég þekki hvað best. Reyndar gerði ég Suðurlandsveg einnig að umtalsefni. Það ætti að breyta þeirri framkvæmdaröð sem verið hefur hingað til, þ.e. að byggja aðeins ein göng í einu og aldrei megi vera tvær slíkar framkvæmdir í gangi samtímis. Ég held að það sé verkefni komandi ára að hafa a.m.k. tvenn göng undir. Ég trúi því og treysti að fljótlega verði boðin út göng við Óshlíð og næstu jarðgöng í Norðausturkjördæmi, ný Norðfjarðargöng, að þau verði unnin samhliða og verði lokið við lok næsta kjörtímabils, þ.e. 2009, 2010 eða 2011. Það er sannarlega hægt.

Rætt hefur verið um einkaframkvæmd á Suðurlandsvegi. Ég tek skýrt fram að ég er ákaflega hlynntur að skoða það vandlega. Það er ákaflega spennandi kostur. Ég tel að menn geti líka opnað fyrir einkaframkvæmdir í jarðgöngum. Ég veit til þess að það er áhugi meðal verktaka sem sérhæfa sig í gerð jarðganga á að skoða möguleikann á að vinna jarðgöng á þennan hátt. Að þeir mundu fjármagna allt verkið en það yrði síðan greitt með svokölluðum skuggagjöldum, þ.e. af notkun, eins og talað er um á Suðurlandsvegi.

Virðulegi forseti. Til þess að gæta allrar sanngirni vil ég taka skýrt fram að víða eru aðkallandi verkefni á höfuðborgarsvæðinu sem vinna verður samhliða. Þar nefni ég Sundabraut og Suðurlandsveg á vegum ríkisins eða í einkaframkvæmd, ef það verður hagkvæmari og fýsilegri kostur sem ég tel að geti orðið. Mér þótti a.m.k. fróðlegt að vera á morgunverðarfundi Samtaka verslunar og þjónustu þar sem rætt var um nýjar leiðir í vegamálum. Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár, útskýrði m.a. hvað þeir væru að hugsa um að gera og Halldór Benjamín Þorbjörnsson framkvæmdastjóri Suðurlandsvegar ehf. útskýrði það hvernig þeir sæju málið. Þetta er mjög spennandi kostur að skoða. Ef það er virkilega þannig að einkaaðilar geta fengið lán með aðeins 50 punkta hærri vöxtum en ríkið fengi, með EURIBOR-vöxtum, er það ákaflega athyglisvert dæmi. Halldór Benjamín Þorbergsson sýndi fram á að ef einkaaðilum tekst að lækka kostnað við verkið um 10% með því að taka stóran áfanga undir í einu, alla framkvæmdina en brytja hana ekki niður eins og oft gerist hjá ríkinu, mætti ná 10% lægri stofnkostnaði. Það var útskýrt þannig að tvöföldun Suðurlandsvegar eða 2+2 vegur mundi kosta um 7 milljarða kr. og 10% lækkun, vegna stórs áfanga, færi niður í 6,3 milljarða kr. Það mundi vega upp á móti hærri vöxtum einkaaðilans þannig að það væri nánast í jafnvægi, 7 milljarða kr. framkvæmd ríkisins og 6,3 milljarða kr. framkvæmd einkaaðila. Það er auðvitað þannig að Vegagerðin getur líka fengið góð tilboð og lægri. Miðað við 20 ár kæmi þetta svipað út og örlítill munur á því einkaaðilanum í óhag, ef svo má að orði komast, meira greitt fyrir það á 25 árum og eykst aðeins miðað við 30 ár.

Einnig var skoðað hvernig nágrannaþjóðir okkar hafa gert þetta. Bæði var nefndur Lathi-vegurinn í Finnlandi og að norska Stórþingið setti árið 2003 þrjú vegaverkefni í slíkt ferli við ákvarðanatöku um framtíðaruppbyggingu vega í Noregi. Góð reynsla er af því verki. Þetta þarf að skoða.

Ég tel borðleggjandi að skoða einkaframkvæmd mjög alvarlega gagnvart Suðurlandsvegi. En ég vil halda því til haga, virðulegi forseti, að sú framkvæmd verði heldur ekki, þótt þar væri stórt verkefni í gangi, til þess að draga úr framkvæmdum á landsbyggðinni. Það má aldrei gerast. Þar verða sennilega hefðbundnar framkvæmdir Vegagerðarinnar áfram vegna þess að einkaaðilar hafa ekki áhuga á þeim, nema ef vera kynni jarðgangagerð eins og ég nefndi.

Ég held, virðulegi forseti, að stórátak í vegagerð sé nauðsynlegt á næstu árum. Frumvarpið ber vott um það og ég fagna því þótt meira verði að gera. Ég hef þó efasemdir og þann fyrirvara að ég treysti ekki ríkisstjórninni fram yfir kosningar. En vonandi leiða kosningarnar til þess að núverandi ríkisstjórnarflokkar fari frá og ný ríkisstjórn taki við. Verkefni komandi ríkisstjórnar yrði að fara í það stórátak sem ég hef hér talað mjög mikið um undir liðnum samgöngumál, enda sá málaflokkur mér hugleikinn þar sem ég sit í hv. samgöngunefnd.

Að lokum ítreka ég að ég held að það verði mikil þjóðarsátt um stórátak í vegagerð. Við ætlum okkur að byggja nýjan Landspítala á höfuðborgarsvæðinu sem við eigum sannarlega inni, Landspítala fyrir Landssíma eins og sagði í þingsályktunartillögu sem ég flutti fyrir töluvert mörgum árum. Það hefur orðið að veruleika og er orðin stefna allra flokka sem betur fer. Þetta væru fínar framkvæmdir að ganga í á næstu þremur til fjórum árum í staðinn fyrir, eins og maður heyrir stundum hjá ráðherrum, iðnaðarráðherra og forsætisráðherra og fyrrverandi iðnaðarráðherra, að hefja strax á næsta ári í stækkun álversins í Straumsvík, byggingu á nýju álveri suður í Helguvík eða jafnvel nýbyggingu álvers suður í Þorlákshöfn, sem farið er að tala um, eða áframhaldandi stækkun á álverinu við Grundartanga.

Virðulegi forseti. Þótt ég sé unnandi uppbyggingar stóriðju og atvinnusköpunar, sem ég er mjög hlynntur og hef talað mikið fyrir, sérstaklega á landsbyggðinni sem á í vök að verjast hvað það varðar. Ég hef ekki skipt um skoðun hvað það varðar en held að næstu þrjú, fjögur ár, jafnvel fleiri, yrðu góð til að fara í stórátak í samgöngumálum, byggingu Landspítala og annarra framkvæmda úti á landi, að það yrði meginþunginn í framkvæmdum á landinu á næstu árum í staðinn fyrir að ætla strax í stækkun álversins í Straumsvík, sem hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að mætti þess vegna byrja á á næsta ári. Ég tek skýrt fram að ég hef ekki skipt um skoðun á þessu en ég tel nauðsynlegt að við stöldrum við, lítum um öxl og látum þessi mál aðeins þróast. Stórátak í vegagerð, bygging Landspítala er það sem þjóðin sættir sig við á næstu árum.

Í lokin, virðulegi forseti, langar mig að nefna eitt lítið mál. Ég sé að hv. formaður fjárlaganefndar Birkir Jón Jónsson er aftur genginn í salinn. Ég sakna þess að ekki skuli komið til móts við íbúa í dreifbýli hvað varðar svimandi háan raforkukostnað. Ég sakna þess líka að í meðförum fjárlaganefndar hafi ekki verið lagfært tiltekið atriði sem heyrir líka undir samgönguráðuneyti, undir Flugmálastjórn.

Á fundi samgöngunefndar um daginn þar sem fulltrúar frá Flugmálastjórn voru viðstaddir var fjallað, að minni beiðni, um stækkun Akureyrarflugvallar. Flugmálastjórnarmennirnir gerðu grein fyrir því hvernig það mál stæði. Hjá þeim kom fram að ef frumvarp til fjárlaga, eins og það liggur fyrir, yrði samþykkt óbreytt þá drægjust framkvæmdir Flugmálastjórnar saman um 100 millj. kr. á næsta ári. Það vantar 100 millj. kr. til þeirra framkvæmda.

Sú framkvæmd sem Flugmálastjórn ætlaði í á Akureyrarflugvelli árið 2007, upp á 68 millj. kr., væntanlega við annað öryggissvæðið, annan endann, kæmist þar með í uppnám og mundi frestast. Þess vegna skil ég ekki af hverju stjórnarmeirihlutinn hefur ekki lagfært þetta. Hér hefur komið fram hjá fulltrúum allra flokka að nauðsynlegt sé að lengja flugbrautina á Akureyri til að áfram megi stunda þar millilandaflug, sem hefur verið að þróast farsællega á þessu ári.

Það er aumt til þess að vita að ríkisstjórnin skuli ekki standa við sinn hlut hvað þetta varðar. Oft hafa nú falleg orð fallið á hinu háa Alþingi um byggðaáætlun og byggðamál. En þegar fyrirtæki, ekki ríkisfyrirtæki heldur t.d. bara Iceland Express, vill hefja þetta flug og bjóða upp á þennan kost, sem hefur verið vel nýttur og kærkomin viðbót í atvinnulíf á Norðurlandi, þá stendur ríkisvaldið sig ekki. Þetta á reyndar að mörgu leyti við um Egilsstaði líka. Ef þetta frumvarp verður að lögum eins og það er gagnvart Flugmálastjórn þá samþykkir stjórnarmeirihlutinn að fyrirhugaðar framkvæmdir við Akureyrarflugvöll, sem fara átti í á næsta ári, komist í uppnám og í þær ekki farið.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir þetta frumvarp til fjárlaga. Ég átti þess ekki kost að taka þátt í 2. umr. um frumvarpið og hef því gert það við 3. umr. Ég hef rætt um þá tvo málaflokka sem heyra undir þær tvær nefndir sem ég sit í, annars vegar heilbrigðis- og tryggingnefnd og hins vegar samgöngunefnd. En samgöngumál eru mér mjög hugleikin og ég ítreka það sem ég hef sagt um þau. Ég tel að gera þurfi miklu betur í vegamálum, gera vegina betri og öruggari.

Ég hef hér gert að umtalsefni fjárskort heilbrigðiskerfisins. Þar sem formaður fjárlaganefndar er í salnum þá langar mig að nefna að það sem hann talaði um, um að einhver hefði þurft að bíða í 15 mínútur eftir að fá samband við þjónustufulltrúa hjá Tryggingastofnun og hann ætlaði að kíkja á hvernig mætti bæta það, er lítil miðað við fjársveltið í heilbrigðiskerfinu, sem m.a. kemur fram í því að fólk hefur ekki fengið liðskiptaaðgerðir í tvo til fjóra mánuði vegna þess að kvótinn til þess er búinn á þessu ári.

[21:28]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Mig langar til að stinga inn orði í þessa umræðu um fjárlagafrumvarpið og tengd frumvörp sem liggja fyrir þinginu líka til afgreiðslu varðandi tekjuöflun ríkisins og breytingar á skattheimtu. Fyrst vil ég víkja að því sem mér finnst stinga í augu eða vera kannski sérstaklega athyglisvert í fjárlagafrumvarpinu, hinni miklu lækkun skatta sem er að finna í þessu frumvarpi ásamt nýlegum frumvörpum um lækkun á virðisaukaskatti.

Lækkun á tekjuskattsprósentu og hækkun á persónuafslætti er talin kosta ríkissjóð um 12 milljarða kr. á næsta ári og lækkunin á virðisaukaskatti samtals svipaða fjárhæð, um 12 milljarða kr. Í þessum aðgerðum í heild er því um að ræða lækkun skatta upp á um 24–25 milljarða kr. Á móti þessu hefur verið gert ráð fyrir því að áfengisgjald verði hækkað um tæpa 4 milljarða kr. en nú hefur verið frestað að taka það til afgreiðslu þannig að ég veit svo sem ekki hver útkoman úr því verður, hvort áfram verður haldið með þau áform að áfengisgjaldið hækki til mótvægis við lækkunina á virðisaukaskatti eins og áformað var þannig að heildarkostnaður við lækkun matarskattsins yrði milli 8 og 9 milljarðar kr. Á meðan málið hefur verið sett í bið er lækkun skatta af þessari stærðargráðu, þ.e. 24–25 milljarðar kr.

Fyrri hlutinn af þessu máli, lækkun tekjuskatts, er hluti af stjórnarsáttmálanum, má segja síðasti hlutinn í þeim áformum sem stjórnarflokkarnir komu sér saman um eftir síðustu alþingiskosningar, þ.e. að lækka tekjuskatt um 4 prósentustig. Lækkun á virðisaukaskatti, eða matarskatti sem kallaður er, er ekki hluti af stjórnarsáttmálanum og er því seinna til komið að ráðast í þá skattalækkun. Það var auðvitað vitað að Sjálfstæðisflokkurinn hefði mikinn áhuga á að ráðast í þessa skattalækkun en hún er ekki hluti af stjórnarsáttmálanum og er því til viðbótar við þær skattalækkanir sem um samdist í upphafi kjörtímabilsins.

Þó að niðurstaðan hafi orðið að ráðast í þessa lækkun á virðisaukaskatti neita ég því ekki að það er mín skoðun — og ég vil svo sem nota þetta tækifæri til að koma henni á framfæri — í ljósi ójafnvægis í efnahagsmálum að ekki sé skynsamlegt að ráðast í þessa aðgerð. Ég er ekki endilega að segja að ég sé andvígur því að ráðast í slíka aðgerð, hún hefur kosti, lækkar útgjöld til matarkaupa og lækkar neysluverðsvísitölu, hvort tveggja eru jákvæð áhrif, en á móti kemur að hún eykur á kaupmátt og eftirspurn og þenslu í þjóðfélaginu sem stjórnvöld eru að glíma við að ná tökum á. Hún vinnur því gegn því markmiði þeirra að ná niður verðbólgu og koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Þessi aðgerð hefur bæði kosti og galla og á þessum tímapunkti, þegar við glímum við verulega verðbólgu, er ég ekki viss um að það sé skynsamlegt að ráðast í svona mikla skattalækkun til viðbótar við það sem um samdist. Reyndar má svo spyrja sig hvort menn telji skynsamlegt að setja þessa peninga út til lengri tíma í þessu formi fremur en að nota þá til ráðstöfunar í verkefni sem bíða og ég veit að margir vilja ráðast í, eins og úrbætur á kjörum ellilífeyrisþega. Ég vildi láta þessa skoðun mína koma fram. Þó að ég styðji frumvarpið sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og var samþykkt í þingflokki mínum að standa að breytir það því ekki að mér finnst eðlilegt að hér komi fram þau sjónarmið

sem ég hef lýst þannig að menn viti af þeim og geti haft þau til umhugsunar.

Ég velti aðeins fyrir mér líka tekjuöflun ríkissjóðs til lengri tíma. Það er alveg ljóst að ef við skoðum skattheimtustigið eins og það er í gögnum sem fylgja með þessu fjárlagafrumvarpi er tekjuöflun ríkissjóðs komin niður undir 30% af landsframleiðslu. Það finnst mér nokkuð lágt hlutfall borið saman við vestræn velferðarþjóðfélög og við verðum að hafa augun á því að ef menn ganga of langt í að minnka tekjuöflun ríkissjóðs fylgir á móti að menn takmarka útgjöldin á móti tekjunum og draga þá úr tekjujöfnunaraðgerðum eða aukinni þjónustu sem ríkið annars mundi veita. Það að lækka tekjuskattsstigið svona mikið kallar á það að menn gera minna varðandi tekjujafnandi aðgerðir á milli þjóðfélagshópa í samfélaginu og minna í að bæta þjónustu einstakra hópa.

Auðvitað er þetta pólitískt val og einhvers staðar liggur jafnvægið. Það getur verið breytilegt eftir því hvaða stjórnmálaflokkum menn fylgja en mér finnst þetta skattheimtustig vera orðið verulega lágt og farið að líkjast meira því sem gerist í þjóðfélögum sem við höfum hingað til ekki miðað okkur við þegar við höfum ákvarðað þjónustustig eða tekjujöfnun á milli þjóðfélagshópa. Þess vegna leiðir þessi þróun að óbreyttu, haldi hún áfram til lengri tíma, til meiri ójafnaðar í þjóðfélaginu og hún leiðir til þess að ekki verða eins miklar framfarir í þjónustu til þjóðfélagshópa eins og aldraðra. Menn verða að vera meðvitaðir um að þegar gengið er svona langt í lækkun skatta fylgja því líka aðrar ákvarðanir og menn verða þá að vera meðvitaðir um það sem af því leiðir.

Ég neita því ekki að ég hallast frekar að því að vera með skattheimtuna meiri en gert er ráð fyrir miðað við fjárlagafrumvarpið núna og þjónustuna meiri við ákveðna þjóðfélagshópa. Að öðrum kosti verður þjónustan lakari eða þeir einstaklingar sem í hlut eiga verða að borga hærri hluta af þjónustunni úr eigin vasa. Þá koma upp þessi pólitísku álitamál og það verða skurðarpunktarnir í stjórnmálum á næstu árum ef þróunin heldur svona áfram.

Ég held líka að menn verði að skoða mjög alvarlega að auka tekjur ríkisins af auðlindum landsins og sjávarins. Við vitum að í burðarliðnum er frumvarp um nýtingu auðlinda landsins og vonandi verður það lagt fram á næstunni þannig að menn geti tekið það til umræðu á þessu þingi. Ég held að menn verði að huga miklu meira að því en verið hefur að ríkið hafi tekjur af nýtingu auðlindanna, hvort sem um er að ræða rennandi vatn til virkjunar eða jarðhita eða fiskimiðin sjálf.

Það liggur t.d. fyrir varðandi Kárahnjúkavirkjun að sú virkjun er ekki reist á þeirri forsendu að ríkið taki til sín auðlindagjald af auðlindinni sjálfri, þ.e. vatninu. Landeigendur þar hafa hins vegar gert kröfu um að fá í sinn hlut tiltekið afgjald fyrir nýtingu á vatninu. Það var ákaflega fróðleg grein um það í Morgunblaðinu í gær frá lögmanni landeigenda sem lýsti máli þeirra skýrt. Þar kom m.a. fram að landeigendur gera kröfu til þess að þessi réttindi, þessi auðlind, verði metin á um 60 milljarða kr. Þeir munu eiga um helminginn af þessum réttindum, miðað við skiptingu þessara eigna milli ríkisins og landeigenda, en hlutur þeirra mun vera minni ef kröfur þjóðlendunefndar ná fram að ganga. Þá fær ríkið heldur stærra hlutfall í sinn hlut, um 60%. Engu að síður er hlutur landeigenda mikill og verðmæti þessara réttinda er metið mjög hátt. Landeigendur gera kröfu til þess að fá til sín sem nemur, ef ég skildi greinina rétt, um 15% af árlegum tekjum virkjunarinnar og vísa m.a. til samnings sem Seyðisfjarðarkaupstaður gerði um nýtingu vatnsins í Fjarðará þar sem þau réttindi eru leigð til 50 ára og meðaltalsgreiðsla af þeim er um 7,7% á ári. Síðustu 30 ár þessa 50 ára samnings er greiðslan um 10%, og ef ég skildi greinina rétt mundu um 10% af brúttótekjum þessarar virkjunar sem má reisa í Fjarðará renna sem afgjald eða auðlindagjald til kaupstaðarins.

Þarna er alveg greinilega um að ræða mjög háar fjárhæðir. Ég er ekki með í kollinum hvað árlegar tekjur Kárahnjúkavirkjunar gætu verið miklar en þetta gætu verið 5–10 milljarðar kr. ef miðað er við 15% sem eigendur þessara réttinda tækju í sinn hlut fyrir það að leyfa að réttindin yrðu nýtt svona. Það er með öðrum orðum komin alveg ný hugsun inn í þessi mál frá því sem var fyrir nokkrum árum og ég viðurkenni að fyrir mitt leyti hafði ég ekki hugsað þessi mál þannig að það ætti að borga fjárhæðir af þessari stærðargráðu fyrir þessi afnot. Þróunin er greinilega í þessa áttina og ríkið á t.d. verulega mikið af þessum vatnsréttindum. Það hlýtur því að þróast í þá veruna að ríkið taki til sín tekjurnar af nýtingunni í gegnum þetta leigugjald fremur en að ríkið beiti sér fyrir því að reisa virkjanir og jafnvel að gera ívilnandi samninga við stórfyrirtæki til að fá þau til að reisa iðjuver sem nýta raforkuna. Ríkið telur ávinninginn af framkvæmdunum vera fólginn í umsvifunum í þjóðfélaginu sem aukast við þetta. Ég held að þessir hlutir séu að breytast verulega mikið og ég held að menn verði að líta eins á sjávarauðlindina.

Þar eru á ferðinni feiknarlega miklir peningar. Til dæmis kom fram bara núna í vikunni að meðalleiguverð á þorskkílói í smábátakerfinu hefði verið um 95 kr. á síðasta ári. Þá voru leigð um 20 þús. tonn af þorski eða sem því svarar þannig að miðað við þessar upplýsingar tóku handhafar réttindanna 2 milljarða kr. til sín í afgjald af þeim sem svo raunverulega nýttu réttindin. Það liggur fyrir að menn greiða eitthvað um 10 milljarða kr. í leigu fyrir nýtingu veiðiheimilda í stóra kerfinu, ef ekki meira, og síðan borga menn mjög háar fjárhæðir á hverju ári vegna kaupa á þessum réttindum. Ef við reynum að dreifa þessum kaupum á eitthvert tímabil, 10–15 ára tímabil, til að reyna að nálgast einhverja eðlilega árlega greiðslu vegna kaupanna og bætum svo þeirri fjárhæð við það sem greitt er vegna leigu mundi ég halda að árlega væru greiddir í leigu eða fyrir nýtingu á þessum réttindum a.m.k. 20 milljarðar kr. Þessir peningar renna til manna sem nýta ekki réttindin sjálfir, eru ekki eigendur þeirra, heldur notendur og hafa þau undir höndum til að nýta þau sjálfir. Vegna þess að lögin eru eins og þau eru geta þeir framselt réttindin til þriðja aðila, nýta þau ekki sjálfir en hafa af þeim tekjur eins og þeir ættu þau.

Þetta fyrirkomulag getur ekki gengið til lengdar að óbreyttu fyrirkomulagi í sjávarútvegi. Ég geri ekki ráð fyrir því að verð á veiðiheimildum eigi eftir að breytast mikið á næstu árum, það hefur hækkað mikið á síðustu árum, það tekur mið af því verði sem fæst fyrir afurðirnar á erlendum mörkuðum og meðan það stendur nokkurn veginn eins og

það er, og jafnvel hækkar eins og hefur gerst á síðustu árum, er ekki við öðru að búast en að verðmæti veiðiheimildanna verði í þeim fjárhæðum sem það hefur verið og haldi jafnvel áfram að hækka eitthvað. Og þá verða menn að skoða löggjöfina út frá þeirri staðreynd að þarna eru orðin til mjög verðmæt réttindi sem ríkið á fyrir hönd þjóðarinnar en úthlutar endurgjaldslaust eða svo gott sem. Það gjald sem tekið er fyrir úthlutunina er mjög lágt, um króna á hvert kíló eða svo, þannig að það skiptir ekki máli í þessum fjárhæðum.

Ríkið verður að fara að huga að því að taka þessar tekjur til sín og eftirláta þær ekki þeim sem hafa á einhverjum tíma eða með einhverjum hætti fengið ótímabundin afnot af þessum réttindum. Þarna getur ríkið fengið í sinn hlut verulegar tekjur á hverju ári rétt eins og það getur haft af nýtingu vatnsaflsins. Ég held að það sé eitt mikilvægasta verkefnið á næstu árum, að koma á þessari nauðsynlegu lagabreytingu til að tryggja að hlutur almennings af auðlindunum komi í gegnum þessi nýtingargjöld.

Það geta verið töluverðar fjárhæðir eins og sjá má af þessu með sjávarútveginn og þeim kröfum sem fyrir liggja varðandi Kárahnjúkavirkjun ef við yfirförum það svo á allar virkjanir landsins og þær sem síðar eiga eftir að koma. Ég held að töluverður hluti af tekjuöflun í framtíðinni muni færast yfir í þetta.

Virðulegi forseti. Það sem mér finnst kannski vera stærsta verkefnið í fjárlögunum er að tryggja stöðugleika í þjóðfélaginu og í því felst að verðbólgu sé haldið lágri, að gengið sé stöðugt, vextir lágir og enginn viðskiptahalli, a.m.k. ekki viðskiptahalli til lengri tíma. Þetta eru einkenni stöðugleika ef við náum þessu fram. Á þessu ári hafa einkennin hins vegar verið öll á hinn veginn og lýst óstöðugleika í hagkerfinu, þetta mikla gengisfall á fyrri hluta ársins, mjög háir vextir, sérstaklega stýrivextir Seðlabankans, feiknarlegur viðskiptahalli og verðbólga sem er yfir 7%.

Þetta lýsir óstöðugleika sem stjórnvöld verða að reyna að ná tökum á og verða að nota fjárlagafrumvarpið sem megintæki til þess. Þess vegna held að efnahagslega sé það eitt stærsta verkefni fjárlaga og skyldra aðgerða að ná stöðugleika í þjóðfélaginu. Stöðugleikinn skiptir miklu máli. Hann er kjarabót í sjálfu sér fyrir almenning. Sem dæmi um óstöðugleika má nefna að viðskiptajöfnuðurinn á fjórum árum, frá 2005 til 2008, verður nær helmingur af landsframleiðslu eins árs. Það er náttúrlega viðskiptahalli af þeirri stærðargráðu að algjörlega er fátítt í vestrænu hagkerfi. Hann er skýranlegur og á sér sínar ástæður, eins og m.a. í miklum framkvæmdum við Kárahnjúka og álveri á Reyðarfirði. Það breytir því þó ekki að hann er mikill og hann hefur afleiðingar.

Þess vegna verða menn að gæta sín í efnahagsstjórninni þegar þeir ráðast í svona stórar framkvæmdir. Mig minnir að ég hafi séð einhvers staðar í skýrslu frá Seðlabankanum að þessi aðgerð, Kárahnjúkavirkjun og bygging álvers í Reyðarfirði, væri um fjórðungur af landsframleiðslu eins árs og að ekki væru dæmi um það, a.m.k. ekki í Evrópu, að ein framkvæmd hefði verið svona stór hluti af efnahag heillar þjóðar.

Þegar menn velja að ráðast í svona stóra aðgerð verða þeir að gæta þess að annað sé temprað á meðan og að menn ráðist ekki í aðrar stórar aðgerðir í beinu framhaldi á stuttum tíma. Ella viðhalda menn óstöðugleikanum.

Óstöðugleikinn kostar peninga vegna þess að honum fylgir verðbólga og verðbólgan hækkar skuldir heimilanna. Háum stýrivöxtum fylgja háir vextir fyrir almenning sem þýðir aukinn kostnað af skuldunum fyrir almenning. Það að ekki hefur tekist að halda því markmiði að verðbólgan sé ekki nema um 2,5% á ári síðustu ár kostar almenning töluvert mikla peninga. Skuldirnar eru um 8% hærri en þær væru ef verðbólgan hefði haldist við 2,5% markið sem menn settu sér. Núna t.d. á þessu ári er verðbólgan yfir 7%.

Skuldir heimilanna eru eitthvað um 1.100 milljarðar kr. eða meira og það má ætla að skuldirnar vegna verðbólgunnar og verðtryggingarinnar séu um 80–10 milljörðum kr. hærri en þær væru ef stöðugleiki hefði verið. Þetta er kostnaður almennings af óstöðugleikanum.

Þessar skuldir kosta peninga og miðað við raunvexti, segjum 6% sem bætast ofan á 7% verðbólgu, borga menn um 13% af þessum skuldum á þessu ári og það kostar um 10 milljarða kr. eða svo, 10–13 milljarða kr. eftir því hvort menn miða við 80 eða 100 milljarða kr. skuldahækkun vegna hærri verðbólgu.

Þetta kostar verulega peninga. Menn þurfa að ná þessum skuldum niður og nauðsynlegt væri að nota verðtrygginguna til að lækka skuldirnar aftur. Það þekkja menn að þegar verðbólgan hefur hækkað skuldirnar lækka þær ekkert jafnvel þótt verðbólgan lækki svo. Skuldirnar bara hækka hægar en var áður. Hækkunarkúfurinn sem kom með verðbólguskoti eins og á þessu ári stendur eftir sem hærri skuldir. Þetta er kostnaður sem leggst á almenning og reyndar líka fyrirtæki í landinu og er tilfinnanlegur, kostar mikla peninga. Þess vegna skiptir miklu máli að mönnum takist að stýra efnahagsmálunum þannig að menn sigli fram hjá verðbólguskoti af þessu tagi.

Ég vil líka, virðulegi forseti, úr því að ég er farinn að minnast aðeins á skuldir heimilanna og kostnaðinn við þær, minna á að íslenskt fjármálakerfi er eitt það allra dýrasta sem ég veit um í vestrænu hagkerfi. Fyrir þeirri fullyrðingu liggja skýrslur sem staðfesta þetta, t.d. skýrslan sem Neytendasamtökin birtu, á þessu ári ef ég man rétt, fremur en á síðasta ári, þar sem bornir voru saman raunvextir hér á landi miðað við níu önnur Evrópulönd. Það leiddi til þeirrar niðurstöðu að raunvextir hér á landi voru 2–5 prósentustigum hærri en í þessum löndum, eftir því við hvaða lönd var miðað.

Hluti af þessum vanda er auðvitað verðtryggingin sjálf. Eins og hún var nauðsynleg á sínum tíma þegar hún var tekin upp, og óhjákvæmilegt að gera það á sínum tíma, er hún núna farin að vera fóður fyrir skuldahækkun vegna sjálfvirkninnar sem hún býr til sem gerir það að verkum að þeir sem lána peningana, sem fyrst og fremst eru bankarnir, eru algjörlega öruggir með sinn hag og fá meira fyrir útlánspeningana en ella væri ef þeir byggju ekki við það öryggi sem felst í verðtryggingunni.

Ég held að verðtryggingin sjálf sé farin að vera vandamál, sérstaklega í ljósi þess að skuldirnar hafa vaxið mikið frá því sem var þegar verðtryggingin var tekin upp 1979. Núna eru t.d. skuldir heimilanna komnar yfir tvöfaldar ráðstöfunartekjur heimilanna. Þá verða menn að horfa á það í

því ljósi sem er allt annað en var fyrir tæpum 40 árum.

Það hefur líka leitt til þess að bankarnir virðast ekki keppa neitt innbyrðis um viðskiptavinina, um almenning, og leggja sig ekkert fram um að bjóða mönnum betri kjör til að fá viðskiptin. Í raun og veru þyrfti að fá einhvern aðila til að opna samkeppni við erlendar fjármálastofnanir. Svo virðist sem þær sjái sér ekki hag í því að hefja starfsemi hér á landi og keppa við innlendu bankana.

Bara þessi skýrsla sem leiðir í ljós að íslenskir neytendur borga þetta meira fyrir skuldirnar sínar, 2–5 prósentustig á ári, segir okkur að það kostar íslenska lántakendur, íslenskan almenning, um 20–50 milljarða á hverju einasta ári. Íslenskur almenningur borgar meira sem þessu nemur á hverju ári fyrir fjármagnið sem hann tekur að láni en hann mundi gera í þeim níu Evrópulöndum sem tekin voru til viðmiðunar. Það má benda á fleiri skýrslur sem leiða sams konar niðurstöðu í ljós.

Eitt af stóru verkefnunum í stjórnmálunum er að lækka fjármagnskostnað hér á landi og gera hann a.m.k. sambærilegan við það sem gerist erlendis.

Auðvitað ættu íslensku bankarnir að geta boðið Íslendingum þessi kjör. Erlendis, t.d. í Danmörku eða annars staðar þar sem þeir hafa haslað sér völl, hafa þeir boðið fólki peningana að láni á þeim kjörum sem eru þetta lægri vextir en þeir bjóða fólki hér á landi.

Ég vildi aðeins minna á þetta atriði, hvað fjármagnskostnaðurinn hér á landi er mikill baggi á íslenskum neytendum miðað við það sem annars væri erlendis.

Þarna er um að ræða tugi milljarða kr. á hverju ári sem leggjast á almenning og eru miklu hærri fjárhæðir en ríkið leggur út með þessum skattalækkunum núna. Það má eiginlega segja með svolitlum rökum að ríkið lækki sína skatta og geri bönkunum kleift að taka þessa peninga til sín í formi hás endurgjalds fyrir lánsfé.

Ég held að það væri verðugt verkefni stjórnmálamanna að tryggja að skattalækkun sem menn hafa ákveðið að gera og hrint í framkvæmd lendi þar sem hún á að vera, hjá einstaklingunum, hjá almenningi, en ekki í vösunum á bönkunum. Hið sama má segja um virðisaukaskattslækkunina sem áformuð er á matvælum. Það þarf auðvitað að tryggja að hún lendi hjá neytendum en ekki hjá þeim sem selja vöruna. Það er veiki hlutinn í þeirri aðgerð sem er hluti af þessum fjárlögum. Reynsla erlendis segir okkur að ef ekki kemur til ný samkeppni um sölu á þessum vörum sé hætta á því að vörurnar lækki ekki í verði af þeirri einföldu ástæðu að verðmyndun í kapítalísku markaðshagkerfi ræðst ekki af framleiðslukostnaði heldur kaupgetu almennings. Þegar kaupmátturinn vex frekar en ekki er engin ástæða fyrir þá sem selja vöruna til að lækka verðið á henni, það er bara þannig.

Þetta er mikið áhyggjuefni sem ég held að menn þurfi að skoða mjög vandlega í þinglegri meðferð þessa máls um lækkun virðisaukaskatts á matvöru, því að það er ekki tilgangurinn að neytendur fái ekki nema hluta af lækkuninni í sinn vasa en hinn hlutinn lendi hjá þeim sem selja vöruna. Það er því margt að varast í þeim efnum, það eru mörg brýn verkefni sem fram undan eru varðandi ríkisfjármálin og efnahagsmál og fyrst og síðast er það auðvitað stöðugleikinn sem menn þurfa að ná fram því að það er grundvöllur að árangri á öðrum sviðum. Óstöðugleikinn er gróðrarstía fyrir verðhækkanir á vörum og öðru slíku þannig að það eru aðstæður sem gera mönnum erfitt fyrir að ná pólitískum markmiðum.

Virðulegi forseti. Ég vil víkja að einu máli í lokin en sem eru samgöngumál, ekki með almennum hætti, ég ætla ekki að fara yfir þau í heild sinni eins og út af fyrir sig væri ástæða til að gera en það hafa aðrir gert og ég sé ekki ástæðu til að blanda mér mikið inn í það, ég vil aðeins víkja að litlum hluta eða litlu máli sem tengist því.

Í fyrsta lagi geri ég athugasemdir við að framlög til vegamála á næsta ári eru skorin niður um 5,5 milljarða, samkvæmt upplýsingum í frumvarpinu, sem á að vera framlag til að ná tökum á efnahagsástandinu, draga úr þenslunni, ná jafnvægi. Á sama tíma er verið að lækka skatta um fjórum sinni hærri fjárhæð og eftir að fjárlög eru lögð fram er tekin ákvörðun um lækkun virðisaukaskatts á matvæli fyrir tvöfalt hærri fjárhæð en nemur niðurskurði á vegamálum. Það segir sig sjálft að ef menn telja að árangur náist með samdrætti í fjárfestingum ríkisins um 5,5 milljarða, sem fyrst og fremst er í vegaframkvæmdum, til þess að koma á jöfnuði og lækka verðbólgu þá vinnur 12 milljarða kr. skattalækkunin á móti því og ríflega það. Ég fæ það því ekki til að ganga upp að menn geti ráðist í þá framkvæmd, skattalækkunina, án þess að það komi við það markmið að ná fram stöðugleika.

Telji menn hins vegar að eftir sem áður náist ásættanlegur árangur í efnahagsmálum þrátt fyrir skattalækkun upp á 12 milljarða þá spyr ég: Er einhver þörf á því að vera að skera niður vegaframkvæmdir um 5,5 milljarða? Ég fæ þetta tvennt ekki til að ganga upp, þetta verður að skýra þannig að maður átti sig á því hvernig þetta getur farið heim og saman. Þá er ég í sjálfu sér ekkert að tala gegn framkvæmdunum sem slíkum, ég er bara að tala um þetta út frá efnahagslegum sjónarhóli.

Svo vil ég líka gera athugasemdir við að það er verið að setja fé til þess að auka vegaframkvæmdir á næsta ári fram hjá þessum samdrætti um 5,5 milljarða, ekki í fjárlögin 2007 heldur í fjáraukalögin 2006, það eru settar 1.000 millj. kr. í vegaframkvæmdir sem á ekki að nota fyrr en á næsta ári, 2007. Ég sé ekki betur en verið sé að fara krókaleið fram hjá pólitískum markmiðum sem menn hafa sett sér til þess að þurfa ekki að breyta þeim en mér finnst það ekki eðlilegt. Mér finnst ekki eðlilegt að menn segi í öðru orðinu að þeir ætli að draga saman framkvæmdir um 5,5 milljarða og láti það bitna á tilteknum framkvæmdum og svo í hinu orðinu bæti við einum milljarði í nýjar framkvæmdir á sama ári. Ég get ekki skrifað upp á svona skollaleik, virðulegi forseti, því að þetta er ekkert annað en skollaleikur. Að mínu mati er heldur ekki rétt að fara þannig með fé, þ.e. að það fé sem á að vera í fjárlögum ríkisins fyrir árið 2007, vegna þess að það er til framkvæmda á því ári, að setja það í fjáraukalög á árinu 2006 þegar fyrir liggur að það á ekki að nota það fyrr en 2007. Ég er bara að gera athugasemdir við svoleiðis sjónhverfingar. (**Gripið fram í:** Það er bara lögleysa.) Það má vera að það sé lögleysa, ég hef ekki sett mig inn í það, en a.m.k. tel ég ekki eðlilegt að standa svona að málum.

Ef menn vilja auka vegaframkvæmdir um einn milljarð

á árinu 2007 þá eiga menn að setja það inn í fjárlagafrumvarpið og minnka niðurskurðinn úr 5,5 niður í 4,5. Það væri þá bara markmið sem menn settu sér og ætti að koma skýrt fram en það á ekki að vera að fara svona krókaleiðir sem mér finnst vera til þess að blekkja menn og fela það sem raunverulega er verið að gera. Ég vil ekki taka þátt í því, ég skrifa ekkert upp á þann feluleik.

Út af þessum framkvæmdum vil ég líka segja að þó að ég hafi fullan skilning á því að taka upp nýjar framkvæmdir og ég hef út af fyrir sig efasemdir um að það sé nauðsynlegt að vera í þessum niðurskurði á næsta ári, en að því gefnu og að maður taki það trúanlegt að skattalækkunin upp á 25 milljarða kr. raski ekki efnahagslegum stöðugleika svo að menn nái ekki þeim markmiðum sem menn setja sér, þá sé ég ekki rökin fyrir því yfir höfuð að vera að standa í slíkum niðurskurði á vegaframkvæmdum á næsta ári. Mér finnst ekki geta farið saman að menn flytji hér frumvarp og segi *um tilteknar framkvæmdir: Við skulum fresta þessum framkvæmdum á árinu 2007, gera minna en áætlað er og færa það yfir á seinni ár eða 2008, en koma svo með nýjar framkvæmdir á árinu 2007 og segja, við skulum vinna þær á árinu 2007 fyrir tvöfalt hærri fjárhæð en því sem frestun nemur.* Ég fæ það ekki til þess að ganga upp að menn geti í raun og veru farið fram með tillöguflutning af þessu tagi.

Ég er auðvitað að tala hér um þá tillögu sem fyrir liggur í lagafrumvarpi um að seinka framkvæmdum við vegagerð á Vestfjörðum og norðausturhorni landsins, við Arnkötludal og við Hófaskarðsleið. Að seinka framkvæmdum næsta árs á Arnkötludal, draga úr þeim þannig að það verði ekki unnið fyrir 400 milljónir heldur aðeins fyrir 200 milljónir, í stað þess að vinna tæplega helminginn af verkinu árið 2007 fyrir 400 milljónir af 900, þá verði bara unnið fyrir 200 milljónir af 900. Það er samdráttur um helming. Við Hófaskarð er gert ráð fyrir að lækka framkvæmdirnar um 300 millj. kr. en þar er um að ræða fé bæði úr sérstökum lögum um ráðstöfun símapeninganna og af vegáætlun. Það er lagt til að flytja símapeningana, sem eru 300 milljónir á næsta ári, yfir á árið 2008, þannig að það þýðir auðvitað að menn vinna minna á næsta ári sem því nemur.

Ég get ekki fallist á að styðja slíkar aðgerðir þegar mönnum finnst líka, eins og ríkisstjórninni, hægt að leggja til að taka inn tvær nýjar framkvæmdir við Vesturlandsveg og Suðurlandsveg á næsta ári, 500 milljónir á hvorum stað. Það er ekki einu sinni búið að ákveða hvað á að gera fyrir peningana. Það er þó líklegt, miðað við þær upplýsingar *sem ég hef fengið, að á Vesturlandsvegi verði peningarnir* notaðir í að gera hringtorg upp í Mosfellsbæ við afleggjarann til Þingvalla. Og það er líklegt að á Suðurlandsvegi verði peningarnir notaðir í samræmi við áform um framkvæmdir um 2+1 og að setja vegrið á milli akreina.

Gott og vel, hvor tveggja framkvæmdin er þörf og ekki ætla ég að leggjast gegn þeim, en það eru framkvæmdirnar fyrir vestan og fyrir norðan líka. Samgönguráðherra hefur ekki veitt Vegagerðinni heimild til að bjóða út Arnkötludal. Það var gert ráð fyrir að bjóða þá framkvæmd út á þessu ári, það hefði verið hægt að gera það um mitt ár, það var hægur vandi ef menn hefðu viljað hafa útboðsgögnin til. En í sumar ákvað ríkisstjórnin að stöðva öll útboð, ekki bara þar heldur líka annars staðar, aflétti því í byrjun október eins og við þekkjum og kom fram í stefnuræðu forsætisráðherra, en því virðist ekki hafa verið aflétt af Arnkötludal. Vegagerðin hefur ekki heimild til að bjóða þá framkvæmd út á þessu ári. Hvað á svona skollaleikur að þýða, virðulegi forseti? Ég vil láta koma fram óánægju mína með þetta hringl og blekkingaleik, því að það er ekkert annað en blekkingaleikur að vera að taka tilteknar framkvæmdir út úr og fresta þeim og skjóta inn nýjum framkvæmdum á sama tíma og láta það heita eitthvað annað, umferðaröryggismál er það látið heita hér á höfuðborgarsvæðinu en auðvitað er hitt líka umferðaröryggismál. Vegir í Strandasýslu eru nú ekki allir upp á marga fiska því miður og menn geta flett upp fréttum fyrr á þessu ári um það sem gerðist á leiðinni frá Brú til Hólmavíkur, t.d. í Bitrufirði ultu flutningabílar með farm vegna þess að vegurinn er mjór og ekki vel gerður og vegkanturinn gaf sig. Það er auðvitað öryggismál að koma upp nýjum vegi eða öðrum vegi sem ber þá umferð *sem um veginn þarf að fara, það er líka umferðaröryggismál* og ég geri kröfu til þess að þessar framkvæmdir haldi áfram á þeim hraða sem ákveðið var á síðasta ári með lögum um ráðstöfun söluhagnaðar af Landssíma Íslands. Ég vil að sjónarmið mitt komi fram við þessa umræðu varðandi þau mál, að það liggi fyrir algerlega skýrt og ljóst að ég mun ekki styðja seinkun á framkvæmdum fyrir vestan og norðan eins og gert er ráð fyrir í stjórnarfrumvarpinu. Ég vil að það komi hér fram, að mönnum sé þetta ljóst og af hverju ég geri þessar athugasemdir.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað hægt að nefna margt í fjárlagaumræðunni og menn hafa líka bent á margt, t.d. formaður fjárlaganefndar, með réttu, um það sem vel hefur tekist til. Til dæmis er ánægjulegt að sjá að persónuafsláttur er hækkaður í frumvarpinu, það er ekki bara að skattprósentan sé lækkuð um 1% heldur er persónuafslátturinn sjálfur hækkaður í krónutölu sem ég er miklu meira fylgjandi að gera en að lækka skatta með því að lækka skattprósentu, vegna þess að það dreifir skattalækkuninni meira, jafnar eftir tekjuhópum, það bætir kaupmátt lágtekjumanna eða þeirra sem hafa lítið, meira en prósentulækkunin mundi gera. Ég held að það hefði verið skynsamlegra ef menn hefðu farið þá leið í skattalækkunum undanfarinna ára í meira mæli að hækka skattleysismörk og í minna mæli að lækka skattprósentu en þetta varð niðurstaðan á milli stjórnarflokkanna á sínum tíma og að því hef ég auðvitað staðið þó svo að það þurfi ekki að þýða að það sé nákvæmlega eins og maður vildi hafa það. Ég vildi því einmitt nefna *þetta atriði til þess að sjónarmið mitt í þeim efnum kæmi* fram.

[22:15]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Fjárlagafrumvarpið er nú til 3. umr. Ég fór í fyrri ræðu minni í dag yfir ákveðna þætti varðandi frumvarpið. Sérstaklega þá þætti sem hafa lotið að tillöguflutningi okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, um að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna í 70 þús. kr. á mánuði þann 1. janúar næstkomandi. Tillaga um 75 þús. kr. á mánuði var felld af Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum.

Þess vegna flytjum við aftur tillögu um 70 þús. kr. á mánuði í frítekjumark vegna atvinnutekna. Einnig flytjum við tillögu um að Framkvæmdasjóði aldraðra verði skilað þeim peningum sem innheimtir hafa verið í hans nafni af hálfu ríkisins á undanförnum árum, sem nemur 5 milljörðum kr. Að þeim verði skilað í Framkvæmdasjóðs aldraðra til þeirra verkefna sem honum var ætlað að sinna.

Virðulegi forseti. Það er bæði rétt og skylt að fjalla um störf fjárlaganefndar. Ég hef áður, bæði í ræðu minni í dag og við 1. og 2. umr. um fjárlög og fjáraukalög, gert grein fyrir því hvernig ég tel að vinna eigi að fjárlögunum. Vinna eigi að þeim á allt annan hátt en nú ert gert. Þetta eiga að vera fjárlög fyrst og fremst á ábyrgð þingsins, en það sem við nú erum að setja fram eru fyrst og fremst ráðherrafjárlög. Það eru fjárlög á vegum ráðherranna og framkvæmdarvaldsins og síðan er það þá meira svona gustukavinna fjárlaganefndar og Alþingis að afgreiða þau og leiðrétta einstaka þætti. Þetta ætti að vera öfugt. Eðlilegra væri að framkvæmdarvaldið setti fram fjárlagaramma á áherslur sínar og rútínubundin verkefni en síðan allt sem lyti að hinni pólitísku ábyrgð fjárlaganna ætti að vinnast af hálfu fjárlaganefndar og Alþingis og sú vinna ætti að hefjast miklu fyrr, ekki bara fara fram á haustmánuðum.

En varðandi annað sem rétt er að víkja að. Um samstarf og samvinnu innan fjárlaganefndar, að því marki sem meiri hluti og minni hluti hefur haft samstarf, er allt gott að segja. Í raun er það nú svo að í nefndinni er oft samhljómur um afstöðu og áherslur til einstakra verkefna þó svo að leiðir skilji síðan, oft í mörgum tilvikum þegar til kastanna kemur, milli meiri hluta og minni hluta.

En þó eru eðlilega allmargar tillögur sem hafa komið inn í fjárlagafrumvarpið, bæði við undirbúning 2. umr. og eins núna við 3. umr., sem hefur verið unnið að sameiginlega af þingmönnum, bæði í fjárlaganefnd og líka í einstökum undirnefndum þingsins öðrum, sem hafa fengið ákveðna þætti til meðferðar og meðhöndlunar. Margt af því sem kemur síðan fram í fjárlagafrumvarpinu til 2. umr. og leiðréttingar á mörgum liðum hafa verið sameiginleg áhersluatriði allra þingmanna meira og minna. Ég vildi bara láta þetta koma fram.

Að sjálfsögðu er góð samstaða um fjölda marga þætti í fjárlagagerðinni, annað væri það nú. Mörg af þeim atriðum sem hafa komið fram höfum við þingmenn stjórnarandstöðunnar, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, stutt í nefndum og tekið fullan þátt í að undirbúa.

Varðandi það hvernig vinnan hefur gengið fyrir sig þá hefur hún verið í góðu samkomulagi við formann og varaformann fjárlaganefndar í mörgum atriðum. Eins og ég sagði áðan hafa í sjálfu sér áherslur og ábendingar innan nefndarinnar gagnvart einstökum málaflokkum oft farið saman þó svo að leiðir hafi því miður stundum skilið við endanlega afgreiðslu og áherslurnar þá ekki gengið að fullu upp.

Ég vil t.d. nefna sérstaklega í því sem hér er verið að bæta við og leiðrétta, þá er tillaga um 5 millj. kr. framlag til vettvangsrannsókna á Hólum í Hjaltadal, sem er samstarfsverkefni Hólaskóla og reyndar byggðasafnsins og sveitarfélagsins og fleiri aðila sem hafa komið að fornleifarannsóknum í Skagafirði og ekki síst á Hólum og hafa einmitt orðið uppsprettan að því að tekið hefur verið upp nám á ábyrgð skólans í samstarfi við þessa aðila og einnig Háskóla Íslands í fornleifafræði. Þar hafa verið námskeið og skilgreindir námsáfangar bæði að námi við Hólaskóla og einnig við Háskóla Íslands. Einnig hefur þetta tengst uppbyggingu skólans í starfi að ferðamálum og verið mikill styrkur fyrir söfnin og safnastarfið og hina menningartengdu ferðaþjónustu í Skagafirði.

Þetta var einmitt áherslumál af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, fulltrúa þeirra í sveitarstjórn, að koma þessu samstarfi á og einmitt að geta ráðið í fasta stöðu fornleifafræðing sem starfaði jafnt með Hólaskóla í rannsóknum og í kennslu og einnig með söfnunum í Skagafirði að tilsvarandi málum.

Ég hef því sérstakt tilefni til að fagna því að þetta skuli þarna vera komið og að góð samstaða hafi ríkt í fjárlaganefnd um að þetta verkefni kæmist á. Ég vil því fagna sérstaklega stuðningi við háskólanám í fornleifafræði og því sem henni tengist við Hólaskóla.

Önnur atriði eru tínd til og eðlileg, 12 millj. kr. framlag vegna neyðarástands sem skapast hefur við Jökulsá á Fjöllum vegna stíflna þar. Alveg sjálfsagt að bregðast við og eðlilegt í alla staði. Fleiri atriði mætti nefna, þó þau séu ekki mörg sem koma inn við leiðréttingar á 3. umr. sem eru á allan hátt eðlileg.

Ég vildi bara geta þessa hér, herra forseti, því oft er maður nú harðari í gagnrýninni og gefur þá minna rúm fyrir það sem gott samkomulag er um og aðilar hafa unnið að sameiginlega, sem oft fer ekki svo hátt um á yfirborðinu þegar málin koma hingað inn í þingið. En svona er þetta oft og tíðum. Ég vil sem sagt þakka fyrir gott samstarf hvað þetta varðar allt saman í fjárlaganefnd og formanni og varaformanni fyrir samstarfið hvað þessum öllum atriðum viðvíkur.

Þau atriði sem ég ætlaði annars að minnast á og hef ekki gert áður er sala á eignum. Sérstaklega sala á jörðum. Mér telst til að samtals hafi verið leitað heimilda fyrir sölu á jörðum og jarðapörtum, bæði í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár og einnig á fjáraukalögum þessa árs, fyrir samtals um 65 jarðir og jarðaparta. Ég set mikla fyrirvara við slíkt ráðslag. Það er nú svo að miklir óvissutímar eru hvað varðar jarðamál í landinu. Það er viðurkennt að eitt stærsta vandamál nú sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir er uppkaup á jörðum og það að jarðir og lönd séu tekin úr landbúnaðarnotum alveg án þess að það sé skilgreint nokkuð fyrir fram hvort svo megi verða eða ekki.

Því miður voru fyrir tveimur árum samþykkt ný jarðalög sem hleyptu þessum málum öllum meira og minna í uppnám. Gerðar voru mun minni kvaðir til jarðakaupenda og möguleikar sveitarfélaga eða annarra slíkra aðila til að ganga inn í kaup á jörðum sem voru til sölu voru nánast að engu gerðir með hinum nýju jarðalögum. Til viðbótar þessu er jarðnæðið margt orðið of dýrt til að reka á því landbúnað.

Ég og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt frumvörp ítrekað á Alþingi, bæði nú í vetur og einnig á síðasta þingi þar sem að við leggjum til breytingar á þeim lögum. Við leggjum til að það mál verði allt endurskoðað á ný til að reyna að koma í veg fyrir að allt

jarðnæði eða stór hluti jarða í landinu safnist á örfárra manna hendur og fari auk þess út úr landbúnaðarnotum.

Ég var á fundi á vegum Bændasamtakanna fyrir nokkrum dögum þar sem yfirskriftin var Landbúnaður á Íslandi, yfirskrift sem mér þótti nú vera býsna fjarlæg og vera svolítið groddaleg. En þar sögðu menn í alvöru að héldi áfram sama þróun og nú er gætum við staðið frammi fyrir því að landbúnaður á Íslandi mundi sem slíkur, stór atvinnuvegur, heyra sögunni til innan skamms ef færi fram sem horfir.

Það var mjög athyglisvert að heyra erindi frá Íslendingi, Valdimari Einarssyni, sem er bóndasonur vestan úr Dölum, frá Lambeyrum í Laxárdal. Hann hefur dvalið um alllangt skeið, í allmörg ár á Nýja-Sjálandi, fyrst sem ráðunautur þar við landbúnað og seinna sem einn af stjórnendum í bankastarfsemi þar sem snýr einmitt að landbúnaðinum. Hann varaði mjög ákveðið við þeirri þróun sem við nú stæðum frammi fyrir, þ.e. að hægt væri að kaupa land upp og úr landbúnaðarnotum. Hann sagði að í Nýja-Sjálandi mundi þetta aldrei geta gerst. Þar eru mjög strangar reglur um landeigendur. Mjög skýrar kvaðir eru á landeigendur um hvernig má fara með landið, og ef almannaheill eða búgreinin krefst þess verður að leyfa nýtingu á landinu, t.d. til beitar. Það mundi engum detta í hug að taka þann rétt af að nýta til beitar eða til landbúnaðarframleiðslu, þó svo eignarhaldið gæti verið í höndum annars sem ekki er við þann atvinnuveg. Reglurnar t.d. í Danmörku eru þær að þeim sem kaupa jarðir er skylt að búa á jörðunum, þar er búsetuskylda.

Herra forseti. Í ágætri samantekt í Morgunblaðinu 30. ágúst síðastliðinn fer Hjálmar Jónsson blaðamaður mjög ítarlega í gegnum þetta, þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Mun strangari reglur gilda um eignarhald og viðskipti með jarðir í Noregi og Danmörku en hér á landi eftir þær breytingar sem gerðar voru á jarðalögum og tóku gildi árið 2004. Samkvæmt gildandi lögum í Noregi eru viðskipti með jarðir til dæmis háð samþykki sveitarfélags, en hliðstætt ákvæði var numið úr lögum hér, auk þess sem skylt er að búa á jörðinni um tiltekinn tíma. Sambærileg regla um búskyldu er í gildi í Danmörku og þar getur einstaklingur ekki átt fleiri en fjórar jarðir."

Fram kemur í greininni að sami jarðeigandi eigi nú tugi jarða. Ekki er vitað nákvæmlega hversu margar jarðir það eru sem hver lögaðili á en þær safnast hratt upp á fárra manna hendur. Auk þess eru heldur engar hömlur á því að erlendir aðilar geti keypt upp landið, heila firði og fjöll og er það þegar komið í gang að erlendir aðilar eiga hér umtalsverðar jarðeignir.

Þetta er almennt ekki heimilt í nágrannalöndum okkar. Almennt í löndum í heiminum eru mjög strangar reglur gerðar til eignarhalds og meðferðar á landi. Lagðar eru miklar kvaðir á þá sem eiga land. Því land er í sjálfu sér ekki eign neins annars en framtíðarinnar. Við höfum bara afnotarétt af landinu meðan við erum á þessari jörð, en það er framtíðin sem á landið. Þess vegna ber okkur skylda til þess að fara með landið út frá þeim hagsmunum.

Það er alveg eins og Tómas Guðmundsson, skáldið góða, sagði um Hótel Jörð, við erum gestir og hótel okkar er jörðin. Ætli við viljum ekki skilja þokkalega við hótelið, herbergið okkar, þegar við yfirgefum hótelið þannig að næsti aðili geti komið þar með sómasamlegum hætti inn?

Slíkur andi og þær reglur eru ekki í hinum nýju jarðalögum. Því var meira að segja stungið út að ríkið yrði að hafa samráð við sveitarfélögin áður en það seldi jarðir, sem það hafði fengið heimild til að bjóða til sölu. Ríkið getur því selt þær alveg á frjálsum markaði hvað það varðar. Einu takmörkin eru þau að ef ábúandi hefur búið á jörðinni einhvern tiltekinn árafjölda hefur hann vissan forkaupsrétt að jörðinni. En þó voru þau ákvæði einnig skert verulega við síðustu jarðalög og heimildir ríkisins líka til að halda undan jarðapörtum og ýmsum verðmætum eignum á jörðunum, heimilt var að halda þeim undan þó væri um slíka sölu að ræða.

Þess vegna hlýtur maður að staldra við þegar óskað er eftir heimildum af hálfu ríkisins til að selja samtals á þessu ári, bæði í fjárlögum og fjáraukalögum, 65 jarðir og jarðaparta. Ég taldi það saman.

Væri ekki nær að ríkið einmitt staldraði við og héldi aftur af sér varðandi sölu á jörðum og jarðalöndum almennt séð meðan verið væri að ná fótunum að nýju í þessum jarðamálum? Fyrir þrýsting, m.a. frá okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, var skipuð nefnd af hálfu búnaðarþings fyrir tveimur árum til að fara ofan í þessi mál. Sú vinna er í gangi. En eðlilega er þetta mál sem snýr að landbúnaðarráðherra fyrst og fremst og stjórnvöldum um stefnu í þessum efnum.

Ég verð því að segja, herra forseti, að ég tel þessa stefnu ríkisins stórvarasama að vera að sækjast eftir heimild til að selja hvorki meira né minna en 65 jarðir og jarðaparta.

Svo mikill er ákafinn í sölunni að fá heimildir til að selja, að sama húsið og sama jörðin er tvítekin í frumvarpi til fjárlaga. Bæði í lið 2.28 í 6. gr., að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Grunnavík í Ísafjarðarbæ og svo er það aftur tekið fram í 2.29, að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Aðalvík. — Nei, fyrirgefið, þetta eru tvær kirkjur, á Stað í Aðalvík og í Ísafjarðarbæ.

Sótt er eftir heimild til að selja þessar jarðir. Þær jarðir nálgast það að vera komnar inn á friðlandið á Vestfjörðum, að minnsta kosti getur þetta land orðið seinna meir eitt samfellt friðland eða jafnvel þjóðgarður eða hvort sem er. Hvers vegna er ríkið að sækjast eftir heimild til að selja þetta? Þetta er í góðri vörslu nú þegar. Samningar eru við átthagafélög og félagasamtök þarna á svæðinu sem hafa sinnt þeim stöðum og kirkjum vel. En ef á að fara að selja þetta á almennum markaði þá er ekki víst að þessir aðilar kaupi jörðina og húsin á fyrrgreindum stöðum.

Svona mætti áfram telja hinar ýmsu jarðir sem sótt er um heimild til að selja, 65 jarðir og jarðapartar, taldi ég saman bæði í fjárlagafrumvarpinu og fjáraukalögum án þess að neinar fullnægjandi skýringar séu á. Líka það að einn mesti vandi landbúnaðarins núna eru einmitt uppkaup eignamanna á jörðum, sem leiðir oft til þess að þá eru viðkomandi jarðir teknar úr landbúnaðarnotum, jafnvel girtar af og útilokað að fólk geti farið þar um. Þetta eru yfirleitt erfiðustu jarðeigendurnir sem við þekkjum, það eru slíkir aðilar.

Af því ég er hérna að staldra við þessa sölu á eignum, þá

vil ég líka staldra við og setja alvarleg spurningarmerki við svo opna heimild sem hér er tíunduð í sölu á eignarhlutum í húsnæði. Þar stendur í lið 3.3, að selja eigi eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðir til skólahalds, og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.

Nú veit ég ekki hve margir slíkir grunnskólar eru til, en ég dreg í efa að þetta sé heimilt samkvæmt lögum, að vera með svona kippuheimild. Ég veit ekki betur en skylt sé að sækja um heimild til að ráðstafa hverri eign fyrir sig, hverri sérmetinni eign fyrir sig. Svona grúppuheimild, kippuheimild, ég tel mjög líklegt að hún standist ekki lög. Sama stendur áfram líka í lið 3.4, að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðir sem slíkir og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.

Nú má vel vera að einhverjir slíkir skólar séu til. En ég tel að breyting á eignarhaldi á þeim skólum ætti þá að vera í samráði við viðkomandi sveitarfélög sem eiga oft aðild að þeim. Ég dreg í efa að hægt sé að sækja um heimild til að selja óskilgreint einhvern bunka af eignum. Ég er eiginlega viss um að skylt sé að sækja um sölu á hverri eign fyrir sig.

Sama er sagt um sölu á eignarhluta ríkisins í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík. Ég dreg í efa að heimilt sé að sækja um svona opna heimild á þennan hátt. Annars staðar sjáum við að selja á eignarhlut ríkisins í fasteigninni Brautarholti 6, Reykjavík, og eignarhlut ríkisins í Heilsugæsluseli að Helluhrauni 17 í Mývatnssveit. Eignirnar eru sem sagt alltaf tilgreindar sem verið er að sækja um söluheimildir á, nema í ofangreindum tilvikum.

Ég tel ástæðu til, herra forseti, að forseti láti kanna hvort löglegt sé að sækja um svona opnar heimildir fyrir einhverjum óskilgreindum fjölda húsa vítt og breitt um landið. Ég óska eftir því að hæstv. forseti láti kanna hvort þetta sé í samræmi við góð lög og góðar reglur, að sækja um svo opna heimild eins og hér kemur fram.

Herra forseti. Ég hef vakið athygli á heimildum til jarðasölu sem ég tel mjög varhugaverðar, ekki síst í ljósi þess að þau stjórnvöld sem fara nú með stjórn landbúnaðarráðuneytisins hafa haft forgöngu um að setja þannig jarðalög að þau eru í anda þeirrar mestu frjálshyggju sem þekkist í heiminum við ráðstöfun á landi eins og ég hef áður vikið að. Ég vildi koma þessu að núna með jarðirnar hvað þetta varðar.

Fram hefur komið í ræðum hér á undan að fjármagn skortir í fjárlögin til að standa undir niðurgreiðslum til húshitunar, á rafmagni til húshitunar. Einnig skortir fjármagn í fjárlögin til að standa undir loforðum til að styrkja hitaveitur eða þegar verið er að stofna til nýrra hitaveitna á köldum svæðum. Það er mikið hagsmunamál fyrir einstakar byggðir þar sem möguleikar eru á að koma á hitaveitum. Samkvæmt lögum ber að veita þar ákveðinn fjárstuðning, stofnstyrki, til að koma slíkum hitaveitum á, en fjármagnið til slíkra stofnstyrkja er allt of lítið og er ekki í samræmi við þau lög sem kveða á um þátttöku ríkisins hvað það varðar.

En varðandi raforkuna þá er ég hér með ágætt bréf, herra forseti, sem lýsir vel þeirri stöðu sem upp er komin hjá mörgum raforkunotendum eftir markaðsvæðingu raforkukerfisins, eftir að átti að fara að hækka arðsemiskröfu raforkukerfisins og markaðsvæðingin hóf innreið sína. Af því að þetta skiptir allt máli og einnig hvernig ríkið kemur að til að jafna þennan kostnað langar mig til að lesa þetta bréf hér. Þetta er bréf frá Guðrúnu Bergmann, hótelstjóra á Hellnum, sem sent er iðnaðarráðherra en afrit er svo sent til þingmanna.

Með leyfi forseta:

„Ágæti ráðherra. Ný orkulög, hækkun raforkuverðs og dreifikostnaðar á raforku hefur komið afar illa niður á rekstri lítilla fyrirtækja eins og míns fyrirtækis sem er sumarhótelið Hótel Hellnar, en það er skilgreint vera á köldu svæði. Fyrir hækkun greiddi ég 2,99 kr. plús eina krónu fyrir kílóvattstundina en nú borga ég 3,24 kr. plús 1,05 kr. fyrir kílóvattstundina. Kostnaður við hverja kílóvattstund hefur því hækkað um 30 aura frá 1. maí sem sýnist lítil hækkun uns hún er margfölduð með notkun. Reyndar fengum við frest sem þessa atvinnugrein stundum, álestrarreikninga á miðju sumri þegar ekki var tími til að láta í sér heyra vegna anna við reksturinn.

Flutningskostnaður á orkunni er óheyrilega hár. Fyrir flutning á rafmagni til húshitunar greiði ég fyrir heimili mitt rúmlega 6 kr. á kílóvattstundina en fyrir fyrirtækið greiði ég rúmlega 9 kr. á kílóvattstundina, þegar við berum það nú saman við það sem stóriðjan er að borga, sem er kannski rúmlega ein króna eða þar um bil, þá er þetta litla fyrirtæki að borga 9 kr. á kílóvattstundina. Að auki er ég svo þess vafasama heiðurs aðnjótandi sem rekstraraðili á fyrirtæki í dreifbýli að greiða 1 kr. aukagjald á flutning rafmagns á hverja kílóvattstund sem raunar hækkaði í 1,05 kr. þann 1. maí sl., eins og að framan greinir.

Heildarnotkun hjá mér vegna húshitunar frá 1. febrúar 2005 til 29. maí 2006 eru 136.776 kílóvattstundir. Á þessu tímabili var ég einungis með rekstur í sex mánuði en heildarkostnaður við húshitun var 864.841 kr. fyrir utan vask. Rafmagnskostnaðurinn var 225.707 kr. fyrir svipað tímabil. Aukagjaldið, þ.e. ein króna per kílóvattstund í dreifingu þýðir að fyrirtækið greiddi fyrir umrætt tímabil 136.776 kr. meira fyrir rafmagnið á þessu tímabili en samkeppnisaðili þess sem staðsettur er í næsta þéttbýli.

Einhvern tíma var fjallað um það sem réttlætismál að allir raforkukaupendur á Íslandi ættu að sitja við sama borð hvar sem þeir byggju á landinu. Þessi aukalegi kostnaður skekkir hins vegar samkeppnisstöðu fyrirtækja eins og hjá mér og er hvorki til þess fallinn að styðja við dreifða byggð í landinu né heldur að hvetja til atvinnureksturs í dreifbýli. Og ég er ekki ein um að greiða þennan kostnað. Innan Samtaka ferðaþjónustu bænda eru t.d. rúmlega 54 önnur fyrirtæki sem skilgreinast á köldu svæði og lúta þá sömu töxtum og ég er hér að greina frá.

Ljóst er að ferðaþjónustan er ein mest vaxandi atvinnugrein í landinu og er nú önnur stærsta útflutningsgrein landsins á eftir fiskveiðum. Því vil ég fyrir hönd míns fyrirtækis og annarra fyrirtækja sem stunda þessa ört vaxandi og öflugu atvinnugrein fara fram á breytingar á raforkuverði til þeirra fyrirtækja innan hennar sem skilgreinast á köldum svæðum. “

Svo telur Guðrún upp:

„Að 1,05 kr. aukagjald á kílóvattstund fyrir flutning verði felld niður.

Að flutningskostnaður á raforku til fyrirtækja verði lækkaður til samræmis við flutningskostnað til húshitunar.

Fyrirtæki í dreifbýli sem eru á köldum svæðum fái styrk til að setja upp varmadælu til upphitunar en með því mætti spara verulegan kostnað.

Ljóst er, að ef nýta á Ísland sem ferðaþjónustuland þarf að vera til þjónusta eins og gisting og veitingar víða í dreifbýli. Á þeim stutta árlega rekstrartíma sem ég starfræki Hótel Hellna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, eru rúmlega 3.500 gistinætur. Ef rekstur eins og minn og annarra sem veita sambærilega þjónustu með svipaðan fjölda herbergja legðist af mundi ferðaþjónustan bera stóran skaða af. Ferðaþjónustan er ung grein hér á landi og kostnaður við uppbyggingu hennar er afar hár, dreifist á fá ár og rekstrartími ferðaþjónustunnar er stuttur. Þótt greinin sé í örum vexti á hún fullt í fangi með að mæta þeim kröfum sem markaðurinn gerir til hennar. Byggingarkostnaður, reglugerðarkerfi og húshitunarkostnaður er afar hár hér á landi og það mundi muna miklu ef síðasttöldu tveir liðirnir mundu lækka.

Því legg ég hugmyndir mínar ekki einungis fram fyrir þig, ágæti iðnaðarráðherra, heldur einnig fyrir þingmenn míns kjördæmis og treysti því að þeir veiti uppbyggingu í ferðaþjónustu og þeim rekstrarlegu þáttum sem hún þarf að takast á við aukna athygli.

Með fyrir fram þökk og von um vinsamlega umfjöllun á erindi mínu. Guðrún Bergmann hótelstjóri."

Þarna er mjög hógværlega greint frá hvernig atvinnurekstur og búseta, sérstaklega í dreifbýli, er skattlögð og látin borga hærri gjöld m.a. fyrir rafmagn en annars staðar í samfélaginu og ég tala nú ekki um ef við berum saman raforkukostnaðinn sem ferðaþjónustan borgar annars vegar, sem er næststærsti atvinnuvegur þjóðarinnar og sá atvinnuvegur sem skilar næstmestum nettógjaldeyristekjum samanborið við t.d. stóriðjuna sem greiðir kannski bara einn áttunda af þeim rafmagnskostnaði sem ferðaþjónustan borgar. Fyrir utan, herra forseti, þær niðurgreiðslur sem koma til íbúðarhúshitunar á köldum svæðum, til að greiða niður rafmagn, þær koma ekki ferðaþjónustunni til góða því að það er aðeins veitt til íbúðarhúsnæðis sem búið er í allt árið.

Ég bendi á þetta vegna þess að þetta er það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera. Hún getur lækkað skatta og álögur en hins vegar fært gjöldin yfir á notendur. Í markaðsvæðingu raforkukerfisins hefur það gerst að samábyrgðin hefur fallið brott en gjöldin hafa verið færð yfir á notendurna og þá gerist það ójafnt með þessum hætti. Nákvæmlega sama er líka að gerast varðandi fjarskiptakostnaðinn, varðandi símkostnaðinn. Menn monta sig af því að hafa selt Símann — hann var reyndar seldur á spottprís en hvað um það — en hvernig kemur það nú út? Hvað hefur gerst hjá þeim sem búa við þessa fjarskiptaþjónustu?

Það eina sem hefur gerst þar, herra forseti, er að það er verið að skipta landinu upp í gjaldsvæði, það er verið að mismuna fólkinu eftir búsetu. Við höfum heyrt um hækkun símgjalda, ég tók upp mál hér á Alþingi um daginn um hvernig GSM-símgjöld hafa hækkað. Þau hafa hækkað um 40% síðan Síminn var einkavæddur, sem er miklu meiri hækkun en í næstu nágrannalöndum okkar.

Ef litið er t.d. til internetsþjónustunnar, og aftur er það einmitt hið sama, er það dreifbýlið sem verður fyrir þessum mismun en í Bæjarins besta 25. september sl. er frétt um þetta. Þar er sagt frá að internetsnotandi á Ísafirði greiðir sama verð fyrir fjögra megabæta tengingu og notendur á höfuðborgarsvæðinu borga fyrir átta megabæta tengingu. Þegar Síminn er spurður hvers vegna þetta sé þá er sagt að það sé búið að skilgreina og skipta landinu í svæði hvað varðar afkastagetu þessa fjarskiptakerfis en hins vegar verðum við að borga sama verð.

Neytendasamtökin segja um þetta sama mál í Bæjarins besta, 28. september sl., með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin fjalla um þá mismunandi þjónustu sem Síminn býður upp á eftir búsetu á heimasíðu sinni í dag. Eins og sagt hefur verið frá er neytendum utan ákveðinna svæða boðin allt að helmingi hraðari tenging fyrir sama verð og neytendur annars staðar, t.d. á Vestfjörðum, greiða fyrir hægari tengingu. Á heimasíðu Neytendasamtakanna segir meðal annars:

„Staðreyndin er sú að þegar Ísfirðingur kaupir þjónustuleiðina „Bestur" fær hann fjögurra megabæta tengingu og greiðir fyrir það 5.990 kr. En Reykvíkingur sem kaupir sömu leið fær átta megabæta tengingu, þ.e. helmingi hraðvirkari tengingu og hann greiðir líka 5.990 kr. Þetta á líka við um tenginguna „Langbestur" sem kostar Ísfirðinginn 6.490 kr. að fá sex megabæta tengingu en Reykvíkingurinn fær afhenta tólf megabæta tengingu fyrir sama verð." Þá kemur fram að sambærileg mál hafi áður komið upp, t.d. í viðskiptum við orkufyrirtæki með sölu á heitu vatni ..."

Neytendasamtökin benda því á og taka undir með Vestfirðingum um að eðlilegra væri að gefa upp hvaða lágmarksþjónusta ætti að vera í boði á einhverju ákveðnu verði í staðinn fyrir að skipta landinu svona upp eftir svæðum og láta menn borga fullt verð fyrir lélegri þjónustu.

Þetta er reyndar það sama og er uppi í raforkuþjónustunni þar sem þeir sem eru bara með einfasa rafmagn borga sama verð fyrir kílóvattstundina og þeir sem fá þriggja fasa rafmagn þó svo að í raun sé þörf bæði miklu dýrari tækjabúnaðar og miklu meiri orkukostnaður við einfasa rafmagn en þriggja fasa rafmagn. Og nú eftir að orkukerfið hefur verið markaðsvætt, Rarik gerði það að hluta til, þá getur ríkið ekki komið með beinum hætti að því að styrkja dreifikerfið eða verja fjármagni til þrífösunar á rafmagni og er algjörlega háð því hvað þetta fyrirtæki vill leggja í það. Nýjustu aðgerðir af hálfu iðnaðarráðherra eru að setja bæði Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rarik á einkavæðingarvagninn og ýta honum hratt af stað þannig að raforkukerfið verði allt saman innan skamms að fullu markaðsvætt og einkavætt. Allt þetta mun bitna langharðast á íbúum dreifbýlisins bæði hvað varðar raforkuna og fjarskipti, eins og ég hef rakið.

Þannig er hægt að lækka almenna skatta á hátekjufólki og draga úr skattheimtu en að færa í raun þann kostnað sem áður var greiddur og borin sameiginleg ábyrgð á beint út á neytendurna sjálfa eins og rafmagn, fjarskipti o.s.frv.

Aðeins í lokin, herra forseti, er ekki hægt annað en að víkja aftur að vegamálunum. Við heyrðum aftur í fréttum í kvöld að ráðherrar, bæði samgönguráðherra og fjármálaráðherrann eru að gefa yfirlýsingar um að þeir séu reiðubúnir að fara í tvöföldun á Suðurlandsvegi milli Selfoss og

Reykjavíkur og eru reiðubúnir að láta það fara strax á fulla ferð og sérstaklega í einkaframkvæmd. Ég hef áður vitnað til yfirlýsinga fjármálaráðherra sem hefur lýst því á fundum á Suðurlandi að ekkert sé til fyrirstöðu að taka ákvörðun um að bjóða út veginn á milli Selfoss og Reykjavíkur fyrir jól í einkaframkvæmd.

Ég get ekki orða bundist hvað þetta varðar. Við höfum horft á það, og ég hef rakið það ítarlega, hvernig stjórnvöld hafa skorið niður fé til vegaframkvæmda á undanförnum árum. Lofað var miklu fjármagni á árinu 2003, þá var kosningaár og ný vegáætlun og lofað auknu fjármagni til vegagerðar. Reyndar var voru vegaframkvæmdir sveltar mjög árið 2002, ári fyrir kosningar. Það er kosningabragð að skera niður framkvæmdir ári fyrir kosningar og þykjast svo ætla að gera mikið á kosningaári. Þetta var gert árin 2002 og 2003. Árið 2002 var eitt lægsta árið með framlög til vegamála. Síðan var tekin ákvörðun um að auka fé á árinu 2003 og þá var samþykkt gríðarlega mikil vegáætlun um stórframkvæmdir í vegamálum. Staðreyndin er hins vegar sú að frá árunum 2003–2006 er búið að skera vegáætlunina sjálfa niður um 6,5 milljarða kr. Auk þess hefur það fjármagn sem átti að koma inn til framkvæmda á árinu 2007 af svokallaðri sölu Símans einnig verið skert. Árin 2005 og 2006 eru þau ár sem einna minnstu fjármagni hefur verið varið til vegagerðar um langt árabil, að ég tali nú ekki um sem hluti af þjóðarframleiðslu. Nú á að verða trúverðugt að ráðast eigi í stórframkvæmdir í vegamálum á næsta ári, samkvæmt yfirlýsingum sömu ráðherra, og þá á endilega gera það í einkaframkvæmd

Ég hef mikinn skilning öllum nauðsynlegum vegaframkvæmdum og þetta hefur verið áherslumál hjá okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Ég hef líka ítrekað flutt þingsályktunartillögu á Alþingi um sérstakt átak í safn- og tengivegum, vegum sem liggja inn til dala og út til stranda og hafa dregist alveg stórlega aftur á undanförnum árum. Ég hef lagt til að gert yrði stórátak í vegamálum hvað þessa vegi varðar. Þetta eru vegir sem fólk ekur með börn sín daglega til skóla um langan veg eða sækir atvinnu eða aðdrætti um langan veg, oft og tíðum malartroðninga. Þessir vegir hafa hlutfallslega orðið mjög út undan á síðustu árum og ekki verður séð að þeir komist á dagskrá nema gert verði sérstakt átak varðandi þá.

Ég er hér með undirskriftaskjal — það er helst að fólk veki athygli á þörfum vegaframkvæmdum með því að senda undirskriftaskjal — frá öllum íbúum í Bæjarhreppi í Strandasýslu þar sem þeir skora á samgönguyfirvöld að sjá til þess að vegurinn sem liggur um Bæjarhrepp í Strandasýslu verði allur lagður bundnu slitlagi hið bráðasta. En einmitt þessi vegur norður Strandirnar er núna aðalflutningavegurinn, bæði á fólki og vörum norður um Strandir til Hólmavíkur, Drangsness, Ísafjarðar og um norðanverða Vestfirði, og þar fara fram gríðarlega miklir fiskflutningar. Þarna hafa iðulega orðið slys, bílar lent út af vegna þess hve vegurinn er veikur og mjór. Umferð er ótrygg þarna og sáralítið hefur verið gert í vegabótum á þessu svæði á undanförnum árum.

Við erum minnug þess að það fyrsta sem ríkisstjórnin greip til á síðastliðnu sumri, þegar draga átti úr þenslu, var að fresta vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Í frumvarpi sem hæstv. forsætisráðherra mælti fyrir fyrir helgi, um frestun á ráðstöfun á fjármagni af sölu Símans, er aftur verið að skera niður og fresta fjármagni til þessara svæða. Samtímis geta sömu ráðherrar komið hér og sagt að það sé alveg sjálfsagt að skoða það að gera stórátak í vegaframkvæmdum á næsta og þarnæsta ári, og alveg sjálfsagt að gera það í einkaframkvæmd.

Ég er með skýrslu sem ég vitnaði til í morgun frá Ríkisendurskoðun, sem kom út í júní sl., þar sem stofnunin gerði úttekt á hagkvæmni einkaframkvæmda í vegamálum. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er sú að það sé alls ekki nein sérstök hagkvæmni eða ódýrara að fara í vegaframkvæmdir á grundvelli einkaframkvæmdar. Ríkið búi yfir meiri tæknibekkingu og reynslu í vegagerð og hafi einnig möguleika á að ná í ódýrara fjármagn en einkaaðilar. Í þeirri skýrslu sem ég er með það eindregin skoðun Ríkisendurskoðunar í þeirri úttekt sem þeir gera að einkaframkvæmd í vegagerð sé síðri kostur. Hins vegar er hægt að slá málum á frest og það er ríkisstjórnin er að gera. Hún er að slá málum á frest með því að segja að það sé sjálfsagt að setja hina eða þessa framkvæmdina í einkaframkvæmd. Ef raunverulegur vilji væri hjá ríkisstjórninni til að taka á og gera átak í vegaframkvæmdum mundi hún gera það á vegum ríkisins. En þegar maður vill komast hjá því að þurfa að ræða málið af alvöru þá er slegið úr og í, sjálfsagt að skoða einkaframkvæmd eða einhverja slíka möguleika. Það er af því að þá vilja menn ekki taka á málinu.

Mér finnst líka af umræðunni síðustu daga, herra forseti, dapurlegt að hlusta á hvernig einstaka ráðherrar og jafnvel ráðherra samgöngumála segja eitt og annað en Vegagerðin vinnur síðan samkvæmt stefnumörkun sem Alþingi og samgönguráðherra hafa lagt upp með í vegagerð. Þetta er mjög óréttmæt umræða sem ráðherrarnir viðhafa gagnvart einstökum vegaframkvæmdum, hversu mikilvægar sem þær eru. Það er skoðun okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að gera eigi stórátak í vegamálum og standa við það en ekki bara svíkja það eins og gert hefur verið á undanförnum árum, fólk hefur verið svikið í vegamálum. Lofað var stórátaki í vegamálum á síðustu fjórum árum sem ekki hefur verið staðið við, vegáætlun var skorin niður um 6–7 milljarða kr. á síðustu fjórum árum. Og áfram er skorið niður um a.m.k. 3,5–5 milljarða kr., eftir því hvernig maður reiknar það, á næsta ári miðað við það sem búið var að lofa. Ef vilji er til þess að gera stórátak í vegamálum, eins og ráðherrar lýsa hér yfir, á að taka ákvörðun um að það sé gert á vegum ríkisins og þá getum við byrjað strax. Raunin er hins vegar önnur, það er verið að skera niður og fresta vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi sem eru búnar að vera á vegáætlun í mörg ár og síðan lofa menn út og suður burt frá raunveruleikanum. Slíkt er ekki heiðarlegt.

Herra forseti. Ég hef rakið nokkur atriði til viðbótar í umfjöllun um fjárlagafrumvarpið. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór mjög ítarlega í gegnum efnahagsforsendur frumvarpsins fyrir næsta ár og hvert stefnir í efnahagsmálum þar sem hann dró upp mikil varnaðarorð og lýsti því hvernig ástandið hefur verið á þessu ári. Viðskiptahallinn er tvöfalt meiri en ráð var fyrir gert. Hann verður líklega um 210–220 milljarðar kr. á þessu ári en samkvæmt spánni sem

gerð var fyrir ári síðan var gert ráð fyrir að hann yrði 110 milljarðar. Þetta er tvöföldun. Mönnum finnst þetta allt í lagi. Ráðherrum ríkisstjórnarinnar finnst það allt í lagi, sem sýnir hversu glámskyggnir þeir eru á það sem er að gerast. (Gripið fram í.) Það gerir ekki fyrrverandi ráðherra, nei. Vextir eru með því hæsta sem gerist, stýrivextir Seðlabankans 14%, skuldabréfavextir 22–23% eða hvað það nú er. Það sér hver heilvita maður að atvinnulíf og heimilisrekstur gengur ekki í þessu vaxtaumhverfi. Þetta var allt saman fyrirséð. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðum við því árið 2002 og árið 2003 að verið væri að sigla inn þetta umhverfi með þessum gríðarlegu stóriðjuframkvæmdum. Sumir láta sér þetta ástand koma á óvart, en það var varað við því. Við vöruðum við því, efnahagssérfræðingar bankanna vöruðu við því, Seðlabankinn varaði við því. Ég minnist orða fyrrverandi seðlabankastjóra, Birgis Ísleifs Gunnarssonar, sem sagði að við byggjum við ógnarjafnvægi í efnahagsmálum og ef ekki yrði slegið af stóriðjuframkvæmdum, skattalækkunum eða þessum ofboðslegu þensluaðgerðum ríkisstjórnarinnar þá sigldum við inn í mjög erfitt og viðkvæmt efnahagsástand. Og sú varð raunin, ríkisstjórnin keyrði áfram á stóriðjustefnu sinni. Til marks um það var vegaframkvæmdum frestað í sumar upp á rúman 1 milljarð kr. til að slá á þenslu en stóriðjuframkvæmdirnar, undirbúningur að stóriðjuframkvæmdum var á fullu. Framkvæmdum á Grundartanga var meira að segja var flýtt, framkvæmdum á Hellisheiði til orkuöflunar fyrir stækkun álversins á Grundartanga var flýtt á sama tíma og vegaframkvæmdir úti um land voru keyrðar niður, brýnar vegaframkvæmdir sem fólk hafði beðið eftir árum og áratugum saman. Þetta voru allt saman ríkisdrifnar framkvæmdir, Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Hitaveita Suðurnesja. Þetta eru opinber fyrirtæki sem voru einungis að framfylgja stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar með þeim afleiðingum sem ég hef nefnt.

Það hefur verið samdóma álit annarra en ríkisstjórnarinnar, annarra en ráðherranna, ég held að það hafi verið samdóma álit flestra sem hafa spáð fyrir um efnahagsþróun á næsta og þar næsta ári að efnahagsástandið sé í mikilli óvissu og það velti á því hvort áfram verði kynt undir frekari stóriðjuframkvæmdir eða ekki. Verði kynt undir áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir, verði gefið fyrirheit um að áfram eigi að halda á þeirri braut, verður áfram gríðarleg þensla í efnahagslífinu hér á landi, vextir háir og hár og mikill viðskiptahalli, mikill óstöðugleiki og óvíst hversu lengi bæði heimili og atvinnulíf bera slíkt. Því er mjög mikilvægt að ríkisstjórnin gefi nú yfirlýsingu, við höfum krafist þess, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að ríkisstjórnin gefi yfirlýsingu um að sett verði stóriðjustopp og efnahagslífinu gefið tækifæri og tóm til að ná jafnvægi á ný og aðrar atvinnugreinar fái einnig sitt eðlilega svigrúm í atvinnulífi þjóðarinnar. Um það stendur raunar baráttan á næsta ári, hver verði stefnan í efnahagsmálum. Verður óbreytt stóriðjustefna þessarar ríkisstjórnar eða verður horfið frá henni og tekin upp efnahags- og atvinnustefna sem leiðir til meira jafnvægis og meira öryggis, bæði fyrir fjölbreytni atvinnulífsins vítt og breitt um landið og fyrir efnahag og afkomu einstaklinganna og fjölskyldnanna. Um það verður tekist á í vor en þetta frumvarp, herra forseti, segir ekkert um það. Þetta frumvarp lætur því ósvarað hver er raunveruleg stefna ríkisins í efnahagsmálum fyrir næsta ár og slíkt er mikið ábyrgðarleysi í því ástandi sem við nú búum við.

[23:14]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Við erum komin undir lok 3. umr. um fjárlög fyrir komandi ár og ætla ég ekki að hafa langt mál um það efni. Talsmaður okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, hv. þm. Jón Bjarnason, hefur gert rækilega grein fyrir afstöðu okkar til fjárlaganna en í frumvarpinu og þeim þingmálum sem fram hafa komið í tengslum við það kristallast mismunandi pólitískar áherslur innan þingsins. Annars vegar er sú stefna sem þjóðin hefur fengið að kynnast á undanförnum árum, allar götur frá árinu 1995 þegar Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur gengu í eina sæng, og hins vegar þær áherslur sem koma frá stjórnarandstöðunni og birtust m.a. í sameiginlegri tillögugerð Frjálslynda flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að gera nú átak til að draga úr misskiptingunni í landinu.

Við vildum, og viljum, byrja á því að rétta kjör þeirra hópa sem lakast standa. Við beinum sjónum okkar til öryrkja, til þeirra hópa aldraðra sem búa við lökust kjörin. Í samræmi við þetta lögðum við fram ítarlegt þingmál í upphafi þings sem gengur í grófum dráttum út á að draga úr skerðingaráhrifum tekna og auka möguleika lífeyrisþega til að bæta kjör sín. Í þingmáli stjórnarandstöðunnar er gert ráð fyrir hækkunum á ýmsum grunngreiðslum til lífeyrisþega og öryrkja og má nefna að við viljum að ráðstöfunarfé við dvöl á stofnun hækki um 50% og fleira mætti telja til.

Ég segi: Við vildum, og viljum enn. Þessar tillögur stjórnarandstöðunnar hafa ekki náð fram að ganga í þinginu en við gerðum tillögur um breytingu á fjárlagafrumvarpinu og voru þær felldar við nafnakall eftir 2. umr. um fjárlögin. Ég hef áður gert grein fyrir þessum tillögum okkar, og margir þingmenn stjórnarandstöðunnar, og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þær að sinni.

Venju samkvæmt hefur þessi umræða um fjárlögin verið blanda af almennri efnahagsumræðu og umræðu um einstaka liði fjárlaganna. Frumvarpið kom til umsagnar hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þar sem ég á sæti og sendi nefndin álit sitt til fjárlaganefndar áður en 2. umr. hófst. Álit efnahags- og viðskiptanefndar kom fram í þríþættu formi, frá stjórnarmeirihlutanum, frá Samfylkingu og svo frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði en að því áliti stóð ég. Áherslur mínar í umsögn til fjárlaganefndar lutu fyrst og fremst að forsendum fjárlaganna.

Hv. þm. Jón Bjarnason gerði grein fyrir því að þegar við stóðum hér fyrir ári var gert ráð fyrir því að við mundum búa við halla á þessu ári sem næmi um 110 milljörðum kr., viðskiptahalla þjóðarinnar. Hann verður að öllum líkindum 220 milljarðar, helmingi meiri en ráð hafði verið fyrir gert. Það segir sig sjálft að slík grundvallarbreyting hefur síðan áhrif inn í alla efnahagsstarfsemina og þar með á fjárlög ríkisins.

Við höfum reynt að benda á hið stóra samhengi hlutanna á meðan þingmenn stjórnarmeirihlutans hafa að okkar

mati haldið sig við yfirborðið. Þeir hafa sagt sem svo að hér hafi kaupmáttur farið vaxandi, hér hafi verið hagvöxtur en að sönnu hafi verðbólgan verið mikil á undangengnu ári. Verðbólgan nam um 7% á 12 mánuðum sem er mjög hátt og mun hærra en þekkst hefur á svo löngum tíma, frá árinu 1989, en þá fór verðbólgan í um 30%. Það var í undanfara þjóðarsáttarsamninganna svonefndu sem miðuðu fyrst og fremst að því að keyra verðbólguna niður. Þrátt fyrir þetta segir stjórnarmeirihlutinn að hér sé allt í lukkunnar velstandi og einblínir á þann árangur sem hefur náðst í því að ná skuldum ríkissjóðs niður. Það er rétt, þar hefur náðst ákveðinn árangur. Á meðan höfum við viljað skoða allt dæmið, horfa ekki einvörðungu til ríkissjóðs heldur einnig til stöðu sveitarfélaganna en hún hefur versnað hjá þeim sumum, reyndar er ekki hægt að alhæfa um sveitarfélögin í þeim efnum, auk þess sem við viljum horfa á þjóðarbúið í heild sinni, heimilin og fyrirtækin í landinu. Þegar það dæmi er skoðað er myndin ekki eins björt, enda hafa greiningarfyrirtæki sem starfa á alþjóðavísu, eins og greiningarfyrirtækið Fitch, ítrekað sent frá sér viðvaranir. Eftir skýrslu sem ég held að hafi komið fram í febrúar var það ítrekað nýlega að við værum skuldsettasta þjóð sem fyrirtækið væri yfirleitt með í athugun.

Þannig hljóta ábyrgir stjórnmálamenn og ábyrgir stjórnmálaflokkar að sjálfsögðu að horfa á málið, horfa á það í heild sinni á sama hátt og við mundum gera ef um væri að ræða bókhald okkar á heimilinu. Við mundum ekki stæra okkur af fínu bílunum sem við værum að kaupa og utanlandsferðum og sumarbústaðnum ef við fjármögnuðum ár eftir ár slíka neyslu með aukinni skuldsetningu. Sá er því miður veruleikinn með okkur og hefur verið á undanförnum árum. Það er mjög mikilvægt að horfa á þessi mál í heild sinni og að við förum að með fullri gát.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta að sinni. Þó get ég ekki horfið frá því án þess að fara aðeins út í þá umsögn sem ég sendi til fjárlaganefndar og sem áður segir snerist fyrst og fremst um forsendur fjárlaganna. Þá horfði ég á væntanlegar stóriðjuframkvæmdir og benti á að nú væri í bígerð undirbúningur að stækkun álversins í Straumsvík sem færi úr200 þús. tonnum í 460 þús. tonn, þ.e. stækkun um 260 þús. tonn, en á teikniborðinu væri einnig álver í Helguvík upp á 250 þús. tonn og nýtt álver við Bakka á Húsavík upp á 250 þús. tonn.

Það var athyglisvert að fulltrúar greiningardeilda bankanna sem komu á okkar fund — reyndar komu einnig fulltrúar Seðlabankans — fulltrúar viðskiptabankanna, KB-banka, Landsbanka og Glitnis, ryndu að sjálfsögðu í þessar tölur þó að áherslur þeirra væru misákveðnar. Ég vil vísa af þessu tilefni í athugasemdir sem bárust frá KB-banka, reyndar í tengslum við ráðstefnu sem bankinn efndi til í byrjun októbermánaðar. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stóriðjuframkvæmdirnar munu halda gengi krónunnar hærra en gert er ráð fyrir í gengisspá greiningardeildar án stóriðjuframkvæmda. Stóriðjuframkvæmdir munu verka sem mikill stuðningur við bak krónunnar. Gert er ráð fyrir að krónan muni byrja að styrkjast fljótlega á næsta ári vegna yfirlýsingar um álver á Reykjanesi," — og takið eftir þessu, áður en hafist er handa um framkvæmdir mun yfirlýsing um að hafist verði handa síðar hafa þessi áhrif.

Ég endurtek af því að ég lauk ekki við setninguna sem ég ætlaði að vitna í, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að krónan muni byrja að styrkjast fljótlega á næsta ári vegna yfirlýsingar um álver á Reykjanesi, í Straumsvík eða Helguvík, enda lítur út fyrir að til verði orka fyrir eitt 250 þúsund tonna álver á Reykjanesskaganum."

Þarna er aftur ástæða til að horfa á samhengi hlutann. Ef þessar framkvæmdir verða til þess að styrkja krónuna hefur það afleiddar afleiðingar í för með sér. Erlendir fjárfestar hafa flutt peninga inn til Íslands til að hagnast á þeim mikla vaxtamun sem er hér á landi. Vaxtamunur er meiri en gerist víðast hvar í samanburðarlöndum okkar og þá eru fluttir inn peningar, þeir látnir standa hér á rentu og síðan er hagnaðurinn fluttur úr landi. Slíkir fjárfestar taka eina áhættu og hún er krónan, ef hún veikist getur peningurinn sem þeir hafa flutt til Íslands rýrnað sem því nemur.

Hér segir áfram í sömu skýrslu frá KB-banka sem ég vitnaði í, með leyfi forseta:

„Það er mikill misskilningur — sem oft hefur komið fram í opinberri umræðu — að erlend verðbréfaútgáfa í krónum sé eitthvert fyrirbæri sem sé ótengt stóriðjuframkvæmdunum. Þessi útgáfa stafar af háum vaxtamun við útlönd þar sem útlendingar hagnýta sér háa íslenska vexti. Vextir er aftur á móti háir vegna þenslu hér innan lands sem að einhverju leyti má rekja til framangreindra framkvæmda. Af þeim sökum má — a.m.k. að hluta til — líta á erlendu verðbréfaútgáfuna í íslenskum krónum sem afleiðingu af mjög hraðri uppbyggingu stóriðju hérlendis."

Það er þetta sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt áherslu á. Skoðum málin í víðu samhengi.

Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir flutti hér ágæta ræðu í dag og ætla ég að víkja örfáum orðum að einum efnisþætti hennar síðar. Hún talaði um nauðsyn þess að við íhuguðum í alvöru að taka upp evruna, væntanlega með því að ganga í Evrópusambandið, því að ákveðið öryggi fælist í því að vera hluti af sama gjaldmiðli og aðrar þjóðir innan Evrópu. Ég tek alveg undir að vitaskuld fylgdi því stöðugleiki, en þá þarf að skoða ókostina við slíkt. Í efnahagskerfinu eru ákveðnar breytur sem geta rokkað til. Ein breytan er vextirnir, önnur er verðið á gjaldmiðlinum sem getur veikst eða styrkst eftir atvikum og þriðja breytan er atvinnustigið. Það getur farið upp og niður, og spurning á hvað við viljum leggja ríkasta áherslu, að halda hér stöðugleika í verðlagi eða stöðugleika í atvinnu. Um það hefur verið sátt á Íslandi að stefna að því að halda hér sem mestum stöðugleika í atvinnu.

Hæstv. forseti. Þetta voru atriði sem ég vildi nefna í hinu breiða samhengi. Ég hef við 2. umr. farið dýpra í þessi mál en í örstuttu máli vil ég staðnæmast við þætti sem hér voru nefndir og ég staðnæmist við ræðu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur þar sem hún vék sérstaklega að Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi. Það er nokkuð sem hv. þm. Jón Bjarnason hefur einnig hamrað á, með tilliti til Landspítala – háskólasjúkrahúss og sjúkrastofnana á landinu í heild sinni. Þetta er umræðuefni sem ég er heldur ekki ókunnur sjálfur, hef vakið athygli á þeim vanda sem sjúkrahúsin hafa búið við en staðreyndin er sú að Landspítali – háskóla-

sjúkrahús, svo að það dæmi sé tekið, hefur haft frá hinu opinbera, úr okkar sameiginlegu skatthirslum, sömu fjármuni að raungildi og hann hefur haft allar götur frá aldamótum.

Hvað er það sem hefur hins vegar breyst? Það sem hefur breyst er að álagið á þessa stofnun hefur stóraukist á þeim árum sem liðin eru. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir vitnaði í bækling sem kom út í lok október sl. um starfsemisupplýsingar — er það víst orðað — um starfsemi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og þar kemur m.a. fram að komum á dagdeildir sjúkrahússins fjölgaði um hátt í 12 þús. á árunum 2000–2005, komum á göngudeildir fjölgaði um 54.500, komum á slysa- og bráðadeildir um 9 þús., kransæðavíkkunum fjölgaði um 226 og hjartaþræðingum um rúmlega þúsund. Hver kransæðavíkkun kostar frá 770 þús. kr. til 1.130 þús., það kemur fram í skýrslunni, og hver hjartaþræðing frá 150–375 þús. kr. Þessi mikla aukning verður en sjúkrahúsið fær sömu fjármuni að raungildi.

Síðan hafa átt sér stað stórstígar og gleðilegar framfarir á ýmsum sviðum innan sjúkrahússins. Ég nefni t.d. nýrnalækningar sem eru hluti lækninga sem fram fór erlendis en er kominn hingað heim. Þar eru unnin mikil afrek sem að sjálfsögðu kosta þá einnig peninga. Greiðslur sem fóru fram í gegnum almannatryggingakerfið fara nú fram hjá sjúkrahúsinu og það setur auknar fjárhagslegar byrðar á sjúkrahúsið. Að sjálfsögðu. Síðan er allt skorið við nögl, neitað að hækka framlög til sjúkrahússins til að mæta þessari þörf og menn kóróna allt með því að tala um halla og óábyrga stjórn á þessu sjúkrahúsi eins og ríkisstjórnin hefur gert og fulltrúar hennar. Ég efast ekkert um að það er sitthvað sem má til betri vegar færa en þegar á heildina er litið er þetta mergurinn málsins. Hinir óábyrgu eru þeir stjórnmálamenn sem búa hallann til, ekki hinir sem eru að sinna sjúklingum, gera það prýðilega og sífellt betur og betur. Þetta er fráleitt orðalag úr fyrirtækjarekstri, að nota það um sjúkrahús eins og Landspítala – háskólasjúkrahús. Þetta var eitt atriði sem ég vildi nefna.

Annað sem ég staðnæmist við er það sem fram kom hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur þar sem hún vék að Fæðingarorlofssjóðnum og talaði um nauðsyn þess að skoða að nýju þær forsendur sem hann er rekinn á með það að leiðarljósi að bæta stöðu barnafólks. Undir þetta tek ég. Ég tel að við eigum að stefna að því að lengja fæðingarorlofið og við eigum að endurskoða þær ákvarðanir sem teknar voru á sínum tíma um að skerða greiðslur úr þessum sjóði en það var gert með því að lengja viðmiðunartímabilið þar sem reiknað er hvað hverjum og einum ber. Í stað þess að horfa til eins árs var tíminn lengdur um tvö ár og á verðbólgutímum er það svo að því lengra sem menn hafa tímabilið, því lengra sem menn horfa aftur í tímann, því lægri verður viðmiðunarupphæðin. Þetta hefur líka alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir aðra sjóði og nefni ég þar fjölskyldu- og styrktarsjóði opinberra starfsmanna sem hafa tekið sér það hlutverk að jafna muninn sem er á milli greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og kjara sem konur hjá hinu opinbera bjuggu við áður en lögunum var breytt. Þar var sú viðmiðun uppi að konum yrðu tryggð full laun fyrstu þrjá mánuði í fæðingarorlofi og viðmið við föst laun næstu þrjá mánuði þar á eftir. Eftir því sem greiðslurnar úr Fæðingarorlofssjóðnum eru lægri, þeim mun meiri verður þessi mismunur og er núna að koma þeim sjóði mjög í koll.

Að lokum, hæstv. forseti, langar mig til að vekja máls á því háttalagi sem við verðum núna eina ferðina enn vitni að í aðdraganda kosninga. Það er mjög óábyrg framkoma ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra til að reyna að kaupa sér vinsældir. Það er ekki hægt að nefna það neinu öðru nafni. Við erum með ríkisstjórn og búum við þau afarkjör að þurfa að sæta stjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks sem eiga eftir að sitja við stjórnvölinn í rúma fimm mánuði. Það er ekki nóg með að þeir setji núna hin makalausu einkavæðingarlög, ráðstöfun Landssímapeninganna sem nær fram til 2012, fram á næstu kjörtímabil, heldur eru menn núna byrjaðir að lofa vegaframkvæmdum fram í tímann. Hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson lofar breikkun vega og einkaframkvæmd, lofar núna einhverjum fyrirtækjum að fá peninga frá skattborgaranum í framkvæmdir á næstu fjórum, fimm árum. Þetta á að vera í einkaframkvæmd. Á sama tíma fáum við skýrslur frá Ríkisendurskoðun sem sýna okkur fram á að þetta er dýrara, þetta er óskynsamleg lausn fyrir skattgreiðandann. Hún er dýrari. Engu að síður lofar hæstv. ráðherra fyrirtækjum í landinu að þau eigi að fá aðgang að skatthirslum almennings með þessum hætti. Þetta er fullkomlega óábyrg afstaða.

Framsóknarflokkurinn hefur sérhæft sig í því alltaf fyrir kosningar að fara hér um með skæri og klippa á borða, opna eina stofnun hér og stækka aðra þar. Sjálfstæðisflokkurinn gerir þetta líka og horfi ég þá fyrst og fremst til loforða í vegamálunum. Það eru allir sammála um að það eigi að bæta vegaframkvæmdir í landinu en við eigum að standa að verki á ábyrgan hátt. Þessar ákvarðanir á að taka eftir yfirvegaða og faglega umræðu í þinginu í samráði við okkar bestu sérfræðinga hjá Vegagerðinni. Ég vil minna á það þegar menn tala um hið opinbera og fyrirtækin og samspil þeirra á milli að á Íslandi er Vegagerðin framkvæmdaraðili aðeins að litlum hluta til. Það er leitað til fyrirtækja og það er framkvæmt á grundvelli útboða, aðskiljanlegar framkvæmdir. Það er fyrirkomulag sem hefur verið þróað en hitt er af allt öðrum toga, að fela fyrirtækjum framkvæmdina og lofa þeim hlutdeild í sköttum um ókominn tíma, oft áratugi fram í tímann. Það er allt annar handleggur. Þetta er eins og gamla nýlenduverslunin þegar hún var sem verst og einstaklingar eða fyrirtæki fengu landsvæði, heil lönd jafnvel, til að ráðskast með. Það er þetta sem verið er að gera, það er verið að fara inn á þessar brautir. Og ég minni á að það er ekki samstaða um þetta, ekki einu sinni innan Sjálfstæðisflokksins. Ég er búinn að lesa greinar eftir hæstv. fyrrverandi samgönguráðherra Halldór Blöndal. Hann er þessu algerlega andvígur.

Hvað þykir Framsóknarflokknum um þetta? Er þetta samkvæmt ákvörðun í ríkisstjórn? Hefur hæstv. samgönguráðherra umboð ríkisstjórnarinnar til að tala á þennan hátt, bjóða upp á einkaframkvæmd í samgöngumálum á næstu árum? Er þetta rætt í ríkisstjórn? Ég held að við þurfum að fá upplýsingar um þetta áður en þinghlé hefst núna fyrir jólin.

Hæstv. forseti. Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að hafa langt mál við 3. umr. fjárlaga. Ég hef áður gert grein fyrir sjónarmiðum mínum við 1. og ekki síður 2. umr. fjárlag-

anna og vísa enn fremur í aðra þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa gert grein fyrir afstöðu okkar og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst fulltrúa okkar í fjárlaganefnd, hv. þm. Jón Bjarnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–8. mál.

Fundi slitið kl. 23:42.

---

# 41. FUNDUR

miðvikudaginn 6. des.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

Fjárlög 2007, stjfrv., 1. mál, þskj. 459, frhnál. 512 og 528, brtt. 513, 514, 515, 521, 523, 527, 529, 530 og 533. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

## *Afturköllun þingmáls.*

[10:33]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur bréf frá hv. 2. þm. Norðaust., Halldóri Blöndal, þar sem hann afturkallar fyrirspurn sína á þskj. 127.

[10:34]

**Útbýting:**

Fjarskipti, 436. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 547.
Vegalög, 437. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 548.

## *Fjárlög 2007, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 459, frhnál. 512 og 528, brtt. 513, 514, 515, 521, 523, 527, 529, 530 og 533.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:35]

**Helgi Hjörvar** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Það fjárlagafrumvarp sem hér er til lokaafgreiðslu er endahnykkurinn á 12 ára ferli ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í ríkisfjármálum. Stefna stjórnarflokkanna í ríkisfjármálum hefur einkennst af vaxandi misskiptingu og nú þeirri mestu sem við þekkjum í íslensku samfélagi. Í öðru lagi af því að auka verulega skatta og gjöld á meðaltekjufólk og lágtekjufólk í landinu, í þriðja lagi af stöðugum óstöðugleika í efnahagsmálum með meiri verðbólgu en þekkist í löndunum í kringum okkur og hærri vöxtum en víðast hvar annars staðar í veröldinni og í fjórða lagi af agaleysi í framkvæmd ríkisfjármála þannig að á ári hverju skeikar liðlega 20 milljörðum á fjárlögum og því sem látið er úr sjóðum ríkisins. Og í fimmta lagi af stöðugum vexti ríkisútgjalda sem nú eru meiri en nokkru sinni fyrr og því miður með rangri forgangsröðun verkefna þar sem gæluverkefni ráða meira för en nauðsynleg þjónustuverkefni við fólkið í landinu.

Við í stjórnarandstöðunni höfum við þrjár umræður og auðvitað á umliðnum árum reynt að gera ríkisstjórninni grein fyrir þeim ágöllum sem á frumvarpinu eru, m.a. þeim alvarlegu brestum í forsendum sem aftur og aftur eru bæði við áætlanagerð um tekjur og gjöld. Við sjáum til að mynda í dag þær tölur sem Seðlabankinn hefur gefið út um viðskiptahalla á fyrstu níu mánuðum þessa árs sem eru þegar orðnir 100 milljörðum meiri en fjármálaráðuneytið spáði fyrir ári síðan. Met í viðskiptahalla við útlönd sem sýnir okkur að áætlanir hæstv. fjármálaráðherra eru stjarnfræðilega langt frá veruleikanum og þess vegna full ástæða til að hafa alvarlegar áhyggjur bæði af tekjuforsendunum og eins vegna framkvæmdar á útgjöldum.

Við flytjum hér nokkrar breytingartillögur sem við munum að venju styðja við afgreiðslu frumvarpsins en sitja hjá við tillögur stjórnarliðsins og við afgreiðslu fjárlaganna sjálfra enda verður ríkisstjórnin sjálf að bera ábyrgð á þeirri óráðsíu, ofþenslu og þeim stöðuga óstöðugleika sem ríkir í landinu í efnahagsmálum með tilheyrandi verðbólgu og vaxtasköttum á almenning í landinu.

[10:39]

**Jón Bjarnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2007 er að koma til lokaafgreiðslu. Ég hef í umfjöllun um fjárlagafrumvarpið á þingi lagt áherslu á að breyta þurfi vinnubrögðum við fjárlagagerðina þannig að Alþingi komi meir að fjárlagagerðinni sjálfri og beri þar af leiðandi meiri og formlegri ábyrgð á fjárlögunum og gerð þeirra en nú er. Þetta eru allt of mikið ríkisstjórnarfjárlög, ráðherrafjárlög sem Alþingi síðan fær til meðhöndlunar á skömmum tíma og afgreiðir.

Varðandi þetta frumvarp hér skal það segjast að í því eru margir góðir þættir. Það hefur verið komið til móts við mörg verkefni sem mikilvægt var að koma til móts við. Það höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stutt og tekið þátt í vinnu í nefndum þingsins. Engu að síður eru ákveðnir málaflokkar sem standa alvarlega út af sem við höfum gert athugasemdir við. Ég nefni sérstaklega sjúkrahúsin á landsbyggðinni sem ekki fá það fjármagn sem nauðsynlegt er til að halda óbreyttum rekstri. Fleiri atriði mætti nefna sem standa þarna alvarlega út af.

Þær tillögur sem koma nú inn við 3. umr. eru sumar þess eðlis að þær eru samkomulagsmál og flokkarnir standa að þeim og við greiðum atkvæði með þeim. Aðrar tillögur

eru eingöngu á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna og við munum sitja hjá við þær tillögur. Við frumvarpið í heild, eins og ég sagði áðan, þá er frumvarpið og öll vinna við það á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meirihlutaflokkanna á Alþingi og þeir bera ábyrgð á forsendum frumvarpsins og afgreiðslu þess og hvernig úr því verður unnið. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsins framboðs mun því sitja hjá við endanlega afgreiðslu frumvarpsins.

Hitt held ég að standi upp úr, hin mikla óvissa og óöryggi í efnahagsmálum fyrir næsta ár. Skuldir þjóðarbúsins, viðskiptahallinn hefur vaxið gríðarlega á þessu ári, tvöfalt meiri viðskiptahalli en ráð var fyrir gert. Hann er á þriðja hundrað milljarð kr. á þessu ári. Óvissan næsta ár veltur ekki hvað síst á því hvort áframhald verður á væntingum um stóriðjuframkvæmdir. Frú forseti. Þetta eru hin stóru mál fyrir næsta ár.

[10:42]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Nú við lokaafgreiðslu fjárlaga 2007 fær ríkisstjórnarmeirihlutinn enn á ný tækifæri til að gera verulegt átak til að bæta hag aldraðra og öryrkja. Það mun sjást í verkum þingmanna ríkisstjórnarflokkanna nú við afgreiðslu fjárlaganna hver hugur fylgir máli. Við þingmenn Frjálslynda flokksins munum sitja hjá við heildarafgreiðslu þessara fjárlaga, enda eru verkin á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

[10:43]

**Birkir J. Jónsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil við upphaf þessarar atkvæðagreiðslu þakka hv. nefndarmönnum í fjárlaganefnd fyrir gott samstarf við vinnu við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2007. Hér er um velferðarfrumvarp að ræða. Það er verið að setja stóraukna fjármuni í heilbrigðis-, mennta- og félagsmál þar sem stjórnarandstaðan skilar auðu og styður ekki margar góðar tillögur sem við hv. þingmenn í meiri hluta nefndarinnar leggjum til.

Það er jafnframt verið að leggja til að stórhækka barnabætur sem mun sérstaklega nýtast tekjulágum fjölskyldum og millitekjufólki. Það er verið að stórhækka skattleysismörkin um næstu áramót eða um 14%, þau verða þá 90 þús. kr., sem mun sérstaklega gagnast lágtekjufólki þannig að hér er um skattabreytingar að ræða sem nýtast sérstaklega lágtekju- og millitekjufólki. Jafnframt hafa stjórnarflokkarnir það stefnumið að lækka tekjuskatt einstaklinga eins og þeir hétu fyrir síðustu kosningar og verður tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 1% frá og með næstu áramótum. Jafnframt hafa stjórnarflokkarnir ákveðið að lækka virðisaukaskatt af matvælum 1. mars næstkomandi sem mun leiða til þess að verð á matvörum mun lækka á næsta ári, verðbólga verður mun lægri en við gerðum ráð fyrir í forsendum fjárlaga upphaflega fyrir árið 2007 og þannig er verið að bæta hag allra fjölskyldna í landinu enn frekar.

Það er með mikilli ánægju sem ég samþykki það og segi já við því að við afgreiðum fjárlög fyrir árið 2007 með þessum hætti. Hér er verið að halda áfram að greiða niður skuldir þjóðarbúsins. Tekjujöfnuður verður jákvæður um 9 milljarða kr. á næsta ári og þannig er nettóskuldastaða íslenska ríkissjóðsins að verða núll. Og ef við rifjum upp hver skuldastaðan var árið 1998 þá greiddum við Íslendingar jafnmikið í vaxtagjöld og við vörðum til menntamála í landinu þannig að núverandi ríkisstjórn hefur náð gríðarlegum árangri hvað þetta varðar. Við ætlum að halda áfram á þessari braut. Það er ljóst samkvæmt þessum forsendum fjárlaga að kaupmáttur heimilanna í landinu mun halda áfram að aukast á næsta ári um ríflega 5% og um rúm 2% á árinu 2008. Núverandi ríkisstjórnarflokkar stefna að því áfram að bæta kjör heimilanna í landinu. Í þeim breytingartillögum sem við höfum lagt til leggjum við áherslu á að bæta sérstaklega stöðu lífeyrisþega, lágtekju- og millitekjufólks. Síðan getur hv. stjórnarandstaða komið hér upp og reynt að skrumskæla raunveruleikann en staðreyndin er sú að við erum að bæta kjör heimilanna, við erum að lækka skuldir ríkissjóðs og við erum að bæta verulega til heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfisins en þar því miður, hæstv. forseti, skilar stjórnarandstaðan auðu.

Brtt. 530,1 felld með 33:26 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞórdS*, ÞSveinb, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES.

4 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei. ]

Brtt. 527,1–2 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

1 þm. (VF) greiddi ekki atkv.

3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 513,1–2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (BjörgvS, EOK, LB, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 521 samþ. með 58:2 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SAÞ,

SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

**nei:** JGunn, PHB.

3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:48]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Ég greiði atkvæði gegn þeirri breytingartillögu sem hér er sett fram. Hún snýst um að bæta einstaklingum í hóp þeirra listamanna sem njóta heiðurslauna.

Þetta hefur ekkert með þá einstaklinga að gera sem um ræðir eða þá sem á listunum eru heldur er það skoðun mín að það sé tímaskekkja að Alþingi veiti heiðurslaun með þessum hætti.

Þeir einstaklingar sem komnir eru á listann munu njóta heiðurslauna meðan þeir lifa en ég sé ekki rökin fyrir því að við tökum út eina stétt manna og veitum þeim heiðurslaun frá Alþingi, heiðurslaun sem menntamálanefnd ákvarðar, eftir samninga milli nefndarmanna, hverjir njóta eigi og hverjir ekki.

Við gætum alveg eins tekið aðrar stéttir eins og listasmiði sem reist hafa hús sem við lítum á sem menningararf og veitt þeim heiðurslaun. Þetta er tímaskekkja, frú forseti, og ég tel að kominn sé tími til að við sláum striki yfir þessa venju sem menn töldu kannski nauðsynlega fyrr á tímum.

Brtt. 513,3–6 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF*, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já. ]

Brtt. 533,1 felld með 31:26 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HBl, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

2 þm. (GHall, MÞH) greiddu ekki atkv.

4 þm. (BjörgvS, EOK, KHG, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 513,7–8 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 523 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SigurjÞ) greiddi ekki atkv.

4 þm. (BjörgvS, EOK, MS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 513,9 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (BjörgvS, EOK, LB, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 513,10 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KF, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

22 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (BjörgvS, EOK, EMS, JónK, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 513,11–12 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 533,2 felld með 33:1 atkv. og sögðu

**já:** VF.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 513,13 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 529,1 felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ.

**nei:** DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, SæS, ÞES, ÞKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, ÞórdS, KF, SP.

3 þm. (EOK, ÞBack, BjörgvS) fjarstaddir.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:54]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Árið 2003 gerði ríkisstjórnin samkomulag við samtök aldraðra í tengslum við framlög úr lífeyristryggingum og ýmis önnur mál. Staðið var að fullu við það samkomulag af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Árið 2006 gerði ríkisstjórnin aftur samkomulag við samtök aldraðra. Þessi fjárlög bera vott um að staðið verði að fullu við það á næsta ári. Ég vek athygli á því að til ársins 2010 eru settir 26,7 milljarða kr. aukalega til málefna aldraðra.

Ég tek ekki þátt í yfirboðum og lýðskrumi Samfylkingarinnar og annarra stjórnarandstöðuflokka, sérstaklega ekki þegar formaður Samfylkingarinnar hefur lýst því yfir að kjósendur treysti ekki þingmönnum Samfylkingarinnar fyrir stjórn landsins og þar á meðal fjárlögum ríkisins. Ég segi nei.

[10:55]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér gefst ríkisstjórnarþingmönnum enn á ný tækifæri til að taka afstöðu til þess að hækka frítekjumark aldraðra og öryrkja, hvort fólk eigi að geta sinnt um það bil hálfu starfi án þess að það komi til skerðingar á tryggingabótum.

Ég stend frammi fyrir því eins og margir fleiri í stjórnarandstöðunni að verða fyrir vonbrigðum með afstöðu stjórnarliða. Ég marka það af orðum hv. þingmanns sem var í pontu á undan mér og þeirri atkvæðagreiðslu sem þegar hefur farið fram.

Það eru mikil vonbrigði fyrir þær stéttir sem sköpuðu Ísland eins og það er í dag, þá velferð sem við búum við, að því fólki skuli ekki búin þau kjör að það komist sómasamlega af í þjóðfélaginu. Tillaga okkar í stjórnarandstöðunni er (Forseti hringir.) liður í því máli. Ég segi já.

[10:57]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er gerð lokatilraun til að ná fram ásættanlegu frítekjumarki sem skerði ekki greiðslur almannatrygginga, þ.e. 70 þús. kr. á mánuði eða 840 þús. kr. ár ári. Það er hrein lítilsvirðing við lífeyrisþega að ætla þeim aðeins 25 þús. kr. frítekjumark á mánuði, sem stjórnarflokkarnir voru knúnir til að flytja fram um þrjú ár við 2. umr. fjárlaga.

Svo lágt frítekjumark er ekki boðlegt, eða einungis fimmtungur af lágmarkslaunum í landinu. Nú hafa stjórnarliðar tækifæri til að snúa af braut skammsýni í þessu máli og tryggja lífeyrisþegum 70 þús. kr. frítekjumark á mánuði í stað þeirrar smánar sem bjóða á öldruðum upp á.

Ég trúi ekki öðru, virðulegi forseti, en að stjórnarliðar séu með óbragð í munninum þegar þeir greiða atkvæði gegn þessari tillögu og alveg örugglega slæma samvisku. Ég segi já.

[10:58]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þingflokkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins hafa sameinast í einni megináherslu við afgreiðslu fjárlaga á þessu hausti, þ.e. að bæta og efla kjör aldraðra og öryrkja. Eitt fyrsta þingmálið sem þessir flokkar fluttu sameiginlega í haust laut að því að gera stórátak í að rétta hlut þessara hópa.

Við afgreiðslu fjárlaga leggjum við enn til, og hér eru greidd atkvæði um það, að frítekjumark vegna atvinnutekna elli- og örorkulífeyrisþega megi vera 70 þús. kr. á mánuði án þess að það skerði lífeyrisréttindi. Þetta er sanngirnismál. Þetta er líka kjaramál. Ég skora á hv. þingmenn (Forseti hringir.) að greiða þessari góðu tillögu atkvæði. Ég segi já, frú forseti.

[11:00]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Aldraðir voru þvingaðir til að skrifa undir yfirlýsingu við ríkið, þá yfirlýsingu sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson kallar samkomulag úr ræðustól. Fulltrúar aldraðra hafa margoft sagt opinberlega að þeim hafi verið stillt upp við vegg og þeim sagt að ef þeir skrifuðu ekki undir þessa yfirlýsingu fengju þeir ekki neitt. Þeim var hótað með því að ef þeir skrifuðu ekki undir þessa yfirlýsingu fengju þeir ekki einu sinni þær endurbætur sem talað væri um í hjúkrunarrýmum eða þjónustu við sjúka aldraða.

Svona hefur þessi ríkisstjórn komið fram við aldraða og það er ömurlegt að hlusta á fulltrúa Framsóknarflokksins, hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson, tala um að hér sé verið að efna samkomulag við aldraða. Ég segi já.

[11:01]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Ég sé að hæstv. forseti hlakkar til að heyra þessa atkvæðaskýringu sérstaklega.

Virðulegi forseti. Við erum með þessum tillöguflutningi að gefa hv. stjórnarliðum annað tækifæri til að stórbæta kjör aldraðra og einnig öryrkja, gefa þeim þá tækifæri hér

og nú til að standa við stóru orðin sem voru viðhöfð í nýliðnum prófkjörum af mörgum hv. þingmönnum sem sitja í þessum þingsal.

Við leggjum til að bæði ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar fái 70 þús. kr. frítekjumark á mánuði og ég hef þær væntingar til hv. stjórnarliða sem öllu lofuðu í prófkjörum að þeir komi með okkur í það að bæta kjör þessara hópa.

Hv. þm. Ásta Möller lofaði t.d. öryrkjum að hún skyldi taka þátt í að losa þá úr fátæktargildru og því skora ég hér og nú á hv. þingmann að taka þátt í því með okkur hér að losa öryrkja úr fátæktargildrum, og einnig eldri borgara, með því að hækka frítekjumark á tekjum þeirra.

Virðulegi forseti. Þetta þing hefur samþykkt íþyngjandi lagasetningu á þessa hópa. Við skuldum þeim leiðréttingu. Við skulum greiða þessu atkvæði. (Forseti hringir.) Ég segi já.

[11:03]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Heildarkostnaður samfélagsins, ríkissjóðs, vegna þeirra breytinga sem við erum að gera á kjörum eldri borgara og örorkulífeyrisþega eru á næstu fjórum árum uppsafnað 27 þús. millj. kr., 27 milljarðar kr. Stærsti hlutinn fer til ellilífeyrisþega, um 18 milljarðar, en 9 milljarðar fara til örorkulífeyrisþega. Breytingarnar fela í sér geysilega mikla kaupmáttaraukningu til þessara hópa. Bætur einhleypinga hækka um 17% 2005–2007 og þeirra sem eiga maka um 22%. Þetta er meira en kaupmáttaraukning launa.

Það er búið að standa við samkomulagið við eldri borgara og gott betur og það er verið að stórbæta kjör þessara hópa. Menn geta ekki með neinu réttmæti haldið öðru fram. Tillaga stjórnarandstöðunnar er hefðbundið yfirboð sem við sjáum (Gripið fram í.) árlega við afgreiðslu fjárlaga. Við henni segi ég nei.

[11:05]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég segi já vegna þess að ég held að það sé réttlætis- og sanngirnismál að aldraðir og öryrkjar geti bætt eitthvað stöðu sína með tekjuöflun án þess að til skerðingar komi á bótagreiðslum. Ég held að það sé líka gott fyrir samfélagið að við bjóðum þessu fólki að nýta starfskrafta þess og að það geti lagt sitt af mörkum eftir því sem það hefur aðstæður og heilsu og starfsorku til.

Það er heldur dapurlegt að heyra talsmenn ríkisstjórnarinnar guma af þeim miklu fjármunum sem þeir ætla að verja til að bæta kjör þessara hópa á næstu fjórum árum. Hvar eru tugir milljarðanna sem ríkisstjórnin hefur sett í þetta verkefni á þessu kjörtímabili? Það er auðvelt að vera miklir karlar og monta sig af milljörðum sem eiga að renna til þessa á næsta kjörtímabili, en er það ekki til skammar og einmitt lýsandi fyrir það sem ekki hefur verið gert? (**Gripið fram í:** Samkomulag ...) Snautlegt var að heyra hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson koma hér og rembast við að útskýra af hverju hann greiðir atkvæði gegn (Forseti hringir.) þessu þarfa umbótamáli, manninn sem þandi sig hér í allan gærdag (Forseti hringir.) af hneykslun yfir hjásetu stjórnarandstöðunnar.

[11:06]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Hæstv. forseti. Formaður fjárlaganefndar sagði áðan að hér væri mikið velferðarfjárlagafrumvarp á leiðinni. Það er auðvitað ljóst að Framsóknarflokkurinn mun reyna að selja sig sem velferðarflokk í vor. Ég veit ekki alveg hvort Sjálfstæðisflokkurinn reynir það, það má vera, en hvaða velferð felst í því að gera fólki ekki kleift að bæta líf sitt og lífsgæði? Hvaða velferð felst í því að koma í veg fyrir að fólk sem m.a. hefur þurft að kljást við örorku vegna slysa eða annars, ungt fólk, geti ekki unnið sér inn tekjur til að bæta lífsgæði sín? Við hvaða kjör miðar þessi stjórn? Í hvaða sambandi er ríkisstjórn Íslands við kjör fólksins í landinu ef hún sér það ekki í hendi sér að það að flytja frítekjumarkið upp í 70 þús. bætir kjör þeirra hópa í landinu sem slakast standa?

Nei, (Forseti hringir.) þetta er nefnilega ekki velferðarríkisstjórn, frú forseti. Ég styð þessa tillögu og segi já.

[11:08]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Við þessa atkvæðagreiðslu kristallast grundvallarágreiningur á milli ríkisstjórnarflokkanna annars vegar og stjórnarandstöðunnar hins vegar. Þingmenn stjórnarandstöðunnar lögðu fram breytingartillögur við fjárlög við 2. umr. um bætt kjör öryrkjum og lífeyrisþegum til handa. Þær tillögur stjórnarandstöðuþingmanna byggðu á sameiginlegri stefnumótun stjórnarandstöðunnar sem setur það í forgang að draga úr kjaramisrétti á Íslandi. Hér höfum við tekið undir með Öryrkjabandalagi Íslands og Landssambandi eldri borgara. Einn grundvallarþátturinn þar er að hækka frítekjumark þannig að fólk geti aflað tekna án þess að greiðslur almannatrygginga skerðist. Við vildum að þetta mark yrði 900 þús. kr. á ári. Þær tillögur voru felldar af stjórnarmeirihlutanum. Nú teygjum við okkur til samkomulags. Við leggjum til að þetta mark verði 840 þús. kr. á mánuði. Ríkisstjórnin og ráðherrar (Forseti hringir.) segja að of mikið sé í lagt til aldraðra og öryrkja á Íslandi. Við teljum svo ekki vera. (Forseti hringir.) Ég segi já.

[11:09]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Með þessari tillögu erum við að leggja til að lífeyrisþegum verði gert kleift að bæta kjör sín með atvinnuþátttöku, ekki aðeins öldruðum heldur öryrkjum líka. Þessi tillaga kemur þeim best sem hafa minnst í hópi öryrkja. Með því að gera öryrkjum kleift að auka tekur sínar með atvinnuþátttöku verða þeir virkir í samfélaginu og það skilar sér í betra heilbrigði hjá þessum hópi. Allar nágrannaþjóðir okkar hvetja lífeyrisþega til að taka þátt í samfélaginu og auka tekjur sínar en í okkar reglum er það ekki hægt nema við breytum þeim. Þessar 25 þús. kr. sem ríkisstjórnin var að flýta til áramóta sem frítekjumarki eru niðurlægjandi. Ríkisstjórnin ætti að skammast sín fyrir að ganga ekki lengra og hún ætti að styðja þessar 70 þús. kr. sem við leggjum til að lífeyrisþegar geti (Forseti hringir.) haft í tekjur til að bæta kjör sín án þess að bætur skerðist. Ég segi já.

[11:11]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Með samþykkt þessa frumvarps til fjárlaga við síðustu umræðu er afgreiddur fjárhagslegur hluti af samkomulagi sem var gert við samtök aldraðra í sumar. Þetta samkomulag — ég mótmæli að það hafi verið eitthvað annað en samkomulag eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni. (**Gripið fram í:** Yfirlýsing.) Í hv. heilbrigðisnefnd kom fram mjög skýrt frá þeim aðilum sem voru mótaðilar aldraðra við undirritun þessa samkomulags að engum þvingunum var beitt og við munum fara nánar í það (Gripið fram í.) þegar það mál kemur til umræðu hér innan tíðar úr heilbrigðisnefnd, til 2. umr.

Á næsta ári, 2007, felur þetta samkomulag í sér auknar greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega sem nema um 5,5 milljörðum kr. en alls verða greiðslur til þessara hópa auknar um tæplega 27 milljarða kr. til ársins 2010. (Gripið fram í.) Þegar upp er staðið hækka greiðslur lífeyristrygginga milli áranna 2006 og 2007 um 10,2 milljarða kr., (Forseti hringir.) úr 32 milljörðum í 42,2 milljarða kr. Ég segi nei.

Brtt. 513,14 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BjörgvS, EOK, HBl, JÁ, LB, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 529,2 felld með 34:26 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Hér er verið að leggja til ríflega fjárveitingu, 5 milljarða, til að leysa þann hjúkrunarvanda sem aldraðir og aðrir hjúkrunarsjúklingar standa frammi fyrir í dag. Þúsund aldraðir eru í herbergi með öðrum inni á hjúkrunarheimilum, jafnvel þrír saman. Allt að 600 manns bíða eftir að komast í hjúkrunarvist og tugir aldraðra eru áfram á Landspítalanum eftir að lækningu hefur verið lokið. Helmingur af mörkuðum tekjustofni í Framkvæmdasjóð aldraðra hefur ekki skilað sér til uppbyggingar eins og ætlast var til þegar hann var settur á laggirnar.

Hér ætlum við að leysa þann biðlistavanda sem við stöndum frammi fyrir og ég verð að segja að því miður sýnir atkvæðagreiðslutaflan það að ríkisstjórnin hefur ekki vilja til að leysa þann vanda þrátt fyrir yfirlýsingar gagnvart öldruðum, og hótanir í þeirra garð gagnvart lífeyrisþættinum eins og kom fram í máli aldraðra (Forseti hringir.) á fundi heilbrigðis- og trygginganefndar. Ég segi já við þessari tillögu.

[11:15]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þetta er í samræmi við þá stefnumörkun sem stjórnarandstöðuflokkarnir, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn, lögðu upp með í haust, að elli- og örorkulífeyrisþegar skuli nú njóta verulegs forgangs í ráðstöfun á fjármunum ríkisins. Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður sem sérstakur stuðningsaðili að byggingu elli- og hjúkrunarheimila. Nefskattur var lagður á fólk, alla skattskylda íbúa þessa lands, sem rann í Framkvæmdasjóð aldraðra. Fjármagnið hefur samt ekki skilað sér til þeirra verkefna sem sjóðnum eru ætluð. Hann skortir 5 milljarða. 5 milljarðar hafa verið teknir af þessu fé í annan almennan rekstur sem ríkissjóður ber ábyrgð á. Við leggjum til að staðið verði við það (Forseti hringir.) að Framkvæmdasjóður aldraðra fái þessa peninga, 5 milljarða kr. sem hafa safnast upp í skuld, (Forseti hringir.) til þeirra verkefna sem honum voru ætluð í upphafi.

[11:16]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég segi já við þessari tillögu. Hér er lagt til að færa þá fjármuni yfir í Framkvæmdasjóð aldraðra sem þaðan hafa verið teknir til annarra verkefna en lög gerðu ráð fyrir á undanförnum árum, samanlagt um 5 milljarða kr. sem hafa verið færðir til annarra verkefna á árunum 1992–2007. Með því að færa þetta fé yfir í Framkvæmdasjóð aldraðra er hægt að gera skynsamlega áætlun um það hvernig eigi að taka á því vandamáli sem tengist búsetu- og umönnunarmálum aldraðra. Ég segi já, hæstv. forseti.

[11:17]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Á næstu fjórum árum verða byggð 374 ný hjúkrunarrými á Íslandi. Samkvæmt áætlunum okkar er mjög líklegt að þá þurfi ekki að byggja fleiri rými. Í dag erum við með hærra hlutfall aldraðra á stofnunum en er í nágrannaríkjum okkar þannig að við þurfum að herða okkur vel í heimahjúkrun. Nú þegar fara 700 millj. í heimahjúkrun á ári og við erum að bæta við 200 millj. á næsta ári þannig að það er verið að gera stórkostlega hluti í þessu.

Samkvæmt samkomulaginu við Landssamband eldri borgara á í tveimur þrepum að tryggja að féð sem fer í Framkvæmdasjóð aldraðra fari í ný hjúkrunarrými. Við það samkomulag ætlum við að sjálfsögðu að standa. Þessi tillaga gengur út á yfirboð (Gripið fram í.) eins og svo margar aðrar tillögur frá stjórnarandstöðunni og þess vegna segi ég að sjálfsögðu nei við henni.

Brtt. 530,2 felld með 34:26 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ,

JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 513,15 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BjörgvS, EOK, JónK, SAÞ, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 527,3 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
1 þm. (VF) greiddi ekki atkv.
6 þm. (BjörgvS, EOK, ISG, KHG, MF, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 513,16–20 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 514 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 515 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (BjörgvS, EOK, ÞBack) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:20]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Þetta frumvarp markast að sjálfsögðu að verulegu leyti af því mikla hagvaxtarskeiði sem við höfum lifað á síðustu árum. Í frumvarpinu eru þrjú stór meginmál sem lagður er grundvöllur að. Í fyrsta lagi er það síðasti áfanginn í mesta skattalækkunarferli síðari tíma sem hér hefur verið lagt upp með og felst í því að lækka tekjuskatt um 1% og hækka persónuafslátt um næstu áramót ásamt því að hækka barnabætur. Í öðru lagi er lagt upp með stærsta verkefni síðari ára til að bæta bæði kjör og aðstæður aldraðra. Jafnstórt átak hefur ekki verið lagt upp í áður á þessum vettvangi og því ætti hv. þingheimur að fagna. Í þriðja lagi er lagt upp með það stærsta átak til að lækka matvælaverð hér nokkru sinni (Forseti hringir.) með lækkun virðisaukaskatts.

Frú forseti. Á þessum forsendum og vegna þess að ég treysti mér til að bera ábyrgð á þessu frumvarpi, þó að stjórnarandstaðan treysti sér ekki til að bera ábyrgð á neinu sem hér fer fram, segi ég já.

[11:22]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Samfylkingin mun ekki greiða þessu fjárlagafrumvarpi atkvæði sitt heldur sitja hjá. Hún vísar ábyrgðinni á því alfarið á ríkisstjórnina sem eins og menn hafa orðið varir við hefur hvorki stjórn á efnahagsmálum né ríkisfjármálum. Vextir eru í hámarki, viðskiptahalli nær sögulegu hámarki hvern ársfjórðunginn á fætur öðrum, verðbólgan hefur verið mikil og gengið í sífelldum rússíbana. Þetta eru útgjaldafjárlög því að útgjöldin aukast núna um 16,7% á milli fjárlaga, þetta eru kosningafjárlög því að ríkisstjórnin rær nú lífróður. Erindi hennar er lokið, þreki hennar er lokið og að sjálfsögðu verður skipt um ríkisstjórn í kosningum í vor.

Þrátt fyrir að þetta séu útgjaldafjárlög eru vanefndir á þremur sviðum, (Forseti hringir.) gagnvart öryrkjum, gagnvart öldruðum og gagnvart verkalýðshreyfingunni. Við hljótum auðvitað að fordæma að þannig skuli staðið að málum.

[11:23]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Þetta fjárlagafrumvarp sem kemur nú til lokaafgreiðslu, frumvarp hæstv. ríkisstjórnar, er vonandi og nokkuð örugglega hennar síðasta. Það ber nokkur merki þess að kosningar eru á næsta ári. Ríkisstjórnin reynir með ýmsum hætti að kaupa sér vinsældir og lægja óánægjuöldur sem risið hafa hátt í samfélaginu undanfarin ár.

Almennt launafólk hefur axlað auknar skattbyrðar í gegnum skert skattleysismörk á sama tíma og hátekjufólk og stóreignamenn hafa fengið skattalækkanir. Aldraðir og öryrkjar una illa við sinn hlut og mikilvægir málaflokkar á undirsviði velferðarþjónustu í heilbrigðis- og menntamálum eru sannanlega fjársveltir. Upp úr stendur þó hið alvarlega ójafnvægi í efnahagsmálum landsins, gríðarlegur viðskiptahalli, svimandi háir vextir og verðbólga langt yfir viðmiðunarmörkum. *Gagnvart þessum alvarlegu málum gerir ríkisstjórnin ekki nokkurn skapaðan hlut.* Hún hefur gefist upp og flýtur sofandi að feigðarósi með sín mál.

[11:24]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að lýsa vonbrigðum fyrir hönd okkar í þingflokki Frjálslynda flokksins með það að ríkisstjórnarmeirihlutinn skuli ekki hafa haft manndóm í sér til að fara að tillögu okkar um það að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálft í þessu landi.

Það er ansi nöturlegt að heyra hæstv. fjármálaráðherra lýsa því yfir að hér sé minni hluti sem ekki þori að taka ábyrgð á nokkrum sköpuðum hlut. Ég minni á það að í fyrra flutti minni hlutinn á Alþingi 42 breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið. Þær voru allar felldar, allar voru þær felldar. Núna var flutt ein tillaga og hún var líka felld. Nú sitja þeir hér, hv. þingmenn, stjórnarliðar, í salnum og glotta. Verði þeim að góðu. Þeirra er skömmin, þeir sitja uppi með hana, en verði þeim að góðu. (**Gripið fram í:** Bara einelti.)

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 550).

Fundi slitið kl. 11:26.

---

# 42. FUNDUR

miðvikudaginn 6. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til félagsmálaráðherra:*

1. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fsp. ÁRJ, 170. mál, þskj. 170.
2. Réttur nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta, fsp. JBjarn, 290. mál, þskj. 303.

*Til samgönguráðherra:*

3. Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, fsp. GÓJ, 111. mál, þskj. 111.
4. Tvöföldun Hvalfjarðarganga, fsp. MÞH, 243. mál, þskj. 246.

*Til heilbrigðisráðherra:*

5. Hjúkrunarheimili og öldrunarþjónusta, fsp. BjörgvS, 148. mál, þskj. 148.
6. Heilsugæsla í Grafarholti, fsp. GÓJ, 322. mál, þskj. 345.

*Til umhverfisráðherra:*

7. Sjófuglarannsóknir og breytingar á náttúrufari, fsp. MÁ, 200. mál, þskj. 201.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

8. Rannsóknir á sandsíli, fsp. MÁ, 201. mál, þskj. 202.
9. Jafnræði fiskvinnslu í landi og á sjó, fsp. SigurjÞ, 257. mál, þskj. 260.

*Til menntamálaráðherra:*

10. Jafnrétti til tónlistarnáms, fsp. JBjarn, 289. mál, þskj. 302.

## *Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*

Fsp. ÁRJ, 170. mál. — Þskj. 170.

[13:29]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um biðtíma eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og samstarf hennar og Barna- og unglingageðdeildar.

Nokkur umræða hefur orðið í haust og vetur vegna óviðunandi biðtíma eftir þjónustu stöðvarinnar og að eftir langa bið eftir þjónustu þar taki við önnur löng bið barns eftir þjónustu Barna- og unglingageðdeildar. Barnið fær á meðan ekki þjónustu við hæfi, t.d. í skóla en biðin getur varað nokkur ár. Nokkur ár er langur tími í lífi barns sem er fatlað, veikt og þarf þjónustu.

Ég veit að bið eftir greiningu á Greiningar- og ráðgjafarstöðinni getur verið allt að þrjú ár hjá börnum á skólaaldri, að minnsta kosti því sem snýr að einhverfu og þroskahömlun. En það er annað þegar um hreyfihömlun er að ræða því hún uppgötvast yfirleitt fyrir skólaaldur. Dæmi er um að barn fari inn á Barna- og unglingageðdeild í greiningu eftir árs bið eftir að komast þangað. Síðan er því vísað á greiningarstöð í nánari greiningu, t.d. vegna einhverfueinkenna og þá upphefst önnur bið.

Þetta er mjög alvarlegt ástand. Barn með einhverfuröskun sem ekki hefur fengið þá greiningu þróar oft með sér erfiða hegðun og geðræn vandamál. Fötlunin sést ekki utan á barninu og þess vegna mætir það ekki þeim skilningi sem nauðsynlegur er þannig að það getur ekki fótað sig í samfélaginu. Fólk rekst á marga veggi, passar ekki inn í samfélagið og er stöðugt undir álagi við að reyna að átta sig á aðstæðum. Þessu fylgir mikill kvíði og einmanaleiki.

Þetta sýnir, virðulegi forseti, að meira samstarf milli þessara tveggja þjónustustofnana, Barna- og unglingageðdeildar og Greiningarstöðvar ríkisins, er nauðsynlegt. Annað bitnar á börnunum. Það er sárt til þess að vita að barn sem hefur ekki fengið greiningu fái ekki þá þjónustu eða skilning sem það fengi ef það hefði fengið slíka greiningu,

en eyrnamerktir peningar fylgja fötluðu barni með greiningu inn í skóla. Greiningin skiptir líka máli fyrir foreldrana vegna umönnunarbóta sem foreldrar fatlaðra barna eiga rétt á. Sá réttur er mjög óskýr hjá börnum, t.d. með ADHD og skyldar raskanir. Réttur til þjónustu sværðisskrifstofu um málefni fatlaðra fæst ekki fyrr en barn er búið að fá fötlunargreiningu.

Ég spyr hæstv. ráðherra:

1. Hversu löng bið er eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins:

a. fyrir börn í leikskóla

b. fyrir börn á grunnskólaaldri?

2. Hvernig er samstarfi Greiningarstöðvarinnar og BUGL háttað hvað varðar greiningu á börnum með einhverfueinkenni og geðræn vandamál? (Forseti hringir.)

3. Hvað þarf barn sem hefur fengið greiningu á BUGL og þarf nánari greiningu á Greiningarstöðinni (Forseti hringir.) að bíða lengi eftir henni?

[13:33]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Það hefur áður komið fram í umræðum á Alþingi að tilvísunum til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins hefur fjölgað verulega frá árinu 1999. Á því ári var 150 börnum vísað til greiningar hjá stofnuninni. Árið 2003 voru þau 183 og á síðasta ári 253. Þann 1. október síðastliðinn höfðu borist 193 tilvísanir sem bendir til þess að samtals gætu þær orðið um 250 á þessu ári. Hér er aðeins um að ræða nýjar tilvísanir en ár hvert hefur um 30 af eldri skjólstæðingum verið vísað til endurathugunar.

Auk þessa hafa kröfur aukist um eftirfylgd og ráðgjöf til skóla og leikskóla vegna þess sem sérfræðingar kalla íhlutun. Afleiðingin varð veruleg fjölgun barna á biðlista stofnunarinnar og biðtími eftir þjónustu lengdist. Í samræmi við áætlun frá árinu 2002 hefur félagsmálaráðuneytið unnið markvisst að því að mæta fjölgun tilvísana. Fleiri starfsmenn hafa verið ráðnir að stofnuninni. Á síðustu þremur árum hefur stöðugildum fjölgað um sjö og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir viðbót sem nemur þremur stöðugildum. Gerð verður tillaga um frekari aukningu á árinu 2008 en þá er gert ráð fyrir að jafnvægi geti náðst.

Auk fjölgunar starfsmanna hefur verið gerð úttekt á starfsháttum Greiningarstöðvarinnar. Markhópurinn hefur verið betur afmarkaður og verið er að vinna að því að nýta betur niðurstöður frumgreiningar til ráðlegginga um íhlutun fram að því að þverfagleg greining fer fram á stofnuninni.

Það er skoðun sérfræðinga að í mörgum tilvikum sé æskilegt að nokkur tími líði á milli frumathugunar og ítarlegri greiningar þar sem það gefur betra svigrúm til að meta framfarir barnsins. Miklar vonir eru bundnar við nánara samstarf við sérfræðinga utan Greiningarstöðvarinnar sem geti dregið úr þörf fyrir þjónustu hennar. Í þeim tilvikum yrði stofnunin umsagnaraðili um rannsóknaniðurstöður með tilliti til fötlunar hlutaðeigandi barns.

Félagsmálaráðuneytið mun samhliða þeim aðgerðum sem fyrr eru nefndar huga að því að gera starfsmönnum stofnunarinnar kleift að viðhalda sérfræðiþekkingu sinni. Í vissum tilvikum hefur skortur á sérhæfðu starfsliði háð starfseminni. Auk fjölgunar starfsmanna verður því einnig forgangsverkefni komandi ára að tryggja að sérfræðingar stofnunarinnar kjósi að vinna þar til langframa og fái nauðsynlega sérhæfða þjálfun.

Þá þarf að huga verulega að eflingu fræðslu og rannsókna hjá stofnuninni í samræmi við lög um hana. Ég mun hér á eftir gera grein fyrir biðlistum og biðtíma barna á leik- og grunnskólaaldri í samræmi við þær spurningar sem fyrir liggja.

Í fyrsta lagi, hve löng er bið eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöðinni varðandi börn á leikskóla? Alls eru 71 barn á leikskólaaldri sem bíður greiningar. Af þeim hópi hafa 14 börn fengið takmarkaða þjónustu sérfræðinga stöðvarinnar og bíða ítarlegri greiningar. Meðalaldur barna á leikskólaaldri sem bíða eftir þjónustu er 3,33 ár. Meðalbiðtími þeirra eru 257 dagar. Biðtími getur verið frá 34 dögum upp í 570. Að auki eru á biðlista fimm leikskólabörn sem vísað var vegna gruns um málhömlun en þau tilheyra ekki markhópi stofnunarinnar og verður tilvísun afgreidd í því ljósi.

Varðandi grunnskólabörn: Alls eru 124 börn á grunnskólaaldri sem bíða þverfaglegrar greiningar. Að auki bíða 34 grunnskólabörn endurathugunar. Meðalaldur þeirra sem bíða fyrstu athugunar eru 9,57 ár og meðalbiðtími þeirra í dag eru 473 dagar. Biðtíminn er frá 45 dögum upp í 1212 daga.

Meðalaldur þeirra grunnskólabarna sem bíða endurathugunar er 10,38 ár og meðalbiðtími þeirra eru 435 dagar og biðtími frá 132 upp í 1228. Af þeim 124 börnum á grunnskólaaldri sem bíða fyrstu greiningar er grunur um röskun á einhverfurófi hjá 56 börnum en grunur um þroskahömlun hjá 59 þeirra. Rúmlega 40 grunnskólabörn eru á biðlista vegna gruns um málhömlun en þar sem þau tilheyra ekki núverandi markhóp stofnunarinnar verða mál þeirra unnin í því ljósi.

Þá er spurt hvernig samstarfi Greiningarstöðvar og BUGL sé háttað hvað varðar greiningu á börnum með einhverfueinkenni og geðræn vandamál.

Þegar barni hefur verið vísað til beggja stofnana er leitast við að hafa samráð og haga því þannig til að athugun sérfræðinga beggja stofnana fari fram samtímis. Að lokinni þeirri athugun bera sérfræðingar stofnananna saman bækur sínar og komast að sameiginlegri niðurstöðu um vanda barnsins og leiðir til úrlausnar. Skilgreint er hver sinni eftirfylgd. BUGL og Greiningarstöðin hafa átt nokkra fundi undanfarin tvö ár þar sem verklag í samstarfi þeirra hefur verið rætt.

Svarið við þriðju spurningu er svohljóðandi: Þegar barni er vísað af BUGL á Greiningarstöðina fær barnið í forgang í athugun. En jafnframt er tekið tillit til annarra þátta, svo sem alvarleika fötlunar, aldurs barns og hvort barn þarf viðeigandi þjónustu fyrir tilstuðlan sérfræðinga BUGL.

Alls eru á biðlista 14 börn á grunnskólaaldri sem hefur verið vísað til Greiningarstöðvarinnar að aflokinni athugun á BUGL. En eins og að framan greinir hefur (Forseti hringir.) félagsmálaráðuneytið á undanförnum árum lagt á það ríka áherslu að styrkja starf Greiningarstöðvarinnar. Mér er ljóst að langt er í land með að markmiðið náist að fullu. Í byrjun næsta árs (Forseti hringir.) verður þremur af fjórum

áföngum áætlunarinnar um fækkun á biðlista lokið og er þá verulegum áfanga náð.

[13:38]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Forseti verður að biðja bæði hæstv. ráðherra og hv. fyrirspyrjendur að virða tímamörk

[13:38]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Það er ljóst af svörum hans að það er gjörsamlega óviðunandi að hátt á annað hundrað börn á grunnskólaaldri bíði eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Börnin fá ekki þá þjónustu í skólunum sem þau þurfa vegna þess að þau búa við fötlun sem ekki er búið að greina og peningarnir fylgja ekki í kjölfarið.

Það er erfitt fyrir foreldra fatlaðra að barna að þurfa að bíða allt upp í þrjú ár, eins og dæmi eru til um, eftir því að fá vitneskju um hvort barnið þeirra er fatlað eða ekki, hvort það er með einhverja ákveðna fötlun eða jafnvel með einhverfu ofan á aðra fötlun. Það er líka mjög erfitt fyrir foreldra að horfa upp á að barnið þeirra fái ekki þá þjónustu og þann stuðning sem það ætti rétt á ef búið væri að greina það. Greiningin getur algerlega breytt aðstæðum barnsins.

Ég get ímyndað mér að þeir sem sitja í þessum sal geti sett sig í spor þeirra foreldra. Þeir sjá auðvitað að þetta ástand er gjörsamlega óviðunandi. Við getum ekki látið börnin líða fyrir þetta.

Hæstv. ráðherra sagði að búast mætti við að árið 2008 yrði þetta ástand komið í jafnvægi. Við getum ekki sætt okkur við það að þetta verði ekki komið í lag fyrr en 2008. Hver mánuður er mikilvægur í þroska barns. Hvað þá ár. Við getum ekki látið bjóða okkur upp á að börnin líði fyrir að fá ekki þjónustu, fái ekki stuðning í skóla vegna þess að þau vantar greiningu vegna langar biðar eftir að komast að á Greiningarstöðinni.

Ég skil hæstv. ráðherra í viðleitni hans við að halda í fagfólk. Það er mjög mikilvægt að halda í gott fagfólk. Það þarf að sinna því og sjá til að það fái þann stuðning og þá umbun sem því ber. En börnin eiga ekki að líða fyrir þetta (Forseti hringir.) ástand og ég mun spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra um það sem snýr að Barna- og unglingageðdeild.

[13:40]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Við sem höfum kynnst starfsemi Greiningarstöðvarinnar þekkjum að þar er unnið mjög gott starf og í raun frábært starf.

Ég vil ítreka það sem kom fram áðan, að starfsemi Greiningarstöðvarinnar hefur styrkst mjög mikið með auknum fjárveitingum á síðustu þremur árum og verður efld frekar með fjárheimildum í fjárlögum ársins 2007. Árið 2003 voru stöðugildin 33 en verða 43 með fjárlögum næsta árs og gert er ráð fyrir frekari eflingu á árinu 2008, eins og ég nefndi áðan.

Síðan vil ég nefna að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur veitt eitt stöðugildi í tvö ár til starfseminnar sem er nýtt til sérstaks átaks gagnvart þeim sem lengst hafa beðið.

Vinnulagi á Greiningarstöðinni hefur verið breytt á þann veg að nú eru niðurstöður samstarfsaðila nýttar betur. Í hluta tilvika getur Greiningarstöðin verið leiðbeinandi strax og frumgreining hefur átt sér stað. Þannig er ýmislegt í gangi í þessu máli þótt auðvitað sé það ekki gott ef börn bíða eftir þjónustu. Ég tek undir það.

En af því sem ég hef sagt er ljóst að unnið er að þessum málum, að efla starfsemina á Greiningarstöðinni til að mæta þeirri þörf sem fyrir liggur. Ég veit það að þeir aðilar sem koma að þessu máli munu vinna að því eins og ég hef sagt, vinna að því að þjónustan nái betur utan um þau börn sem þurfa á þjónustunni að halda. Það hlýtur að vera okkar sameiginlega markmið. Ég geri ráð fyrir því að það muni nást eins og ég hef farið yfir.

Umræðu lokið.

## *Réttur nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta.*

Fsp. JBjarn, 290. mál. — Þskj. 303.

[13:42]

**Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):**

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að nemendur í framhalds- og háskólanámi sem verða að búa í heimavist eða leigja sér húsnæði vegna fjarlægðar frá skóla öðlist rétt til húsaleigubóta þótt þeir eigi lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi?

Eins og lögin kveða á um nú eiga þeir leigjendur rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili. Hins vegar gilda sérreglur um námsmenn. En í lögunum um húsaleigubætur segir svo, með leyfi forseta:

„Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili í leiguíbúð.“

Þetta er gríðarlegt hagsmunamál fyrir ákveðinn hóp nemenda sem sækir framhaldsskóla og getur ekki sótt hann frá heimili sínu í daglegum akstri heldur verður að búa í grennd við skólann þótt það sé innan sama sveitarfélags. Tökum sem dæmi nemendur í Skagafirði, nemendur sem eiga lögheimili í Fljótum eða í gamla Lýtingsstaðahreppi, og ganga í fjölbrautaskólann á Sauðárkróki. Það er of langt til að fara daglega á milli og þeir eiga ekki tök á því enda ekki boðið upp á slíkar almenningssamgöngur.

Dvelji þeir hins vegar á heimavist eða í leiguhúsnæði á Sauðárkróki til að geta stundað þar nám þá eiga þeir ekki rétt á húsaleigubótum vegna þess náms. Fari þeir hins vegar til Akureyrar og stunda nám við Menntaskólann á Akureyri eða Verkmenntaskólann, í öðru sveitarfélagi, þá eiga þeir fullan rétt á húsaleigubótum. Þetta er gríðarlegt óréttlæti.

Þetta er í þriðja sinn sem ég ber þessa spurningu upp á hv. Alþingi. Nákvæmlega fyrir ári síðan, eða 7. desember, spurði ég þáverandi félagsmálaráðherra hvort hann ætlaði að beita sér fyrir því að þetta réttlætismál kæmist í höfn.

Hann sagði varðandi dæmið um nemendurna í Skagafirði, undir lok ræðu sinnar, með leyfi forseta:

„Það dæmi undirstrikar að hér er um réttlætismál að ræða sem ég vona að okkur takist að koma til lands á næstu vikum."

Þáverandi ráðherra vitnaði í nefnd sem væri að störfum varðandi þetta mál og átti að skila af sér fyrir um ári síðan en ekkert hefur gerst.

Þetta er gríðarlegt réttlætismál. Þetta er jafnréttismál gagnvart nemendum varðandi húsaleigubætur. Ég ítreka hér fyrirspurn mína til núverandi hæstv. félagsmálaráðherra.

Hefur hæstv. félagsmálaráðherra beitt sér í þessu máli? Er komin viðunandi lausn þannig að nemendur sem sækja skóla í sínu sveitarfélagi en þó langt heiman að frá sér fái húsaleigubætur?

[13:45]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Árið 2005 lagði samráðsnefnd um húsaleigubætur sem í eiga sæti fulltrúar félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga fram tillögur um lagabreytingar sem m.a. miða að því að taka á þeim vanda sem hv. fyrirspyrjandi Jón Bjarnason nefnir í fyrirspurn sinni.

Nefndin lagði til að skilyrði um þinglýsingu húsaleigusamninga verði afnumið þegar um er að ræða leigu á heimavist, stúdentagörðum eða sambýli fyrir fatlaða. Krafa um þinglýsingar á heimavistum, stúdentagörðum og sambýlum hafa skapað fjölmörg vandamál í framkvæmd. Til samanburðar má nefna að leiguíbúðir í eigu sveitarfélaga eða félaga í eigu sveitarfélaganna eru nú þegar undanskildar skilyrðum um þinglýsingu húsaleigusamninga.

Nefndin lagði einnig til að krafa um lengd húsaleigusamnings fyrir námsmenn á heimavist eða stúdentagörðum verði einungis fjórir mánuðir í stað sex mánaða nú. Með því er tekið mið af því að hver önn í framhaldsskóla er styttri en sem nemur lágmarksleigutíma samkvæmt lögunum.

Loks lagði nefndin til breytingu varðandi það atriði sem fyrirspyrjandi nefnir og að bætt verði við lögin ákvæði sem tekur til námsmanna sem þurfa að sækja nám um langan veg en eru þó innan sama sveitarfélags.

Samkvæmt lögheimilislögum verða námsmenn að fara í annað sveitarfélag til að eiga kost á að skrá aðsetur sitt í dvalarstað. Í tillögu nefndarinnar er miðað við að þeir nemendur sem þurfi að vista sig innan sama sveitarfélags í að minnsta kosti 30 kílómetra fjarlægð frá lögheimili vegna náms síns öðlist rétt til húsaleigubóta. Einnig verður sveitarfélagi heimilt að greiða húsaleigubætur þó fjarlægð sé styttri en 30 kílómetrar ef samgöngur til og frá skóla eru nemanda sérstaklega erfiðar, m.a. með tilliti til veðráttu og ástands vega, eða vegna skorts á almenningssamgöngum. Í tillögum nefndarinnar er höfð hliðsjón af reglum um dvalarstyrki í 4. gr. reglugerðar um námsstyrki nr. 692/2003, með síðari breytingum.

Virðulegi forseti. Á síðasta ári lét forveri minn í starfi félagsmálaráðherra vinna drög að frumvarpi um breytingu á lögum um húsaleigubætur á grundvelli framangreindra tillagna. Ekki varð þó af framlagningu frumvarpsins og er vinnu við það ólokið. Það sem út af stendur er að samkomulag takist á milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármögnun og ábyrgð á greiðslu á þeim viðbótarkostnaði sem framangreindar tillögur geta leitt af sér, alls metið að geti orðið 21,4 millj. kr. á ári.

Forverar mínir í starfi félagsmálaráðherra áttu viðræður um málið við fjármálaráðherra og forustumenn Sambands íslenskra sveitarfélaga án þess að niðurstaða fengist, en ríkisstjórnin hefur viljað að farið verði að samkomulagi sem gert var árið 2002 um fjármögnun húsaleigubóta.

En ég vil, virðulegi forseti, segja það við hv. fyrirspyrjanda að ég mun beita mér fyrir því að þetta mál verði tekið upp að nýju og á því verði fundin lausn, þessu brýna hagsmunamáli, á sameiginlegum vettvangi ríkis og sveitarfélaga.

[13:48]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér er um sáraeinfalt mála að ræða. Þess vegna tel ég að fólk eigi að spyrja sig, hvers vegna getur hæstv. félagsmálaráðherra ekki kippt þessu í liðinn?

Ástæðan er auðvitað sú að félagsmálaráðherrarnir eru alltaf að koma og fara. Þetta er þriðji hæstv. félagsmálaráðherrann á örfáum mánuðum, eru ekki komnir þrír á þessu ári? Maður er hættur að hafa tölu á því.

Þannig að auðvitað geta þeir ekki hrint einu sinni einföldum verkefnum í framkvæmd, sanngirnisverkefnum, svo sem að nemendur sem búa innan sama sveitarfélags og þurfa að sækja langt að í skóla fái húsaleigustyrk. Sömu flokkar boða hér sameiningu sveitarfélaga en geta ekki kippt svona einföldu máli í liðinn. Það er alveg með ólíkindum að horfa upp á þetta.

Við ræddum um daginn um utanvegaakstur. Það er sama upp á teningnum þar hjá Sjálfstæðisflokknum og Framsókn. Þar koma ráðherrar og fara og geta ekki (Forseti hringir.) klárað einföldustu mál.

[13:50]

**Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):**

Frú forseti. Mér þykir leitt að segja þetta, en þetta er þriðji hæstv. félagsmálaráðherrann sem gefur nákvæmlega sama svar, nánast orðrétt upplesið.

Mér finnst þetta bara dapurt í svona smámáli en þó miklu réttlætismáli því það skiptir fjölskyldur gríðarlega miklu máli hvert þeir verða að senda börn sín í skóla til að njóta jafnréttis hvað húsaleigubætur varðar.

Hæstv. ráðherra gat þess að ekki væri um háar upphæðir að ræða. Þetta væri réttlætismál. Einhvern veginn er það svo að slík réttlætismál eiga erfitt með að komast til framkvæmda. En þetta er ekki bara réttlætismál, þetta er fjárhagslegt mál bæði fyrir viðkomandi byggðarlög og einstaklinga sem hér eiga hlut að máli.

Ég vil líka minna á hinn almenna hluta í þessum reglum þar sem er gert skylt að nemendur verða að vera skráðir að minnsta kosti í sex mánuði með vistun á skóla til þess að mega fá húsaleigubætur. Margir iðnnemar sem eru á samningi koma t.d. í nám eftir áramót og til vors en ná þá ekki þessum sex mánuðum og eiga því ekki rétt á húsaleigubótum.

Þannig að hér er alveg furðulegt óréttlæti í gangi. Það er

engin afsökun að vísa til einhverrar nefndar, að þetta sé í einhverju samstarfsferli milli ríkis og sveitarfélaga, einhverju svona eilífðardæmi.

Það er krafa um að á þessu máli verði tekið svo að fólk, hvort sem það býr í Fljótum eða norður í Lýtingsstaðahreppi eða í uppsveitum Árnessýslu og sendir börn sín í framhaldsskóla í sama sveitarfélagi, eigi rétt til húsaleigubóta en þurfi ekki að senda þau í fjarlæga landshluta til að fá þann rétt.

[13:52]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson talaði um að ráðherrar kæmu og færu og það er út af fyrir sig rétt hjá honum auðvitað. Ég er tiltölulega nýbyrjaður í þessu starfi. En ég get lofað honum því að ég er ekkert alveg að fara úr því og við munum sjá til með það í vor.

Svo ég snúi mér að hv. fyrirspyrjanda Jóni Bjarnasyni, um leið og ég þakka honum fyrir fyrirspurnina, er ég auðvitað sammála honum í því að hér er á ferðinni sanngirnismál. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni þá mun ég beita mér fyrir því að þetta mál verði tekið upp á sameiginlegum vettvangi ríkis og sveitarfélaga. Menn mega ekkert að vera að gera lítið úr þeim samráðsvettvangi. Hann er til staðar og þar fjalla menn um verkefni sem ríki og sveitarfélög starfa saman að. Þetta er alveg dæmigert verkefni um það, þannig að ég mun beita mér fyrir því að við förum yfir þetta mál og helst finna lausn á því.

En auðvitað er það líka þannig að þetta fyrirkomulag eins og það er núna, það má segja að það geti staðið í vegi fyrir sameiningu sveitarfélaga. Við getum alveg sagt að svo sé. Þannig að út frá mörgum hliðum er þetta mál sem ég er sammála hv. þingmanni um að við þurfum að leysa og ég vonast til þess að okkur takist það sem allra fyrst.

Umræðu lokið.

## *Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.*

Fsp. GÓJ, 111. mál. — Þskj. 111.

[13:53]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Á þskj. 111 hef ég lagt fram fyrirspurn til samgönguráðherra um gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Ég lagði fram sömu fyrirspurn í desember 2003 hér á hinu háa Alþingi í tilefni af því að þá voru nýkomin út drög að frumskýrslu vinnuhóps Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar um þessi gatnamót.

Sá vinnuhópur lagði til í frumdrögum sínum þrjár meginlausnir á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Í fyrsta lagi var sagt að gatnamótin gætu verið í plani með fjögurra fasa umferðarljósum og akreinum fjölgað þannig að þrjár yrðu beint áfram og tvær fyrir hverja vinstri beygju.

Önnur meginlausnin sneri að tveggja hæða gatnamótum með Kringlumýrarbraut eða Miklubraut í fríu flæði og vinstri beygjustraumum á ljósum. Þriðja lausnin fjallaði um þriggja hæða gatnamót með bæði Miklubraut og Kringlumýrarbraut í fríu flæði og allir beygjustraumar yrðu efst á hringtorgi.

Það má kannski segja að með breytingum sem gerðar voru á gatnamótunum sumarið 2005 hafi verið farið eftir fyrstu meginlausninni eða a.m.k. í átt að henni. Afkastageta þeirra gatnamóta hefur þar með aukist nokkuð. En því hefur að vísu verið haldið fram að þá hafi flöskuhálsinn færst til og sé nú annars vegar á gatnamótun Lönguhlíðar og Miklubrautar og hins vegar á gatnamótum Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar.

Íbúasamtök á svæðinu, svokölluð íbúasamtök þriðja hverfis, hafa lagt til að Miklabraut verði að hluta lögð í yfirbyggðan stokk frá Grensásvegi og undir Kringlumýrarbraut og allt í gegnum hverfið að Snorrabraut, enda sé það mun vænni framkvæmd fyrir íbúa hverfisins. Því er við það að bæta að eftir því sem ég kemst næst er unnið að þeim málum og að þeirri lausn í borgarkerfinu.

Ég vek athygli á því að ég tel mjög mikilvægt að hugað verði að vilja íbúa í þessu sambandi en níu af hverjum tíu íbúum munu vera á móti mislægum gatnamótum á þessu svæði þannig að ég tel mjög brýnt að sátt náist við íbúa og aðra um framkvæmdina.

Þess vegna spyr ég hæstv. samgönguráðherra: Hvað líður gerð mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík?

[13:57]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr:

„Hvað líður gerð mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík?"

Svar mitt er eins og hv. þingmenn þekkja og vita að fjárveitingar hafa verið inni í samgönguáætlun til verkefna á Miklubrautar- og Kringlumýrarbrautarsvæðinu.

Árin 2003 og 2004 var starfandi vinnuhópur Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar vegna hönnunar mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar hér í borginni. Í júní 2003 skilaði vinnuhópurinn greinargerð um mismunandi útfærslur gatnamótanna. Um var að ræða tveggja og þriggja hæða mislæg gatnamót, eins og kom fram hjá hv. þingmanni, og mælti hópurinn með þriggja hæða lausninni.

Um áramótin 2003 og 2004 var boðin út gerð frumdraga og mats á umhverfisáhrifum þriggja hæða lausnar og í framhaldinu var verkfræðistofunni Línuhönnun falið að vinna að því verkefni.

Í september 2004, svo ég reki þetta nú eftir mánuðum, var vinna við gerð frumdraga mislægra gatnamóta stöðvuð að beiðni og kröfu fulltrúa Reykjavíkurborgar. Vinnu við gerð umhverfismats var einnig hætt fljótlega og afboðaðir kynningarfundir vegna verkefnisins. Það hittist þannig á að ég hafði verið boðaður til fundar með sérfræðingum sem unnu að þeirri hönnun sem átti að kynna fyrir íbúum á íbúafundi, búið var að auglýsa fundinn en hann var afboðaður með sérstakri ákvörðun borgaryfirvalda.

Þegar vinnu var hætt við undirbúning mislægu gatnamótanna var ákveðið að fjölga akreinum gegnum gatnamót-

in í plani og fjölga fösum umferðarljósanna úr þremur í fjóra þannig að allir umferðarstraumar væru varðir á grænu ljósi, sem er auðvitað geysilega mikilvægt á svo umferðarþungum gatnamótum eins og þarna er um að ræða.

Framkvæmdir fóru fram vorið og sumarið 2005. Megintilgangur þeirra framkvæmda var að draga úr hættu á umferðarslysum og minnka tafir sem höfðu orðið á flæði á þessum gatnamótum miðað við það sem áður var þar sem ljósastýringin var mun ófullkomnari en er í dag.

Vinna við gerð frumdraga og mats vegna umhverfisáhrifa mislægra gatnamóta er hins vegar hafin að nýju. Það er kominn nýr tími, skulum við segja. Samkvæmt grófri tímaáætlun mun niðurstaða umhverfismats liggja fyrir á næsta ári og það er talið að verkhönnun gæti verið lokið á árinu 2008.

Það er rétt að vekja athygli á því að hérna er um að ræða mjög mikið mannvirki. Flókið mannvirki og mannvirki sem hefur heilmikil áhrif að sjálfsögðu á umhverfið. Það fer ekki á milli mála og því þarf að vanda allan undirbúning.

En það er samt ljóst að það var tekin ákvörðun um að falla frá þessu á sínum tíma og farið í fjárfestingu við ljósastýrðu gatnamótin sem er auðvitað heilmikil fjárfesting þannig að það er eðlilegt að samgönguyfirvöld geri þá kröfu að sú fjárfesting verði nýtt eins lengi og kostur er og að öflugt mat verði lagt á hvenær nauðsynlegt og eðlilegt er að hafist verði handa við framkvæmdir þannig að mislæg gatnamót geti sinnt þeim miklu umferðarstraumum sem þarna fara um. En nánari tímasetningar er ekki hægt að hafa hér í frammi en ég tel að það hafi verið mikil mistök á sínum tíma að halda ekki áfram annarri lausn en ljósastýringunni þarna.

[14:02]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda, Guðjóni Ólafi Jónssyni, fyrir þessa fyrirspurn. Þetta er mjög mikilvægt mannvirki, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, mannvirki sem hefur verið í umræðunni í nokkuð mörg ár, eiginlega alveg frá því að ég settist fyrst á þing og fyrir þann tíma, fyrir bráðum átta árum. Það er í rauninni makalaust hvernig staðið var að þessu mannvirki af hendi R-listans, stöðug frestun, stöðugt verið að voma yfir ákvörðun sem átti að liggja fyrir. Ég kalla þetta stefnuleysi hjá R-listanum.

Því þykja mér það góðar fréttir að heyra frá hæstv. samgönguráðherra að þetta mál sé að þokast áfram því að það er mikil þörf fyrir að koma þessu mannvirki á, þetta er flöskuháls í umferðinni í Reykjavík og þetta eru sennilega þau gatnamót þar sem einna mest tjón og flest slys verða í Reykjavík. Ég fagna því svörum ráðherra (Forseti hringir.) og fagna því einnig að komin er ný stjórn í Reykjavík sem tekur á þessu máli af meiri festu.

[14:03]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Þegar menn velta fyrir sér lausn á þeim vanda sem þarna er verða menn auðvitað að hafa í huga einhverja mælikvarða á hvað er ásættanlegur biðtími og hvenær stjórnvöld eiga að leggja út í kostnað til að greiða fyrir umferð. Í fyrsta lagi þarf að vera einhver ávinningur af framkvæmdinni, annars eru menn að setja mikla peninga fyrir lítinn ávinning. Í öðru lagi þarf líka að hafa í huga að jafnvel þó að menn leysi úr vanda við þessi gatnamót flyst vandinn til á önnur gatnamót. Vandinn er í heildinni sá að verið er að skipuleggja og byggja upp með röngum hætti á höfuðborgarsvæðinu, stefna allt of mörgum til starfa og náms á einn stað miðað við þær umferðaræðar sem fyrir eru.

[14:04]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Það vakti athygli mína að hæstv. samgönguráðherra sagði að hönnun hefði verið hætt 2004 að beiðni Reykjavíkurborgar og sömuleiðis að umhverfismati hefði þá verið hætt en að það mat sé nú hafið að nýju. Ég legg áherslu á að hæstv. samgönguráðherra hafi náið samstarf um þessi málefni við borgaryfirvöld og haldi áfram hönnun þessara mannvirkja þannig að henni verði lokið árið 2008 eins og hæstv. ráðherra gat um.

Ég tel líka mikilvægt að halda því til haga og finnst að það eigi að vera einn hluti af nýju umhverfismati að Miklabraut verði lögð í stokk samhliða gerð mislægra gatnamóta á Kringlumýrarbraut og Miklubraut. Það bíða stór verkefni í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef áður tekið hér upp mál sem varða lagningu Sundabrautar, sömuleiðis mál er varðar umferðaröryggi á Kjalarnesi. Það er því ljóst að það þarf ekki að fara út fyrir höfuðborgina til að leita að verkefnum og það verkefnum sem borga sig á sviði samgöngumála.

[14:06]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það er þörf á að hafa sem besta útfærslu á þessum gatnamótum, þarna er geysilega mikil umferð. Það hefur orðið mikil bragarbót með ljósastýringunni en það er mat mitt að þarna eigi að koma mislæg gatnamót og skapa eins mikið öryggi á þeim og nokkur kostur er.

Hins vegar er því ekki að leyna, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það eru skiptar skoðanir meðal íbúa á þessu svæði um að fá slíkan nökkva eins og mislæg gatnamót verða þarna við hliðina á byggðinni, þannig að það þarf að huga að því við útfærslu. Það var mat margra sérfræðinga að sú lausn sem var í augsýn þegar allt var stöðvað hafi verið býsna snjöll. Þetta þarf allt saman að stokka upp að nýju og hefja vinnu og það er vilji til þess af minni hálfu.

Það er rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það er mikilvægt að það sé ávinningur af því sem gert er í samgöngubótum. Það er af mörgu að taka á höfuðborgarsvæðinu eins og reyndar um allt land þegar litið er til samgöngumannvirkja. Unnið er núna fullum fetum að undirbúningi Sundabrautar. Það liggur fyrir að skýrsla er að verða tilbúin um þann kost sem var skoðaður, þ.e. jarðgöng á Sundabrautinni. Það er kostur sem er nokkuð kostnaðarsamur en hann þarf að bera saman við þá leið sem aðallega hefur verið til meðhöndlunar. Sömuleiðis eru framkvæmdir fyrirhugaðar við svokallaðan Hlíðarfót sem á að tengja Hringbraut-

ar- og Miklubrautarsvæðið við (Forseti hringir.) samgöngumiðstöðina og flugvallarsvæðið og (Forseti hringir.) háskólasvæðið sem þar á að rísa.

Umræðu lokið.

### *Tvöföldun Hvalfjarðarganga.*

Fsp. MÞH, 243. mál. — Þskj. 246.

[14:08]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Við höldum áfram að ræða á hinu háa Alþingi hugsanleg samgöngumannvirki hér á landi. Ég er kominn upp í ræðustól til að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um það hvort samgönguyfirvöld hafi með einhverjum hætti hafið undirbúning þess að tvöfalda Hvalfjarðargöng og ef svo er, hvað hafi þá verið gert.

Það vita náttúrlega allir að þessi göng voru mikið tímamótamannvirki á sínum tíma. Þau hafa fyllilega sannað gildi sitt fyrir löngu og hafa eflaust verið mikil lyftistöng fyrir byggðir norðan Hvalfjarðar á Vesturlandi og jafnvel á Norðurlandi. Þau hafa líka leitt til þess að slysum hefur mjög fækkað. Slys sem áður voru tíð til að mynda í Hvalfirði heyra nú sögunni til eða svo til. Jafnframt sjáum við að það hefur verið mikil uppbygging t.d. á Grundartanga. Ég held að hún fari ekki fram hjá neinum, bæði varðandi stóriðju og núna hugsanlega í tengslum við síauknar farskipasiglingar. Við sjáum að fyrirtæki eins og Faxaflóahafnir er að hasla sér völl á Grundartanga og virðist hafa áform þar varðandi uppskipun á þungavarningi, gámum og öðru. Það er a.m.k. mjög margt sem mælir með því að farið verði í að skoða tvöföldun á Hvalfjarðargöngum. Ég hef sjálfur verið hálfskeptískur á hvort þörf væri á að tvöfalda þessi mannvirki en þegar maður hefur horft á þessa þróun hlýtur maður að snúast á sveif með því og hugsa með sér að það sé a.m.k. skoðandi.

Nýlega var haldinn aðalfundur hjá Speli, sem er fyrirtækið sem á og rekur Hvalfjarðargöngin í dag, og þar kom m.a. fram í máli Gísla Gíslasonar stjórnarformanns að það yrði verkefni stjórnar Spalar á komandi mánuðum að taka upp viðræður við samgönguyfirvöld um það hvernig tryggja megi að Hvalfjarðargöngin og aðliggjandi umferðarmannvirki — við drögum þá náttúrlega hér inn Vesturlandsveginn líka þó að hann heyri ekki undir þessa fyrirspurn — afkasti þeirri umferð sem er fyrirsjáanleg á komandi árum.

Því kem ég upp, virðulegi forseti, og ber fram þessa fyrirspurn til hæstv. ráðherra og vil fá að heyra einhverjar fréttir af því hvort samgönguyfirvöld hafi á einhvern hátt undirbúið það að fara í þetta verkefni og hvað hafi verið gert og jafnvel hvað samgönguyfirvöld hyggist gera.

[14:11]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að gefa mér tækifæri til að fara yfir þetta mál hér en hann spyr: „Hafa samgönguyfirvöld með einhverjum hætti hafið undirbúning þess að tvöfalda Hvalfjarðargöng? Ef svo er, hvað hefur verið gert?“

Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda er það hlutafélagið Spölur sem ræður þarna för. Spölur fékk með sérstakri löggjöf frá Alþingi heimild til þess að grafa göngin og láta greiða fyrir aðgang að þeim. Göngin eru borguð upp með afnotum, eins og hv. þingmenn þekkja, af mannvirkinu og er sérstakur samningur þar um.

Það er skemmst frá því að segja að ég hef átt fundi með forsvarsmönnum Spalar um tvöföldun jarðganganna. Það er mat stjórnarinnar og mat Vegagerðarinnar, og ég er sammála mati þeirra, að undirbúa þurfi næsta áfanga þessara jarðganga, þ.e. að auka afkastagetu þeirra. Ég hef falið Vegagerðinni, fyrir hönd samgönguráðuneytisins, að eiga viðræður við stjórn Spalar um þetta. Það hafa verið haldnir fundir og verða á næstunni þar sem verið er að leggja á ráðin um með hvaða hætti eðlilegt sé að standa að því að auka afkastagetu jarðganganna. Ég tel að það sé afar mikilvægt að horfa fram á veginn þarna í orðsins fyllstu merkingu vegna þess að það er vaxandi umferð um þetta svæði. Uppbyggingin á Grundartanga og uppbyggingin á Akranesi og á Borgarnessvæðinu er mjög mikil í mörgu tilliti, atvinnufyrirtækin sem rísa þarna og sumarhúsabyggðir upp um allan Borgarfjörð og norður eftir öllu þessu svæði draga að mikla umferð um göngin. Fólk velur að fara jarðgöngin þó að það þurfi að greiða fyrir aðgang að þeim.

Að vísu er fallegt að fara um Hvalfjörðinn á fögrum degi og ég hvet hv. þingmenn til þess að njóta þess einhvern tímann, þó að ég sé ekki að mæla gegn því að þeir borgi sig í gegnum göngin, síður en svo. Ég veit að ýmsir þingmenn sem tengjast Vesturlandi fara stundum þarna upp eftir og jafnvel fyrir fjörð. Jarðgöngin hafa engu að síður sannað sig og þau eru gott dæmi um leið sem ég tel að við Íslendingar eigum að skoða mjög vandlega og þingið hljóti að taka afstöðu til, þ.e. hvort við eigum að auka eða koma af stað öðrum áfanga í einkaframkvæmdum í vegagerð í þeim tilgangi að hraða framkvæmdum.

Ég tel að það fari ekkert á milli mála að viðræður Vegagerðarinnar og stjórnar Spalar muni leiða til þess að áætlun verði gerð um næstu áfangana. Ég tel að gera þurfi trausta áætlun um þörfina til að tímasetningin verði rétt og fjármagnið nýtist sem allra best, því að við þurfum á því að halda að nýta þá fjármuni vel sem settir eru í slík umferðarmannvirki og að ekki sé verið að tvöfalda þau áður en þörf er á því. Engu að síður liggur þetta verkefni fyrir og Vegagerðin er af hálfu samgönguyfirvalda að skoða það.

Ég veit að fyrirtækið Faxaflóahafnir hefur mikinn hug á þessu vegna þess að forsvarsmenn þessa ágæta fyrirtækis spá aukinni umferð um þessar hafnir, sem eru höfnin hér á höfuðborgarsvæðinu, Akraneshöfn, Grundartangahöfn og Borgarneshöfn, sem er partur af Faxaflóahafnaklasanum, og auknum flutningum á milli þessara svæða. Ég tel nauðsynlegt að gera áætlanir þarna, það er ríkur vilji til þess af minni hálfu og ég fylgist mjög náið með þessu.

[14:16]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hvalfjarðargöng hafa reynst mikil samgöngubót. Líklega fara ríflega 95% þeirra sem fara um

Hvalfjörð um Hvalfjarðargöng, sem er miklu hærra hlutfall en reiknað var með. Þar fyrir utan hefur bílum á höfuðborgarsvæðinu fjölgað á sex árum úr 120 þús. í 170 þús.

Tvöföldun að Hvalfjarðargöngum er brýnt verkefni á vegum samgönguyfirvalda og fer að verða tímabært að huga að því að tvöfalda Hvalfjarðargöng. Spölur ehf. hefur lýst yfir áhuga á því verkefni og samgönguyfirvöld og Alþingi eiga að styðja fyrirtækið í þeirri einkaframkvæmd. Mér heyrist á ráðherra að hann ætli að leggja sig fram í þessum efnum og ég mun styðja hann í því.

[14:18]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Frú forseti. Það var þarft að fá fram þessa spurningu. Ég held að menn hafi ekki áttað sig á því að með jarðgangagerðinni jókst umferð meira en reiknað var með. Í annan stað er erfitt, þegar ekið er suður til Reykjavíkur í göngunum, að þá er einföld akrein upp úr göngunum að sunnanverðu sem er náttúrlega þegar farið að valda miklum töfum og vanda.

Ég tek undir með síðasta ræðumanni. Auðvitað styðjum við þær framkvæmdir sem mega verða til þess að bæta umferðina og treysta umferðaröryggi. Margoft hefur verið um það rætt að í jarðgöngum Hvalfjarðarganga væri ekki nógu góð og mikil lýsing. Ég hef oft velt vöngum yfir því: Af hverju eru göngin svona dimm? Af hverju eru göngin ekki hvítmáluð til öryggis?

En fyrst og fremst er nauðsynlegt að tvöfalda (Forseti hringir.) göngin og undir það tek ég heils hugar.

[14:19]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Umferðaröryggismálin, tvöföldun og breikkun vega á umferðarþungum samgönguæðum frá Reykjavík að Vesturlandi og frá Reykjavík og austur fyrir fjall á Selfoss, eru einhver brýnustu samfélagsverkefni okkar nú um stundir.

Aðgreining akreina og tvöföldun vega þolir enga bið. Hrikaleg slysatíðni í kjölfar gífurlegs umferðarþunga, 70–90% umferðaraukning á þessum þyngstu umferðaræðum á milli Reykjavíkur og þessara tveggja landshluta á örfáum árum kallar á það. Á tíðum er viðvarandi hættuástand á þessum vegum. Eina leiðin er að breikka vegina og skilja á milli akreina. Eina viðunandi framtíðarlausnin er tvöföldun vega með aðskilnaði akreina. Þess vegna er umræðan hér fagnaðarefni. Hún er þörf og um að gera að ýta duglega á samgönguyfirvöld með að fylgja þessum þverpólitíska þrýstingi eftir.

[14:20]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Öllum er ljóst að Hvalfjarðargöngin voru mikil samgöngubót og þörf fyrir að breikka þau. Sjálfsagt þarf að fara að huga að því þótt leiðin í samgöngumálum sé ekki að skera stöðugt niður vegáætlun eins og gert hefur verið í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Ég tek undir þær áherslur hjá hv. fyrirspyrjanda Magnúsi Þór Hafsteinssyni að huga þurfi að þessu. Ég tel líka að huga eigi að því að fella niður gjöld í gegnum þessi göng. Þau eru orðin hluti af almenna samgöngukerfinu og þeir sem nota þessi göng, fyrst og fremst á þessu landsvæði, ættu ekki að vera skattlagðir sérstaklega vegna þeirra. Ég tel tímabært að skoða það.

Hitt vil ég segja við hæstv. samgönguráðherra, varðandi að þetta hafi tekist vel af því að þetta hafi verið einkaframkvæmd og að taka þurfi upp einkaframkvæmdir í vegamálum til þess að hlutirnir gangi, það er kannski vandamál hans sem samgönguráðherra. En hann talar gegn betri vitund (Forseti hringir.) þegar hann heldur því fram að það hafi tekist sérstaklega vel til og það hefði ekki verið ódýrara að fara þar í ríkisframkvæmd. (Forseti hringir.) Nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar segir að það sé svo.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill biðja hv. ræðumann að virða tímamörk.)

[14:22]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Höfuðborgarsvæðið býr yfir miklum styrk og hefur áhrif á byggðir allt í kringum sig um Suðurnes, um Suðurland, a.m.k. austur að Þjórsá og um Vesturland milli Borgarfjarðar, jafnvel til Snæfellsness.

Fyrir liggur að það á að gera fullbúinn veg með fjórum akreinum frá Reykjavík til Keflavíkur. Það eru uppi mjög ákveðnar heitstrengingar frá alþingismönnum um að gera slíkt hið sama frá höfuðborgarsvæðinu og austur til Selfoss. Og auðvitað verða menn að gera svipaðar samgöngubætur á leiðinni frá Reykjavík vestur og norður um land í Borgarfjörð. Að öðrum kosti eru menn að beina styrk höfuðborgarsvæðisins til Suðurnesja og Suðurlands en frá Vesturlandi.

*Í öðru lagi vil ég benda á, virðulegur forseti,* að gjaldtaka fyrir að aka þessa vegi á auðvitað að vera með sambærilegum hætti og á ekkert að leggja meiri skatta á menn (Forseti hringir.) sem keyra Norður- og Vesturland en á Suðurnes eða til Suðurlands.

[14:23]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason má ekki alltaf vera svona uppstökkur um leið og orðið einka-eitthvað er notað. Sannleikurinn er sá að þegar þessi aðferð er notuð í opinberar framkvæmdir þá virðist hún hafa þau áhrif að brýnum framkvæmdum er flýtt. Þær komast fyrr í gagnið. Það er ágætt að hv. þingmaður hafi það í huga í ræðum sínum á Alþingi.

Ég held að það sé óumdeilt að göngin undir Hvalfjörð voru mikil samgöngubót. Þau hafa mikil áhrif á samfélagið fyrir norðan Hvalfjörð. Það er mikilvægt að halda áfram á þeirri braut að greiða fyrir umferð til Vesturlands og því fagna ég umræðunni um tvöföldun á göngum undir Hvalfjörð. Ég tel að þessi umræða sé hluti af umræðunni í samfélaginu upp á síðkastið um að aðskilja umferð úr báðum áttum.

[14:24]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir að með þeirri leið sem valin var við Hvalfjarðargöng var mörkuð ný stefna sem gefist

hefur afskaplega vel að flestra mati sem hér eru, með örfáum undantekningum eins og fram hefur komið. (**JBjarn:** Ríkisendurskoðunar.) Enginn vafi leikur á því að Hvalfjarðargöngin hafa skilað gífurlega miklu fyrir þjóðarbúið í heild sinni, ekki einungis Vestlendinga. Það liggur líka fyrir að fjölmörg dýr og mikilvæg verkefni bíða eins og hér hefur komið fram.

Þá kvikna auðvitað spurningar um með hvaða hætti, í hvaða forgangsröð og eftir hvaða leiðum væri skynsamlegast að fara. Ég fagna því að hæstv. samgönguráðherra hefur opnað fyrir frekari einkafjármögnunarleiðir, m.a. hefur verið nefnd leið sem kölluð er skuggagjaldsleið. Það væri fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra koma inn á það í síðara svari sínu hvort hann hafi teiknað upp hvaða upp verkefni gætu hentað fyrir þá aðferð, einmitt til að hraða þeim stóru framkvæmdum sem bíða úrlausnar.

[14:25]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin. Ég hefði þó viljað heyra að menn væru búnir að gera meira en bara að hittast og ræða aðeins saman þótt orð séu að sjálfsögðu ávallt til alls fyrst. Það liggur fyrir að ef farið verður í þessa framkvæmd, að gera ný göng við hliðina á þeim göngum sem eru núna, mun það mannvirki verða miklu ódýrara en göngin sem fyrir eru. Þá var náttúrlega innt af hendi öll forvinna varðandi jarðfræði og þess háttar.

Hins vegar held ég að tími sé til þess kominn fyrir yfirvöld að huga að því að búa í haginn fyrir þessa mannvirkjagerð, til að mynda að ræða við jarðeigendur. Ég reikna með að ná þurfi einhverjum samningum við þá, kaupa land og ná samningum við jarðeigendur um þetta nýja mannvirki. Eflaust þarf að fara í einhverja hönnun, ekki bara á sjálfum göngunum heldur vegum til og frá þeim göngum. Það eru mörg verkefni sem bíða og ég held að óhætt sé að byrja að huga að þeim sem allra fyrst því að þróunin er öll í eina átt.

Varðandi gjaldtökuna og annað þessa háttar þá held ég að skuggagjaldsleiðin, ef þetta yrði gert í einkaframkvæmd, væri langskynsamlegust. Vegtollurinn á göngunum er afskaplega óvinsæll og leikur enginn vafi á því að vegtollurinn skekkir samkeppnisstöðu byggða norðan Hvalfjarðar við aðrar byggðir umhverfis höfuðborgarsvæðið. Ég tel að á því leiki enginn vafi. (Forseti hringir.) Gjaldtökunni í Hvalfjarðargöngum þarf að sjálfsögðu að linna sem allra fyrst.

[14:28]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Samkeppnisstaða Vesturlands er ekki skakkari en svo að hvergi er meiri vöxtur á landinu nema kannski á Reyðarfirði. Ég tel að vöxturinn sé vegna Hvalfjarðarganganna ekki síst og fagna því þessari fyrirspurn sem vekur athygli á þessu verkefni.

Ég tel að málið sé í eðlilegum farvegi og við höfum ekki tapað neinum tíma. Ég get ekki tekið upp tíma hönnuða og vegagerðarmanna um þessar mundir til að fara af meiri hraða í undirbúning þessa verkefnis. Það eru svo mörg önnur verk brýnni sem við þurfum að koma fyrr af stað en tvöföldun jarðganganna. Þau eiga að fara af stað en við eigum að leggja allt kapp á að bæta æðarnar út frá höfuðborgarsvæðinu og vinna að þeim verkefnum um allt land sem samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Við megum ekki gleyma því í umræðunni um mikilvæg verkefni á þessu svæði að víðar þarf að vinna.

Hér var spurt um skuggagjaldsleiðina. Ég tel að hún komi vel til greina. Hún verður væntanlega til umfjöllunar í tengslum við samgönguáætlun eftir áramótin. Ég tel koma til greina að taka þær æðar sem ég hef nefnt, út frá höfuðborgarsvæðinu, austur og vestur, inn í það verkefni. Það er svo stórt og umfangsmikið að það þarf að taka sérstöku tröllataki til þess að við getum unnið það jafnhratt og við þurfum.

Ég má til með að nefna, vegna þess að talað var um tvöföldun að göngunum, sem ég tel að þurfi að endurbæta, að það er verið að undirbúa endurbætur á Kjalarnesinu. (Forseti hringir.) Ég hef ekki tíma til þess að ræða nánar um það en (Forseti hringir.) það verkefni er afar mikilvægt.

Umræðu lokið.

## *Hjúkrunarheimili og öldrunarþjónusta.*

Fsp. BjörgvS, 148. mál. — Þskj. 148.

[14:30]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Hlutskipti margra gamalla Íslendinga er nokkuð nöturlegt. Umræðan um málefni eldri borgara hefur verið hávær í samfélaginu núna um nokkurra missira skeið og má segja að sé nú á suðupunkti innan samfélags eldri borgara sjálfra þar sem þung umræða hefur t.d. verið uppi um það að stofna til sjálfstæðs framboðs eldri borgara og annarra slíkra hluta til að þrýsta á stjórnvöld og stjórnmálaflokkana að setja málefni eldri borgara í forgang. Þá er að sjálfsögðu sérstaklega rætt um lífeyriskjör eldri borgara annars vegar og hins vegar aðbúnað og umgjörð á öldrunarstofnunum og þjónustustofnunum fyrir aldraða.

Fyrir nokkrum árum spurði ég hæstv. heilbrigðisráðherra hve margir eldri borgarar, að sambýlisfólki og hjónum frátöldum, væru í sambýli á hjúkrunarheimilum öldrunarstofnana, sem sagt deildu nauðug herbergjum í fjölbýlum eða tvíbýlum. Svarið við því var að yfir 1 þús. aldraðir Íslendingar gerðu það. Víða um land er hálfgert neyðarástand í hjúkrunarheimilismálum. Það er mikill og alvarlegur skortur á hjúkrunarheimilum sums staðar á landinu. Fólk er í fjölbýlum þvert á það sem það vill og það býr við nöturlegt hlutskipti. Það er þörf á nýrri og róttækri stefnu í málefnum aldraðra. Öflug heimaþjónusta og þjónustukjarnar verða að sjálfsögðu að fylgja með ríkulegri uppbyggingu á hjúkrunarrýmum og öldrunarstofnunum en eins og staðan er í dag eru brotin mannréttindi á mörgum öldruðum Íslendingum og virðing okkar fyrir reisn þeirra og sjálfsforræði er oft af skornum skammti. Auðvitað er þetta ekki gert að yfirlögðu ráði. Þróunin hefur verið sú að við höfum ekki byggt upp og haldið í við þá þróun.

Það á að leggja blátt bann við því í lögum að fólk deili

herbergjum á öldrunarstofnunum með öðrum en sambýlismanni sínum eða ef um hjón er að ræða. Það er alveg skýrt í mínum huga.

Af þessu tilefni spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra spurninga í fjórum liðum:

1. Hver er áætlaður kostnaður við að mæta þörfinni fyrir hjúkrunarrýmí á landinu öllu?

2. Hversu mörg rými á landinu öllu er um að ræða?

3. Hve margir aldraðir eru á dvalarheimilum annars vegar og hjúkrunarheimilum hins vegar?

4. Hve margir deila herbergi með öðrum, ef hjón eða sambýlisfólk er frátalið, og hve margir eru í einkaherbergjum?

Það er eitt af stærstu verkefnum samfélagsins í dag að *bæta úr aðbúnaði eldri borgara sem búa við nöturlegt hlutskipti* og kröpp kjör.

[14:33]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. 7. þm. Suðurk. beinir til mín spurningum um hjúkrunarheimili og öldrunarþjónustu og spyr hver sé áætlaður kostnaður við að mæta þörfinni fyrir hjúkrunarrými á landinu öllu og hve mörg rými sé um að ræða.

Nýlega kynnti ég áætlun mína um uppbyggingu hjúkrunarrýma til næstu fjögurra ára. Samkvæmt þeirri áætlun verða byggð 374 ný rými á næstunni. 200 þeirra verða í Reykjavík þar sem Seltirningar eiga 30 rými, en Reykvíkingar standa að hinum ásamt ríkinu. Hin 174 rýmin verða í *Kópavogi, Mosfellsbæ, Garðabæ, Hafnarfirði,* Reykjanesbæ, Selfossi og á Ísafirði. Það er mat heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að þegar þessi 374 rými hafa verið byggð sé mjög líklegt að þörf fyrir hjúkrunarrými á landsvísu sé fullnægt. Mat ráðuneytisins byggist á þeim forsendum að heimahjúkrun verði aukin, skammtímaplássum fjölgað, almennum dagvistarrýmum og dagvistarrýmum fyrir heilabilaða fjölgað og vistunarmat bætt. Ég vil sérstaklega draga fram að nú þegar erum við með hærra hlutfall aldraðra á stofnunum hér á landi en í nágrannaríkjunum.

Spurt er um áætlaðan kostnað við að mæta þörf fyrir hjúkrunarrými á landinu öllu. Eins og áður segir eru þetta 374 rými til ársins 2010 og það er áætlað að heildarkostnaður við byggingu þeirra nemi um 7 milljörðum kr. Það er búið að byggja fyrir í kringum 52 milljarða nú þegar og það er *þá miðað við að það kosti 15 millj. að byggja rýmið.* Reyndar hafa þær tölur hækkað núna, það kostar líklega milli 18 og 19 millj. að byggja hvert rými í dag. Það að reka þau rými sem við höfum í dag kostar um 16 milljarða á ári. Þetta er líklega of lág tala því að þar er reiknað með 5,5 millj. á rými á ári en nú þegar teljum við að sú tala sé komin upp í 6,5 millj. á ári í rekstri.

Þegar ég segi að þörf fyrir hjúkrunarrými verði fullnægt á ég við að framboð rýma verður þá nægt til að vista þá aldraða sem eru í þörf fyrir slík úrræði. Þörfin fyrir hjúkrunarrými ræðst að talsverðu leyti af þeirri þjónustu sem stendur þeim öldruðu sem búa heima til boða. Því meiri stuðning sem aldraðir fá heima, þeim mun seinna þurfa þeir að fara á hjúkrunarheimili. Við verjum um 700 millj. kr. til heimahjúkrunar í dag og munum bæta um 200 millj. kr. á næsta ári þannig að ég tel mjög brýnt að auka þjónustuna heima til að við byggjum ekki um of. Það er fyrirsjáanlegt að á næstunni þurfum við að verja umtalsverðum fjármunum til að endurnýja gömul heimili, þ.e. bæta aðstæður og fækka fjölbýlum þannig að sem flestir verði í einbýli. Það er verulegt átak sem þarf til að hrinda því í framkvæmd.

Hv. þingmaður spyr um fjölda aldraðra í dvalar- og hjúkrunarrýmum og fjölda þeirra sem búa í einbýli og fjölda þeirra sem búa í fjölbýli, að hjónum eða sambýlisfólki frátöldu. Í dvalarrýmum búa samtals 730 einstaklingar — þetta er byggt á tölum frá nóvember 2006 — á stofnunum um allt land. Af þeim eru 620 í einbýli en 16 í fjölbýli, að hjónum og sambýlisfólki frátöldu. Í hjúkrunarrýmum búa samtals 2.360 einstaklingar í nóvember 2006. Af þeim *eru 1.440 í einbýli en 845 í fjölbýli, að hjónum eða sambýlisfólki frátöldu.* Virðulegi forseti. Það eru 845 sem búa í sambýli í dag sem er æskilegt að búi vonandi bráðlega í einbýli þegar búið verður að endurbæta það húsnæði sem fyrir er.

Ég vil draga fram að mikil umræða hefur verið um biðlista eftir hjúkrunarrýmum og það er alveg ljóst að það þarf að gera verulegar breytingar á því fyrirkomulagi sem við notum við vistunarmat í dag. Það er algjörlega ljóst að biðlistarnir sýna mjög ranga mynd. Yfir helmingurinn sem er á biðlistunum telur sig geta búið heima fái hann betri þjónustu. Það er þá bæði heimahjúkrun en ekki síður félagsleg þjónusta sveitarfélaga og það er mikið áhyggjuefni fyrir þá er hér stendur sem ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála að sjá tölur um það, frekar nýlegar tölur, hjá Ríkisendurskoðun *að yfir helmingur sveitarfélaga hefur dregið* úr félagsþjónustu fyrir aldraða, minnkað hana. Það er alveg ljóst að sveitarfélögin þurfa að herða sig í þessari þjónustu af því að það eru réttindi þeirra sem eru aldraðir að fá að búa heima sem lengst. Það er alveg ljóst að miðað við þær tölur erum við nú þegar með hærra hlutfall hér á stofnunum, en annars staðar þurfum við að þjónusta heima. Ég sé líka verulegan mun á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu hvað það eru miklu fleiri á stofnunum á landsbyggðinni (Forseti hringir.) en á höfuðborgarsvæðinu.

[14:38]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. heilbrigðisráðherra þegar hún segir að hærra hlutfall aldraðra *hér á landi sé á stofnunum en í nágrannalöndum okkar.* Staðreyndin er hins vegar sú að það er skortur á hjúkrunarrýmum í Reykjavík og vantar verulega á. Það hefur verið metið milli 300 og 400. En ef við miðum við forsendur sem hafa verið gefnar í t.d. heilbrigðisáætlunum, að 25% þeirra sem eru 80 ára og eldri eigi að hafa aðgang að hjúkrunarheimilum, eigum við nægilega mörg hjúkrunarrými.

Vandinn er hins vegar sá að við höfum ekki byggt upp heimahjúkrunina eins og við hefðum átt að gera. Við sjáum það t.d. á lausn reynslusveitarfélagsins á Akureyri, þegar það yfirtók bæði félagslega þjónustu og heimahjúkrun á einu bretti minnkaði þörfin fyrir innlögn á hjúkrunarheimili verulega og það þurfti ekki að bæta við hjúkrunarrými í heil tíu ár. Þar sjáum við hvað hægt er að gera með því að horfa á hlutina í meiri heild.

[14:39]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það eru tvö atriði sem ég vil nefna í þessu sambandi. Í fyrsta lagi vek ég athygli á þeirri gríðarlegu uppbyggingu hjúkrunarrýma sem er fram undan á næstu árum. Það liggur fyrir að það er verið að byggja 200 ný hjúkrunarrými í Reykjavík, á svokallaðri Lýsislóð og við Suðurlandsbraut, og nýlega tilkynnti hæstv. heilbrigðisráðherra um 174 ný hjúkrunarrými sem byggð yrðu í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarinnar og á Ísafirði og Selfossi.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að 16 einstaklingar byggju í fjölbýli í dvalarrýmum og 845 í hjúkrunarrýmum. Ég tel að þetta sé verkefni framtíðarinnar. Kröfurnar eru orðnar þannig í dag að fólk vill yfirleitt búa eitt eða a.m.k. ekki með óskyldu fólki, eða ótengdu.

[14:41]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta eru tölur sem tala sínu máli, að þörfin sé svona mikil á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum auðvitað séð það sem höfum fylgst með heilbrigðismálum í þinginu í tíð þessarar ríkisstjórnar að í heilbrigðisráðuneytinu hefur miklu meiri áhersla verið lögð á uppbyggingu á hjúkrunarheimilum úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu.

Vegna þess að verið er að tala um byggingu á Lýsislóð og byggingu á höfuðborgarsvæðinu vildi ég gjarnan fá upplýst hjá hæstv. ráðherra hvar sú uppbygging stendur. Ég heyri ekki annað en að ekkert sé farið að vinna að þeirri uppbyggingu sem ráðgerð er á höfuðborgarsvæðinu og það eru nokkrir mánuðir í kosningar.

Það er margbúið að kynna þessa uppbyggingu á þessum hjúkrunarheimilum í Reykjavík en þar virðist varla vera lyft skóflu. Ég vil gjarnan fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra.

[14:42]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa prýðilegu umræðu. Fram kemur hjá hæstv. heilbrigðisráðherra að um þriðjungur íbúa á hjúkrunarheimilum búi í fjölbýli eða sambýli við aðra þegar hjón og sambýlingar eru frátaldir. Það er hátt hlutfall. Hátt í 900 aldraðir Íslendingar búa nauðugir í sambýli við aðra en maka sína eða sambýlinga og það er alvarleg staða. Þetta er svipuð staða og fyrir nokkrum árum þegar ég spurði hæstv. þáverandi heilbrigðisráðherra að þessu. Okkur hefur ekki miðað sem skyldi hingað til en það kemur fram hjá hæstv. heilbrigðisráðherra að byggja þurfi 374 ný rými til að mæta þörfinni og þar af leiðandi vonandi til að eyða að mestu þessu ömurlega ástandi, að fólk sé neytt til sambýlis með þessum hætti.

7 milljarðar á ári eru lágur kostaður. Við þurfum að ráðast í átak til að afmá þennan smánarblett af samfélaginu. Það er stundum sagt að kynslóðin sem byggði upp ríkasta samfélag í heiminum sé núna fátækustu gamalmenni á Vesturlöndum. Það má að sumu leyti til sanns vegar færa, þ.e. þeir þeirra sem búa við krappari kjörin. Við erum að brjóta mannréttindi á þessu fólki. Það þarf að vinna bráðan bug á. Ég fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra stefnir að því á fáum missirum og vona að þetta gangi eftir, eða hraðar af því að hér er um að ræða afskaplega hóflegar kostnaðartölur miðað við hvað verkefnið er brýnt. Það á að banna með lögum að fólk á öldrunarstofnunum sé neytt til sambýlis við aðra en maka sína eða sambýlinga. Gamla fólkið á að fá að lifa með því öryggi og við þá reisn í sinni heimabyggð sem það á að sjálfsögðu skilið. Um það efast ég ekkert að sé þverpólitísk samstaða. Við eigum að þrýsta á það af öllu okkar afli að þetta gangi fram, og hraðar. Það er ekki þannig að fjármagnið þvælist fyrir, hér er um að ræða mjög hóflegan kostnað.

[14:44]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Varðandi framkvæmdirnar á höfuðborgarsvæðinu er verið að vinna í útboðsgögnum gagnvart Suðurlandsbrautinni og það er til skoðunar að aðgreina jarðvinnuna frá til að hefja útboð á því. Það gæti þá farið fram á næstunni þannig að það er komið frekar langt í undirbúningi. Lýsislóðin er komin talsvert skemur. Gagnvart báðum framkvæmdunum er búið að setja af stað vinnuhópa varðandi kostnaðinn með fulltrúum frá heilbrigðisráðuneytinu og sveitarfélögunum sem koma að.

Varðandi dvalarheimilin voru þau barn síns tíma. Á sínum tíma voru byggð upp mörg dvalarheimili og stefnan núna er að reyna að fasa þau meira eða minna út. Hugsanlega þurfum við á einhverjum dvalarheimilum að halda en við viljum að fólk sé heima og ekki sett á stofnun að óþörfu allt of snemma. Hjúkrunarheimilin eiga að vera þannig rekin að þau taki bara við þeim sem eru veikastir. Fólk á að vera heima þangað til það er orðið það illa haldið sökum veikinda og aldurs að það getur ekki verið lengur heima. Og meðallegutími á hjúkrunarheimili á að vera í kringum þrjú ár. Það er mjög veikt fólk sem er á hjúkrunarheimilum og það er eðlilegt. Þangað til á fólkið að vera heima.

Núna eru vistunarmatshóparnir 43 sem eru að meta inn á biðlistana og það er alveg ljóst að það verður að fækka þeim. Þeir eru allt of nálægt fólkinu. Það er verið að setja fólk á þessa biðlista sem á ekki að vera þar og þess eru dæmi að það eru mjög há hlutföll inni á stofnunum úti á landsbyggðinni. Það eru meira að segja dæmi um að auglýst hafi verið eftir fólki inn á stofnanirnar þannig að það er pottur brotinn í þessu. Ég hef mikinn áhuga á því að endurskoða vistunarmatið og gera það þannig úr garði að biðlistarnir sýni raunveruleikann en séu ekki með einhvern sýndarveruleika þar sem mjög margir eru á biðlista sem eiga alls ekki að vera þar og eiga alls ekki heima þar.

Umræðu lokið.

## *Heilsugæsla í Grafarholti.*

Fsp. GÓJ, 322. mál. — Þskj. 345.

[14:46]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur byggst upp nýtt hverfi í Reykjavík og þá er ég að tala um Grafarholts-

hverfið þar sem nú búa rétt tæplega 5.000 manns.

Grafarholt er eins og eitt bæjarfélag, þar býr ungt og kraftmikið fólk og samhentur hópur og þar er mikið börnum. Eitt það mikilvægasta í hverjum bæ er öflug heilbrigðisþjónusta og góð heilsugæsla og aðgengi að henni.

Samkvæmt skipulagi heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er heilsugæslan í Árbæ hverfisstöð sem ætlað er að þjóna íbúum Árbæjar, Seláss, Ártúnsholts og Grafarholts. Það er í sjálfu sér gott og blessað en ég tel að þessi skipan mála sé ófullnægjandi til framtíðar.

Við sem búum í Grafarholti viljum fá okkar eigin heilsugæslustöð og ekki hvað síst í ljósi þess að fyrirhuguð er mikil uppbygging í hlíðum Úlfarsfells en það hverfi mun koma til með að heyra undir Grafarholtssókn og mynda eitt samfélag með Grafarholti.

Það var stefna þáverandi meiri hluta í borgarstjórn að tengja Grafarholtinu sífellt undir Árbæinn og ég rek það nú einkum til eins borgarfulltrúa Samfylkingarinnar sem þar var alinn upp. Þetta er þvert á vilja íbúa í Grafarholti sem vilja auðvitað fá þjónustu í sínu samfélagi. Ég treysti mér til þess að fullyrða að til sé laust húsnæði undir heilsugæslustöð í Grafarholti.

Ég hef því lagt fram fyrirspurn á þingskjali 345 til hæstv. heilbrigðisráðherra þar sem ég spyr, hver séu áform ráðherra um framtíðarskipulag heilsugæslu í Grafarholti í Reykjavík.

[14:49]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur beint til mín fyrirspurn um heilsugæsluna í Grafarholti en hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Hver eru áform ráðherra um framtíðarskipulag heilsugæslu í Grafarholti í Reykjavík?"

Heilsugæsla í Grafarholti er hluti af heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og verður það áfram. Uppbyggingaráform fyrir Grafarholt skoðast því í samhengi við aðra uppbyggingu á svæðinu. Nú sækja flestir íbúar Grafarholts heilsugæslu á heilsugæslustöðinni í Árbæ en einnig í Mosfellsbæ og í Grafarvog.

Þetta hefur að mörgu leyti gengið mjög vel en ætlunin er að tryggja í framtíðinni að íbúar Grafarholts geti sótt þjónustu til Árbæjarstöðvarinnar uns að því kemur að reist verði stöð fyrir Grafarholtið sérstaklega. Skipulagið er þannig að þjónustusvæði heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ nær yfir Grafarholt og Norðlingaholt ásamt eldri hverfum í Árbæ. Í undirbúningi hefur verið að útvega stöðinni í Árbæ nýtt og stærra húsnæði þar sem starfsaðstaða verði fyrir allt að tíu heilsugæslulækna auk annars starfsfólks. Auglýst verður eftir nýju húsnæði fyrir stöðina um miðjan þennan mánuð og ætti stöðin að geta flust í það í byrjun árs 2008. Það stendur því til að stórbæta aðstæðurnar á Árbæjarstöðinni sem þjónustar Grafarholtið um þessar mundir.

Hæstv. forseti. Framtíðaruppbygging og skipulag þjónustu á svæðinu austan Elliðaáa er m.a. háð skipulagsáformum Reykjavíkurborgar, þar með talið uppbyggingu í Úlfarsfellsdal. Ráðuneytið og stjórnendur heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins munu áfram verða í góðu samstarfi um uppbyggingu heilsugæslunnar en í því verkefni hefur verið lyft grettistaki að undanförnu, eins og þingmenn þekkja.

[14:51]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og hæstv. ráðherra fyrir svarið. Þetta er auðvitað mikilvægt fyrir Grafhyltinga, sem svo ber að kalla, sem búa í þessu nýja eða nýjasta hverfi Reykjavíkur verður að segja, a.m.k. af þeim sem nokkurn veginn er lokið.

Það er fróðlegt að heyra að hv. fyrirspyrjandi telji að hér sé um samsæri að ræða sem fram hafi farið í borgarstjórn Reykjavíkur og þar sé borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sem vissulega kemur úr Árbænum, Dagur B. Eggertsson, sem mun vera átt við, fyrrverandi leikmaður með knattspyrnufélaginu Fylki, að draga önnur hverfi undir Árbæ. Það er auðvitað alveg hörmulegt að verða var við það að sjálfur heilbrigðisráðherrann hæstv. tekur þátt í þessu samsæri og nú stendur upp á Guðjón Ólaf Jónsson að grafast (Forseti hringir.) frekar fyrir um þetta.

[14:52]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn og svör ráðherra. Það kom m.a. fram að Grafarholtið tilheyrir heilsugæslustöðinni í Árbæ og það kom líka fram að heilsugæslan í Árbæ býr við afar þröngan kost, í algerlega ófullnægjandi húsnæði sem hún hefur búið í lengi. Ekki hefur kostur hennar batnað með því að bæta Grafarholtinu og Norðlingaholtinu við og þjóna þessum nýju svæðum. Ég fagna því yfirlýsingu hæstv. heilbrigðisráðherra um byggingu eða flutning stöðvarinnar í nýtt húsnæði, en það kom fram að hún muni flytja inn í byrjun árs 2008.

En þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hefur verið tryggt fjármagn til þessa flutnings þannig að af þeim flutningi geti orðið á næsta ári og stöðin flust inn í byrjun árs 2008? Hefur verið tryggt fjármagn til þess í fjárlögum?

[14:54]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er brýnt að ræða hér heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu. Ég minni á að áratugum saman var Voga- og Heimahverfi án heilsugæslu. Það er tiltölulega stutt síðan að íbúar þar fengu sína sérstöku heilsugæslu. Nú á að leysa vanda 5.000 manns í Grafarholti og Norðlingaholti og auglýsa eftir húsnæði fyrir nýja heilsugæslustöð.

Mig langar í tilefni af því að spyrja hæstv. ráðherra tveggja spurninga: Hversu margir Reykvíkingar eru án heimilis- eða heilsugæslulæknis? Telur ráðherra, úr því að fara á að auglýsa eftir húsnæði fyrir þessa heilsugæslustöð, viðunandi að heilbrigðisþjónusta eins og heilsugæsla sé staðsett í verslunarmiðstöðvum eins og þróunin hefur verið undanfarið?

Ég vil minna á þá þjónustu sem var í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg sem komin er inn í verslunarmiðstöð og fleiri heilsugæslustöðvar sem hafa ratað inn í slíkt. En það hefur verið gagnrýnt harðlega af þeim sem veita þjónustuna að þetta sé ekki húsnæði sem henti fólki sem þarf á heilbrigðisþjónustu að halda. Margir sjúklingar þola illa þann

eril sem er í verslunarmiðstöðvum.

[14:55]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og svör hæstv. heilbrigðisráðherra. Eins og fram kom í máli hæstv. heilbrigðisráðherra sækjum við sem búum í Grafarholti nú heilbrigðisþjónustu eða heilsugæsluþjónustu í Grafarvog, Árbæ og Mosfellsbæ. Þetta er auðvitað algerlega ófullnægjandi og það þarf að vinna í þessu máli hratt og örugglega.

Ég gat ekki skilið hæstv. heilbrigðisráðherra öðruvísi en að það kæmi að því að sérstök heilsugæslustöð yrði opnuð í Grafarholti. Að sögn ráðherra er verið að auglýsa eftir nýju húsnæði. Ég tel að stíga eigi skrefið til fulls og auglýsa eftir húsnæði fyrir nýja heilsugæslustöð í Grafarholti. Við eigum að mæta kröfum samtímans, við eigum ekki alltaf að vera skrefinu á eftir í uppbyggingu heilsugæsluþjónustunnar. Það býr margt ungt fólk með mörg börn í Grafarholti. Þetta er fólkið sem þarf að nota heilsugæsluna hvað mest og þess vegna er mikilvægt og á að vera auðvelt án mikils tilkostnaðar að opna heilsugæslustöð í Grafarholti.

Ég get í sjálfu sér ekki haft nein orð um samsæriskenningar hv. þm. Marðar Árnasonar. En það liggur hins vegar fyrir að sá ágæti maður sem hv. þingmaður vísaði til, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, er nú í minni hluta þannig að hann mun væntanlega ekki valda okkur Grafarhyltingum frekari vandræðum að sinni.

[14:57]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Varðandi þjónustuna fyrir þá sem búa í Grafarholti þá er alveg ljóst að á næstunni verður þeim sinnt áfram í því formi sem verið hefur í Árbæ, aðallega. Það sem er í mestum forgangi hjá okkur núna er að bæta aðstöðu heilsugæslunnar í Árbæ. Það hefur verið skoðað um nokkurt skeið að bæta aðstöðuna þar. Íbúum á svæðinu hefur stórfjölgað á seinni árum, m.a. í Grafarholti og Norðlingaholti og smæð stöðvarinnar þar er farin að valda vandræðum. Því þarf að stækka þá stöð og það er fremst í okkar forgangi. Eins og kom fram áðan munum við auglýsa eftir húsnæði um miðjan þennan mánuð. Miðað við áætlanir okkar ætti stöðin að geta flutt í það húsnæði í ársbyrjun 2008. Að sjálfsögðu verður staðið eðlilega að öllu með þær áætlanir hvað varðar fjármagn.

Spurt var hve margir væru án heilsugæslulæknis á höfuðborgarsvæðinu. Ég er ekki með þá tölu á hraðbergi en það er ekki há tala miðað við íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er ljóst að bæta þarf við læknum á nokkrum stöðvum til að geta þjónustað fleiri.

Einnig var spurt hvort sú sem hér stendur telji eðlilegt að hafa heilsugæslu í verslunarmiðstöðvum, í slíku húsnæði. Ég tel að það geti verið ágætt að hafa heilsugæslu í verslunarhúsnæði og ég sé ekkert að því. Aðalatriðið er að húsnæðið sé gott og að starfsemin sem þar fer fram sé öflug. Ég tel að við höfum staðið mjög myndarlega að uppbyggingu heilsugæslunnar á Íslandi hvað varðar húsnæði. Gestir sem koma hingað til lands telja sumir að við leggjum jafnvel of mikið í húsnæðið sjálft, að við höfum verið frekar brött þegar við höfum verið að byggja heilsugæslustöðvar. Þær eru víða ekki eins vel úr garði gerðar erlendis og hér.

Ég tel að húsnæði í tengslum við verslunarmiðstöð geti alveg gengið. Verið er að taka í notkun húsnæði í Mjóddinni sem mun hýsa starf sem fer fram á vegum heilsugæslunnar. Það húsnæði er mjög glæsilegt, starfsfólkið getur vitnað um að húsnæðið er mjög glæsilegt og að mörgu leyti betra en húsnæðið sem stöðin var í áður eða fyrir þá starfsemi sem þar mun fara fram. Ég tel því að það geti vel farið saman að heilsugæslustarfsemi sé í húsnæði sem er tengt við verslunarmiðstöð.

Umræðu lokið.

## *Sjófuglarannsóknir og breytingar á náttúrufari.*

Fsp. MÁ, 200. mál. — Þskj. 201.

[15:00]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Fyrirspurn mín beinist að samstarfi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunar og Háskóla Íslands, sem boðuð var í svari fyrrverandi umhverfisráðherra á síðasta þingi, held ég að ég fari örugglega rétt með.

Ég spyr líka um þá stofna sjófugla sem hefur hallað á, eða sjófugla og strandfugla sem helst hefur hallað á undanfarin sumur, kríu, stuttnefju og langvíu. Ég spyr sérstaklega um ástand toppskarfs í Breiðafirði sem menn segja að sé óvenjulega bágt og hafa haft áhyggjur af nú í sumar og í haust.

Að lokum spyr ég ráðherra hvort hann telji með ráðgjöfum sínum að þær breytingar sem nú standa yfir, það bága ástand á stofnum sjófugls sem nú virðist raunin, hvort það tengist yfirstandandi loftslagsbreytingum. En upplýsingar frá grannlöndum benda til að þetta séu ekki breytingar sem einskorðaðar eru við Ísland heldur eigi sennilega við um allt Norður-Atlantshafið eða norðurslóðir almennt.

Eins og ljóst er af þessum inngangi er þetta ekki í fyrsta sinn sem fyrirspurn lík þessari er borin fram. Undanfarin ár virðast stofnarnir hafa lent í áföllum. Varp hefur mistekist og fjöldinn minnkað í stofnunum. Það er mikilvægt að fylgjast með þessu og grafast fyrir um orsakirnar. Í fyrsta lagi vegna fuglanna sjálfra sem eru auðvitað órjúfanlegur hluti af náttúru Íslands og rannsóknarefni og ánægjuefni í sjálfu sér. Í öðru lagi vegna lífríkisins almennt við ströndina og sjóinn, vegna nytjastofnanna í sjó en rannsóknir á sjófuglunum geta veitt innsýn í ástand þeirra vegna þess að fæða þeirra getur að einhverju leyti verið sú sama. Að minnsta kosti er fæðukeðjan lík að einhverju leyti. Og í síðasta lagi vegna þeirra breytinga sem standa yfir á loftslagi og okkur er skylt að fylgjast mjög vel með.

Ég hlakka til að heyra svörin. Mér er líka ljóst að menn eiga ekki að vera of bráðir að tengja þetta beint við loftslagsbreytingarnar vegna þess að við vitum um miklar sveiflur í þessum stofnum fyrr. Bæði úr frásögnum vísinda- og fræðimanna og reyndar úr annálum allt aftur til forneskju.

[15:04]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Hv. þm. Mörður Árnason spyr mig nokkurra spurninga sem lúta að sjófuglarannsóknum, m.a. um skýringar á bágu ástandi toppskarfs í Breiðafirði, um tengsl loftslagsbreytinga við breytingar á stofnum sjófugla og síðan um samstarf Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunar og Háskóla Íslands um sjófuglarannsóknir.

Því er til að svara að samstarfsverkefni þessara aðila hófst formlega árið 2005 og snýst það um endurmat á fjölda bjargfugla á Íslandi. Sumarið 2006 hófust samstarfsaðilar handa við að endurtaka bjargfuglatalningu á landsvísu sem fram fór 1979 og aftur 1984 til 1986. Gert er ráð fyrir að verkefnið taki þrjú ár, frá árinu 2006 að telja.

Það var unnið við myndatökur úr lofti og söfnun upplýsinga af jörðu niðri í júní. Verkið hefur að mestu gengið samkvæmt áætlun samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað en veður hefur hamlað gagnaöflun á tveimur stöðum.

Tilgangur verkefnisins er að fá fram nýjar heildartölur yfir varpfugla í íslenskum fuglabjörgum sem yrði grunnpunktur í stóraukinni vöktun sjófugla á lykilstöðum.

Hvað varðar einstaka stofna einstakra tegunda þá er því til að svara að athuganir á kríum sem hafa farið fram eru því miður hvorki nógu víðtækar né reglubundnar til að hægt sé með vissu að segja til um ástand stofnsins. Kríuvarpið, eins og kunnugt er, hefur gengið afar illa undanfarin ár og t.d. er nánast alger viðkomubrestur á vesturhluta landsins nú í sumar, frá Miðsuðurlandi, vestur og norður um í Húnaflóa. Kríur skiluðu sér seint og illa í varp og lítið af ungum virðist hafa komist upp. En á austanverðu landinu virðist varpið hafa verið með eðlilegum hætti. En reglubundnar talningar hafa fyrst og fremst farið fram í grennd við Reykjavík, í Flatey og í ár hófst síðan vöktun á nokkrum vörpum á Snæfellsnesi.

Stuttnefjunni hefur stöðugt verið að fækka síðastliðin 20 ár, um 7% á ári. En ýmislegt bendir til að fækkunin hafi staðið yfir mun lengur. Stofnar langvíu og álku stóðu í stað en fjölgaði lítillega fram undir síðustu aldamót. Talningar 2005 sýna fækkun sem of snemmt er að túlka sem varanlega og gæti stafað af minni viðvist eða afrækslu varps vegna fæðubrests.

Varðandi spurningu hv. þingmanns um toppskarfinn í Breiðafirði þá er því til að svara að honum hefur fækkað umtalsvert síðasta áratug eða svo eftir fyrri stofnaukningu á árunum 1975 til 1994 og virðist fækkunin á þeim tímabilum vera mun meiri en fjölgunin. Samdráttur í stofninum virðist vera vegna þess að sandsíli sem er meginfæða toppskarfa hefur horfið að umtalsverðu leyti. Aukinn sjávarhiti vegna loftslagsbreytinga virðist sennilegasta ástæðan fyrir breytingum á lífríki sjávar.

Slæmt ástand annarra sjófuglastofna gefur líklega til kynna að önnur og víðtækari áhrif séu að verki. Sennilegasta skýringin er loftslagsbreytingar en meðalsjávarhiti í Breiðafirði hefur hækkað um tvær gráður á undanförnum tíu til tólf árum. Hrun hörpudisksstofnsins í Breiðafirði, samhliða aukinni tíðni sjúkdóma, hefur verið tengdur hækkandi sjávarhita og ekki er ólíklegt að hækkað hitastig hafi einnig haft áhrif á aðra lífríkisþætti sjávar en því miður eru rannsóknir á samspili sjófuglastofna og umhverfisþátta af skornum skammti.

Hv. þingmaður spyr sérstaklega um tengsl við loftslagsbreytingar og vísar til helstu grannlanda okkar. En breytingar á fjölda og varpafkomu sjófugla í grannlöndum okkar, einkum í Norðursjó, eru vel þekktar og hefur mörgum stofnum þar hrakað á undanförnum árum. Margir hafa velt fyrir sér tengslum hækkandi hitastigs og versnandi afkomu ýmissa tegunda sjófugla en fleiri hafa haft áhyggjur af vaxandi veiðum á uppsjávarfiskum, einkum sandsílis til bræðslu.

Sjófuglastofnar í Norður-Noregi, bæði lundi og stuttnefja, sem hrundu í byrjun 9. áratugar síðustu aldar í kjölfar stóraukinna fiskveiða í Barentshafi, hafa rétt nokkuð út kútnum á síðustu árum.

Tengsl hitastigs og afkomu sjófugla eru óljós og í besta falli flókin enda líklegt að sjávarhiti hafi fremur bein áhrif á fæðuframboð fyrir fugla. Það getur verið erfitt að tengja dýr sem lifa á nokkrum fæðutegundum á mismunandi þrepum fæðuvefsins við umhverfisbreytingar sem hafa neikvæð áhrif á eina tegund en jákvæð áhrif á aðra tegund.

[15:09]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég vil fullyrða að það er mjög hæpið og nánast tóm della að halda því fram að hlýnun jarðar hafi einhver áhrif á stærð sandsílastofns í Breiðafirði. Við vitum að sandsílið lifir miklu sunnar á jarðarkringlunni en við Breiðafjörð, þannig að það er ekki á einhverjum mörkum útbreiðslu hvað varðar hitastig. Það er af og frá. Maður furðar sig í rauninni á þessum svörum.

Sú skýring er miklu nærtækari hve ýsustofninn hefur vaxið gríðarlega en ýsustofninn étur sandsílið rétt eins og sjófuglarnir. Það má því vera að miklu nærtækara sé að leita skýringa í því að það sé einfaldlega aukin samkeppni frá ýsunni við fæðuleit sjófuglanna.

Þetta er mjög nærtæk skýring sem mér finnst að hæstv. umhverfisráðherra ætti að velta fyrir sér. Ýsustofninn núna hefur ekki verið stærri síðan árið 1953 (Forseti hringir.) þannig að ég tel að menn eigi að leita (Forseti hringir.) nærtækari skýringum áður en farið er að velta fyrir sér hlýnun jarðar.

[15:10]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni varðandi þetta. Ég held að þau vandræði sem sandsílastofninn er í og hefur verið í hafi ekkert með hlýnun jarðar að gera. Alls ekki.

Einn stærsti sandsílastofn í Norður-Atlantshafi er í Norðursjó og þar er hafið miklu hlýrra en hér. Þar er mjög mikið af sandsíli, eða hefur verið mjög mikið af sandsíli.

Ég held að ástæðan sé sú, eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson benti á, að ýsustofninn hefur verið gríðarlega stór vegna mikillar nýliðunar á árunum í kringum 2000 og ýsan er botndýraæta. Hún fer um botninn eins og engisprettufaraldur. Hún er núna komin allt í kringum landið, inn á alla firði og flóa. Hún fer yfir allar sandbreiðurnar og tínir sílið upp úr sandinum og þurrkar hann þannig upp. Það

er þetta sem er að gerast.

Þegar við skoðum gögnin þá sjáum við að um leið og ýsan fer svona mikið upp, þá byrja vandræðin með sandsílið. Þetta er ekkert flóknara en það.

Síðan má náttúrlega tengja þetta öðrum þáttum í vistkerfinu, eins og til að mynda því að ég tel að við höfum tekið allt of mikla næringu úr þessu kerfi á undanförnum árum, en það er að sjálfsögðu tilefni í aðra og miklu lengri umræðu, virðulegi forseti.

[15:11]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra svörin og ekki síður þakka ég þessa fróðlegu litlu sjávarlíffræðilegu fyrirlestra sem tveir hv. þingmenn Frjálslynda flokksins hafa flutt. Ég verð samt að segja að þeir hjálpuðu mér ekki mikið. Því ef ýsustofninn er hér eins og engisprettufaraldur, er hann það þá líka við Bretlandseyjar, við Norður-Noreg, (**Gripið fram í:** Já.) um allt norðanvert Atlantshafið eða Norðursjó?

Ég held nú satt að segja, (Gripið fram í.) og þá verður líka að skýra út fyrir mér hver togar í þann Tvíbjörn því hér togar eitt í annað. Ég vil að því loknu þakka fyrir svörin.

Ég held þvert á þá sem hér töluðu áðan að það hald ráðherra að umræddar breytingar tengist loftslagsvandanum sé merkileg yfirlýsing af hennar hálfu og nokkuð djarfari en aðrir ráðherrar hafa þorað að gefa undir fótinn. Og ég tel að hvað sem líður einstökum stofnum, stærð þeirra og áföllum sem þeir verða fyrir, að við eigum að stórauka rannsóknir á þessu sviði. Það eina sem ég var óánægður með, eða kvarta yfir í svari ráðherrans, var það að samstarf Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknastofnunar og Háskóla Íslands virðist vera ákaflega dauft og það eina sem hér var talið var bjargfuglatalning. Þar þarf nú kannski ekki Hafrannsóknastofnun mikið til eða Háskóla Íslands, og Náttúrufræðistofnun ætti að nægja ef hún fær fé til.

Við þurfum að stórefla rannsóknir einmitt á þessu því við verðum að taka alla þætti lífríkisins hér með. Mig grunar að sjófuglarnir séu ekki síst vísbending um hvað kynni að vera að gerast í kringum okkur sem skiptir okkur öll gríðarlega miklu máli.

[15:14]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Ég vil, frú forseti, byrja á því að þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir þessa ágætu fyrirspurn og síðan svona árétta að það er ekki pólitísk yfirlýsing þegar ég segi að talið sé að tengsl séu á milli loftslagsbreytinga eða hlýnun jarðar og sjávar við stofnstærðirnar heldur eru það kenningar og tilgátur fræðimanna sem að þessum rannsóknum standa.

En útbreiðsla fæðudýra getur auðvitað breyst verulega með hitastigi og einstakar tegundir geta horfið svæðisbundið á meðan aðrar koma í staðinn. Það hefur t.d. með rannsóknum verið sýnt fram á fylgni í magni rauðátu við langtímasveiflu við veðurfarsvísitölu sem er sögð byggja á loftþrýstingsmun milli Íslands og Azoreyja.

En raunveruleikinn er sá að gögn um fjölda breytinga og afkomu flestra íslenskra sjófuglastofna eru takmörkuð og þau eru slitrótt. Oftast eru engar upplýsingar til um breytingar á framboði helstu fæðuflokka þeirra sem gerir auðvitað alla túlkun mjög erfiða.

Það eru t.d., af því sandsílin komust hér til tals áðan, engar mælingar til um ástand sandsílastofna við Ísland á milli ára. Sandsíli er ekki bara lykilfæða fyrir margar tegundir sjófugla sunnan og vestan lands á varptíma heldur einnig undirstöðufæða margra nytjafiska. Ég vil taka undir það sem hv. fyrirspyrjandi sagði, og lagði áherslu á auknar rannsóknir og víðtæka vöktun vegna þess að án þess er erfitt að fullyrða um hvort bein tengsl séu á milli hækkandi hitastigs vegna gróðurhúsaáhrifa og versnandi afkomu margra sjófuglastofna. En slík tengsl eru vissulega líkleg og því er nauðsynlegt, eins og hv. fyrirspyrjandi lagði áherslu á, að auka vöktun sjófugla og lykilfæðudýra í hafinu.

Mig langar að bæta við þetta svar, frú forseti, að á fundum umhverfisráðherra Norðurlandanna hefur ítrekað verið rætt um hnignun sjófuglastofna við Norður-Atlantshaf. Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar hefur verið unnið að samræmingu gagnagrunna yfir sjófuglabyggðir í norrænum löndum. Norrænn hópur vísindamanna sem hefur unnið að því frá því í árslok 2002 hefur skilað ítarlegum tillögum um vöktun sjófuglabyggða og samræmda skráningu upplýsinga og í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum vikum ályktuðu umhverfisráðherrarnir um hnignun stofna vestnorrænna sjófugla og þar var heitið innbyrðis frekari samvinnu og aðgerðum til að komast að orsökum þessa.

Umræðu lokið.

## *Rannsóknir á sandsíli.*

Fsp. MÁ, 201. mál. — Þskj. 202.

[15:17]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Svo vill til að í svari umhverfisráðherra í síðustu ræðu kom eiginlega fram inngangur að fyrirspurninni sem ég ber nú upp. Hæstv. umhverfisráðherra sagði að engar sandsílismælingar væru til sem hægt væri að nota til að bera saman milli ára og gefa grunn undir vísindalegar tilgátur um samhengið milli ástands sandsílis og sjófugla eða þeirra nytjastofna í sjó sem á sandsílinu lifa.

Í fréttum í sumar kom fram að Hafrannsóknastofnun gerði í fyrsta sinn út leiðangur til að kanna vöxt og viðgang sandsílis, sem ég spái að verði tíðræddara í þessum sölum en verið hefur hingað til. Þess vegna lagði ég í haust fram fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra um hverjar væru helstu niðurstöður sandsílisrannsókna þeirra sem Hafrannsóknastofnun hóf í sumar.

Mig langar að bæta við spurningu mína: Hver er þáttur Hafrannsóknastofnunar, ef ráðherra er kunnugt um það, í samstarfi Náttúrufræðistofnunar og Háskóla Íslands um sjófuglarannsóknir? Þær hljóta að nýtast Hafrannsóknastofnun til að kanna sandsíli og aðra fiska þótt það sé þvert á þann sið Hafrannsóknastofnunar, sem er athyglisverður og kannski ámælisverður líka, að einbeita sér að könnun á nytjastofnum einum saman án þess að vísindamönnum Haf-

rannsóknastofnunar sé gert kleift að gera sér og okkur grein fyrir samhenginu í lífkeðju hafsins. Þó hafa ýmsir haft miklar fullyrðingar um þetta samhengi, þar á meðal sjávarútvegsráðherra sjálfur, vegna áforma sem hann hefur um veiðar á nytjastofnum, þegar honum hentar og honum þykir þörf á.

[15:19]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr mig um helstu niðurstöður sandsílisrannsókna sem hafnar voru í sumar á vegum Hafrannsóknastofnunar og hefst nú fyrirlestur um sandsílistegundir.

Hér við land eru þrjár tegundir af sandsílisætt: sandsíli, marsíli og trönusíli. Sandsíli finnst aðeins á grunnu vatni við fjörur sunnan og suðvestan lands. Hámarkslengd þess er um 20 sentímetrar og er það mjög líkt marsíli að ytra útliti og þarf að telja hryggjarliði til að greina tegundir í sundur.

Marsíli er langalgengasta sandsílistegundin hér við land og lifir á 10 til 150 metra dýpi en er algengast á 30 til 70 metra dýpi og finnst allt í kringum landið þótt það sé algengast sunnan og suðvestan lands. Hámarkslengd þess er 25 sentímetrar.

Trönusílið finnst eins og sandsílið aðeins sunnan og suðvestan lands. Hámarkslengd þess er talsvert meiri en hinna tegundanna eða 38 sentímetrar og er ekki eins algengt. Eins og nafnið á ættinni segir til um lifa síli á sandbotni. Sú hefð hefur skapast að tala um sandsíli sem samheiti yfir sand- og marsíli. Rannsókn Hafrannsóknastofnunar sem hv. þingmaður vék að á síðastliðnu sumri beinist hins vegar að langmestu leyti að marsíli.

Farið var í sandsílisleiðangur á Gæfu VE11 þann 3. júlí og stóð hann til 18. júlí. Farið var á fjögur svæði, Breiðafjörð, Faxaflóa, Vestmannaeyjar að Vík og Ingólfshöfða. Þessi svæði voru valin með það í huga að síli eru háð ákveðinni gerð búsvæða eftir fyrsta sumar og eru fremur staðbundin. Ræður botngerð þar mest um en þau vilja vera á sandbotni með minna en 10% leir. Notað var flottroll sem togað var með frá yfirborði og niður á botn. Einnig var notaður plógur til að ná í síli af botni þegar síli var ekki aðgengilegt í troll.

Enn er unnið að úrvinnslu gagna svo sem aldursgreiningu afla en bráðabirgðaniðurstöður út frá lengd sílis eru þessar. Talsvert fannst af síli á öllum svæðum nema Vestmannaeyjum að Vík. Mjög lítið sást af smærra síli, 8–11 sentímetrum sem helst má vænta að sé árs síli. Þetta bendir til þess að hrygning hafi misfarist á síðasta ári og nýliðun þar með brugðist.

Nokkuð fannst af seiðum frá því í vor og voru þau stærstu farin að taka botn en lengdarbil seiða eru á bilinu 4–7 sentímetrar. Mest fannst af seiðum í Breiðafirði. Þar voru seiðaflekkir í yfirborði. Magn seiða er minna en fannst í sílisrannsóknum 1998 en ekki er þó hægt að segja til um nýliðun þessa árs með neinni vissu fyrr en á næsta ári. Hlutfall tveggja eða þriggja ára sílis á aflanum var hærra nú en árið 1998, þ.e. stærðin 12–18 sentímetrar, en svipað af fjögurra ára síli, 16 sentímetrar, og eldri.

Einkennandi var á öllum svæðum að síli var lítið á ferðinni meðan rannsóknin fór fram og hélt sig að mestu grafið í sandbotn. Í þeim togum sem gáfu síli fékkst yfirleitt aðeins lítið af því. Aðeins við Ingólfshöfða var vart við síli í verulegu magni í sjó. Þar fengust í einu togi tvö tonn af síli, aðallega tveggja ára og eldra, og var meðafli aðallega ýsa og lýsa.

Þéttleiki var talsverður í botni þar sem dregið var með plóg nema þá við Vestmannaeyjar að Vík. Ástandið þar virðist mun verra en á hinum svæðunum og þar fékkst lítið af síli.

Þar sem um er að ræða fyrsta leiðangur í vöktun á síli er erfitt að meta magn á rannsóknarsvæðinu og ekki fæst mælikvarði á það fyrr en eftir að svæðin hafa verið vöktuð í nokkur ár enda byggir aðferðin á að mæla hlutfallslegar breytingar. Færri tog gáfu sílisafla en í rannsókninni 1998 sem bendir til þess að sílið sé minna í sjó nú en þá. Það getur bent til þess að magn sílis sé minna og/eða sílið sé af einhverjum ástæðum öðrum minna á ferðinni nú en þá.

Ekki er hægt að benda á einn þátt sem skýrt gæti hvers vegna nýliðun hafi brugðist árið 2005 og ekki er hægt að segja til um áhrif þess á stofninn fyrr en vöktun hefur staðið í nokkur ár.

Tími frá hrygningu hjá marsíli til þess er seiði taka botn er langur. Hrygning hefst í lok október og stendur fram að áramótum. Eggin eru botnlæg og byrja að klekjast í mars eða apríl. Seiðin eru sviflæg í tvo til fjóra mánuði og myndbreyting verður við 35–55 millimetra lengd. Þetta stendur frá því í október og fram í júlí árið eftir.

Þar sem sjófuglar nýta aðallega eins árs síli, einkum á varptíma, er líklegt að nýliðunarbrestur í síli einstök ár geti haft mikil áhrif á sjófugla. Nýliðunarbrestir einstök ár hafa hins vegar minni áhrif á fisk þar sem hann nýtir sér fleiri aldurshópa sílis.

[15:24]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Mig langar í upphafi að vekja athygli á því að við ræddum þetta mál í fyrirspurnatíma fyrir ekki löngu síðan, við hæstv. sjávarútvegsráðherra, þ.e. um sandsílastofninn.

Mig langaði aðeins að halda áfram með þær fullyrðingar eða kenningar sem við höfum haldið á lofti, ég og hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Ástæðan fyrir því að sandsílið er svo veikt núna er fyrst og fremst sterkur ýsustofn. Það sem gerðist var að alls staðar í Norður-Atlantshafi komu fram gríðarsterkir árgangar af ýsu á árunum í kringum og upp úr 2000. Þetta gerðist við Ísland, í Barentshafi, í Norðursjó, við Færeyjar og líka við austurströnd Kanada.

Við vitum í raun ekki hvað ræður þessu. En eitthvað í náttúrunni gerir það að verkum að skyndilega verður sprenging í ýsustofninum alls staðar, nánast á sama tíma. Það er merkilegt en það er þetta sem gerist.

Ýsan fer yfir, étur upp sandsíli, kemur í veg fyrir nýliðun, étur upp litlu sílin og þannig hrynur sandsílastofninn. Þessu ástandi linnir ekki fyrr en ýsustofninn fer að minnka á nýjan leik. Ég spái því.

[15:25]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég tel að um mjög áhugaverða umræðu sé að ræða vegna þess að málið snýst um stofna sem við nýtum ekki, sem við veiðum ekki. En í umræðunni um stjórn fiskveiða tala ráðamenn og jafnvel sumir vísindamenn eins og maðurinn einn hafi áhrif á stærð og afkomu stofna.

Við sjáum það í því þegar menn velta fyrir sér hvort 200.000 tonna veiði eða 205.000 tonna veiði skipti öllu máli. Það er af og frá ef við lítum á þær stærðir sem eru í náttúrunni. Þá sjá menn að veiðar mannsins skipta mjög litlu máli.

Bara hrefnustofninn étur meira sjávarfang heldur en landsmenn sækja. Hrefnustofninn við Íslandsmið étur mun meira en landsmenn veiða allt árið í kringum Ísland. Það að telja (Forseti hringir.) að einungis veiðar mannsins ráði úrslitum um stærð og afkomu stofna, menn ættu að setja spurningarmerki við það.

[15:26]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ekki er ég algerlega sammála síðasta hv. ræðumanni. Ég tel einmitt að veiðar mannsins hafi áhrif á sandsílastofninn. Það kom t.d. fram í ágætri ræðu hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að ýsumergð sé líkleg til að draga bæði úr afkomu sandsílis og höggva skörð í raðir sílanna, sem aftur er töluvert nauðsynleg fæða, t.d. fyrir fugl.

Ég er þeirra skoðunar að ein leið til að ráða bót á þessu og bjarga hag sjófuglanna væri að auka veiðar á ýsu. Þá kem ég að því sem ég hef áður nefnt úr þessum ræðustól. Ég er þeirra skoðunar, í ljósi þess að menn hafa ekki fullnýtt ýsukvótann og orðið hefur gríðarleg aukning á ýsu við Ísland og víðar, að hæstv. ráðherra eigi að berjast fyrir því að gefa ýsuveiðarnar frjálsar til reynslu í einhver ár. Er ekki hæstv. sjávarútvegsráðherra sammála mér um það?

[15:28]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Enn leiðist umræðan að ýsustofninum. Ég skal ekki verða þrándur í götu þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra fái þær athugasemdir beint í æð og svari þeim. Ég þakka honum að öðru leyti fyrir snjallt svar sem þarf að íhuga í betra næði þegar það birtist í þingtíðindum á pappír eða á tölvuskjám.

Ég held að niðurstaða okkar hljóti að vera sú að við eigum að auka rannsóknir á sandsílinu og annarri þeirri fæðu sem sjófugl og nytjafiskur étur við ströndina. Það vakti athygli að í svari ráðherrans kom fram að rannsóknir á sjófugli gætu orðið gagnlegar fyrir fleiri en áhugamenn um sjófugl og jafnvel af öðrum ástæðum en þeim að kanna líkríkið við ströndina og í björgunum. Vistkerfið sem sjófuglinn lifir í er að sínu leyti einfaldara en við mætum í hafinu.

Eftir því sem maður hlustar á fleiri sjávarlíffræðinga og fiskifræðinga þeim mun sannfærðari verður maður um að við vitum enn þá mjög lítið um það sem gerist í hafinu, samhengið milli allra þeirra stofna sem þar eru. Það á þó ekki að leiða okkur til glannalegra ályktana í eigin hag, svo sem um að óhætt sé að veiða stofna vegna þess að þeir valdi skaða, hvort sem þar er um ýsuna eða hvalinn að ræða.

Ég hvet til aukinna rannsókna á þessu sviði og spyr enn um þátt Hafrannsóknastofnunar (Forseti hringir.) í sjófuglarannsóknum sem nýhafnar eru.

[15:30]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa ágætu, efnislegu umræðu um býsna flókið mál. Fyrir hálfum mánuði ræddum við svipað mál. Þá var sá sem hér stendur eini þingmaðurinn sem ekki var með líffræðipróf í salnum þann daginn og nú bættist einn líffræðingurinn í hópinn við þessa umræðu og er auðvitað heilmikið skjól að vita til þess að íslenskufræðingur var hér til þátttöku í umræðunni og sýnir það að stríð eru of mikilvæg til þess að láta hershöfðingjunum þau ein eftir og þannig er líka með líffræðina. Þau fræði eru of mikilvæg til þess að láta líffræðingunum þau ein eftir.

Hitt er það að í fyrsta lagi spurði hv. þm. Mörður Árnason hvort um væri að ræða samstarf milli Hafrannsóknastofnunar og annarra rannsóknastofnana í landinu um þennan þátt málsins. Án þess að geta svarað því til hlítar vil ég vekja athygli á að í því svari sem ég veitti fyrir hálfum mánuði um skylt mál kom fram í gögnum sem ég hafði þá undir höndum frá Hafrannsóknastofnun að vísað var einmitt í rannsóknir Arnþórs Garðarssonar á þessu samspili. Mér sýnist því að menn taki mark á og taki tillit til rannsókna sem fara fram í landinu og er sjálfsagður hlutur.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson talaði um áhrif veiða mannsins og að menn gerðu of mikið úr þeim þætti. Ég held að enginn haldi því fram að ekki þurfi að horfa til fleiri þátta en bara veiða mannsins og enginn, held ég, sem hefur verið að tjá sig um þessi mál sem er í sjálfu sér að gera lítið úr því.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hvort ég væri til í að auka veiðar á ýsu vegna þeirrar umræðu sem hérna fór fram og gera þær frjálsar. Ég vil vekja athygli á því að ég tók ákvörðun um að fara verulega fram úr ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar varðandi heildaraflamark í ýsu sem gefur færi til þess að auka veiðarnar í ýsu og varð til þess að um var að ræða meiri ýsuveiði, m.a. vegna þess að smábátarnir tóku hluta af kvóta stærri skipanna. Út af fyrir sig var heildaraflamarkið í ýsu ekki neinn flöskuháls í þessum efnum.

Ég tek undir það að lokum með hv. þm. Merði Árnasyni að auðvitað þarf að auka rannsóknir og halda þeim áfram þannig að við getum fengið (Forseti hringir.) þessa röð sem menn þurfa til samanburðar á einstökum árum.

Umræðu lokið.

[15:32]

**Útbýting:**

Rannsóknir vegna Kárahnjúkavirkjunar, 222. mál, svar iðnrh., þskj. 510.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 374. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 545.

## *Jafnræði fiskvinnslu í landi og á sjó.*

Fsp. SigurjÞ, 257. mál. — Þskj. 260.

[15:33]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Það er nú svo að Sjálfstæðisflokkurinn hefur unnið sjávarútveginum gríðarlegt tjón á umliðnum árum og áratugum. Þetta tjón hefur valdið því að landsbyggðin hefur farið mjög illa út úr þeim verkum flokksins. Þetta hefur verið einn höfuðatvinnuvegur landsbyggðarinnar, sjávarbyggðanna, og segja má að t.d. Vestfirðir hafi farið mjög illa út úr þeim óhæfuverkum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir.

Fyrst var þessi fiskveiðistjórn gerð í því augnamiði að vernda þorskstofninn. En allt kemur fyrir ekki, alltaf berast nýjar og nýjar slæmar fréttir af afkomu þorskstofnsins. Nú síðast fór haustrall Hafrannsóknastofnunar 6% niður og einhverra hluta vegna fékkst ekki að ræða þau ótíðindi hér á hinu háa Alþingi í fyrirspurnatíma þingsins á mánudaginn, en þetta var gert undir þeim formerkjum að verið væri að byggja upp stofninn. Með þeim forsendum var þetta kerfi sett á stofn.

Síðan hafa komið einhver hagræn rök en þau hafa bara alls ekki gengið eftir, frú forseti. Meðal annars hefur það sýnt sig að á síðustu tíu árum hefur runnið út úr atvinnugreininni a.m.k. sú upphæð sem svarar til tveggja Kárahnjúkastíflna, hvorki meira né minna. Þar að auki hefur verðmæti sjávarfangs sem flutt er til útlanda ekkert aukist á umliðnum árum og jafnvel minnkað.

Það sem ég ætla að ræða nú er að þeir sem ætla að berja sér leið inn í greinina eru nýliðar og þeir þurfa að búa við afar slæm samkeppnisskilyrði. Þeir vísuðu erindi til Samkeppnisstofnunar fyrir um sex árum og fengu þá úrskurð um að sjávarútvegsráðuneytið ætti að bæta stöðu þeirra. Úrskurður kom í löngu máli með ýmsum úrbótum sem lagt var til að sjávarútvegsráðuneytið ætti að fara í til að tryggja stöðu nýliða í greininni og einnig þeirra sem búa við það að verka fisk í landi miðað við þá sem verka fisk á sjó í frystiskipum. En staða þeirra er ójöfn og tekið er undir það í þeim úrskurði.

Ég vil því spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort hann hafi að einhverju leyti farið eftir þessum úrskurði eða áliti Samkeppnisstofnunar og hvaða gögn liggi fyrir í ráðuneytinu um að hann hafi gert það og hvort þingmönnum sé tryggður aðgangur að þeim gögnum.

[15:36]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í máli hv. þingmanns er um að ræða álit sem er orðið nokkurra ára gamalt. Forsaga þess máls er sú að á árinu 1998 sendi fiskvinnslufyrirtækið Gunnólfur ehf. á Bakkafirði erindi til Samkeppnisstofnunar um álitaefni sem varðar samkeppnisstöðu íslenskrar fiskvinnslu í landi. Samkeppnisráð svaraði með áliti nr. 2 frá árinu 2000, dags. 21. febrúar það ár. Gunnólfur spurði allumfangsmikilla spurninga sem samkeppnisráð svaraði.

Í tilefni af fyrirspurn hv. þingmanns ákvað ég að fara sérstaklega yfir þessa skýrslu. Ég vona að mér fyrirgefist það að hafa ekki getað gert það fyrr í ljósi þess að ég tók ekki við starfi sjávarútvegsráðherra fyrr en fyrir rúmu ári síðan og var ekki vel kunnugt um þessa skýrslu samkeppnisráðs. En þessi fyrirspurn hv. þingmanns gaf mér gott tilefni til þess að fara yfir málið með sérfræðingum mínum og leita álits á því.

Samkeppnisráð beinir í rauninni tvennum tilmælum til sjávarútvegsráðherra. Í fyrsta lagi beinir ráðið þeim tilmælum að ítarlega verði kannað hvort ekki sé nú þegar fyrir hendi búnaður sem geri mögulegt að koma við vigtun inn á vinnslulínur vinnsluskipa. Komi í ljós að slíkur búnaður sé til beinir samkeppnisráð því jafnframt til sjávarútvegsráðherra að hann beiti sér fyrir því að tekin verði upp vigtun inn á vinnslulínur vinnsluskipa.

Í tíð hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra var sett niður nefnd til að fara yfir samkeppnismál sem lúta sérstaklega að vinnsluskipunum. Í sjávarútvegsráðuneytinu hefur verið fylgst með þróun á sviði voga sem hægt væri að nota um borð í vinnsluskipum. Þeir aðilar sem við teljum að viti hvað best um þróun þessara mála og ráðuneytið hefur rætt við telja að enn þá sé við að glíma ákveðna tæknilega erfiðleika við að vigta hverja fisktegund sérstaklega inn á vinnslulínur vinnsluskipa beint úr móttöku. Þess má geta að á síðustu árum hefur Fiskistofa eflt eftirlit um borð í vinnsluskipum og þar eru til að mynda að jafnaði sex sérhæfðir eftirlitsmenn til eftirlits um borð í vinnsluskipunum og starfa eingöngu þar.

Í öðru lagi beinir samkeppnisráð þeim tilmælum til ráðherra að hann láti kanna hvort unnt sé að breyta reglum um framsal og skráningu aflaheimilda þannig að komið verði til móts við þau sjónarmið sem að framan eru reifuð. Í reifun samkeppnisráðs kemur fram að ekki hafi verið sýnt fram á að reglur sem heimila framsal á kvóta og fela í sér möguleika á fénýtingu þeirra í skyldum rekstri fari gegn markmiði samkeppnislaga. Þessu er mikilvægt að átta sig á.

Á hitt ber þó að líta að samkvæmt 5. gr. laga um stjórn fiskveiða er það skilyrði sett fyrir úthlutun aflaheimildar eða yfirráðum yfir slíkri hlutdeild að hún sé bundin við skip. Að mati samkeppnisráðs gæti það — ég vek athygli á orðalaginu — auðveldað til muna aðgang fiskvinnslustöðva að hráefni og styrkt samkeppnisstöðu þeirra á markaði ef heimildir til skráningar aflahlutdeildar tækju einnig til fiskvinnslufyrirtækja.

Samkeppnisráð ítrekar að aukið frelsi — og líka er mikilvægt að menn átti sig á þessu orðalagi, meira framsal, auka framsalið frá því sem nú er — til framsals aflaheimilda, t.d. með þeim hætti að unnt verði að verða sér úti um aflahlutdeild án þess að eiga skip, er til þess fallið að efla virka samkeppni á þeim markaði sem hér um ræðir. Jafnframt væri samkeppnisstaða aðila á fiskvinnslumarkaði að vissu marki jöfnuð og aðgangur nýrra keppinauta að markaðnum auðveldaður. Með vísan til framangreinds beinir samkeppnisráð þeim tilmælum til sjávarútvegsráðherra — og enn vil ég vekja athygli á orðalagi — að hann láti kanna hvort unnt sé að breyta reglum um framsal og skráningu aflaheimilda þannig að komið verði til móts við þau sjónarmið sem hafa verið reifuð hér að framan.

Síðari tilmæli samkeppnisráðs lúta að því að þessi atriði séu könnuð, hvort það megi rýma eða auka frelsið í lögum

um stjórn fiskveiða til framsals, auka sem sagt framsalið til þess að þeir menn geti verið handhafar aflahlutdeilda án þess að eiga skip. Þessi umræða hefur mjög oft komið upp eins og menn vita og hefur verið ítarlega rædd en það er til flötur á því að aflaheimildir verði á hendi fiskvinnslustöðva en ekki skipa. Það er út af fyrir sig sjónarmið sem mér finnst alveg vert að líta á. Hins vegar hefur það sem samkeppnisráð er að segja í för með sér að það eigi að gera með þeim hætti að aflaheimildir verði á hendi fiskvinnslustöðva, sem þá síðan væntanlega leigi þær út, ráði einhvern til þess að afla þeirra aflaheimilda. Það verður ekki gert öðruvísi. Það þarf náttúrlega skip til þess eins og gefur augaleið og þar með verður þetta til, eitthvað aukið framsal. Það er út af fyrir sig ekkert bundið við kvótakerfið, af því að hv. þingmaður talar nú gjarnan um það, heldur er það bara bundið við það fyrirkomulag að við skilgreinum einhvern fiskveiðirétt, einstaklingsbundinn fiskveiðirétt.

Ég held þess vegna að ekki séu forsendur til þess að stíga þetta skref núna, m.a. í ljósi þess að aðilar eins og sjómannasamtökin eru því mjög andvíg að auka framsalskerfið í sjávarútveginum og hafa viljað reyndar ganga enn þá lengra í því að þrengja kerfið. Það er alveg ljóst mál að fyrirkomulag eins og það að fiskvinnslan væri með þessar aflaheimildir mundi auðvitað leiða til einhvers aukins framsals þó að það gætu líka verið á því jákvæðar hliðar sem ég er ekki að gera lítið úr.

[15:41]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég beindi fyrr í umræðunni einföldum spurningum til hæstv. sjávarútvegsráðherra um hvað hann hefði gert til að framfylgja þessu áliti Samkeppnisstofnunar og hvaða gögn lægju fyrir. Svarið var einfalt, það var: Hann hefur ekkert gert. Sjávarútvegsráðuneytið hefur ekkert gert. Það liggja engin gögn fyrir.

Það sem hæstv. sjávarútvegsráðherra reyndi að gera í umræðunni var að buna út úr sér úrskurði Samkeppnisstofnunar og gera einfalt mál flókið. Þetta er einfalt mál: Á að fara eftir þessu áliti eða ekki? Hefur það verið gert? Það hefur ekki verið gert, heldur kemur hæstv. sjávarútvegsráðherra og bunar út úr sér, lætur dæluna ganga og les upp álitið sem ég er að spyrja hann út í. Þetta mál snýst ekki um (Gripið fram í.) að lesa aftur upp álit Samkeppnisstofnunar og slíta það úr samhengi.

Ég verð að segja að þetta er mjög alvarlegt mál vegna þess að það fyrirtæki sem kvartaði undan slæmri samkeppnisstöðu, mjög vel rekið fyrirtæki, Gunnólfur ehf., er hætt rekstri. Það gat ekki búið við þá samkeppnisstöðu sem Sjálfstæðisflokkurinn bjó fyrirtækinu. Það verður því fróðlegt að heyra ræðu hæstv. sjávarútvegsráðherra um hvað hann hafi gert og hvaða gögn liggi fyrir. Ég vona svo sannarlega að hann geri einfalt mál ekki flóknara en þörf er á.

[15:43]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Gallinn við hv. þingmann, eins ágætur og hann er nú, (**SigurjÞ:** ... við mig?) er einfaldlega sá að hann flytur alltaf sömu ræðuna. Það er alveg sama hvað hann er að tala um, hann flytur alltaf sömu ræðuna og þess vegna (**Gripið fram í:** Það er kostur.) þegar hann fylgir úr hlaði fyrirspurn sem lýtur að úrskurði samkeppnisráðs gerir hann það á þann hátt að hann fer ekki sjálfur yfir úrskurð samkeppnisráðs og reynir þess vegna alls ekki að leggja það upp fyrir þingheim út á hvað spurning hans gekk.

Ég rakti það áðan að ég hefði farið yfir þetta álit samkeppnisráðs mjög ítarlega. Ég greindi það að — (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Má ég fá orðið fyrir hv. þingmanni? Það getur þá kannski komið að því að úr þingsalnum flytji hann allt í einu nýja ræðu en þegar hann kemur í ræðustól þá bullar hann alltaf þetta sama, (Gripið fram í.) alltaf sömu gömlu ræðuna aftur og aftur (Gripið fram í.) og óttast það síðan óskaplega þegar hann heyrir önnur sjónarmið. Ég get ráðlagt hv. þingmanni að ef honum er illa við að heyra önnur sjónarmið getur hann fengið sér heyrnarhlífar og reynt að koma í veg fyrir að hann þurfi að hlusta því að hann vill ekki hlusta, enda tekur hann aldrei eftir neinu og talar bara eins og hann hafi ekki heyrt neitt af því sem fram fer.

Ég var að rekja það hérna áðan að ég fór mjög rækilega yfir þetta álit samkeppnisráðs. (Gripið fram í.) Ég gerði síðan grein fyrir því (Gripið fram í.) — kemur nú hv. þingmaður, frammíkallari Björgvin G. Sigurðsson (**Gripið fram í:** ... málefnalegur í málefnaþurrðinni.)

(**Forseti** (RG)**:** Gefa ræðumanni hljóð.)

Ég hef nú bara ekki komist áfram í að reyna að útskýra, (**Gripið fram í:** ... þingmanninum.) virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Ég er að reyna að segja að ég fór yfir þetta álit samkeppnisráðs, ég fór yfir það efnislega lið fyrir lið. Ég svaraði því, bæði þessum tveimur efnisatriðum sem að mér sneru, ég setti fram skoðun mína á báðum þeim atriðum. Ég sagði að verið væri að fylgjast með því hvernig hægt væri að bregðast við fyrra atriðinu því að fyrra atriði samkeppnisráðs hljóðaði upp á að ef til væru tæknilegar lausnir, hvort hægt væri að fara í tiltekin mál. Niðurstaðan var sú að þessar tæknilegu lausnir voru ekki til.

Hitt sneri að miklu stærra máli. Ég fór yfir ýmis álitamál varðandi það og það getur vel verið að hv. þingmaður sé ósammála mér um niðurstöðuna, þá er það bara þannig, en það þýðir ekki það að ég hafi ekki svarað málinu. Ég svaraði málinu.

Umræðu lokið.

## *Jafnrétti til tónlistarnáms.*

Fsp. JBjarn, 289. mál. — Þskj. 302.

[15:45]

**Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):**

Frú forseti. Ég beini svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um jafnrétti til tónlistarnáms: Hyggst ráðherra tryggja kennslu og kostnað við tónlistarnám á grunn- og framhaldsstigi og með því jafnrétti til tónlistarnáms óháð búsetu og efnahag til jafns við annað nám samkvæmt opinberum námskrám?

Tilefni þessarar fyrirspurnar er það að samkvæmt lögum um framhaldsskóla ber menntamálaráðherra ábyrgð á öllu

skólastarfi á framhaldsskólastigi og samkvæmt sömu lögum ber ríkissjóði að greiða kostnað vegna framhaldsskóla, bæði launakostnað vegna kennslu, stjórnunar og annarra starfa og einnig rekstrarkostnað skólans samkvæmt nánari reglum þar um. Tónlistarnám er hluti af hinu skilgreinda framhaldsskólanámi og samkvæmt lögum eru námsbrautir á framhaldsskólastigi skilgreindar sem starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, listnámsbrautir og almennar brautir, en innan listnámsbrautar er einmitt tónlistarnám. Ég er hér t.d. með námskrá frá Menntaskólanum á Akureyri fyrir tónlistarbraut sem sýnir að 45 einingar eru sérhæfðar á tónlistarsviði. Nemendur sem stunda þetta nám og skrá sig í tónlistarnám á framhaldsskólastigi þurfa að greiða stóran hluta þess kostnaðar sem er við námið. Þetta er mikið óréttlæti og stríðir gegn lögunum um framhaldsskóla.

Rétt er að halda því til haga að í október 2004 var gert samkomulag, bráðabirgðasamkomulag sem gilti fyrir skólaárið 2004–2005, milli menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem mátti framlengja áfram fyrir skólaárið 2005–2006, þar sem ríkissjóður skuldbatt sig til að koma að greiðslu kostnaðar við tónlistarnám á framhaldsskólastigi.

Þessi samningur var ekki endurnýjaður þannig að árið 2006 hefur það farið svo að nemendur hafa þurft að greiða stóran hluta af námskostnaði við tónlistarnám m.a. í framhaldsskólum. Þetta er í fyrsta lagi lítilsvirðing gagnvart þessu námi og að mínu mati ekki farið að lögum. Í öðru lagi er þetta gríðarlega mikið misrétti gagnvart því fólki sem verður að senda börn sín úr heimahéraði í fjarlæga skóla, eins og á Akureyri eða í Reykjavík, og ef þau vilja stunda tónlistarnám þar, þarf það greiða þann kostnað. Því beini ég fyrrgreindri fyrirspurn til hæstv. ráðherra.

[15:49]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Aðeins varðandi lagaumhverfi tónlistarskólanna. Gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eru frá árinu 1985, en samkvæmt 7. gr. þeirra greiða sveitarfélög sem reka tónlistarskóla launakostnað kennara og skólastjóra. Einkareknir tónlistarskólar sem hlotið hafa samþykki sveitarstjórna, í formi þjónustusamnings alla jafna, og sérstakt samþykki ráðuneytisins geta samkvæmt 10. gr. laganna einnig fengið greiddan launakostnað kennara og skólastjóra úr sveitarsjóði. Hlutverk ráðuneytisins er að veita tónlistarskólunum sérstakt samþykki samkvæmt 1. gr. laganna og hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu í landinu.

Í mars 2004 tók til starfa nefnd á vegum ráðuneytisins við endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Nefndinni var ætlað að gera tillögur um endurskoðun gildandi laga um tónlistarfræðsluna. Drög að frumvarpi hafa um langt skeið verið til umræðu í nefndinni en ýmis ágreiningsmál milli ríkis og sveitarfélaga eru óleyst sem tengjast beint efni frumvarpsins. Í fyrsta lagi er ágreiningur um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu tónlistarnáms nemenda á framhaldsskólaaldri, eins og hv. þingmaður kom inn á. Fulltrúar sveitarfélaga telja að kennslukostnaður við tónlistarnám nemenda á framhaldsskólaaldri eigi að falla á ríkið. Fulltrúar ríkisins í nefndinni telja að óbreytt fyrirkomulag eigi að gilda um skyldur sveitarfélaga til að greiða kennslukostnað við tónlistarskólann. Fulltrúar tónlistarskólakennara og tónlistarskólastjóra hafa sett fram sín sjónarmið í nefndinni. Það eru því ýmis sjónarmið uppi sem leitt hafa til þess að niðurstaða hefur ekki fengist. En fyrst og síðast tengist þetta líka m.a. kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, að mínu mati.

Rétt er að taka fram að í upphafi skólaársins 2005–2006 lá fyrir að rekstrarfyrirkomulagi Listdansskóla Íslands yrði breytt á því ári. Þá taldi ég rétt, og tók það upp við sveitarfélögin hvort við ættum þá ekki að klára, ef svo mætti segja, flutning skólans, og þá grunnstigsins, yfir til sveitarfélaga. Eins og við vitum er þessu þannig háttað, lögum samkvæmt, að sveitarfélögin bera ábyrgð á rekstri tónlistarfræðslunnar en ekki ríkisvaldið, en það hefur aftur á móti staðið fyrir greiðslum og stuðningi við t.d. listdansinn.

Ég taldi rétt að fara yfir listmenntun í landinu og gera hana skýrari og skilvirkari þannig að allir vissu að hverju þeir gengju. Ég hef sagt það áður í þessum ræðustól að ég tel að grunnstigið og miðstigið eigi að vera á ábyrgð sveitarfélaganna og þá skiptir ekki máli í hvaða listgrein nemendur stunda nám, hvort heldur er um tónlist eða listdans að ræða. Síðan verði framhaldsstigið í viðkomandi listgrein, eins og í tónlistinni, á ábyrgð ríkisins. Þá er ég heldur ekki að tala eingöngu um einingarbært nám heldur allt framhaldsstigið. Ég tel þetta vera eðlilegt fyrirkomulag. Það fór svo að menn náðu ekki saman, hvorki sveitarfélögin né ríkisvaldið voru tilbúin til að klára þessar tillögur og þá á ég við fjárhagslegu hliðina. Þar var verið að ræða um 200 millj. kr. millifærslu frá sveitarfélögunum til ríkisvaldsins hvað þetta varðar, þannig að ríkið tæki á sig meiri kostnað við tónlistarkennsluna en á móti tækju sveitarfélögin, sem er reyndar mun lægri fjárhæð, á sig aðrar listgreinar eins og listdansinn. Ég taldi rétt, með heildarsýnina að leiðarljósi, að fara þessa leið en því miður náðist það ekki í gegn.

Nú er nefndin sem fjallar um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla að reyna að komast til botns í þessu máli og sjá fyrir endann á því, því að það er afar brýnt að sett verði lög um tónlistarskóla. Ég tel það skyldu okkar, bæði sveitarfélaganna og ríkisvaldsins og einnig tónlistarkennaranna, að reyna að komast að ásættanlegri niðurstöðu í málinu fyrst ekki var hægt að sameinast. Það er mikilvægt að þessir aðilar sameinist um þær leiðir sem þeir vilja fara hvað varðar nám á öllum skólastigum, hvort heldur um er ræða grunnskólastig eða framhaldsstig.

Þetta var í rauninni skýrt í mínum huga. En ég vil undirstrika að enda þótt tónlistarfræðslan sé ekki meðal skylduverkefna sveitarfélaga samkvæmt lögunum, er hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvort það ákveður að veita fjármuni til þessa málaflokks (Forseti hringir.) og forgangsraða ráðstöfun þeirra í samræmi við stefnu sína í tónlistarfræðslumálum. Að óbreyttum lögum er tónlistarnámið á herðum sveitarfélaganna á meðan aðrar listgreinar eru á herðum ríkisins.

[15:54]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það er eiginlega með ólíkindum að hæstv. ráðherra komi hér og lýsi stefnu sinni, sem ég get út af fyrir sig verið sammála í grundvallaratriðum, þegar nefnd er bú-

in að starfa að þessum málum í rúm tvö ár. Það verður að koma einhver skýring á því hvers vegna enginn árangur hefur orðið af þessu nefndarstarfi sem staðið hefur í rúmlega tvö ár varðandi þetta mál, sem því miður bitnar á einstökum nemendum. Við vitum alveg hvaða afleiðingar það fyrirkomulag hefur þegar einstök sveitarfélög senda reikninga á önnur sveitarfélög og ætlast er til þess að nemendur semji um það við sveitarfélög sín að borguð séu nokkur hundruð þúsund vegna kostnaðar þeirra við námið. Það hefur auðvitað þær afleiðingar að viðkomandi nemendur hætta námi. Þetta er algerlega óviðunandi ástand og það gengur ekki að nefndir sitji árum saman yfir í raun og veru eins einföldu verkefni og þessu.

Það er sífellt verið að semja um og deila um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og það er hægt að búa til miklar flækjur í kringum svona einfalt mál. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra að það er eðlilegt að sveitarfélögin sjái um grunnstigið (**Gripið fram í:** Og miðstigið.) og miðstigið og ríkisvaldið um framhaldsstigið eins og þetta er núna. (Forseti hringir.) En meðan það gengur ekki verður hæstv. ráðherra að bera ábyrgð á því að það náist samkomulag um þetta svo að nemendur verði ekki fórnarlömb deilunnar.

[15:56]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Þetta er ákaflega vondur vitnisburður um verkleysið hjá hæstv. menntamálaráðherra. Henni hefur mistekist að leiða til lykta þessa deilu sem hefur staðið yfir meira og minna í þrjú ár. Að sjálfsögðu er afar brýnt að leysa deiluna eins og hæstv. ráðherra segir, en hún hefur brugðist þeirri grunnskyldu sinni að leysa það mál að tryggja jafnrétti til náms í tónlist og það er alvarlegt mál. Fyrir það líður heil kynslóð ungra Íslendinga.

Menntamálaráðherra hefur einfaldlega ekki tekist að leysa þetta ákaflega einfalda mál sem snýr að verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga annars vegar og jafnræði til tónlistarnáms hins vegar og deilan er skilin eftir árum saman í fanginu á einhverri nefnd úti í bæ út af deilum um 200 millj. Þetta eru smáaurar, hæstv. forseti, þetta er hæstv. menntamálaráðherra til vansa og vondur vitnisburður um árangursleysi í íslenskum menntamálum.

[15:57]

**Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra í rauninni ekki fyrir svörin heldur ræðuna og öðrum sem hafa tekið þátt í umræðunni. Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með ræðu hæstv. ráðherra því að hún byggðist á nokkrum misskilningi. Það er tvennt ólíkt, almennt tónlistarnám og stuðningur hins opinbera við tónlistarnám og tónlistarskóla í landinu, sem ég er alveg sammála um að þarf að endurskoða og á að skapa sama sess og öðru námi.

Ég var fyrst og fremst að lýsa lögunum um framhaldsskóla og skyldum hæstv. ráðherra hvað þau varðar. Ég vitnaði til þess að í lögum um framhaldsskólann er kveðið á um námsbrautir, m.a. um listnámsbrautir, þar sem m.a. tónlistarnám er stór hluti af framhaldsskólanáminu. Ráðherra getur ekki skorast undan því að hún ber ábyrgð á námskrá og námsframboði framhaldsskólanna, bæði hvað varðar kostnað, launagreiðslur og annað. Enda tók líka samkomulagið sem gert var, bráðabirgðasamkomulag milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og gilti bara út árið 2005, fyrst og fremst til náms í framhaldsskólunum.

Alveg óháð þeim vandræðagangi sem er með tónlistarnámið og listnámið almennt, þá tel ég að ráðherra beri skylda til þess gagnvart nemendunum, lögum samkvæmt, að þeir þurfi ekki að bera fjárhagslegt tjón af því að stunda nám á framhaldsskólastigi og þessum hluta af námi til stúdentsprófs sérstaklega. (Forseti hringir.) Það er verulegt misrétti ef eitthvert ósamkomulag bitnar með þeim hætti á nemendum, frú forseti.

[15:59]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Markmiðið á sínum tíma með samningi ráðuneytisins var vissulega að reyna að jafna stöðu nemenda í framhaldsskólum landsins til tónlistarnáms. En af hverju kom sá samningur? Það er beinlínis hlægilegt, frú forseti, að hlusta á hv. þingmenn Samfylkingarinnar koma hingað í pontu og tala um stefnuleysi í þessum málaflokki. Hvað varð til þess að við gerðum þennan samning á sínum tíma? Það var uppgjöf R-listans með Samfylkinguna í broddi fylkingar. Það var Samfylkingin sem setti tónlistarnám í landinu í uppnám með því að breyta reglunum varðandi fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. (Gripið fram í.) Við megum ekki (Gripið fram í.) gleyma því ... (Gripið fram í.) Ég heyri það frú forseti, að þetta kemur við kaunin á þeim.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti biður þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Ég heyri að ég hef greinilega snert viðkvæman streng í brjóstum og hjarta hv. þingmanna Samfylkingarinnar. En þannig er þetta bara einfaldlega. (Gripið fram í.) Ég minni á að m.a. einn hv. borgarfulltrúi Vinstri grænna sagði sig frá samstarfi út af þessari upplausn R-listans varðandi tónlistarmálin í borginni. Þetta varð til þess að kasta upp þessum bolta og boltinn er því miður enn á lofti, því að (Gripið fram í.) það er ekki búið að klára þessi mál.

Ég ítreka enn og aftur skoðun mína. Grunn- og miðstigið á að vera á herðum sveitarfélaga, framhaldsstigið, hvort heldur það er í framhaldsskóla eða annars staðar, á að vera á herðum ríkisins. Um þetta höfum við því miður ekki náð samkomulagi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að það er slæmt ef það kemur til með að bitna á nemendum. En enn og aftur er ábyrgðin á herðum sveitarfélaga þegar kemur að tónlistarmálum, að óbreyttum lögum.

Umræðu lokið.

[16:01]

**Útbýting:**

Landsvirkjun, 364. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 553.

Fundi slitið kl. 16:02.

# 43. FUNDUR

miðvikudaginn 6. des.,
kl. 8 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 416. mál, þskj. 482. — Frh. 1. umr.
2. Tollalög, stjfrv., 419. mál, þskj. 494. — 1. umr.
3. Tryggingagjald, stjfrv., 420. mál, þskj. 495. — 1. umr.
4. Fæðingar- og foreldraorlof, stjfrv., 428. mál, þskj. 516. — 1. umr.
5. Ættleiðingarstyrkir, stjfrv., 429. mál, þskj. 517. — 1. umr.

[20:01]

**Útbýting:**

Átak í uppbyggingu héraðsvega, 438. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 556.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 95. mál, nál. iðnn., þskj. 552; brtt. iðnn., þskj. 554.

Framkvæmd samgönguáætlunar 2005, 439. mál, skýrsla samgrh., þskj. 557.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 359. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 555.

## *Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 416. mál (lækkun matarskatts). — Þskj. 482.

[20:01]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Á leiðinni í stólinn spurði þingflokksformaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Hjálmar Árnason hvort ég ætlaði að hrósa Framsóknarflokknum. Það er rétt að í tilefni af því að við erum að ræða þetta frumvarp að ég geri það. Ég ætla að hrósa Framsóknarflokknum fyrir að hafa horfið frá villu síns vegar varðandi það mál sem hér er til umræðu.

Við erum að ræða mál, frú forseti, sem gengur töluvert langt í þá átt sem Samfylkingin hefur verið að berjast fyrir árum saman. Það felur í sér lækkun á lægra virðisaukaskattsþrepinu, úr 14% niður í 7%. Þetta er í samræmi við tillögu við frumvarp sem Samfylkingin hefur flutt hér árum saman. Það kom fram hvað eftir annað í umræðum að hér voru allir flokkar sammála því máli nema einn. Það var Framsóknarflokkurinn.

Þó voru menn teknir hér upp tvö ef ekki þrjú ár í röð til þess að inna Framsóknarflokkinn eftir því hvers vegna í ósköpunum hann legðist þvert í götu þeirra sem vildu beita sér fyrir því að lækka matarverð í landinu með þessum hætti. Það komu aldrei nein skýr svör. Það var, eins og menn vita, fyrst og fremst þáverandi formaður Framsóknarflokksins, sem af einhverjum ástæðum sem hugsanlega röktu sig til uppruna hans í endurskoðun, varð þess valdandi að Framsóknarflokkurinn var algjörlega á móti þessu máli.

Nú tel ég að Samfylkingin hafi hugsanlega gegnt hér hlutverki uppalandans því staðfastar ræður okkur hafa orðið til þess, hugsanlega með þrýstingi frá neytendum, að Framsóknarflokkurinn hefur horfið frá þeirri vitleysu sem hann fylgdi í málinu. Þó að það sé ekki hægt að segja um Framsóknarflokkinn að batnandi mönnum sé best að lifa á mörgum sviðum, þá ætla ég eigi að síður að gleðja hv. þm. Hjálmar Árnason með því að hrósa honum og hrósa Framsóknarflokknum fyrir að hafa loksins séð hin augljósu rök í þessu máli.

Frú forseti. Ég ætla að ganga lengra varðandi lofsamleg ummæli mín um hæstv. ríkisstjórn. Ég ætla að óska hæstv. fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen, innilega til hamingju með að hafa haft pólitískt hugrekki til þess að taka upp helminginn af tillögum Samfylkingarinnar varðandi lækkun á matarverði.

Það þarf oft pólitískt þrek til að taka upp hugmyndir andstæðinga sinna. Það hefur hæstv. fjármálaráðherra svo sannarlega sýnt. Hugsanlega birtir það líka skort á frumkvæði og nýjum hugmyndum í ranni Sjálfstæðisflokksins. Hins vegar skal ég af langri reynslu fúslega viðurkenna að nýjar og ferskar hugmyndir í stjórnmálum eru sjaldgæfar. Það er oft þannig að góðar hugmyndir sem komast til framkvæmda eru „teknar að láni“ frá öðrum.

Það fer þó fjarri því, frú forseti, að ég vilji saka hæstv. fjármálaráðherra um pólitíska gripdeild í þessu máli. Öðru nær. Það var þannig að fyrir síðustu kosningar voru Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn sammála um, og það kom fram í kosningastefnuskrám beggja flokkanna, að lækka bæri matarskattinn um helming, úr 14 niður í 7%. Samfylkingin hins vegar fylgdi orðum sínum eftir með dáðum. Á 130. og 131. löggjafarþingi lagði Samfylkingin fram frumvörp þar sem efnt var kosningaloforðið um lækkun matarskatts.

Þá brá svo við, frú forseti, sem undarlegt má heita svo ekki sé fastar að orði kveðið, að Sjálfstæðisflokkurinn felldi það frumvarp. Hann felldi sína eigin stefnu hér þing eftir þing.

Það er auðvitað í því ljósi ekki síður undarlegt að nú skuli hann líka, eins og Framsóknarflokkurinn, hafa séð ljósið, hafa séð blakta af týru réttlætisins í þessu máli og tekið upp þetta góða kosningamál Samfylkingarinnar sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, af því hann gengur hér í salinn vörpulegur að vanda, og að minnsta kosti nokkrir hans ágætu þingmanna í umræðum lýstu stuðningi við.

Þá má rifja það upp fyrir þeim ágæta hv. þingmanni og sér í lagi hæstv. fjármálaráðherra sem örugglega hlýðir hér einhvers staðar á mál mitt. Hvað kynni það nú að hafa verið sem olli sinnaskiptum ríkisstjórnarinnar? Ég held, frú forseti, að svarið blasi við og það sé öllum augljóst sem hafa fylgst með málinu.

Staðreyndin var sú að Samfylkingin lagði hér fram í sumar ígrundaða stefnu sem hún hafi reifað vel og ítarlega þar sem ráðist var til atlögu við allt of hátt matarverð með

fjórföldum hætti. (Gripið fram í.) Eitt af þeim ráðum sem við lögðum til var hin gamla stefna okkar og Sjálfstæðisflokksins að lækka lægra þrep virðisaukaskattsins úr 14 í 7%. Það var fyrst og fremst sá tillöguflutningur Samfylkingarinnar sem varð þess valdandi að ríkisstjórnin uggði um sinn hag og hún greip til þess, eftir nánast 12 ára setu í Stjórnarráðinu, að leggja fram þær tillögur sem hér eru til umræðu.

Það var korteri fyrir þingbyrjun, hálftíma fyrir kosningar, af því þeir voru hræddir um sinn hag. Vegna þess að almenningur í landinu hefur óskað eftir og krafist breytinga af þessu tagi.

Það vildi líka svo til að ýmsir hv. þingmenn, þar á meðal fyrrverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þeir ásamt ýmsum öðrum sem voru andstæðrar skoðunar við mig hvað varðar aðild að Evrópusambandinu, höfðu bent á þá röksemd sem var fyllilega réttmæt að það væri hægt að lækka matarverð með töluvert drjúgum hætti án þess að ganga í Evrópusambandið. Það er röksemd sem ég hef alltaf fallist á, frú forseti. Það var gert.

En það var hægt, a.m.k. að mati þáverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, með ýmsum leiðum, en sá ágæti maður reifaði líka að hægt væri að fara tollabreytingaleiðina. Það var auðvitað partur af stefnu okkar í Samfylkingunni. Við lögðum í reynd fram fjórþætta stefnu.

Í fyrsta lagi að lækka virðisaukaskattsþrepið hið lægra úr 14 í 7%. Í því þrepi er að finna allar brýnustu nauðþurftir sem landsmenn þurfa á að halda. Því hefur verið haldið fram með ágætum rökum að breyting af þessu tagi komi ekki hvað best þeim til góða sem minnst hafa úr að spila. Enginn annar en hinn sjálfskipaði efnahagsspekingur ríkisstjórnarinnar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, Pétur H. Blöndal tók undir þá röksemd í sjónvarpsþætti fyrir einum tveimur missirum.

Í öðru lagi lagði Samfylkingin til að öll vörugjöld yrðu afnumin. Þarna steig ríkisstjórnin hálfa leið, hún kaus að fella niður vörugjöld af um það bil helmingi vöruflokkanna en skildi eftir ákveðnar tegundir vara sem höfðu sykur í sér og gerði þetta vafalaust af mjög góðum hvötum og af þeim sömu hvötum sem stundum má sjá hjá stjórnlyndu stjórnvaldi að menn vilja að beita slíkum aðferðum til þess að stýra neyslu. Gott og vel. Það eru röksemdir sem ég ætla ekki að höggva í.

Okkar afstaða byggðist hins vegar á því að regluverkið sé svo flókið og frumskógurinn svo þykkur og dimmur að það sé ekki hægt að sjá til slóðar innan hans nema með því einu að fella hann allan. En þá erum við líka um leið komin út fyrir hann.

Í þriðja lagi lagði Samfylkingin til að allt samkeppniseftirlit yrði eflt mjög verulega. Þá má nú rifja það upp, frú forseti, að hér hafa ekki minni menn en núverandi forsætisráðherra og fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins báðir sagt það, með mismunandi hætti þó, að hættan við að fara þá leið sem Samfylkingin lagði til á sínum tíma og ríkisstjórnin hefur nú tekið upp, þ.e. lækkun á virðisaukaskattinum, væri skugga undirorpin. Sá skuggi fólst í því, að mati þessara ágætu forustumanna sem voru og eru í stjórnmálum, að óvandaðir smásalar kynnu að taka hluta af þessu eða jafnvel allt það rými sem þarna skapaðist og bæta við verð á vöru sinni og hirða þetta í eigin vasa.

Formaður Framsóknarflokksins fyrrverandi talaði alveg skýrt í þessum efnum. Formaður Sjálfstæðisflokksins núverandi talaði miklu myrkara í þessu. En flestir þingmanna Framsóknar sem um þetta hafa talað í umræðum á þingi hafa látið að þessu liggja og talað á svipaða lund.

Ég er nú ekki þeirrar skoðunar að kaupmenn á Íslandi séu sérlega óvandaðir og ég ber ekki mikinn kvíðboga fyrir þessu. En eigi að síður er rétt að setja byttu undir þennan hugsanlega leka. Það verður einungis gert með því að auka og efla samkeppniseftirlit. Auka verðlagseftirlit. En það ber ekkert á því, frú forseti. En þetta var eitt af því sem við í Samfylkingunni fylgdum líka.

Af því að ég veit að það gleður þá tvo hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem hér hlusta af mikilli athygli á mál mitt, þá verð ég líka að rifja upp fjórða þáttinn í stefnu Samfylkingarinnar sem var að breyta tollalögum. Það sem mestu skiptir varðandi verðlag á landbúnaðarvarningi hér á landi er sú staðreynd að innlendar vörur njóta verulegrar innflutningsverndar. Innflutningstollar, sem er auðvitað ein af uppfinningum andskotans þegar maður ber þá saman við stöðuna í nútímanum, leiða til þess að verð á innfluttum varningi og vörum sem keppa við þær á markaði er allt of hátt.

En það kemur líka annað í ljós. Eins og skoðun þess ágæta manns sem nefndur var í frammíkalli fyrr í ræðu minni, hagstofustjóra, mikið átrúnaðargoð okkar í stjórnarandstöðunni að ýmsu leyti, hann benti auðvitað á þennan skavanka líka. Hann benti á að svokallaðar staðkvæmar vörur, þ.e. vörur sem eru í samkeppni við hinar tolluðu vörur, lyfta sér líka í verði upp undir það samkeppnisskjól sem þeim stendur af hinum innflutta varningi.

Tollalagabreytingar mundu þess vegna leiða til miklu meiri og víðtækari verðlækkunar en beinlínis varðar þær vörur sem tollarnir hvíla á. Af því hér í salnum eru staddir menn sem eru aldir upp í grónum sveitum og eru miklir áhugamenn um landbúnað eins og ég er, og um íslenska bændamenningu, eins og ég er líka, þá má rifja það upp að ein merkilegasta tilraunin og nýbreytnin á þessum samtengdu sviðum, innflutnings og viðskipta annars vegar og innlendrar framleiðslu hins vegar, var auðvitað breytingin sem gerð var varðandi innflutningstolla á ýmiss konar grænmeti, fyrir einum tveimur árum síðan.

Þá réðust menn í það að afnema það með einni sveiflu. Samhliða var gerður sérstakur aðlögunarsamningur við framleiðendurna. Það voru margir hér í þessum sölum, eins og við sem hlustuðum á umræður um það munum eftir, sem töldu þetta allt hið versta mál. Af því að ég er í svo ærlegu stuði í kvöld skal ég viðurkenna, að þá var líka að finna í mínum flokki, og þær raddir heyrðust úr raddböndum míns flokks hér í salnum að þetta mundi leiða til þess að innlenda framleiðslan mundi hopa mjög undan. Það mundi draga úr framleiðslunni og hinn erlendi innflutningur sem ekki yrði lengur bældur eða kaffærður með tollum mundi ná yfirhöndinni.

En það er svo merkilegt að ef við skoðum reynsluna þá blasir allt annað við. Í fyrsta lagi ef við lítum á framleiðendurna. Þá hefur þeim að sönnu fækkað en þeir hafa

styrkst og eflst. En framleiðslan jókst og verðið lækkaði. Þeir sem ég hef borið mig saman við um þetta sem hafa iðju af því dag hvern að selja t.d. tómata, þeir segja að á síðustu tveimur árum hafi salan á þeim tvöfaldast.

Nú ætla ég mér ekki þá dul að yfirfæra þetta með algjörlega hreinum hætti yfir á allan landbúnaðinn. En mér finnst nú samt að þessi tilraun, ef við getum kallað það svo, sem varðaði eina grein landbúnaðarins, hafi með býsna merkum hætti sett ljós á það sem kynni að verða framvindan í framtíðinni ef sú leið væri farin.

Nú sé ég það að hinir ágætu vinir íslenskra bænda sem hér eru staddir, bæði dýralæknirinn sem situr í aðherbergi og sveitamaðurinn sem ég nefndi með svo jákvæðum hætti áðan, þeir svona yggla kannski ekki brún, en hnykla þær. Þeir eru náttúrlega ekki sammála mér. Þá segi ég, frú forseti: Ég er alltaf reiðubúinn eins og menn vita af kynnum við mig og minn flokk að reyna að ná samkomulagi, ganga til málamiðlunar.

Það er þess vegna að minn flokkur lagði áherslu á að þessar tollabreytingar yrðu ekki gerðar í snöggri svipan. Við lögðum fram hugmyndir um að farið yrði það sama skref og hinn ágæti hagstofustjóri lagði til, þ.e. helmingurinn yrði tekinn í einu en hitt með samningum við greinina sjálfa. Þá má kannski staldra hérna aðeins við og velta fyrir sér: Hvaðan kemur þetta hlutfall, þ.e. helmingur? Af hverju dvelja menn við það? Af hverju ekki eitthvað minna eða meira?

Ástæðan er sú, frú forseti, að það hafa staðið yfir samningaviðræður sem kenndar eru við Doha innan vébanda Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þær voru á sínum tíma nær runnar út í sandinn.

Það sem menn gerðu ráð fyrir á þeim tíma þegar talið var að þær mundu fæða af sér einhvern ávöxt, þá var talið að sú breyting sem þær leiddu til hvað innflutning varðar næmi einmitt þessu hlutfalli, 40–50%. Hæstv. landbúnaðarráðherra talaði sjálfur fjálglega um að líklegt væri að Íslendingar yrðu að lúta þessu og betra væri að þeir yrðu á undan.

Síðan breyttust vindar á höfum Doha-viðræðnanna og þeir hafa breyst aftur. Það er ekki langt síðan að ég sat fund Evrópunefndar forsætisráðherra þar sem ein af vonarstjörnum landbúnaðarráðuneytisins kom og greindi frá því að nú væru þær viðræður að hefjast aftur og pólitískir vindar blésu þannig í Bandaríkjunum að líklegt væri að þeim lyki hugsanlega fyrir næstu forsetakosningar þar.

Og þá segi ég nú, eins og hæstv. fjármálaráðherra þegar hann var hér að munnhöggvast við varaformann Samfylkingarinnar: Er ekki betra að Íslendingar semji um svona sjálfir áður en þeir verða látnir lúta því agavaldi sem fylgir aðild að þessari stofnun?

Ég nefni þetta hér, frú forseti, vegna þess að þetta fernt var uppistaðan í tillögum Samfylkingarinnar. Aukið samkeppniseftirlit, tollalagabreytingar þar sem innflutningsvernd væri minnkuð verulega. Afnám vörugjalda og lækkun virðisaukaskattsins.

Undir lok minnar vil ég aftur ræðu óska hæstv. fjármálaráðherra hjartanlega til hamingju með að hafa tekið upp helminginn af tillögum Samfylkingarinnar. Það er lofsvert. Hann má hvenær sem hann vill ganga í skó Samfylkingarinnar og aldrei skal hann af mér eða öðrum vera sakaður um pólitíska gripdeild þó hann grípi þar upp góðar hugmyndir.

En ég mun auðvitað harma það að hæstv. ráðherra skuli ekki fylgja því sem hann sagði sjálfur á sokkabandsárum sínum þegar hann var varaformaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, að stefna bæri í þá átt að afnema innflutningsverndina. En nú er hæstv. ráðherra að þessu leytinu til heillum horfinn, hann er kominn í nýtt kjördæmi og farinn að tala allt öðruvísi en hann gerði áður.

Ég vil líka óska honum til hamingju með að hann hefur, ekki bara tekið upp ýmsar góðar hugmyndir Samfylkingarinnar sem miklu varðar, heldur líka ýmsar smærri. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir í andsvari við mig að þetta fæli í sér lækkun á virðisaukaskatti af gangagjaldinu, hann vildi líka lækka það gjald sem menn greiða fyrir að aka um jarðgöng eins og í Hvalfirði, um helming.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur loksins fallist á það, hugsanlega eftir langvarandi nudd tónlistarmanna, en líka okkar í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunnar, að láta *tónlistarframleiðslu njóta sömu lækkunar*. Það er auðvitað guðsþakkarvert. En ástæðan fyrir þessu öllu saman, frú forseti, er auðvitað sú staðreynd að ríkisstjórnin sá sitt óvænna. Samfylkingin hafði frumkvæði og kjark til að leggja fram tillögur sem vissulega voru umdeildar en þær leiddu til slíkra undirtekta, a.m.k. hjá neytendum, að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn lögðu fram útspil á móti og það hefur leitt til þess að verið er að lækka matarverð í landinu verulega.

En ef ríkisstjórnin hefði hins vegar haft kjark til þess að taka allar tillögur Samfylkingarinnar upp, þá hefði það leitt til þess að matarreikningur heimilanna hefði lækkað tvöfalt meira. Ég skora á hæstv. ráðherra að sýna nú enn meiri kjark og taka allar tillögur Samfylkingarinnar upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tollalög, 1. umr.*

Stjfrv., 419. mál (ökutæki á erlendum skráningarnúmerum, EES-reglur). — Þskj. 494.

[20:22]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum. Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpi þessu eru með því lagðar til breytingar á ákvæðum tollalaga vegna tímabundinnar notkunar hér á landi, án greiðslu aðflutningsgjalda, á ökutækjum á erlendum eða sérstökum skráningarnúmerum. Breytingarnar eru lagðar til vegna ábendinga Eftirlitsstofnunar EFTA, en þær má greina í þrennt. Í fyrsta lagi bendir ESA á að óheimilt sé að binda tímabundinn innflutning á fyrirtækjabifreiðum því skilyrði að hluti aðflutningsgjalda sé greiddur líkt og nú er gert. Í öðru lagi bendir ESA á að þeir sem hingað koma til starfa tímabundið eða í leit að atvinnu skuli eiga þess kost að hafa meðferðis bifreið til eigin nota um hæfilegan tíma án greiðslu aðflutn-

ingsgjalda, en nú er eingöngu heimilt að veita slíka undanþágu í einn mánuð. Að öðrum kosti sé launþegum og sjálfstætt starfandi aðilum ekki veitt raunhæft frelsi til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þriðja lagi bendir ESA á að formskilyrði tollalaga er lúta að útgáfu leyfa til tímabundins innflutnings ökutækja fari í bága við meginreglur EES-samningsins um þjónustustarfsemi.

Til að koma til móts við ábendingar ESA er með frumvarpi þessu lagt til að einstaklingum sem eru búsettir erlendis og koma hingað til lands til starfa tímabundið eða í atvinnuleit verði heimilt að nota bifreið hér á landi í allt að ár án greiðslu aðflutningsgjalda. Með þessari nýju reglu er dregið úr hættu á að þeir sem íhuga að koma hingað til lands til tímabundinna starfa eða í atvinnuleit hverfi ekki frá þeim áformum vegna álaga á bifreiðar hér á landi. Með því er komið til móts við ábendingar ESA í þá átt. Þrátt fyrir að breytingarnar séu til komnar vegna ábendinga ESA er af framkvæmdalegum ástæðum lagt til að rýmkunin verði ekki látin velta á ríkisfangi þess sem hingað flyst heldur allra þeirra sem uppfylla skilyrði laganna.

Eins og áður segir er hér eingöngu verið að fjalla um einstaklinga sem koma hingað til lands tímabundið eða í atvinnuleit. Það þýðir að þeir sem hingað koma til varanlegrar búsetu geta ekki notið heimildarinnar.

Jafnframt hefur það þá þýðingu að heimildin fellur niður taki sá sem hennar nýtur ákvörðun um varanlega búsetu á landinu áður en árið er liðið. Þá er það gert að skilyrði að bifreiðin sé til eigin nota þess sem flytur hana inn eða kaupir hér á landi og einnig að bifreiðin sé annaðhvort flutt inn eða keypt ný og óskráð hér á landi innan mánaðar frá því að viðkomandi kom til landsins.

Tilmæli ESA taka einvörðungu til fyrirtækjabifreiða. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að greinin taki til bifreiða eins og þær eru skilgreindar samkvæmt umferðarlögum hverju sinni til einföldunar og hagræðis í framkvæmd. Að auki er að finna í frumvarpinu fáeinar minni háttar breytingar á ákvæðum tollalaga.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að afloknni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tryggingagjald, 1. umr.*

Stjfrv., 420. mál (lækkun gjalds og jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða). — Þskj. 495.

[20:25]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvíþættar breytingar á lögum. Í fyrsta lagi er lagt til að tryggingagjald verði lækkað um 0,45% frá 1. janúar 2007.

Í öðru lagi er lagt til að ríkissjóður veiti tiltekinn hluta af gjaldstofni tryggingagjalds til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

Fyrri breytingin sem hér er lögð til á rætur að rekja til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2004 vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði en þar kom fram að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að almennt tryggingagjald lækkaði um 0,45% frá 1. janúar 2007 gegn því að Samtök atvinnulífsins samþykktu að iðgjald atvinnurekenda til sameignarlífeyrissjóða yrði frá þeim degi hækkað úr 7% í 8%.

Á undanförnum missirum hefur verið samið í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði um hækkun iðgjalds atvinnurekenda til sameignarsjóða. Nú er svo komið að langflestir atvinnurekendur munu frá og með næstu áramótum greiða að lágmarki 8% iðgjald til sameignarlífeyrissjóða. Rétt er að geta þess að fyrir Alþingi liggur frumvarp um breytingu á lögum um lífeyrissjóði um hækkun á lágmarksiðgjaldi í sameignarsjóði, þ.e. að það fari úr 10 í 12%.

Þessar hækkanir koma til vegna breyttra aðstæðna í lífeyrissjóðaumhverfinu, meðal annars vegna hækkandi lífaldurs þjóðarinnar og aukinnar örorkubyrði. Lækkun almenns tryggingagjalds um næstu áramót um 0,45% er, eins og áður segir, liður í þessum breytingum og forsenda þess að efla megi lífeyrissjóðakerfið enn frekar.

Seinni breytingin í þessu frumvarpi felst í því að lagt er til að tilteknum hluta af gjaldstofni tryggingagjalds verði varið til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða eða sem svarar til 0,15% árið 2007, 0,20% árið 2008 og 0,25% frá og með árinu 2009.

Örorkulífeyrisþegum hjá lífeyrissjóðum hefur fjölgað ört undanfarin ár eða um allt að 750–800 sjóðfélaga árlega undanfarin þrjú ár. Þessi fjölgun hefur haft í för með sér aukin heildarútgjöld lífeyriskerfisins. Örorkubyrðin leggst hins vegar misjafnlega þungt á lífeyrissjóði og getur numið allt frá 6% til 43% af lífeyrisgreiðslum sjóðanna. Í ljósi þess hve misþungt örorkulífeyrisgreiðslur falla á lífeyrissjóði þykir rétt að jafna þann aðstöðumun sem sjóðirnir búa við með einhverjum hætti.

Til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga, gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu hinn 15. nóvember 2005 þar sem fram kom að ríkisstjórnin væri reiðubúin að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins með framlagi sem svarar til hluta af tryggingagjaldsstofni og kæmi til framkvæmda á árunum 2007–2009. Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi verið að færa efni fyrrgreindrar yfirlýsingar í lagabúning en í öðru lagi er lagt til að jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða eigi sér stað til frambúðar fyrir alla lífeyrissjóðina. Þótt fyrir liggi að örorkubyrði tiltekinna lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sé nú meiri en örorkubyrði annarra lífeyrissjóða þykir eðlilegt að fjárframlag úr ríkissjóði til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða renni í framtíðinni til allra lífeyrissjóða með starfsleyfi fjármálaráðherra. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir því að frá og með árinu 2010 taki jöfnunin til allra lífeyrissjóða með starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í því sambandi má nefna að tryggingagjald er greitt af launum allra vinnandi manna og því eðlilegt að ráðstöfun þess til jöfnunar örorkubyrði

lífeyrissjóða nái jafnt til allra lífeyrisþega óháð í hvaða lífeyrissjóð þeir hafa greitt á starfsævinni. Rétt er að geta þess að þær viðmiðanir sem lagt er til að lagðar verði til grundvallar skiptingu framlagsins milli lífeyrissjóða munu hins vegar gera það að verkum að þeir lífeyrissjóðir sem á hverjum tíma búa við mestu örorkubyrðina munu fá stærstan hluta framlagsins.

Í samræmi við fyrrgreinda yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verður það hlutfall af gjaldstofni tryggingagjalds, sem ráðstafað verður til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða, 0,15% árið 2007, 0,20% árið 2008 og 0,25% árið 2009. Miðað við áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2006 verður framlagið um 940 millj. kr. í október 2007 og 1.336 millj. kr. í október 2008 miðað við áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds árið 2007. Áætlun gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2008 liggur ekki fyrir en miðað við áætlun fyrir árið 2007 yrði framlagið um 1.670 millj. kr. í október 2009.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[20:30]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni eitt af mörgum frumvörpum sem ríkisstjórnin leggur fram til 1. umr. á lokadögum þingsins. Það er auðvitað til vansa hve seint þingið fær þessi mál til meðferðar sem gefur þá nefndum þingsins stuttan tíma til að fjalla um málin. Mörg þeirra mála sem við eigum eftir að fjalla um eru stór að vöxtum og það er ekki til fyrirmyndar að ríkisstjórnin sýni þinginu slíka lítilsvirðingu að koma svo seint fram með þau.

Í því frumvarpi sem við ræðum nú er í fyrsta lagi verið að lækka tryggingagjald og í öðru lagi að greiða sem svarar 0,25% af gjaldstofni tryggingagjalds til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða. Ég hygg að hvort tveggja séu ákvarðanir sem teknar voru í tengslum við kjarasamninga. Það er vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2004 varðandi lækkun á tryggingagjaldinu og ég hygg að ákvæðið um 0,25% af gjaldstofni tryggingagjalds sem fara á til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða megi rekja til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga frá því í sumar, ef ég man rétt. Þess vegna vekur það enn meiri furðu hve seint þetta frumvarp er á ferðinni þegar hæstv. fjármálaráðherra hefur fengið svo langan tíma, og fólk hans í ráðuneytinu, til að ganga frá þessu máli.

Ég fæ þetta mál til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd og ætla því ekki að dvelja lengi við það í ræðustólnum. Ég hef þó tvær eða þrjár spurningar til hæstv. ráðherra sem ég held að gott væri að fá svör við til að greiða fyrir málinu í nefndinni.

Hér kemur fram að staða sjóðanna sé mjög misjöfn og vísað er til fjölgunar á öryrkjum og að meðalaldur öryrkja fari lækkandi. Talað er um að örorkubyrðin leggist mjög misjafnlega þungt á lífeyrissjóði og geti numið allt frá 6% til 43% af lífeyrisgreiðslum sjóðanna. Það hefði verið æskilegt að fá yfirlit yfir þessa sjóði og hvernig örorkubyrðin leggst með mismunandi hætti á hina ýmsu sjóði, enda er verið að vísa í að markmiðið með þessari breytingu sé að jafna þann aðstöðumun sem sjóðirnir búa við með einhverjum hætti. Ég sé ekki við fljótan yfirlestur að gerð sé grein fyrir því hvaða áhrif þessi breyting, þar sem verið er að tryggja auknar tekjur til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna, muni hafa á stöðu og fjárhag lífeyrissjóðanna sem njóta þessa framlags.

Það er ekki langt síðan að við gengum í gegnum það að almennu lífeyrissjóðirnir þurftu að skerða réttindi lífeyrisþega verulega og ætla ég ekki að rifja upp þá umræðu. Það er þekkt í þingsölum, innan og utan þingsala, að það var farið skelfilega með marga lífeyrisþega og öryrkja sem í því lentu að lífeyrisréttindi þeirra í lífeyrissjóðunum voru skert. Maður veltir fyrir sér áhrifum þessara breytinga og hvort þær muni rétta við stöðu og fjárhag lífeyrissjóðanna, hvort gerð hafi verið úttekt á því miðað við þá breytingu sem hér er gerð, hvort þetta hafi þau áhrif að ekki þurfi að draga til þeirra tíðinda í náinni framtíð að grípa þurfi til slíkrar skerðingar á réttindum sjóðfélaga. Ég hefði viljað fá nánari upplýsingar um þetta en ég get lesið mér til um í frumvarpinu.

Í umsögn fjárlagaskrifstofunnar kemur fram að lækkun á tryggingagjaldi lækki tekjur um 2,8 milljarða kr. miðað við áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds en framlög til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóðanna verða 940 millj. árið 2007, 1.300 millj. kr. árið 2008 og 1.700 millj. kr. árið 2009. Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða. Ég hef ekki skoðað þær en þetta er eitt af því sem við munum leita svara við í efnahags- og viðskiptanefnd. Kannski hefur hæstv. ráðherrann svar við þessu. Tryggingagjaldið hefur runnið til þess að fjármagna ýmis störf og brýn verkefni, það sem ég man eftir í bili er t.d. Fæðingarorlofssjóður en hann hefur átt í vök að verjast fjárhagslega á undanförnum árum. Ég velti þá fyrir mér hvaða áhrif það hafi að lækka tryggingagjaldið með þeim hætti sem hér er lagt til, sem þýðir væntanlega að tekjur af því sem fara til þeirra verkefna sem hér er lýst, muni lækka verulega, ásamt því að verið er að lækka almennt tryggingagjald af atvinnurekstri um 0,45%.

Þetta eru þær þrjár spurningar sem ég hef við 1. umr. þessa máls og vænti þess að hæstv. ráðherra hafi svör við þeim.

[20:36]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er sjálfsagt að reyna að nálgast yfirlit yfir sjóðina. Ég reikna með að það séu til yfirlit yfir þá sjóði sem standa illa hvað varðar örorkubyrðina og hvernig þeir standa.

Hvað varðar hins vegar fyrstu spurningu hv. þingmanns, þá hefur þetta frumvarp í rauninni ekkert með þá skerðingu að gera sem koma átti að til framkvæmda 1. nóvember og var frestað. Eftir því sem mér skilst var verið að gera þær breytingar til að fara eftir þeim reglum sem um það giltu. Það hefur út af fyrir sig ekkert með þá stöðu að gera þótt eflaust geti menn velt því fyrir sér hvort staðan hafi verið rótin að því að yfir höfuð var farið að skoða þessi mál.

Hvað varðar önnur verkefni sem fjármögnuð eru með tryggingagjaldinu, þá mun þessi skerðing ekki hafa nein áhrif á þau, það er vel fyrir þeim séð eins og staðan er í dag. Þessi breyting mun ekki hafa áhrif á þau.

[20:37]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og vænti þess þá að hæstv. ráðherra sjái til þess að við fáum inn í efnahags- og viðskiptanefnd það sem ég kallaði eftir, eða hvaða áhrif þessar breytingar muni almennt hafa á stöðu og fjárhag lífeyrissjóðanna sem njóta þá þeirra framlaga sem hér er verið að gera tillögu um til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóðanna. Ég gerði mér fulla grein fyrir því að þetta hefur kannski ekki áhrif á þær miklu skerðingar sem sjóðfélagar þurftu að ganga í gegnum og munu þurfa að gera að óbreyttu.

Það sem ég spurði hæstv. ráðherra um var hvort sú breyting sem hér er verið að gera tillögu um, muni hafa þau áhrif í framtíðinni að ekki þurfi að grípa til eins harkalegra aðgerða gagnvart sjóðfélögum og við höfum séð á undanförnum vikum, og hvort gerð hefði verið einhver skoðun á því hvort tryggt væri með slíkum aðgerðum að ekki þyrfti að koma til þess í náinni framtíð. Ég kallaði eftir þessu.

Hæstv. ráðherra fullvissar okkur um að þær breytingar sem verið er að gera á tryggingagjaldinu sem m.a. hefur fjármagnað Fæðingarorlofssjóð muni ekki hafa nein áhrif á stöðu þess sjóðs. Þá spyr ég: Erum við að tala um á næsta ári eða á næstu árum? Hefur það verið skoðað hvort þessi breyting geti haft einhver áhrif á fjárhagsstöðu Fæðingarorlofssjóðs á næstu árum?

[20:39]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi auðvitað gjarnan geta sagt að þetta frumvarp leiði til þess að ekki verði úr þeim skerðingum sem boðaðar hafa verið hjá lífeyrissjóðunum. En um það get ég ekkert fullyrt því að ég hef ekki yfir sjóðunum að segja til að hafa áhrif á það sem þar fer fram í þeim efnum.

Varðandi það sem hv. þingmaður spyr um í sambandi við Fæðingarorlofssjóð, þá get ég ekki séð að það sem um er að ræða í þessu frumvarpi hafi nein áhrif á fæðingarorlofið svo langt sem ég get séð. Ég held að hv. þingmaður geti verið alveg róleg yfir því að við skerðum ekki tryggingagjaldið og tryggingastofninn á þann hátt að það hafi einhver áhrif á Fæðingarorlofssjóð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fæðingar- og foreldraorlof, 1. umr.*

Stjfrv., 428. mál (aðgreining umönnunargreiðslna og fæðingarorlofsgreiðslna). — Þskj. 516.

[20:41]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Frumvarpið tryggir samræmingu greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði annars vegar og umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hins vegar. Fram til þessa hafa greiðslur í fæðingarorlofi og réttur til umönnunargreiðslna ekki farið saman, þ.e. foreldrar sem átt hafa rétt til greiðslna í fæðingarorlofi hafa ekki á sama tíma átt rétt til umönnunargreiðslna. Úr þessu er bætt með frumvarpinu.

Hv. þingmenn þekkja vel forsögu þessa máls og hafa ítrekað tekið málið upp á Alþingi. Eftir að ég tók við embætti félagsmálaráðherra lét ég fara mjög vel yfir þessi mál og eftir þá yfirferð komst ég að þeirri niðurstöðu að þessar greiðslur væru samrýmanlegar í eðli sínu.

Þá vil ég rifja það upp að ég hét því í umræðum um málið á Alþingi 1. nóvember síðastliðinn að beita mér fyrir breytingum á lögum um fæðingar- og foreldraorlof á yfirstandandi þingi í þá veru að þessar greiðslur færu saman, og legg í samræmi við það fram frumvarp það sem hér um ræðir.

Tilgangur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og umönnunargreiðslna, á grundvelli 4. gr. laga um félagslega aðstoð, er ekki sá sami. Greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði er ætlað að mæta tekjumissi foreldra er þeir annast barn sitt í fæðingarorlofi, en umönnunargreiðslum er ætlað að mæta útgjöldum fjölskyldna sem rekja má til veikinda eða fötlunar barna.

Auk framangreinds efnis frumvarps þessa er nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum þar sem ákveðið hefur verið, í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, að fela Vinnumálastofnun vörslu Fæðingarorlofssjóðs. Fram að þessu hefur varsla sjóðsins verið hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hér er fyrst og fremst um að ræða tæknilega útfærslu í frumvarpinu í framhaldi af þeirri ákvörðun.

Þó er ein efnisbreyting sem felst í tillögum í tengslum við flutning verkefnisins til Vinnumálastofnunar. Fram til þessa hefur verið gerð skyldubundin krafa um að tryggingayfirlæknir endurmeti vottorð frá lækni um hvort lenging fæðingarorlofs eða lenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að Vinnumálastofnun verði heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðila um hvort slík lenging sé nauðsynleg. Er það því lagt í hendur framkvæmdaraðilans að meta hvort þörf sé á endurmati á vottorði læknis umsækjanda. Slíkt fyrirkomulag er í samræmi við ákvæði laga um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

Hæstv. forseti. Að lokinni 1. umr. legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[20:44]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef oft spurst fyrir um að hvert sé hlutverk umönnunargreiðslna. Mér hefur verið sagt að það sé til að standa undir kostnaði sem foreldrar verða fyrir, þar á meðal tekjumissi. Ég vil því spyrja hæstv. félagsmálaráðherra: Hefur verið kannað hvort sá kostnaður sé raunverulega til staðar sem umönnunarbótum er ætlað að greiða? Hve stór hluti umönnunarbóta er til greiðslu tekjumissis, hve stór hluti er ætlaður til greiðslu kostnaðar og hver er sá kostnaður?

Ef þeim er ætlað að dekka tekjumissi er náttúrlega eðlilegt að þær fari ekki saman við aðrar bætur sem er ætlað að mæta tekjumissi. Þetta skiptir töluverðu máli. Svo vildi ég spyrja hæstv. ráðherra að því: Hver er fjárhæð umönnunarbóta almennt?

[20:45]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal spyr mig um tölur sem ég verð því miður að viðurkenna að ég er ekki með við höndina. En ég skal sjá til þess að þær upplýsingar berist til félagsmálanefndar þar sem hv. þingmaður á sæti og mun væntanlega fjalla um málið.

[20:45]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég spurði einnig að því hvort fyrir lægi könnun á því hvað stór hluti af umönnunargreiðslunum fer í kostnað og hvað stór hluti í laun.

[20:45]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ekki kunnugt um að þær upplýsingar liggi fyrir en ég mun láta athuga það nánar, þannig að upplýsingar um það fáist í félagsmálanefnd.

[20:46]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því ákvæði sem er að finna í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, um að loksins sé viðurkennt að greiðslur í fæðingarorlofi og réttur til umönnunargreiðslna geti farið saman og séu samrýmanlegar. Tekist hefur verið á um það í sölum Alþingis á umliðnum árum og raunar allt frá því að fæðingarorlofslögin voru sett.

Við höfum margsinnis lagt fram rök fyrir því af hverju svo ætti að vera. Ætli það séu ekki þrír ráðherrar í stóli félagsmálaráðherra sem við höfum brýnt til að breyta þessu og viðurkenna að umönnunargreiðslur séu sérstakar greiðslur vegna umönnunarþarfa fatlaðra barna. Það er aukakostnaður vegna þeirra. Það er loksins nú að við erum að sjá árangur af því. Þetta er komið í frumvarpsbúning frá hæstv. félagsmálaráðherra. Því ber að fagna að hæstv. félagsmálaráðherra, Magnús Stefánsson, hafi fljótlega eftir að hann kom í stól ráðherra viðurkennt þetta, sem aðrir félagsmálaráðherrar höfðu ekki gert á undan honum. Þeir ræddu um að þetta mál yrði skoðað og kannað fram og til baka án þess að við sæjum nokkra niðurstöðu af slíkum athugunum.

Þetta hefur orðið til þess, virðulegi forseti, að fjöldi barna og foreldrar þeirra sem hefðu með réttu, ef þau rök sem nú eru viðurkennd hefðu verið viðurkennd fyrr, hafa misst umönnunargreiðslur. Það munar um þessar greiðslur fyrir foreldra fatlaðra barna. Greiðslurnar eru misháar, það fer eftir umönnunarþörf barnanna. En í svari við fyrirspurn minni um þetta efni fyrir nokkrum árum kom fram að á einu ári væri öruggt að að minnsta kosti einhverjir tugir barna hefðu átt rétt á þessum umönnunarbótum ef þær hefðu verið viðurkenndar sem samrýmanlegar fæðingarorlofsgreiðslum. Við erum að tala um að tugir foreldra fatlaðra barna hafi verið án umönnunargreiðslna sem þeir sannanlega áttu rétt á.

Rökin í dag, sem viðurkennd er í því frumvarpi sem við fjöllum um hérna, voru vissulega þau sömu þegar við fjölluðum um málið fyrir nokkrum árum síðan. Manni finnst næstum því að koma hefði átt til skoðunar hvort þetta hefði ekki átt að greiðast afturvirkt til foreldra sem ekki fengu þessar umönnunargreiðslur meðan menn viðurkenndu ekki réttlætið í því að þær væru samrýmanlegar fæðingarorlofsgreiðslunum.

Það væri út af fyrir sig, virðulegi forseti, mjög freistandi að ræða ýmsa ágalla á fæðingarorlofslögunum við þetta tækifæri. Ég harma það hve seint hæstv. ráðherra kemur með þetta mál, nokkrum dögum áður en þingið fer í jólaleyfi. Það hefði verið æskilegt að við fengjum málið fyrr inn í þingið og til félagsmálanefndar til þess að við hefðum tíma og tækifæri til að fjalla um ýmsa ágalla sem hafa komið í ljós á fæðingarorlofslögunum, og ekki síst vegna breytinga sem gerðar voru á þeim, að mig minnir, á 130. löggjafarþingi. Það hefur alltaf komið betur og betur í ljós að þær hafa orðið til að skemma mikið þessa annars ágætu löggjöf.

Þeir eru orðnir ófáir póstarnir sem ég hef fengið frá fólki sem lent hefur í miklum skerðingum, m.a. vegna breytinga á viðmiðunartímabilinu. Fólk er farið að sjá að það sem við héldum fram á 130. löggjafarþingi, þegar þáverandi félagsmálaráðherra kom fram með þessar skerðingar, að þetta mundi leiða til þess að fæðingarorlof yrði ekki 80% af launum heldur, af því að tímabilið var lengt og miðað við allt að þriggja ára gamlar tekjur, mundu greiðslurnar fara niður í undir 70% af launum. Þetta hefur orðið staðreynd. Við nefndum tölurnar á 130. löggjafarþingi sem ASÍ setti fram, BSRB setti fram og fleiri aðilar sem sáu fyrir sér afleiðingarnar af þeim lagabreytingum sem þá voru gerðar.

Ég hefði sannarlega viljað hafa tíma til að fara rækilega ofan í málið í félagsmálanefnd svo við getum öll gert okkur grein fyrir afleiðingunum af þessum breytingum. En ég ætla mér ekki að tefja þetta mál. Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að greiða leið þessa máls í gegnum þingið.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra um aðrar tegundir greiðslna í Tryggingastofnun sem við höfum vakið athygli á að þyrfti að skoða líka. Það eru greiðslur sem ekki eru taldar samrýmanlegar fæðingarorlofsgreiðslum og snúa að öryrkjum. Við bentum t.d. á að réttur öryrkja til lífeyrisgreiðslna fellur niður í fæðingarorlofi. Við bentum á það á 130. löggjafarþingi að þannig gætu t.d. öryrkjar í mörgum tilvikum skerst svo, þegar þeir fara í fæðingarorlof, að hlutfall fæðingarorlofsgreiðslna af lífeyrisgreiðslum sem falla niður gæti farið niður í 60–65%. Meira en hjá öðrum sem missa greiðslurnar niður í 70%.

Þegar við vöktum athygli á þessu, m.a. varðandi umönnunargreiðslur sem verið er að leiðrétta núna, að þá vöktum við líka athygli á þessum annmörkum á lögunum. Því var lofað af þáverandi félagsmálaráðherra að taka á því vegna þess að starfsfólk hans í ráðuneytinu og ráðherrann reyndar sjálfur viðurkenndi að þetta væru ágallar á löggjöfinni sem þyrfti að skoða. En við höfum ekki séð neina leiðréttingu á því þótt þrjú ár séu liðin frá því að við bentum á þetta.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Geta öryrkjarnir átt von á leiðréttingu þannig að tekjur þeirra skerðist ekki eins og ég hef hér lýst? Hefur félagsmálaráðuneytið gefist upp við að leiðrétta þessa ágalla eða telur ráðherra bara allt í lagi að þessir ágallar séu á löggjöfinni?

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra um hvað hann segir um áhrifin af breyttu viðmiðunartímabili. Hvaða augum lít-

ur hæstv. ráðherra áhrif þessara viðmiðunartímabila á löggjöfina, að tekjur fólks í fæðingarorlofi verði ekki 80% af launum heldur fari þau niður í 70%? Er það eitthvað sem hæstv. ráðherrann væri tilbúinn að skoða þótt það sé ekki nákvæmlega í tengslum við þetta frumvarp? Væri hann t.d. tilbúinn að skoða það að loknu jólaleyfi þingmanna, að við gætum þá farið ofan í þetta? (**Gripið fram í:** Hvaða jólaleyfi?) Já, það er alveg rétt hjá hv. þingmanni, en ég skal þá bara nefna janúarmánuð. Væri hann tilbúinn að skoða það í janúarmánuði og fara yfir það í rólegheitum hvort sé ekki ástæða til að skoða þær miklu skerðingar sem hafa orðið á fæðingarorlofsgreiðslunum?

Ég held að það sé farið að sýna sig, og væri fróðlegt að koma með fyrirspurn til ráðherrans um það efni, að þegar fæðingarorlofsgreiðslurnar eru skertar þá birtist það fyrst og fremst í því að karlmenn munu síður taka fæðingarorlof, þegar búið er að skerða þær með þessum hætti. Ég býst við að þetta hafi þau áhrif. Mér finnst mikil synd ef búið er að eyðileggja fæðingarorlofslögin með þeim hætti sem ég hef lýst. Ég býst við að þau séu ein af fáum rósum í hnappagat þessarar ríkisstjórnar frá því hún settist að völdum 1995, þ.e. fæðingarorlofslögin. Maður hefði haldið að þeir hefðu ákveðinn metnað til að kroppa ekki í þá löggjöf með þeim hætti að skerða réttindin svo mikið sem raun ber vitni.

Félag einstæðra foreldra hefur líka vakið athygli á því að þeir eiga bara rétt á sex mánaða fæðingarorlofi og margir hafa álitið rétt að skoða aukin réttindi einstæðra foreldra.

Síðan er ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort við megum eiga von á frambróun að því er varðar fæðingarorlofslöggjöfina. Þá er ég ekki að tala um leiðréttingu á þeim annmörkum sem hafa komið fram heldur hvort það sé á borði hæstv. ráðherra að skoða leiðir sem við í Samfylkingunni höfum lagt til í þinginu með tillögu þar að lútandi, þ.e. að skoða í samráði við sveitarfélögin hvernig hægt sé að lengja fæðingarorlofið í áföngum, t.d. í 15 mánuði. Á móti mundu sveitarfélögin skoða það að börn gætu fyrr komist á leikskóla. Nú er yfirleitt miðað við 18 mánaða aldur en þá verði miðað við 15 mánaða aldur.

Þetta væri það besta sem hægt væri að gera fyrir ungbarnafjölskyldur í landinu í dag í stað þess að vera að festa í sessi heimagreiðslur sem ýmis sveitarfélög hafa verið að taka upp, sem gætu orðið til þess að seinka frambróun á fæðingarorlofslöggjöfinni og því að sveitarfélögin komi til móts við ungbarnafjölskyldur með því að gefa fyrr rétt á leikskólaplássi.

Ég fer aðeins út fyrir efni þessa frumvarps en þetta snertir jú allt rétt ungbarnafjölskyldna sem hér er um að ræða. Ég held að það sé allt í lagi að taka smátíma á þessu kvöldi til að ræða þetta brýna mál sem snertir stöðu ungbarnafjölskyldna. Ég ítreka hins vegar að ég ætla ekki, við meðferð þessa máls í þinginu, að tefja framgang þess með einum eða öðrum hætti, enda hef ég lagt mig fram um það á umliðnum árum að fá í gegn þá breytingu sem er í frumvarpinu, breytingu sem mun bæta verulega stöðu foreldra fatlaðra barna sem hafa fengið umönnunargreiðslur.

Ég vildi spyrja um eitt í frumvarpinu í lokin, þ.e. varðandi það að flytja framkvæmd fæðingarorlofs til Vinnumálastofnunar. Ég hef ákveðnar áhyggjur af því að sífellt skuli hlaðið auknum verkefnum á Vinnumálastofnun án þess að hún fái tilsvarandi fjármagn til að standa undir þeim verkefnum. Við sjáum að verkefnin hlaðast á hana, t.d. vegna innflytjenda. Nú á að fara að setja á hana verkefni samkvæmt fæðingarorlofslögunum. Ég spyr: Hver er skoðun Tryggingastofnunar ríkisins á þessum flutningi verkefna? Var þetta gert í sátt og samlyndi við Vinnumálastofnun og taldi hún sig fá eðlilegt fjármagn til að standa undir þessu verkefni? Var samhliða þessu tilfærsla á fjármagni frá Tryggingastofnun til Vinnumálastofnunar til að Vinnumálastofnun gæti sinnt verkefninu með eðlilegum hætti?

Þar fyrir utan er ég ekki sannfærð um það og hef ekki séð nein sérstök rök fyrir því að Vinnumálastofnun hafi verkefnið með höndum fremur en Tryggingastofnun ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu lengur en ég hef lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra og vænti þess að fá svör þeim í þessari umræðu.

[21:00]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði að umræðan gæti dregist eitthvað, jafnvel fram yfir jól vegna stórra mála sem hið háa Alþingi á eftir að ræða. Þá á hv. þingmaður væntanlega við RÚV-frumvarpið. Mér skilst að menn ætli að ræða það mjög ítarlega.

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hún óttist ekki afdrif góðra mála, eins og við ræðum hér að hennar mati, í þeirri orrahríð. Er hugsanlegt að þau liggi óbætt hjá garði þegar upp er staðið?

Mörg góð mál, ég nefni t.d. virðisaukaskattslækkun á matvæli sem margir eru hlynntir og þetta mál og mörg önnur, kunna að frestast og jafnvel liggja óbætt hjá garði ef umræðan um RÚV verður mjög langdregin. (**ÖS:** Hún verður það.)

[21:01]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Frammíkall utan úr sal minnti mig áðan á að mörg mál væru eftir órædd í þinginu á þeim stutta tíma sem hefðum til umráða. Ég býst við að margir deili þeirri skoðun að það verði erfitt, á þeim stutta tíma sem við höfum fram að jólaleyfi ef það verður þá eitthvert jólaleyfi, að afgreiða öll þau mál sem fyrir okkur hafa verið lögð.

Hv. þingmaður verður að gera sér grein fyrir því að það er ekki við okkur í stjórnarandstöðunni að sakast þótt ráðherrar, hver á fætur öðrum, komi með hvert stórmálið á fætur öðru þegar nokkrir dagar lifa af þessu þingi. Ætli það séu ekki um fjögur mál, kannski fleiri, sem við eigum eftir að fá inn í efnahags- og viðskiptanefnd, sem hér eru til 1. umr. og eiga eftir að fara þar til meðferðar og eftir á að ræða í tveimur umferðum. Það er til skammar og til vansa fyrir þingið þegar mál koma svona seint fram, að það sé ekki hægt að senda þau til umsagnar með eðlilegum hætti til þeirra aðila sem vildu gjarnan fá að segja álit sitt á þeim málum.

Það er allt á mikilli hraðferð í gegnum þingið og gegnum nefndirnar. Mér finnst það, virðulegi forseti, til vansa og lítilsvirðing við þingið að framkvæmdarvaldið skuli bjóða okkur upp á að þurfa að hraða málum svo að varla sé

hægt að segja að þau fái eðlilega umfjöllun í nefndum. Þetta er staðan. Það er fyrst og fremst við stjórnarliða og ráðherra þessarar ríkisstjórnar að sakast varðandi það hve mörg mál koma seint inn. Við höfum engar útskýringar fengið á því að málin skuli koma svo seint inn.

Þetta er fyrst og fremst til vansa fyrir þingið, að það skuli láta löggjafarvaldið bjóða sér upp á slíkt. Það þarf að mínu viti að fara að setja tímamörk á frumvörp frá ráðherrum, á hve seint fyrir jólaleyfi þau megi koma fram. En ég fullvissa hv. þingmann um að ég geri allt sem hægt er til að þetta tiltekna mál komist í gegnum þingið.

[21:03]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það séu engin vandkvæði á því fyrir þingið að afgreiða þessi góðu mál á þeim tíma sem er til jóla, það óttast ég ekki. En ég tek undir gagnrýni hv. þingmanns á hæstv. ríkisstjórn varðandi mál sem koma svo seint fram.

En ég vildi velta upp því sem menn kalla málþóf, þar sem menn tala kannski í marga klukkutíma um mál sem búið er að ræða tvisvar eða þrisvar áður, t.d. RÚV-málið. Öll sjónarmið hafa komið fram, hvert einasta og búið að tína til öll rök, með og á móti. Ekkert nýtt mun koma fram í þeirri umræðu sem hér hefur verið haldið fram að muni taka marga sólarhringa.

Ég velti fyrir mér hvort það sé forsvaranlegt af stjórnarandstöðunni að stunda málþóf á sama tíma og við hefðum góðan tíma til að ræða góð mál eins og þau sem við ræðum hér. (**ÖJ:** Af hverju gerir maðurinn það ekki?)

[21:05]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil ekki af hverju hv. þingmaður kemur í ræðustól, þar sem við erum að ræða um réttindamál fyrir foreldra sem fá umönnunarbætur, og skuli eyða tíma sínum, ekki í að ræða umræðuefnið heldur til að ræða RÚV, sem hann er ásakar okkur í stjórnarandstöðunni um að ræða allt of mikið, eins og mér fannst á hv. þingmanni.

Auðvitað ræðum við það mál eins og önnur þar til við teljum að við höfum fengið þau svör við spurningum okkar sem við þurfum að fá. Það eru alltaf að koma upp nýjar og nýjar hliðar á því máli.

Ég hefði heldur kosið, virðulegi forseti, að hv. þingmaður nýtti tíma sinn til að ræða þetta brýna réttlætismál sem við sjáum loksins ná höfn, sem ríkisstjórnin hefur drattast með í mörg ár án þess að leiðrétta það. Þetta er mikið sanngirnismál.

Ég vænti þess líka, af því hv. þingmaður hefur áhyggjur af því að málin komist ekki öll í gegnum þingið, að hann sé sammála mér um að við ættum að velta því fyrir okkur að setja ráðherrum ákveðin tímamörk, þegar þeir vanvirða löggjafarþingið ítrekað með því að leggja stóra og mikla lagabálka fram hér rétt fyrir þingfrestun.

Það getur vel verið að hv. þingmanni finnist allt í lagi að vera á hraðferð með þau mál sem koma til efnahags- og viðskiptanefndar og við höfum ekki einu sinni tíma til að senda þau til umsagnaraðila. En ég hef þann metnað fyrir hönd þingsins að fjallað sé vel og faglega um málin í nefndum og mun fylgja því áfram. Ég mun halda áfram að kvarta, bæði við stjórnarliða og hv. formann efnahags- og viðskiptanefndar, ef málum er hagað með þeim hætti að við höfum ekki tíma til að fjalla vel og vandlega um þá löggjöf sem sett er á Alþingi og leyft umsagnaraðilum, sem eiga að hafa sitt að segja um málin, að fá að fjalla um þau einnig.

[21:07]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu um þetta mál eða lengja umræðuna, enda ekki efni til þess í sjálfu sér. Ég vil fyrst og fremst taka undir það með síðasta ræðumanni að það er fagnaðarefni að þetta frumvarp skuli loksins komið fram til að kippa þessu tiltölulega einfalda og sjálfsagða máli í liðinn.

Þessi ágalli á framkvæmd þessara mála hefur stungið í augu. Hann er að sjálfsögðu ekki sá eini sem benda má á, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur farið yfir. Það mætti taka upp margt úr framkvæmd og lögunum um fæðingarorlof og fleiri tengd atriði ef út í það væri farið. En ég hygg þó að flestum hafi fundist þetta einna ámátlegast og ankannalegast, að þessar greiðslur, sprottnar af tvennum ólíkum ástæðum, skyldu ekki passa saman í framkvæmd laganna þannig að menn misstu annað ef hitt kæmi til.

Enn merkilegra er þetta þegar maður horfir á hvað liggur á bak við í útgjöldum. Það er ekki eins og það hafi verið ástæða til að þvælast mikið fyrir í þessu máli af hálfu framkvæmdarvaldsins eða ríkisstjórnarinnar, eða hverjum við eigum að kenna um þetta. Þegar það er skoðað sést að málið snýst um tiltölulega litla fjármuni, þ.e. í útgjöldum talið fyrir ríkið, nokkra tugi milljóna kr. sem það getur komið til með að kosta að þessar greiðslur geti fallið til samtímis hjá þeim sem þannig háttar til um.

Hitt er alveg ljóst, að það getur munað verulega um þetta fyrir viðkomandi einstaklinga. En þó er það ekki síður einfaldlega grundvallaratriði málsins að þessir hlutir séu í lagi, að menn séu ekki með tengingar eða krossa af þessu tagi í löggjöfinni. Nóg er samt af tekjutengingum og öðrum slíkum hlutum sem skerða oft og tíðum með ósanngjörnum hætti eina greiðslu ef aðrar koma til, eða við tekjuöflun eða annað í þeim dúr.

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna þessu frumvarpi þótt seint sé fram komið og það vefst vonandi ekki fyrir mönnum að afgreiða það.

Af því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði spurningar fyrir hæstv. félagsmálaráðherra þá leyfi ég mér að bæta einni við. Hún er ósköp einfaldlega um flutning á vistun Fæðingarorlofssjóðs. Mér leikur hugur á að vita hver eru meginrökin fyrir þeirri tilfærslu. Ég hef að sjálfsögðu ekki neitt á móti því og svo sem getur margt mælt með því að Vinnumálastofnun annist frekar vörsluna en Tryggingastofnun ríkisins, enda fæðingarorlofslöggjöfin og varsla sjóðsins nátengd vinnumarkaðsmálum og aðilum vinnumarkaðarins eins og kunnugt er. Þó væri ástæða til að heyra hvers vegna farið er í þessa breytingu sem óumdeilanlega fylgir nokkur kostnaður á meðan tilfærslan á sér stað, tímabundinn kostnaður sem væntanlega skilar sér þá í betri og skilvirkari framkvæmd sem hlýtur að vera ein helsta röksemdin fyrir því að fara út í þessa kerfisbreytingu.

Það kann að vera að ráðherra hafi eitthvað komið inn á þetta í framsöguræðu sinni, sem ég náði því miður vegna truflunar í hliðarsal ekki að fylgjast alveg með. En gott væri ef hæstv. ráðherra vildi vera svo vænn að fara yfir helstu röksemdirnar fyrir mig í þessu sambandi.

[21:11]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt ef síðasti háttvirti ræðumaður missti af framsöguræðu minni. (**SJS:** Ekki allri.) Nei, ekki allri. En við getum farið yfir það síðar ef hann hefur misst af einhverju bitastæðu. Ég vil þakka þessa umræðu og þann jákvæða hug sem birtist í ræðum hv. þingmanna gagnvart þessu máli, sem reyndar kemur ekki á óvart.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék nokkrum atriðum til mín í ræðu sinni. Eitt af því sem hún nefndi þar var að fæðingarorlofslögin væru ein af fáum rósum í hnappagat ríkisstjórnarinnar frá 1995. Ég er sammála henni um það að þetta mál er rós í hnappagat ríkisstjórnarinnar en það er svo fjarri því að hún sé ein af fáum. Á þessum tíma hefur margt gerst og eru margar rósir í barmi ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Heill blómvöndur.) Heill blómvöndur, og sennilega meira til.

En það er hins vegar rétt að þetta mál er jákvætt. Víða erlendis vekja lög um fæðingar- og feðraorlof mikla athygli. Fyrir nokkru var ég á ferð í Brussel þar sem ég hitti m.a. fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB. Á þeim bæ er mjög horft til þessara mála. Ég geri ráð fyrir að við munum líklega kenna Evrópusambandinu sitthvað í þessum málum. Þar er mikill áhugi á því að taka upp svipað fyrirkomulag.

Hv. þingmaður nefndi líka að þetta mál væri, ásamt fleiri málum, seint komið fram. Ég er sammála því og hefði gjarnan viljað að það kæmi fram mikið fyrr. En svona æxlast þetta og það dróst nokkuð að ganga frá í frumvarpsform. En ég ákvað að leggja málið fram og freista þess að fá það afgreitt. Ég veit að það er mikill samhugur meðal háttvirtra þingmanna um að gera það og tel það mjög gott því að málið er þess eðlis.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til mín nokkrum spurningum varðandi framkvæmd fæðingarorlofslaganna. Ég ætla ekki að fara í það allt í smáatriðum. En hún spurði hvort ég væri tilbúinn að fara yfir þessi mál og skoða með henni. Það er ég að sjálfsögðu tilbúinn að gera hvenær sem er og við finnum út úr því.

Hins vegar vil ég taka fram að ég hef sett af stað vinnu í félagsmálaráðuneytinu, nokkurra sérfræðinga um þessi mál, til að fara yfir ýmsar ábendingar og athugasemdir sem hafa komið fram um framkvæmd laganna. Sú vinna er farin af stað og við munum síðar sjá hvað kemur út úr því. En ég er tilbúinn að ræða þetta mál eins og öll önnur hvenær sem er við hv. þingmann. Ég veit að hún getur lagt gott til mála, oft á tíðum.

Síðan var spurt um það hver yrði framþróun þessara mála og hugsanlega lengingu fæðingarorlofs. Ég svaraði því fyrir stuttu síðan, m.a. í svari við fyrirspurn frá hv. varaþingmanni Birni Inga Hrafnssyni. Að sjálfsögðu tel ég koma til greina að lengja fæðingarorlofið út af fyrir sig. En ég ætla ekki að gefa fyrirheit um það hér og nú. Við vitum að töluverður kostnaður fylgir því og við þurfum að meta það hvernig við viljum forgangsraða útgjöldum o.s.frv. Við þurfum að horfa til ýmissa mála í velferðarkerfinu. Við þurfum að meta þetta í því samhengi. Ég held ég svari því þannig og nokkuð loðið kannski.

Síðan hafa komið hér fram vangaveltur um af hverju sé verið að færa vörslu Fæðingarorlofssjóðs frá Tryggingastofnun til Vinnumálastofnunar. Fyrir ári var tekin um það ákvörðun að segja upp samningi við Tryggingastofnun um þessi mál og færa til Vinnumálastofnunar. Ég held út af fyrir sig að það sé rökrétt eins og m.a. kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hér eru á ferðinni vinnumarkaðstengd mál og ég tel fara vel á Vinnumálastofnun haldi utan um þau.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi þessa umræðu ekki lengri. En félagsmálanefnd mun fjalla um málið og að sjálfsögðu fær hún allar þær upplýsingar sem óskað verður eftir. Ég vona síðan að það gangi hratt og vel að vinna frumvarpið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ættleiðingarstyrkir, 1. umr.*

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 517.

[21:16]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um ættleiðingarstyrki. Ég vil í upphafi geta þess og gera grein fyrir þeirri forsögu málsins að ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar sl. að hefja undirbúning að útfærslu greiðslna til foreldra sem ættleiða börn erlendis frá. Fyrrverandi félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, lagði tillögu þessa efnis fram í ríkisstjórn eftir að hafa farið yfir málið og menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að vista það í félagsmálaráðuneytinu. Þá hafa hv. alþingismenn lagt fram tillögu til þingsályktunar á nýliðnu þingi um styrki til foreldra er ættleiða börn frá útlöndum sem þingmenn margra flokka stóðu sameiginlega að.

Á grundvelli umfjöllunar ríkisstjórnarinnar um málið skipaði ég starfshóp til að útfæra í lög og/eða reglugerð reglur um styrki ríkisins til foreldra er ættleiða börn frá öðrum löndum. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til mín í nóvember sl. og var í skýrslunni gerð tillaga um tiltekið fyrirkomulag ættleiðingarstyrkja sem frumvarpið byggir á.

Lagt er til það nýmæli að kjörforeldrar sem ættleitt hafa erlent barn eða börn í samræmi við lög um ættleiðingar geti sótt um fjárstyrk úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn ættleiðingarstyrkja samkvæmt lögunum og er sú tillaga í samræmi við það sjónarmið að tengja þá styrki við umsýslu fæðingarstyrks sem greiddur er samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Jafnframt er lagt til að félagsmálaráðherra ákveði með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara en nú er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili verði Vinnumálastofnun. Ein meginástæða þess er það hagræði sem hlýst af því að hafa greiðslur styrksins hjá sama aðila og

hefur umsjón með greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Í frumvarpinu er lagt til að ættleiðingarstyrkur verði eingreiðsla sem greidd verði út samkvæmt umsókn kjörforeldra þegar erlenda ættleiðingin hefur verið staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi hefur verið gefið út hér í samræmi við ákvæði laga um ættleiðingar.

Jafnframt er gert ráð fyrir að kjörforeldrar sem hafa fengið útgefið forsamþykki í samræmi við lög um ættleiðingar eigi einir rétt á ættleiðingarstyrk. Þeim sem búsettir eru hér á landi er óheimilt að ættleiða barn erlendis nema stjórnvöld samþykki það með útgáfu forsamþykkis til ættleiðingarinnar og er því eðlilegt að miða rétt til styrksins við þá sem fá slíkt forsamþykki.

Einnig er rétt að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að ættleiðingarstyrkur verði aðeins veittur vegna ættleiðinga sem fara fram fyrir milligöngu löggilts ættleiðingarfélags. Samkvæmt 18. gr. reglugerðar um ættleiðingar er þeim sem óska eftir forsamþykki til að ættleiða erlent barn skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem hefur fengið löggildingu dómsmálaráðherra til að annast milligöngu um ættleiðingar milli landa. Þótt undantekningar finnist frá þeirri meginreglu í 19. gr. reglugerðarinnar þykir rétt að binda greiðslu styrksins við ættleiðingar sem fara fram fyrir milligöngu löggiltra ættleiðingarfélaga. Milliganga ættleiðingarfélags tryggir að ættleiðingin fari fram í samvinnu við hið erlenda ríki en það er grundvallaratriði þegar kemur að ættleiðingum milli landa. Af þessu skilyrði leiðir að svokallaðar fjölskylduættleiðingar falla utan ramma frumvarps þessa, en með því er átt við ættleiðingu á barni sem býr í öðru ríki en er í fjölskyldutengslum við eða er barn annars umsækjanda um ættleiðingu.

Hæstv. forseti. Við undirbúning frumvarpsins var óskað eftir sundurliðuðum upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu um heildarkostnað við að ættleiða erlend börn. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu nemur heildarkostnaður við að ættleiða barn frá Kína um 1,2 millj. kr., frá Indlandi um 1,1 millj. kr. og frá Kólumbíu um 1,4 millj. kr. Lagt er til í frumvarpinu að fjárhæð ættleiðingarstyrks nemi 480 þús. kr. Forsendur við ákvörðun fjárhæðarinnar voru þær að ætlunin væri að veita styrk sem kæmi til móts við heildarkostnað kjörforeldra vegna ættleiðinga en ekki að greiða þann kostnað að fullu. Við ákvörðun fjárhæðarinnar var í fyrsta lagi litið til ferðakostnaðar frá Íslandi til ættleiðingarlands. Í öðru lagi var litið til kostnaðar vegna ættleiðingarinnar í viðkomandi landi eða kostnaðar vegna opinberrar umsýslu í ættleiðingarlandi, auk kostnaðar vegna greiðslu til barnaheimilis erlendis, stimpilgjalda vegna ættleiðingar, þýðingar erlendis og útgáfu vegabréfs barns erlendis. Að lokum var í þriðja lagi litið til kostnaðar vegna uppihalds í ættleiðingarlandi.

Dæmi eru um að kjörforeldrar ættleiði erlendis fleiri en eitt barn samtímis og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að kjörforeldrum verði veittur styrkur vegna hvers barns umfram eitt sem nemur 20% af grunnfjárhæðinni. Ýmsar greiðslur sem áður voru greindar geta hækkað ef foreldrar ættleiða fleiri en eitt barn samtímis og því þykir rétt að fjárhæð styrksins taki mið af því.

Ástæða er til að taka fram að gert er ráð fyrir að ættleiðingarstyrkir verði veittir kjörforeldrum án tillits til fjárhagsstöðu þeirra. Mun það meðal annars einfalda til muna alla umsýslu vegna umsókna um styrki sem hefur í för með sér að kostnaður vegna umsýslunnar verður lítill og líkur á ágreinings- og kærumálum hverfandi.

Í þessu samhengi vakna spurningar um skattumhverfi ættleiðingarstyrks. Við undirbúning málsins náðist sátt um að leggja til að styrkirnir verði undanþegnir staðgreiðslu en slíkt kallar á breytingu á reglugerð fjármálaráðuneytisins um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Einnig er þörf á að breyta A-lið 30. gr. laga um tekjuskatt þannig að leyfður verði frádráttur frá tekjum sem byggist á sannanlegum kostnaði sem fólk þarf að standa undir við ættleiðingu barns. Gert er ráð fyrir að samhliða umfjöllun um þetta frumvarp verði litið til þeirra laga sem hér eru nefnd.

Að lokum, virðulegur forseti, er rétt að geta þess að lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar nk. og verði frumvarpið að lögum fyrir þann tíma eiga kjörforeldrar barna sem ættleidd verða eftir gildistöku laganna rétt til styrks samkvæmt lögunum. Við undirbúning frumvarps þessa var rætt um hvort aðeins ætti að greiða ættleiðingarstyrki vegna þeirra ættleiðingarmála er hefjast eftir gildistöku laga um ættleiðingarstyrki. Þótti það ekki æskilegt viðmiðunarmark enda gæti þá liðið langur tími þar til að útgreiðslu styrkja kæmi.

Hæstv. forseti. Það er mér mikið ánægjuefni að fá tækifæri til að leggja það frumvarp sem hér um ræðir fram á Alþingi. Ég tel að þetta sé mikið réttlætismál við að fylgja öllum öðrum Norðurlöndum í þessu efni. Þetta mál varðar grundvallaratriði í samfélaginu, einkum að tvennu leyti, annars vegar að því er varðar jöfnuð milli foreldra og barna hér á landi og hins vegar að því er varðar réttinn til fjölskyldulífs. Þá erum við jafnframt að færa þessum börnum mjög gott líf til frambúðar. Það finnst mér skipta máli í umræðu um þessi mál.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[21:23]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra var heldur borubrattur og rogginn með sig og hann má alveg vera það. Það frumvarp sem hæstv. ráðherra mælti hérna fyrir er árangurinn af töluvert langri vinnu sem bæði hann og forveri hans, Árni Magnússon, lögðu á sig. Sú vinna var unnin í kjölfar töluverðra umræðna á hinu háa Alþingi um þetta mál.

Eins og hæstv. ráðherra gat um kostar það drjúgan skildinginn að ættleiða barn erlendis frá. Hæstv. ráðherra nefndi sem dæmi að það kostaði nánast 1,5 milljónir að ættleiða barn frá Kólumbíu. Það eru þess vegna drjúgar fjárfestingar sem menn leggja í hvað varðar hamingju og heill þegar þeir gera það. En ég get nú sagt af eigin reynslu að ekki er hægt að finna nokkurt hlutabréf í öllum heiminum sem hægt er að ávaxta jafn vel og með slíkri fjárfestingu. Þar tala ég af góðri reynslu.

Ég vil segja strax að af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur komið fram í umræðum áður en þetta mál kom hingað, að hún er þess mjög fýsandi að málið gangi hratt og vel fyrir sig. Stjórnarandstaðan greiddi því atbeina sinn að það væri tekið á dagskrá með afbrigðum til þess í senn að sýna stuðning við málið og alkunna sáttfýsi sína gagnvart stjórn-

arliðinu. Ég segi það alveg klárt og kvitt að ég vil að málið verði afgreitt hið fyrsta og á þessu þingi og er jafnvel reiðubúinn til að gera svolítið hlé á málefnalegum, löngum og örugglega mjög fjörugum umræðum um Ríkisútvarpið til að það mætti nást.

Það frumvarp sem hæstv. ráðherra lýsti er að flestu leyti hugvitsamlega og vel gert. Ég er sammála ýmsu sem hæstv. ráðherra nefndi sérstaklega til að draga úr skriffinnsku, umstangi og umsýslu. Ég er mjög ánægður með það skattumhverfi sem hæstv. ráðherra ætlar þessum lögum að frumvarpinu samþykktu að hvíla í.

Það er einungis einn skavanki á frumvarpinu sem ég ætla að finna að, hann er dálítið grófur en sem betur fer varðar hann fáa. Ég þekki það af mínu ágæta samstarfi við hæstv. félagsmálaráðherra og formann félagsmálanefndar að þeir eru örugglega reiðubúnir til að skoða út í hörgul hvort ekki sé hægt að ráða bót á því. Í máli ráðherrans kom fram að í einni grein frumvarpsins, 5. gr., síðustu málsgrein, kemur skýrt fram að einungis er ætlast til að ættleiðingarstyrkur sé veittur vegna ættleiðinga sem fara fram fyrir atbeina eða milligöngu löggilts ættleiðingarfélags. Í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga að reynt sé að tryggja allt í tengslum við ættleiðingar. Ég hef sjálfur barist fyrir því á Alþingi að Íslendingar, með samþykki Alþingis, staðfestu Haag-sáttmálann sem girðir í veg fyrir kaupskap og jafnvel rán á börnum eins og því miður eru dæmi um enn í dag, og þá var í gadda slegið að forsamþykki til ættleiðingar yrði einungis veitt í gegnum löggilt ættleiðingarfélög, þ.e. Íslenska ættleiðingu, sem hefur staðið sig ákaflega vel.

Á þeim tíma þegar lögin sem nú gilda um ættleiðingar voru samþykkt á grundvelli Haag-sáttmálans voru nokkrir úfar hér í þingsal vegna þess að afráðið var að beina ættleiðingum með þessum hætti í farveg eins félags. Ástæðan var sú að margir hafa farið þá leið að ættleiða af eigin sjálfsdáðum og frumkvæði, ég er einn af þeim til dæmis. Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að hafa val hvort þeir fara í gegnum félag eða eftir sínum eigin leiðum.

Látum það nú vera hvaða skoðanir ég hef á því. Ég vil hrósa sérstaklega hæstv. dómsmálaráðherra, Birni Bjarnasyni, fyrir að þó að þetta sé meginreglan hefur hún verið túlkuð svo af hálfu dómsmálaráðuneytisins að ef hægt er að ganga úr skugga um að sérstök tengsl séu millum hinna væntanlegu foreldra og lands sem ættleiða á frá, þá hefur forsamþykki fengist frá ráðuneytinu en að sjálfsögðu einungis þegar búið er að grafast vandlega fyrir um hvort foreldrar séu hæfir og sömuleiðis þegar búið er að grafast fyrir um, fyrir atbeina hins íslenska stjórnvalds í hinu erlenda landi, þ.e. utanríkisþjónustunnar, og staðfesta að allt sé með felldu. Þetta hefur gerst á síðustu árum í einhverjum tilvikum og það er mjög vel. Mér finnst að sú leið sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur farið í þessu efni sameini þetta hvort tveggja, þ.e. að meginstraumur ættleiðinga liggur í gegnum hið löggilta ættleiðingarfélag en það er samt ekki girt fyrir að menn geti fyrir eigin atbeina ættleitt barn við sérstakar aðstæður og að fengnum tryggum upplýsingum um að öllum skilyrðum af hálfu íslenskra stjórnvalda sé fullnægt.

Þess vegna skýtur það skökku við að í 3. mgr. 5. gr. og sömuleiðis í greinargerðinni um þá málsgrein komi það algjörlega skýrt fram að greiðslur þessa styrks eigi að binda við ættleiðingar sem fari fram fyrir milligöngu þessa félags. Það þýðir að ef einhver ætlar sér að ættleiða frá landi sem hið íslenska ættleiðingarfélag hefur ekki formleg tengsl við fær hann ekki styrkinn. Hann gæti samt sem áður fengið áfram leyfi dómsmálaráðuneytisins. Það vill svo til að slík dæmi liggja á borðinu. Ég get greint frá því að dæmi er um hjón sem hafa ættleitt barn frá landi þar sem íslenskur embættismaður sem starfar í sendiráði Íslands í því landi hafði gengið úr skugga um að allt væri með felldu með þá stofnun sem barnið var fengið frá og sömuleiðis með þá tilhögun sem var á ættleiðingunni. Það barn er komið, við höfum samþykkt það sem ríkisborgara og það er orðið þriggja ára gamalt. Þessir foreldrar hafa hug á því að verða sér úti um systkini við þetta barn frá sama stað. Það þýðir að foreldrarnir mundu ekki fá þennan styrk. Það er ekki jafnræði, það er ekki sanngirni og ég er viss um að allir sem hlusta á þetta eru mér sammála um það.

Ég veit hins vegar nákvæmlega af hverju menn gera þetta. Þeir eru að girða fyrir að greiddir verði út ættleiðingarstyrkir vegna svokallaðra fjölskylduættleiðinga þar sem verið er að ættleiða barn einstaklings sem hefur flust frá öðru landi og gifst hingað. Ég er algjörlega sammála því. Það er um allt annars eðlis ættleiðingar að ræða þá. Það er með engu móti hægt að segja að þó að það sé gert sé verið að brjóta einhvers konar jafnræði. En í því tilviki sem ég lýsti áðan er alveg örugglega verið að gera það. Ekki mundi vera um mikinn kostnað að ræða fyrir íslenska ríkið því að ég hygg að það sé að meðaltali tæplega eitt barn á ári sem kemur hingað með þeim hætti. Þeim fer fækkandi vegna þess að Íslensk ættleiðing er að verða sér úti um tengsl við fleiri lönd. En jafnvel stór lönd eins og Rússland þar sem af ýmsum ástæðum er mögulegt fyrir íslenska foreldra að ættleiða barn frá eru ekki formleg tengsl við það land. Það þýðir t.d. að þó að rússnesk stjórnvöld og rússneskar stofnanir séu af vilja gerðar og margir íslenskir foreldrar vildu vafalítið njóta þess, þá mundi ekki vera hægt að fá styrk til að standa straum af kostnaði við það jafnvel þó að íslenska dómsmálaráðuneytið mundi veita forsamþykki, eins og dæmi eru um.

Nú er það svo að ekki eru mörg lönd í heiminum reiðubúin til að ættleiða út úr landinu börn sem eru foreldralaus og þeim jafnvel fer fækkandi. Í sumum þeirra landa þar sem slíkt þjóðarörlæti hefur verið einkennandi fyrir viðhorf til ættleiðinga, eins og Kólumbíu, er nú tekist á um hvort leyfa eigi það áfram. Í öðrum löndum Suður-Ameríku, sem nokkrir góðir íslenskir ríkisborgarar hafa komið frá, t.d. Gvatemala, er búið að loka á það. Á móti hafa opnast lönd sums staðar eins og Rússland, sem ég nefndi áðan. Ég held að ekki sé hægt að brjóta með þessum hætti gegn rétti fólks sem fullnægir skilyrðum yfirvalda og fellur ekki undir fjölskylduættleiðingar, það hlýtur að standa jafnfætis þeim sem fara í gegnum hið löggilta félag.

Þetta vildi ég leggja inn í umræðuna, frú forseti. Ég vona að þetta verði skoðað í nefndinni og ég áskil mér allan rétt til að leggja fram breytingartillögu er þetta varðar ef ekki tekst samstaða um það í nefndinni. Ég held að menn hljóti að leggja það á sig að breyta þessu á þann hátt því að það hlýtur að vera leið til þess án þess að um leið sé verið

að opna fyrir það sem ég nefndi áðan, þ.e. fjölskylduættleiðingarnar, sem allt annað mál gildir um.

[21:33]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Nú rignir yfir okkur góðum málum af ýmsum toga. Ég vona fyrir hönd þeirra sem vilja að þau nái fram að ganga að málþóf í kringum RÚV-málið tefji ekki framgang þeirra. Hins vegar verð ég að benda á að þó að til sé nógur peningur alls staðar í dag og ríkissjóður yfirfullur af peningum og afgangur á hverju ári, sem væntanlega er að einhverju leyti að þakka ríkisstjórninni og hennar starfi í tólf ár sem hefur borið ríkulegan ávöxt fyrir land og þjóð og launþega, þá er ekki náttúrulögmál að svo verði um alla framtíð, að það verði eilífur vöxtur á tekjum ríkissjóðs og endalaust hægt að auka útgjöldin.

Ef vinstri stjórn kæmist til valda, frú forseti, sem mundi sólunda öllum þessum sjóðum á stuttum tíma, eins og oft tekst til, kæmi að því að skera þyrfti niður. Það er oft mjög sársaukafullt. Það mál sem við ræðum er eitt af þeim dæmum sem ég tel og hef fært fyrir rök áður að engin rök séu fyrir, þ.e. að veita þessa styrki. Það fólk sem ættleiðir er eðli málsins samkvæmt búið að bíða eftir því að eignast barn nokkurn tíma, þrjú eða fjögur ár. Ég þekki þetta af vissum ástæðum mjög vel. Það hefur kannski beðið í þrjú, fjögur, fimm ár, jafnvel í tíu ár, og á þeim tíma hefur það fólk búið eitt sér og væntanlega safnað eignum. Það er a.m.k. mín reynsla af þeim sem ég þekki. Það fólk er yfirleitt mjög vel sett fjárhagslega eftir fjögurra, fimm ára eða tíu ára hjúskap, barnlaust. Hafi þau ekki safnað hálfri milljón, sem svarar þessum styrk, eða einni milljón til að ættleiða barn þá setur maður spurningarmerki við hvort þau geti alið barnið upp, hafandi verið barnlaus í fimm til tíu ár. Þar fyrir utan er gleðin af því að ættleiða barn margfalt meiri og hjal um hálfrar milljónar króna styrk er hjákátlegt, frú forseti.

Ég bendi á að hér á að taka upp styrki án tillits til tekna eða eigna. Þar er borið við einföldun, frú forseti. Það mætti aldeilis gera það víðar, t.d. hjá Tryggingastofnun til samræmis, til einföldunar, að vera ekkert að kafa ofan í tekjur og eignir fólks. Það mætti gera það nánast alls staðar í skattkerfinu ef mönnum er svo umhugað um að einfalda stjórnsýsluna og vesenið. Mér finnst undarlegt að veita hálfrar milljónar krónu styrk án þess að vita hvort fólkið á 100 milljónir í eignum eða er með milljón á mánuði í tekjur.

Einu rökin sem ég sé fyrir styrknum eru þau að ættleiðing sparar íslenska ríkinu fæðingar- og meðgöngukostnað. Mæðraeftirlit og fæðingarkostnaður er nokkur og það má færa rök fyrir því að þetta spari þann kostnað. Hann er kannski 300 þús. kr. samanlagt, ég þekki það ekki nákvæmlega. Það væru kannski rök en þau eru dálítið ankannaleg. Það mætti þá líka segja að þeir útlendingar sem flytja til landsins og sækja um íslenskan ríkisborgararétt ættu líka að fá styrk af því að þeir spöruðu ríkinu fæðingarkostnað.

Ég er á móti þessu máli. Ég tel ekki þörf á því, þetta sé ekki fólk sem hafi þörf fyrir styrk og bætur. Gleðin yfir því að eignast barn er miklu meira virði en styrkur frá ríkinu. Þar fyrir utan, frú forseti, gerist það að um leið og svona styrkur er settur upp þá koma kvaðirnar, t.d. að menn þurfi að ættleiða í gengum Íslenska ættleiðingu, sem hefur gert samning við örfá ríki en ekki öll. Ef einhverjum byðist, t.d. í Rússlandi, Póllandi eða annars staðar, að ættleiða barn af einhverjum ástæðum þá gæti hann ekki ættleitt það í gegnum Íslenska ættleiðingu og fengi þar af leiðandi ekki styrk. Ég býst við að það hafi ekki nein áhrif. Ég reikna ekki með að það hafi áhrif á viðkomandi aðila. Hann mun að sjálfsögðu ættleiða barnið hvort sem hann fær styrk eða ekki. Ég get ekki ímyndað mér að þetta skipti neinu máli. Ég skil ekki þessa baráttu hjá fólki, að leita stöðugt til ríkisins um alla mögulega og ómögulega hluti, jafnvel þótt engin þörf sé fyrir það.

Ég er á móti þessu máli og vara við því hve reiðubúnir menn eru til að leita alltaf til ríkisins, þ.e. í vasa samborgara sinna, til þess að borga alls konar hluti sem þeir vilja ná fram sjálfir í einkalífi sínu. Ég vil að menn horfi frekar á sjálfa sig í því sambandi. Ég fullyrði að þá sem ættleiða börn munar yfirleitt ekki um kostnaðinn við ættleiðinguna. Kostnaðurinn er ekki nema hálft bílverð, frú forseti.

[21:39]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki vanur að gefa ræðum hv. þingmanna einkunnir en þetta var einhver aumasta ræða sem ég hef heyrt af vörum nokkurs þingmanns. Hún kemur því miður ekkert á óvart því að hv. þingmaður leggst gjarnan gegn ýmsum sanngirnismálum. Ég rifja t.d. upp þegar hv. þingmaður ónýtti samstöðu í efnahags- og viðskiptanefnd um árið þegar nefndin að öðru leyti var sammála um að undanþiggja gjafir til líknarfélaga erfðaskatti. En látum það vera.

Allra vitlausasta í þessari ræðu var þegar hann fór að fjasa um, eðaýja að því a.m.k., að stjórnarandstaðan væri með einhverjum hætti að reyna að eyðileggja þetta mál með málþófi um Ríkisútvarpið. Herra trúr, þetta mál væri ekki á dagskrá nema vegna þess að stjórnarandstaðan ýtti því á dagskrá. Hún hefur gert allt sem í hennar valdi stendur til að greiða för málsins með góðu samstarfi við hæstv. ráðherra um málið. Þau rök sem hv. þingmaður tíndi til áðan gegn styrkjum af þessu tagi eru svo gjörsamlega út í hött að það tekur því varla að ræða þau.

Sem betur fer er hjartalagið í Sjálfstæðisflokknum almennt töluvert öðruvísi en það sem birtist í ræðunni hér áðan. Þar er fullt af fólki sem vill horfa af sanngirni á mál. Það getur vel verið að hv. þingmanni finnist ekki merkilegt að ríkið styrki með þessum hætti fólk sem þarf að sækja til erlendra ríkja til þess að verða sér úti um það sem hv. þingmaður sagði þó réttilega að skipti mjög miklu máli varðandi hamingju og heill. Fólk sem hefur beðið árum saman eftir því að geta eignast börn, í sumum tilvikum allt að tíu ár sagði hv. þingmaður að hefði safnað miklum auði á meðan. Þetta fólk hefur borgað mikla skatta. Þeir skattar hafa m.a. farið í að rækta önnur börn í íslensku samfélagi. Það er hægt að finna fullt af rökum til að skjóta stoðum undir þetta þjóðþrifamál sem allir styðja nema hv. þingmaður.

[21:42]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Hið sama gildir um þetta frumvarp og málið sem var á dagskrá næst á undan þessu að ég kem fyrst og fremst í ræðustól til að fagna því og þakka fyrir að það skuli loksins lagt fyrir þingið. Hér er ekki svo stórt mál á ferð sé það mælt í fjármunum né heldur hvað varðar form og gerð og því hefði ekki átt að þurfa að vefjast svo lengi fyrir mönnum að taka upp þetta fyrirkomulag. Það er svolítið snautlegt að við Íslendingar skulum verða síðastir allra Norðurlanda til að innleiða slíka réttarbót og mátti ekki seinna vera. En betra er seint en aldrei og við fögnum því að málið skuli loksins komið í þennan farveg.

Ég tek það fram að ég er enginn sérstakur sérfræðingur á þessu sviði þótt að ég hafi haft afskipti af þessu máli nokkrum sinnum á undanförnum árum, fyrst vegna setu minnar í efnahags- og viðskiptanefnd á sinni tíð þar sem þetta efni bar á góma, eins vegna setu í félagsmálanefnd og sökum þess að af og til hefur fólk leitað til mín á umliðnum árum sem svona háttar til um. Það hefur sem sagt ráðast í þetta eða beðið eftir því að hlotnast sú gæfa að fá að ættleiða barn. Ég þekki þetta ekki af persónulegri reynslu því að lífslán mitt hefur blessað mig og mína fjölskyldu ríkulega af börnum. En við vitum að svo er ekki um alla. Ég er þeirrar skoðunar að þegar vel tekst til, sem yfirleitt er ef vandað er til verka, þá geti þetta orðið til mikillar gæfu fyrir báða aðila, foreldrana sem í hlut eiga og börnin sem þau ættleiða.

Að sjálfsögðu er það réttlætis- og sanngirnismál sem varðar það að jafna aðstöðu fólks að menn fái með sambærilegum hætti stuðning gagnvart þeim kostnaði sem þessu fylgir eins og samfélagið styður með margvíslegum hætti við þann stóra hóp sem einfaldlega eignast börn og að kostnaðinum, sem þarna er óumflýjanlegur m.a. vegna þess að menn vilja vanda til verka, sé að einhverju leyti mætt.

Ég held að þessi mál hafi verið sett í góðan farveg. Það var gæfuspor þegar ættleiðingarfélagi var falið hlutverk á þessu sviði. Ég man ekki betur en að hlutast hafi verið til um að það fengi nokkurn fjárstuðning til starfsemi sinnar. Þegar ég kom að þessu í þingnefnd á sínum tíma var ætlunin að við það yrði gerður einhvers konar þjónustusamningur og það hefði það hlutverk að sjá um samskiptin, velja þau lönd sem þarna ættu hlut að máli o.s.frv.

Ég ætla ekki að blanda mér sérstaklega í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals og ég leyfi hv. þm. Össuri Skarphéðinsson að eiga þá einkunn einum sem hann gaf henni. Ég verð þó að segja að sérstaklega fundust mér dapurleg rökin þegar kom að fjármálahliðinni, eins og það væru í sjálfu sér nokkur minnstu rök í þessu sambandi, að hér gætu átt í hlut útgjöld af stærðargráðunni 20 millj. kr. á ári. Þá er orðið hart á dalnum ef réttlætis- og sanngirnismál stranda vegna þess að þeim fylgi slíkur hverfandi óverulegur kostnaður í hátt á fjórða hundrað milljarða kr. ríkisútgjöldum. Við eigum ekki að stilla dæminu þannig upp heldur spyrja grundvallarspurninga: Er hér um sanngirnis- og réttlætismál að ræða sem á að vera hluti af samneyslu okkar, velferðarútgjöldum og þjónustu okkar, tekjujafnandi aðgerðum okkar innan hins opinbera kerfis? Ef niðurstaðan er sú að svo eigi að vera þá fær málefnið sína hlutdeild í þeim útgjöldum. Hún er mjög lítil í þessu tilviki og það fær það sinn sess þar, sína hlutdeild og svo er dæmið gert upp í heild.

Það er óskaplega ósanngjarnt að taka mál af þessu tagi og byrja á að horfa á það hvað þau kosta, til eða frá. Það finnst mér ekki rétt aðferðafræði, ekki rétt nálgun. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, þegar við skoðum svona mál, að það sé réttlætismál, sanngirnismál, að það sé ósanngjarnt að þessi hópur fái ekki einhvern stuðning af hendi hins opinbera, þá setjum við það inn í heildarmyndina. Svo stillum við af útgjöld og tekjur ríkisins. Það getur vel verið að það þýði að eitthvað örlítið minni fjármunir séu til skipta í önnur verkefni en þannig eigum við að nálgast hlutina. Fyrst spyrjum við okkur að því: Er þetta mál sem á heima í heildaraðgerðum ríkisins af þessu tagi? Svo setjum við reikningsdæmið upp, stillum það af og lokum því.

Í raun þarf ekki mikið meira um þetta að segja, frú forseti. Ég fagna því að við getum loksins borið okkur kinnroðalaust saman við hin Norðurlöndin að þessu leyti. Um upphæðirnar má auðvitað lengi deila en ég held að hér sé farið hófsamlega í málin. Menn fara a.m.k. ekki neinu offari. Það held ég að sé alveg ljóst, upphæðin er ekki slík. Sjálfsagt finnst mönnum að gera mætti betur, sérstaklega til að fyrirbyggja það sem hefur verið þáttur í þessu, að það hefur hreinlega getað skipt máli hver efnahagur væntanlegra ættleiðingarforeldra hefur verið varðandi það að ráðast í þessi útgjöld. Auðvitað viljum við ekki, ef við erum á því á annað borð að þetta eigi að vera valkostur fyrir fólk sem ekki verður þeirrar gæfu aðnjótandi að geta eignast sín börn sjálft að eiga kost á þessu, að þau mannréttindi séu bundin við efnahag heldur séu þau þá algild og við reynum að tryggja að allir standi sæmilega jafnt að vígi gagnvart möguleikum af þessu tagi. Þá má deila um hvort upphæðin þurfi að vera ríflegri, eða að reglunum sé hugsanlega breytt eða beitt þannig í framkvæmd að hægt sé að mæta tilteknu hærra hlutfalli af raunverulegum kostnaði, sem getur verið misjafn eftir löndum.

Þetta er a.m.k. gott skref og tvímælalaust í rétta átt. Það má alltaf hugsa sér að endurskoða framkvæmdina og upphæðir, eins og reyndar á að gera með reglubundnu millibili, og bæta úr því sem kann að þykja áfátt í upphaflegri gerð laganna.

[21:49]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Meiri hluti ræðumanna hefur tekið þessu máli vel og það er gott. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þingmönnum fyrir að vilja liðka fyrir framgangi málsins. Ég tel það mikilvægt. Rætt hefur verið um að þessi lög taki gildi 1. janúar. Auðvitað er málið seint fram komið en ég tel mikilvægt að ná að ljúka því þannig að það taki gildi 1. janúar.

Komið hafa fram ábendingar og athugasemdir varðandi efni málsins. Ég tel eðlilegt að félagsmálanefnd fjalli um þær og komist að niðurstöðu. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að vinna með nefndinni í vinnslu málsins ef þess er óskað. En ég held ég svari þessum spurningum, sérstaklega frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, á þá leið að nefndin fari yfir þau atriði í umfjöllun sinni.

Pétur H. Blöndal hv. þm. kom með sín sjónarmið. Ég

virði þau að sjálfsögðu. Hann er á móti þessu máli. Það er hans sjónarmið og allt í góðu með það. Ég vil hins vegar segja, í samhengi við það, að ég hef fundið fyrir almennri ánægju í samfélaginu vegna þessa máls, ekki eingöngu fólks sem á hagsmuna að gæta heldur hefur mér fundist að almennt finnist fólki þetta réttlætismál.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði, að ég er ánægður með að fá tækifæri til að mæla fyrir þessu frumvarpi. Hér er nýlunda á ferðinni sem ég tel jákvæða og góða og ég vonast til að málið fái góðan framgang á Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:53.

---

# 44. FUNDUR

fimmtudaginn 7. des.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 416. mál, þskj. 482. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tollalög, stjfrv., 419. mál, þskj. 494. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tryggingagjald, stjfrv., 420. mál, þskj. 495. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fæðingar- og foreldraorlof, stjfrv., 428. mál, þskj. 516. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ættleiðingarstyrkir, stjfrv., 429. mál, þskj. 517. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Þróunarsamvinna og þróunarhjálp, beiðni um skýrslu, 417. mál, þskj. 484. *Hvort leyfð skuli.*
7. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 56, nál. 500 og 558, brtt. 501. — 2. umr.
8. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 502. — 2. umr.
9. Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 435. mál, þskj. 536. — 1. umr.

[10:33]

**Útbýting:**

Ríkisútvarpið ohf., 56. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 558.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Tvöföldun Suðurlandsvegar – málefni aldraðra.

[10:33]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins vegna umræðna og frétta af Suðurlandsvegi. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju með hversu þverpólitísk samstaða hefur náðst, jákvæð og góð, um gildi þess að tvöfalda Suðurlandsveg með aðskildum akreinum. Ég fagna sérstaklega yfirlýsingu hæstv. samgönguráðherra í þá veru og finnst ánægjulegt að um jafnmikilvægt verkefni skuli ríkja þverpólitísk samstaða. En þá bregður svo við, virðulegur forseti, að fréttir frá Vegagerðinni sem er nánasti ráðgjafi stjórnvalda um samgöngubætur og samgöngumál stangast dálítið á.

Fyrir rúmu ári sendi framkvæmdastjóri Sambands sunnlenskra sveitarfélaga formlegt erindi til vegamálastjóra þar sem lagðar voru fram spurningar um áætlaðan kostnað við tvöföldun Suðurlandsvegar austur að Selfossi. Svar barst í júlí 2005 og er mjög sundurliðað, undirritað af svæðisstjóra Vegagerðarinnar fyrir hönd vegamálastjóra, þar sem áætlaður kostnaður er 7–8 milljarðar kr. Nú gerist það að þegar þverpólitísk samstaða hefur náðst um þetta mál, enginn pólitískur ágreiningur, segir vegamálastjóri að kostnaðurinn geti numið allt að 12 milljörðum kr. Það vekur athygli og maður hlýtur að spyrja hvað vaki fyrir Vegagerðinni. Hafa orðið mistök hjá Vegagerðinni? Ekki getur kostnaður við framkvæmd sem er jafn vel sundurliðuð í áætlun í bréfi dags. 11. júlí 2005, þar sem m.a. er vísað til reynslu af tvöföldun Reykjanesbrautar, hækkað um allt að 50%. Þess vegna beini ég því til hæstv. ráðherra hvort ekki sé ástæða til að kveða upp salómonsdóm um það hver raunverulegur eða áætlaður kostnaður við tvöföldun á Suðurlandsvegi kunni að vera.

[10:36]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Það er satt að segja ekki mjög einfalt verk að kveða upp salómonsdóm um hver kostnaðurinn eigi að vera við gerð vega. Engu að síður þakka ég hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu verkefni og þakka honum fyrir þau orð sem hann lét hér falla.

Gerð þessa vegar er mjög umfangsmikil og flókin, þ.e. að tvöfalda þessar meginleiðir af höfuðborgarsvæðinu til austurs og vesturs. Það er alveg ljóst að af þessu er mikill kostnaður. Ég hef ekki hér á þessari stundu upplýsingar um frá hverju er greint í þessu bréfi sem hér var nefnt en við höfum upplýsingar um það að kostnaðurinn getur leikið á mjög stóru bili eftir því hvernig að þessu er staðið. Stóri kostnaðarþátturinn þarna sem leiðir til þessara breytilegu upphæða liggur í því hvort við förum í hringtorg eða mislæg gatnamót. Það mun vera svo að yfir 70 gatnamót liggja á Suðurlandsvegi, ef við tökum hann sem dæmi, austur á Selfoss. Þá er spurningin hvort það eigi að vera mislæg gatnamót eða hringtorg við hverja einustu heimkeyrslu að bæjum og þéttbýlissvæðum. Eða á kannski að leggja hliðarvegi? Hv. þingmenn geta rétt ímyndað sér að þarna getur verið mjög breytilegur kostnaður miðað við þá útfærslu sem valin verður.

Nú verður farið í það af hálfu Vegagerðarinnar að greina færar leiðir og velja aðferð og þá mun kostnaðurinn koma í ljós. (Forseti hringir.) Ég held að menn ættu ekki að gera mjög mikið úr því að þarna kunni að vera misvísandi upplýsingar. Aðalatriðið er að við vitum hvert verkefnið á að verða.

[10:38]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Þetta var býsna sérkennilegt svar hjá hæstv. ráðherra. Þann 9. mars árið 2005, fyrir ári síðan, svaraði hæstv. samgönguráðherra nákvæmlega þessari spurningu í svari til mín á hinu háa Alþingi. Þá sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Samtals má því áætla að kostnaður við Suðurlandsveg frá Rauðavatni að Selfossi gæti orðið á bilinu 6–7 milljarðar kr."

Þessu svaraði hæstv. samgönguráðherra ákaflega skýrt hér fyrir rétt rúmu ári. Þess vegna er svarleysa hans eða útúrsnúningar hér áðan ákaflega sérkennileg. Enn þá sérkennilegri er þó aðkoman hjá vegamálastjóra að málinu og hún kallar á skýringar. Hann er undirmaður hæstv. samgönguráðherra. 5 milljörðum kr. skeikar frá svari hæstv. samgönguráðherra að þeim 12 milljörðum sem vegamálastjóri segir að framkvæmdin kosti nú. Hér segir einnig að 2+1 vegur kosti 2 milljarða. Vegamálastjóri fullyrðir nú að sú framkvæmd kosti margfalt meira en það, 5–6 milljarða. Auðvitað verður hæstv. samgönguráðherra að svara því hér og taka af öll tvímæli um það hvort er rétt. Auðvitað skiptir öllu máli hvort framkvæmdin, tvöföldun Suðurlandsvegar frá Reykjavík til Selfoss, kosti 7 milljarða eða 12 milljarða.

Það skiptir öllu máli og þess vegna verður ráðherra í síðara svari sínu í dag að taka af öll tvímæli. Annars lítur hitt út eins og rangfærslur í besta falli eða blekkingar í versta falli, að afvegaleiða umræðuna með þeim hætti að framkvæmd sem kosti 7 milljarða, segir í þingskjali frá hæstv. samgönguráðherra í svari fyrir ári, yfir það að í fréttum fjölmiðla er það margítrekað af hálfu vegamálastjóra að framkvæmdin kosti 12 milljarða. Þetta kallar á að hæstv. samgönguráðherra taki af öll tvímæli um það af því að það á að ráðast í tafarlausa tvöföldun á Suðurlandsvegi. Um það er þverpólitísk samstaða á sveðinu.

[10:40]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Ég ætla að ræða annað mál undir liðnum um störf þingsins. Í gær var lokaafgreiðsla fjárlaga, og þar felldi hæstv. ríkisstjórn og ríkisstjórnarmeirihlutinn allar tillögur okkar í stjórnarandstöðunni til úrbóta fyrir lífeyrisþega. Þá virðist hafa gripið ríkisstjórnina einhver örvænting eða fát og blásið var til blaðamannafundar þar sem hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra lýsa yfir að þeir séu tilbúnir að bæta að einhverju leyti kjör lífeyrisþega.

Fram kemur á vef heilbrigðisráðuneytisins að lögð séu til þrjú atriði. Eitt er að menn geti dreift séreignarlífeyrissparnaði þannig að hann skerðist ekki allur í einu en ég minni á að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti því yfir að þann lífeyrissparnað ætti alls ekki að skerða. Tillaga kæmi um það. Síðan er lögð til öryrkjareglan, líka fyrir aldraða virðist mér vera, skerðingarreglan, og síðan er enn verið að kynna 25 þús. kr. frítekjumarkið.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hér: Hvað er falið í þessu? Hér segir að þetta kosti 275 millj. Við afgreiddum fjárlögin aðeins fyrr um morguninn. Ég fagna öllum hænuskrefum sem ríkisstjórnin tekur til að bæta kjör lífeyrisþega en ég vil gjarnan fá skýringu frá þessum hæstv. ráðherrum: Í hverju felast þessi bættu kjör til lífeyrisþega sem þeir kynntu eftir hádegið í gær? Og hvað eiga þessi hænuskref að kosta? Það er mjög óljóst í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu í hverju breytingarnar felist og hvað þær muni allar kosta.

[10:42]

**Kjartan Ólafsson:**

Frú forseti. Mig langar að koma að málum er varða samgöngumál á Suðurlandi undir þessum dagskrárlið.

Þegar ákveða skal um stórar framkvæmdir eins og samgöngumál sem eiga að endast til langrar framtíðar ber stjórnvöldum að hafa góða yfirsýn yfir málaflokkinn og leita allra leiða til að framkvæmdirnar megi nýtast sem best og ekki síður að framkvæmdin sé sem öruggust fyrir vegfarendur og fyrir samfélagið í heild. Meðal annars þess vegna eigum við að standa þannig að framkvæmdum á Suðurlandsvegi að þær megi vera sem líkastar því sem gert er á Reykjanesbrautinni, 2+2 með aðskildum akreinum. Umferðaraukning er hvergi meiri á síðustu árum en einmitt á Suðurlandsvegi. Flest bendir til þess að svo verði áfram. Stöðug fjölgun íbúa austan fjalls, síaukin frístundabyggð með æ yngra fólki sem þar hefur tekið búsetu sem þýðir aukna ferðatíðni, tenging með nýjum Kjalvegi um suður- og norðurveg mun þýða mun meiri umferð um Suðurlandsveg. Fyrirhugaður orkufrekur iðnaður í Þorlákshöfn mun jafnframt krefjast þess að framkvæmdirnar verði hafðar þannig að þær megi duga til frambúðar.

Mig langar að spyrja: Er vegamálastjóri ekki sammála því sem við tölum um á þinginu? Ég legg mikla áherslu á það að sú 12 ára samgönguáætlun sem þingið mun samþykkja í vetur verði sú stefna sem verði tekin núna, að samgönguáætlunin og vilji þingsins fái að ráða.

[10:45]

**Drífa Hjartardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að taka upp málefni Suðurlandsvegar á hv. Alþingi. Það er mikil samstaða í Suðurkjördæmi, á Suðurlandi öllu, ekki bara meðal íbúanna, heldur er líka þverpólitísk samstaða þingmanna um að það verði hætt við undirbúning á 2+1 vegi á Suðurlandi og þegar í stað hafinn undirbúningur á tvöföldun á Suðurlandsvegi.

Það er, eins og ég sagði, krafa Sunnlendinga. Það er krafa okkur þingmanna Suðurkjördæmis að öryggi verði haft í öndvegi. Við þekkjum hvernig það breyttist við tvöföldun á Reykjanesbrautinni. Við viljum fara þá sömu leið og þar var farin og ég brýni hæstv. samgönguráðherra til að fara þessa leið.

[10:45]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Varðandi spurningar hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur er því til að svara að kostnaðurinn á næsta ári, þ.e. 2007, sem þau fjárlög gilda um sem við samþykktum í gær er um hálfur milljarður af þeim þáttum sem til umræðu voru á blaðamannafundinum í gær. Gert er ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlögunum. Annars vegar var bætt við, sérstaklega vegna frítekjumarksins, og síðan er einfald-

lega svigrúm fyrir aðra þá þætti í þeim fjárveitingum sem Tryggingastofnunin hefur.

Síðan má gera ráð fyrir því að á árinu 2008 muni kostnaðurinn vegna þessara þátta verða rúmur milljarður. Við eigum eftir að fara yfir hvernig það verður í tengslum við fjárlög ársins 2008 en ég held að í þeirri langtímaáætlun sem við höfum verið að vinna með muni það rúmast ágætlega líka.

Síðan aðeins örlítið varðandi Suðurlandsveginn og kostnaðinn við hann. Það hljóta að vera orð samgönguráðherrans sem við tökum gild hér á Alþingi og miðum við en ekki hvað einhverjir aðrir aðilar segja úti í bæ, jafnvel þótt það séu hinir mætustu embættismenn. Orð ráðherrans gilda. (Gripið fram í.)

[10:47]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég fagna því alveg sérstaklega að tekist hafi þverpólitísk samstaða um að tvöfalda Suðurlandsveginn. Það er ekki nema ár síðan eða svo að við þingmenn Samfylkingarinnar fluttum þingsályktunartillögu um að ráðist yrði í þetta verkefni þar sem við reyndum að fá alla þingmenn kjördæmisins með á þá tillögu. Það tókst ekki og því lýsi ég núna yfir sérstaklega mikilli ánægju með að menn skuli vera komnir inn á þessa hugmynd sem við settum fram fyrir ári.

Virðulegi forseti. Ég velti því aðeins fyrir mér, bæði í þessu máli og eins varðandi fjárframlög til aldraðra, að það virðist vera einhvers konar, ég veit ekki hvað ég á að kalla það, panikstjórnun í gangi. Það eru alltaf viðbrögð við hugmyndum, eitthvað gerist og það eru að koma kosningar. Þá á að grípa til allra aðgerða þrátt fyrir að búið sé að tala um þessi mál í mörg ár. Nú er farið að styttast í kosningar og þá er hægt að bregðast við nánast öllu sem upp kemur.

Þetta finnst mér mjög athyglisvert og dálítið einkennandi og kannski sérstaklega fyrir þá miklu taugaveiklun sem er í ríkisstjórnarflokkunum þessa dagana, þ.e. það eru að koma kosningar, ríkisstjórnin virðist vera fallin og þá er gripið til allra aðgerða sem hugsanlegar kunna að vera til vinsælda fallnar. Það er hins vegar ágætt að þetta komi þó ríkisstjórninni aðeins úr sporunum.

Varðandi þá umræðu sem hér hefur farið fram um vegamál, Vegagerðina og vegamálastjóra, sem er óþægileg af því viðkomandi eru ekki nálægir, er það dálítið sérstakt að það hefur gerst í nokkrum tilvikum að við fáum upplýsingar um verð sem tekur síðan verulegum breytingum eins og hér hefur verið nefnt, frá 6 milljörðum í fyrra upp í 12 milljarða nú.

Það má nefna í þessu samhengi að sennilega eru það göng til Vestmannaeyja sem hafa tekið mestum breytingum. Þau fóru úr 20 milljörðum í upphafi í 100 milljarða eftir skoðun þannig (Forseti hringir.) að það er ekkert nýtt í þessum efnum. Meginatriðið er samt að það er mikilvægt þegar menn setja frá sér verðhugmyndir að þær séu vandaðar.

[10:49]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og fleiri taka undir hvað það er mikilvægt að pólitísk samstaða hafi náðst um þessa miklu framkvæmd. Í rauninni hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að eitt brýnasta öryggismálið sé að tvöfalda leiðirnar austur fyrir fjall og upp í Borgarfjörð.

Ég man eftir því að sá mikli ferðagarpur Ólafur heitinn Ketilsson sagði við mig fyrir 10–12 árum að það væri mikilvægt að það væri einn vegur frá Selfossi til Reykjavíkur og annar vegur frá Reykjavík austur á Selfoss. Við þyrftum á þessar leiðir evrópska vegi, sagði gamli maðurinn.

Nú höfum við fengið slíkan veg til Keflavíkur og sjáum hvers lags öryggisatriði það er. Auðvitað er nú mikilvægast að gera sér grein fyrir því hvernig við byggjum þennan veg, hanna hann og þá kemur kostnaðurinn í ljós. Samgönguráðherra er að vinna það verk.

Fyrst og fremst blasir sú staða við íslensku samfélagi að ríkið skuldar sáralítið í dag, u.þ.b. 27 milljarða um áramót, sem gerir okkur það kleift sem verið er að áforma, þ.e. að ráðast í þessi stórhuga verkefni á sem stystum tíma. Miðað við umsvifin í þjóðfélaginu, þá miklu flutninga, aukningu á umferð á þessum vegum, gera sér allir grein fyrir að þeir bera umferðina ekki lengur. Þess vegna er fagnaðarefni að við munum fara í þessa framkvæmd á þessum leiðum, á stofnvegum til og frá höfuðborginni á sem stystum tíma.

Ég veit að samgönguráðherra mun sem allra fyrst ná samstöðu um það hvernig þessir vegir verða og hvaða leiðir verða farnar. Þá kemur kostnaðurinn á myndina (Forseti hringir.) og síðan útboð og framkvæmdir.

[10:52]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er ekki hátt risið á því að samgönguráðherra, ríkisstjórn og stjórnarþingmenn sem skorið hafa samgönguáætlun niður um hartnær 6 milljarða á þessu kjörtímabili kenni vegamálastjóra um, láti eins og að vegamálastjóri og Vegagerðin séu vandamálið við það að ekki sé búið að gera meira í vegamálum, hvort sem það er á Suðurlandsvegi eða annars staðar.

Vegagerðin og vegamálastjóri eru ekki blórabögglar hér. Það væri nær að samgönguráðherra verði undirmenn sína en að vega að þeim úr launsátri eins og hann hefur gert. (Gripið fram í.) Hefur Vegagerðin gert nokkuð annað en að vinna samkvæmt pólitískum ákvörðunum Alþingis og samþykktum samgönguáætlunum? Ég spyr. Nei.

Ef Alþingi tekur nýja ákvörðun um t.d. það að fara í tvöföldun Suðurlandsvegar mun Vegagerðin vinna vel og samviskusamlega að því að undirbúa það eins og hún hefur jafnan gert, að vinna samkvæmt samþykktum áætlunum, fjárveitingum sem til staðar eru og bestu faglegri vitneskju hverju sinni. Ég veit ekki annað en að Vegagerðin hafi með fullu samþykki samgönguráðherra og Alþingis unnið þá undirbúningsvinnu sem hún hefur gert einnig í þessu tilviki.

Menn segja að það sé þverpólitísk samstaða um að tvöfalda Suðurlandsveg um Hellisheiði. Gott og vel. Það stendur ekki á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í því. Ég spyr samt: Er ekki þverpólitísk samstaða um að tvöfalda Vesturlandsveg upp að Hvalfjarðargöngum? Er ekki þverpólitísk samstaða um að útrýma einbreiðum brúm á hringveginum, stórhættulegum slysagildrum? Er ekki þverpólitísk samstaða um að taka úr sambandi stórhættu-

legan veg um Óshlíð og leggja þar jarðgöng o.s.frv.? Hvað snýst þetta þá um, hv. þingmenn? Um fjármuni og forgangsröðun, um að menn standi í lappirnar og ræði málefnalega og uppbyggilega um þessi mál en falli ekki í lágkúru og popúlisma. Allra síst á það við á viðkvæmum tímum eins og við höfum gengið í gegnum að undanförnu (Forseti hringir.) varðandi þetta slys. Við, góðir þingmenn, skulum ekki venja okkur á að fjalla svona um málið.

***Um fundarstjórn.***

Ummæli þingmanns um samgönguráðherra og Vegagerðina.

[10:55]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég hlýt að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta, að fá ekki tækifæri til að bera af mér sakir. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon heldur því fram að ég hafi veist að Vegagerðinni og vegamálastjóra. Það er bara alrangt. Ég veit ekki í hvaða hugarheimi hann er eða á hvern hann hefur verið að hlusta hér, sá ágæti þingmaður, nema hann hafi smitast af málflutningi hv. þm. Björgvins Sigurðssonar.

Það er nú orðið þannig hjá hv. þm. Björgvini Sigurðssyni og Steingrími J. Sigfússyni upp á síðkastið að það er tæplega svaravert sem þeir leggja hér á borð fyrir þingmenn í umræðum um vegamál.

Staðreynd málsins er hins vegar sú að ég held að hv. þingmenn ættu að leggja sig fram um að standa með samgönguráðherra í þeirri viðleitni að byggja upp samgöngukerfið á grundvelli þeirra ályktana sem hér hafa verið samþykktar frá þinginu. Það eru viðfangsefni okkar og verkefni. Í öðru lagi að leggja sig fram um að vinna að umferðaröryggismálum og leggja áherslu á það að umferðarmenningin á Íslandi verði bætt. Það er hið stóra verkefni okkar íslenskra alþingismanna, að leggja áherslu á bætta umferðarmenningu hér á Íslandi til viðbótar því verkefni að byggja upp samgöngu- og vegakerfið að öðru leyti. Það er það verkefni sem við ættum að sameinast um og hv. þingmenn að leggja áherslu á. (**Gripið fram í:** ... hætta að gera vegáætlun.)

[10:56]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég tek til máls vegna fundarstjórnar forseta vegna þess að það eru líklega einir fjórir til fimm alþingismenn búnir að tala á undan mér í röðinni eftir að ég bað um orðið. Ég var a.m.k. á undan hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að biðja um orðið og það er nokkuð síðan hann talaði.

Ég kvaddi mér hljóðs út af þessari umræðu um störf þingsins. Hvers vegna er hún? Ástæðan er sú að hæstv. samgönguráðherra hefur ekki enn þá dreift hér vegáætlun og verkefnum þingmanna til þess að fara yfir þau verkefni sem hér er talað um. Ættu menn ekki að fást við það í samgöngunefnd að klára þessi mál og koma þeim áfram? Nei, nei. Ég segi alveg eins og er að mér finnst skorta svör frá hæstv. ráðherra um það hvort við fáum yfirleitt að sjá þessa áætlun hér áður en þingmenn fara í jólahlé.

Svona vinnubrögð eru óþolandi og segja bara sitt um vingulsháttinn sem hefur verið í vegamálunum hérna og því að menn hafa enga stefnumörkun uppi. Þeir vita ekkert hvort 2+2 eða 1,5+eitthvað á að vera í framtíðinni. Þeir eru að komast að þeirri niðurstöðu núna að það eigi að tvöfalda vegina en Vegagerðin hefur unnið fram á þennan dag að því, og hún er ekki hætt því enn þá, að gera ráð fyrir 2+1 á leiðinni austur fyrir fjall.

Svo tel ég að menn verði að horfast í augu við að það verður að fara eftir mikilvægi veganna. Þótt það verði slys á vegi eins og þeim sem við höfum verið að tala um undanfarna daga, og ég dreg ekki úr og tek undir að það þurfi að taka á því máli, mega menn ekki gleyma því að það eru jafnhættulegir kaflar aðrir í kringum borgina og menn verða að horfa á þetta allt saman í samhengi.

Það er eiginlega hálfömurlegt að Vesturlandsvegurinn virðist vera hálfmunaðarlaus. Það eru hins vegar nógir til að tala um önnur svæði.

Úr því að hv. formaður samgöngunefndar er að biðja um orðið býst ég við að hann ætli að taka aldeilis á ráðherra sínum, að hann fái nú í hendurnar plaggið svo að hægt sé að fara að vinna að vegáætluninni.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill minna hv. þingmenn á að þeir eru að ræða hér undir liðnum fundarstjórn forseta og þeim ber að halda sig við það efni.)

[10:59]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Einmitt um fundarstjórn forseta vegna þess með hvaða hætti nokkrir hv. þingmenn stjórnarandstöðu koma hér í ræðustól. Þeir hafa farið hér upp undir liðnum um störf þingsins við upphaf þingfundar eins og eðlilegt er samkvæmt þingsköpum og leitað skýringa. Útúrsnúningar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar við að túlka umræður hér sem árásir á Vegagerðina eru gjörsamlega út í hött.

Hið sama má segja um ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, og ég býð hann velkominn til starfa aftur. Það er ánægjulegt að sjá hann hér og ég vona að ekki eigi að túlka ræðu hans hér með þeim hætti að hann sé að reyna að spilla þeirri þverpólitísku sátt sem náðst hefur um Suðurlandsveginn. Ég vona að ekki þurfi að túlka hana þannig.

Hæstv. forseti. Það sem málið snýst um hér er að það er verið að leita skýringa og það er óskað eftir liðsinni hæstv. samgönguráðherra. Í bréfi frá Vegagerðinni, formlegu embættisbréfi, dags. 11. júlí 2005, segir einfaldlega að bein vegagerð austur að Selfossi kosti 5 milljarða kr. Síðan kemur kostnaður við gatnamót upp á 2 milljarða kr. og þau gatnamót eru sundurliðuð lið fyrir lið. Síðan er talað um hliðarvegi upp á 200 millj. kr., ræsi og brýr u.þ.b. 500 millj. kr., þ.e. 7–8 milljarða kr. samtals. (Gripið fram í.)

Síðan kemur vegamálastjóri í sjónvarpsfréttum í gær eða fyrradag og talar um 12 milljarða kr. Við hljótum, einmitt í þeirri þverpólitísku sátt sem hefur náðst um þetta verkefni, af því að það mikilvægt, að leita eftir skýringum á því hvað veldur hækkunum á verkinu um 50%. (Gripið fram í.) Þar er ekki ráðist á einn eða neinn. (**SJS:** ... bera af sér sakir.) Það er verið að leita skýringa. Ef hv. þm. Stein-

grímur J. Sigfússon ætlar að taka orðið þannig að hér sé verið að ráðast á einhvern eru annarlegar hvatir að baki. Þá er hann að reyna að spilla (Forseti hringir.) þverpólitískri sátt.

(**Forseti** (SP)**:** Ég bið hv. þingmenn að halda ró sinni hér í salnum. Hér er verið að ræða vandmeðfarin mál.)

[11:01]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég hygg að við í þingsalnum höfum yfirleitt getað treyst því að þær upplýsingar sem hér hafa verið lagðar fram og við höfum byggt störf okkar á séu eitthvað sem við getum treyst, að þau gögn sem lögð eru inn til *þinghaldsins til að byggja á og þær tölur sem okkur hafa* borist séu eitthvað sem við getum byggt ræður okkar á. Mér virðist hins vegar umræðan núna fara í allt annan farveg, fara í að vitna í viðtöl og heyra síðan hæstv. samgönguráðherra tala um hvernig hann sér málin fyrir sér en ekki hvernig við vinnum venjulega í þingsalnum undir stjórn forseta við það að fjalla um þessi mál.

Ég hlustaði á hæstv. landbúnaðarráðherra áðan lýsa þeim ágæta manni sem hann vitnaði til um framtíðarsýn varðandi Suðurlandsveg. Það var nú fínt, Guðni minn, að þú skyldir átta þig á því 12 árum síðar að þetta hafi verið nauðsynlegt. (**Landbrh.:** Ég áttaði mig á því þá þegar.) Það *er nefnilega þannig að menn hafa lagt til mál í hv. þingi um* að menn horfðu til framtíðar um hvað væri æskilegt að gera varðandi framtíðaráfanga í vegagerð. Og ég held að menn ættu að fara að snúa sér að því.

[11:03]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Ég verð að gera athugasemd við það að sem formaður samgöngunefndar hefði ég reiknað með því að virðulegi forseti tæki tillit til óska minna um að fá að taka til máls áðan meðan málið var heitt. Það er það að vísu enn. Aðeins þá að öðru.

Allar umferðarspár hafa farið forgörðum. Í fyrsta lagi Hvalfjarðargöngin, þar sprungu allar umferðarspár, Vesturlandsvegurinn vegna Hvalfjarðarganganna, Suðurlandsvegurinn vegna íbúafjölgunar og sumarbústaða Sunnlendinga.

Við skulum ekkert draga þetta á langinn. Það liggur ljóst fyrir að það verður að fara við fyrstu hentugleika, á næsta ári verður það að vera klárt, í tvöföldun Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar. Það er alveg ljóst, það vita allir að umferðaræðar út úr höfuðborginni eru löngu sprungnar. Því miður erum við nokkuð eftir á með að klára tvöföldun Reykjanesbrautar frá Breiðholti og að Hafnarfjarðarvegi, það hefði átt að vera löngu búið. Málið er svona skýrt, og ágætu þingmenn og þeir sem fylgjast með umræðum í þingsal: Það er alveg ljóst að þessir tveir vegir verða tvöfaldaðir og það innan ekki langs tíma.

[11:05]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Enn og aftur verður forseti að minna hv. þingmenn á það að ef þeir óska eftir að koma upp í ræðustól til að ræða um fundarstjórn forseta ber þeim að halda sig við það efni en ræða ekki vítt og breitt um samgöngumál og vegamál.

Forseti vill auk þess taka það skýrt fram, ef hv. þingmönnum er ekki kunnugt um það, að þegar menn fara upp um störf þingsins skv. 3. mgr. 50. gr. þingskapa gefast að hámarki 20 mínútur til að ræða þann lið. Það var fjöldi hv. þingmanna sem komst ekki að í þeirri umræðu hér áðan svo að það sé alveg skýrt í þingsalnum.

[11:05]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta, einkum vegna þess að mér blöskraði í upphafi þessi umræða um störf þingsins sem hófst á því nánast að skamma Vegagerðina, þ.e. undirstofnun samgönguráðherra, fyrir að hafa ekki komið fram með hugmyndir og útfært þær sem pólitísk ákvörðun hafði ekki verið tekin um. Það er raunverulega verið að skamma fjarstadda aðila, og pólitíkusar á hinu háa Alþingi reyna að benda á einhverja aðra en sjálfa sig þegar kemur að því að bera ábyrgð á gjörðum sínum. Þegar á þetta er bent rýkur í pontu hv. þm. Hjálmar Árnason, bendir út og suður og reynir að skapa hér einhverja úlfúð og leiðindi um verkefni sem um hefur verið pólitísk samstaða um langt skeið. Hins vegar hefur vantað forgangsröðun og kraft í ríkisstjórnina til að ráðast í þau verkefni. Núna þegar kosningar vofa yfir liggur mikið við og núna, þegar liggur fyrir að 95% þjóðarinnar eða svo *treysta ekki Framsóknarflokknum, liggur mikið við að fara* að ráðast í þessi verkefni.

(**Forseti** (SP)**:** Þetta er ekki umræða um fundarstjórn forseta.)

[11:07]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég tel að hæstv. forseti eigi að grípa miklu ákveðnar inn í málið og málsmeðferðina, þ.e. samgöngumálin. Við höfum átt að hafa vegáætlun til að ræða og þetta mál út frá henni. Ég spyr hæstv. forseta hvað forseti hyggist gera í því að kalla vegáætlun inn í þingið þannig að *hægt sé að halda uppi vitrænni umræðu um forgangsröðun* og verkefni í vegamálum.

Það eina sem við stöndum frammi fyrir eru niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar í vegamálum, það er búið að skera niður á 3–4 ára tímabili eina 6 milljarða kr., fresta vegaframkvæmdum í sumar og skera aftur niður vegaframkvæmdir á næsta ári samkvæmt fjárlögunum. Ég spyr forseta hvort forseti hyggist beita sér fyrir því að vegáætlun fyrir næstu þrjú ár komi inn í þingið fyrir jól. Það væri myndugleiki af forseta að kalla eftir henni og skikka hæstv. samgönguráðherra til að koma með vegáætlun inn í þingið þannig að við getum rætt hana hér, ekki síst í ljósi þessarar *heitu og öflugu umræðu sem er um samgöngumál og kröfu* alls staðar í samfélaginu um auknar aðgerðir í samgöngumálum.

Þá krefst ég þess að forseti beiti sér fyrir því að vegáætlun komi inn í þingið.

[11:09]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég veit að ráðherrar njóta stundum forréttinda og fríðinda í þessum sal en mér finnst ekki rétt af

hæstv. forseta að hleypa átölulaust hæstv. samgönguráðherra upp í stólinn undir því yfirskini að hann sé að verja sig og svo eys hann úr sér skömmum og fúkyrðum yfir aðra hv. þingmenn eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson og hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Hann nefndi það ekki að það var hv. þm. Hjálmar Árnason sem kom hingað upp og bar brigður á tölur þess embættismanns sem hæstv. ráðherra þóttist vera að verja.

Málið er auðvitað það að hv. þm. Hjálmar Árnason kom hingað til að lýsa vantrausti sínu á framferði og háttsemi hæstv. samgönguráðherra. Auðvitað hlýtur það að svíða á holdi hæstv. ráðherra þegar formaður þingflokks hins stjórnarflokksins lætur ólarnar ríða á hrygglengju hæstv. ráðherra. Það er allt í lagi að hann kveinki sér undan því opinberlega en hæstv. forseti getur ekki leyft honum að koma hingað undir því yfirskini að hann beri af sér sakir þegar hann eys sökum og fúkyrðum yfir aðra þingmenn. Það finnst mér ekki hægt, frú forseti.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti tekur ekki undir þessar ásakanir og ávirðingar hv. þingmanns og telur að þær megi þá nota um ræður fleiri hv. þingmanna undir þessum lið um fundarstjórn forseta. Forseti telur að nú sé nóg talað í þessu máli.)

### *Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 416. mál (lækkun matarskatts). — Þskj. 482.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Tollalög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 419. mál (ökutæki á erlendum skráningarnúmerum, EES-reglur). — Þskj. 494.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Tryggingagjald, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 420. mál (lækkun gjalds og jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða). — Þskj. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Fæðingar- og foreldraorlof, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 428. mál (aðgreining umönnunargreiðslna og fæðingarorlofsgreiðslna). — Þskj. 516.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Ættleiðingarstyrkir, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 517.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Þróunarsamvinna og þróunarhjálp.*

Beiðni GÖg o.fl. um skýrslu, 417. mál. — Þskj. 484.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:13]
Beiðni leyfð til utanríkisráðherra með 51 shlj. atkv.

### *Ríkisútvarpið ohf., 2. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 56, nál. 500 og 558, brtt. 501.

[11:14]

**Frsm. meiri hluta menntm. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason skrifstofustjóra og Elvu Ýr Gylfadóttur frá menntamálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hæstaréttarlögmann, Pál Magnússon útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, Magnús Norðdahl frá ASÍ, Björgu Evu Erlendsdóttur, Þórdísi Arnljótsdóttur og Arnar Þór Stefánsson frá Félagi fréttamanna Ríkisútvarpsins, Gunnar Magnússon frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Þóreyju S. Þórðardóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Vilhjálm Egilsson frá Samtökum atvinnulífsins, Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði Íslands, Jóhönnu Margréti Einarsdóttur og Jórunni Sigurðardóttur frá Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, Pál Gunnar Pálsson forstjóra og Guðmund Sigurðsson aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins, Örnu Schram og Hjálmar Jónsson frá Blaðamannafélaginu, Ara Edwald, forstjóra 365 miðla, Magnús Ragnarsson frá Skjá einum, Arnþrúði Karlsdóttur og Pétur Gunnlaugsson frá Útvarpi Sögu, Ingólf

Hjörleifsson frá Sambandi íslenskra auglýsingastofa, Þröst Ólafsson, framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og Sigurð Bjarka Gunnarsson, varaformann Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig komu á fund nefndarinnar Sigurður Þórðarson, formaður matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings Ríkisútvarpsins ohf., og Jón Loftur Björnsson sem starfaði með matsnefndinni.

Eins og fram kemur í nefndarálitinu barst nefndinni fjöldi umsagna vegna þessa máls og eru tilgreindir þeir aðilar sem sendu umsagnir vegna þess til Alþingis og nefndarinnar.

Frú forseti. Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og að opinbert hlutafélag verði stofnað um rekstur hennar. Frumvarp um Ríkisútvarpið er nú lagt fram í þriðja sinn af menntamálaráðherra, en á 131. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp þess efnis að gera Ríkisútvarpið að sameignarfélagi og á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Við umfjöllun nefndarinnar var fjallað um hljóðfæri sem Ríkisútvarpið hélt eftir við rekstrarlegan aðskilnað Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar, tvær fiðlur og eina víólu. Samkvæmt skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings verða framangreind hljóðfæri ekki hluti af eignum Ríkisútvarpsins ohf. og er í þessu sambandi einkum litið til Guarnerius del Gesu fiðlunnar sem er frá 1728. Framangreind hljóðfæri verða eign ríkissjóðs og verður gerður samningur milli ríkisins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands um afnot þeirra.

Nefndin hefur litið svo á að fyrirhuguð lækkun á skuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð, að fjárhæð 625 millj. kr. samkvæmt breytingartillögu við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 sem til meðferðar er á yfirstandandi þingi sem ætlað er að tryggja 15% eiginfjárhlutfall við stofnun Ríkisútvarpsins ohf., komi til lækkunar á skuld Ríkisútvarpsins við Sinfóníuhljómsveit Íslands sem samkvæmt árshlutareikningi nam 692,2 millj. kr. þann 30. júní 2006.

Frú forseti. Þó nokkur umræða varð hjá nefndinni um réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins. Við meðferð málsins lýsti Páll Magnússon útvarpsstjóri því yfir að hlutafélagið yfirtæki kjarasamninga og ráðningarsamninga viðkomandi starfsmanna. Varðandi lífeyrisréttindi starfsmanna er félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna eða Kennarasambands Íslands heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins. Jafnframt er félagsmönnum í stéttarfélögum sem eru utan fyrrgreindra bandalaga en gera kjarasamning á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins. Sú heimild er háð samþykki launagreiðanda. Páll Magnússon útvarpsstjóri lýsti því einnig yfir á fundi nefndarinnar að opinbera hlutafélagið mundi samþykkja áframhaldandi aðild að A-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Að öðru leyti fer um lífeyrisréttindi starfsmanna eftir því sem segir í ákvæði til bráðabirgða II í frumvarpinu og samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, eftir því sem við á og getið er um í frumvarpinu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi leggur hann til orðalagsbreytingu við 2. málsl. 5. gr. frumvarpsins og er eingöngu um að ræða að fella brott endurtekningu í texta lagagreinarinnar.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til tvær breytingar á 11. gr. frumvarpsins sem fjallar um tekjustofna Ríkisútvarpsins ohf., annars vegar að við 2. tölul. 1. mgr. bætist tveir málsliðir. Í fyrsta lagi að mörk verði sett á heimild Ríkisútvarpsins ohf. til að afla sér tekna með kostunarsamningum vegna einstakra dagskrárliða. Leggur meiri hlutinn til að samanlagðar tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af kostun skuli ekki vera hærri en sem nemur hlutfalli kostunartekna af samanlögðum tekjum Ríkisútvarpsins af auglýsingum og kostun á árinu 2006. Með breytingunni er því lagt til að lögfest verði að tekjur hins nýja félags af kostunarsamningum verði ekki hlutfallslega hærri en þeir verða á árinu 2006. Ætla má að þessar tekjur Ríkisútvarpsins verði um 100 millj. kr., þ.e. um 10% af heildarauglýsingatekjum Ríkisútvarpsins, eins og verið hefur á síðustu árum miðað við þá ársreikninga sem liggja fyrir. Er breytingunni ætlað að koma í veg fyrir frekari fyrirferð Ríkisútvarpsins ohf. á kostunarmarkaði en nú er. Meiri hlutinn vill beina því til menntamálaráðherra að mælast til þess í þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf. að þeim tekjum sem félagið aflar sér með þjónustusamningum verði fremur varið til kostunar á dagskrárliðum sem varða íslenska tungu, sögu og menningararfleifð en til kostunar á erlendu afþreyingarefni.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til að sú breyting verði gerð á 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins að Ríkisútvarpinu verði gert óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á veraldarvefnum. Á síðustu árum hafa einkareknir fjölmiðlar sótt fram á sviði nýmiðlunar á veraldarvefnum og hefur umfang auglýsinga í þeim miðlum aukist jafnt og þétt. Fram til þessa hefur Ríkisútvarpið hins vegar ekki selt auglýsingar á vefsvæði sínu, www.ruv.is. Leggur meiri hlutinn til að ekki verði gerð breyting þar á og að lögfest verði ákvæði þess efnis að Ríkisútvarpinu ohf. verði óheimilt að birta auglýsingar á veraldarvefnum. Hins vegar leggur meiri hlutinn til breytingu á 3. mgr. 11. gr. þess efnis að fjármálaráðuneytið skuli greiða fyrsta virka dag hvers mánaðar fyrir fram fjárhæð sem svari til eins tólfta heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt greininni í stað þess að greitt sé þann 15. febrúar og 15. maí fyrir fram í hvort sinn fjárhæð sem svarar til áætlaðs fjórðungs heildartekna og eftirstöðvar mundu síðan greiðast síðar á árinu í samræmi við innheimtu annarra opinberra gjalda. Talið er hentugra að greiðslurnar séu mánaðarlegar, t.d. með hliðsjón af launagreiðslum og fjármagnskostnaði en það kom fram í vinnu nefndarinnar að yrðu greiðslur vegna þessara fjármuna ekki mánaðarlegar eins og við leggjum til í frumvarpinu kynni hið nýja félag að lenda í töluverðum vandræðum vegna sjóðstreymis og því eðlilegt að koma til móts við það sjónarmið að mati meiri hlutans. Annars þyrfti félagið að fjármagna rekstur sinn og standa skil á kostnaði með skammtímalánum með tilheyrandi vaxtakostnaði en það verður ekki séð að þessi breyting skipti neinu máli hvað varðar hagsmuni ríkissjóðs. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til breytingu hvað þetta varðar.

Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til breytingu á 13. gr. frumvarpsins er fjallar um gildistöku o.fl. Gert er ráð fyrir

að lögin öðlist þegar gildi en samhliða gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, til 1. janúar 2007. Meiri hlutinn leggur til að lög um Ríkisútvarpið falli brott 1. febrúar í stað 1. janúar 2007 svo að nægur tími verði til að kjósa menn til setu í stjórn, halda stofnfund og að því loknu skrá félagið formlega. Í samræmi við þessa breytingu er lögð til breytt dagsetning í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I og í ákvæði til bráðabirgða II.

Frú forseti. Í fjórða lagi leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæði til bráðabirgða I. Samkvæmt orðalagi 3. mgr. ákvæðisins skal annars vegar leggja fram hlutafjárhæðina á stofnfundi en hins vegar á að greiða hana hálfum mánuði eftir skráningu. Orðalagið er óheppilegt og því leggur meiri hlutinn til að fellt verði brott að hún skuli greiðast hálfum mánuði eftir skráningu. Í þessu sambandi má nefna að í stofnsamningi og samþykktum sem lagðar eru fram á stofnfundi eiga að koma fram upplýsingar um fjárhæð og greiðslu hlutafjár, sbr. lög nr. 2/1995, um hlutafélög.

Þá er lögð til breyting á lokamálslið ákvæðis til bráðabirgða III sem fjallar um fyrstu stjórn félagsins. Þar kemur fram að þar til að skipuð hefur verið stjórn fyrir félagið sé menntamálaráðherra í fyrirsvari fyrir félagið sem eini stjórnarmaður þess. Hlutafélagið stofnast ekki fyrr en á stofnfundi en á þeim fundi verður skipuð stjórn félagsins sem fer síðan með fyrirsvar félagsins fram að skráningu. Því ættu ekki að koma upp tilvik þar sem menntamálaráðherra væri í fyrirsvari fyrir félagið sem stjórnarmaður.

Einnig leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæði til bráðabirgða IV sem fjallar um lok á umboði útvarpsráðs. Ósamræmis gætir á milli þessa ákvæðis og ákvæðis 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins en þar er tekið sérstaklega fram að lögin um Ríkisútvarpið falli brott 1. janúar 2007. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu fellur umboð aðalmanna og varamanna útvarpsráðs niður við gildistöku laganna. Meiri hlutinn leggur því til að umboðið falli niður um leið og hlutafélagið tekur til starfa og lög um Ríkisútvarpið falla brott, en ekki við gildistöku laganna.

Að lokum, frú forseti, leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæði til bráðabirgða V sem fjallar um gildistöku ákvæðis um tekjustofna. Gert er ráð fyrir að ákvæðið um megintekjustofna gildi til og með 31. desember 2008 en hins vegar að tekjustofnarnir skv. 11. gr. taki gildi eftir 1. janúar 2009. Meiri hlutinn leggur því til að í stað orðsins „eftir“ komi orðin „frá og með“ svo að gildistakan eigi einnig við um 1. janúar 2009.

Frú forseti. Meiri hluti menntamálanefndar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér gert grein fyrir og sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Ásamt mér rita undir þetta nefndarálit hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Kjartan Ólafsson og Sæunn Stefánsdóttir.

[11:27]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til að spyrja hv. þingmann út í álit Samkeppniseftirlitsins um þetta frumvarp. Í álitinu kemur fram sú eindregna afstaða stofnunarinnar að Ríkisútvarpið muni geta nýtt ríkisaðstoðina til að framleiða eða kaupa vinsælt dagskrárefni og síðan segir í álitinu, með leyfi forseta:

„Af þessu leiðir óhjákvæmilega að umrædd samkeppni starfsemi RÚV á sviði auglýsinga verður niðurgreidd með þeirri ríkisaðstoð sem félagið mun njóta.“ — Niðurstaða þessarar einnar merkustu eftirlitsstofnana íslenska ríkisins er sú að þetta muni hafa í för með sér samkeppnislega mismunun.

Nú ætla ég að spara hv. þingmanni að hæða hann og spotta með fyrri orðum hans um nauðsyn frjálsrar samkeppni en það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að orð Samkeppniseftirlits er ekki hægt að túlka með öðrum hætti en þeim að ef að frumvarpið verður samþykkt og gert að lögum hafi það í för með sér samkeppnislega mismunun. Þetta liggur fyrir af hálfu stofnunarinnar. Hún leggur jafnframt til tvær leiðir og segir síðan að hún muni bíða með aðgerðir þangað til ljóst verði hvor leiðin verði farin. En það á hvoruga leiðina að fara sem rætt er um í þessu áliti.

Þá blasir alveg við að það er ljóst að á grundvelli þessa álits hafa samkeppnisaðilar ráðrúm og fótfestu til að höfða mál og það verður örugglega gert. Það verður sömuleiðis málarekstur erlendis.

Hér er sköpuð mikil óvissa með afgreiðslu málsins á þessum grunni og ég spyr hv. þingmann: Er hann ekki hræddur við það að hann steypi hér málinu öllu í gríðarlega réttaróvissu sem mun draga slóða langt fram eftir (Forseti hringir.) árum?

[11:30]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir spurninguna og sömuleiðis fyrir að ætla sér að sleppa því að hæða og spotta þann sem hér stendur. Ætla ég þá ekki að gera það gagnvart þeim hv. þingmanni, þótt ég hefði kannski tilefni til.

Hv. þingmaður fjallar hér um samkeppnislega mismunun sem getið er um í umsögn Samkeppniseftirlitsins. Ég held að í sjálfu sér sé ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu á markaði þar sem ríkið tekur þátt í samkeppni en að þar ríki einhvers konar mismunun. Það skiptir engu máli hvort það er á lánamarkaði, smásölumarkaði, eða á fjölmiðlamarkaði. Um leið og ríkið er orðið þátttakandi á slíkum markaði þá ríkir einhvers konar mismunun gagnvart þeim einkaaðilum sem einnig starfa á þeim markaði.

Hv. þingmaður hefur nú ekki lagt það til að Ríkisútvarpið hverfi af þeim markaði þannig að ég geri ráð fyrir að hann sé þeirrar skoðunar að það beri að halda þessari mismunun við að minnsta kosti að einhverju leyti vegna þess að leikurinn verður alltaf ójafn þegar ríkið er þátttakandi.

Það er rétt að Samkeppnisstofnun eða Samkeppniseftirlitið leggur til tvær leiðir. Önnur er sú að ríkið hverfi alfarið af auglýsingamarkaði. Um það er ekki pólitísk samstaða innan Alþingis.

Hin er sú að stofnuð verði önnur stöð þar sem auglýsingar eru birtar. Önnur sjónvarpsstöð. Ég hef litið þannig á að tilgangurinn með þessu frumvarpi sé ekki sá að sjónvarpsstöðvum Ríkisútvarpsins verði fjölgað svo mér finnst sú leið ekki fýsileg.

Sú leið sem við leggjum til að verði farin kemur fram í breytingartillögum okkar en með þeim er að sjálfsögðu verið að koma til móts við (Forseti hringir.) fyrri leiðina sem

Samkeppniseftirlitið leggur til.

[11:32]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur alveg skýrt fram að Samkeppnisstofnun telur að það séu einungis tvær leiðir færar til að koma í veg fyrir samkeppnislega mismunun. Það er ekkert afbrigði af þeim sem kemur til greina. Það er ekki hægt að fara þá leið sem farin er með breytingartillögum meiri hlutans. Það liggur einfaldlega alveg ljóst fyrir að frumvarpið sem nú er verið að samþykkja hefur í för með sér samkeppnislega mismunun. Það kemur ljóst fram líka að þetta brýtur gegn anda samkeppnislaga.

Það er ekki hægt að skilja niðurlag álits Samkeppnisstofnunar öðruvísi en svo að stofnunin muni grípa til aðgerða hér innan lands ef önnur hvor þeirra leiða sem hún leggur til verður ekki farin. Af því er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að fullkomin óvissa ríki um hvort þetta frumvarp standist samkeppnislög eða anda þeirra.

Punktur málsins, og það sem mér finnst varða mestu um þetta atriði, er það að hv. formaður menntamálanefndar er vitandi vits að þrýsta hér í gegn frumvarpi sem brýtur gegn anda samkeppnislaganna. Hann veit af því. Ein af traustustu eftirlitsstofnunum ríkisins hefur varað hann við því. Hann veit af því að vegna frumvarpsins á íslenska ríkið yfir höfði sér margra ára málaferli og hugsanlega getur það bakað sér mikla skaðabótaskyldu.

En samt kemur hv. þingmaður, formaður menntamálanefndar, sem þar að auki er lögfræðingur, og reynir að þrýsta málinu í gegn. Hann veit að hann er að búa til réttaróvissu. Hann veit að gjörð hans kann að baka ríkinu mikla skaðabótaábyrgð. Samt gerir hann þetta.

Ég velti því fyrir mér, frú forseti, af hverju? Í öllu falli, frú forseti, þá sýnir þetta okkur að málið er ekki fullrannsakað (Forseti hringir.) vegna þess að hv. þingmaður er ekki alveg klár á því til hvers þetta leiðir.

[11:34]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu þá leiðir tilvist ríkisins á markaði til mismununar. Þátttaka ríkisins á hvaða markaði sem er leiðir til þess að á þeim markaði er leikurinn ójafn.

Það skiptir ekki máli hvort um fjölmiðlamarkað, smásölumarkað, lánamarkað eða annan markað er að ræða. Þátttaka ríkisins á samkeppnismarkaði leiðir til þess að aðilar sem starfa á þeim markaði standa ekki jafnir.

Hv. þingmaður vék að réttaróvissunni og spurði hvort með þessu frumvarpi væri verið að skapa réttaróvissu og búa í haginn fyrir framtíðarmálaferli milli ríkis og einkaaðila sem starfa á þeim markaði. Hann sagði að búast mætti við því að Samkeppniseftirlitið gripi til aðgerða vegna þessa frumvarps.

Nú er það þannig, að í þessu máli eru tvö samkeppnissjónarmið uppi. Annars vegar spurningin um það, og ég vona að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé að hlusta á mig, að frumvarpið brjóti gegn ákvæðum um ríkisstyrki. Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa það mál til athugunar ef einhver telur að svo sé, og raunar er það þannig að við teljum okkur vera á þurru landi hvað það atriði varðar.

Hvað varðar hin sjónarmiðin, um það hvort frumvarpið stríði gegn markmiðum samkeppnislaga, þá hefur því verið haldið fram. En öfugt við það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði, þá lýsti Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, því sérstaklega yfir að verði frumvarpið að lögum með þessum hætti þá mundi Samkeppnisstofnun eða Samkeppniseftirlitið ekki grípa til neinna aðgerða vegna þess að frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. er frumvarp til sérlaga. Samkeppnislögin eru almenn lög og hann tók það sérstaklega fram, eins og við öll vitum, að sérlög ganga fram af almennum lögum og (Forseti hringir.) eftir stendur að löggjafinn getur alltaf gert það sem honum sýnist, svo ég taki nú orð forstjóra Samkeppniseftirlitsins mér í munn. Þannig að þetta var niðurstaðan og ég bið hv. þingmann um að hafa rétt eftir mönnum.

[11:37]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tillögu sem kynnt var á blaðamannafundi í morgun leggur Samfylkingin til að fjármögnun Ríkisútvarpsins verði blönduð. Annars vegar með ríkisframlagi og hins vegar með auglýsingatekjum sem lækki og verði ekki hærri en 15–20% af heildartekjum, sem er veruleg lækkum frá því sem nú er. Þetta er hin pólitíska nálgun á málinu.

Varðandi frumvarpið í núverandi mynd, án nokkurra eiginlegra takmarkana á umfangi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, með banni við sölu á vefnum, ekki frekari kostunar o.s.frv., þá skiptir þetta engu máli í þeirri stöðu sem er í dag af því að þeir sem reka frjálsa ljósvakafjölmiðla í landinu túlka þetta frumvarp sem aðför að rekstri frjálsrar ljósvakafjölmiðlunar í landinu.

Hér er um að ræða ríkisvæðingu á ljósvakamiðlun á Íslandi. Það er ekki hægt að túlka þetta öðruvísi en að þetta komi verulega niður á einkareknu ljósvakamiðlunum sem berjast í bökkum, og hafa alltaf gert á Íslandi af því þetta er örlítill markaður. Þess vegna er yfirburðastaða ríkisins á fjölmiðlamarkaðnum alveg sérstaklega viðkvæmt mál. Mikið viðkvæmara mál en í Bretlandi þar sem BBC er vissulega fjölmiðlarisi en á risastórum markaði.

Hér er verið að auka verulega samkeppnisforskot ríkisins á fjölmiðlamarkaði og á ljósvakamarkaði. Það sem ég skil ekki er hvernig hv. formaður menntamálanefndar finnur pólitíska réttlætingu fyrir þessu máli. Tekur hann ekki undir það, eins og hann hefur gert áður, að það þurfi að takmarka verulega umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, mikið meira en þetta frumvarp leggur til? Því hér er ekki verið að takmarka umfangið. Það er verið að halda í horfinu.

Í andsvörum við mig fyrr í haust, við 1. umr. um málið, hefur hv. þingmaður sagt að það eigi að takmarka umsvif útvarpsins til að gæta sanngirni gagnvart frjálsri fjölmiðlun í landinu. Tekur þingmaðurinn ekki undir það nú?

[11:39]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér var því miður ekki boðið á þennan merka blaðamannafund Samfylkingarinnar sem haldinn var í morgun þar sem kynntar voru nýjar leiðir varðandi fjármögnun Ríkisútvarpsins og þekki þar af leiðandi ekki þær leiðir sem hv. þingmaður talaði hér fyrir. En ég geri ráð fyrir að þær verði kynntar nánar í umræðum um málið í dag.

Hv. þingmaður spyr um takmörkun á umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Ég verð að benda hv. þingmanni á það, þegar hann segir að hér sé einungis verið að halda í horfinu en ekki verið að leggja neinar takmarkanir til, að ef hv. þingmaður les frumvarpið eins og það er þegar það er lagt fram þá er beinlínis gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið ohf., hið nýja félag, hafi ótakmarkaðar heimildir til að afla sér kostunartekna vegna einstakra dagskrárliða. Það eru ekki lagðar neinar hömlur á Ríkisútvarpið ohf. hvað það varðar.

Að sama skapi gerir frumvarpið beinlínis ráð fyrir framsókn Ríkisútvarpsins ohf. á veraldarvefnum. Með því að leggja til þessar breytingar er meiri hlutinn að koma í veg fyrir frekari útrás Ríkisútvarpsins á kostunarmarkaði og á veraldarvefnum. Það má vel vera að hv. þingmaður telji að þetta skipti engu máli. En ég tel að þetta skipti verulegu máli fyrir einkaaðila.

En það hins vegar alveg rétt hjá hv. þingmanni að það eru skiptar skoðanir um hversu langt eigi í að ganga í að takmarka auglýsingar Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Ég hef sjálfur sagt það, bæði opinberlega og hér í ræðustól, að ég væri fyrir mína parta alveg tilbúinn til þess að ganga lengra. En þetta er niðurstaðan. Hún liggur fyrir. Hún er lögð til.

[11:41]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þingmaður er enn á þeirri skoðun að það eigi að takmarka umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði allverulega frá því sem hér er gert. Hér er ekki verið að takmarka það út frá núverandi stöðu, hvað sem framtíðin svo aftur ber í skauti sér, því það sem ég var að spyrja hv. þingmann um lítur að pólitískri grundvallarspurningu. Hv. þingmaður hefur flutt hér frumvarp ásamt félögum sínum úr Sjálfstæðisflokki um að það eigi að selja og einkavæða Ríkisútvarpið. Þetta er algert grundvallarmál, pólitískt mál sem hlýtur að liggja til grundvallar hans viðhorfum.

Það frumvarp sem hann ber síðan fram og talar fyrir er ekki hægt að túlka öðruvísi en að verið sé að fara með einhverjum hætti að frjálsri ljósvakamiðlun í landinu. Það er verið að ríkisvæða ljósvakamiðlun enn þá meira en frá því sem nú er. Samkeppnisforskot Ríkisútvarpsins mun aukast töluvert. Það verður hlutafélag með meðgjöf upp á 2,8 milljarða á ári frá ríkinu auk þess að hafa óheft umfang á auglýsingamarkaði, þó svo að það sé verið að stemma stigu við því að umfang þess aukist á veraldarvefnum o.s.frv.

Þess vegna spyr ég hv. þingmann. Hvernig getur það verið pólitískt forsvaranlegt, pólitískt réttlætanlegt út frá viðhorfum þeirra sem styðja frjálsa fjölmiðlun í landinu, að ganga fram með þetta frumvarp sem gæti orðið til þess að laska verulega frjálsa ljósvakamiðlun? Til dæmis með því að draga úr framleiðslu á innlendu efni, draga úr framleiðslu á menningartengdu efni eða með því að stórskaða rekstur á annarri fréttastofu á ljósvakamarkaði en þeirri ríkisreknu. Af því að á þeim 20 árum sem þessir fjölmiðlar, útvarpið og sjónvarpið, hafa verið reknir þá hafa þeir barist í bökkum. Þeir gera það enn þá.

Þetta frumvarp er ekkert annað en aðför að stöðu þeirra. Þess vegna spyr ég hv. þingmann: Hvernig getur hann réttlætt það að hér sé verið að ganga fram með ríkisvæðingu á ljósvakamarkaði?

[11:44]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson talar um að þetta frumvarp feli í sér ríkisvæðingu ljósvakamiðla og muni leiða til þess að innlend dagskrárgerð og fréttaþjónusta í einkamiðlunum verði lögð í rúst. Hann kallar það aðför að einkaaðilum á þessum markaði.

Ég leyfi mér að halda því fram að svo sé ekki. Ég held að það sé ekki hægt að vera með neina spádóma hér og nú um það hvort sú verður niðurstaðan, eins og hv. þingmaður telur sig vera í aðstöðu til að gera.

Að mínu mati er ekki um ríkisvæðingu ljósvakamiðla að ræða. Það er dálítið einkennilegt að hlusta á hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson tala hér máli einkaaðila á þessum markaði og mæla mjög gegn svokallaðri ríkisvæðingu ljósvakamiðlanna.

Ég veit ekki betur en hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hafi haldið hér fjölmargar ræður um mikilvægi þess að styrkja og efla Ríkisútvarpið á fjölmiðlamarkaði. Í þeim ræðum hef ég ekki fundið fyrir mikilli umhyggju hv. þingmanns gagnvart einkaaðilum á markaðnum. Mig grunar að hv. þingmaður haldi þessar ræður núna til þess að skapa sér stundarvinsældir. (Gripið fram í.) Fyrirgefðu, frú forseti. Það er varla hægt að svara hv. þingmanni fyrir frammíköllum.

En ég held að hv. þingmaður sé að reyna að afla sér stundarvinsælda vegna þess að tal hans hér og bragur á umræðum um stöðu Ríkisútvarpsins er ekki í nokkru samræmi við hans eigin orð (Forseti hringir.) áður um stöðu Ríkisútvarpsins sem hann vill styrkja og efla númer eitt, tvö og þrjú og hefur alltaf viljað.

[11:46]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)**:

Forseti. Ég er hér kominn til að mæla fyrir áliti minni hluta menntamálanefndar á frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. Það er með svolítið sérkennilegum tilfinningum að maður gerir það því að þessi 2. umr. um málið er svona í lausu lofti. Búið er að ákveða það, held ég allir viti nema formaður Framsóknarflokksins, með samkomulagi sem hér var gert í gær að þetta mál á ekki að afgreiða á þessu ári og þar með ekki á þessu haustþingi. Þrátt fyrir miklar yfirlýsingar um annað varð þetta niðurstaðan og þegar er ljóst að menntamálanefnd þarf að koma saman aftur milli 2. og 3. umr., ef ekki í 2. umr., til að breyta málinu af þeim sökum.

Það þarf að breyta í því dagsetningum og kannski einhverju fleiru um gildistíma og röð atburða. Það svona dregur þungann úr þessari 2. umr. sem oft er nú meginumræða um mál og eykur líkur á að meginumræðan um þetta mál verði ekki 2. umr. heldur 3. umr. ef að henni kemur, sem vekur upp minningar um vormánuðina þegar við stóðum hér líka og tókum þátt í 2. umr. um frumvarp sem þá lá fyrir svipaðs eðlis og hét því sama nema þá var ekki o í skammstöfuninni. Þá reyndar lauk 2. umr. og málið fór aftur til menntamálanefndar, sem er óvenjulegt, en var fullkomlega þarft á þeim tíma. Þriðja umræða var hafin en þingi var slitið í miðri þeirri umræðu og málið sem sé dó út af í þeim þingslitum.

Reyndar var það líka svona á næstsíðasta þingi, að það mál sem menntamálaráðherra flutti þá og hét Ríkisútvarpið sf. — því að það er sífelldur menúett í kringum skammstöfun á þessu fyrirbæri — hlaut sömu örlög, ég held þó að það frumvarp hafi aldrei komist í 3. umr. Það var kannski af öðrum ástæðum en í fyrra, sennilega af þeim ástæðum að í miðju kafi uppgötvaðist að frumvarpið var ekki í samræmi við réttarreglur sem við höfum undirgengist í Evrópusamstarfi okkar og raunar er það svo a.m.k. fyrir þá menn sem einkum skilja hlutina andlegum skilningi, að það er eins og einhver skuggi hvíli yfir þessu máli öllu, einhver hálfgerð ógæfa. Það er borið fram plagg og síðan er sífellt verið að sauma á það bætur en það nær aldrei utan um það sem það átti að hæfa og fer einhvern veginn alltaf sömu leiðina. Og nú hefur það gerst sem sé enn einu sinni að ekki er hægt að ljúka málinu.

Í vor þegar þingi var slitið í miðri 3. umr. um frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið hf. gafst til þess heilt sumarhlé að fara yfir málið, fjórir mánuði, júní, júlí, ágúst og september. Þann tíma hefði verið hægt að nota til að setjast niður með fulltrúum allra flokka og fulltrúum þeirra hagsmuna- og áhugaaðila manna, hópa og fyrirtækja sem láta sig málið varða sérstaklega og reyna að ná, eigum við að kalla það lendingu í þessu, ná einhvers konar málamiðlun eða sáttum um málið. Það var ekki reynt, því miður, og þegar málið kom fram í haust var strax augljóst að það væri að því leytinu engu skárra en hið fyrra frumvarp, um það næðust ekki þær sættir sem dygðu og frumvarpið mundi lenda í mótbyr á þinginu — nú sé ég að hæstv. menntamálaráðherra er komin á eintal með hæstv. formanni Framsóknarflokksins, sem ég minntist hér á áðan. Kannski er það um þetta nákvæmlega sem ég er að tala. — Þess vegna fagna ég í raun þeim málalyktum í gærkvöldi, þeim samningi eða því samkomulagi sem gert var, ekki vegna þess að ég treysti mér ekki til að standa hér í umræðum um málið, 2. og 3. umr. fram eftir desembermánuði og allt til jóla þess vegna eða vinna mína vinnu hér á þinginu alveg eins í desember og í janúar, ég treysti öllum þingmönnum til þess, heldur vegna þess að okkur gefst með þessu enn eitt hléið, enn eitt ráðrúmið til að setjast yfir málið og ná saman um mál sem er einstakt að því leyti að á ferðinni er áhugaefni og raunar sameign, tilfinningaleg og raunveruleg sameign allrar þjóðarinnar.

Þess vegna gegnir öðru, forseti, um þetta efni en önnur, þau venjulegu pólitísku átakaefni sem að lokum verða ekki afgreidd, það skilja allir í stjórn og stjórnarandstöðu, nema með afli atkvæða á þinginu og síðan afli atkvæða í kosningunum. Það gegnir öðru um þetta vegna þess að það er skylda okkar að reyna sem við framast megum að ná um þetta samkomulagi, eins víðtækri sátt og hægt er innan þingsins og í samfélaginu, á fjölmiðlavettvanginum, meðal áhugamanna með ráðum fræðimanna og styrk starfsmanna á þeim fjölmiðli sem hér um ræðir og öðrum einnig, ná um málið eins góðu samkomulagi og hægt er vegna þess að það er mikilvægt fyrir ekki bara fjölmiðlana, ekki bara þjónustuna við almenning, heldur fyrir þjóðina sjálfa, fyrir okkur sem búum á landinu að við höfum sameiginlega viðmiðun í því sem við erum að gera í menningu okkar á 21. öld.

Því er rétt að vekja athygli á að í morgun á blaðamannafundi sem Samfylkingin hélt í þingflokksherberginu kom m.a. og ekki síst það tilboð frá formanni flokksins, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, sem hér ber að ræða um sem hv. þingmann, að þetta hlé yrði notað, það sem nú gefst eftir að 2. umr. lýkur eða þessu haustþingi verður frestað og fram á nýja árið, til þess að settur verði niður hópur fulltrúa úr öllum flokkum sem setjist yfir málið, þess vegna bara núna í byrjun næstu viku, og freisti þess fram á nýtt ár að finna samkomulagsflöt í málinu. Ég skal ekkert segja um hverjir möguleikar eru á að hann náist, en ég held að ef hægt er að losa úr málinu kergju sem í það er hlaupin og einhvern ofmetnað af hálfu ákveðinna stjórnarliða eða ákveðinna liðsmanna í stjórnarmeirihlutanum sé það mögulegt. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lýst skoðunum sínum á því hvernig ríkisútvarp þeir vilja og ef eitthvað er að marka yfirlýsingar stjórnarliða um almannaútvarp og lýsingu þeirra, a.m.k. að hluta til, hvernig það á að vera, þá á að vera hægt að ná saman um einhverja málamiðlun, einhverja sáttaleið. Ég verð hins vegar að segja strax að mestu erfiðleikarnir í því máli eru auðvitað annars vegar það form sem menntamálaráðherra hefur valið í þriðja sinn þessu fyrirtæki sem verða á annars vegar og hins vegar þeir stjórnarhættir sem byggðir hafa verið inn í frumvarpið allt frá byrjun og ég tel raunar sennilegustu skýringuna á. Það er sennilegasta skýringin á tilurð þessa frumvarps, eða ein af skýringunum á tilurð þess sé að þetta tvennt tengist.

Þetta tel ég að við eigum að reyna og ítreka því þessa tillögu Samfylkingarinnar, þetta tilboð formanns Samfylkingarinnar frá í morgun hér úr stólnum.

Forseti. Ég er kominn hér til að mæla fyrir áliti minni hluta menntamálanefndar sem við fjögur skrifum undir, ég og síðan hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, báðir úr Samfylkingu, og Kolbrún Halldórsdóttir úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, en Magnús Þór Hafsteinsson, sem er áheyrnarfulltrúi Frjálslynda flokksins, sat fundi nefndarinnar og á samleið með okkur í þessu efni. Stjórnarandstaðan öll stendur því á bak við þetta álit. Ég ætla að hefja ræðu mína á því að lesa það í gegn, svo sem venja er.

Fyrst er fjallað um meginatriði máls á eftirfarandi hátt:

Með frumvarpi því sem hér um ræðir er ekki skapaður sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir til frambúðar og þar með ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Líklegt er að samþykkt frumvarpsins leiði til enn ákafari deilna en áður um stöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlavettvangi og jafnvel til málaferla heima og erlendis.

Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag væri stigið varhugavert skref sem í sambærilegum tilvikum hefur langoftast leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Stjórnarhættir þeir sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu opna leið til áframhaldandi pólitískra ítaka og inngripa. Réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru samkvæmt frumvarpinu í uppnámi. Ekki er sennilegt að nefskatturinn sem ætlunin er að taka upp í stað útvarpsgjaldsins efli samstöðu meðal almennings um málefni Ríkisútvarpsins, einkum ef dagskrárframboð þess dregur áfram dám af kröfum auglýsenda og kostenda á svipaðan hátt og hjá markaðsstöðvunum.

Hér er kannski rétt að skjóta því inn — ég ætla að fjalla betur um auglýsingar og kostun á eftir — að auðvitað er munur á markaðsstöðvunum að því leyti að sumar þeirra eru hreinar auglýsingastöðvar sem byggja tekjur sínar eingöngu eða nánast eingöngu á auglýsingum og kostun en aðrar eru áskriftarstöðvar sem vissulega eru byggðar upp öðruvísi að þessu leyti, en áskriftarstöðvarnar hafa yfirleitt vænan hluta af sínum tekjum af auglýsingum og kostun. Má nefna Skjá einn sem dæmi um auglýsingastöð og Stöð 2 sem dæmi um áskriftarstöð en fyrirtækið sem rekur Stöð 2 er hins vegar bæði með áskriftarstöðvar og auglýsingastöðvar, samanber t.d. stöðina Sirkus sem er að ég held eingöngu auglýsingastöð.

Næsti kafli í nefndarálitinu heitir Vinnubrögð:

Frá því stjórnarflokkarnir settu sér að breyta einhliða lögunum um Ríkisútvarpið hafa vinnubrögð þeirra verið á eina lund. Frumvarpstextar hafa verið undirbúnir með leynd hjá sérstökum trúnaðarmönnum flokkanna og upplýsingum haldið markvisst frá almenningi, fjölmiðlum, starfsmönnum Ríkisútvarpsins og þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Í stað þess að efna til samstarfs allra flokka á þingi um endurnýjað Ríkisútvarp og reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um framtíðarskipan þess hafa forustumenn stjórnarflokkanna sammælst um tillögur sem einkennast annars vegar af kreddu og hins vegar hrossakaupum, án þess að vart verði sameiginlegrar grundvallarstefnu um hlutverk Ríkisútvarpsins og stöðu þess á fjölmiðlavettvangi.

Minni hluti menntamálanefndar telur málið enn vanreifað og greiddi atkvæði gegn því að það yrði afgreitt frá nefndinni. Fjölmörg álitamál eru enn óafgreidd. Þar skal í fyrsta lagi nefnt að svo mikið lá á að afgreiða málið að formaður nefndarinnar féllst ekki á að bíða eftir umbeðnum gögnum frá svokallaðri matsnefnd vegna stofnefnahagsreiknings, en þau gögn eru m.a. nauðsynleg til að meta rekstraráætlun sem fyrir liggur og gera sér grein fyrir gildi þjónustusamningsdraga sem frumvarpinu fylgja. Þessi gögn bárust ekki fyrr en mánudaginn 4. desember þegar þetta nefndarálit var í smíðum. Í öðru lagi var hafnað beiðni um að fá álit fjölmiðladeildar Evrópuráðsins á frumvarpinu með tilliti til tilmæla ráðsins um málefni almannaútvarps frá 1994 og 1996. Þetta er í þriðja sinn á þremur þingum sem formaður menntamálanefndar hafnar slíkri beiðni, þótt vafi leiki á um að stjórnskipan RÚV ohf., áður hf. og þar áður sf. í fyrri frumvörpum, standist kröfur í tilmælunum um sjálfstæði almannaþjónustu á þessu sviði. Í þriðja lagi er vert að nefna að nefndin fékk ekki tækifæri til að kanna álitamál sem ítrekað hafa komið upp um það hvort rekstur Ríkisútvarpsins í hlutafélagsformi stenst samkeppnislög, jafnvel stjórnarskrá, þar sem ríkisstyrkur er nýttur til samkeppnisrekstrar, m.a. á auglýsinga- og kostunarmarkaði, en skilgreiningar á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins eru óljósar. Á þetta er bent í ýmsum umsögnum nú og á fyrri þingum, en hér ber að benda sérstaklega á umsögn Samkeppniseftirlitsins þar sem frumvarpið óbreytt er talið valda samkeppnislegri mismunun.

Breytingar á frumvarpinu er næsta fyrirsögn í nefndarálitinu:

Það stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er í flestum greinum hið sama og menntamálaráðherra lagði fram á síðasta þingi og hinu næstsíðasta. Frumvarpið nú er að einu atriði undanteknu óbreytt frá sköpulagi frumvarpsins í fyrra, að meðtöldum breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar fyrir 3. umr. þá, og vísast því í megindráttum til nefndarálita minni hluta menntamálanefndar á síðasta þingi um þetta mál.

Sú breyting sem áður var rædd felst í því að nú hyggjast stjórnarflokkarnir gera Ríkisútvarpið að „opinberu hlutafélagi“ (ohf.) en á fyrra þingi að hlutafélagi (hf.) og á þinginu þar áður að sameignarfélagi (sf.).

Þá hefur meiri hluti menntamálanefndar nú lagt til að ekki verði auglýsingar á vefsetri Ríkisútvarpsins frekar en verið hefur að undanförnu og vill binda í lög að hlutfall kostunartekna af auglýsingatekjum aukist ekki frá því sem nú er — eða réttara sagt frá því sem verður niðurstaðan á árinu 2006 þannig að rétt sé og nákvæmlega farið með.

Enn fremur hafa verið birt drög að þjónustusamningi sem menntamálaráðherra hyggst gera við útvarpsstjóra. Einnig hafa verið áætluð útgjöld vegna slíks samnings fyrir næstu tíu ár og samdar tölur um hagræðingu í rekstri á þessum tíma. Er þetta hvort tveggja hluti rekstraráætlunar sem fylgir Skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings, eins og hún heitir, frá 28. nóvember 2006. Það er stutt síðan hún varð til og var þá lögð fyrir okkur mjög á síðasta sprettinum í umfjöllun menntamálanefndar um frumvarpið og eins og ég lýsti áðan reyndist ekki tími til fyrir einurð, skulum við kalla það, formanns menntamálanefndar til að fara almennilega yfir þá skýrslu og fá þau gögn afhent sem þyrfti til að meta hana eins og hæfilegt hefði verið.

Breytingin úr „hf.“ í „ohf.“ skiptir sáralitlu máli fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins þar sem áður hafði verið fallist á að upplýsingalög giltu um nýja fyrirtækið. Hvað Ríkisútvarpið varðar felst breytingin einkum í því — frá áætlununinni um hf-formið — að þingmönnum og blaðamönnum er eða verður heimilt að sitja aðalfund þann sem menntamálaráðherra heldur ár hvert, samkvæmt frumvarpinu, með útvarpsstjóra og útvarpsstjórn eða hinu nýja útvarpsráði, og er hinum fyrrnefndu, þ.e. þingmönnum, heimilt að leggja þar fram skriflegar fyrirspurnir. Þetta gildir þó ekki um hluthafafundi.

Breytingartillögur meiri hlutans um auglýsingar og kostun eru nýmæli í sögu Ríkisútvarpsfrumvarpa á þessu kjörtímabili, þótt allt frá upphafi hafi verið rætt mjög um þessa tekjuþætti. Þessum tillögum mun ætlað að koma til móts við þá gagnrýni að Ríkisútvarpið kunni sem ríkisstyrkt hlutafélag á samkeppnismarkaði að verða skeinuhætt starfsemi markaðsstöðvanna. Til þess eru tillögurnar þó nánast gagnslausar þar sem heildartekjum Ríkisútvarpsins eru ekki

sett takmörk á nokkurn veg heldur einungis kveðið á um að kostunartekjur séu ákveðið hlutfall af auglýsingatekjum eins og áður sagði. Kostun af ákveðnu tagi hefur oft sætt gagnrýni sem tekjuöflunarleið fyrir Ríkisútvarpið, og raunar hjá fleiri miðlum, og vera má að tillögunum sé ætlað að koma í veg fyrir of mikla kostun í Ríkisútvarpinu. Sé svo eru tillögurnar klaufalegar þar sem allar gerðir kostunar eru þar settar undir sama hatt. Draga verður í efa að hér sé betur af stað farið en heima setið.

Áðurnefnd drög að þjónustusamningi voru kynnt í september á hátíðlegum blaðamannafundi í útvarpshúsinu við Efstaleiti og var það þá sögð forsenda samningsgerðarinnar að Alþingi samþykkti væntanlegt frumvarp ráðherrans, það sem við fjöllum nú um. Þetta er misskilningur. Þjónustusamning af þessu tagi er hægt að gera við Ríkisútvarpið í núverandi lagaramma, og meginbreytingar í frumvarpinu, háeffunin og stjórnarkerfið, skipta efnisatriði þjónustusamningsdraganna engu máli. Drögin eru því fyrst og fremst samin til að sýna hvernig útvarpsstjóri og menntamálaráðherra hugsa sér framhaldið næstu árin. Í drögunum er kveðið á um skyldur Ríkisútvarpsins en ekkert getið um framlag menntamálaráðherra og skrifstofu hans, ráðuneytisins. Það sem hæst hefur borið af innihaldi draganna eru ákvæði þeirra um aukið innlent efni á kjörtíma, nefnilega frá kl. 19 til 23, og meiri kaup efnis af sjálfstæðum framleiðendum. Hvort tveggja telur minni hlutinn jákvæð markmið, en bendir á að ekki fylgja samningsdrögunum skýringar á þessum hugtökum, sem hafa verið nokkuð á reiki undanfarin ár af hálfu Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytis. Ríkisútvarpið hefur hins vegar lagt fram tölur um „kostnað við þjónustusamning", eins og það er kallað, í samráði einhvers konar við menntamálaráðuneytið. Þar kemur í ljós að „aukið dagskrárefni" nemur 400 millj. kr. árið 2011 þegar hámarki er náð frá næsta ári. Útvarpsstjóri útskýrði á fundi nefndarinnar að reiknað væri með því að hér væri á ferðinni um það bil klukkutímaaukningu innlends sjónvarpsefnis á dag innan kjörtímamarkanna, og því merkti talan fyrir „aukið dagskrárefni" að í grófum dráttum mundi hver klukkutími kosta rúma milljón króna í framleiðslu. Fyrir þá upphæð fæst ekki sérlega metnaðarmikið sýningarefni, ef ekki á meira fé að koma til. Það eykur áhyggjur af þessari stefnumörkun í þjónustusamningsdrögunum að samkvæmt töflu um „kostnað við þjónustusamning" er gert ráð fyrir „hagræðingu" sem frá árinu 2007–2011 vex úr 15 millj. kr. í 200 millj. kr. á ári.

Útvarpsstjóri hafði ekki á takteinum skýringar á þessum lið þegar um hann var spurt á fundinum. — Beinast liggur því við að álykta að kostnaði við að uppfylla afar hófsöm markmið þjónustusamningsdraganna um aukið innlent dagskrárefni eigi að mæta með niðurskurði og uppsögnum — eða með því að afla meiri tekna af auglýsingum og kostun. Rekst hér hvað á annars horn, enda virðist tölunum fyrst og fremst ætlað að líta vel út sem forsendur rekstraráætlunar matsnefndarinnar. Raunar er óljóst hvert gildi þjónustusamningur af þessi tagi hefur fyrir rekstur Ríkisútvarpsins, segir í nefndaráliti okkar og ég kem betur að þessum þjónustusamningsdrögum síðar í ræðunni.

Um réttindi starfsmanna er það að segja í nefndarálitinu að í öll skiptin sem mál þetta hefur verið til meðferðar á Alþingi hafa stéttarfélög starfsmanna ásamt heildarsamtökunum BSRB og BHM gert alvarlegar athugasemdir við meðhöndlun réttinda starfsmanna. Þær athugasemdir hafa engu breytt nema hvað meiri hluti nefndarinnar tekur nú góða og gilda yfirlýsingu útvarpsstjóra um að þeir starfsmenn sem nú eiga réttindi í A-deild Lífeyrissjóðs ríkisins muni halda þeim rétti. Fulltrúar stéttarfélaganna segja hins vegar að slík yfirlýsing sé marklaus nema þau réttindi verði tilgreind í bráðabirgðaákvæði II. Að öðru leyti eru sniðgengin réttindi sem starfsmenn eiga samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, samkvæmt aðilaskiptalögum, nr. 72/2002, og samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997. Er þar átt við inntak ákvæðis til bráðabirgða II, þar sem takmarkaður er réttur starfsmanna til töku lífeyris úr B-deild Lífeyrissjóðs ríkisins. Þá er ekki ljóst af ákvæðinu hver ætlunin er með lífeyrisskuldbindingar sem falla til í framtíðinni, hvort þær muni einungis ná til þeirra sem taka störf hjá hinu nýja félagi, eða hvort þær eiga líka við þegar í hlut eiga starfsmenn sem gegnt hafa störfum sem lögð verða niður en nýta sér engu að síður rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild LSR.

Ég þakka áheyrendum gott hljóð og vona að þeir skilji vel hvað hér fer fram. Þeir eru nokkuð margir, að vísu ekki í þingsalnum en uppi á pöllunum, og ég býð þá velkomna og vona að þeir læri margt af þessari heimsókn sinni til þingsins.

Ég held áfram með nefndarálit mitt, forseti:

Helstu atriði sem nú heyra til réttinda starfsmanna Ríkisútvarpsins en falla niður við breytingarnar eru: andmælaréttur, áminningarskylda, skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn, auglýsingaskylda um laus störf, aðgangur almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda, uppsagnarfrestur, þagnarskylda, skylda um að hlíta breytingum á störfum og verksviði auk biðlaunaréttar þeirra sem ráðnir eru fyrir 1. júlí 1996. Þá munu ákvæði stjórnsýslulaga um jafnræðisreglu, andmælarétt, rannsóknarreglu eða meðalhófsreglu ekki gilda um starfsmenn hins nýja félags. Þá er óvissa um ávinnslu réttinda hjá Ríkisútvarpinu ohf. og óvíst hvernig tekst að semja um sambærileg réttindi þegar nýr kjarasamningur verður gerður við hinn nýja vinnuveitanda, sem mun vera að tveimur árum liðnum. Biðlaunaréttur, sem heyrir undir eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar, verður skertur þar sem hann verður einungis látinn ná til ársins 2009. Loks má geta þess að réttur til upplýsinga og samráðs, sem starfsmenn Ríkisútvarpsins eiga samkvæmt lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, og getið var hér áðan, hefur ekki verið virtur.

Þetta er allt með mestu ólíkindum í ljósi þess að við fyrirhugaðar breytingar hætta starfsmenn Ríkisútvarpsins að vera starfsmenn ríkisins og verða starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf., þrátt fyrir að ríkið eigi það félag og beri alla ábyrgð á rekstri þess.

Þegar Páll Magnússon útvarpsstjóri kom á fund nefndarinnar, sem gerðist að vísu þrisvar sinnum, var hann m.a. spurður út í réttindamálin. Hann staðfesti þann skilning minni hlutans að réttindi samkvæmt núgildandi kjarasamningum falli úr gildi þegar þeir samningar renna út sem verður eftir tvö ár. Hann gat ekki upplýst neitt um þá samninga

sem tækju við annað en að þegar þar að kæmi tækju við svokallaðir „frjálsir samningar". Þeir yrðu einstaklingsbundnir svo að hverjum og einum starfsmanni yrði þá frjálst „að selja kauphækkanir fyrir réttindi", eins og hann orðaði það. Aðspurður taldi útvarpsstjóri líklegt að launabil ykist með slíkum samningum. Þá taldi hann líklegt að einhverjum hluta áætlaðrar hagræðingar yrði náð með því að fækka starfsmönnum, ekki væri gert ráð fyrir að ráðið yrði í allar þær stöður sem losnuðu þegar breytingarnar gengju í garð, og líklegt væri að u.þ.b. 30 starfsmenn nýttu sér biðlaunaréttinn strax.

Af þessu má ljóst vera að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru í uppnámi verði frumvarp þetta að lögum. Slíkt er óásættanlegt að mati minni hlutans enda er ósamræmi í því hvernig málefni starfsmanna þeirra ríkisstofnana sem undirgangast breytt rekstrarform eru meðhöndluð. Nærtæk dæmi eru réttindamál flugumferðarstjóra, sem enn hafa ekki verið leidd til lykta. Í umsögn BSRB og BHM er tekin afdráttarlaus afstaða gegn frumvarpinu og sett fram sú krafa að það nái ekki fram að ganga. Þá eru í umsögn Félags fréttamanna gerðar ótal tillögur um breytingar á atriðum sem varða starfsmenn.

Næsti kafli ber fyrirsögnina „Tengslin við fjölmiðlafrumvarpið" og hljóðar svo:

Svo bar við á þessu þingi að auk Ríkisútvarpsfrumvarpsins lagði menntamálaráðherra fram frumvarp um almenna fjölmiðla, þ.e. 58. mál á þskj. 58. Það frumvarp er í megindráttum byggt á tillögum nefndar sem í sátu fulltrúar allra þingflokka og skilaði skýrslu 7. apríl 2005. Þvert á fyrirheit ráðherra hefur ekki verið reynt í nefndinni að fjalla í samhengi um þessi tvö mál, og það eina sem gert hefur verið í meðferð fjölmiðlafrumvarpsins er að senda það til umsagnar.

Af þessu tilefni er rétt að minna á bókun sem fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins lögðu fram þegar áðurnefnd fjölmiðlanefnd skilaði af sér. „Við erum þeirrar skoðunar," sögðu fulltrúarnir m.a., „að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf." Það var enn fremur mat þeirra að slík sátt næðist aðeins með því að „tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir á milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar". Fulltrúar flokkanna þriggja lýstu því yfir að lokum að þeir skrifuðu undir hina sameiginlegu skýrslu fjölmiðlanefndarinnar í því trausti „að ásættanleg niðurstaða [næðist]" — náist hygg ég standi í textanum — „um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins".

Þótt stjórnarmeirihlutinn hafi nú breytt upphaflegu frumvarpi sex sinnum, þ.e. við lok þingstarfa vorið 2005, sumarið 2005 þegar sameignarformið vék fyrir háeffun, við lok 2. umr. á síðasta þingi með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar, með nýjum breytingartillögum meiri hlutans við 3. umr. málsins í vor, með smávægilegum lagfæringum í sumar og með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar nú fyrir 2. umr., þá er þrátt fyrir þessar sex breytingahrinur reyndar enn langt frá því að slík „ásættanleg niðurstaða" hafi náðst, hvorki milli stjórnmálaflokkanna, meðal almennings né við aðrar útvarpsstöðvar.

Næstsíðasti kafli nefndarálitsins heitir „Sáttaboð" og hljóðar svo:

Þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd hafa unnið að frumvörpunum um Ríkisútvarpið með sömu markmið að leiðarljósi og fulltrúar flokkanna í fjölmiðlanefndinni lýsa í bókun sinni. Eftir að samkomulag tókst um að ljúka 2. umr. um frumvarpið í fyrra sendu fulltrúar stjórnarandstöðunnar formanni menntamálanefndar bréf, dags. 24. apríl 2006, þar sem, að höfðu samráði við forustumenn flokkanna tveggja, — því að aðeins tveir af þeim úr stjórnarandstöðuflokkunum eiga fulltrúa í menntamálanefnd — var sett fram tilboð um verklag til að ná sáttum í málinu. Í því fólst að frumvarpið yrði ekki afgreitt á því þingi en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að lagasetningu yrði lokið fyrir áramót, þau sem nú blasa við. Lagt var til að þessi nefnd kannaði sérstaklega þann möguleika að Ríkisútvarpið yrði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpsdrögum nefndarinnar yrði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess. Þá voru í bréfinu settar fram í átta liðum efnislegar ábendingar um úrbætur að öðru leyti frá frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf., eins og menn geta m.a. séð í framsöguræðu þess sem nú talar fyrir framhaldsnefndaráliti minni hluta menntamálanefndar við 3. umr. hér í vor en þar var þetta bréf lesið í heild sinni.

Rétt er að taka fram í þessu sambandi, stendur enn fremur í nefndarálitinu, að enginn heildstæður samanburður hefur enn verið gerður á rekstri Ríkisútvarpsins með breytingum innan núverandi lagaramma og hlutafélagsforminu eða öðru eignarformi. Horft hefur verið fram hjá því að Ríkisútvarpið er nú B-hlutastofnun sem getur haft bæði fullt sjálfstæði og mikinn sveigjanleika, ef menn reyna sig við lagabreytingar innan núverandi ramma. Á fyrsta fundi menntamálanefndar eftir 2. umr. á síðasta þingi hafnaði formaður menntamálanefndar þessu boði fyrir hönd stjórnarflokkanna. Svo fór þó að frumvarpið var ekki afgreitt á vorþinginu.

Í 1. umr. um það frumvarp sem nú liggur fyrir var svipað sáttaboð ítrekað. Bæði Steingrímur J. Sigfússon og Mörður Árnason, sá sem hér talar, lýstu því yfir fyrir hönd flokka sinna að ef ráðherrann og stjórnarmeirihlutinn væru til viðræðu um annað eignarform en hlutafélagsformið stæði ekki á flokkunum að taka málið gjörvallt til skoðunar á ný með það fyrir augum að reyna til þrautar sættir um framtíð Ríkisútvarpsins. Hvorki menntamálaráðherra, formaður menntamálanefndar né varaformaður hennar úr Framsóknarflokki virtu þetta sáttaboð svars.

Hér er því auðvitað við að bæta, forseti, að í morgun var enn reynt og ég vona að það skili einhverjum árangri. Nú var sú tilraun höfð alveg opin, hún er ekki skilyrt með neinum hætti heldur er ósköp einfaldlega þannig úr munni formanns Samfylkingarinnar, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem er jafnframt er leiðtogi stjórnarandstöðunnar að eðli til vegna starfa flokksins, að á þinginu verði skipaður hópur

manna úr öllum flokkum, eins og ég sagði áðan, til þess ósköp einfaldlega að setjast yfir þetta mál að nýju með það frumvarp sem hér liggur fyrir og auðvitað með aðrar tillögur sem fram hafa komið, algjörlega ganga að því borði opnum huga og reyna sem verða má að ná samkomulagi um mál sem best er fyrir þjóðina að sættir ríki um eins og ég hef áður lýst.

Í lok þessa nefndarálits er frávísunartillaga sem nú verður lesin:

Í ljósi þess sem að framan greinir eiga fulltrúar minni hlutans ekki annars úrkosti en að flytja eftirfarandi tillögu þar sem:

a. fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að sams konar frumvarp um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá, hér er átt við frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. í fyrra og athugasemdir í þinglok þessa efnis.

b. vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins stenst reglur Evrópuréttar,

c. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,

d. með ákvæðum um tekjur af auglýsingum og kostun er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsinga- og kostunarmarkaði án þess að ljóst sé um sérstakt hlutverk þess umfram aðrar stöðvar,

e. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,

f. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu" með tilnefningum frá almannasamtökum, samanber m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar, — hér skal þess getið utan þessa nefndarálits að orðið „eftirlitsráð" sem hljómar nú kannski ekki mjög þokkafullt orð er notað hér vegna þess að það er íslensk þýðing á samsvarandi erlendu orði í leiðbeiningum Evrópuráðsins sem áður var getið,

g. alls óljóst er hvernig háttað verður um innlent efni í dagskrá Ríkisútvarpsins til frambúðar,

h. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá" virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,

i. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,

j. nefskattur, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,

k. við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði hérlendis og á EES-vettvangi,

l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi.

Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Undir álitið rita Mörður Árnason, framsögumaður, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Forseti. Ég hef nú lesið nefndarálit minni hluta menntamálanefndar og ætla næst að snúa mér að því að leggja út af því og tala um nokkur önnur atriði sem koma þessu máli við.

**(Forseti** (JónK)**:** Það var ætlunin að gera klukkutíma hlé núna og ég verð að biðja hv. ræðumann að taka upp ræðu sína klukkan hálftvö.)

Hann fellst fúslega á það.

[Fundarhlé. — 12:28]

[13:31]

**Útbýting:**

Afdrif hælisleitenda, 335. mál, svar dómsmrh., þskj. 535.

Álbræðsla á Grundartanga, 93. mál, nál. iðnn., þskj. 551.

Lokafjárlög 2005, 440. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 562.

Meðlagsgreiðslur, 116. mál, svar dómsmrh., þskj. 534.

Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, 347. mál, brtt. DJ, þskj. 560.

[13:32]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** (frh.)**:**

Forseti. Þar var komið máli mínu að ég hafði lokið við að lesa nefndarálit minni hluta menntamálanefndar um það frumvarp sem hér liggur fyrir í 2. umr., frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. Ég ætlaði að nota tímann til að fara yfir það nýtt sem er í málinu og kannski rifja upp nokkur atriði frá fyrri umræðu um frumvarpið ef ástæða er til. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að fleiri ætla að tala hér í dag og að þessi umræða er samkomulagsbundin að því leyti að menn í þinginu hafa tekið sig saman um að ljúka henni á tilteknum tíma. Það er líka nægur tími til að fara yfir málið í 3. umr. sem fyrirhuguð er eftir jól einhvern tíma, ef hún þá fer fram, og eins og ég sagði í byrjun má gera ráð fyrir því að þunginn í umræðunni um þetta máli verði í 3. umr. og ekki í þeirri 2. sem hér fer fram þar sem menn láta sér kannski nægja að fara lauslega yfir helstu atriði.

Ég vil taka fram að það er ákveðin verkaskipting milli okkar stjórnarandstæðinga í menntamálanefnd í þessari umræðu. Aðrir taka það hlutverk að sér að fjalla hér einkum um réttindamál starfsmanna, nefskattinn og fjármögnunarleiðir aðrar sem ég ætla að láta mér nægja að hafa, a.m.k. að mestu, þau ein orð um sem fram komu í nefndarálitinu áðan.

Í nefndarálitinu voru talin þrjú atriði sem væru með einhverjum hætti ný í þessu frumvarpi og í þeirri umræðu sem um það hefur staðið. Það er sjálfsagt að fara yfir þau. Ég ætla ekki að fara yfir þau í þeirri röð sem voru talin í nefnd-

arálitinu heldur annarri, og þá byrja hér á þjónustusamningsdrögum þeim sem menntamálaráðherra og útvarpsstjóri komu sér saman um með einhverjum hætti og kynntu á frægum blaðamannafundi í útvarpshúsinu við Efstaleiti þar sem þau sátu tvö í settinu, sem svo er kallað í fagslangri fréttamanna — ég man ekki hvort það var nýja settið eða gamalt sett — nefnilega borðin sem setið er við þegar fluttar eru fréttir. Þau tóku sig þar vel út og voru sæt saman.

Þjónustusamningsdrögin eru merkilegt plagg að sínu leyti, og sjálfsagt að geta þess í upphafi sem vel er gert þar því að þar er ýmislegt ágætlega gert. Helstu atriði þessa þjónustusamnings, þau sem helst hafa verið uppi, eru þau að samkvæmt þessum drögum skuldbindur útvarpið sig til að auka hlut innlendrar dagskrár á kjörtíma eins og áður er tekið fram og þar er talað um að það verði talsverð aukning sem Páll Magnússon nefnir svo, að sú aukning nemi klukkutíma á hverju kvöldi, og síðan er líka talað um að talsverður hluti af þessari aukningu verði frá sjálfstæðum framleiðendum.

Skilgreiningar á þessum hlutum sem flestir láta nægja að skilja beinum skilningi, „sjálfstæður framleiðandi og innlend dagskrá", eru nokkuð á reiki og hafa verið á reiki hjá menntamálaráðuneytinu og hjá Ríkisútvarpinu. Það er að vísu að komast aðeins gleggri skilningur á það en áður var sem breytir t.d. þeim tölum sem Ríkisútvarpið hefur áður haft í frammi um innlenda dagskrá. Ríkisútvarpið er hætt að telja það innlenda dagskrá að sýna t.d. knattspyrnuleik að utan, láta lýsa honum og hafa síðan fimm mínútur á undan og fimm mínútur á eftir og telja þetta allt saman innlenda dagskrá. Það mun vera aflagt núna en enn er auðvitað innlend dagskrá reiknuð að fullu þegar talað er um þætti eins og Nýjustu tækni og vísindi eða fréttir og fréttatengt efni sem byggist bæði á innlendu og erlendu efni. Þegar þetta er komið í þátt sem kallaður er einhverju nafni og með einhverjum hætti framleiddur telst það allt saman vera innlend dagskrá. Þegar því er við bætt að samkvæmt upplýsingum sem fram komu í nefndarálitinu frá Páli Magnússyni og úr þeim tölum sem gefnar eru upp sem aukinn kostnaður, sem er kostnaður við þjónustusamning, má draga ályktun af þeim um það hvers konar innlend dagskrá hér verði á ferðinni. Um er að ræða, eins og áðan kom fram, 400 millj. kr. aukningu í dagskrárgerð á þeim lið sem heitir „Aukið dagskrárefni, kostnaður við þjónustusamning" og á að skilja sem innlenda dagskrá eins og hún er hér skilgreind, þar af að einhverju leyti efni frá svokölluðum sjálfstæðum framleiðendum. Þetta eru 400 millj. og það jafnast á við það að u.þ.b. milljón af þessu fé fari í klukkutíma.

Það er rétt að gera sér grein fyrir því um hvað er að ræða af því að við erum að tala hér um þennan þjónustusamning og af því að af honum er nokkuð gumað. Miðað við núverandi verð þarf u.þ.b. 15 millj. kr. fyrir klukkutíma af heimildarmynd og er þá miðað við núverandi verðlag og núverandi kjör á þeim markaði. Réttur fyrir bíómynd sem áður hefur verið sýnd og má kannski segja að sé „notuð" að því leyti að hún hefur farið í kvikmyndahús og verið jafnvel á myndbandamarkaði kostar fyrir eitt skipti líka u.þ.b. 15 millj. kr. Þetta þykir vera mjög lágt verð þannig að menn geta ímyndað sér hvað fæst fyrir 1 millj. kr., og er ég þó ekki að lasta það efni. Þar er um að ræða á fagmáli þeirra sem hér um véla svokallað magasínefni og það tiltölulega ódýrt magasínefni, sófaþætti sem ekki þurfa að vera slæmir en eru kannski ekki mjög metnaðarfullir, án þess að farið sé út fyrir hús eða innslög tekin inn í það sem kosta annað en vélamenn og þáttastjórnendur í stúdíói. Áðan lýsti ég þáttum eins og Nýjustu tækni og vísindum og fleiri slíkum þáttum sem eru alveg prýðilegir en geta ekki kallast metnaðarfull innlend dagskrá.

Að þessu er auðvitað fundið víðar. Samtök kvikmyndaframleiðenda, kvikmyndaleikstjóra og kvikmyndafólks sem einnig framleiðir sjónvarpsefni hafa kvartað undan skilgreiningunum og talið ekki nægilegt hald í þessum þjónustusamningi. Fyrir utan þá ágætu umsögn barst okkur sérstök umsögn frá Önnu Th. Rögnvaldsdóttur kvikmyndaleikstjóra, handritshöfundi og fróðleiksmanni miklum um kvikmyndagerð þar sem þjónustusamningsdrögunum er fagnað að sínu leyti en þau líka gagnrýnd og gerð sú tillaga sem ég vona að menntamálaráðherra og útvarpsstjóri taki mark á ef þau klára einhvern tíma þennan þjónustusamning sem ég vona líka að verði — þó að hann verði kannski ekki um RÚV ohf. — að í samningnum verði sett fram skýrt skilgreint markmið um magn efnis en ekki það losaralega orðalag sem nú er raunin, t.d. að menn skilgreini hvað hér er átt við marga klukkutíma af leiknu sjónvarpsefni á ári. Það hefur helst skort á undanfarin ár í sjónvarpinu að það hafi haft dug í sér til að vera með leikið efni, sem er auðvitað dýrt. Hún mælist líka til skilgreiningar á því hvernig eigi að skipta þessu upp þannig að menn sjái svart á hvítu hver metnaður er á bak við þau samningsdrög sem um er að ræða.

Hvernig eiga þessar 400 millj. að verða til? Það er ekki mjög ljóst, hvorki í þjónustusamningsdrögunum né í þeim tölum sem koma fram frá Ríkisútvarpinu og menntamálaráðuneytinu og eru birtar í skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings sem ég er hér með og er opinbert plagg frá 28. nóvember 2006. Þess verður að geta hvað varðar tölurnar um annan kostnað að formaður matsnefndarinnar segir að þær séu teknar beint úr plöggum og bréfum frá Ríkisútvarpinu og menntamálaráðuneytinu og vísar frá sér allri ábyrgð á þeim tölum í sjálfu sér. Þeir hafa ekki lagt neitt sjálfstætt mat á þessar tölur, t.d. um þessar 400 millj. og þær aðrar tölur sem þarna eru sem vissulega er aukning um 10 millj. á ári í neti og textavarpi, hvort sem það stenst eftir breytingarnar á auglýsingunum, eftir þá breytingu sem verður gerð að útiloka auglýsingar á netinu, og síðan 30 millj. sem menn hljóta að gleðjast yfir um yfirfærslu á safnaefni og starfskynningu. Þetta á allt saman að kosta þegar fullur gangur er á u.þ.b. 420–450 millj. á ári.

Hvaðan eiga þessir peningar að koma? Ja, þeim á að mæta að töluverðu leyti með einu orði sem hér er skráð í þessa töflu um kostnað við þjónustusamning, nefnilega „hagræðingu". Hagræðing á að afla verulegs hluta þessa fjár og árið 2011, eftir 4 ár, þegar aukið dagskrárefni er komið í það hámark sem á að vera samkvæmt þessum þjónustusamningsdrögum, nemur hagræðingin 200 millj. Aukið dagskrárefni á að kosta 400 millj., og 200 af þeim milljónum á að fá með hagræðingu.

Hvernig á annar kostnaður að koma þarna? Ja, það er

eins og matsnefndin, fulltrúar Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytisins, reikni með að það gerist einhvern veginn og komi honum þannig inn í svokallaða rekstraráætlun sem verður fjallað um betur síðar í dag, hygg ég. Rekstraráætlun Ríkisútvarpsins 2007–2016 fær ósköp einfaldlega að koma inn með auknum tekjum sem þeir reikna með að aukist um 1% á ári, bæði vegna ætlaðrar fjölgunar — þeir ætla sem sé að fjölga Íslendingum þannig að tekjurnar af nefskattinum aukist um 1% á ári — og að tekjur af auglýsingum og kostun muni líka aukast um 1% á ári. Allar tekjur aukast um 1%. Launaútgjöld eiga hins vegar ekki að aukast nema um 0,8% svo að með einhverjum hætti verða þessar 220–250 millj. til af holdi Ýmis, því holdi sem lýst er í rekstraráætluninni. Þar kvikna þessar 220 millj.

Við í menntamálanefnd rákum okkur sérstaklega á þetta orð, hagræðingu, og þær tölur sem þar eru nefndar. Fyrsta árið, 2007, á að hagræða fyrir 15 millj., næsta ár, 2008, 66 millj., 2009 121 millj. í hagræðingu, 2010 164 millj. og síðan 200 millj. upp frá því. Þetta er mjög nákvæmlega tiltekið, upp á milljón, og má þakka fyrir að væri ekki upp á hundruð þúsunda eða jafnvel krónur. Eins og áður er getið spurðum við fulltrúa matsnefndarinnar sem er ríkisendurskoðandi, Sigurður Þórðarson, hvort hann vissi eitthvað um þessa hagræðingu. Hann taldi að hann vissi það ekki og hafði ekki lagt neitt mat á það og taldi það ekki þurfa, þetta væru fyrirheit Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytisins. Við spurðum síðan bæði fulltrúa menntamálaráðuneytisins og ekki síst Pál Magnússon útvarpsstjóra. Svörin voru frekar þunn um þá hagræðingu, þetta væri svo og svo mikil prósenta af heildarútgjöldum Ríkisútvarpsins á ákveðnu árabili og hægur leikur að ná því. Við spurðum með hverjum hætti því yrði náð. Engin svör voru við því gefin. Páll rakti að vísu að reiknað væri með að starfsmönnum fækkaði af sjálfsdáðum og yrði þá ekki ráðið í stöður þeirra en gat ekki svarað frekar til um það með hvaða hætti starfsmannaþróunin yrði hjá Ríkisútvarpinu.

Hann nefndi líka að hugsanlegt væri að Ríkisútvarpið stofnaði sameiginlegt fyrirtæki um ýmsa hluti sem sjálfsagt er að gera, um leikmyndir, búninga og því um líkt. Ég tel, með venjulegum fyrirvara, sjálfsagt að beita sér fyrir slíku, reyna það í samstarfi við aðra framleiðendur á markaði, aðra framleiðendur sjónvarpsefnis og jafnvel leikhúsin að einhverju leyti ef það er hægt, en það þarf ekki þjónustusamningsdrög til þess, ekki hlutafélag eða lagabreytingar yfir höfuð, hygg ég. Það er hægt að gera það með einföldum hætti.

Ekkert var annað ljóst um þessar fyrirtækishugmyndir en að þær væru fram komnar. Þær geta í sjálfu sér ekki valdið 200 millj. kr. hagræðingu á ári eftir árið 2011 þannig að sú hagræðing sem hér er talað um er í raun og veru aðeins fyrirheit, orðin tóm að því leyti að ekkert fylgir þeim á borði, engin áætlun, áform, engar hugleiðingar eða útreikningar aðrir en þeir að þetta passar furðu vel í kostnaði við þjónustusamning sem síðan framleiðir tölur sem passa ágætlega inn í rekstraráætlun þá sem matsnefndin stofnaði um efnahagsreikning og birtir að lokum í skýrslu sinni. Þær tölur sem liggja fyrir um kostnað við þjónustusamning eru í raun og veru reiknings... — nú vil ég ekki nota of vond orð — eru í raun og veru útreikningur miðað við tilteknar forsendur, og þessum útreikningi er ætlað að passa við dæmi sem upp er sett um það að Ríkisútvarpið verði rekið með hinum ágætasta brag næsta áratuginn. Ég vona að svo verði en þetta vekur spurningar og satt að segja grunsemdir um það að menn viti ekki enn þá og hafi ekki gert sér grein fyrir því í fyrsta lagi hvers konar efni hér er um að ræða sem loforð eru um í þjónustusamningnum og í öðru lagi með hvaða hætti eigi að afla fjár til þess. Það er ljóst af þessu að helmingurinn af þeim 400 millj. sem aukið dagskrárefni, sem er væntanlega annað orð um hina innlendu dagskrá, þar á meðal innlenda dagskrá sem framleidd er af sjálfstæðum framleiðendum, á að kvikna með einhverjum hætti í 1% fjölgun landsmanna, og hinn helminginn á að fá með hagræðingu sem enginn veit hvernig verður.

Auðvitað dettur manni í hug, eins og áður er sagt, að annars vegar sé um að ræða hagræðingu sem beinlínis fellur til með hörðum niðurskurðaraðferðum á næstu missirum og uppsögnum þar sem hægt væri auðvitað að spara með einhverjum hætti með því að leggja niður deildir, fækka verulega störfum í mikilvægum deildum Ríkisútvarpsins, sjónvarpi eða jafnvel hljóðvarpi, og þá dettur manni strax í hug Rás 1 vegna þess að samkvæmt markaðshugsun er Rás 1 eiginlega óþörf. Hún aflar ekki mikilla auglýsinga ein og sér og þar eru ýmsar deildir, tónlistardeild, leiklistardeild o.s.frv., sem menn geta ímyndað sér að hagræða verulega. Hins vegar kemur manni til hugar að ætlun útvarpsstjóra og manna hans, að því leyti sem þeir hafa eitthvað horft fram á veginn, sé sú að þeir geti aflað aukinna tekna á móti til að þurfa ekki að fara í þessa hagræðingu sem þeir vita ekkert hver er og gert það með meiri auglýsingum og meiri kostun.

Ef til stendur að afla meiri tekna með auglýsingum og kostun sem er þá í andstöðu við þær yfirlýsingar sem hv. formaður menntamálanefndar hefur verið með, að það eigi ekki að gera og vilji hans og fleiri af hans liði standi til þess að heldur dragi úr þessu, þarf auðvitað meiri samkeppni, þá þarf Ríkisútvarpið að vera í meiri samkeppni við hinar stöðvarnar, við markaðsstöðvarnar. Það er því miður ekki sennilegt miðað við ástandið og þróunina undanfarið að undir samkeppninni á auglýsinga- og kostunarmarkaði standi það innlenda efni sem gert er ráð fyrir að aukist í sjónvarpinu. Hér rekst hvað á annars horn. Þetta passar ekki vel saman, enda engin áætlun til um hvernig eigi að gera þetta nema nokkrir stafir á blaði, tölustafir aðallega. Við skulum vona hið besta en þetta er augljós galli á þjónustusamningsdrögunum.

Að þjónustusamningnum má líka finna margt. Menn eru svo glaðir að sjá í honum jákvæða hluti sem lengi hefur skort í stefnumótun Ríkisútvarpsins að menn gleyma hinu. Það er ekki mikill metnaður í því að t.d. efni fyrir börn og ungmenni skuli vera tiltekið í nokkrum línum og stefnt að því að það sé á tíma þjónustusamningsins, allt fram til ársins 2010, það sama og við upphaf samningstímabilsins, hið sama og nú. Það er ekki gert ráð fyrir að börn fái meiri þjónustu sem ætla mætti ef um raunverulegt almannaútvarp væri að ræða, heldur á það að vera það sama. Ég held að það sé ekki mjög mikið, mér hefur ekki heyrst það á barnafjölskyldum sem ég þekki og börnum sem ég hef haft kynni af að það sé mjög mikið. Fyrir utan ágæta þætti eins og

Stundina okkar hefur þetta barnaefni fyrst og fremst falist í teiknimyndunum sem sjónvarpið er með á morgnana. Með fyrst og fremst á ég við að mestur tíminn fáist þannig. Ég verð að segja að það sem ég hef séð af því efni er ekki mjög merkilegt, og stundum satt að segja hörmulegt. Það hefur vissulega mjög aukist að það efni sé talsett fyrir börnin og ætti í raun og veru að gera það að skyldu að talsetja það nánast allt nema það sem ætlað er beinlínis mjög stálpuðum börnum eða unglingum. Gæði þess eru ákaflega misjöfn, satt að segja, og stundum þannig að það efni er eiginlega ekki bjóðandi börnum sem við reynum að ala upp í menningarheimi sem vissulega er alþjóðlegur en á líka að taka mið af íslenskri hefð og íslenskri menningu.

Annað í þessum þjónustusamningi sem lýsir a.m.k. ekki miklum metnaði eru línurnar um menningarumfjöllunina. Hér stendur að RÚV skuli fjalla um útvarp og sýna frá menningarviðburðum bæði innan lands og erlendis og, með leyfi forseta, skal „menningarumfjöllun vera að lágmarki hin sama í mínútum talið og við upphaf samningstímabilsins í hljóðvarpi og sjónvarpi". — Nú er að vísu menningarumfjöllun í hljóðvarpi og þyrfti kannski betri skilgreiningu á því, en menningarumfjöllun í hljóðvarpi á Rás 1 er vissulega alveg prýðileg. — Það eru draugar í húsinu, forseti, það ýlir í einhverjum tækjum.

(**Forseti** (JónK): Það verða gerðar ráðstafanir til að hrekja þá út.)

Já, ég skal bara tala í kappi við þá uppvakninga. Frá sjónarhóli sjónvarpsins verður að segja að hér er ekki mikill metnaður á ferðinni því að menningarumfjöllun í sjónvarpinu hefur satt að segja alltaf verið frekar fátækleg og hefur heldur dalað á síðustu árum frá því sem áður var. Við vonuðum að þetta væri bráðabirgðaástand frá því að nokkrir þættir voru felldir saman í það sem nú heitir Kastljós og Kastljósinu látið nægja að ná yfir nokkur svið, t.d. er menningarumfjöllun af því tagi sem áður var í þættinum Mósaík ákaflega dauf í hinu nýja Kastljósi, að því gjörsamlega ólöstuðu að öðru leyti.

Hér er ekki mikill metnaður á ferðinni og það er heldur ekki mikill metnaður í því ákvæði sem fjallar um táknmál. Vissulega er gott að textun á sjónvarpsefni verði aukin um 100% fyrir þann hóp sem þarfnast textunar sem eru auðvitað heyrnardaufir en líka t.d. útlendingar, gestir okkar hér, og nýbúar, nýir Íslendingar, sem hafa mikið gagn af texta. Við getum sannreynt það sjálf þegar við horfum á kvikmyndir utan lands hver hjálp er að því að hafa texta og jafnvel á sama málinu og við erum að horfa á. Þótt textunin sé aukin um 100% sem er ekki mjög mikið í klukkutímum, það eru 167 klukkutímar, á ekki að eyða neinum peningum í fólk sem hefur að móðurmáli táknmál heyrnarlausra því að „hlutfall útsendinga á táknmáli [á að] vera a.m.k. hið sama og við upphaf samningstímabilsins". Þetta er metnaðurinn í þessu efni. Það tekur á mann að þetta skuli vera niðurstaða hæstv. menntamálaráðherra í lok þessa kjörtímabils sem er að því leyti sögulegt að á því var haldin fyrsta ræðan úr þessum stóli á táknmáli heyrnarlausra, og réttindi þeirra hafa verið til umræðu meira en áður.

Þetta eru engar meginathugasemdir við þjónustusamningsdrögin en þau lýsa ekki miklum metnaði gagnvart því sem á að vera hlutverk almenningsútvarps. Hins vegar er þjónustusamningurinn jákvæður, sem slíkur er hann vissulega jákvæður og sjálfsagður sem stjórntæki fyrir útvarpið. Hann er gerður að erlendri fyrirmynd og er rétt að minnast þess að þjónustusamningur hefur áður verið til, menntamálaráðherra og útvarpsstjóri gerðu hann árið 2000 eða 2001. Ég man ekki hvort hann er enn í gildi, hann var ekki mjög merkilegur en hann var ágætt fyrsta skref í þessu og getur verið mjög þarft stjórntæki.

Það er merkileg saga sem þessi þjónustusamningsdrög eða þjónustusamningur á, ef af verður, vegna þess að fyrsta veturinn þegar við ræddum um Ríkisútvarpið þá var rætt um þjónustusamning milli menntamálaráðherra og útvarpsins og hvernig hann ætti að vera og og hvernig ætti að gera hann. Þá var hann ekki í frumvarpinu og ekki næsta vetur heldur. Á fyrra vetri var upphaflega fullyrt að það yrði enginn þjónustusamningur af þessu tagi heldur yrði einhvers konar samkomulagi fyrirkomið með einhverjum öðrum hætti sem ekki var tiltekinn. Það var ekki fyrr en við stjórnarandstæðingar fundum spurningu um þjónustusamning í bréfaskiptum ESA og ráðuneytanna hér á landi, þeim bréfaskiptum sem upphaflega átti að halda leyndum, sællar minningar, að við drógum hann fram og hann kom síðan inn í frumvarpið í fyrravor milli 2. og 3 umr. og sem betur fer kom menntamálanefnd saman á þeim tíma að kröfu okkar stjórnarandstæðinga. Síðan komu þessi drög í sumar, þjónustusamningsdrögin, og þau voru kynnt með lúðrablæstri í Efstaleitinu sem óneitanlega er nokkuð kyndugur í ljósi þessarar sögu.

Það er sjálfsagt að gera slíkan þjónustusamning, að menntamálaráðherra eða ríkisvaldið með einhverjum hætti geri hann. Hins vegar er spurning hver staða hans er í þjóðskipulaginu, þessa stjórntækis sem hann á að vera. Það er líka óljóst í þessu frumvarpi hver staða hans er því það eina sem þar segir er að menntamálaráðherra geri þennan þjónustusamning og eigi að gera hann. Við hvern hann á að gerast er í raun og veru ekki ljóst. Útvarpsstjóri skrifar undir drögin og það er heldur ekki ljóst hver er samþykkjandi þeirra í útvarpinu, hvort það er útvarpsstjórinn einn eða hvort það er stjórnin. Auðvitað væri sjálfsagt að þessi þjónustusamningur færi víðar, því að hann markar stefnuna til skemmri tíma, til nokkurra ára, þeirra ára sem um er samið í Ríkisútvarpinu, og getur verið mjög þarfur sem slíkur. Það væri auðvitað æskilegt að starfsmönnum gæfist færi á að koma að þessum þjónustusamningi og einhvers konar akademíu eða hlustendaþingi, sem vel mætti ímynda sér að hefði m.a. það hlutverk að samþykkja þjónustusamning af þessu tagi.

Það væri líka umhugsunarvirði, og hugsanlegt að við ræðum um það þegar þessari umræðu lýkur, að menntamálaráðherra kynnti þjónustusamning af þessu tagi á þinginu, hugsanlega sem þingsályktunartillögu þannig að hann hlyti samþykki beggja aðila og væri þá einhvers konar samningur milli Ríkisútvarpsins í hvaða formi sem það er og fulltrúa eigenda þess, þ.e. Alþingis sem fulltrúa þjóðarinnar, um tiltekinn tíma og síðan kæmu auðvitað á móti fyrirheit og loforð frá þinginu um fjárveitingar, ríkisframlag með einhverjum hætti gegn honum. Nú hefur þjónustusamningurinn hins vegar þá stöðu að vera aðeins fyrirheit. Það er óljóst um efndirnar, eins og ég rakti áðan, og í þjón-

ustusamningnum eru hvergi nein loforð um stuðning frá menntamálaráðherra. Hann hefst á orðunum „Ríkisútvarpið skal" og „Ríkisútvarpið á að" og „Ríkisútvarpið verður" o.s.frv. en það er hvergi getið um það sem menntamálaráðherra á að gera á móti.

Ég ætla aðeins, forseti, að fjalla um annan þátt, sem nýr er, og rifja e.t.v. aðeins upp umræður um þann þátt frá fyrri þingum og það er að nú erum við að fjalla um Ríkisútvarpið ohf. en ekki Ríkisútvarpið hf. Úr þessu hefur töluvert verið gert og meira að segja hefur því verið lýst að þar með sé rétt einhvers konar sáttarhönd til stjórnarandstöðunnar og annarra andmælenda eða gagnrýnenda þessa frumvarps, en í rauninni skiptir það ákaflega litlu máli. Það kemur líka fram í umsögnum, menn hafa fjallað um það, að hér sé í raun og veru um andlitslyftingu að ræða án þess að líkaminn hafi á nokkurn annan hátt breyst.

Við vitum forsögu málsins. Hér var bent á, vegna þrýstings reyndar, eða við vöktum a.m.k. málið í stjórnarandstöðunni, að það gæti verið þörf á að hafa ákvæði um opinber hlutafélög í hlutafélagalögum og við lögðum fram tillögu um það, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var 1. flutningsmaður tillögu um það í fyrra. Hæstv. viðskiptaráðherra lagði síðan fram útvatnaða tillögu, sína eigin og stjórnarinnar, um þetta og lokin urðu þau að samþykkt voru nokkur ákvæði um opinber hlutafélög í hlutafélagalögum og það er rétt að nota tækifærið og fara yfir þau.

Í 1. gr. hlutafélagalaganna er getið um það að opinber hlutafélög séu til og hver séu skilyrði þess að félag geti kallað sig opinbert hlutafélag, nefnilega það að hið opinbera eigi það að öllu leyti, einn eða fleiri hluthafar á þess vegum.

Í 63. gr. er ákvæði um að í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggja kynjahlutfall. Það verður reyndar fróðlegt að sjá og við þurfum öll að leggjast yfir það, annaðhvort í tengslum við þetta frumvarp eða síðar, hvernig á að gera það í kosningum á Alþingi. Það verður væntanlega að gera með samningum á milli flokkanna því að ekki er hægt að setja kvótareglur beinlínis um þá sem kosnir eru eins og venjulega á þinginu.

Í 67. gr. er ákvæði um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar eigi að gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum. Skiptir það máli varðandi starf þeirra. Þessi ákvæði um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra hafa verið í öllum þeim frumvörpum þremur sem hér hafa verið flutt og er nokkuð vel frá því gengið. Síðan er talað um að starfsreglur stjórnar skuli birta á vefnum.

Í 80. gr. er sagt að fulltrúar fjölmiðla geti sótt aðalfund opinbers hlutafélags og að kjörnir fulltrúar eigenda, þingmenn í þessu tilviki ef ríkið er eigandi, geti líka sótt þennan aðalfund og þeir hafi rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir. Það er að vísu ekkert um það að þeim þurfi að svara en þeir hafa rétt til þess. Þeir mega hins vegar ekki koma á hluthafafund, þeir hafa ekkert á hluthafafund að gera. Ef menntamálaráðherra vill halda fund með stjórninni og útvarpsstjóranum og taka þar ákvarðanir án þess að blaðamenn eða þingmenn séu að skipta sér af getur hún notfært sér hluthafafundinn þótt þingmenn komi á aðalfundinn með skriflegar fyrirspurnir.

Loks segir í 149. gr.: „Opinber hlutafélög skulu birta samþykktir félagsins á vef sínum ef til er en ella annars staðar á netinu." Þetta er allt um opinberu hlutafélögin sem meiri hlutinn samþykkti í fyrra og er ekki ýkja merkilegt. Í raun og veru breytir það nánast engu hvort um hf. eða ohf. er að ræða, vegna þess, eins og fram kom í nefndarálitinu, að þegar hefur verið fallist á að upplýsingalög gildi um þetta fyrirtæki. Ef þau giltu ekki gætu sum af þessum ákvæðum um opinber hlutafélög komið að gagni.

Þá erum við sennilega komin að hlutafélagsforminu sjálfu og þá er rétt að geta þess að í raun og veru hefur aldrei í þessari löngu umræðu verið svarað spurningum um það af hverju þessi áhersla er lögð á hlutafélagsformið.

Það er rétt að rifja það upp að í fyrra kröfðumst við þess að fá að sjá þá vinnu sem hlyti að hafa verið lögð í það hjá frumvarpshöfundum og flytjendum þess að gera sér grein fyrir breytingunni úr sameignarfélagi yfir í hlutafélag. Við fengum þá afhent minnisblað sem tveir frumhöfundar, Jón Sveinsson og Sigurbjörn Magnússon, voru skráðir fyrir og hafa útbúið, hinir mætustu menn. Ég fór í gegnum það minnisblað í ræðu í vor en í því var í raun og veru ekkert um það af hverju hlutafélagsformið hefði orðið fyrir valinu, nema það að allir þekki hlutafélagið svo vel, það sé svo þægilegt og hentugt form og menn kunni svo vel að vinna innan þess. Önnur form, þar á meðal sjálfseignarstofnunarformið, séu svo erfið. Það sé svo erfitt að semja slík lög, það sé svo snúið að skilgreina hvernig sjálfseignarstofnunin eigi að starfa, hver réttindi og skyldur stjórnar séu og hver hafi eftirlit með gerðum stjórnarinnar og hvernig staðið sé að félaginu að öðru leyti. Það er eins og þeir hafi gefist upp, þessir tveir höfundar og jafnframt þeir sem þáðu ráð þeirra, á að reyna sig nokkuð við þá erfiðleika. Í staðinn hafa þeir samið frumvarp, sem nú er búið að breyta sex sinnum, um einhvers konar hlutafélag, a.m.k. í síðari áföngum af þeim ferli. Aldrei hefur verið reynt að gera sér grein fyrir hvers konar sjálfseignarstofnun það gæti verið sem RÚV yrði færð til og hvaða kostir af þeim sem menn sjá við hlutafélagið gætu rúmast í sjálfseignarstofnuninni og hvaða galla hægt væri að sníða af.

Rökin um það að hlutafélag sé svo ágætt form — það sé svo vel þekkt og þar þurfi ekkert að skilgreina eða skýra út fyrir mönnum sem að því koma — eru ágæt ef menn væru þá með almennilegt hlutafélag í höndunum. Það er ekki. Það er ekki bara það að menn séu með opinber hlutafélög, sem eru auðvitað aðeins öðruvísi, heldur er búið að breyta þessu hreina hlutafélagi, sem var draumur einhverra manna að færa Ríkisútvarpið í, í hlutafélag sem ég segi ekki að sé nafnið tómt, vegna þess að það hefur auðvitað mikla möguleika, en það er ekki hlutafélag eins og menn þekkja af hlutafélagalögunum. Það er ekki þannig að hver maður gangi inn í hlutafélagið Ríkisútvarpið, sem hér er verið að reyna að mynda, og þekki vegna reynslu sinnar af öðrum hlutafélögum hvernig málum sé þar háttað sem eru helstu rökin á bak við hlutafélagsformið. Það er þannig að stjórnin er ekki kosin á eiginlegum aðalfundi heldur er það gervikosning. Hún er kosin á Alþingi einu sinni á ári. Eini hluthafinn í þessu hlutafélagi er ríkið og menntamálaráðherra fer með þann hlut þannig að þeir lýðræðiskostir sem fyrir hendi eru í löggjöfinni um hlutafélög nýtast ekki þarna, þó að þarna geti verið þingmenn, vissulega, og þeir lagt fram

skriflegar fyrirspurnir, og blaðaljósmyndarar.

Það er ljóst að menntamálaráðherra gerir þjónustusamning við þetta fyrirtæki samkvæmt lögum, en ekki er vaninn að hlutafélög lúti slíkri skyldu. Hlutafélagið má ekki eiga í öðrum hlutafélögum, sem er einn aðalfídusinn, svo maður noti gott mál, með hlutafélögum. Það er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir að hægt sé að selja hlutafé eða auka það með öðru en ríkisframlagi. Síðan á að vera fjárhagslegur aðskilnaður í hlutafélaginu, annars vegar miðaður við almannaþjónustu og hins vegar við samkeppnisrekstur, hvernig sem þeirri skiptingu er háttað. Það eru komin upplýsingalög um þetta hlutafélag, þetta heppilega form sem allir vita hvernig er. Og nú síðast er ætlunin að þingið setji hlutafélaginu sérstakar reglur um auglýsingar og kostun þannig að með því á líka að hefta athafnarými og svigrúm þessa frábæra hlutafélags.

Maður spyr sig: Hvers konar hlutafélag er hér eftir, setji maður sig í stellingar hreinlífismanna í Sjálfstæðisflokknum og víðar? Svarið er: Það er ekki mikið eftir af hinu venjulega hlutafélagi. Hins vegar getur hlutafélagið þanið sig út á markaðnum eins og margoft hefur verið bent á, sérstaklega af öðrum aðilum sem telja ákveðna hættu í því. Síðan eru aðrir kostir við hlutafélagið fyrir þá sem hér um véla sem ég nefni síðar.

Eftir því sem sérákvæðunum um hlutafélagið fjölgar kemur betur og betur í ljós að alveg eins og Ríkisútvarpið er ekki venjuleg ríkisstofnun — við höfum sagt það, ýmsir stjórnarandstæðingar, að ef það ætti að halda því sem ríkisstofnun þyrfti að setja því ný lög og losa það þannig frá því að vera venjuleg ríkisstofnun — þá getur Ríkisútvarpið sem slíkt, ef það á að fá að vera ríkisútvarp, ekki verið venjulegt fyrirtæki, venjulegt hlutafélag í venjulegum samkeppnisrekstri með hið venjulega markmið um hagnað að leiðarljósi. Ríkisútvarpið þarf, hvað sem menn vilja gera úr því ef alvara er að baki, sérstakan lagaramma, sérstök starfsskilyrði og sérstakan rekstrargrundvöll. Það þarf að skilgreina ítarlega hvernig það á að starfa. Það stendur reyndar í minnisblaðinu um sjálfseignarfélagið hver réttindi og skyldur stjórnar eigi að vera, hver markmið hennar eigi að vera, hvernig eigi að hafa eftirlit með gerðum stjórnarinnar, hvert féð eigi að vera o.s.frv. Þess vegna eru rökin á minnisblaðinu og rök stjórnarliða gegn því að hugleiða sjálfseignarstofnun nánast orðin fáránleg. Þeir hafa sjálfir þurft að ganga í gegnum svo mikið ferli með hlutafélagshugmynd sína sem raun ber vitni.

Þá hugsar maður: Af hverju er þetta hlutafélag? Ég held að mín hugsun sé sú að niðurstaðan sé — ég segi nú ekki tilviljun, söguleg tilviljun — sögulegur arfur þeirrar harðlínustefnu sem ákveðnum kjarna í Sjálfstæðisflokknum tókst að nota til að knýja þetta fram. Markmiðin með stofnun Ríkisútvarpsins hf. og ohf. eru óljós eins og sést á hinum aumu skilgreiningum á hlutverki Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps. Þau eru það víð að aðrar útvarpsstöðvar gætu meira og minna rekið sig með litlum viðbótum sem almannaútvarp. Þar með er opið fyrir þá hugsun sem slegið hefur inn af og til í málflutningi og pólitískum grundvelli þeirra sem fylgt hafa frumvarpinu, að Ríkisútvarpið mætti nota til að fara í beina samkeppni við keppinauta á markaðnum, jafnvel óæskilega keppinauta á markaðnum, eins og maður hefur stundum haft veður af að forustumenn Sjálfstæðisflokksins finni.

Ég held að hér komi einnig til að það sem eftir er af hlutafélagsforminu hentar ágætlega sem dulbúningur fyrir rækilegt taumhald á þeirri stofnun, því fyrirtæki sem kemur út úr öllum þeim breytingum og þar sé fyrst og fremst um að ræða að halda pólitískum, jafnvel flokkspólitískum, ítökum og stjórnun í Ríkisútvarpinu. Mér virðist stefnt að því að allra síst megi hin nýja stofnun, hvað sem hún heitir og hver sem hún er, hafa það sjálfstæði sem okkur hinum finnst sjálfsagt að almannaútvarp hafi og sterkt er kveðið á um í Evrópureglum að sé skilyrði fyrir almannaútvarpi. Það er innbyggt í skilgreiningu á almannaútvarpi, þ.e. að hlutafélagið sé ekki eingöngu til þess, með orðum Péturs Blöndals, að vera fyrsta skref að því að selja útvarpið eða hluta þess heldur sé það líka til að ríkisstjórnarflokkarnir, sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn, geti haldið flokkspólitískum tökum sínum á fyrirtækinu.

Við höfum áður rakið hverjir gallar eru við hlutafélagsformið. Það er rétt að nota tækifærið og leiðrétta ákveðinn misskilning sem uppi hefur verið í nokkur missiri varðandi stuðning Páls Magnússonar útvarpsstjóra við frumvarpið. Hann hefur lýst yfir stuðningi við frumvarpið, það er ekki misskilningur, og hann hefur líka lýst stuðningi við breytingu á rekstrar- og eignarformi.

Þessi saga er merkileg og er ekki sögð til að afflytja orð Páls Magnússonar eða gera lítið úr honum, sem er merkilegur fjölmiðlamaður og að ýmsu leyti ágætur í sinni stöðu, heldur vegna þess að hún kennir okkur örlítið um þessi formsmál öllsömul. Páll Magnússon hefur skrifað greinar og verið með yfirlýsingar í fréttum og á fundum um stuðning sinn. Hann hefur hins vegar ekki skýrt opinberlega, þó að ég hafi t.d. hvatt hann til þess í greinum, með hvaða hætti hlutafélagsformið, sem hann þó styður með stuðningi sínum við frumvarpið, ætti að gagnast honum við breytingar á Ríkisútvarpinu.

Tækifærið gafst loks til þess í menntamálanefnd þegar Páll kom þangað — í eitt af þessum þremur skiptum, ég held að það hafi verið í fyrsta skiptið — að spyrja hann hvað hann vildi í raun, hvaða breytingum Páll vildi ná fram sem yllu þessum ákafa stuðningi hans við frumvarpið. Hann sagði að í raun skipti það hann litlu máli hvaða skammstöfun stæði á bak við nafn fyrirtækisins RÚV, hvað fyrirtækið héti og sagði að honum væri sama þó að það héti „RÚV KFUM“, ef það væri til í einhverjum lögum. Hann sagði að það sem hann væri einkum að leita eftir væri þrennt, eða fernt réttara sagt.

Í fyrsta lagi vildi hann finna lausn á þeim fjárhagsvanda sem væri að sliga stofnunina, þeim vanda sem hann og fleiri hafa kallað „innbyggðan vanda“. Þessi vinsælu orð höfum við rætt og krufið. Innbyggðan, á hvaða hátt? Þessi vandi er ekki innbyggður í lög eða nauðung vegna rekstrarformsins heldur felst vandinn í því að fjárveitingar með afnotagjaldi, sem hingað til hefur verið megintekjustofninn, er ákveðinn í menntamálaráðuneytinu og hjá ríkisstjórninni. Þær hafi ekki nægt fyrir útgjöldum. Fyrirskipanir ráðherra og þings eru að Ríkisútvarpið, síðasta hálfan annan áratug, skuli rekið með halla. Það þýðir að aðrar tekjur þarf að keyra upp og útgjaldahliðin er höfð eins mikil og hallaskip-

unin segir til um. Það er þessi innbyggði vandi. Hann er ekki innbyggður í rekstrarformið eða lögin heldur í vondar starfsvenjur og hirðuleysi valdamanna, þar á meðal á þinginu, um Ríkisútvarpið. Þetta var fyrsta krafa Páls Magnússonar.

Önnur var sú að starfs- og ábyrgðarskipting innan fyrirtækisins yrði skýr með því að yfirstjórninni væri breytt. Útvarpsráð væri afnumið í núverandi formi og þar væru ekki skipaðir menn á vegum stjórnmálaflokkanna sem sæju um dagskrárákvarðanir og þeir ættu ekki að hlutast til um ráðningar starfsfólks. Þessu eru reyndar flestir sammála. Ég hygg að í langflestum tillögum sem hafa komið fram um nýskipan Ríkisútvarpsins sé þetta skilyrði uppfyllt, að ráðningar og dagskrá séu faglegar ákvarðanir sem taka eigi í samræmi við stefnumótun sem fulltrúar ríkisstjórnar eða þings sem fulltrúar þjóðarinnar annist að einhverju leyti ásamt einhvers konar ráði þar sem almenningur geti haft sín áhrif.

Í þriðja lagi talaði hann um að ekki væri æskilegt að hafa skipurit stofnunarinnar í lögum og minntist sérstaklega á þá þrjá framkvæmdastjóra sem menntamálaráðherra skipar samkvæmt núverandi lögum. Öllum sem hafa komið nálægt þessari stofnun eða fyrirtæki er ljóst að þessar ráðstafanir í lögunum auka enn á lausung í stjórnun og rekstri. Í nútímanum að erum við smám saman að afnema mjög stranga deildaskiptingu og skipuritsákvarðanir í lögum. Við treystum því að þær ákvarðanir sé hægt að laga að þeim þörfum sem uppi eru hverju sinni þótt deila megi um og deilt hafi verið um það hversu langt eigi að ganga í hverju tilviki að því leyti. Flestir eru reyndar sammála þessu og tillögur sem fram hafa komið um nýskipan Ríkisútvarpsins gera flestar ráð fyrir að fellt slíkt niður úr lögunum eða að það standi ekki í nýjum lögum.

Í fjórða lagi talaði Páll um að Ríkisútvarpið gæti tekið þátt í samkeppni um fólk og kvartaði yfir kjarasamningum, ströngum ráðningarskilyrðum o.s.frv. Hann talaði þó ekki mjög bert um þetta og ég verð að segja að þó að ég hafi heyrt bæði hann og aðra tala í þessa átt áður þá hefur mér aldrei verið ljóst hvað það er nákvæmlega í kjarasamningum og ráðningarmálum á Ríkisútvarpinu sem menn vilja breyta.

Ég verð að segja fyrir mig að ég tel að sumu leyti eðlilegt fyrir fyrirtæki eins og Ríkisútvarpið, fjölmiðlafyrirtæki, að starfsmannamál þar, ráðningarmál og kjör öll, taki mið af ástandinu á almennum markaði. Samhengið er þar vissulega fyrir hendi og leitast ætti við að gera kjarasamninga innan slíkrar stofnunar og hafa þann hátt á ráðningum að tiltölulega einfalt sé að bera saman við sams konar hluti á öðrum stöðvum og í öðrum fjölmiðlum. Á hinn bóginn erum við ekki að ræða um fjölmiðil meðal fjölmiðla, einhvern fjölmiðil sem ríkið á af tilviljun, heldur erum við, a.m.k. samkvæmt hugmyndum okkar samfylkingarmanna og stjórnarandstæðinga, að ræða um almannaútvarp, fjölmiðil í almannaþjónustu sem hagar dagskrá sinni á þann veg og hefur að markmiði að halda uppi slíkri þjónustu.

Það er eðlilegt að almannaútvarp sem með einum eða öðrum hætti er í eigu ríkisins eða stendur í skjóli þess, sem væri kannski betra orðalag um sjálfseignarstofnun, hagi kjarasamningum sínum og ráðningarmálum með tilliti til þess sem viðgengst í opinbera geiranum. Ég held að ef við ætlum að ræða þetta í einhverri alvöru þá ættum við að reyna að finna slíka leið. Ég held að æskilegast væri að ræða þau mál í rólegheitum við samtök starfsmanna, þau samtök sem til eru á Ríkisútvarpinu þegar. Þau eru nokkur. Og síðan væri rætt við heildarsamtökin BSRB og BHM.

Af því að hér horfir á mig, sljóum augum, hinn knái formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, þá er rétt að hann komi síðar í dag og skýri mér og þinginu frá þeim tilraunum sem gerðar hafa verið undanfarið til að ræða kjaramál og ráðningarmál við þau félög sem ég nefndi og við þá starfsmenn sem koma við sögu. Mitt hald er nefnilega það að þetta hafi aldrei verið reynt, að þetta hafi aldrei verið gert. Þegar ég tala við fólk hjá Ríkisútvarpinu segir það að mjög ofsagt sé um þá erfiðleika sem hljótist af því að gerðir séu kjarasamningar við opinbera starfsmenn, það sé mjög auðvelt að auka svigrúm stjórnenda eftir þeim óskum sem fram hafa komið. Það þurfi auðvitað að vega það og meta hverju sinni hvað því fylgi, með hvaða hætti laun eigi að hækka og hvernig það verði bætt en þetta sé allt hægt að gera innan núverandi ramma, meira að segja þess ramma að Ríkisútvarpið sé ríkisstofnun í B-hluta.

Ég vona að ég sé ekki að afflytja Pál eins og ég sagði áðan, ég tel mig ekki vera að gera það vegna þess að ég skrifaði þetta rækilega niður. Þetta fernt sagði Páll að hin nýja skipan þyrfti að uppfylla. Ég tel að hægt sé að gera það fyrir Pál með tiltölulega einföldum lagabreytingum á núverandi skipan. Ég tel líka að hugmyndir okkar í Samfylkingunni og reyndar fyrrverandi hugmyndir Framsóknarflokksins um sjálfseignarstofnun feli í sér að mjög auðvelt væri að uppfylla allar þessar kröfur hans, kannski ekki þær ýtrustu, t.d. í starfsmannamálum, en ef alls hófs er gætt væri hægt að uppfylla þær innan ramma sjálfseignarstofnunarinnar. Páll viðurkennir að lokum, þó að hann hafi tekið afstöðu með frumvarpi menntamálaráðherra, eða kannski tekið afstöðu með hæstv. menntamálaráðherra aðallega, að hf-dæmið á bak við nafnið Ríkisútvarp skipti hér engu máli.

Forseti. Það er liðið nokkuð á tímann og ég er búinn að vera lengi að. Ég ætlaði að ræða meira um hlutafélagsformið en ég ætla að fara hratt yfir þá sögu því að menn bíða eftir að komast að og ýmsir þeirra eru vel verseraðir í hlutafélagamálum. Hins vegar verð ég að segja að í umsögnum sem okkur hafa borist er hlutafélagsformið auðvitað eitt aðalstefið, og þá sérstaklega umsögnum frá fulltrúum atvinnurekstrarins, frá samtökum atvinnurekenda, frá Viðskiptaráðinu, frá keppinautum á þessum markaði, 365 og Skjánum. Þar er auðvitað talað um að hér sé hlutafélag á ferðinni, þrátt fyrir allar þær breytingar sem ég taldi upp áðan, meðmælendum hins fagra forms til háðungar, og bara það form taka þeir sem yfirlýsingu um samkeppni á næstunni og hafa í frammi jafnvel ýmis stóryrði um viðbrögð sín við því. Ég held þó að kannski merkasta umsögnin og sú nýjasta sé frá Samkeppniseftirlitinu. Þar er að vísu ekki minnst beinlínis á hluthafafélagsformið en þar er þó sá skilningur lagður í þetta frumvarp að verið sé að stofna fyrirtæki sem sé í beinni samkeppni við önnur fjölmiðlafyrirtæki og þar er ákaflega lítið mark tekið á yfirlýsingum um einhverja sérstöðu fyrirtækisins. Samkeppnisstofnun telur að samkvæmt

frumvarpinu feli tekjuöflun Ríkisútvarpsins af nefskattinum í sér ríkisaðstoð í skilningi samkeppnislaga og um það eru, held ég, allir sammála að hún gerir það. Þeim tekjum á að verja til að standa straum af samkeppni, og nú vitna ég beint, með leyfi forseta, í umsögnina:

„... sem felst í skilgreindri útvarpsþjónustu í almannaþágu sbr. 3. gr. frumvarpsins. Sú skilgreining sem felst í 3. gr. nær yfir framleiðslu, dreifingu og útsendingu og m.a. hvers kyns fræðslu og afþreyingarefni auk fréttamiðlunar. Auk þess hvíla nánar tilgreindar skyldur á RÚV samkvæmt skilgreiningu 3. gr. frumvarpsins. Það er ekki hlutverk Samkeppniseftirlitsins að taka afstöðu til þess hvort þetta fyrirkomulag er í samræmi við reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð."

Samkeppnisstofnun leiðir síðan rök að því að þar sem Ríkisútvarpinu sé þar að auki heimilt að selja auglýsingar til birtingar í útvarpi og sjónvarpi keppi Ríkisútvarpið að sjálfsögðu við einkafyrirtæki í útvarpsrekstri á þessum mörkuðum, bæði um auglýsingar og kostun, og það geri það enn í þeim tillögum sem meiri hluti menntamálanefndar hefur lagt fram.

Síðan lýsir Samkeppniseftirlitið því að þar sem Ríkisútvarpið taki þátt í samkeppni á þessum markaði af fullum þrótti þá hafi það áhrif á dagskrárframboð þess, vinsælt dagskrárefni sé lykillinn að velgengni á mörkuðum fyrir sölu á auglýsingum í ljósvakamiðlum, segir Samkeppniseftirlitið. Það gerir svo heldur lítið úr rökum frumvarpsflytjandans með því að halda Ríkisútvarpinu að fullu á þessum markaði, ég ætla ekki að fara í gegnum það í sjálfu sér, en að lokum segir Samkeppniseftirlitið þetta, með leyfi forseta:

„Til að koma í veg fyrir þá samkeppnislegu mismunun sem af því leiðir að RÚV starfi á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun í frjálsri samkeppni við aðra aðila, jafnframt því að hafa tekjur af skattfé til að inna af hendi skilgreinda útvarpsþjónustu í almannaþágu, kemur tvennt til greina að mati Samkeppniseftirlitsins."

Annars vegar þetta, með leyfi forseta:

„RÚV hverfi af auglýsingamarkaði og starfsemi þess verði alfarið kostuð af opinberum fjárframlögum. Er sú leið algeng meðal Evrópuríkja eins og fram kemur í skýringum með frumvarpinu."

Hins vegar þetta, með leyfi forseta:

„Ef RÚV starfar á auglýsingamarkaði fari sú starfsemi fram á vegum sérstakrar hljóð- og sjónvarpsstöðvar eða rása sem alfarið verði fjármagnaðar með auglýsingatekjum og kostun þannig að tryggt sé að þessi samkeppnisstarfsemi Ríkisútvarpsins verði ekki niðurgreidd með skattfé."

Samkeppniseftirlitið tekur ekki að svo komnu máli afstöðu til þess hvora leiðina sé æskilegra að velja svo koma megi í veg fyrir framangreinda samkeppnislega mismunun, eða hvernig útfæra beri þær."

Það gefur sem sagt þessa tvo kosti. Það er athyglisvert að þetta er í fyrsta sinn sem Samkeppniseftirlitið gefur umsögn um þetta mál. Hins vegar er það ekki í fyrsta sinn sem Samkeppniseftirlitið kemur við sögu þess því að Páll Gunnar Pálsson forstjóri kom á fund menntamálanefndar í vor. Hvað sagði hann þar? Hann gat þess sérstaklega að um Ríkisútvarpið kynnu að gilda ákvæði 11. gr. samkeppnislaganna um markaðsráðandi stöðu, ákvæði 14. gr. um fjárhagslegan aðskilnað og að samkvæmt samkeppnislögunum gæti Samkeppniseftirlitið gert meiri kröfur en ráðgert er að gera í ríkisútvarpslögunum, sérstaklega samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga um skaðleg áhrif opinberra fyrirtækja í samkeppni.

Það er merkilegt að rifja þetta upp vegna þess að fyrr í dag var vitnað til Páls Gunnars Pálssonar á fundi menntamálanefndar nú, fundi sem ég gat því miður ekki sótt, missti af, en efast ekkert um að rétt er frá sagt, þar sem hann hafi svarað því til, aðspurður um hvað Samkeppniseftirlitið ætlaði að gera í málinu, að Samkeppniseftirlitið færi að lögum í þeim málum sem það kæmi nálægt og hér væri um sérlög að ræða sem væntanlega gengju framar almennum lögum.

Það má spyrja sig hvort Páll Gunnar Pálsson hafi þá ekki verið þessarar skoðunar þegar hann samdi umsögnina, sem send var 13. nóvember, og hvort hann hafi skipt um skoðun frá því í vor þegar hann kom á fund menntamálanefndar og tiltók þessar greinar. Það er kannski svolítið flókin spurning. Það er auðvitað svo að samkeppnislög byggja á efnisreglum Evrópuréttar. Ég hygg að það sé rétt ályktun að Samkeppniseftirlitið geti ekki ráðist að grundvallarákvörðunum í sérlögum eins og þeim sem hér er ætlunin að samþykkja og að Samkeppniseftirlitið hafi rétt til þess að krefjast aðgerða og skipa fyrir um ákveðnar aðgerðir innan ramma þessara sérlaga. Ég held t.d. að ef Samkeppniseftirlitinu sýndist gæti það, eins og Páll Gunnar Pálsson forstjóri þess sagði í vor, notað 14. gr. til að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað í tengslum við auglýsingar og kostun til þess að koma í veg fyrir að Ríkisútvarpið nýti sér ríkisstyrki til að skapa sér sérstakan samkeppnisávinning á auglýsingamarkaði eins og lýst er í umsögninni. Sérlög koma ekki í veg fyrir það að Samkeppniseftirlitið hafi ákveðið vald til að skipta sér af og til þess að skipa fyrir.

Hvað merkir þetta í stærri dráttum? Samkvæmt Evrópuréttinum er alveg ljóst að eftir Amsterdam-samkomulagið 1997 nýtur almannaútvarp — ríkisútvarp sem er almannaútvarp eða almannaútvarp sem er auðvitað vel hægt að hugsa án þess að það sé í beinni ríkiseigu, í ríkisskjóli eða með ríkisstuðningi að einhverju leyti — þá nýtur almannaútvarp þess að vera undantekning frá hinum hörðu samkeppnislögum og reglum Evrópusambandsins. Mig minnir að það sé orðað þannig að fyrirtæki með almenna efnahagslega þýðingu hafi sérstöðu. Það er orðað á þennan hulduhrútslega hátt vegna þess að Evrópusambandið er byggt á markaðsforsendum, það er í upphafi sínu og auðvitað í eðli sínu á mjög margan hátt samtök um frjálsan innri markað sem hófst, eins og við munum öll, upp úr síðari heimsstyrjöldinni með því að stál og kol voru gerð að innri markaði. Ég ætla ekki að fara lengra út í það þó að það væri fróðlegt, einkum fyrir hv. formann menntamálanefndar sem er mikill aðdáandi Evrópusambandsins og áhugamaður um það. Evrópusambandið hefur hins vegar haft þann háttinn á að þróast í nánara samstarf. Sú þróun ber iðulega þess merki að upphafið og rótin eru markaðsforsendur og tungutakið ber þess vegna ákveðinn viðskiptalegan keim. Þegar talað er um fyrirtæki eða stofnanir með almenna efnahagslega þýðingu þá er átt við það að almannaútvarp hafi væntanlega al-

menna efnahagslega þýðingu á þann hátt að það haldi samfélaginu saman, sjái um að þar sé friður og ró og þokkaleg sátt og sæla í samfélaginu og hafi þar með hina almennu efnahagslegu þýðingu fyrir fyrirtæki og aðila á markaði sem finna mætti í kennslubókum í viðskiptafræði og hagfræði.

Ég ætla ekki að rekja ríkisútvarpssöguna í Evrópuréttinum og innan Evrópusambandsins sem er merkilegt mál. Ólafur E. Friðriksson, fyrrverandi blaðamaður og sjónvarpsmaður, hefur skrifað um það ágæta ritgerð sem ég hef undir höndum og ég las í fyrra en hef ekki haft tækifæri til að koma hér almennilega til skila og ég ætla að geyma mér til 3. umr. að gera það.

Eftir Amsterdam-samþykktina 1997 sem var mikill samningur, einn af þessum stóru samningum sem Evrópusambandsríkin gerðu og fjallaði m.a. um þetta, um almannaútvarp, stendur nú yfir skeið þar sem verið er að reyna á þennan samning fyrir dómstólum, þar sem sem fyrirtækin á markaði eru að láta reyna á þolrifin í þessu gagnvart almannaútvarpinu, og við sjáum ekki alveg hvernig því lýkur. Ég held að það sé alveg ljóst að úrskurður Evrópusambandsins, og þar með sá grundvöllur sem samkeppnislög okkar og almannaútvarp okkar stendur á, ef það verður til eftir að þetta hefur verið samþykkt, fer eftir því hversu mjög það fyrirtæki eða sú stofnun sem um er rætt er almannaútvarp. Það verður mat þeirra sem um þetta eiga að véla gagnvart kærum sem fram koma, hvort þessi samkeppni geti talist eðlileg í ljósi þess almannaþjónustuhlutverks sem útvarpinu er falið eða hvort hún sé óeðlileg. Er ríkisvaldið beint eða óbeint með því að veita útvarpsstöð skjól að ráðast inn á markað sem einkum er samkeppnismarkaður?

Það er rétt að gera sér grein fyrir því að auðvitað er það þannig að skil milli almannaútvarps og samkeppnisútvarps eða markaðsútvarps er ekki auðdregin, þetta er lína sem hægt er að draga upp eins og litrófið og þess vegna er það dómstóla og úrskurðarmanna að dæma um það í hverju tilviki hvað sé almannaútvarp og hvað sé samkeppnisútvarp. Það er það sem hér mundi gerast ef kært yrði hér heima eða ef samkeppniseftirlitið skipti sér af og ríkið eða Ríkisútvarpið kærði þá ákvörðun þá mundi það koma til kasta dómstóla í Evrópu að úrskurða um það.

Þá kemur einmitt að þeirri kvörtun sem 365, Skjárinn, Samtök atvinnulífsins, viðskiptaráðið, fræðimenn og við í stjórnarandstöðunni höfum haft uppi, að skilgreiningarnar á almannaþjónustuhlutverki þess ríkisútvarps sem hér hefur verið reynt að breyta þrisvar sinnum eru ófullnægjandi og þess vegna eru þær beinlínis hættulegar. Eins og kom fram í andsvörum áðan er viðbúið að hér hefjist vegna þessara ófullnægjandi skilgreininga málaferli innan lands eða utan eða hvort tveggja sem geta veikt Ríkisútvarpið sem stofnun og gætu átt þátt í þróun sem endaði með ósköpum, hugsanlega sölu eða einkavæðingu eða einhverjum stórbreytingum sem t.d. Sjálfstæðisflokkurinn reyndi að knýja fram á þeim nauðungarforsendum að okkur væri skipað það að utan, að Evrópa sætti sig ekki við Ríkisútvarpið og þess vegna þyrftum við að losa okkur við það.

Grundvöllur þessa er auðvitað sá, fyrir utan að almannaþjónustuhlutverkið er illa skilgreint, að Ríkisútvarpið heldur áfram ekki aðeins efnislegri samkeppni, sem getur verið holl og góð og er sjálfsögð, að Ríkisútvarpið sé í efnislegri samkeppni við aðrar útvarpsstöðvar — það er BBC í sínu góða landi og hefur ákveðna forustu fyrir útvarpsstöðvum þar og reyndar um allan heim með efnislegri samkeppni, með því að skara fram úr í ýmsum þeim þáttum sem standa næst almannaþjónustunni — heldur líka á beinum markaði um peninga fyrir auglýsingar og kostun. Eftir því sem Ríkisútvarpið er ágengara á þeim markaði eða hvaða stöð sem það er eftir því verða spurningarnar háværari um það hvort hér sé um að ræða samkeppnislega mismunun, hvort hér sé um ríkisstyrktan en venjulegan fjölmiðlarekstur að ræða. Við þessu vörum við m.a. og það er þessi mynd sem umsögn Samkeppniseftirlitsins í raun og veru dregur hér upp.

Ég er hér með umsagnir 365 og Skjás 1 um þetta. Þær eru fróðlegar og ég kannski kem að þeim í síðari ræðu minni í þessari umræðu ef aðrir hafa ekki rakið þetta áður. En það er athyglisvert í ljósi þessara tveggja umsagna og þeirra annarra sem ég nefndi að í fyrsta sinn í sögu þessara frumvarpa hér á kjörtímabilinu hafa stjórnarliðar vaknað gagnvart þeim vanda sem við er að fást um auglýsingar og kostun þó að við í stjórnarandstöðunni höfum frá fyrstu tíð vakið athygli á þessu og reyndar einkum við í Samfylkingunni að öðrum stjórnarandstæðingum algjörlega ólöstuðum, kannski vegna þess að við höfum verið að hugsa um málið frá öðrum sjónarhornum en venjulegt er.

Þetta var að vísu ekki mikið rætt í menntamálanefnd núna á þessu þingi og nánast ekki neitt enda voru ekki hafðar neinar umræður í menntamálanefndinni fyrr en á síðasta degi, heldur brá svo við að eina helgina voru miklar fréttir í blöðum um að nú ætlaði meiri hluti menntamálanefndar — reyndar var nú látið eins og það væri menntamálanefnd öll. Ég var svolítið hissa, ég var þá að koma úr ferð út fyrir bæinn og reyndar út fyrir landsteina, stuttri, og hélt að Sigurður Kári Kristjánsson, hv. formaður menntamálanefndar, hefði gert stjórnarbyltingu meðan ég var fjarri og þótti það viðeigandi en það var nú ekki alveg svo gróft. En það var hins vegar að þessa helgi var mikil látið með það og mikill spenningur í kringum það á fjölmiðlunum að nú ætti nánast að taka Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði og mér fannst það nú kannski fullmikið gert, það væri kannski hægt að byrja aðeins hægar. En það var nokkuð látið með þetta að það yrðu miklar takmarkanir og það var rakið hvernig væri hægt að gera þetta, en til þess væru þrjár aðferðir.

Það var síðan ekki fyrr en á lokafundi nefndarinnar þegar ljóst var að málið yrði tekið út að meiri hluti nefndarinnar kom með tillögur um þetta mál í fyrsta sinn. Þess skal getið að það er í fyrsta sinn sem tillögur hafa verið gerðar um það á Alþingi, þeir mega eiga það. Þær tillögur voru hvernig? Jú, annars vegar var tillaga um að látið yrði undan þeirri kröfu frá keppinautunum, bæði hinum hefðbundnu fjölmiðlum og öðrum keppinautum, að ekki yrðu auglýsingar á vefsetri Ríkisútvarpsins. Það hefur reyndar ekki verið, þannig að það er engin breyting, auglýsingar voru hafnar þar að einhverju leyti en eftir kæru fyrirtækis sem heitir eða hét — mér er ekki alveg kunnugt um afdrif þess fyrirtækis — sem hét tunga.is á Evrópuvettvangi þá var þessu snarlega hætt þar sem ekki var heimild fyrir því í lögum. Þá

heimild átti að gefa hér og það var klárlega að því stefnt að hún yrði gefin. En meiri hlutinn fann sem sé út að þetta ætti ekki að gera. Ég hef ekki athugasemdir við það. Hins vegar má auðvitað benda á að margt er að gerast á þessum vettvangi, tækninni fleygir fram og því kann að vera að fleira verði til umræðu á næstu missirum og ég tala nú ekki um áratugum en eingöngu fréttavefir af því tagi sem um er að ræða. Þetta var svona heldur smærra, því þetta breytir engu sem sé en takmarkar þó að ákveðnu leyti möguleika Ríkisútvarpsins til framsóknar á þessum vettvangi.

Hin tillagan var öllu merkilegri og það var hin mikla takmörkun á auglýsinga- og kostunartekjum Ríkisútvarpsins ohf., en hún gekk út á það að kostun — þegar búið var að fá skýringar á verulega flóknu orðalagi í breytingartillögunni — að kostun ætti ekki að verða meiri í Ríkisútvarpinu ohf., hærra hlutfall af auglýsingatekjum en nú væri, eða réttara sagt heldur en yrði árið 2006. Þetta var nú músin sem fíllinn fæddi eftir þessa jóðsótt um heila helgi. Takmarkanirnar voru sem sé engar en kostunarhlutfallið var sett sem einhvers konar fasti.

Nú er að vísu margt við þetta að athuga í smáatriðum sínum. Í fyrsta lagi að miðað er við kostunarhlutfall árið 2006, en það ár er sem kunnugt er ekki liðið þannig að menn vita ekki nákvæmlega hvað út úr því kemur en það er einungis byggt á þeirri lauslegu umsögn, hygg ég, Páls Magnússonar að síðustu ár hafi kostun verið u.þ.b. 10% af auglýsingatekjum. Ég held líka að þegar menn fara að skoða málið geti orðið erfitt að greina á milli þess sem er kostun og þess sem er auglýsing, hreinlega að flokka þetta. Ef ég hefði verið í meiri hlutanum hefði ég gengið betur frá því máli.

Ég nefni t.d. veðurfréttir en báðar stöðvarnar sem hér eru sýna veðurfréttir. Þar eru fyrirtæki sem birta stutta kynningu eða auglýsingu á undan og eftir. Er það kostun eða er það auglýsing? Það væri kostun ef samningurinn heitir kostunarsamningur um það að fyrirtækið Kóka kóla eða Tryggingamiðstöðin ætli að kosta veðurfréttirnar í svo og svo langan tíma, en það væri hins vegar auglýsingarsamningur ef fyrirtækið Kóka kóla eða Tryggingamiðstöðin ákvæðu að auglýsa alltaf á undan og eftir veðurfréttum í þetta og þetta marga mánuði eða ár, þannig að hér getur nú verið mjótt á munum.

Aðalathugasemdin er þó ekki tæknilegs eðlis af þessu tagi heldur ósköp einfaldlega sú að markmiðið er alls ekki ljóst. Það er alveg klárt að þetta takmarkar ekki heildartekjurnar því að það er aðeins um hlutfallið sem hér er að ræða og það er ekkert sem takmarkar heildartekjurnar, ekki heldur sú rekstraráætlun sem hér liggur fyrir þó að hún geri ráð fyrir því að þær aukist ekki nema um þetta eina prósent á ári, ef ég hef skilið þessa reikninga rétt — en rifja má upp að ekki gafst tími til þess að fá á þeim almennilegar skýringar í menntamálanefnd því að það lá svo mikið á að koma málinu í gegn — heldur er þá væntanlega þessari tillögu beint gegn kostun sem slíkri af því að hún sé vond. Og ef hún er vond þá er hún sem sé ekki nógu vond til þess að afnema hana alveg, sem hefði þó verið mannsbragð að, heldur á hún að vera einhvers konar hlutfall af auglýsingatekjunum þannig að ef auglýsingatekjurnar aukast þá eykst kostunin líka, ef auglýsingatekjurnar minnka á kostunin líka að minnka. Í þessu er nú ekki ákaflega mikið vit.

Er kostun vond? Eins og við segjum í nefndarálitinu hafa ýmsir gagnrýnt kostun sem aðferð við kynningu á vörum og þjónustu en ég hygg að kostun sé aðeins ein af þeim aðferðum sem beitt er í þessu skyni og þurfi ekki að vera í sjálfu sér verri en aðrar. Það eru hins vegar til ákaflega vondar gerðir af kostun. Það er til dæmis sú kostun sem blandast saman við dagskrárgerð. Það er það sem Ríkisútvarpið hefur gert sig sekt um undir núverandi stjórn og við skulum segja bara fyrr og síðar. Það er þó ekki neinn arfur útvarpsins sem betur fer eða hefð, að þættir séu nánast gerðir út af einhverju fyrirtæki eða í kringum einhverja vöru, þættir séu sendir út t.d. á Rás 2 úr höfuðstöðvum einhvers þjónustufyrirtækis eða vöruseljanda og byggist á því að ræða við starfsmenn, forsvarsmenn og neytendur í því fyrirtæki sem er þá í raun og veru samfelld auglýsing fyrir fyrirtækið eða byggt á einhvers konar svokölluðum gjöfum sem auðvitað eru ekkert annað en hreinar duldar auglýsingar, afgreiddar sem kostun. Þetta er vond aðferð við kostun.

Jákvæð kostun — við skulum ekki segja jákvæð en algjörlega saklaus kostun og sjálfsögð að mér þykir er sú t.d. þegar nokkur stórfyrirtæki eða fyrirtæki smá og stór taka sig saman um að hjálpa til við að opna tækifæri fyrir sendingar hér sem annars væri erfitt að annast, við skulum segja sendingar Ólympíuleikanna eða menningarlega stórviðburði heima og erlendis. Ég hef ekkert á móti því að fyrirtæki hjálpi til við það og taki það af því ráðstöfunarfé sem þau hafa til þess, sem maður veit nú aldrei hvort er menningarlegur stórhugur eða meintur ímyndarauki og hækkun á svokölluðum góðvilja hjá fyrirtækjunum. Ekkert er getið um það í þessari tillögu til hvorrar kostunargerðarinnar þetta taki þó að fögur orð séu höfð uppi í nefndaráliti meiri hlutans um sinfóníutónleika og hvað eina sem skuli njóta kostunarfjárins. Ég verð því að viðurkenna að niðurstaða mín um tillögur meiri hlutans um auglýsingar og kostun er sú að á slíkri hugsun hafi verið mikil þörf en niðurstaðan hafi verið algjörlega misheppnuð, í raun og veru sé verr af stað farið en heima setið með þessum tillögum. Ég geri hins vegar ráð fyrir að við munum ekki taka afstöðu til þeirra í atkvæðagreiðslu að lokinni 2. umr. vegna þess að eins og kemur fram í nefndarálitinu vil ég láta vísa málinu frá að öllu leyti. Það er ekki hægt að taka þessi auglýsinga- og kostunarmál út úr samhengi. Þau hafa hlutverki að gegna fyrir Ríkisútvarpið en það hlutverk lítur allt öðruvísi út eftir því hvort um er að ræða samkeppnisfyrirtæki eða almannafyrirtæki.

Ég held, forseti, að þó ég hafi úr miklu að moða þá noti ég þann klukknaslátt sem nú hljómar á Dómkirkjunni til þess að ljúka ræðu minni í bili. Ég vil þó segja áður en ég gefst upp í þetta sinn að andstaða okkar stjórnarandstæðinga við þetta frumvarp er mjög skýr og hefur lengi verið. Það er reynt að draga úr efnisatriðum andstöðu okkar vegna þess að það hentar stjórnarmeirihlutanum og menntamálaráðherra að láta eins og við séum hér með þrákelkni og þrjósku en við höfum í raun og veru frá upphafi gert nokkrar athugasemdir. Á blaðamannafundi í morgun lýsti Samfylkingin því svo — ég hygg að aðrir stjórnarandstæðingar séu því sammála — að í fyrsta lagi séum við á móti hlutafélagsforminu vegna þess að það greiði leið að einkavæðingu

Ríkisútvarpsins í heild eða að hluta og hlutafélagsformið henti starfsemi almannaútvarps í raun og veru mjög illa og skemmi fyrir þeirri starfsemi.

Í öðru lagi sé óljóst um hlutverk nýja fyrirtækisins, skilgreiningarnar á hlutverki Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps séu óljósar og gefi því undir fótinn að hlutafélaginu sé með aðstoð ríkisstyrks ætlað að keppa á samkeppnismarkaði við aðrar útvarpsstöðvar sem sennilega leiðir til áframhaldandi deilna og málaferla.

Í þriðja lagi spyrnum við við fæti því að það er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnarmeirihluti í nýju Ríkisútvarpi ráði útvarpsstjóra og reki að vild og þannig sé fyrirtækið áfram undirselt flokkspólitískum afskiptum og inngripum ef valdhöfum þykir þörf.

Í fjórða lagi sé nefskattur óheppileg leið til tekjuöflunar fyrir Ríkisútvarpið og ekki líklegur til að efla samstöðuna.

Í fimmta lagi séu réttindi starfsmanna ekki tryggð með þeim hætti sem vera ætti í almannaútvarpi sem ríkisvaldið ber ábyrgð á.

Við samfylkingarmenn höfum lýst stöðu okkar, gerðum það á blaðamannafundi í morgun, og þó að ég sé hér framsögumaður sameinaðrar stjórnarandstöðu í menntamálanefnd leyfi ég mér að fara líka með fimm atriði úr því. Það er ekki víst að Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn séu því sammála að öllu leyti og ég geri ráð fyrir að svo sé ekki. Áherslumunur milli þessara flokka er vel kunnur í þessu máli en við höfum líka látið fylgja þeim lýsingum að við teljum ekki mikið mál að jafna þann ágreining ef ágreining skyldi kalla.

Við í Samfylkingunni höfum lagt til og leggjum til að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun með eigin stjórn sem Alþingi gæti kosið eins og gert er ráð fyrir í núverandi frumvarpi — þó ekki til eins árs í senn eins og þar er gert ráð fyrir með því að skopstæla hlutafélagalög — en til þess að tryggja að ekki myndist ríkisstjórnarmeirihluti í þeirri stjórn eigi starfsmenn Ríkisútvarpsins þar fulltrúa sem hindra sjálfkrafa meirihlutamyndun í stjórninni.

Við viljum líka að almenningur og samtök hans eigi aðkomu að stefnumótun Ríkisútvarpsins fyrir tilstilli einhvers ráðs sem við leyfðum okkur í morgun að kalla hlustendaþing og gæti komið saman einu sinni á ári. Því ráði verði falið ákveðið hlutverk, t.d. það sem ég nefndi áðan, að samþykkja þjónustusamning. Það mætti hugsa sér líka að ráðning útvarpsstjóra verði borin undir þetta ráð. Útvarpsráð í núverandi formi verði hins vegar lagt niður og pólitísk afskipti af innri málefnum afnumin með öllu. Af innri málefnum, segi ég hér, vegna þess að það er að sjálfsögðu hlutverk stjórnmálamanna að annast stefnumótun til langs tíma.

Í þriðja lagi að fjármögnun Ríkisútvarpsins verði blönduð, annars vegar með ríkisframlagi sem má hugsa sér með ýmsum hætti en hins vegar auglýsingatekjum sem verði þó takmarkaðar og við leggjum til að þær verði takmarkaðar þannig að þær verði ekki meiri en 15–20% af heildartekjum Ríkisútvarpsins hverju sinni.

Í fjórða lagi leggjum við mikla áherslu á almannaútvarpshlutverk Ríkisútvarpsins og lýsum því í nokkrum orðum í því úthendi sem dreift var á fundinum í morgun.

Í fimmta lagi nefnum við sérstaklega að sjálft Ríkisútvarpið verði að vera sjálfstætt, það verði að vera óháð bæði stjórnmálahagsmunum og viðskiptahagsmunum. Starfsmenn verði að búa raunverulegt ritstjórnarlegt sjálfstæði og það verði að sjá til þess að afar skýr aðgreining verði mörkuð í dagskrá Ríkisútvarpsins milli dagskrárgerðar og auglýsinga og þar með komið í veg fyrir vonda kostun eins og ég var að tala um áðan. Við setjum þetta fram undir fyrirsögninni „Sjálfstætt öflugt almannaútvarp“ sem lýsir nokkurn veginn þeirri hugmynd sem hér er uppi.

Vera kann að menn reki augun í að við gerum ráð fyrir að Ríkisútvarpið haldi áfram að hafa tekjur af auglýsingum og kostun og ég hygg að það sé almennt álit meðal stjórnarandstæðinga, það séu fáir svo harðir að þeir vilji afnema þá hefð að sinni að Ríkisútvarpið sé með auglýsingar og þess vegna kostun, góðu kostunina eða skárri kostunina, hlutlausu kostunina eða hvað við viljum kalla hana. Eins og ég sagði er það í fyrsta lagi vegna þess að fyrir því ákveðin hefð og auglýsingamarkaðurinn mótast auðvitað af því að vissu leyti. Þess vegna yrði breyting af því tagi að taka Ríkisútvarpið algjörlega út af þessum markaði að fara fram í áföngum og á löngum tíma. En það er líka vegna þess að vel má líta á a.m.k. tiltekna gerð auglýsinga og jafnvel kostunar sem þjónustu við þann almenning sem almannaútvarpið er búið til fyrir.

Þá er spurt að því: Eiga athugasemdir samkeppniseftirlitsins og annarra aðila ekki við um ykkur? Jú, þær eiga það að vissu leyti en það sem við gerum er að í fyrsta lagi þá takmörkum við þessar tekjur. Við takmörkum þær sem hlutfall af heildartekjum þannig að það er bein yfirlýsing um að Ríkisútvarpið ætli sér þennan hlut af þessum markaði en ekki stærri hlut. Það er sem sé sú grimmilega samkeppni sem Ríkisútvarpinu hefur verið att út í síðustu árin, a.m.k. áratuginn frá 1994 þegar flest stóð í blóma hjá Ríkisútvarpinu og fram að árinu sem nú er að líða, 2006, að þessi sókn og samkeppni á auglýsingamarkaði verði takmörkuð. Hins vegar verði Ríkisútvarpið raunverulegt almannaútvarp sem þýðir það gagnvart Evrópuréttinum að því er stætt á því að heimta inn hluta af tekjum sínum með sama hætti og fjölmörg svipuð fyrirtæki í Evrópusambandinu gera.

Forseti. Ég hef nú kynnt nefndarálit okkar, fjallað um aðeins nokkur og í raun og veru örfá af þeim atriðum sem væru þess virði að ræða í 2. umr. En vegna samkomulags er tíminn takmarkaður og sýnilega verður þunginn í umræðunni um Ríkisútvarpið ohf. í 3. umr. en ekki 2., ef af 3. umr. verður. Lýk ég hér með máli mínu.

[15:08]

**Útbýting:**

Fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins, 442. mál, fsp. KolH, þskj. 565.

Íslenska friðargæslan, 443. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 566.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 376. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 563.

[15:08]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Hv. þm. Mörður Árnason hefur nú lokið við að gera grein fyrir áliti minni hluta menntamálanefndar í þessu máli á afar greinargóðan hátt. Ég mun reyna í ræðu

minni að fara kannski sérstaklega ofan í saumana á réttindamálum starfsmanna sem ég kynnti mér nokkuð ítarlega í umfjöllun menntamálanefndar um málið. Einnig kem ég til með að tæpa á öðrum atriðum í yfirferð minni.

Eins og hv. þm. Mörður Árnason gat um hefur verið samið um lok þessarar umræðu, eða að minnsta kosti er gert ráð fyrir að henni verði lokið áður en fundur morgundagsins verður settur. Það takmarkar okkur vissulega nokkuð því að nú sem fyrr er málefnaleg andstaða við frumvarpið og fullt tilefni til að fjalla mjög ítarlega um tiltekna þætti málsins.

En úr því ljóst er að málinu verður ekki lokið á þessu haustþingi heldur færist það yfir á næsta ár, árið 2007, þá er öllum ljóst að 3. umr. um málið, sem verður að öllum líkindum í janúar, kemur til með að verða sú umræða sem skiptir sköpum þar sem þingmönnum verður gefinn kostur á að fara ofan í saumana á frumvarpinu og útlista í ítarlegu máli þau ólíku sjónarmið sem um málið gilda.

Hv. þm. Mörður Árnason tók líka af mér ómakið að rekja feril málsins síðastliðin þrjú ár. Hann leyfði sér að kalla þá sögu alla menúettinn um skammstöfunina aftan við nafn Ríkisútvarpsins. Þótti mér það nokkuð vel til fundið og góð líking, að líkja þessu við menúett, sem í sjálfu sér er dans heldra fólksins sem tiplar á tánum í fínu fötunum sínum og gerir það eftir kúnstarinnar reglum. Það er einmitt það sem hin hægri sinnaða ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur gert varðandi þetta titlatog, þessar skammstafanir aftan við nafn Ríkisútvarpsins. En það má með sanni segja að þar hafi sjónarmið Sjálfstæðisflokksins ráðið og þeirra sem vilja undir niðri leynt og ljóst losa Ríkisútvarpið úr eigu þjóðarinnar og koma því yfir í einkaeign.

Frú forseti. Þetta er gríðarlegt átakamál sem við nú ræðum. Stjórnvöld hafa kosið leið ófriðar um málið allt þetta kjörtímabil. Hæstv. menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur rekið það af miklu harðfylgi og ósveigjanleika. Við í stjórnarandstöðunni höfum hins vegar mælt með því að menn settust yfir það og reyndu að ná einhverjum sáttum og málamiðlunum en ekki hefur verið vilji til þess á stjórnarheimilinu. Framsóknarflokkurinn hefur dinglað með Sjálfstæðisflokknum í málinu þrátt fyrir gríðarlega óánægju einstakra dyggra manna Framsóknarflokksins, meira að segja manna sem gegna trúnaðarstörfum fyrir flokkinn og nægir að nefna Björn Inga Hrafnsson, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, sem hefur lýst yfir andstöðu við inntak frumvarpsins.

Það hafa Samtök ungra framsóknarmanna sömuleiðis gert. Samtök ungra framsóknarmanna hafa sent frá sér ályktun varðandi málið og lýst andstöðu við megininntak þess, þ.e. hlutafélagsvæðinguna. Og það er alveg ljóst að samstarfsflokkur Sjálfstæðisflokksins, af því að Framsóknarflokkurinn á Alþingi hefur lyppast niður, ákveður að skella skollaeyrum við andstöðunni í eigin flokki og dingla aftan í Sjálfstæðisflokknum hvað þetta varðar.

Við í stjórnarandstöðunni segjum. Ja, verði honum að góðu. En það er nú kannski ekki búið að bíta úr nálinni með þessa fylgispekt Framsóknarflokksins. Við spyrjum að leikslokum í þeim efnum.

Ég get lýst því yfir að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum eins og Samfylkingin sett fram ítarlega stefnu um það á hvern hátt við viljum sjá Ríkisútvarpið. Við höfum lagt fram frumvarp á Alþingi oftar en einu sinni til að útlista þau sjónarmið okkar. En það er algerlega á hreinu að hugmyndir okkar fara ekki saman við hugmyndir ríkisstjórnarinnar þó svo að þær geri ráð fyrir grundvallarbreytingu á ýmsu er varðar Ríkisútvarpið.

Hugmyndir okkar gera ráð fyrir breytingu á stjórnsýslu og t.d. má nefna breytingu á tilhögun útvarpsráðs. Hugmyndir okkar ganga út á að það verið lagt niður í núverandi mynd. Sömuleiðis að breytt verði skilgreiningu gjaldstofnsins, þ.e. að það verði áfram afnotagjöld, en stofn afnotagjaldsins verði fasteign en ekki viðtæki.

Við erum með ákveðnar hugmyndir varðandi skilvirkari stjórnsýslu og rekum þá til föðurhúsanna öll þau sjónarmið stjórnarmeirihlutans um að ekki sé hægt að reka fyrirtækið eða stofnunina á lipran eða sveigjanlegan hátt öðruvísi en að breyta því í hlutafélag. Við pípum á slíkt hjal og höfum í hugmyndum okkar lagt fram málefnalegar og rökstuddar tillögur um hvernig megi gera stjórnsýslu stofnunarinnar skilvirkari þó svo að hún verði áfram ríkisstofnun.

Hugmyndir okkar ganga sömuleiðis út á virkara aðhald almennings, þátttöku starfsmanna, kraftmikla og öfluga þátttöku starfsmanna í stjórn og síðast en ekki síst að kjör og réttindi starfsmanna séu tryggð til frambúðar.

Virðulegi forseti. Ákvörðun ríkisstjórnarmeirihlutans um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi er og jafngildir í okkar huga ákvörðun um einkavæðingu. Ég mun nú leyfa mér að rökstyðja það sjónarmið okkar með því að vitna í og fá að lesa hér, með leyfi forseta, grein sem birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 2. desember síðastliðinn eftir Ástráð Haraldsson hæstaréttarlögmann en sú grein hefur einmitt yfirskriftina Einkavæðing Ríkisútvarpsins. Í henni segir, með leyfi forseta:

„Fyrir þinginu liggur nú frumvarp menntamálaráðherra um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Ef frumvarpið verður að lögum verður þar með ákveðið að einkavæða starfsemi Ríkisútvarpsins. Í þessu varðar öngvu hver eignaraðild hins nýja félags verður heldur hitt að starfsemin verður eftir að Ríkisútvarpið ohf. tekur við henni ekki framar opinbers réttar eðlis heldur einkaréttar eðlis. Þannig færist starfsemin af sviði opinbers rekstrar yfir á svið einkarekstrar. Í því kerfi tvískipts vinnumarkaðar sem í gildi er á Íslandi hefur þessi formbreyting úrslitaáhrif að því er varðar alla réttarstöðu starfseminnar. Þetta er höfuðmálið en ekki það hvernig eignarhaldi hins nýja hlutafélags er háttað. Í þessari einkavæðingu felst m.a. að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gilda ekki framar um starfsemina og marka því ekki lengur réttarstöðu starfsmannanna. Lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka ekki framar til starfseminnar og stjórnendur hins nýja hlutafélags verða ekki fremur en aðrir stjórnendur hlutafélaga bundnir af ákvæðum stjórnsýslulaga í sýslan sinni. Starfsemin hefur þá verið einkavædd, flutt á svið einkaréttar og réttarstaðan sú sama og gildir um aðra starfsemi á almennum markaði.

Af einhverjum ástæðum hafa flutningsmenn tillagna um einkavæðingu Ríkisútvarpsins kosið að nefna tillögur sínar ekki réttum nöfnum. Reynt er að færa einkavæðinguna í búning sem er til þess fallinn að villa um fyrir þjóðinni. Þannig er talað um hlutafélagavæðingu (eins og það sé ekki

einkavæðing) og mikið úr því gert að óheimilt verði að selja fyrirtækið. Það atriði skiptir þó harla litlu máli þegar grannt er skoðað. Meginatriðið er það að verði frumvarpið að lögum mun Ríkisútvarpið færast yfir á svið einkaréttar. Starfsmenn þess munu ekki framar njóta þeirrar ráðningarfestu sem þeir hafa notið sem opinberir starfsmenn og stofnunin mun starfa eftir sömu leikreglum og aðrir einkaaðilar.

Vandséð er hvernig Ríkisútvarpið getur til langframa varið sig gagnvart kröfum keppinauta um takmörkun eða afnám ríkisstyrkja sem því er ætlað að njóta í formi nefskatts. Við blasir að ákaflega erfitt verður að rökstyðja ríkisframlag sem ætlað er að standa undir svo stórum hluta rekstrarútgjalda fyrirtækisins sem hér virðist gert ráð fyrir. Að slíku framlagi sé aðeins varið til þess hluta starfseminnar sem fellur undir almannaþjónustuhlutverk þess. Þetta munu keppinautar Ríkisútvarpsins fyrr eða síðar láta reyna á fyrir samkeppnisyfirvöldum og dómstólum. Ég óttast því að með frumvarpi menntamálaráðherra sé enn ekki fundinn réttur farvegur til framtíðar fyrir Ríkisútvarpið."

Frú forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði tökum undir hvert einasta orð sem ég las úr grein Ástráðs Haraldssonar. Sannleikurinn er sá að hér er um einkavæðingu að ræða með því að stofnunin er tekin úr opinberum rétti og sett inn í einkarétt. Það verður að kalla hlutina sínum réttu nöfnum en hætta að fela sig á bak við háeffun eða oháeffun. Það gæti allt eins staðið KFUM, eins og hv. þm. Mörður Árnason vitnaði til orða útvarpsstjóra áðan. Verið er að einkavæða Ríkisútvarpið með því að setja það inn á svið einkaréttar. Mér finnst þessi stutta og hnitmiðaða grein vera þess eðlis að hún segi nánast allt sem segja þarf í þessum efnum.

Sömuleiðis er ljóst af þessari gjörð að oháeffunin er í sjálfu sér ávísun á endalausar kærur og klögumál fyrir samkeppnisyfirvöldum og fyrir dómstólum. Kunnara er en frá þurfi að segja og raunar hafa verið gefnar út yfirlýsingar um það af þeim sem standa í einkareknum fjölmiðlarekstri að það verði látið reyna á þetta og hitt í þessum lögum. Alkunna er frá Evrópu að mjög mikil átök hafa staðið á milli fjölmiðla, einkarekinna og ríkisrekinna, á síðustu árum og engin ástæða er til að ætla annað en slík átök komi til með að endurspeglast í samfélagi okkar.

Þann 17. júní í sumar birtust í Lesbók Morgunblaðsins athyglisverð grein eftir Elfu Ýr Gylfadóttur undir titlinum: Er það hlutverk Ríkisútvarps að sýna Aðþrengdar eiginkonur? Elfa er ein af okkar vel menntuðu fjölmiðlafræðingum og hefur í starfi sínu með fjölmiðlanefndinni hinni síðari komið ýmsum mjög gagnlegum sjónarmiðum á framfæri. Það gerir hún nú í menntamálaráðuneytinu þar sem hún starfar sem sérfræðingur. Í þeirri grein sem Elfa skrifar í Lesbókina gerir hún einmitt að umfjöllunarefni átökin á milli einkarekinna fjölmiðla og ríkisrekinna. Hún segir í greininni að einkamiðlar hafi gagnrýnt ríkisfjölmiðla fyrir óhagræði í rekstri, misnotkun á almannafé og fyrir að höfða aðeins til afmarkaðrar menningarelítu í dagskrárstefnu sinni. Þó segir Elfa að gagnrýni hinna einkareknu fjölmiðla hafi verið að breytast því að í skýrslu sem hún nefnir til sögunnar, sem gefin var út á árinu 2004 sem ýmis samtök einkarekinna fjölmiðla í Evrópu létu gera, eru ríkisfjölmiðlarnir gagnrýndir fyrir að hafa náð of miklum árangri á markaði og að þeir hafi náð of sterkri stöðu á markaðnum og jafnvel misnoti hana.

Í opinberri umræðu víða í Evrópu hefur þess gætt að forsvarsmenn einkareknu fjölmiðlanna hafa lagt mikið upp úr því að almannaþjónustuhlutverkið verði skilgreint þannig út í hörgul að óyggjandi sé hvað heyri þar undir og þeir hafa viljað að það sé skilgreint mun þrengra en nú er og mun þrengra en gert er ráð fyrir að það verði skilgreint hér eftir fyrirhugaðar breytingar, nái þær fram að ganga, því að samkvæmt 3. gr. frumvarpsins sem við fjöllum um má segja að almannaþjónustuhlutverkið sé nokkuð vítt skilgreint. Í mínum huga skortir reyndar talsvert mikið upp á að sagt sé í 3. gr. á hvern hátt menn ætli að tryggja að þessi skilgreining nái fram að ganga í rekstri Ríkisútvarpsins.

Í Evrópu hafa einkamiðlarnir farið mikinn til að reyna að þrengja þetta almannaþjónustuhlutverk og, frú forseti, það sama mun auðvitað gerast hér og þegar er farið að örla á því. Við blasir að einkareknu fjölmiðlarnir koma til með að halda í herferð núna um að hlutverkið samkvæmt 3. gr verði þrengt til verulegra muna.

Elfa Ýr Gylfadóttir gerir grein fyrir gagnrýni á skírskotun og samsvörun til gagnrýninnar sem er hér á okkar eigin markaði. Elfa segir í grein sinni að við gagnrýni af þessu tagi á efnistöku og dagskrá ríkisfjölmiðlanna í Evrópu bætist gagnrýni einkamiðlanna á hina nýju þjónustu sem ríkisfjölmiðlarnir eru farnir að veita í auknum mæli, þ.e. þá þjónustu sem stafræna umhverfið gerir miðlunum kleift að veita. Nú eru fjölmiðlafyrirtæki og ekki hvað síst sterku og stóru Evrópuríkismiðlarnir búnir að leiða þær breytingar sem átt hafa sér stað varðandi tækniþróun á þeim markaði, bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi en ekki síst sjónvarpi. Nú eru þessir miðlar að hverfa frá hliðrænni útsendingu og eru komnir með stafræna útsendingu og eru þar með farnir að eiga möguleika á gagnkvæmri miðlun, þ.e. samskiptum við notendurna þar sem allir möguleikar þessarar gagnvirku þjónustu eru nýttir út í hörgul. Það fer að styttast í að mörkin milli sjónvarps, farsíma og tölvu verði sáralítil og nánast engin. Þetta býður auðvitað upp á gríðarlega mikla möguleika sem Evrópufjölmiðlarnir hafa tekið þátt í að leiða breytingar á og ég sé ekki annað en Ríkisútvarpið þurfi að taka þátt í þeirri samkeppni og þeirri þróun sem er að eiga sér stað. Ég hefði haldið að það væri þá mun snjallara og réttara í okkar litla samfélagi, okkar þrönga málsamfélagi, að gera þetta undir handarjaðri hins opinbera, þ.e. með fyrirtæki í þjóðareigu en ekki í því lokaða umhverfi sem oháeffunin leiðir til samkvæmt því frumvarpi sem við nú ræðum.

Elfa Ýr Gylfadóttir segir í grein sinni, með leyfi forseta:

„Einkareknu sjónvarpsstöðvarnar í Evrópu hafa margar hverjar kært ríkisfjölmiðlana og telja að þeir eigi að einbeita sér að útsendingum í hljóðvarpi og sjónvarpi og eigi ekki að útvíkka starfsemi sína og hefja samkeppni í nýmiðlun og gagnvirkri þjónustu. Þar sem ríkisfjölmiðlar bjóða alls kyns gagnvirka þjónustu frítt gerir það einnig einkamiðlunum erfitt fyrir að taka gjald fyrir slíka þjónustu."

Af því að ég hef haft auga á þessari grein Elfu Ýrar finnst mér alveg ljóst að hún er að lýsa umhverfi sem meiri líkur eru á að fari úr böndunum eða einkamiðlarnir notfæri

sér ef við förum út í þær breytingar sem lagðar eru til. Við eigum síður von á slíkum átökum, held ég, ef við höldum Ríkisútvarpinu sem opinberri stofnun og meiri líkur eru á að okkur takist að standa vörð um þá réttarhefð sem er til staðar ef við höldum áfram að skilgreina útvarpið undir opinberar réttarheimildir en förum ekki með það út í hinar einkaréttarlegu skilgreiningar.

Hér takast auðvitað á ólík sjónarmið. Annars vegar samkeppnissjónarmið og viðskiptasjónarmið, sem haldast í hendur, og hins vegar ákveðin sjónarmið menningarlegs eðlis og lýðræðislegs eðlis. Við höfum í fjölmiðlaskýrslunni okkar gagnmerku langan kafla um á hvern hátt þurfi að standa vörð um menningarefni og menningarframleiðslu á ljósvakanum, bæði í sjónvarpi og útvarpi, og ekki hvað síst höfum við ákveðnum skyldum að gegna varðandi lýðræðislega umræðu í samfélaginu. Þá finnst mér afar mikilvægt að þeirri lýðræðislegu umræðu sé fyrir komið í fyrirtæki sem nýtur þeirrar sérstöðu að vera opinbert fyrirtæki og skilgreint undir opinberum rétti fremur en slíkt sé gert á einkaeignarréttarlegum forsendum. Þessi sömu sjónarmið eru til staðar í Evrópu og lýsir Elfa Ýr Gylfadóttir því afar vel í grein sinni og hún segir, með leyfi forseta:

„Fyrra sjónarmiðið lýsir sér í þeirri kröfu að ríkisfjölmiðlar noti ekki ríkisstyrki til að fjármagna þjónustu í samkeppnisrekstri. Þetta er eðlileg krafa samkeppnisaðila á markaði sem eiga erfitt með að keppa við stór fyrirtæki eða stofnanir eins og ríkisfjölmiðlar eru á heimamarkaði. Þá þurfa stjórnvöld að horfa til ríkisstyrkjareglna Evrópusambandsins og skoða fjölmiðlastarfsemina út frá viðskipta- og samkeppnissjónarmiðum.

Síðara sjónarmiðið birtist í einlægum vilja ráðamanna í Evrópu til að viðhalda ríkisfjölmiðlunum út frá menningarpólitískum sjónarmiðum. Ríkisfjölmiðlarnir gegna mikilvægu hlutverki með því að miðla þjóðlegri menningu, tungu og menningararfi. Þá gegnir hlutlæg fréttaumfjöllun og sjálfstæði ritstjórna veigamiklu hlutverki í lýðræðislegri umræðu í Evrópu. Ef almannaþjónustuhlutverk ríkisfjölmiðlanna verður skilgreint of þröngt og þeir fá ekki tækifæri til að nýta nýja tækni og höfða til yngri kynslóðarinnar er framtíð ríkisfjölmiðlanna ekki björt. Ef almannaþjónustuhlutverkið er skilgreint of vítt kann það að hafa neikvæð áhrif á einkarekna fjölmiðla og skaða samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Enn er óvíst hvert stefnir.

Hér á landi er Ríkisútvarpið til skoðunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA og yfirvöld þurfa nú að afmarka almannaþjónustuhlutverk stofnunarinnar í nýju lagafrumvarpi."

Það hafa þau gert og við í menntamálanefnd Alþingis Íslendinga fengum ekki að senda Eftirlitsstofnuninni málið til umfjöllunar, eða reyndar til Evrópuráðsins vildum við nú heldur senda það, vegna þess að formaður menntamálanefndar taldi enga hefð fyrir því að leita álits á frumvörpum af þessu tagi hjá Evrópustofnun.

Það á eftir að skoða margt í þessu máli, virðulegi forseti, annað en Evrópusjónarmiðið og þróunina úti í Evrópu. Við höfðum í sjálfu sér lítið svigrúm til að ræða málin í menntamálanefnd. Það má segja að einn fundur okkar hafi farið í umræður. Að öðru leyti var rætt við gesti sem var auðvitað gagnlegt og margt sem rak á fjörur okkar í þeim viðtölum. En eiginleg átök um sjónarmiðin fengu ekki mikið rými í menntamálanefnd þannig að ég horfi til þess tíma þegar menntamálanefnd kallar málið aftur inn, á milli 2. og 3. umr., og gerir ráð fyrir að á þeim tíma gefist viðbótartími til að skoða ákveðna þætti málsins sem hafa ekki endanlega verið skýrðir.

Varðandi starfsmenn og réttindamál þeirra, virðulegi forseti, þá er kafli í minnihlutaálitinu sem skýrir á nokkuð greinargóðan hátt með hvaða hætti réttindi starfsmanna eru í uppnámi við þessar breytingar. Það verður að segjast eins og er að það er ámælisvert en okkur berast til eyrna fréttir af því að stjórnendur Ríkisútvarpsins séu að hluta til byrjaðir að vinna eftir þessu frumvarpi þótt það sé alls ekki orðið að lögum frá Alþingi. Við höfum fengið upplýsingar um það og reyndar hafa komið upplýsingar um það opinberlega að ráðningarform fólks til Ríkisútvarpsins sé þannig að farið sé að gera einkasamninga, lokaða leynisamninga, um kaup og kjör einstakra starfsmanna. Þar af leiðandi er hafin þróun sem kemur til með að verða óhjákvæmileg nái þetta frumvarp fram að ganga, þ.e. að launabilið á milli starfsmanna er farið að breikka. Það á bara eftir að halda áfram. Eins og fram kemur í nefndarálitinu viðurkenndi Páll Magnússon útvarpsstjóri fyrir menntamálanefnd að slíkt mundi eflaust gerast, það væri fylgifiskur þeirra breytinga sem lagabreytingin hefði í för með sér. Hann dró ekki dul á það. Ég tel að vert sé, jafnt fyrir starfsmenn hjá Ríkisútvarpinu sem okkur sem höfum viljað standa vörð um kaup og kjör fólks á almennum markaði og hjá hinu opinbera, að sperra eyrum og gefa gaum að orðum útvarpsstjóra þegar hann segir að hinir frjálsu samningar, sem taka munu við af kjarasamningum opinberra starfsmanna, þegar þeir samningar renna út að tveimur árum liðnum, muni það að öllum líkindum auka launabilið á milli starfsmanna. Útvarpsstjóri sagði að með slíkum frjálsum samningum kynnu starfsmenn að geta tekið ákvarðanir um að selja kauphækkanir gegn réttindum eða öfugt, að selja réttindi sín fyrir kauphækkanir. Það er ljóst að eftir að tvö ár eru liðin mun samið á nýjum nótum, nýjum forsendum, við starfsmenn. Þar gilda ekki kjarasamningar opinberra starfsmanna eða þær reglur sem við höfum komið okkur saman um að eðlilegt sé að gildi um starfsmenn í opinberri þjónustu.

Við í minni hlutanum vitnum til umsagnar frá BSRB og BHM sem sendu okkur sameiginlega umsögn um málið. Umsagnir þessara aðila fara ítarlega í gegnum réttindamálin. Það gerir einnig umsögn stjórnar samtaka starfsmanna Ríkisútvarpsins um frumvarpið en þeirri umsögn fylgir samantekt sem gerð er af Láru V. Júlíusdóttur hæstaréttarlögmanni þann 23. október 2006 í tilefni af framlagningu þessa frumvarps.

Lára V. Júlíusdóttir tekur undir öll meginatriðin í umsögn BHM og BSRB en þar er stiklað á aðalatriðum málsins, þ.e. að núverandi starfsmenn hjá Ríkisútvarpinu hætti að vera starfsmenn ríkisins og verði þess í stað starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. Það er eðli málsins samkvæmt óeðlilegt, frú forseti, vegna þess að ríkið ber áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfseminni. Þar af leiðandi breytist ekkert eðli þessara starfa. Ríkisútvarpið sinnir áfram svipuðu hlutverki og það sinnir í dag og óeðlilegt að skilgreina störf starfsmannanna á annan hátt heldur en gert er í dag. Það undirstrikar sjónarmið okkar sem erum mótfallin því að frum-

varpið nái fram að ganga og Ríkisútvarpinu verði breytt í opinbert hlutafélag. Við segjum fullum fetum að slíkt varði rétt starfsmanna til að fá að halda áfram að vera opinberir starfsmenn, enda varða lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins bæði réttindi starfsmanna en ekki síður skyldur vegna þess að eðli starfsins er annað heldur en á opinberum markaði. Þar af leiðandi falla niður réttindi á borð við andmælarétt og áminningarskyldu, skriflegan rökstuðning fyrir uppsögn, auglýsingaskyldu á lausum störfum, aðgangi almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda, uppsagnarfrest og þagnarskyldu og þannig mætti áfram telja, eins og kemur fram í nefndaráliti minni hlutans.

Það er ljóst að stéttarfélögin sem um ræðir verða ekki samningsaðilar hins nýja félags. Stéttarfélögin sem munu semja um kaup og kjör starfsmanna heyra undir lög um stéttarfélög og vinnudeilur og lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnar frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og reglur um verkföll starfsmanna. Segja má að núgildandi kjarasamningur komi til með að gilda þangað til nýr samningur verður gerður. Það er allsendis óljóst hvað kemur til með að verða innifalið í honum af þeim réttindum eða þeim skyldum sem starfsmenn Ríkisútvarpsins gegna í dag. Það eru ákveðin vafaatriði uppi um ávinnslu réttinda hjá Ríkisútvarpinu ohf. og óvíst hvernig tekst til að semja um sambærileg réttindi þegar nýr kjarasamningur verður gerður við Ríkisútvarpið ohf. Í síðasta mánuði gaf útvarpsstjóri út yfirlýsingu á fundi með starfsmönnum Ríkisútvarpsins um að öll réttindi starfsmanna mundu haldast en þegar hann, í annarri eða þriðju heimsókn sinni til menntamálanefndar, var spurður um þá yfirlýsingu kom auðvitað í ljós að hann hafði hvorki umboð eða möguleika á að gefa nokkra yfirlýsingu sem næði lengra en til tveggja ára, þ.e. til þeirra tveggja ára sem eftir eru af gildandi kjarasamningi. Varðandi áframhaldandi réttindi gat útvarpsstjóri ekki sagt nokkurn skapaðan hlut en hann gaf vilyrði fyrir því að það væri vilji til þess að þeir sem nú eru með réttindi til í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fengju áfram að vera í A-deild lífeyrissjóðsins.

En hvað með lífeyrisrétt starfsmanna í B-deild? Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum þeirra. Iðgjöld B-deildarinnar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hafa miðast við laun viðkomandi í dag og sé staða viðkomandi starfsmanns lögð niður þá breytast iðgjaldsreglurnar til samræmis við meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, þ.e. það verður einhvers konar frysting á launanum og hækkun launa starfsmanna hjá Ríkisútvarpinu ohf. mundi engin áhrif hafa á eftirlaun starfsmannsins þegar hann lætur af störfum vegna aldurs. Þar verður ákveðin frysting á réttindum sem starfsmaðurinn vinnur sér inn en fær ekki notið í eftirlaunum.

Sett er sérákvæði í frumvarpið um takmörkun á rétti starfsmanna til töku lífeyris úr B-deild LSR samhliða starfi. Það sérákvæði er ekki í samræmi við það sem almennt gildir í dag og má nefna að fjölmargir sjóðfélagar í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eiga rétt á töku lífeyris úr B-deild samhliða starfi. Þarna er um upptöku réttindi að ræða sem er grafalvarlegt mál og fullkomlega óeðlilegt að ganga á rétt fólks með þeim hætti sem hér er lagt til.

Það kemur skýrt fram í umsögn BHM og BSRB að að mati þessara félaga sé eina leiðin, til að tryggja óbreytt réttindi starfsmanna og að þau haldist með sama hætti og þau eru nú, að rekstrarformsbreytingin nái ekki fram að ganga. Að öðrum kosti vilja þessi samtök að það verði orðað skýrt í bráðabirgðaákvæði 2 í frumvarpinu hvaða réttindi menn eiga við aðilaskiptin og BHM og BSRB eru með tillögu um nýtt bráðabirgðaákvæði í umsögn sinni sem tekur á því. Þar er gert ráð fyrir að RÚV ohf. taki við gildistöku laganna yfir skyldu vinnuveitenda gagnvart starfsmönnum Ríkisútvarpsins að öllu leyti og þannig haldi þeir óbreyttum réttindum samkvæmt lögum, kjarasamningum og ráðningarsamningum. Starfskjör, réttindi og ávinnsla réttinda muni halda áfram hjá hlutafélaginu eins og um samfellda ráðningu hjá sama vinnuveitanda verði að ræða. Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem njóti biðlaunaréttar samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, samanber 34. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, missi ekki rétt til biðlauna við gildistöku laganna þótt þeir afþakki boð um starf hjá Ríkisútvarpinu ohf. Eftir gildistöku laganna skuli starfsmönnum sem rétt eiga til biðlauna veittur umþóttunartími í þrjá mánuði til að taka afstöðu til þess hvort þeir taki boði um starf hjá Ríkisútvarpinu ohf. eða neyti biðlaunaréttar síns, við lok þriggja mánaða tímabilsins ef viðkomandi kýs að halda ekki áfram störfum.

Sömuleiðis eru BHM og BSRB með hugmyndir um að í bráðabirgðaákvæðinu þyrfti að orða með skýrum hætti rétt núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins um að þeir eigi rétt til áframhaldandi aðildar að þeim sjóði sem og allir starfsmenn sem ráðnir verða hjá RÚV ohf., en það er eitt sem þarf að tryggja, þ.e. nýráðningar, að réttindi starfsmanna sem ráðnir eru til hins nýja félags, jafnvel á þeim tíma sem kjarasamningurinn sem nú er í gildi gildir, fái svipuð réttindi eða sambærileg og starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa í dag. Það er auðvitað enginn vilji til þess hjá stjórnendum Ríkisútvarpsins eða hjá stjórnvöldum. Vilji manna stendur til að ná fram ákveðinni hagræðingu í gegnum möguleika á að greiða fólki lægri laun og sjá til að réttindagreiðslur verði lægri. Það er beinlínis innbyggt í hagræðingarhugmyndir stjórnvalda og stjórnenda Ríkisútvarpsins eins og kemur fram í gögnum sem menntamálanefnd hafði til umfjöllunar þegar fjallað var um málið.

Það þyrfti líka að orða skýrt á hvern hátt starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. ættu rétt á að vera félagsmenn í stéttarfélögum sem lögum samkvæmt eiga rétt á að gera kjarasamninga við Ríkisútvarpið ohf. Hugmyndir BHM og BSRB ganga einnig út á að setja þurfi inn bráðabirgðaákvæðið að stjórnsýslulög nr. 37/1993 gildi um starfsemi Ríkisútvarpsins ohf., það sé afar óljóst að hvaða leyti ákvæði þeirra gildi um hið nýja félag.

Þegar öllu er á botninn hvolft óska þessi stóru launþegasamtök þess eins að þetta frumvarp nái ekki fram að ganga enda sé um upptöku starfstengdra réttinda að ræða sem ósvinna sé að samþykkja á Alþingi.

Í umsögn Félags fréttamanna um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. er farið ofan í þessi sömu atriði, þ.e.

kjaramálin eru ofarlega í huga starfsmanna. En það er ekki síður mikilvægt að fréttamenn gefa okkur ákveðna leiðsögn varðandi fagleg atriði og eru með afar beinskeytta gagnrýni á frumvarpið út frá faglegum sjónarmiðum. Félagið leggur áherslu á að í þessari 3. gr. frumvarpsins þar sem almannaþjónustuhlutverkið er skilgreint verði kveðið með skýrum og ótvíræðum hætti á um að meðal þeirra skyldna sem Ríkisútvarpið eigi að axla sé að starfrækja almenna, víðtæka, sjálfstæða og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni á hljóðvarps- og sjónvarpsformi, en þessa atriðis sér ekki með skýrum hætti stað í frumvarpinu eins og það er nú, segja fréttamennirnir. Félagið leggur til að ákvæði þessa efnis verði bætt við frumvarpstextann til þess að tryggt sé að hugmyndin sem hér er að baki nái fram að ganga og verði viðhöfð þegar og ef til þess kemur að Ríkisútvarpið ohf. líti dagsins ljós.

Félag fréttamanna leggur líka áherslu á að áfram verði starfandi að minnsta kosti tvær sjálfstæðar fréttaritstjórnir hjá Ríkisútvarpinu, annars vegar fréttastofa útvarps og hins vegar fréttastofa sjónvarps og að þess verði getið með skýrum hætti í frumvarpinu. Einnig segja félagar í Félagi fréttamanna að tvær ritstjórnir með þessum hætti séu nauðsynlegar til þess að viðhalda fjölbreytni og samkeppni á fjölmiðlamarkaði, sér í lagi í ljósvakamiðlunum þar sem eignarhald er ekki fjölbreytt eins og staðan er nú. Þá tryggir það tæknilega að auki mun hnitmiðaðri umfjöllun á fréttaþjónustu, að önnur ritstjórn sinni útvarpi og hin sjónvarpi. Undir þetta sjónarmið skal tekið hér, virðulegi forseti.

Félag fréttamanna vill líka að kveðið verði á um það í frumvarpinu að af þess hálfu verið reknar að lágmarki tvær útvarpsrásir og ein sjónvarpsrás enda séu forsendur fyrir Ríkisútvarpinu sem sterkum fjölmiðli brostnar ef einhver þessara rása yrði skilin frá eða lögð niður. Undir þetta sjónarmið skal líka tekið hér.

Félagið leggur áherslu á að aðgengi almennings í landinu að Ríkisútvarpinu sem opinberu hlutafélagi verði tryggt og að almenningur geti haft áhrif og komið skoðunum sínum á framfæri við Ríkisútvarpið. Kveða verði skýrt á um þetta aðgengi í lögum og sama gildir um upplýsingar um fjölmiðilinn og dagskrárstefnu hans, segir í bréfi fréttamanna til nefndarinnar.

Félag fréttamanna vill að fulltrúi starfsmanna komi að stjórn fyrirtækisins. Það er samhljóða hugmyndum okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem ég gerði grein fyrir hér áðan og er auðvitað afar mikilvægt að á 21. öldinni verði ekki látið vitnast að hér sé sett á laggirnar öflugt og kröftugt fyrirtæki af því tagi sem hér um ræðir án þess að starfsmenn hafi nokkra aðkomu að stjórn eða rekstri þess.

Félag fréttamanna leggur líka áherslu á að ákveðnir eldveggir verði viðhafðir innan fyrirtækisins til að verja sjálfstæða umfjöllun. Í því sambandi nefnir félagið nokkur atriði. Í fyrsta lagi það að tryggja þurfi í frumvarpstextanum sjálfstæði fréttaritstjórna gagnvart útvarpsstjóra og markaðsdeild og annarri þeirri starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. sem á sitt undir auglýsingum og kostendum til efnis.

Það gefur augaleið hvers vegna fréttamennirnir telja þetta mikilvægt. Það skyldi þó ekki vera að ástæða sé til þess orðin hér á landi að óttast að íhlutun stórfyrirtækja eða fjársterkra aðila sé farið að gæta í fréttaflutningi fjölmiðla hér á landi. Ég tel afar nauðsynlegt að reistir séu eldveggir af þessu tagi því við verðum að tryggja að hér njóti að minnsta kosti einn fjölmiðill á ljósvakanum fullkomins sjálfstæðis fréttaritstjórnanna og að ekki verði um nokkra möguleika til íhlutunar að ræða.

Sömuleiðis vilja fréttamennirnir að það verði tryggt við ráðningar og launaákvarðanir fréttamanna að farið sé að faglegum sjónarmiðum. Fréttamennirnir mótmæla launaleynd, vilja að forsendur launa og launagreiðslna séu öllum ljósar, vilja sömuleiðis að fréttamenn gangi undir hæfnispróf áður en þeir eru ráðnir og telja að stjórnsýslulögin og meginreglur stjórnsýsluréttar mundu nægja til þess að fullnægja slíkum þáttum verði þær látnar gilda um hið opinbera hlutafélag, enda veiti þau lög og þau lagaákvæði ákveðin réttindi að því er þessi atriði varðar.

Að lokum nefnir Félag fréttamanna að tryggja þurfi Ríkisútvarpinu ohf. örugga tekjustofna. Fréttamenn telja með öðrum orðum ekki þær hugmyndir sem eru í frumvarpinu nægilega öruggar fyrir Ríkisútvarpið sem tekjustofn.

Ég hef getið um það hér í fyrri ræðum mínum um þetta mál að það sé afar mikilvægt að afnotagjöldin haldi og verði áfram við lýði því ég tel að hið beina samband neytenda við Ríkisútvarpið megi tryggja með þeim hætti að neytendur og notendur greiði afnotagjald þó svo að hægt að sé að hugsa sér þetta sem við höfum lagt til í Vinstri grænum, að gjaldið sé tengt fasteignum en ekki viðtækjum, enda er sú tenging kannski barn síns tíma. En það er leitt að það skuli ekki hafa verið skoðað í menntamálanefndinni hvorki nú né endranær hvernig mætti hugsa sér að koma upp slíkri tengingu, þ.e. tengingu afnotagjaldsins við fasteign. Slíkt hefur verið gert erlendis og sannarlega er full ástæða til þess að skoða reynsluna af því áður en rasað er um ráð fram í þessum efnum og farið í þessa nefskattshugmynd sem hér er gert ráð fyrir. Nefskatturinn var ekki heldur sérstaklega til umfjöllunar hjá menntamálanefnd. Við fengum hins vegar á síðasta ári umsögn frá ríkisskattstjóra sem er mjög gagnrýninn á þessa hugmynd um nefskattinn. Ég mun kannski fara síðar í ræðu minni, virðulegi forseti, aðeins á saumana á þeirri umsögn.

En til að ég ljúki nú umfjölluninni um hugmyndir Félags fréttamanna á þessu faglega sviði þá segja fréttamennirnir að starfssvið útvarpsstjóra sé ekki skýrt samkvæmt frumvarpinu og tekið skal undir það hér. Fréttamennirnir vitna í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins um útvarpsstjóra þar sem segir að í samþykktum félagsins megi nánar skilgreina starfssvið hans. En að mati félagsins er réttara að gera það strax í frumvarpstextanum sjálfum.

Þá kemur fram í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins, segja fréttamennirnir, að útvarpsstjóri sé æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum Ríkisútvarpsins ohf. en ef starfssvið útvarpsstjóra er ekki skilgreint þá getur það valdið því að sjálfstæði fréttaritstjórna sé nákvæmlega jafnmikið eða jafnlítið og útvarpsstjóri ákveður hverju sinni. Þetta er sjónarmið sem vert er að taka tillit til og hefði sannarlega verðskuldað eins og einn snúning í umræðunni í menntamálanefnd.

Þá að lokum varðandi afnotagjöldin telur Félag fréttamanna bestu leiðina til að fjármagna Ríkisútvarpið vera afnotagjöld og er það í takt við það sem við í Vinstri hreyf-

ingunni – grænu framboði höfum lagt til. Það er engin krafa af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA að leggja afnotagjöldin niður. Við þekkjum það í ríkisútvörpum víða um Evrópu að þau hafa haldið sig við þessa fjármögnunarleið og hún hefur gefist vel. Jafnvel þó hún sé dýr í innheimtu þá hefur það samt sem áður sýnt sig að hún skilar sér nokkuð vel og ekkert verr en nefskattur mundi gera.

Kostnaður við innheimtudeildina er hluti af hagræðingunni sem stjórnvöld sjá fyrir sér við þessar breytingar. En það kom fram í máli útvarpsstjóra þegar hann heimsótti nefndina að sparnaðurinn við að koma á nefskattskerfinu mundi verða um 90 millj. kr. á ári. Þar hefur hann í huga kostnaðinn við að reka innheimtudeildina og einhverja útfærslu á því.

En ég vil nú meina að þó sá kostnaður sparist kannski hjá Ríkisútvarpinu þá komi hann bara til með að færast yfir á ríkisskattstjóra eða skattstjórana í landinu sem þurfa að taka við þeirri innheimtu sem innheimtudeild Ríkisútvarpsins hefur hingað til annast. Finnst mér það mikil skammsýni af stjórnarmeirihlutanum að sjá það ekki í hendi sér að hér er einungis um tilfærslu kostnaðar að ræða en ekki það að kostnaðurinn hverfi. Í ríkiskerfinu hefði maður haldið að ekki skipti sköpum hvorum megin hryggjar hann lægi, þ.e. hjá ríkisskattstjóra eða Ríkisútvarpinu. Það kemur í sama stað niður. Hið opinbera kerfi ber á endanum þann kostnað. Segi ég þá skilið, frú forseti, við umsögn Félags fréttamanna um þetta frumvarp en bendi áhugasömum á að hún er í heild sinni birt sem fylgiskjal með nefndaráliti minni hluta nefndarinnar. Svo er í raun líka farið fleiri umsögnum, þ.e. umsögn BHM og BSRB og sömuleiðis lögfræðiáliti Láru V. Júlíusdóttur, og fleiri umsagnir eru þar birtar.

Varðandi sparnaðinn eða hagræðinguna sem á að nást að mati útvarpsstjóra og stjórnvalda með þeim breytingum sem hér eru gerðar þá er í fyrsta lagi talað um að hagræðingin sem fara á fram muni skila um 400 millj. kr. og eigi þá að dekka þann útgjaldaauka sem verður að mati stjórnendanna. Þessir fjármunir koma í fyrsta lagi í gegnum það að árlegt framlag Ríkisútvarpsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður fellt niður, en það er innan við 200 millj. kr. Reyndar má taka það fram hér að Ríkisútvarpið hefur aldrei greitt þær milljónir heldur hafa þær verið greiddar úr ríkissjóði og skuldfærðar á Ríkisútvarpið.

Reiknað er með um það bil 90 millj. kr. sparnaði varðandi nefskattinn og innheimtu hans sem, eins og ég sagði áðan, er ekki sparnaður heldur einungis tilfærsla á kostnaði frá innheimtudeild Ríkisútvarpsins og yfir til skattstjóranna í landinu. Síðan er gert ráð fyrir 6% rekstrarhagræðingu yfir heildina. Hvað skyldi hún nú fela í sér, þessi hagræðing upp á 6%? Við í menntamálanefnd höfum ekki séð neina áætlun um það á hvern hátt verði hagrætt. Það eina sem má segja að við sjáum í hendi okkar er að ekki verður ráðið í þau störf sem losna á næstunni þannig að það er greinilega verið að reyna að ná stórum hluta þessarar hagræðingar fram með fækkun á fólki. Ef við fækkum fólki innan stofnunarinnar þurfum við líka að vera með það alveg á hreinu hvaða störf þar eru að falla niður. Um leið verðum við að reyna að átta okkur á því hvernig það bitnar þá á dagskrárframboðinu og gæðum dagskrárinnar og gæðum yfir höfuð starfseminnar sem fram fer í stofnuninni. Það hefði verið hægur vandi, að mínu mati, að gera áætlun um þessa rekstrarhagræðingu og tíunda nákvæmlega hvað hún felur í sér. Menntamálanefnd óskaði eftir slíku frá útvarpsstjóra en fékk ekki.

Það var heldur ekki lögð fram áætlun um hvað þessi rekstrarhagræðing felur í sér við matsnefnd þá sem starfaði fram til 28. nóvember síðastliðinn við að gera stofnefnahagsreikning fyrir hið nýja félag. Okkur í menntamálanefnd barst í hendur á síðustu metrunum skýrsla þeirrar nefndar og sýnir hún á hvern hátt menn sjá fyrir sér að þetta nýja félag verði stofnað og hver fjárhagsgrunnur þess kemur til með að verða.

Það kemur hins vegar ekki skýrt fram í þeirri skýrslu hver fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins er nákvæmlega í dag. Gera má ráð fyrir því að staða útvarpsins sé sú að það skuldi ríkissjóði um 420 millj. kr. Gert er ráð fyrir því að ný hækkun á afnotagjöldunum, 8% hækkun frá því núna í október ef ég man rétt, muni dekka að stórum hluta eða öllu heldur greiða upp þann hala sem um ræðir og má vel vera að það reynist rétt. En hitt skulum við skoða og vera þess minnug, að þegar Ríkisútvarpið óskaði síðast eftir hækkun á afnotagjöldunum þá var ekki óskað eftir 8% hækkun heldur 16% hækkun. Hækkunin sem heimiluð var hér á stjórnarheimilinu var hins vegar 8%.

Þá er eðlilegt að maður spyrji: Hvaða starfsemi sér Ríkisútvarpið eða stjórnendur þess fyrir sér að skera þurfi niður af því sem menn töldu eðlilegt að Ríkisútvarpið annaðist fyrir bara örfáum mánuðum þegar farið var fram á 16% hækkunina? Ég sé ekki betur en hér reki hlutirnir sig hver á annars horn, við séum hér á mjög hálum ís varðandi fjárhagslega afkomu þessarar nýju stofnunar og ég sé ekki á hvern hátt aukið framboð af innlendu dagskrárefni á kjörtíma á að koma til með þeim fjárhagsramma sem er til staðar í dag. Ég er ansi hrædd um að það þurfi meira til. Það hefði verið hægt að leiða það í ljós nokkuð nákvæmlega ef menn hefðu sest yfir það og skoðað þá hluti rækilega. Það hefur aldrei staðið á okkur í minni hlutanum á Alþingi að fara með stjórnarmeirihlutanum í þá skoðun og í þá umræðu á hvern hátt megi sjá fyrir sér út í hörgul að fjármunir stofnunarinnar nýtist sem allra best. Við höfum í gegnum tíðina boðið fram krafta okkar í því. Við vildum á sínum tíma þegar við vorum að fjalla um fjölmiðla almennt að Ríkisútvarpið yrði jafnframt tekið til skoðunar og að sú nefnd sem þá starfaði, og skilaði af sér hinni merku skýrslu vorið 2005, fengi sömuleiðis það hlutverk að skoða málefni Ríkisútvarpsins ofan í kjölinn og á hvern hátt öflugt ríkisútvarp gæti starfað við hliðina á þeim fjölmiðlum sem starfa á einkamarkaði og koma til með að starfa eftir þessum almennu fjölmiðlalögum. Upp á það var ekki boðið, ekki frekar en nú í starfi menntamálanefndar, þar var heldur ekki boðið upp á það að við færum í alvarlega skoðun á hlutum eins og því t.d. hvað hagræðingaráætlunin felur í sér.

Það eru aðrir þættir í þessum stofnefnahagsreikningi sem vekja spurningar en eru nokkuð óljósir. Sem dæmi má nefna, og það kemur trúlega til frekari umfjöllunar þegar við tökum til skoðunar frumvarpið um Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem er á dagskrá þingsins síðar í dag, að það er ljóst að framlagið til Sinfóníuhljómsveitar Íslands mun falla niður árið 2007 og það er athyglisvert að ekki er gert ráð

fyrir að Ríkisútvarpið þurfi yfir höfuð að greiða fyrir það efni sem Sinfóníuhljómsveitin kemur til með, hingað til og hér eftir, að útvega hljóðvarpinu í formi tónleika sem hafa verið fluttir á fimmtudagskvöldum. Sagt er frá því í skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings að ekki sé gert ráð fyrir kostnaði vegna þjónustusamnings milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins. Er það í sjálfu sér óleyst mál og ekki vitað á þessu stigi hvort Sinfóníuhljómsveitin gerir sér grein fyrir því yfir höfuð að viðhafa eigi þetta ráðslag. Það háttaði svo til að þegar þetta mál kom upp á borð hjá okkur í menntamálanefnd að við höfðum lokið spurningum okkar og yfirheyrslum um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Við höfðum fengið framkvæmdastjóra hljómsveitarinnar til okkar til skrafs og ráðagerða og spurt hana út úr en við höfðum ekki tækifæri til að spyrja um þetta atriði því að það var ekki fyrr en eftir að framkvæmdastjórinn var farinn sem það opnaðist fyrir okkur að þetta ráðslag væri á döfinni hjá stjórnvöldum.

Aðrir þættir sem skoða mætti nánar varðandi stofnefnahagsreikninginn og það mat sem kemur fram í honum eru atriði sem varða lóðir, t.d. Vatnsendalóðina sem Ríkisútvarpið hefur átt og haft til afnota. Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt upplýsingum sem við fengum í nefndinni, að Vatnsendalóðin færist ekki til Ríkisútvarpsins ohf. heldur verði félaginu fenginn afnotaréttur af henni fyrst um sinn. Það er ákveðin óvissa um matsverð lóðanna í stofnefnahagsreikningnum sem ég held að hefði líka verið fullt tilefni til að skoða enn frekar í nefndinni. Við fengum hins vegar ekki stofnefnahagsreikninginn í hendur fyrr en á síðustu metrunum í umfjöllun okkar þannig að þar skortir talsvert á að við séum komin til botns. Eflaust má laga eða leiðrétta eitthvað af því þegar við fáum málið aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. og það er sannarlega tilefni til að skoða þar ákveðna þætti nánar.

Varðandi þær fjárfestingar sem Ríkisútvarpið stendur frammi fyrir þá eru þær eitt óvissuatriðið enn sem ég held að þingmenn verði að gera sér grein fyrir. Allur tækjabúnaður Ríkisútvarpsins er meira og minna úr sér genginn. Notuð er hliðræn tækni enn þá að langmestu leyti, kerfið er orðið gamalt og lúið og nú treysta menn á það, að mínu mati í nokkurri blindni, að kerfismálin leysist af sjálfu sér og það komi ekki til með að verða aukinn kostnaður eða fjárútlát fyrir Ríkisútvarpið að endurnýja eða tryggja örugga dreifingu um allt land, upp til fjalla, inn til dala og út á ystu mið. Menn ætla bara að láta skeika að sköpuðu og treysta því að Ríkisútvarpið fái inni með sína dreifingu hjá dreifingaraðilum sem verða þá trúlega einkafyrirtæki, hvort sem það verður Síminn, Digital Ísland, Orkuveita Reykjavíkur eða hverjir þeir aðilar verða. Það er ekki búið að leggja neitt mat á verð þessara þjónustuaðila. Ég held því að menn renni hér afar blint í sjóinn og að ekki séu öll kurl komin til grafar hvað þennan kostnað varðar. Mér segir svo hugur að hann komi til með að verða talsvert hærri en óskir útvarpsstjóra standa til og þá sömuleiðis óskir hæstv. menntamálaráðherra. Þar er enn einn óvissuþátturinn sem við sitjum uppi með.

Allt ber þetta að sama brunni, virðulegi forseti, málið er ekki fullskoðað, það er ekki fullburða enn þá, enda er hér um svo vafasama breytingu að ræða að það má segja að ekki verði séð fyrir endann á mörgum þáttum þess. Finnst mér fullmikil fífldirfska í gangi ef menn ætla bara að láta kylfu ráða kasti og sjá til með hvernig þetta gengur, eins og mér finnst blasa við í nokkuð mörgum þáttum þess. Fyrirhyggjan er ekki til staðar og það skortir talsvert á að menn hafi talað sig til botns í afar stórum þáttum.

Eðli málsins samkvæmt er rekstur svona miðils, sérstaklega í eins litlu og viðkvæmu málsamfélagi og við búum við, afar mikilvægur fyrir menningu þjóðarinnar. Það hefur verið talað fallega um Ríkisútvarpið, bæði hljóðvarp og sjónvarp, í þessum ræðustóli og úti í samfélaginu í gegnum árin og áratugina og menn hafa sterkar og mjög sérstakar taugar til Ríkisútvarpsins. Ég tel hugmyndir ríkisstjórnarinnar í þá veru sem við höfum fjallað um vera þeirrar náttúru að þær ógni þessum tilfinningum fólks til Ríkisútvarpsins, þær ógna því trausti sem almenningur ber til Ríkisútvarpsins í dag, en það hefur æ ofan í æ komið fram í könnunum að bæði fréttastofa Ríkisútvarpsins og stofnunin sem slík nýtur gríðarlega mikils trausts þjóðarinnar. Það fer um og yfir 70% hlutfallið sem sagt er treysta þessari stofnun, bæði hvað varðar lýðræðislega umfjöllun frétta og fréttaflutning. Velvildin er líka gríðarlega mikil og ég tel að henni sé ógnað. Almenningur og þjóðin á betra skilið en það sem hér er lagt til. Allt er meira og minna reist á sandi og mér finnst lítill trúverðugleiki í þeim áformum sem eru til staðar, eins og komið hefur fram í máli mínu. Mér finnst það glapræði að stefna í voða trúverðugleika og trausti almennings á þessari rótgrónu stofnun. Við tókum eftir því að mat starfsfólksins sjálfs innan stofnunarinnar á því hvernig stofnuninni hefur tekist að rækja eða uppfylla skyldur sínar varðandi almannaþjónustu, er að það hafi tekist samtímis því að vinsældir stofnunarinnar og dagskrárinnar hafi verið talsvert miklar. Það er mat starfsfólksins að staða miðilsins sé sterk og það er mikill vilji til þess að sú staða miðilsins og stofnunarinnar verði varðveitt, en í mínum huga er henni ógnað með þeim áformum sem hér eru til staðar.

Við erum öll sammála um að það eigi að tryggja meiri innlenda dagskrárgerð, það eigi að tryggja vandað erlent efni og ekki bara frá einu málasvæði, eins og nú er í of ríkum mæli, heldur eigum við að geta boðið upp á fjölþjóðlega erlenda dagskrá í okkar ríkisútvarpi og sjónvarpi. Við þurfum að innleiða hina stafrænu tækni, það er komið að því og gott betur. Við eigum að leyfa okkur þann munað að taka umræðu um fleiri rásir, bæði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Við eigum að ræða það málefnalega hvaða möguleikar eru á því og hver rökin eru fyrir því að hafa tvær rásir í hljóðvarpi og mögulega tvær rásir fyrir sjónvarp. Við eigum líka að fara í gegnum þá umræðu á hvern hátt við sjáum hina stafrænu tækni taka við af hinni hliðrænu.

Við þurfum líka að sjá fram úr því að Ríkisútvarpið geti rækt skyldur sínar við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð alla. Við megum ekki gleyma því að taka þá umræðu. Við höfum kannski einbeitt okkur um of að rekstrarforminu í þessari umræðu, það fer gríðarlega mikil orka hjá okkur sem erum að reyna að leiða stjórnvöldum fyrir sjónir hvaða vitleysu þau eru að gera með því að tala um þetta rekstrarform og einkavæðinguna sem því fylgir. Við höfum fengið færri tækifæri til að ræða um hina efnislegu þætti, eins og hið menningarlega hlutverk og hvernig

þessum miðli er gert að sjá þjóðinni fyrir öflugum fréttaflutningi eða að vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir.

Umræðan er takmörkuð og þess vegna hef ég stiklað hér á stóru en hefði sannarlega gjarnan viljað fara dýpra ofan í ýmsa hluti. Ég lít svo á að við getum átt eftir að kafa talsvert dýpra í þá umræðu en við gerum núna þar sem við eigum eftir að fá málið á ný til nefndar. Sömuleiðis geri ég ráð fyrir að 3. umr. verði lengri og umfangsmeiri og kannski getum við þá farið víðar yfir sviðið og dýpra ofan í ákveðna þætti sem ég hef leyft mér að sleppa hér.

Frú forseti. Þegar öllu er á botninn hvolft er hér um einkavæðingu að ræða hvernig sem á málið er litið. Aðeins það að Ríkisútvarpið verður með þessari breytingu tekið út úr hinum opinbera rétti og sett inn í einkarétt felur það í sér, eitt og sér, að um einkavæðingu er að ræða. Þessi breyting er einkaréttarlegs eðlis, einkavæðing er í mínum huga hugtak sem segir miklu meira en hlutafélagavæðing, ég vil tala tæpitungulaust og tala því hér um einkavæðingu Ríkisútvarpsins sem nú stendur fyrir dyrum.

Það er ömurlegt til þess að vita hvernig Framsóknarflokkurinn hefur lyppast niður í þessu máli og hvert hann hefur látið draga sig. Það örlaði á andstöðu Framsóknarflokksins við málið um daginn og við héldum kannski að flokkurinn væri eitthvað að reisa sig en það stóð ekki lengur en dagpart eða tvo, því miður. Það verður fróðlegt að heyra hv. þingmenn Framsóknarflokksins verja afstöðu síns flokks í umræðunum hér. Við komum til með að leggja hlustir við og sömuleiðis almenningur og auðvitað mun fólk, sem farið er að átta sig á að kosningar nálgast, vera vakandi fyrir þeim sjónarmiðum sem hér er talað fyrir. Ég er hrædd um að Framsóknarflokkurinn eigi eftir að fara nokkuð flatt á þessum viðsnúningi sem ég vil meina að hafi orðið í sjónarmiðum flokksins í gegnum þetta erfiða og þunga mál. Það á eftir að verða honum erfitt og er kannski nú þegar farið að bitna á honum í ljósi þess hvernig skoðanakannanir koma út þessa dagana þegar fylgi Framsóknarflokksins er kannað.

Frú forseti. Ég læt hér lokið máli mínu til að reyna að greiða fyrir umræðum og þingstörfum þó svo að mér liggi margt fleira á hjarta varðandi þetta mál.

[16:15]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það fer ekki fram hjá neinum að við erum að ræða um málefni Ríkisútvarpsins. Ég vil í upphafi þakka umhyggju annarra flokka fyrir hönd Framsóknarflokksins. Það er gott að finna fyrir hlýhug. Hins vegar er það svo að í þessu máli hefur Framsóknarflokkurinn lagt mikla vinnu í málefni Ríkisútvarpsins og það eru mörg ár síðan byrjað var að ræða um hvað hægt væri að gera til að efla Ríkisútvarpið og það var ekki síst eftir breytingar á fjölmiðlamarkaði þegar aðrar stöðvar komu inn og menn sáu að lítið svigrúm var til að hreyfa við að menn fóru að skoða stjórnskipulag Ríkisútvarpsins og hvað hægt væri að gera. Það er ekkert launungarmál að það mál lá ofan í skúffu í mjög langan tíma og ég tel að það hafi verið vegna hárra radda um að til greina kæmi að selja Ríkisútvarpið. Hins vegar hefur það gerst á síðustu árum, eins og ég hef farið yfir í nokkrum ræðum á undan, að það viðhorf hefur breyst sem betur fer og þegar það gerðist var Framsóknarflokkurinn tilbúinn að fara áfram með þetta mál.

Það var þannig, af því að mönnum hefur verið tíðrætt um samþykktir Framsóknarflokksins í þessu máli, að fyrir síðasta flokksþing okkar starfaði undirbúningshópur sem fjallaði m.a. um málefni Ríkisútvarpsins. Þar voru mótaðar tillögur sem síðan fóru inn í málefnahópa á flokksþinginu og þar var samþykkt ályktun þar sem sú meginhugsun kom fram að rekstrarformið skipti ekki höfuðmáli heldur það grundvallaratriði að Ríkisútvarpið er ekki til sölu. Ég tel að þetta hafi verið afar lýðræðisleg leið, þ.e. auglýst var eftir fólki í þá málefnavinnu og hún fór fram. Einnig má geta þess, af því að sú umræða hefur komið upp, að málið var tekið upp á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins sem var haldinn fyrir stuttu og þar var ekki nokkur stuðningur við það að ályktа gegn þessu máli.

Ég vildi bara fara í gegnum þessa forsögu í ljósi þess sem hér hefur verið sagt. Við framsóknarmenn teljum að með frumvarpinu sé verið að efla Ríkisútvarpið og ég held að menn þurfi ekki að gera annað en lesa umsagnir samkeppnisaðila til að styðja við það og sérstaklega þar sem þeir kalla þetta mikla ríkisvæðingu og við erum afar sátt við það.

Ríkisútvarpið ohf. verður ríkishlutafélag í almannaeigu og það er, eins og ég sagði áðan, skýrt að félagið verður ekki selt og því eigi ekki að skipta upp. Ég ítreka að sú niðurstaða er í takt við samþykkt flokksþings frá árinu í fyrra. Í frumvarpinu er skerpt á hlutverkum Ríkisútvarpsins bæði með ítarlegum ákvæðum í frumvarpinu og í drögum að þjónustusamningi sem fylgir frumvarpinu. Miklar breytingar hafa orðið á efni frumvarpsins frá því það var lagt fyrst fram á Alþingi fyrir tæpum tveimur árum. Við höfum verið að vinna að lagfæringum á efni þess í menntamálanefnd Alþingis og einnig af hálfu ráðuneytisins og óþarfi að tíunda þær breytingar sem hafa komið fram.

Í frumvarpinu er allur fyrirvari um sölu numinn á brott til að leggja áherslu á að ekki eigi að selja Ríkisútvarpið og jafnframt er tryggt að nýja lagasetningu þurfi frá Alþingi til að svo geti orðið. Þess vegna er 1. gr. í frumvarpinu mjög mikilvæg og hún tekur af öll tvímæli um sölu Ríkisútvarpsins og það þykja mér í raun vera stærstu tíðindin í þessu máli og mjög ánægjuleg. Ljóst er að vilji beggja stjórnarflokka í málinu er skýr. Ekki stendur til að selja Ríkisútvarpið og ég er þess fullviss að það mun lifa lengi í eigu okkar allra.

Núgildandi lög um Ríkisútvarpið eru að stofni til frá árinu 1986. Miklar breytingar hafa orðið á fjölmiðlamarkaði síðan þá en eins og ég sagði áðan hefur óeining um breytingar á starfsemi Ríkisútvarpsins hamlað eðlilegri þróun innan hennar. Nú er svo komið að óvissan um framtíðarskipan hefur haft lamandi áhrif á reksturinn. Því er afar brýnt að marka starfseminni skýra lagaumgjörð og veita RÚV það tækifæri sem það þarf til að takast á við gerbreytt umhverfi. Ég tel að Ríkisútvarpið hafi dálítið misst af síðustu ár varðandi þetta atriði.

Framsóknarflokkurinn hefur ávallt lagt áherslu á að hér á landi verði rekinn öflugur ríkisfjölmiðill þar sem m.a. verði tryggð fjölbreytni og skoðanafrelsi og hann standi öllum landsmönnum til boða. Með breytingum á lögum um

RÚV er verið að festa almannaútvarp í sessi og tekin af öll tvímæli um að ekki skuli einkavæða reksturinn. Þau atriði sem framsóknarmenn hafa staðið vörð um eru fyrst og fremst þau að RÚV er ekki til sölu. Hlutverk þess verði tryggt, réttindi starfsmanna tryggð og RÚV fái alla möguleika til að eflast enn frekar á fjölmiðlamarkaði. Mér finnst líka mikilvægt í ljósi þess að meiri hlutinn leggur til breytingar á frumvarpinu sem varða kostun og auglýsingar á vefmiðli, það er alveg skýrt, þó að menn í hv. stjórnarandstöðu reyni að leggja það þannig upp að þetta þýði í rauninni ekki neitt, að við erum auðvitað að setja ákveðin mörk á frekari þróun kostunar og eins að það megi ekki, það er alveg girt fyrir það að auglýsa megi á vef Ríkisútvarpsins.

Einnig er sagt svo ég vitni örstutt í nefndarálit meiri hlutans, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn vill beina því til menntamálaráðherra að mælast, í þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf., til þess að þeim tekjum sem félagið aflar sér með kostunarsamningum verði fremur varið til kostunar á dagskrárliðum sem varða íslenska tungu, sögu og menningararfleifð, fremur en til kostunar á erlendu afþreyingarefni."

Ég held að þetta sé mjög mikilvægt og er þess fullviss að hæstv. menntamálaráðherra mun taka tillit til þessa. Þarna erum við í raun að koma í veg fyrir að þessir kannski vinsælu erlendu þættir séu í boði ákveðinna fyrirtækja og þarna verði ekki frekari vöxtur. En við vildum hins vegar ekki loka á að Ríkisútvarpið geti nýtt sér vilja fyrirtækja til að kosta það að koma íslenskri menningararfleifð á framfæri. Það kom t.d. fram í máli útvarpsstjóra — segjum sem svo að einhver fyrirtæki vilji bjóða upp á glæsilega tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar á sunnudagseftirmiðdögum, þá finnst mér það ekki vera hlutverk okkar að koma í veg fyrir það. Og eins er það þekkt að ákveðnir atburðir eru skilyrtir við kostun. Það er því að mínu mati nauðsynlegt að halda þessu opnu.

Ég tel að við séum að koma til móts við athugasemdir samkeppnisaðilanna með þessu tvennu, þ.e. með því að setja þak á kostunina og með því að banna auglýsingar á vef Ríkisútvarpsins. Við vitum að mikið er farið inn á vef Ríkisútvarpsins. Gríðarlega mikið efni og upplýsingar eru þar inni og alveg ljóst að það hefði haft mikil áhrif á aðra vefmiðla ef samkeppni varðandi auglýsingar þar hefðu ríkt. Við erum með þessu að koma töluvert í veg fyrir tekjuöflun Ríkisútvarpsins en viljum þó gæta þess að það sé áfram á auglýsingamarkaði og við erum ekki að skerða tekjurnar það mikið að það muni hefta þróun og í rauninni tækifæri Ríkisútvarpsins til að keppa á þessum markaði í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra. Við erum búin að ræða þetta mál nokkrum sinnum í þingsölum og búið er að leggja í þetta — ég efast um að nokkurt mál hafi fengið eins mikla og vandaða umfjöllun í nefnd á Alþingi og tel að kominn sé tími til að við klárum þetta. Það eru vissulega, eins og fram hefur komið, skiptar skoðanir um málið og ég held að við séum komin að þeim mörkum að menn gangi ekki lengra, komið hefur verið til móts við flestar athugasemdir. Ég vil ítreka að við framsóknarmenn teljum að við séum að efla Ríkisútvarpið og séum að styðja við bakið á því. Við höfum mikinn metnað fyrir hönd Ríkisútvarpsins, að það sinni hlutverki sínu sem almannaþjónustuútvarp og tel að mikilvægi þess sé mjög mikið nú á tímum og reynsla frá öðrum löndum sýnir okkur líka að menn vilja standa vörð um almannaútvarp. Ég lýk máli mínu en ítreka stuðning okkar við málið.

[16:26]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var fróðleg yfirferð hv. þingmanns á sögu Framsóknarflokksins í málinu sem hefur verið sí-breytileg og fjölbreytt. Þó er nauðsynlegt að fá skýringar hjá hv. þingmanni varðandi sannfæringarkraftinn um að þetta væri allt í samræmi við margrómaða stefnu flokksins í málinu og nú væri verið að efla Ríkisútvarpið sem almannaútvarp og hlutafélagavæðingin væri sem sagt hluti af þeirri leið.

Ég vil vekja athygli á að nokkrir áhrifamenn í Framsóknarflokknum hafa haft uppi aðrar skoðanir. Við þekkjum það vel í þessum sölum að Kristinn H. Gunnarsson hefur lengi haft það en nú fyrir ekki mörgum vikum síðan fékk Kristinn bandamann úr nokkuð óvæntri átt þar sem Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi með meiru, kom fram á sjónarsviðið og fór yfir málið út frá sjónarhorni að því er hann taldi meiri hluta framsóknarmanna.

Björn Ingi sagði meðal annars sem er lykilspurning og ég verð að biðja hv. þingmann um að svara þeirri spurningu, en Björn Ingi sagði: „Hvers vegna hlutafélag ef ekki á að selja?" Ég á ekki svar við þeirri spurningu, því væri fróðlegt ef hv. þingmaður gæti svarað henni.

Björn Ingi sagði líka: „Ég er bara algerlega sammála því að ég telji ekki ástæðu til að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið" og bætti síðan við: „Ég reyndar tel að meiri hluti flokksmanna sé á móti því að það verði hlutafélagavætt." Hér er talað mjög skýrt og eðlilega út frá spurningunni: Hvers vegna hlutafélag ef ekki á að selja? Það er auðvitað reynslan sem segir okkur að það er fyrsta skrefið til að selja.

Ég mun hins vegar í þessu andsvari ekki hafa fleiri spurningar svo að hv. þingmaður hafi nægan tíma til að svara henni.

[16:28]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki að svara fyrir Björn Inga og skoðanir hans. Ég get hins vegar lýst skoðunum mínum og þeirra flokksmanna sem ég þekki til og fór yfir það áðan að að baki þeirri ályktun sem er í gildi hjá okkur núna varðandi stefnu Ríkisútvarpið lá mikil og vönduð vinna. Ég man ekki betur en Björn Ingi Hrafnsson hafi tekið þátt í þeirri vinnu en hann leiðréttir mig þá síðar ef svo var ekki. En ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu og sjálfstæði þess eflt. Hraða ber endurskoðun laga um Ríkisútvarpið þar sem m.a. stjórnskipulag stofnunarinnar verður endurskilgreint og mið tekið af nýju fjölmiðlaumhverfi. Skoðaðar verði mismunandi leiðir til að standa undir rekstrarkostnaði."

Við erum að koma til móts við þetta allt. Það sem mér finnst mikilvægt í þessu tilliti er að við erum í flokki þar

sem mismunandi skoðanir leyfast og það hafa ekki margar raddir verið uppi um að við séum ekki á réttri leið. Ég vil ítreka sem ég sagði áðan að málið var tekið upp á miðstjórnarfundi sem haldinn var fyrir örfáum vikum og þar talaði einn ræðumaður um að álykta gegn þessu máli. Hins vegar tók enginn fundarmanna undir það. Ef grasrótin er á móti þessu máli kom það alla vega ekki fram á þeim miðstjórnarfundi, þar sem grasrótin situr. Því vísa ég þessu til föðurhúsanna og segi það hér að við framsóknarmenn stöndum við málið.

[16:30]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður var ekki hægt að fá svör við þessari lykilspurningu. Út af fyrir sig er ekki hægt að ætlast til að hv. þingmaður geti svarað henni öðruvísi en við gerum flest. Það er auðvitað engin ástæða til að fara með stofnunina yfir í hlutafélag ef ekki á að selja hana.

Upplestur hv. þingmanns var athyglisverður. Þar kom hvergi fram, ef ég heyrði rétt, að á hinum merka fundi Framsóknarflokksins hafi verið samþykkt að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Ég heyrði að rætt var um að skoða mismunandi leiðir en það var hvergi samþykkt að skipta um stefnu frá því sem áður var stefnan, sem hljóðaði svo að ekki ætti að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Mér sýnist, því miður fyrir hönd Framsóknarflokksins, að þingflokkurinn sé, eins og sumir hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafi lýst, enn einu sinni kominn í andstöðu við meiri hluta flokksmanna. Það boðar ekki gott en við sjáum væntanlega á vordögum hvaða afleiðingar það hefur.

[16:31]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eitthvað finnst mér ég kannast við þetta andsvar. Þetta hefur komið fram í umræðunum áður. Ég vil segja við hv. þm. Einar Má Sigurðarson (Gripið fram í.) að það segir heldur ekki í samþykktum flokksþingsins að það eigi ekki að stofna Ríkisútvarpið ohf.

Við skulum líka að vera minnug þess að rekstrarformið kemur til í kjölfar umræðunnar um RÚV. Það er opinbert hlutafélag. Það var ekki til þegar flokksþingið fjallaði um málið. Hins vegar er alveg skýrt að flokksmenn vildu breytt rekstrarform en útilokuðu ekki neitt. Við skynjuðum þá stöðu að það er ekki í umræðunni lengur að selja Ríkisútvarpið. Sú umræða er einangruð við örfáa aðila í þingsal.

[16:32]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)*:

Forseti. Ég trúi hv. þingmanni þegar hún segist ekki vilja selja Ríkisútvarpið. Ég trúi henni líka þegar hún segir að hún haldi að Ríkisútvarpið verði ekki selt. Ég held að það sé hins vegar bernska eða glapsýni að telja að sú hætta sé einangruð við sölunefnd Ríkisútvarpsins á þinginu, þá þrjá ágætu og háttvirtu þingmenn Pétur Blöndal, Birgi Ármannsson og formann menntamálanefndar, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson.

Sú skoðun er í fyrsta lagi miklu víðtækari í þingflokki Sjálfstæðisflokksins þótt að minnsta kosti þessir þrír séu svo heiðarlegir að halda henni fram í sérstöku frumvarpi. Í öðru lagi held ég að sú þróun sem nú er að verða, sem við sjáum ágætlega á áliti Samkeppniseftirlitsins, standi til þess að staða Ríkisútvarpsins verði þrengri og erfiðari sem, a.m.k. að nafninu til, almannaútvarps og hlutafélags í eigu ríkisins.

Það sem ég vildi spyrja þingmanninn um er það í ræðu hennar sem laut að hinum sterku ríkisfjölmiðlum. Hún taldi upp ýmsa þætti sem Ríkisútvarpið ætti að vera gætt að sínu leyti en ég saknaði þess að hún talaði um sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Ég spyr hvort það hugtak sé með í stefnu Framsóknarflokksins annaðhvort fyrr eða síðar. En sú stefna virðist hafa breyst töluvert á stuttum tíma. Hvað um sjálfstæði Ríkisútvarpsins? Telur hún að Ríkisútvarpið eigi að vera sjálfstætt og hvernig er því fyrirkomið í hinu ágæta frumvarpi, að því hún telur, sem hún styður á þinginu?

[16:34]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við deilum kannski ekki þeirri skoðun, ég og hv. þm. Mörður Árnason, að fólki sé vel treystandi. Ég veit ekki um hv. þingmann en ég a.m.k. treysti því að þegar menn tala fyrir frumvarpi þar sem í 1. gr. er tekið skýrt fram að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið þá standi menn við það og þau orð sem hv. þingmenn láta um það falla.

Varðandi sjálfstæði Ríkisútvarpsins þá er það tekið fram í samþykktum Framsóknarflokksins, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu og sjálfstæði þess eflt."

Ég tel að við séum einmitt að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins með þessu frumvarpi, ekki síst með því að stofna hlutafélag. Þar með eykst sveigjanleiki fyrirtækisins. Það gerir RÚV kleift að takast á við nýja tíma og breyttar aðstæður. Ég fór yfir það að það yrði samkeppnishæfara. Það treystir undirstöður þess mjög mikið.

Síðan er vert að nefna að útvarpsstjóri ber nú ábyrgð á dagskrárgerð en áður var það pólitískt skipað útvarpsráð. Ég tel það mikilvægt atriði í því að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Ég hef eiginlega talið það óþarft að pólitískt skipað útvarpsráð skipti sér af því hvað Ríkisútvarpið býður okkur upp á.

Þetta eru atriði í að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins. En auðvitað er stærsti þátturinn sá að fjárhagslegur grundvöllur þess sé tryggður.

[16:36]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)*:

Forseti. Það er kannski tómt mál að tala um þetta við fulltrúa Framsóknarflokksins sem hafa þar að auki tekið trú á 1. gr. í frumvarpinu og halda að þar með sé höggvið í granít það sem þar stendur. Staðreyndin er sú að einfaldur meiri hluti getur breytt þessu á Alþingi hvenær sem honum sýnist.

Varðandi sjálfstæði Ríkisútvarpsins er vert að benda hv. þingmanni á að ef maður les frumvarpið lengra en í 1. gr. þá kemur í ljós að kjósa á stjórn Ríkisútvarpsins, sem er alráð yfir útvarpinu, á hverju ári. Hana skipar meiri hluti rík-

isstjórnarinnar sem þar með þýðir að ríkisstjórnarmeirihluti ræður í Ríkisútvarpinu öllu. Hann tekur bæði mikilsverðar ákvarðanir um fjármál og ræður útvarpsstjóra. Hann ræður hann til ótakmarkaðs tíma sem þýðir að meiri hlutinn getur sagt honum upp hvenær sem er. Þá spyr maður: Bíddu, er þetta hugmynd Framsóknarflokksins og hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur um sjálfstætt almannaútvarp?

[16:37]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þm. Merði Árnasyni um að við komumst ekki mikið lengra með 1. gr. Við erum einfaldlega ósammála. Ég er þeirrar skoðunar að það sem þar stendur sé mjög skýrt, og það standi, þ.e. að menn fari ekki gegn því.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það þarf einfaldan meiri hluta hér á Alþingi til að selja Ríkisútvarpið. Í dag þarf einungis heimildargrein á fjárlögum til þess að selja Ríkisútvarpið. En ég tel að við eigum að ganga lengra en gert er í dag með því að festa Ríkisútvarpið í sessi og með því að láta í ljós þann vilja Alþingis að Ríkisútvarpið sé ekki til sölu.

Þetta, eins og ég sagði áðan, tel ég í rauninni stóra málið. Það er endalaust hægt að tala um önnur atriði. En það að við samþykkjum hér að standa vörð um Ríkisútvarpið er grundvallarmál að mínu mati.

[16:38]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Ég vildi spyrja hana að tvennu. Hv. þingmaður nefndi áðan að frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. væri m.a. lagt fram til þess að auka sjálfstæði Ríkisútvarpsins.

Ég held að það sé nokkuð almenn og útbreidd skoðun að Sjálfstæðisflokkurinn hefur í gegnum tíðina viðhaft mikinn yfirgang gagnvart Ríkisútvarpinu. Þar hafa a.m.k. á köflum tíðkast áhlaup að því að viðhafa pólitíska stjórnun, hvort sem það hefur tekist eða ekki, vonandi sjaldan. En pólitískt kverkatak Sjálfstæðisflokksins á Ríkisútvarpinu og tilraunir flokksins til að viðhalda því eru alþekktar.

Gott væri ef það reyndist satt að þetta frumvarp væri til að aflétta því kverkataki. Ég held að svo sé ekki þar sem að Alþingi og meiri hlutinn á Alþingi mun árlega kjósa hlutafélaginu stjórn. Ég held að pólitíska kverkatakið herðist ef eitthvað er. Ég held að eftir þessa lagabreytingu aukist pólitísk íhlutun meiri hlutans á Alþingi hverju sinni og jafnvel talsvert. Það er a.m.k. hætta á að svo fari.

Heppilegra hefði t.d. verið að kjósa stjórnina til fimm ára í senn eða hluta hennar árlega. Menn sætu þar um eitthvað árabil og það væri ekki háð meiri hlutanum á hverju ári. Að öðrum kosti er sú pólitíska svipa yfir hausamótunum á stjórninni að mönnum verði skipt út að ári ef þeir standa sig ekki o.s.frv.

Ég spyr hv. þingmann, af því að hún gerði þetta að umtalsefni áðan, hvort ekki hefði verið heppilega að fara aðrar leiðir til aflétta pólitísku kverkataki stjórnvalda á hverjum tíma af stofnuninni, kverkataki sem hefur á köflum verið beitt í gegnum tíðina.

[16:40]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil vel áhyggjur hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar vegna þess að ég er sammála hv. þingmanni um að pólitísk ítök í Ríkisútvarpinu hafi verið allt of mikil, ekki bara undanfarin ár, heldur í mjög mörg ár. Það hefur ekki farið fram hjá neinum.

Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það að útvarpsráð verði ekki lengur með puttana í dagskrárgerð hafi mikið að segja. Ég held að það sé rétt að ganga ekki lengra að þessu sinni.

Hins vegar er ljóst að Ríkisútvarpið mun verða undir smásjá eftir að þessar breytingar hafa verið gerðar og fylgst með því hvernig það þróast. Ég held að okkar verkefni sé að fylgjast með því hvernig þetta verður. Ég útiloka ekki að, ef menn sjá merki um pólitísk ítök áfram sem birtist þá í störfum Ríkisútvarpsins, þá verði ástæða til að fara aðrar leiðir.

En ég tel hins vegar nógu langt gengið að þessu sinni. Ég hef trú á því að það að útvarpsstjóri ber ábyrgð á dagskrárgerð en ekki hið pólitískt skipaða útvarpsráð muni hafa mikið að segja. Einnig ræður útvarpsstjóri aðra starfsmenn. Áður komu t.d. tillögur frá ráðherra um framkvæmdastjóra deilda. Eins og lögin eru í dag gefur útvarpsráð umsögn um starfsfólk við dagskrárgerð. Þetta mun breytast núna. Ég tel það stórt skref því að það hefur ekki verið Ríkisútvarpinu til góðs að hafa skipulagið eins og verið hefur.

[16:42]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svarið. Það var nokkuð afdráttarlaust.

Ég ætlaði að inna hana eftir öðru. Eins og fram hefur komið þá tíðkast hvergi á Norðurlöndunum, að ég held, né í Bretlandi, að ríkisrekin ljósvakafyrirtæki starfi á auglýsingamarkaði. Hin augljósu rök fyrir því eru að það þrengi um of að starfsemi einkarekinna fyrirtækja á sama markaði og sérstaklega á jafnsmáum fjölmiðlamarkaði og hinum íslenska, þar sem lítið pláss er fyrir öflug ljósvakafyrirtæki. Þau 20 ár sem íslenski ljósvakinn hefur verið frjáls hafa fyrirtæki í útvarpsrekstri barist í bökkum.

Það er mikilvægt að gæta sanngirni gagnvart þessum fyrirtækjum. Það á að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Það verður að jafna samkeppnisforskotið og koma í veg fyrir ríkisvæðingu á ljósvakamarkaði. Ég ætlaði að spyrja hvort hv. þingmaður taki undir með mér og hv. formanni (Forseti hringir.) menntamálanefndar í því máli.

[16:43]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að mér þætti mikilvægt að við settum þær skorður sem meiri hluti menntamálanefndar leggur til, þ.e. að Ríkisútvarpið geti ekki haldið áfram útrás í kostun og eins með því að auglýsa á vef. Hins vegar eru afnotagjöldin núna rúmlega 70% af rekstrartekjum RÚV. Tæplega 30% tekna eru auglýsingatekjur, kostunartekjur og ýmsar tekjur.

Slíkt hlutfall auglýsingatekna, samkvæmt mínum upp-

lýsingum, er í fullkomnu samræmi við það sem gengur og gerist meðal ríkisfjölmiðla í Evrópu. Ég tel að við göngum nógu langt að því leyti. Ég er ekki tilbúin að draga RÚV út af auglýsingamarkaði, eins og margir eru. Ég tel að þakið sem við setjum t.d. varðandi kostun og það að banna auglýsingar á netinu nægi fullkomlega að sinni.

[16:44]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs um þetta mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. nú við 2. umr. um málið í des. 2006. Ástæða þess að ég tíunda það að við séum stödd hér í des. 2006 er sú að síðast þegar ég talaði í þessu máli var 23. janúar 2006. Það segir auðvitað sína sögu um málið að við skulum enn vera að ræða það hér í þingsölum og ekki bara það að við séum enn að ræða málið heldur hefur það komið hér inn í þingið og verið mælt fyrir því þrisvar sinnum og hér hafa verið til umfjöllunar í þinginu að minnsta kosti fimm mismunandi útgáfur af þessu máli. Þetta segir okkur að þegar málið kom fyrst inn í þingið var það ekki svipur hjá sjón. Þá var það algjörlega vanbúið til að koma til umfjöllunar í þinginu. Síðan hafa menn kappkostað að reyna að gera á því þær lagfæringar sem nauðsynlegar voru til þess að koma einhverri mynd á málið. En það breytir ekki því að enn er það vanbúið, enn er það svo gallað að ekki er ráðlegt að afgreiða það héðan frá Alþingi. Nú bíður málið að vísu 3. umr. í janúar og þá gefst ákveðið svigrúm, ákveðið ráðrúm til þess að hugleiða þessi mál og við skulum vona að það verði notað vel.

Það sem ég ætla að tala hér um núna er kannski að einhverju leyti það sama og ég talaði um í janúar, 23. janúar nánar tiltekið, 2006, þegar ég talaði hér síðast í þessu máli. Ég ætla að tala um meginlínurnar í málinu. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði frumvarpsins. Ég ætla að tala um meginlínurnar og ég ætla að fara aðeins yfir þau faglegu og rekstrarlegu rök sem mæla gegn frumvarpinu eins og það lítur út núna.

Í fyrsta lagi ætla ég aðeins að tala um rekstrarformið rétt eins og ég gerði þann 23. janúar 2006. Ég er enn þeirrar skoðunar sem ég var þá, að hlutafélagaformið sé ekki skynsamlegt form fyrir Ríkisútvarpið sem almannaþjónustuútvarp, sem fyrirtæki sem hefur víðtækum skyldum að gegna og gegnir hlutverki sem er umfram það sem gildir almennt um fyrirtæki og félög á fjölmiðlamarkaði. Ég er enn þeirrar skoðunar sem ég var þá að skynsamlegra sé að velja Ríkisútvarpinu form sjálfseignarstofnunar og ég ætla að fara aðeins yfir það aftur að ég er þessarar skoðunar.

Í fyrsta lagi: Af hverju er verið að velja Ríkisútvarpinu hlutafélagaformið? Það hefur komið fram hér í máli þingmanna, meðal annars í máli hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur, sem hér talaði áðan, að það væri til þess að skapa Ríkisútvarpinu ákveðið svigrúm á þeim fjölmiðlamarkaði sem það starfar á við þær breyttu aðstæður sem þar hafa orðið á undanförnum árum. Mörgum finnst að opinberum rekstri sé of þröngur stakkur skorinn. Þetta heyrum við ekki bara sagt um Ríkisútvarpið. Við heyrum þetta sagt um ýmsar mikilvægar og merkar ríkisstofnanir sem hafa verið reknar í því formi í áratugi. Ég get nefnt Háskóla Íslands í því sambandi. Það hefur oft heyrst að Háskóla Íslands finnist að sér sé of þröngur stakkur skorinn í starfsemi sinni á þeim markaði sem hann er núna þar sem komnir eru upp sjálfstæðir skólar í eigu einkaaðila sem keppa við Háskóla Íslands, þ.e. að samkeppnisstaða Háskólans sé að verða erfið við þær aðstæður. Það má færa sömu rök fram varðandi Ríkisútvarpið. Margir stjórnendur vilja komast út úr ríkisrekstrinum og þá verður mönnum helst til að nefna hlutafélagaformið vegna þess að það er þekkt rekstrarform. Það er komin heilmikil reynsla á það. Til eru skýr lög um hlutafélög og mikil reynsla er af því rekstrarformi. Ég hjó eftir því einmitt að þetta voru þau rök sem hæstv. menntamálaráðherra notaði í Ríkisútvarpinu í hádegisfréttunum í dag þegar hún spurði af hverju 90–95% fyrirtækja veldu hlutafélagaformið. Jú, það er vegna þess að það er þekkt form sem byggir á lögum og reynslu og þess vegna velja flest fyrirtæki þetta form.

Þetta er alveg rétt. En Ríkisútvarpið er bara ekki hvaða fyrirtæki sem er. Ríkisútvarpið er ekki eins og hvert annað fyrirtæki á markaði. Ríkisútvarpið hefur mikilvægum skyldum að gegna og ekki nóg með að það hafi mikilvægum skyldum að gegna heldur hefur það aðgang að opinberu fé, fer með opinbert fé, hefur aðgang að tilteknum afmörkuðum tekjustofnum umfram það sem almennt gildir um fyrirtæki og það gefur Ríkisútvarpinu ákveðna sérstöðu.

Arnar Þór Másson sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og kennari í stjórnmálafræði hélt erindi á ráðstefnu á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála þann 31. október síðastliðinn þar sem hann fjallaði einmitt um rekstrarform hjá ríkisfyrirtækjum eða ríkisstofnunum. Þar kom fram hjá honum — ég ætla að vísa í viðtal sem var tekið við hann í Speglinum. Þar segir hann að ekki sé óeðlilegt að ríkisrekstri séu settar tilteknar hömlur. Hann segir, með leyfi forseta:

„Það er auðvitað ástæða fyrir því að ríkisreksturinn er öðruvísi en einkareksturinn og það er þá auðvitað verið að hugsa til þess að það er verið að nota almannafé í ríkisrekstrinum."

Svo segir hann að auðvitað þurfi að huga að ýmsum þáttum varðandi ríkisreksturinn, að réttaröryggi og öðru slíku og að frekari skorður þurfi að reisa við ríkisrekstri vegna bara stærðar ríkisins á markaði. Þetta segir Arnar Þór Másson í viðtali við Spegilinn og ég er viss um að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem situr hér er sammála þessu, að það þurfi að setja ríkisrekstrinum vissar skorður vegna þess að hann er að nota almannafé og vegna þess að hann hefur ákveðnu hlutverki og skyldum að gegna og vegna þess að ríkisreksturinn hefur tiltekna stærð á markaðnum.

Síðan segir Arnar Þór Másson meðal annars og þá er hann að tala um hlutafélagaformið, að það trúi því í raun enginn að ríkið sé að reka hlutafélag eins og önnur hlutafélög á markaði, þ.e. að það trúir því enginn að ríkið láti hlutafélag til dæmis fara á hausinn ef illa gengur. Það trúir því enginn að stjórnarmenn beri raunverulega ábyrgð eins og stjórnarmenn kannski á markaði þannig að hlutafélagaformið er ekki einu sinni trúverðugt að þessu leytinu til. Svo segir hann að það sé líklegra en ekki að það verði áfram með þeim hætti þrátt fyrir að þetta verði hlutafélag, að kjörnir fulltrúar vilji hafa áhrif og ráðherrar vilji hafa áhrif.

Svo segir hann, með leyfi forseta:

„Ég held að hlutafélagaformið sé eitthvað sem menn stökkva á af því að það er til staðar. En ég held að það væri skynsamlegra að reyna að þróa rekstrarform ríkisins almennt."

Hann segir að við tækjum þetta í raun bara frá ráðuneytum og út í þá einhvers konar fyrirtæki, ríkisfyrirtæki sem tæki þá það besta úr hlutafélagalögunum sem gagnast í ríkisrekstrinum og gagnast í að gera þetta sveigjanlegra en séum í raun ekki að nota hlutafélagaformið en um leið að draga úr kostum þess, þ.e. hlutafélagaformsins, með því að setja alls konar klásúlur inn í sérlög um að þetta gildi ekki og eitthvað annað gildi í staðinn og þess háttar. Með öðrum orðum segir hann að hægt sé að taka ýmislegt úr hlutafélagarekstrinum og skapa ákveðinn sveigjanleika fyrir hin opinberu fyrirtæki, setja það í sérlög og skapa þeim þannig rými.

Samfylkingin hefur verið þessarar skoðunar að það þurfi að skapa Ríkisútvarpinu ákveðinn sveigjanleika, ákveðið svigrúm og þetta höfum við talið að væri hægt að gera, að hægt væri að ná fram sveigjanleikanum og ná fram sjálfstæðinu með sjálfseignarstofnun. Kosturinn við sjálfseignarstofnunina er að hún er komin aðeins frá framkvæmdarvaldinu, aðeins frá ráðherranum og hefur þar af leiðandi ákveðið sjálfstæði. Hún er einkaréttarlegs eðlis. Það skapast ákveðið svigrúm við það. En það er skýr vísbending um það þegar þetta er gert að sjálfseignarstofnun að þetta er ekki eins og hvert annað fyrirtæki á markaði sem ætlar að keppa einvörðungu á forsendum markaðarins og það er líka skýr vísbending um að það stendur ekki til að selja þessa stofnun.

Ég tel að í rauninni geri tvennt það að verkum að ríkið geti ákveðið og geti verið rök fyrir því að ríkið fari með fyrirtæki inn í hlutafélagaformið. Ég er ekki á móti hlutafélagaforminu sem slíku við allar aðstæður í ríkisrekstri. Það geta verið rök fyrir því að gera það. En hvenær er það eðlilegt? Jú, það er til dæmis eðlilegt ef það stendur til að selja fyrirtæki. Þá er auðvitað eðlilegt að gera það að hlutafélagi og mér finnst eðlilegt við þær aðstæður, þegar ríkisfyrirtæki eða opinbert fyrirtæki er gert að hlutafélagi með þau áform uppi að selja það, að það sé þá sett undir sérstaka stjórn í fjármálaráðuneytinu en ekki undir fagráðuneytum og það geti þess vegna verið þá bara einkavæðingarnefnd í fjármálaráðuneyti sem fer með stjórn þess fyrirtækis eða er bakhjarl þess fyrirtækis þar til sala hefur farið fram.

Svo geta líka verið þær ástæður fyrir því að gera opinbert fyrirtæki eða ríkisfyrirtæki að hlutafélagi að uppi séu hugmyndir um að sækja fleiri aðila inn í fyrirtækið. Ég nefni í því sambandi bara sveitarfélög. Þau geta farið í sameignarfélag. En þá er ábyrgðin einn fyrir alla og allir fyrir einn. Að fara með ákveðið fyrirtæki þar sem menn ætla að kalla inn fleiri aðila í hlutafélagaform getur því verið skynsamlegt. Þá er hægt að freista þess að ná fleirum inn. Ég vil nefna í því sambandi að það var nú eitt af því sem okkur gekk til hjá Reykjavíkurborg þegar við stofnuðum Félagsbústaði hf. sem var félag um byggingu og rekstur á íbúðafasteignum borgarinnar. Okkar hugmynd var sú að fá fleiri sveitarfélög inn í þennan rekstur og að þau stæðu sameiginlega að slíkum rekstri.

Það geta líka verið rök fyrir því að fara með orkufyrirtæki eins og Orkuveitu Reykjavíkur til dæmis að taka — það voru auðvitað skiptar skoðanir um það — inn í hlutafélagaformið af því að þetta er fyrirtæki sem þarf að sækja mikið fé á markað. Þetta er fyrirtæki sem vill kalla að fleiri eignaraðila. Að Orkuveitu Reykjavíkur eru ýmis sveitarfélög til dæmis aðilar. Við slíkar aðstæður getur verið eðlilegt að breyta opinberu fyrirtæki í hlutafélag. En ég tel að þessi rök eigi ekki við varðandi Ríkisútvarpið. Það er sagt hér að minnsta kosti í orði kveðnu að ekki standi til að selja það. Ekki eru það þá rökin fyrir því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag nema að baki búi þá sú hugsun að hægt sé að gera það þegar fram líða stundir og nema að baki búi þá sú hugsun að hægt sé að selja út úr Ríkisútvarpinu einhverja þætti og þannig mola það smátt og smátt. Þetta eru því ekki rökin fyrir því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag.

Hin rökin fyrir því að breyta því í hlutafélag, þ.e. að menn ætli að kalla að fleiri aðila inn í þetta félag, að það þurfi að sækja sér verulega fjármuni á markað, eru ekki heldur rök sem við höfum heyrt hér. Mér skilst að ekki standi til að aðrir eignist í Ríkisútvarpinu en ríkið. Ríkið verður eini eigandinn. Það eru því ekki rökin fyrir því að gera þetta að hlutafélagi. Rökin eru fyrst og síðast þau að til eru lög um hlutafélög. Rekstrarformið er þekkt. Þetta er nokkuð sem viðgengst á markaðnum og menn feta þessa slóð þrátt fyrir að við séum hér með fyrirtæki eða stofnun, skulum við frekar segja, því að Ríkisútvarpið hefur að mörgu leyti fleiri einkenni stofnunar en fyrirtækis vegna þess almannaþjónustuhlutverks sem það hefur og vegna þeirra skyldna sem það á að uppfylla. Að fara með þetta út í hlutafélagaform er einfaldlega að mínu viti óskynsamlegt og ég hef ekki heyrt nein rök sem styðja það að velja þessa leið.

Aðalatriði málsins varðandi Ríkisútvarpið er að það hafi bæði í raun og ásýnd faglegt, pólitískt og viðskiptalegt sjálfstæði, að fólk trúi því að Ríkisútvarpið sé faglegt, að það sé ekki undir pólitískri stjórn og það sé ekki háð viðskiptalegum hagsmunum. Þetta er grundvallaratriði varðandi Ríkisútvarpið.

Til að Ríkisútvarpið geti haft þá ásýnd og eins að það geti í raun verið faglega pólitískt og viðskiptalega sjálfstætt þarf að velja útvarpinu rekstrarform sem samrýmist þessu. Það þarf að velja Ríkisútvarpinu stjórn sem er laus undan flokkspólitískum meiri hluta á Alþingi hverju sinni og það þarf að skilgreina mjög vel í hverju almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins er fólgið. Í hverju felast skyldur Ríkisútvarpsins umfram þær skyldur sem aðrir miðlar á fjölmiðlamarkaði hafa?

Almannaþjónustuhlutverkið og skilgreiningin á því er algjör forsenda ríkisframlagsins. Ef Ríkisútvarpið hefur ekki víðtæku almannaþjónustuhlutverki að gegna og ef það uppfyllir ekki sitt víðtæka almannaþjónustuhlutverk eru forsendur undir ríkisframlaginu brostnar og þá verður viðhorf samfélagsins á þá lund að það séu engin rök fyrir ríkisframlaginu.

Ef ríkissjónvarpið sendir bara út bolta, amerískar sápur, afþreyingarefni eða annað slíkt munu þær raddir heyrast, og þær heyrast núna, að engin rök séu fyrir því að leggja afnotagjöld eða nefskatt á fólk eða að vera að halda uppi sér-

stakri sjónvarpsstöð sem sé í eðli sínu ekkert öðruvísi en aðrar sjónvarpsstöðvar sem hér eru reknar, eins og Stöð 2, sem séu ekki með neina innlenda, metnaðarfulla dagskrárgerð, sem sé ekki að gera leikið efni sem lýsir íslenskum veruleika, sem sé ekki að senda út vandaða eða gera vandaða fræðsluþætti sem standi ekki fyrir öflugri, lýðræðislegri, gagnrýnni umræðu.

Ef Ríkisútvarpið stendur ekki undir slíkum skuldbindingum og ef Ríkisútvarpið uppfyllir ekki slíkar skuldbindingar af metnaði munu forsendur bresta fyrir ríkisframlaginu og þá mun viðhorf fólks til ríkisframlagsins breytast.

Því er gríðarlega mikilvægt að skilgreina vel almannaþjónustuhlutverkið og passa upp á það að Ríkisútvarpið standi undir því og eitthvert eftirlit sé með því að Ríkisútvarpið standi undir því. Að ekki sé búið til eitthvert ríkisfyrirtæki á fjölmiðlamarkaði, því afhentir tilteknir tekjustofnar, búið til um það hlutafélagaform og því sé bara sagt að fara og keppa á þessum markaði. Vegna þess að þá erum við ekki lengur að tala um Ríkisútvarp sem hefur almannaþjónustuhlutverki að gegna.

En um hvað erum við þá að tala þegar við erum að tala um almannaþjónustuhlutverkið? Jú, við erum að tala um öfluga fréttamiðlun. Við erum að tala um öfluga menningarmiðlun þar sem gerð er grein fyrir fjölbreytni bæði íslensks samfélags og þess samfélags sem við á alþjóðavísu lifum og hrærumst í.

Það hlýtur að gera kröfu til þess að öflug fræðslustarfsemi sé á vegum slíks almannaþjónustuútvarps. Það sé innlend dagskrárgerð og framleitt sé leikið efni. Slíkt útvarp og sjónvarp tjái fjölbreytni samfélagsins. Það sýni íslenskt efni, norrænt efni, evrópskt efni og gerðar séu ákveðnar kröfur til þess að það endurspegli þann menningarheim sem við erum hluti af.

Ríkisútvarpið hefur nú ekki alltaf staðið mjög vel undir því. Ég hugsa að ýmis okkar hafi heyrt þær viðbárur hjá fólki þegar það hefur gerst. Ég man eftir því tímabili að helgi eftir helgi voru sýndar evrópskar myndir, franskar, ítalskar, danskar. Þá kom viðbáran: Af hverju er alltaf verið með þetta útlenda efni á ríkissjónvarpinu? Fólk var svo vant því að það væri bara engilsaxneskt efni þar, að þegar Ríkisútvarpið tók sig til og sýndi evrópskt efni fannst mönnum að þarna væri allt í einu farið að sjónvarpa útlendu efni í ríkissjónvarpinu. Þetta segir náttúrlega meira en mörg orð um það hvernig ríkissjónvarpið okkar hefur stundum verið. Því þarf að tryggja að það standi undir almannaþjónustuhlutverkinu sem er forsenda ríkisframlagsins.

Það skiptir líka máli, eins og ég sagði, að það væri laust undan viðskiptalegum hagsmunum. Þá mega ríkissjónvarpið og Ríkisútvarpið ekki vera of háð auglýsingum. Það verður að setja því ákveðin mörk hversu stór hluti af tekjum Ríkisútvarpsins kemur af auglýsingum. Samfylkingin hefur sett þetta viðmið að það eigi að vera sirka 15–20%. Og þá erum við ekki að ákveða hvernig auglýsingar það mega vera að hvar þær mega birtast, hvort þær eigi að vera í sjónvarpinu, útvarpinu, vefnum eða hvar það er, heldur að við reynum að setja ákveðið þak á hlutfall auglýsingatekna í tekjum Ríkisútvarpsins. Þar með erum við að feta okkur inn í það umhverfi sem markaðurinn hlýtur að gera kröfur um að Ríkisútvarpið fari inn á og umhverfi sem viðgengst í löndunum í kringum okkur, Norðurlöndunum og Bretlandi.

Þann 23. janúar síðastliðinn ræddi ég svolítið um TV2 í Danmörku sem fékk á sig verulegar sektir frá Evrópusambandinu vegna þess að talið var að það hefði í rauninni notað það framlag sem það hafði frá ríkinu til þess að standa undir samkeppnisrekstri. TV2 í Danmörku var rekið á svipuðum forsendum og okkar sjónvarp, ríkissjónvarpið, þ.e. hafði annars vegar aðgang að opinberu fé og hins vegar auglýsingatekjur. Það hafði ákveðnu almannaþjónustuhlutverki að gegna en var líka að keppa á markaði. Það varð niðurstaða Evrópusambandsins að almannaþjónustuhlutverk þeirrar stöðvar, TV2, væri ekki nægjanlega vel skilgreint og það hefði í rauninni misbeitt ríkisframlaginu sínu í samkeppni á markaði við aðrar stöðvar. Niðurstaðan varð sú að það var sektað um verulegar fjárhæðir.

Við megum ekki lenda í því með Ríkisútvarpið okkar sem getur auðvitað vel gerst ef menn skilgreina ekki betur almannaþjónustuhlutverkið og ef menn hleypa Ríkisútvarpinu bara í harða og óvægna samkeppni á markaði við aðra miðla. Þá mun ekki verða sátt eða friður um Ríkisútvarpið ef það gerist.

Þess vegna, til að tryggja m.a. þetta sjálfstæði útvarpsins í viðskiptalegu tilliti, teljum við mikilvægt að setja takmarkanir á auglýsingamagn Ríkisútvarpsins og feta okkur þannig inn í þetta annars konar rekstrarumhverfi. Þá er líka mikilvægt að setja kostun, að mínu viti, ákveðin mörk og tryggja að kostun á dagskrárliðum flæði ekki inn í dagskrárgerð Ríkisútvarpsins, þ.e. að einstakir kostunaraðilar geti ekki nánast keypt sig inn í útvarps- eða sjónvarpsþætti með fjárframlögum sínum.

En forsenda þess að Ríkisútvarpið hafi líka faglegt og pólitískt sjálfstæði — nú er ég að tala eiginlega um þetta viðskiptalega sjálfstæði — þ.e. að stjórn útvarpsins verði laus undan flokkspólitískum meiri hluta á þingi. Ég held að eina leiðin til að gera það — auðvitað er full ástæða til að pólitíkin beri ábyrgð á Ríkisútvarpinu vegna þess að Ríkisútvarpið er almannaþjónustuútvarp með ákveðna, afmarkað tekjustofna sem við sjáum því fyrir, þá þarf pólitíkin auðvitað að bera ákveðna ábyrgð gagnvart Ríkisútvarpinu. Það er ekkert óeðlilegt við það að stjórn Ríkisútvarpsins sé kosin á þingi og endurspegli að einhverju leyti pólitíkina á þinginu, þ.e. hlutföllin hér á þingi. En hún má ekki verða undir stjórn flokkspólitísks meiri hluta á þingi. Þess vegna er mikilvægt að starfsmenn Ríkisútvarpsins komi inn með fulltrúa sína í stjórnina til þess einmitt að losa um slík flokkspólitísk tengsl. Bæði Blaðamannafélag Íslands og Félag fréttamanna hafa einmitt lagst á þá sveif og hafa lagt það til að fulltrúar frá starfsmönnum komi inn í stjórn Ríkisútvarpsins til að klippa á þetta beina samband og aftengja, ef svo má segja, hið beina, flokkspólitíska forræði á Ríkisútvarpinu.

Umsagnir Félags fréttamanna og Blaðamannafélags Íslands eru að mörgu leyti mjög góðar og hægt að taka undir margt sem þar kemur fram varðandi hin faglegu atriði. Meðal annars kemur fram í umsögn Félags fréttamanna, með leyfi forseta:

„Félag fréttamanna leggur áherslu á að í 3. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins, verði kveðið með skýrum og ótvíræðum hætti á

um að meðal þeirra skyldna sé „að starfrækja almenna, víðtæka, sjálfstæða og hlutlæga fréttaþjónustu um og innlend og erlend málefni á hljóðvarps- og sjónvarpsformi", en þessa atriðis sér ekki með skýrum hætti stað í frumvarpinu eins og það er nú. Leggur félagið til að ákvæði þessa efnis verði bætt við frumvarpið."

Sem sagt Félag fréttamanna vill að skýrar sé kveðið á um þetta almannaþjónustuhlutverk eins og ég gat um áðan.

Þá kemur m.a. líka fram hjá Félagi fréttamanna að það „leggur áherslu á að aðgengi almennings í landinu að Ríkisútvarpinu sem opinberu hlutafélagi verði tryggt og að hann geti haft áhrif og komið skoðunum sínum á framfæri við Ríkisútvarpið ohf. Kveða verður skýrt á um þetta aðgengi í lögum."

Þetta er meðal þess sem Samfylkingin hefur líka lagt áherslu á og lagt til að almenningur eigi aðkomu að stefnumótun Ríkisútvarpsins fyrir tilstilli sérstaks hlustendaþings sem komi saman einu sinni á ári. Þetta hlustendaþing væri, held ég, gríðarlega mikilvægt fyrir stjórnendur og starfsmenn Ríkisútvarpsins að eiga aðgang að því slíkt hlustendaþing getur aðstoðað þá sem starfa og stjórna Ríkisútvarpinu við að greina hvernig starfsemin hefur verið á umliðnu ári. Þetta getur verið gagnrýnið hlustendaþing sem fer yfir það sem gert hefur verið og bendir á það sem betur má fara og aðstoðar við að móta stefnuna fyrir Ríkisútvarpið og hvernig það eigi að standa undir hlutverki sínu.

Félag fréttamanna leggur til, eins og ég sagði áðan, að fulltrúi starfsmanna komi að stjórn fyrirtækisins og síðan er í umsögn Félags fréttamanna bent á að það leggi áherslu á að „eldveggir", eins og það kallar það, verði viðhafðir innan fyrirtækisins til að verja sjálfstæða umfjöllun. Í því sambandi þurfi m.a. að huga að eftirfarandi atriðum:

„Tryggja þarf í frumvarpstextanum fullkomið sjálfstæði fréttaritstjórnanna gagnvart útvarpsstjóra og markaðsdeild ...". Þetta er auðvitað mikilvægt atriði og þetta er eitt af því sem Samfylkingin hefur lagt almennt mikla áherslu á í umfjöllun um fjölmiðla og sjálfstæði þeirra, að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði á miðlunum.

Síðan er sagt líka, með leyfi forseta:

„Tryggja þarf að við ráðningar og launaákvarðanir fréttamanna sé farið að faglegum sjónarmiðum. Þar á launaleynd ekki við. Forsendur séu öllum ljósar og fréttamenn gangist undir hæfnispróf áður en þeir eru ráðnir."

Þetta tel ég mjög mikilvægt, að ljóst sé gagnvart þeim sem starfa hjá Ríkisútvarpinu hvað er lagt til grundvallar við ráðningar í störf. Manni hefur virst oftar en ekki að það sem lagt sé til grundvallar séu ákveðin flokkspólitísk tengsl. Meðan það er ekki skilgreint og skýrt hvernig ráðningarferli á sér stað á Ríkisútvarpinu, inn á fréttastofur, þá mun það viðhorf liggja í landi að þar sé um flokkspólitískar ráðningar að ræða, þ.e. að ráðið sé inn á Ríkisútvarpið fremur eftir pólitískum skoðunum en faglegum sjónarmiðum.

Ekki svo að skilja að það geti ekki farið ágætlega saman, pólitískar skoðanir og fagleg sjónarmið. En það á auðvitað að liggja ljóst fyrir hvaða forsendur liggja til grundvallar og hvernig fréttamenn eru valdir til starfa á Ríkisútvarpinu.

Eitt af því sem bent er á í umsögn Félags fréttamanna og ég vil taka undir er að starfssvið útvarpsstjóra er ekki skýrt skilgreint í frumvarpinu, þótt viðurkennt sé að þörf sé á slíkri skilgreiningu. Þetta er eitt af því sem ég tel að þurfi að vera ljóst, þ.e. hvaða kröfur, hæfnis-, reynslu- og þekkingarkröfur eru gerðar til útvarpsstjóra, þó ég sé ekki að tala fyrir því að það sé sniðið við einhverjar tilteknar prófgráður, og hvert eigi að vera hlutverk hans og verkefni.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi farið yfir flest það sem ég tel að mætti betur fara í frumvarpinu og rökin fyrir því að ég tel að bæði af faglegum ástæðum og rekstrarlegum ætti ekki að ganga frá frumvarpinu, samþykkja það eins og það liggur fyrir, heldur að nýta það svigrúm sem núna gefst til að fara betur yfir málið og reyna að ná betur utan um Ríkisútvarpið þannig að það lendi ekki í þeim hremmingum á næstu mánuðum og missirum að verulegt ósætti verði um Ríkisútvarpið, um hlutverk þess, um stöðu þess og um það hvernig það beitir sér á markaði.

Við blasir, eins og málin eru núna og ef þetta heldur fram sem horfir, að Ríkisútvarpið verði á fjölmiðlamarkaðnum sem hlutafélag, laust við kvaðir ríkisrekstursins, komið með það svigrúm sem Ríkisútvarpið telur sig þurfa til að geta beitt sér á fjölmiðlamarkaðnum. Þarna verði komið hlutafélag með ríkisstyrk sem keppir miskunnarlaust á fjölmiðlamarkaði. Það er ávísun á átök, virðulegi forseti, það er ekki ávísun á sátt um rekstur Ríkisútvarpsins.

Ég er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að standa vörð um Ríkisútvarpið sem útvarp í almannaþjónustu, sem almannaútvarp. Það þurfi að styrkja mjög og skerpa á þjónustuhlutverki þess. Það þurfi að tryggja tekjustofna útvarpsins og tryggja þurfi að faglega sé staðið að málum, bæði varðandi stjórnun, ráðningar og rekstur Ríkisútvarpsins.

Virðulegur forseti. Ég ítreka og geri það í rauninni að mínu tilboði til stjórnarliða að svigrúmið verði nýtt fram í janúar til að skoða hvort ekki sé hægt að fara betur að þeim fjölmörgu ábendingum sem hafa komið fram frá Blaðamannafélaginu, frá fréttamönnum, frá aðilum sem keppa á þessum markaði, frá Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði og fleiri aðilum, um að skoða betur frumvarpið eins og það liggur fyrir og skapa um það meiri sátt.

[17:17]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem skiptir máli varðandi það frumvarp sem hér er til umfjöllunar er þetta: Í fyrsta lagi að Framsóknarflokkurinn er búinn að beygja Sjálfstæðisflokkinn af einkavæðingarstefnu RÚV. Í öðru lagi er verið að styrkja Ríkisútvarpið þannig að það má frekar segja að verið sé að stuðla að aukinni ríkisvæðingu með frumvarpinu eins og það er nú orðið eftir meðför menntamálanefndar.

Það vakti hins vegar athygli mína í dag, sem mig langar til að víkja nokkrum orðum að í þessu andsvari mínu, að hv. þm. Mörður Árnason sem er fulltrúi Samfylkingarinnar í menntamálanefnd gat þess að Samfylkingin væri nú farin að reka „gömlu framsóknarstefnuna" eins og hann kallaði það, þ.e. um að breyta Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem Samfylkingin tekur upp mál Framsóknarflokksins. Það er orðið nokkuð hefðbundið þrátt fyrir að traust kjósenda á nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar sé lítið eins og hv. síðasti ræðumað-

ur, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, gat um. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þingmann hvort þess sé að vænta að Samfylkingin muni þá síðar taka upp núverandi stefnu Framsóknarflokksins. Og síðan í öðru lagi hvernig þessi nýja stefna Samfylkingarinnar, eftir síðasta hringlandaháttinn, kemur heim og saman við skoðanir varaformanns Samfylkingarinnar sem styður það að Ríkisútvarpinu verði breytt í opinbert hlutafélag.

[17:19]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var dálítið merkileg yfirlýsing sem hv. 7. þm. Reykv. n., Guðjón Ólafur Jónsson, gaf hér. Hann sagði að Framsókn væri búin að beygja Sjálfstæðisflokkinn í þessu máli. Nú væri búið að svínbeygja Sjálfstæðisflokkinn, hann væri horfinn af einkavæðingarbrautinni sem hann hefði verið á áður. Þá skil ég það þannig að það hafi í rauninni staðið til að einkavæða Ríkisútvarpið, þ.e. selja hlutafélagið en Framsóknarflokkurinn hafi náð að koma í veg fyrir það og það segir manni þá auðvitað það hvað býr þarna að baki. Í raun og sann býr þá þarna að baki sú hugsun að selja hlutafélagið þegar tími og ráðrúm gefst til þess.

Hann talaði um ríkisvæðingu, þetta væri ríkisvæðing en ekki einkavæðing. Nú væri hins vegar Samfylkingin búin að taka upp gömlu framsóknarstefnuna og vitnaði þar í hv. þm. Mörð Árnason. Ég verð að játa að ég tel að við getum alveg verið fullsæmd af því að taka undir með fyrrverandi formanni Framsóknarflokksins Halldóri Ásgrímssyni á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins árið 2002 þar sem hann leggur áherslu á eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Að löggjöf um Ríkisútvarpið verði endurskoðuð með það að markmiði að tryggja hlutleysi þess og sjálfstæði og að stofnuninni verði áfram gert kleift að rækja mikilvægt menningarhlutverk sitt. Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag en í tengslum við endurskoðun löggjafar um Ríkisútvarpið verði kannað hvort rétt sé að breyta því í sjálfseignarstofnun," segir Halldór Ásgrímsson.

Við tökum heils hugar undir þessi orð fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins og auðvitað getum við ekki borið ábyrgð á því þó að Framsókn sé í slíku villuráfi sem raun ber vitni, að þeir séu ekki aðeins hlaupnir frá stefnu heldur líka frá kjósendum sínum og komnir eins og hér í Reykjavík niður í pilsnerfylgi eins og ég hef áður bent á.

[17:22]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það dugar lítt fyrir hv. þingmann að ræða um pilsnerfylgi í hverri ræðu sinni. Það breytir t.d. engu um þá ræðu sem hv. þingmaður flutti í Keflavík fyrir ekki svo löngu síðan og má gera oft að umræðuefni þar sem hv. þingmaður lýsti því yfir að kjósendur hefðu ekkert traust á þingmönnum Samfylkingarinnar. Hvert ætli sé þá traustið sem kjósendur hafa á þingmönnum Samfylkingarinnar í þessu máli? Það er auðvitað ekki neitt.

Hv. þingmaður viðurkenndi að Samfylkingin væri í sífellt auknum mæli að sækja í smiðju Framsóknarflokksins. Það er frjó hugsun, hæstv. forseti, að sækja sífellt eftir stefnumálum í gamlar stefnuskrár í Framsóknarflokknum. (Gripið fram í.) Og ekki er nú verra þegar hv. þingmenn Samfylkingarinnar eru farnir að gera orð formanns Framsóknarflokksins að sínum hvort sem það er núverandi formaður eða fyrrverandi. (Gripið fram í.)

Það var hins vegar annað, hæstv. forseti, sem hv. þm. vék sér alfarið frá að tala um. Það var afstaða hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar til þessa frumvarps menntamálaráðherra en hann hefur lýst yfir stuðningi við frumvarpið. Það er auðvitað eins og með annað í þeim ágæta flokki Samfylkingunni en þar er hver höndin upp á móti annarri og þjóðin, kjósendur treysta ekki þingmönnum, það skyldi þó ekki vera að það sé vegna þessa sundurlyndis sem alltaf er og hefur einkennt þennan flokk alla tíð? Hvernig fer þessi afstaða hv. þingmanns heim og saman, varaformanns flokksins, við þá ræðu sem hv. þingmaður og formaður Samfylkingarinnar flutti áðan?

[17:24]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyrði það á mæli hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar að hann dró í efa að frjóa hugsun væri að sækja til Framsóknarflokksins en ég verð þó að játa að mér fannst ræða fyrrverandi flokksformanns varðandi Ríkisútvarpið bara nokkuð góð og alveg full ástæða til að taka undir hana og ástæðulaust fyrir þingmanninn að vera að snupra fyrrverandi formann sinn með þessum hætti.

Það er auðvitað alveg rétt að það er talsvert af fólki sem hefur flúið Framsókn og sótt yfir til Samfylkingarinnar en það sem er dapurlegt er að Framsóknarflokkurinn virðist ekki koma neinum vörnum við. Hann kemur engum vörnum við í því kæfandi faðmlagi við Sjálfstæðisflokkinn sem er algerlega að fara með hann og kominn með hann niður í það fylgi sem raun ber vitni og undan því getur þingmaðurinn ekki hlaupið (Gripið fram í.) og hann getur heldur ekki kallað sig hér úr hliðarsal undan þeirri staðreynd.

Þingmaðurinn spurði um afstöðu varaformanns Samfylkingarinnar, Ágústs Ólafs Ágústssonar, til þessa máls og hann fór rangt með að hann hefði lýst yfir stuðningi við þetta frumvarp. Það hefur hann ekki gert. Hins vegar hefur hann talið að hlutafélagaformið gæti vel komið til greina. Það er reyndar rétt að rifja það upp fyrir hv. þingmanni að ég sagði það í ræðu minni að í sjálfu sér hefði ég ekkert á móti hlutafélagaforminu varðandi ríkisrekstur en þá og því aðeins að menn ætluðu sér annaðhvort að leita til fleiri aðila á markaðnum eða selja eða ætluðu sér í annars konar opinberan rekstur en ætlunin er með Ríkisútvarpinu. Ég tel að þetta sé óheppilegt form að velja Ríkisútvarpið, ég tel að það sé rangt, ég tel að það muni leiða til togstreitu um Ríkisútvarpið og þess vegna eigi ekki að velja hlutafélagaformið, þess vegna eigi að velja sjálfseignarstofnunarformið. Það er niðurstaða mín af þessu máli.

[17:26]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Sjálfstætt og öflugt almannaútvarp var yfirskriftin að stefnu sem Samfylkingin kynnti á blaðamannafundi í morgun. Þar eru sundurliðuð meginsjónarmið okkar jafnaðarmanna í því langvinna deilumáli sem nú er uppi um Ríkisútvarpið, og segja má að hafi verið uppi allt það kjör-

tímabil sem nú er að enda, um fjölmiðlamálin almennt. Það hófst fyrir nokkrum árum með hinu fræga fjölmiðlafrumvarpi sem lagði ríkisstjórn Íslands nánast í rúst og batt enda á stjórnmálaferil Halldórs Ásgrímssonar og Davíðs Oddssonar, held ég að megi segja. Það heldur nú áfram í þeim misheppnaða pólitíska leiðangri sem hæstv. menntamálaráðherra hefur verið í um nokkurra ára skeið með nýjum lögum um Ríkisútvarpið þar sem menntamálaráðherra hefur mistekist vetur eftir vetur með nánast fordæmalausum hætti að koma lögunum í gegnum Alþingi. Stefnir allt í að sá leiðangur sé að misheppnast í þriðja skiptið þar sem búið er að fresta 3. umr. fram yfir nýár, fram í janúar/febrúar, um þetta mislukkaða, illa ígrundaða og vonda pólitíska mál sem lagafrumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. er að nánast öllu leyti.

Það er sjaldan sem stjórnmálaleiðangur misheppnast með eins afdráttarlausum hætti og tilraunir hæstv. menntamálaráðherra til að koma lögum yfir Ríkisútvarpið. Það er sama hvort litið er til áframhaldandi pólitískrar stjórnunar Sjálfstæðisflokksins á Ríkisútvarpinu, það er ekki verið að létta á henni með þessu frumvarpi, þó svo að stjórnun stofnunarinnar sé breytt töluvert er áfram pólitískt kverkatak meiri hlutans á Alþingi á stofnuninni í gegnum það að stjórn Ríkisútvarpsins ohf. verður kosin árlega.

Valin er versta hugsanlega fjáröflunarleiðin, sem er nefskatturinn sem er dæmdur til þess að verða afskaplega óvinsæll meðal almennings og til þess gerður að auka á ósætti um stofnunina, sem nú þegar fær tæpa 3 milljarða kr. á ári, helminginn af því sem Háskóli Íslands kostar íslenska ríkið, og eru náttúrlega gífurlegir fjármunir.

Rekstrarformið er fráleitt, að mínu mati, og kemur ekki til greina fyrir þessa stofnun eins og hv. formaður Samfylkingarinnar kom inn á áðan, og hentar ekki utan um það sem hér um ræðir. Hefur verið margsýnt fram á það, og ekki síst í ljósi reynslunnar, að sjálfseignarformið utan um ýmiss konar rekstur í almannaþágu hefur gengið ákaflega vel í íslensku þjóðlífi síðustu ár og áratugi og virðist einboðið að fara þá leið, eins og Framsóknarflokkurinn lagði svo þunga áherslu á fyrir nokkrum árum og fullyrti að flokkurinn mundi aldrei sætta sig við að farin yrði hlutafélagaleiðin.

Þá misheppnast það í öllum meginatriðum að endurskilgreina hlutverk Ríkisútvarpsins, hins nýja öfluga almannaútvarps. Það er engin vitleg eða boðleg tilraun gerð til þess í frumvarpinu að endurskilgreina það heldur er talið upp í belg og biðu nánast allt sem undir slíka stofnun getur heyrt. Það er engin spurning að með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag án þess að takmarka að neinu leyti, miðað við núverandi ástand, umfang hins ríkisrekna fjölmiðils á auglýsingamarkaði, þá er verið að auka samkeppnisforskot Ríkisútvarpsins verulega. Það gefur augaleið að það mun að sjálfsögðu bitna mjög harkalega á einkareknu fjölmiðlunum, ekki þarf að fara í ítarlegar umræður um það til að komast að þeirri niðurstöðu. Það eru 20 ár síðan frjáls ljósvakamiðlun var tekin upp á Íslandi með lögum frá Alþingi. Einkareknir ljósvakamiðlar hafa verið á íslenskum fjölmiðlamarkaði í 20 ár. Allan þann tíma hafa þeir barist í bökkum, allan þann tíma hafa þeir barist fyrir lífi sínu og allan þann tíma hefur rekstur þeirra gengið nokkuð rysjótt og oft illa. Oft hefur skort fjármagn til miðlanna og í okkar litla samfélagi þarf að sjálfsögðu að gæta mikillar sanngirni gagnvart einkareknum miðlum á markaði í ljósi hins opinbera. Þess vegna er algerlega fráleitt að ætla hinu nýja ríkisútvarpi þá stöðu sem það hefur hér og ekki er farin sú leið að takmarka auglýsingatekjur t.d. með það að markmiði, eins og Samfylkingin leggur til, að þær verði ekki hærri en 15–20% af heildartekjum Ríkisútvarpsins sem er sanngirnisleið, þá er sett þak á umfang stofnunarinnar á auglýsingamarkaði. Um leið er komið með sanngjörnum hætti til móts við bæði auglýsendur sem vilja hafa aðgang að þessum sterka og öfluga miðli, svo og einkareknu ljósvakamiðlana, burt séð frá því hverjir eiga þá hverju sinni. Allir vita að forsvarsmenn 365 og Fréttablaðsins í dag eru helbláir sjálfstæðismenn. Það vita allir að Ari Edwald og Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins, eru helbláir sjálfstæðismenn. En það skiptir engu máli. Okkur ber skylda til þess á hinu háa Alþingi að setja sanngjörn lög þar sem jafnræði er virt, þar sem stjórnarskráin er virt og þar sem við brjótum ekki gegn samkeppnislögum, og þó svo að íhaldið hafi fært fyrir því rök að sérlögin um RÚV taki samkeppnislögunum fram og þar með sé ekki verið að brjóta samkeppnislög með nýju frumvarpi um Ríkisútvarpið þá er þetta algerlega óboðlegt.

Þetta frumvarp er, eins og Davíð Oddsson sagði um árið um fjölmiðlafrumvarpið þáverandi, sáttagerðina miklu sem hæstv. menntamálaráðherra kynnti, verra en ekkert. Þessi nýju lög um Ríkisútvarpið eru ómöguleg hvar sem gripið er niður er í þau. Ríkisstyrkt hlutafélag á samkeppnismarkaði vegur að sjálfsögðu að tilveru og tilverurétti einkareknu ljósvakamiðlana. Við eigum hins vegar að efla sjálfstætt almannaútvarp með því að losa það undan flokkspólitískri stjórnun. Við eigum að gefa því eðlilegt og sanngjarnt svigrúm á auglýsingamarkaði. Við eigum að leggja til þess fé áfram, að mínu mati, eins og við gerum núna, það er ekki verið að tala fyrir því að dregið verði úr þessum 2,8 milljörðum. En sú 2,8 milljarða meðgjöf hins opinbera til almannamiðilsins verður að sjálfsögðu að eiga sér skýra réttlætingu í markmiðslýsingum fjölmiðilsins.

Ríkisútvarpið er að mörgu leyti fyrirtaksfjölmiðill, það rekur öflugar fréttastofur, framleiðir talsvert af þokkalegu og sæmilegu íslensku efni og sýnir að sjálfsögðu heilan helling af erlendu sjónvarpsefni sem hefur heilmikið afþreyingargildi þótt það hafi kannski ekki mikla sérstöðu gagnvart fjölmiðlun hinna ljósvakamiðlana. Þess vegna spyr ég: Hvert er hlutverk ríkisins á fjölmiðlamarkaði? Að drepa niður frjálsa fjölmiðlun í samkeppni um ameríska sápuóperur og skemmtiþætti? Það getur varla verið. Þess vegna er metnaðarfull framtíðarsýn stjórnenda Ríkisútvarpsins að sjálfsögðu ánægjuefni, enginn efast um hana, held ég, en við verðum að gæta þess að með nýju frumvarpi, sem að sjálfsögðu hefði átt að vinna í sátt og samstöðu við alla stjórnmálaflokkana á Alþingi, náist sátt um fjölmiðlaumhverfið almennt. Það er Framsóknarflokknum að kenna að svo er ekki. Sjálfstæðisflokkurinn hefur svínbeygt Framsóknarflokkinn aftur og aftur í þessu máli, niðurlægt flokkinn með nokkuð fordæmalausum hætti. Fyrir þremur árum sagði Framsóknarflokkurinn að það kæmi aldrei til greina að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Svo er búið að fara marga hringi og niðurlægja Framsóknarflokkinn aftur og aftur.

Á dögunum var haldin mikil flugeldasýning á vegum nokkurra framsóknarmanna. Nú skyldi íhaldinu sýnt í tvo heimana, það skyldi aldeilis brotið á bak aftur og var gert áhlaup að því að Framsóknarflokkurinn styddi það að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Eftir á er það ákaflega brosleg tilraun og eiginlega hlægileg. Fyrir því var engin innstæða og það hefur ekki komið fram með neinu móti á hinu háa Alþingi að Framsóknarflokknum hafi verið nokkur einasta alvara með þessu uppþoti. Þetta var að sjálfsögðu sýndarmennska og ekkert annað. Óskandi hefði verið að Framsóknarflokknum hefði verið alvara með það að reyna að koma þessu frumvarpi út af borðinu sem verður vonandi aldrei að lögum í þessari mynd. Til að undirstrika uppþot framsóknarmanna sendi stjórn Sambands ungra framsóknarmanna frá sér ályktun um málið og hún er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna leggst gegn því að frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. verði samþykkt, og RÚV þannig gert að hlutafélagi. SUF telur að hagsmunum RÚV og almennings sé ekki best borgið með breytingu af þessu tagi, og telur vænlegra að skoða kosti þess að gera RÚV að sjálfseignarstofnun. Bendir SUF á að þekktasta almenningsútvarp heims, BBC í Bretlandi, er rekið sem sjálfseignarstofnun og er sem slíkt leiðandi í framleiðslu á bæði menningar og afþreyingarefni. Þá telur SUF að málið sé ekki nægjanlega undirbúið og telur það fráleitt að frumvarpið hafi verið lagt fram á Alþingi" — ég endurtek, virðulegi forseti, Samband ungra framsóknarmanna telur það fráleitt að frumvarpið hafi verið lagt fram á Alþingi — „án þess að afstaða hafi verið tekin til stórra spurninga, svo sem aðkomu RÚV að auglýsingamarkaði sem og stöðu RÚV á samkeppnismarkaði almennt. Stíga þarf mjög varlega til jarðar svo að ekki myndist fákeppni á þeim markaði með tilheyrandi neikvæðum áhrifum fyrir neytendur." — Og taka þar undir ungir framsóknarmenn sem hafa farið mikinn hér í þinginu í líki þeirra hv. þingmanns Guðjóns Ólafs Jónssonar og hv. varaþingmanns Björns Inga Hrafnssonar. Áfram segir hér, virðulegi forseti: „SUF leggur áherslu á nauðsyn þess að hér á landi starfi öflugt ríkisútvarp, sem nái til allra landsmanna og hafi ákveðnum skyldum að gegna við framleiðslu á innlendu dagskrárefni. Það að breyta RÚV í hlutafélag telur SUF hins vegar aðeins vatn á myllu andstæðinga RÚV og þeirra sem vilja einkavæða starfsemi þess. SUF hvetur því þingmenn til þess að samþykkja ekki fyrirliggjandi frumvarp, en þess í stað leggja fyrir menntamálaráðherra að hefja undirbúning að því að breyta RÚV í sjálfseignarstofnun sem hafi að fyrirmynd breska ríkisútvarpið BBC."

Svo mörg voru þau orð og þannig fór um flugeldasýningu þá hjá ungum framsóknarmönnum, það varð sem sagt ekkert úr henni. Engar breytingar urðu á frumvarpinu að svo komnu máli a.m.k. Við 2. umr. í dag hefur enginn framsóknarmaður talað fyrir þeim breytingum sem Samband ungra framsóknarmanna lagði svo mikla áherslu á. Hv. varaþm. og formaður borgarráðs, Björn Ingi Hrafnsson fór hamförum í tveimur fjölmiðlum heila helgi, þannig að landsmenn fengu engan frið, og fullyrti að ekki kæmi til greina af hálfu meiri hluta framsóknarmanna að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag. Síðan er liðinn hálfur mánuður og ekkert hefur spurst til þessarar skoðunar. Þessi meiri hluti framsóknarmanna er jafn heillum horfinn og restin af fylgi Framsóknar í skoðanakönnunum. Enginn framsóknarmannanna hefur talað fyrir því viðhorfi í dag, að það komi ekki til greina að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag og að leggja eigi fyrir menntamálaráðherra að breyta því í sjálfseignarstofnun að fyrirmynd breska ríkisútvarpsins BBC. Fyrir þessu hefur enginn talað í dag og er það miður.

Við leggjum það til, jafnaðarmenn, að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun með eigin stjórn sem Alþingi kýs og að auki eigi starfsmenn Ríkisútvarpsins fulltrúa í stjórninni. Þannig sé tryggt að ekki myndist ríkisstjórnarmeirihluti í stjórninni. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Ein af grundvallarbreytingum sem gera þyrfti á þessu frumvarpi til þess að það kæmi til álita að styðja það er annars vegar að breyta rekstrarforminu í sjálfseignarstofnun og hins vegar að breyta ákvæðinu um stjórn stofnunarinnar í þá veru sem hér er lagt til. Meiri hlutinn á Alþingi hefði þá ekki árlega pólitískt kverkatak á stofnuninni þar sem stjórnin yrði öll kosin upp á nýtt árlega á Alþingi og það væri eilíflega ríkisstjórnarmeirihluti í stjórninni þar sem mönnum yrði skipt út ef þeir færu ekki eftir því sem meiri hlutinn og sitjandi menntamálaráðherra vildu hverju sinni. Þetta er algert grundvallaratriði og eitt af því versta í þessum misheppnaða pólitíska leiðangri hæstv. menntamálaráðherra, sem bíður nú í þriðja sinn afhroð, þriðja tilraunin til að koma Ríkisútvarpinu í gegnum þingið er í uppnámi núna þar sem búið er að fresta afgreiðslu málsins fram yfir áramót og segja má, semja það út af borðinu. Ekki eru miklar líkur á því að þetta misheppnaða mál hæstv. menntamálaráðherra verði nokkurn tíma að lögum í þessari mynd, enda mælir allt á móti því og maður finnur að það er vaxandi þungi í andstöðunni við málið úti í samfélaginu. Mun ég stikla á stóru um það á eftir og vitna til nokkurra umsagna sem komu til menntamálanefndar máli mínu til stuðnings.

Ríkisútvarpsmálið er að verða ríkisstjórninni sami misheppnaði pólitíski leiðangurinn og fjölmiðlafrumvarpið var á sínum tíma þegar setja átti fjölmiðlalög hér á landi til að knésetja eitt tiltekið fyrirtæki í fjölmiðlarekstri. Það átti að koma Baugi út úr fjölmiðlarekstri með mjög undarlegum frumvörpum sem tóku sífelldum breytingum eftir því hvernig málinu vatt fram en alltaf með það að markmiði að klekkja á 365 fjölmiðlum. Það var með ólíkindum að ætla að ganga þannig fram við lagasetningu. Allir vita hvernig fór um sjóferð þá. Eftir að forseti lýðveldisins beitti málskotsrétti sínum og vísaði málinu fyrir dóm þjóðarinnar voru lögin numin úr gildi og niðurlæging ríkisstjórnarinnar í málinu var alger og hefur hún aldrei borið sitt barr síðan. Eins og skoðanakannanir gefa til kynna núna er ríkisstjórnin kolfallin, það eru litlar líkur á að hún nái aftur vopnum sínum, og ekki verður þessi dapurlegi leiðangur hæstv. menntamálaráðherra til að koma þessum lögum í gegnum þingið, þriðja sinnið í röð, til þess að koma ríkisstjórnarmeirihlutanum aftur á lappirnar.

Við í stjórnarandstöðunni leggjum fram frávísunartillögu sem örlítið hefur verið rætt um í dag. Í nefndarálitinu segir um þá tillögu, með leyfi forseta.

„Í ljósi þess sem að framan greinir eiga fulltrúar minni

hlutans ekki annars úrkosti en að flytja eftirfarandi tillögu:

Þar sem

a. fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að sams konar frumvarp um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá,

b. vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins stenst reglur Evrópuréttar,

c. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,

d. með ákvæðum um tekjur af auglýsingum og kostun er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsinga- og kostunarmarkaði án þess að ljóst sé um sérstakt hlutverk þess umfram aðrar stöðvar,

e. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum," — þetta er mjög kjarnyrt og góð tillaga; og hún heldur áfram:

„f. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu" með tilnefningum frá almannasamtökum, samanber m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,

g. alls óljóst er hvernig háttað verður um innlent efni í dagskrá Ríkisútvarpsins til frambúðar,

h. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá" virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,

i. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,

j. nefskattur, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,

k. við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði hérlendis og á EES-vettvangi,

l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi."

Í ljósi þessa leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá.

Þetta var nokkuð tæmandi yfirlit yfir helstu skavankana á þessu afleita máli sem hæstv. menntamálaráðherra lætur sig hafa að leggja fyrir þingið einu sinni. Bara til að fá sömu útreið aftur.

Ég ætla að vísa í nokkrar umsagnir. Mikill fjöldi umsagna barst menntamálanefnd og margar afskaplega athyglisverðar sem undirstrika hver með sínum hætti þá miklu meinbugi sem eru á frumvarpinu um Ríkisútvarpið. Í fyrsta lagi er fjallað um það sem lýtur að pólitískri stjórn á stofnuninni. Í öðru lagi er tekið til rekstrarformsins, sem er afar óheppilegt um slíka starfsemi. Í þriðja lagi fjalla menn um umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Í fjórða lagi er rætt um hlutverk nýs, sjálfstæðs, öflugs almannaútvarps á nýjum tímum og að lokum um fjáröflunarleiðina þar sem valin er versta hugsanlega leiðin, þ.e. nefskattur.

Ekki er hægt að líta fram hjá því að hlutafélagaformið greiðir jafnframt leiðina að einkavæðingu Ríkisútvarpsins í heild eða að hluta. Það er ekki hægt að líta fram hjá því atriði þar sem hluti þingflokks sjálfstæðismanna er einarður í baráttunni fyrir því að Ríkisútvarpið verði selt. Með þessu yrði að sjálfsögðu stigið skref í þá átt. Að því lýtur samkomulag Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, þ.e. að Framsóknarflokkurinn lætur beygja sig með því að gera stofnunina að hlutafélagi fyrst að tímabundin trygging er fengin fyrir því að selja það ekki í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Samfylkingin leggst alfarið á mót einkavæðingu Ríkisútvarpsins og telur að hlutafélagsformið henti illa starfsemi almannaútvarps. Þá er ákaflega óljóst hvert hlutverk hins nýja fyrirtækis á að vera, eins og við jafnaðarmenn á Alþingi höfum gagnrýnt í öllum þeim umræðum sem hafa farið fram um Ríkisútvarpið á síðustu missirum. Í þessu nýja frumvarpi er óljóst hvert hlutverkið á að vera. Hinar óljósu skilgreiningar gefa því undir fótinn að hlutafélaginu sé, með aðstoð ríkisins, ætlað að keppa á samkeppnismarkaði við aðrar útvarpsstöðvar. Við höfum sérstaklega tekið til að það gangi ekki upp gagnvart einkareknu ljósvakamiðlunum hvað varðar auglýsingar og kostun.

Þar er keppt mjög harkalega um lítinn markað. Svigrúm frjálsrar fjölmiðlunar á ljósvakamarkaði er afar takmarkað, nái frumvarpið fram að ganga. Það er dapurlegt að fylgjast með fyrrverandi baráttumönnum fyrir hinu frjálsa framtaki og einkavæðingu að ætla að keyra þennan óskapnað í gegnum þingið. Það er alveg með ólíkindum að fylgjast með því. Annars vegar er barist fyrir því að selja útvarpið og hins vegar fyrir því að ríkisvæða ljósvakann á Íslandi. Það er ömurlegt að fylgjast með því, virðulegi forseti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnarmeirihluti í útvarpsráðinu nýja ráði útvarpsstjóra og reki að vild. Fyrirtækið er því áfram undirselt flokkspólitískum afskiptum og inngripum ef valdhöfum þykir þurfa. Frægt er að endemum fréttastjóramálið fyrir nokkrum missirum sem ætlaði allt um koll að keyra. Þar gengu framsóknarmenn í ríkisstjórninni einu feti of langt og allt varð vitlaust. Þeir urðu að afturkalla fréttastjórann, sem sat ekki nema frá morgunkaffi og fram að hádegi. Annar var fenginn og friður komst á. Það var mjög alvarlegt dæmi um pólitíska misbeitingu ríkisstjórnarflokkanna á Ríkisútvarpinu.

Koma þarf í veg fyrir ítrekaðar tilraunir til pólitískra inngripa og þess vegna hefði verið mikilvægt að fara þá leið sem Samfylkingin leggur til, sem er sú að að auki eigi starfsmenn Ríkisútvarpsins fulltrúa í stjórninni, sem er sjálfsagt mál. Þannig er tryggt að ekki myndist ríkisstjórnarmeirihluti í stjórninni. Það væri mikil bót á þessu frumvarpi.

Þá ber einnig að harma að nefskattsleiðin skuli valin þar sem nefskatturinn er almennt óheppileg leið til tekjuöflunar, sérstaklega fyrir fjölmiðil, og ólíklegur til að efla samstöðu um stofnunina. En auðvitað þarf að vera víðtæk sátt og samstaða um rekstur Ríkisútvarps almennt sem fær um 3 milljarða kr. á ári frá almenningi, úr vösum skattgreiðenda. Það væri að mínu mati hægt að réttlæta með góðum og öflugum almannamiðli sem tryggði hlutlausa, fyrsta flokks fréttamiðlun, framleiðslu á innlendu efni, miðlun á menningartengdu efni hljóðvarps og sjónvarps sem ekki er sinnt

annars staðar o.s.frv. Það er ekki málið og margt af því gerir Ríkisútvarpið ljómandi vel í dag.

Ef Ríkisútvarpið losnaði við inngrip og fyrirstöður Sjálfstæðisflokksins tel ég að fjölmiðillinn mundi blómstra, ekki síst fengi hann lagaumgjörð sem hentaði, eins og þá sem við leggjum til, að útvarpið yrði sjálfseignarstofnun þar sem umfangið á auglýsingamarkaði yrði takmarkað að einhverju leyti og erindið nokkuð skýrt. Erindi hins nýja, sjálfstæða og öfluga almannaútvarps yrði skýrt. Þetta frumvarp þyrfti að taka stakkaskiptum til að möguleiki væri á því að það yrði til bóta fyrir Ríkisútvarpið.

Í athyglisverðri umsögn frá Útvarpi Sögu sem er undirrituð af Arnþrúði Karlsdóttur útvarpsstjóra segir m.a. um frumvarpið, með leyfi forseta:

„Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 2. töluliðs í 4. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið hafi heimild til þess að afla tekna með því að selja og birta auglýsingar er tengjast dagskrárefni í útvarpi og öðrum miðlum. Samkvæmt núgildandi lögum er t.d. óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á heimasíðu Ríkisútvarpsins samanber niðurstöðu umboðsmanns Alþingis ... Það fyrirkomulag að Ríkisútvarpið skuli vera áfram á kostunar- og auglýsingamarkaði hlýtur að teljast mjög ósanngjarnt sérstaklega í ljósi þess að Ríkisútvarpinu eru tryggðar tekjur úr ríkissjóði. Með þessu nýja frumvarpi er stefnt að því að stórauka auglýsingatekjur útvarpsins með því að heimila RÚV að selja og birta auglýsingar á netinu."

Fyrir þetta atriði var tekið að kröfu stjórnarandstöðunnar í nefndinni. Áfram segir, virðulegi forseti:

„Því hefur verið haldið fram að með framlögðu frumvarpi sé verið að lögfesta það fyrirkomulag sem sé eðlisskylt því ástandi sem ríkir í nágrannalöndum okkar, þar á meðal á hinum Norðurlöndunum. Þessi staðhæfing er alröng," segir Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri Útvarps Sögu.

Í lokin segir hún að ríkisfjölmiðlar á hinum Norðurlöndunum, þ.e. í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, banni alfarið auglýsingar bæði í útvarpi og á netinu. Það er grundvallarmunur á stöðu hinna norrænu ríkismiðlanna og RÚV. Þetta er algjört grundvallaratriði. Hið sama á við um BBC, sem er líklega einn besti fjölmiðill í heiminum, sem hefur blómstrað sem aldrei fyrr undir stjórn Verkamannaflokksins síðustu níu ár og fer á kostum. Að sjálfsögðu eigum við að leita í smiðju til Norðurlandanna og Bretlands en ekki fara þessa afkáralegu fjallabaksleið sem hæstv. menntamálaráðherra er á þriðja skipti, einum misheppnaðasta leiðangri sem hún hefur farið í hvað varðar Ríkisútvarpið hingað til. Það er eftirtektarvert hvað frumvarpið tekur litlum breytingum til hins betra á milli ára.

Þetta mál er að verða minnisvarðinn yfir kjörtímabili ríkisstjórnarinnar. Vandræðagangurinn í málefnum íslenskra fjölmiðla er algjörlega dæmalaus og með ólíkindum. Ég held að enginn hefði séð slíkt fyrir við upphaf kjörtímabilsins þar sem lítið var rætt um fjölmiðlaumhverfið nema af örfáum baráttumönnum fyrir betrumbótum á því sviði úr liði stjórnarandstöðunnar.

Mörg önnur innsend erindi til menntamálanefndar vöktu athygli og renndu stoðum undir málflutning stjórnarandstöðunnar í málinu, sem hefur verið sameinuð í málinu, leggur fram sameiginlegt nefndarálit og vel rökstudda frávísunartillögu í þessu máli. Í mjög athyglisverðu erindi frá Viðskiptaráði Íslands er undirstrikað mikilvægi þess að gæta verði sanngirni gagnvart einkareknu ljósvakamiðlunum við lagasetningu um Ríkisútvarpið. Niðurstaða Viðskiptaráðsins, sem er undirrituð af Davíð Þorlákssyni, lögfræðingi þess, er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi menntamálaráðherra er verið að blása til sóknar í ríkisrekstri gegn einkarekstri sem hefur þegar haslað sér völl á markaðnum. Þessi framganga ríkisins spillir heilbrigðum rekstrarskilyrðum á fjölmiðlamarkaði. Þannig liggur í augum uppi að ef frumvarpið fjallaði ekki um Ríkisútvarpið heldur fyrirtæki í einhverri annarri atvinnustarfsemi í landinu sæist glögglega hve frávik frá eðlilegum leikreglum markaðarins eru hrópandi í frumvarpinu."

Ég tek undir hvert einasta orð, virðulegi forseti, með Viðskiptaráðinu í þessu efni. Áfram segir:

„Að sama skapi hefur Viðskiptaráð margoft bent á það að ríkinu beri skylda til að sporna gegn frekari útgjaldaþenslu með því að gæta aðhalds í rekstri sínum, draga úr starfsemi hins opinbera ...Fyrirliggjandi frumvarp um Ríkisútvarpið er síst til þess fallið að uppfylla slíkar skyldur."

Nú geta menn deilt um þessa málsgrein. En þó hlýtur það að vera frumskylda hins opinbera að gæta jafnræðis gagnvart atvinnurekstri á sama markaði og starfsemi hins opinbera. Fram að þessu hefur verið nokkuð víðtæk sátt um að ríkið skuli halda úti opinberum ljósvakamiðli. Það er t.d. ekki sátt, að ég tel, um að Ríkisútvarpið stofnsetji dagblað og fari að reka dagblað í bullandi samkeppni við Morgunblaðið, Blaðið og Fréttablaðið. Þeir eru ekki enn þá farnir að tala fyrir því hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem annars vegar vilja selja Ríkisútvarpið og hins vegar ríkisvæða ljósvakann. Nú bíður maður eftir því að þeir fari að berjast fyrir því að stofna ríkisdagblað. Þá væru þeir komnir í hring, þangað sem þeir stefna með þessu frumvarpi.

En ég tel að enn þá sé sátt um að ríkið reki ljósvakafjölmiðil, öflugt sjónvarp og öflugt útvarp sem gegnir hlutverki og miðlar öðru efni en hinir einkareknu miðlar gera. En það er hins vegar fullkomlega óásættanlegt á þessum litla markaði að fyrirferð og umfang ríkisins á markaðnum verði með þeim hætti í framtíðinni að hún boli einkarekstri þannig frá að framleiðsla á íslensku efni, miðlun frétta og rekstur á einkarekinni fréttastofu eins og Fréttastofu Stöðvar 2 verði lögð af. Nú veit enginn hvort það gerist eða ekki, það hefur enginn hugmynd um. En ef ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins ætlar áfram að þrengja að einkarekstri á ljósvakamarkaði þá endar það að sjálfsögðu með ósköpum. Ef Sjálfstæðisflokknum tekst að ríkisvæða ljósvakann með þeim hætti sem hér er verið að gera þá endar það með því að eitthvað gefur eftir. Það er með ólíkindum að fylgjast með Sjálfstæðisflokknum í þessu máli, algerlega með ólíkindum. Fyrst koma helstu talsmenn frjálsra viðskipta í Sjálfstæðisflokknum fram og flytja frumvarp um að selja Ríkisútvarpið. Nokkrum mánuðum seinna eru þeir farnir að berjast fyrir því að það eigi að ríkisvæða ljósvakann með því að gera Ríkisútvarpið miklu öflugra og segja að það komi ekki til greina að selja útvarpið, það sé alls ekki verið að stíga skref í þá átt. Þar eru þeir komnir í marga hringi, blessaðir menninir. Þess vegna er athyglisvert að líta til álita frá þeim

stofnunum sem fram að þessum undarlega áratug í sögu Sjálfstæðisflokksins voru kannski þau samtök sem höfðu hvað mest áhrif á pólitíska skoðanamyndun innan flokksins, atvinnulífið, viðskiptaráðið og fleiri aðilar. Þeir eru nú algerlega á skjön við Sjálfstæðisflokkinn í málinu sem er kominn út í einhverjar ógöngur, eitthvert undarlegt fen sem hann kemst ekki upp úr nema kannski með ráðherraskiptunum næsta vor þegar hægri stjórnin fellur og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hundskast af bekkjunum. Þá loksins kemst ríkisstjórnin út úr þessum ógöngum. Það er undirstrikað vel hér.

Aðeins um rekstrarformið en í erindi viðskiptaráðs segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðskiptaráð getur tekið undir þær raddir að heppilegt sé að færa RÚV í nútímalegra rekstrarform en áréttar um leið að tilgangur slíkrar breytingar eigi að vera að liðka fyrir sölu einstakra rekstrareininga þess."

Sem sagt, einungis réttlætanlegt ef á að selja. Nú er ég eindregið á móti því að selja Ríkisútvarpið. Sjálfstæðisflokkurinn segist vera á móti því, Framsóknarflokkurinn var á móti því, a.m.k. síðast þegar fréttist en um leið og þeir vildu alls ekki gera það að hlutafélagi, þá voru þeir líka á móti því. Það kemur kannski í ljós ef hv. þingmenn, t.d. Hjálmar Árnason og Guðjón Ólafur Jónsson, sem hafa farið mikinn í málefnum útvarpsins í dag og síðustu missiri, koma með sínar glöggu framsögur síðar í kvöld. Hvar er Framsóknarflokkurinn í dag? Það er stóra spurningin í dag. Framsóknarflokkurinn hefur haft fjórar afstöður á þremur árum. Ég held að sá vingulsháttur Framsóknarflokksins í málefnum Ríkisútvarpsins sé einhvers konar met. Flokkurinn hefur skipt um skoðun jafnoft og Sjálfstæðisflokkurinn hefur kreppt hnefann framan í þá og í hvert sinn sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur hótað þeim einhverju ef þeir samþykki ekki málið þá hefur flokkurinn beygt af leið og samþykkt hverja vitleysuna á fætur annarri.

Samtök atvinnulífsins hafa lagst mjög harkalega gegn þessu frumvarpi á mjög málefnalegum forsendum að því er mér finnst og ég ætla að vísa í nokkrar þeirra, með leyfi forseta:

„En nú er Ríkisútvarpið staðreynd og starfar á fjölmiðlamarkaðnum í mikilli samkeppni við önnur fyrirtæki. Með áformuðum breytingum verður Ríkisútvarpið mun öflugri keppinautur en áður þar sem sveigjanleikinn í rekstrinum verður aukinn og litlar hömlur eru lagðar á þróun starfseminnar. *Þótt sérstaklega sé kveðið á um fjárhagslegan* aðskilnað á milli útvarpsþjónustu í almannaþágu og annars reksturs er ekki líklegt að það muni virka í þessu tilviki þar sem skilgreiningin á útvarpsþjónustu í almannaþágu er svo rúm að hún getur náð yfir langstærstan hluta starfsemi RÚV. Því er hætt við að mjög þrengi að keppinautum Ríkisútvarpsins og það fái algera yfirburði á markaðnum í krafti 2,8 milljarða kr. árlegs ríkisstyrks, með þeim afleiðingum að í heild verði framboð af efni fábreyttara og einhæfara en það er nú. Með hliðsjón af þessu verður að mati Samtaka atvinnulífsins aldrei friður um Ríkisútvarpið ohf. í fyrirhugaðri mynd.

Samtök atvinnulífsins telja að önnur leið sé æskilegri. Hún felst í því að Ríkisútvarpið starfi á sambærilegum grunni og önnur fyrirtæki á markaðinum, þ.e. verði áskriftarmiðill án skylduáskriftar, leiti eftir viðskiptavinum eins og keppinautarnir og hefði af því tekjur. Hins vegar þarf líka að huga að því hvernig Ríkisútvarpið þróast frá stofnun að fyrirtæki og væri ekki óeðlilegt að einhver aðlögunartími gæfist. Slíkt mætti gera með því að stofna sérstakan sjóð fyrir framleiðslu og dreifingu á íslensku menningarefni sem hefði t.d. 700–800 millj. kr. árlega til ráðstöfunar. Í fyrstu gæti allt þetta fé runnið til útvarpsins ohf. vegna umframkostnaðar fyrirtækisins en smám saman eða á 10 ára tímabili ætti föst hlutdeild þess að lækka en hinn hluti styrksins að úthlutast á samkeppnisgrundvelli. Ríkisútvarpið jafnt sem aðrir framleiðendur og dreifiaðilar hefðu því aðgang að þessu fé. Þannig gætu smám saman fleiri komið að framleiðslu og dreifingu efnis sem mundi tryggja aukna fjölbreytni og stuðla að meiri gæðum auk þess sem jafnræði yrði milli keppinauta á markaðnum. Með slíkri leið yrði markmiðum um stuðning við íslenska menningu náð mun betur en nú er auk þess sem hún yrði langtum kostnaðarminni fyrir skattgreiðendur. *Sú leið sem fyrirhuguð er í* frumvarpinu byggir hins vegar frekar á því að íslensk menning verði til innan veggja stofnunar eða fyrirtækis ríkisins fremur en hún verði til, dafni og þróist meðal landsmanna almennt."

Áfram segir, virðulegi forseti: „Verði það engu að síður niðurstaða Alþingis að engin alvarleg tilraun verði gerð til að færa aðkomu ríkisvaldsins að útvarpsstarfsemi til nútímahorfs heldur fylgja þeirri stefnu sem í frumvarpinu felst, telja Samtök atvinnulífsins óhjákvæmilegt að bæta ákvæðum í lögin sem takmarka starfsheimildir RÚV við núverandi stöðu og leitast þannig við að fyrirbyggja að RÚV misbeiti yfirburðarstöðu sinni á markaði sem fjármögnun *félagsins mun færa því. Í þessu felst m.a. að ekki* ætti að heimila RÚV kostun samanber 2. tölulið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins og takmarka ætti sölu á auglýsingum t.d. við meðaltal útsendingartíma undanfarinna fimm ára eða svo. Þá ætti ekki að heimila RÚV að færa út kvíarnar á sviði nýrrar tegundar fjölmiðla eða stafrænnar tækni."

Að lokum segir í umsögn 365 miðla, með leyfi forseta: „Útvarpsrekstur var sem kunnugt er gefinn frjáls fyrir 20 árum síðan og það er ljóst að einkaaðilar hafa á þessum tíma staðið sig vel, sýnt mikið frumkvæði og aukið fjölbreytni í fjölmiðlun. Vegna yfirburðarstöðu sem fjármögnun RÚV hefur skapað stofnuninni hafa skilyrði einkaaðila þó verið afar erfið. Má sem dæmi nefna rekstur fréttastofa, *en Skjár 1 varð á sínum tíma að leggja af rekstur fréttastofu.* NFS innleiddi nýlega mjög áhugaverða nýbreytni frá sjónarhóli áhorfenda en hefur þar þurft að draga nokkuð í land vegna erfiðleika í rekstri. Frá sjónarhóli tjáningarfrelsis og frjálsra skoðanaskipta í landinu er afar mikilvægt að rekstur frjálsra ljósvakamiðla á fréttastofum fái staðist og geti áfram haldið við hliðina á Ríkisútvarpinu."

Þetta segir í umsögn til menntamálanefndar um frumvarpið frá Samtökum atvinnulífsins og kennir þar margra grasa og margt sem er hægt að taka undir. Þá hafa verið raktar ágætlega í dag þær alvarlegu athugasemdir sem komu fram hjá samkeppniseftirlitinu og er talið að gangi frumvarpið fram í óbreyttri mynd gæti það leitt til málaferla bæði innan lands og á EES-svæðinu um langt árabil, sérstaklega þar sem gæti verið um að ræða brot á stjórnarskrá

og jafnræðisreglu hennar. Það er auðvitað grafalvarlegt mál þegar löggjafinn gengur svo fram í lagasetningu, meiri hlutinn hér á þinginu, með jafnalvarlegt álit og þetta frá samkeppniseftirlitinu í farteskinu og eina réttlætingin fyrir lagagerðinni er sú að frumvarpið brjóti ekki samkeppnislög í þeim skilningi að sérlög taki fram almennum lögum. Það er mjög hæpið vað og hættuleg þróun.

Rétt aðeins til að undirstrika þau gífurlegu áhrif sem þessi lagagerð hefur. Það hefur verið rætt áður að það hefði verið mikilvægt að þessi lagasetning hefði átt sér stað samtímis og með nýjum fjölmiðlalögum af því að lögfestingin á þessu frumvarpi hefur áhrif á fjölmiðlamarkaðinn allan langt út fyrir þetta eina fyrirtæki og segir í umsögn frá 365 miðlum, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi fjáraustri af almannafé til eins fyrirtækis sem á í samkeppni við einkafyrirtæki í nákvæmlega sömu starfsemi.“ Þetta er náttúrlega fullyrðing sem ég tel að standist ekki þar sem við göngum út frá því að hjá þessum fyrirtækjum sé ekki um nákvæmlega sömu starfsemi að ræða þar sem hlutverk Ríkisútvarpsins er að halda úti öflugri innlendri dagskrárstefnu og miðlun 1. flokks dægurefnis og frétta og við leggjum til þess eðlilegt fjármagn sem hægt sé að réttlæta. En áfram segir: „Slíkt skekkir samkeppnisstöðu með ýmsum hætti, t.d. bæði á auglýsingamarkaði og við innkaup á erlendu afþreyingarefni. Er það vafalaust rétt sem útvarpsstjóri kemur inn á í grein í Morgunblaðinu 19. janúar sl. að núverandi dagskrá má framleiða með hagkvæmari hætti en nú er gert. Það mun fría upp mikla fjármuni sem RÚV getur beitt í samkeppni við einkafyrirtæki sem þurfa að standa á eigin fótum. Þessi atlaga að heilbrigðum rekstrargrundvelli fjölmiðlafyrirtækja er án efa mikil hindrun í vegi fyrir aukinni fjölbreytni í íslenskum fjölmiðlum.“

Samkeppnisaðilar Ríkisútvarpsins sjá þetta sem sagt sem alvarlega atlögu að starfsemi sinni sem hlýtur að draga það fram hve alvarlegt málið er og hve alvarlega aðrir fjölmiðlar taka þessa lagabreytingu og hve miklar afleiðingar lagasetningin getur haft á allan fjölmiðlamarkaðinn í framhaldinu.

Rétt í lokin ætla ég að ljúka tilvitnunum í þau erindi sem mér þótti hvað brýnust inn í þessa umræðu. Hér hefur verið farið víða í dag og það hefur verið rætt ítarlega um hversu óheppilegt þetta rekstrarform er fyrir Ríkisútvarpið, nefskattsleiðin sé óheppileg fjáröflunarleið, það sé óheppilegt að áfram sé pólitísk stjórnun eða að jafnvel sé hert á henni á stofnuninni með þeirri breytingu sem gera á í staðinn fyrir að losa þar um. Loks hefur verið rætt um hvað það sé í rauninni óeðlilegt að ekki sé stigið skref í átt að því að takmarka með sanngjörnum hætti, bæði fyrir Ríkisútvarpið og fyrir einkareknu miðlana, umfang útvarpsins á auglýsingamarkaði. Hér segir, með leyfi forseta, í umsögn frá 365:

„Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu tíðkast það hvergi á Norðurlöndunum né í Bretlandi að ríkisrekin ljósvakafyrirtæki starfi á auglýsingamarkaði ...“

Fyrir því liggja hin augljósu rök að með því er þrengt um of að starfsemi einkarekinna fyrirtækja á sama markaði. Hin hliðin á málinu er sú að einkareknar ljósvakastöðvar eru í harðri samkeppni við Ríkisútvarpið í innkaupum á íþrótta- og afþreyingarefni og um starfsfólk þar sem Ríkisútvarpið hefur ekki hikað við þátttöku í yfirboðum þrátt fyrir þá staðreynd að stofnunin hefur verið rekin með umtalsverðu tapi á liðnum árum. Þarna er einnig talað um að ef gengið væri svo langt að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði, sem ég held að eigi ekki að gera, ég held að það eigi að finna sanngjarna hlutfallstölu eins og Samfylkingin leggur til, þ.e. að fjármögnun RÚV verði blönduð annars vegar með ríkisframlagi en hins vegar með auglýsingatekjum sem þó lækki frá því sem nú er og verði ekki hærri en 15–20% af heildartekjum Ríkisútvarpsins. Að mati 365 mundi afleiðing þess að Ríkisútvarpið yrði tekið af auglýsingamarkaði, með leyfi forseta, vera þessi:

„Svigrúm einkarekinna fjölmiðla til aukinnar dagskrárgerðar mundi aukast verulega. Á stuttum tíma mundi það leiða til þess að fleiri einkaaðilar mundu sjá sér hag í að hefja starfsemi á ljósvakamarkaðnum hér á landi,“ sem er ekki óeðlileg ályktun af því að við erum að tala um milljarð kr. á hverju ári sem eru gífurlegir fjármunir að sjálfsögðu og áfram segir: „Að mati 365 ætti það að vera í samræmi við stefnu núverandi stjórnarflokka.“

Það hefði að sjálfsögðu gífurleg áhrif. Ég tel að það eigi ekki að ganga svo langt, alls ekki. Ég held að Ríkisútvarpið eigi að vera á auglýsingamarkaði áfram og færi rök fyrir því út frá ýmsum hliðum.

Þá í lokin, virðulegi forseti, kom fram mjög vandað álit frá samtökunum Hollvinir Ríkisútvarpsins sem er undirritað af Margréti Sverrisdóttur, formanni samtakanna. Þar segir, svona rétt til að undirstrika að það er fólk alls staðar að úr samfélaginu sem hefur áhuga á málefnum Ríkisútvarpsins og vill, eins og við, halda úti sjálfstæðu, öflugu almannaútvarpi, með leyfi forseta:

„Grundvallarstefna Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins er andstaða við hlutafélagavæðingu þess. Samtökin telja að með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi í eigu hins opinbera verði hlutverki þess sem þjóðarútvarps ógnað.“ Hvorki meira né minna, virðulegi forseti, þá telja Hollvinasamtökin að hlutverki Ríkisútvarpsins væri verulega ógnað.

Áfram segir: „Ríkisútvarpið hefur hingað til haft skyldum að gegna umfram það sem markaðsfyrirtæki sinna, svo sem mikilvægu öryggishlutverki og framleiðslu á íslensku menningarefni fyrir útvarp og sjónvarp. Vegna eðlis hlutafélaga er ljóst að með því að gera Ríkisútvarpið að opinberu hlutafélagi rofna þau tengsl sem það hefur haft sem þjóðarútvarp um menningarlega og samfélagslega ábyrgð. Þess vegna leggjast samtökin gegn frumvarpi þessu.

Í 1. gr frumvarpsins, sem varðar eignaraðild, er að vísu ákvæði um að ekki megi selja félagið eða hluta þess og hnykkt á því í athugasemdum með frumvarpinu að engin áform séu um slíkt. En öllum lögum má breyta sé fyrir því meiri hluti á Alþingi og Hollvinasamtökin minna á að sporin hræða vegna þess að hingað til hafa opinber fyrirtæki sem breytt hefur verið í einkafyrirtæki nær undantekningarlaust verið seld.“

Sporin hræða, virðulegi forseti, og ég held að þeir sem velta þessum málum fyrir sér, utan hægri sinnaðasta kjarnans í Sjálfstæðisflokknum, óttist almennt að þetta sé skref í einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Það vita allir að innan þingflokks sjálfstæðismanna eru öflugir baráttumenn fyrir því að Ríkisútvarpið verði einkavætt og selt og nokkrir þing-

menn flokksins hafa flutt um það sérstakt frumvarp, einu sinni eða tvisvar á Alþingi á þessu kjörtímabili. Þess vegna hljómar það mjög ótrúverðugt þegar þeir hinir sömu menn halda því fram að ekki sé verið að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið með það að markmiði í framtíðinni að selja það. Þetta óttast mjög margir eins og fram kemur í álitum frá hinum þverpólitísku borgarasamtökum sem Hollvinir Ríkisútvarpsins gefa sig út fyrir að vera. Þar segir áfram í lokin, virðulegi forseti:

„Þá má benda á að áformuð breyting gerir Ríkisútvarpið að eign sem kallar á aðrar áherslur. Ríkisútvarpið verður fyrst og fremst rekstrareining í stað þess að verða sjálfstætt, virt, skapandi og gagnrýnið afl í samfélaginu. Á Alþingi heyrast háværar raddir um að rétt sé að einkavæða Ríkisútvarpið og meirihlutavilji þingsins getur breyst fyrr en varir.“ Minna þau á umrætt frumvarp sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu fyrir nokkrum missirum um að þeir vildu selja Ríkisútvarpið.

Þá aðeins um það atriði sem ég held að skipti mjög miklu máli sem eru flokkspólitísk ítök meirihlutaflokkanna á Alþingi í Ríkisútvarpinu. Ég held að það sé nokkuð almenn og útbreidd skoðun að Sjálfstæðisflokkurinn hafi hvað eftir annað um árabil, ef ekki áratuga skeið, reynt að misbeita pólitísku valdi sínu í Ríkisútvarpinu. Að sjálfsögðu er það algert grundvallaratriði þegar nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið er lagt fram og fer í gegnum Alþingi að losað sé um þetta pólitíska tak sem sumir kalla kverkatak á stofnuninni. Það er algert grundvallaratriði.

Áfram segir í umsögn Hollvinasamtakanna, með leyfi forseta:

„Hollvinasamtökin leggja áherslu á að lengra verði gengið í að losa stjórn Ríkisútvarpsins ohf. undan hinu flokkspólitíska valdi og meirihlutavaldi Alþingis hverju sinni en gert er í frumvarpinu og telja nauðsynlegt að nánar sé kveðið á um stjórn Ríkisútvarpsins. Ef það á að vera lýðræðisleg stofnun verður við að líta framhjá þrengstu skilgreiningu á fulltrúalýðræði og taka upp fyrirkomulag sem gæti leitt til almennari sáttar um það. Það verður að mati Hollvinasamtakanna best gert með því að fara í gagnstæða átt við þá stefnu sem mörkuð er í frumvarpinu og hafa æðstu stjórn stofnunarinnar enn breiðari en þar er gert ráð fyrir.

Víða í nágrannalöndum okkar er æðsta stjórn ríkisútvarps skipuð fulltrúum ýmissa fjölmennra hópa í þjóðfélaginu. Innan Hollvinasamtakanna hefur verið rædd sú hugmynd að æðsta stjórn Ríkisútvarpsins verði að hluta til akademísk, þ.e. í henni ættu sæti lýðræðislega kjörnir fulltrúar stjórnmálaflokkanna á Alþingi ásamt fulltrúum almennings, eigenda útvarpsins, þeirra sem nýta sér þjónustu þess.“

Síðan eru taldir upp möguleikar á stærð slíkrar akademíu, aðkomu verkalýðshreyfingar, almannasamtaka, háskólasamfélagsins, fjölmiðla og fleiri að slíkri akademíu sem hlýtur að vera spennandi hugmynd sem við hljótum að skoða með opnum augum þegar við setjum sjálfstæði og öflugu almannaútvarpi nýrra tíma lagaramma. Þetta er mjög athyglisvert.

Samfylkingin kynnti í morgun tillögur sínar í fimm liðum og þar kemur fram það sem mestu skiptir og við höfum verið að ræða hér.

Það er í fyrsta lagi að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun með eigin stjórn sem Alþingi kýs og starfsmenn Ríkisútvarpsins eigi fulltrúa í stjórninni og þar með tryggt að ekki myndist ríkisstjórnarmeirihluti í stjórninni eins og hefur verið gagnrýnt mjög harkalega á undanförnum vikum, það sé einfaldlega óeðlilegt af hálfu meiri hlutans í þinginu að leggja þessa breytingu til og viðhalda þannig pólitísku taki á stofnuninni.

Í öðru lagi leggjum við til að almenningur eigi aðkomu að stefnumótun Ríkisútvarpsins fyrir tilstilli sérstaks hlustendaþings sem komi saman einu sinni á ári. Útvarpsráð verði lagt niður og pólitísk afskipti af innri málefnum útvarpsins afnumin, algert grundvallaratriði, virðulegi forseti. Þá leggjum við til, eins og ég hef gert mjög að umtalsefni í dag og undanfarin missiri í þessum atrennum til að breyta lögum um Ríkisútvarpið, að fjármögnun útvarpsins verði blönduð, annars vegar með ríkisframlagi en hins vegar með auglýsingatekjum sem þó lækki frá því sem nú er og verði ekki hærri en 15–20% af heildartekjum útvarpsins. Þá viljum við að dagskrárstefnan miðist við öflugan fréttaflutning, menningarmiðlun, fræðslu og lýðræðislega umræðu. Með því móti verði hlutverkið skýrt skilgreint þannig að Ríkisútvarpið skeri sig mjög áberandi frá dagskrárstefnu og efnismiðlun einkareknu ljósvakamiðlanna og hafi þar skýra og klára sérstöðu þannig að réttlætingin fyrir tilvist þess sé skýr. Það stuðli að pólitískri og menningarlegri fjölbreytni, sé spegill samfélagsins með áherslu á innlenda dagskrárgerð í sjónvarpi þar sem blöndun verður hæfileg o.s.frv.

Þá leggjum við mikið upp úr mikilvægi þess að útvarpið verði sjálfstætt, óháð stjórnmála- og viðskiptahagsmunum og að starfsmenn þess búi við ritstjórnarlegt sjálfstæði sem m.a. tryggir faglega umfjöllun um menn og málefni á vettvangi stjórnmála og atvinnulífs og skýr aðgreining verði mörkuð í dagskrá milli dagskrárgerðar og auglýsinga.

Þetta eru helstu þættirnir sem við leggjum til og þar sem þá er ekki að finna í frumvarpinu leggjumst við gegn frumvarpinu og hugmyndum hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. þar sem hlutafélagið greiðir leið að einkavæðingu útvarpsins í heild eða hluta. Að okkar mati er óljóst um hlutverk hins nýja fyrirtækis þar sem skilgreiningin á hlutverki RÚV er óljós og hefur ekki tekist að skerpa eða skilgreina upp á nýtt að neinu marki þrátt fyrir margar atlögur að þessari lagasetningu. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem RÚV sé með aðstoð ríkisstyrks ætlað að keppa á samkeppnismarkaði við aðrar útvarpsstöðvar, m.a. á markaði auglýsingar og kostunar.

Þá er einnig það grundvallaratriði sem gert er að umtalsefni, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnarmeirihlutinn í útvarpsráði ráði útvarpsstjóra og reki að vild og fyrirtækið sé því áfram undirselt flokkspólitískum afskiptum og inngripum er valdhöfum þykir þurfa.

Þá teljum við nefskattinn óheppilega leið til fjáröflunar sem sé ekki líklegur, heldur þvert á móti, til að efla samstöðu um útvarp af því að við verðum að viðhalda þjóðarsátt um öflugt ríkisútvarp þar sem almenningur leggur til með því nú þegar hátt í 3 milljarða á ári sem eru gífurlegir fjármunir og þess vegna mikilvægt að viðhalda víðtækri sátt. Þess vegna hefði verið ákjósanlegt að fara með málið í

þann farveg að ná um það þverpólitískri sátt, vinna frumvarpið í gegnum nefnd skipaða fulltrúum allra flokkanna en því miður hefur hæstv. menntamálaráðherra þvertekið fyrir það og komið með frumvarpið lítið breytt, nema þá heldur til hins verra, ár eftir ár.

[18:27]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Enn á ný er tekið til við að ræða þetta blessaða frumvarp um Ríkisútvarpið okkar. Það verður að segjast eins og er að það heldur dapurlegt að málin skuli ekki hafa þroskast betur en raun ber vitni á þeim langa meðgöngutíma sem hér er að baki, að enn skuli ríkja fullkomið ósætti um málið og menn skuli í raun og veru engu vera nær hvað það varðar að finna starfsemi Ríkisútvarpsins þá umgjörð eða þann umbúnað, stjórnskipulag og rekstrarform og annað slíkt sem dugir til þess að skapa sæmilegan frið um stofnunina og sátt þannig að starfsfriður gangi nú í garð á nýjan leik hjá þessari stofnun. Í raun er ekki hægt að segja að hann hafi verið þar til staðar núna í mjög langan tíma með almennilegum hætti. Mönnum hafa verið mjög mislagðar hendur varðandi málefni Ríkisútvarpsins á löngu árabili. Mannaráðningar þangað inn og fleira í þeim dúr hafa lent í miklum hremmingum og átökum. Það hafa verið ýmiss konar sviptingar um stofnunina, óvissa um stöðu hennar og framtíð sem auðvitað getur ekki verið til góðs.

Það þýðir samt ekki að gefast upp við það ætlunarverk að skapa Ríkisútvarpinu starfsumgjörð sem það getur búið við, sem fær staðist í nútímalaga- og viðskiptaumhverfi og dugar til þess að Ríkisútvarpið geti sinnt sómasamlega sínu hlutverki. Mér finnst þetta frumvarp fyrst og fremst vera til marks um uppgjöfina í þeim efnum. Menn eru að játa sig sigraða og gefast upp, viðurkenna að þeir hafi ekki náð því markmiði að skapa sátt um málefni útvarpsins og ætla bara að troða í gegn því síðasta sem mönnum hefur dottið í hug. Af mörgum hugmyndum um Ríkisútvarpið, og mismunandi útgáfum í frumvörpum kemur nú þetta síðasta, að gera Ríkisútvarpið að ohf. að opinberu hlutafélagi. O-ið stendur svona fyrir það að til viðbótar venjulegum hlutafélagalögum þá mega blaðamenn mæta á aðalfundinn og einhver nokkur atriði í viðbót.

Auðvitað má segja að menn hafi látið undan og játað sig sigraða fyrir ýmiss konar gagnrýni sem þetta frumvarp og forverar þess hafa sætt. Vissulega hafa ábendingar sem hér hafa komið fram leitt til þess að menn hafa séð að sér um einstaka hluti enda voru málin svo illa unnin og svo lítt íhuguð þegar þessu var hent hér inn í hin fyrri skiptin að það auðvitað vekur mann til umhugsunar þegar maður fer að horfa til baka og velta því fyrir sér. Það þurfti til dæmis ábendingar um það héðan úr þessum ræðustóli hvað ætti að verða um menningarverðmætin sem Ríkisútvarpið geymir fyrir hönd þjóðarinnar. Ættu þau að fara bara með eins og gerðist hjá Landsbankanum? Ég hygg nú að það hafi verið hv. þm. Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður sem hafi komið hér og vakið athygli á því og nokkrum fleiri atriðum. Það leiddi svo til þess að menntamálanefnd sá að sér og meira að segja meiri hlutinn vitkaðist eitthvað gagnvart einhverjum slíkum þáttum. Sama gilti um að upplýsingalög giltu þarna eða stjórnsýslulög og fleira í þeim dúr.

En það breytir ekki hinu að grundvallargjörningurinn er misráðinn. Þetta eru mistök. Ég segi það sem mína skoðun, frú forseti, að ég held að það sé eiginlega öllum orðið það ljóst. Hið sorglega í málinu, tragedían í málinu, hið harmræna í þessu máli er að það vita það orðið allir hér í þessum sal og í kringum hann að þetta eru mistök. Aðstandendur málsins vita það vel. Það er óbragð í munni nánast hvers einasta manns sem ætlar að standa að því að afgreiða þetta og ljá þessu atkvæði sitt, að ég tel, svo maður tali nú ekki um sannfæringu okkar hinna sem höfum frá upphafi verið algerlega andvíg því að þessi leið væri farin og séð á henni alla þá ágalla sem nú eru komnir upp á yfirborðið.

Það er líka athyglisvert, frú forseti, að gagnrýnin á þetta frumvarp er að verulegu leyti eða í þó nokkrum mæli óháð pólitík. Hún er óháð því í raun hvort menn hallist til hægri eða vinstri í stjórnmálum. Hún er óháð því hvort menn séu meiri eða minni aðdáendur markaðsvæðingar og einkarekstrar á öllum sviðum. Það er líka alveg fullkomlega eðlilegt. Hörðustu samkeppnis- og markaðsvæðingarsinnar, einkarekstrarsinnar sjá hversu vitlaust þetta er, kannski betur en flestir aðrir af því þeir horfa á þetta alveg hreint úr þeirri átt. Þeir horfa á þetta úr þeirri átt að opinbert menningarfyrirtæki á ekkert erindi inn á svið einkarekstrarins, inn í samkeppnisumhverfið. Það á þar ekki heima. Á þetta hafa menn bent fyrir löngu síðan. Þess vegna hlýtur þetta að vera, frú forseti, heldur erfiður leiðangur fyrir suma frjálshyggjumennina í Sjálfstæðisflokknum og hörðustu markaðssinnana þar.

Ritstjóri Fréttablaðsins, Þorsteinn Pálsson, sem ég hygg að margir sjálfstæðismenn geri enn þá eitthvað með, skrifaði um þetta gagnmerkan leiðara í sínu blaði fyrir líklega hátt í ári síðan. Hann spurði í forundran: Hvernig í ósköpunum stendur á því að mönnum dettur í hug að taka opinbert menningarfyrirtæki, opinbera menningarstofnun, og setja hana yfir í hlutafélagaform og færa hana yfir á svið einkaréttarins og einkareksturs? Þetta er vitleysa. Auðvitað er það það. Mikil vandræði munu af þessu hljótast.

Reynt hefur verið að halda því fram, frú forseti, að þessi gjörningur muni efla Ríkisútvarpið. Því er reynt að halda fram innan stofnunarinnar. Að minnsta kosti hef ég grun um það að útvarpsstjóri reyni enn að halda þessu fram. Hann er nú sennilega orðinn tiltölulega einn um það á þeim bæ. Það eru nú meiri ósköpin hvað þetta mun efla Ríkisútvarpið. Í hverju á það að birtast, frú forseti? Er það í 5 millj. kr. hlutafénu? Stendur það ekki enn óbreytt að það eigi að leggja þessu til 5 millj. í hlutafé? Ég hef ekki séð því breytt. Það stendur hér í 1. tölulið ákvæðis til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Við stofnun félagsins skal lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð sem hlutafé og skal hún greiðast úr ríkissjóði eigi síðar en hálfum mánuði eftir skráningu félagsins hjá hlutafélagaskrá."

Það er auðvitað mjög gott að Ríkisútvarpið fær þetta innan hálfs mánaðar. En það er nú sennilega það eina góða við það því þetta er auðvitað smánarleg upphæð. Þetta er auðvitað ekki neitt. Fyrirtækið tekur vissulega yfir allar eignir, réttindi og viðskiptavild en líka skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins. Það er þannig með Ríkisútvarpið eins og margt fleira í sambærilegri opinberri eða almanna-

þjónustu sem þarf á búnaði að halda til að sinna sínu hlutverki að það er ekkert gagn í því og ekkert vit í því að horfa á bókfært eigið fé eða bókfærð verðmæti þeirra hluta. Það er jafnvitlaust og þegar sveitarfélög velta því fyrir sér hversu mikils virði skólinn þeirra er eða sundlaugin vegna þess að það er ekki valkostur að selja hana og taka féð og nota það í eitthvað annað vegna þess að það þarf á búnaðinum að halda til að veita þjónustuna. (Gripið fram í.) Ef menn ætla ekki að hætta því og gefast upp þá þurfa þeir þessi verðmæti. Þess vegna yrði stofnað Ríkisútvarpið ohf. á brauðfótum með snautlegum 5 millj. kr. í hlutafé.

Langalvarlegasti þáttur þessa máls, frú forseti, er einkavæðingin. Það á að einkavæða Ríkisútvarpið. Það á að einkavæða Ríkisútvarpið. Það á að einkavæða Ríkisútvarpið. (Gripið fram í.) Af hverju á að einkavæða það, hv. þm. Pétur H. Blöndal? Jú, það er af því að það á að gera það að hlutafélagi. Það á að taka Ríkisútvarpið og breyta því úr því að vera opinbert menningarfyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum sem opinbert fyrirtæki, opinber þjónustustofnun, hvers starfsmenn njóta réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn o.s.frv., og gera þetta allt saman að hlutafélagi sem starfar á vettvangi einkaréttarins, sem starfar samkvæmt sömu lögum og reglum og um einkarekstur sé að ræða. Þetta er grundvallarbreytingin. Þetta er einkavæðingin.

Sú undarlega árátta manna að tala síðan um að það sé ekki einkavæðing að breyta fyrirtæki með þessum hætti, að breyta starfsemi með þessum hætti, ekki fyrr en að fyrirtækin séu seld, er auðvitað feluleikur vegna þess að það er ekki eignarhaldið sem skiptir þarna máli þegar upp er staðið heldur rekstrarformið og spurningin um það á hvaða sviði fyrirtækið er látið starfa hvort það tilheyri hinum opinbera rekstri eða lúti reglum einkaréttarins. Á þetta er til dæmis ágætlega bent í góðri grein eftir lögmann sem birtist í Morgunblaðinu 2. des. 2006. Þar vekur Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður einmitt athygli á þessu og segir fullum fetum að þegar horft sé til lagaumhverfisins, starfsumhverfisins, þá hafi eignarhaldið hverfandi þýðingu borið saman við hitt, þ.e. hvort starfsemin sé skilgreind sem opinber, starfi samkvæmt lögum um opinberan rekstur, lúti reglum um opinberar fjárreiður, um upplýsinga- og eftirlitsskyldu sem almannavaldið hefur í gegnum Alþingi þegar ríkisrekstur á í hlut, í vinnumarkaðslegu tilliti tilheyri hinum opinbera geira þannig að starfsmennirnir séu opinberir starfsmenn o.s.frv. og svo aftur hitt að færa starfsemina yfir í hlutafélagaform, yfir á svið einkarekstrarins, yfir á þann hluta vinnumarkaðarins o.s.frv. Þessi formbreyting hefur útslitaáhrif í því kerfi tvískipts vinnumarkaðar og laga og réttar sem við búum við á Íslandi.

Frú forseti. Þetta skiptir mjög miklu máli vegna þess að það sem er verst við þetta mál, fyrir utan svona hinar pólitísku kringumstæður þess, fyrir utan þann harmræna þátt að allir vita að þetta eru mistök en ætla samt að gera það af því að þeir komast ekki til baka, finna ekki leiðina til lands — stjórnarflokkarnir hafa lent í þvílíku kviksyndi með þetta mál og í rauninni með öll þessi fjölmiðlamál að það hefur farið heilt kjörtímabil, frú forseti, í þau umbrot og þeir sökkva dýpra og dýpra — er að það er alveg ljóst í hvað er verið að stefna með Ríkisútvarpið næstu árin, þ.e. takist ekki að koma vitinu fyrir menn og þeir bara hætti við þetta, þ.e. ef svo illa færi nú að ný ríkisstjórn gæti ekki og nýr þingmeirihluti gæti ekki upp úr miðju næsta ári reynt að bjarga því sem bjargað verður, ef þetta verður nú gert engu að síður hér eftir áramótin.

Mín spá er sú, frú forseti, að verði Ríkisútvarpið gert að hlutafélagi og takist ekki að snúa ofan af því á allra næstu mánuðum eða missirum þá bíði Ríkisútvarpsins ólgusjór málaferla og deilna næstu þrjú, fjögur, fimm árin. Það liggur fyrir að þannig verður það. Það liggur alveg fyrir.

Mér þætti nú vænt um, frú forseti, ef hæstv. menntamálaráðherra væri kannski einhvers staðar nálægur. Í raun hefði hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra þurft að vera hérna líka vegna þess að það er ástæða til þess að heyra ráðherrann sem fer með þau mál koma hér og svara spurningum um hinn samkeppnislega þátt málsins. Það er eiginlega varla hægt að líða það, af því að þetta er nú ein og sama ríkisstjórnin, að sá ráðherra sem fer með samkeppnismál verði ekki látinn svara hér spurningum um þann þátt málsins. Ég óska eftir að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra verði að minnsta kosti gert viðvart um að vakin hafi verið athygli á því að ástæða væri til að hann væri hér viðstaddur.

Hvers vegna er það ljóst að málaferli og illdeilur bíði Ríkisútvarpsins ef það verður sett yfir í hlutafélagaformið. Jú, það er vegna þess að samkeppnisaðilar þess á einkamarkaði eru þegar byrjaðir að undirbúa þau málaferli. Það er hverjum manni ljóst. Ég sé ekki hvernig menn geta lesið annað út úr þeim viðbrögðum og þeim sjónarmiðum sem þaðan hafa komið, þeirri upphitun, ef svo má kalla það, sem einkafjölmiðlarnir hafa verið í að undanförnu. Ég les að minnsta kosti ekkert annað út úr því en undirbúning undir málaferlin og kærurnar og árásirnar á Ríkisútvarpið. Þá verða notuð öll vopn sem hægt verður að sækja í samkeppnisréttinn til þess að sækja að Ríkisútvarpinu, ósköp einfaldlega. Þetta vita menn. Hvað eru 365 fjölmiðlar að undirbúa með því að fullyrða það mjög ... (**Gripið fram í:** Spurðu Samfylkinguna. Hún er að gæta hagsmuna ...) Nú bið ég hv. þingmann að halda ró sinni. Förum nú ekki út í einhvern sandkassaleik með þetta. Mér er alveg nákvæmlega sama hverjir reyna að merkja sér einhverja fjölmiðla og sleikja sig upp við þá eða tala illa um þá. Ég er að reyna að ræða hérna um prinsippmál. Ég er að ræða hér um einkafjölmiðla sem eru í harðri samkeppni, verða að skila eigendum sínum arði og öllu þessu sem við þekkjum og munu að sjálfsögðu nota öll þau meðul sem þeir geta innan ramma laga og réttar — ég ætla mönnum ekkert annað — til að reyna að klekkja á keppinautum sínum, auðvitað. Það er verið að gefa veiðileyfi á Ríkisútvarpið. Það er verið að gefa alveg opið veiðileyfi á Ríkisútvarpið með því að henda því yfir á svið einkarekstrarins.

Hvað verður það sem verður gert, frú forseti? Jú, það verður auðvitað reynt að ráðast á auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins. Og það er búið að vera að undirbúa það. Menn hafa sagt: „Það gengur ekki að Ríkisútvarpið fái algerlega óheft að keppa við okkur á öllum sviðum auglýsingamarkaðarins.“ Og það verður reynt að sækja að því. Það verður reynt með málaferlum og sjálfsagt með pólitískum aðferðum líka — fjölmiðlarnir hafa sterk vopn í sínum höndum.

Þeir hafa sjálfa sig — að þrengja að Ríkisútvarpinu þannig, reyna að þrengja að því á auglýsingamarkaði, hrekja það út úr kostun og öðru slíku með því að segja að það gangi ekki, það sé ósanngjarnt, það sé brot á samkeppni, það sé mismunun eða guð má vita hvað það er. Það verður sótt að Ríkisútvarpinu þarna megin frá, spái ég, og við sjáum það alveg í aðdraganda málsins að menn eru að hita sig upp í það.

Það verður líka sótt að því hinum megin og ekki síður. Það líða ekki mörg ár, ef það verða ár, þangað til búið verður að kæra afnotagjöldin, ég tala nú ekki um nefskattinn þegar hann kemur. Nefskatturinn verður umsvifalaust kærður og þá verður sagt: Þarna er um að ræða lögvarinn tekjustofn sem menn eru skyldugir að greiða. Ergó, þetta er ríkisstuðningur og það liggur fyrir að þannig er það „per definisjón". Þetta er ríkisstuðningur vegna þess að þetta er lögvarinn tekjustofn, skyldustofn. Og menn munu segja: Hann er langtum hærri en sem nemur hinum sannanlega kostnaði Ríkisútvarpsins af sérstökum menningar- og almannaþjónustuskyldum þess. Hvort menn munu segja að hann ætti að vera einn þriðji eða helmingurinn veit ég ekki, en það er augljóst mál að menn munu segja þetta. Það mun verða mjög erfitt að lesa það í sundur og útskýra nákvæmlega að hann eigi að vera akkúrat þessi upphæð en ekki hin, 2 milljarðar, 2,5 eða 3 eða eitthvað annað. Það verða því málaferli líka frá þessari hlið fyrir innlendum dómstólum og sjálfsagt erlendum líka ef svo ber undir. Það verða margar leiðir til að reifa þessi mál og koma þeim fyrir dómstóla. Hægt verður að sækja málið á marga vegu, það verður hægt að endurreifa málin, áfrýja þeim o.s.frv. og mismunandi fjölmiðlar geta formúlerað málið með mismunandi hætti. Ég spái því, því miður, þó að auðvitað verði það væntanlega fyrst og fremst stærstu keppinautarnir á sviði ljósvakans sem eru líklegir til þess, að það verði ófriðarbál í kringum Ríkisútvarpið fyrstu árin eftir að því verður, ef það verður, breytt í hlutafélag. Við því sér er í sjálfu ekkert að segja og ég er ekki að segja þetta af neinni óvild í garð þeirra sem þarna eiga í hlut. Ég skil það í rauninni ósköp vel að þeir muni reyna að styrkja stöðu sína eins og þeir mögulega geta í þessari samkeppni.

Setjum sem svo t.d. að menn bíði ekki einu sinni eftir því að nefskatturinn verði hinn lögvarði tekjustofn útvarpsins heldur hjóli bara í afnotagjöldin um leið og Ríkisútvarpið er orðið að hlutafélagi og komið yfir á svið einkarekstursins, og segi: Afnotagjöldin eru þvingunarskattur. Þó að þau séu ekki með alveg sama hætti og hafi kannski ekki nákvæmlega sama skattalegt eðli og nefskatturinn kemur til með að hafa, nefskatturinn er náttúrlega hreinn skattur, það er ekkert um að villast, afnotagjöldin hafa tenginguna við viðtækið og allt það, þá gætu menn hitað sig upp með því að fara í málaferli út af afnotagjaldinu samtímis því að þeir reyndu að þjarma að Ríkisútvarpinu hvað varðar auglýsingatekjur og frá þeirri hlið. Og þó að þau mál töpuðust eða þvældust í dómskerfinu er alveg augljóst að menn gætu farið af stað á nýjan leik um leið og nefskatturinn kæmi.

Eru þetta björgulegar framtíðarhorfur fyrir fyrirtækið, frú forseti? Landssíminn eða Síminn eins og hann heitir nú hefur ekkert verið allt of sæll af sambúð sinni við samkeppnisaðilana, það hefur gengið á dálitlum klögumálum þar, að mörgu leyti af sambærilegum ástæðum, þ.e. vegna þess að Síminn hafði firnasterka stöðu á markaði, var að koma út úr einokun og einkaleyfisbundinni stöðu með algjöra yfirburðastöðu á markaði úr eign ríkisins og yfir í einkaeign og einkarekstur. Hann hafði þó engar lögvarðar tekjur, eins og afnotagjöld eða nefskatt, en það kom ekki í veg fyrir það að gengið hefur á með þó nokkrum klögumálum og kærum um að hann hafi yfirburði í skjóli sterkrar stöðu sinnar, það sé ósanngjarnt og það verði að setja honum skorður o.s.frv.

Þess vegna væri, frú forseti, langgæfulegast fyrir alla aðila að sjá að sér og falla frá þessari breytingu. Hún er ekki skynsamleg, það sjá allir. Sú spilaborg hefur endanlega hrunið á síðustu mánuðum, að ég tel, sérstaklega þessir samkeppnisþættir og þau vandkvæði sem því eru samfara að taka opinbera menningarstofnun með hlutverk af því tagi sem Ríkisútvarpinu, a.m.k. að nafninu til í frumvarpinu, er áfram ætlað að hafa og setja það yfir á svið einkarekstrarins. Það hefur auðvitað ýmislegt verið rætt og ritað um það hvernig heppilegast væri að búa um Ríkisútvarpið. Við höfum verið þeirrar skoðunar að í raun og veru væri eðlilegast að það væri ríkisútvarp áfram, væri bara hreinn ríkisrekstur. Það er hreinlegast og einfaldast. Það þarf hins vegar að gera breytingar á stjórnkerfinu og við höfum á undanförnum þingum, frú forseti, einn flokka, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, flutt um það beinar tillögur. Hér hefur legið fyrir frumvarp frá okkur þar sem við höfum lagt til að farin yrði svipuð leið með Ríkisútvarpið, hvað varðar stjórnun, dagskrárstjórnun og annað því um líkt, og gert hefur verið sums staðar í kringum okkur, að búið yrði til fjölmennt fulltrúaráð, að búin yrði til breið skjaldborg um Ríkisútvarpið með aðild allra helstu aðila þjóðfélagsins, almannasamtaka, samtaka listamanna o.s.frv., og þannig yrði virkilega reynt að búa til þjóðarsamstöðu um þetta mál, breiða skjaldborg almennings um sitt ríkisútvarp. Við höfum auk þess verið með tillögur sem við teljum miklu betri aðferð í sambandi við hinn trausta tekjustofn Ríkisútvarpsins en sú sem nú er, að maður tali nú ekki um nefskattinn, þ.e. að tekið yrði frekar mið af fasteignum og greitt í samræmi við þær eða fundin einhver önnur slík breið viðmiðun sem er tvímælalaust sanngjarnari en nefskattur og væri einfaldari og skilvirkari aðferð við innheimtuna en núverandi afnotagjöld og líklegri til þess að sæmileg sátt gæti skapast um þau.

Þetta frumvarp er líka gallað vegna þess að það tekur ekki almennilega á réttindum starfsmanna. Það er alveg ljóst að það er uggur í brjósti starfsmanna um að þeirra hagur verði fyrir borð borinn í þessum efnum. Það er líka ljóst að það er ætlunin að fara með Ríkisútvarpið í þann ólgusjó að fara að borga mönnum mismunandi laun, að kaupa inn á háum launum einstaka gæðinga o.s.frv. Það er því nokkuð ljóst að launamunur á stofnuninni mun stóraukast í kjölfarið verði þetta gert. Og það er beinlínis út á það gert, er manni sagt, að ræða það við mann og mann að hann geti átt í vændum gullöld og gleðitíð verði hann þægur og sé ekki með mótþróa í þessu máli og komi sér nú í mjúkinn hjá yfirvöldunum. Ég verð að segja eins og er, frú forseti, að mér geðjast ekkert sérstaklega að svona starfsmannaumhverfi og þeim stjórnunarstíl eða stjórnunaraðferðum sem virðist eiga að innleiða í hinu hlutafélagavædda Ríkisútvarpi.

Þá kem ég að stjórnkerfinu sjálfu sem þetta frumvarp byggir á. Það er auðvitað alveg út úr öllu korti og ekki í neinu samræmi við það sem menn eru að leita að og almennt er verið að reyna að búa um almannaútvörp í nálægum löndum, því að hér á að gera einn útvarpsstjóra nánast alvaldan þannig að hann geti deilt og drottnað, ráðið og rekið og stjórnað ekki bara rekstri heldur dagskrárgerð. Hann þarf að vera meiri afreksmaðurinn, það er eins gott að honum verði ekki mislagðar hendur, hann þarf að vera snillingur á öllum sviðum. Hann þarf að vera afburða rekstrarmaður en hann þarf líka að vera menningarviti og smekkmaður á list, ítem allt annað sem Ríkisútvarpið á að ástunda og standa vörð um. Ég veit ekki hvert menn ætla að sækja slíkan súpermann.

Ég held að það væri þá gæfulegra að hafa þetta eins og aðrar þjóðir reyna að gera, þær mæla með því að búið sé til breitt bakland fyrir almannaútvörpin, að almenningi, almannasamtökum og öðrum slíkum aðilum sé veittur aðgangur að því þannig að stofnunin verði í gagnvirkum og góðum tengslum við umhverfi sitt, við grasrótina, við þjóðina. En þarna á að búa til einhvern fílabeinsturn. Halda menn að það sé aðferðin til þess að þjóðin standi áfram vörð um og þyki vænt um ríkisútvarpið sitt? Það efast ég mjög um.

Það má auðvitað velta því fyrir sér hver er orðin staða Ríkisútvarpsins í dag, jafngrátt og það hefur verið leikið í 15 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins. Ég hef sagt það áður og get endurtekið það að útvarpið hefur því miður nánast verið lagt í einelti á margan hátt, Sjálfstæðisflokkurinn hefur ráðskast þannig með það að það stórsér á fyrirbærinu, það er alveg ljóst. Mönnum hafa verið svo mislagðar hendur þar með afskipti sín og ígrip af Ríkisútvarpinu um mannaráðningar og annað að það hálfa væri nóg. Eða muna menn ekki ráðninguna, ráðningartilraunina á fréttastjóranum fyrir ekki löngu síðan og þar áður á dagskrárstjóra inn á sjónvarpið og hvað það nú var? Það hafa verið logandi, grenjandi læti af því að ráða hefur átt pólitíska gæðinga fram hjá fagmönnum með langa starfsreynslu og glæsilegan feril til þess að troða gæðingum þar inn. Það er nú allt hlutleysið og öll hin faglegu vinnubrögð sem menn hafa ástundað. Svo koma menn hér og berja sér á brjóst og tala illa um fortíðina og söguna í þessum efnum. Ég held að menn ættu þá að sýna að þeir geti gert betur.

Ég held að þessi þáttur málsins sé líka stórgallaður, frú forseti, og sé ekki vænlega til farsældar fallinn, þessi stjórnsýsla, þetta módel sem þarna er byggt upp, og augljóst mál að einnig að því leyti þyrfti að vanda þetta mál miklu betur, vinna það í sátt og samlyndi við þá sem auðvitað öllu máli skiptir að hafa jákvæða og hafa með sér í máli af þessu tagi og það eru auðvitað starfsmennirnir, því að hver hefur verið auður Ríkisútvarpsins gegnum tíðina? Það er mannauðurinn. Ríkisútvarpið er það sem það er vegna þess að þar hefur unnið margt afburða fólk gegnum tíðina. Við vorum svo lánsöm að það laðaðist að Ríkisútvarpinu mikið hæfileikafólk og margir vörðu allri starfsævi sinni eða stórum hluta til þess að byggja þar upp stórmerkilega menningarþjónustu, skapa í raun og veru menningu. Margir af menningarvitum þjóðarinnar lögðu þar gríðarlega mikið af mörkum, skáld og listamenn og hæfileikafólk á sviði tónlistar o.s.frv. gerðu Ríkisútvarpið að því menningarlega stórveldi sem það var og hefur verið. Jafnvel á allra síðustu tímum hefur hæfileikafólk unnið mikil afrek á Ríkisútvarpinu.

Auðvitað er það í sjálfu sér glæsilegt hvernig Rás 2, sem meira afþreyingarkennt útvarp með léttara efni, hefur byggst upp og náð þeirri firnasterku stöðu á markaði sem raun ber vitni, vegna þess að það er ekkert sjálfgefið í því. Það voru margir sem spáðu illa fyrir því og töldu að Ríkisútvarpið væri svo „halló“ og svifaseint og mundi aldrei geta það, það mundu einkastöðvar eða einkaaðilar gera. En hver er reyndin? Með góðri blöndu af því besta frá Ríkisútvarpinu hinu gamla og arfleifðinni þaðan og léttara efni og afþreyingu hefur tekist að byggja þar upp mjög vinsæla og öfluga útvarpsrás og það má t.d. spyrja hvers vegna Ríkisútvarpið hafi ekki fyrir löngu síðan fengið að starta annarri sjónvarpsrás. Er það ekki mikið metnaðarleysi? Er það kannski vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið ofan á stofnuninni í 15 ár og hefur engan áhuga haft á því að efla hana og byggja hana upp? Hefur dreymt um að geta einkavætt Rás 2 og farið að þjappa Ríkisútvarpinu aftur saman. Það skyldi nú ekki vera, frú forseti?

Ég vona að eitthvað leggist með okkur, frú forseti, í því yfir jólin og áramótin og fram á nýja árið að menn komi til vits í þessu máli og sjái að sér og hætti við þessa vitleysu. Þetta eru mistök, það er alveg augljóst mál. Ekki skal standa á mér, ef ég og við í mínum flokki getum eitthvað lagt af mörkum til þess að ná sáttum um þetta, að mætast á miðri leið og rétta út sáttarhönd og slá striki yfir það sem liðið er. Við munum ekki erfa deilur þessa kjörtímabils og átök um fjölmiðlamál sem verið hafa löng og mikil og hörð ef í boði verður einhver sanngjörn sátt um málefni Ríkisútvarpsins. Við munum ganga að henni vegna þess að okkur er annt um þessa stofnun og við viljum fyrir alla muni og fyrst og fremst að henni vegni vel og henni verði skapaður starfsfriður og öryggi þannig að hún geti sinnt sínu mikla og mikilvæga menningarhlutverki áfram. Það er kannski aldrei meiri þörf en einmitt nú á mjög öflugu ríkisútvarpi sem heldur íslenskri menningu fram, stendur vörð um íslenska tungu, á þeim tímum hnattvæðingar og mikils flæðis af efni úr öllum áttum sem yfir okkur steypist. Þá er gríðarlega mikilvægt að eiga slíka stofnun, og að í boði sé vandað efni af fjölbreyttum toga fyrir alla aldurshópa, sem sinnir þessu hlutverki og ræktar þennan arf.

Af hverju leggja Frakkar allt það á sig sem þeir gera í þessum efnum? Það er ekki síst vegna franskrar tungu og franskrar menningar. Þeir berjast harðri baráttu fyrir því að hún verði ekki alveg undir og drukkni í flaumnum og voru t.d. að starta alþjóðlegri sjónvarpsrás á frönsku til mótvægis við ensku rásirnar sem flæða yfir. Þó að ólíkum stærðarhlutföllum sé hér saman að jafna, frú forseti, getum við alveg spurt okkur að því: Ætlum við ekki að hafa einhvern metnað líka að þessu leyti? Þá er Ríkisútvarpið, bæði sjónvarp og hljóðvarp, alveg lykilatriði í þessum efnum. Nægt framboð af vönduðu innlendu efni, innlendri dagskrárgerð, afþreyingu og tónlist þarf allt að vera þarna og við getum ekki reitt okkur á einkamarkaðinn í þeim efnum, við getum ekki gert sömu kröfur til hans og til ríkisútvarps. Það er gleðilegt og gott ef hann leggur líka sitt af mörkum og vonandi verður það og þetta þarf ekkert að rekast hvað á annað.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki tímabært og gangi ekki að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði að svo stöddu. Það hefði ýmsa galla í för með sér, m.a. þá að þá komast ekki auglýsingar og skilaboð í gegnum þann miðil til þjóðarinnar, þeirra sem fyrst og fremst hlusta eða horfa á þá miðla. Það yrðu líka fáir aðrir til staðar í byrjun og ekki mikil samkeppni á markaðnum ef Ríkisútvarpið hyrfi þaðan allt í einu. Ég er líka þeirrar skoðunar vegna þess að ég er ekki viss um að menn hafi metnað til þess að leggja nægjanlegt fé til Ríkisútvarpsins til að halda starfsemi þess úti með beinum ríkisframlögum. Ef svo væri mundi ég að sjálfsögðu vera tilbúinn til að skoða þann kost og ég útiloka hann ekki einhvern tíma í fyllingu tímans. Það er ekki tímabært að svo stöddu, þvert á móti þurfum við að efla Ríkisútvarpið, búa betur að því, skapa því starfssvið og sjá svo til hvernig þróunin verður í þessum efnum, setja í framhaldinu almenn fjölmiðlalög, það þarf að gera, og sjá svo til hvernig þróunin verður og hvernig aðstæður verða, t.d. að 3–5 árum liðnum, það má alltaf endurskoða þessa hluti. En mistök af því tagi að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi eru allt of dýru verði keypt, þó að þau verði vonandi hægt að leiðrétta og bæta skaðann að mestu leyti. Og hér skal það sagt, frú forseti, að lokum að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun gera allt sem hún getur til þess, verði Ríkisútvarpið gert að hlutafélagi, að snúa því til baka að loknum kosningum. Við munum hafa það sem eitt af okkar baráttumálum í kosningabaráttunni og forgangsverkefni í samningum við aðra eftir kosningar að færa þjóðinni aftur sitt ríkisútvarp.

[Fundarhlé. — 19:05]

[20:00]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta eru búnar að vera áhugaverðar umræður um Ríkisútvarpið í dag og verða án efa eitthvað fram á kvöld. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þetta mál allt saman er að verða ein sorgarsaga. Það er svo merkilegt að það eru engar deilur um að fjölmiðlaumhverfið hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum og áratugum og þess vegna er mikilvægt að skoða Ríkisútvarpið, stöðu þess og hlutverk í því samhengi. Það sem mér finnst sérkennilegt í þessu öllu saman eru vinnubrögðin og aðferðirnar. Núna eru rúm 20 ár, ég held 22, síðan einkaleyfi RÚV var afnumið. Þess vegna þykir mér vægast sagt undarlegt að þegar á að gera svona gagngerar og miklar breytingar á lögunum um Ríkisútvarpið sé það ekki betur gert en raun ber vitni. Við sjáum það bara á þessari sorgarsögu og þeim vandræðagangi sem verið hefur með Ríkisútvarpið hjá þessari ríkisstjórn, farið frá frumvarpi sem var Ríkisútvarpið sf. yfir í frumvarp sem var Ríkisútvarpið hf. og svo erum við hér að ræða Ríkisútvarpið ohf. Ríkisstjórnin hefur í þessum frumvörpum þremur í engu tekið á helstu deiluefnunum varðandi Ríkisútvarpið. Það er heldur ekki gert í þessu nýjasta frumvarpi og ég verð að segja að mér þykja vinnubrögðin sérkennileg. Það er farið í þverpólitíska leiðangur með þverpólitíska nefnd um fjölmiðla og fjölmiðlaumhverfi á Íslandi og Ríkisútvarpið er þar fyrir utan sviga. Ríkisútvarpið er ekki með í umfjöllun um fjölmiðlamarkaðinn og það hlýtur að teljast undarlegt, virðulegi forseti, vegna þess að Ríkisútvarpið er risi á fjölmiðlamarkaðnum og því mjög eðlilegt að hann sé tekinn í samhengi.

Ég verð að segja, frú forseti, að tilgangurinn með því að taka Ríkisútvarpið út fyrir sviga er mér hulin ráðgáta. Það hefur aldrei komið fram frá hæstv. ríkisstjórn hvers vegna það var gert og þá koma auðvitað upp þær raddir hjá fólki sem telur að leiðangurinn sé, hjá Sjálfstæðisflokknum í það minnsta, að selja á endanum Ríkisútvarpið og að hér sé verið að liðka fyrir því. Um þetta mál, Ríkisútvarpið, hefur ekki farið fram nein þverpólitísk umræða. Við erum að byggja upp og ætlum að byggja upp almennilegt almannaútvarp sem á að standa til framtíðar og þá eiga almennileg stjórnvöld, stjórnvöld sem vilja vinna málið af ábyrgð og festu og vilja Ríkisútvarpinu raunverulega vel, að skapa um þetta mál þverpólitíska samstöðu. Ég tel að það hefði verið hægt að gera það í staðinn fyrir að hefja þessa sorgargöngu Ríkisútvarpsins eða frumvarpanna innan þessara veggja. Þetta er allt ein hörmungarsaga.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að þetta mál væri illa unnið, og þeim stórpólitísku spurningum og deiluefnum sem verið hafa uppi á undanförnum árum varðandi Ríkisútvarpið og rekstur þess er alls ekki svarað með þessu frumvarpi. Það er ekki á þeim tekið. Get ég nefnt sem dæmi breytingar sem gerðar eru á fjármögnuninni, þ.e. að afnotagjöldin eru lögð niður og í staðinn á að taka upp nefskatt sem er að mínu mati afar vond leið og alls ekki til þess fallin að skapa sátt um fjármögnun Ríkisútvarpsins. Síðan vil ég nefna líka að mér finnst mjög undarlegt að lengi hefur verið á það deilt í þjóðfélaginu og ríkt ákveðin tortryggni í garð Ríkisútvarpsins vegna þeirra pólitísku ítaka sem hafa verið í útvarpsráði þannig að útvarpsráð hefur endurspeglað meiri hlutann á Alþingi hverju sinni. Þetta hefur verið verulega gagnrýnt og í þessu frumvarpi er enn þá gefið í í þeim efnum. Mun ég fara betur yfir það í ræðu minni á eftir. Pólitískum ítökum er gefið framhaldslíf og, eins og ég segi, frekar gefið í en hitt. Síðan eru auðvitað miklar deilur um rekstrarformið. Það rekstrarform sem hér hefur verið valið, að „oháeffa“ Ríkisútvarpið, er auðvitað afar umdeild leið og menn hafa spurt sig hvers vegna sú leið sé farin, svo umdeild leið. Hafa menn innan stjórnarflokkanna líka velt upp þeirri spurningu hvers vegna eigi að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið ef ekki eigi að selja það? Það er stóra spurningin sem eftir lifir og sem þessi ríkisstjórn verður að svara. Hæstv. menntamálaráðherra verður að fara að svara þessu.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að það er mikilvægt að breyta lögum um Ríkisútvarpið. Við í Samfylkingunni höfum talað fyrir því. Hv. þm. Mörður Árnason hefur lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu í því skyni þannig að afstaða okkar hefur verið ljós um alllanga hríð. Síðan var hún kynnt sérstaklega á blaðamannafundi í morgun. Afstaða okkar til Ríkisútvarpsins og framtíðar þess var dregin saman þannig að Samfylkingin hefur talað skýrt í þessu máli. Við erum sammála um að það eigi að breyta lögunum um Ríkisútvarpið. Það eru ýmsar breytingar sem þarf að gera á þeim og um það eitt og sér hefur verið nokkur sátt og lengi verið kallað eftir því svo að Ríkisútvarpið ætti hægara um vik að starfa í því fjölmiðlaumhverfi sem við búum við í dag sem er auðvitað allt annað en var fyrir 20 árum, og

sem var hér þegar Ríkisútvarpið var stofnað sem er orðið enn lengra síðan.

Fjölmiðlaumhverfið hefur tekið mjög miklum breytingum á undanförnum árum og því er mikilvægt og tímabært að skoða Ríkisútvarpið, stöðu þess og hlutverk í því samhengi. Því hefði að mínu mati verið skynsamlegra, og allra skynsamlegast, að taka umræðuna um Ríkisútvarpið samhliða umræðunni um ný fjölmiðlalög og í fjölmiðlanefndinni. Við getum ekki tekið svona risa á markaði eins og Ríkisútvarpið er og haft hann fyrir utan sviga þegar umfjöllun um fjölmiðla er sett í þverpólitíska farveg. Þetta eru mjög undarleg vinnubrögð, frú forseti, og ég átta mig ekki á ástæðunni nema hún sé sú að ríkisstjórnin hafi viljað makka með Ríkisútvarpið og framtíð þess í bakherbergjum vegna þess að hún sé í einhverjum leiðangri. Þess vegna skil ég að menn telji að leiðangurinn muni enda á því að Ríkisútvarpið verði selt.

Í þessari fjölmiðlanefnd var farið mjög djúpt í málin og mikil umræða hefur átt sér stað um fjölmiðlamarkaðinn. Þetta var þverpólitísk nefnd og það var talið mjög mikilvægt eftir þessar miklu deilur um fjölmiðlalögin fyrir tveimur árum að um þetta ríkti þverpólitísk samstaða. Þess vegna finnst mér afar sérkennilegt að Ríkisútvarpið, málefni þess, hlutverk og framtíð hafi ekki verið rædd í því samhengi og vil varpa þeirri spurningu til stjórnarliða og þeirra sem standa að þessu frumvarpi hvers vegna það hafi ekki verið gert. Því hefur aldrei verið svarað. Ég hef talið farsælustu vinnubrögðin þau að það yrði sett í hendur þverpólitískrar nefndar að reyna að ná sátt um þessa mikilvægu stofnun. Það er staðreynd að við viljum að hér sé rekið öflugt raunverulegt almannaútvarp. Við vitum það og það hafa kannanir sýnt að fólkið í þessu landi lítur á Ríkisútvarpið sem mjög mikilvæga stofnun og treystir því vel fyrir fréttaflutningi og öðru slíku. Þess vegna er svo mikilvægt að um þessa starfsemi ríki friður og samstaða. Þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð ná ekki því markmiði.

Það virðist sem þessi ríkisstjórn hafi ekki talið neina þörf á samstarfi eða samráði um breytingarnar á Ríkisútvarpinu. Það er eins og að hún hafi ekki talið að það þyrfti neina samstöðu um þetta mál. Mér er algerlega óskiljanlegt hvers vegna menn vilja keyra þetta mál svona fram eins og raunin er.

Virðulegi forseti. Fulltrúar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd hafa gert mjög ítarlega grein fyrir afstöðu okkar í þessu máli í nefndaráliti og ég ætla ekki að fara yfir það nefndarálit sérstaklega hér. Hins vegar eru nokkur atriði eins og ég kom inn á í upphafi ræðu minnar sem ég vil ræða sérstaklega, staða Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnmálunum, hin pólitísku ítök í Ríkisútvarpinu og sömuleiðis nefskatturinn og þá vil ég líka aðeins ræða rekstrarformið.

Hingað til vitum við að miklar deilur hafa staðið um Ríkisútvarpið, og það sem stofnun hefur oft fengið á sig talsverða gagnrýni. Það hefur gætt tortryggni í garð hennar vegna þeirrar staðreyndar að henni hefur verið stjórnað af ríkisstjórnarmeirihlutanum í gegnum útvarpsráð sem hefur endurspeglað meiri hlutann á Alþingi. Þetta fyrirkomulag hefur vægast sagt verið mjög umdeilt og þess vegna undrast ég það og skil ekki hvers vegna menn mæta hér með nýtt frumvarp í þriðja sinn þar sem þessu formi er viðhaldið. Og ef eitthvað er þá er bara gefið í í þessum efnum. Ef þetta frumvarp verður að lögum er staðan þannig að það verður stjórn yfir stofnuninni sem mun endurspegla flokkahlutföll á Alþingi. Þarna inni verða í meiri hluta fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem eru í ríkisstjórn hverju sinni. Þessu er gefið framhaldslíf. Að auki verður það þannig að í stað þess eins og það er nú, að menntamálaráðherra skipi útvarpsstjóra, mun þessi stjórn sem er skipuð þannig að meiri hluti fyrir henni, sá meiri hluti sem ríkisstjórnin skipar, ráða því alfarið hvenær útvarpsstjóri er ráðinn og hvenær rekinn. Þessi útvarpsstjóri fer síðan samkvæmt frumvarpinu með öll starfsmannamál þannig að við sjáum að það er þráðbein lína héðan af ríkisstjórnarbekknum í gegnum alla stofnunina, hin pólitísku ítök, og hönd ríkisstjórnarinnar nær þar alla leið í gegn. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, er kominn og því vil ég geta þess að ég hjó eftir því í viðtali við hann nýverið í Íslandi í bítið um Ríkisútvarpið og það frumvarp sem hér liggur fyrir að hann fullyrti að vegna þess að menntamálaráðherra skipaði ekki lengur útvarpsstjóra samkvæmt þessu frumvarpi væri slakað á pólitískum ítökum. Ég undrast þessi ummæli vegna þess að annaðhvort er hv. þingmaður að reyna að slá ryki í augu fólks sem á hann hlýddi eða þá, og ég spyr hv. þingmann hvort hann trúi þessu raunverulega sjálfur, að hann gleymdi að láta fylgja með þær staðreyndir sem ég var að fara yfir. Útvarpsstjóri verður ráðinn og hann verður rekinn af stjórn sem endurspeglar valdahlutföll hér á Alþingi. Þegar slíkt hangir yfir þýðir það að ríkisstjórnin sem situr á þessum bekkjum hefur heilmikið vald yfir útvarpsstjóranum sem síðan ræður því hverjir eru ráðnir inn til Ríkisútvarpsins.

Þarna, virðulegi forseti, er ekkert verið að gera annað en gefa í í þessum efnum. Við í Samfylkingunni höfum í málflutningi okkar mótmælt þessu, og höfum lagt fram hugmyndir og tillögur að því hvernig við vildum sjá þetta. Hvernig við vildum sjá þetta gert og hvernig við getum leyst þennan vanda vegna þess að þetta mun verða vandi Ríkisútvarpsins verði frumvarpið að lögum. Þá verður þetta stór vandi hjá Ríkisútvarpinu til framtíðar.

Við höfum sagt og lögðum fram tillögur okkar á blaðamannafundi í morgun um að við teldum að starfsmenn Ríkisútvarpsins ættu að eiga fulltrúa í stjórninni og þannig verði það tryggt að ekki sé ráðandi ríkisstjórnarmeirihluti í stjórn Ríkisútvarpsins. Þetta er mjög mikilvægur þáttur. Það skiptir öllu máli fyrir framtíð stofnunarinnar að það verði ekki þráður beint af ríkisstjórnarbekknum inn í gegnum allt útvarpið.

Jafnframt leggjum við í Samfylkingunni til að almenningur eigi að eiga aðkomu að stefnumótun Ríkisútvarpsins fyrir tilstilli sérstaks hlustendaþings sem komi saman einu sinni á ári. Við viljum að pólitísk afskipti af innri málefnum útvarpsins verði afnumin. Skýrara getur það ekki verið.

Í tillögum okkar og stefnu segjum við einnig að Ríkisútvarpið verði sem almannaútvarp að vera sjálfstætt og óháð stjórnmála- og viðskiptahagsmunum og þá jafnframt að starfsmenn verði að búa við ritstjórnarlegt sjálfstæði. Þannig gætum við tryggt faglega umfjöllun um menn og málefni á vettvangi stjórnmála og atvinnulífs.

Þetta, frú forseti, er einnig gríðarlega mikilvægt og við í Samfylkingunni höfum í gegnum tíðina talað mjög fyrir þessu. Mig minnir að Bryndís Hlöðversdóttir hafi, þegar hún sat á hér, lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu frekar en frumvarp um þetta ritstjórnarlega sjálfstæði.

Fjölmargar umsagnir hafa borist um þetta mál. Þær eru margar afar áhugaverðar og þær nefna margar einmitt þetta atriði. Þar er komið inn á það atriði að mikilvægt sé að stjórnin endurspegli ekki valdahlutföll á Alþingi til að tryggja að Ríkisútvarpið sé sjálfstætt.

Það er svo merkilegt að það gerðist líka á síðasta ári þegar frumvarp um Ríkisútvarpið hf. lá fyrir Alþingi að inn komu mjög margar góðar, vel ígrundaðar, vel útfærðar og vel rökstuddar umsagnir sem ekkert var hlustað á. Í einni þeirra var beinlínis sagt að menn vonuðust til að tekið yrði mark á innihaldinu, en reynsla þeirra aðila sem gáfu umsagnir væri sú að yfirleitt væri ekki tekið tillit til þeirra ábendinga sem í umsögnum þeirra kæmu.

*Það er auðvitað eitt og sér, frú forseti, mikið áhyggjuefni ef umsagnaraðilar eru farnir að vita og gefa sér að ekkert verði á þá hlustað.* Þannig hefur núverandi ríkisstjórn starfað. Það er því ekkert skrýtið þó hún sé komin með þetta orð á sig.

En núna í ár í þessari þriðju atrennu hefur talsvert af umsögnum komið. Eins og ég sagði komu margar þeirra inn á mikilvægi þess að breyta stjórninni og skipan hennar. Má þar t.d. nefna Alþýðusamband Íslands, en í umsögn þess kemur fram að ASÍ telji mikilvægt að standa vörð um sjálfstæði Ríkisútvarpsins og telur að það megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og þekkist víða, þ.e. að starfsmönnum og sjálfstæðum aðilum utan stofnunarinnar verði auk þings gert að skipa fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Þarna er þetta beinlínis lagt til og lögð á þetta mikil áhersla. Einnig segir í umsögninni varðandi stjórnina eins og hún er hugsuð í frumvarpinu „að til þess að tryggja sjálfstæði starfsmanna gagnvart stjórn og framkvæmdastjóra er og nauðsynlegt að lögin geymi sérstök ákvæði um málefnalegar, rökstuddar og áfrýjanlegar uppsagnir."

Þetta kemur allt inn í það, virðulegi forseti, að verið er að gera breytingar á öllu Ríkisútvarpinu og þetta er engan veginn tryggt, heldur getur ríkisstjórnin með þræði sínum skipt sér af einstaka starfsmönnum í gegnum ósjálfstæðan útvarpsstjóra.

Að auki vil ég nefna að Blaðamannafélag Íslands tekur í svipaðan streng og segir að stjórn Blaðamannafélags Íslands leggi til að fleiri aðilar en Alþingi fái að skipa fulltrúa í stjórn hlutafélagsins, m.a. starfsmenn Ríkisútvarpsins og nefna að slíkt eigi sér fordæmi í nágrannalöndum okkar og útvarpsráð NRK sé til að mynda skipað þremur fulltrúum starfsmanna í níu manna stjórn. Beinlínis er sagt í umsögn Blaðamannafélagsins að þannig megi stuðla að því að önnur sjónarmið en flokkspólitísk ráði för hjá stjórn hlutafélagsins, t.d. við ráðningu útvarpsstjóra.

*Það er því mjög gagnsætt í hvaða leiðangri ríkisstjórnin* er og menn hafa auðvitað áhyggjur af þessu víða í samfélaginu, eins og fram kemur í þessari umsögn og umsögn ASÍ.

Síðan segir í umsögn Blaðamannafélagsins að stjórn Blaðamannafélagsins telji rétt að skilgreina betur starfssvið útvarpsstjóra í lögunum, eða að lögin kveði á um að settar verði sérstakar reglur sem tryggi sjálfstæði ritstjórna gagnvart útvarpsstjóra. Þetta er sagt vegna þeirrar stöðu sem útvarpsstjóri er í samkvæmt frumvarpinu, að vera ráðinn og rekinn af pólitískri stjórn. Það eru því fleiri en við í Samfylkingunni sem höfum áhyggjur af þessu.

Félag fréttamanna sendi einnig inn umsögn og í henni kemur fram að Félag fréttamanna vilji að fulltrúi starfsmanna komi að stjórn fyrirtækisins. Þetta kemur fram mjög víða í mörgum umsögnum. Félag fréttamanna er líka á svipuðum nótum og við í Samfylkingunni með að það leggur áherslu á að aðgengi almennings í landinu að Ríkisútvarpinu sem *opinberu hlutafélagi verði tryggt, að fólk geti* haft áhrif og komið skoðunum sínum á framfæri við Ríkisútvarpið ohf. og það verði að kveða skýrt á um þetta aðgengi í lögum. Það sama eigi að gilda um upplýsingar um fjölmiðilinn og dagskrárstefnu hans.

Þetta er mjög í anda þess sem Samfylkingin hefur lagt til, þ.e. að almenningur eigi aðkomu að stefnumótun Ríkisútvarpsins fyrir tilstuðlan hlustendaþings.

Þá er líka áréttað í umsögninni að Félag fréttamanna leggi „áherslu á að „eldveggir" verði viðhafðir innan fyrirtækisins til að verja sjálfstæða umfjöllun." Þarna, frú forseti, kemur þetta allt saman fram vegna þess að þeir aðilar hafa áhyggjur af pólitískum ítökum.

Þá er hér ágæt umsögn frá Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins þar sem Hollvinasamtökin hafa einnig verulegar áhyggjur af pólitískri íhlutun. Segir hér, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frumvarpinu verður stjórn RÚV ohf. skipuð fimm mönnum, sem kosnir verða hlutfallskosningu á Alþingi, og þar með ræður öllu pólitískur meiri hluti hverju sinni. Stjórnin ræður útvarpsstjóra og getur rekið hann fyrirvaralaust, en það getur þýtt ósjálfstæði útvarpsstjóra gagnvart hvort tveggja, stjórninni og menntamálaráðherra, sem er handhafi eina hlutabréfs RÚV ohf."

Þarna er varað við þessu. Einnig segir að Hollvinasamtökin leggi á það áherslu að gengið verði langt í því að losa stjórn Ríkisútvarpsins undan hinu flokkspólitíska valdi og meirihlutavaldi Alþingis hverju sinni og telja nauðsynlegt að nánar sé kveðið á um stjórn Ríkisútvarpsins. Það sem þeir leggja síðan til er að æðsta stjórn stofnunarinnar verði enn breiðari en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Þessi staðreynd er því áhyggjuefni margra og að gefið sé svona í í þessum pólitísku ítökum. Það er ekki að ástæðulausu sem slíkar áhyggjur eru, enda hefur þetta frumvarp meira og minna verið unnið í baktjaldamakki milli þeirra tveggja flokka sem nú eru í ríkisstjórn, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. *Aðrir hafa ekki átt aðkomu að því starfi og ekki hefur verið hlustað á* umsagnir sem hafa komið um þau frumvörp sem hér hafa legið fyrir. Það er því alveg borðleggjandi að það mun ríkja áfram, því miður, veruleg tortryggni í garð Ríkisútvarpsins sem er eitthvað sem við ættum að vera að vinna gegn og vinna í að breyta en ekki eins og ríkisstjórnin gerir, sem er hreinlega að bæta í.

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir var í andsvari í dag og svaraði einmitt spurningum um þá staðreynd, þ.e. þessa pólitísku íhlutun. Ég átti eiginlega ekki til orð. Hún, eins og Sigurður

Kári Kristjánsson, heldur því fram að verið sé að draga úr í þessu frumvarpi, verið sé að draga úr pólitískum tökum vegna þess að útvarpsráð sé ekki lengur með puttana í dagskrárgerð, eins og hv. þingmaður sagði. Og það væri liður í að minnka þessa pólitísku íhlutun sem hún viðurkenndi reyndar að hefði verið allt of mikil í gegnum tíðina.

En ég vona, sem ég held að hv. þingmaður hafi ekki áttað sig á, en ég vona að hún muni átta sig á, að það frumvarp sem hún styður eykur pólitíska íhlutun. Þó svo að útvarpsráð sé ekki lengur beint með puttana í dagskrárgerð, eins og hún orðaði það, þá hefur útvarpsráð allt um það að segja með ordrur frá sinni ríkisstjórn um hvaða starfsmenn eru ráðnir, hvaða starfsmenn eru reknir, og sem síðan auðvitað eru í dagskrárgerðinni. Sambandið er því auðvitað mjög sterkt og allt of sterkt.

Ég ætla ekki að dvelja lengur við þetta atriði en eins og heyra má hef ég af þessu verulegar áhyggjur og ég harma að menn skuli ekki taka á þessu þegar við erum að vinna í þessu máli hér og nú.

Ég nefndi áðan að ég hef einnig mótmælt bæði á þessu þingi, við 1. umr., og líka þegar frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. kom fram, nefskattinum sem hæstv. menntamálaráðherra ætlar að leggja á þjóðina. Þetta tel ég arfavonda leið til að fjármagna Ríkisútvarpið. Afnotagjöldin hafa verið umdeild en að skipta á afnotagjöldum og nefskatti tel ég eitthvað það vitlausasta sem ég hef lengi heyrt. Það mun ekki skapa sátt um fjármögnun Ríkisútvarpsins að setja hér á nefskatt. Ástæðan fyrir því að ég segi þetta er sú að borgurum þessa lands er mismunað með þessum hætti vegna þess að þeir sem lifa að mestu leyti á fjármagnstekjum munu margir hverjir sleppa við að greiða þennan skatt. Margir hverjir gefa ekki upp miklar launatekjur og þá verða þeir undanþegnir þessum skatti þannig að þar með er komin mismunun milli venjulegra launþega og þeirra sem mikið eiga og geta lifað af fjármagnstekjum sínum. Þess vegna er nefskatturinn óréttlátur og einnig er hann óréttlátur vegna þess að hann mun leggjast þungt á fjölskyldur þar sem eru mörg börn yfir 16 ára aldri. Það kemur beinlínis fram í greinargerð með frumvarpinu að almennt mætti miða við að skattlagningin verði þannig að hvert þriggja manna heimili yrði jafnsett og að gjaldið mundi lækka fyrir fámennari heimili en hækka fyrir heimili þar sem einstaklingar 16 ára og eldri væru fleiri en fjórir, þ.e. foreldrar og tvö börn.

Þetta er nokkuð sem við hljótum að mótmæla og við í Samfylkingunni höfum mótmælt þessu. Mér finnst rétt í þessari umræðu að draga fram umsögn ríkisskattstjóra um þetta mál. Við vinnslu málsins í nefndinni kom umsögn frá ríkisskattstjóra þar sem vísað er í umsögn frá 15. mars 2006 og að hún stæði enn. Sú umsögn sem aðallega fjallar um þennan nefskatt er afar áhugaverð þar sem farið er hörðum orðum um þann kost fyrir Ríkisútvarpið að taka upp nefskatt. Það sem ríkisskattstjóri segir í umsögn sinni er að helsti ókostur nefskattsins sé að hann taki ekki tillit til greiðslugetu og sé íþyngjandi fyrir tekjulága. Þeir greiða hærra hlutfall tekna sinna í skattinn en þeir sem hærri hafa tekjurnar. Hann segir sömuleiðis að af þessum ástæðum sé það sjaldgæft að nefskattar séu lagðir á, a.m.k. af stærðargráðu sem veruleg getur talist. Síðan í þessari mjög svo áhugaverðu umsögn frá ríkisskattstjóra fer hann langt aftur í aldir í röksemdafærslu sinni fyrir því hvers vegna ekki eigi að taka upp slíkan nefskatt og segir í umsögn sinni að fyrr á öldum hafi nefskattur verið algengur en sé að mestu horfinn í dag.

Hann nefnir tvö þekkt dæmi úr skattasögunni, annars vegar skatt sem Ríkharður II. Englandskonungur lagði á árið 1380 til að fjármagna stríðið við Frakkland. Hann bendir á að sá skattur hafi leitt til bændauppreisnarinnar árið 1381, þ.e. ári síðar. Hins vegar nefnir hann dæmi eða tilraun á síðari tímum til að leggja á verulegan nefskatt, það hafi verið þegar stjórn Margrét Thatcher á Englandi lét lögleiða nefskatt í stað nokkurs konar fasteignagjalda til að fjármagna starfsemi sveitarfélaga. Skattinum hafi verið komið á 1989–1990 og mætt mikilli andstöðu, milljónir manna hafi neitað að borga hann og náðu mótmælin síðan hámarki sínu með óeirðum á Trafalgartorgi í lok mars árið 1990. Hann segir að andstaða innan Íhaldsflokksins hafi leitt m.a. til þess að Margrét Thatcher sagði síðan af sér þá um haustið. Arftakar hennar hafi síðan lækkað þennan skatt og afnumið hann frá og með árinu 1994.

Þetta, virðulegi forseti, fannst mér mjög áhugavert í þessari umsögn ríkisskattstjóra, að hann tæki þessi dæmi, annað frá 1380 og hitt nýlegra frá íhaldsmönnum og án efa einni af fyrirmyndum hæstv. menntamálaráðherra, Margréti Thatcher, og færi svona hressilega yfir það hver örlög hennar urðu og rekti það til þessa nefskatts sem hún leiddi í lög.

Ég hvet sem flesta til að lesa þessa umsögn vegna þess að hún er, eins og ég segi, bæði skemmtileg aflestrar og svo er hún líka mjög gagnleg. Ég skil gjörsamlega ekki hvers vegna hv. menntamálanefnd hleypti frumvarpinu í gegn með þessum nefskatti innan borðs eftir lestur þessarar umsagnar.

Þar segir líka að helsti gallinn við nefskatt sé tengslaleysi hans við gjaldþol manna. Í þessu tilfelli sé brugðist við með því að undanþiggja hina tekjulægstu gjaldinu og að frítekjumörkum fyrir fast krónugjald fylgi ákveðin vandamál vegna þeirra sem eru hvorir sínum megin næst mörkunum. Þetta getur vakið spurningu um jafnræði. Hið sama á við þegar litið er til mismunandi skattlagningar hjóna. Þá segir: Þá eru skattfrelsismörkin samkvæmt frumvarpinu með þeim annmarka að eingöngu er miðað við almennar tekjur, það eru launatekjur og þess háttar, en ekki fjármagnstekjur. Allstór hópur manna hefur auðvitað miklar tekjur af eignum en mjög lágar launatekjur og verður þar með samkvæmt þessu frumvarpi undanþeginn gjaldinu.

Virðulegi forseti. Það gerist æ oftar í stjórnartíð þessarar ríkisstjórnar að svona skattlagning á sér stað, þ.e. hinir efnameiri sleppa á meðan þeir tekjulægstu sitja uppi með skattþungann. Þetta hefur verið þróunin á skattbyrðinni í tíð þessarar ríkisstjórnar og enn er haldið áfram á sömu braut með þessu frumvarpi.

Þá segir líka í þessari áhugaverðu umsögn að frá skattalegu sjónarmiði séð hafi nefskattur á einstaklinga fáa kosti en mjög marga galla. Þá segir að samkvæmt frumvarpinu beri einnig að leggja skatta á lögaðila og menn og að fyrir þeirri tilhögun séu ekki færð nein sérstök rök í greinargerðinni. En það er áhugavert þegar ríkisskattstjóri fer yfir það hér hvað lögaðilana varðar að hann bendir á að gjaldskyldir

lögaðilar yrðu samkvæmt frumvarpinu um 26 þús. og af þeim greiddi í dag um helmingur tekjuskatt eða önnur gjöld til ríkisins. Nýir skattgreiðendur úr röðum lögaðila yrðu þá 13 þús. Þá segir hér að vert sé að hafa í huga að ætla megi að verulegur hluti hinna nýju skattgreiðenda yrði félög sem ekki eru starfandi og hafa því engar tekjur til að greiða gjaldið af.

Eins og ég segi er þetta afar áhugaverð umsögn og ég hvet hv. menntamálanefnd til að kynna sér hana betur. Ég undrast að þessu frumvarpi hafi verið hleypt í gegn með þessum nefskatti miðað við góða röksemdafærslu í þessari umsögn og líka miðað við umsagnir aðrar sem hafa komið, t.d. frá Félagi fréttamanna, Hollvinasamtökunum, ASÍ og Neytendasamtökunum. Öll hafa þau gagnrýnt harðlega þennan nefskatt.

Félag fréttamanna telur að frekar eigi að halda í afnotagjöldin en að fara þá leið sem hér er valin og bendir réttilega á að það sé engin krafa af hálfu ESA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA, að leggja afnotagjöldin niður. Sjálf er ég ekki sammála því og við í Samfylkingunni erum ekki sammála því að besta leiðin sé að halda afnotagjöldunum eins og þau eru. Vissulega á að gera á þeim breytingar en nefskattur leysir alls ekki það vandamál sem afnotagjöldin valda og heldur ekki þær miklu deilur sem staðið hafa um þetta umdeilda gjald.

Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins hafa líka miklar efasemdir um að þeir sem sætti sig illa eða ekki beint við afnotagjald muni frekar sætta sig við nefskattinn. Þau benda réttilega á, eins og ríkisskattstjóri gerði í þeirri umsögn sem ég fór yfir áðan, að helsti galli nefskatta sé augljóslega að þeir leggjast þyngst á þá sem hafa lágar tekjur. Þeir geta þurft að greiða hátt hlutfall af tekjum sínum þegar allir greiða sömu krónutölu.

Þá segir hér að skattfrelsismörk samkvæmt frumvarpinu séu með þeim annmarka að eingöngu sé miðað við almennar tekjur, launatekjur, en ekki fjármagnstekjur. Og hér er bent á, eins og hjá ríkisskattstjóra, þann stóra hóp sem hefur miklar tekjur af eignum en lágar launatekjur sem yrði þá undanþeginn þessum skatti.

Neytendasamtökin fjalla líka um þetta í sinni umsögn og segja að Neytendasamtökin hafi fjallað ítarlega um hvernig rétt sé að standa að fjármögnun Ríkisútvarpsins. Þau segja það skoðun sína að upphæð nefskatts sem kynnt er í frumvarpinu sé mjög há og komi illa við mörg heimili þar sem stálpaðir unglingar búa enn í foreldrahúsum, eða ungt fólk. Neytendasamtökin nefna líka að skylduáskriftin með afnotagjöldunum hafi reynst mjög óvinsæl hjá mörgum og segja hér, sem er alveg hárrétt hjá þeim, að hætt sé við því að nefskattur sem yrði jafnhár og frumvarpið gerir ráð fyrir verði alveg jafnóvinsæll.

Neytendasamtökin mæla með því að það verði skoðað hvort ekki eigi að flétta saman mismunandi fjármögnunarleiðir. Það er auðvitað eitthvað sem við í Samfylkingunni höfum lagt til, m.a. í þeim tillögum sem við kynntum í morgun og það hefur reyndar komið fram líka í gegnum tíðina, þá ekki síst í þingsályktunartillögu hv. þm. Marðar Árnasonar sem er að mig minnir tveggja ára gömul. Þar kemur fram, og í þessum tillögum okkar sem við kynntum, að Samfylkingin hefur skýra sýn í þessu og vill að fjármögnunin verði blönduð, það verði annars vegar ríkisframlag og síðan sérstakar aðrar tekjur, það verði með auglýsingatekjum sem þó muni lækka frá því sem nú er og verði ekki hærri en 15–20% af heildartekjum Ríkisútvarpsins. Í dag er þetta á bilinu 25–30% af tekjum Ríkisútvarpsins.

Þetta leggjum við auðvitað til til þess að svara þeirri gagnrýni sem komið hefur á þá staðreynd, m.a. frá Samkeppniseftirlitinu og fleirum, að Ríkisútvarpið gín yfir þessum markaði og er stór og það verður auðvitað að gefa öðrum fjölmiðlum meira svigrúm á markaðnum.

Þessi ræða er að verða lengri en ég hafði ætlað mér en mér liggur nú margt á hjarta í þessu máli, ekki síst hef ég verulegar áhyggjur af þessum pólitísku ítökum og nefskattinum og hef farið hér yfir það.

Mig langar að koma stuttlega inn á rekstrarformið. Ég og við í Samfylkingunni höfum ekki verið hlynnt því að Ríkisútvarpið verði hlutafélagavætt. Ég held að það hafi verið Björn Ingi Hrafnsson sem spurði: Hvers vegna hlutafélag ef ekki á að selja? Ég held að við getum tekið undir það með þeim ágæta framsóknarmanni og spurt hins sama. Þeirrar spurningar mætti spyrja Framsóknarflokkinn á Alþingi: Hvers vegna hlutafélag ef ekki á að selja? Við í Samfylkingunni höfum lagt til að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun með eigin stjórn sem Alþingi kýs auk starfsmanna. Sjálfseignarstofnun er þekkt fyrirkomulag og hefur reynst vel við rekstur hjá opinberum aðilum, t.d. á háskólastigi. Það gæfi Ríkisútvarpinu það svigrúm sem það þarf í þeirri stöðu sem það býr við í dag, skapar ákveðna fjarlægð frá pólitíkinni og eigendunum og gefur því sjálfstæði. Ég hefði talið sjálfseignarstofnun mun heppilegra form.

Frú forseti. Mér finnst ekki hafa verið nægjanlega rökstutt hvers vegna eigi að óháeffa Ríkisútvarpið. Þetta fyrirkomulag hefur auðvitað verið harðlega gagnrýnt úr öllum áttum, frá hægri og frá vinstri. Frá vinstri hefur það verið gagnrýnt vegna þess að við viljum ekki að Ríkisútvarpið verði selt. Við viljum reka öflugt almannaútvarp. Frá hægri hefur þetta verið gagnrýnt, af frjálshyggjumönnum vegna þess að ekki sé viðeigandi að búa til hlutafélag úr stofnun sem er að mestu leyti rekin fyrir almannafé, það skekki stöðuna á samkeppnismarkaði. Undir hvort tveggja er í sjálfu sér hægt að taka. Þetta hefur verið gagnrýnt mjög harðlega úr ýmsum áttum. Ég ætla ekki að fara yfir það nánar enda hefur það verið gert ágætlega í öðrum ræðum. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fór yfir það en þó þykir mér rétt að rifja upp að í leiðara eftir Þorstein Pálsson, fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins, frá því í mars í fyrra þegar við vorum að ræða um Ríkisútvarpið hf. og það frumvarp, gagnrýndi hann þessar hugmyndir mjög harðlega undir yfirskriftinni „rauðkuhugmyndafræði". Hann færði fyrir því ágæt rök hvers vegna breytingar sem þessar væru ekki viðeigandi.

Virðulegi forseti. Þó nokkrir umsagnaraðilar hafa einnig fjallað um þennan þátt málsins, t.d. kemur ASÍ inn á þetta í umsögn sinni. Þar er lýst andstöðu við fyrirhugaðar breytingar á rekstrarforminu og ASÍ segir að það hafi verið og sé þeirrar skoðunar að víðtækt hlutverk Ríkisútvarpsins í almannaþágu, bæði í óháðri fréttamiðlun og menningarlegu hlutverki, sé þess eðlis að afar mikilvægt sé að Ríkisútvarpið verði örugglega áfram í almannaeign. Ég held að það sé

kjarni málsins. Til að tryggja að Ríkisútvarpið verði með öruggum hætti áfram í almannaeigu þá er oháeffun ekki rétta leiðin.

Í umsögn BSRB og BHM er líka komið inn á þetta. BSRB og BHM þykir með ólíkindum sú aðferð sem beitt er gagnvart starfsmönnum þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög eða þær lagðar niður. Í landinu eru lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem ætlað er að gilda við aðstæður sem þessar. Það er óþolandi að við þessi skilyrði séu sett sérstök lög sem taka almennu lögin um ríkisstarfsmenn úr sambandi þegar á þau reynir. Ef það er mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta á auðvitað að gera það með því að breyta almennu lögunum þannig að þessi ómögulega staða komi ekki upp aftur og aftur.

Virðulegi forseti. Þarna er komið inn á kjarna málsins. Þessu atriði þarf auðvitað að svara í stað þess að hlutafélagavæða mikilvægar stofnanir í samfélaginu eingöngu til að losa þær undan lögum um opinbera starfsmenn. Menn eiga að koma hreint fram og gera almennar breytingar.

Virðulegi forseti. Áður en ég lýk máli mínu er eitt atriði sem ég vil líka koma inn á. Mér þykir afar áhugaverður punktur sem í umsögn frá Skjánum. Þar er rætt um samning um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem gerð hafa verið drög. Í umsögninni segir að þeim samningi sé líklega ætlað að skilgreina nánar starfsvettvang Ríkisútvarpsins en því miður sé um afskaplega almennt plagg að ræða. Í umsögn Skjásins segir jafnframt að besta dæmið um þetta sé ákvæði um nýsköpun í dagskrárgerð þar sem sett eru fram háleit markmið um að Ríkisútvarpið skuli styrkja og efla íslenska kvikmyndagerð með kaupum á dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum að lágmarki upp á 150 millj. kr. árið 2008. Fram kemur að Skjár einn hafi varið meira en þessari upphæð í kaup á innlendu dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum á síðustu 12 mánuðum og það án allra ríkisstyrkja. Þeir telja að fleiri orð þurfi ekki að hafa um þjónustusamninginn. Hér er bent á að þjónustusamningurinn sé tiltölulega metnaðarlítill í samanburði við sjónvarpsstöð sem hefur ekki nærri því sömu stöðu á markaði og Ríkisútvarpið.

Virðulegi forseti. Ég gæti staðið hér í allt kvöld og rætt um málefni Ríkisútvarpsins. Ég vil segja í lokin að fjölmörg önnur atriði eru gagnrýnisverð. Yfir þau er farið nokkuð vandlega í áliti okkar samfylkingarmanna í menntamálanefnd. Sömuleiðis höfum við dregið saman hver stefna okkar er og framtíðarsýn varðandi Ríkisútvarpið. Þar kemur fram hvers vegna Samfylkingin leggst gegn hugmyndinni um Ríkisútvarpið ohf. og farið er yfir gallana á þeirri ætlun.

Í fyrsta lagi höfum við sagt að hlutafélagaformið greiði leiðina að einkavæðingu Ríkisútvarpsins, hvort sem það yrði í heild eða að hluta. Við erum á móti því. Sömuleiðis leggjumst við gegn málinu vegna þess að hlutverk nýja fyrirtækisins er óljóst. Sömuleiðis mótmælum við því að ríkisstjórnarmeirihlutinn sé í nýju útvarpsráði og geti ráðið og rekið útvarpsstjóra að vild. Sömuleiðis mótmælum við nefskattinum og við erum jafnframt á móti málinu vegna þess að réttindi starfsmanna eru ekki tryggð eins og vera ætti í almannaútvarpi sem ríkisvaldið ber ábyrgð á.

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. menntamálaráðherra er kominn í salinn og vil því ég enn og aftur spyrja þess sem ég hef oft spurt áður en aldrei fengið svör við: Hvers vegna var Ríkisútvarpið tekið út fyrir sviga í þverpólitískri umræðu um fjölmiðlamarkaðinn? Hvers vegna ekki var unnið að því að skapa þverpólitíska sátt um framtíð Ríkisútvarpsins og lagasetningu um Ríkisútvarpið í stað þess að standa í þessum leik sem hefur orðið að þeirri sorgarsögu sem málefni Ríkisútvarpsins eru innan veggja Alþingis?

[20:54]

**Útbýting:**

Afskipti lögreglu af erlendum ríkisborgurum, 447. mál, fsp. MÞH, þskj. 575.

Agaviðurlög í fangelsum, 320. mál, svar dómsmrh., þskj. 542.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 449. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 577.

Framlög til íþróttamála, 138. mál, svar menntmrh., þskj. 511.

Heilsufar erlendra ríkisborgara, 445. mál, fsp. MÞH, þskj. 573.

Kjördæmaskipan, 324. mál, svar forsrh., þskj. 549.

Laun sjómanna og lífskjör á landsbyggðinni, 448. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 576.

Skólavist erlendra barna, 446. mál, fsp. MÞH, þskj. 574.

Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 276. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 568; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 569.

Þáttur flugsamgangna í losun gróðurhúsalofttegunda, 299. mál, svar umhvrh., þskj. 559.

[20:56]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta umdeilda frumvarp um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins einfaldlega vegna þess að ég lít svo á að hin eiginlega umræða fari fram síðar. Eins og fram hefur komið í fréttum tókst samkomulag um það milli stjórnar og stjórnarandstöðu að þessi umræða, önnur umræða af þremur, yrði tiltölulega stutt en á hinn bóginn færi fram umræða á næsta ári. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún hafi þann ásetning að ljúka þessu máli þá og í fréttum sjónvarps í kvöld sagði hæstv. forsætisráðherra að hann stefndi að því að málinu yrði lokið um 20. janúar eða þar um bil. Um það er ekkert samkomulag í stjórnarandstöðu, ekkert samkomulag. Að sjálfsögðu viljum við að þessi ómynd sem þetta frumvarp er verði aldrei að lögum og við munum að sjálfsögðu gera allt það sem við getum til að koma vitinu fyrir stjórnarmeirihlutann og þar með í veg fyrir að hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins eigi sér stað.

Það sem kom mér á óvart við að fylgjast með fréttum fjölmiðla í kvöld voru viðbrögð Framsóknarflokksins, formanns Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðarráðherra Jóns Sigurðssonar, því hann virtist engu síður ákafur en formaður Sjálfstæðisflokksins að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Ég velti því fyrir mér hvort hér sé komin einhver arfleifð fyrri tíma, eitthvert samkomulag frá fyrri tíð um að Ríkisútvarpið skuli hlutafélagavætt því ég hef ekki trú á því að þessi skoðun sé ríkjandi í Framsóknarflokknum almennt,

a.m.k. ekki á meðal kjósenda Framsóknarflokksins. Svo mikið veit ég.

Reyndar er það svo að meðal sjálfstæðismanna er mikil og vaxandi andstaða gegn þessu frumvarpi. Hún kemur úr tveimur áttum. Hún kemur úr frjálshyggjuáttinni. Hér gengur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson um, en hann hefur sjálfur flutt frumvarp um að leggja Ríkisútvarpið niður sem ríkisstofnun. Hann vill selja Ríkisútvarpið en Sjálfstæðisflokkurinn hafði smekk til að gera hann að megintalsmanni þessa frumvarps sem formanns hv. menntamálanefndar, um að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og heita því í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi hjá sjálfstæðismönnum hér á þingi að Ríkisútvarpið verði ekki selt. Þetta er önnur áttin.

Síðan er það gamla menningarrótin innan Sjálfstæðisflokksins, menn eins og Jón Þórarinsson, fyrrum dagskrárstjóri hjá Ríkisútvarpinu, einarður sjálfstæðismaður sem hefur skrifað grein og greinar um Sinfóníuhljómsveit Íslands og hve óráðlegt sé af hálfu Ríkisútvarpsins að höggva á tengslin þar á milli vegna þess að hinir gömlu stjórnendur Ríkisútvarpsins skildu mætavel samhengið á milli þess að hafa skyldur og njóta réttinda.

Ríkisútvarpið hefur alla tíð haft miklum skyldum að gegna sem fjölmiðill, upplýsingamiðill og sem menningarstofnun, sem ein helsta menningarstofnun íslensku þjóðarinnar. Fyrrverandi útvarpsstjórar, Andrés Björnsson, ég nefni hann sem dæmi um mann sem starfaði í þessari menningarhefð, þeim hefði aldrei komið til hugar það sem kemur nú frá núverandi stjórnendum Ríkisútvarpsins um að losa þessa stofnun við skyldur sínar og er ég þá að horfa sérstaklega til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það er úr þessari átt innan Sjálfstæðisflokksins sem við verðum vör við vaxandi gagnrýni á hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins.

Ríkisstjórnin og stjórnendur, æðsti stjórnandi Ríkisútvarpsins hafa reynt að slá á gagnrýni fólks, starfsfólksins og annarra með alls kyns gylliboðum og yfirlýsingum. Fyrir fáeinum dögum var því lýst yfir gagnvart starfsmönnum að þeir héldu öllum réttindum sínum, kjarasamningsbundnum og lagalegum. Síðan kom annað á eftir, svo lengi sem núverandi kjarasamningar halda. Hvað svo? Jú, þá verði samið við einstaklingana um að færa réttindi og kjör yfir í annað form því ef Ríkisútvarpið verður gert að hlutafélagi er það komið á einkaréttarlegan grundvöll, komið undan lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og samningar fara fram á öðrum lagagrunni. Hvað mun það þýða? Jú, það hefur komið fram við umræðuna og verið upplýst að útvarpsstjóri telji að það muni hafa í för með sér aukinn launamun innan stofnunarinnar. En menn verði hins vegar frjálsir að því að semja á einstaklingsgrunni — við hvern? Við hann sjálfan? Við húsbóndann sem hefur það vald að reka viðsemjanda sinn úr störfum. Síðan leyfa menn sér að koma hingað upp og halda því fram að það sé verið að halda inn í framtíðina. Það er verið að halda inn í hina myrkustu fortíð áður en starfsfólk naut þeirra réttinda sem hafa smám saman verið ofin inn í mynstur á síðustu öld og tók langan tíma. Þetta mynstur var ofið hér í þinginu og í kjarasamningum starfsfólksins. Það voru sett stjórnsýslulög, það voru sett upplýsingalög, það voru sett lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og margvísleg önnur réttindi. Það var samið um fjölskyldu- og styrktarsjóð, það var samið um aðkomu starfsmanna að framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Allt þetta verður tekið brott. Það er ekki einu sinni haft fyrir því að ræða við þau samtök sem sömdu um þessi efni, sem sömdu um aðild starfsmannasamtakanna, Starfsmannafélag sjónvarpsins og Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins að framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins í byrjun 9. áratugar síðustu aldar. Þessu er bara svipt brott. Fjölskyldu- og styrktarsjóður. Munu konur í Ríkisútvarpinu sem ráðnar verða eftir og ef Ríkisútvarpið verður gert að hlutafélagi, eiga aðild að Fjölskyldu- og styrktarsjóði opinberra starfsmanna sem tryggir þeim bærilegri réttindi í fæðingarorlofi en gerist á almennum vinnumarkaði? Nei. Munu nýráðnir starfsmenn fá aðild að A-deild Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eins og lög gera ráð fyrir að heimilt sé? Nei, það eru engin vilyrði um slíkt, engin.

Þá er komið að meginspurningunni: Hvers vegna er verið að gera þetta? Hvers vegna í ósköpunum er verið að gera þetta? Hvernig stendur á því að þingmenn í stjórnarmeirihlutanum láta hafa sig út í þetta, að breyta lögum sem ekki verður séð að séu til annars en skerða réttindi starfsfólksins? Þau eru ekki til annars. Af hverju er stofnunin tekin undan stjórnsýslulögum? Út á hvað ganga stjórnsýslulög? Það er að jafnræðis sé gætt, stjórnsýslulögin snúast um jafnræði. Hvers vegna vill Alþingi setja stjórnsýslulög um opinbera starfsmenn? Það er vegna þess að menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að ef starfsemi er rekin með skattfé okkar, þá eigum við ákveðinn rétt sem skattborgarar, m.a. að jafnræðis sé gætt við ráðstöfun þessara fjármuna. Þessi lög hafa öll sinn tilgang. En það sem er að gerast núna er að með þessari lagasetningu er öll stjórn og öll yfirráð yfir allri dagskrárgerð Ríkisútvarpsins færð í hendur eins manns. Menn hafa verið að ræða um útvarpsráð og pólitísk tengsl útvarpsráðs, en nú er það einn maður. Það er einn maður sem ræður einn yfir allri dagskrárgerð Ríkisútvarpsins og einn getur hann ráðið og rekið alla starfsmenn. Hvernig er hann ráðinn sjálfur? Jú, það er pólitískur meiri hluti á Alþingi hverju sinni, ríkisstjórnarmeirihlutinn, sem skipar hann og getur rekið hann. Finnst mönnum þetta eiga eitthvað skylt við framtíðina? Ég er ekkert undrandi á því að stjórnarmeirihlutinn og þingmenn úr Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki hlaupi á dyr. Og það er að renna upp fyrir mér núna hvers vegna formaður Framsóknarflokksins vildi klára málið núna. Hann vill komast í felur með það fyrir jólin. Framsóknarflokknum hlýtur að finnast þetta óþægilegt mál. Það hygg ég að sé ástæðan fyrir því að formaður Framsóknarflokksins er óánægður yfir því að málið sé ekki klárað nú. Ég held að það sé skýringin.

En er Ríkisútvarpið rekið á besta hugsanlega máta, er því búin heppileg lagaumgerð? Nei, sú lagaumgerð er barn síns tíma og það er vilji til þess innan stjórnarandstöðunnar að gera breytingar þar á. Það eru mismunandi áherslur en það er jafnframt vilji til að finna sameiginlega lausn. Út á hvað ganga þær hugmyndir? Án þess að ég ætli að fara nákvæmlega ofan í saumana á þeim þá er rauði þráðurinn þessi: Færum ábyrgð yfir stjórnsýslunni inn í stofnunina, út úr ráðuneyti. Núna skipar ráðuneytið tiltekna stjórnendur í stofnuninni. Færum þær ráðningar og ábyrgð inn í stofnunina. Sömuleiðis með mannaráðningar, og þar vísa ég í til-

lögur og hugmyndir sem byggja á frumvarpi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þegar um er að ræða ráðningar í dagskrárgerð þá viljum við að fleiri komi þar að máli en einn maður, til að tryggja breidd þá verði það samkvæmt tillögunni í samráði við framkvæmdastjórn sem hefur á að skipa stjórnendum og fulltrúum starfsmanna. Það er til að tryggja opna ráðningu, að það sé ekki einn maður sem ráði þar öllu.

Ég gæti tínt til aðrar hugmyndir sem er að finna í frumvarpi okkar. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í það. Við erum með hugmyndir um að leggja útvarpsráð í núverandi mynd niður. Fyrir okkar leyti í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði finnst okkur eðlilegt að hafa tengsl inn í lýðræðissamkunduna, inn í Alþingi, tryggja tengslin þar á milli, en við viljum ekki að það sé stjórnarmeirihlutinn sem er þar ráðandi. Við viljum að fleiri komi þar að, Bandalag ísl. listamanna, Samband sveitarfélaga, Neytendasamtökin. Við nefnum tiltekna aðila auk fulltrúa stjórnmálaflokka, ekki hlutfallslega kosna heldur fulltrúa stjórnmálaflokka öllu heldur. Þetta dagskrárráð verði eins konar fulltrúaráð fyrir landsmenn, ekki til að ráðskast með dagskrána heldur til að hafa eftirlit eða öllu, til að veita aðhald með hliðsjón til þeirra lagaskyldna sem á Ríkisútvarpinu hvíla og þar erum við með hugmyndir um að styrkja íslenska dagskrárgerð.

Þetta er reyndar eitt af því sem veifað var skömmu áður en þing kom saman. Þá birtust í fjölmiðlum hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóri og gumuðu af samkomulagi sem gert hefði verið þeirra í millum um að auka hlutdeild íslensks efnis í Ríkisútvarpinu. Gott og vel, ljómandi fínt. Þetta er hins vegar algerlega óháð hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins, algerlega. Danmarks Radio, sem er ríkisstofnun og ríkisstjórnir hafa slíkt samkomulag sín í milli, BBC, breska útvarpið, British Broadcasting Service, byggir á samkomulagi við bresku ríkisstjórnina en um hvernig til muni takast verður hins vegar háð fjárveitingum til Ríkisútvarpsins, til stofnunarinnar. Auðvitað er það líka háð því hvernig farið er með þá peninga en það þarf að vera fjármagn til ráðstöfunar ef íslensk dagskrárgerð á að vera eitthvað annað en orðin tóm, annað en bara tal á íslensku. Við erum að tala um efni sem einhver innstæða er fyrir að tala um sem íslenska dagskrárgerð og þá kemur á daginn að Ríkisútvarpið á ekkert að fá meiri peninga, það hefur aldrei staðið til. Það er hins vegar sagt að Ríkisútvarpið muni fara svo miklu betur með peninga eftir að það verður gert að hlutafélagi að það verði meira til ráðstöfunar.

Meira að segja er öðru hverju tekið undir að það eigi að skerða auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins sem þá hefði í för með sér að fjármunir sem það hefði til ráðstöfunar yrðu enn minni en ella. En þetta er sem sagt meginráðið, að hagræða innan stofnunarinnar. Útvarpsstjóri hefur talað um 6% hagræðingu, ef ég heyrði rétt í umræðu í dag, án þess að skilgreina á hvern hátt hann ætlaði að ná þeirri hagræðingu. Það er ýjað að því öðru hverju að það eigi að reka einhverja tiltekna starfsmenn, það hefur margoft verið ýjað að slíku á fundum en allt er þetta í véfréttastíl. En mér finnst sannast sagna ekki hugnanleg mynd sem dregin er upp um aukinn kjaramun innan stofnunarinnar. Það er bara sagt beinum skrefum og síðan niðurskurð upp á 6%. Viljum við þetta? Getur verið að það sé farið að stjórna í þessum anda nú þegar? Getur verið að kjaramunur innan Ríkisútvarpsins sé að aukast? Getur verið að menn séu þar farnir að starfa í meiri leynd en áður var? Getur verið að eitthvað í fjárhagnum sé þess eðlis að menn vilji gjarnan komast í skjól sem fyrst, sem hlutafélag með einu hlutabréfi sem einn ráðherra getur fylgst með? Er það það? Liggur mönnum á af þeim sökum?

Nei, um Ríkisútvarpið hefur ríkt ákveðin sátt í samfélaginu. Mjög breið sátt. Menn hafa verið hundóánægðir með ýmsa þætti og starfsemi á vegum RÚV, svona eftir atvikum. Það hefur sveiflast til. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er t.d. mjög óánægður með dagskrárgerð í sjónvarpinu eða öllu heldur aðkeypta dagskrá sem mér finnst ekki sæmandi ríkissjónvarpi. Mér finnst margt mjög gott í hljóðvarpi, bæði á Rás 1 og Rás 2. Það gleymist stundum að Rás 2 gegnir og hefur gegnt mjög mikilvægu menningarhlutverki þegar kemur að alþýðutónlist, popptónlist o.s.frv. Þar hefur margt vel til tekist.

Þessi sátt hefur verið breið. Þrátt fyrir óánægju og gagnrýni sem oft blossar upp hafa menn viljað greiða til Ríkisútvarpsins. Ég held að hægt sé að fullyrða að svo hafi verið að undanskildum hópi frjálshyggjumanna sem hafa barist gegn afnotagjöldum. Það er barátta sem ég virði fullkomlega. Hún byggir á því að það eigi ekki að lögskylda menn til að greiða til útvarpsstöðvar og allt slíkt eigi að vera á markaði. En það hefur verið tiltölulega lítill minnihlutahópur. Þessi hópur verður enn til en nú verður til annar hópur sem kemur hinum megin frá og segir: Ég sætti mig ekki við að borga lögþvingaðan skatt til starfsemi sem ekki lýtur almennum lögum um opinbera starfsemi. Menn sætta sig ekki við það. Með þessu frumvarpi er því rofin sú breiða samfélagssátt sem ríkt hefur um Ríkisútvarpið. Á þeim punkti hef ég fyrir mitt leyti átt samleið með núverandi ritstjóra Fréttablaðsins, Þorsteini Pálssyni. Hann hefur haldið svipuðum sjónarmiðum fram.

Ég ætla ekki að hafa mitt mál mikið lengra. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í nefndinni, hefur gert prýðilega grein fyrir sjónarmiðum okkar í ítarlegri ræðu í dag og ástæðulaust að tíunda það í umræðu sem við höfum fallist á að verði tiltölulega stutt. Komið hefur fram mjög alvarleg gagnrýni frá samtökum starfsfólksins, nokkuð sem við munum að sjálfsögðu fara rækilega yfir þegar málið kemur til umræðu á næsta ári, sem ég vona að sjálfsögðu að verði ekki. Maður lifir alltaf í voninni um að ríkisstjórnin sjái að sér og reyni að leita sátta, breiðrar samstöðu við okkur í stjórnarandstöðunni, samtök starfsfólksins og fleiri um farsæla lausn. Sannast sagna finnst mér að ríkisstjórnin eigi að sjá sóma sinn í því að reyna ekki að keyra málið í gegn á síðustu mánuðum valdatíma síns. Hvað sem fólki finnst þá er óumdeilt að þetta frumvarp hefur verið harðlega gagnrýnt í þjóðfélaginu, ekki bara innan þings heldur í þjóðfélaginu almennt.

Fyrir stundu skaut framsóknarmaður inn höfði og er náttúrlega aftur horfinn af vettvangi. En ég hefði gjarnan viljað beina til hans spurningu: Hvers vegna ætla framsóknarmenn að taka þátt í að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og greiða þannig götu einkavæðingar og sölu þess?

Eitt vil ég segja að lokum. Með því að færa Ríkisútvarp-

ið í búning hlutafélags er grafið undan sérstöðu þess og mun þá hertur róðurinn, af hálfu samkeppnisaðila, til að svipta það sérréttindum sem það nýtur. Ég segi: Það verður erfiðara að veita stofnuninni vörn ef frumvarpið nær fram að ganga. Ég er sannfærður um það. Stjórnendur Ríkisútvarpsins verða að skilja að það er ekki hægt að hafa hið besta úr öllum heimum. Það er ekkert hægt. Það er ekki hægt að fá upp í hendurnar skattfé borgarans og fá síðan ótakmarkað leyfi til að ráðstafa þeim peningum sjálfur, einn síns liðs, ráða og reka fólk, mismuna í launum, lýsa því yfir að kjaramisrétti aukist og ráðskast með dagskrána einn. Hvers konar eiginlega rugl er þetta? Getur verið að menn ætli að samþykkja þetta?

Ég skil vel að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn séu hlaupnir úr salnum og vilji ekki heyra orð af þessu tagi. Framsóknarflokkurinn vill fá þetta mál afgreitt í sem mestri kyrrþey. (**KolH:** Helst að næturlagi.) Helst að næturlagi. Svo verður ekki. Það hefur ekkert samkomulag verið gert um lyktir þessa máls. Ég segi: Það á eftir að fara fram mikil og hörð umræða, mjög gagnrýnin umræða, áður en þetta frumvarp verður afgreitt í eins og það liggur fyrir þinginu.

[21:23]

**Útbýting:**

Almenningssamgöngur, 327. mál, svar fjmrh., þskj. 561.

Greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum, 444. mál, fsp. KHG, þskj. 572.

Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 276. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 570; brtt. JóhS o.fl., þskj. 571.

[21:24]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Við erum hér ekki í fyrsta sinn að ræða nýtt frumvarp til laga um Ríkisútvarpið. Að vísu hefur mismunandi skammstöfun verið þar fyrir aftan. Nú er það ohf. Það liggur ljóst fyrir að þetta mál út af fyrir sig hefur fengið töluverða umfjöllun bæði hér í þingsölum og í menntamálanefnd. Enn eru þó slíkir gallar á málinu að óhjákvæmilegt er að gefa sér örlítinn tíma til þess að koma með nokkrar athugasemdir.

Þó er ljóst, eins og hefur komið fram í ræðum ýmissa hv. þingmanna, að við munum ekki tæma umræðuna nú við 2. umr. þar tekist hefur samkomulag um að ekki verði lengra gengið þessa dagana fyrir jólin en að ljúka 2. umr. sem nú er töluvert langt komin. Því er augljóst mál að 3. umr. verður meginumræðan um málið og þar verður auðvitað farið yfir þetta mál, við getum sagt, frá A til Ö. Ég mun þess vegna rétt aðeins impra á nokkrum mikilvægum punktum. Ég verð þó að byrja á því að segja, eins og ég hef nokkrum sinnum þurft að gera í gegnum tíðina í þessu máli, að alltaf er ég jafnundrandi á háttalagi Framsóknarflokksins í málinu. Þar hefur stefnan verið margvísleg og í raun sí-breytileg. En ég held að það hafi verið slegið met í afstöðu Framsóknarflokksins í ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur þegar enn einu sinni var rifjað upp hvað stæði í 1. gr. og þá aðallega þessi merka setning, með leyfi forseta:

„Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil."

Þessi setning hefur verið afar mikið notuð af framsóknarmönnum og á að vera trygging fyrir því að það sé ekkert á dagskrá að selja Ríkisútvarpið. Þess vegna sagði hv. þingmaður meðal annars að það væri raunverulega skýringin á frumvarpinu og öllu því sem í því stæði að það væri verið á ná fram þingvilja um að það ætti ekki selja Ríkisútvarpið. Það segir auðvitað ekkert um það í núverandi lögum um Ríkisútvarpið að einhver sérstök hætta sé á því að það verði selt. Ég held því að varla sé hægt að ganga lengra í undarlegheitunum varðandi þetta frumvarp en að gera þessa setningu að aðalatriði.

Auðvitað er eitt meginvandamál þessa máls að ýmsir vilja auðvelda sölu Ríkisútvarpsins eða hreinlega að leggja Ríkisútvarpið niður. En þessir sömu aðilar gera sér ljóst að þingmeirihluti er ekki fyrir því þessa stundina. Þess vegna er stigið það skref sem hægt er að ná fram og látið þar við sitja að sinni. En margt bendir til þess að hins vegar sé viljinn augljós til að reyna að veikja stofnunina. Það er með ólíkindum hvernig að því er staðið.

Ég sagði áðan, og margir hafa það áður sagt, að þetta mál hefur komið hér æðioft við sögu og vissulega hafa í hvert einasta skipti sem þetta hefur verið endurflutt verið gerðar á því breytingar. Það sýnir býsna vel hversu illa var staðið að málinu í upphafi. En það breytir því ekki að þrátt fyrir þessar miklu breytingar eru enn verulegir vankantar á frumvarpinu.

Ég nefndi Framsóknarflokkinn áðan og ætla að reyna að ljúka þeim þætti ræðu minnar með því að vekja einnig athygli á því að hv. þm. Dagný Jónsdóttir, sem er talsmaður Framsóknarflokksins í þessari umræðu og jafnframt varaformaður menntamálanefndar, taldi upp nokkur atriði í flokkssamþykktum Framsóknarflokksins og hvað væri þar meginatriðið. Það var meðal annars þetta sem ég sagði áðan, að alls ekki ætti að selja Ríkisútvarpið heldur efla það. Hún vildi meina að það næðist verulega fram með þessu frumvarpi og vitnaði til þess hvernig samkeppnisaðilar hefðu skrifað um frumvarpið. Ég mun fjalla sérstaklega um það á eftir hvaða villa þetta er hjá hv. þingmanni.

En annað þótti mér öllu merkilegra því hv. þingmaður vildi meina að hluti af stefnumálum Framsóknarflokksins hefði náðst fram, nefnilega að tryggja réttindi starfsmanna. Þetta segir hv. þingmaður þrátt fyrir að í öllum umferðum málsins hafi stéttarfélögin komið fram með mjög greinargóð yfirlit og sýnt fram á að svo sé alls ekki. Þrátt fyrir þetta telur þingmaðurinn að þessu skilyrði Framsóknarflokksins sé fullnægt. Það er afar sérkennilegt að Framsóknarflokkurinn skuli hafa miklum meira vit á réttindum starfsmanna en stéttarfélag starfsmanna og starfsmennirnir sjálfir. Og ekki minntist hv. þingmaður á það sem blasir við eins og lífeyrisréttindin. En það virðist vera sama hversu oft þetta er sagt, hversu vel sé gerð grein fyrir því sem þarna á sér stað, að samt sem áður er talað eins og fólk sé sannfært í málinu.

Ég tók eftir því að hv. þingmaður er ekki einn um þessa skoðun í stjórnarliðinu því hæstv. menntamálaráðherra hefur komið fram á opinberum vettvangi og haldið þessu fram líka. Maður áttar sig ekki eiginlega á því af hverju ekki sé hægt að koma fram hreint í þessu máli og segja hreinlega að hluti af þessari breytingu kosti það að ákveðin réttindi starfsmanna séu ekki tryggð, að það sé bara opinber stefna,

að fólk reyni þá að verja að það sé kostnaðurinn sem greiddur er fyrir þessa breytingu.

Það rifjar upp að margt bendir til þess einmitt að ríkisstjórnarflokkarnir séu þeirrar skoðunar að réttindi opinberra starfsmanna séu að ýmsu leyti of mikil. Af hverju er þá ekki gengið hreint til verks og komið með lagabreytingar eða reynt að ná samkomulagi um þessa hluti? Útvarpsstjóri kemur til dæmis á fund menntamálanefndar og talar um að þegar næst komi að samningum þá geti starfsmenn út af fyrir sig selt ákveðin réttindi. Af hverju er ekki farið hreinlega fram á og talað við stéttarfélögin um það ef það eru einhver réttindi sem menn vilja að séu keypt af starfsfólkinu, af hverju er það ekki bara lagt á borðið og gengið hreint til verks?

Þessi undarlegi háttur er sérkennilegur og við höfum séð þetta nokkrum sinnum gerast þegar farið er í þessar formbreytingar. Það er rétt í þessu sambandi, af því ég er nú enn að halda mig við Framsóknarflokkinn, að rifja upp að ritari Framsóknarflokksins, annar fulltrúa Framsóknarflokksins í menntamálanefnd, Sæunn Stefánsdóttir, lét þau orð falla einmitt á opinberum vettvangi að á meðan lífeyrissjóðsmál flugumferðarstjóra væru ekki ljós þá yrði þetta mál ekki afgreitt hér. Það liggur ekkert enn fyrir með þau mál. Það er eitt dæmið um að þegar farið er í formbreytingar þá eru hlutirnir ekki ljósir. Þetta sama á auðvitað líka við um starfsfólk Ríkisútvarpsins. Þetta liggur alls ekki fyrir og þess vegna eru þessi ummæli framsóknarþingmanna og ýmissa málsmetandi manna í Framsóknarflokknum nú síðustu vikurnar afar sérkennileg.

Ég minni á í þessu sambandi að borgarfulltrúi þeirra, sá eini og mikli valdamaður hér í borginni og augljóslega einn af framtíðarprinsum Framsóknarflokksins, hefur ákveðið og talið greinilega að það væri sér til framdráttar að fjarlægjast þingflokkinn í málinu. Hann segir á opinberum vettvangi að hann telji að meiri hluti framsóknarmanna sé hreinlega á móti því að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Hann segir sjálfur: „Hvers vegna að breyta í hlutafélag ef ekki á að selja?" Hann er raunverulega að taka undir með okkur sem höfum varað við því að fara þessa leið af þeirri einföldu ástæðu að verið sé að ganga í átt til sölu. Það er auðvitað margt sem bendir til að þessi leið muni því miður skapa slíka óvissu í kringum Ríkisútvarpið að þetta verði gífurleg hætta á næstu árum.

Þá kem ég að því sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði um að nú væri verið að efla Ríkisútvarpið og því til sönnunar mætti færa skrif samkeppnisaðilanna. Hvað er það sem samkeppnisaðilarnir gera athugasemdir við? Jú, það er einmitt að þeir óttast að Ríkisútvarpið komi nú með auknum þunga í samkeppni við þessa aðila, varðandi til dæmis auglýsingamarkaðinn sem ekkert er í raun takmarkaður í þessu frumvarpi og þeir fái einnig ýmsa fleiri möguleika með formbreytingunni í hlutafélag sem þeir hafa ekki í dag og geti þar af leiðandi beitt sér enn harðar í þeim efnum.

Eitt af því sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir nefndi var að verið væri með breytingunum að setja ákveðið þak á auglýsinga- og kostunarþáttinn. Það þak er ekki raunverulegt og sú fullyrðing stenst ekki vegna þess að það eina sem sett er er að kostun megi ekki vera hærra hlutfall en það sem er nú, eða um 10%. Það segir hins vegar ekkert um þak á heildina. Það segir eingöngu að þetta eigi að vera hlutföllin. En ef útvarpinu tekst nú að auka auglýsingatekjur sínar þá um leið eykst svigrúmið til aukinnar kostunar.

Það er ekki einu sinni, þrátt fyrir að það komi fram í nefndaráliti meiri hlutans og í ræðu hv. þingmanns, að meiri hlutinn telji rétt að takmarka kostunina því hugsanlegt væri að fá til dæmis kostun á sinfóníutónleika. Það hefði þá að minnsta kosti verið hægt ef þarna hefði verið einhver vilji til takmörkunar, að segja að kostun væri heimil til ákveðinna menningarviðburða og það væri hægt að skilgreina þá.

En sú leið var ekki farin frekar en almennt er gert þegar fjallað er um hlutverk Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps. Þar eru allar skilgreiningar afar opnar og loðnar. Þess vegna telja einmitt samkeppnisaðilarnir að þetta muni ekki ganga og að það gangi ekki að einkafyrirtæki eigi að vera í samkeppni við ríkisstyrkt ríkisútvarp eins og hér um ræðir.

Þegar við tökum þessa gagnrýni samkeppnisaðilanna og setjum hana saman við gagnrýni Samkeppniseftirlitsins sjáum við auðvitað í hvað er stefnt í þessum efnum. Það er stefnt í algeran ófrið með Ríkisútvarpið. Það er mjög miður að slíkt skuli gert. Það er í raun sorglegt að slíkur skuli vera æðibunugangurinn í ríkisstjórnarmeirihlutanum í þessu máli að ekki skuli vera hægt að gefa sér tíma til þess að fara yfir málið og kanna til þrautar hvort ekki sé hægt að ná sátt um það, ekki bara sátt innan þingsins heldur sem mestri sátt í samfélaginu.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins, ummæli og umsagnir samkeppnisaðila segja okkur í fyrsta lagi að búast megi við málaferlum nokkur ár fram í tímann. Það er augljóst að samkeppnisaðilarnir hafa rökstuðning frá Samkeppniseftirlitinu þannig að ef Samkeppniseftirlitið sjálft grípur ekki inn í þá munu samkeppnisaðilarnir kæra og kæra og kæra. Þetta mun jafnvel fara út fyrir landsteinana. Þetta er alveg örugglega ekki það sem Ríkisútvarpið þarf á að halda nú. Ríkisútvarpið hefur verið nægjanlega lengi í óvissu, nægjanlega lengi, eins og margur hefur sagt, í gíslingu Sjálfstæðisflokksins. Það er vissulega kominn tími til — ég held að allir séu sammála um það — þess að endurskoða lög um Ríkisútvarpið, finna því aukinn lipurleika þannig að það geti brugðist við breyttum aðstæðum. En að fara þessa leið er með ólíkindum. Svo virðist vera að ekkert annað sé orðið eftir í þessu en að einhverju leyti metnaður hæstv. menntamálaráðherra til að ljúka máli sem byrjað er á af því að búið er að gera svo margar tilraunir. Ég held að það sé afskaplega lítil sannfæring orðin eftir í málinu.

Það er athyglisvert hvað sumir menn segja sem þekkja nú nokkuð til innviða í Sjálfstæðisflokknum, hafa reynslu af setu á Alþingi og víðar. Ég á auðvitað við Þorstein Pálsson, núverandi ritstjóra Fréttablaðsins, fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins, sem ritar í dag á margan hátt afar merkilegan leiðara. Ég held að þessi leiðari sé það merkur að eiginlega sé nauðsynlegt að lesa hann hér upp og, með leyfi forseta, vil ég leyfa mér það. Ég mun síðan gera einstaka athugasemdir eftir því sem ástæða þykir til eftir því sem líður á lesturinn.

En leiðarinn heitir Lipurð eða þrákelkni og byrjar svona, með leyfi forseta:

„Alkunna er að á stjórnmálavettvangi tíðkast ólíkir starfshættir. Þeir geta sannarlega haft þýðingu.

Fjármálaráðherra kynnti fyrir skömmu áform ríkisstjórnarinnar um lækkun virðisaukaskatts á áfengi og hækkun áfengisgjalds. Af ráðherrans hálfu var fullyrt að breytingar þessar ættu að vega hvor aðra upp. Tekjur ríkissjóðs áttu með öðrum orðum ekki að aukast og neytendur ekki að skaðast fjárhagslega.

Allir sem til þekkja vita að útreikningar af þessu tagi geta verið snúnir. Hagsmunaaðilar brugðu sínum eigin mælikvörðum á tillögu ráðherrans og komust að þeirri niðurstöðu að hún fæli í sér verulega hækkun á ríkissjóðstekjunum. Viðbrögð ráðherrans eru verð eftirtektar.

Hann kom einfaldlega fram fyrir Alþingi og sagði sem var að mælingar sem þessar væru ekki einhlítar. Engin ástæða væri til þess að hleypa málum í bál og brand. Hitt væri mikilvægara að taka þann tíma sem þyrfti til þess að finna þá niðurstöðu sem sammælast mætti um að samræmdist markmiðinu.

Menntamálaráðherrann hefur sem kunnugt er barist hart fyrir breytingum á Ríkisútvarpinu undir því yfirskini að ekki ætti að raska samkeppnisstöðu á markaði þessarar almannaþjónustu. Að því kemur svo að álit Samkeppniseftirlitsins er birt. Þar er rökstutt að frumvarp ráðherrans feli í sér samkeppnismismunun og formlegar tillögur gerðar hvernig koma megi í veg fyrir hana.

Viðbrögð menntamálaráðherrans eru hins vegar gagnstæð lipurð fjármálaráðherrans. Á röksemdirnar er blásið. Einu gildir þó að þær kippi stoðunum undan yfirlýstu markmiði um að raska ekki samkeppnisstöðunni.

Fjármálaráðherrann sá ekki ástæðu að til að þverskallast með þeim afleiðingum að órói kynni að skapast um áfengissöluna. Sú starfsemi verður þó seint talin til þeirrar göfugustu sem ríkisvaldið hefur með höndum. Starfssemi Ríkisútvarpsins snýst hins vegar um mikilvægt menningarhlutverk og stendur býsna nærri hjarta flestra Íslendinga. Þegar þeir hagsmunir eru í húfi er sátt rofin á báða bóga.

Þeim sem horfa á útvarp af sjónarhóli ríkisrekstrar er gefið langt nef. Hinir eru ekki virtir viðlits sem gæta vilja nokkurs jafnræðis í samkeppni um þann þátt almannaþjónustunnar, sem víðtæk samstaða er um að markaðurinn geti sinnt. Í þeim hópi er formaður menntamálanefndar Alþingis. Þegar hann talar fyrir málamiðlun er hann lítillækkaður og hendur hans bundnar."

Frú forseti. Hér er afar snilldarlega að orði komist og ég vek athygli á að hér er ekki einhver og einhver að rita leiðara. Hér er maður að rita leiðara sem þekkir innviði Sjálfstæðisflokksins að minnsta kosti miklu betur en sá sem hér stendur. Ég ætla því að töluverð þekking sé á bak við þegar þetta orðalag er notað.

En áfram heldur Þorsteinn, með leyfi forseta:

„Ef eitthvað er að marka málflutning stjórnarandstöðuflokkanna má ætla að þeir hafi endaskipti á þessari löggjöf fái þeir til þess styrk. Reynslan sýnir einnig að ýmis álitamál verður oft og einatt að útkljá fyrir dómstólum þegar málefnalegum sjónarmiðum er vikið til hliðar við þinglega meðferð.

Þessi ágæta ríkisstofnun gæti þar af leiðandi hafnað í margslungnu óvissuástandi af óþörfu. Allt vegna þrákelkni. Sköpum getur skipt hvernig á málum er haldið."

Frú forseti. Svo mörg voru þau orð. Ég held að hér kristallist á margan hátt þetta mál. Það er alveg hárrétt hjá leiðarahöfundi að við blasir gífurlegt óvissuástand hjá stofnuninni verði það frumvarp sem hér liggur fyrir að lögum. Þess vegna er það alger óþarfi. Og sem betur fer er ljóst að við munum enn á ný fá tíma til þess að reyna að koma í veg fyrir þetta slys. Það hefur þó náðst samkomulag hér um að 3. umr. um frumvarpið fari ekki fram fyrr en á nýju ári. Það skapar möguleika og væri óskandi að sá tími yrði nýttur betur en sá tími sem leið frá því við ræddum síðasta frumvarp og þar til að þetta frumvarp kom hér til umræðu. En rétt er að rifja það upp í þessu samhengi að þá gerðum við, minni hlutinn í menntamálanefnd, sérstakt tilboð til meiri hlutans um að þetta mál yrði yfirfarið í sumar og nýtt frumvarp lagt fram í haust og stefnt að því að ljúka málinu nú fyrir áramót. Ég er sannfærður um að hefði því tilboði verið tekið þá værum við nú jafnvel búin að ljúka málinu, fá miklu betra frumvarp og hugsanlega búin að samþykkja það. Ég segi það vegna reynslu minnar úr menntamálanefndinni að ég held að ef einhvern tímann hefði verið reynt með fullum vilja að ná sátt í málinu þá hefði það verið auðvelt vegna þess að ég held að allir séu sammála um ákveðna þætti málsins. Vilji allra hefði að sjálfsögðu ekki náðst fram. En ég sannfærður um að gífurlegur sáttagrundvöllur hefði verið til staðar ef menn hefðu sest niður og farið yfir málefni Ríkisútvarpsins af þeirri einföldu ástæðu, eins og meðal annars kemur fram í leiðara Þorsteins Pálssonar, að Ríkisútvarpið er nátengt alþýðu þessa lands. Allir bera virðingu fyrir Ríkisútvarpinu. Flestir vilja sátt ríki um Ríkisútvarpið sem stofnun. Þess vegna er það skylda stjórnvalda að leita sátta um slíka stofnun. En því miður lenti þetta mál einhvern tímann út af sporinu og því miður hefur ekki náðst að kippa því aftur inn á sporið.

Dæmi um það hvað lítið hefur verið reynt að ná sátt um málið er að aldrei hefur nokkurn tíma fengist umræða um það í menntamálanefnd hvort til greina kæmi nokkurt annað rekstrarform en hlutafélagið. Það hefur aldrei verið leyfð umræða um það.

Eigum við að taka annað dæmi sem er líka mál í þessu sem hefur verið allt of lítið rætt og augljóst að er vandræðagangur með og eiginlega illskiljanlegt af hverju sú leið var valin, þ.e. nefskattsleiðin, hvernig á því stendur að þar var stoppað. Aldrei fengust nokkrar raunverulegar umræður í menntamálanefnd um hvort ekki kæmu einhverjar aðrar leiðir til greina.

Nú liggja fyrir skýrslur frá Ríkisútvarpinu sjálfu um hvaða leiðir þarna eru færar þannig að það hefði út af fyrir sig ekki verið mikil vinna að fara yfir þá þætti og kanna hvort eitthvað væri ekki heppilegra en þetta. Þetta er afskaplega óheppilegt gjald sem leggst með mjög misjöfnum þunga á fólk. Nefskattur er þannig að hann er ein upphæð og verður þar af leiðandi hlutfallslega hæstur hjá þeim sem minnstar hafa tekjurnar.

Síðan er annar galli sem er jafnósanngjarn líka vegna þess að það fólk sem hefur eingöngu tekjur af fjármagni greiðir ekkert, og sá hópur fer vaxandi í samfélaginu, af því að þetta kemur ekki þar niður. Það er því gífurlegur galli á þessu. Fjölskyldur sem hafa mikið af ungmennum lenda í

þessu því að taka á af fólki frá 16 ára aldri. Mörkin sem miðað er við hverjir greiða ekki eru það lág að skólafólk á dágóðum launum lendir í þeim hópi. Þetta er því einnig gífurlegur galli.

Eitt hefur gerst frá því að við vorum hér síðast að ræða þetta merka mál, það er svokallaður þjónustusamningur sem gerður hefur verið á milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins, og síðan hefur komið skýrsla matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings Ríkisútvarpsins ohf., sem hefur verið unnin að því er manni sýnist af bestu yfirsýn og örugglega öll saman hárrétt reiknuð. En það er ýmislegt sem vekur athygli. Ég vil aðeins leyfa mér að tengja þetta saman vegna þess að þjónustusamningurinn var kynntur með pomp og prakt og reynt að skapa þá ímynd af þjónustusamningnum að hér væri gífurlega metnaðarfullur samningur á ferðinni, samningur sem ætti að stórefla hlut innlends efnis o.s.frv. — og full þörf á.

En þegar farið er að bera saman hluti kemur ýmislegt í ljós og ég læt duga að nefna eitt atriði. Það er dæmið um nýsköpun í dagskrárgerð þar sem sett eru fram þau háleitu markmið að Ríkisútvarpið skuli styrkja og efla íslenska kvikmyndagerð með kaupum á dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum að upphæð að lágmarki 150 millj. kr. árið 2008. Þetta lítur býsna vel út þegar þetta er sagt svona með einni tölu, nefnt árið 2008, og þetta á að verða mjög metnaðarfullt.

En til menntamálanefndar barst umsögn frá Skjá einum þar sem m.a. kemur fram, með leyfi forseta:

„Skjár einn varði meira en þeirri upphæð“ — þ.e. 150 milljónunum sem Ríkisútvarpið á að stefna að 2008 — „í kaup á innlendu dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum á síðustu tólf mánuðum.“ Og það að sjálfsögðu án allra ríkisstyrkja.

Þegar Skjár einn greiðir hærra en það sem stefnt er að árið 2008 í þessum metnaðarfulla þjónustusamningi hljóta að kvikna ákveðin aðvörunarljós. En það sem meira er að í þeirri skýrslu sem ég nefndi áðan kemur fram að þjónustusamningurinn kosti 400 millj. kr. þegar hann er að fullu kominn í gildi og hluta af því eða um 200 millj. kr. af þeim kostnaði á að ná með hagræðingu. Þá fer maður að velta fyrir sér: Jú, það er væntanlega hægt að hagræða hjá Ríkisútvarpinu eins og öðrum, en í fyrra þegar við ræddum þessi mál fengum við m.a. umsagnir frá útvarpsstjóra þar sem fram kom að búið væri að hagræða þannig í stofnuninni að ekkert annað væri eftir, ef halda þyrfti áfram á þeirri leið, en að draga úr þjónustu. Þá væri hreinskilnislegast að segja úr hvaða þjónustu eigi að draga.

Í þeirri skýrslu segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Útvarpsstjóri gerði grein fyrir rekstraráætlun Ríkisútvarpsins fyrir tímabilið 2007–2016 og forsendum fyrir henni með bréfi, dagsettu 14. nóvember.“

Síðan kemur fram að menntamálaráðuneytið hafi fallist á þessa áætlun og út frá henni er skýrslan unnin.

Ekki fylgdi þetta bréf, við þurftum að kalla eftir því að fá þá rekstraráætlun sem þarna kom fram og fengum hana — ja, það er spurning hvenær við fengum hana, við fengum hana fyrir nokkrum dögum. Bréfið sem ég er með í höndum er dagsett 4. desember. Við skulum því gera ráð fyrir að það hafi borist okkur um það leyti. Innihaldið í því er m.a. bréf útvarpsstjóra og þegar skoðuð er sú mikla rekstraráætlun sem allt þetta byggir á blasir við að hagræðingin, sem er stór þáttur af því að láta þessa enda ná saman, hefur augljóslega verið afgangsstærð, því að hvergi er getið um hvernig í raun á að ná þeirri hagræðingu fram.

Í bréfi útvarpsstjóra segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir hagræðingu sem mun lækka árlegan rekstrarkostnað stigvaxandi á fjórum árum ...“

Já, það er merkilegt að hagræðingin eigi að lækka árlegan rekstrarkostnað. Ég veit nú ekki hvernig hún hefði átt að koma fram öðruvísi í rauninni.

Síðan heldur áfram, með leyfi forseta:

„... þannig að takmarkinu um 200 millj. kr. lækkun á rekstrarkostnaði verði náð frá og með árinu 2011.“

Hér er gert ráð fyrir tæplega 6% hagræðingu á rekstrarkostnaði. Svo mörg eru þau orð. Það er ekki eitt einasta dæmi nefnt um hvernig eigi að standa að þessari hagræðingu. Það er eingöngu svona almennt snakk um það, sem allir vita auðvitað, að hagræðing hlýtur að lækka árlegan rekstrarkostnað. Síðan er talan nefnd sem eigi að ná árið 2011, þ.e. talan sem vantaði, og síðan er beitt prósentureikningi til að sýna fram á hvað há prósenta þetta er. Annað er ekki sem skýrir hvernig á að ná þeirri hagræðingu.

Miðað við fyrri bréfaskriftir sama manns er augljóst að það verður eingöngu gert með því að draga úr þjónustu, segja upp fólki o.s.frv., eða auka tekjurnar. Þá eru ekki margir möguleikar vegna þess að það er fest með hinum svokallaða nefskatti, og afnotagjöldum fram að því, hversu mikið það á að vera. Því er eingöngu um það að ræða að auka tekjurnar með auknum auglýsingum og um leið möguleikum á aukinni kostun. Þegar það er skoðað í samhengi við það hvað það væri helst sem mundi geta aukið auglýsingarnar og kostunina þá er það væntanlega vinsælasta sjónvarpsefnið sem að líkum lætur þarf að kaupa eitthvað dýrum dómum en kæmi þá til baka í auglýsingum. Þá blasir við að stofnunin er komin í mjög harða samkeppni við aðra aðila á markaðnum. Þá er það hættumerki sem ég gerði að umtalsefni áðan augljóslega komið upp og þá munu viðbrögðin verða þau að gerðar verða athugasemdir, Samkeppniseftirlitið fer í málið, það verður kært og jafnvel farið með það út fyrir landsteinana ef ekki dugar að fá leiðréttingu að mati samkeppnisaðilanna hér innan lands.

Þá sjáum við út í hvað Ríkisútvarpið er komið. Það er eitthvað allt annað en það sem við viljum sem teljum að nauðsynlegt sé að efla almannaþjónustu stofnunarinnar. Þess vegna segjum við: Við eigum ekki að taka slíka áhættu sem verið er að taka með þessu frumvarpi. Við eigum að gefa okkur betri tíma til að ná sátt um málið, finna þá leið sem hentar þannig að Ríkisútvarpið fái frið eftir allt of langan óvissutíma og það sé besta leiðin til að tryggja Ríkisútvarpið í almannaþjónustu. Sú leið sem hér er farin kallar á að stöðugur ófriður verði. Því miður blasir það við að ýmsir sem vilja selja Ríkisútvarpið vilja einmitt það ástand, vegna þess að þá er verið að skapa grundvöll fyrir því að mynda þá stöðu að sífellt fleiri segi: Það er tómt vesen með þetta Ríkisútvarp, það er bara í bullandi samkeppni og það auðvitað gengur ekki. Það er ekki hægt að vera með ríkisrekinn samkeppnisrekstur. Það er því ekkert annað að gera en að selja það eða halda áfram að veikja innviðina. Það

yrði því gífurlegt mál að byggja það upp aftur.

Frú forseti. Ég sagði áðan í ræðu minni og það hefur komið fram að samkomulag er um að 2. umr. verði lokið fyrir jól en 3. umr. verði ekki fyrr en eftir jól. Ég endurtek þær óskir mínar að sá tími verði nýttur. Segja má að síðasti möguleikinn til að bjarga málinu sé eiginlega sá að gera samkomulag um ákveðnar breytingar á frumvarpinu. Meðal annars væri hugsanlegt að semja um að gildistíminn yrði eftir kosningar þannig að málið yrði bara afgreitt þar í raun og veru. Það er augljóst mál að afstaða stjórnarandstöðunnar er með þeim hætti og það er einnig augljóst mál að hluti af, ég vil segja, báðum stjórnarflokkunum hefur aðra skoðun á málinu en í frumvarpinu er. Það er því margt sem bendir til þess að að loknum næstu alþingiskosningum þurfi að taka málið upp að einhverju leyti og reyna að bæta úr þeim mistökum sem hér eru gerð.

Frú forseti. Ég vona að jólin, áramótin og dagarnir í janúar verði notaðir til þess að reyna að lagfæra það sem lagfæra þarf og eins og ég segi, það væri trúlega fljótvirkast og einfaldast að fara í gildistökuna, setja hana aftur fyrir kosningar svo að tími mundi vinnast til að fara betur yfir málið. Ekki væri óeðlilegt að eitt af fyrstu verkefnum nýrrar ríkisstjórnar væri að skapa frið um Ríkisútvarpið og skapa því þann ramma sem það á skilið til framtíðar.

[21:57]

**Útbýting:**

Flugmálastjórn Íslands, 390. mál, nál. samgn., þskj. 580; brtt. samgn., þskj. 581.

Loftferðir, 389. mál, nál. samgn., þskj. 578; brtt. samgn., þskj. 579.

[21:57]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Enn og aftur tölum við um frumvarp til breytinga á Ríkisútvarpinu. Það er tvennt sem mig langar aðallega að koma inn á í ræðu minni í kvöld. Annars vegar eru vangaveltur mínar og annarra um að þetta sé einungis undanfari sölu á Ríkisútvarpinu. Hins vegar langar mig að fara yfir starfsmannamálin.

Margir telja að frumvarpið um RÚV ohf. sé í raun dulbúinn aðdragandi að sölu á Ríkisútvarpinu. Í sjálfu sér hefur ekkert gerst milli 1. og 2. umr. sem breytir þeirri skoðun manna. Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hafa ekki skýrt gildi lengur fyrir starfsmenn ef þessar breytingar verða að veruleika og marka því ekki lengur réttarstöðu þeirra, sem er ákveðinn vísir að einkavæðingu.

Þegar lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka ekki lengur til starfseminnar og stjórnendur opinbers hlutafélags verða ekki fremur en aðrir stjórnendur í hlutafélögum bundnir af ákvæðum stjórnsýslulaga hefur starfsemin hefur í raun verið einkavædd, þ.e. flutt á svið einkaréttar. Réttarstaðan verður þar af leiðandi sú sama og gildir um aðra starfsemi á almennum markaði. Starfsmenn munu ekki njóta þeirrar ráðningarfestu sem þeir hafa notið sem opinberir starfsmenn og stofnunin mun starfa eftir svipuðum leikreglum og aðrir einkaaðilar. Ríkisútvarpið færist af sviði opinbers rekstrar yfir á svið einkarekstrar.

Ríkisútvarpið ohf. mun ekki til langframa getað varið sig gagnvart kröfum annarra keppinauta um takmörkun eða afnám ríkisstyrkja í formi afnotagjalda eða nefskatts, jafnvel þrátt fyrir að slíku framlagi sé einungis ætlað að verja til þess hluta starfseminnar sem fellur undir almannaþjónustu. Það er því líklegt, frú forseti, að fyrr eða síðar muni keppinautar Ríkisútvarpsins láta á þetta reyna fyrir dómstólum og samkeppnisyfirvöldum.

Eitt af því sem vakið hefur athygli í ræðuflutningi í dag er að í andsvörum hélt hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson því fram að Framsóknarflokkurinn væri búinn að svínbeygja Sjálfstæðisflokkinn frá því að einkavæða RÚV. Hann viðurkennir þar með að það hafi alltaf staðið til, a.m.k. hjá Sjálfstæðisflokknum. Hvort tekist hafi að svínbeygja hann skal ég hins vegar ekki segja til um.

Varðandi starfsfólk Ríkisútvarpsins, réttindi þeirra og skyldur, er í frumvarpinu ákvæði til bráðabirgða II. Í frumvarpinu er vísað til þess á bls. 10 að tryggilega sé búið um réttindi núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins samkvæmt því ákvæði. Þrátt fyrir þá fullyrðingu hafa allir þeir umsagnaraðilar sem sérstaklega hafa vit á starfsmannamálum mótmælt því harkalega og telja að ekki nógu langt gengið í að tryggja réttindi starfsmanna.

Stjórnarandstaðan kom með ábendingar við 1. umr. um þessi atriði, þ.e. réttindi starfsmanna. Engu hefur verið breytt þar hjá menntamálanefnd þannig að eftir standa þær umsagnir sem hafa gert athugasemdir við þessi ákvæði. Þegar stofnunin verður lögð niður breytist, eins og ég hef tekið fram, hið lagalega umhverfi starfsmanna RÚV. Þeir hætta að vera opinberir starfsmenn og verða eftir það starfsmenn á almennum vinnumarkaði þannig að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gilda ekki um þá.

Eitt af því sem kvartað hefur verið yfir varðandi frumvarpið er að starfsmenn fá ekki skýr svör um stöðu sína við breytinguna. Þeir hljóta að eiga rétt á að fá ótvírætt úr því skorið hver staða þeirra verði í framtíðinni. Við höfum önnur dæmi, nú síðast hjá flugumferðarstjórum og þar á undan hjá Matvælaeftirlitinu þar sem ekki var nægilega vel gengið frá réttindum starfsfólks. Ekki er hægt að sjá annað en þeirra réttindi hafi verið skert og maður hlýtur að ætla að það sé gert viljandi.

Frú forseti. Ég held að tilgangurinn með frumvarpinu sé tvíþættur. Annars vegar er verið að undirbúa Ríkisútvarpið undir sölu, undir einkavæðingu og hins vegar tel ég að réttur starfsfólks sé skertur vísvitandi. Núverandi starfsmönnum og verðandi starfsmönnum Ríkisútvarpsins verður breytt í starfsmenn á almennum vinnumarkaði í viðleitni til að skerða ýmis réttindi þeirra sem opinberir starfsmenn hafa. Ég hef þó kannski meiri áhyggjur af því að þetta sé hluti af því ferli núverandi meiri hluta að skerða rétt, ekki bara almennra starfsmanna heldur og til að höggva í raðir stéttarfélaga. Þau eru þyrnir í augum margra í Sjálfstæðisflokknum og kollega þeirra um víða veröld.

Varðandi starfsmennina er margt óljóst og í umsögn frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins nefna þeir að þeir vilji helst fá að halda samningsrétti sínum fyrir hönd núverandi starfsmanna og einnig þeirra sem munu ráðnir í framtíðinni. Því hefur í engu verið svarað, t.d. hvort þetta félag fái að starfa áfram og fái að sjá um samningsrétt fyrir sína félagsmenn og fái jafnframt að vera aðili að BSRB. Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins vill jafnframt að félagsmenn, núver-

andi og í framtíðinni, verði í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Eins og margoft hefur komið fram í dag er þar einnig gerð tilraun til að skerða réttinn og er ekki sama hvort menn eru í A-hluta eða B-hluta lífeyrissjóðsins.

Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins leggur einnig áherslu á að allir félagsmenn haldi núverandi réttindum sínum. Í frumvarpinu er ekkert sem bendir til þess að það muni gerast. Margt hefur verið fullyrt um það í ræðum í dag en þegar maður les álit þeirra sem vit hafa á er ekki að sjá að núverandi starfsmenn haldi réttindum sínum. Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins óskar einnig eftir því að starfsfólki verði boðin sömu eða sambærileg störf en vart er hægt að sjá að það sé ætlunin.

Í umsögn frá Félagi fréttamanna eru settar fram efasemdir um frumvarpið, sérstaklega varðandi starfsmannamál. Ekki verður annað séð, frú forseti, en að ætlunin sé að nýta þetta tækifæri, þessa formbreytingu, til þess að skerða kjör starfsfólks RÚV.

Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins taka skýrt fram að þau telji að kaflinn um réttindi starfsmanna sé ófullnægjandi og ítreka að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geti ekki gilt eftir breytingu Ríkisútvarpsins í Ríkisútvarpið ohf. Þar af leiðandi hljóta kjör þeirra að skerðast, þ.e. biðlaunaréttur, lífeyrisréttindi, aðild að stéttarfélögum, uppsagnarréttindi, þar með talinn réttur til áminningar, svokallað áminningarferli vegna uppsagna, veikindaréttur, fæðingarorlofs- og orlofsréttur. Það er sama hvar borið er niður, frú forseti, alls staðar kemur skýrt fram að ef frumvarpið fari óbreytt í gegn muni það skerða á afdrifaríkan hátt réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins og jafnframt muni nýju starfsfólki bjóðast verri kjör.

Í umsögn BSRB og BHM er ítarlega farið yfir frumvarpið. Að sjálfsögðu hefur oft verið vitnað í álitsgerð þeirra. En það kemur skýrt fram að frumvarpið muni hafa miklar skerðingar í för með sér og ákvæði til bráðabirgða II haldi engan veginn. Biðlaunaréttur verður skertur, lífeyrisréttur, samningsréttur o.s.frv. Eitthvað segir manni að varast beri breytingar þegar ekki fást skýr svör við því hver sé tilgangurinn. Áhugi ákveðinna manna til að selja Ríkisútvarpið kemur upp í hugann. Það er ekki hægt að halda því fram við þessa umræðu, frú forseti, að það sé ekki tilgangurinn eða ætlunin að gera svo í framtíðinni. Margt bendir til þess að ætlunin hafi alla tíð verið sú. Það kemur skýrast í ljós í frumvarpi til laga sem nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal núverandi formaður menntamálanefndar, lögðu fram á 131. löggjafarþingi um breytingu á útvarpslögum. Þar er alveg skýrt hver tilgangurinn er. Þeir ganga meira að segja það langt að setja upp í tímaáætlun hvenær RÚV skuli selt. Í frumvarpi þeirra segir að fyrir árslok 2004 skuli Ríkisútvarpið hf. selt, en frumvarpið var lagt fram 2003. Það er ljóst hvað vakti fyrir hv. þingmönnum þegar þeir lögðu fram frumvarp sitt fyrir þremur árum síðan og ekkert bendir til þess, þrátt fyrir fögur orð, að sá áhugi á að einkavæða Ríkisútvarpið hafi dofnað.

Það er merkilegt að skoða ræðu hæstv. menntamálaráðherra frá 17. október, við 1. umr. Þar segir hún, með leyfi forseta:

„Ég ætla að fara yfir nokkur atriði sem hæst hefur borið í umræðunni, m.a. þá lensku stjórnarandstöðunnar að telja frumvarpið vera undanfara sölu. Það er sama hve oft því er mótmælt úr þessum ræðustól, hversu oft það er fullyrt af flutningsmanni frumvarpsins og helstu talsmönnum stjórnarflokkanna. Það er ekki hlustað þegar kemur að þessu atriði, frekar farið í að sá fræjum tortryggni og efast um það sem sagt er. ... Ég spyr: Í stefnu hvaða stjórnmálaflokks er gert ráð fyrir að selja Ríkisútvarpið?“

Það er nefnilega einmitt málið, frú forseti. Það kemur kannski ekki skýrt fram í stefnu flokksins en það kom mjög skýrt fram í frumvarpi sem ég vitnaði í áðan að vilji er meðal þingmanna Sjálfstæðisflokksins til að selja Ríkisútvarpið.

Eitt hefur vakið athygli mína sérstaklega varðandi þetta mál, sem kemur fram í þriðja skiptið, núna undir merkjum ohf., en aftan í það var hnýtt svokölluðum drögum að þjónustusamningi. Hvers vegna var það gert? Jú, ég held að ekkert mæli á móti því að þessi samningur sé gerður í dag og við núverandi aðstæður. Hins vegar er alveg ljóst að þessi drög voru lögð fram í september í þeim tilgangi að hafa áhrif á skoðanir þingmanna í vetur. Því var strax haldið fram að ef þetta frumvarp yrði ekki að lögum mundi þjónustusamningurinn, sem fyrst og fremst gengur út á aukna innlenda dagskrárgerð, ekki verða að veruleika.

Það er slæmt, frú forseti, þegar slíkar hótanir eru settar fram af hæstv. ráðherra í þeim tilgangi að hafa áhrif á skoðanamyndun. Það er ljóst að það var ætlunin. Minnst var á þennan þjónustusamning við afhendingu Eddu-verðlaunanna síðast þar sem ítrekað var í ræðu að sá samningur kæmist í gildi þegar þingmenn væru búnir að samþykkja þetta frumvarp. Þetta er mjög alvarleg hótun þótt ég ætli ekki að ræða hana mikið meira að sinni. En mér finnst mjög langt gengið í tilraunum við að reyna að koma málinu í gegn með því að hnýta svona hótun aftan í og reyna að fá þingmenn til hika við að fara eftir eigin sannfæringu í þeirri trú að fólk muni kenna þeim um að ekki hafi fengist aukið fé í innlenda dagskrárgerð.

Vert er að taka fram varðandi réttindi starfsmanna að afskaplega litlar breytingar hafa verið gerðar á milli þess sem öll þrjú frumvörpin hafa verið lögð fram og jafnframt þegar frumvarpið hefur farið til menntamálanefndar. Hins vegar ber að hrósa menntamálanefnd fyrir að hafa a.m.k. samþykkt oftar en einu sinni að taka frumvarpið til nefndar og endurskoða það. En það verður að segjast eins og er að það eru ákveðin vonbrigði að í leiðinni skyldi ekki tekið upp bráðabirgðaákvæði II, varðandi réttindi starfsmanna. Það hefur jafnframt verið fullyrt af útvarpsstjóra, Páli Magnússyni, *í fjölmiðlum að réttindi starfsfólks séu tryggð. En* þegar á reyndi fyrir menntamálanefnd kom að sjálfsögðu í ljós að útvarpsstjóri gat ekki fullyrt að það svo yrði til lengri tíma en tveggja ára, þ.e. þangað til kjarasamningar renna út. Í raun höfum við ekkert í hendi né heldur núverandi starfsmenn um að kjör þeirra verði tryggð.

*Það hefur spurst út að nú þegar séu menn farnir að gera* einkasamninga, þ.e. útvarpsstjóri við starfsfólk, í þeirri trú að þetta frumvarp verði samþykkt. Mér finnst menn fara töluvert fram úr sér og kvíði því að menn semji hreinlega af sér. Það er einkennilegt að byrja að vinna eftir frumvarpi sem ekki hefur verið samþykkt og verður kannski aldrei samþykkt.

Ég hef farið lauslega yfir þau atriði sem helst hafa verið nefnd varðandi réttindi starfsmanna. Ég ítreka að ég hef miklar áhyggjur af því að stærsta ástæðan fyrir frumvarpinu, fyrir utan það að þeir séu að undirbúa einkavæðingu eða sölu, sé að ná eigi niður réttindum starfsmanna. Þrátt fyrir þær ítarlegu athugasemdir sem komið hafa frá BSRB, BHM, starfsmannafélögum í Ríkisútvarpinu og lögfræðingum þá hefur ekki verið tekið tillit til eins eða neins. Í því sambandi er aðeins til staðar þessi setning um að réttindi starfsmanna verði tryggð, en þau eru það engan veginn.

Ég vitnaði áðan í ræðu hæstv. menntamálaráðherra frá 17. október og ætla að leyfa mér að vitna aftur í þá ræðu, með leyfi frú forseta:

„Ég er jafnframt sannfærð um að ef frekari töf verður á afgreiðslu þessa frumvarps þá jafngildir það líka töf og seinkun á eflingu innlendrar dagskrárgerðar."

Ef þetta er ekki hótun þá veit ég ekki hvað hótun er. Vinnubrögðin og lætin við að knýja málið fram skína alls staðar í gegn.

Frú forseti. Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1966, munu þessi atriði falla niður með samþykkt frumvarpsins: Andmælaréttur varðandi uppsögn og áminningarskylda gilda ekki lengur, þ.e. skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn. Það verður heldur ekki skylda að auglýsa eftir störfum þannig að útvarpsstjóri sem ráðinn er af meiri hluta á Alþingi getur ráðið þá sem honum sýnist með þeim aðferðum sem honum sýnist. Aðgangur almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda, uppsagnarfresturinn, þagnarskyldan og skylda til að hlíta breytingum á störfum og verksviði og biðlaunaréttur þeirra sem voru ráðnir fyrir 1. júlí 1996 fellur niður.

Stéttarfélögin hafa ekki fengið að vita hverjir muni semja um kaup og kjör starfsmanna. Eru það þau stéttarfélög sem nú eru starfandi eða verða gerðir hreinir einkasamningar, líkt og þegar virðist byrjað?

Eitt af því sem veikja mun kjör starfsmanna RÚV er lakari veikindaréttur og orlofsréttur auk þess að opinberir starfsmenn eiga rétt á að tillit sé tekið til orlofs þegar lengd fæðingarorlofs er ákveðin.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa ræðu mína öllu lengri. Mín skoðun er sú og hefur ekkert breyst við hverja umræðuna á fætur annarri, hvað þá við að sjá hve lítinn áhuga menntamálanefnd sýnir á að lagfæra frumvarpið, að tilgangurinn með frumvarpinu sé tvíþættur: Hann er annars vegar verið að skerða kjör starfsmanna stofnunarinnar og hins vegar að undirbúa einkavæðingu Ríkisútvarpsins.

[22:24]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kem aðeins upp til að lýsa afstöðu okkar í Frjálslynda flokknum, ég er fulltrúi flokksins í menntamálanefnd. Ég vil þó í upphafi máls míns geta þess að ég er illa haldinn af kvefi og hálfraddlaus og mun því ekki flytja langt mál í þessari umræðu heldur eiga frekar til góða ræðutíma þegar þetta mál kemur til 3. umr. í janúar.

Við í Frjálslynda flokknum höfum ávallt látið okkur mjög annt um Ríkisútvarpið og framtíð þess, við höfum svo sannarlega gert það. Við höfum lagt fram þingmál nokkrum sinnum varðandi Ríkisútvarpið og hvernig við skyldum haga stjórnun þess á nýjan hátt, ef svo má segja. Við höfum tekið þátt í ýmiss konar vinnu varðandi Ríkisútvarpið eða varðandi fjölmiðla og framtíð þeirra í fjölmiðlanefndinni svokölluðu. Við höfum að sjálfsögðu tekið þátt í öllum þeim umræðum sem farið hafa fram varðandi framtíð Ríkisútvarpsins í þessum sal og í störfum menntamálanefndar. Nú erum við að taka fyrir frumvarp um Ríkisútvarpið í þriðja sinn.

Það er margt við þetta frumvarp að athuga, þó að það hafi verið til umfjöllunar í þinginu meira og minna í ein þrjú ár. Ræðumenn stjórnarandstöðuflokkanna sem hafa talað á undan mér hafa kannski sagt það mesta sem þarf að segja um málið. Ég er sjálfur samþykkur því nefndaráliti sem minni hluti menntamálanefndar hefur lagt fram og vildi fá að koma upp til að segja frá því.

Ein helsta ástæðan fyrir því að við leggjumst gegn frumvarpinu er einfaldlega sú að við óttumst mjög að það sem í raun og veru vaki fyrir stjórnvöldum sé einmitt að selja Ríkisútvarpið einhvern tíma í framtíðinni ef þeir stjórnarflokkar sem nú eru við völd fá ráðið, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn að því er virðist, þó að einhvern veginn hafi maður fengið það á tilfinninguna að Framsóknarflokkurinn sé farinn að bila í trúnni á það að breyta eigi Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Þrátt fyrir það, virðulegi forseti, grunar mann illilega að það sem vaki fyrir mönnum sé að selja þessa stofnun, það eigi að koma henni í hendur einkaaðila. Við í Frjálslynda flokknum teljum að slíkt yrði stórslys.

Við í Frjálslynda flokknum teljum ákaflega mikilvægt að fyrir hendi sé öflugt almannaútvarp og -sjónvarp á Íslandi, að slíkur fjölmiðill sé mjög mikilvægur til að tryggja eftir fremsta megni réttláta umfjöllun á málefnum líðandi stundar. Slíkur fjölmiðill skapar ákveðinn stöðugleika, slíkur fjölmiðill yrði ákveðið akkeri, ekki aðeins í fréttamiðlun heldur líka varðandi framleiðslu og sýningu efnis, bæði útvarpsefnis og sjónvarpsefnis. Þetta er trú mín, virðulegi forseti, og mér finnst að við ættum að halda fast í það til framtíðar að vera með öflugan almannafjölmiðil eins og Ríkisútvarpið, ríkissjónvarpið, fjölmiðil sem væri að einhverju leyti svipaður þeim sem eru í nágrannalöndunum, til að mynda í Bretlandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Virðulegi forseti. Ég hef áður lýst því yfir að ég hafi miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins og hef farið yfir það hvernig hún hefur nánast verið brotin markvisst niður á undanförnum árum af þeirri ríkisstjórn sem nú er við völd. Ríkisútvarpið hefur einfaldlega ekki notið almennilegra skilyrða, ríkisstofnun sem bjó við ágætan fjárhag fyrir ekkert mjög mörgum árum býr nú nánast við fjárhag sem er algjörlega óásættanlegur. Ég hefði talið mikilvægast eins og staðan er núna að rétta af bágan fjárhag Ríkisútvarpsins með innspýtingu úr ríkissjóði, sem ríkisstjórnin fullyrðir á hverju ári að rekinn sé með miklum tekjuafgangi. Það ættu því að vera til peningar fyrir því að rétta af fjárhag Ríkisútvarpsins.

Það er ekki að sjá að þingmenn geri sér almennilega grein fyrir því hver fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins er, a.m.k. var í dag útbýtt fyrirspurn til menntamálaráðherra um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórs-

dóttur í Vinstri grænum, þar sem hún spyr einmitt hæstv. menntamálaráðherra að því hver sé fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins miðað við 1. des. 2006. Þingmaðurinn óskar eftir því að fá upplýsingar um helstu stærðir í efnahags- og rekstrarreikningi, sundurliðun á skuldum og stöðuna gagnvart ríkissjóði. Einnig óskar þingmaðurinn eftir því að fá að vita hvernig sambærileg staða hafi verið í lok áranna 2004 og 2005.

Ég á frekar von á því, virðulegi forseti, að þessi staða hafi eitthvað versnað undanfarin tvö ár. En það verður fróðlegt að sjá svar við þessari fyrirspurn þegar það berst. Óskað er eftir skriflegu svari og við hljótum að gera ráð fyrir því, þingmenn á hinu háa Alþingi, að svar við fyrirspurninni liggi fyrir þegar þing kemur aftur saman að loknu jólahléi.

Virðulegi forseti. Það er margt annað sem ég gæti sett út á í þessu frumvarpi. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að þylja það allt saman upp. Ég vil hins vegar benda á frávísunartillögu í nefndaráliti minni hluta þar sem farið er yfir fjölmörg atriði til að rökstyðja tillögu minni hlutans um að þessu frumvarpi verði vísað frá. Ég ætla ekki að tefja þingfundinn með því að fara að lesa tillöguna upp, hátt og skýrt, enda finn ég að röddin er alveg við það að bresta. Ég læt því máli mínu lokið með þessum orðum, virðulegi forseti, en lýsi því enn og aftur yfir, eins og ég gerði í upphafi máls míns, að Frjálslyndi flokkurinn er samþykkur frávísunartillögu minni hluta menntamálanefndar varðandi þetta mál.

[22:31]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það sem er eftirtektarverðast við umræðu um háeffun Ríkisútvarpsins er sú staðreynd að Framsóknarflokkurinn lætur ekki sjá sig við umræðuna. Einn af fulltrúum hans flutti að vísu ræðu fyrr í dag en síðan höfum við hvorki séð haus né sporð á þeim ágætu þingmönnum Framsóknarflokksins sem þó hafa verið að myndast við að styðja þetta ólukkufrumvarp. Það er dálítið sérkennilegt vegna þess að á síðustu metrunum í meðferð málsins núna við 2. umr. hefur sá undarlegi hlutur gerst að hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafa komið hér eins og umskiptingar í umræðuna og hafa gersamlega snúið við sínum fyrri efasemdum um málið. Það var Framsóknarflokkurinn sem upphaflega dró lappirnar, það var á þeim árum þegar sá ágæti flokkur hafði enn þá pólitískt ráð og rænu.

Það má líka benda á þá staðreynd að einstakir ungir, uppvaxandi forustumenn í Framsóknarflokknum hafa lýst miklum efasemdum um þetta mál allt saman. Ég rifja það upp að sigurvegari flokksins í Reykjavíkurborg, Björn Ingi Hrafnsson, sem sannarlega er leiðtogaefni hér í höfuðborginni að minnsta kosti, var nú ekkert að skafa utan af því þegar hann lýsti skoðunum sínum á málinu. Hann sagði það einfaldlega klárt og kvitt að hann væri á móti málinu, hann teldi að þetta væri skref að sölu sem hann væri á móti og — það sem væri hollt fyrir þá ungu þingmenn Framsóknarflokksins sem hér eru í salnum í dag — sagði hann líka að meiri hluti framsóknarmanna væri á móti málinu. Það kom mér ekki á óvart, frú forseti. Framsóknarflokkurinn hafði ákaflega heilbrigða afstöðu til þessa ólukkufrumvarps hæstv. menntamálaráðherra í upphafi. Hann tók skýra og eindregna afstöðu á flokksþingi sínu fyrir nokkrum árum. Hann lýsti því einfaldlega yfir að hann vildi ekki að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi og það fylgdi með í þeim kaupum að hann taldi að það væri hugsanlegt að það gæti leitt til sölu.

Þrátt fyrir þetta gerist það allt í einu á þessum síðustu metrum að þeir sem helst mæla með þessu máli, þeir sem standa fastast í ístaðinu, þeir sem styðja hæstv. menntamálaráðherra betur og dyggilegar en ungtyrkir frjálshyggjunnar í Sjálfstæðisflokknum eru hinir ungu þingmenn Framsóknarflokksins. Hvað er það sem veldur þeim umskiptum? Hvað er það sem veldur því allt í einu að hv. þm. Dagný Jónsdóttir heldur hér stólparæðu í dag þar sem hún lýsir eindreginni sannfæringu um að nauðsynlegt sé að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið? Það er alveg ljóst að þarna er hv. þingmaður að ganga gegn fyrri samþykktum flokksins, þarna er þingmaðurinn að ganga gegn því sem þeir sem starfa meðal grasrótarinnar segja að sé vilji meiri hlutans. Maður veltir því fyrir sér hvað valdi þessari linku og þeirri undanlátssemi gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Þetta er þeim mun merkara þar sem enginn þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefur komið í umræðuna með kraftmikla vörn fyrir frumvarp hæstv. menntamálaráðherra. Ástæðan er auðvitað sú að innan Sjálfstæðisflokksins er litið á þetta sem vandræðamál, innan Sjálfstæðisflokksins hafa menn ekki lengur neina trú á því. Sótt er að málinu bæði frá hægri og vinstri.

Ein af þeim sem hugsanlega munu setjast á Alþingi Íslendinga í vor að kosningum loknum er Sigríður Andersen, sem er í framboði fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík, ung og vösk kona, hugsjónarík, sem ekki liggur á skoðunum sínum. Það vildi svo til að fyrir skömmu var ég í sjónvarpsþætti með þeirri konu og það hefði verið hollt fyrir hæstv. menntamálaráðherra ekki bara að horfa á þann þátt aftur og aftur heldur að fá útskrift á ummælum Sigríðar Andersen. Sigríður, sem er á hægri væng Sjálfstæðisflokksins, hefur verið í hópi þeirra sem telja sig ganga erinda frjálshyggjunnar. Hún lýsti því alveg skýrt og skorinort yfir að hún teldi að ekki ætti að fara þessa leið. Hún lýsti því líka yfir að hún teldi að eins og málum væri háttað með Ríkisútvarpið ætti það að vera ríkisstofnun með þingkjörna stjórn.

Unga liðið í Sjálfstæðisflokknum, sem enn hefur einhvern snefil af hugsjónum eftir, er að minnsta kosti hollt þeim, ræðst á þetta mál frá hægri. Menn eins og ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson höfum ráðist harkalega á það frá hinum vængnum vegna þess að við teljum að grundvallaratriðið í málinu sé að hér sé verið að stíga fyrsta skrefið að sölu. Hvernig má það þá vera að einu stuðningsmennirnir sem taka til máls á Alþingi Íslendinga til að styðja vesalings hæstv. menntamálaráðherra í málinu eru hinir ungu þingmenn Framsóknarflokksins? Það fólk sem með sönnu mætti segja að væri framtíð Framsóknarflokksins, fólk sem að mörgu leyti hefur staðið sig ákaflega vel í tiltölulega mikilli pólitískri bernsku á sínum fyrstu skrefum á ferli sem gæti orðið glæstur. Það eru þingmennirnir hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, Sæunn Stefánsdóttir, Dagný Jónsdóttir og Birkir Jón Jónsson sem allt í einu eru orðnir sterkustu málsvarar hæstv. menntamálaráðherra. Mér finnst að Framsóknarflokkurinn í fyrsta lagi skuldi Alþingi skýringu á

þeim umskiptum sínum. Í öðru lagi skuldi þessir þingmenn líka flokki sínum og þeim sem hafa kosið þetta fólk til að sitja á Alþingi skýringu á þessum umskiptum.

Það væri líka frá fræðilegu sjónarmiði ákaflega gaman að fá einhverjar upplýsingar um hvað það er sem veldur því að þingmenn, ungir og vaskir, gersamlega hrynja svona frá hugsjónum sínum og taka allt í einu upp stuðning við mál sem enginn annar í flokki þeirra, utan fílabeinsturnsins í kringum forustuna, sér nokkuð við. Ég vísa enn og aftur til þeirra orða sem Björn Ingi Hrafnsson lét mörgum sinnum falla, að meiri hluti framsóknarmanna væri á móti málinu.

Mér er auðvitað kunnugt um að þegar forusta Framsóknarflokksins hefur á síðustu árum gengið svipugöng hæstv. menntamálaráðherra í málinu hefur hún hopað og tekið upp nýjar víglínur. Það er alveg rétt sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði í ræðu sinni í dag að á síðari stigum málsins reyndi Framsóknarflokkurinn að taka upp nýja stöðu til þess að verja undanhald sitt í málinu. Hv. þingmaður gat þess að í síðustu samþykkt málsins á flokksþingi hefði verið talað um að rekstrarformið skipti ekki máli.

Það er nú óvart það, frú forseti, sem skiptir máli. Ég hef mörgum sinnum sagt það í umræðum um þetta að mín eindregna andstaða gegn málinu stafar af því að ég tel að verið sé að feta sig inn á slóð einkavæðingar með Ríkisútvarpið. Við höfum séð að það sem hefur hreyft Sjálfstæðisflokkinn og það sem hefur verið eldsneytið í Sjálfstæðisflokknum síðasta einn og hálfan áratuginn er einkavæðing. Það er út af fyrir sig hugmyndafræði sem ber að virða og taka þátt í deilum um og hugsanlega í sumum tilvikum að samþykkja líka. Ég t.d. samþykkti einkavæðingu bankanna af því að ég taldi að það væri farsælt. En allt öðru máli gegnir um ríkisfyrirtæki eins og Ríkisútvarpið en banka.

Þegar ég hef sagt að Sjálfstæðisflokkurinn hafi með frumvarpinu, áður en það lak niður í núverandi stöðu, verið að hefja sína fyrstu göngu til að selja Ríkisútvarpið, þá hafði ég fyrir mér nokkrar staðreyndir sem rétt er að rifja upp. Löngu áður en hæstv. menntamálaráðherra steig sín fyrstu spor á Alþingi Íslendinga var Sjálfstæðisflokkurinn búinn að taka um það formlega ákvörðun að selja ætti hluta af Ríkisútvarpinu. Sjálfstæðisflokkurinn háði árið 1995 heila kosningabaráttu í tveimur málum. Annað málið var eldheitur stuðningur og málafylgja við að selja Rás 2. Þess vegna skýtur það ekki skökku við að lesa í frumvarpinu enn þá, eftir allar þær breytingar sem það hefur gengið í gegnum, að gert er ráð fyrir að Ríkisútvarpið skuli einungis hafa skyldu til þess að starfrækja eina hljóðvarpsrás. Með öðrum orðum, þar er opin heimild með samþykkt þessa frumvarps til að selja aðrar. Þar með gefst Sjálfstæðisflokknum tækifæri til að selja Rás 2. Fyrir liggja yfirlýsingar margra forustumanna Sjálfstæðisflokksins um að það væri heppilegt fyrsta skref. Sumir þeirra sitja alla jafna í þessum sölum. Í dag eru í röðum þingmanna sjálfstæðismanna sem sitja á Alþingi menn sem hafa sagt að selja ætti Rás 2. Ég tel að það sé algjörlega út í hött og ég tel að það endurspegli ákveðinn skort á skilningi á því hvernig íslensk menning hefur þróast og hvernig hún er samsett. Rás 2 hefur í senn verið vagga og fæðingarstaður þess sem við getum kallað nýgilda tónlist á Íslandi og það er ekki svo ógildur eða smár partur í íslenskri menningarframleiðslu á síðustu árum. Rás 2 hefur verið athvarf og skjól ungra tónlistarmanna sem síðan hafa fyrir hönd Íslands lagt heiminn að fótum sér. Ég þarf ekki að nefna mörg nöfn, ég nefni Sigur Rós og ég nefni Björk. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að ég tel að það sé jafnfráleitt að selja Rás 2 eins og að leggja niður Rás 1. Ég tel að Rás 2 hafi sterku menningarhlutverki að gegna alveg eins og Rás 1. Þeir sem eru annarrar skoðunar og afgreiða Rás 2 sem einhverja fráleita og lítilsigilda popprás skilja ekki hvað íslensk menning er í dag. Þess vegna hef ég lagt þessar tvær rásir algjörlega að jöfnu.

Það hefur margsinnis komið fram í umræðunni að Ríkisútvarpinu hefur árum saman verið féstýrt, það hefur skort fjármagn til að geta rekið það sómasamlega. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi undir forustu margra menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, meira en í tvo áratugi með einu hléi, verið meðvituð stefna hjá Sjálfstæðisflokknum, a.m.k. síðan árið 1995, að þrengja að Ríkisútvarpinu, færa það síðan með einhverjum hætti fyrir hlutafélagsform til þess að geta byrjað í krafti fjárþrenginga að selja hluta af Ríkisútvarpinu. Hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem hefur verið í forsvari fyrir þeim sölumönnum útvarpsins sem hæst hafa galað í hópi sjálfstæðismanna, hefur einmitt tekið það sem dæmi. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur beinlínis sagt úr þeim stóli sem ég stend í núna að ein af lausnum á fjárhagsvanda Sjálfstæðisflokksins sé að selja Rás 2, hann hefur varpað því fram sem hugmyndum.

Hv. þingmenn Framsóknarflokksins virðast ekki gera sér grein fyrir að þetta skiptir máli. Nú er það svo að ég held að Sjálfstæðisflokkurinn, þó að ég beri fyrir honum mikla virðingu, sé ekki það afl sem sé í mikilli framrás og hann er ekki líklegur, eins og hann var upp úr miðbiki síðasta áratugar, til þess að geta við einhverjar tilteknar aðstæður sótt sér meiri hluta meðal kjósenda á Íslandi. Á hitt ber að líta að Sjálfstæðisflokkurinn er stór og öflugur flokkur, sagan sýnir það, og hann hefur stundum verið við það að geta seilst til slíkra áhrifa.

Ég varpa því fram til þeirra hv. þingmanna Framsóknarflokksins sem hér koma og æmta og skræmta daginn út og inn í umræðunni og segja að ekki eigi að selja þessa stofnun og engin hætta sé á því. Hvað ef flokkar sem hefðu það á stefnuskrá sinni, eins og Sjálfstæðisflokkurinn, næðu meiri hluta? (Gripið fram í.) Þá geta þeir það eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir kallar fram í, þeim er auðveldað það með þessu. (Gripið fram í.) Þar að auki ætla ég að rifja upp röksemdir fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins sem einu sinni var pólitískur leiðtogi þeirra ungu þingmanna sem hér sitja og kalla fram í, Halldórs Ásgrímssonar.

Halldór Ásgrímsson hefur á ýmsum stöðum fært rök fyrir því hvaða kostir og gallar fylgja hinum ýmsu rekstrarformum á opinberum fyrirtækjum. Sá ágæti forustumaður Framsóknarflokksins lagði fram frumvarp, sem ég studdi, um hlutafélagavæðingu nokkurra ríkisstofnana sem steypt var saman í eina undir heitinu Matvælarannsóknir Íslands hf. Það varð hlutafélag og var annars eðlis en Ríkisútvarpið, hlutafélag sem sótti rekstrarfé sitt beinlínis á markað með ýmsu móti. Í frumvarpinu sem þáverandi forsætisráðherra flutti fyrir hönd ríkisstjórnarinnar reifaði hann tvo möguleika á rekstrarformi. Annars vegar hlutafélag, hins vegar sjálfseignarstofnun. Hann taldi að sjálfseignarstofn-

unin kæmi fyllilega til greina en eins og segir í greinargerð með því frumvarpi valdi hann kost hlutafélagsins vegna þess að hann sagði að auðveldara væri að afla nýs hlutafjár á þann hátt. Með öðrum orðum, ríkisstjórnin velur hlutafélagaformið, líka forusta Framsóknarflokksins af því að auðveldara er að afla nýs hlutafjár. Hvað þýðir það? Það er auðveldara að selja hluta úr stofnuninni til annarra aðila og fyrirtækja á markaði og afla þannig nýs hlutafjár. Ef það gildir, góðir hálsar, um Matvælarannsóknir hf., því skyldi það þá ekki gilda um Ríkisútvarpið í fjárþrengingum? Þetta eru þættir sem menn verða að hafa í huga og þess vegna var það rétt hjá Framsóknarflokknum þegar hann í upphafi lagðist gegn slíku rekstrarformi. Þess vegna er það rangt og beinlínis háskalegt fyrir þingmenn Framsóknarflokksins að falla frá sinni fyrri stefnu bara til þess að friðþægja gagnvart Sjálfstæðisflokknum.

Hvað er það sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert fyrir Framsóknarflokkinn sem verðskuldar það að hann hysji svona buxurnar upp um hæstv. ráðherra Sjálfstæðisflokksins? Hvað er það sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert fyrir Framsóknarflokkinn? Hann er búinn að eyðileggja Framsóknarflokkinn. Hann er búinn að berja hann í svaðið, hann er búinn að rífa og tæta af honum fylgið. Framsóknarflokkurinn sem var öflugur og sterkur miðjuflokkur er að verða að gjalti, hann er að hverfa, hann er rúinn fylgi, hann er rúinn trausti. Það er einmitt þessi undanlátssemi þingmanna Framsóknarflokksins við hinn stóra, freka, síngjarna Sjálfstæðisflokk sem er að fara svona með Framsóknarflokkinn. Það hlýtur að koma að því að hinn sameiginlegi lífsþróttur Framsóknarflokksins brjótist í gegnum þessi klakabönd og slíti þau af sér. Ég hélt alltaf að það yrðu hinir ungu og vösku þingmenn Framsóknarflokksins sem loksins sæktu sér nýjan neista til að kveikja ný bál til að glæða vöxt flokksins. En þá gerist þvert á móti hið öfuga, að það eru þingmennirnir ungu sem með þessum hætti taka undir með Sjálfstæðisflokknum og hæstv. ráðherra í þessu máli. Þeir eru á síðustu metrunum miklu dyggari stuðningsmenn frumvarps en hinir ungu þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Hver er ástæðan fyrir því að ekkert heyrist í Sjálfstæðisflokknum í umræðunni? Sú ástæða er ákaflega einföld. Það ríkir útbreidd vantrú á þetta frumvarp innan Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðismenn skilja hvorki upp né niður hvers vegna þetta er málið sem allt snýst um hjá ríkisstjórninni.

En af hverju snýst þá allt um þetta hjá ríkisstjórninni? Það er vegna þess að þetta er eina stóra málið sem hæstv. menntamálaráðherra getur hugsanlega náð í gegn. Hér hefur ekkert frumvarp komið fram hjá hæstv. ráðherra sem varðar verulega miklu, ef hægt er samkvæmt mælikvarða Sjálfstæðisflokksins að skilgreina það sem mál sem brýtur í blað, nema þetta. Það er að vísu orðið gerbreytt frá hinu upphaflega máli. En þetta er ein af þeim mælingum sem hæstv. ráðherra verður að ná. Þegar hæstv. ráðherra kom hér sem nýr ráðherra sagði hún að það væru þrjú mál sem hún ætlaði sér og sem hún yrði að ná í gegn. Skólagjöld, stytting framhaldsskólans og háeffun Ríkisútvarpsins. Ekkert af þessu er komið í gegn. Ég sýti það ekki. Hæstv. ráðherra getur auðvitað komið hér og sagt að sátt sé um hvernig á að fara með framhaldsskólann og hún ætli sér hugsanlega að gera eitthvað með skólagjöldin en þetta er einfaldlega mál sem er prófsteinn. Þannig er litið á það í Sjálfstæðisflokknum, þó að ég teldi að það væri ráðherranum og sjálfstæðismönnum fyrir bestu að láta þetta ólukkumál liggja. Það er orðið allt öðruvísi en það var í upphafi. Ungir sjálfstæðismenn, eins og t.d. frjálshyggjuvængurinn sem hv. formaður menntamálanefndar tilheyrir, eru þeirrar skoðunar í dag, eins og Sigríður Andersen sagði í sjónvarpsþættinum, að með breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu eru meira að segja rök þeirra fyrir því að klára málið horfin, sigin niður — alveg eins og hv. þingmaður er siginn niður í stólnum undan þessari ræðu, hv. formaður menntamálanefndar, vegna þess að hann er orðinn dauðþreyttur, uppgefinn og lúinn á þessu vegna þess að hann er hættur að skilja tilgang þessa leiðangurs. Það er einfaldlega þannig.

Hv. þingmaður er reyndar einn af þeim sem ég nota sem mælikvarða á hinn raunverulega tilgang með frumvarpinu. Það má um hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson segja að hann er allur þar sem hann er séður. Hann er heiðarlegur og ærlegur stjórnmálamaður og hann segir hlutina umbúðalaust. Hann hefur umbúðalaust sagt, jafnvel í umræðu um þetta mál sem hann stýrir þó förinni á í gegnum þingið, að hann vilji selja Ríkisútvarpið. Það liggur fyrir að formaður menntamálanefndar hefur ekki bara lýst þessu yfir heldur hefur hann, frú forseti, til að undirstrika þann tilgang sinn, lagt fram á þremur þingum mál sem beinlínis miðar að því að selja Ríkisútvarpið. Þarf þá eitthvað að ganga gruflandi að því hvað það er sem vakir fyrir Sjálfstæðisflokknum í málinu þó að þeim hafi tekist að blekkja vesalings Framsóknarflokkinn til fylgis við þessa vitleysu?

Óhjákvæmilegt er að það komi fram í umræðunni, frú forseti, sem ég tel að sé megintilgangurinn með frumvarpinu, þ.e. einkavæðing í framtíðinni, að þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt um það frumvarp að selja eigi Ríkisútvarpið, og þar á meðal hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Þeir tilheyra yngri hluta sjálfstæðismanna sem hefur verið mjög virkur. Einhver virkasta stjórnmálahreyfing á landinu er Samband ungra sjálfstæðismanna. Samband ungra sjálfstæðismanna hefur alltaf verið hinn pólitíski hugmyndamótor Sjálfstæðisflokksins. Ef við mundum stökkva yfir fláka í tímanum og lenda t.d. á árinu 1974–1975, gætum við skyndilega séð í bókaverslunum bókina Uppreisn frjálshyggjunnar. Þar var lögð fram hugmyndafræði sem þeir ungu forustumenn sem þá voru á dögum hrintu síðar að ýmsu leyti í framkvæmd þegar þeir voru ekki kornungir lengur heldur komnir til forustu í Sjálfstæðisflokknum, menn eins og Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Davíð Oddsson.

Með sama hætti er Samband ungra sjálfstæðismanna hinn hugmyndalegi mótor Sjálfstæðisflokksins í dag og þar hefur verið lögð hvað mest áhersla á að selja ríkisfyrirtæki, selja Ríkisútvarpið. Það er einfaldlega eðli stjórnmálanna að með tímanum ganga þeir fram til forustu sem byrja ungir. Það verður hlutskipti þeirra ungu manna ef guð og lukkan leiðir og þeir fá að njóta eðlilegs lífs og þroska munu þeir þegar fram líða stundir taka við forustu í sínum flokki. Þeir munu verða ráðherrar og þeir munu hafa töluvert meiri áhrif en þeir hafa í dag, þ.e. ef þeir komast í ríkisstjórn einhvern tíma síðar á öldinni, sem eru dvínandi líkur á en það

er önnur saga. Þeir munu þá að sjálfsögðu hrinda í framkvæmd hugmyndum sínum. En ég sagði áðan að þetta eru menn sem ekki eru deigir í baráttu og hafa mikið úthald. Það er það úthald og sú seigja sem í þeim er sem ég óttast í þessu máli. Þeir munu sem sagt hugsanlega í krafti frumvarpsins ef að lögum verður neyta færisins til að hrinda hugsjónum sínum í framkvæmd því það er eðli stjórnmálamanna að vilja gera það ef þeir eru trúir sjálfum sér eins og þessir menn vissulega eru.

Ég reifaði það áðan fyrr í ræðu minni að ég tel að svolitlar breytingar verði hér strax á næsta ári. Nýtt fólk kemur inn í þingflokk sjálfstæðismanna og það er líklegt til þess að styðja þessar hugmyndir, eins og sú ágæta stjórnmálakona sem ég nefndi áðan. Ýmsir sem hafa verið andsnúnir þessu hverfa af vettvangi. Þannig breytast hlutföllin og þetta óttast ég, frú forseti. Ég óttast það að hinir ungu þingmenn Framsóknarflokksins hafi ekki skilið hvað þeir eru raunar að efna til mikils ófriðar bæði í þessu máli en ekki síður við sína sögu og kjósendur, en hugsanlega horfa þeir framan í veruleikann og sjá að engir kjósendur eru eftir og þar af leiðandi eru engir kjósendur til að styggja. Það má út af fyrir sig segja að það sé glöggt veruleikamat. Það væri *náttúrlega hollt þeim hinum sömu þingmönnum að velta* fyrir sér af hverju staðan er orðin svona. Ég get sagt það alveg ærlega að staðan er orðin svona skelfileg hjá Framsóknarflokknum vegna þess að hann hefur horfið frá hugsjónum sínum. Hann hefur með einhverjum hætti misst sambandið við grasrót sína, misst sambandið við næringuna sem vökvaði hana og það leiðir til þess að flokkurinn er núna ekki svipur hjá sjón og hugsanlegt að jafnvel í stórum kjördæmum muni hann engan fulltrúa hafa á Alþingi eftir næstu kosningar.

Frú forseti. Ég vil ekki sleppa hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni úr salnum. Ég sé að hann hefur gengið afsíðis. Ég sagði áðan að sá þingmaður væri vissulega trúr hugsjónum sínum en ég verð hins vegar að hryggja hann með því að ég er ekki ánægður með þau vinnubrögð sem hann hefur sýnt við rannsókn þessa máls í menntamálanefnd. Málið var tekið úr menntamálanefnd án þess að stjórnarandstaðan styddi það og hún greiddi atkvæði gegn því. Ég tel að það séu veigamiklir þættir í málinu sem eru fjarri því að vera fullrannsakaðir. Fram kom á síðustu stigum málsins í áliti sem barst frá Samkeppniseftirlitinu um miðbik síðasta mánaðar, þ.e. fyrir tiltölulega skömmu, að mjög líklegt væri að frumvarpið stríddi gegn anda samkeppnislaganna. Hvernig var það rannsakað? Þegar fram kemur álit frá einni af merkustu og öflugustu eftirlitsstofnunum Íslendinga, sem *segir beinlínis að frumvarpið sé líklegt til að leiða til meiri* háttar málareksturs og ófriðar og hugsanlega að baka íslenska ríkinu mikla skaðabótaskyldu, hvernig var málið þá rannsakað af hálfu menntamálanefndar? Rannsóknarskyldan sem hvílir á nefndinni þegar svona alvarlegar staðhæfingar koma fram hefði átt að krefjast þess af nefndinni að rækilega yrði grafist fyrir um hvað væri hæft í þessu. Gæti það verið, hefðu þingmenn í nefndinni átt að spyrja sig, að hérna væri verið að feta út á slóða sem mundi að lokum leiða til þess að íslenska ríkið lenti í málaferlum heima og erlendis og yrði hugsanlega að gjalda fyrir miklar bætur? Menn hefðu líka átt að spyrja sig hvort mögulegt væri að hugsanlega mundi þetta leiða til þess að breyta þyrfti um stöðu ríkisstofnunarinnar að þessum lögum samþykktum, hugsanlega að selja hluta af henni. Þetta mál og þær staðhæfingar voru ekkert rannsakaðar. Þegar ég segi ekkert, þá get ég þess að vísu að forstjóri Samkeppniseftirlitsins var kvaddur til fundar við nefndina og fékk þar lítið korter en málið var að öðru leyti ekkert rannsakað og því segi ég það, frú forseti: Stjórnarandstaðan, a.m.k. Samfylkingin, mun krefjast þess og ganga fast eftir þeirri kröfu að málið, þetta frumvarp, verði tekið aftur til menntamálanefndar og það verði rannsakað eins og hægt er hvað hæft er í því sem kemur fram í áliti Samkeppniseftirlitsins, því hér er um verulega alvarlega hluti að ræða. Það gengur ekki að til þess að þjóna undir einhvern hæstv. ráðherra sem þarf að fá dyntum sínum fullnægt fullnægi hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, ekki þeirri rannsóknarskyldu sem á honum hvílir og sem hann á að uppfylla og sjá um að nefndin uppfylli.

Ég spurði hv. þingmann af því að ég hélt að hann hefði a.m.k. skoðað þetta sjálfur vel og hefði einhverja sannfæringu í málinu, hefði sannfæringu fyrir því að það kynni að verða rangt hjá Samkeppnisstofnun. Ég kom upp í andsvar *við þann mann í dag og mér brá svolítið*, forseti, því hv. þingmaður er yfirleitt keikur og brattur þegar hann gengur í stólinn til að svara a.m.k. svona þungum hlutum, hér er um sennilega veigamesta atriðið að ræða sem eftir lifir í umræðunni, en það var eitthvað annað. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hvarf næstum því á bak við ræðustólinn og gat engu svarað og það kom í ljós að hann hafði ekki einu sinni skoðað málið. Það eina sem (**Gripið fram í:** Kanntu annan betri?) hv. þingmaður sagði, frú forseti, var að hann hefði spurt Pál G. Pálsson, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, hvort þetta væri hið versta mál og hann hefði sagt: Ja náttúrlega, ef frumvarpið yrði að lögum þá eru það sérlög og taka framar hinum. Það breytir engu um það að þarna er farið gegn þeim anda sem einkennir samkeppnislögin. Þar með er farið gegn þeim anda sem hefur verið þungamiðjan í málflutningi Sjálfstæðisflokksins sem hefur verið með túlann fullan af frelsi og samkeppni frá því elstu menn muna. Það er ekki flóknara en það. En núna, til að þjóna dyntum ráðherrans, er öllu snúið við.

Fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, fyrrverandi forsætisráðherra, kallar þá hugmyndafræði sem þessir tvílembingar, hæstv. ráðherra og hv. formaður menntamálanefndar, eru að reka í gegnum þingið, öfugsnúna hugmyndafræði. Hann hefur fært sterk rök fyrir því að þarna sé um að ræða ákaflega sterka frávik frá þeirri stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fylgt í málinu. Mér finnst það viðurhlutamikið að hvorki hæstv. ráðherra né hv. formaður menntamálanefndar skuli svo mikið sem gera tilraun til að skýra það hvað veldur því að horfið var frá þeirri hugmyndafræði sem lögð var fram af hálfu þáverandi forustu Sjálfstæðisflokksins á þeim tíma þegar ég og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vorum með þeim í ríkisstjórn. Hvernig stendur á því að sú stefna sem var alveg skýr um hvernig ætti að einkavæða fyrirtæki gufar allt í einu upp? Og enginn skilur af hverju. Fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og gamall forsætisráðherra þarf að gefa frumvarpinu þá einkunn að þetta sé öfugsnúin hugmyndafræði. Hann hefur

sagt það líka að hér sé með alvarlegum hætti verið að víkja frá öllum leikreglum sem hafa gilt varðandi stofnanir af þessu tagi. Enginn hefur skýrt það betur en hann að þær stofnanir sem eðlilegt er að reka sem hlutafélag eru þær sem hafa rekstrarfé sitt að mestu leyti af eigin tekjum. Það hefur margoft komið fram í umræðunni af hálfu hæstv. menntamálaráðherra að hún skilur þetta ekki og hún hefur ekki grafist fyrir um þetta mál. Hún hefur t.d. aftur og aftur komið í þennan ræðustól og sagt að það væri eðlilegt að fara með þessum hætti um Ríkisútvarpið af því að þannig hafi verið gert með Félagsbústaði hjá Reykjavíkurborg. Félagsbústaðir eru einmitt dæmi um opinber fyrirtæki sem rekur sig af sjálfsaflafé — samkvæmt þeim leikreglum sem voru lagðar af einkavini hennar og fyrrum leiðtoga lífs, Davíð Oddssyni, sem þá var forsætisráðherra, og pólitískum bernskufélögum hans eins og Friðriki Sophussyni og Þorsteini Pálssyni sjálfum — og eru dæmi um fyrirtæki sem er rökrétt að reka sem hlutafélag. En með sama hætti er það jafnrökrétt samkvæmt þeim forsendum sem forusta Sjálfstæðisflokksins lagði á sínum tíma að gera það ekki varðandi fyrirtæki eins og Ríkisútvarpið.

Ég er þeirrar skoðunar, frú forseti, að það sé algerlega nauðsynlegt við meðferð þessa máls milli 2. og 3. umr. að fara mjög rækilega yfir umsögn Samkeppniseftirlitsins. Þar er sagt alveg skýrum orðum að Samkeppniseftirlitið telji að það sé alveg ljóst að Ríkisútvarpið muni nýta ríkisaðstoð til að kaupa dagskrárefni og segir hér, með leyfi forseta:

„Af þessu leiðir óhjákvæmilega að umrædd samkeppnisstarfsemi RÚV á sviði auglýsinga verður niðurgreidd með þeirri ríkisaðstoð sem félagið mun njóta.“

Stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að þetta sé samkeppnisleg mismunun.

Rétt er að staðfesta það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði í ræðu sinni í dag í andsvari við mig að komið hefði fram hjá forstjóra stofnunarinnar á fundi menntamálanefndar að stofnunin sjálf mundi ekki grípa til ráðstafana gagnvart hinu nýja hlutafélagi þó ekki yrði farið að annarri þeirra tveggja leiða sem stofnunin telur æskilega. En þegar það liggur hins vegar fyrir að Samkeppniseftirlitið telur að þessi háttur leiði til samkeppnislegrar mismununar þá er það beinlínis eins og rauð dula gagnvart þeim bolum sem eru í samkeppni við hið nýja hlutafélag og það er óhjákvæmilegt að á grundvelli yfirlýsingar þessarar merku eftirlitsstofnunar muni samkeppnisaðilarnir fara í mál hér heima, hugsanlega erlendis og það er því mjög líklegt eða það er a.m.k. hugsanlegt, við skulum orða það svo, frú forseti, til að hafa vaðið fyrir neðan okkur, það er hugsanlegt að með samþykkt þessa frumvarps sé Alþingi og hæstv. menntamálaráðherra að kalla yfir ríkið langvarandi málaferli heima og erlendis og hugsanlega baka ríkinu mikla skaðabótaskyldu. Og það er ekki hægt og það er ekki verjanlegt fyrir hið háa Alþingi að ganga frá þessu máli á þann hátt að menntamálanefnd hafi ekki rannsakað það. Ég segi, það eru vond vinnubrögð, það er til vansa fyrir nefndina og þá sem stýra henni og það er til vansa fyrir stjórnarmeirihlutann á Alþingi að hafa látið undir höfuð leggjast að rannsaka þetta alvarlega ámæli og umsögn Samkeppniseftirlitsins. Því segi ég það, frú forseti, að ég mun beita mér fyrir því að þetta verði rannsakað niður í kjölinn í menntamálanefnd millum umræðna.

[23:07]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir mjög, hvað má ég segja, hressilega ræðu. Ræða hv. þingmanns fjallaði nú meira um Framsóknarflokkinn en Ríkisútvarpið og ég þakka honum auðsýndan áhuga á málefnum Framsóknarflokksins.

Í ræðu sinni nafngreindi hv. þingmaður einn mann innan Framsóknarflokksins sem væri á móti þessu frumvarpi og sagði jafnframt að sá hinn sami hefði sagt að meiri hluti framsóknarmanna væri á móti þessu máli.

Ég vil rifja það upp með hv. þingmanni að fyrir síðasta flokksþing starfaði undirbúningshópur sem mótaði stefnu okkar í málefnum Ríkisútvarpsins. Þar var samþykkt ályktun þar sem við ákváðum að breyta rekstrarforminu en það var ekkert kveðið upp úr með hvernig rekstrarformið ætti að vera.

En það eru kannski meiri fréttir fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson að á miðstjórnarfundi sem flokkurinn hélt nýverið fór sá ágæti maður sem var nafngreindur hér í pontu og bað um að miðstjórnarfundurinn, þar sem saman eru komnir helstu trúnaðarmenn Framsóknarflokksins, mundi ályktа gegn þessu frumvarpi. Það var ekki nokkur maður sem stóð upp og tók undir það.

Þannig að fullyrða það að meiri hluti framsóknarmanna sé á móti þessu frumvarpi er ekki rétt. Menn eru almennt ekki að ræða um þetta mál í Framsóknarflokknum. Við héldum þarna mjög öflugan miðstjórnarfund, þar var góð mæting og grasrót okkar var þar saman komin en það var enginn sem tók undir tillögu þessa manns.

Ég vil því ítreka það hér að Framsóknarflokkurinn styður þetta mál. Hann styður það að Ríkisútvarpið er ekki til sölu, hann styður eflingu Ríkisútvarpsins og auðvitað sýna umsagnir samkeppnisaðila að við erum að efla Ríkisútvarpið og munum gera það áfram.

[23:09]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður þarf ekki að undrast áhuga minn á Framsóknarflokknum. Ég er gamall líffræðingur og hef áhuga á öllum þeim tegundum sem eru í útrýmingarhættu.

Ég tel að Framsóknarflokkurinn sé það. Ég tel að það sé hætta á því að Framsóknarflokkurinn kunni að þurrkast út í stórum kjördæmum og það er vegna þess að hann hefur svikið hugsjónir sínar. Það er vegna þess að hann tekur hér afstöðu aftur og aftur í umdeildum málum með Sjálfstæðisflokknum, fjarri upprunalegum gildum sínum og markmiðum.

Það er þetta rof sem hefur í Íraksmálinu, útvarpsmálinu og ýmsum málum orðið milli forustunnar og grasrótarinnar sem gerir það að verkum að flokkur sem var stór og öflugur er nú í miklum háska staddur.

Það er hins vegar svo að það ekkert óeðlilegt við það að ræða saman Framsóknarflokkinn og Ríkisútvarpið. Ástæðan er sú að það er stuðningur Framsóknarflokksins við málið sem gerir það hugsanlega að verkum að frumvarpið verði

að veruleika. Það er athyglisvert að þeir sem tala mest um þróttinn með þessu frumvarpi, það eru ekki ungir sjálfstæðismenn, það eru ekki þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Það eru hinir ungu þingmenn Framsóknarflokksins sem hingað koma og láta nota sig til óhæfuverka eins og að samþykkja þetta frumvarp. Það er þess vegna sem það er sjálfsagt að menn taki þá inn í þessa umræðu.

Það er mjög merkilegt að heyra ungan þingmann koma hingað og halda því fram að það sé engin ólga innan Framsóknarflokksins út af þessu máli. Sú ólga hefur verið fyrir hendi og hún þarf ekkert að segja mér um það. Ég hef verið lengi í pólitík og þekki marga innan Framsóknarflokksins. Það eru sannarlega fleiri en Björn Ingi Hrafnsson — sem hv. þingmaður virðist hafa sérstakan áhuga á að ómerkja hér í þessari umræðu, enn einn parturinn af ágreiningnum innan forustu Framsóknarflokksins — sem hafa verið harkalega á móti þessu.

En auðvitað menn að staldra við þegar forustumaður Framsóknarflokksins í Reykjavíkurborg lýsir því fjórum sinnum yfir á sömu helginni að meiri hluti framsóknarmanna sé á móti umræddu frumvarpi.

[23:11]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög merkilegt þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir að taka verði mark á því þegar forustumaður flokksins segir slíkt. Ég er alveg sammála honum og þess vegna væri ágætt að heyra skoðanir hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á því hvað varaformaður Samfylkingarinnar eða leiðtogi framboðslista Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi, ég man nú því miður ekki nafn hans, (**Gripið fram í:** Gunnar Svavarsson.) Gunnar Svavarsson, segja um þetta mál. En ég man sérstaklega eftir viðtölum við þessa tvo menn þar sem þeir svara því til að þeir séu fylgjandi því að breyta rekstrarformi RÚV í RÚV ohf.

Ég held að hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti því að fara varlega í svona yfirlýsingar. Það vill þannig til að það eru menn innan hans flokks sem eru mjög fylgjandi þessu frumvarpi.

Það vekur líka athygli að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, sem er varaformaður Samfylkingarinnar, hefur kosið að tjá sig ekkert um þetta mál. Það væri mjög fróðlegt ef hann hefði séð sér fært að taka þátt í þessari umræðu.

Mig langar að lokum, virðulegi forseti, að vitna í ágæta grein sem ég var að lesa eftir mjög virtan rithöfund, Þórarin Eldjárn, þar sem hann talar um, með leyfi forseta:

„... sem betur fer má nú sjá þess merki að stjórnvöld hafi áttað sig á því. Mikilvægur liður í þeirri sókn," þá er hann að tala um baráttuna gegn áhrifum enskunnar, „verður sú nútímavæðing á rekstrarformi Ríkisútvarpsins sem ríkisstjórnin hefur með vanmáttugu meirihlutaofbeldi reynt að koma í gegn á Alþingi um nokkurt skeið. Vonandi er að þessu ofbeldi fáist framgengt sem allra fyrst. Þó illt sé er það nefnilega svo miklu skárra en minnihlutaofbeldið."

Það er þannig að fólk í þjóðfélaginu er að átta sig á því að þessar breytingar verða að ganga í gegn og ég lýsi hér eftir afstöðu varaformanns Samfylkingarinnar sem hefur ekki séð sér fært að taka þátt í þessari umræðu.

[23:13]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Samfylkingin hefur alltaf sagt að það sé nauðsynlegt að breyta háttum Ríkisútvarpsins svo það verði sveigjanlegra og lipurra á markaði og geti hreyft sig hraðar. Við höfum hins vegar bent á að það sé til sérstakt rekstrarform sem hentar því ákaflega vel, þ.e. form sjálfseignarstofnunar.

Það er tekið sérstaklega fram í frumvarpinu, ef ég mætti rifja það upp fyrir hv. þingmann, að það rekstrarform hafi marga og flesta kosti hlutafélagaformsins. Það væri hins vegar ekki jafn reynt. En hins vegar væri það einkaréttarlegs eðlis og hefði þess vegna ýmsa kosti sem hæstv. ráðherra er að reyna að ná fram hérna.

En mér hefur fundist þetta frumvarp aðallega snúast um að gera útvarpsstjóra kleift að segja upp nokkrum starfsmönnum sem eru ráðherraskipaðir plús ákveðnar aðrar breytingar. Mér finnst að hér sé lagt í allt of mikinn leiðangur til þess.

Ég hefði miklu frekar talið að Framsóknarflokkurinn, trúr fyrri yfirlýsingum sínum, hefði átt að taka undir stefnu Samfylkingarinnar um að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarformi vegna þess að þá hefði verið hægt að ná sátt um málið. Þá hefði verið hægt að gera hinar nauðsynlegu breytingar til þess að gera stofnunina lipurri. Þá hefðum við að öllum líkindum verið búin að ganga frá því sem þurfti til að hefja það sem hv. þingmaður kallaði hér í ræðu sinni í dag endurreisn Ríkisútvarpsins, þó ég sé nú ekki sammála henni um að það sé sérstaklega stöðnuð stofnun eins og hún sagði hér í ræðustóli.

En það breytir ekki hinu, frú forseti, að maður hafði veika von um að Framsóknarflokkurinn væri að finna leifar af einhverju gömlu lífsmarki djúpt í iðrum sálar sinnar. Framsóknarflokkurinn kom og reyndi að gera yfirbót vegna Íraks, a.m.k. segir formaðurinn stundum, það fer eftir því hvar hann er staddur, að þar hafi verið gerð mistök. Af hverju kemur hv. þm. Dagný Jónsdóttir ekki og viðurkennir að þetta (Forseti hringir.) hafi líka verið mistök?

[23:15]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og stjórnmálaskýrandi í ræðu hans áðan ræðir mikið um stöðu Framsóknarflokksins. Ég tek undir það að staða hans er óásættanleg um þessar mundir en ég get að sama skapi glatt hann með því að ég tel að við munum ná vopnum okkar og fyrri styrk. Ég held að á stöðu okkar séu aðrar skýringar en hann hefur rakið hér, a.m.k. hvað varðar RÚV.

Í ræðu sinni ræddi hann mikið um afstöðu og stefnu Framsóknarflokksins í þessu máli og þess vegna finnst mér rétt að nota tækifærið og rifja aðeins upp aðdraganda málsins. Það er nefnilega svo að Ríkisútvarpið hefur einmitt verið eitt helsta ágreiningsefni þeirra flokka sem nú eru í ríkisstjórn. Menn hafa ekki verið sammála um hvað gera eigi við Ríkisútvarpið. Lengstum var það stefna Sjálfstæðisflokksins, a.m.k. hluta flokksins, að selja hluta af RÚV, ef ekki alfarið, á meðan það hefur alltaf verið skýr stefna Framsóknarflokksins að hér yrði rekið áfram sterkt almannaþjónustuútvarp í eigu ríkisins. Það sem hefur gerst á

þessu kjörtímabili er að Sjálfstæðisflokkurinn hefur hreinlega breytt um skoðun og er orðinn sammála okkur. Það er algjör samstaða um það í stjórnarsamstarfinu að hér verði áfram rekið sterkt almannaþjónustuútvarp í eigu ríkisins.

Af því að hér hefur mikið verið rætt um grasrótina í Framsóknarflokknum, frú forseti, og það er greinilegt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson telur sig vera í miklu sambandi við hana, þá er það þannig að ég hef farið um allt land í haust og haldið nærri 20 fundi með framsóknarfólki, opna og opinskáa umræðufundi í öllum kjördæmum þar sem ég hef hitt okkar helsta trúnaðarfólk og það vill svo til að þetta frumvarp hefur ekki verið rætt á þessum fundum heldur allt annað.

[23:17]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað hugsanlegt að þær yfirlýsingar sem Björn Ingi Hrafnsson hefur gefið varði þau 10% framsóknarmanna sem eru horfin frá fylgi við flokkinn en ekki þau 8% sem hugsanlega styðja flokkinn enn.

Ég hjó eftir einu sem mér þótti athyglisvert í máli hv. þingmanns. Hún sagði að í upphafi kjörtímabilsins hefði Sjálfstæðisflokkurinn haft ákveðna stefnu — ég gat ekki skilið hana öðruvísi en svo að hún teldi að sú stefna hefði verið að selja Ríkisútvarpið — en að nú hefði Sjálfstæðisflokkurinn horfið frá þeirri stefnu. Þetta staðfestir og undirstrikar allt sem ég sagði í ræðu minni að þegar lagt var af stað með þetta mál var það tilgangur Sjálfstæðisflokksins að selja Ríkisútvarpið. Það gleður mig í sjálfu sér að hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir hefur skynjað þetta með sama hætti og ég.

Hins vegar er það svo að ég get ekki verið sammála hv. þingmanni um að Framsóknarflokkurinn hafi beygt Sjálfstæðisflokkinn í þessu máli. Þvert á móti er það svo að Sjálfstæðisflokkurinn hefur aftur og aftur kúgað Framsóknarflokkinn í þessu máli, aftur og aftur hefur Sjálfstæðisflokkurinn neytt hann til þess að kyngja hlutum sem hann ekki vildi kyngja. Þegar Framsóknarflokkurinn lýsti því yfir að hann vildi alls ekki hlutafélagsformið lét hann Sjálfstæðisflokkinn nánast blekkja sig með því að segja að það væru skýr fyrirmæli frá ESA að taka verði upp hlutafélagsform. Þegar stjórnarandstöðunni tókst síðan loks að rífa með töngum og kreistingum ummæli og álit ESA út úr hæstv. menntamálaráðherra kom í ljós að Sjálfstæðisflokkurinn var að blekkja. Það stóð ekkert um það, einungis að sameignarformið dygði ekki.

Í hverju málinu á fætur öðru, allt frá Írak til Ríkisútvarpsins, hefur Sjálfstæðisflokkurinn lagst af ofurþunga á Framsóknarflokkinn (Forseti hringir.) og rifið hann á hol. (Forseti hringir.) Það er ástæðan fyrir ...

[23:20]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit að það sem mikilvægast er í lífi stjórnmálamanns er að hlusta vel, hlusta á kjósendur, hlusta á það sem sagt er. Ég hvet hann til þess að hlusta betur á svar mitt en áðan sagði ég að það hefði aldrei verið hreyft við lögum um Ríkisútvarpið vegna þess að ekki var samstaða um hvert ætti að stefna.

Nú, þegar báðir stjórnarflokkarnir eru algjörlega einhuga um að halda eigi áfram sterku ríkisútvarpi í eigu ríkisins, höfum við lagt fram þetta frumvarp vegna þess að við trúum því að við séum með því að gefa útvarpinu tækifæri til að þróast og til að styrkja frekar stöðu sína.

Ég spyr mig líka, eftir umræðuna í þinginu í dag, hver sé þá samstaðan hjá hv. stjórnarandstöðu eða svokölluðu kaffibandalagi, eins og menn hafa stundum kallað hana. Það er nefnilega þannig, eins og hv. þingmaður veit, að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eiga ekki frekar við um sjálfseignarstofnanir en önnur félagaform. Hver er þá samstaðan í kaffibandalagi Vinstri grænna, Samfylkingarinnar og annarra aðila ef menn setja fram tillögur eins og hv. þingmaður hefur gert um sjálfseignarstofnun? Ég hlýt að spyrja mig að því.

Hv. þingmaður ræddi mikið um traust í ræðu sinni en það er nú einu sinni þannig að sá sem hefur verið rúinn trausti undanfarna daga er þingflokkur Samfylkingarinnar og það var sjálfur formaður flokksins sem sagði það.

[23:21]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bara dreg það ekki í efa eitt einasta augnablik að Framsóknarflokkurinn vill koma upp stóru og öflugu almannaútvarpi. Hins vegar leyfi ég mér að halda því fram að það sé tóm vitleysa hjá hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur þegar hún segir að báðir stjórnarflokkarnir séu sammála um það. Það er hugsanlegt að það sé jafnvel væn sneið af Sjálfstæðisflokknum sem er sammála því. Hitt hef ég verið sannfærður um og rökstuddi í hluta ræðu minnar að það væri meðvituð stefna a.m.k. hjá hluta Sjálfstæðisflokksins að þrengja að Ríkisútvarpinu, skapa hjá því fjárhagsþrengingar til að búa til þá stöðu að menn neyddust til að hefja bútasölu á Ríkisútvarpinu eftir hlutafélagavæðinguna. Ég hef fyrir mér ekki ómerkari mann en talsmann Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum í þessum sölum, þ.e. hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann hefur bókstaflega talað með þeim hætti að ekki er hægt að draga aðra ályktun af því.

Ég ætla svo ekki að draga úr vonum hv. þingmanns um að Framsóknarflokkurinn finni sinn endurlausnara, hugsanlega í hv. þingmanni í fyllingu tímans, og lifi nýja upprisu. Sagan kennir að það eru mörg dæmi um slíkt. Oft er það svo að flokkar í krappri stöðu sækja sér lífsþrótt í ungt fólk, í endurnýjaðar hugsjónir og brjótast úr þeim klakaböndum sem hafa keyrt þá niður í frerann. Það er alveg hugsanlegt að það gerist.

Ég leyfi mér hins vegar að efast stórlega um að það sé rétt upphaf að upprisunni að ungir þingmenn eða þingmenn Framsóknarflokksins yfir höfuð haldi bara áfram að ganga svipugöngin á enda, haldi áfram að láta lemja sig með málum sem engin samstaða er um meðal grasrótar flokksins, hvort heldur það er Írak eða Ríkisútvarpið eða ýmis fjölskyldumál. Ég rifja það upp að þessi flokkur sem fór í kosningar með fjölskylduna í fyrirrúmi lét Sjálfstæðisflokkinn pína sig til þess að kroppa 10 milljarða af barnafólki með því að lækka barnabætur, þó að nú sé aðeins verið að reyna að rétta það af. (Forseti hringir.) Þetta er nú sagan, frú forseti.

[23:23]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að mótmæla þeim ummælum eða staðhæfingu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, að fyrir því sé meirihlutavilji í samfélaginu að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Það er mitt mat að svo sé ekki og því fari reyndar fjarri.

Hv. þingmaður vitnaði í rithöfund, las úr grein hans, rithöfundinn Þórarin Eldjárn, sem greinilega er á því máli að fara eigi leið ríkisstjórnarinnar. Ég get vitnað í fjöldann allan af listamönnum og rithöfundum. Ég get vitnað í menn sem þekkja bærilega til, ég get vitnað til ummæla (Gripið fram í.) Hrafns Gunnlaugssonar, sem gegndi stöðu framkvæmdastjóra hjá sjónvarpinu. Hann telur þetta frumvarp vera tilræði við Ríkisútvarpið. Hvað með BÍL? segir hæstv. ráðherra, Bandalag íslenskra listamanna. Það var ljótur leikur sem leikinn var gagnvart þeim samtökum síðastliðið vor þegar útvarpsstjóri kallaði fulltrúa þeirra inn á skrifstofu sína og sagði að það sem máli skipti væri að fá niðurstöðu í þessu máli þannig að óvissuástandi yrði aflétt. Í ljósi þessa studdu þeir það sjónarmið. Það sem þessir einstaklingar gerðu sér ekki grein fyrir, og ég tel að þeir hafi verið plataðir og leikinn hafi verið ljótur leikur, þeir töldu einfaldlega að menn mundu greiða atkvæði í þinginu samkvæmt eigin samvisku. Það sem útvarpsstjóri vissi hins vegar var að ef málið færi til endanlegrar atkvæðagreiðslu yrði það samþykkt. Ef frumvarpið verður samþykkt hins vegar þá fyrst er Ríkisútvarpið komið í óvissu, vegna þess að okkur fjölgar í samfélaginu sem höfum efasemdir um að rétt sé að þvinga fólk til að borga skatt til starfsemi sem er tekin undan þeirri lagasmíð sem hefur verið hönnuð um opinbera starfsemi.

Mér finnst það dapurlegt hlutskipti fyrir alþingismenn að taka þátt í því að svipta starfsfólk réttindum sínum gegn mótmælum starfsmanna. Það er óvefengjanlegt að þetta frumvarp mun rýra réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins. Útvarpsstjóri hefur lýst því yfir að þegar fram líða stundir muni kjaramunur aukast innan Ríkisútvarpsins. Finnst mönnum það allt í lagi? Finnst mönnum það vera í lagi að færa alla dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu undir einræðisvald eins manns, að færa allt mannahald undir einræðisvald eins manns? Að svipta starfsfólk aðkomu að stjórn Ríkisútvarpsins? Nokkuð sem starfsfólkið samdi um á níunda áratugnum, ég þekki það mjög vel, ég tók sjálfur þátt í þeim samningum. Öllu þessu á að svipta brott. Menn telja sig vera að halda inn í framtíðina með því að gera þessa merku stofnun háða einræðisvaldi. Sá sem kemur til með að ráða þar ríkjum verður fyrir sitt leyti ráðinn af meirihlutavaldi sem stýrir ríkisstjórn á hverjum tíma. Finnst mönnum þetta vera í átt til framfara? Mér finnst dapurlegt að alþingismenn skuli ætla að láta hafa sig í þann ljóta leik, mér finnst það dapurlegt hlutskipti fyrir Framsóknarflokkinn sem maður hafði von um að gæti staðið í fæturna einu sinni og mundi gera það í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[23:28]

**Útbýting:**

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 582; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 583.

Breyting á lögum á orkusviði, 365. mál, nál. iðnn., þskj. 586; brtt. iðnn., þskj. 587.

Póst- og fjarskiptastofnun, 397. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 588; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 589.

Ættleiðingarstyrkir, 429. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 584; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 585.

## *Sinfóníuhljómsveit Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 57. mál (rekstraraðilar). — Þskj. 57, nál. 502.

[23:29]

**Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti menntamálanefndar um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason skrifstofustjóra frá menntamálaráðuneyti, Þröst Ólafsson, framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Sigurð Bjarka Gunnarsson frá Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Pál Magnússon, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, útvarpsréttarnefnd, Seltjarnarneskaupstað, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ríkislögreglustjóra, Kennaraháskóla Íslands, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. og felur í sér tillögu um niðurfellingu greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands og einnig að greiðsluþátttaka Seltjarnarnesbæjar verði felld niður.

Við umfjöllun nefndarinnar var fjallað um þau hljóðfæri sem Ríkisútvarpið hélt eftir við rekstrarlegan aðskilnað Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar en þá hélt Ríkisútvarpið eftir tveimur fiðlum og einni víólu. Samkvæmt skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings verða framangreind hljóðfæri ekki hluti af eignum Ríkisútvarpsins ohf. og er í þessu sambandi einkum litið til Guarnerius del Gesu fiðlunnar frá 1728. Framangreind hljóðfæri verða eign ríkissjóðs og verður gerður samningur milli ríkisins og Sinfóníuhljómsveitarinnar um afnot þeirra.

Frú forseti. Nefndin hefur litið svo á að fyrirhuguð lækkun á skuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð að fjárhæð 625 millj. kr. samkvæmt breytingartillögu við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006, sem er til meðferðar á yfirstandandi þingi og ætlað er að tryggja 15% eiginfjárhlutfall við stofnun Ríkisútvarpsins ohf., komi til lækkunar á skuld Ríkisútvarpsins við Sinfóníuhljómsveit Íslands sem samkvæmt árshlutareikningi nam 692,2 millj. kr. 30. júní 2006.

Frú forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði sam-

þykkt óbreytt. Hv. þm. Mörður Árnason, Einar Már Sigurðarson og Össur Skarphéðinsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja og styðja breytingartillögur við málið.

Aðrir þingmenn sem skrifa undir þetta nefndarálit eru auk þess sem hér stendur hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Kjartan Ólafsson og Sæunn Stefánsdóttir.

[23:33]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. framsögumanns þá skrifaði ég undir þetta nefndarálit með fyrirvara. Það stafar m.a. af því að það er allsendis óljóst eftir að þessi skil hafa orðið milli RÚV og Sinfóníuhljómsveitarinnar hvort landsmönnum verði áfram gefinn kostur á því að njóta tónleika Sinfóníunnar í gegnum Ríkisútvarpið sem sama hætti og áður.

Á fund nefndarinnar kom Páll Magnússon útvarpsstjóri. Hjá honum kom alveg skýrt fram að eina leið Ríkisútvarpsins til þess að ná að hafa þetta samband óbreytt, væri ef fyrirtækinu auðnaðist að ná kostun svokallaðri á tónleika Sinfóníunnar.

Ríkisútvarpsstjóri greindi frá því aðspurður af okkur stjórnarandstæðingum að þetta væri nauðsynlegt því ella væri ekki til fjármagn í stofnuninni til þess að útvarpa tónleikunum.

Nú liggur það hins vegar fyrir að það á ekki að leyfa, samkvæmt frumvarpi sem hér var verið að ræða áðan, Ríkisútvarpinu að auka kostun sína á dagskrárefni. Það þýðir, frú forseti, að því er ég skildi ríkisútvarpsstjóra, að þá væri ekki unnt að fjármagna útsendingar frá tónleikunum.

Því langar mig að spyrja hv. þingmann, af því að hann hefur tekið þátt í því að breyta reglum um kostun sem leiða til þessa, með hvaða hætti ætlar hann og stjórnarmeirihlutinn að tryggja það að landsmenn njóti áfram stórkostlegrar þjónustu þessarar stórkostlegu hljómsveitar?

[23:35]

**Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nú þannig að meiri hluti menntamálanefndar leggur í sjálfu sér ekki til að Ríkisútvarpinu ohf. verði bannað að afla sér tekna með kostun, þ.e. að kosta einstaka dagskrárliði með samningum þar um, heldur er gert ráð fyrir því í frumvarpinu og í breytingartillögum sem við leggjum til í meiri hluta menntamálanefndar, að kostunin gangi ekki lengra sem hlutfall af heildarauglýsingatekjum Ríkisútvarpsins en þær voru á árinu 2006.

En til þess að svara spurningu hv. þingmanns þá vil ég benda honum á nefndarálit meiri hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. á þskj. 500, 56. mál, en þar segir, með leyfi forseta:

Meiri hlutinn beinir því til menntamálaráðherra að mælast fyrir því, í þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf., til þess að þeim tekjum sem félagið aflar sér með þjónustusamningum, þetta á reyndar að vera kostunarsamningum, verði fremur varið til kostunar á dagskrárliðum sem varða íslenska tungu, sögu og menningararfleifð, en til kostunar á erlendu afþreyingarefni.

Þarna kemur sú stefnumörkun sem meiri hluti menntamálanefndar leggur til grundvallar varðandi þær kostunarreglur sem Ríkisútvarpið á að hafa til hliðsjónar og ætti að duga Ríkisútvarpinu til þess einmitt að kosta útsendingar frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og frá ýmsum öðrum atburðum sem hafa menningarlegt gildi fyrir íslensku þjóðina.

[23:37]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Framtíð hljóðvarps á sinfóníutónleikum á Íslandi virðist ráðast af því hvernig menn túlka það sem hv. þingmaður kallar núna prentvillu í málskjali. Það verður þá að prenta þetta málskjal upp.

Við erum að vísu búin að ljúka hér 2. umr. En þetta ræður algerlega úrslitum um það hvort hægt er að ná áframhaldi á þessu samstarfi Ríkisútvarpsins og Sinfóníunnar.

Það kemur hérna fram hjá hv. þingmanni að í málskjalinu er talað um þjónustusamninga. Ég var þeirrar skoðunar að það væri einmitt þangað sem ætti að leita þessa fjármagns. Ég hafði að vísu, eins og hv. þm. Mörður Árnason í dag, bent á að það er nú heldur lítið að verða úr þeim fjárhæðum sem eiga að koma í gegnum þjónustusamninginn.

Samkvæmt þessu eru það kostunarsamningar. Þá liggur alveg ljóst fyrir að það er ekki til fé til þess að standa undir þessu. Ástæðan er sú, eins og kom fram við meðferð málsins í fyrra, að það að hafa þetta óbreytt kostar 140–150 millj. kr. Í máli Páls Magnússonar um daginn í menntamálanefnd kom fram að kostunarsamningarnir í dag allir samtals, á íþróttaefni og öllu, eru 90 millj. kr. Þeir mega ekki hækka sem hlutfall.

Það er því alveg ljóst að þótt allt kostunarféð yrði lagt til sinfóníutónleika sem Ríkisútvarpið mundi þá standa straum af, dugar það ekki. Hvort sem hér er um prentvillu að ræða eða ekki, þá er það alveg ljóst, að þetta er úrslitaatriði varðandi þessa tegund menningarstarfsemi Ríkisútvarpsins.

Það kom í ljós í síðasta andsvari hv. þingmanns að mistök meiri hlutans valda því að hljóðvarp á Sinfóníunni er núna í uppnámi. Kannski hv. þingmaður ætti að velta því fyrir sér að láta prenta þetta skjal upp eða kalla til fundar og athuga hvort ekki sé rétt að leiðrétta þessa prentvillu.

[23:39]

**Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er nú ekkert annað en hártoganir. Þegar nefndarálitið er lesið og skoðaður sá kafli þar sem fjallað er um þetta atriði sem ég vék hér að í fyrra andsvari mínu, þá er þar verið að ræða um kostunarsamning en ekki þjónustusamning.

Það er alveg ljóst að meiri hluti menntamálanefndar hvetur til þess að þeim tekjum sem Ríkisútvarpið ohf. aflar sér á grundvelli kostunarsamninga eigi frekar að verja til kostunar á dagskrárgerð sem varðar íslenska tungu, sögu og menningararfleifð en til kostunar á erlendu dagskrárefni. Ég nefni afþreyingarþætti, af því ég sé að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur sérstakan áhuga á málinu, eins og Lost og Desperate Housewives, þótt ég efist ekki um að hv. þingmaður hafi sérstakan áhuga á þeim ágæta þætti.

Með hugmyndum okkar í meiri hluta menntamálanefndar leggjum við ekki til að sá möguleiki Ríkisútvarpsins ohf. til þess að afla sér kostunartekna verði skertur frá því sem nú er hjá Ríkisútvarpinu. En meiri hlutinn beinir því til menntamálaráðherra að í þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf., verði tekið upp ákvæði sem mælir fyrir um að tekjum af kostunarsamningum verði frekar veitt til dagskrárliða sem varða íslenska tungu, sögu og menningararfleifð, þar á meðal til útsendinga frá merkum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur en til kaupa á erlendu afþreyingarefni.

Hafi stjórnarandstaðan misskilið (Forseti hringir.) það sem stendur í nefndarálitinu þá er í sjálfu sér (Forseti hringir.) ekkert mál að nefndarálitið verði prentað aftur.

[23:42]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það er auðvitað tvenns konar misskilningur hér á ferðinni. Annars vegar er sá hjá meiri hluta menntamálanefndar að þessi tilmæli til menntamálaráðherra hafi eitthvert gildi. Þá væri menntamálaráðherra að minnsta kosti skroppnari að skyni en ég tel að hún eða þeir séu og verði í framtíðinni, ef þeir færu að þessum tilmælum meiri hluta menntamálanefndar vegna þess að þetta er misskilningur á kostunarfyrirbrigðinu sjálfu.

Það er ekki svo að kostun, þó að hún tengist yfirleitt þáttum eða einhverju sérstöku efni, sé bundin við að það fé renni nákvæmlega til þess efnis. Það er ekki þannig.

Kostun er ósköp einfaldlega tekjur sem renna inn. Hins vegar er það stundum þannig með kostun eins og auglýsingar að það er hægt að selja þær út á sérstaka þætti, á sama hátt og sumir þættir eru sýndir til að afla auglýsinga þá getur kostun auðvitað bjargað einstaka þáttum.

Það væri því út í hött og ef verið væri að takmarka kostun með einhverjum hætti, þá væri fáránlegt að takmarka hana við einhvern einn þátt. Það sem gæti skipt hér máli er að kostunarféð væri þá markað með einhverjum hætti. En þá er nú farið að skipta sér ansi mikið af innri málum þess Ríkisútvarps ohf. sem átti að leika laust og liðugt á markaðnum.

Hins vegar er rétt að formaður menntamálanefndar svari til um það sem ekki enn þá hefur komið í ljós. Það er um hinn klassíska tónlistarflutning hljómsveitarinnar í Ríkisútvarpinu. Vegna þess að á síðasta sprettinum í menntamálanefnd kom í ljós að það var skilningur Ríkisútvarpsins eða forstöðumanna þess að þeir mundu fá það ókeypis í framtíðinni af einhverjum dularfullum ástæðum sem ekki hafa enn verið upplýstar.

[23:44]

**Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom reyndar fram hjá forsvarsmanni Sinfóníuhljómsveitarinnar þegar þeir voru spurðir að því hvernig samstarfi hljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins hefði verið háttað á síðustu árum og áratugum að það samstarf hefði verið upp og ofan, þ.e. gott við útvarpið en heldur svona brokkgengt við sjónvarpið. Ég hef engar áhyggjur af því að Ríkisútvarpið, þ.e. hljóðvarpið, muni ekki útvarpa áfram tónleikum frá Sinfóníuhljómsveitinni.

Ég hef heldur ekki áhyggjur af því að ríkissjónvarpið muni ekki útvarpa frá tónleikunum. Sérstaklega í ljósi þess að það kom fram á fundum nefndarinnar að stjórnarformaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur verið í viðræðum við Ríkisútvarpið um að styrktaraðilar Sinfóníuhljómsveitarinnar kosti útsendingar frá sinfóníutónleikum í Ríkisútvarpinu. Ég held því að þessi mál séu í fínum farvegi.

En aðalatriðið er þetta sem ég var að reyna að koma að áðan, að með þeim breytingartillögum sem liggja fyrir um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. þá er ekki verið að skerða tekjur Ríkisútvarpsins á kostun. Hins vegar eru í nefndaráliti meiri hlutans tilmæli sem lúta að því að mælast til þess við menntamálaráðherra að í þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf. verði lögð áhersla á að þær tekjur sem koma til Ríkisútvarpsins ohf. vegna kostunar (Forseti hringir.) renni frekar til dagskrárefnis sem varðar íslenska tungu, (Forseti hringir.) menningararfleifð og sögu frekar en til erlends afþreyingarefnis. Þetta getur ekkert verið skýrara en þetta. (Forseti hringir.)

[23:47]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það er auðvitað furðulegur misskilningur hjá formanni menntamálanefndar og meiri hluta menntamálanefndar að það séu öðruvísi peningar sem koma inn fyrir kostun en þeir sem koma inn fyrir auglýsingar. Af hverju beinir þá ekki meiri hluti menntamálanefndar því til menntamálaráðherra að gera það í þjónustusamningi að láta auglýsingarnar eða einhverjar sérstakar auglýsingar eða auglýsingar með einhverjum ákveðnum þáttum renna í einhverja tiltekna dagskrárgerð?

Þetta er auðvitað bara della og einungis verið að slá ryki í augu fólks. Ég vona að minnsta kosti að meiri hluti menntamálanefndar hafi vit á því að sjá hve þetta er heimskuleg tillaga hjá henni. Hún á að fullnægja með einhverjum hætti gagnrýni á kostun, hinni almennu gagnrýni, ég rakti það hér fyrr í dag hvers vegna hún gerir það ekki. Hún á líka með einhverjum hætti að koma til móts við mikla gagnrýni á að það er engin takmörkun á tekjum af kostun og auglýsingum þótt hlutafélagið sé sett af stað og í raun og veru búið þannig um að það geti verið í fullri samkeppni við annað. Það gerir þessi tillaga náttúrlega ekki.

Hvað Sinfóníuna varðar þá er rétt hjá síðasta hv. ræðumanni að uppi eru einhvers konar hugmyndir um að kostendur reddi málinu milli sjónvarpsins og Sinfóníunnar og sjái til þess að sinfóníutónleikum verði sjónvarpað sem hefði átt að byrja á fyrir lifandis löngu að gera reglulega. Hitt er þó þannig að þrátt fyrir ákvæði sem við mælum með að sett verði inn í lögin um Sinfóníuna, að Sinfóníuhljómsveitin og Ríkisútvarpið geri með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar, þá er ekkert sem segir að sá samningur verði í raun og veru í gildi. Þetta er auðvitað bara fróm ósk. Það sem hlýtur að gerast er að Sinfóníuhljómsveitin lætur Ríkisútvarpið ekki fá hljómleika án þess að fá eitthvert endurgjald fyrir, en sú skrýtna hugmynd var uppi hjá fulltrúum Ríkisútvarpsins, og gott ef ekki menntamálaráðherra, fyrir nefndinni rétt áður en málið var slitið

þaðan út í ofboði. Ef meiningin er að halda því áfram að það eigi að vera þannig, þá efast ég um það verði. Það verða alla vega mikil vandræði í kringum það, hygg ég, af hálfu Sinfóníuhljómsveitarinnar.

[23:49]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs er ekki með á nefndarálitinu, hvorki með eða án fyrirvara. Við höfum haft mjög miklar efasemdir um að slíta á tengslin á milli Ríkisútvarpsins annars vegar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands hins vegar. Þessar stofnanir hafa verið nátengdar frá því að Sinfóníuhljómsveitinni var hleypt af stokkunum um miðja síðustu öld. Það var árið 1950 sem tónlistardeild Ríkisútvarpsins hafði forgöngu um stofnun Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þegar Sinfóníuhljómsveitin komst síðan í fjárhagslegt þrot rúmum tíu árum síðar, 1961, tók Ríkisútvarpið alfarið við rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Síðan gekk á ýmsu næstu 20 árin en 1982 voru sett lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands og gerður samningur um fjármögnun starfseminnar og kom það þá í hlut Ríkisútvarpsins að sjá henni fyrir fjórðungnum af rekstrarfé.

Þetta var ágætur og hagkvæmur samningur fyrir báða aðila. Eins og fram hefur komið við umræðuna hefur hljóðvarpið/útvarpið nýtt sér samninginn bærilega og hagnast vel á honum, að mínu mati. Ég lét alla vega sannfærast af ágætri grein eftir Jón Þórarinsson, fyrrum dagskrárstjóra hjá Ríkisútvarpinu, sem færði rök fyrir því að svo hafi verið. Annað gildir um sjónvarpið. Sjónvarpið hefur átt tilkall til mun meira efnis frá Sinfóníunni en nýtt hefur verið, þannig að það er vannýttur samningur að því leyti.

Við skulum ekki gleyma því að ef Ríkisútvarpið ætlar að sinna menningarlegum skyldum sínum á sviði tónlistar, kemur það til með að kosta umtalsvert fé. Það er staðreynd. Nú segir hv. formaður menntamálanefndar Alþingis að málefni Sinfóníunnar séu í bærilegum farvegi hvað þetta snertir og vísar þá til kostunar. Hann hefur engar efasemdir um að fyrirtæki séu tilbúin að láta fé renna til hennar. En útvarpsstjóri mun hafa upplýst á fundi menntamálanefndar Alþingis, það hefur komið fram hér við umræðuna, að þrátt fyrir ákvæði um að gerður skuli þjónustusamningur milli Ríkisútvarpsins annars vegar og Sinfóníunnar hins vegar, þá sé ekkert fé til ráðstöfunar til þessa. Þar kemur kostunarpeningurinn til sögunnar. Ég hef miklar efasemdir um kostun í Ríkisútvarpinu yfirleitt. Ég er fylgjandi auglýsingum, ég er fylgjandi því að Ríkisútvarpið sé fjármagnað að hluta með auglýsingafé. Ef það væri svipt auglýsingatekjum yrði það svipt þriðjungnum af rekstrarfé sínu. Ég held að það sé hreinlega ekki grundvöllur, pólitískur grundvöllur til þess að auka afnotagjöld eða fé frá almenningi til Ríkisútvarpsins sem þessu nemur. Þess vegna tel ég það byggt á raunsæi, vilji maður efla hag þessarar stofnunar, að viðhalda auglýsingum. Öðru máli gegnir um kostunarféð. Ég hefði gaman af að sjá úttekt á því hvað borgar sig fyrir Ríkisútvarpið í því efni, því að ég held að þetta séu afar ódýrar auglýsingar sem mætti hala inn með öðrum hætti.

Hæstv. forseti. Ég vildi einvörðungu gera grein fyrir afstöðu okkar. Við höfum verið talsmenn þess að Ríkisútvarpið njóti ákveðinna réttinda og ákveðinna sérréttinda í heimi fjölmiðlanna. Á móti axli þessi stofnun skyldur, hún axli þar á meðal menningarlegar skyldur og þá einnig gagnvart Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þess vegna höfum við haft uppi gagnrýni við að höggva á þessi tengsl sem gert er með þessu frumvarpi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[23:54]

**Útbýting:**

Fæðingar- og foreldraorlof, 428. mál, nál. félmn., þskj. 590.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 23:54.

---

# 45. FUNDUR

föstudaginn 8. des.,
kl. 10 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 56, nál. 500 og 558, brtt. 501. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 502. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 348. mál, þskj. 377, nál. 480. — Síðari umr.
4. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 349. mál, þskj. 378, nál. 481. — Síðari umr.
5. Flutningur verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, stjfrv., 186. mál, þskj. 187, nál. 474, brtt. 475. — 2. umr.
6. Upplýsingalög, stjfrv., 296. mál, þskj. 309, nál. 473. — 2. umr.
7. Gatnagerðargjald, stjfrv., 219. mál, þskj. 220, nál. 505, brtt. 506. — 2. umr.
8. Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, stjfrv., 231. mál, þskj. 234, nál. 508, brtt. 524. — 2. umr.
9. Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, stjfrv., 347. mál, þskj. 376, nál. 507, brtt. 560. — 2. umr.
10. Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 220. mál, þskj. 221, nál. 537, brtt. 538. — 2. umr.
11. Fæðingar- og foreldraorlof, stjfrv., 428. mál, þskj. 516, nál. 590. — 2. umr.
12. Ættleiðingarstyrkir, stjfrv., 429. mál, þskj. 517, nál.

584, brtt. 585. — 2. umr.

13. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 413. mál, þskj. 468. — 1. umr.

14. Jarðalög, frv., 418. mál, þskj. 487. — 1. umr.

15. Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 435. mál, þskj. 536. — 1. umr.

16. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 189. mál, þskj. 190, nál. 489, brtt. 490 og 541. — 2. umr.

17. Málefni aldraðra, stjfrv., 190. mál, þskj. 191, nál. 525. — 2. umr.

18. Almannatryggingar og málefni aldraðra, stjfrv., 330. mál, þskj. 353, nál. 582, brtt. 583. — 2. umr.

19. Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, stjfrv., 232. mál, þskj. 235, nál. 539, brtt. 540. — 2. umr.

20. Lífeyrissjóðir, stjfrv., 233. mál, þskj. 236, nál. 491, brtt. 492. — 2. umr.

21. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 266. mál, þskj. 275, nál. 522. — 2. umr.

22. Ársreikningar, stjfrv., 302. mál, þskj. 317, nál. 546. — 2. umr.

23. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 350. mál, þskj. 379, nál. 543. — 2. umr.

24. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 357. mál, þskj. 388, nál. 544. — 2. umr.

25. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 374. mál, þskj. 408, nál. 545. — 2. umr.

26. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 390, nál. 555. — 2. umr.

27. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 376. mál, þskj. 410, nál. 563. — 2. umr.

28. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 276. mál, þskj. 286, nál. 568 og 570, brtt. 569 og 571. — 2. umr.

29. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 93. mál, þskj. 93, nál. 551. — 2. umr.

30. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 95. mál, þskj. 95, nál. 552, brtt. 554. — 2. umr.

31. Landsvirkjun, stjfrv., 364. mál, þskj. 396, nál. 553. — 2. umr.

32. Breyting á lögum á orkusviði, stjfrv., 365. mál, þskj. 397, nál. 586, brtt. 587. — 2. umr.

33. Loftferðir, stjfrv., 389. mál, þskj. 431, nál. 578, brtt. 579. — 2. umr.

34. Flugmálastjórn Íslands, stjfrv., 390. mál, þskj. 432, nál. 580, brtt. 581. — 2. umr.

35. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 397. mál, þskj. 441, nál. 588, brtt. 589. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[10:01]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Forseti vill tilkynna að kl. hálftvö, að loknu hádegishléi og atkvæðagreiðslum, fer fram umræða utan dagskrár um símhleranir. Málshefjandi er hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Hæstv. fjármálaráðherra, Árni Mathiesen, staðgengill dómsmálaráðherra, verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Hvalveiðar Íslendinga og markaðir í Bandaríkjunum.

[10:02]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ákvörðun bandarísku stórverslunarkeðjunnar Whole Foods Market um að hætta markaðssetningu á íslenskum vörum í búðum sínum vegna hvalveiða Íslendinga er afar dapurleg en þó fyrirsjáanleg eins og segir í leiðara Morgunblaðsins í morgun. Ummæli hæstv. sjávarútvegsráðherra í kjölfar þessara frétta vekja sannarlega áhyggjur. Hann situr við sinn keip, þrjóskan uppmáluð, og segir forsvarsmenn Whole Foods Market einfaldlega ekki sammála sér, segir sömuleiðis að hann líti ekki svo á að hér sé um breiðar mótmælaaðgerðir að ræða. Virðulegi forseti. Þetta er mikil óskhyggja í hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég tel hann í mikilli afneitun, að hann sé haldinn ranghugmyndum og að athafnir hans hafi skaðað markaðsstarf bæði ferðaþjónustu og landbúnaðar meira en góðu hófi gegnir.

Viðbrögð stjórnvalda við þessum fréttum þurfa að vera yfirvegaðri en þau sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur viðhaft. Ég hef fullan hug á að fá að heyra hvað aðrir ráðherrar í þessari ríkisstjórn hafa um þessi viðbrögð hæstv. sjávarútvegsráðherra að segja, helst hefði ég viljað að hæstv. forsætisráðherra væri hér til svara og þá landbúnaðarráðherra. Markaðsvinna sú sem hefur átt sér stað undanfarinn áratug og jafnvel lengur hefur ekki verið hrist fram úr erminni. Í hana hafa verið lagðir gríðarlegir fjármunir og miklir kraftar duglegra einstaklinga sem hafa unnið verulega mikið starf og náð gríðarlega mikilvægum árangri. Sá árangur er nú í uppnámi til frambúðar nema íslensk stjórnvöld bregðist við af skynsemi.

Eina skynsemin er sú og eini möguleikinn sem þessi stjórnvöld hafa er að gefa út formlega yfirlýsingu um að þau hafi gert mistök þegar þau ákváðu að fara út í hvalveiðar í atvinnuskyni nú í haust. Þá yfirlýsingu þarf að afturkalla, það þarf að lýsa því yfir að hún hafi verið mistök til að við eigum von um að geta bætt úr þessum mikla yfirvofandi skaða.

[10:04]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði, við eigum ekki að gera lítið úr þessari ákvörðun fyrirtækisins Whole Foods, en við eigum heldur ekki að oftúlka áhrifin af því sem átti sér stað með þessari ákvörðun.

Í fyrsta lagi skulum við átta okkur á því að ákvörðun fyrirtækisins felur það í sér, eins og kemur fram í bréfinu til mín 22. nóvember sl., að fyrirtækið hyggist nú fjarlægja auglýsingaskilti og þess háttar sem sérstaklega vekur athygli á Íslandi og íslenskum vörum. Hins vegar er það tekið fram í bréfi forsvarsmanna fyrirtækisins til mín að þeir

muni halda áfram að selja vörur frá íslenskum framleiðendum. Þeir hafa með öðrum orðum komist að því að það eru markaðslegar forsendur fyrir þá, það eru hagsmunir þeirra að halda áfram að selja íslenskar vörur, vegna þess að það er eftirspurn eftir þeim, áhugi hjá bandarískum neytendum á að kaupa íslenskar vörur.

Það er hins vegar athyglisvert að þetta gerist á sama tíma og til mín streyma fiskkaupendur víðs vegar að úr heiminum frá stórum fyrirtækjum — og hvað leggja þeir áherslu á? Þeir leggja áherslu á það að við reynum að undirstrika uppruna vörunnar betur en við höfum gert, uppruna íslenska fisksins. Þeir telja að það sé mikill styrkur að því, ekki bara fyrir íslenskan fisk, heldur fyrir þá sjálfa að það komi fram að varan sem þeir selja, íslenski fiskurinn, sé veidd á íslenskum miðum, unnin af íslenskum fyrirtækjum vegna þess að þeir telja að það sendi góð og jákvæð skilaboð út á markaðinn sem hefur álit á því sem við erum að gera í íslenskum sjávarútvegi. Mér finnst ástæða til að vekja athygli á þessu.

Við höfum reynslu frá árinu 2003 þegar við hófum hvalveiðar að nýju, þá í vísindaskyni. Þá spáðu margir heimsenda, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur gert allar götur síðan. Allt annað hefur komið á daginn, við höfum reynslu, ég sagði strax í upphafi, núna 17. október þegar ákvörðunin var tekin um að hefja atvinnuveiðarnar, að það yrðu neikvæð áhrif til skamms tíma. Ég held að reynslan sýni okkur að þessi áhrif muni hins vegar hverfa og til lengri tíma muni íslenska þjóðin ekki skaðast á þessu, heldur þvert á móti. (Forseti hringir.) Ella hefðum við ekki tekið þessa ákvörðun.

[10:07]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegi forseti. Ég varð ekki vör við það að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir væri með einhverjar heimsendaspár þótt hún spyrði sjávarútvegsráðherrann út í þau alvarlegu mál sem núna eru uppi á alþjóðavettvangi vegna aðgerða Íslendinga í hvalveiðimálum. Ráðherrann var óðamála hérna en hann getur ekki talað sig frá þeim afrekum sem hann hefur ástundað að undanförnu í umhverfismálum, þ.e. þeim afrekum að brjóta niður orðspor Íslands í þeim málum á alþjóðavettvangi. Það lýtur ekki bara að hvalveiðimálunum og hvernig ráðherrann hefur staðið þar að málum, heldur lýtur það líka að því hvernig ráðherrann hefur beitt sér á vettvangi Sameinuðu þjóðanna gegn tímabundnu banni á botnvörpuveiðum á úthafsmiðum utan lögsögu þjóðríkja þar sem ríki vildu taka upp tímabundið bann til að kanna hvaða áhrif það hefði á viðkvæmt lífríki á úthöfunum að gera slíkar tilraun.

Það er ráðherrann okkar sem beitir sér gegn því þannig að sjávarútvegsráðherrann síkáti hefur afrekað ýmislegt í umhverfismálum og er á góðri leið með að fara með orðspor okkar á alþjóðavettvangi í umhverfismálum. Annars vegar getum við nefnt auðvitað þessa ákvörðun matvörukeðjunnar Whole Foods sem núna hefur ákveðið að hætta að kynna íslenskar vörur sem landbúnaðarráðherrann er búinn að verja verulegum tíma og fjármunum í að koma inn í þessa keðju og hins vegar getum við svo nefnt greinar sem hafa birst m.a. í víðlesnum dagblöðum eins og Washington Post þar sem Íslendingum hefur verið kennt um það að standa í vegi þess að menn nái árangri í friðun alþjóðlegra hafsvæða og viðkvæms sjávarlífríkis á þeim svæðum. Þetta er ekki það orðspor sem við Íslendingar viljum hafa á alþjóðavettvangi.

[10:09]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það hefur ekki grundvallaráhrif á íslenska hagsmuni á alþjóðamörkuðum hversu oft hæstv. sjávarútvegsráðherra kemur upp í stólinn og rembist. Það sem skiptir máli er það að þegar hann tók ákvörðun sína sem ríkisstjórnin lagði blessun sína yfir, og virðist hafa gert að umhverfisráðherra annaðhvort fjarstaddri eða sofandi og landbúnaðarráðherra sennilega í roti, lá ekki fyrir neins konar spádómur eða könnun um það hvaða áhrif þessi ákvörðun mundi hafa, ekki á ferðamenn sem vildu sækja okkur heim, á markaðsstarf okkar í sjávarútvegi eða landbúnaði og auðvitað ekki á það orðspor sem við Íslendingar höfum nýtt okkur í alþjóðlegum samskiptum á diplómatískum vettvangi og í almennum viðskiptum.

Það er rétt að rifja upp að fyrir tveimur þingum var hér sérstaklega beðið um skýrslu frá hæstv. samgönguráðherra um áhrif þeirra hvalveiða sem þá var um að ræða, vísindaveiðanna, á ferðaþjónustuna. Hæstv. samgönguráðherra var fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar með japl, jaml og fuður í heilt ár og lét að lokum Ferðamálaráð semja þessa skýrslu fyrir engan pening og með engum starfskrafti. Það vissu allir hvernig það færi vegna þess að formaður Ferðamálaráðs var þá Einar K. Guðfinnsson, hvalveiðisinni, þjóðrembumaður og núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég spyr af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er ekki hér í salnum: Hvað varð um loforð Einars Odds Kristjánssonar um 300 millj. í markaðssetningu fyrir ferðamenn? Hvað varð um loforð Einars Odds Kristjánssonar, (Forseti hringir.) formanns Ferðamálaráðs, um nýja alvörukönnun um það hvernig (Forseti hringir.) ferðamarkaðurinn færi út úr hvalveiðunum?

[10:11]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég held að við séum sammála um að við berum bæði ábyrgð og höfum rétt til að vernda og nýta auðlindir okkar á sjálfbæran hátt og í samræmi við alþjóðalög og samninga sem við erum aðilar að. En þetta snýst um fleira. Allt hátterni okkar snýst um trúverðugleika, um það að vera sannur.

Ég átti því láni að fagna að vera í Bandaríkjunum, New York, í haust og heimsótti þar Iceland Naturally sem er sérstakt markaðsátak fyrir íslenska vöru og kannski íslenska ímynd. Ég verð að segja að mér blöskraði að sjá þar kynningarefni þar sem Ísland var kynnt með fljótasiglingum niður í gegnum jökulsárnar í Skagafirði, fallegar myndir og glæsilegar, með þeirri ríkisstjórn sem hefur það á stefnuskrá sinni að stífla og eyðileggja þessi sömu fljótt. Okkur var líka gerð grein fyrir því að hvalveiðarnar í atvinnuskyni mundu skaða þessa sömu ímynd, vinna henni tjón. Hversu mikið? Það voru engar upphrópanir eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra er hér með um heimsendi eða þess háttar,

enda sýnir það bara lélegan málstað ef menn þurfa að grípa til slíkra orða. Þeir vöruðu mjög ákveðið við þessu.

Erum við trúverðug þegar við samtímis leggjum mikla fjármuni í að markaðssetja ímynd sem byggir á því að við stundum m.a. ekki iðnaðarveiðar á hval en förum síðan með einhverri skyndiákvörðun beint út í þingið og gerum það? Þetta snýst um trúverðugleika, (Forseti hringir.) um heiðarleika í kynningu á Íslandi og þar skortir nokkuð á (Forseti hringir.) núna, hæstv. sjávarútvegsráðherra.

[10:13]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Menn eiga viðskipti yfirleitt vegna þess að þeir græða á þeim, báðir aðilar. Þannig er það í heiminum. Ef mönnum finnst íslenskt lambakjöt gott og þeir vilja selja það í sínu landi gera þeir það. Ef þeim finnst íslenskur fiskur góður selja þeir hann (**Gripið fram í:** Og hvalkjöt.) og ef þeim finnst íslenskt landslag fallegt koma þeir til Íslands sem ferðamenn.

Að blanda einhverjum trúarbrögðum eða einhverri umhverfisstefnu, einhverju öðru en viðskiptum, við viðskiptin er afskaplega fjarlægt fólki, enda hefur það sýnt sig að ferðamannaiðnaðurinn hefur ekkert minnkað. Það er meira að segja til vandræða hvað hann er mikill á sumrin nú orðið. Og mér sýnist að hvalaskoðun (Gripið fram í.) hafi sjaldan sýnt eins mikinn vöxt og eftir að við hófum að veiða hval. Allar þessar hótanir sem menn eru með eru marklausar, að blanda trúarbrögðum og umhverfisvernd við viðskipti. Allt sem menn gera segir mér að þetta fái ekki staðist. Ég hef þá trú að íslenska lambakjötið sé afskaplega góð vara. Hún er reyndar kannski of dýr (**Gripið fram í:** En hvalkjötið?) og hvalkjötið reyndar líka, mjög góð vara, og fiskurinn íslenski er af miklum og háum gæðastaðli þannig að hann mun seljast.

Íslensk náttúra er þvílík að hún hefur enga samkeppni. Vilji fólk ekki koma til Íslands til að sjá náttúruna er það þess vandamál en ekki mitt.

[10:15]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Það má segja að eitt liggi fyrir í þessari umræðu og það er að það er ekki góður bisness að skjóta hvali, alveg sama hvað manni finnst um hvalveiðar. Það er hreinlega afleitur bisness. Af hvalveiðum fer vont orð hvernig sem menn láta á hinu háa Alþingi. Spurningin er bara: Vilja stjórnvöld horfast í augu við það eða á hvaða vegferð þau eru í þessu máli? Og það sem er náttúrlega merkilegast í þessu — og verst er að hæstv. landbúnaðarráðherra skuli ekki vera í salnum — er að markaðssetningin sem ráðherrarnir hafa borið ábyrgð á á undanförnum árum, markaðssetning ríkisstjórnarinnar, m.a. í gegnum Ferðamálaráð og með tilstyrk ríkisins, hefur auðvitað verið sú að hér sé besta lambakjöt í heimi, hér sé hreinasta náttúra í heimi og hér séu m.a. tilkippilegustu konur í heimi. (Gripið fram í.) Þetta hefur allt verið markaðssett með ráðum og dáð.

Fyrir lambakjötinu hafa farið þeir postular sem áður héldu að fegurðardrottningar gætu selt fisk. Þeir eru reyndar hættir því núna, núna selja þeir lambakjötið væntanlega með myndum af virkjunum í baksýn. Svo kemur hæstv. sjávarútvegsráðherra og heldur að það skipti ekki máli að skjóta hval. Reyndar hefur aldrei komið fram í þessari umræðu hvers vegna þurfi að gera það nema að Kristján Loftsson langaði til að ræsa bátana og að Einar K. Guðfinnsson var til í að hjálpa honum að gera það. Það liggur ekkert að baki þessari ákvörðun annað en þessi löngun tveggja manna til að ræsa báta og skjóta hval. Það liggja engar kannanir til grundvallar, það liggur ekkert til grundvallar um það hvaða hag þjóðarbúið hafi af þessu eða hvernig þetta rústi orðspor okkar á alþjóðavettvangi. Svo er bætt í með því að leggjast (Forseti hringir.) gegn banni við botnvörpuveiðum í tilraunaskyni (Forseti hringir.) á alþjóðlegum hafsvæðum.

[10:17]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Í áratugi höfum við byggt ákvarðanir okkar um nýtingu náttúruauðlinda sjávar á ákveðnum tillögum. Við höfum auðvitað ekki öll verið nákvæmlega sammála um þær tillögur og tölur sem Hafrannsóknastofnun hefur gefið út í skýrslum sínum. En Hafrannsóknastofnun hefur þó verið sú stofnun sem við höfum notast við til að leggja mat á það hvað hægt væri að veiða og hvað hægt væri að nýta á Íslandsmiðum, hvað teldist innan eðlilegra nýtingarmarka o.s.frv. Í mörg ár hefur verið lagt til af Hafrannsóknastofnun að menn skyldu fá heimild til að veiða sjávarspendýr, þar með talið hvali.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að sumar hvalategundir eru algjörlega friðaðar og aðrar eru ætlaðar til nýtingar. Ég tel mjög eðlilegt að þær séu nýttar með skynsamlegum hætti og það sé okkur nauðsynlegt miðað við horfur okkar á lífríkinu að horfa til þess að nýta hvalina skynsamlega. Við eigum ekki að láta öðrum þjóðum það eftir að knýja okkur til annarrar niðurstöðu en að nýta náttúruna á sjálfbæran hátt.

Ein hvalategund hefur vaxið mjög mikið hér við land. Hún er búin að vera alfriðuð frá 1956, hnúfubakurinn sem er sennilega mesti afræningi á loðnustofninum og því lífríki sem nytjastofnar okkar byggja á. Við höfum svo sem ekki tekið til veiða á honum en ég held að það hljóti að koma að því að við munum gera það í náinni framtíð.

Auðvitað vitum við að við munum fá andbyr gegn hugmyndum okkar. Það hefur alltaf legið fyrir, það er ekkert nýtt í því.

[10:20]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er alvarlegt þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra leyfir sér að gera jafnlítið úr starfi ötulla Íslendinga sem hafa aflað sér menntunar á því sviði markaðsvæðingar, að koma Íslandi á markað og kynna það með jákvæðum hætti í útlöndum. Hæstv. sjávarútvegsráðherra gerir lítið úr því starfi sem fjöldi Íslendinga hefur unnið. Stjórnvöld hafa fyrirskrifað að það eigi að markaðssetja Ísland og það eigi að markaðssetja það sem ríki sem hafi vit á því hvernig eigi að varðveita auðlindir. Það hafa menn reynt að gera í okkar þágu undanfarin 10–12 ár af mikilli meðvitund og miklum krafti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra fær að komast upp með það hér að eyðileggja allt það starf og gefa út yfirlýsingar af því tagi sem hann gerir úr ræðu-

stóli núna, að þetta starf skipti í sjálfu sér engu máli. (**Gripið fram í:** Rangt.) Hann segir að hann sé í góðri trú með að þetta lagist allt saman.

Menntað fólk segir okkur öllum að þetta lagist ekki. Hvalur hefur verið markaðssettur um allan heim sem tákn fyrir umhverfisvernd. Hann er tákn fyrir meðvitund í umhverfismálum. Maður skýtur ekki táknmynd á borð við hvalinn og segir að hér sé allt í lagi, áhrifin lagist. Og það er rangt sem hv. talsmaður stjórnarþingmanna í salnum Pétur H. Blöndal segir, að umhverfisverndin skipti ekki máli. Hvað heldur líka hæstv. sjávarútvegsráðherra að þessir útgerðarmenn og fisksalar sem koma til hans séu að ráðleggja honum þegar þeir biðja um að fiskurinn okkar sé markaðssettur sem sjálfbær afurð, sé vottaður sem slík? Þeir eru að tala sama máli og Baldvin Jónsson, samtök bænda og þeir sem hafa verið að markaðssetja okkar hreinu vöru í útlöndum.

Við erum lítið 300 þús. manna samfélag. Við eigum mikið undir því að vörur okkar séu áfram á markaði (Forseti hringir.) í Bandaríkjunum og við megum ekki haga okkur eins og (Forseti hringir.) stjórnarþingmenn og hæstv. sjávarútvegsráðherra hafa hagað sér hér.

[10:22]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég kannast ekki við það að hafa gert lítið úr starfi Íslendinga sem hafa unnið að markaðsmálum. Þvert á móti vakti ég einmitt athygli á því hvernig markaðurinn hefur brugðist við á undanförnum mánuðum, m.a. með heimsóknum til mín, og ég hef vakið athygli á stöðu íslensks sjávarútvegs. Er það að gera lítið úr starfi okkar að markaðsmálum? Það er auðvitað alls ekki þannig.

Hv. þingmaður sagði að við hefðum gert út á það að vera ríki sem hafi vit á því að nýta auðlindir. Já, það höfum við nákvæmlega verið að gera. Við höfum gert út á það að vera ríki sem vill nýta auðlindir sínar með sjálfbærum hætti. Það er grundvöllurinn þarna á bak við þegar við erum að hefja hvalveiðarnar.

Hv. þingmaður talaði um að það væri menntað fólk sem hefði aðra skoðun. Með öðrum orðum, það er ómenntaður, óupplýstur lýður sem er ósammála hv. þingmanni. Það var það sem út af fyrir sig fólst í þessum orðum.

Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð um þessi hvalamál. Mér fannst vera heilmikil tíðindi í þessari umræðu og það voru ekki tíðindin sem sneru að hvalamálunum, við höfum oft farið yfir þau mál. Stóru pólitísku tíðindin voru þau sem komu fram í máli hv. talsmanna Samfylkingarinnar sem kváðu upp úr um það sem mér var ekki ljóst að væri stefna þeirra, að þeir eru núna búnir að lýsa því yfir að þeir vilji leggjast á sveif með þeim sem vilja banna botnvörpuveiðar. Þeir vilja með öðrum orðum ekki stunda botnvörpuveiðar á úthöfunum, ekki fara þá leið sem við kusum að fara á ráðstefnunni hjá Sameinuðu þjóðunum á dögunum, líka Kanadamenn, ýmsar stórþjóðir og m.a. Evrópusambandið, þá leið að reyna að móta stefnu um það að vernda viðkvæm hafsvæði. Þegar hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir að tillaga mín og ríkisstjórnarinnar sem varð niðurstaða hjá Sameinuðu þjóðunum brjóti niður orðspor okkar er hv. þingmaður að segja nákvæmlega það sama væntanlega um aðrar þjóðir, og ríkjasambönd eins og Evrópusambandið, að Evrópusambandið brjóti niður orðspor þessara ríkja í náttúruverndarmálum með stefnu sinni sem var stefna okkar Íslendinga, að hafna yfirþjóðlegu banni við botnvörpuveiðum. (Forseti hringir.) Þetta er stórpólitísk yfirlýsing og hlýtur að vekja mikla athygli.

## *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.*

Stjtill., 348. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 377, nál. 480.

[10:25]

**Frsm. utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 65/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Ákvæði þetta kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekið af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Þessi tilskipun er rammatilskipun sem tekur á helstu grunnþáttum verðbréfamarkaða. Hún miðar m.a. að því að styrkja innri markaði ESB á sviði fjárfestingarþjónustu og kveður á um meginreglur um starfsemi fjármálafyrirtækja sem stunda verðbréfaviðskipti sem og um skipulega verðbréfamarkaði. Tilskipunin nemur úr gildi og kemur í stað tilskipunar ráðsins nr. 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Eins og ég sagði áðan kallar hún á lagabreytingar. Utanríkismálanefnd mælir með því að þessi tillaga verði samþykkt.

Nefndin fékk á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur, Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti og Harald Örn Ólafsson og Hrein Hrafnkelsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.*

Stjtill., 349. mál (félagaréttur). — Þskj. 378, nál. 481.

[10:27]

**Frsm. utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er til staðfestingar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 70/2005, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins miðar að því að samræma og styrkja reglur um yfirtökutilboð í Evrópu og tryggja jafna meðferð og aukin réttindi hluthafa í yfirtökum.

Í tilskipuninni, sem nær til félaga sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa og skipulegan verðbréfamarkað, eru sett lágmarksskilyrði sem ná bæði til

skyldubundinna tilboða og almennra valfrjálsra tilboða en aðildarríkjum er heimilt að setja fleiri skilyrði og strangari ákvæði en kveðið er á um í tilskipuninni. Innleiðing til skipunarinnar kallar á lagabreytingu en meginhluti hennar hefur þegar verið innleiddur með lögum.

Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt. Hún fékk á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur, Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti og Harald Örn Ólafsson og Hrein Hrafnkelsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Flutningur verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, 2. umr.*

Stjfrv., 186. mál. — Þskj. 187, nál. 474, brtt. 475.

[10:29]

**Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson):**

Hæstv. forseti. Nefndin hefur tekið málið til meðferðar, fengið til sín gesti og allnokkuð af umsögnum. Í frumvarpinu er lagt til að tiltekin verkefni sem dómsmálaráðuneytið hefur til þessa haft með höndum verði flutt til smærri sýslumannsembætta víða um landið og í nefndaráliti er tilgreint hvaða verkefni þar kann einkum að vera um að ræða. Um er að ræða ákvarðanir sem eiga að hafa þann tilgang að styrkja sýslumannsembættin auk þess að gera afgreiðslu mála fljótlegri og skilvirkari. Með þessu er líka ætlunin að ráðuneytið verði betur í stakk búið til að sinna öðrum verkefnum.

Nefndin áréttar að gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ákvarðanir sýslumanna í þeim verkefnum sem ætlunin er að flytja verða samkvæmt almennum reglum kæranlegar til dómsmálaráðuneytisins og nefndin álítur því að ákvæði frumvarpsins geti einnig stuðlað að auknu réttaröryggi í stjórnsýslunni.

Nefndin gerir ákveðnar breytingartillögur við frumvarpið. Hún leggur til að við frumvarpið verði bætt kafla sem breytir 4. og 5. tölul. 4. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu. Þar er nú gert ráð fyrir því að almannaskráning byggist m.a. á gögnum dómsmálaráðuneytis um ættleiðingarleyfi og að sýslumenn gefi Þjóðskrá skýrslur um hjónavígslur, leyfi til skilnaðar að borði og sæng og leyfi til lögskilnaðar. Nefndin leggur annars vegar til að við ákvæðið verði bætt áskilnaði um að sýslumenn skuli veita Þjóðskrá skýrslur og gögn um ættleiðingarleyfi og að ákvæði um að dómsmálaráðuneyti fari með gögn um ættleiðingarleyfi verði þar af leiðandi fellt niður. Auk þess leggur nefndin til að inn í ákvæðið verði bætt áskilnaði um að sýslumenn skili til Þjóðskrár gögnum um staðfestar samvistir sem hafa að sjálfsögðu sama vægi við almannaskráningu og upplýsingar um önnur þau tilvik sem talin eru upp í greininni.

Nefndin leggur einnig til breytingu á 24. gr. frumvarpsins, en þar er gert ráð fyrir að leyfi lögreglustjóra þurfi til að halda hlutaveltu sem er óbreytt frá núverandi fyrirkomulagi. Með hliðsjón af þeim breytingum á skipan lögreglumála sem taka gildi um næstu áramót, samanber lög nr. 46/2006, sem m.a. fela það í sér að ekki fara allir sýslumenn með lögreglustjórn, telur nefndin rétt að færa þessa leyfisveitingu frá lögreglustjórum til sýslumanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón Ólafur Jónsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita Bjarni Benediktsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Ármannsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Kjartan Ólafsson og Sigurjón Þórðarson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Upplýsingalög, 2. umr.*

Stjfrv., 296. mál (endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur). — Þskj. 309, nál. 473.

[10:33]

**Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson):**

Hæstv. forseti. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín gesti og umsagnir frá Persónuvernd og talsmanni neytenda sem bárust á 132. löggjafarþingi.

Með frumvarpinu er lagt til að lögleidd verði ákvæði um endurnot opinberra upplýsinga. Frumvarpið er byggt á tilskipun Evrópusambandsins um endurnot opinberra upplýsinga en lagt er til að gengið verði lengra í að þrengja gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrám og af höfundarétti ríkisins á þessum upplýsingum en í tilskipuninni.

Á fundum nefndarinnar kom fram að markmið frumvarpsins væri að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og stuðla þannig að hagvexti og atvinnusköpun en miklir hagnýtingarmöguleikar geta verið fólgnir í að skapa ný verðmæti úr upplýsingum sem eru í vörslum stjórnvalda. Þá kom einnig fram að ríkið tekur ekki gjald af höfundarétti sínum af þessum upplýsingum til þess að auka enn frekar endurnot opinberra upplýsinga.

Í frumvarpinu kemur skýrt fram að með hugtakinu „endurnot opinberra upplýsinga“ er vísað til þess að einkaaðili noti slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi en ætlunin var þegar þeirra var aflað af hálfu stjórnvalda. Heimild til endurnota byggist á því að aðgangur að upplýsingum sé heimill samkvæmt lögum en takmarkast við að endurnotin mega ekki brjóta í bága við lög og geta þarf uppruna upplýsinganna og hver ber ábyrgð á vinnslu þeirra. Með vísan til þess hve mikilvægt er að almennt sé byggt á réttum upplýsingum telur nefndin nauðsynlegt að opinberar upplýsingar séu uppfærðar mjög reglulega.

Nefndin ræddi sérstaklega atriði sem snerta höfundarétt ríkis og sveitarfélaga annars vegar og annarra rétthafa hins vegar. Á fundum nefndarinnar kom fram að frumvarpinu sé

ekki ætlað að gera neinar breytingar á gildandi rétti í þeim efnum. Nefndin áréttar hins vegar mikilvægi þess að stjórnvöld fari skilyrðislaust eftir þeim reglum sem settar eru fram í frumvarpinu um að nafn rétthafa sé ávallt tilgreint þegar stjórnvöld gera upplýsingar aðgengilegar almenningi. Það er síðan á ábyrgð þess aðila sem endurvinnur upplýsingarnar að gæta að rétti þess höfundar.

Nefndin tekur fram að með ákvæðum frumvarpsins verður almenningi tryggður aðgangur að upplýsingum á kostnaðargrundvelli. Þannig mun almenningur greiða þjónustugjald fyrir aðgang að upplýsingum sem má ekki vera hærra en sem nemur kostnaðinum við að veita aðganginn. Jafnframt bendir nefndin á að lögleiðing ákvæða frumvarpsins mun hafa kostnaðarlækkun í för með sér fyrir opinbera aðila að því marki sem þeir hafa hingað til þurft að greiða hærra gjald en sem nemur slíkum kostnaði.

Loks telur nefndin nauðsynlegt að taka fram að frumvarpið felur ekki í sér neina breytingu á gildandi rétti um aðgang almennings að gögnum hjá stjórnvöldum heldur er einungis verið að setja reglur um hvernig aðgangur skuli veittur og skilyrði fyrir honum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Bjarni Benediktsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Kjartan Ólafsson og Sigurjón Þórðarson.

Ég vil, hæstv. forseti, að lokum geta þess að nefndarmönnum hafa borist ákveðnar ábendingar varðandi tæknileg atriði í frumvarpinu sem kunna að leiða til þess að málið verði tekið fyrir að nýju milli 2. og 3. umr. og áskilur nefndin sér rétt til að hafa þann háttinn á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Gatnagerðargjald, 2. umr.*

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 220, nál. 505, brtt. 506.

[10:37]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti auk þess að fá umsagnir.

Í frumvarpinu er lagt til að gatnagerðargjald verði skilgreint sem skattur sem er almennt ætlað að standa undir gatnagerð sveitarfélaga. Í samræmi við áskilnað stjórnarskrár um gilda skattlagningarheimild er kveðið á um atriði sem lúta að skattskyldu, skattstofni, ákvörðun gjaldsins og gjalddaga. Gert er ráð fyrir að reglur um gjaldstofn gatnagerðargjalds verði einfaldaðar og að innheimta þess verði bundin við þéttbýli. Þá er að finna heimildir til handa sveitarfélögum til að ákvarða álagningarhlutfall og beita almennum og sérstökum lækkunarheimildum innan þeirra marka sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga var óskað framlengingar á bráðabirgðaákvæði núgildandi laga um gatnagerðargjald, nr. 17/1996, sem heimilar sveitarfélögum töku sérstaks gjalds, svokallaðs B-gatnagerðargjalds, í tíu ár frá gildistöku þeirra vegna tiltekinna framkvæmda. Til stuðnings var vísað til þess að vegna fjárskorts hefði sumum sveitarfélögum ekki tekist að klára umræddar framkvæmdir og því væri nauðsynlegt að framlengja umræddan frest sem að óbreyttu rennur út um næstu áramót. Af hálfu nefndarinnar var fallist á þetta sjónarmið.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til þá breytingu að við bætist bráðabirgðaákvæði sem mæli fyrir um að heimild sveitarfélaga til töku gjaldsins verði framlengd til þriggja ára. Nauðsynlegt er að það ákvæði taki gildi 1. janúar 2007 en í gildistökuákvæði frumvarpsins er ráðgert að lögin taki gildi 1. júlí 2007. Þar sem heimild til töku B-gatnagerðargjalds samkvæmt núgildandi lögum fellur úr gildi um áramót er þörf á sérstöku gildistökuákvæði sem mælir fyrir um heimild sveitarfélaga til töku B-gatnagerðargjalds frá þeim tíma.

Nefndin leggur jafnframt til nokkrar minni háttar breytingar á ákvæðum frumvarpsins.

Í fyrsta lagi þá breytingu að ákvæði 1. mgr. 3. gr. og ákvæði 1. málsl. 5. mgr. 3. gr. verði orðuð með skýrari hætti en nú er gert.

Í öðru lagi að nýjum málslið verði bætt við 3. tölul. 3. mgr. 5. gr. sem mæli fyrir um að ef stækkun tiltekins íbúðarhúss eða, eftir atvikum, sameignar í fjölbýlishúsi fer umfram þá 30 fermetra sem gjaldfellingar- og lækkunarheimildir frumvarpsgreinarinnar taka til skuli gatnagerðargjald greiðast af því sem umfram er.

Í þriðja lagi að orðalagi 2. og 3. málsl. 2. mgr. 6. gr. verði breytt í þeim tilgangi að gjalddagi gatnagerðargjalds, sem til fellur þegar forsendur undanþágu eru ekki lengur fyrir hendi, taki mið af því hvort byggingaryfirvöld hafi átt þess kost að meta hvort skilyrði álagningar séu fyrir hendi eða ekki. Þannig skuli gjalddagi og eindagi fara eftir reglunni í 2. mgr. 7. gr. ef breytt notkun er háð samþykki byggingaryfirvalda en að öðrum kosti skuli gjalddagi vera 30 dögum eftir að forsendur breyttust og eindagi einum mánuði síðar.

Í fjórða lagi er svo lagt til að 9. gr. frumvarpsins um endurgreiðslu gatnagerðargjalds vegna afturköllunar eða ógildingar á lóðarúthlutun eða skila á lóð skuli taka til hliðstæðra atvika í tengslum við samþykkt byggingarleyfi. Þó er gerður sá fyrirvari að í þeim tilvikum sé gjalddagi endurgreiðslu kominn undir því að byggingarleyfishafi hafi sannanlega krafist hennar. Að lokum vill nefndin taka fram til skýringar að með fermetrafjölda í skilningi frumvarpsins er átt við brúttófermetrafjölda gólfflatar.

Við afgreiðslu málsins hefur athygli félagsmálanefndar verið vakin á því að hvorki er að finna í frumvarpinu ákvæði um skyldur sveitarfélaga til gatnagerðar né um eignarhald og viðhaldsskyldu á götu, en mest hefur borið á slíkum ágreiningi á Akureyri, samanber svonefnt Meðalteigsmál sem nú er til athugunar hjá umboðsmanni Alþingis. Nefndin telur að eðlilegt sé að á þessum málum verði

fremur tekið við væntanlega endurskoðun skipulags- og byggingarlaga en í lögum sem eingöngu varða álagningu og innheimtu gatnagerðargjalds.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Pétur H. Blöndal og Magnús Þór Hafsteinsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir tekur undir sjónarmið einstakra sveitarfélaga um að álagning gatnagerðargjalds eigi að meginstefnu til að taka til dreifbýlis jafnt sem þéttbýlis. Hv. þm. Pétur H. Blöndal álítur að svigrúm sveitarfélaga samkvæmt frumvarpinu til að ákveða undanþágur frá gatnagerðargjaldi séu of rúmar.

Einar Oddur Kristjánsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Undir álitið rita auk mín hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Ellert B. Schram, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Birkir J. Jónsson og Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.

[10:42]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli framsögumanns félagsmálanefndar skrifa ég undir þetta nefndarálit með fyrirvara og, eins og fram kemur í nefndarálitinu, með leyfi forseta, „Jóhanna tekur undir sjónarmið einstakra sveitarfélaga um að álagning gatnagerðargjalds eigi að meginstefnu til að taka til dreifbýlis jafnt sem þéttbýlis".

Hér tek ég einkum undir þau sjónarmið sem fram hafa komið frá Reykjavíkurborg í þessu máli sem ég tel réttmæt og vitna ég því til umsagnar Reykjavíkurborgar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti, og leggur áherslu á að horfið verði frá því að binda heimild til innheimtu gatnagerðargjalds við fasteignir í þéttbýli. Það gengur gegn jafnræðisreglunni að einungis hluti fasteignareigenda, sem hyggur á framkvæmdir í sveitarfélaginu, sé látinn standa undir gatnagerð í sveitarfélaginu í formi skattgreiðslna. Götur í sveitarfélaginu eru hluti grunngerðar samfélagsins sem allir íbúar njóta góðs af og því engin haldbær rök fyrir því að undanþiggja íbúa, sem búa utan hins skilgreinda þéttbýlis sveitarfélagsins, frá þátttöku. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun Reykjavíkurborg ekki geta innheimt gatnagerðargjald vegna fasteigna á Kjalarnesi utan Grundarhverfis þrátt fyrir að gatnakerfi Reykjavíkurborgar nýtist eigendum þeirra fasteigna."

Það er nánar farið út í þessa umsögn Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir félagsmálanefnd og þar segir að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins sé lögunum einungis ætlað að taka til fasteigna í þéttbýli eins og það er afmarkað hverju sinni samkvæmt staðfestri skipulagsáætlun. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að með þessu ákvæði sé tekið af skarið um að innheimta gatnagerðargjalds sé bundin við þéttbýli og að ekki sé um efnisbreytingu að ræða frá því sem talinn er hafa verið gildandi réttur, heldur séu tekin af öll tvímæli um þetta atriði. Engin rök eru hins vegar færð fyrir því af hverju lögin eigi ekki að taka til húsa í dreifbýli. Talið hefur verið að ákvæði núgildandi laga séu ekki nægilega skýr að því er varðar álagningu gatnagerðargjalds í dreifbýli og hafa þau leitt til ágreinings. Við úrlausn slíkra ágreiningsmála og skýringu núgildandi laga um gatnagerðargjald að því er varðar gildissvið með tilliti til dreifbýlis hefur verið litið til þess annars vegar að eldri lög um gatnagerðargjald hafi haft þann tilgang að stuðla að gatnagerð í þéttbýli og tryggja fjármagn til þess verkefnis og hins vegar að núgildandi lög taki einungis til lóða í þrengri merkingu og geti því ekki átt við um jarðveg í dreifbýli, samanber úrskurð félagsmálaráðuneytisins frá 25. október 2001 og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur vegna sama máls frá 14. apríl 2003. Vegna óskýrleika núgildandi laga að þessu leyti hefur þótt rétt að skýra ákvæði þeirra þröngt og er það ástæða þess að byggingar í dreifbýli hafa verið taldar utan gildissviðs laganna.

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Augljóst er að mismunandi skattþrep eftir t.d. búsetu innan sama sveitarfélags eru ekki í anda jafnræðisreglunnar. Til þess að ákveða slíkt ójafnræði meðal þegnanna hlýtur að þurfa að setja fram mjög þung rök en það er ekki gert í frumvarpinu eða athugasemdum með því. Að mati undirritaðs væri því nær að taka af skarið og kveða með skýrum hætti á um að lögin skuli gilda um allar byggingar innan sveitarfélags, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli."

Síðan leggja þeir til ákveðna breytingartillögu.

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að geta þess hér að aðspurður sagði fulltrúi Sambands sveitarfélaga á fundinum að hann tæki undir að það væri æskilegt að heimild væri til staðar til þess að leggja gatnagerðargjald á aðra en íbúa í þéttbýli. Þetta er önnur ástæðan fyrir þeim fyrirvara sem ég set hér fram og hinn fyrirvari minn lýtur að því sem fram kemur í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Við afgreiðslu málsins hefur athygli félagsmálanefndar verið vakin á því að hvorki er að finna í frumvarpinu ákvæði um skyldur sveitarfélaga til gatnagerðar né um eignarhald og viðhaldsskyldu á götu, en mest hefur borið á slíkum ágreiningi á Akureyri, samanber svonefnt Melateigsmál sem nú er til athugunar hjá umboðsmanni Alþingis. Nefndin telur að eðlilegt sé að á þessum málum verði fremur tekið við væntanlega endurskoðun skipulags- og byggingarlaga en í lögum sem eingöngu varða álagningu og innheimtu gatnagerðargjalds."

Ég hefði viljað kveða fastar að orði en hér er lagt til. Ég tel nauðsynlegt að í umhverfisráðuneytinu verði þetta mál tekið mjög föstum tökum og skoðað við endurskoðun skipulags- og byggingarlaga sem ég er sammála um að þetta álitaefni eigi heima í. Þegar maður fer að kynna sér þetta mál nánar er alveg ótrúlegt hvernig farið hefur verið með íbúa í téðri götu á Akureyri og vitna ég hér í niðurstöðu ráðuneytisins sem hefur fjallað um það mál. Þannig var farið með málið að lóðarhöfum og síðar fasteignareigendum við Melateig var falið eignarhald á götumannvirkjum lóðarinnar með þeim afleiðingum að þeir bera ábyrgð á viðhaldi og umhirðu mannvirkjanna.

Það kemur hér fram í niðurstöðu ráðuneytisins, með leyfi forseta:

„Er það mat ráðuneytisins að eignarhald og þar af leiðandi viðhaldsskylda umræddra mannvirkja séu verkefni

sveitarfélagsins samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum."

Einnig kemur hér fram, með leyfi forseta:

„Á grundvelli þeirra forsendna sem að framan hafa verið raktar" — og þá er verið að lýsa þessu máli — „er það álit ráðuneytisins að fyrirkomulag Akureyrarkaupstaðar við gatnagerð um Melateig á Akureyri sem og ákvörðun sveitarfélagsins að undanskilja sig eignarhaldi á götumannvirkjum þar sé að verulegu leyti í ósamræmi við lög. Ráðuneytið telur að í ljósi eðlis gatnagerðargjalds og þjónustugjalds hafi Akureyrarkaupstað verið óheimilt að innheimta að fullu gatnagerðargjald af lóðarhafa Melateigs en láta lóðarhafa engu að síður annast alla gatnagerð á lóðinni á eigin kostnað. Er það álit ráðuneytisins að undir þessum kringumstæðum hafi Akureyrarkaupstað borið að veita lóðarhafa afslátt af gatnagerð sem næst þeirri fjárhæð sem sveitarfélagið sparaði sér með umræddu fyrirkomulagi."

Það mætti hafa fleiri orð um þetta mál og niðurstöðu ráðuneytisins sem er allítarleg og gengur öll í þá átt að taka undir þau sjónarmið sem íbúar við Melateig hafa sett fram varðandi gatnagerð á lóðinni. Því tek ég mjög sterklega undir það sem ég hefði viljað kveða fastar að í greinargerðinni, að þetta álitaefni verði kirfilega neglt niður í skipulags- og byggingarlögum og að þetta geti ekki átt sér stað í framtíðinni. Mér skilst varðandi þetta tiltekna mál að núna sé verið að leita leiða til að koma til móts við íbúa Melateigs hvað þau atriði varðar sem íbúarnir hafa sett fram. Sjónarmið þeirra eru sannarlega mjög gild í þessu máli.

[10:50]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum nefndarálit hv. félagsmálanefndar um frumvarp til laga um gatnagerðargjald sem ég skrifa undir með fyrirvara. Fyrirvari minn lýtur að því að hér er um að ræða skatt og samkvæmt stjórnarskránni ber að ákvarða með lögum hvernig skattar skuli á lagðir. Hins vegar eru undanþáguheimildir og lækkunarheimildir sveitarfélaga það rúmar og liprar að ég hef töluverðar efasemdir um að allir borgarar séu jafnsettir og að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar sé uppfyllt.

Frú forseti. Það er ljóst að hér er verið að hverfa frá því að hafa gatnagerðargjaldið sem þjónustugjald, þ.e. gjald fyrir að gera götu við viðkomandi hús, yfir í það að vera hreinn skattur sem ætti að vera óháður kostnaði við gerð gatna við viðkomandi hús og þarf ekki að vera neitt háður því. Þegar skattur er lagður á kemur tvennt til, hann skal vera samkvæmt lögum og svo þarf að gæta að því að fjárveitingavald sveitarfélaga er mjög frjálst, eins og ríkisins, og þess vegna geri ég líka athugasemd við það að gatnagerðargjaldið skuli vera ætlað eingöngu til gatnagerðar. Þar held ég að sveitarfélögum séu settar of þröngar skorður. Það gæti orðið merkilegt viðfangsefni ef upp kæmi sú staða að sveitarfélag ætti í verulegum fjárhagsvandræðum út af þjónustu sinni á einhverjum sviðum en sæti uppi með mikla sjóði í gatnagerðargjaldi sem það mætti ekki eyða af því að peningarnir rynnu ekki í gatnagerð.

Það er ljóst að ef Alþingi setur lög sem ákvarða mjög háa skatta á ákveðinn skattstofn og veitir svo mjög rúmar og liprar heimildir til lækkunar er í rauninni búið að framselja löggjafarvaldið eða fara fram hjá því ákvæði stjórnarskrárinnar að skattar skuli ákveðnir með lögum. Ég geri sem sagt athugasemd við það að þetta gjald er hugsanlega of hátt og heimildirnar of léttar og liprar og gætu jafnvel leitt til mismununar á milli borgaranna. Með því að hækka gjaldið eitt árið og lækka það næsta ár og svo aftur hækka það gætu ákveðnir aðilar fengið of mikinn skatt og aðrir of lágan. Svo geri ég líka athugasemd við að ráðstöfunin sé lögbundin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, 2. umr.*

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 234, nál. 508, brtt. 524.

[10:53]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti og einnig hafa umsagnir borist.

Frumvarpið er að efni til innleiðing á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins og hefur það að markmiði að stuðla að aukinni samvinnu atvinnurekenda og starfsmanna þeirra. Er miðað við að fyrirtækjum þar sem starfa a.m.k. 50 manns verði gert skylt að kynna tiltekin málefni fyrir starfsmönnum sínum og gefa þeim undir ákveðnum kringumstæðum kost á samráði. Þessi skylda atvinnurekanda er þó ekki takmarkalaus því að við mismunandi aðstæður getur hann bundið upplýsingar trúnaði eða látið hjá líða að veita þær. Fyrra úrræðinu getur hann beitt ef lögmætir hagsmunir fyrirtækis krefjast en hinu síðara aðeins ef upplýsingagjöfin gæti leitt til alvarlegs tjóns fyrir starfsemina.

Frumvarpið tekur aðeins til aðila í atvinnurekstri og því heyra opinberar stofnanir sem hafa með höndum stjórnsýsluhlutverk ekki undir ákvæði þess. Þá er í samræmi við aðlögunarheimildir tilskipunarinnar gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði að gildissvið frumvarpsins verði takmarkað fram til 1. mars 2008 við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn.

Á fundi nefndarinnar kom fram að þarfir launafólks fyrir upplýsingar og samráð og heimildir atvinnurekenda til stjórnunar eru hvort tveggja mikilvægir hagsmunir sem erfitt getur verið að gera jafnhátt undir höfði í lagatexta. Verði frumvarp þetta að lögum leggur nefndin því mikla áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins nýti heimild sína samkvæmt 6. gr. og útfæri nánar tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs innan fyrirtækja, eftir atvikum í kjarasamningi eða með samkomulagi á vinnustað.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Ellert B. Schram skrifa undir álitið með fyrirvara. Þau áskilja sér jafnframt rétt til að leggja fram breytingartillögur. Þau vilja að gildissvið frumvarpsins verði rýmkað og að aðilum vinnumarkaðarins verði ekki heimilað að semja sig frá þeim lágmarkskröfum sem frumvarpið gerir.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson skrifar undir álitið með fyrirvara. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Lúð-

vík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við álitið.

Undir þetta rita hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Ellert B. Schram, með fyrirvara, Pétur H. Blöndal, Birkir Jón Jónsson og Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.

[10:56]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr. tók ég þátt í þeirri umræðu og rakti ítarlega skoðanir mínar á þessu frumvarpi og hve aftarlega við værum meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við að koma hér á atvinnulýðræði sem er vel þekkt í öðrum löndum og hefur verið í marga áratugi. Með þessu frumvarpi erum við að uppfylla ákvæði tilskipunar en það var gert með þeim hætti að það tók í fyrsta lagi mjög langan tíma og að auki komu aðilar vinnumarkaðarins sér ekki saman um efni frumvarpsins. Því fól félagsmálaráðuneytið Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst að semja drög að frumvarpi til innleiðingar á ákvæðum tilskipunarinnar hér á landi. Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, sem ég ætla að halda til haga að nú þegar við innleiðum smáskref í áttina að einhverjum vísi að atvinnulýðræði er í þessu frumvarpi gengið eins skammt og hægt er, öll frestunarákvæði og lágmarksréttur nýtt að fullu og það er það sem ég er mjög óánægð með.

Það kemur fram í nefndaráliti sem framsögumaður félagsmálanefndar mælti fyrir að við, fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni, skrifum undir álitið með fyrirvara og áskiljum okkur jafnframt rétt til að leggja fram breytingartillögu. Við viljum að gildissvið frumvarpsins verði rýmkað og að aðilum vinnumarkaðarins verði ekki heimilað að semja sig frá lágmarkskröfum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það kemur einmitt fram í ákvæðum þessa frumvarps að slíkt er heimilt. Við flytjum því breytingartillögur sem mæta þessum sjónarmiðum okkar sem ég vil nú gera grein fyrir í örstuttu máli.

Það er í fyrsta lagi gildissvið laganna, það er einungis gert ráð fyrir að lögin nái til fyrirtækja þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn á innlendum markaði. Að auki er sett ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér að fram til 1. mars 2008 eigi ákvæði þessa frumvarps, sem er aðeins smávísir að atvinnulýðræði, að takmarkast við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn. Það á sem sagt fyrst að innleiða þetta þannig að það nái aðeins til fyrirtækja þar sem starfa 100 starfsmenn og síðan þegar lögin eru þá að fullu komin til framkvæmda nær gildissviðið til fyrirtækja þar sem starfa a.m.k. 50 starfsmenn.

Hvað þýðir þetta, virðulegi forseti? Þetta þýðir að fram til 1. mars 2008 nær ákvæðið til 224 fyrirtækja og þegar það hefur að fullu verið innleitt nær það til 437 fyrirtækja. Við erum sem sagt að tala um að þegar þetta hefur verið innleitt að fullu og nær þá til 437 fyrirtækja erum við sennilega að tala um kringum 4 þús. starfsmenn, virðulegi forseti.

Hvað eru nú margir starfsmenn á vinnumarkaðnum? Um það fékk ég tölu og þar erum við að tala um 164.880 starfsmenn þegar talið er alveg niður í smæstu fyrirtæki en ákvæði þessa frumvarps þegar það hefur að fullu tekið gildi nær rétt til liðlega 4 þús. starfsmanna og á að innleiða í þrepum. Það sjá allir í hendi sér að við erum ekki að taka stórt skref í áttina að virku atvinnulýðræði hér á landi. Reyndar hafði ASÍ lagt til að ákvæðið ætti að ná til fyrirtækja sem hefðu í þjónustu sinni a.m.k. 20 starfsmenn þannig að það var langur vegur frá því að sjónarmið mættust að því er varðar atvinnurekendahliðina og launþegahliðina í þessu máli.

Við leggjum í þessari breytingartillögu á þskj. 524 til að í stað orðanna „50 starfsmenn“ í 1. mgr. komi: 20 starfsmenn. Þar mætum við sjónarmiðum ASÍ og við leggjum til, til þess að koma þá aðeins til móts við sjónarmið Samtaka atvinnulífsins, að í ákvæði til bráðabirgða í stað orðanna „100 starfsmenn“ komi: 50 starfsmenn, sem gildi þá til 1. mars 2009 en að ákvæði frumvarpsins nái til 20 starfsmanna þegar það hefur að fullu tekið gildi. Ég held að það sé algjört lágmark að gera þetta með þessum hætti. Þessa breytingartillögu flytja ásamt mér hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson. Auk framangreinds leggjum við til breytingu á 6. gr. frumvarpsins. Þar segir:

„Heimilt er með kjarasamningum eða samningum milli atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna að kveða á um tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs innan fyrirtækja og eftir atvikum að víkja frá ákvæðum 4. og 5. gr. að því tilskildu að markmiða laganna sé gætt, sbr. 2. gr.“

Þetta eru auðvitað mikilvæg ákvæði sem heimilt er þarna að víkja frá, sem er 4. og 5. gr. 4. gr. fjallar um upplýsingar, að atvinnurekendur skuli veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um eftirfarandi, með leyfi forseta:

„a. nýliðna þróun og horfur varðandi starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækisins,

b. stöðu, skipulag og horfur í atvinnumálum í fyrirtækinu og um allar ráðstafanir sem fyrirsjáanlegar eru, einkum ef atvinnuöryggi er ógnað,

c. ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á ráðningarsamningum starfsmanna, þar með taldar ákvarðanir sem eru byggðar á ákvæðum laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og hópuppsagnir.“

Síðan er það sem einnig má víkja frá, 5. gr., og hún fjallar um samráð, t.d. eins og segir, með leyfi forseta, í inngangi þeirrar greinar:

„Í framhaldi af upplýsingagjöf skv. b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. skal fulltrúum starfsmanna gefast kostur á samráði með því að eiga fund með atvinnurekanda og fá viðbrögð frá honum við því áliti sem þeir kunna að setja fram. Jafnframt skal atvinnurekandi gera fulltrúum starfsmanna grein fyrir ástæðum viðbragða sinna.“

Þetta eru tvö mikilvæg atriði sem atvinnurekendum er heimilt að víkja frá, það er þeirra einna að ákveða hvort þeir víki frá þessum ákvæðum laganna eða ekki þannig að eftir því sem lengra og dýpra er kafað ofan í þetta mál er það hvorki fugl né fiskur, virðulegi forseti. Hvernig til tekst svo með framkvæmdina á því ræðst auðvitað mikið af því hvernig aðilar vinnumarkaðarins halda á þessu máli í framhaldinu, hvort ASÍ efni þá til skipulagðrar kynningar á rétti og skyldum starfsfólks samkvæmt þessum lögum og upp-

lýsi t.d. trúnaðarmenn fyrirtækjanna um innihald þessara laga og hvernig launþegar geti sem best nýtt sér þau. Reynslan verður að skera úr um hvernig það gengur.

Ég fór ofan í bæði greinargerð og einstakar greinar þessa frumvarps við 1. umr. þar sem ég sýndi fram á hve loðið þetta frumvarp er og ákvæði þess og hvað það væri raunverulega allt í hendi atvinnurekenda að víkja frá þessu, ákveða sjálfir hvenær þeir kalla til þessa samráðs, með hve löngum fyrirvara þegar eitthvað kemur upp í starfseminni sem t.d. ógnar atvinnuöryggi starfsmanna o.s.frv. Mér finnst ekki mikil reisn yfir því hvernig þjóðþing Íslendinga leiðir í lög fyrsta vísi að atvinnulýðræði hér á landi.

Ég vil halda til haga í lok máls míns, skal ekki tefja þessa umræðu frekar, að við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar höfum flutt tillögu til þingsályktunar á Alþingi um atvinnulýðræði þar sem við lögðum til að félagsmálaráðherra skipaði nefnd sem hefði það hlutverk að gera tillögur um það hvernig unnt sé að tryggja áhrif starfsmanna í stjórnum og ákvarðanatöku í fyrirtækjum og stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í því sambandi yrði haft til hliðsjónar og skoðaðar hvaða leiðir hefðu verið farnar í nágrannalöndunum, einkum í Danmörku og Þýskalandi og jafnframt á vettvangi Evrópusambandsins sem, eins og ég sagði áðan, eru komin miklu lengra í framþróun atvinnulýðræðis en við hér á landi. Það er sannfæring mín að ef við innleiðum atvinnulýðræði hér með skipulögðum hætti verði það bæði til hagsbóta fyrir launþegana og fyrir fyrirtækin sjálf.

[11:06]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Yfirlýst markmið þessa lagafrumvarps er í sjálfu sér góðra gjalda vert en það fjallar um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum. Það kveður á um að stjórnendur fyrirtækja skuli veita starfsmönnum upplýsingar í tilteknum tilvikum. Hins vegar er frumvarpið þrátt fyrir ágæt markmið í rauninni hvorki fugl né fiskur og það er háð ýmsum takmörkunum sem vekja spurningar hjá mér. Þannig á það aðeins að taka til fyrirtækja sem stunda atvinnurekstur sem kallað er og kveðið er á um það í 3. gr. frumvarpsins en í skýringum með henni segir á þá leið að opinberar stofnanir sem hafi með höndum stjórnsýsluverkefni falli utan hugtaksins, og þar með utan þessara laga, enda geti slíkar stofnanir ekki talist stunda atvinnustarfsemi eða rekstur í framangreindum skilningi.

Með öðrum orðum fellur almenn opinber starfsemi eins og skólar og sjúkrahús utan þessara laga og starfsmenn slíkra stofnana eiga ekki rétt á því að þeim séu veittar upplýsingar sem kveðið er á um í þessu frumvarpi. Og hverjar skyldu þær vera? Jú, þær eru skilgreindar í 4. gr. frumvarpsins en þar er vísað til þess að „atvinnurekendur skulu veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um eftirfarandi:

a. nýliðna þróun og horfur varðandi starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækisins,

b. stöðu, skipulag og horfur í atvinnumálum í fyrirtækinu og um allar ráðstafanir sem fyrirsjáanlegar eru, einkum ef atvinnuöryggi er ógnað,

c. ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á ráðningarsamningum starfsmanna, þar með taldar ákvarðanir sem eru byggðar á ákvæðum laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og hópuppsagnir“.

Með öðrum orðum er hér verið að ræða um þá skyldu atvinnurekandans að veita starfsmönnum upplýsingar ef breytingar verða á starfsvettvangnum í starfseminni sem geta haft áhrif á einstaklinga sem þar starfa. Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum er þetta ekki látið taka til opinberrar starfsemi? Hvers vegna eru menn með þessar hömlur? Mér er það fullkomlega óskiljanlegt.

Síðan verð ég að játa að ég hef ákveðnar efasemdir um gildi þessara laga með hliðsjón af því að atvinnurekandinn hefur einhliða vald til að binda fulltrúa starfsmanna trúnaði. Hann getur skilgreint þær upplýsingar sem hann veitir sem trúnaðarmál sem launamaðurinn geti aldrei greint frá, í sumum tilvikum jafnvel eftir að hann lýkur störfum hjá fyrirtækinu. Að vísu segir að það skuli gert á grundvelli hlutlægra forsendna, ég man nú ekki hvernig þetta er orðað nákvæmlega en það eiga að vera hlutlægar aðstæður sem þá lúta að hagsmunum fyrirtækisins.

Það segir í 7. gr., með leyfi forseta:

„Atvinnurekanda er ekki skylt að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar eða að hafa við þá samráð ef upplýsingarnar eru samkvæmt hlutlægum viðmiðum þess eðlis að það geti valdið alvarlegu tjóni eða röskun á starfsemi fyrirtækisins.“

Í 8. gr., með leyfi forseta:

„Atvinnurekanda er heimilt að binda upplýsingar sem hann veitir fulltrúum starfsmanna trúnaði á grundvelli lögmætra hagsmuna fyrirtækisins.“

Þarna er þetta vissulega skilgreint, „á grundvelli lögmætra hagsmuna fyrirtækisins“, en ég hef ákveðnar efasemdir um gildi þessa.

Mín megingagnrýni á þetta frumvarp er hve takmarkandi þetta er gagnvart opinberri starfsemi. Ég vildi gjarnan fá rök fyrir því frá stjórnarmeirihlutanum og ráðuneytinu hvernig á því standi að opinbera geiranum er haldið fyrir utan upplýsingalögin.

Ég óska eftir upplýsingum frá stjórnarmeirihlutanum og ráðuneytinu um hvernig á því standi að opinberri starfsemi er haldið fyrir utan þessi lög og hvernig á því stendur að starfsemi sem telst til stjórnsýslunnar er haldið þarna fyrir utan. Ég vek athygli á gagnrýni sem hefur komið frá samtökum opinberra starfsmanna þar að lútandi án þess að þeir hafi nokkurn tíma fengið viðhlítandi svör við því. Hvernig stendur á því að opinberri stjórnsýslu er haldið fyrir utan þessi lög um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum?

[11:13]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég sætti mig ekki við það að við ljúkum þessu máli án þess að ég fái skýringar á því hvers vegna opinberri starfsemi er haldið fyrir utan lög um upplýsingar og samráð í fyrirtækjunum þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar samtaka launafólks á þessum vettvangi um að svo verði gert.

[11:13]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á var spurt um þessi atriði í hv. félagsmálanefnd. Þau svör sem fengust varðandi þetta mál voru í rauninni þau að þegar unnið var að þessari tilskipun hefði verið alveg ljóst að menn ákváðu að hafa allar lágmarkskröfur í þessu frumvarpi. Við vitum að það er ekki mikil hefð fyrir þessu máli hér á landi, þ.e. upplýsingum og samráði, og menn vildu meina að þetta þyrfti tíma og þess vegna er þessi aðlögunarmöguleiki innan tilskipunarinnar.

Það er kannski ekki síst þess vegna sem við í hv. félagsmálanefnd leggjum það til og skýrum frá því í nefndaráliti okkar að menn noti þetta tækifæri — hér erum við komin með þennan grunn — til að semja um þetta og taka þetta upp í kjarasamningum þannig að þessi hefð komist á. Síðan er það auðvitað þannig í hinum opinbera geira sem hv. þm. Ögmundur Jónasson þekkir nú manna best hér og miklu betur en ég nokkurn tíma að þar gilda lög um stjórnsýslu og upplýsingaskyldu og ná vonandi til einhverra þátta.

Ég get hins vegar alveg fallist á sjónarmið hv. þingmanns þó að við tökum ekki tillit til þeirra í breytingartillögum við þetta mál. Við töldum sem svo að þetta væri sá grunnur sem við þyrftum að byrja á en ég er þess fullviss að það líða ekkert mörg ár áður en þetta mál kemur aftur hingað inn á hið háa Alþingi þegar búið verður að láta á það reyna hvort menn séu tilbúnir til að taka tillit til þeirra í kjarasamningum, sem ég vona að verði.

[11:15]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur fyrir þessi svör. Mér þykir vænt um að heyra að hún skuli vera mér sammála um að eðlilegt sé að stefna að því að lögin og þessar reglur verði víkkaðar út þegar fram líða stundir.

Hins vegar ítreka ég að þetta er röng nálgun af hálfu ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar, að mínu mati, að ganga til lagasetningarinnar með slíkt lágmark í huga. Það eru engin rök fyrir því, í frumvarpi sem gengur eins skammt og þetta frumvarp gerir til að tryggja réttindi launafólks, að útiloka opinbera starfsmenn frá upplýsingum og samráði eins og gert er í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, 2. umr.*

Stjfrv., 347. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 376, nál. 507, brtt. 560.

[11:17]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti.

Aðdragandinn að þessu frumvarpi er sá að félagsmálanefnd Alþingis hvatti til þess í áliti við síðustu breytingu á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 136/2004, að eignarhlutdeild sveitarfélaga í sjóðnum yrði skilgreind.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur fram til þessa verið í óskiptri sameign sveitarfélaganna í landinu en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eignarhaldi sjóðsins verði skipt og að hann verði framvegis rekinn sem opinbert hlutafélag. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en samfara því rækir hann félagslegt og byggðalegt hlutverk sem endurspeglast í þeirri skyldu að tryggja sveitarfélögum jafnan aðgang að eins hagstæðu lánsfjármagni og kostur er á hverjum tíma. Breytingarnar sem frumvarpið gerir ráð fyrir miða að því að laga rekstur sjóðsins enn betur að íslensku fjármálaumhverfi og gæta þess um leið að þau sérréttindi sem sjóðurinn nýtur lögum samkvæmt fái samræmst samkeppnisreglum á Evrópska efnahagssvæðinu. Er gerð krafa um að lánveitingum sjóðsins verði einungis ráðstafað til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Gert er ráð fyrir að hlutir geti einvörðungu verið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í eigu þeirra. Takmarkanir á meðferð hluta standa þó ekki í vegi fyrir því að sjóðurinn geti komist í eigu eins aðila en fyrirliggjandi drög að samþykktum sjóðsins gera ráð fyrir að einn einstakur hluthafi geti aldrei farið með meira en 15% af heildaratkvæðamagni í félaginu.

Á fundum nefndarinnar kom fram að hlutdeild Lánasjóðs sveitarfélaga í heildarskuldum sveitarfélaganna, að Reykjavíkurborg frátalinni, hefur aukist á undanförnum árum. Reksturinn gengur vel og sveitarfélög standa í skilum. Sjóðnum er heimilt að taka veð í tekjum sveitarfélaga sem er forsenda þess að hann geti boðið þeim hagstæðari kjör en almennir lánveitendur. Þrátt fyrir að sú tilhögun sé ekki óumdeild frá sjónarmiði samkeppnislaga réttlætist hún af hinu félagslega hlutverki sjóðsins.

Nefndin telur rétt, að fenginni ábendingu Fjármálaeftirlitsins, að leggja til þá breytingu að hið nýja hlutafélag yfirtaki allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Lánasjóðs sveitarfélaga frá og með útgáfu starfsleyfis í stað þess að miða við stofnun eins og gert er í 3. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. Einnig leggur nefndin til að við umrætt ákvæði bætist ný málsgrein sem annars vegar kveður á um að sjóðnum sé eigi skylt að gefa út innköllun til lánardrottna sinna og hins vegar að sjóðurinn skuli auglýsa greiðslustað skuldaskjala tvívegis í Lögbirtingablaðinu.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt breytingum sem ég fór hér yfir.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson skrifar undir álitið með fyrirvara en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er andvígur áliti þessu.

Undir þetta nefndarálit rita auk mín hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ellert B. Schram, Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson og Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.

[11:20]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé full ástæða til þess

að fara nokkrum orðum um þetta mál og fá skýrar fram tilganginn með þessu frumvarpi.

Menn hafa rekið opinberan sjóð, Lánasjóð sveitarfélaga, um nokkurra áratuga skeið í þeim tilgangi að tryggja sveitarfélögum aðgang að lánsfé með sem hagkvæmustum hætti. Sjóðurinn hefur verið sameign sveitarfélaganna, sveitarfélögin hafa staðið saman að því hlutverki að útvega einstökum sveitarfélögum lánsfé á hagkvæmum kjörum.

Auðvitað hafa orðið miklar breytingar á fjármálamarkaði frá því sem var þegar þetta fyrirkomulag var ákveðið og vitanlega má hugsa sér að gera breytingar á því. En ég átta mig ekki á því hvers vegna menn telja nauðsynlegt að afnema sameignarfyrirkomulagið úr lögunum og breyta þessu í séreignarsjóð einstakra sveitarfélaga sem þau geti fært inn í efnahagsreikninga sína. Þannig er sameignin orðin séreign. Það er eins og ekkert megi vera í sameign á Íslandi og þurfi að vera hægt að koma öllu inn í bókhald hjá einhverjum séreignaraðilum.

Ef menn telja sig ekki þurfa á því lengur að halda að hafa sameignarfyrirkomulag vegna breytinga sem orðið hafa, t.d. á fjármálamarkaði og aðgangi að lánsfé, þá eiga menn bara að leggja niður sjóðinn og leysa hann upp. Til hvers í ósköpunum að búa til sjóð sem er hlutafélag, séreign hvers og eins sveitarfélags? Þau geta keypt hvert af öðru hlutabréfin. Í hvaða tilgangi eiga þau að kaupa hlutabréfin og hvers vegna ætti sveitarfélag að selja hlutabréfið sitt? Það væri af engum öðrum ástæðum en arðsemissjónarmiðum, af því að það er talið arðbært að eiga hlutabréfin, sjóðurinn gæti borgað arð til eigenda sinna.

Ég spyr, og horfi á formann efnahags- og viðskiptanefndar: Er það hlutverk hins opinbera að stofna lánasjóð sem fari í samkeppni við fjármálamarkaðinn um að reka lánastarfsemi og lána sveitarfélögum peninga og græða dálítið vel á því þannig að sjóðurinn geti borgað eigendum sínum arð af hlutabréfaeigninni? Er það hlutverk hins opinbera, virðulegi forseti, að sjá til að sveitarfélögin eigi lánasjóð sem láni út peninga, græði á því og borgi hluthöfum sínum arð í samkeppni við banka og fyrirtæki sem eiga peninga, lífeyrissjóðina og aðra sem lána peninga eftir almennum reglum?

Í fyrsta lagi spyr ég: Er þörf á þessum sjóði? Er skortur á framboði á peningum eða er skortur á framboði á peningum á góðum kjörum til sveitarfélaganna? Í þessu frumvarpi er svarið að svo sé ekki. Hvert og eitt sveitarfélag þarf ekki á því að halda að njóta styrks af öðrum sveitarfélögum. Hvert og eitt sveitarfélag getur róið á eigin mið. Það er svarið. Skuldugu sveitarfélögin fá engan stuðning af sterku sveitarfélögunum, það er búið að taka það út úr lögunum. Sameignarfyrirkomulaginu er kastað fyrir róða og einhvern tímann hefðu fulltrúar samvinnuhreyfingarinnar lagt annað til, virðulegi forseti, en að leggja það fyrirkomulag niður.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst vanta grundvöll undir þetta mál. Ég átta mig ekki á því í fyrsta lagi, og vil gjarnan fá á því skýringar, hvort staðan er raunverulega þannig að sveitarfélögin þurfi ekki lengur að snúa bökum saman. Þurfa hin stóru og sterku sveitarfélög landsins ekki lengur að styðja við bakið á hinum sveitarfélögunum? Ég er ekki viss um það. Þess vegna er ég ekki viss um að það sé rétt að leysa upp sameignarfyrirkomulagið. En ef svörin eru þannig, með sannfærandi hætti, þá eiga menn að ganga alla leið og leysa bara sjóðinn upp.

Í gögnum með þessu máli er að finna ágæta lýsingu á fyrirkomulaginu annars staðar á Norðurlöndum þar sem sveitarfélög eru fjölmennari en hér á landi. Eigum við ekki líka að segja að þau séu öflugri og með efnahagslegan styrk til að afla sér lánsfjár á eigin verðleikum. Þau þurfa þá síður á sameign eða stuðningi annarra sveitarfélaga að halda. Þannig mundi maður ætla að staðan væri annars staðar á Norðurlöndum.

Í skýrslu um þetta mál, sem er undanfari frumvarpsins, og tekin saman af tveimur ágætum mönnum, Ólafi Nilssyni og Þorsteini Þorsteinssyni er ágæt lýsing á þessu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Annars staðar á Norðurlöndum er annað fyrirkomulag viðhaft í þessu efni. Til að tryggja lánstraust lánasjóða sveitarfélaga þar hafa sveitarfélögin tekið á sig óskipta ábyrgð á skuldbindingum lánasjóðanna til að tryggja þeim hæsta mögulega lánshæfismat. Þetta á við um Danmörku, Finnland og Svíþjóð. Í Noregi er um að ræða banka sem eru 80% í ríkiseigu þar sem sérstök yfirlýsing ríkisstjórnar styrkir lánshæfismatið."

Þannig er það á Norðurlöndunum. Þar telja menn nauðsynlegt að sveitarfélögin snúi bökum saman til að afla sér lánsfjár á sem hagkvæmustum kjörum. Hér telja menn það ekki nauðsynlegt. Hvernig í ósköpunum má það vera í þessu fámenna landi, með 300 þúsund manns, að sveitarfélögin séu svo öflug að þau þurfi engan stuðning af Reykjavíkurborg til að fá lánsfé á góðum kjörum? Er það bara þannig að eitthvað sem heitir sam-eitthvað sé ómögulegt og eigi að afnema og henda því á haugana, að það sé einhver öskuhaugahagfræði og arfur 19. aldarinnar? Svo ætla menn að reka lánasjóð sem hlutafélag með sérstökum ívilnandi kjörum, þar sem sjóðurinn er undanþeginn sköttum og skyldum til ríkisins, og á að keppa við almenna viðskiptaumhverfið, viðskiptabankana og svona. Menn hrópa bara húrra, fulltrúar hins frjálsa markaðar á Alþingi. Þeir bara hverfa úr þingsalnum og skrifa upp á þetta viðstöðulaust. En hv. þm. Pétur Blöndal situr þarna og að mér læðist sá grunur að þingmaðurinn sé kannski meira sammála mér en nefndarálitinu. En það á eftir að koma í ljós.

Að búa til sérréttindasjóð í samkeppni til að geta lánað sveitarfélögum peninga, finnst mér dálítið merkilegt. Svo á það að verða arðvænlegur fjárbúskapur að eiga hlutabréf í þessum sjóði því að sveitarfélögin munu væntanlega kaupa og selja hvert af öðru, borga sér hagnað og arð og græða á tá og fingri. (**JBjarn:** Og Orkuveita Reykjavíkur kaupir allt saman.) Á hvaða kjörum mun sá sjóður lána sveitarfélögum sem þurfa að taka lán ef hann kemur til með að stilla þeim lánveitingum og vöxtum af þeim þannig að þau hafi umtalsverðan hagnað og geti borgað arð?

Ef við hugsum um það praktískt, hvernig þróunin verður: Hvaða sveitarfélög verða það sem kaupa þessi hlutabréf? Ég skal koma með eina ágiskun, virðulegi forseti. Ég spái því að Orkuveita Reykjavíkur fari eins og logi yfir akur og kaupi upp hlutabréfin. Þeir sjá peningana í þessu. Svo taka þeir peninga að láni og lána sveitarfélögunum og af því að þeir þurfa ekki að borga skatta og skyldur geta þeir haft aðeins lægri vexti en almennu fjármálafyrirtækin en

samt grætt fullt af peningum. Það er trikkið, virðulegi forseti. Þannig mun Orkuveita Reykjavíkur græða fullt af peningum.

Það er kannski allt í lagi að Orkuveitan græði peninga, ég hef svo sem enga andúð á því ágæta fyrirtæki. En ég spyr: Er það hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur að fara í fjármálastarfsemi? Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík að reka banka, Orkuveitu Reykjavíkur ohf., fjármálaskrifstofu? Það verður fróðlegt að sjá hvernig það þróast, virðulegi forseti, og hvernig menn rökstyðja þetta fyrirkomulag.

Mitt sjónarmið í þessu er: Á meðan ekki hafa komið sannfærandi rök fyrir því að sveitarfélögin á Íslandi þurfi ekki lengur að snúa bökum saman til að afla sér hagstæðs lánsfjármagns þá eigum við að reka sjóðinn áfram í því formi sem hann er, sameign þar sem sameiginlegur styrkur er nýttur einstökum sveitarfélögum til hagsbóta. Ef menn telja ekki þörf á því lengur, sem vel getur verið, ég skal ekki útiloka það, eiga menn að leysa málið upp en ekki að fara út í hlutabréfabrask með fjármálasjóð í eigu sveitarfélaga eins og hér er lagt til. Ég sé enga þörf á því, virðulegi forseti, með landið fleytifullt af peningum.

Ég er svolítið hugsi, virðulegi forseti, yfir útreikningunum á eignarhlutunum. Mér sýnist að þar sé verið að gefa mönnum peninga. Eigið fé sjóðsins er 11,5 milljarðar kr. og því er skipt upp á milli sveitarfélaga eftir ákveðnum reglum. Mér finnst athyglisvert að það sveitarfélag sem minnst hefur skipt við sjóðinn, ef þá nokkurn tíma nokkuð og þar af leiðandi aldrei lagt neitt til hans í formi þess að borga vexti til hans, fær mestu peningana, þ.e. Reykjavíkurborg. Hún fær rúmlega 17% eignarhlut í þessum sjóði, eða um 2 milljarða kr.

Eigið fé sjóðsins hefur byggst upp á tvo vegu, annars vegar af viðskiptum. Sveitarfélög hafa tekið lán og endurgreitt þau með vöxtum og lagt sitt fram til að byggja upp eigið fé. Það er eðlilegt að þau eignist hlut í samræmi við það. En svo hefur ríkið lagt peninga til sjóðsins með framlögum af fjárlögum ríkisins til jöfnunarsjóðsins. Þaðan hafa peningar farið áfram. Það er verið að reikna þess peninga, framlög ríkisins, sem eignarhluta einstakra sveitarfélaga í samræmi við íbúafjölda. Það finnst mér umdeilanleg aðferð, virðulegi forseti, þótt út af fyrir sig sé hægt að búa til slíka aðferð til að dreifa peningum ríkisins. En mér finnst það umdeilanlegt og mundi ekki hvetja menn mjög til að ganga þann veg til að útdeila þessu fé. Ríkið ætti fremur að taka það til sín aftur eða nýta það til að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaga sem standa illa.

Það er öruggt mál ef menn skoða dreifinguna á eigin fénu, samkvæmt áðurnefndri skýrslu, að það er í engu samræmi við fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Með því að fara þessa leið hlunnfara menn að vissu leyti þau sveitarfélög sem hafa skipt við sjóðinn og byggt upp eigið fé hans. Mér finnst skiptigrundvöllurinn mjög umdeilanlegur, virðulegi forseti, svo að ég segi ekki meira um það.

Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri, virðulegur forseti. Ég er dálítið hissa á því hvað sameignarfyrirkomulagið mætir miklum andróðri á Alþingi, að það megi ekki vera sam-eitthvað, þá bara þarf að leysa það upp og búa til einka-eitthvað. Ég hélt að menn mættu alveg halda sig meira á þeirri línu sem verið hefur, á því spori sem Norðurlöndin eru, enn um sinn án þess að þjóðfélagið bíði hnekki af. Mér finnst vanta svolítið upp á hugmyndafræðina í þessu frumvarpi. Hins vegar er skýrt að það er verið að skipta upp peningum á milli sveitarfélaga og gefa þeim færi á að versla með þá hluti og reka lánasjóð í samkeppni við fjármálafyrirtæki á almennum markaði.

[11:36]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég styð þetta frumvarp. Stuðningur minn við það helgast af því að þetta er eindreginn vilji sveitarstjórnarmanna. En eins og kom fram í ræðu sem ég flutti hér um daginn deili ég ýmsum þeim efasemdum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom með. Hann varpaði hér fram athyglisverðri spurningu: „Hvers vegna vilja sveitarfélögin fara þessa leið og hafa þennan sjóð?“ Það var af þeirri ástæðu sem ég kvaddi mér hljóðs.

Hv. þingmaður svaraði kannski sjálfum sér á eftir. Þessi sjóður mun njóta ýmissa skattfríðinda og hann hefur forréttindi umfram aðra sjóði sem starfa í hinu almenna fjármálaumhverfi. Hann þarf t.d. ekki að borga skatt. Það þýðir væntanlega að hann getur veitt lán á betri kjörum sökum þess, og reyndar annarra forréttinda líka, sem gerir það að verkum að sveitarfélögin sjá í því nokkurn ávinning að hafa hann. Það hlýtur að vera þetta. Ég deili hins vegar þeirri skoðun hv. þingmanns að það sé mjög líklegt, vegna þess að sjóðurinn nýtur forréttinda, að fjársterkir aðilar eða fjársterk fyrirtæki, hugsanlega það fyrirtæki sem hv. þingmaður nefndi, muni reyna að öðlast sem stærstan hlut í þessu.

Ég tel að hér sé um að ræða eign sem sé líkleg til að ávaxta sig ákaflega vel og verða ákaflega verðmæt í framtíðinni og hafi mikla viðskiptavild sem felst í hefðbundnum tengslum og viðskiptum sveitarfélaga við sjóðinn. Þarna er mjög góða og örugga fjárfestingu að ræða sem fjársterkt fyrirtæki, eins og Orkuveitan, kynni að hagnast verulega á sem góðum kosti.

Mig langar að spyrja hv. þingmann fyrir forvitnissakir, af því að hann hefur skoðað þetta mál ákaflega vel og er vel að sér í þessum efnum. Ef svo færi að Orkuveitan keypti, segjum fræðilega, öll hlutabréf í þessu, eða fast að því meiri hlutann, ekki allan, hver fer með atkvæðisrétt fyrir þau 85% hlutafjár (Forseti hringir.) sem Orkuveitan mætti í þessu tilviki ekki hafa í höndum sér?

[11:38]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef velt þessari spurningu fyrir mér. Ég tók eftir þessu eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Mitt svar er að það fer enginn með það. Setjum svo að einn aðili keypti upp öll hlutabréfin, þá fer hann með eignarhald á þeim öllum, enginn annar á hlutabréf og enginn annar getur haft atkvæðisrétt, en lögin takmarka atkvæðisrétt þessa eina hluthafa við 15%. Mér sýnist þá að staðan sé sú að 85% hlutafjár væru án atkvæðis. Ég les það út úr þessu. Það má vel vera að höfundar frumvarpsins eða þeir sem hafa skoðað málið í þingnefnd hafi áttað sig betur á þessu.

[11:39]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef hv. þingmaður hefur fylgst með 1. umr. um þetta mál þá gat ég þess að ég væri á móti þessari stofnun sem slíkri en ég væri hlynntur þessari breytingu. Ég held að menn hafi skilið það.

En varðandi sameign og séreign, það er einmitt það sem hv. þingmaður nefndi sem er kosturinn við þetta, svo ég lýsi því nú, fyrir utan það að sveitarstjórnarmennirnir vildu þetta. Það að þetta skuli bókast sem eign hjá viðkomandi sveitarfélagi býr til kröfu um að þessi eign skili arði, sem gerir hins vegar líka kröfur til þess að rekstur sjóðsins sé í lágmarki, þ.e. kostnaðurinn, að hann sé vel rekinn og skipulega og gefi mikinn arð. Það er einmitt þess vegna sem höfum eignarrétt í stjórnarskránni, frú forseti, einmitt vegna þess að þegar einhver á eignina gerir hann kröfu til arðs, en ef þetta er einhver óljós sameign, að maður tali nú ekki um sjálfseignarform, gerir enginn kröfu um arð. Þá getur rekstur inn verið alveg eins og mönnum dettur í hug, fyrir utan það að ábyrgðin er orðin miklu skýrari.

Hv. þingmaður spurði af hverju Reykjavíkurborg fái svona mikið. Reykjavíkurborg hefur borið langmestu ábyrgðina á þessu af því að hún er styrkust. Alla tíð hefur Reykjavík borið sameiginlega ábyrgð á öllum sjóðnum og er eina sveitarfélagið sem hefði getað borgað veruleg áföll ef þau hefðu komið upp.

Varðandi það að Orkuveita Reykjavíkur kaupi hlutabréfin. Ég stakk upp á því við 1. umr. að Lína.Net keypti þarna eða Rækjueldi hf. og annað sem Orkuveitan stofnaði þegar R-listinn var við völd í Reykjavík. Þannig gætu mörg dótturfyrirtæki Orkuveitunnar keypt í félaginu og hvert átt 15% og þá væri sá vandi leystur.

En að ætlast til þess að sveitarfélagamenn séu svo vitlausir að þeir selji sinn hlut á lágu verði, þá geri ég ekki ráð fyrir því. (Gripið fram í.) Ég geri ráð fyrir að þeir séu mjög klókir (Gripið fram í.) og þeir muni alls ekki selja eða selja á mjög háu verði.

[11:41]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður er alveg samkvæmur sjálfum sér í þessu og svar hans er alveg í samræmi við það sem ég átti von á af hans hálfu.

Stóra málið er auðvitað það að ef þetta er orðið venjulegt hlutafélag, orðið algerlega séreign, þá er enginn ávinningur af sameigninni. Þá er enginn tilgangur í henni, það er búið að leysa hana upp. Og þá spyr maður: Til hvers á þá að vera að reka sjóðinn og hafa sérákvæði sjóðnum til hagsbóta í samkeppni við aðrar fjármálastofnanir? Það er stóra spurningin.

Hv. þingmaður, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, svaraði henni ekki. Það er kannski stóra spurningin sem hann þarf að svara og fleiri alþingismenn.

Ef sveitarfélög geta selt þennan hlut og ef við förum að verðleggja hann í samræmi við það sem bankarnir hafa þróast á síðustu árum, þá gætum við kannski fljótlega farið að sjá gengi á hlut upp á 7–10. Það væri tífalt eigið fé sem hægt væri að selja hann fyrir. Það er töluverður peningur.

Það er kannski einn misskilningur í þessu og hann er að ábyrgð sveitarfélaga hér á landi á skuldbindingum lánasjóðsins hefur alla tíð verið mjög takmörkuð, ólíkt því sem er á Norðurlöndunum. Það segir t.d. í fyrstu lögunum um Lánasjóð sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, sameign allra sveitarfélaga á Íslandi“ — sameign — „en þau bera þó ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram hin árlegu tillög sín til sjóðsins.“ — Með öðrum orðum, Reykjavíkurborg hefur aldrei borið neina ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

[11:43]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í umræðu um þetta mál, 1. umr., gat ég einmitt um það að ég væri á móti þessum sjóði sem slíkum vegna þess að hann skekkti samkeppnisstöðuna með sérstökum skattaívilnunum og öðru slíku. (**Gripið fram í:** Þú styður frumvarpið.) Ég styð frumvarpið vegna þess að það er bót frá þeirri stöðu sem sjóðurinn starfaði í. Það stóð ekki til að leggja hann niður. Það stóð ekki til að stofna hann. Það stóð til að halda áfram sérréttindunum og forréttindunum. Ég styð því það að breyta honum í hlutafélag þannig að það komi a.m.k. séreignareiginleiki inn í sjóðinn en ekki sameignareiginleiki.

Að sjálfsögðu er ég á móti þessum sjóði, það er ekki spurning. Ég er á móti því hvernig hann skekkir samkeppnisstöðuna á lánamarkaði. Ég er á móti því að opinberir aðilar stundi fjármálastarfsemi sem einkaaðilar geta gert með ágætum árangri.

En að því gefnu að þessi sjóður starfi eins og hann er, þá er ég hlynntur því að breyta honum í hlutafélag því þá kemur krafa um arðsemi inn í sjóðinn sem er þjóðfélaginu til hagsbóta.

[11:45]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf kauðslegt að ganga einhverja götu en stoppa á miðri leið. Ef menn ætla sér að loka þessum sjóði sem opinberri lánastofnun og einkavæða hann, þá eigum við bara að gera það, (Gripið fram í.) og stíga skrefið til fulls.

Þróunin mun verða sú á næstu árum, að mínu mati, að fljótlega mun hefjast kapphlaup um hlutina. Sterk sveitarfélög, sem eiga sterk fyrirtæki eins og Orkuveitu Reykjavíkur og slíkt, munu hafa forustu um það. Þau munu kaupa hlutina á genginu 2, 3, 4, 5, eða eitthvað svoleiðis. Eftir tvö ár kemur fjárfestingarbankinn Straumur eða einhverjir slíkir og kaupir á genginu 50. Og þá er það sveitarfélag sem safnaði þeim til sín búið að græða óheyrilega peninga. Alveg eins og við sjáum varðandi sölu og endursölu á öðrum eignum ríkisins, eins og viðskiptabönkunum eða fiskveiðiréttindum. Þetta verður nákvæmlega sama bixið og braskið, virðulegi forseti.

[11:46]

**Útbýting:**

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál, brtt. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 600.

Flutnings- og leigukostnaður Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, 455. mál, fsp. ÁRJ og ÞSveinb, þskj. 596.

Sala Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg, 454. mál, fsp. ÁRJ og ÞSveinb, þskj. 595.

Tengsl heilsugæslunnar við nýtt þekkingarþorp í Vatnsmýrinni, 456. mál, fsp. ÁRJ og ÞSveinb, þskj. 597.

Úrvinnslugjald, 451. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 592.

[11:46]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tel þetta frumvarp mjög óskynsamlegt og get tekið undir nánast hvert orð í mjög góðri ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem hitti naglann algerlega á höfuðið. Það gerði að sönnu einnig formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, hv. þm. Pétur H. Blöndal, fyrir sinn hatt einnig.

Hann sagðist vera lítt hrifinn af Lánasjóði sveitarfélaga vegna þess að hann skekkti samkeppnisstöðuna á markaði. Hann byggi við ívilnanir og skekkti stöðuna.

Það er svo skrýtið að með honum og fulltrúum fjármálafyrirtækja er fullkominn samhljómur einnig. Þeir eru á móti þessum sjóði á nákvæmlega sömu forsendum. En lýstu því yfir að þetta væri skref í rétta átt. Hver er sú átt?

Það er sú átt að afnema beri alla sérstöðu sjóðsins. Að hann verði eins og hvert annað fjármálafyrirtæki á markaði. Að því er stefnt með þessu frumvarpi. Því miður, að því ég hygg, óafvitandi af hálfu sveitarstjórnarmanna, því ég tel að þeir geri sér ekki fyllilega grein fyrir því hvað þeir eru að gera með þessu.

Það er verið að færa lánasjóðinn úr sameignarfyrirkomulagi yfir í séreignarfyrirkomulag þar sem eignarhlutir sveitarfélaga eru skilgreindir og er þetta gert samkvæmt hvatningu frá ríkisstjórninni. Það kemur fram í nefndaráliti að meiri hlutinn í félagsmálanefnd hefði hvatt til þessa. Sveitarfélögin telja sig, hygg ég, vera að verja sjóðinn gagnrýni frá fjármálafyrirtækjum með því að ganga í þessa átt.

En með þessari vörn er í reynd verið að veikja varnirnar. Því líkari sem þeir verða öðrum fyrirtækjum á markaði, þeim mun líklegra er að kröfur og kærur sem án efa eiga eftir að rísa frá samtökum fjármálafyrirtækja muni ná fram að ganga.

Framkvæmdastjóri sjóðsins svaraði því játandi í félagsmálanefnd þegar við tókum þetta til umfjöllunar og ég setti þessar spurningar fram. Hann lýsti því yfir að hann teldi líklegt að þegar fram liðu stundir yrðu þessi sérréttindi sjóðsins afnumin.

Finnst okkur það gott? Er það ekki gott að í landinu sé starfandi sterkur samtryggingasjóður sveitarfélaganna sem án efa styrkir, og hefur styrkt stöðu smárra sveitarfélaga? Finnst okkur ekki gott að hafa slíkt fyrirkomulag? Viljum við veikja það og grafa undan því? Nei, ekki vil ég gera það.

Síðan er ákvæði inni í sjóðnum um að hlutirnir geti gengið kaupum og sölum. Það eru að vísu tímatakmarkanir. Þetta getur ekki gerst fyrr en eftir 2009, held ég að hafi verið. En eftir þann tíma geta sveitarfélögin selt.

Þá spurði hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar: Munu menn gera það ef eignin er arðvænleg og góð? Já, vegna þess að fátæk sveitarfélög munu hugsanlega freistast til þess að láta hlut sinn af hendi ef vel er í boðið. Á þá að svipta þau forræði yfir eigin málefnum? kann þá að vera spurt á móti.

Ég tel heppilegt að hafa þetta fyrirkomulag þannig að hlutirnir verði ekki markaðsvara og menn standi hreinlega ekki frammi fyrir slíkri freistingu, og ekki heldur hin sveitarfélögin sem hér eftir, án nokkurs vafa munu fara að reisa annars konar kröfur en gerðar hafa verið til þessa. (**Gripið fram í:** Það vitum við.) Reisa annars konar kröfur um arðsemi lánveitinga vegna þess að það er smám saman verið að færa alla hugsun út á þessa braut. Þannig að hér takast á í reynd sérhyggja og félagshyggja. Þetta frumvarp kristallar átök af þeim meiði.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt. Ég ætlaði ekki að gera annað en að koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Ég tel það vera mjög misráðið að samþykkja þetta frumvarp og ég tel að sveitarfélögin sem hafa lagt blessun sína yfir þetta séu að stíga rangt skref með því. Ég þykist vita að gott eitt vaki fyrir þeim. En ég held að þetta sé mjög óhyggilegt og leggst gegn því að við samþykkjum þetta frumvarp.

[11:53]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur hér gert grein fyrir afstöðu sinni sem er mjög skýr og hefur komið fram áður og ekki síst á fundum í félagsmálanefnd. Ég vil lýsa því hér yfir, eins og menn vita, að ég er ósammála þessu.

Hv. þingmaður segir að þetta sé óskynsamleg breyting og við séum að afnema alla sérstöðu sjóðsins. Það er auðvitað þannig að félagsmálanefnd beindi því til lánasjóðsins að endurskoða rekstrarform sitt. Sveitarfélögin hefðu alveg getað komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að breyta neinu. En þeim fannst þetta vera góð leið að breyta sjóðnum í ohf. Málið var tekið fyrir á aðalfundi sjóðsins í haust sem haldinn var samhliða ársþingi sveitarfélaga og þar var þetta samþykkt samhljóða. Það lýsti enginn sig andvígan þessari tillögu og þetta fékk umfjöllun þar.

Mér finnst náttúrlega mikilvægt að við virðum þessa ósk sveitarfélaganna og við erum alltaf að halda því á lofti að við eigum að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Ég tel að þetta sé góð breyting og ég held að það sé gríðarlega mikilvægt að með þessari breytingu festum við í sessi að sérstaða sjóðsins sé tryggð með veði í tekjum. Það er auðvitað það atriði sem festir í sessi félagslegt og byggðarlegt hlutverk lánasjóðsins.

Þessi ákvæði munu haldast óbreytt hér inni og þau eru mjög mikilvæg að mínu mati og ég sé ekki ástæðu til annars en að ætla að lánasjóðurinn muni áfram halda þessum merkjum á lofti. Ég vil ítreka það hér að þetta er vilji allra sveitarfélaganna í landinu þannig að við verðum líka að virða þá ósk.

[11:55]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já. Þetta er vissulega sjónarmið út af fyrir sig, að sveitarfélögin hafa lagt blessun sína yfir þessar breytingar. Ég tel hins vegar að það sé mjög vanhugsað og mjög misráðið af þeirra hálfu.

Ég er ekki að halda því fram að við séum með þessum

lagabreytingum, ef þær verða samþykktar, að afnema alla sérstöðu sjóðsins. Ég sagði það ekki. Ég hygg hins vegar að við séum að stíga skref í þá átt að sú sérstaða sem sjóðurinn nýtur af hálfu ríkisvaldsins um að undanþiggja sjóðinn sköttum, muni ekki hvíla á eins traustum grunni og hún hefur gert til þessa.

Eftir því sem við færum sjóðinn nær því sem gerist almennt um fjármálafyrirtæki á markaði, þá veikjast varnirnar fyrir þessari sérstöðu. Ég er ekki í nokkrum einasta vafa um það. Enda kom það í reynd fram í máli manna á fundi félagsmálanefndar Alþingis.

[11:56]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé mikilvægt að halda því til haga að á 131. löggjafarþingi var lögunum um Lánasjóð sveitarfélag breytt og þar var raunverulega verið að stíga fyrsta skrefið að þeirri breytingu sem við erum núna að gera á lánasjóðnum. Markmiðið með þeirri breytingu sem þá var gerð var að laga rekstur sjóðsins, eftir því sem kostur var, að starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði.

Þá var skrifað nefndarálit þar sem beinlínis var lagt fyrir Lánasjóð sveitarfélaganna og sveitarfélögin í landinu, að gera breytingar. Félagsmálanefnd taldi mikilvægt að eignaraðild að sjóðnum verði skilgreind nákvæmar en nú er gert og eignarhlutur hvers sveitarfélags fyrir sig verði skilgreindur.

Þetta var í nefndarálitinu og undir það álit skrifuðu allir. Enginn með neinum fyrirvara og Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi. Er hann samþykkur þessu áliti? Nú er ég, virðulegi forseti, með leyfi forseta, að vísa í álit nefndarinnar.

Það er auðvitað mjög mikilvægt að halda þessu til haga og eins að þetta er vilji og ósk sveitarfélaganna, allra í landinu sem að hluta til eru að framkvæma hér vilja Alþingis sem birtist í nefndarálitinu.

Ég held að ekki sé mikil hætta á því að farið verði að selja hér eignarhluti úr þessum sjóði. Það er ástæða til þess að benda á að t.d. hefur Reykjavíkurborg aldrei verið að sækja eftir lánum í þennan sjóð. Þetta hefur fyrst og fremst gagnast smærri og vanmegnugri sveitarfélögunum og tilgangur lánasjóðsins er einmitt að geta veitt lán á hagstæðum lánakjörum til þessara vanmegnugu sveitarfélaga en þau geta fengið á markaði.

Reykjavíkurborg er ekki í vandræðum með að fá hagstæð lán á markaði en það hafa hin minni sveitarfélög verið. Þau hafa verið í vandræðum með það. Þetta er þá fyrst og fremst til hagsbóta fyrir þau sveitarfélög.

Ég er ósammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að það sé verið að afnema einhver félagsleg og byggðarleg hlutverk lánasjóðsins og bið hann að rökstyðja það nánar en hann (Forseti hringir.) gerði í máli sínu áðan.

[11:58]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér aðdáunarvert að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skuli leggja á sig sagnfræðilegar rannsóknir til að upplýsa um afstöðu mína fyrr árum.

En hafi ég verið þessu samþykkur, sem ég efast ekki um og kemur fram í áliti sem hv. þingmaður vísar til, þá hefur það verið vanhugsað af minni hálfu. Þá hefur það einfaldlega verið vanhugsað af minni hálfu og ég er einmitt að beina þeim orðum til sveitarstjórna og til þeirra hér á Alþingi sem styðja þessar breytingar að þetta sé vanhugsað skref.

Ég er ekki að halda því fram að með þessu frumvarpi sé verið að afnema nokkrar félagslegar skyldur sem á sjóðnum hvíla, ef hv. þingmaður hefði lagt það á sig að hlusta á rök sem ég færði hér fram.

Ég er hins vegar að færa fyrir því rök að með þessum breytingum sé verið að veikja varnir sjóðsins þegar til lengri tíma er litið. Fyrir þessu hef ég fært rök í félagsmálanefnd og ég gerði það í máli mínu áðan ef hv. þingmaður hefði gert svo lítið að hlusta á það sem ég hafði þá fram að færa.

[12:00]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki oft sem við hv. þm. Ögmundur Jónasson erum ósammála. En það birtist greinilega hér að ég hef trú á því að þessi breyting gagnist sveitarfélögunum í landinu, ekkert síður en það var fyrir þessa breytingu. Það kemur hér alveg skýrt fram. Þá liggur það fyrir, og ég bið þingmanninn afsökunar á því hafi ég lagt honum í munn orð um að hann teldi að þetta veikti félagsleg markmið sjóðsins. Það gerir það ekki og það kemur skýrt fram í frumvarpinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur hér að framan er gert ráð fyrir að félagslegt og byggðalegt hlutverk lánasjóðsins verði fest í sessi með því að halda óbreyttum ákvæðum um heimild sveitarfélaga til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum."

Þarna er ákveðin sérstaða sem sjóðurinn hefur sem m.a. gerir það að verkum að hann getur veitt hagstæðari kjör til þessara smærri sveitarfélaga en þau geta fengið í bönkunum. Það er afar mikilvægt atriði að halda til haga og eins hinu að hér er um að ræða vilja allra sveitarfélaganna í landinu. Það er afar sjaldgæft að lagst sé gegn vilja allra sveitarfélaganna í landinu sem birtist greinilega í þessu frumvarpi og fram kom eindregið í félagsmálanefnd.

Af því að menn eru hræddir um það hér að nú hefjist eitthvert kapphlaup með sölu á þessum hlutabréfum er í fyrsta lagi ákvæði um að það sé ekki heimilt fyrr en 1. janúar 2009 að eiga viðskipti með hluti í lánasjóðnum. Síðan er það skilyrði að þó að einn aðili eignist hlutabréf er það háð ákveðnum takmörkunum eins og t.d. varðandi atkvæðisréttinn því enginn einn aðili getur farið með meira en að hámarki 15% atkvæðisréttar.

Mín sannfæring er sú að verið sé að stíga rétt skref til hagsbóta fyrir sveitarfélögin, ekki síst smærri sveitarfélögin úti á landi.

[12:02]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er því hlynntur að Lánasjóður sveitarfélaga geti veitt veð í tekjum sveitarfélaganna. Og ég er því hlynntur að Lánasjóður sveitarfélaganna búi við skattaívilnanir og skattfríðindi. Ég er hlynntur þessum félagslegu sjónarmiðum og ég er að reyna að færa rök fyrir því að við eigum að verja þessa sérstöðu og þessi félagslegu gildi.

Ég hef hins vegar bent á að þróunin sé hvarvetna í þá átt að grafa undan þessari sérstöðu. Þetta er að gerast á Norðurlöndunum og þetta er að gerast hér. Það kom fram í máli framkvæmdastjóra sjóðsins að hann teldi líkur á því að áfram yrði haldið á þessari braut.

Ég tel að með því að gera sjóðinn að hlutafélagi sem samtök fyrirtækja á fjármálamarkaði, banka og fjármálafyrirtækja, telja skref í rétta átt sé verið að veikja þessar varnir. Ég er sannfærður um að svo sé.

Þess vegna tel ég misráðið af hálfu sveitarfélaganna að styðja þessar breytingar en skil hins vegar að fulltrúar frjálshyggjunnar, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal og fulltrúar banka og fjármálafyrirtækja, taki þessu fagnandi.

[12:03]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er á móti þessu frumvarpi. Ég styð þetta frumvarp. Ástæðan er sú að þessi sjóður er í eigu sveitarfélaganna og þau hafa fullan rétt á því að ráðstafa honum eins og þau vilja. Það liggur fyrir skýr vilji þeirra í þessu máli og það ræður afstöðu minni. Ég deili hins vegar ákveðnum efasemdum sem fram hafa komið um framtíðarþróun þessa sjóðs. Röksemdin sem kemur fram í frumvarpinu og hæstv. ráðherra flutti hér við 1. umr. er sú að það eigi að færa lánasjóðinn meira til samræmis við fjármálaumhverfið eins og það er í dag. Í þessu felst ákveðin þversögn þegar maður skoðar frumvarpið. Þá kemur í ljós að sjóðurinn nýtur skattfríðinda. Með öðrum orðum verður hann ekki að starfa í samræmi við hinar almennu leikreglur á markaðnum.

Þetta þýðir að hann nýtur ákveðinna forréttinda og hann er eftirsóknarverður og ákjósanlegur kostur. Hann nýtur ákveðinna samkeppnisyfirburða yfir aðrar lánastofnanir sem gjarnan vildu njóta þeirra viðskipta sem sjóðurinn hefur.

Þá held ég að það liggi alveg í augum uppi að þessi gjörningur, þessi þáttur, á umhverfi þessa lánasjóðs feli í sér samkeppnishömlun gagnvart öðrum stofnunum á markaði. Ég er alveg klár á því að í framtíðinni munu þeir sjóðir og þær fjárfestingarstofnanir sem gjarnan vildu hafa þessi viðskipti láta á það reyna gagnvart eftirlitsaðilum sem við notum hér sem eins konar umferðarlöggur í efnahagslífi okkar hvort þetta stenst.

Ég er þeirra skoðunar að þegar fram í sækir muni þeim verða ágengt og niðurstaðan verði líklega sú að þetta standist ekki. Þar með er nauðsynlegt, hygg ég, í framtíðinni að málum verði skipað algerlega til samræmis við markaðinn og þar með eru þessi sjóður og sveitarfélögin búin að missa þessa leið til að fá hagstæðari lán. Það óttast ég.

Sömuleiðis er ég mjög sammála þeirri framtíðarsýn sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson dró hér upp um það hvernig líklegt er að þetta verði eftirsóknarverður fjárfestingarkostur og að verð hluta muni hækka mjög.

Ég tel þess vegna líklegt, og bara sagan sýnir það, að þessi sjóður verði kjörinn til að festa fé öflugra sveitarfélaga eða fyrirtækja. Ég segi það alveg hreinskilnislega að ef ég væri borgarstjórinn í Reykjavík eða stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur mundi ég líta á þetta sem mjög vænlegan fjárfestingarkost og festa fé í þessu því að ég tel líklegt að þegar fram líða stundir muni verðið hækka verulega. Aðrar fjármálastofnanir munu taka að slægjast eftir þessum sjóði og það mun myndast þrýstingur á að breyta lögum enn frekar þannig að á næsta hálfa áratugnum eða áratugnum öllum verðum við hér, eða þau okkar sem enn verða hér starfandi, upptekin við það einhvern vetrardag að breyta lögunum þannig að hægt verði að koma þessu í lóg á almennum markaði. Þá verða hlutirnir mjög dýrir.

Þetta held ég að sé líkleg þróun og þá gæti auðvitað farið svo að sveitarfélögin ættu ekki lengur kost á þeim ágæta möguleika sem þau hafa í dag. Hugsanlega verður það svoleiðis ef stofnanir á lánamarkaði yfirtaka þetta hlutverk. Sjóðurinn er dýrmætur vegna þess að hann hefur góða og mikla viðskiptavild.

Ég tek undir þær áhyggjur sem hér hafa komið fram. Mig langar að spyrja hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, formann félagsmálanefndar, hvort hún og nefndin hafi ekki velt fyrir sér þessari þróun eða hvort alfarið hafi ráðið sú eindregna afstaða sveitarstjórnarmanna að breyta þessu yfir í opinbert hlutafélag með þessum hætti.

Þær upplýsingar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson færði hér inn í umræðuna úr samræðu nefndarinnar við forstjóra sjóðsins finnast mér benda til að fleiri en bara þingmenn líti svo á að þetta verði þróunin. Svo virðist sem þeir sem stýra sjóðnum séu sama sinnis. Þá veltir maður því auðvitað fyrir sér hvort ekki verði með einhverjum hætti gert tiltölulega fljótt áhlaup á sjóðinn, annars vegar varðandi forréttindin sem hann nýtur og hins vegar varðandi það að setja hann út á almennan markað.

[12:08]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir stuðninginn við þetta mál sem einnig kom fram við 1. umr. um málið. Ég get svarað hv. þingmanni þannig að það er alveg ljóst að afstaða sveitarstjórnarmanna og sveitarfélaganna í landinu, sú eindregna ósk þeirra allra um að fara þessa leið, réði auðvitað miklu um framgang þessa máls. Ég fullyrði að hún réði öllu um það.

Þegar staðan er þannig að félagsmálanefnd beindi á sínum tíma þeirri ósk til þeirra að endurskoða rekstrarform sitt og þeir brugðust við því, lögðu í það mikla vinnu og komu með þessa niðurstöðu, höfum við ekki miklar forsendur til að hafna því og líka með því fororði að í lögunum er auðvitað tryggt áfram þetta félagslega hlutverk sjóðsins sem ég tel vera gríðarlega mikilvægt.

Þetta er svar mitt til hv. þingmanns. Ég get líka upplýst hann að þau mál sem hann ræddi hér um voru viðruð varðandi eignarhluta sveitarfélaganna í nefndinni og menn eru ekki sammála um það hvort hér verði mikil uppboð eða ekki. Þeir sem til þekkja telja að svo verði ekki og hér hafa menn fleygt því fram og spáð því að Orkuveita Reykjavíkur muni eignast þetta allt saman að lokum. Ég ætla ekki að gerast spámaður í því máli en treysti vel þeim góðu mönnum sem þar stýra fyrirtækinu og tek undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að Reykjavíkurborg hefur ekki mikið skipt sér af lánasjóðnum hingað til.

[12:10]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég ætla bara að hafa hér örfá orð um þetta frumvarp um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur gert mjög vel grein fyrir hinni almennu afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þess að setja félagslega sjóði eða fyrirtæki í einkavæðingarferli eins og hér er verið að gera með Lánasjóð sveitarfélaga.

Það hefur ekkert komið fram í sjálfu sér sem hamli sjóðnum í þeim verkefnum sem hann nú er með gagnvart sveitarfélögunum. Ekki neitt. Það hefur ekkert komið fram í umræðunum hér sem sýnir fram á að hann geti ekki sinnt því hlutverki sem honum hefur verið ætlað lögum samkvæmt sem lánasjóður þessara sveitarfélaga.

Áfram er það undirstrikað í þessum lögum að hann eigi þetta félagslega hlutverk og látið að því liggja að það eigi að vera óbreytt, sem það getur reyndar ekki verið í breyttum lögum.

Áfram er líka sagt hér að lántökur sveitarfélaganna séu með ríkisábyrgð, með óbeinni ríkisábyrgð. Ef sveitarfélögin geta ekki staðið í skilum með lánin er það ríkissjóður sem hleypur undir bagga þó að hann eigi síðan eðlilegan endurkröfurétt á viðkomandi sveitarfélag.

Þegar svo á hinn bóginn er talað um að það eigi að búa þessum sjóði umhverfi sem líkast er á einhverjum almennum samkeppnismarkaði er hann bara ekkert að fara á samkeppnismarkað. (**PHB:** Hann er þar.) Nei, hann er þar ekki. Það er rangt hjá Pétri H. Blöndal sem heldur þessu fram. Í hans huga er samkeppni bara hinn almenni hnefaréttur. Það er ekki svo með þennan sjóð. Hann hefur ekki neinn hnefarétt. Það er bara ekki rétt. Hann hefur það ekki og á ekki að hafa.

Hann er sjóður sem öll sveitarfélög eiga að geta sótt í til skilgreindra verka og í sjálfu sér lagt faglegt mat á þær umsóknir og annað því um líkt eins og hefðbundið er en það er ríkissjóður sem ber ábyrgð á greiðslum í raun ef illa fer.

Það er jafnfáránlegt að hálfeinkavæða sjóði með ríkisábyrgð. Ef maður einkavæðir sjóði, fyrirtæki og þjónustustofnanir og telur að markaðurinn geti betur stýrt því ferli, sem getur vel verið í mörgum tilvikum, látum við ekki vera ríkisábyrgð á markaðsvæddum stofnunum. Það er bara svo einfalt.

Hér eru menn með hálfkveðnar vísur greinilega að búa sjóðinn undir einkavæðingarferli en samt á hann að halda félagslegu hlutverki sínu. Ég tek alveg undir orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem enn heldur hér uppi félagshyggjutóni Framsóknarflokksins sem hann er greinilega að verða tiltölulega einn eftir með í þingmannaliði og forustu flokksins. Framsóknarflokkurinn gengur hér allra flokka harðast fram í að einkavæða eða setja í einkavæðingarferli almannaþjónustufyrirtækin, hvort sem það eru raforkumálin eða Landssíminn eða Ríkisútvarpið — að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið, setja það á einkavæðingarvagninn — þá er það eins og að það sé Framsóknarflokkurinn hér sem gengur harðast fram í þessari einkavæðingu. Fyrir mér sem gömlum og góðum samvinnumanni er það dapurlegt. Ég verð bara að segja það.

Ef ég vík aftur að þessu frumvarpi tel ég t.d. að bráðabirgðaákvæði III kveði á um að ekki megi fara fram viðskipti með hluti í félaginu fyrr en 1. janúar 2009. Þá má selja þá. Að óbreyttum lögum má selja þá, bæði milli sveitarfélaga og til fyrirtækja í eigu sveitarfélaga.

Ég tel að þessu ákvæði sé fullkomlega ofaukið. Ef því verður breytt þannig að sveitarfélögin megi selja þessa hluti getum við gert það með lögum hér á Alþingi en við eigum ekki að setja sjálfvirka einkavæðingu inn í svona lög.

Þessu vildi ég bara koma á framfæri, frú forseti. Ég styð það að sjálfsögðu að sveitarfélögin eigi þennan lánasjóð, að hann verði sem öflugastur og að þau geti sótt í hann fjármagn til verkefna sinna. Sjálfsagt þarf að huga að umgjörð hans en það er jafnmikilvægt að þessi sjóður sé eign sveitarfélaganna á þeim jafnréttisgrunni sem mögulegt er og að ekki sé hægt að versla með einstaka hluti.

Við þekkjum alveg hvað gerist. Ef eitt sveitarfélag lendir í vandræðum kemur sjálfsagt skipun frá félagsmálaráðuneytinu: Finnið allar eignir sem þið getið selt. Sveitarfélag lendir í greiðsluvandræðum og því er gert að finna allar eignir sem það getur selt: Þarna eigið þið eign í Lánasjóði sveitarfélaga. Seljið hana.

Við þekkjum að Orkubú Vestfjarða var tekið af sveitarfélögunum með þessum hætti, ríkið krafðist þess að sveitarfélögin seldu orkubúin sín. Sama var með Rafveitu Sauðárkróks, ríkið krafðist þess að Sveitarfélagið Skagafjörður, sem þá var undir stjórn framsóknarmanna, seldi Rafveitu Sauðárkróks til að létta á skuldum.

Ríkið hefur þetta tangarhald á sveitarfélögunum. Það munar ekki mikið um að krefjast þess að sveitarfélagið selji hluti sína í þessum nýja lánasjóði ef svo ber undir.

Frú forseti. Ég tek undir mjög sterk varnaðarorð gagnvart því sem hér er verið að gera með lánasjóðinn. Við þurfum ekki að heimila það að þessir hlutir séu markaðsvara. Við getum breytt lagaumgjörðinni þannig, gott og vel, ef menn vilja heldur fara inn á þetta hlutafélagaform, þótt ég sé ekki sammála því að þess þurfi, en þá eigum við líka að setja í lögin og láta standa þar að þessir hlutir skuli ekki ganga kaupum og sölum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 220. mál (óheimil skráning lögheimilis í frístundabyggð). — Þskj. 221, nál. 537, brtt. 538.

[12:18]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti og umsagnir bárust frá mörgum aðilum.

Tilurð þessa frumvarps er sú að í nýlegum dómi Hæstaréttar Íslands var synjun sveitarfélags á skráningu lögheimilis í frístundabyggð talin fela í sér frávik frá stjórnarskrárvörðum rétti einstaklings til að ráða búsetu sinni, samanber 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Landið allt er samkvæmt lögum skipulagsskylt og

þrátt fyrir að sveitarfélög hafi með höndum gerð skipulags virðist mega ráða af dómnum að þau hafi ekki heimild til að setja þessu frelsi einstaklinganna skorður nema á grundvelli skýrrar lagaheimildar og í þágu almannaheilla. Þar sem sveitarfélög inna af hendi margs konar þjónustu mun ótakmarkaður réttur til lögheimilisskráningar vera til þess fallinn að raska áætlunum og fjárhag þeirra og því gerir frumvarpið ráð fyrir að dvöl í skipulagðri frístundabyggð skuli ekki jafnað til lögheimilis eftir 1. janúar 2007.

Á fundum nefndarinnar hafa komið fram þau sjónarmið að gildissvið frumvarpsins sé of takmarkað og að það skilji eftir önnur álitaefni tengd lögheimilisskráningu sem sum hver hafa risið eftir fyrrgreindan dóm. Í frumvarpinu er til að mynda tekið fram að því sé ekki ætlað að útiloka skráningu lögheimilis í sumarhúsum sem standa utan skipulagðrar frístundabyggðar ef viðkomandi einstaklingur á þar fasta búsetu. Annað álitaefni varðar það hvort réttur einstaklinga standi til þess að fá lögheimili skráð í atvinnuhúsnæði en um þetta ber sveitarfélögum ekki saman. Tvíþætt eðli lögheimilisskráningar, sem annars vegar felst í þeirri áherslu að hún fari saman við raunverulega búsetu og hins vegar í því að hún færi einstaklingum ýmis réttindi, gerir það að verkum að afstaða sveitarfélaga til hennar er á reiki. Af þessu leiðir að halda má fram sams konar röksemdum gegn skráningu lögheimilis í atvinnuhúsnæði og eiga við um skráningu í skipulagðri frístundabyggð óháð því hvar umsækjandinn er raunverulega með fasta búsetu. Sjónarmið um öryggi borgaranna kunna aftur á móti að standa til þess að skráning fari fram í því augnamiði að opinberir aðilar, eins og þeir sem hafa með höndum brunaeftirlit og heilbrigðiseftirlit, hafi vitneskju um hvar fólk býr raunverulega.

Skráning lögheimilis hefur áhrif á framkvæmd ýmissa laga og þess vegna leggur nefndin áherslu á að allir hlutaðeigandi aðilar komi saman til að ná sátt um heildarstefnumótun og útfærslu lögheimilisskráningar að teknu tilliti til þeirra réttinda sem henni eru samfara. Nefndin fagnar nýlegri ákvörðun félagsmálaráðherra um að koma á fót starfshópi til að fjalla um vandamál sem tengjast fastri búsetu í atvinnuhúsnæði. Væntir nefndin þess að tillögur starfshópsins liggi fyrir nægilega fljótt til að hægt verði að gera nauðsynlegar og varanlegar lagabreytingar fyrir lok vorþings.

Virðulegi forseti. Hér viðurkenni ég og bendi á að vantar inn dagsetningu sem um var rætt í félagsmálanefnd, þ.e. að starfshópurinn skili af sér fyrir 31. janúar 2007, en það er mjög mikilvægt að hópurinn vinni hratt.

Þá bendir nefndin á að þar sem dómsmálaráðherra fer með stjórn Þjóðskrár sé eðlilegt að breytingar á lögheimilislögum muni í framtíðinni heyra undir hans verkefnasvið.

Nefndin leggur til þá breytingartillögu að skráning lögheimilis í frístundabyggð sem framkvæmd hefur verið fyrir 1. janúar 2007 verði bundin við persónu rétthafa og þá sem eru nákomnir honum en falli niður við flutning þeirra úr viðkomandi húseign. Frumvarpið gerir ráð fyrir að réttur til lögheimilis sé bundinn við viðkomandi húseign en með breytingunni er ætlunin að stuðla að auknu jafnvægi milli hagsmuna einstakra fasteignareigenda í sömu frístundabyggð.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita Dagný Jónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Guðjón Hjörleifsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Helgi Hjörvar, Pétur H. Blöndal, Birkir Jón Jónsson og Magnús Þór Hafsteinsson.

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að ég sem formaður félagsmálanefndar sat fund með hæstv. félagsmálaráðherra, fulltrúum Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarbæjar og umhverfisráðuneytis þar sem fjallað var um skráningu lögheimilis í atvinnuhúsnæði. Menn voru sammála um að vinna að því álitaefni sem skráning í atvinnuhúsnæði er. Ég vil nota tækifærið og þakka nefndarmönnum í hv. félagsmálanefnd í þessu máli því að samstaða ríkir um að kippa þessu í lag og ég er sannfærð um að frumkvæði félagsmálanefndar í málinu varð til þess að koma því í réttan farveg og við munum því væntanlega fá það aftur inn á okkar borð eftir áramót.

[12:23]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að taka til máls um þetta efni vegna þess að ég tel að þetta sé ófullnægjandi niðurstaða. Íslendingar hafa byggt gríðarlegan fjölda af húsum út um landið sem kölluð eru sumarbústaðir eða frístundabyggð. Þetta eru mjög góð hús, mörg hver, og þegar fólk eldist sest það jafnvel að í þessum húsum. Vandi fylgir þessari niðurstöðu t.d. fyrir fólk sem hefur átt tvö hús, annars vegar frístundahús og hins vegar hús í borginni. Þegar það fer á eftirlaun og selur aðra eignina, ekki ólíklega húsið í borginni, er þá verið að segja við það fólk að það megi ekki búa í húsinu sínu í sveitinni eða að það skuli hafa heimilisfangið sitt í póstkassa í Reykjavík?

Ég tel að skoða þurfi þetta mál betur, ekki bara varðandi búsetu í atvinnuhúsnæði heldur líka í búsetu í sumarhúsum sem kölluð eru eða öðrum húsum sem eru utan skipulegra byggða sem ætlaðar eru til heilsársbúsetu. Það kann vel að vera að menn þurfi að sætta sig við að fara aðra leið en þessa, a.m.k. held ég að það sé ljóst að það verður aldrei hægt að banna fólki að búa í húsunum sínum. Það mun ekki koma í veg fyrir þá búsetu þó að fólki sé bannað að skrá sig á þeim stað sem það býr á og því er niðurstaðan vond, þ.e. fólk býr í þessum húsum en er bannað samkvæmt lögum að vera skráð í húsinu sem það býr í. Þessu vildi ég koma á framfæri, hæstv. forseti.

[12:25]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tók þátt í starfi félagsmálanefndar þegar hún hafði þetta mál til umfjöllunar og hef sennilega ekki verið við afgreiðslu málsins, ég er áheyrnarfulltrúi í nefndinni. Ég vil að að komi fram að ég er samþykkur þessu áliti. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. formanni félagsmálanefndar að við leggjum mikið upp úr því að niðurstaða fáist í störf þeirrar nefndar sem á að fjalla um skráningu í atvinnuhúsnæði. Það eru skiptar skoðanir um hvernig standa eigi þar að málum en í stað þess að hrapa að niðurstöðu viljum við vanda til verkanna og lögðum þess vegna til að efnt yrði til samráðs um það efni. Við stefnum að því að taka þau mál til skoðunar og þá hugsanlega með

breyttar reglur og lög í huga í byrjun næsta árs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fæðingar- og foreldraorlof, 2. umr.*

Stjfrv., 428. mál (aðgreining umönnunargreiðslna og fæðingarorlofsgreiðslna). — Þskj. 516, nál. 590.

[12:27]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Nefndin fjallaði um málið og fékk gesti á sinn fund. Ekki gafst tími til að fá umsagnir um málið en meginmarkmið frumvarpsins er þríþætt.

Meginmarkmið frumvarpsins er þríþætt. Í fyrsta lagi að laga ýmis ákvæði laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, að því breytta fyrirkomulagi sem felst í yfirtöku Vinnumálastofnunar á rekstri Fæðingarorlofssjóðs sem fram til þessa hefur verið í höndum Tryggingastofnunar. Í öðru lagi að fellt verði úr sömu lögum ákvæði sem girðir fyrir rétt foreldris til umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, hafi það notið greiðslna í fæðingarorlofi vegna sama barns eða sömu fæðingar. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að leita umsagnar ótilgreinds aðila við mat á nauðsyn á lengingu fæðingarorlofs og nauðsyn á lengingu á rétti til fæðingarstyrks í stað þess að fela tryggingayfirlækni ákvörðunarvald um þessi efni.

Á fundi nefndarinnar kom fram að Vinnumálastofnun hefur að undanförnu unnið að undirbúningi hinnar nýju starfsemi sem til stendur að verði að mestu rekin á Hvammstanga. Þar munu starfa níu manns en auk þess verða tvö stöðugildi í Reykjavík. Stofnkostnaðurinn er áætlaður 37 millj. kr. en umsýslukostnaður samkvæmt fjárlögum næsta árs er 52 millj. kr. Var það gagnrýnt að síðarnefnda fjárhæðin hefur haldist nær óbreytt frá árinu 2001 þrátt fyrir að í raun sé rekstrarkostnaður meiri sem nemur tugum milljóna. Ítrekað hafi verið bætt úr með heimild í fjáraukalögum.

Nefndin álítur að gætt hafi tregðu hjá fjárveitingavaldinu við að viðurkenna aukin umsvif Fæðingarorlofssjóðs og mælist til þess að við næstu fjárlagagerð verði tekið meira tillit til raunverulegs kostnaðar Vinnumálastofnunar af rekstri sjóðsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álitið með fyrirvara. Einar Oddur Kristjánsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita Dagný Jónsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Helgi Hjörvar, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, og Birkir Jón Jónsson.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum þakka nefndarmönnum kærlega fyrir skjótan framgang þessa máls sem var seint fram komið.

[12:30]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Ég skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara vegna þess að ég fékk ekki svör við því hver væri tilgangurinn með umönnunargreiðslum. Ég hef spurt að þessu áður og ég spurði að því aftur hvort þær væru ætlaðar til að bæta fólki tekjutap, foreldrum veikra barna, eða hvort þær væru ætlaðar til að endurgreiða fólki kostnað. Ég hef ekki fengið svör við því og kom fram á fundi nefndarinnar að það hafi ekki verið kannað.

Þetta er mjög mikilvægt í þessu samhengi vegna þess að ef um er að ræða greiðslur vegna tekjutaps, vegna þess að foreldrarnir geta ekki sinnt fullri vinnu vegna umönnunar barnsins, þá ættu þær greiðslur ekki að fara saman því fæðingarorlofsbæturnar eru einmitt til að bæta fólki tekjutap og þá er verið að bæta það á tveim stöðum og úr tveim áttum. Ef um er að ræða kostnað foreldra á þetta ekki við og þá ætti að greiða þessar bætur saman. Mér finnst mikilvægt að þetta liggi fyrir þannig að menn sjái í gegn hvað er verið að bæta.

Ef umönnunarbætur eru hins vegar til að standa undir kostnaði þá veltir maður þeirri spurningu upp hvort göt séu einhvers staðar í velferðarkerfinu þannig að fólk lendi í þvílíkum kostnaði við það ef börn verða veik, að til þess þurfi mánaðarlegar greiðslur að þessari fjárhæð sem er allt upp í 93 þús. kr. á mánuði. Maður veltir fyrir sér hvort ekki þyrfti að skoða það hvort eitthvað sé að, hvort fólk þurfi að borga fyrir spítalavist eða þurfi að borga kostnað hér og þar og hvort sjúkrakortin sem veitt eru dugi ekki til að takmarka þann kostnað o.s.frv. Þetta finnst mér mjög mikilvægt.

Það kemur ekki fram í nefndaráliti en ég ræddi það í nefndinni hvort ekki hefði verið eðlilegt að bjóða út rekstur Fæðingarorlofssjóðs. Það er einmitt dæmigert verkefni sem á mjög vel heima í höndum einstaklinga og ég er nærri viss um að það hefði mátt lækka kostnaðinn með útboði og þá hefðu opinberir aðilar getað boðið líka í, Tryggingastofnun sem og aðrir.

[12:32]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta mál er á góðri leið í gegnum þingið og að hluta til er í því mikið réttlætismál sem við í Samfylkingunni höfum lengi barist fyrir, þ.e. að umönnunargreiðslur séu samrýmanlegar fæðingarorlofsgreiðslum. Við höfum fært fyrir því rök í mörg ár og flutt tillögur sem hafa verið felldar og nú loksins eru þessi réttlætisrök og sjónarmið viðurkennd sem við höfum sett fram og því ber að fagna.

Ég hefði viljað fá lengri tíma til að fjalla um málið í félagsmálanefnd almennt út af þeim annmörkum sem eru komnir á fæðingarorlofslöggjöfina en ég vildi ekki verða til þess að tefja málið í nefnd, svo mikla áherslu legg ég á framkvæmd þess að það ákvæði sem ég fyrr nefndi nái fram að ganga. En ég hlýt að treysta því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra við 1. umr. málsins og reyndar var aðeins komið inn á það í meðferðinni í félagsmálanefnd, að fæðingarorlofslöggjöfin yrði tekin til skoðunar og þeir gallar og annmarkar sem þar hafa komið fram, sérstaklega varðandi breytt viðmiðunartímabil sem mjög er gagnrýnt í samfélaginu af því að þetta skerðir verulega fæðingaror-

lofsgreiðslur. Vegna þess að verið er að taka einatt mið af þriggja ára gömlum tekjum hjá þeim sem fara í fæðingarorlofið þannig að greiðslurnar eru þegar upp er staðið engin 80% af launum eins og lögin kveða á um, heldur er þetta komið niður í 70%, sem um var getið í nefndarálitinu fyrir þremur árum þegar þessu viðmiðunartímabili var breytt. Það hefur allt gengið eftir sem við höfum sagt í því efni og því er nauðsynlegt að taka þessa löggjöf til endurskoðunar og eins það ákvæði sem ekki var tekið til skoðunar, sem þó hafði verið lofað fyrir 2–3 árum og snertir rétt öryrkja sem fara í fæðingarorlof, þ.e. að lífeyrisgreiðslur þeirra skerðist ekki. Ég treysti því að málið verði tekið til skoðunar. Það var full ástæða til að setja það í nefndarálitið sem framsögumaður nefndarinnar mælti fyrir, með leyfi forseta:

„Nefndin álítur að gætt hafi tregðu hjá fjárveitingavaldinu við að viðurkenna aukin umsvif fæðingarorlofssjóðs og mælist til þess að við næstu fjárlagagerð verði tekið meira tillit til raunverulegs kostnaðar Vinnumálastofnunar af rekstri sjóðsins.“

Það er ástæða til að hrósa formanni nefndarinnar fyrir að setja þessa gagnrýni í nefndarálit meiri hlutans en þetta er sannleikanum samkvæmt sem hér er sagt. Hitt er annað mál að í frumvarpinu er verið að flytja með formlegum hætti framkvæmdina á fæðingarorlofi frá Tryggingastofnun og til Vinnumálastofnunar, sem ég er ekki alsátt við og hefði viljað ræða frekar og maður heyrir það raunverulega á fulltrúum Tryggingastofnunar að þeir eru ekki alls kostar sáttir við þá breytingu. Ég held að tilgangurinn hafi verið fyrst og fremst sá að flytja þessa starfsemi út á land, til Hvammstanga, ef ég skil málið rétt. Þar munu níu starfsmenn fá vinnu við það verkefni úti á landi. Það er sjónarmið út af fyrir sig og auðvitað er það jákvætt og ég styð það ef hægt er að flytja verkefni út á land en það má ekki verða á kostnað framkvæmdarinnar og verkefnisins sjálfs sem ég held að hafi verið mjög vel fyrir séð í Tryggingastofnun ríkisins og ég hef ekki heyrt nein sannfærandi rök fyrir því að flytja þetta yfir á Vinnumálastofnun sem er yfirhlaðin verkefnum.

Því hefur oft verið haldið fram að um sé að ræða vinnumarkaðstengt mál og það sé ástæðan fyrir flutningi til Vinnumálastofnunar. Ég hygg að það sé fyrst og fremst það að fjölga störfum úti á landi frekar en hitt að þetta sé vinnumarkaðstengt málefni og þess vegna eigi það heima í Vinnumálastofnun því að mörg verkefni sem eru á sviði almannatrygginga og félagsmálaráðuneytisins eru vinnumarkaðstengd verkefni sem Tryggingastofnun hefur.

Ég sé ekki ástæðu, forseti, til að ræða þetta mál frekar. Ég gerði það við 1. umr. en fagna mjög að við séum að sjá núna í höfn að umönnunargreiðslur séu viðurkenndar samhliða fæðingarorlofi. Þetta er viðbótarkostnaður sem fólk lendir í sem þarf að sjá um fatlað barn og það hefur verið viðurkennt í mörg ár eða í langan tíma, slíkar umönnunargreiðslur. Ef ég man rétt voru þær settar í tíð minni sem félagsmálaráðherra. Þetta eru greiðslur í fimm flokkum eftir umönnunarþyngd og fötlun barnsins. Greiðslurnar hafa komið mörgum mjög til góða og er mikið réttlætismál og réttlætismál líka viðurkenna að hægt sé að greiða þær samhliða fæðingarorlofsgreiðslum sem eru eðlisólíkar greiðslur.

[12:39]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði er á ferðinni mikið réttlætismál. Þetta er eitt af þeim málum sem stjórnarandstaðan gerði samkomulag við ríkisstjórnina um að hraða för í gegnum þingið. Það höfum við gert, veittum því afbrigði á sínum tíma til að það kæmist strax á dagskrá og greiddum fyrir för þess í gegnum hv. félagsmálanefnd.

Hluti af þessu máli felur í sér færslu á umsýslu Fæðingarorlofssjóðs frá Tryggingastofnun ríkisins yfir til Vinnumálastofnunar. Það kom vel fram á fundi félagsmálanefndar að þar er um að ræða aðgerð sem beinlínis er byggðaaðgerð. Verið er að flytja þetta verk út á land, til Hvammstanga, til að skapa þar níu störf. Það er mín tilfinning að umdeilanlegt sé að gera slíkt, nema ærnar ástæður séu til. Ég er ekki að leggjast gegn því, en ég spyr án þess að ætlast beinlínis til svars: Leiddi þetta til þess að níu störf hurfu hjá Tryggingastofnun? Hugsanlega leiddi þetta til þess að einhver fækkun varð þar. En í öllu falli er ljóst að leggja þurfti í drjúgan stofnkostnað sem hleypur á tugum milljóna kr. við að byggja upp tölvukerfi. Þar var ekki hægt að beita beinni yfirfærslu kerfa. Stofnkostnaðurinn við þetta er því töluverður. Rekstrarkostnaður ríkisins í heild mun að öllum líkindum aukast. Þarna er því dágott dæmi um hvernig ríkið bólgnar út.

Ég hef oft sagt að það er vel í það leggjandi fyrir ríkið að seilast nokkuð langt til að ýta undir störf á landsbyggðinni. Þetta verkefni er þó líkast til dæmi um verk sem mætti skilgreina undir það sem við í Samfylkingunni höfum kallað störf án staðsetningar og obbann af þessu væri sennilega hægt að vinna með nútímatækni eiginlega hvar sem er. Þannig held ég að í framtíðinni, þegar koma upp ný verkefni hjá hinu opinbera, eigi að reyna að vista verk. Ég er þeirrar skoðunar að fara eigi yfir öll störf ríkisins og skilgreina þau sem hægt er að vinna án tillits til staðsetningar með nútímatækni og nota síðan veltuna innan starfsmannamengis ríkisstofnana til að koma með þeim hætti störfum út úr bákninu.

Ég tek líka undir það sem ég held að hv. þm. Pétur Blöndal hafi sagt við umræðuna, hvort ekki hafi verið hægt að bjóða þessi verk út. Ég held að það hefði vel getað svarað kostnaði og ríkið ætti að velta slíku fyrir sér. Það ekki síst mundi ýta undir landsbyggðina því hún mundi örugglega taka slíkum tækifærum fagnandi og það hefði hagsbætur í för með sér til ýmissa verka.

Ég vil hins vegar vekja eftirtekt á því að rekstur sjóðsins mun kosta ríflega 70 millj. kr. á ári, 75 jafnvel. Það kom glöggt fram hjá fulltrúa Vinnumálastofnunar á fundi félagsmálanefndar að 30 millj. kr. vantar upp á fjárveitingu ríkisins til að hægt sé að segja að ríkið hafi gefið það tannfé með flutningnum sem nauðsynlegt er. Það liggur fyrir að margvíslegum verkefnum hefur verið hlaðið á Vinnumálastofnun á síðustu árum og alveg ljóst að hún á fullt í fangi með þau og treður marvaðann hvað fjárhag sinn varðar. Ég læt þá ósk uppi að vonandi nær stofnunin að rísa undir þessu nýja verki. Ég er þess fullviss og veit það af reynslunni að hún býr yfir ákaflega góðu starfsfólki sem sinnir verkefnum sínum vel.

Fyrst ríkið er á annað borð að flytja verk með þessum hætti milli stofnana og út á landsbyggðina, finnst mér eigi að síður að lágmarkið hefði verið að því hefðu fylgt fjármunir sem tryggðu að verkinu væri sinnt alveg til fullnustu þannig að hvergi væri slegið af því góða verklagi sem var á þessum málum hjá Tryggingastofnun undir tryggri og öruggri forustu fyrrum kollega okkar, Karls Steinars Guðnasonar, sem hér var alþingismaður með miklum sóma.

[12:44]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins um að verkefni á vegum Fæðingarorlofssjóðs yrðu unnin á Hvammstanga. Mér finnst það í sjálfu sér ekki eiga að vera gagnrýnisvert og ég hygg að mörgum hafi þótt Tryggingastofnun ríkisins, sem þetta verkefni hefur verið vistað hjá, vera býsna miðlæg í störfum sínum. Hún hefur byggst nánast alfarið upp í Reykjavík og verkefni á vegum Tryggingastofnunar ríkisins hafa lítið þróast út í það að vaxa úti á landi þrátt fyrir stefnumörkun og yfirlýsingu stjórnvalda í aðra átt. Ég hef alltaf orðið hvað vonsviknastur yfir því að stjórnvöld koma með digrar yfirlýsingar um eflingu opinberrar þjónustu, flutning og uppbyggingu á opinberri þjónustu á landsvísu og það verði flutt út á land en síðan hefur eftirfylgnin alltaf verið með þveröfugum hætti. Mér finnst það ekki vera sérstaklega gagnrýnisvert að þetta sé gert. Reyndar er ekki kveðið á um þetta í lögunum heldur er þetta ráðherraákvæði þannig að næsti ráðherra getur í sjálfu sér kippt þessu burt. Ég vil gjarnan að svona lagað verði bundið í lögum til að tryggja að starfsemi sé byggð upp og ekki væri verið að rokka með hana eins og hv. þingmaður kom réttilega inn á með tilheyrandi stofnkostnaði o.s.frv. Nú eru hugmyndir um t.d. að Byggðastofnun verði ef til vill flutt frá Sauðárkróki en búið er að leggja í ærna fyrirhöfn að byggja hana þar upp. Ég spyr því hv. þingmann hvort í þeirri almennu stefnu um að byggja störf upp, almenn þjónustustörf, úti á landi, hvort það sé í sjálfu sér ekki góðra gjalda vert og gott mál.

[12:46]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég og hv. þm. Jón Bjarnason erum nú sammála um meira en bara um Hólaskóla einan. Svarið við spurningu hans er já. Ég tel að það sé góðra gjalda vert að reyna að byggja upp þá starfsemi sem ríkið er að setja á fót úti á landi.

Ég held sérstaklega að þjónustustarf af þessum toga þar sem verið er að vinna með upplýsingar og vinna úr þeim og skrá eins og í þessu tilviki, einstaklinga, tekjur og reikna út hvaða bætur þeim ber, sé tilvalið að vista með þeim hætti annars staðar en á því sem hv. þingmaður kallar miðlægar stofnanir.

Nú er það svo að tæknin hefur gjörbreytt umhverfi og það á ekki að þurfa að hafa störf hneppt saman innan einnar stofnunar. Stofnun getur starfað á mjög mörgum stöðum á landinu án þess að það skorti nokkuð upp á verkstjórn og eftirlit með góðu verklagi.

Ég er þeirrar skoðunar að þegar ég og hv. þm. Jón Bjarnason hugsanlega verðum hér í stjórnarmeirihluta að loknum kosningum þá eigi t.d. að fara yfir þau störf sem innt eru af höndum af hálfu ríkisins og kanna hvert þeirra væri hægt að skilgreina þannig að þau hafi enga sérstaka staðsetningu og síðan eigi að nota starfsmannaveltuna en ekki uppsagnir til þess að kanna hvort hægt sé að koma til tölulega viðamiklum einingum fyrir annars staðar en innan þessara stofnana. Ég held að það mundi líka hjálpa landsbyggðinni mjög.

Ég tel reyndar að það ætti ekkert að reyna endilega að koma þeim með þeim hætti út á landsbyggðina heldur ætti að skilgreina þau sem störf án staðsetningar og þá gætu sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar eftir atvikum sóst eftir því að vinna þau störf.

Að öðru leyti gleður það mig að í nefndarálitinu er einmitt tekið undir það sjónarmið sem ég var með hér uppi áðan um (Forseti hringir.) gætt hefði of mikillar tregðu hjá fjárveitingavaldinu til að tryggja þessa nýju starfsemi sem nú er flutt (Forseti hringir.) á Hvammstanga.

[12:48]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að einmitt með tækninni á að vera ástæðulaust að byggja upp svona þjónustustörf í einhverjum einum, stórum, miðlægum kjarna. Það er þá mikið keppikefli einmitt að fjarskiptatæknin eflist, gagnaflutningakerfið eflist út um land þannig að slík störf geti verið unnin sem víðast.

Það er eitt svona í lokin. Ég vil að það verði hugað að því að með þessu sé ekki verið að keyra launin niður. Að menn séu ekki að flytja störf út á land til þess að því fólki sem þar ræðst til starfa séu greidd lægri laun en fólki í hliðstæðum störfum áður inni í miðlægri stofnun í Reykjavík.

Ég vil bara vara við þessu því ég upplifði sterka tilhneigingu í þessa veruna. Fólk sem fær störf úti á landi og fagnar því, hvort sem það er á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd eða á öðrum stöðum, þá er það mikilvægt að launin haldist hin sömu, þ.e. að ekki sé verið að fara með störf út á land til að lækka launakostnaðinn. Ég er ekkert að segja að það sé í þessu tilviki. Þetta eru bara mín varnaðarorð.

En það er sjálfsagt að fagna því að fundinn sé farvegur fyrir verkefnaflutning út á land eins og hér er verið að leggja til í nefndarálitinu og ég er sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni hvað áherslur í þeim efnum varðar.

[12:50]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta frumvarp sem ég er samþykkur. En ég vil í fyrsta lagi geta þess að ég hafði ákveðnar efasemdir um flutning á þessum verkefnum frá Tryggingastofnun yfir til Vinnumálastofnunar. Þeim var prýðilega sinnt í Tryggingastofnun að mínu mati.

Hins vegar kom í ljós að undirbúningur undir þennan flutning var mjög vel á veg kominn enda stendur hann fyrir dyrum innan fárra vikna þannig að þar verður ekki aftur snúið og vona ég að vel takist til í starfseminni og á ekkert nema góðar óskir til þeirra sem koma til með að sinna þessum verkum.

Ég vil mótmæla þeim hugmyndum sem fram komu hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að æskilegt sé að bjóða út starf-

semi af þessu tagi. Í því þótti mér felast ákveðið vantraust, ef ekki vanvirðing, í garð þeirra sem hafa sinnt þessum verkefnum. Ég held sannast sagna að þetta yrði miklu dýrara með þessu móti, að minnsta kosti þegar fram í sækti.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frumvarp en fagna því sérstaklega hvernig þar er tekið á atriðum sem varða umönnunargreiðslur. En fram til þessa hafa greiðslur í fæðingarorlofi og réttur til umönnunargreiðslna ekki farið saman, þ.e. þeir foreldrar sem hafa átt rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði hafa ekki á sama tíma átt þennan rétt varðandi umönnunargreiðslurnar. Nú er þetta fært til betri vegar og er það sérstakt fagnaðarefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:52]

[13:32]

**Útbýting:**

Fjármálafyrirtæki, 386. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 604.

Húsnæði heilsugæslustöðva, 457. mál, fsp. ÁRJ og ÞSveinb, þskj. 598.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 376. mál, brtt. minni hluta fjárln., þskj. 602; nál. minni hluta fjárln., þskj. 603.

Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 276. mál, brtt. DJ, þskj. 601.

## *Um fundarstjórn.*

Ummæli þingmanns um þinghlé.

[13:32]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Nú er ég óbreyttur þingmaður á þinginu og eðlilega ekki með í ráðagerðum æðstu manna um það hvernig framvindan er hér á fundum. Mér skildist þó í gær að náðst hefði samkomulag um þingfrestun á morgun, nokkurn veginn í samræmi við starfsáætlun þingsins, og að þetta hefði verið gert með hagsmuni þings og þjóðar væntanlega fyrir augum. Þess vegna kom mér á óvart að heyra það haft eftir hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni í hádegisfréttum að þetta væri ekki ástæðan heldur væri ástæðan fyrir þessu sú að einhverjir þingmenn væru að fara í skemmtiferð sem svo var nefnd. Nefndir voru nokkrir þingmenn. Ég heyrði þetta nú ekki sjálfur heldur var mér sagt af þessu. Ég held að í þeim hópi hafi verið hv. þm. Jón Kristjánsson úr Framsóknarflokki og hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir úr Framsóknarflokki eða einhverjir slíkir og kannski eru fleiri skemmtiferðir hér uppi. Ég sé til dæmis að það vantar hér í ráðherrastóla nokkra menn sem ég hélt að væru í opinberum erindagjörðum en eru kannski í skemmtiferðum.

Mig langar að spyrja, forseti, hvort þetta sé rétt og hvort það sé þannig að forseti hagi þingstörfum og þingfrestun og þinglokum eftir einstökum skemmtiferðalögum einstakra þingmanna eða þingmannahópa.

[13:34]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Hv. þingmenn gera sér grein fyrir því að störf á Alþingi ganga fyrir. Forseti heyrði ekki þetta tilvitnaða viðtal en lýsir undrun sinni á þeim orðum. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að taka ... umræður?)

[13:35]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Samkvæmt þingsköpum er einungis heimilað að tala um störf þingsins í upphafi fundar. Nú koma hádegisfréttir ekki fyrr en fundur var löngu settur. En ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé tilefni til að heimila nú umræður um störf þingsins til þess að ég geti komið fram athugasemdum vegna þeirrar undarlegu ræðu sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson flutti Ríkisútvarpinu til þess að skýra af hvaða sökum utanríkismálanefnd hefur lagt áherslu á að heimsækja Eystrasaltsríkin. Eins og hæstv. forseta er kunnugt hefur verið vaxandi og mjög mikil vinátta milli Íslendinga og Eystrasaltsríkjanna. Eystrasaltsríkin hafa lagt mikla og ríka áherslu á gott samstarf við Norðurlönd og óskað eftir nánara samstarfi á milli þinganna síðan Eystrasaltsríkin urðu sjálfstæð. Sú ferð sem nú er fyrirhuguð af utanríkismálanefnd er einmitt í þeim anda sem góð samvinna þinganna í Eystrasaltsríkjum og á Íslandi hefur verið, góð samvinna forseta þinganna, ríkisstjórna og einstakra þingmanna.

Þess vegna vil ég spyrja hvort ekki sé ástæða til að heimila nú umræður um störf þingsins til þess að við getum tekið þetta mál upp og athugað hvort það sé einungis sér til skemmtunar sem Alþingi leggur áherslu á vaxandi umsvif í utanríkisþætti sínum, sem Alþingi leggur áherslu á að Íslendingar eigi að hafa sömu tækifæri og þingmenn erlendra ríkja til þess að umgangast, fræðast og efla kynni þjóða og þinga.

[13:37]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Það er rétt sem hv. þingmaður segir, að í þingsköpum segir í 50. gr.:

„Í upphafi fundar, áður en gengið er til dagskrár, geta þingmenn gert athugasemdir er varða störf þingsins."

Forseti telur rétt með tilliti til þessarar umræðu að greina frá því að boðað verður til nýs fundar eftir að atkvæðagreiðsla og utandagskrárumræða hefur farið hér fram og þá geta hv. þingmenn tekið þetta mál upp ef þeir óska.

## *Ríkisútvarpið ohf., frh. 2. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 56, nál. 500 og 558, brtt. 501.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:38]

**Mörður Árnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Við göngum nú til atkvæðagreiðslu um frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. eftir 2. umr. Nú er ljóst að þunginn í þessari umfjöllun þingsins um frumvarpið verður

í 3. umr. ef hún fer fram. Það verður ekki fyrr en á næsta ári og óljóst svo sem hvenær á næsta ári það verður. En auðvitað greiðum við atkvæði hér eins og áætlað var.

Þetta er vont frumvarp. Engin rök hafa komið fram fyrir áætluðu hlutafélagsformi og ekki hefur heldur verið mótuð stefna um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps í framtíðinni. Það er líklegt að þetta tvennt valdi miklum ágreiningi áfram í samfélaginu meðal stjórnmálamanna, hjá almenningi og á markaði og sennilegt er að þetta frumvarp eigi eftir að valda málaferlum bæði heima og erlendis. Gert er ráð fyrir því að ríkisstjórnarmeirihluti taki allar stefnuákvarðanir um rekstur og ráði síðan útvarpsstjóra sem meiri hlutinn getur rekið þegar honum sýnist, en útvarpsstjórinn á að vera valdamikill og valdameiri en við þekkjum almennt í fjölmiðlafyrirtækjum. Þannig er opin leið til áframhaldandi flokkspólitískra ítaka og inngripa. Nefskatturinn sem gert er ráð fyrir stuðlar ekki að sjálfstæði Ríkisútvarpsins og það er ekki líklegt að hann auki samstöðu meðal almennings um þetta mikilvæga fyrirtæki. Réttindi starfsmanna eru í uppnámi og enginn veit hvernig þeim málum yrði háttað ef þetta frumvarp verður samþykkt í nýja ohf.-fyrirtækinu.

Forseti. Málinu er ekki lokið. Það heldur áfram á nýju ári. Formaður Samfylkingarinnar hefur lagt til að nú eftir að haustþingi lýkur vegna skemmtiferðanna sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur rætt svo mikið um þá verði settur niður hópur fólks úr öllum flokkum til að leita sáttaleiðar. Ég tel að það sé skylda menntamálaráðherra og annarra forustumanna stjórnarflokkanna að bregðast við þessari tillögu með almannahagsmuni að leiðarljósi um þetta mál, einhverrar mikilvægustu menningar- og lýðræðisstofnunar á Íslandi í nútímasögu þess.

Hér á eftir koma til atkvæða breytingartillögur stjórnarsinna í menntamálanefnd, tillögur um auglýsingabann á vef Ríkisútvarpsins og tillögur um hlutfall kostunar af auglýsingum sem eru illa grundaðar tilraunir til að koma til móts við hvassa gagnrýni á frumvarpið í heild, tillögur sem eru eiginlega án takmarks og tilgangs, hvorki fugl né fiskur. Við sitjum hjá við þessar tillögur. Við sýnum andstöðu okkar við þetta frumvarp í heild sinni með því að greiða atkvæði gegn 1. gr. þess en sitjum hjá um aðrar greinar og greiðum frumvarpinu för yfir áramótin í því trausti að ráðherrann og aðrir forustumenn sjái að sér yfir jólahátíðina.

[13:41]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Allt þetta kjörtímabil hafa ríkisstjórnarflokkarnir tveir hamast við að einkavæða þjónustu í almannaþágu og hafa þeir haft nokkurn árangur í þeim efnum þrátt fyrir mikinn mótbyr hér á þinginu og ég leyfi mér að fullyrða meðal þjóðarinnar einnig, sem má kannski sjá í fylgistapi Framsóknarflokksins í skoðanakönnunum um þessar mundir.

Í einu slíku máli hefur stjórnarandstaðan staðið af afli sameinuð gegn einkavæðingunni og það er í því máli sem nú kemur hér til atkvæða eftir 2. umr., þ.e. einkavæðing Ríkisútvarpsins.

Frú forseti. Ég hika ekki við að kalla þá aðför sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa stýrt gegn útvarpi allra landsmanna, Ríkisútvarpinu, einkavæðingu, enda er markmið flokkanna tveggja að koma Ríkisútvarpinu úr opinberri umsýslu, sem skilgreind er undir hatti opinbers réttar, í umhverfi sem er einkaréttarlegs eðlis. Eignarhald félagsins skiptir í því tilliti engu máli. Hér er lagt til að farið sé úr opinberum rétti í einkarétt, þar með er Ríkisútvarpið einkavætt.

Breytingarnar yrðu meiri. Það er gert ráð fyrir því að stjórn stofnunarinnar verði komið í hendur einum manni sem ráðinn verði pólitískri ráðningu af gervistjórn í umboði pólitísks meiri hluta á Alþingi. Einnig er gert ráð fyrir því að afnotagjöldin sem stærstur hluti þjóðarinnar greiðir með glöðu geði breytist í nefskatt sem gera má ráð fyrir að komi ójafnt niður á fólki. Þannig má gera ráð fyrir því að þeir sem hafa einungis tekjur í formi fjármagnstekna verði undanþegnir nefskattinum og barnmörgum fjölskyldum verði hann sérstaklega þungur. Þetta finnst Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki bara fínt, að ekki sé talað um réttindamál starfsmanna sem öll yrðu í uppnámi við þessar breytingar.

Frú forseti. Það hefur ríkt mikill ófriður um þetta mál í tvö ár samfleytt og honum er ekki lokið. Nú gerðum við stjórnarandstaðan á Alþingi samkomulag um það að 2. umr. gæti farið fram fyrir þinglok en við tryggðum það jafnframt að málið yrði tekið fyrir í menntamálanefnd að nýju á milli umræðna. Í trausti þess að þar fari fram áfram málefnaleg umræða um málið greiðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs atkvæði á þennan hátt: Við munum greiða atkvæði gegn 1. gr. frumvarpsins. En við munum sitja hjá við aðrar tillögur í krafti þess að það verði enn hægt að snúa frá þessari vitlausu hugmynd sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa keyrt á af þvílíku offorsi síðustu tvö árin.

[13:44]

**Dagný Jónsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er komið að atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. um Ríkisútvarpið. Framsóknarflokkurinn fór í upphafi í þessa vinnu við endurskoðun á lögum um Ríkisútvarpið með opnum huga, en eitt atriði varð til þess að málið lá óhreyft í mjög mörg ár í þessu samstarfi. Það var það atriði að Ríkisútvarpið væri ekki til sölu. Um það náðist sátt og á þeim grundvelli var Framsóknarflokkurinn til í breytingar. Þessar breytingar munu að okkar mati efla Ríkisútvarpið og sanna umsagnir samkeppnisaðila það. Málið hefur hlotið vandaða málsmeðferð í menntamálanefnd og ég styð það, ekki síst á grundvelli þess að Ríkisútvarpið er ekki til sölu og það mun í framtíðinni eflast sem almannaútvarp í þágu okkar allra.

[13:45]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við göngum nú til atkvæða eftir 2. umr. um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem greidd eru atkvæði um þetta mál enda er það nú lagt fram í þriðja skipti hér á Alþingi.

Ýmislegt hefur verið sagt í tengslum við þetta mál og nú síðast hefur verið lagt til að skipuð verði einhvers konar þverpólitísk nefnd til að fjalla um þessi mál frá A til Ö. Sú hugmynd er góðra gjalda verð en fyrir mína parta sé ég ekki ástæðu til að stofna enn eina nefndina. Menntamála-

nefnd Alþingis er þverpólitísk nefnd sem hefur haldið tugi funda um málefni Ríkisútvarpsins og mun eflaust gera það áfram í komandi framtíð.

Í allri þeirri vinnu sem átt hefur sér stað um málefni Ríkisútvarpsins hefur stjórnarandstaðan komið að ákveðnum sjónarmiðum og athugasemdum. Stjórnarmeirihlutinn hefur í veigamiklum atriðum komið til móts við þau sjónarmið sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram.

Það frumvarp sem við greiðum atkvæði nú um kveður m.a. á um það að upplýsingalög verði látin gilda um Ríkisútvarpið ohf. sem sett var inn í frumvarpið, m.a. að kröfu stjórnarandstöðunnar. Það hafa líka verið sett ákvæði um að hinu nýja félagi verði óheimilt að selja frá sér eignir sem varða menningarlegan arf íslensku þjóðarinnar. Og svo lengi mætti telja.

Enn fremur hefur við þessa yfirferð verið komið til móts við sjónarmið sem hafa komið fram frá a.m.k. einum stjórnarandstöðuflokknum, Samfylkingunni, að setja takmörkun við umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Þess vegna veldur það mér nokkrum vonbrigðum að hlusta á fulltrúa stjórnarandstöðunnar í umræðu hér um þetta mál áður en við göngum til atkvæða og heyra stjórnarandstöðuna segja að lítið hafi verið á hana hlustað.

Þrátt fyrir að stjórnarandstaðan segist vera sameinuð í þessu máli er það aðeins rétt að einu leyti. Stjórnarandstaðan er sameinuð gegn málinu en efnisleg rök hennar og efnislegar áherslur eru ekki hinar sömu. (Gripið fram í.)

Samfylkingin hefur lagt til, a.m.k. hluti hennar, að Ríkisútvarpið verði gert að sjálfseignarstofnun en reyndar er varaformaður flokksins hlynntur hlutafélagaleiðinni. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill að Ríkisútvarpið verði áfram ríkisstofnun og Frjálslyndi flokkurinn vill fara enn aðra leiðina. (Forseti hringir.) Frú forseti. Nú göngum við til atkvæða og við í stjórnarmeirihlutanum munum greiða þessu frumvarpi atkvæði okkar.

[13:49]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Afstaða Frjálslynda flokksins til Ríkisútvarpsins hefur ávallt verið skýr. Við viljum að hér á landi sé öflugt almannaútvarp, útvarp í eigu almennings í landinu. Við leggjumst gegn því frumvarpi sem hér liggur fyrir vegna þess að við treystum hreinlega ekki núverandi stjórnarmeirihluta til þess að selja ekki Ríkisútvarpið í framtíðinni.

Við teljum einsýnt að það sem vaki í raun og veru fyrir meiri hlutanum sé einmitt að einkavæða Ríkisútvarpið. Það teljum við að væri mjög mikið óheillaspor.

Við í þingflokki Frjálslynda flokksins munum því greiða atkvæði gegn 1. gr. þessa frumvarps. Við munum síðan sitja hjá við atkvæðagreiðslu um aðra liði þess og áskiljum okkur fullan rétt til að berjast áfram gegn þessu frumvarpi þegar það kemur aftur hér á dagskrá eftir áramót.

Till. til rökst. dagskrár í nál. 558 kölluð aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 29:24 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

**nei:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 501,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

6.–10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 501,2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF,

KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 501,3 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 501,4–8 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HBl, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I–V, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

13 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:54]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Í reynd hefur umfjöllun um Ríkisútvarpið verið skotið á frest. Stjórnarandstaðan féllst á að takmarka 2. umr. um RÚV að því tilskildu að umdeilt frumvarp ríkisstjórnarinnar um hlutafélagavæðingu stofnunarinnar yrði ekki að lögum á þessu ári.

Enn er 3. umr. eftir, þ.e. ef af henni verður. Við þekkjum öll þann yfirlýsta ásetning ríkisstjórnarinnar að ljúka þessu máli hið allra fyrsta, og hefur hæstv. forsætisráðherra nefnt ákveðnar dagsetningar í því augnamiði.

Hins vegar er því ekki að leyna að nú hefur opnast á ný sá möguleiki að ríkisstjórnin sjái sig um hönd. Það vekur athygli að heyra formann Framsóknarflokksins lýsa því yfir í fjölmiðlum að hann hefði viljað að Ríkisútvarpið hefði orðið að hlutafélagi fyrir áramót.

Fylgispekt Framsóknarflokksins við einkavæðingaráráttu íhaldsins og hvernig hann lyppast niður í hverju málinu á fætur öðru, svíkur hugsjónir sínar (Forseti hringir.) og svíkur kjósendur sína, hlýtur að verða kjósendum í komandi alþingiskosningum (Forseti hringir.) umhugsunarefni. Við munum sjá til þess að þeir verði minntir á það. (Forseti hringir.)

***Sinfóníuhljómsveit Íslands, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 57. mál (rekstraraðilar). — Þskj. 57, nál. 502.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:56]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að lýsa því hér yfir að ég lít svo á að frumvarpið um Sinfóníuhljómsveit Íslands fylgi frumvarpinu um Ríkisútvarpið ohf. og lít þá svo á að það fái að koma með ríkisútvarpsfrumvarpinu inn í nefndina aftur því að þar eru, eins og kom fram í umræðunni hér í gær, ákveðin atriði sem enn liggja ekki ljós fyrir.

Ef ekki verður hreyft mótmælum við því hér lít ég svo á að málið komi aftur inn í nefndina milli umræðna og í ljósi þess kem ég ásamt þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs til með að sitja hjá við atkvæðagreiðslu þessa.

[13:57]

**Mörður Árnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Við höfum alla tíð litið svo á að frumvarpið um Sinfóníuhljómsveitina væri sjálfstætt mál og við í Samfylkingunni höfum stutt þá meginhugsun sem þar kemur fram að það verði af þeim aðskilnaði eða þeirri brottför heimasætunnar úr foreldrahúsum sem felst í því að tengslum Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins verði slitið, þó í mikilli vináttu og samlyndi, og greiðum því atkvæði með þessu frumvarpi og framgöngu þess til 3. umr.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, ISG, JÁ, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÖS.

8 þm. (GAK, JóhS, JBjarn, KolH, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BJJ, EOK, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, JBjart, KLM, MÞH, MF, SigurjÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, ISG, JÁ, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÖS.

2 þm. (ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

***Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.***

Stjtill., 348. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 377, nál. 480.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

Tillgr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HBl, HHj, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 607).

***Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.***

Stjtill., 349. mál (félagaréttur). — Þskj. 378, nál. 481.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Tillgr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HBl, HHj, JBjart, KLM, LB, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 608).

### *Flutningur verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 186. mál. — Þskj. 187, nál. 474, brtt. 475.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 475,1 (ný grein, verður 16. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
16.–23. gr. (verða 17.–24. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 475,2 samþ. með 55 shlj. atkv.
24. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
25.–27. gr. (verða 26.–28. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

### *Upplýsingalög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 296. mál (endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur). — Þskj. 309, nál. 473.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

### *Gatnagerðargjald, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 220, nál. 505, brtt. 506.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 506,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 506,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 506,3 samþ. með 54 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 506,4 samþ. með 53 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
10.–12. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 506,5 samþ. með 55 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 506,6 samþ. með 54 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

### *Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 234, nál. 508, brtt. 524.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:07]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Á þskj. 524 flyt ég breytingartillögu við þetta frumvarp ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Ögmundi Jónassyni en breytingartillagan snertir gildissvið frumvarpsins. Í frumvarpinu er kveðið á um að það nái einungis til fyrirtækja með a.m.k. 50 starfsmenn, og til bráðabirgða fram til 1. mars 2008 á það einungis að ná til fyrirtækja með fleiri en 100 starfsmenn. Þessi leið nær því aðeins til um 4–5 þús. launþega af um 160 þús. á vinnumarkaði.

Breytingartillaga okkar felur í sér að lögin taki til fyrirtækja með 20 starfsmenn eða fleiri eins og ASÍ hefur lagt til, en til bráðabirgða fram til 1. mars 2008 leggjum við til að lögin nái til fyrirtækja með 50 starfsmenn. Jafnframt leggjum við til að ekki sé eftir geðþótta vinnuveitenda hægt að víkja frá ákvæðum nokkurra greina í frumvarpinu eins og lagt er til.

ASÍ og Samtök atvinnulífsins náðu ekki saman um þetta mál þótt reynt hafi verið í einhver ár og er þetta því ekki nein málamiðlun milli þessara aðila, heldur er valin sú leið að nýta alla fresti til að innleiða þessa tilskipun og fara þá leið sem skemmst gekk. Því er um algjöran lágmarksrétt launafólks að ræða til upplýsinga og samráðs. Raunar er svo skammt gengið og ákvæðin svo galopin og sett í hendur atvinnurekenda hvort og hvernig verði af framkvæmd að hægt er að efast verulega um gildi þessa máls fyrir launafólk. Það er þó eftir því hvernig launafólki verða kynnt þau réttindi og skyldur sem felast í frumvarpinu og hvort aðilum vinnumarkaðarins tekst í frjálsum samningum að kveða nánar á um markvissari samráð við launþega.

Hér er þó stigið fyrsta skrefið í átt til atvinnulýðræðis sem við í Samfylkingunni höfum lagt áherslu á, m.a. með flutningi mála hér á Alþingi. Í því efni stöndum við langt að baki öðrum þjóðum sem í langan tíma hafa búið við virkt atvinnulýðræði. Þó að hér sé aðeins stigið hænufet í þá átt með þessu frumvarpi munum við engu að síður styðja málið í trausti þess að hér sé stigið fyrsta skrefið, þótt smátt sé, í þá átt að koma á virku atvinnulýðræði.

[14:10]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu greiða atkvæði með þessu frumvarpi um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum þótt það í reynd sé hvorki fugl né fiskur. Við reyndum að gera bætur á þessu frumvarpi, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur þegar gert grein fyrir, en mér er óskiljanlegt hvers vegna hæstv. félagsmálaráðherra dregur taum atvinnurekenda í þeim mæli sem raun ber vitni í þessu frumvarpi. Launafólki eru aðeins tryggð lágmarksréttindi sem ríkisstjórnin telur

sig geta komist upp með gagnvart EES-samningnum.

Hið furðulega er að hún undanskilur alla opinbera starfsmenn þessum réttindum og færir ekki nokkur einustu rök fyrir þeirri afstöðu sinni. Á hinn bóginn hafa menn sýnt fram á með rökum að þessi lög ættu að ná til alls vinnumarkaðarins.

Brtt. 524,1 felld með 30:21 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

12 þm. (BJJ, EOK, GÓJ, GÁ, GÖg, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MÞH, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 524,2 felld með 29:22 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

12 þm. (BJJ, EOK, GÓJ, GÁ, GÖg, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, SF) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
7.–12. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 524,3 felld með 30:22 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

11 þm. (BJJ, EOK, GHH, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÖJ.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

***Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 347. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 376, nál. 507, brtt. 560.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:15]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er mjög umhugað um að tryggja framtíð Lánasjóðs sveitarfélaga. Hann er félagslegur sjóður og hann er sameignarsjóður. Með þessu frumvarpi er verið að færa hann yfir í séreignarform. Hlutverk hans verður eftir sem áður hið sama og hann mun eftir sem áður njóta ákveðinna sérréttinda. Hann er t.d. undanskilinn skatti. Við óttumst að með þessari breytingu verði varnir sjóðsins veiktar gagnvart bönkum og fyrirtækjum á fjármálamarkaði sem vilja að þessi sjóður sitji við sama borð og öll önnur fjármálafyrirtæki í landinu. Þess vegna getum við ekki stutt þetta frumvarp.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

Brtt. 560 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

6 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 507 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II–IV samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

***Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 220. mál (óheimil skráning lögheimilis í frístundabyggð). — Þskj. 221, nál. 537, brtt. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, MÞH, VF) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:19]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Efnislega er verið að taka afstöðu til þess fyrir framtíðina að fólk geti ekki skráð lögheimili sitt eða búið í svokölluðum frístundabyggðum. Nú er það svo að búsetuhagir fólks breytast eftir aldri þess og ævi og það sem áður voru kölluð sumarhús og eingöngu til þeirra nota, kannski vegna þess að þau voru ekki nægilega einangruð eða aðrar aðstæður ekki fyrir hendi, teljast nú heilsárshús. Ég tel enga sérstaka skynsemi í því að lögfesta það að fólki sé meinað að skrá lögheimili sitt í slíkum húsum ef það vill búa þar. Þess vegna greiði ég ekki atkvæði með þessu máli.

Brtt. 538 (ný 2. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JóhS, JBjart, KLM, MÞH, MF, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

3.–5. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, MÞH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, EOK, GÁ, HHj, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

### *Fæðingar- og foreldraorlof, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 428. mál (aðgreining umönnunargreiðslna og fæðingarorlofsgreiðslna). — Þskj. 516, nál. 590.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:21]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Fram til þessa hafa greiðslur í fæðingarorlofi og réttur til umönnunargreiðslna ekki farið saman, þ.e. foreldrar sem átt hafa rétt til að fá greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði í fæðingarorlofi hafa ekki á sama tíma átt rétt til umönnunargreiðslna. Með þessu frumvarpi er því breytt og með því er stigið mikilvægt framfaraskref sem ber að fagna.

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

[14:23]

**Útbýting:**

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 599.

Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 276. mál, brtt. GAK o.fl., þskj. 605.

### *Umræður utan dagskrár.*

Símhleranir.

[14:24]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Nýverið kom út merkt sagnfræðirit eftir Guðna Th. Jóhannesson sem heitir „Óvinir ríkisins". Á hádegisfundi á miðvikudaginn var, þar sem þessi bók var m.a. til umfjöllunar og hleranir sem hún varpar ljósi á, var spurt spurningarinnar: „Ógnuðu þeir öryggi ríkisins?" Sagnfræðingurinn og höfundur bókarinnar svaraði spurningunni þannig: „Það var aldrei nein ógn til staðar. Þeir voru ekki til sem skipulagður hópur en öryggi ríkisins er auðvitað matskennt fyrirbæri."

Ég held að það blandist engum hugur um að það var allt of langt seilst í matinu á öryggi ríkisins á umliðnum áratugum í þeim hlerunum og því eftirliti sem haft var með íslenskum ríkisborgurum hér á landi undir því yfirskini að þeir ógnuðu öryggi ríkisins. Þeir sem voru hleraðir voru fjölskrúðug flóra einstaklinga sem átti það sammerkt að vera pólitískir andstæðingar Sjálfstæðisflokksins á þingi — á þingi eins og ég segi eða utan þess — því að það alvarlega við þetta mál er m.a. það að líklega hafa símar 8–10 þingmanna verið hleraðir á meðan þeir sátu á Alþingi. Í heildina er varpað ljósi á það í þessari bók að símar 33 einstaklinga hafi verið hleraðir. Nokkrir voru verkalýðsforingjar, aðrir voru pólitískir áhugamenn. Tilefnin eru mjög mismunandi en sum tilefnin eru mjög fáfengileg, eins og t.d. þegar heimilaðar voru hleranir á síma Hannibals Valdimarssonar, forseta Alþýðusambands Íslands og forustumanns í stjórnarandstöðu á þingi, í tengslum við útfærslu landhelginnar 1961. Og í tengslum við það mál, útfærslu landhelginnar, voru 15 símar hleraðir rétt eins og menn byggjust við að það yrði einhver bylting í tilefni af því.

Það virðist sem ráðamenn hafi misst allt taumhald og glatað virðingu fyrir leikreglum lýðræðisins og friðhelgi einkalífs. Mér sýnist, þegar maður skoðar þessi mál, að það sé eins og Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki litið svo á að hann hefði tímabundið umboð frá kjósendum þegar hann var í ríkisstjórn heldur lægi í sjálfum Sjálfstæðisflokknum formbundið eða stofnanabundið vald vegna þess hversu oft hann átti aðild að ríkisstjórn og hann hafi í raun misbeitt ríkisvaldinu og vegið að æru og orðspori þeirra sem urðu fyrir hlerunum. Þetta er svartur blettur á sögu þjóðarinnar, virðulegur forseti, sem verður að upplýsa. Það verður að leiða sannleikann í ljós í þessum málum til að hægt sé að loka þessum kafla í sögu þjóðarinnar.

Þingið hefur þegar stigið skref í þessa átt með þingsályktun sem samþykkt var síðastliðið vor en það er ekki nóg að gert. Sú tillaga laut að skoðun gagna og verkefnið var að ákveða um frjálsan aðgang fræðimanna að þessum gögnum. Það er auðvitað mikilvægt. En það liggja ekki alltaf fyrir skrifleg gögn, samanber það að mikilvægum spjaldskrám lögreglu var eytt í ársbyrjun 1976. Þau voru sett í götótta olíutunnu og kveikt í þeim. Fyrrverandi embættismenn, lögreglumenn, símamenn og fleiri búa yfir ýmsum upplýsingum sem þarf að kalla fram og það gerist þá og því aðeins að þeir fái fullvissu um að það sé ekki í bága við trúnaðareiða þeirra að gefa þessar upplýsingar. Það kom m.a. fram hjá höfundi bókarinnar að hann hefði mætt því viðmóti hjá þessum fyrrverandi embættismönnum, lögreglumönnum og símamönnum að þeir væru vandir að virðingu sinni og vildu ekki tala um þessi mál nema þeir væru vissir um að það væri ekki í bága við trúnaðareiða þeirra.

Ég vil að Alþingi gangi hreint til verks og skipi rannsóknarnefnd í þessu máli og ég ætlaði raunar að spyrja forsætisráðherra hér hvort hann væri ekki tilbúinn að leggjast á þá sveif. Það var hins vegar eitthvað sem réði því að ég fékk staðgengil dómsmálaráðherra til andsvara í þessari umræðu, þó að ég hafi í sjálfu sér ekkert sérstakt við dómsmálaráðherra að tala í þessu máli, en ég spyr þá þann ráðherra sem í boði er, staðgengil dómsmálaráðherra, hvort hann sé tilbúinn til þess og þá Sjálfstæðisflokkurinn, og ég held að það sé líka rétt að aðrir flokkar svari því hvort þeir séu tilbúnir að styðja drög að þingsályktun í þessa veru, sem ég hef þegar sent á formenn allra flokka og þingflokksformenn og menn sýni þannig og sanni að þeir vilji gera hreint fyrir sínum dyrum. Það hefur verið talað um að það hafi verið stjórnlynd forusta í Sjálfstæðisflokknum, nú er ný forusta og ég tel mikilvægt að hún sýni og sanni fyrir þjóðinni að hún sé tilbúin til að skoða þessi mál í einlægni og heiðarleika og velta við öllum steinum og menn hafi þá ekkert að óttast í málinu.

[14:29]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Það er ekki óeðlilegt að fólk velti fyrir sér hlerunum vegna öryggis ríkisins og íhugi þær, hvernig að þeim hefur verið staðið og hvernig þær komu til.

Sjálfvirki síminn var varla kominn í notkun í Reykjavík á fjórða áratugnum fyrr en farið var að hlera og þá strax samkvæmt dómsúrskurði og talið byggt á gildum lagaheimildum þar um. (**Gripið fram í:** Gegn hörðum mótmælum Sjálfstæðisflokksins?) En þegar kemur að öryggi ríkisins þá er þar eitt sem vekur athygli mína og það er hve þessi tilvik eru fá og hvað þau eru afmörkuð og þá sérstaklega afmörkuð við heimsóknir erlendra aðila og samskipti við erlend ríki. Það vekur líka athygli að við þær rannsóknir sem birtar hafa verið hafa engar heimildir komið fram um hleranir án dómsúrskurðar eða þá upplýsingar um að það hafi verið um pólitískar hleranir að ræða í anda verkamannaflokksins í Noregi.

Mér finnst hins vegar merkilegt hve hv. þingmaður og reyndar fleiri sem hafa tekið þátt í umræðunni vilja gera hlut Sjálfstæðisflokksins mikinn. Það er vissulega rétt að Sjálfstæðisflokknum er umhugað um öryggi ríkisins og hefur alltaf verið en það verður auðvitað að láta aðra njóta sannmælis í þessum efnum, og ég held að á engan sé hallað þótt fyrstur sé nefndur fyrrverandi forsætisráðherra, Hermann Jónasson, en margt af því sem fjallað er um í umræðunni um öryggi ríkisins og þá tiltölulega takmörkuðu starfsemi sem lögreglan hefur unnið í þeim efnum, má rekja til hans og ríkisstjórna hans, þar með talið ríkisstjórna hans í samvinnu við Alþýðuflokkinn. Einnig eru ummæli fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra, Einars Ágústssonar, og fyrrverandi forseta Íslands, Kristjáns Eldjárns, athyglisverð í þessu samhengi, hvernig þeir fjalla um sína afstöðu og þá gagnvart afstöðu lögreglunnar til þessara mála. Síðan er auðvitað hlutur fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, Steingríms Hermannssonar, ekki lítill í þessum efnum. Af þessu má því ljóst vera að yfirvöld á öllum tímum hafa vitað nákvæmlega hvað var að gerast. (**Gripið fram í:** Var það Framsóknarflokkurinn?)

Alþýðuflokkurinn tók þátt í þeim ríkisstjórnum sem hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Hermann Jónasson, fór fyrir, þannig að við skulum ekki heldur vanmeta hlut Alþýðuflokksins í því að hafa áhuga á að vernda öryggi ríkisins. (**Gripið fram í:** Hann var hleraður, var það ekki?) Það er hins vegar nauðsynlegt að allar upplýsingar liggi fyrir og allar upplýsingar komi upp á borðið. Þess vegna hefur verið skipuð nefnd, undir forustu Páls Hreinssonar, sem á að gera þessi gögn aðgengileg fyrir fræðimenn og leggja drög að frumvarpi þannig að það sé skilgreint hvaða fræðimenn hafi aðgang að þessum gögnum. Þetta á allt að liggja fyrir fyrir áramótin. Ég held að það fari miklu betur á því að það sé hlutverk fræðimanna að rannsaka þessi mál og fjalla um þau á sagnfræðilegan hátt frekar en að það séu stjórnmálamenn eða nefndir á þeirra vegum sem fari í gegnum þessi mál og marki einhverja sérstaka ríkissögu í þessum efnum. Ég held að fræðimennirnir séu betur í stakk búnir til að takast á við þetta verkefni og til þess að þeir geti það þurfum að að veita þeim aðgang að gögnunum og ég vil gjarnan stuðla að því að það geti verið í sem ríkustum mæli.

Ég held hins vegar að við eigum að fara varlega í það, þegar við fjöllum um þessi mál og metum hvað var rétt og hvað var rangt á hverjum tíma, að fella dóma yfir þeim dómurum sem ákváðu að heimila hleranir hjá viðkomandi aðilum. Eins og fram hefur komið hefur þetta allt saman verið gert samkvæmt dómsúrskurði og samkvæmt þeim reglum sem um þessi mál giltu á hverjum tíma og því er ekki um það að ræða og á engan hátt hægt að halda því fram að ríkisvaldinu hafi verið misbeitt í þessum efnum. Það voru dómarar sem ákváðu þetta og við eigum síðan að láta fræðimennina um að rannsaka málin.

[14:34]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Við heyrðum hér stórundarlega en mjög dæmigerða ræðu fyrir undanbrögð og flæming Sjálfstæðisflokksins í þessum njósnamálum. Nú er verið að reyna, fyrir utan að gera lítið úr þessu öllu og vekja athygli á hvað þetta hefði verið sjaldan og hvað þetta hefði verið vel afmarkað, bara brotin mannréttindi á tiltölulega fáum, sagði hæstv. ráðherra, þá á að klína þessu á Framsóknarflokkinn. Og aðallega þá feðga Hermann Jónasson og Steingrím Hermannsson. Þeir voru aðalsökudólgarnir í huga hæstv. ráðherra Árna Mathiesens.

Að vitna til nefndar Páls Hreinssonar dugar ekki vegna þess að sú nefnd á eingöngu að fjalla um aðgengi fræðimanna að skjölum. Hún er ekki rannsóknarnefnd. Hún hefur ekki stöðu til að kveðja menn til vitnis. Þaðan af síður hefur trúnaðarskyldu verið aflétt af mönnum o.s.frv.

Þessi tregða Sjálfstæðisflokksins í málinu er óskiljanleg. Hvers vegna gengur núverandi forusta Sjálfstæðisflokksins út í það fúafen að reyna að réttlæta og verja þessa gjörninga frá því fyrir upp undir hálfri öld síðan eða meira? Hvers vegna tekur hún ekki þátt í því eins og aðrir flokkar, og menn hafa gert í öðrum löndum, að takast heiðarlega á við þetta verkefni á þann eina hátt sem fært er? Það er að upplýsa það til fulls. Það er að ákveða hvernig verði farið með það í framhaldinu. Það er að taka til skoðunar hvort ekki beri að greiða fólki bætur sem varð fyrir miska og það er að ganga frá því með skýrum hætti í lögum hvernig aðgengi, ekki bara fræðimanna, heldur þjóðarinnar allrar, og ekki síst viðkomandi fólks eða aðstandenda þeirra verður háttað.

Þetta mál snýst ekki bara um símhleranir. Það snýst líka um viðvarandi leyniþjónustustarfsemi þar sem haldnar voru spjaldskrár á grundvelli stjórnmálaskoðana og hugsana fólks. Það áttu sér stað grófar, pólitískar (Forseti hringir.) njósnir og pólitísk mannréttindabrot. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra Sjálfstæðisflokksins (Forseti hringir.) að reyna lengur að þvælast svona undan í málinu.

[14:36]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Þetta er líklega í fimmta skipti sem rætt er um hlerunarmál sérstaklega á yfirstandandi haustþingi. Hér hafa verið fyrirspurnir um hleranir á símum alþingismanna, umræður um mögulega leyniþjónustustarfsemi á vegum stjórnvalda og rannsóknir á meintum hlerunum almennt. (**Gripið fram í:** Og nú hleranir Steingríms.)

En það sem skiptir kannski máli og ég get tekið það skýrt fram að stefna Framsóknarflokksins er skýr í þessu máli. Við höfum alltaf lagt áherslu á að öll gögn kæmu upp á borðið í þessum efnum.

Fyrsta skrefið í þeim efnum var þingsályktun sem Alþingi samþykkti 3. júní síðastliðinn, fyrir sex mánuðum.

Það er gert ráð fyrir að sú nefnd skili skýrslu um störf sín eigi síðar en í árslok 2006. Það er ekki langt í það.

Sú nefnd á að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi á árunum 1945 til 1991 sem eru í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálsan aðgang fræðimanna að þeim.

Í framhaldi af þessu setti Alþingi lög 4. október 2006 (Gripið fram í.) þar sem tekið var fram að nefndin skyldi hafa frjálsan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi á árunum 1945 til 1991.

Ég tel að þetta mál sé í eðlilegum farvegi og það sé rétt að bíða eftir að sú nefnd sem er nú að störfum ljúki störfum og síðan á Alþingi og við hv. alþingismenn að taka ákvörðun um næstu skref og ég tel mikilvægt að stjórnmálaflokkarnir allir nái saman um tillögur í þeim efnum. Í því sambandi útiloka ég ekkert.

[14:38]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil fá að lýsa því yfir í upphafi máls míns að mér hefur ekki gefist tími til að lesa þá bók sem hv. málshefjandi, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, talaði um í ræðu sinni en ég hyggst svo sannarlega gera það því mér finnst þessi mál á allan hátt mjög áhugaverð. Það er mjög gaman að velta þessu öllu saman fyrir sér og nauðsynlegt að við gerum það öll, íslenska þjóðin.

Ég hef tjáð mig um þessi mál áður í ræðustóli Alþingis. Við ræddum þetta í október og þá lýsti ég þeirri eindregnu skoðun okkar í Frjálslynda flokknum að það væri náttúrlega langeðlilegast að þessi mál yrðu öll rannsökuð. Ég fagna þeim drögum að þingsályktunartillögu sem við þingmenn fengum senda fyrr í dag varðandi að það að nú verði skipuð rannsóknarnefnd sem hafi það verkefni að rannsaka hvað eina sem tengist grunsemdum eða upplýsingum um að öryggisgæsla, lögregluyfirvöld eða aðrir á vegum stjórnvalda hafi annaðhvort stundað hleranir eða viðhaft ólöglegt eftirlit með borgurum landsins.

Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að þetta verði gert. Að við hreinsum þessi mál út kinnroðalaust, gerum okkur grein fyrir hvernig þetta var þannig að við getum lagt þetta að baki okkar. Einfalt mál.

Mér finnst það alveg með ólíkindum, virðulegi forseti, að hlusta á ráðherra Sjálfstæðisflokksins fara undan í flæmingi hvað þetta varðar. Hvað hafa menn eiginlega að fela? Hvað er það sem menn óttast í þessum efnum? (**Gripið fram í:** Það blasir við.) Nei, mér finnst það ekki blasa við. Ég skil ekki hvað menn óttast.

Það var náttúrlega mjög sérstakt ástand á þessum árum, mjög sérstakt, og kannski eigum við sem erum uppi í dag erfitt með að skilja það, við sem ekki lifðum þessa tíma. En ég fæ ekki séð að það þurfi að ríkja nein tregða í þessum efnum. Það á bara að rannsaka þetta og fá þetta á hreint og punktur.

[14:41]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ræða hæstv. fjármálaráðherra áðan var afar athyglisverð. Hún fól nánast í sér þá ósk að menn létu þessi mál í friði, menn horfðu til baka og litu svo á að það hefði verið sérstakt ástand uppi sem réttlætti þetta. Ræða hans gekk á einn eða annan hátt út á það að fleiri hefðu verið ábyrgir en bara Sjálfstæðisflokkurinn. Það er í raun og veru efni ræðunnar.

En þessi mál eru vitaskuld miklu alvarlegri. Hér eru í raun og veru á ferðinni geðþóttaákvarðanir ríkisins eða ráðherra á sínum tíma, að óska eftir hlerunarheimildum gagnvart tilteknum einstaklingum án þess að uppi væri grunur um nokkuð saknæmt athæfi svo vitað sé. Það er fyrst og fremst hjá pólitískum andstæðingum Sjálfstæðismanna sem óskað er eftir hlerunum og það er eðlilegt og skynsamlegt og nauðsynlegt að við hreinsum þarna til í sögu okkar.

Við þurfum að draga það fram hvað þarna bjó að baki og það dugar ekki að halda því fram að þá hafi verið erfitt ástand. Þá hafi verið öðruvísi ástand eða hugmyndafræðilegur ágreiningur í samfélaginu. Einmitt þá er krafan á ríkisvaldið um að viðhafa vönduð vinnubrögð miklu meiri því það er svo auðvelt að missa sig í einhvern tilfinningahita. Það er svo auðvelt að missa sig í að láta geðþótta ráða þeim ákvörðunum sem teknar eru.

Það er einnig mikilvægt að minnast þess að á þessum tíma var staða dómstóla veik því það var oftar en ekki að framkvæmdarvald og dómsvald var á sömu hendi. Svo menn skulu minnast þess í þessari umræðu.

Þannig ég skil ekki hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn, nánast einn þingflokka, berst gegn því að málið verði opnað (Forseti hringir.) upp á fulla gátt.

[14:43]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi hóf mál sitt á því að vísa í þá ágætu bók Guðna Th. Jóhannessonar, Óvinir ríkisins, en fór síðan af stað með gamla sönginn um að þetta væru njósnir sem sérstaklega hefðu verið þénugar Sjálfstæðisflokknum og Sjálfstæðisflokkurinn hefði staðið á bak við og fleira í þeim dúr.

Ég vil í því sambandi víkja að því að í þessari bók er vitnað til greinar Guðna Th. Jóhannessonar, þar sem hann segir:

„En ég segi það aftur hér svo það fari ekki á milli mála: Leyniþjónusta Sjálfstæðisflokksins er að mínu mati rangnefni yfir máttlitla öryggisþjónustu lögreglunnar í Reykjavík, svo máttlitla í raun að ráðamenn gátu nær aldrei farið offari þegar öryggi ríkisins þótti vera í veði."

Ef það er þannig að hv. þingmenn eru að hvetja til þess að hér skuli fara fram heiðarleg umræða um þetta mál, eins og hv. þingmaður gerði og við skulum reyna að velta við öllum steinum og reyna að upplýsa málið, erum við þá ekki sammála um að upphaf þess hlýtur að vera heiðarleg og almenn góð umræða um þessi mál?

Mér finnst það ekki lýsa því þegar hv. þingmaður byrjar á því að vísa í þessa bók og fer síðan að tala á þeim nótum sem hv. þingmaður gerði. Það hefur aldrei staðið á Sjálfstæðisflokknum að reyna að upplýsa þetta mál. Þvert á móti höfum við einmitt staðið að lagabreytingum og löggjöf eins og hv. þingmaður rakti hér áðan til að reyna að varpa ljósi á málið.

Það er algjörlega rangt að Sjálfstæðisflokkurinn standi í

vegi fyrir því að ljósi sé varpað á þetta mál. Það er alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hérna áðan, þetta snýst ekki bara um hleranir. Það eru ýmsar aðrar hliðar þess sem þarf að varpa ljósi á. Meðal annars um fjárhagsleg tengsl íslenskra stjórnmálaflokka við erlend ríki eins og Sovétríkin og auðvitað þarf að varpa ljósi á þetta tímabil til að skýra ýmislegt.

Það er alveg ljóst að hér á landi fóru ekki fram skipulegar hleranir eins og áttu sér stað t.d. í Noregi undir stjórn Verkamannaflokksins. Það er algjörlega rangt, eins og menn hafa verið að draga fram, (Gripið fram í.) að slíkt ástand hafi verið hér á landi. Það er alveg ljóst mál og kemur m.a. fram í þessari bók en það vilja hv. þingmenn ekki hlusta á vegna þess að þeim er illa við að hér fari fram efnisleg umræða (Gripið fram í.) heldur bara frammíkallaumræða.

Það er alveg ljóst mál að hér var um að ræða einstök tilvik þar sem alltaf var stuðst við dómsúrskurði og sú öryggisþjónusta sem hér var skipuð tveimur, þremur mönnum var auðvitað (Forseti hringir.) langt frá því að vera einhver leyniþjónusta sem vakti yfir öllu og öllum. Það er ekki Sjálfstæðisflokkurinn sem berst gegn því að þessi mál séu upplýst. Það eru þeir sem vilja reyna að afvegaleiða umræðuna eins og glöggt hefur komið hér fram í dag.

[14:46]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það mátti skilja á orðum hæstv. sjávarútvegsráðherra að öryggisþjónusta sú sem Guðni Th. Jóhannesson skrifar um hafi haft fullan vilja til að vera stór og sterk en hefði því miður ekki getað orðið stærri en raun bar vitni. Þetta segir svolítið um drauma sjálfstæðismanna, finnst mér í þessum efnum (Gripið fram í.) en við skulum hafa það í huga að hleranirnar sem hefur verið upplýst um frá árunum 1949–1968 virtust í einu og öllu hafa verið pólitískar. Hverjir voru hleraðir? Þeir sem voru hleraðir voru leiðtogar stjórnarandstöðunnar, forustumenn verkalýðsfélaga og aðrir sem andæfðu ríkjandi stjórnarstefnu. Stjórnarandstaða, á sviði utanríkismála fyrst og fremst — það var hún sem var ógn við öryggi ríkisins.

Það er sennilegt að sú stefna hafi verið í andstöðu við meiri hluta þjóðarinnar enda sýndi það sig í leynilegri skoðanakönnun sem gerð var um afstöðu þjóðarinnar til hersetunnar, sem framkvæmd var af bandarískum stjórnvöldum árið 1955, hver vilji þjóðarinnar var í þeim efnum.

Hæstv. forseti. Pólitískar símhleranir samræmast aldrei því skoðanafrelsi sem á að ríkja í lýðræðisríki. Í stað þess að draga lærdóm af þessu máli, þeirri hneisu sem það óneitanlega var og er, á enn og aftur að biðja um víðtækar hleranaheimildir. Aftur er á ferð ríkisstjórn sem rekur umdeilda og vafasama utanríkisstefnu sem forustumenn stjórnarflokkanna hafa meira að segja neyðst til, í ákveðnum tilfellum, að biðjast afsökunar á. Við sáum, virðulegur forseti, í atferli lögreglunnar gagnvart mótmælendum á Austurlandi í sumar sem leið að enn er rík tilhneiging til að skilgreina hvers konar andóf gegn stefnu ríkisvaldsins sem glæp og ganga harkalega fram gegn þeim sem víkja frá hefðbundnum aðferðum í þeim efnum.

Hæstv. forseti. Það verður auðvitað að velta við öllum steinum, öll kurl verða að koma til grafar í þessu máli og nefnd Páls Hreinssonar (Forseti hringir.) verður ekki nægilega sterk til þess.

[14:48]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Forseti. Á undanförnum vikum og mánuðum hafa komið fram upplýsingar um hleranir á einstaklingum, upplýsingar sem lýsa öðrum raunveruleika og tíma en við lifum í dag, sem betur fer. Ég eins og aðrir hef fylgst með þeirri umræðu og upplýsingum sem komið hafa fram enda kenndi téður sagnfræðingur og höfundur margumræddrar bókar mér í 6. bekk MR á sínum tíma. Þess vegna hefur maður kannski sérstaklega fylgst með honum. Það sem skiptir máli í mínum huga er auðvitað að við fáum öll spilin upp á borðið og eigum heiðarlega og málefnalega umræðu um málið.

Þess vegna verð ég að segja, frú forseti, að ræða hæstv. fjármálaráðherra áðan kom mér mjög á óvart. Mér fannst koma fram í máli hæstv. sjávarútvegsráðherra að hann nálgaðist málið út frá því að við ættum einmitt að ræða málið heiðarlega og málefnalega og ekki með því að ráðast sífellt að á aðra stjórnmálaflokka.

Ég velti fyrir mér hvað hæstv. fjármálaráðherra gekk hreinlega til og að hverju hann var að ýja þegar hann dró fram nýjar upplýsingar, eftir því sem ég best veit, um fyrrverandi forsætisráðherra Steingrím Hermannsson.

Mér finnst það málinu ekki til framdráttar heldur eigum við að nálgast það úr frá málefnalegri, heiðarlegri og opinskárri umræðu þar sem við hljótum öll að þurfa að takast á við þetta.

Í umræðunni hefur öllu verið hrært saman, hvort sem um er að ræða innri varnir landsins, hleranir sem heimilaðar hafa verið af dómstólum eða hleranir sem hljóta að vera utan ramma laganna. Við vitum að nefnd Páls Hreinssonar er að störfum og það er mikilvægt að störfum hennar verði hraðað og hún skili okkur vinnu sinni.

Ríkislögreglustjóri hefur jafnframt falið sýslumanninum á Akranesi að vinna að rannsókn. Sú leið sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir stingur upp á í umræðunni finnst mér góðra gjalda verð. Ég tel þó að við verðum að bíða niðurstaðna fyrrnefndrar nefndar Páls Hreinssonar áður en við stígum næstu skref í málinu. En það sem skiptir öllu máli er að rasa ekki að neinu. Málið fer ekki frá okkur. Við þurfum að vanda okkur við þetta eins og annað. Við eigum að lokum að stíga skrefið til fulls. (Forseti hringir.) Þá verða menn að geta rætt um þetta opinskátt og málefnalega en ekki fara í þær ásakanir sem mér finnast koma fram í umræðunni.

[14:50]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Hér hafa satt að segja farið fram mjög athyglisverðar umræður sem varpað hafa nokkru ljósi á þetta mál.

Ég get eins og hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir lýst yfir furðu minni á svari hæstv. fjármálaráðherra í umræðunni þar sem hann valdi þá leið að nefna til einstaka forustumenn Framsóknarflokksins í gegnum tíðina. Það átti vænt-

anlega að sýna fram á að Sjálfstæðisflokkurinn sæti ekki einn í þessari súpu og að einhverjir fleiri væru meðvirkir í málinu.

Ég nefndi enga sjálfstæðismenn á nafn. Ég talaði ekki um neina sérstaka ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Ég talaði ekki um leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins. Ég sagði hins vegar að Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið burðarflokkur í ríkisvaldinu á Íslandi á eftirstríðsárunum og slíkur burðarflokkur hafi greinilega litið svo á að hann væri ekki bara með tímabundið umboð frá kjósendum heldur lægi eitthvert sérstakt vald í stöðu flokksins, stofnanavald sem gerði honum kleift að misbeita ríkisvaldinu eins og ég tel færðar sönnur á að hann hafi gert.

Til sögunnar hafa verið nefndir flokkar í öðrum löndum t.d. norski Verkamannaflokkurinn. Það var burðarflokkur í ríkisvaldinu í Noregi og það kom m.a. fram í norsku nefndinni, sem skipuð var og jafnaðarmenn í Noregi voru ekkert hræddir við að yrði sett á laggirnar, að sá flokkur hafði notað í pólitískum tilgangi þær upplýsingar sem hann komst yfir.

Ég kalla ekki eftir því að hér verið skrifuð einhver ríkissaga. Ég kalla ekki eftir því að við fellum dóma í málinu á þessu stigi. Ég kalla eftir því að við rannsökum þetta, veltum upp hverjum steini og athugum hvort eftirlitið hafi verið misnotað í pólitískum tilgangi. Þá og því aðeins getum við fengið niðurstöðu í því, að við fáum slíka rannsóknarnefnd.

Ég skil málið þannig að framsóknarmenn séu tilbúnir að skoða þetta. Ég mun ganga eftir því í dag og á morgun og skoða hvernig landið liggur. Ég er tilbúin að bíða með tillöguna ef um hana næst sátt og samstaða (Forseti hringir.) en að öðrum kosti mun ég að sjálfsögðu flytja tillöguna hér, væntanlega sem fulltrúi stjórnarandstöðunnar.

[14:52]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fannst ræða mín undarleg en undarlegri var þó ræða hans. Hann virðist ekki hafa neinar áhyggjur af því sem gerist í kringum okkur, virðist ekki telja að ríkið eða að öryggi ríkisins þurfi að verja á einn eða neinn hátt á tímum þar sem ekki er allt ljóst um það hvernig mál eru að þróast. (Gripið fram í.)

Undarlegra er að það skuli koma illa við menn að ég nefni til sögunnar menn sem hafa komið að því að vinna að þessum málum og segja að ég sé að klína einhverju á þá. Ég var að hrósa þessum mönnum. Ég tel að það hafi verið þessum mönnum til hróss að koma að þessum málum. Ég held að Hermann Jónasson, og hef sagt það áður, sé einn af vanmetnari forsætisráðherrum síðustu aldar. Það sem ég sagði held ég að sé honum til hróss og því sem hann gerði, reyndar í ríkisstjórn með Alþýðuflokknum.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talar um að þetta séu allt saman pólitískir andstæðingar sjálfstæðismanna. Voru þeir ekki pólitískir andstæðingar alþýðuflokksmanna á þessum tíma? Voru þeir ekki pólitískir andstæðingar framsóknarmanna líka? Eru þetta bara sérvaldir andstæðingar sem um er að ræða? Það er einkennileg umræða sem fer fram um þetta. Það fer ekkert á milli mála að menn eru að reyna að búa til einhverja ríkissögu með skipun einhverrar nefndar.

Það er ekkert að óttast, það get ég sagt ykkur, í þessu. Það er ekkert sem þarf sérstaklega að réttlæta eða verja. Staðan hér er einfaldlega ekki eins og hún hefur verið í sumum nágrannalöndum okkar. Við skulum setja upplýsingarnar á borðið. Við skulum gera það í gegnum nefnd Páls Hreinssonar og láta rannsaka hlutina. En við skulum láta fræðimennina um að rannsaka málið. Við skulum ekki gera það í gegnum okkar eigin pólitísku gleraugu. Við skulum láta fræðimennina um þetta, til þess eru þeir best færir.

Út af dagskrá voru tekin 12.–34. mál.

Fundi slitið kl. 14:55.

---

# 46. FUNDUR

föstudaginn 8. des.,
að loknum 45. fundi.

**Dagskrá:**

1. Flutningur verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, stjfrv., 186. mál, þskj. 609. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, stjfrv., 231. mál, þskj. 234. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, stjfrv., 347. mál, þskj. 611. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 220. mál, þskj. 612. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Fæðingar- og foreldraorlof, stjfrv., 428. mál, þskj. 516. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Ættleiðingarstyrkir, stjfrv., 429. mál, þskj. 517, nál. 584, brtt. 585. — 2. umr.
7. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 413. mál, þskj. 468. — 1. umr.
8. Jarðalög, frv., 418. mál, þskj. 487. — 1. umr.
9. Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 435. mál, þskj. 536. — 1. umr.
10. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 189. mál, þskj. 190, nál. 489, brtt. 490 og 541. — 2. umr.
11. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 93. mál, þskj. 93, nál. 551. — 2. umr.
12. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 95. mál, þskj. 95, nál. 552, brtt. 554. — 2. umr.
13. Landsvirkjun, stjfrv., 364. mál, þskj. 396, nál. 553. — 2. umr.
14. Breyting á lögum á orkusviði, stjfrv., 365. mál, þskj. 397, nál. 586, brtt. 587. — 2. umr.
15. Loftferðir, stjfrv., 389. mál, þskj. 431, nál. 578, brtt. 579. — 2. umr.

16. Málefni aldraðra, stjfrv., 190. mál, þskj. 191, nál. 525. — 2. umr.

17. Almannatryggingar og málefni aldraðra, stjfrv., 330. mál, þskj. 353, nál. 582 og 599, brtt. 583 og 600. — 2. umr.

18. Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, stjfrv., 232. mál, þskj. 235, nál. 539, brtt. 540. — 2. umr.

19. Lífeyrissjóðir, stjfrv., 233. mál, þskj. 236, nál. 491, brtt. 492. — 2. umr.

20. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 266. mál, þskj. 275, nál. 522. — 2. umr.

21. Ársreikningar, stjfrv., 302. mál, þskj. 317, nál. 546. — 2. umr.

22. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 350. mál, þskj. 379, nál. 543. — 2. umr.

23. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 357. mál, þskj. 388, nál. 544. — 2. umr.

24. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 374. mál, þskj. 408, nál. 545. — 2. umr.

25. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 390, nál. 555. — 2. umr.

26. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 386. mál, þskj. 428, nál. 604. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

27. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 376. mál, þskj. 410, nál. 563 og 603, brtt. 602. — 2. umr.

28. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 276. mál, þskj. 286, nál. 568 og 570, brtt. 569, 571, 601 og 605. — 2. umr.

29. Flugmálastjórn Íslands, stjfrv., 390. mál, þskj. 432, nál. 580, brtt. 581. — 2. umr.

30. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 397. mál, þskj. 441, nál. 588 og 625, brtt. 589. — 2. umr.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Ferð utanríkismálanefndar til Eystrasaltsríkjanna.

[14:56]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Á undanförnum árum hefur vaknað skilningur á því að það sé nauðsynlegt fyrir utanríkismálanefnd Alþingis að eiga meiri og betri viðskipti við þjóðþing annarra landa en áður hafði verið. Af þeim sökum hefur verið ætlað sérstakt fé til þess af fjárlögum og það hefur verið samþykkt í forsætisnefnd Alþingis hversu mikið fé utanríkismálanefnd skuli fá til þessara hluta. Um það hefur ekki verið ágreiningur og á þessu ári var niðurstaðan sú að fara til Eystrasaltsríkja af þeirri ástæðu að við höfum átt mjög góð og náin tengsl við þær þjóðir sem þar búa. Íslendingum hefur verið gerður þar margvíslegur sómi og Eystrasaltsríki haft lagt mikla og ríka áherslu á að eiga gott samstarf við Norðurlönd.

Nú gerðist það í morgun að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, þingmaður Framsóknarflokks, kom til viðtals í Ríkisútvarpinu og sagði þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Við hefðum helst viljað afgreiða þetta frumvarp núna fyrir jólin og gera það að lögum. Það voru í sjálfu sér engir sko, við vorum eini flokkurinn sem í raun og veru vildi starfa fram að jólum. Og auðvitað er almenningur alveg gapandi hissa á því að þingmenn skuli þurfa að fara í jólafrí, sko 8. desember til að Þórunn og Ingibjörg Sólrún og Steingrímur Jóhann Sigfússon og fleiri komist í einhverja skemmtiferð á vegum þingsins í næstu viku. Við vorum eini flokkurinn sem var tilbúinn til þess að starfa í tvær vikur í viðbót ...“

Af þessu tilefni vil ég segja að það hefur aldrei komið til tals að þær hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir færu í ferðina til Eystrasaltsríkja. Ég lagði á hinn bóginn mjög ríka áherslu á það við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að hann kæmi með í förina því að ég hef langa reynslu af því að hann er til sóma fyrir Alþingi hvarvetna sem hann kemur á erlendum vettvangi. [Hlátrasköll í þingsal.]

[14:58]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

(Gripið fram í.) Hæstv. forseti. Að undanförnu hafa hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar ítarlega vikið að og lagt út af orðum mínum hér á hinu háa Alþingi. Nú síðast eru þeir líka farnir að leggja út af orðum mínum í fjölmiðlum. (**ÖS:** Þú ert að ...) Þetta er óvæntur heiður fyrir mig sem nýjan þingmann og að öllu leyti óverðskuldaður. (**ÁRJ:** Halldór Blöndal ...) Að þessu sinni vilja hv. þingmenn ræða orð mín frá því í Morgunvakt Ríkisútvarpsins í morgun. Þar vék ég að því að Framsóknarflokkurinn hefði einn flokka viljað halda áfram þingstörfum næstu tvær vikur og ljúka umræðu um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið.

Aðrir flokkar höfðu hins vegar náð samkomulagi um að ljúka þingstörfum til að hv. þingmenn — og ég nefndi þar hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Steingrím Jóhann Sigfússon — gætu komist í skemmtiferð á vegum Alþingis, eins og ég tók til orða. Nú er það upplýst að hv. þingmenn Þórunn Sveinbjarnardóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir munu ekki ætla að fara í þessa ferð og ég bíðst velvirðingar á að hafa nefnt þær ranglega í þessu sambandi.

Til skýringar er rétt að taka fram að þetta er ferð á vegum utanríkismálanefndar Alþingis til Eystrasaltsríkjanna og ég tel í sjálfu sér óþarfa fyrir hv. þingmenn að fyrtast við þó ég hafi notað orðið skemmtiferð. Ég tel engan vafa á því að þessi ferð verði hv. þingmönnum og Alþingi til gagns (**MÁ:** Gagn af skemmtiferð?) og þó að ferðin verði til gagns er alveg ábyggilegt að ferð þar sem hv. þingmenn Halldór Blöndal og Steingrímur J. Sigfússon eru með í för verður skemmtileg, virðulegi forseti.

[15:00]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. (**Gripið fram í:** Þú verður nú að þakka fyrir þig.) Ég ætlaði að vera hér hálfreiður og skamma hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson. En ég er eiginlega ekki í skapi til þess lengur og hlýt að segja bara eins og forsetarnir gera hér hátíðlega, að þakka fyrir hlý orð og góðar óskir.

Ég vil þó gera athugasemdir við það að menn tali með þessum hætti um störf sín hér. Þegar þingnefnd, utanríkismálanefnd, fer í opinbera ferð til að hitta sambærilegar nefndir í vina- og grannríkjum okkar er það auðvitað vinnuferð, eða líta framsóknarmenn svo á að öll alþjóðasamskipti

séu skemmtiferðir? Er ekki hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson nýkominn úr hálfs mánaðar vellystingum í New York á kostnað skattborgaranna til að sækja allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna? Var það skemmtiferð? (**Gripið fram í:** Mjög skemmtileg.) Var hann ekki í vinnu þar? Var hann ekki að sinna skyldum sínum? (**Gripið fram í:** Það var skemmtileg ...) Hið sama á við um það þegar menn tala þannig eins og að þingmenn geri ekkert og liggi á meltunni nema bara þegar hér standa yfir þingfundir. Hvers konar tal er þetta? Hefur það ekki gildi að menn fari út í kjördæmin, sinni kjósendum sínum eða þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem sífellt þyngjast á herðum okkar litla þjóðþings, að taka þátt í allri þeirri fjölþættu alþjóðasamvinnu sem við reynum að rækta þó fá séum?

Það er ekki til nokkurs annars en að grafa undan okkur sjálfum og virðingu þessarar stofnunar þegar menn tala með þessum hætti. Það er voðalega ódýrt að ætla að slá sér upp á kostnað félaga sinna með þessum hætti, hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson. Maður hlýtur að fara að velta því fyrir sér að ekki geti þingmaðurinn hugað að áframhaldandi þingmennsku. Hann hlýtur að hafa meiri metnað en þann að vinna á svona stofnun ef hann ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur. Kannski er í gegnum þessi ummæli þingmannsins Guðjóns Ólafs Jónssonar hægt að lesa þau tíðindi að hann hyggi ekki á frekari þingmennsku. Það verður þá að hafa það og sumum finnst kannski bættur skaðinn.

[15:03]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég held að öllum sé ljóst að störf þingsins ganga fyrir hér, störfin við að ljúka frumvörpum sem hér liggja fyrir. Það er mjög eðlilegt að semja um það hvernig mál ganga hér fram. Það gerum við alla jafna. Mörgum þeirra frumvarpa sem við fjöllum um hér og snúa meðal annars að skattamálum, málefnum aldraða, almannatryggingum, fæðingar- og foreldraorlofi, ættleiðingarstyrkjum og fleiri mál, þurfum við auðvitað að ljúka fyrir áramót og frumvörpin miðast við það. Því er mjög eðlilegt að við ákveðum í samvinnu hvernig við ljúkum hér þingstörfum.

Hér liggur starfsáætlun fyrir þinginu þar sem gert var ráð fyrir því að við lykjum störfum í dag. Okkur tekst það reyndar ekki fyrr en á morgun. Látum það nú vera. Við ætlum að koma saman eftir áramót og ljúka því frumvarpi sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson gerði að umtalsefni og sagðist vilja klára fyrir jól. Það frumvarp hefur ekki í sér dagsetningu sem miðast við að það þurfi að klárast um áramót. Þess vegna er algjörlega augljóst mál að það var eðlilegt að semja um lokin á þingstörfunum með þessum hætti.

Það að einn flokkur, Framsóknarflokkurinn, hafi viljað halda áfram fram að jólum og kannski milli jóla og nýárs má vel vera. En það kom alla vega ekki fram í þeim umræðum sem við áttum við formann Framsóknarflokksins að þannig vildi hann haga málum.

Mér finnst því þetta mjög undarlegur málflutningur hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar og er þá betra að hafa það sem sannara reynist í málflutningi manna hér.

[15:05]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Það var með nokkurri furðu að ég hlustaði á hádegisfréttirnar í Ríkisútvarpinu í dag þar sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson lýsti því hvernig starfslok hér á þinginu bæri að núna fyrir jólin. Reyndar er kannski óþarfi að verða hissa, ef maður horfir á hvernig þessi hv. þingmaður hefur starfað hér á þinginu þann stutta tíma sem hann hefur komið hér inn, þó að hann fari í fjölmiðlum með rangt mál og fari mjög frjálslega með staðreyndir því að akkúrat þannig hefur hv. þingmaður unnið á þingi þann tíma sem hann hefur verið hér.

Við hljótum að velta því fyrir okkur hvað hv. þingmanni gangi til þegar hann nafngreinir félaga sína, þingmenn, í útvarpsfréttum og hreint og klárt ber upp á þá ósanna hluti. Því hlýtur hann sjálfur að svara hér á eftir. Sannleikurinn og staðreyndir virðast vera aukaatriði þegar kemur að því hjá þessum hv. þingmanni að flytja mál sitt.

Oft horfir maður upp á aumkunarverðar tilraunir þingmanna til að vekja athygli á sjálfum sér í fjölmiðlum. Oftast reyna þó þingmenn að halda sig við sannleikann og staðreyndir. Það sem þessi hv. þingmaður gerði í fréttunum í dag var afar aumkunarvert því að hann reyndi hvorki að halda sig við sannleikann né staðreyndir í málinu heldur fór algjörlega með fleipur frá upphafi til enda.

Svo veltum við þingmenn því fyrir okkur sem hér sitjum hvernig standi á því að virðing Alþingis virðist þverrandi meðal kjósenda og meðal almennings. Ég held að við vitum betur nú svör við því en oft áður og ég held að virðing Alþingis eigi enn eftir að minnka ef fleiri þingmenn eins og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson koma á þing.

[15:07]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar í morgunútvarpinu í morgun og vegna þeirrar myndar sem hann gaf með orðum sínum íslensku þjóðinni um störf þingsins vil ég að það komi hér fram að hv. Alþingi starfar samkvæmt starfsáætlun. Starfsáætlun er að mestu leyti byggð á þingsköpum. Þingfrestun var áætluð í dag, 8. desember. Hæstv. forseti hefur lagt mikinn metnað í að halda starfsáætlun þingsins. Það vildi forseti gera núna og það er alveg ljóst, eins og hér hefur líka komið fram, að þingstörfin ganga fyrir öðrum störfum, bæði nefndastörfum og opinberum ferðum nefnda.

Þegar ljóst varð núna fyrr í vikunni að ekki tækist að ljúka afgreiðslu þeirra mála sem Alþingi ber skylda til að afgreiða vegna skuldbindinga núna um áramótin boðaði forseti til aukafundar með varaforsetum þingsins og gerði þeim ljóst að þeir yrðu að vera viðstaddir hér áfram í næstu viku og jafnvel fram að jólum ef þess þyrfti með. Það var því alveg ljóst að forseti gerði ráðstafanir til þess að hér yrði starfandi þing ef þess þyrfti með.

Ég andmæli orðum hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar og þeirri mynd sem hann gefur af þinginu. Þingmenn valsa ekki um í skemmtireisum þegar þeir eru í opinberum ferðum og þinghlé eru notuð í kjördæmum og við önnur störf. Ég vil að hv. þingmaður minnist þess í framtíðinni í störfum sínum.

[15:09]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hægt er að skamma hv. þingmann miklu meira en hér hefur gert. En ég held að það sé rétt umræðunnar vegna að rifja upp þau ummæli sem kannski mesta athygli vöktu í hádegisfréttunum. Þau voru á þennan veg, með leyfi forseta:

„Það voru í sjálfu sér engir sko, við vorum eini flokkurinn sem í raun og veru vildi starfa fram að jólum. (**Gripið fram í:** Sko.) Og auðvitað er almenningur alveg gapandi hissa á því að þingmenn skuli þurfa að fara í jólafrí sko ... Við vorum eini flokkurinn sem var tilbúinn til þess að starfa í tvær vikur í viðbót ...“

Hér er kannski mjög athyglisvert að Framsóknarflokkurinn er núna á einhverju umbreytingatímabili. Nú eru að koma kosningar og nú ber Framsóknarflokkurinn ekki ábyrgð á nokkrum sköpuðum hlut, ekki einu sinni þinglokunum. (**Gripið fram í:** Skiptir engu máli heldur.) Og skiptir kannski engu máli. Sjálfstæðismenn þurfa ekki einu sinni að tala við framsóknarmenn þegar þeir ljúka þinginu, svo ábyrgðarlitlir eru þeir orðnir á hinu háa Alþingi. (Gripið fram í.) Kjarninn í þessu, eins og félagar mínir á hinu háa Alþingi hafa dregið fram, er að þegar við tölum um þingið á þann hátt sem gert er í þessu þá drögum við virðingu þess niður. Ég verð að segja alveg eins og er að ég man ekki eftir því að þingmaður hafi komið í útvarpsviðtal og nánast lýst því yfir að hann og nokkrir vinir hans í flokknum séu ofsalega duglegir og tilbúnir að vinna á meðan aðrir séu ekki tilbúnir að gera neitt. (Gripið fram í.) Ég hef aldrei nokkurn tímann heyrt aðra eins umræðu eða ummæli eða að nokkur hafi leyft sér að fara þessum orðum um þingmenn á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kom þó hér upp og reyndi að gera eins gott úr þessu og nokkur var kostur. Mér fannst hann þó, í orðum og eins langt og það náði, biðjast þó afsökunar á sinn hátt á þessum ummælum og er það vel. En ég vonast til þess að við sjálf séum ekki að draga úr virðingu þingsins á þann hátt sem gert var í hádeginu í dag.

[15:12]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

(**ÖS:** Biðstu afsökunar.) (**SJS:** Þá er þetta búið.) (**ÖS:** Þá er þér fyrirgefið.) Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir að vekja athygli á ummælum mínum frá því í morgun og lesa þau hér ítrekað upp. Það er rétt að þau komist vel til skila í þingtíðindi líka.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta óþarfa viðkvæmni af hálfu hv. þingmanna. Hv. þingmenn verða að þola að rætt sé um störf þeirra og ferðir. (**Gripið fram í:** Ekki logið.) Staðreyndin (**Gripið fram í:** Leyfið honum ...) er hins vegar sú að almenningur í þessu landi botnar hvorki upp né niður í því að við förum í jólafrí á morgun og komum ekki hingað aftur og höldum þingfundi fyrr en 15. janúar. (**Gripið fram í:** Ert þú að fara í jólafrí?) (**Gripið fram í:** Við erum ekkert að fara í jólafrí.) Það liggur fyrir að við framsóknarmenn vorum tilbúnir til að sitja hér fram á Þorláksmessu, milli jóla og nýárs og strax eftir áramót ef þörf væri. (**SJS:** Hættu þessu nú og skammastu þín.) (Gripið fram í.)

Hv. þm. Jón Gunnarsson talar um að virðing Alþingis fari þverrandi. Það getur vel verið að virðing Alþingis fari þverrandi, en það skyldi þó ekki vera þegar hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lýsir því yfir að kjósendur treysti ekki þingmönnum Samfylkingarinnar. En það kom annað miklu merkilegra fram í þessum ágæta útvarpsþætti í morgun þar sem ég ræddi við hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur og það er hvað varð um skriflegar skýringar formanns Samfylkingarinnar Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á þessum ummælum í ræðu sinni. (Gripið fram í.) Ég held að það væri miklu nær að við vikjum að því hér í umræðu á þinginu, hæstv. forseti. (Gripið fram í.)

[15:13]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þórhallur bóndi Kristjánsson á Halldórsstöðum í Kinn hafði þann vana þegar ég var þar í sveit að þegar hundurinn sýndi af sér dónalegt athæfi eða hlýddi ekki þá var tekið í hnakkadrambið á honum, honum hent út í skurð og ekki sýnt mikið atlæti þaðan í frá. Það sem hundurinn gerði var það að hann dró sig upp úr skurðinum með skottið á milli lappanna og fór svo eitthvert afsíðis og hristi sig.

Það er mikilvægt að þegar hundur sem hefur verið meðhöndlaður á þennan hátt hristir sig þá geri hann það fjarri öðrum. Það er kannski rétt að við tökum upp þá venju hér á þinginu að menn hristi sig í einrúmi héðan í frá. (**ÖS:** Framsóknarmenn.) (**Gripið fram í:** Þetta er nú málefnalegt!)

Er þá þætti hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar nokkurn veginn lokið hér í þessari umræðu. Það hafa líka komið fram upplýsingar um hina meintu skemmtiferð hv. þm. Halldórs Blöndals og félaga hans í utanríkismálanefnd og svör hafa fengist nokkurn veginn við þeim spurningum sem ég bar hér fram áður.

Það sem málið hins vegar leiðir í ljós er að hér er í gangi einhver pirringur, einhver togstreita milli stjórnarflokkanna. Fulltrúi Framsóknarflokksins í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um það mál er sá hinn sami Guðjón Ólafur Jónsson og hér hefur talað. Þegar flokkarnir renna svona saman í kringum málin, þegar annar þeirra skammar hinn fyrir að nenna ekki að vinna, fyrir að fara í skemmtiferðir rétt fyrir jólin og hinn bregst reiður við, þá gerum við stjórnarandstæðingar ekki annað en að draga okkur kurteislega í hlé.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 600–602 og 604–605 og frá síðustu umræðu 1.–5. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

***Flutningur verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, 3. umr.***

Stjfrv., 186. mál. — Þskj. 609.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÖrl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

21 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, GAK, GHall, GÁ, GÖg, HBl, JÁ, JBjart, KLM, LB, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, ÖJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 616).

***Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, 3. umr.***

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 234.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, GAK, GHall, GÁ, GÖg, JÁ, JBjart, KLM, LB, MÞH, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 617).

***Stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, 3. umr.***

Stjfrv., 347. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 611.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KHG*, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, GAK, GHall, GÁ, GÖg, JÁ, JBjart, KLM, MÞH, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, VF, ÖJ) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði. ]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 618).

***Lögheimili og skipulags- og byggingarlög, 3. umr.***

Stjfrv., 220. mál (óheimil skráning lögheimilis í frístundabyggð). — Þskj. 612.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KolH, KHG, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

19 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, GAK, GHall, GÁ, GÖg, JÁ, JBjart, KÓ, KLM, MÞH, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 619).

***Fæðingar- og foreldraorlof, 3. umr.***

Stjfrv., 428. mál (aðgreining umönnunargreiðslna og fæðingarorlofsgreiðslna). — Þskj. 516.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, GAK, GHall, GÁ, GÖg, JÁ, JBjart, KLM, MÞH, SKK, SigurjÞ, SJS, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 620).

### *Ættleiðingarstyrkir, 2. umr.*

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 517, nál. 584, brtt. 585.

[15:21]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um ættleiðingarstyrki. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti.

Í frumvarpinu er kveðið á um rétt kjörforeldra sem ættleiða erlent barn eða börn í samræmi við lög um ættleiðingar til að sækja um fjárstyrk úr ríkissjóði. Styrkurinn nemur 480.000 kr. en sú fjárhæð skal sæta endurskoðun í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á tveggja ára fresti. Þá er gert ráð fyrir að hafi kjörforeldrar ættleitt fleiri en eitt barn samtímis skuli fjárhæðin hækka um 20% fyrir hvert barn umfram eitt.

Meiri hluti nefndarinnar álítur að ekki sé rétt að einskorða veitingu ættleiðingarstyrks við þau tilvik þegar ættleiðing fer fram fyrir milligöngu löggilts ættleiðingarfélags eins og gert er í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins og er því lagt til að umrætt ákvæði verði fellt brott. Eigi að síður vill meiri hlutinn að skýrt komi fram að alþjóðlegar fjölskylduættleiðingar falli utan gildissviðs frumvarpsins og því er jafnframt lagt til að við 1. gr. frumvarpsins bætist nýtt ákvæði þess efnis.

Þá telur meiri hlutinn ástæðu til að árétta að í skýrslu starfshóps um ættleiðingarstyrki frá nóvember 2006 sem frumvarpið byggist á er gert ráð fyrir að samfara frumvarpinu verði gerðar breytingar á A-lið 30. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, í þeim tilgangi að sá hluti styrksins sem sannanlega er varið til að standa undir kostnaði af ættleiðingu barns komi til frádráttar tekjum.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali

Hv. þm. Pétur H. Blöndal stendur ekki að áliti þessu.

Hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Dagný Jónsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Helgi Hjörvar og Birkir J. Jónsson.

Ég vil að lokum þakka hv. nefndarmönnum í félagsmálanefnd fyrir að greiða fyrir þessu máli þannig að það afgreiðist nú fyrir jól. Við höfðum ekki langan tíma til að fjalla um það en það var mikil samstaða meðal nefndarmanna um málið og það er mikil ánægja og gleðiefni að það skuli afgreiðast nú frá Alþingi.

[15:23]

**Össur Skarphéðinsson:**

(Gripið fram í.) Frú forseti. Einn hv. þingmaður kallar fram í: Vertu nú góður við framsóknarmenn, og liggur sjálfur eins og lúbarinn hér úti í sal, og ég ætla að vera að góður við framsóknarmenn í þessu máli og hrósa hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að hafa loksins ýtt þessu máli til framkvæmda. Þetta er mál sem hefur verið lengi til umræðu á hinu háa Alþingi og að því hafa komið margir þingmenn úr mörgum flokkum og aðdragandann má rekja töluvert langt aftur í tímann þegar ýmsir þingmenn voru með fyrirspurnir um þessi mál og óskuðu eftir því að gerð yrði bragarbót á íslenskum lögum þannig að þau yrðu færð til samræmis við það sem gerist í grannlöndum. Hér hefur enginn þingmaður mælt gegn þessu nema einn hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar.

Þetta var eitt af þeim málum sem stjórnarandstaðan gerði samkomulag um við ríkisstjórnina og sérstaklega hæstv. félagsmálaráðherra, að greiða og flýta för þess í gegnum þingið. Það hefur verið gert. Það var með atbeina stjórnarandstöðunnar að málið var tekið með afbrigðum á dagskrá til þess að hægt væri að mæla fyrir því og við, sömuleiðis í prýðilegri samvinnu við hv. formann nefndarinnar, gerðum okkar til þess að flýta afgreiðslu þess í félagsmálanefnd.

Það var eitt tiltekið mál sem ég gerði sterkar athugasemdir við við 1. umr. málsins og reyndar var undir það tekið af öllum þeim sem tóku til máls. Svo háttaði til að í frumgerð málsins var ekki gert ráð fyrir því að hægt væri að veita styrki til foreldra sem ættleiddu barn án atbeina Íslenskrar ættleiðingar. Í umræðunni var hins vegar sýnt fram á að dæmi væru um að börn væru ættleidd af foreldrum sem hefðu sérstök tengsl við lönd sem Íslensk ættleiðing hefur ekki formleg starfstengsl við. Það kom fram sú skoðun og vilji allra við skoðun málsins í félagsmálanefnd að væri málum svo háttað að dómsmálaráðuneytið hefði veitt forsamþykki fyrir ættleiðingum án þess að til hefði komið fyrirgreiðsla eða formlegur atbeini Íslenskrar ættleiðingar ættu foreldrar slíkra barna að njóta jafnræðis á við þá sem hefðu farið hinn hefðbundna farveg. Þetta er mjög í anda þess að hæstv. dómsmálaráðherra hefur með lofsverðum hætti sýnt mikla lipurð í slíkum tilvikum þar sem um er að ræða möguleika á ættleiðingum frá löndum sem ekki eru enn formleg tengsl við ættleiðingarstofnanir í.

Frá því er skemmst að segja að bæði starfsmenn félagsmálaráðuneytisins og ekki síst hv. formaður nefndarinnar, Dagný Jónsdóttir, gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til þess að bjarga þessu máli, þ.e. að hér er lögð fram tillaga með stuðningi allra og að frumkvæði hv. formanns um að fella burt 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins og þar með tel ég einsýnt bæði að samkvæmt lögum og samkvæmt yfirlýstum skilningi allra flokka sé ljóst að foreldrar barna í þeim tilvikum þar sem ekki eru formleg ættleiðingartengsl á milli landa njóta nákvæmlega sömu ívilnana varðandi þennan styrk og þeir foreldrar sem ættleiða börn í gegnum Íslenska ættleiðingu. Ég er fullkomlega sáttur við það og minn flokkur og ég vil þakka hæstv. ráðherra og hv. formanni nefndarinnar fyrir góðan skilning á málinu og ég ítreka að stjórnarandstaðan hefur meira en staðið við sitt varðandi þetta mál.

[15:27]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Ég kem hingað upp til þess að fagna því að nú erum við um það bil að samþykkja ættleiðingarstyrki til kjörforeldra hér á landi. Það hefur tekið tímann sinn að koma þessu í gegn síðustu missirin og ég held að það sé

ekki á neinn hallað þó að ég nefni nafn hv. þingkonu Guðrúnar Ögmundsdóttur. Hún hefur fylgt þessu mjög vel eftir síðustu missirin hér á hinu háa Alþingi og síðan með jákvæðri og góðri umfjöllun í félagsmálanefnd undir stjórn hv. þingkonu Dagnýjar Jónsdóttur, Framsóknarflokki, og með atbeina félagsmálaráðherra erum við loksins að fá hér í gegn að tryggja jöfn kjör og jafnræði kjörforeldra á við aðra íslenska foreldra.

Um það bil 500 Íslendingar hafa verið ættleiddir erlendis frá, u.þ.b. 500 manns, og þeim mun að sjálfsögðu fara fjölgandi á næstu missirum og árum. Það er ekki nema sjálfsagt að ríkið komi til móts við þá foreldra eins og aðra foreldra þegar börn koma í heiminn eða þegar börn koma í fjölskylduna. Ég vil lýsa mikilli ánægju minni með að þetta skuli loks vera komið hingað inn og til afgreiðslu og ég verð að segja það, frú forseti, að stundum eru það málin sem mestu máli skipta fyrir fólkið og fjölskyldurnar í landinu sem kannski taka minnstan tíma hér í ræðustólnum.

[15:29]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Sumir hafa sagt að við eigum að stefna að einföldu Íslandi en hér erum við að afgreiða og ræða frumvarp til laga um ættleiðingarstyrki sem er nýr lagabálkur, nýtt í lagasafninu, nýjar bætur sem fólk þarf að vita af og kunna og læra þannig að ætíð flækist nú velferðarkerfið.

Eins og ég gat um í 1. umr. er ég á móti þessu og ég færði rök fyrir því að það fólk sem ættleiðir barn þarf yfirleitt ekki styrk og það yrði mjög undarlegt ef það þyrfti á því að halda, hafandi verið barnlaust í eitthvert árabil, jafnvel áratug.

Þessi styrkur er veittur án tillits til tekna eða eigna, frú forseti. Þetta er dálítið sérkennilegt velferðarkerfi þar sem jafnvel fólk með háar tekjur og miklar eignir getur fengið bætur frá ríkinu og í frumvarpinu kemur hvergi fram að það eigi að standa kostnaður á móti. Það gæti því verið að einhver gæti ættleitt í einhverju landi án kostnaðar eða með mjög litlum kostnaði en fengi bætur engu að síður.

Ég held að þegar fólk er að ættleiða barn, og þekki það reyndar af vissum ástæðum, þá sé gleðin og ánægjan við það að eignast slíkt barn miklu meiri en svo að einhver hálfrar milljón króna styrkur skipti einhverju máli. Allur kostnaðurinn sem menn eru að tala um við ættleiðingu barns er ekki nema hálft bílverð þannig að ég sé nú ekki hvað menn eru að ganga langt í því að búa til heilan lagabálk utan um ekki neitt og án þarfar. Það er sem sagt hvorki gert ráð fyrir því að hér sé gerð krafa um lágar tekjur né litlar eignir né að það sé einhver kostnaður. Ég er á móti þessu frumvarpi og mun greiða atkvæði gegn því.

[15:31]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessa umræðu, ég vildi bara fá að nota tækifærið og koma hér í ræðustól og þakka þá miklu samstöðu sem er um þetta mál, þetta mikilvæga mál og mikla réttlætismál og þakka þingmönnum fyrir að liðka fyrir framgangi þess hér í þinginu. Frumvarpið kom seint fram af ákveðnum ástæðum en ég vildi bara rétt í örstuttu máli koma hér og lýsa yfir mikilli ánægju með að þetta mál, þetta frumvarp skuli nú u.þ.b. að verða að lögum og fagna því sérstaklega.

[15:32]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég var búinn að biðja um orðið. Ég lýsi yfir stuðningi við þetta mál. Ég furða mig nokkuð á afstöðu hv. þm. Péturs Blöndals. Fólk þarf nú ekki að vera barnlaust í fjölda ára til þess að ættleiða barn og margir ættleiða börn þó að þeir eigi börn fyrir.

Ég lýsi stuðningi mínum og míns flokks við þetta mál og tel að hér sé verið að stíga skref í réttlætisátt og sanngirnisátt og kom eingöngu upp til að tjá þá afstöðu mína.

[15:33]

**Útbýting:**

Fjárhagur sveitarfélaga, 360. mál, svar félmrh., þskj. 567.

Frestun á fundum Alþingis, 458. mál, stjtill. forsrh., þskj. 614.

Húsnæði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, 453. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 594.

Miðstöð mæðraverndar, 452. mál, fsp. ÁRJ og ÞSveinb, þskj. 593.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.*

Frv. allshn., 413. mál. — Þskj. 468.

[15:34]

**Frsm. allshn. (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Allsherjarnefnd Alþingis barst 21 umsókn um ríkisborgararétt á 133. löggjafarþingi en skv. 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að að þessu sinni verði 13 einstaklingum veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Nöfn þeirra er að finna í 1. gr. frumvarpsins á þskj. 468 og ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að lesa þau sérstaklega upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Jarðalög, 1. umr.*

Frv. landbn., 418. mál (veðtökuheimildir óðalsbænda). — Þskj. 487.

[15:35]

**Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga frá landbúnaðarnefnd um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004, með síðari breytingum.

Í 1 gr. segir: Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 2. málsl. fellur brott.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skylda til að tilkynna stofnun réttinda og aðilaskipti skv. 1. mgr. hvílir á kaupanda, erfingja, gjafþega, leigutaka, ábúanda eða öðrum viðtakanda réttar.

Í 2. gr. segir: 43. gr. laganna orðast svo:

Á ættaróðali mega ekki hvíla aðrar veðskuldir en þær sem teknar hafa verið til tryggingar greiðslu lána til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni.

Í 3. gr. segir: Orðin „hjá Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði samkvæmt þeim reglum sem um slík lán gilda á hverjum tíma" í 47. gr. laganna falla brott.

Í 4. gr. segir: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Markmið frumvarpsins er að auka veðtökuheimildir óðalsbænda í óðalsjörð en takmarkanir af því tagi hafa verið í lögum um langa hríð og réttlætast af séreðli eignarformsins. Með sölu Lánasjóðs landbúnaðarins árið 2005 voru möguleikar óðalsbænda þó skertir það mikið að rétt þykir að leggja fram frumvarp þetta. Með frumvarpinu er einnig stefnt að því að skýra 10. gr. jarðalaga um tilkynningarskyldu til sveitarfélaga við aðilaskipti að jörðum.

Óðalsjörð er sérstakt eignarform sem hefur lengi verið í lögum og við gildistöku núgildandi jarðalaga um mitt ár 2004 voru óðalsjarðir taldar vera um 100 talsins. Óðalsjarðir eiga sér langa sögu annars staðar á Norðurlöndunum og segir t.d. frá því í Egils sögu Skallagrímssonar að Haraldur hárfagri sem sameinaði Noreg á 9. öld hafi tekið óðul af bændum. Fyrstu lög um þetta efni voru nr. 8/1936, um erfðaábúð og óðalsrétt. Meðal markmiða laganna var að auðvelda kynslóðaskipti á jörðum með því að auðvelda ungum bændum að taka við góðu búi án þess að þurfa að taka á sig þunga skuldabyrði gagnvart meðerfingjum sem sligað gæti búreksturinn, og að binda jarðirnar varanlega við eina ætt.

Segja má að meginhugmyndin að baki eignarforminu sé að óðalsjörð sé í vörslu ættar og má líkja óðalsjörð við sjálfseignarstofnun í vörslu óðalsbónda sem ber að skila henni til næstu kynslóðar með öllum gögnum og gæðum. Líta má því á óðalsbónda sem nokkurs konar vörslumann óðalsins sem er t.d. óheimilt að nota það til tryggingar persónulegum fjárskuldbindingum ótengdum óðalinu. Að þessu leyti má segja að eignarformið samræmist þeim markmiðum jarðalaga að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota svo sem kostur er.

Í 42. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, er sólarlagsákvæði sem meiri hluti landbúnaðarnefndar mælti fyrir á sínum tíma og samþykkt var við 2. umr. um málið. Samkvæmt því mun eignarform þetta hverfa úr íslenskum rétti á nokkrum áratugum með fráfalli núverandi óðalsbænda og maka þeirra en jafnframt er lagt bann við stofnun nýrra ættaróðala. Samkvæmt áliti meiri hluta landbúnaðarnefndar var talið tilefni til að fella eignarformið úr lögum þar sem ekki væri í raun farið eftir lagaboðum um óðalsjarðir sem væru orðin úrelt og samrýmdust ekki núverandi viðhorfum í þjóðfélaginu til eignarréttar og meðferðar jarða.

Um 1. gr. er það að segja að í 1. mgr. 10. gr. jarðalaga er mælt fyrir um að við stofnun réttinda yfir og aðilaskipti að jörðum, öðru landi, fasteignum og fasteignaréttindum sem lögin gilda um, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu, búskipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán, kaupleigu, leigu og ábúð, skuli tilkynna sveitarstjórn um aðilaskiptin. Í 2. málsl. lagagreinarinnar segir hins vegar að ekki þurfi að tilkynna um eigendaskipti þegar lögaðilar eiga jarðir.

Sá greinarmunur sem gerður er í 2. málsl. 10. gr. á lögaðilum og einstaklingum er ekki eðlilegur og hefur sætt nokkurri gagnrýni. Því er lagt til að sama skylda, til að tilkynna um eigendaskipti, verði lögð á lögaðila og hvílir nú á einstaklingum. Í frumvarpi til núgildandi jarðalaga var þennan greinarmun ekki að finna en hann kom inn í frumvarpið með breytingartillögu meiri hluta landbúnaðarnefndar. Breytingin var rökstudd með því að hún væri til einföldunar og hagræðis þar sem ekki væri unnt að leggja það á sveitarstjórnir að fylgjast með aðilaskiptum að jörðum þegar lögaðilar ættu jarðir enda gæti verið um stór almenningshlutafélög að ræða og því erfitt að fylgjast með breytingum á eignarhaldi þeirra. Í þessu felst algengur misskilningur á eðli hlutafélaga en það eru félögin sjálf, sjálfstæðir lögaðilar, sem skráð yrðu sem eigendur en ekki hluthafar í félögunum.

B-liður greinarinnar hefur að markmiði að skýra hver beri ábyrgð á tilkynningarskyldu til sveitarfélaga. Rétt er talið að viðtakandi réttar sjái um að tilkynna um aðilaskiptin, eða réttindastofnunina, til sveitarfélagsins. Þetta er í samræmi við venjur sem myndast hafa í fasteignaviðskiptum þar sem það er kaupandi sem tekur að sér að þinglýsa kaupsamningi. Mikilvægt er að sveitarfélög hafi upplýsingar um landeigendur og aðra rétthafa á forráðasvæði sínu.

Um 2.–3. gr. er það að segja að eignarhaldi og umsýslu óðalsjarða eru settar þröngar skorður í VIII. kafla jarðalaga. Hafa þessar skorður valdið erfiðleikum við lántöku óðalsbænda þegar kemur að veðsetningu.

Í 47. gr. laganna er óðalsbónda einungis heimilað að taka lán með veði í óðalinu að uppfylltum tveimur skilyrðum. Í fyrra lagi þarf lánið að vera til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni og í öðru lagi er einungis heimilt að taka lán hjá Lífeyrissjóði bænda eða Orkusjóði samkvæmt þeim reglum sem um slík lán gilda á hverjum tíma. Fyrir sölu Lánasjóðs landbúnaðarins var einnig heimilt að taka lán þar en við sölu sjóðsins árið 2005 skertust lántökumöguleikar óðalsbænda hvað hann varðaði. Möguleikar óðalsbænda til lántöku með veði í óðalinu eru því mjög litlir í dag. Með vísan til jafnréttis og hagræðissjónarmiða er lagt til að veðsetningarheimildir óðalsbænda verði víkkaðar allnokkuð með því að þeim verði heimilað að taka nauðsynleg lán hjá hvaða lánastofnun sem er en þó aðeins til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni. Telja verður þetta fyrirkomulag í samræmi við önnur ákvæði VIII. kafla jarðalaga um óðalsjarðir og til þess fallið að tryggja að óðalið haldist óskert. Í samræmi við þessa breytingu er lögð til breyting á 43. gr. laganna og tekin út þau skilyrði sem kveða á um að ekki megi hvíla aðrar veðskuldir á ættaróðali en þær sem kunna að vera teknar í Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði og í staðinn ítrekað að þær megi eingöngu vera til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni.

Bent skal á að fyrirhugað er að heimildir til aðfarar (fjárnáms) í ættaróðali verði áfram takmarkaðar af 48. gr. jarðalaga og því ekki heimilt að ganga að óðalinu til trygg-

ingar öðrum skuldbindingum en þeim sem heimilaðar yrðu skv. 47. gr. laganna. Í 49. gr. laganna eru síðan fyrirmæli um sérstaka málsmeðferð við fjárnám og nauðungarsölu óðalsjarðar.

Þar sem landbúnaðarnefnd flytur þetta frumvarp legg ég ekki til að málinu verði vísað til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 1. umr.*

Frv. GHH o.fl., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 536.

[15:44]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Frumvarp þetta er flutt af formönnum stjórnmálaflokkanna sem nú eiga sæti á Alþingi.

Í júlí 2005 skipaði þáverandi forsætisráðherra nefnd fulltrúa allra þingflokka sem var falið að fjalla um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi á Íslandi. Í nefndinni sátu Sigurður Eyþórsson sem var formaður hennar, Kjartan Gunnarsson sem var varaformaður nefndarinnar, Helgi S. Guðmundsson, Gunnar Ragnars, Gunnar Svavarsson, Margrét S. Björnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Eyjólfur Ármannsson. Einar K. Guðfinnsson sat í nefndinni í upphafi en Guðlaugur Þór Þórðarson tók sæti hans er Einar varð ráðherra í ríkisstjórninni. Starfsmaður nefndarinnar var Árni Páll Árnason lögmaður. Nefnd þessi skilaði skýrslu sinni til forsætisráðherra 22. nóvember sl.

Nefndin starfaði ötullega í eitt og hálft ár, viðaði að sér miklum gögnum og kannaði margvíslega þætti þessara mála bæði í alþjóðlegum samningum og hvernig farið er með í löggjöf annarra þjóða. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til við forsætisráðherra að sett yrðu lög um fjármál stjórnmálasamtaka, frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Jafnframt vakti nefndin athygli á allmörgum þáttum varðandi lagaumhverfi stjórnmálaflokka og umgjörð kosninga sem hún taldi rétt og nauðsynlegt að skipuð yrði sérstök nefnd um til þess að fjalla um og skoða.

Á síðustu stigum starfs nefndarinnar hafði hún samráð og samstarf við formenn stjórnmálaflokkanna og er það frumvarp sem hér liggur fyrir sameiginleg niðurstaða þess starfs og er að langmestu leyti byggt á tillögum og hugmyndum nefndarinnar. Skýrsla nefndarinnar liggur fyrir opinberlega og með frumvarpinu fylgir greinargerð sem samin er af nefndinni.

Eins og þingmenn þekkja hefur oft á undanförnum áratugum verið rætt um hvort ástæða væri til að setja sérstakar reglur um fjármögnun og upplýsingaskyldu stjórnmálaflokka og þeirra sem taka þátt í kosningabaráttu. Slík löggjöf er í gildi í mörgum löndum Vestur-Evrópu, þó ekki öllum, t.d. eru slík lög hvorki í Sviss né Lúxemborg. Þar sem slíkar reglur eru miðast þær almennt að því að tryggja gagnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og skapa þannig traust. Þessar reglur eru með ýmsum hætti, stundum er kveðið á um upplýsingaskyldu um fjárframlög yfir ákveðnu marki, stundum eru framlög fyrirtækja til stjórnmálabaráttu alfarið bönnuð eða mjög stórlega takmörkuð. Í sumum löndum er stjórnmálaflokkum veittur aðgangur að ókeypis útsendingartíma í ljósvakamiðlum og sums staðar eru þessar reglur ekki settar í lög heldur byggðar á samkomulagi milli flokkanna.

Við setningu löggjafar um stjórnmálaflokka, bæði almennt og sérstaklega um fjármál þeirra, er mikilvægt að missa ekki sjónar á því að flokkarnir eru í rauninni hornsteinar lýðræðis í landinu og forsenda heilbrigðrar og eðlilegrar stjórnmálaumræðu. Stjórnmálasamtök hafa því mjög víðtækar skyldur gagnvart borgurum landsins og miklu varðar að stjórnmálastarfsemi njóti trausts borgaranna með sama hætti og stjórnskipun okkar og hið opinbera kerfi almennt. Rammi sem settur er þessari starfsemi þarf því að treysta möguleika stjórnmálaflokkanna til að sinna hlutverkum sínum samhliða því að girða sem kostur er fyrir mögulega misnotkun á aðstöðu eða spillingu. Það er raunar ánægjulegt eins og þingmenn þekkja að alþjóðlegar kannanir, t.d. síðastliðin sex ár, hafa allar verið einróma um að spilling í stjórnmálalífi og innan stjórnkerfisins þrífist ekki á Íslandi. Þetta hafa ávallt verið gleðilegar fréttir og það er skylda okkar að tryggja að þannig verði það áfram á Íslandi. Þær breytingar sem orðið hafa í þjóðfélaginu á undanförnum áratugum hafa dregið stórlega úr hættu á spillingu tengdri stjórnmálastarfsemi. Viðskiptalífið hefur verið leyst úr viðjum leyfisveitinga, mannréttindaákvæði stjórnarskrár verið endurskoðuð og stjórnsýslulög og upplýsingalög hafa verið sett sem stuðla að meiri virðingu fyrir jafnræði borgaranna og auknu gagnsæi. Stjórnmálamenn hafa því æ færri tækifæri til að beita áhrifum sínum til að mismuna fólki eða fyrirtækjum. Af öllu framansögðu er ljóst að viðfangsefni nefndarinnar um lagalegt umhverfi stjórnmálaflokka var flókið og víðfeðmt og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka nefndinni og starfsmanni hennar fyrir vel unnið starf og þá skýrslu og það frumvarp sem nefndin hefur unnið.

Í skýrslu nefndarinnar til forsætisráðherra segir svo, með leyfi forseta:

„Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að sett verði lög um fjármögnun stjórnmálastarfsemi og kosningabaráttu og fylgja drög að frumvarpi þess efnis með skýrslu þessari.

Helsta álitamálið í starfi nefndarinnar var hvernig fara skyldi með takmarkanir á framlögum einstaklinga og lögaðila til stjórnmálastarfsemi. Komu þar fram ólík sjónarmið. Ein leið sem rædd var fólst í því að setja engin eða óveruleg bönn við framlögum en kveða þess í stað á um upplýsingaskyldu um framlög umfram tiltekna fjárhæð. Önnur leið sem rædd var fólst í að banna algerlega framlög lögaðila til stjórnmálastarfsemi og leyfa einungis félagsgjöld einstaklinga.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú að rétt væri að sníða öllum framlögum þröngan stakk. Ástæða þess er ekki síst sú breyting sem orðið hefur hér á landi á undanförnum árum þar sem sífellt fleiri fyrirtæki og einstaklingar hafa fjárhagslega burði til að kosta stóran hluta baráttu flokka eða einstaklinga. Það var sameiginleg afstaða nefndarmanna að

mikilvægt væri að draga úr hættu á tortryggni vegna þessa og skapa gagnsæja umgjörð um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi. Einnig væri eðlilegt að setja rammann frekar þröngt til að freista þess að draga úr kostnaði við kosningabaráttu. Að síðustu væri rétt að taka mið af því grundvallarmarkmiði tilmæla Evrópuráðsins frá 2003 að einstaklingar hefðu möguleika á því að styrkja stjórnmálastarfsemi upp að ákveðnu marki og njóta samt sem áður nafnleyndar."

Þetta atriði er í mínum huga kjarnaatriði í málinu öllu. Þetta er líka höfuðröksemdin fyrir því að nauðsynlegt er að styrkja starfsemi stjórnmálaflokkanna nokkuð frekar af opinberri hálfu en nú þegar er gert. Nú þegar er það þannig að flokkarnir njóta mjög verulegra fjárframlaga bæði af hálfu ríkissjóðs og einnig af hálfu sveitarsjóða sums staðar í landinu þó að það sé ekki með jafnskipulögðum og kerfisbundnum hætti og framlögin frá ríkissjóði eru.

Um öll þessi sjónarmið hefur náðst góð samstaða bæði innan nefndarinnar eins og gerð hefur verið grein fyrir hér sem og einnig milli formanna flokkanna og stjórnmálaflokkanna almennt. Ég fagna því hversu góð samvinna og samstarf hefur verið um úrvinnslu þessa máls og sem endurspeglast í frumvarpi því sem ég mæli hér fyrir fyrir hönd formanna allra stjórnmálaflokkanna.

Í skýrslu nefndarinnar kemur einnig fram að rætt hafi verið um upplýsingaskyldu um tekjur og gjafir til kjörinna fulltrúa. Nefndin taldi það ekki beinlínis á verksviði sínu að setja fram ákveðnar tillögur þetta mál en ritaði forseta Alþingis bréf þar sem gerð er grein fyrir störfum nefndarinnar og því beint til forseta að forsætisnefnd þingsins fjalli um setningu siðareglna um þessi mál, þ.e. hugsanlega upplýsingaskyldu þingmanna og ráðherra um helstu atriði er varða tekjur þeirra og gjafir sem þeir hafa þegið.

Í nefndinni komu einnig fram tillögur og hugmyndir um að möguleg upplýsingaskylda af þessu tagi ætti að vera mun víðtækari og ná til fleiri aðila í þjóðfélaginu en alþingismanna, t.d. forustumanna hagsmunasamtaka, dómara, leiðtoga fjölmiðla og annarra þeirra aðila í þjóðfélaginu sem gegna mikilvægum störfum í almannaþágu og nauðsynlegt er að traust ríki um meðal almennings.

Í samtölum formanna stjórnmálaflokkanna um þessi efni var rætt um hugsanlegt samkomulag um einhvers konar takmarkandi ramma varðandi auglýsinga- og kynningarmál í kosningabaráttu, þó þannig að með engum hætti væri skertur lýðræðislegur og sjálfsagður réttur stjórnmálamanna til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri en hugsanlega yrði eins og oft hefur verið gert á Íslandi og einnig tíðkað í ýmsum öðrum löndum settar einhverjar sameiginlegar samkomulagstakmarkanir á þá fjármuni sem t.d. væri varið til sjónvarps- og blaðaauglýsinga sem mörgum hafa þótt keyra úr hófi fram í kosningum síðari árin. Það er þó öllum málsaðilum ljóst að mjög vandlega þyrfti að undirbúa slíkt samkomulag og það er vandratað meðalhófið í því að setja eðlilegar reglur sem á sama tíma skerði ekki almennt tjáningarfrelsi og möguleika stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna til að koma upplýsingum og skilaboðum til kjósenda.

Ég hef nú, virðulegi forseti, gert nokkra grein fyrir þeim almennu sjónarmiðum sem að baki þessari fyrirhuguðu lagasetningu liggja en vísa að öðru leyti til ítarlegrar skýrslu nefndarinnar og greinargerðar með frumvarpinu þar sem öllum mikilvægustu þáttum þessa máls er haldið til haga. Ég ítreka það fyrir mína parta að höfuðástæða þess að Sjálfstæðisflokkurinn telur nú brýnt að setja löggjöf af þessu tagi eru þær viðurhlutamiklu breytingar sem orðið hafa á efnahags- og fjármálaumhverfinu á Íslandi sem þó eru í sjálfu sér auðvitað mjög jákvæðar. Við höfum ekki séð nein merki þess í dag að reynt sé með óeðlilegum hætti að hafa áhrif á stjórnmálastarfsemina í landinu af hálfu fjársterkra fyrirtækja eða fjársterkra einstaklinga en við viljum reisa skorður við þeim möguleika áður en slíkt gerði hugsanlega vart við sig og við viljum jafnframt gera flokkunum mögulegt að starfa með öflugum hætti með því að veita þeim eðlilegan stuðning af opinberu fé. Við teljum það nauðsynlegt til þess að flokkarnir geti sinnt því grundvallarlýðræðishlutverki sínu og því sem þeim er ætlað í stjórnskipan landsins. Við teljum nauðsynlegt að verja stjórnmálalífið fyrir þeirri hættu að gerðar verði tilraunir til þess að hafa áhrif á úrslit einstakra mála með óeðlilegum hætti.

Stjórnmálaflokkarnir þurfa jafnframt að vera í stakk búnir til þess að veita málefnalega forustu í ótal málum og í síflóknara þjóðfélagi en ljóst er að þeir þurfa eins og aðrir á meiri sérfræðiþekkingu að halda og meiri og öflugri möguleikum til að geta sett sín mál fram með vel undirbúnum hætti. Stjórnmálaflokkarnir þurfa, hvort sem þeir eru í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu, að standast öflugum hagsmunasamtökum og öflugum fyrirtækjum og öðrum áhrifaaðilum í þjóðfélaginu snúning og það er ófært að þeir þurfi þá á sama tíma að vera háðir þeim aðilum um sitt eigið rekstrarfé.

Þess vegna teljum við sem að þessu frumvarpi stöndum það eðlilega og sjálfsagða skyldu fjárveitingavaldsins bæði á Alþingi og í sveitarstjórnum að tryggja að stjórnmálstarfsemin í landinu geti verið óháð og frjáls að öðru en því að njóta fyrst og fremst stuðnings eigin flokksmanna. Samkvæmt frumvarpinu hafa flokksbundnir einstaklingar rúmar heimildir til að styðja sína flokka jafnframt því sem ekki er alveg lokað fyrir að lögaðilar geti styrkt flokka í litlum mæli og t.d. eru slík framlög hjá tengdum aðilum takmörkuð þannig að einungis getur verið um að ræða eitt framlag, ef svo mætti segja, frá tengdum aðilum.

Mörg nýmæli eru í frumvarpinu, birtingarskylda bókhalds stjórnmálaflokka og -samtaka, reglur um hámarkskostnað frambjóðenda í prófkjörum svo ég nefni dæmi. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að stjórnarandstöðuþingflokkar fái hærri fjárhæð en þingflokkar stjórnarflokka vegna sérfræðiaðstoðar og þannig er viðurkennt mikilvægi og nauðsyn öflugrar stjórnarandstöðu. Lögð er skylda á sveitarfélög sem verða æ stærri og stjórnmálastarf í þeim æ tímafrekara að styrkja stjórnmálaflokkana í sínum sveitarfélögum. Frambjóðendur til embættis forseta Íslands eru settir undir svipaðar reglur og aðrir frambjóðendur í persónukjöri, að þurfa að gera grein fyrir fjárreiðum sínum að loknum kosningum en jafnframt er gert ráð fyrir að heimilað verði að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé til þess að styrkja frambjóðendur til embættis forseta Íslands eftir nánar tilgreindum reglum.

Ég og aðrir flutningsmenn vonumst til þess að þetta frumvarp verði að lögum og það megi verða til þess að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í

stjórnmálastarfi. Eins og segir í 1. gr. frumvarpsins er markmið laganna að auka traust á stjórnmálastarfsemi og efla lýðræðið. Þetta eru háleit markmið sem alþingismenn hljóta allir að geta sameinast um. Það var ljóst bæði í starfi títtnefndrar nefndar og í viðræðum formannanna að um margt voru mismunandi viðhorf og sjónarmið í þessum málum. Það frumvarp sem hér er lagt fram er niðurstaða samkomulags þar sem allir hafa í nokkru hvikað frá ýtrustu hugmyndum sínum en eru jafnframt sammála um það að standa saman um þetta frumvarp og sameinast um það að vinna sem best úr málinu áfram á grundvelli þeirra laga sem vonandi verða sett um þetta viðfangsefni. Af því tilefni er sérstakt endurskoðunarákvæði í frumvarpinu þar sem lögð er sú skylda á forsætisráðherra sem hér verður 30. júlí 2010 að skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi til að endurskoða lög þessi og framkvæmd þeirra. Auðvitað kemur ekkert í veg fyrir að lögin verði endurskoðuð fyrr en þarna er sú leið farin að tvennar kosningar, þ.e. einar alþingiskosningar a.m.k. og sveitarstjórnarkosningar hafi farið fram áður en endurskoðunin á lögunum fer fram.

Í lagafrumvarpinu er Ríkisendurskoðun falið margvíslegt og mikilvægt verkefni. Ríkisendurskoðun er sá aðili sem allir flokkarnir voru sammála um að væri best til þess fallin að gegna þessum mikilvægu og viðkvæmu verkum sem talin eru upp og gerð er grein fyrir í frumvarpinu. Við samningu þess hafði nefndin samband við Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðandi lýsti því yfir að hann væri reiðubúinn til að taka að sér þessi verkefni og mundi kappkosta að vinna að þeim í góðri samvinnu við alla málsaðila. Jafnframt átti nefndin samstarf við formann og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga um þátt sveitarfélaganna í þessu og tel ég að málið njóti góðs stuðnings á þeim vettvangi. Til þess að koma nokkuð til móts við væntanlegan kostnað sveitarfélaganna af málinu er lagt til í frumvarpinu að kostnaði við alþingis- og forsetakosningar verði létt af sveitarfélögunum en hann borinn af ríkisstjórninni. Hér er raunar á ferðinni gamalt umræðuefni milli ríkis og sveitarfélaga og í raun eðlilegt að verða við þeirri ósk sveitarfélaganna að létta af þeim þeim kostnaði hvað sem þessu frumvarpi líður.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta mál fái skjóta og góða afgreiðslu á hinu háa Alþingi og geti tekið gildi um áramót eins og gildistökuákvæði þess segir til um og það verði jafnframt til þess að leggja nýjan og farsælan grundvöll að stjórnmálastarfsemi framtíðarinnar á Íslandi. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[15:58]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég held að óhætt sé að fullyrða að frumvarp til laga um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra sem hér er á ferðinni marki allveruleg tímamót. Frumvarpið markar tímamót vegna þess að ef það verður að lögum, sem ég geri fastlega ráð fyrir, verða þetta fyrstu lögin sem sett eru hér á landi um fjármál stjórnmálasamtaka og upplýsingaskyldu stjórnmálasamtaka, þrátt fyrir að eftir slíkum lögum hafi verið kallað í mörg ár og áratugi, ekki síst af ýmsum sem tilheyra þeim væng stjórnmálanna sem ég er fulltrúi fyrir. Íslenskir jafnaðarmenn hafa lengi haft það sem baráttumál að slík lög væru sett, m.a. hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir verið ötull talsmaður þess og verið 1. flutningsmaður að mörgum málum í þessa veru. Það má því segja að hún hafi hamrað steininn ótt og títt á þinginu með þetta mál og það sannast kannski hið fornkveðna að dropinn holar steininn, ekki vegna þess að hann falli endilega svo þungt til jarðar heldur svo oft. Þingmaðurinn á auðvitað heiður skilinn fyrir að hafa unnið ötullega að þessum málum.

Eins og ég sagði markar þetta frumvarp tímamót og kannski ekki síst fyrir það að full samstaða náðist um það milli stjórnmálaflokkanna á þinginu að standa að flutningi þessa frumvarps. Um innihald frumvarpsins varð góð sátt milli formanna flokkanna og þess fólks sem sat fyrir okkur í þeirri nefnd sem skipuð var til að vinna að þessum málum. Ég er ekki viss um að margir hafi haft trú á því þegar nefndin var skipuð í júlí 2005, nefnd fulltrúa allra þingflokka, að hún næði niðurstöðu í málinu vegna þess að það virtist a.m.k. svo að himinn og haf væri milli sjónarmiða flokkanna í málinu.

Það er stundum þannig að allt hefur sinn tíma og við vorum einfaldlega þangað komin núna í þessum málum að það var forsenda fyrir sátt á milli stjórnmálaflokkanna í viðkvæmu deilumáli sem lengi hefur verið þrætuepli á milli flokka. Þetta segir okkur það, eins og ég hef áður bent á, að mörg mál eru þeirrar gerðar að ef menn einfaldlega setjast niður, útskýra sjónarmið sín og ræða sig í gegnum þau þá er sáttin kannski oft nær en menn vilja vera láta. Vísa ég í því sambandi til fjölmiðlamálsins árið 2004 og ætla ég líka að vísa í Ríkisútvarpið sem liggur fyrir þinginu.

Í þessu frumvarpi er kveðið á um fjárframlög til stjórnmálasamtaka og stjórnmálastarfsemi. Það er tilgangur þeirra að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gegnsæi í fjármálum. Markmið laganna er að auki að auka traust á stjórnmálastarfsemi og efla lýðræði. Þetta stendur í 1. gr. frumvarpsins, markmiðsgreininni. Ég tel einmitt mjög mikilvægt þetta gegnsæi sem kemst þarna í fjárreiður stjórnmálaflokkanna, sem ég er sannfærð um að er til þess fallið að auka traust á stjórnmálastarfseminni ef vel tekst til sem allar forsendur eru fyrir.

Samfylkingin hefur lengi verið þeirrar skoðunar að í þessum efnum ætti að ríkja gegnsæi, þ.e. að flokkarnir ættu að vera bókhaldsskyldir og þeir ættu að birta tölur úr bókhaldi sínu opinberlega og m.a. kveða þar á um fjárframlög frá lögaðilum og einstaklingum sem væru yfir ákveðinni upphæð. Við vorum í sjálfu sér ekki þeirrar skoðunar að það ætti endilega að setja bann við fjárframlögum yfir ákveðinni upphæð, aðalatriðið væri gegnsæið þannig að öllum mætti ljóst vera hvort flokkar þæðu fjárframlög frá tilteknum fyrirtækjum eða ekki. Þannig gætu kjósendur og almenningur gert sér grein fyrir því hvort um hugsanlega hagsmunaárekstra væri að ræða í afgreiðslu mála sem koma til kasta flokkanna. Ég gat hins vegar alveg fallist á það að setja þetta þak, 300 þús. kr. þak á fjárframlög, bæði frá lögaðilum og einstaklingum, og ná þannig samstöðu í þessu máli, þó að almennt sé ég ekki mjög fylgjandi bannleiðum

heldur fremur því sem lýtur að gegnsæi. Ég tel að það megi öllum ljóst vera að það kaupir sér enginn fylgispekt, hvorki einstaklings né flokks, fyrir upphæð sem er undir 300 þús. kr. Sú upphæð ætti því ekki að bjóða upp á neina hagsmunaárekstra milli fyrirtækja og flokka.

Þá er líka mikilvægt í þessu sambandi að hér er um algert gegnsæi að ræða vegna þess að flokkunum ber að gera grein fyrir og birta lista yfir þá lögaðila sem styrkja þá um einhverjar upphæðir sem eru undir þessari hámarksupphæð sem er 300 þús. kr. Varðandi framlög frá einstaklingum er sama bann í gildi, þ.e. þau framlög mega ekki vera yfir 300 þús. kr. en það er ekki sama birtingarskylda á þeim framlögum og ræður þar auðvitað miklu um réttur einstaklinga til þess að starfa í stjórnmálum og leggja þeim lið með þeim hætti sem þeir helst kjósa. Það er við því að búast að þetta muni hafa áhrif á fjárreiður stjórnmálaflokkanna vegna þess að allir hafa flokkarnir þurft að leita stuðnings hjá fyrirtækjum og einstaklingum til stjórnmálastarfsemi sinnar þó að í mismiklum mæli sé. Þess vegna er mikilvægt að tryggja þeim framlög, þ.e. þingflokkum og stjórnmálaflokkum úr ríkissjóði og sveitarstjórnarflokkum frá sveitarfélögum, til þess að standa við bakið á þessari mikilvægu starfsemi því að stjórnmálaflokkarnir eru auðvitað gríðarlega mikilvæg eining í öllu lýðræðislegu starfi að stjórnmálum.

Ég tel að það séu mjög mikilvægar greinar í þessu frumvarpi sem lúta sérstaklega að reikningsskilum og upplýsingaskyldu og ég er þar að vísa til 9. og 10. gr. þessa frumvarps þar sem kveðið er nákvæmlega á um það hvernig stjórnmálasamtök skuli færa reikninga sína og að þau skuli skila Ríkisendurskoðun árlega reikningum sem áritaðir séu af löggiltum endurskoðendum. Þá er líka kveðið á um það að Ríkisendurskoðun skuli í kjölfarið birta útdrátt úr ársreikningi stjórnmálasamtaka með samræmdum hætti. Þannig verði birtar tilteknar lykiltölur sem verði þær sömu fyrir öll stjórnmálasamtök. Hér segir í frumvarpinu:

„Þar skal greina a.m.k. heildartekjur og heildargjöld. Þá skal flokka tekjur eftir uppruna, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum, ásamt helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórnmálastarfsemi."

Svipaðar reglur gilda samkvæmt þessu um frambjóðendur í persónukjöri eða í prófkjörum og það er í 11. og 12. gr. Ég tel ég gríðarlega mikilvægt að reyna að ná utan um það vegna þess að við höfum fylgst með því á undanförnum mánuðum, missirum og árum að svo virðist sem útgjöld til framboðs í prófkjörum fari sífellt vaxandi. Ég held raunar að þar sé kannski meiri hætta á ferðum fyrir stjórnmálastarfsemina en hjá flokkunum sjálfum þegar einstaklingar þurfa að verja verulegum fjárhæðum, milljónum og jafnvel milljónatugum í framboðsbaráttu til Alþingis eða sveitarstjórnar og sækja þá fjármuni til fyrirtækja á markaði.

Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt frumvarp sem hér er að líta dagsins ljós. Ég vil þakka sérstaklega því fólki sem sat í nefnd fulltrúa allra þingflokka sem vann að þessu og ég þakka einnig formönnum annarra stjórnmálaflokka fyrir gott samstarf í þessu máli.

Ég vil segja tvennt að lokum, virðulegur forseti. Annars vegar það að ég tel mikilvægt að stjórnmálaflokkarnir komi sér saman um það á næstu vikum með hvaða hætti þeir ætla að reyna að halda aftur af þeim gríðarlega fjáraustri sem nú er samfara auglýsingum í tengslum við kosningar. Mér finnst mikilvægt að flokkarnir sýni ákveðna ráðdeild í þessum efnum og reyni að ná utan um útgjöld sín sem eru samfara auglýsingakostnaði fyrir kosningar.

Annað sem ég vil líka geta um er mikilvægi þess að menn starfi í anda þessara laga, ekki aðeins stjórnmálaflokkarnir heldur ýmsir sem styðja við bakið á stjórnmálaflokkunum, þannig að ekki verði til neins konar neðanjarðarkerfi þar sem hollvinasamtök stjórnmálaflokka eða einhverjir einstaklingar í prívatframtaki taki sér það fyrir hendur að fara að auglýsa flokkana upp eða jafnvel að auglýsa gegn flokkum, eins og tíðkast m.a. í Bandaríkjunum þar sem eru umfangsmikil bönn við fjárframlögum til stjórnmálasamtaka. Þar hafa peningarnir fundið sér farveg í gegnum slík hollvinasamtök sem fyrst og síðast eru með neikvæðar auglýsingar um aðra stjórnmálaflokka og frambjóðendur, sem setur mjög leiðinlegan svip á bandarísk stjórnmál sem menn sáu kannski ekki alveg fyrir. Ég tel mikilvægt að að komi skýrt fram hjá okkur, formönnum stjórnmálaflokkanna, að við teljum það ekki samrýmast anda þessara laga og að við munum ekki með neinum hætti eiga aðild að því að slíkir hlutir gerist eða samþykkja slíkt, þó að það geti verið erfitt fyrir okkur formlega séð að koma í veg fyrir það.

Þetta vildi ég sagt hafa, virðulegur forseti. Ég tel mikilvægt að þetta mál fari nú til nefndar og þar verði kallaðir til aðilar til að gefa umsögn um það sem eru líklegir til að hafa á því skoðun og allherjarnefnd gefist þannig kostur á því að heyra í fólki sem hefur skoðun á þessum málum og sem mikilvægt er að við þingmenn heyrum núna í meðferð málsins.

[16:10]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég vil eins og ræðumennirnir á undan mér, hæstv. forsætisráðherra og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, fagna því að frumvarp þetta er komið fram og góð samstaða hefur tekist um að brjóta í blað og setja fyrstu, almennu löggjöfina um þetta viðfangsefni, fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, hvað varðar upplýsingaskyldu um þau mál og fleira sem frumvarpið inniheldur.

Að mínu mati er einn megintilgangur þessa frumvarps að fyrirbyggja tortryggni, bæta andrúmsloftið í samskiptum stjórnmálaheimsins og þjóðarinnar þannig að ekki þurfi að vera neikvæð umræða og tortryggni, að mestu vonandi eða jafnvel að öllu leyti tilefnislaus, um að fjármálalegt afl geti haft óæskileg áhrif á stjórnmálin á bak við tjöldin.

Að mínu mati er verið að reisa hér fyrir fram skorður við því sem aðrar þjóðir hafa flestar hverjar fyrir löngu gert, að fjársterkir aðilar geti gert tilraunir til og jafnvel náð því að kaupa sér völd og áhrif með því að veita fjármuni til stjórnmálamanna eða stjórnmálasamtaka gegn greiða á móti. Í ljósi þess mikla ríkidæmis sem víða er orðið að

finna og þess að miklir hagsmunir geta stundum verið í húfi þegar einstaka ákvarðanir í stjórnmálum eru teknar þá er öllum fyrir bestu að reyna að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann og grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana af þessu tagi. Ég hygg að einmitt þess vegna sé mikilvægt að þetta frumvarp reynir að taka á málinu heildstætt, tekur til beggja stjórnsýslustiga, tekur til starfsemi stjórnmálasamtaka í heild, til stjórnmálamanna sem einstaklinga og frambjóðenda, t.d. í prófkjörum.

Í raun er miklu ríkari ástæða til að hafa áhyggjur af því þegar einstakir stjórnmálamenn, einstaklingar safna fjármunum til sinnar persónulegu stjórnmálabaráttu eða prófkjörs en til að hafa áhyggjur af starfsemi stjórnmálasamtaka á landsvísu. Sama gildir í raun um sveitarstjórnarmál. Þar er návígið miklu meira og minna innbyggt aðhald í gegnum starfsemina sem slíka en þegar í hlut eiga stjórnmálaflokkar á landsvísu, með sitt félagslega og lýðræðislega aðhald og þá miklu hagsmuni sem í húfi eru.

Ég tel að þær takmarkanir sem hér eru settar á fjárheimildir einstaklinga og lögaðila til að veita fjárframlög til stjórnmálastarfsemi séu í öllum aðalatriðum eðlilegar og viðmiðunarmörkin, þ.e. upphæðirnar ásættanlegar. Auðvitað má lengi ræða um hvað sé hóflegt í þessum efnum, hvort hámarksframlög eigi að vera 300 þús. kr. á ári eða eitthvað meira eða minna. En hér er farin sú leið að setja skýr mörk og jafnframt farin leið upplýsingaskyldu og gagnsæis þannig að öll framlög frá lögaðilum verða hér eftir opinber. Það held ég að sé í raun gott fyrir báða aðila. Nú velta menn því sjálfsagt fyrir sér hvort þetta muni leiða til þess að fyrirtæki muni almennt hverfa frá stuðningi við stjórnmálaflokkana. Það verður auðvitað að koma í ljós.

En skyldu ekki mörg fyrirtæki með stolti sýna að þau leggi þessari bráðnauðsynlegu undirstöðustarfsemi í lýðræðisríkinu lið og geri þar öllum jafnhátt undir höfði og þyki frekar af því sæmd en hitt að slíkt komi fram opinberlega.

Það er rétt að taka fram að þetta mál á langan aðdraganda í þeim skilningi að það hefur verið rætt á Íslandi í áraraðir og áratugi hvort ekki væri nauðsynlegt að setja lög um þetta. Ég hef hreyft þessu máli ítrekað á umliðnum árum í ræðu og riti.

Hér var nefnt frumkvæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það er hárrétt, að hún hefur verið iðin við það, eins og mörg önnur mál, að halda þessu á lofti og það er vel. En það hafa vissulega fleiri gert. Ég vil líka nefna í þessu samhengi að að sjálfsögðu hefur það verið hverjum og einum frjálst og opið að setja reglur og fara fram á grundvelli þeirrar hugsunar sem hér er höfð að leiðarljósi, að um þetta skuli gilda skýrar reglur, ákveðin takmörk og flokkar skuli upplýsa um sín mál. Það hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð gert frá upphafi.

Við höfum frá upphafi haft ársreikninga okkar opna. Við höfum látið löggilta endurskoðendur endurskoða þá og leggja starfsheiður sinn við að þar sé allt rétt upp gefið. Við höfum sett okkur reglur frá byrjun um fjármálaleg samskipti við fyrirtæki og haft ákveðið hámark á upphæðum sem við tækjum við án þess að gefandinn væri nafngreindur. Við höfum gengið enn lengra en þetta. Á heimasíðu okkar flokks geta menn fundið, ekki bara ársreikningana heldur líka upplýsingar um persónulegan fjárhag okkar þingmanna og maka okkar, eignir okkar og möguleg hagsmunatengsl.

Veruleikinn er sá, frú forseti, að fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð boðar þetta frumvarp ákaflega litlar breytingar. Við höfum í öllum aðalatriðum þegar gert þær ráðstafanir sem frumvarpið mun gera að almennri reglu. Ég hvet menn til þess, ef þeir hafa áhuga á, að fara inn á heimasíðu okkar, vg.is og skoða þær upplýsingar sem þar er að finna. Það er að sjálfsögðu öllum frjálst og velkomið.

Ég vil í þessu samhengi þakka fulltrúa okkar í nefndinni, sem hér hefur unnið þarft starf, Kristínu Halldórsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og fyrrverandi alþingismanni, fyrir hennar góða starf fyrir okkar hönd í nefndarstarfinu.

Að lokum vil ég segja að auðvitað er heilmikil vinna fram undan sem snýr að því að móta reglur í nánari atriðum en lögin mæla fyrir um framkvæmd þessa máls, m.a. um samskiptin við Ríkisendurskoðun. Ég tel þarft að flokkarnir eigi áfram með sér gott samstarf um framhaldið og jafnvel verði áfram starfshópur við lýði með fulltrúum flokkanna sem geta eftir atvikum unnið með Ríkisendurskoðun og öðrum aðilum sem málið varðar. Mér sýnist ljóst að flokkarnir sem slíkir, sem stofnanir, þurfi að vinna talsverða undirbúningsvinnu, sérstaklega hvað það varðar að tengja kjördæmisráð og grunneiningar í starfi flokka með nánari hætti við móðurskipin þannig að þessar reglur nái yfir alla starfsemina eins og þeim er ætlað.

Varðandi einstök efnisatriði þá held ég að ég sleppi því að mestu að nefna þau. Hér er ýmislegt sem mætti velta vöngum yfir eða gera athugasemdir við. Ég vil þó aðeins nefna 5. gr. og það sem snýr að sveitarfélögunum sem er vel að merkja nauðsynlegt að hafa þarna með. Þessi löggjöf á að sjálfsögðu að taka yfir stjórnmálastarfsemi í heild. Það er ekki síður ástæða til að hún taki yfir stjórnmálastarf á sveitarstjórnarstigi en á landsvísu. Það má þó velta því fyrir sér hvort ástæða væri til að líta á ákvæði 5. gr., m.a. með hliðsjón af því að reglunni er ætlað að taka til sveitarfélaga allt niður í 500 íbúa.

Það kann að vera, eins og mér hefur verið bent á, að það geti verkað fullmiðstýringarlegt, að hér sé kannski með óþarflega nákvæmum hætti sagt fyrir um hvernig sveitarfélögin skuli standa að málum. Ef til vill þyrfti að vera meiri sveigjanleiki, t.d. vegna gríðarlega mismunandi stærðar sveitarfélaga. En það og ýmislegt annað af svipuðum toga má að sjálfsögðu skoða betur eftir atvikum að því marki sem þingnefnd hefur tíma til. En það má líka endurskoða komi í ljós að lögin séu einhverjum annmörkum háð hvað þetta eða annað snertir.

Það leiðir mig að því síðasta, frú forseti, sem ég ætla að nefna. Það er ósköp einfaldlega að í ákvæði til bráðabirgða er mælt fyrir um að þessi lög skuli koma til endurskoðunar eigi síðar en 30. júní 2010. Það er hugsað þannig að endurskoðunarstarfið fari í gang í beinu framhaldi af því að lögin hafa gilt um einar kosningar á báðum stjórnsýslustigum, þ.e. alþingiskosningarnar sem í hönd fara í maímánuði næstkomandi og sveitarstjórnarkosningar í maí árið 2010.

Þetta held ég að sé hyggilega ráðið. Það ber að sjálfsögðu ekki að skilja sem svo að komi í ljós, t.d. við út-

færslu reglna og framkvæmdina á fyrsta eða öðru ári að eitthvað megi betur fara að þá megi ekki breyta lögunum fyrr ef ástæða verður til. Því held ég að menn eigi að drífa þetta mál fram og gera að lögum, hefja tafarlaust undirbúning að framkvæmd þeirra og líta á það sem mikilvægan og merkan áfanga í þróun okkar löggjafar og okkar lýðræðis- og réttarríkis að þessi mál fari í svipaðan farveg og svipaðan umbúnað hér á landi og gert hefur verið í nánast öllum vestrænum lýðræðis- og þingræðisríkjum sem við berum okkur saman við þótt hæstv. forsætisráðherra hafi að vísu einhvers staðar fundið tvö Evrópuríki, ef ég heyrði rétt, sem hann telur að hafi ekki sett sér slík lög.

[16:23]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég lít svo til að hér séum við að setja merka löggjöf. Við erum að marka stjórnmálastarfseminni í landinu ákveðinn farveg, ákveðnar samskiptareglur sem allir fari eftir og allir þurfi að undirgangast. Ég tel að með þessari skipan mála verði starfsemi stjórnmálaflokkanna almennt aðgengilegri fyrir alla landsmenn sem fái betri sýn á starfsemi flokkanna, bæði hvað varðar fjáröflun þeirra, hvaðan þeir hljóta styrki, sem og sundurgreiningu á því hvaða upphæðir koma frá félagsmönnum sem félagsgjöld, hvaða upphæðir frá einstaklingum sem styrkir sem og það að frá lögaðilum liggi fyrir hverjir þeirra styrki flokkana, styrki þar af leiðandi stjórnmálastarfsemi í landinu og lýðræði einnig. Það er vissulega mikilvægt að efla lýðræðisskipulag þar sem við öll göngumst undir ákveðnar skyldur að þessu leyti.

Við í Frjálslynda flokknum höfum frá upphafi okkar starfs verið með það sem við höfum kallað opið bókhald, bókhald sem er endurskoðað af endurskoðanda. Hann tekur út og stimplar eða skrifar upp á að eðlilega sé fært og eðlilegar reikningsskilavenjur viðhafðar sem og greiningar á tekjum, gjöldum, skuldum, eignum, framlögum o.s.frv. Við höfum sjálf sett okkur ákveðnar reglur til margra ára í því sambandi og höfum núna seinni árin miðað við það að allar upphæðir sem væru yfir 500 þús. til starfsemi stjórnmálaflokka væru gefnar upp og upplýst hver væri gefandinn eða styrkveitandinn.

Í starfsemi okkar höfum við einnig verið með hóp félagsmanna sem greitt hafa svokallað kjölfestugjald til flokksins. Þeir hafa auðvitað verið að stórum hluta burðarás við það að styrkja starfsemi okkar flokks ásamt almennum félagsgjöldum og framlögum frá einstaklingum.

Nú er verið að setja hér sameiginlegar reglur fyrir alla stjórnmálastarfsemina að þessu leyti varðandi upphæðir og frá hverjum þær koma, upplýsingaskyldu um slíkt. Ég tel að þetta plagg sem við erum að ræða, frumvarpið um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, sé þáttur í lýðræðisskipan okkar og verði til þess að hér eigi fólk að hafa betri yfirsýn yfir það hvernig stjórnmálaflokkarnir starfa almennt á landi hér og það liggi þá skýrar fyrir öllum. Það held ég að muni þá einnig draga úr innbyrðis deilum um það að stjórnmálaflokkar hafi misjafnan aðgang að fjármagni og einnig það að ekki sé ákveðinn hópur fyrirtækja eða lögaðila sem styrki einn stjórnmálaflokk frekar en annan. Þetta held ég að sé eðlilegt og nauðsynlegt í nútímaþjóðfélagi. Einnig hefur verið bent á að á seinni árum hafa risið upp hér á landi fyrirtæki og einstaklingar sem eru með það mikið fjármagn að ef þeir vildu beita því til að leggja einum stjórnmálaflokki lið gætu þeir orðið mjög ráðandi með fjárstyrk sínum. Hér eru því settar verulegar skorður og það tel ég að sé til bóta, hæstv. forseti.

Auðvitað hefur margt borið á góma í því nefndarstarfi sem sett var á fót af þáverandi forsætisráðherra Halldóri Ásgrímssyni í júlí 2005. Það er ekki eins og að öll þessi umræða um starfsemi stjórnmálaflokkanna hafi legið í einhverju þagnargildi. Það hefur líka verið vilji til að setja slíkri starfsemi einhverjar skorður með lögum og reglum. Vissulega hafa þeir sem í nefndinni störfuðu sem og við sem erum í forustu stjórnmálaflokkanna reynt að gæta ákveðins trúnaðar um það starf sem hefur verið unnið. Það er eðlilegt þegar menn vinna svona starf vegna þess að á einhverjum tímapunkti þurfa auðvitað allir að gefa eftir til að lenda svona máli. Það hafa ekki allir sömu skoðun á þessu máli, hvernig með það eigi að fara.

Ég hygg að nefndin sem var sett í þetta verk hafi unnið ágætt starf og ég þakka fulltrúa okkar frá Frjálslynda flokknum, Eyjólfi Ármannssyni lögmanni, sérstaklega fyrir þá vinnu sem hann hefur lagt í þetta fyrir hönd okkar í Frjálslynda flokknum. Ég tel að nefndarmenn allir sem í nefndinni störfuðu hafi unnið gott verk og haft víðsýni að leiðarljósi við það að reyna að ná þessum málum saman þó að auðvitað hafi hverjum sýnst sitt þegar menn byrjuðu í þessu nefndarstarfi og allir þurft að víkja kannski eitthvað frá sínum stífustu skoðunum eða meiningum til að lenda þessu saman í þann farveg sem varð svo sá grunnur sem við formenn stjórnmálaflokkanna náðum að sameinast um til að svo mætti fara að inn í Alþingi kæmi til afgreiðslu heildstætt frumvarp um fjármál og starfsemi stjórnmálaflokka.

Þetta mál hefur verið kynnt í þjóðfélaginu og verið til umfjöllunar. Auðvitað sýnist sitt hverjum um það sem hér er lagt til en almennt vil ég segja sem mína skoðun að við erum með þessu lagafrumvarpi að efla lýðræðið og gera stjórnmálastarfsemina opnari fyrir fólki í þjóðfélaginu. Ég tel að þetta muni til framtíðar efla lýðræðisþróun í landinu og fagna því að við séum að ná saman um þetta mál. Það hefur einnig verið kynnt eins og ég gat um áður og hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu þannig að hér er ekki um að ræða mál sem dettur inn í þing þó að það komi reyndar seint til afgreiðslu sem ekki hefur verið til umræðu og menn hafa ekki getað kynnt sér. Það hefur verið til umfjöllunar, menn hafa vitað efni þess og öllum verið það ljóst í meginatriðum, a.m.k. á seinni stigum síðustu vikurnar, um hvað þetta frumvarp snerist og um hvað það mundi snúast.

Þegar slíkar reglur eru settar þurfum við samt ekki að reikna með því að við náum utan um nákvæmlega hvert einasta atriði í starfsemi stjórnmálaflokkanna. Hún er fjölþætt og fjölbreytt og það hefur verið reynt að skilgreina hvað teljast fjármunir í slíku sambandi. Síðan er dregin þessi regla með 300 þús. kr. sem markar hámark fjárframlaga og markar einnig það sem menn mega vera með í gjafir eða styrki, kaffisamsæti og aðra fundi sem oft er gefið til af ýmsum til þess að slíkir fundir megi fara fram sem og það að flokkarnir gefa út blöð. Þau eru oft héraðsbundin og hafa auðvitað verið fjármögnuð með því að aðilar hafa ver-

ið með styrktarlínur eða auglýsingar í slíkum blöðum. Það er eðlilegt að slíkt geti haldið áfram en því er samt sem áður settur hér ákveðinn rammi. Ramminn er sá að þar keyri ekki umfram eðlilegan viðmiðunarkostnað og Ríkisendurskoðun verður að skoða hvað flokkarnir hafa notað í slíka útgáfu á undanförnum árum og setja um það reglur þannig að það sé ekki leið sem menn noti þá til fjáröflunar umfram þær reglur sem hér er stefnt að. Ég hygg að vilji allra stjórnmálaflokkanna sé til þess að halda þessar reglur og halda þetta samkomulag sem væntanlega verður lögfest því það byggir mikið á því í framtíðinni að við sem störfum í stjórnmálaflokkunum höfum vilja til þess að láta þessa hluti ganga upp og aðlaga okkur reglum sem við þurfum e.t.v. að kunna að setja á komandi mánuðum og árum til að þessi mál fari í þann farveg sem menn vilja.

Ég vek hins vegar athygli á því að þegar við setjum þessi takmörk setjum við þeim framlögum sem einstaklingar og fyrirtæki hafa getað veitt stjórnmálaflokkum til starfsemi sinnar ákveðin takmörk. Þess vegna liggur í hlutarins eðli að þá komi eitthvað meiri fjármunir frá ríkissjóði til starfsemi stjórnmálaflokkanna enda er þar með einnig verið að gera ljóst hvaða fjármunir fara í þessa starfsemi og menn ættu almennt að vera hlynntir því að vita það.

Aldrei verður það hins vegar svo að við þurfum ekki eitthvað að lagfæra og við getum þurft að takast á við það á komandi árum. Þó að endurskoðunarákvæðið sé ekki hér fyrr en 2010 gætum við þurft að takast á við það að endurskoða einhverjar þeirra reglna og jafnvel laga sem við setjum okkur hér.

Það eru nokkur mál sem ég vil víkja að í lok ræðu minnar, hæstv. forseti, sem snúa að starfsemi stjórnmálaflokka og hafa mikil áhrif á það hvernig við notum fjármuni. Þar sem við erum að undirgangast það að setja okkur þessar takmarkanir sem hér verða væntanlega festar í lög og fáum síðan styrki úr ríkissjóði til starfsemi okkar ber okkur í stjórnmálaflokkunum að setja okkur sjálfum skynsamlegar reglur um það hvernig við nýtum slíka fjármuni. Í því sambandi vil ég sérstaklega víkja að auglýsingakostnaði. Mér finnst ekki mjög góður svipur á því að að settum þessum lögum þar sem ríkissjóður leggur meira til stjórnmálaflokka en áður notum við þá fjármuni í miklum mæli í afar dýrar auglýsingar í komandi alþingiskosningum svo að við tökum dæmi af því sem næst okkur er. Við höfum þá ábyrgð að nýta þá fjármuni sem okkur eru fengnir í hendur og vinna með þá þannig að þegnar í þjóðfélaginu geti ekki sagt: Jú, jú, þeir fengu hér nokkrar milljónir og þær fóru beint í leiknar sjónvarpsauglýsingar og hurfu þar. Mér finnst að við eigum að horfa svolítið til þess, hæstv. forseti, að við í stjórnmálaflokkunum sem erum þar í forustu setjumst nú saman og reynum að búa okkur til sameiginlegar reglur um það hvernig við viljum standa að þeim þætti málsins á komandi mánuðum, sérstaklega vikum kosningabaráttunnar rétt fyrir kjördag.

Ég vil einnig lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að það eigi að færa lok kosningabaráttu fjær kjördeginum en nú er, ef t.d. er kosið á laugardegi ljúki hinni formlegu kosningabaráttu flokkanna á miðvikudegi, þess vegna með einhverjum umræðuþætti sem þjóðin væntanlega öll getur hlustað á. Auðvitað lýkur samt ekki starfseminni sem slíkri. Menn halda áfram að vinna heimavinnuna sína, hringja í kjósendur o.s.frv. en hinni formlega auglýstu stjórnmálabaráttu gæti kannski lokið 2–3 dögum áður en kosið er.

Ég vil velta því hér upp, þótt það gerist kannski ekki fyrir þær alþingiskosningar sem fara í hönd, að skoða hvort við eigum að setja okkur einhverjar reglur um það að skoðanakannanir t.d. birtist ekki síðustu 2–3 dagana fyrir kosningar í stað þess að þær hrúgist inn nánast fjórar, fimm, sex á hverjum einasta degi á síðustu dögum kosningabaráttunnar. Ég held að kjósandinn þurfi líka næði til að leggja mat á málflutning okkar og vega það og meta hvaða afstöðu hann tekur til atkvæðis síns, hvernig hann vill beita því þegar kemur að kjördegi.

Síðan vil ég nefna, hæstv. forseti, meðferð vafaatkvæða og úrskurð þeirra sem er vikið að í greinargerð nefndarinnar með frumvarpinu og einnig það sem ég hef kallað 17. aldar framkvæmd á því að greiða atkvæði utan kjörfundar þar sem liggur við að hverjum kjósanda sé ætlað að vera með sama fyrirkomulag á að koma atkvæðinu sínu á einhvern eða ferðast jafnvel með það sjálfur til að koma því í ákveðna kjördeild. Framkvæmdin er sú að það er kosið hjá sýslumönnum utan kjörfundar og ég held að með nútímatækni hljóti að vera hægt að koma því svo fyrir að atkvæði verði eftir þar og þaðan sé niðurstöðunni skilað eða hún flokkuð og talin þannig að hver og einn kjósandi þurfi ekki, jafnvel á síðustu klukkustundum síns mögulega tækifæris til að kjósa ef hann er utan heimasveitar sinnar, t.d. sjómenn sem eru í höfn víða á landinu án þess að vera í sinni heimasveit, að standa í sérstökum reddingum við að koma atkvæði sínu til skila. Mér finnst það vera landpóstafyrirkomulag að menn þurfi að ferðast með sitt eigið atkvæði í stað þess að eiga þann rétt að atkvæðið komist tryggilega til skila og niðurstaðan þar með. Það er meginniðurstaða kosningalaga að kjósandinn á að eiga þann rétt að atkvæði hans sé talið með og allur vafi talinn honum í hag um að hann sé að skila af sér atkvæði og koma vilja sínum á framfæri.

Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti, og síðan það að lokum að við talningu í kjördeildum, þ.e. vegna kosningakerfis okkar um uppbótarþingmenn o.s.frv., þarf að athuga að ákveðnar kjördeildir séu ekki búnar að loka og afgreiða málin. Ef mjög litlu munar um það hvernig þingmenn falla á kjördæmi getur þurft að endurtelja vafaatkvæði og úrskurða á nýjan leik og jafnvel endurtelja allt saman ef munurinn er mjög lítill. Þetta finnst mér að við þurfum að skoða í flokkunum og setja okkur um þetta skynsamlegar reglur þannig að þegar falla atkvæði svo að litlu munar sé alveg óumdeilt að það sé skoðað upp á nýtt, endurtalið og allur vafi útilokaður sem framast má verða.

[16:41]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það frumvarp sem hér er til umræðu. Ég fagna því og framlagningu þess og lýsi stuðningi framsóknarmanna við þetta frumvarp. Það er merkur áfangi í lýðræðisþróun Íslendinga og stuðlar að jafnræði, gegnsæi og hófsemi í stjórnmálastarfi.

Ég þakka nefndarmönnum störf þeirra að þessu máli og

ég þakka öðrum formönnum stjórnmálaflokkanna samstarfið um þetta mál og minnist þess að nú hefur náðst árangur af margra ára umræðum í starfi þeirrar nefndar sem þáverandi forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson lét setja til þess að vinna þær tillögur sem nú eru komnar fram og samstaða hefur náðst um.

Ég tek undir margt það sem fram hefur komið í framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra og ræðum annarra hv. þingmanna við þessa umræðu. Við þurfum að sjálfsögðu að læra af reynslunni sem nú fæst fram undan og það eru einmitt endurskoðunarákvæði í frumvarpinu sem hníga að því að eftir nokkurn tíma verði það tekið til skoðunar í ljósi fenginnar reynslu.

Eitt af því sem þarf sérstaklega að hafa í huga er hvort nú fara að skapast hér svokölluð frjáls samtök utan stjórnmálaflokkanna sem fara að hafa afskipti af stjórnmálabaráttu, t.d. með auglýsingum, með margs konar kostun eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nefndi áðan þar sem t.d. í Bandaríkjunum eru svokallaðar Political Action Committees orðnar mjög umsvifamiklar og hafa mikil áhrif í stjórnmálum, m.a. með svokölluðum neikvæðum auglýsingum. Ég tek undir það líka að það er æskilegt að flokkarnir haldi áfram samstarfi sínu og samtölum um hugsanlega möguleika á því að ná einhvers konar samkomulagi um auglýsingakostnað sem ég held að sé mjög mikilvægt að við reynum til þess að þetta frumvarp, þegar það er orðið að lögum, megi skila þjóðinni og lýðræðisþjóðfélagi okkar sem mestum árangri.

Ég endurtek þakkir til nefndarmanna og lýsi enn á ný stuðningi við þetta frumvarp.

[16:44]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Það ber að sjálfsögðu að fagna þessu frumvarpi um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu. Það má kannski segja að það sé svolítið táknrænt að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sé hæstv. forseti yfir þessu máli, hún sem hefur margoft lagt svipað fram á þingi. Umræðan um framlög til stjórnmálaflokka og til stjórnmálamanna almennt hefur aukist í þjóðfélaginu. Almenningur hefur kallað eftir meira gegnsæi og hefur sú krafa ekki síst aukist í kjölfar umræðna um kostnað vegna kosningabaráttu og þá sérstaklega vegna þátttöku einstaklinga í prófkjörum.

Þegar okkur berast upplýsingar um að prófkjörskostnaður geti farið í allt að 14 millj. er eðlilegt að Gróa á Leiti fari af stað og það er nokkuð ljóst að ekki hafa allir aðgang að slíku fé. Mér sýnist að skv. 8. gr. sé einstaklingi bannað að eyða meiru en rúmum 5 millj. og er það vel að setja slíkt þak þótt jafnvel megi spyrja hvort það sé ekki of hátt.

Í 11. og 12. gr. eru ákvæði um reikningsskil frambjóðenda í prófkjörum og upplýsingaskyldu um reikninga eftir kosningabaráttu og er það vel að menn skuli vera skyldaðir til að leggja fram slíkar upplýsingar.

Frú forseti. Ég fagna þessu frumvarpi þó að alltaf megi spyrja sig hvort gengið sé nógu langt. Það má vera að ef þetta er liður í að stöðva fjáraustur í kosningabaráttu, og þá sérstaklega í prófkjörum, séum við á réttri leið. Við hljótum að þurfa að setja spurningarmerki við það þegar einstaklingur notar um eða yfir 10 millj. íslenskra króna í prófkjörsframboði. Hvað rekur menn áfram til að eyða slíku fjármagni og hverjir greiða í raun þennan kostnað? Ég hef ávallt verið á móti því að fyrirtæki eða eigendur fyrirtækja greiði slíkan kostnað, þ.e. styrki einstaklinga beint í kosningabaráttu sinni, og spyr: Hvaða skilyrði fylgja slíkum styrkjum? Vonandi engin.

Frú forseti. Vonandi nást þau markmið þessa lagafrumvarps að auka traust kjósenda á stjórnmálahreyfingum, stjórnmálaflokkum og að efla lýðræðið. Ég hef þó trú á að við þurfum að endurskoða þessi lög og þá er gott að hafa þetta bráðabirgðaákvæði hér um að það sé ekki endurskoðað seinna en 2010.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Álbræðsla á Grundartanga, 2. umr.*

Stjfrv., 93. mál (tekjuskattur á arð o.fl.). — Þskj. 93, nál. 551.

[16:47]

**Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Þetta er í rauninni afskaplega einfalt mál. Það lýtur að tveimur efnisatriðum, annars vegar því að eigendur Norðuráls hafa ákveðið að breyta félaginu úr hlutafélagi í einkahlutafélag. Hinn þátturinn lýtur í rauninni að smávægilegri skattameðferð sem tengist fyrst og fremst tvísköttunarsamningum og meðferð arðs eftir búsetu eigenda.

Nefndin fékk til sín góða gesti. Skoðaði málið að sjálfsögðu ítarlega. Hverjir gestir voru má lesa á þingskjali 551. Til að gera langa sögu stutta þá mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir það rita allir hv. nefndarmenn, hvort heldur eru áheyrnarfulltrúar eða með fulla setu í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 2. umr.*

Stjfrv., 95. mál (framlenging gildistíma laganna o.fl.). — Þskj. 95, nál. 552, brtt. 554.

[16:49]

**Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti við frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.

Virðulegi forseti. Svo sem kunnugt er hafa lög um endurgreiðslur á hluta kostnaðar vegna kvikmyndagerðar verið í gildi hér síðan árið 1999. Þeim var örlítið breytt árið 2000

vegna umsagnar EFTA. Óhætt er að segja að þetta ákvæði hafi laðað til sín mikla fjármuni, mikla tæknilega þekkingu, með því að erlendir kvikmyndaaðilar hafa komið hingað í vaxandi mæli til þess að framleiða, taka upp og gera kvikmyndir, stuttar eða langar, leiknar eða heimildamyndir og auglýsingamyndir.

Þetta er orðin vaxandi atvinnugrein og er talið að einungis á árinu 2005 hafi velta þessa iðnaðar verið um 3 milljarðar kr. Margfeldisáhrif af þessum iðnaði eru talin veruleg. Talið er að 1 króna lögð í kvikmyndaiðnaðinn skili 2,5 kr. í margfeldisáhrif. Þessu tengist alls lags þjónusta, störf fyrir tæknifólk, þjónustufólk, matsala, gisting og þar fram eftir götunum. Þar að auki er talið að um 900 manns hafi starfað við þennan iðnað árið 2005.

Nú var þetta ákvæði um það bil að renna út og samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að framlengja það til ársins 2011. Þá mun hv. Alþingi væntanlega taka málið til endurskoðunar að nýju.

Í framsöguræðu hæstv. iðnaðarráðherra velti hann því upp að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 12% í 14%. Það var meðal annars rökstutt með því að nú hafa Norðmenn viljað feta svipaðar slóðir. Iðnaðarnefnd hv. tók þeirri áskorun afar vel og leggur til — það er önnur meginbreytingin sem iðnaðarnefnd leggur til í sinni umfjöllun — að endurgreiðsluhlutfallið verði hækkað úr 12% í 14%.

Þá er önnur breyting sem nefndin leggur til sú að þeir sem hafa þegar sótt um endurgreiðslu geti, verði þessi lög samþykkt og farið með hlutfallið úr 12% í 14%, endurnýjað umsókn sína og notið góðs af 14% endurgreiðslu.

Svo sem vænta má ríkir full samstaða um þetta ágæta mál innan hv. iðnaðarnefndar og undir nefndarálitið rita allir viðstaddir nefndarmenn og áheyrnarfulltrúi tekur einnig undir þetta álit.

[16:53]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil segja aðeins örfá orð. Ég er sammála því sem hér var farið yfir og nefndinni í afgreiðslu hennar á þessu málefni. Ég fagna því sérstaklega sem þarna er verið að gera vegna þess að mér finnst að þetta sýni aukinn skilning meðal alþingismanna og Alþingis á íslenskri framleiðslu og íslenskum atvinnuvegum, en ég lít þannig á að kvikmyndagerð sé hluti af íslensku atvinnulífi.

Hér var það tínt til í ræðu hv. formanns nefndarinnar að 900 störf hefðu verið í þessum iðnaði á síðasta ári eða árið 2005, held ég að það hafi verið. Ég vil vekja athygli á því að hér gekk ákaflega illa að fá Alþingi og ríkisvaldið til þess að styðja við bakið á íslenskum iðnaði. Það hefur gengið illa á undanförnum árum. Ég vek athygli á skipasmíðaiðnaðinum sem eitthvað líklega í kringum 1.200 manns höfðu beina atvinnu af á sínum tíma, þ.e. þegar hér var mest að gera í skipasmíðunum. Það eru engir tollar á innfluttum skipum og stuðningur við þann iðnað hefur verið ákaflega takmarkaður og mikið minni en í löndunum hér í kringum okkur fram á þennan dag.

Ég vona að það sem hér er verið að gera núna sé vísbending um að menn séu tilbúnir að skoða betur hagsmuni Íslendinga af þeim atvinnugreinum sem eru í landinu og reyna að gera þeim mögulegt að minnsta kosti að nálgast það samkeppnisumhverfi sem þeim er búið í löndunum hér í kring.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Landsvirkjun, 2. umr.*

Stjfrv., 364. mál (eignarhald og fyrirsvar). — Þskj. 396, nál. 553.

[16:55]

**Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Í raun má segja að þetta frumvarp sé margslungið en líka einfalt því þetta er frumvarp sem byggir á samkomulagi sem gert var á milli annars vegar ríkisins og hins vegar Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Það lýtur að því að ríkið kaupi hlut Reykjavíkurborgar annars vegar og Akureyrarbæjar hins vegar í Landsvirkjun. Um það fjallar þetta frumvarp og með frumvarpinu er verið að lögfesta það samkomulag, enda er samkomulagið með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Um þetta samkomulag hefur verið fjallað í 1. umr. og að sjálfsögðu ítarlega um það fjallað í nefndinni enda komu fjölmargir gestir á fund nefndarinnar og aðrir sem veittu skriflega umsögn. Um gesti þessa má lesa á þingskjali 553.

Til viðbótar við samninginn á milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins um kaup ríkisins á Landsvirkjun þá er að auki í frumvarpinu örlítil tilfærsla, ef svo má segja, þar sem eignarhaldið á Landsvirkjun er fært úr iðnaðarráðuneyti yfir í fjármálaráðuneyti. Það er í samræmi við frumvarp sem ég mun mæla fyrir nefndaráliti um, væntanlega í næsta dagskrárlið, og þar er greint annars vegar á milli stjórnsýsluábyrgðar og hlutverks iðnaðarráðuneytisins gagnvart orkufyrirtækjum og hins vegar eignarhaldinu á þeim. Það er talin eðlileg og réttari stjórnsýsla að greina þar á milli þannig að eignarhaldið sé í einu ráðuneyti en stjórnsýsluhlutverkið sé í öðru ráðuneyti. Um það fjallar sem sagt hin breytingin í þessu frumvarpi.

Í raun þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og undir það rita allir nefndarmenn, þó tveir þeirra, þeir hv. þm. Ellert B. Schram og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

Að svo mæltu vil ég segja að meiri hlutinn leggur til að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt, hæstv. forseti.

[16:58]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég var nú ekki staddur á fundi nefndarinnar þegar hún afgreiddi þetta mál út. En félagar mínir sem nefndir voru hér í framsöguræðu hv. formanns nefndarinnar voru þar og skrifuðu undir með fyrirvara.

Við 1. umr. málsins fjölluðum við um það hér og þá kom það fram að við teljum í sjálfu sér eðlilegt að staðfesta þessi kaup og að frumvarpið sem slíkt sé í samræmi við þá

þörf sem myndast við það að ríkið verður einn eigandi að Landsvirkjun.

Þau orð sem hv. formaður nefndarinnar hafði um að verið væri að lögfesta samkomulagið sem gert var eru að því leyti til rétt að auðvitað er verið að lögfesta þær skuldbindingar sem í samkomulaginu eru. Ég tel reyndar ástæðu til að vekja athygli á því að ekki eigi að láta reyna á sumt í þessu samkomulagi því þeir fyrirvarar sem þar eru gerðir í því skyni að hafa opna möguleika til einhvers konar einkavæðingar Landsvirkjunar finnst mér ekki eigi að vera til nota fyrir stjórnvöld. Þeir hafa vakið hins vegar tortryggni á því sem hér er að gerast og vont er að menn skuli þurfa að vera með vangaveltur um að þeir sem eru við völd núna, ríkisstjórnin, séu með hugmyndir í farteskinu um að hleypa nýjum eignaraðilum inn í Landsvirkjun með einhverjum hætti eða selja hlut í henni. Það er mikið verk óunnið áður en möguleikar verða á slíkum tilfæringum. Þann fyrirvara vil ég gera að það er gjörsamlega óþolandi að menn velti því yfirleitt fyrir sér að selja hlut í Landsvirkjun á meðan ekki hefur verið gengið frá því hvernig þeim auðlindum sem Landsvirkjun hefur frá þjóðinni fengið til einkanota fyrir framleiðslu sína, bestu virkjanlegum auðlindum í landinu að mati þeirra sem um véluðu á sínum tíma, verður fyrirkomið til framtíðar. Að ræða yfirleitt um að til greina komi að selja einkaaðilum þær auðlindir finnst mér alls ekki ganga. Það er ekki hægt að bjóða upp á þann málflutning.

Við erum sammála því að leyst er nú úr þeim eignarhaldsvanda sem skapaðist vegna þess að tvö sveitarfélög í landinu áttu helminginn af þessu fyrirtæki sem hafði verið fengið í hendur að nýta þessar auðlindir. Það var afar óeðlilegt fyrirkomulag og uppi sitjum við eftir þennan gjörning með að þessi tvö sveitarfélög frá gríðarleg verðmæti til sín. Í sjálfu sér er ekkert við því að gera. Þau höfðu eignast þennan hlut. Hins vegar er ástæða til að velta því fyrir sér hvort þegar svona, það sem ég vil kalla, mistök verða frá hendi hins opinbera í samstarfi við svo stóran hlut af sveitarfélögum í landinu — Reykjavíkurborg er nú aldeilis stór hluti af sveitarfélögum og Akureyri. Þarna eiga tvö stærstu sveitarfélög landsins hlut að máli sem þýðir að íbúar í þessum sveitarfélögum fá mikil verðmæti í sínar hendur sem hafa orðið til vegna nýtingar á þessum auðlindum. — Ég tel því að ástæða hefði verið til þess að skoða stöðu annarra sveitarfélaga í samhengi við þetta. Það er að vísu verkefni sem ekki tilheyrir þessari gerð sem hér er um að ræða. En ég vil koma því á framfæri hér enn einu sinni að ég sé ástæðu til þess að nefna að það fólk sem býr á til dæmis Rarikssvæðinu ætti ekki síður rétt á því að eignast hlut í þeim verðmætum sem þar hafa upp sprottið vegna starfsemi Rariks heldur en það fólk sem býr á þeim svæðum sem hafa átt hlut að Landsvirkjun þennan tíma sem þetta samstarf hefur verið.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Við Samfylkingarmenn erum jákvæðir gagnvart þessu máli, þ.e. kaupunum, en gerum fyrirvara við þær hugmyndir sem hugsanlega gætu verið á bak við þá fyrirvara sem eru í 5. gr. samningsins sem til var vitnað um leiðréttingar kaupverðs.

[17:04]

**Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örstutt varðandi þann fyrirvara sem hv. þingmaður nefndi. Hann vitnaði til 5. gr. samningsins sem frumvarpið byggði á, þ.e. ekki hluta af frumvarpinu. Eins og hv. þingmaður man þá kom fram innan nefndarinnar að það var að beiðni sveitarfélaganna, Reykjavíkurborgar að þetta ákvæði var sett inn ef til þess kæmi á næstu árum að Landsvirkjun yrði seld og verðmætin reyndust hugsanlega meiri. Þetta er sá varnagli.

Hins vegar er líka rétt að draga fram, hæstv. forseti, að það kom jafnframt skýrt fram hjá hæstv. iðnaðarráðherra þegar hann mælti fyrir frumvarpinu að engin áform væru á sjóndeildarhringnum um sölu Landsvirkjunar af hálfu ríkisvaldsins, sem eignast Landsvirkjun að öllu leyti með þessu frumvarpi. Ég tel mikilvægt að það komi fram að sá hæstv. ráðherra sem fer með þennan málaflokk og ber ábyrgð á frumvarpinu gagnvart þinginu lýsir því yfir í framsöguræðu sinni að engin áform séu um að selja Landsvirkjun.

[17:06]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. formaður nefndarinnar segir. Það kom fram á fundi nefndarinnar að það hefði verið krafa samningamanna, fyrir hönd Reykjavíkurborgar og Akureyrar, að leiðréttingar kaupverðs gæti komið til ef þessi verðmæti yrðu seld á næstu árum fyrir annað verð en hér var um samið.

En það er ljóst að fyrirvararnir í 5. gr., um hvenær undanþága sé frá þessum ákvæðum sem sveitarfélögin vildu fá inn, eru frá ríkisvaldinu en ekki sveitarfélögunum. Það er alveg ljóst. Á bak við þá fyrirvara hlýtur einhver hugsun að vera. Það er líka ástæða til að velta því fyrir sér að nú liggur fyrir að frumvarp um breytingar á lögum á orkusviði, sem líka er á leið í gegnum þingið, hefur breyst með þeim hætti að þar er ekki lengur gert ráð fyrir því að fyrirtækin Rarik og Orkubú Vestfjarða falli undir Landsvirkjun. Það þýðir að viðbótar eigið fé sem átti að ganga til Landsvirkjunar mun ekki ganga til hennar. Er þá ekki ástæða til að velta því fyrir sér hvort hugsanlegt sé að það valdi því að reyna mundi á 5. greinina í samningnum og menn muni fara einhverja þeirra leiða sem þar eru nefndar til að auka eigið fé Landsvirkjunar? Ég vona sannarlega að svo sé ekki. En það er ástæða til þess að muna eftir þessu við afgreiðslu málsins.

[17:08]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagst gegn sölu á hlut Reykjavíkurborgar og sölu á hlut Akureyrar í Landsvirkjun við þær aðstæður sem uppi eru í málinu. Við erum sömuleiðis andvíg þessum gjörningi á Alþingi. Það erum við vegna þess að leynt og ljóst er þetta liður í einkavæðingar- eða markaðsvæðingarleiðangri ríkisstjórnarinnar á orkusviðinu.

Það liggja fyrir skýrar yfirlýsingar frá fyrrverandi iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur. Hún tímasetti áformin um að hefja einkavæðingu Landsvirkjunar meira að segja,

a.m.k. ársetti þau, að svo snemma sem á árinu 2008 væri áformað að hefja einkavæðingu Landsvirkjunar. Það var kannski ekki beinlínis ráðið hvort það ætti að gerast fremur, með beinni sölu á eignarhlut eða með innkomu nýrra eignaraðila með aukið eigið fé nema hvort tveggja væri. Hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir sagði þá að það væri ekki stefna ríkisstjórnarinnar að ríkið ætti þetta fyrirtæki um alla framtíð. Ég hygg að hæstv. ráðherra og jafnvel fleiri hafi meira að segja nefnt lífeyrissjóði sem æskilega eigendur að Landsvirkjun eða a.m.k. sem meðeigendur á móti ríkinu. Þar hafa menn væntanlega horft til þess mikla fjár sem lífeyrissjóðirnir eiga vegna þess að Landsvirkjun er í nokkurri þröng, eins og kunnugt er, með fjármál sín.

Nú kemur hæstv. núverandi iðnaðarráðherra og segir engin áform uppi um þetta núna en við vitum hvert hugur manna hefur stefnt í þeim efnum. Við vitum um áhuga ýmissa fjársterkra aðila á því að komast inn í þennan geira til að ávaxta þar sitt pund og græða. Auðvitað horfa menn til þess að þótt Landsvirkjun sé illa stödd í bili og hafi bundið sér gríðarlegar byrðar vegna mikilla fjárfestinga í virkjunarframkvæmdum í þágu erlendrar stóriðju þá hefur fyrirtækið líka fengið, í gegnum einkaréttindi sín og virkjanaleyfi, gríðarleg framtíðarverðmæti sem auðvitað munu skila arði í fyllingu tímans og gefa mikið af sér, ef menn vitkast og hætta óarðbærum fjárfestingum í virkjunum sem selja framleiðslu sína á allt of lágu verði til erlendra fyrirtækja.

Landsvirkjun er hvort tveggja í senn, fyrirtæki í verulegum kröggum vegna gríðarlegra fjárfestinga sem allar hafa verið teknar að láni og á hina hliðina fyrirtæki sem í eru fólgin mikil möguleg framtíðarverðmæti vegna forréttindastöðunnar sem Landsvirkjun hefur lengst af haft. Hún hefur fram undir síðustu ár haft einkaleyfi til að reisa stærri virkjanir, raforkuver, og fengið mikla fyrirgreiðslu frá stjórnvöldum. Það hefur meira og minna allt verið teppalagt fyrir Landsvirkjun enda var lengi litið á hana eins og ríki í ríkinu. Menn þar á bæ töldu sig eiginlega yfir það hafna að þurfa að hlusta á aðra í þjóðfélaginu og þeir mættu gera það sem þeim sýndist.

Núna hefur að vísu verið innleidd samkeppni á þessu sviði og Landsvirkjun þarf að keppa við aðra aðila, eftir atvikum, um virkjanaleyfi á svæðum. En það breytir ekki því liðna og ekki því að þetta fyrirtæki er í gríðarlega sterkri stöðu að þessu leyti. Í ljósi þessara einkavæðingaráforma, einkavæðingarumræðu sem hefur svifið yfir vötnunum, höfum við verið algjörlega andvíg því að sveitarfélögin seldu eignarhluti sína vegna þess að við teljum að þetta miðlæga raforkufyrirtæki eigi að vera í eigu þjóðarinnar, sérstaklega vegna þess að það hefur enn mikilvægu hlutverki að gegna sem frumframleiðandi raforku til sölu á almennum markaði, til sölu til veitna sem dreifa raforkunni á almennum markaði.

Varðandi stöðu fyrirtækisins, sem eðlilegt er að beri á góma í tengslum við þetta mál, er það rétt sem fram kom í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að annað frumvarp er til umfjöllunar á Alþingi sem þessu tengist mjög. Ég lít svo á að í raun sé það allt einn pakki. Það er frumvarpið um sameiningu Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar, sem er auðvitað ekki annað en sameining þótt þessi fyrirtæki hafi átt að verða dótturfélög Landsvirkjunar. Eins og málið var lagt upp stóð til að setja upp samstæðureikning að sjálfsögðu og þar með hefði Landsvirkjun getað talið sér eigið fé þessara fyrirtækja til tekna og lagað efnahagsreikning sinn sem því nemur.

Það má út af fyrir sig þakka þá hreinskilni að menn hafa ekki reynt að dylja þann ásetning, allra síst reyndu Landsvirkjunarmenn að dylja hann á fundum í iðnaðarnefnd. Þeir sögðu það hreint út að þetta væri einn megintilgangur málsins, að ná í þessa peninga og laga bókhaldið hjá Landsvirkjun. Ekki veitir af.

Staðreyndin er sú að Landsvirkjun er svo grunnt fjármögnuð að ef ekki kæmi til ríkisábyrgðin á skuldbindingum hennar, á lánum sem Landsvirkjun hefur tekið, og hún þyrfti að bjarga sér sjálf þá er það mat aðstandenda fyrirtækisins að dæla þyrfti inn í það a.m.k. 30–40 milljörðum kr. til þess að lánskjör gætu haldist nokkurn veginn óbreytt eða versnuðu a.m.k. ekki að marki. Það segir sína sögu um stöðuna.

Auðvitað hafa menn þar af leiðandi ásælst mjög og girnst þessa 12 eða hvað það nú eru, 15 milljarða sem menn til samans ... (**Gripið fram í:** 17.) 17 eru þeir kannski orðnir, 17 milljarða sem menn til samans telja sig ná út úr Orkubúi Vestfjarða og Rarik.

Nú er það þannig með þann málatilbúnað að sem betur fer tókst að koma vitinu fyrir menn og menn ætla ekki lengur að fara í þessa sameiningu í bili á Rarik, Orkubúinu og Landsvirkjun. Það var af því að málið náttúrlega fékk svo hroðalega útreið í umfjöllun iðnaðarnefndar. Jafnvel þótt menn væru að reyna að prjóna einhverja treyju með breytingartillögu til að laga verstu ágallana og reyna að fá svo Samkeppnisstofnun og aðra til að skrifa upp á það, þá var nú kjarkurinn ekki meiri en sá að nú hefur verið flutt breytingartillaga um að fella þennan þátt úr frumvarpinu, sem er vel. (Gripið fram í.) Þetta verður aldrei gert, hv. þm. Hjálmar Árnason. Þetta er svo vitlaust.

Það breytir ekki hinu að langréttast væri að geyma þennan pakka í heild sinni því þetta er einn pakki. Auðvitað voru kaupin á hlut borgarinnar og Akureyrar liður í því að geta sameinað Rarik og Orkubúið og farið í gegnum allt þetta möndl, sem aftur er svo undirbúningur að fyrirhugaðri einkavæðingu. Það er alveg ljóst hvert hugur manna stefnir í þessum efnum, hvar hjartað slær.

Vinnubrögðin hafa hins vegar verið svoleiðis að þetta er allt meira og minna í vandræðum hjá ríkisstjórninni. Fyrir það fyrsta var nú þannig að því staðið af Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum í borgarstjórn Reykjavíkur að troða sölunni þar í gegn. Búið er að kæra það mál. Það er til kærumeðferðar hjá félagsmálaráðuneytinu vegna ágalla í málsmeðferð hjá borginni.

Sameining sölueininga Rariks og Orkubús Vestfjarða og þátttaka Landsvirkjunar í því, stofnun Orkusölunnar ehf. er sömuleiðis til kærumeðferðar en hjá Samkeppnisstofnun. Við þær aðstæður á auðvitað ekki að hreyfa þessum málum. Verður það ekki snautlegt fyrir ríkisstjórnina ef félagsmálaráðherra neyðist nú til þess að úrskurða málsmeðferðina í borgarstjórn Reykjavíkur ólögmæta, gerninginn ógildan? Væri þá ekki betra að hafa látið málið bíða og fá niðurstöð-

ur í það og þessi kærumál í báðar áttir? Jú, ég held það nú. Enda er þetta svo glórulaus gerningur að taka þennan markaðsráðandi risa sem Landsvirkjun er á sviði framleiðslu, á sviði heildsölu og fyrir flutninga í gegnum Landsnet og sameina hann við stóra aðila á sviði smásölu og dreifingar og búa þar með til, styrkja markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar sem fyrir er og búa til nýjan einokunar- eða fákeppnisrisa á smásölustiginu einnig.

Þetta er beinlínis stórfurðulegt í ljósi þess að sama ríkisstjórn hefur á undanförnum árum verið að troða hér í gegn ákvæðum sem tengjast fullgildingu raforkutilskipunar Evrópusambandsins sem hefur það að meginmarkmiði að búa til virkan samkeppnismarkað á sviði raforku, á sviði allra þeirra þátta raforkumála sem ekki eru einkaleyfabundnir.

Menn eru því að fara þarna algerlega í gagnstæðar áttir. Taka hér hinn og innleiða þessa orkutilskipun sem ríkisstjórnin gerði án þess að hafa neina sýnilega tilburði til þess hugsanlega að semja um undanþágu frá eða fá að framkvæma þetta með einhverjum þeim hætti sem hentaði aðstæðum á Íslandi. Það er eins vitlaust og nokkuð getur verið að þvinga íslenskan raforkumarkað inn í regluverk sem er sniðið að þörfum sameiginlegs raforkumarkaðar á öllu meginlandi Evrópu og er aðallega til þess að fella niður hindranir í viðskiptum með raforku yfir landamæri. Hvaða erindi á það upp á Ísland? (**Gripið fram í:** Þetta voru mistök.) Þetta voru náttúrlega mistök, kannski tæknileg mistök, eins og mjög er í tísku að segja núna. En það voru þó ekki meiri mistök en það að menn reyndu hér á þingi að benda stjórnvöldum á hvað þau væru að gera. (**Gripið fram í:** Þau hlustuðu ekki.) Þingmenn Vinstri grænna voru eini þingflokkurinn sem var með meðvitund í þessu máli og strax þegar tilskipunin kom vöruðum við við þessu og lögðumst gegn henni. (**Gripið fram í:** Og nokkrir líka frá Samfylkingunni.) Ekki var það nú fyrr en síðar, hv. þingmaður. Fyrst þegar orkutilskipunin kom vorum við alein með það. (Gripið fram í.) En síðan hafa fleiri bæst í hópinn og það er meira að segja svo komið að þingmenn Sjálfstæðisflokksins, t.d. Einar Oddur Kristjánsson og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur, sem þá voru í minni hluta, hneyksluðust á þessu, hvaða vitleysa og steypa þetta væri, enda eru þetta tóm vandræði.

Hér eru engar forsendur fyrir þeim sýndarmennskusamkeppnismarkaði sem að nafninu til er verið að búa til. Það hlálegasta af öllu er að þetta eru örfá fyrirtæki öll í eigu (Gripið fram í.) opinberra aðila. Þetta er því allt saman eins og hvert annað grín, frú forseti.

Ég verð líka að segja að ég er nokkuð undrandi á þeirri hagsmunagæslu sem þeir aðilar sem bera ábyrgð á sölu eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun ástunda fyrir hönd sveitarfélaga sinna. Nú er það auðvitað ekki mitt að fara að segja þeim fyrir verkum á sjálfstæðu stjórnsýslustigi sem sveitarstjórnirnar eru. En ég leyfi mér að hafa skoðun á því. Vegna þess að þetta er hluti af stærra máli, þetta er hluti af stöðu raforkumálanna í heild sinni.

Sérstaklega efast ég um og undrast þessa hagsmunagæslu vegna þess að með eignarhlutnum í Landsvirkjun fer sambærilegur eignarhlutur í Landsneti, sem er flutningskerfi raforkunnar í landinu. Er það ekki dálítið undarlegt fyrir hönd Reykvíkinga og Akureyringa að afsala þeim trompum af hendi sem fólgið er í þeirri stöðu sem eignarhluturinn gaf að þessu leyti. Af hverju fóru menn t.d. ekki fram á að leysa út eignarhlutinn í formi útreiknaðra verðmæta og halda honum eftir sem eign þessara stóru sveitarfélaga í Landsneti þannig að fleiri aðilar kæmu líka þar að?

Þetta gerir Landsvirkjun nánast algjörlega einráða í Landsneti. Það er væntanlega eitthvað sem Samkeppnisstofnun þarf að kíkja á, að risinn sem er algerlega ráðandi á framleiðslustiginu og á heildsölumarkaðnum, er eini aðilinn sem er að selja öðrum orku til dreifingar svo einhverju nemur, verður í gegnum þessar breytingar líka algerlega ráðandi í flutningsfyrirtækinu, Landsneti.

Ég held að þetta sé ekki góð þróun. Ég held að þetta sé ekki gott fyrir neinn og ekki Landsvirkjun heldur að vera í þeirri stöðu. Því það er ómögulegt að svo eigi að heita að þetta sé eitthvert samkeppnisumhverfi. Sér er nú hver samkeppnin. Svo maður tali nú ekki um ósköpin ef Landsvirkjun nær til sín ítökum á smásölustiginu líka, fyrirtækið er þá algerlega einrátt sem framleiðandi og heildsöluseljandi á raforku og getur í gegnum tengsl sín við smásöluaðilana að sjálfsögðu rústað aðra sem vildu reyna að taka einhvern þátt í samkeppni og selja raforku, eins og lögin gera ráð fyrir að hægt sé.

Hitaveita Suðurnesja hefur t.d. haft svolitla lausa orku vegna þess að þar hafa minnkað orkukaup á svæðinu við brottför hersins og hefur aðeins verið að reyna að keppa og ná sér í nýja kúnna. En hvaða möguleika á slíkur aðili ef sú samsteypa myndast sem ríkisstjórnin hefur haft í huga að gera með stofnun Orkusölunnar ehf., sem ekki er víst að verði vegna þess að samkeppnisyfirvöld gætu úrskurðað það ólöglegt. Svo ég tali nú ekki um með hinni fyrirhuguðu sameiningu Landsvirkjunar, Rariks og Orkusölunnar í gegnum frumvarpið með breytingum á ýmsum lögum á orkusviði. Það eru því hlutir í þessu máli, frú forseti, sem vekja manni mikla undrun, satt best að segja þegar það er skoðað.

Landsvirkjun þarf svo líka að fara að átta sig á því að þeir tímar eru liðnir, eða gætu að minnsta kosti senn verið liðnir, að hún geti bara litið á sig eins og ríki í ríkinu og gert eiginlega hvað sem er. Þessi keyrsla áfram gengur ekki upp, að menn hlaði þetta fyrirtæki endalaust skuldum með nýjum stórframkvæmdum í þágu erlendrar stóriðju, erlendra álvera, sem kaupa rafmagnið á spottprís, á útsöluverði. Það er alveg viðurkennt. Auðvitað er alveg ljóst að raforkuverð einhvers staðar í kringum eða neðan við 20 mills á kílóvattstund er út úr korti eins og þau mál hafa þróast í dag. Að verið sé að selja raforkuna á 1 og í mesta lagi upp í 2 kr. kílóvattstundina á sama tíma og aðrir landsmenn borga 6, 8, 10, 12 kr., er algerlega hneykslanlegt. Og margt fleira í þessu er orðið mikið áhyggjuefni, satt best að segja.

Vita menn að skuldir Landsvirkjunar einar og sér eru 12% af vergri landsframleiðslu? Það er nú orðið þó nokkuð. Vissulega er hún áskrifandi að heilmiklum tekjum og þegar loksins menn afskrifa t.d. vatnsaflsvirkjanir sem eru varanlegar og vel byggðar þá breytast þær í miklar gullkvarnir. En þar rofar seint til ef menn hlaða fyrirtækið alltaf nýjum og nýjum skuldum og aldrei sér til lands.

Nokkur ár eru síðan því var lofað að raforkuverð í landinu yrði lækkað með markvissum skrefum, ég held um ein

2% á ári eða eitthvað svoleiðis. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvar er sú raunlækkun? Muna menn ekki eftir henni? Áætlunina um raunlækkun raforku í landinu? (Gripið fram í.) Eða voru það 3% á ári? Ég er ekki viss um að landsmenn hafi orðið mikið varir við þetta.

Hæstv. ríkisstjórn hefur tekist að koma þeim málum þannig að menn eru syngjandi vitlausir á landsbyggðinni yfir því hvernig raforkuverðið hefur hækkað, sérstaklega á gjaldskrársvæðum í strjálbýli, eins og orkufyrirtækjunum er nú samkvæmt nýju lögunum uppálagt að gera, að hafa sérstakar gjaldskrár, annars vegar fyrir þéttbýli og hins vegar strjálbýli. Við vitum hvar raforkuverðið hefur hækkað mest og tilfinnanlegast. Það er þar sem síst skyldi. Það er í dreifbýlinu á köldum svæðum, raforka til húshitunar o.s.frv. Það er alveg stórfurðulegt hvernig ríkisstjórninni hefur tekist að klúðra þessum málum.

Og aumingja, vesalings Framsóknarflokkurinn ætlar nú með þetta veganesti í alþingiskosningar. Ja, sá verður hýddur. Ekki trúi ég öðru, og taka þeir þó ekki gagnrýni mjög vel, það er nú svo merkilegt með það, þeir framsóknarmenn.

Ekki var því vel tekið af þingmönnum Norðausturkjördæmis þegar við vorum að funda í ónefndu sjávarplássi í fyrrahaust og sveitarstjórnarmenn þar og gestir okkar leyfðu sér að stynja því upp að það væri nú tilfinnanlegt hvernig rafmagnið hefði hækkað. Fyrsti þingmaður kjördæmisins, þáverandi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, tók því satt best að segja ekki mjög vel og urðu frekar snubbóttar kveðjur með henni og fundarmönnum. En aumingja fólkið leyfði sér að vekja á þessu athygli að það væri tilfinnanlegt að á einu kaldasta svæði landsins þar sem hús eru hituð með rafmagni (**Gripið fram í:** ... blanda sérstökum þingmönnum inn í ...) hefði raforkuverðið hækkað svo. Það er ekki við mig að sakast þó hæstv. núverandi utanríkisráðherra og hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra sé ekki hér. Hún á seturétt á Alþingi þannig að það er ekki venjan að kveinka sér undan því þó að stjórnmálamenn sem geta svarað fyrir sig, þó síðar verði, séu nefndir á nafn. Eða er þetta orðið svo kvikusárt fyrir hv. þm. Hjálmar Árnason að ekki má nefna Valgerði Sverrisdóttur á nafn? Þá kippist formaður iðnaðarnefndar til. Ljótt er það, frú forseti.

Ég ætla tímans vegna og aðstæðna hér ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð. Vandinn er sá í þessum málum að Íslendingar hafa gert mikil mistök í raforkumálum. Athyglisvert var að lesa á sinni tíð, fyrir allmörgum árum síðan, ævisögu Sigurðar heitins Thoroddsens verkfræðings. Þess manns sem hvað mest kom að hönnun og framkvæmdum í raforkumálum á Íslandi um áratuga skeið og var m.a. einn aðalhönnuður og verkfræðilegur ráðgjafi og stofa hans í framkvæmd margra stórra virkjana.

Hvert var mat þess aldna höfðingja þegar hann skyggndist um öxl og velti fyrir sér þróun og uppbyggingu á raforkumálum á Íslandi? Nú endursegi ég þetta að vísu eftir minni, en hann komst að þeirri niðurstöðu að sennilega hefðu það verið mikil mistök af Íslendingum að ráðast ekki í miklu ríkari mæli í smærri virkjanir. Smærri og meðalstórar virkjanir. Það hefði sennilega skilað miklu betri árangri fyrir hinn almenna markað.

Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að afdrifaríkustu mistökin hafi þó verið að blanda nokkurn tímann saman í sama fyrirtæki framleiðslu fyrir almennan innlendan markað og framleiðslu til stóriðju. Það átti aldrei að vera inni í sama fyrirtækinu. Það átti að stofna um það algerlega sjálfstæðar einingar sem yrðu algerlega aðskildar og sæju þá algerlega um sig sjálfar og auðvitað án ríkisábyrgðar eða meðgjafar af því tagi til að virkja þá og framleiða fyrir stóriðjuna.

Þá hefði verið von til þess að Íslendingar, almennir orkunotendur og kaupendur í landinu, hefðu notið þess, sem auðvitað ætti að vera ein af allra mestu hlunnindum þess að búa á Íslandi, hræbillegrar orku. Það er ævintýralegt að okkur skuli hafa tekist að klúðra málum þannig að raforkuverð á Íslandi sé svipað og jafnvel hærra en í löndum sem verða að fara út í miklu dýrari lausnir til að fullnægja orkuþörfum sínum. En þannig hefur það verið. Raforkuverð hefur að vísu hækkað talsvert á markaði í Vestur-Evrópu vegna þess að orkuskortur hefur verið. Norðmenn njóta nú mjög góðs af. Það er t.d. þannig að ódýrara er orðið fyrir iðnfyrirtæki í Noregi, sem eiga bæði orkuver og verksmiðjur, að loka þeim, flytja starfsemina til Íslands þar sem er hægt að komast í billega orku og selja rafmagnið í staðinn inn á evrópska notendamarkaðinn.

En ef við hefðum haldið almenna markaðnum og notendamarkaðnum sér og látið hann t.d. njóta góðs af því að vatnsaflsvirkjanir, eins og Sogsvirkjanir, Laxárvirkjun og aðrar slíkar eru nú afskrifaðar, þá er auðvitað enginn vandi að hafa raforkuverðið hér með því allra hagstæðasta sem hægt er að hugsa sér. Þannig ætti það auðvitað að vera orðið vegna þess að þörfin fyrir nýfjárfestingar á ári hverju vegna almenns markaðar er svo lítil í rauninni. Menn ættu að geta rekið þær einingar skuldlausar og haft raforkuverðið mjög hagstætt. Hverju mundi það þá hafa skilað okkur í þróun almenns iðnaðar o.s.frv.? Hver veit? En eitt er víst að þessu höfum við klúðrað.

Það má kannski segja að það hafi verið hlálegt eða grátlegt í þessu sambandi þegar hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, setti starfshóp í það að skoða starfskjör garðyrkjunnar á Íslandi fyrir nokkrum árum. Út úr því starfi komu tillögur um aðgerðir til að bæta starfsskilyrði garðyrkjunnar, gróðurhúsarekstur. Hver var einn liður tillagnanna? Muna menn það? Það var að reyna að lækka raforkuverð til garðyrkju á Íslandi þannig að það yrði sambærilegt og í samkeppnislöndunum, niður í það sem það væri í Hollandi. Er það ekki glæsilegur árangur hjá Íslendingum að okkur skuli hafa tekist að klúðra þessum málum svo heiftarlega, með þær einstöku aðstæður til að byggja hér upp sjálfbæran orkubúskap fyrir okkur sjálf, að svona sé málum háttað? Það er auðvitað stóriðjudraugurinn, trúarbrögðin og kreddan sem þar hefur riðið húsum og er aðalsökudólgurinn.

Þó að þessi mistök hafi verið gerð gegnum tíðina hefðu menn auðvitað getað séð að sér og strax hefði verið önnur staða uppi t.d. í fjárhag Landsvirkjunar ef risaverkefnið Kárahnjúkavirkjun hefði aldrei verið sett þar inn fyrir dyr. Þannig stóð nú reyndar upphaflega til að gera það. Rætt var um að það yrði bara stofnuð ný eining. En menn gáfust snarlega upp á því. Af hverju? Af því að Kárahnjúkavirkjun

hefði aldrei orðið að veruleika nema með því að á bak við hana stæði ríkisábyrgðin og allar aðrar eignir og allir aðrir tekjumöguleikar Landsvirkjunar til frambúðar. Svo lélegur er samningurinn. Svo litlir bisnessmenn eru menn þegar til kastanna kemur. Nú þykjast þetta vera menn sem eru góðir í rekstri og trúa á frjálsan markað og guð má vita hvað sem hafa staðið svona að málum. Það eru meiri ósköpin.

Þetta er auðvitað þyngra en tárum taki, frú forseti. Það er alveg ljóst að orkumálin eru eitt það málasvið sem hvað mest ríður á að frelsa undan stjórnarflokkunum. Þau eru auðvitað mörg málefnin í samfélaginu sem er orðið brýnt að frelsa undan stjórnarflokkunum. Eftir langar setur t.d. sjálfstæðismanna í ónefndum ráðuneytum, er orðið geysilega brýnt að frelsa þá málaflokka undan því. Ég nefni menntamálin og Ríkisútvarpið. Ég nefni dómsmálin og ég nefni samgöngumálin. En það á líka við um iðnaðarmálin og Framsóknarflokkinn. Það er orðið geysilega brýnt að frelsa þann málaflokk undan Framsóknarflokknum. Hann er að klúðra þar öllu sem hægt er að klúðra með hroðalegum afleiðingum fyrir þjóðina, eins og þessi málatilbúnaður og þetta sullumbull allt á sviði orkumálanna er gott dæmi um, og verður meira að segja að játa sig sigraðan og éta ofan í sig sumar vitleysurnar, eins og hér er verið að gera með breytingartillögunum á frumvarpinu um að sameina Rarik, Orkubúið og Landsvirkjun.

Frú forseti. Niðurstaða mín er sú sem ég hef rökstutt að frumvarp þetta ætti að liggja. Það á ekki að hrófla við þessu og lágmarkið er að bíða þess að niðurstöður fáist í þeim kærumálum sem í gangi eru vegna þessa málatilbúnaðar, bæði varðandi þetta frumvarp og svo aftur hitt málið. Ef mönnum sýndist svo að út úr þeim kæmu niðurstöður, sem ég á nú síður von á, sem gerði mönnum kleift að halda áfram, þá það. Menn gætu þá reynt að þrjóskast við á vorþinginu. En það er að minnsta kosti algerlega út í loftið að vera með þennan málatilbúnað uppi núna.

[17:36]

**Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var farið um víðan völl en við erum hér einungis að ræða um eitt frumvarp. Eftir ræðu hv. þingmanns mætti ætla að rafmagns- og orkumál á Íslandi væru gjörsamlega í rúst en það þarf nú varla að taka það fram að svo er ekki. Það er í fáum löndum sem orkuöryggi er jafnmikið og hér. Það er rangt sem hv. þingmaður er að gefa hér í skyn að orkuverð á Íslandi sé með því hæsta sem þekkist í Evrópu. Það er akkúrat öfugt. Hér er orkuöryggi hvað mest og hér er orkuverð hvað lægst. Það er afrek því það eru ekki nema rétt 100 ár síðan fyrsta vatnsaflsvirkjunin var reist hér í Hamarskotslæk í Hafnarfirði og Íslendingar buðu virkjanamenn velkomna því að með þeim fylgdi rafmagnið, birtan og hlýjan og orkan sem hefur fært okkur þá auðlegð sem við búum við í dag.

Það er ekki sanngjarnt að bera orku saman, og þeim mun meira er einmitt afrekið að hafa náð þessum árangri í orkumálum vegna þess, og ég trúi því að hv. þingmaður geri sér grein fyrir því hversu dreifbýlt Ísland er. Við getum þess vegna ekki borið okkur saman við t.d. Holland og Belgíu þar sem hver er nánast uppi á öðrum, svo þéttbýl eru þau lönd. Við höfum eigi að síður náð að koma orku með ótrúlegu öryggi til landsmanna og á lægsta verði sem þekkist.

Hér erum við hins vegar að ræða um kaup ríkisins á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun og hv. þingmaður gefur það í skyn að hér séu enn ein einkavæðingaraform ríkisstjórnarinnar, þrátt fyrir þá staðreynd að hér hefur því verið lýst yfir af hæstv. iðnaðarráðherra og öðrum sem að frumvarpinu standa að það sé ekkert slíkt á sjóndeildarhring. Ég minni hv. þingmann á að frumkvæðið að þeim samningi sem frumvarpið byggir á kemur frá R-listanum í Reykjavík sem óskaði eftir því að ríkið keypti hlut sinn úr Reykjavíkurborg og ætli hv. þingmaður hafi (Forseti hringir.) ekki eitthvað tengst R-listanum í Reykjavík?

[17:38]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason gerir mér upp skoðanir þegar hann segir að ég hafi haldið því fram að orkumálin sem slík væru í rúst og ég hafi verið að gagnrýna t.d. afhendingaröryggi eða uppbygginguna að því leyti í kerfinu. Ég var að gagnrýna verðið. Og ég var að fara yfir það að sorgarsagan væri sú að við sem ættum að geta verið hér með langódýrasta rafmagn eiginlega á byggðu bóli — það væri þá kannski helst að Nýsjálendingar gætu nálgast okkur í því af því að þeir búa líka yfir miklum möguleikum til hagkvæmrar beislunar endurnýjanlegrar orku, vatnsafls og jafnvel jarðvarma — þá hefur okkur tekist þetta svo snilldarlega til að fyrir örfáum árum þurfti að gera ráðstafanir til þess að ná verði til garðyrkjunnar á Íslandi niður í það sem það var í samkeppnislöndunum. Þetta er staðreynd, hv. þm. Hjálmar Árnason.

Ég hafði að vísu þann fyrirvara á og ég vænti þess að hv. þingmaður hafi hlustað, að raforkuverð hefur verið hækkandi á meginlandi Evrópu þannig að þessi samanburður hefur nokkuð breyst. Þetta er samt allt of, allt of hátt verð sem almennir notendur eru að borga. Að veitingahús skuli skipta úr rafmagni yfir í gas, að það skuli ekki nokkrum einasta manni detta í hug að setja upp rafskautaketil heldur framleiða þeir gufu í almennum iðnaði með olíu. Auðvitað er þetta alveg absúrd að við skulum ekki ná því að nýta okkar innlendu orku í svona hluti. Það segir auðvitað sína sögu að hver einasti bóndi í landinu sem hefur á því einhverja möguleika er að ráðast í að virkja af því að raforkureikningurinn sem hann borgar er allt of hár.

Varðandi frumkvæði R-listans að þessu var það búið að vera þannig í langan tíma að það var bara viðvarandi stefna sveitarstjórna í Reykjavík og á Akureyri að reyna að losna við sinn hlut. Menn töluðu um þetta bundna fé sem þeir ættu í Landsvirkjun. Þessi mál eru í allt öðru samhengi nú og sérstaklega eftir yfirlýsingar Valgerðar Sverrisdóttur fyrrverandi iðnaðarráðherra um fyrirhugaða einkavæðingu Landsvirkjunar. Frá þeim degi var Vinstri hreyfingin – grænt framboð andvíg því að selja eignarhluti.

[17:41]

**Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú skal ég upplýsa hv. þingmann Steingrím J. Sigfússon um það að ég breytti úr rafmagni í gas í eldhúsinu á mínu heimili og það er ekki vegna þess að orkuverð á Suðurnesjum sé hátt heldur er einfaldlega betra að elda með gasi. Það er nú ástæðan fyrir því að veitingahús fara þessa leið.

Það hlýtur líka að vera fagnaðarefni að bændur skuli fara í virkjanagerð. Ætli það séu ekki einar 40 smávirkjanir í gangi? Það er ekki eingöngu vegna þess að þeir vilji ná í ódýrt rafmagn heldur er þetta tekjuauki, þetta eru tekjumöguleikar fyrir bændur og það er fagnaðarefni. Við höfum einmitt stuðlað að þessu að frumkvæði Finns Ingólfssonar þáverandi iðnaðarráðherra.

Ég vil líka árétta það að frumkvæðið að kaupum ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun kemur frá sveitarfélögunum. Það þýðir ekkert fyrir hv. þingmann að tala hér núna eins og R-listinn tengist þar hvergi. Þetta var að frumkvæði R-listans og hefði samist um verð þá hefði R-listinn keypt.

R-listinn vildi fá meira og R-listinn kvartar undan því, fulltrúar minni hlutans í borgarstjórn, að verðið hafi verið of lágt til borgarinnar og hvað felst í því? Af hverju trúa fulltrúar minni hlutans í borgarstjórn að það sé hægt að fá meira fyrir hlut borgarinnar í Landsvirkjun? Það er vegna þess að þeir hafa trú á því sem fyrirtækið er að gera. Og hvað er fyrirtækið að gera? Það er að fjárfesta m.a. fyrir austan, vegna þess að þeir sjá fram á að Landsvirkjun muni skila enn meiri hagnaði en hún gerir í dag. Að sjálfsögðu tekur í þegar fyrirtækið er að fjárfesta fyrir tugi milljarða og það er alveg samkvæmt áætlunum. Það gengur á eigið fé en er algjörlega innan þeirra marka sem fyrirtækið lagði upp með. Þannig er bisnissinn, það tekur í á meðan er verið að fjárfesta og svo byrjar gullkvörnin að rúlla — og í það vill nefnilega minni hlutinn í Reykjavík komast. Hann trúir á stóriðjuna.

[17:43]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var síður en svo að ég væri að tala gegn því að bændur reistu smávirkjanir, ég hef lengi verið mikill áhugamaður um það mál og það er gott að það er að gerast. Engu að síður segir það sína sögu að menn geta ráðist í 20, 30, 40 millj. kr. fjárfestingu bara til að framleiða rafmagn fyrir eitt bú, (Gripið fram í.) eitt heimili, ja, ég er að tala um kannski litla virkjun sem eingöngu er hugsuð til heimilisnota, segjum 35, 50, 70 kílóvattastöð. Menn geta ráðist í slíka fjárfestingu og ég hef séð dæmi þess að þetta borgar sig upp á innan við tíu árum. Af hverju? Af því að raforkureikningurinn sem þeir greiða ef þeir kaupa rafmagnið af Rarik er svo hár. Það eru engir smáreikningar t.d. sem stórt bú borgar ef húsið er kynt með rafmagni, menn eru með einn súgþurrkunarmótor, ætla að hafa afl til að geta rafsoðið og annað í þeim dúr. Þetta ættu menn nú að vita. Ég tala nú ekki um og ekki batnar ástandið ef þeir hafa ekki einu sinni þriggja fasa rafmagn.

Varðandi Landsvirkjun og gróðagullkvörnina miklu þá hefur nú orðið bið á því að landsmenn sjálfir færu að fá einhvern arð og njóta einhvers góðs af. Fram að þessu hefur það verið þannig, eða var á sinni tíð, að það þurfti að hækka sérstaklega raforkuverð á landsmönnum til þess að bjarga Landsvirkjun. Það þurfti ítrekað á áttunda áratugnum vegna þess að menn sömdu um svo lágt verð til Straumsvíkur.

Landsvirkjun stendur fyrir um 12% af vergri landsframleiðslu í skuldum. Landsvirkjun er gríðarlega viðkvæm fyrir breytingum á alþjóðlegum vöxtum og vaxtamarkaði eins og aðrir sem skulda mikið erlendis. Við skulum þess vegna ganga hægt um þær gleðinnar dyr, hv. þm. Hjálmar Árnason, að það sé nú í hendi sá mikli gróði sem (Forseti hringir.) þingmaðurinn var að tala um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:45]

**Útbýting:**

Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, 450. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 591.

Gatnagerðargjald, 219. mál, brtt. DJ, þskj. 615.

Kirkjugarðsgjald, 400. mál, svar dómsmrh., þskj. 622.

Póst- og fjarskiptastofnun, 397. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 625.

Stjórn fiskveiða, 459. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 624.

Veggjöld, 373. mál, svar samgrh., þskj. 623.

Þjóðhátíðarsjóður, 356. mál, nál. allshn., þskj. 621.

## *Breyting á lögum á orkusviði, 2. umr.*

Stjfrv., 365. mál (eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik). — Þskj. 397, nál. 586, brtt. 587.

[17:46]

**Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði.

Frumvarpið sjálft nær í rauninni til þriggja þátta sem sumir hverjir hafa orðið að umræðuefni í fyrri frumvörpum um orkumál í dag. Í fyrsta lagi er um að ræða flutning á eignarhlut ríkisins í orkufyrirtækjum frá iðnaðarráðuneyti yfir til fjármálaráðherra. Ástæðan er eins og hefur verið rakið fyrr í dag að það er talin skynsamlegri og eðlilegri stjórnsýsla að eignarhaldið sé í einu ráðuneyti en hin faglega og daglega stjórnsýsla í fagráðuneyti. Það er hugsunin á bak við þann þátt frumvarpsins.

Í öðru lagi er samkvæmt frumvarpinu lagt til að allur eignarhlutur ríkisins í Rarik og Orkubúi Vestfjarða hf. verði færður inn í Landsvirkjun og í þriðja lagi er kveðið á um ákveðnar skattaréttarlegar skyldur gagnvart Rarik þar sem skerpt er á þessum skattalegu skyldum. Þær skattalegu skyldur sem þar er um að ræða eru skyldur sem talið var að fylgdu Rarik þegar því var breytt yfir í hlutafélag en samkvæmt umsögn ríkisskattstjóra eru einhverjar efasemdir um að núverandi ákvæði haldi og þess vegna er einfaldlega verið að skerpa á þessum skattalegu skyldum Rariks.

Eftir mjög ítarlega umfjöllun í hv. iðnaðarnefnd þangað sem komu margir gestir og skriflegar umsagnir eins og rekja má á þskj. 586 varð það niðurstaða nefndarinnar að gera breytingar, e.t.v. nokkuð róttækar, á þessu frumvarpi. Það kom m.a. fram hjá fulltrúum Samkeppniseftirlitsins að frumvarpið að óbreyttu gæti skekkt samkeppnisstöðu og var þar átt við ef Rarik og Orkubú Vestfjarða yrðu lögð inn í Landsvirkjun. Í samráði við ráðuneytið velti nefndin upp möguleikum á að leysa þennan þátt þannig að lögin og þessi samruni mundu standast samkeppnislög.

Við nánari athugun varð það niðurstaða nefndarmanna að láta þennan þátt bíða, skoða hann nánar, enda eru m.a. kærumál í gangi hjá Samkeppnisstofnun sem snerta einmitt þennan nýja orkumarkað sem er verið að þróa og er í raun inni í fæðingu, og ekki síst á þeim grundvelli varð það niðurstaða nefndarmanna að láta þennan þátt bíða. Nefndin gerir þess vegna breytingartillögu sem er kynnt á þskj. 587. Það þýðir því, hæstv. forseti, að eins og nefndarálitið kemur frá nefndinni með breytingartillögum er mælt með því að þessi tilflutningur á eignarhaldi frá iðnaðarráðuneyti yfir í fjármálaráðuneyti verði samþykktur. Jafnframt er mælt með að þessar skattalegu skerpingar gagnvart Rarik verði samþykktar en við gerum þá breytingartillögu að samruni Orkubúsins og Rariks verði látinn liggja ef þannig má að orði kveða og þar með er í rauninni allt óbreytt hjá Orkubúi Vestfjarða og Rarik að öðru leyti en því að eignarhaldið er fært yfir til fjármálaráðuneytisins.

Undir nefndarálitið skrifa allir viðstaddir hv. nefndarmenn sem og áheyrnarfulltrúi sem er samþykkur áliti þessu en þó með fyrirvara.

[17:50]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég verð að segja það fyrst að ég fagna því að samkomulag náðist um að breyta þessu frumvarpi. Nú fjallar það einungis um að flytja eignarhaldið á þessum fyrirtækjum, Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik, frá iðnaðarráðuneytinu til fjármálaráðuneytisins og um það að skattamálum Rariks sem komu upp við það að gera það fyrirtæki að hlutafélagi verði komið í þann farveg sem hér er lagt til. Ég er satt að segja mjög ánægður með þetta vegna þess að aðalatriðið í þessu frumvarpi var að færa þessi fyrirtæki tvö, Orkubú Vestfjarða og Rarik, undir Landsvirkjun sem eign Landsvirkjunar. Við fórum yfir það við 1. umr. málsins hversu ótrúverðugt þetta er í því samkeppnisumhverfi sem verið er að reyna að búa til á þessum markaði og menn hafa ekki enn hopað frá að gera þó að það séu ýmsir erfiðleikar þar á ferðinni og þess vegna var þessi hugmynd með miklum endemum. Það kom reyndar á daginn að Samkeppniseftirlitið taldi að það fyrirkomulag sem fólst í frumvarpinu kæmi ekki til greina.

Síðan kom fram breytingartillaga um að búa til enn eitt fyrirtækið til að koma til móts við aðalgagnrýni Samkeppniseftirlitsins. Þá hefur þetta verið orðin æði skrautleg flóra sem þarna var á ferðinni, þ.e. Landsvirkjun sem slík með sínu pínulitla aukafyrirtæki sem er hluti af frumvarpinu um Landsvirkjun, síðan þessi fyrirtæki tvö, Orkubú Vestfjarða og Rarik, og svo eitt fyrirtækið sem átti þá að fela í sér framleiðsluna á raforkunni og sjá um sölu á henni. Allt átti þetta að verða eign Landsvirkjunar samkvæmt þessum hugmyndum.

Við vorum algerlega andvíg, samfylkingarfólk og reyndar stjórnarandstaðan, þeirri leið sem þarna var verið að reyna að fara og líka þessari flóttaleið sem menn ætluðu að reyna að bjarga sér á þegar hin var lokuð eins og kom á daginn þegar Samkeppniseftirlitið benti á þau vandamál sem henni fylgdu. Það er þess vegna þannig að þó að nefndin hafi farið yfir þá möguleika sem þarna eru á ferðinni og þó að hv. formaður nefndarinnar tali hér um að það eigi að skoða þessi mál nánar er það ekki skoðun okkar sem erum andvíg þessu máli, eða vorum. Við teljum að það þurfi ekki að skoða það að sameina þessi fyrirtæki Landsvirkjun, það þurfi bara að skoða möguleikana á að búa til eitthvert trúverðugt samkeppnisumhverfi á þessum markaði. Það verður ekki til með slíkri sameiningu sem hér var lagt til að yrði ofan á. Þess vegna er í mínum huga, og okkar, ekki um neina frestun á þessu máli að ræða, heldur það að menn falli frá hugmyndum sem stóðust ekki nána skoðun sem fór fram í nefndinni.

Það væri svo tilefni til að tala um raforkumálin býsna lengi hér, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði áðan í umræðu um Landsvirkjun. Auðvitað var þetta og er hluti af því sem ríkisstjórnin ætlaði að gera, grípa tækifærið þegar Landsvirkjunarmálið kom upp, fylgja því eftir með því að bæta eiginfjárstöðu Landsvirkjunar með þeim hætti sem hér var um að tefla. Og það er ástæða til að velta því fyrir sér þess vegna að þegar ríkisstjórnin stendur nú frammi fyrir því að þessi leið er lokuð og ekki hægt að fara hana er ekki lengur til staðar þetta eigið fé sem átti að færa Landsvirkjun. Þar eru a.m.k. 17 eða 20 milljarðar sem áttu að verða eigið fé Landsvirkjunar um þessi áramót. Það veldur a.m.k. mér áhyggjum vegna þess að ég get ekki treyst ríkisstjórninni í þessum málum, hvað muni nú verða tekið til bragðs til að styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar.

Auðvitað hvarflar hugurinn að þeim fyrirvörum sem eru í samningnum sem gerður var við Reykjavíkurborg og Akureyri um kaup á hlut í Landsvirkjun. Þar eru nefndir, eins og ég nefndi í ræðu minni fyrr í dag, möguleikar sem ríkisstjórnin getur hugsanlega verið að velta fyrir sér að nýta í þessu tilfelli. Það er þess vegna alveg ástæða til að kalla eftir svörum hv. formanns nefndarinnar — því miður er hæstv. iðnaðarráðherra ekki í salnum, hefur þó setið hér og fylgst með umræðum og ég vona að hann heyri mál mitt vegna þess að ég sé ástæðu til að fara fram á það að hæstv. iðnaðarráðherra geri grein fyrir því hvaða hugmyndir hann er með, annars vegar um hvaða þörf þurfi að uppfylla um aukið eigið fé Landsvirkjunar á næstunni og með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst gera það þannig að menn viti í hvað stefnir hvað þetta varðar. Hér er á ferðinni gríðarlega mikilvægt málefni og ég tel fulla ástæðu til að kalla eftir skýringum frá hæstv. iðnaðarráðherra um hvaða leiðir séu líklegar til að tryggja eigið fé til Landsvirkjunar til viðbótar eins og greinilegt er á þessu frumvarpi að menn telja ástæðu til að gera sem allra fyrst. Eins og frumvarpið lítur út núna sjáum við samfylkingarmenn a.m.k. ekki ástæðu til annars en að styðja öll atriðin sem eftir eru í því með þeim breytingartillögum sem fram eru komnar.

[17:58]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég get vísað að talsverðu leyti til ræðu sem ég flutti í næsta máli á undan þessu. Ég kaus að ræða þessi mál saman, enda hanga þau mjög saman, eru hluti af orkumálapakka ríkisstjórnarinnar og klúðrinu á því sviði eins og ég fór þar nokkuð rækilega fyrir.

Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni þegar menn sjá að sér, og þó í litlu sé er það auðvitað til mikilla bóta að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar hverfur frá því óráði að troða þessu máli í gegn eða reyna það núna fyrir jólaleyfi sem hefði orðið torsótt, satt best að segja, því að ekki hefði maður tekið því þegjandi ef átt hefði að halda áfram með málið, sérstaklega í ljósi þeirra upplýsinga sem iðnaðarnefnd fékk við skoðun málsins. Þær upplýsingar eru eðli málsins samkvæmt bundnar trúnaði vegna þess að þær fjalla um viðfangsefni sem Samkeppnisstofnun er með í höndunum en þær eru engu að síður þess eðlis og það sem hefur komið fram um það opinberlega og menn vita hnígur í þá átt að hér sé ekki staðið rétt að málum.

Efni breytingartillögunnar er í raun og veru það að fella út meginmálsgreinar frumvarpsins, þ.e. 2. og 3. mgr. 2. gr. og 2. og 3. mgr. 3. gr., og stendur þá í raun fátt eitt eftir annað en það að forræði fyrir eignarhlutum í orkufyrirtækjunum, eign ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik, færist til fjármálaráðherra og það eru mörg gild rök fyrir því. Í raun og veru hefði átt að vera búið að ganga þannig frá málum fyrir lifandis löngu að eignarforræðið í opinberum fyrirtækjum væri almennt á einum stað í fjármálaráðuneytinu en ekki í viðkomandi fagráðuneytum og þar væri skilið á milli. Sömuleiðis hygg ég að úr því sem komið er, með stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins á árinu 2006, sé eðlilegt að standa þannig að málum eins og kveðið er á um í 4. gr. að skuldbindingarnar þar skuli miðast við 1. janúar 2006. Ég geri ekki athugasemdir við það ákvæði.

Ég hlýt hins vegar að vekja athygli á því að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. iðnaðarráðherra standa frammi fyrir því, sem er nú dapurt fyrir þann ráðherra undir hvern heyra samkeppnislög, að hafa lagt fyrir þingið frumvörp sem ganga ekki upp, sem fá falleinkunn þegar fagaðilar á sviði samkeppnismála skoða þau. Auðvitað er ríkisstjórnin að viðurkenna þetta hér, eða meiri hlutinn með breytingartillögum sínum. Það er náttúrlega heldur dapurlegt, sérstaklega fyrir þetta ráðuneyti af öllum ráðuneytum og ráðherra þess, að standa frammi fyrir því að þessi málatilbúnaður fær falleinkunn.

Ég vil svo aðeins segja nokkur orð um skipulag og þróun raforkumálanna hjá okkur og vísa þar til viðbótar til þess sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Varðandi Orkubú Vestfjarða, sem sveitarfélög á Vestfjörðum voru þvinguð með tárin í augunum til að láta frá sér upp í skuldir til þess að þau gætu lengt í hengingarólinni og rekið sig í nokkur ár í viðbót á þeirri eign sinni. Var auðvitað grátlegt að sjá þennan landshluta, fjórðung sem átt hefur í vök að verjast, þurfa að láta af hendi fyrirtæki sem hefði með réttu átt að geta orðið aflgjafi og mótor í uppbyggingu á ýmsum sviðum og hafði og hefur umtalsverða burði. Má nefna sem hliðstæðu Hitaveitu Suðurnesja sem hefur verið drifkraftur í ýmissi uppbyggingu og er gullmoli í höndum sveitarfélaganna þar, sem þau hafa sem betur fer ekki þurft að láta frá sér. Auðvitað var það grátlegt að sjá hvernig ríkisstjórnin kvaldi sveitarfélögin á Vestfjörðum og gerði ekkert til að rétta afkomu þeirra sem höfðu búið við tekjusamdrátt og fólksfækkun en neyddi þau til að láta af hendi þessa verðmætustu eign sína. Og hvað á að gera með hana núna? Nú átti að láta hana renna inn í Landsvirkjun til að rétta af efnahagsreikninginn þar vegna hallans af stóriðjustefnunni.

Varðandi Rafmagnsveitur ríkisins þá er sú stofnun náttúrlega fyrst og fremst þjónustufyrirtæki og dreifingaraðili raforku á landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** Og framleiða líka.) Þær framleiða vissulega nokkurt rafmagn en eru þó að verulegu leyti kaupandi á rafmagni í heildsölu frá Landsvirkjun. Þess vegna væri eðlilegt að horfa til landsbyggðarinnar um endurskipulagningu þessara mála úr því að ríkið er komið með þetta allt á sínar hendur hvort sem er, en hvað dettur mönnum í hug? Að sameina þetta inn í Landsvirkjun á Háaleitisbrautinni. Var ekki einhvern tíma talað um að flytja Rarik norður til Akureyrar? Var ekki einhvern tíma iðnaðarráðherra sem ætlaði að slá sér upp í höfuðstað síns kjördæmis og bjóða hinum Rarik? Hvað varð um það? (**Gripið fram í:** Það er búið að senda hana í útlegð.) Nú er sá hæstv. ráðherra bara í löngum ferðalögum erlendis, og að því er virðist til að greiða fyrir þingstörfum er hæstv. iðnaðarráðherra bara hafður í langferðum erlendis. Ég held að ráðherrann sé að heimsækja ein 6–8 lönd í einu slengi og verður hálfan mánuð í burtu. (**Gripið fram í:** Það tefur ekki þingstörf á meðan.) Það tefur ekki þingstörf á meðan en hún er heldur ekki hér til að svara fyrir syndir sínar á meðan.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að menn ættu að skoða hvort ekki væri ráðlegt að endurskipuleggja raforkumarkaðinn í landinu þannig að til yrðu svæðisfyrirtæki eins og Orkubú Vestfjarða var. Ég held að það væri gott fyrir þennan geira ef sjálfstæð, öflug svæðisfyrirtæki, sem gætu reist og rekið minni og meðalstórar virkjanir og annast lágspenntari flutningskerfin og smásöludreifinguna, væru til staðar. Fyrir Norðurland hefði verið gráupplagt að stofna slíkt fyrirtæki úr þeim hluta Rafmagnsveitna ríkisins sem þar er, auðvitað er Norðurland og Austurland mjög stór hluti markaðssvæðis Rariks og stærsti hlutinn, og þeim svæðisfyrirtækjum og orkufyrirtækjum sem sveitarfélög á svæðinu eiga. Úr því hefði getað orðið býsna öflugur svæðisaðili og ég held að það hefði verið gæfulegra skipulag en það sem ríkisstjórnin ætlar nú að gera með þessari ríkisvæðingu, ríkiseinokunar- og fákeppnisrisasmíði sinni, sem ætlunin var að gera með sameiningu Landsvirkjunar, Rariks og orkubúsins. Er einhver framtíðarsýn í þessu? Eru menn eitthvað að hugsa? Eru menn eitthvað að velta því fyrir sér hvað væri skilvirkasta kerfið fyrir þjóðina, fyrir landsmenn? Nei, þetta er redding. Það átti að fara út í reddingu vegna bágrar eiginfjárstöðu Landsvirkjunar og þá láta menn bara öll samkeppnissjónarmið lönd og leið, allt talið um samkeppnismarkað á sviði raforkumála a la orkutilskipun Evrópusambandsins eða hvað það nú er, og fara út í svona sullumbull.

Það gefst þá, virðulegur forseti, tækifæri til að taka þetta betur til skoðunar bak jólum ef svo illa skyldi vilja til að

ríkisstjórnin hætti ekki við þessa vitleysu sem ég hef mesta trú á. Ég hef ekki mikla trú á því t.d. ef Samkeppnisstofnun kynni að fella þann úrskurð á næstunni að stofnun Orkusölunnar væri ólögleg, bryti á bága við samkeppnislög, að menn hefðu kjark í sér að koma og sýna mönnum svona plagg bak jólum. Vonandi vitkast menn og við þurfum ekki að eyða meiri tíma í þetta.

[18:07]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem hv. iðnaðarnefnd leggur til að gerðar verði á þessu frumvarpi eru að mínu mati til verulegra bóta þar sem lagt er til að fella út ákvæði í 2. og 3. gr. frumvarpsins um fyrirmæli um að leggja eignarhluti ríkisins í orkubúinu annars vegar og í Rarik hins vegar inn í Landsvirkjun þannig að þau fyrirtæki yrðu dótturfyrirtæki Landsvirkjunar og að öllu leyti í eigu hennar og því í raun og veru eitt og hið sama. Efnahagsreikningur væri samstæður þannig að hér yrði í raun og veru um algera sameiningu að ræða nema að forminu til.

Ég gerði athugasemdir við þessi áform í þingsalnum fyrr í haust þannig að ég þarf ekki að endurtaka þau orð. Þess vegna fagna ég breytingunum að því leyti til að áformum um sameiningu þessara þriggja orkufyrirtækja í eigu ríkisins í eitt fyrirtæki er a.m.k. slegið á frest. Ég tel að hún sé óskynsamleg út frá þeim lögum sem við höfum sett um þennan markað sem á að grundvallast á samkeppni og að menn gangi gegn tilgangi laganna með sameiningu fyrirtækjanna.

Ég vil líka rifja það upp að þegar iðnaðarráðherra lagði fram frumvarp sitt um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins fyrir ári síðan, í nóvember á síðasta ári, var það einmitt rökstutt með því að nauðsynlegt væri fyrir Rafmagnsveitur ríkisins að vera hlutafélag til að geta átt í samkeppni við önnur orkufyrirtæki í landinu, ef Rafmagnsveitur ríkisins væru ekki hlutafélag mundi það fyrirtæki eiga erfitt uppdráttar í samkeppni við önnur orkufyrirtæki í landinu. Forsendan fyrir því að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag fyrir ári síðan var einmitt sú að samkeppni yrði á milli fyrirtækjanna. Það er því mikil kúvending ef menn ætla sér, ári eftir að hafa breytt Rarik í hlutafélag, að renna saman þessum þremur fyrirtækjum ríkisins í eitt.

Ég tek undir sjónarmið sem ég heyrði áðan hjá síðasta ræðumanni og ég hef haldið til haga á undanförnum árum. Ég hallast að því að ríkið nýti þessi fyrirtæki, bæði Rafmagnsveitur ríkisins og orkubúið, sem fyrirtæki til sóknar í þeim landshlutum sem fyrirtækin starfa, þannig að menn horfi ekki bara á þessi fyrirtæki í því skyni að framleiða rafmagn fyrir markaðinn á höfuðborgarsvæðinu heldur sem fyrirtæki sem hafi afl til að sækja fram í atvinnumálum, í atvinnusköpun á sínu starfssvæði, og menn eigi að huga að því að skipuleggja fyrirtækin út frá því sjónarmiði. Ég gæti séð fyrir mér að Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins að einhverju leyti yrðu sameinuð í eitt fyrirtæki á norðvesturhluta landsins sem væri mjög öflugt fyrirtæki sem gæti haft bolmagn til að ráðast í framkvæmdir til orkuframleiðslu og atvinnusköpunar á starfssvæði sínu. Þessi landshluti þarf á því að halda að menn hafi yfir að ráða fyrirtæki sem hefur eitthvert afl í því skyni að styrkja búsetu á því svæði. Jafnvel mætti hugsa sér að þessu fyrirtæki væri heimilt að leggja til fé í atvinnusköpun á öðrum sviðum en það beinlínis starfaði á, þannig að það mætti nýta hluta af eigin fé þess til að sækja fram í atvinnumálum á öðrum sviðum.

Ég vildi láta þetta koma fram, virðulegi forseti, þannig að við framhald málsins, sem er að vísu óvisst á þessu stigi hvert verður, lægju a.m.k. fyrir þær hugmyndir sem ég hef í þessum efnum.

Ég vil að lokum velta fyrir mér einum anga af þessu máli, sem ég hygg að sé ákveðinn drifkraftur í þeirri stefnubreytingu stjórnvalda að renna þessum þremur fyrirtækjum saman í einn efnahagsreikning, og það er eiginfjárstaða Landsvirkjunar. Mér sýnist á þessu nokkuð augljóst að Kárahnjúkavirkjun sé það stórt verkefni fyrir Landsvirkjun að fyrirtækið geti ekki ráðist í að fjármagna það verkefni eingöngu með lántöku, að auka þurfi eigið fé Landsvirkjunar til að fyrirtækið ráði við þær skuldbindingar og þær framkvæmdir. Eigið fé orkubúsins og Rafmagnsveitna ríkisins er um 17 milljarðar kr. og það sem í raun og veru er verið að gera með þessu er að hækka eigið fé Landsvirkjunar um 17 milljarða kr. Það eru u.þ.b. 15% af framkvæmdakostnaði við Kárahnjúkavirkjun og því er ekkert óeðlilegt að menn telji að ekki sé hægt að ráðast í svo mikla framkvæmd upp á 100 milljarða kr. eða meira án þess að leggja fram eitthvert eigið fé. Að öðrum kosti verði skuldirnar það hátt hlutfall af efnahagsreikningi og vaxtakostnaðurinn hærri en samningarnir, tekjusamningarnir, geti með góðu móti risið undir. Þannig blasir málið við mér.

Ég vil benda á eitt mál sem getur líka haft áhrif á Landsvirkjun og er óútkljáð. Það eru kröfur landeigenda að þeim vatnsföllum sem mynda afl Kárahnjúkavirkjunar um greiðslur fyrir afnot af vatnsréttindunum. Þau mál eru fyrir dómstólum, ef ég veit rétt, og kröfur landeigenda eru þær að þessi vatnsréttindi verði metin á 60 milljarða kr. Af þeim mun ríkið eiga um helming þannig að aðrir landeigendur gera þá kröfu til þess að þessi réttindi þeirra séu metin á um 30 milljarða kr. og þeir fái greitt afgjald fyrir nýtingu á þessum réttindum sem nemur, ef ég hef tekið rétt eftir um daginn í lýsingu á kröfunum, um 15% af tekjum Kárahnjúkavirkjunar. Það væri fróðlegt að vita hvort samningarnir um sölu rafmagnsins frá Kárahnjúkavirkjun geri ráð fyrir því að Landsvirkjun þurfi að standa undir greiðslum af þessum toga. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það og ég verð að segja að mér finnst nokkur rök hníga að því að ekki sé gert ráð fyrir því. Ég spyr: Hvað gerist ef landeigendur vinna mál sitt og þeim verður dæmt afgjald, kannski ekki það sem þeir fara fram á en við skulum segja helminginn eða svo? Stendur Landsvirkjun undir því að borga það afgjald? Verður ríkisvaldið þá ekki að greiða þennan kostnað vegna þess að tekjur af sölu rafmagnsins standa ekki undir þessum útgjöldum? Ég held að að skýra verði þennan þátt málsins og ég hef grun um ekki sé gert ráð fyrir að Landsvirkjun geti staðið undir þeim útgjöldum sem kynnu að falla til í formi afgjalds fyrir vatnsréttindin. Þá fer málið að breytast dálítið og syrta í álinn fyrir þessa framkvæmd ef hún skilar ekki nægilegri afkomu til að geta staðið undir þeim útgjöldum. Því verður ekki mætt öðruvísi en ríkið leggi til fé til fyrirtækisins.

Ég held að þessi þáttur málsins, staða Kárahnjúkavirkjunar, sé mjög viðkvæmur í þessu máli og menn þurfi að fá betri skýringar á því hvernig þessi framkvæmd stendur í raun og veru fyrir Landsvirkjun. Við vitum að með þessu frumvarpi er verið að styrkja eigið fé Landsvirkjunar um 17 milljarða til þess að Landsvirkjun geti betur borið þennan kostnað eða þessa framkvæmd og við þurfum að vita: Þarf að styrkja eigið fé meira ef ekki er gert ráð fyrir að fyrirtækið þurfi að borga fyrir afnot af þessum vatnsréttindum?

Ég vildi að þetta kæmi fram í umræðunni þannig að um það yrði spurt. Vonandi fást einhver svör til að skýra þennan þátt málsins og ég vænti þess að hæstv. iðnaðarráðherra eða formaður iðnaðarnefndar geti varpað frekara ljósi á það mál.

[18:18]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni vangaveltur sínar. Þær eru fullkomlega eðlilegar. Það er auðvitað snautlegt til þess að vita að mál af þessu tagi skuli vera tekið á þessum hraða hér í gegnum þingið. Menn sjá að nefndin öll hefur verið meira og minna á undanhaldi með þetta mál frá því að það kom hér fram.

Aðeins til þess að bregðast við því sem hv. þingmaður sagði hér síðast varðandi það hvort þyrfti kannski að auka eigið fé enn meira en um þessa 17 milljarða sem mögulega mundu styrkja stoðir Landsvirkjunar með því að Orkubú Vestfjarða og Rarik gengju þar inn.

Þá vil ég benda hv. þingmanni á það að nú hafa stórfyrirtæki, bæði á fjármálasviði og orkufyrirtæki, eins og olíufyrirtækin eru farin að kalla sig, látið í ljósi skoðanir og beinlínis stefnu um að þau hyggist koma inn á orkumarkaðinn og hyggist hasla sér völl á orkusviði.

Þess vegna vil ég segja við hv. þingmann. Já, það er talsverð hætta á því að fyrirtæki annars staðar að úr litrófi stórfyrirtækja á landinu eigi eftir að sækjast eftir því að komast þarna að og komi til með að verða þá nýtt til að styrkja enn frekar eiginfjárstöðu Landsvirkjunar.

Þannig að mitt svar við þeim vangaveltum, þó ég sé kannski ekki þess umkomin að gefa honum svar sem byggir á stjórnvaldsákvörðunum, þá hef ég það fastlega á tilfinningunni að þarna ætli menn sér ákveðna hluti og Landsvirkjun og reyndar stjórnvöld viti af þessu og þess verði skammt að bíða að aðrir aðilar komi þarna að með fjármuni sem styrki eigið fé Landsvirkjunar enn frekar.

[18:20]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að þetta sé réttmæt ábending hjá hv. þingmanni, a.m.k. tek ég eftir því í samningnum um kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun að beinlínis er gert ráð fyrir því að Landsvirkjun verði hlutafélag og nýir aðilar komi inn í Landsvirkjun með kaupum á hlutafé. Sérstaklega eru tilgreindir lífeyrissjóðirnir.

Þannig að ég er í engum vafa um að það eru áformin, að einkavæða Landsvirkjun a.m.k. að einhverju leyti. Ég held að það sé eiginlega augljóst mál hvaða stefna er uppi í þeim efnum og fari ekki á milli mála.

Hitt held ég líka að sé mál sem við þurfum að átta okkur betur á og er að þróast kannski miklu hraðar en ég hafði a.m.k. gert mér grein fyrir og það er að réttindin sem undir liggja í málinu, að verðmætin eru að færast meira yfir á réttindin sjálf. Þannig að þróunin er að verða í svipaða átt og hefur gerst í sjávarútveginum, að stærri hluti af heildartekjum sjávarútvegsins er tekinn út í gegnum réttindin sjálf. Ekki það að afla fisksins eða vinna hann eða selja, heldur í gegnum afnot af réttindunum.

Við sjáum það af samningi Seyðisfjarðarkaupstaðar um virkjun Fjarðarár, að þar er gert ráð fyrir því að eigandi vatnsréttindanna fái um 7,5% af brúttótekjum virkjunarinnar í sinn hlut. Þess vegna er ekkert út í hött að segja að svipað muni gerast í stærri aflvirkjunum, eins og ætti að vera við Kárahnjúkavirkjun og síðari virkjanir sem koma munu, menn þurfa að gera ráð fyrir því að eigandi vatnsréttindanna taki kannski 10–15% af brúttótekjum virkjunarinnar (Forseti hringir.) í afgjald fyrir notkunina á réttindunum.

[18:22]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað hárrétt athugað hjá hv. þingmanni, réttindin sjálf eru að verða æ verðmætari og samlíkingin við sjávarútveginn er fullkomlega réttmæt. Við skyldum skoða allt þetta mál í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum af kvótakerfinu og þeim rétti sem þar er í fólginn til að veiða úr fiskstofnunum okkar. Þess vegna segi ég að það er önugt að horfa til þess að þetta mál skuli vera afgreitt með slíku hraði út úr þinginu.

En að lokum vil ég segja í síðara andsvari mínu við hv. þingmann, af því ég nefndi fjármálafyrirtækin og olíufyrirtækin sem hafa hug á því að komast inn á þennan raforkumarkað okkar og hafa gefið um það yfirlýsingar, að það er líka heimilt samkvæmt samningnum að þau kaupi rétt af Landsvirkjun.

Því Landsvirkjun hefur í þessum samningi möguleika á því að losa eignir út úr fyrirtækinu þannig að á þann hátt gætu þessi stóru og sterku fyrirtæki sem eru að gerast æ frekari til fjörsins á okkar markaði, eignast, hver veit hversu stóran hluta úr þessum fyrirtækjum sem hingað til hefur verið sameign okkar.

[18:24]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að menn verði að hugsa þetta betur. Sjáum t.d. öll réttindin sem safnast saman inni í Landsvirkjun ef Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rarik eru orðin eitt fyrirtæki með öllum réttindum sem hvert og eitt fyrirtæki hefur til virkjunar og verðmætin eru komin í réttindin. Þá sjáum við í hendi okkar að það eru tugir milljarða kr. verðmæta sem eru bara í réttindunum.

Síðan einkavæða menn Landsvirkjun, segi ég. Það er það sem ég sé fram undan að verði gert. Ekki það að ég sé að leggja það til eða styðja það. En ég sé fram á að það verði gert og fjármálafyrirtæki komist yfir réttindi. Og það sem ég hygg að verði vandinn er að þau komast yfir réttindin fyrir brot af þeim verðmætum sem þau í rauninni eru. Alveg eins og menn gátu keypt bankana fyrir brot af þeim verðmætum sem í þeim fólust og alveg eins og menn hafa

komist yfir fiskveiðiréttindin fyrir brotabrot af þeim verðmætum sem í þeim felast.

Við megum ekki einn ganginn enn, láta úr höndum almennings, úr höndum ríkisins fyrir hönd almennings, verðmæt réttindi á tombóluverði. Við verðum að búa þannig um hnútana í þessu máli að réttindin verði í almannaeigu og þeir sem nýta þau og vinna úr þeim borgi eðlilegt afgjald til ríkisins fyrir notin á þeim. Það er það sem við verðum að gæta okkur á í þessum raforkumálum að missa ekki út úr höndunum á okkur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:29]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, JBjart, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [18:28]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil bara gera grein fyrir því að eftir að þær breytingar hafa komið fram sem iðnaðarnefnd var sammála um að leggja fram um þetta mál þá erum við samþykk því, þeir sem voru í iðnaðarnefnd fyrir hönd Samfylkingarinnar.

Þarna er um að ræða að færa fyrirsvar fyrir þessum fyrirtækjum, þ.e. Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik, undir forræði fjármálaráðuneytisins og það hefur verið lagt til áður.

Brtt. 587,1 (ný 2. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, LB, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, JBjart, KF, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

Brtt. 587,2 (ný 3. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KHG, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, JBjart, KLM, LB, MF, SigurjÞ, VF, ÖJ) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KHG, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, JBjart, KLM, LB, MF, SigurjÞ, VF, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

### *Ættleiðingarstyrkir, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 517, nál. 584, brtt. 585.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:31]

Brtt. 585,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, JÁ, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 50:1 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** PHB.

12 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, SÞorg, VF, ÞES) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** PHB.

10 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

Brtt. 585,2 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ,

DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

10 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** PHB.

10 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

6.–10. gr. samþ. með 51:1 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

**nei:** PHB.

11 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, VF, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51:1 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** PHB.

11 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, HBl, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

### *Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.*

Frv. allshn., 413. mál. — Þskj. 468.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

### *Jarðalög, frh. 1. umr.*

Frv. landbn., 418. mál (veðtökuheimildir óðalsbænda). — Þskj. 487.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:34]

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.

### *Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frh. 1. umr.*

Frv. GHH o.fl., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 536.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:34]

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Álbræðsla á Grundartanga, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 93. mál (tekjuskattur á arð o.fl.). — Þskj. 93, nál. 551.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:35]

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KolH) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, JBjarn, JBjart, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

### *Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 95. mál (framlenging gildistíma laganna o.fl.). — Þskj. 95, nál. 552, brtt. 554.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:36]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 554,1 (ný 2. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

3.–4. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 554,2 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

***Landsvirkjun, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 364. mál (eignarhald og fyrirsvar). — Þskj. 396, nál. 553.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:37]

**Jóhann Ársælsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um kaup ríkissjóðs á helmingshlut í Landsvirkjun af Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Frumvarpið er að okkar mati eðlileg tillaga um hvernig fara beri með mál gagnvart Landsvirkjun í framhaldinu af því.

Við samfylkingarmenn teljum að þessi kaup séu eðlileg. Það hafi þurft að leysa úr þeim eignarhaldsvanda sem uppi var með eignarhaldi Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar á þessum eignarhlutum og það auðveldi þá óhjákvæmilegu aðgerð sem þarf að fara í, þ.e. að fara yfir eignarhald á auðlindum sem Landsvirkjun hefur og sjá til þess að þær auðlindir verði í eigu landsmanna til framtíðar og best er að gera það með þeim hætti að þetta sé þá allt saman á hendi ríkisins þegar menn fara í þá göngu.

Ég tel að það sé ágætlega að þessu staðið frá hendi ríkisins. Kaupin séu í raun og veru eðlileg, verðið sé gott og við sem fulltrúar landsmanna getum varla slegið hendi á móti samningi eins og þeim sem hér er á ferðinni.

Við samfylkingarmenn munum því styðja þetta frumvarp en í því er ekki fólginn neinn stuðningur við einhvers konar einkavæðingu fyrirtækisins. Ég endurtek það. Framhaldið hlýtur síðan að vera að koma þeim auðlindum sem Landsvirkjun hefur í framtíðarfyrirkomulag sem sér þá til þess að arðurinn af þeim renni til fólksins sem á þær.

1. gr. samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

**nei:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, MÞH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, JBjart, KHG, KLM, MF, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:40]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að ríkið eignist hluti Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Þetta er fyrsta skrefið í að einkavæða Landsvirkjun. Það hefur komið berlega fram, bæði af hálfu forustumanna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hver einbeittur vilji þeirra er í þeim efnum.

Við þekkjum þennan feril. Við þekkjum feril Símans þegar hann var fyrst færður úr almannaeignarfyrirtæki yfir í hlutafélag og síðan seldur þrátt fyrir yfirlýsingar um annað. (**Gripið fram í:** Vilji er nú allt sem þarf ...) Mér sýnist nú viljaleysið vera mest, sérstaklega hjá Framsóknarflokknum og dugleysið að leggjast svo flatur fyrir einkavæðingarkröfu íhaldsins eins og raun ber vitni. Ég segi því nei.

[18:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir lýsti því yfir fyrir um einu til einu og hálfu ári að stefna ríkisstjórnarinnar væri að einkavæða Landsvirkjun. Að hefja einkavæðingu Landsvirkjunar á árinu 2008. (Gripið fram í.)

Þetta liggur fyrir á prenti, hæstv. landbúnaðarráðherra og það er til skammar fyrir landbúnaðarráðherra að vita ekki hvað flokkssystir hans, ráðherrann hefur sagt í þessum efnum.

Það var beinlínis sagt að það væri ekki stefna ríkisstjórnarinnar að ríkið ætti þetta fyrirtæki eitt áfram heldur væri stefnt að því að hefja einkavæðingu þess og nefndir til sögunnar mögulegir eignaraðilar eins og lífeyrissjóðir.

Þar fyrir utan hefur ríkisstjórnin staðið illa að þessu máli sem og meiri hluti ríkisstjórnarinnar hér í Reykjavík sem tók ákvörðun um að selja hlutinn en sú málsmeðferð hefur nú verið kærð til félagsmálaráðuneytisins með stjórnsýsluúrskurði.

Þannig að auðvitað á að láta þetta frumvarp liggja. Það hefði náttúrlega aldrei átt að koma hingað en í öllu falli er óhæfa að (Forseti hringir.) afgreiða það við þessar aðstæður.

[18:42]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Fortíðarhyggja Vinstri grænna kemur helst fram í því að þeir geta aldrei rætt um nútímann. Þeir verða alltaf að ræða um það sem hefur gerst einhvern tímann í fortíðinni. Þeir geta ekki rætt um það frumvarp sem verið er að greiða atkvæði um nú heldur ræða þeir um einhverja löngu týnda fortíð.

Þar sem hér er um að ræða, hæstv. forseti, er að það er verið að staðfesta samkomulag milli ríkis annars vegar og Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar hins vegar.

Frumkvæðið að þeim samningi kemur frá Reykjavíkurborg, frá fulltrúum R-listans sem m.a. Vinstri grænir stóðu að. (Gripið fram í.) Það merkilegasta í þessu öllu saman er að Vinstri grænir virðast vera búnir að gleyma þeirri ábyrgð sinni og leggjast gegn því og tala um einkavæðingu ríkisstjórnarinnar þegar frumkvæðið kemur frá R-listanum, m.a. fulltrúum Vinstri grænna í Reykjavíkurborg.

Það er verið að skilja á milli þess (Gripið fram í.) að Reykjavíkurborg rekur eitt stærsta orkufyrirtæki landsins (Forseti hringir.) sem er Orkuveita Reykjavíkur og svo Landsvirkjunar.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill fá ró í salinn.)

2.–15. gr. og ákv. til brb. I–II samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

**nei:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (GAK, MÞH) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, JBjart, KHG, KLM, MF, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51:2 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
**nei:** JBjarn, KolH.
10 þm. (BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, JBjart, KHG, KLM, MF, SigurjÞ, VF) fjarstaddir.

### *Búnaðarfræðsla, 2. umr.*

Stjfrv., 189. mál (Háskólinn á Hólum). — Þskj. 190, nál. 489, brtt. 490 og 541.

[18:46]

**Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum, frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjöldamarga gesti eins og getið er um í þingskjali. Frumvarpið var einnig sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Hólaskóla, Hollvinasamtökum Hólaskóla, Byggðastofnun, Samtökum fiskvinnslustöðva og Landssambandi fiskeldisstöðva, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Bandalagi íslenskra námsmanna, Búfræðsluráði, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Bændasamtökum Íslands, Kennarasambandi Íslands, Þórólfi Gíslasyni, háskólaráði Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal, verði formlega gerður að háskóla og mun heiti hans breytast í Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.

Við umfjöllun nefndarinnar hafa borist óskir um fleiri aðila til setu í háskólaráðinu. Skv. c-lið 10. gr. (31. gr.) frumvarpsins munu níu fulltrúar koma til með að eiga sæti í háskólaráði, þar af tilnefnir sjávarútvegsráðherra einn fulltrúa og samgönguráðherra einn. Nefndin telur æskilegt að sjávarútvegsráðherra tilnefni fulltrúa frá Landssambandi fiskeldisstöðva og samgönguráðherra tilnefni aðila frá Félagi ferðaþjónustubænda.

Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að háskólaráð skuli skipað til þriggja ára í senn í stað fimm. Með því yrði skipunartími háskólaráðs sambærilegur þeim sem gildir í öðrum háskólum. Nefndin áréttar þó að það háskólaráð sem nú er skipað við Landbúnaðarháskóla Íslands mun ljúka sínum fimm ára skipunartíma og eftir þann tíma skipar landbúnaðarráðherra nýtt háskólaráð til þriggja ára.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi leggur hún til lagfæringu á því hver eigi að setja reglur um gjöld vegna endurmenntunar. Ákvæði 8. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 19. gr. laganna skarast með þeim hætti að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að háskólaráð setji nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda en í 2. mgr. 19. gr. laganna er gert ráð fyrir að yfirstjórn hverrar stofnunar setji reglur um fjárhæð endurmenntunarnámskeiða. Nefndin leggur því til að sá hluti 2. mgr. 19. gr. laganna verði felldur brott.

Í öðru lagi leggur nefndin til þá breytingu að Hólaskóla verði gert kleift að stofna til náms og rannsókna á öðrum fræðasviðum en þeim sem tilgreind eru í frumvarpinu að því tilskildu að starfsemin uppfylli skilyrði til viðurkenningar samkvæmt lögum nr. 63/2006, um háskóla.

Í þriðja lagi leggur nefndin til orðalagsbreytingu þess efnis að í stað orðsins hæfni í 4. mgr. g-liðar 10. gr. (34. gr.) komi hæfi.

Í fjórða lagi leggur nefndin til breytingu á 36. gr. laganna þar sem vísað er til skólagjalda í a-lið en þar er einkum átt við innritunar- og kennslugjöld og er því lagt til að í stað orðsins skólagjöld komi gjöld. Samkvæmt 3. mgr. a-liðar 10. gr. frumvarpsins (29. gr.) er gert ráð fyrir skólagjöldum vegna alþjóðlegrar deildar í hrossarækt og er þar ekki átt við skólagjöld í þeirri merkingu sem áður var í a-lið 36. gr. og er því breytingin eingöngu til að taka af alla vafa.

Í fimmta lagi leggur nefndin til breytingu á ákvæði til bráðabirgða. Á síðasta löggjafarþingi voru sett ný lög um háskóla, nr. 63/2006, þar sem eitt af helstu nýmælunum var ákvæði um aukið gæðamat og gæðaeftirlit með kennslu og rannsóknum. Gildissvið nýrra háskólalaga nær þó eingöngu til þeirra skóla á háskólastigi sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 3. gr. laga um háskóla. Nefndin leggur því til að tekið verði sérstaklega fram í bráðabirgðaákvæði að 2. gr. frumvarpsins komi ekki til framkvæmda fyrr en menntastofnanir landbúnaðarins hafa hlotið framangreinda viðurkenningu. Nefndinni hafa borist þær upplýsingar að menntastofnanir landbúnaðarins hyggist leita sér viðurkenningar skv. 3. gr. laga um háskóla. Í bráðabirgðaákvæðum í háskólalögunum og í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að endurskoða skuli lög þessi til að samræma og auka samvinnu við gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi.

Nefndin telur rétt að vekja athygli á því að athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar skýra ekki þær breytingar sem felast í frumvarpinu sjálfu heldur því sem felst í lagagreinunum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Anna Kristín Gunnarsdóttir og Einar Már Sigurðarson. Jóhann Ársælsson og Jón Bjarnason skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Fyrirvari Jóns lýtur að niðurlagningu stofnunarinnar og uppsögn starfsmanna. Magnús Þór Hafsteinsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Undir álitið rita Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Gunnar Örlygsson, Guðmundur Hallvarðsson og Birkir Jón Jónsson. Jóhann Ársælsson og Jón Bjarnason rituðu undir með fyrirvara.

[18:51]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hérna hefur verið mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu sem lúta fyrst og fremst að breytingum á stöðu Hólaskóla. Eins og formaður hv. landbúnaðarnefndar gerði grein fyrir í nefndaráliti þá stend ég að þessu nefndaráliti efnislega með þeim fyrirvara að ég tel að ekki eigi að segja upp starfsfólki við skólann.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Drífu Hjartardóttur er hér fyrst og fremst um formbreytingu að ræða. Í rauninni er verið að setja lög um þá starfsemi sem þegar er í gangi og gefa henni tækifæri til að þróast áfram, í sjálfu sér er því ekki verið að búa til nýja stofnun. Meira að segja er það svo að nafnið á stofnuninni sem hér er verið að tala um, Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal – Háskólinn á Hólum er nákvæmlega sama nafn og hún hefur gengið undir í dag. Það er í sjálfu sér mjög lofsvert að slík löggjöf skuli vera sett sem hér er verið að setja þótt hún sé fyrst og fremst staðfesting á þeirri löggjöf sem samþykkt var á Alþingi 1999 með lögum um búnaðarfræðslu sem þá var samþykkt en í 34. gr. þeirra laga var einmitt kveðið á um að heimilt væri að stofna til kennslu eða náms á háskólastigi við Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins á afmörkuðum sviðum með samþykki landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn búfræðsluráðs.

Með lögunum frá 1999 var sú starfsemi í rauninni heimiluð, þ.e. að tekin væri upp kennsla og starf á háskólastigi. Í ráðningarsamningum þess fólks sem uppfyllt hefur þau skilyrði sem sett voru hefur verið kveðið á um að það fengi ráðningar og laun í samræmi við menntun og kröfur sem gerðar eru til þeirra við kennslu á háskólastigi. Sú breyting sem hér er verið að gera er því í sjálfu sér fyrst og fremst staðfesting á því.

Um leið og ég fagna því að verið er að festa þetta háskólanám í lög þá hef ég flutt breytingartillögu, frú forseti, þar sem lagt er til að fallið verði frá því að segja fólkinu upp, fallið verði frá því að leggja stofnunina niður og fallið verði frá því að setja stofnunina að ástæðulausu í uppnám, því þó að verið sé að staðfesta formlega í lögum að stofnunin megi heita háskóli þá sé ástæðulaust og rangt að segja starfsfólkinu upp. Ég mun koma nánar að því í ræðu minni, frú forseti, en breytingartillaga mín er við ákvæði til bráðabirgða þar sem nú er sagt að segja eigi fólkinu upp. Mín tillaga er sú að skipað og ótímabundið ráðið starfsfólk Hólaskóla skuli halda stöðum sínum en þeir einir geta þó orðið prófessorar, dósentar og lektorar við Hólaskóla sem uppfylla kröfur 34. gr. laganna og að skólameistari Hólaskóla verði rektor Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Þetta er mín breytingartillaga.

Ég vil vitna til þess að 1999 voru gerðar mjög gagngerar breytingar á búnaðarfræðslunni. Þá voru sett lög um menntastofnanir landbúnaðarins, m.a. um Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Eldri lög frá 1978 hljóðuðu upp á Bændaskólann á Hvanneyri sem hafði heimild til að reka svokallaða framhaldsdeild en með lögum frá 1999 var þeim breytt þannig að Bændaháskólanum á Hvanneyri var breytt í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Hins vegar var Bændaskólanum á Hólum breytt í Hólaskóla en Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi hélt áfram sínu nafni.

Í lögunum frá 1999 voru gerðar grundvallarbreytingar á lagaumgerð búfræðslunámsins en engu að síður var lögð áhersla á að ekki yrði hróflað við stöðu starfsfólksins og var þó verið að gera miklu meiri breytingar en nú er. Nafni Bændaskólans á Hvanneyri var breytt í Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. Í þeim lögum segir í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Skipað og ótímabundið ráðið starfsfólk Bændaskólans á Hvanneyri, Bændaskólans á Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum skal halda stöðum sínum. Þeir einir geta þó orðið prófessorar, dósentar og lektorar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri sem uppfylla kröfur 7. gr. laga nr. 136/1997, um háskóla.“

Þarna var þess einmitt vandlega gætt að ekki væri verið að hrófla við réttarsambandi og ráðningarsambandi stofnunar og starfsfólks að ástæðulausu. Þess vegna er mér með öllu óskiljanlegt hvers vegna lagt er til í þessu frumvarpi að öllu starfsfólki á Hólum verði sagt upp. Það hljóta að vera einhver annarleg sjónarmið þar að baki ef þetta er keyrt áfram með þeim hætti sem hér er, eins og það er mikið fagnaðarefni að Hólaskóli skuli fá rétt til að kalla sig háskóla.

Má ég minna á í þessu sambandi að nýlega hefur verið dreift frumvarpi á Alþingi um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sem þýðir að Kennaraháskólinn er látinn ganga inn í Háskóla Íslands og því í raun lagður niður. Við þær miklu breytingar sem þarna er verið að gera er í 3. gr. þess frumvarps skýrt kveðið á um störf starfsmanna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Við gildistöku laga þessara flytjast störf ótímabundið ráðinna kennara, sem uppfylla skilyrði 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, og annarra ótímabundið ráðinna starfsmanna Kennaraháskóla Íslands, yfir til hins sameinaða háskóla, Háskóla Íslands.“

Þarna er því lögð áhersla á að ekki sé gert ráðningarrof á starfsfólki Kennaraháskóla Íslands þó að hann sé í raun lagður niður og færður inn í Háskóla Íslands. Enda er það svo, frú forseti, að öryggi stofnunar og starfsfólks, gagnkvæmt öryggi þeirra í millum er eitt hið dýrmætasta í rekstri slíkra stofnana. Ég er með umsögn um frumvarpið frá Hólamannafélaginu, Hollvinasamtökum Hólaskóla, sem eru samtök þeirra sem annaðhvort hafa verið nemendur eða starfað við Hólaskóla á undanförnum árum og áratugum og þar segir, með leyfi forseta:

„Hólamannafélagið vill koma eftirfarandi á framfæri vegna ofangreinds frumvarps:

1. Hólamannafélagið fagnar þessu frumvarpi í heild sinni og telur það til mikilla bóta fyrir skólastarf á Hólum og í raun aðlögun að því starfi sem þegar er unnið þar.

2. Hólamannafélagið hefur efasemdir um að það sé rétt aðferðafræði að segja núverandi starfsmönnum upp störfum og endurráða þá síðan. Samþykkt frumvarpsins felur í fyrstunni ekki í sér breytingar á störfum núverandi starfsmanna heldur munu breytingar taka tíma og komast smám saman á. Því fela uppsagnir starfsmanna ekki annað í sér en að skapa þeim óöryggi og óþægindi. Hólamannafélagið leggur því til að í greininni Ákvæði til bráðabirgða verði setningarnar „Störf hjá Hólaskóla eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki stofnunarinnar skulu boðin störf

hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum“ felldar niður en í þeirra stað komi setningin: „Störf Hólaskóla verða við gildistöku laga þessara störf hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum.“

Hollvinasamtök Hólaskóla eru ekki að koma þessu á framfæri að ástæðulausu. Allir sem komu á fund nefndarinnar, nema fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins, ég minnist ekki að neins annars, töldu enga ástæðu til þess að vera að breyta ráðningarformi fólks og voru reyndar hissa á því að það væri í lögunum með þeim hætti, þannig að mér verður þetta enn óskiljanlegra.

Sama segir í umsögn BSRB um frumvarpið, með leyfi forseta:

„BSRB telur að þrátt fyrir að verið sé að gera Hólaskóla að háskóla sé ekki um svo mikla breytingu að ræða að til þess þurfi að koma að leggja niður störf og segja upp starfsfólki. Með þessari breytingu er verið að setja réttindi starfsmanna og starfsfólk stofnunarinnar í óvissu. Þrátt fyrir að í bráðabirgðaákvæðinu segi að starfsfólki stofnunarinnar skuli boðin störf hjá hinum nýja háskóla segir þar ekkert um hvernig réttindi þeirra, áunnin eða til framtíðar verði tryggð.“

Samtök stéttarfélaganna benda á þetta. Það er hins vegar alveg hárrétt að með því að segja öllu starfsfólkinu upp á starfsfólkið rétt á biðlaunum. Það á rétt á starfslokasamningum samkvæmt lögum þar um. Það er alveg rétt. En er það í þann feril sem við viljum láta þetta mál fara, að hver einstakur starfsmaður á Hólum eigi að fara að velta því fyrir sér hvort það sé hagkvæmara eða öruggara fyrir sig að skoða hvort hann eigi að skoða biðlaunarétt sinn þegar ráðningarsambandið hefur verið rofið? Því það hlýtur hver og einn starfsmaður að fara að hugsa út frá sjálfum sér hvað það varðar.

Frú forseti. Mér finnst þessi aðgerð með ólíkindum og maður fer að velta því hreinlega fyrir sér hvaða tilfinningar liggja þarna að baki. Það kom fram í nefndinni hjá fulltrúum ráðuneytisins að þeir vörðu þessa tillögu sína með því að það gæfi svigrúm til að stokka upp ráðningarform fólks. Vissulega gefur það tækifæri til að stokka upp ráðningarform fólks, en er það það sem við viljum gera á svona stað? Þegar ráðningarsamningur er rofinn við fólk á svona stað þá er í rauninni verið að rjúfa ráðningarsamning við samfélag en ekki fólk. Það eru bara tvö ár síðan við vorum með lagasetningu um Landbúnaðarháskóla Íslands og þá var hart sótt einmitt að sama ráðherra og nú er að leggja þetta frumvarp fram, að Hólaskóli yrði gerður að deild í Landbúnaðarháskóla Íslands. Það var bara með hörku að tókst að koma í veg fyrir að Hólaskóli yrði þá lagður niður af núverandi landbúnaðarráðherra og gerður að deild í Landbúnaðarháskóla Íslands.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill inna hv. þingmann eftir því hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni, hvort hann vilji fresta ræðunni eða ljúka henni núna.)

Virðulegi frú forseti. Ég held að ég fresti seinni hluta ræðunnar.

(**Forseti** (SP)**:** Þá mun forseti fresta fundi en fundi verður fram haldið kl. 8 og þá verður þessu máli fram haldið.)

[Fundarhlé. — 19:08]

[20:01]

**Jón Bjarnason** (frh.)**:**

Frú forseti. Ég var kominn þangað fyrir matarhlé að gera grein fyrir breytingartillögu sem ég flyt við þetta frumvarp um breytingar á lögum um búnaðarfræðslu. Ég minntist á að ég styð í sjálfu sér nefndarálitið og frumvarpið að undanskildum þeim þætti að starfsfólkinu sé sagt upp. Það hafa ekki komið fram nein lagaleg rök fyrir því að þess þurfi í þessu sambandi. Nafn skólans verður trúlega óbreytt, hann hefur gengið undir nafninu Hólaskóli – Háskólinn á Hólum undanfarin ár, það er ekki einu sinni verið að breyta því, og það hefur komið rækilega fram í greinargerð með þessu frumvarpi að hér sé fyrst og fremst verið að staðfesta það sem er nú þegar í umsvifum skólans en einnig að opna eigi fyrir frekari þróun og heimila skólanum að gefa út eigin háskólagráður á afmörkuðum sviðum.

Ég verð að segja að mér finnst alveg með ólíkindum léttúð, kæruleysi og ábyrgðarleysi meiri hluta landbúnaðarnefndar og ráðherra og starfsmanna hans sem hafa rekið þetta mál með svo miklu offorsi að maður fær á tilfinninguna að meginmarkmið frumvarpsins sé að segja fólkinu upp (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt hjá þér.) því að öll önnur atriði eru til staðar en þetta er fullkomið ábyrgðarleysi. Ég efast reyndar um að þessi grein standist lög og verði þau sett verða þetta einhver ólög vegna þess að ekki má segja starfsfólki upp nema um grundvallarbreytingar á stofnun sé að ræða, skipt um nafn, hún fái aðra kennitölu o.s.frv. Það verða engar slíkar breytingar hér.

Mér finnst þetta furðulegt. Eins og ég segi í greinargerð með breytingartillögu minni þá var Hólaskóli stofnaður 1882 og hann er búinn að starfa síðan. Það er margoft búið að breyta lögum um stofnunina og miklu meira en hér er verið að gera, en það hefur aldrei verið gripið til þess fyrr að leggja stofnunina niður og segja upp fólkinu eins og hér á að gera. Það hefur aldrei verið gert. Það er merkilegt ef núverandi landbúnaðarráðherra vill verða þekktur fyrir að hafa tekið þá áhættu, vegna þess að staðfesta eigi með lögum það nám og starf sem í gangi er á stofnuninni og gefa henni aukið svigrúm með því að fá rétt til að kalla sig háskóla lagalega, og þá skuli það vera gripið sem tilefni. Þegar leitað er skýringa þá eru ekki nein svör við því.

Ég minntist á það áðan að fyrir tveimur og hálfu ári síðan vorum við með frumvarp um Landbúnaðarháskóla Íslands sem fór í gegnum þingið og fól í sér að sameina þá þrjár stofnanir, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi. Þarna voru þrjár ólíkar stofnanir sameinaðar í eina og þá voru það höfð sem rök fyrir því að störfin væru lögð niður og fólkinu síðan boðin ráðning við hina nýju stofnun. Það var gagnrýnt en þar var þó verið að breyta starfsvettvangi fjölda fólks. Það var verið að ráða það til nýrra starfa og annarra starfslýsinga. (**Gripið fram í:** Og allir ánægðir með það.) Ekki aldeilis. Þetta tók mjög á stofnanirnar allar þrjár. Fyrst þegar það frumvarp kom fram var það bara um sameiningu á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri en í miðri hringekjunni átti að fara að keyra þar inn bæði Hólaskóla og Garðyrkjuskólann. (**Gripið fram í:** Ekki Hólaskóla.) Jú, heldur betur. Það var sótt svo hart að því að koma Hóla-

skóla líka inn í það (Gripið fram í.) og leggja hann undir Landbúnaðarháskóla Íslands en Garðyrkjuskólinn fór. Ég held að hv. þm. Drífa Hjartardóttir, sem hér hrópar fram í, ætti að hugleiða hver varaði við því að Garðyrkjuskólinn færi algerlega óundirbúinn inn í þessa sameinuðu stofnun (**Gripið fram í:** Hverjir óskuðu eftir því?) og hverju var lofað sem aldrei var efnt í því sambandi. (**DrH:** Það var engu lofað.) Annað hefur verið haft hér á orði, að starfsmenn ráðherra hafi verið með einhver vilyrði ef stofnanirnar gengju inn. Hvað a.m.k. um skólastjórann sem þá var í Garðyrkjuskólanum, ég held að hann sé hættur og farinn, og hann telji að á einhvern hátt hafi kannski ekki verið staðið við það sem honum hafði verið sagt? Ég bara segi í því tilviki — þetta var sami ráðherrann og við erum með áfram, því miður — að ég held að aðstandendur Garðyrkjuskólans fagni ekkert þeirri stöðu sem þar er komin upp. Það má segja að ekki hafi þurft að fara svo. En hv. þm. Drífa Hjartardóttir ætti kannski að upplýsa okkur um hversu mikil ánægja er núna meðal aðstandenda Garðyrkjuskólans með að skólinn var lagður niður svo skyndilega með þeim hætti sem raun ber vitni. Ég varaði við því.

Það er alveg rétt, það tókst að bjarga Hólaskóla, að hann færi ekki líka þarna inn. (**Gripið fram í:** Þið vilduð það ekki?) Það er bara samt svo að það var ekki nema fyrir harðsnúna ... (Gripið fram í.) Og það er ekki í fyrsta skipti, fyrir nokkrum árum var líka reynt að leggja Hólaskóla undir sameinaða stofnun landbúnaðarins og það komu líka fram tillögur um að leggja hann undir Akureyri. Skólinn er því búinn að vera í stöðugri vörn við að verja stöðu sína. Styrkur slíkrar stofnunar felst í því fólki sem þar er á hverjum tíma. Það er styrkur stofnunar eins og Hólaskóla. Það síðasta sem maður gerir, þótt verið sé að gera minni háttar breytingu á löggjöf í kringum hann, er að segja starfsfólkinu upp. Það fólk sem tekur ábyrgð á því og það sem gerir það sýnir vítavert kæruleysi, sýnir starfsfólki óvirðingu með því að gera það með þeim hætti, því að þótt fólkinu sé lofað að það verði endurráðið er búið að rjúfa ráðningarsambandið. Hver og einn starfsmaður á rétt á sínum biðlaunum. Hann á rétt á því að meta hvort nýr ráðningarsamningur, nýtt ráðningarform sé í samræmi við það sem hann ber væntingar til. Í einhverjum tilgangi er verið að keyra þetta svona ofboðslega stíft að fólkinu skuli sagt upp.

Frú forseti. Eins gott og það er að fagna því að Hólaskóli fái að útskrifa fólk með háskólagráðu á ábyrgð landbúnaðarráðuneytisins — en það hefur komið fram að skólinn og eins Landbúnaðarháskólinn, sem ég kalla svo, á Hvanneyri, Landbúnaðarháskóli Íslands, muni sækja um staðfestingu og viðurkenningu á háskólagráðunni frá menntamálaráðuneytinu — er það jafndapurt að um leið skuli vera valin sú leið að nota tækifærið og segja öllu starfsfólki upp og stefna því öryggi sem stofnunin á að búa við í hættu. Það sýnir bara vankunnáttu og fullkomið og vítavert kæruleysi.

Ég minni á og endurtek að þegar lögum var breytt og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri var stofnaður upp úr bændaskólanum með miklu meiri lagabreytingu sýndu allir sem komu að því máli þá ábyrgð að hrófla ekki við ráðningarsamningum fólks eða ráðningarsamningum á milli stofnunarinnar og fólksins og sama er nú gert t.d. með Kennaraháskólann, eins og ég vitnaði í áðan. Verið er að leggja fram frumvarp um að Kennaraháskólinn renni inn í Háskóla Íslands og verði lagður niður. Samt er kveðið mjög skýrt á um að starfsfólk Kennaraháskólans verði sjálfkrafa, og án þess að ráðningarsamningar séu rofnir, starfsmenn Háskóla Íslands. (Gripið fram í.) Enn þá minni þörf er því hér.

Frú forseti. Það er með ólíkindum hvernig níðst er í gegnum þessa litlu og góðu lagabreytingu bæði á öryggi stofnunarinnar og því nauðsynlega umhverfi sem hún þarf að búa við. Ég hef farið í gegnum það að það sé allt frá því að vera einn starfsmaður sem sé ráðinn í gegnum slíkan feril og ég veit að það síðasta sem maður gerir er að raska starfsöryggi fólksins. Stofnunin er fólkið. Þegar menn ætla að gera góða lagabreytingu byrja menn ekki á því að segja upp fólki og rjúfa ráðningarsamningana við það. Ég hef því lagt fram tillögu um að þessu verði breytt, að þessi ákvörðun um uppsagnir fólksins verði afturkölluð og að ráðningarsambandið verði órofið eins og venja er í svona tilvikum.

[20:14]

**Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málflutningur hv. þm. Jóns Bjarnasonar, fyrrverandi skólameistara á Hólum, er alveg með ólíkindum. Hann talar um að verið séð níðast á öryggi Hólaskóla. Það er svo fjarri lagi. Þetta ákvæði sem er í lögunum núna er hliðstætt því sem var við stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands en það er ekki hægt að bera það saman við það þegar Kennaraháskólinn og Háskóli Íslands sameinast, þar eru tveir háskólar sameinaðir. Í þessu tilviki er framhaldsskóli að færast yfir á háskólastig og það er því mjög eðlilegt og undir öllum kringumstæðum æskilegt að gefa stofnuninni og stjórnvöldum hennar tækifæri til að skipuleggja starfsemi og starfsmannahald frá grunni í samræmi við stöðu Hólaskóla sem háskóla. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð, samanber Landbúnaðarháskóla Íslands sem blómstrar nú í sinni mynd.

Það er miklu erfiðara og óhagkvæmara undir öllum kringumstæðum fyrir stjórnvöld og skólann að aðlaga starfsmannahaldið að eðlilegu skipulagi háskólans. Í því sambandi má taka fram að gerðar eru aðrar kröfur um menntun og starfsreynslu starfsmanna innan háskóla og framhaldsskóla og því verður að vera hægt að ráða núverandi starfsfólk inn í nýtt skipulag frekar en vera bundið af því gamla. Því fer fjarri að verið sé að setja öryggi stofnunarinnar eða samfélagsins á Hólum í uppnám við þessar breytingar. Verið er að skapa þessari mikilvægu menntastofnun og þeim sem við hana starfa tækifæri til sóknar inn í glæsta framtíð. Allir starfsmenn Hólaskóla munu fá starf við skólann áfram.

[20:16]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hv. þingmaður átti sig hreinlega ekki á þeim gjörningi sem þarna er um að ræða. Lögformlega er verið að rjúfa ráðningarsamband á milli stofnunarinnar og fólksins, ekki bara við hópinn heldur líka hvern einstakling. Hv. þingmaður sagði það sem hefur komið fram áður, að þetta eigi að skapa stofnuninni svigrúm til að

endurráða og endurskipuleggja störfin. En það er ekki svo og það er nefnilega hættan.

Ég minni á hvernig það var haft þegar Bændaskólanum á Hvanneyri var breytt í landbúnaðarháskóla, nákvæmlega eins og hérna er verið að gera. Meginhluti starfseminnar var óbreyttur. Þá var sett í lögin að skipað og ótímabundið ráðið starfsfólk skyldi halda stöðum sínum. Þeir einir gátu þó orðið prófessorar og dósentar og lektorar sem uppfylltu kröfur þar að lútandi.

Slíkt væri með sama hætti hægt að setja þarna inn. Það hafa heldur ekki komið almennileg rök fyrir því, frá formanni landbúnaðarnefndar, hvers vegna nauðsynlegan er að segja öllu fólkinu upp, önnur en að ráðskast eigi með ráðningarsamninga fólksins upp á nýtt.

[20:18]

**Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að við fengum athugasemdir frá starfsmannafélagi Hólaskóla. Þar var engin athugasemd gerð við þessa málsmeðferð. Það er með ólíkindum að hv. þingmaður skuli tala svona um sinn gamla skóla, hræða starfsfólkið og tala um að verið sé að kippa örygginu undan skólanum. Það er fjarri lagi.

Með þessum lögum er Hólaskóli efldur. Það sem við breyttum í meðferðinni í hv. landbúnaðarnefnd var að við víkkuðum út starfssvið skólans og gerum skólanum kleift að taka upp fleiri námsgreinar en hann býður upp á í dag. Það er gríðarlega mikilvægt atriði fyrir Hólaskóla að fá stöðu háskóla. Þetta er nauðsynlegt ferli sem fara verður í gegnum og ég er sannfærð um það að allir starfsmenn sem nú starfa við Hólaskóla muni fá starf við háskólann á Hólum. Ég vona að hv. þingmaður (Forseti hringir.) hætti að hræða starfsfólkið.

[20:19]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi vil ég benda á að ég styð eindregið það að skólanum verði breytt í Háskólann á Hólum, enda er ég með á nefndarálitinu hvað það varðar. Það er mikið fagnaðarefni sem ég hef stutt.

Hins vegar koma engin rök fyrir því að segja fólkinu upp. Ég vona, ef málið fer í gegn með þeim hætti sem landbúnaðarráðherra og meiri hluti landbúnaðarnefndar keyra í gegn, með uppsögnum fólksins þótt því sé boðið starf aftur, að þetta raski starfinu sem minnst. En það er engin ástæða til að gera þetta. Það er rangt að gera þetta og ég efast um að það standist lög. Þetta er formbreyting á skólanum og við slík tilvik hefur verið passað upp á að gera þetta ekki.

Ég mundi vilja óska að menn tækju þessa grein til baka, að það þurfi endilega að segja öllu fólkinu upp. Ég vil segja það alveg eins og er. En auðvitað vona ég að þó að þetta gangi eftir þá standi stofnunin það af sér. Ef það gengur eftir, sem líkur eru á.

Ég er með annan lengsta skólastjóraferil á Hólum frá upphafi skólans. (**Landbrh.:** Þú ferð aldrei í hann aftur.) Það snýst ekki um það, hæstv. ráðherra. Málið snýst um hvort við röskum starfsgrunni þessa skóla að ástæðulausu. (Forseti hringir.) Við ættum að standa vörð um að gera hann að háskóla en sleppa því að segja fólkinu upp.

[20:21]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sem nefndarmaður í landbúnaðarnefnd hef ég átt kost á að fylgjast nokkuð með þessu og með Hólaskóla. Þegar ég kom þar fyrst hafði ég ekki gert mér grein fyrir því hve umfangsmikil starfsemi ætti sér þar stað.

Hv. þm. Jón Bjarnason talar um að hér sé bara um formbreytingu að ræða og þess vegna eigi ekki að segja starfsfólkinu upp. Ég spyr hv. þingmann: Finnst honum það formbreyting að kennarar skuli fá stöðu prófessora? Er það formbreyting? Ég vildi líka segja við hv. þm. Jón Bjarnason að hér er um mjög umdeilt mál að ræða en það er til mikilla hagsbóta fyrir skólann og fyrir starfsemi landbúnaðarins almennt á Íslandi.

Um hvað er þá deilt? Það er deilt um að þessi háskóli skuli vera undir hæstv. landbúnaðaráðherra. Um það er ekki aðeins deilt innan menntakerfisins (**Landbrh.:** Hverjir deila um það?) heldur sýnist mönnum sitt hvað um það víðar. Þess vegna, hæstv. ráðherra, ég hef ekki lokið máli mínu, vara ég við málflutningi Jóns Bjarnasonar. Það að skapa óróa meðal starfsfólksins er bara ekki sanngjarnt vegna þess að það fólk fær allt aðra stöðu í skólanum en það hefur í dag. (Forseti hringir.) Þess vegna er eðlilegt að þessi breyting eigi sér stað.

[20:24]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og ég eigum það sameiginlegt að vilja standa vörð um sérskólana. Ég tel að það hafi verið rangt þegar Vélskólinn og Stýrimannaskólinn, voru lagðir niður og (**GHall:** Alveg sammála.) færðir undir menntamálaráðuneytið. Ég er þess vegna eindregið þeirrar skoðunar að landbúnaðarskólinn eigi áfram að vera undir landbúnaðarráðuneytinu. Það er mikill styrkur fyrir svona sérskóla að eiga náin tengsl við atvinnuvegaráðuneytin og atvinnuveginn. Í því felst styrkur.

Hitt vil ég benda á, að stofnunin er fyrst og fremst það fólk sem þar starfar, starfsmenn og nemendur á hverjum tíma. Það breytir ekki ráðningarformi á þessu fólki eða kaupi þótt þessi breyting gangi í gegn. Breytingin er í sjálfu sér mikið fagnaðarefni en í greinargerðinni með frumvarpinu segir að hér sé fyrst og fremst um formbreytingu að ræða. Það orð er því ekki neitt sem ég fann upp hjá sjálfum mér. Ég legg áherslu á að hversu gott sem þetta er þá er ástæðulaust að segja fólkinu upp og rjúfa við það ráðningarsamninginn, þótt þessi ágæta breyting sé látin ganga yfir um lagalega umgjörð stofnunarinnar.

[20:25]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt af þeim sökum sem ég varaði við að hræra í þessu máli, að ég var á sínum tíma alfarið á móti því að Sjómannaskólinn, þ.e. Stýrimannaskóli og Vélskóli, færu undir menntamálaráðuneytið. En svo hefur orðið og hefur aðlagast nútímanum og mun ekki horfið til baka með það.

Varðandi formbreytingar þá þykja mér þær heldur vera

léttvægar sé litið til þess að í þeim felst að kennarar við skólann fá stöðu prófessora, dósenta, lektora og stundakennara. Þarna er um allt annað ræða. Þetta er ekkert smámál.

Ég veit að fjöldi fólks áttar sig ekkert á því sem þarna er að gerast. Þarna eru þrjú svið kennslu og rannsókna, þ.e. hrossaræktar og hestamennsku, á sviði fiskeldis og síðast en ekki síst á sviði ferðaþjónustu í dreifbýli. Þetta er ekki smámál fyrir hina dreifðu byggð. Ég trúi því ekki að tekið verði á starfsfólki með einhverjum fantaskap enda er það ekki í umræðunni. Það hefur komið fram áður hjá hæstv. landbúnaðarráðherra að þessi góði starfskraftur verði áfram nýttur en hann fær allt annað hlutverk.

Það getur ekki verið að það sé vilji hv. þm. Jóns Bjarnasonar að allt verði óbreytt með starfsliðið og það fái ekki stöðu miðað við þá þekkingu og menntun sem er gerð krafa til þegar Háskólinn á Hólum tekur til starfa.

[20:26]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri að hv. þingmaður hefur því miður ekki lesið breytingartillögu mína. Þar segir: „Skipað og ótímabundið ráðið starfsfólk Hólaskóla skal halda stöðum sínum. Þeir einir geta þó orðið prófessorar, dósentar og lektorar við Hólaskóla sem uppfylla kröfur 34. gr. laganna.“ Þessi orð hv. þingmanns eru því sprottin af misskilningi.

Hitt er að þótt þessi breyting gangi með þessum hætti yfir þá vona ég náttúrlega að fólkið verði ráðið. Ég held því ekki fram að gengið verði að því af neinum fautaskap, alls ekki. Ég hef aldrei látið að því liggja. Hins vegar vil ég benda á að ráðningarsambandið er rofið. Það er bæði upp á einstaklingana og hins vegar þá stofnunina komið hvernig framhaldið verður. Auðvitað vonum við að það gangi vel, að sjálfsögðu. En þessi ákvæði um að segja upp öllu fólkinu eru tilefnislaus þótt breytingar séu gerðar á lagaumgjörðinni.

[20:28]

**Útbýting:**

Fátækt barna og hagur þeirra, 184. mál, skýrsla forsrh., þskj. 613.

Insúlíndælur fyrir sykursjúka, 461. mál, fsp. GÓJ, þskj. 634.

Kaup Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf., 460. mál, fsp. GÓJ, þskj. 633.

Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, 416. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 626; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 627; brtt. ÁÓÁ o.fl., þskj. 628; brtt. ÖJ o.fl., þskj. 630; brtt. ÁÓÁ o.fl., þskj. 632.

[20:29]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með að nú hillir undir að loforð það sem Hólaskóla var gefið í sumar og okkur öllum velunnurum skólans í afmælisgjöf verði efnt með því að skólinn verði formlega gerður að háskóla með lagasetningu. Eins og mörgum og jafnvel flestum er kunnugt hefur skólinn stundað kennslu og merkilegar rannsóknir á háskólastigi árum saman í samvinnu við aðra háskóla bæði hérlendis og erlendis. Það er mikill áfangi að skólinn skuli nú fá þessa viðurkenningu og stöðu í lögum eins og lagt er til með frumvarpinu sem við fjöllum um í dag.

Frumvarpið er ekki mikið að vöxtum og ekki hafa margar breytingartillögur komið fram við það, en þó ein sem ég fagna líka sérstaklega. Það er tillaga sem kemur fram frá landbúnaðarnefnd um að skólanum skuli heimilt að stofna til kennslu og rannsókna á öðrum fræðasviðum en talin eru upp í hinu upphaflega frumvarpi, enda gert að skilyrði að fjármögnun verði tryggð áður en til þess komi. Þetta er sjálfsögð og eðlileg viðbót við frumvarpið eins og það var lagt fram því að auðvitað verður að gefa skólum og stofnunum, hverju nafni sem þær nefnast, tækifæri til að þróast í takt við tímann. Starfsfólk Hólaskóla hefur svo sannarlega sýnt það með störfum sínum að því er fyllilega treystandi til að þróa skólann og fylgjast með kalli tímans.

Aðrar breytingartillögur sem koma frá landbúnaðarnefnd eru minni háttar og hv. formaður landbúnaðarnefndar hefur farið rækilega í gegnum þær fyrr í kvöld. Ég ætla því ekki að fjalla meira um þær. En hv. þm. Jón Bjarnason hefur lagt fram breytingartillögu varðandi ráðningarmál starfsmanna og farið um þau mörgum orðum. Svo kann að virðast að ekki sé nauðsynlegt að segja upp starfsfólkinu en ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp ákvæði til bráðabirgða um einmitt þetta efni.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Störf hjá Hólaskóla eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki stofnunarinnar skulu boðin störf hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum.“

Ákvæði þetta er hliðstætt þeim ákvæðum sem sett voru í lögin um stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands. Að vísu var verið að sameina þrjár stofnanir þegar Landbúnaðarháskóli Íslands var settur á fót, eins og fram hefur komið áður, en hér er ekki verið að sameina Hólaskóla annarri stofnun eða öðrum heldur aðeins verið að færa skólann eins og hann er í dag á háskólastig. Hins vegar fylgir því í sjálfu sér breyting þegar skóli er færður á háskólastig, eins og kemur fram í breytingartillögu hv. þm. Jóns Bjarnasonar en þar er m.a. sagt að þeir einir geti orðið prófessorar, dósentar og lektorar við Hólaskóla sem uppfylla kröfur 34. gr. laganna.

Prófessorsstöður, dósenta- og lektorsstöður eru ekki til við skóla á borð við þann sem Hólaskóli er í dag. Það leiðir því af sjálfu sér að breyta þarf ráðningarferli ýmissa sem starfa við skólann í dag. Ég veit ekki til þess að starfandi sé fólk við Hólaskóla sem þarf að hafa áhyggjur af því að það teljist ekki æskilegir starfskraftar eftir þá formbreytingu sem við erum að gera á skólanum. Ég vil einnig vekja athygli á því að í símaviðtali sem við höfðum bæði við rektor Hólaskóla og fulltrúa starfsmanna spurði ég hvað þeim fyndist um þetta ákvæði. Hvorki fulltrúi starfsmanna — og ég vek sérstaklega athygli á því að fulltrúi starfsmanna gerði ekki athugasemd við þessa tillögu í lögunum — né rektorinn gerði athugasemd.

Ég held að ekki sé ástæða til að óttast þetta jafnhroðalega og hv. þm. Jón Bjarnason virðist gera og vona að hann missi ekki svefn út af því að segja eigi fólkinu upp störfum og bjóða því stöður við hina nýju stofnun, Háskólann á Hólum. Ég treysti því líka að stéttarfélög starfsmanna muni

gæta þess að réttindi þeirra, áunnin eða til framtíðar, verði tryggð. Ég hef ekki ástæðu til að halda að sneiða eigi að þessu ágæta starfsfólki á einn eða neinn hátt og finnst ekki neitt benda til þess að á því sé hætta þegar ekki koma athugasemdir við þessa grein frá fulltrúa starfsmannanna. Mér finnst þessi gerningur sem við erum að fást við í dag mjög gleðilegur og óska öllu starfsfólki Hólaskóla til hamingju með það sem í vændum er þó að gerðin sé ekki fullkomnuð en það verður núna á næstu dögum.

[20:36]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur og fagnað, eins og ég gerði í ræðu minni, þeim áföngum sem hér er verið að taka fyrir í Hólaskóla, merkum og stórum áfanga.

Aðeins varðandi starfsfólkið, það er alveg hárrétt að starfsfólkið hefur varinn rétt þannig að kjör þess — það getur náttúrlega valið hvort það tekur hinu nýja starfi sem því er boðið eða tekur biðlaun eftir þeim réttindum og lögum sem kveðið er á um þar. Það er alveg hárrétt og það er það sem starfsmannafélög hafa sagt í umsögnum sínum um frumvarpið, að réttur starfsmanna sem slíkur er varinn lögum samkvæmt, bæði hvað varðar starfslokarétt, biðlaunarétt og annað því um líkt, þannig að þetta snýr ekki að beint að því. Ég er hins vegar meira að hugsa um stofnunina sem slíka, að vera ekki að setja hana í óvissu að ástæðulausu. En ég tek alveg undir orð hv. þingmanns um að ég vona að það reynist ekki svo. Mitt mat er að það sé ástæðulaust og réttur starfsmannanna er klár, það er alveg hárrétt.

[20:37]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér heyrist hafa stórlega dregið úr áhyggjum hv. þm. Jóns Bjarnasonar og ég er glöð yfir því. Ég held að skólinn þurfi heldur ekki að hafa áhyggjur af því að starfsfólkið flykkist í burtu eða kjósi að taka biðlaun því að eftir því sem ég best veit er almenn ánægja meðal starfsfólks Hólaskóla með að starfa við þá frábæru stofnun sem er svo — ja, það er bara upplifun að koma þarna í heimsókn og kynnast þeirri bjartsýni og þeim mikla uppbyggingarhug sem er í fólkinu. Og rektor skólans gaf okkur ekki tilefni til að halda að við þyrftum að hafa áhyggjur af því að fólkið mundi ekki þiggja störf við skólann. Ég held því að við ættum bara að vera áhyggjulaus hvað þetta varðar.

[20:38]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um búnaðarfræðslu sem lýtur að Hólaskóla en með lagafrumvarpinu er Hólaskóla heimilað að starfrækja námsbrautir á háskólastigi og veita háskólagráður á tilteknum námssviðum. Til stendur að segja upp öllu starfsfólki Hólaskóla við þessa breytingu og ég kveð mér fyrst og fremst hljóðs til að taka undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði ekki þurft að hafa þetta lagaákvæði í lögunum og tel það reyndar alrangt að svo sé gert og vísa í umsögn sem borist hefur um frumvarpið frá BSRB, sem er hagsmunagæsluaðili fyrir hluta starfsfólksins.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„BSRB telur að þrátt fyrir að verið sé að gera Hólaskóla að háskóla sé ekki um svo mikla breytingu að ræða að til þess þurfi að koma að leggja niður störf og segja upp starfsfólki. Með þessari breytingu er verið að setja réttindi starfsmanna og starfsfólk stofnunarinnar í óvissu.“

Síðan segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að í bráðabirgðaákvæðinu segi að starfsfólki stofnunarinnar skuli boðin störf hjá hinum nýja háskóla segir þar ekkert um hvernig réttindi þeirra, áunnin eða til framtíðar verði tryggð.“

Þetta er mergurinn málsins og hér er komin skýringin á þeirri óvissu sem hv. þm. Jón Bjarnason vék að gagnvart starfsfólkinu. Ég tek undir með honum að heppilegt væri og eðlilegt og sjálfsögð krafa að þetta lagaákvæði verði tekið úr lögunum og því breytt áður en við afgreiðum þessi lög frá okkur, sem í sjálfu sér eru mikið fagnaðarefni og allir þeir sem hafa tekið til máls um málið eru því hlynntir og telja að verið sé að stíga mikilvægt framfaraskref. Við fögnum því að sjálfsögðu, fögnum þeim mikilvæga áfanga í sögu Hólaskóla, en ég tel að þessu lagaákvæði þurfi að breyta.

[20:42]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég fagna því hve langt þetta mál er komið enda er það rétt sem hér hefur komið fram að Hólaskóla var heitið á mikilli afmælishátíð í sumar að við í stjórnarflokkunum og á Alþingi mundum klára það, að Hólaskóli yrði háskóli samkvæmt lögum með skyldum og réttindum sem því fylgja, sem eru miklar. Hér er verið að efna fyrirheit og líka, eins og komið hefur fram í þessari umræðu, verið að gefa Háskólanum á Hólum ný tækifæri og gríðarlega möguleika.

Skólinn hefur þróast glæsilega á síðustu árum og áratugum, má segja. Þar er, eins og hér hefur komið fram, dýnamískt umhverfi vísindamanna og kennara. Þar vilja menn setjast að og takast á við verkefnin. Þau hafa auðvitað verið að stækka og lögin sem hér verða sett munu enn auka á möguleika þessa góða skóla til að láta að sér kveða fyrir íslenskan landbúnað, íslenskt þjóðfélag og ekki síst fyrir Skagafjörð. Þarna er sannkölluð byggðastofnun og baráttutæki fólks til að efla tækifærin í dreifbýlinu.

Svo er náttúrlega glæsilegt að hugsa til hins mikla samstarfs sem skólinn hefur átt með kirkjunni á Hólum, Hóladómkirkju. Það markar tímamót. Þessar tvær stoðir, kristin kirkja og háskóli, eiga gríðarleg tækifæri sem munu bara vaxa við þessa breytingu.

Ég vil hér segja fyrir mig eftir að hafa hlustað á umræðuna að vissulega snertir það mig sem landbúnaðarráðherra, að hv. þm. Jón Bjarnason, fyrrverandi skólastjóri skólans með miklum glæsibrag, sem á þar góða sögu, skuli leggjast hér gegn einum þætti þessa máls. Það snertir mig. Í því er fólgið vantraust, einhver efi og það skapar óróa á Hólum þegar hann reynir að tortryggja það sem hér er fram undan. Það er dálítið alvarlegt miðað við að hv. þingmaður hefur setið í nefndinni, farið yfir allt sem sagt hefur verið um málið og að auki er hann reyndur skólamaður og skilur hvað um er að vera.

Ég verð að áætla að þetta séu þær starfsaðferðir sem einkenna stjórnarandstöðuflokkinn Vinstri græna frekar en sannfæring hv. þingmanns. Það er eins og þeir þurfi að finna sér leiðir til að vera á móti öllum hlutum. Áðan lögðust þeir t.d. gegn ríkisvæðingu Landsvirkjunar Það er táknrænt fyrir þann litla flokk, að vera á móti öllum hlutum.

Ég vil segja við þessa umræðu að það er klárt að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að störf hjá Hólaskóla verði lögð niður við gildistöku laganna, en öllu starfsfólki stofnunarinnar boðin störf hjá Hólaskóla eða Háskólanum á Hólum. Ákvæði þetta er hliðstætt þeim ákvæðum sem sett voru í lögin um stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands. Þetta eru hliðstæð ákvæði og sett voru um stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Ljóst er að um grundvallarbreytingu er að ræða á starfsemi Hólaskóla þegar hann færist upp á háskólastig. Þetta vita hv. þingmenn Vinstri grænna. Það er eðlilegt og undir öllum kringumstæðum æskilegt að gefa stofnuninni og stjórnendum hennar tækifæri til að skipuleggja starfsemina og starfsmannahald frá grunni til samræmis við störf Hólaskóla sem háskóla.

Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð, samanber Landbúnaðarháskóla Íslands sem blómstrar í sinni nýju mynd eins og fram kom hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur, formanni landbúnaðarnefndar. Allir viðurkenna að það hafi haft mikil áhrif á Landbúnaðarháskóla Íslands að fá þetta tækifæri. Um þær mundir var rætt um að Hólaskóli þyrfti á því sama að halda. Taka má fram að gerðar eru aðrar kröfur um menntun og starfsreynslu starfsmanna innan í háskóla en framhaldsskólanna. Því verður að vera hægt að ráða núverandi starfsfólk í nýtt skipulag frekar en að vera bundinn af því gamla. Þetta hlýtur skólastjórinn að skilja.

Því fer fjarri að öryggi stofnunarinnar og samfélagsins á Hólum komist í uppnám við þessar breytingar. Það hefur m.a. komið hér fram hjá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, sem situr í landbúnaðarnefnd og er einnig í stjórnarandstöðu en styður þetta mál, að haft var sambandi bæði við rektor skólans og fulltrúa starfsmanna sem hvor tveggja höfðu fullan skilning á málinu. Þeir gerðu engar athugasemdir við þessa leið því þeir treysta því sem sagt er, bæði í lagatextanum, í vinnu landbúnaðarráðuneytisins og einnig í landbúnaðarnefnd sem leggur mikla áherslu á hið sama.

Það er því fjarri lagi að öryggi stofnunarinnar sé sett í hættu. Við munum tryggja að staðið verði við öll þau fyrirheit sem gefin hafa verið starfsmönnum Hólaskóla. Þeir munu fá starf við Háskólann á Hólum. Þetta er talið mikilvægt og er sambærilegt, eins og ég hef rakið, við það þegar Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri var stofnaður. Þetta er hliðstætt.

Ég bið hv. þingmenn að treysta því að allt verði þetta unnið af miklum friði innan Hólaskóla og í samstarfi við það góða starfsfólk sem þar hefur starfað um langa hríð. Ég vil eyða þeim efasemdum sem hér hafa verið viðraðar af hálfu Vinstri grænna í umræðunni og bið menn að treysta því að öllu því sem komið hefur fram af hálfu meiri hluta landbúnaðarnefndar verði fylgt eftir af landbúnaðarráðuneytinu og landbúnaðarráðherra og væntanlegum rektor Hólaskóla og háskólaráðinu á Hólum.

[20:50]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það er rétt að engin óvissa skapist, að alla starfsmenn eigi að ráða og engin réttindi eða kjör eigi að skerða, hvers vegna þarf að segja fólkinu upp? Og hvers vegna er ekki hægt, ef einhverjar breytingar þarf að gera, að einbeita sér að þeim nauðsynlegu breytingum í stað þess að segja öllu starfsfólkinu upp? Það er mat stéttarfélagsins, mat SFR í því tilviki sem ég vísa til og BSRB, að til uppsagna þurfi ekki að koma vegna þessara kerfisbreytinga.

Sannast sagna þóttu mér ómakleg ummæli hæstv. ráðherra í garð Jóns Bjarnasonar, sem réttilega vill standa vörð um réttindi og kjör starfsmanna. Það er ekkert athugavert við það, heldur er það nokkuð sem ég sé ástæðu til að taka undir.

Varðandi ummæli hæstv. ráðherra, um að Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggist gegn ríkisvæðingu Landsvirkjunar, þá er það harla undarleg niðurstaða sem hann kemst þar að.

Ég skal lýsa þeirri sérskoðun minni, sem er ekki sameiginleg með öllum flokksbræðrum mínum og -systrum, að mér hefur fyrir mitt leyti ekki fundist Reykjavík eiga sérferðilegt tilkall til milljarðanna í Landsvirkjun. Af þeim sökum hef ég sjálfur haft efasemdir um þessa sölu.

En ástæðan fyrir því að við sem flokkur höfum lagst gegn þessum viðskiptum eru yfirlýsingar systur hæstv. ráðherra í andanum, flokkssystur hæstv. ráðherra Guðna Ágústssonar, Valgerðar Sverrisdóttur, (Gripið fram í.) fyrrverandi iðnaðarráðherra, sem hefur lýst því yfir að til standi að (Forseti hringir.) einkavæða Landsvirkjun á komandi ári. (Forseti hringir.) Það er ástæðan fyrir afstöðu okkar.

[20:52]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram að ég fór hlýjum orðum um hv. þm. Jón Bjarnason og feril hans en sagði jafnframt að ég tæki orð hans nærri mér og þær efasemdir sem hann setti fram. Ég vildi eyða þeim efa og vildi að menn gætu treyst því að fólk fengi áfram störf á Hólum.

En það hefur margkomið fram, hv. þingmaður, í þessari umræðu að eðlilegt og undir öllum kringumstæðum æskilegt sé að gefa stofnuninni, stjórnendum hennar, rektori og háskólaráði, tækifæri á að skipuleggja starfsemi og starfsmannahald frá grunni til samræmis við stöðu Hólaskóla sem nýs háskóla. Það er algjörlega ljóst. Svipað var gert gagnvart Landbúnaðarháskóla Íslands. Ég vil eyða þessari óvissu.

Hvað varðar ummælin um Landsvirkjun þá hef ég oft velt Vinstri grænum fyrir mér. Þeir minna mig á kommúnistaflokk frá Kína sem ég las um. Hann var uppi fyrir 2.200 árum. Hann var á móti öllu í Kína, meira að segja söng og dansi. Í sögunni er þetta mjög merkilegur kommúnistaflokkur. Mér finnst hann hafi kannski skotið upp kollinum á Íslandi löngu, löngu seinna. Hann hefur mikla sérstöðu í þinginu hvað þetta varðar.

Hvað ummæli Valgerðar Sverrisdóttur varðar þá ætla ég ekki að eltast við þau. Ég minnist þess að ég mótmæli orðum hennar á sínum tíma. Það gerði Halldór Ásgrímsson þáverandi formaður einnig. Hann sagði að Landsvirkjun væri

ekki að fara í neina einkavæðingu. Það hefur Jón Sigurðsson sagt einnig. Landsvirkjun er og verður ríkisfyrirtæki áfram. Það er alveg skýrt hvað þetta varðar.

Ég vona hvað Hólaskóla varðar að við tökum saman höndum og gleðjumst yfir (Forseti hringir.) þessari nýju stöðu og tækifærum skólans.

[20:54]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú segir hæstv. landbúnaðarráðherra að hann hafi á sínum tíma mótmælt orðum Valgerðar Sverrisdóttur, þáverandi viðkipta- og iðnaðarráðherra, um að hún vildi einkavæða Landsvirkjun. Fyrr í dag sagði hæstv. ráðherra að hún hefði aldrei látið slík ummæli falla, ef ég heyrði rétt, í frammíkalli fyrr í dag. Það er gott að fá þessa leiðréttingu í skjöl þingsins.

Síðan er þetta með sönginn og dansinn í Kína fyrir 2.200 árum. Það er ekki söngur og dans beinlínis sem við erum að mótmæla hjá Framsóknarflokknum. Við höfum verið að mótmæla aðkomu hans að Íraksmálinu, Kárahnjúkamálinu og nú síðast hlutdeild Framsóknarflokksins í því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og greiða þannig götu einkavæðingar Ríkisútvarpsins.

Varðandi umræðuefnið sjálft þá tel ég að atvinnurekendur hjá hinu opinbera hafi í seinni gengið of langt hvað þetta snertir, að segja fólki upp störfum við skipulagsbreytingar. Fyrr á þessu ári var fólki sagt upp störfum í Snæfellsbæ vegna skipulagsbreytinga sem gripið var til. Það hefði verið hægt að gera án þess að segja fólkinu upp störfum.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að endurskoða það sem honum (Forseti hringir.) hefur verið sagt um þetta efni. Ég tel hann á rangri braut.

[20:56]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi skýrt fram, vegna orða Valgerðar Sverrisdóttur og Geirs H. Haardes á þeim tíma, að þau höfðu orð á að það gæti þurft að styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar með því að lífeyrissjóðirnir, kannski sá lífeyrissjóður sem hv. þingmaður er í forustu fyrir, (Gripið fram í.) kæmu inn í Landsvirkjun.

Það kann að vera að það sé vilji Sjálfstæðisflokksins að selja Landsvirkjun en ég held að orð Valgerðar hafi verið rangtúlkuð. Stefna Framsóknarflokksins í málinu er skýr. Það er ekki verið að einkavæða Landsvirkjun. Það er verið að ríkisvæða hana. Hvað útvarpið varðar, RÚV, þá leggjast hv. þingmenn — kemur nú hv. þm. Össur Skarphéðinsson — og þá hefst nú gleðin hér í kvöld. (**ÖS:** Af hverju viljið þið samþykkja RÚV?) Við viljum samþykkja RÚV af því við verðum með sterkara Ríkisútvarp á eftir. Meira íslenskt efni. Fyrirtæki sem getur staðið í samkeppninni enda fáum við upplýsingar um að hin frjálsu öfl sem eru í samkeppni við RÚV telja að RÚV sé of sterkt á markaðnum og þeir muni ekki ráða við það þótt þeir væru með stærstan hluta auglýsinganna.

Það er greinilegt að hægri öflin í þjóðfélaginu leggjast gegn þessari (Gripið fram í.) formbreytingu á Ríkisútvarpinu. Það á ekki að selja Ríkisútvarpið. Það er alveg skýrt af okkar hálfu. Það þarf tvo til að einkavæða það. Framsóknarflokkurinn (Forseti hringir.) mun ekki gera það. Þetta er því alveg skýr afstaða.

[20:58]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil leiðrétta hjá hæstv. landbúnaðarráðherra. Í fyrsta lagi sat ég í landbúnaðarnefnd þar sem málið var til umfjöllunar. Þar sat hæstv. ráðherra ekki. Þar spurði ég alla sem komu á fund nefndarinnar hvort nauðsynlegt væri að segja fólki upp vegna þessara breytinga. Einu aðilarnir sem héldu því fram voru sendimenn ráðherranna. Aðrir gerðu það ekki og töldu svo ekki vera.

Hæstv. ráðherra gerði lítið úr því og gaf í skyn að ég hefði spurt að þessu í landbúnaðarnefnd. Það er bara misskilningur hjá ráðherranum. Ég veit að hv. formaður landbúnaðarnefndar, Drífa Hjartardóttir, getur staðfest það. Skoðun mín var alla tíð klár innan landbúnaðarnefndar hvað þetta varðar.

Hins vegar kom ráðherra einmitt inn á það sem ég tel að ekki eigi að gera. Hann sagði að það þyrfti að endurskipuleggja starfsemi stofnunarinnar frá grunni. Það þarf einmitt ekki. Það er þetta fólk, í gegnum störf sín og veru, sem hefur verið á Hólum í dag og undanfarin ár, sem hefur byggt upp stofnunina, byggt upp störfin og gert hana að því sem hún er. Þá byrjar maður ekki á að segja að það þurfi að endurskipuleggja starfsemina frá grunni þótt þessi formbreyting sé gerð.

Maður á að sýna starfsfólkinu þá virðingu og gera sér grein fyrir því að stofnunin byggir á starfsfólkinu. Styrkleiki hennar liggur í þessu starfsfólki en ekki hugmyndum manna um að endurskipuleggja hana frá grunni þótt þessi gleðilega breyting sé gerð á lagaumgjörð hennar, að hún fái að reka hluta starfsemi sinnar sem formlegan háskóla. (Forseti hringir.)

[21:00]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í rauninni þarf ég ekkert að deila um þetta við hv. þingmann. Það kom hér fram í umræðunni að rektor Hólaskóla og fulltrúi starfsmanna lögðust ekki gegn þessari breytingu. Ég hef rakið hvers vegna talið er mikilvægt að gera þetta. Það verður fullkominn háskóli sem tekst á við þau verkefni sem þar eru og vonandi mörg ný til viðbótar. Ég er mjög hissa á hv. þm. Jóni Bjarnasyni að ala á ótta og efa. Það er búið að lýsa hinu margoft yfir. Ég hefði viljað hafa þennan gamla, góða skólastjóra sem samherja minn í málinu og vissulega fær hann að fylgjast með því sem þingmaður kjördæmisins og auðvitað maður sem þykir vænt um þennan gamla vinnustað sinn, ég efast ekkert um það. (**ÖS:** Hvað með helsta stuðningsmann Hólaskóla hér?) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson þarf að koma að Hólum með mér. Hann er (**ÖS:** Er kennt á Hólum?) mikill sérfræðingur þar, sérstaklega í einni grein sem snýr að fiskeldi og svo hefur hann komið þar við kennslu einhvern tímann í gamla daga. Það er langt um liðið. Það væri svo sem ágætt að hafa hann þar nokkra daga í því mikla námi sem við erum að hugsa um saman í kringum íslenskan landbúnað. (**ÖS:** Viltu losna við mig héðan?) (**Gripið fram í:** Hann

verður næsti skólastjóri á Hólum.)

Ég vil bara að lokum segja að ég vona að öllum efasemdum hafi verið svarað hér og ég fullvissa menn um að það verður mikill friður um þessa breytingu, Hólaskóli verður að háskóla og starfsfólkið mun fagna þeim tímamótum og eiga ný (Forseti hringir.) tækifæri með þessum glæsilega skóla.

[21:03]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir þau orð hæstv. ráðherra að við fögnum öll þessum tímamótum. Ég veit að starfsfólk Hólaskóla fagnar því að Hólaskóli verði formlegur háskóli, ég tek alveg undir þau orð.

Hins vegar er eins og að hæstv. ráðherra skilji heldur ekki þennan lögformlega gjörning sem í gangi er þrátt fyrir velvilja hans og góðvilja í þessu máli sem ég dreg ekkert í efa. Þarna er um lögformlegan gjörning að ræða, fólki er sagt upp og ráðningarferli slitið. Þá ræður enginn einn ferlinu í sjálfu sér. Það er eins og að hæstv. ráðherra bara átti sig ekki á þessu, því miður. Kannski er hann svo hægri sinnaður eins og hann var áðan en það er að verða að tísku að þurfa alltaf að segja fólki upp hjá ríkisstofnunum þótt gerð sé minni háttar breyting.

Öryggið væri mest í þessu ef öllum efa væri eytt og fólkið fengi að halda óbreyttri ráðningu sinni og skólinn fengi að þróast áfram og þroskast eins og hann hefur gert undanfarin ár og í skjóli þessara nýju laga. Það held ég að væri langréttast þó að ég voni að þetta gangi eftir svona.

Ég vil bara minna hæstv. ráðherra aðeins á og vitna til umsagnar Hólamannafélagsins, félags hollvina Hólaskóla, sem varar við því að þetta verði gert og telur það ástæðulaust. (**Gripið fram í:** Að breyta þessu í háskóla?) Nei, að segja fólkinu upp. Það fagna því allir að honum verði breytt í háskóla. Það þýðir ekki að vera neitt að snúa út úr hér. Mér er þetta alvörumál og ég veit að hæstv. ráðherra er það líka og ég treysti því að hann muni af öllum sínum velvilja standa við það að allt gangi eins vel og kostur er. En þegar búið er að rjúfa ráðningarferlið opnar maður fyrir ferlið. Ég tel það ástæðulaust og að ekki eigi að gera það. Það er þetta fólk sem hefur byggt upp skólann. Það er þetta fólk sem þróar hann áfram (Forseti hringir.) og það á ekki að rjúfa ráðningarsamninga við það.

[21:05]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að skólar byggjast auðvitað fyrst og fremst á því góða fólki sem þar kennir og stundar vísindastörf og þannig er það með Hólaskóla. Hér er talið mikilvægt að gera þessa breytingu til þess að treysta stöðu háskólans horft til framtíðar.

Ég trúi því að hv. þingmaður láti nú af öllum mótþróa og hætti þessu efasemdartali. Hólaskóli verður sterkur eftir þessa breytingu og starfsfólkið sem þar vinnur fær störf áfram og sér þennan skóla rísa til nýrra hæða og nýrra tækifæra.

Eftir að hafa hlustað á það stagl sem hér kemur aftur og aftur af hálfu vinstri grænna (Gripið fram í.) sannfærist ég um þetta sem ég var að segja áðan, að gamli kommúnistaflokkurinn frá Kína sem lagðist meira að segja gegn söng og dansi er upprisinn í íslenska þinginu á 21. öldinni. Þetta er nokkuð sem við verðum auðvitað að búa við. Hv. þingmenn hafa verið hér á móti, ég vil segja nánast öllum málum sem hér hafa komið upp og meira að segja þessu sem við höfum gert í öðrum tilfellum (**JBjarn:** Það er rangt, þú ert að fara með ...) við svona (Gripið fram í.) breytingar. Kann ekki að segja ósatt. Sannleikurinn er mér í blóð borinn frá (Gripið fram í.) barnæskunni á Brúnastöðum þannig að það er ekkert ósatt.

Ég fullvissa hv. þingmann um það að starfsfólkið fær störf og Hólaskóli verður í nýrri og mikilvægri stöðu fyrir íslenskan landbúnað, íslenska þjóð og við munum sjá í samstarfi Háskólans á (Forseti hringir.) Hólum og kirkjunnar þar rísa mörg ný (Forseti hringir.) tækifæri.

[21:07]

**Útbýting:**

Tilraunaverkefnið Bráðger börn, 441. mál, fsp. PHB, þskj. 564.

Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, 416. mál, brtt. ÁÓÁ o.fl., þskj. 629; brtt. ÖJ, þskj. 631.

[21:07]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu. Lagafrumvarpið gengur út það að breyta Hólaskóla, fyrrum Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal, nú Hólaskóla, í Háskólann á Hólum.

Ég verð að lýsa því yfir að ég fagna því mjög að þetta frumvarp skuli hafa komið fram. Það hefur verið til afgreiðslu í landbúnaðarnefnd og við nefndarmenn höfum farið yfir það í góðri sátt. Það eina sem hlýtur að vekja manni efasemdir er einmitt að það eigi að segja upp starfsfólki, og við skulum rétt bara vona að hæstv. landbúnaðarráðherra verði nú maður orða sinna. Ég hygg að norður í Skagafirði hafi verið tekið eftir orðum hans hér í kvöld og ég hygg að menn muni ganga eftir því að hann efni þau loforð sem hann hefur gefið (**ÖS:** Hann kann ekki að segja ósatt.) hér í ræðustól á Alþingi. Hann kann ekki að segja ósatt, segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Við skulum vona að það sé rétt.

Ég hef ákveðnar efasemdir og hef varann á mér og við munum fylgjast grannt með því að hæstv. landbúnaðarráðherra reynist maður orða sinna hér í kvöld.

Þar fyrir utan hefur, eins og ég sagði, þetta frumvarp verið afgreitt í mikilli og góðri sátt í landbúnaðarnefnd. Hún gerði nokkrar breytingartillögur. Besta breytingartillagan finnst mér vera sú að við opnum á það að Hólaskóla verði gert kleift að stofna til náms og rannsókna á öðrum fræðasviðum en þeim sem eru tilgreind í þessu frumvarpi að því tilskildu náttúrlega að starfsemin uppfylli þau skilyrði sem við höfum til viðurkenningar varðandi starfsemi háskóla.

Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt að hafa inni því að Hólastaður er mjög merkilegur staður. Hólaskóli er merkilegur skóli með langa sögu, og miklar hefðir vil ég segja. Spennandi hlutir hafa verið að gerast norður í Skagafirði. Ég hygg að með því að halda þessari glufu opinni, ef svo má segja, séum við að opna fyrir mjög spennandi og

skemmtilega möguleika til fræðaiðkana og vísindamennsku að Hólum í Hjaltadal.

Enn og aftur, virðulegi forseti, mér þykir mjög ánægjulegt að þetta frumvarp sé komið fram. Mér finnst það sérstaklega ánægjulegt vegna þess að á þessu ári eru liðin 20 ár frá því að hv. þm. Jón Bjarnason, þáverandi skólastjóri Bændaskólans á Hólum, útskrifaði mig sem búfræðing frá Bændaskólanum á Hólum. Það segir kannski meira en margt um það hve skrýtnir örlagaþræðirnir geta verið að við skulum nú báðir hafa átt aðild að þessari vinnu í landbúnaðarnefnd. Mér þykir kannski eilítið verra að Hvanneyrarsveinninn Guðni Ágústsson, hæstv. landbúnaðarráðherra, skuli vera landbúnaðarráðherra, ég hefði miklu frekar kosið að landbúnaðarráðherra hefði verið hv. þm. Jón Bjarnason.

[21:11]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þegar starfsfólki er sagt upp störfum og því jafnframt sagt að fyrir dyrum standi umfangsmiklar skipulagsbreytingar skapar það óvissu. Þá horfa menn iðulega til síns stéttarfélags og það hefur starfsfólkið á Hólum gert. Stéttarfélagið hefur farið í saumana á málunum og komist að þeirri niðurstöðu að ekki hefði þurft og ekki þyrfti að koma til uppsagna og hefur beint því til ráðuneytisins að það endurskoði þá afstöðu.

Ég ætla, hæstv. forseti, að frábiðja að málefnaleg rök og málefnalegar óskir af þessu tagi séu hafðar að háði og spotti eins og hæstv. landbúnaðarráðherra gerði hér áðan með tilvísan í 2000 ára gamla Kínasögu og annað af því tagi. Þetta er málefnaleg umræða. Hún fjallar um alvarleg málefni og það er alveg ástæðulaust að hafa þau í flimtingum og kalla það stagl þegar menn setja fram mál sitt með þessum hætti.

Ég vona að þessar breytingar hjá Hólaskóla takist vel. Ég óska Hólaskóla bjartrar framtíðar og ítreka fyrri ummæli mín um að ég tel að hér sé stigið mjög mikilvægt framfaraspor. Við munum að sjálfsögðu fylgjast með framvindu mála varðandi þau áhyggjuefni sem við höfum reifað í tengslum við þessar breytingar.

[21:13]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir þessi síðustu orð. Mikilvægt framfaraspor. Ég er algerlega sammála honum. Þetta er mikið framfaraspor sem hér er stigið gagnvart þessari skólastofnun sem mun skapa henni mörg ný tækifæri og ekki síður því starfsfólki sem þar er og því nýja frelsi sem Hólaskóli fær í gegnum þessa lagasetningu. Ég þakka þau orð.

En vinstri grænir mega líka vita það að þeir eru ekki bara á móti málum. Enginn flokkur í þessu þingi verður jafnsmámunasamur, -kjökrandi og -viðkvæmur. Ef einhver leyfir sér að skamma þá eða segja eitthvað að gamni sínu um þennan flokk fara þeir að kveinka sér, mennirnir sem hér hafa stærstu orðin, tala mest og láta verst í þinginu. (**ÖS:** Ekki talaði ...)

Vissulega er ég hissa á þessari viðkvæmni í mönnum sem hafa það að íþrótt sinni og daglegri iðju að skamma aðra og gera það oft af miklum myndugleik. Þeir verða auðvitað að eiga það að flokkur þeirra er sérstakur eins og ég hef hér greint frá og því verða Íslendingar að átta sig á að þessi örsmái fimm manna flokkur á sér sérstaka sögu sem er mörg þúsund ára gömul eins og ég hef hér rakið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Loftferðir, 2. umr.*

Stjfrv., 389. mál (EES-reglur). — Þskj. 431, nál. 578, brtt. 579.

[21:16]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Á fund nefndarinnar komi fjöldi aðila.

Í frumvarpinu er lagt til að tryggja frekari lagastoð fyrir innleiðingu EES-gerða sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn en ekki hafa verið innleiddar í íslenskan rétt ásamt nokkrum öðrum breytingum sem nauðsynlegar þykja. Nokkrar helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er mælt fyrir heimild Flugmálastjórnar Íslands til að banna flug tiltekinna loftfara í íslenskri lofthelgi á grundvelli flugöryggis. Í öðru lagi er flugrekendum gefið frekara svigrúm til að skrá loftfar hér á landi. Í þriðja lagi er fjallað um rétt fatlaðra og hreyfihamlaðra. Í fjórða lagi er lagt til að ríkisstjórnin fái heimild til að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæma viðurkenningu réttinda, skírteina, heimilda, starfsleyfa og vottunar á sviði loftflutninga.

Virðulegi forseti. Segja má að það sem hefur gerst í íslensku flugi sé nokkuð merkilegt þegar til þess er litið að alls eru rúmlega 400 flugvélar skráðar á Íslandi og þar af rúmlega 60 stórar þotur. Eitt af því sem við höfum staðið frammi fyrir er mikill hagvöxtur hér á landi og það sýnir sig að hvað flugmál varðar hafa menn haldið vel vöku sinni og þeirri miklu aukningu sem orðið hefur á farþegaflugi hefur verið mætt af mikilli skynsemi og með þeim hætti að íslenskum aðilum þykir það eftirsóknarvert að skrá þotur og flugvélar hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Kristján L. Möller og Anna Kristín Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið skrifuðu 29. nóvember 2006 Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Guðjón Hjörleifsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Jón Kristjánsson, og Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

[21:18]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að rekstraraðili flugvallar skuli veit fötluðum eða hreyfihömluðum farþegum aðstoð á flugvelli og er það nánar útskýrt í greininni.

Síðan kemur fram breytingartillaga þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir 1. mgr. er flugrekanda, umboðsmanni hans eða ferðaskrifstofu heimilt að synja um farskráningu í flug eða að heimila farþega að fara um borð í loftfar á grundvelli fötlunar eða hreyfihömlunar."

Mig langar að biðja hv. formann samgöngunefndar um frekari skýringu á þessari undanþágu, þ.e. á því við hvaða aðstæður slíkt gæti átt.

[21:19]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er fyrst og fremst um öryggisatriði að ræða. Ákveðin skylda hvílir á flugfélögum að taka við hreyfihömluðum eða fötluðum, en það getur hins vegar verið með þeim hætti að of margir verða í einni vél. Þetta er því hreint öryggisatriði. Til dæmis geta hreyfihamlaðir tafið för út um neyðarútganga og svo er það spurning um annað sem að öryggismálum snýr. Það fer líka eftir stærð flugvéla og fjölda farþega (Gripið fram í.) hvað hægt er að taka marga, en á því eru nokkrir annmarkar.

[21:20]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst nauðsynlegt að það komi fram í máli okkar hvað hér er á ferðinni því að eðli málsins samkvæmt er ekkert um það í lagaskýringatextanum eða greinargerð með frumvarpinu hvaða tilvik um sé að ræða, þ.e. ef það á að synja fötluðum manni eða hreyfihömluðum fars. Það er gert ráð fyrir því að aðstoð rekstraraðila flugvallar sé fjármögnuð með sérstöku gjaldi á notendur. Þetta virkar því eiginlega frekar undarlega á mig vegna þess að menn eru nú ekki að hoppa upp í flugvél svona yfirleitt alveg fyrirvaralaust. Þær skýringar sem hv. formaður samgöngunefndar gaf finnst mér eiginlega ekki passa alveg nógu vel við venjulegar aðstæður satt að segja.

[21:23]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég flutti mál mitt án þess að vera með hinn skrifaða texta í skýringu við 10. grein. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Frumvarpið hefur að geyma tvö ný ákvæði. Í nýrri grein, 126. gr. b, er kveðið á um rétt fatlaðra eða hreyfihamlaðra til flutnings sem háður er þeim takmörkunum sem greinir í 2. mgr. greinarinnar. Þegar eru í gildi reglur um hámarksfjölda fatlaðra eða hreyfihamlaðra um borð í loftförum, sbr. reglugerð um flutning hreyfiskerts fólks með stórum flugvélum, nr. 442/1979. Það nýmæli er lögfest að komi til þess að synja þurfi fötluðum eða hreyfihömluðum farþega um flutning vegna þess að flugöryggiskröfur mæla gegn því eða ef stærð loftfarsins eða dyr þess rúma ekki farþega skuli flugrekandi, umboðsmaður hans eða ferðaskrifstofa gera viðhlítandi ráðstafanir til að stinga upp á öðrum viðunandi möguleika á flutningi. Samkvæmt framangreindri reglugerð Evrópusambandsins á farþegi rétt á að fá endurgreiddan farmiða eða að breyta flugleið á áfangastað komi til synjunar um flutning."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Málefni aldraðra, 2. umr.*

Stjfrv., 190. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 191, nál. 525.

[21:24]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Guðjón Ólafur Jónsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá heilbrigðis- og tryggingnefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frumvarpið er á þingskjali 191 og í því er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 3,94% eða 239 kr. á hvern gjaldanda en það gerir hækkun úr 6.075 kr. í 6.314.

Nefndin fékk á sinn fund Vilborgu Þ. Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Ólaf Ólafsson, Einar Árnason, Helga K. Hjálmarsson, Borgþór St. Kjærnested og Trausta Björnsson frá Landssambandi eldri borgara og Margréti Margeirsdóttur, Stefaníu Björnsdóttur og Sigurð Hallgrímsson frá Félagi eldri borgara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir álit heilbrigðis- og tryggingnefndar rita Guðjón Ólafur Jónsson, Ásta Möller, Gunnar Örlygsson, Sæunn Stefánsdóttir og með fyrirvara Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Pétur H. Blöndal.

Kristján L. Möller og Þuríður Backman voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[21:25]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Eins og ég nefndi við 1. umr. um þetta mál tel ég eðlilegt að þessi nefskattur, 6.314 kr. komi til frádráttar persónuafslætti sem er mínus nefskattur. Það mundi einfalda skattkerfið mjög mikið og vera í anda orðanna: Einfalt Ísland. Það er minn fyrirvari við þetta frumvarp að menn skuli ekki fara þá leið.

[21:26]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við höfum þann háttinn á hér á landi að hafa sérstakan nefskatt til þess að fjármagna uppbyggingu hjúkrunar- og dvalarheimila og þjónustu við aldraða. Eins höfum við það lögfest að nefskattur sem þessi má ekki hækka sjálfkrafa þannig að á hverju ári verðum við að taka það fyrir á Alþingi og ákveða hækkun í þennan sjóð, Framkvæmdasjóð aldraðra, og hann hækkar samkvæmt vísitöluhækkunum eins og eðlilegt er.

Ég var fjarverandi við afgreiðslu þessa máls en eðlilega samþykki ég þessa hækkun. En enn og aftur vil ég leggja áherslu á þá gagnrýni sem hér hefur komið fram frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði á hverju ári og við afgreiðslu þessa máls og afgreiðslu sérstakra fjárlaga, að Framkvæmdasjóður aldraðra skuli ekki með alveg fullum framlögum vera notaður til uppbyggingar á hjúkrunar- og dvalarheimilum eins og honum er ætlað. Þess í stað hafa verið tekin allt að 50% af þessum sjóði í rekstur öldrunarheimila og þjónustu við aldraða. Ég tel það vítavert og orsök þess að uppbygging þessarar þjónustu hafi setið á hak-

anum og er jafnmikið gagnrýnd og raun ber vitni í dag.

Hvað varðar breytinguna, hækkunina, þá tek ég undir þessa hækkun og styð hana og styð það eindregið að Framkvæmdasjóður verði allur notaður til uppbyggingar.

[21:28]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég skrifa undir þetta álit með fyrirvara eins og ég hef gert öll þau ár sem þetta mál hefur komið hér til afgreiðslu, þ.e. hækkun í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Ég hef gert athugasemdir við tvennt, þ.e. að nefskattur sem þessi kemur verst niður á þeim sem hafa minnstu tekjurnar, því að hann er jafn á alla, og um það hef ég ákveðnar efasemdir.

Síðan hef ég gert athugasemdir vegna þess að fjármunir úr Framkvæmdasjóði aldraðra hafa ekki skilað sér í það sem þeir voru ætlaðir til, þ.e. í uppbyggingu á hjúkrunarrýmum. Á meðan ástandið er eins og það er í hjúkrunarmálum þjóðarinnar er ekki viðunandi að slíkir markaðir tekjustofnar skili sér ekki í þau verkefni sem þeim er ætlað að renna til.

Í næsta máli sem kemur hér til umræðu á eftir þessu er verið að gera breytingartillögu á lögum um málefni aldraðra. Þar er lagt til að ekki verði heimilað að nýta þessa fjármuni í rekstur eða annað heldur í uppbyggingu einvörðungu. En ríkisstjórnin setur engu að síður bráðabirgðaákvæði í þá veru að þeir ætla að nota þetta áfram í rekstur fram yfir næstu kosningar. Peningarnir eiga því ekki að skila sér einvörðungu í uppbyggingu fyrr en eftir að þessi ríkisstjórn er farin frá. Það sýnir best hvaða hugur fylgir máli í þessum efnum. Þeir ætla ekki að skila þessum peningum í uppbygginguna fyrr en þeir eru farnir frá samkvæmt bráðabirgðaákvæði í næstu lögum sem við tökum fyrir hér í frumvarpi til laga um málefni aldraðra.

Ég geri því fyrirvara hvað þetta varðar og minni þingheim á að stjórnarandstaðan, þ.e. Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndir, leggur það til í næsta máli að allur nefskatturinn fari í uppbyggingu. Við skulum taka út heimildina til þess að nota hann í annað þangað til búið er að leysa biðlistavandann.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Almannatryggingar og málefni aldraðra, 2. umr.*

Stjfrv., 330. mál (lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 353, nál. 582 og 599, brtt. 583 og 600.

[21:32]

**Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Umrætt frumvarp er á þingskjali 353 en nefndarálit meiri hluta á þingskjali 582.

Ásamt mér standa að nefndaráliti meiri hlutans hv. þingmenn Ásta Möller, Gunnar Örlygsson, Jón Kristjánsson og Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið á fundum sínum og fékk á sinn fund ýmsa góða gesti en þeir voru Vilborg Þ. Hauksdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Ólafur Hjálmarsson og Eyþór Benediktsson frá fjármálaráðuneyti, Ásmundur Stefánsson, Karl Steinar Guðnason, Ágúst Þór Sigurðsson, Sigríður Lillý Baldursdóttur og Sigurður Grétarsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Ólafur Ólafsson, Einar Árnason, Helgi K. Hjálmsson, Borgþór St. Kjærnested og Trausti Björnsson frá Landssambandi eldri borgara, Margrét Margeirsdóttir, Stefanía Björnsdóttir og Sigurður Hallgrímsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík og loks frá Öryrkjabandalagi Íslands komu Sigursteinn Másson og Hafdís Gísladóttir.

Auk þess bárust nefndinni fjölmargar umsagnir um málið, þ.e. frá Samtökum atvinnulífsins, Öryrkjabandalagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Persónuvernd, Landssambandi eldri borgara, Félagi eldri borgara í Reykjavík, Tryggingastofnun ríkisins, Landssamtökum lífeyrissjóða, landlækni, Þroskahjálp – landssamtökum, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtökum sykursjúkra.

Þær breytingar sem helst eru lagðar til í frumvarpinu lúta að fækkun bótaflokka og einföldun almannatryggingakerfisins, hækkun grunnfjárhæðar tekjutryggingar og lækkun skerðingarhlutfalls vegna tekna bótaþega og maka. Samanlögð skerðing lífeyris og tekjutryggingar verður takmörkuð við 38,35% af tekjum.

Eins og áður hefur komið fram á hinu háa Alþingi byggist frumvarpið á samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara frá því fyrr í sumar og sameiginlegum tillögum frá þeirri nefnd sem forsætisráðherra hafði skipað til að fjalla annars vegar um búsetu- og þjónustumál aldraðra og hins vegar um fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar.

Rétt er að taka fram að árið 2003 gerði ríkisstjórnin samkomulag við Landssamband eldri borgara um sömu efni og við það var staðið að fullu og öllu leyti af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna á hinu háa Alþingi, nema að því er varðaði sveigjanleg starfslok. Þegar hafa verið samþykkt fjárlög á hinu háa Alþingi fyrir næsta ár, svo og fjáraukalög fyrir þetta ár þar sem að fullu er tekið tillit til þessa samkomulags við aldraða.

Meiri hluti heilbrigðis- og tryggingaefndar leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu og rétt er að taka fram að ríkisstjórnin hefur frá því að frumvarpið var lagt fram gefið út tvær yfirlýsingar sem varða breytingar á frumvarpinu. Önnur yfirlýsingin fjallaði um að það skyldi flýta framkvæmd á frítekjumarki vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega um þrjú ár eða til 1. janúar 2007. Síðari yfirlýsingin fól í sér þrjú atriði. Í fyrsta lagi að lífeyrisþega væri heimilt að dreifa eigin tekjum sem stafa af fjárhagstekjum og séreignarsparnaði, sem leystur hefði verið út í einu lagi, á allt að tíu ár.

Í öðru lagi var örorkulífeyrisþegum heimilað 300 þús. kr. frítekjumark vegna atvinnutekna og jafnframt er heimilað að telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning á

tekjutryggingu lífeyrisþega eins og er í gildandi lögum um öryrkja. Lagt er til af hálfu meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar að elli- og örorkulífeyrisþegum verði heimilt að velja um að nýta 300 þús. kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar eftir því hvort er hagstæðara fyrir viðkomandi. Til að þetta sé skiljanlegt í tölum hagnast sá sem hefur 62.500 kr. á mánuði (750 þúsund á ári) eða minna í atvinnutekjur af því að fá 300 þús. kr. frítekjumark á ári.

Þriðja atriðið sem sprottið er af hinni síðari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að flýtt er gildistöku ákvæða um að dregið verði úr áhrifum atvinnutekna maka og um afnám áhrifa lífeyristekna maka á viðmiðunartekjur hins við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar.

Kunnara er en frá þurfi að segja, hæstv. forseti, að frumvarp þetta, og ég tala nú ekki um með þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til, er stærsta skref sem stigið hefur verið árum og áratugum saman í að bæta kjör aldraðra og öryrkja hér á landi. Verið er að leggja til tillögur til að mæta þeim áhersluatriðum sem öryrkjar og aldraðir og samtök þeirra hafa haldið á lofti á undanförnum mánuðum og missirum. Ég vek athygli á að samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir að heildarkostnaður stjórnvalda til ársins 2010 yrði 26,7 milljarðar kr., hvorki meira né minna, sem bætast aukalega við til málefna ellilífeyrisþega.

Þær breytingar sem nefndin leggur til munu kosta um 2,3 milljarða kr. til viðbótar til ársins 2010. Þetta þýðir að á næstu fjórum árum er gert ráð fyrir 29 milljörðum, 29 þúsund milljónum kr. aukalega til málefna aldraðra. Þar af fara 19,5 milljarðar til ellilífeyrisþega og 9,4 milljarðar kr. til örorkulífeyrisþega. Þetta eru stórkostlegar breytingar, hæstv. forseti. Þetta er raunveruleg kjarabót fyrir aldraða og öryrkja. Ekki er um nein yfirboð að ræða heldur samkomulag við aldraða og það er bætt í og það ríflega, hæstv. forseti.

Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á fylgiskjölum sem fylgja nefndaráliti meiri hlutans. Í fyrsta lagi er á bls. 5 í nefndarálitinu fylgiskjal I þar sem er að finna annars vegar samantekt á kostnaði vegna samkomulags við eldri borgara eins og sú samantekt leit út þegar frumvarpið var flutt á hinu háa Alþingi og hins vegar samantekt á kostnaðinum eins og hún er eftir breytingar. Eins og þar kemur fram er gert ráð fyrir að lífeyrishlutinn kosti 19.551 millj. kr. eða 19,5 milljarða kr. og að hækkun til örorkulífeyrisþega nemi 9.434 millj. kr. Samtals gerir þetta 28.985 millj. kr. eða tæpa 29 milljarða kr., sem er eins og ég segi mesta framför í málefnum öryrkja og aldraða í háa herrans tíð. (Gripið fram í.)

Ég vil líka vekja athygli á mismunatöflu á bls. 6, tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að fara yfir hana sérstaklega en fylgiskjal II geymir töflur sem sýna útreikninga yfir væntanlegar greiðslur til ellilífeyrisþega og fylgiskjal III greiðslur til örorkulífeyrisþega. Eins og sést á þeim töflum, hæstv. forseti, er um gríðarlega kjarabætur að ræða og oft er auðvelt að setja hlutina myndrænt upp þannig að menn geti gert sér grein fyrir því. Þessar breytingar eru að hluta til þegar komnar í framkvæmd og munu koma af fullum þunga til framkvæmda núna strax um næstu mánaðamót eða eftir svo sem eins og þrjár vikur. Ég vek athygli hv. þingmanna á því að þó að þessar töflur séu ekki í lit sést með skýrum hætti hvernig framlög til einstakra lífeyrisþega, hvort heldur er ellilífeyrisþega eða örorkulífeyrisþega, aukast gríðarlega við þessar breytingar. Auðvitað gefa tölurnar til kynna hversu gríðarlegum fjármunum er verið að verja til aldraðra og öryrkja af hálfu ríkisstjórnarinnar aukalega, umfram það sem nú er gert ráð fyrir samkvæmt gildandi reglum.

Að síðustu, hæstv. forseti, er rétt að taka fram að meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar leggur til nokkrar breytingar sem eru lagatæknilegs eðlis, sem ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir. Ég vænti þess að um frumvarpið náist góð og breið samstaða hér á hinu háa Alþingi. Menn eiga að viðurkenna það sem vel er gert. Það er vel staðið að þessum málum af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans og auðvitað er endalaust hægt að gera betur, það er endalaust hægt að vera með yfirboð og einhvers konar upphlaup en þetta er það sem meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar leggur til. Ég hvet hv. þingmenn til að standa með meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar við afgreiðslu málsins.

[21:44]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að spyrja framsögumann meiri hlutans einnar eða tveggja spurninga. Hann talar um yfirboð og upphlaup. Það gerðist í fyrradag, eftir að fjárlög höfðu verið afgreidd, að fram komu á blaðamannafundi hjá hæstv. heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra yfirboð og upphlaup, ef hann kallar það það ef aðeins er gefið í — sem ég vissulega fagna að gefið var smávegis í á þeim blaðamannafundi, smáyfirboð miðað við það frumvarp sem hér liggur fyrir — þá langar mig til að spyrja hv. þingmann: Hvar koma fjárveitingar til þeirra breytinga sem kynntar voru á blaðamannafundinum 6. desember? Hvar koma þær fram, úr hvaða liðum á fjárlögunum eru þær greiðslur eða þeir fjármunir? Vegna þess að um morguninn voru afgreidd fjárlög og þar voru þessir peningar ekki sérstaklega tilgreindir. Þeir komu þarna til viðbótar eftir hádegið.

Ég óskaði eftir því á fundi heilbrigðis- og trygginganefndar að þær upplýsingar lægju fyrir áður en við færum að ræða þetta mál. (**Gripið fram í:** ... hvenær dagsins ...) Búið var að afgreiða fjárlög og þetta var ekki á þeim fjárlögum sem við afgreiddum um morguninn enda allar tillögur okkar til bættra kjara lífeyrisþega felldar.

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem ég fékk þegar ég hringdi þangað kostar þetta um hálfan milljarð. Ég vildi gjarnan fá að vita hvar þeir peningar eru á fjárlögum og um leið fagna ég vissulega því litla yfirboði sem kom þarna frá þessum tveimur ráðherrum fyrir tveim dögum.

[21:46]

**Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Guðjón Ólafur Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að taka það fram fyrst að þær

breytingar sem meiri hlutinn leggur hér til höfðu komið til umræðu í heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis áður en fjárlög voru afgreidd hér í gær eða fyrradag. (**Gripið fram í:** Eftir fundinn.) Á síðasta fundi heilbrigðis- og trygginganefndar hér í vikunni, þ.e. á reglulegum fundi á mánudag var m.a. rætt um áhrif af séreignarlífeyrissparnaði og önnur atriði sem meiri hlutinn leggur hér til. Þau mál voru unnin áfram af hálfu meiri hlutans í samstarfi við hlutaðeigandi ráðherra, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra. Í kjölfar þess tilkynntu hæstv. ráðherrar að þessar breytingar yrðu lagðar til af hálfu meiri hlutans við afgreiðslu málsins úr heilbrigðis- og trygginganefnd eins og gert hefur verið.

Varðandi það hvernig eigi að fjármagna þessar breytingar er það auðvitað nýlunda að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi áhyggjur af því hvernig eigi að fjármagna svona breytingar, en það er rétt að taka það fram að það er gert ráð fyrir því og hefur komið fram bæði hjá hæstv. heilbrigðisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra í svörum við spurningum frá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að gert er ráð fyrir því að þessir fjármunir rúmist innan núverandi fjárheimilda Tryggingastofnunar ríkisins. Það er fyrst og fremst vegna þess að fjölgun lífeyrisþega hefur undanfarið ekki verið jafnmikil og áður hafði verið gert ráð fyrir.

[21:48]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessar breytingar voru ekki ræddar í heilbrigðis- og trygginganefnd heldur voru ræddar tillögur sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafði boðað um að séreignarlífeyrissparnaður skerti ekki almannatryggingabætur. Hv. þingmaður hafði boðað þær breytingar í sjónvarpsþætti í Kastljósi fyrir nokkrum vikum, en þær hafa ekki sýnt sig.

Hér eru aftur á móti tillögur um að elli- og örorkulífeyrisþegar geti dreift skerðingunum og það er ágætt, en það verða samt sem áður skerðingarnar. Það var ekki gert ráð fyrir því í fjárlögunum. Sömuleiðis hvað varðar þær tvær reglur sem er verið að setja um skerðingar á lífeyri þar sem ellilífeyrisþegarnir fá að nýta sér örorkulífeyrisregluna og öfugt, hún var ekki komin fram þegar fjárlögin voru afgreidd, hún kom ekki fram fyrr en eftir hádegið og var ekki rædd í nefndinni og sömuleiðis frítekjumarkið. Þetta er hálfur milljarður og ég hafði samband við Tryggingastofnun ríkisins og þeir könnuðust ekki við að þessir fjármunir væru þar og töldu líklegt að þetta færi á fjáraukalög að ári, a.m.k. stór hluti af þessum útgjöldum.

Ég minni á það að ríkisstjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi felldi allar tillögur okkar í minni hlutanum sem voru til bóta, kölluðu þær yfirboð og felldu þær. Síðan koma hérna yfirboð og það eru engir peningar til að standa með þeim. Þetta segir náttúrlega alla söguna og ég gagnrýni það. Og að vera að vísa á það Tryggingastofnun sé með þessa peninga í sínum fórum, (Gripið fram í.) alls ekki, ég sagði áðan að ég fagna öllum litlum hænuskrefum. (Forseti hringir.) En mér finnst það ábyrgðarleysi að vísa þessum (Forseti hringir.) breytingum til næstu ríkisstjórnar.

[21:51]

**Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Guðjón Ólafur Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það þýðir nú lítið fyrir hv. þingmann að vera stúrin yfir þeim árangri sem ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi er að ná í málefnum aldraðra og þeim gríðarlegu kjarabótum sem meiri hlutinn er að færa til aldraðra og öryrkja.

Ég ítreka að um það var rætt í heilbrigðis- og trygginganefnd með hverjum hætti mætti taka á þeim áhrifum sem séreignarsparnaður og fjármagnstekjur hefðu á lífeyri til eldri borgara. Niðurstaðan varð ekki sú að ákveða að þessar tekjur hefðu engin áhrif, hún lá hins vegar í því sem talið var unnt að gera, m.a. með hliðsjón af fjárveitingum til Tryggingastofnunar, að fólki væri heimilt að dreifa áhrifum þessa (Gripið fram í.) í allt að tíu ár. (Gripið fram í.)

Það liggur fyrir og ég get svarað hv. þingmanni með því aftur, hæstv. forseti, að fjölgun lífeyrisþega á vegum Tryggingastofnunar ríkisins hefur ekki verið eins mikil og reiknað var með og þetta kom m.a. fram í máli Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur á fundi heilbrigðis- og trygginganefndar, þannig að þar hafa menn borð fyrir báru og það er því gert ráð fyrir því að þeir fjármunir sem ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hér á hinu háa Alþingi ætlar að nota til þessara hluta, 2,3 milljarðar, séu nægir til þess á næsta ári og síðan verður auðvitað tekið á því fyrir fjárlög áranna 2008–2010.

[21:53]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar á þskj. 599, sem er 330. mál þingsins. Sömuleiðis fylgja því breytingartillögur frá minni hlutanum á þskj. 600.

Eins og kom fram í máli framsögumanns meiri hluta taldi hann upp alla sem komu fyrir nefndina og tel ég ástæðulaust að endurtaka það. Fjöldi manns kom fyrir nefndina til að ræða þetta frumvarp til laga um almannatryggingar og um breytingu á lögum um málefni aldraðra, það eru tvenn lög sem eru þarna til umfjöllunar.

Minni hluti nefndarinnar telur allt of skammt gengið í að bæta réttindi og kjör lífeyrisþega í þessu frumvarpi og leggur því fram breytingartillögur í samræmi við sameiginlega þingsályktunartillögu allrar stjórnarandstöðunnar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, sjá þskj. 3, 3. mál sem kom fram í haust þegar þing kom saman.

Minni hlutinn telur mjög mikilvægt að minnka vinnuletjandi þætti í almannatryggingunum og vill losa lífeyrisþega úr þeirri fátæktargildru sem miklar tekjutengingar hafa í för með sér.

Atvinnuþátttaka lífeyrisþega eykur félagslega virkni þeirra, er þjóðhagslega hagkvæm og líkleg til að stuðla að betra heilbrigði.

Við yfirferð frumvarpsins í nefndinni lýstu fulltrúar eldri borgara yfir stuðningi við tillögur stjórnarandstöðunnar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála og þær breytingartillögur sem við leggjum til hér við 2. umr. málsins. Þeir ítrekuðu einnig á fundi nefndarinnar að þeir hefðu verið

ósáttir við tillögur ríkisstjórnarinnar sem sneru að lífeyrismálum í sameiginlegri yfirlýsingu og hefðu fallist á hana undir þrýstingi og hótunum um að hjúkrunarkafli yfirlýsingarinnar yrði tekinn út ef þeir gerðu það ekki. Fram kom hjá gestum í nefndinni að stjórnvöld hefði ekki viljað ganga lengra en fram kemur í frumvarpinu og yfirlýsingunni frá 19. júní 2006. Félag eldri borgara telur yfirlýsinguna eingöngu spor í rétta átt en ganga hefði mátt lengra. Þeir líta því ekki á þetta sem þá gríðarlegu kjarabót sem stjórnarliðar tala fjálglega um í þessari umræðu. Fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands lýstu einnig yfir stuðningi við tillögur stjórnarandstöðunnar sem varða öryrkja.

Fulltrúar Tryggingastofnunar bentu á ýmsa alvarlega vankanta á frumvarpinu og því fyrirkomulagi sem væri lögfest með því að samþykkja það. Einnar krónu of háar tekjur gætu haft í för með sér 1.300–1.400 þús. kr. tekjuskerðingu á ári við ákveðnar aðstæður og jafnvel endurkröfu á þeirri upphæð frá Tryggingastofnun ári síðar. Einnig var bent á að mismunandi gildistaka ýmissa þátta frumvarpsins, svo sem hækkun tekjutryggingarinnar og svo lækkun tengingar við tekjur maka síðar samhliða hækkun eigin skerðingarhlutfalls, flækti kerfið í stað þess að einfalda það, sem var þó eitt af markmiðunum með breytingunum. Hækkun tekjutryggingarinnar um áramótin hefði í för með sér með að allmargir lífeyrisþegar fengju hækkun þá sem síðan yrði tekin til baka á næsta kjörtímabili þegar tenging við tekjur maka verður minnkuð. Því væri nær að láta þessi atriði taka gildi samhliða. Á blaðamannafundi í fyrradag, þ.e. 6. desember sl., kynntu heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra nokkrar frekari breytingar á frumvarpinu af hálfu ríkisstjórnarinnar, og með þeim er komið í veg fyrir að bætur hækki fyrst og lækki síðar, samkvæmt upplýsingum fulltrúa Tryggingastofnunar sem kom fyrir nefndina til að fara yfir þær breytingar sem ráðherrarnir boðuðu og koma fram í breytingartillögum meiri hlutans. Aðrar breytingar sem þar voru kynntar, svo sem 25 þús. kr. frítekjumark á mánuði frá áramótum ganga allt of skammt að mati minni hlutans, þó að auðvitað séu þær til bóta því að eins og frumvarpið liggur fyrir eru engar frítekjur. Þá hefði hver einasta króna sem lífeyrisþegi hefði unnið sér inn skert tekjutrygginguna. Þarna er þó verið að koma til móts við kröfur lífeyrisþega þó að það sé ákaflega lítið. Við getum alveg ímyndað okkur hvernig það er að fá vinnu fyrir 25 þús. kr. á mánuði. Þó að mönnum sé gert kleift að auka aðeins tekjur sínar er það auðvitað allt of skammt gengið.

Breytingartillögur minni hlutans eru efnislega eftirfarandi en þær koma fram í sérstöku skjali eins og ég benti á áðan:

1. Ný tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr. frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Lagt er til að skerðingarprósentan fari þegar um áramót úr 45% í 35% en ríkisstjórnin áætlar að lækka hana í 39,95% þá og aftur í 38,35% árið 2008. Hér eru því lagðar til mun minni tekjuskerðingar strax frá 1. janúar 2007 auk hærri tekjutryggingar. Breytingar ríkisstjórnarinnar fela í sér að sameina tekjutryggingu og tekjutryggingarauka í einn bótaflokk og að tekin verði upp ný tekjutrygging sem 1. janúar 2007 verður 78.542 kr. fyrir aldraða og 79.600 kr. fyrir öryrkja.

Eins og menn sjá ganga þessar breytingar mun skemur en þær sem við leggjum til en vissulega fögnum við því að hér sé verið að sameina þessa bótaflokka, tekjutryggingaraukann og tekjutrygginguna, en það er flækjufótur sem þessi ríkisstjórn kom á fyrir nokkrum árum þegar breytingarnar vegna öryrkjadómsins komu inn í almannatryggingarnar. Þá var þessum bótaflokki bætt við til að flækja almannatryggingarnar enn meira og vissulega er það fagnaðarefni að ríkisstjórnin hefur séð að sér og bakkað út úr þeirri vitleysu og er búin að setja þetta allt saman í einn bótaflokk og það er vissulega til bóta.

2. Frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007. Þær skerði ekki tekjutryggingu. Við teljum fulla ástæðu til þess að skoðað verði hvort nýta megi hluta þessa frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóði. Lífeyrisþegar hafi val um þetta nýja frítekjumark eða eldri reglu sem áður gilti aðeins fyrir öryrkja, eftir því hvort er þeim hagstæðara. Fyrir þá sem eru með árstekjur undir 1,5 millj. kr. er þetta nýja frítekjumark hagstæðara en sú regla. Nú hefur ríkisstjórnin tekið þessa reglu inn í breytingartillögur sínar þó svo að frítekjumarkið sé mun lægra í breytingartillögum þeirra.

3. Við leggjum einnig til að ráðstöfunarfé, þ.e. vasapeningar þeirra sem dvelja á stofnunum, hækki um 50% frá 1. júlí 2006, þ.e. afturvirkt, ásamt því að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. þannig að þeir hefðu þá sama frítekjumark og þeir sem fá atvinnutekjur. Enda sjá allir sem sjá vilja að 50 þús. kr. er ákaflega lág upphæð fyrir þá sem dvelja á stofnun og þurfa oft að greiða ýmsa þjónustu sem þeir þurfa að fá þar. Við í minni hlutanum teljum nauðsynlegt að stefna að því að breyta því greiðslufyrirkomulagi sem er á daggjaldastofnunum fyrir aldraða þannig að það verði í svipuðu formi og gildir fyrir fatlaða á sambýlum, viljum við að stefnt verði að því að sú breyting verði 1. janúar 2008, eftir eitt ár.

4. Við leggjum einnig til að afnumin verði að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka og það strax um næstu áramót. Við teljum að lífeyrisgreiðslur séu persónulegur réttur einstaklingsins og þar eigi tekjur maka ekki að hafa áhrif á upphæðir.

5. Við leggjum til að öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á ellilífeyri. Sú breyting taki einnig gildi um næstu áramót.

Minni hlutinn telur brýnt að endurskoða lífeyriskafla laga um almannatryggingar. Undir það tóku fulltrúar eldri borgara sem komu fyrir nefndina. Þá endurskoðun verður að vinna í fullu samráði við samtök aldraðra og öryrkja. Skoðað verði samspil almannatrygginga og lífeyriskerfisins með það að markmiði að einfalda tryggingakerfið, draga úr skerðingaráhrifum tekna og auka möguleika lífeyrisþega til að bæta kjör sín. Þá verði komið á afkomutryggingu sem tryggi viðunandi lífeyri. Til undirbúnings afkomutryggingar verði þegar í stað gerð úttekt á framfærslukostnaði lífeyrisþega sem grunnlífeyrir og tekjutrygging byggist á.

Minni hlutinn hefur lagt til að skilgreind verði neysluútgjöld lífeyrisþega sem myndi viðmiðun fyrir grunnlífeyri og tekjutryggingu. Þetta hefur komið fram í öðru þingmáli í þinginu. Þessi viðmiðun hækki í samræmi við neysluvísi-

tölu þannig að tryggt sé að hún haldi verðgildi sínu. Hækki launavísitala umfram neysluvísitölu verði tekið mið af henni þannig að lífeyrisþegum sé tryggð hlutdeild í auknum kaupmætti í samfélaginu. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að skilgreining á neysluútgjöldum lífeyrisþega, sem afkomutrygging þeirra skal byggð á, liggi fyrir eigi síðar en 1. desember 2007, ásamt tillögum um hvernig draga megi frekar úr skerðingu lífeyrisgreiðslna vegna annarra tekna. Þegar úttekt hefur verið gerð á framfærsluþörf lífeyrisþega skal í samráði við hagsmunasamtök þeirra gera áætlun um tímasetta áfanga afkomutryggingar.

Breytingartillögur minni hlutans endurspegla það sameiginlega viðhorf stjórnarandstöðunnar að eitt allra brýnasta verkefnið á sviði velferðarmála hér á landi sé að bæta kjör öryrkja og aldraðra. Óumdeilt er að allur þorri þeirra sem þessum hópum tilheyra hefur alls ekki notið lífskjarabata sambærilegs við þann sem aðrir landsmenn hafa hlotið undanfarin ár. Úr því vill stjórnarandstaðan bæta án frekari tafar með breytingartillögum sínum. Þær koma til viðbótar aðgerðum sem ríkisstjórnin leggur til í þessu frumvarpi og ganga mun lengra en þær. Meginmarkmið samkvæmt þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar frá því í haust er að hækka lífeyrisgreiðslur aldraðra og öryrkja svo og að auka svigrúm þeirra til að afla sér tekna án þess að það skerði lífeyrisgreiðslur þeirra. Sérstök áhersla er þar lögð á að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og að tekin verði upp afkomutrygging sem byggð sé á skilgreindum neysluútgjöldum lífeyrisþega, einkum þeirra sem eingöngu hafa lífeyri sér til framfærslu.

Lagt er til að atvinnutekjur, þ.e. frítekjur sem ekki skerða tekjutryggingu, verði 900 þús. kr. á ári eða 75 þús. kr. á mánuði þegar frá 1. janúar 2007. Tillaga ríkisstjórnarinnar í þessu frumvarpi fól í sér 200 þús. kr. frítekjur á ári frá 1. janúar 2009, þegar þessi ríkisstjórn er náttúrlega löngu farin frá, eða um 17 þús. kr. á mánuði, og 25 þús. kr. frítekjur á mánuði frá 1. janúar 2010, og þá er enn þá lengra síðan þessi ríkisstjórn hefur farið frá.

Reyndar kom yfirboð, eins og ég benti á, á blaðamannafundi fyrir tveimur dögum og er hér breytingartillaga frá meiri hlutanum þar sem lagt er til frítekjumark 25 þús. kr. á mánuði eða 300 þús. kr. ári og það taki gildi um næstu mánaðamót. Er það vissulega í áttina en alls ekki nógu langt gengið.

Minni hlutinn telur að rétt sé að skoða hvort heimila eigi að nýta einhvern hluta 75 þús. kr. frítekjumarksins fyrir tekjur úr lífeyrissjóði í stað þess að þær skerði tryggingagreiðslur strax frá fyrstu krónu. Með því yrði komið til móts við þann hluta hópsins sem ekki er fær um að afla sér atvinnutekna og þeir geti þannig bætt stöðu sína sem aðeins hafa greiðslur úr lífeyrissjóði. Þetta eru tillögur sem við erum með í sameiginlegu þingmáli okkar um nýja framtíðarskipan

Í breytingartillögu minni hlutans er gert ráð fyrir að vasapeningar lífeyrisþega sem dveljast á stofnunum hækki um 50% samhliða afnámi frítekjumarks, afturvirkt frá 1. júlí 2006. Vasapeningarnir hækki þá um 11.436 kr. og verði 34.309 kr. á mánuði hjá vistmanni með engar aðrar tekjur, en lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun falla niður þegar lífeyrisþegi vistast á hjúkrunar- eða dvalarheimili. Frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir 28.591 kr. vasapeningum frá næstu áramótum en vasapeningar hækkuðu ekki eins og almennar lífeyrisgreiðslur 1. júlí sl. Við viljum bæta úr því með því að hækka greiðslur til þeirra sem eru á vasapeningum um 50%, afturvirkt frá 1. júlí.

Flutningsmenn leggja enn fremur til að frítekjumark gagnvart eigin þátttöku í vistgjaldi þeirra sem dveljast á stofnun verði hækkað í 75 þús. kr. á mánuði en þeir mega nú halda eftir 50 þús. kr. af lífeyrisgreiðslum sínum. Minni hlutinn leggur til að vasapeningar hækki um 50%, afturvirkt frá 1. júlí 2006, en lífeyrisþegar sem fá vasapeninga fengu enga kjarabót þá eins og aðrir lífeyrisþegar almannatrygginga. Aðrir lífeyrisþegar á stofnunum, dvalarheimilum eða hjúkrunarheimilum fengu slíkt ekki heldur.

Eins og kom fram þegar ég gerði grein fyrir breytingartillögum okkar telur minni hlutinn vasapeninga úrelt fyrirkomulag og barn síns tíma. Það felst í því að greiðslur almannatrygginga falla niður þegar lífeyrisþegi flytur inn á stofnun og fær hann þess í stað vasapeninga, sem eru í dag um 22 þús. kr. á mánuði. Þetta eru upphæðirnar eins og þær eru núna, áður en þær breytingar ganga í garð sem við erum að mæla fyrir og verða afgreiddar í atkvæðagreiðslu á morgun. Lífeyrisþegar sem afla sér tekna halda núna eftir 50 þús. kr. þegar þeir fara inn á stofnun en við leggjum til að þeir haldi eftir 75 þús. kr. Búið er að afnema þetta kerfi hjá fötluðum á sambýlum. Þeir halda lífeyrisgreiðslum sínum en greiða sameiginlegan heimiliskostnað, svo sem fæðis- og húsnæðiskostnað, af þeim. Hið opinbera sér um launakostnað og ýmsan annan kostnað. Minni hlutinn vill að unnið verði að því að afnema vasapeningakerfið og gerðar þær ráðstafanir sem til þarf svo lífeyrisþegar sem kjósa að búa á dvalarheimili eða missa heilsu og verða að flytjast inn á hjúkrunarheimili, haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu.

Flutningsmenn leggja til að afnumin verði að fullu tenging lífeyrisgreiðslna við tekjur maka strax um áramótin, en í tillögum ríkisstjórnarinnar er einungis gert ráð fyrir að afnema hana að hluta í tveimur áföngum. Minni hlutinn leggur einnig til að aldurstengd örorkuuppbót skerðist ekki þegar öryrki fer á ellilífeyri en nú fellur hún niður á 67 ára afmælisdegi öryrkjans og lækka greiðslur til hans sem því nemur, þó svo að hann hafi jafnvel ekki haft tök á að safna neinu í lífeyrissjóð og eigi því kannski engan rétt í lífeyrissjóði þegar hann kemst á ellilífeyri.

Auk þess að leggja til hækkun á tekjutryggingunni um 6.500 kr. umfram tillögu ríkisstjórnarinnar frá 1. janúar 2007, sem verður alls 1.020.000 kr. vísitölutryggt hjá öldruðum og 1.032.000 kr. hjá öryrkjum, er lagt til að frítekjumark tekjutryggingar gagnvart atvinnutekjum verði 900 þús. kr. á ári frá áramótum. Afar mikilvægt er að rýmka verulega frítekjumarkið til að auka möguleika lífeyrisþega á að vera á vinnumarkaðnum og afla sér tekna, en mjög mikilvægt er fyrir einstakling að hafa það val án þess að til verulegrar skerðingar á lífeyri komi. Við vitum hvernig þetta hefur verið, fólk hefur ekki treyst sér til að taka þátt í atvinnulífinu eftir að það er komið á lífeyri vegna þess að þegar upp er staðið skilar sér mjög lítið í vasa þeirra. Þeir eru í rauninni að vinna fyrir ekki neitt eða bara vinna fyrir ríkiskassann eða fjármálaráðherra. Það er í rauninni fjár-

málaráðherra sem fær allan afrakstur vinnunnar í sinn hlut. Það er skiljanlegt að menn fari ekki í slíka vinnu, þetta virkar ákaflega vinnuletjandi og þessar skerðingarreglur nú eru hrein eignaupptaka hjá fólki. Forsvarsmenn Landssamtaka eldri borgara lýstu því svo í blaðagrein fyrr á þessu ári að skerðingarkerfi lífeyris og bóta eins og hér er þekktist hvergi annars staðar. Kom fram að lífeyrisþegi sem hefði tekjutryggingu ásamt greiðslu úr lífeyrissjóði eða atvinnutekjur héldi aðeins eftir 15–33% af þeim tekjum. Skerðingar og skattar væru 67–85%. Af sjálfu leiðir að svo mikil skerðing á lífeyrisgreiðslum vegna annarra tekna dregur úr fólki að afla sér slíkra tekna, það tekur síður að sér verkefni eða hlutastörf sem gæfu viðbótartekjur þegar ríkið sér til þess að hirða stærsta hluta þeirra.

Ef aldraðir fengju að halda 75 þús. kr. atvinnutekjum á mánuði án skerðingar mundi það tvímælalaust stuðla að aukinni atvinnuþátttöku eldra fólks, sem bæði hefur mikið gildi fyrir samfélagið og einstaklinga. Það hefur verið baráttumál lífeyrisþega að greiðslur til þeirra miðist eingöngu við eigin tekjur og aðeins þær geti skert lífeyri almannatrygginga en ekki tekjur annarra, þ.e. maka. Nú eru tekjur hjóna og sambýlinga lagðar saman og kemur helmingurinn af sameiginlegum tekjum til skerðingar greiðslna lífeyrisþegans frá Tryggingastofnun ríkisins. Um þetta snerist öryrkjadómurinn, þ.e. um afnám tengingar við tekjur maka. Mikill meiri hluti þeirra sem nú heyra undir þessa reglu mundu hagnast á breytingunni, en lífeyrisþegar sem eru með háar tekjur og eiga maka með lægri tekjur mundu fá eitthvað lægri greiðslur frá Tryggingastofnun. Við afnám þessarar tekjutengingar verða lífeyrisgreiðslur almannatrygginga persónulegur réttur, eins og t.d. atvinnuleysisbætur sem eru óháðar tekjum maka.

Árið 2003 var komið á aldurstengdri örorkuuppbót. Fjárhæð uppbótarinnar miðast við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki. Þessi uppbót fellur niður þegar öryrki sem hennar nýtur nær 67 ára aldri og verður ellilífeyrisþegi. Þetta telja flutningsmenn óréttlátt, af því að tekjuþörf öryrkja minnkar ekki við það að eldast. Auk þess hafa þeir sem verða ungir öryrkjar minni möguleika á að afla sér lífeyrisréttinda, eins og ég benti á áðan. Því er lagt til að öryrkjar haldi þessari uppbót þegar þeir verða ellilífeyrisþegar.

Nokkrar breytingar eru lagðar til í frumvarpinu sem eru ekki hluti af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og fulltrúa eldri borgara og snúa þær m.a. að slysatryggingum almannatrygginga. Eru þær til bóta og mun minni hlutinn því styðja 5. og 6. gr. frumvarpsins og smávægilegar lagatæknilegar breytingar sem koma fram í frumvarpinu. Einnig telur minni hlutinn að greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra eigi að skila sér í uppbyggingu hjúkrunarrýma þar til bið eftir þeim hefur verið eytt, en ekki í rekstur, og mun því styðja 13. gr. frumvarpsins, en greiða atkvæði gegn d-lið 17. gr. (ákvæði til bráðabirgða IV) sem varðar 13. gr. en þar er ríkisstjórnin í rauninni með „þrátt-fyrir-ákvæði" þar sem hún ætlar ekki að standa við þetta ákvæði a.m.k. á meðan hún er við völd, þ.e. fram að kosningum.

Minni hlutinn ítrekar að það verði eitt af forgangsverkefnum í þjóðfélaginu á næstunni að bæta kjör lífeyrisþega og þjónustu við þá.

Eins og ég sagði áðan eru breytingartillögur frá minni hlutanum á sérstöku þingskjali, ég ætla ekki að fara í gegnum hvern einasta lið þess skjals en hef gert ágæta grein fyrir því og kemur það fram í nefndaráliti minni hlutans.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Þuríður Backman, Guðrún Ögmundsdóttir, sú sem hér stendur og hv. þm. Kristján L. Möller. Þess má geta að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er sammála þessu áliti.

[22:18]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar kemur fram setning sem í sjálfu sér kemur mér ekki spánskt fyrir sjónir en samt er ástæða til að fjalla um. Þar segir að eldri borgarar hefðu fallist á sameiginlega yfirlýsingu, eins og segir þarna, „undir þrýstingi og hótunum um að hjúkrunarkafli yfirlýsingarinnar yrði tekinn út ef þeir gerðu það ekki".

Þessi fullyrðing hefur valdið mér heilabrotum og hugarangri vegna þess að í fyrstu fréttum sem bárust af þessu samkomulagi og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 19. júlí 2006, yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og eldri borgara sem er sameiginleg og undirrituð af báðum aðilum, segir: „Landssamband eldri borgara og ríkisstjórnin fagna í yfirlýsingu því góða samstarfi sem tókst í nefndinni. Það er sameiginleg afstaða ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara að tillögurnar séu til vitnis um gagnlegt samstarf og samráð aðila og endurspegli samkomulag um aðgerðir ríkisvaldsins í málefnum aldraðra sem komi til framkvæmda næstu fjögur árin eins og nánar er lýst í tillögum nefndarinnar".

Þetta er ég með fyrir framan mig undirskrifað af fulltrúum Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnarinnar. Síðan segir eftirfarandi í fréttum Morgunblaðsins 20. júlí, daginn eftir að þessi yfirlýsing var gefin, með leyfi forseta:

„Fagnaði Ólafur" — fyrrverandi landlæknir og formaður Landssambands eldri borgara — „sérstaklega verulegri hækkun á lífeyrisgreiðslum, sérstaklega þeirra sem væru með lægstu ellilaunin en þeir væru á bilinu 30 til 40%, að sögn hans."

Síðan segir aðeins neðar:

„Dregið væri úr áhrifum tekna maka og skerðing vegna annarra tekna yrði minnkuð."

Og enn aðeins neðar:

„Þá lýsti hann ánægju með að samkomulag hefði náðst um gamalt baráttumál um frítekjumark atvinnutekna." (Forseti hringir.) Þessi yfirlýsing ber ekki merki um að aldraðir hafi verið beittir þvingunum við undirritun þessa (Forseti hringir.) samkomulags.

[22:20]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Forseti. Ég hef þetta eftir fulltrúum eldri borgara í nefndinni. Þeir hafa bæði lýst þessu yfir í fjölmiðlum og sömuleiðis í nefndinni. Það geta allir sem voru á fundinum vottað um að þeir lýstu því yfir að þeir hefðu fallist á þetta undir þrýstingi. Það voru 14 manns á fundinum hjá nefnd-

inni og þau samþykktu öll að þetta hefði gengið svona fyrir sig.

Aðspurður sagði Ólafur Ólafsson, formaður Landssambands eldri borgara, að þeir hefðu lýst yfir ánægju með hjúkrunarþáttinn, hefðu verið mjög ánægðir með hann, en lífeyriskaflann hefðu þeir ekki verið sáttir við en hefðu undir þrýstingi og hótunum, eins og þeir orðuðu sjálfir, fallist á hann vegna þess að ella hefði hjúkrunarþátturinn verið í uppnámi.

Þetta er nákvæmlega það sem kom fram í nefndinni og er haft hér eftir þeim í þessu nefndaráliti og það geta þeir vottað um sem voru á fundi nefndarinnar.

[22:22]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var á þessum sama fundi og á honum voru einnig fulltrúar ríkisstjórnarinnar, m.a. Ásmundur Stefánsson, formaður nefndarinnar. Það var, ef ég rifja það upp með hv. þingmönnum, töluvert rætt um þennan þátt, meintar hótanir, meintar þvinganir.

Ég vil þá biðja hv. þingmann að rifja upp hvað formaður nefndarinnar, Ásmundur Stefánsson, sagði varðandi nákvæmlega þetta atriði. Bæði hann og jafnframt fulltrúar fjármálaráðuneytisins og fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins sem voru á öllum þessum 25 fundum vísuðu alfarið frá sér að nokkuð slíkt hefði átt sér stað.

Hins vegar væri ágætt líka að rifja það upp, sem er líka umhugsunarefni, að á þessum sama fundi, með þá fulltrúum eldri borgara, var gengið eftir því við þá í hverju þessi þvingun hefði legið, þessi hótun sem þeir töldu að þeir hefðu verið beittir. Það kom fram að engin slík samskipti hefðu farið fram á milli eldri borgara og ríkisstjórnarinnar. Það lá alveg ljóst fyrir. Hins vegar kom jafnframt fram að hin meinta hótun hefði farið fram í samtali milli formanns Landssambands eldri borgara og formanns nefndarinnar og það hefði jafnframt komið fram að hann vísaði alfarið frá sér að nokkrar slíkar hótanir eða þvingunaraðgerðir hefðu farið fram.

Ég verð að segja að ef ég sem formaður í einhverju í félagi sem væri að sækja kjarabætur næði þvílíkum árangri sem eldri borgarar hafa náð mundi ég bara fagna hverjum þvingunum eða hótunum eða hvaðeina sem ég yrði beitt til að skrifa undir slíkt samkomulag. Þess þyrfti ekki.

Ég átta mig engan veginn á því hvað þarna fór fram en tel að það sem gerist oft eftir slíkt samkomulag hafi náðst, að væntingar hafi verið miklar, komnar (Forseti hringir.) ákveðnar mótbárur frá umbjóðendum þeirra og þeir hafi einhvern veginn heykst (Forseti hringir.) á málinu, algjörlega að óþörfu.

[22:24]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að fulltrúi ríkisstjórnarinnar, formaður nefndarinnar, Ásmundur Stefánsson, var spurður um þetta. Hann vildi ekki viðurkenna að hann hefði haft í hótunum. En það getur vel verið að hann sem gamall sáttasemjari telji ekki hótanir það sem fulltrúar eldri borgara telja hótanir. (**ÁMöl:** Þetta er nú reyndur ...) Þeim var sagt að ef þeir féllust ekki á þær úrbætur sem voru á borðinu hvað varðar lífeyriskaflann yrði allt samkomulagið sett út af borðinu. (Gripið fram í.) Þar með hefðu þeir orðið að fallast á þetta, ákaflega ósáttir, en töldu þetta þó skref í áttina sem það vissulega er. Þetta er skref. Þeir voru samt alls ekki sáttir við þetta og féllust á þetta undir hótunum. Þetta er orðalag þeirra. Þetta kom fram hjá öllum þeim sem voru þarna fulltrúar eldri borgara.

Ég heyrði líka alveg hvernig Ásmundur Stefánsson talaði á fundinum þar sem hann vildi ekki viðurkenna þetta. (Gripið fram í.) Það voru fleiri þarna frá eldri borgurum sem öll voru sammála um þetta. Þetta hafa þeir líka sagt í fjölmiðlum aftur og aftur og skrifað um það í greinum þannig að greinilega upplifðu þeir þetta sem hótanir (Gripið fram í.) og að þeim væri stillt upp við vegg og féllust á þetta þess vegna og teldu þetta vera fyrsta skref.

Þeir lýstu því reyndar yfir á blaðamannafundinum í ráðherrabústaðnum að þeir mundu koma aftur að hausti til að fara fram á frekari réttindi sér til handa hvað varðaði lífeyrisþáttinn. Þeir hafa lýst yfir stuðningi við þær tillögur sem við leggjum hér fram, þær breytingartillögur sem við leggjum hér fram, og hann liggur fyrir í ályktunum, bæði frá Félagi eldri borgara í Reykjavík og Landssambandi eldri borgara, í (Forseti hringir.) skjölum og álitinu.

[22:26]

**Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Guðjón Ólafur Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað einkennilegur málflutningur af hálfu hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar þar sem því er ítrekað haldið fram að aldraðir hafi verið beittir þvingunum, (**ÁRJ:** Þeir segja það sjálfir.) hótunum eða mekaníski nauðung til að skrifa undir samkomulag við ríkisstjórnina, samkomulag sem nú er að skila þeim 30 milljörðum, sem skilar ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum 30 milljörðum við viðbótar við núverandi greiðslur á næstu fjórum árum. Að halda þessu fram er náttúrlega algjörlega óboðlegt.

Heldur hv. þingmaður að talsmenn eldri borgara hafi komið fram í fjölmiðlum líka nauðugir viljugir og lýst því yfir að þeir væru ánægðir með hækkun á lífeyrisgreiðslum eins og talsmennirnir gerðu á þessum tíma? Það er auðvitað ekki hægt að tala svona, hæstv. forseti.

Það er alltaf hægt að gera betur og auðvitað vilja eldri borgarar fá meiri peninga, hærri greiðslur. Það er alltaf þannig, hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að frítekjumarkið sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni er núna 0 kr. Það er 0 kr. og hefur verið hækkað upp í 300 þús. Auðvitað er miklu einfaldara að hafa það 750 þús. kr. á ári. (**ÁRJ:** Það er ekki ...) Ég held að allir væru til í það ef til væru nægir fjármunir.

Eigum við ekki að taka eitt skref í einu og vera þá ánægð með að fara úr 0 kr. í 300 þús.? Ég held að það væri ágætt skref, hæstv. forseti, þótt ekki væri annað sagt í bili.

[22:28]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmanni er vorkunn enda ný-

græðingur hér í þinginu. Hann þekkir greinilega ekki almannatryggingar vegna þess að frítekjumark gagnvart tekjutryggingu í dag er hátt í 50 þús. kr. (Gripið fram í.) Það er verið að breyta almannatryggingunum algjörlega. Samkvæmt þessu frumvarpi, eins og það liggur fyrir, er frítekjumarkið ekki neitt. Það er alveg rétt. En það er ekki orðið að lögum. Lögin sem gilda í dag eru með frítekjumark gagnvart tekjutryggingu. Ég bið hv. þingmenn að kynna sér almannatryggingarnar áður en þeir fara að gaspra svona bull í ræðustóli Alþingis.

Hv. þingmaður, sem er búinn að fara með fleipur nokkrum sinnum í dag, a.m.k. í fjölmiðlum og hér í þessum stóli, ætti nú að kynna sér betur lögin. Ég hélt að þetta væri löglærður maður. Hann veit greinilega ekki meira um almannatryggingar en þetta. Ég held að hv. þingmaður ætti að fara heim og lesa áður en hann fer að halda hér fram öðru eins.

Varðandi það að aldraðir hafi verið undir hótunum þegar þeir samþykktu lífeyriskaflann þýðir lítið að eiga það við mig. Hann verður að ræða um þetta við eldri borgara og fulltrúa þeirra. (**GÓJ:** Þú ert ...) Þeir hafa lýst þessu yfir, (Gripið fram í.) þeir hafa (Forseti hringir.) haldið þessu fram á fundum nefndarinnar, (Forseti hringir.) þeir hafa haldið þessu fram í fjölmiðlum, þeir hafa komið fram í sjónvarpi og lýst þessu yfir. Ásmundur hefur ekki sagt neitt í fjölmiðlum. Hann vildi ekki viðurkenna að þetta hefðu verið hótanir hjá nefndinni en hann er náttúrlega sáttasemjari og hefur án efa oftar beitt hótunum við samningagerð (Gripið fram í.) án þess að ég viti nokkuð um það. Ég hef aldrei verið á samningafundi hjá honum. En þetta verða menn að eiga við fulltrúa eldri borgara. Það þýðir ekki að vera að rífast um þetta við mig.

[22:30]

**Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Guðjón Ólafur Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmanni er auðvitað vorkunn. Formaður hv. þingmanns, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur lýst því yfir að hv. þingmanni sé ekki treystandi af hálfu kjósenda. Kjósendur treysta ekki hv. þingmanni til starfa, til að fara með stjórn ríkisins og þar með stjórn heilbrigðismála. Ég held að það væri nú (Gripið fram í.) ástæða til að taka það til frekari umfjöllunar, að maður tali ekki um leynipóstinn, verst geymda leyndarmál þingsins þessa dagana, leynipóst formanns Samfylkingarinnar til hv. þingmanna Samfylkingarinnar. Við skulum láta það liggja á milli hluta.

Það er hins vegar annað, hæstv. forseti, sem ég vildi taka fram. Það varðar unga öryrkja. Ég vek athygli á því að hv. þm. Jón Kristjánsson, á meðan hann var heilbrigðisráðherra, lagði til breytingar sem voru samþykktar á Alþingi sem gerðu það að verkum að bætur til öryrkja væru hærri eftir því sem viðkomandi yrði öryrki yngri. Það var stórkostleg réttarbót, líkt og á mörgum öðrum sviðum að því er varðar málefni eldri borgara og öryrkja.

Það er ekki boðlegt, hæstv. forseti, þegar minni hlutinn í þingsal heldur því ítrekað fram og byggir sitt mál á því að ríkisstjórnin og nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar hafi beitt gamalmenni þvingunum, ofbeldi nánast, hótunum eða mekaníska nauðung. Það er ekki hægt að tala svona, hæstv. forseti. Það er ekki hægt að þrír heilir stjórnmálaflokkar skuli byggja mál sitt á því að ríkisstjórnin beiti eldri borgara nauðung. Það er fásinna, hæstv. forseti.

[22:32]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður heldur því fram að þjóðin treysti ekki þeim þingmanni sem hér stendur. Ég er nýbúinn að fara í gegnum prófkjör og þeir sem tóku þátt í því treystu mér a.m.k. til að gegna þingstörfum áfram, miðað við fylgi flokksins.

Aftur á móti er ég ekki viss um að jafnmargir treysti þeim þingmanni sem kom hér í andsvör. Í hans kjördæmi er flokkur hans undir pilsnerfylgi, um 3%. Þess vegna leyfi ég mér að efast um að hv. þingmaður hafi efni á svona tali enda er hann flúinn úr salnum og þolir ekki að hlusta á að það er varla nokkur maður í Reykjavíkurkjördæmi sem treystir þeim manni og áreiðanlega ekki eftir annað eins blaður og þvaður eins og kom frá hv. þingmanni bæði í útvarpsþætti í morgun og eins úr ræðustól Alþingis í þessari umræðu áðan. (Gripið fram í.)

Ég held að hv. þingmaður ætti að svara fyrir sig sjálfur en ekki einhverjir gasprarar, kallandi fram í úti í sal.

[22:34]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Hér er komið til 2. umr. frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar. Með því verða staðfestir með lögum þeir þættir samkomulags á milli ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara frá því í júlí í sumar sem kölluðu á lagabreytingar. Í umræðum á hinu háa Alþingi á síðustu dögum og í viðræðum við eldri borgara hefur verið látið að því liggja að ekki hafi verið um samkomulag að ræða heldur yfirlýsingar frá hendi ríkisstjórnarinnar. Ég vísa þeim hugleiðingum þeirra sem því halda fram á bug og sé enga ástæðu til að talsmenn eldri borgara eða stjórnarandstaðan, ef út í það væri farið, vilji draga úr ábyrgð eldri borgara á þessu mikilvæga samkomulagi. Það veldur, þegar upp er staðið, einni mestu byltingu síðari ára í kjörum aldraðra og öryrkja. Ég tel þvert á móti að ríkisstjórn, Alþingi, eldri borgarar og talsmenn þeirra, sem voru aðilar að samkomulaginu, geti verið stoltir af því og geti tvímælalaust stært sig af því.

Með samþykkt frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar efnir ríkisstjórnin sinn hluta samkomulagsins og gott betur, með þeim breytingum sem meiri hluti heilbrigðisnefndar hefur gert á frumvarpinu í meðhöndlun þingsins. Þetta samkomulag milli aðila náðist eftir miklar umræður og er niðurstaða byggð á helstu áherslum í málflutningi talsmanna eldri borgara á undafönum missirum. Hins vegar er alveg ljóst að samkomulagið þýðir niðurstöðu sem er kannski ekki í samræmi við ýtrustu kröfur hvors aðila. En við það verða menn að sætta sig og una glaðir við það sem þeir ná fram. Með þessu samkomulagi hafa helstu baráttumál eldri borgara náð fram að ganga.

Hvaða þýðingu hefur frumvarpið fyrir eldri borgara, öryrkja og lífeyrisþega? Það kemur sérstaklega fram í þessu

frumvarpi að þrátt fyrir að samkomulag hafi verið við eldri borgara þá hafa ákveðnir þættir samkomulagsins verið yfirfærður á örorkulífeyrisþega, þótt þeir hafi ekki beinlínis verið aðilar að samkomulaginu.

Verið er að gera breytingar á lögum um almannatryggingar sem stórbæta hag aldraðra og öryrkja til framtíðar. Þær fela m.a. í sér hækkun lífeyrisgreiðslna til elli- og örorkulífeyrisþega og fyrsti hluti þeirrar hækkunar kom fram 1. júlí í sumar. Í öðru lagi er lækkun skerðingar bóta vegna tekna maka, hvort heldur lífeyristekna eða atvinnutekna, og reyndar alfarið greint á milli tengingar bóta við lífeyristekjur maka. Skerðingar vegna atvinnutekna maka eru jafnframt minnkaðar. Í þriðja lagi minnkar skerðing bóta vegna annarra tekna bótaþega. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega ofan í hvaða umbætur felast í frumvarpinu. Það hefur komið fram áður, bæði við 1. umr. og jafnframt í áliti meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Með lækkun skerðingar bóta vegna tekna maka og lækkun skerðingar bóta vegna annarra tekna bótaþega er í meiri mæli en áður horft á sjálfstæðan rétt einstaklinga til bóta í stað þess að líta á framfærslutekjur hjóna og fjölskyldu í heild. Þarna er tekið stórt skref enda hefur orðið ákveðin stefnubreytingu og fyrsta skrefið í þá átt var tekið í kjölfar öryrkjadómsins svokallaða. Sú stefna er fest í sessi að horfa á sjálfstæðan rétt bótaþega.

Eitt stóra atriðið í þessu samkomulagi og í frumvarpinu sem við fjöllum um er meðal helstu baráttumála elli- og örorkulífeyrisþega á síðustu árum, þ.e. frítekjumark vegna atvinnutekna. Þetta er mjög stórt og gott skref og er til þess fallið að hvetja þá sem hafa getu til til að starfa áfram í atvinnulífinu, á vinnumarkaði þrátt fyrir örorku og aldur og þeir geti gert það án þess að það leiði til of mikillar skerðingar á lífeyri almannatrygginga. Þetta er sá þáttur í velferðarkerfinu og í almannatryggingakerfinu sem hefur farið einna mest fyrir brjóstið á öldruðum og öryrkjum.

Í þeim línuritum sem fylgja nefndaráliti meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar eru tekin nokkur lýsandi dæmi um áhrif frumvarpsins á kjör aldraðra og ellilífeyrisþega. Mig langar að nefna nokkur dæmi sem eru lýsandi fyrir það stóra framfaraskref sem verður stigið þegar frumvarpið verður gert að lögum. Ég bendi á að þessar umbætur koma strax til framkvæmda um áramótin, eftir um þrjár vikur.

Í fyrsta lagi vil ég taka dæmi um áhrif frítekjumarks eigin tekna á greiðslur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega. Tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega með 50 þús. kr. atvinnutekjur, tekjur hans úr almannatryggingakerfinu, hækka úr um 85 þús. kr. í ár í um 115 þús. kr. nú um áramótin. Heildartekjur hans fyrir skatt hækka um 30 þús. kr., úr 135 þús. kr. á mánuði í 165 þús. kr., sem er töluverð kjarabót.

Annað dæmi er um minni tekjutengingu milli maka. Það getur leitt til þess að tekjur örorkulífeyrisþega hækki verulega. Dæmi um það er örorkulífeyrisþegi með 50 þús. kr. í atvinnutekjur og maki með 150 þús. kr. úr lífeyrissjóði. Samanlagðar atvinnutekjur og lífeyrir almannatrygginga voru fyrir 1. júlí síðastliðinn rúmar 100 þús. kr. en 1. janúar næstkomandi verða tekjur hans 135 þús. kr., þ.e. hækkun um 35 þús. kr.

Þriðja dæmið er jafnframt um örorkulífeyrisþega. Þar er örorkulífeyrisþegi með engar tekjur af atvinnu en maki hins vegar er með 150 þús. kr. tekjur úr lífeyrissjóði. Tekjur örorkulífeyrisþegans frá almannatryggingum fyrir 1. júlí sl. voru tæpar 60 þús. kr. á mánuði, m.a. vegna samspilsins á milli hans og tekna maka, en þær verða rúmar 95 þús. kr. um næstu áramót og 105 þús. um áramótin 2007–2008. Þetta eru töluverðar upphæðir til viðbótar og ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar aukast verulega.

Síðan er ágætt að taka dæmi um samspil frítekjumarks og minni áhrif frá tekjum maka á heildartekjur ellilífeyrisþega. Ellilífeyrisþegi er með 150 þús. kr. tekjur á mánuði og maki með 150 þús. kr. í atvinnutekjur. Fyrir 1. júlí voru tekjur lífeyrisþegans úr almannatryggingunum rúmar 60 þús. kr., sem gerir alls 60 þús. kr. í tryggingatekjur og 50 þús. eigin tekjur sem eru 110 þúsund. Um áramótin verða þessi 110 þús. kr. orðnar að 125 þús. kr. miðað við þær breytingar sem hér eru boðaðar.

Ég vildi taka eitt dæmi til viðbótar um áhrif frítekjumarks vegna eigin tekna á heildartekjur ellilífeyrisþega. Lífeyrir almannatrygginga hjá einhleypum ellilífeyrisþega með 100 þús. kr. atvinnutekjur hækka úr 55 þús. kr. í 95 þús. kr. eða um 40 þús. kr., m.a. vegna upptöku frítekjumarks vegna eigin atvinnutekna. Tekjur þessa ellilífeyrisþega, sem er einhleypur, hækka úr 155 þús. kr. í 195 þús. kr. á mánuði.

Hægt væri að taka mörg önnur dæmi en hér læt ég staðar numið. Þetta eru dæmi um hvernig frumvarpið sem vísast verður að lögum á morgun hefur áhrif á tekjur lífeyrisþega. Þessi örfáu dæmi sýna hve miklar breytingar frumvarpið hefur í för með sér til að hækka lífeyrisgreiðslur, minnka tengingu við tekjur maka og eigin tekjur. Þar vegur ekki síst frítekjumark eigin tekna á lífeyri almannatrygginga.

Eins og ég sagði áðan hefur verið gerð grein fyrir þeim breytingum sem fylgja frumvarpinu en mig langar í lokin að ræða um kostnaðinn og hvaða viðbótarfjármagn er sett í kerfið með þessu frumvarpi. Viðbótarkostnaðurinn er um 26,7 milljarðar kr. til ársins 2010, auk 2,3 milljarða kr. sem bætt er í með þeim breytingum sem meiri hluti heilbrigðisnefndar leggur til. Þetta þýðir alls um 29 milljarða kr. til ársins 2010.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kallaði viðbæturnar sem komu inn í frumvarpið í meðhöndlun meiri hluta heilbrigðisnefndar yfirboð, 481 millj. kr. á næsta ári og hálfan milljarð á næsta ári. Hvað kallar þá hv. þingmaður 7 milljarða kr. viðbótina sem hún ætlaði að bæta í, flokkur hennar og stjórnarandstaðan, á næsta ári ef 500 millj. kr. (Gripið fram í.) eru yfirboð? (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

Þegar upp er staðið hækka greiðslur lífeyristrygginga milli áranna 2006 og 2007 um 10,5 milljarða kr. eða úr 32,2 milljörðum, samkvæmt fjárlögum 2006, í 42,7 milljarða kr. á næsta ári. Þetta er stórt skref og mikill árangur í baráttu fyrir bættum kjörum lífeyrisþega.

Ég hlýt, virðulegi forseti, að benda á tvö önnur frumvörp sem verða að lögum á morgun sem munu að öllum líkindum bæta hag alls almennings verulega, þar á meðal þeirra hópa sem frumvarpið sem hér er til umfjöllunar tekur sérstaklega til. Þar er lækkun matvælaverðs og tengdar

breytingar við lækkun virðisaukaskatts um sem nemur 10,5 milljörðum kr. á ársgrundvelli. Hitt frumvarpið felur í sér lækkun skatta, lækkun tekjuskatts og hækkun persónuafsláttar, sem þýðir 13 milljarða kr. tilfærslur úr ríkissjóði til heimilanna í landinu.

Því verður ekki á móti mælt að þessar tilfærslur eru þær mestu sem þjóðin hefur upplifað árum saman. Þær endurspegla þann sterka grunn sem samfélag okkar byggir á og hefur verið lagður á síðasta einn og hálfan áratug undir forustu Sjálfstæðisflokksins. Alls gera þetta um 30 milljarða kr. á næsta ári í tilfærslur úr ríkiskassanum til heimilanna, með skattalækkunum og hækkun lífeyrisgreiðslna til aldraðra og öryrkja.

[22:45]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að minnast á tvö atriði í andsvari við hv. þingmann. Hækkunin 1. júlí varð ekkert sérstaklega vegna samningaviðræðna við ríkisstjórnina. Það voru hækkanir sem lágu á borðinu vegna kjarahækkana, vegna hækkana á vinnumarkaði sem alltaf hafa skilað sér til lífeyrisþega og þarf engar sérstakar nefndir til þess. Þær hafa yfirleitt gengið beint áfram til lífeyrisþega í kjölfarið á að laun hækka á vinnumarkaði.

Það er ekkert skrýtið þótt hv. þingmaður lýsi því hér yfir að þetta sé mesta hækkun í þó nokkuð mörg ár. Þetta er mesta hækkun í tíð þessarar ríkisstjórnar, en í tíð hennar hafa lífeyrisþegar setið eftir. Það var orðið tímabært að kjör þeirra yrðu bætt.

Það hefur enginn haldið því fram að þetta sé ekki kjarabót. Ég hef ekki haldið því fram að þetta væri ekki kjarabót. Þetta er kjarabót. En við teljum bara ekki nógu langt gengið. Þessi kynslóð á rétt á betri kjörum en verið að bjóða þeim hér þó að þetta sé auðvitað allt til bóta.

Ástæðan fyrir því að ég kalla þetta yfirboð er sú að ég var að nota sömu orð og hv. þingmenn ríkisstjórnarmeirihlutans nota í hvert einasta skipti sem við í minni hlutanum leggjum til einhverjar smákjarabætur fyrir lífeyrisþega.

Ég vil bara nefna það hér að t.d. það að öryrki haldi örorkuuppbótinni eftir að hann er orðinn 67 ára, uppbót sem er sannarlega sýnt fram á að hann þurfi sem öryrki og varla minnkar þörfin þegar hann verður gamall, það kostar mun minna en sá hálfi milljarður sem ég leyfði mér að kalla yfirboð vegna þess að það var búið að afgreiða fjárlög þegar sú tillaga kom hér fram. Hún var yfirboð miðað við frumvarpið. Alveg eins og þið kallið tillögur okkar yfirboð (Forseti hringir.) við þessar umræður.

[22:48]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær hækkanir sem komu 1. júlí síðastliðinn eru tengdar kjarasamningum eins og kom réttilega fram hjá hv. þingmanni. En ástæðan fyrir því að ákveðið var að flýta starfi nefndarinnar var hins vegar að þessi samningur lá fyrir og svo líka til að þeir fengju hækkanirnar strax um mitt ár en ekki í haust, eins og stefndi í að yrði miðað við áætluð lok á vinnu nefndarinnar.

Það er því alveg ljóst að kjarabæturnar sem komu í sumar eru tengdar þessu samkomulagi. Þær komu fyrr og nýtast þeim fyrr og hækka kjör þeirra strax.

Það er hins vegar ekki rétt hjá hv. þingmanni að aldraðir hafi setið eftir. Öðru nær. Öll þau drög og línurit sem við höfum verið að skoða á síðustu missirum sýna að ráðstöfunartekjur eldri borgara prósentulega séð hafa hækkað meira en flestra annarra. Þannig að það er alls ekki rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni.

Það er alls ekki rétt að málefnum eldri borgara og öryrkja hafi ekki verið sinnt á síðustu árum. Öðru nær. Það hefur mikið verið lagt í að vinna með eldri borgurum og örorkulífeyrisþegum til þess að bæta kjör þeirra. Það hafa verið tekin stór skref fram á við í þeim efnum enda eru bæði kröfur þeirra og kröfur samfélagsins í þá veru.

Þannig höfum við mætt nýjum þörfum og nýjum kröfum og ítrekað verið gert nýtt samkomulag til að koma til móts við eldri borgara og örorkulífeyrisþega.

Ég tel því að með þessu samkomulagi séum við að reka ákveðið smiðshögg á (Forseti hringir.) störf ríkisstjórnarinnar síðustu tvö kjörtímabil.

[22:50]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þingmaður staðfestir að hækkanirnar í júlí voru vegna hækkana á vinnumarkaði. Það var rétt. Það getur vel verið að það hafi flýtt eitthvað vinnu nefndarinnar. Guð láti gott á vita ef það hefur verið. En hækkanirnar voru á borðinu.

Aftur á móti varðandi yfirlýsingar hv. þingmanns um að kjör lífeyrisþega hafi aukist meira en hjá öðrum, þá ætla ég bara að svara því með því að hv. þingmaður ætti að kynna sér rannsóknir, fyrirlestra og skýrslur Stefáns Ólafssonar um stöðu lífeyrisþega í samanburði við aðra hópa. Það leynir sér ekkert að sá hópur hefur orðið út undan. Það er bara svart á hvítu.

[22:51]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi ekki lesið minna um þessi mál en hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Og sennilega lesið það með sama styrkleika á gleraugum og hv. þingmaður. En það er svo að ráðstöfunartekjur þessa hóps hafa aukist meira, prósentulega séð, en annarra borgara í landinu.

Varðandi skattbyrðina og þær rannsóknir sem Stefán Ólafsson hefur gert, að það er bara allt önnur Ella. Við gætum tekið þá umræðu síðar. En aðalatriðið er það að með þessu frumvarpi er verið að uppfylla samkomulag við eldri borgara sem gert var í sumar.

Ákveðnir þættir samkomulagsins eru yfirfærðir yfir á örorkulífeyrisþega. Ég held að við getum öll óskað eldri borgurum og öryrkjum til hamingju með þann árangur sem þeir hafa náð. Ég tel að við getum öll haft sóma af.

[22:52]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Það er langt liðið fram á kvöld. En ég ætla að fara nokkrum orðum um það mál sem hér er til um-

ræðu, breytingar á almannatryggingalögum og málefnum aldraðra. Þetta er stórt mál og mikið réttlætismál.

Ég ætla ekkert að draga úr því sem ég sagði við 1. umr. málsins að þetta eru vissulega kjarabætur. Það eru mörg atriði sem eru í réttlætisátt og samkvæmt þeim kröfum sem bæði aldraðir og öryrkjar hafa lagt fram og samkvæmt þeirri hugsun sem núna ríkir í þjóðfélaginu, þ.e. að hætta að líta á öryrkja og aldraða sem bótaþega en hugsa fremur til þeirra og hafa löggjöfina þannig að aldraðir og öryrkjar geti notið sín í samfélaginu og að við hin fáum notið þeirra krafta sem þeir hafa möguleika á að leggja fram til samfélagsins.

Því miður hefur ástandið verið þannig í kjörum og aðbúnaði þessa fólks að einn þriðji aldraðra, um 30%, hefur búið við það knöpp kjör að þeir hafa verið hnepptir í fátæktargildru. Það er staðreynd. Kerfið hefur því miður stuðlað að því, bæði með lágum bótum og ekki síður með því innbyggða kerfi sem eru tekjutryggingar við hinar lágu bætur, þannig að það er næstum því komin króna á móti krónu. Ef aldraður eða öryrki hefur unnið sér inn einhverjar tekjur til að reyna að bæta hag sinn þá hafa skerðingarnar verið það miklar að það hefur ekki borgað sig fyrir viðkomandi að fara út á vinnumarkaðinn eða að vinna heima og reyna að fá einhverjar tekjur.

Þetta sýndi sig mjög vel þegar stórfyrirtæki hér í bæ, mig minnir að það hafi verið Húsasmiðjan, ætlaði að nýta sér krafta þeirra sem voru í eldri kantinum og fékk hóp eldri starfsmanna til að koma og vinna í versluninni. Þetta var þeim sem komu í verslunina til mikillar ánægju og bættrar þjónustu því þetta var fólk sem hafði þekkingu og kunnáttu á því sem verslunin hafði fram að bjóða. En því miður entust þessir einstaklingar ekki lengi vegna þess að það lá við að þeir borguðu með sér. Launin voru svo lág að þetta var sjálfboðavinna og þetta þekkjum við. Þannig er nú staðan.

En það er ekki að ástæðulausu sem þeim kjarabótum sem nú liggja fyrir hefur verið náð. Af því hér var vísað til þess samkomulags sem fulltrúar Félags eldri borgara og fulltrúar ríkisvaldsins gerðu síðastliðið sumar, þá var það með þá samninga eins og aðra samninga, að á einhverjum tímapunkti komast aðilar ekki lengra í samningagerðinni. Úrslitastundin rennur upp.

Það er alveg ljóst að þeir einstaklingar sem voru í samninganefndinni fyrir hönd Landssambands eldri borgara voru mjög ósáttir við að ná ekki lengra í kjarabótum en kom fram í samkomulaginu. En aftur á móti hafði náðst nokkuð góður vilji og yfirlýsingar um frekari uppbyggingu í hjúkrunar- og þjónustuþáttum fyrir aldraða og öryrkja. Þannig að svona enduðu þessir samningar. Aldraðir gátu ekki farið lengra með niðurstöður samkomulagsins. En það gat ríkisstjórnin. Og það gerði hún í tvígang eftir að frumvarpið var lagt fram.

Þremur dögum eftir að mælt var fyrir frumvarpinu gerðu hæstv. heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra með sér samkomulag og sáu sig um hönd og voru ekki að vísa tekjuskerðingunni nokkur ár fram í tímann, þrjú ár fram í tímann, heldur áttuðu sig á því að frítekjumarkið varð að koma nú þegar um næstu áramót ef þessir flokkar ætluðu að fara inn í næstu kosningar og telja sig hafa möguleika á að fá atkvæði þess fjölda aldraðra og öryrkja sem vissulega fylgdust með hvernig ríkisstjórnarflokkarnir unnu úr þessu máli.

Sem betur fer hefur líka komið fram viðurkenning á því að samkomulagið gekk ekki nógu langt til þess að ná fram réttmætum bótum og eðlilegum bótum, rétt eins og aldraðir höfðu bent á.

Ég vil því bara vísa til nefndarálits minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar og þeirra breytingartillagna sem minni hlutinn gerir. Þar byggjum við á tillögu, velferðartillögu, sem var lögð fram í upphafi þings um nýja hugsun, nýjan grunn í lífeyrissjóðsmálum. Á því viljum við byggja. Á því byggja breytingartillögurnar. Við munum að sjálfsögðu taka undir þær tillögur sem hafa komið fram hjá meiri hlutanum sem eru til enn frekari bóta. Auðvitað styðjum við allt sem er í réttlætisátt.

En rétt eins og aldraðir sögðu, það var ekki gengið nógu langt. Ríkisstjórnin hefur viðurkennt það og komið hálfa leið. Við viljum ganga það skref lengra. Þó að vísað sé til að 29 milljarðar eigi að fara í þennan málaflokk á næstu fjórum árum þá segir það okkur eingöngu hversu aldraðir og öryrkjar hafa dregist mikið aftur úr í launum og kjörum af hendi ríkisstjórnarinnar, með bótum frá Tryggingastofnun.

Þetta segir okkur eingöngu hversu aftarlega þessir einstaklingar eru orðnir hvað varðar laun og kjör. Það er hægt að veifa hérna háum prósentum, miklum hækkunum í prósentum þegar að grunnurinn er eins lágur eins og hann var.

[23:00]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að mótmæla fullyrðingu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um að kjör aldraðra og öryrkja hafi setið eftir. Það er ekki rétt. Mörg dæmi sýna að það er ekki rétt. Þau voru reyndar afskaplega slæm 1995 og máttu gjarnan batna, en þau hafa ekki setið eftir.

Meginbreytingin í þessum tillögum og hugmyndum er að 60% af launum öryrkja og aldraðra koma til skerðingar. Það þýðir að í staðinn fyrir 45% skerðingu er skerðingin 24%. Skerðingin lækkar úr 45% niður í 24% og eftir eitt ár, árið 2008, fer hún niður í 23%.

Það þýðir að maður sem er með 200 þús. kr. launatekjur á mánuði, aldraður eða öryrki — nú gildir sama reglan — er skertur um 24% af þessum 200 þús. kr., þ.e. um 48 þús. kr.

Bæturnar sem hann hafði eru 128 þús. þannig að hann fær til viðbótar við 200 þús. kr. tekjurnar sínar 80 þús. kr. Hann er sem sagt með 280 þús. kr. á mánuði ef hann er einhleypur. Þetta er aðal- og meginbreytingin. Þetta mun hvetja fólk til að vinna umfram það sem verið hefur.

Þá myndast nýr vandi, vandi þeirra öryrkja og aldraðra sem ekki geta unnið. Munurinn á milli þeirra og öryrkja og aldraðra sem geta unnið, herra forseti, verður mjög áberandi, líka munurinn á milli aldraðra og öryrkja sem vinna við hlið annars manns með sömu laun sem ekki er aldraður eða öryrki. Ef allir þrír eru með 200 þús. kr. á mánuði er öryrkinn og hinn aldraði með 80 þús. kr. meira á mánuði. Það er nýr veruleiki sem almenningur þarf að sætta sig við og ég geri ráð fyrir að hann sé alveg tilbúinn til þess.

Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara. Hann varðar séreignarsparnað og uppsafnaðar fjármagnstekjur fólks sem er t.d. að selja spariskírteini sem eru búin að standa á vöxtum í 10 ár. Það er mjög auðvelt fyrir þetta fólk ef það hefur þekkingu og ráðgjöf að innleysa hvort tveggja ári áður en það fer á lífeyri, bæði séreignarsparnaðinn og langtímafjármagnstekjurnar, en þeir sem ekki vita og ekki kunna og ekki vilja geta lent illa í því. Þess vegna hef ég samið frumvarp sem verður væntanlega dreift á morgun um það að séreignarsparnaður komi ekki til frádráttar frekar en annar sparnaður sem menn stunda í bankakerfinu sem er frjáls — séreignarsparnaðurinn er frjáls — og heldur ekki langtímafjármagnstekjur, fjármagnstekjur sem er aflað til áður en menn fóru á lífeyri. Það er til að mismuna ekki þeim sem hafa vit og þekkingu og hinum sem hafa hana ekki. Að öðru leyti er ég mjög ánægður með þetta frumvarp, styð það eindregið og tel það mikla réttarbót.

[23:04]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara örstutt andsvar, ég nenni eiginlega ekki að munnhöggvast hérna við hv. þm. Pétur Blöndal um kjör lífeyrisþega. Ég bendi honum bara á að lesa Morgunblaðið í morgun. Þar er t.d. grein frá Ólafi Ólafssyni, formanni Landssambands eldri borgara, og Einari Árnasyni, hagfræðingi Landssambands eldri borgara, þar sem þeir lýsa ójöfnuðinum sem hefur viðgengist hjá ríkisstjórninni og hvernig lífeyrisþegar hafa komið út úr þeirri stjórnarstefnu sem hefur verið hér í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Hann ætti að geta lesið þetta. Ég ætla ekkert að lesa hér upp úr greinum en það er fljótséð. Þar er einmitt vitnað í þessar úttektir Stefáns Ólafssonar og ný gögn frá Hagstofu Íslands sem hv. þingmaður getur líka fundið á heimasíðu Hagstofunnar eða á heimasíðu Stefáns Ólafssonar.

Annars ætla ég ekki að hafa þetta andsvar lengra en bendi hv. þingmanni á að lesa þetta og kynna sér hver staða lífeyrisþega er eftir tæplega 12 ára valdasetu ríkisstjórnarflokkanna og 16 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins hér á landi.

[23:06]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Sannar ekki neitt, þetta sannar ekki neitt. Hv. þingmaður verður að finna orðum sínum betri stað en greinar í blöðum sem byggja á rannsóknum sem hafa verið dregnar í efa, rannsóknum Stefáns Ólafssonar þar sem hann ber saman tekjur yfir 10 ár og tekjubil við gjörbreyttar þjóðfélagsaðstæður.

Útlendingar eru núna að fylla neðsta tekjubilið. Námsmenn fylla neðsta tekjubilið sem þeir gerðu ekki fyrir 10 árum. Þetta er engan veginn sambærilegt. Og fjármagnstekjur voru ekki til fyrir 10 árum.

Það er ekki hægt að bera saman þjóðfélag sem hefur breyst svona geysilega mikið, bæði með útlendinga og námsmenn og það hafa orðið kerfisbreytingar í skattkerfinu. Þetta er ekki sambærilegt.

Ég bið hv. þingmann að sýna með einstöku dæmi, frú forseti, að t.d. kjör þeirra sem hafa grunnlífeyri hafi skerst eða kjör þeirra sem eru einstæðir og hafa engar tekjur eins og örorkulífeyrisþegar með 75% örorku.

Ég skora á hv. þingmann að sýna fram á að þær bætur hafi ekki hækkað umfram allt annað í þjóðfélaginu nema lægstu laun sem sem betur fer hefur tekist að hækka enn frekar. (Gripið fram í.)

[23:07]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég svara bara í sömu mynt. Orð hv. þm. Péturs Blöndals sanna ekki neitt. Staðhæfingar hans hafa oft verið dregnar í efa, sérstaklega þegar lífeyrisþegar eiga í hlut.

[23:08]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta, enda er búið að fara ágætlega yfir málið. Ég ætla rétt að draga fram í lokin í meginatriðum um hvað þessi mál snúast, annars vegar að því er snýr að okkur í stjórnarandstöðunni, hvað við höfum sett fram og hvað við höfum viljað gera, og hins vegar hvað ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera í meginatriðum.

Í fyrsta lagi höfum við lagt það til í stjórnarandstöðunni að hækka tekjutryggingar aldraðra um 6 þús. kr. og hið sama fyrir öryrkja umfram það sem ríkisstjórnin hefur lagt til, þ.e. fara með þessar bætur upp í 85 þús. kr. fyrir aldraða og 86 þús. fyrir öryrkja í stað 78.500 fyrir aldraða og 79.600 þús. fyrir öryrkja eins og er í tillögu ríkisstjórnarinnar.

Við höfum lagt til að farið yrði með skerðingarregluna strax niður í 35% úr 45%, en ríkisstjórnin ætlar sér að fara með hana niður í 38,35% ef ég er með þá tölu rétta í kollinum sem ég held að sé. Við höfum lagt til — og þar greinir okkur náttúrlega á — að frítekjumark vegna atvinnutekna verði 75 þús. kr. á mánuði, þ.e. að fólk geti verið í hálfu starfi úti í þjóðfélaginu svona um það bil án þess að fá skerðingar hjá Tryggingastofnun en eftir sem áður greiða eldri borgarar tekjuskatta eins og við öll. Ríkisstjórnin leggur til 25 þús. kr. frítekjumark á mánuði. Þarna munar á 300 þús. kr. sem ríkisstjórnin leggur til og 900 þús. kr. sem stjórnarandstaðan leggur til.

Við höfum einnig lagt til að vasapeningar hækki um 50%, þ.e. ráðstöfunarfé þegar dvalið er á stofnunum, og við höfum lagt til að gagnvart þeim sem eru á stofnunum verði frítekjumark hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. á mánuði.

Síðan höfum við lagt til að tekjutengingar milli maka og sambúðarfólks falli algerlega niður um næstu áramót en ríkisstjórnin hyggst taka þau skref í áföngum á nokkrum árum.

Síðan höfum við lagt til að örorkulífeyrisþegi sem verður eldri borgari haldi örorkubótum sínum, þ.e. sérstakri aldurstengdri örorkuuppbót, þótt hann færist af örorkubótum yfir á ellilífeyrinn.

Þetta er í megindráttum, hæstv. forseti, það sem skilur tillögurnar að. Við höfum svo sem farið mikið í gegnum þetta í fjárlagaumræðunni og ég held að ekki þurfi að bæta

miklu við það sem ég hef þegar sagt. Hér er dregin upp meginlínan í því sem ber á milli. Auk þess er auðvitað lagt upp með það í tillögum okkar að gerð verði sérstök könnun á neyslu þessara hópa og að því stefnt í framtíðinni að fólk sem ekki hefur annað sér til framfæris en lágmarkstekjur Tryggingastofnunar komist af í þjóðfélaginu. Við höfum sem sagt svarað því játandi að þannig eigi tryggingakerfið að verða þegar við teljum að það sé orðið viðunandi að lokum að fólk komist ævinlega af á lágmarksbótunum ef það hefur ekki annað sér til framfærslu.

Þarna held ég að skarist meginlínur milli stjórnarandstöðunnar annars vegar og ríkisstjórnarflokkanna hins vegar og þurfum við ekki að hafa mörg orð um það. Ég geri ráð fyrir því að þegar greidd verða atkvæði um þessar tillögur í fyrramálið muni ríkisstjórnarflokkarnir kolfella eins og venjulega allt sem við leggjum til í stjórnarandstöðunni. Það er hefðin sem hefur verið á hv. þingi.

Það verður síðan kjósenda í vor að meta hvort þeir vilja taka stöðu með því sem við höfum lagt til í stjórnarandstöðunni sem stefnumótun og fylkja sér um hana, að eldri borgarar og öryrkjar komist af í þjóðfélagi okkar eða hvort það á áfram að vera þannig að fólk hafi ekki nægjanlegar tekjur sér til framfærslu. Þar inn í spilar líka skattkerfið sem við væntanlega ræðum á morgun undir annarri tillögu, hæstv. forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, 2. umr.*

Stjfrv., 232. mál (viðurlagaákvæði). — Þskj. 235, nál. 539, brtt. 540.

[23:13]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):**

Virðulegi forseti. Við erum að taka til 2. umr. frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um stjórn fiskveiða. Hér er sérstaklega tekið til viðurlagaákvæða á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar. Frumvarp þetta var lagt fram í framhaldi af niðurstöðu nefndar sem skipuð var í janúar sl. en nefndinni var m.a. ætlað að fara yfir viðurlagaákvæði í lögum sem heyra undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytisins.

Í september sl. skilaði nefndin hæstv. sjávarútvegsráðherra tillögum ásamt greinargerð sem fylgdi með. Frumvarpið er í samræmi við tillögur þessarar nefndar en sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir og gert breytingar á frumvarpinu í góðri sátt við sjávarútvegsráðherra og hagsmunaaðila. Nefndin er einhuga um þessar breytingar og vil ég þakka meðnefndarmönnum í sjávarútvegsnefnd fyrir gott samstarf í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá sjávarútvegsnefnd um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlagaákvæði).

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson og Árna Múla Jónasson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Hrefnu Gísladóttur frá Fiskistofu, Jóhann Baldursson og Halldór B. Nellet frá Landhelgisgæslunni, Óskar Þór Karlsson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Bjarna Áskelsson frá Samtökum fiskmarkaða, Guðberg Rúnarsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Guðjón Ármann Einarsson og Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda. Einnig hafa nefndinni borist umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Íslandsmarkaði, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar og Samtökum fiskvinnslustöðva. Þá hafa nefndinni borist tilkynningar frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á viðurlagaákvæðum í ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar. Þar má helst nefna þau sem varða sviptingu veiðileyfa og afturköllun vigtunarleyfa, lágmarkssektir, upptöku afla og/eða veiðarfæra og áminningar í tengslum við minni háttar brot.

Nefndin telur að almennt ríki ánægja með breytingarnar, einkum þá tilhögun frumvarpsins að afnema lögbundin sektarlágmörk vegna tiltekinna brota og kveða á um að veita skuli skriflega áminningu vegna tiltekinna fyrstu minni háttar brota. Þau sjónarmið hafa þó komið fram á fundum nefndarinnar að það fyrirkomulag að lögbinda lágmarkstíma veiðileyfissviptinga og afturkallana á vigtunarleyfum séu verulega íþyngjandi og að beiting slíkra viðurlaga þurfi að vera komin undir heildstæðu mati hlutaðeigandi stjórnvalds á öllum aðstæðum.

Nefndin tekur undir þetta sjónarmið að vissu marki en álítur jafnframt að ekki sé ástæða til að gefa hlutaðeigandi stjórnvöldum of frjálsar hendur við ákvörðun viðurlaganna. Er því lagt til að ákvæðum 2. efnismgr. 2. gr., 2. efnismgr. 3. gr. og 2. efnismgr. 12. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að lögbundinn lágmarkstími sviptingar og afturköllunar verði styttur.

Einnig leggur nefndin til þá breytingu á 1. málsl. 1. efnismgr. 8. gr. og 1. málsl. 1. efnismgr. 13. gr. frumvarpsins að upptöku afla og/eða veiðarfæra í þeim tilvikum sem þar er fjallað um skuli einvörðungu beitt þegar um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot er að ræða. Þar af leiðandi verða ákvæði 3. málsl. 1. efnismgr. 8. gr. og ákvæði 2. málsl. 1. efnismgr. 13. gr. óþörf og falla brott. (**Gripið fram í:** Hvaða grein var það?) Þetta eru margar greinar.

Megintilgangurinn með fyrrgreindum tillögum er að gefa stjórnvöldum og dómstólum aukið svigrúm til að taka vægilegar á minni háttar brotum en þó þannig að fælniáhrif umræddra ákvæða haldist.

Að lokum er lagt til að orðalag 1. málsl. 1. efnismgr. 8. gr. og 1. málsl. 1. efnismgr. 13. gr. verði einfaldað þannig að skýrt komi fram að ólögmætur afli skuli sæta upptöku undir þeim kringumstæðum sem þar er fjallað um. Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að það sé hlutverk dómstóla að meta hvort sennilegt sé að heildarafli, eða eftir atvikum hluti hans, sé fenginn með ólögmætum hætti. Tillagan felur ekki í sér neina efnisbreytingu.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt með

fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Magnús Þór Hafsteinsson, Guðjón Ólafur Jónsson og Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Guðjón Hjörleifsson, Kristinn H. Gunnarsson, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Þórdís Sigurðardóttir og Kjartan Ólafsson.

Virðulegi forseti. Ég mæli einnig fyrir breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar í viðurlagaákvæðum frá sjávarútvegsnefnd:

1. 2. efnismgr. 2. gr. orðist svo:

Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

2. 2. efnismgr. 3. gr. orðist svo:

Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað skv. 1. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis. Hafi ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en sextán vikur eru liðnar frá því að leyfi var síðast afturkallað.

3. Við 8. gr.

a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo:

Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn 3.–5. gr. laga þessara skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess.

b. 3. málsl. 1. efnismgr. falli brott.

4. 2. efnismgr. 12. gr. orðist svo:

Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

5. Við 13. gr.

a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo:

Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn reglum, sem settar hafa verið skv. 2. málsl. 7. gr. laga þessara, skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess.

b. 2. málsl. 1. efnismgr. falli brott.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði málinu vísað til 3. umr.

[23:20]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, formaður sjávarútvegsnefndar, hefur farið mjög skilmerkilega yfir þær greinar sem verið er að breyta og talið upp öll þau atriði sem munu breytast með þessu frumvarpi. Hér er verið að breyta lögum um stjórn fiskveiða og ýmsum öðrum tengdum lögum. Það er náttúrlega að vonum þegar farið er að vitna í öll þessi lög með sínum fjölmörgu bráðabirgðaákvæðum, sem eru reyndar orðin miklu fleiri en lagagreinarnar, að telja þurfi upp mjög margar tilvitnanir og margar lagagreinar til þess að koma þessu skilmerkilega til skila svo að allir séu með á nótunum.

Efnislega held ég samt að hægt sé að orða þetta þannig að það sé kannski verið að draga úr refsingum, verið að draga úr refsirammanum og setja inn ákvæði um að veita mönnum áminningar og aðvaranir áður en kemur til sviptingar á atvinnurétti, sem gerist með því að menn eru ýmist sviptir veiðileyfi eða vigtunarleyfi, eða öðrum slíkum aðgerðum sem eru í sjálfu sér verulega harðar aðgerðir, því að það tekur náttúrlega í þegar menn eru sviptir atvinnu sinni.

Ég held að frumvarpið í heild sinni sé til bóta að því leyti að gefnar eru aðvaranir og tekið er vægar á minni háttar brotum og því held ég að segja megi að þessi lög bæti kannski aðeins ástandið þó að ég verði seint fyrsti aðdáandi þessa kerfis sem við vinnum eftir, hæstv. forseti.

[23:22]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir hans innlegg. Ég er alveg sammála honum varðandi bráðabirgðaákvæðin að við þurfum að fara að taka upp ýmis lög og endurskrifa þau og endurútgefa þau. Við tókum okkur til í fyrra og gerðum það með stjórn fiskveiða sem eru orðin miklu aðgengilegri en þau voru. Við erum náttúrlega að draga úr, við erum að gefa aðvörun núna og skriflegar áminningar. Það komu oft fyrir smávægileg slys þar sem menn voru sviptir veiðileyfi og það var kannski ekki sanngjarnt. Ég held að við séum að minnka þessi áhrif og ná meiri sátt um þetta. Þetta er svona réttlætismál og við tökum á ýmsum þáttum sem hefur verið ágreiningur um en nú held ég að sé mikil sátt um þetta.

[23:22]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Eins og fram kom í ítarlegri ræðu hv. formanns sjávarútvegsnefndar áðan ræðum við hér frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar og það eru viðurlagaákvæði þessara laga sem eru undir.

Það sem verið er að gera með þessu frumvarpi er að draga úr þeirri refsigleði sem einkennt hefur lög um stjórn fiskveiða og lög sem tengjast úrvinnslu sjávarafla. Það verður að segjast eins og er þegar maður fer í gegnum þessi lög að í þeim eru og hafa verið talsvert harðari viðurlagaákvæði en við höfum séð í öðrum lögum. Við hófum þessa ferð á síðasta þingi þegar inn kom varaþingmaður, hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson, og lagði fram frumvarp sem náði í gegn. Enda þótt það væri þingmannafrumvarp frá stjórnarandstöðuþingmanni náði það í gegnum þingið og til sjávarútvegsnefndar, var afgreitt þar í góðri sátt og varð að lögum nr. 22/2005, en þar var dregið verulega úr sektarákvæðum varðandi minni háttar brot. Áður voru lögin þannig að það var sama hvort brot var framið af gáleysi, var lítils háttar og allir sáu að ekki var fólgin í því nein auðgun eða tilgangur til auðgunarbrots, það þurfti samt sem áður að sekta upp á 400 þús. kr. Mönnum þótti það ekki við hæfi og eftir að hafa farið í gegnum það voru sektarlágmörkin felld niður á síðasta þingi.

Hér er verið að ganga aðeins lengra, verið er að minnka

refsigleðina þegar kemur að því að svipta skip veiðileyfi vegna þess að þau hafi gerst brotleg við lög. Eins er verið að ganga lengra í því að minnka sviptingar hjá þeim sem gerst hafa brotlegir við lög er varða vigtun sjávarafla. Það sem mætti helst segja og draga saman í stuttu máli er að við erum að taka upp í fyrsta skipti í þessum lögum heimild til Fiskistofu til að veita mönnum skriflega áminningu ef um minni háttar brot er að ræða og ég tala nú ekki um ef um gáleysi eða engan ásetning er að ræða. Fiskistofa getur þá áminnt menn skriflega við fyrsta brot en er ekki föst í því að þurfa að svipta menn réttinum annaðhvort að halda til veiða eða að halda áfram að vigta sjávarafla í margar vikur eins og lögin eru í dag.

Það sem við erum líka að gera með þessu er að minnka þann tíma sem sviptingar standa við fyrsta brot. Eins er gert með ítrekunarbrot þó að það sé ekki eins hressilegt og við fyrsta brotið. Það er afar slæmt fyrir menn að verða fyrir sviptingum í því að mega stunda atvinnu sína og það er svo sem enginn að leika sér að því en það er óþarfi að okkar mati að þær sviptingar sem um er að ræða standi í margar vikur heldur, verði menn fyrir því að brjóta af sér og ekki dugir skrifleg áminning, sé hægt að svipta menn í stuttan tíma og menn átti sig þá og gangi til betri vegar.

Annað sem verið er að gera hér, sem er nýmæli, er það að dregið er úr heimildum til að gera veiðarfæri upptæk við brot á fiskveiðilögum. Nefndin leggur til að eingöngu við stórfelld og ítrekuð ásetningsbrot við greinum 3–5 í þessum lögum verði heimild til að svipta skip veiðarfærum og ólögmætum afla.

Eftir að hafa farið í gegnum þetta og skoðað umsagnir sem komu til okkar sáum við að tvö skip sem fremja sama brot hvort um sig með mjög mismunandi verðmæt veiðarfæri — dómarar höfðu í raun og veru enga heimild til að vega það og meta heldur átti að gera veiðarfæri upptæk í báðum skipum — annað skipið gat verið með margfalt verðmætari veiðarfæri en hitt og fengið þar af leiðandi margfalt meiri og hærri sekt við sama broti en hitt skipið.

Það er talsverð breyting í breytingartillögum sjávarútvegsnefndar frá því frumvarpi sem lagt var fyrir okkur og allar þær breytingar ganga í þá átt að milda enn frekar viðurlagaákvæði frá því sem frumvarpið gerði ráð fyrir, þó að frumvarpið sjálft gerði ráð fyrir talsvert mildandi viðurlögum við brotum. Það er álit sjávarútvegsnefndar, eins og sést á því að nefndarálitið kemur frá nefndinni allri og breytingartillögur einnig, að það sé óþarfi að vera með sérlega harðar refsingar í þessari atvinnugrein umfram það sem þekkist í öðrum greinum.

Eitt sem rætt var talsvert í nefndinni og ekki náðist samkomulag um var það sem er í núgildandi lögum að ef menn verða fyrir sviptingu á veiðileyfi eða sviptingu á leyfi til að vigta sjávarafla geta þeir kært þann úrskurð Fiskistofu til sjávarútvegsráðuneytis. Nú er sjávarútvegsráðuneytið ekkert annað en næsta skref fyrir ofan Fiskistofu í sama stjórnkerfi svo við ræddum það talsvert hvort menn ættu að geta kært úrskurð Fiskistofu til óháðrar úrskurðarnefndar. Ekki náðist samkomulag um það. Annað sem við ræddum var hvort kæra ætti að fresta sviptingu vegna þess að ef til stendur að svipta fyrirtæki leyfi til að stunda atvinnu sína í eina viku og fyrirtækinu þykir á sér brotið og kærir það til sjávarútvegsráðuneytis er ekki víst að kominn verði úrskurður frá sjávarútvegsráðuneytinu þegar vikan er liðin og fyrirtækið búið að fá réttindi sín aftur en úrskurðurinn gæti svo fallið nokkrum vikum síðar um að þetta hafi verið svipting sem ekki hefði átt að framkvæma. Þá hefur fyrirtækið orðið fyrir því að missa rétt sinn í ákveðinn tíma, verið órétti beitt en á enga möguleika í sjálfu sér til að leiðrétta það órétti eftir á. Við veltum því mikið fyrir okkur hvort kæra ætti ekki að fresta úrskurði um sviptingu en um það náðist ekki samkomulag í nefndinni.

Vegna þess hversu vel var unnið í nefndinni undir öruggri stjórn hv. formanns sjávarútvegsnefndar, Guðjóns Hjörleifssonar, gátum við sem í nefndinni sátum náð að samræma sjónarmið okkar og koma fram talsverðum umbótum á þessu kerfi frá því sem nú er og töldum ekki ástæðu til að gera ágreining um það þó að við næðum ekki í gegn þeim sjónarmiðum varðandi sviptinguna og úrskurðinn sem ég lýsti áðan.

Ég ætla ekki að eyða lengri tíma í að ræða þetta. Þessi breyting er til verulegra bóta og í þeim anda sem við höfum viljað starfa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lífeyrissjóðir, 2. umr.*

Stjfrv., 233. mál (lágmarksiðgjald og breytingar á samþykktum sjóða). — Þskj. 236, nál. 491, brtt. 492.

[23:31]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þingskjali 491 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lagaákvæði um lífeyrissjóði, frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Friðbert Traustason frá Samtökum íslenskra bankamanna. Auk þess sem hún fékk umsagnir um málið.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar. Annars vegar er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað úr 10% í 12% af iðgjaldsstofni og gert ráð fyrir því að iðgjald launagreiðanda hækki úr 6% í 8% en iðgjald launþega haldist óbreytt, þ.e. 4%.

Í öðru lagi er lagt til að lífeyrissjóðum sem njóta, eða nutu, bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða banka verði gert heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum ef meira en 10% munur verður á milli eigna og skuldbindinga. En allt þetta kemur fram í nefndarálitinu. Ég ætla ekki að lesa það allt saman.

Nefndin leggur til, þar sem síðari breytingin reyndist vera of rúm, að þrengja hana með breytingu sem gerð er á sérstöku þingskjali þannig að hún einskorðist við þá sjóði sem ekki njóta lengur bakábyrgðar, t.d. hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankamanna og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, og að þeim sjóðum sé þá skylt að gera nauðsynlegar breytingar til samræmis við 2. mgr. 39. gr. laganna.

Síðan lagði nefndin til nokkrar breytingar þar sem vantaði inn í lög um Ábyrgðasjóð launa og lög um fæðingar- og foreldraorlof þar sem þurfti að breyta prósentum, þ.e. 10% í 12% í samræmi við breytingar um lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í þingskjali 492.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Kolbrún Baldursdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

[23:33]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þingmanns er ég með á þessu áliti með fyrirvara. Ég ætlaði að fullvissa mig um að skilningur minn væri réttur að því leyti að heimildarákvæðið eða öllu heldur skylduákvæðið eins og núna er samkvæmt breytingartillögunni sem liggur fyrir um að breyta réttindum ef iðgjöldin rísa ekki undir þeim, að sú breyting taki fyrst og fremst til Lífeyrissjóðs bankamanna, sem ekki nýtur lengur bakábyrgðar bankanna, en ekki til lífeyrissjóða sveitarfélaganna. Ég horfi þar til LSS sérstaklega.

[23:34]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er rétt. Það er skilningurinn að þetta eigi eingöngu að ná til Lífeyrissjóðs bankamanna, enda er hann talinn upp í nefndarálitinu. Nú er það svo með opinberu sjóðina að þeir njóta annaðhvort bakábyrgðar beint eða bakábyrgðar á því formi að iðgjald skuli hækkað ef nauðsyn krefur á kostnað þess sem veitir bakábyrgðina, þ.e. launagreiðanda.

Réttindin skulu ætíð standa óbreytt í þeim sjóðum. Ég tel því að það sé ábyrgð viðkomandi atvinnurekanda eða launagreiðanda og falli þar af leiðandi ekki undir þetta ákvæði sem við erum að breyta hér.

[23:35]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef reyndar örlítið annan skilning á nýjum deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs sveitarfélaganna. Ég lít svo á að þau hafi ekki bakábyrgð í skilningi eldri deilda þessara sjóða.

Hitt er rétt hjá hv. þingmanni að þar eru réttindin föst en iðgjöldin breytileg. (Gripið fram í.) Og í þeim skilningi má túlka þetta sem bakábyrgð en hins vegar er það ekki svo samkvæmt mínum skilningi. En það er mikilvægt að fá þennan skilning formanns efnahags- og viðskiptanefndar um markmið þessarar lagasetningar og mér finnst mikilvægt að fá það fram við umræðu í þinginu.

En síðan er hitt annað mál um hina, hvað eigum við að segja, siðferðilegu hlið og horfi ég þar til bankanna sérstaklega, sem ég tel að eigi ekki að afsala sér ábyrgð sinni á lífeyrisskuldbindingum starfsmanna sinna. En það er önnur saga.

Ég kom hingað fyrst og fremst til að fá þetta fram hjá formanni efnahags- og viðskiptanefndar ef á því þyrfti að halda síðar meir að vísa í það sem lögskýringargagn.

[23:36]

**Útbýting:**

Almannatryggingar, 462. mál, frv. PHB o.fl., þskj. 638.

Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, 408. mál, nál. allshn., þskj. 640; brtt. allshn., þskj. 641.

Tollalög, 419. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 639.

[23:37]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Segja má að efni frumvarpsins sé í raun tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs verði hækkað úr 10% í 12% af iðgjaldsstofni og gert ráð fyrir að iðgjald launagreiðanda hækki úr í 6% í 8% en iðgjald launþega haldist hið sama, þ.e. 4%. Þessu er ég sammála.

Ég fagna því að í meðferð nefndarinnar var fallist á þá ábendingu mína að skoða ákvæði gagnvart Fæðingarorlofssjóði sem hefur staðið eftir og einungis hefur verið greitt 6% iðgjald í hann en ætti auðvitað að vera 8% þar líka. Efnahags- og viðskiptanefnd flytur sameiginlega breytingu um að leiðrétta þetta og ég fagna því sérstaklega. Það er einnig gert gagnvart Ábyrgðarsjóði launa.

Hitt atriðið sem ég gagnrýni er 2. og 3. gr. frumvarpsins en þar er ákvæði sem ég er ósátt við og tel að geti hugsanlega leitt til skerðingar á sjóðfélögum þessara sjóða, sem eru aðallega bankastarfsmenn en bakábyrgðin á þeim sjóði hefur verið afnumin. Hér er verið að leita eftir heimild til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins og þar á meðal að skerða réttindi sjóðfélaga. Við það geri ég athugasemdir.

Ég beindi ýmsum spurningum til formanns Lífeyrissjóðs bankamanna sem lúta að því hvort ástæða sé til að ætla að þessari samþykkt verði beitt á þann veg að lífeyrisréttindi sjóðfélaga verið skert. Þar kemur vissulega fram að á því geti verið hætta. Aðdragandi þessa máls er að ríkisbönkunum tveimur, Landsbanka og Búnaðarbanka, var breytt úr ríkisbönkum í hlutafélög í eigu ríkisins árið 1997. Þá var það krafa ríkisstjórnarinnar að afnema bakábyrgð ríkisins af lífeyrisréttindum starfsmanna Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Rökin voru þau að útilokað væri að setja hlutafélag á markað með óútfylltan víxil.

Tryggingafræðingur var fenginn til þess að meta hver iðgjaldaþörfin yrði til að starfsmenn héldu óskertum réttindum. Þar var miðað við að iðgjald væri ákveðið 4% frá launamanni og 14,4% frá bankanum. En þrátt fyrir þessi háu iðgjöld hefur engu að síður hallað verulega á sjóðinn og launahækkanir umfram kjarasamninga eru alfarið í höndum eigenda og stjórnenda bankanna. Af þeim sökum fór stjórn lífeyrissjóðsins fram á það við aðildarfyrirtækin að þau bættu hallann á sjóðnum. Það var gert að hluta til.

Ég held að ástæða sé til að geta þess að fram kemur á þessu minnisblaði að samkvæmt spálíkani sem notað er við

að meta stöðu sjóðsins eru 15% líkur á að skerða verði réttindi í sjóðnum innan tíu ára. Ef skerðing verður þá nær hún jafnt yfir alla, sama prósenta hjá öllum. Virkir sjóðfélagar í þessum sjóðum eru 1.050 og óvirkir um 4.000–5.000.

Ástæða er til að halda þessu til haga hér. Ég hefði haldið að ef til þess komi á næstu árum að verulegur halli verði á sjóðnum þá er skoðun mín sú að það séu aðildarfyrirtækin sem eigi að bæta upp þann halla því það er alveg ljóst að aðildarfyrirtækin og sjóðfélagar voru sammála um að afnám bakábyrgðar ætti ekki að leiða til lakari lífeyrisréttinda í framtíðinni og því eðlilegt að aðildarfyrirtækin greiði beint inn til sjóðsins ef halli verður á eignum eða núvirði framtíðariðgjalda á móti núvirði væntanlegs lífeyris.

Þessir sjóðir eru þeir einu hjá hinu opinbera þar sem bakábyrgðin hefur verið afnumin og því geta sjóðfélagar búist við því að í framtíðinni gæti komið til skerðingar á réttindum þeirra. Ég er ósammála því og tel að aðildarfyrirtækin eigi að standa undir þeim halla, því eins og ég segi og ítreka, að aðildarfyrirtækin og sjóðfélagar voru sammála um að afnám bakábyrgðar ætti ekki að leiða til lakari lífeyrisréttinda í framtíðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.*

Stjfrv., 266. mál (álagningarhlutföll). — Þskj. 275, nál. 522.

[23:42]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Það er að finna á þingskjali 522. Nefndarálitið er frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónas Fr. Jónsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneytinu. Nefndinni bárust auk þess umsagnir um frumvarpið.

Ég ætla ekki að lesa nefndarálitið allt, herra forseti. Það er á þingskjali 522. En ég vil geta þess að starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur aukist mikið á undanförnum árum. Á árinu 2005 stækkuðu íslensk fjármálafyrirtæki enn frekar og juku jafnframt hlutdeild starfsemi sinnar erlendis. Nefndin fagnar þessari þróun en telur jafnframt að í viðskiptalífinu verði að vera skýrar reglur svo að þeir sem starfa á því sviði viti hvað er leyfilegt og hvað ekki. Til þess þurfa að vera til staðar öflugar eftirlitsstofnanir, eins og Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið. Úrskurðir þessara stofnana þurfa jafnframt að ganga hratt fyrir sig og vera skýrir. Slíkar stofnanir þurfa að hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki og öflugum upplýsingakerfum og verða að geta brugðist hratt við þegar upp koma mikilvæg mál eða breyttar aðstæður. Nefndin telur að til þess að Fjármálaeftirlitið geti staðist þessar kröfur verði það að hafa nægar tekjur. Nefndin bendir auk þess á að tekjur eftirlitsins byggjast á afkomu ársins 2005 en útgjöldin á umfangi ársins 2007. Þegar svo miklar og hraðar breytingar eiga sér stað eins og núna sé hætta á að eftirlitið geti ekki fylgt nýrri þróun sem skyldi. Enn fremur byggist traust fyrirtækjanna innan lands sem erlendis á því eftirliti sem til staðar er. Þess vegna er það hagur fyrirtækja í miklum vexti að eftirlitið sé virkt. Það kann að vera nauðsynlegt að gera breytingar á grunni álagningar til að ná til þeirra sviða sem vaxa hraðast þannig að útrásin sé færð sérstaklega.

Vegna innleiðingar Basel II-reglna var nauðsynlegt að auka tekjur Fjármálaeftirlitsins um tvö stöðugildi og leggur því nefndin til breytingu á prósentum sem getið er um í nefndarálitinu.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Sæunn Stefánsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Drífa Hjartardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Kolbrún Baldursdóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ársreikningar, 2. umr.*

Stjfrv., 302. mál (vanskil á ársreikningi). — Þskj. 317, nál. 546.

[23:45]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd, en það er að finna á þingskjali 546.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Guðbjarnason frá ársreikningaskrá og Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti. Nefndinni hafa auk þess borist umsagnir um málið.

Markmið frumvarpsins er að auka skil ársreikninga til ársreikningaskrár og gera málsmeðferð skilvirkari en þrátt fyrir skýra lagaskyldu þess efnis er ávallt nokkur fjöldi félaga sem hvorki semur ársreikning né skilar honum. Breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpinu eru tvíþættar.

Lagt er til að sú háttsemi að framkvæmdastjóri eða stjórnarmenn stærri félaga vanrækja að semja eða skila inn ársreikningi eða samstæðureikningi teljist meiri háttar brot.

Síðari breytingin lýtur að ársreikningaskrá, sem hefur það hlutverk að taka á móti, geyma og birta ársreikninga skilaskyldra félaga, og er um að þar verði veitt heimild til að leggja sektir á þau félög sem teljast til minni félaga og vanrækja að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi.

Að öðru leyti vísa ég til nefndarálitsins á þingskjali 546.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta

Möller og Sæunn Stefánsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Skráning og mat fasteigna, 2. umr.*

Stjfrv., 350. mál (framlenging umsýslugjalds). — Þskj. 379, nál. 543.

[23:47]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum sem er að finna á þingskjali 543.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ingibergsson og Margréti Hauksdóttur frá Fasteignamati ríkisins, Hafstein S. Hafsteinsson frá fjármálaráðuneyti, Sigurð H. Guðjónsson frá Húseigendafélaginu og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Nefndinni bárust einnig umsagnir.

Í frumvarpinu er lagt til að gjaldtaka umsýslugjalds verði framlengd enn um sinn til tveggja ára, eða árin 2007 og 2008. Ég vísa til þingskjals 543 en vil geta þess að mikil umræða hefur verið um þetta umsýslugjald í gegnum tíðina og þykir nefndinni nóg um að húseigendur hafi verið látnir greiða hingað til þetta gjald.

Nefndin leggur til að starfshópur, sem hefur verið skipaður til að fara yfir núverandi tilhögun, skili tillögum strax á vorþingi þessa þings. Þannig ætti að vera unnt að gera tillögur um breytta fjármögnun í fjárlögum fyrir árið 2008.

Nefndin leggur til að þetta gjald verði framlengt um eitt ár en ekki tvö eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Hún taldi hins vegar að ekki væri hægt að hætta við verkefnið sem er statt í miðri á.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem getið er um í þingskjalinu.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Ásta Möller og Sæunn Stefánsdóttir.

[23:49]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að lýsa andstöðu við þetta frumvarp. Ég mun greiða atkvæði gegn því. Þetta er gamall draugur sem er að koma hér aftur og aftur inn í þingið og kostnaðaráætlun og kostnaður við að koma upp þessari landskrá hefur gjörsamlega farið úr böndunum og er núna orðinn fjórfalt meiri en lagt var upp með. Það var lagt upp með að um 600 millj. kr. ætti að kosta að koma upp þessari landskrá en kostnaður við hana er orðinn 2,3 milljarðar kr. Mér finnst ekki hafa verið sett fram í nefndinni núna nein eðlileg rök fyrir því hvað þetta hefur allt saman blásið út.

Virðulegi forseti. Þó er verra að fasteignaeigendur einir og sér hafa þurft að standa undir þessum kostnaði sem bólgnað hefur svo út þó full rök séu fyrir því, eins og við fórum yfir í nefndinni og fórum yfir hér við 1. umr., að aðrir ættu fremur að bera þennan kostnað en fasteignaeigendur. Þá er ég að vísa til þeirra sem hafa not af þeim gögnum sem eru í landskránni, þ.e. sveitarfélögin, tryggingafélögin, byggingafulltrúar, lánastofnanir og o.s.frv.

Því er með öllu óeðlilegt að aftur og aftur sé verið að koma með þetta mál inn í þingið og í þessum sama búningi, þ.e. að það séu alltaf fasteignaeigendur sem greiða þetta og alltaf bólgnar þessi kostnaður meira og meira út.

Það er raunverulega alveg furðulegt, virðulegi forseti, að núna fyrst sé verið að skipa nefnd til að fara yfir þetta mál í heild sinni og finna frambúðarfyrirkomulag á fjármögnuninni á landskránni. Það er alveg með ólíkindum að framkvæmdarvaldið skuli standa þannig að málum. Það er auðvitað ágætt út af fyrir sig eins og nefndin leggur upp með að í stað þess að framlengja þetta gjald um tvö ár er sett fram hér tillaga um að þessu ljúki á einu ári, þessari nefndarvinnu sem núna fyrst er verið að setja í gang. Við skulum vona að það gangi eftir þó ekkert virðist hafa gengið eftir í þessu verkefni sem lagt var af stað með, ég held, á 125. löggjafarþingi þannig að það er orðin nokkur mörg ár síðan.

Ég mótmæli því að enn skuli lagðir pinklar á fasteignaeigendur til að standa undir þessu. Það er með öllu óeðlilegt og við í Samfylkingunni munum greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 2. umr.*

Stjfrv., 357. mál (refsiákvæði og tímabundin lækkun olíugjalds). — Þskj. 388, nál. 544.

[23:52]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum, sem er að finna á þingskjali 544 frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti og Bryndísi Kristjánsdóttur frá embætti Skattrannsóknarstjóra ríkisins. Nefndinni bárust einnig umsagnir um málið.

Með frumvarpinu er einkum verið að bregðast við agnúum sem komið hafa í ljós frá því að ný lög um olíugjald og kílómetragjald komu til framkvæmda 1. júlí 2005. Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að kveðið verði með skýrum hætti á um að sala olíu um borð í varðskip og skip sem notuð eru í atvinnurekstri og skráð sex metrar eða lengri sé undanþegin olíugjaldi. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á ákvæðum sem snúa að endurákvörðun, refsingum, kæruheimild, málsmeðferð og eftirliti. Stefnt er að því að refsiákvæði verði gagnsærri og beiting þeirra skilvirkari. Í þriðja lagi er lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds verði framlengd.

Nefndin mælist til þess að gert verði átak í að kynna hlutaðeigandi aðilum gjörbreyttar refsireglur.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Nefndin leggur til eina breytingu tæknilegs eðlis.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara, Ásta Möller og Sæunn Stefánsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 2. umr.*

Stjfrv., 374. mál (skuldabréfaeign lífeyrissjóða). — Þskj. 408, nál. 545.

[23:54]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd, sem er að finna á þingskjali 545.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti. Nefndinni bárust auk þess umsagnir um málið.

Tilefni frumvarpsins er kaup ríkissjóðs á hlut Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun þar sem greitt var með skuldabréfi sem lífeyrissjóðir þessara sveitarfélaga nota til að greiða fyrir ábyrgð sína á sjóðnum. En um þetta er fjallað í nefndaráliti og ætla ég ekki að lesa það frá orði til orðs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara, Ásta Möller og Sæunn Stefánsdóttir.

[23:56]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Nafn mitt er ekki undir þessu nefndaráliti. Enda er þetta vafasöm og síðbúin tilraun til að réttlæta viðskiptin með hluti í Landsvirkjun, kaup ríkisins á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar.

Sem kunnugt er hefur verið lögð inn kæra til félagsmálaráðuneytisins af hálfu fulltrúa Vinstri grænna í Reykjavík. Er þar meðal annars vísað til þess að ekki var fullnægjandi lagastoð fyrir hendi. Ég vil vekja athygli á því hér við þessa umræðu og munum við ekki styðja þetta frumvarp þegar það kemur til atkvæða.

[23:57]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætla rétt aðeins að vísa til þess sem stendur í nefndarálitinu. Það kemur fram hér, með leyfi forseta:

„Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er lagt til að við 3. mgr. 36. gr. verði bætt ákvæði þess efnis að í þeim tilvikum er bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs greiðir inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. ... sem ekki eru skráð á skipulegum markaði þá skuli sjóðnum heimilt að eiga þau bréf, óháð framangreindri takmörkun. Er hér um almenna breytingu að ræða og markmið hennar er að bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs geti greitt í sjóðinn. Tilefnið er einkum kaup ríkissjóðs á hlut Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun."

Síðan vil ég vísa í þessu sambandi til þess að þegar fjallað var um þetta mál í borgarráði óskuðu fulltrúar Samfylkingarinnar eftir því að fá svör frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar og bentu á, eins og hér segir í þessu bréfi, með leyfi forseta:

„Athygli vekur að greiðsla til Reykjavíkurborgar verði á formi skuldabréfs með breytilegum vöxtum en ekki föstum vöxtum, eins og lögð hefur verið þung áhersla á af hálfu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar. Þetta getur gert að verkum að bréfin verði illseljanleg án verulegra affalla og getur án efa haft áhrif á fjárstýringu sjóðsins ef viðunandi sala tekst ekki."

Síðan var óskað eftir formlegri umsögn Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar um þessi atriði og þar kemur einmitt fram, án þess að ég ætli að lesa upp það bréf, virðulegi forseti, að tilefni þessarar fyrirspurnar væri ákvæði í samningi um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun með útgáfu skuldabréfs sem megingreiðslu á andvirði Landsvirkjunar með þar til greindum eiginleikum en samningur þessi var undirritaður þann 1. nóvember með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Í svari frá lífeyrissjóðnum við þessum fyrirspurnum kemur fram hér, sem ástæða er til að vekja athygli á, að þeir eiginleikar skuldabréfanna sem sjóðurinn vill gagnrýna fyrst og fremst eru að þeir bera breytilega vexti og hafa því ekki þekkt greiðsluflæði. Síðan kemur fram að flestir greiningaraðilar telja að líkurnar á að vextir verði lægri en 3% mun meiri eftir fimm ár en að þeir verði yfir 4%. Fari svo að vextir fari í 3% eftir fimm ár þá hefur verð bréfanna lækkað um rúma 2 milljarða kr. miðað við að þeir hefðu verið fastir.

Síðan segir hér, með leyfi forseta.:

„Það má einnig orða það þannig að það hlutverk stjórnarinnar að móta sjóðnum fjárfestingarstefnu með það að markmiði, eins og kveðið er á um, að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu, hafa verið stórlega skert."

Síðan kemur, með leyfi forseta:

„Álitamál er hvort lífeyrissjóðnum sé heimilt að taka við þessum skuldabréfum þar sem þau hafa ekki verið skráð á skipulagðan markað ..."

Loks segir, með leyfi forseta:

„Þar sem skuldabréfin bera breytilega vexti, ber að lækka virði þeirra í tryggingarfræðilegu mati, skv. reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða. Lækka á síðustu þekkta vexti sem skuldabréfin bera um 1,5% áður en þau eru núvirt. Hafi virði bréfanna verið um 23,9 milljarðar króna með 4,16% vöxtum þá ber að lækka skuldabréfin í trygg-

ingarfræðilegu mati í um 20,4 milljarða eða um ca. 3,5 milljarða. Þarna er um varfærnislega reglu að ræða sem undirstrikar enn og aftur hversu verð þessara bréfa er óvirt."

Þarna kemur fram raunverulega skýringin á því hvernig þeir líta á þessi bréf og ástæða er til að geta þess hér þegar við ræðum málið við 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 2. umr.*

Stjfrv., 359. mál (framlenging tímabundinnar lækkunar gjalds). — Þskj. 390, nál. 555.

[00:01]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleiru, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. En það er að finna á þskj. 555.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Völu Rebekku Þorsteinsdóttur, frá fjármálaráðuneytinu, auk þess sem hún leitaði umsagna um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengd verði tímabundin heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum gildir heimildin til 31. desember 2008.

Hér er um að ræða framlag til umhverfisverndar þar sem talið er að neikvæð áhrif þessara orkugjafa á umhverfið séu mun minni en eldsneytis úr olíum. Þeim ökutækjum sem nýta slíka orkugjafa hefur fjölgað mjög á undanförnum árum og sömuleiðis hefur innlent vörugjald hækkað. Um þá þróun má vísa í fylgiskjali með áliti þessu.

Við umfjöllun málsins kom til umræðu hvort ökutæki sem nýta etanól sem orkugjafa ættu einnig að falla undir frumvarpið og þá lækkun vörugjalds sem í því felst. Nefndin telur þetta þarfnast nánari skoðunar við enda samanstendur etanól-eldsneyti bæði af etanóli og bensíni.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara, Ásta Möller og Sæunn Stefánsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Fjármálafyrirtæki, 2. umr.*

Stjfrv., 386. mál (eigið fé, EES-reglur). — Þskj. 428, nál. 604.

[00:03]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd en það er að finna á þskj. 604.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirliti, Guðjón Guðmundsson, og Sigurð Jónsson frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Einar Þ. Harðarson og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti.

Með frumvarpinu eru leiddar í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja sem byggjast á staðli frá Basel-nefndinni um bankaeftirlit, svonefndum Basel II-staðli, sem uppfærður var í nóvember 2005. Eldri staðall um eigið fé alþjóðlegra fjármálafyrirtækja er að stofni til frá 1988.

Ég ætla ekki að lesa allt nefndarálitið, herra forseti, en geta þess að við umfjöllun um málið í nefndinni barst athugasemd frá Sambandi íslenskra sparisjóða þess efnis að gera þyrfti breytingar á því ákvæði laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um skyldu til innlausnar á stofnfé. Telja forsvarsmenn sambandsins að að óbreyttum lögum muni hluti sparisjóða lenda í vandræðum við gildistöku laganna þar sem stofnfé verði ekki talið sem eigið fé.

Nefndin flytur breytingartillögu um þetta atriði. Lýtur hún að því að innlausnarskylda sparisjóða verði skilyrt til að gera þeim kleift að nýta stofnfé til útreiknings á eigin fé í samræmi við ákvæði nýrra reikningsskilastaðla, þ.e. að ekki sé skylda að innleysa stofnfé nema staða sparisjóðsins leyfi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingu: Við frumvarpið bætist ný grein sem verði 5. gr. svohljóðandi: 65 gr. laganna orðist svo: Stjórn sparisjóðsins er heimilt að innleysa stofnfjárhluti í sparisjóði að beiðni stofnfjáreiganda.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, samanber 64. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar hans samkvæmt 1. mgr., og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn enda uppfylli sparisjóðurinn eiginfjárkröfur samkvæmt 84. gr. þegar innlausn fer fram. Síðasta ákvæðinu var bætt inn til að takmarka innlausnina.

Fari innlausn stofnfjáreiganda fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 2. umr.***

Stjfrv., 376. mál (tímasetningar á tilteknum ráðstöfunum). — Þskj. 410, nál. 563 og 603, brtt. 602.

[00:06]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Arnbjörg Sveinsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., frá meiri hluta fjárlaganefndar. Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem varða tímasetningar á tilteknum ráðstöfunum söluandvirðis Landssíma Íslands hf. frá því sem áður var ákveðið með lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Þannig er lagt til að samtals 2.400 millj. kr. ráðstöfun verði færð af árinu 2007 til ársins 2008 og að samtals 1.000 millj. kr. ráðstöfun verði færð af árinu 2007 til ársins 2006.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nefndarálit rita hv. þm. Birkir J. Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Þórdís Sigurðardóttir, Sigríður A. Þórðardóttir og Jón Kristjánsson.

[00:08]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Með lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. voru veitt fyrirheit um aukið fjármagn til sérstakra samfélagsverkefna sem brunnu mjög á fólki en höfðu verið fjársvelt. Eitt þessara verkefna voru brýnar vegaframkvæmdir, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Íbúar, hvar sem er á landinu, bera miklar væntingar til þess að staðið verði við tímasett loforð og yfirlýsingar um einstakar vegaframkvæmdir sem Alþingi hefur samþykkt á samgönguáætlun. Fjármagn til framkvæmda samkvæmt gildandi samgönguáætlun hefur þó verið skorið niður á hverju ári síðastliðin þrjú ár og nemur sá niðurskurður nú samtals hátt á sjöunda milljarð króna

*Síðastliðið sumar ákvað ríkisstjórnin svo að fresta útboðum og nýframkvæmdum í vegamálum til að slá á þenslu í þjóðfélaginu.* Samtals nam sú frestun á annan milljarð króna og bitnaði harðast á fyrirhuguðum vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Sú þensla sem þar var verið að bregðast við er þó af allt öðrum orsökum en vegaframkvæmdum. Sú þensla er síst til staðar á Vestfjörðum og Norðausturlandi þar sem framkvæmdum var fyrst og fremst frestað.

Með þessu frumvarpi um breytingu á lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. er enn verið að fresta fjárframlögum til vegaframkvæmda sem lofað hafði verið á árinu 2007. Er hér um að ræða m.a. 200 millj. kr. niðurskurð á fjármagni til vegagerðar um Arnkötludal og hins vegar um 300 millj. kr. niðurskurð á vegagerð um Norðausturveg, auk verkefna á höfuðborgarsvæðinu.

Rök forsætisráðherra þegar hann mælti fyrir frumvarpinu voru þau að þessi frestun á vegaframkvæmdum væri til að bregðast við mikilli þenslu í þjóðfélaginu árið 2007. Samtímis gefa svo bæði fjármálaráðherra og samgönguráðherra yfirlýsingar og hafa áform um nýjar og brýnar vegaframkvæmdir á næsta ári sem ekki eru á núgildandi samgönguáætlun. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að ný og endurskoðuð samgönguáætlun skuli ekki hafa verið lögð fram og rædd á Alþingi áður en fjárlög fyrir árið 2007 voru afgreidd eða samþykkt ný lög sem kveða á um frestun á framkvæmdum sem lofað var á næsta ári og Alþingi hafði áður samþykkt.

Í frumvarpinu er einnig gerð tillaga um að flytja 500 millj. kr. fjárframlag til Fjarskiptasjóðs frá árinu 2007 til 2006 *og er sótt til þess heimild á fjáraukalögum fyrir árið* 2006. Ítrekað hefur verið spurt um hvaða verkefni Fjarskiptasjóðs séu gjaldfallin á árinu 2006 en ekki hafa fengist nein svör við því.

Þá fékkst frumvarpið ekki sent til umsagnar, hvorki til sveitarfélaga á þeim svæðum sem frestun á fé til vegaframkvæmda bitnar á né heldur til Vegagerðarinnar. Samgöngunefnd fékk málið ekki einu sinni til umsagnar. Minni hlutinn gagnrýnir alla meðferð þessa máls af hálfu ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar.

Ljóst er því að málatilbúnaður allur um sérstaka ráðstöfun á hluta á söluandvirði Landssíma Íslands mörg ár fram í tímann til skilgreindra verkefna sem kveðið var á um í fyrrgreindum lögum á sínum tíma, var algjör sýndarmennska af hálfu ríkisstjórnarinnar eins og stjórnarandstaðan benti á við afgreiðslu þess lagafrumvarps á sínum tíma.

Undir þetta nefndarálit rita auk mín, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Til að árétta sjónarmið okkar flytjum við breytingartillögu við frumvarpið þar sem við förum fram á og leggjum til að 1. gr. frumvarpsins sem fjallar um niðurskurð til lofaðra vegaframkvæmda verði felld niður með svofelldri greinargerð:

Hér er lagt til að fallið verði frá frestun á framlagi til vegamála í heild sinni, alls að fjárhæð 2,1 milljarðar kr. Heimilt verði að lána fé milli verkefna innan vegáætlunar 2007 að því marki sem ekki er hægt að nýta það fjármagn til þeirra verkefna sem það er eyrnamerkt til. Hafðar séu í huga framkvæmdir sem lúta að auknu öryggi á vegum og vegabótum þar sem ástand vega er hvað verst.

Herra forseti. Í ljósi umræðna síðustu daga og þeirrar stöðu sem upp er í vegaframkvæmdum í landinu þá er það alveg furðulegt að ríkisstjórnin meiri hluti hennar skuli beita sér fyrir því hér á Alþingi að skera niður fjármagn til vegaframkvæmda sem þegar er í hendi. Hversu svo vitlaust sem það var með sölu Landssímans, sem ég held að allir sjái nú betur og betur hversu vitlaust var, og þjóðhagslega skaðlegt, þá var hluti af þeirri beitu sem beitt var fyrir almenning í landinu, að því fjármagni skyldi varið til brýnna framkvæmda eins og vegaframkvæmda. Þetta fé er til.

Samtímis er nú einnig rætt um mikilvægi þess að gera stórátak í vegamálum, í dag var hér hópur fólks af Suðurlandi sem krafðist úrbóta á veginum milli Reykjavíkur og Selfoss. Ég hef fjölda bréfa og áskorana frá íbúum vítt og breitt um landið um aukið fjármagn til vegagerðar. En

hvernig bregst þá ríkisstjórnin við? Jú, með því að skera niður það fjármagn sem er þó í hendi til vegagerðarinnar.

Þetta er svo dapur leikur hjá ráðherrunum, ríkisstjórninni og hjá stjórnarmeirihlutanum gagnvart almenningi í vegaframkvæmdum að það er sorglegt.

Því leggjum við til að fallið verði frá þeirri fáránlegu ákvörðun að skera niður það fjármagn sem lofað var og ákveðið að varið skyldi til skilgreindra verkefna í vegamálum samkvæmt lögum um ráðstöfun á söluandvirði Símans.

Verði ekki hægt að nýta það fjármagn til þeirra skilgreindu verkefna að fullu sem um er rætt, þá verði heimilt að nota það fjármagn til nauðsynlegra vegaframkvæmda á þeim landsvæðum þar sem þær voru fyrirhugaðar.

Herra forseti. Ég tel að ég hafi nú mælt rækilega fyrir þessu máli. Ég get rakið það að árið í ár, 2006, er eitt það daprasta ár í vegaframkvæmdum um langt árabil. Ég er hérna með mjög veglegt súlurit sem sýnir árið 2006 og það má fara nærri 10 ár aftur í tímann til að finna jafn dapurt ár í vegaframkvæmdum. (**Gripið fram í:** En 1990?) Ég hef ekki 1990, herra forseti. (**Gripið fram í:** Hver var samgönguráðherra þá?) En ég er með árið 2006, ég með árið 1998. Hver var samgönguráðherra 1998?

Hver var samgönguráðherra árið 2002 þegar framkvæmdir voru líka í lágmarki, ári fyrir kosningar? (Gripið fram í.) Og aftur nú eru framkvæmdir árið 2006, ári fyrir kosningar, með því lægsta sem verið hefur um langt árabil en hins vegar eru menn ósparir á að lofa framkvæmdum á árinu 2008, 2009 og 2010.

Herra forseti. Ég hef hér mælt fyrir nefndaráliti og breytingartillögum sem ég legg áherslu á að Alþingi fjalli um og samþykki, þ.e. að frestað verði fyrirhuguðum niðurskurði á fjármagni til vegamála sem ríkisstjórnin og meiri hlutinn leggur til.

[00:18]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég kem hér til að taka undir nefndarálit minni hluta fjárlaganefndar. Ég verð að segja alveg eins og er að það er undarlegt að vera með þetta frumvarp í höndunum og með því innihaldi sem raun ber vitni í ljósi umræðunnar síðustu daga. Það er stórfurðulegt að menn skuli á aðra hliðina gefa út yfirlýsingar og loforð um að nú eigi að ráðast í gríðarátak og stórar og dýrar framkvæmdir eins og tvöföldun vegarins austur fyrir fjall, Suðurlandsvegar um Hellisheiði, og jafnvel hæstv. samgönguráðherra sjálfur telur raunhæft að ljúka því verki, sem er fleiri milljarða framkvæmd eins og allir vita, á fjórum árum. Þá þarf heldur betur að spýta í lófana. Í fyrsta lagi þarf auðvitað að hanna þá gjörbreyttu útfærslu sem þar væri um að ræða, væntanlega þarf hún að fara í gegnum umhverfismat og síðan þarf að afla, ja, hvort sem við segjum 8, 10 eða 12 milljarða króna. (Gripið fram í.) Nei, ég held að ég hafi ekki heyrt svo háa upphæð en það er alveg ljóst að þetta er líklega um þrisvar sinnum dýrari lausn en sú sem Vegagerðin hefur unnið að (Gripið fram í.) hingað til og krefst auðvitað heilmikils undirbúnings.

Vissulega væri gleðilegt í sjálfu sér ef menn vildu þá gefa stórframkvæmdum í vegamálum stóraukinn forgang og vægi á næstu árum, en hefur þessi ríkisstjórn verið tilbúin til þess? Nei, ríkisstjórnin hefur hælt sér, og hælir sér, mikið af árangri í ríkisfjármálum, hún hafi borgað niður skuldir þannig að ekki er þrengingunum fyrir að fara. En það er akkúrat þessi ríkisstjórn sem hefur aftur og aftur skorið vegaframkvæmdirnar niður og frestað þeim og notað þær sem einhvern fínstilli að eigin sögn á efnahagsástandið í landinu, hagsveifluna, þensluna, sem allir vita auðvitað að er eins og hvert annað grín. Nokkur hundruð milljónir eða þó að það séu milljarðar í almennum vegaframkvæmdum vega ekki neitt á móti stóriðjuframkvæmdum upp á fleiri tugi milljarða á hverju ári og innspýtingu fjár í hagkerfið, t.d. eins og bankarnir hafa gert með gríðarlegum innflutningi erlends lánsfjár inn í landið. Það fær einfaldlega ekki staðist þegar það er betur skoðað, hin efnislegu rök eru ekki til staðar. Þetta hefur verið handhægt og þægilegt að grípa til og þykjast vera að gera eitthvað og fría sig gagnrýni af því að menn séu ábyrgðarlausir og láti vaða á súðum og aðstoði Seðlabankann ekkert við það að reyna að kæla niður hagkerfið.

Það er undarlegt og dapurlegt að vegamálin, þessi eini framkvæmdaflokkur, skuli alltaf verða fyrir barðinu á þessu. Þetta er orðið algert hringl og alger vitleysa. Ég veit ekki hvort nokkur maður hefur lengur almennilega yfirsýn yfir það hvað er búið að auka, ákveða að bæta allt í einu við framkvæmdir og síðan að fresta þeim aftur og seinka og tefja og banna allt í einu útboð í nokkra mánuði og guð má vita hvað. (**Gripið fram í:** Það er nú rosalegur árangur af því.) Það er gríðarlegur árangur af því, sögðu þeir, það bara alveg sló verðbólguna flata. Hún var slegin köld, það eru nú meiri ósköpin.

Svo er hér frumvarp. Það var ekki svo lítið blásið í lúðrana þegar silfrinu var sáldrað úr Landssímanum og allir keyptir voðalega hamingjusamir með þeim gjörningi. Menn gefa sér yfirleitt að þjóðin sé svo grunnhyggin að hún kaupi svona rugl, eins og að það sé einhver ægilegur góðviljagjörningur að selja undan henni eigurnar og nota svo peningana. Halda menn að menn séu fífl? Halda menn að menn átti sig ekki á því að verðmætar eignir þjóðarinnar verða ekki seldar nema einu sinni? Þegar búið er að selja þær eru þær ekki lengur til staðar og þá á þjóðin þær ekki lengur. Þó að hún fái þá að njóta afrakstursins til einhvers. Og það átti aldeilis að gefa í í vegamálunum.

Hvað kemur svo hér? Frumvarp um að fresta vegaframkvæmdum fyrir á þriðja milljarð kr. sömu daga og samgönguráðherra talar um að spýta í lófana og segir að það séu áherslur sínar, „sú leið sem ég vil fara“, að tvöfalda hér vegina út úr höfuðborginni í allar áttir eiginlega, a.m.k. bæði til suðurs og vesturs. Hefur hann þó haft húskarla sína í því að undirbúa framkvæmdir á allt öðrum forsendum. Ég veit ekki betur en að Vegagerðin sé að undirbúa næstu áfanga á leiðinni austur fyrir fjall á háheiðinni og jafnvel frá nýja kaflanum og niður í Lögbergsbrekku og hafi unnið að því hörðum höndum undanfarna mánuði í góðri trú með stuðningi stjórnvalda á grundvelli samþykktrar vegáætlunar, þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið og þeirra pólitísku ákvarðana sem teknar hafa verið og ætlunin að bjóða einn áfanga út núna strax eftir áramótin.

Hvernig er að vinna við svona aðstæður? Hvernig er að reyna að skipuleggja hluti og áætlanir fram í tímann? Það er

væntanlega ekki mjög auðvelt.

Rökin í og með sem hér eru líka flutt, að það breyti engu að taka þessa fjármuni af þeim framkvæmdum sem búið var að eyrnamerkja þeim þá og að það megi bara skila þeim til baka á árinu 2008 og það geri ekkert til, eru óskaplega grunn. Halda menn kannski að það sé vandamál t.d. fyrir þingmannahóp Norðausturkjördæmis að koma þessum fjármunum fyrir á næsta ári, lána þá yfir í önnur verk sem bíða og skila þeim aftur með fjárveitingum á árinu 2008 eða 2009? Nei, auðvitað er verið að fresta þessu, það er bara barnaskapur að reyna að halda öðru fram. Svo koma menn eins og hæstv. samgönguráðherra og jafnvel fleiri og daðra við einkaframkvæmd á veginum austur fyrir fjall og fara þar þá leið sem almennt er talin verst í öllum þessum einkaframkvæmdaræfingum, þ.e. skuggagjaldaleið. Hún hefur mikla ókosti til viðbótar öðrum veikleikum sem einkaframkvæmd hefur almennt að þessu leyti, þ.e. hún hefur tilhneigingu til að verða dýrari og getur líka bundið hendur stjórnvalda með ýmsum hætti sem framkvæmdir á þess eigin vegum eða ríkisins gera ekki af því að menn gera samning til alllangs tíma. Stjórnvöld eru bundin af samningnum og geta sig lítið hreyft á gildistíma hans varðandi viðkomandi rekstur og útfærslu viðkomandi mannvirkis.

Það væri gaman ef hæstv. samgönguráðherra hefði heiðrað okkur hérna með nærveru sinni og farið yfir þau gögn sem hann hefur í höndunum varðandi einkaframkvæmd. Veit hæstv. samgönguráðherra ekki af skýrslu Ríkisendurskoðunar um Hvalfjarðargöng og Sundabraut þar sem í raun og veru er ráðið frá því að fara leið einkaframkvæmdar? Sérstaklega er talað þar með gagnrýnum hætti einmitt um skuggagjaldaaðferð, þ.e. ef ekki er tekinn vegtollur á viðkomandi leið og hún hentar illa til þess, ef hún er ekki valkvæð við eitthvað annað eins og Hvalfjarðargöng. Að ætla þá að reyna að gera samning sem byggir á því að áætla umferðina og borga fyrir hvern bíl 25 ár fram í tímann eða hvað það nú er er handleggur eins og umferðarspár breytast. Það væri gaman ef samgönguráðherra upplýsti okkur um hvort það sé rétt að hann liggi á skýrslu, að starfshópur sem hæstv. samgönguráðherra skipaði sjálfur sé búinn að skila af sér skýrslu en henni haldið leyndri. Gæti það verið rétt, forseti, af því að niðurstöðurnar passi ekki í daðrið við einkaframkvæmdina? Svo mikið er víst að starfshóp setti hæstv. samgönguráðherra á laggirnar fyrir allnokkru og honum var ætlað að vinna hratt. Það væri fróðlegt að vita hvar sú vinna eða afraksturinn er á vegi staddur.

Nei, væri þá ekki gáfulegra að fara að ráði minni hlutans og samþykkja tillöguna um að halda þessum fjármunum bara til vegagerðar inni á árinu 2007, lána þá eftir atvikum til verkefna sem hægt er að ráðast í strax til að auka umferðaröryggi? Nóg er af þeim, og ég held að það mundi ekki valda neinni þenslu sem skipti máli þó að þetta yrði sett í úrbætur sem hægt er að ráðast í á Suðurlandsvegi, Vesturlandsvegi, taka út einhvern slatta af einbreiðum brúm sem enn eru eftir á meira að segja hringveginum og mörgum aðalakstursleiðum.

Allra rosalegast er að taka fjármuni af þessum almennu vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi, það er auðvitað alveg með ólíkindum. Hæstv. samgönguráðherra og aðrir þeir sem því trúa að þetta muni engin áhrif hafa af því að ekki sé hægt að vinna þessi verkefni á árinu 2007 þekkja ekki vel til. Halda menn að það væri eitthvert vandamál að lána fjármuni úr norðausturleiðinni sem ætlaðir voru í Hófaskarðsleið t.d. yfir á Langanesströnd sem er hluti af norðausturleiðinni að sjálfsögðu á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar? Þar er nú orðið eitt sveitarfélag. Þar eru malarkaflar og bráðónýtir gamlir vegir sem voru lagðir með handverkfærum á fjórða áratug aldarinnar. Ætli karl faðir minn, áttræður maðurinn, hafi ekki verið þar kúskur eins og sagt var. Á þessu er ekið enn þá og fluttur fiskur og þar fram eftir götunum. Þar liggur fyrir hönnuð veglína á núverandi vegarstæði þannig að það þarf ekkert umhverfismat og ekki neitt, tæki svona þrjá mánuði að undirbúa útboðsgögn og bjóða verkið út og mætti byrja á því í vor. Við höfum gert okkur vonir um það, þingmenn Norðausturkjördæmis, að þessir kaflar kæmust inn á næstu vegáætlun. Þar með yrðu kannski fjármunir eyrnamerktir þeim á árunum 2008–2009 eða eitthvað svoleiðis og ekkert vandamál að skila þeim þaðan til baka inn í verkið sem lánaði þá í bili ef þannig stendur á.

Við skulum ekki láta segja okkur draugasögur í björtu. Það er kannski ekki góð samlíking núna af því að kvöldsett er orðið og nokkuð dimmt úti. Hvað um það, við skulum ekki láta plata okkur á (**GÓJ:** ... fram undan.) einhvern ódýran hátt. Já, það er sko bjart fram undan, hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, þegar búið verður að kjósa og skipta um ríkisstjórn, það er bjart fram undan. Það mun vora vel á Íslandi næst, bæði pólitískt og vonandi líka hvað veðráttuna snertir.

Það er stjórnarliðum til mikillar háðungar að vera með þetta mál í höndunum og maður fer að spyrja sig hvort þessu linni einhvern tíma, örugglega ekki í tíð þessarar ríkisstjórnar enda lítill tími til stefnu. Það veitir ekki af að brjóta í blað hvað vinnubrögðin í þessum efnum snertir. Það er búið að gjörsamlega rústa allt traust sem menn hafa haft á vegáætlun, það er búið að taka stærstu ákvarðanirnar út úr henni og því lögboðna ákvarðanatökuferli sem vegalög, eða lög um samræmda samgönguáætlun eins og það heitir víst núna, gera ráð fyrir. Nánast allar ákvarðanir á þessu sviði eru komnar til hliðar yfir í geðþóttaákvarðanir ríkisstjórnar um að seinka eða flýta eða fresta eða færa eða bjóða ekki út framkvæmdir af þessu tagi. Menn eru komnir áratugi aftur í tímann hvað þetta varðar. Það var mikil framför að því þegar menn innleiddu hér fyrir allmörgum áratugum áætlanagerð og skipulögð vinnubrögð á þessu sviði, fyrst með hinum almennu áætlunum og síðan komu til sögunnar fyrstu langtímaáætlanirnar í vegamálum. Síðan fylgdu hafnargerð og flugmál á eftir og þetta skapaði allt önnur skilyrði til að taka pólitískar ákvarðanir, raða verkefnum upp og sætta íbúa viðkomandi svæða við það að það er ekki hægt að gera allt í einu en það þarf ekki endilega að slást um hverja einustu krónu á hverju einasta ári, ekki ef búið er að taka ákvörðun um röðun og fjárveitingar og menn sjá að viðkomandi verkefni er komið á sinn stað og að að því kemur eftir eitt, tvö eða þrjú ár eftir atvikum.

Þá skiptir auðvitað öllu máli, ef þessi vinnubrögð eiga að verða trúverðug og ef fólk á að geta treyst þeim, að menn standi við sitt. Það er alveg ofboðslega ljótur leikur

og vont að hringla með hluti sem búið er að ákveða og fólk hefur væntingar um og gagnvart og reiðir sig á. Það eru mikil svik við þá sem hafa beðið lengi eftir úrbótum ef þeim er síðan kannski kippt allt í einu út aftur, þeir hlutir settir aftur fyrir eitthvað annað eða þeim endalaust frestað og hringlað með þá. Þessi vinnubrögð öll eru ekki til fyrirmyndar, nema mjög mikið síður sé.

Hér hafa menn sem sagt farið aftur á bak en ekki áfram á undanförnum árum hvað varðar skipulögð og traust vinnubrögð í þessum efnum og það er engum til sóma sem að því stendur. Þetta er hluti af þessu hringli og þótt ekkert kæmi annað til er full ástæða til að gagnrýna það. Auk þess er málið efnislega auðvitað alveg fráleitt, það eru engin sérstök rök fyrir því að gera þetta og þetta er einhver friðþægingaraðgerð, sýndarmennskuaðgerð sem allir sjá að hefur í sjálfu sér ekkert efnislegt gildi og er sennilega aðallega einhver sálræn þerapía fyrir stjórnarliðið án þess þó að mér sé mögulegt að skilja hvernig hún á að geta verkað til góðs.

[00:33]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Arnbjörg Sveinsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað rétt að halda því til haga að hér er um frumvarp að ræða sem var hluti af efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar og náði tilgangi sínum sem slíkt. En ég vildi jafnframt taka fram í tilefni af orðum hv. þm. Steingríms Sigfússonar varðandi Norðausturveg að við þingmenn Norðausturkjördæmis höfum verið fullvissaðir um að með því átaki sem á að gera við byggingu Norðausturvegar þá verði veginum lokið á árinu 2008, eins og til stóð. Þetta verður að því tilskildu að það náist að undirbúa framkvæmdirnar og að niðurstaða náist í allan undirbúning, sem hefur auðvitað tekið óskaplega langan tíma og það veit hv. þingmaður.

Hann nefnir það — og kallar starfsmenn Vegagerðarinnar „húskarla samgönguráðherra" — að þrátt fyrir mjög harða vinnu þeirra við undirbúning að þessum vegi þá hefur ekki tekist að hefja framkvæmdir við hann. Við höfum þó verið fullvissuð um að sú framkvæmd geti hafist strax á nýju ári og þá er ekkert sem hindrar að framkvæmdum geti lokið á árinu 2008 við þá áfanga sem var til stofnað að ráðast í.

[00:35]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mér allt ljóst en ef það gerist að verk tefjist þá á bara að standa að því með hefðbundnum hætti, þá bíður fjárveitingin og veldur þá væntanlega ekki þenslu á meðan hún er ekki notuð. Það er miklu, miklu skynsamlegra að hún bíði þá bara á verkinu eins og venjan er. Þetta er auðvitað gert í mörgum tilvikum, það er önnur framkvæmd sem því miður hefur lent í miklum hremmingum og miklum töfum á sömu slóðum, það er vegur niður að Dettifossi. Það hefur engum dottið í hug að taka fjárveitinguna, hún bíður þess að verkið komist í gang, enda er hún bara fjárveiting og ákvörðun Alþingis um peninga í þá framkvæmd. Það er hinn eðlilegi gangur þessara mála að það sé ekkert verið að hringla með fjárveitingarnar þegar búið er að setja þær niður á einstök verk. Það skapar tortryggni og óróleika gagnvart þeim sem við eiga að búa.

Ef undirbúningurinn gengi nú kannski allt í einu betur, ef verktaki sem treysti sér til að vinna verkið mjög hratt fengi það, þá stæðu menn kannski allt í einu frammi fyrir því að þeir hefðu ekki fjármuni til að greiða inn á verkið jafnhratt og framvinda þess þegar á næsta ári kynni að bjóða upp á. Það er ekkert endilega víst að þetta sé svona að þetta geti ekki haft nein áhrif eða það sé öruggt að þetta hafi engin hamlandi áhrif. Auðvitað er oft hægt að leysa mál af því tagi ef verktíminn er ekki meiri en tvö ár og stundum fást verktakar til að lána sjálfir fjármuni eða fallast á að fá ekki greiðslur fyrr en að liðnum áramótum o.s.frv. en það á ekki að þurfa að vera að standa í slíku skaki í svona tilvikum. Það er lang-, langeðlilegast að fylgja hér bara hefðbundnum leiðum, hefðbundnum aðferðum og láta fjárveitingarnar bíða á þeim verkum sem þær eru eyrnamerktar.

[00:37]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Arnbjörg Sveinsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við gerum okkur fullkomlega ljóst að þessar ákveðnu fjárveitingar koma af ákveðnu tilefni, af söluandvirði Landssíma Íslands, og þess vegna er fullkomlega eðlilegt að færa þær til. Ef þær hafa þann tvíþætta tilgang að hafa sálfræðileg áhrif á efnahagslífið þá getum við fagnað því en jafnframt koma þessar fjárveitingar á því ári sem þeirra er þörf og skila sér þá inn í framkvæmdina með þeim hætti að það verður að gagni þegar þarf að nýta þær.

[00:38]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Mig langar til að segja fáein orð og fyrst og fremst vil ég lýsa óánægju með það að í hv. samgöngunefnd skuli menn ekki hafa náð fram þeim upplýsingum sem menn kröfðust að fá í hendur um þau mál sem eru hér til umræðu. Það var farið yfir hversu það er í raun og veru undarlegt að við 1. umr. var t.d. ekki hægt að fá svar við því hvaða verkefni það væru sem ætti að greiða með hálfum milljarði sem er verið að færa núna á árið 2006 í Fjarskiptasjóð. Það var ekki hægt að fá útskýringar á því við 1. umr. málsins.

Hvaða verkefni er það sem er hægt að nýta núna, sem sagt komið fram undir miðjan desember og þegar Alþingi ákveður allt í einu að hálfur milljarður sé til reiðu, í hvað á að nota hann? Er kannski búið að nota hann? Hvað fékk nefndin að vita um þetta? Var ekki gengið í að fá botn í það mál? Það er eitthvað undarlegt við það ef menn eru svona óskaplega fljótir að eyða hálfum milljarði, en allt virðist benda til að það eigi að koma honum í lóg á þeim dögum sem eru fram að áramótum. Mér finnast þetta ekki vönduð vinnubrögð. Mér finnst það ekki boðlegt að ekki sé hægt að fá svar við því hér þegar á að klára málið í þinginu hvað eigi að gera við þessa peninga af því að það á að eyða þeim á þessu ári, það er verið að setja lög um það.

Síðan verð ég að segja það alveg eins og er að mér finnst sú áætlun sem er verið að breyta hérna ótrúverðug. Það áttu að vera vissir peningar í Arnkötludalinn og þar áttu

að vera jöfn framlög, þ.e. 400 milljónir hvort ár. Nú er allt í einu helmingurinn af því sem átti að nota á árinu 2007 fluttur yfir á árið 2008. Það er ekki hægt að fá svar við því hvernig eigi að fara að þessu, hvort áætlanir hafi breyst. Á að gera miklu meira á árinu 2008 en á árinu 2007? Er það þá hægt, er hægt að ná þeim árangri sem þá er gert ráð fyrir?

Enn verr lítur dæmið út ef menn skoða Sundabrautina þar sem gert var ráð fyrir því að eyða einum og hálfum milljarði á því ári sem er að koma, árinu 2007. Það kann vel að vera og er ekkert ótrúlegt að það sé erfitt að eyða þeim peningum. En er þá endilega hægt að eyða 3,9 milljörðum á árinu 2008 í málið? Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Var farið yfir þetta í nefndinni? Hvers konar verkáætlun er hér á bak við?

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að verið sé að bjóða Alþingi upp á að setja hér lög um verkefni sem ekki eru með trúverðugar áætlanir á bak við. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þær ræður sem oft hafa verið haldnar hér um það hversu það er orðið niðurlægjandi og hefur verið árum saman, að taka þátt í umræðum um vegamál þegar ríkisstjórnin leikur sér að slíkum verkefnum fram og til baka og spilar á þau bara svona eftir eyranu, eftir því hvað kemur ríkisstjórnarflokkunum best þegar líður að kosningum. Þá er spýtt í, þá er farið að tala um hinar miklu framkvæmdir sem eru fram undan. (**Gripið fram í:** Ertu nokkuð á móti því?) Nei, það er nefnilega málið, auðvitað geta menn ekki verið á móti því. (Gripið fram í.) En auðvitað eru menn á móti svona vinnubrögðum, það er ekki upp á þetta bjóðandi.

Að vísu hefur farið fækkandi gömlu afrekaskránum sem hæstv. *ráðherra hefur haft fyrir venju að halda á undan* hverri einustu ræðu sinni, hann hefur byrjað á að segja hvað búið sé að vinna mikil afrek í vegamálum. Það er líklega farið að verða svolítið ankannalegt í hans eigin eyrum núna þegar hann er farinn að tala um stórátakið sem þurfi að fara í í vegamálunum, af því að menn hafa engan veginn haft undan þeim þörfum sem hafa verið að myndast.

Ég held að nú sé kominn tími til þess að menn fari að krefjast þess að komið verði fram af meiri virðingu við Alþingi hvað þessi mál varðar. Og af því að hér var kallað fram í og við erum að ræða um vegamál, og það á að ljúka þingi á morgun, þá höfum við ekki fengið að sjá vegáætlunina enn þá, hvers vegna er það? Vegna þess að hæstv. samgönguráðherra og ríkisstjórnarflokkarnir eru eitthvað að kokka vegáætlunina á bak við tjöldin, þeir eru ekki búnir að ná samkomulagi um hvað megi sjást í sölum Alþingis. Hvers lags vinnubrögð eru það? Þetta eru mikilvægustu verkefni á sviði samgöngumála, á sviði öryggis í samgöngumálum, á sviði byggðamála, í raun og veru eru vegamálin stærstu byggðamál allra tíma og þau fást ekki rædd í sölum Alþingis vegna þess að menn eru ekki mættir til vinnu sinnar. Þeir voru ekkert í frí, en þeir mæta ekki með verkefnin sem þeir áttu að vinna hingað í sali Alþingis til þess að hægt sé að taka til við að vinna þau betur fram en gert hefur verið fram að þessu. Undirbúningurinn hefur sem sagt verið svo slæmur að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki þorað að sýna vegáætlunina í sölum Alþingis.

Hv. formaður samgöngunefndar — ég geri alla vega ráð fyrir því að hann hafi barist fyrir því að fá þetta plagg í hendurnar til að geta sett nefndina af stað í málið — stendur nú verkefnalaus með nefnd sína og Alþingi er að fara heim. Á sama tíma halda menn hér ræðu eftir ræðu um afrekin sem eigi að vinna í vegamálunum og sem sé búið að vinna í vegamálum og þörfina fyrir að vinna að verkefnum hér hvað varðar öryggi á vegum og annað slíkt. Það er ekki hægt að bjóða upp á svona vinnubrögð, það er nú bara sannleikurinn.

Ég vil segja þetta hér, hæstv. forseti, og það skulu vera lokaorð mín að svona mega menn ekki standa að hlutunum. Það verður að vera unnið að vegáætlun með þeim hætti að Alþingi fái tækifæri til þess að fást við hana í tíma. Það hefur verið nógur tími til þess að vinna í því máli á þessu hausti og það hafa verið mörg tilefni til að halda mönnum við efnið og fara yfir hvað sé nú mikilvægast að gera í vegamálum á Íslandi. Nei, nei, þá sitja menn á vegáætluninni úti í bæ.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Flugmálastjórn Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 390. mál (heimildir til gjaldtöku). — Þskj. 432, nál. 580, brtt. 581.

[00:47]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég flyt nefndarálit samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006.

Nefndin fékk fjölmarga aðila á fund sinn.

Í frumvarpinu er lagt til að breyta gjaldaákvæðum laganna og undirbyggja heimildir Flugmálastjórnar Íslands til gjaldtöku en fella niður á móti skattlagningarheimildir sem ekki er lengur þörf á í lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum, og lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum. Gjaldtakan er m.a. vegna vottunar, starfsleyfa, skírteina og eftirlits.

Flest þeirra gjalda sem upp eru talin í frumvarpinu eiga sér fyrirmynd í núgildandi lögum og gjaldskrá. Til þess að gera gjaldtökuna eins skýra og gagnsæja og mögulegt er að þessu leyti er sett fram eitt ákvæði er telur upp þau gjöld sem heimilt er að innheimta.

Fram kom í máli fulltrúa flugrekenda sem komu á fund nefndarinnar að ákveðinn ótti er á meðal þeirra um að gjöld muni hækka og álögur aukast á flugrekendur eftir að frumvarpið verður að lögum. Þótt það hafi ekki komið beint fram í máli þeirra má alltaf gera ráð fyrir að slíkar hækkanir leiði til fækkunar skráninga á flugvélum. Nefndin tekur undir með flugrekendum hvað þetta varðar og leggur jafnframt mikla áherslu á að hækkunum á gjöldum og auknum álögum á flugrekendur þurfi að stilla í hóf. Þá leggur nefndin áherslu á að við kynningu á gjaldskrá verði haft gott samstarf og samráð við flugrekendur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðjón A. Krist-

jánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Hv. þm. Kristján L. Möller og Anna Kristín Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Auk mín skrifa undir álit nefndarinnar hv. þm. Hjálmar Árnason, Guðjón Hjörleifsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Jón Kristjánsson og Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Póst- og fjarskiptastofnun, 2. umr.*

Stjfrv., 397. mál (tekjugrunnur). — Þskj. 441, nál. 588 og 625, brtt. 589.

[00:50]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég flyt nefndarálit samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fjölmarga aðila auk þess sem nefndinni bárust skriflegar umsagnir.

Í frumvarpinu er lagt til að breyta tekjugrunni Póst- og fjarskiptastofnunar þannig að starfrækslugjöld sem kveðið hefur verið á um í gjaldskrá verði sett inn í lögin sem gjald fyrir tíðninotkun. Þessi breyting miðar að því að einfalda gjaldstofna stofnunarinnar og ýta undir hagnýta notkun tíðna. Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á dagsektarákvæði laganna. Með þeim breytingum er aðallega verið að samræma ákvæði laganna og ákvæði laga um fjarskipti um sama efni.

Í máli fulltrúa fjarskiptafyrirtækja sem komu á fund nefndarinnar og í umsögnum frá sömu aðilum kemur fram hörð gagnrýni á frumvarpið. Í breytingartillögum reynir meiri hlutinn að koma til móts við gagnrýnina.

Meiri hlutinn leggur til að mörk gjaldsvæðis 2: Suðvesturland frá Suðurnesjum til Akraness í b-lið 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins, sem verður 14. gr. a laganna, verði afmarkað með skýrum hætti þannig að fram komi til hvaða sveitarfélaga ákvæðinu er ætlað að ná. Gert er ráð fyrir að svæðið nái yfir Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Seltjarnarneskaupstað, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Sveitarfélagið Álftanes, Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ, Sandgerðisbæ, Sveitarfélagið Garð, Sveitarfélagið Voga og Akraneskaupstað.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 1. málslið 1. gr. er sérstaklega tiltekið til hvaða laga sé vísað.

2. Þegar talað er um gjöld í 4. málslið b-liðar 2. gr. er tiltekið að átt sé við gjöld samkvæmt greininni.

3. Í a-lið 3. töluliðar 1. mgr. 3. gr. er lögð til leiðrétting.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir álit nefndarinnar rita auk mín hv. þm. Hjálmar Árnason, Guðjón Hjörleifsson, Þórdís Sigurðardóttir og Jón Kristjánsson.

[00:52]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Mig langar aðeins að benda á að mörg frumvörp koma illa unnin úr samgönguráðuneytinu fyrir þingið. Það er líkt og fastur liður. Við erum í endurskoðun á sömu lagafrumvörpunum ár eftir ár frá samgönguráðuneytinu. Það er greinilega eitthvað að í vinnubrögðum þar.

Hér er um að ræða breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Frumvarpið kom mjög seint fram var fleygt inn í nefnd. Það var alveg ljóst, þótt við hefðum ekki mikið vit á öllum þeim tæknilegu atriðum sem fjallað er um í frumvarpinu, af umsögnum og orðum gesta sem komu á fund nefndarinnar að þetta var mikið til óunnið mál, burt séð frá efni þess. Það var því engin leið fyrir mig að standa að því að senda svona mál út úr nefnd. Ég get vel trúað því að hv. formaður samgöngunefndar, Guðmundur Hallvarðsson, hafi ekki verið sérlega hrifinn af því að rífa þetta út svo illa unnið, óháð því hvort við séum sammála eða ósammála efni þess.

Ég vildi bara segja þetta. Þetta mál var, líkt og í málinu sem við fjölluðum um áðan, heimild til breytingar á lögum um Flugmálastjórn Íslands, tekið fyrir á þingi í fyrravetur, fyrir tæpu ári og kannski rúmu hálfu ári. Sami lagabálkur var þá lagður fyrir þingið og honum hnoðað í gegnum Alþingi og helst átti að gera það umsagnar- og vinnulaust. Menn muna kannski eftir því þegar málaflokknum var skipt upp og einkavæddur hluti af því sem þar hafði verið, flugleiðsögn og flugvelli landsins. Starfsemin var einkavædd og sett í sérstakt hlutafélag. Það er innan við hálft ár síðan við fjölluðum um nákvæmlega sömu lög og þau afgreidd með offorsi. Menn eru ekki enn búnir að bíta úr nálinni með hroðvirknislegu vinnubrögðin í vor. Er það ekki enn þannig með starfsmenn við flugleiðsögn og flugvelli á landinu að eftir er að ganga frá því hvernig þeirri starfsemi verði háttað? Ætli þeir hafi ekki átt að fá uppsagnarbréf 1. desember? Lögin taka gildi 1. janúar. Það er dæmigert fyrir þessa vinnu.

Það er ekki hægt annað en að gagnrýna þessi vinnubrögð. Sama gildir um Póst- og fjarskiptastofnun. Ég held að við fjöllum um það á hverju ári, á þriggja mánaða fresti sjálfsagt, að endurskoða lög og lagaákvæði sem lúta að þeirri stofnun. Það er að því er virðist aðeins vegna slakra vinnubragða. Eftir standa landsmenn með stórhækkun á símkostnaði, farsímakostnaður hefur hækkað um 40% á þremur árum og er með því hæsta sem gerist í nágrannalöndum okkar. Það átti að vera ávinningurinn af einkavæðingu og sölu Símans, að lækka símkostnað. Það varð þveröfugt enda segja menn að fákeppni og einokun ríki á þeim markaði.

Hér er fjallað um gagnaflutningskerfið. Ættu menn ekki frekar að vinna að því að styrkja kerfið og stuðla að jafnræði í verði og möguleikum í gagnaflutningum? Nei, ár eftir ár berjast menn í einhverjum tæknilegum atriðum í sömu málunum.

Herra forseti. Ég mátti til með að láta þetta koma fram. Sjálfsagt eigum við, eftir áramótin, eftir að fá ný frumvörp

um breytingar á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, um Flugmálastjórn, um rekstur flugvalla eða hvað það er nákvæmlega. Þetta kemur sennilega fyrir þingið á þriggja mánaða fresti og alltaf eru málin jafnhroðvirknislega unnin.

[00:57]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. þm. Jóns Bjarnasonar vildi ég minna á að megintilgangur frumvarpsins er að samræma dagsektarákvæði fjarskiptalaga og laga um Póst- og fjarskiptastofnun, þ.e. breyta gjöldum í skatta. Það er m.a. gert vegna athugasemda úrskurðarnefndar Póst- og fjarskiptamála. Stofnuninni hefur ekki tekist að sýna fram á fullnægjandi kostnað að baki gjöldum, t.d. vegna tíðnigjalda. Styrkja á daggjaldagrunn vegna gjaldskrár og hækka rekstrargjaldið vegna breytinga á gjaldskrá. Heildarbreytingarnar leiða til um 2 millj. kr. lækkunar á gjöldum stofnunarinnar. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram.

Í annan stað talaði hv. þm. Jón Bjarnason um 40% hækkun vegna notkunar farsíma. Ég er ekki alveg klár á hver prósentan er en hins vegar er ljóst að gjaldskrá vegna farsíma hefur snúist við á nokkrum árum í samanburði við gjaldskrána annars staðar á Norðurlöndum. Nú stöndum við frammi fyrir því að hið eina sem við getum státað okkur af í gjaldskránni í samanburði við önnur norræn lönd er að við erum lægstir í fastlínutengingum. En við erum komin upp fyrir hin löndin varðandi gjöld af farsímum.

Frumvarpið sem við fjöllum um á að styrkja starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar í að hafa betra eftirlit með þeim ágætu aðilum sem þjónustuna veita, sem eru nánast tveir á markaðnum en hafa því miður einhverja þröskulda í fyrirtækjum sínum þannig að hinn frjálsi markaður blómstrar ekki nóg. Það komast of fáir að á markaðnum til þess að skapa eiginlega samkeppni (Forseti hringir.) en við ættum að ná því með þessu móti.

[00:59]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber yfirleitt mikla virðingu fyrir hv. formanni samgöngunefndar en hann er að reyna að bera í bætifláka fyrir þá hroðvirknislegu vinnu sem við stöndum frammi fyrir í nefndinni. Hann reynir að gera það eftir bestu getu. Ég virði það við hv. þingmann.

Það breytir hins vegar ekki því að vinnubrögðin við mörg af frumvörpunum frá samgönguráðuneytinu eru alveg óþolandi, þrátt fyrir allan velvilja hv. formanns nefndarinnar til að gera það besta úr þeim. Ég held að nær væri að takast á við það.

Auðvitað var þetta vitleysa, að einkavæða og selja Símann. Þetta skaffar fjölda fólks vinnu við að hafa eftirlit hver með öðrum í hinni einkavæddu einokunarfákeppni á markaðnum. (Gripið fram í.) Ég minnist þess að skoðanakannanir sýndu það hver á fætur annarri að 70–80% af þjóðinni voru andvíg þessari vitleysu. Þetta kemur til með að halda fjölda manns, m.a. þingmönnum, uppteknum næstu árin. Menn þurfa að endurskoða lög um eftirlit og hafa eftirlit með hinni einkavæddu fákeppni í fjarskiptum. (Gripið fram í.) Formaður samgöngunefndar á samúð mína alla, að þurfa að taka á móti þessu rugli.

[01:01]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að sýna mér neina samúð í þessu máli. Eins og ég sagði áðan er nauðsynlegt að hafa virkt og gott eftirlit í ljósi þess sem við höfum séð varðandi hækkun á áðurnefndum gjöldum. Þannig er málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 28. mál.

Fundi slitið kl. 01:02.

---

# 47. FUNDUR

laugardaginn 9. des.,
kl. 9.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Loftferðir, stjfrv., 389. mál, þskj. 431, nál. 578, brtt. 579. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 190. mál, þskj. 191, nál. 525. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Almannatryggingar og málefni aldraðra, stjfrv., 330. mál, þskj. 353, nál. 582 og 599, brtt. 583 og 600. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, stjfrv., 232. mál, þskj. 235, nál. 539, brtt. 540. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Lífeyrissjóðir, stjfrv., 233. mál, þskj. 236, nál. 491, brtt. 492. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 266. mál, þskj. 275, nál. 522. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Ársreikningar, stjfrv., 302. mál, þskj. 317, nál. 546. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 350. mál, þskj. 379, nál. 543. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 357. mál, þskj. 388, nál. 544. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 374. mál, þskj. 408, nál. 545. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 390, nál. 555. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 386. mál, þskj. 428, nál. 604. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

13. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 376. mál, þskj. 410, nál. 563 og 603, brtt. 602. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

14. Flugmálastjórn Íslands, stjfrv., 390. mál, þskj. 432, nál. 580, brtt. 581. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 397. mál, þskj. 441, nál. 588 og 625, brtt. 589. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 189. mál, þskj. 190, nál. 489, brtt. 490 og 541. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

17. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 276. mál, þskj. 286, nál. 568 og 570, brtt. 569, 571, 601 og 605. — 2. umr.

18. Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 416. mál, þskj. 482, nál. 626, brtt. 627, 628, 629, 630, 631 og 632. — 2. umr.

19. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 413. mál, þskj. 468. — 2. umr.

20. Jarðalög, frv., 418. mál, þskj. 487. — 2. umr.

21. Ættleiðingarstyrkir, stjfrv., 429. mál, þskj. 635. — 3. umr.

22. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 93. mál, þskj. 93. — 3. umr.

23. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 95. mál, þskj. 636. — 3. umr.

24. Landsvirkjun, stjfrv., 364. mál, þskj. 396. — 3. umr.

25. Breyting á lögum á orkusviði, stjfrv., 365. mál, þskj. 637. — 3. umr.

26. Gatnagerðargjald, stjfrv., 219. mál, þskj. 610, brtt. 615. — 3. umr.

27. Upplýsingalög, stjfrv., 296. mál, þskj. 309. — 3. umr.

28. Þjóðhátíðarsjóður, stjtill., 356. mál, þskj. 386, nál. 621. — Síðari umr.

29. Tollalög, stjfrv., 419. mál, þskj. 494, nál. 639. — 2. umr.

30. Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, stjfrv., 408. mál, þskj. 458, nál. 640, brtt. 641. — 2. umr.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Sundabraut – ástandið í Palestínu.

[09:31]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins vegna nýrrar skýrslu um Sundabraut og Sundagöng og vil nota tækifærið og lýsa yfir ánægju minni með það hvernig þau mál eru að þróast. Það er ekki í fyrsta skipti sem ég ræði þessi mál hér á þessum vettvangi. Ég var t.d. upphafsmaður að utandagskrárumræðu um tengingu Sundabrautar við Grafarvog í febrúar á þessu ári þar sem samgönguráðherra opnaði á breyttar vegtengingar við Grafarvog við lítinn fögnuð sumra þingmanna Samfylkingarinnar sem fannst fráleitt að ræða þetta út frá þeim forsendum að hér væri um að ræða tengingu við einhvern botnlanga í Reykjavík, eins og það var orðað.

Sem betur fer hlustaði samgönguráðherra ekki á neinar slíkar úrtölur. Þetta mál hefur verið sett í þann farveg að starfandi hefur verið vinnuhópur með Reykjavíkurborg, íbúasamtökum Grafarvogs og Laugardals, Faxaflóahöfnum og Vegagerðinni og hér liggja fyrir, ef ég skil málið rétt, tveir valkostir, að vísu ekki réttur valkostur miðað við hvað var á netinu sem snýr að leið 3. Síðan er búið að opna á, sem mér líst mjög vel á og vonast til að góð sátt geti orðið um, jarðgangaleið sem hefur verið samþykkt að setja í umhverfismat.

Ég lýsi yfir ánægju minni með það hvernig þetta mikilvæga mál er að þróast, er ánægður með þátt Reykjavíkurborgar, íbúasamtakanna og ráðherra í því máli. Öllum ætti að vera ljóst hve mikilvægt hagsmunamál þetta er fyrir alla landsmenn, ekki bara Reykvíkinga, að við klárum Sundabraut eða Sundagöng, og ef góð sátt næst um hvaða leið verður farin er til mikils unnið. Ég hvet því bara aðila til að halda áfram þessu mikilvæga verkefni.

[09:33]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Það er ekki við öðru að búast en að hv. þingmenn Reykjavíkurkjördæmanna fylgist grannt með því sem er að gerast í samgöngumálum í næsta nágrenni borgarinnar. Fyrirhuguð Sundabraut er einn af þessum mikilvægu leggjum út frá höfuðborgarsvæðinu sem skiptir mjög miklu máli að verði afkastamikil braut, vel undirbúin og vel framkvæmd.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni liggur nú fyrir skýrsla sem var unnin í framhaldi af því að umhverfisráðherra úrskurðaði um leiðir og úrskurðaði um svokallaða innri leið. Þeim úrskurði fylgdi að umfangsmikið samráð skyldi haft við íbúa og sú vinna hefur verið í gangi á vettvangi samráðsnefndar Vegagerðar og borgarinnar. Niðurstaða er nú sú að sérfræðingar hafa litið á þann kost að jarðgöng yrðu fyrir valinu og kæmu vel til greina.

Vegagerðin hefur í samráði við borgina ákveðið að setja jarðgangakostinn í umhverfismat, ég tel að það sé hárrétt ákvörðun, og að jarðgangakosturinn verði borinn saman við svokallaða innri leið breytta þannig að hún liggi út fyrir Hamarinn og að Hallsvegurinn yrði færður til norðurs til tengingar. Þannig fást samanburðarniðurstöður sem geta þá sýnt okkur svo að ekki fari á milli mála hver sé raunverulega besti kosturinn hvað þetta varðar, tenging milli borgarinnar og norður á bóginn til framtíðar.

[09:35]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil ræða hér um allt annað málefni undir liðnum um störf þingsins. Ég vil svara kalli hjálparstofnana Sameinuðu þjóðanna sem hafa sent út neyðarkall og beðið þjóðir heims um jafnvirði 30 milljarða kr. vegna matarskorts og fátæktar á heimastjórnarsvæðum Palestínumanna.

Ísraelsstjórn hefur hafnað tillögum um nýjan friðarsamning. Grunnurinn að friði er að komið verði á réttlæti í Ísrael og Palestínu og ég kalla eftir virkum stuðningi ríkisstjórnar Íslands við að stuðla að þessum friði, að styrkja Palestínumenn til að ráða yfir eigin landi og njóta þar

mannréttinda. Það hefur ekki verið um langan tíma og ástandið versnaði til muna eftir síðustu þingkosningar í Palestínu þegar Hamas-samtökin komust þar til valda og þjóðir hins vestræna heims með Ísrael í broddi fylkingar hafa sett á viðskiptabann og viðskiptaþvinganir enn frekar en verið hafa þannig að palestínska þjóðin er að svelta fyrir framan augun á okkur.

Hún sveltur og hún líður mikinn skort. Það er ekki lengur hægt að þola það ástand sem er á þessu svæði og okkur ber skylda til að bregðast við með því að svara þessu ákalli. Til að koma í veg fyrir að heil þjóð verði murkuð niður fyrir framan augun á okkur þurfum við að stuðla að því að Ísraelsmenn láti af þeim yfirgangi sem þeir hafa komist upp með á landi Palestínumanna. (Forseti hringir.) Ég minni á tvö þingmál um stuðning við Palestínumenn, að koma á færanlegri sjúkrastöð og að íslenska ríkisstjórnin fordæmi múrinn sem Ísraelsmenn eru að reisa til varnar sínu eigin svæði.

[09:38]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég fagna því að nú hefur komið í ljós að jarðgangalausnin undir Sundin er svo hentug sem raun ber vitni. Ég rifja það upp að það var Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi sem barðist fyrir því að göngin yrðu sett í umhverfismat. Ég tek alveg undir með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að þetta eru jákvæðar fréttir fyrir Reykvíkinga. Hins vegar verður það að koma hér fram þegar hann heldur því fram að þingmenn Samfylkingarinnar hafi lagst gegn þessu að ég hef ítrekað talað fyrir gangalausn varðandi þennan kafla Sundabrautarinnar.

Það þarf sömuleiðis að koma fram að það er hrein blekking hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni þegar hann ber sér á brjóst, reigir sig eins og hani og þykist hafa verið sérstakur fylgismaður þessarar lausnar. Það kom fram í sjónvarpsþætti í annarri viku maí í vor að þessi hv. borgarfulltrúi var á móti gangalausninni vegna þess að hann taldi að umhverfismatið sem göngin þyrftu að fara í yrði til þess að tefja brautina. Það þýðir ekkert fyrir þennan hv. þingmann að koma hingað og reigja sig og reyna að halda því fram að þetta sé eitthvað sérstaklega honum að þakka og frumkvæði hans þegar þessi ágæti þingmaður lagðist gegn því. Það var Dagur B. Eggertsson og hann hlaut fyrir það skammir af hálfu þessa hv. borgarfulltrúa og þingmanns.

Hins vegar skal því líka til haga haldið að þá var annað uppi hjá borgarstjóranum í Reykjavík sem nú er, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, sem tók undir þetta og sagði að mætti skoða.

Frú forseti. Nú hefur komið í ljós að gangalausnin er miklu ódýrari en menn væntu áður. Hún mun líka leiða til þess að áferðin á yfirborði verður miklu betri vegna þess að það þarf ekki sömu tengimannvirki. Lífríki í Sundunum er líka betur borgið og að öllu leyti frá sjónarhóli umhverfisverndar er þetta betra. Ég skora á hæstv. samgönguráðherra að fara þessa leið og hlusta ekki á úrtöluraddir innan borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna.

[09:40]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp og fagna þeim niðurstöðum sem fram koma í skýrslunni um jarðgöng til þess að þvera Kleppsvíkina og leggja Sundabraut allt frá Laugarnesi og yfir á Kjalarnesið. Það eru mjög mikilvægar niðurstöður sem fást út úr þessari skýrslu og ég minni á að hún er afurð víðtæks samráðsferlis sem ákveðið var að fara í í vor að ósk m.a. íbúasamtakanna í Grafarvogi og Laugarnesi. Það voru höfð uppi um það stór orð hér á þingi og eins í fjölmiðlum að þetta samráðsferli væri töf á framkvæmdum, það væri verið að tefja framkvæmdir.

Niðurstaðan er auðvitað sú, eins og menn vita sem á annað borða vilja ástunda eitthvað sem heita samráðsstjórnmál, að samráð skilar skynsamlegri og góðri niðurstöðu. Það er að koma í ljós í þessu máli. Ég vona að jarðgangaleiðin sé að verða viðtekin skoðun núna, það verði hægt að fallast á hana og mér heyrist það af hálfu hæstv. samgönguráðherra.

Ég minni á það að borgaryfirvöld stóðu árum saman í hálfgerðum slag, getum við sagt, við yfirvöld samgöngumála vegna þess að yfirvöld samgöngumála kröfðust þess ævinlega að farin yrði ódýrasta leiðin með Sundabraut. Ef ekki væri farin ódýrasta leiðin ætti borgin að greiða mismuninn, ef hún veldi aðra leið. Núna vona ég að við stöndum ekki andspænis þessu og að samgönguyfirvöld séu tilbúin til að fjármagna Sundabrautina alla leið í jarðgöngum þó að hún sé 4 milljörðum dýrari en innri leiðin, sem svo er kölluð.

Ég vil aðeins vegna umræðunnar um Palestínu taka undir með hv. þm. Þuríði Backman í því máli. Ég vil leyfa mér að bæta aðeins við og skora á ríkisstjórnina að taka þetta mál nú fyrir því að palestínska þjóðin sveltur núna heilu hungri og verja fjárframlagi (Forseti hringir.) til palestínsku þjóðarinnar í aðdraganda jólahátíðar.

[09:42]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil helst komast hjá því að taka þátt í pólitískum slag Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins um þessi mál. Ég vek hins vegar (Gripið fram í.) athygli á því að Sundabraut var forsenda byggðar í Grafarvogi. Það eru líklega komin 25 ár síðan menn töluðu um Sundabraut fyrst. Það er þannig, hæstv. forseti, að það hefur bara nákvæmlega ekkert gerst í 25 ár. Ég hef ítrekað rætt þessi mál á Alþingi og lagt fram fyrirspurnir til hæstv. samgönguráðherra, síðast núna í nóvembermánuði, um hvað liði undirbúningi þessarar framkvæmdar.

Ég vek líka athygli í þessu sambandi á að Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem var með skýra stefnu um lagningu Sundabrautar við síðustu borgarstjórnarkosningar. Það liggur fyrir að Framsóknarflokkurinn vill fara ytri leið, leggja Sundabraut ytri leiðina, og nú liggur loksins fyrir (Gripið fram í.) að menn ætla að kanna umhverfisáhrif af jarðgöngum á þessari leið. (**Gripið fram í:** ... botn?) Þetta hefði auðvitað átt að gerast fyrir mörgum árum og það er sorglegt að þessi kostur hafi ekki verið skoðaður um leið og aðrir kostir við lagningu Sundabrautar.

Það er rétt, hæstv. forseti, að Framsóknarflokkurinn

vildi leggja botngöng fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Af hverju var það? Það var vegna þess að mat á umhverfisáhrifum á þeirri leið lá fyrir og það var hægt að fara í framkvæmdir strax. Það er auðvitað það sem þarf að gerast, það þarf að fara strax í framkvæmdir.

[09:44]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Við ræðum hér skýrslu sem framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar og Vegagerðin létu gera og kynntu íbúum Grafarvogs og Laugardals í gær um nýja jarðgangalausn fyrir Sundabraut. Fram kom að hæstv. samgönguráðherra hefur ákveðið að þessi framkvæmd skuli fara í umhverfismat.

Auðvitað hafa nokkrir rætt um jarðagangalausnir í þessu sambandi og þar á meðal framsóknarmenn. Það er rétt að við töluðum fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar fyrir botngöngum, einmitt af þeim ástæðum sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson kom hér inn á, að sú leið hafði farið í umhverfismat og er það auðvitað jarðgangalausn. Þess vegna fagna ég mjög að sú leið skuli hafa verið skoðuð betur sem varaborgarfulltrúi okkar hér í borginni á sínum tíma, Óskar Bergsson, talaði fyrir. Á þeim tíma var talið að það mundi flækja málið og fresta því og þess vegna var ákveðið að setja hinar tvær leiðirnar í umhverfismat.

Ég held að þessi leið sé mjög farsæl. Þarna hefur náðst samstaða meðal íbúa og þeirra aðila sem að framkvæmdinni koma. Ríkisstjórnin ákvað á sínum tíma að hluta af söluandvirði Símans skyldi varið til þessarar mikilvægu samgöngubótar fyrir Reykvíkinga, 8 milljörðum kr. Einnig hefur komið fram vilji hjá Faxaflóahöfnum og fleiri aðilum að koma að framkvæmd og fjármögnun þessarar mikilvægu samgöngubótar. Nú ríður á að umhverfismatið gangi vel og framkvæmdaáætlanir svo að við getum farið að fara í aðgerðir. Hér erum við að ræða eina mestu samgöngubót fyrir Reykvíkinga í háa herrans tíð. Ég heiti á stuðning annarra þingmanna annarra kjördæma í þessu gríðarlega mikilvæga máli. Íbúar Reykjavíkur eiga það skilið.

[09:46]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Sundabrautin er mjög mikilvægt og stórt verkefni í samgöngumálum, þetta er ekki einkamál Reykvíkinga, heldur varðar þetta mál landsmenn alla. Ég hef áður talað fyrir því að þessi leið yrði valin, þ.e. svokallaða ytri leið, og það yrði gert með jarðgöngum. Ég tel að það sé langskynsamlegasta leiðin og fagna því núna mjög að hún eigi að fara í umhverfismat. Að sjálfsögðu vonum við þá að framkvæmdir geti hafist sem allra fyrst. Við höfum mjög góða reynslu af göngum á Íslandi, m.a. neðansjávargöngum, og þar nefni ég Hvalfjarðargöngin.

Hvað varðar aðrar hugmyndir þá líst mér ekki á þær. Mér líst ekki á innri leiðina og mér líst heldur ekki á að lögð verði svokölluð botngöng, að fara með þetta í einhvern stokk er engin lausn. Jarðgöng þarna undir eru eina lausnin sem eitthvert vit er í og þess vegna hljótum við að fagna þessu mjög.

Ég vara hins vegar við því að stjórnmálaflokkar fari að gera þetta mikla verkefni að einhvers konar bitbeini sín á milli, fari að metast um það hver eigi heiðurinn af þessu eða hver eigi að eiga heiðurinn af þessu. Við þurfum einfaldlega að vera samtaka um að einhenda okkur í þetta stóra verkefni. Þetta er gríðarlega mikilvægt verkefni fyrir okkur öll, íslensku þjóðina.

Svo er annað, virðulegi forseti, sem eru málefni Palestínu. Það er alveg rétt sem bent hefur verið á, þar ríkir hörmulegt neyðarástand nú um stundir. Sérstaklega er ástandið slæmt á Gaza-ströndinni þar sem hundruð óbreyttra borgara hafa fallið á undanförnum mánuðum, þar á meðal mörg börn. Rafmagnið hefur verið tekið af þessu svæði stóran hluta sólarhringsins, fólk býr við mikla neyð og mikinn skort því að þarna hefur miklum fjölda fólks hreinlega verið haldið í herkví um mjög langt skeið. Við Íslendingar hljótum að nota hvert tækifæri sem við fáum, bæði innan lands og að sjálfsögðu einnig á alþjóðavettvangi, til að mótmæla þessu og að sjálfsögðu ættum við að sameinast um að reyna að rétta þessu vesalings fólki einhverja hjálparhönd. Neyðin (Forseti hringir.) er mjög mikil.

[09:48]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er fagnaðarefni að hér sé talað um að fara ytri leiðina og er ágætt að rifja upp að símaféð svokallaða, 8 milljarðarnir, var skilyrt við innri leiðina. Hvað varðar botngöng Framsóknarflokksins frá síðustu kosningum, brutu þau í bága við Evrópureglur og voru aldrei ætluð til frambúðar. Það er líka fagnaðarefni að ekki er verið að tala um botngangaleið Framsóknarflokksins sem var óboðleg leið og hefði aldrei verið fær.

Talandi um samgönguæðarnar til og frá Reykjavík er ágætt að nefna hér að í gær veitti hæstv. forsætisráðherra, að viðstöddum hæstv. samgönguráðherra og þingmönnum Suðurkjördæmis, viðtöku 25 þúsund undirskriftum íbúa héðan og þaðan af Suðurlandi og Íslandi öllu þar sem skorað var á samgönguyfirvöld að flýta tvöföldun Suðurlandsvegar og ráðast í tafarlausa tvöföldun á veginum. Þar er viðvarandi hættuástand og gífurlegur umferðarþungi og margt sem kallar á þessa tvöföldun. Það væri fróðlegt að fá viðbrögð hæstv. samgönguráðherra að mótteknum þessum 25 þúsund undirskriftum.

Hér er einnig rætt um ástandið í Palestínu. Þar eru framin hörmuleg mannréttindabrot, þar er hafður uppi níðingsháttur í garð Palestínumanna og það er sjálfsagt og rétt að ríkisstjórn Íslands og Alþingi lýsi yfir eindregnum stuðningi við Palestínu þar sem morð eru framin hvern dag, þar ríkir óöld. Þaðan berst núna neyðarkall, þar er hungur og hörmungar og sjálfsagt mál að ríkisstjórn Íslands lýsi samstöðu með þessari þjáðu þjóð. Því er fagnaðarefni að það mál var tekið hér upp í dag og minnst á það við þinglok að þar eru framin níðingsleg mannréttindabrot á hverjum degi. Okkur ber að standa með þessari þjáðu þjóð.

[09:50]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegur forseti. Þetta er búin að vera ansi góð umræða og þá er sérstaklega athyglisverð ræða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem fór fram á það að ákveðnum mönnum í borgarstjórn yrði hrósað, hann gerðist reyndar

ekki svo ósvífinn að biðja um að honum sjálfum yrði hrósað enda engin ástæða til. Hann eins og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar sem enginn treystir, eins og formaður þess flokks hefur farið ágætlega yfir, hefur barist mjög gegn því að hér sé rætt um borgarmálefni og samgöngumál í Reykjavíkurborg sem þekkt er orðið.

Ef við förum aðeins yfir hvað sá flokkur er búinn að gera hvað varðar Sundabrautina þá var þessi leið tekin út 1998–1999 og ekki sett í umhverfismat. Borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson lagði mikla áherslu á að lögð yrði einbreið braut inn og út úr borginni, að aðeins einn bíll væri keyrður eftir henni, og var þetta eitt af kosninga málunum fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Á meðan hafa aðrir, eins og borgarfulltrúinn Stefán Jón Hafstein og flestir borgarfulltrúar Samfylkingarinnar í gegnum tíðina, barist hatrammlega fyrir hábrú sem enginn talar um núna.

Aðalatriði málsins er að þetta er komið í mjög góðan farveg og það er mjög ánægjulegt. Ég hrósa hæstv. samgönguráðherra fyrir þátt hans í málinu. Það er augljóst að nýr meiri hluti er kominn til valda í Reykjavíkurborg sem lætur hlutina gerast. Það er ánægjulegt að sjá að komin er góð samstaða meðal íbúasamtaka bæði Grafarvog og Laugarneshverfis og fleiri aðila þar sem menn bera núna saman þessa valkosti. Þetta er gríðarlega mikilvægt mannvirki og það er gríðarlega mikilvægt að við sjáum fyrir endann á þessu máli og séum ekki í endalausum samræðum um eitthvað sem skiptir litlu máli. Það þarf sannarlega að hafa samráð en það þarf líka að framkvæma, ekki bara að hjala um hlutina. Ég sé fyrir mér að hér sé komin góð samstaða, a.m.k. í þinginu og (Forseti hringir.) vonandi sjáum við meiri umræðu um samgöngumál Reykjavíkurborgar á þessum vettvangi og vonandi sjáum við Sundagöng sem allra fyrst.

### *Loftferðir, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 389. mál (EES-reglur). — Þskj. 431, nál. 578, brtt. 579.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:54]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 579 samþ. með 50 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
11.–14. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

### *Málefni aldraða, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 190. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 191, nál. 525.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:58]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

### *Almannatryggingar og málefni aldraða, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 330. mál (lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 353, nál. 582 og 599, brtt. 583 og 600.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[09:58]

**Þuríður Backman** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við greiðum hér atkvæði um réttarbætur til aldraðra og öryrkja, breytingar á almannatryggingalögunum sem ríkisstjórnin lagði fram og hefur gert töluverðar breytingar á frá því að frumvarpið var lagt fram. Tillögur stjórnarandstöðunnar hafa gengið lengra en þær bætur sem ríkisstjórnin og stjórnarliðar hafa lagt til. Við byggjum tillögu okkar á þeirri velferðartillögu, þingsályktunartillögu, sem lögð var fram í upphafi þings og byggir á nýrri tekjutryggingu, þ.e. að frítekjumark atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði, að ráðstöfunarfé, vasapeningar vegna dvalar á stofnunum, hækki, að farið verði í að skilgreina neysluútgjöld lífeyrisþega sem grunn að þessum tekjutryggingum, og að afnumin verði með öllu og að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka.

Þetta er sá grunnur sem við byggjum breytingartillögur okkar á. Við munum greiða þeim tillögum atkvæði okkar sem eru umfram það sem var í upphafi þessa samkomulags og veita þeim tillögum brautargengi. Það þarf að ganga lengra en hæstv. ríkisstjórn hefur gert fram að þessu. Það má ekki dragast til 2010 að ná fram þeim kjarabótum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það þarf að gerast nú, um næstu áramót. Út á það ganga okkar tillögur.

[09:58]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við greiðum atkvæði um frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra sem kom inn í þingið í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara hinn 19. júlí í sumar. Við í stjórnarandstöðunni leggjum fram breytingartillögur í sömu veru og tillögur okkar í þingsályktun um nýja framtíðarskipan lífeyrismála þar sem við leggjum til afnám tekjutengingar við tekjur maka, hærri tekjutryggingu, minni skerðingar vegna tekna og að öryrkjar fái að halda örorkuuppbót eftir að þeir verða 67 ára gamlir. Hún fellur nú niður og greiðslur þeirra lækka sem henni nemur þegar þeir ná ellilífeyrisaldri.

Þessar breytingar og nokkrar í viðbót leggjum við til í sérstöku þingskjali en munum auðvitað greiða atkvæði með þeim atriðum og nokkrum lagatæknilegum atriðum sem koma fram í frumvarpinu og tengjast ekki yfirlýsingunni frá því í sumar.

Við munum sitja hjá að okkar tillögum felldum en við

munum að sjálfsögðu greiða þessu máli atkvæði okkar í lokin vegna þess að þetta eru þó kjarabætur. Eins og kom fram í umræðunni í gær eru þetta kjarabætur en það er ekki gengið nógu langt, við getum ekki sætt okkur við að tekjutengingar við tekjur maka haldi sér áfram að afgreiddu þessu þingmáli. Það er ekki viðunandi fyrir lífeyrisþega og þess vegna sitjum við hjá við afgreiðsluna eftir að okkar tillögur hafa verið felldar — ef þær verða felldar.

[10:01]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Enn á ný tökum við afstöðu til þess hvaða skref við viljum stíga varðandi málefni aldraðra og öryrkja í afkomumálum þeirra og bættum kjörum til framtíðar. Ríkisstjórnarmeirihlutinn fær nú enn á ný tækifæri til að vega og meta þær tillögur sem við höfum flutt hér sameiginlega, fyrst í upphafi þings og sem við höfum síðan fylgt eftir í gegnum fjárlagagerðina. Enn á ný fær sem sagt ríkisstjórnarmeirihlutinn tækifæri til að leiðrétta sinn kúrs.

Við væntum þess að ríkisstjórnarþingmennirnir muni jafnvel þótt seint sé átta sig á því að sú vegferð sem við höfum lagt til er betri og skynsamlegri en sú sem ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur lagt í.

[10:02]

**Ásta Möller** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Með samþykkt þess frumvarps sem hér er til atkvæðagreiðslu efnir ríkisstjórnin sinn hluta samkomulags sem ríkisstjórnin gerði við Landssamband eldri borgara 19. júlí í sumar, og reyndar gott betur með þeim breytingum sem meiri hluti heilbrigðisnefndar hefur gert í meðhöndlun þingsins.

Kostnaður vegna frumvarpsins er um 26,7 milljarðar kr. til ársins 2010 að viðbættum 2,3 milljörðum kr. sem koma inn vegna breytinga sem heilbrigðisnefnd leggur til. Alls eru þetta 29 milljarðar kr. til viðbótar til að bæta kjör ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega til ársins 2010, til viðbótar við það sem þegar er. Þegar upp er staðið hækka greiðslur lífeyristrygginga milli áranna 2006 og 2007 um 10,7 milljarða kr. eða úr 32,2 milljörðum samkvæmt fjárlögum 2006 í 42,9 milljarða kr. á næsta ári. Þetta er stórt skref og mikill árangur í baráttu fyrir bættum kjörum lífeyrisþega.

[10:03]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Árið 2003 gerði ríkisstjórnin samkomulag við eldri borgara um breytingu á lífeyriskjörum þeirra og önnur mál er varða aldraða. Það var að fullu staðið við þetta samkomulag af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Í ár var aftur gert samkomulag við eldri borgara og frumvarpið sem við afgreiðum hér er afrakstur þess samkomulags. Það liggur fyrir í nýsamþykktum fjárlögum fyrir næsta ár að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefur ákveðið verulega aukningu fjár til þessa málaflokks.

Hæstv. forseti. Þar að auki hefur meiri hluti heilbrigðisnefndar lagt til verulegar hækkanir til viðbótar eða samtals um 2,3 milljarða kr. til ársins 2010. Það þýðir að á næstu fjórum árum, til ársins 2010, ætlar ríkisstjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi að verja 29 milljörðum kr. aukalega, (Gripið fram í.) til viðbótar, (**Gripið fram í:** Hverju?) til málefna aldraðra. Það eru 29 þús. millj. kr., hæstv. forseti. Ég held að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar ættu að skammast sín (Gripið fram í.) og reyna að viðurkenna það sem vel er gert. Hér er um stórkostlegt átak að ræða í málefnum aldraðra og það er skömm að því hvernig hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa haldið hér uppi yfirboðum á þeim grundvelli að aldraðir hafi verið beittir einhvers konar nauðung, (Gripið fram í.) hótunum eða ofbeldi af hálfu stjórnvalda. (**Gripið fram í:** Þeir segja það sjálfir.)

[10:05]

**Össur Skarphéðinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmönnum stjórnarliðsins að hér eru kjör aldraðra bætt (Gripið fram í.) og því ber að fagna. (**GÓJ:** Sko til.) Hins vegar ættu þeir sem hingað koma til þess að skammast og bölva og ragna í ræðustól að skammast sín fyrir að gera þetta ekki nema korteri fyrir kosningar, að efna það sem var samningur eftir að þeir hafa kroppað milljarða á milljarða ofan árum saman með skattahækkunum og hvers konar skerðingum. (**Gripið fram í:** Hvaða bull er þetta!) Batnandi fólki er best að lifa. En hins vegar batnar þessum heldur seint. Þetta er þó betra en ekki neitt. Það er hins vegar til marks um innihald og eðli þessa samkomulags að það er verið að ávísa því á næstu ríkisstjórn sem núverandi ríkisstjórn mun engu ráða í. Þeir sem við taka munu glaðir taka við efndum þessa og bæta í til þess að standa við eigin loforð.

Við setjum (Gripið fram í.) fólk í fyrirrúm og efnum þau loforð og það er það sem skiptir máli.

Brtt. 600,1 felld með 30:20 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, LB, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

13 þm. (*BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KHG, KLM,* MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:07]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Í þessari breytingartillögu er lagt til að afnema tekjutengingu við tekjur maka, en í c-lið er lagt til 75 þús. kr. frítekjumark vegna atvinnutekna lífeyrisþega, svo að lífeyrisþegi geti fengið að halda 75 þús. kr. án þess að bætur hans skerðist.

Fyrir þremur dögum lagði ríkisstjórnin til að koma til móts við þessa tillögu okkar og leggja til 25 þús. kr. frítekjumark og það er auðvitað til bóta. En það er allt of skammt gengið. Við leggjum hér sem sagt til 75 þús. kr. án þess að þær skerði tekjutryggingar lífeyrisþega. Ég hvet þingmenn til þess að styðja það til þess að lífeyrisþegar geti orðið virkir í samfélaginu. Það er bæði samfélaginu og þeim sjálfum til hagsbóta.

[10:08]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við erum að greiða atkvæði um 2. mgr. og hún fjallar um þungamiðju í velferðartillögu okkar, þ.e. að losa aldraða og öryrkja úr viðjum tekjutengingar við tekjur maka og í öðru lagi að hækka frítekjumark sem ríkisstjórnin hefur nú sett upp í 25 þús. kr., þ.e. flýtt því um þrjú ár þegar þeir sáu að þeir voru að brenna allar brýr að baki sér. Við höldum okkur við það frítekjumark sem við lögðum fram í velferðartillögunni, 75 þús. kr. á mánuði, og um þetta erum við að greiða atkvæði.

Brtt. 583,1.a samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, LB, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, SæS, VF) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:10]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við greiðum hér atkvæði um að draga mjög verulega úr tekjuskerðingum aldraðra og öryrkja. Þetta er tillaga hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar. Hér er gert ráð fyrir því að aldraðir og öryrkjar geti haft tekjur sem eru einungis skertar um 24% á næsta ári og 23% þaðan í frá. Þó eru fyrstu 25 þús. kr. á mánuði algjörlega fríar. Þær skerða ekki neitt. Þetta er meginbreytingin og þetta er afskaplega mikil réttarbót fyrir aldraða og öryrkja og fullkomlega í samræmi við og enn frekari útvíkkun á samkomulagi sem gert var við aldraða sem fulltrúar aldraðra fögnuðu mjög eftir undirskrift. En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefur sá fögnuður eitthvað dofnað.

[10:11]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hér eru ýmsir þingmenn í liði stjórnarinnar að svíkja þau loforð sem þeir gáfu öldruðum í aðdraganda prófkjara. Hér á þessum bekkjum sitja menn sem í prófkjörum lofuðu því að ganga miklu lengra. Þess vegna lagði Samfylkingin og stjórnarandstaðan fram tillögur, sem voru felldar áðan, um að þrefalda þá upphæð sem menn mega nú vinna sér inn án þess að greiðslur skerði. Þetta sýnir að það fólk sem lofaði öldruðum miklu rýmri atvinnutekjum er að svíkja það sem það sagði áður.

Við sitjum hjá við þetta vegna þess að hér er um að ræða réttarbót sem gengur ekki nándar nærri nógu langt og það liggur alveg ljóst fyrir að þeir, og sérstaklega þeir framsóknarmenn sem lofuðu fólki miklu meira, eru að svíkja núna. En þeir hafa núna síðbúið tækifæri til að snúa enn af vitlausri leið. Það er enn möguleiki við 3. umr. (Forseti hringir.) að taka undir tillögur Samfylkingarinnar.

[10:12]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hér eru greidd atkvæði um að taka upp 300 þús. kr. frítekjumark vegna atvinnutekna (**ÖS:** Stattu nú við stóru orðin.) fyrir bæði ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. (**ÖS:** Stattu við stóru orðin.) Ég vek líka athygli á því að hér er jafnframt gefinn kostur á því að lífeyrisþegar velji á milli 300 þús. kr. frítekjumarks og 60% af atvinnutekjum til tekna.

Þetta er stórkostleg réttarbót eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gat um áðan (**ÖS:** Stattu við stóru orðin.) en hv. þingmaður, eins og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar, treystir sér ekki til þess að greiða þessari réttarbót atkvæði. Hvað mundi nú gerast ef allir hv. þingmenn hér í salnum tækju sömu afstöðu og hv. þm. Össur Skarphéðinsson? (Gripið fram í.) Þá yrði engin réttarbót, (Gripið fram í.) hæstv. forseti. Það er skömm að því fyrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að koma svona fram gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

Brtt. 583,1.b samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:14]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er lagt til að lífeyrisþegar sem taka út til dæmis séreignarsparnað sinn í einu lagi geti dreift honum á næstu tíu ár á eftir þannig að hann skerði ekki eins hastarlega á einu ári og hingað til hefur tíðkast. Reyndar voru nokkrir stjórnarliðar búnir að lofa því opinberlega að þetta mundi breytast í þá veru að séreignarsparnaður mundi alls ekki skerða bætur. Minni ég þar á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson sem lýsti því yfir í Kastljósi. Hér er sem sagt verið að milda skerðingar vegna séreignarsparnaðarins hjá lífeyrisþegum, dreifa honum yfir á tíu ár. En hann skerðir engu að síður áfram bæturnar.

Við styðjum að þetta verði mildað og ég segi já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, SP, SJS, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KolH, LB, MÞH, RG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JóhS, KJúl, KHG, KLM, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, SF, StB, VF, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 600,2 felld með 29:21 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KHG, LB, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

13 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, LB, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KHG, KLM, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

Brtt. 583,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 600,3 felld með 29:19 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, LB, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KHG, KLM, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:17]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Þetta er tillaga um að öryrkjar sem missa starfsgetuna, oft snemma á ævinni og hafa engin tök á að safna sér lífeyrisréttindum í lífeyrissjóðum og fá viðurkennda örorkuuppbót vegna þessa missi hana ekki þegar þeir verða 67 ára. Í dag missa þeir örorkuuppbótina við 67 ára aldur og fá mun lægri greiðslur úr almannatryggingunum eftir það og hafa lítil sem engin tök á að auka tekjur sínar eftir að 67 ára aldri er náð. Það er ekki ódýrara fyrir fatlaða og öryrkja að verða gamlir. Það eru meiri útgjöld. En mér sýnist ríkisstjórnarmeirihlutinn ætla að fella þessa miklu réttarbót fyrir öryrkja sem ná því að verða ellilífeyrisþegar. Ég segi já.

Brtt. 600,4 felld með 29:19 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GÓJ, HBl, HHj, KJúl, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

4.–6. gr. (verða 5.–7. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 600,5 felld með 30:19 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:19]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Ég styð þessa breytingartillögu um hækkun vasapeninga til hjúkrunarsjúklinga á hjúkrunarheimilum, um 50%. Þessi hópur fékk enga hækkun í sumar þegar aðrir lífeyrisþegar hækkuðu. Ríkisstjórnin ætlar að hækka þennan hóp um 25%. Við leggjum hér til 50% hækkun vegna þess að við vitum alveg að þeir smánarlegu vasapeningar sem lífeyrisþegum eru ætlaðir á stofnunum duga hvergi til, bara fyrir því nauðsynlegasta sem þeir þurfa að greiða fyrir inni á þessum stofnunum. Ég segi já.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

Brtt. 600,6 felld með 29:19 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KF, KJúl, KHG,

KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

Brtt. 583,3 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÖJ.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÞBack*) greiddi ekki atkv.

13 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já. ]

10.–11. gr. (verða 11.–12. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 600,7 felld með 30:20 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

13 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

Brtt. 583,4.a–b samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

17 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

Brtt. 583,4.c samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JóhS, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

13.–14. gr. (verða 14.–15. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

15. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

Brtt. 600,8 felld með 31:18 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 583,5 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

16. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

Brtt. 600,9 felld með 30:19 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:26]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Nú liggur niðurstaða þessarar atkvæðagreiðslu nokkurn veginn fyrir og við í stjórnarandstöðunni stöndum uppi með það eina ferðina enn að allar tillögur sem við höfum lagt til til lagfæringar eru felldar af ríkisstjórninni. Það er m.a. búið að fella tillögur okkar um hækkun vasapeninga, hækkun frítekjumarks o.s.frv. Stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum er algjörlega ljós, (Gripið fram í.) eftir allar þessar atkvæðagreiðslur í haust (Gripið fram í.) og sömuleiðis er stefna stjórnarandstöðunnar í þessu málum algjörlega ljós. Kjósendur fá tækifæri til að taka afstöðu til þessara mála eins og þau liggja nú fyrir. (Gripið fram í.)

Brtt. 583,6 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, MS, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞES, ÞórdS.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BJJ, EKG, EMS, GÖg, HBl, HHj, KJúl, KÓ, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, StB, VF, ÞKG) fjarstaddir.

17. gr. (verður 18. gr.), a–c-liðir, svo breyttir, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BÁ, BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StB, VF, ÖS) fjarstaddir.

17. gr. (verður 18. gr.), d-liður, samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

**nei:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:29]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Fyrr í þessari atkvæðagreiðslu höfum við samþykkt öll að ekki skuli taka fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra í annað en uppbyggingu á næstu árum, það fari ekki í rekstur og annað. Ríkisstjórnin hefur vísað frá þeirri tillögu að fella niður það bráðabirgðaákvæði sem hér eru greidd atkvæði um. Við leggjumst gegn því af því að í því felst að ríkisstjórnin ætlar að nota fé úr sjóðnum til rekstrar fram yfir kosningar en eftir kosningar er hún tilbúin að setja alla peningana í uppbyggingu. Ekki fyrr. Ég segi nei við þessu bráðabirgðaákvæði.

[10:30]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að með afgreiðslu þessa frumvarps er lagt til að fjármunum úr Framkvæmdasjóði aldraðra verði ekki lengur varið til reksturs hjúkrunarrýma. (Gripið fram í.) Það liggur sömuleiðis fyrir, hæstv. forseti, að hæstv. heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnin öll og ríkisstjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi hefur kynnt mikla uppbyggingu sem fram undan er í uppbyggingu hjúkrunarrýma. Á næstu árum verða byggð 374 ný hjúkrunarrými og það er það sem skiptir máli, hæstv. forseti.

[10:31]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Það má segja að þessi liður hafi í raun verið afgreiddur með fjárlagafrumvarpinu fyrir nokkrum dögum. En þar sem við höfum orðið vitni að því að ríkisstjórnin hefur lagt fram það frumvarp sem við erum nú að fjalla um og nokkrum dögum síðar komið með breytingartillögur, er þetta í þeirri von að ríkisstjórnin sjái að sér og noti allan Framkvæmdasjóð aldraðra til uppbyggingar öldrunarþjónustunnar, sleppi því að taka hluta í rekstur eins og ætlunin er. Og þegar ég sé hvernig atkvæðagreiðslan fellur, þá hvet ég hæstv. ríkisstjórn og heilbrigðisráðherra til að horfa þá með sterkum gleraugum á þau sérstöku tilvik þegar á að taka fjármagn til að nota í rekstur, að það verði þá í sérstökum tilvikum en það verði ekki nær helmingur af rekstrarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra.

17. gr. (verður 18. gr.), e-liður, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

18. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

### *Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 232. mál (viðurlagaákvæði). — Þskj. 235, nál. 539, brtt. 540.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 540,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 540,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
4.–7. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 540,3 samþ. með 49 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
9.–11. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 540,4 samþ. með 49 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 540,5 samþ. með 49 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
14.–18. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

### *Lífeyrissjóðir, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 233. mál (lágmarksiðgjald og breytingar á samþykktum sjóða). — Þskj. 236, nál. 491, brtt. 492.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 492,1 (2. gr. falli brott) samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 492,2 (ný 3. gr., verður 2. gr.) samþ. með 46:3 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, ISG*, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG*, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ÁÓÁ, JóhS, JGunn.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, GÖg, HBl, HHj, JBjarn, KJúl, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei. ]

4.–12. gr. (verða 3.–11. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 492,3 (13. gr. falli brott) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 492,4 (ný 14. gr., verður 12. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 492,5 (þrjár nýjar greinar, verða 13.–15. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
15. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

### *Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 266. mál (álagningarhlutföll). — Þskj. 275, nál. 522.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 522 samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
3.–4. gr. og ákv. til brb. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

### *Ársreikningar, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 302. mál (vanskil á ársreikningi). — Þskj. 317, nál. 546.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

### *Skráning og mat fasteigna, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 350. mál (framlenging umsýslugjalds). — Þskj. 379, nál. 543.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:45]

Brtt. í nál. 543 samþ. með 35:14 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞBack, ÖJ.

**nei:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JGunn, LB, MÞH, RG, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (KolH) greiddi ekki atkv.

13 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:42]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að halda áfram gjaldtöku af öllum húseigendum í landinu. Það tengist verkefni sem hófst árið 2000 og átti að standa í nokkur ár. Verkefnið hefur algjörlega farið úr böndum og virðist vera endalaust. Það er ekki hægt að fá neinar upplýsingar um það af hálfu þingmanna hversu mikill stofnkostnaður er og hversu mikið fer í rekstur. Verkefnið átti upphaflega að kosta 650 millj. kr. Það sér ekki enn fyrir endann á því en kostnaðurinn hefur hins vegar fjórfaldast og er núna nálægt 2,5 milljörðum. Það er ekkert sem bendir til þess að verkefnið sé búið og hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar sagði hér í gær í umræðunum að við værum stödd í miðri á. Hann sér ekkert fyrir endann á því. Enn er gjaldtökunni haldið áfram. Ég vil þó segja það, meiri hlutanum í nefndinni til hróss, að hann leggur til að gjaldtakan verði einungis framlengd um eitt ár í staðinn fyrir tvö en ég er á móti þessum vinnubrögðum. Ég er á móti þeirri sóun sem í þessu felst og ég er á móti því skipulagsleysi sem þetta verkefni er tákn um og ég greiði atkvæði gegn (Forseti hringir.) þessum tillögum.

[10:43]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér á að framlengja gjaldtöku að því er varðar Landskrá fasteigna, verkefni sem átti í raun og veru að vera löngu lokið. Búið er að verja í það sennilega hátt í, eða rúmlega 2 milljörðum kr. Það eru nokkrar slíkar skrár og svipuð vinnubrögð í gangi í kerfinu, verkefni sem tekið hafa miklu lengri tíma og kostað miklu meiri fjármuni en menn gerðu ráð fyrir í upphafi þegar lagt var af stað.

Ég tel að þetta mál eigi ekki að fá framgang í þinginu og leggst gegn því.

[10:44]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Ég tek undir kvartanir hv. þingmanna sem hér á undan hafa talað. Þetta er búið að vera mikið vandræðamál. Hins vegar er þessi Landskrá fasteigna afskaplega merkilegt fyrirbæri og mjög flott og eins og ég sagði í umræðunni í gær er ekki eðlilegt að hætta einmitt núna. Það er mjög lítið eftir af skránni, af stofnkostnaðnum og við leggjum til að í stað þess að leggja álögur á húseigendur í tvö ár verði það gert í eitt ár í viðbót. Og ég vona að ekki komi til þess að aftur verði framlengt.

1. gr., svo breytt, samþ. með 34:10 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JGunn, MÞH, RG, ÖS.

19 þm. (AKG, ÁRJ, BÁ, BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35:13 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞBack, ÖJ.

**nei:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JGunn, LB, MÞH, RG, ÖS.

1 þm. (KolH) greiddi ekki atkv.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47:1 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ÖS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KLM, MS, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF, ÞKG, ÞES) fjarstaddir.

### *Olíugjald og kílómetragjald o.fl., frh. 2. umr.*

Stjfrv., 357. mál (refsiákvæði og tímabundin lækkun olíugjalds). — Þskj. 388, nál. 544.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 544 samþ. með 48 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

8.–15. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

***Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 374. mál (skuldabréfaeign lífeyrissjóða). — Þskj. 408, nál. 545.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs munu ekki greiða atkvæði með þessu lagafrumvarpi en það er til komið til að skjóta lagastoð undir viðskipti ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrar með hluti í Landsvirkjun. Áhöld eru um að þau viðskipti hafi verið lögleg. Lífeyrissjóðir koma þar við sögu og er þetta frumvarp með öðrum orðum tilraun til að skjóta lagastoð undir þau umdeildu og hugsanlega ólöglegu viðskipti. Við getum ekki stutt þessar breytingar.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, LB, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

6 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, GÓJ, GÞÞ, HBl, HHj, ISG, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StB, VF, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, LB, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, GÞÞ, HBl, HHj, ISG, KJúl, KHG, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, VF, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

***Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 2. umr.***

Stjfrv., 359. mál (framlenging tímabundinnar lækkunar gjalds). — Þskj. 390, nál. 555.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

***Fjármálafyrirtæki, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 386. mál (eigið fé, EES-reglur). — Þskj. 428, nál. 604.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:51]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 604 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

5.–8. gr. (verða 6.–9. gr.) og ákv. til brb. I–III samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

***Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., frh. 2. umr.***

Stjfrv., 376. mál (tímasetningar á tilteknum ráðstöfunum). — Þskj. 410, nál. 563 og 603, brtt. 602.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]

**Jón Bjarnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér er gengið til atkvæðagreiðslu um breytingu á lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Það var dapurlegt glapræði af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, á sínum tíma að selja Símann. Engu að síður var það gert með fyrirheitum um að hluti söluandvirðisins gengi til mjög brýnna samfélagslegra verkefna sem höfðu verið fjársvelt á undanförnum árum. Gefin voru út sérstök lög af þessu tilefni um ráðstöfun á söluandvirði Símans. Þar voru vegaframkvæmdir, sjúkrahúsbyggingar, menningarhús, Árnastofnun o.s.frv., mörg verkefni sem ekki höfðu fengið fjármagn á undanförnum árum.

Nú eiga þessi lög að fara að koma til framkvæmda. Hvað er þá það fyrsta sem er gert? Flutt er frumvarp um að skera niður eða fresta ráðstöfun fjár af þessu söluandvirði. Og hvar er fyrst borið niður? Í vegaframkvæmdum, þar er fyrst borið niður til að skera niður fjármagn. Vegaframkvæmdum á Vestfjörðum er frestað, vegaframkvæmdum á Norðausturlandi er frestað, vegaframkvæmdum í höfuðborginni er frestað — það er það fyrsta sem gripið er til.

Frú forseti. Mér finnst þetta vera dapur leikur sem sýnir að þau áform um að verja söluandvirði Símans til sérstakra brýnna verkefna var bara sýndarmennska. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd flytjum breytingartillögu þar sem lagt er til að fallið verði frá frestun á framlagi til vegamála í heild sinni, alls að upphæð 2,1 milljarður kr., og það verði frekar heimilt að lána fé á milli verkefna innan vegáætlunar 2007 að því marki sem ekki er hægt að nýta það fjármagn til þeirra verkefna sem það er eyrnamerkt fyrir. Ég vek athygli á því að við erum að ræða hér frestun á fé til vegaframkvæmda. Vegáætlun, samræmd samgönguáætlun, er ekki enn komin fram og við ræðum hér, og meira að segja hæstv. samgönguráðherra sérstaklega, út og suður

um hvaða verkefni í vegamálum eigi að taka frekar á næsta ári.

Að okkar er mati afar brýnt að staðið sé við þau fyrirheit sem gefin voru um vegaframkvæmdir og þess vegna munum við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, standa gegn þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til, en leggjum til að tillaga okkar um að fallið verði frá niðurskurði til vegaframkvæmda verði samþykkt.

[10:56]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er enn á ný verið að færa til og fresta og leggja af þær áætlanir sem búið var að gera. Það er ekki þörf á því að fresta framkvæmdum við vegi á Vestfjörðum og norðausturhorni landsins þar sem menn hafa á undanförnum árum annars vegar barist við það að fá samþykki fyrir því að leggja vegi á milli staða sem gætu stytt vegalengdir og hins vegar að koma þeim vegum sem ekki þola umferð í dag og eru með gamla malarlaginu yfir í nútímavegi. Það er nauðsynlegt að fólk horfi til þess að gera þarf verulegt átak í vegaframkvæmdum hér á landi. Það á ekki bara við þær nauðsynlegu framkvæmdir sem snúa að höfuðborgarsvæðinu og helstu leiðum út af því svæði. Það á líka við á þeim svæðum þar sem vegakerfið er langt á eftir tímanum.

Þess vegna leggjum við til að þessari frestun og þeim tilfærslum sem hér er verið að gera verði ekki fylgt eftir. Við leggjum til að hætt verði við þetta.

[10:58]

**Jóhann Ársælsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það er afar óþægilegt að þurfa að taka afstöðu til þessa máls eins og það liggur fyrir. Verið er að fjalla um mál þar sem ekki fengust einu sinni upplýsingar um hvað gera ætti við sumt af þeim fjármunum sem hér eru á ferðinni. Það á t.d. við um 3. gr. frumvarpsins þar sem lagðir eru fjármunir til Fjarskiptasjóðs fyrir árið sem nú er að líða. Við stöndum hér í dag, 9. desember, og erum að taka afstöðu til málsins. Það á þá væntanlega að eyða hálfum milljarði frá þessum degi eða þegar búið verður að staðfesta þessi lög og fram að áramótum. Það fengust engar upplýsingar um það hvernig fara ætti með þessa peninga.

Síðan er líka ástæða til að vekja athygli á því að verið er að flytja fjármuni af komandi ári yfir á næsta ár þar á eftir og það liggur ekkert fyrir um að hægt verði að nýta þá, t.d. í Sundabrautina, með þeim hætti sem þarna er lagt til. Það fengust heldur engar upplýsingar um hvers konar áætlanir væru á bak við þetta. Vinnubrögðin á bak við þetta frumvarp með endemum. Fjármunir eru skornir niður af framkvæmdum sem átti að fara í, t.d. á Vestfjörðum og Norðausturlandi, og fluttir yfir á næsta ár á eftir án þess að það liggi fyrir með hvaða hætti framkvæmdaáætlun eigi að vera gagnvart þessum verkefnum. Það er ríkisstjórninni algjörlega til skammar að standa svona að málum eins og hér er lagt upp með. (**Gripið fram í:** Það er sami lokadagur.)

Brtt. 602 felld með 27:15 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁRJ, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KHG, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.

21 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, GÞÞ, HBl, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:00]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það hefur verið mikil umræða undanfarin dægur um samgöngumál og menn hafa gerst stórtækir í loforðum. Fyrir því hefur farið hæstv. samgönguráðherra og ýmsir stjórnarþingmenn. Það hefur verið umræða um Suðurlandsveg og nú í morgun um Sundabraut. Menn tala fullum fetum um það að milljarða- og milljarðatugaframkvæmdir eigi að verða hér í samgöngumálum á næsta ári og næstu árum. Engu að síður er veruleikinn sá að hér er verið að leggja til við þingið að fresta fjárveitingum til samgöngumála upp á á þriðja milljarð kr. Það er ekki mikið samræmi í þessum málflutningi. Það er ekki hátt á þessu risið.

Það er augljóst mál að ef þessir fjármunir verða til ráðstöfunar til samgöngumála á næsta ári er nóg pláss fyrir þá. Það eru næg verkefni til að vinna og það má þá leysa með tilfærslu milli ára og lána á milli verka eftir því hver eru tilbúin til framkvæmda og hver ekki. Það er hrein sýndarmennska að tala eins og að þetta hafi engin áhrif á framkvæmdir í samgöngumálum á næstu missirum (Forseti hringir.) að fá ekki þennan gjörning þannig að auðvitað á að samþykkja hér tillögu stjórnarandstöðunnar.

1. gr., a–b liðir, samþ. með 28:14 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.

**nei:** AKG, ÁÓÁ, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JBjarn, LB, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, HBl, HHj, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., c-liður, samþ. með 28:16 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.

**nei:** AKG, ÁRJ, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KHG, LB, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (MÞH) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., d-liður, samþ. með 28:15 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK,

JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.
**nei:** AKG, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KHG, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 30:7 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.
**nei:** ÁRJ, GAK, ISG, JóhS, JGunn, RG, ÞSveinb.
8 þm. (AKG, GÖg, JÁ, JBjarn, LB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

### *Flugmálastjórn Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 390. mál (heimildir til gjaldtöku). — Þskj. 432, nál. 580, brtt. 581.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]
Brtt. 581 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, GÖg, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.
5 þm. (JóhS, JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

### *Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 397. mál (tekjugrunnur). — Þskj. 441, nál. 588 og 625, brtt. 589.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:06]
Brtt. 589,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.
15 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, LB, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.
15 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, LB, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 589,2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.
17 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, LB, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27:11 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.
**nei:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GÖg, ISG, JÁ, JGunn, LB, RG, ÞSveinb.
6 þm. (GAK, JBjarn, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BJJ, EKG, EMS, GÁ, HBl, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:07]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Hér er eitt af þessum litlu frumvörpum sem rifin eru í gegnum hið háa Alþingi á síðustu dögum fyrir jólahlé. Það var fjallað um það á einum degi, einum nefndarfundi í samgöngunefnd, og svo var það tekið út á einhvers konar míkrófundi í nefndinni, í fyrradag líklega. Hér er um að ræða skattlagningu á fjarskiptafyrirtækin, breytingar á gjaldtöku. Ástæða þess að við í Samfylkingunni greiðum atkvæði gegn þessari grein og sitjum hjá við aðrar greinar er sú að þeim sem eiga að greiða þessi gjöld í ríkissjóð og til Póst- og fjarskiptastofnunar hefur ekki verið kynnt sú kostnaðargreining, sú markaðsgreining og kostnaðargreining sem liggur þar til grundvallar. Þetta eru einfaldlega óviðunandi vinnubrögð, frú forseti, ekki síst í ljósi þess að sú greining mun líklega liggja fyrir innan nokkurra daga.

Brtt. 589,3 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, LB, MÞH, RG, SKK*, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já. ]

3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, LB, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, MÞH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JónK, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

## *Búnaðarfræðsla, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 189. mál (Háskólinn á Hólum). — Þskj. 190, nál. 489, brtt. 490 og 541.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

2.–8. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 490,1 (ný grein, verður 9. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 490,2 samþ. með 47 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 490,3 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

11. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 541 felld með 30:8 atkv. og sögðu

**já:** GAK, JóhS, JBjarn, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

11 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GÖg, ISG, JÁ, JGunn, LB, RG, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:12]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um frumvarp til laga um breytingar á lögum um búnaðarfræðslu þar sem staðfest er að Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal fær rétt til að heita háskóli, Háskólinn á Hólum. Því fagna ég. Þetta er gleðilegur áfangi í sögu skólans. Hins vegar er í bráðabirgðaákvæði með þessum lögum kveðið á um að störf starfsfólks stofnunarinnar skuli vera lögð niður við stofnunina, starfsfólkinu sagt upp þó að því sé síðan boðin endurráðning hjá hinni nýju stofnun. Þetta tel ég algjöran óþarfa. Hér er fyrst og fremst um formbreytingu að ræða hjá stofnuninni og því ástæðulaust að rjúfa ráðningarsamband milli stofnunar og starfsfólks. Þetta starfsfólk hefur byggt upp þessa stofnun á undanförnum árum og það er á grundvelli verka þess sem við nú getum með stolti samþykkt að Hólaskóli verði Háskólinn á Hólum. Það á ekki að rjúfa það samband (Forseti hringir.) og ég legg því til að það verði fellt út (Forseti hringir.) og starfsfólkið haldi störfum sínum.

Brtt. 490,4 samþ. með 46 shlj. atkv.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ,

BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:15]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Frú forseti. Það hefur komið fram í máli bæði fulltrúa starfsmanna við Hólaskóla og rektorsins að ekki þyki ástæða til að amast við frumvarpsákvæðinu eins og það kom fyrir þannig að við samþykkjum frumvarpið eins og það liggur fyrir af hálfu nefndarinnar.

[11:16]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna frumvarpi þessu að því leyti að hér er verið að gera Hólaskóla formlega að háskóla. Við höfum barist fyrir því undanfarin ár að efla háskólamenntun úti á landsbyggðinni sem og hér á höfuðborgarsvæðinu og fjölga námstækifærum og námsleiðum fólks úti á landi að háskólamenntun sem og framhaldsskólamenntun.

Þegar uppbygging framhaldsskólanna og fjölbrautaskólanna stóð hvað hæst úti á landi átti sér stað mikil bylting í búsetuháttum fólks úti á landi og aðgengi að menntastofnunum. Það sama þarf og á að eiga við um háskólastofnanirnar. Þess vegna er það fagnaðarefni að háskólar skuli dafna og vera stofnsettir úti á landi eins og háskólinn á Bifröst, Hvanneyri, Akureyri og nú á Hólum. Í því sambandi bendum við á mikilvægi þess að byggja sérstaklega undir háskólamenntun um fjarnám hjá fræðslunetunum víða um land og fögnum um leið því skrefi sem hér er stigið.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

### *Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.*

Frv. allshn., 413. mál. — Þskj. 468.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:18]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

### *Jarðalög, 2. umr.*

Frv. landbn., 418. mál (veðtökuheimildir óðalsbænda). — Þskj. 487.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:19]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

### *Ættleiðingarstyrkir, 3. umr.*

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 635.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:22]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

16 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:20]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hér er að verða að lögum frumvarp um ættleiðingarstyrki. Þetta frumvarp er enn ein rós í hnappagat félagsmálaráðherra Framsóknarflokksins sem á undanförnum árum hafa unnið að fjölmörgum velferðarmálum eins og menn hafa tekið eftir hér í þessum þingsal. Það nægir í þeim efnum að nefna Fæðingarorlofssjóð og allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á fæðingarorlofsmálum fyrr á kjörtímabilinu.

Ég vil nota tækifærið og óska hæstv. félagsmálaráðherra til hamingju með afgreiðslu þessa frumvarps, og landsmönnum öllum. Ég segi já.

[11:21]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hér er Alþingi að samþykkja mál sem margir þingmenn hafa barist fyrir allar götur frá árinu 1986. Það er sannarlega hægt að óska hæstv. félagsmálaráðherra til hamingju með að hafa hrint þessu baráttumáli í framkvæmd. Það hefði hins vegar aldrei tekist nema vegna þess að það tókst góð samstaða stjórnar og stjórnarandstöðu um þetta mál. Ég þakka sérstaklega hv. formanni félagsmálanefndar, Dagnýju Jónsdóttur, sem beitti sér fyrir nauðsynlegum breytingum á þessu frumvarpi til þess að svo góð

samstaða tækist um málið. Þetta er mikið framfaraspor sem margir hafa beðið eftir og sjálfsagt að við óskum okkur sjálfum til hamingju með að hafa náð þessu litla réttlætismáli í höfn.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 662).

### *Álbræðsla á Grundartanga, 3. umr.*

Stjfrv., 93. mál (tekjuskattur á arð o.fl.). — Þskj. 93.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:22]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 663).

### *Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 3. umr.*

Stjfrv., 95. mál (framlenging gildistíma laganna o.fl.). — Þskj. 636.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:24]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að afgreiða (**Gripið fram í:** Til hamingju, Framsókn.) stjórnarfrumvarp um endurgreiðslu til kvikmyndagerðar. Stjórnarmeirihlutinn stendur einhuga að baki þessu (Forseti hringir.) frumvarpi eins og fram kemur á atkvæðagreiðslutöflunni.

(**Forseti** (RG)**:** Hafa hljóð í salnum.)

Ég vil hins vegar vekja athygli á því í þessu sambandi að það var undir forustu Finns Ingólfssonar, þáverandi iðnaðarráðherra, sem hafist var handa við þessi efni og sömuleiðis var því máli fylgt eftir af hálfu hæstv. utanríkisráðherra Valgerðar Sverrisdóttur (**Gripið fram í:** Framsókn ...) og nú síðast undir forsæti (Forseti hringir.) hæstv. iðnaðarráðherra Jóns Sigurðssonar.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti óskar eftir að þingmenn gefi ræðumanni hljóð.)

Ég skil vel að hv. þingmönnum sé nokkuð órótt yfir þeim árangri sem Framsóknarflokkurinn hefur náð á þessu sviði en ég get ekki látið hjá líða að þakka þeim fyrir stuðninginn.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 664).

### *Landsvirkjun, 3. umr.*

Stjfrv., 364. mál (eignarhald og fyrirsvar). — Þskj. 396.

[11:25]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti Við erum að fara að greiða hér atkvæði um kaupin á Landsvirkjun. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og við mörg í Samfylkingunni að eignarhaldsvandi væri uppi í Landsvirkjun og það væri eðlilegt að hann yrði leystur. Til hans var stofnað með því að Reykjavíkurborg og Akureyri tóku þátt í þessu fyrirtæki áratugum saman og hér var kominn upp verulegur vandi á raforkumarkaði sem menn hafa verið að reyna að skapa hér samkeppnisumhverfi á. Þess vegna er mjög eðlilegt að af hálfu ríkisins hafi verið gengið í að leysa úr þessum eignarhaldsvanda. Reykjavíkurborg hefur líka sóst eftir því að á þessu máli yrði tekið enda rekur hún gríðarlega stórt fyrirtæki í samvinnu við aðra aðila á orkusviði. Það er þess vegna fagnaðarefni að mönnum skuli hafa tekist að leysa úr þessum eignarhaldsvanda með þessum kaupum. Þetta er auðvitað stærsta ríkisvæðingarátak þessarar ríkisstjórnar ef frá eru talin átökin í sambandi við Kárahnjúkavirkjun sem farið hefur fram á þessum árum sem nú eru að líða.

Í framhaldi af þessu skapast auðvitað þrýstingur á að menn taki á þeim vandamálum sem uppi eru gagnvart nýtingu auðlinda og hvernig þjóðarauðlindum verður komið fyrir í framtíðinni. Það er verkefni sem menn þurfa að ráðast í af miklum krafti að leysa. Það má aldrei gerast að sú ríkisstjórn sem nú situr fái áfram tækifæri til þess að ganga einhvers konar einkavæðingarveg með það fyrirtæki sem hér er til umræðu og heitir Landsvirkjun. Auðlindirnar sem eru í höndum þessa fyrirtækis eru gríðarlega mikilvægar og það þarf að vera samstaða um að halda þeim í þjóðareign til framtíðar.

Við styðjum auðvitað það frumvarp sem hér liggur fyrir og vonumst sannarlega til þess að við fáum tækifæri til að hafa forustu um að taka á því máli sem uppi er í auðlindamálum á Íslandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:28]

**Hjálmar Árnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni snýst þetta frumvarp sem hér er verið að greiða atkvæði um um kaup ríkisins á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Eins og hv. þingmaður sagði réttilega má kalla málið ríkisvæðingu þó að hann hafi nú endað í einkavæðingu og ég fæ ekki þá röksemd til að ganga upp.

Það sem vakti líka athygli í umræðum hér í gær og er rétt að komi fram núna við atkvæðagreiðsluna er að hv. þm. Ögmundur Jónasson lýsti því yfir að vinstri grænir yrðu á móti þessu. Afstaðan kemur í sjálfu sér ekki á óvart, en það sem vakti athygli var röksemdin. Það gerðist með þeim hætti að hv. þingmaður vísaði í einhver óljós ummæli iðnaðarráðherra — ekki núverandi hæstv. iðnaðarráðherra — nei, hann virðist eins og oft áður með vinstri græna hafa hrokkið í bakkgírinn. (Gripið fram í.) Ég bíð í rauninni eftir því að þessi bakkgír reki hann alveg aftur til iðnaðarráðherrans Hjörleifs Guttormssonar sem boðaði svo mikla stóriðju á Austurlandi að það hálfa væri nóg.

Við hin, sem augljóslega erum flest hér í þessum þingsal, horfum fram á við og við erum að greiða atkvæði um þetta frumvarp sem horfir til framtíðar. Þetta frumvarp á rætur sínar að rekja til R-listans sem Vinstri grænir báru ábyrgð á. Það var R-listinn sem hóf þetta ferli og óskaði eftir því við ríkisvaldið að hlutur Reykjavíkurborgar yrði keyptur. R-listinn gat ekki lokið því en núverandi meiri hluti lauk þessu máli í sátt við ríkisstjórnina og um það er verið að greiða atkvæði. Við sem horfum fram á veginn, erum ekki föst í bakkgírnum, hlustum á fólk og beitum skynseminni. Þess vegna er ástæða til að styðja þetta frumvarp sem felur það í sér að ríkið kaupir hlut Reykjavíkurborgar og Akureyringa í Landsvirkjun.

[11:30]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það er eitthvað nýtt ef Framsóknarflokkurinn og ekki síst hv. þm. Hjálmar Árnason ætla að fara að beita skynseminni. Ég óska þeim sérstaklega til hamingju með af hafa uppgötvað það fyrirbæri, það hugtak.

Hér á að greiða atkvæði um frumvarp sem tengist kaupum ríkisins á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun. Það mál er nú í kærumeðferð hjá félagsmálaráðuneytinu vegna ágalla í málsmeðferðinni af hálfu Reykjavíkurborgar, meiri hlutans þar. Þar sitja framsóknarmenn og sjálfstæðismenn að kjötkötlunum, og framsóknarmenn og sjálfstæðismenn í Reykjavík eru að selja framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum á Alþingi þessar almannaeigur. (**Gripið fram í:** Ertu á móti því?) Munum við eftir að eitthvað svipað hafi gerst áður? Muna menn eftir því að framsóknarmenn við stjórnvölinn hafi selt öðrum framsóknarmönnum hluti? Hér möndla menn með þessa hluti, almannaeigur, eins og þeir eigi þá sjálfir. (Gripið fram í.) Það er í takt við það að þegar framsóknarmenn eru aðilar að ákvörðunum, t.d. um að veita almannafé til þarfra verkefna, koma þeir upp og láta eins og þeir séu að slíta þetta út úr brjóstinu á sjálfum sér, séu að ráðstafa eigin fé. Það vill gleymast stundum hjá framsóknarmönnum að þeir eru ekki ríkið (Gripið fram í.) og þeir koma kannski til með að muna eftir því á næstu árum að vera þeirra við kjötkatlana er ekki endilega tryggð um alla framtíð.

Það liggur alveg fyrir að ríkisstjórnin skipti um skoðun varðandi það að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna þegar hún ákvað að hefja undirbúning að einkavæðingu Landsvirkjunar. Fram að því hafði ríkið verið algerlega áhugalaust um að leysa til sín eignarhlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun en skipti skyndilega um skoðun. Þáverandi hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, boðaði einkavæðingarundirbúninginn og tímasetti að á árinu 2008 hefði ríkisstjórnin í hyggju að hefja einkavæðingu Landsvirkjunar. Þetta liggur fyrir. Menn mega auðvitað sverja af sér ef þeir vilja hæstv. utanríkisráðherra eins og formaður þingflokksins gerir og lætur sem orð hennar hafi verið ómagaorð. (**ÖS:** Þau voru það.) Nú, voru þau það þá? En þá er best að hv. þm. Hjálmar Árnason ræði það við hæstv. utanríkisráðherra, Valgerði Sverrisdóttur. Það er ekki okkar vandamál hvernig framsóknarmenn eigast við um þessa hluti.

Þetta mál tengist líka áformum ríkisstjórnarinnar um að búa til einokunarrisa á sviði raforkumála með því að sameina Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða til að bjarga eiginfjárstöðu Landsvirkjunar. Þetta er allt saman einn samansúrraður sullumbullspakki sem ríkisstjórnin er á fullri ferð með að reyna að bjarga málum á orkusviðinu vegna þess hvernig stóriðjustefnan er að leika fjárhag Landsvirkjunar, og væri henni þó nær að standa þannig að málum að ekki þyrfti að stórhækka raforkuverðið til almennings eins og (Forseti hringir.) kerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar hafa leitt til á undanförnum missirum.

[11:33]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa verið andvígir því að færa hlut Reykvíkinga í Landsvirkjun í hendur ríkisvaldsins, í hendur núverandi ríkisstjórnar sem hefur lýst yfir eindregnum vilja sínum til að einkavæða þetta fyrirtæki. Þar höfum við horft til Sjálfstæðisflokksins og núverandi hæstv. forsætisráðherra, og þar höfum við horft til fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur. (**GÓJ:** Hvað segir formaður Framsóknarflokksins?) Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, slær hvert met sitt á fætur öðru í ómerkilegum málflutningi, og er ekki heiglum hent að slá þau met.

Hv. þingmaður segir að Framsóknarflokkurinn hlusti á fólk. Það höfum við gert, við höfum hlustað á yfirlýsingar forsvarsmanna Framsóknarflokksins, (Gripið fram í.) á yfirlýsingar fyrrverandi hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur. (**GÓJ:** En núverandi iðnaðarráðherra?) Hún hefur neitað og reynt að sverja af sér fyrri ummæli. Við höfum hins vegar lagt fram gögn í þinginu sem sanna hið gagnstæða. (Gripið fram í.) Það er ómerkilegt að reyna að drepa þessu máli á dreif með málflutningi af því tagi sem við verðum vitni að frá hv. þm. Hjálmari Árnasyni og í frammíköllum, m.a. hæstv. landbúnaðarráðherra

Guðna Ágústssonar. (Gripið fram í.) Þetta er eins ómerkilegt og allur málatilbúnaður Framsóknarflokksins í þessu máli. (**Gripið fram í:** Og öðrum.)

Frv. samþ. með 41:4 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, LB, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÖS.

**nei:** JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, VF) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 665).

### *Breyting á lögum á orkusviði, 3. umr.*

Stjfrv., 365. mál (eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik). — Þskj. 637.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:38]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÖS.

6 þm. (GAK, JBjarn, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁRJ, BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, JÁ, JóhS, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:37]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Aðalhugmyndin með þessu máli virtist í upphafi vera að leggja eignarhlut Orkubús Vestfjarða og Rariks inn til Landsvirkjunar. Nú hefur verið fallið frá þeim áformum og því ber að fagna alveg sérstaklega. Þau áform voru auðvitað fáránleg, að ætla að búa til þann risa á orkusviðinu sem þá hefði orðið til. Þess vegna getum við í Samfylkingunni stutt þetta frumvarp, hér er þá einungis verið að færa forræði til fjármálaráðherra yfir þessum fyrirtækjum, eins og við höfum lagt til áður, og gera eðlilegar breytingar á skattumhverfi hjá Rarik. Við segjum já við þessu máli. (**Gripið fram í:** Hvar er iðnaðarráðherrann sjálfur?)

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 666).

### *Gatnagerðargjald, 3. umr.*

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 610, brtt. 615.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:39]

Brtt. 615 samþ. með 47 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 667).

### *Upplýsingalög, 3. umr.*

Stjfrv., 296. mál (endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur). — Þskj. 309. [11:40]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það er rétt að taka fram í tilefni af því að fram kom við 2. umr. þessa máls að málið yrði tekið fyrir í allsherjarnefnd milli 2. og 3. umr. að það var gert og fékk nefndin á fund sinn Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneytinu og Pál Hreinsson lagaprófessor. Að loknum viðræðum við þá tvo menn upplýsist að allsherjarnefnd telur ekki efni til að gera breytingar á frumvarpinu í þeirri mynd sem það er nú, og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:40]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (BJJ, EKG, EOK, EMS, HBl, HHj, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 668).

[11:41]

**Útbýting:**

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, 463. mál, skýrsla forsrh., þskj. 642.

Almenn hegningarlög, 465. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 644.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 464. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 643.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 376. mál, brtt. minni hluta fjárln., þskj. 660.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 466. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 645.

Tryggingagjald, 420. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 649; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 650.

Út af dagskrá voru tekin 17.–18. og 28.–30. mál.

Fundi slitið kl. 11:42.

---

# 48. FUNDUR

laugardaginn 9. des.,
að loknum 47. fundi.

**Dagskrá:**

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 458. mál, þskj. 614, þál. 669. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
2. Loftferðir, stjfrv., 389. mál, þskj. 646. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Málefni aldraða, stjfrv., 190. mál, þskj. 191. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Almannatryggingar og málefni aldraða, stjfrv., 330. mál, þskj. 647. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, stjfrv., 232. mál, þskj. 648. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Lífeyrissjóðir, stjfrv., 233. mál, þskj. 651. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 266. mál, þskj. 652. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Ársreikningar, stjfrv., 302. mál, þskj. 317. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 350. mál, þskj. 653. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 357. mál, þskj. 656. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 374. mál, þskj. 408. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
12. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 390. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
13. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 386. mál, þskj. 657. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
14. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 376. mál, þskj. 410, brtt. 660. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
15. Flugmálastjórn Íslands, stjfrv., 390. mál, þskj. 658. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
16. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 397. mál, þskj. 659. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
17. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 189. mál, þskj. 661. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
18. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 413. mál, þskj. 468. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
19. Jarðalög, frv., 418. mál, þskj. 487. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
20. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 276. mál, þskj. 286, nál. 568 og 570, brtt. 569, 571, 601 og 605. — 2. umr.
21. Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 416. mál, þskj. 482, nál. 626, brtt. 627, 628, 629, 630, 631 og 632. — 2. umr.
22. Þjóðhátíðarsjóður, stjtill., 356. mál, þskj. 386, nál. 621. — Síðari umr.
23. Tollalög, stjfrv., 419. mál, þskj. 494, nál. 639. — 2. umr.
24. Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, stjfrv., 408. mál, þskj. 458, nál. 640, brtt. 641. — 2. umr.
25. Tryggingagjald, stjfrv., 420. mál, þskj. 495, nál. 649, brtt. 650. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:52]

Of skammt var liðið frá útbýtingu og/eða síðustu umr. 1.–19. og 25. dagskrármáls og útbýtingu þskj. 660. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

## *Frestun á fundum Alþingis, ein umr.*

Stjtill., 458. mál. — Þskj. 614.

[11:52]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 9. des. 2006 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 15. janúar 2007.

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:53]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, LB, MÞH, MS, PHB,

RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 669).

### *Loftferðir, 3. umr.*

Stjfrv., 389. mál (EES-reglur). — Þskj. 646.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:53]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 670).

### *Málefni aldraðra, 3. umr.*

Stjfrv., 190. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 191.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:54]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 671).

### *Almannatryggingar og málefni aldraðra, 3. umr.*

Stjfrv., 330. mál (lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl.). — Þskj. 647.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:55]

**Þuríður Backman** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð og stjórnarandstaðan öll mun greiða þessu frumvarpi fullan stuðning þegar kemur að lokaatkvæðagreiðslu og það er vegna þess að við tökum undir orð aldraðra og öryrkja um að þetta sé þó spor í rétta átt.

Eins og við höfum greitt atkvæði um fyrr í morgun vildum við, stjórnarandstaðan, ganga lengra og láta bæði hækkanir á lífeyrisgreiðslum og eins að falla frá skerðingarákvæðum taka gildi strax um næstu áramót. Við náðum því ekki fram en við styðjum hvert eitt spor sem tekið er til styrkingar og til bóta fyrir aldraða og öryrkja og við munum greiða þessu frumvarpi atkvæði okkar.

[11:56]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Fyrsta málið sem stjórnarandstaðan flutti sameiginlega á þingi þegar þing kom saman í haust laut að réttarstöðu aldraðra og öryrkja og fól í sér verulegar bætur á kjörum þeirra og verulega réttarbót fyrir aldraða. Það frumvarp hefur ekki náð fram að ganga en það hefur þó haft þær afleiðingar að ríkisstjórnarflokkarnir hafa séð að sér í þessum málum og í sinni panikstjórnun sem einkennir þingstörfin við afgreiðslu fjárlaga á lokadögum þingsins fyrir jól hafa þeir gert nokkrar úrbætur á málefnum aldraðra sem endurspeglast í því frumvarpi sem hér er til 3. umr. og til afgreiðslu.

Vegna þess að þarna hafa náðst fram ákveðnar réttarbætur munum við greiða þessu frumvarpi atkvæði okkar, við í Samfylkingunni eins og stjórnarandstaðan öll, en hljótum að minna á það um leið og við greiðum atkvæði að þessi ríkisstjórn sem hefur setið í 12 ár hefur bæði gengið verulega á Framkvæmdasjóð aldraðra og tekið fjármuni úr sjóðnum í önnur verkefni þótt örlitlum hluta þess hafi verið skilað í því frumvarpi sem varð að lögum hér með samþykkt þingsins áðan.

Það eru líka ákveðnar réttarbætur í þessu máli sem lúta að frítekjumarki og því að aðeins eru lagfærð þau áhrif sem tekjur maka hafa á lífeyrisþega en ríkisstjórnarflokkarnir höfðu áður greitt atkvæði gegn því að aldraðir og öryrkjar hefðu 70 þús. kr. frítekjumark á mánuði sem átti einmitt að verða hvatning til sjálfsbjargar fyrir þessa hópa. Þeir hafa líka greitt atkvæði gegn því að algjör aðskilnaður yrði fyrr á milli tekna maka og tekna lífeyrisþega sem átti að verða til þess, samkvæmt tillögum stjórnarandstöðunnar, að auðvelda öldruðum og öryrkjum að bæta kjör sín. Eins og málum er háttað núna er þessum hópum í rauninni refsað fyrir það að ganga í hjúskap.

Ríkisstjórnarflokkarnir sáu að sér á lokasprettinum og hafa aðeins lagfært stöðu þessara hópa og þess vegna greiðum við þessu atkvæði okkar.

[11:58]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er komið til lokaafgreiðslu frumvarp stjórnarflokkanna um breytingar á lögum um almanna-

tryggingar og lögum um aldraða. Þessar breytingar, eins og þær eru nú orðnar eftir meðhöndlun Alþingis og heilbrigðis- og trygginganefndar, munu hafa í för með sér stórkostlegar réttarbætur fyrir aldraða og öryrkja. (**Gripið fram í:** Segðu satt.) Það er sjálfsagt að segja satt, hæstv. forseti, og það er satt að á næstu fjórum árum munu framlög í þessa málaflokka aukast um 29 milljarða kr., 29 þús. millj. sem ríkisstjórnarflokkarnir verja í málefni aldraðra, til ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Þetta er gríðarleg hækkun frá því sem nú er og það er sérstakt ánægjuefni að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar skuli nú á lokasprettinum snúa af villu síns vegar og vilja leggja málefninu lið með stjórnarflokkunum. Ég býð þá velkomna í hópinn.

[12:00]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Eins og komið hefur fram sameinaðist stjórnarandstaðan um það í haust að gera að forgangsverkefni að fara í umfangsmiklar umbætur á málefnum aldraðra og öryrkja innan ramma almannatryggingakerfisins og skila þeim umtalsverðum kjara- og réttarbótum strax um áramótin. Málatilbúnaður okkar ásamt mikilli og megnri óánægju þessara hópa í samfélaginu á undanförnum missirum átti án efa hlut í að ríkisstjórnin ákvað í meðförum mála í þinginu að gera nokkrar úrbætur umfram það sem áður hafði verið áformað og flýta gildistöku vissra þátta sem áttu að koma til framkvæmda síðar og allt aftur til ársins 2010.

Afgreiðsla þessa máls er ekki einangrað fyrirbæri. Hún tengist mikilli óánægju áðurnefndra hópa með það hvernig hlutur þeirra hefur verið fyrir borð borinn á undanförnum árum í svokölluðu góðæri. Ekki er um það deilt að aldraðir og öryrkjar eru langt frá því að hafa fengið sambærilegar lífskjarabætur og ýmsir aðrir hópar í samfélaginu á mörgum undangengnum árum.

Hér stærir ríkisstjórnin sig af afreksverkum en hefur haft til þess ærinn tíma að búa betur að þessum hópum. Hver er aðalrósin í hnappagatið að mati hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar, helsta talsmanns ríkisstjórnarinnar sem hér er orðinn, í atkvæðaskýringum? Jú, það er framreikningur á örlæti ríkisstjórnarinnar til ársins 2010. (Gripið fram í.) Hafðu nú hljóð augnablik, ungi maður — 29 milljarðar kr. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) eiga að koma umfram það sem hin skertu framlög undangenginna ára hefðu gefið til ársins 2010. Það má velta fyrir sér af hverju ríkisstjórnin fer ekki til 2015. Af hverju fer ekki hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson til 2015? (**GÓJ:** Samkomulagið var til 2010.) Þá fengi hann miklu hærri tölu. Það er frekar ódýrt, að ætla að slá sér upp á annarra kostnað. Í reynd er það ríkisstjórn og meiri hluti á Alþingi á komandi kjörtímabili sem kemur til með að þurfa að efna þennan samning, afla til þess tekna að standa undir útgjöldunum o.s.frv.

Hið góða er að samtök aldraðra og öryrkja, almenningur í landinu og kjósendur allir sjá alveg í gegnum þetta. Þeir vita alveg um hvað þetta snýst. Það hefur sjaldan reynst ríkisstjórnum, sem komnar eru að fótum fram, til góðs að lofa góðverkum á (Forseti hringir.) næsta kjörtímabili, hlutum sem þeir hafa ekki gert (Gripið fram í.) á meðan þeir höfðu völdin til þess.

[12:03]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við lokaafgreiðslu þessa máls liggur væntanlega skýrt fyrir fólki sem hefur fylgst með störfum Alþingis hvernig störfin hafa gengið fyrir sig á þessu hausti. Í upphafi þings lagði stjórnarandstaðan fram sameiginlega tillögu að því er varðaði lífeyrismál aldraðra og öryrkja og um bættan hag þeirra til framtíðar.

Stjórnarandstaðan kynnti þá stefnumótun við upphaf þings og mælti fyrir því í umræðunni í hv. þingi. Við afgreiðslu fjárlaga var málið flutt og óskað eftir fjárveitingum til að standa við þær tillögur sem stjórnarandstaðan lagði fram. Í öllu því ferli hafa umræðurnar skýrt málstað stjórnarandstöðunnar en eins og venjulega voru tillögur stjórnarandstöðunnar felldar af stjórnarmeirihlutanum. Það er vinnuregla hér á Alþingi og hefur verið síðustu fjögur ár. Á síðasta þingi felldu ríkisstjórnarflokkarnir 42 tillögur stjórnarandstöðunnar. Núna voru eingöngu fluttar tillögur að því er varðaði afkomu eldri borgara og öryrkja. Og ríkisstjórnin felldi þær allar. (Gripið fram í.) Þetta er afgreiðslumátinn á þingi.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að íslenska þjóðin hafi fylgst með málsmeðferðinni á haustdögum og fram að lokastörfum okkar fyrir jól. Niðurstaðan er sú að einhverjir áfangar hafa náðst og birtast í frumvarpinu sem hér er fjallað um. Þeir eru til bóta og menn eiga auðvitað að taka því eins og það er. En það er engan veginn það sem stjórnarandstaðan stefndi að. Við vildum ná meira fram. Þessi niðurskurður er heldur ekki þær umbætur sem eldri borgarar og öryrkjar hafa óskað eftir. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að eftir kosningarnar næsta vor fái núverandi stjórnarandstaða tækifæri til að fylgja eftir stefnumótun sinni í þessum málum.

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 672).

## *Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, 3. umr.*

Stjfrv., 232. mál (viðurlagaákvæði). — Þskj. 648.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:07]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ,

BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 673).

### *Lífeyrissjóðir, 3. umr.*

Stjfrv., 233. mál (lágmarksiðgjald og breytingar á samþykktum sjóða). — Þskj. 651.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:08]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. um þetta mál greiddi ég atkvæði gegn ákvæði sem felur í sér heimild til að skerða lífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði bankamanna og Lífeyrissjóði Búnaðarbankans en aðrir opinberir sjóðir njóta bakábyrgðar og því þarf aldrei að grípa til skerðingar á réttindum sjóðfélaga þeirra. Hjá bankamönnum gæti hins vegar komið til skerðingar. Það gæti náð til 5–6 þúsund fyrrverandi og núverandi bankamanna ef til hennar þyrfti að grípa.

Bakábyrgðin á þessum sjóðum var afnumin við einkavæðingu ríkisbankanna árið 1998. Þá voru bankarnir og sjóðfélagar sammála um að afnám bakábyrgðar ætti ekki að leiða til lakari lífeyrisréttinda í framtíðinni.

Þetta frumvarp felur í sér að hækka framlög atvinnurekenda í lífeyrissjóði og að bæta lífeyrisréttindi í Fæðingarorlofssjóði og Ábyrgðasjóði launa. Ég styð það sannarlega en vegna heimildar til að skerða réttindi bankamanna sit ég hjá við afgreiðslu málsins.

[12:09]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir afstöðu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til þessa frumvarps sem er margþætt og hefur ýmsa veigamikla kosti. Engu að síður er um að ræða ákvæði sem er umdeilanlegt og lýtur að heimild til að skerða réttindi ef iðgjöldin rísa ekki undir þeim. Þetta byggir hins vegar á samkomulagi sem aðilar gerðu sín í milli en það má deila um hinn siðferðilega rétt bankanna til að hlaupa frá skuldbindingum sínum í þeim efnum. Engu að síður þyrfti að nást samkomulag milli samtaka bankamanna og bankanna til að réttlæta óbreytt lagaástand. Við komum til með að styðja þetta frumvarp á grundvelli þess að það byggir á samkomulagi samningsaðila.

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HjÁ, ISG, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GÖg, JÁ, JóhS, LB, RG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 674).

### *Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.*

Stjfrv., 266. mál (álagningarhlutföll). — Þskj. 652.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:11]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 675).

### *Ársreikningar, 3. umr.*

Stjfrv., 302. mál (vanskil á ársreikningi). — Þskj. 317.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:11]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 676).

***Skráning og mat fasteigna, 3. umr.***

Stjfrv., 350. mál (framlenging umsýslugjalds). — Þskj. 653.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:12]
Frv. samþ. með 32:16 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, ÞES, ÞórdS, ÞBack, ÖJ.
**nei:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MÞH, RG, VF, ÞSveinb, ÖS.
15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 677).

***Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 3. umr.***

Stjfrv., 357. mál (refsiákvæði og tímabundin lækkun olíugjalds). — Þskj. 656.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:13]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (BJJ, EKG, EOK, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 678).

***Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 3. umr.***

Stjfrv., 374. mál (skuldabréfaeign lífeyrissjóða). — Þskj. 408.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:13]
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.
18 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, LB, MÞH, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 679).

***Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. umr.***

Stjfrv., 359. mál (framlenging tímabundinnar lækkunar gjalds). — Þskj. 390.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:14]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 680).

***Fjármálafyrirtæki, 3. umr.***

Stjfrv., 386. mál (eigið fé, EES-reglur). — Þskj. 657.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:14]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁRJ, BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 681).

### *Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 3. umr.*

Stjfrv., 376. mál (tímasetningar á tilteknum ráðstöfunum). — Þskj. 410, brtt. 660.

[12:15]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):**

Frú forseti. Hér kemur til 3. umr. frumvarp til laga um breytingar á lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Minni hlutinn í fjárlaganefnd flutti breytingartillögu við 2. umr. þar sem lagt var til að öll 1. gr. yrði felld brott, þ.e. að allur sá niðurskurður upp á 2,1 milljarð kr. eða frestun sem boðuð er í frumvarpinu til samgöngumála, hvort heldur er á höfuðborgarsvæðinu, á norðausturhorni landsins eða á Vestfjörðum, gangi til baka. Sú tillaga hefur verið felld. Þá leyfðum við okkur að flytja aðra breytingartillögu við þetta frumvarp þar sem lagt er til að a.m.k. c- og d-liðir í 1. gr. falli brott, þ.e. að fallið verði frá frestun á 500 millj. kr. fjárframlagi til vega á Vestfjörðum og Norðausturlandi, þ.e. Tröllatunguvegi um Arnkötludal og Norðausturvegi, og peningarnir lánaðir til annarra vegaframkvæmda á þeim landsvæðum sé ekki hægt að nýta þá fjármuni beint til þeirra verkefna sem þeir eru eyrnamerktir til á árinu 2007.

Þessir landshlutar, Norðausturland og Vestfirðir, urðu að lúta því að taka á sig frestun á vegaframkvæmdum í sumar samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum. Þetta var ekki aðeins sú aðgerð að fresta framkvæmdum heldur var þetta líka sálræn og táknræn aðgerð gagnvart fólkinu sem býr í þessum landshlutum og var í sjálfu sér ríkisstjórninni til skammar, að mínu viti.

Það er margbúið að lofa íbúum þessa landshluta sem búa við einna verstu vegaframkvæmdir á landinu vegaframkvæmdum á undanförnum árum. Þegar stöðugt er síðan farið á svig við þau loforð og þau jafnvel svikin, er manni nóg boðið. Þess vegna legg ég til, frú forseti, að þingheimur sjái til þess að frestun á þessu lofaða fjármagni til vegaframkvæmda á Vestfjörðum og Norðausturlandi verði a.m.k. dregin til baka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:18]

Brtt. 660 felld með 27:21 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MÞH, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 36:9 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS, ÖS.

**nei:** GAK, JÁ, JBjarn, LB, MÞH, SJS, VF, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JGunn, KHG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 682).

### *Flugmálastjórn Íslands, 3. umr.*

Stjfrv., 390. mál (heimildir til gjaldtöku). — Þskj. 658.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:19]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 683).

### *Póst- og fjarskiptastofnun, 3. umr.*

Stjfrv., 397. mál (tekjugrunnur). — Þskj. 659.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:20]

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SæS, ÞES, ÞórdS.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, MÞH, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 684).

***Búnaðarfræðsla, 3. umr.***

Stjfrv., 189. mál (Háskólinn á Hólum). — Þskj. 661.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:20]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 685).

***Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.***

Frv. allshn., 413. mál. — Þskj. 468.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:21]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BJJ, EKG, EMS, GHall, HBl, HHj, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 686).

***Jarðalög, 3. umr.***

Frv. landbn., 418. mál (veðtökuheimildir óðalsbænda). — Þskj. 487.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:22]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, SæS, VF, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (BJJ, EKG, EOK, EMS, GHall, HBl, HHj, JBjart, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 687).

***Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 2. umr.***

Stjfrv., 276. mál (lækkun tekjuskatts o.fl.). — Þskj. 286, nál. 568 og 570, brtt. 569, 571, 601 og 605.

[12:22]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum. Nefndarálitið er að finna á þskj. 568.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Elísabetu Guðbjörnsdóttur, Dórótheu Jóhannsdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra, Gunnlaug Júlíusson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði. Nefndinni hafa auk þess borist umsagnir um frumvarpið.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt og jafnframt ein breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Lagt er til að frá og með 1. janúar 2007 lækki tekjuskattur einstaklinga um 1% í stað þess að lækka um 2% eins og gert var ráð fyrir samkvæmt lögum nr. 129/2004, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og fleiri lögum. Lögð er til breyting á aldursmarki barnabóta þannig að það hækki úr 16 í 18 ár. Þá er í frumvarpinu lagt til að neðra aldursmark ívilnunar vegna útgjalda til menntunar hækki í 18 ár. Einnig er lagt til að fjárhæðir persónuafsláttar, sjómannaafsláttar og vaxtabóta hækki frá 1. janúar 2007 og sömuleiðis að fjárhæðir persónuafsláttar taki árlega hækkunum til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Lagt er til að greiðslur til erlendra aðila vegna leigu loftfara og skipa verði undanþegnar skattskyldu. Þá er lagt til að þær greiðslur verði undanþegnar skattskyldu sem foreldrar eða forráðamenn fá frá sveitarfélagi vegna umönnunar barns frá þeim tíma er fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskóla- eða grunnskólanám hefst. Jafnframt er lagt til að arður sem úthlutað er milli aðila sem eru samskattaðir skv. 55. gr. tekjuskattslaga verði undanþeginn staðgreiðslu í þann tíma sem samsköttun varir. Að lokum má nefna að lögð er til breyting á 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga, um frádrátt frá tekjum í atvinnurekstri, þannig að ákvæðið taki einnig til ríkja sem ekki eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) en eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Herra forseti. Eins og að framan greinir er með frum-

varpinu lagt til að tekjuskattur einstaklinga lækki um áramótin um 1% í stað 2% lækkunar sem þegar hafði verið lögfest. Einnig er lagt til að um áramót hækki persónuafsláttur einstaklinga úr 29.029 kr. á mánuði í 32.150 kr. á mánuði. Við þetta hækka skattleysismörk einstaklinga úr 79 þús. kr. í 90 þús. kr. Er jafnframt lagt til að persónuafsláttur verði endurskoðaður árlega, samanber framangreint. Þessar breytingar, auk þeirrar breytingar að barnabætur verði greiddar til 18 ára aldurs í stað 16 ára, eiga rætur sínar að rekja til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar 22. júní síðastliðinn til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga.

Nefndin ræddi um ákvæði 2. gr. frumvarpsins, þ.e. um undanþágu frá skattskyldu vegna greiðslna sem foreldrar eða forráðamenn barna fá frá sveitarfélögum til að annast heima börn á tilteknum aldri. Um er að ræða hlunnindi sem flestir forráðamenn barna njóta en hafa ekki verið skattlögð sem slík vegna félagslegs eiginleika þeirra. Þegar þessi hlunnindi eru greidd út í peningum er ekki eðlilegt að þau séu skattlögð. Þau sjónarmið voru rædd hvort það sama ætti ekki að gilda um aðrar greiðslur eða ávísanir frá hinu opinbera sem ætlað er að greiða almennt fyrir opinbera þjónustu eins og tónlistarkennslu eða jafnvel grunnskólakennslu, samanber einkaskóla. Þá var rætt um hver hugsunin almennt væri á bak við það að sumar greiðslur frá opinberum aðilum eru skattfrjálsar en aðrar ekki. Almennt er stefnan sú að hafa undanþágur skattalaga sem fæstar og skulu þær jafnframt skýrðar þröngt með tilliti til þess að jafnræði sé með borgurunum.

Meiri hlutinn leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Annars vegar er um að ræða breytingar á fjárhæðum 8. gr. frumvarpsins til samræmis við nýsamþykkt lög um breytingu á lágmarki eignaviðmiðunar til skerðingar á vaxtabótum, sem er að finna á þskj. 465 á 133. löggjafarþingi. Hins vegar er lagt til að 4. gr. frumvarpsins falli brott þannig að áfram verði heimilt að lækka tekjuskattstofn manns sem hefur veruleg útgjöld af menntun barna sinna 16 ára og eldri en ekki 18 ára og eldri eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Hv. þingmenn Pétur H. Blöndal og Birgir Ármannsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, með fyrirvara, Ásta Möller og Sæunn Stefánsdóttir.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka hér ræðu minni sem framsögumaður en ræða um fyrirvara sem ég geri við þetta frumvarp. Í ofangreindu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins sem gert var 22. júní um framhald á kjarasamningi var ákveðið að tekjuskattur skyldi ekki lækka um 2% um næstu áramót heldur um 1% og að persónuafsláttur skyldi hækka sem þeim fjármunum nemur. Þetta samningsatriði aðila vinnumarkaðarins er mjög undarlegt í ljósi þess að það er löggjafinn sem ákveður slíkar breytingar á lögum og löggjafinn er kosinn af almennum kjósendum í landinu til þess að standa að setningu löggjafar en ekki þeir aðilar sem stóðu að þessu samkomulagi þann 22. júní. Þeir eru ekki kosnir almennum kosningum af borgurum þessa lands. Hins (Gripið fram í.) vegar virðist vald þeirra vera það mikið að þetta frumvarp er hér komið inn á Alþingi sem stjórnarfrumvarp og virðist sem þingheimur eigi að hlíta því.

Þetta gengur þvert á þá lífsstefnu mína að láta skattkerfið ekki stýra fólki. Svona hár persónuafsláttur gerir það einmitt að verkum að stór hluti þjóðarinnar greiðir ekki skatta og sá hluti þjóðarinnar hefur áhuga á því að auka útgjöld ríkissjóðs vegna þess að hann finnur ekki fyrir skattunum sem koma á móti. Það má líka líta á háan persónuafslátt sem niðurgreiðslu á lágum launum, niðurgreiðslu gagnvart öðrum löndum sem þýðir að lágar tekjur eru skattfrjálsar en af hærri tekjum borga menn mun hærri skatt, eins og kemur fram í þessu frumvarpi. Það á að skattleggja hærri tekjur meira til þess að lágar tekjur séu skattfrjálsar. Þetta er sem sagt niðurgreiðsla á lágum launum og lokkar þar af leiðandi láglaunastörf til landsins sem ég tel ekki endilega vera æskilegt. Þetta eykur líka hættu á fátæktargildrum sem kallaðar eru svo, þ.e. það verður erfiðara fyrir fólk með lágar tekjur að bæta stöðu sína vegna þess að það þarf að yfirvinna skerðingar vegna hárra skatta, alls konar tekjutenginga á bótum o.s.frv. sem gerir það að verkum að mjög margir hafa fest í fátækt, fátæktargildrum, lágum launum og eru á bótum. Þetta held ég að sé mjög neikvæð þróun í þjóðfélaginu.

Sú skattalækkun sem ákveðin hafði verið, 2% um næstu áramót, hefði þýtt fyrir meðallaun ASÍ sem eru um 300 þús. kr. á mánuði, 6 þús. kr. lækkun á sköttum hjá meðaljóni í ASÍ, einmitt hjá þeim aðilum sem hér voru að semja. Nú fær hann ekki nema 3 þús. kr. lækkun á sköttum. Hann fær reyndar um 3 þús. kr. hækkun á persónuafslætti þannig að hann fær um 6 þús. kr. meira til ráðstöfunar. En persónuafsláttur hefði eflaust hækkað eitthvað vegna verðbólgu þannig að meðaljóninn hjá ASÍ er verr settur með þetta frumvarp heldur en ekki, fyrir utan það að hann er ekki hvattur eins til að afla meiri tekna með því að mennta sig, með því að sýna meiri snilli, með því að skipta um starf og með því að taka á sig meiri ábyrgð. Þetta frumvarp gengur því í þá átt að auka meðalmennsku í þjóðfélaginu og hvetja fólk síður til dugnaðar.

Nú hafa verið uppi kenningar um að skattkerfið hafi áhrif á skattstofninn, svokölluð Laffer-kúrfa er þekkt. Við sjáum dæmi þess, sérstaklega varðandi hagnað fyrirtækja en hagnaður fyrirtækja er mjög hvikur skattstofn. Einu sinni voru skattar á hagnað fyrirtækja 50% og tekjur ríkissjóðs óverulegar. Síðan var þessi skattprósenta lækkuð í þrepum alveg niður í 18% og við hverja einustu lækkun stórjukust tekjur ríkissjóðs. Og nú eru þær margfaldar, herra forseti, miðað við sem var þegar skattprósentan var 50%, sem sagt 18% skattur sem ég mundi telja að væri skattalækkun frá 50% gefur meiri tekjur en 50% skattur, þ.e. skattalækkun þýðir um leið skattahækkun, herra forseti, vegna þess að hærri tekjur ríkissjóðs eru jú meiri skattar á fyrirtækin. Það er þessi þversögn sem menn eru endalaust að rífast um. Þegar tekjuskattur fyrirtækja er lækkaður úr 50% í 18% stóraukast greiðslur fyrirtækjanna til ríkissjóðs. Er það skattalækkun eða skattahækkun?

Ég held að það sama hafi gerst hjá einstaklingum, með laun þeirra. Þegar skattar voru lækkaðir, þ.e. prósentan,

herra forseti, var fólk hvatt til þess að afla meiri tekna. Það hlýddi kallinu. Það hefur meiri tekjur. Fólk hefur meiri tekjur núna en var í upphafi, þegar af stað var lagt. Laun á Íslandi hafa hækkað eins og hvergi annars staðar. Ég vil gjarnan að menn bendi mér á eitthvert land í heiminum þar sem laun hafa hækkað annað eins, herra forseti, umfram verðlag og hér á landi. Á sama tíma hafa allar bætur hækkað enn meira en launin þannig að sú stefna að lækka skatta á fyrirtæki og einstaklinga hefur stækkað kökuna, þjóðarkökuna, þannig að allir eru betur settir, líka þeir sem hafa lægstu launin. Já, ég gleymdi því, herra forseti, að lægstu launin hafa hækkað langmest sem er mjög ánægjulegt því að þau voru skammarlega lág 1995 þegar ég kom inn á þing. Þau voru 43 þús. kr. á mánuði en eru núna komin upp í 120–130 þús. sem er mjög ánægjulegt.

Sú stefna að taka upp flata og lækkandi skattprósentu og hvetja fólk til dáða hefur sýnt sig að hvetja fólk til dáða. Laun hafa hækkað. Rekstur fyrirtækja blómgast. Hagnaður fyrirtækja er þvílíkur að þau skila miklum tekjum í ríkissjóð og afkoma ríkissjóðs hefur batnað í kjölfarið á öllu saman. Það frumvarp sem hér er verið að ræða, þetta samkomulag aðila vinnumarkaðarins sem eru uppteknari af því að skipta kökunni en að stækka hana, er skref til baka. Það er minn fyrirvari, herra forseti, og ég mun vera á móti því að samþykkja skattahækkun, prósentuhækkun, á allan almenning í landinu því við erum með frumvarpi þessu að hækka skatta frá núgildandi lögum um 1% um næstu áramót.

Það eru önnur atriði þarna inni, til dæmis barnabætur og skattaívilnun vegna kostnaðar foreldra, sem eru mjög skrýtin fyrirbæri og lítið rædd og jafnvel ekki þekkt. Barnabæturnar eru háðar tekjum og eignum foreldra. Menn geta deilt um hversu nákvæmlega það er tengt o.s.frv. en þær eru ekki háðar tekjum barnsins. En þegar þær eru hækkaðar upp í 18 ár fara að koma upp dæmi um það, til dæmis hjá ungum sjómönnum, söngvurum eða slíkum, ungu afreksfólki, að það er með góðar tekjur og getur á sama tíma verið með barnabætur sem eru skertar vegna tekna foreldranna og eigna foreldranna. Hins vegar er skattaívilnun vegna kostnaðar við nám háð tekjum barnsins en ekki tekjum foreldranna og ekki eignum foreldranna. Foreldrarnir geta verið með miklar eignir, 40–50 millj. kr. nettóeign og háar tekjur og fá skattaívilnanir. Mér finnst þetta mjög óeðlilegt, herra forseti, mjög óeðlilegt. Og svo var niðurstaðan sú í efnahags- og viðskiptanefnd eftir mikið japl og jaml og fuður að ákveðið var að veita hvort tveggja. Við veitum því einum hópi fólks sem getur verið tekjuhár og með miklar eignir ívilnun vegna menntunarkostnaðar barna en ef börnin hafa einhverjar tekjur þá er það skert. Hins vegar erum við að veita barnabætur til 18 ára aldurs sem eru skertar vegna eigna og tekna foreldranna en ekki vegna tekna barnsins. En svona er niðurstaðan. Ég er ekkert yfir mig hrifinn af þessu.

Herra forseti. Í frumvarpinu er komið inn á skemmtilegt vandamál sem kemur upp á yfirborðið. Samkvæmt lögum eiga hlunnindi að vera skattskyld. Það stendur í skattalögum. Ef ég bý ókeypis í herbergi eða íbúð á mér að reiknast leiga sem hlunnindi. Ef ég er með bíl frá atvinnurekanda eiga mér að reiknast tekjur vegna afnota af bílnum. Hins vegar ef ég fæ í hendur eitthvað úr heilbrigðisþjónustunni, ókeypis aðgang, til dæmis ef ég fæ þjónustu við líkamsrækt eða eitthvað slíkt sem er nauðsynleg læknisfræðilega þá eru það hlunnindi en þau eru ei skattskyld. Það dettur engum í hug að skatta það. Ef ég ligg á spítala eru það líka hlunnindi sem eru að sjálfsögðu skattfrjáls. Ef ég sendi börnin mín í grunnskóla eru það hlunnindi en þau eru skattfrjáls. Það er hins vegar hvergi talað um það, herra forseti. Þetta er bara svona þegjandi samkomulag. Og svo fara að koma upp dálítið skemmtilegir fletir á þessu. Þegar menn eru með börnin í leikskóla hjá sveitarfélagi eru það að sjálfsögðu skattfrjáls hlunnindi. Engum hefur dottið í hug að skatta það. En þau hlunnindi eru mjög mikil. Mér skilst að foreldrar borgi um 25–27% af kostnaðinum. Þau borga kannski 30 þús. kr. Það þýðir að sveitarfélagið borgar 70 þús. kr. á móti. Fólkið fær fyrir hvert barn 70 þús. kr. frá sveitarfélaginu. En það er ekki skattað sem hlunnindi. Samt nýta það ekki allir. Einstaka maður nýtir það ekki. En það er orðið mjög sjaldgæft.

Þegar svo sveitarfélaginu dettur í hug að borga mönnum þennan 70 þús. kall beint og svo getur fólk ráðið því hvort það borgar 100 þús. kr. fyrir að senda barnið í leikskóla þá kemur allt í einu upp spurningin um hvort það sé skattfrjálst. Mér finnst það ekki spurning. Ef það var skattfrjálst sem hlunnindi hlýtur það líka að vera skattfrjálst sem greiðsla frá sveitarfélaginu til þess að gera nákvæmlega sama hlutinn heima hjá sér. Ef menn skyldu taka upp kerfi sem þykir mjög gott víða, þ.e. að taka upp ávísanir fyrir grunnskóla þannig að foreldrar geti valið sér grunnskóla sem eykur samkeppni milli grunnskólans sem í dag er gjörsamlega óþekkt — það er engin samkeppni — þá yrði það væntanlega líka skattfrjálst, í mínum huga að minnsta kosti. En svo er ekki í dag. Þetta held ég að menn þurfi að ræða, þ.e. um skattskyldu eða skattfrelsi hlunninda í velferðarkerfinu, þ.e. bæði í heilbrigðis- og menntakerfinu.

Herra forseti. Ég fellst á þetta frumvarp að mestu leyti. Ég hef fyrirvara við þessa hækkun á sköttum. Ég get alveg fallist á það að persónuafslátturinn hækki. Það er allt í lagi. Ég er á móti þeirri stefnu að vera upptekinn af því að skipta kökunni í staðinn fyrir að stækka hana. Ég held að árangur undanfarinna ára á Íslandi sanni að betra sé að hafa skattkerfið einfalt og með hæfilega lágum sköttum sem hvetur fólk til dáða og stækkar kökuna. Hins vegar hef ég miklar efasemdir um og set stórt spurningarmerki við það hvort aðilar úti í bæ, eins og aðilar vinnumarkaðarins, sem þykjast tala fyrir hönd 100 þús. manna en gera það að sjálfsögðu ekki því að það er ekkert lýðræði innan þeirra hreyfingar, ákveði lög fyrir Alþingi. Ég set stórt spurningarmerki við það og minni á vandræðaganginn varðandi vaxtabæturnar sem við vorum með hérna í haust þegar ASÍ gagnrýndi allt milli himins og jarðar en kom aldrei með neinar tillögur um eitt eða neitt. Það var nánast sama hvað gengið var langt og teygt sig í áttina, þ.e. hvað tekju- og eignamörkin voru hækkuð. Þeir nefndu aldrei neina tölu enda vildu þeir ekki nefna tölu sem segði (Gripið fram í.) að fólk sem væri með mjög miklar eignir fengi bætur frá ríkinu. Núna fær fólk með mjög miklar eignir bætur frá ríkinu.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta. Ég er búinn að nefna fyrirvara mína við þetta frumvarp.

[12:45]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir þessa ræðu því ég er svo innilega ósammála henni. Mér þótti virkilega vænt um að heyra þann málflutning sem hér var uppi vegna þess að hann er nokkurn veginn nákvæm andstaða þess sem ég stend fyrir og ég held að við stöndum fyrir í stjórnarandstöðunni.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að þetta sem hv. þingmaður gerði fyrirvara um í ræðu sinni, valdið úti í bæ, er í reynd framkvæmd á viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það er hún sem gaf yfirlýsingu um að í stað þess að lækka tekjuskattsprósentuna skyldi þetta gert á þann hátt sem hér er.

Kannski er hv. þingmaður að segja að valdið sé komið út í bæ. Kannski á hann við það að meiri hlutinn sé svo þægur að það þurfi ekki einu sinni að bera undir hann það sem hefur verið lýst yfir úti í bæ því að meiri hlutinn á hinu háa Alþingi muni án efa fylgja ríkisstjórninni eftir í einu og öllu, það þurfi ekki einu sinni að bera það undir hann. Það er kannski þetta sem hv. þingmaður á við þegar hann kvartar undan því að valdið sé komið út í bæ.

Í annan stað er ég þeirrar skoðunar að það eigi að beita skattkerfinu gagnvart sívaxandi ójöfnuði í samfélaginu. Ég er þeirrar skoðunar. Ég tel ekki að þótt skattkerfi sé beitt til jafnaðar komi það í veg fyrir að kakan geti stækkað eins og hv. þingmaður sagði í ræðu sinni. Þetta eru ekki bara tveir valkostir í lífinu.

Í þriðja lagi talaði hv. þingmaður í lokin á ræðu sinni allt að því fyrir því að það ætti jafnvel að skattleggja þjónustu sem væri veitt í gegnum grunnskólann o.s.frv. Sú þjónusta sem hv. þingmaður talaði um er þjónusta sem er veitt eftir að almenningur í þessu landi hefur fjármagnað hana með skattgreiðslum sínum, þ.e. þetta er (Forseti hringir.) samneysla þjóðarinnar þannig ég átta mig ekki á því hvað hv. (Forseti hringir.) þingmaður á við (Forseti hringir.) þegar hann talar um að skattleggja þessi hlunnindi sérstaklega.

(**Forseti** (JónK): Ég bið hv. þingmenn að virða tímamörk.)

[12:47]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta síðasta er misskilningur. Ég sagði að fólk fengi alls konar hlunnindi en það væri hvergi getið um að þau væri skattfrjáls. Ég var einmitt að hvetja menn til að taka á því og segja hvaða hlunnindi væru skattfrjáls og hver ekki. Þetta var misskilningur.

Ég ætla ekki að ræða um mismunandi heimssýn okkar hv. þingmanns. Ég er bara ánægður með það að hann skuli vera á öndverðum meiði við mig. Ég er bara virkilega ánægður með það. Það styður mig í minni trú.

Varðandi hins vegar aðila úti í bæ sem semja frumvörp og leggja þau fyrir Alþingi verð ég að hryggja hv. þingmann sem þátttakanda í þessari löggjafarsamkundu með því að flestöll stærstu mál á sviði skatta, velferðarmála o.s.frv. eru ákveðin af aðilum vinnumarkaðarins. Ef við förum í gegnum söguna 50–60 ár aftur í tímann hafa flest mál komið utan úr bæ en ekki fyrir frumkvæði hv. alþingismanna.

Það er niðurlæging Alþingis, herra forseti, að þetta skuli vera svona, að Alþingi skuli ekki hafa neitt frumkvæði að því að semja frumvörp sjálft. Nánast engin frumvörp sem samþykkt eru á Alþingi eru samin af þingmönnum sjálfum.

Þetta er niðurlæging Alþingis, herra forseti. (Gripið fram í.) Ég er að mótmæla því. Ég er að benda hv. þingmönnum á að það eru aðrir aðilar en þeir sjálfir sem móta þjóðfélagið sem við búum í. Samt erum við kosin og samkvæmt stjórnarskránni höfum við það vald að ákvarða og setja ramma um það þjóðfélag sem við búum í en við tökum alltaf við frumvörpum annars staðar frá og stærstu málin eru ákveðin hjá ASÍ og Samtökum atvinnulífsins.

[12:49]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf ekkert að koma á óvart að haft sé samráð við þegna þessa lands og fulltrúa stórra samtaka þegar teknar eru ákvarðanir og mótaðar grundvallarreglur um skipulag samfélagsins. Það er eðlilegt að hafa slíkt samráð. Þó að einstaklingar séu kosnir til setu á löggjafarsamkundunni þýðir það ekki að þeir eigi ekki að hafa samráð við nokkurn mann eða ræða við nokkurn mann þegar verið er að taka ákvarðanir sem skipta allt samfélagið miklu máli.

Ég skil ekki þennan málflutning hv. þingmanns. Hins vegar er kannski kjarninn sá, og það endurspeglast í orðum hv. þingmanns, að þegar ríkisstjórnir sitja sem enga stefnu hafa, enga hugmyndafræði og enga hugsun um það hvernig samfélagið eigi að þróast, er ekkert óeðlilegt að aðilar úti í bæ taki frumkvæði, móti ákveðna sýn og dragi daprar ríkisstjórnir (Forseti hringir.) í réttan farveg.

[12:51]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn misskilur hv. þingmaður mig. Ég átti við hvar frumkvæðið lægi. Hver kemur með hugmyndirnar? Ég átti ekki við það að ríkisvaldið, framkvæmdarvaldið, ætti að hafa hugmyndirnar. Ég tel að löggjafarsamkundan sem samkvæmt stjórnarskrá mótar ramma utan um þjóðfélagið eigi að hafa frumkvæðið. En hún hefur það ekki. Það eru einstakir starfsmenn hjá ASÍ sem hafa miklu meiri áhrif á þjóðfélagið á Íslandi en hv. þingmaður. (**Gripið fram í:** Hvers vegna er það?)

[12:51]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var ansi merkilegt að hlusta hér á ræðu hv. þm. Péturs Blöndals, talsmanns Sjálfstæðisflokksins og formanns efnahags- og viðskiptanefndar og þar af leiðandi talsmanns Sjálfstæðisflokksins í þeim málum sem lúta m.a. að skattamálum. Þau voru mörg gullkornin sem hér hrutu af vörum hans og ástæða til að halda þeim til haga.

Þingmaðurinn sagði m.a. að hinir skattlausu hefðu áhuga á að auka útgjöld ríkisins. Þeir væru sá hópur sem hefði sérstakan áhuga á því. Ég veit ekki til þess að hinir skattlausu taki hér ákvarðanir um framlög til háskólamála, vegamála, heilbrigðismála og annarra slíkra mála, að þeir séu ábyrgir fyrir því. Að sjálfsögðu ekki.

Þingmaðurinn sagði líka að frumvarpið sem hér væri til umfjöllunar væri til þess fallið að auka meðalmennskuna í samfélaginu og letja fólk til vinnu. Þetta sagði þingmaðurinn hér. Það var eiginlega svo merkilegt að hlusta á þingmanninn, þennan talsmann Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og viðskiptanefnd, að hann talaði algerlega gegn því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Hann talaði gegn sínu eigin nefndaráliti. Það er makalaust að hlusta á slíkan málatilbúnað.

Hið eina sem hann gat kannski talað fyrir var skattleysi heimgreiðslna sem hafa nú verið teknar upp í tveimur sveitarfélögum, þ.e. í Reykjavík og Kópavogi. Það er verið að hola skattkerfið til að þóknast sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum í tveimur sveitarfélögum. Í þessu tekur þátt hv. þingmaður sem alltaf talar um mikilvægi þess að umgangast ekki skattkerfið með þeim hætti.

Hann er að hola það hér, bara vegna þess að hann er að þjóna sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum í tveimur tilteknum sveitarfélögum. Það er fásinna sem hann heldur hér fram, að þetta hafi eitthvað með hlunnindagreiðslur og framlög síðan til skóla- og leikskólamála sveitarfélaganna (Forseti hringir.) að gera. Þetta eru alveg gerólík mál.

[12:53]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt skattalögum á að skattleggja hlunnindi. Það er bara svo einfalt. Það væri skemmtilegt ef upp kæmi virkilega herskár skattstjóri og færi að skattleggja þessi hlunnindi. Það er hvergi í skattalögunum neitt um að þetta skuli vera skattfrjálst.

Ég hvet til þess að menn skilgreini þetta sem skattfrjálst þannig að það sé ekki undir geðþóttaákvörðun skattstjóra komið hvað er skattfrjálst og hvað ekki. Það stendur hvergi í lögum að grunnskólaþjónusta sé skattskyld eða skattfrjáls hlunnindi foreldra eða barns. Það er hvergi stafur um það í lögum. Ég er að hvetja til að menn telji upp hvað er skattfrjálst og hvað er skattskylt þannig ef að sveitarfélögunum skyldi detta í hug að borga foreldrum kannski í formi ávísana sem ég tel mjög skynsamlegt sé það skattfrjálst.

Ef Reykjavíkurborg ákveður að láta hvert barn hafa 500–600 þús. kr. sem kostar að hafa eitt barn í grunnskóla á ári og barnið gæti valið sér skóla, annaðhvort einkaskóla eða opinberan, til að borga með þessari ávísun ætti það að vera skattfrjálst. Þetta er það sem ég legg til, að menn viti a.m.k. betur hvað er skattfrjálst og hvað skattskylt en hafi ekki skattalögin með hlunnindum inni sem skattskyld og svo er það ákvörðun skattstjóra hvort hann skattar þau eða ekki.

[12:55]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er mjög sérkennilegur málflutningur. Það leikur enginn vafi á því í skattalögum að fyrir þjónustu sem fólk fær hjá sveitarfélagi sínu í leikskólum, grunnskólum og öðrum slíkum stofnunum hefur það greitt með framlögum sínum til sveitarfélagsins, útsvari sínu. Það leikur enginn vafi á því í skattalögum að sú þjónusta sem sveitarfélagið veitir, og sveitarfélögin eru búin til í kringum slíka þjónustu við íbúa sína, er ekki skattskyld.

Það er heldur ekki sambærilegt að tala um að framlög sem einstaklingar fá fyrir það að vera heima, sem er þá tekjuauki fyrir viðkomandi fjölskyldu, séu skattskyld samkvæmt skattalögum. Það er núna sem er verið að hola það. Framlögin sem þingmaðurinn talaði um sem mögulegar þjónustuávísanir til foreldra væru þá ávísanir sem mundu ekki stoppa hjá foreldrunum, væru þar af leiðandi ekki tekjuauki (Forseti hringir.) hjá viðkomandi foreldrum, heldur færu beinustu leið til annarra (Forseti hringir.) aðila eins og skóla eða leikskóla.

[12:56]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér skilst að ýmsar bætur frá sveitarfélögum séu skattskyldar, t.d. húsaleigubætur og félagsþjónustan að hluta til. Þetta er bara ekkert á hreinu. Ég mundi gjarnan vilja að þessu yrði komið á hreint þannig að það færi ekki á milli mála hvað af þeim bótum (Gripið fram í.) sem menn fá frá sveitarfélaginu séu menn búnir að borga með sköttunum. (Gripið fram í.) Mér skilst að allt sem menn fá frá ríkinu hafi þeir borgað áður í formi skatta. Þau rök eru ekki gild. Þá geta allir opinberir starfsmenn sagt að launin ættu að vera skattfrjáls.

Ég vildi gjarnan að það yrði skilgreint hvað eru skattfrjáls hlunnindi og hvað skattskyld.

[12:57]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að vissu leyti er dapurlegt hve stuttur tími gefst til þessarar umræðu vegna þess að við erum farin að ræða hér um sjálfan grundvöll velferðarþjóðfélagsins og hugmynda okkar um samhjálp og velferð og hvernig að því skuli staðið.

Ég kveð mér hljóðs í andsvari fyrst og fremst til að vekja athygli á þeim harðvítugu árásum sem talsmaður Sjálfstæðisflokksins við þessa umræðu, hv. þm. Pétur H. Blöndal, hefur haft í frammi gagnvart verkalýðshreyfingunni og þá sérstaklega Alþýðusambandi Íslands. Hann segir að verkalýðshreyfingin hafi engan áhuga á því að auka verðmætasköpun í íslensku samfélagi, láti sig fyrst og fremst og eingöngu varða skiptinguna, skiptingu verðmæta.

Í öðru lagi fullyrðir hv. þingmaður að í verkalýðshreyfingunni sé ekkert lýðræði, starf hennar byggi ekki á lýðræðislegum vinnubrögðum.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á því sem hv. þingmaður sagði um aðkomu Alþýðusambandsins um frumvarp um vaxtabætur. Þar segir hann að Alþýðusambandið hafi engar tillögur lagt fram. Gagnrýni Alþýðusambandsins hefði fyrst og fremst falist í því að hafa ekki komist nægilega vel að borði með fulltrúum ríkisvaldsins og fjármálaráðuneytisins með aðkomu að gögnum sem gerði mönnum kleift að setja fram kröfur og hugmyndir um upphæðir. Út á þetta hefði (Forseti hringir.) gagnrýni Alþýðusambandsins fyrst og fremst gengið.

[12:59]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að ASÍ hefði ekki áhuga á að auka verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Þetta er mismunandi heimssýn, herra forseti, hvort menn vilja stunda jafnaðarstefnu sem byggist á því að skipta kökunni eða hvort hún byggist á því að efla einstaklinginn svo að kakan stækki. Þetta er mismunandi heimssýn og ég hef þá trú að það sé betra að stækka kökuna en að vera upptekinn af því að skipta henni. Það er mín skoðun.

En það vill svo til að hjá ASÍ sem er svokölluð fjöldahreyfing er önnur skoðun. Það er það sem ég er að gagnrýna, að þeir skuli hafa svo mikil áhrif, þeir sem ekki hafa verið kosnir almennri kosningu.

Svo varðandi lýðræðið í verkalýðshreyfingunni. Ég hef margoft gagnrýnt það. Það er mjög þunglamalegt og menn geta bara fylgst með því hversu oft þeir skipta um stjórnir í verkalýðshreyfingunni. Það er afskaplega sjaldan. Það er miklu meiri hreyfing á fólki á Alþingi en í verkalýðshreyfingunni.

Síðan um vaxtabæturnar. Ég átti fund með starfsmanni ASÍ um vaxtabæturnar. Ég var að ræða við starfsmann ASÍ um hvernig við ættum að hanna þjóðfélagið, frú forseti. Ég sem alþingismaður, hluti af löggjafarsamkundunni, var að ræða við og reyna að fá samþykki starfsmanns ASÍ við hugmyndum. Hann kvartaði stöðugt undan skorti á upplýsingum. Hann vildi fá þær bara allar eins og þær lögðu sig. Liggur við. Og kvartaði stöðugt undan skorti á upplýsingum sem rakst á Persónuvernd og annað slíkt og kom ekki með neinar hugmyndir. Hann gagnrýndi stöðugt þær hugmyndir sem við urðum að koma með. Við urðum að koma með einhverja tölu, einhverjar eignir. Málið var það að eftir því sem ákveðin eign er hærri þeim mun ófélagslegra varð kerfið. (Forseti hringir.)

[13:02]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa stór orð um þennan málflutning hv. þm. Péturs H. Blöndals þótt fullt tilefni sé til þess að andæfa þessum makalausu og ósvífnu árásum á Alþýðusamband Íslands. Alþýðusamband Íslands og verkalýðshreyfingin öll hefur að sjálfsögðu áhuga á því að auka verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Sú hugmynd er mjög sterk innan verkalýðshreyfingarinnar að jöfnuður í þjóðfélaginu og réttlát tekjuskipting skipti mjög miklu máli og ekki aðeins til þess að skapa hér réttlátara samfélag heldur kröftugra samfélag sem betur sé til þess fallið að auka verðmætin í þjóðfélaginu.

Ég mun koma nánar inn á aðra efnisþætti í málflutningi hv. þm. Péturs H. Blöndals í ræðu minni á eftir og víkja einnig að (Forseti hringir.) samskiptum við Alþýðusamband Íslands sem eru furðulegar staðhæfingar sem við höfum orðið hér vitni að.

[13:03]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Hv. þingmaður sagði einmitt það sem þurfti. Hann sagði að ASÍ hefði áhuga á jöfnuði og að hann skipti máli. Það er einmitt það sem við erum að ræða, mismunandi heimssýn vinstri manna og hægri manna. Við erum að ræða hvort það skipti meira máli að horfa á jöfnuðinn og vera stöðugt að skipta kökunni eða hvort það skipti meira máli að horfa á hvatninguna til einstaklingsins.

Minn flokkur er nú einu sinni einstaklingshyggjuflokkur sem vill að sjálfsögðu taka fullt tillit til jafnaðar líka en fyrst og fremst viljum við hvetja einstaklinginn til dáða og þar skilur á milli okkar og hv. þingmanns og okkar og starfsmanna ASÍ.

[13:04]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti á þskj. 570 en að álitinu standa með mér hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Ég mæli einnig fyrir breytingartillögum sem fluttar eru á þskj. 571 sem ég flyt ásamt sömu hv. þingmönnum.

Meginbreytingarnar í þessu frumvarpi fela í sér að það er verið að hrinda í framkvæmd yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní sl. sem tengist samkomulagi ASÍ og SA og tengist áframhaldi á gildandi kjarasamningum. Með frumvarpinu er tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 1% í stað 2% eins og áformað var og þess í stað er lagt til að persónuafsláttur einstaklinga hækki úr rúmum 29 þús. kr. á mánuði í 32 þús. kr. og það þýðir að skattleysismörkin fara úr 79 þús. kr. í 90 þús. kr.

Hvers vegna skyldi það nú vera að ASÍ hafi reynt að knýja þessa breytingu fram í kjarasamningum? Það er vegna þess að sú leið sem hér er valin, þ.e. að láta ígildi eins prósentustigs í tekjuskatti koma fram í hærri skattleysismörkum og persónuafslætti, skilar sér miklu betur til fólks með lágar og meðaltekjur. Um þetta hefur verið talað lengi hér á hv. Alþingi vegna þess að ríkisstjórnin hefur gert í því raunar allar götur frá 1995 að skerða skattleysismörkin, sem ættu í dag að vera einhvers staðar á milli 130 og 140 þús. kr. ef þau hefðu ekki verið skert með þeim hætti sem ríkisstjórnin hefur staðið að. Það hefur auðvitað orðið til þess að þær leiðir sem ríkisstjórnin hefur valið í skattalækkunum hafa fyrst og fremst skilað sér til hátekjufólksins. Það er óþarfi að rifja það upp mjög ítarlega á þeim stutta tíma sem við höfum í þinginu til að ræða þetta mál, svo oft höfum við gert það.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að í umsögn Samtaka atvinnulífsins kemur fram að hugmyndin á bak við breytingarnar var að fallið yrði frá lækkun annars af þeim tveimur prósentustigum tekjuskatts sem lögfest höfðu verið og að persónuafsláttur yrði hækkaður sem næmi tekjum ríkissjóðs af einni tekjuskattsprósentu.

Samtök atvinnulífsins telja að þetta hafi ekki skilað sér að fullu í persónuafslættinum og segja í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Í því ljósi er eðlilegt að fjárhæð persónuafsláttar verði endurskoðuð til hækkunar þannig að formbreyting skattalækkunarinnar úr skatthlutfalli persónuafsláttar verði hlut-

laus fyrir ríkissjóð."

ASÍ tók í sama streng í umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar um málið þannig að til þess að ígildi 1% í tekjuskatti skili sér að fullu í persónuafslættinum og hærri skattleysismörkum þarf að bæta 800 milljónum — sem Samtök atvinnulífsins kalla hér eftir og ASÍ tekur undir — inn í persónuafsláttinn og skattleysismörkin og við það mundu skattleysismörkin hækka um 1.100 kr. og fara úr 90 þúsund í 91.100 kr. ef þetta allt hefði skilað sér þar inn. Það er m.a. einn hluti af þeirri breytingartillögu sem ég mæli hér fyrir.

Þegar þetta nefndarálit var skrifað höfðum við ekki enn þá fengið útreikninga á því til þess að sjá hvað það þýddi ef bæði prósentustigin mundu skila sér í hækkun á skattleysismörkum og persónuafslætti en það kom reyndar síðar, eftir að álitið var lagt fram, og þá staðfestu þeir útreikningar raunar eina ferðina enn að það að flytja bæði prósentustigin yfir í persónuafsláttinn til hækkunar á skattleysismörkum kom sér miklu, miklu betur fyrir fólk með lágar og meðaltekjur. Það yrði því þannig að fólk með 300 þús. kr. eða minna á mánuði, eða 3,6–3,7 millj. á ári, sem eru rúmlega meðaltekjur, mundi greiða minna í skatt með þeirri leið að láta tvö prósentustigin ganga í persónuafsláttinn og skattleysismörkin í stað þeirrar leiðar sem ríkisstjórnin velur. Sennilega eru það um fimm þúsund færri einstaklingar sem munu greiða skatt samkvæmt þeirri leið að láta bæði prósentustigin ganga í það að hækka skattleysismörkin. Það er auðvitað löngu kominn tími til þess, virðulegi forseti, að farin sé sú leið að skattalækkanir hér á hv. Alþingi skili sér með betri hætti til lágtekjuhópa, lífeyrisþega og til fólks með meðaltekjur. Þetta, eins og ég sagði, skilar sér betur til fólks sem er yfir meðaltekjum.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, sem er 1. flutningsmaður að breytingartillögu sem við flytjum, mun örugglega gera grein fyrir því síðar í umræðunni.

Í upphaflegri grein frumvarpsins var ákvæði sem fól í sér að heimild í 65. gr. skattalaga til að lækka tekjuskattsstofn vegna verulegra útgjalda vegna menntunar barna, þ.e. þess sem greitt er með börnum og unglingum frá 16–21 árs aldri yrði breytt á þann veg að einungis yrði hægt að beita þeim skattaívilnunum vegna barna frá 18 til 21 árs aldurs. Það átti sem sagt að klípa árin 16 og 17 ára af þannig að greiðslur vegna menntunar barna á þeim aldri áttu að falla niður og rökin voru þau að það væri verið að taka upp hærra aldursviðmið í barnabótum, þ.e. þeim sem eru tekjutengdar eða úr 16 í 18 ár. Þessu er auðvitað ekkert saman að jafna vegna þess að aðrir hópar fá líka sams konar menntunarívilnanir, þeir sem t.d. ekki fá barnabætur greiddar eftir að þetta er orðið að lögum, 16–18 ára viðmiðið, þ.e. þeir sem ekki njóta tekjutengdra barnabóta.

Þetta var auðvitað mjög gagnrýnt vegna þess að það var alveg ljóst að þetta mundi sérstaklega bitna á fjölskyldum á landsbyggðinni sem þurfa að senda börn sín um langan veg í framhaldsskóla, og vitaskuld hafa þessar skattaívilnanir líka gagnast mjög fjölskyldum á höfuðborgarsvæðinu en þær geta að hámarki verið 204 þús. kr. á ári. Því er ástæða til þess að fagna því að stjórnarliðar lögðu á flótta í þessu máli eftir að þeim var gert ljóst að auðvitað væri ekkert vit í því að fara í þessa breytingu og þeir féllust á röksemdir ASÍ og stjórnarandstöðunnar í málinu við lokaafgreiðslu þess í nefnd en þá var fallið frá þessum áformum og því ber sannarlega að fagna.

Í frumvarpinu eru einnig ákvæði sem lúta að úrbótum á vaxtabótakerfinu. Það er talað um að hækka eigi viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta um 6% til þess að þær haldi raungildi sínu á árinu 2007. Við bendum á að þessar greiðslur þurfa raunverulega að fara í 12%, þessar hækkanir á viðmiðunarfjárhæðum, ef taka á með þær breytingar sem urðu milli áranna 2005 og 2006. Alþýðusamband Íslands hefur m.a. bent á þetta og við í minni hlutanum flytjum breytingartillögu um að hækkun á viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta fari í 12% í stað 6% eins og ríkisstjórnin leggur til.

Það væri auðvitað full ástæða, virðulegi forseti, til þess að fara hér ítarlega yfir vaxtabótakerfið og þær skerðingar sem fólk hefur mátt sæta í tíð núverandi ríkisstjórnar á vaxtabótum en ríkisstjórnin hefur verið mjög flink að finna alls konar leiðir ár eftir ár til þess að skerða vaxtabótakerfið sífellt meira og meira sem er aðallega íhaldsmönnum þyrnir í augum. Það er eins og menn átti sig aldrei á því að það verið að koma í bakið á fólki þegar verið er að skerða vaxtabætur vegna þess að fólk hefur gert áætlanir sínar, t.d. varðandi húsnæðisöflun, með tilliti til vaxtabótanna.

Ég vil næst víkja að því sem nokkuð var rætt hér í andsvörum og snertir svokallaðar heimgreiðslur og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins. Ég held að það megi segja, virðulegi forseti, að hér er á ferðinni mjög alvarleg stefnubreyting á sviði jafnréttismála og í málefnum ungbarnafjölskyldna almennt. Eins og hér kom fram hafa tvö eða þrjú sveitarfélög sem stjórnað er af sjálfstæðismönnum tekið upp slíkar heimgreiðslur. Það er ástæða til þess að vitna til þess að í Noregi voru teknar upp svona heimgreiðslur fyrir einhverju síðan og reynslan af þeim er mjög slæm og nú íhuga Norðmenn að leggja þær af. Þær hafa nær eingöngu verið nýttar af mæðrum og því stuðlað að því að konur hverfi af vinnumarkaðnum og það vinnur auðvitað gegn jafnrétti kynjanna.

Í 2. gr. er lögð til heimgreiðsla sem foreldrar eða forráðamenn barna fá frá sveitarfélagi til að annast barn og að hún sé undanþegin skattskyldu. Þessar greiðslur eru aðallega hugsaðar vegna barna þegar fæðingarorlofi lýkur til tveggja ára aldurs. Þær eru valkvæðar þannig að jafnvel þó að þjónusta hjá sveitarfélaginu bjóðist þá getur fólk valið hvort það tekur þjónustuna eða velur þessar greiðslur sem ég held að séu yfirleitt um 30 þús. kr. á mánuði. Fyrirkomulagið er þannig að foreldrar geta ákveðið hvor þeir taka þessar heimgreiðslur eða nýta sér leikskólapláss eða þjónustu dagmæðra. Það er auðvitað full ástæða til þess að óttast að ef sveitarfélögin innleiða heimgreiðslur og þær festast í sessi að þær geti leitt til bakslags í jafnréttisbaráttunni og að þær geti leitt til þess að framþróun í fæðingarorlofslögunum seinki eða uppbyggingu leikskólaplássa fyrir yngri börn sem nú hafa ekki aðgang að leikskóla. Auk þess tryggja þessar greiðslur, sem eru eins og ég sagði um 30 þús. kr. á mánuði, engan veginn það að ná því markmiði sem sett er fram með þeim en tilgangur þeirra er að styðja við foreldra sem leggja áherslu á að vera heima með börn sín eftir að fæðingarorlofi lýkur. Eða má spyrja: Er þarna

um eitthvert val að ræða fyrir foreldri, að vera heima eða ekki fyrir 30 þús. kr. á mánuði? Það er nú varla hægt að kaupa pössun fyrir það út mánuðinn fyrir þá sem vilja engu að síður vera á vinnumarkaðnum og taka þessar heimgreiðslur. Síðan veit auðvitað enginn í hvað þeim er eytt þessum 30 þús. kr. sem fjölskyldur fá í stað þess að þiggja þjónustu dagmæðra eða leikskóla.

Við teljum að það eigi fremur að vinna að því að lengja fæðingarorlof, t.d. í 15 mánuði og að börn komist á leikskóla við 15 mánaða aldur. Fyrir Alþingi liggur tillaga um að fara þá leið að félagsmálaráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga verði falið að kanna hvernig auka megi þjónustu við ungbarnafjölskyldur frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn kemst á leikskóla.

Síðan er önnur hlið á þeirri leið sem ríkisstjórnin er að fara. Hún er náttúrlega, eins og hér kom fram, alveg greinilega að hola skattkerfið og opna fyrir það að upp muni koma ýmsar kröfur úti í þjóðfélaginu um að fleiri sambærilegar greiðslur verði einnig undanþegnar skattskyldu. Ég veit ekki hvernig ríkisstjórnin ætlar að fara að verja það þegar t.d. foreldrar langveikra barna sem fá greiðslur, vegna þess að í mörgum tilvikum getur þetta fólk ekki verið á vinnumarkaðnum. Fyrir einu eða tveimur árum voru samþykktar greiðslur til foreldra langveikra barna, sem eru að vísu lágar eða rúmar 90 þús. kr. á mánuði, og auðvitað eiga þær þá með sama hætti að vera skattfrjálsar eins og þessar heimgreiðslur. Fulltrúi ríkisskattstjóra, sem kom á fund nefndarinnar, tók undir það að þessar greiðslur væru auðvitað nákvæmlega sama eðlis. Og auðvitað munum við, ef þessar heimgreiðslur ná fram að ganga sem allt bendir til, flytja tillögu við 3. umr. um að greiðslur til foreldra langveikra barna verði með sama hætti undanþegnar skatti. Það er útilokað bara með tilliti til jafnræðisreglunnar fyrir stjórnarliða að fella slíka tillögu.

Í umsögn ríkisskattstjóra kom fram og hann benti á það að ekki eru undanþágur í skattskyldu á bótum til maka eða annarra sem heldur heimili með elli- og örorkulífeyrisþega sem eru greiddar á grundvelli laga um félagsþjónustu en slíkar bætur ráðast m.a. af umönnunarþörf lífeyrisþega. Ríkisskattstjóri eða fulltrúi hans sagði einnig að ef þetta ætti að ganga í gegn, þá ættu þær greiðslur líka að vera undanþegnar skatti. Það er því auðvitað verið að opna á alls konar leiðir og kröfur um það úti í þjóðfélaginu að sambærilegar greiðslur eða styrkir verði undanþegnir skatti. Hvað með fjárhagsstyrk sveitarfélaga? Þetta rennir auðvitað stoðum undir það líka að fjárhagsstyrkir sveitarfélaga ættu að vera skattfrjálsir með sama hætti.

Það væri auðvitað hægt að hafa um þetta mörg orð en ég ætla að virða það samkomulag sem hér hefur verið gert um tíma í þessum umræðum þó að full ástæða hefði verið til að ræða þetta betur. Ég hefði viljað ræða hér barnabætur sem verið er að breyta. Að vísu er verið að auka þær og var eiginlega kominn tími til þess að gera það eftir allar þær skerðingar sem hafa gengið í gegn á barnabótum. En raungildi barnabóta og þær greiðslur sem hafa farið úr ríkissjóði í barnabætur hafa verið skertar verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Ég vil að lokum nefna tillögu sem við flytjum um að arður frá einu hlutafélagi til annars verði undanþeginn staðgreiðslu en fyrir því voru færð rök hjá einum umsagnaraðila sem kom á fund nefndarinnar og á það var bent að telja verði óeðlilegt að haldið sé eftir staðgreiðsluskatti af arðstekjum hlutafélaga. Tekjur þessar má draga frá tekjuskattsstofni slíkra félaga og því er verið að halda eftir skatti af tekjum sem í raun eru ekki skattskyldar. Í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir að ekki verði þörf á að halda eftir fjármagnstekjuskatti af arði sem úthlutað er milli þeirra félaga sem samsköttuð eru en minni hlutinn leggur til að þetta ákvæði nái einnig til arðgreiðslna milli hlutafélaga sem eru hvort sem er undanþegin skattskyldu en haldið eftir í staðgreiðslunni. Þarna er því raunverulega verið að halda eftir fé sem samkvæmt skattalögum á ekki að fara í ríkissjóð, ríkissjóður getur haft af þessu vaxtatekjur í einhverja mánuði, kannski allt upp í 18 mánuði og verið með þetta sem geymslufé og því eðlilegt að undanþiggja þetta einnig í staðgreiðslunni.

Ég hef lýst, virðulegi forseti, þeim breytingartillögum sem við flytjum hér og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson mun síðan lýsa annarri breytingartillögu sem við erum með sem snertir það að auka hér enn frekar á persónuafslátt og hækka skattleysismörkin.

[13:22]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér fer fram mjög mikilvæg umræða um breytingar á tekjuskattslögunum og óska ég eftir því að hæstv. fjármálaráðherra verði viðstaddur ræðu mína. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Pétur H. Blöndal segir mér ekki fyrir verkum hér.

(**Forseti** (JónK)**:** Nú gengur fjármálaráðherra í salinn.)

Það eru eitt eða tvö atriði sem ég vildi gjarnan ræða beint við hæstv. fjármálaráðherra. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert grein fyrir nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um þetta frumvarp, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert grein fyrir ýmsum tillögum sem stjórnarandstaðan stendur að, breytingartillögum við frumvarpið, og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson mun enn fremur gera grein fyrir breytingartillögum sem við stöndum sameiginlega að og ætla ég í sjálfu sér ekki að orðlengja um þær heldur staðnæmast við tiltekinn þátt í frumvarpinu, þ.e. 2. gr. frumvarpsins.

Ég vil í upphafi máls míns ítreka gagnrýni mína á málflutning hv. þm. Péturs H. Blöndals og harðvítugar árásir hans á Alþýðusamband Íslands og verkalýðshreyfinguna í framsögu sinni. Þar fannst mér hann hafa uppi mjög ómakleg orð og ómaklegar yfirlýsingar í garð Alþýðusambandsins sem ég tel að standist ekki. Hann sakar verkalýðshreyfinguna um mjög ólýðræðisleg vinnubrögð og að hún hafi ekki staðið eðlilega að málum varðandi vaxtabætur og útreikninga á þeim. Ég minni á að verkalýðshreyfingin og fulltrúar hennar höfðu óskað eftir því að koma betur að borði, fyrr og betur að borði, með fulltrúum fjármálaráðuneytisins á sínum tíma og fá aðgang að gögnum sem nauðsynleg væru til að fá yfirsýn yfir málið og geta sett fram tölur sem fullnægðu þeim markmiðum sem að væri stefnt.

Ég vil bæta því við að þegar gagnrýnt er að aðilar úti í bæ, eins og hv. þingmaður kallar verkalýðshreyfinguna,

koma að máli, þá verð ég að segja að mér finnst það vera gott að Alþingi Íslendinga, löggjafarsamkundan, skuli leita til aðila í samfélaginu, ekki aðeins verkalýðshreyfingarinnar, heldur annarra aðila einnig eins og Samtaka atvinnulífsins, þótt ég sé ekki alltaf sammála þeim. Í fjölþátta lýðræðisþjóðfélagi á að sjálfsögðu að leita sjónarmiða sem víðast. Sama gildir um listamenn, neytendasamtök o.s.frv. Síðan er það þingsins að taka ákvörðun og í þessu tilviki var það ríkisstjórnin sem tók sína ákvörðun í umboði stjórnarmeirihlutans eftir samningaviðræður sem hún hafði átt á þríhliða grunni við verkalýðshreyfinguna og samtök atvinnurekenda. Nóg um þetta að sinni.

*Það atriði sem ég vildi staðnæmast við, hæstv. forseti, í* þessu frumvarpi er 2. gr. Nokkuð hefur verið komið inn á hana áður og m.a. í framsöguerindi hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem er vissulega sjálfum sér samkvæmur í málflutningi sínum. Ég tel hann snerta slík grundvallaratriði í okkar velferðarsamfélagi að það hefði verið efni til að hafa þessa umræðu miklu lengri. En því miður getur svo ekki orðið vegna þess að við höfum komist að samkomulagi um að ljúka þinginu nú síðdegis.

2. gr. frumvarpsins er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barns fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima, frá lokum fæðingarorlofs fram til þess að það hefur leikskólavistun eða grunnskólanám, teljast ekki til tekna hjá móttakanda."

Þegar síðan flett er upp á athugasemdum við þessa grein í frumvarpinu kemur fram að það er ekkert þak á þessum greiðslum. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort slíkt hafi aldrei verið rætt. Þetta virðist samkvæmt frumvarpinu gilda hvort sem um er að ræða 30 þús. kr. styrk, eins og tíðkast í Kópavogi eða ákvörðun hefur verið tekin um þar, eða styrk sem er 3 millj. og þá væri hann einnig án skatts. Ekki svo að skilja að ég búist við slíkum greiðslum, en ég vek athygli á því að í frumvarpinu eru ekki nein mörk hvað þetta snertir.

Gagnrýni mín á þetta er eftirfarandi. Í fyrsta lagi þurfum við að *íhuga forgangsröðina mjög vel ef við ætlum að fara* út á þessa braut, þ.e. að forgangsröðin hefði þurft að koma til umræðu. Ég tel að við hefðum átt að setja í forgang umönnunarbætur til aðstandenda langveikra barna, svo dæmi sé tekið.

Í annan stað vek ég athygli á þeirri grundvallarsýn, pólitísku sýn, sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins við umræðuna birti okkur og hún er sú: Í velferðarkerfinu skal allt fært til bókar, allur tilkostnaður skal færður til bókar. Hann segir okkur að sú þjónusta sem við njótum á spítölum og leikskólum og í skólunum sé í raun óskattlögð þjónusta, þegar búið er að færa hana inn í reikning og finna upphæð þá sé hún ekki skattlögð. Hið sama eigi að gilda um þá sem leita privatlausna, úti á markaði þess vegna, eða fá greiðslur með þeim hætti sem nú tíðkast hjá einhverjum sveitarfélögum. Reykjavíkurborg hefur rætt um að taka þessar greiðslur upp og Kópavogur. Það eigi sem sagt að leggja að jöfnu, privatlausnina og hina samfélagslegu. Ég tel að við séum að feta okkur út á mjög vafasamar brautir hvað þetta snertir. En er það rétt skilið hjá mér að þetta sé hin pólitíska sýn Sjálfstæðisflokksins almennt sem hér var lýst?

Þriðja atriðið sem ég vil nefna í þessu sambandi og draga athygli manna að er að þetta eru skattívilnanir sem eru mjög sértækar. Þær eru einvörðungu hjá þeim sveitarfélögum sem hafa þennan hátt á. Þetta eru ekki almennar greiðslur. Öðru máli gegndi ef við værum að ræða um almennar greiðslur sem næðu til landsmanna allra. Þetta eru sértækar lausnir. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leyfði sér að koma upp áðan og segja að ekki ætti að stýra fólki með skattkerfinu. En er ekki verið að gera nákvæmlega það með þessu? Er þá ekki verið að stýra sveitarstjórnum og sveitarfélögum inn á þessa braut? Ég hefði haldið að svo væri.

Hæstv. forseti. Ég tel að við séum að taka upp umræðu sem snertir sjálfan grundvöll velferðarkerfisins. Þetta eru *aðferðir frjálshyggjumanna sem hér hefur verið lýst og ég* hef sannast sagna furðað mig á hve litla umræðu þetta hefur vakið, innan þings og utan, og hefði trú á því, ef við værum ekki að flýta málinu eins og raun ber vitni, að þá hefði orðið mikil umræða um þetta almennt í þjóðfélaginu.

Við vekjum athygli á því í nefndaráliti okkar um frumvarpið að þetta eigi sér enn aðra hlið sem er hin kvennapólitíska hlið. Í Noregi hefur þessi háttur verið hafður á. Reynslan sýnir að það eru nær einvörðungu konur sem hafa nýtt sér þessar greiðslur og talið er að það hafi orðið til þess að konur leiti þá frekar inn á heimilin. Nú er ég því fylgjandi persónulega að börn séu ekki sett á leikskóla of snemma, ekki mjög snemma. Ég held að það sé ekki gott að þau séu knúin inn í harðan vinnudag hins fullorðna fólks. Ég held að það sé afar slæmt. En lausn okkar í stjórnarandstöðunni, og við bendum á það í nefndaráliti okkar, er að lengja fæðingarorlofið. Þar hafa verið stigin ágæt skref á undanförnum árum. Þau skref þurfa að verða miklu lengri. Við eigum að taka ákvörðun um að lengja fæðingarorlofið í næsta skrefi í 15 mánuði. Þetta tel ég að væri heppilegri lausn.

Gagnrýni mín er sú að þetta sé mjög handahófskennd ráðstöfun. Hún tekur ekki til allra landsmanna. Hún opnar á nýjar lendur, ef svo má að orði komast, og er þar af leiðandi, vegna þess að ég tel hana vera vanhugsaða, fúsk í *skattlagningu. Þessi skattlagning er fúsk, þessi lagabreyting* er fúsk. Hún er óræddí þinginu og í þjóðfélaginu almennt.

Ég hefði talið heppilegra að skjóta samþykkt þessarar lagagreinar á frest og gefa þinginu og samfélaginu ráðrúm til að ræða þetta atriði í kjölinn. Ég tel að þetta sé miklu stærra mál, miklu meira mál en svo að við eigum að afgreiða það eftir klukkutíma umræðu í þinginu.

Því vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. fjármálaráðherra: Væri hann til viðtals um að sameinast um breytingu við þetta frumvarp, um að 2. gr. frumvarpsins yrði hreinlega skotið á frest, eða gildistöku greinarinnar, þar til vandaðri og betri umræða hefði farið fram um málið?

[13:36]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem við erum að ræða hérna er út af fyrir sig ekkert nýtt. Umræða hefur farið fram um þetta atriði áður. Röksemdir mínar eru í meginatriðum þær sömu og koma fram í nefndaráliti hjá nefndinni og í greinargerðinni með frumvarpinu.

Ég held hins vegar að hv. þingmaður sé kannski að lesa heldur meira í þetta en ég hef lagt upp með í flutningi frum-

varpsins, þó auðvitað kæmi það til skoðunar hvernig farið er með þetta í framtíðinni eða eitthvað sem væri hægt að jafna til við ef það kæmi upp. En samt sem áður er verið að reyna að gera þetta á kerfisbundinn hátt.

Annað mál er hér til umræðu líka. Það er breytingartillaga með frumvarpinu frá Dagnýju Jónsdóttur, sem hér er flutt og ég veit um og styð hana. Hún er um að ættleiðingarstyrkirnir teljist ekki til tekjuskattsstofns. Það er því samræmi þar á milli.

Þetta eru hlutir sem eru greiddir af hinu opinbera á annan hátt án þess að þeir séu þar taldir til hlunninda og þar með skattskyldir. Síðan er verið að gera þetta á þennan þátt í þessu tilfelli og það er verið að láta jafnræðið gilda.

Þetta getur tekið til allra landsmanna ef sveitarstjórnirnar vilja. Hins vegar er ekkert verið að stýra sveitarstjórnunum, hvað þá að verið sé að stýra konum. Það hafa allir val um þetta.

Ég held reyndar að þegar hv. þingmaður talar um að ekkert þak sé á þessu sé hann að fara út í það sem maður gæti talið að væri tekjuskattsstofn. Ég held að við eigum að bera meira traust til sveitarstjórnanna en svo að vera að setja þetta í þann búninginn.

[13:38]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki að setja þessa umræðu inn í neinn farveg. Ég spurði einfaldlega hvort þessar skattaívilnanir séu óháðar upphæð styrkjanna. Því það er svo að skilja á frumvarpinu.

Reyndar tók ég dæmi sem kalla má absúrd þegar ég nefndi upphæðir. En engu að síður er staðreyndin sú að ekkert þak er á þessum greiðslum og gætu þess vegna verið mjög háar, ef sveitarfélagi býður svo við að horfa. Sveitarfélagi sem er vel efnað, svo dæmi sé tekið.

Ég tel að í þessu felist ákveðin mismunun vegna þess að þetta er ekki almennt fyrirkomulag. Þetta nær ekki til landsmanna allra. Þetta er fyrirkomulag sem er komið á laggirnar af pólitískum hvötum og ríkisvaldið kemur síðan til móts við aðila með þessum hætti.

Ég tel að hér sé ekki verið að grípa til aðgerða á nægilega kerfisbundinn hátt, svo ég noti orðfæri hæstv. ráðherra. Ég tel að þetta hefði þurft meiri, vandaðri og dýpri umræðu.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að dæmi eru um greiðslur sem eru ekki skattskyldar, ég nefni t.d. húsaleigustyrki og ættleiðingarstyrkir eru að koma til sögunnar. En ég tel að þetta sé að sumu leyti annars eðlis og hef reynt að færa rök fyrir því.

Að ég sé að lesa meira í orð hæstv. ráðherra en efni standa til, ég hlustaði á talsmann Sjálfstæðisflokksins og formann efnahags- og viðskiptanefndar leggja út af þessum lagabreytingum. Og á hvern hátt? Hann vill umbylta samfélaginu í frjálshyggjuátt eins og ég skil það. Ég hef furðað mig á því að Framsóknarflokkurinn (Forseti hringir.) skuli yfirleitt ljá þessu máls, alla vegana ekki efna til (Forseti hringir.) opinnar, kröftugrar umræðum málið.

[13:40]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla kannski ekki að fara neitt að lengja absúrd-hlutann í umræðunni. En auðvitað eru heldur engin mörk fyrir því hvað sveitarfélag getur lagt mikið til leikskóla og þar af leiðandi engin mörk fyrir því hvað þau „hlunnindi" geta verið verðmæt fyrir þá sem þurfa að njóta.

En ég lít á þetta eiginlega hinum megin frá en hv. þingmaður gerir. Sveitarfélagið er að reyna að leysa þarna úr ákveðnu vandamáli, sem eru leikskólamálin og hvernig við önnumst börnin á tilteknu aldursskeiði. Eins og lögin eru núna, en vonandi breytast þau síðar í dag, þá tel ég að þar sé um hindrun að ræða þar sem ekki gætir jafnræðis á milli þeirra fjármuna sem íbúar fá í gegnum hlunnindin í gegnum niðurgreiðslur á leikskólavist og í gegnum það að fá beinar greiðslur.

Það er því beinlínis verið að styðja við það að sveitarfélögin hafi meira frjálsræði í að aðstoða íbúana til að leysa úr tilteknum verkefnum á fjölbreyttari hátt en áður hefur verið, en þannig að jafnræði sé í fjárhagslega hlutanum hvað þetta varðar.

[13:42]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér kom þetta mjög vel fram. Ég skil það ekki öðruvísi en svo að hæstv. ráðherra vilji að jafnræði ríki á milli félagslegra lausna annars vegar og einkalausna hins vegar í fjárhagslegu tilliti.

Hæstv. ráðherra segir: Við erum að leysa tiltekinn vanda. Það er alveg rétt. Spurningin er hverjar þær lausnir eiga að vera. Eiga það að vera prívatlausnir eða samfélagslegar? Eigum við að lengja fæðingarorlofið? Eigum við að efla leikskólana eða ætlum við að stuðla að því að fólk fari heim?

Ég er því fylgjandi að foreldrar séu sem lengst heima með börnum sínum á unga aldri. Ég er því fylgjandi. En ég vil að það sé gert með því að lengja fæðingarorlofið en ekki með einkalausnum af því tagi sem verið er að stuðla að með frumvarpinu.

[13:43]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir breytingartillögu sem ég er 1. flutningsmaður að. Ásamt mér standa að tillögunni hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ágúst Ólafur Ágústsson og Ögmundur Jónasson.

Tillagan gengur út á það að breyta þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað í skattastefnu sinni, þ.e. því sem ASÍ náði ekki fram. ASÍ náði því fram í viðræðum við ríkisstjórnina að 1% af fyrirhugaðri skattalækkun um næstu áramót, sem átti að vera 2%, yrði fært yfir í persónuafsláttinn. (Gripið fram í.) ASÍ náði því fram í viðræðum við ríkisstjórnina. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður hefur einhverjar áhyggjur af máli mínu, heyri ég. ASÍ náði því fram í viðræðum við ríkisstjórnina að horfið var frá áformum um að lækka prósentuna flatt um 2% um næstu áramót þannig að 1% af þeirri lækkun færðist yfir í persónuafslátt. Þannig er það í frumvarpinu sem við ræðum um núna. Það hefur m.a. orðið til þess, ásamt öðrum hækkunum á persónuafslætti, að hækka skattleysismörkin úr 79 þús. kr. í 90 þús. kr.

Við í stjórnarandstöðunni höfum margsinnis talað um það í haust, einkum í sambandi við fjárlagafrumvarpið og í

tengslum við tillögur okkar í velferðarmálum, að hækka þyrfti rauntekjur þess fólks, eftir skatta, sem lægstar tekjur hefur. Í samræmi við þann málflutning höfum við lagt fram breytingartillögur um að í stað þess að lækka skattprósentuna um næstu áramót í 22,75% verði hún óbreytt eða 23,75% og í staðinn verði persónuafsláttur næsta árs hækkaður úr 385.800 kr. í 419.500 kr. á ársgrundvelli. Það þýðir að í stað þess að persónuafslátturinn verði 32.150 kr. um næstu áramót fyrir hvern einstakling yrði hann 34.960 kr. eða tæplega 35 þús. kr. á mánuði.

ASÍ og Samtök atvinnurekenda hafa bent á það að niðurfellingin og þær breytingar sem gerðar hafa verið hefðu ekki verið færðar að fullu í persónuafsláttinn, hann ætti ekki að vera 90 þús. kr. eftir næstu áramót, eins og ríkisstjórnin leggur til, heldur 91.100 kr. Við höfum sem sagt lagt til að þær 1.100 kr. sem á vantar kæmu til viðbótar þannig að skattleysismörkin færu verulega upp.

Í tillögum okkar um að breyta þessu eina prósentustigi yfir í persónuafslátt, ef það gengur eftir sem við vissulega væntum, færi persónuafslátturinn í tæplega 35 þús. kr. og skattleysismörkin þar af leiðandi upp fyrir 95 þús. kr. Með þúsund króna viðbót færu þau yfir 96 þús. kr. Við færum þá að nálgast það, hæstv. forseti, að af 100 þús. kr. tekjunum verði ekki greiddur skattur.

Mig langar að útskýra þetta í stuttu máli. Ef við skoðum hvaða breytingar yrðu á tekjum í þjóðfélaginu ef tillaga okkar væri samþykkt á Alþingi þá kæmi í ljós að skattgreiðendum í neðstu tekjuþrepunum, þ.e. fólki sem greiðir skatta af tekjum á bilinu 1,5–2 millj. kr. og upp í um tæpar 3,5 millj. kr. mundi fækka um 5.000 miðað við tillögu ríkisstjórnarinnar. Nú eru 80.800 manns á þessu tekjubili. Í þeim hópi mundi fækka. Það yrðu sem sagt ekki 80.800 manns sem greiddu tekjuskatt í lægstu tekjuhópunum heldur mundi þeim fækka niður í 75.800. Þeim fækkar fyrst og fremst í neðsta tekjuhópnum, þ.e. fólki sem í dag greiðir skatta af tekjum sem eru 1,5–2 milljónir á ársgrundvelli. Í þeim hópi fækkar úr 19.800 manns niður í 15 þúsund manns. Þar kemur fækkunin fyrst og fremst fram. Einmitt það fólk sem hefur minnstar tekjur mundi hætta að greiða skatta og njóta færslunnar yfir í persónuafsláttinn.

Allir sem eru með undir 3,5–3,6 millj. kr. í tekjur á ársgrundvelli mundu hagnast og yrði örlítil skattahækkun á fyrstu tekjuhópunum þar yfir, þ.e. einstaklingi með 4 millj. kr. eða 4,5 millj. kr. í tekjur. Skatturinn mundi hækka örlítið þar en fyrst og fremst hækkar skattbyrðin á tekjuhópum með hæstu tekjurnar. Við leggjum til að lágtekjufólkið greiði minni skatta og tilfærslan hafi áhrif á hærri tekjurnar í þjóðfélaginu, einkum þeirra sem hæstar hafa tekjurnar.

Þetta er í samræmi við stefnu okkar varðandi velferðarmál eldri borgara, öryrkja og lágtekjufólk, að fólk lifi af rauntekjum sínum. Með þessari framsetningu teljum við að jafna megi örlítið áhrif þeirra skattbreytinga sem orðið hafa á undafönum árum sem aukið hafa á misskiptingu í þjóðfélaginu eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á í ræðu og riti. Skattbyrðin hefur hlutfallslega hækkað hjá lágtekjufólki en lækkað hjá hátekjufólkinu.

Samkvæmt úttekt okkar á þessu máli munu allir sem eru með minna en 300 þús. kr. á mánuði, eða 3,6–3,7 milljónir ári, einstaklingar og þá hjón með 7 eða 7,2 millj. greiða lægri skatta. Skattgreiðslur allra skattgreiðenda undir þeim tekjum mundu lækka. Lækkunin verður hlutfallslega meiri eftir því sem tekjurnar eru lægri. Það munar mest um þetta fyrir það fólk.

Þetta er efni tillögunnar, hæstv. forseti, og þarf ekki að skýra hana mikið meira. Þetta þýðir að skattleysismörkin fara upp og fólki í lægstu tekjuhópunum sem greiðir tekjuskatta til ríkisins fækkar. Við förum öfuga leið miðað við það sem ríkisstjórnin hefur farið við að breikka skattstofninn, eins og þeir kalla það þegar þeir fjölga skattgreiðendum í neðstu skattþrepunum. Það hefur verið kallað af ríkisstjórninni að breikka skattstofninn.

Við leggjum til að farið verði í hina áttina, að þeim tekjulágu sem greiða skatta verði fækkað með því að fara með þetta yfir í persónuafslátt. Þar af leiðandi færist skattbyrðin svolítið til og meira yfir á þá sem hæstar tekjur hafa.

Þetta er meginefni tillögunnar, hæstv. forseti. Ég held að við höfum gert samkomulag um að þessi umræða yrði ekki mikið lengri en ein og hálf klukkustund. Ég ætla a.m.k. að gera mitt til þess að standa við það samkomulag. Ég vænti þess að menn sjái tilgang okkar í stjórnarandstöðunni með því að leggja þetta til. Það ætti að vera auðskilið. Þær töflur sem við erum að vitna í hafa verið unnar af fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Ég geri ráð fyrir því að stjórnarliðar hafi einnig séð þá útreikninga, að þeir séu þeim aðgengilegir eins og okkur.

Það er svo sem ekki mikið meira um þetta að segja, hæstv. forseti. Ég vænti þess að háttvirtir þingmenn vilji almennt bæta stöðu þeirra sem hafa lakari afkomu og efla þannig jöfnuð í þjóðfélaginu.

[13:55]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Að venju eru í frumvarpi þessu nokkur atriði sem tengjast fjárlögum ársins. Þau eru af óskyldum toga, oft og tíðum, eins og gefur að skilja þegar verið er að setja saman í eitt frumvarp ýmis ólík atriði. Það er býsna margt í þessu frumvarpi sem mætti taka fyrir og ræða, bæði almennt og nánar, en ég ætla að afmarka mig við fáein atriði að þessu sinni.

Fyrst vil ég þó nefna þá breytingu að færa fyrirhugaða eða ákvarðaða tekjuskattslækkun um eitt prósentustig í tekjuskatti yfir í skattleysismörkin eða persónuafsláttinn. Ég er almennt hlynntur þeirri breytingu, ég tel hana meira tekjujafnandi en hina. Þegar ráðist var í svo umfangsmikla skattalækkun eins og raun ber vitni, að lækka tekjuskattinn í 4%, þá leiðir af því vegna eðli málsins, þar sem skattgreiðendur eru þeir sem hafa tekjur yfir skattleysismörkum, að lækkunin dreifist til skattgreiðenda, hún dreifist ekki til þeirra sem ekki eru skattgreiðendur. Svo mikil lækkun eykur því muninn sem er á ráðstöfunartekjum eftir tekjuhópum.

Ég hefði kosið að menn hefðu farið blandaða leið, annars vegar að lækka prósentuna og hins vegar að hækka persónuafsláttinn, en það varð ekki niðurstaðan þá. Nú eru menn að stíga skref í áttina að því sjónarmiði með því að taka eitt prósentustig af þessum fjórum og setja það út í persónuafsláttinn. Ég tel það til bóta, það virkar tekjujafnandi. Það dreifir miklum fjárhæðum, meira til þeirra sem

hafa lægri tekjur en skattalækkunin í prósentuvís.

Ég er því út af fyrir sig á öndverðum meiði við hv. þm. Pétur Blöndal og er stuðningsmaður þess almennt að fara þessa leið þó ég sé ekki að segja að maður eigi eingöngu að fara þá leið að hækka persónuafslátt. Það þarf að horfa á hitt sjónarmiðið líka, það á sér sín rök. En eins og staðan er núna tel ég þetta betra skref en að halda sig við það sem áður hafði verið ákveðið.

Ég vil vekja athygli á umsögn Seðlabanka Íslands sem mér finnst að mörgu leyti rétt að vekja athygli á, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi aðstæðna og annarra breytinga á sköttum telur Seðlabankinn skynsamlegt að tekjuskattur verði lækkaður minna en áður hafði verið ákveðið.“

Undir þetta rita Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar, og Eiríkur Guðnason bankastjóri.

Það er athyglisvert fyrir margra hluta sakir, annars vegar sögulega ef svo má segja, að sá sem stóð fyrir skattalækkun í upphafi, Davíð Oddsson, skrifar undir að þetta sé skynsamlegt. Og hins vegar það sem er kannski meira alvörumál, og tengist viðfangsefnum sem menn eru að fást við um þessar stundir, þ.e. efnahagsástandið. Það segir auðvitað að Seðlabankinn er að benda á að það sé ójafnvægi í efnahagsmálunum, það er verðbólga og það er ekki skynsamlegt við þær aðstæður að auka kaupmátt ráðstöfunartekna tekjuhárra hópa mikið því það viðheldur óstöðugleikanum. Ég les það út úr skilaboðum Seðlabankans að hann telji skynsamlegt að hverfa frá þessari leið einmitt vegna þeirra áhrifa.

Ég tek að mörgu leyti undir sjónarmið Seðlabankans, sérstaklega það að mjög mikilvægt sé að menn nái tökum á efnahagsástandinu. Við búum við verðbólgu sem er yfir 7% og hún mun verða yfir 7% á þessu ári. Það kostar almenning í landinu miklar fjárhæðir að verðbólgan er ekki undir þeim 2,5% sem áformað hafði verið. Skuldir heimilanna voru, ef ég man rétt, fyrir ári síðan um 1.050 milljarðar kr. Þær hafa örugglega vaxið eitthvað að raungildi á þessu ári og síðan hefur verðbólgan hækkað þær töluvert eins og gefur að skilja ef verðbólgan hefur verið 7% á árinu. Ég mundi giska á að skuldir heimilanna um næstu áramót yrðu ekki undir 1.200 milljörðum kr. Þá getum við áttað okkur á því hvað það eru háar fjárhæðir sem velta yfir á skuldarana, almenning í landinu, ef verðbólgan er hærri en áformað var. Munurinn á 7% verðbólgu og 2,5% verðbólgu, sem hefði verið ef jafnvægi hefði verið í efnahagsmálunum, er 4,5%. Það munu vera 40–50 milljarðar kr. sem skuldir almennings um næstu áramót væru lægri ef verðbólgan hefði haldist í 2,5% í stað þess að fara upp í 7%. Þetta er kostnaður almennings af því að menn missa að nokkru leyti tök á efnahagsmálunum. Þegar ekki tekst eins og til er ætlast að halda verðbólgunni lágri þá borgar almenningur brúsann. Einmitt í því ljósi hefur mér alltaf fundist varasamt að bæta í skattalækkanir eins og reyndin hefur orðið og ég gat um í umræðunni um fjárlögin, umræðunni um lækkun á virðisaukaskatti á matvæli upp á 89 milljarða kr., sem reyndar verður yfir 12 milljarða vegna þess að áfengisgjaldið verður ekki hækkað á móti, a.m.k. ekki að sinni, sem þýðir um 12 milljarða kr. viðbótarskattalækkun á næsta ári. Sú aðgerð gerir okkur erfiðara fyrir við að ná verðbólgunni niður. Afleiðingin af því er að hún hægir á því að verðbólgan lækki sem þýðir að verðbólgan verður hærri lengur og það kostar peninga. Það kostar peninga fyrir sama fólkið og verið er að færa kjarabætur í formi lækkaðs virðisaukaskatts á matvæli.

Það er mikilvægara að mínu viti að halda verðbólgunni lágri en að lækka álögur eða skatta. Menn eiga að lækka skatta þegar stöðugleiki er í efnahagslífinu. Aðgerðin á ekki að viðhalda óstöðugleika vegna þess að þá kostar hún almenning gífurlegar fjárhæðir eins og sést á því að eitt prósentustig kostar almenning yfir 10 milljarða kr. Ef einhverjar aðgerðir leiða til þess að verðbólga á næsta ári verði, segjum bara einu prósentustigi hærri en ella hefði verið þýðir það 10 milljarða kr. í skuldum. Af þeim skuldum þarf síðan að borga vexti sem eru ekki undir 10% og líklega nær 15% þegar lagðir eru saman raunvextir og verðtrygging. Það eru þá 1–2 milljarðar kr. sem eru bein útgjöld vegna þeirra skuldaaukninga.

Ég legg því mikla áherslu á að efnahagsstjórnunin miðist við það að halda verðbólgunni eins lágri og nokkur kostur er. Það markmið gengur á undan öðrum markmiðum sem kunna að vera ágæt í sjálfu sér, eins og það að lækka skatta á matvæli, að því gefnu að ríkissjóður hafi stöðu til þess að geta veitt þá þjónustu sem menn ætla að veita í gegnum ríkissjóð þrátt fyrir þá skattalækkun. Ég vildi vekja athygli á þessum þætti málsins sem ég held að sé kannski sá allra mikilvægasti þegar allt er tekið saman.

Annað atriði vil ég nefna og það er 2. gr. frumvarpsins um styrki til foreldra frá sveitarfélagi til að annast barn. Ég vara mjög við þessari breytingu. Ég tel hana vanhugsaða og óskynsamlega og hún grefur undan tekjuskattslögunum. Hún býr til mikið ósamræmi sem verður tilefni til þess að farið verður enn frekar inn á þessa braut á fleiri sviðum sem grefur þá undan megintilgangi tekjuskattslaganna, að afla tekna og skilgreina þær tekjur sem á að borga skatta af. Ég tel þessa grein ekki skynsamlega og mæli ekki með því að menn taki þetta upp. Mér finnst líka skýringarnar með þessu máli vera þannig að menn þurfi að fá frekari útskýringar á röksemdunum til að átta sig á hvað er verið að fara. Í frumvarpinu eru veittar skýringar um þetta atriði í 2. gr. og þar segir, með leyfi forseta:

„Tilgangurinn með greiðslum sem þessum er að styðja við foreldra sem leggja áherslu á að vera með börnum sínum eftir að fæðingarorlofi lýkur. Niðurgreiðslur sveitarfélaga á leikskólagjöldum og daggæslugjöldum í heimahúsum eru ekki skattskyldar hjá foreldrum eða forráðamönnum barna. Með tilliti til jafnræðis er því lagt til að framangreindir styrkir verði ekki taldir til skattskyldra tekna.“

Þessi setning veldur mér dálitlum heilabrotum því ég átta mig ekki alveg á hvað verið er að segja með henni, hvaða jafnræðis er verið að vísa til sem ekki er virt með núverandi löggjöf. Ég hefði gjarnan viljað sjá skýringar á þessu. Að sama skapi eru skýringarnar í nefndaráliti meiri hluta líka þannig að ég held að kalla þurfi aðeins eftir frekari útskýringum. Þar er nefnt að um sé að ræða hlunnindi sem flestir forráðamenn barna njóta en hafa ekki verið skattlögð sem slík vegna félagslegra eiginleika þeirra. Ég hef ekki áttað mig á til hvers verið er að vísa þarna. Það væri ágætt að fá nánari útlistun á þessu.

Meginregla tekjuskattslaga er að allar tekjur séu skatt-

skyldar. Tekjur og hlunnindi eru skattskyld. Það er meginreglan. Menn hafa haldið mjög fast í þá reglu til að halda grundvellinum undir þeirri löggjöf, vegna þess að því fleiri undanþágur sem gerðar eru á þessu þeim mun erfiðara verður að halda hinu skattskyldu sem eftir stendur. Það endar þá með því að lögin breytast og menn verða að hugsa tekjuöflunina upp á nýtt.

Það má segja að í skattalögunum eða öðrum lögum, þó að ekkert sé alveg einhlítt í því, séu nokkuð skýrar línur, þ.e. að greiðslur sem ætlaðar eru til að bera kostnað eru yfirleitt styrkir og ekki skattskyldir. Þar má nefna t.d. vaxtabætur. Þær eru fyrst og fremst hugsaðar til að endurgreiða kostnað sem menn verða fyrir af vöxtum, til að lækka raunverulega þann lið. Barnabætur eru fyrst og fremst hugsaðar til að endurgreiða fjölskyldum kostnað sem verður vegna barnanna. Það mætti nefna fleiri dæmi af þessum toga. Þetta eru ekki launagreiðslur og þess vegna hefur verið farið að með þessum hætti. Húsaleigubætur eru, ef ég man rétt, orðnar skattfrjálsar. Þær voru skattskyldar í upphafi. Um þær gildir hið sama, húsaleigubætur eru til að mæta kostnaði en ekki til að borga þeim sem fær bæturnar laun eða að gera honum kleift að vinna eitthvert starf og styrkurinn væri þá ígildi launa. Þetta er svona línan sem draga má upp og segja að það sem fellur undir endurgreiðslu séu styrkir en það sem ætlað er til að standa undir tekjuöflun viðkomandi einstaklings séu skattskyldar tekjur.

Það er alveg ljóst í þessu tilviki að greiðslurnar eru ætlaðar til þess að foreldri geti verið heima og þurfi ekki að afla sér tekna á vinnumarkaði. Greiðslurnar eru þess eðlis og hafa þann tilgang að vera launagreiðslur. Það er því algert stílbrot að ætla að hafa þær undanþegnar skattskyldu. Með sama hætti, ef menn fara inn á þessa braut, geta menn ekki annað en endað á þeirri niðurstöðu að allar umönnunargreiðslur eigi að vera skattfrjálsar. Fólk fær greiddar umönnunarbætur til að hugsa um einstakling. Það eru laun, það eru launagreiðslur og þær eru taldar fram til tekna og borgaður af þeim skattur. Menn verða að hafa samræmi í þessu.

Fleira má nefna, eins og fæðingarorlofið sjálft. Það hefur sama tilgang og þær greiðslur sem við erum að ræða í þessu frumvarpi. Þær hafa þann tilgang að foreldrar geti verið heima og haft tekjur á þeim tíma en þurfi ekki að afla sér tekna utan heimilis. Fæðingarorlofsgreiðslur eru auðvitað laun sem fólkið fær og eru taldar fram sem tekjur og greiddur af þeim skattur.

Þetta er því algert stílbrot sem mun valda miklum vandræðum verði þetta að lögum. Þetta kallar á aðrar breytingar sem koma á eftir. Það verður erfitt að standa gegn þeim því ef menn hafa á annað borð stigið þetta skref þá er ekki hægt að finna leiðina til að synja sambærilegum málum um sambærilega niðurstöðu. Það endar auðvitað með því að menn verða búnir að veikja svo grundvöllinn undir skilgreiningu á tekjum að taka þarf það mál allt upp. Ég held að ekki sé neinum greiði gerður með slíku. Ég vildi koma þessu sjónarmiði að og vara við þeirri breytingu sem er að finna í 2. gr. frumvarpsins.

Fleira ætla ég ekki að minnast á í þessu frumvarpi af því sem þar er að finna þó að ástæða væri til, en það er hægt að geyma til betri tíma, virðulegi forseti.

[14:13]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru mjög athyglisverðar pælingar hjá hv. þingmanni. Í skattalögunum stendur í 7. gr. A, lið 1, að til skattskyldra tekna teljist hvers lags hlunnindi og fríðindi. Það er opið og ekkert orð um það meir.

Nú er það svo ef að sveitarfélag rekur leikskóla þá ræður það til sín starfsfólk og yfirleitt er kostnaðurinn 70% laun. Af þeim launum er greiddur skattur, það er rétt hjá hv. þingmanni, og sveitarfélagið fær meira að segja hluta af þeim skatti til baka með útsvarinu.

Ef menn næðu því marki að láta foreldra fá nánast fullan styrkinn, sem er um 60–70 þús. kr. á hvert barn á mánuði, þá gætum við farið að tala um að foreldrarnir væru komnir með laun, a.m.k. 70–80%. Eitthvað er kostnaður, matur, hiti og annað slíkt. Þá gætum við komist að þeirri niðurstöðu að stærsti hlutinn af þessum greiðslum ætti að vera skattskyldur ef við ætlum að vera mjög nákvæm.

Þetta er nákvæmlega sama umræðan og ég tók um umönnunarbæturnar í gærkvöldi þar sem ég ræddi um hvort þær eigi líka að vera skattfrjálsar. Ég spurði hve stór hluti af þeim væru laun og hve stór hluti væri kostnaður.

Ég held að þetta sé mjög þörf umræða og alveg sérstaklega ef það verður í auknum mæli að foreldrar verði látnir velja hvort þeir vilji vera heima t.d. yfir tveimur börnum og fá 150 þús. kr. á mánuði sem sveitarfélagið borgar með tveimur börnum. Þá er náttúrlega eðlilegt að þeir borgi tekjuskatt af því.

[14:15]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé alveg nýtt sjónarhorn að líta á veitta þjónustu hins opinbera sem hlunnindi til handa þeim sem fær þjónustuna eða nýtur hennar. Það er lögboðið verkefni sveitarfélags að veita þessa þjónustu, reka dagvistarheimili eða leikskóla, alveg eins og það er lögbundið hlutverk ríkisins að reka sjúkrahús. Það eru ekki hlunnindi fyrir sjúkling sem leggst inn á spítala að njóta þeirrar þjónustu sem þar er veitt og þurfa ekki að borga fyrir hana beint, heldur aðeins með óbeinum hætti í gegnum skatta sína. Ég fellst ekki á að það sé hægt að teygja hlunnindahugtakið yfir í þetta. Þá held ég að menn séu komnir lengra en lögin gera ráð fyrir og hægt er að rökstyðja með góðu móti.

Hitt er rétt að kostnaður sveitarfélags — ég leit aðeins á tölur hjá Reykjavíkurborg — með hverju barni er um 70 þús. kr. á mánuði, sýnist mér, og tekjurnar á móti kostnaði sem foreldrarnir greiða eru um 20 þús. kr. Sveitarfélagið borgar þannig sjálft um 50 þús. kr. Þá mætti auðvitað segja að sveitarfélagið hlunnfæri kannski foreldrana með að láta þá ekki hafa jafnháa greiðslu í þessar bætur eins og það sparar sér við að reka ekki þjónustuna. Ef þetta er svona og þessi styrkur á að vera skattfrjáls má líka segja: Ættu þá ekki foreldrarnir að borga greiðslu sína til leikskólans af skattfrjálsum peningum, þ.e. ættu þau nokkuð að þurfa að vera búin að borga fyrst skatta af tekjum sínum og síðan borga þetta gjald? Svo er líka það að það fólk sem veitir þessa þjónustu á leikskólunum fær sín laun og borgar skatta

af þeim en ef það fer inn á eigið heimili hættir sama vinna að heita launavinna. Þetta er algjör mótsögn.

[14:17]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Einmitt húsnæði er skemmtilegt dæmi til að velta upp því að ég held að það sé spurningin um að finna á þessu rökræna lausn. Ef atvinnurekandi lætur verkamanni í té húsnæði eru það skattskyld hlunnindi. Ef sveitarfélagið lætur þessum sama manni í té húsnæði er það ekki skattskylt ef hann bara býr þar. (Gripið fram í.) Ef það er litið á það sem félagslega þjónustu. Þetta eru nefnilega þau vandkvæði sem skattstjóri lendir í og ég held að skattstjóra sé eiginlega falið vald til að hanna hvað eigi að vera skattfrjálst og hvað ekki. Ég vildi gjarnan að menn færu í gegnum það á löggjafarsamkundunni og fyndu út úr því hver af hlunnindum hins opinbera eiga að vera skattfrjáls.

Ég nefni það að persónuafslátturinn er hugsaður fyrir kostnaði við að lifa og meira að segja stjórnlagadómstóll Þýskalands komst að þeirri niðurstöðu að það mætti ekki skattleggja tekjur sem einungis dygðu fyrir lágmarksframfærslu, algjörri lágmarksframfærslu sem ég held að hafi verið um 40 þús. kr. á mánuði, eitthvað slíkt, persónuafslátturinn yrði að vera það hár. Auðvitað eru allar tekjur mínar ætlaðar til að mæta kostnaði í einhverju formi nema það sem ég spara. Allar tekjur venjulegs fólks eru til að mæta kostnaði þannig að þau rök duga ekki til að segja að einhverjar ákveðnar bætur frá hinu opinbera sem fara til greiðslu kostnaðar eigi þess vegna að vera skattfrjálsar. Allar tekjur einstaklinga eru ætlaðar til að greiða kostnað í einhverju formi og ættu þar af leiðandi samkvæmt sömu rökum að vera skattfrjálsar.

[14:20]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef sveitarfélag leggur starfsmanni sínum til íbúðarhúsnæði og hann greiðir fyrir það lægri fjárhæð en almennt markaðsverð (Gripið fram í.) er mismunurinn skattskyld hlunnindi sem viðkomandi starfsmaður verður að telja fram og greiða skatta af. (Gripið fram í.) Já, já, alveg sama. Ef einhver nýtur þeirra hlunninda á hann að telja þau fram þannig að það stendur alveg fyrir sínu í þeim efnum. Ég hef gagnrýnt þessa grein út frá skattalögunum af því að ég sé fram á það að ef menn bora svona göt á kerfið enda þeir í vandræðum og ógöngum.

Það eru auðvitað líka önnur rök í þessu máli sem mæla mjög sterklega gegn þessari breytingu og það eru jafnréttissjónarmiðin. Ég held að það sé alveg augljóst mál að þessar greiðslur muni fyrst og fremst leiða til þess að konum verði ýtt inn á heimilin. Ef greiðslurnar eru nægilega háar til þess að það sé aðlaðandi að vera heima borið saman við tekjurnar af því að vinna úti ýtir þetta konunum fyrst og fremst inn á heimilin og vinnur gegn jafnréttissjónarmiðunum sem menn vilja hafa að leiðarljósi. Ég sé reyndar í nefndaráliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar að þar er getið um þessi sjónarmið og bent á að slíkar greiðslur hafi verið í gildi í Noregi um tíma en Norðmenn íhugi að leggja þær af þar sem þær hafi nær eingöngu verið nýttar af mæðrum og stuðlað að því konur fari út af vinnumarkaðnum og vinni þar með gegn jafnrétti kynjanna. Mér sýnast þær upplýsingar sem koma þarna fram einmitt rökstyðja þann ótta sem ég hef um þessa breytingu hvað jafnréttissjónarmiðin varðar.

[14:22]

**Útbýting:**

Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 435. mál, nál. allshn., þskj. 654; brtt. allshn., þskj. 655.

Orkuöflun til álvera, 468. mál, fsp. KLM, þskj. 689.

Tóbaksvarnir, 467. mál, fsp. ÞBack, þskj. 688.

[14:22]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Herra forseti. Við ræðum um breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Umræðurnar um frumvarpið hafa verið ágætar og ætla ég að fara fáum orðum um tildrög þeirra breytinga sem liggja fyrir í frumvarpinu. Báðir flokkar þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr og hefur stjórnarmeirihluta á þingi kynntu hvor í sínu lagi við síðustu kosningar áherslur sínar í skattamálum.

Áherslur Framsóknarflokksins fyrir kosningarnar 2003 byggðust á því að við vildum mæta sérstaklega millitekjuhópum í samfélaginu og ungu fólki sem ber miklar byrðar, borgar háar upphæðir fyrir dagvistun barna sinna, skólagöngu að einhverju leyti, er að byrja að borga niður námslánin á sama tíma og er að fjárfesta í húsnæði. Áherslur okkar í skattamálum, eins og ég sagði, fyrir síðustu kosningar báru keim af aðstæðum þessara hópa og svo þegar ríkisstjórnin batt sig saman með ríkisstjórnarsáttmálanum, ef svo má segja, rötuðu þessar áherslur í gegn.

Tildrög þessa frumvarps eru auðvitað þau að 22. júní í sumar lýsti ríkisstjórnin því yfir að til þess að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga legði ríkisstjórnin sitt af mörkum. Meðal annars fól það í sér að fresta í rauninni síðustu prósentulækkuninni en fyrir lá að lækka tekjuskatt um 4% á þessu kjörtímabili, að fresta þar síðustu prósentulækkuninni og nota í staðinn fjármunina í hækkun persónuafsláttarins og svo ratar það inn í skattleysismörkin. Jafnframt var ákveðið að til þess að greiða fyrir samkomulaginu yrðu teknar upp greiðslur barnabóta til 18 ára aldurs í stað 16 ára og þessi breyting kæmi þá til viðbótar við aðra ákveðna 25% hækkun skerðingarmarka barnabóta og lækkun skerðingarhlutfalla.

Breytingarnar í þessu frumvarpi, ef ég fer yfir það í fáum orðum, eru einmitt í fyrsta lagi að frá og með 1. janúar 2007 muni tekjuskattur einstaklinga lækka um 1% í stað þessarar 2% lækkunar sem fyrirhuguð var. Er þessi tillaga í samræmi við yfirlýsinguna eins og ég hér nefndi.

Í öðru lagi er lögð til hækkun á persónuafslætti, sjómannaafslætti og vaxtabótum frá 1. janúar nk. og verði frumvarpið að lögum mun persónuafsláttur einstaklinga hækka úr 356.180 kr. í 385.800 kr. á ári. Með þessari hækkun og breytingu tekjuskattshlutfallsins hækka skattleysismörk einstaklinga úr 79 þús. í 90 þús. kr. á mánuði, þ.e. um 14%.

Þegar við fórum við meðferð málsins í hv. efnahags- og

viðskiptanefnd yfir málið kom í ljós að þetta þýðir að það eru þá 4 þús. manns sem munu til viðbótar ekki greiða skatta eftir þessar breytingar og gerum við þá ráð fyrir að það séu tekjulægstu einstaklingar þessa samfélags, námsmenn að einhverju leyti, öryrkjar og ellilífeyrisþegar. Það eru afleiðingar þessa.

Í þriðja lagi er lagt til með þessu frumvarpi að persónuafsláttur verði endurskoðaður árlega, í fyrsta sinn frá næstu áramótum, og breytist fjárhæðin því þannig í samræmi við breytingar á gildandi vísitölu neysluverðs næstliðinna tólf mánaða, annars vegar gildandi vísitölu 31. des. 2006 og hins vegar 31. desember 2007. Ég held líka að hér sé stigið mikilvægt skref sem muni til framtíðar vera mjög gott og fagna ég þessu sérstaklega.

Ég minntist í byrjun á barnabæturnar og það er í fjórða lagi breytingin sem er lögð til með þessu frumvarpi. Hún er sérstaklega ánægjuleg og felur í sér að um næstu áramót verða teknar upp greiðslur barnabóta til 18 ára aldurs í stað 16 ára aldurs og verður þetta mikil kjarabót fyrir þær fjölskyldur sem þar eiga hlut að máli en ef ég man rétt kom fram í meðferð nefndarinnar að þetta séu 6 þús. börn til viðbótar og foreldrar þeirra munu þá eiga rétt á barnabótum.

Eins og frumvarpið liggur fyrir hér gerum við, meiri hluti hv. efnahags- og viðskiptanefndar, þær breytingar á því að þessi viðbót, það að fjölskyldur 16–18 ára barna fái barnabætur, hafi engin áhrif á það að nú rétt eins og áður eiga foreldrar barna frá 16 ára aldri, á menntaskólaaldri sem sagt, rétt á að telja fram þann kostnað á móti skatti, fá ívilnun vegna menntunar barna sinna. Þetta hafa um 4.300 fjölskyldur nýtt sér á hverju ári og ég held að þetta sé sérstaklega mikilvægt fyrir þær fjölskyldur sem kosta skólagöngu barna sinna kannski fjarri heimili, fjölskyldur úti á landi sem senda börn sín í þéttbýlisstaði, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða þéttbýlisstaði annars staðar á landinu. Voru nefndarmenn í hv. efnahags- og viðskiptanefnd, bæði ég og hv. þm. Dagný Jónsdóttir sem tókum þetta sérstaklega upp í meðferð nefndarinnar — og því kom mér á óvart í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að hún skyldi ekki minnast á það hér áðan, en við höfum sameinast um þetta, nefndin, og í sjálfu sér kemur hér fram breytingartillaga meiri hluta nefndarinnar. Ég er samt viss um að öll nefndin stendur á bak við þessar breytingar vegna þess að það stóð aldrei til og hafði í sjálfu sér farið fram hjá okkur við meðferð málsins í þingflokknum að þetta kæmi að einhverju leyti á móti hækkun barnabótanna. Þetta mun standa áfram og er afar mikilvægt að mínu mati að foreldrar 16–18 ára barna njóti barnabóta. Það er sem sagt þessi breyting, þessi nýlunda, en jafnframt að það hafi ekki áhrif á það að fjölskyldur geti talið kostnað við menntun barna sinna á móti skatti. Ég held að ekki sé um sömu hópa að ræða og þó að fólk hafi það háar tekjur að fjölskyldur fái litlar eða engar barnabætur vegna tekna sinna getur samt alltaf töluverður kostnaður falist í því að senda börn sín um langan veg í skóla, leigja húsnæði og aðra aðstöðu og þess vegna held ég að það sé mikilvægt að við höldum þessu svona.

Ég vil síðan aðeins koma inn á 2. gr. frumvarpsins sem hefur verið nokkuð rædd, hinar svokölluðu heimgreiðslur. Ég vil taka fram að ég álít okkar stærsta verkefni í sjálfu sér varða það bil sem verður milli þess að níu mánaða fæðingarorlofinu lýkur og þess að börn komist til dagforeldra eða á leikskóla. Það er brýnt að við stígum næstu skref í því mikilvæga fæðingarorlofskerfi sem við höfum borið gæfu til að koma á. Í tíð þessarar ríkisstjórnar höfum við lengt fæðingarorlofið í níu mánuði og tryggt rétt barnsins til samvista við báða foreldra sína og ég held, eins og ég segi, herra forseti, að næstu skref í þessu mikilvæga máli séu að lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði.

Það breytir því ekki að nokkur sveitarfélag hafa ákveðið að fara þá leið að taka upp svokallaðar heimgreiðslur til foreldra til þess að brúa þetta bil frá lokum níu mánaða fæðingarorlofsins og til þess að barnið komist í dagvistun, hvort sem það er í leikskóla eða hjá dagforeldrum. Frumvarpið bregst við þeim breytingum sem eru að verða en ég álít þetta tímabundið ástand þar sem við erum að stuðla að vali fjölskyldna, vali foreldra um hvernig þær brúa þetta bil en stærsta málið hlýtur að vera að lengja fæðingarorlofið og efla enn frekar dagforeldraþjónustukerfið og leikskólakerfið í sveitarfélögunum um allt land. Hér hafa átt sér stað ágætar umræður um ýmsar hliðar þessa máls, bæði skattalegar og fordæmisgefandi og um jafnréttismálin og ég held að það sé mikilvægt að það komi fram en ég held að þetta sé í rauninni tímabundin aðgerð þar sem verið er að bregðast við þessum aðstæðum.

Ég vildi síðan, herra forseti, taka aðeins upp mál ættleiðingarstyrkja. Við samþykktum hér fyrr í dag að frumkvæði hæstv. félagsmálaráðherra, Magnúsar Stefánssonar, að mínu mati mjög brýn lög um að taka upp ættleiðingarstyrki en við meðferð málsins hjá hv. félagsmálanefnd kom fram að auðvitað þarf að gera breytingar á tekjuskattslögunum og hv. þm. Dagný Jónsdóttir mun bera fram breytingartillögu við það frumvarp sem hér er til umræðu í þeim tilgangi að sá hluti styrksins sem sannarlega er varið til að standa undir kostnaði af ættleiðingu barns komi til frádráttar tekjum. Ég vildi koma sérstaklega inn á þetta hérna, herra forseti, því að við munum greiða um þetta atkvæði á eftir og þá er mikilvægt að það hafi komið fram að brýnt er að taka þessa breytingartillögu inn í meðferð málsins þegar við greiðum um frumvarpið atkvæði seinna í dag.

Herra forseti. Að lokum vil ég segja að ég held að við séum að stíga hér merkileg skref hvað varðar persónuafsláttinn, hækkun skattleysismarkanna og áframhaldandi skattalækkanir ríkisstjórnarinnar sem gerir fjölskyldum þessa lands kleift að ráðstafa tekjum sínum á þann hátt sem hentar þeim best. Við erum um leið að taka upp mikilvægar breytingar á barnabótakerfinu þar sem við færum, eins og ég hef margoft sagt í ræðu minni, aldursmörkin upp í 18 ár í stað 16 og tryggjum um leið að ívilnunarkostnaður vegna menntunar barna er fyrir hendi.

[14:33]

**Birgir Ármannsson:**

Herra forseti. Nú er nokkuð liðið á umræðuna og ég hef ekki í hyggju að lengja hana úr hófi fram. Ljóst er að frumvarpið sem hér er til umræðu snertir á tveimur meginþáttum. Annars vegar felast í því skattalækkanir og hins vegar ívilnanir af ýmsu tagi, bætur og undanþágur frá sköttum.

Eins og komið hefur fram byggist frumvarpið á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar frá

því í sumar. Það er auðvitað rétt að halda því til haga að það var afar mikilvægt að ná því samkomulagi á sínum tíma. Það hafði jákvæð áhrif á stöðuna í efnahagsmálum á sumar- og haustmánuðum að aðilar skyldu ná saman eins og þar var gert. Það var vissulega mikilvægt framfaraskref að það skyldi takast.

Því er á hinn bóginn ekki að leyna að ég hafði sjálfur ýmsar athugasemdir við ýmis einstök atriði í því samkomulagi og afleiðingar þess, einkum að því sem lýtur að breytingunni á tekjuskattinum sem hér er til umræðu í dag, sem ég taldi og tel verulegt skref aftur á bak.

Við höfðum náð þeim áfanga að samþykkja lækkun á tekjuskattinum um 2% um þessi áramót. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum yfir því að horfið hafi verið frá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar með helming þeirrar lækkunar. Það er að mínu mati ótvírætt skref aftur á bak. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það væri mikilvægt fyrir okkur að ýta tekjuskattshlutfallinu niður og nýta það færi sem við höfum haft á undanförnum árum til að ýta því niður til frambúðar og draga úr þeirri skattheimtu sem ríkisvaldið stendur að gagnvart einstaklingum í landinu.

Fyrir stóra hópa skattgreiðenda munu þær breytingar sem felast í frumvarpinu ekki leiða til neinna breytinga. Hækkun persónufrádráttarins mun leiða til þess að stórir hópar skattgreiðenda verða eins eða betur settir eftir þá breytingu sem felst í frumvarpinu en hefði verið með óbreyttum lögum. En ég held að það hefði verið skynsamlegra til frambúðar að nýta færið til að fara lægra með skatthlutfall einstaklinga.

Það væri kannski rétt að rifja upp, án þess að fara nákvæmlega út í það, að um þessi áramót erum við komin að síðasta áfanganum í skattalækkunarferli þessa kjörtímabils. Allt þetta kjörtímabil höfum við í ríkisstjórnarflokkunum unnið að því að lækka skatta í landinu. Við höfum lækkað tekjuskatt einstaklinga í áföngum. Þriðji áfanginn kemur til framkvæmda um áramótin þótt þar verði um að ræða 1% en ekki 2% eins og áður var að stefnt. En fyrr höfðum við í tveimur áföngum lækkað tekjuskatt einstaklinga um 1% í hvort skipti.

Á kjörtímabilinu höfum við einnig afnumið sérstakan tekjuskatt og afnumið eignarskatt bæði á einstaklinga og fyrirtæki. Við höfum lækkað og samræmt erfðafjárskatt og gert ýmsar aðrar umbætur í skattamálum sem gerir það að verkum að þessa kjörtímabils verður minnst sem mikils skattalækkunartímabils.

Það er raunar ánægjulegt við umræðuna í dag að hér hefur ekki borið svo mjög á hártogunum um hvort við værum yfir höfuð að lækka skatta eða hækka skatta. En það er ótvírætt og við þetta tækifæri, eins og svo oft áður á þessu kjörtímabili, beita ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir sér fyrir skattalækkunum. Það er ágætt að við höfum ekki þurft að fara út í hártoganir um það í dag.

Ástæðan fyrir því að við höfum getað lækkað skatta allt þetta kjörtímabil er auðvitað sú að vel hefur verið haldið um hag ríkisins á þessu tímabili. Það hefur verið góð afkoma í samfélaginu. Efnahagslífið hefur vaxið hratt. Tekjur manna hafa vaxið hratt. Það hefur verið uppgangur og þess vegna auðveldara að standa að þeim breytingum en ella.

Breytingarnar, bæði breytingar sem varða einstaklinga og skattlagningu á fyrirtæki, sem átti sér stað á síðasta kjörtímabili, eru ekkert síður til þess fallnar að efla efnahagslífið, efla atvinnulífið, efla hagvöxt og uppgang í samfélaginu til frambúðar. Ég er þeirrar skoðunar að lágir skattar, bæði á einstaklinga og fyrirtæki, sé besta leiðin sem stjórnvöld hafa á hverjum tíma til að stuðla að öflugri uppbyggingu í efnahags- og atvinnulífi.

Ég held að þau skref sem stigin hafa verið á undanförnum árum, á síðasta kjörtímabili með verulegri lækkun fyrirtækjaskatta, á þessu kjörtímabili með verulegri lækkun einstaklingsskatta, verði til þess að efla íslenskt atvinnulíf og hagkerfi til frambúðar.

Ég held að ákvarðanir um skattalækkanir eigi ekki að taka út frá einhverjum skammtímasveiflum í hagstærðum. Þær á að hugsa til lengri tíma og taka þær ákvarðanir sem eru til þess fallnar að gera atvinnulífið öflugra, sterkara og efnahagslífið betra til lengri tíma. Það held ég að við höfum gert, bæði sá stjórnarmeirihluti sem nú situr og einnig þær ríkisstjórnir sem á undan sátu.

Ég vildi, herra forseti, að lokum vekja athygli á því sem mér hefur ekki fundist menn gefa nægan gaum í þessari umræðu, þ.e. hversu stór skref við erum að stíga með þeim breytingum sem við erum að tala fyrir í dag og eins breytingum sem við höfum ákveðið og munu koma til framkvæmda á fyrri parti næsta árs í skattamálum. Við tökum núna síðasta skrefið í ákveðnu ferli skattalækkana á tekjur einstaklinga. En við munum á eftir einnig taka til umræðu mikilvæga breytingu á skattlagningu neysluvarnings, einkum matvæla. En svo menn sjái það í samhengi þá erum við sennilega, með þeim breytingum sem varða tekjuskattinn, að lækka skatta á næsta ári um rúma 12 milljarða kr. Tölurnar nefni ég með fyrirvara vegna þess að skattstofnar breytast og hagstærðir breytast innan árs. En miðað við útreikninga í dag þá erum við að lækka skatta um 12 milljarða með þeim breytingum sem varða tekjuskattinn.

Á eftir tökum við fyrir breytingu sem varðar neysluskattana. Þar erum við að tala um breytingar sem á næsta ári munu leiða til skattalækkana upp á 7–8 milljarða en yrði litið á það á ársgrundvelli þá væri um að ræða yfir 10 milljarða.

Þannig má segja að við tökum undir lok þingsins ákvarðanir sem fela í sér skattalækkanir til heimilanna í landinu upp á 22 milljarða. Það er trúlega einsdæmi að svo stór skref hafi verið stigin í skattalækkunum á einu kjörtímabili, á einu þingi. Ég held að þó að sú breyting sem lýtur nákvæmlega að tekjuskattshlutfallinu sé mér á móti skapi þá hljóti maður að líta á heildaráhrifin af skattastefnu ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili sem felur í sér langstærsta skattalækkunarferli, langstærstu skattalækkunarskref sem stigin hafa verið í nútímasögu Íslands.

[14:42]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið enda talað um að hún taki tiltekinn tíma og við munum að sjálfsögðu reyna að standa við það.

Í umræðunni hafa félagar mínir farið ágætlega yfir það sem hér er til umfjöllunar, þ.e. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðjón Arnar Kristjánsson og Ögmundur Jónasson.

Þau hafa farið yfir þau atriði sem við vildum koma að í umræðunni en að auki eru tvö eða þrjú atriði sem ég vildi nefna í stuttri ræðu.

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, lýsi ég yfir ánægju minni með að ríkisstjórnin skuli hafa ákveðið að breyta frá fyrri kúrs. Ákveðið hafði verið að lækka skattprósentuna um 2% en þess í stað var farin sú leið að hækka skattleysismörkin og persónuafsláttinn og reyna að ná öðru prósentinu þar. Þar er í reynd um ákveðna stefnubreytingu að ræða. Með því er reynt að jafna skattbyrðina frekar frá því sem verið hefur og stuðla að auknum jöfnuði í samfélaginu.

Það er afar mikilvægt að skattkerfið sé að einhverju leyti notað til þess og að sjálfsögðu um leið til að knýja áfram efnahagslífið með hagfelldu skattaumhverfi. En það er geysilega mikilvægt að menn noti skattkerfið til að skapa jöfnuð. Ég er því mjög sáttur við þá stefnubreytingu sem varð sem m.a. var knúin fram af aðilum vinnumarkaðarins og birtist í þessu formi.

Það hefur hins vegar ekki komið á óvart að talsmenn Sjálfstæðisflokksins hafa í þessari umræðu báðir gert talsverðar athugasemdir við þessa leið. Segja mætti að það styðji mann í þeirri trú að við séum á réttri braut, þegar þeir frjálshyggjusinnar sem hafa talað í umræðunni skuli gera athugasemdir við þessa leið.

Í annan stað vildi ég nefna þá grundvallarbreytingu sem fara á í með þeim heimgreiðslum sem nú á að taka upp og þá grundvallarbreytingu sem verður á skattkerfinu. Það á að taka upp skattleysi gagnvart ákveðnum umönnunargreiðslum án þess að skilgreina nægilega vel hvað þar er á ferðinni. Auk þess hefur einnig verið nefnt í umræðunni að þetta kunni að vera skref aftur á bak í jafnréttismálum. Ég treysti mér ekki til að fara lengra inn á þá braut nema að því leyti að ég vísa til þess sem komið hefur fram í þessari umræðu, að Norðmenn fóru þessa leið og nú ræða þeir um að hverfa af þeirri braut. Reynsla Norðmanna, ef marka má þær upplýsingar sem komið hafa fram í umræðunni, er slík að þeir hafa ekki áhuga á að halda áfram á þessari braut, þ.e. að stunda heimgreiðslur sem hér um ræðir.

Í eðli sínu hefur skattkerfið, skattgreiðslurnar, hvort sem það er í formi skatta eða útsvars, ákveðið hlutverk. Það stendur undir ákveðinni samfélagslegri þjónustu, þ.e. velferðarkerfinu. Hlutverk okkar er að standa undir þeirri þjónustu. En síðan þiggja menn þá þjónustu í mismunandi mæli. Sumir þurfa á sjúkrahúsvist að halda, aðrir þurfa á leikskólaplássum að halda o.s.frv. En um það er samfélagsleg sátt að við greiðum sameiginlega í sjóði í ljósi þess hvað við höfum í tekjur.

En með þeirri hugmynd sem hér er komið inn, sem ég lít á sem grundvallarbreytingu, er farin sú leið að greiða einstaklingum fyrir að sinna þeirri þjónustu sem velferðarkerfinu er ætlað að standa undir, þ.e. að færa verkefni frá samfélaginu, frá sveitarfélögunum, yfir til einstaklinga. Ef við ætlum að fara þessa leið, hvar endar það? Ef þessi hugsun fær aukið vægi og aukið brautargengi, verður það þannig að hver og einn geti tekið að sér tiltekið verkefni gegn greiðslu? Er það hugmyndafræðin á bak við þetta, að við getum smám saman fært þau verkefni sem samfélagið hefur sammælst um að sinna, á herðar þeirra einstaklinga sem það vilja?

Þetta er grundvallarbreyting á velferðarkerfinu og hugsuninni á bak við velferðarkerfið. Ég get því ekki annað en gert athugasemdir við þetta auk þess sem spurningar um umönnunargreiðslur hljóta að vakna í þessari umræðu: Hvaða umönnun á að greiða fyrir og hverja ekki?

Á að greiða fyrir umönnun langveikra barna? Á að greiða fyrir umönnun nákominna ættingja, í hvaða formi sem það er? Hvar byrjar þetta og hvar endar þetta? Hvernig ætlum við að hafa þetta og hvernig sjáum við velferðarkerfið þróast? Þessar grundvallarspurningar vakna með þeirri leið sem ákveðið hefur verið að fara og er mikilvægt að ræða miklu betur. Þrátt fyrir það vil ég leyfa mér að hrósa hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hann reyndi eins og kostur var að skapa umræðu um þessi mál í efnahags- og viðskiptanefnd. Það var ágætt. En hér er að minni hyggju um grundvallarbreytingu að ræða sem hefði þurft miklu betri skoðun og betri yfirlegu. Ég geri athugasemdir við þetta, m.a. á þeirri forsendu að hér er um grundvallarbreytingu að ræða sem ekki hefur verið nægjanlega rædd og röksemdirnar í nefndarálitinu standast í raun enga skoðun. Það er afar erfitt að telja rökin fullnægjandi fyrir þeim breytingum sem ætlunin er að ráðast í.

En í ljósi þess að fyrir liggur samkomulag um að ljúka þinghaldinu í dag ætla ég að ljúka máli mínu að sinni. En ég tel að þetta mál hefði þurft miklu meiri umræðu.

[14:50]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri auðvitað full ástæða til þess að ræða bæði það sem fram kom í ræðu hv. þingmanns um grundvallaratriði varðandi umönnunargreiðslur, eins og hv. þingmaður kallaði greiðslurnar, og sömuleiðis enn frekar um þá gríðarlegu skattalækkun sem ríkisstjórnin er hér að leggja til.

Það sem ég vildi hins vegar ræða og ætla að halda mig við eru í fyrsta lagi heimgreiðslurnar, sem svo eru kallaðar í áliti minni hluta, og hv. þingmaður stendur að. Mér fannst hv. þingmaður hafa nokkrar efasemdir um þessar greiðslur og þess vegna langar mig að spyrja hann og fá það hreint fram í fyrsta lagi: Er hv. þingmaður fylgjandi slíkum heimgreiðslum? Í öðru lagi: Er hv. þingmaður fylgjandi skattfrelsi slíkra greiðslna?

[14:51]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu minni lýsti ég miklum efasemdum um þessar greiðslur og skattfrelsi þeirra og ég tel að hér sé í raun og veru verið að gera breytingar á velferðarkerfinu sem eru algjörlega óræddar og allsendis óvíst hvar enda. Auk þess er reynslan af slíkum greiðslum í þá veru að menn hafa ákveðið að hverfa af þeirri braut. Ég hef sagt það hér að ég hef lýst miklum efasemdum með þessar heimgreiðslur og skattfrelsi þeirra og tel að um leið og menn byrja að hola skattkerfið á þennan hátt þurfi að ræða það í botn hversu langt á að ganga en það hefur ekki verið gert í þessari umræðu. Staðreyndin er hins vegar sú að umræðan um þetta mál ber keim af því að það er verið að slá sig til riddara rétt fyrir kosningar eins og umræða um mörg mál sem við höfum verið að fjalla um að undanförnu ber vott um.

[14:52]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ítrekað þakkir mínar til hv. þingmanns fyrir að ræða hér almennt um velferðarkerfið en mér heyrðist hv. þingmaður hafa af því miklar áhyggjur að það væri verið að auka greiðslur úr ríkissjóði og auka greiðslur til fólks, til almennings í landinu, hafa áhyggjur af því að verið væri að efla velferðarkerfið. Þess vegna ítreka ég nú aftur spurningar mínar til hv. þingmanns og af því að það styttist nú mjög í atkvæðagreiðslu í málinu: Hvernig ætlar hv. þingmaður að greiða atkvæði í þessu máli? Er hann fylgjandi slíkum heimgreiðslum, sem kallaðar eru í nefndaráliti minni hluta, og er hann fylgjandi skattfrelsi slíkra greiðslna? Þetta eru einfaldar spurningar og það er hægt að svara þeim með jái eða neii.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, 2. umr.*

Stjfrv., 416. mál (lækkun matarskatts). — Þskj. 482, nál. 626, brtt. 627, 628, 629, 630, 631 og 632.

[14:53]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)**:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, frá efnahags- og viðskiptanefnd. Nefndarálitið er að finna á þskj. 626.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hennýju Hinz og Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ingva Má Pálsson og Þorstein Þorgeirsson frá fjármálaráðuneyti, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Hólmfríði Guðmundsdóttur og Hólmfríði Þorgeirsdóttur frá Lýðheilsustöð, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Elínu Smáradóttur, Hauk Eggertsson og Þorkel Helgason frá Orkustofnun, Guðmundur Guðmundsson frá Rarik, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu og Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um vörugjald, lögum um virðisaukaskatt og lögum um gjald af áfengi og tóbaki.

Ég ætla nú ekki að lesa allt sem stendur í nefndarálitinu en í stuttu máli gengur það út á það að vörugjöld af matvöru eru felld niður og virðisaukaskatturinn lækkaður úr ýmist 24,5 eða 14% niður í 7%. Þetta tekur einnig til veitingahúsareksturs. Þá eru aðrar vörur sem eru með 14% virðisaukaskatt í dag lækkaðar niður í 7% og þar á meðal er rafmagn.

Það kom fram hjá hæstv. fjármálaráðherra við 1. umr. að mikil umræða hefði orðið um áfengi sem átti að lækka í virðisaukaskatti úr 24,5% niður í 7% en á móti ætluðu menn að hækka áfengisgjaldið sem er krónutala á hvern millilítra áfengis eða hreins áfengis og það hafði valdið mikilli hækkun á vörunni hjá Áfengis- og tóbaksversluninni en hins vegar lækkun hjá veitingahúsunum. Hann vildi að þetta yrði skoðað nánar og nefndin tók afstöðu til þess og felldi þau ákvæði úr frumvarpinu með breytingu sem er gerð á sérstöku þingskjali.

Það var mikið rætt um sykur því að hann er undanskilinn lækkun á vörugjöldum og það var líka rætt töluvert um gosdrykki, sérstaklega frá fulltrúum Lýðheilsustofnunar sem bentu á skaðsemi gosdrykkjaneyslu í óhófi, þ.e. sem leiðir til þess að glerjungur hverfur og það mætti nú gjarnan koma fram gagnvart þeim unglingum sem drekka of mikið gos og stöðugt, að það getur orðið mjög skaðlegt þannig að glerjungurinn getur horfið á mjög skömmum tíma.

Þá var rætt töluvert mikið í nefndinni um skattlagningu á raforku og það er alveg sérkapítuli, herra forseti, sem við þyrftum að skoða vegna þess að það er orðið svo flókið kerfið þar, skattlagningar og endurgreiðsla á virðisaukaskatti, að þeir fulltrúar sem komu á fund nefndarinnar sögðu að það væri ekki bara illframkvæmanlegt heldur óframkvæmanlegt en væri framkvæmt samt, að sjálfsögðu. Nefndin hvetur ráðuneytið og hagsmunaaðila til að finna einfalda lausn á því flókna kerfi og gera það einfaldara og gagnsærra.

Nefndin leggur til tvenns konar breytingar á frumvarpinu. Annars vegar eru lagðar til framangreindar breytingar þess efnis að ákvæði um að breyta lögum um áfengisgjald falli brott úr frumvarpinu og að nefndin fjalli um þær breytingar að loknu jólahléi. Hins vegar er gerð lagfæring á frumvarpinu þar sem við samningu þess láðist að setja inn ýmis tollskrárnúmer sem þó var ætlunin að frumvarpið tæki til.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara, Ásta Möller, með fyrirvara, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

Þá ætla ég, herra forseti, að gera grein fyrir fyrirvara mínum. Hann felst í því í einföldu máli að ég tel að sykur eigi ekki að falla undir einhverja sérskattlagningu, það eigi að afnema vörugjald af sykri, að sjálfsögðu, eins og af öllum öðrum matvörum vegna þess að einfaldleikinn er líka verðmæti í sjálfu sér. Það kom fram í máli gesta hjá nefndinni að þetta frumvarp væri ein mesta einföldun í skattlagningu eða innheimtu skatta sem hefði komið lengi, það að afnema vörugjöldin af matvörum og líka það að samræma virðisaukaskattinn.

Við megum ekki gleyma því hér á hinu háa Alþingi að það er atvinnulíf sem stendur undir allri velferð í þjóðfélaginu og þetta atvinnulíf þarf að reikna út alla skatta og öll þau gjöld sem við leggjum á og sú vinna er oft ótrúlega mikil, herra forseti. Við þurfum að gæta að því að atvinnulífið fari ekki að snúast um það að innheimta skatta fyrir ríkið, við þurfum að gera kerfið einfalt. Það að halda inni sykri gerir kerfið flókið, óþarflega flókið. Ég tel, herra forseti, þó að ég skilji alveg sjónarmið þeirra sem telja að syk-

urneysla mætti vera minni, þá tel ég að hún sé ekki mjög teygin fyrir verði, þ.e. að verð á sykri hafi ekki mikil áhrif á neysluna. Enda hefur það sýnt sig að skattar á sykur eru með þeim hæstu á Íslandi í heiminum og neyslan hvergi eins mikil eða óvíða, og sama er með áfengi. Skattar á áfengi eru óvíða eins háir og á Íslandi og neyslan óvíða eins mikil. Ég held því að sú kenning að hægt sé að stýra neyslu einstaklinga með sköttum fái ekki staðist. Ég er hlynntur einfaldari kerfum og vil hafa þau sem allra einföldust og þess vegna er ég með fyrirvara við þetta frumvarp sem ég tel samt afskaplega gott, herra forseti, (Gripið fram í.) afskaplega gott að því leyti að það einfaldar mjög mikið framkvæmdina, er líka mjög mikil skattalækkun sem ég gleðst yfir en það er þetta litla atriði með sykurinn sem ég hef fyrirvara við.

[15:01]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nú nokkuð skondin ræða hjá hv. formanni nefndarinnar. Það var eins og hann væri í díalóg við sjálfan sig. En það er nú alltaf ágætt ef maður getur líka brosað út í annað af þingræðum.

En ég brosi ekki yfir þeirri ákvörðun meiri hluta nefndarinnar að þverskallast við ábendingum frá Lýðheilsustöð varðandi gosdrykkina. Mig langar til að spyrja hv. þingmann einfaldlega að því, það má kannski segja að hann hafi svarað mér í síðari hluta ræðu sinnar, en mig langar til að fá að vita hvort nefndin hafi ekki farið yfir gildandi heilbrigðisáætlun.

Við erum hér með samþykkta heilbrigðisáætlun sem kerfið allt starfar eftir, samkvæmt samþykkt Alþingis til ársins 2010. Samkvæmt þeirri áætlun þá er það viðurkennt sem hluti af ábyrgð okkar, löggjafans, að stunda ákveðnar neyslustýrandi aðgerðir. Í því sambandi eru nefndar sykurvörur og gosdrykkir.

Mig langar til að spyrja hv. framsögumann nefndarinnar hvort það sé einlægur vilji hans að fara á svig við þessa heilbrigðisáætlun eða hvort við eigum að henda heilbrigðisáætluninni út í heilu lagi úr því að það er hægt að sniðganga hana með þeim hætti sem mér finnst nefndin vera að gera hér.

[15:03]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Meiri hluti á Alþingi og meiri hluti í nefnd byggist alltaf á ákveðnum málamiðlunum. Menn hafa ákveðnar skoðanir á hlutum og ég las nefndarálitið fyrst, herra forseti. Þar næst ákveðin niðurstaða.

Ég var ekki sáttur við hana að öllu leyti. Ég nefndi þau atriði sem ég var ekki sáttur við. Ég má það alveg. Mér finnst það vera hluti af lýðræðislegri hefð að ná fram niðurstöðu og geta fallist á hana og lesið hana upp. Þetta er enginn díalógur við sjálfan mig. Ég var að lesa nefndarálitið.

Svo varðandi gildandi heilbrigðisáætlun. Nefndin las hana ekki en að sjálfsögðu hefur hún hana í huga. Ég tel að það sé hægt að ná miklu meiri árangri með fræðslu og það hafa verið lagðir miklir peningar í t.d. fræðslu um heilbrigði. Ég tel að það sé betra en að stýra fullorðnu fólki með lögum.

Auðvitað eru líka börn. En ég er líka á móti því að ég sem þingmaður sé að stýra annarra manna börnum. Foreldrarnir eiga að gæta barnanna sinna sjálfir og hafa vit á því að kaupa ekki gos fyrir þau því börnin kaupa ekki gosið sjálf, a.m.k. hafa þau yfirleitt ekki fjármuni til þess.

Þessi sykurneysla er á ábyrgð fullorðins fólks, bæði hjá börnum og fullorðnum og ég neita því að við hv. þingmenn, sem sumir hverjir eru yngri en þeir kjósendur okkar sem við erum að stýra, að við séum að stýra fullorðnu fólki.

Ég vil ekki að vera að stýra fullorðnu fólki, jafnvel sem er komið yfir fimmtugt, að það eigi ekki að borða þetta eða borða hitt. Það á að hafa vit á því sjálft. Hins vegar tel ég eðlilegt og sjálfsagt að við uppfræðum fólk um hættur, t.d. unglinga um glerjungsskemmdir vegna gosdrykkjaneyslu eða offitu og því um líkt sem ég hef reyndar staðið að í hv. heilbrigðis- og tryggingaefnd að upplýsa menn um. En ég vil að þingið og löggjafinn beiti ráðleggingu en ekki lagaþvingun.

[15:05]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það alkunna að ákveðnar samfélagslegar aðgerðir hafa skipt sköpum með það hversu reykingar hafa minnkað á undanförnum árum og áratugum. Það hefur verið farið í markvissar samfélagslegar aðgerðir til þess að stýra neyslu almennings á tóbaki. Þær aðgerðir hafa skilað verulegum árangri.

Þær valda því að umfang ákveðinna sjúkdóma minnkar, sjúkdóma sem við höfum þurft að greiða sameiginlega fyrir úr samfélagslegum sjóðum okkar. Nákvæmlega það sama mundi gerast ef við tækjum um það sameiginlega ákvörðun að stýra neyslu almennings varðandi sykur.

Við greiðum núna óhóflega háar upphæðir í heilbrigðiskerfinu vegna þess að aðgengi fólks að sykri er mikið og líka vegna þess að fræðsla er ekki nóg.

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að auðvitað verðum við að taka sameiginlega ábyrgð á því að auka fræðsluna. En þá verðum við líka að styrkja þá stofnun sem við höfum falið það hlutverk og það er Lýðheilsustöð. Mér finnst álit meiri hlutans í nefndinni vera að ganga á svig við vilja þeirrar stofnunar sem við höfum falið ákveðið hlutverk í þessum efnum. Mér þykir það mjög, mjög alvarlegt.

Ég hefði því viljað sjá hér að nefndin hefði leyft sér að stíga þetta skref varðandi gosdrykkina, sem börn ákveða vissulega sjálf að kaupa, því börn eiga vasapeninga, en ef þau standa frammi fyrir því að þurfa að velja á milli sódavatns og gosdrykkja með sykri, annað er ódýrara en hitt, þá veldu þau ódýrari kostinn. Þannig að ég er algerlega sannfærð um að meiri hluti nefndarinnar er að fara hér inn á mjög hættulegt spor.

[15:07]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að ýmis einkaframtök, eins og t.d. Latibær, hafi náð miklu meiri árangri en við þingmenn í því að reyna að stýra neyslu fullorðins fólks með verðlagningu. Miklu meiri. Það sýnir bara hvað áhrifamáttur frjáls framtaks og upplýsingar getur verið mikill.

En varðandi hættulegar vörur. Þá vildi ég nú heldur

byrja á fitunni, frú forseti, en sykrinum. Því hert fita í lambakjöti eða lambakjöt og aðrar feitar vörur geta líka verið mjög skaðlegar. Ég veit ekki hvar við ætlum að enda.

Að bera saman sykur og tóbak. Í heilbrigðis- og tryggingnefnd var okkur sagt að tóbak væri stórhættulegt. (**Gripið fram í:** Það er sykurinn líka.) Hann er ekki bráðdrepandi. (Gripið fram í.) Sykur í litlum mæli skaðar ekki neitt, eða mér er ekki kunnugt um það. Það er ólíku saman að jafna, hættulegum efnum eins og sígarettureyk og sykri. Ég skil ekki í hv. þingmanni að vera að bera þetta saman.

Sykur er bara svipaður og fita og margur annar matur sem menn neyta í óhófi. Fita er góð í litlum mæli. Sykur er góður í litlum mæli. Gos er gott í litlum mæli. Einu sinni í viku eða eitthvað slíkt eða enn þá sjaldnar. Þá er þetta bara ágætismatvara. Það er ekki fyrr en þessa er neytt í óhófi sem það verður hættulegt.

[15:08]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Hér erum við að ræða um afar merkilegt frumvarp, að mínu mati, sem lýtur að lækkun matarverðs á Íslandi og ýmissa annarra þátta. Ég vil í upphafi míns máls enn og aftur minna á frumkvæði Samfylkingar í þessu máli og mikilvægt að halda því til haga að það er Samfylkingin sem hefur leitt umræðuna þegar kemur að lækkun matarverðs. Þar fer fremst í flokki hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sem hefur í gegnum árin ítrekað lagt fram fjölmargar fyrirspurnir og skýrslubeiðnir. Það hefur leitt af sér merkilega nefndarvinnu sem skilaði af sér skýrslu og er undirstaða þessarar umræðu og undirstaða þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin er loksins að taka sig til að framkvæma. Við skulum halda þessu til haga.

Við skulum sömuleiðis benda á það og minna á að Samfylkingin lofaði í kosningunum 2003 að lækka matarskattinn um helming og á fyrsta ári eftir þær kosningar lagði Samfylkingin fram slíkt frumvarp. Reyndar hefur Samfylkingin lagt það frumvarp fram á hverju einasta ári á þessu kjörtímabili, en hins vegar hefur Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn í hvert einasta skipti fellt það frumvarp. Síðan á síðustu metrum kjörtímabilsins kemur þessi blessaða ríkisstjórn fram með frumvarp sem m.a. inniheldur þá tillögu að helminga matarskattinn.

Það er fyrst og fremst frumkvæði Samfylkingarinnar sem rak loks ríkisstjórnina til að uppfylla sín eigin kosningaloforð. Samfylkingin fór fram með mjög metnaðarfullt útspil í haust sem laut að því að lækka matvælaverðið um fjórðung eða sem nemur u.þ.b. 200 þús. kr. á hvert heimili, sem öll íslensk heimili munar um. Stuttu eftir að Samfylkingin kynnti tillögur sínar vaknaði ríkisstjórnin og kynnti sitt frumvarp. Það er svo augljóst að barátta Samfylkingarinnar hreyfði við ríkisstjórnarflokkunum því að ef við skoðum það frumvarp sem þeir lögðu fram í tiltölulega miklum flýti þá sést að ekki hefur verið nógu vel að því staðið. Frumvarpið ber öll þau einkenni að hafa verið unnið í flýti og jafnvel í örvæntingu. Ég ætla að nefna fjögur atriði því til staðfestingar.

Í fyrsta lagi er í frumvarpinu hvergi minnst á tollana. Ríkisstjórnin boðaði í haust að lækka ætti tolla. Hvergi er minnst á það og allir sem hafa kynnt sér þennan málaflokk vita að tollalækkunin er sá þáttur sem skiptir hvað mestu máli í að lækka matvælaverð á Íslandi. Hvergi er minnst á tollana í tillögum ríkisstjórnarinnar.

Í öðru lagi. Svo sérkennilega var staðið að hlutanum sem laut að áfenginu að sjálfur hæstv. fjármálaráðherra bað hv. efnahags- og viðskiptanefnd að geyma þann hluta, það þyrfti að vinna hann betur. Sá hluti var því sömuleiðis unninn í talsverðum flýti og í það miklum flýti að ekki var hægt að afgreiða hann.

Þriðja vísbendingin um örvæntingu ríkisstjórnarinnar laut að því að nánast allir hagsmunaaðilar sem komu fyrir fund efnahags- og viðskiptanefndar bentu á að í frumvarpinu skorti talsvert á útreikninga og mat á áhrif fyrir ríkissjóð annars vegar og á verðlag hins vegar. Þessir hagsmunaaðilar bentu á að tölurnar vantaði, útreikningana vantaði, sem er auðvitað mjög bagalegt þegar um er að ræða jafnviðamikið frumvarp og hér er um að ræða og stórar tölur.

Þá kemur rúsínan í pylsuendanum, ég tók eftir því í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar að búið var að bæta við nokkrum vörum sem á að fella niður vörugjöld af, þeim var bætt inn í á síðustu metrunum, en láðst hafði að setja þær vörur inn. Ég man ekki eftir að efnahags- og viðskiptanefnd hafi rætt þetta sérstaklega. Hins vegar sýnir þetta auðvitað að menn voru ekki að vinna vinnuna sína sérstaklega vel og menn voru að bæta inn ákveðnum vöruflokkum á síðustu metrunum.

Þessi fjögur atriði benda til þess að ríkisstjórnin hafi ekki verið að standa sig í stykkinu. Ríkisstjórnin hefur haft fjögur ár til að lækka matvælaverðið en hins vegar ekkert gert í því og beinlínis unnið gegn því með því að kjósa gegn tillögum Samfylkingarinnar.

Ef við förum aðeins yfir þær tölur sem liggja að baki bentu helstu hagsmunaaðilar þessa máls á útreikningana og að talsvert skorti á mat á kostnaði fyrir ríkið af þeirri breytingu og áhrifum þeirra á verðlagið. Þetta benti ASÍ á og sömuleiðis Samtök atvinnulífsins. Þá höfðu Samtök verslunar og þjónustu og Samtök atvinnulífsins einnig áhyggjur af því að búið væri að búa til ákveðnar væntingar um að matvælaverð mundi lækka um 16% 1. mars næstkomandi. Það er sú tala sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa talað um í fjölmiðlum og víðar að muni gerast. En með réttu verður auðvitað að halda því til haga að hluti af þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin er að innleiða og lögleiða lúta að sjálfri versluninni þannig að hægt er að taka undir áhyggjur verslunarinnar, að við munum ekki sjá 16% lækkun á matvælaverði strax 1. mars. Að sama skapi voru þetta aðilar sem gagnrýndu forsendur þeirra talna, eins og ég kom inn á áðan, en sömuleiðis var einnig bent á að birgðastaða vara mun vissulega hafa áhrif á þetta í ljósi þess að á lagerum verslana liggja fyrir vörur sem borga þarf ákveðin vörugjöld af strax 1. mars.

En ljóst er að við þurfum að tryggja að sú lækkun sem á að lögleiða skili sér til neytenda og það er lykilatriðið. Það þarf að fylgja því með talsverðum fyrirvara að okkar mati að svo gerist. Við þurfum að tryggja það sömuleiðis að verslunin freistist ekki til að hækka verðlag eitthvað áður en 1. mars rennur upp svo hægt sé að lækka það um leið og sú dagsetning rennur upp. Af því tilefni leggur stjórnarand-

staðan í efnahags- og viðskiptanefnd breytingartillögu fram sem lýtur að því að tryggt verði öflugt verðlagseftirlit. Við munum kjósa um þá tillögu á eftir, en breytingartillagan er á þingskjali 629. Sjálfsagt mál er að okkar mati að við tryggjum fjármagn í slíkt eftirlit því að þetta er mikilvægt og mikilvægt að þau atriði sem hér er verið að ráðast í skili sér til þeirra sem þau eiga að fá.

Mig langar aðeins að renna yfir önnur mál sem lúta að vörugjöldunum. Ríkisstjórnin er ekki einu sinni hálfdrættingur Samfylkingarinnar þegar kemur að því að fella niður vörugjöld. Í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar á enn að halda úti þeim flókna vörugjaldafrumskógi, þessu óhagstæða og kostnaðarsama umhverfi sem fylgir vörugjöldunum því meira en helmingur vörugjaldanna á að vera eftir. Það er að okkar mati ekki ásættanlegt. Það er langhreinlegast, best og skynsamlegast að fella niður vörugjöld með öllu. Vörugjöld eru tímaskekkja. Þetta er kostnaðarsamur skattur, falinn skattur, þetta er gjald sem hefur ákveðin uppsöfnunaráhrif og orsakar mun hærra matvælaverð en ætti að vera.

Ríkisstjórnin vill ekki fara þá leið, nema hugsanlega hv. þm. Pétur H. Blöndal og var mjög fróðlegt að heyra ræðu hans áðan þar sem hann lýsti sig algjörlega sammála tillögu Samfylkingarinnar um að fella niður vörugjöld á öllum matvælum. Ég hlakka til að fylgjast með hvernig hann mun kjósa á eftir þegar breytingartillaga Samfylkingarinnar verður lögð fram. Mér finnst afar sérkennilegt, frú forseti, þegar formaður efnahags- og viðskiptanefndar kemur í hverju málinu á fætur öðru frá þeirri nefnd og talar í raun fyrir máli sem hann er efnislega ósammála. Við sáum þetta í skattaumræðunni áðan og við sáum þetta í máli sem laut að Landskrá fasteigna og nú sjáum við það í matarskattinum. Ég hvet hv. þm. Pétur H. Blöndal og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem ég veit að er í nöp við vörugjöldin, að styðja þá tillögu Samfylkingarinnar á eftir og fella niður öll vörugjöld. Það væri kærkomin kjarabót fyrir íslensk heimili og þá mundu þingmenn Sjálfstæðisflokksins sýna það í verki að þeir meini það sem þeir segja. Hér er tækifærið og í dag verður tækifærið fyrir þá hv. þingmenn að sýna að þeir meini það sem þeir segja. Ég hlakka því til að fá stuðning þessara þingmanna hér á eftir. Með því að fella niður vörugjöld er það talsverð kjarabót fyrir heimilin og þetta mun auka kaupmátt og má leiða líkur að því að ríkið muni einnig fá hluta af þeim kostnaði sem hlýst af því að fella niður vörugjöld aftur til baka.

Varðandi hugsunina á bak við vörugjöldin sem lýtur að hinum sykruðu vörum og ég vil undirstrika það að mörkin milli sykraðra vara og ekki eru afskaplega óljós og stundum eru þau hreint út sagt heimskuleg. Í nefndinni var bent á að sykurlaust ópal og sykurlaust tyggjó bera þennan svokallaða sykurskatt. Bent var á að sódavatn með bragðefnum ber sykurskattinn. Mörkin þarna á milli eru því óljós og handahófskennd og þetta eru enn ein rökin fyrir því að fella niður vörugjöldin. En þeir sem vilja halda í vörugjöldin á hinum meintu sykruðu vörum aðhyllast ákveðna neyslustýringu eða eru með þá von að það hafi einhver neyslustýrandi áhrif á landann, en um það má einnig efast alveg burt séð frá því hvort fólk trúi því að löggjafinn eigi að viðhalda einhvers konar neyslustýringu í lagasetningu sinni, þá má alveg benda á þá staðreynd að Íslendingar eru sú þjóð sem drekkur einna hvað mest af gosdrykkjum þrátt fyrir að gosdrykkir á Íslandi beri hvað hæstar álögur. Í þessu virðist því vera takmarkað samhengi á milli verðs og neyslu. Gosið á Íslandi er dýrt en þrátt fyrir það er neyslan mikil. Ég leyfi mér að efast um hversu sterk slík tengsl eru og ég veit að það eru eflaust einhverjir sem eru ósammála því. En mér sýnist sú aðferðafræði sem birtist í vörugjöldunum ekki virka.

Einnig má benda á að um leið og við lækkum vörugjöld á gosi mun það lækka verðið á öðrum drykkjarvörum, svo sem ávaxtasöfum og sódavatni vegna þess að lækkun á einni staðkvæmri vöru hefur áhrif á verð annarrar staðkvæmrar vöru. Með því að lækka vörugjöld á t.d. gosdrykkjum mun verðið lækka á öðrum drykkjarvörum. Ég held að leiðin að því að draga úr gosneyslu landans, sem ég get alveg tekið undir að þurfi að gera, sé fyrst og fremst í gegnum forvarnir. Hér er búið að nefna og var nefnt af einum gesti nefndarinnar frábært forvarnaverkefni sem snertir Latabæ, sem er að fá alþjóðlega viðurkenningu nánast í hverri viku. Þetta eru frekar leiðirnar sem við eigum að einbeita okkur að, því að hin leiðin er að mínu mati orðin gjaldþrota, reynslan sýnir það. Við leggjum því fram þá breytingartillögu um að fella niður öll vörugjöld á matvælum og færum Íslendingum þá kjarabót sem þeir eiga skilið.

Varðandi virðisaukaskattinn er ríkisstjórnin að leggja til nákvæmlega sömu breytingu og Samfylkingin er búin að leggja til allt þetta kjörtímabil, þ.e. að helminga matarskattinn, og það er sérstaklega ánægjulegt. Að sjálfsögðu mun Samfylkingin styðja tillögur ríkisstjórnarinnar þótt sú tillaga komi ekki frá okkur, ólíkt sjálfstæðisþingmönnum og framsóknarþingmönnum sem felldu tillögu okkar þrátt fyrir að hafa sjálfir lofað sömu tillögu í kosningunum síðast. Þetta er því ánægjuleg tillaga sem sömuleiðis mun bæta kjör almennings. Vert er að minnast þess og ánægjulegt að ríkisstjórnin hefur bætt við í lækkunarhrinu sinni varðandi virðisaukaskattinn og bætt við tónlistinni. Ekki má gleyma henni þegar kemur að skattalækkunum og þess vegna er það ánægjulegt. Þetta er gamalt kosningaloforð Samfylkingarinnar og eflaust fleiri flokka um að lækka vaskinn á tónlistinni.

Einnig er fagnaðarefni — auðvitað þarf maður að vera jákvæður gagnvart því sem vel er gert — að virðisaukaskatturinn af veitingaþjónustu er lækkaður. Þetta mun einfalda heilmikið það umhverfi. Nú mun það ekki skipta máli hvort maturinn er afhentur í gegnum lúgu eða í sal o.s.frv. Einfaldleikinn er dyggð í sjálfu sér, því fögnum við þessu og sömuleiðis mun þetta skila kjarabótum.

En Samfylkingin vill ganga lengra í sambandi við virðisaukaskattinn því að við höfum áttað okkur á að með því að lækka virðisaukaskattinn á bókum, matvælum, tímaritum og geisladiskum niður í 7% stendur ein mikil og veigamikil vara í samfélagi okkar eftir, sem eru lyfin. Eftir þessa lækkun munu lyf á Íslandi enn þá bera 24,5% virðisaukaskatt og það finnst okkur ekki vera rétt. Því höfum við lagt fram breytingartillögu um að virðisaukaskattur á lyf muni einnig lækka niður í 7%. Slík aðgerð mun kosta samkvæmt svari hæstv. fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar, varaþingmanns Samfylkingarinnar, um 670 millj.

kr. Við teljum að ríkissjóður sé vel fær um að láta þessa ákvörðun, þá aðgerð fylgja með í frumvarpinu og viljum því bjóða þingheimi öllum að fylkja sér á bak við tillögu Samfylkingarinnar og Guðjóns Arnars Kristjánssonar um að lyfin verði einnig skattlögð í 7% þrepinu. Við vitum að lyf á Íslandi eru dýr, of dýr. Við vitum líka og það er fullyrt í okkar eyru að ríkið greiði um það bil 90% af öllum lyfjunum. Ríkið sjálft er því að greiða stóran hluta af vaskinum og þetta er ekki það dýr aðgerð í ljósi hagsmuna fyrir ríkið að við ættum auðvitað að fara þá leið. Við munum kjósa um þetta á eftir.

Tollarnir, eins og ég kom inn á áðan, ef ég tek þetta svona í flokkum, þá minnist ríkisstjórnin hvergi á tollalækkanir, sem hún þó boðaði í haust. Samfylkingin lagði fram sínar metnaðarfullu tillögur um að fella niður tolla í áföngum, fella strax niður helminginn 1. júlí en síðan mundum við fella niður tollana í framhaldinu í samráði við hagsmunasamtök bænda og neytendur. Langbesta kjarabótin eru tollamálin, það má ekki gleyma því. Ríkisstjórnin kom með afskaplega máttlausa tillögu, talaði um 40% lækkun á innfluttum kjötvörum, en eins og bent var á í efnahags- og viðskiptanefnd skilur 40% lækkun á ofurtollum eftir sig ofurtolla og aðilar markaðarins efa stórlega að slík lækkun muni skila sér til neytenda í þeim mæli sem hún ætti að gera.

Sömuleiðis lýtur tollalækkun ríkisstjórnarinnar, að minnsta kosti eins og plön ríkisstjórnar voru í haust, að því að lækka tolla einungis á innfluttum kjötvörum, þannig að ríkisstjórnin hefur ákveðið að skilja eftir mjög mörg matvæli enn þá með tolla og má þar nefna mjólkurafurðir, smjör og pylsur, kaffi og krydd, kæfur, drykkjarvörur, sósur, súpur, ís, sælgæti, túnfisk, sardínur, hrogn, feiti, olíur o.s.frv. En ég ítreka að með því að fella á niður tollana í áföngum þarf að hafa ríkt samráð við hagsmunasamtök bænda. Samfylkingin ætlar ekki að koma aftan að bændum. Við ætlum að gera þetta í samráði við þá, við ætlum að tryggja sérstakan tímabundinn aðlögunarsamning til 1. júlí þegar fyrsti áfanginn tekur gildi og framhaldið verður sömuleiðis gert í samráði við þá. Það er kerfið sem slíkt sem við setjum spurningarmerki við. Við teljum að íslenskir bændur gætu haft það betra og þegar Bændasamtökin komu á fund Samfylkingarinnar um daginn bentu þeir sjálfir á að bóndinn er kannski að fá 40% af útsöluverði vöru sinnar og það er auðvitað besti vitnisburðurinn um að kerfið sé ekki að skila því sem það ætti að skila, því að núverandi landbúnaðarkerfi er eitt það dýrasta í heimi fyrir skattgreiðendur. Við erum að greiða eitt hæsta matvælaverð í heimi og kjör bænda eru verri en þau gætu verið. Það er því eitthvað að kerfinu. Við þurfum að auka hlutdeild bóndans í útsöluverði sinnar eigin vöru. Við viljum sjá nýrra og betra kerfi gert í samráði við bændur.

Því til upprifjunar ætla ég að rifja upp þegar ríkisstjórnin felldi niður tolla af tilteknum grænmetistegundum, gúrkum, tómötum og papriku. Þá töldu úrtölumenn að þetta yrði afskaplega slæm ákvörðun. Hver var niðurstaðan? Niðurstaðan varð sú að ekki nóg með að verðið á þeim vörum lækkaði heldur jókst líka salan. Salan á íslensku grænmeti jókst. Síðan hafði þessi tollalækkun sömuleiðis áhrif á aðrar grænmetistegundir sem þó voru ekki fyrir sömu ákvörðun ríkisstjórnarinnar og þær fyrrgreindu grænmetistegundir. Þetta dæmi er mjög skýrt um að niðurfelling tolla í samráði við bændur, því að þarna var gerður sérstakur samningur við bændur um annars konar stuðning, borgar sig fyrir bændur og borgar sig sérstaklega fyrir neytendur og við erum svo sem öll neytendur eins og gefur að skilja. Þetta er skólabókardæmi um að við höfum rétt fyrir okkur í þessu máli.

Ég ætla aðeins að koma að áfengismálinu. Hv. efnahags- og viðskiptanefnd varð við óskum hæstv. fjármálaráðherra um að láta það mál vera og það kemur væntanlega til skoðunar hvernig að því verður staðið, hvort áfengi mun áfram verða í 24,5% skattþrepi eða ekki. Hins vegar langar mig að velta því upp að núverandi áfengisgjald færir ríkissjóði um 7 milljarða. Hugmyndir ríkisstjórnarinnar til að jafna lækkun á vaskinum hefði fært um 4 milljarða til viðbótar í ríkissjóð. Þá værum við komin með áfengisgjald sem væri að gefa ríkissjóði 11 milljarða kr., sem er svipuð upphæð og kostar að reka alla framhaldsskóla landsins. Ég held að við ættum alveg að taka þá umræðu einhvern tíma hversu dýrt áfengi ætti að vera og ég ætla svo sem ekkert að fara endilega í það, en við þurfum að taka þá umræðu á hvaða vegferð við erum varðandi verðlagningu á áfengi. Þetta snertir sömuleiðis hugmyndirnar um neyslustýringu o.s.frv. En mér finnst óskiljanlegt að Íslendingar þurfi að vera sú þjóð sem þurfi að sætta sig við eitt hæsta áfengisverð í heimi, eitt hæsta matvælaverð í heimi, eitt hæsta lyfjaverð í heimi, eitt hæsta bensínverð í heimi, eina hæstu vexti í heimi, vextir eru ekkert annað en verð á peningum. Ég átta mig ekki á því að við sem þingmenn sættum okkur við að bjóða almenningi upp á að hafa allt svo dýrt á Íslandi. Við höfum valið til að breyta og bæta kjörin til batnaðar.

Að lokum mun stjórnarandstaðan flytja breytingartillögu, sem Ögmundur Jónasson er fyrsti flutningsmaður að, sem lýtur að því að endurgreiðslur á virðisaukaskatti nái einnig til almenningsvagna. Hv. þm. Ögmundur Jónasson mun án efa gera betri grein fyrir þeirri tillögu.

Að síðustu langar mig að taka undir áhyggjur sveitarfélaganna því að í umsögn þeirra til efnahags- og viðskiptanefndar gagnrýna þau að frumvarpinu fylgi ekki kostnaðarmat með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag sveitarfélaga, eins og ber að gera. Hér vísa sveitarfélögin í samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2005. Þetta er annað frumvarpið í röð sem við fengum í efnahags- og viðskiptanefnd þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga kvartar yfir því að ríkið uppfylli ekki þetta samkomulag að þeirra mati. Sé samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að kostnaðarmat þurfi að liggja fyrir á auðvitað að uppfylla það og það má ekki verða regla hjá fjármálaráðuneytinu að uppfylla ekki þennan þátt samkomulagsins, því eins og allir vita eru margar ákvarðanir teknar í þessum sal sem hafa bein áhrif á hag sveitarfélaganna.

Það er margt jákvætt í þessu máli. Samfylkingin vill ganga lengra. Við viljum lækka matvælaverð helmingi meira en ríkisstjórnin og við höfum lagt fram metnaðarfullar tillögur í þá átt og ég hlakka til að sjá viðbrögð ýmissa stjórnarþingmanna við þeim tillögum sem koma til afgreiðslu á eftir.

[15:31]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi í þessu andsvari aðeins ræða um þau sjónarmið sem tekist er á um í umræðunni, annars vegar um einfalt og gegnsætt skattkerfi og hins vegar lýðheilsusjónarmið sem hv. þingmaður kom inn á í ræðu sinni, þá baráttu sem við, eins og öll önnur vestræn ríki, eigum við að etja, offitu og önnur heilsufarsvandamál tengd henni.

Mér leikur forvitni á að vita hvað þingmaðurinn á nákvæmlega við þegar hann talar fyrir þeirri stefnu Samfylkingarinnar að fella niður öll vörugjöld. Þar er þingmaður væntanlega að tala um, mér þætti gott að fá það skýrt fram, að fella niður vörugjöld af sykri og sætindum. Sú leið sem ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir hafa ákveðið að fara er millileið við að samþætta þessi sjónarmið, annars vegar um einfalt og gegnsætt skattkerfi en hins vegar að taka til greina lýðheilsusjónarmiðin.

Ég vildi um leið spyrja hann nánar út í tillögu hins hluta kaffibandalagsins svokallaða, þ.e. tillögu þingmanna Vinstri grænna, sem gengur út á að gosið fari í sama vöruflokk og ríkisstjórnin hefur ákveðið að halda eftir. Manni virðist hafa myndast millileið þar sem ríkisstjórnarflokkarnir eru á milli, annars vegar Vinstri grænna og hins vegar þingmanna Samfylkingarinnar.

[15:33]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Málið er afskaplega skýrt. Samfylkingin vill fella niður öll vörugjöld á matvælum, öll vörugjöld á öllum matvælum. Við teljum að þessi skattur sé slæmur. Hann er kostnaðarsamur og hækkar matvælaverð, hann hækkar kostnað verslunarinnar. Við höfum ekki þá sannfæringu að þessi háu vörugjöld skili árangri við neyslustýringu, sem hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir kannski hefur.

Þá langar mig að spyrja hv. þingmann á móti. Fyrst hún er sannfærð um þessi svokölluðu lýðheilsusjónarmið og að þetta sé rétt leið, að halda úti sérstökum sykurskatti: Hvernig stendur á að hv. þingmaður er tilbúinn að fella niður vörugjöld á gosdrykkjum? Í tillögum ríkisstjórnarflokkanna stendur til að fella niður vörugjald á gosdrykkjum. Þarf ekki hv. þingmaður að vera samkvæmur sjálfum sér og aðrir þingmenn ríkisstjórnarinnar að ef þeir vilja skilja sætindin og sykruðu vörurnar eftir og hafa vörugjöld á þeim vörum? Hvernig stendur á að þeir eru ekki samkvæmir sjálfum sér þegar kemur að gosdrykkjum sem eru augljóslega sykraðar vörur? Í þeim er talsvert magn af sykri eins og allir vita.

[15:34]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég kom inn á í andvari mínu er með frumvarpinu farin viss millileið. Ég sagði að þarna tækjust annars vegar á sjónarmið um einfalt og gegnsætt skattkerfi og hins vegar þau sjónarmið að gera þyrfti skýran greinarmun á þessum vörum. Þess vegna hefur ríkisstjórnin ákveðið að gera þessa málamiðlun og fara milliveginn.

Mér fannst mikilvægt að fá fram í umræðunni þá skýru afstöðu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar að hann og Samfylkingin telja að fella eigi alfarið niður öll vörugjöld, þar með talið á þeim vöruflokkum sem ríkisstjórnin skilur eftir, þ.e. sykri og sætindum. Það er greinilega himinn og haf á milli stefnu þeirra stjórnarandstöðuflokka sem hér um ræðir, annars vegar Vinstri grænna og hins vegar Samfylkingarinnar.

[15:35]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Afstaða Samfylkingarinnar ætti ekki að koma hv. þingmanni á óvart. Hún var kynnt í haust og laut að því að fella niður vörugjöld af öllum matvælum. Þetta er ekki sérskoðun Samfylkingarinnar, að fella beri niður öll vörugjöld. Neytendasamtökin vilja fella niður öll vörugjöld. Samtök atvinnulífsins vilja fella niður öll vörugjöld og Samtök iðnaðarins einnig. Samtök verslunar og þjónustu vilja fella niður öll vörugjöld af matvælum og Félag íslenskra stórkaupmanna vill fella niður öll vörugjöld af matvælum. Þetta eru hagsmunasamtök stórra hópa og Neytendasamtökin eru málsvarar okkar neytenda. Þar er um að ræða samtök sem berjast fyrir bættum kjörum almennings og ég er ánægður með að vera í flokki með þessum aðilum. Að auki finnast mér röksemdirnar með þessari skattlagningu svo veikar í ljósi þess að þetta er dýr leið til að ná fram óljósu markmiði.

Við eigum að fara forvarnaleiðina og reyna að sporna við aukinni sætindaneyslu og gosdrykkjanotkun en förum aðra leið að því. Það er vel hægt, hv. þingmaður.

[15:37]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar, sem var svona „hæst í heimi ræða“, að verðið væri hæst á Íslandi og kerfið verst. Það má auðvitað finna ágalla á því kerfi sem við styðjumst við varðandi innflutning á landbúnaðarafurðum. Ég ætla ekki að halda því fram að það sé fullkomið en ég vil benda á að miðað við meðalverð á þeim vörum annars vegar og hins vegar á vörum sem fluttar eru inn og ekki eru neinar hindranir fyrir eða tollar til að torvelda mönnum innflutning þá stendur landbúnaðarkerfið ekkert verr en frjálsa kerfið.

Munur á verði hérlendis og meðalverði í Evrópusambandinu á innfluttum kornvörum er meiri en verðmunur á innlendri landbúnaðarframleiðslu miðað við meðalverð í Evrópusambandinu. Verðmunur á meðalverði á fatnaði í Evrópusambandinu og hér á landi er líka meiri en þessi munur. Frjálsa kerfið skilar því ekki lægra verði en landbúnaðarkerfið. Þannig er ekki hægt að rökstyðja fullyrðinguna um að kerfið sem við styðjumst við sé vont og hitt sé gott. Frjálsa kerfið er jafndýrt ef ekki dýrara en landbúnaðarkerfi okkar.

Ástæðan fyrir þessu, virðulegi forseti, er sú að verðlagning í frjálsu kerfi er ekki endilega miðuð við uppsafnaðan kostnað heldur kaupgetu almennings. Það sem er líka „hæst í heimi“, kannski innan gæsalappa, er kaupmáttur almennings hér á landi. Þess vegna verðleggja hinir frjálsu kaupmenn vöruna í samræmi við það.

[15:39]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit að íslenskar landbúnaðarafurðir eru ekki einu vörurnar sem eru dýrar á Íslandi. Ég fór sérstaklega yfir það að fjölmargir þættir í samfélaginu eru of dýrir, einn af þeim þáttum eru landbúnaðarvörurnar. Það er líka vitað að hátt verð á landbúnaðarvörum hækkar verð á öðrum vörum. Þetta er ein af niðurstöðum matvælaverðsnefndarinnar svokallaðrar og fleiri hagfræðinga. Sé hátt verð á matvælum þá hækkar verð á öðrum svokölluðum staðkvæmum vörum. Þetta helst allt í hendur.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að við þurfum að halda úti öflugu samkeppniseftirliti samhliða þeim aðgerðum sem ég mæli fyrir. Það er ekki til ein töfralausn til að lækka verðlag á Íslandi en til eru margar lausnir og ein af þeim er að auka frjálsræði í íslenskum landbúnaði. Það er bara ein af niðurstöðum rekstrarhagfræðinnar að frjáls samkeppni er neytendum til hagsbóta. Annað eru bara bábiljur sem eiga ekki við rök að styðjast.

Síðan langar mig að lokum að benda hv. þingmanni á að nokkrar þjóðir í Evrópu eru þó ríkari en Íslendingar, með meiri kaupmátt og hærri laun, en hins vegar talsvert lægra matvælaverð.

[15:40]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á annað atriði sem einkennir dálítið ræður hv. þingmanns. En það eru áhrif skattalækkana á verðþróun á næsta ári. Við erum með 7% verðbólgu í dag. Það er meginverkefni stjórnvalda að ná verðbólgunni niður. Ég hef því alltaf haft efasemdir um að rétt sé að fara út í að lækka virðisaukaskattinn núna. 8–12 milljarða kr. skattalækkun mun ýta undir áframhaldandi verðbólgu.

Við erum með skuldugustu heimili í heimi, skulum við segja. Skuldir heimilanna eru um 1.200 milljarðar kr. Hvert prósentustig sem verðbólgan fer upp en ekki niður kostar heimilin um 10–12 milljarða kr. í auknum skuldum og 1–2 milljarða kr. á ári í útgjöldum vegna vaxta.

Hv. þingmaður ætlar að bjóða betur. Hann býður helmingi meiri skattalækkun. Þá segi ég, virðulegi forseti: Það mun leiða til meiri verðbólgu eða að verðbólgan minnkar hægar en ella væri. Með því móti er, þrátt fyrir að meiningin sé að bæta kjör almennings með lækkun skatta, verið að hækka skuldir heimilanna og hækka greiðslubyrði þeirra af þeim skuldum.

Við megum ekki tapa okkur í yfirboðum í skattalækkunum. Við verðum að stjórna efnahagsmálum með þeim hætti að verðbólgan sé lág. Það er besta kjarabótin og mesta skattalækkunin sem við getum boðið fólki.

[15:42]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég deili áhyggjum hv. þingmanns af skorti á stöðugleika í samfélagi okkar en það er bein afleiðing af hagstjórn ríkisstjórnar sem hann ver á hverjum einasta degi í þinginu. Við sjáum að stöðugleikinn er einfaldlega ekki fyrir hendi í íslensku samfélagi. Íslensk heimili búa við nýjan skatt, verðbólguskatt, sem étur þær litlu kjarabætur sem þó eru í boði. Ég tek alveg undir það að við þurfum á miklu skynsamlegri hagstjórn að halda. Ég treysti Samfylkingunni betur til að gera það en núverandi ríkisstjórn, sérstaklega í ljósi árangursleysis ríkisstjórnarinnar á því sviði.

Með því að lækka matvælaverðið lækkar vísitalan. Það er bara svart á hvítu, það lækkar vísitöluna. Það verður ódýrara að lifa og ódýrara að kaupa í matinn. Þetta er aðgerð sem gagnast efnaminni fjölskyldum hvað mest. Það er takmarkað hvað hver einstaklingur getur borðað og þess vegna er þessi aðgerð miklu skynsamlegri að mínu mati en flöt prósentulækkun á tekjuskatti. Þetta gagnast venjulegu fólki langtum betur en sú leið sem ríkisstjórnin vill fara.

Að sjálfsögðu þurfum við að verja heimilin fyrir verðbólgunni því að ríkisstjórnin hefur gjörsamlega klúðrað tækifærum sínum þegar kemur að hagstjórn þessa lands. Það finna landsmenn á eigin skinni þessa dagana í ljósi hárrar verðbólgu og ofurvaxta.

[15:44]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það verður lengi deilt um það hvernig eigi að bæta kjör landsmanna, hvaða leiðir séu vænlegastar til þess. Ég hef tekið þátt í umræðu um það efni í langan tíma. Ég minnist umræðna um matarskattinn í byrjun tíunda áratugarins. Þá lágu hinar pólitísku línur á annan veg en þær gera nú og ekkert óeðlilegt við það að menn skipti um skoðun eða lagi sig að nýjum tímum, nýrri tækni til dæmis. Nú er að mínu mati auðveldara að vera með mismunandi skattstig en áður var einfaldlega vegna nýrrar og bættrar tækni. En á fyrri hluta tíunda áratugarins var ég, svo dæmi sé tekið, fylgjandi því að fara markvissar leiðir til að bæta stöðu barnafólks sérstaklega, hækka barnabætur, bæta stöðu þeirra sem eru að afla húsnæðis o.s.frv. Aðrir vildu þá lækka matarskattinn. Ef ég man rétt voru BSRB og Alþýðuflokkurinn sama sinnis á þeim tíma og Framsókn hygg ég, en Sjálfstæðisflokkur og Alþýðusambandið vildu fara matarskattslækkunarleiðina og þá varð það ráð að fara með innlenda matvöru niður í lægra skattþrep.

Ég er hins vegar kominn á þá skoðun að það sé rétt leið sem við erum að fara nú með því að stíga þessi skref til lækkunar á matarverði en ítreka að við þurfum einnig að horfa til annarra leiða. Þá er ég að horfa til álagningar í verslun. Samþjöppun og fákeppni í verslun hefur staðið hagstæðu matarverði hér fyrir þrifum. Við þurfum einnig að gera þetta í góðri sátt við bændastéttina og hafa í huga að markmiðið er ekki einvörðungu það að hafa verð á matvöru lágt heldur viljum við einnig stuðla að því að landsmenn neyti gæðavöru.

Hæstv. forseti. Hér hefur verið gerð grein fyrir þessu frumvarpi sem liggur fyrir þinginu. Ég ætla að staðnæmast við tvær tillögur sem ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði komum að, en þegar hefur verið gerð grein fyrir öðrum tillögum sem við komum sameiginlega að með stjórnarandstöðunni, Samfylkingu og Frjálslyndum. Síðan er um nokkrar breytingartillögur að ræða þar sem við eigum ekki samleið innan stjórnarandstöðunnar. Allt þetta mun koma í ljós við atkvæðagreiðslu um frumvarpið hér á eftir. En sem kunnugt er vill Samfylkingin stíga skrefið til fulls og afnema þessi gjöld að fullu og þessa skatta, eins og

tillögur liggja fyrir um.

Ég vil nefna tillögu stjórnarandstöðunnar sem lýtur að almenningssamgöngum, strætisvögnum. Við viljum að kaupendur almenningsvagna sitji við sama borð og kaupendur annarra hópferðabíla og njóti endurgreiðslu tveggja þriðju hluta virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða. Fyrir þinginu liggur lagafrumvarp um þetta efni sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs undir forustu hv. varaþingmanns Álfheiðar Ingadóttur fluttu í vetur og reyndar á síðasta ári einnig. Í greinargerð með því frumvarpi kemur fram að á höfuðborgarsvæðinu þar sem Strætó bs. er starfandi hafi frá stofnun þess byggðasamlags í júlí 2001 verið fest kaup á 45 nýjum vögnum og nemi álagður virðisaukaskattur vegna þeirra kaupa 161,6 millj. kr. en tveir þriðju hlutar fjárhæðarinnar, þ.e. það sem endurgreiðslan tæki til ef þetta frumvarp hefði náð fram að ganga, hefði numið 107,3 millj. kr. Það er bent á það enn fremur í þessari greinargerð að stærsti undirverktaki Strætó bs., Hagvagnar hf., hafi frá sama tíma keypt 21 strætisvagn til aksturs á áðurgreindu þjónustusvæði og nemi álagður virðisaukaskattur vegna þeirra kaupa um það bil 64 millj. kr. og reiknuð endurgreiðsla, ef jafnræði væri með almenningssamgöngum og öðrum hópferðum, tæplega 43 millj. kr. Við gerum sem sagt tillögu um að almenningssamgöngur sitji við sama borð og aðrir kaupendur hópferðabifreiða og erum með tillögu um þetta efni.

Hitt málið sem ég vildi staðnæmast við eru ábendingar Lýðheilsustofnunar um að okkur beri ekki að grípa til aðgerða sem hafi í för með sér að gosdrykkir og sykraðir safar lækki í verði. Það hefur komið fram í bréfi sem Lýðheilsustofnun ritaði efnahags- og viðskiptanefnd þingsins réttilega að nái þær breytingar fram að ganga sem liggja hér fyrir þinginu frá stjórnarmeirihlutanum muni gosdrykkir og sykraðir safar lækka mest allra vörutegunda. Ástæðan er sú að þar er um að ræða niðurfellingu á vörugjöldum annars vegar og lækkun á virðisaukaskatti hins vegar þannig að þegar þetta tvennt kemur saman er lækkunin mest þarna.

Lýðheilsustofnun ritaði nefndinni bréf. Ég ætla nú ekki að lesa þetta bréf að öðru leyti en því að vitna í nokkrar línur þar sem segir, með leyfi forseta:

„Vert er að benda á að rannsóknir sýna að verðnæmi gosdrykkja er töluverð og verðlækkun þeirra hefur mest áhrif á neyslu þeirra þjóðfélagshópa sem almennt er erfitt að ná til með heilsuhvetjandi skilaboðum. Í því samhengi má nefna að unglingar eru mjög næmir fyrir verðbreytingum. Einnig ber að geta þess að næmni þeirra sem neyta mikils magns gosdrykkja er töluverð. Verðbreyting hefur hins vegar minni áhrif á þá sem drekka sykraða gosdrykki í hófi. Hér er því um að ræða aðgerð sem mun hafa neysluhvetjandi áhrif á unglingana okkar og þá sem nú þegar neyta mikils magns gosdrykkja."

Lýðheilsustofnun var sett á fót til þess að ráðleggja okkur sem hér erum inni um stefnumótun á sviði eins og þessum og að sjálfsögðu eigum við að hlusta þegar Lýðheilsustofnun talar. Ég harma það í rauninni hve seint þessi umræða fer af stað vegna þess að ég hygg að efasemdir séu að vakna núna hjá ýmsum sem hafa ekki hugleitt það sérstaklega að þessar breytingar eru í lögunum. Ég vona að sjálfsögðu að þær breytingartillögur sem við setjum fram nái fram að ganga. En ég legg áherslu á að sem betur fer er ekki bannað með lögum að breyta lögum og mestu máli skiptir hver endanleg niðurstaða verður. Ég sé að á mælendaskrá eru hjúkrunarfræðingar og læknar sem hafa kvatt sér hljóðs. Ég mun horfa fremur til þeirrar áherslu sem kemur fram í þeirra máli áður en kemur til endanlegrar afgreiðslu þessa máls hér í dag vegna þess að öllu máli skiptir hver endanleg niðurstaða verður. Ég vona að okkur takist að færa þetta inn í þann farveg sem Lýðheilsustofnun mælir með.

[15:53]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Ég fagna því frumvarpi sem hér er komið til 2. umr. og fjallar um lækkun virðisaukaskatts og afnám vörugjalds á matvörum. Hér koma fram langþráðar breytingar sem eru til þess fallnar að lækka verð á matvælum hér á landi umtalsvert. Þetta er í samræmi við loforð Sjálfstæðisflokksins við kosningarnar 2003 og kom jafnframt fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 2003. Jafnframt má benda á það, og ég tek undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að þetta hefur verið baráttumál Sjálfstæðisflokksins lengi þannig að mér finnst svona hártoganir um það hver eigi málið, eins og Samfylkingin hefur lagt mikla áherslu á í þessum málflutningi, eiginlega alveg út í hött. Þetta hlýtur að vera baráttumál okkar allra og það að merkja það einum flokki öðrum fremur finnst mér ekki vera viðeigandi. Það skiptir öllu máli hver framkvæmdin sé og framkvæmdin er sem sagt í dag í þá veru að það er verið að lækka matvælaverð.

Samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins munu þessar breytingar einar og sér leiða til 12,3% lækkunar matvöruverðs í landinu, þar af er 40% lækkun tolla á matvöruverð metin 1,5%. Ég tel að nú séu kjöraðstæður til þess að lækka matvöruverð. Verðbólga er á hraðri niðurleið og spár eru um að gengið muni halda sér í tiltölulegu jafnvægi á næsta ári. En það skiptir miklu máli að hagsmunaaðilar veiti versluninni aðhald og hafi eftirlit með að lækkunin skili sér í matvöruverði til neytenda.

Jafnframt eru gerðar ýmsar aðrar breytingar í frumvarpinu varðandi húshitun og veitinga- og gistihús, varðandi bækur, blöð, tímarit og geisladiska sem allar eru til þess fallnar að lækka kostnað heimilanna. Heildaráhrifin af þessum skattalagabreytingum eru metin um 10,5 milljarðar kr. á ári, en á næsta ári, þar sem breytingin tekur gildi 1. mars, er það metið 9 milljarðar kr.

Ég hef einn fyrirvara við þetta frumvarp sem ég vil hér gera grein fyrir og hann varðar það að vörugjald á gosdrykkjum er aflagt. Í frumvarpinu er sem sagt lagt til að samhliða lækkun virðisaukaskatts á matvöru í eitt virðisaukastig, 7%, eru vörugjöld felld niður af innlendum og innfluttum matvælum öðrum en sykri og sætindum. Fyrirvari minn varðar það að ég tel að gos og sykraðir drykkir eigi áfram að bera vörugjald á sama máta og sykur og sælgæti og þannig flokka ég gos og sykraða drykki með sykri og sætindum. Rökin eru manneldislegs eðlis. Ég tek þar undir rök Lýðheilsustöðvar. Ég tel að stjórnvöld eigi ekki að stuðla að lækkun verðs á þeim vörum sem gætu leitt til aukinnar neyslu sykurs, sætinda og gosdrykkja. Það verður

til þess að auka á vanda sérstaklega barna og ungmenna varðandi ofþyngd og versnandi tannheilsu, en það hefur verið metið að um 6% heilbrigðisútgjalda megi rekja til ofþyngdar eða offitu. Leiðir eins og þessi, þ.e. að halda verði á sykurvörum háu, er því til þess fallið að minnka neyslu á sykri.

Það kom fram í máli hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar að hann furðaði sig á því að þegar horft er til verðlagningar á gosi þá er hún hærri hér á landi en í nágrannalöndum okkar og hann skildi því ekki af hverju það leiddi ekki til þess að neyslan væri þá minni hér. Matvöruverð hér og í Noregi til dæmis er almennt hærra en í öðrum löndum og það sem skiptir máli í þessu er hlutfallið á milli verðs á gosi og verðs á hollustuvöru. Verðið á gosi hér er tiltölulega lægra en á hollustudrykkjum. Það er það sem skiptir máli, þ.e. verðmunur þessara drykkja frekar en hlutfallslegt verð á milli landa. Það svarar því vangaveltum hans þar um.

Ég hef hins vegar væntingar um að spurningin um vörugjöld eða ekki vörugjöld á gosi verði tekið til skoðunar í jólahléi þingsins. Ég vona að af þeirri skoðun verði. Jafnframt hef ég væntingar um að athugað verði að skipta upp vöruflokknum gos og sykraðir því að í sama vöruflokki eru kolsýrudrykkir sem eru ekki sætir en eru með bragðefnum án þess að vera sætir þannig að þeir mundu teljast til hollustudrykkja. Ég tel að það eigi að greina annars vegar milli hollustudrykkja og hins vegar sykraðra drykkja og þeirra sem geta haft áhrif á glerung tanna. En það er alveg ljóst að tannheilsu ungmenna og barna hefur farið hrakandi á síðustu árum.

Að lokum vil ég ræða það sem varðar lyfin. Hér hefur komið fram breytingartillaga um að lækka virðisaukaskatt á lyfjum og í prinsippinu er ég sammála því. Á hinn bóginn hefur þetta lítið verið rætt innan nefndarinnar og þingsins og það er álitamál í þessum efnum hvort öll lyf eigi að vera undanþegin virðisaukaskatti eða eingöngu lyfseðilsskyld lyf. Mér sýnist á tillögu stjórnarandstöðunnar og hv. þingmanna Samfylkingarinnar að öll lyf séu þar undir. Ég er ekki tilbúin til þess að fara þá leið. Ég tel að ef við förum í þá leið sem ég tel að sé æskileg, að fella niður virðisaukaskatt á lyfjum, þá eigum við að horfa til Norðurlandanna og nágrannalanda okkar sem hafa fellt niður virðisaukaskatt á lyfseðilsskyldum lyfjum en ekki á öllum lyfjum. Út frá þeirri forsendu og því að ekki er gert ráð fyrir þessu í fjárlögum sem hafa þegar verið samþykkt og vegna þess að við höfum staðið að miklum skattalækkunum nú sem verið er að samþykkja þessa dagana þá get ég ekki stutt þessa breytingartillögu sem liggur fyrir. Það er þó aðallega vegna þess að ég tel að það eigi að skoða það að aðskilja lyfseðilsskyld lyf og önnur lyf.

[16:00]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir áhyggjur þeirra sem hér hafa talað varðandi það að hér sé neytt of mikils af sykri, sætindum og gosi. Það er þjóðarkvilli sem þarf að lækna. Það sem er merkilegt er að Noregur og Ísland eiga það sameiginlegt að vera með hæsta verðið, en hér er líka mesta neyslan. Það segir okkur að verð á sætindum og gosi og sykri hefur bara ekkert með neysluna að gera. Hér hefur verðinu á þessu verið haldið uppi eins og öðru matarverði með vörugjöldum og háu virðisaukaskattsstigi o.s.frv. og orsakað þetta verð en samt er enginn bilbugur á neyslunni. Ég tek alveg mark á Lýðheilsustöð en ég er samt sannfærð um að það hefði verið betra að fara aðrar leiðir. Það er mjög flókið, alveg eins og kom fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals, að vera með vörugjöld á sumu og mismunandi vörugjald.

Ég fór í skoðun á matarverðsskýrslunni uppfull af því að vilja lækka vörugjöldin á öllu nema sykri. Þegar ég var búin að vinna mig í gegnum þá skýrslu og tala við alls konar fólk gerði ég mér grein fyrir því að það er sykur í 80% af vörunni sem er í eldhússkápunum hjá okkur og mælieiningarnar eru bara úti um allt. Í þeim felast síðan uppsöfnunaráhrif sem hækka verð og gera bæði verðlagningu og verðið ógagnsætt. Þess vegna held ég að það sé þarfara að við finnum aðrar leiðir til að vinna gegn sykurneyslu en að hamast við að viðhalda úreltu vörugjaldakerfi. Það er ástæðan fyrir því að ég styð núna afnám vörugjaldanna.

[16:02]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst í rauninni mjög athyglisvert að heyra að Samfylkingin vill fella niður það sem hefur stundum verið kallað sykurskattur og lækka verð á sykri og sætindum. Ýmsir þingmenn, sérstaklega Samfylkingarinnar, hafa lagt fram tillögur trekk í trekk til að vinna gegn offitu, barna og ungmenna sérstaklega, þannig að þetta er sú aðgerð sem reynist einna best í því að halda sykri og sætindum frá börnum, verðlagningin. Það virkar sérstaklega á krakka sem standa frammi fyrir því að velja á milli eplis og sælgætis til þess að svala hungri, og sælgætið verður ofan á ef það er ódýrara. Mér finnst mjög sérkennilegt þegar Samfylkingin sem hefur fram til þessa talið sig vera flokk sem fylgir manneldismarkmiðum tekur þessa afstöðu í málinu.

Það kom fram í ræðu minni að verð á gosdrykkjum og annarri vöru er hærra hér á landi og í Noregi en annars staðar en það sem skiptir máli er hlutfallslegt verð á milli hollustuvöru og sykraðrar vöru. Það er aðalatriðið. Áður en við fullyrðum það sem kemur fram í máli hv. þingmanns þurfum við að skoða hlutfallið á milli hollustuvöru og sætinda í Evrópu. Mér segir svo hugur að hollustuvara, ávextir, grænmeti og slíkt, sé hlutfallslega ódýrari en sykur og sætindi í Evrópu. Það er það sem skiptir mestu máli í þessu sambandi.

[16:04]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Já, það er ekki samhengi á milli þess að við viljum afnema vörugjaldið algerlega, af því að við erum búin að skoða hvað er til góðs í myndun matarverðs, og þess hvort við viljum að börnin okkar séu feit eða borði mikinn sykur. Það er alveg ljóst að það er orðið stórkostlegt fituvandamál hér á landi þrátt fyrir að við séum með þetta verðlag. Þingmenn ættu þá að skoða það að fara í sérstakar heilsubúðir þar sem allra mesta hollustan er og verðið á vörunni þar. Hvað hafa þeir sem hafa svona miklar áhyggjur gert til að reyna að ná því verði niður?

Eitt af því sem þessi ríkisstjórn hefur gert gott er grænmetissamningurinn sem gerður var á sínum tíma við grænmetisbændur vegna þess að þá var gerður bæði aðlögunarsamningur og samningur um beingreiðslur. Þá varð ekki bara lækkun á þessum þremur tegundum sem var veittur framleiðslustuðningur við. Nei, það urðu afleidd áhrif á allt annað grænmeti, og ekki bara það heldur á ávextina líka. Þess vegna hafa ávextirnir lækkað hjá okkur. Ávextir hafa lækkað mjög mikið, bæði epli og appelsínur. Þetta snýst um að finna leiðir til úrbóta í fituvandamálinu og neysluvandamálinu.

Ef hv. þingmenn ætla að nota vörugjöld eða skatta til þess þarf að gera eitthvað annað en bara að viðhalda verðinu, þá þarf að fara í einhverjar rosalegar aðgerðir ef trúin er sú að það sé leiðin til að hafa áhrif á neysluna.

[16:06]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kom með bestu rökin í þessu máli, þau að þegar verðið lækkaði á grænmeti og ávöxtum jókst neyslan. Það er nákvæmlega það sem verið er að segja. Með því að lækka verð á sykri og sætindum eykst neyslan. Stjórntæki stjórnvalda til að hafa áhrif á þætti (Gripið fram í.) til bóta eru m.a. fræðsla og verðstýring. Það er ekki nóg að hafa einn þáttinn, það verða að vera fleiri þættir til að ná árangri.

Hv. þingmaður spyr: Er það gott eins og það er? Ja, vörugjöldum á sykri og sætindum verður haldið eftir en hv. þingmaður vill fella niður vörugjöld á sykri og sætindum. (Gripið fram í.) Með því að fara þá leið sem hv. þingmaður vill fara er verðið lækkað og neysla aukin á sykri og sætindum. (Gripið fram í.) Það eru aðrar leiðir sem þarf að fara en þær duga ekki einar og sér.

[16:07]

**Katrín Fjeldsted:**

Frú forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til að fagna framkomu þessa frumvarps. Umræður um lækkun á matarskatti hafa átt sér stað mjög lengi og ég man að á þeim tíma þegar ég bjó í Bretlandi og frú Thatcher tók þar við völdum tókst henni, þrátt fyrir mótmæli allra færustu hagfræðinga Breta, að standa gegn því að virðisaukaskattur væri settur á matvæli, bækur og barnaföt. Þetta horfðu menn á í nágrannalöndunum. Umræða hefur að sjálfsögðu verið um þetta innan míns flokks, Sjálfstæðisflokks, og ég fagna því sérstaklega að þetta skref sé tekið hér með þessu frumvarpi.

Of stór hluti launa fólks hefur farið í matarkostnað. Það er allt í lagi fyrir okkur sem eldri erum að segja unga fólkinu að elda heima, hætta að borða skyndibita og drekka vatn í staðinn fyrir að drekka gos en lífið er ekki svona einfalt. Latibær og Magnús Scheving gera ábyggilega meira gagn en foreldrar í þessu tilliti.

Mér hefur lengi verið þyrnir í augum sú neyslustýring sem lágt verð á hvítum sykri hefur valdið því að það hefur verið neyslustýring. Ég ætla að skýra mál mitt með því að sykurrík matvæli og sælgæti hafa verið hlutfallslega ódýrari hér á landi en margar hollari vörur. Þetta vitum við. Svangir krakkar og unglingar sem vilja grípa eitthvað til að seðja sultinn grípa auðvitað eitthvað sem fullnægir þörfinni fljótt. Sykurinn frásogast mjög hratt frá slímhúð magans og vellíðun fylgir í kjölfarið. Í kjölfarið fylgir einnig fleira, svo sem offita og það er vandamál sem við, vestrænar þjóðir sérstaklega, stöndum frammi fyrir, offituvandamálum meðal barna og unglinga ekki síður en fullorðinna. Það er sykur og hreyfingarleysi sem sennilega vega þyngst hvað þetta varðar og eru helsta orsökin.

Hér á landi eru það ekki síst Læknafélag Íslands og svo Lýðheilsustöð að öðrum ólöstuðum sem hafa komið þessum sjónarmiðum á framfæri, tannlæknar og matvælafræðingar að sjálfsögðu sömuleiðis. Með þeirri verðlækkun sem nú er fyrirhuguð á matvælum, og er mér mjög kærkomin eins og ég sagði í upphafi, held ég að hafi verið ófyrirséð að vissar tegundir drykkja eins og gosdrykkja yrðu undanþegnar. Ég er ekkert viss um að menn hafi endilega áttað sig á því og ég held að það sé eitthvað sem verður þá tekið á og menn skoði sérstaklega. Lækkun á matvælaverðinu var að sjálfsögðu ekki hugsuð til að auka neyslu á óhollustu, en sú gæti orðið raunin. Þess vegna þarf í upphafi endinn að skoða og það þarf að finna leiðir til að hvetja fólk og gera eftirsóknarvert fyrir það að neyta hollrar fæðu. Þar er verð á ávöxtum og grænmeti, eins og minnst var á áðan, sem þarf að vera viðráðanlegt til að vega á móti sykursukkinu, því að í sykursukki erum við, Íslendingar.

Mig langar einnig að nefna úr þessu frumvarpi lækkun bókaverðs sem mun fylgja því að virðisaukaskattur á bókum fari niður og sömuleiðis mun tónlistin, sem talar reyndar sínu máli, njóta þess. Við Íslendingar erum bókaþjóð, a.m.k. miðað við marga aðra, en bóklestur hefur dregist saman og ég tel að það sé mikið gleðiefni að virðisaukaskattur á bókum lækki. Einhver sagði að dagur án brauðs gæti e.t.v. orðið, en aldrei dagur án þess að lesa. Þetta er vatn á þá myllu að snúa því við.

Í lokin langar mig bara að minna þingmenn og alþjóð á það að það er enginn virðisaukaskattur á drykkjarvatni og hvetja til þess, og fá Magnús Scheving með í þá hvatningu, að drekka drykkjarvatnið sem kostar ekki neitt og er dásamleg auðlind okkar Íslendinga og langhollasti drykkurinn. Svo óska ég okkur til hamingju með þetta frumvarp.

[16:12]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Forseti. Við ræðum hér um breytingar á lögum um vörugjald, lögum um virðisaukaskatt og lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Í stuttu máli er hér um að ræða tillögur ríkisstjórnarinnar frá því í sumar um hvernig eigi að lækka matarreikning heimilanna í landinu og er málið afrakstur vinnu sem þáverandi forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson setti af stað með skipan nefndar um lækkun matarverðs. Eins og við þekkjum hér og er orðið frægt náðist ekki samstaða í nefndinni um niðurstöður en hagstofustjóri, formaður nefndarinnar, skilaði áliti sínu í sumar. Ríkisstjórnin tók þá við því og útfærði tillögur sínar sem kynntar voru í haust, þann 9. október sl. Umræðan hér sem og 1. umr. um þetta frumvarp gengur mikið út á að koma örugglega til skila hver sé hugmyndafræðingur eða höfundur tillagnanna en mér finnst sú umræða dæma sig sjálf. Auðvitað hafa allir stjórnmálaflokkar tekist á við hugmyndir um lækkun matarreiknings heimilanna, hver með sínum hætti. Höfum við

framsóknarmenn einmitt lengi rætt í okkar röðum um með hvaða hætti hægt sé að koma til móts við þetta brýna mál sem er lækkun matarreiknings heimilanna. Ég tel að það sé einmitt mikilvæg aðgerð fyrir heimilin í landinu, ekki síst tekjulágar og millitekjufjölskyldur og einstaklinga svo að ég tali nú ekki um barnmargar fjölskyldur.

Fyrir síðustu kosningar lögðum við framsóknarmenn þó ekki sérstaklega upp með lækkanir á virðisaukaskatti í kosningastefnuskrá okkar. Ástæðan var einfaldlega sú að við lögðum áherslu á lækkun tekjuskattsins, hækkun persónuafsláttarins og hækkun barnabótanna. Við vildum ekki ganga svo langt í loforðum um skattalækkanir að það kæmi niður á velferðarkerfinu og möguleikum okkar í fjárfestingum í því. Aftur á móti hefur hin góða staða ríkissjóðs og hin styrka efnahagsstjórn gert okkur kleift að greiða svo mikið niður skuldir ríkisins að nú er hægt að nota frekar fjármagn í samneysluna eða velferðarkerfið en í vaxtagreiðslur af skuldum ríkisins. Þessi staða hefur einmitt auðveldað okkur að stíga þau mikilvægu skref sem við erum að ræða um hér í dag með lækkun matarverðs.

Í stuttu máli ganga tillögurnar út á að vörugjöld af innlendum og innfluttum matvælum öðrum en sykri og sætindum verði felld niður að fullu 1. mars 2007. Tímasetningin er auðvitað valin í efnahagslegu tilliti þó að menn ýi að öðru í umræðunni.

Í dag höfum við rætt nokkuð vel um þau sjónarmið sem takast hér á, annars vegar um einföldun og gagnsæi skattkerfisins og hins vegar um lýðheilsusjónarmiðin. Ég vil segja að sú leið sem við setjum hér fram fer auðvitað bil beggja, þetta er viss málamiðlun þessara sjónarmiða, en það er alveg greinilegt á umræðunni hér í dag að það er alls ekki samstaða meðal hv. stjórnarandstöðu heldur kemur glögglega í ljós sú afstaða Samfylkingarinnar að leggja hreinlega af öll vörugjöld, þar með af sykri og sætindum, meðan vinstri grænir hafa haldið öðru til haga. Ég tel að ríkisstjórnarflokkarnir séu hér að fara, jú, vissa millileið en það er mikilvægt að halda henni til haga og þó að í umræðunni í dag hafi komið fram sú staðreynd að háir sykurskattar og háir skattar á áfengi hafi ekki komið í veg fyrir að hér sé neysla á sykri ein sú mesta í heiminum og hér hafi verið hraður vöxtur á neyslu áfengis finnst mér samt felast í þessu viss skilaboð, skilaboð um að ríkið vilji gjarnan leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn offitu og heilsufarslegum vandamálum sem tengjast henni.

Ég furða mig svolítið á afstöðu Samfylkingarinnar í málinu vegna þess að mér hefur þótt vera ansi áberandi á þessu kjörtímabili að einhverju leyti málflutningur hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur þar sem hún hefur barist fyrir þessum sjónarmiðum. Það er greinilegt að hún hefur orðið undir með málflutning sinn í þingflokki sínum og það er annað hljóð sem heyrist nú og kom fram í ræðu talsmanns Samfylkingarinnar í þessu máli, hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar.

Í öðru lagi ganga breytingarnar í þessu frumvarpi út á að virðisaukaskattur á matvælum verði lækkaður úr 14% í 7% frá sama tíma og verði þá öll vara til manneldis í lægra þrepinu. Þá verður virðisaukaskattur á annarri þjónustu og vörum lækkaður í 7% og þetta á við um bækur, tímarit, blöð, húshitun, hótelgistingu og geisladiska. Þar með erum við að mæta sjónarmiði um samkeppnisstöðu tónlistarinnar við bókina og ég held að það sé mikilvægt að þær breytingar hafi orðið hér á frumvarpinu í meðferð þingsins.

Það er auðvitað heilmargt hægt að segja um þetta mikilvæga mál. Í þessu eru t.d. falin mikil tækifæri að ég tel fyrir ferðaþjónustuna og veitingaþjónustuna í landinu. Þá mun lækkun virðisaukaskatts á húshitun líka koma fólki til góða á svæðum þar sem hitað er með rafmagni og er það oft í okkar afskekktustu byggðum úti á landi.

Það sem skiptir kannski mestu máli er að fyrir almenning í landinu geta þessar aðgerðir þýtt tæplega 16% lækkun matvælaverðs og 2,3% lækkun neysluverðsvísitölu á næsta ári. Auk þess mun ákvörðun um að lækka virðisaukaskatt á öðrum vörum og þjónustu úr 14% í 7% leiða til um 0,4% lækkunar í viðbót þannig að heildaráhrif þessara aðgerða eru metin til 2,7% lækkunar neysluverðsvísitölu á næsta ári. Kaupmáttur heimilanna í landinu eykst þá að sama skapi um 2,7% og það er afar mikilvægt.

Í þessu samhengi má ekki gleyma því framlagi sem bændur og afurðastöðvar leggja til þessara aðgerða. Almennir tollar á innfluttum kjötvörum verða lækkaðir um allt að 40%. Er sú vinna til í Stjórnarráðinu og verður farið í gegnum hana á næsta ári. Samhliða þessu verður áfram unnið að frekari gagnkvæmum tollalækkunum og bættum markaðsaðgangi gagnvart helstu viðskiptalöndum Íslands í milliríkjasamningum sem tryggja jafnframt úuflutningshagsmuni íslensks atvinnulífs. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa svo ákveðið að raunlækkun í heildsöluverði mjólkurvara á næstu 12 mánuðum verði náð með óbreyttu verði á þessum tíma, hinu sama og ákveðið var af verðlagsnefnd búvöru þann 1. janúar 2006. Hér er auðvitað um að ræða heilmiklar breytingar fyrir landbúnaðinn. Þetta er unnið í samvinnu við hann og það er mikilvægt að halda því til haga.

Frú forseti. Árið 2007 verður ríkið af tekjum sem nema 8,7 milljörðum þegar þessar tillögur verða að lögum. Á heilsársgrundvelli þýðir þetta 10,5 milljarða. Það verður að halda því til haga að þetta eru auðvitað tekjur sem ríkið hefur haft og þær hafa staðið að hluta undir samneyslu okkar eða undir þeim brýnu velferðarmálum sem við höfum viljað standa í og höfum blessunarlega fjárfest í. Það er vegna þessarar góðu stöðu ríkisfjármálanna sem við höfum treyst okkur til að ganga lengra í þessum skattalækkunum með því að lækka núna matarreikning landsmanna en það er þá brýnt að eigi ríkið að verða af þessum tekjum verði tryggt að þær rati örugglega í hendur skattborgaranna sjálfra en týnist ekki einhvers staðar á leiðinni frá haga ofan í maga. Stjórnvöld verða í samvinnu við verðlagseftirlit ASÍ, Neytendastofu, Neytendasamtökin og fleiri aðila að tryggja að svo verði. Hæstv. viðskiptaráðherra hefur þegar gripið til aðgerða sem tengjast þessu.

Við ræddum hér áðan um lækkun tekjuskattsins, hækkun persónuafsláttarins og hækkun skattleysismarkanna. Samantekið munu þau tvö frumvörp sem við höfum verið að ræða þýða að um áramótin lækka skattar almennings í landinu um 22 milljarða. Hér eru stigin gríðarlega stór og mikilvæg skref sem er brýnt að halda til haga í þessari umræðu. Ég trúi því, virðulegur forseti, að við séum að stíga hér mjög mikilvæg skref í átt til þess að bæta almenn lífs-

kjör í landinu og ég vona að okkur takist að afgreiða þetta brýna mál fyrir jól.

[16:20]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingar á lögum um vörugjald og virðisaukaskatt á matvælum. Hv. þm. Ögmundur Jónsson, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efnahags- og viðskiptanefnd, gerði fyrr í dag grein fyrir afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til málsins og fór nokkuð yfir frumvarpið á þeim stutta tíma sem við ætlum að gefa okkur í dag.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vil taka upp og það er vegna þess ákvæðis að fella niður vörugjald og virðisaukaskatt af gosdrykkjum. Ég tel að þarna hafi orðið það sem ég kalla tæknileg villa, ef má orða það svo. Ég tel að í hugum okkar flestra fari saman sælgæti og gos ef við hugsum þetta mál um niðurfellingu á vörugjöldum og virðisaukaskatti á matvælum til að auka möguleika fólks á að borða hollan og góðan mat og auka tekjur fjölskyldnanna, og það hafi verið vanhugsað að taka ekki gosdrykkina með sælgæti og sykri.

Ég lít svo á að við eigum að horfa á lýðheilsusjónarmið og hafa manneldismarkmið að leiðarljósi, enda hefur Lýðheilsustöð, sem er sú stofnun sem á að leiðbeina Alþingi og stjórnvöldum í slíkum málum, bent á hversu mikilvægt það er að lækka ekki vöruverð á gosi og það er aðallega af tveimur ástæðum. Það er vegna þeirra miklu og auknu tannskemmda sem vart hefur orðið við hjá börnum og unglingum og ungu fólki vegna glerungseyðingar af völdum gosdrykkjaþambs og eins vegna aukinnar offitu og ofþyngdar hjá börnum og ungu fólki. Þegar þetta tvennt er haft í huga og hve stór þáttur gosdrykkja er í báðum þessum tilvikum tel ég að við eigum að horfa á niðurfellingu á vörugjaldi og virðisaukaskatti af matvælum með það í huga að undanskilja gosdrykkina.

Ég fagna því sannarlega, hæstv. forseti, að við skulum vera að stíga það skref að lækka virðisaukaskatt af matvælum. Það er ein leiðin af mörgum til að ná niður vöruverði og ein leið af mörgum sem eru í heilbrigðisáætlun okkar sem nær til 2010 en þar er getið Evrópumarkmiða sem setja okkur það að fyrir árið 2020 eigi allir þjóðfélagsgeirar, þ.e. löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið, og þar með heildsalar og smásalar einnig, að hafa gert sér grein fyrir ábyrgð sinni í heilsufarslegum efnum og viðurkennt hana. Ég tel að það mikilvæga skref sem hér er verið að stíga sé hluti af þeirri leið að lækka vöruverðið því að þar munu heildsalar og smásalar líka verða ábyrgir svo lækkunin skili sér til neytenda.

Ég tel ekkert athugavert við að hafa jákvæða neyslustýringu með lýðheilsumarkmið í huga. Ef ekki vinnst svigrúm til að breyta því ákvæði að hafa gosdrykki og sæta drykki með í lækkun á vörugjaldi og virðisaukaskatti þá er hér breytingartillaga frá Ögmundi Jónassyni sem ég tel að þingheimur geti afgreitt með jákvæðum hætti. En ef menn eru ekki tilbúnir eða telja sig ekki hafa skoðað þetta nægilega vandlega í dag, eins og mér heyrist hafa komið fram hjá nokkrum þingmönnum, þá getum við notað tímann í þinghléinu og þar til þing kemur aftur saman í janúarmánuði og farið betur yfir þetta og skoðað m.a. þá niðurfellingu á virðisaukaskatti á lyfjum. Ég tel að næsta skref sem við eigum að taka sé að fara þessa sömu leið með lyfseðilsskyld lyf, ekki öll lyf heldur lyfseðilsskyld lyf.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins koma þessum sjónarmiðum að varðandi gosdrykkina og tel að við eigum að hafa lýðheilsu- og manneldismarkmið að leiðarljósi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 22.–25. mál.

Fundi slitið kl. 16:27.

---

# 49. FUNDUR

laugardaginn 9. des.,
að loknum 48. fundi.

**Dagskrá:**

1. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 276. mál, þskj. 286, nál. 568 og 570, brtt. 569, 571, 601 og 605. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 416. mál, þskj. 482, nál. 626, brtt. 627, 628, 629, 630, 631 og 632. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 435. mál, þskj. 536, nál. 654, brtt. 655. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
4. Þjóðhátíðarsjóður, stjtill., 356. mál, þskj. 386, nál. 621, þál. 697. — Síðari umr.
5. Tollalög, stjfrv., 419. mál, þskj. 494, nál. 639. — 2. umr.
6. Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, stjfrv., 408. mál, þskj. 458, nál. 640, brtt. 641. — 2. umr.
7. Tryggingagjald, stjfrv., 420. mál, þskj. 495, nál. 649, brtt. 650. — 2. umr.

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:29]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 654–655. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

***Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 2. umr.***

Frv. GHH o.fl., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 536, nál. 654, brtt. 655.

[16:30]

**Frsm. allshn. (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um fjármál stjórnmálaflokka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Frumvarpið er á þskj. 536 en álit allsherjarnefndar á þskj. 654.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Eyþórsson, Skúla Helgason, Guðlaug Þór Þórðarson, Kristínu Halldórsdóttur og Eyjólf Ármannsson frá nefnd fulltrúa þingflokka, Árna Pál Árnason, starfsmann nefndarinnar, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Svan Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði, og Gylfa Magnússon, dósent í viðskiptafræði. Þá komu einnig fyrir nefndina að eigin ósk Teitur Einarsson og Þórlindur Kjartansson frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna. Umsagnir bárust um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sambandi ungra sjálfstæðismanna.

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt fjallar frumvarp þetta um lagalega umgerð stjórnmálastarfsemi á Íslandi og er undirbúið af hálfu nefndar allra þingflokka sem skipuð var árið 2005 af þáverandi forsætisráðherra, Halldóri Ásgrímssyni.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að rekja efni frumvarpsins sérstaklega enda hefur það verið gert við 1. umr. málsins í ágætri framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra. Ég vil taka það fram að allsherjarnefnd leggur til að málið verði samþykkt með fjórum breytingum sem varða þrjú atriði.

Í fyrsta lagi er lagt til að framboð sem fái 5% fylgi í kosningum eigi rétt á styrk frá sveitarfélögum. Þetta varðar sveitarstjórnarkosningar en í frumvarpinu var gert ráð fyrir að þetta hlutfall væri 2,5%. Nefndin leggur því til að hlutfallið hækki úr 2,5% og verði 5%.

Þá er sömuleiðis lagt til að orðin „og skal hún vera í eðlilegu hlutfalli við stærð sveitarfélagsins“ í lokamálslið 5. gr. falli brott.

Næsta atriði sem nefndin leggur til og er kannski það veigamesta er að lagt er til að ákvæði um frambjóðendur til embættis forseta Íslands í 6. gr. frumvarpsins verði fellt niður. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að nefndin var á því að þessi mál þyrfti að skoða frekar að því er varðaði frambjóðendur til embættis forseta. Nefndin beinir því eindregið til forsætisráðherra að hafa forgöngu um tillögugerð hvað þetta varðar og þær tillögur hafi sömu meginreglur og gilda um aðra frambjóðendur í persónukjöri. Í samræmi við þetta verði breyting á c-lið 2. gr. frumvarpsins.

Loks er það síðasta atriðið sem allsherjarnefnd leggur til að verði breytt og það snýr að framlögum frá einstaklingum. Nefndin leggur til að það verði bundið við lögráða einstaklinga.

Breytingartillögu frá allsherjarnefnd er að finna á þskj. 655.

Undir álit allsherjarnefndar skrifa auk mín hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, með fyrirvara, Ásta Möller, Kjartan Ólafsson, með fyrirvara, og Magnús Þór Hafsteinsson.

[16:34]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd Samfylkingarinnar lýsa ánægju með þetta frumvarp. Ég held að hér sé verið að stíga mjög mikilvægt skref í rétta átt í að gera umhverfi stjórnmálastarfsemi hér á landi líkara því sem gerist erlendis en áður en lengra er haldið vil ég sérstaklega minnast á þátt eins hv. þingmanns sem á hvað mestan þátt í að hafa hreyft þessu máli og það er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Sá þingmaður hefur lagt ítrekað fram þingmál eftir þingmál í mörg ár sem lýtur að því að setja ákveðið regluverk í kringum stjórnmál og starfsemi stjórnmálaflokkanna. Hv. þingmaður hefur barist ötullega bæði innan þings og utan fyrir þessum málstað og hún getur nú litið stolt til baka vegna þeirra mikilvægu skrefa sem hér er verið að taka og ég held að allur þingheimur þurfi að hafa aðkomu þess þingmanns að málinu í huga og ekki síst að umræðunni og taka þátt í að þroska hana. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir á mikið hrós skilið fyrir baráttu sína og við þurfum öll að hafa það í huga.

Það er jákvætt að þverpólitísk samstaða sé orðin um að setja þurfi lög hvað þetta varðar og um þær efnisgreinar sem hér eru á ferðinni. Það hefur verið ákveðin tortryggni í garð stjórnmálaflokkanna. Virðing Alþingis hefur ekki mælst eins mikil og hún ætti kannski að vera þannig að allt regluverk í þá átt að auka gegnsæi og eyða tortryggni eru jákvæð skref. Sömuleiðis stakk það auðvitað þjóðina að Ísland er eitt af síðustu löndum Evrópu sem hefur ekki löggjöf um fjármál stjórnmálaflokkanna og Evrópuráðið hefur m.a. beint þeim tilmælum til okkar að Íslendingar setji slíkt regluverk. Stjórnmálaflokkarnir gegna mikilvægu hlutverki í nútímasamfélagi. Þeir eru hluti af lýðræðinu og þess vegna er eðlilegt að eitthvert regluverk sé til staðar.

Hin þverpólitíska nefnd sem var skipuð náði saman með þessa niðurstöðu. Auðvitað eru ekki allir alveg 100% sáttir eins og gerist í slíkri vinnu. Það er eðlilegt og við eigum að líta á þetta sem fyrsta skref. Það eru endurskoðunarákvæði í þessum lögum og það er um að gera að við lærum af reynslunni og sníðum helstu vankanta af þegar að þeim er komið. Þetta frumvarp og þessi lagabálkur munu bæði auka gegnsæi og hafa margs konar praktískar breytingar fyrir stjórnmálaflokkana, t.d. hvað varðar fjáröflun og annað og stjórnmálaflokkarnir þurfa að hafa sig alla við að fara eftir þessum reglum og ég er sannfærður um að það takist. Á það hefur verið bent í umræðunni og um það spurt af hverju stjórnmálaflokkarnir séu að setja reglur sem hugsanlegt er að komast fram hjá en mér finnst það ekki vera rök í sjálfu sér. Auðvitað er hægt að brjóta allar reglur eða komast fram hjá þeim og fram hjá anda laganna sé brotaviljinn slíkur en stjórnmálaflokkar og frambjóðendur sem sækjast eftir trausti hljóta að geta sammælst um að fara eftir þeim leikreglum og þeim anda sem birtist í viðkomandi lögum.

Ríkisendurskoðun fær ákveðið hlutverk í þessum lögum, vítt hlutverk, bæði um að meta verðmæti viðkomandi frambjóðenda og flokka, þannig að bókfærður kostnaður

mun aukast bæði hjá frambjóðendum í prófkjöri og stjórnmálaflokkum og síðan mun Ríkisendurskoðun koma að gerð bæði leiðbeiningarreglna. Í nefndarálitinu höfum við beint til Ríkisendurskoðunar að hún hafi samráð um gerð slíkra reglna við stjórnmálaflokkanna. En það er hins vegar umhugsunarefni hvort Ríkisendurskoðun þurfi aukin úrræði, jafnvel fjármagn til að sinna þessu viðamiklu verki.

Starfandi formaður allsherjarnefndar gerði grein fyrir breytingartillögunum sem ég tel allar vera til bóta, sérstaklega hvað varðar sveitarfélögin. Það er komið að mestu leyti tel ég til móts við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga og það er mikilvægt. Við erum auðvitað að leggja ákveðnar skyldur á sveitarfélögin að taka þátt í að styrkja stjórnmálastarfsemi en á móti erum við að aflétta kostnaði af sveitarfélögum þegar kemur að kosningunum. Í störfum nefndarinnar kom fram að sá kostnaður getur verið um það bil 40 millj. kr. í kringum hverjar kosningar. Eins og starfandi formaður benti á leggjum við til að forsetaákvæðið, 6. gr., verði endurskoðuð. Það er mikilvægt að við leggjumst í það strax í vor og hugsum það alveg til enda.

Að lokum bendi ég á endurskoðunarákvæðið sem er í lögunum og við þurfum auðvitað að læra af reynslunni. Eflaust munum við rekast á eitthvað sem betur mætti fara og þá hvet ég þingheim til að taka höndum saman um að gera þessa góðu löggjöf enn betri. En ég vil ítreka þátt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í aðdraganda þessa máls og ég held að við þurfum öll að minnast aðkomu hennar og baráttu fyrir því að stjórnmálaflokkarnir lúti svona regluverki.

[16:40]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að full ástæða sé til að taka til umfjöllunar löggjöf um fjármál stjórnmálaflokkanna og reyndar kannski með almennari hætti eins og upphaflega var lagt af stað með í nefndinni, að fjalla um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi á Íslandi og afmarka löggjöfina ekki bara við fjármál stjórnmálaflokkanna.

Sú skýrsla og frumvarp sem hér liggur fyrir er að mörgu leyti gagnlegt að mínu viti og heldur til bóta þó að það sé ekki einhlítt, en mér finnst það lakara að menn ætli sér að keyra málið í gegnum þingið á hraðferð. Það kemur ekki fram í nefndaráliti allsherjarnefndar að málið hafi verið sent út til umsagnar. Það kemur hins vegar fram að tvær umsagnir hafi borist og ég hef beðið um að fá þær en ekki hefur gefist tími til þess að sækja þær og ég hef því ekki getað kynnt mér efni þeirra umsagna.

Virðulegur forseti. Ég held að menn ættu ekki að viðhafa þau vinnubrögð á Alþingi, og sérstaklega ekki í þessu máli, að fara í gegn með frumvarp um stjórnmálaflokkana í hraðferð á örskotsstundu í gegnum þingið og gera að lögum, alls ekki. Ég geri alvarlegar athugasemdir við slíkar fyrirætlanir ef þær eru uppi, virðulegi forseti. Ég styð það ekki að menn standi þannig að verki. Það þýðir ekki endilega að ég styðji ekki það sem í málinu er, ég geri greinarmun á því, en ef það eru áformin að gera þetta með hraðferð mun ég leggjast gegn því. Ég held að eftirlaunafrumvarpið ætti að vera okkur nægjanleg lexía til að endurtaka ekki þann leik.

Við erum í þeirri stöðu að fulltrúar stjórnmálaflokkanna skipa nefnd um stjórnmálaflokkana. Þeir ræða málið sín í milli, senda það til sín, kalla sjálfa sig til umsagnar og afgreiða það sjálfir. Hverjir aðrir koma að málinu? Stjórnmálastarfsemi í lýðræðisríki er ekki einkamál stjórnmálaflokkanna, alls ekki, og ég vara við því, virðulegi forseti, ef menn líta svo á að það sé ekki málefni sem komi öðrum við en stjórnmálaflokkunum sjálfum hvernig fjármál þeirra eru eða tekjuöflun þeirra.

Ég tel að þetta mál eigi að fara út til umsagnar til ýmissa aðila í þjóðfélaginu og gefa þeim kost á að veita umsögn, koma á framfæri sjónarmiðum sínum og síðan taki þingið það til umfjöllunar, því að auðvitað er það Alþingi sem setur lög og enginn annar getur gert það. Okkur þykir ekki lengur eðlilegt að einn og sami aðili taki allar ákvarðanir í máli, það er búið að aðskilja framkvæmdarvald og dómsvald, svo ég nefni dæmi, og það er ekki eðlilegt að stjórnmálaflokkarnir séu eini aðilinn sem komi að máli, semji það, veiti umsögn um það og afgreiði það. Mér finnst það ekki eðlilegt fyrirkomulag. Það kann að vera að út úr því geti engu að síður komið skynsamleg löggjöf en það eru meiri líkur á því að hún verði skynsamleg ef fleiri koma að henni og sérstaklega þeir sem ekki eru hluti af kerfinu, vegna þess að aðrir þjóðfélagsþegnar eru hluti af þjóðfélaginu eins og við og þeir hafa rétt á því að hafa skoðun og setja hana fram um það hvernig stjórnmálaflokkarnir eigi að starfa. Við eigum ekki að taka þann rétt af þeim sem það vilja að koma á framfæri við Alþingi sjónarmiðum sínum í þessum efnum. Þetta vildi ég segja, virðulegi forseti, um formið.

Um efnið sjálft er auðvitað þó nokkuð að segja og í heild sinni finnst mér það endurspegla ríkisvæðingu stjórnmálastarfseminnar. Niðurstaða málsins er, ef maður dregur hana saman, að verið er að tryggja starfsemi stjórnmálaflokka með framlögum úr ríkissjóði. Verið er að reisa skorður við því að einstaklingar og fyrirtæki geti lagt fé til stjórnmálastarfsemi, sem ég held út af fyrir sig að rétt sé að gera, en þær skorður eru svo lágar að það er engin von til þess að stjórnmálaflokkar geti rekið starfsemi sína eða kosningabaráttu á þeim framlögum. Þess vegna er það auðvitað niðurstaða þeirra sem leggja þetta mál fram að sækja verði meiri peninga í ríkissjóð. Það er eðlileg niðurstaða út frá þeim skorðum sem menn reisa.

Þá er niðurstaðan sú að menn eru meira og minna með starfsemi sem rekin er úr ríkissjóði af þeim sem ákvarða fjárlög ríkisins. Ég held að menn eigi ekki að ganga svona langt í að takmarka fjárframlög til stjórnmálastarfsemi. Það er líka umhugsunarefni hve stjórnmálastarfsemin er lýðræðislega veik í þátttöku félagsmanna flokkanna í fjármögnun hreyfingarinnar. Það er mikið umhugsunarefni hversu lítið fjármagn flokkarnir fá frá sínum félagsmönnum og hlýtur að segja eitthvað um viljann til að starfa í stjórnmálaflokkunum. Menn verða auðvitað að velta því fyrir sér hvernig á þessu stendur, því að það er ekki hollt, þó að það sé nauðsynlegt að ríkissjóður eða hið opinberi leggi fé til stjórnmálastarfsemi, að það sé meira og minna á kostnað hins opinbera.

Hins vegar eru göt í málinu. Það er enginn vandi fyrir fyrirtæki eða fjársterka aðila að koma peningum inn í kosningabaráttu vegna þess að það eru engar skorður í frum-

varpinu við því til hversu mikilla útgjalda flokkarnir geta stofnað. Það eru skorður við tekjunum sem þeir geta aflað sér en það eru engar skorður við þeim útgjöldum sem þeir geta stofnað til. Það eru engar skorður við þeim útgjöldum sem aðrir geta stofnað til í þeirra nafni eða fyrir þeirra hönd. Ég held að menn þurfi að skoða þessa hlið líka. Ég held að menn þurfi líka að reisa skorður við stjórnmálaáróðri í fjölmiðlum, ég er á þeirri skoðun að setja þurfi takmarkanir á það t.d. í sjónvarpi.

Ég var staddur í Bretlandi á síðasta ári og fylgdist dálítið með þingkosningunum sem þar fóru fram. Maður varð ekki var við kosningaáróður t.d. í sjónvarpi eða útvarpi og sáralítið í blöðum. Þeir setja greinilega löggjöf um þetta og reka kosningabaráttuna þannig að menn geti ekki nýtt aðgengi að fjármagni til að styrkja stöðu sína umfram aðra sem hafa minna aðgengi að fjármagni. Mér finnst það að mörgu leyti eðlilegt sjónarmið að löggjöf takmarki möguleika flokka til að afla sér fylgis umfram aðra flokka í krafti mikils aðgengis að fjármagni. Það er sláandi að í þessu frumvarpi eru engar takmarkanir settar á möguleika flokkanna til að eyða eða stofna til útgjalda, það er algjört frelsi í þeim efnum. Það eru settar takmarkanir á útgjöld einstaklinga í prófkjörum en það eru ekki settar takmarkanir á útgjöld flokka í kosningum, sem mér finnst vera sami hluturinn og menn eigi að hafa með sambærilegum hætti. (**Gripið fram í:** Eru tekjurnar ekki takmarkið?) Nei, tekjurnar eru ekki endilega takmark fyrir því hvað menn geta eytt, ekki endilega. Það er til í dæminu að menn safni skuldum. Það er til í dæminu að aðrir stofni til útgjalda en flokkarnir sjálfir og greiði útgjöldin. Ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal, sem var hér áðan, er löngu búinn að sjá að það er enginn vandi fyrir aðila að stofna til útgjalda fyrir flokkana án þess að það sé skráð á þá. Við þurfum auðvitað að taka á því svigrúmi líka.

Mér finnst líka í þessu frumvarpi of mikið stutt við flokkana sjálfa en of lítið við þingmennina. Það kemur fram í 4. gr. frumvarpsins, Framlög til þingflokka úr ríkissjóði, að áformað sé að fella niður viðbótarframlag til flokkanna í kjölfar stækkunar kjördæmanna, fjármagn sem sérstaklega var ætlað til að renna út í einstök landsbyggðarkjördæmi. Það er meiningin að fella það niður og hækka hið almenna framlag, með öðrum orðum miðstjórnarvaldið eða hið samræmda fær meira og einstök kjördæmi minna. Þingmenn fá ekki það sem á sínum tíma, fyrir átta árum, var samkomulag um að þeir fengju, aðstöðu í formi aðstoðarmanns til að sinna sínu starfi. Það er líka gildur hluti af lýðræðinu að þingmennirnir séu einhvers megnugir. Hvers megnugir eru þingmenn hér, hvaða möguleika hafa þeir á að afla eða draga saman upplýsingar fyrir sig, setja niður mál og annað slíkt? Við sjáum það bara á þessu nefndaráliti að nefndin beinir því til forsætisráðherra að vinna tiltekin verk um löggjöf varðandi framboð forseta Íslands. Á oddviti framkvæmdarvaldsins að stjórna því? Þingmenn virðast ekki hafa neitt bolmagn til að geta sjálfir sett neitt niður eða unnið í þeim efnum. Það er lélegt, virðulegi forseti. Í flestum löndum sem ég hef komið til og síðast í austurríska þingið fyrir nokkrum dögum hafa þingmenn aðstoðarmann.

Ég held að það sé hluti af lýðræðinu að styrkja stöðu þingsins, styrkja stöðu þingmanna, lýðræðið er ekki bara flokkarnir sjálfir, og að það eigi að styrkja stöðu þeirra og miðstjórnar flokkanna. Með stækkun kjördæmanna á sínum tíma veiktum við stöðu einstaklinga og hópa innan stjórnmálaflokka úti í kjördæmunum en styrktum forustumannavaldið. Með þessu frumvarpi erum við að ganga svolítið áfram á þeirri braut að byggja allt upp á forustu stjórnmálaflokkanna. Þó að hún sé alls góðs makleg verðum við að huga að öðrum þáttum lýðræðisins líka.

Það eru atriði sem ég tel rétt að vekja aðeins athygli á í 3. og 4. gr. frumvarpsins. 3. gr. er um framlög til stjórnmálasamtaka og kveðið er á um úthlutun fjár til stjórnmálasamtaka. Í 4. gr. er hins vegar talað um framlög til stjórnmálaflokka. Það er ekki endilega sami hluturinn, stjórnmálasamtök og stjórnmálaflokkar. Mér þykir rétt að vekja athygli á þessu mismunandi orðalagi og spyrjast fyrir um hvort í því felist einhver mismunandi efnislegur skilningur. Ef það er ekki held ég að menn ættu að samræma orðalagið í 3. og 4. gr. þannig að enginn misskilningur sé uppi í þeim efnum.

Ég staldra líka aðeins við 13. gr. frumvarpsins um viðurlög en þar segir:

„Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara skal sæta fésektum, en alvarleg brot geta varðað fangelsi allt að sex árum.“

Hvernig er leiðbeiningin í þessum lögum til dómaranna sem eiga væntanlega að túlka þessa grein ef til þess kemur síðar? Hver eru hin alvarlegu atriði sem falla undir t.d. fangelsisviðurlögin? Er það t.d. ef frambjóðandi eyðir meiru í prófkjöri en kveðið er á um í reglunum? Er það t.d. ef flokkur tekur við hærri framlögum en mælt er fyrir um eða hefur ekki fullnægjandi bókhald á fjárreiðum sínum og ef það er flokkurinn sem er hinn brotlegi hver fer þá í fangelsi, formaður flokksins, gjaldkeri flokksins eða framkvæmdastjóri? (Gripið fram í.) Ég held að menn verði að gefa aðeins skýrari leiðbeiningar um þessi viðurlög, hvaða ástæður geta leitt til þess að menn telji rétt að beita svona hörðum viðurlögum. Ég held að menn þurfi að segja það, helst í lagatextanum en alla vega í einhverjum skýringum sem að haldi koma og gefa nánari leiðsögn um skilning á þessu ákvæði í 13. gr. því að vissulega eru viðurlögin hörð. Ég skal ekkert gera lítið úr því að nauðsynlegt sé að hafa viðurlagaákvæði í löggjöf um þetta efni en mér finnst umhugsunarefni hvort menn séu á réttu spori í þessu.

Ég held að ég láti þetta duga, virðulegi forseti, um þetta mál. Mér finnst áhyggjuefni í heildina, ef maður dregur þetta saman, að brautin virðist vera í átt til vaxandi flokksræðis og vaxandi ríkisfjármögnunar stjórnmálastarfseminnar. Það eru kannski þær meginlínur sem eru áhyggjuefni. Ég geri alvarlegar athugasemdir við það að ætla að afgreiða þetta mál sem lög á svo stuttum tíma og án þess að senda það út til umsagnar, sérstaklega í ljósi þess að það fjallar um okkur sjálf sem erum í stjórnmálaflokkunum og það er reynsla af því að menn eru ekki alltaf bestir dómendur í eigin málum.

[16:57]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Þetta er ekki andsvar af fjandsamlegu tagi. Ég hef hlustað á síðari hluta ræðu þingmannsins og hann hefur sagt hér margt merkilegt sem ég vek athygli þingmanna á,

og einkum framsögumanns nefndarálitsins, hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar, að þörf er á að svara, t.d. þessu um sektarákvæðið sem virðist ekki vera nægilega hugsað, a.m.k. koma engin svör fram í nefndarálitinu við því. Það er nú eina erindi mitt í stólinn að taka undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það er erfitt að taka afstöðu til frumvarpsins að ósvöruðum spurningum af þessu tagi.

[16:58]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það væri hægt að setja á langt mál um þetta mikla mál en hér er um að ræða tímamótamál. Hér er um að ræða tímamótasátt í gömlu baráttumáli margra stjórnmálamanna um að opna bókhald og fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Hér mætast tvær leiðir sem lagðar voru til í upphafi í starfi nefndarinnar, sem var annars vegar baráttumál og þingmál hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að opna bókhald flokkanna og hins vegar tillaga frá Sjálfstæðisflokki sem Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, hafði kynnt hér um að banna framlög til flokkanna frá fyrirtækjum.

Niðurstaðan er að sjálfsögðu málamiðlun. Þetta er tilraun til að koma böndum á starfsemi stjórnmálaflokkanna, þetta er tilraun til að treysta starfsumhverfi stjórnmálaflokkanna og þar með grundvöll lýðræðisins í landinu þar sem stjórnmálaflokkarnir gegna algjöru lykilhlutverki í því lýðræðisfyrirkomulagi sem hefur þróast á Íslandi, þetta er tilraun til að eyða tortryggni, vafa og grunsemdum um óeðlileg ítök fjársterkra aðila í starfi flokkanna. Að sjálfsögðu náðist enginn fullnaðarsigur í þessu máli heldur er þetta stórt skref fram á við. Þetta er merkilegt mál, þetta er söguleg sáttargjörð stjórnmálaflokkanna á Íslandi til að koma böndum á starfsemi þeirra til að stórbæta lýðræðislegt starfsumhverfi á Íslandi, ég er sannfærður um það.

Ég sat í nefndinni og skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara. Örugglega hafa allir þingmenn hérna einhvern fyrirvara við eitthvert atriði í þessu stóra og umfangsmikla máli, hvort sem það er um hámarkið sem einstaklingar og flokkar mega taka við frá fyrirtækjum, lögaðilum og einstaklingum sem er frekar lágt eða eitthvað annað. Talað er um 300 þús. kr. þak á framlög til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, þeir mega ekki taka við hærri framlögum frá lögaðilum en sem nemur 300 þús. kr. á ári, þannig að flokkurinn allur samanlagt má þiggja upphæð að þessu marki, 300 þús. kr. Þetta þykir mér lágt, ég skrifaði undir með fyrirvara um það, en málið í heild sinni er tímamótasátt. Auðvitað orkar margt tvímælis, það er að sumu leyti verið að skrúfa fyrir framlög frá atvinnulífinu og fyrirtækjum til flokkanna, þó er því haldið opnu áfram. Það var rætt í nefndinni um þá þróun sem átt hefur sér stað í Bandaríkjunum, t.d. þá miklu starfsemi sem hvers konar hagsmunahópar í kringum flokkana viðhafa. Þar er talið að einungis um 10% af fjármagninu sem notað er í stjórnmálastarf fari í gengum flokkana tvo, demókrataflokkinn og repúblikanaflokkinn. 90% fara í gegnum aðra starfsemi, svokallað „soft money“, alls konar hagsmunasamtök og hópa sem halda úti starfsemi utan um einhvern málstað o.s.frv. sem er að sjálfsögðu fyrst og fremst til þess að hjálpa einhverjum málstað og tilteknum flokkum. En í heild sinni er málið sigur fyrir lýðræðið í landinu. Það má gagnrýna þakið á framlögum, það má að sjálfsögðu gagnrýna framlögin frá hinu opinbera. Ég vil í leiðinni minna á mikilvægi þess að tryggja það að hluti fjármagnsins fari þangað sem hann átti að fara, til starfsemi flokkanna úti á landi með tilkomu hinna gríðarlega stóru nýju kjördæma sem ná yfir, eins og Suðurkjördæmið sem ég er í, nánast hálft Ísland landfræðilega. Það er mikilvægt að það gangi eftir eins og um var samið í upphafi þegar kjördæmaskipanin var tekin upp og ákveðið var að fara þá leið.

Hér er um að ræða öfluga tilraun sem verður vonandi endurskoðuð strax eftir næstu kosningar, t.d. hvernig lögin gáfust í kosningunum. Það er margt sem mun reyna á þarna eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti mjög réttilega á. Það er mjög auðvelt að hafa fyrirvara um mjög mörg einstök atriði. Við þurfum að sjálfsögðu að meta gildi og inntak laganna eftir kosningarnar í vor af því að þarna mun reyna mjög á mörg atriði eins og það sem lýtur að tengdum aðilum, lögaðilum, sem mega ekki samtals leggja til flokkanna nema þessa tilteknu upphæð o.s.frv. Það er að sjálfsögðu auðvelt að fara í kringum einhver atriði en það verður að reyna á löggjöfina af því að löggjöfin sem slík er sögulegur sigur. Þetta er tímamótasátt allra stjórnmálaflokkanna á Íslandi til að koma böndum á starfsemina, setja lög um opnar fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Að því leytinu er síðasta vígið fallið, eina landið í Vestur-Evrópu þar sem ekki var slík löggjöf. Hún er fyrir löngu komin í allri Skandinavíu og Vestur-Evrópu og þess vegna fagna ég þessu máli, þess vegna skrifa ég undir álitið og styð málið af því að þetta er stórt skref í átt að því að efla lýðræðið í landinu og við komum þarna böndum á mjög mikilsverða þætti stjórnmálastarfsins.

[17:04]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég á sæti í allsherjarnefnd sem áheyrnarfulltrúi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, eins og fram kemur á nefndaráliti þessu og er samþykk því. Ég vil einungis fara örfáum orðum um þessa niðurstöðu.

Ég tel þetta nokkuð sögulega stund, að við höfum mál fyrir framan okkur sem er þess eðlis að stjórnmálaflokkarnir hafa náð ákveðinni niðurstöðu eftir tæplega eins og hálfs árs vinnu þverpólitískrar nefndar sem um þessi mál hefur fjallað og greint er frá í greinargerð með frumvarpinu.

Hins vegar vil ég taka undir það með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að hér hefði verið fullt tilefni til að taka lengri tíma í umræður um málið. Það hefði að sjálfsögðu þjónað lýðræðinu betur að senda málið út til umsagna og skoða á því allar hliðar.

Ég vil taka skýrt fram að það er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast í þeim efnum. Við höfum gagnrýnt að hvert málið á fætur öðru skuli tekið í gegn á síðustu dögum fyrir jólahlé með allt of miklum hraði. Þetta er eitt af þeim málum.

Ég vil taka undir það sem stendur í greinargerð með þessu frumvarpi. Það er mikilvægt að umræðan um stjórnmálaflokkana og fjármál þeirra sé opin og menn geri sér grein fyrir því að þeir eru hornsteinn lýðræðis í þessu landi. Forsenda heilbrigðrar og eðlilegrar þjóðmálaumræðu og sá

rammi sem löggjafinn markar þessari starfsemi þarf að treysta möguleika stjórnmálaflokkanna til að sinna því hlutverki, samhliða því að girða eins og kostur er fyrir mögulega misnotkun á aðstöðu eða spillingu. Þetta er auðvitað kjarni málsins og vakir undir í þessu máli. Við megum ekki missa sjónir á því.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson talaði áðan fyrir hönd Samfylkingarinnar og minntist á frumkvæði Samfylkingarinnar í þessu máli. Í því sambandi nefndi hann hlut hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég ætla sannarlega ekki að draga úr hennar hlut í umræðu um fjárreiður stjórnmálaflokkanna en hitt vil ég þó benda á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur frá upphafi notast við stærstan hluta þeirra reglna sem hér eru settar fram.

Við höfum frá upphafi haft opið bókhald. Við höfum haft löggilta endurskoðendur sem endurskoða bókhald okkar. Við höfum sett reglur um framlög lögaðila til stjórnmálaflokksins og höfum upplýsingar um fjárreiður þingmanna á heimasíðu flokksins.

Ég tel að auðvitað hefðu allir flokkar getað gengið á undan með góðu fordæmi og sett sér þær reglur sem hér eru lögfestar. Ég er stolt af því að vera í stjórnmálaflokki sem gerði það. En ég er líka ánægð með að náðst hafi þverpólitísk sátt eftir mikla vinnu þeirrar nefndar sem hér hefur starfað og að nú skulum við horfa fram á bætta tíma í þessum efnum.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór nokkrum orðum um möguleika flokkanna á útgjöldum. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það kom fram í allsherjarnefnd, þar sem við fengum nokkra gesti, að mikilvægt sé fyrir flokkana að meta útgjaldaþörf sína. Bara það eitt að flokkarnir fari að meta útgjaldaþörf sína gæti lækkað útgjöld þeirra talsvert. Það eru orð að sönnu. Í því sambandi langar mig að nefna hér hugmynd sem varðar útvarps- eða sjónvarpsauglýsingar, auglýsingar á ljósvakanum. Svanur Kristjánsson, einn af gestum nefndarinnar, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, stakk því að okkur að hugsanlegt væri að setja reglur um útvarpsstöðvar eða sjónvarpsstöðvar þannig að innifalið væri í leyfum þeirra ákveðið bann við að stjórnmálaflokkar auglýsi sig á öldum ljósvakans, t.d. viku fyrir kosningar eða með hvaða hætti öðrum sem við vildum hafa það. Þetta er til marks um að ákveðin atriði ættu að koma til skoðunar og þau mætti ræða frekar. Það væri ákjósanlegra að við hefðum betri tíma til að sinna málinu.

Undir hitt vil ég líka taka, sem hér hefur verið sagt, að samkomulag er um að setja þetta mál með hraði í gegn. Þá skulum við líka hlíta því og vera opin fyrir því að málið verði tekið upp á nýjan leik. Enda gefur nefndin yfirlýsingu um það í nefndarálitinu, þótt ekki væri nema bara til að skoða ákvæðin um forsetann og forsetaframbjóðendur. Það er mál sem þarf að skoða betur og setja reglur um á næsta ári.

Það er ekki auðvelt að finna hinar fullkomnu reglur. En hluti af því sem á eftir að vinna er reglugerðin sem setja þarf á grundvelli þessara laga. Ég tel mikilvægt að nefndin sem vann þessar reglur eða aðrir fulltrúar stjórnmálaflokkanna komi að því með Ríkisendurskoðun að semja þær reglur. Um þær reglur þarf að ríkja jafnmikil sátt og um lagaákvæðin í frumvarpinu.

Að lokum, virðulegi forseti, bendi ég á að við sem á þingi sitjum þurfum að vera meðvituð um það að á síðustu árum hefur gætt vaxandi vantrausts í garð stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna. Við horfum upp á skoðanakannanir á hverju einasta ári sem sýna að innan við 50% landsmanna hafa mikið traust á þingmönnum, á stjórnmálamönnum og á stjórnmálaflokkunum. Traustið á Alþingi er því miður lágt.

Þetta eru vísbendingar sem við verðum að taka til skoðunar. Ég tel að þær reglur sem settar eru fram í þessu lagafrumvarpi eigi að vera til þess fallnar að auka traust almennings á löggjafarsamkundunni, á þingmönnum og á stjórnmálaflokkum almennt. Þess vegna er ég hlynnt því að þessar reglur séu settar.

[17:10]

**Frsm. allshn. (Guðjón Ólafur Jónsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil biðjast velvirðingar á því að hafa gleymt að taka fram í framsöguræðu minni áðan að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi allsherjarnefndar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti nefndarinnar.

Ég vil nota tækifærið og þakka henni og öðrum nefndarmönnum í allsherjarnefnd kærlega fyrir samstarfið. Nefndin hafði ekki langan tíma til að fjalla um frumvarpið en gerði það eftir bestu getu. Nefndin fékk til sín fjölda gesta og velti fyrir sér ýmsum álitaefnum. En eins og kom fram í framsöguræðu minni var ekki talin ástæða eða efni til að hrófla mikið við málinu, sem byggt var á niðurstöðum stjórnskipaðrar nefndar.

[17:12]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Það er mikið fagnaðarefni að nú skuli brotið í blað í stjórnmálasögunni, að stjórnmálaflokkarnir hafi loks komið sér saman um löggjöf um fjármögnun stjórnmálastarfsemi og kosningabaráttu. Því ber að fagna þótt okkur hafi tekið langan tíma að komast í hóp siðmenntaðra þjóða með löggjöf um fjármál stjórnmálaflokka.

Það gat ekki gengið lengur að Ísland væri eitt af þremur ríkjum í Vestur-Evrópu, ásamt Sviss og Lúxemborg, ef ég man rétt, sem ekki hefði sett lög um fjármál stjórnmálaflokkanna. Það var skammarlegt að ítrekað voru hunsuð tilmæli um þetta á alþjóðavettvangi, t.d. innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar. En í nefnd stofnunarinnar sem fjallar um spillingu hafði Ísland iðulega sætt ákúrum fyrir að setja ekki löggjöf um að opna fjármál stjórnmálaflokkanna. Það er því mikið fagnaðarefni að Ísland sé nú á leiðinni inn í nútímann í þessu efni ásamt öðrum þjóðum.

Við höfum lengi vitað að það að löggjöf hafi vantað um fjármál flokkanna hefur skapað, með réttu eða röngu, ákveðna tortryggni um fjármál flokkanna. Þess vegna er mjög ánægjulegt að náðst hafi bærileg samstaða milli allra flokka um að setja slík lög.

Ég hef frá árinu 1995 lagt fram frumvörp um þessi efni. Meginefnið í því frumvarpi sem við nú ræðum og á að fara að lögfesta er að verulegu leyti svipaðs eðlis og þau þingmál sem ég lagði fram um sama efni, þ.e. að birta opinberlega samræmda ársreikninga og nafngreina styrktaraðila sem gefa fjárframlög yfir tilteknum mörkum og að stjórnmálaflokkarnir birtu ársreikninga sína opinberlega.

Ég er því bærilega sátt við frumvarpið sem hér liggur fyrir þótt ég hefði viljað sjá ýmis atriði með öðrum hætti. Ég legg áherslu á að ef það koma fram agnúar á þessu þá vindi menn sér í að leiðrétta þá en bíði ekki þess að farið verði að ákvæði um að árið 2010 verði skipuð nefnd til að fara yfir lögin og framkvæmd þeirra.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að taka langan tíma í að ræða þetta mál af því að menn hafa komið sér saman um að ræða það ekki lengi. En það er áhyggjuefni að ekki eigi að vera gegnsæi í fjárframlögum sem koma frá einstaklingum og þau birt opinberlega líkt og hjá lögaðilum. Það gæti aukið líkurnar á áframhaldandi neðanjarðarstarfsemi við fjármögnun stjórnmálaflokka í gegnum fjárframlög frá fjársterkum aðilum. Ég hefði viljað sjá að fjárframlög upp á a.m.k. yfir 100 þús. kr. frá einstaklingum væri gert skylt að birta opinberlega.

Einnig hefði verið full ástæða til að setja fjáraustri flokkanna í kosningabaráttunni skorður, t.d. vegna auglýsinga. Auk þess finnst mér heimild frambjóðenda til þess að eyða í prófkjörsbaráttu fullrýmileg. Mér finnst ansi rýmilegt að setja þar þak og miða við 7,5 millj. kr. Ég hefði viljað sjá þessa þætti með öðrum hætti.

Ég vil líka nefna að fyrir nokkrum árum, ætli það hafi ekki verið árið 1993 eða jafnvel fyrr, ég man ekki nákvæmlega árið, var samþykkt á Alþingi að framlög lögaðila til stjórnmálaflokkanna yrðu frádráttarbær frá skatti. Forsenda margra þingmanna fyrir samþykkt þeirrar breytingar var sú að í kjölfarið yrði sett löggjöf um fjármál flokkanna. En samt eru liðin öll þessi ár, sennilega 15 ár, og við erum fyrst núna farin að sjá til lands að því er varðar löggjöf um fjármál flokkanna. Ég hefði líka viljað sjá gegnsæi í því hve mikill frádráttur er í skattgreiðslum vegna framlaga lögaðila til stjórnmálaflokka, að þessum framlögum væri haldið sérgreindum, t.d. hjá ríkisskattstjóra þannig að hægt yrði að kalla fram hverju sinni, t.d. á þingi, hve mikið hefði komið til frádráttar vegna framlaga til stjórnmálaflokkanna. Það væri í anda þess gagnsæis sem við viljum sjá í stjórnsýslunni.

Mér finnst miður að ekki hefði verið tekið á því í leiðinni að hægt væri að fylgjast með því á Alþingi og við veittum aðhald með því að halda til haga þeim niðurstöðum, um hve mikið væri frádráttarbært vegna framlaga lögaðila. En því miður er ekkert tekið á því í þessu frumvarpi, ekki í greinargerð og ekki í nefndaráliti meiri hlutans. Það þykir mér slæmt. Við höfum kallað eftir því að fá þessar upplýsingar á þingi. Ég fékk þau svör að það þjónaði ekki skattalegum hagsmunum hjá ríkisskattstjóra að aðgreina þetta, t.d. frá framlögum sem eru frádráttarbær til líknarfélaga o.s.frv. En ef vilji væri fyrir hendi til að fá þetta fram, t.d. fyrir atbeina þingsins eða fjármálaráðuneytisins, þá væri hægt að aðgreina slíkt. Ég held að það væri mikill kostur og það mundi auðvelda allt eftirlit með framkvæmd þessara laga, ef þessi frádráttarbærni væri uppi á borðinu.

Þetta eru helstu agnúarnir sem ég sé á þessu máli. Ég held að með því að birta ekki opinberlega framlög frá einstaklingum með sama hætti eins og frá lögaðilum séu þarna spillingarsmugur sem hægt væri að nýta. Ég hefði líka viljað sjá að ákvæði um tengda aðila væri skýrara og þrengra en gert er ráð í frumvarpinu, í e-lið 2. gr. Ég held að þessi skilgreining sé of víðtæk og tel að þau skilyrði sem sett eru fram varðandi tengda aðila hefði átt að tengja þótt vissulega sé til bóta að sjá viðleitnina sem þó er gerð í frumvarpinu varðandi þetta atriði.

Ég held líka að við hefðum átt að fara fyrr í endurskoðunina en árið 2010. Ég held að það hefði verið gagnlegt að hafa hana eftir um tvö ár eða svo, að þá yrði farið út í að skipa nefnd til þess að fara yfir agnúa á málinu. Mér finnst þetta of langur tími, þ.e. fram til ársins 2010.

Virðulegi forseti. Þótt ég hafi lýst ákveðnum agnúum á frumvarpinu og bent á leiðir sem ég hefði viljað sjá í frumvarpinu þá mun ég að sjálfsögðu styðja frumvarpið og einstök ákvæði þess. En ég mun fylgjast grannt með því, eins og aðrir þingmenn, hvort ástæða sé til þess að breyta löggjöfinni og herða á ýmsum ákvæðum hennar.

Það mikilvægasta er þó, virðulegi forseti, að við fáum löggjöf um fjármál stjórnmálasamtaka, frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Það er mikilvægast af öllu og er vert að fagna því og segja: loksins, loksins. Alþingi hefur loksins farið í það þarfa verk að setja lög um fjármál stjórnmálaflokkanna þótt það hefði átt að gerast fyrir mörgum áratugum, virðulegi forseti.

[17:20]

**Útbýting:**

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, 469. mál, fsp. ÞBack, þskj. 690.

Tekjuskattsgreiðslur banka, 470. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 695.

Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 276. mál, brtt. DJ, þskj. 693; brtt. JóhS o.fl., þskj. 694.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þjóðhátíðarsjóður, síðari umr.*

Stjtill., 356. mál (starfslok sjóðsins). — Þskj. 386, nál. 621.

[17:21]

**Frsm. allshn. (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar um tillögu til þingsályktunar á þskj. 386 um að leggja niður Þjóðhátíðarsjóð. Í tillögu þessari er kveðið á um starfslok Þjóðhátíðarsjóðs sem stofnaður var í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi árið 1974. Það er sem sagt lagt til að heimilað verði að leggja niður starfsemi sjóðsins frá og með 2011 eins og nánar er gerð grein fyrir á þskj. 386.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Ásamt mér standa að nefndaráliti allsherjarnefndar hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson, Birgir Ármannsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson og Þórdís Sigurðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tollalög, 2. umr.*

Stjfrv., 419. mál (ökutæki á erlendum skráningarnúmerum, EES-reglur). — Þskj. 494, nál. 639.

[17:23]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum, sem er að finna á þskj. 639.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Lilju Sturludóttur frá fjármálaráðuneyti.

Helstu breytingarnar sem felast í frumvarpinu eru að lengja það tímabil úr einum mánuði í 12 sem nota má ökutæki á erlendum eða sérstökum skráningarnúmerum hér á landi án þess að greiða aðflutningsgjöld. Er um að ræða frestun á greiðslu aðflutningsgjalda til innflytjanda eða kaupanda bifreiðar sem hefur, eða hefur haft, fasta búsetu erlendis og hyggst dveljast hér á landi tímabundið og nota bifreiðina í eigin þágu. Það er gert að skilyrði að bifreiðin sé flutt til landsins eða keypt ný og óskráð hér á landi innan mánaðar frá því að viðkomandi kom til landsins fyrst. Rétt er að ítreka að þessi heimild gildir einungis um þá sem koma hingað til tímabundinnar dvalar en reglurnar eiga ekki við um þá sem hingað koma til varanlegrar búsetu.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru til komnar vegna ábendinga Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Hefur ESA bent á að óheimilt sé að binda tímabundinn innflutning á fyrirtækjabifreiðum því skilyrði að hluti aðflutningsgjalda sé greiddur eins og gert er í gildandi lögum.

Ég ætla ekki að lesa, herra forseti, þetta nefndarálit frekar en hér eru nefnd dæmi um að aðflutningsgjöldin geti numið 1,6 millj. kr. af bifreið sem er í hærri vörugjaldsflokki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Þórarinn E. Sveinsson, Þórdís Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, 2. umr.*

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 458, nál. 640, brtt. 641.

[17:25]

**Frsm. allshn. (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar á þskj. 640 um frumvarp til laga um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Veturliða Þór Stefánsson frá utanríkisráðuneyti, Árna Sigfússon, bæjarstjóra Reykjanesbæjar, Sigurð Val Ásbjörnsson, bæjarstjóra Sandgerðisbæjar, Oddnýju Harðardóttur, bæjarstjóra í Garði, Magnús Gunnarsson, formann stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., og Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóra Þróunarfélagsins. Sameiginlegt erindi um málið barst frá bæjarstjórum Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar og Garðs og auk þess sérstaklega tilkynning frá Sandgerðisbæ.

Frumvarp þetta, sem er á þskj. 458, er lagt fram til að taka af öll tvímæli um réttarstöðu á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjamanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda.

Ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að fjalla frekar um efni frumvarpsins, enda hefur það verið gert við 1. umr. um málið. Að því er varðar skipulagsmál á svæðinu er í fyrsta lagi rétt að benda á 61. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, eins og gert er í áliti allsherjarnefndar en þar kemur fram að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn þessara mála og það er í samræmi við 2. mgr. 1. gr frumvarpsins. Nefndin telur rétt að í þessum efnum verði litið til nýskipaðrar byggingar- og skipulagsnefndar sveitarfélaganna þriggja á svæðinu, þ.e. Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar og Garðs. Á þetta var lögð sérstök áhersla af hálfu umræddra sveitarfélaga.

Allsherjarnefnd leggur til nokkrar smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem er að finna á þskj. 641. Auk mín standa að áliti allsherjarnefndar hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi en stendur ekki að álitinu. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson og Þórdís Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[17:28]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin og skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Langan tíma hefur tekið frá því að vitað var að herinn væri að fara og þangað til við erum komin hér með einhvers konar ramma um hvaða reglur og hvaða skipulag eigi að gilda á fyrrverandi varnarsvæðum.

Þegar farið er yfir frumvarpið eins og það liggur fyrir og eftir meðferð allsherjarnefndar kemur manni í hug orðið bráðabirgðalög einfaldlega vegna þess að þó að bráðabirgðalög hafi aðra merkingu en þessi lagasetning, þá er það sem hér er verið að gera aðgerðir til bráðabirgða og ekki er á nokkurn hátt reynt að nálgast það hversu lengi slíkt bráðabirgðaástand á að ríkja og hvenær hægt verði að koma á föstu ástandi þarna þannig að menn viti í hvaða stöðu þeir eru.

Reynsla okkar af því hvernig opinber stjórnvöld hafa unnið frá því að vitað var að herinn vildi fara, og ég tala ekki um frá því hann fór, er sú að það gengur afskaplega hægt. Það vita allir sem skoðað hafa málefni herstöðva sem lagðar hafa verið niður að tíminn skiptir afskaplega miklu máli. Það skiptir verulegu máli að bregðast fljótt við eftir

að búið er að leggja niður herstöð og þau mannvirki hafa verið yfirgefin, að koma þeim mannvirkjum í borgaraleg not til að þau fari að þjóna einhverjum tilgangi og standi ekki auð og yfirgefin eins og mannvirkin á Keflavíkurflugvelli núna. Við getum nefnt dæmið sem gerðist um daginn. Við vitum að það gerðist vegna þess að mannvirkin voru í umhirðuleysi þegar talsvert vatnstjón varð vegna þess að í rauninni var enginn ábyrgur fyrir húsum eða mannvirkjum á svæðinu.

Það er langt síðan við vissum, okkur var sagt það af ríkisstjórninni og hæstv. ráðherrum, að stofna ætti sérstakt hlutafélag um þær eignir sem mundi taka þær yfir og reyna að koma þeim í arðbær borgaraleg not. En eins og ég sagði áðan tekur þetta afskaplega langan tíma. Nú er búið að stofna þróunarfélag um eignir á Keflavíkurflugvelli og í þessu lagafrumvarpi er heimild til að semja við umrætt félag um hvernig það yfirtekur eignir og svæði á Keflavíkurflugvelli. Ekki hefur maður séð í skýringum með frumvarpinu eða komist að því með því að lesa nefndarálit eða spyrja nefndarmenn í allsherjarnefnd hvað í raun og veru þetta félag á að gera, hvað þessi heimild þýðir. Hvað er það sem ráðherrarnir ætla að fela þessu félagi?

Ef maður les í gegnum lagafrumvarpið eins og það er er í raun allt opið. Þetta félag gæti yfirtekið öll mannvirki, allan rekstur þarna upp frá miðað við hvernig greinarnar hljóða í frumvarpinu. Nokkuð ljóst virðist vera að þessu svæði verður skipt í þrjú meginsvæði, þ.e. því verður skipt upp í flugvallarsvæði, öryggissvæði og svæði sem Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. á að hafa umsýslu með. Það segir þó í frumvarpinu að það megi fela Þróunarfélaginu að hafa umsýslu með eignum á öllum þessum þremur svæðum og því veit maður ekki í rauninni hvað það er sem ráðherrarnir eru að hugsa með því að fela slíkt þessu nýja félagi.

Maður veltir fyrir sér tímamörkunum. Hvenær mun þessu bráðabirgðaástandi linna og hvenær verður þarna komið umhverfi hvað varðar umráð, umsýslu, skipulag og annað til framtíðar? Engin leið er að lesa það út úr frumvarpinu og engin leið er að lesa það út úr nefndarálitinu. Engin tímamörk eru önnur en þau að í 2. gr. segir að utanríkisráðherra skuli að höfðu samráði við samgönguráðherra skipa fimm manna nefnd sérfræðinga — en hvergi er útskýrt hvers konar sérfræðinga — sem hafi það hlutverk að undirbúa snurðulausa færslu á stjórnun og rekstri Keflavíkurflugvallar samkvæmt þeirri grein yfir til samgönguyfirvalda. Þessi nefnd sérfræðinga á að ljúka störfum og leggja fram tillögur um framkvæmd yfirfærslunnar fyrir febrúarlok 2007. Er það einhver tímasetning eða dagsetning sem maður getur sagt: Ókei, í febrúarlok 2007 verður búið að fara yfir það hvernig flugvallarstarfsemin, stjórnun og rekstur á Keflavíkurflugvelli verður fært yfir til samgönguráðuneytisins? Verður þá ekki um leið búið að taka ákvörðun um önnur svæði, öryggissvæði og hvað það er sem Þróunarfélagið á að hafa með að gera?

Það segir líka að hæstv. forsætisráðherra muni gefa út auglýsingu um að það landsvæði sem um ræðir að hluta eða í heild hafi verið tekið til annarra nota en hernaðarnota og í slíkri auglýsingu væri hægt að kveða á um að almennar reglur mundu gilda um svæðið allt eða að hluta. Því er eðlilegt að spyrja hvort það muni þá ekki gerast eftir febrúarlok 2007 að slík auglýsing verði birt. Þá auglýsi menn og ráðuneytið hvernig framtíðin verður á Keflavíkurflugvelli.

Annað sem maður veltir fyrir sér þegar maður les þetta í gegn er hvernig þetta allt saman er á einni hendi. Forsætisráðherra fer með hlutabréfið í Þróunarfélaginu, sem er ríkisfélag. Forsætisráðherra hefur samkvæmt lögunum heimild til þess að semja við þetta þróunarfélag um hvað það er sem það á að gera og forsætisráðherra mun auglýsa um framtíð svæðisins. Þetta er sem sagt allt í einum og sama ráðherranum, umsýsla, ákvarðanir og allt sem málinu tengist. Ég hefði haldið að betra væri að mörgu leyti fyrir okkur að fleiri kæmu að þessu en þetta væri bundið í einni skúffu í einu ráðuneyti hjá einum hæstv. ráðherra.

Það sem skiptir miklu máli við þessa yfirfærslu er að sveitarfélögin á Suðurnesjum verði höfð með í ráðum, alveg frá upphafi til enda. Mikið hefur skort á það og skorti mikið á það frá því að Bandaríkjamenn tilkynntu að þeir væru að fara frá Íslandi, að haft væri samráð við sveitarfélögin á Suðurnesjum.

Nú hafa þrjú sveitarfélög, sem hafa lögsögu á þessu svæði, skipað sameiginlega byggingar- og skipulagsnefnd, sveitarfélög sem lýst hafa því yfir að þau vilji sem fyrst hafa með skipulagsmálin að gera á Keflavíkurflugvelli og er mikilvægt að sjá það í nefndarálitinu að hv. allsherjarnefnd tekur undir að sveitarfélögin eigi að hafa skipulagsvald á umræddu svæði og það verði í framhaldi af þeirri auglýsingu sem ég minntist á áðan sem hæstv. forsætisráðherra mun senda frá sér.

Það væri gott ef hv. formaður eða varaformaður allsherjarnefndar gæti sagt okkur hvort það sé réttur skilningur að auglýsing muni birtast í febrúarlok eða eftir febrúarlok árið 2007 þegar nefnd sérfræðinga hefur skilað af sér hvernig starfsemin á Keflavíkurflugvelli eigi að færast yfir til samgönguráðuneytisins eða hvort við getum búist við því að mun lengra tími líði og engin tímamörk séu í raun í umræðunni. Gott væri ef hv. varaformaður allsherjarnefndar gæti svarað þeirri spurningu þannig að þeir sem búa á Suðurnesjum og þeir sem velta fyrir sér framtíðinni á Keflavíkurflugvelli viti það þá að menn eru að stefna á að framtíðarskipulag á svæðinu verði klárt og því verði komið á eigi síðar en í byrjun mars á næsta ári.

Ég hef í stuttri ræðu gert grein fyrir sjónarmiðum mínum hvað frumvarpið varðar og þau sjónarmið eru þau sömu og fulltrúar Samfylkingarinnar höfðu í allsherjarnefnd og eru ástæðan fyrir því að fulltrúar Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd skrifuðu undir það álit sem hér er með fyrirvara.

[17:37]

**Þórdís Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að koma í pontu og lýsa ánægju minni yfir því frumvarpi sem um ræðir sem er mikilvægt málefni. Það varðar skipan mála á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjamanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda. Um er að ræða m.a. að hinu nýskipaða Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. er falin umsýsla á því starfssvæði sem tilheyrir þeim og geti nú hafið framkvæmdir á því nauðsynlega hlutverki sem þeim er ætlað. Einnig gefst möguleiki

fyrir þau sveitarfélög sem eiga lönd að því svæði sem hefur talist til varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli að vinna sameiginlega að skipulagsmálum svæðisins og hefja markvissa vinnu að framtíðaruppbyggingu á svæði sem þeir eiga tilkall til.

Þriðja og ekki síður mikilvægt mál varðar málefni Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og skipan fimm manna nefndar sérfræðinga sem hafa það að markmiði að undirbúa færslu á stjórnun og rekstri flugvallarins yfir til samgönguyfirvalda. Er það tímabært og fagnaðarefni að sambærilegur rekstur og sérfræðiþekking í málefnum tengdum flugi sameinist nú í einu og sama ráðuneytinu. Sameiningin er tímabær nú, ekki síst sökum þeirrar fjárhagslegu hagræðingar sem í henni felst og gæti komið til móts við aukinn kostnað, t.d. samfara hertum öryggiskröfum.

Nú er þess skammt að bíða að Keflavíkurflugvöllur verði loksins málefni samgönguyfirvalda og hluti af samgönguáætlun í framtíðinni. Ég óska starfsfólki og sérfræðingum sem sinna hinum ýmsu störfum tengdum flugmálum til hamingju með það frumvarp sem hér er til afgreiðslu, svo og íbúum og bæjar- og sveitarstjórnum í Garði, Sandgerði og Reykjanesbæ.

[17:39]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í nefndaráliti því sem við höfum á þingskjali 640 sat ég fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð en stend ekki að áliti þessu, enda kem ég ekki til með að styðja málið í atkvæðagreiðslu á eftir. Fyrir því eru nokkur rök.

Í fyrsta lagi er auðvitað dapurlegt til þess að vita að enn skuli vera innan þessa svæðis skilgreint svokallað öryggissvæði. Ég vil meina að samkomulagið sem gert var í Washington í október síðastliðnum sé að mörgu leyti meingallað, m.a. að við skulum þurfa að beygja okkur undir það að enn skuli vera til skilgreint öryggissvæði þar sem Bandaríkin muni halda árlega tvíhliða og/eða fjölþjóðlegar heræfingar á íslensku landsvæði og í íslenskri lofthelgi og landhelgi að fengnu samþykki íslenskra stjórnvalda. Sömuleiðis er samkvæmt samkomulaginu gert ráð fyrir æfingum Íslendinga á þessu svæði, herafla annarra bandalagsríkja og eftir atvikum liðsafla annarra ríkja utan NATO, t.d. þátttökuríkja í samstarfi í þágu friðar, PFP. Öryggissvæðið, sem er ansi stórt og er greint með markvissum hætti á því korti sem fylgir frumvarpinu, er því enn til staðar með sömu takmörkunum og öryggissvæðið hefur verið hingað til þó að það sé nú minna.

Mér finnst að samkomulagið og þau atriði í samkomulaginu torveldi að hægt sé að gera viðskilnað hins erlenda herliðs með þeim hætti að hann sé hreinn og klár. Ég gagnrýni að ekkert skuli vera í frumvarpinu um það á hvern hátt gert sé ráð fyrir að svæðið verði hreinsað í umhverfislegu tilliti. Ég tel vanta tilfinnanlega upp á ákveðna þætti í frumvarpinu.

Einnig vil ég nefna að með því er gert ráð fyrir að við gerumst sjálfstæðir þátttakendur í fyllingu tímans í Mannvirkjasjóði NATO. Það kemur til með að verða gríðarlega kostnaðarsamt fyrir okkur og ég tel að nánari upplýsingar hefðu mátt koma fram um þau áform í greinargerð með frumvarpinu, en það eina sem þar stendur er að það hafi í samkomulaginu frá 11. október 2006 verið gengið út frá því að íslensk og bandarísk stjórnvöld mundu í sameiningu mæla með því við Atlantshafsbandalagið að Íslendingar tækju hið fyrsta við hlutverki gistiríkis af Bandaríkjunum varðandi mannvirki fjármögnuð af bandalaginu á Íslandi. Um þetta hljóta að liggja fyrir einhverjar frekari áætlanir sem betra væri að væru hér til staðar.

Eins og ég segi, við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum þessa fyrirvara við málið og komum ekki til með að geta stutt það í atkvæðagreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tryggingagjald, 2. umr.*

Stjfrv., 420. mál (lækkun gjalds og jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða). — Þskj. 495, nál. 649, brtt. 650.

[17:43]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, sem er að finna á þingskjali 649, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Ingva Má Pálsson og Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Arnar Sigurmundsson og Árna Guðmundsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigurbjörn Sigurbjörnsson frá Söfnunarsjóði lífeyrissjóða og Vigfús Ásgeirsson frá Talnakönnun.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um tryggingagjald. Annars vegar er lagt til að það sé lækkað um 0,25% og hins vegar hefur ríkisstjórnin lýst því yfir — ég hleyp yfir þetta, þetta stendur í nefndarálitinu — að hún sé reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrðum milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu.

Ég mun ekki að lesa nefndarálitið nánar, frú forseti, en vil benda á að frumvarpið fékk mjög skamman tíma til vinnslu í nefndinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 276. mál (lækkun tekjuskatts o.fl.). — Þskj. 286, nál. 568 og 570, brtt. 569, 571, 601 og 605.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:47]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Minni hlutinn hefur flutt nokkrar breytingartillögur við þetta frumvarp sem felast í því að lækka skatta hjá fólki með lágar og meðaltekjur umfram það sem ríkisstjórnin ætlar með hærri persónuafslætti sem gefur milli 6 og 7 þús. kr. hærri skattleysismörk en ASÍ knúði í gegn í kjarasamningunum. Með okkar leið fara skattleysismörkin í 96–97 þús. sem leiðir til þess að 5 þús. færri einstaklingar, lágtekjufólk og lífeyrisþegar, munu engan skatt greiða og fólk með 300 þús. kr. mánaðartekjur mun greiða minni skatt en það gerir samkvæmt leið ríkisstjórnarinnar.

Við leiðréttum líka viðmiðunargreiðslu vaxtabóta um 12% til að þær haldi raungildi sínu frá árinu 2005 og er þó langt í land að ná til baka 1,4 milljarða skerðingu á vaxtabótum sem stjórnarflokkarnir hafa staðið fyrir. Við fögnum því að hafa náð því fram að stjórnarflokkarnir hættu við að skerða skattaívilnanir vegna menntunarframlaga barna og unglinga sem harðast hefði bitnað á landsbyggðinni. Stjórnarflokkarnir eru líka að innleiða alvarlega stefnubreytingu á sviði jafnréttismála og í málefnum ungbarnafjölskyldna sem ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af en hér er verið að lögfesta sérstakar skattaívilnanir vegna heimgreiðslna til foreldra upp á 30 þús. kr. þótt foreldrar geti valið um að fá leikskólavist í staðinn. Full ástæða er til að ætla að þetta geti seinkað framþróun á fæðingarorlofslögunum eða uppbyggingu leikskólanna og örugglega mun þetta leiða til bakslags í jafnréttisbaráttunni eins og reynsla Norðmanna sýnir. Þeir eru að hverfa frá þessum heimgreiðslum þar sem þær voru eingöngu nýttar af mæðrum og stuðluðu því að því að konur hurfu af vinnumarkaðnum sem vinnur auðvitað gegn jafnrétti.

Jákvæðu þættina í þessu frumvarpi má fyrst og fremst rekja til þess að aðilar vinnumarkaðarins knúðu þá fram í kjarasamningum. Annað, eins og heimgreiðslur sem stuðla munu að bakslagi í jafnréttisbaráttunni, er síðan verk ríkisstjórnarinnar.

[17:49]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Í þessu frumvarpi er margt sem horfir til framfara, en annað má betur fara og gerir stjórnarandstaðan tillögur þar að lútandi. Við getum ekki stutt 2. gr. frumvarpsins enda er hún mjög varhugaverð að okkar mati. Í henni er að finna skattaívilnanir til fólks í þeim sveitarfélögum sem greiða foreldrum fyrir að vera heima í stað þess að senda börn í leikskóla. Talsmaður Sjálfstæðisflokksins gaf til kynna við umræðu um þetta frumvarp að eðlilegt væri að færa allan kostnað innan velferðarkerfisins til bókar. Síðan ætti að leggja að jöfnu í peningalegu tilliti þjónustu sem veitt er á samfélagslegum forsendum annars vegar og einkalausna hins vegar. Ekki mætti mismuna á kostnað einkalausna. Þessi frjálshyggjuhugsun kemur til með að naga að rótum velferðarsamfélagsins.

Þá er annað og það snýr að hæstv. fjármálaráðherra. Ef á annað borð er haldið inn á þessa braut orkar forgangsröðun ríkisstjórnarinnar mjög tvímælis. Að okkar mati hefði verið eðlilegra að ívilna þeim sem fá umönnunarbætur vegna langveikra barna í stað þess að byrja á þessum endanum.

Síðan er hitt, það er ekkert þak á þessum skattaívilnunum. Þær gætu verið á greiðslum sem næmu 30 þús. kr. og þær gætu verið á greiðslum sem næmu 300 þús. kr. Það er algerlega komið undir sveitarfélögunum hverju sinni hve há upphæðin er. Hér er því um að ræða skattaívilnanir sem ekki grundvallast á almennum reglum sem taka til allra landsmanna. Þetta eru óábyrg fúskvinnubrögð sem ekki eru sæmandi hæstv. fjármálaráðherra landsins.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði að verið væri að leysa ákveðin vandamál með þessu móti. Við í stjórnarandstöðunni viljum leysa vanda ungra barna með því að lengja fæðingarorlofið og með því að efla og bæta leikskólann. Við viljum samfélagslausnir í stað einkalausna.

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, LB, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MÞH, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:52]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Hér eru stjórnarflokkarnir að hola skattkerfið með þeim sérstaka hætti að taka upp heimgreiðslur fyrir þá sem ekki vilja nýta sér leikskólapláss eða þjónustu dagmæðra. Hér er um að ræða slæma stefnubreytingu í jafnréttismálum sem mun hvorki stuðla að því að bæta hag ungbarnafjölskyldna né stuðla að framþróun í jafnréttismálum.

Ég mun að sjálfsögðu flytja breytingartillögu við 3. umr. um að greiðslur til foreldra langveikra barna verði undanþegnar skatti enda er það mat fulltrúa ríkisskattstjóra að hér sé um eðlislíkar greiðslur að ræða. Ef þessi tillaga nær fram að ganga mun ég sem sagt flytja þessa breytingartillögu.

Brtt. 601 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

14 þm. (AKG, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK,

GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. g r.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 569,1 (4. gr. falli brott) samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 571,1 kom ekki til atkv.

Brtt. 605,1 felld með 28:22 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
13 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[17:54]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Við í stjórnarandstöðunni teljum að fyrst það hafi verið svigrúm fyrir 1% lækkun á tekjuskattsprósentunni ætti frekar að verja þeim fjármunum í að hækka skattleysismörkin og tillaga okkar í dag lýtur að því. Með þessari tillögu mundu 5 þús. færri einstaklingar greiða skatt en samkvæmt tillögu ríkisstjórnarflokkanna. Sömuleiðis mun fólk með 300 þús. kr. eða minna á mánuði greiða minna í skatt en það gerir samkvæmt leið ríkisstjórnarinnar. Í því sambandi vil ég rifja upp að meðaltekjur í landinu eru um 275 þús. kr. á mánuði þannig að tillögur stjórnarandstöðunnar í dag eru hagstæðari fyrir meiri hluta þjóðarinnar og hið venjulega fólk í landinu en sú leið sem ríkisstjórnin hefur farið í skattamálum.

5. gr. samþ. með 48:1 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
**nei:** PHB.
1 þm. (BÁ) greiddi ekki atkv.
13 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[17:55]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Ég er á móti því að hækka skatta á almenning. Ég er á móti því að hækka prósentuskatta um 1% á allan almenning vegna þess að ég trúi því að fólk eigi að geta aflað sér tekna ef það kærir sig um. Ég vil hvetja fólk til að afla sér meiri tekna og ég er á móti því að halda fólki í fátæktargildru vegna of mikilla jaðarskatta.

Ég segi nei við þessari skattahækkun en ef hún skyldi verða samþykkt, eins og mér sýnist á öllu, mun ég greiða atkvæði með öðrum breytingartillögum því að þær eru skattalækkanir. (**Gripið fram í:** Ertu á móti Landspítalanum?)

Brtt. 571,2 felld með 27:23 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GHall, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
13 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 605,2 felld með 28:21 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
14 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, LB, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GHj) greiddi ekki atkv.
13 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 571,3.a felld með 28:22 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
13 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 571,3.b felld með 28:22 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
13 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 569,2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj,

GÓJ, GÞÞ, GHall, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:58]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hér er um að ræða breytingartillögu sem tengist breytingu á eignastuðli vaxtabóta sem samþykkt var á Alþingi fyrir skömmu. Þar var allt of skammt gengið til að bæta íbúðareigendum skerðinguna á vaxtabótum frá því í ágúst sl. sem leiddi af mikilli hækkun á fasteignamati. Þess vegna sit ég hjá við þessa tillögu.

8. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 571,4 felld með 27:23 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

13 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 569,3 samþ. með 50 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

## *Vörugjald, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 416. mál (lækkun matarskatts). — Þskj. 482, nál. 626, brtt. 627, 628, 629, 630, 631 og 632.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:01]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við greiðum hér atkvæði um frumvarp sem lýtur að því að lækka matvælaverð o.fl. sem er fagnaðarefni í sjálfu sér. Ég vil minna á frumkvæði Samfylkingarinnar í þessu máli, ekki síst frumkvæði og baráttu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem ítrekað hefur tekið þetta mál upp. Við sáum að eftir metnaðarfullan tillöguflutning Samfylkingarinnar í haust tók ríkisstjórnin loksins við sér, eftir að hafa ítrekað fellt tillögur Samfylkingarinnar um að helminga matarskattinn.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar var sett fram í flýti og var illa undirbúið. Þar var t.d. ekki tekið á tollamálum. Hæstv. fjármálaráðherra bað sjálfur um að fresta stórum hluta frumvarpsins, sem laut að áfengisverði, og allir hagsmunaaðilar bentu í meðförum þessa máls á að það skorti útreikninga og gögn til að geta metið áhrif þess.

Rúsínan í pylsuendanum var sú að lagfæra þurfti frumvarpið í skjóli nætur með því að bæta inn nokkrum vöruflokkum sem gleymdust í upptalningu á þeim vörum sem fella á niður vörugjöld af. Það birtist í nefndaráliti meiri hlutans rétt fyrir fund. Hér er augljóslega á ferð örvæntingarfullt útspil ríkisstjórnarflokkanna sem hafa haft næg tækifæri til að lækka matvælaverð á landinu.

Samfylkingin fagnar þeim skrefum sem hér eru tekin. Við munum styðja tillögu ríkisstjórnarinnar. Hins vegar eru tillögur okkar mun metnaðarfyllri í að lækka matvælaverðið. Við ætlum að lækka matvælaverðið helmingi meira en ríkisstjórnarflokkarnir vilja gera. Við munum sömuleiðis leggja fram nokkrar breytingartillögur.

Fyrsta breytingartillagan lýtur að því að fella niður öll vörugjöld af öllum matvælum. Þetta er í samræmi við kröfur helstu hagsmunaaðila svo sem Neytendasamtakanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu o.s.frv.

Við munum einnig leggja fram breytingartillögu um að lækka virðisaukaskatt á lyfjum. Eins og staðan verður eftir þennan dag verða lyf í efsta þrepi virðisaukaskattsins með um 24,5% skatt. Við leggjum til að sú skattlagning fari niður í 7%.

Í þriðja lagi leggjum við fram breytingartillögu sem lýtur að því að bæta verðlagseftirlit þar sem mikilvægt er að þær lækkanir sem hér munu lögfestar skili sér til neytenda og almennings.

Að okkar mati gengur ríkisstjórnin of skammt. Samfylkingin hefur það hlutverk að berjast áfram fyrir lækkuðu matarverði og flokkurinn mun gera það. Samfylkingin mun ekki sætta sig við að Íslendingar þurfi að greiða eitt hæsta matvælaverð í heimi. Barátta Samfylkingarinnar fyrir lægra matvælaverði heldur áfram.

[18:04]

**Pétur H. Blöndal** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hæstv. ríkisstjórn hefur með risaskrefum afnumið skatta á síðasta kjörtímabili. Ég ætla að rifja þau upp eftir minni, t.d. afnám eignarskatta, lækkun tekjuskatta, lækkun skatta á hagnað fyrirtækja, erfðafjárskattinn o.s.frv. Hér er enn lögð til skattalækkun. Þó vorum við rétt áðan að afgreiða annað mál sem hljóðaði upp á að eftir áramót verði 12 milljarða kr. skattalækkun. Hér er gert ráð fyrir 8–9 milljörðum kr. í viðbót. Þetta eru óskaplegar skattalækkanir sem ég þakka hæstv. ríkisstjórn fyrir og styð hana eindregið í. (**Gripið fram í:** Ekki alveg.)

Ég hafði efasemdir um sykurskattinn. Nú liggja fyrir ágætar tillögur frá Samfylkingunni um að afnema hann. Því miður erum við búin að afgreiða fjárlög. Á það var bent í umræðunni í gær að fjárlögin mundu varla þola stóraukin útgjöld til aldraða og öryrkja. Ég tel að fjárlögin séu þanin til hins ýtrasta og get því ekki fallist á tillögu Samfylkingarinnar um 800 millj. kr. lækkun á sykurskatti (Gripið fram í.) né 600 millj. kr. lækkun á lyfjaverði. (Gripið fram í.) En mér finnast tillögurnar ekki vitlausar. Þær eru ágætar en

þær koma of seint. Svo er náttúrlega spurning um hvort risaskref ríkisstjórnarinnar þola svona viðbót.

Varðandi umræðuna um neyslustýringuna, af því að við ræddum um sykurskattinn, vil ég benda á að ein drykkjarvara ber engan skatt og kostar ekki neitt, þ.e. blávatn. Samt er eftirspurnin ekki nægilega mikil.

Brtt. 628,1 felld með 26:16 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁÓÁ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MÁ, RG, VF, ÞSveinb, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁMM, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:06]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Hér eru greidd atkvæði um breytingartillögu sem lýtur að því að fella niður vörugjöld af öllum matvælum. Sterk rök hafa verið færð fyrir því að vörugjaldið sé tímaskekkja. Þetta er dýr skattur og gamaldags skattur, skattar og gjöld sem hafa uppsöfnunaráhrif og skila takmörkuðum árangri við neyslustýringu, sé það markmiðið.

Ég skora á þá sjálfstæðismenn sem hér eru í salnum, sem hafa talað fyrir því að fella eigi niður vörugjöld af matvælum, að sýna það í verki. Hér hafa þeir einstakt tækifæri til að slást í för með Samfylkingunni við að afnema úreltan og kostnaðarsaman skatt og færa landsmönnum kjarabætur.

Ég vil hins vegar taka fram að að sjálfsögðu ber okkur að stuðla að öflugum forvörnum þegar kemur að neyslu svokallaðra óhollra matvæla. En ég bendi á að þrátt fyrir einna hæstu álögur á gosdrykki sem til eru í heiminum er neysla á þeim hvergi meiri. Hugmyndin um neyslustýringu sem býr að baki vörugjöldunum (Forseti hringir.) gengur því ekki upp í raun og veru.

[18:08]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Frú forseti. Hér sannast hið fornkveðna: Dropinn holar steininn. Í sex ár hefur Samfylkingin beitt sér á Alþingi fyrir lækkun matarverðs en ríkisstjórnin daufheyrst þar til nú á kosningavetri. Lækkun matarverðs er gífurleg kjarabót fyrir alla, ekki síst þá sem minnstu hafa úr að spila. Ég minni á það sem ítrekað hefur komið fram í umræðunni um fjárlögin, að í stað þess að verðbólgan verði 4,5% á komandi ári verður hún 3% vegna þeirrar lækkunar sem hér er um að ræða.

Samfylkingin mun að sjálfsögðu styðja þetta mál og tillögur sínar. Auk þess mun Samfylkingin fylgja málinu eftir og stuðla að frekari lækkunum á matarverði þegar hún kemst í ríkisstjórn, sem verður í vor.

Brtt. 631,1 felld með 40:5 atkv. og sögðu
**já:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
**nei:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.
18 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, KF, KLM, MF, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:09]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill stuðla að því að verðlag á matvöru lækki en við viljum horfa á málin í stærra samhengi. Við viljum horfa til gæða og heilnæmis. Ef tillögur ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga munu gosdrykkir og sykraðir drykkir lækka meira í verði en nokkur önnur vörutegund í landinu. Við höfum fengið varnaðarorð frá Lýðheilsustöð sem beinir því til Alþingis að falla frá þessum áformum. Efnahags- og viðskiptanefnd fékk bréf þess efnis inn á fundi sína.

Þessi tillaga lýtur að því að falla frá áformum um að lækka vörugjald á gosdrykki og sykraða drykki. Við viljum hlusta á varnaðarorðin (Forseti hringir.) frá Lýðheilsustöð.

1. gr., a-liður, samþ. með 46 shlj. atkv.

1. gr., b-liður, samþ. með 44:1 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.
**nei:** ÞBack.
3 þm. (JBjarn, KolH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, SJS, StB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 627,1 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 632 felld með 28:17 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MÁ, RG, VF, ÞSveinb, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:12]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Hér eru greidd atkvæði um breytingartillögu Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins sem lýtur að því að lækka lyfjaverð í landinu. Hún snýst um að lækka virðisaukaskatt á lyfjum sem núna eru í 24,5% skattþrepi en með þessari breytingartillögu mundi skattlagningin lækka niður í 7% eins og við erum að gera varðandi matvæli,

bækur, geisladiska o.s.frv. Við teljum eðlilegt að taka þetta skref núna.

Á það hefur verið bent að ríkið sjálft greiðir langstærstan hluta virðisaukaskattsins þannig að hér er ekki um að ræða mjög dýra aðgerð í ljósi þess sem bæði almenningur og ríkið uppskera. Víða í löndunum kringum okkur eru lyf án virðisaukaskatts. Má þar nefna Svíþjóð, Bretland, Kanada, Írland o.s.frv. Hér er um að ræða réttmætt skref til að lækka lyfjaverð í landinu sem er of hátt og lækka lyfjakostnað ríkisins.

[18:14]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þykir vel koma til greina að lækka virðisaukaskatt á lyfjum. Þetta hefur þegar verið tekið til umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd þingsins en það skortir enn á að fullnægt sé vönduðum vinnubrögðum til að málið sé til lykta leitt.

Ég held að umræða síðustu mánaða hafi leitt í ljós að hátt verðlag á lyfjum er fyrst og fremst til komið vegna fákeppni og mikillar álagningar þeirra sem annast sölu og dreifingu á lyfjum. Okkur finnst þetta koma til greina en þykir skorta á að um vönduð vinnubrögð sé að ræða.

[18:14]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Við greiðum hér atkvæði um breytingartillögur og frumvarp sem gengur út á að lækka matarreikning heimilanna, sem er afar mikilvægt.

Hér er um að ræða breytingartillögu sem varðar lyfin sérstaklega. Ég vildi taka undir með síðasta ræðumanni að því leyti að mér finnst koma til greina að við skoðum sérstaklega lyfjaþáttinn. En ég vek athygli á því að í dag greiðum við atkvæði um þessi tvö frumvörp, tekjuskattsfrumvarpið og nú virðisaukaskattsfrumvarpið sem munu samtals þýða skattalækkanir fyrir heimilin og fjölskyldurnar í landinu upp á 22 milljarða kr.

Við stígum hér gríðarlega stór skref. Það er ekki hægt að gera allt í einu. Ég segi því nei við þessari tillögu en auðvitað munum við skoða þetta í framtíðinni.

[18:16]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill beina því til hv. þingmanna að þeir athugi að ef þeir ætla að óska eftir að gera grein fyrir atkvæði sínu þá verða þeir að biðja um orðið áður en fyrsta greinargerð hefst.

3. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 630 felld með 24:22 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

1 þm. (GÓJ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, PHB, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:16]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan hefur sameinast um þessa tillögu en hún felur það í sér að kaupendur almenningsvagna sitji við sama borð og kaupendur annarra hópferðabifreiða og njóti endurgreiðslu á tveimur þriðju hlutum virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp þessa efnis sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir varaþingmaður flutti, ásamt öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, en að þessari tillögu stendur stjórnarandstaðan öll enda hafa fulltrúar úr öllum stjórnmálaflokkunum innan stjórnarandstöðunnar talað fyrir þessu máli.

6. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 631,2 felld með 41:5 atkv. og sögðu

**já:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

**nei:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KF, KLM, MF, SigurjÞ, StB, VF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:18]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi verið fyrir þremur árum að Alþingi ákvað að setja Lýðheilsustöð á laggirnar, m.a. til þess að vera stjórnvöldum til ráðgjafar varðandi lýðheilsu. Hér erum við að fjalla nákvæmlega um slíkt efni.

Ég velti því fyrir mér hvort það geti verið satt að aðeins þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilji taka varnaðarorð þessarar stofnunar gild. Nú reynir á það í þessari atkvæðagreiðslu, en hér er um það að tefla að falla frá ákvörðun um að lækka virðisaukaskatt á gosdrykkjum og sykruðum drykkjum.

En ég vil endurtaka það sem ég sagði við umræðuna fyrr í dag að það er ekki bannað með lögum, sem betur fer, að breyta lögum. Ég hlustaði á varnaðarorð sem komu frá (Forseti hringir.) ýmsum stjórnarþingmönnum, læknum og hjúkrunarfræðingum sem tala af þekkingu um þessi mál og ég vona að Alþingi beri gæfu til að taka þessi mál til endurskoðunar.

Brtt. 627,2 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP,

SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EOK, EMS, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 627,3 (9. gr. falli brott) samþ. með 47 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 629 felld með 27:21 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞES, ÞórdS.

15 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:21]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Hér er breytingartillaga sem lýtur að því að tryggt verði öflugt verðlagseftirlit með verði á matvöru. Það er mikilvægt að hægt sé að fylgjast með því að þær lækkanir og þau skref sem eru tekin í dag, skili sér í vasa í neytenda.

Þess vegna þarf að tryggja að slíkt eftirlit fari fram og það þarf sömuleiðis að gæta að því að verslanir freistist ekki til að fara í einhvers konar verðlagshækkanir áður en kemur að gildistökunni til að mæta síðan væntingum hvað varðar lækkanirnar 1. mars.

Það er líka mikilvægt að þetta fari fram í ljósi þess að hagsmunaaðilar sem komu fram fyrir efnahags- og viðskiptanefnd deildu talsvert á útreikninga fjármálaráðuneytisins þegar kom að áhrifum þessara aðgerða. Þess vegna leggur Samfylkingin og stjórnarandstaðan í heild sinni þessa tillögu fram hér í dag.

Brtt. 627,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

***Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frh. 2. umr.***

Frv. GHH o.fl., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 536, nál. 654, brtt. 655.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:23]

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (BÁ, EOK, SKK) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 655,1 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (BÁ, EOK, KHG, SKK) greiddu ekki atkv.

20 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, JBjarn, JBjart, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (BÁ, EOK, KHG, SKK) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (BÁ, EOK, KHG, SKK) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 655,2 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (BÁ, EOK, KHG, SKK) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK,

GHall, GÁ, GÖrl, HBl, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
4 þm. (BÁ, EOK, KHG, SKK) greiddu ekki atkv.
18 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 655,3 (6. gr. falli brott) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
4 þm. (BÁ, EOK, KHG, SKK) greiddu ekki atkv.
17 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
4 þm. (BÁ, EOK, KHG, SKK) greiddu ekki atkv.
17 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, JBjart, KLM, MF, SigurjÞ, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 655,4 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
4 þm. (BÁ, EOK, KHG, SKK) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
4 þm. (BÁ, EOK, KHG, SKK) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

9.–15. gr. (verða 8.–14. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
4 þm. (BÁ, EOK, KHG, SKK) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
16 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

***Þjóðhátíðarsjóður, frh. síðari umr.***

Stjtill., 356. mál (starfslok sjóðsins). — Þskj. 386, nál. 621.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:27]
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.
17 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, JÁ, KLM, LB, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.
16 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, JÁ, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 697).

***Tollalög, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 419. mál (ökutæki á erlendum skráningarnúmerum, EES-reglur). — Þskj. 494, nál. 639.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:28]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

***Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 458, nál. 640, brtt. 641.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:28]

Brtt. 641,1 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, KLM, LB, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 641,2 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 641,3 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

5.–7. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 641,4 (nýtt heiti fylgiskjals) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

### *Tryggingagjald, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 420. mál (lækkun gjalds og jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða). — Þskj. 495, nál. 649, brtt. 650.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:31]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég lýsi ánægju með þetta frumvarp svo langt sem það nær. Hér er verið að koma til móts við lífeyrissjóði á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, þá sjóði sem búa við sérstaklega þunga örorkubyrði.

Við erum fylgjandi sértækum ráðstöfunum í þessa veru en þá þurfa líka allir lífeyrissjóðir sem búa við þunga örorkubyrði að njóta þess. Og vil ég geta þess í því sambandi að önnur samtök en Alþýðusamband Íslands hafa óskað eftir viðræðum í þá veru. Hvað varðar aðra lífeyrissjóði þá nefni ég sérstaklega Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og ég vísa til annarra sjóða einnig.

Í því trausti að þessi mál verði tekin til skoðunar og endurskoðunar á komandi vikum samþykki ég og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar –græns framboðs þetta frumvarp.

[18:32]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið þá er þetta gríðarlega mikilvægt mál fyrir lífeyrissjóðina til þess að styrkja þá í því að ráða við örorkubyrðina. Þegar þetta frumvarp verður að fullu komið í gildi þá mun það ná til allra lífeyrissjóðanna.

Það hefur hins vegar komið upp á síðustu dögum hvort hallað hafi á Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Við viljum auðvitað ekki að það gerist og þess vegna verður það mál tekið til skoðunar án þess að ég geti lofað því nákvæmlega hver niðurstaðan í því máli verður. En það er ekki vilji okkar að halla máli gagnvart neinum og því munum við skoða það. Ég segi auðvitað já við þessu frumvarpi.

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 650,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 650,2 samþ. með 46 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 650,3 samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 650,4 samþ. með 48 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 18:35.

---

# 50. FUNDUR

laugardaginn 9. des.,
að loknum 49. fundi.

**Dagskrá:**

1. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 276. mál, þskj. 691, brtt. 693 og 694. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Vörugjald og virðisaukaskattur, stjfrv., 416. mál, þskj. 692. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 435. mál, þskj. 696. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Tollalög, stjfrv., 419. mál, þskj. 494. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, stjfrv., 408. mál, þskj. 698. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Tryggingagjald, stjfrv., 420. mál, þskj. 699. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:37]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. allra mála á dagskrá og útbýtingu þskj. 693–694. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

### *Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 3. umr.*

Stjfrv., 276. mál (lækkun tekjuskatts o.fl.). — Þskj. 691, brtt. 693 og 694.

[18:37]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir)**:

Hæstv. forseti. Á þskj. 694 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni og Lúðvíki Bergvinssyni að flytja breytingartillögu við það frumvarp sem hér er á dagskrá, um tekjuskatt og eignarskatt. Þessi tillaga er flutt í

tengslum við það að við vorum að samþykkja hér við 2. umr. um þetta mál breytingartillögu sem felur í sér að heimgreiðslur til foreldra sem ekki nýta sér leikskólavist fyrir börn sín eða þjónustu dagmæðra sem eru sennilega um 30 þús. kr. á mánuði eru undanþegnar skattskyldu.

Það kom fram í umræðum í nefndinni um þetta mál, m.a. frá ríkisskattstjóra og í umsögn hans, að ýmsar aðrar greiðslur gætu núna fallið undir það sama ef það ætti að fara að opna fyrir undanþágu á skatti á slíkum styrkjum og greiðslum. Meðal annars var nefnt, og það er auðvitað það nærtækasta, að undanþegnar skatti eru einnig greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Einnig nefndi ríkisskattstjóri greiðslur í almannatryggingakerfinu í því sambandi og voru þar sérstaklega nefndar umönnunargreiðslur sem eru greiddar vegna elli- og örorkulífeyrisþega þar sem ríkisskattstjóri telur að hér sé um eðlislíkar greiðslur að ræða.

Út á það gengur breytingartillagan, fyrst búið er að opna fyrir þetta í skattkerfinu, að leggja til hér við 3. umr. að greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fái hliðstæða skattalega meðferð og styrkgreiðslur eða heimgreiðslur sem við höfum rætt um hér. Þetta eru eðlislíkar greiðslur og ekkert réttlætir að þessar greiðslur fái aðra meðferð í skattkerfinu en heimgreiðslurnar. Við erum að tala um jafnræði og ég tel að það sé hreinlega brot á jafnræðisreglunni ef þessar greiðslur eru ekki undanþegnar skatti með líkum hætti.

Ég trúi því varla að framsóknarmenn ætli virkilega að greiða atkvæði gegn þessari tillögu. Ég trúi því á sjálfstæðismenn en ég trúi því ekki á framsóknarmenn í þessum sal að þeir ætli að greiða atkvæði gegn þessu sjálfsagða réttlætismáli sem er tillaga sem tryggir að jafnræði sé milli eðlislíkra greiðslna í skattkerfinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:41]

Brtt. 694 felld með 25:19 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, ÞKG, ÞórdS.

19 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, JÁ, KÓ, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÞES, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 693 samþ. með 41 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (BÁ, BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, JÁ, KÓ, KLM, LB, MF, SigurjÞ, StB, SæS, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 700).

### *Vörugjald og virðisaukaskattur, 3. umr.*

Stjfrv., 416. mál (lækkun matarskatts). — Þskj. 692.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:42]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég hef notað þá samlíkingu um umræðuna að allir vildu Lilju kveðið hafa þegar umræða hefur verið um þetta frumvarp. Ég veit ekki hvort Eysteinn munkur lifði það að allir vildu hafa kveðið kvæðið hans en hafi hann lifað það hlýtur honum að hafa liðið svipað og mér hérna inni, að vera nokkuð sáttur með þá samstöðu sem fæst um þetta ágæta frumvarp. (**ÖJ:** Nema fólkið.) (**Gripið fram í:** Gott hjá þér.) Þegar búið verður að samþykkja þetta frumvarp munu ríkisstjórnarflokkarnir hafa uppfyllt öll loforð sín um skattalækkanir. Það verður um að ræða skattalækkanir á ársgrundvelli upp á hátt í 40 milljarða. Þetta er langsamlega stærsta skattalækkunaraðgerð sem farið hefur verið í hér á landi, og þetta frumvarp sérstaklega er langsamlega stærsta aðgerð sem farið hefur verið í til að lækka matvöruverð á Íslandi.

Miðað við þá umræðu sem hér hefur farið fram vænti ég þess að ljósataflan verði algjörlega græn í þessari atkvæðagreiðslu.

[18:43]

**Guðlaugur Þór Þórðarson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða stórkostlegt mál og það er mér mikil ánægja að fá að greiða atkvæði um það. Ég er afskaplega stoltur af því að fá á mínu fyrsta kjörtímabili að vera með í liði stjórnarflokkanna sem eru búnir að lækka skatta um heila 40 milljarða kr. eins og hér kom fram.

Hér er um það að ræða að matvara fer öll í 7%, bækur, tímarit, húshitun, hótelgisting, veitingaþjónusta, geisladiskar, hljómplötur og segulbönd. (Gripið fram í.) Ég veit ekki til þess, og þekki þó nokkuð til, að nokkurn tíma hafi nokkur ríkisstjórn gengið í aðrar eins skattalækkanir og þær sem við erum að fara í hér í dag.

Ég held að það sé ekki bara ástæða til að þakka samstöðu ríkisstjórnarflokkanna í þessu máli, ég held að það væri ekki sanngjarnt. Ég held að við ættum að nota tækifærið og þakka alveg kærlega sérstaklega þingflokki Samfylkingarinnar, sem enginn treystir eins og við þekkjum, þar sem sá stjórnmálaflokkur og nánar tiltekið þingflokkur var nefnilega fyrir síðustu kosningar eini stjórnmálaflokkurinn (**Gripið fram í:** Er þetta atkvæðaskýring?) sem hafði ekki breytingu á virðisaukaskattsstiginu á stefnuskrá sinni. (Gripið fram í.) Nú er þessi þingflokkur búinn að taka slíka U-beygju að í hverju einasta máli kemur hér yfirboð. Virðulegi forseti. Það er miklu betra að hafa þetta svona, að Samfylkingin komi með yfirboð í hverju skattalækkunarmálinu á fætur öðru en að hún geri eins og hún lýsti yfir fyrir síðustu kosningar, að hún ætlaði að berjast gegn öllum

breytingum á virðisaukaskattsstiginu. Fyrirrennari þessa flokks hvorki meira né minna en sprengdi ríkisstjórn þegar rætt var um að lækka matarskattinn.

Virðulegi forseti. Hér er ekki aðeins um að ræða stórkostlegan árangur hjá ríkisstjórnarflokkunum, heldur sjáum við að þingflokkur Samfylkingarinnar er mun skárri svona en hann var rétt fyrir síðustu alþingiskosningar.

[18:46]

**Pétur H. Blöndal** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég tek undir með þeim sem ræddu hér áðan um hve óskaplega stór skref ríkisstjórnin hefur stigið í þá átt að lækka skatta á almenning og hvetja atvinnulífið, sem hefur leitt til þess að við búum við há og hækkandi laun sem hvergi annars staðar í heiminum. Ég vona bara að ríkisstjórnin haldi áfram næstu áratugi að lækka skatta og búa atvinnulífinu og almenningi betri kjör.

Ég vil líka nefna það sem felst í þessu frumvarpi sérstaklega og það er einföldunin. Ég held að einföldunin sé meira virði fyrir atvinnulífið en lágir skattar. Því miður gerist það í dag, og ég ætla að nefna það til gamans, að heilmikil þekking fer forgörðum. Það tapast heilmikil þekking í dag, þekking hjá tollheimtumönnum og hjá starfsmönnum fyrirtækja í innflutningi á óskaplega flóknu vörugjaldskerfi, en ég græt þá þekkingu ekki sérstaklega mikið. Þetta fólk getur farið að snúa sér að þjóðfélagslega arðbærum störfum.

[18:47]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það getur stundum verið afskaplega sérkennilegt að hlusta á málflutning sjálfstæðismanna í þessari umræðu. Samfylkingin lofaði því í kosningabaráttunni 2003 að helminga matarskattinn. Eftir þær kosningar hefur Samfylkingin lagt fram frumvarp um þetta mál á hverju einasta ári. Í hvert einasta skipti hafa þingmenn sjálfstæðismanna, sem voru með sama kosningaloforð, fellt það mál. Þeir hafa ýtt á nei-takkann í hvert einasta skipti og þannig unnið gegn því að ná að lækka matvælaverð hér á landi.

Síðan gerist það að tveimur mánuðum fyrir kosningar vaknar Sjálfstæðisflokkurinn. Tveimur mánuðum fyrir kosningar eiga aðgerðir ríkisstjórnarinnar að taka gildi, tveimur mánuðum fyrir kosningar á að lækka matvælaverðið. Þetta er svolítið billegt, frú forseti.

Síðan er líka fróðlegt að sjá afstöðu þingmanna sjálfstæðismanna sem hafa sagt það í ræðu og riti og nú síðast hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar að hann vilji fá vörugjöldin í burtu. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins fengu tækifæri til að afnema vörugjöldin af matvælum áðan. Þeir greiddu allir atkvæði gegn því þrátt fyrir að þeir hafi ítrekað sagt í sínum kreðsum, í fjölmiðlunum og í þessum sal að þeir vilji afnema vörugjöldin. Það er ekki mikið að marka málflutning sjálfstæðismanna þegar kemur að þessum málum. Sömuleiðis eru engar áætlanir í þessu frumvarpi sem lúta að tollabreytingum. Þeir skila auðu hvað það varðar.

En að lokum, frú forseti, er vert að rifja upp að Ísland er það land sem hefur aukið skattbyrði á einstaklinga mest af öllum OECD-þjóðum og það gerðist í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er hins vegar einn hópur sem hefur fengið lægri skattbyrði í ríkisstjórnartíð þessara flokka, það eru þeir einstaklingar sem hafa hæstu tekjurnar, topp-10 prósentin, þar hefur skattbyrðin lækkað. Almenningur í landinu á ekkert skjól hjá þessari ríkisstjórn og verk ríkisstjórnarflokkanna sýna það í dag og á öllu kjörtímabilinu, því miður. Samfylkingin hefur lagt fram metnaðarfullar tillögur í skattamálum og tillögur til að lækka matarverðið. Hins vegar þegar kemur að því að greiða atkvæði sýna Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn sitt rétta andlit sérhagsmuna, frú forseti.

[18:50]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það er náttúrlega gaman að gefa gjafir fyrir jólin, það er siður, og það er greinilegt að þingmenn eru komnir í mikið jólaskap. Menn mikla sig mjög af örlæti sínu og gjöfum til fólks í landinu eins og það komi frá þeim sjálfum og vilja jafnvel sumir gera betur, lækka skatta enn meira. Það er ánægjulegt að hér er verið að lækka skatta á matvælum og brýnum lífsnauðsynjum fjölskyldna í landinu en það er mikil einföldun að stilla dæminu þannig upp að allar skattbreytingar þessarar ríkisstjórnar hafi verið til lækkunar. Staðreyndin er auðvitað sú að skattar hafa líka flust til, skattbyrðinni er dreift öðruvísi í landinu í dag en áður var. Skattar hafa þyngst á launatekjum (Gripið fram í.) en lækkað á fjármagnstekjum og háum tekjum, eignatekjum, og færst af háum launum yfir á lág laun. Þetta eru staðreyndir, hv. þingmaður.

Það er stundum sagt að ríkissjóður eigi fáa vini. Hann hefur átt óvenjufáa vini undanfarna daga. Menn hafa keppst við að koma upp og láta eins og það sé algerlega útlátalaust og muni hvergi koma við að lækka tekjugrunn samneyslunnar í landinu um hátt í 40 milljarða kr. og hafa áhuga á því að bæta um betur á næstu árum, ef heyra má, og ætla sér mikil afrek í vegaframkvæmdum og hvað það nú er á næstu árum.

Ég verð að segja alveg eins og er, frú forseti, og það er kannski ekki vinsælt að spilla gleðinni hérna, en ég er nokkuð hugsi yfir því að það skuli varla nokkur einasti maður og alls ekki hæstv. fjármálaráðherra velta því augnablik fyrir sér hvort við séum kannski farin að vera dálítið góð við okkur sjálf núna í lokin á þessari miklu þenslu, góðærisblöðru, sem hefur þanið út hagkerfið undanfarin ár fyrst og fremst á grundvelli mikils viðskiptahalla og tekna ríkissjóðs af því. Það er nefnilega svo að stundum koma mögur ár á eftir góðum árum og það gæti farið svo að það yrði ekki eins gaman að vera fjármálaráðherra í mikilli niðursveiflu ef svo illa skyldi fara að hún kæmi að tveim þrem árum liðnum. Hvar verða skattalækkunarhetjurnar þá? Ég vil a.m.k. eiga þau orð á prenti, virðulegi forseti, og í þingtíðindunum að einhverjir menn hafi verið að velta þessu fyrir sér rétt fyrir jólin.

[18:53]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Í dag er verið að taka ákvarðanir í skattamálum þar sem tvennt gott er að gerast: Annars vegar er verið að hækka skattleysismörkin og verðtryggja þau eftirleiðis þannig að þau fylgi breytingum sem verða á verð-

lagi. Hins vegar er verið að lækka matarskattinn og hvort tveggja eru, eins og ég sagði, ágætar breytingar. Hvort tveggja gerist eftir áralanga baráttu aðila vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðunnar á þingi fyrir þessum málum, annars vegar fyrir því að skattleysismörkin haldi í við verðbólguna og hins vegar fyrir því að matarskatturinn lækki. Ríkisstjórnin er núna loksins eftir 12 ár að reka af sér slyðruorðið.

Sú ríkisstjórn sem nú situr er einhver mesta hægri stjórn sem setið hefur á Íslandi. Þessi ríkisstjórn er í hópi mestu frjálshyggjuríkisstjórna sem sést hafa á Vesturlöndum og þótt víðar væri leitað á umliðnum árum. Þessi ríkisstjórn hefur létt sköttum af fyrirtækjum, fjárfestum og hátekjufólki en hún hefur hins vegar aukið skattbyrði 9 af hverjum 10 heimila og mest þeirra sem lægstu tekjurnar hafa haft. Þetta eru afrek þessarar ríkisstjórnar. Þetta hefur hún gert m.a. með því að láta skattleysismörk ekki fylgja launaþróuninni fyrr en núna á elleftu stundu fimm mánuðum fyrir kosningar að hún tekur sig saman í andlitinu og grípur til þessara aðgerða. Þessi ríkisstjórn hefur skert skattleysismörkin þannig að ef þau hefðu haldið í við launaþróunina frá því að hún tók við væru þau núna 130 þús. kr. en ekki 91 þús. kr. eins og nú er verið að samþykkja á þinginu. Fimm mánuðum fyrir kosningar eftir 12 ára setu ákveður þessi ríkisstjórn, mesta hægri stjórn sem hér hefur setið, frjálshyggjustjórn sem er í hópi þeirra skæðustu sem setið hafa á Vesturlöndum, að taka sig saman í andlitinu og breyta sér eftir að stjórnarandstaðan, verkalýðshreyfingin, öryrkjar og aldraðir hafa barist fyrir þessu árum saman.

[18:55]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Stjórnmál snúast um fólk og verkefni okkar stjórnmálamanna er auðvitað að stuðla að bættum hag og kjörum fjölskyldnanna og heimilanna í landinu. Það er auðvitað hin góða staða ríkissjóðs og sterk efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar sem gerir okkur kleift að stíga þessi skref í dag. Okkur hefur tekist svo að greiða niður skuldir ríkisins að nú erum við að nota fjármagnið í samneysluna og velferðarkerfið í stað þess að vera að borga niður vexti af skuldum. Þess vegna getum við stigið þessi skref í dag sem er að lækka enn frekar matarverð í landinu og lækka skattana. Ég verð að segja að ræða hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur koma mér hreinlega á óvart vegna þess að ef við förum yfir verkefni þessarar ríkisstjórnar frá 1998 þá hefur okkur tekist að auka framlög til heilbrigðismála að raungildi um 50%. (Gripið fram í.) Jú, við höfum lagt á það áherslu og við höfuð aukið framlög til félagsmála og almannatrygginga um 45%, til menntamála um 60% og háskólastigsins eins og sér um 80%. Í því liggur einmitt styrkur þessarar ríkisstjórnar að hún hefur lagt áherslu á velferðarmálin og að þessu leyti má segja að þetta hafi verið velferðarstjórn. Ég veit að hv. þingmaður getur tekið undir með mér að þetta séu brýn verkefni og við eigum að halda áfram á þessari braut.

Yfirboðin sem koma fram í ræðum tveggja síðustu hv. þingmanna eru líka ótrúleg. Annars vegar er verið að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að stíga þessi skref en hins vegar að greiða atkvæði breytingartillögum sem ganga út á að ganga lengra. Ég veit ekki betur en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi staðið að breytingartillögum við almannatryggingafrumvarpið upp á 7 milljarða til viðbótar því sem verið er að gera hér. Staðreyndin er sú að þau frumvörp sem við erum að greiða atkvæði um í dag ganga út á að lækka skatta til almennings og heimila í landinu um 22 milljarða og það ríður á að við klárum þessi mál fyrir jólin. Við erum að vinna fyrir þetta fólk og við stöndum að þessu fyrir fjölskyldurnar og heimilin í landinu.

[18:58]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður þær skattalækkanir sem felast í þessu frumvarpi en við tökum ekki þátt í því kapphlaupi sem við verðum nú vitni að þar sem menn reyna að monta sig af skattalækkunum sem sjálfstæðu markmiði í sjálfu sér.

Skattalækkanir geta verið góðra gjalda verðar en þær hafa og geta haft afleiðingar í för með sé. Hvort viljum við láta veikt fólk borga fyrir aðgangseyri að Landspítalanum eða að við greiðum þetta í gegnum skatta, í gegnum samneysluna? Hvort viljum við láta börnin okkar og unglingana okkar borga aðgangseyri að skólum landsins eða að við borgum þetta í sameiningu í gegnum skattkerfið, í gegnum samneysluna? (Gripið fram í.)

Vinstri hreyfingin – grænt framboð er félagshyggjuflokkur og þess vegna tölum við í þessum anda og það er rangt hjá hv. þingmanni og þeim sem eru hér komnir til að monta sig af skattalækkunarpólitík að þeir standi fyrir þau gildi sem við gerum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, JÁ, JBjart, KÓ, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 701).

## *Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 3. umr.*

Frv. GHH o.fl., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 696.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:00]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JóhS,

JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (BÁ, EOK, SKK) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, JÁ, JBjart, KÓ, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 702).

***Tollalög, 3. umr.***

Stjfrv., 419. mál (ökutæki á erlendum skráningarnúmerum, EES-reglur). — Þskj. 494.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:00]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, JÁ, JBjart, KÓ, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 703).

***Ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, 3. umr.***

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 698.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KF, KJúl, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, JBjart, KÓ, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 704).

***Tryggingagjald, 3. umr.***

Stjfrv., 420. mál (lækkun gjalds og jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða). — Þskj. 699.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞKG, ÞES, ÞórdS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, DJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖrl, HBl, JÁ, JBjart, KÓ, KLM, MF, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 705).

***Þingfrestun.***

[19:01]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Ég færi alþingismönnum öllum, svo og starfsfólki Alþingis, þakkir mínar fyrir gott samstarf á haustþinginu og óska öllum gleðilegrar og friðsællar jólahátíðar og þakka samstarfið á því ári sem nú er brátt á enda.

Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári. Landsmönnum öllum sendi ég mínar bestu jóla- og nýársóskir.

[19:02]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Nú er komið að því að þinghaldinu verði frestað. Gefst þá þingmönnum færi á að sinna störfum sínum utan þingsins í kjördæmum og á vettvangi stjórnmálaflokkanna. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf á þessu haustþingi, þakka góð orð í okkar garð og vil fyrir okkar hönd óska forseta og fjölskyldu gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þá vil ég sérstaklega þakka starfsfólki Alþingis fyrir dugnað og þolinmæði í garð okkar þingmanna og óska því gleðilegra jóla. Ég bið hv. þingmenn að taka undir góðar óskir til starfsfólks Alþingis og hæstv. forseta og fjölskyldu hennar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[19:03]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Ég þakka hv. 9. þm. Reykv. s., Ögmundi Jónassyni, fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek þakkir mínar og innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þingmanna og alls starfsfólks Alþingis.

[19:04]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

„Handhafar valds forseta Íslands gjöra kunnugt:

Að vér, að tilskildu samþykki Alþingis, veitum forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 133. löggjafarþings, frá 9. des. 2006 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 15. janúar 2007.

Gjört í Reykjavík, 8. des. 2006.

Geir H. Haarde. Sólveig Pétursdóttir.

Gunnlaugur Claessen.

Geir H. Haarde.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég því hér með yfir að fundum Alþingis, 133. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Fundi slitið kl. 19:05.

# 51. FUNDUR

mánudaginn 15. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708. — 3. umr.

2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.

## *Framhaldsfundir Alþingis.*

[13:33]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 15. janúar 2007 kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 10. janúar 2007.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Geir H. Haarde.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Fundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum svo og starfsmönnum þingsins óska ég gleðilegs árs, þakka hið liðna, býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljósi þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:34]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir góðar óskir í garð okkar alþingismanna og starfsmanna Alþingis. Ég óska alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs. Jafnframt sendi ég landsmönnum öllum mínar bestu nýársóskir.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[13:34]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá 10. þm. Norðaust., Þuríði Backman, dags. í dag:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðausturkjördæmi, Hlynur Hallsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Hlynur Hallsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[13:35]

**Útbýting:**

Ríkisútvarpið ohf., 56. mál, frhnál. meiri hluta menntmn., þskj. 706; frhnál. minni hluta menntmn., þskj. 707; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 708.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Gögn um samskipti menntamálaráðuneytis og ESA.

[13:36]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það kann að þykja undarlegt að kveðja sér hér hljóðs um störf þingsins sem engin hafa verið undanfarinn mánuð. Það er þó svo að menntamálanefnd hefur starfað af miklum þrótti í þinghléinu. Að lokum þeirra starfa eftir áramót varð sá atburður að Fréttablaðið, dagblað hér í bæ, skýrði frá því að starfsmenn þeirra menntamálaráðherra og fjármálaráðherra hefðu staðið í bréfaskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA í heilt ár. Það kom í ljós að þau stóðu yfir frá 30. janúar 2006 til 9. janúar 2007 því að samskiptin héldu áfram eftir að Fréttablaðið hafði upplýst um þau. Þetta gerðist án þess að menntamálanefnd og Alþingi væri hleypt í þessi gögn eða menntamálanefndarmenn látnir vita um þau samskipti sem þarna hefðu farið fram.

Síðan gerðist það að beðið var um gögnin, það gerðist síðdegis þennan sama föstudag. Formaður menntamálanefndar má eiga það að hann brást hart við. Gögnin komust þó ekki í hendur menntamálanefndarmanna fyrr en á miðvikudagskvöld og fimmtudagsmorgun og lokafundur var svo haldinn á föstudag án þess að nefndarmenn hefðu raunverulega fengið tíma eða svigrúm til að kynna sér gögnin, sem eru níu bréf, forseti, líttu á, níu bréf á evrópsku sem hefur vissulega verið farið yfir núna.

Þau viðbrögð formanns menntamálanefndar þegar gögnin voru komin að leyfa ekki umræðu um þau og viðbrögð forseta sjálfs við beiðni um ásjá í því efni eru eitt mál. Annað mál, grafalvarlegt, er sú háttsemi hæstv. menntamálaráðherra og fjármálaráðherra að fela þessi gögn, að leyna þessum gögnum, og höfðu þó sömu ráðherrar, sömu persónurnar, sömu ráðherrarnir lent í nákvæmlega sama máli fyrir ári þegar við komumst á snoðir um svipuð gögn á þeim tíma og tókst að knýja þau til uppgjafar í þessu máli. Samt heldur hæstv. menntamálaráðherra áfram að láta starfsmenn sína leyna þessum gögnum fyrir menntamálanefnd þó að í þeim séu mikilvæg efnisatriði sem við hefðum þurft að vera upplýst um allan þennan tíma.

Ég mótmæli þessu, forseti, og ég tel að þetta sé grafalvarlegt íhugunarefni fyrir Alþingi og varði samskipti lög-

gjafarvalds og framkvæmdarvalds sem bundin eru í stjórnarskrá.

[13:38]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Síðdegis sl. fimmtudag var mér kynnt símleiðis, þar sem ég var stödd erlendis, bréf sem þá hafði borist frá formönnum þingflokka í stjórnarandstöðu, dagsett þann dag. Í bréfinu er þess farið á leit við forseta að hann hlutist til um að afgreiðslufundi menntamálanefndar, sem boðaður var daginn eftir, föstudaginn 12. janúar, kl. 11 yrði frestað til þess að nefndarmenn í minni hluta fengju rýmri tíma til að kynna sér gögn sem nefndinni höfðu borist.

Ég vil taka það fyrst fram að ég tel að forseti hafi tæpast heimild til þess að fresta fundum þingnefnda eða á annan hátt að taka fram fyrir hendur á meiri hluta í þingnefnd varðandi meðferð máls sem er hjá nefndinni. Hafi átt að skilja bréfið svo að forseti ætti að telja um fyrir meiri hluta menntamálanefndar gat ég ekki fallist á það. Þegar þingfundum var frestað fyrir jól hafði tekist samkomulag milli þingflokka um afgreiðslu mála fyrir jól og jafnframt að ljúka 2. umr. um Ríkisútvarpið en fresta 3. umr. fram yfir jólahlé. Sú umræða skyldi hefjast mánudaginn 15. janúar, þ.e. degi fyrr en starfsáætlun sagði fyrir um. Mér er umhugað um að við þetta samkomulag sé staðið. Ég gat því ekki með neinu móti hlutast til um að það drægist fram eftir þessari viku að 3. umr. um Ríkisútvarpið hæfist þvert ofan í það sem ég átti hlut að að semja um fyrir jól.

Meiri hluti menntamálanefndar mat það líka svo að ljúka mætti athugun málsins innan þess tíma sem nefndin hafði og það er vel. Ég tel þess vegna ekkert því til fyrirstöðu að 3. umr. um málið hefjist í dag eins og dagskrá segir fyrir um. Það hefur komið fram að gögn sem varða afgreiðslu dagskrármálsins hafi borist seint frá ráðuneytum. Því mæli ég ekki bót, en ráðherrar svara fyrir það ef aðfinnsluvert er.

Því hefur einnig verið haldið á lofti að rétt væri að setja reglu um skyldur ráðuneytanna til að afhenda þingnefndum öll gögn sem varða afgreiðslu á þingmáli. Ég vil í því sambandi segja að reynsla mín eftir að hafa verið nefndarformaður alllengi og ráðherra líka er sú að samskipti þingnefnda og ráðuneyta hafa verið góð þegar á heildina er litið. Ég hef ekki orðið þess vör að gögnum væri haldið frá þingnefndum ef þau skiptu máli við afgreiðslu þingmáls og þannig reynt að villa um fyrir þingmönnum og Alþingi. Það kann hins vegar að vera ástæða til þess að fara yfir það verklag sem verið hefur á milli þingnefnda og ráðuneyta og ég lýsi mig reiðubúna til þess. En það er ljóst að ýmislegt er vandasamt í þessum efnum eins og t.d. meðferð trúnaðarupplýsinga og margt er mati háð. Forseti og formenn þingflokka gætu rætt málið í tengslum við endurskoðun þingskapa sem stendur yfir.

[13:42]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Mig langar til þess að bregðast við ýmsu af því sem fram kom hér í máli hv. þm. Marðar Árnasonar vegna framlagningar á þessum svokölluðu ESA-gögnum í tengslum við yfirferð menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Hér kom fram í máli hv. þingmannsins að nefndarmenn hefðu ekki fengið tækifæri til að kynna sér gögnin. Ég hlýt að mótmæla slíkum fullyrðingum vegna þess að ég sá sjálfur til þess á miðvikudaginn í síðustu viku að hringt yrði í alla nefndarmenn til að þeim yrði tilkynnt að gögnin væru komin í hólf þeirra. Síðan var haldinn fundur á fimmtudegi þar sem farið var yfir þau gögn með fulltrúum fjármálaráðuneytis og fulltrúum menntamálaráðuneytisins. Mér tókst a.m.k. að sækja þessi gögn og kynna mér þau og ég skyldi ætla að aðrir hv. þingmenn í nefndinni hefðu haft sömu tækifæri til þess. Aðalatriðið er að gögnunum var komið til þingmanna og þeir voru sérstaklega látnir vita af því að þau hefðu borist.

Mér þótti þess vegna dálítið leitt að lesa hér bréf frá formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar, annars vegar vegna misskilnings sem þar kemur fram en hins vegar vegna fullyrðinga sem þar koma fram. Þar er vakin athygli á því að síðasta bréfið hafi ekki verið dagsett fyrr en 9. janúar sem staðfestir að málinu hafi ekki verið lokið hjá ráðuneytunum gagnvart ESA. Það er alveg rétt eðli málsins samkvæmt vegna þess að málinu getur ekki lokið fyrr en frumvarpið er orðið að lögum.

Þá finnst mér leitt að þar komi fram að þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í menntamálanefnd teljist forkastanleg, ómálefnaleg og ekki í samræmi við áherslur þingsins um vandaða málsmeðferð vegna þess að ég fullyrði að (Forseti hringir.) ekki hefur verið fundað meira um nokkurt mál, og nokkurt mál verið rannsakað með jafnvönduðum hætti og þetta, málið um Ríkisútvarpið ohf., á þessu kjörtímabili.

[13:44]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hæstv. forseta að rétt kann að vera að taka almennt upp samskiptareglur ráðuneyta og þingnefnda. Þetta mál er hins vegar sértækt og ber að skoða sem slíkt. Við bíðum enn svara frá þeim hæstv. ráðherrum sem bera ábyrgð á þessu máli.

Hæstv. forseti. Þegar við skildum við þetta mál í desembermánuði varð samkomulag um að hefja þingið degi fyrr en til hafði staðið, þ.e. í dag, 15. janúar, í stað þess að þing kæmi saman 16. janúar. Um annað var ekki samið. Við heyrðum hins vegar þann boðskap ríkisstjórnarinnar að hún hefði ásetning um að ljúka þessu máli sem fyrst. Við hlustuðum á þann ásetning, þann boðskap. Við sömdum ekki um neitt annað enda viljum við ekki að þetta frumvarp verði að landslögum.

Nú hafa þrír hlutir gerst sem eru ástæða fyrir stjórnarmeirihlutann til að endurskoða hug sinn til þessa máls. Í fyrsta lagi hefur komið fram að á árinu 2006 fóru fram bréfaskriftir milli Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar, bréfaskriftir sem Alþingi og sú nefnd sem fjallar um þetta tiltekna mál voru leynd. Hún fékk ekki þessi mikilvægu gögn inn á sitt borð. Það er grafalvarlegur hlutur.

Í bréfi 9. janúar frá ríkisstjórninni til ESA er vísað í bréf sem henni barst 24. nóvember og það er talað um að enn sé unnið að breytingum á lögunum. Gleymum því ekki að í desembermánuði, áður en þessi svör voru send, vildi ríkisstjórnin að málið yrði afgreitt héðan frá Alþingi sem lands-

lög. (Forseti hringir.) Þetta er grafalvarlegur hlutur. Ef ég fæ orðið aftur mun ég koma að öðrum þáttum sem gætu orðið til þess að mínu mati að stjórnarmeirihlutinn endurskoðaði afstöðu sína til þessa máls.

[13:47]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Það er vissulega grafalvarlegt mál þegar menntamálanefnd fær ekki að vita um slík bréfaskipti fyrr en á síðustu metrunum í þessari löngu málsmeðferð. Það er alveg ljóst af bréfunum að bréfaskiptin hafa átt sér stað um langan tíma. Ég verð að lýsa því yfir, virðulegi forseti, að svarið við bréfi sem við þingflokksformenn sendum fyrir helgi til hæstv. forseta olli mér miklum vonbrigðum og vekur upp ákveðnar spurningar því að í þingsköpum segir, með leyfi forseta, í 8. gr.:

„Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu. Forseti tekur við öllum erindum til Alþingis og annast um afgreiðslu þeirra mála er frá þinginu eiga að fara."

Ég fæ ekki betur séð af þessari grein en að forseti hefði a.m.k. átt að sýna viðleitni til að sannfæra meiri hluta menntamálanefndar um það að frumvarpið um Ríkisútvarpið væri alls ekki tilbúið til að verða afgreitt út úr menntamálanefnd til 3. umr. Það hefði átt að gefa öllum þingmönnum sem sitja í menntamálanefnd meiri tíma til að kynna sér efni þessara bréfa. Við eyddum aðeins einum fundi í það þar sem fulltrúar frá ráðuneytunum komu og töluðu við okkur sem sitjum í nefndinni og þá vorum við ekki búin að kynna okkur efni bréfanna. Það var allt og sumt sem okkur var boðið upp á. Síðan var þetta frumvarp afgreitt út úr menntamálanefnd.

Mér finnst svona vinnubrögð ekki boðleg, herra forseti. Mér finnst þau alls ekki benda til þess að málsmeðferðin í frumvarpinu sé jafnvönduð og formaður menntamálanefndar lét í skína áðan. Málið hefur greinilega ekki verið nógu vel undirbúið. Frumvarpið er greinilega ekki orðið nógu þroskað til að geta orðið að lögum. Ég hygg að með því að gera þetta frumvarp að lögum séum við að gera alvarleg mistök.

[13:49]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég er ákaflega ósáttur við afgreiðslu forsetans á bréfi okkar formanna þingflokka en ég geri enga athugasemd við það að þessi umræða um Ríkisútvarpið fari fram. Það hefði verið hægt af okkar hálfu að krefjast þess að henni væri frestað vegna þess að við gátum ekki fengið að kynna okkur gögn með þeim hætti sem við töldum eðlilegt. En við höfum gert samkomulag og við stöndum við það samkomulag.

Ég dreg ekki í efa að formaður menntamálanefndar er mikill snillingur og meiri en flestir sem í þessum sölum sitja og ég er viss um að þekking hans á enskri tungu er viðamikil. Ég hef svolitla þekkingu á henni líka þó að hún slagi náttúrlega ekki upp í kunnáttu hv. þingmanns. Það tók mig alla helgina að komast í gegnum þá torskildu texta sem var að finna í bréfinu, sem er eins og að bryðja gamla efnafræðitexta, en mér tókst það þó. Af þeim lestri varð ég þess áskynja að þar voru tvö atriði sem ég hefði þurft að leita álits sérfræðinga á en ég fékk það ekki vegna þess að snillingurinn, formaður menntamálanefndar, þurfti ekki annað en skima augum í áttina að þessum hlaða til að komast að því að þar var ekkert sem máli skipti. Máttum við ekki komast að því sjálf? Var það ekki hv. formaður menntamálanefndar sem sagði að þetta væri óásættanlegt, þetta væri ótækt og hann ætlaði að tala yfir hausamótum ráðherrans? Svo kom hann skjálfandi í hnjánum þaðan og reif málið út.

Frú forseti. Það sem skiptir máli eru eftirfarandi aðalatriði: Hvers vegna leyndi menntamálaráðherra vísvitandi þessum gögnum? Hvers vegna var það ekki fyrr en Fréttablaðið ljóstraði upp um tilvist þeirra að nefndin fékk þau loksins? Fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins segir í leiðara Fréttablaðsins í gær að þetta sé gert vísvitandi til að koma í veg fyrir að röksemdirnar komi fram vegna þess að þær mundu veikja röksemdafærslu þeirra sem bera stjórnskipulega ábyrgð á málinu, þ.e. hæstv. menntamálaráðherra. Það er það sem þetta gengur út á. Það er verið að leyna okkur gögnum.

Frú forseti. Mér finnst að fresta hefði átt þessari umræðu. (Forseti hringir.) Ég ætla ekki að fara fram á það en réttur okkar hefur verið brotinn.

[13:51]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni að afar óheppilegt var að þau gögn sem um ræðir skyldu ekki berast nefndinni jafnóðum. Við sem vinnum að málinu teljum okkur hafa öll gögn og það er okkar að leggja mat á hvort þau skipta máli eða ekki. (**Gripið fram í:** Spurðu ráðherra.) Ég ætla rétt að vona að ráðuneytin fari yfir verklag sitt og greiði úr þessu og ég fagna því orðum forseta þar að lútandi.

Hins vegar styð ég málsmeðferð hv. menntamálanefndar. Farið var yfir efnisatriði samskiptanna við ESA. Sú yfirferð var góð og ákveðið að taka málið út í kjölfarið og ræða það í dag samkvæmt samkomulagi sem gert var fyrir jól. Þessi uppákoma er óheppileg og óþörf og því miður til þess fallin að gera málið tortryggilegt sem er alger óþarfi.

Ég vil nota tækifærið og mótmæla orðum hv. stjórnarandstöðu um forkastanleg og ómálefnaleg vinnubrögð í hv. menntamálanefnd. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hefur lagt sig fram um að verða við öllum óskum nefndarmanna og séð til þess að öll vinna var afar vönduð í jólahléinu.

[13:53]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég kem upp til þess að hrósa hv. menntamálanefnd og þá sérstaklega formanni nefndarinnar fyrir mjög vönduð vinnubrögð. Við vitum það sem störfum á þingi að menntamálanefnd er nú þegar búin að halda á fjórða tug funda út af þessu máli einu. Hún hefur fengið 150 manns, einstaklinga, til að ræða málið og ég veit að formaður nefndarinnar hefur lagt sig fram um að verða við öllum óskum stjórnarandstöðunnar í þessu máli. (Gripið

fram í.) Hvað er svo um að ræða núna? Ég mótmæli því harðlega að verið sé að reyna að leyna einhverjum gögnum. Það er engan veginn svo. Undir eins og beiðni barst frá þinginu voru gögnin send og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson lét strax vita. (Gripið fram í.) Þingmönnum í menntamálanefnd átti að vera kunnugt að þeir gætu nálgast gögnin strax og þeir fengu vitneskju um þau.

Við áttum líka að vita það og þeir sem eru í samskiptum við ESA að þegar málum er ekki algerlega lokið eru náttúrlega ákveðin bréfleg samskipti á milli stjórnvalda og ESA. Og undir eins og ósk og beiðni barst frá þinginu um að upplýsa þau bréfasamskipti var að sjálfsögðu strax orðið við því. (Gripið fram í.) Meginmálið er að athugasemdir ESA snerta á engan hátt breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. (**Gripið fram í:** Jú.) Athugasemdir ESA snerta það ekki. Það skiptir ekki máli hvort við höfum rætt um að halda áfram núverandi fyrirkomulagi á Ríkisútvarpinu eða breyta því í sjálfseignarstofnun eða opinbert hlutafélag, þær athugasemdir sem settar hafa verið fram af hálfu ESA hefðu komið fram hvort sem er. Og rétt er að draga það fram, frú forseti, að á fundi með ESA kom fram af hálfu framkvæmdastjóra samskiptasviðs ESA að stofnunin gerði engar frekari athugasemdir við framgang frumvarps til laga um Ríkisútvarpið ohf. eða fyrirhugaða framkvæmd laganna. (Forseti hringir.) Það er rétt að undirstrika þau orð.

[13:55]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það sem máli skiptir er að tilvist gagnanna var haldið leyndri af hæstv. ráðherra menntamála. Tilvist gagna sem eru alger grundvallargögn í öllu því sem lýtur að framtíð Ríkisútvarpsins, eins og tilvitnað dæmi frá Danmörku sem rakið var í fyrri umræðum um málið hefur fært heim sanninn um. Það hafði gífurlega alvarleg áhrif fyrir rekstur TV2 í Danmörku þegar samkeppnisstofnun þeirra komst að þeirri niðurstöðu að það bryti í bága við lög og reglur sem lutu að því þar sem um væri að ræða óeðlilega niðurgreiðslu á auglýsingum með opinberu fé. Það er þetta sem málið snýst um. Það er verið að leyna Alþingi Íslendinga og hv. menntamálanefnd algerum grundvallargögnum í öllu því sem lýtur að framtíð og framtíðarrekstri Ríkisútvarpsins. Framtíð RÚV — gangi þetta eftir á versta veg — er í algeru uppnámi. Þess vegna skipti það svo miklu máli sem hér um ræðir að gögnin kæmu fram. Þess vegna skipti það svo miklu máli að ráðuneytin upplýstu um tilvist gagnanna. Hvernig átti hv. menntamálanefnd og hv. Alþingi að óska eftir gögnum sem haldið var leyndu að væru til? Það er þetta sem er svo grafalvarlegt og það er þetta sem hæstv. menntamálaráðherra á að koma í ræðustól Alþingis og útskýra í staðinn fyrir að vera með hnútukast við einstaka þingmenn.

Hæstv. menntamálaráðherra situr undir þeim alvarlegu ásökunum að hafa leynt Alþingi Íslendinga og menntamálanefnd algjöru grundvallargagni sem lýtur nákvæmlega að rekstrarforminu, þessu pólitíska þrátefli og þessari þráhyggju hæstv. menntamálaráðherra að gera útvarpið að hlutafélagi. Það er í algeru uppnámi og það er þess vegna sem hæstv. ráðherra virðist hafa leynt gögnunum og ráðherrann þarf að hreinsa sig af því.

[13:57]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Látum vera þó að hæstv. forseti hafi ekki talið nauðsynlegt að hlutast til um tímasetningu fundarins hjá menntamálanefnd. Ég tek að því leytinu til gilda skýringu hæstv. forseta hvað það varðar. Hins vegar er ljóst að hæstv. forseti hefur ekki fengið góðar ráðleggingar hjá meiri hluta nefndarinnar varðandi það hvort hæstv. forseti ætti að fara inn í málið eða ekki, því að málið var vanreifað á lokasprettinum í nefndinni, þ.e. bréfin sem um ræðir fengust ekki opnuð eða lesin eða yfirfarin á fundum nefndarinnar. Eins og hér hefur verið tekið fram er þetta þverhandarþykkur bunki á evrópsku sem menn þurftu að fara yfir. Hann fjallar m.a. um almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins, eftirlit með almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, sem eru nákvæmlega þau atriði sem nefndarmenn eru búnir að fjalla hvað mest um á fundunum og milli 2. og 3. umr. Þess vegna koma þessi bréf efnislega beint inn í þetta mál og koma okkur öllum við. Það er alvarlegt sem við áttum okkur á þegar við sjáum þessi bréf að í nóvember sl. þegar ríkisstjórnin er að gera lokaatlögu að því að koma málinu í gegnum Alþingi, gera það að lögum, þá standa þessi samskipti við ESA sem hæst. Og þó svo við höfum ekki vitað, almennir nefndarmenn, að þessi samskipti væru til staðar þá komu starfsmenn hæstv. menntamálaráðherra ítrekað á fundi til okkar í nefndina og þeir vissu um þessi samskipti. Þeir vissu út á hvað þau gengu, þeir vissu að við vorum að spyrja um nákvæmlega sömu hluti og þeim var í lófa lagið að upplýsa okkur nefndarmenn um að þessi samskipti stæðu yfir. Það gerðu þeir ekki og það er á ábyrgð hæstv. menntamálaráðherra. Þetta er vont frumvarp, það liggur ljóst fyrir, bréfaskiptin við ESA sýna það og sanna. Þess vegna legg ég það til, eins og við höfum gert frá upphafi í þessu máli, stjórnarandstaðan, að málinu verði vísað frá Alþingi. Þetta er vont mál.

[14:00]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það var full ástæða fyrir hæstv. menntamálaráðherra að fara sérstaklega fögrum orðum um hv. þingmann Sigurð Kára Kristjánsson og störf hans sem formanns menntamálanefndar. Ástæðan var sú að ég hef ekki áður orðið vitni að annarri eins meðferð af hálfu hæstv. ráðherra á formanni í nefnd.

Það er algjörlega með ólíkindum að hæstv. ráðherra og starfsmenn hennar hafi leynt þessum gögnum fyrir formanni nefndarinnar. Ég er klár á því að hv. þingmaður sagði satt og rétt frá á fundum nefndarinnar þegar hann hafði farið og leitað til menntamálaráðuneytisins og spurt hvort einhverja frekari vitneskju væri að fá í ráðuneytinu um þennan þátt málsins og kom til baka með þau svör að svo væri ekki. Þetta var þegar nefndin var að leita eftir upplýsingum til þess að upplýsa þennan þátt málsins.

Það er því alveg ljóst að það voru að minnsta kosti einhverjir starfsmenn hæstv. ráðherra, ef það hefur ekki verið með leyfi hæstv. ráðherra, sem voru að fela gögn, ekki bara fyrir menntamálanefndinni allri, heldur fyrir formanni nefndarinnar. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að formaður nefndarinnar átti það ekki skilið því hann hef-

ur lagt sig fram um að sinna þessu máli af kostgæfni.

Það var hins vegar nú á seinni stigum þegar hæstv. ráðherra hefur væntanlega farið að beita þrýstingi og þurft að fela einhverja hluti sem hv. þingmaður brást skyldu sinni sem formaður nefndarinnar. Fram að þeim tíma hafði hv. þingmaður lagt sig verulega fram.

Það er algjörlega með ólíkindum, virðulegi forseti, að það skuli ekki vera hægt að fá aðstoð frá virðulegum forseta þegar þannig er komið fram við þingnefnd eins og í þessu máli. Hér hefur framkvæmdarvaldið því miður enn einu sinni sýnt klærnar gagnvart löggjafarvaldinu.

***Um fundarstjórn.***

Gögn um samskipti menntamálaráðuneytis og ESA.

[14:02]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það greiðir alltaf fyrir umræðu ef menn hafa haft tök á að afla sér þekkingar á því sem verið er að ræða um. Það kom hér fram í umræðum áðan að hæstv. menntamálaráðherra virtist ekki vita hvað stóð í þeim bréfum sem ráðuneyti hennar leyndi fyrir nefndarmönnum. Hún hélt því t.d. fram statt og stöðugt áðan að bréfaskiptin vörðuðu ekkert rekstrarformið. Ég vil leyfa mér að segja, eftir að hafa brutt og ruðst í gegnum þessi gögn á allt of skömmum tíma að það sé rangt hjá hæstv. ráðherra.

Ég dreg því þá ályktun, frú forseti, að það væri viturlegt fyrir þessa umræðu að gefa hæstv. menntamálaráðherra svolítið næði til að lesa í gegnum þessi gögn sem skipta töluvert miklu máli.

Frú forseti. Ég kem hér upp til að ræða fundarstjórn forseta vegna þess að við formenn þingflokka óskuðum eftir því á sínum tíma að fá betra tóm til þess að kynna okkur umrædd gögn. Við vorum ekki að biðja um að umræðunni yrði frestað. Það hefði t.d. verið hægt að hafa fund í morgun eða á laugardag.

Nú gerist það að varaformaður menntamálanefndar, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, kemur hingað upp og heldur dúndurræðu sem fjallar einungis um að það hafi orðið til þess að torvelda störf nefndarinnar og torvelda gang málsins að hæstv. menntamálaráðherra og starfsmenn hennar komu ekki fram með þessi gögn.

Skiptir það engu máli, frú forseti? Ég ætla ekki að áfellast hæstv. forseta fyrir að hafa tekið að mínu mati rangt á þessu máli, þessari bón okkar. Hún var stödd erlendis og hugsanlega erfitt fyrir hana að meta stöðuna í gegnum fjölmiðla.

En það liggur samt sem áður fyrir að þó að hv. formaður nefndarinnar þori nú ekki að standa við stóru orðin sem hann hafði í Fréttablaðinu þegar hann sagði í fyrsta lagi að þetta væri ótækt og óásættanlegt og sagði svo borginmannlegur, eins og stór og mikill kall, að hann ætlaði sko að fara og ræða þetta mál frekar við ráðherrana. Við erum búin að sjá hvernig þær viðræður voru. Hann kemur eins og kaghýddur maður til baka og getur ekki staðið við það sem hann sagði.

En efni málsins er það að bæði formaðurinn og varaformaðurinn hér í þinginu hafa bókstaflega sagt opinberlega að vinnubrögð hæstv. ráðherra hafi orðið til að torvelda framgang málsins. Mér finnst að hæstv. menntamálaráðherra verði til þess að greiða fyrir þingstörfum að gera það uppskátt af hverju hún leysti ekki þessi gögn til nefndarinnar. Hún segir: Við komum með þau um leið og beðið var um þau.

Herra trúr. Hvernig átti stjórnarandstaðan eða varaformaður menntamálanefndar að vita af gögnunum þegar þeim var haldið leyndum? Það var ekki fyrr en að fjölmiðill komst á snoðir um bréfið að hann óskaði eftir þeim og var hafnað af fá nema tvö af sjö bréfum.

Samstundis þann dag, 5. janúar var farið fram á að fá bréfin. Viku seinna komu þau. Svo kemur hæstv. ráðherra og segir: Auðvitað hefðuð þið getað fengið gögnin. (Forseti hringir.)

Frú forseti. Ég á samkvæmt mælingu 3 mínútur og 22 sekúndur eftir.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður veit það jafn vel og forseti að hann hefur 3 mínútur til umráða í þessari umræðu um fundarstjórn forseta. Þótt klukkan hafi eitthvað bilað að þessu sinni.)

Mér er það ljóst, frú forseti. En ég treysti hæstv. forseta til þess að mæla tíma minn. Getum við gert samkomulag um að ég fái 2 mínútur til viðbótar?

(**Forseti** (SP)**:** Forseti þykist vera nokkuð viss um að hv. þingmaður muni koma aftur í pontu.)

[14:06]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan ræða hér einmitt um fundarstjórn forseta. Ég sagði áðan að það væru þrjár ástæður fyrir forseta þingsins og reyndar stjórnarmeirihlutann á þingi að endurskoða afstöðu sína til þessa máls og þar af leiðandi framgangi þessarar umræðu.

Í fyrsta lagi hafa komið fram gögn sem var leynt fyrir þinginu. Þeim var haldið leyndum frá menntamálanefnd. Ég furða mig á þeirri yfirlýsingu hæstv. menntamálaráðherra að þessi gögn snúi ekki að rekstrarformsbreytingu á Ríkisútvarpinu. Ekkert sé nýtt í þeim. Þetta er alrangt. Þarna er verið að svara spurningum sem m.a. höfðu legið fyrir frá 24. nóvember og ég minni á að ríkisstjórnin vildi afgreiða þetta mál áður en þeim spurningum var svarað í desembermánuði. Svörin voru hins vegar send formlega 9. janúar síðastliðinn.

Þetta er ámælisvert og þetta eru atriði sem snúa að rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Þau eru í þremur veigamiklum liðum sem ég hef ekki tíma til að fara út í núna en mun gera síðar við umræðuna.

Í öðru lagi, og þessu nátengt, hefur komið í ljós að fjöldi lögfræðinga hefur efasemdir um að yfirfærsla á Ríkisútvarpinu í einkaréttarlegt form muni verða því til góðs. Þeim lögfræðingum sem hafa slíkar efasemdir fer fjölgandi. Menn telja að það standist síður ásókn frá samkeppnisaðilum fyrir dómstólum hér innan lands og á vettvangi Evrópusambandsins.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, þá vil ég leyfa mér að efast um þær fullyrðingar sem heyrst hafa frá útvarpsstjóra til starfsmanna Ríkisútvarpsins um að réttindi þeirra og kjör muni haldast óskert eftir þessa kerfisbreytingu.

Útvarpsstjóri Páll Magnússon lýsti því yfir á fundi og einnig bréflega að kjör starfsmanna mundu haldast óbreytt eftir þessar breytingar. Vissulega er það svo að ráðningarsamningar munu halda út kjarasamningstímabilið. En hvað gerist eftir þann tíma? Ég kom sem varamaður inn í menntamálanefnd og spurði um þetta efni. Ég spurði: Við hverja verður samið og á hvaða forsendum og á hvaða grundvelli verður samið? Engin svör. Hvernig verður kjörum og samningum nýráðinna starfsmanna háttað eftir formbreytingu Ríkisútvarpsins? Engin svör. Við hverja verður samið? Engin svör. Munu þeir fá aðgang að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins? Engin svör.

Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Hver eru svörin? Eða er (Forseti hringir.) ríkisstjórnin og útvarpsstjóri einnig að afvegaleiða starfsmenn (Forseti hringir.) vísvitandi?

[14:10]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er ástæða til þess að árétta að hér er verið að ræða þetta mál undir liðnum um fundarstjórn forseta. (Gripið fram í.) Ég held að við þingmenn ættum að virða þann lið með þeim hætti að það sé rætt um fundarstjórn forseta en ekki farið efnislega í mál eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson gerðu, þ.e. að fela það í þann búning að það eigi að fresta málinu út af efnisatriðum sem allir vita að menn hafa mismunandi pólitískar skoðanir á.

Þess vegna eigum við núna, hæstv. forseti, að hefja þá umræðu sem stendur fyrir dyrum, ræða málin við 3. umr. og reifa þá þau mál sem menn hafa mismunandi skoðanir á. Það er hinn eðlilegi farvegur.

En að nýta þennan lið æ ofan í æ til að fjalla efnislega um mál — við vitum það öll sem hér sitjum í salnum að það sem við eigum að gera sem góðir þingmenn, þekkjandi þingsköpin, að sú krafa sem kom fram milli umræðna um að forseti fari að hlutast til um störf þingnefnda er alls óásættanleg frá þingreyndum mönnum.

Ég treysti því að menn láti nú af stráksskap sínum og hefji umræðuna eins og vera ber, 3. umr. eins og við sömdum um fyrir jól. Ég treysti því að þingreyndir þingmenn byrji nú umræðuna og hætti þessum leik. (Gripið fram í.)

[14:12]

**Hlynur Hallsson:**

Frú forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um fundarstjórn forseta af þeirri einföldu ástæðu að ég sem óbreyttur þingmaður bað um orðið strax í upphafi umræðunnar um störf þingsins en ég var ekki settur á lista. Það var fyrir hreina tilviljun að ég labbaði fram til að kíkja á sjónvarpið til að sjá hvar á listanum ég væri. Ég trúi því að frú forseti hafi ekki séð það mjög vel þegar ég gaf merki.

Þau skilaboð komust greinilega ekki til skila hérna á næstu hæð. En þá fór ég auðvitað og gerði athugasemd við þetta og bað um að vera settur á mælendaskrá, sem var gert. En samkvæmt reglum er umræðutíminn takmarkaður við u.þ.b. 20 mínútur og svo óheppilega vildi til að ég var einmitt á línunni þar sem skorið var.

Að vísu er það þannig að hv. formaður menntamálanefndar, sem situr á einum bekk fyrir framan mig hér í salnum, benti mér á að það væri þannig að þeir sem sætu í menntamálanefnd ættu einhvern sérstakan forgang. (Gripið fram í.) Það skildi ég nú heldur betur.

Ég vil eiginlega ekki trúa því að hér í hinu ágæta Alþingi gildi einhver stéttaskipting. (Gripið fram í.) Þetta er kannski einhver misskilningur hjá mér, (**SKK:** Ekki vera að hafa eitthvað eftir mér sem ...) ég hef þetta bara eftir eins og ég skildi það. Hv. þingmaður getur þá auðveldlega komið hingað upp í staðinn fyrir að gjamma fram í þegar hann hefur ekki orðið, hann getur einfaldlega komið hérna upp og útskýrt nákvæmlega hvað það var sem hann sagði. Að þetta væri sem sagt ekki svona regla, að þeir sem sitja í menntamálanefnd hefðu einhvern sérstakan forgang. En þannig skildi ég formann menntamálanefndar og ég held að það hafi ekki verið sérstaklega flókið.

Frú forseti. Nú er ég náttúrlega búinn að eyða tíma mínum í að tala um fundarstjórn forseta og ég geri þessa athugasemd. Ég vona að það sé tekið til greina.

En þetta er kannski ekki eina dæmið um slæm vinnubrögð vegna þess að við höfum upplifað það hér í dag, og þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa bent á það ítrekað, að þetta er skólabókardæmi um slæm vinnubrögð á Alþingi Íslendinga og auðvitað sérstaklega í menntamálaráðuneytinu. Að þar skuli haldið til baka gögnum og síðan koma rökin, þið báðuð aldrei um gögnin. En hvernig átti fólk að vita að gögnin væru til ef aldrei er sagt frá því? Það er Fréttablaðið sem þarf að upplýsa okkur um að þessi gögn séu til. Þá fyrst kemur í ljós, og viku seinna fá nefndarmenn gögnin afhent.

Þetta er auðvitað afar einkennilegt mál en ekkert einsdæmi, frú forseti. (Forseti hringir.) Ekkert einsdæmi sérstaklega um þetta frumvarp um Ríkisútvarpið sem núna heitir (Forseti hringir.) Ríkisútvarpið ohf.

[14:15]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti verður að biðja hv. þm. að kynna sér þingsköp sérstaklega. Það var að sjálfsögðu brugðist við óskum hans um að vera á mælendalista í umræðum um störf þingsins en þegar að honum kom var þeim tíma lokið (**HlH:** Ég var einn af þeim fyrstu ...) sem samkvæmt þingsköpum var ætlaður í þessa umræðu. Síðan hófu hv. þingmenn að ræða um fundarstjórn forseta og að sjálfsögðu var nafn þingmanns tekið niður á mælendaskrá og hann komst upp til að ræða málið.

Forseti er því ekki tilbúinn til þess að sitja undir svona ásökun að ástæðulausu.

[14:16]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Eins og málið hefur verið að þróast í dag og síðustu daga er einboðið að taka stöðu þess til endurskoðunar. Nokkrum dögum fyrir síðustu helgi var í nefndinni lagt fram sáttaboð af hendi fulltrúa stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd. Hv. þm. Mörður Árnason gerði grein fyrir því að stjórnarandstaðan væri til í að fresta málinu fram yfir kosningar. Kosið verður eftir 120 daga, eftir fjóra mánuði og það, virðulegi forseti, að ætla að samþykkja jafnróttæka og viðsjárverða löggjöf og þessa, með

gildistöku 1. apríl, mánuði og tólf dögum fyrir kosningar, er einfaldlega fráleitt. Í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram, þ.e. að tveir hæstv. ráðherrar liggja undir ámæli um að hafa leynt Alþingi gögnum, þeir hafa ekki með neinum hætti náð að hreinsa sig af þeim ásökunum heldur einfaldlega setið undir þeim. Ekkert bendir til annars en að hæstv. menntamálaráðherra hafi vísvitandi leynt tilvist gagna og bréfasamskipta við ESA sem snúa að því ... (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er að færa rök fyrir máli mínu.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vekur enn og aftur athygli á að hv. þingmaður kvaddi sér hljóðs um fundarstjórn forseta og ber að halda sig við það efni.)

Þess vegna, virðulegi forseti, tel ég að heppilegt væri að þinginu gefist ráðrúm til að endurskoða málið, gefa hæstv. ráðherra ráðrúm til að skýra frá því af hverju gögnunum var leynt. Af hverju var svo mikið lagt upp úr því að Alþingi vissi ekki af þessum samskiptum? Taka á afstöðu til grundvallarmáls sem er rekstrarform Ríkisútvarpsins út frá því hvort þessar breytingar ógni tilvist Ríkisútvarpsins til framtíðar. Þetta gæti orðið til þess að Ríkisútvarpið sæti uppi með, út af óeðlilegri samkeppnisstöðu og niðurgreiddri auglýsingasölu, himinháar skaðabætur sem leiddu að lokum til þess að tilvist útvarpsins sem slíks væri ógnað verulega. Þess vegna er svo mikilvægt að málið sé tekið allt til gagngerrar endurskoðunar og ráðherra geri hér hv. Alþingi grein fyrir því: Af hverju var gögnunum leynt? Af hverju var svo mikið lagt upp úr því að þingið fjallaði um málið strax í dag þegar ljóst er að gögnin vantaði um er rætt?

[14:19]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Hér hefur komið fram að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa farið þess á leit við forseta að þessari umræðu verði frestað til að tilteknir aðilar geti kynnt sér gögn sem við höfum verið að ræða. Ég ætla að leyfa mér að gera ágreining um það mál. Ég sé ekki ástæðu til, frú forseti, að þessari umræðu verði frestað. Ég ætla reyndar ekki að gera ágreining við hv. þm. Össur Skarphéðinsson um hvort ég sé snillingur eins og hann talaði um.

Ég ætla hins vegar að gera ágreining um nokkuð sem hann hefur hér haldið fram um það og reyndar fleiri, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem situr nú í nefndinni. Hv. þm. Össur kom þar öðru hverju inn og hefur haft uppi stór orð um að menn hafi gengið um hýddir og lamdir af ráðherrum, auðvitað er það ekki rétt. En báðir halda því fram, frú forseti, (Gripið fram í.) að menn hafi verið leyndir gögnum. Hv. þm. spyr: Af hverju leyndin? Af hverju var verið að leyna gögnunum?

Hvað fór ég yfir áðan, hv. þm. Össur Skarphéðinsson? Ég gerði sérstakar ráðstafanir til þess að starfsmenn þingsins mundu hringja í nefndarmenn til að tilkynna þeim sérstaklega að gögnin væru komin í þeirra hólf, í þeirra vörslu. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það að gögnin voru lögð fram, þeim var ekki leynt, þau voru lögð fram. (**ÖS:** Bara annað heftið.) Þau voru lögð fram.

Ég leyfi mér að mótmæla því líka sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hélt hér fram, að hér væri um einhver grundvallargögn að ræða. Ja, heyr á endemi, þetta er algjört rugl. Ég fullyrði að þetta er algjört rugl. Þarna er lýst samskiptum milli ráðuneytanna og Eftirlitsstofnunar EFTA um tæknileg atriði sem varða þetta mál. Ég held að hv. þingmaður ætti að kynna sér gögnin áður en hann kallar þau grundvallargögn.

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði að hlutverk forseta ætti að vera að sannfæra meiri hlutann um að málið væri ekki klárt til afgreiðslu. Hv. þm. Hlynur Hallsson, sem hefur ekki tekið neinn þátt í umræðum um þetta mál eða vinnslu þess, taldi sig í stöðu þess að lesa okkur pistilinn um hvernig ætti að vinna málin hér í þinginu, maður sem ekkert hefur komið að vinnslu þess.

Ég vil ég upplýsa hæstv. forseta um að ég tók saman upplýsingar um hve mikið hefði verið fjallað um þessi málefni á þinginu. Samtals er búið að halda þar 39 fundi. Við höfum fengið 150 gesti til þess að fjalla um öll efnisatriði þessa máls og sumir hafa tjáð sig um það tvisvar eða þrisvar. Það er búið að ræða þetta mál hér í þingsölum í 73,37 klst. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Ef þetta er eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson kallar forkastanleg og ómálefnaleg vinnubrögð og ekki vönduð málsmeðferð, þá spyr ég: Hvar hefur hv. þingmaður verið? (Gripið fram í.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti minnir þingmenn hv. enn og aftur á að þeir ræða hér um fundarstjórn forseta sem hefur nú staðið yfir í um 20 mínútur.)

[14:23]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég hefði kannski talið ástæðu til að beina orðum mínum sérstaklega til formanns menntamálanefndar, að hann ræddi hér um fundarstjórn forseta. Mér heyrðist hann ekki minnast á neitt sem varðaði fundarstjórn forseta í ræðu sinni. Látum vera.

Ég ætla að ræða um fundarstjórn forseta. Ég hef tækifæri til þess á eftir, í þeirri umræðu sem væntanlega hefst þrátt fyrir áskoranir um frestun að taka á þeim efnisatriðum sem komu fram í umræðunni áðan. Þar komust vissulega ekki nógu margir að. En hvernig stendur á því að hæstv. menntamálaráðherra kom ekki, eftir þennan feril og þessa háttsemi og gerði ekki það sem ég hélt að hún mundi gera, að biðjast afsökunar? Hún ruddi úr sér hér hinu og þessu um þá þingmenn sem talað höfðu.

Ég ætla líka að benda á að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, fann það eitt að formsmálum í þessu efni að einhverjir hefðu ekki talað nógu mikið um fundarstjórn forseta í umræðum um fundarstjórn forseta.

En það sem ég ætla að ræða um fundarstjórn forseta er atriði sem ekki hefur komið fram í umræðunni og varðar sannarlega meðferð málsins, þessa umræðu og fundarstjórn forseta. Á þeim fundi sem haldinn var með fulltrúum ráðuneytanna, þegar við höfðum haft takmarkaðan tíma til að kynna okkur gögnin, fengið þau í hólfin okkar kl. 17.30 kvöldið áður fyrirvaralaust en ég átti ekki kost á að sækja þau og sótti ekki fyrr en morguninn eftir um tíuleytið vegna ákveðinna ástæðna, upplýstu fulltrúar ráðuneytanna ekki aðeins að málið væri á lokastigi hjá ESA. En það höfðu þeir gert fyrir ári og við grunlaus um að meira væri á ferðinni. Einnig var okkur sagt að innan skamms væri von á eins

konar lokabréfi frá Eftirlitsstofnun EFTA um þetta mál, svokölluðu 17.2- bréfi sem allir hér í salnum skilja, það er tæknimál okkar sem erum í samskiptum við ESA um slík bréf. Þeir sögðu von á þessu bréfi. Hvað er gert, jú fulltrúar ESA fara yfir þær athugasemdir, þær leiðbeiningar og þær skoðanir sem þeir hafa á málinu. Fulltrúar ráðuneytanna sögðu við okkur á þessum fundi að þeir vonuðust til þess að þar með yrði allt gott á ný.

Nú eru mín ráð að það verði beðið eftir þessu lokabréfi (Forseti hringir.) og þessari umræðu, þótt hún hefjist, verði ekki hætt fyrr en þetta lokabréf kemur. Ég bið forseta að íhuga þetta mjög vandlega.

[14:26]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Nú hafa komið fram í ræðum þingmanna, undir dagskrárliðnum um fundarstjórn forseta, áskoranir um að forseti taki til alvarlegrar íhugunar að vísa til frekari umfjöllunar.

Við sem hér erum vitum að það hefur tekið okkur tvö ár að fjalla um þetta hugarfóstur ríkisstjórnarinnar, Ríkisútvarpið sem hét einu sinni sf., einu sinni hf. og núna ohf. Í tvö ár hefur þetta frumvarp gengið inn í þingsali, fyrir nefndir, inn í ráðuneytið, aftur hingað til þingsins, inn í nefnd, aftur til þingsins o.s.frv. Breytingatillögur hafa komið í stríðum straumum frá meiri hlutanum vegna þess að málið hefur verið vanreifað á öllum stigum.

Ég ráðlegg hæstv. forseta að skoða alvarlega hvort þetta stagbætta frumvarp, þetta meingallaða mál, megi ekki bara bíða eins og stjórnarandstaðan hefur lagt til og við tökum fyrir aðkallandi mál sem ríkisstjórnin vill koma í gegn hér á snörpu og stuttu vorþingi. Ég nefni til sögunnar mál á borð við Vatnajökulsþjóðgarð eða Náttúruminjasafn Íslands, vegáætlun og samgöngubætur.

Er ekki fjöldi mála í málaskrá okkar þingmanna sem væru þessi virði að ræða þau? Ég nefni mál sem eru í nefndum og eru langt komin í vinnslu, almenn hegningarlög. Halda menn að við þurfum ekki einhvern tíma til að ræða heildarlög um heilbrigðisþjónustuna, um hafnalögin eða sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands. Hér er fjöldi brýnna mála sem við erum fús að ræða.

Það er bara þráhyggja ríkisstjórnarinnar að ætla sér að koma ríkisútvarpsfrumvarpinu í gegn, sem er stagbætt og mjög vont og veldur miklum deilum. Það væri hægur vandi fyrir hæstv. forseta Alþingis Íslendinga að höggva á þennan hnút með því að vísa þessu máli til frekari umfjöllunar og taka fyrir þau mál sem brýnna er að ræða.

[14:29]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Um þetta vill forseti segja að hv. þingmenn gætu líka hafið umræðu um málið sem er á dagskrá í stað þess að ræða um fundarstjórn forseta.

[14:29]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Í tilefni af síðustu orðum hæstv. forseta þá veit forseti mætavel að það væri hægðarleikur að ljúka umræðunni um mál þetta á skömmum tíma í samkomulagi ef vilji væri fyrir hendi. Ég ætla ekki að orðlengja um það, frú forseti.

Hv. formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, lét móðan mása um að rangt væri af stjórnarandstöðunni, hann tiltók sérstaklega hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, að halda því fram að vinnubrögð hans og forseta hefðu verið ómálefnaleg og forkastanleg. Hvað kallar hv. þingmaður þetta sjálfur í fyrirsögn í Fréttablaðinu? „Ótækt að afhenda ekki ESA-gögnin fyrr." Það er hv. formaður menntamálanefndar sem hefur fellt þyngstu dómana um þetta starfslag hæstv. menntamálaráðherra. Hann segir það ótækt og óásættanlegt.

Af því að hv. þm. Mörður Árnason er vel að sér í íslensku máli, mundi hann ekki fallast á með mér og forseta að það að mál sé ótækt og óásættanlegt sé heldur ómálefnalegt og jafnvel forkastanlegt? Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, þótt hann sé góður í ensku, ætti a.m.k. að kynna sér rætur sinnar eigin tungu áður en hann leggur vitlausan skilning í eigin orð. Eða heldur hv. þingmaður, þegar hann ræðst svona gegn vinnulagi ráðherrans, að hann sé að bera hrós á hana? (Gripið fram í.)

Frú forseti. Enn þá eimir eftir í þessari umræðu af svörum hæstv. menntamálaráðherra. Hvernig í ósköpunum stendur á því, frú forseti, af því að við erum öll að reyna að greiða fyrir þingstörfunum hér, að hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki kjark til að segja okkur frá því af hverju ráðuneytið lét ekki þessi gögn af hendi? Hún átti að vita það, af reynslunni, að eftirspurn væri eftir því. Hér varð mikill hávaði og læti í fyrra þegar hið sama gerðist. Hæstv. ráðherra virðist ekki læra af reynslunni.

Frú forseti. Ákveðin atriði í umræðunni eru vanreifuð, t.d. samkeppnismál, eins og hefur komið fram í fjölmiðlum síðustu daga. Það er athyglisvert að fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, fyrrverandi forsætisráðherra segir um það í ritstjórnargrein í gær að annaðhvort sé ráðherrann vísvitandi að halda leyndum upplýsingum um samkeppnismálin eða hún, lögfræðingurinn sjálfur, hafi ekki fengið heiðarlega lögfræðilöggjöf í málinu.

Með öðrum orðum, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins segir: Annaðhvort er hæstv. ráðherra vísvitandi að halda ákveðnum staðreyndum leyndum eða að starfsmenn hennar veita henni óheiðarlega ráðgjöf. (**Gripið fram í:** Er þetta um fundarstjórn forseta?) (Forseti hringir.) Þetta er um fundarstjórn forseta, frú forseti, vegna þess að ef þetta yrði upplýst mundi það greiða töluvert fyrir umræðu um (Forseti hringir.) málið eins og ég veit að ég og hæstv. forseti erum sammála um.

[14:32]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, gerði áðan athugasemd við málflutning minn sem hún taldi ómálefnalegan og ekki falla undir liðinn sem við ræðum nú, þ.e. um fundarstjórn forseta. Ég vek athygli á að ég var að færa fram þrjár röksemdir fyrir því að þinghaldinu verði breytt, að hæstv. forseti þingsins breyti áformum um þinghaldið í þessari viku og taki þetta mál út af dagskrá.

Ég vakti athygli á því að í gögnunum sem ríkisstjórnin

leyndi Alþingi er að finna upplýsingar og umræðu um grundvallaratriði. Þar er m.a. vikið að endurskoðun á Ríkisútvarpinu, hvaða aðilar skuli hafa hana með höndum. Það er spurt um þetta efni af hálfu ESA. Það er vikið að því hvernig skilgreina eigi þjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins, annars vegar með tilliti til nefskattsins og hins vegar með tilliti til hugsanlegrar framþróunar á verkefnasviði Ríkisútvarpsins og hvaða ferli verði þá ráðandi þegar hlutverkið verði endurskilgreint. Þetta snertir að sjálfsögðu grundvallaratriði og rekstrarform Ríkisútvarpsins og við lesum um það í blöðum í dag að lögfræðingar eru með efasemdir um nákvæmlega þennan þátt. Þeir segja að það kunni að reynast erfitt að afmarka skilmerkilega þjónustuhlutverk í Ríkisútvarpinu eftir að það verður gert að hlutafélagi, með öðrum orðum fyrirtæki í einkaréttarlegum búningi. Þetta eru grundvallaratriði. Að sjálfsögðu þurfti menntamálanefnd að fá aðgang að þessari umræðu og þeim upplýsingum og þeim spurningum sem eru að berast um þessi efni. Það er grafalvarlegt að þessum upplýsingum skuli hafa verið haldið leyndum, ekki síst í desember þegar ríkisstjórnin vildi afgreiða málið. Mér finnst það áhyggjuefni þegar hv. formaður menntamálanefndar sér það eitt athugavert við þetta að við skyldum ekki fá gögnin nægilega snemma. Þau áttu að vera fyrir sjónum manna allan tímann, allt árið í fyrra meðan þessi samskipti fóru fram. Að sjálfsögðu átti svo að vera.

Hæstv. forseti. Ég vék að öðrum þáttum. Ég fullyrði að ríkisstjórnin og útvarpsstjóri eru að afvegaleiða starfsmenn Ríkisútvarpsins og ég krefst þess að fá svör (Forseti hringir.) frá hæstv. menntamálaráðherra um nákvæmlega þetta efni.

[14:36]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess einmitt að hvetja hæstv. forseta til að halda áfram með dagskrána en það má í rauninni líka segja að ég hefði getað kvatt mér hljóðs til að bera af mér sakir. Það er varðandi þá fullyrðingu sem hefur verið haldið fram í þessum ræðustól að ég sé vísvitandi að halda gögnum leyndum fyrir þinginu. Hvaða vitleysa er þetta? Þetta er rangt, þetta er beinlínis rangt. (Gripið fram í.) Það er gott að vita að hv. þm. Össur Skarphéðinsson les leiðara Fréttablaðsins eins og hann hefur örugglega drukkið móðurmjólkina á sínum tíma, en þetta er vísvitandi rangt. Það er rangt af þingmönnum að halda þessu fram því það hefur engum gögnum verið (Gripið fram í.) leynt í þessu máli. Undir eins og ósk kom fram voru gögnin að sjálfsögðu send hv. menntamálanefnd. Það er líka rétt að draga fram að það sem kemur fram í þeim bréfum er þegar reifað í þeim gögnum sem hv. menntamálanefnd hefur undir höndum og hún veit nákvæmlega um hvað þau snúast.

Mér finnst þetta því ekki bara vera rangt, mér finnst þetta vera ótækt. Mér finnst þetta vera óforkastanlegt og ef ég nota orðskýringu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar áðan þá þýðir það ómálefnalegt. Mér finnst það gersamlega ómálefnalegt að koma með þetta hingað upp. Þetta er ekkert annað en fyrirsláttur og við vitum það vel. Ef það hefði ekki verið umræðan um ESA-gögnin hefði örugglega eitthvað annað verið tínt til til að hindra það að við komumst í málefnalega umræðu. Ég spyr: Er það lýðræðislegt þegar þingið er búið að ræða málið á 39 fundum í menntamálanefnd fyrir utan alla þingfundina? Er það lýðræðislegt þegar það er búið að fá til sín um 150 gesti til að ræða málefnalega um málið? (Gripið fram í.) Ég þarf ekkert að minna á skoðanakannanir þar sem meiri hluti þjóðarinnar er fylgjandi málinu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson ætti að hafa það hugfast. (Gripið fram í.) Ég spyr: Er það lýðræðislegt þegar búið er að fjalla hér svo mikið um eitt einstakt mál að það fái ekki einu sinni að komast til lýðræðislegrar afgreiðslu í þinginu?

Það er alveg rétt sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á að hér bíða mörg mikilvæg málefni en stjórnarandstaðan kemur í veg fyrir að við ræðum þau merku mál sem hv. þingmaður kom inn á. (**Gripið fram í:** Hver eru þau?) Við erum að tala um sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands, við erum að tala um Náttúruminjasafnið, auk annarra mála sem koma frá öðrum ráðherrum.

Ég vil líka benda á það, hæstv. forseti, að Norðmenn eiga til að mynda í svipuðu máli gagnvart ESA og við og ekki er hlutafélag að þvælast fyrir ESA á þeim vettvangi. (Gripið fram í.) Nei, það er sko ekki hlutafélag sem er að þvælast fyrir ESA á þeim vettvangi. Þetta snýst allt um það sama, þetta er ekkert annað fyrirsláttur til að koma í veg fyrir að þingið, sem er búið að fjalla svo mikið um þetta mál að menn ættu að gjörþekkja það, geti greitt atkvæði um málið. (Gripið fram í.) Er það lýðræðislegt?

[14:39]

**Kristján L. Möller:**

Frú forseti. Það sem verið er að ræða núna eru auðvitað hin slæmu vinnubrögð sem hv. varaformaður menntamálanefndar lýsti svo vel áðan, slæm vinnubrögð hæstv. menntamálaráðherra sem spillt hafa fyrir framgangi þessa máls og gert það erfiðara í þingin, og gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga á málsmeðferðina en aðalatriðið er að varaformaður menntamálanefndar kom hér upp og snupraði ráðherrann heldur betur fyrir slæleg vinnubrögð. Bragð er að þá barnið finnur, ef svo má að orði komast. Það er grundvallaratriðið í þessu og það er líka grundvallaratriði í því sem hv. formaður menntamálanefndar sagði í blaðaviðtali, að það sé bæði ótækt og óásættanlegt að ráðuneytið skyldi leyna þessum gögnum svo lengi sem raun ber vitni. Var ef til vill fjallað um það hjá leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins að halda gögnunum leyndum? Var það svoleiðis? (Gripið fram í.) Ja, það er spurning hvort hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er orðinn stjórnarmaður í leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins sem hefur verið gerð að umtalsefni undanfarin ár og þjóðin er að fá vitneskju um núna hvernig starfaði á árum áður. Það er grundvallaratriði, virðulegi forseti, að ráðuneytið hefur verið að blekkja þing og þjóð með því að halda þessum gögnum leyndum. (Gripið fram í.) Það tók allt að því viku að fá gögnin fram frá því að fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins snuprði hæstv. menntamálaráðherra í grein í Fréttablaðinu. (**GÓJ:** Hvernig var þetta með leyniþjónustuna? Ég vil fá að heyra það aftur.) Ég trúi því ekki, virðulegi forseti, að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, sem hefur komið oft upp í hinum ýmsu málum og lagt þar lóð á vogarskálina til að liðka fyrir þingstörfum og

öðru og síðast en ekki síst vegna þess að hv. þingmaður hefur vit á öllum málum sem rædd eru á Alþingi, sé svo illa haldinn eftir jólahátíðina að hann komi ekki upp orði. (Gripið fram í.) Ég trúi því ekki. Þó að menn hafi kannski eitthvað þyngst vona ég að það hafi ekki farið þannig með þindina í þeim að þeir komi ekki upp orði, virðulegi forseti.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað mjög mikilsvert atriði inn í þessa umræðu sem hv. varaformaður menntamálanefndar, Dagný Jónsdóttir, sagði áðan um málsmeðferðina. Það er grundvallaratriði. Og þegar hæstv. forseti getur séð bæði það sem haft er eftir formanni menntamálanefndar í Fréttablaðinu og það sem hv. varaformaður menntamálanefndar sagði hér, þá er full ástæða til að endurskoða málin og málsmeðferðina hér. Það kom líka fram hjá hæstv. menntamálaráðherra áðan að fleiri bréfa er að vænta frá ESA, þau eru ekki öll komin fram. (Gripið fram í.) Og ef búið verður að samþykkja málið, ef búið verður að troða því í gegn með aðstoð hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar og fleiri framsóknarmanna og eitthvað kemur svo fram í nýju bréfunum, hvað verður þá gert? Verða bréfin þá, hv. þingmaður, bara send til leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins til geymslu?

(**Forseti** (SP)**:** Enn og aftur minnir forseti hv. þingmenn á að þeir eru að ræða um fundarstjórn forseta og ber að halda sig við það umræðuefni.)

[14:42]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Þessi umræða um fundarstjórn forseta er þörf eins og oft áður. Virðulegum forseta hlýtur t.d. að vera ljóst nú eftir þessa umræðu að sú afstaða sem virðulegur forseti tók til beiðni þingflokksformanna stjórnarandstöðunnar hefur líklega ekki verið rétt. Nú hefur verið upplýst í þessari umræðu, sem virðulegur forseti hefur væntanlega ekki heyrt áður því að hún var stödd erlendis, að formaður menntamálanefndar hafi sagt í fjölmiðlum að háttalag menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis í samskiptum við menntamálanefnd hafi verið ótækt og óásættanlegt og í umræðunni hér kemur varaformaður menntamálanefndar og tekur í raun sterklega undir það, því að hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði að þetta hefði verið afar óheppilegt og ástæðulaust. Það er því spurning hvort virðulegur forseti telur ekki ástæðu til að endurskoða afstöðu sína og leita a.m.k. eftir því við hæstv. menntamálaráðherra að það komi skýring á þessu háttalagi. Því að eins og hv. þm. Mörður Árnason sagði áðan bjuggust trúlega flestir við því að hæstv. ráðherra kæmi hér og bæðist afsökunar á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru.

Ég get endurtekið það sem ég sagði áðan, virðulegi forseti, að þegar menntamálanefnd fjallaði um þessi mál leitaði formaður menntamálanefndar ítrekað til menntamálaráðuneytisins varðandi þennan þátt málsins og fékk ætíð sömu svör, að þar væri ekkert að hafa, þ.e. þeim bréfaskriftum sem þá höfðu staðið yfir mánuðum saman var leynt. Það er rétt bæði hjá hæstv. ráðherra og formanni menntamálanefndar að vissulega voru gögnin afhent þegar á reyndi, þegar fjölmiðill var búinn að upplýsa að þau væru til staðar. (Gripið fram í.) Hv. formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, notaði sjálfur þau orð að það væri ótækt og óásættanlegt hvernig ráðuneytið hefði komið fram í þessu máli. Gögnunum var ekki leynt eftir að þau voru afhent en þeim var leynt fram að þeim tíma. Ég er viss um að hv. þingmenn, bæði formaður og varaformaður menntamálanefndar, geta staðfest að það hefði verið upplýsandi fyrir nefndina að fá þetta strax, þó að það hefði ekki verið fyrr en í þinghléinu um jólin þegar nefndin fór sérstaklega að sinna þessum þætti, sem að vísu var margoft búið að reyna að fá fram en tókst aldrei.

Virðulegi forseti. Ég tek undir og æski þess að virðulegur forseti svari þeirri beiðni hv. þm. Marðar Árnasonar að það verði tryggt að umræðunni um frumvarpið sem hér er á dagskrá á eftir ljúki ekki fyrr en hið merka bréf 17.2 frá ESA hefur borist.

[14:46]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að ræða fundarstjórn forseta. Hv. formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, hafði eitthvað út á ræðu mína að setja áðan þegar við töluðum saman um störf þingsins. Hann fór m.a. yfir tölfræði málsins og minntist á að 39 fundir hefðu verið haldnir í menntamálanefnd og að um málið hefði verið rætt samtals í þrjá sólarhringa í sölum þingsins.

Þetta er efalaust allt satt og rétt. Ég held að ég hafi verið á flestum fundum menntamálanefndar um þetta mál og ég held að ég hafi líka fylgst með lunganum úr þeim löngu umræðum sem hér hafa staðið yfir.

Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir þessar ábendingar frá hv. formanni menntamálanefndar, þá leyfi ég mér virkilega að efast um að málið sé fyllilega frágengið og að frumvarpið sé hreinlega hæft til þess að verða afgreitt sem lög frá hinu háa Alþingi.

Það sem sannfærir mig um það er að eftir allan þennan tíma, 39 fundi í menntamálanefnd og 72 klukkutíma í umræðum í þinginu, þá standa enn yfir bréfaskriftir á milli ráðuneyta á Íslandi og Eftirlitsstofnunar EFTA.

Hér erum við með þessi bréf sem ritstjóri Fréttablaðsins segir, og ég hygg að hann hafi eitthvað fyrir sér í því, að hafi verið haldið leyndum fyrir Alþingi. Þetta eru 53 blaðsíður af þéttskrifuðum texta. Elsta bréfið er frá því í janúar 2006 og nýjasta bréfið er ekki skrifað fyrr en 9. janúar síðastliðinn, þ.e. nokkrum vikum eftir að ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlaði sér að afgreiða lögin um Ríkisútvarpið frá hinu háa Alþingi.

Mér finnst, virðulegi forseti, þetta benda eindregið til þess að málið sé ekki nægilega vel reifað, að það sé ekki tilbúið. Þess vegna hlýtur það að vera ábyrgðarhluti hjá forseta þingsins að fallast á að málið skuli nú vera tekið á dagskrá.

Ég veit að forseta þingsins er mjög annt um svipinn á störfum Alþingis. Þegar svona hneyksli verður, sem meira að segja formaður menntamálanefndar tekur undir að hafi orðið þar sem hann er mjög harðorður í Fréttablaðinu vegna þess sem hefur gerst, að gögnum er haldið leyndum fyrir Alþingi á síðustu metrunum í málsmeðferðinni, þá hefði nú litið betur út að flokkssystkinin, þ.e. hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hefðu komið sér saman um að kannski væri betri svipur á því fyrir þingið að bíða aðeins með að afgreiða málið út úr menntamálanefnd, að doka aðeins við.

*Ef þetta hefði nú þrátt fyrir allt verið afgreitt úr menntamálanefnd þá hefði það samt verið betra fyrir ásýnd þingsins að bíða með að málið yrði tekið til 3. umr. Þegar svona skandall á sér stað,* (Forseti hringir.) þessi bréfaskipti standa yfir og þingið fær ekki að vita um þau, þá er það mjög slæmt mál fyrir Alþingi.

[14:49]

**Hlynur Hallsson:**

Frú forseti. Við ræðum hér fundarstjórn forseta. Af því að virðulegur forseti benti mér á að kynna mér þingsköpin betur ákvað ég að gera það og var svo heppinn að vera einmitt með þingsköp Alþingis frá 1993 við höndina. Eftir stutta leit fann ég einmitt kaflann um athugasemdir um störf þingsins sem við vorum að ræða um áðan þegar ég kvartaði yfir að hafa ekki fengið að komast að í þeirri umræðu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í upphafi fundar, áður en gengið er til dagskrár, geta þingmenn gert athugasemdir er varða störf þingsins. Enginn má tala oftar en tvisvar og ekki lengur en tvær mínútur í senn. Umræður um athugasemdir mega ekki standa lengur en í tuttugu mínútur."

Hérna stendur ekki neitt um að hægt sé að færa þingmenn niður fyrir aðra þingmenn. Þess vegna hlýt ég, frú forseti, að gera athugasemd við þessa málsmeðferð. Nema einhverjar aðrar óskrifaðar reglur séu í gangi sem ég þekki ekki. Mér skilst t.d. að þegar hæstv. ráðherra óskar eftir að fá orðið þá sé það sjálfsagt og hann komist þá fram fyrir aðra. Ég get alveg skilið þá reglu, sérstaklega ef hæstv. ráðherra ætlar að biðjast afsökunar á slæmum vinnubrögðum eða að hafa haldið aftur gögnum. (Gripið fram í.) Þá finnst mér auðvitað alveg sjálfsagt að það sé leyft og að tekið sé tillit til þess.

En að öðru leyti finnst mér afar einkennilegt að hægt sé að hringla með röð þeirra sem biðja um orðið. Vegna þess að ég veit ekki til þess að það sé einhver stéttaskipting á Alþingi og einhverjir hafi frekari rétt á því að fá að taka til máls í umræðum en aðrir. Mér þætti það mjög miður ef slíkar óskrifaðar reglur væru í gangi. Frú forseti. Ég bið um útskýringar á þessari fundarstjórn.

Af því að virðulegur forseti kom einnig inn á það í ræðu sinni, eða í svörum öllu heldur, að þingmenn stjórnarandstöðunnar væru að tefja fyrir störfum þingsins og væru jafnvel að koma í veg fyrir að önnur mjög mikilvæg mál, kannski miklu mikilvægari mál, kæmust á dagskrá, þá hlýt ég að gera athugasemd við þann málflutning.

Mér finnst þetta afar einkennilegt vegna þess að það eru ekki þingmenn stjórnarandstöðunnar sem ákveða röð þingmála hér. Það erum ekki við sem ákveðum hvaða mál eru mikilvæg fyrir ríkisstjórnina til að setja á dagskrá. Nei, það gerir virðulegur forseti, að vísu í samkomulagi, vona ég, við þingflokksformenn almennt.

Hins vegar er það alveg út í hött að segja að þingmenn stjórnarandstöðunnar (Forseti hringir.) geti komið í veg fyrir að mikilvæg mál séu rædd hér. Það hlýtur að vera á valdi ríkisstjórnarinnar að setja fram og draga til baka (Forseti hringir.) mál sem þykja minna mikilvæg eða jafnvel ótæk í þingsölum.

[14:52]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þær kröfur sem hafa komið fram um að fresta umfjöllun þessa máls hafa ekki verið studdar nægilega góðum rökum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom fram með þrenn rök. Í fyrsta lagi að gögnum hafi verið leynt. Í öðru lagi að lögfræðingar hefðu vaxandi efasemdir um lögfræðilega hlið málsins. Og í þriðja lagi fjallaði hann um álit útvarpsstjóra.

Hæstv. forseti. Það hefur komið alveg fullkomlega fram í umræðunni og verið skýrt mjög nákvæmlega að þessum gögnum sem nú hafa verið til umræðu lengi dags var ekki leynt. Þau komu fram fyrir nefndina og nefndin hafði tækifæri til að skoða þau. Þau rök halda því ekki gagnvart því að fresta málinu.

Þau tvenn önnur rök sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kom fram með eru efnisatriði sem eiga mjög vel heima í umræðunni, í 3. umr. sem við ætlum nú að fara að taka til við og er komin full ástæða til að hefja nú þegar klukkan er að verða þrjú og við erum búin að standa hér í einn og hálfan tíma að ræða alls konar formsatriði. Nú hljótum við að vera komin að einhverri niðurstöðu um að það sé hægt að halda umræðunni áfram. Það er alls engin ástæða til fyrir hæstv. forseta að fresta þessari umræðu og ég get alls ekki fallist á þau rök sem hafa komið fram. En þau voru þó einna skýrust hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni.

[14:54]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Sá sem nú talaði sneri rassinum í þingheim og gekk út, að vonum. Ég ætlaði ekki að taka frekari ...

(**Forseti** (SP)**:** Forseti biður hv. þingmann um að gæta orða sinna svona almennt og yfirleitt.)

Já, ég er reiðubúinn til þess, forseti, að gæta orða minna almennt og yfirleitt.

Ég ætlaði ekki að hafa frekari orð um fundarstjórn forseta að þessu sinni. Hins vegar urðu orð hæstv. menntamálaráðherra til þess að hjá því verður ekki komist að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta í sama dúr og hæstv. *menntamálaráðherra og hv. þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins,* Arnbjörg Sveinsdóttir, og fara aðeins yfir sögu þessara gagna.

Menn minnast þess að í fyrra gerðist mjög svipað. Þá voru það að vísu við þingmenn sem komumst á snoðir um að þessi bréf hefðu verið skrifuð og knúðum fram með nokkru harðfylgi, sem þá þurfti á að halda, með aðstoð tilvitnunar í upplýsingalög, með nokkrum þrótti, fram þau bréf sem þá var um að ræða. Þau komu málinu svo sannarlega við. Upp úr þeim kom m.a. heill þjónustusamningur sem var kynntur með pompi og prakt hér í haust í Efstaleiti.

Þegar í fyrra, eftir jól í fyrra, var haldið áfram að fjalla um það frumvarp sem þá var til umræðu, m.a. á grundvelli þeirra gagna sem þá komu fram. Þegar gögnunum var skilað var líka sagt, og sögðu fulltrúar ráðuneytanna, starfsmenn menntamálaráðherra og fjármálaráðherra, að samskiptin við ESA væru nú á lokastigi. Þannig að það þyrfti ekki að bíða eftir fleiri gögnum frá ESA. Það væri helst þetta lokabréf sem nú heitir 17.2-bréfið sem þá var á leiðinni og hefur því miður ekki borist yfir hafið. Bíður senni-

lega eftir næsta Bakkaskipi.

Núna hafa níu bréf komið, þar af fjögur á þessu vori þegar verið var að fjalla um frumvarpið sem átti að samþykkja í lokin. Eftir að það frumvarp kom fram sem við erum núna með hafa komið þrjú bréf sem um það fjalla. Í því eru merkileg ný efnisatriði. Ég viðurkenni fúslega að mörg hin fyrri bréfa fjölluðu um mál sem við höfum þegar rætt. Það sem skiptir mestu máli er að nú er fullyrt aftur að von sé á 17.2-bréfinu. Því lokabréfi sem á að blessa og signa allt málið.

Af hverju bíðum við ekki eftir því? Ég tel að forseti þurfi að íhuga það til þess að við þingmenn þurfum ekki að íhuga að hafa umræðuna svo langa að það nái þessu 17.2-bréfi frá Eftirlitsstofnun EFTA til íslenskra stjórnvalda.

[14:58]

**Kristján L. Möller:**

Frú forseti. Í þeirri umræðu sem nú fer fram um málsmeðferð og annað slíkt, hvernig þingmenn eru leyndir gögnum og fá ekki gögn, en þess eru ótal dæmi aftur í tímann sem ég ætla ekki að eyða tíma mínum hér í að ræða um, þá kemur ýmislegt upp í hugann og skil ég ekki hvers vegna hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra kemur upp í huga minn í þeim efnum og líka þegar menn tala um að ráðherrar ættu jafnvel að biðjast afsökunar á slæmum vinnubrögðum þá kemur fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra líka upp í hugann.

En það sem vekur athygli í þeirri umræðu sem nú hefur farið fram er að aðeins einn framsóknarmaður hefur talið sig þurfa að koma og ræða þessi mál. Það er hv. þm. Dagný Jónsdóttir, varaformaður nefndarinnar, úr öðrum stjórnarflokknum, (Forseti hringir.) sem gerði það á svo eftirminnilegan hátt ...

(**Forseti** (SP)**:** Er hv. þingmaður að ræða um fundarstjórn forseta?)

Já, ég mun koma að því.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti mun hlýða á mál hans.)

Ég þakka fyrir það.

Þess vegna hefur ekki komið fram nema þessi gagnrýni frá varaformanni menntamálanefndar, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, framsóknarkonu, um þetta mál. Framsóknarmenn yfirleitt láta ekki sjá sig nema umræddur hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, sem (Gripið fram í.) merkilegt nokk, virðulegi forseti, skrifar upp á framhaldsnefndarálit menntamálanefndar í þessu máli (**Gripið fram í:** Eigum við ekki að ræða það á eftir?) 12. janúar. Þar sjáum við líka að annar hv. stjórnarþingmaður, Gunnar Örlygsson, er dreginn fram. Þannig að í raun og veru þurfti að draga þarna inn tvo nýja menn til að rífa málið út úr nefnd.

Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hlýtur að koma og skýra það út hvers vegna liggur svo mikið á, miðað við það sem við höfum verið að tala um, virðulegi forseti, líka með tilliti til þess að Framsóknarflokkurinn hefur margályktað um það á þingum sínum að það skuli ekki breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag.

Hvað hefur breyst, virðulegi forseti, hjá hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni sem skrifar hér upp á framhaldsnefndarálitið? (**Gripið fram í:** Er ekki málið á dagskrá?) Hvað hefur breyst þar? Hv. þingmaður á að gera okkur grein fyrir því. Auðvitað á hv. þingmaður eins og aðrir þingmenn Framsóknarflokksins að gera okkur grein fyrir því hér í þinginu, hvers vegna þeir láta Sjálfstæðisflokkinn draga sig út í þetta fúafen sem þeir eru komnir í núna nokkrum vikum fyrir kosningar þar sem kjördæmi mælast jafnvel fyrir neðan pilsnerfylgi, svo tekið sé það dæmi.

Virðulegi forseti. Ég ætla að ítreka það sem ég sagði. Það hafa komið fram upplýsingar á síðustu dögum úr leyniskjölunum sem gera það að verkum að full ástæða væri til að fara betur í gegnum þetta og ef til vill að bíða eftir því bréfi sem á eftir að koma. En hæstv. menntamálaráðherra sagði okkur frá áðan að eitt bréf í viðbót væri væntanlegt (Forseti hringir.) frá ESA.

## *Ríkisútvarpið ohf., 3. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708.

[15:01]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.

Málið var sent til meðferðar í nefndinni að lokinni 2. umr. samkvæmt samkomulagi þingflokkanna á Alþingi. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hrl., Gunnar Björnsson, skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, Sigurð Þórðarson og Jón Loft Björnsson frá Ríkisendurskoðun, Ara Edwald, forstjóra 365 miðla, Magnús Ragnarsson frá Skjá einum, Guðmund Gylfa Guðmundsson, framkvæmdastjóra fjármáladeildar Ríkisútvarpsins, Þorstein Þorsteinsson, forstöðumann markaðssviðs Ríkisútvarpsins, Baltasar Kormák frá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Pál Gunnar Pálsson forstjóra og Guðmund Sigurðsson, aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins, Árna Stefán Jónsson, varaformann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Áslaugu Björgvinsdóttur, dósent við Háskólann í Reykjavík, Sigurjón Högnason frá ríkisskattstjóra, Ólaf E. Friðriksson, Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Jón Vilberg Guðjónsson og Guðmund Árnason ráðuneytisstjóra frá menntamálaráðuneyti.

Það er töluverður fjöldi gesta sem nefndin hefur kallað á sinn fund núna í þessari fundahrinu sem hefur staðið frá því þing fór heim í desember og til dagsins í dag eða fram á síðasta föstudag. Nefndin hefur haldið alls 16 fundi um málið á þessu löggjafarþingi og fengið á sinn fund 50 gesti, suma tvisvar eða allt upp í þrisvar, jafnvel fjórum sinnum til að svara spurningum nefndarmanna sem hafa verið margar og efnismiklar. Við erum að ræða málefni Ríkisútvarpsins þriðja árið í röð og eins og ég gat um áðan hefur verið fjallað um málið í tæplega 74 klukkustundir í

þingsalnum. Haldnir hafa verið 39 fundir og 150 gestir fengnir á þá fundi sem ég tel vera vandaðri, efnismeiri og tímafrekari umfjöllun um eitt þingmál en þekkst hefur á þessu kjörtímabili. Ég leyfi mér líka að halda því fram að fara þurfi langt aftur til að finna aðra eins meðferð á sambærilegu máli. En ég fullyrði að á þessu kjörtímabili hafi ekkert mál fengið jafnmikla og vandaða yfirferð og þetta frumvarp.

Með frumvarpinu er eins og kunnugt er lagt til að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og að opinbert hlutafélag verði stofnað um rekstur hennar. Frumvarp um Ríkisútvarpið er nú til umfjöllunar í þriðja sinn eins og ég gat um áðan og var frumvarpið fyrst lagt fram á 131. löggjafarþingi. Ég vil áður en lengra er haldið þakka nefndarmönnum fyrir samstarfið í nefndinni sem hefur verið að mínu mati býsna gott og þó að það hafi hvesst á stundum milli manna hygg ég að nefndarvinnan hafi tekist býsna vel og færi ég nefndarmönnum þakkir mínar fyrir samstarfið enda sjáum við nú fram á að þessu máli ljúki í umræðum á þingi og verði brátt að lögum frá Alþingi.

Meiri hlutinn leggur til tvenns konar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði 98. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, gildi um nefskattinn. Í greininni er m.a. kveðið á um skyldur skattstjóra til að tilkynna álagningu opinberra gjalda og auglýsa lok álagningar en slík auglýsing markar upphaf kærufrests. Með breytingunni er tryggt að málsmeðferðarreglur tekjuskattslaga gildi um nefskattinn og er orðalag hennar í samræmi við 3. mgr. 10. gr. laga, nr. 125/1999, um málefni aldraðra sem er fyrirmynd ákvæðisins.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæðum frumvarpsins sem fjalla um niðurfellingu laga nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið. Meiri hlutinn leggur til að lög um Ríkisútvarpið falli brott 1. apríl 2007 í stað 1. febrúar 2007. Með þeim breytingum er nægur tími tryggður fyrir Alþingi til að kjósa menn til setu í stjórn, halda stofnfund og að lokum skrá opinbera hlutafélagið formlega. En þessar breytingar helgast náttúrlega af því að málinu var frestað í desembermánuði síðastliðnum og þegar af þeirri ástæðu þurfti að grípa til þeirra aðgerða sem fram koma á sérstöku þingskjali með breytingartillögum, þ.e. að fresta þessum dagsetningum frá því sem áður var.

Frú forseti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali eins og ég vék að.

Undir framhaldsnefndarálitið rita ásamt þeim sem hér stendur hv. þm. Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Gunnar Örlygsson og Sæunn Stefánsdóttir.

[15:08]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir það með hv. formanni menntamálanefndar að frumvarpið hefur fengið mikla umræðu og margir gestir verið kallaðir til en samt hafa engar breytingar verið gerðar á frumvarpinu til að draga úr óvissu um réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Við höfum á undanförnum vikum verið vitni að deilu um óljós réttindi og kjör starfsmanna vegna hlutafélagavæðingar ríkisstofnana og má þar nefna t.d. Flugstoðir ohf. og Matís ohf. Þess vegna vil ég fá að spyrja hv. formann menntamálanefndar: Telur hann að réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins skerðist ekki ef þetta frumvarp, Ríkisútvarpið ohf., verður að lögum?

[15:09]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Til þess að svara spurningunni vil ég segja að ég tel að réttindi starfsmanna séu ekki skert með frumvarpinu og ég tel að í því sé þeim ríkisstarfsmönnum sem starfa á Ríkisútvarpinu tryggð þau sömu réttindi og ríkisstarfsmönnum hjá öðrum stofnunum sem breytt hefur verið í hlutafélag hafa verið tryggð. Starfsmenn Ríkisútvarpsins fá því hin sömu réttindi og aðrir ríkisstarfsmenn.

En úr því að hv. þingmaður nefndi þann ágreining sem upp hefur komið og reyndar verið leiddur í jörð upp á síðkastið, þ.e. út af málefnum Flugstoða, þá er ekki óeðlilegt að sú spurning komi fram en ég vil þó taka fram að Gunnar Björnsson, sem er starfsmannastjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, fór yfir það með okkur í nefndinni að réttarstaða þeirra starfsmanna er önnur hvað varðar lífeyrisréttindi heldur en starfsmanna Ríkisútvarpsins vegna þess að þeir áttu ekki aðild að heildarsamtökum launþega sem breytti afstöðu þeirra gagnvart þeim réttindum sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og samþykktir hans kveða á um.

[15:10]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka ágætt svar. En eftir sem áður er ég efins og sérstaklega í ljósi þeirra álita sem hafa komið frá þeim mörgu hagsmunasamtökum starfsmanna sem hafa borist menntamálanefnd. En ég tel rétt að spyrja jafnframt um nýráðna starfsmenn. Hvað með réttindi og kjör nýráðinna starfsmanna, þ.e. þeirra sem eru ráðnir eftir að þetta lagafrumvarp verður samþykkt, þ.e. ef það verður samþykkt?

[15:11]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér var spurt um réttarstöðu nýráðinna starfsmanna. Því er til að svara að þeir starfsmenn sem munu í framtíðinni ráða sig til starfa hjá Ríkisútvarpinu ohf. munu gera það á sínum forsendum. Meiri hlutinn hefur aldrei við meðferð þessa máls ætlað sér að lögfesta einhver ráðningarkjör þeirra í lögum og svipta framtíðarstarfsmenn Ríkisútvarpsins því samningsfrelsi sem þeir eiga að njóta. Þess vegna munu þeir semja um kjör sín eins og gengur og gerist þegar fólk hefur störf hjá nýju félagi. Við ætlum ekki að fara að blanda okkur í það, stjórnarmeirihlutinn, um hvað er samið.

Það er líka eðlilegt að minnast á, úr því að ég veit að hv. þingmaður var að hugsa það, að auðvitað munu þeir starfsmenn sem aldrei hafa starfað hjá Ríkisútvarpinu ekki njóta sömu réttinda og þeir sem hafa áunnið sér einhver réttindi á mörgum árum eða áratugum.

[15:12]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er það alkunna að mjög háværar raddir hafa verið um það innan Sjálfstæðisflokksins um árabil að það beri að einkavæða Ríkisútvarpið. Nokkrir af öflugustu þingmönnum flokksins hafa flutt um það þingmál og meðal þeirra er, held ég, örugglega hv. formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson. Engin ástæða er til að ætla að þessir ágætu frjálshyggjumenn yst af hægri kanti Sjálfstæðisflokksins hafi í neinu hvikað frá þeirri skoðun sinni. Því vildi ég spyrja hv. nefndarformann hvort hann telji að hlutafélagið greiði leið að einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Verður auðveldara að einkavæða Ríkisútvarpið eftir að því hefur verið breytt í hlutafélag, gangi þessi lög eftir? En hv. þingmaður er aðili að báðum þessum þingmálum, um söluna annars vegar og þessa skrýtnu ríkisvæðingu hins vegar.

[15:13]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að vekja athygli manna á því að mér finnst eins og þessum spurningum hafi einhvern tíma áður verið varpað fram til mín í umræðu um Ríkisútvarpið. Þær eru með öðrum orðum ekki nýjar af nálinni og ég gæti svo sem bent hv. þingmanni á að lesa gamlar ræður mínar eða gömul svör mín við spurningum.

Spurt er um einkavæðingu Ríkisútvarpsins og spurt hvort sú leið sem hér sé farin geri einkavæðingu Ríkisútvarpsins auðveldari. Ég held að svarið við þeirri spurningu sé að hvorki þessi breyting né einhver önnur skipti einhverju þar um. Það þyrfti alltaf lagabreytingu til að einkavæða Ríkisútvarpið, það skipti engu máli hvort það yrði gert að sjálfseignarstofnun eða hlutafélagi eða einhvers konar öðruvísi fyrirtæki. Það þyrfti alltaf að koma til sama lagasetningin hvort sem um væri að ræða hlutafélag, opinbert hlutafélag eða sjálfseignarstofnun.

[15:15]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er vandræðamál hjá Sjálfstæðisflokknum. Þeir vilja annars vegar selja og hins vegar halda sömu þingmenn því fram að ekki eigi að selja.

Hv. þingmaður segir að hægt verði að selja hvort sem fyrirtækinu verði breytt í hlutafélag eða ekki, hvort sem Ríkisútvarpið er sjálfseignarstofnun, stofnun eins og hún er í dag eða opinbert hlutafélag. Þá blasir næsta spurning við: Telur hv. formaður menntamálanefndar eðlilegt að næsta skref í umbreytingum á Ríkisútvarpinu sé að það verði einkavætt og selt? Telur hv. nefndarformaðurinn að Ríkisútvarpinu eigi að koma úr eigu almennings á hinn almenna markað, að það eigi að selja það og einkavæða eða ekki? Hv. þingmaður hefur ásamt félögum sínum flutt slíkt þingmál á þessu kjörtímabili og berst fyrir þessu máli núna.

[15:16]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sagði að þetta mál væri vandræðamál fyrir okkur í Sjálfstæðisflokknum. Auðvitað er það ekki svo. Þetta er ekkert vandræðamál. Við erum að leggja það fram í þriðja skiptið og höfum staðið einhuga á bak við það.

Það sem er kannski vandræðalegt í málinu er skilningur þingmanna Samfylkingarinnar á þessum málum. Ég man eftir því, frú forseti, þegar hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson skrifaði á heimasíðu sína að með þessum breytingum yrði Ríkisútvarpið ríkisvætt. Ég held að það hafi verið sama dag og hv. þm. Össur Skarphéðinsson skrifaði á heimasíðu sinni að um einkavæðingu væri að ræða. Þannig að þótt sjaldan slitni á milli þeirra fóstbræðra, hv. þingmanna tveggja, virðast þeir ekki líta silfrið sömu augum.

Það er auðvitað hægt að selja allt, hv. þingmaður. Það þarf að gera með lagasetningu. Það stendur (Forseti hringir.) einfaldlega í þessu frumvarpi að óheimilt sé að selja Ríkisútvarpið og við það stöndum við.

[15:17]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Forseti. Það er greinilega töluvert dregið af hv. formanni menntamálanefndar. Ég veigra mér jafnvel við að spyrja hann erfiðra spurninga.

Einu atriði hefur hv. þingmaður alltaf vikist undan að ræða, líka innan nefndarinnar þegar ég sat þar, þ.e. samkeppnishliðina. Ég óttast að þetta frumvarp brjóti í bága við Evrópureglur á sviði samkeppnisréttar og muni leiða til þess að Ríkisútvarpið þurfi að sæta fébótaábyrgð í framtíðinni og að lokum verði verulega þrengt að möguleikum þess til að afla sér auglýsingatekna. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann sé sammála fyrrverandi forsætisráðherra Sjálfstæðisflokksins sem sagði í gær í Fréttablaðinu, með leyfi forseta:

„Kröfum samkeppnislaga og skuldbindinga gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu hefur því ekki verið svarað með fullnægjandi hætti." — Er hann sammála því? Af hverju telur hv. þingmaður að þetta sé undanþegið samkeppnisreglum Evrópuréttarins?

[15:18]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að byrja á að gera athugasemd við að ég hafi vikið mér undan því að ræða samkeppnisþátt þessa máls. Við höfum lagt okkur fram við að kalla til fulltrúa frá Samkeppniseftirliti og sérfræðinga á sviði Evrópuréttar til að fjalla um evrópskan samkeppnisrétt. Ég bið hv. þingmann, sem hefur ekki setið alla nefndarfundi, né að hann viti upp á hár hvað fór þar fram og reynt var að gera í málsmeðferðinni, að hafa rétt eftir en slá ekki fram fullyrðingum sem standast ekki skoðun.

Hann spyr hvort ég sé sammála sjónarmiðum fyrrum formanns Sjálfstæðisflokksins sem fram koma í leiðara Fréttablaðsins. Nei, ég er það ekki. Ég tel að við séum á þurru landi hvað varðar samkeppnisreglur Evrópusambandsins og tel að við höfum fengið staðfestingar frá ESA um að svo sé. Enn fremur tel ég að við séum líka á þurru landi hvað varðar reglur (Forseti hringir.) íslensks samkeppnisréttar, sem ég get skýrt út í seinna andsvari.

[15:19]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er lykilatriði sem hv. þingmaður hefði að sjálfsögðu átt að taka á í framsöguræðu sinni en hann var þar eins og hvolpur af sundi dreginn og hafði ekki þrek til þess. Þetta er lykilatriði.

Hv. þingmaður sagði í nefndinni, þar sem ég sat á þeim tíma, að Ríkisútvarpið yrði samkvæmt þessum lögum undanþegið samkeppnisreglum vegna þess að hér væri um sérlög að ræða. Jafnframt var í umræðunni vísað til þeirrar staðreyndar að slíkt gilti t.d. um búvörulög sem væru undanþegin samkeppnisréttinum.

Frú forseti. Á þessu er sá reginmunur að landbúnaður er undanþeginn skuldbindingum EES. Það er útvarpsrekstur ekki. Í búvörulögunum er pósitíft ákvæði um undanþágu. Ég spyr hv. þingmann: Af hverju er það ekki í þessum lögum? Hvað veldur því? Teldi hv. þingmaður ekki betra fyrir málstað hans að hafa a.m.k. það vað fyrir neðan veikburða fætur sína í málinu?

[15:21]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Fætur mínir eru ekki veikburða í þessu máli og ekki heldur undirstöður málsins sjálfs hvað varðar samkeppnishliðina. Ég held að hv. þingmaður verði að skoða gögnin og málið betur en fram kom í þessu andsvari. Hann blandar annars vegar saman íslenskum samkeppnislögum og hins vegar ríkisstyrkjareglum Evrópusambandsins.

Það er ljóst, sem kom fram hjá Páli Gunnari Pálssyni, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, að við aðstæður eins og þessar ætti löggjafinn alltaf síðasta orðið. Sérlög, í þessu tilviki þetta frumvarp, ganga framar almennum lögum. Þetta er alveg ljóst og kom líka fram í fjölmiðlum. Það er alveg ljóst. Ég spurði forstjórann, og það væri ágætt að fá sjónarmið hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar til þess, hvort núverandi lagaumhverfi Ríkisútvarpsins bryti gegn markmiðum samkeppnislaga. Ég spurði hvort það gæti verið. Svarið við því var auðvitað já. Auðvitað er það þannig. (Forseti hringir.) Þetta veit hv. þingmaður. (Gripið fram í.)

[15:22]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. formaður menntamálanefndar segir að stjórnarmeirihlutinn vilji ekki blanda sér í samningamál og ekki svipta starfsmenn, eða framtíðarstarfsmenn Ríkisútvarpsins, samningsrétti. Þetta eru furðulegir útúrsnúningar og skilaboð til fólks sem núna stendur frammi fyrir því í stofnunum eins og Matís ohf. þar sem stjórnin neitar að ræða við stéttarfélögin og fólki er gert að skrifa undir einstaklingsbundna ráðningarsamninga sem það fær jafnvel ekki að sjá og stéttarfélögin fá ekki að sjá. Þetta er framkoman og stéttarfélög og starfsfólk vilja fyrirbyggja svona framkomu. Þess vegna hefur spurningum verið beint til stjórnenda, til hæstv. ráðherra, menntamálanefndar og meiri hlutans þar.

Útvarpsstjóri hefur lýst því yfir gagnvart starfsmönnum að réttindin verði ekki skert að undanskildum biðlaunaákvæðum sem verði háð sólarlagi. Að öðru leyti haldist réttindin. (Forseti hringir.) Í nefndinni segir hann hins vegar að þegar (Forseti hringir.) kjarasamningar renni út sé allt óljóst og engin fyrirheit hægt að gefa. Eru þetta heilindi í framkomu við starfsfólkið?

[15:23]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get ekki svarað fyrir það sem stjórnendur Matíss ohf. hafa sagt við starfsmenn sína. Þeir verða að standa reikningsskil orða sinna sjálfir, enda ummæli þeirra ekki frá mér komin. Ég er ekki í neinni stöðu til að ræða þau.

Hér kristallast greinilega munurinn á hugmyndafræðinni sem hv. þm. Ögmundur Jónasson aðhyllist og ég hins vegar. Það er greinilegt að hv. þm. Ögmundur Jónasson sættir sig ekki við að ný samningalota taki við þegar núverandi kjarasamningar renna út heldur telur hann sig vera í þeirri stöðu gagnvart fólkinu í landinu að semja fyrir fram með lagasetningu um kjör þess á Alþingi. Ég segi nei. Við tökum ekki þátt í slíku ofbeldi, að fara að setja í lög og taka ákvarðanir fyrir hönd launþega, framtíðarstarfsmanna Ríkisútvarpsins, (Forseti hringir.) um hvað er samið um fyrir þá. Þeir eiga að fá að ráða því sjálfir. Ég á ekkert að hafa um það að segja og það af síður hv. þm. Ögmundur Jónasson.

[15:25]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Forsvarsmenn Matíss ohf. verða sjálfir að standa skil sinna orða, segir hv. þingmaður. Þetta er mergurinn málsins. Þegar stofnun hefur verið tekin undan forræði stjórnvalda, undan stjórnsýslulögum, er það ekki á valdi okkar að ræða um hana í þessum sal. Við getum ekki krafist eins eða neins af þessum aðilum sem við þó getum gagnvart forsvarsmönnum Ríkisútvarpsins og þeim sem fara með vald yfir þeirri stofnun, stjórnvöldum hverju sinni, vegna þess að þar er opinber stofnun. Hún heyrir undir Alþingi beint. Það er mergurinn málsins og á að gilda um starfsemi sem er fjármögnuð með almannafé, skattfé almennings. Það er fullkomlega óeðlilegt að taka slíka starfsemi undan forræði Alþingis.

Að við viljum hafa vit fyrir fólkinu, sagði hv. þingmaður. Málið er að við stöndum frammi fyrir þeirri spurningu hvort félagslegur réttur verði yfirleitt virtur og á hvaða forsendum það verði gert. Þegar ég spyr hvort stjórnvöld muni beita sér fyrir því að (Forseti hringir.) nýráðnir starfsmenn fái aðgang að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem er heimilt lögum og reglum samkvæmt, (Forseti hringir.) þá fáum við engin svör við því.

[15:26]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við hv. þingmaður erum einfaldlega ósammála. Ég tel eðlilegt að þegar þessir kjarasamningar renna út, árið 2008 hygg ég, taki við samningar hjá starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Ég ætla ekki að blanda mér í það. Hv. þm. Ögmundur Jónasson vill hins vegar gera það. Hann talar

um mikilvægi þess að félagslegur réttur fólks sé virtur en persónubundinn samningsrétt þess á líka að virða. Það verður gert.

Þetta frumvarp tryggir þau réttindi sem ríkisstarfsmenn hafa fengið við breytingu á ríkisstofnunum í hlutafélög. (**ÖJ:** Tryggir þau tímabundið.) Ríkisstarfsmönnum á Ríkisútvarpinu er tryggður sami réttur og hjá öðrum stofnunum. Við hljótum að þurfa að fá svör við því, frú forseti, hvort hv. þm. Ögmundur Jónasson telji að ríkisstarfsmenn á Ríkisútvarpinu (Forseti hringir.) eigi að njóta ríkari réttinda en aðrir ríkisstarfsmenn. (Forseti hringir.) Það hlýtur að felast í orðum hans.

[15:27]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég get ekki annað en komið hingað til að gera athugasemdir við það hvernig þessari umræðu vindur fram. Ég veit að hæstv. forseti getur ekki með valdi knúið þingmenn sem hér eru í forsvari fyrir ríkisstjórnina til svara. Það er hins vegar ljóst að á síðustu vikum og dögum hefur kastljósið beinst sérstaklega að tilteknum þætti þeirra mála sem við ræðum, þ.e. samkeppnisþættinum. Ég átti von á því að þær ávirðingar sem hafa verið bornar fram, m.a. af fyrrverandi forsætisráðherra, á hendur þeim sem hafa verkstjórnina í þessu máli yrði svarað í framsögu hv. formanns menntamálanefndar. En það var svo af honum dregið að um það var ekkert fjallað í ótrúlega snautlegri framsögu hans.

Af þeim sökum notfærði ég mér rétt minn til að koma upp undir liðnum andsvör. Ég spurði hann út í þessi atriði. Gott og vel. Ég skil að hv. þingmaður hafi ekki mikið tóm til að svara svo flóknum þætti sem hann átti auðvitað að sjá sóma sinn í að reifa í framsögu sinni, ef eitthvert vit hefði verið í henni. Þess vegna kom ég fram með eina lykilspurningu. Hún er einföld, þ.e. þessi: Af því að stjórnarliðið hefur vísað til fordæmisins af búvörulögunum, þar sem er pósitíft ákvæði sem undanþiggur þær greinar sem þau lög fjalla um frá samkeppnislögum, hvers vegna er það ekki svo í þessu frumvarpi? Ég spurði þessarar spurningar líka í nefndinni og fékk ekki svör. Nú spyr ég formann nefndarinnar og hann kemur og talar út og suður. Þetta er bein og málefnaleg spurning og henni er ekki svarað. (**SKK:** Jú, jú.)

Ég vek sérstaka eftirtekt á þessu. Það hjálpar ekki þessari umræðu þegar sá sem hefur ábyrgð á henni af hálfu stjórnarliðsins víkst undan því að svara spurningum um lykilatriði.

[15:30]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Það er rétt að hæstv. forseti getur ekki ráðið því hvað þingmenn segja í ræðustólnum. Því var hér haldið fram að framsöguræða mín hefði verið þess eðlis að ég hefði ekki svarað lykilspurningum og væri svo máttfarinn í þessu máli að ég stæði varla í lappirnar.

Ég segi á móti, frú forseti, að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hljómar eins og rispuð plata. Það eru alltaf sömu, gömlu lummurnar sem koma frá þessum hv. þingmanni hér í ræðustóli hins háa Alþingis í þessu máli, aftur og aftur.

Við meðferð þessa máls höfum við fengið, og ég fór yfir það, Pál Gunnar Pálsson og Guðmund Sigurðsson (**ÖS:** Ég var þá.) frá Samkeppniseftirlitinu til að fjalla um samkeppnismál. (Gripið fram í.) Við ræddum líka við fulltrúa frá fjármálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu um samkeppnismál. Við fengum Ólaf E. Friðriksson til að fjalla um Evrópuréttarreglur á sviði samkeppnisréttar. Ég vil líka taka það fram að í umræðu hér á síðasta þingi fengum við fulltrúa frá Samkeppniseftirlitinu og skrifuðum langa passusa í nefndarálit og framhaldsnefndarálit um samkeppnisrétt, um evrópskan samkeppnisrétt og samspil þessa og þess frumvarps sem við erum að ræða hér. Efnislega hafa þessi frumvörp ekkert breyst þegar litið er til samkeppnisréttarins.

Frú forseti. Hafi ég ekki svarað spurningunni, sem ég svaraði reyndar neitandi áðan, segi ég, frú forseti: Við í stjórnarmeirihlutanum teljum okkur vera á þurru landi (**Gripið fram í:** Nei.) hvað varðar þetta frumvarp með hliðsjón af reglum íslensks samkeppnisréttar annars vegar og hins vegar hvað varðar evrópskan samkeppnisrétt. (**ÖS:** Þú veist nú betur.)

Yfir þetta er farið í greinargerð með frumvarpinu. Þetta hefur verið farið yfir áður í nefndarálitum og þetta hefur komið fram í umræðum í nefndinni, t.d. í samtölum okkar og samræðum við Pál Gunnar Pálsson, hvað varðar íslenska samkeppnisréttinn. Hvað varðar ummæli Ólafs E. Friðrikssonar varðandi Evrópuréttinn skrifaði hann lokaritgerð í lögfræði við Háskólann í Reykjavík einmitt um þessi mál, evrópskan samkeppnisrétt á sviði fjölmiðlunar.

Þegar menn koma hér upp, frú forseti, og halda því fram að þetta hafi ekki verið rætt í nefndinni eru þeir annaðhvort að segja vísvitandi rangt frá eða hafa ekki fengið upplýsingar frá samflokksmönnum sínum sem hafa þó sótt fundi í nefndinni til að ræða sérstaklega þessi atriði.

Ég vona að með þessari ræðu minni sé hv. þm. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n., orðinn fróðari um (Forseti hringir.) meðferð nefndarinnar á þessum sviðum málsins.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti á mjög erfitt með að átta sig á að nokkur hlutur í ræðum þingmanna snúi að fundarstjórn forseta. Þær hafa verið um framvindu mála í menntamálanefnd og þær umræður er vissulega hægt að taka í umræðunni sjálfri.)

[15:33]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég var að benda hér á, eins og þingheimur veit, að umræða af þessu tagi gengur út á það að menn bera fram rök og mótrök. Ég var að benda á það, frú forseti, að ég hefði komið hér með spurningu sem spratt af því að mál sem hefur verið mest í umræðum síðustu dægur og vikur, sem varðar það þingmál sem hér er undir, var ekki reifað í framsögunni. Það verður að sjálfsögðu, frú forseti, til að tefja þessa umræðu, gera hana lengri vegna þess að við þurfum að fá þessi svör frá hv. þingmanni.

Af þessum orsökum notfærði ég mér minn þinglega rétt til að koma hér fram með eina tiltekna spurningu sem ég spurði sjálfur þennan formann í nefndinni þegar þeir Páll Gunnar Pálsson og Guðmundur Sigurðsson komu til fundar

við nefndina. Ég fékk ekki svör þá. Þá vísaði hv. þingmaður til þess sem hann kallaði fordæmi af búvörulögunum.

Ef ég fæ ekki svör í nefndinni, frú forseti, spyr ég úr ræðustóli. Sá maður sem spurningu minni er varpað til er sá sem ber ábyrgð á för málsins hér í gegnum þessa umræðu. Það kemur í ljós að hann annaðhvort vill ekki svara mér eða treystir sér ekki til þess af því að hann hefur ekki rök eða einfaldlega veit ekki um málið.

Það er rangt hjá hv. þingmanni að ég hafi haldið því fram að málið hafi ekki verið rætt í nefndinni. En það er alveg ljóst að hann og hæstv. ráðherra hafa annaðhvort ekki hundsvit á þessum lögfræðilega þætti málsins eða þau hafa svo vondan málstað, eins og kemur fram í grein fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, að þau vilja ekki ræða hann. Þar er það borið á hæstv. ráðherra, frú forseti, að hann hafi annaðhvort fengið óheiðarlega ráðgjöf frá sínu fólki í ráðuneytinu eða hann sé vísvitandi að skjóta sér undan umræðunni.

Þetta er hins vegar lykilatriði í þessu máli og við þurfum að fá umræðu um það hér. Ég spyr frú forseta hvernig í ósköpunum við eigum að geta fengið svarið ef hv. formaður menntamálanefndar leggur á flótta eins og hræddur sveinstauli í hvert skipti sem þetta mál er tekið upp. Hann kom hér áðan, og hvað gerði hann? Hann reifaði það hverjir hefðu komið til fundar við nefndina og hversu oft það hefði verið rætt en hann gat ekki um niðurstöðu.

Hefði verið einhver rökræn niðurstaða hefði hana átt að vera að finna í nefndarálitinu. En hana er ekki að finna þar. Það er þess vegna, frú forseti, sem ég kem hér upp til að benda á þá augljósu staðreynd að fyrst við getum ekki dregið einu sinni með glóandi töngum út úr hv. formanni menntamálanefndar svar við þessu verður það ekki til að greiða för þessa máls í gegnum þingið.

Auðvitað er það svo að ekki hætti ég fyrr en hv. þingmaður er búinn að gefa svör við þessu eða upplýsa um fáfræði sína um málið. Ekki væni ég hann um óheiðarleika. Ég þekki hann að því að vera ærlegur og góður þingmaður. (Forseti hringir.)

[15:36]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég lýsi óánægju minni með framvindu þessarar umræðu. Hér hafa komið fram mjög alvarlegar ásakanir í þinginu um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, um vinnubrögð hæstv. menntamálaráðherra.

Hér hefur verið upplýst að mikilvægum gögnum sem snúa að þessu máli hefur verið haldið leyndum fyrir þinginu, fyrir menntamálanefnd þingsins. Fulltrúar stjórnarmeirihlutans í nefndinni hafa tekið undir að hér sé um alvarlega brotalöm að ræða.

Það hefur einnig komið fram að fyrir lágu spurningar, fyrirspurnir frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, frá 24. nóvember sem var ósvarað þegar ríkisstjórnin ætlaði að knýja málið í gegnum þingið fyrir jólahlé í desembermánuði.

Við fáum engar upplýsingar um það af hálfu menntamálaráðherra eða frá formanni menntamálanefndar þingsins hverju þetta sæti og hvort þau hefðu virkilega verið tilbúin að samþykkja frumvarpið áður en þessi gögn lágu fyrir. Er það virkilega svo? Ég veit að formanni menntamálanefndar var hreinlega ekki kunnugt um þetta mál. Mér léki forvitni á að vita hvort hann hefði verið reiðubúinn til að samþykkja málið ef hann hefði vitað um þessa málavöxtu. Ég geri ráð fyrir að hæstv. menntamálaráðherra hafi vitað um málið.

Síðan er hitt að hér hafa komið fram á opinberum vettvangi mjög misvísandi upplýsingar og staðhæfingar gagnvart starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Annars vegar er þeim sagt innan veggja þeirrar stofnunar að réttindi þeirra verði í engu skert en það er ósagt látið hvað gerist eftir að kjarasamningar renna út.

Nú heyrum við það frá formanni menntamálanefndar Alþingis að hreinlega sé ekkert vitað um það hvort yfirleitt verði samið við stéttarfélög í Ríkisútvarpinu. Honum virðist meira umhugað um að virða hinn einstaklingsbundna rétt.

Hver er andhverfan við það? Það er væntanlega hinn félagslegi réttur. Það er aðkoma stéttarfélaga að kjarasamningum. Þetta finnst mér alvarleg tíðindi. Við hinu fáum við aldrei nein svör, hvað verði um réttarstöðu og samningsstöðu nýráðinna starfsmanna.

Hitt er náttúrlega alltaf jafnhlægilegt, að verstu málin sem hafa komist inn í þingið hafa kallað á flesta fundina. Aðstandendur þeirra hafa yfirleitt stært sig af því að hafa haldið marga fundi og fengið marga gesti á þá.

Hver var afstaða þessara gesta? Er ekki staðreyndin sú að meiri hlutinn var andvígur (Forseti hringir.) þessum frumvörpum? Sú er staðreynd málsins.

[15:40]

**Frsm. meiri hluta menntm. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég get svo sem skilið það að hæstv. forseti sé í erfiðri stöðu þegar hingað koma þingmenn eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson (**ÖS:** Ekki ...) og fara að ræða um efnisatriði málsins og málsmeðferð í nefndinni. Spjótin beinast öll að þeim sem hér stendur. Einhvern veginn verð ég nú að verja mig. Það hyggst ég gera. (**Gripið fram í:** Af hverju viltu þá ekki ræða ...?) Það hyggst ég gera.

Ég benti hv. þingmanni, sem baðar hér út öngunum alveg trítilóður, á það að ég á síðari ræðu mína eftir. Það skyldi þó ekki vera að ég mundi fara yfir þessi mál úr því að eftir því var sérstaklega óskað af hálfu hv. þingmanns. Ég bendi honum hins vegar á (Gripið fram í.) að mjög hefur verið fjallað um þessi atriði sem hann telur óljós. Við fjölluðum um meginreglur Evrópuréttarins og evrópsks samkeppnisréttar um ríkisstyrkjareglurnar. Hverjir gerðu það? Ólafur E. Friðriksson gerði það. Fulltrúar úr menntamálaráðuneytinu gerðu það líka. (Gripið fram í.) Við reyndum að kalla eftir fleiri sérfræðingum til að fjalla um þau mál.

Niðurstaðan er sú að af hálfu meiri hlutans er enginn ágreiningur um það að þetta frumvarp haldi vatni og vel það gagnvart Evrópuréttinum. Yfir það fór Ólafur E. Friðriksson svo að dæmi sé tekið. Ég veit að hv. þm. Mörður Árnason getur vitnað um það að Ólafur E. Friðriksson taldi að þetta frumvarp stæðist samkeppnisreglur Evrópusambandsins og vísaði sérstaklega til þess að þjónustusamningurinn væri forsenda þess að frumvarpið stæðist ríkisstyrkjaregluna.

Þetta var allt saman rétt og ég ætla ekki að gera ágreining við sérfróðan mann um niðurstöður hans sem miklar

rannsóknir liggja að baki. Svona er þetta og þrátt fyrir að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sakni þess að ég fjalli um einhver sérstök efnisatriði málsins í ræðu minni bendi ég honum á að hann ákveður ekki hvað ég segi hér í mínum ræðum, frú forseti. Ég sem mínar ræður sjálfur og þær verða ekki ritskoðaðar af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni þrátt fyrir að hann sé fyrsti þingmaður þess kjördæmis sem ég kem úr.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson velti fyrir sér hvort ég hefði verið tilbúinn og treyst mér til að samþykkja frumvarpið út úr nefndinni án þess að þessi gögn lægju fyrir. Eftir að hafa lesið þessi gögn og kynnt mér þau get ég svarað að það hefði ég gert enda leiddi framlagning þessara gagna ekki til neinna breytinga af hálfu meiri hlutans á frumvarpinu. (Forseti hringir.) (**Gripið fram í:** Það segir svo í svarinu frá 9. janúar.)

[15:43]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason):**

Forseti. Þetta er í raun sjöunda umræða um þetta mál, ein var háð á þarsíðasta þingi og síðan datt málið milli þils og veggjar af ástæðum sem menn vissu kannski ekki mikið um þá en munu hafa verið athugasemdir frá hinni frægu Eftirlitsstofnun EFTA. Á síðasta þingi voru hafðar þrjár umræður um málið en þeirri þriðju slitið í miðjum klíðum. Það kunna að hafa verið svipuð rök fyrir því en þó olli e.t.v. meiru um það að foringi stjórnarliðsins þá var orðinn nokkuð móður á ferli sínum og þurfti að losna og frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. var þá ekki talið nógu merkilegt til að hindra þann mikla atburð. Síðan er þetta þriðja umræðan núna í vetur eftir hrakfarir málsins fyrir jól. Miðað við þetta, miðað við gögn þau sem fram hafa komið í málinu, miðað við vinnubrögð menntamálaráðherra og starfsmanna hennar í ráðuneytinu sem m.a. var rætt um áðan, miðað við gang mála í menntamálanefnd, þaðan sem málið hefur verið tekið fimm sinnum gegn atkvæðum stjórnarandstöðuþingmanna af því að í hvert af þeim fimm skiptum var um það að ræða að málið hafði aldrei verið klárað, hafði aldrei verið sinnt af þeirri athugunar-, umræðu- og rannsóknarskyldu sem sett er á nefndirnar — þegar þetta er allt haft í huga er eins og einhver þjóðsagnaleg ógæfa hvíli yfir þessu máli öllu.

Að því leytinu til gengur maður kannski ekki alveg nægilega glaður til þessa leiks. Við höfum í þessum sex umræðum lýst skoðunum okkar á frumvörpunum, lýst skoðunum okkar á Ríkisútvarpinu og fjölmiðlavettvangi og farið mikinn. Stundum hefur forseta fundist að við færum fullmikinn og kvartað hefur verið yfir því af hálfu stjórnarliða og hæstv. menntamálaráðherra að hér sé talað of mikið en stjórnarliðar hafa hins vegar lagt lítið til mála. Þeir hafa haldið stuttar ræður, innihaldslitlar ræður, efnistómar ræður sumar (**ÖS:** Eins og ræða formanns menntamálanefndar áðan.) og farið fram undir stjórn menntamálaráðherrans og annarra forustumanna Sjálfstæðisflokksins af einsýni í málinu, alltaf jafnsannfærðir eftir hverja vendingu sem málið tekur, alltaf jafnsannfærðir um að þeir hafi rétt fyrir sér vegna þess að þeir þurfa ekki að hugsa sjálfir. Þeir breyttu úr sf. í hf. eins og að drekka vatn, og síðan úr hf. í ohf. eins og það væri sjálfsagt að halda þeirri vatnsdrykkju áfram.

Stundum minnir þetta ferli hjá stjórnarliðum nánast á sjúklega þráhyggju, þetta er pólitísk þráhyggja, einhver særður metnaður sem stendur þarna að baki og greinilega einhvers konar viðkvæmt samband milli stjórnarflokkanna og einstaklinganna innan þeirra sem kemur í veg fyrir að þeir hreinlega hætti þessu.

Við höldum að fram undan sé slys, fram undan sé slys ef þetta frumvarp verður að lögum um starfsemi Ríkisútvarpsins, slys í íslenskri pólitík og íslensku þjóðlífi. Við vitum ekki enn þá hversu alvarlegt það verður vegna þess að hversu sem hátta mun til með lög og hvað sem þau eru merkileg veldur mestu hver á heldur. Það skiptir máli hverjir eru í forsvari hjá Ríkisútvarpinu, skiptir máli hverjir þar eru í stjórn, skiptir máli hvaða ríkisstjórn er að völdum, skiptir máli hvaða menntamálaráðherra situr á stóli, en þetta slys gæti orðið býsna alvarlegt.

Það sem ég ætla mér að gera í upphafi umræðunnar er að sýna það sem við höfum svo sem áður sagt að þetta slys er ekki óhjákvæmilegt, hægt er að komast hjá þessu slysi. Það eru til aðrar leiðir. Það er svo sérkennilegt núna í þessari umræðu að fram eru komin tvö framhaldsnefndarálit og ég hyggst gera grein fyrir öðru þeirra, en hið fyrra fékk kynningu sína áðan. Það var lesið upp. Það er satt að segja þannig að efnisatriði þess kæmust fyrir í tiltölulega stuttu sms-skeyti. Þó að helmingur framhaldsnefndarálitsins fjalli um hverjir hafi komið fyrir nefndina og helmingur ræðu formanns menntamálanefndar hafi fjallað um hvað margir fundir voru haldnir er eins og ekkert hafi gerst, enginn árangur hafi orðið af því nefndarstarfi.

Í nefndarálitinu er talið upp að nefndin hafi „fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hrl., Gunnar Björnsson, skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, Sigurð Þórðarson og Jón Loft Björnsson frá Ríkisendurskoðun, Ara Edwald, forstjóra 365 miðla, Magnús Ragnarsson frá Skjá einum, Guðmund Gylfa Guðmundsson, framkvæmdastjóra fjármáladeildar Ríkisútvarpsins, Þorstein Þorsteinsson, forstöðumann markaðssviðs Ríkisútvarpsins, Baltasar Kormák frá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Pál Gunnar Pálsson forstjóra og Guðmund Sigurðsson, aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins, Árna Stefán Jónsson, varaformann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Áslaugu Björgvinsdóttur, dósent við Háskólann í Reykjavík, Sigurjón Högnason frá ríkisskattstjóra, Ólaf E. Friðriksson, Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Jón Vilberg Guðjónsson og Guðmund Árnason, ráðuneytisstjóra frá menntamálaráðuneyti“. Næsti efnislegi punkturinn er sá að meiri hlutinn leggi til tvenns konar breytingar á frumvarpinu, væntanlega eftir alla þessa yfirferð. Í öðru lagi er um að ræða breytingu á tilvísun í 98. gr. tekjuskattslaga sem var vitlaus og er búin að vera það í þrjú ár. Það er auðvitað okkur að kenna í menntamálanefnd, þó held ég ekki beinlínis við okkur að sakast vegna þess að þegar um svona frumvörp er að ræða treystir maður embættismönnum menntamálaráðherra til þess að hafa þetta rétt. Það var Sigurjón Högnason hjá ríkisskattstjóra sem bar þau boð frá starfsmönnum þar að hér væri vitlaust vísað þannig að meiri hlutinn leggur það til að vísað sé rétt. Ber

að fagna þeirri einörðu og skörpu afstöðu hjá meiri hlutanum.

Hins vegar er lagt til að gildistímanum verði breytt, eðlilega, því að hinn fyrsti gildistími frumvarpsins er horfinn og annar gildistíminn er nokkrum dögum undan. Það er það eitt sem er niðurstaðan af öllum þessum fundum og viðræðum við allt þetta fólk í meiri hluta menntamálanefndar. Ég skil það vel að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem ekki er í nefndinni þótt hann hafi átt þess kost að sitja tvo fundi hennar núna í þinghléinu, skuli sakna þess að ekki sé meira í nefndarálitinu um samræðurnar við allt þetta fólk og um öll þau efnisatriði sem fram komu, og auðvitað sérstaklega það sem varð helsta umfjöllunarefnið og það sem upp kom um helstu nýjungarnar í starfi nefndarinnar nú, nefnilega álitamálunum gagnvart samkeppnisrétti og Evrópureglum. Það er heldur vesælt að hegða sér svona, að nánast eins og að nenna ekki eða vilja ekki skýra frá því sem gerðist á fundum nefndarinnar, þeim álitamálum sem þar komu upp og hvernig þau stóðu þegar meiri hlutinn ákvað að taka málið út gegn atkvæðum minni hlutans, ekki vegna þess að við værum á móti málinu því að það kemur ekki í veg fyrir að mál sé afgreitt út heldur vegna þess að þau hafa ekki verið nægilega rannsökuð. Það hefði kannski verið betra og nær fyrir meiri hlutann og formann nefndarinnar, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, að lýsa þessu til að geta þá betur varist þeim ábendingum okkar að málið hafi ekki fengið nægilega umfjöllun í nefndinni sem fram kom m.a. í umræðu áðan um störf þingsins og síðan um fundarstjórn forseta með þeim hætti að þessari umræðu bæri hreinlega að fresta þangað til nefndin hefði fengið ráðrúm til að fjalla betur um málið. Hins vegar að bíða eftir síðasta bréfinu frá ESA, lokabréfinu sem embættismenn menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis sögðu okkur nú í annað sinn á tæpu ári að vænta mætti og að það yrði ákaflega jákvætt og þar með væri málunum nánast lokið gagnvart Ríkisútvarpsmálunum hjá ESA, nánast lokið vegna þess að þeim getur ekki lokið formlega fyrr en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gengur frá tilteknu máli sem ég ætla að ræða síðar og hins vegar þangað til frumvarpið verður að lögum.

Það er sem betur fer svo að öfugt við það sem framhaldsnefndarálit meiri hluta menntamálanefndar gefur til kynna komu upp nýir fletir á málinu, margir nýir fletir núna milli 2. og 3. umr., í þinghléinu um jólin og áramótin þegar menntamálanefnd fundaði. Í rauninni er þetta sínýtt mál vegna þess að það er það yfirgripsmikið að þegar í það er farið koma upp nýir fletir á því hvar sem á því er snert. Þess vegna þarfnast það mikils undirbúnings. Ef það hefði verið stefnan frá upphafi máls, að á þarsíðasta þingi hefði verið tekin sú ákvörðun að fara vel í málið, sætum við kannski ekki uppi í þessum vandræðum sem við erum í núna. Þau vinnubrögð voru ekki viðhöfð vegna þess að frá upphafi hefur átt að keyra málið í gegn og ljúka því með eins litlum umræðum og veseni og hægt var vegna þeirrar pólitísku þráhyggju og vegna þess særða metnaðar sem með einhverjum hætti hefur algjörlega að óþörfu blandast inn í umfjöllunina um málið.

Við erum auðvitað að fjalla núna, við 3. umr. um þriðja frumvarpið og líka við 1. umr. um fyrsta frumvarpið, um merkileg efni, um fjórða valdið í landinu, um ljósvakamiðlana sem eru nú orðnir sterkari en prentmiðlarnir hvað sem síðar verður í þróun á markaði á þeim vettvangi þar sem allt er nú að renna saman, um eina af grunnstoðum lýðræðisskipanarinnar í landinu og á Vesturlöndum öllum og víðar, sem betur fer, um heiminn. Við erum líka að tala um kjarnastofnun í félagsfræðilegum skilningi í menningarmálum og í félagsmálum. Við erum að tala um fyrirbæri, Ríkisútvarpið, sem við getum kallað stofnun eða fyrirtæki eftir því sem við viljum sem í raun og veru snertir mjög marga þætti í íslensku samfélagi, snertir menntun og fræðslu, þess vegna allt skólakerfið og allt uppeldi í landinu og snertir líka viðskiptavettvanginn og atvinnulífið á fleiri en einn veg. Það snertir líka heimilislíf manna og tómstundir fólksins í landinu. Þess vegna ber okkur að fara mjög vel og varlega í gegnum mál sem upp koma um Ríkisútvarpið, halda vel á þeim af einurð en líka að stíga skref fyrir skref og vera ekki með óðagot þegar um þetta er að ræða.

Forseti. Við stöndum um þessar mundir á tímamótum í sögu Ríkisútvarpsins og í sögu ljósvakamiðlanna á Íslandi, á tímamótum sem ég hygg að síðari tíma sagnfræðingar líti á sem jafnmerkileg og þau tímamót sem hér urðu árið 1930 þegar Ríkisútvarpið var stofnað, eða í kringum það ár því að Ríkisútvarpið var ekki fyrsta útvarpið sem upp kom á Íslandi, tímamót sem hugsanlega eru jafnmerkileg og á sjöunda áratugnum miðjum þegar sjónvarpið kom fram, sendi fyrst út á Íslandi, tímamót sem á sinn hátt eru alveg örugglega ekki síðri en árin 1985–1986 þegar einkaleyfi Ríkisútvarpsins var afnumið og nýir ljósvakamiðlar komu fram. Þessi tímamót eru algjörlega eðlileg og við hefðum þurft að taka þetta mál til umræðu miklu fyrr. Það er í raun ekki okkur til vegs þegar frá líður að hafa á þessum tímamótum, sem fyrirsjáanleg voru og allir áttu auðvitað að stuðla að og taka þátt í, að hafa ekki borið gæfu til að beita betri vinnubrögðum og ná höndum saman um þá þróun sem við viljum hafa á næstunni í þessum efnum.

Ég held að það sé mikilvægt að hefja þessa umræðu hér af okkar hálfu, stjórnarandstæðinga, með því að segja alveg skýrt að það þarf að breyta lögum um Ríkisútvarpið. Það þarf að hefja það á ný til vegs og virðingar. Það þarf að stuðla þar að ákveðinni nýsköpun miðað við breytta tíma og nýjar kröfur. Það er rétt. Þess vegna ættum við að fagna því að fram séu nú komin þrjú frumvörp um Ríkisútvarpið. Það skiptir máli að vinna að þessu en því miður hafa vinnubrögð menntamálaráðherra og þessarar ríkisstjórnar ekki verið þannig að við náum að haga okkur með reisn á þessum tímamótum, heldur hjökkum við að sumu leyti í þessu fari sem við höfum verið í í þrjú ár.

Af hverju þarf að breyta lögum um Ríkisútvarpið? Af hverju eiga stjórnmálamenn nú að vinna að því að skoða fjölmiðlavettvanginn, ljósvakavettvanginn sérstaklega, og breyta þar almennum aðstæðum, m.a. með nýsköpun á Ríkisútvarpinu?

Það er auðvitað vegna þess, svo að ég telji upp nokkrar af ástæðunum, að nú eru liðin meira en 20 ár síðan einkaleyfi Ríkisútvarpsins til útvarpssendinga var afnumið en Ríkisútvarpinu hefur ekki á þessum langa tíma verið mörkuð ný stefna eða því beint á nýja braut. Það hefur orðið eftir af ýmsum ástæðum, m.a. þeim að stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum á Íslandi hefur ekki tekist að ná saman

um þetta mikilvæga efni sem í nágrannaríkjunum er þó venja og hefð, jafnvel í nágrannaríki okkar, Bretlandi, þar sem flokkar sem nánast bíta hver annan á barkann í heitum stjórnmálaátökum hafa borið gæfu til þess allt frá því löngu fyrir stríð, í gegnum stéttaátök og mikinn slag að halda saman um það sem þeim finnst vera dýrmæt þjóðareign, BBC, almannaútvarpið í Bretlandi.

Þetta hefur ekki verið gert, að marka Ríkisútvarpinu nýja stefnu eða beina því á nýja braut. Þess vegna hefur Ríkisútvarpið að sumu leyti villst af þeirri braut sem það hefði átt að halda sig á og að öðru leyti ekki fengið nægan stuðning til þess að gera það sem það hefur viljað gera með metnaði almannaútvarps.

Í öðru lagi, og þetta tengist allt, eru stjórnarhættir á Ríkisútvarpinu miðað við núverandi lagaramma og þær hefðir sem þar hafa komið upp og skipulag allt flókið og sennilega ekki nógu skilvirkt. Skipting ábyrgðar og valds hefur ekki verið á hreinu. Það er ekki Ríkisútvarpinu að kenna, heldur lögunum um það. Við vitum að það hefur oft og tíðum ekki verið ljóst hver hefur valdið og hver ber ábyrgðina. Er það útvarpsstjóri? Eru það framkvæmdastjórar? Eru það aðrir stjórnendur, t.d. fréttastjórar? Eða eru það menn í útvarpsráði, menn í menntamálaráðuneyti eða annars staðar í samfélaginu?

Í þriðja lagi höfum við upplifað sérstaklega — í raun og veru er það merkilegt — eftir breytingarnar 1985 aukin flokkspólitísk afskipti í ráðningarmálum og í dagskrá. Það var mögulegt með útvarpsráði sem kjörið er hér á þingi, hefur dagskrárvald, ráðningar og áhrif á ráðningar og með því að menntamálaráðherrann ræður útvarpsstjóra og reyndar framkvæmdastjórana líka. Því miður er það flokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, sterkasti flokkurinn hér lengi, sem nánast setti sér þetta að stefnumáli og hefur haft þessa stefnu í tvo, þrjá áratugi. Það er nánast hægt að tímasetja þetta. Ætli það hafi ekki verið um 1980 sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson bar sjálfstæðismönnum þau boð, hinn mikli Jóhannes skírari frjálshyggjunnar í Sjálfstæðisflokknum, að nú ætti Sjálfstæðisflokkurinn að ná sér í menntamálaráðuneytið og sitja þar sem lengst. Eitt af því sem hann taldi auðvitað fram í því efni var það að Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti að beita áhrifum sínum á Ríkisútvarpinu og það hefur hann svo sannarlega gert.

Í fjórða lagi er það svo að það er hæpið, það viðurkenna held ég allir sem eitthvað hafa skoðað það mál, að núverandi fyrirkomulag Ríkisútvarpsins standist samkeppnisrétt og standist Evrópureglur um samkeppni á fjölmiðlamarkaði og um stöðu Ríkisútvarpsins. Úr því er hægt að leysa á margan veg. Hér er ein leiðin, sennilega sú versta, í þessu frumvarpi en þær eru margar fleiri til. Hins vegar er þetta auðvitað ástæða og hefur verið nokkra hríð fyrir því að breyta lögum um Ríkisútvarpið og koma því af stað undir nýjum formerkjum.

Þetta eru nokkrar ástæður. Við í Samfylkingunni og við í stjórnarandstöðunni höfum lýst því yfir hér á þinginu að við viljum betra ríkisútvarp. Við viljum ríkisútvarp sem tekur ákveðna forustu á ljósvakavettvangi, í þjónustu við áheyrendur og áhorfendur á Íslandi, ríkisútvarp sem unir ekki við að vera í eilífri samkeppni við markaðsstöðvarnar, við hinar stöðvarnar, einkastöðvarnar — almennu stöðvarnar sem væri kannski nær að kalla þetta þannig að maður reyni að nota orð sem ekki er gildishlaðið og lýsir tiltölulegri hlutlægni. Ríkisútvarpið á ekki að setja sér að markmiði að vera í samkeppni við þær um áhorf á einstaka þætti og dagskrána í heild til þess fyrst og fremst að geta selt fleiri auglýsingar eða fengið meiri kostunartekjur heldur á það að taka sér sérstöðu, eða réttara sagt viðurkenna sérstöðu sína og sinna verkefnum sínum í samræmi við hana, vera almannaútvarp með áherslu á íslenskt efni, áherslu á efni fyrir börn og unglinga, svo að dæmi séu tekin, áherslu á að vera spegill þjóðlífsins í leik og starfi.

Það er rétt að muna það nú við 3. umr. um þriðja frumvarpið um Ríkisútvarpið frá menntamálaráðherra, sf., hf. og ohf., að flokkar stjórnarandstöðunnar hér voru á undan stjórnarflokkunum að bera fram tillögur um Ríkisútvarpið á þessu kjörtímabili.

Ég nefni tillögu samfylkingarmanna. Þar var ég 1. flutningsmaður, naut þess heiðurs, frá þarsíðasta þingi. Ég nefni þingsályktunartillögu Frjálslynda flokksins sem ég kann ekki að tímasetja en ég hygg að hafi komið fram á fyrsta þingi þessa kjörtímabils. Ég nefni frumvarp VG um breytingar á núverandi lögum sem að vísu kom fram á eftir fyrsta frumvarpinu um Ríkisútvarpið. Öll þessi þrjú þingmál lýsa því að stjórnarandstaðan, hver flokkur um sig vissulega, sýndi þessum málum ekki bara áhuga heldur knúði á um þær breytingar sem þörf væri á í þessum efnum.

Í öllum þessum þingmálum þegar þau eru skoðuð er samhljómur þótt flokkarnir haldi auðvitað sínum sjónarmiðum til haga í þeim málum sem þeir bera fram hver um sig. Það er merkilegt, líka í ljósi þeirra fullyrðinga formanns menntamálanefndar sem ég heyrði í gær í sjónvarpssal, að stjórnarandstæðingar gætu trútt um talað því að þeir gætu ekki komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut í þessu efni. Þegar menn skoða þessi frumvörp og fara yfir þær umræður — hvað var það, 78 klukkutíma umræður — sem hér hafa farið fram um frumvörpin þrjú og umræðan um þingmál stjórnarandstöðunnar, í umræðu sem er held ég bara reyndar þingmál Frjálslynda flokksins, heyra menn að það er meiri samhljómur í stjórnarandstöðunni en stundum heyrist í stjórnarliðinu, a.m.k. þegar grannt er hlustað.

Ég vil í framhaldi af þessu, áður en ég kynni nefndarálitið (les: okkar í minni hlutanum) eða framhaldsnefndarálitið, sem ég hyggst lesa á eftir og skýra í einstökum köflum utan lestrar, koma því hér til skila að þessi ræða er bæði um það frumvarp sem hér liggur fyrir og til þess að benda á að til eru aðrar leiðir, nýjar leiðir, betri leiðir í ríkisútvarpsmálum en sú sem hæstv. menntamálaráðherra stendur hér fyrir. Þess vegna ætla ég að fjalla aðeins um hugmyndir sem við samfylkingarmenn kynntum á blaðamannafundi fyrir upphaf 2. umr. núna í desember, hugmyndir í fimm liðum þar sem dregin var saman stefna okkar í þessu og miðuð við það að hægt væri að bera hana beint saman við það frumvarp sem hér lægi fyrir.

Ég hygg að aðrir stjórnarandstæðingar geti tekið undir margt og jafnvel flest af því sem þarna var kynnt þótt þeir kysu sumir e.t.v. aðra framsetningu á forgangsröð og geri sjálfsagðar athugasemdir við einstaka atriði. Það sem meira er, ég held að mjög margir stjórnarliðar hér á þinginu og utan þess taki í hjarta sínu undir flest af því sem við samfylk-

ingarmenn sögðum í byrjun desember og er í samræmi við það sem við höfum áður haldið fram á öllu þessu kjörtímabili um Ríkisútvarpið.

Hvað var það sem við bárum fram? Hvað var það sem við vildum, og viljum? Því má lýsa með þremur orðum: Almannaútvarp, sjálfstæði, styrkur eða afl.

Við viljum, forseti, að Ríkisútvarpið sé raunverulegt almannaútvarp, að sjálfsögðu í víðri merkingu þess orðs, sinni almannaþjónustu í fréttaflutningi, í menningarmiðlun og menningarumfjöllun, leggi rækt við lýðræðislegt hlutverk slíks fjölmiðils, leggi áherslu á fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun, taki upp merki þar sem almennu miðlarnir hafa látið það falla eða aldrei náð í það gagnvart t.d. sérstökum hópum af ýmsu tagi. Marktækt er að nefna innflytjendur okkar og útlenda verkamenn en einnig t.d. börn og unglinga. Við viljum líka að það hafi svigrúm til að höfða til almennings alls með skemmtun og afþreyingu sem er nauðsynleg hverri heildstæðri útvarps- og sjónvarpsstöð.

Við viljum enn fremur að Ríkisútvarpið sé öflugur fjölmiðill, sterkur miðill. Það þarf að tryggja Ríkisútvarpinu tekjur til metnaðarfullrar dagskrárgerðar í sjónvarpi og hljóðvarpi. Það má ekki láta það veslast upp úti í horni í fátæktarbasli eins og verið hefur og er nú einn af þeim liðum sem ég hefði átt að telja upp áðan þegar rök voru að því færð að við hefðum átt fyrir löngu að taka það upp að stefna á nýsköpun Ríkisútvarpsins sem verið hefur, sérstaklega hin síðustu 10–12 ár, að skilja það eftir í almennu og sértæku fátæktarbasli. Það má ekki vera þannig ríkisútvarp eða almannaútvarp að það hirði upp þá bita eina sem aðrir skilja eftir eða líta ekki við.

Það er að okkar hyggju m.a. hlutverk Ríkisútvarpsins að taka að sér forustu á ljósvakavettvangi og fjölmiðlavettvangi, ekki til þess að vera númer 1, heldur til þess að fylgja fram ákveðnum stefnumiðum almannaútvarps, að vera spegill þjóðlífsins eins og ég sagði áðan, að opna samfélagið fyrir nýjum straumum, vera vettvangur umræðu, skapa samkennd með Íslendingum og skilning í samfélaginu á högum hver annars og hverjir annarra, skoðunum hver annars, trúarbrögðum, lífssýn og þess vegna stjórnmálaviðhorfum hver annars.

Til að rækja þetta hlutverk verður Ríkisútvarpið að vera sterkt, sterkt fyrirtæki með djúpar rætur, og það þarf að vera víðtæk samstaða um þess starfsemi meðal almennings sem lítur á það sem sitt útvarp, sem þjóðarútvarp — með fullri virðingu fyrir almennu stöðvunum — víðtæk samstaða milli stjórnmálaflokkanna eins og í langflestum grannlöndum okkar, samanber það sem áður var sagt, og víðtæk samstaða á ljósvakavettvangi og fjölmiðlamarkaði almennt. Nú upplifum við sífelldan skæruhernað milli Ríkisútvarpsins og hinna stöðvanna sem stundum brýst út í hefðbundna orrustu raunar og þar koma fram að sumu leyti réttmætar kvartanir um að Ríkisútvarpið trufli samkeppni og þrengi að öðrum. En það er skylda okkar stjórnmálamanna að búa svo í haginn að þokkalegur friður ríki um starfsemi Ríkisútvarpsins, að aðrir aðilar á markaði viðurkenni þá starfsemi sem þar fer fram og séu sæmilega sáttir við sína stöðu gagnvart Ríkisútvarpinu þótt auðvitað sé það þannig að enginn er bóndi nema hann berji sér.

Í þriðja lagi viljum við að Ríkisútvarpið eigi að vera sjálfstætt bæði gagnvart viðskiptahagsmunum og líka gagnvart stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum. Sjálfstæðið er beinlínis tilverugrunnur alvörualmenningsútvarps, forsenda þess að geta veitt almenningi öllum þá þjónustu sem til stendur. Dagskrárstefna almannaútvarps, eins og Ríkisútvarpið á að vera, og fréttastefna mega ekki miðast við neitt annað en hagsmuni, þarfir og áhuga almennings, auðvitað ekki hagsmuni einstakra fyrirtækja en heldur ekki mati á því hvað auglýsendum kemur best eða hvað þeim kemur illa. Ítök og inngrip einstakra stjórnmálamanna og jafnvel einstakra stjórnmálaflokka geta orðið banabiti almannaútvarps og eiga að vera þar útilokuð, ekki bara vegna þess að þangað veljist góðir menn og vegna þess að stjórnendur ríkisins séu sanngjarnir heiðursmenn heldur á að útiloka þau eins og framast er unnt með lögum og regluramma Ríkisútvarpsins. Í þessu efni er um að tefla það mikilvægasta sem fjölmiðill getur eignast, það sem myndar sjálft fjöreggið í tilveru almannaútvarps, nefnilega traust áheyrenda og áhorfenda sem bregst ef þeir finna að útvarpið er ekki til fyrir fáeina heldur fer fram á vegum eða með tilliti til viðskiptahagsmuna eða pólitískra hagsmuna. Almannaútvarp, sjálfstætt og sterkt, þetta tel ég að við í stjórnarandstöðu að minnsta kosti séum öll sammála um og raunar mikill meiri hluti Íslendinga. Þessa hugmynd og þessa stefnu berum við þess vegna fram gegn því frumvarpi sem nú er til umræðu hér á þinginu.

Ég ætla að leyfa mér næst að stikla á þeim fimm atriðum sem við í Samfylkingunni settum fram í desemberbyrjun sem framlag til lausnar í deilunni um Ríkisútvarpið hér og nú. Það þarf að vera ljóst að til er önnur leið, eins og ég hef sagt, en sú sem stjórnarmeirihlutinn hefur hrökklast inn á með þessu frumvarpi, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur. Öllum þarf að vera það ljóst að sú leið er auðfarin. Hún er ekki erfið. Hún er ekki torfarin. Þetta er ekki torleiði. Ef þessi leið verður farin er miklu líklegra að það skapist sátt og friður um starfsemi Ríkisútvarpsins en væntanlegt er ef stjórnarfrumvarpið verður samþykkt.

Við lögðum í fyrsta lagi til og leggjum til að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun með eigin stjórn sem Alþingi gæti kosið eins og gert er ráð fyrir í núverandi frumvarpi, en til þess að tryggja að ekki myndist ríkisstjórnarmeirihluti í þeirri stjórn eigi starfsmenn Ríkisútvarpsins þar fulltrúa sem hindrar að sjálfkrafa myndist meiri hluti ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma í þessari stjórn Ríkisútvarpsins.

Við teljum líka að almenningur og samtök hans þurfi að eiga aðild að stefnumótun Ríkisútvarpsins með tilstilli stjórnsýslueiningar sem við leyfum okkur að kalla hlustendaþing og gæti komið saman einu sinni á ári. Aðrir hafa notað orðið akademía. Því ráði eða stofnun verði falið ákveðið hlutverk, til dæmis að fara yfir þjónustusamning Ríkisútvarpsins við menntamálaráðherra. Það mætti líka vel hugsa sér að ráðning útvarpsstjóra verði borin undir þetta ráð eða þetta þing. Sjálfsagt væri að þetta þing eða ráð, þessi akademía fengist reglulega við stefnumótun til lengri tíma ásamt starfsmönnum, stjórnarmönnum og að lokum Alþingi. Útvarpsráð í núverandi formi verði hins vegar lagt niður og pólitísk afskipti af innri málefnum afnumin með öllu.

Í þriðja lagi leggjum við til að fjármögnun Ríkisútvarpsins verði blönduð, annars vegar með ríkisframlagi sem má hugsa sér með ýmsum hætti, en hins vegar með auglýsingatekjum eins og nú er, en þó þannig að þær verði takmarkaðar. Við leggjum til þá takmörkun og lögðum til á þessum blaðamannafundi að auglýsingar og kostun verði aldrei meiri en 15–20% af heildartekjum Ríkisútvarpsins hverju sinni.

Í tillögu okkar um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp frá þarsíðasta þingi var rakið að nokkrar kröfur þurfi að gera til fjármögnunarleiða fyrir Ríkisútvarpið. Þær þurfa að vera þannig að Ríkisútvarpið hafi í þeirra krafti burði til að vera í forustu á ljósvakamarkaði, þurfa að vera þannig að sjálfstæði Ríkisútvarpsins sé tryggt gagnvart ríkisvaldi og markaðsvaldi, þurfa að vera þannig að tekjur þess séu traustar og stöðugar til langs tíma. Þær þurfa að vera þannig að um fyrirkomulagið ríki þokkalegur friður, bæði meðal almennings og af hálfu almennu stöðvanna. Að auki er æskilegt að fyrirkomulagið sé innan þessa ramma sem skilvirkast og útlátaminnst.

Menn láta stundum eins og nefskatturinn í þessu frumvarpi sé nánast hið eina sem geti tekið við af afnotagjaldinu — útvarpsgjaldinu eins og það heitir — sem hér hefur verið við lýði frá upphafstímum ríkisútvarps. Afnotagjaldið er nú, því miður vil ég segja, á undanhaldi þótt reyndar hafi ýmsar stöðvar, þar á meðal BBC sem hér var áður nefnd, valið þá leið í næstu framtíð sem sína fjármögnunarleið. Ég sé það ekki fyrir mér að afnotagjaldið, jafnvel þó að það geti haldið áfram í nokkur ár enn, sé á vetur setjandi af pólitískum ástæðum en þó einkum af tæknilegum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja nú. En það er auðvitað misskilningur að í þess stað sé nefskatturinn einn hugsanlegur.

Í áðurnefndri tillögu okkar samfylkingarmanna nefndum við nokkrar leiðir svona í belg og biðu nánast sem til greina kæmu. Ég bendi líka á greinargóða og ágæta skýrslu Þorsteins Þorsteinssonar markaðsstjóra á Ríkisútvarpinu um afnotagjaldið og hugsanlegar aðrar fjármögnunarleiðir. Ein af þeim er auðvitað fjárveitingar á fjárlögum. Það er haft á móti þeirri leið að sjálfstæði Ríkisútvarpsins sé ekki tryggt nægilega með því móti þar sem mikil fjárhæð yrði til umfjöllunar á hverju hausti og gæti lent illa í pólitískum veðrum og í umfjöllun um afgreiðslu þeirrar fjárveitingar gæti ósvífnum stjórnmálamönnum jafnvel dottið í hug að beita Ríkisútvarpið eins konar fjárkúgun og þess vegna væri þessi leið æskilegust þannig að byggt væri á þjónustusamningum og rammafjárveitingum til langs tíma, til dæmis sjö eða tíu ára í senn þannig að sú hefð skapaðist að hér væri ekki um að ræða ákvörðunarefni þeirrar ríkisstjórnar sem sæti hverju sinni heldur mundu flokkarnir allir taka saman og ná samstöðu um stefnuna í þessu efni ósköp einfaldlega vegna þess að ákvörðunin er tekin fyrir meira en eitt kjörtímabil, tvö og jafnvel þrjú.

Önnur fjármögnunarleið er einhvers konar rásargjald þar sem kemur til greina að taka upp auðlindagjald af útvarpsrásum. Ef það yrði gert er eðlilegt að slíkt gjald yrði einn tekjustofna Ríkisútvarpsins enda drægi þá úr sókn þess á auglýsingamið markaðsstöðvanna eða almennu stöðvanna.

Þriðja leiðin sem nefnd hefur verið — og ég er ekki að draga þær í dilka — er skattur á auglýsingar svipaður og var við lýði hér þegar Menningarsjóður útvarpsstöðva var uppi. Það má hugsa sér að þetta gæti verið ein leið þó ekki verði hún nú vinsæl.

Aðrar leiðir hafa verið nefndar hjá Þorsteini Þorsteinssyni og í skýrslu starfshóps menntamálaráðherra var talað um útvarpsgjald á húsnæði sem hugsanlega fjármögnunarleið fyrir Ríkisútvarpið og þá bæði á íbúðir og atvinnuhúsnæði. Þetta hefur verið útfært, hygg ég, frekar í frumvarpi VG. Það hafa líka heyrst hugmyndir um að Ríkisútvarpið verði fjármagnað með gjaldi sem tengist rafmagnsneyslu á heimilum og er af skattahugmynd að vera ekki ósnjöll og væri þá innheimt á rafmagnsreikningum. Þá þyrfti auðvitað að leiðrétta slíka reikninga vegna húshitunarmála.

Þessi upptalning sýnir að auk nefskattsins eru færar margar leiðir og sennilega er heppilegast, eins og við lögðum til, að fara blandaða leið í þessu efni þannig að Ríkisútvarpið þurfi ekki að byggja tekjuöflun sína aðeins á einum stofni heldur hafi úr nokkrum að velja hverju sinni. Það mundi líka þýða að minni tekjur þyrfti frá hverri fjáruppsprettu einn af göllunum við bæði nefskatt og núverandi afnotagjöld er náttúrlega sá að þetta verða hærri upphæðir hér á landi en annars staðar tíðkast þar sem smæðin verður okkur fjötur um fót í þessu efni. Við þurfum sama stofnkostnað í gerð sjónvarpsþáttar og þarf meðal milljónaþjóða. Við þurfum að borga fréttastjóranum sama kaup hér og gert er í sjónvarpi sem nær til 100 milljóna manna og svo framvegis.

Ég dvel við þetta nokkuð vegna þess að ég tel ástæðu til að gera grein fyrir því að við skirrumst ekki erfiða umræðu í tengslum við Ríkisútvarpið. Það er ekki bara það góða sem við viljum tala um heldur líka það erfiða, sem fjármögnun er vissulega. Við höfum líka sett fram, eins og áður kom fram og eins og áður var rakið, stefnu um auglýsingarnar. Við teljum að það sé fær millileið að Ríkisútvarpið geti aflað sér auglýsingatekna með ýmiss konar takmörkun, til dæmis þá sem við nefndum, takmörkun við 15–20% af heildartekjum hverju sinni. Millileið, segi ég, milli þess að hafa engar auglýsingar og að stefna Ríkisútvarpinu á auglýsingamarkað og kostunar eins og verið hefur með þeim afleiðingum sem raun ber vitni, annars vegar á tekjumöguleika almennu stöðvanna eða markaðsstöðvanna og hins vegar með þeim áhrifum sem slík stefna hefur á dagskrárframboð í Ríkisútvarpinu og á, vil ég segja, móralinn þar innan dyra, þann hug sem menn hafa þegar þeir ganga til starfa á hverjum morgni. Ég held að þessi millileið mundi tryggja Ríkisútvarpinu góðar aukatekjur og gæti skapað þokkalega sátt um þátttöku Ríkisútvarpsins á þessum viðkvæma samkeppnismarkaði, að hún stæðist evrópska kvarða, að hún mundi ekki teljast óhæfileg í skilningi samkeppnislaga vegna þess að almennu fjölmiðlarnir eða fjölmiðlarnir á almenna markaðnum kepptu um meginhlutann af auglýsingum og kostun sem til boða væri á Íslandi. Ekki síst væri þetta fyrirkomulag þannig að við mundum losna við að auglýsingasala og kostun hefði þau áhrif á dagskrárstefnu sem nú er venjan. Þá er þessari tekjuumfjöllun lokið.

Í fjórða lagi leggjum við mikla áherslu á almannaútvarpshlutverk Ríkisútvarpsins. Við teljum að það sé tilveruforsenda þess. Við lýstum því í nokkrum orðum í desember

og það er ágætt að fara yfir það aftur. Við teljum að dagskrárstefnan eigi að miðast við vandaðan fréttaflutning, menningarmiðlun, fræðslu og lýðræðislega umræðu, að Ríkisútvarpið eigi að stuðla að pólitískri og menningarlegri fjölbreytni, vera spegill íslensks samfélags með sérstaka áherslu á innlenda dagskrárgerð í sjónvarpi, þar á meðal skemmtun og afþreyingu eins og hæfilegt er, að Ríkisútvarpið eigi að stefna að náinni samvinnu við sjálfstæða framleiðendur útvarpsefnis og vera skjól fyrir vaxtarsprota í menningarefnum og umræðu.

Í fimmta lagi nefnum við sérstaklega að Ríkisútvarpið eigi að vera sjálfstætt, það eigi að vera óháð bæði stjórnmálahagsmunum og viðskiptahagsmunum, að starfsmenn þess verði að búa við raunverulegt ritstjórnarlegt frelsi og það verði að sjá til þess að afar skýr aðgreining verði mörkuð í dagskrá Ríkisútvarpsins milli eiginlegrar dagskrár og hins vegar auglýsinga og þar með komið í veg fyrir vonda kostun, því að hún er vissulega misgóð og þarf verulega að taka á í Ríkisútvarpinu, einkum í útvarpinu, í því tilliti.

Þetta er kjarninn í því sem við lögðum fram til umræðunnar um Ríkisútvarpið í desember. Það er mikilvægt að það sé alveg skýrt, þegar fram undan gætu verið slys sem enginn veit hvort hægt er að bæta með einhverjum hætti, að það eru til aðrar leiðir, betri leiðir, einfaldari leiðir, árangursríkari leiðir, skynsamlegri leiðir, sáttaleiðir.

Ég hvet þingmenn til að kynna sér þetta, að geyma þetta í huga sér, því að stjórnarþingmenn sem hyggjast styðja þetta mál geta ekki borið því við, að því samþykktu, að engin önnur leið hafi verið til en að samþykkja þetta þriðja frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið. Það hefur verið boðið upp á sættir. Það hefur verið boðið upp á aðrar leiðir í þessu máli, eins og ég hef nú farið rækilega yfir í þeim hluta ræðu minnar sem lokið er.

Í nefndarálitinu sem ég fer yfir á eftir er fjallað sérstaklega um tilraunir innan nefndarinnar og utan til að ná sáttum í þessu máli. En það er rétt að vekja strax athygli á því, sem þar er reyndar rakið og við öllum blasir, að í dag er 15. janúar 2007. Umboð þingmanna á þessu þingi og ríkisstjórnarinnar sem byggir völd sín á meiri hluta þessara þingmanna stendur einungis til 12. maí. Því þingmáli sem hér er til umfjöllunar, þessu frumvarpi er ætlað að taka gildi 1. apríl af einhverjum ástæðum. Þá eru 42 dagar þangað til kosnir eru nýir þingmenn og menn mynda nýja ríkisstjórn eða endurnýjaða ríkisstjórn á grundvelli þess meiri hluta sem myndast 12. maí. Sú staðreynd hve lítið er eftir af kjörtímabilinu ætti að verða mönnum til hvatningar um að reyna að breyta um takt í þessu máli, að reyna að ná þeim sáttum sem unnt er, að fresta umfjölluninni allri fram yfir kosningar.

Ef það þykir ekki nógu gott er hægt að fara þá leið sem Björgvin G. Sigurðsson lýsti áðan í umræðunni og er líka rakin í nefndarálitinu, að afgreiða það sem sátt tekst um á þessu þingi en láta hitt bíða þangað til á sumarþingi eða haustþingi með þeirri skuldbindingu, ef menn vilja, að stjórnmálaflokkarnir taki höndum saman um það að afgreiða nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið fyrir tiltekinn tíma, t.d. fyrir vorið 2008 eða á þessu ári fyrir næstu áramót.

Það vill svo til að Páll Magnússon hefur bent á hvaða sættir gætu tekist í málinu. Vegna þess að þegar hann kom á fund nefndarinnar í eitthvert skiptið þá sagði hann aðspurður að hlutafélag væri í raun og veru ekki hans helsta áhugamál. Honum væri alveg sama hvaða skammstöfun væri á eftir orðinu Ríkisútvarpið, í nafni stofnunarinnar eða fyrirtækisins. Sér væri í raun og veru sama þó að vinnustaður hans héti Ríkisútvarpið KFUM ef það hefði yfir höfuð einhverja merkingu. Það væri innihaldið, það væri starfsemin sem skipti máli. Þar nefndi Páll tvö atriði eða réttara sagt þrjú. Í fyrsta lagi að það væri klár skipting valda og ábyrgðar innan Ríkisútvarpsins, að útvarpsstjórinn fengi þau völd og ábyrgð sem honum bæru og að það fyrirkomulag sem nú er við lýði, með framkvæmdarstjóra sem eru sérskipaðir af menntamálaráðherra, hyrfi.

Í öðru lagi sagði Páll að sú skipan sem verið hefði um dagskrárvald og afskipti af ráðningum í útvarpsráðinu væri úrelt, hafi hún einhvern tímann átt rétt á sér, og að aðskilja yrði verk- og valdsvið stjórnar annars vegar og útvarpsstjóra og starfsmanna hins vegar. Um þetta eru allir sem ég hef heyrt tala sammála. Allir á þinginu sem hafa skipt sér af þessari umræðu og minnst á þessi efni eru sammála um þetta. Hér er því mjög auðvelt að ná samstöðu um tvö mjög mikilvæg atriði, tvær mjög mikilvægar breytingar á Ríkisútvarpinu. Ég hygg að frumvarpi sem um þetta væri flutt væri hægt að renna í gegnum þingið á nokkrum dögum, eða ef þessu frumvarpi yrði breytt, umræðunni yrði frestað og frumvarpinu skotið til nefndar og þessu breytt, þá væri hægt að afgreiða það þess vegna á morgun með þessu samkomulagi. Þetta kemur nefnilega, eins og Páll Magnússon sagði, hlutafélagskreddunni ekkert við. Það eru heldur ekki Evrópukröfur sem standa til þess að hér verði hlutafélag eða opinbert hlutafélag. Það eiga menn að vita.

Þriðja atriðið sem Páll nefndi var um svigrúm í mannahaldi og einhvers konar lagfæringar á þeim ramma sem um það gilti. Ég skal segja fyrir mig að ég er reiðubúinn að skoða þau mál út af fyrir sig og athuga með hvaða hætti opinberi ramminn á við á almannaútvarpi og hvaða drætti frá almennum vinnumarkaði væri til bóta að innleiða, en þá eingöngu í samráði við starfsmenn og stéttarfélög þeirra. Það væri ekki fyrr en slíkt samráð færi fram að ég gæti gengið til einhvers áfanga í lagasetningu um þau efni. Því vissulega er það svo að það er slæm reynsla af lagasetningu um kjör starfsmanna og starfsrammann við breytingar á opinberum stofnunum eða ríkisfyrirtækjum án samráðs við starfsmenn og stéttarfélög. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós.

Tilboði um þetta var hafnað í nefndinni. Við erum í raun og veru orðin ákaflega vön höfnun í þessari nefnd í þessu máli, látum það nánast ekki á okkur fá. Það verða að minnsta kosti engir komplexar í höfðinu á okkur en þeir komplexar gætu hins vegar orðið til í því viðfangsefni sem hér er á ferðinni í Ríkisútvarpinu, á ljósvakavettvangi og í samfélaginu.

Ég held að menn ættu þó að hugleiða þessa leið og aðrar sem til eru til að ná lendingu í þessu máli. Ekki bara vegna þess að þingmenn séu orðnir þreyttir á því, ekki bara vegna þess að það þurfi að klára málið með einhverjum hætti, heldur líka vegna þess að þjóðin hefur hagsmuni í þessu máli sem fjallar um Ríkisútvarpið.

Forseti. Enn eitt áður en ég hef lestur nefndarálits þess

sem ég er framsögumaður fyrir og það er að minnast aðeins á aðra af tveimur meginbreytingartillögum sem meiri hluti menntamálanefndar ber hér fram. Hún er um að gildistíminn sé 1. apríl. Fyrsti apríl er reyndar með þeim formerkjum að það mætti halda að hann sé settur þarna inn frumvarpinu til hnjóðs og málinu öllu til nokkurrar háðungar, því að 1. apríl er dagurinn þegar menn hlaupa apríl, er plat- og gabbdagur þegar borgar sig að fara varlega og taka ekki mark á neinu. Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að halda um þessa hugkvæmni meiri hluta menntamálanefndar að ætla sér að láta málið taka gildi 1. apríl. En það er varla svo. Hins vegar er sérkennilegt að í haust var gert ráð fyrir að frumvarpið tæki gildi 1. janúar. Væntanlega hefur menntamálaráðherra eða embættismenn hans hugsað sem svo að það mundi geta klárast í desember og þess vegna gæti það tekið gildi 1. janúar.

Við umfjöllun í nefndinni núna var ljóst að það þyrfti heldur rýmri tíma þannig að við 2. umr. gerði meiri hlutinn þá breytingartillögu að málið tæki gildi 1. febrúar. Var þó gert ráð fyrir að það yrði klárað fyrir jól. Það var sem sagt gert ráð fyrir að þetta tæki svona einn mánuð og það væri rúmur tími til að koma þessu af stað. En nú er það 1. apríl.

Maður hlýtur að spyrja hvort hér sé þá miðað við að málinu ljúki ekki fyrr en liðið er á mars ef líða á mánuður eða rúmur mánuður milli gildistöku og samþykktar. Í ljósi síðustu tíðinda er spurningin auðvitað sú hvort þessi rúmi tími sé ásettur til að bíða eftir lokasvarinu frá Eftirlitsstofnun EFTA, hinu fræga 17.2-bréfi. Að vísu beri að samþykkja frumvarpið áður en það kemur, áður en sá lokadómur fellur sem vænst er, en ekki að taka þá áhættu að fresta frumvarpinu í þinginu þangað til.

Það er alveg ljóst, forseti, að ekkert gerist á þessum rúma mánuði, frá 1. apríl til 12. maí, sem ekki getur gerst í sumar eða haust. Þó að þetta sé ekki mikið mál þá eru vinnubrögðin ákaflega furðuleg og lýsa sérkennilegu táknskyni meiri hluta menntamálanefndar að taka þá áhættu að þetta frumvarp verði kallað 1. apríl-frumvarpið. Hugsanlegt er líka að nota eigi þennan tíma frá 1. apríl til 12. maí til flugeldasýninga, blaðamannafunda, milljónaloforða í þeim stíl sem við höfum séð að undanförnu. Þá færi kannski loksins að komast vit í það að einnig þennan tíma, einnig þetta frumvarp eigi að nota til að reyna að skapa framhaldslíf þeirra flokka sem hér hafa setið við stjórn helst til lengi.

Forseti. Nú er komið að því eftir þennan stutta inngang að gera grein fyrir áliti minni hluta menntamálanefndar eftir umfjöllun hennar fyrir 3. umr. Ég ætla að lesa hér framhaldsnefndarálitið með einstaka viðbótum.

Fyrsti kaflinn í þessu áliti heitir Meginatriði máls og hljómar svo:

Umfjöllun menntamálanefndar eftir 2. umr. um þetta frumvarp hefur enn staðfest það álit stjórnarandstæðinga í nefndinni að með því sé ekki skapaður sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir til frambúðar og þar með ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Líklegt er að samþykkt frumvarpsins leiði til enn ákafari deilna en áður um stöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlavettvangi og jafnvel til málaferla heima og erlendis, ekki síst vegna þess að staða þess gagnvart samkeppnisrétti og sérreglum Evrópuréttarins um útvarp í almannaþjónustu er óljós eins og ágætlega hefur komið fram í umfjöllun nefndarinnar nú í þinghléinu. Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag væri stigið varhugavert skref sem í sambærilegum tilvikum hefur langoftast leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Stjórnarhættir þeir sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu opna leið til áframhaldandi flokkspólitískra áhrifa og inngripa. Réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru samkvæmt frumvarpinu í uppnámi. Ekki er sennilegt að nefskatturinn sem ætlunin er að taka upp í stað útvarpsgjaldsins efli samstöðu meðal almennings um málefni Ríkisútvarpsins, einkum ef dagskrárframboð þess dregur áfram dám af hagsmunum auglýsenda og kostenda á svipaðan hátt og hjá markaðsstöðvunum.

Í þessu framhaldsnefndaráliti verður einkum fjallað um þá þætti málsins sem nefndin tók fyrir nú í þinghléinu en um afstöðu til málsins almennt umfram það sem að ofan er rakið og til einstakra annarra efnisatriða vísast í nefndarálit okkar fyrir 2. umr. og fylgiskjala þess.

Annar kaflinn í framhaldsnefndaráliti minni hlutans heitir Óvænt málalok í menntamálanefnd.

Afgreiðsla málsins úr nefndinni föstudaginn 12. janúar er hin fimmta frá því að málið var fyrst lagt fram á þarsíðasta þingi, og tvisvar hefur nefndin fengið málið til framhaldsmeðferðar eftir 2. umr. Hefur meiri hluti nefndarinnar í öll skiptin flutt breytingartillögur við frumvarpið. Má af því greina hvernig ástatt hefur verið um málatilbúnaðinn. Enn flytur meiri hlutinn breytingartillögu, annars vegar um gildistíma og hins vegar þarf á einum stað að lagfæra tilvísun í önnur lög. Sú tilvísun hefur verið vitlaus frá því í hittiðfyrra en það uppgötvaðist nú vegna árvekni ríkisskattstjóra og starfsmanna hans.

Nefndarstörf að málinu nú í þinghléi voru talsverð og gengu ágætlega fram á síðustu stund. Þá urðu þeir atburðir að minni hlutinn hlaut að greiða atkvæði gegn því að málið yrði afgreitt úr nefndinni þar sem nefndarmönnum hefði ekki gefist færi á að sinna rannsóknarskyldu sinni um mikilsverðan þátt málsins. Fréttablaðið skýrði frá því föstudaginn 5. janúar að allt árið 2006 hefði ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, haft málefni Ríkisútvarpsins til meðferðar og verið í bréflegum samskiptum við embættismenn fjármála- og menntamálaráðuneyta. Ráðuneytin höfðu neitað dagblaðinu um þau gögn sem þetta vörðuðu, og leituðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar eftir því síðdegis þennan dag að nefndinni yrðu afhent öll þessi gögn — á sama hátt og gert var eftir talsvert stapp fyrir réttu ári. Þá var því haldið fram af hálfu ráðuneytanna að samskiptin við ESA væru á lokastigi, og var nefndarmönnum því í haust grunlaust um frekari fréttir af samskiptum við ESA en þær sem áður voru kunnar og fram komu í nýja frumvarpinu. Formaður menntamálanefndar, sem ekki vissi meira um tilvist þessara gagna en aðrir nefndarmenn, brást skörulega við og útvegaði gögnin frá ráðuneytunum, samtals níu bréf, hið nýjasta dagsett 9. janúar 2007. Þessum bréfum var komið í hólf nefndarmanna um kl. 17.30 á miðvikudag og um leið boðaður fundur á fimmtudag kl. 14.15 með embættismönnum úr ráðuneytunum tveimur. Morguninn eftir var farið fram á það við formann nefndarinnar að þeim fundi yrði frestað þangað til nefndarmenn hefðu haft tíma til að kynna sér gögnin og bera þau undir samstarfsmenn sína. Ekki var á

það fallist og á fundinum neitaði formaður enn fremur að efna til fundar síðar um ESA-gögnin heldur tilkynnti að lokafundur um frumvarpið yrði haldinn í nefndinni á föstudag.

Formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar gripu þá til þess að leita ásjár forseta Alþingis með bréfi 11. janúar en forseti, sem þá var erlendis, hafnaði því með skilaboðum að beita sér fyrir því að skapa nefndarmönnum svigrúm til að kynna sér gögnin og ræða þau á nefndarfundi.

Minni hlutinn telur að hér hafi ekki verið farið fram með þinglegum hætti og greiddi því atkvæði gegn því að málið yrði afgreitt úr nefndinni. Háttsemi þingforseta, formanns menntamálanefndar og annarra fulltrúa stjórnarflokkanna í nefndinni í þessu máli, þar á meðal hv. þm. Kjartans Ólafssonar, er ekki samboðin virðingu þeirra sem kjörinna fulltrúa með sérstakt ábyrgðarhlutverk. Menntamálaráðherra ber þó meginsök og verður að skýra hvers vegna ekki var sagt frá þessum gögnum og þeim samskiptum sem þau lýsa við ESA. Hér er raunar um að ræða mál sem varðar samvinnu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það er að sjálfsögðu grafalvarlegt að ráðherra og embættismenn hans haldi upplýsingum frá þingnefnd sem rannsakar mál í umboði þjóðarinnar.

Formaður menntamálanefndar sem ekki vissi meira um tilvist þessara gagna en aðrir nefndarmenn brást skörulega við og útvegaði gögnin frá ráðuneytunum samtals 9 bréf hið nýjasta dagsett 9. janúar 2007. Þessum bréfum var komið í hólf nefndarmanna um kl. 17:30 á miðvikudag og um leið boðaður fundur á fimmtudag kl. 14:15 með embættismönnum úr ráðuneytunum tveimur. Morguninn eftir var farið fram á það við formann nefndarinnar að þeim fundi yrði frestað þangað til nefndarmenn hefðu haft tíma til að kynna sér gögnin og bera þau undir sérfróða samstarfsmenn. Ekki var á það fallist og á fundinum neitaði formaður enn fremur að efna til fundar síðar um ESA-gögnin heldur tilkynnti að lokafundur um frumvarpið yrði haldinn í nefndinni á föstudag. Formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar gripu þá til þess að leita ásjár forseta Alþingis með bréfi 11. janúar en forseti sem þá var erlendis hafnaði því með skilaboðum að beita sér fyrir því að skapa nefndarmönnum svigrúm til að kynna sér gögnin og ræða þau á nefndarfundi. Minni hlutinn telur að hér hafi ekki verið farið fram að þinglegum hætti og greiddi því atkvæði gegn því að málið yrði afgreitt úr nefndinni.

Næsti kafli nefndarálitsins ber heitið ESA-gögnin.

Gögnin sem fulltrúar í menntamálanefnd fengu í hendur 10. janúar lýsa samskiptum ESA og ráðuneytanna á árinu 2006 og í upphafi árs 2007, en ESA hefur óskað upplýsinga um rekstur og fjármögnun Ríkisútvarpsins og um fyrirhugaðar lagabreytingar nokkur undanfarin ár í kjölfar málarekstrar á hendur íslenska ríkinu vegna Ríkisútvarpsins.

Ljóst er að fyrirspurnir og athugasemdir ESA hafa haft talsverð áhrif á þróun frumvarpanna þriggja og Evrópureglur um almannaútvarp eru ein af nokkrum ástæðum fyrir því að ríkisstjórnin lagði af stað í þennan leiðangur. Það sætir furðu að menntamálaráðherra skuli hafa staðið svo að verki sem raun ber vitni við kynningu á samskiptunum við ESA. Meðal annars er rætur þjónustusamningsdraga sem fylgja frumvarpinu nú að rekja beint til fyrirspurna og athugasemda ESA frá árinu 2005 og til spurninga stjórnarandstæðinga um þjónustusamninginn á síðasta þingi. Þjónustusamningsdrögin sem kynnt voru í haust reyndust hins vegar svo óljós að fyrirspurnir ESA um ýmsa þætti héldu áfram allt árið 2006 og hafa verið í fullum gangi í vetur á sama tíma og Alþingi og menntamálanefnd þess ræða og rannsaka stjórnarfrumvarpið.

Embættismenn ESA hafa m.a. spurt um tilhögun eftirlits með almannahlutverki Ríkisútvarpsins og óskað sérstaklega eftir að vita um faglega hæfni ríkisendurskoðanda til að annast slíkt eftirlit. Þeir hafa einnig spurt grannt um aðskilnað í bókhaldi milli almannaþjónustuhluta starfseminnar og samkeppnishluta hennar sem m.a. varð til þess að tiltekið ákvæði var flutt í heilu lagi úr 3. gr. yfir í 4. gr. frá einni frumvarpsgerð til annarrar. Má telja líklegt að svör ráðuneytanna, breytingar í frumvarpstexta og framkomin þjónustusamningsdrög nægi ESA að þessu leyti. Óljósara er hvort svör og viðbrögð um eftirlit með auglýsinga- og kostunarsölu og hátterni Ríkisútvarpsins á þeim markaði hafa verið viðhlítandi. Þessi atriði hefur öll borið á góma í umfjöllun nefndarinnar. Það hefði hins vegar auðveldað starf nefndarinnar verulega að geta fylgst með samskiptum ráðuneytanna við ESA nokkurn veginn jafnóðum eins og eðlilegt hefði verið.

Mikilvægt atriði sem um er fjallað í síðari bréfaskiptum ESA við ráðuneytin hefur aldrei verið kynnt eða rætt í nefndinni og er ekki að finna í frumvarpinu eða fylgigögnum þess, svo sem þjónustusamningsdrögunum. Þetta eru reglur um mat sem fara þurfi fram áður en Ríkisútvarpið tekur upp nýja þjónustu á almannaútvarpssviði. Ex ante heitir það á lagalatínu.

Í síðasta bréfi ráðuneytanna til Brussel kynna þau ESA hugmyndir sínar að slíkum reglum, þá er átt við bréf frá 9. janúar 2007, sem skrifað var fyrir tæpri viku, þar sem m.a. er gert ráð fyrir sex mánaða fresti sem líða þurfi frá því að Ríkisútvarpið og menntamálaráðuneytið hafa kynnt þær og ákveðið af sinni hálfu hvort þær samrýmast ákvæðum laga eða þjónustusamnings. Í samræðum við fulltrúa menntamálaráðuneytisins á nefndarfundi 11. janúar kom í ljós að ekki hefur verið ákveðið með hvaða hætti þessar reglur verða settar, hvort þeim verður bætt við í þjónustusamningi, komið fyrir í reglugerð, sem skortir heimild til í frumvarpinu, eða útbúnar sem einhvers konar sérreglur frá ráðherra. Virðist þessi þáttur málsins ekki hafa uppgötvast í ráðuneytinu fyrr en eftir að síðasta RÚV-frumvarp var lagt fram í haust.

Ég ætla að bæta því við þennan kafla sem eðlilegt er að komi fram og lesa fyrir þingheim umfjöllun á minnisblaði sem við fengum frá menntamálaráðuneytinu um ESA-bréfin, sem barst okkur klukkutíma eftir að meiri hluti nefndarinnar hafði tekið frumvarpið út úr nefndinni.

Fyrirsögnin er: Fyrirframmat á upptöku nýrrar þjónustu og útvíkkun almannaþjónustuhlutverks RÚV. Megintextinn er þessi:

„Í bréfi fjármálaráðuneytisins til ESA, dagsettu 9. janúar síðastliðinn, er gerð grein fyrir því með hvaða hætti íslensk stjórnvöld hyggjast standa að svonefndu fyrirframmati áður en ákvörðun er tekin um upptöku nýrrar þjónustu innan skilgreiningar útvarpsþjónustu í almannaþágu, eins og

henni er lýst í 3. gr. frumvarpsins og 2. gr. þjónustusamnings.

Gerð er grein fyrir því að RÚV ohf. eða menntamálaráðuneytið kunni að hafa frumkvæði að því að óskað sé að nýrri þjónustu sé bætt við í þjónustusamninginn. Þá ósk ber að birta opinberlega með sex mánaða fyrirvara áður en fyrirhugað er að veita þjónustuna. Við mat á nýrri þjónustu ber að leggja mat á hvort

a) þjónustan falli innan undantekningar 2. mgr. 59 gr. EES-samningsins,

b) falli utan almannaþjónustuhlutverks RÚV eins og það er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins,

c) tekið sé tillit til viðeigandi markaða fyrir umrætt efni og fyrirhugaða miðlunaraðferð.

Matið er á höndum menntamálaráðuneytisins sem kallar á aðstoð sérfræðinga frá Samkeppniseftirlitinu, Póst- og fjarskiptastofnun og útvarpsréttarnefnd eftir því sem þörf krefur.

Í svari íslenskra stjórnvalda er matsferlinu lýst nánar þannig að lagt sé mat á menningarlega, lýðræðislega, félagslega þörf á hinni nýju þjónustu eins og slíkar þarfir eru skilgreindar samkvæmt 3. gr. frumvarpsins. Við matið skal jafnframt horfa til þess hversu margir notendur verði að umræddri þjónustu, kostnaði sem fylgir því að bjóða upp á hana" — þetta er lesið orðrétt — „og hversu frábrugðið hún sé frá þeirri almannaþjónustu sem RÚV býður þegar upp á.

Ráðuneytið mun jafnframt leggja mat á að hve miklu leyti hin nýja þjónusta feli í sér útvíkkun á fyrri almannaþjónustu og að hve miklu leyti sé um algerlega nýja þjónustu að ræða. Horft er til þess að niðurstöður matsins geti orðið þrenns konar:

A. Að þjónusta sem óskað er að taka upp falli þegar undir almannaþjónustuhlutverk RÚV eins og það er skilgreint í 2. gr. samningsins.

B. Að þjónustan falli utan samningsins en sé inna 3. gr. frumvarpsins eða

C. að fyrirhuguð þjónusta falli utan 3. gr. frumvarpsins.

Ef mat leiðir til niðurstöðu A þarf ekki að breyta samningnum, ef mat leiðir til niðurstöðu B er nægilegt að breyta samningnum og ef mat leiðir til niðurstöðu C er talið nauðsynlegt að breyta almannaþjónustuhlutverki RÚV eins og það er skilgreint í lögunum áður en hin nýja þjónusta er tekin upp.

Í framhaldi af framangreindu mati og fram komnum athugasemdum hagsmunaaðila og keppinauta RÚV er gert ráð fyrir því að ráðherra taki ákvörðun um hvort hin nýja þjónusta geti hafist eður eigi."

Þetta er ekki auðveldur texti, forseti, en þó þannig að það má komast í gegnum hann og ber að þakka fyrir að þessi texti skuli loksins liggja fyrir. Það eru einmitt textar af þessu tagi sem menntamálanefnd hefði þurft að fá reglulega um þessi samskipti ásamt bréfunum. Ef svo hefði verið hefðum við t.d. getað tekið fyrir þennan þátt málsins sem, eins og ég sagði áðan, er algerlega nýr fyrir menntamálanefndarmönnum, einnig hv. formanni menntamálanefndar sem hér situr og fylgist með af mikilli athygli.

Það er athyglisvert við þennan texta að þar eru lagðar til grundvallar skilgreiningar 3. gr. sem eru, eins og hefur verið rakið í öllum fyrri sex umferðum, afar losaralegar þó að þeim hafi heldur fækkað með árunum og spanna nánast allt það efni og allt dagskrárframboð sem eru einasta sjónvarpi íslensku en fyrst og fremst bið ég menn að taka eftir því að með þessum reglum hefur þjónustusamningurinn öðlast glænýtt hlutverk sem ekki er getið um á neinn hátt í lagaákvæðum um hann, sem fóru inn í fyrra eftir kröfur frá ESA og ábendingar frá stjórnarandstæðingum í menntamálanefnd og eru svona síðast í 3. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu ohf. ber að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur skv. 2. mgr. um útvarpsþjónustu í almannaþágu."

Staða þjónustusamningsins er ekki skýrð nánar í athugasemdum með frumvarpinu. Þar eru aðallega tínd til þau rök sem hluti menntamálanefndar hafði fyrir honum í nefndaráliti sínu sem voru bara ágæt. Þar segir að hann eigi að tryggja frekar, eins og það er orðað, eftirlit Ríkisendurskoðunar við endurskoðun og eftirlit með fjárreiðum Ríkisútvarpsins og að með þjónustusamningnum sé endanlega tryggt að komið verði til móts við athugasemdir erlendra eftirlitsstofnana um gagnsæi almannaþjónustuhlutverks Ríkisútvarpsins, eins og það er orðað og að samningurinn hjálpaði stjórninni, þ.e. stjórn Ríkisútvarpsins ohf. að gera grein fyrir því í ársskýrslu hvernig skyldum um útvarp í almannaþágu hefði verið sinnt.

Ekkert umfram þetta er að finna um formlegt innihald þjónustusamningsins, ekkert um formlegt innihald hans eða gildi hans. Ákvæðið um þjónustusamninginn virðist ekkert frekar hafa verið íhugað í ráðuneytinu frá því að meiri hluti menntamálanefndar lagði til að breytingartillaga þess efnis yrði samþykkt í þinginu. En þjónustusamningurinn virðist hafa orðið eins konar redding þegar ESA loksins spurði og knúði á um fyrir fram matsreglurnar, um ex ante-regluverkið.

Það vekur athygli að menntamálaráðherra skuli ekki hafa ætlað að segja frá þessum reglum opinberlega meðan frumvarpið er til umfjöllunar í þinginu og meðal þjóðarinnar. Þessi reglusetning, nýja reglusetning, setur í algerlega nýtt ljós bæði skilgreiningar í 3. gr. frumvarpsins um almannaþjónustuna og þjónustusamninginn sem gerður skal samkvæmt henni. Hingað til hefur þjónustusamningurinn — og þetta er mikilvægt — verið kynntur sem sáttmáli um lágmark þeirrar almannaþjónustu sem Ríkisútvarpinu er skylt að veita. Þegar nýja ex ante-regluverkið er sett í samband kemur í ljós að Ríkisútvarpinu er óheimilt að auka þjónustuna á ákveðnum sviðum, almannaþjónustuna, umfram ákvæði þjónustusamningsins. Í þjónustusamningnum felst því þvert á móti hámark þeirrar almannaþjónustu sem veitt skal. Eðlilegt er í framhaldi af þessu að endurskoða nú rækilega ákvæðin í 3. gr. frumvarpsins og íhuga enn fremur vandlega stöðu þjónustusamningsins. Úr því að um hámark er að ræða þarf allt önnur vinnubrögð, faglegri og lýðræðislegri, við gerð samningsins og samþykkt hans, bæði af hálfu ríkisvaldsins og Ríkisútvarpsins en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Hér kemur fram, forseti, að menntamálanefnd hafi beðið um það minnisblað frá menntamálaráðuneytinu sem ég las áðan, þar sem væri farið skipulega yfir efni bréfanna og

segir frá því hvenær það barst. Síðan segir:

Í því kemur fram, sem einnig var sagt frá á fundi nefndarinnar með embættismönnunum, að innan skamms væri von eins konar lokabréfs frá ESA (17.2-bréf á tæknimáli), — sem ég veit að hv. þm. Kjartan Ólafsson skilur vel af því hann stendur í miklum samskiptum ásamt mér við Eftirlitsstofnun EFTA — þar sem „dregnar væru saman athugasemdir ESA og ábendingar um úrræði sem væru til þess fallin að uppfylla kröfur reglna um ríkisstyrki á sviði útvarpsþjónustu í almannaþágu", eins og þar segir, með leyfi forseta. Að sögn embættismannanna var góð von til þess að ráðuneytin gætu svarað þessu bréfi á fullnægjandi hátt og mundi málinu þá lokið að sinni. Undarlegt má heita að ekki skuli eytt vafa um afstöðu ESA og beðið eftir 17.2-bréfinu áður en úrslit þessa langdregna þingmáls ráðast á Alþingi.

Þetta, forseti, var umræðuefni mitt í umræðum áðan, um fundarstjórn forseta. Ég beini því enn til forseta að íhuga það að samskiptunum við ESA er ekki lokið. Það er ekki uppáfynding okkar í stjórnarandstöðunni eða minni hlutans í menntamálanefnd að þar standi út af, heldur er það beinlínis ábending frá embættismönnum ráðuneytanna til nefndarinnar. Það er algjörlega óskiljanlegt fyrst að það er þannig að vonir þeirra standa til að í þessu lokabréfi, 17.2-bréfinu, verði blessað og signt yfir það frumvarp sem hér er á ferðinni, að stjórnarliðar skuli ekki treysta sér til og hæstv. menntamálaráðherra að bíða ósköp einfaldlega eftir þessu bréfi.

Næsti kafli í framhaldsnefndarálitinu heitir Staða Ríkisútvarpsins gagnvart samkeppnisrétti og Evrópurétti og er meginkafli nefndarálitsins, bæði að lengd og efni.

Umsögn Samkeppniseftirlitsins um ríkisútvarpsfrumvarpið hefur vakið verulega athygli, og vegna ýmissa álitamála í tengslum við hana, umsögn Samkeppniseftirlitsins, var forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Páll Gunnar Pálsson, fenginn aftur til fundar við nefndina ásamt aðstoðarforstjóranum, Guðmundi Sigurðssyni. Í umsögninni er m.a. fjallað um stöðuna á auglýsinga- og kostunarmarkaði. Að lokum hennar segir að til að „koma í veg fyrir þá samkeppnislegu mismunun sem af því leiðir að Ríkisútvarpið starfi áfram á markaði fyrir birtingu auglýsinga og á markaði fyrir kostun í frjálsri samkeppni við aðra aðila jafnframt því að hafa tekjur af skattfé til að inna af hendi skilgreinda útvarpsþjónustu í almannaþágu" komi tvennt til greina, annaðhvort hverfi Ríkisútvarpið með öllu af þeim markaði eða stofnaðar verði sérstakar útvarpsstöðvar á vegum ríkisins eða Ríkisútvarpsins til að keppa á þeim markaði, og séu þær þá reknar án nokkurs ríkisstyrks.

Í umsögninni er tekið fram að Samkeppniseftirlitið taki ekki afstöðu til þess hvort fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sé í samræmi við reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð. Það sé annarra, sagði forstjórinn, Eftirlitsstofnunar EFTA og síðan dómstóla. Í umsögninni er miðað við íslensk samkeppnislög sem þó standa á evrópskum grunni. Forstjórinn sagði að löggjafinn gæti vikið til hliðar markmiðum samkeppnislaga með sérlögum og þar með þrengt möguleika Samkeppniseftirlitsins til afskipta af málum, en það væri hins vegar skylda stofnunarinnar að fylgjast með þessum markaði og gera ráðstafanir í samræmi við markmið samkeppnislaga, eins og hann orðar það afar hæversklega.

Hér verður að bæta því við utan nefndarálits að hugtakið sérlög er ekki alveg einfalt fyrirbrigði. Til dæmis hefur verið spurt um það nú undanfarna daga, síðast í ræðustól þingsins í umræðunum áðan, hvort í svokölluðum sérlögum þurfi ekki sérstök undantekningarákvæði frá hinum almennu lögum eins og við höfum mörg dæmi um, jafnvel við sem ekki höfum mikla reynslu af umfjöllun af því að eiga við lög eða setja þau. En hér er ekkert slíkt á ferð. Þess vegna kynni þetta að verða umfjöllunarefni íslenskra dómstóla síðar meir og jafnvel hinna erlendu líka, eða hinna alþjóðlegu.

Um þetta efni segir ritstjóri Fréttablaðsins, Þorsteinn Pálsson — sem einnig var vitnað til í umræðunum áðan og nokkrir kannast ágætlega við á þessum vinnustað vegna þess að hann var einu sinni einn af hinum 63 kjörnu fulltrúum og reyndar formaður stærsta stjórnmálaflokksins sem þá var og er enn um sinn — í leiðara í blaði sínu í gær, með leyfi forseta:

„Engin ákvæði frumvarpsins um Ríkisútvarpið ohf. víkja samkeppnislögum til hliðar með berum orðum eins og til að mynda er raunin varðandi sérlög um ákveðna þætti búvöruframleiðslunnar. Því er ekki unnt að staðhæfa" — þ.e. væntanlega eins og fulltrúar stjórnarflokkanna gera — „að álit Samkeppniseftirlitsins hafi ekkert gildi."

Í sama blaði er í dag viðtal við annan lögfræðing, Ástráð Haraldsson, sem ég þekki af góðu einu, um ríkisútvarpsfrumvarpið. Um þetta atriði segir svo í viðtalinu við Ástráð, með leyfi forseta enn á ný. Nú er það blaðamaður sem hefur orðið í upphafi.

„Fram hefur komið að forstjóri Samkeppniseftirlitsins telur ákvæði frumvarpsins um Ríkisútvarpið stangast á við samkeppnislög. Talsmenn stjórnarflokkanna í menntamálanefnd hafa svarað því til að í raun skipti það ekki máli þar sem sérlög gangi framar almennum lögum. Með öðrum orðum nái samkeppnislög ekki til Ríkisútvarpsins. Ástráður hefur efasemdir um þennan lagaskilning og telur raunar að samkeppnisreglurnar séu með vissum hætti tengdar grunngerð samfélagsins. Þeim verði því ekki svo auðveldlega vikið til hliðar. „Það eru því veruleg áhöld um að hve miklu leyti hægt er að undanþiggja tiltekna starfsemi þessum reglum og að minnsta kosti verður það aldrei gert nema með því að segja það berum orðum."" Þetta er niðurstaða Ástráðs Haraldssonar. Ég endurtek, með leyfi forseta:

„... að minnsta kosti verður það aldrei gert nema með því að segja það berum orðum."

Þau beru orð vantar í frumvarpið. Það eru því gallar á þeirri staðhæfingu, m.a. formanns menntamálanefndar, að hér skipti samkeppnislögin engu máli þar sem sérlög sem verði úr þessu frumvarpi geti vikið ákvæðum þeirra gjörsamlega til hliðar.

Mig skortir satt að segja þekkingu til að andæfa þessum lögfróðu mönnum. En auðvitað væri fróðlegt að heyra svör annarra lögfræðinga, t.d. lögfræðingsins Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem nú er hæstv. menntamálaráðherra, og lögfræðingsins hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, sem nú er formaður menntamálanefndar, við þessum rökum hinna lögfróðu manna.

Þetta mál allt verður líka að skoða með tilliti til þess

sem næst er fjallað um í nefndarálitinu. En þar segir svo:

Fram kom hjá forstjóranum að öll takmörkun sem minnki þá samkeppnislegu mismunum sem af frumvarpinu sprettur væri til bóta. Hugsanlega gæti löggjafinn fundið leið í þessu efni sem ekki ylli Samkeppniseftirlitinu áhyggjum.

Hér er ekki mikið sagt vegna þess að okkur ber að fara varlega sem stöndum að nefndarálitum þegar við fjöllum um samræður á nefndarfundunum. En hér er í raun vísað til orðaskipta minna og forstjóra Samkeppniseftirlitsins út frá lagatextanum í samkeppnislögum um óhæfilega hindrun eða takmörkun á samkeppni, þar sem við ræddum um hvaða þýðingu orðið óhæfileg hefði í þessu samhengi. Og hvort hugsanlegt væri að Ríkisútvarpið gæti haft einhverjar tekjur af auglýsingum og kostun þrátt fyrir þá niðurstöðu sem Samkeppniseftirlitið kemst að í umsögn sinni.

En við samfylkingarmenn höfum, eins og ég lýsti áðan, talað um ákveðnar reglur um þetta og lagt fram til umræðunnar tillögu um 15–20% af heildartekjum Ríkisútvarpsins, að það gæti komið af auglýsingamarkaði og kostunar í sæmilegri sátt við aðra aðila á þeim markaði.

Forstjórinn sagði þá þetta sem lýst er í nefndarálitinu að öll takmörkun, þ.e. takmörkun á óheftri þátttöku Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, sem minnki þá samkeppnislegu mismunun sem af frumvarpinu sprettur væri til bóta. Þetta er auðvitað óbein ræða og við berum ábyrgð á því hversu rétt er með farið. Ég held að forstjóranum sé ekki gert rangt til með þessari tilvitnun.

Löggjafinn gæti hugsanlega fundið leið í þessu efni sem ekki ylli Samkeppniseftirlitinu áhyggjum. Ég skil þetta svo að takmörkuð þátttaka Ríkisútvarpsins á þessum markaði kynni að vera flokkuð þannig að hún slyppi undan óhæfilega ákvæðinu, sem svo mætti kalla, á ekki ósvipaðan hátt og ESB tekst að tala um að almannaútvarp megi ekki standa í samkeppni á auglýsingamarkaði og skyldum markaði „að því marki sem er ósamrýmanlegt hagsmunum bandalagsins“ eins og það er orðað með hulduhrútsorðfæri sem þeim er tamt í Brussel, en á þetta orðalag er drepið síðar í nefndarálitinu.

Ég ætla ekki að búa til neins konar afstöðu úr þessum orðum fyrir forstjóra Samkeppniseftirlitsins. En þetta er auðvitað mikilvægt því í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar er ekki gert ráð fyrir neins konar takmörkun að þessu leyti. Breytingartillögur meiri hlutans fyrir jólin skipta nánast engu máli. Vissulega var afstaðan fengin fram með þeim takmörkun á auglýsingum á netinu, á vefsíðu Ríkisútvarpsins. En það er auðvitað sama staða og hefur verið undanfarið eftir kæru fyrirtækisins tunga.is frá 2003 eða 2004. Þegar sú kæra kom fram voru auglýsingar rétt nýhafnar á vefsíðunni. Það hefur því aldrei í raun verið við lýði hér á landi.

Hitt er svo nánast hlægilegt sem fólst í annarri breytingartillögu þeirra um að kostunin skuli vera ákveðið hlutfall af breytilegum auglýsingatekjum. Mætti flytja um það langt mál, eins og ég gerði reyndar við 2. umr. og læt hugsanlega eftir mér að gera síðar í þessari umræðu.

Í nefndarálitinu er þetta haft eftir forstjóra Samkeppniseftirlitsins og síðan heldur það áfram með því að enn er vitnað óbeint í þann forstjóra:

Hvað sem því liði mundi Samkeppniseftirlitið fylgjast með rekstri Ríkisútvarpsins með hliðsjón af 11. gr. samkeppnislaga um markaðsráðandi stöðu, 14. gr. þeirra um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrar og almannarekstrar og 16. gr. um skaðleg áhrif opinberra fyrirtækja í samkeppni og kynni að taka afstöðu í ljósi þessara greina til tiltekinna mála.

Engin tæpitunga er töluð í þessari umsögn. Forstjórinn talar þó varlega um hugsanleg afskipti Samkeppniseftirlitsins af fyrirhuguðu ríkisútvarpshlutafélagi, enda er það ekki háttur þeirrar eftirlitsstofnunar að tilkynna fyrir fram um afskipti sín eða svara spurningum í skildagatíð. Rétt er að hafa í huga að í bréfi ráðuneytanna til ESA 9. janúar sl. er þess sérstaklega getið að Samkeppniseftirlitið eigi að fylgjast með atferli Ríkisútvarpsins ohf. á samkeppnismarkaði og í þessu bréfi er þess ekki getið að samkeppnismarkaður auglýsinga og kostunar sé þar undanskilinn.

Þáttur Samkeppniseftirlitsins í málinu lýsir vel þeirri óvissu sem ríkir um stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart innlendum samkeppnisrétti og gagnvart Evrópurétti. Við umfjöllun um þetta mál í vetur hafa stjórnarandstæðingar í menntamálanefnd því lagt áherslu á að fá til fundar óháða sérfræðinga á þessu sviði. Það hefur gengið illa, og koma ástæðurnar ágætlega fram í svari eins þeirra sem beðinn var um að aðstoða nefndina, Stefáns Geirs Þórissonar lögfræðings, en beiðninni til hans fylgdi að hans ósk stutt lýsing þeirra álitamála sem uppi eru. Í svarinu segir þetta:

„Spurningarnar sem varpað er fram snúast um grundvallaratriði á einhverjum flóknustu og vandmeðförnustu sviðum réttarins, þ.e. samkeppnisrétti og Evrópurétti. Til að geta svarað spurningum af því tagi sem varpað er fram í erindi þínu [þ.e. nefndarritara] af einhverju viti þarf jafnvel sérfræðingur á þessum réttarsviðum að leggjast í verulega rannsóknarvinnu. Þar sem ég hef yfirdrifið að gera í starfi mínu sem lögmaður sé ég ekki fram á að geta innt þá vinnu sem þarf af hendi í sjálfboðavinnu, en ég geri, af fyrri reynslu, ekki ráð fyrir að þingið muni greiða fyrir vinnu við undirbúning fyrir slíkan fund hjá nefndinni.“

Þetta svar lýsir reyndar ágætlega erfiðri stöðu þingnefndar í flóknu máli þar sem samvinna við sérfræðinga á vegum framkvæmdarvaldsins er með þeim hætti sem áður greinir.

Ekki skal þó vanmetin heimsókn Ólafs E. Friðrikssonar, lögfræðings og fyrrverandi blaðamanns, sem skrifaði í fyrra, vorið 2006, fróðlega námsritgerð við Háskólann í Reykjavík um ríkismiðla á evrópskum samkeppnismarkaði. Ritgerðin heitir „Ríkisreknir fjölmiðlar á samkeppnismarkaði. Réttarreglur og dómafordæmi Evrópuréttar um ríkisstyrki til sjónvarpsstöðva“. Í ritgerð Ólafs er skilmerkilega lýst tilraunum ríkisstjórna í ESB og framkvæmdastjórnarinnar til að veita ríkisreknum almannaútvarpsstöðvum svigrúm til starfa á menningarlegum, félagslegum og lýðræðislegum forsendum þrátt fyrir strangar reglur sambandsins gegn mismunun á markaði. Ríkisútvarpsstöðvar um alla álfuna urðu illa úti í miklum málaferlum sem hófust á níunda áratugnum, og leiddi þessi þróun sem kunnugt er til þess að Rómarsáttmálanum var breytt með bókun sem kennd er við Amsterdamborg og tók gildi árið 1999. Ríkjunum er gert heimilt og sjálfsagt að styðja almannaútvarp en þó þannig

að almannaútvarpsstöðin uppfylli ákveðna fyrirframskilgreinda þjónustukvöð og með þeim hætti að ríkisstuðningurinn og rekstur almannaútvarpsins hafi eins lítil áhrif á samkeppni og viðskiptakjör og unnt er, að því marki sem andstætt sé almannahagsmunum, eins og það er orðað. Þessari ákvörðun var almennt fagnað meðal unnenda almannaútvarps sem afdráttarlausum stuðningi innan Evrópusambandsins við rekstur almannaútvarps. Á hinn bóginn var ljóst að með hinni nýju skipan voru gerðar verulegar kröfur til þess að ríkisútvörp eða ríkisstyrktir ljósvakamiðlar sinntu í raun almannaþjónustu, í nokkuð víðri skilgreiningu sem eðlilegt er – en ekki öðru en almannaþjónustu fyrir þann styrk sem ríkisvaldið legði þeim til. Þá var ákveðið að heimila tekjuöflun með auglýsingum og nú kem ég, forseti, að þeirri umfjöllun sem ég boðaði áðan og tilvitnun hefst:

„svo fremi það hefur ekki áhrif á samkeppni á viðeigandi mörkuðum (t.d. auglýsingar, öflun og/eða sala á dagskrárefni) að því marki sem er ósamrýmanlegt hagsmunum bandalagsins", en þessi tilvitnun er úr orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar sem einkennd er með stöfunum OJ og safnmarkinu ef þetta væri safn C17/4 frá 19. janúar 2001 og má sjá í íslenskri þýðingu Ólafs E. Friðrikssonar í ritgerð hans á bls. 22. Ljóst ætti að vera af þessari stuttu lýsingu að fjölmörg matsatriði standa eftir og er enn þá verið að útfæra þessi meginmarkmið innan Evrópusambandsins svo sem við þekkjum frá athugasemdum og leiðbeiningum frá ESA um Ríkisútvarpið.

Síðan Amsterdam-bókunin gekk í gildi er hafinn nýr málarekstur sem enn er ekki kominn fyrir ESB-dómstólinn, og er því engan veginn víst hvaða reglur gilda í raun og veru um ríkisútvarpsrekstur innan Evrópusambandsins og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hér er áður komið fram að enn vantar á að ESA hafi gengið úr skugga um að formsatriði samkvæmt nýjasta RÚV-frumvarpinu og fylgigögnum þess fullnægi Evrópukröfum. Hitt er þegar ljóst að með frumvarpinu er tekin veruleg áhætta gagnvart málaferlum á grunni Evrópureglna. Líklegt er að fyrir dómstólum yrði þetta m.a. athugað:

1. Hvernig sinnir Ríkisútvarpið almannaþjónustuhlutverki sínu? Starfar það samkvæmt of víðri skilgreiningu á almannaþjónustu þannig að starfsemi þess þrengi að möguleikum annarra á ljósvakavettvangi?

2. Hver er þátttaka Ríkisútvarpsins á markaði auglýsinga og kostunar? Er um að ræða grimmilega samkeppni við keppinautana — og byggist hún á sölu auglýsinga og kostunar í tengslum við dagskrárefni sem fellur illa að almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins?

3. Hvert er svigrúm Ríkisútvarpsins til athafna og viðskipta sem lítt eða ekki tengjast almannaútvarpshlutverki þess? Stofnar það til útsendinga á samkeppnisrásum til að afla auglýsingatekna? Vinnur það gegn öðrum ljósvakastöðvum umfram það sem eðlilegt getur talist við rekstur almannaútvarps, ef til vill gegn einhverri tiltekinni stöð?

4. Hvert er rekstrarform Ríkisútvarpsins? Hefur það að formi til sérstöðu sem hæfir hlutverki þess sem almannaútvarps eða er því valið rekstrarform sem einkum miðast við hefðbundinn samkeppnisrekstur á markaði? Er hætta á að Ríkisútvarpið hf. eða ohf. notfæri sér ávinning hlutafélagsformsins án þess að sæta þeim samkeppnisreglum sem keppinautar í öðrum hlutafélögum verða að gangast undir?

Fulltrúar minni hlutans í menntamálanefnd telja nokkuð ljóst að í frumvarpinu og fylgigögnum þess sé engan veginn búið þannig um hnútana að nýja ohf.-ið standist þetta próf í þessum fjórum liðum – þrátt fyrir margvíslegar ábendingar frá Eftirlitsstofnun EFTA, frá forstöðumönnum markaðsstöðvanna innan lands, frá fræðimönnum og fjölmiðlamönnum og frá stjórnarandstöðunni á Alþingi, bæði í störfum nefndarinnar og í umræðunum sex sem þegar hafa farið fram um RÚV-frumvörp ríkisstjórnarinnar og er þessi hin sjöunda.

Við blasir sú hætta að hin fyrirhugaða skipan standist ekki samkvæmt Evrópurétti, að málaferli leiði til þess að allt þetta mál þurfi að taka upp að nýju. Í stað þess að standa vörð um þjóðarútvarpið með því að skilgreina rækilega almannaþjónustu þess og leggja á ráðin um skynsamlega hlutdeild þess á auglýsingamarkaði er Ríkisútvarpinu stefnt í áhættu af nýjum málaferlum. Ef til vill er það einmitt eitt af markmiðum ýmissa sjálfstæðisflokksmanna því áframhaldandi deilur við, markaðsstöðvarnar íslensku og slæm útreið fyrir Evrópudómstóli gæti auðvitað styrkt þá sem vilja selja Ríkisútvarpið eða leggja það af með öðrum hætti.

Forseti. Ég bæti við að lokum þessa kafla í nefndarálitinu niðurstöðu lögfræðinganna tveggja sem ég vitnaði til áðan um þennan þátt. Þorsteinn Pálsson segir þannig í leiðara sínum um þetta, með leyfi forseta:

„Kröfum samkeppnislaga og skuldbindinga gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu hefur því ekki verið svarað með fullnægjandi hætti. Það eru þessi atriði sem setja starfsumhverfi Ríkisútvarpsins í uppnám nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga."

Viðtalið við Ástráð Haraldsson sem áður var minnst á ber fyrirsögnina „Ríkisútvarpið ohf. verður vopnlaust gagnvart kærum". Þar segir Ástráður um ætlaðan aðskilnað samkeppnis- og einkarekstrar, sem lesa má um í 3. og 4. grein frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu segir að skilja skuli að fjárreiður þeirrar starfsemi sem skilgreind er sem útvarpsþjónusta í almannaþágu og þeirrar sem telst samkeppnisrekstur. Í því felst að tekjur sem fást með afnotagjöldum eða nefskatti og ætlaðar eru til útvarps í almannaþágu má ekki nota til að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi.

Ástráður segir hugsunina rétta en telur erfitt að sýna fram á að sá hluti rekstrarins sem ekki á að njóta ríkisframlags geri það ekki."

Hér tekur Ástráður til máls í frétt Fréttablaðsins:

„Þegar Ríkisútvarpið hefur verið leitt út á eyðihjarn einkarekstrar virðast mér menn vera býsna vopnlausir gagnvart gagn- og samkeppnisaðilum sem mundu kæra til Evrópustofnana. Ég álít að það verði mjög erfitt að verjast slíkum samkeppniskærum."

Fréttin heldur áfram:

„Að mati Ástráðs er ekki nóg að segja í lögum að halda skuli fjárreiðum aðskildum. Með tilliti til lagarammans og aðstöðu Ríkisútvarpsins sé ákvæðið í raun óframkvæmanlegt."

Nú talar Ástráður aftur í fréttinni:

„Þess vegna óttast ég, af því að mér finnst vænt um Ríkisútvarpið og vil viðhalda því, að þetta verði upphafið að endalokum þess í þeirri mynd sem við þekkjum það."

Ég vitna hér til þessara lögfræðinga ekki vegna þess að lögfræðingar séu einu sérfræðingarnir um þetta mál eða vegna þess að við eigum að taka meira mark á lögfræðingum en öðru fólki þó að þessir tveir standi fullkomlega fyrir sínu. Málið er flókið og viðamikið og teygir sig um mörg fræðasvið og um allt samfélagið eins og ég rakti hér í upphafi þó að það sé í grunninn einföld pólitísk spurning um tilvist almannaútvarps, já eða nei. Ég vitna til þessara tveggja lögfræðinga vegna þess að hér er komið að hinu fullkomna sérsviði lögfræðinganna, málarekstrinum sem líklegur er í framhaldi af samþykkt þessa frumvarps. Niðurstaða mín af hugleiðingum þeirra, af samræðunum við Ólaf E. Friðriksson, af lestri ritgerðar hans og af því efni öðru sem ég hef náð að kynna mér um Evrópurétt og samkeppnisrétt og um þróun ríkisútvarpsmálanna innan Evrópusambandsins er sú að hér ríki meiri óvissa en svo að við verði unað í lagasetningu um framtíð Ríkisútvarpsins sem er ein af þjóðareignum okkar, sem er menningarlegur dýrgripur okkar allt frá stofnun sinni fyrir bráðum 77 árum á þjóðhátíðarárinu 1930, stofnunar sem þegar hefur lifað heilan mannsaldur í landinu, haft áhrif á alla Íslendinga, er eitt af kennimerkjum þeirra, er partur af sjálfsmynd þeirra og hluti af samkennd þjóðarinnar.

Ég má ekki gleyma því hér að blálokum þessa kafla sem e.t.v. hefði átt heima í nefndarálitinu en rifjaðist upp fyrir mér þegar ég var að fara yfir einmitt þennan vitnisburð lögfræðinganna tveggja og varðar heimsókn Ólafs E. Friðrikssonar til okkar en þar benti hann sérstaklega á að 4. gr. frumvarpsins sé óvarlega víðtæk. Enn skrýtnara orðalag en í 4. gr. fann Ólafur svo í athugasemdum við 4. gr. í þessu þingmáli. Til að geta gert okkur grein fyrir þessu þarf ég að lesa hluta af athugasemdunum um 4. gr. sem fjallar — af því að menn þekkja nú ekki allir greinatölurnar í frumvarpinu — um annan rekstur en þann sem er á almannaútvarpsviði eða um samkeppnisreksturinn svokallaða. Fyrsti hluti athugasemdanna um 4. gr. er svona:

„Ákvæði 4. gr. er nýmæli. Í 1. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um heimild til handa Ríkisútvarpinu ohf. til þess að standa að annarri starfsemi sem tengist aðalstarfsemi fyrirtækisins. Getur félagið gert þetta hvort sem er innan eigin vébanda eða með því að standa að öðrum fyrirtækjum í þessu skyni sem félagið á eitt eða með öðrum aðilum. Undir ákvæði þessarar greinar fellur m.a. hvers konar nýsköpunarstarf" — ég endurtek: hvers konar nýsköpunarstarf — „sem ekki fellur undir skilgreiningu 3. gr. um útvarp í almannaþágu. Þótt aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins ohf. sé útvarp í almannaþágu er sú krafa í vaxandi mæli gerð til fyrirtækja, sem reka útvarp af því tagi, að þau séu sem best rekin, veiti öðrum útvarpsstöðvum á markaðnum samkeppni og aðhald og skili jafnvel hagnaði. Þess vegna er nauðsynlegt að veita Ríkisútvarpinu ohf. heimild til að reka starfsemi sem ekki fellur undir skilgreiningu 3. gr. en með fjárhagslegum aðskilnaði frá hinni hefðbundnu starfsemi Ríkisútvarpsins ohf., sbr. 5. gr."

Hér er rætt um nýsköpunarstarf og um það sem sérstakt hlutverk RÚV að veita öðrum fyrirtækjum á markaðnum ekki bara aðhald, sem ég er í sjálfu sér sammála, heldur líka beina samkeppni. Það er jafnvel talið sérstaklega æskilegt að RÚV skili hagnaði. Það er nefnt sem vaxandi krafa og í þeim búningi að það sé alþjóðleg krafa, ein af þessum kröfum sem enginn kemst hjá að taka undir af því að annað er ekki nógu smart.

Um þetta sagði Ólafur E. Friðriksson að hann hafi ekki skilið reglur Evrópuréttarins á þessa leið og hann taldi að hér væri sennilega um grundvallarmisskilning að ræða. Ólafur gerði þá tillögu að um viðbót við lagagreinina um samkeppnisreksturinn, aðra starfsemi, yrði það tiltekið að sú starfsemi tengdist almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins. Það stendur ekki í núverandi 4. gr. frumvarpsins heldur það eitt að önnur starfsemi skuli tengjast starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu þess, starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti.

Ólafur gerir þetta ekki að tillögu sinni út af engu heldur vegna þess að þetta mundi þó a.m.k. tryggja örlítið skárra samhengi við Evrópuréttinn en nú er. Í raun þyrfti betra og ákveðnara orðalag til þess að stilla þetta rétt af, talað er um bein tengsl eða skýrt samhengi sem tæki til þess sem menn eru nokkuð sammála um að Ríkisútvarpið eigi að gera samkvæmt þessum lið, það geti t.d. stofnað fyrirtæki um leikmyndir og búninga eins og útvarpsstjóri hefur ýjað að, að fyrirtækið geti selt framleiðslu eins og Stiklur Ómars, eða annað fínt efni, og haft af því tekjur í samkeppni, sem væri heiðarleg, við aðra framleiðendur á slíku efni, samkeppni sem t.d. gerði ráð fyrir því umfram það sem nú er að sá samkeppnishluti Ríkisútvarpsins, á hátíðlegu máli, sú deild þess sem sæi um að selja myndböndin borgaði fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu í þeirri samkeppni sem sú deild stendur í við aðra myndbandaframleiðendur, bókaframleiðendur o.s.frv.

Þessi grein getur líka með þessum tengslum innifalið í sér þátttöku Ríkisútvarpsins í vænlegum kvikmyndaverkefnum sem margir vilja sjá að Ríkisútvarpið geti, ef það vill, lagt áhættufé í kvikmyndaverkefni sem geta riðið baggamuninn fyrir framleiðendur og tryggt Ríkisútvarpinu ákveðinn rétt til sýninga. Ég hygg að þetta sé eðlilega innan þeirrar starfsemi sem við tölum um hér en ekki það sem stendur utan um hana. Ekki t.d. þess sem ég spurði um á nefndarfundum í fyrra, ég spurði þá fulltrúa menntamálaráðuneytisins og/eða, liggur mér við að segja, a.m.k. annan af frumvarpshöfundum, Sigurbjörn Magnússon, hvort Ríkisútvarpið gæti með þessari grein stofnað útvarpsstöð sem færi í samkeppni við stöðvar á almenna markaðnum með dagskrárframboði sem miðaðist við hagsmuni auglýsenda og kostenda. Hann játaði því, að það væri ekkert því til fyrirstöðu að gera það og það skýrðist sterklega af því að meiri hluti nefndarinnar setti þá um vorið inn þá breytingartillögu að Ríkisútvarpið mætti að sönnu ekki stofna slíka ljósvakastöð með öðrum, Ríkisútvarpið mætti ekki stofna til útvarpssendinga með öðrum til þess að koma í veg fyrir að Ríkisútvarpið væri með bein afskipti af samkeppni á markaðnum í þeim stíl að taka saman við einn og berjast gegn öðrum. Þessi grein hefði varla verið sett svona inn nema vegna þess að meiri hlutinn túlkar þessi ákvæði frumvarpsins þannig að ríkisstjórninni sé einni sér heimilt að stofna

slíka stöð.

Þá er kannski kominn tími til að líta til danskrar sjónvarpsstöðvar sem heitir TV2 en það var ríkisstöð sem fór mikinn, átti ýmsar dótturstöðvar og starfaði með átta svæðisstöðvum, held ég. Til að gera langa sögu stutta var þessi stöð úrskurðuð árið 2002 í miklar sektir vegna þess að hún hefði misnotað heimild sína til að þiggja ríkisframlag meira en góðu hófi gegndi. Vissulega var sú stöð þannig að þar var eiginlega allt að, það voru ekki bara hinar sérstöku undirstöðvar sem þurfti að fást við og svæðisstöðvarnar heldur var ríkisframlagið miklu meira en þeir gátu nokkurn tíma gert grein fyrir. En þetta var auðvitað líka í tengslum við það að hér var um auglýsingastöð að ræða sem var þess vegna í miklu beinni samkeppni við stöðvarnar á almenna markaðnum en gamla, góða ríkisútvarpið í Danmörku sem heitir í hljóðvarpi og sjónvarpi DR.

Þetta dæmi þarf að íhuga og hefði verið fróðlegt að sjá þessa getið í athugasemdum við frumvarpið og í framsöguræðum um það. Það var þó ekki gert en við höfum í 4. gr. opna leið til þess að búa til íslenskt TV2 eða einhvers konar „RÚV-Sirkus", vegna þess að annar rekstur, samkeppnisreksturinn, hefur svo lauslega tengingu við meginhlutverkið sem í orði kveðnu er sagt hér Ríkisútvarpsins. Menn hafa ekki neitað þessum möguleika um „RÚV-Sirkus" eða TV2 á vegum Ríkisútvarpsins og þess vegna hljóta að vakna þær spurningar til menntamálaráðherra og stjórnarmeirihlutans hvort stjórnarliðið telur að slík stöð sé á verksviði ríkisins eða einhvers konar bíórás eða, ef maður tekur enn raunhæfara dæmi, sérstök íþróttastöð sem hefur auglýsingar, keppir á auglýsingamarkaði með Formúluna og segjum enska boltann á lofti eða box svipað og Sýn. Er það pólitískur vilji menntamálaráðherrans og stjórnarmeirihlutans, hv. formanns menntamálanefndar t.d., að slíkar stöðvar komist upp á vegum Ríkisútvarpsins? Í öðru lagi þarf að svara því, sem ekki hefur verið gert, hvort og hvernig rekstur slíkrar stöðvar eða slíkra stöðva stenst samkeppnislög og Evrópurétt. Hér er óvissa sem ekki er skorið úr og hér er víti til að varast sem heitir TV2 í Danmörku.

Forseti. Ég vík nú aftur að nefndarálitinu og þeim kafla þess sem ber nafnið Tilmæli Evrópuráðsins. Ég sé að félagar mínir í þingsal glotta nokkuð vegna þess að ég þyki hafa verið einhver hollasti vinur þess ráðs — a.m.k. af þeim þingmönnum sem aldrei hafa í því starfað — sem uppi hefur verið a.m.k. á þessu kjörtímabili (**Gripið fram í:** Og sér ekki fyrir endann á.) og sér ekki fyrir endann á. Ég beini því nú til þeirra þingmanna sem hér sitja að það væri auðvitað ráð að senda þennan vin Evrópuráðsins í Evrópuráðið sjálft til þess að hann geti náð hinum fullkomna fögnuði í samfélaginu við það.

Það er rétt að ég met Evrópuráðið mikils og ég hef frá upphafi, og við stjórnarandstæðingar, farið fram á að þetta frumvarp og hin fyrri séu borin saman við texta Evrópuráðsins um almannaútvarp.

Eftir 2. umræðu nú í þinghléinu var enn einu sinni farið fram á það að frumvarpið yrði sent fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins — ég er kominn í nefndarálitið, forseti kær — til umsagnar eða annarrar þeirrar yfirferðar sem kostur gæfist á. Frá því umfjöllun hófst í menntamálanefnd hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni farið fram á að frumvarpstextinn sé borinn saman við ítarlegar ályktanir Evrópuráðsins um almannaútvarp, einkum frá 1994 (samþykkt 4. ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðlastefnu, Prag 1994 og frá 1996 (tilmæli R (96) 10 um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps). Þessari beiðni var hafnað, nú á þeim forsendum að ekki væri vaninn að spyrja alþjóðastofnanir um íslensk þingmál.

Það svar hv. formanns menntamálanefndar skýtur nokkuð skökku við þegar höfð eru í huga mikils háttar samskipti tveggja íslenskra ráðuneyta við Eftirlitsstofnun EFTA, aðra alþjóðastofnun, með bréfasendingum og ferðalögum. Hitt skiptir þó meira máli að Íslendingar eru þátttakendur í Evrópuráðinu og íslensk stjórnvöld samþykktu báða þá texta sem hér er einkum um að ræða og eru siðferðilega bundin af þeim. Þá er fjölmiðlaskrifstofa ráðsins öðrum þræði rekin sem ráðgjafarstofa aðildarríkjanna um fjölmiðlamál og hafa nýfrjálsu ríkin í Mið- og Austur-Evrópu nýtt sér óspart þá ráðgjöf.

Samanburður frumvarpanna við texta Evrópuráðsins virðist sérstaklega þarfur á tveimur sviðum. Annars vegar *væri fróðlegt að fá álit sérfræðinganna á hinum pólitísku* áhrifum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu frá ríkisstjórn á hverjum tíma með því að ríkisstjórnarmeirihluti tekur allar rekstrarákvarðanir í nýju útvarpsráði og ræður og rekur útvarpsstjóra sem hefur öll völd um dagskrá og innri málefni. Menntamálaráðherrann í ríkisstjórninni gerir síðan þjónustusamning við útvarpsstjórann sem ríkisstjórnarmeirihlutinn í útvarpsráðinu réð og getur rekið þegar honum sýnist.

Hins vegar er athyglisvert að láta sérfræðingana skoða frumvarpið í ljósi leiðbeininga Evrópuráðsins um svokallað „eftirlitsráð" sem þátt í stjórnskipan almannaútvarps til hliðar við rekstrarstjórn og útvarpsstjóra, einkum í ljósi hugmynda hér um „akademíu" eða „hlustendaþing" sem geti sinnt eftirlits- og stefnumótunarhlutverki í Ríkisútvarpinu fyrir hönd hlustenda og áhorfenda.

Fulltrúum stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd þykir miður að stjórnarliðar treysta ekki frumvarpi sínu betur en svo að þeir hafa aftur og aftur komið í veg fyrir að sérfræðingar Evrópuráðsins skili um það áliti. Í því efni er þingmönnunum að vísu nokkur vorkunn — segir hér í nefndarálitinu og ég tel rétt að víkja aðeins nánar að Evrópuráðinu en þar er gert.

Reglur Evrópusambandsins um ríkisútvarp og ríkisstyrki, sem aðeins var minnst á áðan, miðast við það meginhlutverk Evrópusambandsins að vera rammi um sameiginlegan markað. Evrópusambandið lítur fyrst og fremst á viðskiptaleg álitaefni. Það leiðir af grundvelli þess sem samnings um sameiginlegan markað eftir upphaf þessa sambands sem tollabandalags og enn áður fríverslunarsamtaka um kol og stál eftir heimsstyrjöldina síðari.

Þess vegna þarf Evrópusambandið að skilgreina almennt menningarstarf þegar það rekur á fjörur Evrópusambandsins eða vekur áhuga ríkisstjórna þess svo sem eins og með almannaútvarp sem þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, frasi sem margir þekkja. Þess vegna tekur pólitísk afstaða Evrópusambandsins með almannaútvarpi og þar af leiðandi líka afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA í Brussel, ESA, á sig það form að skoða einkum samkeppnisþættina. Evrópusambandið og ESA spyrja: Hvernig er háttað um

samkeppnisrekstur sem hér kynni að vera á ferðinni en fulltrúar sambandsins og stofnunarinnar gera hins vegar ekki miklar athugasemdir í sjálfu sér við skipan almannaútvarpsins eða reglurnar um það. ESB- og ESA-menn spyrja um alla nýsköpun í ríkisútvörpum í Evrópu: Er með þessu lagafrumvarpi eða þeirri tilhögun sem menn vilja hafa hér með verið að brjóta þær reglur sem eiga að gilda um samkeppni á þessu sviði? Er almannaútvarpið með einhverjum hætti að þrengja að markaðsstöðvunum, að þeim stöðvum sem ekki njóta ríkisstyrkja og eru reknar á venjulegum viðskiptaforsendum?

Evrópuráðið tekur ekki þessa afstöðu sem leiðir af grundvelli Evrópusambandsins. Evrópuráðið eru samtök Evrópuríkja sem fyrst og fremst beina starfi sínu, eins og þeir þekkja sem hafa verið í þinglegu samstarfi á vegum ráðsins, að mannréttindamálum og lýðræðismálum. Evrópuráðið var lengi mönnum nokkuð dulið í Evrópu, öðrum en þeim sem voru þar á ferðinni á fundum, en það má segja að Evrópuráðið hafi svo sannarlega fengið uppreisn æru og viðreisn í starfi þegar Austur-Evrópa og hluti af Mið-Evrópu varð frjáls undan oki kommúnismans í Sovétríkjunum vegna þess að Evrópuráðið hefur öðrum stofnunum fremur, held ég sé hægt að segja, hjálpað til við að móta nýjar lýðræðishefðir og koma mannréttindamálum eystra í það lag sem til frambúðar getur gengið.

Þess vegna var það alveg sjálfsagt að gera hvort tveggja, ekki bara að standa í einhvers konar samningum eins og menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið eða fulltrúar þessara tveggja ráðherra sem þar ráða töldu sig vera að gera við ESA og þá helst án þess að láta þingið nokkuð af því vita, heldur þurfti auðvitað líka að athuga það þegar við erum að breyta meira en þriggja aldarfjórðunga gömlum grunnreglum um Ríkisútvarpið hvernig hinar nýju tillögur stæðust þær hugmyndir sem eru orðnar viðurkenndar í Evrópu um tilhögun almannaútvarps, ekki bara viðurkenndar í Evrópu heldur líka hluti af samþykktum Íslendinga sem eiga aðild að Evrópuráðinu og sóttu þá fundi sem um er rætt þar sem þessi tilmæli og samþykktir voru búnar til.

Við erum bundin af þessum samþykktum og það er algjörlega eðlilegt að bera tillögur okkar saman við þær á sama hátt og við berum okkur saman við Evrópusambandið þótt vissulega komi ekki til málsóknar af hálfu Evrópuráðsins sem var ein af fyrri ástæðum hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, formanns menntamálanefndar, til þess að hafna því að frumvarpið yrði borið undir fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins.

Að lokum kemur auðvitað að því að Evrópuráðið eða starfsmenn þess fara með einhverjum hætti yfir þau lög sem gilda um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp. Við erum heppin að Evrópuráðið skuli ekki hafa gert það hingað til vegna þess að Páll Þórhallsson — sem starfaði reyndar við Evrópuráðið á sínum tíma en er nú starfsmaður í forsætisráðuneytinu — benti á það í grein sem hann skrifaði fyrir þremur árum, að ég hygg, að það væri ósennilegt að þáverandi og núverandi skipulag Ríkisútvarpsins og starfshættir þess stæðust tilmæli og samþykktir þær sem hér voru nefndar frá 1994 og 1996.

Ég hef, eins og ég sagði áðan, allt frá 1. umr. um fyrsta frumvarpið um Ríkisútvarpið hér af hálfu menntamálaráðherra talað um Evrópuráðið og tilmæli þess og samþykktir en sá málflutningur hefur aldrei borið þann árangur að menntamálaráðherra eða fylgismenn hennar hér hafi svarað því efnislega. Það er reyndar óvíst og rétt að spyrja að því, og ósennilegt þar að auki, að textar Evrópuráðsins hafi nokkurn tíma verið kannaðir af hálfu menntamálaráðherra eða stjórnarliða. Það er a.m.k. aðeins einu sinni minnst á Evrópuráðið í athugasemdum við frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. og það er í almenna kaflanum um stöðu ríkisútvarps í Evrópu en þar segir, með leyfi forseta:

„Til að mynda ítrekaði ráðherranefnd Evrópuráðsins á fundi sínum 11. september 1996“ — sem er annað af þeim plöggum sem hér er vitnað til — „álit sitt um hið nauðsynlega hlutverk útvarps í almannaþágu sem afgerandi þáttar í fjölhyggju í fjölmiðlun sem sé aðgengileg fyrir alla, bæði á landsgrundvelli og svæðisbundið, með því að séð sé fyrir víðtækri dagskrárþjónustu er nái til upplýsingar, menntunar, menningar og afþreyingar.“

Ég óska menntamálaráðherra til hamingju með að þetta ráð skuli hafa uppgötvast í ráðuneyti hans og samþykkt þess frá 1996, þó að hún komi ekki betur fram en þetta, sem nánast lítur út eins og þýðing af stubbi um þetta fyrirbrigði, fjölmiðlareglur Evrópuráðsins, í alfræðitexta svo sem eins og hinum ágætu Wikipedíu-textum á netinu.

Svo er auðvitað áleitin skýring, sem ég ætla nú ekki að koma hér með, að vissulega þekki menn í ráðuneytinu og ofan til í Sjálfstæðisflokknum þessa texta vegna þess að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa sést á þessum fundum en kæri sig ósköp einfaldlega ekkert um að bera þá saman við frumvarpið.

Það er mikilvægt að bera frumvarpið og aðrar tillögur allar um tilhögun almannaútvarps á Íslandi og framtíð Ríkisútvarpsins saman við skilgreiningu Evrópuráðsins á almannaútvarpi og ég vísa til hennar í Prag-samþykktinni frá 1994 sem fylgir í íslenskri þýðingu sem þingið og starfsmenn þess önnuðust, sem ég þakka þeim fyrir, í tillögu okkar samfylkingarmanna um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp á þarsíðasta þingi.

Það er að sjálfsögðu líka fróðlegt að bera þessar skilgreiningar í 3. gr. hjá okkur í frumvarpinu saman við aðrar skilgreiningar á almannaútvarpi, t.d. skilgreiningu breska útvarpsrannsóknarráðsins sem má finna í endurskoðun starfshóps á útvarpslögum frá 1996, merkri skýrslu sem ég hvorki var né er ákaflega sammála en hef haft margt gagn af að lesa. Í þá skýrslu var mikið vitnað í umræðu um fjölmiðlalögin hér um árið.

Breska ráðið — það er rétt að það komi fram — segir í stuttu máli að almannaútvarp verði að ná til allra landsmanna, það þurfi að byggjast á almennum viðhorfum og áhugamálum en taka tillit til minnihlutahópa, að slíkt útvarp eigi að leggja rækt við þjóðerni og þjóðarsál, að dagskrár slíkra stöðva þurfi að miðast við gæði eða umfram áhorfslíkur og að almannaútvarpið verði að fá fjármagn sitt frá notendunum, þ.e. ekki fyrst og fremst frá auglýsendum. Þá leggja Bretarnir mikla áherslu á að almannaútvarp sé óháð viðskipta- og stjórnmálahagsmunum og að starfsmenn njóti ritstjórnarlegs sjálfstæðis og þeir sem hafa hlýtt á þessa ræðu, hafa fylgst með málflutningi okkar í Samfylkingunni og stjórnarandstæðinga allra hygg ég um almanna-

útvarp og forsendur þess kinka hér kolli og þekkja aftur röksemdir sem þar hafa komið fram.

Ég ætla ekki að fjalla frekar, geymi mér það, um reglur Evrópuráðsins um þetta en þó verð ég að minnast að lokum á tilmæli Evrópuráðsins um eftirlitsráð sem svo er kallað á heldur fráhrindandi máli en er auðvitað þýðing á einhverri ensku eða frönsku í Evrópuráðinu sem ég man nú ekki í svipinn. Í tilmælunum frá 1996 segir að reglur um stöðu þessa ráðs skuli þannig orðaðar að ekki sé hætta á stjórnmálalegum afskiptum eða annars konar íhlutun og að fulltrúar eða ráðsmenn í þessum eftirlitsráðum séu skipaðir á opinn og fjölræðislegan hátt. Þeir gæti almennra hagsmuna samfélagsins, þeir megi ekki taka við umboði eða fyrirmælum frá öðrum en þeim sem skipaði þá með fyrirvara um önnur ákvæði laga í sérstökum tilvikum. Þá megi ekki reka eða segja upp af neinum öðrum en þeim sem skipaði þá og þeir mega ekki hafa hagsmuna að gæta í fyrirtækjum eða öðrum stofnunum í fjölmiðlun, taka við þóknun í þeim eða álíka sem gæti leitt til hagsmunaárekstra í störfum þeirra fyrir eftirlitsráðið.

Það er skemmst frá því að segja að þrátt fyrir tilmælin um eftirlitsráðið um hvernig setumenn þar eiga að vera og hvaða hlutverk það á að hafa þá er ekki gert ráð fyrir neinu slíku ráði í þessu frumvarpi og hefur aldrei verið gert. Hlutverk pólitísku stjórnarinnar í okkar frumvarpi sem við erum hér með tekur vissulega til ákveðinna starfshátta eftirlitsráðsins en meginatriði þess eru algjörlega skilin eftir og í frumvarpinu er engin trygging gefin til neytenda og starfsmanna sem gert er ráð fyrir í tilmælum Evrópuráðsins og það er engin sú valdtemprun í skipulagi Ríkisútvarpsins eða frumvarpinu sem væri í samræmi við andann í tilmælum ráðsins. Ráðið er að vísu þekkt í menntamálaráðuneytinu, það kemur fram í athugasemdum við frumvarpið, en enginn virðist hafa kannað tilmæli þess eða texta á fjölmiðlasviði umfram þá ákaflega almennu hluti sem tilgreindir eru í athugasemdunum og einhver hefur fundið í Wikipedíu-stubbi á netinu, að því er ég get mér til, fullkomlega óábyrgt en af mikilli hæversku.

Forseti. Næsti kafli í nefndarálitinu sem ég ætla að lesa heitir Um hlutafélög og opinberan rekstur og hljóðar svo:

Frumvarp þetta snýst m.a. um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Löngu er komið fram að til þess rekur ekki nauður vegna ákvæða Evrópuréttar heldur hefur Sjálfstæðisflokkurinn fengið hér framgengt gömlu áhugamáli sínu. Um leið eru þessi áform angi af þeim plagsið eða tísku sem undanfarið hefur gengið um löndin að breyta opinberum þjónustustofnunum í hlutafélög. Slíkar ákvarðanir hafa oft verið umdeildar og árangurinn stundum lítill eða enginn.

Meðal fræðimanna og áhugamanna um stjórnsýslu færast í vöxt efasemdir um slíka hlutafélagsvæðingu nema í ákveðnum tilvikum, svo sem þegar stefnt er að sölu opinberrar þjónustustofnunar eða -fyrirtækis, sem reyndar hefur verið endirinn á flestum hérlendum háeffunum, hvaða tilgangur sem auglýstur var í upphafi um þær, eða svo háttar til að opinbera fyrirtækið býr að flestu leyti við markaðsforsendur í starfi sínu.

Að tillögu stjórnarandstæðinga var reynt að fá fræðimenn hér til að gefa menntamálanefnd yfirsýn um helstu rök í þessari umræðu um hlutafélög og opinberan rekstur. Það tókst því miður ekki á þeim tíma sem til umráða var — en ég skal taka hér fram að þar er ekki hægt að sakast við formann menntamálanefndar, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, heldur þá fremur það litla svigrúm sem nefndinni var gefið til þessarar athugunar. Einkum skal harmað að Arnar Þór Másson, sérfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu og kennari í stjórnmálafræði, sá sér ekki fært að ræða við nefndarmenn. Arnar Þór var málsvari gagnrýnna sjónarmiða á fundi á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála, eins og hún heitir, í Háskóla Íslands í lok október í haust.

Arnar Þór lýsir meginefni fyrirlestrar síns í viðtali við Gunnar Gunnarsson fréttamann í Speglinum 1. nóvember en Spegillinn er þáttur í Ríkisútvarpinu á Rás 1. Þar rekur Arnar Þór m.a. ástæður fyrir því að opinber rekstur fyrir almannafé lýtur öðrum reglum en einkarekstur. Meðal annars skipti máli að tempra stærð ríkisins á markaði og möguleika þess til óeðlilegra áhrifa. Þótt margt þurfi að bæta í opinberum rekstri sé hann eðlilegur kostur fyrir ríki og sveitarfélög. Við blasi hins vegar siðferðilegur vandi þegar ríkisfyrirtæki er breytt í hlutafélag. Hér kemur bein tilvitnun úr Speglinum:

„Það trúir því t.d. enginn að ríkið láti hlutafélag fara á hausinn ef illa gengur. Það trúir því enginn að stjórnarmenn beri raunverulega ábyrgð eins og stjórnarmenn í félögum á markaði. Kjörnir fulltrúar og aðrir halda að hlutafélagið sé í raun ríkisstofnun, og ég tel," segir Arnar Þór, „að þetta geti leitt til þess að það verði ekki mikil breyting. Kjörnir fulltrúar og ráðherrar vilja hafa áhrif áfram í gegnum stjórnir og þess háttar. ...

Ég held að hlutafélagsformið sé nokkuð sem menn stökkva á af því að það er til staðar. Skynsamlegra væri að reyna að þróa rekstrarform ríkisins almennt, og þá út í ríkisfyrirtæki þar sem væri tekið það besta úr hlutafélagalögunum sem gagnast til að gera ríkisreksturinn sveigjanlegri, en að við séum ekki að nota hlutafélagsformið og draga um leið úr kostum þess með því að setja inn í sérlög alls konar klásúlur um að þetta gildi ekki og að þetta gildi í staðinn."

Í nefndarálitinu er gerð grein fyrir því að hér er farið eftir útskrift sem nokkuð var hnikað til í ritmálsátt eins og eðlilegt er þegar skrifað er upp talmál af þessu tagi.

Þessi stjórnsýslufræðilegu sjónarmið eru afar athyglisverð viðbót við mikla gagnrýni sem áður hefur komið fram á hlutafélagsvæðingu Ríkisútvarpsins. Því miður fékk menntamálanefnd ekki ráðrúm til að fjalla um þau á fundi sínum núna í þinghléinu.

Ég vil bæta við þennan kafla nokkrum orðum og spyrja enn einu sinni í 7. umr. um frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið. Til hvers hlutafélag? Þeirri spurningu hefur í raun og veru aldrei verið svarað nema með því einu að hlutafélagið sé prýðilegt rekstrarform. Menn þekki það svo vel. Menn séu svo vanir að haga sér í hlutafélagi, viti hvað við á.

Þá spyr maður auðvitað, m.a. í ljósi ummæla Arnar Þórs Mássonar um ýmiss konar klásúlur sem séu settar inn í sérlögin um ríkishlutafélög, um að þetta gildi ekki og þetta gildi í staðinn, hvað stendur eftir af því hlutafélagi um Ríkisútvarpið sem í fyrstu var svo auðvelt að haga sér í samkvæmt hf. lögum?

Nú er það þannig, forseti, með Ríkisútvarpið ohf. samkvæmt þessu frumvarpi, að stjórn þess hlutafélags á að kjósa árlega á Alþingi. Það á að kjósa hana pólitískt. Passar það við venjulega stjórnarhætti í hlutafélögum?

Það er þannig að í hlutafélaginu er aðeins einn hluthafi. Það er í raun menntamálaráðherra.

Það er þannig að til grundvallarmeginstarfsemi þessa félags er gerður þjónustusamningur milli menntamálaráðherra og félagsins. Þetta er ekki beinlínis vaninn í venjulegum hlutafélagamarkaði. Menn þekkja þetta ekki mjög vel. Þetta er ekki hluti af því góða og venjulega rekstrarformi sem hlutafélagið á að vera.

Það er þannig að hlutafélagið sem hér á að stofna má ekki eiga í öðrum hlutafélögum sem hafa sama markmið með sínu starfi. En hlutafélögum er talið það einna helst til tekna hvað þau geta verið liðugt form einmitt til að eignarhlutir renni til fram og aftur og menn geti verið fljótir að skipa seglum á mörgum skútum í einu eins og hentar eftir byr og veðri.

Það er heldur ekki þannig að hægt að sé að auka hlutafé í félaginu með venjulegum hætti, hlutafjárútboði eða því líku. Heldur er hlutaféð tiltekið í frumvarpinu og er 5 millj. kr., það stendur að vísu a.m.k. Má minnast þess af því að tiltekinn hv. þingmaður er hér í framboði í kjördæmi sínu að hann trúði ekki þessum 5 millj. Um er að ræða Hjálmar Árnason, góðan mann, og hélt að hér væri um að ræða 5 milljarða kr. sem auðvitað var miklu nær. Það er honum til mikils hróss að hafa talið þetta. Hjálmar varð auðvitað sem von var, heldur lúpulegur þegar hann uppgötvaði að þetta voru ekki 5 milljarðar heldur 5 millj.

Það er líka þannig að hlutafélaginu sem hér um ræðir er skipt. Það góða rekstrarform sem hér er á ferðinni er þannig að hlutafélaginu er skipt í tvennt. Það er fjárhagslegur aðskilnaður í hlutafélaginu. Annars vegar er almannaþjónustuhlutinn samkvæmt sérstökum lagagreinum og hins vegar er sérstakur hluti af þessu hlutafélagi í samkeppnisrekstri samkvæmt öðrum sérstökum lagagreinum. Enn er það svo, sem betur fer, eins og við getum sagt um mörg þessi frávik frá hlutafélagalögunum, að sem betur fer eru þau sjálfsögð. Og enn er það svo að vegna snarprar gagnrýni okkar á frumvarpið eins og það leit út í upphafi var því bætt við. Ég vil hrósa bæði meiri hluta menntamálanefndar og menntamálaráðherra fyrir það, þannig að þau fái nú það hrós sem þau eiga skilið, að sett voru inn ákvæði um að upplýsingalög giltu um hlutafélagið. Það er sennilega eina hlutafélagið á landinu, ef það verður að veruleika, sem upplýsingalögin gilda um.

Á móti því er það haft alla jafna í hlutafélögum á markaði að það séu einkum stjórnendur og hluthafar sjálfir sem eigi að hafa þann trúnað sem eðlilegur er um rekstur hlutafélagsins. En hér eiga sem sé að gilda upplýsingalög sem ég tel fullkomlega eðlilegt en er auðvitað allt, allt annað en það sem þeir meina með tali sínu um að hlutafélagsformið sé svo gott.

Sérákvæðunum hefur sífellt fjölgað. Það sýnir best að á sama hátt og Ríkisútvarpið er ekki venjuleg ríkisstofnun núna, þá getur Ríkisútvarpið sem slíkt, ef það á að fá að vera ríkisútvarp/almannaútvarp, ekki verið venjulegt fyrirtæki. Það getur ekki verið venjulegt hlutafélag í venjulegum samkeppnisrekstri með hið venjulega hagnaðarmarkmið hlutafélaga að leiðarljósi, heldur þarf Ríkisútvarpið, hvað sem menn vilja gera úr því, hvað sem það á að heita, sameignarstofnun, B-hluta ríkisstofnun eða hlutafélag, e-, o-, eða hvað menn vilja, -hf., sérstakan lagaramma. Það þarf sérstök starfsskilyrði. Það þarf sérstakan rekstrargrundvöll. Það þarf að skilgreina með ítarlegum hætti hvernig réttindi og skyldur stjórnar eiga að vera. Hver markmið félagsins eigi að vera. Hvernig eigi að hafa eftirlit með gerðum stjórnarinnar. Hvar eigi að fá fé og hvernig eigi að veita það áfram.

Það má segja að hlutafélagalögin sem eru góð og gegn fyrir fyrirtæki í venjulegum markaðsgrunni og rekin í hagnaðarskyni, þau ganga ekki upp fyrir Ríkisútvarpið. Það hefur menntamálaráðherra og stjórnarliðar í menntamálanefnd viðurkennt með öllum þeim breytingum frá hlutafélagarammanum sem þau hafa gert nauðug viljug vegna þrýstings frá Evrópureglum, frá stjórnarandstöðunni, frá almenningi, frá keppinautunum, frá fræðimönnum og fjölmiðlamönnum.

Enn er spurt: Hvers vegna þá hlutafélag? Ég held að svarið sé í stuttu máli þetta. Í fyrsta lagi vegna þess að það er auðveldara að selja það sem hlutafélag. Þar hef ég fyrir mér sjálfan hv. þm. og málvin minn Pétur Blöndal, sem sagði það í atkvæðagreiðslu hér um árið, sem frægt er, að honum væri að vísu meinilla við þetta frumvarp enda hefði hann og aðrir í sölunefnd Sjálfstæðisflokksins, þeir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem gengur nú um salinn, og Birgir Ármannsson, gert tillögu um að selja Ríkisútvarpið og var þess vegna óánægður með það. En þetta væri þó skárra en ekkert því þetta auðveldaði söluna.

Í öðru lagi kynni skýringin að vera sú að það ætti að efla Ríkisútvarpið að minnsta kosti fram að sölu í samkeppni við aðrar stöðvar. Hreinlega af því að ráðamönnum líki ekki aðrar stöðvar eða þá til að auka markaðsgildi þess, eins og þegar hv. þingmaður og fyrrverandi ráðherra, Halldór Blöndal, var að selja Símann og veitti honum nánast öll þau forréttindi sem hugsanlegt var á þeim tíma sem leið frá hlutafélagsvæðingunni, sem var þó reyndar ekki auglýst sem sölumál, og yfir í hina endanlegu sölu. Það áttu að vera þeir hagsmunir að þjóðin fengi meira fyrir fyrirtækið og hún fékk vissulega mikla peninga fyrir fyrirtækið.

Þriðja ástæðan kynni að vera sú að miklu skipti og á ríði að færa starfsmenn yfir á almennan vinnumarkað. Þeir séu ekki nógu þægir og það þurfi að hafa yfir þeim betri stjórn en þá sem núna er hægt að beita af því þeir vinna innan opinbera rammans á opinberum vinnumarkaði og hafa ýmis þau réttindi sem mér og okkur stjórnarandstæðingum þykja sjálfsögð um menn sem eru á vegum þjóðarinnar í almannaþjónustu þó svo að ég hafi lýst því áður yfir að ég sé tilbúinn að skoða í samráði við starfsmenn þær breytingar sem æskilegar væru vegna þess að þessi stofnun vinnur að sjálfsögðu á fjölmiðlamarkaði ásamt hinum almennu störfum.

Ég held að það sé í fjórða eða fimmta lagi, það skiptir ekki máli, en að lokum þessarar upptalningar, sem ekki er tæmandi, held ég að hlutafélagsformið hafi orðið fyrir valinu vegna þess að eitt gátu hlutafélagslögin veitt ríkisstjórnarmeirihlutanum og menntamálaráðherranum og það var

skipulag sem að vísu er algjörlega á skjön við það hlutverk sem almannaútvarpið hefur en tryggir það, ef strangt er farið eftir því, eini hlutinn af öllum hlutafélagspakkanum sem strangt er farið eftir, að menn eru lausir við alla valdtemprun í stjórnskipan í skipulagi og stjórnarháttum Ríkisútvarpsins og af þeim ástæðum geta menn innleitt nýtt skipulag sem gefur pólitískum áhrifum áfram lausan taumi.

Það er best ég fari yfir það enn einu sinni. Það á að vera þannig að á hverju ári kýs Alþingi menn í stjórn þessa fyrirtækis. Það verða flokksfulltrúar. Þeir eru reyndar kosnir árlega sem þýðir það að flokkarnir hafa meira tangarhald á þeim, ef þeir vilja, en á þeim fulltrúum sem nú eru þó kosnir á fjögurra ára fresti og hafa þess vegna ákveðið svigrúm á milli þeirra kosninga og sitja kannski fæstir nema einu sinni.

Þessi stjórn myndast þannig á útvarpinu að í henni verður ríkisstjórnarmeirihluti. Það er engin ástæða til að ætla annað en það verði hverju sinni svo og ráð er fyrir því gert. Sá ríkisstjórnarmeirihluti á að vísu ekki, eins og útvarpsráðið nú, að stjórna dagskrá eða mannahaldi beint, en getur að vísu haft mikil óbein áhrif með því að taka mikilvægar rekstrarákvarðanir. En hann á að ráða útvarpsstjórann. Pólitískur meiri hluti í stjórninni ræður útvarpsstjórann og það sem meira er, það eru engin ákvæði, hlutafélagalögin eru svo heppileg fyrir þennan ásetning stjórnarmeirihlutans og hæstv. menntamálaráðherra að það eru engin ákvæði um það að ráðning hans sé tímabundin, þ.e. bundin í tíma, eða að hún skuli fara fram með einhverjum þeim hætti sem gæti forðað því að hann sé pólitískt ráðinn. Og hún rekur hann líka hvenær sem er.

Ríkisútvarpinu ber að gera þjónustusamning beint við menntamálaráðherra. Samninginn gerir útvarpsstjóri væntanlega einn þótt ekkert sé tiltekið um það í lögunum. Þó að ekki spillti nú fyrir að hinn pólitíski meiri hluti færi yfir hann líka. Á hinn vænginn er það bara menntamálaráðherra sem gerir þennan þjónustusamning. Þessi mikilvægi grundvallarsamningur fer því fram á milli stjórnmálamannsins í stóli menntamálaráðherra og fulltrúa stjórnarflokkanna í ríkisstjórnarmeirihluta hinnar nýju stjórnar Ríkisútvarpsins.

Ég vona sannarlega að það takist vel ef þetta frumvarp verður að lögum. En það er engin trygging fyrir því. Það er í raun og veru beinlínis opnað á að það takist illa. Það er opnað á að þeir siðir haldi áfram sem hingað til hafa því miður ríkt að allmiklu leyti, að Sjálfstæðisflokkurinn telji sig eiga skilið einhvers konar tangarhald á Ríkisútvarpinu og fari þar fram með þeim hætti sem er ótrúlegt að skuli líðast í vestrænu lýðræðisríki á 21. öld.

Forseti. Næsti kafli nefndarálitsins heitir Óskýrð hagræðing upp á 1.566 þús. millj. kr. Hann hljóðar svo:

Á síðustu dögum umfjöllunar menntamálanefndar um málið fyrir 2. umr. var lögð fyrir nefndina skýrsla matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings, dagsett 28. nóvember. Sú skýrsla og plögg sem þar koma fram vöktu ýmsar áleitnar spurningar sem ekki varð svarað vegna þess hvað stjórnarmeirihlutanum lá mikið á að koma málinu úr nefndinni í það sinnið.

Í skýrslunni er m.a. birt rekstraráætlun Ríkisútvarpsins fyrir árin 2007–2016. Fram hefur komið að matsnefndin hefur ekki lagt sjálfstætt mat á forsendur þessarar áætlunar heldur kemur hún í heilu lagi frá Ríkisútvarpinu með blessun menntamálaráðuneytisins. Athyglisverðasti hluti þessarar rekstraráætlunar er greinargerð um kostnað við þjónustusamning eins og þar segir. Þar er gert ráð fyrir því að það kosti Ríkisútvarpið 3,1 milljarð kr. á þessum tíu árum að efna ákvæði þjónustusamnings við menntamálaráðherra, en drög að samningnum voru sem kunnugt er kynnt á veglegum blaðamannafundi í Útvarpshúsinu við Efstaleiti í september. Af þessari upphæð á bróðurparturinn, 2.780 millj. kr., að renna til aukins innlends efnis á kjörtíma.

Kostnaðartölunum fylgir áætlun um liðinn Hagræðing. Þessi „hagræðing" nemur samtals 1.566 millj. kr., hálfum öðrum milljarði, og jafngildir tæpum 6% af árlegum rekstrarkostnaði (árið 2007 15 millj. kr., 2008 66 millj. kr., 2009 121 millj. kr., 2010 115 millj. kr., 2011 249 millj. kr., 2012 234 millj. kr. og 2013–2016 219 millj. kr. á ári). Vegna þessa lækkar hinn reiknaði kostnaður við að uppfylla þjónustusamninginn 2007–2016 úr 3.105 millj. kr. í 1.539 millj. kr.

Þessari hagræðingu, 1.539 millj. kr., á að ná smám saman, einkum með hækkandi tekjum af nefskatti á þessum árum „vegna fólksfjölgunar" og með lægri gjöldum þar sem innheimtudeildin leggst af og tengsl rofna við Sinfóníuhljómsveitina. Mundi sumum þykja þetta nokkuð glannaleg áætlun, en hún er þó í gögnum frá matsnefnd vegna stofnefnahagsreiknings sem ríkisendurskoðandi fer fyrir. Hann ber hins vegar ekki ábyrgð á þessari áætlun, forseti, en vísar henni frá sér og segir að nefndin hafi ekki lagt neitt mat á þetta. Þetta komi frá ríkisstjórninni og menntamálaráðuneytinu.

Nefndarmenn spurðu um hagræðingartölurnar á þeim tíma sem til þess gafst fyrir 2. umr. og fengu síðan annað tækifæri til þess nú í þinghléinu. Niðurstaðan er sú að umfram frómar óskir er ekkert handfast um þessar hagræðingarráðstafanir. Svör ríkisendurskoðanda voru að matsnefnd hans hefði ekki lagt sjálfstætt mat á þessar tölur. Þetta væri „ósk eigandans" og tölurnar komnar frá Ríkisútvarpinu og ráðuneytinu. Svör útvarpsstjórans voru að þetta væri ekki ákveðið. Eitthvað mundi sparast við að fólk segði sjálft upp störfum sem ekki yrði ráðið í aftur. Þá væru uppi hugmyndir um að stofna fyrirtæki ásamt öðrum um leikmyndir og búninga, og gæti einhver hagræðing orðið af því. Svör fulltrúa menntamálaráðherra voru engin, þessar tölur kæmu frá Ríkisútvarpinu. Svör framkvæmdastjóra fjármálasviðs Ríkisútvarpsins voru þau að ekki lægi fyrir hvernig þetta yrði gert. Hagræðingin væri fyrst og fremst „markmið".

Hagræðingin á að nema tæpum 6% rekstrarkostnaðar á ári og er því umfangsmikið verkefni við rekstur Ríkisútvarpsins fram til 2016. Á þessari hagræðingu byggjast niðurstöður forstöðumanna Ríkisútvarpsins og embættismanna menntamálaráðherra um „kostnað við þjónustusamning" en sá kostnaður er ein af helstu grunntölum í rekstraráætlunninni fyrir 2007–2016. Þó veit enginn hvernig á að ná fram hagræðingu fyrir 1.566 millj. kr., sem nema um 56% af því fé sem þessi ár á að renna til innlends dagskrárefnis. Ég endurtek: Þessar 1.566 millj. kr., sem nema um 56% af því fé sem þessi ár á að renna til innlends dagskrárefnis, þess innlenda dagskrárefnis sem hæstv. menntamálaráðherra

hrósaði sér sem mest af á hinum fræga blaðamannafundi í fréttasettinu í útvarpshúsinu í Efstaleiti í september sl. — Ég sé, forseti, að menntamálaráðherra brosir sælubrosi ljúfrar minningar um þá fréttatíma sem þar fylgdu í kjölfarið og hefur ekki gerst annað eins fyrr en hún fór að hella út peningum, sem hún á að vísu ekki fyrir sjálf, sem við í stjórnarandstöðunni þurfum að borga fyrir eftir 12. maí. En verði henni að góðu því að a.m.k. síðustu fjárveitingar með þessari góðu gúmmílykt voru alveg í samræmi við stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem hér tekur við eftir kosningarnar 12. maí. Ég skrúfa mig aftur inn í nefndarálitið, forseti, eftir þennan útúrdúr:

Eftir spurningar um þessi efni í menntamálanefnd barst nefndinni minnisblað frá ríkisendurskoðanda, formanni matsnefndarinnar, ásamt ýmsum umbeðnum gögnum. Þar segir þetta um hagræðinguna:

„Það var skilningur nefndarinnar að það sé ætlun stjórnenda hins nýja félags að hagræða í öllum þáttum starfseminnar til að uppfylla megi ákvæði þjónustusamningsins um aukið innlent dagskrárefni. Eins og gefur að skilja mun þetta m.a. hafa í för með sér að minna rými verður fyrir erlent dagskrárefni, einkum á kjörtíma. Nefndinni er hins vegar ekki kunnugt um að nákvæmlega hafi verið ákveðið með hvaða hætti slík breyting verður útfærð og hversu mikil skerðing mun verða á kaupum erlends dagskrárefnis." Þetta er tilvitnun í formann matsnefndarinnar, ríkisendurskoðanda.

Þetta er í raun eina vísbendingin sem nefndin hefur fengið um þetta tíu ára hagræðingarstarf, fyrir utan ummæli útvarpsstjóra um starfslok án nýráðningar og hugsanlegt fyrirtæki upp úr stoðdeildum. Matsnefndin vekur hér upp lykilspurningu. Eigi að skera niður erlent efni, „einkum á kjörtíma", skiptir máli hvaða efni verður skorið niður. Ljóst er að Ríkisútvarpið á áfram að fá a.m.k. þriðjung heildartekna sinna af auglýsingum og kostun. Mestur hluti auglýsinga í sjónvarpinu raðast kringum erlent efni af ákveðnu tagi, sápur og spennuþætti. Er ætlunin að skera niður það efni? Eða á niðurskurðurinn að bitna á öðru erlendu efni en því sem auglýsendur sækja í — efni sem oftast er mun meira virði fyrir almannaútvarpsstöð? Hér er augljóslega eitthvað vanreiknað eða vanhugsað.

Fráleitt er að leggja trúnað á þá húsagarðakenningu að til sé einhvers konar leynileg áætlun um þessa hagræðingu, sem þingmenn, starfsmenn Ríkisútvarpsins og almenningur fái ekki að vita um, og byggist á að leggja niður tilteknar deildir, reka fólk og skera niður í dagskrá í sjónvarpi og til dæmis á Rás 1. Þess vegna er erfitt að komast að annarri niðurstöðu í þessu efni en þeirri að rekstraráætlunin, tölurnar um kostnað við þjónustusamning og meginefni sjálfra þjónustusamningsdraganna sé fyrst og fremst áróðursframleiðsla sem ætlað er að hressa upp á trúverðugleik frumvarpsins.

Höfuðatriðið er þetta: Til að efna fyrirheit þjónustusamningsdraganna um aukið innlent efni, meiri textun, varðveislu safnefnis og fleira virðist þurfa annaðhvort, að skera verulega niður annars staðar í starfsemi Ríkisútvarpsins eða afla meiri tekna, og þá væntanlega með auglýsingum og kostun því ekki stendur til að auka ríkisstuðning til þess arna. Svör um þetta hafa engin fengist hjá embættismönnum menntamálaráðherra, yfirmönnum Ríkisútvarpsins eða fulltrúum matsnefndarinnar.

Því er við að bæta í umfjöllun um fyrirheitin í þjónustusamningsdrögunum um aukið innlent efni að nefndin fékk á fund sinn Baltasar Kormák, formann Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda. Hann staðfesti að enn væri ekkert samkomulag eða skilningur milli innlendra framleiðenda og Ríkisútvarpsins um skilgreiningu hugtakanna „innlent efni" og „sjálfstæður framleiðandi". Til að meta ákvæðin í þjónustusamningsdrögunum þarf þó að vita hvað átt er nákvæmlega við með þessum orðum. Að nokkru hefur menntamálaráðherra bætt úr með svari við fyrirspurn þingmanns — átt er við þingmanninn Mörð Árnason — (þskj. 485) á þessu þingi, en samkvæmt því er innlent dagskrárefni „allt það efni sem framleitt er innan lands af sjónvarpinu sjálfu eða sjálfstæðum framleiðendum. Jafnframt telst efni innlent þegar efni af erlendum uppruna er fellt inn í innlenda þætti og það hefur verið talsett, textað og tilreitt sem innlent efni. Fréttir eru til að mynda innlent efni, en innan þeirra eru fréttamyndir teknar erlendis. Sama gildir um aðra samsetta dagskrá, íþróttir, Stundina okkar, Nýjustu tækni og vísindi, Kastljósið og aðra samsetta þætti."

Hér er komin nokkur mynd á það innlenda efni sem ætlað er að fylla kjörtíma sjónvarpsins daglega í framtíðinni en framleiðslukostnaður þess á að nema um 1 millj. kr. á klukkutíma. Má segja að betur megi ef duga skal við að skapa metnaðarfulla innlenda dagskrá á almannasjónvarpsstöðinni næstu áratugina.

Næsti kafli fjallar um réttindi starfsmanna. Meðan fjallað var um þetta mál í nefndinni stóðu yfir miklar deilur milli flugumferðarstjóra og Flugstoða ohf. um réttindamál sem rekja mátti til rekstrarformsbreytinga á starfsemi sem áður var rekin í ríkisstofnuninni Flugmálastjórn Íslands. Þeim deilum lyktaði loks með samkomulagi í janúar. Á sama tíma fréttist af uppsögnum starfsmanna þriggja opinberra rannsóknarstofa í matvælaiðnaði sem sameinaðar höfðu verði í Matís ohf. Á annan tug starfsmanna ákvað að ráða sig ekki til hins nýja félags vegna réttinda- og kjaramála. Deilur af þessu tagi hafa ævinlega risið þegar opinberum stofnunum sem sinna stjórnsýsluverkefnum hefur verið breytt í hlutafélög, og nokkuð ljóst að stjórnvöld bjóða slíkum átökum heim í ríkum mæli við þær breytingar sem hlutafélagsvæðing Ríkisútvarpsins hefur í för með sér.

Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, var gestur nefndarinnar ásamt Halldóru Friðjónsdóttur, formanni BHM, og Árna Stefáni Jónssyni, varaformanni BSRB. Fram kom í máli Gunnars að bagalegt væri hversu mismunandi leiðir hefðu verið farnar við rekstrarformsbreytingar opinberra stofnana á liðnum árum. Æskilegt hefði verið að setja rammalöggjöf sem segði fyrir um almennar leikreglur við slíka framkvæmd, og ef slíkri löggjöf væri til að dreifa mætti gera ráð fyrir færri árekstrum við starfsmenn meðan á breytingunum stæði. Ljóst væri af reynslunni að breytingar af þessu tagi þyrftu ekki að valda teljandi óánægju meðal starfsmanna, og nefndi Gunnar dæmi um það.

Ásetningur ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið virðist vera sá að koma stofnuninni úr opinberu rekstrarumhverfi í umhverfi einkarekstrar. Það hefur í för með sér endurskil-

greiningu á ábyrgð og skyldum starfsmanna. Slík endurskilgreining hefur ekki farið fram, enda ekki verið farin sú leið að setja almennan lagaramma um einkarekstur í opinberri eigu. Ætlunin er að láta ófullkomin lög um opinber hlutafélög nægja. Enn er gert ráð fyrir að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafi með höndum verkefni og ábyrgð sem talist getur eðlilegt að sinnt sé af hálfu opinberra aðila, eins og öryggis- og almannavarnahlutverk ásamt því að skrá, framleiða og varðveita menningararf þjóðarinnar að hluta, sem er ekki ósvipað hlutverk og starfsmenn Þjóðminjasafns, Þjóðskjalasafns og Þjóðleikhúss gegna. Það er mat minni hluta nefndarinnar að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, nái til starfa af því tagi sem um ræðir og ekki sé tilefni til að breyta þeirri umgjörð á þann veg sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, yfir í umgjörð einkarekstrar. Til stuðnings þessu sjónarmiði er sú staðreynd að nágrannaþjóðir okkar hafa ekki hlutafélagavætt ríkisstofnanir sínar í sama mæli og hér hefur gerst.

Ekkert þeirra atriða sem gerð var athugasemd við í fyrra nefndaráliti minni hlutans hefur tekið breytingum í þessari síðustu umfjöllun í nefndinni. Þannig standa óbreytt áform um að fella niður réttindi á borð við andmælarétt, áminningarskyldu, skriflegan rökstuðning fyrir uppsögn, auglýsingaskyldu um laus störf, aðgang almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda, uppsagnarfrest, þagnarskyldu, skyldu um að hlíta breytingum á störfum og verksviði. Einnig stendur óbreytt sú staðreynd að starfsmenn hins nýja félags njóta ekki jafnræðisreglu, andmælaréttar, rannsóknarreglu eða meðalhófsreglu. Ekkert liggur heldur fyrir um áform hins nýja félags um nýjan kjarasamning. Þó er ljóst að nýir starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. munu ekki njóta þeirra réttinda sem þeir hefðu notið sem nýir starfsmenn Ríkisútvarpsins eins og það er nú. Biðlaunaréttur, sem heyrir undir eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar, verður skertur og réttur til upplýsinga og samráðs, sem starfsmenn Ríkisútvarpsins eiga samkvæmt lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, verður ekki virtur.

Eftir standa kröfur stéttarfélaganna og Félags fréttamanna um fjölda breytinga sem þyrfti að gera á frumvarpinu ætti það að geta talist ásættanlegt fyrir starfsmenn, núverandi sem og nýráðna. Það er mat minni hlutans að hér sé farið svo langt út fyrir sjálfsagðar leikreglur að ekki verið við unað.

Næsti kafli fjallar um tengslin við fjölmiðlafrumvarpið.

Minnt skal á úr fyrra nefndaráliti að snemma á þessu þingi lagði menntamálaráðherra auk ríkisútvarpsfrumvarpsins fram frumvarp um almenna fjölmiðla, 58. mál á þskj. 58. Það frumvarp er í megindráttum byggt á tillögum nefndar sem í sátu fulltrúar allra þingflokka og skilaði skýrslu 7. apríl 2005. Þvert á fyrirheit ráðherra hefur ekki verið reynt í nefndinni að fjalla í samhengi um þessi tvö mál, og enn hefur fjölmiðlafrumvarpið ekki komið á dagskrá nefndarinnar nema í því skyni að senda það til umsagnar.

Af þessu tilefni er rétt að minna á bókun sem fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins lögðu fram þegar áðurnefnd fjölmiðlanefnd skilaði af sér. Fulltrúarnir sögðu m.a., með leyfi forseta:

„Við erum þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf.“

Það var enn fremur mat þeirra að slík sátt næðist aðeins með því að, með leyfi forseta:

„... tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir á milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar.“

Fulltrúar flokkanna þriggja lýstu því yfir að lokum að þeir skrifuðu undir hina sameiginlegu skýrslu fjölmiðlanefndarinnar í því trausti, með leyfi forseta:

„... að ásættanleg niðurstaða [næðist] um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins.“

Þótt stjórnarmeirihlutinn hafi nú breytt upphaflegu frumvarpi sjö sinnum — við lok þingstarfa vorið 2005, sumarið 2005 þegar sameignarformið vék fyrir háeffun, við lok 2. umræðu á síðasta þingi með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar, með nýjum breytingartillögum meiri hlutans við 3. umræðu málsins í vor, með smávægilegum lagfæringum síðasta sumar, með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar fyrir 2. umræðu nú í haust og loks með breytingartillögum sínum nýframkomnum fyrir 3. umræðu — er enn langt frá því að slík ásættanleg niðurstaða hafi náðst, hvorki milli stjórnmálaflokkanna, meðal almennings né við aðrar útvarpsstöðvar.

Síðasti kafli fyrir niðurstöðukafla þessa nefndaráliti heitir Sáttaboð.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd hafa unnið að frumvörpunum um Ríkisútvarpið með sömu markmið að leiðarljósi og fulltrúar flokkanna í fjölmiðlanefndinni lýsa í bókun sinni.

Eins og rakið var í fyrra nefndaráliti okkar um þetta frumvarp nú fyrir áramót hafa þingmenn stjórnarandstöðunnar allt frá því fyrsta ríkisútvarpsfrumvarp menntamálaráðherra kom fram verið áfram um að reyna sættir í þessu mikilvæga máli. Eftir að samkomulag tókst um að ljúka 2. umræðu um frumvarpið á síðasta þingi sendu fulltrúar stjórnarandstöðunnar formanni menntamálanefndar, að höfðu samráði við forustumenn flokka sinna, bréf, dagsett 24. apríl 2006, þar sem sett var fram tilboð um verklag til að ná sáttum í málinu. Í því fólst að frumvarpið yrði ekki afgreitt á því þingi en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að lagasetningu yrði lokið fyrir áramót, nefnilega þau sem nýliðin eru. Lagt var til að þessi nefnd kannaði sérstaklega þann möguleika að Ríkisútvarpið yrði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpsdrögum nefndarinnar yrði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess. Þá voru í bréfinu settar fram í átta liðum efnislegar ábendingar um úrbætur að öðru leyti á frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að enginn heildstæður samanburður hefur enn verið gerður á rekstri Ríkisútvarpsins með breytingum innan núverandi

lagaramma og hlutafélagsforminu eða öðru eignarformi. Horft hefur verið fram hjá því að Ríkisútvarpið er nú B-hlutastofnun sem getur haft bæði fullt sjálfstæði og mikinn sveigjanleika. Á fyrsta fundi menntamálanefndar eftir 2. umræðu á síðasta þingi hafnaði formaður menntamálanefndar þessu boði fyrir hönd stjórnarflokkanna. Svo fór þó að frumvarpið var ekki afgreitt á vorþinginu.

Í 1. umræðu um það frumvarp sem nú liggur fyrir var svipað sáttaboð ítrekað. Bæði Steingrímur J. Sigfússon og Mörður Árnason lýstu því yfir fyrir hönd flokka sinna að ef ráðherrann og stjórnarmeirihlutinn væru til viðræðu um annað eignarform en hlutafélagsformið stæði ekki á flokkunum að taka málið gjörvallt til skoðunar á ný með það fyrir augum að reyna til þrautar sættir um framtíð Ríkisútvarpsins. Hvorki menntamálaráðherra, formaður menntamálanefndar né varaformaður hennar úr Framsóknarflokki virtu þetta sáttaboð svars.

Í nefndarstörfum nú í þinghléi var þetta tilboð ítrekað. Þá bentu fulltrúar stjórnarandstöðunnar á að aðeins nokkrir mánuðir lifðu af kjörtímabilinu. Verði frumvarpið að lögum gengur það í gildi aðeins sex vikum fyrir kjördag, 12. maí. Þess var óskað að formaður menntamálanefndar kannaði hvort ekki þætti skynsamlegt að fresta málinu öllu til næsta þings, hugsanlega með því móti að flokkarnir byndust samtökum um að ljúka afgreiðslu frumvarps um nýskipan Ríkisútvarpsins fyrir tiltekinn tíma, til dæmis vorið 2008. Einnig var hreyft þeirri hugmynd að samþykkja á þessu þingi þær breytingar sem þokkaleg samstaða næðist um en fresta ágreiningsmálum þar til eftir kosningar. Þau mætti þá leggja í dóm kjósenda, en sá ágreiningur kæmi ekki í veg fyrir að hægt væri að hefjast handa strax við ýmsa nýsköpun á Ríkisútvarpinu, svo sem um aðra skipan valda og ábyrgðar, og um að dagskrár- og ráðningarvald væri með öllu fært frá útvarpsráði eða rekstrarstjórn, svo dæmi séu tekin.

Er skemmst frá því að segja að þessum boðum og hugmyndum var hafnað. Er það því miður í samræmi við fyrri vinnubrögð menntamálaráðherra og stjórnarliða í þessu máli.

Frávísunartillaga er flutt í lok nefndarálitsins. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess sem að framan greinir og áður hefur komið fram í nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar fyrir 2. umræðu málsins, eiga stjórnarandstæðingar í nefndinni ekki annars úrkosti en að flytja eftirfarandi tillögu:

Þar sem

a. fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að sams konar frumvarp um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá,

b. vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins stenst reglur Evrópuréttar,

c. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,

d. með ákvæðum um tekjur af auglýsingum og kostun er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsinga- og kostunarmarkaði án þess að ljóst sé um sérstakt hlutverk þess umfram aðrar stöðvar,

e. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,

f. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almannasamtökum, samanber m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,

g. óvíst er hvernig háttað verður um innlent efni í dagskrá Ríkisútvarpsins til frambúðar, og innihald þjónustusamningsdraga er óljóst,

h. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar 2,

i. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,

j. nefskattur, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,

k. við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði hérlendis og á EES-vettvangi,

l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins, sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi, leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Tekið er fram í nefndarálitinu að Magnús Þór Hafsteinsson hafi setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og sé samþykkur þessu nefndaráliti.

Undir það skrifa: Mörður Árnason, framsögumaður, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Ég tel mér skylt, þótt ég hafi margt fleira að segja, að gefa öðrum þingmönnum kost á að halda áfram þessari umræðu þannig að hún sé í sæmilegu samhengi. Ég nýt þess sem framsögumaður nefndarinnar að geta komið hér tvisvar enn. Ég hyggst notfæra mér það og lýk því máli mínu hér með.

[18:40]

**Útbýting:**

Gjaldskrá Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, 473. mál, fsp. MÞH, þskj. 711.

Íslenska táknmálið, 472. mál, fsp. MÞH, þskj. 710.

Túlkaþjónusta við heyrnarlausa, 471. mál, fsp. MÞH, þskj. 709.

[18:41]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eftir nokkra snerru í upphafi þingfundar höfum við hafið 3. umr. um Ríkisútvarpið ohf., þetta umdeilda mál, mál sem ég held að eigi þegar upp verður staðið eftir að verða afar afdrifaríkt fyrir þessa ríkisstjórn. Ég held að fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson, hafi lög að mæla í þeim leiðurum sem hann hefur

skrifað um málið og ég kem til með að vitna til í ræðu minni.

Við fórum yfir það í umræðum um störf þingsins í upphafi þingfundar hvernig þessu máli hefði lyktað í menntamálanefnd og hv. þm. Mörður Árnason gerði ágætlega grein fyrir því í sinni ræðu þegar hann fór yfir nefndarálit minni hluta menntamálanefndar. Það er trúa okkar í þessu máli að upplýsingarnar frá ESA, þ.e. upplýsingarnar um það að bréfaskipti hefðu staðið á meðan nefndin fjallaði um málið, bréfaskipti milli ráðuneytis menntamála og ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, séu þess eðlis að eðlilegt hafi verið að fresta umfjöllun um málið, sérstaklega í ljósi þess að það liggur fyrir að ESA telur sig enn eiga eftir að gefa lokasvar við fyrirspurnum ráðuneytisins. Það er til marks um óöryggi ráðuneytisins og hæstv. menntamálaráðherra í þessu máli hversu mikil þessi bréfaskipti hafa verið og um hvaða atriði þau hafa fjallað. Þau hafa nefnilega fjallað um grundvallaratriði málsins og þar hefur verið tekið á álitamálum sem við höfum haft til umfjöllunar í menntamálanefndinni og höfum þurft að skoða ofan í kjölinn. Þess vegna hefði verið verulegur fengur að því að vita af samskiptum ráðuneytisins og ESA á þeim tíma sem við fjölluðum um málið í nefndinni.

Það er vissulega önugt til þess að vita að starfsmenn ráðuneytisins sem voru í nokkuð nánum samskiptum við menntamálanefnd, bæði fyrir 2. umr. um þetta mál og sömuleiðis núna á milli 2. og 3. umr., skyldu ekki gefa okkur neinar vísbendingar um að enn væri verið að spyrja ESA um almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins. Samkvæmt 3. gr. er það mjög vítt en það er líka að okkar mati afar illa skilgreint og það eru akkúrat hlutir sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur verið að gera athugasemdir við í þessum bréfaskiptum. Þegar þau bréfaskipti eru skoðuð kemur í ljós að þar hefur Eftirlitsstofnunin haft svipaðar athugasemdir og við í stjórnarandstöðunni í menntamálanefndinni og sömuleiðis varðandi annað veigamikið atriði sem varðar eftirlitsþáttinn með almannaþjónustuhlutverkinu. Það vita allir sem vita vilja að Evrópusambandið leggur mjög mikið upp úr því þegar annars vegar er um að ræða ríkisrekstur og hins vegar samkeppnisrekstur sem berjast á sama markaði um yfirráð eða um það að ná til neytenda að ekki sé meðgjöf með hinum ríkisstyrkta rekstri, þ.e. að það sé ekki samkeppnishamlandi að ríkið sé á markaðnum. Það þurfa að vera góð rök fyrir því að hið opinbera leggi peninga í rekstur sem jafnframt er rekinn af einkaaðilum og það vita allir sem vita vilja að það hafa verið ákveðin átök í Evrópusambandinu þar sem framkvæmdastjórnin hefur lagt mikið upp úr því að hafi ríkisfjölmiðlar, þótt þeir séu að hluta til á samkeppnismarkaði, menningarlegu hlutverki að gegna — framkvæmdastjórnin hefur pólitískt staðið á bak við ríkisfjölmiðlana í Evrópu á sama tíma og Evrópudómstóllinn hefur reyndar verið hallari undir samkeppnislöggjöfina og samkeppnislögmálin og hefur þess vegna iðulega slegið í brýnu eða verið togstreita á milli framkvæmdastjórnarinnar og hins pólitíska valds í Evrópusambandinu og Evrópudómstólsins sem vill dæma málin út frá samkeppnissjónarmiðunum frekar en hinum menningarlegu skyldum. Þarna er skurðarpunkturinn sem Evrópusambandið er vaklandi í í dag og þess vegna á Eftirlitsstofnunin erfitt með að kveða upp úr með það á hvern hátt eftirliti skuli háttað með þessu almannaþjónustuhlutverki og með því að hinu opinbera fé sé varið í menningarhlutverkið en ekki samkeppnisrekstur.

Um þessa þætti eru menn að kalsa í bréfunum sem ganga á milli ráðuneytisins og ESA á nákvæmlega sama tíma og ríkisstjórnin leggur áherslu á og setur kraft í að reyna að ná málinu í gegn eins og við urðum áþreifanlega vör við fyrir jól í þessum þingsölum. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og ég sé ekki að menntamálaráðherra hafi nokkur rök fyrir því hvers vegna þessi mikli þrýstingur var á að málið færi í gegn fyrir jól þegar jafnmörg mál og raun ber vitni voru óútkljáð milli ráðuneytisins og ESA. Það er alvarleg staðreynd að síðasta bréfið skuli hafa farið frá fjármálaráðuneytinu varðandi þessi mál til Eftirlitsstofnunarinnar 9. janúar sl. Þetta er slíkur áfellisdómur yfir meðferð málsins og mér þykir dapurlegt að hæstv. forseti skyldi ekki hlusta á rök þingflokksformanna stjórnarandstöðunnar þegar þess var farið á leit með bréfi sem dagsett er 11. janúar sl. og hlutast til um að afgreiðslufundi nefndarinnar vegna þessara bréfa yrði frestað og stjórnarandstöðunni gefið eðlilegt ráðrúm til að kynna sér þau gögn sem fyrir lágu. Það er alltaf alvarlegt þegar það kemur upp að gögnum sé haldið frá þingnefndum og það er deginum ljósara að menntamálaráðherra er í erfiðu máli hér hvað þetta varðar. Það hefði verið veruleg skynsemi í því fólgin af stjórn þessa þings að fara að óskum okkar í stjórnarandstöðunni sem við settum fram í bréfaformi þann 11. janúar eins og ég nefndi. Það var ekki gert og inn í þessa umræðu erum við komin vitandi það að samskipti ESA og íslenskra stjórnvalda eru enn yfirstandandi.

Þessi samskipti eru rakin í minnisblaði sem sent var til menntamálanefndar fyrir örfáum dögum, rétt fyrir helgina, og þar eru rakin þessi samskipti fram að þeim degi. Það sem mér finnst athyglisverðast er að málefnin sem við erum að fjalla um í menntamálanefnd eru öll uppi á borðinu. Í þessu minnisblaði ráðuneytisins til nefndarinnar kemur fram að á fundi ESA með fulltrúum fjármálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins fyrir um það bil ári hafi frumvarpið um RÚV hf. verið kynnt fyrir fulltrúum ESA og síðan hafi verið gerð grein fyrir því með hvaða hætti ákvörðun væri tekin um almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins með hliðsjón af þeim skilyrðum sem lýst væri í ákveðnum kafla í ríkisstyrktarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA. Jafnframt var á þessum tíma spurt um tilhögun eftirlits með almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins. Það var fjallað um aðskilnað í bókhaldi Ríkisútvarpsins á milli almannaþjónustuhluta og samkeppnishluta starfseminnar. Það var fjallað um ákvörðun um fjárhæð afnotagjaldanna eða nefskattinn eins og fyrirhugað er að breyta afnotagjöldunum í. Það var fjallað um ráðstafanir til að sporna við undirboðum og samkeppnishamlandi athöfnum Ríkisútvarpsins á markaði og í framhaldinu var síðan gerð nánari grein fyrir athugasemdum stofnunarinnar þar sem ESA brást við þessum þreifingum starfsmanna íslenskra ráðuneyta.

Það er alveg ljóst þegar minnisblað ráðuneytisins er skoðað ofan í kjölinn hversu mikils óöryggis virðist hafa gætt hjá stjórnvöldum, hjá starfsmönnum ráðuneytisins, með þau atriði frumvarpsins sem hafa síðan valdið mestum deilum og mestum umræðum hér heima og sýnist sitt hverj-

um í þessum efnum. Auðvitað andmæla aðilar sem reka stöðvar á markaði, útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar, ekki þessu frumvarpi á sömu forsendum og við þingmenn stjórnarandstöðunnar, það er alveg ljóst. Þar er himinn og haf á milli. Það má segja að menn séu staddir hvor sínum megin á ásnum í gagnrýni sinni á stjórnvöld í þessum efnum og þess vegna hefur það verið verulega þungur róður fyrir starfsmenn stjórnvalda, þeirra sem reka erindi stjórnvalda fyrir ESA, að átta sig á því eða gera sér fulla grein fyrir því hver væri besta leiðin til að hægt væri að fallast á að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag og á sama tíma yrðu allar reglur ESA og Evrópusambandsins uppfylltar. Þetta er verulega flókið efni og það kemur fram í þeim gögnum sem við höfum frá Eftirlitsstofnuninni og frá menntamálaráðuneytinu varðandi samskiptin við hana.

Í bréfinu, sem skrifað var þann 9. janúar sl., fyrir örfáum dögum, er gerð grein fyrir því með hvaða hætti íslensk stjórnvöld hyggjast standa að ákveðnu mati, því sem kallað hefur verið fyrirframmat, þ.e. áður en ákvörðun er tekin um upptöku nýrrar þjónustu innan skilgreiningar útvarpsþjónustu í almannaþágu eins og henni er lýst í 3. gr. frumvarpsins og í 2. gr. þjónustusamningsins sem var bein afleiðing af umkvörtunum ESA á sínum tíma. Ekki fylgdi þjónustusamningur með frumvarpi ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið hf. og ekki fylgdi uppkast að þjónustusamningi með frumvarpi ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið sf. Það er ekki fyrr en með frumvarpi ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið ohf. sem þjónustusamningurinn lítur dagsins ljós og er þar fyrir áeggjan og kröfu frá Eftirlitsstofnuninni.

Í bréfinu frá 9. janúar er gerð grein fyrir því að Ríkisútvarpið ohf. eða menntamálaráðuneytið kunni að hafa frumkvæði að því að óska eftir að nýrri þjónustu sé bætt við þjónustusamninginn. Þá ósk beri að birta opinberlega með sex mánaða fyrirvara áður en fyrirhugað er að veita þjónustuna og við mat á nýrri þjónustu beri að leggja mat á hvort þjónustan falli innan undantekningar 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, hvort hún falli utan við almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins eins og það er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins að teknu tilliti til viðeigandi markaðar fyrir umrætt efni og fyrirhugaða miðlunaraðferð. Matið á að vera í höndum menntamálaráðuneytisins sem gert er ráð fyrir að kalli þá á aðstoð sérfræðinga frá Samkeppniseftirlitinu, Póst- og fjarskiptastofnun og útvarpsréttarnefnd eftir því sem þörf krefur. Í svari íslenskra stjórnvalda er matsferlinu lýst nánar þannig að lagt sé mat á menningarlega, lýðræðislega og félagslega þörf á hinni nýju þjónustu eins og slíkar þarfir eru skilgreindar samkvæmt 3. gr. frumvarpsins. Svo getum við farið út í það hvort þær eru þannig skilgreindar að það sé nægilega yfirgripsmikið eða gagnsætt þannig að menn viti við hvað er átt. Stjórnvöld gera ráð fyrir því að við matið skuli horft til þess hversu margir notendur verði að umræddri þjónustu, það skuli litið til kostnaðar sem fylgi því að bjóða upp á hana og hversu frábrugðin hún sé þeirri almannaþjónustu sem RÚV býður upp á í dag. Ráðuneytið lýsir því yfir að það muni jafnframt leggja mat á að hve miklu leyti hin nýja þjónusta feli í sér útvíkkun á fyrri almannaþjónustu og að hve miklu leyti sé um algerlega nýja þjónustu að ræða. Það er horft til þess af stjórnvöldum að niðurstöður matsins geti orðið þrenns konar, í fyrsta lagi að þjónusta sem óskað er að taka upp falli þegar undir almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins eins og það er skilgreint í 2. gr. fyrirliggjandi þjónustusamnings, í öðru lagi að þjónustan falli utan samningsins en sé engu að síður innan 3. gr. frumvarpsins og í þriðja lagi að fyrirhuguð þjónusta falli utan 3. gr. frumvarpsins. Ef mat leiðir til niðurstöðu sem nefnd var í fyrsta lagi gera menn ráð fyrir að ekki þurfi að breyta samningnum. Ef mat leiði hins vegar til niðurstöðunnar sem getið var um í öðru lagi ætti að vera nægilegt að breyta samningnum og ef matið leiðir til niðurstöðu c, þ.e. síðustu niðurstöðunnar, að fyrirhuguð þjónusta falli fyrir utan 3. gr. frumvarpsins, telji stjórnvöld nauðsynlegt að breyta almannahlutverki Ríkisútvarpsins eins og það er skilgreint í lögunum áður en hin nýja þjónusta er tekin upp.

Í framhaldi af því sem hér er getið og því mati sem hér er um fjallað og fram komnum athugasemdum hagsmunaaðila og keppinauta Ríkisútvarpsins er gert ráð fyrir því að ráðherra taki ákvörðun um hvort hin nýja þjónusta geti hafist eður ei. Um þessi atriði er fjallað í síðasta bréfi stjórnvalda til Eftirlitsstofnunar EFTA og eins og ég sagði áðan vitum við enn ekki hver niðurstaðan af þessu öllu verður, hvort Eftirlitsstofnunin á eftir að gera einhverjar lokaathugasemdir eða hvort hún leggur blessun sína yfir þá leið sem hér er farin.

Sem sagt, það hefði verið ærin ástæða til að láta hér við sitja og taka fram fyrir þetta mál önnur brýn mál sem Alþingi hefur á dagskrá, brýn mál sem ríkisstjórnin vill koma í gegn og ætlar sér auðvitað að koma í gegn á þessu stutta vorþingi og hef ég þar nefnt til sögunnar mál sem er full ástæða til að vinna vel og koma sem fyrst í gegnum Alþingi og gera að lögum. Þar nefndi ég Vatnajökulsþjóðgarð, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruminjasafnið, þ.e. stofnun eins af höfuðsöfnum íslensku þjóðarinnar, náttúruminjasafns. Ég nefndi sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sem er eitt af þeim málum sem hæstv. menntamálaráðherra hefur lagt mikla áherslu á. Það mætti enn fremur nefna vegáætlun og fleiri mál sem liggja í nefndum og eru að verða tilbúin til 2. umr. og sömuleiðis mál sem stjórnarliðar og ráðherrar hafa lagt fram til 1. umr.

Ríkisstjórnin kýs að setja undir sig hausinn í þessu máli og fara þá leið að setja þingið af stað með umræðum um Ríkisútvarpið, þetta vonlausa, stagbætta frumvarp sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við allt fram á þennan dag, frumvarp sem mikil óeining ríkir um úti í samfélaginu, frumvarp sem beinlínis fer gegn ákveðnum meginreglum sem við höfum reynt að vinna eftir í samfélaginu hvað varðar t.d. réttindi starfsmanna hins opinbera og þar fram eftir götunum.

Það hefur verið haft á orði í þessari umræðu nú þegar að hér geti verið í uppsiglingu verulegt slys verði þetta frumvarp að lögum.

Ríkisútvarpið er afar sérstök stofnun í hugum þjóðarinnar. Hún hefur verið umdeild á ákveðnum tímum, oft hefur slegið í brýnu milli okkar stjórnmálamanna vegna málefna sem tengd eru stofnuninni, en þegar saga Ríkisútvarpsins er skoðuð er hún samfelld saga menningarstofnunar sem borið hefur uppi framleiðslu á menningu, þ.e. sköpun þess menningararfs sem við státum okkur af í dag. Eitt af veigamestu

hlutverkum þessarar stofnunar hefur verið, er og verður, að halda áfram að tryggja það að menningararfur á öldum ljósvakans verði til, að hann verði unninn af fagmennsku, trúmennsku og afli og að hans verði gætt, að hann verði varðveittur til langrar framtíðar fyrir komandi kynslóðir til að rýna í og máta sig við og skilja þá sögu sem þessi þjóð hefur skilið eftir sig, þau spor sem mörkuð hafa verið af þeim sem gengið hafa þessa slóð, þessa braut, og borið hafa uppi menningu þjóðarinnar, þann kúltúr og það samfélag sem við höfum komið á laggirnar og höfum nært hér og fóstrað.

Ríkisútvarpið er, hefur verið og þarf áfram að vera einn af máttarstólpum menningar þjóðarinnar, máttarstólpi sem þjóðin er stolt af og vill umfram allt að haldi áfram að vera öflugur málsvari íslenskrar menningar. Það eru efasemdir meðal okkar stjórnarandstæðinga, meðal þjóðarinnar og meðal stjórnmálamanna um alla Evrópu um að það sé í lagi að senda allt það hlutverk sem ríkisfjölmiðill hefur sinnt á undangengnum árum og áratugum út á markað til að láta einkastöðvarnar berjast um það.

Eins og ég hef margoft sagt í umræðum um Ríkisútvarpið er ég svo sannarlega ekki mótfallin því að einkaaðilar fái að reka stöðvar, hvort sem það eru sjónvarpsstöðvar eða útvarpsstöðvar, úti á frjálsum markaði því að það hefur sýnt sig og margoft verið sannað og komið í ljós að það er gott að hafa sterka samkeppni, sterka keppinauta úti á markaðnum, en ég hef alltaf verið því fylgjandi að Ríkisútvarpið beri skyldur umfram einkastöðvarnar og trúi því og hef stutt það rökum einlæglega að það sé þannig sem stjórnmálaöfl í Evrópu hafi séð ríkisútvarp og ríkisfjölmiðlana fyrir sér, þ.e. að það sé skylda okkar að standa vörð um þessa máttarstólpa menningar á sama hátt og eining hefur verið um það meðal stjórnmálaafla vítt um lönd að reknar séu öflugar stofnanir sem haldi utan um sögu þjóðarinnar í formi safna, t.d. þjóðminjasöfn. Við þekkjum það sjálf hversu mikilvægt Þjóðminjasafnið okkar er. Við þekkjum líka hversu mikilvægt er að halda utan um menningu okkar á Þjóðskjalasafninu og Landsbókasafninu, í Þjóðleikhúsinu og fleiri sambærilegum stofnunum. Undir þetta net heyrir sterkur ríkisfjölmiðill sem framleiðir menningarefni á öldum ljósvakans fyrir hljóðvarp og sjónvarp og varðveitir þennan menningararf og sér um að miðla honum áfram til komandi kynslóða.

Við eigum öll einhverjar minningar og einhverjar sögur í farteskinu um það sem Ríkisútvarpið hefur haft fram að færa til þjóðarinnar og um það hlutverk sem það hefur gegnt. Sjálf minnist ég þess að móðir mín sagði mér af Eimreiðinni, tímaritinu sem tengdist upphafsárum Ríkisútvarpsins, sagði mér sögurnar af honum afa mínum sem eignaðist að ég held eitt fyrsta útvarp í Rauðasandshreppi, hvernig hann lokaði sig af til að hlusta á allt sem sent var út í útvarpinu, allar fréttir og hljóp svo um alla sveit til að segja fréttirnar áfram til þess að allir gætu notið þess sem hann heyrði í útvarpinu.

Gunnar Stefánsson hefur auðvitað manna best rakið þessar sögur allar í bók sinni um upphafsárin í sögu Ríkisútvarpsins, þ.e. árin frá 1930–1960, og mér segir svo hugur um að einhvers staðar sé í smíðum áframhald þeirrar sögu, a.m.k. sögunnar fram til 1985 þegar útvarpsrekstur var gefinn frjáls á Íslandi. Það er mikill fengur að þessari bók Gunnars Stefánssonar og ég er sannfærð um að þeir sem eru í þessum sal og hafa verið að sinna málefnum Ríkisútvarpsins, starfsmenn Ríkisútvarpsins, áhugafólk um Ríkisútvarpið og framtíð þess, hafa gluggað í bókina, hafi hreinlega látið umræðuna hvetja sig til þess að glugga í þessa bók og rifja upp þessa gömlu tíma og það hvaðan Ríkisútvarpið er sprottið, upp úr hvaða jarðvegi, hvaðan þessi þörf okkar fyrir sameiningartákn er komin, og hvernig Ríkisútvarpinu vegnaði síðan á fyrstu áratugum ævi sinnar.

Auðvitað höfum við í stjórnarandstöðunni ekki dregið neina dul á það að margt má betur fara í rekstri Ríkisútvarpsins og eins og ég sagði áðan hefur iðulega gustað um það. Við sem störfum hér á vegum stjórnarandstöðunnar í umboði kjósenda okkar höfum verið þess fýsandi að málefni Ríkisútvarpsins séu tekin föstum tökum og reynt sé að leita ákveðinna sátta um þau. Við höfum lagt fram ýmsar tillögur, bæði við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og hv. þingmenn Samfylkingarinnar eins og Mörður Árnason hv. þm. gerði grein fyrir í máli sínu áðan, við höfum komið fram með þingmál sem hafa dregið upp mynd af framtíð fyrir þessa stofnun sem við sjáum sem áhugaverða og ákjósanlega. Því miður hafa stjórnarliðar í þessum sal og hæstv. ráðherrar ekki viljað gefa því undir fótinn eða ljá því nokkurn stuðning að við settumst saman við borðið og ræddum þessi ólíku sjónarmið okkar og prjónuðum saman einhvers konar niðurstöðu, kæmumst að einhvers konar niðurstöðu um það með sátt og í samlyndi ólíkra sjónarmiða að við næðum fram einhverri lausn á þessum málum sem tryggði viðgang og vöxt þessarar stofnunar til langrar framtíðar. Það er mjög miður.

Ég minnist nú umræðunnar og átakanna sem urðu í fjölmiðlanefndinni sem skilaði af sér merkri skýrslu, eins og menn þekkja, fyrir tæpum tveimur árum síðan. Þar var uppi mjög merkileg umræða, mjög yfirgripsmikil umræða um málefni fjölmiðla almennt, en vegna þvermóðsku ríkisstjórnarinnar og hæstv. menntamálaráðherra var nefndinni ekki heimilað að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins. Engu að síður sátu þar við sama borð fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi. Við sátum í mesta bróðerni og tókumst á um mjög erfið álitamál varðandi stöðu fjölmiðla almennt, fórum djúpt ofan í saumana á málum en urðum alltaf að stoppa þegar kom að málefnum Ríkisútvarpsins. Við fengum aldrei að máta hugmyndir okkar um ríkisútvarp inn í þá heildarmynd sem við þó vorum að reyna að skapa við þetta nefndarborð. Er það verulega til vansa fyrir ríkisstjórnina og þann hæstv. menntamálaráðherra sem haldið hefur hér á málum að ekki skyldi hafa verið heimilað á þeim tíma að við færum sameiginlega í það að skapa framtíð fyrir Ríkisútvarpið, framtíð sem hefði getað orðið sátt um, breið sátt. Þau tækifæri sem hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur haft til að ná þeim sáttum hefur hún öll látið sér úr greipum renna og er það mjög miður.

Bókunin sem við undirrituðum, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjölmiðlanefndinni, 7. apríl 2005, gekk út á það að lýsa yfir eða teikna upp á hvern hátt við hefðum séð þetta geta átt sér stað og sögðum við frá því að alveg frá því að starf nefndarinnar fór af stað, haustið 2004, þá gerðum við athugasemdir, allir flokkar stjórnarandstöðunnar, við þá

ákvörðun menntamálaráðherra að takmarka svigrúm nefndarinnar á þennan hátt til að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins. Formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar skrifuðu bréf um þau mál strax og nefndin tók til starfa og gerðu kröfu um að Ríkisútvarpið félli undir verksvið nefndarinnar. Við töluðum um það í bókun okkar frá 7. apríl að við værum þeirrar skoðunar að mikilvægt væri að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem tæki bæði til Ríkisútvarpsins og hinna einkareknu fjölmiðla og að við teldum slíkt einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið færi fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf. Við höfum verið þessarar skoðunar æ síðan og höfum haldið okkur við þann málflutning.

Ég tel að í síðustu umfjöllun menntamálanefndar um Ríkisútvarpið hafi það kannski komið enn betur fram í dagsljósið en áður hversu mikil þörf hefði verið á að fjalla um Ríkisútvarpið í tengslum við þá sýn sem hæstv. menntamálaráðherra eða fjölmiðlanefndin varpaði upp í skýrslu sinni þannig að eitthvert vit hefði verið í hlutunum. Ég vil fá að nefna, virðulegi forseti, eitt dæmi þessu sjónarmiði mínu til stuðnings.

Í frumvarpinu um Ríkisútvarpið, sem er á þskj. 56, er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun hafi ákveðnu hlutverki að gegna varðandi eftirlit með Ríkisútvarpinu — nú finn ég ekki í fljótu bragði greinina sem fjallar um hlutverk Ríkisendurskoðunar en það er alla vega gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun fari yfir reikninga Ríkisútvarpsins en ekki getið um það að hún skuli vera einhvers konar eftirlitsaðili að öðru leyti, t.d. með stjórnsýslu eða því að farið sé að lögunum. Það vantar vissulega að segja frá því eða skýra það í frumvarpinu á hvern hátt gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun komi að málefnum Ríkisútvarpsins. Varla getur það verið ætlun hæstv. menntamálaráðherra eða þeirra sem sömdu frumvarpið að Ríkisendurskoðun geri beinlínis stjórnsýsluúttekt á stofnuninni á hverju einasta ári. Við lesum frumvarpið þannig að einungis sé ætlast til þess að Ríkisendurskoðun skoði reikninga og bókhald og það sem heyrir undir almennan rekstur Ríkisútvarpsins en sjáum ekki á frumvarpinu að gert sé ráð fyrir því að Ríkisendurskoðun fari ofan í saumana á eftirfylgni laganna eða að stjórnsýsluhlutverk eða almannaþjónustuhlutverk ríkisins sé skoðað reglulega og þar fram eftir götunum.

Hins vegar ef við skoðum fjölmiðlafrumvarpið á þskj. 58, sem liggur einnig fyrir þinginu, frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um prentrétt, og samkeppnislögum, sjáum við að þar er gert ráð fyrir að ákveðinn eftirlitsmekanismi verði til staðar með einkareknu fjölmiðlunum. Hans er getið strax í 2. gr. þessa frumvarps og er settur samkvæmt 2. gr. frumvarpsins á herðar útvarpsréttarnefndar.

Rétt er að fara aðeins yfir það hvernig fjölmiðlanefndin sá fyrir sér, og hæstv. menntamálaráðherra hefur í raun og veru lýst stuðningi við með því að setja það inn í þingmál sitt á þskj. 58, að þetta ætti að fara fram. Þar segir að menntamálaráðherra skipi útvarpsréttarnefndina og til hversu langs tíma viðkomandi nefnd eigi að sitja, hún fái að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfslið. Útvarpsréttarnefnd á að vera heimilt að fela framkvæmdastjóra að afgreiða ákveðna málaflokka, hún á að fylgjast með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt og hafa að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpssendingum er lúta íslenskri lögsögu, skv. 2. og 3. gr. þessa frumvarps. Útvarpsréttarnefnd getur samkvæmt frumvarpinu áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti upplýsingar sjónvarpsstöðva um útsendingu á t.d. evrópsku dagskrárefni og um sýningu efnis sem framleitt er af sjálfstæðum framleiðendum. Síðan er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirlit með tæknilegum eiginleikum útsendinganna.

Það er líka lagt á herðar útvarpsréttarnefndar samkvæmt þessu frumvarpi að safna tölfræðilegum upplýsingum um stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði. Útvarpsstöðvum, fjarskiptafyrirtækjum og dagblöðum er skylt að veita útvarpsréttarnefnd upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að mæla stöðu og þróun á markaði svo sem um hlutfall íslensks og erlends efnis í sjónvarpi, upplagstölur dagblaða og upplýsingar um tekjuskiptingu og fleira. Og menntamálaráðherra er svo gert að setja reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um hvaða upplýsingar skuli veita, tíðni og fyrirkomulagi upplýsingagjafarinnar og úrvinnslu upplýsinganna.

Svo segir hér að útvarpsréttarnefnd sé heimilt að gera samning við Hagstofu Íslands sem annast ákveðna söfnun upplýsinga og úrvinnslu þeirra. Líka að hún skuli gera samstarfssamning við Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið um mál sem geta varðað starfsrétt þessara tveggja stofnana. Og loks kemur fram að ákvæði um útvarpsrétt samkvæmt þessu frumvarpi eigi að vera fullnaðarlausnir á stjórnsýslusviði og sæti ekki stjórnsýsluákæru.

Þetta segi ég, virðulegi forseti, í ljósi þess að fjölmiðlanefndin velti þessum málum mjög ítarlega fyrir sér og lagði á það áherslu að Ríkisútvarpið ætti að heyra undir þetta eftirlit útvarpsréttarnefndar.

En með því að skilja frumvörpin að eins og gert hefur verið þá leiðir það af sjálfu sér að Ríkisútvarpið ohf., ef það verður stofnað samkvæmt því lagafrumvarpi sem hér er til umræðu, er ekki undir neinum eftirlitsaðila nema Ríkisendurskoðun. Ég sé ekki að Ríkisendurskoðun hafi það bolmagn að hún geti — og ekki heldur það „mandat“ að hún eigi að fara inn í það hlutverk sem lýst er í fjölmiðlafrumvarpinu að útvarpsréttarnefnd eigi að gera.

Í mínum huga er þetta því talandi dæmi um það hvers vegna þessi mál hefðu átt að fylgjast að í gegnum þingsalinn, í gegnum þessa umræðu og í gegnum umfjöllun menntamálanefndar. Mér hefur fundist það deginum ljósara frá upphafi þessa máls að hér sé verið að fara miklar villur vegar með því að skilja þessi tvö mál að.

Í bókun fjölmiðlanefndarinnar frá 7. apríl gátum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni þess, og lögðum mikla áherslu á að sjálfstætt almannaútvarp stuðlaði að pólitískri og menningarlegri fjölbreytni og væri forsenda þess að fjölmiðlar gætu gegnt aðhaldshlutverki sínu í samfélaginu og verið trúverðugir útverðir lýðræðis í samfélaginu. Við lýstum því yfir að það væri mat okkar að það ætti að nást sátt í samfélaginu um almenna rammalöggjöf um fjölmiðla sem liggur fyrir í fjölmiðlafrumvarpi menntamálaráðherra núna, að þá þurfi að tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins um leið gagnvart stjórnvöldum og gagnvart viðskiptaaðilum á markaði. Það þyrfti

að varðveita það traust sem ríkir nú milli stofnunarinnar og eigenda hennar, og hverjir eru þeir? Það er þjóðin.

Við erum hér með í höndunum einn af máttarstólpum menningar í landinu. Við erum að skilja Ríkisútvarpið frá markaðnum sem engu að síður er búinn að sjá á spil ríkisstjórnarinnar í fjölmiðlafrumvarpinu og þar af leiðandi, eins og ég segi, erum við að skekkja þá mynd ef þetta frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. verður að lögum án fjölmiðlafrumvarpsins. Þá er mun verr af stað farið en heima setið. Þetta er enn ein af ástæðunum fyrir því að þetta frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. á ekki erindi í þeim búningi sem það er í núna.

Ekki bar nú ríkisstjórnin gæfu til þess að hlusta á stjórnarandstöðuna vorið 2005 og þó að við höfum klifað á sjónarmiðum okkar hingað til þá hefur það ekki nægt til að opna augu ríkisstjórnarinnar fyrir skynseminni sem í orðum okkar er fólgin hvað þetta varðar.

Hver eru svo rök ríkisstjórnarmeirihlutans fyrir því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag? Þau eru vægast sagt á afar veikum grunni reist. Þau eru í grunninn einungis þau að það þurfi að auka eitthvað sem stjórnarmeirihlutinn kallar svigrúm og sveigjanleika í rekstri stofnunarinnar. Hvernig er því svigrúmi og þeim sveigjanleika síðan náð fram?

Samkvæmt því sem lesa má og skilja má af ræðum stjórnarþingmanna í þessum sal þá er það fyrst og síðast með sveigjanleika og svigrúm í ráðningum starfsmanna. Það þýðir á mannamáli að Ríkisútvarpið þurfi öðru fremur mest á því að halda að geta rekið starfsmenn að vild og ráðið að vild með þeim kjörum sem útvarpsstjóra sýnist í það og það skiptið. Útvarpsstjóranum sem samkvæmt þessu frumvarpi verður einráður um málefni stofnunarinnar. Útvarpsstjóranum sem samkvæmt þessu frumvarpi kemur til með að starfa í skjóli menntamálaráðherra. Útvarpsstjóra sem ekki er sannfærandi að geti orðið það óumdeilda akkeri sem t.d. útvarpsstjórar í árdaga Ríkisútvarpsins voru.

Af því að ég var að nefna bók Gunnars Stefánssonar um fyrstu 30 árin í sögu Ríkisútvarpsins, þá er athyglisvert að lesa þar frásagnir af fyrstu útvarpsstjórunum og hversu mikil sátt ríkti um störf þeirra og hversu mikil trú var bundin við þá einstaklinga og víðsýni þeirra, skarpskyggni og trúmennsku. Ég teldi því að það væri verulega mikill fengur í því að skoða hlutverk útvarpsstjóra samkvæmt þessu frumvarpi upp á nýtt og máta það inn í annan heim en núverandi stjórnarmeirihluti sér fyrir sér hvað varðar framtíð Ríkisútvarpsins. Rökin fyrir því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag eru sem sé afar veik.

Í mínum huga eru þau að hluta til, eða bera það með sér að stjórnarmeirihlutinn eigi þá von fólgna í brjósti sér að félagaformið, þ.e. hlutafélagsformið, komi í sjálfu sér í veg fyrir að Ríkisútvarpið geti orðið það sjálfstæða, sterka afl sem við í stjórnarandstöðunni höfum einróma viljað að það verði. Sjálfstætt almannaútvarp sem stuðlar að pólitískri og menningarlegri fjölbreytni og er forsenda þess að fjölmiðlar geti gegnt aðhaldshlutverki í samfélaginu og verið útverðir lýðræðis í samfélagi okkar.

Við erum þeirrar skoðunar að stjórnarmeirihlutinn hér á þingi og hæstv. menntamálaráðherra sé einhvers staðar ekki kannski svo djúpt inni fyrir, heldur svona rétt undir yfirborðinu, að óska þess að Ríkisútvarpið verði einhvers konar stofnun sem framleiðir eitthvert menningarefni sem virðist vera að menn álíti að sé ekki vel fallið til vinsælda. En það sé heldur ekki vinsælt að segja að Ríkisútvarpið eigi ekki að framleiða slíkt efni. Það virðist vera vilji manna að efla innlenda dagskrárgerð, að minnsta kosti í orði kveðnu, þó það sé ákveðið álitamál í þeim efnum varðandi fjármunina sem til ráðstöfunar verða í það verkefni. Það megi sannarlega draga það í efa að hin öfluga dagskrárgerð sem lýst er í þjónustusamningnum verði eða fái byr undir vængina með auknu fjármagni. Því eins og hv. þm. Mörður Árnason vék hér að í nefndaráliti okkar um hagræðinguna, þá er það nú afar óljóst hvaðan þeir fjármunir eiga að koma. Það liggur sannarlega ekki á borðinu að sú öfluga, innlenda dagskrárgerð sem menn þykjast sjá fyrir sér geti orðið að veruleika þegar það allt er skoðað.

Hver eru rök meiri hlutans fyrir því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag? Eins og ég sagði áðan eru þau að mínu mati afskaplega veik og hafa verið gagnrýnd núna nýverið af hæstaréttarlögmanni, Ástráði Haraldssyni, sem hefur skrifað grein um einkavæðingu Ríkisútvarpsins, sem hann kallar svo, og við höfum, a.m.k. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leyft okkur að kalla þetta svo einnig. Nú á síðustu dögum, það var reyndar í dag, mánudaginn 15. janúar, birtist Ástráður Haraldsson enn á ný í fjölmiðlum og heldur því fram að einkavæðingin sem farið er fram á að eigi sér stað með þessu frumvarpi, verði upphafið að endalokum Ríkisútvarpsins í þeirri mynd sem það er í dag. Það er nú hvorki meira né minna en svo djúpt tekið í árinni af hæstaréttarlögmanninum.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég óttast nákvæmlega það sama. Að þetta feigðarflan ríkisstjórnarinnar eigi eftir að veikja Ríkisútvarpið svo að það verði upphafið að endalokum þess í þeirri mynd sem það er í dag.

Það kemur fram í frétt Fréttablaðsins og í viðtali við Ástráð að hann telji ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað starfsemi í almannaþágu og samkeppnisrekstur vera óframkvæmanlegan. Hann gagnrýnir að ekki sé kveðið sérstaklega á um að lögin eigi að ganga framar sérlögum og að lög um opinber hlutafélög dugi alls ekki utan um þá starfsemi sem Ríkisútvarpinu ohf. sé ætlað að sinna.

Þetta eru áhersluatriði sem við stjórnarandstöðuþingmenn höfum rætt í nefndinni. Við höfum reynt að fá stjórnarmeirihlutann til að opna augu sín fyrir að þessi atriði séu í ákveðinni klemmu eða það séu vísbendingar um að hér sé verið að stefna inn í meiri háttar slys. En ekki höfum við fengið hljómgrunn fyrir þessum áhyggjum okkar eða hljómgrunn með athugasemdir okkar hjá stjórnarliðum.

Í fréttinni í Fréttablaðinu segir Ástráður að í skilningi laga sé starfsemi annaðhvort opinbers réttar eðlis eða einkaréttarlegs eðlis og það sé ekki til neitt millistig en það virðist ákveðin þörf hjá stjórnarmeirihlutanum á Alþingi að finna einhvers konar millistig og menn séu að reyna að formúlera sig inn á það að hér sé verið að búa til eitthvert millistig milli opinbers réttar og einkaréttar. En svo ég vitni beint til orða Ástráðar þá segir hann, með leyfi forseta:

„Um leið og starfsemi er færð í form hlutafélags verður hún einkaréttar eðlis og það er mikilvægt að menn átti sig á að frumvarpið fjallar því í reynd um einkavæðingu Ríkisútvarpsins.“

Það er einmitt mergurinn málsins að þingmenn stjórnarliðsins sem hafa sumir hverjir, jafnvel hv. formaður nefndarinnar, eins og hér hefur verið gert að umtalsefni oftar en einu sinni, lýst þeim vilja sínum að þeir vilji einkavæða Ríkisútvarpið og selja það. Hér er óvefengjanlega að mati hæstaréttarlögmanns, sem maður skyldi ætla að hafi vit á málunum, tekið svo djúpt í árinni að hér sé um einkavæðingu að ræða með þessari breytingu á hinu lagalega umhverfi stofnunarinnar og þar með sér þjóðin að næsta skref er auðtekið og liggur beint við. Og hvert væri það? Sala hins einkavædda félags, af sjálfu sér leiðir.

Ástráður segir að nýleg lög um opinber hlutafélög — við vitum að hlutafélagalögunum hefur verið breytt og sett inn ákveðin ákvæði um opinber hlutafélög — séu það veik að þau dugi alls ekki til þess að ná sómasamlega utan um hlutverk Ríkisútvarpsins eða þá starfsemi sem Ríkisútvarpinu er lögð á herðar. Þau fjalli aðeins um takmarkaðar undanþágur opinberra hlutafélaga frá almennum reglum um hlutafélög. Svo ég vitni beint í orð Ástráðar segir hann, með leyfi forseta:

„Frumvarpið ber vott um viðleitni til að skapa einhvers konar millistig á milli opinbers rekstrar og einkarekstrar en ég tel gjörsamlega ómögulegt að gera það með stagbættum frumvörpum um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Til að búa þetta millistig til þarf að setja um það almenn lög og færa svo starfsemina í þann ramma."

Það væri auðvitað fengur að því að fá hv. stjórnarliða, og af því að varaformaður menntamálanefndar, Dagný Jónsdóttir, er í salnum og ég veit að hún er á mælendaskrá á eftir, þá væri fengur að fá viðbrögð við sjónarmiðum Ástráðs. Hæstv. menntamálaráðherra á eflaust eftir að víkja eitthvað að því í þeim ræðum sem hún á eftir að flytja síðar í umræðunni, hvernig hún svarar ábendingum hæstaréttarlögmannsins. Ég tel því eðlilegt að hér fari fram talsverð umræða um nákvæmlega þau atriði sem hér er getið um og það væri fróðlegt að vita hvernig þingmenn Framsóknarflokksins bregðast við þessum athugasemdum, sérstaklega í ljósi þess sem á undan er gengið varðandi rekstrarformsbreytinguna innan Framsóknarflokksins sjálfs og á ég eftir að koma frekar að því síðar í ræðu minni.

Í frétt Fréttablaðsins í dag er sagt frá því ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill spyrja hv. þingmann hvort hún telji að langt sé eftir af ræðu hennar.)

Já, ég er bara komin vel inn í innganginn, virðulegi forseti.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti óskar þá eftir að hv. þingmaður geri hlé á ræðu sinni þannig að tækifæri gefist til að gefa matarhlé í hálfa klukkustund.)

Það er alveg sjálfsagt.

(**Forseti** (BÁ)**:** Fundi er þá frestað til klukkan átta og þá mun hv. 8. þm. Reykv.n. halda ræðu sinni áfram.)

[Fundarhlé. — 19:31]

[20:00]

**Kolbrún Halldórsdóttir** (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Þar var komið í ræðu minni að ég var að fjalla um frétt úr Fréttablaðinu í morgun þar sem rætt var við Ástráð Haraldsson hæstaréttarlögmann sem hefur gert í nokkuð ítarlegu máli grein fyrir ákveðnum athugasemdum og efasemdum sem hann hefur um frumvarp þetta. Ég var þar komin í máli mínu að Ástráður gerir athugasemdir við það að í frumvarpinu skuli segja að skilja eigi fjárreiður þeirrar starfsemi sem skilgreind er sem útvarpsþjónusta í almannaþágu frá þeirri starfsemi sem teljist til samkeppnisrekstrar. Í því felst eins og kunnugt er að þær tekjur sem fást með afnotagjöldum eða nefskatti, eins og gert er ráð fyrir að verði komið á með frumvarpinu, megi ekki nota til að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi. Ástráður segir í fréttinni hugsunina í sjálfu sér vera rétta en telur afar erfitt að sýna fram á að sá hluti rekstrarins sem ekki á að njóta ríkisframlagsins geri það ekki. Orðrétt segir hann, með leyfi forseta:

„Þegar Ríkisútvarpið hefur verið leitt út á eyðihjarn einkarekstrar virðast mér menn vera býsna vopnlausir gagnvart gagn- og samkeppnisaðilum sem mundu kæra til Evrópustofnana. Ég álít að það verði mjög erfitt að verjast slíkum samkeppniskærum."

Að mati hæstaréttarlögmannsins er ekki nóg að segja í lögunum að halda skuli fjárreiðunum aðskildum. Með tilliti til lagarammans og aðstöðu Ríkisútvarpsins sé ákvæðið í raun óframkvæmanlegt. Þess vegna segist lögmaðurinn óttast, og tekur fram að það sé af því að honum þyki vænt um Ríkisútvarpið og vilji viðhalda því, að þetta verði upphafið að endalokum þess í þeirri mynd sem við þekkjum það.

Þetta eru afar alvarlegar athugasemdir sem hæstaréttarlögmaðurinn hefur, hæstv. forseti. Þær tóna svo sem alveg við áhyggjur Samkeppniseftirlitsins og forstjóra þess en hann hefur eins og komið hefur fram heimsótt menntamálanefnd og hefur í áliti Samkeppniseftirlitsins reifað svipaðar hugmyndir og svipaðar áhyggjur og Ástráður Haraldsson hefur af þessum þætti málsins.

Hverju hafa svo talsmenn stjórnarflokkanna í menntamálanefnd svarað þessum athugasemdum, virðulegi forseti? Þeir hafa reynt að slá þetta út af borðinu með þeirri einföldu og kannski að hluta til barnalegu röksemd að það skipti ekki máli varðandi þennan aðskilnað vegna þess að sérlög gangi framar almennum lögum og við séum hér að fjalla um sérlög um ríkisútvarp og þau gangi þess vegna framar samkeppnislögunum. Það er allt og sumt. Það eru einu rökin sem við höfum heyrt frá stjórnarmeirihlutanum varðandi þessar áhyggjur sem eru þó rökstuddar í umsögn frá Samkeppniseftirlitinu á, ef ég man rétt, tveimur blaðsíðum.

Meiri hlutinn er haldinn þeirri óskhyggju, vil ég meina, að samkeppnislögin nái ekki til Ríkisútvarpsins af því að þau séu sérlög en hæstaréttarlögmaðurinn Ástráður Haraldsson hefur efasemdir um þennan lagaskilning og telur að samkeppnisreglurnar séu með vissum hætti tengdar grunngerð samfélagsins, þeim verði því ekki svo auðveldlega vikið til hliðar. Og orðrétt segir hæstaréttarlögmaðurinn, með leyfi forseta:

„Það eru því veruleg áhöld um að hve miklu leyti hægt er að undanþiggja tiltekna starfsemi þessum reglum og að minnsta kosti verður það aldrei gert nema með því að segja það berum orðum."

Eins og ég gat um í upphafi máls míns eða fyrr í ræðu

minni hef ég talsvert miklar áhyggjur af því að hér sé verið að slíta hlutina svo illa úr samhengi og erfitt sé fyrir okkur að gera þessar breytingar á umhverfi Ríkisútvarpsins, ekki bara af því að hér sé um einkavæðingu að ræða og tilflutning úr opinberum rekstri yfir í einkaréttarlegan rekstur heldur líka vegna þess að ákveðnar kröfur sem settar eru á okkur í gegnum EES-samninginn af hálfu Evrópusambandsins gera ráð fyrir að eftirlit með þessum þáttum, t.d. þessu sem Ástráður Haraldsson nefnir, sé virkt og gengið frá því þannig að það sé gagnsætt og það viti allir eftir hvaða brautum það eftirlit gengur.

Í frumvarpinu segir um þennan eftirlitsþátt á blaðsíðu 34, þ.e. í 6. gr. þjónustusamningsins sem birtur er sem fylgiskjal með frumvarpinu, að Ríkisútvarpinu sé skylt að „*láta ríkisendurskoðanda í té upplýsingar til að sannreyna* megi gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki RÚV, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfsemi RÚV sem fellur undir samkeppnisrekstur."

Af þessari setningu einni má ráða að menntamálaráðherra eða þeir sem hafa aðstoðað hæstv. menntamálaráðherra við að semja þennan þjónustusamning átti sig á því að þetta eftirlitshlutverk er mikilvægt og þarf að vera til staðar, þó ekki svo mikilvægt að mati hæstv. ráðherra að það sé sett inn í frumvarpstextann, heldur eingöngu í 6. gr. þjónustusamningsins. Það verður að fá því svarað við 3. umr. hverju það sæti að hæstv. ráðherra telur nægja að setja þetta eftirlitshlutverk inn í 6. gr. þjónustusamningsins, að hæstv. menntamálaráðherra telji nægja að lýsa því svo sem ég hef nú lesið úr 6. gr. á hvern hátt hæstv. ráðherra telji þessa málsgrein uppfylla þær kröfur sem Eftirlitsstofnunin virðist gera til eftirlitsaðilanna og hæstaréttarlögmaðurinn Ástráður Haraldsson virðist vera hjartanlega sammála, og ekki bara hann heldur líka gestur nefndarinnar, Ólafur E. Friðriksson, sem vakti sérstaka athygli nefndarmanna á nákvæmlega þessum þætti. Þekkir hann afar vel til þessara Evrópureglna og þeirra krafna sem gerðar eru til eftirlitsaðilanna.

Það þekkjum við líka sem störfuðum í fjölmiðlanefnd hæstv. menntamálaráðherra. Eitt af því sem við skoðuðum afar vel í því starfi voru einmitt eftirlitsstofnanirnar eða fjölmiðlastofnanirnar sem starfræktar eru í nágrannalöndum okkar. Eins og lesa má í skýrslu nefndarinnar og reyndar í fjölmiðlafrumvarpi hæstv. menntamálaráðherra, á þingskjali 58, sem við ættum auðvitað að ræða samhliða Ríkisútvarpsmálinu, kemur fram að nefndarmenn í fjölmiðlanefnd töldu mikilvægt að stofna einhvers konar fjölmiðlastofnun á Íslandi. Við töldum eðlilegast að Póst- og fjarskiptastofnun tæki að sér það hlutverk. Hins vegar áttuðum við okkur auðvitað á því að um er að ræða málaflokk sem skiptist á milli ráðuneyta og kannski ekki alls kostar viðeigandi að stofnun á borð við Póst- og fjarskiptastofnun sem heyrði undir hæstv. samgönguráðherra hafi með svo mikilvægan þátt í fjölmiðlaflórunni eða fjölmiðlastarfseminni að gera þar sem fjölmiðlamálin heyra undir hæstv. menntamálaráðherra. Sömuleiðis áttuðum við okkur á því að fjölmiðlalög mundu auðvitað þurfa að hluta til að ná yfir prentrétt þar sem dagblöðin heyra undir hann og þar erum við komin inn á lagasvið sem heyrir undir hæstv. dómsmálaráðherra. Þar með erum við með skiptan málaflokk, málaflokk sem heyrir undir þrjú ráðuneyti og þar af leiðandi ekki hægt um vik að setja upp eina stofnun sem ætti að hafa þetta fjölmiðlaeftirlit á hendi því það væri ekki á hreinu undir hvaða ráðuneyti eða ráðherra viðkomandi stofnun ætti þá að heyra ef hún ætti að hafa þetta víðfeðma hlutverk sem okkur virðast erlendar eftirlitsstofnanir hafa.

Lendingin og málamiðlunin var í raun sú sem ég gat um í fyrri hluta ræðu minnar, að útvarpsréttarnefnd var falið þetta verkefni samkvæmt fjölmiðlalögunum en þar sleppir í rauninni að það er óskýrt í þeim á hvern hátt það nýja hlutverk útvarpsréttarnefndar kemur við Ríkisútvarpið.

Varðandi fjölmiðlastofnanir erlendis er í Bretlandi stofnun sem kölluð er Offcom. Hún hefur umsjón og eftirlit með öllum sjónvarpsútsendingum, öllum sjónvarpsstöðvum, öllum útvarpsstöðvum og almennt með fjarskiptum. Verksvið hennar er að hafa eftirlit bæði með veitufyrirtækjum sem veita sjónvarpsrásunum inn á heimili landsmanna og einnig er henni gert að hafa til skoðunar innihald fjölmiðla og leggja mat á það hvort þar er farið að þeim reglum sem í gildi eru og eftir þeim leyfum sem veitt eru til viðkomandi fjölmiðla.

Starfssvið Offcom heyrir undir ólík ráðuneyti í Bretlandi og virðast menn hafa náð ákveðnum sáttum í þeim efnum. Stofnunin er sjálfstæð að flestu leyti en skilar árlega skýrslu til breska þingsins og er hún rædd þar ítarlega af breskum þingmönnum og ævinlega þannig að athygli vekur því að það vekur talsverða eftirtekt þegar farið er yfir athugasemdir sem Offcom gerir um eftirfylgni fjölmiðlalaganna og hvernig þeim er fylgt eftir og farið er eftir þeim af fjölmiðlunum.

Innanríkisráðherra Bretlands svarar fyrir stofnunina á þinginu, lávarðadeildin hefur ekki lögsögu yfir stofnuninni. Það er ekki forstjóri yfir henni, heldur stjórn sem gerir það að verkum að þar er um breitt stjórnvald að ræða sem að mínu mati tryggir ákveðið hlutleysi og víðsýni í umsýslu stofnunarinnar. *Ég hefði haldið að full ástæða væri til að* skoða það módel sem Bretar hafa komið sér upp með hliðsjón af þeim þörfum sem við teljum okkar fjölmiðlamarkað hafa. Stjórnin hjá þeim í Offcom er, eins og ég segi, svona breitt skipað stjórnvald, hún er hliðstæð stjórnum þeirra fyrirtækja sem stofnunin hefur eftirlit með. Undir hana heyra fleiri en ein nefnd, sumar ráðgefandi fyrir stjórnina um ýmsa þætti í störfum hennar. Sumar hafa fengið ákveðið umboð til að taka ákvarðanir fyrir hönd hennar og má í því sambandi nefna t.d. ákveðna nefnd sem varðar innihald fjölmiðlanna og hins vegar „panel" áhorfenda, hlustenda eða neytenda, kannski eitthvað í ætt við það sem hv. þm. Mörður Árnason gat um í ræðu sinni og hefur oftar borið á góma hér í þingsölum, þ.e. einhvers konar dagskrárráð eða hlustendaráð sem er til ráðgjafar fyrir þá sem fara með yfirstjórn stofnunar á borð við t.d. ríkisútvarp.

Þessi leið hefur verið farin með góðum árangri í Bretlandi þannig að ekki skortir fyrirmyndirnar sem ég tel að einboðið sé að við reynum að horfa til eða nýta okkur þegar við förum inn í að búa til þetta umhverfi fyrir okkar fjölmiðla.

Hlutverk fjölmiðlastofnunar Bretlands, Offcom, er öðr-

um þræði og jafnvel öðru fremur að hlúa að afar fjölþættum og fjölbreyttum markaði þar sem fjölræði skiptir verulegu máli. Hún hefur það hlutverk að upplýsa neytendur. Hún tryggir ákveðna áhorfendavernd, sömuleiðis að hlustendur og lesendur fái uppfylltar ákveðnar kröfur varðandi menningarlegan fjölbreytileika eða menningarlegan margbreytileika í fjölmenningarlegu samfélagi eins og Bretland er og á einnig að þjóna hagsmunum neytenda á tímum þeirra breytinga sem bæði eiga sér stað á fjölmiðlamarkaði, í fjölmiðlatækni og sömuleiðis samfélagsbreytinga sem stofnunin þarf að horfa til.

Henni er gert samkvæmt lögum að styðja við nýja aðila á markaði sérstaklega og tryggja að þeir eigi innkomu inn á markaðinn og það sé heiðarleg samkeppni í gangi á markaðnum. Af þessu má sjá að hlutverk slíkrar stofnunar er afar víðfeðmt og veigamikið.

Það er eðlilegt að spurt sé hvort stjórnarliðar sem fjallað hafa um málið eða hæstv. menntamálaráðherra sjái fyrir sér að allir þeir þættir sem ég hef nefnt, sem eru hluti af verksviði Offcom í Bretlandi, eigi að vera hluti af eftirlitsskyldu Ríkisendurskoðunar samkvæmt 6. gr. þjónustusamningsins. Ef svo er, þá verð ég að segja, hæstv. forseti, að gera þarf betur grein fyrir því en gert hefur verið hingað til.

Eða ætla menn að bíða eftir því að útvarpsréttarnefnd verði til, þ.e. hin endurnýjaða útvarpsréttarnefnd og hún fái þá það hlutverk sem Offcom hefur í Bretlandi? En hvað á þá að gera frá tímanum sem stjórnarliðar koma þessu ohf.-frumvarpi sínu í gegnum þingið og þangað til að fjölmiðlafrumvarpið fer í gegnum þingið? Þá verður eitthvert gat, tómarúm þar sem í sjálfu sér eins og málin standa nú er ekki vitað hvernig menn sjá fyrir sér. Ég geri ekki ráð fyrir að Ríkisendurskoðun ætli sér að fara út í að gera árlega stjórnsýsluendurskoðun á Ríkisútvarpinu til að uppfylla slíkar skyldur.

Á Norðurlöndunum höfum við sambærilegar stofnanir við Offcom. Það er kannski hver með sínu sniði. Í Svíþjóð höfum við í rauninni svipaða stofnun og okkar Póst- og fjarskiptastofnun. Hún sér um fjarskiptamálin, hún sér um póstmál og hún úthlutar tíðnunum til ljósvakamiðlanna.

Í Noregi og Danmörku eru svipaðar stofnanir. Og síðan er í Finnlandi stofnun sem heitir FICORA, Kommunikationsverket. Hún hefur umsjón með rafrænum samskiptum og á að tryggja samkeppni á samskiptamarkaði og framfylgja stefnumótun í finnska upplýsingasamfélaginu. Hún heyrir undir samskiptamálaráðuneytið í Finnlandi.

Stjórnsýslan í nágrannalöndum okkar er auðvitað hver með sínu sniði. En verksvið finnsku stofnunarinnar er að hafa eftirlit með pósti, fjarskiptum, með fjölmiðlum og með internetinu. Hún á að hafa umsjón með samskiptum í breiðum skilningi. Það er litið svo á í Finnlandi að öll þessi samskipti tengist í raun og veru samruna upplýsingasamfélagsins og því er internetið hluti af verksviði stofnunarinnar. Það er athyglisvert að skoða finnska módelið sérstaklega í ljósi þess hversu mikið Finnar hafa gert í upplýsingatækni sinni og hversu mikið vægi hið svokallaða upplýsingasamfélag hefur haft hjá Finnum og í finnskri löggjöf. Þar hafa fjölmiðlarnir komið inn í og skipað í raun sjálfstæðan sess í því landslagi öllu.

Ég sakna þess að hér skuli ekki hafa farið fram á fyrri stigum meiri umræða um snertifleti þessara tveggja frumvarpa. Þeir eru ekki einungis þessir sem ég hef rakið, þ.e. varðandi eftirlitsaðilann, það eru fleiri þættir. Þar er framtíðarsýn varðandi stafræna fjölmiðlun ofarlega á baugi í huga mínum. Sömuleiðis dreifikerfismál Ríkisútvarpsins sem ég hef oftar en einu sinni hafið máls á í menntamálanefnd. Ég hef ekki fengið önnur svör varðandi áhyggjur mínar af dreifikerfismálum Ríkisútvarpsins en þau að útvarpsstjóri telji eðlilegt að í náinni framtíð sjái einkafyrirtæki eða þau fyrirtæki sem nú stunda einhvers konar veitustarfsemi á þessum ljósvakamarkaði alfarið um að dreifa dagskrám Ríkisútvarpsins til landsins og næstu miða. Ég verð að segja að hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki orðað þetta í umræðunni. Ekki skrifað um það greinar, ekki komið að því í ræðum sínum sem hún hefur haldið í þessum umræðum núna í tvö ár hvernig hún sér dreifingu Ríkisútvarpsins fyrir sér í nánustu framtíð.

Er hæstv. menntamálaráðherra sammála útvarpsstjóra um að Orkuveita Reykjavíkur, eða hvert það fyrirtæki sem rekur dreifikerfi, eigi að hafa það á sinni könnu, á sinni ábyrgð að dreifa dagskrá Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps, til allra sveita, þorpa og sveitabæja á Íslandi? Ef hæstv. menntamálaráðherra sér það þannig fyrir sér þá þarf hún að koma hingað í þennan ræðustól og segja það. Þetta er einn af þeim veigamiklu þáttum sem ekki hefur verið ræddur eða reifaður í umræðunni.

Hvað segja landsbyggðarþingmenn í þessum efnum? Ég held að menn hafi ekki áttað sig á því hversu veikur hlekkur þetta atriði er í öllum þessum málflutningi og í öllum þessum hugmyndum sem eru afar götóttar og götóttari en góðu hófi gegnir þegar maður fer að rýna ofan í þær og skoða ræturnar.

Í skýrslu fjölmiðlanefndar er sérstakur kafli um fjölmiðla á stafrænum markaði og rætt um það á hvern hátt þessi nýja tækni kemur til með að geta breytt því hvernig fólk notar fjölmiðlana og aðgengi að fjölmiðlunum. En það kemur líka fram að gríðarlegur kostnaður er fólginn í því að breyta t.d. kerfinu sem notað er núna hjá Ríkisútvarpinu, sem er svokallað hliðrænt kerfi, yfir í hið stafræna, bæði hvað varðar innra starf í stofnuninni, þ.e. upptökur og afritanir og annað slíkt, en ekki síður hvað varðar dreifinguna. Við erum að fara úr analogkerfi, hinu hliðræna kerfi, yfir í hið stafræna. Það er gríðarlega stórt skref. Nágrannaþjóðir okkar hafa þurft að taka verulega á við að innleiða hina stafrænu tækni og það hefur kostað gríðarlega fjármuni. Áætlun um þessi fjárútlát liggur ekki fyrir, er ekki til staðar í þeim gögnum sem við höfum haft í umfjöllun um þetta mál. Það er verulegur lapsus. Það er veruleg goðgá að ætla að þetta geti bara gerst á einhvern átómatískan hátt eða eins og af sjálfu sér. Svo er ekki.

Við skulum vera þess minnug að enn eru sveitabæir á Íslandi sem njóta ekki útsendinga frá sjónvarpinu svo mannsæmandi sé, og jafnvel ekki frá hljóðvarpinu. Götin í dreifikerfi okkar eru veruleg nú í dag og veruleg þörf á að við hér í þingsölum fáum einhvers konar tryggingu fyrir því á hvern hátt þau stjórnvöld sem eru að fara hér í gegn með þetta frumvarp sjá fyrir sér að dreifikerfinu verði borgið til frambúðar.

Hæstv. forseti. Einn af þeim þáttum sem gagnrýndir

hafa verið í þessari yfirreið allri eru áform hæstv. ríkisstjórnar og meiri hlutans í þingsölum, þingmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, um að breyta afnotagjöldunum í nefskatt. Mér þóttu það nokkur tíðindi þegar við í menntamálanefnd fengum undir lok nóvember síðastliðinn nýja umsögn frá ríkisskattstjóra sem í raun ítrekaði fyrri umsögn sína en benti okkur jafnframt á ákveðna lapsusa, ákveðnar villur sem væru í frumvarpinu.

Það er auðvitað ekki góður vitnisburður eða gott til afspurnar fyrir þá hv. þingmenn sem fylgt hafa þessu máli eftir í gegnum fleiri umræður í þinginu, að þeir skuli tveimur árum eftir að frumvarpið lítur fyrst dagsins ljós átta sig á því að lapsusa af því tagi sem okkur er bent á í umsögn ríkisskattstjóra er að finna í frumvarpinu. Það er auðvitað ekki rismikið að þurfa að koma með breytingartillögur eins og meiri hlutinn þarf að gera, á þingskjali 708, sem gerir ráð fyrir að breyta þurfi heiti á lögum sem tóku breytingum einhvern tíma á tímabilinu meðan við vorum að fjalla um þetta ríkisútvarpsfrumvarp og gleymst hafði að leiðrétta í texta frumvarpsins.

Umsögn ríkisskattstjóra er að *mínu mati ein af þeim* athyglisverðari sem við höfum fengið í þessari umfjöllun allri. Við gerðum henni svo sem góð skil, þ.e. gömlu umsögninni sem kom til okkar þann 15. mars 2006 í 2. umr. um málið. En engu að síður er ástæða til að rekja í nokkrum orðum meginatriðin í þeirri umsögn og sömuleiðis í viðbótinni sem við fengum og er dagsett 22. nóvember 2006.

Í þeirri nýju gerir ríkisskattstjóri að umræðuefni ákvæði um tekjustofna í 12. gr. þess frumvarps sem finna má á þingskjali 517 í 401. máli á 132. löggjafarþingi og segir, með leyfi forseta, að í 1. tölulið 1. mgr. í 12. gr. frumvarpsins sé lagt til „að einn tekjustofna Ríkisútvarpsins hf. verði sérstakt gjald sem skattstjórar skuli leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda og eftir þeim reglum sem gilda um álagningu þeirra gjalda. Er gjaldskyldu ætlað að ná til allra þeirra er bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, jafnt manna sem lögaðila, með ákveðnum undantekningum þó sem settar eru fram með almennum hætti. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, bæði IV. kafla almennra athugasemda og í athugasemdum við 12. gr., er með þessu lagt til að hætt verði að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum, en þess í stað fái Ríkisútvarpið tekjur af „nefskatti". Umrætt gjald er í frumvarpinu sett fram sem skattur og fær ríkisskattstjóri ekki annað séð en að sú framsetning samrýmist fræðilegum skilgreiningum á skatti. Horfir hann þá til þess að ákvörðun gjaldsins er ætlað að vera einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds."

Við 2. mgr. þessarar sömu greinar frumvarpsins, sem er 11. gr. í þessu frumvarpi, er eftirfarandi lagt til varðandi framkvæmd skattheimtunnar. „Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að frátöldu ákvæði í 98. gr."

Það eru þessi lög sem breytt hafa um heiti á tímabilinu þegar við erum að fjalla um málið. Sú breyting tók gildi 31. desember 2005 og gefur augaleið að þessu verður að breyta. Þess vegna er það sem meiri hlutinn leggur fram breytingartillögu sína, eins og ég gerði grein fyrir áðan, í 1. tölulið breytingartillagna á þingskjali 708.

„Þá gerir ríkisskattstjóri athugasemd við þá fyrirætlun að 98. gr. laga nr. 90/2003 sé ekki að nokkru leyti ætlað að eiga við um umrætt gjald. Í 1. mgr. 98. gr. er kveðið á um skyldur skattstjóra til að tilkynna álagningu opinberra gjalda. Samkvæmt ákvæðinu skal m.a. senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skulu skattstjórar auglýsa rækilega, þar með talið í Lögbirtingarblaðinu, að álagningu sé lokið. Þá skulu skattstjórar senda viðkomandi innheimtumönnum ríkissjóðs skrá yfir þá sem á hafa verið lagðir skattar. Samrit þeirrar skrár skal sent ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Réttaráhrif stjórnvaldsákvarðana markast af birtingu þeirra, samanber 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ljós má því vera nauðsyn þess að birta álagningu umræddra nefskatts þeim er álagningunni sæta. Ákvæði um kærur álagningargjalda í 99. gr. laga nr. 90/2003 er samkvæmt frumvarpinu ætlað að ná til umræddra nefskatts. Auglýsing um lok álagningar samkvæmt 1. mgr. 98. gr. markar upphaf kærufrests. *Þá þarf vart að fjölyrða um nauðsyn þess að* innheimtumönnum ríkissjóðs sé tilkynnt um álagningu þeirra gjalda sem þeim er ætlað að innheimta, þar með talda álagningu hins fyrirhugaða nefskatts. Að framangreindu virtu sér ríkisskattstjóri ekki ástæðu til annars en að umræddar reglur 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 verði látnar taka til gjalds samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins."

Það hlýtur að vera eðlilegt að ráðuneytisstarfsmenn sem búnir eru að fylgja málinu úr hlaði aftur og aftur innan nefndarinnar, átti sig á því í grunninn hvað er verið að gera með svona breytingum. En ljóst er að ekki var farið betur ofan í saumana á þeim þáttum í ráðuneytinu en raun ber vitni. Stjórnarliðar eru því reknir hingað inn með breytingartillögu við 11. gr. sem orðist þannig:

„Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á."

Auðvitað verður þar með tryggð birting þessarar álagningar eins og eðlilegt hlýtur að vera samkvæmt þeim lögum sem vitnað er til í umsögn skattstjóra.

Hitt bendir ríkisskattstjóri okkur einnig á að í 3. mgr. umsagnar fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sem fylgir frumvarpinu á þskj. 56, sé gert ráð fyrir því að „tekjur af sérstökum skatti, útvarpsgjaldi, sem ráðherra staðfestir að fengnum tillögum útvarpsstjóra" fari með ákveðnum hætti og ríkisskattstjóri gerir athugasemd við það. Hann leggur ekki þann skilning í ákvæði 1. töluliðar 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins að því er varðar aðkomu ráðherra og útvarpsstjóra sem fram kemur í tilvitnuðum orðum. Það gætir því ákveðins misskilnings í umsögn fjárlagaskrifstofunnar að mati ríkisskattstjóra hvað þetta atriði varðar. Ríkisskattstjóri segist ekki sjá „að til þurfi að koma atbeini ráðherra og útvarpsstjóra við ákvörðun gjaldfjárhæðar. Öðru máli gegnir um gjöld fyrir útvarpsafnot fram til 31. desember 2008" — þ.e. þangað til nefskatturinn tekur gildi sem gera má ráð fyrir að verði lagt til að menntamálaráðherra skuli staðfesta. „Í því ákvæði frumvarpsins er lagt til að menntamálaráðherra skuli staðfesta útvarpsgjöld að fengn-

um tillögum útvarpsstjóra."

Ríkisskattstjóri sér ekki ástæðu til frekari umfjöllunar, segir í umsögn hans, um efni frumvarpsins á þingskjalinu en hann minnir síðan á fyrri umsögn sína sem ég gat um áðan og fjallar fyrst og fremst um þær efasemdir sem ríkisskattstjóri hefur um þessar nýju hugmyndir, þ.e. að lagður sé á nefskattur, sem skattstjóri telur að sé fremur neikvæður, hafi fáa kosti en marga galla. Helstu rökin með honum séu framkvæmdalegs eðlis, þ.e. hann sé einfaldur í framkvæmd og auðveldur í eftirliti en sé litið til þeirra röksemda og jafnframt gengið út frá því að æskilegt sé að rekstur Ríkisútvarpsins sé kostaður með sömu fjárhæð úr hendi hvers manns þá bendir ríkisskattstjóri okkur á að einfaldara væri að lækka persónuafslátt manna sem næmi gjaldfjárhæðinni og lögbinda framlag til Ríkisútvarpsins sem næmi hinni sömu fjárhæð á mann. Að mati ríkisskattstjóra væru skattaleg áhrif af slíkri aðferð mikið til hin sömu, gallarnir færri og framkvæmdin einfaldari.

Ég verð að segja, frú forseti, að mér þykja þessi rök afar góð, mér finnast þau skynsamleg og ég hefði viljað að þau hefðu fengið meiri umfjöllun, bæði í umræðunni í þingsal hingað til og ekki síður í hv. menntamálanefnd þar sem þeim í sjálfu sér var ýtt út af borðinu eins og svo mörgum öðrum góðum hugmyndum og rökum sem hafa komið upp í viðtölum nefndarinnar við gesti og eins og kom fram í viðræðum okkar við ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri gerir verulegar athugasemdir við að ekki skuli færð nein sérstök rök fyrir þeirri breytingu að leggja eigi skattinn á lögaðila jafnt sem einstaklinga og segir að skattur á fyrirtæki sem ekki eru tengd hagnaði þeirra hafi verið á undanhaldi og hér sé snúið af þeirri braut. Því er eðlilegt að hæstv. menntamálaráðherra skýri hvers vegna farið sé út af þeirri braut sem menn hafa verið að marka hvað þetta varðar með ærinni fyrirhöfn hingað til.

Ég vil líka minna á það sem ég hef svo sem vikið að áður að þó svo Ríkisútvarpið komi til með að spara kostnaðinn við innheimtudeildina er alveg ljóst að með yfirfærslu afnotagjalda yfir í nefskattsform er ekki þar með sagt að kostnaður við innheimtu hverfi, hann flyst einungis til. Hann kemur til með að lenda eftir þessa breytingu á ríkisskattstjóra, embætti hans, sem áður lenti á innheimtudeild Ríkisútvarpsins. Ekki hafa verið lagðir fram neinir sannfærandi útreikningar í menntamálanefnd um að sá kostnaður verði eitthvað svo mikið minni þegar innheimtukostnaðurinn er kominn undir embætti ríkisskattstjóra en hann er í dag meðan hann er undir hatti Ríkisútvarpsins í formi innheimtudeildarinnar. Hér er enn eitt atriðið sem mér sýnist við vera að fara inn á afar vafasama braut, braut sem stríðir líka gegn þeim meginsjónarmiðum sem þjóð á borð við Breta hefur komist að í gegnum allar sínar athuganir á afnotagjöldum tengdum BBC. Ég vil bara rifja það upp að menn í Bretlandi hafa oftar en einu sinni farið í verulegan leiðangur við að reyna að skoða hvort til væri eitthvert það form gjalda vegna ríkisútvarpsins, BBC, og sjónvarpsins þar sem gæti orðið vinsælla eða væri betur til þess fallið að sætta fólk við það heldur en afnotagjöldin. Niðurstaða þeirra rannsókna hefur ævinlega verið sú hin sama, að afnotagjöldin þó þau séu umdeild og þó að tekist sé á um þau, þá sé ekkert sem færir mönnum heim sanninn um það að eitthvert annað form á slíkri innheimtu sé æskilegra eða heppilegra. Nákvæmlega það sama á við hér. Hér er verið að gera breytingu breytingarinnar vegna. Nefskatturinn á ekki eftir að verða vinsælli en afnotagjöldin og nefskatturinn gerir annað sem mér finnst afar vafasamt. Hann rýfur sambandið á milli eigenda stofnunarinnar, eigenda Ríkisútvarpsins og stofnunarinnar sjálfrar. Ég er sannfærð um að þetta þykir mjög mörgum notendum, hlustendum og áhorfendum Ríkisútvarpsins og eigendum þess afar miður. Ég heyri það á eldra fólki í kringum mig að það hreinlega vilji finna fyrir því í hverjum mánuði að það greiði sína föstu upphæð til Ríkisútvarpsins, það vilji sjá það á mánaðarlegu kostnaðaryfirliti sínu að það greiði sinn hlut. Þannig finni það betur fyrir því að þetta sé stofnunin þess, að það eigi sinn hlut í þeirri stofnun, hafi þess vegna eitthvað um það að segja hvernig hennar „performance" er, hvernig hún sinnir hlutverki sínu og hvernig hún stendur undir nafni. Þessi tengsl verða algerlega rofin með nefskattinum án þess að menn hafi stutt það sannfærandi rökum, eins og ríkisskattstjóri bendir á í umsögn sinni.

Eitt sem ríkisskattstjóri bendir á í umsögnum sínum og kom sérstaklega fram í máli hans núna í þessari lotu hjá menntamálanefnd, er það að skatturinn kemur til með að leggjast á lögaðila, þar með talin félög eða fyrirtæki sem má segja að séu sofandi, þ.e. félög og fyrirtæki sem hafa enga starfsemi með höndum, eru ekki að afla tekna en hafa kennitölur engu að síður. Skattstjóri gaf okkur upp hversu mikill fjöldi félaga þetta væri. Þetta eru 13 þúsund félög samkvæmt skattskrá sem segja má að séu sofandi félög. Þessi skattur kemur til með að leggjast á þau, tæpar 15.000 kr. á ári eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu að skatturinn verði til að byrja með. Þegar svona sofandi félög verða farin að safna skuldum verður erfiðara að slíta þeim vegna þess að ekki er hægt að slíta félögum sem skulda nema gengið sé frá skuldunum fyrst. Hér er því verið að leggja ákveðna snöru fyrir þau félög sem eru til staðar í skattskrá, hafa kannski á tímabilum verið sofandi, hafa viljað viðhalda sér án þess að hafa tekjur eða starfsemi. Hvernig ætlast menn þá til að slík félög standi undir nefskattinum? Þykir mönnum þetta sanngjarnt, að lögaðilar séu skattlagðir á þennan hátt og að lögaðilum sem jafnvel vilja þá slíta starfsemi sinni sé gert það jafnerfitt og skuldasöfnun af þessu tagi kemur til með að gera? Mér hafa fundist þetta afar athyglisverðar ábendingar hjá ríkisskattstjóra og ég auglýsi eftir því við þessa umræðu að við fáum hæstv. menntamálaráðherra til þess að tjá sig um athugasemdir ríkisskattstjóra og segja á hvern hátt hún metur stöðuna í ljósi t.d. þessara 13 þúsund aðila sem eru sofandi og koma til með að fá þessa skattlagningu.

Ríkisskattstjóri segir að ekki sé fjallað um afleiðingar þess hvaða áhrif þessi nýja innheimta komi til með að hafa. Ég minni líka á að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum sett fram hugmyndir um aðra leið í þessum efnum, þá leið að afnotagjaldið sé tengt við fasteignir. Það er leið sem hefur verið reynd með ágætum árangri og ég tel að ekki hafi verið skoðuð á sómasamlegan hátt í umfjöllun Alþingis varðandi þessar breytingar og er enn eitt dæmið til vitnis um það áhugaleysi sem í sjálfu sér hefur verið til staðar hjá stjórnvöldum sem ætla sér í þrá-

hyggjukasti sínu að koma þessu máli í gegn hvað sem tautar og raular. Málefnalega hefur ekki verið farið nægilega ofan í saumana á þeim athugasemdum sem komið hafa og þar af leiðandi sitjum við uppi með frumvarp sem búið er að stagbæta milli umræðna aftur og aftur og enn skortir á að ákveðnum grundvallaratriðum sé svarað eða fólki sé gerð grein fyrir á hvern hátt ríkisstjórnin sér fyrir sér að ákveðnir þættir þessara mála þróist í náinni framtíð.

Af því að ég var með breytingartillöguplagg meiri hlutans fyrir andartaki er ástæða til að fara nokkrum orðum um aðra breytingartillögu en þá sem leiðir af athugasemdum ríkisskattstjóra. Þar á ég við breytingartillöguna sem varðar gildistökuákvæðið. Enn einu sinni er gildistöku þessara laga frestað, eðlilega. Ekki er hægt að setja frumvarpið þannig í gegn í miðjum janúar eða segjum bara um 20. janúar og ætla að láta lögin taka gildi tíu dögum síðar eða 1. febrúar, eins og gert er ráð fyrir í þeirri gerð frumvarpsins sem er á þingskjali 56. Nei, það er verið að breyta gildistökunni og í stað 1. febrúar 2007 komi það sem hv. þm. Mörður Árnason kallaði plat- og gabbdaginn mikla, 1. apríl. Og það er mikið rétt, það er kaldhæðni örlaganna að meiri hluti menntamálanefndar skuli einmitt hafa valið þennan plat- og gabbdag sem gildistökudag laganna sem eru með þessum ólíkindum orðin til og hafa þróast á þennan ótrúlega máta.

En það er annað sem er athyglisvert við það að plat- og gabbdagurinn 1. apríl skuli verða fyrir valinu og ekki er minni kaldhæðni í því. Það var 1. apríl fyrir tæpum tveimur árum sem Auðun Georg Ólafsson kom og fór. (**Gripið fram í:** Já.) Það var 1. apríl. Þetta verður því sögulegur dagur í sögu Ríkisútvarpsins ef þetta nær fram að ganga. (**MÁ:** Hann kemur þá aftur, er það ekki, 1. apríl?) (Gripið fram í.) Þetta er því allt í miklu plati og eins og ég segi, stjórnarliðar afar óheppnir í þessum efnum. Má svo sem draga þá sundur og saman í háði eins og ég sé að hv. þingmenn í salnum hafa löngun til að gera þegar þeim er bent á þetta, að stjórnarþingmennirnir skulu akkúrat hafa valið þennan dag, daginn sem Auðun Georg Ólafsson kom og fór. (**SKK:** Honum til dýrðar.) Já, honum til dýrðar, segir hv. formaður menntamálanefndar.

Það er svo sem ástæða til að fara sérstaklega yfir auglýsingamál Ríkisútvarpsins og umsagnir þær sem við höfum fengið í þessari lotu í þeim efnum. Þar ber að geta sérstakrar umfjöllunar frá Ara Edwald sem skrifar nefndinni tæplega þriggja síðna bréf eða sendir okkur svona pistil sem skiptir verulegu máli varðandi auglýsingamálin, en ég hygg að ég spari mér það í bili, virðulegi forseti, að fara mjög djúpt ofan í saumana á því, tel að hér séu jafnvel aðrir mér færari eða hafi meiri áhuga á einmitt þeim þætti málsins. Ég ætla því að láta bréf Ara Edwalds aðeins til hliðar svo ég hafi betri tíma til að fjalla um aðra þá þætti sem ég hef áhuga á að fara í saumana á í þessari ræðu minni.

Mig langar til að nefna athyglisverðan punkt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom með í umræðunni áðan þegar við ræddum um störf þingsins og hvernig málið stendur núna. Hv. þingmaður sagði fyrr í dag að hann teldi skorta rökræna niðurstöðu um af hverju ekki er pósitíft ákvæði í þessu frumvarpi um að Ríkisútvarpið verði undanþegið samkeppnislögunum eins og gert er í búvörulögum.

Hann færir búvörulögin inn í umræðuna. Þau eru sérlög og ganga framar almennum lögum, framar samkeppnislögunum og er beinlínis tekið fram í þeim að búvörulögin séu undanþegin samkeppnislögunum. Það hefði getað verið ákveðin lausn á þeirri auglýsingaklemmu sem stjórnvöld setja sig í með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Það gæti kannski leyst að einhverju leyti úr þeim vanda sem Ari Edwald bendir á í bréfi sínu til nefndarinnar. Það er nauðsynlegt að við þessa umræðu komi fram svar við þeirri spurningu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson bar upp varðandi þetta atriði búvörulaganna. Hvers vegna töldu stjórnarliðar, menntamálaráðherra eða ráðuneytisstarfsmenn, ekki fært að setja inn pósitíft ákvæði af þessu tagi í frumvarpið?

Í nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar er sérstakur kafli sem varðar hagræðingaráform stofnunarinnar. Ríkisútvarpinu hefur verið gert að skoða á hvern hátt megi hagræða hjá stofnuninni. Við förum yfir það í nokkuð ítarlegu máli í umsögn okkar hvað gert er ráð fyrir að verði notað í hagræðinguna sem á að vera upp á 1.566 millj. kr., þ.e. að 6% hagræðing sé krafan til að menn hafi eitthvert fjármagn til að sinna hinum títtnefnda þjónustusamningi. Það á fyrst og síðast að gerast með hagræðingu sem gerð er grein fyrir í hinni merku skýrslu matsnefndarinnar sem sett var á laggirnar vegna stofnefnahagsreiknings Ríkisútvarpsins. Það er eitt af því sem menn áttuðu sig á að yrði að vera til staðar þegar þeim hafði ítarlega og rækilega verið bent á það af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA.

Við bárum fram þá ósk að fá afrit af bréfaskiptum menntamálaráðuneytisins og útvarpsstjóra vegna rekstraráætlunar sem þessi efnahagsreikningur byggir á, fyrir tímabilið 2007–2016 og við fengum þau frá Ríkisendurskoðun. Við báðum einnig um að útskýrt yrði samhengið á milli þjónustusamningsins og rekstraráætlunarinnar, einkum og sér í lagi hvernig hægt væri, að mati nefndarinnar sem reiknaði hana út, að auka dagskrárgerðina um 400 millj. kr. á árabilinu 2011–2012, á sama tíma og hagræða þyrfti um 200 millj. kr.

Í minnisblaði Ríkisendurskoðunar segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í drögum að þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og RÚV ohf. er gert ráð fyrir að auka dagskrárefni á samningstímanum. Hérna er fyrst og fremst átt við innlent dagskrárefni, bæði eigin framleiðslu og aðkeypt efni. Er þannig mælt fyrir um það í samningnum að hlutfall íslensks efnis á kjörtíma aukist um tæp 50% á samningstímanum.

Heildardagskrárkostnaður RÚV nam tæpum 2,4 milljörðum kr. árið 2005. Þar af var kostnaður við innlenda dagskrárdeild sjónvarps 432 millj. kr. En þjónustusamningurinn mun einkum hafa áhrif á kostnað hennar. Annar dagskrárkostnaður, bæði innlendur og erlendur var um 2 milljarðar kr. Þar af var kostnaður fréttasviðsins um 450 millj., íþróttadeildarinnar um 158 millj., Rásar 1 203 millj. Rásar 2 84 millj., og landshlutaútvarpa 116 millj. Annar rekstrarkostnaður, ótilgreindur en vegna dagskrár, nam 928 millj. kr."

Í niðurlagi minnisblaðsins segir, með leyfi forseta:

„Það var skilningur matsnefndarinnar að það sé ætlun stjórnenda hins nýja félags að hagræða í öllum þáttum

starfseminnar til að uppfylla megi ákvæði þjónustusamningsins um aukið innlent dagskrárefni. Eins og gefur að skilja mun þetta m.a. hafa í för með sér að minna rými verður fyrir erlent dagskrárefni, einkum á kjörtíma. Nefndinni er hins vegar ekki kunnugt um að nákvæmlega hafi verið ákveðið með hvaða hætti slík breyting verði útfærð og hversu mikil skerðing muni verða á kaupum erlends dagskrárefnis."

Það er alveg ljóst, og gengur enginn að því gruflandi, að erlend kaup koma til með að dragast verulega saman ef allt þetta gengur eftir. Það liggur ekki fyrir, samkvæmt þeim gögnum sem við höfum fengið í menntamálanefnd, á hvern hátt menn sjá fyrir sér þennan samdrátt í kaupum á erlendu efni. Það liggur ekki fyrir á hvern hátt menn sjá fyrir sér öfluga, innlenda dagskrárdeild og hvernig verði hægt að nurla saman nægilega miklum fjármunum til þess að standa straum af þeim kostnaði sem gert er ráð fyrir til að framleiða það efni sem þjónustusamningurinn gerir ráð fyrir og hæstv. menntamálaráðherra hefur lýst yfir að þurfi að setja fram.

Samkvæmt þjónustusamningnum sem slíkum er gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið verði vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð, það eigi að styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Ríkisútvarpið eigi að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, að kvikmyndum, að heimildamyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 er gert ráð fyrir að upphæðin hækki í 200 millj. kr. Í lok samningstímabilsins á hún að vera um 250 millj. kr. Þetta eru þær skyldur sem þjónustusamningurinn leggur á herðar stofnuninni varðandi hina innlendu dagskrárdeild og dagskrárframleiðslu.

Ég er er þeirrar skoðunar, frú forseti, að í þessu geti falist veruleg tímamót. Ég minni á að við stjórnarandstöðuþingmenn höfum ævinlega haldið því fram að efla þurfi innlenda dagskrárdeild til muna. Við höfum líka haldið því fram að gera þyrfti um það áætlun sem lögð yrði fram þannig að menn sæju á hvern hátt væri hægt að fylgja metnaðarfullum hugmyndum á því sviði, stig af stigi og skref fyrir skref.

Eftir langa mæðu líta dagsins ljós drög að þessum þjónustusamningi og hann er lagður fram sem fylgiskjal loksins með þessu frumvarpi um Ríkisútvarpið ohf. Það er af hinu góða. Við skulum halda því til haga að það var verulegur fengur að því að fá slíkan samning. Við erum betur í stakk búin til að ræða þessa einstöku þætti hinnar meintu eflingar innlendrar dagskrárdeildar með því að hafa hann jafnítarlegan og raun ber vitni.

En þótt við sjáum fram á að opnaðir verða möguleikar til að Ríkisútvarpið geti varið margfalt hærri upphæðum til kaupa, forkaupa eða meðframleiðslu á verkum sjálfstæðra framleiðenda heldur en nokkru sinni hefur verið áður þá verðum við líka að óska þess að áætlanagerðin varðandi þetta mál sé trúverðug. Kvikmyndagerðarmenn og aðrir þeir sem framleiða sjónvarpsefni þurfa að hafa trú á að eftirfylgnin verði eins og upphaflega er lagt af stað með.

Í tilefni af þessu langar mig að geta sérstaklega mjög athyglisverðrar umsagnar sem okkur barst í umfjöllun nefndarinnar á milli 2. og 3. umr. frá leikstjóra og handritshöfundi, Önnu Th. Rögnvaldsdóttur. Hún skrifaði okkur bréf sem barst 23. nóvember. Þar gerir hún ákveðnar tillögur um á hvern hátt beri að framkvæma þær hugmyndir sem gert er grein fyrir í 3. gr. þjónustusamningsins. Tillögur Önnu Rögnvaldsdóttur eru þess eðlis að ég tel eðlilegt að þeirra sé getið í þessari umræðu. Ég tel að þær séu innlegg í umræðuna um á hvern hátt við getum styrkt og eflt innlenda dagskrárgerð, sérstaklega í sjónvarpinu, eins og tillögur Önnu Th. Rögnvaldsdóttur gera ráð fyrir.

Hún gerir í fyrsta lagi athugasemd við það og beinir sjónum okkar að því að í 1. málsgrein 3. gr. sé talað um það að Ríkisútvarpið eigi að vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð. Anna telur að það sé ákveðinn galli á annars ágætu ákvæði að ekkert skuli sagt um á hvern hátt menn telji að nýsköpun eigi að vera sinnt eða hvað þetta þýði, vettvangur nýsköpunar. Hún setur fram sína túlkun á því hvað það þýði út frá því samhengi sem setningin eða málsgreinin kemur fyrir í 3. gr. Anna gerir ráð fyrir því að ef Ríkisútvarpið verji megninu af þessu eyrnamerkta fjármagni í greiðslur til verktaka, þ.e. fari út í það í ríkari mæli að fela sjálfstæðum framleiðendum að framleiða fyrir sig sjónvarpsefni fremur en að láta starfsmenn sína innan stofnunarinnar annast, þá sé það ekki nýsköpun heldur sams konar dagskrárgerð og viðhöfð hefur verið, bara framkvæmd af öðrum.

Ef Ríkisútvarpið tekur tilmæli um að vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð alvarlega þá þarf Ríkisútvarpið að setja á stofnun innkaupa- eða meðframleiðsludeild leikins efni, eða einhvers konar dramadeild eins og Anna kallar það í umsögn sinni, utan um þetta eyrnamerkta fé. Jafnframt þurfi svo að ráða starfskraft sem hafi reynslu af þróun og framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis til að veita þessari deild forstöðu. Þá sér Anna fyrir sér að við getum farið að tala um nýsköpun en ekki bara sams konar dagskrárgerð og við höfum stundað hingað til, þ.e. framleidda utan stofnunar. Þá telur hún að sé kominn vettvangur fyrir nýsköpun í innlendu efni og innlendri dagskrárgerð.

Allir sem hafa snert á listsköpun eða framleiðslu á menningu hvers konar vita að það er veruleg þörf á nýsköpuninni. Það er veruleg þörf á að sinna sprotunum, þeim sem eru að gera tilraunirnar. Sem þenja formið og eru að leita nýrra leiða. Það þekkjum við úr umræðu á Alþingi í fjárlagagerð þegar verið að fjalla um starfsemi sjálfstæðra atvinnuleikhópa og t.d. úr umræðum um safnamál, þegar fram koma ný, framsækin söfn sem bætast í flóru safnanna. Við höfum talið það gott vegna þess að þar eru sprotar og þar er nýsköpun í gangi. Við þurfum að horfa á þetta sömu augum, þ.e. tryggja að hér verði nýsköpun. Ef það stendur nýsköpun þá verðum við að meina nýsköpun. Þá verðum við líka að sjá fyrir á hvern hátt það geti orðið. Ný framleiðsla og sprotastarfsemi geta átt sér stað í dagskrárgerðinni en er ekki bara einhver tilfærsla á þeirri dagskrárgerð sem nú þegar er til staðar.

Þess vegna leggur Anna Rögnvaldsdóttir áherslu á að þessi þjónustusamningur sé skoðaður í víðara samhengi. Hún leggur til að það verði gert, t.d. í tengslum við nýlegt samkomulag um ríflega áttföldun á framlögum ríkisins til

sjónvarpssjóðs KMÍ sem einmitt styrkir gerð leikins sjónvarpsefni, og ef til vill líka í tengslum við ný lög um hækkun hlutfalls endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar, sem gildir líka fyrir stór leikin sjónvarpsverkefni.

Ég verð að segja að mér finnst þetta eðlileg og sjálfsögð ábending frá Önnu, að ríkisstjórnin hefur aukið verulega fjármuni til þessara þátta og óeðlilegt að við skoðum ekki í þessari umræðu samspil ríkissjónvarpsins og þeirra sjóða annarra sem úthluta fjármunum til leikins efnis sem gert er ráð fyrir að verði sýnt í sjónvarpi. Anna telur að þessar aðgerðir eigi að vera samverkandi til þess þær verði markvissar og raunhæfar. Það telur hún einungis geta orðið ef að stofnuð yrði dramadeild hjá sjónvarpinu til þess að samræma verksviðið og tryggja nýsköpun innan stofnunarinnar.

Það er líka athyglisvert að í umsögn sinni bendir hún okkur á að Ríkisútvarpinu hafi aldrei verið skylt samkvæmt lögum að bjóða áheyrendum sínum upp á leikið innlent efni sem meðal annars skýrir það af hverju leikið efni hefur alltaf verið afgangsstærð hjá sjónvarpinu. Af þessum sökum segir Anna að lítill sem enginn infrastrúktúr sé fyrir hendi hjá stofnuninni til þess að sinna leiknu sjónvarpsefni og enn síður til að vinna með sjálfstæðum framleiðendum í tengslum við kaup og meðframleiðslu á sjónvarpsefni. Eigi að síður sé RÚV falið það verkefni samkvæmt þjónustusamningnum að vera í ákveðinni forustu í nýsköpun og þess vegna sé svo mikilvægt að það sé tekið fram í þjónustusamningnum að dramadeild skuli starfa við stofnunina.

Við hér í þessum sal sem höfum fjallað um þetta mál oftar en einu sinni höfum vikið að því hversu mikilvægt sé að innlenda dagskrárgerðin sé ekki bara viðtöl við fólk eða einhverjar myndir teknar eru vítt og breitt um landið, úti í mannlífinu. Það skiptir okkur verulegu máli að framleitt sé leikið efni og framleiddar heimildarmyndir séu gerðar. En það er einmitt þar sem kostnaðurinn fer að skipta máli svo um munar. Það er dýrt að framleiða efni af þessu tagi. En á endanum er þetta kannski veigamesti þátturinn í þeim menningararfi sem verið er að skapa á degi hverjum og ein af meginröksemdunum fyrir því að við viljum hafa ríkissjónvarp, ríkisfjölmiðil sem hefur bolmagn til að tryggja að innlend framleiðsla vegi þungt, sé vönduð, til hennar séu kallaðir fagmenn af öllum sviðum. Við vitum að við gerð leikins efnis koma listamenn úr öllum listgreinum að. Það er margslungið verkefni að framleiða metnaðarfullt sjónvarpsefni eða leikið efni. Til þess þarf kunnáttufólk í stjórnun og skipulagningu og það þarf til þess smiði og iðnaðarmenn sem kunna að smíða leikmyndir og saumakonur sem kunna að sauma búningana. Þetta er verulega atvinnuskapandi vinna á mjög breiðu sviði þannig að menningarlega hefur þetta víðtæk áhrif í samfélagi okkar og tryggir um leið að við séum að framleiða menningararf sem við getum verið stolt af. Nægir að nefna BBC í þessum efnum. Þegar við tölum um metnaðarfullt leikið efni fyrir sjónvarp þá hvarflar hugur okkar allra til BBC sem hefur sett í forgang metnaðarfulla leikna framleiðslu.

Ég ætla að stikla á stóru til loka í umsögn Önnu Th. Rögnvaldsdóttur. Ég var búin að nefna um dramadeildina. En hún gerir það líka að tillögu sinni að í þjónustusamningnum verði sett fram skýrt skilgreint markmið, eitt eða fleiri, um magn þess efnis sem gert er ráð fyrir að sjónvarpið framleiði samkvæmt samningnum. Hún leggur til að það skuli sett einhver klukkutímatala beinlínis á að það séu gerðir svo og svo margir klukkutímar af leiknu sjónvarpsefni á ári næstu fimm árin eða að sjónvarpið skuli auka framboð sitt á leiknu efni jafnt og þétt á samningstímanum úr einhverri ákveðinni tölu upp í einhverja ákveðna tölu. Hún telur mjög raunhæft að gera slíka áætlun. Ég minni á að Anna Th. Rögnvaldsdóttir er kvikmyndaframleiðandi. Hún hefur reynslu af því að framleiða leikið efni, hvort sem það eru bíómyndir eða sjónvarpsefni. Hún veit mjög vel um hvað hún er að tala. Þess vegna tel ég svo mikinn feng að því að hafa fengið umsögn frá henni þar sem hún skýrir það fyrir okkur hvers sé ábótavant í þessum þjónustusamningi sem við höfum hér verið að lesa með okkar gleraugum. Hún ljær okkur sín gleraugu og við sjáum þetta þar af leiðandi mun skýrar en við ella hefðum gert.

Aðeins nánar um rök Önnu með þessari tillögu varðandi það að magnbinda eigi framleiðsluna samkvæmt þjónustusamningnum. Hún segir að orðalagið í ákvæðinu sé fremur óheppilegt vegna þess að það megi misskilja það eða mislesa það þannig að aðalmarkmiðið samkvæmt samningnum sé að styrkja sjálfstæða framleiðendur. Aðalmarkmiðið er auðvitað ekki að styrkja sjálfstæða framleiðendur, eða hvað? Er það kannski það sem hæstv. menntamálaráðherra vill? Þetta er kannski athyglisverður punktur og hæstv. menntamálaráðherra ætti kannski að svara því. Skiptir það mestu máli að setja framleiðsluna í hendur sjálfstæðra aðila? Það hvarflar að manni að svo geti verið. En þá vil ég líka að það komi hér yfirlýsing í þessari umræðu um það. En Anna segir að aðalmarkmiðið sé auðvitað — og ég er henni sammála — að auka framboð á vönduðu innlendu sjónvarpsefni á kjörtíma. Það hlýtur að vera aðalmarkmiðið, ekki hver framleiðir það.

Það er tiltekið í þjónustusamningnum hversu háum upphæðum skuli verja til að kaupa eða meðframleiða efni. En hvað er því til fyrirstöðu að magnsetja það? Anna telur að það þurfi að koma fram hvað þetta eigi að skila áheyrendum, hvers konar lágmarkssárangri sé verið að stefna að.

Síðan nefnir hún að framleiðsla á leiknu sjónvarpsefni sé kostnaðarsöm og sjónvarpsstöðvarnar hneigist til að verja peningum frekar í ódýrari framleiðslu eða ódýrari tegundir dagskrárefnis. Ef það er ætlunin með þessum þjónustusamningi, segir Anna, að knýja á um að Ríkisútvarpið leggi meiri áherslu á leikið efni og taki upp þá stefnu að bjóða upp á slíkt efni reglulega þá þarf í rauninni að taka það skýrt fram og setja fram magntölurnar. Öðruvísi er svo einfalt að fara bara inn í ódýra framleiðslu.

Niðurlag umsagnar Önnu varðar þriðja ákvæði þjónustusamningsins þar sem hún endurskrifar það út frá sínum sjónarmiðum eða sínum hugmyndum sem ég hef gert grein fyrir í mínu máli. Í meðförum Önnu kæmi 3. gr. þjónustusamningsins sem fjallar um nýsköpun í dagskrárgerð til með að hljóma svona, með leyfi forseta:

„RÚV skal vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð.

Árið 2008 skal RÚV sýna að lágmarki tvær klukkustundir af leiknu sjónvarpsefni á kjörtíma; árið 2009 fjórar klukkustundir að lágmarki; árið 2010 fjórar klukkustundir að lágmarki og árið 2011 fimm klukkustundir að lágmarki.

Í RÚV skal vera deild eða svið til þess að framfylgja

markmiðum um aukningu á hlut leikins sjónvarpsefnis og skipuleggja meðframleiðslu og innkaup á kvikmyndum og leiknu sjónvarpsefni af sjálfstæðum framleiðendum.

RÚV skal styðja innlenda framleiðslu á kvikmynda- og sjónvarpsefni og stuðla að fjölbreytni með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum.

RÚV skal gerast kaupandi, forkaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður við lok samningstímabilsins 250 millj. kr.“

Virðulegi forseti. Ég lýsi því hér yfir að mér finnst þetta afar skynsamlegar hugmyndir sem Anna kemur með fram í umsögn sinni og hefði talið verulegan feng að því að fá viðbrögð við þessum hugmyndum og því beinlínis hvort ekki væri rétt að skoða þær í því ljósi að þeim verði bætt inn í drögin að þjónustusamningnum.

Ég vona að hæstv. menntamálaráðherra hafi kynnt sér hugmyndir Önnu Th. Rögnvaldsdóttur varðandi þetta og að hún láti okkur heyra í sínum ræðum, sem hún á efalaust á eftir að flytja hér síðast í umræðunni, hvernig henni líst á þessi meginsjónarmið.

Þessu langaði mig til að bæta við það sem sagt er um þjónustusamninginn og rekstraráætlunina í skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreikningsins og undirstrika með þessu mín sjónarmið og mína skoðun á því hvers konar sjónvarp ríkissjónvarpið eigi að vera, hvers konar framleiðsla eigi að vera þar og hvernig við getum tryggt að sú framleiðsla sem kemur frá stofnuninni verði slík að við finnum fyrir henni, að hún vigti þungt og að hún sé metnaðarfull.

Þá er ég komin að þeim kafla í ræðu minni, virðulegi forseti, sem lýtur að — þetta er nú eiginlega síðari kaflinn um einkaréttarlega umhverfið versus hið opinbera, sem sagt hinn opinbera rekstur.

Hv. þm. Mörður Árnason minntist í ræðu sinni á viðtal sem Gunnar Gunnarsson, fréttamaður á Ríkisútvarpinu, tók við Arnar Þór Másson þann 1. nóvember síðastliðinn í Spegli Ríkisútvarpsins varðandi þær breytingar sem fyrir dyrum standa nái þetta frumvarp fram að ganga. Arnar Þór Másson hafði þá skömmu áður, í októbermánuði, fjallað um rekstrarformsbreytinguna á ráðstefnu sem haldin var á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða í lok október. Gott ef það var ekki bara síðasta dag októbermánaðar. Arnar Þór Másson er kennari í stjórnmálafræði og hann er sérfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu.

Hann talaði í innleggi sínu á þessari ráðstefnu um nauðsyn breytinga. En setti jafnframt fram ákveðnar efasemdir um að nauðsynlegt væri að nota hlutafélagaformið til að koma ríkisstofnun í takt við tímann, eins og hann orðaði það.

Hann er sammála hæstaréttarlögmanninum Ástráði Haraldssyni, sem ég vitnaði til áðan, að mörgu leyti. Mér þykir nauðsynlegt að gera í nokkrum orðum nánari grein fyrir sjónarmiðum Arnars Þórs, kannski vegna þess hversu mikið skortir á að rök stjórnarmeirihlutans fyrir hlutafélagavæðingunni, fyrir einkavæðingunni, komi fram.

Arnar Þór segir í viðtalinu við Gunnar Gunnarsson að í frumvarpinu sé reyndar tekið fram að upplýsingalög og stjórnsýslulög eigi að einhverju leyti að gilda um starfsemina. En annars sé verið að hverfa frá þeim sérreglum sem gilda um ríkisrekstur og verið sé að færa rekstrarumhverfið úr opinberu formi yfir í einkaform og einkamarkaðsform. Hann gefur lítið fyrir að það sé kallað opinbert hlutafélag, þetta nýja félag, en ekki einfaldlega hlutafélag, því munurinn sé í raun og veru enginn, þar sem breytingin sem gerð var á hlutafélagalögunum á Alþingi á síðasta ári hafi ekki falið í sér neinar efnislegar breytingar.

Athyglisvert er að stjórnmálafræðingur og sérfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu skuli segja þetta, að breytingarnar á hlutafélagalögunum séu í raun svo veikar og litlar að þær feli í sér sáralitlar efnislegar breytingar í þessum efnum.

Hverjar voru þær breytingar? Hvað var það sem í raun og veru var innleitt? Jú. Ákvæði um að birta þurfi starfsreglur stjórnar á netinu. Ákvæði um að ákveðið jafnrétti kynjanna skuli vera í stjórnum opinberra hlutafélaga. Og síðast en ekki síst að fjölmiðlar hafi ákveðinn rétt til að koma með fyrirspurnir á aðalfundum.

Í rauninni voru það bara þessi þrjú atriði sem breytt var, það er því bitamunur en ekki fjár hvort Ríkisútvarpið er sett inn í hlutafélagaform, hreint og klárlega, eða í eitthvert fyrirbæri sem heitir opinbert hlutafélag. Með öðrum orðum, sérfræðingur segir okkur að þær breytingar sem gerðar hafa verið, þ.e. breyta úr hlutafélagi yfir í opinbert hlutafélag, skipti í raun engu máli.

Hann vill meina, og mér finnst það athyglisvert, því það hljómar algerlega við það sem ég hef áður sagt í umræðunni, að hægt sé að gera breytingar á rekstri Ríkisútvarpsins innan þess lagaramma sem gildir um það í dag. Mér þykir þetta skipta verulegu máli því við stjórnarandstöðuþingmenn höfum öll lýst því yfir að við séum viljug til að gera breytingar. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram frumvarp um að gera breytingar sem gerðar eru innan þess lagaramma sem gildir í dag.

Sérfræðingurinn Arnar Þór Másson styður í raun og veru þær hugmyndir sem við höfum reifað og haldið fram hvað þetta varðar. Hann segir að sveigjanleiki B-hluta stofnunar eins og Ríkisútvarpið er, sé talsvert meiri en hjá A-hluta stofnunum sem eru þessar hefðbundnu ríkisstofnanir. Hann segir að sá sveigjanleiki sem nú gildi um B-hluta stofnanir geri það að verkum að hægt sé að eignfæra og afskrifa og annað þess háttar sem ekki er hægt að gera hjá A-hluta stofnunum. Svo nefnir hann starfsmannalögin til sögunnar.

Hann vill meina að ástæða fyrir því að ríkisreksturinn sé öðruvísi en einkareksturinn, þar sem verið er að nota almannafé til rekstrarins, sé vegna þess að það sé verið að uppfylla ákveðið hlutverk sem varði t.d. réttaröryggi og öryggi, jafnvel almannaþjónustuhlutverk. Það sé eðlilegt að slíkt hlutverk sé í stofnun sem er rekin af opinberu fé og að þarna sé ákveðið hlutverk sem sé í sjálfu sér eðli málsins samkvæmt rétt að sé í ríkisrekstri en ekki í rekstri sem lýtur lögmálum einkaréttar.

Hann segir í viðtalinu að það sem hægt væri að gera í dag, ef ekki væri farið inn í hlutafélagavæðinguna, þá væri hægt að fara þá leið að breyta sérlögum um stofnunina, sem er nákvæmlega það sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu

framboði höfum lagt til, að útvarpslögunum verði breytt, lögum um Ríkisútvarpið verði breytt til þess að tryggja ákveðna þætti sem við teljum að þurfi að vera til staðar og líka til þess að vernda stofnunina fyrir þeim áhrifum, fyrir þeim pólitísku áhrifum, sem stjórnarmeirihlutinn hefur ítrekað tíðkað í tíð stofnunarinnar og eru sannarlega til vansa og mál að linni í þeim efnum.

Arnar Þór segir að það trúi því í raun enginn — þetta eru orðin sem hv. þingmaður Mörður Árnason, vitnaði til áðan — að ríkið sé að reka hlutafélag eins og önnur hlutafélög á markaði.

Í þessu viðtali segir Arnar Þór Másson, með leyfi forseta:

„Það trúir því til dæmis enginn að ríkið láti hlutafélag t.d. fara á hausinn ef illa gengur. Það trúir því enginn að stjórnarmenn beri raunverulega ábyrgð eins og stjórnarmenn í félögum á markaði“ — og að því leyti til verði þetta, eins og hann orðar það — „ekki mjög mikil breyting.“

Þessi tilhneiging ríkisins til að breyta fyrirtækjum sínum í opinber hlutafélög, virðulegi forseti, telur Arnar Þór að stafi af því að rekstrarfyrirkomulag ríkisfyrirtækja hafi ekki þróast nægilega, að þau svari ekki kröfum tímans. En hann er ekki hlynntur því að hlutafélagaformið sé notað fyrir ríkisfyrirtæki. Hann vill miklu frekar kalla ríkisfyrirtækin áfram ríkisfyrirtæki eða stofnanir, en laga formið á þeim að þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar.

Hann telur að hlutafélagaformið sé eitthvað sem menn séu að stökkva á af því það sé til staðar. Ég hef tilhneigingu til þess að taka undir það. Þetta er svona „af því bara“-ákvörðun. Það sé skynsamlegra að reyna að þróa rekstrarform ríkisins almennt, taka það besta úr hlutafélagaumhverfinu, það sem getur gagnast í ríkisrekstri og í að búa til ákveðinn sveigjanleika, sem er það sem menn eru að kalla eftir. En það sé engin þörf á því að nota endilega hlutafélagaformið sem slíkt því það dragi úr kostum þess að setja alls konar klásúlur inn í sérlög um að þetta gildi ekki og þetta gildi í staðinn og segir að hér sé farin mikil fjallabaksleið í þessum efnum.

Þannig að ég orða þetta hér, virðulegi forseti, til þess að það sé á hreinu að það er ekki bara Ástráður Haraldsson, hæstaréttarlögmaður, sem gerir málefnalegar athugasemdir við að það skuli vera hlaupið í hlutafélagaformið, það eru fleiri sérfræðingar sem hafa hreyft þessu máli í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi með rökum sem hníga í sömu átt.

Það var auðvitað mjög miður að okkur í menntamálanefndinni skyldi að ekki lánast að fá einhvern sérfræðing sem var tilbúinn til þess að koma og fara vel yfir þessi mál með okkur. Við gerðum tilraunir til þess, eins og ég held að hafi komið fram í máli hv. þm. Marðar Árnasonar áðan. (Gripið fram í.) Jú, við fengum hana, það er alveg rétt. En það var kannski ekki nægjanlega mikið á því að græða. Ég held að við höfum verið sammála um það í nefndinni að okkur skorti hæfan sérfræðing til að fjalla nákvæmlega um þessi álitamál.

Við gerðum tilraun til þess í minni hluta nefndarinnar að leggja fram ákveðnar spurningar sem við töldum að slíkir sérfræðingar gætu svarað. Við töluðum t.d. um þörfina á því að skoðað væri sérstaklega eða spurt sérstaklega út í samhengi samkeppnisréttarins og Evrópuréttar um ríkisútvarp. Við vildum vita meira um hvaða gildi umsögn Samkeppniseftirlitsins hefði í raun og hvað gerðist ef Samkeppniseftirlitið beitti sér í málunum og gripi til einhverra þeirra úrræða sem það hefði samkvæmt lögum. Við vildum gjarnan máta ákveðna þætti við sérfræðinga í fjölmiðlum, t.d. hvort rekstrarformið skipti máli varðandi kærur sem gætu mögulega komið frá samkeppnisaðilum vegna samkeppni á auglýsingamarkaði. Hvort það skipti máli hver hlutdeild Ríkisútvarpsins væri á ljósvaka- eða auglýsingamarkaði eða hvort sú hlutdeild væri takmörkuð með einhverjum formlegum hætti. Hvort það skipti máli hversu skýrt Ríkisútvarpið væri skilgreint sem almannaútvarp eða hlutverk þess væri skilgreint samkvæmt 3. gr. og fleira í þessum dúr. Hv. þm. Mörður Árnason hefur haft forgöngu um að leggja áherslu á að málið yrði sent til fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins. Því hefur þráfaldlega verið hafnað af meiri hluta nefndarinnar.

En úr því að svo var var sýnu meiri ástæða til þess að reyna til þrautar að fá innlenda sérfræðinga til að fara yfir þessi mál. Þegar á endanum komu svör frá þeim sérfræðingi sem leitað var til þá kom náttúrlega í ljós að vinna af því tagi sem slíkir sérfræðingar eru beðnir um af nefndarmönnum er talsverð og útheimtir talsverðan tíma og talsverða fyrirhöfn. Það er verulega til athugunar hvort nefndirnar eigi ekki að hafa meira svigrúm, fjárhagslegt svigrúm, til þess að ráða til sín sérfræðinga til að skrifa greinargerðir um ákveðna, afmarkaða þætti svona flókinna mála eins og það sem hér um ræðir.

Ég tek sannarlega undir að það er veruleg þörf á því að nefndirnar eigi þennan möguleika, sérstaklega þegar um álitamál er að ræða þar sem kannski örfáir sérfræðingar hafa það á færi sínu eða valdi, að gefa efnismiklar umsagnir. Þá er það auðvitað eðlilegt að fyrir slíkt sé greitt og að sanngjörn gjöld komi fyrir.

En sem sagt, þarna vantar okkur kannski aðeins upp á dýptina í umfjölluninni, við hefðum getað farið lengra og hefðum þurft að komast til botns í ákveðnum atriðum sem við verðum í sjálfu sér að skilja eftir og ég tel það vera talsvert miður.

Hæstv. forseti. Þá verða næst fyrir mér í mínum pappírum tveir leiðarar sem fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins hefur skrifað í Fréttablaðið. Sá fyrri birtist þann 3. desember og sá síðari í gær, 14. janúar 2007.

Það er auðvitað mjög athyglisvert þegar fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson, kemur inn í umræðuna með þeim hætti sem hann hefur gert og að hann skuli orða það svo að það virðist vera að stjórnarflokkarnir hafi verið slegnir einhvers konar blindu við framlagningu þessa máls.

Það er eðlilegt að það veki talsverða athygli þegar maður hafandi gegnt þeirri stöðu sem Þorsteinn Pálsson hefur gegnt, segir í miðli sínum að frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. séu einu leifarnar sem eftir séu af þeim gamla vanda stjórnarflokkanna sem blindan orsakaði þegar þeir fóru fjallabaksleiðina við að styðja innrásina inn í Írak. Hann segir að það sé athyglisvert að þessir stjórnarflokkar hafi ákveðið að færa stjórnarandstöðunni þessar leifar sem eins konar forgjöf í komandi kosningabaráttu. Orðrétt segir

hann, með leyfi forseta:

„Í manntafli lýsir forgjöf að sönnu stórmennsku. En stundum getur skákin teflst þannig að jafnvel snjöllustu menn hafa ekki nægjanlegt vald á stöðunni til þess að hafa efni á forgjöf. Það á einfaldlega eftir að koma í ljós hvort báðir stjórnarflokkarnir hafa pólitískan styrk til þessarar forgjafar. Kosningarnar skera úr því.

Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa ákveðið að ræða myndun ríkisstjórnar fái þeir til þess nægjanlegt afl eftir kosningar. Fram til þessa hafa þeir helst náð samhljómi um eitt mál sem fengið hefur almennan hljómgrunn meðal fólksins. Það er útvarpsmálið."

Nú er Þorsteinn Pálsson glöggskyggn maður. Ég verð að segja að mér þótti það ákveðið fagnaðarefni að hann skyldi koma inn í umræðuna á þeim nótum sem hann gerði. Hann vekur athygli á því að það sé ákveðin pólitísk þverstæða eða þversögn sem ríkisstjórnin býr til í frumvarpinu um Ríkisútvarpið sem felist í því að verið sé að hafna varðstöðu um menningarlega öflugt og opinbert útvarp, eins og hann kallar það, þar sem jafnframt sé virtur réttur markaðarins til þess að halda uppi almannaþjónustu á því sviði á heiðarlegum samkeppnisforsendum.

Hann segir að höfuðmarkmiðið með nýju ríkisútvarpslögunum sé að nota skattpeninga almennings til þess að koma hælkróki á þá aðila sem stunda sams konar almannaþjónustu á markaðsgrundvelli. Það minni á gamaldags og úrelt sjónarmið í pólitík sem flestir vinstri menn hafi kastað fyrir róða.

Þetta eru auðvitað athyglisverð orð af munni Þorsteins Pálssonar. Í niðurlagi þessa leiðara frá því 3. desember í Fréttablaðinu segir, með leyfi forseta:

„Óhætt er að fullyrða að mikill meiri hluti landsmanna vill hins vegar umhverfi þar sem bæði þessi form á almannaþjónustu í útvarpi og sjónvarpi fá að njóta sín. Ríkisstjórnin hefur nú gefið vinstri flokkunum tækifæri til þess að ganga til kosninga sem einu málsvarar hófsamra skynsemissjónarmiða á þessu sviði. Þeir geta nú hagnýtt sér það. Fylgishrun Framsóknarflokksins er helsta ástæðan fyrir því að litlar líkur eru á að stjórnarflokkarnir haldi velli."

Svo kemur Þorsteinn Pálsson inn á framgöngu formanns Framsóknarflokksins í þessum efnum og segir að hann hafi reynt fyrir viku að opna dyr fyrir þá sem horfið hafa á önnur mið í stjórnmálum. En nú hafi hann ákveðið að loka þeim dyrum aftur með því að standa að ríkisútvarpsfrumvarpinu efnislega óbreyttu.

Niðurlagið með þessum orðum er, með leyfi forseta:

„Engin önnur þingmál á þessum vetri hafa pólitískt gildi fyrir Framsóknarflokkinn í þeim tilgangi að kalla til baka þá sem hafa yfirgefið hann. Vegna veikrar stöðu Framsóknarflokksins er áræðni hans að nota þetta mál í forgjöf til stjórnarandstöðunnar því miklu meiri en Sjálfstæðisflokksins sem staðið hefur vel að vígi undangengið ár."

Þarna dregur Þorsteinn Pálsson fram í dagsljósið hlut Framsóknarflokksins í þessu máli. Sá hlutur er vægast sagt afar dapurlegur. Skyldi engan undra þó að Framsóknarflokkurinn komi jafnilla út úr skoðanakönnunum sem gerðar eru um þessar mundir og raun ber vitni. Ég leyfi mér að halda því fram að ríkisútvarpsmálið eigi þar talsverðan hlut og er í þeim efnum hjartanlega sammála Þorsteini Pálssyni.

Framsóknarflokkurinn gerði á árum áður fjöldann allan af ályktunum á flokksþingum sínum sem vörðuðu Ríkisútvarpið. Forusta Framsóknarflokksins hefur vikið öllum þeim ályktunum til hliðar í þessu máli. Sumir mundu orða það að verið sé að gera lítið úr þeim flokksmönnum sem gengið hafa götu Framsóknarflokksins. Staðið hafa í baklandi þeirra sem hafa starfað á Alþingi, þ.e. liðið sem vinnur hina eiginlegu vinnu og styður við þingmennina, að það hafi verið svikið af þeim forustumönnum sem ákváðu að fara í þessa vegferð með Sjálfstæðisflokknum.

Ég tel alveg nauðsynlegt, virðulegi forseti, að Framsóknarflokkurinn sé kallaður fram úr skugganum í þessari umræðu og að við fáum virkilega samræðu um það hvers vegna Framsóknarflokkurinn hefur skipt um skoðun í þessum efnum.

Það stríðir gegn meginhugmyndafræði Framsóknarflokksins að mínu mati, að yfirgefa þær flokksályktanir sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina varðandi Ríkisútvarpið. Ekki bara kjósendur Framsóknarflokksins eiga rétt á að vita skýringuna, það er eðlilegt að við sem störfum með þingmönnunum hv. á löggjafarsamkundunni fáum þeirra sjónarmið fram.

Við þingmenn sem störfum í menntamálanefnd héldum það á tímabili a.m.k., að Framsóknarflokkurinn væri að átta sig í málinu þegar hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n., gekk fram fyrir skjöldu í fjölmiðlum rétt fyrir áramótin og lýsti því yfir að að hennar mati yrði ekkert af því þetta frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. færi í gegn fyrr en ljóst væri hvernig málefnum flugumferðarstjóra sem var verið að reyna að fá til starfa yfir Flugstoðir ohf. reiddi af.

Síðan kom upp málið með Matís ohf. þar sem ljóst var að ákveðinn fjöldi starfsmanna þriggja opinberra rannsóknastofnana í matvælaiðnaði ætlaði sér ekki að gera samninga við Matís ohf. vegna þess að verið væri að ganga á réttindi þeirra. Þá töldum við að Framsóknarflokkurinn mundi enn herðast í þeim sjónarmiðum sem Sæunn hafði lýst í fréttaviðtali. En svo var því miður ekki. Framsóknarflokkurinn sem í gegnum Sæunni hafði látið örla á einhverjum mótbárum og efasemdum, dró aftur í land. Það er ekki að vita nema Sæunn hafi verið tekið á teppið, eins og maður segir. Í öllu falli lét hún ekki mikið bera á þessum efasemdum sínum í starfi nefndarinnar þegar við tókum málið inn á milli 2. og 3. umr. Því miður.

Því ég hefði talið verulegan feng að því, og ég hefði jafnvel talið að Framsóknarflokkurinn hefði getað lyft sér upp á því, án þess að ég sé að útlista það sem mína ósk að hann næði því að lyfta sér upp í skoðanakönnunum, ef hann hefði ákveðið að standa nú í lappirnar og segja hingað og ekki lengra í þessu vonda máli. Standa með baklandinu sínu. Standa með þeim ályktunum sem landsþing og ýmsar stofnanir Framsóknarflokksins hafa í gegnum árin samþykkt. En því miður brugðust þær vonir nú illa.

Eitt af því sem hinn almenni flokksmaður í Framsóknarflokknum hefur ævinlega haldið fram og hefur verið ályktað um á flokksþingum er t.d. það að Rás 2 eigi að fá að lifa. Framsóknarmenn hafa rökstutt það með því móti að það sé ein vinsælasta útvarpsstöðin á landsbyggðinni. Það þarf ekki að styðja það miklum rökum að Framsóknarflokkurinn hefur átt mikið fylgi á landsbyggðinni. Þar eru hans

sterkustu vígi. Fólk í flokknum hefur haldið því fram og flokksþing ályktað þar um að það eigi að tryggja rekstur Rásar 2 áfram og það skipti máli að hún verði ekki einkavædd. En með þessu frumvarpi er stoðunum kippt undan Rás 2 eins og við vitum þar sem það verður ekki lengur lagaskylda að reka tvær útvarpsrásir, heldur aðeins eina. Það sjá það allir í hendi sér að Rás 2 verður auðvitað látin fjúka. Hún verður sett inn í samkeppnisreksturinn og að öllum líkindum mjög fljótlega seld út úr rekstrinum.

Þannig að framsóknarmenn missa Rás 2 fyrr en þá grunar með þessu. Það vita þeir auðvitað og þess vegna er óánægja þeirra orðin nokkuð kraumandi. Við erum farin að verða vör við það að bakland þessara framsóknarþingmanna sem hér er nú er farið að ókyrrast mjög, menn eru farnir að yfirgefa flokkinn og leita á önnur mið.

Það er eins og ég segi, ekki slæmt í sjálfu sér. En það er samt sem áður eðlilegt að við krefjum Framsóknarflokkinn svara, hvers vegna ákveðið var að hverfa frá meginstefnu Framsóknarflokksins í málefnum Ríkisútvarpsins og fara inn á þá braut sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur leitt hann.

Enda spyr Þorsteinn Pálsson í nýjum leiðara sínum sem birtist í Fréttablaðinu í gær: Hvers vegna? Það er fyrirsögn leiðarans. Hann segir að einhverra hluta vegna hafi stjórnarflokkarnir sammælst um að rjúfa þá sæmilegu sátt sem verið hafi um Ríkisútvarpið. Ríkisstjórnin hafi misboðið þeim sem vilji standa vörð um menningarlegt útvarp á vegum ríkisins. Og um leið hafi hún gefið hinum langt nef sem vilji styrkja jafnræði á almennum markaði útvarpsstarfsemi.

Hann segir að stefna ríkisstjórnarflokkanna í útvarpsmálum eigi hvergi formælendur. Hún verði ekki skýrð með neinum skynsamlegum rökum. Og þeir duldu hagsmunir sem búi að baki áformum þeirra hljóti að vera æðiríkir fyrst þeir séu reiðubúnir til að veikja annars allgóða málefnastöðu í aðdraganda kosninga fyrir slíkan málstað.

Þannig að Þorsteinn Pálsson sér ástæðu til þess að endurtaka allt sem hann sagði fyrir rúmum mánuði síðan. Undirstrika það enn frekar. Það hlýtur að verða að spyrja um það hér. Eru sjálfstæðismenn í þessum sal ekkert órólegir yfir því að fyrrum leiðtogi þeirra skuli tala með þeim hætti sem hann gerir í leiðurunum? (Gripið fram í.)

Eru menn í Sjálfstæðisflokknum, þingmenn hér, það er enginn sjálfstæðismaður í salnum, er okkur bent á hérna. Það er raunar rétt. En við erum nokkuð viss um að þeir sitja allir á skrifstofum sínum og hlusta á ræður stjórnarandstöðuþingmanna héðan úr ræðustóli. Ég geri því ráð fyrir að menn séu að punkta hjá sér þær spurningar sem héðan er varpað til þeirra og þeir komi síðan og geri grein fyrir málum sínum.

Eins og ég segi. Ókyrrast þeir ekkert yfir þessum ávirðingum fyrrum leiðtoga síns? Úr því að þær eru svo skýrt orðaðar hjá ritstjóra Fréttablaðsins, Þorsteini Pálssyni, þá hljóta þær að vera nokkuð háværar í baklandi þeirra þingmanna sem eru að reyna að ýta málinu í gegn.

*Þannig að ég segi enn og aftur. Mér er það gjörsamlega* óskiljanlegt hvað rekur menn áfram í þessum leiðangri. Hvað rekur hv. formann menntamálanefndar áfram í þessum leiðangri? Er það hans meginsjónarmið í málefnum Ríkisútvarpsins, sem okkur er öllum kunn, þ.e. að hann ætli sér að selja stofnunina úr ríkiseigu? Er það mótorinn? Er það eldsneytið sem knýr sjálfstæðismenn áfram í þessari sókn eða þessum leiðangri *sem hefur verið líkt við þráhyggju?* Auðvitað finnst okkur sem höfum tekið þátt í umræðunni alllengi að þar sé hið eiginlega afl, hið eiginlega eldsneyti, sem keyrir þetta fólk áfram.

Mér finnst þetta afar miður. Mér finnst þetta allt svo dapurlegt, virðulegi forseti, að það tekur eiginlega ekki nokkru tali. Mér þykir svo skrýtið að menn skuli ekki láta sér segjast þegar fyrrum leiðtogar þeirra tala jafntæpitungulaust og Þorsteinn Pálsson talar nú til sjálfstæðismanna.

Virðulegi forseti. Það rak á fjörur mínar í dag eina af mjög mörgum skýrslum sem gerðar hafa verið á síðustu árum um endurskoðun á lögum um Ríkisútvarp. Sennilega sú eina sem ég hef ekki lesið spjaldanna á milli. Það er 96-skýrslan. Hún er afskaplega athyglisverð að mjög mörgu leyti. Og ég heiti því og gef þá yfirlýsingu hér úr þessum ræðustóli að nú tek ég til við að lesa þessa ágætu skýrslu sem ég sótti á bókasafn Alþingis í dag.

Mér nægði að líta á formála og inngang skýrslunnar. Inngangurinn eða formálinn er undirritaður af fjögurra manna nefnd þann 8. mars 1996. Í honum kemur fram að í júlílok 1995 hafi þáverandi hæstv. menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, ákveðið að setja á laggirnar starfshóp til að gera tillögur um breytingar á útvarpslögum, m.a. með tilliti til breyttra aðstæðna á íslenska ljósvakanum, fjölgunar ljósvakamiðla, aukinnar samkeppni, tæknibreytinga og annarra atriða sem komið hafi til sögunnar frá því að útvarpslög *tóku gildi árið 1985.*

Það fyrsta sem mér finnst athyglisvert í þessum inngangi eða formála er dagsetningin. Í júlílok 1995 er nýtekið við annað ráðuneyti Davíðs Oddssonar, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, og Björn Bjarnason þar með nýtekinn við embætti hæstv. menntamálaráðherra af Ólafi G. Einarssyni, sem gegndi embættinu á árunum 1991–1995.

Sem sagt, strax eftir að annað ráðuneyti Davíðs Oddssonar sest í ráðherrastólana þá er tekið til við hið merka verkefni að endurskoða lögin um Ríkisútvarp. Hverja skipaði hæstv. þáverandi menntamálaráðherra Björn Bjarnason í þessa nefnd? Hann skipaði eftirtalda:

Gunnlaug Sævar Gunnlaugsson, framkvæmdastjóra, sem formann eða þann sem stýra átti störfum hans. Aðrir sem ráðherrann skipaði í hópinn voru Tómas Ingi Olrich, alþingismaður, Ásdís Halla Bragadóttir, aðstoðarmaður ráðherra og Páll Magnússon, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.

Það verður að segjast, virðulegi forseti, að það er afar athyglisvert að lesa þetta, eins og ég segi, ég er búin að hlaupa á hundavaði yfir kaflann sem greinir tillögur og niðurstöður nefndarinnar. Þar er fjölmargt sem kemur kunnuglega fyrir sjónir þegar maður þekkir frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. jafn vel og ég geri nú. Mér sýnist að téður nefndarmaður, Páll Magnússon, fyrrum sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, sé í sjálfu sér bara kominn með kyndilinn sem kannski hefur verið undirbúið 1995 að hann mundi taka í *fyllingu tímans, að fylgja eftir niðurstöðum nefndarinnar* sem Björn Bjarnason skipaði, því ótrúlega margt í frumvarpinu sem við fjöllum nú um er keimlíkt þeim tillögum sem hér eru bornar fram. (**GAK:** Það eru fleiri Trójuhestar í sögunni.) Það eru fleiri Trójuhestar í sögunni, segir hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson. Það er alveg rétt.

Það er athyglisvert að mörgu leyti að lesa þessa skýrslu. Tómas Ingi Olrich segir sig frá henni að ákveðnu marki, talsvert veigamiklir þættir sem hann gerir athugasemdir við sem ég held að væri rétt fyrir sjálfstæðismenn að skoða í dag. Það er t.d. það sem varðar auglýsingamálin. (Gripið fram í.)

En það er sem sagt eins og ég segi að þarna strax í árdaga ríkisstjórnarinnar var stofnaður starfshópur sem hafði það tiltekna hlutverk að móta tillögur um íslenska ljósvakamarkaðinn og málefni Ríkisútvarpsins. Þetta er spaugilegt í ljósi þess sem síðan gerist.

Við þekkjum öll atlögu Davíðs Oddssonar að fjölmiðlum á Íslandi þegar hið merka fjölmiðlafrumvarpi sem forseti Íslands neitaði staðfestingar, var sett fram. Við þekkjum þrautagöngu sjálfstæðismanna við að koma Ríkisútvarpinu úr opinberum rekstri inn í einkarekstur. Einkavæðingu þess með þremur tilraunum á tveimur árum. Fyrst að breyta rekstrarforminu í sf., síðan í hf. og loks að breyta því í ohf. Þannig að þegar maður les þessa skýrslu sem þó er ekki eldri en þetta, hún er 10, 11 ára gömul, þá verður þessi þrautaganga þeirra nokkuð spaugileg. Leyfir maður sér að brosa stöku sinnum, ekki bara út í annað, heldur út í bæði, þegar þetta er lesið.

Í samantekt fremst í skýrslunni kemur fram að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sé lögð áhersla á ýmsa afar veigamikla hluti. Það er ástæða til að tíunda það hér í nokkrum orðum, að þeir lögðu áherslu, þessir háu herrar, á varðveislu íslenskrar tungu, þjóðmenningar og að stuðla beri að öflugu lista- og menningarlífi og í verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins sagði á þessum árum orðrétt, með leyfi forseta:

„Á þeim 10 árum, sem liðin eru frá því að einokun ríkisins á sjónvarps- og útvarpsrekstri var afnumin, hafa öflugir keppinautar við Ríkisútvarpið komið til sögunnar. Á þessu sviði eins og öðrum verður samkeppni að vera með þeim hætti að einkafyrirtæki standi jafnfætis opinberum."

Og eilítið síðar í verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins segir:

„Útvarpslög hafa verið í endurskoðun um nokkurt árabil. Ljóst er, að þau verður að móta af víðsýni eigi ákvæði þeirra að standast tímans tönn og taka mið af örum tæknibreytingum."

Og í samantektinni segir síðan áfram: Að Íslendingum hafi á skömmum tíma verið svipt inn í alþjóðlega veröld ljósvakans. Þessa þróun megi bæði merkja á grósku innlenda ljósvakamarkaðarins sem og á auknum aðgangi landsmanna að erlendum gervihnattarásum. Aukin samkeppni innan lands hafi getið af sér fjölgun stöðva og lengingu útsendingartíma. En um leið hærra hlutfall erlends efnis, bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi. Á sama tíma sé ljóst að ljósvakamiðlarnir hafi mikilvægu hlutverki að gegna í mótun og varðveislu íslenskrar menningar, samkenndar og sérstöðu þjóðarinnar.

Í upphafi starfsins hafi þessi starfshópur mótað það viðmið að meginviðfangsefnið væri að hyggja sérstaklega að hlut innlendrar dagskrárgerðar í ljósvakanum og leita leiða til að efla hlut þess þáttar í starfsemi ljósvakamiðla, bæði einkarekinna og Ríkisútvarpsins. Grunntónninn í skýrslunni sem hér fer á eftir endurspeglar þetta.

Þetta er, eins og ég segi, síðan áframhaldandi lesning sem kemur manni nokkuð kunnuglega fyrir sjónir með ákveðnum ákvæðum varðandi kostun og auglýsingar og að Ríkisútvarpið verði áfram rekið sem fyrirtæki í eigu íslenska ríkisins og það skilgreint sem opinber þjónustustofnun og felld niður sú skylda Ríkisútvarpsins að senda út til alls landsins og næstu miða. Það er dálítið athyglisvert. Sem ríkismiðli beri RÚV að keppa við aðra ljósvakamiðla um hlustun eða áhorf á forsendum opinberrar þjónustustofnunar og það er einkar mikilvægt að sú meginregla gildi í rekstri Ríkisútvarpsins að starfsemi þess skuli aðeins bundin við þá þætti sem verður ekki komið við annars staðar. Úr því að einkaaðilar geta það á Ríkisútvarpið ekki að vera neitt að þvælast í því. Útvarpsráð átti að sjálfsögðu að verða lagt niður og það átti að vera skipuð rekstrarstjórn, það átti að koma á fót dagskrárráði íslenskra útvarpsstöðva, það átti að breyta afnotagjöldunum í nefskatt. Reyndar var gert ráð fyrir þeim möguleika að Ríkisútvarpið yrði flutt frá B-hluta yfir í A-hluta ríkisreiknings þannig að rekstur stofnunarinnar byggðist á framlagi fjárveitingavaldsins samkvæmt samþykkt fjárlaga hverju sinni ef ekki yrði farin leið nefskattsins og þar fram eftir götum. Eins og ég segi, hér er fjöldinn allur af afar kunnuglegum stefjum sem við þekkjum svo vel úr þeim frumvörpum sem hér hafa verið til umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Ég er kannski farin að nálgast niðurlag ræðu minnar. Það eru þó enn nokkuð mörg atriði sem ég gæti haft mörg orð um en ætla að spara mér ákveðna þætti til síðari ræðu minnar. Ég held að ég flytji í fullri lengd kaflann um Framsóknarflokkinn í síðari ræðu minni en mig langar til að geta hér í nokkrum orðum stofnunar sem mér er afar kær og finnst skipta verulegu máli í menningarflóru okkar. Það er Sinfóníuhljómsveit Íslands. Umræða um Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur ekki verið fyrirferðarmikil í þessari umræðu en þó eru fyrirhugaðar breytingar á henni.

Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveit Íslands hafa unnið mjög náið saman og mér hefur alltaf þótt það styrkleikamerki að þessar stofnanir séu tengdar með þeim hætti sem þær hafa verið hingað til. Mér hefur alltaf þótt gagn að því fyrir báðar stofnanirnar að tengingin skuli hafa verið svo áþreifanleg sem raun ber vitni og beinlínis skrifuð inn í lög. Ég hef því ævinlega sett mig upp á móti því að sú leið sé farin sem hér er lögð til, að þessi tengsl verði slitin.

Nú höfum við orðið þess áskynja í umfjöllun menntamálanefndar um málefni Sinfóníuhljómsveitarinnar að uppi er álitamál sem ég tel mikilvægt að verði greitt úr og við fáum áður en þessi umræða klárast útskýrt vel af stjórnarliðum sem eru áfram um þessa breytingu. Ég er að tala um þá staðreynd að þeir fjármunir sem hingað til hafa verið reiknaðir sem kostnaður Ríkisútvarpsins við að reka Sinfóníuhljómsveitina eiga nú að koma í gegnum ríkissjóð til Sinfóníuhljómsveitarinnar en stjórnarliðar og hæstv. menntamálaráðherra virðast gera ráð fyrir því að Sinfóníuhljómsveitin fái engu að síður inni í dagskrá Ríkisútvarpsins fyrir alla sína tónleika án þess að Ríkisútvarpið greiði nokkuð þar fyrir.

Nú er ekki ljóst hvort rekstraraðilar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, framkvæmdastjóri og stjórn Sinfóníunnar, líti á málið eins og stjórnarmeirihlutinn og hæstv. menntamála-

ráðherra virðast gera í þessum efnum. Það liggur ekki ljóst fyrir hvort Sinfóníuhljómsveit Íslands sætti sig við það að láta Ríkisútvarpinu ohf. í té fjöldann allan af klukkutímum af vönduðu dagskrárefni í hverjum einasta mánuði án þess að Ríkisútvarpið ohf. þurfi að greiðan nokkurn skapaðan hlut fyrir það. Það er sem sagt gert ráð fyrir því og gengið út frá því í þessum sal af þeim stjórnarliðum sem ætla að samþykkja þetta frumvarp að það verði með þessum hætti, að Ríkisútvarpið ohf. þurfi ekki að greiða neitt fyrir alla sinfóníutónleika sem fara inn í dagskrána. Mér finnst verulega mikill lapsus í þessum málum að við skulum ekki vera komin til botns í þessu álitamáli og ég hefði þess vegna talið nauðsynlegt að hér fengjum við skoðanaskipti um þetta atriði sem ég tel verulega þörf á. Mér finnst líka alvarlegt að Viðskiptaráð Íslands sem oft og tíðum er sammála stjórnarliðum í þessum sal varðandi ýmsa þætti, enda aðhyllist Viðskiptaráð Íslands svipaða stefnu í ýmsum þáttum og Sjálfstæðisflokkurinn gerir, skuli sjá ástæðu til þess þann 28. nóvember sl. að senda menntamálanefnd sérstaka umsögn um frumvarpið sem ætlað er að breyta lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég taldi áhugavert fyrir þingmenn að fá að heyra umsögn Viðskiptaráðsins því að ég held að hún segi meira en mörg orð um afstöðu sjálfstæðismanna í þessum sal og það sem þeir raunverulega vilja. Ég held nefnilega að sjálfstæðismenn í salnum séu ekki fullkomlega einlægir í þeim breytingum sem hér eru að verða, þ.e. að ríkissjóður eigi að fjármagna Sinfóníuhljómsveit Íslands. Við skulum heyra hvernig Viðskiptaráð Íslands mundi vilja hafa þetta. Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið kemur fram að útgjöld ríkisins muni aukast um 138 milljónir króna, nái það fram að ganga. Í raun er hér því um auknar fjárveitingar til Ríkisútvarpsins um 138 milljónir að ræða. Viðskiptaráð minnir á að Ríkisútvarpið er í samkeppni við einkaaðila um áhorfendur og auglýsendur. Sú samkeppnisstaða er verulega skekkt með framlögum ríkisins auk lögboðnum afnotagjöldum. Viðskiptaráð telur eðlilegt að ríkið hætti rekstri Ríkisútvarpsins. Að minnsta kosti ætti að vera hægt að gera þá lágmarkskröfu að framlög til stofnunarinnar séu ekki aukin. Aukinheldur telur ráðið að fjármunum ríkissjóðs væri betur varið til að lækka skatta eða borga niður skuldir í stað þess að starfrækja Sinfóníuhljómsveit.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga."

Viðskiptaráð Íslands lýsir því á afar einarðan hátt í þessari stuttu umsögn að það vilji ekki að hið opinbera starfræki sinfóníuhljómsveit, það vilji ekki að opinberum fjármunum sé varið í það að halda úti hljómsveit sem getur unnið það afrek sem Sinfóníuhljómsveitin okkar vann í október sl. þegar hún flutti á Norrænum músíkdögum í Háskólabíói í fyrsta skipti í fullri lengd Eddu 1, tónverk Jóns Leifs. Það er tónverk og flutningur sem hefur hlotið einróma lof allra gagnrýnenda og fært hróður sveitarinnar á erlendum vettvangi mun víðar en okkur hefði grunað, flutningur sem var svo áhrifamikill að sjaldan hefur annað eins heyrst eða sést í sölum Háskólabíós á tónleikum sveitarinnar.

Hátíðartónleikarnir sem um ræðir þegar Edda 1 var frumflutt mörkuðu að mati tónlistargagnrýnanda Morgunblaðsins, Ríkarðs Ö. Pálssonar, tímamót í tónlistarsögu okkar, hvorki meira né minna, því að „ekki kom hér aðeins fyrir almenningseyru ein stærsta tónsmíð að umfangi sem til þessa hafði verið flutt eftir Íslending lífs eða liðinn, heldur einnig líklega viðamesta verkið sem samið hefur verið við elsta kveðskap Norðurlanda allt frá því er Wagner lauk Niflungahring sínum fyrir 140 árum," segir Ríkarður Örn Pálsson í umsögn sinni í Morgunblaðinu 16. október 2006, með leyfi forseta. Enn fremur: „Það var sérkennileg tilfinning að setjast í nærri fullsetnu Háskólabíói til að heyra þetta 67 ára gamla skúffuverk við texta Völuspár og annarra fornkvæða vakna til fyrsta lífs. Ekki síst eftir undangengna níu tónleika með nýjustu framúrstefnuverkum bræðraþjóðanna. Óneitanlega var maður sumpart mótaður af fordómum í garð einfarans sem fyrst fór að verða kunnur utan landsteina nærri 30 árum eftir sinn dag og sem margir hafa kennt við „prímítívisma" í tóntaki." Að lokum segir tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins í umsögn sinni að þrátt fyrir stórkostlega upplifun hafi við háværustu kafla verksins brugðið fyrir svo áhrifamiklum og bráðfallegum stöðum að fáu sé til jafnað. Hann segir að kórinn sem söng í verkinu hafi trúlega farið með glæsilegustu frammistöðu kvöldsins þó að einsöngvararnir hafi staðið sig vel. Hið sama hafi gilt um hljómsveitina sem lék undantekningalítið með glæsilegri norrænni snerpu, fornri undir vandvirkri stjórn og þar fram eftir götum. Flutningur þessa verks var þvílíkur sigur fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands að það er unun að eiga í minningunni þessar tilfinningar og þá upplifun sem tónleikarnir færðu okkur. Það að eiga hljómsveit af því tagi sem Sinfóníuhljómsveitin er orðin núna og af því kalíberi, svo að ég leyfi mér að sletta, er verulegur fjársjóður fyrir íslenska þjóð. Það skiptir okkur verulegu máli að Sinfóníuhljómsveit Íslands haldi áfram að blómstra.

Mín kenning er sú að með því frumvarpi sem hér liggur fyrir sé verið að veikja grunn Sinfóníuhljómsveitarinnar ótæpilega, gera grundvöll hennar ótryggan og háðan pólitískum sveiflum og stefnum og straumum og kannski óæskilegum áhrifum manna á Alþingi sem eru sama sinnis og Viðskiptaráð Íslands, áhrifum manna sem vilja ekki að Sinfóníuhljómsveit sé rekin af opinberu fé. Einkavæðing Ríkisútvarpsins sem hér er lögð til samkvæmt þessu frumvarpi gerir margan usla og m.a. þann að veikja stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem á allt annað skilið frá okkur sem hér störfum á löggjafarsamkundunni, hún á það skilið vegna afreka sinna að við fylkjum okkur að baki henni, stöndum með henni gegnum þykkt og þunnt og tökum metnaðarfulla ákvörðun um að hún fái áfram að blómstra. Það vill þessi stjórnarmeirihluti ekki með þeim breytingum sem hér er verið að gera. Með því að vilja ekki fara almennilega inn í að ræða málefni sveitarinnar fljótum við sofandi að feigðarósi og eins og ég segi hvet ég þá þingmenn sem hér eiga eftir að koma upp í umræðunni að fara nokkrum orðum um Sinfóníuhljómsveit Íslands og nauðsyn þess að hún verði áfram rekin á metnaðarfullan hátt af okkur, af þjóðinni. Til svo mikils sóma hefur hún verið hingað til.

Læt ég þar með fyrri ræðu minni lokið, hæstv. forseti, en leyfi mér að eiga inni síðari ræðu síðar í umræðunni.

[21:59]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við höfum rætt þetta mál síðan klukkan hálftvö í dag. Ég vildi þess vegna inna hæstv. forseta eftir því hversu lengi hann hygðist halda áfram þessum fundi.

Það er ljóst að þeirri umræðu sem hér er hafin um Ríkisútvarpið ohf. er ekkert að ljúka. Henni mun ekki ljúka á morgun og sennilega ekki dagana þar á eftir. Reyndar hefur ekki verið ráðgast við okkur í Frjálslynda flokknum um það en eftir því sem ég best veit á að hefjast þingfundur í fyrramálið klukkan hálfellefu þar sem áfram verður rætt um þetta mál og búið að ýta ýmsum öðrum störfum til hliðar, t.d. nefndastörfum.

Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort nú sé ekki prýðilega tímabært að hætta þessum fundi og ganga aftur til verka í fyrramálið, sé það vilji hæstv. forseta Alþingis að hefja fund í fyrramálið um sama mál. Ég held að það standi prýðilega á, hæstv. forseti, eftir ágæta ræðu sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir flutti, að láta staðar numið. Ég tel að það mundi sýna mikla skynsemi hæstv. forseta sem nú situr á ræðustóli ef hann hagaði verkum þannig.

Ég vildi mælast til þess að hæstv. forseti upplýsti okkur um framhald er þessarar umræðu og hvort það sé rétt ályktað hjá mér að þannig verði fundum hagað næstu daga, að hér verði alltaf byrjað klukkan hálfellefu uns umræðu lýkur.

Er líka gert ráð fyrir fundum annað kvöld, hæstv. forseti, og jafnvel kvöldið þar á eftir? Hvernig á að haga þessari umræðu yfirleitt? Ég veit ekki til þess að um það hafi verið gert samkomulag, a.m.k. ekki við okkur í þingflokki Frjálslynda flokksins.

[22:02]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti getur upplýst að til stendur að halda fundi áfram um sinn. Ljóst er að margir eru á mælendaskrá og rétt að gera ráð fyrir því að fundir verði lengri en ella vegna þess að margir vilja ræða þetta mál.

[22:03]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram á fundi með þingflokksformönnum og forseta Alþingis í morgun að rætt yrði um Ríkisútvarpið fram á kvöldið. Nú er klukkan að ganga ellefu og ég vil taka undir með hv. formanni Frjálslynda flokksins, að eðlilegt væri að ljúka þessari umræðu nú.

Hér hafa verið fluttar málefnalegar, fróðlegar og upplýsandi ræður um efnið. Þótt ekki hafi margir þingmenn tekið til máls hefur margt komið fram sem er íhugunar virði. Ég verð líka að segja að eftir því sem meira kemur fram því augljósara verður hve löng þessi umræða kemur til með að verða. Ég er ekki aðeins að vísa til þess sem fram hefur komið í þingsal. Ég vísa m.a. í það sem fram kemur hjá útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, Páli Magnússyni, í Morgunblaðsgrein í dag. Þar vegur hann harðlega að þeim aðilum sem hafa blandað sér í þessa umræðu. Hann tekur afstöðu með ríkisstjórninni og hæstv. menntamálaráðherra en vegur ómaklega að öðru fólki sem hefur blandað sér í umræðuna og vogað sér að vera á öndverðum meiði við hann og ríkisstjórnina.

Þetta eru hlutir sem við eigum að sjálfsögðu eftir að taka til rækilegrar umræðu í þinginu áður en frá málinu verður gengið. Ég vil minna hæstv. forseta á að þegar liggja fyrir þinginu nokkrar beiðnir um utandagskrárumræðu. Við í stjórnarandstöðunni viljum frá upplýsingar um hvenær þær umræður koma til með að fara fram. Við viljum einnig fá upplýst hvort til stendur að fara að óskum okkar og kröfum um að á miðvikudag verði fyrirspurnir í þinginu eins og efni standa til. Ég veit ekki hve margar fyrirspurnir liggja fyrir þinginu ósvaraðar en við ætlumst til þess að þær komi fyrir þingið í þessari viku. Þetta viljum við fá upplýst, hæstv. forseti.

[22:05]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti vill ítreka að til stendur að halda þessari umræðu áfram í kvöld. Hann vill jafnframt upplýsa að gera má ráð fyrir, eins og lengi hefur legið fyrir, að umræða um þessi mál verði fyrirferðarmikil. Menn verða að gera ráð fyrir lengri þingfundum en ella af þeim sökum.

[22:05]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það gengur erfiðlega að fá að taka til máls um fundarstjórn forseta en ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa hleypt mér að.

Við viljum fá upplýsingar, þingmenn sem viðstaddir eru þessa umræðu, hversu lengi á að halda fundi áfram. Ég verð að rifja upp fyrir hæstv. forseta, að á fundi með formönnum þingflokka í morgun sagði hæstv. forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, að í þessari viku mætti búast við fundum, löngum og ströngum, frá hálfellefu að morgni og kvöldfundum. Við gerðum í sjálfu sér engar athugasemdir við það. En við töldum að þegar liði á dag yrði rætt við formenn þingflokka um þinghaldið, þessa dags og á morgun.

Það liggur ljóst fyrir að hæstv. forseti hefur lýst því yfir við okkur að það verði kvöldfundur í dag. Þess vegna kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir, í ljósi þess að samkvæmt því sem ég best veit er löngu komið kvöld, að hæstv. forseti sem nú situr í forsetastóli, Birgir Ármannsson, hann hafi lýst því yfir að enn skuli fundi haldið fram um sinn. Ég er viss um það að jafnsnjall forseti og hann hefur einhvern tíma gert reka að því að kanna og grafast fyrir um skilning íslenskrar tungu á orðinu kvöld. Þetta er nefnilega ekki í fyrsta skipti sem viðkomandi hæstv. forseti hefur verið inntur eftir því hvenær sleppi kvöldi og hvenær það hefjist. Er ekki að koma nótt innan tíðar?

Í öllu falli, herra forseti, finnst mér sanngjarnt og eðlilegt af okkur að fara fram á að hæstv. forseti geri okkur grein fyrir því hversu lengi hann hyggst halda fundi fram á kvöld, hvort það er til klukkan hálfellefu eða ellefu eða jafnvel til hálftólf. Ég get nú ekki ímyndað mér að hæstv. forseti geti með nokkru móti rökstutt að kvöldið nái lengra en fram að þeim tíma.

Í annan stað liggur það alveg ljóst fyrir að þingmenn hafa lögvarðan rétt til þess að krefjast þess að rætt verði utan dagskrár um tiltekin mál sem upp hafa komið og þykja brýn til umræðu.

Ég vek eftirtekt á því, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði áðan, að flokkar stjórnarandstöðunnar hafa lagt

fram óskir um að ræða tiltekin mál, m.a. efnahagsmál utan dagskrár. Mér sýndist af viðræðum við hæstv. fjármálaráðherra Árna Mathiesen í sjónvarpinu í kvöld að ekki væri vanþörf á að upplýsa þessa ríkisstjórn um ákveðin grundvallaratriði á því sviði.

En hvenær ætlar hæstv. forseti að hafa fund með formönnum þingflokka til að ræða þessi mál? (Forseti hringir.)

[22:09]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Við lok haustþings tókst samkomulag milli forseta Alþingis og formanna þingflokkanna, eðli málsins samkvæmt einkum formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar, um hvernig ætti að ljúka störfum þingsins. Í því samkomulagi var af hálfu stjórnarandstöðunnar fallist á að hún sýndi hófsemi og stytti mál sitt mjög við 2. umr. um málið sem hér er um að ræða, þ.e. frumvarp um Ríkisútvarpið ohf.

Sú umræða stóð að mig minnir aðeins einn dag, nokkuð fram á kvöldið að vísu en ég held að það hafi ekki verið lengur. Kannski var hún einn og hálfan dag, hún stóð a.m.k. ekki lengur. Af hálfu stjórnarandstöðunnar var fullkomlega staðið við samkomulagið af virðingu við forsetann og þingið. Að auki var fallist á að vorþingið hæfist mánudaginn 15. janúar en ekki þriðjudaginn 16. janúar, hvað þá miðvikudaginn 17. janúar, sem hefði verið viðeigandi því það er afmælisdagur Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra. Hefði verið vel við hæfi að hefja fundi þá. (**ÖS:** Þriðja heimastjórnin.) Punktur, punktur.

Við höfum ekki mótmælt því með nokkrum hætti í dag að fundur hefjist klukkan 13.30 á mánudegi þótt þá sé hefðbundinn þingflokksfundartími á þinginu. Við höfum ekki farið fram á neins konar aðra umræðu í dag, utandagskrárumræðu eða neitt því um líkt. Þessum degi var vissulega lofað. Það þurfti hins vegar að ræða um störf þingsins vegna viðburða sem komu upp og allir menntamálanefndarmenn voru með í og varaformaður nefndarinnar talaði t.d. sérstaklega um. Það þurfti líka að ræða fundarstjórn forseta á eftir varðandi tiltekin mál. Því var eðlilegt að upphaf umræðunnar drægist.

Það sem ég vil spyrja forseta um er: Þegar við ljúkum nú þessum óvenjulega degi, þessum umsamda degi til umræðunnar sem ríkisstjórnarmeirihlutinn vildi nýta til að ræða Ríkisútvarpið, er þá meiningin að þingið fari aftur í sinn hefðbundna gang eða er meiningin að hér verði einhvers konar herlög í gildi? Ríkir einhvers konar neyðarástand á landinu sem kemur í veg fyrir að (Gripið fram í.) mál séu rædd eins og fara gerir á Alþingi Íslendinga?

[22:12]

**Einar Már Sigurðarson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að reynt sé að afla upplýsinga um framvindu þinghaldsins. Ég vildi láta virðulegan forseta vita af því, þar sem ég er næstur á mælendaskrá, að ég væri lítið viðkvæmur fyrir því þótt virðulegur forseti tæki t.d. ákvörðun um að ég fengi ekki að hefja ræðu mína fyrr en hálfellefu í fyrramálið. Það mundi ekki hafa nein áhrif á þann ræðuflutning, hvorki lengja ræðu mína né stytta. Það muni jafnvel frekar stytta ræðuna, ef leitað yrði eftir því af virðulegum forseta að ræðan yrði styttri ef hún hæfist með morgni.

Það væri hins vegar ekki verra, ef virðulegur forseti hefur ekki hug á að láta ræðu mína hefjast með morgni, að upplýsingar lægju fyrir um hversu lengi ætlunin er að halda áfram eða hvaða merkingu orðalagið „að halda áfram um sinn“ hefur hjá virðulegum forseta. Ég gæti a.m.k. reynt að stilla ræðu mína út frá slíkum upplýsingum. Ég tel að það mundi nú frekar liðka fyrir þinghaldinu en hitt ef þessar upplýsingar lægju fyrir.

Það er afar óeðlilegt, eins og fram hefur komið, að þingflokksformenn hafa engar hugmyndir um hvernig fram skuli halda. Það hafa ekki verið haldnir fundir með þingflokksformönnum frá því í morgun þegar um það var rætt að halda áfram fram á kvöld. Þingfundur átti síðan, ef ég hef skilið hv. þingflokksformenn rétt, að hefjast klukkan hálfellefu í fyrramálið og jafnvel fleiri daga þannig.

Það er nauðsynlegt að virðulegur forseti upplýsi þingheim eða kalli þingflokksformenn saman á fund og fari yfir þessi mál þannig að þingmenn viti hvernig þinghaldið verður næstu daga, hvort nefndarfundir eru ekki á dagskrá eða öllum nefndarfundum þurfi að ljúka fyrir kl. 10.30 alla morgna þessa viku.

Þetta eru lágmarksupplýsingar, virðulegi forseti, sem þingmenn þurfa að hafa svo þeir hafi að minnsta kosti einhver tök á að skipuleggja vinnu sína þessa viku þótt þingmenn séu ýmsu vanir í þeim efnum og manna sveigjanlegastir í að skipuleggja sig, að því er manni sýnist, út frá geðþótta virðulegs forseta. En slíka stjórnarhætti er ekki hægt að líða til lengdar. Ég hélt að forsætisnefndin og virðulegur forseti hefðu áttað sig á því fyrir jólin þegar samkomulag varð um þinghaldið hvað allt verður liprara og að hlutirnir ganga betur fyrir sig ef sú leið er farin fremur en að allt velti á ákvörðun eins virðulegs (Forseti hringir.) forseta.

[22:15]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hef einu sinni upplifað það í umræðu um þetta frumvarp eða skylt frumvarp að ganga eftir því við hæstv. forseta að fá upplýsingar um hvenær áætlað væri að ljúka þingfundi. Ég hygg að það hafi verið um þetta leyti sem ég hóf að spyrjast fyrir um lok fundarins, fékk aldrei nein svör og á endanum stóðu þingmenn í ræðustól til klukkan að ganga 6 um morguninn.

Ég held að öllum væri greiði gerður með því að fá skýrar upplýsingar frá hæstv. forseta um hvaða áform hann hafi um að ljúka fundinum, hvenær hann hyggist ljúka honum, hvort það er klukkan 11, korter yfir 11, korter gengin í 12. Lengur tel ég ekki ásættanlegt að halda þessum fundi áfram. Ég óska eftir því að hæstv. forseti þingsins upplýsi okkur um það hve lengi hann hyggist halda þessum fundi áfram.

Hann hefur heyrt sjónarmið stjórnarandstöðunnar. Við teljum mál að linni. Við teljum að æskilegt væri að ljúka umræðunni núna. Ef hann hefur önnur áform sem við höfum heyrt að hann hafi, hve lengi hyggst hann halda þessari umræðu áfram?

[22:17]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir það að mér finnst tími kominn til þess fyrir forseta að skýra aðeins betur áform sín um fundarhaldið því að þau eru svolítið óljós. Það er t.d. ekki mikið nákvæmnishugtak í þeim efnum að tala um að fundur standi „enn um sinn".

Verður mér þá hugsað til eins ágæts fyrrverandi útvarpsstjóra sem einu sinni kom fyrir þingnefnd. Það stóð á einhverri greinargerð eða skýrslu sem var væntanleg frá útvarpinu um tiltekið mál og þingmenn spurðu hvenær þessara gagna væri að vænta. Þá sagði sá ágæti maður: Ja, þau munu koma í fyllingu tímans. Og þótti svolítið óljóst líka hvað það fæli nákvæmlega í sér í tímalengd. Það er svipaður stíll sem forseti tekur hér og þessi ágæti maður hafði stundum.

Úr því að talið berst að útvarpsstjórum er náttúrlega stórmerkilegt inngrip núverandi útvarpsstjóra Páls Magnússonar, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, sem mér dettur í hug að ætti kannski frekar að kalla útvarpsstjóra ríkisstjórnarinnar en Ríkisútvarpsins, í þetta mál. Það er kannski tilefni til að ræða svolítið út frá efni þessa frumvarps og aðstæðum í þessu máli hvernig þessi ágæti maður er farinn að beita sér, leggst í grímulausan og harðan áróður og lobbíisma fyrir þessu pólitíska máli og er þó, að maður hélt, útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins okkar allra.

Í hvaða aðstöðu setur þessi maður undirmenn sína, t.d. á fréttadeild þegar þeir eiga að fjalla um þessa harðpólitísku atburði og bera fréttir af því sem hér er að gerast? Eða auðvitað alla almenna starfsmenn útvarpsins sem eru að hugsa um stöðu sína í þessum efnum.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér var nokkuð brugðið ...

(**Forseti** (BÁ): Forseta þykir hv. þingmaður kominn nokkuð frá umræðu um fundarstjórn forseta.)

Ég er mjög undrandi á þessum ummælum forseta því að ég ætlaði nákvæmlega að útskýra hvernig þetta allt saman tengdist.

Ég er að rökstyðja það, virðulegur forseti, að það er svo margt nýtt að gerast í þessu máli og aðstæður að breytast. Málið versnar svo hratt að það er kannski ástæða til að flýta sér ekki um of.

Ég held að þótt okkur hafi verið gert það ljóst að hér kynnu að verða langir fundir, svona yfir daginn þessa vikuna, hefur ekki verið talað um næturfundi í þessum efnum, ég tala nú ekki um ef fundir byrja fyrr en hefð er fyrir, eins og fundur gerði í dag. Ef á að fara að ryðja hér út hefðbundnum dagskrárliðum eins og fyrirspurnum á miðvikudögum verður forseti auðvitað að átta sig á því að við munum heimta einhver svör um það hvernig þessu verði öllu saman háttað.

Þess vegna held ég að forseti ætti núna að fara að láta þessu lokið í kvöld og (Forseti hringir.) sofa vel í nótt og mæta svo í góðu skapi til starfa í fyrramálið (Forseti hringir.) og ræða þá við okkur.

[22:20]

**Helgi Hjörvar** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forseta fyrir hans ágætu fundarstjórn hér í dag. Þetta hafa verið eftirtektarverðar umræður (Gripið fram í.) sem við höfum fylgst með. Að mörgu leyti er merkilegt að á þessum degi birtist enn forsíðufréttir um efni málsins og nokkurs konar leyniskjöl frá framkvæmdarvaldinu sem ekki hafa verið sýnd hér og gefa auðvitað tilefni til þess að málið sé tekið til gagngerrar umræðu.

Eins og hæstv. forseti veit telur sá sem hér stendur sannarlega hvorki eftir sér að taka þátt í né hlusta á umræður enda málið mikilvægt og sannarlega full ástæða til að ræða það.

Það verður hins vegar ekki fram hjá því litið að það er langt liðið á kvöldið. Eftir því sem forseti hefur upplýst um stendur til að hér hefjist fundur á morgun, eftir liðlega hálfan sólarhring. Í ljósi þess að hér virðist hafa verið lýst yfir einhvers konar herlögum og öll dagskrá þingsins tekin undir þetta mál þangað til því er lokið getur ekki verið nein sú neyð eða brýn nauðsyn til að halda þessum fundi áfram, enda hljóta allir sanngjarnir menn að sjá að það er engan veginn boðlegt að halda mönnum að tilefnislausu við umræður fram að eða fram yfir miðnætti þegar þingfundur á að hefjast aftur þegar að morgni.

Ég hvet þess vegna hæstv. forseta til að binda enda á þessa umræðu að sinni og halda einfaldlega áfram á morgun. Við höfum næga daga fram undan til að fjalla um málið og tæma umræðuna í þinginu. Ekki eru efni til annars en að láta hér staðar numið því að eins og hæstv. forseti veit skilar umræðan kannski ekki nægilega miklu þegar komið er fram á þennan tíma sólarhringsins og ræður hafa tilhneigingu til að dragast mjög á langinn sem er heldur til óþurftar fyrir umræðuna og lítill ávinningur í því að halda mikið áfram.

Ég vil líka beina því til forseta að það er algjörlega óviðunandi ef þessi umræða á að bitna á starfi nefnda þingsins. Ég spyr t.d. hvernig við í virðulegri fjárlaganefnd (Forseti hringir.) eigum ...

[22:23]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Menn hafa flutt hérna skýr og skilmerkileg rök fyrir nauðsyn þess að þingmenn fái a.m.k. að vita hversu lengi hæstv. forseti ætlar að halda fram fundi. Ég get tínt fleiri rök til. Ég hygg t.d. að hv. formaður menntamálanefndar þurfi tóm til að geta skipulagt svefntíma sinn ef hann er þá ekki þegar farinn að sofa. Ekki er hann hér í salnum, svo mikið er víst. Mér hefur líka þótt alveg ljóst að það er töluvert af honum og hæstv. menntamálaráðherra dregið eftir þessa umræðu og ekki vanþörf á að bæði fái tóm til að hvíla sig undir umræðu næstu daga sem líkleg er til að standa ekki bara út þessa viku heldur næstu viku ef svo heldur fram sem horfir, að þeir hv. þingmenn stjórnarliðsins sem stýra för málsins í gegnum þingið ætla að halda uppteknum hætti og svara ekki því sem fyrir þá er lagt.

Við höfum hér í dag reynt að efna til málefnalegrar umræðu, bæði við hæstv. menntamálaráðherra og hv. formann menntamálanefndarinnar, um það sem við teljum vera lykilatriði í þessu máli en svör fást ekki.

Það kom glöggt fram í dag þegar harðar deilur stóðu hér um leyndarskjölin, sem hæstv. menntamálaráðherra leysti

ekki til nefndarinnar fyrr en því var uppljóstrað í fjölmiðli hér í borg að væru til, að hæstv. ráðherra vissi ekki hvað í þeim stóð. Hún hafði ekki lesið þau. Það er hins vegar alveg ljóst að hér er um að ræða mikilvægan þátt í málinu. Væri ekki bæði kurteisi og sniðugt af hæstv. forseta að gefa ráðherranum blessuðum tóm til að fara heim og stúdera þetta og vera a.m.k. viðræðuhæf um þetta lykilatriði málsins?

Sömuleiðis höfum við varpað fram spurningum um mjög merka þætti sem varða málið, samkeppnisþættina, til hv. formanns menntamálanefndar. Það hefur komið í ljós að hann hefur staðið algjörlega á gati.

Væri ekki líka ráð að veita hv. formanni menntamálanefndar tóm til að búa sig undir það sem verður örugglega mjög hörð umræða um á morgun, um þessa lykilþætti? Þetta er spurning um það, herra forseti, að menn leggi af mörkum til þess að greiða fyrir umræðunni. Ég er að gera það fyrir mitt leyti.

Ég verð að trúa hæstv. forseta fyrir því að eitt bagar mjög umræðuna, það er að koma í ljós ákaflega átakanlegt tengslaleysi á millum forsetanna. Það virðist sem hæstv. forseti Birgir Ármannsson viti ekkert af því að hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir gaf alveg skýrar yfirlýsingar um það að fundurinn ætti ekki að standa nema þar til kvöldi sleppti og því er það ekki (Forseti hringir.) nema von að við spyrjum hæstv. forseta hvort hann ætli að brjóta þau orð hennar. Getur verið að það væri kannski best fyrir hæstv. (Forseti hringir.) forseta að fresta fundi til að ráðslaga við hæstv. forseta Sólveigu Pétursdóttur?

(**Forseti** (BÁ)**:** Hv. þingmaður þarf ekki að hafa áhyggjur af tengslaleysi forseta.)

[22:27]

**Hlynur Hallsson** *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða um fundarstjórn forseta að gefnu tilefni. Hæstv. forseti hefur ítrekað verið spurður hversu lengi standi til að halda þessum „kvöldfundi" áfram. Það hefur verið stungið upp á tímum eins og kannski til 11. 15 mínútur yfir 11 væri kannski forsvaranlegt en mikið lengra inn í síðkvöldið og nóttina væri ekki skynsamlegt að fara með fundinn.

Það vill svo til, herra forseti, að ég er á mælendaskrá og ætti að fara að koma að mér fljótlega. Ég held að tveir hv. þingmenn séu á undan mér á mælendaskránni. Ég er einmitt að semja ræðu þessa stundina og hún verður alltaf lengri og lengri og ítarlegri eftir því sem ég fæ meiri tíma til að semja.

Ég átta mig stöðugt betur á því að þetta mál er hreinasta vitleysa frá upphafi til enda. Bara það að hér leggur Sjálfstæðisflokkurinn upp með að breyta ríkisútvarpinu okkar í eitthvert sf. sem síðan er breytt í hf. segir sína sögu. Þriðja útgáfan er hið frábæra orð og ending ohf. sem ég vissi sjálfur ekki að væri til fyrr en fyrir nokkrum mánuðum. Það kom reyndar vel í ljós einmitt í jólaleyfinu, þá meitlaðist þetta hugtak, ohf., inn í huga manns því að þegar maður kveikti á útvarpinu var oft verið að fjalla um merkilegt fyrirtæki sem heitir Flugstoðir ohf. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vekur athygli hv. þingmanns á því að hann tók til máls um fundarstjórn forseta.)

Það er hárrétt og góð athugasemd. Ég ætlaði einmitt að koma að því aftur af því ég á nú 30 sekúndur eftir af dýrmætum ræðutíma að ég óska eftir því, svo hæstv. forseti þurfi ekki stöðugt að sitja undir sömu spurningunni, að hann gefi nú svar við henni: Hversu lengi á að halda áfram inn í nóttina? Það hlýtur að vera hægt. Á öllum venjulegum vinnustöðum er ekki hægt að segja bara: Þú átt að vinna áfram um sinn, heldur er sagt: Við stefnum að því að hætta klukkan 11 eða eitthvað svoleiðis. Það getur auðvitað dregist um nokkrar mínútur en ég vona að það verði ekki mjög mikið, virðulegi forseti.

[22:30]

**Helgi Hjörvar** *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegur forseti. Ég hygg að ég hafi rökstutt það ágætlega í fyrri ræðu minni hvers vegna öll rök hníga til þess að láta hér nótt sem nemur. Ég held að engum blandist hugur um að það sé líka praktískt talað skynsamlegt að gera það. Eins held ég að það skipti máli fyrir virðingu þingsins að hér sé hægt að hafa efnismikla og málefnalega umræðu um mál án þess að það kalli á næturfundi eða einhverjar neyðarráðstafanir, heldur haldi menn fundum áfram dag eftir dag og þeirri umræðu sem hér þarf að fara fram án þess að setja á næturfundi.

En ég kom ekki til að ítreka það heldur til að ræða um störf nefnda í vikunni, því að eftir því sem ég heyri virðast störf nefnda eiga að víkja með einhverjum hætti fyrir þessari umræðu. Þannig er til að mynda félagsmálanefnd ekki boðuð saman á venjulegum tíma í þessari viku heldur í hálftíma í hádegishléi á morgun til þess að fara í gegnum stefnumótun í málefnum innflytjenda á 30 mínútum vegna þess að hér á allt að leggjast undir umræðuna um RÚV. Ég geri athugasemdir við það að þó að þessi dagur hafi sérstaklega verið tekinn undir alla umræðuna séu jafnbrýn málefni eins og til að mynda innflytjendamálefni, sem brenna mjög á þjóðinni, látin víkja með öllu fyrir umfjöllun um þetta einstaka mál.

Þá vek ég athygli á því að til stendur að fjárlaganefnd fjalli um þau mál sem komið hafa upp í tengslum við rekstur Byrgisins, bæði fagleg og fjárhagsleg málefni sem þar hafa, því miður að því er virðist, farið á hinn versta veg og mun funda um það mál eftir því sem fregnir herma á fimmtudag. Það getur ekki með nokkru móti gengið að þingfundur hefjist klukkan hálfellefu ef fjárlaganefnd Alþingis á að fara yfir á þeim sama degi jafnalvarlegt og víðtækt mál sem haft hefur jafnskelfilegar afleiðingar og raun ber vitni og hlýtur að kalla á umfjöllun og umræðu um eftirlit með ríkisútgjöldum almennt og yfir höfuð.

Ég treysti því að jafnbrýn málefni í nefndum þingsins verði ekki látin sitja á hakanum fyrir einhvers konar þráhyggju um það að hér þurfi á nóttu sem degi að leggja landið allt undir þetta hugðarefni hæstv. menntamálaráðherra sem er breyting á rekstrarformi Ríkisútvarpsins, sem til allrar guðslukku verður vonandi snúið við þegar hinn 12. maí nk. og varðar því í sjálfu sér litlu.

[22:33]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Í tilefni af ummælum hv. þingmanns og fleiri þing-

manna við umræðuna vill forseti taka fram að óvenju langar og viðamiklar umræður geta kallað á það að þingið starfi með óvenjulegum hætti. Hygg ég að forseti þingsins, Sólveig Pétursdóttir, hafi gert þingflokksformönnum grein fyrir áformum sínum um það. Forseti vill jafnframt taka fram að hann hefur hlýtt á sjónarmið hv. þingmanna sem fram hafa komið við þessa umræðu og getur sagt á þessu stigi að ekki sé ætlunin að svipta hv. þingmenn nætursvefni með öllu þó að ætlunin sé engu að síður að halda umræðunni áfram um sinn.

[22:34]

**Hlynur Hallsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það var ánægjulegt að fá svör þó að þau hafi að vísu ekki verið mjög skýr. Áðan hét það að við ættum að halda áfram um sinn en nú heitir það að ekki eigi að ræna hv. þingmenn nætursvefni nema að litlu leyti. Einhverjir þingmenn eiga t.d. að mæta á nefndarfund klukkan hálfníu í fyrramálið, samgöngunefnd fundar t.d. þá. Það vill svo til að ég á að mæta á þann fund. Ég er aðeins að velta því fyrir mér hversu lengi umræðurnar haldi áfram inn í nóttina. Það væri auðvitað þægilegt að geta farið að halla sér, a.m.k. að halda heim á leið þó svo að maður nái ekki átta tíma nætursvefni og kannski ekki sjö, en það væri gott að ná sex og hálfum t.d. Sennilega verður maður að vera viðbúinn því að hæstv. forseti taki tillit til þess að það liggur ekki lífið við, held ég. Það er ekki verið að klára þetta mál í kvöld eða nótt, eða hvað?

Þess vegna óska ég eindregið eftir því í fyllstu auðmýkt, virðulegi forseti, að fljótlega verði gert hlé á þessari mikilvægu og miklu umræðu til að starfsfriður geti haldist í þinginu. Ég held að það sé afar mikilvægt upp á framhald þingstarfanna, framhald þessa máls og annarra miklu mikilvægari mála, ef til vill, sem ég hygg að ríkisstjórnin hafi áhuga á að koma fram með. Það var reyndar farið vel yfir það í upphafi þingfundar í dag að fyrir þinginu liggja mörg mikilvæg mál og við eigum ekki að ýta þeim of langt á undan okkur. Þess vegna vona ég að við þurfum ekki að standa hér og sitja í alla nótt, virðulegi forseti.

[22:37]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Eins og ég sagði áðan var samkomulag um að koma degi fyrr til þingstarfa en áætlað var í starfsáætlun sem forseti þingsins gaf út í upphafi. Forseti og ríkisstjórnarmeirihlutinn á þingi kaus að nýta þann dag til umræðna um Ríkisútvarpið. Við höfum staðið við það samkomulag og höfum verið að tala um Ríkisútvarpið eða þetta vitlausa frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um það í allan dag. Fyrst í umræðum um störf þingsins, síðan í umræðum sem óhjákvæmilega voru um fundarstjórn forseta en vörðuðu auðvitað Ríkisútvarpið á sinn hátt. Síðan talaði framsögumaður minni hluta menntamálanefndar þegar framsögumaður meiri hlutans hafði lokið sér af. Það tók kannski ekki eins langan tíma eins og menn vonuðu, en hann talaði í nokkra stund, og síðan talaði hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í nefndinni. Það var eðlilegt að hún gerði grein fyrir afstöðu sinni og ræða hennar var góð. Þannig stendur málið að við höfum gert þetta. Ég hygg því að menn geti ekki gagnrýnt það eða haft uppi þann orðróm eða áróður að hér hafi verið eitthvert málþóf eða einhver della á ferðinni því að þetta voru efnismiklar ræður og drepið á mjög mörgum mikilsverðum atriðum, þar á meðal ýmsu sem telst algjörlega nýtt í umræðunni og menn bjuggust ekki við að yrði en varð samt. Við höfum efnt okkar hlut af þessum samningi og teljum að hér sé komið nóg. Það sé vissulega búið að halda þennan kvöldfund sem heitið var að halda og við óskum eftir því að þessum fundi verði nú lokið og sjálfsagt að forseti verði við því til þess að þurfa ekki að lengja þennan fund með því að við höldum áfram að biðja um þetta.

Á hinn bóginn sakna ég þess að forseti skuli ekki hafa svarað fyrirspurn minni og fleiri þingmanna áðan um hvort til standi að hafa hér eins konar neyðarástand alla vikuna og sleppa þingnefndarfundum eða setja mikilvæga nefndarfundi, sem ég var að heyra núna óvænt, í hádegishlé, og hafa ekki fyrirspurnatíma þó að fyrir liggi fyrirspurnir sem ráðherrar hafa ekki svarað í mánuð frá því að þinginu lauk, fyrirspurnir sem lagðar voru fram löngu áður. Síðan eru auðvitað mjög mörg brýn mál í samfélaginu sem þarf að ræða.

[22:40]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp sem þingflokksformaður Frjálslynda flokksins vegna þess að ég er mjög hugsi og hef miklar áhyggjur af því hvernig svip þinghaldið er að fá strax á fyrsta degi eftir að við hefjum störf eftir jólaleyfi. Ég er mjög undrandi á þeirri miklu hörku og ósveigjanleika sem virðist vera að færast í málin. Ég vil til að mynda benda á að ég frétti af því fyrst í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins að ekki stæði til að fara eftir hefðbundinni dagskrá þingsins fyrr en búið væri að afgreiða þetta mál úr þinginu, þ.e. frumvarpið um Ríkisútvarpið. Að fastir liðir eins og t.d. fyrirspurnir sem eiga að vera á miðvikudaginn, sem er mjög mikilvægur liður í dagskrá þingsins einmitt fyrir þingmenn til að veita ráðherrum aðhald með fyrirspurnum um landsins gagn og nauðsynjar, verði ekki teknar fyrir. Síðan hefjum við þingfundi alla daga klukkan hálfellefu sem er líka þvert á þá hefð sem hér hefur skapast varðandi það hvenær þingfundir hefjast hvern dag.

Ég fór yfir það fyrr í dag þegar við ræddum fundarstjórn forseta og störf þingsins hversu undarlega mér þætti að verki staðið varðandi allt þetta mál, bæði hvernig það er afgreitt úr menntamálanefnd og eins að allt í einu komi fram upplýsingar sem benda til þess að málsmeðferðin hafi, þrátt fyrir mikla vinnu og yfirlegu til að mynda í menntamálanefnd og umræðum í þinginu, á vissan hátt verið ófullkomin og að það hefði átt að leyfa því að vera lengur í nefndinni til þess að bæði nefndarmenn og aðrir gætu farið betur ofan í þá nýju fleti sem hafa verið að koma upp að undanförnu. Mér finnst líka undarlegt fyrir svipinn á þinginu að það skuli hafa hafist með þeim látum sem það hefur gert í dag.

Ég vil benda virðulegum forseta á að það eru ótal önnur mikilvæg frumvörp sem við hefðum getað tekið fyrir í byrjun þings eftir jólahlé. Ég er með yfirlit yfir stöðu þingmála

og sé að hér eru fjöldamörg áhugaverð og merkileg stjórnarfrumvörp og þingmannafrumvörp sem bíða eftir því að komast í umræðu. Ég bendi einnig á það að störf nefnda þingsins virðast vera meira og minna í uppnámi. Á morgun á loksins að kynna stefnumótun um málefni útlendinga sem við höfum beðið eftir í þinginu frá því 1. nóvember á síðasta ári. Það á að gera á morgun með einhverjum bægslagangi á hálftíma í hádegishléi þingsins. (Forseti hringir.) Þetta er ekki fagur svipur á þingstörfunum, verð ég að segja.

[22:43]

**Einar Már Sigurðarson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert sem fram kom í máli hv. formanns þingflokks Frjálslynda flokksins að það hefði ekki verið rætt, eins og ég hafði skilið, á fundum með þingflokksformönnum að ætlunin væri að fella niður fyrirspurnir á miðvikudag. En fram kemur í máli hv. þingmanns að hann hafi heyrt þetta fyrst í fjölmiðlum. (**MÞH:** Í Ríkisútvarpinu.) Í Ríkisútvarpinu sjálfu sem er svo sem viðeigandi, má segja. Það er algerlega óviðunandi að þingstörf að loknu hinu svokallaða jólaleyfi hefjist með þessum hætti. Ég tek undir með hv. þingmanni að það er enginn svipur á þinghaldinu með þeim hætti að því sé stjórnað með tilskipunum dag frá degi. Það nær varla deginum vegna þess að ekki var hægt að skilja t.d. minn ágæta hv. þingflokksformann á þingflokksfundi í dag öðruvísi en að ætlunin væri að hafa fund fram á kvöld. Það hafi verið skilningur þingflokksformanna á fundi með forseta, fram á kvöld.

Það er alveg ljóst, eins og tímasetningin sýnir okkur, að vissulega hefur fundur staðið fram á kvöld. Nú segir virðulegur forseti að það sé ekki ætlunin að ræna þingmenn nætursvefni. Það kallar auðvitað á það og ég ítreka það þar sem ég er næstur á mælendaskrá að það mundi auðvelda mér skipulag ræðu minnar ef ég fengi upplýst frá virðulegum forseta hvenær hann telur að ránið á nætursvefninum hefjist, á hvaða tímapunkti það rán hefjist. Ég gæti miðað ræðu mína að einhverju leyti við það að ég hefði þá fullvissu að nætursvefni yrði ekki rænt að þessu sinni. Það segði mér þá hvenær búast megi við að virðulegur forseti ljúki fundi í kvöld. Ég nota ekki orðið nótt því að það liggur fyrir að þetta er kvöldfundur og virðulegur forseti hafði sagt það á fundi að fundur væri fram á kvöld.

Ég vil einnig taka undir það svo virðulegur forseti hafi það alveg skýrt að það eru býsna mörg mál, sem hér hafa verið nefnd, í nefndum sem er óviðunandi að slíta þurfi í sundur. Ég tek undir með hv. þm. Helga Hjörvar að í fjárlaganefnd á fimmtudag tökum við fyrir afar stóra og mikla skýrslu frá Ríkisendurskoðun um eftirlit með styrkjum til aðila utan ríkiskerfisins. Það er algjörlega ljóst að tvær klukkustundir eða tæplega það munu ekki duga nefndinni til að fara yfir það viðamikla mál og komast að niðurstöðu um það hvernig við skuli brugðist því að það hlýtur að kalla á verulega skoðun í þeirri ágætu nefnd.

[22:46]

**Forseti (Birgir Ármannsson)**:

Forseti vill taka fram að það hefur ekki verið venja hér í þinginu að gera greinarmun á kvöldfundi og næturfundi og reynsla er af því að stundum geta kvöldfundir dregist fram eftir.

Forseti vill jafnframt geta þess að hann hefur auðvitað hlýtt á sjónarmið þingmanna hér í kvöld og mun standa við þá fyrirætlun að þingmenn verði ekki með öllu rændir nætursvefni. Jafnframt er það ósk forseta að hv. 7. þm. Norðaust. komist sem fyrst að til að ræða málið efnislega.

[22:47]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú vanur að standa vaktir en þær vaktir sem ég hef staðið hafa yfirleitt haft eitthvert skipulag. Þegar hefur þurft á því að halda að taka svefntíma af mönnum þá hefur þeim verið sagt fyrir fram hversu lengi yrði farið fram á að þeir ynnu af frítíma sínum.

Það virðist ekki vera hægt að ná því upp úr hæstv. forseta hvað hann á við því hann talar eins og véfrétt. Halda fram fundi um sinn. Ekki ræna þingmenn svefntíma öllum o.s.frv.

Síðan er okkur ætlað, þeim þingmönnum sem í salnum eru, að ráða í það hvað af orðum forseta megi draga um hvernig þinghaldinu verði fram haldið í kvöld.

Orð hæstv. forseta eru ákaflega teygjanleg, að taka ekki svefntímann allan af þingmönnum. Með góðum vilja væri því haldið fram að svefntími nætur teldist ekki hafa verið rændur allur ef menn gætu hafið svefn klukkan 5 og náð honum svona fram á 7 eða 7.30. Þá þurfa menn að vakna til að aka til vinnu sinnar og mæta t.d. á fund í samgöngunefnd sem er í fyrramálið kl. 8.30, eins og sá sem hér stendur á að gera, og síðan á fund í stjórnarskrárnefnd upp úr kl. 9. Síðan held ég að búið sé að boða sérstakan fund í hádeginu sem ég þarf sennilega að hlaupa inn í líka, um málefni innflytjenda. Ég veit því nokkurn veginn hvernig morgundagurinn lítur út, þ.e. upp úr 7 þegar ég mun vakna.

En mér er það ekki ljóst af svörum hæstv. forseta, hvort hann á við að við munum hætta hér störfum fyrir miðnætti, eftir miðnætti, kl. 3, kl. 4 eða kl. 5.

Hvað merkja orð hæstv. forseta um að hann muni ekki ræna þingmenn nætursvefni öllum? Ég vil fara fram á það, hæstv. forseti, að hér séu orð skýrð þannig út að menn skilji. Það hlýtur að vera algjört lágmark hér í hv. Alþingi að menn skilji skilaboð forseta. Við eigum ekki að þurfa að sitja hér og ráða í þau.

Þannig að ég vænti þess að hæstv. forseti geti svarað því hvað hann á nákvæmlega við um að fundi ljúki hér? Er það kl. 1, 2, 3, 4, eða 5?

[22:50]

**Forseti (Birgir Ármannsson)**:

Forseti vill af þessu tilefni taka ítrekað fram að þótt ætlunin sé að halda áfram þá er ekki ætlunin að funda hér fram undir morgun.

Varðandi óskir hv. þingmanns um að forseti skýri með nákvæmari hætti hvað átt er við, þá verður forseti á hverjum tíma að hafa ákveðið svigrúm í þeim efnum, ekki síst þegar um er að ræða umræður þar sem ræðutími einstakra þingmanna er ótakmarkaður og því ákveðnir óvissuþættir þegar innbyggðir í umræðuna.

[22:51]

**Einar Már Sigurðarson:**

Herra forseti. Þegar maður hefur ræðu á þessum tíma og ekki liggur fyrir annað en það loforð virðulegs forseta um að þingmenn verði ekki með öllu rændir næturSvefni er erfitt að átta sig á hvenær maður á að miða við að ræðunni ljúki. En ég nýt þess að þetta er fyrri ræða mín í þessari umferð og ef eitthvað stendur eftir þegar virðulegur forseti telur eðlilegt að þingmenn fái að njóta næturSvefnsins þá get ég og er eðlilegt kannski að láta virðulegan forseta vita af því strax í upphafi að ég get verið býsna sveigjanlegur í þeim efnum og mundi ekki taka það óstinnt upp þó virðulegur forseti telji að þingmenn þurfi að fara að njóta næturSvefnsins án þess að ég hafi lokið ræðu minni. Vegna þess að þetta er fyrri ræða mín í þessari umferð, þá tel ég að ég geti komið til móts við virðulegan forseta og lokið ræðu minni með til þess að gera skömmum fyrirvara. Ég vildi að virðulegur forseti vissi að sá sveigjanleiki er til staðar og yrði alls ekki tekið neitt óstinnt upp þó virðulegur forseti teldi ástæðu til að spyrja mig að slíku, einhvern tímann þegar nálgast þann tíma að virðulegur forseti telji eðlilegt að þingmenn fái að njóta næturSvefns.

Virðulegi forseti. Umræðan í dag hefur um margt verið ólík fyrri umræðum um frumvarpið þrátt fyrir að umræðurnar, eins og fram hefur komið, hafi ekki verið fáar. Sjö umræður, ef ég man rétt. Fimm sinnum hefur málið verið tekið úr menntamálanefnd. Alltaf koma samt upp nýir fletir.

Dæmi um það er að í hvert skipti sem málið hefur verið tekið úr menntamálanefnd hefur meiri hlutinn talið ástæðu til að koma með einhverjar breytingartillögur á frumvarpinu af þeirri einföldu ástæðu að meiri hlutinn hefur séð að ýmislegt mátti betur fara en upphaflega var ætlað. Eðlilegt er að þakka það og ég held að hægt sé að fullyrða að líklega hafi hver einasta breyting verið í rétta átt og verið að einhverju leyti til bóta þótt enn sé margt ógert og þar standi ýmislegt utan sem eðlilegt hefði verið að taka inn vegna þess, eins og margoft hefur komið fram í umræðunni, að við erum ekki að fjalla um venjulega stofnun. Við erum að fjalla um Ríkisútvarpið sem hefur í augum þjóðarinnar alveg sérstakan sess. Þess vegna er svo mikilvægt að um slíka stofnun ríki ákveðin sátt í samfélaginu.

Í rauninni á það að vera skylda stjórnvalda hverju sinni að tryggja að um slíka stofnun ríki eins mikil sátt og kostur er. En því miður verður að segjast að núverandi stjórnvöld hafa ekki náð að halda þannig utan um málið að sú sátt hafi verið tryggð. Nú liggur ljóst fyrir að ef frumvarp það sem liggur fyrir verður samþykkt munu lögin taka gildi þann 1. apríl næstkomandi. Kosningar eru hins vegar 12. maí, örfáum vikum síðar.

Það er algjörlega með ólíkindum að ríkisstjórnarmeirihlutinn skuli ekki að minnsta kosti hafa tekið því sáttaboði sem nokkrum sinnum hefur verið nefnt, þ.e. að færa gildistökuna örlítið aftur fyrir kosningar til að tryggja að hægt væri fyrir nýja ríkisstjórn að hafa örlítið svigrúm til að kippa því í liðinn sem sú stjórn teldi nauðsynlegt.

Þess í stað er eins og það var orðað, ef ég man rétt, af einhverjum ágætum þingmanni í dag, að fyrir einhverja pólitíska þráhyggju væri málið keyrt áfram og reynt að fá gildistökuna 1. apríl og skapa þá örstuttan tíma fyrir stofnunina til að gera eitthvað. Ég veit ekki hvað stjórnendur stofnunarinnar teldu í raun þorandi við þær aðstæður að setja það ferli sem menn töldu æskilegt að setja í gang. Því það liggur alveg ljóst fyrir að stjórnarandstaðan, sameinuð, hefur talið slíka galla á þessu máli að ef ríkisstjórnin fellur í kosningunum, þá er væntanlega kominn nýr meiri hluti að málinu sem hlýtur auðvitað að skoða það gaumgæfilega hvernig eigi að kippa hlutum í liðinn. Það gæti orðið eitt af fyrstu verkum nýrrar ríkisstjórnar í júnímánuði væntanlega, að gera á þessum lögum einhverjar breytingar. Það er því ekki fýsilegt fyrir stjórnendur stofnunarinnar að fara af stað með einhverja þætti við slíkar aðstæður.

Ég sagði áðan, herra forseti, að ýmsir nýir fletir hefðu vissulega komið óvænt upp í málinu. Umræðan í dag hefur borið þess merki að margt nýtt hefur komið fram.

Þinghaldið í morgun byrjaði á því að vakin var athygli á samskiptum menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis við ESA, þ.e. hin nýju bréf sem þar hefðu farið á milli á síðasta ári. Bréf og samskipti sem ekkert hefur verið minnst á í vinnu menntamálanefndar, eiginlega með ólíkindum að þannig skuli fram fara. Það er eðlilegt að virðulegur forseti telji ástæðu til að fara að einhverju leyti yfir samskipti ráðuneyta og þingnefnda því að upplýsingagjöf eða upplýsingaleynd með þessum hætti er auðvitað forkastanleg.

Eðlilegt er að taka undir og vekja enn frekari athygli á því sem fram hefur komið frá formanni og varaformanni menntamálanefndar, þeim orðum sem formaðurinn hefur notað að þetta sé ótækt og óásættanlegt. Varaformaður nefndarinnar hefur sagt úr ræðustóli að þetta sé afar óheppilegt og ástæðulaust.

Ég held að þessi orð segi í raun það sem segja þarf um þetta þó svo að þetta sýni okkur enn einu sinni að framkvæmdarvaldið er farið að haga sér býsna frjálslega og hefði meiri hluti nefndarinnar átt að sýna þann dug að fresta því að taka málið úr nefnd af þeim ástæðum. Þá hefði framkvæmdarvaldið kannski áttað sig á því að það geti ekki stýrt öllu hér og stjórnað. En þannig er nú því miður komið fyrir þeim meiri hluta sem situr á þinginu, að framkvæmdarvaldið virðist geta hagað sér eins og því dettur í hug og komast áfram með hvað eina.

Þessir þættir og þau orð sem ég vitnaði í um formann og varaformann menntamálanefndar hefðu átt að duga til þess að meiri hluti nefndarinnar hefði sagt: Hingað og ekki lengra. Nú eru það við sem tökum hér yfir og gefum okkur þann tíma sem eðlilegur getur talist til að fara yfir þessi samskipti og þaulkönnum hvað í þeim þarf hugsanlega meiri yfirlegu. En því miður gaf meiri hluti nefndarinnar eftir þrátt fyrir að formaður og varaformaður nefndarinnar hafi talið ástæðu til að gefa þó frá sér þessi skilaboð sem ég minntist á áðan. Þau skilaboð eru mjög skýr og segja afskaplega vel hvernig staðan er. Auðvitað er það þannig að einstaka þingmenn í meiri hlutanum geta ekki látið bjóða sér hvað sem er en fara þó ekki lengra en þetta og maður hlýtur því að draga þá ályktun að viðkomandi þingmenn telji ekki ráðlegt að fara lengra en að tala þetta skýrt, en aðhafast ekkert.

Það er einn meginvandinn við þann meiri hluta sem hér er. Ég þekki þetta nokkuð vel úr ýmsum dæmum úr fjárlaganefnd þar sem meirihlutamönnum hefur oft og tíðum

blöskrað háttalag framkvæmdarvaldsins og hafa á stundum látið það heyrast á nefndarfundum og jafnvel í þingsal en þar hefur verið látið staðar numið. Það hefur yfirleitt aldrei verið gripið til þeirra ráða sem nauðsynleg eru.

Það skjól sem þingmenn eiga að hafa og sú vörn sem þingmenn eiga að hafa í virðulegum forseta hefur því miður ekki reynst eins og ætti að vera því að í þeim tilfellum sem við t.d. í fjárlaganefnd höfum reynt að leita til forseta um ákveðna þætti, það er nokkuð í gegnum tíðina, og svo aftur gagnvart þessu máli þegar það var nú álitið svo alvarlegt í samskiptum að þingflokksformenn rituðu sérstakt bréf til forseta til að leita ásjár að þá, eins og því miður oft áður, tekur forseti í raun afstöðu með framkvæmdarvaldinu með því að aðhafast ekkert.

Ekki var einu sinni látið svo lítið að fara yfir málin, ræða t.d. við formann nefndarinnar og fulltrúa þingflokksformanna eða einhverja til að fara yfir í hverju þetta væri fólgið, hvað gerðist í raun og hvort hægt væri að ná sátt um eitthvert ferli.

Slíkt var ekki gert og ekkert aðhafst. Meiri hluti nefndarinnar tekur málið út í andstöðu við minni hlutann eins og því miður hefur gerst áður í þessu ferli. Síðan upplifum við þennan þingdag eins og hann hefur þróast þar sem þinghaldinu er stýrt af forseta, raunverulega með tilskipunum, þ.e. ekki í neinu samráði við nokkurn mann. Þingflokksformenn gera ítrekaðar tilraunir til að fá einhverjar upplýsingar um hvernig þessu skuli fram haldið en engar upplýsingar fást aðrar en þær að forseti hefur nú gefið það út lipurmannlega að þingmenn verði ekki rændir öllum nætursvefni.

Þannig horfir þetta og er vissulega ekki til að liðka fyrir málum. Ég verð þó að koma því á framfæri að ég tel að formaður menntamálanefndar hafi staðið sig býsna vel í störfum nefndarinnar, og sérstaklega í þinghléinu, þar sem haldnir hafa verið margir fundir og formaður tekið lipurlega við öllum óskum okkar í minni hlutanum um gestakomur og umræðuefni þó svo það hafi ekki allt náðst fram af ýmsum ástæðum. En ég tel að formaður nefndarinnar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hafi staðið sig mjög vel þar til kom að þeim þætti sem ég gerði að umræðuefni áðan, þ.e. þegar hv. þingmaður taldi ekki lengra gengið og nýtti sér ekki það að snupra örlítið framkvæmdarvaldið vegna þess háttalags sem er með ólíkindum, að formaður nefndarinnar fær ekki að vita um þau samskipti sem átt hafa sér stað við ESA um ársskeið, þrátt fyrir að við hefðum ítrekað í nefndinni einmitt verið að ræða sérstaklega þá þætti.

Ef þessi bréfaskipti hefðu verið lögð fram í nefndinni hefði það verið upplýsandi og örugglega skýrt ákveðna þætti betur sem nefndir hafa verið í umræðunni í dag. Nefni ég þar t.d. ákveðna þætti í þjónustusamningnum, þætti sem við því miður höfum ekkert rætt í nefndinni og verður varla úr þessu. Þess vegna lengir það nokkuð umræðuna í þingsal því nauðsynlegt er að fara betur yfir það. Ég mun gera það seinna í ræðu minni ef ekki verður þá búið að fresta fundi. Ég er ekki kominn að því og mun ég þá gera það í seinni ræðu minni.

Ég veit ekki hvort ég þarf svo sem að fara mikið nánar yfir þessa þætti. En hins vegar er alveg ljóst að það hefði verið miklu eðlilegra að hæstv. menntamálaráðherra hefði komið hér og beðist afsökunar á þessu háttalagi og talið það hafa verið mistök og þar af leiðandi gefið skýringu á því hvernig þetta gat gerst. Hæstv. ráðherra sagði að þetta hefði ekki vísvitandi verið gert. Ekki vísvitandi. Það er vísun í það að hæstv. ráðherra hafi hugsanlega ekki vitað sjálf af. Á maður nú býsna erfitt með að trúa að hæstv. ráðherra hafi ekkert af þessu vitað. En hæstv. ráðherra gaf það vissulega í skyn þegar orðalagið, að þetta hafi ekki verið gert vísvitandi, er notað. Það vísar til þess að vitneskja hafi ekki verið um það að þessu hafi verið haldið frá nefndinni. Hugsanlega hefur hæstv. ráðherra talið að embættismenn sínir sem komu æðioft á fund nefndarinnar hafi upplýst þetta á fundum hennar, en svo var ekki. Þess vegna hefði verið eðlilegt að hæstv. ráðherra hefði beðist afsökunar á þessu háttalagi.

Nauðsynlegt er að það komi fram að ég tel að formaður nefndarinnar hafi heldur ekki af þessu vitað. Eins og ég hef áður sagt í ræðum var sérkennilegt að hv. þingmaður fór nokkrum sinnum með það frá nefndinni að spyrja sérstaklega um þessa þætti málsins til ráðuneytisins en aldrei var frá þessu sagt.

Herra forseti. Ég held ég láti lokið umræðu um þennan þátt málsins sem er þó þess eðlis að kannski er eðlilegt að síðar verði frekar um það rætt. Sérstaklega í tengslum við þá athugun sem ég held að flestir séu orðnir sammála um eftir þetta, að eðlilegt sé að fara yfir samskipti ráðuneyta og þingnefnda þannig að þetta sé í ákveðnu ferli og það liggi alveg fyrir t.d. að það sé skylda ráðuneyta að láta vita um öll hugsanleg gögn sem geta komið að gagni við vinnslu mála. En það sé ekki þannig að þingnefndir þurfi sjálfar að átta sig á því hvað hugsanlega er verið að gera í ráðuneytum.

Það er vissulega fagnaðarefni að þó skuli vera það mikið líf í fjölmiðlum okkar, eins og í þessu tilfelli, að fjölmiðill einn sem komst einmitt að þessum samskiptum upplýsti um þau. Það varð til þess að beðið var um gögnin og þau fengust eftir að á þá var gengið, svipað og gert var fyrir ári síðan eða svo.

Virðulegi forseti. Ekki eru margir með það alveg á hreinu um hvað þetta mál fjallar. Það sést víða í umfjöllun um málið. Ekki alls fyrir löngu tók ég eftir því að varaformaður útvarpsráðs var einn þeirra. Fulltrúi Framsóknarflokksins í útvarpsráði var einn þeirra sem virtust ekki alveg átta sig á málinu. Það getur auðvitað skýrt að hluta til afstöðu Framsóknarflokksins í málinu og þróun þeirrar afstöðu sem er sérstakt umræðuefni og eðlilegt að reyna að gera því einhver skil síðar í ræðunni.

En þessi ágæti varaformaður útvarpsráðs gerði athugasemdir eða vakti sérstaka athygli á greinarskrifum samþingmanna minna í Samfylkingunni þar sem annar þeirra hefði haldið því fram að með frumvarpinu væri í raun verið að ríkisvæða hlutina meira en eðlilegt gæti talist, en hinn hefði haldið því fram í skrifum út frá öðru sjónarhorni, að hér væri verið að stíga skref til einkavæðingar og sölu Ríkisútvarpsins.

Varaformaður útvarpsráðs hafði ekki áttað sig á því að í raun og veru er frumvarpið nákvæmlega um þetta. Verið er á óljósan hátt — það er eitt af því sem deilt er um og eitt af því sem einmitt er fjallað um í samskiptum við ESA, að Ríkisútvarpið verður styrkt áfram eins og það hefur verið

gert. En almannaútvarpsþátturinn er það óljós að með því að styrkja þetta óljósa hlutverk eins og gert er, þá er verið að fara inn á grátt svæði sem mun augljóslega kalla á það að samkeppnisaðilarnir, þ.e. einkareknu stöðvarnar, munu kæra. Þeir munu gera við þetta athugasemdir og þetta mun fara fyrir dómstóla, jafnt hér á landi sem erlendis.

Þetta sem þá fyrst um skeið mun raunverulega geta passað við að verið sé að ríkisreka þætti sem eru í samkeppni, mun að öllum líkindum, og það er það sem við höldum margir fram, að sé megintilgangur þeirra afla í Sjálfstæðisflokknum sem keyrt hafa málið áfram, að veikja Ríkisútvarpið, gera slíkan óróa í kringum það að enginn friður verði. Eftir ákveðinn tíma, þegar það er búið að malla þannig verði Ríkisútvarpið orðið það veikt, kærur orðnar það margar sem geta kostað það að jafnvel verði dæmt í einhverjum tilfellum, eins og dæmi eru um, að Ríkisútvarpið þurfi hugsanlega að skila einhverju af ríkisstyrknum, þá muni það hreinlega ekki standa það af sér.

Þetta er, að því við margir teljum, framtíðarsýn þeirra afla í Sjálfstæðisflokknum sem alltaf hafa viljað selja Ríkisútvarpið og koma því burtu úr raunveruleikanum. Þetta er hættan. En fulltrúi Framsóknarflokksins í útvarpsráði virtist ekki átta sig á þessu. Það er væntanlega skýringin á afstöðu Framsóknarflokksins í málinu, að skilningsinn skortir á hættunum sem fylgja frumvarpinu.

Það er sérkennilegt vegna þess að búið er að benda á margoft hvað mikil hætta sé þarna á ferðum. Þó verður að segjast, eins og kom fram ágætlega í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar, að svo flókið og margþætt er þetta mál að í hvert einasta skipti sem við höfum fjallað um það í menntamálanefnd hafa komið upp nýir fletir og það hefur ýmislegt verið upplýst sem hafði áður ekki fram komið.

Segja má um þennan þátt sem er býsna flókinn, að í þeirri umfjöllun sem við höfðum í nefndinni milli 2. og 3. umr. skýrðist mjög margt í þessum tengslum við Evrópurétt um hver vandinn er gagnvart samkeppninni, hver vandinn er í skilgreiningum um til hvaða þátta ríkisstyrkur má ná. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins kemur fram að þeir telja að til að taka af allan vafa þurfi almannaútvarpið að vera algjörlega sér og bara tengt ríkisstyrknum og vera þá ekki að keppa neitt um auglýsingar, kostun og þess háttar hluti. Það væri leiðin til að skýra þetta mál og taka af allan vafa. En meðan það er ekki gert er sá vafi til staðar. Hann kallar væntanlega á, það er eiginlega allt of hógvært orðalag, kallar örugglega á málaferli og mikla óvissu hjá stofnuninni.

Herra forseti. Ég held að eðlilegt sé á þessum tímapunkti að fara aðeins meira inn á þetta mál og halda þeirri venju minni sem nú er að skapast í umræðum um Ríkisútvarpið að lesa einn leiðara úr Fréttablaðinu eftir Þorstein Pálsson, ritstjóra og fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins, vegna þess að ég hef tekið eftir því að sá ágæti ritstjóri hefur eins og við vitum mikla þekkingu og víðfeðma reynslu. Hann þekkir innviði Sjálfstæðisflokksins býsna vel, þekkir störf þingnefnda og störfin í ráðuneytunum og getur því oft og tíðum áttað sig betur á málum en margur annar. Hann hefur oft verið með nokkuð skýr skrif um þetta mál og það gerðist síðast í gær að þessi ritstjóri ritaði einmitt nokkuð merkan leiðara sem fjallar um þann þátt sem ég nefndi áðan. Leiðarinn ber nafnið Hvers vegna?

Það er mjög eðlilegt að spyrja þeirrar spurningar og má segja að hún eigi við miklu fleiri þætti í þessu máli, því að það er margt illskiljanlegt í málinu nema hin pólitíska þráhyggja sé hugsanlega skýringin, þ.e. að þetta frumvarp hafi náðst í gegnum þingflokka beggja stjórnarflokkanna með óvönduðum vinnubrögðum. Það þarf ekki að leggja fram aðrar sannanir með því en allar þær breytingartillögur sem meiri hlutinn hefur gert við frumvarpið. Þegar þessi leið var samþykkt í þingflokkum stjórnarflokkanna var augljóslega ekki búið að fullvinna málið og málið hefur ekki verið fyllilega upplýst fyrir þingmönnunum þegar þeir samþykktu hana. Það eru t.d. alls konar þættir í málinu sem við höfum orðið vör við í menntamálanefnd sem menn annaðhvort þora ekki eða vilja ekki af einhverjum ástæðum taka upp af þeirri einföldu ástæðu að um það er samkomulag milli stjórnarflokkanna. Þetta á sérstaklega við um rekstrarformið sem greinilega hefur verið örlítið átakamál í einhvern tíma en Framsóknarflokkurinn hefur verið tuskaður til og Sjálfstæðisflokkurinn hefur greinilega engan áhuga á því að fara aftur í gegnum þá umræðu við Framsóknarflokkinn. Þetta á einnig við um nefskattinn, þ.e. þá tekjuöflunarleið sem blasir við og fjöldi gagna og gesta í nefndinni hefur bent á að er alveg fáránleg leið. Það er fjöldi annarra leiða sem kemur til greina en um þær hefur ekki fengist nein umfjöllun í nefndinni af þeirri einföldu ástæðu og hreinskilnu skýringu að um þetta sé samstaða í stjórnarflokkunum og verði ekki rætt frekar. Þetta hafi orðið niðurstaðan þrátt fyrir að hún sé meingölluð. Að vísu eru ákvæðin þannig að það er svigrúm til að taka þetta upp og breyta því. Þessu er vísað langt inn í framtíðina, stjórnarflokkarnir hafa væntanlega valið þá leið vegna þess að þeir hafa ekki treyst sér til að ljúka málinu á annan hátt en að fara þessa vandræðalegu og ólánlegu leið.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég hefði lesið leiðara eftir ritstjóra Fréttablaðsins, Þorstein Pálsson, fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins, sérstakan þekkingarmann um innviði Sjálfstæðisflokksins og ýmsa aðra þætti, og þar kemur ágætlega fram margt af því sem ég hef rætt hér. Ég vil lesa hér þennan leiðara frá í gær sem heitir Hvers vegna? Ýmsir hafa reyndar vitnað í hann í dag en ég held að það sé rétt að hann sé skráður hér í heild sinni. Ég mun hugsanlega staldra við á stöku stað í leiðaranum og gera athugasemdir eða vekja sérstaka athygli á orðalagi. Með leyfi forseta, hef ég þá lesturinn:

„Einhverra hluta vegna hafa stjórnarflokkarnir sammælst um að rjúfa þá sæmilegu sátt sem verið hefur um Ríkisútvarpið. Ríkisstjórnin hefur misboðið þeim sem vilja standa vörð um menningarlegt útvarp á vegum ríkisins. Um leið hefur hún gefið hinum langt nef sem vilja tryggja jafnræði á almennum markaði útvarpsstarfsemi.

Stefna ríkisstjórnarflokkanna í útvarpsmálum á hvergi formælendur. Hún verður ekki skýrð með neinum skynsamlegum rökum. Þeir duldu hagsmunir sem búa að baki áformum þeirra hljóta að vera æðiríkir fyrst þeir eru reiðubúnir til þess að veikja annars allgóða málefnastöðu í aðdraganda kosninga fyrir slíkan málstað.“

Herra forseti. Hér er býsna margt sagt í hnitmiðuðum texta. Það er hárrétt sem hér kemur fram, mönnum sem vilja standa vörð um menningarlegt útvarp á vegum ríkisins

er algjörlega misboðið. Ekki síður er athyglisvert sem segir hér að þeim sé gefið langt nef sem vilja tryggja jafnræði á almennum markaði útvarpsstarfsemi. Það er nefnilega svo magnað að í þessu frumvarpi tekst í raun og veru að keyra gegn þessum hópum báðum. Ég er hins vegar alveg sannfærður um að það eru til margar leiðir sem ná utan um báða þessa hópa og tryggja eins og ég hef stundum sagt eins mikla sátt um þessa mikilvægu stofnun og fjölmiðlana almennt og nauðsynlegt er. Af einhverjum undarlegum ástæðum verður þessi stefna, eins og leiðarahöfundur segir, ekki skýrð með neinum skynsamlegum rökum. Það er kannski meginvandinn við málið og hina málefnalegu umræðu um málið að stjórnarliðar koma ekki hreint fram í því. Það er aldrei upplýst hver megintilgangurinn er. Hann hlýtur að vera einhver annar en maður sér á yfirborðinu. Ég hef minnst á ákveðna hluti í þeim efnum, þ.e. að þau öfl sem í raun og veru ráði för í málinu hafi annan tilgang en fram kemur. Við óttumst það, mörg, að sá tilgangur sé einmitt sá að veikja stofnunina enn frekar, tryggja að ófriður verði sem allra mestur um starfsemina þannig að þeir nái fram þeim tilgangi sínum að koma Ríkisútvarpinu burt. Þá munum við ekki hafa almannaútvarp með þeim hætti sem ég er sannfærður um að meiri hluti þjóðarinnar vill. Ég er klár á því að þessi öfl skynja það og sumir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hafa verið með frumvarp um að selja Ríkisútvarpið hafa sagt að með því að samþykkja þetta frumvarp sé stigið skref í þá átt að selja það. Þeir segja að þeir styðji það af því að þeir vita að það er ekki meiri hluti á þingi til að ganga lengra en þetta. Það er alveg augljóst mál hvert þeir vilja fara og ég óttast að þeir hafi að einhverju leyti ráðið för og það sé skýringin á þessu. Þess vegna er eðlilegt að leiðarahöfundur segi að þessi stefna ríkisstjórnarflokkanna verið ekki skýrð með neinum skynsamlegum rökum.

Með leyfi forseta held ég áfram lestrinum:

„Hitt er þó verra að því er haldið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að engin óvissa ríki um stöðu Ríkisútvarpsins ohf. gagnvart samkeppnisreglum og skuldbindingum landsins í EES-samningnum. Þetta er rangt. Annaðhvort er það sagt vísvitandi eða fyrir þá sök að ráðherrarnir hafa ekki fengið heiðarlega lögfræðiráðgjöf í málinu."

Þetta er ansi sterkt til orða tekið en hárrétt lýsing. Að halda slíku fram er algjörlega rangt og í störfum menntamálanefndar hefur það komið fram mjög víða, og meira að segja frá Samkeppniseftirlitinu, að þetta er bara rangt. Þetta er algjörlega rangt. Það er gífurleg óvissa í þessu og það blasir við, einmitt vegna þessarar óvissu, að þá munu málaferli fara í gang og það mun verða ófriður af þeirri ástæðu um starfsemi Ríkisútvarpsins.

Með leyfi forseta held ég enn áfram:

„Athygli hefur vakið að stjórnvöld hafa haldið leyndum fyrir Alþingi mjög mikilvægum skjölum um samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA vegna samkeppnismálanna. Augljóst má vera að þeir sem bera stjórnskipulega ábyrgð á samkeppnismálum hafa talið að birting þeirra mundi veikja röksemdafærsluna."

Það er auðvitað rétt hjá leiðarahöfundi að það er ekki hægt að draga neina aðra ályktun en þessa. Í umræðunni í dag, eftir að þessi leiðari var skrifaður, komu engar skýringar, hvorki frá fulltrúum í meiri hluta menntamálanefndar né hæstv. menntamálaráðherra. Engar skýringar, eingöngu reynt að þvæla málið og fullyrða að verið væri að gera úlfalda úr mýflugu þar sem gögnin hefðu verið afhent. Það var augljóst mál að ef ekki hefði verið upplýst að þessi samskipti hefðu átt sér stað hefðu þau aldrei verið upplýst eða a.m.k. ekki fyrr en löngu síðar og eftir að málinu hefði verið lokið. Það gerir málið ekkert minna eða ábyrgð ráðherrans minni að gögnin hafi þó verið afhent. Það hefur engin skýring komið á því enn af hverju ekki var frá því sagt að þau væru til staðar. Þess vegna er ekki hægt að draga neina aðra ályktun en þá að hefðu þau verið inni í myndinni hefði það veikt röksemdafærsluna.

Áfram held ég, með leyfi forseta:

„Nú liggur fyrir að afgreiða á málið án tillits til þeirra efasemda sem þessi skjöl geyma. Fyrir liggur að innan skamms tíma mun Eftirlitsstofnun EFTA úrskurða í kærumáli sem hún hefur til meðferðar. Það getur haft veruleg áhrif á stöðu Ríkisútvarpsins. Rétt málsmeðferð hefði því verið að móta nýja löggjöf um Ríkisútvarpið þegar Evrópuskuldbindingarnar hafa verið skýrðar að þessu leyti af réttum aðilum."

Herra forseti. Þessi ábending er að sjálfsögðu hárrétt. Það hefði verið eðlilegt að hinkra við með þetta mál gagnvart þessum þætti. Það hefði nefnilega, eins og við í minni hluta menntamálanefndar höfum gert tilraunir til að ná sáttum um, mátt taka á ýmsum þáttum í starfsemi Ríkisútvarpsins sem full þörf er á að taka á en hinkra með þessa þætti þar til mál skýrðust, þannig að við sköpuðum ekki þessa óvissu og þennan óróa að ástæðulausu þegar hægt er að koma í veg fyrir það. En hin pólitíska þráhyggja virðist því miður vera búin að ná slíkum tökum á einhverjum sem kemur að þessu ferli að meiri hluti þingheims virðist ætla að keyra þessa leið en taka ekki um leið afleiðingum gerða sinna. Við vitum að örstutt er í kosningar og afar ólíklegt að núverandi stjórnarmeirihluti haldi áfram þannig að aðrir taka þá afleiðingum þessara gerða. Það verður þó að segjast að það hefur tekist með þrautseigju minni hlutans að koma a.m.k. í veg fyrir að gildistakan verður þá ekki fyrr en í fyrsta lagi 1. febrúar ef ekki verða breytingar á hér á næstu dögum. Það verður auðvitað gerð lokatilraun til að reyna að skapa þær aðstæður að þessi óvissa komi ekki upp, enda öll rök sem hníga til þess, úr því sem komið er, að þetta mál bíði fram yfir kosningar, a.m.k. gildistakan.

Áfram held ég lestrinum, með leyfi forseta:

„Af áliti sem samtök auglýsenda hafa lagt fram vegna frumvarps ríkisstjórnarinnar má draga þá ályktun að Ríkisútvarpið noti stöðu sína til þess að halda niðri auglýsingaverði með skatttekjum. Það samrýmist hvorki samkeppnislögum né skuldbindingum gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu."

Það er eðlilegt, herra forseti, að staldra örlítið við varðandi þennan þátt vegna þess að í umfjöllun menntamálanefndar hefur það komið mjög skýrt fram að samkvæmt Evrópuréttinum verður þetta aldrei leyft. Ef samkeppnisaðilar geta sýnt fram á það, eins og leiðarahöfundur bendir hér á að samtök auglýsenda hafi bent á, að auglýsingaverði sé haldið niðri og ríkisstyrkurinn þar af leiðandi notaður til þess mun það að sjálfsögðu þýða það, miðað við þær upplýsingar sem við höfum fengið, að Ríkisútvarpið gæti orðið

dæmt til þess að skila hluta af ríkisstyrknum til baka, og þá óvíst hversu langt aftur í tímann það gæti orðið. Hér er verið að keyra mjög á gráu svæði og skapa slíka óvissu að það er algjörlega óviðunandi fyrir stofnunina. Þetta er býsna flókið og vandmeðfarið en það er rétt og augljóst, eins og leiðarahöfundur bendir á, að þegar Samtök auglýsenda koma fram og telja afar nauðsynlegt að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsingamarkaði vegna þess að þeir óttast að ella muni auglýsingaverð hækka og það verði þar af leiðandi dýrara að koma þeim upplýsingum áfram er a.m.k. hægt að segja að gefið sé í skyn að Ríkisútvarpið haldi niðri auglýsingaverði og noti um leið ríkisstyrkinn eða skatttekjur til að gera slíkt og halda áfram starfseminni. Þetta er algjörlega á skjön við samkeppnislögin og eins og ég hef áður sagt hefur Samkeppnisstofnun bent á að þetta sé með þeim hætti í frumvarpinu að það standist ekki samkeppnislög.

Áfram skal halda, með leyfi forseta:

„Samkeppniseftirlitið hefur lagt fram álit þar sem skýrt kemur fram að auglýsingasala fyrirhugaðs hlutafélags samhliða ríkisstyrk samræmist ekki samkeppnislögum. Engin ákvæði frumvarpsins um Ríkisútvarpið ohf. víkja samkeppnislögum til hliðar með berum orðum eins og til að mynda er raunin varðandi sérlög um ákveðna þætti búvöruframleiðslunnar. Því er ekki unnt að staðhæfa að álit Samkeppniseftirlitsins hafi ekkert gildi. Yfirlýsingar þar um byggjast ekki á lögfræðilegum rökum."

Virðulegur forseti. Ég held að ég hafi gleymt því áðan þegar ég gerði grein fyrir því hver ritaði þennan leiðara og bakgrunni hans, sem eðlilegt er að komi fram, að hann býr, auk alls þess sem ég nefndi áðan, yfir mikilli lögfræðiþekkingu, enda lögfræðingur og fyrrverandi dómsmálaráðherra. Leiðarahöfundur hefur þekkingu á því sem hann fjallar um og fer þar saman víðtæk þekking, bæði lögfræðileg, stjórnmálafræðileg og úr stjórnsýslunni sjálfri. En áfram skal haldið, með leyfi forseta:

„Skýr aðgreining á almennum útvarpsrekstri og sérstakri útvarpsþjónustu sem er forsenda ríkisumsvifa á þessu sviði kemur ekki fram í frumvarpinu eða þjónustusamningi við Ríkisútvarpið. Kröfum samkeppnislaga og skuldbindinga gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu hefur því ekki verið svarað með fullnægjandi hætti."

Þetta er hárrétt og í samræmi við það sem við höfum haldið fram í umræðunum, að þannig er þetta mál keyrt áfram án þess að frá þeim hlutum sé gengið. Í raun er farið á skjön við ýmsa þætti í málinu. Í þessum kafla er minnst á þjónustusamninginn sem virðist hafa orðið til vegna ábendinga frá okkur í stjórnarandstöðunni og fyrirspurna um hann og eins í bréfaskiptum við ESA. Þannig virðist hann hafa orðið til. Eftir að hann varð til hefur þurft að útskýra hvað í honum felst og augljóst að við hann þarf að bæta, setja reglugerð eða a.m.k. bjarga ákveðnum þáttum fyrir horn gagnvart þjónustusamningnum. Hann er ekki nægilega skýr en er hins vegar augljóslega mjög þarfur og hefur að nokkru leyti styrkt stöðuna. Hann þarf þó að vera skýrari og tryggja ákveðna þætti betur. Það verður þrautin þyngri þegar að því kemur að meta hvað af ríkisstyrknum fer nákvæmlega til að sinna almannaútvarpi og hvar skilin verða við samkeppnisþættina. Þetta er sem sagt óskýrt.

Niðurlag leiðarans er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það eru þessi atriði sem setja starfsumhverfi Ríkisútvarpsins í uppnám nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga. Þau verða því að öllum líkindum endanlega til lykta leidd fyrir dómstólum en ekki á Alþingi. Hvers vegna?"

Herra forseti. Þetta er lykilspurning. Hvernig stendur á því að meiri hluti Alþingis telur heppilegra að starfsumhverfi Ríkisútvarpsins sé sett í uppnám og að dómstólarnir þurfi að ákvarða hvernig við viljum hafa þessa hluti? Þetta er slík uppgjöf af hálfu ríkisstjórnarmeirihlutans að það er með ólíkindum. Ég vitna enn til orða hv. þm. Marðar Árnasonar varðandi það að líklega er engin hugsanleg skýring á keyrslunni á þessu máli og þeim undarlegu vinnubrögðum sem átt hafa sér stað önnur en pólitísk þráhyggja. Önnur skýring er vandfundin miðað við málsmeðferðina, ég tala ekki um að gera enn einu sinni tilraun eftir áramótin til að keyra frumvarpið fram, láta lögin taka gildi 1. apríl þegar kosningar fara fram 12. maí.

Virðulegur forseti. Það er ýmislegt í þessu máli sem eðlilegt væri að hyggja sérstaklega að. Mig langar til að minnast aðeins á réttindi starfsmanna. Töluverð umræða hefur átt sér stað um þau og ekki að ófyrirsynju. Við höfum orðið vör við það sem gerst hefur í sambærilegum ferlum. Flugumferðarstjóramálið var töluvert í fréttum og Matssmálið hefur líka verið töluvert í fréttum. Hér er um að ræða í öllum tilfellum hliðstætt ferli við það sem þar á sér stað. Það virðist ætíð skapa ákveðinn vanda. Það kom t.d. fram hjá fulltrúa fjármálaráðuneytisins, sem kom sérstaklega á fund nefndarinnar til að fjalla um þessi mál, að það er voðalega lítið samræmi í hvaða leiðir eru farnar þegar rekstrarforminu er breytt. Þessi starfsmaður taldi eðlilegt, sem ég held að sé rétt niðurstaða, að semja rammalöggjöf til að reyna að festa þetta ferli og tryggja að ekki séu stöðugt sköpuð illindi og leiðindi meðal starfsmanna þegar slíkar breytingar verða, þ.e. það á væntanlega eftir að gerast í framtíðinni. Þá væri til bóta að setja málin í ákveðinn farveg.

Það er afar slæmt þegar því er haldið fram, sem því miður hefur gerst nokkrum sinnum hjá stjórnarliðum og jafnvel hæstv. ráðherrum, að réttindi starfsmannanna séu að fullu tryggð og verði að fullu sambærileg við það sem er í dag. Margoft hefur verið sýnt fram á, ég þarf ekki að eyða miklum tíma í það, að það er einfaldlega rangt. Það gengur ekki að menn skuli sífellt tala eins og þeir trúi þessu sjálfir. Það er miklu hreinlegra að segja að þeir vilji gera slíkar breytingar vegna þess að þeir telji einhvern hluta af réttindum starfsmanna óþarfan eða að þeim þurfi að breyta. Eðlilegast væri að gera það í viðræðum við stéttarfélögin og semja um breytingarnar. Það er athyglisvert að fyrir nokkrum árum var það ferli komið í gang. Fjármálaráðuneytið var í viðræðum við samtök opinberra starfsmanna og málin talin í eðlilegu ferli og allgóðar líkur á að ná mætti niðurstöðu þegar þáverandi fjármálaráðherra, núverandi hæstv. forsætisráðherra, lagði fram frumvarp sem var algjörlega á skjön við þær viðræður sem áttu sér stað. Þar af leiðandi drógu stéttarfélögin sig út úr viðræðunum og málið er strand. Þar átti að leysa þessi mál og þá hefðu breytingar sem þessar verið mun einfaldari. Þá hefði verið samið um tiltekið ferli og í slíku ferli væri samin rammalöggjöf á borð við þá sem rætt var um á fundi menntamálanefndar. Þar með væri ekki

skapað vandamál eins og hér á sér stað, líkt og hefur endurtekið sig þegar ráðist hefur verið í breytingar sem þessar.

Réttindi starfsmannanna eru ekki tryggð. Því er frekar hvimleitt þegar nokkrir hv. þingmenn koma fram í fjölmiðlum og gefa í skyn að sérstaklega sé unnið í þessum málum. Þannig hefur það því miður ekki verið þrátt fyrir að við í minni hlutanum höfum vakið sérstaka athygli á þessum þætti og bent á að ýmislegt væri hægt að gera til að lagfæra málið. Fulltrúar þessara stéttarfélaga hafa komið ítrekað á fundi nefndarinnar, bent á þetta og rakið málið býsna vel. Samt hafa engar breytingar verið gerðar. Það stefnir í óvissu þegar kjarasamningar þessa starfsfólks renna út. Það er síðan öruggt með ákveðna þætti, að þar munu réttindi starfsfólksins minnka.

Herra forseti. Við í minni hlutanum höfum ætíð lagt mikla áherslu á og lagt okkur fram um, á öllum stigum máls, sérstaklega á síðasta þingi þegar tókst að fá málið inn í nefndina eftir 2. umr. þegar við lögðum fram ítarlegt sáttatilboð sem gekk út á að leita leiða til að ná sem allra mestri sátt um Ríkisútvarpið. Það væri hægt að tína til fleiri stofnanir sem jafnnauðsynlegt er að sátt ríki um en við erum að ræða um Ríkisútvarpið.

Eitt af því sem alltaf hefur staðið í veginum er rekstrarformið. Ég vék að því áðan að mörg okkar telja að ástæðan fyrir því sé sú að aldrei hefur verið hægt að ræða um það. Meiri hlutinn hefur hreinlega alltaf sagt að það sé ekki til umræðu, að það sé niðurstaða stjórnarflokkanna að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið.

Við teljum að þetta sé fyrsta skrefið í þá átt, að ná fram stefnu ákveðins hluta Sjálfstæðisflokksins um að selja Ríkisútvarpið. Við fengum staðfestingu á því ekki alls fyrir löngu frá einum af vonarprinsum Framsóknarflokksins, þ.e. borgarfulltrúa þeirra Birni Inga Hrafnssyni, sem hefur farið nokkuð mikinn í Framsóknarflokknum á þeim árum sem hann hefur starfað þar. Hann hefur ýmsar upplýsingar sem við sem utan þess flokks stöndum höfum ekki, um ýmislegt sem tengist þessu máli. Þessi ágæti framsóknarmaður spurði: Hvers vegna að breyta í hlutafélag ef ekki á að selja?

Þetta er lykilspurning. Engin rök hafa verið færð fyrir því að hlutafélagavæða nema þau að það gagnist við að selja stofnunina. Þannig hefur þetta yfirleitt verið. Ég held að allir séu sammála um að ef það á að selja ríkisstofnun er skynsamlegast að breyta fyrst í hlutafélag áður en af sölunni verður. Það er bara hluti af söluferlinu. Þess vegna skortir á almennileg rök fyrir því af hverju breyta þurfi rekstrarforminu af því að í hinu orðinu er alltaf sagt að ekki standi til að selja. Af hálfu Framsóknarflokksins var gengið svo langt að setja inn merka setningu, sem fulltrúi Framsóknarflokksins í menntamálanefnd hefur alloft rifjað upp í ræðustól og talið sönnun þess að ekki ætti að selja, setningu sem bætt var inn í 1. gr. og hefur ekki fylgt með áður þegar slík skref hafa verið stigin. Við höfum margoft fengið það upplýst hjá gestum í menntamálanefnd að sú setning skipti akkúrat engu máli og það sé jafnauðvelt og einfalt ef vilji er til að selja að selja stofnunina, hvort sem þessi setning er til staðar eða ekki. Það er sama athöfnin á þingi, þ.e. að í báðum tilfellum þarf að breyta lögum.

Ég held að borgarfulltrúinn Björn Ingi Hrafnsson hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann spurði þessarar lykilspurningar: Hvers vegna að breyta í hlutafélag ef ekki á að selja? Jafnframt upplýsti hann að hann væri algjörlega andvígur slíku og taldi reyndar að meiri hluti framsóknarmanna væri því andvígur. Nokkrir hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafa mótmælt þeirri túlkun. Ég get voðalega litlu við það bætt. Þetta er bara orð gegn orði milli fólks sem þekkir þann vettvang miklu betur. Ég verð þó að benda á að það getur verið erfitt fyrir það ágæta fólk að draga slíkar ályktanir enda virðast slíkar breytingar á því hverjir eru framsóknarmenn frá degi til dags. Það er ábyggilega erfitt að átta sig á því hver er meiri hlutinn fyrir hverju. Það hlýtur að hafa áhrif á meiri hlutann hverju sinni hve stór hópurinn er.

Ég hef áður minnst á hversu óljóst það er í öllum skilgreiningum í þessu frumvarpi hvað telst almannaútvarp. Skilgreiningarnar eru afar opnar og loðnar. Það er ástæðan fyrir því, eins og ég hef komið nokkrum sinnum inn á, að Samkeppniseftirlitið og samkeppnisaðilar benda á að því megi halda fram með góðum rökum að ríkisstyrkur sé notaður í samkeppnisrekstur. Það er nokkuð sem við vitum að gengur ekki og mun valda ófriði um Ríkisútvarpið. Við höfum því lagt áherslu á að reyna að hnýta alla þá enda saman til að reyna að tryggja sem mestan frið um Ríkisútvarpið. Við teljum ekki á það bætandi að hafa stöðu þess svo óskýra sem gert er ráð fyrir hér. Það mun kalla á kærur. Í margumræddum leiðara Þorsteins Pálssonar kemur fram að fyrst stjórnvöld treysta sér ekki til að hafa skilgreiningar almennilegar og ljúka þessu máli með viðunandi hætti þá segir meiri hlutinn í raun: Við getum ekki staðið í þessu og verðum að láta dómstólana um málið. Það er varla hægt að hafa það miklu aumara, að ríkisstjórnarmeirihluti gefist svo upp fyrir máli að hann sendi málið til dómstóla til úrskurðar til að ákvarða hvernig hlutirnir eiga að vera.

Málið er sérstaklega alvarlegt þegar stofnun eins og Ríkisútvarpið á í hlut. Það verður aldrei nógu oft sagt hve mikilvægt er fyrir slíka stofnun að hafa frið um reksturinn. Það hefur ekki alltaf verið nægur friður um reksturinn og má segja að þau öfl í Sjálfstæðisflokknum sem keyra þetta mál áfram hafi í raun beitt áhrifum sínum — við skulum bara orða það beint út — til að veikja þessa stofnun, bæði með því að fara ekki í nauðsynlegar lagfæringar á rekstrinum og með því að tryggja ekki stofnuninni nægjanlegt fjármagn til að halda áfram rekstri hennar. Þetta hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu. Það hefði mátt liðka verulega til, fara yfir alla þessa þætti og skoða þá gaumgæfilega. Það hefur ekki verið gert.

Það er alvarlegt þegar í ljós kemur að mikil óvissa er fram undan, ekki bara gagnvart þeim þáttum sem ég hef nefnt heldur líka í rekstri Ríkisútvarpsins. Þjónustusamningurinn sem gerður hefur verið gerir ráð fyrir ákveðnum þáttum sem eru skref í rétta átt. En samningurinn þarf að vera mun skýrari en hann er. Rekstraróvissan er m.a. sú sem við sjáum þegar við skoðum áætlanir sem gerðar hafa verið fram í tímann. Gert er ráð fyrir um 6% hagræði á ári hjá stofnuninni. En þrátt fyrir að gengið hafi verið á alla þá sem koma nálægt þeim áætlunum til að finna út hvernig eigi að ná hagræðingunni fram fást engin svör. Þegar við skoðum þessa pappíra, veltum fyrir okkur svörunum eða

skorti á svörum, og lesum í framhaldinu bréf sem við höfum fengið, m.a. frá útvarpsstjóra, um að búið sé að hagræða eins og hægt er innan útvarpsins og hið eina sem eftir er sé að draga úr þjónustu hlýtur maður að velta fyrir sér hvaða þjónustu eigi að skera niður. Við því fást heldur ekki svör.

Það blasir við að fjárhagsáætlunin hefur verið gerð þannig að þar þurfti að sýna hagræðingu, einhverja fyrir fram gefna tölu sem fæst að lokum með talnaleikjum af þessu tagi. Það virðast engin rök fyrir áætluninni. Við vitum ekki enn hvernig stofnunin gerði þessa áætlun, hvort hún hafi verið fyrirskipuð eða hvað bjó að baki. Hins vegar fóru talnaglöggir menn, m.a. frá Ríkisendurskoðun, yfir það hvort allt væri rétt reiknað. Það er engin ástæða til að gera athugasemdir við slíkt en ég spyr hins vegar: Hvaða hagræðingu á að ná fram? Bent hefur verið á að hugsanlega muni einhverjir starfsmenn hætta, þ.e. að fækka megi starfsmönnum vegna þess að hugsanlega muni ekki allir þiggja starf hjá hinu nýja félagi. Það kallar á biðlaunagreiðslur. En eftir einhvern tíma getur orðið einhver sparnaður af því ef ekki er ráðið fólk í staðinn. Með því að gefa í skyn að það sé helsta sparnaðarleiðin hlýtur að mega gera ráð fyrir að þjónustan muni láta á sjá, ef margt fólk hættir störfum og ekki ráðnir nýir í staðinn. Ekki trúi ég því að útvarpsstjóri sé að gefa í skyn að við Ríkisútvarpið starfi einhverjir sem allt í lagi sé að hætti og engir bætist við. Við hljótum að spyrja hvar eigi að spara án þess að draga úr þjónustu og tryggja að Ríkisútvarpið gegni áfram skyldum sínum.

Herra forseti. Ég sé að klukkan nálgast miðnætti. Ég velti því fyrir mér hvort nú sé að renna upp sú stund að haldi ég mikið lengur áfram telji virðulegur forseti að háttvirtir þingmenn verði að einhverju leyti rændir nætursvefni. Það er spurning, herra forseti, hvort ekki sé eðlilegt að ljúka fundi hérna megin við miðnættið. Ég get á þessari stundu lokið þessari ræðu minni. Ég á ýmsa þætti eftir sem ég mundi koma að í seinni ræðu minni. En í trausti þess að við náum að ljúka fundi fyrir miðnætti lýk ég ræðu minni og bið virðulegan forseta að skrá mig á mælendaskrá aftur þannig að ég geti haldið seinni ræðu mína, miðað við áætlanir þingforseta, síðar í þessari viku.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 23:55.

---

# 52. FUNDUR

þriðjudaginn 16. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708. — Frh. 3. umr.
2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.

***Varamaður tekur þingsæti.***

[10:30]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur frá þingflokksformanni sjálfstæðismanna, Arnbjörgu Sveinsdóttur, svohljóðandi bréf um forföll þingmanns, dagsett í dag:

„Þar sem Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður, getur ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur vegna veikinda óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður, Katrín Fjeldsted læknir, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Katrín Fjeldsted hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til þingstarfa á ný.

[10:32]

**Útbýting:**

Afsláttarkort vegna lækniskostnaðar, 483. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 735.

Bættir innheimtuhættir, 482. mál, fsp. JóhS, þskj. 734.

Erlendir ríkisborgarar á vinnumarkaði, 478. mál, fsp. JóhS, þskj. 730.

Fjöldi háskólanema á árunum 1995–2006, 484. mál, fsp. SæS, þskj. 736.

Greiðsluaðlögun, 733. mál, fsp. JóhS, þskj. 733.

Hækkun iðgjalda tryggingafélaga, 475. mál, fsp. JóhS, þskj. 727.

Jafnréttisumsögn með stjórnarfrumvörpum, 487. mál, fsp. MÁ, þskj. 739.

Raunávöxtun vátryggingaskulda tryggingafélaganna, 476. mál, fsp. JóhS, þskj. 728.

Skattar og gjöld af barnavörum, 479. mál, fsp. JóhS, þskj. 731.

Staða fólks við fyrstu íbúðarkaup, 477. mál, fsp. JóhS, þskj. 729.

Verðmyndun á landbúnaðarvörum, 480. mál, fsp. JóhS, þskj. 732.

***Athugasemdir um störf þingsins.***
Ummæli útvarpsstjóra.

[10:33]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Nú eru uppi miklar deilur um framtíð Ríkisútvarpsins, útvarps allra landsmanna. Annars vegar er ríkisstjórnin og sá meiri hluti sem hún styðst við hér á Alþingi og hins vegar er stjórnarandstaðan. Margir aðilar utan þingsins hafa látið sig málið varða og er það vel. Einn þeirra er útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins, Páll Magnússon. Hann hefur fullan rétt til þess að blanda sér í þessar umræður. Bæði hefur hann málfrelsi sem einstaklingur og hlýtur auk þess að blanda sér í umræðu um þá stofnun sem honum hefur verið treyst til að vera í forsvari fyrir.

En til hans eru gerðar kröfur, í fyrsta lagi að fara satt og rétt með og í öðru lagi að hann dragi ekki flokkspólitískan taum í umræðunni. Ég minni á að þetta er maður sem samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar á að fá alræðisvald yfir allri dagskrárgerð og öllu mannahaldi í Ríkisútvarpinu, jafnt á fréttastofum stofnunarinnar sem annars staðar í stofnuninni.

Í Morgunblaðinu í gær gerir útvarpsstjóri því skóna að starfsmenn Ríkisútvarpsins séu hlynntir frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þetta er rangt. Stéttarsamtök starfsmanna eru frumvarpinu algerlega ósammála og vilja að því sé vísað frá. Í öðru lagi gerir hann því skóna að meiri hluti þjóðarinnar sé fylgjandi frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Hér vísar hann í Gallup-könnun frá því í haust sem hann lét sjálfur gera og er vægast sagt afar misvísandi svo að ekki sé dýpra í árinni tekið. Nú er útvarpsstjóri ekki hér til að verja hendur sínar en mér finnst nauðsynlegt að fram komi hjá hæstv. menntamálaráðherra hvort hún sé sammála málflutningi útvarpsstjóra. Um hitt spyr ég ekki hvort hún sé sammála framgöngu hans í þessu máli því það hefur sýnt sig að hún og hann eru eitt þegar um áróður fyrir þessu máli er að ræða. Þau hafa komið saman fram í fréttaþáttum Ríkisútvarpsins til að tala máli ríkisstjórnarinnar. Það er misnotkun og það er óeðlilegt.

[10:35]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég held að það sé full ástæða til þess að hæstv. menntamálaráðherra komi hér og svari fyrir framgöngu útvarpsstjóra í þessu máli. Útvarpsstjóri heyrir undir ráðherrann og þau hafa unnið saman á margvíslegan hátt í þessum efnum að undanförnu og það er orðið mikið umhugsunarefni með hvaða hætti útvarpsstjóri beitir sér grímulaust í þessu máli sem er mjög pólitískt, sem er mikið átakamál og sem er mikið í fréttum. Þar á meðal þarf Ríkisútvarpið væntanlega að sinna skyldum sínum og miðla hlutlægum fréttum af átökunum um þetta mál.

Er ekki útvarpsstjóri útvarpsstjóri útvarps allra landsmanna? Upplifir hann sig ekki lengur með þær skyldur að reyna að sameina landsmenn á bak við þessa stofnun? Er hann ekki líka útvarpsstjóri okkar í stjórnarandstöðunni? Hvernig eigum við að líta á það þegar útvarpsstjóri keyrir inn í mikið pólitískt átakamál af þessu tagi með þeim hætti sem hann gerir og fer hamförum í áróðri fyrir þessu umdeilda stjórnarfrumvarpi? Í hvaða stöðu setur það fréttamenn Ríkisútvarpsins þegar yfirmaður þeirra gengur fram með þessum hætti? Er þetta viðeigandi? Er þetta í samræmi við hlutverk Ríkisútvarpsins? Ég segi nei. En er þetta kannski forsmekkurinn að því sem koma skal, frú forseti? Það er spurningin. Á að búa hérna til harðpólitískan útvarpsstjóra í þágu ríkjandi valdhafa á hverjum tíma? Ég held að þessi góði maður, sem og ráðherrann, þurfi að hugsa sinn gang um það í hvað stefnir í þessum efnum og hvaða áhrif þetta hefur auðvitað á stöðu starfsmanna almennt. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að svara fyrir það hér hvort þetta geti gengið svona. (Forseti hringir.)

[10:37]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Næstur tekur til máls hv. 7. þm. Reykv. s., Mörður Árnason. — Hv. þingmaður er næstur á mælendaskrá, það eru fleiri hv. þingmenn á mælendaskrá. (**MÁ:** Ætlar hæstv. menntamálaráðherra að þegja?) Óskar hv. þingmaður eftir að taka til máls? (**Gripið fram í:** MÁ: Já, á eftir hæstv. menntamálaráðherra.) Hæstv. menntamálaráðherra er á mælendaskrá síðar. (**MÁ:** Já, ég býð henni sæti mitt hér.) Hv. þingmaður hefur ekki heimild til þess. Fellur þá hv. þingmaður frá orðinu?

[10:38]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þakka þér fyrir að hafa gefið mér orðið. Ég átti von á því að menntamálaráðherra yrði hleypt hér að eins og gerist oft með ráðherra og ósjaldan að röðinni er vikið til svo að ráðherrar komist að en nú hefur forseti ákveðið að hafa menntamálaráðherra væntanlega í lokin til að hún geti átt sitt heiðbundna síðasta orð.

Sú spurning sem vaknar auðvitað um þetta mál er hvort Páll Magnússon er heldur í nafni þjóðarinnar yfirmaður dagskrár og fréttaflutnings á Ríkisútvarpinu eða hvort Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sem enn hefur ekki talað hér — og okkur gefst væntanlega ekki færi á að tala við vegna þess hvernig forseti skipuleggur umræðurnar — hefur ráðið hann sem blaðafulltrúa sinn á Ríkisútvarpið. Það er sérkennilegt með Pál Magnússon að í einkasamræðu og á nefndafundum er hann allur annar en í opinberum málflutningi af þessu tagi. Í Morgunblaðsgreininni, sem hann getur auðvitað skrifað jafnmargar og hann vill, kemur hann fram sem flokksmaður í stjórnarflokkunum, sem blaðafulltrúi, upplýsingafulltrúi fyrir ríkisstjórnina. Þegar rætt er hins vegar við hann einkalega eða á nefndafundi hér um daginn er það allt annað. Þegar hann var spurður þar af hverju hann fylgi þessu hlutafélagi segir hann: Nei, hlutafélagsmálið og rekstrarformsheitið skiptir mig engu máli. Ríkisútvarpið getur heitið, eins og ég rakti hér í gær, Ríkisútvarpið KFUM fyrir mér, mér er alveg sama hvaða skammstöfun er á bak við. Það sem ég vil eru þrír tilteknir efnisþættir, segir Páll, um stjórnarhætti, um skiptingu ábyrgðar og valda og um mannaforráð á Ríkisútvarpinu og ég er honum að mörgu leyti sammála um það.

Hann hefur greinilega fengið stöðu sína í þeim krafti og með því skilyrði að vera blaðafulltrúi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur þegar á hana hallar og það er sérkennilegt og

það er það sem ráðherra þarf að skýra hér út hvort sem forseti vill hjálpa henni til þess eða ekki.

[10:40]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Hv. þingmönnum er auðvitað kunnugt um þá meginreglu að þegar rætt er um störf þingsins raðar forseti þingmönnum í þeirri röð sem þeir biðja um orðið. Hæstv. menntamálaráðherra tekur þátt í þessari umræðu og er hvorki fyrst né síðust á mælendaskrá.

[10:40]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er mikið vandaverk að fara fyrir opinberri stofnun og það er eðlilegt að þjóðin geri ákveðnar kröfur til þess fólks sem það gerir. Það er í þjónustu okkar, þetta fólk. Okkur finnst það vera ráðið hjá okkur og við gerum ákveðnar kröfur t.d. til þjóðleikhússtjóra, til landsbókavarðar, þjóðminjavarðar og við gerum kröfur til útvarpsstjóra. Þetta virðist eitthvað hafa þvælst fyrir Páli Magnússyni og það virðist líka eitthvað þvælast fyrir hæstv. menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Það er afar miður. En sem nefndarmaður í menntamálanefnd verð ég að gefa þá yfirlýsingu hér að fulltrúar starfsmanna Ríkisútvarpsins hafa komið á nokkuð marga fundi hjá nefndinni og það er rangt sem hér er sagt í grein Páls Magnússonar í Morgunblaðinu í gær um afstöðu Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins sem eru mjög óskilgreind samtök starfsmanna sem hafa komið fyrir nefndina — fulltrúar þessara samtaka hafa lýst miklum efasemdum. Það á við um Jóhönnu Margréti Einarsdóttur sem er formaður þessara samtaka núna og það á við um Jórunni Sigurðardóttur sem kom með henni á okkar fund fyrir skemmstu.

Miklar efasemdir eru í öllum ummælum starfsmanna um það ætlunarverk sem hér er í höndum menntamálaráðherra og mjög alvarlegar ávirðingar hafa komið frá launþegasamtökum þeirra sem starfsmennirnir eiga aðild að. Hér er því bara rangt farið með. Það er verið að villa um fyrir fólki og það er alvarlegt að útvarpsstjóri skuli fara þá leið sem hann gerir í þessari grein. Það rýrir trúverðugleika hans og veikir stöðu hans til muna sem satt að segja hefur auðvitað ekki verið sterk til þessa í þeim átökum sem hafa átt sér stað um það ætlunarverk ríkisstjórnarinnar að einkavæða Ríkisútvarpið.

[10:43]

**Hlynur Hallsson:**

Frú forseti. Það fer að verða skemmtilegt hvernig raðað er á mælendaskrá en gott að það myndast einhverjar skýrar reglur um þau mál hér á þinginu. Ástæðan fyrir því að ég kem upp hér er einmitt þessi grein útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins. Það vekur athygli manns að Páll Magnússon lítur greinilega ekki á sig lengur sem útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, heldur Ríkisútvarpsins ohf. Það sem meira er, ég held að það megi lesa úr öllum ummælum Páls Magnússonar að hann er ekki bara útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins ohf., heldur fyrst og fremst ríkisútvarpsstjóri ríkisstjórnarinnar. Það er auðvitað dálítið skrýtin staða, og alveg ný í málinu.

Það væri hægt að hafa langt mál, frú forseti, um grein Páls Magnússonar sem birtist í Morgunblaðinu í gær og ber yfirskriftina „Hagsmunavakt Fréttablaðsins" og hefst með þessum orðum: „Fréttablaðið lemst enn um á hæl og hnakka í hagsmunagæslu fyrir eigendur sína þegar það fjallar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins." Þetta er skemmtileg fullyrðing og kannski merkileg, sérstaklega í ljósi þess að útvarpsstjórinn okkar allra berst einmitt á hæl og hnakka fyrir ríkisstjórnarflokkana, og fyrst og fremst reyndar Sjálfstæðisflokkinn þegar hann er í hagsmunagæslu fyrir þann flokk. Það ber að athuga, frú forseti, og finnst mér það mjög ámælisvert svo að ekki sé meira sagt.

[10:45]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ríkisútvarpið á að gæta hlutleysis. Ég vil beina þeim spurningum til hæstv. ráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, hvort hún líti svo á að forstjóri Ríkisútvarpsins gæti þess hlutleysishlutverks sem hann á að sjá um að stofnun hans fari eftir eða er búið að aflétta því að gætt sé hlutleysis af hálfu Ríkisútvarpsins um umfjöllun mála? Er það svo að fréttamenn Ríkisútvarpsins eða þeir sem þar starfa séu þá líka komnir á þann vettvang að geta tjáð skoðanir sínar fram og til baka? Mega þeir gera það á vegum Ríkisútvarpsins eða mega þeir bara gera það í blöðum?

Ég hef hingað til litið svo á, hæstv. forseti, að hlutleysishlutverk Ríkisútvarpsins væri starfsskylda á því fólki sem þar vinnur, ekki síst útvarpsstjóra sjálfum. Þess vegna spyr ég hæstv. menntamálaráðherra hvernig hún líti á þessi skrif, hvort hún telji þetta samræmast hlutleysishlutverki Ríkisútvarpsins sem stofnunar og hvort það sé túlkun hennar, ef svo er, að þetta séu algjörlega eðlileg afskipti, nái þá til allra starfsmanna Ríkisútvarpsins. Eigum við þá von á að fjöldi greina komi frá (Forseti hringir.) starfsmönnum um þetta mál?

[10:47]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Rétt er að undirstrika að það er ekki einsdæmi varðandi meðferð þingmála að forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana hafi skoðanir á þingmálum. (Gripið fram í.) Stundum eru þeir sammála og stundum eru þeir ósammála. Oftar en ekki hefur maður heyrt stjórnarandstöðuna einmitt vitna til orða forstöðumanna ríkisstofnana þegar þeir eru ekki sammála þeim stjórnarfrumvörpum sem fjallað er um hverju sinni.

Ég hef líka lesið og það haft eftir Páli Magnússyni útvarpsstjóra að hann telji það vera skyldu sína að styðja við þau mál sem hann telur að verði Ríkisútvarpinu til framdráttar. Það er skoðun hans að breyting á lagaramma og lagaumgjörð Ríkisútvarpsins í þá veru sem við erum að gera núna og ræða á hinu háa Alþingi sé Ríkisútvarpinu til framdráttar. Ef forstöðumenn ríkisstofnana eiga ekki að starfa samkvæmt samvisku sinni, eftir hverju eiga þeir þá að starfa? (**Gripið fram í:** Lögum.) Að sjálfsögðu eftir lögum, meðal annars, en líka eftir samvisku sinni. Það er í rauninni alveg makalaust að heyra talsmenn Samfylkingar-

innar í þessu máli, hv. þm. Mörð Árnason, saka útvarpsstjóra um að vera blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar af því að útvarpsstjórinn hefur skoðun á málum, skoðun á máli sem er akkúrat á öndverðum meiði við hv. þm. Mörð Árnason. Síðan kemur formaður BSRB, hv. þm. Ögmundur Jónasson, og talar um misnotkun. Heyr á endemi. Þegar forstöðumenn ríkisstofnana koma fram og setja málflutning sinn fram með þeim hætti að þeir telja það þjóna hagsmunum stofnunarinnar, af hverju gagnrýna menn þá það?

Síðan er rétt að draga það fram að í grein útvarpsstjóra, Páls Magnússonar, ræðir hann m.a. Gallup-könnun sem hv. þm. Ögmundur Jónasson er sífellt að agnúast út í. Hann á að vita að það er hluti af almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins að gera skoðanakannanir. Þetta er reglubundin könnun sem er gerð á tveggja ára fresti (Gripið fram í.) og þá er verið að kanna viðhorf (Gripið fram í.) almennings til þjónustu Ríkisútvarpsins. (Gripið fram í.) Í þetta sinn (Forseti hringir.) var kannað viðhorf landsmanna til breytinga á Ríkisútvarpinu og það vill svo til að niðurstaðan er ekki hagfelld hv. þm. Ögmundi Jónassyni því að meiri hluti landsmanna er fylgjandi breytingu á Ríkisútvarpinu í ohf. (**Gripið fram í:** Nei.)

[10:50]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Páll Magnússon útvarpsstjóri hefur málfrelsi eins og allir aðrir Íslendingar. Það er alveg klárt að öllu frelsi fylgir líka ábyrgð. Það er skylda Páls Magnússonar útvarpsstjóra að verja stofnun sína á málefnalegan hátt. Hann verður hins vegar að beita þeirri dómgreind sem honum er gefin af almættinu til að vega og meta með hvaða hætti hann kýs að beita þessu frelsi. Ég tel t.d. að hann megi ekki beita því með þeim hætti að það geti dregið í efa trúverðugleika þeirrar stofnunar sem hann veitir forstöðu. Það er stofnun sem töluvert öðru máli gegnir um en ýmsar aðrar þær stofnanir sem hæstv. menntamálaráðherra hefur vísað hér til. Ríkisútvarpið á að segja hlutlægar fréttir af gangi máli, m.a. segja fréttir af RÚV-málinu.

Þegar við áttum í harðri deilu um fjölmiðlafrumvarpið á sínum tíma komu ýmsir talsmenn Sjálfstæðisflokksins og sögðu að ómögulegt væri að tala um sjálfstæða fréttamenn vegna þess að yfirmenn á fjölmiðlum drægju taum eigenda sinna og smituðu síðan gagnvart starfsmönnunum, slægju tóninn. (**Gripið fram í:** Og því hafnaði ...) Þegar útvarpsstjóri blandar sér með ómálefnalegum hætti, persónulegum árásum á andstæðinga frumvarpsins án þess að tefla fram málefnalegum rökum, slær hann tóninn gagnvart starfsmönnum sínum og þá er eðlilegt að menn velti fyrir sér hvort frásögn RÚV af RÚV sé alltaf hlutlæg. (Gripið fram í.) Er þetta t.d. ástæðan fyrir því (**Menntmrh.:** Þetta eru ósmekklegar ásakanir á starfsmenn Ríkisútvarpsins.) (Gripið fram í.) að RÚV sagði engar fréttir af því þegar stjórnarandstaðan mótmælti gerræði hv. snillingsformanns menntamálanefndar? (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Er það vegna þess að útvarpsstjóra brast að meta málið rétt (Forseti hringir.) og sló tóninn með þeim hætti að við njótum ekki hlutlægni í fréttum RÚV af RÚV? (Gripið fram í.)

[10:52]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er enginn að gagnrýna það að forstöðumenn ríkisstofnana blandi sér í almenna umræðu um þær stofnanir sem þeim er treyst að vera í forsvari fyrir. Ég tók það fram í máli mínu í upphafi. Þeir eiga hins vegar að fara satt og rétt með. Ég staðhæfi að útvarpsstjóri, Páll Magnússon, hafi (Gripið fram í.) orðið uppvís að ósannsögli. Það hefur verið sagt að hann segi eitt á einum stað og annað annars staðar. Ég sagði í umræðu í gær að hann hefði sagt eitt við starfsmenn um réttindi þeirra og annað við þingnefnd um sama efni.

Hér er til umræðu blaðagrein sem hann birti í Morgunblaðinu í gær þar sem hann aftur verður uppvís að því að fara rangt með. Það er þetta sem verið er að gagnrýna. Í fyrsta lagi gerir hann því skóna að starfsmenn séu fylgjandi frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þetta er alrangt, þetta er ósatt.

Í annan stað staðhæfir hann á grundvelli Gallupkönnunar frá í sumar að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sé fylgjandi frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þetta er Gallupkönnun sem gerð var að frumkvæði hans í haust. Ekki var spurt (Gripið fram í.) í þeirri könnun hvort fólk vildi að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Ekki var spurt um það. Það var gefið í skyn að þessi breyting hefði þegar átt sér stað. Þess var hvergi getið í fréttum Ríkisútvarpsins í septembermánuði þegar um þetta var fjallað að 28% gáfu ekki upp neina afstöðu. Þegar málið er skoðað í heild sinni var undir helmingur þeirra sem spurðir voru á þessu máli sem er þó langsótt að túlka á þann veg sem gert hefur verið. Það er þetta sem hefur verið til umfjöllunar, að forstöðumenn ríkisstofnana fari satt og rétt með. Um það snýst málið.

***Um fundarstjórn.***

Ríkisútvarpið og samkeppnislög.

[10:55]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég verð að gera þá játningu í byrjun að yfirleitt er ég mikill aðdáandi fundarstjórnar þess hæstv. forseta sem nú situr í forsetastóli. Ég hef þráfaldlega leitað atbeina hennar til að geta greitt fyrir umræðu. Ég fékk til að mynda leyfi hjá hæstv. forseta í gær til að ræða um framvindu fundarins þegar ég vakti athygli á því að ég hefði varpað fram fyrirspurn til bæði hæstv. menntamálaráðherra og hv. formanns menntamálanefndar um mjög mikilvæga þætti sem ég tel grundvallarþætti í umræðunni, og varðar samkeppnisþáttinn. Ég varpaði tiltekinni spurningu til hv. formanns menntamálanefndar um samkeppnisþátt og sérstaklega, frú forseti, af hverju ekki væri pósitíft ákvæði í frumvarpinu sem undanþægi þá Ríkisútvarpið ohf. samkeppnislögum. Ég færði rök fyrir því í máli mínu þá, frú forseti, að ég teldi að þetta bryti gegn Evrópureglum og gæti leitt til mikilla vandræða fyrir Ríkisútvarpið í framhaldinu. Ég spurði þess vegna hæstv. ráðherra og síðan formann menntamálanefndar út í þetta.

Hv. formaður menntamálanefndar gaf mér þá það loforð að til að greiða fyrir umræðunni mundi hann koma og halda

ræðu um málið. Ég beið eftir henni í allan gærdag og enn er hv. formaður menntamálanefndar ekki kominn á mælendaskrá. Hæstv. menntamálaráðherra hefur heldur ekki tjáð sig um þetta tiltekna atriði sem mér þykir miklu varða. Ég vildi þess vegna benda á, frú forseti, af því að við erum sammála um það, sá sem hér stendur og forsetinn, að mikilvægt sé að draga fram lykilþætti í málinu til að hægt sé að ljúka umræðunni einhvern tímann. Þetta er lykilþáttur og þessari umræðu verður ekki af minni hálfu lokið fyrr en svör hafa fengist um þetta. Sérstaklega er það mikilvægt eftir að í ljós kom í umræðum í gær að hv. formaður menntamálanefndar lýsti því yfir að hann teldi að starfsemi Ríkisútvarpsins, áður en hún verður gerð að opinberu hlutafélagi, brjóti í bága við samkeppnisumræðuumhverfi Evrópuréttarins. Þetta er grundvallaryfirlýsing því að ef það er rétt hjá honum er alveg ljóst að það rekstrarform sem núna er lagt til þverbrýtur það miðað við yfirlýsingu formannsins.

Þess vegna þurfum við að fá þetta fram og ég vek eftirtekt á þessu, forseti, vegna þess að ef hv. formaður menntamálanefndar mundi kveðja sér hljóðs og leggja rök sín á borðið mundi það örugglega flýta umræðunni.

[10:58]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég hef, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n., í sjálfu sér engar athugasemdir við þá glæsilegu fundarstjórn sem hér er viðhöfð og styð þau vinnubrögð sem hafa verið höfð í frammi í einu og öllu.

Ég lýsti því yfir í umræðunni í gær að vel mætti vera að ég kæmi hér og héldi aðra ræðu, m.a. um íslenskar samkeppnisreglur og hvernig þær samræmast því frumvarpi sem hér er til umræðu og sömuleiðis gera að umfjöllunarefni samkeppnisreglur Evrópuréttarins. Það má vel vera að ég muni gera það. Hins vegar er alveg ljóst að þrátt fyrir að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé 1. þingmaður kjördæmis míns ræður hann því ekki um hvað ég fjalla hér í ræðustól eða hvenær ég geri það.

Ég get hins vegar upplýst hv. þingmann um það að ég ætla aðeins að bíða um sinn með það að setja nafn mitt á mælendaskrá vegna þess að ég bíð í ofvæni eftir því að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, komi hingað og ræði þessi mál. Það hefur lítið farið fyrir honum í umræðunni og hann hefur sömuleiðis lítið sést í þingsalnum og lítið blandað sér í þessi mál, bæði á þessu þingi og sömuleiðis á hinum fyrri þegar við höfum rætt um málefni Ríkisútvarpsins. Það vill nefnilega þannig til að hv. þingmaður, varaformaður Samfylkingarinnar, hvorki meira né minna, hefur lýst því yfir opinberlega að hann sé hlynntur því að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag.

Maður skyldi nú ætla að maður sem hefur svona mikið undir sér og er hvorki meira né minna en varaformaður næststærsta stjórnmálaflokksins á Íslandi, sem er sá stærsti í stjórnarandstöðunni, sé ekki einn um þá skoðun í þeim stjórnmálaflokki. Ég bíð því spenntur eftir því að varaformaður Samfylkingarinnar, Ágúst Ólafur Ágústsson, komi í ræðustól og ræði viðhorf sín til þess hvort breyta eigi Ríkisútvarpinu í hlutafélag eða ekki. Þegar hann hefur gert það skal ég verða við ósk (**Gripið fram í:** Ertu að biðja um ...) hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að ræða þessi mál. Ég vildi tilkynna þér þetta, hæstv. forseti, að ég bíð mjög spenntur eftir því að varaformaður Samfylkingarinnar (Gripið fram í.) sem ætti að vera yfirmaður þingflokksformanns þess ágæta flokks stigi hér upp í ræðustól og viðri viðhorf sín til þessa máls. (Gripið fram í.)

[11:01]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Bara til að hv. þingmaður skilji stöðu þingflokksformanns í Samfylkingunni þá er það svo að hann lítur á sig sem þjón allra þingmanna. Hann er þar af leiðandi undirmaður allra þingmanna og hefur það hlutverk að ná fram hagsmunum þeirra allra og flokksins. Þannig lít ég á og nálgast mitt hlutverk. (**Gripið fram í:** Hann er auðmjúkur.)

Frú forseti. Ég hef útskrift af ræðum hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar frá í gær. Þar lýsir hann því yfir án nokkurs fyrirvara að hann muni ekki halda eina ræðu heldur tvær um samkeppnisþátt málsins sem er lykilþáttur. Nú er hv. þingmaður að draga í land með þetta. Því geri ég þetta að umræðuefni, frú forseti, að ég færði rök fyrir því í gær í andsvari að ég teldi frumvarpið, verði það samþykkt og Ríkisútvarpið gert að opinberu hlutafélagi, færa stofnunina nær því sem sumir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa kallað gráa svæðið í samkeppnislegu tilliti. Þegar útvarpið er farið að nýta sér ávinning hlutafélagsins verður það líka að sæta þeim stífu takmörkunum sem samkeppnisrétturinn setur bæði á Íslandi en líka í Evrópu. Tvenns konar grundvallarmisskilningur hefur komið fram í skilningi lögfræðingsins, hv. formanns menntamálanefndar, á því með hvaða hætti Ríkisútvarpið tengist Evrópuréttinum og samanburði hans á ýmsum öðrum atvinnugreinum sem ýmist eru undir eða undanþegnar Evrópurétti. Þetta er lykilskilningur á málinu.

Ég beið eftir því að hv. formaður nefndarinnar mundi ræða þetta í framsögu sinni, sem er einhver snautlegasta framsaga sem ég hef heyrt. Hún stóð í fjórar mínútur og er þó hv. þingmaður þekktur að því að geta fjallað af nokkurri þekkingu um lögfræðileg málefni. En þetta vill hann ekki ræða vegna þess að síðar í umræðunni kom í ljós að hann telur að Ríkisútvarpið sé að brjóta samkeppnisreglur núna, hann lýsti því yfir að svo væri. Með þessu frumvarpi herðir hann fremur á því broti í staðinn fyrir að hann ætti að reyna að vinna gegn því. Þess vegna þora hann og hæstv. ráðherra ekki í þessa umræðu, sem er náttúrlega grátlegt, að hv. formaður menntamálanefndar skuli ganga gegn loforðum sínum til stjórnarandstöðunnar um að skýra samkeppnisþáttinn. Það er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að hann geti ekki skýrt það. Hann veit að hann mælir vitandi vits fyrir vondum málstað. Hugsanlega vilja sumir í Sjálfstæðisflokknum hafa þetta svona vegna þess að þetta mun mola undirstöður Ríkisútvarpsins þegar farið verður í dómsmál út af þessu. Hann var búinn að gefa sér niðurstöðuna í gær.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill áminna hv. þingmenn um að undir liðnum um fundarstjórn forseta haldi þeir sig við það efni.)

[11:04]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég ætla að ræða fundarstjórn forseta. Ég ætla að spyrja hæstv. forseta hvað fyrirhugað sé um fundarhaldið í dag, m.a. vegna þess að í gær var fundað stíft og byrjað fyrr en venjulega er gert á mánudögum og fundað fram undir miðnætti, ef ég þekki það rétt. Ég var ekki í salnum nákvæmlega þegar fundi lauk en það má segja að orðið hafi síðkvölds- eða næturfundur í gær. Mér finnst að við þingmenn eigum heimtingu á að fá að vita hvernig forseti hyggst haga fundarhaldinu í dag og hvort ekki megi treysta því að ekki verði kvöldfundur, ekki verði brotin sú hefð sem yfirleitt er reynt að fylgja, að það séu ekki kvöld- og næturfundir tvo daga í röð heldur líði gjarnan sólarhringur á milli þangað til aftur er gripið til slíkra úrræða ef menn telja þeirra þörf. En ég sé ekki í þessu tilviki að það þurfi að standa í stórkostlega afbrigðilegu þinghaldi bara út af því að ríkisstjórnin á orðið svo bágt í þessu máli og vilji koma því út úr heiminum. Ég held að hún verði að þola að málið sé rætt og menn nýti sér þinglegan rétt sinn til þess að takast á við þetta mál.

Síðan vil ég segja um umræðuna, frú forseti, og hvernig henni fram vindur, m.a. vegna orðaskipta hér áður, að ég held að það greiddi fyrir umræðunni að formaður menntamálanefndar og hæstv. ráðherrar svöruðu spurningum sem fram hafa komið, svöruðu fyrir nýja fleti sem sífellt koma upp í þessu máli. Ég vil frekar nálgast málið þannig að það sé skylda þeirra að gera það og við þingmenn eigum heimtingu á að ábyrgðarmenn málsins, formaður nefndar, sem hefur stýrt vinnunni í menntamálanefnd, og hæstv. ráðherra komi inn í umræðuna eftir atvikum og svari fyrir um slíka hluti. Þannig á þetta að virka. Þannig eiga umræðurnar að vera, að ábyrgðarmenn mála séu ekki bara við umræðuna og taki niður hjá sér spurningar sem koma fram heldur bregðist þeir við og svari eftir atvikum á réttum stöðum.

Ég held líka að hæstv. ráðherra þurfi að gera betur en henni tókst áðan í að svara fyrir framgöngu útvarpsstjóra, svo lengi sem hann á að heita yfirmaður þjóðarútvarpsins og útvarpsstjóri okkar allra. Það væri fróðlegt að hæstv. ráðherra upplýsti um hvernig starfsemi Ríkisútvarpsins hefur verið á undanförnum mánuðum borið saman við gildandi lög. Er það rétt sem menn fá í enn meira mæli á tilfinninguna, að útvarpsstjóri sé farinn að hegða sér eins og þetta sé þegar orðið hans einkahlutafélag?

Hvernig er með útvarpsráð? Einhvern tímann hefði útvarpsráð komið saman og velt fyrir sér hvort útvarpsstjóri væri á réttu róli með því að blanda sér í pólitísk deilumál eins og hann hefur nú orðið ber að. Hvernig er með fundarhöld útvarpsráðs? (Forseti hringir.) Getur hæstv. menntamálaráðherra upplýst okkur um hversu virkt það hefur verið að undanförnu?

[11:07]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég vil benda á, af því að við erum að ræða fundarstjórn, að í ræðustól koma hv. þingmenn, sumir trekk í trekk, til að spyrja menn hér spurninga og reyndar, það sem verra er, að gera þeim upp skoðanir. Því var hér haldið fram áðan af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, þegar hann átti að ræða um fundarstjórn forseta, að ég hefði í ræðu í gær haldið því fram að ég væri þeirrar skoðunar að þetta frumvarp stæðist ekki samkeppnisreglur, hvorki íslenskar né evrópskar.

Hv. þingmaður spurði mig (Gripið fram í.) og ég svaraði spurningu hans þrisvar. Í síðara skiptið svaraði ég hv. þingmanni, með leyfi forseta:

„Frú forseti. Hafi ég ekki svarað spurningunni — sem ég svaraði reyndar neitandi áðan — segi ég, frú forseti: Við í stjórnarmeirihlutanum teljum okkur vera á þurru landi hvað varðar þetta frumvarp með hliðsjón af reglum íslensks samkeppnisréttar annars vegar og hins vegar hvað varðar evrópskan samkeppnisrétt."

Af hverju í ósköpunum getur hv. þm. Össur Skarphéðinsson aldrei haft rétt eftir mönnum? Hann gerir mönnum endalaust upp skoðanir (**ÖS:** Ég spurði spurningar.) og gerir það þegar hann á að vera að ræða fundarstjórn forseta. Ég ætla að biðja hv. þingmann, og vonast til þess að hæstv. forseti geri það sama, að ræða um fundarstjórn forseta þegar hann óskar eftir að taka til máls undir þeim lið í stað þess að gera mönnum upp skoðanir og hafa rangt eftir þeim. Það hefur hv. þingmaður gert.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á að það væri eðlilegt að hæstv. menntamálaráðherra og ég sem formaður nefndarinnar mundum svara spurningum sem varpað hefur verið fram. Mér finnst eðlilegt að það verði gert en hvorki hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon né hv. þm. Össur Skarphéðinsson ráða því hvenær ég fer á mælendaskrá eða hvað ég segi. Það er ekki þeirra að ákveða það hvernig aðrir sitja og standa (**ÖS:** Þú verður að standa við orð þín.) en þegar ég horfi yfir salinn þá sé ég hvergi glytta í varaformann Samfylkingarinnar. Ég bíð spenntur eftir því að varaformaður Samfylkingarinnar, sem hefur lýst því yfir að hann sé hlynntur því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, komi hingað og viðri sín sjónarmið. Auðvitað gerir hann það ekki vegna þess að þetta mál er slíkt vandræðamál fyrir Samfylkinguna að maður hefur sjaldan séð annað eins hér í umræðum á þinginu. Það er varaformaður Samfylkingarinnar, sem hlýtur að fara fyrir einhverjum hópi innan þess flokks, hann er nú varla eintrjáningur í þeim flokki, þá væri hann ekki varaformaður. Ég bíð þess hann komi hingað. Hann verður að koma hingað til að viðra sjónarmið sín til þessa máls. Ég hlakka til að fá stuðning þess hv. þingmanns við það frumvarp sem hér er til umræðu (**Gripið fram í:** Af hverju ...) og bíð eftir því að hann geri það. (Gripið fram í.) Ég hef margoft gert það, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Ég hef gert það í tugum þingræðna. En ég bíð eftir og lýsi eftir Ágústi Ólafi Ágústssyni hingað í ræðustól Alþingis. Ég hlakka til að hlusta á hann og mun að þeirri ræðu lokinni halda aðra ræðu mína af þremur.

***Um fundarstjórn.***

Þinghaldið næstu daga.

[11:11]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það er náttúrlega orðin ákaflega athyglisverð fundarstjórn að hér komi upp maður og ræði um fundar-

stjórn forseta, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, og bölsótist út í annan þingmann fyrir að hafa óskað eftir að fá svör frá nefndarformanni, þ.e. Sigurði. Hann kveðst tala þegar honum sýnist. Síðan eyðir hann síðari hluta ræðu sinnar um fundarstjórn forseta í að kalla til mann sem er ekki staddur hér, ég veit ekki af hvaða sökum, og heimtar að hann tali þegar Sigurði Kára sýnist. Þetta er allt saman um fundarstjórn forseta.

Ég veit ekki nema yfirmenn þessa manns í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, sem hefur pýramídaskipulag þannig að varaformaðurinn ræður mestu og væntanlega forseti þingsins næstmestu, eigi að taka þennan þingmann, beygja á honum bakið og kannski veita honum bara refsingu fyrir að haga sér svona á þinginu.

Ég kom hingað til að ræða fundarstjórn forseta. Ég var nú í salnum í allan gærdag og tók ekki á móti pósti en mér barst í gær bréf frá Einari Farestveit, sem er forstöðumaður á nefndasviði, eins og forseti veit. Það er fjölpóstur til þingmanna:

„Vegna tilhögunar þingfunda í þessari viku verða fundir fastanefnda ekki með hefðbundnu sniði. Fastir fundartímar nefnda gilda ekki og nefndarfundir verða haldnir eftir þörfum og boðaðir sérstaklega. Formenn nefnda skipuleggja fundi og fundartíma í samráði við nefndarritara. Með kveðju, Einar."

Nú geri ég ráð fyrir því að Einar tali í nafni yfirmanns síns, sem er forseti þingsins vegna þess að Einar Farestveit, sem er góður maður og gegn, ræður auðvitað ekki fundartímum nefnda eða skipuleggur nefndarfundi í þessari viku eða öðrum. Hann upplýsir að til sé — það er kannski merkilegast við bréfið — að til sé eitthvað sem heitir tilhögun þingfunda í þessari viku. „Vegna tilhögunar þingfunda í þessari viku", segir í bréfinu. Þess vegna óska ég eftir því að forseti, sá sem kjörinn er, upplýsi það sem varaforsetar hér á forsetastóli í gær gátu ekki upplýst, hver er tilhögun þingfunda í þessari viku.

Hver er ástæðan fyrir því að forseti hefur sett eins konar herlög á þingið fyrstu vikuna á árinu 2007? Vikan á að fara öll í að ræða þetta einstaka mál. Það verða ekki nefndarfundir og virðist ekki eiga að leyfa utandagskrárumræðu. Fyrirspurnafundur á miðvikudaginn er í uppnámi þó að fyrirspurnir bíði, ekki einungis frá því þingi var lokið í desember heldur margar fyrirspurnir frá því rúmum mánuði frá fyrir þann tíma. (Forseti hringir.) Ég óska eftir því, forseti, að gerð verði grein fyrir því sem greinilega er til, tilhögun þingfunda í þessari viku.

[11:14]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er augljóst að ríkisstjórnin lítur svo á að því sem næst neyðarástand sé á þinginu. Eins og hér hefur komið fram er allt nefndarstarf þingsins sett úr skorðum, öllu skal til kostað til þess að ríkisstjórnin fái sínu framgengt við að einkavæða Ríkisútvarpið og það fáeinum vikum fyrir næstu alþingiskosningar.

Það hefur verið boðað til fundar í félagsmálanefnd þingsins í matarhléi, núna klukkan eitt. Ég vil í ljósi þess sem hér hefur komið fram beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hvort til standi að gera hlé á þingfundinum þannig að hægt sé að funda með formönnum þingflokka til að ræða þinghaldið í dag og næstu daga. Við höfum ekki enn fengið svör við því hvort til stendur að hafa fyrirspurnatíma á morgun. Við höfum ekki fengið nein endanleg svör við því. Við vitum að búið er að setja allt nefndarstarf úr skorðum eins og hér hefur komið fram. Vísað var í bréf forstöðumanns nefndasviðsins þar að lútandi, en þingflokksformenn og þingmenn eiga kröfu á að vita hvaða áform eru um þinghaldið í vikunni. Ég vil ítreka óskir okkar og kröfur, um að við teljum eðlilegt að á morgun, á fyrirspurnadegi Alþingis, verði fyrirspurnir eins og hefð er fyrir.

[11:16]

**Hlynur Hallsson:**

Frú forseti. Við ræðum fundarstjórn forseta og á undan mér hafa þó nokkrir þingmenn farið fram á það að virðulegur forseti upplýsi þingheim um það hvernig þinghaldinu verði hagað í dag og kvöld og jafnvel nótt. Engin svör hafa borist frá hæstv. forseta og það þykir mér miður. Ég átti satt að segja von á því að við fengjum einhverja línu, einhver svör um það hvernig til standi að haga þinginu í dag. Ég leyfi mér að benda á það, frú forseti, að við vorum hérna til miðnættis í gær og í morgun byrjuðu síðan nefndarfundir snemma, t.d. í samgöngunefnd kl. 8.30 og stjórnarskrárnefnd kl. 9. Við vitum öll að nefndarfundir í dag verða í skötulíki. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom einmitt inn á það að félagsmálanefnd á að hittast á einhverjum skyndifundi í hádeginu í dag. Það er greinilegt að dagskrá þingsins er að riðlast að verulegu leyti. Það virðist ekkert vera augljóst hvort fyrirspurnir til ráðherra sem eru venjulega á miðvikudögum verða á dagskrá á morgun eins og mér skilst að sé hefð á miðvikudögum. Utandagskrárumræður eru settar á ís þó að þær bíði margar. Mér skilst að það sé ekki á dagskrá að hafa neinar utandagskrárumræður alla þessa viku. Er það svo, frú forseti, að Sjálfstæðisflokkurinn ráðskist með dagskrá þingsins? Eru þetta einhverjar ordrur frá hæstv. menntamálaráðherra eða jafnvel hæstv. forsætisráðherra? Mér er spurn.

Ég mundi gjarnan vilja fá svör við þessum spurningum, frú forseti, og ég vona auðvitað að þau verði þannig að málin skýrist eitthvað, að við fáum ekki loðin svör eins og oft eru gefin, að við ætlum að halda áfram eitthvað inn í kvöldið eða það eigi ekki að ræna menn næturs vefninum eða ekki að verulegu leyti eins og talað var um í gær. Það fór allt vel í gær og, frú forseti, það er ekki vegna þess að ég nenni ekki að vinna eða eitthvað svoleiðis eins og stundum hefur verið haldið fram. Hv. formaður menntamálanefndar hélt fram á síðasta þingi að þetta væri jafnvel vegna þess að menn nenntu ekki að vinna eða eitthvað í þá veruna. Það er ekki þess vegna, frú forseti. Ég vil bara fá að vita hversu lengi og hversu mikið á að vinna vegna þess að maður hefur aðra hluti sem maður vill skipuleggja líka.

[11:19]

**Einar Már Sigurðarson:**

Virðulegur forseti. Það er full ástæða til að ræða um fundarstjórn forseta því að það berast engin svör varðandi þær beiðnir sem hér hafa verið margítrekaðar, umfram allt að þingheimur fái einhverja vitneskju um það hvernig til-

högun þingfunda er áætluð í þessari viku.

Það liggur ljóst fyrir að virðulegur forseti virðist hafa rofið hefðbundið samstarf við þingflokksformenn varðandi slíka framvindu. Það virðist vera slíkt neyðarástand í þinghaldinu að ekki sé hægt að hafa eðlilegt samráð á milli flokka um þingstörfin. Nefndastörf eru í uppnámi þessa viku. Það er ekki einu sinni hægt að upplýsa hvað fyrirhugað er að gera í dag eða kvöld eða nótt þannig að óvissan er algjör og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að virðulegur forseti geri a.m.k. grein fyrir því hvað veldur því að forseti treystir sér ekki til að hafa neitt samráð við þingflokksformenn eða þingmannahópinn almennt, þingsalinn, varðandi framvindu þinghaldsins. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að þetta er afar sjaldgæf staða og nálgast trúlega að vera einsdæmi í fyrstu viku nýs árs að þannig skuli þinghald byrja. Það er ekki fyrirheit um góða tíð fram að þinglokum í vor ef svo á fram að halda. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, virðulegur forseti, að forseti gefi sér örlítinn tíma til að ræða við þingheim um þetta sérstaka ástand.

Það vakti athygli mína áðan í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar þegar hann fjallaði sérstaklega um fundarstjórn forseta að hann hafði miklar áhyggjur af því hvernig þingflokkum væri stjórnað í þessu húsi. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður þekki stjórnun á sínum þingflokki og það kom augljóslega fram þar að varaformaður hans flokks stýrir þar öllu, (**Gripið fram í:** ... yfirmaður ...) yfirmaður þingflokksformanns og væntanlega allra þingmanna. Þetta skýrir að sjálfsögðu verulega hvernig hv. þingmaður hefur á stundum hagað málum sínum við stjórn menntamálanefndar, þ.e. aðallega á seinni stigum. Ég hef áður farið yfir það hversu vel hv. þingmaður hefur oft staðið sig þar, en það er greinilegt að þegar varaformaður hans hefur þurft að koma sínum málum fram kann hv. þingmaður að beygja sig. Hann upplifir það greinilega þannig að varaformaður hans er yfirmaður hans og stýrir og stjórnar því hvað hann gerir. Þess vegna kemur hv. þingmaður hér og ræðir ekki um samkeppnisþátt málsins, hv. þingmaður veit vel hvernig staðan er í þeim málum, veit að það muni veikja Ríkisútvarpið ef þetta mál fer fram. Það er líklega það sem hv. þingmaður vill vegna þess að hv. þingmaður vill selja Ríkisútvarpið.

[11:22]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill vegna þessara orða hv. þingmanns taka skýrt fram að forseti hefur haft eðlilegt samráð við þingflokksformenn og átti síðast fund með þeim í gær (Gripið fram í.) en minnir á það samkomulag sem var gert hér fyrir jól um að þegar Alþingi kæmi aftur saman yrði því flýtt um einn dag, það yrði byrjað á 3. umr. um RÚV og það yrði eina þingmálið sem yrði til umræðu. Það er alveg ljóst að hv. þingmönnum liggur mikið á hjarta í þessari umræðu og þurfa greinilega sinn tíma til að ræða þetta þingmál.

[11:23]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í tilefni af frammíkalli tek ég mjög undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um stöðu þingflokksformanna. Þeir eiga auðvitað að líta til allra sinna þingmanna, vera undirmenn þeirra og líta til þeirra hagsmuna allra (**ÖS:** ... þína.)

Ég vil gjarnan nýta þennan tíma til að ræða fundarstjórn forseta og minna á það sem öllum þingmönnum má vera ljóst sem hér sátu fyrir áramót. Ég tek vara við því að hér eru varaþingmenn sem ekki voru hér fyrir áramót en öllum sem hér voru mátti vera ljóst um hvað það samkomulag fjallaði sem við gerðum þá. Það var að ljúka þeim málum sem við vorum með þá og gerðum samkomulag um að ljúka fyrir áramót en síðan kæmum við saman 15. janúar til að ræða eitt þingmál, og önnur þingmál yrðu ekki á dagskrá fyrr en því væri lokið. Mér finnst, hæstv. forseti, menn tala ansi frjálslega um það samkomulag og tala eins og að þeir hafi ekki hugmynd um um hvað það samkomulag fjallaði. Það var bara nákvæmlega svona. Við ætluðum að fjalla um Ríkisútvarpið þangað til því yrði lokið. Menn eiga ekki að gera það lítið úr þingstörfum okkar með því að tala um þau á þeim nótum sem hefur verið gert í morgun. Það er bara ekki við hæfi. Ég hvet þess vegna eindregið til að við höldum áfram að fjalla um Ríkisútvarpið eins og dagskrá kveður á um.

Ég tek einnig fram að forseti hefur haft fullt samráð við þingflokksformenn og almennt hef ég ekki heyrt nokkurn þingflokksformann kvarta yfir því að samráð við forseta væri ekki gott.

[11:25]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er eitthvað málum blandið, bæði í því sem hæstv. forseti segir og því sem hv. þingflokksformaður sjálfstæðismanna segir í ræðustóli. Samkomulagið sem gert var við stjórnarandstöðuflokkana fyrir áramót hljóðaði upp á það að Ríkisútvarpið yrði fyrsta og eina málið á dagskrá í þessari þingviku og við mundum búa til rými á mánudeginum sem ekki var gert ráð fyrir í starfsáætluninni að yrði vinnudagur þingsins. Það var ekkert í samkomulaginu um það að allir þingfundir ættu að byrja kl. hálfellefu. Það var ekkert í samkomulaginu um það að fyrirspurnafundur á miðvikudegi skyldi rjúka út í veður og vind. Það var ekkert í samkomulaginu um það að nefndastarf yrði sett í uppnám og nefndafundum frestað.

Ég vil að hér séu hlutirnir rétt eftir hafðir og ég spyr hæstv. forseta: Er þetta misskilningur í mér? Ég kom sjálf að þessu samkomulagi. (**ArnbS:** Fyrirspurnir eru þingmál.) Fyrirspurnir eru þingmál, kallar hv. þingflokksformaður sjálfstæðismanna fram í. Í mínum huga eru fyrirspurnirnar ekki þingmál. Það er bara ákveðinn dagur í starfsáætlun þingsins sem er alltaf ætlaður undir fyrirspurnir og mér hefði fundist eðlilegt að við tækjum það þá fram ef gert hefði verið ráð fyrir því í samkomulaginu að sá dagur fyki og það yrði rætt um Ríkisútvarpið á miðvikudeginum.

Í öllu falli var ekki innifalið í samkomulaginu að nefndarfundir lægju niðri. Það var ekki innifalið í samkomulaginu að unnið yrði til miðnættis eða fram á nætur alla þessa daga. Það var ekki innifalið að byrjað yrði kl. hálfellefu hvern einasta dag. Ég vil að hæstv. forseti staðfesti þetta sem ég hef nú sagt.

[11:27]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er vísað í samkomulag sem gert hafi verið fyrir jól, í desember þegar við gerðum hlé á þinghaldinu. Ég kom að þessu samkomulagi beint. Það snerist um það að fresta 3. umr. um Ríkisútvarpið (**Gripið fram í:** Fram yfir áramót.) fram yfir áramót. Það snerist um það að við mundum greiða fyrir þingstörfum varðandi önnur þingmál sem þá lágu fyrir þinginu. Við féllumst auk þess á að þingið kæmi saman degi fyrr en til hafði staðið. Lengra náði þetta samkomulag ekki. Við heyrðum hins vegar þann ásetning ríkisstjórnarinnar að reyna að afgreiða frumvarpið um Ríkisútvarpið hið allra fyrsta. Gera menn sér ekki grein fyrir því að við viljum þetta frumvarp út af borðinu? Ímynda menn sér að við höfum samið um að klára málið? Hvers konar rugl er þetta? Ég lýsti því yfir þá í ræðustól og í fjölmiðlum að nú vaknaði sú von í brjósti að þessi ómynd yrði aldrei að landslögum. Þetta var öllum ljóst og við gerðum ekkert samkomulag um aðra þætti. Við heyrðum þann ásetning ríkisstjórnarinnar, hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, að málinu yrði lokið á fáeinum dögum. Við hlustuðum á þann ásetning. Við sömdum um ekkert í þeim efnum. Það er staðreynd og ég neita því að slíkt sé borið upp á okkur því að það er rangt, það var ekki svo. Við féllumst á þá þætti sem ég þegar hef nefnt og ekkert annað.

Varðandi samráð og samstarf við þingflokksformenn hefur það verið ágætt við hæstv. forseta þingsins. Hins vegar þurfum við að gæta okkar á því að gefa ekki orðum rangt innihald þegar talað er um samráð um það sem nú er að gerast. Við höfum hlýtt á boðskap hæstv. forseta og vilja ríkisstjórnar landsins og stjórnarmeirihlutans. Við höfum haft við það að athuga að hér yrðu ekki fyrirspurnir á morgun. Við höfum óskað eftir því að fram fari utandagskrárumræður þessa viku og við stöndum fast á þeirri ósk að svo verði gert. Ég hef nú þegar sett fram þá ósk að hlé verði gert á þessum þingfundi og að við komum saman til að ræða nákvæmlega þessi efni, fyrirspurnatímann á morgun og utandagskrárumræður á komandi dögum.

[11:30]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Áðan var úr forsetastóli rætt um samkomulag. Því miður var forseti ekki viðstödd umræður í gær þegar einnig var rætt um þetta samkomulag. Þá var varaforseti hér Birgir Ármannsson og tjáði sig sem betur fer ekki mikið um þetta samkomulag.

Eins og mér var sagt frá þessu og ég skildi það opinberlega og frá mínum þingflokksformanni var samkomulagið þannig að þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar féllust á það góðfúslega að þingið hæfist einum degi fyrr en áætlað var á starfsáætlun þeirri sem forseti Alþingis dreifði í haust. Mönnum skildist að forseti ætlaði sér að nýta þennan eina dag, mánudaginn í gær, 15. janúar, til að taka á dagskrá frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. og hefja 3. umr. Á það var fallist og látið gott heita. Það þýddi auðvitað að í gær var hafin umræða kl. 13.30 á hefðbundnum þingflokksfundatíma á mánudegi og haldið áfram í gær án þess að nokkrir aðrir liðir þvældust fyrir. Venjulega er það þannig, forseti, til upplýsingar að á mánudögum er ekki hafist handa við þingfundi kl. 13.30, heldur eru þingflokksfundir þá og síðan hefst þingið annan hvern mánudag á því að ráðherrar svara óundirbúnum fyrirspurnum. Ekkert samkomulag var mér vitanlega, og það staðfestist í orðum síðasta hv. ræðumanns, Ögmundar Jónassonar, gert um það að þingið væri sett í einhvers konar neyðarástand, uppi væru höfð einhvers konar herlög í staðinn fyrir venjulega dagskrá samkvæmt þingsköpum.

Allra fráleitast er það ef forseti ætlar sér að sleppa á morgun fyrirspurnatíma sem er góður og gildur liður í dagskrá þingsins og getur einmitt m.a. hjálpað til við að skýra mál sem eru á dagskrá. Þannig er t.d. háttað að ég sendi inn í fyrra, ég hygg að það hafi verið í október, tvær mjög mikilvægar fyrirspurnir sem varða efni þjónustusamningsdraganna sem við erum að tala um í þessari umræðu. Önnur er um skilgreininguna á innlendu efni og hin um skilgreininguna á sjálfstæðum framleiðanda. Ég hef fengið svar við annarri þessara fyrirspurna en ekki við hinni. Ég gerði það af ásettu ráði í gær í framsöguræðu minni sem talsmaður minni hluta menntamálanefndar að láta þetta eiga sig vegna þess að ég bjóst við að þessari fyrirspurn yrði svarað (Forseti hringir.) og þess vegna gæfist tækifæri til að tala um hana síðar í umræðunni. Ég vonast til þess að forseti sjái til þess að sú fyrirspurn komist á dagskrá og henni verði svarað (Forseti hringir.) því að það mundi einmitt hjálpa til við að greiða úr því máli sem hér er til umræðu.

[11:34]

**Hlynur Hallsson:**

Frú forseti. Við erum að ræða undir liðnum fundarstjórn forseta um það samkomulag sem gert var um störf þingsins og virðulegur forseti átti aðild að. Það eru greinilega eitthvað skiptar skoðanir um hvað þetta samkomulag fól í sér. Mér sýnast vera algjörlega tveir pólar í því. Það eru hv. þingmenn eins og Ögmundur Jónasson sem var beinn þátttakandi í þessu samkomulagi, maður sem ég treysti, og ég hef enga ástæðu til að efast um orð hans. Það var samkomulag um að þetta yrði fyrsta mál á dagskrá og að auk þess mundu þingmenn mæta einum degi fyrr úr jólafríi sem er auðvitað ekkert jólafrí. Menn voru auðvitað á þeytingi, m.a. sat fólk í menntamálanefnd á stífum fundum milli jóla og nýárs og strax í byrjun janúar og aðrir þingmenn voru í sínum kjördæmum að hitta kjósendur á mikilvægum fundum hér og þar en féllust góðfúslega á að mæta einum degi fyrr, strax á mánudegi, og byrja auk þess daginn snemma á þingfundi, nefndarfundum auðvitað strax og þingfundi óvenjusnemma á mánudegi. Eins og hv. þm. Mörður Árnason kom inn á líka voru ekki neinar óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra á þessum mánudegi heldur var talað mjög mikið og ítarlega og lengi og vel um þetta frumvarp um Ríkisútvarpið ohf.

Ég vil einnig ítreka ósk mína, frú forseti, um að þingheimur verði upplýstur um það hvernig dagskráin á að vera í dag. Er meiningin að halda hér kvöldfund? Ég væri líka alveg til í að fá skýringu á því hvað orðið „kvöldfundur" felur í sér. Nær kvöldfundur fram yfir miðnætti? Það var annar hæstv. forseti sem hélt því fram að skilgreiningin næturfundur væri ekki til, það væri bara kvöldfundur og

kvöldfundur gæti staðið til kl. 6 næsta morgun þess vegna. Það þykir mér afar merkilegur skilningur. Þetta mál er þess eðlis að það er hægt að fresta umræðu um það og sérstaklega þegar fram koma (Forseti hringir.) nýjar upplýsingar eins og gerðist í þessu máli.

[11:37]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, til að hvetja menn til að greiða fyrir þingstörfum (**ÖS:** Ég ætla að gera það.) og minna á það samkomulag sem gert var fyrir áramótin um að við mundum taka fyrir þetta frumvarp. Ég vil bara staðfesta að í mínum huga er ekki nokkur vafi um þann ásetning hv. þm. Ögmundar Jónassonar að koma frumvarpinu út af borðinu eins og hann orðar það. Ég leyfi mér að efast um að nokkrum einasta manni dyljist að þarna er mjög harður ásetningur og við megum búast við því að hann hagi þingstörfum sínum með þeim hætti að gera sitt besta til þess að svo megi verða. Við velkjumst ekki í neinum vafa.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson tekur það fram að hann hafi heyrt af þeim ásetningi að við mundum ætla að ræða þetta mál. Það þýðir, a.m.k. í mínum huga, að hann vissi af þessum ásetningi, hann vissi hvernig við ætluðum að haga störfunum og að hér stæði þá til að klára þetta þingmál. Það var ásetningur okkar og að mínu viti það sem þetta samkomulag innihélt. Það að taka ekki fyrir önnur þingmál þýðir líka að fyrirspurnir sem eru þingmál yrðu þá ekki á dagskrá fyrr en þessu máli væri lokið. Ég tel að hér sé fullkomlega eðlilega að málum staðið og að við eigum að halda okkur við það að einbeita okkur að þessu merka máli, draga fram öll góð sjónarmið þannig að allt sé rætt í þaula hvað varðar þetta merka frumvarp og eigum að halda okkur við það vinnulag þangað til því er lokið.

Svo er rétt að benda á að menn hafa auðvitað lagt mikið á sig hér eins og hv. þm. Hlynur Hallsson tók fram, hér var fundað í menntamálanefnd þannig að þar voru líka dregin fram öll þau hugsanlegu sjónarmið sem hægt er að draga fram í einu máli. Hér hefur verið mjög vel að verki staðið af hálfu allra þeirra þingmanna sem að þessu máli hafa komið. Eins og ég segi, ég hvet okkur til að halda áfram með málefnalega umræðu um málið.

[11:40]

**Einar Már Sigurðarson:**

Virðulegur forseti. Ég þakka forseta fyrir þau svör sem ég fékk áðan við ræðu minni og fyrirspurnum. Það verður þó að segjast að ég var ekki fyllilega sáttur við öll þau svör því að mér fannst á skorta nokkuð um upplýsingar en ég ætlast ekki til þess af virðulegum forseta að önnur tilraun verði gerð til svara, ég vil aðeins hvetja forseta til að halda fund með þingflokksformönnum hið fyrsta því að mér sýnist hafa bæst í ástæður þess að svo verði gert. Í fyrsta lagi er eiginlega ekki viðeigandi að í þingsal séu hv. þingflokksformenn að ræða saman um hvað þeir telji að hafi verið í samkomulaginu sem gert var fyrir jól. Ég held að það sé eðlilegt að virðulegur forseti kalli þingflokksformenn saman og fari yfir það þannig að reynt verði að samræma út á hvað þetta samkomulag gekk þannig að við í þingflokkunum getum síðan fengið um það upplýsingar frá þingflokksformönnum okkar. Það væri þá ekkert vafamál ef eitthvað þyrfti að rifja upp hvað þarna fór fram. Það er augljóst mál að það eru eitthvað mismunandi skoðanir á því milli nokkurra hv. þingflokksformanna.

Það er annað sem virðulegur forseti sagði einnig sem ég tel eðlilegt að reynt verði að útskýra. Ég ætlast svo sem ekki til að virðulegur forseti geri það af forsetastóli en ég held að þarft væri að það yrði gert á slíkum fundi með þingflokksformönnum, þ.e. orðalagið „eðlilegt samráð". Ég taldi eðlilegt samráð ekki hafa átt sér stað milli forseta og þingflokksformanna varðandi þinghaldið. Það má skilja það orðalag á mismunandi hátt en ég tel það ekki eðlilegt samráð þegar samráðið felur það eingöngu í sér að virðulegur forseti gefi tilkynningar um það hver fyrirætlun virðulegs forseta sé varðandi þinghaldið en það sé raunverulega engin umræða og ekki komið til móts við þingflokksformenn um hvaða fyrirkomulag er á því haft. Ég hefði haldið að eðlilegt samráð væri þannig að menn reyndu að ná sameiginlegri niðurstöðu. Valdið er hins vegar forsetans ef ekki tekst að úrskurða um hvað skuli gera. Miðað við upplýsingar mínar hefur ekki verið reynt til þrautar að reyna að ná einhverju samkomulagi um a.m.k. rammann á þinghaldinu, heldur virðist þetta vera í tilskipunarstíl sem ég held að sé ekki vænlegur til árangurs.

Ég vil í fullri vinsemd, virðulegi forseti, hvetja til þess að forseti kalli þingflokksformenn til fundar og geri ítrekaða tilraun til að ná utan um málið, bæði það samkomulag sem gert var fyrir áramótin þannig að allir hafi á því sama skilning og reynt verði að fara yfir þinghaldið næstu daga og reynt að ná samkomulagi um t.d. utandagskrárumræður og fyrirspurnatíma þannig að við þurfum ekki að hafa margar senur hér undir fundarstjórn forseta um þessi sömu mál.

## *Ríkisútvarpið ohf., frh. 3. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708.

[11:43]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið fróðlegar og skemmtilegar umræður í morgun og hafa varpað ljósi á ýmsa þætti þess máls sem við ræðum nú og er held ég að verða eitt versta stjórnarfrumvarp sem hefur komið fyrir Alþingi í háa herrans tíð þar sem útreið hæstv. menntamálaráðherra er að verða með algerum ólíkindum. Það er búið að afgreiða málið fimm sinnum út úr menntamálanefnd Alþingis, í öll skiptin að því er skilja má stjórnarmeirihlutann, í síðasta sinn. Í hvert einasta skipti hefur málið tekið stakkaskiptum, rekstrarformin hafa breyst og hæstv. menntamálaráðherra og forusta stjórnarflokkanna í menntamálanefnd hafa hrakist stanslaust undan í málinu frá því að það kom fyrst inn í sali Alþingis í upphafi þessa kjörtímabils og nú stefnir í mikið óefni.

Það urðu miklar umræður um málið í þinginu í gær og

ég mun fara yfir það næstu mínúturnar og klukkutímana af hverju þetta mál er jafnafleitt og raun ber vitni. Þar kemur margt til og það hefur, ef eitthvað er, versnað núna í meðförum þingsins, sérstaklega eftir að gert var ljóst í mjög hörðum umræðum í gær að hæstv. menntamálaráðherra hefði leynt þingið mjög mikilsverðum gögnum, gögnum sem varða rekstrarform Ríkisútvarpsins og tilvist þess til framtíðar. Það eru gögn sem snúa beint að því hvort ríkinu sé heimilt samkvæmt Evrópureglum að reka ríkisfjölmiðil sem opinbert hlutafélag sem nýtur allra þeirra fyrirgreiðslna og ívilnana sem opinbert fyrirtæki gerir með opinberu fjármagni upp á 2 milljarða á ári í samkeppni við einkarekna ljósvakamiðla á sama tíma. Gangi það eftir og félli málið þannig gagnvart Ríkisútvarpinu að þetta væri óeðlileg samkeppnisstaða sem ekki væri hægt að una gæti Ríkisútvarpið þurft að standa í háum skaðabótagreiðslum sem mundu að sjálfsögðu ógna tilvist útvarpsins. Nefnd hafa verið dæmi frá TV2 í Danmörku þar sem samkeppnisstofnun þar komst að þeirri niðurstöðu að niðurgreiðsla hins opinbera á rekstrarhluta þess bryti í bága við lög og reglur og þar væri um að ræða óeðlilega niðurgreiðslu á auglýsingum með opinberu fé.

Það var mjög alvarlegt þegar það var upplýst hér í gær að hæstv. menntamálaráðherra hefði bókstaflega leynt tilvist þessara gagna, leynt sinn eigin formann menntamálanefndar tilvist þessara gagna þannig að þingið gæti ekki fjallað um þessi mikilsverðu gögn sem varða tilvist og rekstrargrundvöll útvarpsins til allrar framtíðar. Hæstv. menntamálaráðherra sat hér í gær undir þeim alvarlegu ásökunum að hafa leynt Alþingi Íslendinga þessum gögnum, gerði í raun og veru engar tilraunir til að bera það af sér sem orð er á gerandi og sat eftir með það að málið er að því leyti í uppnámi, þó svo að ríkisstjórnarflokkarnir kysu að keyra það í gegn og gera það að lögum með gildistöku 1. apríl sem er rétt tæpum sex vikum fyrir alþingiskosningar. Að sjálfsögðu er það algjört grundvallaratriði, ætli meiri hlutinn í þinginu að gera málið að lögum á næstu vikum, að gildistökuákvæðinu verði frestað fram yfir kosningar til að nýrri ríkisstjórn í vor geti gefist ráðrúm til að breyta lögunum aftur áður en þau taka gildi þannig að það verði ekki of mikið rót á rekstri Ríkisútvarpsins. Þetta er þáttur af því sáttaboði sem fór fram af hálfu stjórnarandstöðunnar fyrir skömmu.

Eitt af því sem ég ætlaði að fjalla sérstaklega um í dag og hef fjallað um oft og ítarlega í umræðum um Ríkisútvarpið, í öllum fjórum umræðunum sem hafa farið fram um það nú þegar, er staða Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Í fyrsta lagi held ég að staða Ríkisútvarpsins sem opinbers hlutafélags á auglýsingamarkaði án nokkurrar takmörkunar á kostun og auglýsingasölu sé mjög óeðlileg og ósanngjörn gagnvart einkareknu ljósvakamiðlunum. Ísland er að sjálfsögðu afskaplega lítill markaður fyrir fjölmiðla og það er algjört grundvallaratriði að stjórnvöld gæti hófs og sanngirni gagnvart annarri fjölmiðlun í landinu en þeirri opinberu sem stjórnvöld standa sjálf að.

Það er í fyrsta lagi umdeilanlegt hvort ríkið sem slíkt eigi að vera að vasast í fjölmiðlarekstri með neinum hætti. Það er t.d. ekki gefið út ríkisrekið dagblað á Íslandi eða ríkisrekin tímarit og það hljóta að vera ástæður fyrir því. Jú, slík útgáfa er miklu betur komin í höndum einkaaðila. Með sama hætti er það algjört grundvallaratriði að við, Alþingi Íslendinga, sköpum aðstæður og umhverfi fyrir einkarekna fjölmiðlun í landinu, að einkarekin ljósvakamiðlun fái þrifist á þeim litla markaði sem 300 þúsund manna þjóð býður upp á og er auk þess í samkeppni við heiminn allan í gegnum gervihnattastöðvarnar, við internetið þar sem ofurfjölmiðlun á öllum sviðum flæðir nú yfir fólk. Það mun verða sífellt örðugra í framtíðinni að halda úti arðvænlegum ljósvakarekstri þar sem samkeppnin við aðra miðlun, sérstaklega við netið og erlenda miðlun í gegnum gervihnetti, er svo mikil sem raun ber vitni. Þess vegna er mjög óeðlilegt að ríkið skapi nú þá aðstöðu fyrir Ríkisútvarpið sem á áfram að vera ríkisútvarp. Ég er sannfærður um að við sem þjóð og ríki eigum að halda úti öflugu almannaútvarpi, ég held að það séu ástæður og rök fyrir því, sem er ekki sjálfgefið eins og ég sagði áðan, að hið opinbera haldi úti öflugri fjölmiðlun í útvarpi og sjónvarpi þar sem skilgreint er sérstaklega hvernig efni hún miðlar, fréttatengdu, menningartengdu efni sem er ekki boðið upp á annars staðar. Það eru menningarleg og samfélagsleg rök fyrir því að ríkið haldi úti öflugu almannaútvarpi og þess vegna eigum við að nota þetta tækifæri, þegar verið er að setja ný lög um Ríkisútvarpið, til að endurskilgreina inntak hins nýja almannaútvarps til framtíðar um leið og við finnum því það rekstrarform sem er heppilegast fyrir almannaþjónustu, rekstur sem er byggður á þjónustu við fólkið eins og margar aðrar frægar sjálfseignarstofnanir í íslensku samfélagi. Þeim er ekki haldið úti með það að markmiði að græða fé heldur til að þjónusta fólkið. Hlutafélagaformið hefur gefist afskaplega vel í samkeppnisrekstri hvers konar sem haldið er úti á ýmsum sviðum en það er algjörlega fráleitt rekstrarform utan um almannaþjónustu. Þar eru sjálfseignarstofnunarformið og ýmis önnur rekstrarform miklu betri. Utan um hvers konar „public service", almannaþjónustu, er hlutafélagaformið fráleitt. Það er bara ein ástæða fyrir því. Ef opinberri stofnun er breytt í hlutafélag og um það eru mýmörg dæmi, þ.e. ef það á að selja hana og einkavæða, þá er það sjálfsögð millilending, sjálfsagt skref í þá átt að selja stofnunina að gera hana fyrst að hlutafélagi og taka svo einhverjum missirum seinna skrefið til fulls og selja hana. Ég er sannfærður um að það er markmið Sjálfstæðisflokksins í ríkisútvarpsmálinu.

Sjálfstæðisflokknum er ekki umhugað um almannaútvarpið. Hann vill, að ég held, ef marka má þingmál frá mörgum af þeirra öflugustu og herskáustu þingmönnum, selja Ríkisútvarpið og þessi málarekstur hér er liður í því, jafneinkennilega og þetta kemur út fyrir fjölmiðlamarkaðinn allan, skekkir alla myndina. Fyrst á að reyna að styrkja ákveðna þætti rekstursins á kostnað einkarekinnar fjölmiðlunar sem gæti síðan haft mjög alvarlegar afleiðingar félli samkeppnisdómur yfir rekstri stofnunarinnar á þá leið að þar væri óeðlilega að hlutum staðið og samkeppnisforskot Ríkisútvarpsins væri óeðlilegt. Samkeppnisráðið komst að þeirri niðurstöðu að það yrði að taka Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði eða stofna sérstaka rás utan um almannaþjónustuhlutverkið og aðra þar sem seldar væru auglýsingar á.

Við höfum talað fyrir því að huga verði að því af því að

fjármögnun Ríkisútvarpsins er blönduð, annars vegar með ríkisframlagi og hins vegar með sérstökum tekjum, auglýsingatekjum, að það hlutfall lækki frá því sem nú er og verði ekki hærra en 15–20% af heildartekjum Ríkisútvarpsins. Þetta lagði Samfylkingin til í fréttatilkynningu þann 7. desember þar sem hún kynnti afdráttarlaust stefnu sína í málefnum Ríkisútvarpsins og sagði að við vildum sjálfstætt og öflugt almannaútvarp. Hugmyndir okkar miða að því að skerpa sérstöðu Ríkisútvarpsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði jafnframt því að skapa öðrum fjölmiðlum eðlilegt svigrúm til að dafna í heilbrigðu samkeppnisumhverfi. Samfylkingin telur að frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. nái ekki þessum markmiðum en viðhaldi pólitískri íhlutun sem vegi að sjálfstæði stofnunarinnar. Frumvarpið veldur mikilli óvissu um framtíð Ríkisútvarpsins og líklegt er að samþykkt þessi fylgdu auknar deilur og málaferli heima og erlendis. Þau málaferli gætu ógnað tilvist Ríkisútvarpsins til allrar framtíðar. Þess vegna var það svo alvarlegt að hæstv. menntamálaráðherra skyldi leyna gögnunum sem lúta að samskiptum íslenskra stjórnvalda og ESA af því að þau snúa að því grundvallaratriði til hvers málaferlin gætu leitt.

Hugmyndir Samfylkingarinnar miða að því að skapa sátt á milli andstæðra sjónarmiða og fá starfsfrið um Ríkisútvarpið til allrar framtíðar. Því leggjum við til að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun með eigin stjórn sem Alþingi kýs. Að auki eigi starfsmenn Ríkisútvarpsins fulltrúa í stjórninni þannig að tryggt sé að ekki myndist ríkisstjórnarmeirihluti í henni. Eins og frumvarpið er lagt upp nú og liggur fyrir Alþingi kemur hæstv. menntamálaráðherra sér upp pólitísku kverkataki á stjórn Ríkisútvarpsins með því að kjósa stjórnina á hverju einasta ári og meiri hlutinn í henni verði alltaf ríkisstjórnarmeirihluti. Þetta er mjög alvarlegt mál þar sem það skiptir öllu máli fyrir öflugt almannaútvarp til framtíðar að það fái sjálfstæði og vinnufrið frá pólitískri íhlutun ríkisstjórnarmeirihluta hverju sinni.

Fréttastjóramálið dæmalausa fyrir nokkrum missirum síðan var skólabókardæmi um það hvað pólitísk íhlutun getur leikið opinberan fjölmiðil hrikalega. Ríkisútvarpið og fréttastofan lifðu það vissulega af og biðu engan skaða af. Það var af því að innstæða fréttastofunnar var óhemju mikil og er óhemju mikil hjá þjóðinni og skakkaföllin voru ekki svo alvarleg að henni tækist ekki að rétta úr kútnum aftur. Þar var gerð atlaga af Framsóknarflokknum til að koma sér upp sínum fréttastjóra og ná þannig einbeittari og auknum pólitískum ítökum inni á fréttastofunni og í fjölmiðlinum. Þetta pólitíska tak þarf að losa um. Samfylkingin leggur mikla áherslu á að hin nýja sjálfseignarstofnun sem við viljum stofna utan um Ríkisútvarpið sé með sína eigin stjórn, útvarpsráð verði lagt niður og að auki eigi starfsmenn fjölmiðilsins sinn fulltrúa í stjórninni, það sé tryggt að aldrei myndist ríkisstjórnarmeirihluti í stjórninni þannig að meiri hlutinn í þinginu hverju sinni deili þar ekki og drottni og stjórni fjölmiðlinum eftir einhverjum geðþótta stjórnenda hverju sinni.

Við viljum að almenningur eigi að auki aðkomu að stefnumótun Ríkisútvarpsins fyrir tilstilli sérstaks hlustendaþings sem komi saman einu sinni á ári. Útvarpsráð verði lagt niður og pólitísk afskipti af innri málefnum útvarpsins afnumin. Við viljum afnema pólitísk afskipti af innri málefnum en frumvarp menntamálaráðherra, sem við ræðum hér, stóreykur pólitísk afskipti af innri málefnum útvarpsins. Það er hörmuleg öfugþróun og grátlegt að hæstv. menntamálaráðherra skuli leggja þetta fram í sínu frumvarpi. Við viljum, eins og ég nefndi áðan, að fjármögnun útvarpsins verði blönduð, annars vegar með ríkisframlagi og sérstökum öðrum tekjum en hins vegar með auglýsingatekjum sem þó lækki frá því sem nú er og verði ekki hærri en 15–20% af heildartekjum Ríkisútvarpsins.

Við í Samfylkingunni leggjum áherslu á að Ríkisútvarpið er almannaútvarp og út frá því á að ganga. Við viljum að Ríkisútvarpið beiti sér í auknum mæli að því í framtíðinni að miðla efni í samræmi við það í stað þess að standa í blóðugri samkeppni við einkareknu fjölmiðlana um að miðla vinsælu amerísku sjónvarpsefni hverju sinni. Dagskrárstefnan ætti fremur að miðast við vandaðan fréttaflutning, menningarmiðlun, fræðslu og lýðræðislega umræðu.

Hlutverk almannaútvarps er m.a. að halda úti öflugri miðlun upplýsinga af dægurmálum, öflugri fréttaþjónustu og halda uppi, styrkja og styðja við bakið á lýðræðislegri umræðu. Það gerir Ríkisútvarpið með mjög myndarlegum hætti og margvíslegum. Kastljósið í Ríkissjónvarpinu er gott dæmi um það, frábær sjónvarpsþáttur þar sem haldið er úti mjög öflugri, vandaðri en samt gagnrýninni samfélagslegri umræðu á hverju einasta kvöldi, nema laugardagskvöld.

Sex daga vikunnar er Kastljósið í loftinu og er meginþáttur í lýðræðislegri miðlun útvarpsins. Þátturinn er á besta sjónvarpstíma, klukkan tuttugu mínútur í átta á hverju einasta kvöldi á eftir fréttum. Áhorfið er gífurlega mikið og áhrif slíkra þátta á íslenskt þjóðlíf eru gífurleg. Við horfðum t.d. í gær á hv. formann Samfylkingarinnar, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, valta yfir hæstv. fjármálaráðherra í umræðum um evru og gengismál. Þar kom fjármálaráðherra eins og af fjöllum. Þetta var mjög skemmtilegt sjónvarpsefni en í leiðinni mikilvægt fyrir lýðræðislega umræðu um stjórnmál í landinu. Þetta getur Ríkisútvarpið gert skínandi vel.

Nefna mætti marga aðra þætti en Kastljós, það mætti nefna marga fyrirtaks þætti af Rás eitt, úr útvarpinu, sem gegna svipuðu hlutverki. Það mætti t.d. nefna Spegilinn frá í gær. Þar var útvarpað með ítarlegum hætti umræðum af þinginu frá því fyrr um daginn, um Ríkisútvarpið. Fyrst kom frétt í útvarpinu, stutt frásögn en svo var ítarleg 7–9 mínútna fréttaskýring þar fjallað var betur um málið. Þar er frábær fréttaskýringarþáttur í Ríkisútvarpinu strax á eftir fréttum. Margir aðrir þættir eru á dagskrá og fjalla um hin ýmsu mál. Áður fyrr voru t.d. þættir sem fjölluðu sérstaklega um sjávarútveginn o.s.frv.

Við viljum halda úti slíkri miðlun upplýsinga í almannaútvarpi inn í framtíðina. Við getum ekki gert slíkar kröfur til einkareknu miðlanna með sama hætti þótt einkareknu ljósvakamiðlarnir, t.d. Stöð 2 og margar útvarpsstöðvar hafi í rauninni að mörgu leyti verið í fararbroddi fyrir miðlun efnis sem flokkast undir öflugt efni í almannaþágu, skemmtilegt efni um dægurmál, fréttir og stjórnmál. Við þekkjum fræga þætti eins og Silfur Egils sem hefur alltaf verið á einkareknum stöðvum, byrjaði á grasrótarstöðinni

Skjá einum fyrir nokkrum árum og varð feikilega vinsæll þáttur sem var svo fluttur yfir á Stöð 2 og hefur dafnað þar prýðilega, þjóðmálaþáttur sem skiptir máli og hefur mikil áhrif á þjóðmálaumræðuna.

Pólitíkin sem Stöð 2 heldur úti einu sinni í viku. Ísland í dag er alla daga, skemmtilegur þáttur sem fjallar um alls konar þjóðfélagsleg málefni. Þetta gera íslenskar sjónvarpsstöðvar mjög vel. Það er þessi miðlun upplýsinga á kjörtíma, í kringum klukkan 20 á kvöldin, 18–20 á kvöldin og fram eftir kvöldi sem mikilvægt er að halda úti. Það skiptir mjög miklu máli fyrir stjórnmálaumræðuna og þjóðfélagsumræðuna í landinu og eflir hið raunverulega lýðræði í landinu og aðgengi almennings að upplýsingum um hvað eina. Menn hlusta á stjórnmálamenn, forustumenn stofnana og fyrirtækja og venjulegir menn og konur ræða ýmis málefni sem skipta okkur öll miklu, hvort sem það eru virkjana- og stóriðjumál eða peninga- og gengismál eða önnur samfélagsleg málefni sem ber hátt nú um stundir í aðdraganda kosninganna.

Aðdragandi kosninganna í vor snýst líka um sjálfstætt og öflugt almannaútvarp. Núna er fyrsta vikan af átta dýrmætum vikum fram að þinghléi 15. mars, þegar lokasprettur inn verður tekinn fram að kosningum. Fyrsta vikan fer í að ræða málefni Ríkisútvarpsins af því að hæstv. menntamálaráðherra hefur farið afleitlega með þetta mál. Hæstv. menntamálaráðherra hefur staðið einstaklega illa að þessu máli um Ríkisútvarpið og hefur hrakist úr þinginu á hverju einasta vori allt kjörtímabilið með málið í ruslakörfunni. Hún kemur alltaf aftur með það að nýju.

Afstaða Framsóknarflokksins í málinu er náttúrlega rannsóknarefni, þ.e. hvernig hún hefur breyst í málinu. Ég ætla að fjalla um það sérstaklega á eftir, út frá flokksþingssamþykktum Framsóknarflokksins á síðustu átta árum. Það var Framsóknarflokkurinn sem kom í veg fyrir það fyrr á kjörtímabilinu að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag og Framsóknarflokkurinn kemur í veg fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn einkavæði og selji Ríkisútvarpið. Ég held að ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði hreinan meiri hluta eða skipti völdum með flokki sem væri lengra til hægri en framsókn þá væri búið að ganga á milli bols og höfuðs á Ríkisútvarpinu. Þá hefði þingmál hv. þm. Péturs Blöndals, Sigurðar Kára Kristjánssonar og Birgis Ármannssonar gengið eftir. Þeir vildu búta Ríkisútvarpið niður og selja á pólitískri brunaútsölu í upphafi kjörtímabils. Það var ekki stoppað af innan Sjálfstæðisflokksins enda hefur hægri armurinn tekið flokkinn yfir eftir formannsskiptin þar í hittiðfyrra.

Ég er sannfærður um að Sjálfstæðisflokkurinn væri búinn að selja Ríkisútvarpið og einkavæða ef hann hefði pólitískan styrk til þess. Framsóknarflokkurinn kom í veg fyrir það og það er gott mál. Það var mjög afdráttarlaus stefna Framsóknarflokksins fram eftir kjörtímabili og á fyrri kjörtímabilum í 90 ára sögu flokksins að breyta Ríkisútvarpinu ekki í hlutafélag. Þeir vildu breyta því í sjálfseignarstofnun eins og Samfylkingin leggur til. En út af einhverri undarlegri eftirlátssemi hefur flokkurinn vikið frá því án þess að hafa fyrir því landsfundarsamþykkt, sem er mjög sérkennilegt. Ég vík að því hér á eftir.

Við höfum rætt töluvert um mikilvægi þess að takmarka umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Ég held að allt of langt væri gengið, ef við þurfum ekki að gera það út af samkeppnisreglum, að taka útvarpið út af auglýsingamarkaði. Ég tel sjálfsagt mál að almannaútvarpi gefist svigrúm til að afla sér tekna á auglýsingamarkaði með sanngjörnum og eðlilegum hætti í viðkvæmu samspili við einkareknu ljósvakamiðlana. Það er of langt gengið að taka Ríkisútvarpið út af markaðnum, það mundi veikja stofnunina og hún yrði að hætta að sinna mörgum mikilvægum þáttum. En það verður að gæta sanngirni og samræmis í því þannig að einkarekin ljósvakamiðlun fái þrifist og dafnað á íslenskum markaði. Og það er sérkennilegt að um leið og Sjálfstæðisflokkurinn undirbýr sölu og einkavæðingu Ríkisútvarpsins skuli hann fyrst ríkisvæða ljósvakamiðlun landsins og stórskaða einkarekna ljósvakamiðlun með þessu furðulega og afleita pólitíska háttalagi. Það er mikilvægt að hér starfi einkareknir fjölmiðlar sem miðla okkur og framleiða íslenskt efni, miðla fyrsta flokks íslensku leiknu efni eins og við þekkjum af Stöð 2, af þáttum eins og Stelpunum sem eru sýndir á Stöð 2 um helgar og marga aðra íslenska leikna þætti auk þess fjölbreytta dægurmálaefnis sem Stöð 2 og 365 dreifa um sjónvarps- og útvarpsstöðvar sínar.

Við verðum að gæta að þeim fjölmiðlum sem njóta engra ívilnana af hálfu ríkisvaldsins. Meðgjöf Ríkisútvarpsins er tveir milljarðar á ári, tvö þúsund milljónir af almannafé. Það er sátt um það í þinginu að við eigum að halda úti almannaútvarpi, að skattborgarar séu þvingaðir til að leggja tvö þúsund milljónir á ári í fjölmiðlarekstur, núna í formi afnotagjalda sem skylt er að greiða. Hér er lögð til versta hugsanlega fjáröflunarleiðin, þ.e. nefskattur. Hann á eftir að verða óvinsæll og umdeildur og grafa undan Ríkisútvarpinu að mínu mati. Alþingi er að ákveða að þvinga fólkið í landinu til að borga tvö þúsund milljónir í þennan fjölmiðlarekstur. Við segjum: Ókei, það eru ástæður fyrir því, menningarleg rök, öryggisrökin, fréttarökin og lýðræðisrökin. Ég er á því að þessi rök haldi og við eigum að halda úti skýrt afmörkuðu almannaútvarpi en ekki t.d. ríkisreknu dagblaði, sem mætti alveg færa rök fyrir eins og ríkisrekstri ljósvaka.

En sá ríkisrekstur sem sölumennirnir í Sjálfstæðisflokknum berjast fyrir núna má ekki verða til þess að stórskaða eða draga úr þeim einkarekstri á ljósvakamiðlum sem nú er. Nú er ríkissjónvarpið í bullandi samkeppni við Skjá einn og Stöð 2 innan lands og að sjálfsögðu fjölda sjónvarpsstöðva um allan heim, internetið og alla þá yfirgengilega miklu fjölmiðlun sem á sér stað í dag. Þess vegna þurfum við að gæta að hinu viðkvæma samræmi á milli ríkisrekstrar á ljósvakamarkaði og einkareksturs á ljósvakamarkaði.

Ein hugmynd, einföld leið til að takmarka umfang Ríkisútvarpsins á ljósvakamarkaði af því að þetta þurfa að vera skýrar og gagnsæjar reglur, verði þær settar og það þarf að setja þær, ein hugmynd barst okkur í Samfylkingunni í gær frá borgara utan úr bæ sem var að fylgjast með umræðunum í þinginu af því að þetta mál snertir alla og þjóðin hefur mikinn áhuga á málefnum Ríkisútvarpsins. Það er eitt af þeim málum sem á að kjósa um í vor og þess vegna er fáránlegt að keyra svo róttækt og mikilvægt mál í gegnum þingið örskömmu fyrir kosningar, sérstaklega ef gildistakan

á að vera fyrir kosningar.

Þessi tillaga er svona: Af hverju ekki að skoða þann möguleika sem gengur t.d. í Þýskalandi, þar sem útvarpslagaumhverfið byggir á breska kerfinu, BBC-fyrirkomulaginu, sem ég held að sé fyrirmynd allra fjölmiðla í heiminum. En BBC er, held ég, langbesti fjölmiðill í allri veröldinni. Því er einatt haldið fram af þeim sem hafa yfirsýn yfir sjónvarpsheiminn að Bretum hafi tekist sérstaklega vel að byggja upp almannafjölmiðil sem framleiðir mikið af bæði leiknu efni og öðru frábæru sjónvarpsefni sem er selt út um allan heim. Til að viðhalda sáttinni eru lág afnotagjöld þar og ríkir mikil sátt um BBC. Það var ekki tekist á um BBC á þeim 18 löngu árum sem íhaldið ríkti í Bretlandi frá 1979 til 1997 og einkavæddi þar allt milli himins og jarðar. Þá kom aldrei til tals að hrófla við ríkisútvarpinu eða stíga skref í átt að einkavæðingu þess. Það ætlar íslenska íhaldið að gera núna rétt fyrir kosningar, þar sem íhaldið á Íslandi, hægrisinnaða íhaldið sem nú ræður Sjálfstæðisflokknum, stígur fyrstu skrefin í átt að því að einkavæða Ríkisútvarpið. Það er einstaklega sérkennilegt.

En áfram með þessa tillögu. Þar er vitnað til þýska útvarpslagaumhverfisins sem byggir á BBC-kerfinu. Þar mega ARD, sem er þýska ríkissjónvarpið og dótturstöðvar, og ZDF ekki hafa tekjur af kostun. Það er fyrsta takmörkunin. Þær mega ekki hafa tekjur af kostun og aðeins auglýsa á tímanum 18–20 alla virka daga og einnig á laugardögum en ekki á sunnudögum. Á Íslandi mætti hugsa sér að þetta gilti alla daga vikunnar og þá gætu einkastöðvarnar setið einar að tímanum eftir kl. 20:00 á kvöldin og um það gilti þá engin takmörkun. Ríkisútvarpið hefði þá möguleika á að auglýsa fram að hinum svokallaða kjörtíma, „prime time". Hér eru fordæmi sem hægt er að vinna eftir, segir sá sem sendi okkur í Samfylkingunni erindið. Það er að hans mati einfaldasta leiðin til að leysa málið. Þar með hef ég kynnt þessa tillögu, sem er einföld og ætti að koma vandlega til skoðunar. Þetta þarf að vera mjög einföld leið, að Ríkisútvarpið megi t.d. ekki hafa tekjur af kostun og einungis auglýsa á skilgreindum tíma. Þannig mundum við að mínu mati ná ákveðnu jafnvægi. Þetta þarf ekki að kosta Ríkisútvarpið svo mikið í tekjum en því yrði að mæta með öðrum tekjum. Það væri langbest að Ríkisútvarpið færi á fjárlög í stað þess að taka upp þennan hörmulega nefskatt.

Ég ætla að ljúka hér stuttu yfirliti yfir stefnu Samfylkingarinnar í málinu. Við segjum í fimmta lagi að Ríkisútvarpið verði sem almannaútvarp að vera sjálfstætt, óháð stjórnmála- og viðskiptahagsmunum. Starfsmenn þess eiga að búa við ritstjórnarlegt sjálfstæði sem m.a. tryggir faglega umfjöllun um menn og málefni á vettvangi stjórnmála og atvinnulífs. Skýr aðgreining verði mörkuð í dagskrá Ríkisútvarpsins milli dagskrárgerðar og auglýsinga, og settar verði reglur um kostun sem taki mið af því.

Samfylkingin leggst eindregið gegn hugmyndum um Ríkisútvarpið ohf. í frumvarpi menntamálaráðherra og helstu gallarnir eru — en þeir eru nefnilega fjölmargir og þetta var áður en sá pólitíski atburður varð fólki ljós í gær og á síðustu dögum að hæstv. menntamálaráðherra hefði vísvitandi að því er virtist, bar það a.m.k. ekki af sér, leynt Alþingi mjög mikilvægum gögnum sem snerta sjálfan grundvöll og tilvist Ríkisútvarpsins. (Gripið fram í.) Það er vítavert, það er nefnilega pólitískt vítavert að gera það og það hlýtur að hafa eftirmála. Við sáum það á þeim neyðarlega flótta sem brast á hæstv. menntamálaráðherra í þinginu í gær, þá örvæntingu sem greip hæstv. ráðherra, að það er mjög undarlegt ef það mál hefur ekki einhverja eftirmála, enda grafalvarlegt að leyna Alþingi slíkum megingögnum og leyna tilvist gagnanna. Veit sjálfsagt upp á sig skömmina, hæstv. ráðherrann, enda hefur lítið sést til hennar í dag nema rétt við upphaf þingfundar.

Við í Samfylkingunni leggjumst sem sagt alfarið gegn hugmyndunum um Ríkisútvarpið ohf. og segjum í fyrsta lagi: Hlutafélagaformið greiðir leið að einkavæðingu Ríkisútvarpsins, í heild eða að hluta. Samfylkingin er alfarið á móti einkavæðingu Ríkisútvarpsins og hlutafélagsformið hentar þar að auki, frú forseti, ákaflega illa — eins og ég gat um í upphafi máls míns — starfsemi almannaútvarps. Hlutafélagaformið er einfaldlega óheppilegt form utan um hvers konar almannarekstur. Þess vegna hefur sjálfseignarstofnunarformið verið notað töluvert mikið í íslensku samfélagi utan um hvers konar starfsemi sem er innt af hendi í þágu fólksins en ekki til að græða fé. Þar mætti nefna menntastofnanir, þar mætti nefna stofnanir eins og Náttúrulækningafélagið í Hveragerði, sem er frábær heilbrigðisstofnun, rekin af hugsjónastarfsemi til að bjóða upp á ákveðna þjónustu, breyta og bæta lífsstíl Íslendinga. Sjálfseignarstofnunarformið hefur gefist mjög vel utan um hana. Það mætti nefna þó nokkuð margar aðrar slíkar.

Ég er algjörlega sannfærður um — sérstaklega eftir að hafa farið í gegnum málið fimm sinnum hérna í þinginu og á tugum funda í menntamálanefnd, sem ég tek fram að voru mjög gagnlegir og yfirferðin í menntamálanefnd hefur að mörgu leyti verið alveg prýðileg. Þó að brotlending hafi verið þar í lokin núna rétt eftir áramótin hef ég sannfærst um að sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið er upplagt og einboðið utan um þá almannaþjónustu sem Samfylkingin vill að Ríkisútvarpið inni af hendi. Við viljum ekki byrja á því að ríkisvæða íslenska ljósvakamiðlun, drepa niður frumkvæði og kraftinn í einkareknu miðlunum til þess síðan að selja Ríkisútvarpið og hafa þannig einhver pólitísk yfirráð yfir því hverjir kaupa og reka það. Gera einhverjar pólitískar tilraunir til að reka það eins og einhvers konar flokksfjölmiðil Sjálfstæðisflokksins, sem er náttúrlega ömurlegt fyrirbrigði í íslenskri pólitík, þessi drottnunarárátta Sjálfstæðisflokksins yfir fjölmiðlunum. Fjölmiðlalögin fyrir þremur árum voru tilraun þáverandi forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins til að ganga á milli bols og höfuðs á óþægum einkareknum fjölmiðlum, en forseti Íslands og stjórnarandstaðan komu í veg fyrir að þau yrðu sett, forsetinn með því að vísa málinu til þjóðarinnar og Sjálfstæðisflokkurinn panikkeraði. Sjálfstæðisflokkurinn er óhemjuhræddur við beint lýðræði. Þess vegna voru lögin numin úr gildi og komu aldrei fyrir þjóðina sem hefði, að ég tel, kolfellt lögin, en það er allt annað mál. Þar hefði fólkið talað beint yfir einhverri umdeildustu lagasetningu síðari tíma, sem fjölmiðlalögin voru þar sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að ganga á milli bols og höfuðs á einkareknum fjölmiðlum sem þeir töldu sér ekki þóknanlegir. Svo ömurleg er nú saga Sjálfstæðisflokksins í íslenskum fjölmiðlamálum í okkar eigin samtíma að með ólíkindum er

að það skuli eiga sér stað í nútímalegu lýðræðisþjóðfélagi.

Við teljum að hlutafélagaformið sé sett á til að greiða leið Sjálfstæðisflokksins að því að selja Ríkisútvarpið seinna meir og við höfnum því algjörlega, tökum það ekki í mál að það komi til greina sem rekstrarform utan um almannaþjónustu eins og hér er lagt upp með.

Þá segjum við, frú forseti, óljóst vera um hlutverk nýja fyrirtækisins. Skilgreiningar á hlutverki RÚV ohf. eru óljósar og gefa því undir fótinn að hlutafélaginu sé með aðstoð ríkisstyrks ætlað að keppa á samkeppnismarkaði við aðrar útvarpsstöðvar, m.a. á markaði auglýsinga og kostunar.

Það var það sem ég talaði um áðan, frú forseti. Í leynigögnum menntamálaráðherra er verið að fjalla um samspil ríkisstyrksins og stöðu fjölmiðilsins, Ríkisútvarpsins, á samkeppnismarkaði og hvort sú staða brjóti í bága við samkeppnislög og reglur og Ríkisútvarpinu verði gert að greiða háar skaðabætur seinna meir, jafnvel frá gildistöku laganna sem verði til þess að veikja stórum starfsemi þess, eins og gert var í Danmörku með TV2, það var selt. Hér er hæstv. menntamálaráðherra á miklum villigötum, frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra mun með þessu þrátefli sínu, með þessari pólitísku þráhyggju sem felst í því að ferðin er án fyrirheits. Engin sérstök rök hafa komið fram fyrir því að Ríkisútvarpið eigi að vera hlutafélag en ná má öllum markmiðunum fram án þess, sem sagt hinum stjórnunarlegu markmiðum að breyta innri strúktúr og stjórnskipulagi Ríkisútvarpsins, alveg sama þó að rekstrarformið sé allt annað. Þetta er bara þráhyggja og þrátefli hæstv. menntamálaráðherrans hefur og mun, að ég held, hafa mjög slæmar afleiðingar í för með sér fyrir Ríkisútvarpið seinna meir þegar þessi hæstv. ráðherra verður farin frá völdum, því það eru ekki nema 120 dagar þangað til þjóðinni gefst tækifæri til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn burt úr Stjórnarráðinu og losa þjóðina við Sjálfstæðisflokkinn eftir 16 ár út úr Stjórnarráðinu þannig að hér megi ganga eftir eðlilegir stjórnarhættir og sett verði jákvæð, skynsamleg og uppbyggileg löggjöf t.d. um Ríkisútvarpið, og við séum laus við þessi óeðlilegu og annarlegu sjónarmið sem reka Sjálfstæðisflokkinn út í lagasetningu af hinu og þessu taginu sem við höfum séð svo oft hérna á liðnum árum, fjölmiðlalögin, lög um Ríkisútvarpið og svona mætti áfram telja þar sem annarleg sjónarmið ráða för en ekki þau að efla almannaþjónustu og gera gott viðkomandi stofnun. Við teljum að skilgreiningar á hlutverki RÚV séu óljósar og gefi því undir fótinn að hlutafélaginu sé með aðstoð ríkisstyrks ætlað að keppa á samkeppnismarkaði við aðrar útvarpsstöðvar, m.a. á markaði auglýsinga og kostunar.

Því leggjum við til, eins og ég gat um áðan, að til að byrja með lækki auglýsingatekjur útvarpsins og verði ekki hærri en 15–20% af heildartekjum. Þetta er fyrsta skrefið sem við leggjum til sem er mjög skynsamleg og varfærnisleg nálgun að starfsemi útvarpsins. Engin ástæða er til að ganga hart fram og það þarf að gæta hófs og sanngirni gagnvart Ríkisútvarpinu líka eins og markmiðið er að gæta hófs og sanngirni gagnvart einkarekinni ljósvakamiðlun í landinu, sem er svo mikilvægt að halda úti og treysta. Við eigum að treysta og standa við bakið á einkarekinni ljósvakamiðlun um leið og við eflum og skilgreinum þetta upp á nýtt, almannaútvarpið inn í nýja öld og til framtíðar. Það er þetta sem við eigum að vera að gera í þinginu, frú forseti, að sjálfsögðu.

Í þriðja lagi: Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnarmeirihluti í nýju útvarpsráði ráði útvarpsstjóra og reki að vild. Fyrirtækið er því áfram — sem er algjörlega afleitt, frú forseti, og er fyrsti liður í tillögu Samfylkingarinnar þar sem við leggjum til að sjálfseignarstofnunin verði frelsuð undan oki pólitískra afskipta, en hinir stjórnlyndu sjálfstæðismenn ætla að treysta kverkatakið á Ríkisútvarpinu. Það er náttúrlega alveg með ólíkindum að þurfa að búa svo um hnúta að pólitískt kverkatak Sjálfstæðisflokksins á Ríkisútvarpinu verði treyst enn frekar og hægt sé að herða að þegar það henti, að Sjálfstæðisflokkurinn geti hert kverkatakið þegar hentar og þarf á að halda, alveg með ólíkindum hvernig þetta er lagt upp hérna. Gert er gert ráð fyrir að ríkisstjórnarmeirihluti í nýju útvarpsráði ráði útvarpsstjóra og reki að vild. Fyrirtækið er áfram undirselt flokkspólitískum afskiptum og inngripum ef valdhöfum þykir þurfa. Kverkatakið er áfram og hægt er að herða að ólinni þegar herða þarf að.

Í fjórða lagi, frú forseti: Nefskattur er óheppileg leið til tekjuöflunar og að mínu mati versta hugsanlega leiðin til tekjuöflunar, mun ala á ófriði og ósætti um útvarpið og er alls ekki líklegur til að efla samstöðu um það.

Í fimmta lagi, frú forseti, eins og við fjölluðum töluvert um í nefndinni og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur rætt töluvert mikið um eru réttindi starfsmanna ekki tryggð með þeim hætti sem vera ætti í almannaútvarpi sem ríkisvaldið ber ábyrgð á. Þetta var mjög ítarleg og vel unnin samantekt hjá hv. þingmönnum Merði Árnasyni og fleirum um stefnu Samfylkingar í málefnum Ríkisútvarpsins í hnotskurn, hér er þetta bara í hnotskurn og ástæðurnar fyrir því í fimm stuttum liðum af hverju við leggjumst svo eindregið gegn þessu afleita frumvarpi menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. Ég kynnti sérstaklega áðan af því tilefni óformlegt erindi sem okkur barst í gær, samfylkingarmönnum, um eina leið til að afmarka og skorða af auglýsingatekjur útvarpsins þar sem Ríkisútvarpið fengi ekki að hafa tekjur af kostun og aðeins að auglýsa á tilteknum tímum. Þetta er þýskt fyrirkomulag sem byggt er á breska módelinu sem er það besta sem völ er á enda hefur það getið af sér, að ég held að flestir séu sammála um, besta fjölmiðil í heiminum þ.e. breska ríkisútvarpið, BBC.

Það eru margir aðrir fletir á þessu máli. Einn er afstaða Framsóknarflokksins, hin síbreytilega, í málinu, hin síbreytilega afstaða Framsóknarflokksins og að ég held að segja megi sorgleg útreið hans í málinu. Framsóknarflokkurinn er í grunninn félagshyggjuflokkur, frjálslyndur félagshyggjuflokkur í grunninn sem væri betur kominn í jafnaðarmannastjórn en í þessari hægri stjórn sem er að ganga af honum dauðum og stjórnarsamstarfið er að ganga af flokknum dauðum einmitt og meðal annars út af máli eins og Ríkisútvarpinu þar sem Framsóknarflokkurinn hefur feykst til eins og lauf í vindi eftir því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn blæs, hvernig drottnarinn hagar sér í það og það skiptið og kúskar Framsóknarflokkinn til eins og hvern annan vesaling.

Hvernig var með innrásina í Írak og stuðninginn við

hana? Hvernig var með fjölmiðlalögin og hvernig er með Ríkisútvarpið? Flokksþing Framsóknarflokksins hafa afdráttarlaust kveðið upp úr um það að stefna flokksins er sú að Ríkisútvarpið skuli vera áfram í almannaeigu og að Ríkisútvarpið skuli vera sjálfseignarstofnun. En hver er staðan núna eftir tólf ára undirgefni, eftir tólf ára vist í skítverkunum fyrir Sjálfstæðisflokkinn? Hún er sú að Framsóknarflokkurinn skrifar upp á það að Ríkisútvarpið skuli vera hlutafélag þó að engin landsfundarsamþykkt eða flokkssamþykkt sé fyrir því. Stefna flokksins er alveg kristaltær og skýr, flokkurinn leggst eindregið gegn því að Ríkisútvarpið sé selt og að Ríkisútvarpið sé gert að hlutafélagi.

Framsóknarflokkurinn hefur alveg skýra og einbeitta stefnu í málinu. Hann fylgir henni hins vegar ekki eftir hér í þinginu. Núna í fimmta sinn sem við ræðum málið hefur Framsóknarflokkurinn uppi fimmtu skoðunina á málinu. Í fyrstu lotunum tóku menn eins og hv. þm. Hjálmar Árnason þátt í umræðunum af miklum móð, börðust af miklu kappi og sögðu: Sjáið þið bara til. Við stoppuðum það af að Sjálfstæðisflokkurinn fengi því framgengt að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Það voru einhver sameignarfélög og hitt og þetta sem Framsóknarflokkurinn taldi sér mjög til tekna að hafa knúið fram. Til hvers? spurðu hv. þingmenn Hjálmar Árnason og fleiri úr röðum framsóknarmanna menntamálanefndarfólkið. Til hvers? Til að koma í veg fyrir að Ríkisútvarpið verði selt, til að koma í veg fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn selji Ríkisútvarpið. Núna sjást þeir ekki í umræðunum nema svona rétt til að gera grein fyrir einhverjum jaðarmálum í þessu stóra máli.

Ég ætla að gera íslensku þjóðinni þann greiða að fara aðeins yfir það hver stefna Framsóknarflokksins sé út frá landsfundarsamþykktum og hvernig þetta hefur þróast á síðustu missirum af því að það er, að ég held, einn af lyklunum að þeirri gátu sem er uppi fyrir framsóknarmönnum af hverju fylgið er hrunið af flokknum. Það er bara ein ástæða fyrir því og hún er undirgefni við Sjálfstæðisflokkinn. Undirgefni við Sjálfstæðisflokkinn birtist í nokkrum málum sérstaklega, í stuðningnum við innrásina í Írak, í stuðningnum við fjölmiðlalögin og í stuðningnum við það að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi. Þetta eru þrjú af þeim stóru málum sem ramma inn undirgefni Framsóknarflokksins við Sjálfstæðisflokkinn og ramma inn ástæðuna fyrir því af hverju flokkurinn er rúinn trausti þjóðar og af hverju fylgið er hrunið og farið eitthvert annað. Það eru þessi þrjú stóru mál sem hafa sérstaklega leikið flokkinn grátt á þessum missirum. Ég trega það, virðulegi forseti, eins og ég hef sagt áður, af því að Framsóknarflokkurinn er í grunninn frjálslyndur félagshyggjuflokkur sem er langbest kominn í langvarandi samstarfi við jafnaðarmannaflokk eins og Samfylkinguna í staðinn fyrir að hunskast í þessari hörmulegu vist fyrir og með Sjálfstæðisflokknum.

En við verðum að halda til haga því sem gerst hefur. Árið 1996 ritaði sérstök nefnd sjálfstæðismanna skýrslu um endurskoðun á útvarpslögunum. Í þeirri nefnd sátu Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, Tómas Ingi Olrich, Ásdís Halla Bragadóttir, allt þekkt nöfn úr framvarðasveit hægri vængsins í Sjálfstæðisflokknum. Sú skýrsla gefur mynd af þeim stakki sem sjálfstæðismenn vildu fyrir tíu árum og vilja, að ég held, enn þá sníða RÚV í framtíðinni og finna rammann sem nú liggur fyrir í því frumvarpi sem við ræðum í dag.

Í kjölfarið vildi Sjálfstæðisflokkurinn ná samkomulagi við Framsóknarflokkinn um ný lög um Ríkisútvarpið og byggja þau á þeirri skýrslu. Skipuð var tveggja manna nefnd sem átti að ná saman um að endurskoða lögin um Ríkisútvarpið með einum fulltrúa frá hvorum stjórnarflokkanna. Þetta var strax í upphafi fyrsta kjörtímabilsins árið 1996, 1997 og 1998, þetta er á fyrstu árum Halldórs og Davíðs, og þeir fulltrúar urðu að lokum Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson frá Sjálfstæðisflokki og Gissur Pétursson frá Framsóknarflokki.

En frá nefndinni kom aldrei endurskoðað frumvarp til útvarpslaga. En með mjög afgerandi stuðningsyfirlýsingum frá flokksþingum Framsóknarflokksins, eins og ég gat um hérna áðan, velkist maður ekki í neinum vafa um raunverulegan hug flokksins. Þá fengu hugmyndir Sjálfstæðisflokksins engan framgang hjá Framsóknarflokknum af þeirri einföldu ástæðu að samþykktir flokksþinga og landsfunda Framsóknarflokksins leyfðu það ekki. Stjórnarsamstarfið rúmaði það ekki að Sjálfstæðisflokkurinn fengi stefnu sinni framgengt í þessu máli af því að flokksþing Framsóknar voru hemillinn.

Ég held að það hafi glatt á þeim tíma marga félagslega sinnaða Íslendinga að Framsóknarflokkurinn var þó einhvers konar neyðarhemill á villtustu drauma Sjálfstæðisflokksins yfir í hina klassísku nýfrjálshyggju sem þá hafði verið rekin úti um víða veröld og flokkinn þyrsti í að framkvæma hér á Íslandi eftir nokkuð mikla fjarveru á mælikvarða Sjálfstæðisflokksins frá völdum. Þetta var annað kjörtímabilið eftir Davíð. En staðan er núna sú að flokkssamþykktunum hefur verið vikið til hliðar og flokksmenn Framsóknarflokksins eru ekki spurðir lengur, því miður. Þess vegna er fróðlegt að líta á samþykktir flokksþinganna síðustu missirin sem sýna að áætlunin er að ganga fram hjá þeim samþykktum. Það hlýtur að vera mjög alvarlegt mál fyrir kjósendur og félagsmenn í Framsóknarflokknum að þingflokkurinn ætli að gera það, bara til að hanga á völdunum í 120 daga í viðbót, af því það eru bara 120 dagar eftir af kjörtímabilinu. Þá gefst íslenskum kjósendum tækifæri til að kjósa hægri stjórnina frá og nýja stjórn jafnaðarmanna og félagshyggjufólks að völdum í íslensku samfélagi. Þess vegna er svo undarlegt að Framsóknarflokkurinn ætli að láta það verða eitt af sínum síðustu verkum, áður en flokkurinn gengur þau svipugöng sem fram undan eru til íslenskra kjósenda, að svíkja þessar flokkssamþykktir sem eru svo afdráttarlausar um Ríkisútvarpið. Það er mjög dapurlegur endir á tólf ára setu í ríkisstjórn. Auðvitað hefur flokkurinn gert eitt og annað ágætt en að ramma inn lítilþægnina gagnvart Sjálfstæðisflokknum, ramma inn undirgefnina gagnvart Sjálfstæðisflokknum með því að láta það verða yfirskrift þessa síðasta vetrar kjörtímabilsins að svíkja flokkssamþykktir Framsóknarflokksins í málefnum Ríkisútvarpsins.

Flokksþingið 1999 sagði t.d. að allar rásir útvarpsins verði áfram í ríkiseigu og því ekki breytt í hlutafélag. Samkvæmt þessu frumvarpi er aðeins kveðið á um eina útvarpsrás og leiðin opnuð til að selja Rás 2. En árum saman kom ekkert annað út úr landsfundum sjálfstæðismanna, sem

menn mundu svona þegar rykið var sest, en sú krafa flokksins að það ætti að selja Rás 2. Einnig sagði á sama flokksþingi að Ríkisútvarpinu yrðu tryggð aukin fjárframlög til að það geti betur gegnt menningar- og lýðræðislegu hlutverki sínu, afnotagjöldin haldi verðgildi sínu til að tryggja rekstrargrundvöll þess. Það hefur náttúrlega ekki gengið eftir með neinum hætti.

Þá sagði í sama, því að þetta flokksþing fjallaði töluvert um Ríkisútvarpið, að tryggð væru fjárframlög til dreifikerfis Ríkisútvarpsins til að það geti sinnt hlutverki sínu og náð til allra heimila landsins. Í því skyni verði skoðað m.a. að tiltekin hækkun afnotagjalda verði fastbundin fjárfestingu og endurnýjun í dreifikerfi Ríkisútvarpsins og það verði áfram í eigu þess eða í sjálfstæðri rekstrareiningu. Ekkert í þessa veru hefur gerst, frú forseti. Vonir einhverra standa til að flutningsskyldan leysi dreifiskyldu RÚV með öllu en lausleg könnun sýnir að kostnaðarsamar uppfyllingar í kerfinu leiða ekki til þess og leiða kannski til hærri kostnaðar fyrir Ríkisútvarpið þegar upp er staðið.

Þá sagði flokksþing framsóknarmanna 2001 að löggjöf um Ríkisútvarpið verði endurskoðuð með það að markmiði að tryggja hlutleysi þess og sjálfstæði og stofnuninni verði áfram gert kleift að rækja mikilvægt hlutverk sitt. Svo geta menn metið hvernig þetta hafi gengið eftir.

En til að fara ekki of langt aftur í tímann af því að við erum að deila um rekstrarformið og afstöðu framsóknarmanna í því, þá er ekki lengra síðan en á flokksþinginu 2003 að þar segir, með leyfi forseta:

„Breyta skal rekstrarformi Ríkisútvarpsins í sjálfseignarstofnun sem verði laus við viðskiptaleg, stjórnmálaleg eða önnur hagsmunaleg tengsl."

Þetta segir í landsfundarsamþykkt framsóknarmanna árið 2003.

Þess vegna hljóta fulltrúar Framsóknarflokksins að koma núna og útskýra það fyrir þjóðinni og okkur í þinginu — ég vona að einhver þeirra sé að hlusta — hvernig flokkurinn geti leyft sér að svíkja núna þessa flokksþingssamþykkt og ganga fram hjá henni. Við vitum öll að landsfundir eru æðsta vald í málefnum flokkanna og fram hjá þeim samþykktum er í sjálfu sér ekki gengt í ríkisstjórnum nema með sérstökum sáttmálum á miðstjórnarfundum og flokksstjórnarfundum o.s.frv. Mér vitandi hefur Framsóknarflokkurinn ekki gert það og þess vegna kalla ég eftir skýrum svörum af því að í fyrirliggjandi frumvarpi er eins og kunnugt er RÚV ekki breytt í sjálfseignarstofnun. Frumvarpið minnkar ekki stjórnmálaleg hagsmunatengsl útvarpsins heldur eykur þau með því að hafa útvarpsstjórann sjálfstæðan að nafninu til en undir hæl pólitísks skipaðs útvarpsráðs í reynd. Það er það alvarlega og vonda við þennan stjórnunarstrúktúr sem nýja frumvarpið gerir ráð fyrir. Útvarpsstjóri er í orði kveðnu sjálfstæður og hann er það innan húss. Það þarf að gera breytingar á stjórnunarfyrirkomulagi RÚV þannig að útvarpsstjóri hafi miklu meira svigrúm til að reka sína stofnun.

Það sem er afleitt við þetta er hvernig verið er að setja fjölmiðilinn og stofnunina undir pólitíska hæl meiri hluta hverju sinni með því að kjósa stjórnina á hverju einasta ári og með því að hafa þar ekki fulltrúa starfsmanna sem kæmi þannig í veg fyrir að ríkisstjórnarmeirihluti myndaðist í útvarpinu hverju sinni. Þetta er því nokkuð dapurleg saga og Framsóknarflokkurinn kemur illa út úr þessu því miður. Ég vona að þeir nái að gera grein fyrir þessu á landsfundi sínum núna í mars hvernig þetta gat farið svona mikið úrskeiðis.

Svona rétt í lokin með Framsókn ætlaði ég að nefna að í desember bárust fréttir af því m.a. í þættinum Pólitík á Stöð 2 þar sem voru gestir hv. þm. Össur Skarphéðinsson og stjórnmálamennirnir Sigríður Andersen og Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar og framsóknarmaður, að það væri von á uppreisn í Framsóknarflokknum. Þeir ætluðu að koma í veg fyrir að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi og nú skyldi kné fylgja kviði og Sjálfstæðisflokkurinn fara að passa sig.

Daginn eftir var sá sem hér stendur með þessum sama Birni Inga í þættinum Silfri Egils þar sem hann kvað mjög sömu tóna. Von væri á uppreisn í Framsóknarflokknum og líkur á því. Með okkur í þeim þætti var hv. formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, og þótti mikil spenna í loftinu á milli þessara fulltrúa stjórnarflokkanna, en nú ætlaði Framsóknarflokkurinn að standa við landsfundarsamþykktina frá 2003, Ríkisútvarpinu yrði aldrei breytt í hlutafélag, og þeir ætluðu að knýja það fram að því yrði breytt í sjálfseignarstofnun. Til að fylgja þessu eftir var ungliðahreyfingunni att á foraðið og Samband ungra framsóknarmanna ályktaði afdráttarlaust í málinu, að það skyldi ekki verða að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi heldur ætti að gera það að sjálfseignarstofnun. Þetta gladdi mjög nokkra hv. þingmenn, t.d. Guðjón Ólaf Jónsson sem kom þá í ræðustól í þinginu, gífurlega ánægður yfir því að Samfylkingin hefði sömu skoðun og Framsóknarflokkurinn á flokksþingi 2003 og ungliðahreyfingin í desember 2006, að gera ætti RÚV að sjálfseignarstofnun. Á ýmsu væri von, málið í hreinu uppnámi.

En viti menn. Síðan hefur bara ekkert heyrst í Framsóknarflokknum hvað þetta varðar. Ég er ekki í neinum vafa um að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson situr núna á skrifstofu sinni og gerir drög að því að útskýra fyrir þjóðinni og þinginu af hverju Framsóknarflokkurinn ætti núna að hleypa málinu í gegn — eða er kannski von á síðbúinni uppreisn, janúar-uppreisn? Munu framsóknarmenn framkvæma janúarbyltingu þar sem komið verður í veg fyrir að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi eins og flokkurinn boðaði á landsfundinum 2003 og eins og flokkurinn lét í veðri vaka í umræðum í nóvember og desember, að gert yrði?

Ég var, virðulegi forseti, að athuga hvort ég hefði hér í fórum mínum ályktunina frá SUF sem ég prentaði út af suf.is. Hún er þar örugglega enn þá, sú merka ályktun, en hún var mjög afdráttarlaus, Ríkisútvarpið skyldi ekki gert að hlutafélagi og hörmuð var afstaða Sjálfstæðisflokksins í þessu mikilvæga máli.

Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna leggst gegn því að frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. verði samþykkt og RÚV þannig gert að hlutafélagi.

Samband ungra framsóknarmanna telur að hagsmunum RÚV og almennings sé ekki best borgið með breytingu af þessu tagi og telur vænlegra að skoða kosti þess að gera

RÚV að sjálfseignarstofnun. Bendir SUF á að þekktasta almenningsútvarp heims, BBC í Bretlandi, er rekið sem sjálfseignarstofnun og er sem slíkt leiðandi í framleiðslu á bæði menningar- og afþreyingarefni.

Þá telur SUF að málið sé ekki nægjanlega undirbúið og telur það fráleitt" — Samband ungra framsóknarmanna sem nú á fjóra fulltrúa í þinginu, Birki Jón Jónsson, Dagnýju Jónsdóttur, Sæunni Stefánsdóttur og sjálfan Guðjón Ólaf Jónsson og bakland þessa mæta fólks telur það fráleitt „að frumvarpið hafi verið lagt fram á Alþingi án þess að afstaða hafi verið tekin til stórra spurninga," — og taka þar undir málflutning minn og margra annarra samfylkingarmanna — „svo sem aðkomu RÚV að auglýsingamarkaði sem og stöðu RÚV á samkeppnismarkaði almennt."

Samkeppnismarkaði almennt, frú forseti. Það sem deilan snýst um núna, það sem rak hæstv. menntamálaráðherra á flótta úr þingsölum var akkúrat þetta. Það var upplýst í Fréttablaðinu fyrir skömmu og endanlega á Alþingi í gær að ráðherrann hefði leynt þingið gögnum. Síðan er þetta mál í uppnámi. Það er einfaldlega fráleitt að ætla sér að keyra þetta í gegnum þingið hundrað dögum fyrir kosningar, ef við gefum okkur að þetta verði klárað eftir tvær vikur og að gildistakan verði 1. apríl, fimm, sex vikum fyrir kosningar. Það er algjört grundvallaratriði að gildistökunni verði frestað í tvo til þrjá mánuði fram yfir kosningar þannig að nýrri ríkisstjórn okkar jafnaðarmanna — eða hvernig sem dómurinn fellur hjá kjósendunum í vor — gefist ráðrúm til að athafna sig í málinu. Það er andlýðræðislegt af hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórninni að ætla að knýja málið í gegnum þingið svo skömmu fyrir kosningar með það á bakinu að hafa leynt þingið mjög alvarlegum og mikilsverðum gögnum eins og staðfest var af mörgum í þinginu í gær, t.d. hv. varaformanni menntamálanefndar, Dagnýju Jónsdóttur.

Áfram til að klára ályktun SUF:

„Stíga þarf mjög varlega til jarðar svo að ekki myndist fákeppni á þeim markaði með tilheyrandi neikvæðum áhrifum fyrir neytendur."

Þessa ályktun hefði ég getað samið og sent út sjálfur, þetta er alveg afbragðsályktun og ég efast ekkert um að þetta er hin raunverulega stefna Framsóknarflokksins alveg eins og landsfundarsamþykktin frá 2003 er hin eina raunverulega stefna Framsóknarflokksins. Frávikin og svikin sem þingmennirnir ætla að standa að gagnvart sínum eigin landsfundarsamþykktum hljóta að kalla á skýringar af hálfu framsóknarmanna um þeirra eigið framferði. Ég er ekki í neinum vafa um að sá örvaglaði riddari sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson svo sannarlega er — hann hélt tugi ræðna á síðasta deginum í þinginu fyrir jólin af því að Framsóknarflokkurinn hafði svo mörg viðhorf uppi til svo margra mála og þurfti svo margt að þakka sér af því að allt það góða sem gjört var, að mati hv. þingmanns, var að sjálfsögðu Framsóknarflokknum að þakka.

Núna, þegar kemur upp mál sem ekki er hægt að túlka öðruvísi en sem svik Framsóknarflokksins við sín eigin stefnumið, við landsfundarsamþykktina frá 2003 — svo ekki sé verið að vitna í einhverjar gamlar samþykktir sem tíminn hefur kannski úrelt án þess að landsfundi hafi gefist ráðrúm til að endurnýja — en í landsfundarsamþykktinni frá 2003 segir að Ríkisútvarpinu skuli breytt í sjálfseignarstofnun og svo ályktar ungir framsóknarmenn í þá veru að það verði komið í veg fyrir einkavæðingaráráttuna í Sjálfstæðisflokknum og það pólitíska kverkatak sem Sjálfstæðisflokkurinn er að reyna að ná á útvarpinu. Þetta er neyðaróp ungra framsóknarmanna til sinna eigin forustumanna og þingmanna um að stöðva gjörninginn, um að koma í veg fyrir að málið gangi eftir.

Ég vil bæta því við að sá sem deildi og drottnaði í formannstíð Halldórs Ásgrímssonar, Björn Ingi Hrafnsson, páverandi aðstoðarmaður og núverandi borgarráðsformaður og borgarfulltrúi, tók mjög kröftuglega undir þetta í tveimur sjónvarpsþáttum, Pólitíkinni á Stöð 2 hjá Svavari Halldórssyni og í Silfri Egils á sunnudeginum þar sem voru viðstaddir hv. formaður menntamálanefndar, sá sem hér stendur auk Birgis Guðmundssonar skólamanns frá Akureyri. Það var ekki annað að skilja en að von væri á mikilli byltingu, mikilli uppreisn og að Sjálfstæðisflokkurinn kæmist ekki upp með þetta.

Síðan hafa liðið bæði jól og áramót og ekkert heyrst í Framsóknarflokknum um þetta mál, akkúrat ekki neitt. Það á að láta Sjálfstæðisflokkinn vaða yfir enn einu sinni þó að það kosti það að flokkurinn sé að svíkja sínar eigin landsfundarsamþykktir, en áfram segir í ályktun SUF, með leyfi forseta:

„SUF leggur áherslu á nauðsyn þess að hér á landi starfi öflugt ríkisútvarp sem nái til allra landsmanna og hafi ákveðnum skyldum að gegna við framleiðslu á innlendu dagskrárefni. Það að breyta RÚV í hlutafélag" — og vek ég athygli á þessari setningu, frú forseti, það að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag — „telur SUF aðeins vatn á myllu andstæðinga Ríkisútvarpsins og þeirra sem vilja einkavæða starfsemi þess."

SUF leggur áherslu á nauðsyn þess að hér á landi starfi öflugt ríkisútvarp, sem nái til allra landsmanna og hafi ákveðnum skyldum að gegna við framleiðslu á innlendu dagskrárefni. Það að breyta RÚV í hlutafélag telur SUF hins vegar aðeins vatn á myllu andstæðinga RÚV og þeirra sem vilja einkavæða starfsemi þess, þ.e. formanns menntamálanefndar, Sigurðar Kára Kristjánssonar, þingmannanna hv. Birgis Ármannssonar og Péturs H. Blöndals sem hvíla þarna alveg yst á hægri nöfinni í Sjálfstæðisflokknum og berjast þar um á hæl og hnakka, hafa flutt um þetta merkilegt þingmál, um að það eigi að einkavæða og selja RÚV. Þess vegna er þetta ákall frá ungum framsóknarmönnum þar sem þeir segja og ég ætla að endurtaka lykilsetninguna í ályktuninni frá ungum framsóknarmönnum:

„Það að breyta RÚV í hlutafélag telur SUF hins vegar aðeins vatn á myllu andstæðinga RÚV og þeirra sem vilja einkavæða starfsemi þess."

Og nú bið ég þingmenn framsóknarmanna að hlusta vel af því að ég er að lesa hér upp úr ályktun SUF frá því í desember:

„SUF hvetur því þingmenn til þess að samþykkja ekki fyrirliggjandi frumvarp, en þess í stað leggja fyrir menntamálaráðherra að hefja undirbúning að því að breyta RÚV í sjálfseignarstofnun sem hafi að fyrirmynd breska ríkisútvarpið BBC."

Þetta hefði ég getað skrifað sjálfur. Þetta var alveg

prýðileg ályktun frá Sambandi ungra framsóknarmanna (Gripið fram í.) um að standa svo skynsamlega að verki sem hér er kveðið á um.

Ég spurði hv. menntamálanefndarformann að því í gær hvort hann væri enn á þeirri skoðun að það ætti að einkavæða Ríkisútvarpið og hvort hann teldi hlutafélagavæðingu ekki einfalda það að einkavæða og að einkavæða skyldi. Hann eyddi sinni dýrmætu mínútu í andsvörum í gær í að tala um gamlan netpistil eftir hv. þm. Össur Skarphéðinsson af því að það var brostinn svo mikill flótti á íhaldið hér í gær að menntamálaráðherra hvarf úr salnum eftir að það var upplýst að hún hefði leynt þingið gögnum og hv. formanni menntamálanefndar varð svo um að rifjað væri upp fyrir þjóðinni allri að hann hefði viljað einkavæða RÚV að hann svaraði bara út í hött. (Gripið fram í.) Nei, hv. þingmaður hefur ekki haldið langa ræðu hér (Gripið fram í.) um það efnislega að það eigi að einkavæða RÚV. Ég vona að hv. þingmaður dragi nú fram sinn innri mann og ræði það hér á eftir hvað hann vilji sjálfur, af því að við erum líka að ræða framtíð RÚV. Það er ekki verið að breyta RÚV í hlutafélag bara rétt fram yfir kosningar, þingmaðurinn hlýtur að horfa til framtíðar. Hann hefur barist fyrir því (Gripið fram í.) — já, maður framtíðar í Sjálfstæðisflokknum, það vona ég, enda skemmtilegur og prýðilegur þingmaður — en hann hlýtur þá að kynna fyrir þjóðinni og okkur í þinginu hvað hann vilji raunverulega gera. (Gripið fram í.) Já, þingmaðurinn kemst að, ég lofa því, það er nógur tíminn.

Sem sagt, þetta ákall, þetta örvæntingarfulla ákall frá Sambandi ungra framsóknarmanna til sinna eigin þingmanna hefur verið rifjað upp, sem er sérstakur greiði við framsóknarþingmennina sem komu í salinn rétt áðan og ég veit að ætla að tala hér seinna í dag, í kvöld, næstu daga, þann tíma sem tekur. Sérstaklega bíð ég spenntur eftir að heyra í Guðjóni Ólafi Jónssyni sem er mjög herskár og afdráttarlaus maður í öllum málum. Hann hlýtur að kynna okkur viðhorf sín í málinu

Það varð því lítið meira úr flugeldasýningunni hjá þeim að þessu sinni, engar breytingar hafa enn þá verið gerðar á frumvarpinu og hér er ég kominn með ályktunina og aðra að auki, af því að á sama tíma — þetta er af fréttavef Sambands ungra framsóknarmanna frá 3. desember 2006 — þar er kynnt sérstök ályktun frá stjórn Alfreðs, sem er nú nafn við hæfi, sem er félag ungra framsóknarmanna í Reykjavík suður, og skorar það á forustumenn Framsóknarflokksins að fresta afgreiðslu málsins. Þetta er fallegt nafn og vel viðeigandi þegar horft er til afreka fyrrum borgarfulltrúa framsóknarmanna og stjórnarformanns Orkuveitunnar, Alfreðs Þorsteinssonar.

(Gripið fram í.) Stjórn Alfreðs, félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík suður, skorar á forystumenn Framsóknarflokksins — mjög viðeigandi nafn, (Gripið fram í.) það heitir kannski Björn Ingi í Reykjavík norður, ég veit það ekki. Þetta er prentað út af vef SUF en var sett inn 3. desember 2006 kl. 23:34 skorar á forustumenn Framsóknarflokksins að fresta afgreiðslu frumvarpsins sem við ræðum hérna um óákveðinn tíma eða á meðan málið er rætt betur innan flokksins. (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) Ríkisútvarpið er í hópi þeirra stofnana, segir hér, og málefni Ríkisútvarpsins sem þarfnast vandaðrar umræðu og minnir stjórn Alfreðs á ályktun miðstjórnar Framsóknarflokksins og málefnastefnuskrá frá 2003, sem ég hef vitnað ítrekað í í dag, þar sem fram komu þau fyrirheit að RÚV verði breytt í sjálfseignarstofnun sem geri þjónustusamning við ríkið.

Þannig held ég að mjög afdráttarlaus vilji sé kominn fram frá hinum almenna flokksmanni í Framsóknarflokknum, annars vegar stóru flokksþingi á mælikvarða framsóknar frá 2003 (Forseti hringir.) og hins vegar samböndum ungra framsóknarmanna og félögum þeirra um allt land, þetta er ákall til þingmannanna um að Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag heldur sjálfseignarstofnun og staðið verði við, eins og hér stendur, fyrri fyrirheit um að það verði ekki gefið eftir gagnvart Sjálfstæðisflokki (Forseti hringir.) og útvarpinu ...

(**Forseti** (RG)**:** Það er fyrirhugað að gera matarhlé núna frá klukkan eitt til klukkan hálftvö. Þess vegna vill forseti inna þingmanninn eftir því hvort hann sé u.þ.b. að ljúka ræðu sinni eða hvort hann hyggist gera hlé á ræðunni þar til eftir matarhlé.)

Já, ég ætla að gera hlé, ég á nokkrar mínútur eftir.

(**Forseti** (RG)**:** Þá leggur forseti til að nú verði gert matarhlé til klukkan 13:30.)

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:33]

**Björgvin G. Sigurðsson** (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Ég var kominn í seinni hlutann í ræðu minni í þetta fimmta skipti sem við fjöllum um Ríkisútvarpið í umræðum í þinginu á þessu kjörtímabili. Ég hef farið um víðan völl og síðast fór ég nokkuð yfir það af hverju og hvað varð til þess að sá hemill sem var að finna gagnvart hlutafélagavæðingunni í Framsóknarflokknum brast. Ég fór yfir nokkrar ályktanir frá bæði ungum og eldri framsóknarmönnum og af sjálfu flokksþinginu 2003 þar sem því var hafnað afdráttarlaust að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi og sjálfseignarstofnun væri það sem breyta ætti því í. Til dæmis hvetur Samband ungra framsóknarmanna þingmenn sína í ályktun í byrjun desember 2006 til að samþykkja ekki fyrirliggjandi frumvarp en leggja þess í stað fyrir menntamálaráðherra að hefja undirbúning að því að breyta útvarpinu í sjálfseignarstofnun sem hafi að fyrirmynd hið breska BBC.

Það er hægt að geta sér til um að það sé nokkuð almenn sátt í þjóðfélaginu um þá leið að breyta RÚV í sjálfseignarstofnun. Ég hugsa að hin almenna skoðun sé sú að ríkið eigi að halda úti ljósvakamiðlun í formi útvarps og sjónvarps þótt, eins og ég sagði í upphafi máls míns fyrr í morgun, að það sé aldrei sjálfgefið að ríkið haldi úti eða standi í fjölmiðlastarfsemi. Það er ekkert sjálfgefið að ríkið haldi úti útvarpi og sjónvarpi frekar en dagblaði og tímaritum. Var mikið gantast með þá hugmynd hér fyrir næstum 20 árum þegar þáverandi þingmaður Alþýðubandalagsins, Guðrún Helgadóttir, stakk upp á því að ríkið færi að reka dagblað. Það þótti fáránleg hugmynd og fráleit.

Ég held að það séu brýnar pólitískar ástæður fyrir því að hið opinbera haldi úti fjölmiðli. Þess vegna er það viðtekið um alla Evrópu að ríkisvaldið haldi úti fjölmiðli. Þróunin hefur verið í átt til þess, held ég og vona að svo sé sem við-

ast, sem er að finna hjá þeim fjölmiðli sem gnæfir yfir fjölmiðla heimsins, BBC, að umfang þess miðils á auglýsingamarkaði er mjög takmarkað. Um reksturinn er mikil sátt meðal Breta og það er engin umræða í landinu um að breyta því í einhvers konar hlutafélag eða selja það. Þó eru Bretar býsna róttækir að mörgu leyti í því að fara ótroðnar slóðir í almannaþjónustu hvers konar hvað varðar eignarhald og rekstrarform en það hefur aldrei hvarflað að þeim að hrófla við BBC. Ég held að það sé mjög víðtæk og almenn sátt um það á Íslandi að fara sömu leið, að þorri þjóðarinnar vilji að ríkisvaldið og hið opinbera haldi úti öflugum almannamiðli sem standi undir kröfum og væntingum um lýðræðislegt og menningarlegt hlutverk og samfélagslegt hlutverk almannamiðilsins, hann eigi ekki að selja, hann eigi að hafa afmörkuð verkefni og afmarkað svigrúm á auglýsingamarkaði þannig að einkarekin fjölmiðlun á ljósvakamarkaði fái þrifist og ráðrúm til að þrífast.

Í umræðunni um þessa miðla hefur oft gætt svolítið undarlegrar andúðar eða fjandskapar í garð einkareknu ljósvakamiðlanna sem er algjörlega fráleitt. Þetta eru í sjálfu sér gífurlega mikilvægir fjölmiðlar ekki síður en Ríkisútvarpið sjálft eða blöðin og það besta sem gerist í annarri fjölmiðlun. Frá því að Stöð 2 og Bylgjan fóru í loftið fyrir 20 árum hafa þessir fjölmiðlar markað mjög jákvæð spor í sögu Íslendinga. Þeir miðla léttu dægur- og skemmtiefni sem léttir fólki lífið og gerir það skemmtilegra. Þeir búa líka til margs konar vandað og gott og fjölbreytt fjölmiðlaefni. Þeir hafa framleitt mikið af leiknu efni, mikið magn af samræðu- og samfélagsefni, eins og Ísland í dag, Silfur Egils, 19:19, 19:20 og slíkir þættir og aðdragandinn allur. Þetta eru allt skemmtilegir og merkilegir þættir og fjölmiðlun ekkert síður en hin ríkisrekna.

Þess vegna er svo mikilvægt að gæta að hinu viðkvæma samspili ríkisreksturs og einkareksturs á fjölmiðlamarkaði. Ég og við í Samfylkingunni viljum halda úti ríkisreknum almannamiðli á ljósvakanum. Hann þarf hins vegar að hafa skýrt afmarkað umboð og það þarf að frelsa hann frá pólitísku kverkataki stjórnarmeirihlutans hverju sinni. Það þarf að gæta hófs og sanngirni gagnvart einkareknu fjölmiðlunum á markaði, gefa þeim andrými og svigrúm til að hægt sé að reka þá o.s.frv. Þetta legg ég mikla áherslu á og hef gert í öllum umræðunum um RÚV, stigvaxandi þó, sérstaklega fyrir áramótin þegar ég taldi mig sjá glytta í það hjá formanni menntamálanefndar, hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, og fleirum úr stjórnarliðinu að það kæmi til greina að fara einhverja slíka leið og gera þannig þetta hörmulega frumvarp aðeins skárra. Sú leið var ekki farin, það var enginn raunverulegur pólitískur vilji til þess hvað í ósköpunum veldur því og hvað í ósköpunum hæstv. menntamálaráðherra gengur til með þessu frumvarpi, einhverju klaufalegasta og misheppnaðasta stjórnarfrumvarpi þessa kjörtímabils a.m.k. ef frá eru talin fjölmiðlalögin hin fyrstu. Þau voru þó keyrð til enda. Hér er stanslaust verið að hopa og hörfa og alltaf versnar málið. Ráðherrann er sakaður um og uppvís að því að leyna tilvist upplýsinga o.s.frv., o.s.frv.

Eftir að hafa fært fyrir því mjög ítarleg efnisleg rök höfum við lagt fram rökstudda frávísunartillögu við þetta mál og ætla ég að stikla aðeins á henni, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess sem að framan greinir eiga fulltrúar minni hlutans ekki annars úrkosti en að flytja eftirfarandi tillögu:“ — Við fluttum þessa tillögu við 2. umr.

„Þar sem

a. fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að sams konar frumvarp um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá,

b. vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins stenst reglur Evrópuréttar,

c. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,

d. með ákvæðum um tekjur af auglýsingum og kostun er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsinga- og kostunarmarkaði án þess að ljóst sé um sérstakt hlutverk þess umfram aðrar stöðvar,

e. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,

f. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almannasamtökum, samanber m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,

g. óvíst er hvernig háttað verður um innlent efni í dagskrá Ríkisútvarpsins til frambúðar,

h. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar 2,

i. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,

j. nefskattur, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,

k. við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði hérlendis og á EES-vettvangi,

l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins, sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi, leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá.“

Er þetta nokkuð tæmandi yfirlit yfir helstu ágallana á þessu máli um Ríkisútvarpið sem menntamálaráðherra kemur með inn í þingið einu sinni enn. Pólitísk ítök eru því áfram og þau eru hert ef eitthvað er. Umfangið á auglýsingamarkaði er ekki er takmarkað. Hlutverk hins nýja almannamiðils er í rauninni ekki skilgreint upp á nýtt, það er mjög almennt, og versta hugsanlega leiðin er valin til fjármögnunar sem er nefskattur, sem ég er viss um að á eftir að valda miklum deilum um útvarpið. Hann veldur því líka að það er erfiðara að gæta jöfnuðar gagnvart gjaldendum, einstök heimili munu borga himinhá gjöld til Ríkisútvarpsins. Ég er viss um að þegar nefskatturinn kemur til framkvæmda á hann eftir að ala á ófriði um Ríkisútvarpið, auka á ósættið um það og valda margvíslegum skaða. Ég er mjög ósáttur við að sú leið sé farin.

Meginatriðið í okkar máli er að stjórnarandstaðan náði samstöðu og hefur stillt saman strengi sína í þessu máli,

sem er mjög jákvætt. Stjórnarandstaðan hefur lagt fram raunhæfa og sanngjarna sáttaleið út úr þessum pólitísku ógöngum sem hæstv. menntamálaráðherra hefur ratað í vegna hinnar óútskýrðu þráhyggju að gera eigi Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Sú þráhyggja verður vart útskýrð með öðru en að það sé fyrsta skrefið í átt að einkavæðingu og sölu.

Við teljum að með frumvarpi þessu sé ekki skapaður sá starfsrammi sem hæfir Ríkisútvarpinu til frambúðar. Þar með næst ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Það er líklegt að frumvarpið leiði til meiri deilna en áður um stöðu útvarpsins á fjölmiðlavettvangi og jafnvel til málaferla út af samkeppnismálum, bæði heima og erlendis. Ríkisútvarpinu er stefnt í ófrið og átök í stað þess að skapa sátt og samstöðu um nýjan almannamiðil inn í framtíðina. Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag teljum við að stigið sé varhugavert skref sem í sambærilegum tilvikum hefur oftast leitt til sölu viðkomandi stofnunar og fyrirtækis. Sporin hræða og af því að engin rök hafa verið lögð fram fyrir þráhyggjunni í hæstv. menntamálaráðherra út af hlutafélagavæðingunni þá hlýtur eitthvað slíkt að liggja að baki. Sé litið til hins pólitíska baklands Sjálfstæðisflokksins þá er viljinn til einkavæðingar og sölu þar ríkur og raddirnar háværar.

Stjórnarhættir þeir sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu eru einn versti ágallinn á frumvarpinu fyrir utan rekstrarformið. Þar er gert ráð fyrir pólitísku kverkataki sem Sjálfstæðisflokkurinn hyggst herða að Ríkisútvarpinu. Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki sleppt. Stjórnarhættirnir opna leið til áframhaldandi pólitískra ítaka og inngripa. Um það erum við algjörlega sannfærð og það er leitt. En það sem skiptir mestu máli er að losa Ríkisútvarpið eins og kostur er undan pólitískum hæl meiri hlutans hverju sinni, það er gert með því að kjósa ekki alla stjórnina árlega. Það er gert með því að starfsmenn Ríkisútvarpsins eigi fulltrúa í stjórninni þannig að ríkisstjórnarmeirihluti hverju sinni sé ekki í stjórninni og Alþingi geti ekki árlega hreinsað út óþægu stjórnarmennina o.s.frv. Það er hægt að gera með margvíslegum hætti.

Við höfum einnig lagt mikla áherslu á að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru samkvæmt frumvarpinu í uppnámi. Það er ekki sennilegt að nefskatturinn, sem ætlunin er að taka upp í staðinn fyrir afnotagjöldin, efli samstöðu meðal almennings um Ríkisútvarpið heldur tefli því til ófriðar. Það er afleit birtingarmynd ríkisrekins almannaútvarps gagnvart fólkinu að ósanngjörnum og háum nefskatti, sem endalaust verður deilt um, sé komið á. Það þarf að finna leiðir friðar og sáttar um Ríkisútvarpið. Það er miklu nær, ef það þarf að afnema afnotagjöldin, að skoða það að setja útvarpið á fjárlög. Þá yrði gerður samningur til tíu ára í senn þannig að meiri hlutinn hverju sinni geti ekki alltaf verið að hræra í framlaginu til þess. Það eru margar aðrar leiðir færar, einkum ef dagskrárframboð dregur áfram dám af kröfum auglýsenda og kostenda á svipaðan hátt og hjá markaðsstöðvunum.

Ríkisútvarpið þarf að skilja sig betur frá markaðsstöðvunum að okkar mati. Við viljum efla sérstöðu almannaútvarpsins. Hún er að mörgu leyti til staðar en ef eitthvað er þarf inn í framtíðina, ég held að það sé pólitísk sátt um það líka í Sjálfstæðisflokknum, þ.e. hjá þeim sem ekki slást fyrir því að selja eigi útvarpið.

Ég hef einnig bent á að hann sé nánast rannsóknarefni, hinn dæmalausi hringlandaháttur Framsóknarflokksins í þessu máli öllu. Framsóknarflokkurinn hefur haft fimm skoðanir á Ríkisútvarpinu, eina í hvert sinn sem málið er tekið til umræðu. Sú fyrsta var sú að þeir hrósuðu sér af því að hafa beygt Sjálfstæðisflokkinn í duftið, Ríkisútvarpið yrði aldrei gert að hlutafélagi heldur hefði stefna framsóknar gengið fram og ef eitthvað er mundi því lykta þannig að RÚV yrði gert að sjálfseignarstofnun. Þá tóku þátt í umræðunni frammámenn úr Framsóknarflokki en nú heyrist ekki orð frá þeim. Meira að segja Guðjón Ólafur Jónsson er horfinn úr þingsal. Hann hefur þó ekki hingað til flúið örvadrífuna heldur hefur hann mætt henni og tekið þátt í umræðunni með ýmsum hætti. En í þessu fólki hefur því miður ekkert heyrst. Eins og ég upplýsti hér þá er kveðið á um það í landsfundarsamþykkt Framsóknarflokksins frá 2003, skýrt og afdráttarlaust, að Ríkisútvarpið skuli gert að sjálfseignarstofnun og ekki komi til greina að það verði gert að hlutafélagi. Mörg félög ungra framsóknarmanna hafa, nú síðast í desember, lýst því mjög harkalega yfir og skorað á þingmenn Framsóknar að verða við því að koma í veg fyrir að hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins eigi sér stað. Þau telja að standa eigi vörð um Ríkisútvarpið og breyta því í sjálfseignarstofnun.

Meira ætla ég ekki að taka fyrir í þessari fyrri ræðu minni við 3. umr. en ég harma að hæstv. menntamálaráðherra hafi ekki séð þann kost vænstan að fresta þessu máli, taka í útrétta sáttarhönd stjórnarandstöðunnar og gera nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á stjórnarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins, leggja af útvarpsráð, einfalda strúktúrinn, ná saman um slíkar breytingar og láta rekstrarformið í friði. Það mætti taka upp eftir kosningar, í það minnsta ætti að fresta gildistökuákvæði hinna nýju laga fram yfir kosningar en hafa gildistökuna ekki 1. apríl á þessu ári, fimm til sex vikum fyrir kosningarnar 12. maí. Það er andlýðræðislegt. Ég harma það, virðulegi forseti, að hæstv. menntamálaráðherra ætli að ganga svo glannalega fram.

[13:52]

**Hlynur Hallsson:**

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. Ég vil hefja ræðu mína á því að lýsa yfir þeirri von minni að mikill meiri hluti þingmanna beri hag Ríkisútvarpsins fyrir brjósti. Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir þjóð að eiga öflugt almannaútvarp, þjóðarútvarp. Einmitt þannig útvarp er Ríkisútvarpið okkar og þá er ég auðvitað að tala um Ríkisútvarpið, ekki Ríkisútvarpið sf. og ekki Ríkisútvarpið hf. og þaðan af síður Ríkisútvarpið ohf.

Við í stjórnarandstöðunni viljum nefnilega svo gjarnan efla Ríkisútvarpið okkar og bæta það og það sem er afar mikilvægt, losa Ríkisútvarpið við pólitísk áhrif, þ.e. flokkspólitísk áhrif, auka sjálfstæði þess og efla innlenda dagskrárgerð. Þessir þrír þættir held ég að séu svo mikilvægir — og eiginlega var ég að vona að þetta ætti ekki bara við um þingmenn stjórnarandstöðunnar heldur líka einhverja þingmenn stjórnarliðsins.

Stjórnarandstaðan var einmitt með boð um að koma að

því verkefni að efla Ríkisútvarpið en því boði var hins vegar hafnað af hæstv. menntamálaráðherra og það er mjög miður. Þetta stóra mál, að efla Ríkisútvarpið hefur þess vegna farið í einhverja afar einkennilega leið sem núna heitir frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. og er alls ekki til þess fallið að efla Ríkisútvarpið okkar heldur því miður einmitt til þess fallið að hluta það í sundur og selja það. Þetta er fyrsta skrefið í einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Það er auðvitað sorgleg staðreynd og dálítið einkennilegt að flokkur eins og Framsóknarflokkurinn ætli að standa að því máli. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom einmitt afar vel og ítarlega inn á það mál og sýndi fram á að það er alls engin eining um það innan Framsóknarflokksins, þ.e. að telja mönnum trú um að ekki sé verið að selja Ríkisútvarpið heldur aðeins að bæta ohäeffi fyrir aftan nafnið á því.

Það er líka staðreynd að stór hluti hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins vill einmitt selja Ríkisútvarpið, þeir hafa engan áhuga á þessu ohäeffi, líta bara á það sem eitt skref og fyrst þeir náðu ekki meiru fram í þessari umferð þá sé það betra en ekki neitt. Og það er dálítið kaldhæðnislegt, frú forseti, að einmitt formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, er í hópi þeirra þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem lagt hefur mikla áherslu á það að skynsamlegast væri að selja Ríkisútvarpið. Nú veit ég ekki hvort hann hefur skipt um skoðun á síðustu dögum en mér skilst að þetta hafi var a.m.k. verið skoðun hans fyrir nokkrum árum. Svo er reyndar um skoðun fleiri núverandi þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem voru einu sinni í Samtökum ungra sjálfstæðismanna, þeir eru nú sennilega orðnir of gamlir til þess að vera í þeim samtökum, annars veit ég ekki alveg hvert aldursmarkið þar er. En SUS, Samband ungra sjálfstæðismanna, hefur þetta einmitt á stefnuskrá sinni, að það beri að selja Ríkisútvarpið.

Einn hv. þingmaður sem yfirleitt talar mjög skelegglega og er ekki að draga neitt af og ekki að skafa utan af hlutunum, talar venjulega skýrt og skorinort í ræðustóli, hann heitir Pétur Blöndal. Hann hefur sagt það í fyrri umræðu hér, ekki bara um þetta frumvarp heldur um frumvarpið þar á undan og frumvarpið þar þar á undan, að hann líti á þetta sem fyrsta skref í því að selja Ríkisútvarpið. Það er þess vegna ekki einu sinni þannig að menn séu eitthvað að leika tveimur skjöldum eða að hér sé einhver úlfur í sauðargæru, nei, nei, sumir þingmenn segja þetta bara berum orðum. En framsóknarmenn virðast ekki heyra, þeir virðast halda fyrir eyru og augu og munninn á sér þegar kemur að þessum málum.

Það er reyndar sagt berum orðum í þessu frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf., þessu nýja Ríkisútvarpi ohf., að það eigi að halda úti a.m.k. einni útvarpsrás og það er eðlilegt að maður hnjóti um þetta orðalag. Af hverju er þetta sett svona inn í frumvarpið? Jú, það er vegna þess að það er verið að sannfæra menn um að það verði alla vega haldið úti einni útvarpsrás en bara einni. Á þá að úthýsa Rás 1 t.d.? Nei, sennilega ekki, ég held að það sé nú ekki það skynsamlegasta eða það sem menn í ráðuneytinu voru að hugsa þegar þeir sömdu þennan frábæra frumvarpstexta. Hins vegar kemur það vel til greina að selja Rás 2 til dæmis. Og maður veltir því fyrir sér hvort hægt sé að selja Rás 2, er hægt að selja svona hryggjarstykki í Ríkisútvarpinu okkar? Hvað er Rás 2, er það ekki bara einhver dagskrá, er það ekki bara einhver útsending, er það ekki tónlist og tal, er það ekki dægurmálaútvarp, er hægt að selja það? Er hægt að selja starfsmennina?

Það er einmitt það sem þetta mál snýst um. Það snýst um þennan raunverulega auð sem liggur í Ríkisútvarpinu og það er starfsfólkið. Eins og hefur komið margoft fram í umræðunni í dag og í gær, á síðasta þingi og fyrri þingum þá er það alls ekkert ljóst hvað verður um starfsmenn Ríkisútvarpsins, það er því miður ekki búið að ganga frá þeim málum og það er auðvitað grafalvarlegt mál. Það er reyndar sagt að hér eigi að hagræða mikið og það megi búast við því að margir starfsmenn hætti, hvort sem þeim verði sagt upp eða þeir kjósi að fara á biðlaun eða geri starfslokasamninga eins og eru afar vinsælir um þessar mundir. Að minnsta kosti er augljóst að með þessum breytingum munu margir hæfir og góðir starfsmenn Ríkisútvarpsins — sem eru Ríkisútvarpið — verða látnir fara. Það á að selja hluti eins og Rás 2, það á að úthýsa verkefnum, það á að hluta í sundur Ríkisútvarpið, það á að taka hjartað úr starfseminni. Það er grafalvarlegt mál, frú forseti, og starfsfólkið er skilið eftir í óvissu.

Það er ekki þannig að ég sé að búa eitthvað til hérna. Við þekkjum nefnilega ágætlega annað fyrirtæki sem er með þessa einkennilegu endingu ohf., það heitir Flugstoðir ohf. og tók starfa nú um áramótin. Og hvernig fór það frábæra fyrirtæki af stað, fyrirtæki sem er í eigu ríkisins, opinbert hlutafélag með einn hlut? Það ætti eiginlega að heita hlutfélag, opinbert hlutfélag en ekki hlutafélag. Flugstoðirnar fóru ekki glæsilega af stað, það fyrirtæki flaug ekki hátt í upphafi, starfsemin var í mikilli óvissu. Starfsmennirnir voru sáróánægðir, vissu ekki hvað yrði um eftirlaunakjör þeirra, vissu ekki hversu lengi þeir mundu halda samningum sínum, hvort kjarasamningarnir yrðu komnir á frjálsan markað eftir nokkra mánuði eða ár.

Sem betur fer, þrátt fyrir lítinn samningavilja samgönguyfirvalda, náðist lending í því máli. En ég er þeirrar skoðunar að það að breyta fyrirkomulaginu þannig að Flugstoðir ohf. varð til hafi verið afar misráðið. Það hefur ekki komið nægilega vel fram hvaða hagræðing er eiginlega falin í þessari ohäeffun. Ég held að það sé nefnilega engin hagræðing falin í henni. Ég held að það sé verið að moka undir toppana hjá þessu opinbera fyrirtæki, sem núna geta skammtað sér laun eins og þeim hentar, en óbreyttir starfsmenn, starfsmennirnir á gólfinu sitja eftir. Þannig er það. Það er afar líklegt að það sama verði síðan um Ríkisútvarpið, frú forseti.

Annað hefur líka vakið athygli mína, komandi hér inn á þing í gær með stuttum fyrirvara, það er þessi umræða um slæm vinnubrögð í menntamálaráðuneytinu og það er auðvitað dálítið sorglegt að maður þurfi að standa frammi fyrir því að gögnum sé haldið til baka. Ég veit ekki hvort ég á að segja haldið leyndum en það er sennilega samt réttasta orðið vegna þess að menn segja: Þið báðuð aldrei um gögnin, þið báðuð aldrei um þessi gögn og bréfaskipti frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA-gögnin svokölluðu. Hvernig í ósköpunum eiga menn að biðja um einhver gögn sem þeir vita ekki að eru til? Þetta er í raun og veru svona frekar heimspekileg spurning og áhugavert að velta henni fyrir sér.

Það er auðvitað vandræðalegt að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki sjá að sér og biðjast bara afsökunar á þessu. Það væri miklu drengilegra. Í staðinn eru hér framm í köll sem maður hefur aldrei heyrt af jafnmiklum krafti eins og í gær frá hæstv. menntamálaráðherra. Það segir auðvitað eitthvað um pirringinn í þessu máli og vandræðaganginn að hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þurfti að byrsta sig og hún var reið á svipinn, mjög reið. Ég held að það sé líka dálítið af því að hún veit upp á sig skömmina.

Frú forseti. Í ræðu minni ætla ég að fjalla um nefndarálit minni hlutans. Ég ætla að fjalla um blogg hæstv. dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar frá því í gær, en Björn hefur oft verið kallaður ofurbloggari og ég mun fjalla aðeins betur um blogg hans. Ég mun fjalla aðeins um þátt útvarpsstjóra í málinu, títtnefnda Gallup-könnun ætla ég að fjalla um, aðeins betur um ESA-gögnin og ummæli hæstaréttarlögmanns sem segir það berum orðum að hann líti á þetta frumvarp sem upphafið að endalokum Ríkisútvarpsins. Ég ætla einnig að fjalla um framhaldsnefndarálit minni hlutans og um þátt og samhengi þjóðarinnar og Ríkisútvarpsins, því að það er jú þjóðin sem á Ríkisútvarpið, enn þá. En ef fram fer sem horfir verður það auðvitað ekki þannig, ekki frekar en að við vitum öll að þjóðin átti Símann og þjóðin átti Landsbankann og listaverkasafn Landsbankans reyndar líka. Þjóðin átti þessar góðu stofnanir og þessi góðu fyrirtæki, sem margir nefndu mjólkurkýr, en eru núna mjólkurkýr fyrir einhverja aðra, fyrir einhverja sem græða á tá og fingri á þessum fyrirtækjum.

Ég nefndi áður nafn hv. þm. Péturs Blöndals. Í umræðu á síðasta þingi um vatnalögin fór hann fram á það að menn mundu segja til um það hversu lengi þeir ætluðu að tala því að hann var að velta því fyrir sér hvernig yrði með andsvör og þess háttar. Ég yrði nú ofsalega kátur ef Pétur Blöndal mundi koma hér og eiga við mig orðastað í andsvörum og þess vegna ætla ég að gera honum þann greiða að nefna það hvað ég telji að ræðan mín verði löng, svona nokkurn veginn. Ég hef auðvitað ekki tímamælt hana alveg en mér finnst frekar líklegt að ég muni ná að koma þeim upplýsingum sem ég ætla að koma frá mér á u.þ.b. klukkutíma eða svo, það gæti teygst upp í einn og hálfan, vonandi ekki mikið meira. Þó er aldrei að vita.

Þegar ég gekk í þingsalinn til að hlýða á ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar var ég eini þingmaðurinn í salnum og þá leit ég á hversu margir þingmenn væru í þinghúsinu og þeir voru níu, sex stjórnarandstöðuþingmenn og þrír úr stjórnarliðinu. Einhverjir eru auðvitað á skrifstofunum sínum, vona ég, hafa gleymt að stimpla sig inn á skrifstofurnar og eitthvað svoleiðis. Það segir okkur að kannski eru u.þ.b. 50 þingmenn fjarverandi, voru merktir fjarverandi og mér þykir það nú dálítið miður að þegar verið er að ræða um svona mikilvægt mál eins og frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. er þá skuli margir fara að sinna öðrum málum. En ég treysti því að sjálfsögðu að þeir kynni sér efni ræðu minnar þó að það verði á annan hátt.

Ég ætla að byrja á því að fara aðeins yfir nefndarálit minni hluta menntamálanefndar frá 2. umr. vegna þess að það er mjög áhugaverð og góð lesning og það var reyndar skemmtilegt að fá tækifæri til þess í gær að setja sig ítarlega inn í þau mál. Þetta nefndarálit er upp á heilar 52 síður og ég mun auðvitað bara stikla á stóru í svona aðalatriðum þess máls og síðan er auðvitað eftir nefndarálit minni hlutans, eftir öll ósköpin sem gengu á um áramótin, á milli jóla og nýárs, títtnefnd ESA-gögn komu þá út úr skápnum o.s.frv.

Í nefndarálitinu frá minni hluta menntamálanefndar er talað um meginatriði málsins, það er dregið fram í sérstökum kafla. Þar er lögð áhersla á að verði frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. að lögum sé það mjög líklegt til þess að deilur um Ríkisútvarpið muni aukast, alls ekki minnka, og það er auðvitað mjög miður. Það er sagt að sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu sé nauðsynlegur muni að öllum líkindum verða enn þá minni en verið hefur. Þá er nú betur heima setið en af stað farið, frú forseti.

Með frumvarpi því sem hér um ræðir er ekki skapaður sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir til frambúðar og þar með ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Líklegt er að samþykkt frumvarpsins leiði til enn ákafari deilna en áður um stöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlavettvangi og jafnvel til málaferla heima og erlendis. Þetta er auðvitað grafalvarlegur hlutur og þetta er ekki bara eitthvað sem nefndarmönnum í minni hlutanum dettur í hug heldur er þetta stutt með fjölda gagna. Fyrir menntamálanefnd komu um 150 gestir, sumir að vísu tvisvar skilst mér og jafnvel þrisvar, og á máli margra gesta var að skilja að þetta gæti einmitt orðið niðurstaðan. Ég ætla að vitna í álit eins lögfræðings á eftir, hæstaréttarlögmanns sem er einmitt á þessari skoðun.

Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag væri stigið varhugavert skref sem í sambærilegum tilvikum hefur langoftast leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Og þetta er einmitt mergurinn málsins, þetta er hryggjarstykkið í þessu máli. Eins og ég kom inn á í inngangi mínum er þetta einmitt á stefnuskrá margra þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sem betur ekki fer á stefnuskrá þingmanna Framsóknarflokksins en Framsóknarflokkurinn lætur teyma sig enn eina ferðina út í einhverja óvissu. Ég veit ekki hvort það er Sjálfstæðisflokkurinn sem er búinn að sannfæra Framsóknarflokkinn eða hvort það eru bara þingmenn Framsóknarflokksins sjálfir sem reyna að sannfæra sig um að það sé nú ekki nein dramatísk breyting að breyta okkar ágæta ríkisútvarpi úr ríkisútvarpi í opinbert hlutafélag og þar með er það komið á hlutafélagamarkað, sem þýðir í raun og veru einkavæðing.

Það er líka nefnt að þeir stjórnunarhættir sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu opni leið til áframhaldandi pólitískra ítaka og inngripa. Það er einmitt það sem menn hafa aðallega verið að tala um að ætti að forðast, og það er alveg hægt. Það þarf ekki að búa til eitthvert svona frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. til að koma í veg fyrir það. Ég hélt reyndar að allir væru sammála um að útvarpsnefnd og bein þátttaka stjórnmálaflokka í rekstri Ríkisútvarpsins sé kannski ekki alveg af því góða. Það er miklu mikilvægara að fulltrúar fólksins í landinu, eigendanna, þjóðarinnar, eigi sæti í stjórn þessarar góðu stofnunar. Það er einmitt miklu mikilvægara og verðugra verkefni að taka sér fyrir hendur að reyna að minnka þau beinu pólitísku áhrif sem eru og hafa verið, mismikil að vísu, innan Ríkisútvarpsins. Stund-

um hefur Ríkisútvarpið verið kallað bláskjár og ekki að ástæðulausu. Það vita allir af hverju það er.

Það er auðvitað ekki við starfsmenn Ríkisútvarpsins að sakast. Þeir eru langflestir afar hæfir og vandir að virðingu sinni og gæta í langflestum tilfellum hlutleysis. Þið takið eftir að ég segi í langflestum tilfellum, vegna þess að svo er því miður ekki að öllu leyti og ég mun kannski koma aðeins inn á það seinna í ræðu minni, t.d. þátt Gísla Marteins Baldurssonar í því efni.

Eitt sem er líka nefnt hérna sem grunnatriði í nefndarálitinu og það er að nefskatturinn sé ekki líklegur til að vekja mikla lukku. Það hefur einmitt verið fjallað um það ágætlega hér að nefskattur er eitthvað það heimskulegasta sem hægt er að leggja á fólk. Í eðli sínu er hann afar ósanngjarn skattur. Markmið og takmark skatta er nefnilega það að skattkerfið eigi að vera til að jafna lífskjörin. Ef maður leggur flatan skatt á fólk eða fjölskyldur, óháð efnahag og aðstæðum, er augljóst að það bitnar helst á fólki með lægstu tekjurnar eða engar tekjur og meðaltekjur, margfalt meira en á hátekjumanninum sem er með kannski milljón á mánuði og þar yfir. Hann munar ekkert um 15 þús. kr. í nefskatt til Ríkisútvarpsins. En barnafjölskyldu með lágar mánaðartekjur getur heldur betur munað um þessa upphæð.

Í sérstökum kafla í nefndarálitinu er fjallað um vinnubrögðin við að semja þetta frumvarp. Það er auðvitað mjög merkilegt að frumvarpstextarnir hafi verið undirbúnir með leynd hjá sérstökum trúnaðarmönnum flokkanna og upplýsingum haldið markvisst frá almenningi, fjölmiðlum og starfsmönnum Ríkisútvarpsins og það er auðvitað grafalvarlegt mál vegna þess að starfsfólkið hefði átt að vera með í ráðum þegar verið var að finna leiðir til að bæta starfsemina. Er það líklegt, frú forseti, að einhverjir flokksgæðingar Sjálfstæðisflokksins, sem hefur það að hluta til að markmiði sínu að selja Ríkisútvarpið, og flokksgæðingar Framsóknarflokksins, sem labbar alltaf í eftirdragi á eftir Sjálfstæðisflokknum í öllum málum, séu líklegastir til að koma með gáfulegan frumvarpstexta sem eflir Ríkisútvarpið? Nei, frú forseti, þannig er það ekki, það hlýtur hvert barn að sjá. Þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna var auðvitað haldið frá þessu máli eins og hægt var. Það er dálítið sorglegt vegna þess að það hefði verið svo auðvelt að setja saman hóp hæfra einstaklinga úr öllum flokkum, jafnvel með fólki úti í þjóðfélaginu sem hefði áhuga í því. Ég nefni t.d. Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins og starfsmenn Ríkisútvarpsins, það hefði líka verið frábært, og það er auðvitað dálítið skrýtið að öllum þessum aðilum hafi verið haldið frá málinu. Er það ekki dálítið skrýtið? Eru það eðlileg vinnubrögð? Auðvitað eru það ekki eðlileg vinnubrögð, frú forseti. Hér segir:

„Í stað þess að efna til samstarfs allra flokka á þingi um endurnýjað ríkisútvarp og reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um framtíðarskipan þess hafa forustumenn stjórnarflokkanna sammælst um tillögur sem einkennast annars vegar af kreddu og hins vegar af hrossakaupum án þess að vart verði sameiginlegrar grundvallarstefnu um hlutverk Ríkisútvarpsins og stöðu þess á fjölmiðlavettvangi."

Þetta er auðvitað kjarni málsins og þetta er auðvitað áfellisdómur yfir stjórnarmeirihlutann, yfir þessa ríkisstjórn og yfir hæstv. menntamálaráðherra. Það er bara þannig. Ég held að maður sé ekkert ósanngjarn þegar maður segir að þannig séu hlutirnir. Það hljóta allir að sjá að málið er vanreifað enda er það augljóst að þegar einhverjir flokksgæðingar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins eru fengnir til að fara í málið þá verður ekkert almennilegt frumvarp úr því. Það er borðleggjandi og augljóst mál en auðvitað dálítið sorglegt vegna þess að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, afar mikilvægt.

Fjölmörg álitamál eru enn óafgreidd. Hv. þingmaður og formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, tók það sérstaklega fram í mikilli tölfræðiræðu hversu vel hafi verið unnið og undirbúið og staðið að þessu máli. Menn hefðu fundað og talað um málið í 72 klukkutíma, í þrjá sólarhringa, og reiknaði þetta út í sekúndum og hvaðeina, fjölmargir gestir hefðu komið fyrir nefndina. Síðan er málið rifið út úr nefndinni án þess að vera fullafgreitt og þá kemur í ljós að enn er verið að bíða eftir mikilvægum gögnum, gögnum sem gætu skipt miklu máli. Og ástæðan fyrir öllum þessum heimsóknum og löngu umræðum er auðvitað sú að frumvarpstextinn er meingallaður, þetta er því miður ónýtt frumvarp.

Það er náttúrlega dálítið erfitt fyrir hæstv. menntamálaráðherra að viðurkenna það að þriðja frumvarpið sem komið er með í þingsal um þetta mál, fyrsta frumvarpið var um Ríkisútvarpið sf., síðan Ríkisútvarpið hf. og á þessu þingi er það Ríkisútvarpið ohf. Sem betur fer hefur ríkisstjórnin ekki fleiri þing til að koma með fleiri vitlaus frumvörp um Ríkisútvarpið. Ég ætla rétt að vona að þetta frumvarp verði ekki að lögum á þessu þingi vegna þess að það yrði grafalvarlegt mál.

Auðvitað væri hægt að komast að niðurstöðu, það væri hægt að semja um málið. Ég veit að í menntamálanefnd situr fólk sem er alveg tilbúið til að semja um málið, ná góðri lendingu í því til þess að við getum raunverulega eflt þjóðarútvarpið okkar, almannaútvarpið sem við viljum eiga. En þá þarf auðvitað að koma einhver smátilslökun úr hinni áttinni, frá Sjálfstæðisflokknum. Ég held að Framsóknarflokkurinn yrði ekki í neinum vandræðum með að sameinast stjórnarandstöðunni um að búa til frumvarp sem mundi í raun og veru efla Ríkisútvarpið. En af því að hann er í stjórnarmeirihlutanum, og svo notuð séu orð varaformanns menntamálanefndar, hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur, um tvö lið á Alþingi, meiri hlutann og minni hlutann, og hún spilar í meirihlutaliðinu núna, er þar með ekki hægt að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Það mundi sennilega þýða stjórnarslit ef Framsóknarflokkurinn segði skoðun sína eins og hún er í raun og veru. Það er ekki baráttumál Framsóknarflokksins að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og hefur aldrei verið þó að ég kunni auðvitað ekki ályktanir einstakra flokksþinga Framsóknarflokksins utan að, sem betur fer.

Það er mjög alvarlegt að leggja fram mál sem er svona vanreifað, sérstaklega vegna þess að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Beiðni um að fá álit fjölmiðladeildar Evrópuráðsins var hafnað þegar fjallað var um málið á milli 1. og 2. umr. og það var auðvitað stórfurðulegt. Það kemur fram í nefndarálitinu að þetta sé í þriðja sinn á þremur þingum sem formaður menntamálanefndar hafnar slíkri beiðni þó að vafi leiki á að stjórnskipan RÚV ohf. standist kröfur í tilmælum um sjálfstæði almannaþjónustu á þessu sviði.

Þetta er ekki búið, frú forseti. Þetta voru bara tveir punktar úr vinnubrögðunum. Þriðji punkturinn er sá að menntamálanefnd fékk ekkert tækifæri til að kanna álitamál sem ítrekað hafði komið upp um hvort rekstur Ríkisútvarpsins í hlutafélagsformi standist samkeppnislög, jafnvel stjórnarskrá, þar sem ríkisstyrkur er nýttur til samkeppnisrekstrar, m.a. á auglýsinga- og svokölluðum kostunarmarkaði. Skilgreiningar á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins eru afar óljósar. Það er einkennilegt að svona augljósar athugasemdir skuli ekki vera teknar til greina og reyndar þurfi að ganga eftir þeim. Það lýsir ekki góðum vinnubrögðum hjá formanni menntamálanefndar. Hann var annars mærður mjög fyrir góð og ítarleg vinnubrögð og skipulega vinnu og ég efast ekki um að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er flinkur í að stjórna fundum og hefur gert þetta eins vel og hann gat þó að lokin á þessu máli, þegar það var rifið út úr menntamálanefnd síðastliðinn föstudag og meira að segja kallaðir inn varamenn eins og þingmaðurinn Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n., sem hafði aldrei áður komið á fund menntamálanefndar, skilst mér. Hann var fenginn til að mæta á föstudegi til að hlaupa í skarðið fyrir varaformanninn til þess að hægt væri að afgreiða málið úr nefndinni með hraði. Þar á undan höfðu menn keppst við að lesa torskilinn texta, skilst mér. Ég hef reyndar ekki fengið að sjá öll þessi ESA-gögn og ég veit ekki hvort ég mundi græða mikið á því að lesa mikinn og djúpan og flókinn lögfræðilegan texta á einhverri tækniensku. En það er auðvitað rétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir að Sigurður Kári Kristjánsson, hv. formaður menntamálanefndar, er auðvitað mikill snillingur að hafa getað gjóað augunum á bunkann og séð að þarna var ekki neitt sem skipti máli. Þetta voru einhver sendibréf á milli ráðuneytisins og Eftirlitsstofnunarinnar sem menn hefðu reyndar alveg getað sleppt að skrifa og ekkert nýtt eða merkilegt stóð þar.

Ýmsar breytingar urðu á frumvarpinu á milli 1. og 2. umr. en ekki mjög miklar á milli 2. umr. og 3. umr. Reyndar eru einu breytingarnar núna að lagt er til af meiri hlutanum að frumvarpið taki ekki gildi 1. febrúar, þ.e. eftir nokkra daga, heldur 1. apríl. Þeir hefðu ekki getað valið skemmtilegri dagsetningu fyrir svona skemmtilegt frumvarp en 1. apríl. Það hæfir kannski þessari frumvarpsómynd, herra forseti.

Ég ætla að fara aðeins yfir breytingarnar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu. Í nefndaráliti minni hlutans segir:

„Það stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er í flestum greinum hið sama og menntamálaráðherra lagði fram á síðasta þingi og hinu næstsíðasta. Frumvarpið nú er að einu atriði undanteknu óbreytt frá sköpulagi frumvarpsins í fyrra, að meðtöldum breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar fyrir 3. umræðu, og vísast því í megindráttum til nefndarálita minni hluta menntamálanefndar á síðasta þingi um málið.

Breytingin felst í því að nú hyggjast stjórnarflokkarnir gera Ríkisútvarpið að „opinberu hlutafélagi“ (ohf.) en á fyrra þingi að hlutafélagi (hf.) og á þinginu þar áður að sameignarfélagi (sf.).“

Það er dálítið skemmtilegt að Sjálfstæðisflokkurinn leggur fram frumvarp um Ríkisútvarpið sf., Ríkisútvarpið sameignarfélag. Það var örugglega í anda sjálfstæðisstefnunnar að gera mikið sameignarfélag úr þessu Ríkisútvarpi okkar. Síðan var farið yfir í hlutafélagaformið af því að þeir áttuðu sig á því að sameignarfélagsformið væri alveg handónýtt og ómögulegt eins og það leggur sig og hentaði auðvitað alls ekki Ríkisútvarpinu en hlutafélag væri alveg frábært, það væri miklu betra. Síðan til að koma eitthvað til móts við — ja, ég veit það ekki, kannski voru það hugmyndir framsóknarmanna um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Það hljómaði ekki allt of vel vegna þess að — hvaða reynslu höfum við af því, herra forseti, þegar fyrirtæki eru gerð að hlutafélagi? Jú, það er augljóslega fyrsta skrefið í því að selja þau. Ég man ekki betur en hv. þm. Halldór Blöndal, þá reyndar hæstv. samgönguráðherra sennilega, hafi verið afar stoltur af því að vera með eina hlutabréfið í Símanum, Landssímanum hf., held ég að hann hafi heitið, afar stoltur af því að vera mikill hluthafi í því hlutafélagi en það stóð ekki lengi. Það muna allir þá dæmalausu og skelfilegu sögu um spillingu á spillingu ofan þegar það fyrirtæki var síðan fellt, hlutað í sundur reyndar. Það er auðvitað sorgarsaga sem maður þyrfti að rifja upp einhvern tímann til að haldast í minningunni og vera víti til varnaðar vegna þess að hér erum við einmitt á svipuðum tímapunkti. En framsóknarmenn hafa sennilega fallist á að það væri skárra líka fyrir andlit ríkisstjórnarinnar út á við að þetta væri kannski ekki eins stórt skref að fara með Ríkisútvarpið úr því að vera þjóðarútvarp í almannaeign yfir í það að vera opinbert hlutafélag. Opinbert hlutafélag hljómar einhvern veginn miklu skár en bara hlutafélag. Það átti að reyna að telja mönnum trú um að þar með væri það áfram algerlega á sviði ríkisstofnana en ekki á hlutafélagamarkaði og mjög erfitt væri að breyta því en auðvitað er það ekki þannig. Við vitum allt um það.

Það er dálítið skemmtilegt með breytingar frá 1. til 2. umr. að meiri hluti menntamálanefndar lagði til að ekki verði auglýsingar á vefsetri Ríkisútvarpsins frekar en verið hefur að undanförnu Þetta var svo sem ekki mikil breyting og skiptir ekki öllu máli en er kannski góð breyting og mjög gott að maður sé laus við það á einum af þessum vefþjölmiðlum, að það séu dinglandi einhverjar auglýsingar blikkandi fyrir framan mann, það er auðvitað ánægjulegt. Það verður að segjast eins og er að þar stóð meiri hluti menntamálanefndar sig afar vel og gerði skynsamlegar breytingar.

Einnig voru birt drög að þjónustusamningi sem hæstv. menntamálaráðherra hyggst gera við útvarpsstjóra. Áætluð útgjöld vegna slíks samnings fyrir næstu tíu ár, takið eftir, það er ekki bara fimm ára áætlun eins og í Sovét í gamla daga, heldur tíu ára áætlun. Ég ætla einmitt að fara aðeins betur ofan í þessa tíu ára áætlun Ríkisútvarpsins vegna þess að hún er sérkapituli út af fyrir sig og dálítið merkileg og skemmtileg.

Ég var að vísu búinn að lofa að ég mundi ekki tala í meira en einn og hálfan tíma en mér sýnist að það geti orðið aðeins lengra vegna þess að ég þarf að fara miklu ítarlegar í þetta mál en mér sýndist, en eins og ég segi, þetta er stórmál. Það er auðvitað ástæða til að fara mjög vel yfir það og skoða alla þætti þess.

Breytingin úr hf. í ohf. skiptir sáralitlu máli fyrir starf-

semi Ríkisútvarpsins þar sem áður hafði verið fallist á að upplýsingalög giltu um nýja fyrirtækið. Það er vissulega mjög ánægjulegt að upplýsingalögin eigi að gilda um þetta nýja fyrirtæki vegna þess að gegnsæi í öllum rekstri ætti að vera leiðarljós og það að geta fengið upplýsingar um allt sem viðkemur starfsemi Ríkisútvarpsins þegar það er ríkisútvarp í almannaþágu er auðvitað grundvallaratriði fyrir eigendurna, sem er þjóðin sjálf. Þess vegna er það grundvallaratriði og líka ánægjulegt að meiri hluti menntamálanefndar áttaði sig á því eftir 1. umr. að þetta var dálítið grundvallaratriði.

Síðan er bent á að þessar tillögur eru nánast gagnslausar þar sem ríkisstyrkta hlutafélaginu á samkeppnismarkaði, þar með heildartekjum Ríkisútvarpsins, eru ekki sett takmörk á nokkurn veg. Einungis er kveðið á um að kostunartekjur séu ákveðið hlutfall af auglýsingatekjum. Það er dálítið merkilegt vegna þess að þá fer kostunin náttúrlega eftir því hversu auglýsingatekjurnar eru miklar. Ef auglýsingatekjurnar eru miklar þá má kostunin vera meiri. Það er dálítið einkennilegt að hengja þetta svona saman en ekkert þak sé ofan á. Hversu miklar eiga auglýsingatekjurnar að vera? Þetta er mál sem maður hefði átt að taka fyrir og færð hafa verið rök fyrir því að kannski sé skynsamlegt að taka Ríkisútvarpið að einhverju leyti út af auglýsingamarkaði. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom einmitt inn á það og skýrði frá því hvernig þessu er háttað í Þýskalandi þar sem á sjónvarpsstöðvunum ARD og ZDF, á mesta áhorfstíma sem er frá kl. 6 síðdegis til 10 á kvöldin eitthvað svoleiðis og undantekningarlaust í barnaefninu, eru engar auglýsingar. Mér finnst það mjög skynsamlegt. Ég held að Ríkisútvarpið ætti að taka að upp hjá sjálfu sér að hafa ekki á laugardagsmorgnum og sunnudagsmorgnum glymjandi einhverjar sykurauglýsingar á milli teiknimyndanna. Það finnst mér augljóst mál en auðvitað erfitt eins og það er núna, en ég er viss um að fulltrúar stjórnarandstöðunnar væru tilbúnir til og gætu náð einhverri sameiginlegri niðurstöðu með stjórnarmeirihlutanum um að setja slíkar reglur fyrir Ríkisútvarpið frekar en vera að með þennan lagabálk um hlutfall kostunar af auglýsingatekjum o.s.frv.

Það hefur heilmikið verið rætt um réttindi starfsmanna. Ég ætla ekki að fjalla mikið um þjónustusamningana, það er annar kapítuli sem ég mun sennilega fjalla um í seinni ræðu minni við þessa 3. og síðustu umr. því það er mjög áhugavert efni sem maður ætti að fara vel ofan í. En annað atriði sem skiptir ekki síður miklu máli er réttindi starfsmanna. Ég er enginn sérfræðingur á því sviði en sem betur fer hafa nokkrir hv. þingmenn kynnt sér þau mál afar vel og verið í sambandi við starfsmenn á Ríkisútvarpinu og stéttarfélög þeirra. Í nefndarálitinu segir um réttindi starfsmanna og vitna ég aftur í texta minni hluta menntamálanefndar. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í öll skiptin sem mál þetta hefur verið til meðferðar á Alþingi hafa stéttarfélög starfsmanna ásamt heildarsamtökunum BSRB og BHM gert alvarlegar athugasemdir við meðhöndlun réttinda starfsmanna. Þær athugasemdir hafa engu breytt nema hvað meiri hluti nefndarinnar tekur nú góða og gilda yfirlýsingu útvarpsstjóra um að þeir starfsmenn sem nú eiga réttindi í A-deild LSR muni halda þeim rétti. Fulltrúar stéttarfélaganna segja hins vegar að slík yfirlýsing sé marklaus nema þau réttindi verði tilgreind í bráðabirgðaákvæði II.“

Þarna er maður kominn í einhverja nákvæmnisvinnu sem þarf greinilega að fara miklu betur ofan í.

Helstu atriði sem nú heyra til réttinda starfsmanna Ríkisútvarpsins en falla niður við breytingarnar eru eftirfarandi, en þetta eru níu atriði, takið eftir, níu atriði um réttindi starfsmanna sem falla niður, en þau eru: andmælaréttur, áminningarskylda, skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn, auglýsingaskylda um laus störf, aðgangur almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda, uppsagnarfrestur, þagnarskylda, skylda um að hlíta breytingum á störfum og verksviði auk biðlaunaréttar þeirra sem ráðnir eru fyrir 1. júlí 1996.

Herra forseti. Þetta eru níu atriði. Þetta eru réttindi sem starfsmennirnir missa á einu bretti þann 1. apríl næstkomandi ef þetta skringilega frumvarp verður samþykkt af meiri hlutanum. Það er ekkert smávegis. Það er grafalvarlegt mál.

Hér segir frá því að títtnefndur Páll Magnússon útvarpsstjóri kom á fund nefndarinnar og var m.a. spurður út í réttindamálin og hann staðfesti þann skilning minni hlutans að réttindi samkvæmt núgildandi kjarasamningum falla úr gildi þegar þeir samningar renna út sem verður eftir tvö ár og hann gat ekki upplýst neitt um þá samninga sem tækju við annað en þegar þar að kæmi tækju við svokallaðir frjálsir samningar. Þeir væru einstaklingsbundnir svo hverjum og einum starfsmanni yrði þá frjálst að selja kauphækkanir fyrir réttindi, það er smekklega orðað, að selja kauphækkanir fyrir réttindi. Það þýðir að láta af hendi einhver réttindi sem menn hafa gengið að sem vísum en í staðinn að fá einhverja kauphækkun sem þyrfti þá auðvitað að semja um í hvert skipti.

Hér kemur mjög athyglisverður punktur. Aðspurður taldi útvarpsstjóri líklegt að launabil ykist með slíkum samningum. Það er dálítið merkilegt en augljóst og hefur fengið allt of litla umræðu hér. Einnig í sambandi við hið opinbera hlutafélag Flugstoðir ohf. Ég minntist aðeins á það fyrr í ræðu minni að einn tilgangurinn með frumvarpinu væri sá að topparnir geta hækkað aðeins í launum, ekki bara aðeins heldur jafnvel helling, en hinir óbreyttu starfsmenn þurfa að „selja réttindi sín“ til að fá launahækkanir. Það er dálítið merkilegur hlutur. Ég veit ekki hvernig menn sjá það fyrir sér en það er mjög heiðarlegt af Páli Magnússyni útvarpsstjóra að viðurkenna að verið sé að stórauka launabil með frumvarpinu. Það er auðvitað alveg eftir stefnu ríkisstjórnarinnar. Við sjáum það að við erum á hraðleið, íslenska þjóðfélagið, í átt að amerísku þjóðfélagi þar sem launabilið er himinhátt og svimandi. Það er dálítið sorglegt að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins skuli fagna því og hæstv. forsætisráðherra missir jafnvel ekki svefn yfir slíkum smáatriðum. Það er auðvitað skemmtilegt til þess að hugsa.

Útvarpsstjóri taldi reyndar einnig líklegt að einhverjum hluta áætlaðrar hagræðingar yrði náð með því að fækka starfsmönnum. Líklegt væri að u.þ.b. 30 starfsmenn mundu nýta biðlaunaréttinn strax, þ.e. 30 starfsmenn Ríkisútvarpsins mundu hætta strax. Ég veit ekki hvort þeir eiga að hætta 1. apríl eða hvort þeir eiga að vinna út einhvern uppsagnarfrest, sennilega ekki ef þeir ætla að nýta biðlaunarétt sinn.

Það væri gaman að fá að vita hvað það allt mundi kosta. Ljóst er að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru þar með í uppnámi og það er auðvitað dálítið sorglegt að andmælaréttur eða áminningarskylda og skriflegur rökstuðningur, sem tíðkast sem betur fer hjá ríkisfyrirtækjum, verði öllu hent út í hafsauga með því að oháeffa Ríkisútvarpið okkar.

Í sérkafla um tengslin við fjölmiðlafrumvarpið segir í nefndaráliti minni hlutans:

„Svo bar við á þessu þingi að auk ríkisútvarpsfrumvarpsins lagði menntamálaráðherra fram frumvarp um almenna fjölmiðla (58. mál á þskj. 58). Það frumvarp er í megindráttum byggt á tillögum nefndar sem í sátu fulltrúar allra þingflokka og skilaði skýrslu 7. apríl 2005. Þvert á fyrirheit ráðherra hefur ekki verið reynt í nefndinni að fjalla í samhengi um þessi tvö mál, og það eina sem gert hefur verið í meðferð fjölmiðlafrumvarpsins er að senda það til umsagnar."

Mér er spurn, herra forseti: Af hverju liggur ekki eins mikið á því máli og þessu? Ég held að það sé mjög mikilvægt og gott mál að fá ramma utan um starfsemi fjölmiðla. Það er afar mikilvægt mál. Það er mjög réttmæt krafa að þessi tvö mál séu rædd í samhengi. Ég held að það væri gott fyrir bæði málin.

Hér er minnt á bókun sem fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins lögðu fram þegar áðurnefnd fjölmiðlanefnd skilaði af sér. Þar sögðu fulltrúarnir að mikilvægt væri að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem tæki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt væri einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið færi fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf. Það var enn fremur mat fulltrúanna að slík sátt næðist aðeins með því að tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir á milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar.

Þessi fróma ósk fulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins varð því miður ekki að veruleika vegna þess að einhverjir í stjórnarflokkunum ákváðu að það væri miklu mikilvægara að oháeffa Ríkisútvarpið í hvelli og hitt gæti beðið seinni tíma. Það væri allt í lagi að láta það dankast eitthvað í kerfinu. Svo er rætt um sáttaboðið vegna þess að það er virkilega þannig að stjórnarandstaðan er alveg tilbúin til að semja um þetta mál, meira en lítið tilbúin til þess. Hér er bent á að í 1. umr. um frumvarpið, strax í haust, var slíkt sáttaboð ítrekað. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Mörður Árnason, fulltrúi Samfylkingarinnar í menntamálanefnd, lýstu því báðir yfir fyrir hönd flokka sinna að ef ráðherra og stjórnarmeirihlutinn væru til viðræðu um annað eignarform en hlutafélagsformið stæði ekki á flokkunum að taka gjörvallt málið til skoðunar á ný með það fyrir augum að reyna til þrautar sættir um framtíð Ríkisútvarpsins. Hvorki menntamálaráðherra, formaður menntamálanefndar né varaformaður hennar úr Framsóknarflokki virtu þetta sáttaboð svars. Það var slegið á útrétta sáttarhönd. Vert er að hafa það í huga, virðulegi forseti, þegar verið er að saka stjórnarandstöðuna um að tefja fyrir málum á þinginu, að það hefði verið hægðarleikur fyrir stjórnarmeirihlutann að taka í þessa sáttarhönd og fara í það mikilvæga verkefni saman að ná sátt um starfsemi Ríkisútvarpsins, breyta því sem breyta þarf og bæta það sem bæta þarf. Það hefði verið sjálfsagt mál og hið besta mál en það varð því miður ekki.

Hins vegar er það ekki svo að minni hlutinn sé í fýlu og hafi dregið sáttarhönd sína til baka, það er enn þá tími til að semja. Niðurstaðan er sú að minni hlutinn leggur til að málinu verði vísað frá. Það væri skynsamlegast í stöðunni og það væri ekki í fyrsta skipti. Það færi þá eins með það mál og málið um Ríkisútvarpið sf. og málið um Ríkisútvarpið hf. Það yrði bara tekið út af dagskrá. Það væri langskynsamlegast. Það er ekki út af einhverju einu, nei, það er í 12 stafliðum frá a-l. Frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. getur t.d. brotið í bága við stjórnarskrá. Það er alvarlegt og rétt að ganga frá því máli. Við viljum mjög gjarnan losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum en þetta frumvarp er engin lausn á því máli. Það er auðvitað dálítið skrýtið.

Bent hefur verið á að ákvæðinu í frumvarpinu um a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá virðist beinlínis vera ætlað til að auðvelda afnám ekki Rásar 1 heldur Rásar 2. Þeirrar útvarpsstöðvar sem sinnt hefur hvað best íslenskri dægurtónlist og á heiður skilinn fyrir að gera íslenska tónlist að þeirri útflutningsvöru sem hún er orðin og þeirri grósku sem er í íslenskri tónlist. Rás 2 á þar mjög mikinn þátt og ber að þakka starfsmönnum Ríkisútvarps, Rásar 2, sérstaklega fyrir það. Þeir hafa staðið sig mjög vel í því að spila ekki bara það vinsælasta heldur líka jaðartónlist. Ég held að tónlistarmenn eins og Mugison, jafnvel SigurRós og Lay Low upp á síðkastið, væru ekki það sem þeir eru í dag ef Rásar 2 nyti ekki við. Ég er ekki að segja að einkareknar útvarpsstöðvar geti ekki sinnt þessu máli en það er staðreynd að þær gera það ekki eins vel. Við höfum tölulegar staðreyndir um það. Þetta er auðvitað afar mikilvægt.

Einn af þessum 12 stafliðum er um nefskattinn sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þetta er ekki heppileg leið til fjármögnunar sem byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda sem er auðvitað grafalvarlegt mál. Svo er liðurinn um málaferlin. Það er stór þáttur út af fyrir sig og ég ætla að fara aðeins yfir hann á eftir. Gríðarlegur fjöldi fylgiskjala fylgir nefndarálitinu, t.d. umsögn Samkeppniseftirlitsins sem gerir miklar athugasemdir við málið og margar fleiri athugasemdir, t.d. frá BSRB og verkalýðsfélögum starfsmanna.

Auðvitað er það ekki svo að allt sé slæmt við þetta mikla frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Þar eru góðir punktar eins og í II. kafla, um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þar eru að nokkru leyti skilgreindar áherslur og skyldur Ríkisútvarpsins í 13 töluliðum, eins og að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð, sem er afar mikilvægt. Ríkisútvarpið hefur auðvitað sinnt þessu vel og gæti sinnt þessu enn þá betur. Annar tölulíðurinn hljómar mjög einkennilega, þ.e. að senda eigi út a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá. Það er reyndar dálítið merkilegt að þetta skuli orðað svona. Af hverju var bara ekki sagt að haldið skyldi úti a.m.k. einni sjónvarpsrás og a.m.k. tveimur útvarpsrásum. Hafa menn í menntamálaráðuneytinu eitthvað á móti Rás 2? Hvað er málið? Á að slátra Rás 2 strax? Það er ekki einu sinni reynt að fela það. Hins vegar eru hér góðir hlutir eins og um dag-

skrána, að efnið eigi að fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni, veita eigi almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega. Það hljómar allt mjög vel.

Fimmti liður er flottur, að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana og að gæta skuli fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Og 6. liður, að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Þetta eru auðvitað miklar kröfur en sjálfsagt að setja markið hátt og reyna að fara eftir því. Mér finnst mjög ánægjulegt í 6. tölulið þar sem segir að þess skuli sérstaklega gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi. Þetta finnst mér mjög góður punktur. Það hefur einmitt oft vantað, því miður, að í útvarpinu sé nægilega mikið af boðlegu efni fyrir börn, virðulegi forseti.

Sá sem hér stendur bjó í átta ár í Þýskalandi. Þar er ólíku saman að jafna hvað þar var miklu meira fyrirtaksefni í þýska ríkisútvarpinu fyrir börn. Þetta voru nokkurs konar barnatímar og einn þeirra sem hét Sögur fyrir börn á kvöldin var þáttur á hverju kvöldi sem börnin okkar máttu bara ekki missa af. Það get ég sagt því til hróss.

Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að náinn vinur minn, hv. þm. Pétur Blöndal, er kominn í salinn og ætlar vonandi að veita andsvör við ræðu minni. Ég hélt ég mundi kannski ekki tala í mikið meira en einn eða einn og hálfan tíma en mér finnst líklegt, því ég á núna tíu mínútur eftir, að aðeins teygist á því. Ég verð að hryggja Pétur Blöndal ... (**MÁ:** ... endurtaka hluta af ræðunni.) Hv. þm. Mörður Árnason leggur til að ég endurtaki hluta af ræðunni fyrir ... (Gripið fram í.) Það var einmitt það sem ég ætlaði að segja, ég treysti því að jafnvel þó að hv. þm. Pétur Blöndal hafi ekki verið merktur inn í Alþingishúsið áðan og ekki á skrifstofunni sinni, held ég, hafi það bara verið einhver handvömm að stimpla sig inn á skrifstofuna. Hann hefur örugglega setið á skrifstofunni og horft á sjónvarpið eða verið í tölvunni sinni einhvers staðar heima. Það er líka hægt að fylgjast með umræðum þar. Ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal lætur ekki góðar ræður fram hjá sér fara.

Það er fleira gott í frumvarpinu af því ég er nú einmitt staddur þar. Þetta dálítið almennt orðað en markið er sett hátt: „Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða."

Þessu hlutverki gegnir Ríkisútvarpið reyndar mjög vel, það verð ég að segja, það er alveg til fyrirmyndar. Aðeins hefur verið tekið fram í umræðunum í morgun og í gær reyndar líka, að það er fyrirtaksdagskrárgerð á mörgum sviðum hjá Ríkisútvarpinu og Kastljósið hefur verið nefnt þar til sögunnar í ríkissjónvarpinu og Spegillinn á Rás 1. Hann er að vísu mikill þyrnir í augum hægri manna. Segja sumir að vinstri slagsíða sé á þeim þætti, er það frekar einkennilegur málflutningur. En ef maður hlustar á útvarpið með þröngum flokkspólitískum eyrum getur vel verið að hægt sé að lesa eitthvað slíkt út úr hinum ágæta útvarpsþætti Speglinum, og Samfélaginu í nærmynd jafnvel líka, en þó ekki morgunleikfiminni held ég.

Hér er talað um að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs. Það er mjög gott. Ég er sérstaklega hrifinn af 9. liðnum, að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa. Mér finnst ánægjulegt að þetta sé sérstaklega tekið fram í frumvarpinu, að minnihlutahópar séu sérstaklega nefndir. Ég held að allir geti verið sammála um að afar mikilvægt er að útvarp sé ekki bara eitthvað svona „popular" útvarp fyrir breiðan hóp útvarpshlustenda, heldur einnig fyrir þá sem eru í minni hluta í þjóðfélaginu. Það er afar mikilvægt mál. Ég er viss um að hv. þm. Dagný Jónsdóttir er mér sammála um það, alla vega kinkar hún kolli.

Tíundi liður er dálítið skemmtilegur líka: Að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar útvarps utan höfuðborgarsvæðisins. Sú aðstaða er sem betur fer fyrir hendi víða. Á Egilsstöðum er afar gott útvarp rekið og einnig er innslag í sjónvarp á Akureyri, á Ísafirði og á Suðurlandi. En auðvitað mætti koma því upp víðar, t.d. á Vesturlandi. Vesturlandið situr dálítið á hakanum, er að vísu með einhverja litla starfsstöð en efla mætti það til muna.

Þetta var nú til að vera á jákvæðu nótunum og segja eitthvað virkilega gott um frumvarpið. Maður nennir ekki að tala endalaust um það sem ekki er gott í frumvarpinu en því miður verður að segjast eins og er að stærsti hlutinn af því er ekki boðlegur. En ég verð að taka fram og hrósa hæstv. menntamálaráðherra sérstaklega fyrir að II. kaflinn í frumvarpinu, um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins, er mjög góður. Vissulega eru fleiri hlutir góðir í öðrum köflum.

Það er áhugavert yfirlitið sem er í frumvarpinu um rekstrarform ríkisfjölmiðla annars staðar, á Norðurlöndum, Stóra-Bretlandi, Hollandi og Austurríki. Það er dálítið merkilegt að Dönum líður ágætlega með ríkisútvarp sitt. Það er fjárhagslega sjálfstæð ríkisstofnun, ekki hlutafélag.

Vinir okkar og frændur, Svíar og Finnar, eru hins vegar með eitthvert hlutafélagaform á þessu. En flaggskipið mikla, BBC, og hefur einmitt verið bent á að tilvist og rekstrarform British Broadcasting Corporation byggist á konunglegum sáttmála frá árinu 1926 og hefur haldið þeirri stöðu til dagsins í dag. Þá er sérstaklega minnst á að á löngum og leiðinlegum valdatíma íhaldsmanna í Bretlandi undir stjórn járnfrúarinnar Margrétar Thatcher hvarflaði aldrei að henni, a.m.k. fékk hún það aldrei í gegn í íhaldsflokki sínum, að BBC yrði breytt í hlutafélag. Aldeilis ekki. Rekstrarformið á flaggskipinu er óbreytt.

Í Hollandi eru nokkrar rekstrareiningar sem falla undir stofnunina, Nederlandse Omroep Stichting. Austurríska ríkisútvarpið, ORF, er skipulagt sem stofnun. Telja mætti til fleiri lönd þar sem þetta er svona og gengur ágætlega og enginn kvartar yfir.

Herra forseti. Ég var búinn að lofa því að seinna í ræðu minni mundi ég aðeins minnast á bráðskemmtilegt blogg hæstv. dómsmálaráðherra, Björns Bjarnasonar. Ég ætla að vinda mér í það. Það er í beinu framhaldi. Hann skrifar þetta á heimasíðuna í gær. Ég ætla ekki að fara að lesa það allt upp, enda getur hver sem er farið inn á heimasíðu Björns og lesið það þar. En þetta er dálítið skemmtilegur pistill og óvenju fyndinn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skiljanlegt er að Fréttablaðið og aðrir Baugsmiðlar leggist gegn ríkisútvarpi hér," — það er dálítið merkilegt,

herra forseti, að Björn Bjarnason skuli enn þá vera við það heygarðshornið að tala um einhverja Baugsmiðla og að Fréttablaðið sé einhver sérstakur Baugsmiðill. Bíðum við, missti hann af því að fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins er orðinn ritstjóri þar á bæ? Er hæstv. ráðherra Björn Bjarnason að halda því fram að Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, sé einhver sérstök málpípa Baugs, á Baugsmiðli? Og allir leiðarar hans séu skrifaðir til þess að þóknast Baugsfeðgum?

Öðruvísi mér áður brá. Það er nú dálítið mikil íhaldssemi að halda sig við sömu hlutina enn og aftur og áfram og endalaust. Að Fréttablaðið, Stöð 2 og visir.is séu allt einhverjir Baugsmiðlar og sá svarti blettur verði aldrei af þeim þveginn. Það væri nú dálítið merkilegt.

En hann fullyrðir að Fréttablaðið og aðrir Baugsmiðlar séu „í sama liði og Rupert Murdoch, þeir vilja gera ríkisútvarpið sem tortryggilegast til að veikja stöðu þess, þeim er ljóst að hlutafélagavæðing styrkir innviði þess og gerir það að öflugri keppinaut." Þetta finnst mér alger brandari, fullkominn brandari.

Síðan segir ofurbloggarinn, Björn — ég veit nú ekki alveg með ofurbloggaratilnefninguna vegna þess að ég sá að hann er kominn á Moggabloggið og er bara í 40. sæti þar. Það eru því margir ofurbloggararnir ef hann er einn af þeim og ekki meira lesinn en það að hann var með 3.000 heimsóknir í síðustu viku. Þeir sem eru merktir eru með yfir 30.000 heimsóknir. Algengt er að vera með um 10.000 á viku. Það segir kannski eitthvað um ofmat á þeim annars ágætu pistlum hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnasonar.

Hann segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Væri þetta málþóf Marðar Árnasonar og Ögmundar Jónassonar til marks um, að þeir hefðu snúist til hægri, mætti sýna þeim skilning, því að beygjan hjá þeim þyrfti að vera stór og taka sinn tíma, en málþófið er ekki þess eðlis, það byggist á einhverri innbyggðri afturhaldssemi og andstöðu við allar breytingar."

Þetta er náttúrlega að snúa hlutunum algjörlega á hvolf. Ég held að það hafi einmitt verið ítrekað af þeim tveimur heiðursmönnum, hv. þingmönnum, að það er ekki innbyggð afturhaldssemi eða andstaða við breytingar. Ég held að þeir vilji einmitt breytingar til batnaðar fyrir Ríkisútvarpið okkar. Og alveg tilbúnir til að vinna að þeim, herra forseti.

Mér finnst þetta pínulítið ómaklegt, jafnvel þó það sé skrifað í einhverju bríarí á bloggið, þá ættu menn að halda aftur af sér og telja upp að tíu áður en þeir skrifa svona lagað.

En niðurlag mánudagsins 15. janúar 2007 hjá Birni Bjarnasyni, er dálítið skemmtilegt. Hann segir nefnilega: „Ég hef í mörg ár verið talsmaður þess, að Ríkisútvarpinu verði breytt í opinbert hlutafélag."

Mörg ár. Bíðum við. Það var bara verið að leggja það fram í haust að það yrði opinbert hlutafélag. Er hann ekki eitthvað að rugla saman? Vegna þess að einhvern tímann var hann mikill talsmaður þess að það yrði sameignarfélag og þar á eftir venjulegt hlutafélag. En nú fáum við það upplýst á heimasíðunni hans að í mörg ár er hann búinn að vera talsmaður þess að því verði breytt í opinbert hlutafélag. Þetta eru nýjar upplýsingar fyrir mig, herra forseti.

Margt er hægt að segja um þátt útvarpsstjórans Páls Magnússonar í þessu máli. Eitt er umtöluð Gallup-könnun sem aðeins var rædd í morgun, herra forseti, þar sem því var haldið fram að mikill meiri hluti þjóðarinnar vildi að Ríkisútvarpið yrði að opinberu hlutafélagi.

Herra forseti. Hins vegar er athyglisvert og dálítið merkilegt og ber að skoða það sérstaklega hvernig staðið var að þeirri skoðanakönnun. Það var fyrirtækið Gallup sem heitir núna, held ég, Capacent Gallup, sem framkvæmdi könnunina fyrir Ríkisútvarpið. Ég hélt að þeir væru nú vandir að virðingu sinni og vona satt best að segja að þarna hafi verið gerð mistök. Vegna þess að í þeirri könnun var byrjað á að staðhæfa að til stæði að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi í eigu ríkisins og spurt í framhaldinu hvort fólk væri almennt ánægt eða óánægt með þetta nýja rekstrarfyrirkomulag.

Herra forseti. Er eðlilegt að spyrja svona? Menn gefa sér þarna einhverjar forsendur og biðja síðan um álit einstaklinga. Þetta minnir mig á áramótaskaupið, herra forseti, þegar fólk var að hringja inn í einhverjum könnunum, hægt var að fá lánað fólk til að hringja og segja skoðun sína á hinu og þessu. Á þann hátt er auðvitað ekki hægt að framkvæma alvarlega skoðanakönnun.

Það er í raun merkilegt að aðeins 60% segja: Ég er ánægður með það fyrst búið er að ákveða það, og þetta eigi að gera og kannski bjargar þetta einhverju hjá Ríkisútvarpið o.s.frv. Það er í rauninni ótrúlegt að ekki fleiri skuli hafa sagt: Nú, er búið að því? Á að gera það? Þá er það kannski bara allt í lagi. Ég held að ég sé bara ánægður með það.

Nei, það er auðvitað grafalvarlegt mál að síðan skuli einhverjum niðurstöðum úr slíkum könnunum vera flaggað hér hvað eftir annað og þar með sagt að mikill meiri hluti þjóðarinnar sé sammála Sjálfstæðisflokknum í þessu máli. Það sé alveg frábært að gera þetta að opinberu hlutafélagi. Ég veit ekki hvað mörg prósent þjóðarinnar eru sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að best væri að selja Ríkisútvarpið í hvelli. Hefði átt að vera búið að því fyrir löngu. (**Gripið fram í:** Það kemur.) Og það komi að því. Þetta sé aðeins fyrsta skrefið í því að selja Ríkisútvarpið okkar. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Pétur Blöndal stendur á því fastar en fótunum að að því komi og það hlakkar í honum. Það hlakkar í hv. þingmanni að nú sé að renna upp sá dagur að þetta óþolandi Ríkisútvarp skuli selt.

Það er sorglegt ef það verður endirinn á þessu máli að ríkisstjórninni takist með svínbeygðan Framsóknarflokkinn í afturdragi, komi þar aftan að kjósendum Framsóknarflokksins sem stóðu í þeirri trú að Ríkisútvarpið yrði áfram ríkisútvarp í eigu þjóðarinnar en ekki einhverra viðskiptamógúla. Ekki einhverra nýríkra manna sem sjá hagræðingu stærðarinnar í hverju horni og væru líklegir til að sameina þetta allt og hluta það síðan kannski aftur í sundur og selja hluta af því og sameina það aftur og selja það með miklum hagnaði. Það eru mikil verðmæti sem felast í því að versla með pappíra. En við vitum betur. Raunveruleg verðmæti eru falin í starfsfólkinu og því trausti sem fólk og þjóðin ber til Ríkisútvarpsins.

Það er ánægjulegt, herra forseti, að enn þá skuli stór hluti þjóðarinnar líta á fréttastofu útvarps sem áreiðanleg-

ustu fréttastofu í landinu. Það er afar ánægjulegt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt miklu lengra að sinni þó ég sé ekki nærri því búinn. Ég ætla að geyma nokkra bita þangað til í seinni ræðu minni og hleypa mönnum að sem ætla ef til vill að gera athugasemdir eða koma með spurningar um mál mitt.

Það er einlæg von mín, herra forseti, að eitthvert samkomulag náist um málið þannig að við þurfum ekki að upplifa það að 1. apríl búum við við þá óvissu sem Ríkisútvarpið ohf. mun leiða yfir okkur. Ég hugsa með hryllingi til þess, alveg eins og þegar fyrirtækið Flugstoðir ohf. tók við um áramótin og allt var í upplausn. Allir vissu að öryggið var ekki það sama og það hafði verið. Það var t.d. enginn starfsmaður í flugturninum á Akureyri. Þar voru tugir flugvéla að lenda á dag í misjöfnum veðrum.

Ég vil ekki að við þurfum að upplifa það með Ríkisútvarpið okkar að 30 starfsmenn fari strax á biðlaun og öll réttindi starfsmanna verði í uppnámi (Gripið fram í.) og einhver kjarasamningur gildi. Þegar hann endar taki við frjálsir samningar þar sem hægt er að selja réttindi fyrir kauphækkun, eins og útvarpsstjóri orðaði það.

Þess vegna vona ég að málinu verði vísað frá, tekið af dagskrá og við getum sameinast frekar um að búa til skynsamlegt og gott frumvarp um Ríkisútvarpið sem miði að því að efla það en ekki að rífa það í sundur vegna þess að Ríkisútvarpið þarf ekki á því að halda, herra forseti.

[15:21]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hv. þm. Hlyni Hallssyni fyrir það að tilkynna hvenær hann yrði búinn með ræðu sína þannig að ég geti þátt í málefnalegri umræðu við hann. Það er mjög virðingarvert. Hann talaði mikið en mér fannst ekki koma neitt voðalega mikið út úr því, því miður. Enda átti ég kannski ekki von á því að það væri neitt sérstaklega nýtt í þessari miklu maraþonumræðu um RÚV. En hann sagði rétt áðan að ég vilji að þetta „óþolandi Ríkisútvarp" verði selt. Ég tel ekki að Ríkisútvarpið sé óþolandi. Ég tel að Ríkisútvarpið sé virkilega góð stofnun með hæfu og góðu starfsfólki sem örugglega blómstrar þegar verður búið að breyta því í ohf. Það verður mikið kraftaverk þegar verður búið að breyta þessu. Það verður allt önnur staða.

Varðandi það sem hv. þingmaður sagði um ESA og samkeppnina þá get ég ekki séð annað en að samkeppnisforskotið minnki því að nú stendur allur ríkissjóður á bak við samkeppnisrekstur RÚV. Hver einasta króna í samkeppnisrekstri RÚV bæði á auglýsingamarkaði og eins í dægurmálaútvarpi, sem varla er almannaútvarp, eins og Rás 2, er með ríkisábyrgð. En eftir að búið er að breyta því í hlutafélag þá er a.m.k. bara hlutafé sem stendur á bak við það og fjárveitingar á hverju ári. Kvöð ESA minnkar því en það getur vel verið að ESA neyði menn til að selja þennan samkeppnisrekstur.

En ég ætlaði að tala um Flugstoðir ohf. Þar sem hv. þingmaður er annaðhvort vinstri eða grænn nema hvort tveggja sé þá geri ég ráð fyrir að hann sé vinstri og það vildi svo til að allir starfsmenn Flugstoða samþykktu breytingu nema flugumferðarstjórar og þeir eru með 740 þús. kr. að meðaltali í laun. Ekki lágtekjufólk. Ég skil ekki umhyggju hv. vinstri þingmannsins fyrir hátekjufólki sem hefur eyðilagt svonefndan Gini-stuðul.

[15:23]

**Hlynur Hallsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að beina til mín fögrum orðum og nokkrum spurningum. Þegar ég talaði um óþolandi Ríkisútvarp var ég að tala um sjónarmið margra flokksfélaga hv. þingmanns. Ekki það að þeim finnist sinfóníurnar á Rás 1 sérstaklega óþolandi eða eitthvað slíkt heldur það að þeim finnst óþolandi að það skuli vera til ríkisútvarp en ekki Ríkisútvarpið ohf., eða bara selt, bara leggja Ríkisútvarpið niður. Hv. þm. Pétur H. Blöndal getur kannski upplýst okkur um það hvort að það séu ekki einmitt raddir innan Sjálfstæðisflokksins sem mundu vilja leggja þetta útvarp niður. Hefur hv. þingmaður t.d. hlustað á orð félaga í Sambandi ungra sjálfstæðismanna? Þeir eru með alls kyns hugmyndir um hvað hægt væri að gera við Ríkisútvarpið.

Í sambandi við ESA þá er því miður allt of stuttur tími í stuttum andsvörum til að fara yfir það. Þetta er auðvitað lögfræðilegt atriði og ég vil t.d. benda á álit hæstaréttarlögmanns, Ástráðs Haraldssonar, sem segir, að vísu í einum Baugsmiðlinum, á forsíðu, að þetta sé í raun upphafið að endi Ríkisútvarpsins, frumvarpið miði allt að því. Varðandi Flugstoðir þá verð ég því miður að koma að því í seinna svari mínu.

[15:25]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fer ekkert leynt með það að ég er 1. flutningsmaður að frumvarpi um að einkavæða og selja RÚV. Ég hef það mikla trú á starfsmönnunum að þeir fengju ákveðinn forkaupsrétt. Ég hef mikla trú á starfsmönnum RÚV. Ég hef mikla trú á fyrirtækinu sem slíku. Það sem er aðalhelsi RÚV er eignarhaldið, að ríkið skuli vera þarna inni, að þetta skuli vera stofnun. Það er svo merkilegt með RÚV að hér spinnast ógurlegar umræður, dag eftir dag, þing eftir þing, um RÚV eins og þetta sé eitthvað sérstakt, þetta fyrirtæki út í bæ. Þetta er ekkert sérstakt nema vegna þess að þingmenn og fréttamenn eru í ákveðnu sambandi. Þeir þurfa nefnilega hvor á öðrum að halda. Þess vegna ræðum við svona ofboðslega mikið um RÚV ohf. en ekki um Flugstoðir ohf. eða bankana þegar þeir voru einkavæddir þó að það hafi reyndar verið mikil umræða líka. Hér er alveg sérstaklega mikil umræða og þetta er farið að nálgast það að verða trúarbrögð og trúarbragðaumræða. Því miður kom afskaplega lítið nýtt fram í máli hv. þingmanns og ég á ekki von á því að þetta málþóf sem hér er í gangi gefi neitt mikið af nýjum upplýsingum eða sjónarmiðum enda er búið að ræða það í 70 klukkutíma, þetta mál, á þessu þingi svo ég tali ekki um önnur þing.

Ég hlakka því til að heyra í hv. þingmanni réttlæta það með Flugstoðir ohf. sem hann benti á að mundu verða örlög RÚV ohf. að það voru einmitt hátekjumennirnir hjá því fyrirtæki, flugumferðarstjórarnir, sem reyndar með vöktum og miklu vinnulagi eru með 740 þús. kr. að meðaltali í laun og voru með lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og áminningarréttinn og öll þessi réttindi til viðbótar. Hann er því

ekki að verja einhvern lágtekjuhóp. Allt hitt starfsfólkið samþykkti.

[15:27]

**Hlynur Hallsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afar athyglisverð ræða. Í fyrsta lagi að hv. þm. Pétur H. Blöndal heldur að helstu höftin á Ríkisútvarpinu séu eignarhaldið. Þetta er grundvallarmisskilningur. Þarna erum við innilega ósammála. Það er ekki gallinn við RÚV að það sé ríkisstofnun. (Gripið fram í.) Ég útskýrði það með BBC eða Danmarks Radio. Svo sakar hv. þingmaður fréttamenn um að draga taum okkar sem tölum gegn þessu. (Gripið fram í.) Mér heyrðist það. Þá er það greinilega grundvallarmisskilningur en þannig hljómaði þetta og var auðvitað í hróplegri andstöðu við fyrri ummæli hans um að hann bæri mikið traust til Ríkisútvarpsins o.s.frv. Talandi um trúarbrögð þá er það skemmtilegur kafli út af fyrir sig því ég vil halda því fram að þessi trúarbrögð Sjálfstæðisflokksins um einkavæðingu, um að einkavæða allt, séu orðin svolítið þreytandi. Sjálfstæðisflokkurinn er í einhverri krossferð gegn ríkisstofnunum. Það er sorglegt, hv. þm. Pétur H. Blöndal.

Aðeins um Flugstoðir og flugumferðarstjóra. Það var gott að hv. þingmaður kom inn á meðallaun þeirra, einhver 700 þús. kr. með vöktum. Ég dreg þessar tölur í efa. Hver eru grunnlaun flugumferðarstjóra? Mér þætti áhugavert að fá tölur um það. Kunningi minn er flugumferðarstjóri og því kíkti ég á það í Frjálsri verslun hvað hann hefði verið með í laun á síðasta ári. Hann var með rúmlega 300 þús. kr. Það er stór munur á 300 þús. kr. og 700 þús. kr. hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég held því að það sé kannski ekki vandamálið.

[15:30]

**Útbýting:**

Aðgerðir gegn fátækt, 474. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 718.

Afnot af Ráðherrabústaðnum, 488. mál, fsp. MÁ, þskj. 740.

Lesblinda, 490. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 742.

Losun gróðurhúsalofttegunda, 486. mál, fsp. MÁ, þskj. 738.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju, 485. mál, fsp. MÁ, þskj. 737.

Magn og verðmæti ólöglegra fíkniefna, 424. mál, svar dómsmrh., þskj. 717.

Námslán fyrir skólagjöldum í íslenskum háskólum, 355. mál, svar menntmrh., þskj. 715.

Námstími til stúdentsprófs, 491. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 743.

Suðurlandsvegur, 489. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 741.

[15:31]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þá er komið að enn einni umræðunni um Ríkisútvarpið ohf. Við höfum rætt þetta mál nokkrum sinnum áður og ég vildi leggja nokkur orð í belg þó þau verði kannski svipuð og áður hafa fallið hér enda gerir meiri hluti menntamálanefndar ekki miklar breytingartillögur við frumvarpið núna milli 2. og 3. umr. Mér þykir þó mikilvægt að halda stutta ræðu til að koma sjónarmiðum á framfæri og eiga þá kost á skoðanaskiptum við þá sem þess óska.

Eins og við vitum verður Ríkisútvarpið ohf. ríkishlutafélag í almannaeigu. Það er skýrt að félagið verður ekki selt og því verður ekki skipt upp. Í frumvarpinu er skerpt á hlutverkum Ríkisútvarpsins, bæði með ítarlegum ákvæðum í frumvarpinu og í drögum að þjónustusamningi sem fylgir frumvarpinu. Stjórnskipan er tilgreind og það er þingkjörin stjórn sem ræður og, ef til þess kemur, rekur útvarpsstjóra en pólitískt skipuð stjórn mun ekki geta haft afskipti af dagskrárgerð.

Miklar breytingar hafa orðið á efni frumvarpsins frá því að það var fyrst lagt fram á Alþingi fyrir tæpum tveimur árum. Unnið hefur verið að lagfæringum á efni þess í hv. menntamálanefnd Alþingis og einnig af hálfu menntamálaráðuneytis. Núgildandi lög um Ríkisútvarpið eru að stofni til frá árinu 1986. Miklar breytingar hafa orðið á fjölmiðlamarkaði síðan þá. Óeining um breytingar á starfsemi Ríkisútvarpsins hefur hamlað eðlilegri þróun innan þess og er nú svo komið að óvissa um framtíðarskipan hefur haft lamandi áhrif á rekstur. Þess má geta að innan menntamálanefndar töluðu allir nefndarmenn um að gera þyrfti breytingar á Ríkisútvarpinu. Þess vegna er afar brýnt að marka starfseminni skýra lagaumgjörð og veita Ríkisútvarpinu tækifæri til að takast á við gjörbreytt umhverfi.

Framsóknarflokkurinn hefur ávallt lagt áherslu á að hér á landi verði rekinn öflugur ríkisfjölmiðill þar sem meðal annars verði tryggð fjölbreytni og skoðanafrelsi og að hann standi öllum landsmönnum til boða. Með breytingum á lögum um Ríkisútvarpið er verið að festa almannaútvarp í sessi og tekin af öll tvímæli um að ekki skuli einkavæða reksturinn. Einnig verður sjálfstæði Ríkisútvarpsins eflt.

Þau atriði sem framsóknarmenn hafa staðið vörð um eru fyrst og fremst þau að Ríkisútvarpið er ekki til sölu, hlutverk þess verði tryggt, réttindi starfsmanna tryggð og að Ríkisútvarpið fái alla möguleika til að eflast enn frekar á fjölmiðlamarkaði. Við skulum vera minnug þess að framsóknarmenn fóru ekki af fullum krafti af stað í þessa vinnu fyrr en fyrir lá skýr vilji samstarfsflokksins í ríkisstjórn um að Ríkisútvarpið verði áfram almannaeign og fái ramma til að verða öflugt almannaþjónustuútvarp.

Virðulegi forseti. Mönnum hefur verið tíðrætt um mörg atriði er snerta þetta frumvarp og mig langar til að koma inn á nokkur hér. Í fyrsta lagi langar mig að koma stutt inn á nefskattinn en hv. stjórnarandstæðingar hafa talað um að hann sé ósanngjarn og of hár. Sumir hafa lýst því yfir, eins og hv. þm. Björgvin Sigurðsson, að frekar eigi að setja Ríkisútvarpið á fjárlög. Þetta er mjög vandmeðfarið. Við viljum skapa sátt um Ríkisútvarpið. Um það eru allir sammála. Afnotagjöldin hafa verið mjög gagnrýnd og ég tek undir þá gagnrýni. Það hefur í raun verið nokkuð fáránlegt að fylgjast með aðgerðum afnotadeildar, hvernig fólk hefur verið elt uppi og hvernig sumir hafa verið á kafi í feluleik.

Ég er hlynnt nefskatti og um hann hefur verið rætt í mörg ár sem leið til að taka við af afnotagjöldum. Ég held og það er mín skoðun að það mundi ekki skapast sátt um aukin framlög á fjárlögum og það er ekki gott fyrir RÚV að

verða slíkt bitbein. Ríkisútvarpið gæti þá ekki gert framtíðaráætlanir vegna þess að fjárlögin eru breytileg milli ára en sveiflur í nefskatti vonandi ekkert miklar. Eins og ég sagði áðan eru um þetta skiptar skoðanir og því miður held ég að við munum ekki ná saman um þetta atriði.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, eru það réttindamálin, þ.e. réttindi starfsmanna. Við höfum mikið rætt þann þátt eðlilega. Við teljum að þau séu tryggð. Menn tala um að það sé ekki rétt vegna þess að samningar taki við eftir tvö ár og þá falli ýmislegt í burtu og það er hárrétt. En við getum ekki bundið hendur manna fram yfir samninga. Okkur greinir á um þetta en mér finnst mikilvægt og það sem mikilvægt er er að tryggja réttindi starfsmanna í gegnum þessa formbreytingu sem mun liggja fyrir og síðan treysti ég því að stéttarfélög sem og stjórnendur Ríkisútvarpsins ohf. vinni vel úr því. Við gefum hér veganestið og fordæmið er komið. (**Gripið fram í:** Hver á að ...?)

Í þriðja lagi er það sú einkennilega fullyrðing stjórnarandstöðu að til standi að selja Ríkisútvarpið. Ég mótmæli þessu harðlega. Það stendur skýrt í frumvarpinu að Ríkisútvarpið sé ekki til sölu. Enginn pólitískur vilji er til þess að selja Ríkisútvarpið. (**ÖS:** Framsóknar...) Mönnum hefur verið tíðrætt um stefnu Framsóknarflokksins, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, í þessu máli. Það er ánægjulegt að menn sýni Framsóknarflokknum svo mikla athygli og kynni sér ályktanir og sögu hans vel. Hins vegar dugar ekki að tína til gamlar flokksþingssamþykktir sem hafa fallið úr gildi þegar nýjar hafa tekið við. Það er þannig hjá flokkum og ekki síst hjá elsta stjórnmálaflokki landsins að við þróumst í takt við nýja tíma. (Gripið fram í.) Til að hressa upp á minni ýmissa hv. stjórnarandstæðinga, þó ég hafi gert það ítrekað hér, þá ætla ég að lesa upp stefnu Framsóknarflokksins í þessu máli, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu og sjálfstæði þess eflt. Hraða ber endurskoðun laga um Ríkisútvarpið þar sem m.a. stjórnskipulag stofnunarinnar verður endurskilgreint og mið tekið af nýju fjölmiðlaumhverfi. Skoðaðar verði mismunandi leiðir til að standa undir rekstrarkostnaði."

Hér segir að taka verði tillit til nýs fjölmiðlaumhverfis og það erum við að gera. Vegna þess hve umhverfið hefur breyst hefur myndast sátt um að ríkið eigi að eiga og reka ríkisútvarp. Umhverfið hefur nefnilega breyst síðan við fjölluðum hér fyrst um Ríkisútvarpið. Nú berast margar tilkynningar um ný dagblöð og tímarit og fleiri fjölmiðla og ljóst er að mikil gróska er á markaðnum.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma inn á samkeppnismálin. Þau hafa eðlilega verið fyrirferðarmikil í umfjöllun okkar. Við 2. umr. gerðum við í meiri hluta hv. menntamálanefndar þær breytingar að setja þak á kostun og tókum fyrir það að RÚV gæti auglýst á netinu. Þetta eru atriði sem samkeppnisaðilar gerðu athugasemdir við. Þeir gerðu reyndar athugasemdir við fleiri atriði sem ekki var tekið tillit til.

Menn hafa deilt um hvort þessi leið standist samkeppnislög. Fulltrúar Samkeppnisstofnunar komu sínum sjónarmiðum á framfæri. Þeir komu því einnig á framfæri að löggjafarvaldið, sem er hér, eigi síðasta orðið og að sérlög gangi lengra en almenn lög. Alþingi getur vikið samkeppnislögum til hliðar. Þetta er alveg skýrt í mínum huga og ekki síst vegna þess að bara sú ákvörðun að hafa ríkisútvarp felur í sér mismunun. Við viljum hafa hér almannaþjónustuútvarp og vitum að til þess þarf atbeina ríkisins. Ég býst fastlega við því að Samkeppniseftirlitið muni að sjálfsögðu fylgjast með þróuninni og koma með athugasemdir og benda á vankanta ef það sér ástæðu til og vona ég að þá verði brugðist við því.

Ég tek undir skoðanir formanns menntamálanefndar, hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar um að við séum á þurru landi varðandi samkeppnismálin og þegar menn tala um Evrópureglur og aðgreiningu almannaþjónustuhlutans og afþreyingar- eða samkeppnishlutans þá eru þeir að túlka reglurnar til hins ýtrasta og meira en gerist í framkvæmd í Evrópu. Til að mynda hefur ESA ekki gert einar athugasemdir við BBC þar sem afþreying er hluti af almannaþjónustu og er á dagskrá hjá okkur eins og kemur skýrt fram í þjónustusamningi.

Það er aðallega tvennt varðandi samkeppnismálin sem eitthvað var óljóst í og hefur verið varpað ljósi á það. Það er í fyrsta lagi að RÚV mun ekki vera í samkeppni við önnur fyrirtæki um hringitóna og þess háttar starfsemi. Vefur RÚV verður einungis upplýsingavefur. Einnig er það atriði sem kom fram í ESA-gögnunum frægu sem varðar það hvernig Ríkisútvarpið og ríkið bregðast við ef ný þjónusta kemur upp sem ekki er kveðið á um í þjónustusamningi. Það gæti verið annaðhvort ríkið sem biður um breytingu á samningnum eða RÚV sjálft. Þá færi af stað ferli þar sem þessi þjónusta yrði auglýst og boðið að þetta standi til gagnvart samkeppnisaðilum. Ef þeir vilja þessa þjónustu þá taka þeir hana að sér en annars bætist hún við þjónustusamning. Þarna er tryggt að Ríkisútvarpið tekur ekki upp ýmis ný atriði án þess að leitað verði til samkeppnisaðila. Þetta tel ég mjög af hinu góða og samkvæmt upplýsingum hefur ESA sætt sig við þessar upplýsingar og hefur ekki fleiri athugasemdir fram að færa.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að koma inn á fleiri atriði. Það er ekkert óeðlilegt að svona stórt mál taki svo mörgum breytingum. Ég vonast til þess að við klárum þetta mál enda er það ekki stofnuninni til framdráttar að vera í óvissu og svona miklum deilum lengi.

[15:42]

**Hlynur Hallsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var stutt og snaggaraleg ræða hjá varaformanni menntamálanefndar, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur. En hellingur af spurningum sem vaknaði upp við þennan stutta texta. Hvað hefur hv. þm. Dagný Jónsdóttir til dæmis fyrir sér í því að Ríkisútvarpinu ohf. verði ekki skipt upp? Hlutafélagaformið er einmitt til þess fallið að skipta upp hlutafélögum, selja hluta úr rekstri og það stendur ekkert í þessum frumvarpstexta að það megi ekki. Þvert á móti er einmitt sagt að það eigi aðeins að hafa tvær, þ.e. eina sjónvarpsrás og eina útvarpsrás. Það er gefið, í orðanna hljóðan bendir allt til þess að það eigi að selja Rás 2, Rás 2 eigi að hlutast frá þessu.

Var það ekki líka þannig, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, (Forseti hringir.) að það er slegið á útrétta sáttarhönd stjórnarandstöðunnar í þessu máli?

[15:43]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þingmanni á að í 1. gr. frumvarpsins á blaðsíðu eitt stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil."

[15:44]

**Hlynur Hallsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Allir vita að það er svo auðvelt að taka þessa setningu út og fyrsta skref sem Sjálfstæðisflokkurinn tekur þegar hann fær einhverju um það ráðið verður að fella þetta út. Við vitum öll að fyrsta skrefið er svo auðvelt, það er að taka þetta út þannig að það verði mjög auðvelt og þá fær hv. þm. Pétur Blöndal þá ósk sína uppfyllta að Ríkisútvarpið verði selt.

Við vitum líka öll að þessi lög um opinber hlutafélög eru meingölluð. Það er ekki bara einn lögfræðingur og ekki tveir og ekki þrír, heldur bendir hópur lögfræðinga á að þessi lög hafi verið unnin í flýti og séu að mörgu leyti stórgölluð. Það er sorglegt að þurfa að sitja uppi með það að Ríkisútvarpið okkar eigi að falla undir einhver lög sem halda hvorki vatni né vindum.

[15:45]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög einkennilegt að hlusta á að hv. þm. Hlynur Hallsson dragi í efa ákveðnar setningar í frumvarpinu en aðrar ekki. Fyrst honum er svo umhugað um og heldur langa ræðu um ohf.-formið, sem við erum að breyta Ríkisútvarpinu í, af hverju leggur hann þá meiningu í að það standi en ekki t.d. 1. gr. frumvarpsins? Þetta þykir mér afskaplega einkennilegt. Ég ítreka að í 1. gr. stendur að sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil og þetta stendur alveg jafnmikið og það stendur að Ríkisútvarpið verður ohf.

[15:46]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er margt sem upp kemur í huga manns þegar hlustað er á ræðu hv. þingmanns og varaformanns menntamálanefndar en á þeim stutta tíma hef ég einungis tíma til að nefna eitt atriði.

Það stakk mig í ræðu hv. þingmanns þar sem hún hélt því fram að þarna væri verið að draga úr pólitískum áhrifum á dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins. Þarna er verið að reyna að slá ryki í augu fólks. Ég trúi því ekki að hv. þingmaður trúi þeirri fullyrðingu sjálf vegna þess að staðreyndin er sú að þegar frumvarpið er skoðað er um að ræða stjórn sem endurspeglar valdahlutföllin á Alþingi og sem kosin er af Alþingi sem síðan ræður og rekur útvarpsstjórann að vild, sem síðan á allt sitt undir þeirri stjórn, ræður og rekur það fólk sem hefur með dagskrána að gera og sýslar með dagskrána á hverjum einasta degi. Þræðirnir úr pólitíkinni og meiri hluta á þinginu hverju sinni liggja lóðbeint í gegnum allt stjórnkerfi Ríkisútvarpsins.

[15:47]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil ágætlega áhyggjur hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur og ekki síst í ljósi þess hvernig framkvæmdin hefur verið síðustu ár. Ég er þeirrar skoðunar að afskiptin hafi verið einhver frá hinum pólitískt kjörnu fulltrúum. Hins vegar er það svo að það er útvarpsstjórinn sem ber núna ábyrgð á dagskrárgerðinni og ég hef enga ástæðu til að ætla að sú stjórn sem ræður útvarpsstjóra fari að vera með puttana í dagskrárgerðinni. Ég hef meiri trú á að þeir aðilar sem þar eru ráðnir fari ekki að fara eftir ábendingum þeirra fulltrúa sem eru í stjórn og það var auðvitað eitt af markmiðunum, þ.e. að draga úr þeim pólitísku áhrifum sem hafa verið allt of mikil innan Ríkisútvarpsins. Ég held að mjög margir séu sammála því. Ég ber þá von í brjósti að það verði útvarpsstjórinn sem muni bera ábyrgð á dagskrárgerðinni og muni ekki leyfa hinum pólitískt kjörnu fulltrúum að potast í því.

[15:48]

**Katrín Júlíusdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega virðingarvert að þingmaðurinn sé svona hreinskilin hvað þetta atriði varðar. En auðvitað á það að vera þannig að þegar við erum að breyta lögum um Ríkisútvarpið á svo gagnlegan hátt, eins og verið er að gera núna, á að laga þetta stóra umdeilda atriði á þann hátt að Ríkisútvarpið verði hafið yfir allan vafa hvað pólitísk afskipti varðar. Það væri hægt t.d. með því að breyta skipan stjórnarinnar þannig að þaðan kæmu tveir frá starfsmönnum eða aðrir inn í stjórnina svo hún væri ekki að endurspegla valdahlutföllin á þingi.

Ég verð að segja að verið er að reyna að slá ryki í augu fólks með því að halda því fram að verið sé að draga úr pólitískum áhrifum þegar það er augljóst í gegnum allt frumvarpið að verið er að gefa í hvað pólitísk ítök varðar vegna þess að útvarpsstjórinn er algerlega undir hælnum á þeirri stjórn sem endurspeglar valdahlutföllin á þingi af því að stjórnin getur rekið hann nákvæmlega hvenær sem henni hentar eða mislíkar það sem hann gerir.

[15:49]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um þetta atriði erum við hv. þm. Katrín Júlíusdóttir einfaldlega ekki sammála. Þessi stjórn er eins og stjórn í hverju öðru fyrirtæki og hún mun ekki koma að dagskrárgerð sem er vissulega mikilvægasta hlutverk Ríkisútvarpsins. Það væri alveg hægt að fara aðrar leiðir sem ræddar hafa verið, t.d. að einhver samtök eða stofnanir tilnefndu í stjórn Ríkisútvarpsins, en ég held að menn muni alltaf vera (Gripið fram í.) með ákveðna pólitík í því. Ég held því að þetta sé hin eina rétta leið og muni efla Ríkisútvarpið og muni koma í veg fyrir pólitíska þræði. Sumir eru þeirrar skoðunar að þetta muni auka pólitísk ítök en ég er alls ekki sammála því og tel að það muni verða til framdráttar.

[15:50]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hlutur Framsóknarflokksins í öllu þessu

máli er dapurlegur, vægast sagt. Framsóknarflokkurinn hefur haft ákveðna stefnu í málefnum Ríkisútvarpsins sem búið er að kasta fyrir róða og maður heyrir það á gamalgrónum framsóknarmönnum sem hafa tjáð sig um þessi mál að þeir eru sárgramir yfir þessari framgöngu þingmanna Framsóknarflokksins í málinu. Hv. þingmaður hefur ofurtrú á 1. gr. frumvarpsins um að Ríkisútvarpið verði ekki selt, en ég vil fá að spyrja hv. þingmann: Hvernig lítur hún á ummæli Ástráðs Haraldssonar hæstaréttarlögmanns sem heldur því fram fullum fetum og staðfestir þar með sjónarmið stjórnarandstöðunnar að hér sé um einkavæðingu að ræða, enda sé verið að flytja Ríkisútvarpið alfarið úr umhverfi opinbers réttar inn í umhverfi sem er einkaréttarlegs eðlis. Hér eru framsóknarmenn því að einkavæða Ríkisútvarpið. Hvað segir hv. varaformaður menntamálanefndar við kjósendur sína, sér til varnar í þeim efnum.

[15:52]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um þátt Framsóknarflokksins, að menn séu mjög á móti þessu máli o.s.frv. Ég hef verið við vinnslu þessa máls í allan þennan tíma og hef ekki fengið mörg erindi frá okkar gamalgrónu og góðu félögum.

Eins og ég kom inn á í framsögu minni er það sem við erum að gera algerlega í takt við stefnu Framsóknarflokksins, í takt við þá ályktun sem samþykkt var á síðasta flokksþingi þar sem fjallað var um að fara yfir rekstrarformið og alveg ljóst að við erum þar að horfa til breyttra tíma.

Varðandi það sem hv. þingmaður kom inn á, álit Ástráðs Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, verður að skoða það í ljósi þess hvaða tengsl hann hefur við ákveðinn stjórnmálaflokk. (**Gripið fram í:** Ha?) (**Gripið fram í:** Hvað áttu við með því?) Ég hef ekki verið að kynna mér orð hans nákvæmlega. (**Gripið fram í:** Furðuleg ummæli.) (**Gripið fram í:** ... Þorsteins Pálssonar.)

[15:53]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru furðuleg ummæli hv. þingmanns og ég átel að hún skuli láta þau orð falla um fólk úti í bæ sem hefur mikið vit á því málefni sem hér er um fjallað, að hún dæmir ummæli einstaklinga á borð við Ástráð Haraldsson hæstaréttarlögmann út frá einhverjum tengslum við ákveðinn stjórnmálaflokk. Ég verð að segja við hv. þingmann að mér hefði fundist rismeira ef hún hefði svarað spurningu minni sem hún kom sér hjá að gera. Hún hefur kannski fengið ráð hjá sessunauti sínum, hv. formanni menntamálanefndar, varðandi svarið.

En ég átti eftir að tala um tvö atriði við hv. þingmann í viðbót. Nefskatturinn á eftir að koma illa niður á barnafjölskyldum. Þegar unglingar eru farnir að greiða þennan nefskatt og unglingar eru tveir eða þrír á heimili á framfæri foreldra sinna, hvar er þá fjölskyldustefna Framsóknarflokksins? Þetta er annað. Og hvað vill hv. þingmaður segja við þá starfsmenn Ríkisútvarpsins sem hafa mótmælt þessu af því að verið er að skerða réttindi þeirra?

[15:54]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ég hefði ekki kynnt mér vel grein Ástráðs Haraldssonar hæstaréttarlögmanns en mig minnir að skjal eftir hann hafi verið fylgiskjal með nefndaráliti stjórnarandstöðunnar við 2. umr. (**KolH:** Grein.) Grein, já, og það er sérkennileg tilviljun þá að það skuli birtast sem ný frétt á forsíðu Fréttablaðsins daginn sem við förum að ræða málefni Ríkisútvarpsins á hinu háa Alþingi. En það getur vel verið og við vitum það líka þegar svo stór mál eru uppi að skoðanir lögmanna eru oft mismunandi og mismunandi túlkanir þannig að ég læt honum eftir sína skoðun en ég er ekki sammála henni, að þetta verði til þess að brjóta niður undirstöður Ríkisútvarpsins.

Varðandi réttindi starfsmannanna þá sagði ég að við gætum ekki bundið hendur Ríkisútvarpsins fram yfir næstu kjarasamninga.

[15:55]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það er rétt að ekki sé hægt að binda hendur tilvonandi stjórnenda Ríkisútvarpsins fram yfir næstu kjarasamninga, þá er náttúrlega rangt að segja að réttindi starfsfólks séu tryggð til frambúðar því það eru þau ekki. Það var sérstaklega tekið fram að þetta væri í samþykktum Framsóknarflokksins, að standa við þennan ásetning en það er ekki gert, og menn eiga ekki að láta annað í veðri vaka.

Síðan er hitt að til standi með frumvarpi að draga úr pólitískum afskiptum á Ríkisútvarpinu. Þvert á móti er verið að stórauka þau og skapa einræðisvald innan veggja stofnunarinnar og það er skref aftur á bak.

Síðan vil ég nefna það sem hér hefur margoft verið rætt að menn hafa miklar efasemdir um að frumvarpið komi til með að standast samkeppnislög og Evrópurétt og setji starfsumhverfi Ríkisútvarpsins í uppnám af þeim sökum. Ég spyr hv. þingmann, fulltrúa Framsóknarflokksins við þessa umræðu: Ef það var í samþykkt Framsóknar að standa vörð um Ríkisútvarpið til frambúðar, hvernig réttlætir hv. þingmaður fyrir sjálfum sér og flokki sínum þessa óvissu?

[15:57]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta voru margar spurningar á einni mínútu hjá hv. þingmanni. Ég sagði í framsögu minni að réttindi starfsmanna væru tryggð í gegnum þessa breytingu og ekki væri hægt að tryggja réttindin fram yfir samninga. Við vitum ekkert hvað þessir samningar munu fela í sér. Vonandi munu þeir fela enn þá betri tíð fyrir starfsfólk Ríkisútvarpsins, ég hef alla vega trú á því og vona það svo innilega, enda hafa fulltrúar stéttarfélaganna verið hér með skörulega framkomu.

Varðandi ESA og varðandi framhald Ríkisútvarpsins er það í minnisblaði frá menntamálaráðuneytinu sem við fengum, að þeir eru alls ekki sammála því að samkeppnisþátturinn muni ekki standast fyrir Evrópuréttinum. Ég er sammála þeim og fór yfir það í máli mínu áðan og það hefur komið fram hjá hæstv. menntamálaráðherra að ESA hefur

núna, þegar þeir hafa farið yfir öll gögn í málinu, ekki frekari athugasemdir við málið.

[15:58]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um þetta hafa komið fram efasemdir hjá Samkeppnisstofnun og fjölmörgum lögfræðingum. Það er staðreynd og það vekur athygli Alþingis og hlýtur að vekja athygli þjóðarinnar að Framsóknarflokkurinn skuli reiðubúinn að skilja Ríkisútvarpið eftir í óvissu hvað framtíðina snertir.

Réttindamálin. Ég vil bara vekja athygli á því að Framsóknarflokkurinn er að hlaupa frá fyrri skuldbindingum um það efni. Nú segir hv. þingmaður, fulltrúi Framsóknarflokksins við umræðuna, að ekkert sé hægt að vita um framtíðina. Við höfum hins vegar fordæmi, sagði hún, í umræðunni. Það er alveg rétt. Við höfum fordæmi frá Matís ohf. nýlega þar sem neitað er svo mikið sem að ræða við stéttarfélögin. Starfsmenn eru teknir, dregnir út í horn einslega til að þröngva upp á þá ráðningarsamningum sem þeir mega ekki sýna. Þetta eru fordæmi sem við höfum fyrir augunum og það er inn í slíka framtíð sem Framsóknarflokkurinn er tilbúinn að senda starfsmenn Ríkisútvarpsins en það eru svik við fólkið og það eru svik við samþykktir og hugsjónir Framsóknarflokksins.

[15:59]

**Dagný Jónsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að það er rétt að fram komu athugasemdir frá Samkeppnisstofnun. Hins vegar sögðu þeir jafnframt á fundi menntamálanefndar að fjárlögin ganga lengra en almenn lög og löggjafinn hefur síðustu orðin og bara það að við ákváðum að vera með ríkisútvarp felur auðvitað í sér ákveðna mismunun og ég er sammála þeirri mismunun. Ég veit að hv. þm. Ögmundur Jónasson, án þess að ég sé að gera honum upp skoðanir, vill hafa öflugt ríkisútvarp eins og ég vil.

Varðandi réttindamálin, ég er ekki að segja að það sé gott mál hvernig að málum er staðið hjá Matís. Hins vegar hefur útvarpsstjóri sagt okkur í hv. menntamálanefnd og á öðrum vettvangi að hann vilji gera vel og hann vilji semja við stéttarfélög. Ég vona innilega að hann muni standa við þau orð (Gripið fram í.) og ég tel að hann sé búinn að segja það margt að það standi. (Gripið fram í.) Eins og ég sagði áðan, réttindin eru tryggð í gegnum þessa formbreytingu og síðan verða auðvitað samningarnir að sjá um afganginn.

[16:01]

**Katrín Júlíusdóttir**:

Virðulegi forseti. Þetta voru áhugaverðar umræður sem fóru fram um ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur. Ég verð að segja að þetta mál og frumvarpið og ferill þess í þinginu er búið að vera ein sorgarsaga frá upphafi til enda. Hér eru búnar að koma fleiri, fleiri útgáfur af frumvarpi til breytinga á lögum um Ríkisútvarpið frá hæstv. menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og alltaf ár frá ári, frá frumvarpi til frumvarps, þá bara versna þau. Nú hefur þó Sjálfstæðisflokknum, að því er virðist, tekist að svínbeygja Framsóknarflokkinn til fylgis við það að ljúka þessu frumvarpi um Ríkisútvarpið ohf., eins og það heitir núna, og því er það komið alla leið hingað til 3. umr.

Það sem hefur gerst síðan 2. umr. fór fram fyrir jól eða nánar tiltekið held ég þann 7. desember sl., er heilmargt. Það hefur verið varpað leyndinni af þessum ESA-skjölum og samskiptum menntamálaráðuneytisins við ESA eða Eftirlitsstofnunina EFTA og þar hefur auðvitað margt athyglisvert komið í ljós. Þar hefur komið í ljós að það frumvarp sem á að fara að afgreiða núna með neyðarlögum nærri því á þingi vegna þess að allri almennri dagskrá hefur verið ýtt til hliðar bara til þess að þetta eina mál komist hér í gegn. Þetta mál er þannig statt að síðasta bréf í samskiptum við ESA var dagsett 9. janúar þannig að það mál er ekki útkljáð og auðvitað hljótum við að gera þá kröfu á hið opinbera að það vandi vinnubrögð sín og ljúki samskiptum sínum við ESA og þeim deiluefnum sem þar hafa verið uppi hvað varðar samkeppnisstöðu og annað til þess að þetta mál fái vandaða meðferð. En nei, það ætla ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn ekki að gera vegna þess að það er búið að ryðja öllum öðrum dagskrárliðum til til þess að þetta mál komist hér í gegn á leifturhraða.

Það eitt og sér verð ég að segja, virðulegi forseti, finnst mér undarlegt, sérstaklega í ljósi þess að þetta frumvarpið á að taka gildi 1. apríl næstkomandi og við vitum að alþingiskosningar verða þann 12. maí eða einum mánuði og tólf dögum eftir gildistöku þess. Þetta ætla ég að kalla ákveðna gerð af ofbeldi og offorsi vegna þess að það er vitað að þetta er eitt af umdeildustu málum sem hafa farið í gegnum þetta þing á undanförnum árum. Að afgreiða slíkt mál með hálfgerðum neyðarlögum á þingi, neyðarþingsköpum hér á Alþingi og síðan með því að keyra í gegn gildistöku rétt fyrir kosningar, þetta verða að teljast afar, afar vafasöm vinnubrögð — nema þá auðvitað að hæstv. menntamálaráðherra sé búin að sjá það í hendi sér að hún muni ekki halda áfram að sitja í því ráðuneyti sem hún situr í núna og hafi gefið einhver loforð sem hún vill klára að uppfylla áður en hún stígur úr því ráðuneyti. Það er eina skynsamlega skýringin sem hægt er að sjá á þessu offorsi á málinu.

Virðulegi forseti. Við höfum ekki fengið nein svör við því sem spurt var um fyrr í dag en þá spurði hv. þm. Mörður Árnason hæstv. forseta sem þá sat í stólnum, Sólveigu Pétursdóttur, hvernig á því stæði og hver væri tilhögun þingsins út þessa viku þar sem búið er að lýsa yfir hálfgerðu neyðarástandi. Engin svör hafa fengist við því og við hljótum að fara fram á að þessu verði svarað a.m.k. fyrir kvöldmat áður en við höldum inn í kvöldið. Ég vona að hæstv. forseti komi þeirri ósk til skila að spurningu hv. þm. Marðar Árnasonar frá því fyrr í dag verði svarað.

Virðulegi forseti. Ég hef komið inn á það að allt þetta mál og þetta frumvarp um Ríkisútvarpið hefur verið ein sorgarsaga frá upphafi til enda. Það eru engar deilur um að fjölmiðlaumhverfið hefur tekið mjög miklum breytingum á undanförnum árum og áratugum, sérstaklega síðustu tveimur áratugum, og það eru engar deilur um að í því ljósi sé mikilvægt að skoða stöðu Ríkisútvarpsins og hlutverk þess í því samhengi, þ.e. stöðu Ríkisútvarpsins í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Þess vegna er það svo sérkennilegt hvaða vinnubrögðum og aðferðum hefur verið beitt við að koma þessu máli hér inn á borð Alþingis.

Á þessu kjörtímabili hafa verið miklar deilur um fjölmiðla og svokölluð fjölmiðlalög. Eftir deiluna stóru árið 2003 var þess vegna ákveðið að fjölmiðlamálið yrði sett í þverpólitíska farveg. Þar var farið í þverpólitíska leiðangur með þverpólitíska nefnd um fjölmiðla og fjölmiðlaumhverfið á Íslandi en það merkilega var að Ríkisútvarpið var þar tekið út fyrir sviga. Ríkisútvarpið, þessi risi á fjölmiðlamarkaði er ekki með og ekki látinn vera með í umfjöllun um fjölmiðlamarkaðinn og það hlýtur að teljast afar undarlegt. Það er líka ljóst að þegar fjölmiðlanefndin skilaði af sér létu fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni bóka að þeir væru þeirrar skoðunar að mikilvægt væri að ná sátt um samræmda heildarsýn yfir íslenska fjölmiðla, sem taki þá bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Því það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að heimar þessara tveggja skarast allverulega og það er svo mikilvægt að fara að skapa sátt um umhverfi þessara aðila, Ríkisútvarpsins og hinna einkareknu fjölmiðla. Í þessari bókun segir einnig að slíkt sé einungis mögulegt, þ.e. að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla, ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fari fram samhliða vinnu við almenna löggjöf um fjölmiðla.

Virðulegi forseti. Skoðun okkar í þessum efnum hefur legið ljós fyrir frá upphafi og er ítrekuð í þessari bókun. Ég er farin að velta fyrir mér hvað vaki fyrir stjórnarmeirihluta þingsins að keyra þetta mikilvæga mál hér í gegn í svo mikilli ósátt, þegar það hefði verið svo einfaldur hlutur að taka þetta mál og setja það í þverpólitíska farveg og a.m.k. freista þess að skapa sátt um Ríkisútvarpið. En nei, niðurstaðan hjá ríkisstjórninni og þingmeirihlutanum er sá að keyra málið í gegn og láta það taka gildi mánuði fyrir kosningar, láta þetta umdeilda frumvarp taka gildi mánuði fyrir kosningar. Ég er ekki viss um að svona gjörningur sé algengur í löndum í kringum okkur.

Það er oft sagt að ekkert sem núverandi ríkisstjórn geri komi manni lengur á óvart og hvað þá hin ýmsu vinnubrögð. Og auðvitað hlýtur sú ríkisstjórn sem hagar sér svona, að keyra jafnmikla breytingu og umdeilda í gegn rétt mánuði fyrir kosningar, að dæmast af verkum sínum. Núna, þegar um 22 ár eru síðan einkaleyfi Ríkisútvarpsins til útvarpssendinga var afnumið, þá held ég að meiri bragur væri á því að reyna að koma þessu máli í þverpólitíska farveg, ná um það sátt og koma því inn í umræðuna þannig að það sé rætt í einhverju samhengi við aðra fjölmiðla og við hina almennu löggjöf um fjölmiðla, því annars sjáum við fram á að um þetta verður deilt fram og til baka, þ.e. samkeppnisstöðuna, það verður deilt um hvar almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins lýkur og hvar annað byrjar, sem verður umdeilt. Þetta vitum við og þetta veit sú ríkisstjórn sem nú situr og þess vegna undra ég mig á því hvers vegna menn keyra málið svona áfram eins og raun ber vitni. Ef við ætlum að byggja upp almennilegt almannaútvarp sem á að standa til framtíðar þá mundu almennileg stjórnvöld, stjórnvöld sem vilja vinna málið af ábyrgð og festu og vilja Ríkisútvarpinu raunverulega vel, auðvitað skapa um þetta mál þverpólitíska samstöðu. Ég tel að það hefði verið hægt að gera í stað þess að hefja þá sorgargöngu sem þessi frumvörp eru, fyrst Ríkisútvarpið sf., síðan hf. og síðan ohf. Þetta er auðvitað allt ein hörmungarsaga, virðulegi forseti.

Á undanförnum árum hafa verið uppi miklar deilur í kringum Ríkisútvarpið, það hafa komið upp mörg deiluefni og mjög stórar pólitískar spurningar og þeim er alls ekki svarað í þessu frumvarpi. Það er ekkert á þessum stóru deiluefnum tekið. Ég get nefnt þar sem dæmi þær breytingar sem er verið að gera á fjármögnun Ríkisútvarpsins, þ.e. að það á að leggja niður hin afar umdeildu afnotagjöld en í staðinn á að taka upp eitthvað sem ég tel að verði enn umdeildara, sem er nefskatturinn. Það er að mínu mati mjög vond leið til þess að fjármagna Ríkisútvarpið og alls ekki til þess fallin að skapa sátt um fjármögnunarleiðina. Mér finnst þetta vera dæmi um hversu illa er vandað til verka við gerð frumvarpsins. Það er einhvern veginn stokkið af einni vondri fjármögnunarleið yfir á aðra vonda eða verri fjármögnunarleið í öllum hamaganginum.

Það kom fram í andsvari mínu við hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur að lengi hefur nokkur tortryggni ríkt í garð Ríkisútvarpsins, oft óverðskuldað en stundum verðskuldað. Sú tortryggni sem hefur sprottið af þeim pólitísku ítökum sem verið hafa í útvarpsráði, í gegnum útvarpsráð inn í útvarpið. Útvarpsráð hefur, gerir í dag og hefur gert í gegnum tíðina, endurspeglað meiri hlutann, þ.e. valdahlutföll á Alþingi hverju sinni. Það hefur verið gagnrýnt en með þessu frumvarpi á frekar að bæta við afskiptin í þessum efnum. Ég mun fara betur yfir það í ræðu minni á eftir en eins og ég sagði m.a. í andsvari áðan mun pólitískum ítökum gefið framhaldslíf. Það er verið að skerpa á þeim ef eitthvað er.

Virðulegi forseti. Mér þætti vænt um, þar sem enginn stjórnarliði er í salnum, að það yrði tekið niður og því komið áleiðis en ég hef áður spurt þessa. Við erum nú í 3. umr. um málið og mér hefur hvorki við 1. umr. né 2. umr. um málið tekist að fá svör. Hvorki hæstv. menntamálaráðherra eða nokkur á hennar vegum hefur svarað spurningunni: Hvers vegna mega ekki koma í stjórn Ríkisútvarpsins, t.d. tveir fulltrúar starfsmanna? Hvers vegna leggja menn svo mikla áherslu á að stjórnin haldi áfram að endurspegla valdahlutföll á Alþingi? Þessari spurningu hefur aldrei verið svarað. Það hlýtur að vera djúpstæð skýring á þessu sem við verðum að fá að heyra áður en greidd verða atkvæði um málið. Ég óska eftir að hæstv. forseti komi þessari spurningu áleiðis og að henni verði svarað áður en umræðunni lýkur.

Auðvitað eru fleiri atriði sem eru stór og umdeild í þessu máli. Það standa t.d. mjög miklar deilur um rekstrarformið. Það er sérstakt að búa til hlutafélag sem fær tekjur af nefskatti og er að mestu rekið fyrir opinbert fé. Maður spyr sig um tilganginn með því. Þetta er afar umdeild leið. Tilgangurinn hefur ekki orðið ljós í þeim stuttu ræðum sem stjórnarliðar hafa séð ástæðu til að halda um málið. Enn hafa ekki fengist nægjanlegar skýringar á þeim atriðum.

Það kemur dálítið athyglisvert fram í nefndaráliti minni hlutans, af því við erum að tala um þau deiluefni sem þetta frumvarp mun ýta undir, deiluefni sem uppi eru nú þegar um Ríkisútvarpið í núverandi mynd. Þau fá framhaldslíf í þessu nýja frumvarpi og síðan koma upp ný deiluefni. Í nefndaráliti minni hlutans er kafli sem ber yfirskriftina Staða Ríkisútvarpsins gagnvart samkeppnisrétti og Evrópurétti. Þar er fjallað um umsögn frá Samkeppniseftirlitinu og heimsókn eftirlitsins til nefndarinnar þar sem ýmislegt

mjög áhugavert kemur fram. Ég ætla ekki að fara yfir það allt en það má sjá í þingskjölum.

Í nefndarálitinu kemur fram að þáttur Samkeppniseftirlitsins í málinu lýsir vel þeirri óvissu sem ríkir nú um stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart innlendum samkeppnisrétti og gagnvart Evrópurétti. Minni hluti menntamálanefndar greinir frá því að við umfjöllun um málið í vetur hafi stjórnarandstæðingarnir í menntamálanefnd lagt áherslu á að fá til fundar óháða sérfræðinga á þessu sviði, þ.e. í samkeppnisrétti og í Evrópurétti. Það hafi hins vegar gengið mjög illa. Ástæður þessa segja þeir koma ágætlega fram í svari eins þeirra sem beðinn var að koma fyrir nefndina til að skýra stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart innlendum samkeppnisrétti og Evrópurétti. Einn þeirra, Stefán Geir Þórisson lögfræðingur, svarar beiðni nefndarinnar á þá leið, með leyfi forseta:

„Spurningarnar sem varpað er fram snúast um grundvallaratriði á einhverjum flóknustu og vandmeðförnustu sviðum réttarins, þ.e. samkeppnisrétti og Evrópurétti. Til að geta svarað spurningum af því tagi sem varpað er fram í erindi þínu [þ.e. nefndarritara] af einhverju viti þarf jafnvel sérfræðingur á þessum réttarsviðum að leggjast í verulega rannsóknarvinnu. Þar sem ég hef yfirdrifið að gera í starfi mínu sem lögmaður sé ég ekki fram á að geta innt þá vinnu sem þarf af hendi í sjálfboðavinnu, en ég geri, af fyrri reynslu, ekki ráð fyrir að þingið muni greiða fyrir vinnu við undirbúning fyrir slíkan fund hjá nefndinni."

Þetta skýrir og lýsir vel þeirri erfiðu stöðu sem þingnefndir lenda í vegna þess að auðvitað er ekki hægt að fara fram á að lagt sé í mikla og djúpa rannsóknarvinnu í sjálfboðavinnu. Þetta mál lýsir því ágætlega að nefndin hefði þurft meiri tíma og meiri mannafla til að gera sjálfstæðar athuganir á þessum erfiðu sviðum, en það er einmitt á sviði Evrópuréttar og vegna samkeppnislaga sem deilurnar við ESA hafa staðið. Um það fjalla þau leyniskjöl sem voru opnuð fyrir einungis örfáum dögum.

Í ágætu nefndaráliti minni hlutans kom einnig fram að á það vanti að ESA hafi gengið úr skugga um formsatriði í nýjasta RÚV frumvarpinu og í fylgigögnum þess, þ.e. hvort það fullnægi Evrópukröfum. Það kemur líka fram að með frumvarpinu sé tekin verulega áhætta á málaferlum á grunni Evrópureglna. Þetta þykir mér afar áhugavert. Nefndin virðist a.m.k. ekki hafa getað gengið úr skugga um að það væri hafið yfir allan vafa að lagasetningin stæðist varðandi Evrópurétti. Lagasetning af því tagi virkar býsna bráðræðisleg. Eins og ég hef sagt áður eru t.d. sett fram dæmi um það í nefndarálitinu hvaða atriði eru líkleg til að verða athuguð fyrir dómstólum. Hér er t.d. spurt, með leyfi forseta:

„1. Hvernig sinnir Ríkisútvarpið almannaþjónustuhlutverki sínu? Starfar það samkvæmt of víðri skilgreiningu á almannaþjónustu þannig að starfsemi þess þrengi að möguleikum annarra á ljósvakavettvangi?

2. Hver er þátttaka Ríkisútvarpsins á markaði auglýsinga og kostunar? Er um að ræða grimmilega samkeppni við keppinautana — og byggist hún á sölu auglýsinga og kostunar í tengslum við dagskrárefni sem fellur illa að almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins?

3. Hvert er svigrúm Ríkisútvarpsins til athafna og viðskipta sem lítt eða ekki tengjast almannaútvarpshlutverki þess? Stofnar það til útsendinga á samkeppnisrásum til að afla auglýsingatekna? Vinnur það gegn öðrum ljósvakastöðvum umfram það sem eðlilegt getur talist við rekstur almannaútvarps, ef til vill gegn einhverri tiltekinni stöð?

4. Hvert er rekstrarform Ríkisútvarpsins? Hefur það að formi til sérstöðu sem hæfir hlutverki þess sem almannaútvarps eða er því valið rekstrarform sem einkum miðast við hefðbundinn samkeppnisrekstur á markaði? Er hætta á að Ríkisútvarpið hf. eða ohf. notfæri sér ávinning hlutafélagsformsins án þess að sæta þeim samkeppnisreglum sem keppinautar í öðrum hlutafélögum verða að gangast undir?"

Mér finnast þetta mjög áhugaverðar spurningar og eiginlega með hreinum ólíkindum að menn skuli ekki hafa farið betur yfir þessi atriði í nefndinni eða gefið færi að skoða þau betur. Vegna þess að auðvitað viljum við ekki auka ófriðinn um útvarpið, það viljum við alls ekki. Ég er búin að nefna helstu deilumál sem hafa staðið um Ríkisútvarpið eins og það er núna. Með samþykkt frumvarpsins bætum við enn einu deilumáli við. Menn hafa nefnt að í kjölfar samþykktar þessa lagafrumvarps geti farið af stað hrina málssókna.

Ég ítreka að betur hefði átt að vanda til þessa máls. Skynsamlegra hefði verið að setja það í þverpólitíska farveg ásamt hinni almennu fjölmiðlalöggjöf þar sem fjölmiðlamarkaðurinn er skoðaður í heild sinni og heildarsýn fengin á fjölmiðlamarkaðinn, þar sem Ríkisútvarpið yrði með. Ríkisútvarpið er ekki undanskilið hinum heildstæða fjölmiðlamarkaði þótt vissulega hafi Ríkisútvarpið sérstöðu. Við viljum að Ríkisútvarpið hafi sérstöðu en einmitt þess vegna skiptir máli að staða Ríkisútvarpsins sé skoðuð í heildrænu samhengi við almenna fjölmiðalöggjöf. Þannig mundu hagsmunir manna ekki stangast á heldur ná að vinna saman eins og kostur er. Við höfum þegar ákveðið að hér eigi að vera öflugt almannaútvarp, öflugt Ríkisútvarp.

Virðulegi forseti. Við í Samfylkingunni höfum lengi talað fyrir því að breyta lögum um Ríkisútvarpið, skerpa stöðu þess og breyta ýmsum þáttum í lagaumhverfi þess. Við höfum talað fyrir því. Ég get nefnt sem dæmi að hv. þm. Mörður Árnason og fleiri hafa lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu í þá veru. Sú tillaga túlkar mjög vel hugmyndir okkar en afstaða okkar hefur verið skýr um alllanga hríð. Hún var einnig kynnt sérstaklega og dregin saman á blaðamannafundi í byrjun desember, fyrstu viku desember. Við erum auðvitað sammála um að breyta eigi lögunum um Ríkisútvarpið. Á lögunum þarf að gera ýmsar breytingar. Um það hefur verið nokkur sátt lengi. En umhverfi fjölmiðlunar hefur breyst verulega frá því fyrir 22 árum þegar við afnámum einkaleyfi RÚV til útsendinga.

Virðulegi forseti. Ég nefndi áðan að ég vildi koma betur inn á nokkur atriði sem ég hef verið ósátt við afar lengi. Ég hef í ræðum mínum nefnt þau æðioft og spurt en ekki fengið nein svör. Ég hlýt að geta farið fram á, virðulegi forseti, við lokaumræðu um málið að menntamálaráðherra eða þeir sem tala fyrir þessu frumvarpi í þinginu svari spurningum mínum. Þeir hljóta að þurfa að svara spurningum þingmanna um þetta frumvarp þótt auðvitað sé það í anda annarra vinnubragða þessarar ríkisstjórnar og þingmeirihluta að keyra mál sín í gegn án þess að eiga nokkrar samræður við stjórnarandstöðuna um þau. En ég hlýt a.m.k. að gera til-

raun að kalla eftir því að spurningum mínum verði svarað.

Virðulegi forseti. Ég nefndi í upphafi máls míns að ég ætlaði að koma betur inn á að með frumvarpinu yrði pólitískum ítökum í málefnum Ríkisútvarpsins gefið framhaldslíf. Ég hef lengi verið ósátt við þá stöðu og við vitum að stjórnskipulag stofnunarinnar hefur verið umdeilt, þ.e. að yfir því gíni útvarpsráð sem endurspeglar valdahlutföllin á Alþingi. Þetta hefur skapað tortryggni í garð Ríkisútvarpsins og margir hafa deilt á þetta. Í þessu frumvarpi er því miður ekki gefið eftir í þessum efnum. Í stað þess að nota tækifærið og laga þennan skavanka á lögunum um Ríkisútvarpið á að auka vandann. Þótt útvarpsráð sé afnumið í þeirri mynd sem það hefur verið er sett yfir stofnunina svokölluð rekstrarstjórn. En staðreyndin er sú að þessi stjórn mun ráða og reka útvarpsstjóra, útvarpsstjóra sem hefur allt með ráðninga- og dagskrármál Ríkisútvarpsins að gera.

Þegar útvarpsstjóri er settur í þá stöðu að pólitísk stjórn geti rekið hann hvenær sem er þá er hætta á að yfir útvarpsstjóra hangi uppsagnarbréfið fari hann ekki að vilja þessa hóps. En þar með erum við komin í nokkurn vanda og, virðulegi forseti, alls ekki á réttri braut. Þetta hlýtur að vera vont fyrir metnaðargjarna útvarpsstjóra framtíðarinnar og mér finnst þetta afar varhugavert. Ef við ætlum að eyða tortryggninni í garð Ríkisútvarpsins og gefa metnaðargjörnum útvarpsstjórum starfsfrið frá stjórn sem er að meiri hluta skipuð ríkisstjórnarflokkunum hverju sinni, þ.e. ætlum að gefa útvarpsstjóra starfsfrið og tækifæri til að setja mark sitt á stofnunina, þá getur hann ekki unnið undir þeim kringumstæðum að séu störf hans ekki þóknanleg ríkisstjórn hverju sinni geti stjórnin einfaldlega rekið hann. Með þessum hætti, virðulegi forseti, er kominn beinn þráður frá ríkisstjórnarborðinu og niður eftir allri stjórnskipan Ríkisútvarpsins. Þar með er hætta á að útvarpsstjórar framtíðarinnar reyni, án þess að gera það meðvitað, að þóknast stjórninni.

Ég hefði talið heppilegra að fara aðrar leiðir. Eins og komið hefur fram ítrekað, bæði í umsögnum um þetta mál og líka í ræðum, þá er hægt að fara aðrar leiðir. Ein þeirra leiða er t.d. sú að við stjórnina, sem samkvæmt frumvarpinu á að vera fimm manna og meiri hlutinn skipaður ríkisstjórnarflokkunum hverju sinni, bætist við tveir, t.d. frá starfsmönnum. Þetta finnst mér áhugaverð leið. Þar með hættum við beinum pólitískum ítökum ríkisstjórna hverju sinni og þá þarf að ná samstöðu innan stjórnarinnar um allar meiri háttar ákvarðanir.

Virðulegi forseti. Það er ekki bara stjórnarandstaðan sem hefur áhyggjur af pólitískum ítökum. Fleiri hafa lagt til breytingar á þessu fyrirkomulagi. Ég get t.d. nefnt umsögn Alþýðusambands Íslands en þar kemur fram að ASÍ telur mikilvægt að standa vörð um sjálfstæði Ríkisútvarpsins og telur að það megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og þekkist víða, t.d. að starfsmönnum og sjálfstæðum aðilum utan stofnunarinnar verði auk þings og ráðherra gert að skipa fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins. Þetta leggur ASÍ beinlínis til. Það er mjög í anda þess sem við höfum sagt.

Í umsögn stjórnar Blaðamannafélagsins er einnig komið inn á þetta. Stjórnin leggur í umsögn sinni til að fleiri aðilar en Alþingi fái að skipa fulltrúa í stjórn hlutafélagsins, t.d. starfsmenn Ríkisútvarpsins og nefnir að slíkt eigi sér fordæmi í nágrannalöndum okkar, t.d. sé útvarpsráð NRK skipað níu mönnum og þar af þremur fulltrúum starfsmanna.

Í umsögn stjórnar Blaðamannafélagsins segir, með leyfi forseta:

„Þannig má stuðla að því að önnur sjónarmið en flokkspólitísk ráði för hjá stjórn hlutafélagsins, t.d. við ráðningu útvarpsstjóra.“

Hér eru fleiri umsagnir en þær tvær sem ég nefni og koma inn á akkúrat þetta. Stjórn Blaðamannafélagsins segir að þetta yrði til þess að önnur sjónarmið en flokkspólitísk ráði för við ráðningu á útvarpsstjóra. Auðvitað sjá fleiri aðilar úti í samfélaginu en bara stjórnarandstaðan hvílík hætta er hér á ferðinni. Ríkisútvarpið verður að vera hafið yfir allan vafa um að flokkspólitísk sjónarmið ráði för ef það á að skapa sátt um það til framtíðar. Þessu hefur ekki verið svarað og ég fer fram á að þeirri spurningu minni verði svarað áður en umræðunni lýkur.

Í umsögn stjórnar Blaðamannafélagsins segir jafnframt að samkvæmt frumvarpinu ráði útvarpsstjóri aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. og að lagt sé til í frumvarpinu að nánar verði kveðið á um starfssvið útvarpsstjóra í samþykktum félagsins. Þá er útvarpsstjóri samkvæmt frumvarpinu æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar Ríkisútvarpsins. Stjórn Blaðamannafélags Íslands segir að hún telji rétt að skilgreina betur starfssvið útvarpsstjóra í lögunum eða þá að lögin kveði á um að settar verði sérstakar reglur sem tryggi sjálfstæði ritstjórna gagnvart útvarpsstjóra.

Virðulegi forseti. Þetta er merkileg umsögn og ég tek undir þessar tillögur og athugasemdir. Mér þykir það billegt ef stjórnarmeirihlutinn ætlar að afgreiða umsagnir án þess að svara þessum spurningum, afgreiða þær með þögninni einni saman. Það er auðvitað ekki boðlegt gagnvart öllum þeim fjölda sem hefur sent inn umsagnir um þetta mál og hafa gagnrýnt þetta sama.

Fleiri hafa gagnrýnt þetta, t.d. get ég nefnt gagnrýni Hollvinasamtakanna. Mér finnst sérkennilegt ef þingmeirihlutinn og hæstv. menntamálaráðherra ætla að afgreiða umsagnir með þögninni einni saman. Hvernig á að skýra það fyrir fólkinu sem lagði á sig að skrifa umsagnir og koma með mikilvægar ábendingar um frumvarpið inn til menntamálanefndar? Það er a.m.k. lágmark að þessu fólki sé svarað. Hvers vegna var ekki tekið tillit til þeirra athugasemda, ekki þá síst athugasemda þar sem ekki bara einn eða tveir, heldur a.m.k. þrír eða fleiri komu með sömu athugasemdir og ábendingar? Meiri hluti menntamálanefndar hefur ekki séð ástæðu til þess að taka tillit til þessa. Hvers vegna ekki? Því verður að svara.

Í umsögn frá Hollvinasamtökunum er lögð áhersla á að gengið verði lengra í að losa stjórn Ríkisútvarpsins ohf. undan hinu flokkspólitíska valdi og meirihlutavaldi Alþingis hverju sinni. Það verði best gert með því að fara í gagnstæða átt við þá stefnu sem mörkuð er í frumvarpinu og hafa æðstu stjórn stofnunarinnar breiðari en þar er gert ráð fyrir. Þetta er allt í sama anda. Við í Samfylkingunni höfum lagt til álíka breytingar og tillögur í þessa veru þannig að losa megi um pólitísk ítök.

Virðulegi forseti. Ég vona að stjórnarþingmenn eigi eftir að svara þessum spurningum þegar á líður. Þótt þeir láti ekki sjá sig í salnum vona ég að þeir séu þá a.m.k. með kveikt á sjónvörpunum og taki niður spurningar mínar. Það er til lítils fyrir aðila að senda inn umsagnir, ábendingar og athugasemdir, hvað þá fyrir okkur þingmenn að standa hér og bera fram sömu spurningarnar æ ofan í æ og fá ekki nein svör. Ég hefði talið að hæstv. menntamálaráðherra og meiri hluti þingsins hefði farið það vel í gegnum málið að það ætti að vera hægt að kasta fram svörum við þessum stóru spurningum án þess að hafa mikið fyrir því. Það skyldi maður a.m.k. ætla.

Virðulegi forseti. Ég vil nefna fleiri atriði áður en ég lýk umfjöllun minni um hin pólitísku ítök. Stjórn Blaðamannafélagsins kemur í umsögn sinni inn á sjálfstæði ritstjórna og mikilvægi þess að færa ákvæði um það inn í lög, að settar séu reglur um sjálfstæði ritstjórna. Mér finnst rétt að koma inn á að þingmaður Samfylkingarinnar, þ.e. Bryndís Hlöðversdóttir sem var þingmaður fyrir okkur á þessu kjörtímabili, lagði ásamt fleirum fram þingsályktunartillögu sem fjallaði um þetta, þ.e. að skerpa á sjálfstæði ritstjórna. Samfylkingin hefur unnið mikla vinnu í þessum málum sem hefði átt fullt erindi inn í þverpólitíska nefnd. Fulltrúar okkar hefðu orðið til mikils gagns í þverpólitískri vinnu við að reyna að ná samstöðu um stöðu Ríkisútvarpsins til framtíðar.

Virðulegi forseti. Næst vil ég víkja máli mínu að fjármögnuninni. Sú leið sem menn ætla að fara er afar umdeild. Ég veit að afnotagjöldin eru gríðarlega umdeild leið til þess að fjármagna Ríkisútvarpið en hvernig í veröldinni hæstv. menntamálaráðherra og þeim sem fyrir þessu frumvarpi tala datt í hug að nefskattur yrði lausnin til framtíðar fyrir Ríkisútvarpið ohf., fyrir hlutafélagið Ríkisútvarpið, að nefskattur mundi leysa afnotagjöldin af hólmi og skapa um fjármögnun Ríkisútvarpsins einhverja sátt, það að nokkrum í veröldinni skyldi detta það í hug er verðugt rannsóknarefni. Ég er eins og margir aðrir sannfærð um að nefskatturinn á eftir að verða umdeildari leið en afnotagjöldin þegar fram líða stundir. Nefskatturinn er vond leið til að fjármagna Ríkisútvarpið og arfavond hugmynd. Hún hreinlega mismunar borgurum landsins. Þessi leið getur leitt til mikils álags á stórar fjölskyldur þar sem ungmenni yfir 16 ára eru í heimahúsum. Álögur geta aukist mjög á slíka hópa.

Mér líkar afar illa við þá pólitík sem í frumvarpinu felst, þ.e. þegar ákveðið er, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu, að fara leið sem íþyngir stórum fjölskyldum. Mér finnst það umdeilanlegt. Ég er á móti slíkri pólitík en þetta er kannski sú fjölskyldupólitík sem Framsóknarflokkurinn hefur boðað í ræðu og riti á hátíðisdögum. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að almennt mætti miða við að haga skattlagningunni þannig að hvert þriggja manna heimili yrði nokkurn veginn jafnsett eftir sem áður, sem mundi þýða að gjaldið lækkaði fyrir fámennari heimili, t.d. fyrir hjón, en hækkaði hjá heimilum þar sem einstaklingar 16 ára og eldri væru fjórir eða fleiri. Séu á heimili foreldrar og tvö börn, 16 ára og eldri, er hætt við að gjaldið hækki.

Virðulegi forseti. Sumir 16 ára verða undanþegnir þessu þar sem einhver tekjumörk eru sett en tekjumörkin eru það lág að skatturinn mun verða mjög íþyngjandi fyrir margar fjölskyldur. Hér segir beinlínis að það sé meðvituð ákvörðun að hafa þetta svona í greinargerð með frumvarpinu. Undir þetta kvittar Framsóknarflokkurinn sem hefur barið sér á brjóst og sagst ætla að huga að fjölskyldunum í landinu. Við skilgreinum börn til 18 ára aldurs. Frumvarpið gerir ráð fyrir nefskatti við 16 ára aldur. Mér finnst Framsóknarflokkurinn þurfa að svara betur fyrir það en hv. þm. Dagný Jónsdóttir gerði í ræðu sinni áðan. Málið snýst ekki bara um að vera ósammála um leiðir heldur einnig að Framsóknarflokkurinn segir í einu orði að hann ætli að létta álögum af fjölskyldunum í landinu en vikuna á eftir stendur flokkurinn að því að keyra í gegn frumvarp sem, eins og segir í greinargerðinni, kemur til með að íþyngja stærri heimilum, þar sem börn eldri en 16 ára eru tvö eða fleiri. Við vitum að þetta á við um fjölda heimila í landinu. Þetta er ekki sú fjölskyldupólitík sem við í Samfylkingunni viljum reka, að koma með þessum hætti aftan að stærri fjölskyldum.

Virðulegi forseti. Nokkrir hafa gagnrýnt þá fjármögnunarleið að taka upp nefskatt. ASÍ hefur gagnrýnt þessa fjármögnunarleið og lýst yfir efasemdum með fyrirhugaða breytingu. Ég get líka nefnt Hollvinasamtökin sem lýsa í umsögn sinni miklum efasemdum með nefskattinn. Áhugavert er að jafnvel þeir sem sætta sig illa eða alls ekki við afnotagjöldin líkar nefskatturinn ekkert fremur. Helsti galli nefskatts er að hann leggst augljóslega þyngst á þá sem hafa lágar tekjur. Þeir geta þurft að greiða hátt hlutfall af tekjum sínum þegar allir greiða sömu krónutölu.

Bent er á að skattleysismörkin í frumvarpinu eru með þeim annmarka að eingöngu er miðað við almennar tekjur, launatekjur en ekki fjármagnstekjur. Inn á þetta kemur ríkisskattstjóri í umsögn sinni um frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. Þar vísar hann í umsögn frá 15. mars 2006. Hún var allítarleg og er ótrúlega góð og holl lesning fyrir þá sem vilja kynna sér nefskatt. Ég vil hvetja alla þá sem hafa tækifæri til að lesa þessa umsögn, umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. sem var á dagskrá á síðasta þingi. Þar eru gerðar verulegar athugasemdir við nefskattinn. Ég ætla að fara aðeins yfir þá umsögn vegna þess að í henni kemur margt fróðlegt fram.

Þar segir m.a. að helsti ókostur nefskatts sé að hann taki ekki tillit til greiðslugetu og sé íþyngjandi fyrir tekjulága. Svo kemur merkilegur kafli sem ég ætla að lesa beint upp úr umsögninni. Í umsögn ríkisskattstjóra frá 15. mars árið 2006, sem enn er í fullu gildi samkvæmt nýlegri umsögn ríkisskattstjóra, segir með leyfi forseta:

„Fyrr á öldum voru nefskattar algengir en eru að mestu horfnir í dag. Tvö þekkt dæma úr skattasögunni eru annars vegar skattur sem Ríkharður II. Englandskonungur lagði á 1380 til að fjármagna stríðið við Frakkland. Skattur þessi leiddi til bændauppreisnarinnar 1381. Hins vegar er tilraun á síðari tímum til að leggja á verulegan nefskatt þegar stjórn Margrétar Thatcher í Englandi lét lögleiða nefskatt í stað nokkurs konar fasteignagjalda til að fjármagna starfsemi sveitarfélaga.

Skattinum var komið á 1989–1990. Skattur þessi mætti mikilli andstöðu, milljónir manna neituðu að borga hann og náðu mótmælin hámarki sínu með óeirðum á Trafalgar Square í lok mars 1990. Andstaða innan Íhaldsflokksins leiddi m.a. til þess að Margrét Thatcher sagði af sér um

haustið. Arftakar hennar lækkuðu skattinn og afnámu hann frá og með 1994."

Virðulegi forseti. Þetta finnst mér merkileg upprifjun hjá ríkisskattstjóra á því hvernig farið hefur fyrir þeim sem lagt hafa á nefskatt. Ég veit ekki hvort ríkisskattstjóri sé sannspár en miðað við þessi dæmi gæti þetta þýtt að núverandi ríkisstjórn sitji ekki lengi eftir að hafa samþykkt nefskatt, ef marka má söguna. Hvort skatturinn leiði til uppreisnar eða óeirða á eftir að koma í ljós en ég á von á því að mótmælin eigi eftir að verða hávær þegar íslenskir borgarar fá nefskattinum í fyrsta sinn.

Umsögnin er áhugaverð. Þar kemur einnig fram að einn helsti galli við nefskatt sé tengslaleysi hans við gjaldþol manna. Í þessu tilfelli sé brugðist við því með því að undanþiggja hina tekjulægstu gjaldinu. Frítekjumörkum fyrir fast krónugjald fylgja nefnilega ákveðin vandamál vegna þeirra sem eru hvor sínum megin næst mörkunum. Það getur vakið upp spurningar um jafnræði. Þá eru skattfrelsismörkin samkvæmt umsögninni með þeim annmarka í frumvarpinu að eingöngu er miðað við almennar tekjur, þ.e. launatekjur og þess háttar, en ekki fjármagnstekjur. Fram kemur að allstór hópur manna hefur miklar tekjur af eignum en lágar launatekjur og yrði samkvæmt þessu undanþeginn gjaldinu.

Í umsögn frá ríkisskattstjóra kemur sem sagt fram að allstór hópur yrði undanþeginn gjaldinu, þ.e. hópur sem hefur miklar tekjur af eignum sínum. Þarna erum við komin inn á það sem ég sagði í upphafi máls míns um þetta atriði, að með frumvarpinu er borgurum landsins mismunað. Hinn almenni launamaður á enga möguleika aðra en að greiða skatta og skyldur en núverandi ríkisstjórn virðist alltaf hlífa sama hópnum við skattlagningu og létta af honum álögum. Það er hópurinn sem hæstar hefur tekjurnar og þeir sem möguleika eiga á því að lifa af tekjum af eignum, sem eru ekki með venjulegar launatekjur eins og aðrir. Virðulegi forseti. Þetta er ekki alveg í lagi og mun leiða til þess að nefskatturinn á eftir að verða verulega umdeildur. Hann leggst þungt á stórar fjölskyldur og stór hópur mikilla eignamanna verður undanþeginn honum.

Í umsögninni kemur líka fram að frá skattalegu sjónarmiði hafi nefskattur á einstaklinga fáa kosti en afar marga galla. Þar segir að samkvæmt frumvarpinu beri að leggja sama skatt á lögaðila en fyrir þeirri tillögu séu ekki færð nein sérstök rök í greinargerðinni. Fram kemur að skattar á fyrirtæki, sem ekki eru tengdir hagnaði þeirra, hafi verið á undanhaldi en hér sé snúið af þeirri braut. Það sem mér þykir merkilegt í þessu efni er að varðandi lögaðila þá bendir ríkisskattstjóri á að gjaldskyldir yrðu samkvæmt frumvarpinu um 26 þúsund lögaðilar. Ríkisskattstjóri tekur fram að af þeim hafi um helmingur greitt tekjuskatt eða önnur gjöld til ríkissjóðs. Nýir skattgreiðendur úr röðum lögaðilanna yrðu því 13 þús. Þá sé vert að hafa í huga að ætla megi að verulegur hluti hinna nýju skattgreiðenda yrðu félög sem ekki eru starfandi og hafa engar tekjur til að greiða gjaldið af.

Mér fannst mikilvægt að þetta komi fram. Mér þykir því ekki hafa verið svarað nægilega fullnægjandi hvers vegna menn eru svo harðir á að nefskattur sé rétta leiðin. Eina sem manni dettur í hug er að sú leið hafi dottið af himnum ofan, eins og svo margt annað í frumvarpinu, við að leysa umdeild mál hvað varðar Ríkisútvarpið. Þarna hafa menn fallið í gryfju, með hæstv. menntamálaráðherra í broddi fylkingar, að flýta sér og henda sér á niðurstöðu sem á eftir að verða til meiri vandræða en formið sem nú er á fjármögnuninni.

Virðulegi forseti. Umsögnin frá ríkisskattstjóra er merkileg og er hægt að lesa hana sér til skemmtunar og líka til glöggvunar. Hún er afar áhugaverð fyrir margra hluta sakir, ítarleg og greinargóð. Það sem mér finnst merkilegast í henni er að þar er bent á að þessi leið mismuni borgurum landsins og taki ekkert tillit til greiðslugetu, með henni sleppi þeir sem hafa háar fjármagnstekjur en lágar launatekjur algjörlega við að greiða gjaldið, eins og oft vill verða í samfélagi okkar.

Virðulegi forseti. Fleiri hafa gagnrýnt þessa fjármögnunarleið. Neytendasamtökin hafa fjallað ítarlega um hvernig rétt sé að standa að fjármögnun Ríkisútvarpsins. Það kemur fram í umsögn þeirra að upphæð nefskattsins sem kynnt er í frumvarpinu sé mjög há og komi illa við mörg heimili þar sem stálpaðir unglingar eða ungt fólk býr enn í heimahúsum.

Neytendasamtökin minna á að skylduáskrift að Ríkisútvarpinu með afnotagjöldum hefur reynst óvinsæl hjá mörgum. En þeir segja líka að hætt sé við því að jafnhár nefskattur og frumvarpið gerir ráð fyrir verði ekki síður óvinsæll. Hér mæla Neytendasamtökin með því að skoða hvort ekki eigi að flétta saman mismunandi fjármögnunarleiðum.

Virðulegi forseti. Hér er enn eitt dæmi um óánægju með þá leið sem valin er í þessu frumvarpi. Afnotagjöldin hafa verið umdeild hingað til og hefur verið bent á það ítrekað, í umsögnum og í ræðu og riti, að nefskattsleiðin sé ekki til þess fallin að skapa sátt um fjármögnun Ríkisútvarpsins. Þvert á móti. Ég skil ekki hvers vegna menn halda þessu jafneinstrengingslega til streitu og raun ber vitni. Því hefur ekki verið svarað í þessum stól hvað gerir nefskattsleiðina jafnáhugaverða og þessi ríkisstjórn telur hana vera og hvernig menn réttlæta að sumir þurfi að borga til Ríkisútvarpsins en aðrir ekki.

Eins og fram kom í umsögn ríkisskattstjóra verður allverulegur hópur undanþeginn þessu gjaldi, miðað við skerðingarmörk og þær tekjur sem miðað verður við. Það kemur fram í umsögn ríkisskattstjóra að það verði allverulegur hópur. Hvaða rök vega svo þungt að réttlætanlegt sé að mismuna borgurum landsins með þessum hætti? Um það hef ég spurt við 1. umr., við 2. umr. og nú spyr ég aftur við 3. umr. Ég hef ekki enn fengið svör. Ég fer fram á, líkt og með spurningu mína um stjórn Ríkisútvarpsins og skipun hennar, að fá svör við henni áður en umræðum um málið lýkur.

Virðulegi forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. Í lokin vil ég nefna að mér finnst með hreinum ólíkindum hvaða rekstrarform menn hafa valið fyrir Ríkisútvarpið. Mér finnst þetta sérkennilegt. Þetta hlutafélagaform fyrir Ríkisútvarpið er orðið líkt og trúaratriði. Ég held að menn hefðu þurft að huga að markmiðum, ætluðu þeir sér að finna viðunandi rekstrarform fyrir Ríkisútvarpið til að leysa þau deilumál sem uppi eru í tengslum við það. Öll vinnan virðist þess í stað miða að því einu að koma Ríkisútvarpinu í

hlutafélagaform. Það vekur mér undrun en af öllum vinnubrögðunum er augljóst að það er aðalmarkmiðið. Því hefur lítið sem ekkert verið sinnt að leysa þau deilumál sem uppi hafa verið.

Virðulegi forseti. Leiðin sem hér er gert ráð fyrir er ekki til að ná sátt um Ríkisútvarpið til framtíðar litið. Ég harma það mjög vegna þess að ég held að við, öll fyrir utan þrjá þingmenn sem hafa komið út úr skápnum hvað það varðar að segjast vilja selja Ríkisútvarpið, við hin 60 viljum að Ríkisútvarpið sé í þjóðareign og við rekum öflugt almannaútvarp sem hafi mikilvægu menningarlegu hlutverki, lýðræðislegu hlutverki og öryggishlutverki að gegna.

Þrír þingmenn bera þá von í brjósti að RÚV verði selt. Hv. þm. Pétur H. Blöndal, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson vilja selja útvarpið. Aðrir segjast a.m.k. vera sammála um mikilvægi RÚV. Mér er það algerlega óskiljanlegt að farið sé með málið í slíkan farveg. Ég tel að það sé fullkomlega óþarft. Mér finnst ekki hafa verið nægjanlega rökstutt hvers vegna eigi að oháeffa Ríkisútvarpið. Hvers vegna getur Ríkisútvarpið ekki verið sjálfseignarstofnun? Sjálfseignarstofnun er þekkt fyrirkomulag sem reynst hefur vel við rekstur hjá opinberum aðilum, t.d. á háskólastigi. Að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun gæfi því svigrúmið sem það þarf í þeirri stöðu sem það býr við í dag. Það skapar líka ákveðna fjarlægð frá pólitíkinni og eigendum þess að hafa sjálfseignarstofnunarfyrirkomulag. Það gæfi RÚV sjálfstæði. Eins og menn þekkja er útvarpið ekki rekið í hagnaðarskyni og allur ágóði færi aftur inn í sjálfseignarstofnunina. Ég hefði talið sjálfseignarstofnun mun heppilegra form.

Mér finnst ekki hafa verið nægilega rökstutt hvers vegna eigi að oháeffa Ríkisútvarpið. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt harðlega úr öllum áttum, bæði frá hægri og frá vinstri. Frá vinstri hefur það verið gagnrýnt út frá því að við viljum ekki að Ríkisútvarpið verði selt heldur viljum við reka öflugt almannaútvarp. Frá hægri hefur það verið gagnrýnt af frjálshyggjumönnum vegna þess að það sé ekki viðeigandi að búa til hlutafélag úr stofnun sem er að mestu rekin fyrir almannafé, það skekki stöðuna á samkeppnismarkaði. Í sjálfu sér er hægt að taka undir hvort tveggja, virðulegi forseti. Það er ljóst, eins og heyra má af þessu og við vitum sem höfum fylgst með þessari umræðu, að þetta er harkalega gagnrýnt úr mismunandi áttum.

Hvað er hæstv. ríkisstjórn að búa til með því að samþykkja frumvarp um Ríkisútvarpið ohf.? Jú, það er að búa til fyrirbæri sem verður umdeildara en RÚV hefur nokkru sinni verið. Þetta er ekki bara eitthvert fyrirtæki úti í bæ. Þetta er Ríkisútvarpið sem á að vera öflugur almannamiðill. Málið hefur verið gagnrýnt mjög harðlega úr ýmsum áttum. Ég ætla ekki að fara nánar yfir það enda hefur það verið gert ágætlega í öðrum ræðum hér og við fyrri umræður.

Það er gaman að lesa t.d. leiðara fyrrum formanns Sjálfstæðisflokksins og núverandi ritstjóra Fréttablaðsins, Þorsteins Pálssonar, um þessi mál. Í mars í fyrra, þegar rætt var um Ríkisútvarpið hf. og það frumvarp, gagnrýndi hann það mjög harðlega undir yfirskriftinni: Rauðkuhugmyndafræði, það var 31. mars 2006. Hann færði fyrir því ágæt rök hvers vegna óeðlilegt væri að hlutafélagavæða fyrirbæri sem væri að mestu leyti rekið fyrir almannafé. Maður er eitt stórt spurningarmerki yfir því. Ég get tekið undir þá spurningu Þorsteins Pálssonar og annarra um hvers vegna áherslan er lögð á að hlutafélagavæða fyrirbæri sem á að reka fyrir almannafé áfram. Það er algerlega óskiljanlegt, virðulegi forseti. Ég tel að það hefði verið miklu skynsamlegra að gera RÚV að sjálfseignarstofnun ef menn sjá ástæðu til að breyta rekstrarfyrirkomulaginu yfir höfuð.

Þó nokkrir umsagnaraðilar hafa einnig fjallað um þennan þátt málsins. ASÍ kemur inn á þetta í umsögn sinni. ASÍ lýsir andstöðu við fyrirhugaðar breytingar á rekstrarforminu. ASÍ segir að það hafi verið og sé enn þá þeirrar skoðunar að víðtækt hlutverk Ríkisútvarpsins sé í almannaþágu, bæði í óháðri fréttamiðlun og einnig sé menningarlegt hlutverk þess þannig að afar mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði örugglega áfram í almannaeigu.

Í umsögnum BSRB og BHM er líka komið inn á þetta. Þeim þykir með ólíkindum að beita þeirri aðferð sem beitt er gagnvart starfsmönnum þegar stofnun ríkisins er breytt í hlutafélög eða þær lagðar niður, í landinu séu lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem ætlað sé að gilda við þessar aðstæður. Það er óþolandi að við þessi skilyrði séu sett sérstök lög sem taka almennu lögin um ríkisstarfsmenn úr sambandi þegar á þau reynir.

Undir þetta er auðvitað hægt að taka. Í umsögn BSRB og BHM segir að ef það sé mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta þá eigi auðvitað að gera það með því að breyta lögunum almennt þannig að slík staða komi ekki upp aftur og aftur.

Virðulegi forseti. Ég hef áður sagt að þarna held ég að við séum komin að kjarna málsins. Hver önnur er ástæða þess að menn skeyta ekki um mikilvæga þætti þessa frumvarps sem þyrfti að breyta innan Ríkisútvarpsins? Menn keyra blint á að það verði að samþykkja þetta frumvarp fyrir 1. apríl næstkomandi og verði að samþykkja þetta frumvarp út af oháeffinu, út af breytingunni á rekstrarfyrirkomulagi. Þar er kjarni málsins og aðalatriðið í miklu offorsi í þessu máli. Þarna er komið að kjarna málsins.

Sumir stjórnendur Ríkisútvarpsins vilja losna undan lögum um ríkisstarfsmenn, almennum lögum. Það er engin önnur ástæða í sjónmáli. Þessu verður auðvitað að svara og þarf að skoða þessi mál, ef þau íþyngja mikilvægum stofnunum í samfélaginu svona rosalega. Það á að taka heiðarlega og opna umræðu um það í stað þess að fara bakdyramegin að málinu með jafnafdrifaríkum hætti og að hlutafélagavæða mikilvægar stofnanir í samfélaginu, eingöngu til að losa þær undan lögum um opinbera starfsmenn. Menn eiga að koma hreint fram. Við hljótum að gera þá kröfu í stað þess að sýknt og heilagt skuli farið jafnlúalega bakdyramegin að málum.

Virðulegi forseti. Margt mjög áhugavert kom fram í umsögnum sem bárust menntamálanefnd og vert að skoða margar þeirra. Í einni þeirra sem ég rak augun í er afar áhugaverður punktur. Það er umsögn Skjásins, frá Magnúsi Ragnarssyni, framkvæmdastjóra. En þar er rætt um þennan samning um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem hafa verið gerð drög að og fylgir í greinargerð frumvarpsins um Ríkisútvarpið ohf. Þar segir að samningnum sé líklega ætlað að skilgreina nánar starfsvettvang Ríkisútvarpsins. Því miður er um afskaplega almennt plagg að ræða. Í umsögn Skjásins

segir að besta dæmið um þetta sé ákvæðið um nýsköpun í dagskrárgerð þar sem sett séu fram háleit markmið um að Ríkisútvarpið skuli styrkja og efla íslenska kvikmyndagerð með kaupum á dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum að lágmarki upp á 150 millj. kr. árið 2008.

Í umsögn Magnúsar Ragnarssonar kemur fram að Skjár einn hafi varið meira en þessari upphæð til kaupa á innlendu dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum á síðustu 12 mánuðum og það án allra ríkisstyrkja. Þetta, virðulegi forseti, finnst mér áhugavert og tel ekki þurfa að hafa fleiri orð um þjónustusamninginn en að leggja þessa staðreynd fram. Í raun er bent á að þjónustusamningurinn sé tiltölulega metnaðarlítill í miðað við sjónvarpsstöð með slíka stöðu á markaði sem Ríkisútvarpið hefur. Mér fannst þetta áhugaverður punktur að þarna sé verið að setja helst til metnaðarlitlar áætlanir á blað í þjónustusamning fyrir Ríkisútvarpið.

Alls konar svona þætti, virðulegi forseti, hefðum við þurft að fara miklu betur í gegnum. Innan þingmeirihlutans var frá upphafi tekin sú stefna keyra málið í gegn þrátt fyrir að t.d. hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafi haldið því fram að hér hafi 150 manns komið fyrir nefndina og málið hafi verið rætt fram og til baka. Staðreyndin er sú að ekki var tekið tillit til nokkurs þeirra aðila sem komu fyrir nefndina? Eða hvar er þær breytingar að sjá sem sýna að tekið hafi verið tillit til athugasemda þeirra?

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson getur boðið fjölda fólks til nefndar og boðið fólki og félagasamtökum að senda inn umsagnir bara til að sýnast. En við vitum að þessi ríkisstjórn og þessi þingmeirihluti hefur ekkert gert með þá vinnu sem fólk hefur lagt á sig fyrir nefndina. Það hljómar vel: 150 manns á 39 fundum. En hvað kom út úr því? Þingmeirihlutinn breytti engu, hlustaði ekki á neinn og keyrir málið í gegn. Það er niðurstaðan. Mér þykir það hjóm eitt þegar formaður menntamálanefndar fer með svona tölur fyrir þingheim. Staðreyndirnar tala sínu máli.

Virðulegi forseti. Enn og aftur vil ég ítreka spurningar sem ég hef lagt fram. Í fyrsta lagi: Hvers vegna var ákveðið og hvað olli því að menn ákváðu að láta stjórn Ríkisútvarpsins endurspegla þingmeirihluta og valdahlutföll á Alþingi? Hvað mælir gegn því að t.d. starfsmenn eða aðrir utanaðkomandi aðilar fái t.d. tvo stjórnarmenn? Þetta finnst mér mikilvægt. Ég held að mér hafi láðst að nefna að ég er hlynnt þeirri hugmynd að t.d. útvarpsstjóri fái sömu stöðu og þjóðleikhússtjóri, þ.e. fái starfsfrið í fimm ár, sé skipaður til 5 ára og eigi ekki á hættu að fá uppsagnarbréf ef hann gerir eitthvað sem ríkisstjórninni mislíkar, eins og hætta verður á núna.

Mér finnst það áhugaverð hugmynd og hefði viljað heyra skoðun hæstv. ráðherra eða þeirra sem fara fyrir málinu í þinginu á því. Þá ítreka ég spurningu mína um nefskattinn. Hvaða þungu rök eru á bak við að taka upp fyrirkomulag sem bersýnilega mismunar borgurunum? Ég þarf ekki að fara yfir það allt saman aftur.

Í lokin, virðulegi forseti, vil ég ítreka þá skoðun mína að ég tel að þetta mál allt hefði getað farið í þverpólitískan farveg. Það hefði að minnsta kosti átt að reyna það. Þegar kemur að Ríkisútvarpinu er það mikið í húfi. En í staðinn munum við sitja uppi með fyrirbærið sem þetta frumvarp á að búa til, óskapnað sem engin sátt á eftir að ríkja um.

Við í Samfylkingunni höfum barist fyrir sátt um málið með hv. þm. Mörð Árnason í broddi fylkingar. Við höfum viljað sátt og öll okkar vinna hefur snúið að því að skapa sátt um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp til framtíðar. Viljinn hefur verið til staðar af okkar hálfu. Frá okkur hafa komið sáttaboð sem hafa verið hunsuð af stjórnarflokkunum Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Það er ekki að undra að menn efist um eða hafi áhyggjur af vegferðinni sem þeir flokkar eru á með málið og spyrji sig um ástæður þess að málið sé keyrt með slíkum hætti í gegn.

Málið kveikir stórar spurningar og mér þykir miður að ekki einn einasti stjórnarliði hafi setið t.d. undir ræðu minni, nema auðvitað sá sem situr á forsetastól. En hann getur ekki gripið inn í og rætt við mig um þetta. Ég harma það. Ég tel að með samræðum um þetta hefðum við getað náð miklu betri árangri en þetta frumvarp getur skilað.

Ég er sannfærð um að málið er bara rétt að byrja þegar þessi lög taka gildi. Í því eru svo umdeild atriði að þegar þau, t.d. nefskatturinn og fleira, skella á fólki eigi allmargir eftir að rísa upp á afturlappirnar og mótmæla þessu.

En virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni. Eins og ég sagði höfum við í allri okkar vinnu boðið fram krafta okkar við að ná þverpólitískri samstöðu í því skyni að nútímavæða Ríkisútvarpið. Við erum sammála um að breyta þurfi lögunum en það á ekki að gera með þessum óskapnaði sem liggur fyrir þinginu og menn eru að keyra hér í gegn.

[17:21]

**Útbýting:**

Framkvæmd nauðungarsölu, 411. mál, svar dómsmrh., þskj. 714.

Leiðbeiningarreglur varðandi uppsagnir starfsmanna, 495. mál, fsp. VF, þskj. 747.

Samningar um rannsóknafé til háskóla, 493. mál, fsp. SJS, þskj. 745.

Tónlistarþróunarmiðstöðin, 494. mál, fsp. VF, þskj. 746.

[17:22]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Þá erum við komin hér enn og aftur til að ræða um frumvarp til breytinga á Ríkisútvarpinu. Það er rétt eins og hér hefur skýrt komið fram í dag að þetta er orðin löng umræða ef menn taka til allar þrjár umræðurnar sem hafa farið fram og undir ýmsum formerkjum, ýmist sf., hf. eða ohf. Ég held að það sé rétt að ég lýsi því strax yfir, herra forseti, að ég get alls ekki samþykkt frumvarpið eins og það lítur út núna og það er af tveimur ástæðum. Annars vegar er sú sem margoft hefur komið fram í ræðum og margoft hefur verið reynt að þræta fyrir, að frumvarpið RÚV ohf. er undanfari sölu á Ríkisútvarpinu og hins vegar að verði frumvarpið RÚV ohf. samþykkt óbreytt þá mun það þýða skerðingu á kjörum og réttindum starfsfólks Ríkisútvarpsins.

Það hefur að vísu verið margreynt að draga þær fullyrðingar í efa að kjör starfsfólks Ríkisútvarpsins muni skerðast en þeir sem til þekkja hafa m.a. sent greinargerðir til menntamálanefndar þar sem þeir fara mjög nákvæmlega yfir þau atriði sem um ræðir og þar á meðal lögfræðingar

stórra launþegasamtaka eins og BHM og BSRB. Það hefur líka komið fram í umræðunni að starfsmenn hafa lent í vandræðum í þeim ríkisstofnunum sem hefur verið breytt í hlutafélög og má þar t.d. nefna Póst og síma. Og þá kannski sérstaklega það sem er akkúrat að gerast þessa dagana og það er Matís ohf. Þar var nokkrum stofnunum skellt saman í hlutafélag og það verður að segjast eins og er að þar logar allt í illdeilum á milli stjórnenda fyrirtækisins eða hlutafélagsins og starfsfólksins.

Það er rétt sem hér hefur komið fram, m.a. í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að forsvarsmenn Matís hafa fyrst undan, skulum við segja, samskiptum við stéttarfélögin og reyna þess í stað að semja við hvern starfsmann fyrir sig úti í horni eins og það er orðað. Þessi reynsla sem er í gangi núna og sá er hér stendur hefur nasaþef af segir okkur líka annað, að þessi hlutafélagavæðing er byrjunin á því að reyna að brjóta niður stéttarfélög. Það sem mér finnst kannski svona með mestum ólíkindum varðandi þetta mál er hin gífurlega þrautseigja flutningsmanna, fyrst og fremst menntamálaráðherra í fararbroddi fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Það er þrautseigja Sjálfstæðisflokksins til að reyna að brjóta stéttarfélög á bak aftur. Það er alþekkt sérstaklega á meðal frjálshyggjumanna að þeim er mjög í nöp við stéttarfélög almennt og reyna að slá ryki í augu fólks og segja að það sé mun betra fyrir einstaklinginn, launþegann að geta samið beint við stjórnendur. En við værum ekki með öll þessi stéttarfélög í dag ef reynslan hefði ekki að kennt okkur annað. Það er sorglegt til þess að vita, herra forseti, að þegar samtök launþega hafa á áratugum samið fyrir starfsmenn sína, félagsmenn sína og skapað þeim ákveðin réttindi og stöðu, bætt kjör þeirra frá ári til árs, þá skuli núna leynt og ljóst verið að hefja niðurbrot á stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Þetta er draumur sem hefur blundað lengi hjá mörgum og þá sérstaklega þeim er tengjast Sjálfstæðisflokknum og ég er þess fullviss að þetta frumvarp og Matís ohf. sem er orðið að lögum í dag er greinilega upphaf að slíku. Hvers vegna hins vegar menn vilja gera það geri ég mér ekki almennilega grein fyrir nema þá að þar stýri, eins og yfirleitt alltaf þegar menn komast að Sjálfstæðisflokknum, gróðahyggjan. Menn telja að það sé hentugra fyrir fyrirtækin að geta samið beint við starfsfólk og í því felst m.a. launaleynd og það er orðið nokkuð ljóst að það er ekki gert með hag starfsmannsins í huga.

Í þessari ræðu ætla ég, herra forseti, að fara yfir nokkur atriði sem ég er búinn að bíða spenntur eftir frá því á síðasta ári að komast að með. Það eru m.a. og kannski fyrst og fremst réttindi starfsmanna. Mér finnst það í raun ekki hafa fengið nægilega góðan hljómgrunn hér inni t.d. þegar dæmi koma um að menn hafi þurft að fara með mál sín til dómstóla eins og t.d. hjá Strætó, eftir að opinberu fyrirtæki var breytt. Mig langar síðan að ræða aðeins um innkomu eða réttara sagt aðkomu núverandi útvarpsstjóra, ég hlýt að segja núverandi því miðað við mörg þau orð sem hann hefur látið falla þá stendur hann væntanlega og fellur með því hvort þessi lög verða samþykkt og ég er þess alveg fullviss að þetta frumvarp mun aldrei verða að lögum óbreytt.

Mig langar líka til að fjalla, herra forseti, um nefndarfundina. Þeir hafa verið títtnefndir hér og þá yfirleitt sem rök fyrir mikilli vinnu, bæði menntamálaráðherra og formaður menntamálanefndar hafa statt og stöðugt klifað á því hversu margir gestir hafa komið fyrir nefndina og hversu margra umsagna hefur verið leitað. Á því er sá galli, herra forseti, að ekki er að sjá á frumvarpinu að eftir þeim athugasemdum og ábendingum hafi verið farið.

Ég held að rétt sé líka að fara aðeins yfir sögu Framsóknarflokksins í málinu þar sem hann hefur greinilega snarsnúist eins og komið hefur nokkuð ljóst fram í umræðunni í dag.

Mig langar líka aðeins síðar í ræðunni að koma inn á það sem hefur verið nefnt í dag, þ.e. samkomulag á milli þingflokkanna væntanlega sem á að hafa verið gert á fundi í desember, en þá vildi þannig til að sá er hér stendur var utan flokka og ekki hafður með í því sem menn kalla samkomulag. Mig langar að fara yfir jafnvel einkavæðingarhlutann því að allir sem vilja, vita og lesa út úr frumvarpinu, svo ekki sé talað um þau frumvörp sem sjálfstæðisþingmenn hafa áður lagt fram, að frumvarpið er fyrsta skrefið í að einkavæða Ríkisútvarpið, selja það þá væntanlega ákveðnum aðilum og yrði ég ekki hissa þó að sumir væru þegar búnir að ákveða hverjum eigi að selja það. Ég er ekki viss um að það hafi verið Kári sjálfur, en hver veit?

Ég ætla, herra forseti, að byrja á að fara yfir réttindamálin, hvernig frumvarpið kemur að starfsmönnum og rétt er að benda á það strax í upphafi að starfsmenn hafa gert ýmsar athugasemdir og hafa m.a. kvartað yfir mikilli óvissu sem er um mál þeirra, en engu af þessu hefur því miður verið sinnt, sama hvað hver segir. Hjá BSRB og BHM hafa menn farið mjög vel yfir frumvarpið að sjálfsögðu, sem og forvera þess, Ríkisútvarpið hf. og Ríkisútvarpið sf. Að mati þeirra samtaka er alveg greinilegt að nokkur atriði munu þýða skerðingu á kjörum og jafnvel á kaupi starfsfólks Ríkisútvarpsins í framtíðinni.

Ég ætla að leyfa mér að lesa upp, herra forseti, ég held að það sé einfaldast, athugasemdir um stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið. Þetta er umsögn BSRB og BHM, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er lagt til að Ríkisútvarpið (RÚV) verði gert að sjálfstæðu hlutafélagi í eigu íslenska ríkisins. BSRB og BHM þykir með ólíkindum sú aðferð sem beitt er gagnvart starfsmönnum þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög eða þær lagðar niður.“ — Hér er átt við m.a. það sem ég nefndi áðan um Matís ohf.“

Áfram segir:

„Í landinu eru lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 sem ætlað er að gilda við aðstæður sem þessar. Það er auðvitað óþolandi að það sé gert aftur og aftur, við þessi skilyrði, að setja sérstök lög sem taka almennu lögin um ríkisstarfsmenn úr sambandi þegar á þau reynir. Ef það er mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta á auðvitað að gera það með því að breyta almennu lögunum þannig að þessi „ómögulega? staða komi ekki upp aftur og aftur. Þá þurfa ríkisstarfsmenn heldur ekki að vera með væntingar um starfsöryggi sem ekki stenst þegar á reynir. Óréttlætið birtist líka í því að þetta gerist oft en ekki alltaf. Svo virðist vera að þegar breytingarnar snerta litlar stofnanir með fáa starfsmenn þá séu almennu lögin látin gilda en þegar sambærilegar breytingar ná til stærri stofnana eru almennu lög-

in tekin úr sambandi. Þetta er afleit lagaframkvæmd sem ber merki um hentistefnu og óhreinskilni."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Ég held að þetta sé, í þessum inngangi, athugasemdum frá BHM og BSRB, í raun og veru kjarni málsins. Þarna er m.a. verið að vara þingheim við hvað þetta frumvarp varðar, en það er náttúrlega þannig eða virðist alla vega vera orðin sú lenska hér í dag að í raun og veru skiptir engu máli hvað þingheimi finnst. Skoðanir, athugasemdir og ábendingar frá stjórnarandstöðu eru náttúrlega einskis virtar en það sem er kannski verra er að þingmenn í stjórnarmeirihlutanum virðast nánast ekkert um málið hafa að segja. Þó svo að hér komi athugasemdir, mjög alvarlegar athugasemdir frá hagsmunasamtökum, er einfaldlega tilkynnt, eins og kom fram í morgun, að þingmönnum sem sitja í þingnefndum fyrir hönd stjórnarmeirihlutans er nánast tilkynnt að þeir eigi að láta frumvarpið vera. Það er held ég einn mesti gallinn á störfum Alþingis í dag, herra forseti. Svona er þetta, menn hafa kannski ekki alveg viðurkennt það hér í dag, en ég held að menn hafi farið mjög nálægt því og það hefur gerst þegar sá er hér stendur hefur verið í nefnd og velt upp ákvæði. Ef ég man rétt var það varðandi starfsmannaleigur með ábendingu um hvað betur mætti fara, að þá sagði formaður félagsmálanefndar, einfaldlega: Ég þarf að ræða þetta við ráðherra.

Ég held einmitt að þetta sé málið svolítið í hnotskurn. Ég var það nýr að ég tók kannski ekki mikið eftir þessu en hef síðan þá velt þessu mikið fyrir mér. Þetta er einmitt málið. Eins og glöggt hefur komið fram er það ráðherra eða hreinlega einhver ákveðinn starfsmaður í ráðuneyti — þetta hefur Eygló Harðardóttir, þingmannsefni Framsóknarflokksins, bent á og er þá í rauninni að átelja harkalega, herra forseti, Framsóknarflokkinn væntanlega fyrir vinnubrögð þar sem hún gaf í skyn í sjónvarpsþætti og hefur gert það líka í skrifum að í raun komi frumvörp tilbúin frá starfsmanni ráðuneytis til Alþingis. Hún sagði á þá leið að greinilegt væri að þingmönnum eða nefndinni væri ekki ætlað að hrófla neitt við frumvörpum.

Þetta eru alvarlegar ásakanir sem koma frá einum frambjóðanda Framsóknarflokksins og það er svolítið sérstakt að þarna skuli hún ákveða — væntanlega til að vekja á sér athygli — að upplýsa almenning um slík vinnubrögð á þinginu, vitandi það að hún er í raun að skamma stjórnarflokkana og þar af leiðandi sinn eigin flokk. Það má vel vera að vinnubrögðin eigi eftir að breytast komi Eygló Harðardóttur, núverandi varaþingmaður, meira á þing, ég skal ekki segja um það, en þarna er hún að upplýstra leyndarmálum um hvernig Framsóknarflokkurinn vinnur frumvörp, hver vinnur frumvörpin og hvernig nefndarmönnum er í raun skipað að hafa helst ekki skoðun á frumvörpum. Þau eigi bara að renna í gegn, þau séu fullkomin, þau séu tilbúin og það sé ekki hins almenna þingmanns að skipta sér af, það er greinilega einhver einn sem ræður.

Þessi kafli kom í framhaldi af því, herra forseti, að ég velti upp þeirri staðreynd sem mér finnst persónulega mjög sorgleg, að nefndarmenn skuli ekki geta haft áhrif á frumvörp. Ég kalla það ekki að hafa áhrif þegar menn með einhverri sýndarmennsku, væntanlega einhverri sýndarmennsku, skulum við segja, bæta inn einhverjum smávægilegum leiðréttingum nánast til að geta sagt: Við gerðum breytingar á frumvarpinu.

Úr því að ég fór svona langt yfir í Framsóknarflokkinn eru náttúrlega til dæmi þess að framsóknarmenn hafi samþykkt að selja Ríkisútvarpið alls ekki. Ég veit ekki til þess, og mun koma að því síðar í ræðu minni, að það sé neins staðar efni í samþykktum frá þeim að hlutafélagavæða það. Einnig má minnast á, herra forseti, að það hefur gerst nokkrum sinnum að þegar fjölmiðlamenn koma nefndarmönnum, t.d. í menntamálanefnd, svolítið á óvart með spurningum þá hafa sérstaklega ungar og upprennandi stórstjörnur hjá Framsóknarflokknum — ég tek fram að ungliðarnir þar eru afskaplega frambærilegir — átt það til að missa út úr sér sína einlægu skoðun á frumvarpi, lent síðan í vandræðum daginn eftir, greinilega verið tuskaðar til, og síðan kemur enn á ný útþynnt og allt önnur skoðun.

Ég ætla að halda áfram að vitna í athugasemdir, umsögn um frumvarpið sem kom frá BHM og BSRB og sé enn ástæðu til að lesa orðrétt upp, með leyfi forseta:

„Samtökin spyrja því, hver sé tilgangurinn með því að stofna hlutafélag um Ríkisútvarpið. Er það gert til þess eins að breyta réttarstöðu starfsmanna Ríkisútvarpsins og að RÚV hf þurfi ekki að fylgja þeim lágmarkskröfum gagnvart starfsmönnum sínum sem gerðar eru til opinberra stofnana innan stjórnsýslunnar? Bent hefur verið á að þessi breyting minni um margt á kennitöluskipti í atvinnurekstri, þar sem vinnuveitendur eru að reyna að komast hjá því að standa við samninga sína við starfsmenn. Hlutafélagsformið á að mati samtakanna fyrst og fremst við þegar um er að ræða samkeppnisstarfsemi með arðsemissjónarmið að leiðarljósi en markmiðið með rekstri RÚV hefur verið og á að vera að veita þjónustu, sinna menningarskyldum og öryggishlutverki en ekki skapa eigendum sínum arð."

Síðan kemur athugasemd varðandi breytingu á réttarstöðu starfsmanna. Enn og aftur, herra forseti, og það er af fullri hreinskilni sagt, felst svo mikill kjarni málsins í þessari umsögn að ég ætla að leyfa mér að halda áfram að vitna orðrétt í næsta atriði sem er réttindi samkvæmt kjarasamningi og ráðningarsamningi.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Stofnunin RÚV verður lögð niður og fer þá um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Kemur þetta fram í II. kafla ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpinu."

Þá spyrja samtökin:

„Hvað þýðir þetta nákvæmlega varðandi réttarstöðu starfsmanna RÚV þegar stofnunin verður lögð niður og hlutafélagið tekur við rekstrinum? Ekki verður betur séð en að baki frumvarpinu búi sú hugsun að breytt skuli réttarstöðu þeirra ríkisstarfsmanna, sem starfa hjá RÚV, án þess þó að annar aðili en ríkið taki við starfseminni. Áfram á RÚV hf. að lúta stjórn ríkisvaldsins og það ber áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfseminni. Með öðrum orðum er verið að setja lög um að starfsmenn RÚV hf. verði áfram starfsmenn ríkisins án þess þó að um kjör þeirra, réttindi og skyldur, gildi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

Þetta er svolítið sérstakt, herra forseti, en þetta er einmitt kjarni málsins og það sem ég benti á í upphafi, að annar megintilgangurinn með því að setja þessi lög um RÚV ohf. er að ná niður réttindum og kjörum opinberra starfsmanna. Það er að sjálfsögðu ósköp eðlilegt að menn vilji ekki viðurkenna það beint upp í opið geðið á náunganum vitandi að ef þetta yrði samþykkt, sem ég er fullviss um að verður aldrei, mundu menn gleyma hinum ýmsu röksemdum síðar, og fljótlega, því miður. Þetta er svolítið sérstakt og það sem ég var að segja, að setja eigi lög um starfsmennina að þeir verði áfram starfsmenn ríkisins án þess að gildandi lög virki um þá, kann að hljóma ankannalega, en það er ekki mér að kenna.

Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður gerði samantekt fyrir starfsmannasamtök RÚV í tilefni af þessu frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. Hún velti einmitt sama atriði fyrir sér og ég vitnaði til í umsögn BHM en hún segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við niðurlagningu stofnunarinnar breytist lagalegt umhverfi starfsmanna RÚV. Þeir hætta að vera opinberir starfsmenn og verða eftir það starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geta ekki gilt um starfsmennina eftir breytinguna."

Þrátt fyrir það fullyrða þeir sem mæla fyrir þessu frumvarpi, bæði menntamálaráðherra, formaður menntamálanefndar og varaformaður menntamálanefndar, að kjör starfsmanna séu tryggð. Hvernig í ósköpunum má það vera þegar frumvarpið fellir niður lög um réttindi og skyldur starfsmanna? Ég bar upp fyrirspurn í gær til formanns menntamálanefndar um akkúrat þetta atriði, um réttindi og kjör starfsmanna RÚV. Ég vildi fá þetta nokkuð á hreint áður en ég hæfi þessa ræðu og spurði því formann menntamálanefndar, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, um það hvort hann teldi ekki að réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins skertust ef þetta frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. yrði að lögum. Hann svaraði því mjög skýrt, orðrétt, með leyfi forseta:

„Til þess að svara spurningunni vil ég segja að ég tel að réttindi starfsmanna séu ekki skert með frumvarpinu."

Hvernig getur það verið þegar frumvarpið fellir sjálfkrafa niður lög um réttindi og skyldur starfsmanna? Og til að flækja málið aðeins meira, herra forseti, er ég með dóm þar sem starfsmanni hjá Strætó var sagt upp án þess að farið væri að lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þ.e. hann var ekki áminntur, ekki var notað svokallað áminningarferli heldur var honum sagt upp. Það er skemmst frá því að segja, herra forseti, að starfsmaðurinn vann málið fyrir héraðsdómi þar sem dómurinn taldi að það hefði átt að fara eftir áminningarferlinu samkvæmt stjórnsýslulögum. Þetta er svolítið sérstakt, lögin skarast greinilega á hvað þetta varðar verði þetta frumvarp nokkurn tíma samþykkt. Það er alveg ljóst og ástæða til að hafa varann á sér. Það er ástæða fyrir þeim varnaðarorðum sem menn hafa haft hér uppi varðandi réttindi og kjör opinberra starfsmanna. Ég tel nokkuð öruggt að þeim sé stórlega stefnt í voða, það er alveg skýrt að þau eru skert þrátt fyrir að menn haldi öðru fram, og ég reikna með að hv. formaður menntamálanefndar viti einfaldlega ekki betur, og ef svo er hefur hann greinilega ekki kynnt sér m.a. þá umsögn sem ég hef verið að vitna í frá BHM og BSRB.

Forsvarsmenn þessara samtaka minntust líka á biðlaunaréttinn, minnst er á hann í bráðabirgðaákvæði II en ekki er skýrt hvað þetta þýði fyrir starfsmanninn, og að í athugasemdum frumvarpsins um bráðabirgðaákvæðið segi að meginreglan sé sú að réttur til biðlauna flytjist ekki til hlutafélags. Þar er líka talað um undanþágu.

Ég hef líka minnst á að reikna megi með kærum, fleiri kærum en ég minntist á áðan, verði frumvarpið samþykkt, því að með þessari löggjöf er í raun og veru verið að koma í veg fyrir að ríkisstarfsmenn fái notið þeirra réttinda sem þeir hafa áunnið sér í sínu starfi. Ljóst er að það er algerlega andstætt eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Það eru því margar ástæður, herra forseti, til að hafa allan vara á sér varðandi starfsmannamál verði frumvarp þetta að lögum óbreytt.

Í greinargerðinni er líka minnst á lífeyrisrétt starfsmanna, annars vegar í B-deild og hins vegar í A-deild. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir og ég held að rétt sé í því sambandi, herra forseti, að hugsa einungis nokkra daga aftur til áramótanna, ekki til áramótaskaupsins heldur til Flugstoða ohf. þar sem mikil átök voru í gangi vegna þess að stór hópur flugumferðarstjóra var ekki tilbúinn að ráða sig hjá Flugstoðum ohf. upp á það eitt að fá bara munnlegt vilyrði fyrir því að þeir héldu öllum sínum kjörum. Lífeyrisréttindi stóðu þar úr af borðinu að mati starfsmanna en þessu ágæta félagi, Félagi flugumferðarstjóra, tókst að ná fram skriflegum samningum eða sáttargjörð um lífeyrisréttindi og er það vel. Ég hef grun um að svipaðar deilur eigi eftir að rísa upp verði þetta frumvarp að lögum.

Í greinargerðinni segir enn fremur um lífeyrisréttindi starfsmanna í B-deild samkvæmt frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu segir að starfsmaður Ríkisútvarpsins sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður og breytast iðgjaldagreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Með öðrum orðum það verður eins konar frysting á launununum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá RÚV hf. því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

Hér er komið enn eitt atriðið varðandi réttindi og kjör starfsmanna, þ.e. nokkurs konar frysting á launum þegar litið er til hækkunar á lífeyrisgreiðslum. BSRB og BHM benda á það ójafnræði sem ákvæðið til bráðabirgða hefur og að jafnræðisreglunnar sé alls ekki gætt.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Fjölmörg dæmi eru um fyrrverandi starfsmenn ríkisins sem eru í dag í starfi samhliða töku lífeyris. Til dæmis á það við um starfsmenn Póstsins og Símans sem er mjög stór hópur starfsmanna. Þá er mjög stór hópur ríkisstarfs-

manna sem eru í B-deild LSR og njóta lífeyris síns samhliða því að starfa á vinnumarkaðinum í tímavinnu eða lágu starfshlutfalli."

Síðan segir hér varðandi lífeyrisréttindi starfsmanna í A-deild, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er ekki einu orði minnst á réttindi starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Aðeins er fjallað um lífeyrisgreiðslur skv. 24. gr. laga nr. 1/1997 en sú grein á eingöngu við um B-deild LSR. Í fyrra frumvarpinu um RÚV sf. var eftirfarandi ákvæði:

„Í 6. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laganna eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins haldi þeim réttindum."

Spurt er hver sé réttarstaða starfsmanna sem greiða til A-deildar LSR í dag og nýrra starfsmanna samkvæmt frumvarpi RÚV hf. og samtökin spyrja einnig:

„Mun verða tryggt að starfsmenn geti áfram verið í LSR? Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til áframhaldandi aðildar að LSR er háð nokkrum skilyrðum."

Menn hafa líka deilt um þetta og það er einfaldlega þannig, eins og ég benti á áðan og hefur komið fram, m.a. í deilum hjá Flugstoðum ohf., að það veldur starfsmönnum hjá RÚV að sjálfsögðu áhyggjum ef lífeyrismálin eru ekki alveg á hreinu og það er því miður þannig í þessu frumvarpi. En eins og ég nefndi í upphafi er ástæðan fyrir því sú að með frumvarpinu er m.a. verið að ná niður kjörum og réttindum opinberra starfsmanna.

Loks koma samtökin inn á athugasemdir varðandi gjaldskyldu o.s.frv. Hinn 25. apríl kom síðan önnur umsögn frá BHM og BSRB þar sem gerð er tillaga um bráðabirgðaákvæði sem mundi hafa mjög jákvæðar afleiðingar í för með sér fyrir frumvarpið en því miður hefur menntamálanefnd ekki séð ástæðu til að taka upp þær tillögur. Og enn og aftur sannast það sem ég minntist á í upphafi að þrátt fyrir að þeir sem styðja frumvarpið, þeir sem tala sérstaklega fyrir því, hafi margoft hælt sér af því og endurtekið hversu margir gestir komu fyrir nefndir og hversu margar umsagnir hafi komið, þá skiptir það ekki máli því það er sjaldnast hlustað á það eða tekið mark á því. En þar sem þetta skjal skiptir miklu máli þá ætla ég leyfa mér að lesa það hér orðrétt en þar segir, með leyfi forseta:

„Tillögur menntamálaráðherra um rekstrarformsbreytingu RÚV yfir í opinbert hlutafélag hefur í för með sér grundvallarbreytingar á réttindum starfsmanna og ýmis réttindi munu jafnframt glatast verði frumvarpið samþykkt. Samtökin hafa lagt höfuðáherslu á það í umsögn frá 16. febrúar 2006" — sem ég var að vitna í áðan — „að réttindi starfsmanna verði tryggð í frumvarpinu. Að mati samtakanna er eina leiðin til að tryggja óbreytt réttindi starfsmanna að frumvarpið verði ekki að lögum og þess vegna gera samtökin það að sinni megintillögu að horfið verði frá lögfestingu þess."

Þetta hefur margoft komið fram í umræðunni. En áfram segir, með leyfi forseta:

„Fari hins vegar svo að menntamálanefnd afgreiði frumvarpið frá sér til 3. umræðu" — sem hún hefur því miður gert — „telja samtökin mjög brýna nauðsyn bera til þess að á því verði gerðar breytingar til að tryggja með skýrum hætti réttarstöðu starfsmanna við gildistöku laganna. Eins og frumvarpið liggur nú fyrir skapast mikil réttaróvissa um réttarstöðu starfsmanna RÚV við gildistöku laganna."

Það er einmitt þetta sem ég hef verið að benda á. Þarna skapast mikil réttaróvissa. Það skapast mikil óvissa hjá starfsfólki RÚV um sína framtíð, um sín kjör, um sín réttindi, um sínar skyldur og jafnvel skapast réttaróvissa um þeirra réttarstöðu. Það er í raun verið að kalla eftir kærum með því að ætla sér að samþykkja frumvarpið. Það er viðbúið að það eiga eftir að koma kærur frá starfsfólki þar sem það mun væntanlega koma í ljós að þeim er ekki ætlað að halda öllum sínum réttindum þó svo að þau séu lögskipuð. En ríkisstjórnin er að sjálfsögðu vön því að fá á sig dóma.

Jafnframt koma fram í bréfinu frá BHM og BSRB eftirfarandi breytingartillögur samtakanna við frumvarpið. Ég ætla að leyfa mér að lesa þær upp, virðulegi forseti:

„RÚV ohf. tekur við gildistöku laganna yfir skyldur vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum Ríkisútvarpsins að öllu leyti og þannig halda þeir óbreyttum réttindum samkvæmt lögum, kjarasamningum og ráðningarsamningum. Starfskjör, réttindi og ávinnsla réttinda halda áfram hjá hlutafélaginu eins og um samfellda ráðningu hjá sama vinnuveitanda sé að ræða."

Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum má þessi grein ekki vera í frumvarpinu og væntanlegum lögum? Áfram segir, herra forseti:

„Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem njóta biðlaunaréttar samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 34. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, missa ekki rétt til biðlauna við gildistöku laga þessara þó svo að þeir afþakki boð um um starf hjá RÚV ohf. Eftir gildistöku laga þessara skal starfsmönnum sem rétt eiga til biðlauna veittur umþóttunartími í 3 mánuði til að taka afstöðu til þess hvort þeir taki boði um starf hjá RÚV ohf. eða neyti biðlaunaréttar síns, og miðast biðlaunaréttur þeirra þá við lok þriggja mánaða tímabilsins ef viðkomandi kýs að halda ekki áfram störfum.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eiga rétt til áframhaldandi aðildar að þeim sjóði sem og allir starfsmenn sem ráðnir verða til RÚV ohf. Starfsmenn RÚV ohf. eiga rétt á því að vera félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem lögum samkvæmt eiga rétt á því að gera kjarasamning við RÚV ohf. enda hafi hlutaðeigandi stéttarfélag gert kjarasamning fyrir þá við Ríkisútvarpið eða fjármálaráðherra fyrir þess hönd."

Svo mörg voru þau orð. Þessar tillögur gætu haft mikil áhrif á frumvarpið og gengið langt í að tryggja starfsmönnum RÚV sín réttindi og kjör. En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefur menntamálanefnd ekki séð ástæðu til þess að taka við þessum ábendingum og gera þær að sínum. Þar af leiðandi hlýtur það að vera rétt, eins og ég nefndi í upphafi, sem haldið hefur verið fram að tilgangurinn með frumvarpinu sé að skerða kjör opinberra starfsmanna, sé að skerða kjör starfsfólks Ríkisútvarpsins. Ég held að svo hljóti að vera. Hér liggja tillögurnar alveg klárt fyrir og væri kannski rétt, ef 3. umr. siglir í þrot, að menn settust betur yfir tillögurnar um bráðabirgðaákvæði sem eru til þess fallnar að skýra lögin. Ef hv. formaður menntamálanefndar getur fullyrt hér í ræðustól að frumvarpið eins og

það lítur út núna muni ekki skerða kjör og réttindi opinberra starfsmanna hlýtur hann að geta tekið tillögurnar beint upp. Ég sé ekki að neitt ætti að vera því til fyrirstöðu.

Ég hef minnst aðeins á Matís ohf. og tekið það sem dæmi þar sem þar eru uppi samningsörðugleikar á milli stjórnenda Matís ohf. annars vegar og stéttarfélaga starfsfólksins hins vegar. Staðan í því máli er einfaldlega sú að stjórn Matís hefur ekki áhuga á að gera neina samninga með stéttarfélögin sem millilið. Af hverju er minnst á það? Jú, þetta eru varnaðarorð um það hvert stefnir. Ég get ekki séð að nokkurs staðar hafi komið skýrt fram hver muni fara með samningsumboð fyrir hönd starfsmanna RÚV verði frumvarpið að lögum. Það hefði mátt segja sér það sem ég hef verið að ræða um í dag, að þetta yrði reyndin hjá Matís og verður þá væntanlega reyndin hjá RÚV ohf. af því að það kemur fram í greinargerð með frumvarpi um Matís ohf. hversu mjög menn eru ósáttir við að þurfa að semja við stéttarfélögin. Það kemur fram í frumvarpi til laga um stofnun Matvælarannsókna á 132. löggjafarþingi. Við skulum hafa þetta nákvæmt. Í athugasemdum við lagafrumvarpið, nánar tiltekið í lið 7.1 um hlutafélagaformið þar sem er verið að tala um sveigjanleika, starfsumhverfi o.s.frv., segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórnendur hjá A-hluta ríkisaðila eru háðir meiri takmörkunum í rekstri en stjórnendur fyrirtækja með annað rekstrarform. Helstu ástæðurnar eru þær að ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á rekstri sem það stendur fyrir. Stjórnendur ríkisstofnana ráðstafa tekjum sem aflað er með skattheimtu og ríkið hefur ákveðnar skyldur í þágu samfélagsins sem skilgreindar eru í lögum. Ríkisaðilar geta því ekki tekið að sér hvaða verkefni sem er og einkaaðilar geta eingöngu í takmörkuðum mæli farið inn á verksvið ríkisins og keppt við það. Sem dæmi má nefna að samkvæmt lögum um starfsmenn ríkisins gilda aðrar reglur um ráðningu, uppsagnir, launamál og ýmis réttindi ríkisstarfsmanna en í atvinnulífinu almennt."

Þarna er einmitt kjarni málsins. Þetta kemur að vísu ekki fram í frumvarpinu um RÚV ohf. Menn hafa haft vit á að hafa ekki þann texta þar inni. En þessi texti er alveg skýr þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Sem dæmi má nefna að samkvæmt lögum um starfsmenn ríkisins gilda aðrar reglur um ráðningu, uppsagnir, launamál og ýmis réttindi ríkisstarfsmanna en í atvinnulífinu almennt."

Það er að segja, réttindi, skyldur og kjarasamningar opinberra starfsmanna standa ríkisfyrirtækjum fyrir þrifum. Það er það sem verið er að segja hér. Þetta er einmitt það sem er ósagt látið í umræðunni um Ríkisútvarpið ohf. af hendi þeirra sem leggja fram og vilja samþykkja frumvarpið. Þetta stendur í stjórnarflokkunum, það eru þeir samningar sem starfsmenn RÚV hafa í dag og þeirra stéttarfélög hafa unnið fyrir af hörku og þrautseigju í áratugi. Þetta svíður ákveðnum þingmönnum mjög svo. Þessi setning sem er í greinargerð með frumvarpi um Matís ohf. segir öllum sem á vilja hlýða og skilja að þetta er önnur af aðalástæðunum fyrir því að þetta frumvarp er lagt fram. Margar ástæður hafa verið nefndar sem ég á eftir að fara nákvæmar yfir í máli menntamálaráðherra. En hér kemur það alveg skýrt fram af hverju menn fara út í ohf.-væðingu því að mörgum, gróft sagt, finnst lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, kjör þeirra, standa ríkisstofnunum fyrir þrifum. Ef svo er þá eiga menn að segja það hreint út og, eins og ég kom inn á í upphafi er ég fór yfir umsögn frá hagsmunasamtökum, ganga hreint til verks varðandi breytingar á réttum lögum en ekki lauma þessu inn bakdyramegin, reyna að höggva í réttindi og skyldur opinberra starfsmanna með því að hlutafélagavæða ríkisstofnun.

Ég ætla að leyfa mér að lesa þetta upp aftur. Þetta er í athugasemdum með frumvarpi til laga um Matís ohf.

„Ríkisaðilar geta því ekki tekið að sér hvaða verkefni sem er og einkaaðilar geta eingöngu í takmörkuðum mæli farið inn á verksvið ríkisins og keppt við það. Sem dæmi má nefna að samkvæmt lögum um starfsmenn ríkisins gilda aðrar reglur um ráðningu, uppsagnir, launamál og ýmis réttindi ríkisstarfsmanna en í atvinnulífinu almennt."

Þetta er mergur málsins. Þarna er, eins og fram hefur komið, meðal annars verið að tala um svokallað áminningarferli sem felst einfaldlega í því að ekki er hægt að segja opinberum starfsmanni upp með geðþóttaákvörðun. Það þarf að áminna hann ef yfirmanni finnst hann ekki hafa staðið sig í starfi. Það þarf að áminna hann tvisvar og ef ekki hefur þá ræst úr er hægt að segja starfsmanninum upp. Þetta er ekki bara spurning um að áminna formlega heldur er þetta líka spurning um að gefa starfsmönnum andmælarétt.

Ég held að í þessu tilfelli sé rétt að minna líka á þau átök sem hafa verið í starfsmannamálum hjá Alcoa í Straumsvík. Þar var nýlega þremur starfsmönnum sagt upp á hinum almenna vinnumarkaði. Starfsmönnum sem höfðu unnið þar í áratugi var sagt upp einn tveir og þrír án skýringa. Það sem verra er er að það er enginn andmælaréttur. Það er þetta form sem menn eru meðal annars að sækja í með því að breyta RÚV í RÚV ohf. Þrátt fyrir að búið sé að skreyta bæði frumvarpið og umræðuna og hengja aftan í svokallaðan þjónustusamning sem ég á eftir að fara betur yfir þá er enn ljóst í mínum huga, og mun ég færa fyrir því rök í þessari ræðu í dag, að tilgangurinn með frumvarpinu er annars vegar sá sem ég hef verið að ræða núna, þ.e. að skerða réttindi og kjör opinberra starfsmanna og hins vegar að undirbúa sölu á RÚV.

Önnur hagsmunasamtök hafa gert athugasemdir við frumvarpið fyrir hönd starfsfólks. Jafnframt, eins og ég minntist á áðan, tók Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður saman atriði sem henni fannst rétt að starfsfólk Ríkisútvarpsins hefði í huga ef til þess kæmi að frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. yrði að lögum. Ég benti á það áðan, og mér leiðist í sjálfu sér ekki að endurtaka það, að hjá Láru kemur fram að verði stofnunin lögð niður við að fara yfir í ohf. breytist að sjálfsögðu lagalegt umhverfi starfsmanna RÚV. Þeir eru þá ekki lengur opinberir starfsmenn heldur starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Þar af leiðandi gilda lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ekki lengur um starfsmennina. Menn hafa verið svolítið missaga um frumvarpið, menn hafa fullyrt að þetta gilti allt saman, það kæmi fram í ákvæði til bráðabirgða, og reynt þannig að slá á ótta og áhyggjur manna. En hér bendir lögfræðingur á að það geti engan veginn staðist. Þar af leiðandi verða væntanlega deilur, eins og ég hef minnst á.

Það sem Lára bendir á í greinargerðinni eru atriði um biðlaunaréttindi og lífeyrisréttindi, það sama og aðrir hafa bent á. Jafnvel eru efasemdir varðandi fæðingarorlof og uppsagnarréttindi sem ég minntist á áðan. Jafnframt um veikindaréttindi, orlofsréttindi og aðild að stéttarfélögum sem er að hluta til kjarni málsins, þ.e. hverjir koma til með að semja fyrir hönd starfsmanna Ríkisútvarpsins ohf. Starfsmenn hafa lýst því yfir að þeir vilji hafa áfram sömu samningsaðila fyrir sína hönd. Ef ég man rétt hefur einhvers staðar verið gefið í skyn munnlega að það muni vera. En getur það gengið?

Um fæðingarorlofið, sem ég minnist ekki að hafi komið til umræðu og er að sjálfsögðu ein af ástæðunum fyrir því að mörgum þingmanninum og starfsmönnum Ríkisútvarpsins óar við þeim breytingum, segir í samantekt Láru V. Júlíusdóttur um fæðingarorlof, með leyfi forseta:

„Rétt er að vekja athygli á mismunandi rétti opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði til fæðingarorlofs. Um fæðingarorlof fer samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Þar er öllum foreldrum tryggður réttur til fæðingarorlofs. Samkvæmt lögunum á ekki að vera munur á rétti þeirra sem eru opinberir starfsmenn og þeirra sem eru í starfi á almennum vinnumarkaði. Í framkvæmd er reyndin þó önnur. Starfsmenn á almennum vinnumarkaði sem eru í fæðingarorlofi fá ekki orlofslaun greidd á þeim tíma. Þegar þeir síðan fara í orlof eftir að hafa verið í fæðingarorlofi hluta orlofsársins fá þeir einungis orlof greitt í hlutfalli við þann tíma sem þeir voru í starfi. Þeir eiga rétt á samningsbundnu fríi en orlofslaunin eru skert sem þessu nemur. Opinberir starfsmenn fá hins vegar óskert orlofslaun þótt þeir hafi varið hluta af orlofsárinu í fæðingarorlofi. Hér er eðlilegt að fram komi krafa frá starfsmönnum að sama regla komi til með að gilda áfram eftir að ohf. hefur yfirtekið RÚV."

Hér er enn eitt dæmið, frú forseti, um breytingu sem verður á kjörum starfsfólks Ríkisútvarpsins verði frumvarpið að lögum. Að sjálfsögðu eru starfsmenn uggandi um sinn hag. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ekki hefur verið komið á hreint. Það hlýtur að vera viljandi gert að koma þessu ekki á hreint miðað við hversu oft bent hefur verið á þennan galla í frumvarpinu. Kannski er það ekki galli ef það er ætlunin, eins og ég held fram, að ríkisvaldið vilji skerða kjör starfsmanna RÚV með því að losa þá undan því að vera opinberir starfsmenn. Þá er þetta væntanlega viljandi gert.

Ætli sé ekki rétt að taka smá hvíld á starfsmannamálum. Ég hef farið nokkuð rækilega yfir helstu efni og varað menn við, m.a. eru dæmi um að menn hafi þurft að fara með réttindamál sín fyrir dóm eftir að þeir hafa verið að breyta opinberum fyrirtækjum. Ég er nokkuð viss um að það muni gerast líka hér ef frumvarpið verður að lögum sem ég trúi að vísu að aldrei verði.

Það hefur verið svolítið sérstakt að fylgjast með því síðustu árin hvernig frumvarpið, eða hvað á að kalla það, hefur breyst. Það hefur verið mikil þrákelkni, sérstaklega hjá menntamálaráðherra og Sjálfstæðisflokki, að koma í gegn breytingum á RÚV. Margir hafa að vísu talað fyrir því að nauðsynlegt sé að gera ákveðnar breytingar en það er einungis fámennur hópur sem talar fyrir því að gera þær breytingar sem frumvarpið felur í sér. Hún er svolítið sérstök, þessi mikla ákefð við að reyna að breyta, því að í raun er búið að gefast upp a.m.k. tvisvar sinnum við að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Búið er að reyna að koma í gegn frumvarpi um Ríkisútvarpið sf. Það tókst ekki. Búið er að reyna að koma í gegn Ríkisútvarpi hf. Það tókst ekki eða var hætt við og nú eru menn búnir að bæta við frumvarpið einum staf, o. Hvers vegna svo mikið kapp hefur hlaupið í menn við að koma þessum breytingum í gegn með einum eða öðrum hætti átta ég mig ekki alveg á nema það sé út af þessu tvennu sem ég hef nefnt nokkrum sinnum og þreytist ekki á að tiltaka, að annars vegar sé verið að skerða vísvitandi kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins og höggva þannig í raðir stéttarfélaga opinbera starfsmanna og hins vegar að verið sé að undirbúa sölu Ríkisútvarpsins.

Því hefur verið haldið fram m.a. í umræðunni í dag að meiri hluti þjóðarinnar vilji slíkar breytingar. Ég er ekki viss um að meiri hluti þjóðarinnar viti nákvæmlega hvað þær breytingar þýði. Það skiptir líka máli hvernig menn hafa leitað að þeirri niðurstöðu. Ég efast um að meiri hluti þjóðarinnar sé samþykkur því að einn ákveðinn hópur starfsmanna sé tekinn svona fyrir og réttindin skert, að kjörin séu skert. Ég hef ekki trú á að vilji meiri hluta þjóðarinnar sé til fyrir því. Það sem meiri hlutinn vill kannski er að þessum umræðum öllum ljúki. Það er ekki það sama. Þess vegna er það m.a. hlutverk okkar að reyna að upplýsa almenning hvaða ókosti það mundi hafa í för með sér að samþykkja frumvarp eins og þetta. Það er gert af dýpstu einlægni.

Eitt af því sem mig langar til að taka sérstaklega fyrir, herra forseti, er fylgiskjal II með frumvarpinu. Það var ekki með fyrri frumvörpunum. Þegar eitthvað nýtt kemur er alveg augljóst, a.m.k. í mínum huga, að þarna er eins konar skrautfjöður. Það er verið að reyna að skreyta frumvarpið. Ég er að tala um drög að samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að hrinda þeim samningi eða svipuðum samningi í framkvæmd án þess að fyrst komi til samþykkt frumvarps til laga um Ríkisútvarpið ohf.? Það er ekkert sem krefst þess að frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. sé á undan. Af hverju í ósköpunum — það eru allir sammála um að reyna eigi að nútímavæða Ríkisútvarpið, ég held að enginn hafi talað gegn því — er ekki búið að gera svipaðan hliðstæðan samning? Af hverju þarf allt í einu að hengja hann þarna í? Tilgangurinn með því getur ekki verið annar en sá að í rauninni er verið að hóta. Þarna kemur samningur sem er byrjað á að kynna opinberlega í fjölmiðlum af menntamálaráðherra og útvarpsstjóra. Samningsdrög eru kynnt um aukna innlenda dagskrárgerð, aukið fjármagn og eitthvað fallegt sem allir vilja en algjört skilyrði er að fyrst verði lagafrumvarpið samþykkt. Þetta er að mínu viti, herra forseti, hótun beint til þeirra þingmanna sem mögulega kunna að vera á móti lagafrumvarpinu. Ég held að meiri hlutinn sé enn þá á móti því.

Þetta er ákveðin hótun. Verið er að búa til spennu og ríkisstjórnin er þekkt fyrir það. Við þekkjum það í samskiptum ríkisstjórnarinnar t.d. við samtök öryrkja og aldraða. Þarna er verið að búa til spennu milli þingmanna og þeirra aðila er koma t.d. að innlendri dagskrárgerð, kvik-

myndagerðarmanna o.s.frv. Verið er að búa til þá spennu að ef þingmenn minni hlutans samþykkja ekki Ríkisútvarpið ohf. þá komi þessi samningur ekki til. Þá komi ekki aukið fjármagn til innlendrar dagskrárgerðar. Að sjálfsögðu er þetta hótun. Mér finnst að þetta eigi ekki að þekkjast í sölum Alþingis í dag að menn skuli, eftir að hafa gefist upp tvisvar með að koma frumvarpi í gegn, tengja við óbeina hótun skulum við segja til að reyna að koma upp togstreitu milli ákveðinna hagsmunasamtaka og þeirra þingmanna sem mögulega vilja ekki samþykkja frumvarpið óbreytt.

Þetta er mikill samningur og mér skilst að hann mundi fela í sér miklar og góðar breytingar. Ég held að enginn efist um það, en af hverju í ósköpunum er ekki hægt að gera þennan samning við RÚV? Ekki hafa komið nein rök fyrir því að ekki skuli vera hægt að gera samninginn án þess að samþykkja lagafrumvarpið. Það er alveg skýrt að þegar menn hnýta svona fylgiskjal aftan í í tilraun þrjú er þetta eins og að bæta við mótor á kappakstursbíl eða setja nýja innspýtingu, betra eldsneyti eða eitthvað slíkt. Myndir hafa birst í fjölmiðlum af útvarpsstjóra og menntamálaráðherra þar sem þau koma fagnandi og tilbúin með drög, en bíðum við, það hefur í rauninni verið sagt: Nú þurfið þið, í þeim hagsmunasamtökum sem málið við kemur, að berja á ykkar þingmönnum.

Ef ég man rétt, herra forseti, þá var þessi samningur ekki kynntur þingmönnum fyrst. Hann hefur væntanlega verið kynntur fyrir fjölmiðlum 28. september. Ég ætla ekki að fullyrða að hann hafi ekki verið kynntur þingmönnum fyrr. (**MÁ:** Aldrei kynntur þinginu.) En nú fæ ég hér mjög merkilega athugasemd úr sal um að þessi drög voru í raun og veru ekki kynnt þingmönnum fyrr. Þetta kemur fram í málgagninu, Morgunblaðinu, þann 29. september 2006 í stórri grein með fallegri mynd af hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóra alls landsins þar sem hann er að hvísla henni í eyra. Það er kannski svolítið táknrænt að hann skuli gera það einmitt hér á þessari mynd.

Hér er slegið upp: RÚV gert að stórauka framboð á íslensku efni. Hér er talað um einhverjar milljónir og milljónir og hundruð milljóna. Hér er að sjálfsögðu talað við forseta Bandalags íslenskra listamanna sem fagnar þessu og fleiri o.s.frv.

En af hverju í ósköpunum eru vinnubrögðin svona? Af hverju er þessu hnýtt hérna aftan í annars vegar og hins vegar af hverju er þetta ekki kynnt þingmönnum? Af hverju er þetta kynnt fjölmiðlum fyrst? Ég kann ekki að skýra það og það er ekki mitt hlutverk.

En ég held að það hljóti að snúast um að reyna að vekja upp fögnuð, að vekja upp væntingar hjá þeim aðilum sem mundu koma að þeim atriðum er þessi samningur inniheldur og skapa þannig ákveðna stemmningu í þjóðfélaginu áður en þingmenn fá að sjá þetta.

Það er merkilegt að þetta skuli gert korteri fyrir upphaf þings. Þetta er gert í lok september 2006 þannig að það þarf enginn að segja mér annað, herra forseti, en að þetta sé allt með vilja gert, allar þessar tímasetningar o.s.frv.

Þarna eru lögð fram drög að þjónustusamningi til að vekja vonir þeirra sem að málunum koma og hafa lengi beðið eftir breytingum á RÚV. En það er ekkert sem segir mér að ekki hafi verið hægt að gera slíkar breytingar og þá með þessum þjónustusamningi án þess að bíða eftir að frumvarpið yrði samþykkt. Það er algjört aukaatriði.

Það kannski segir líka sitt um vinnubrögðin að ári áður kynnti menntamálaráðherra frumvarpið um RÚV fyrst í fjölmiðlum áður en það var kynnt þingmönnum þannig að vinnubrögðin eru í sjálfu sér ekkert ný.

Eins og ég hef sagt þá hljóma þessi drög afskaplega vel. En það er ekkert sem segir mér að þau geti ekki tekið gildi, að ekki sé hægt að setja þau í framkvæmd án þess að hnýta þau svona aftan í frumvarpið og þar af leiðandi óbeint að hóta þingmönnum til hlýðni í þeirri trú að kjósendur vilji þennan samning og það strax.

Því hefur að sjálfsögðu verið mótmælt að þessi samningur sé einhver hótun. Umræður um það hafa að sjálfsögðu farið fram hér á hinu háa Alþingi og ekki að undra. Í umræðunum um Ríkisútvarpið ohf. í október í fyrra kvörtuðu þingmenn yfir því að verið væri að hnýta drög að þjónustusamningi við frumvarpið, eins og sjá má í fylgiskjali II, að þetta væri hótun. Ráðherrann brást að sjálfsögðu illa við því.

Ráðherrann hefur að sjálfsögðu líka brugðist illa við þeim ummælum þingmanna um að til standi að selja Ríkisútvarpið í framhaldi af hinum mögulegu ohf. breytingum.

Ég fór að velta því fyrir mér, herra forseti, hver væru í raun markmiðin með því að gera þessar breytingar, að færa RÚV eins og það er í dag yfir í hlutafélag eða opinbert hlutafélag og ég grip hér niður í ræðu hæstv. menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, frá 17. október sl., þar sem hún segir m.a., með leyfi forseta:

„Breytingarnar á Ríkisútvarpinu eru gerðar með ákveðin markmið í hug. Hver eru þau markmið? Þau eru að það sinni almannaþjónustu, öryggishlutverki ... og menningarhlutverkið skiptir einnig miklu máli. Ef Ríkisútvarpið sinnir þessu ekki þá er enginn tilgangur með ríkisútvarpi, þá fyrst er enginn tilgangur með ríkisútvarpi."

Ég velti því fyrir mér, herra forseti. Er Ríkisútvarpið ekki að sinna þessum þáttum í dag, almannaþjónustu, öryggishlutverki, menningarhlutverki? Ég hefði haldið og ég held að það hljóti flestallir að vera sammála um að Ríkisútvarpið er að sinna þessum markmiðum í dag. En af hverju fullyrðir þá hæstv. menntamálaráðherra, sem því miður er ekki hér í salnum til að hlýða á þessi orð mín, (Gripið fram í.) þetta er allt í lagi. Ég er ekki hættur.

Hvers vegna tekur hæstv. menntamálaráðherra svona til orða, 17. október 2006 varðandi breytingar á Ríkisútvarpinu og ég ætla að fá að endurtaka þetta hér.

Breytingarnar á Ríkisútvarpinu eru gerðar með ákveðin markmið í huga. Hver eru þau markmið? Þau eru að það sinni almannaþjónustu, öryggishlutverki og menningarhlutverkið skiptir einnig miklu máli.

Ég spyr enn og aftur, herra forseti: Er Ríkisútvarpið ekki akkúrat að sinna þessum þáttum í dag? Eða hefur mönnum algerlega mistekist? Er þetta hörð gagnrýni á að stjórnendum Ríkisútvarpsins hafi algerlega mistekist og geti ekki sinnt þessum ákveðnu þáttum nema ohf. sé komið.

Jafnframt segir hæstv. menntamálaráðherra í sömu ræðu frá 17. október, með leyfi forseta:

„Hlutafélagavæðing hefur tilgang. Tilgangurinn er alveg skýr að mínu mati í þessu máli. Það er að styrkja Ríkisút-

varpið í því hlutverki sínu að uppfylla þær kröfur sem við gerum til þess."

Enn og aftur spyr ég, herra forseti: Af hverju er það ekki hægt eins og Ríkisútvarpið er rekið í dag? Ég hef hlustað vel á umræðurnar í dag og síðustu mánuði en mér finnst ekki hafa komið skýrt fram af hverju Ríkisútvarpið getur ekki uppfyllt þær kröfur sem við gerum til þess í dag án þess að breyta því í hlutafélag.

Jafnframt segir hæstv. menntamálaráðherra áfram í ræðu sinni frá 17. október, með leyfi forseta:

„Ég er sannfærð um að þetta sé leiðin til að gera það. Ég vil sjá aukna innlenda dagskrárgerð. Ég vil sjá aukið íslenskt efni. Ég vil sjá aukna textun" o.s.frv.

Af hverju í ósköpunum, herra forseti, af hverju í ósköpunum hefur þá hæstv. menntamálaráðherra, sem hefur haft til þess nokkur ár, ekki hrint þessu öllu nú þegar af stað? Hvað hefur staðið í vegi?

Jafnframt segir hér áfram, með leyfi forseta:

„Ég er því sannfærð um að með öllum þeim breytingum erum við að færa Ríkisútvarpið til nútímans um leið og við gerum auknar kröfur til þess varðandi menningarhlutverk."

Enn og aftur spyr ég: Af hverju er það ekki hægt miðað við núverandi aðstæður? Þegar maður les yfir svona greinargerðir, nefndarálit með frumvarpinu um Ríkisútvarpið ohf. og fer yfir ræður þeirra sem hafa talað fyrir því, og þá er ég fyrst og fremst að tala um hæstv. menntamálaráðherra, þá *næ ég a.m.k. ekki enn þá að sjá skýr rök með því* að það sé svona bráðnauðsynlegt að breyta rekstrarforminu yfir í ohf. Og þess vegna held ég að ástæðurnar séu fyrst og fremst þær tvær sem ég nefndi í upphafi.

Og áfram í ræðunni frá 17. október segir hæstv. menntamálaráðherra, með leyfi forseta:

„Ég er jafnframt sannfærð um að ef frekari töf verður á afgreiðslu þessa frumvarps þá jafngildir það líka töf og seinkun á eflingu innlendrar dagskrárgerðar. ... Hér er tækifæri og ég er sannfærð um að þetta er rétta leiðin til að efla og styrkja innlenda dagskrárgerð. Þetta er leiðin og þess vegna erum við að ræða þetta og þess vegna er ég að stuðla að því að það verði breyting á Ríkisútvarpinu til framtíðar, til að stuðla að menningarlegri fjölbreytni."

Hér sagði ráðherrann og ég las orðrétt upp: Ég er jafnframt sannfærð um að ef frekari töf verður á afgreiðslu þessa frumvarps þá jafngildir það líka töf og seinkun á eflingu innlendrar dagskrárgerðar.

Er þetta hótun? Já, herra forseti. Þetta er alveg skýr hótun. Ef þingmenn hundskast ekki til að hætta að ræða um þetta frumvarp og koma með sínar athugasemdir og samþykkja það bara möglunarlaust, þá er það þingmönnunum að kenna að tafir verða á eflingu innlendrar dagskrárgerðar. Það er ekkert varðandi Ríkisútvarpið eins og það er í dag sem gefur tilefni til þess. Að sjálfsögðu er þetta hótun.

*Allt varðandi þennan samning eða drög að þessum þjón*ustusamningi tengist á einn og annan hátt hótun, herra forseti. Það er mjög slæmt þegar ráðherrar taka sig til og skreyta frumvörp sín, frumvörp sem þegar hefur verið reynt í tvígang að koma í gegn en ekki tekist, með samningi eins og þessum þjónustusamningi og þeirri fullyrðingu að ekki sé hægt að taka upp þennan þjónustusamning eða þau verkefni sem kveðið er á um með honum nema með því að samþykkja frumvarpið. Tefjist afgreiðsla frumvarpsins þýðir það töf eða seinkun á eflingu innlendrar dagskrárgerðar.

Að sjálfsögðu er þetta hótun því þarna hafa margir hrokkið við og spurt okkur þingmenn: Af hverju samþykkið þið þetta ekki bara einn, tveir og þrír? Það er ykkur að kenna að það er ekki efling á innlendri dagskrárgerð. Það er einmitt þetta sem hæstv. ráðherra vill ná fram með því að tengja þetta saman.

Herra forseti. Ég hef farið nokkuð ítarlega ofan í starfsmannamál og varað menn við hvað kunni að gerast verði þetta frumvarp að lögum. Það voru hér miklar deilur í gær varðandi athugasemdir frá ESA og gögn sem hafa borist á milli menntamálaráðuneytis og þeirrar stofnunar.

Eitt af því sem ég minntist sérstaklega á áðan er þetta óvissuástand sem frumvarpið skapar. Það skapar óvissuástand kannski sérstaklega hjá starfsfólki Ríkisútvarpsins. Það er í raun viljandi sköpuð óvissa um dagskrárgerð o.s.frv. en það er alveg skýrt að frumvarpið skapar mikla óvissu um réttarstöðu starfsmanna. Þá dettur manni helst í hug að það sé til þess gert að þreyta menn, starfsfólk Ríkisútvarpsins, til að þrýsta á menn að samþykkja þetta því að að sjálfsögðu líður engum vel í óvissu en það má samt ekki verða til þess að menn séu þreyttir til að samþykkja eitthvað sem þeir eru ekki sáttir við.

Eitt af því sem hefur verið bent á ef þessi breyting nær í gegn varðandi starfsmannamál, að nokkuð ljóst er að þá *verður reynt að semja beint við einstaka starfsmenn.* Reynt verður að forðast samninga í gegnum stéttarfélög rétt eins og er að gerast þessar vikurnar hjá Matís ohf. Þetta mun að sjálfsögðu kalla á launaleynd en viðurkennt hefur verið að launaleynd leiði til aukins kynjabundins launamismunar. Eitt af því sem frumvarpið getur haft í för með sér varðandi skert kjör starfsmanna eða breytingu á kjörum starfsmanna er aukinn kynjabundinn launamismunur.

Til orðaskipta kom í morgun þar sem einn ágætur þingmaður lýsti því svo þegar bréf kom til þingmanna um að ekkert yrði á dagskrá í þessari viku annað en frumvarpið um RÚV ohf., að hv. þm. Merði Árnasyni varð að orði að líkja þessari tilkynningu við herlög. Ég ætla að leyfa mér að taka undir það að hluta til því það er mjög einkennilegt að þingmenn skuli fá slíka tilkynningu í tölvupósti frá starfsmanni þingsins um að starfsáætlunin sem er í gildi og hæstv. forseti hefur lagt hart að sér að sé í heiðri höfð og hefur henni verið fylgt mun betur eftir af núverandi forseta en virðist vera síðustu árin, skuli ekki gilda. Það er svolítið einkennilegt að fá svona tilkynningu, klippt og skorið, um að ekki skuli vera neinir fyrirspurnatímar og nefndarfundir skuli vera á óreglulegum tímum og til þeirra boðað. Það sem er kannski enn verra í þessu, herra forseti, er að sá er hér stendur hefur óskað eftir að vera áheyrnarfulltrúi í tveimur nefndum en það virðist ganga erfiðlega að koma því í gegnum kerfið, að samþykkja það eða hafna því. Ég hef því ekki fengið neinar boðanir um eina eða neina nefndarfundi. Hvort það kemur þessum herlögum eitthvað við skal ósagt látið en mér finnst einkennilegt að þegar maður sækir um að vera áheyrnarfulltrúi í nefndum, herra forseti, þann 28. desember sl. skuli það ekki vera afgreitt, án þess að ég ætli að fjargviðrast mikið meira út í það í bili.

Ég ræddi áðan um hótun varðandi þjónustusamninginn.

Hvernig virkar sú hótun? Hún virkar þannig að verið er að æsa þá er málið skiptir, innlenda dagskrárgerð Ríkisútvarpsins, upp gegn þeim þingmönnum sem mögulega munu ekki vilja samþykkja frumvarpið Ríkisútvarpið ohf. Og það var eins og við manninn mælt þegar þetta var tilkynnt 28. september 2006 opinberlega á fjölmiðlafundi þar sem fyrir svörum sátu hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóri, að samningurinn eða drög að þjónustusamningi voru tilkynnt án þess að hafa verið tilkynnt fyrir þingheimi. Í kjölfarið segja menn að sjálfsögðu álit sitt., m.a. birtist ályktun í fjölmiðlum þriðjudaginn 17. október 2006 þar sem Framleiðendafélagið SÍK fagnar nýjum þjónustusamningi milli RÚV og menntamálaráðuneytisins þar sem m.a. er kveðið á um verulega aukningu á hlut íslensks dagskrárefnis í sjónvarpinu næstu fimm árin. Að sjálfsögðu er þetta fólk hæstánægt en ekki er víst að það hafi vitað það þegar þessi ályktun var gerð, að þjónustusamningurinn er dulbúin hótun á þingmenn allra flokka að samþykkja frumvarpið.

Ég minntist jafnframt á önnur vinnubrögð. Harkalega var deilt á Alþingi í desember 2005 þegar RÚV-frumvarpið kom fram. Þá var það kynnt fyrst í fjölmiðlum en síðan fyrir þingheimi. Þeir sem kynntu það í fjölmiðlum voru, eins og mætti giska á núna, hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóri. Þetta er svolítið sérstakt, herra forseti, að þeir tveir aðilar skulu saman mæta á fjölmiðlafund og kynna nýtt frumvarp um RÚV. Þetta er svolítið sérstakt. Þarna er enn og aftur verið að setja pressu á þingmenn. Búið er að kynna þetta fyrir þjóðinni, búið að kynna alla kosti, enginn hefur rætt neitt um gallana, finnst þeim sem kynna það. Þetta eru mjög slæm vinnubrögð, herra forseti. Ég ætla þó ekki að segja að frumvarpinu hafi verið haldið leyndu frá þingheimi. Það er víst nóg búið að ræða um leynd í dag. En þetta eru ekki jákvæð vinnubrögð og segir manni kannski fyrst og fremst að hæstv. menntamálaráðherra telur það í sjálfu sér algert aukaatriði að vera að kynna málið fyrir þingmönnum og fara með frumvarpið í umræður, hvað þá fyrir menntamálanefnd. Þetta fær mann til að ályktа sem svo að þingheimur sé talinn algert aukaatriði í þessu, það eigi ekki að þurfa að ræða þetta og eins og ég minntist á í upphafi, að ráðherra telji hreinlega að frumvarpið sé fullmótað. Rennir það stoðum undir þær yfirlýsingar sem varaþingmaður Framsóknarflokksins, Eygló Harðardóttir, kom með í fjölmiðlum, annars vegar skriflegar og hins vegar í viðtali í Silfri Egils síðasta sunnudag, ef ég man rétt, þar sem Eygló kvartaði hástöfum yfir því að upplifun hennar á Alþingi væri þannig að frumvörpin kæmu tilbúin frá starfsmanni ráðuneytis og skipti í sjálfu sér engu máli álit eða vinna nefndarmanna, þeim væri ekki ætlað að krukka neitt í frumvarpið, ef ég man rétt eftir Eygló haft.

Sú skoðun varaþingmanns annars stjórnarflokkanna rennir stoðum undir þann grun sem ég hef nefnt um vinnubrögðin, að hæstv. menntamálaráðherra telur í raun óþarft að leggja frumvarpið fyrir þingheim og menntamálanefnd. Þetta sé tilbúið, svona eigi þetta að vera. En þannig er Alþingi alls ekki ætlað að starfa og það er að sjálfsögðu hlutverk forseta Alþingis að sjá til þess að starfsemin sé ekki með þeim hætti. Ég sé enga ástæðu til að efast um orð Eyglóar og upplifunar hennar og alls ekki eftir að maður hefur farið yfir og upplifað vinnubrögð varðandi þetta ákveðna frumvarp, að þingheimi er alls ekki ætlað að skipta sér af því. Hann á að samþykkja það eins og það er. Hins vegar get ég rétt eins og margur annar stjórnarandstöðuþingmaður ekki annað en hælt hv. formanni menntamálanefndar fyrir þrautseigjuna við að vinna í frumvarpinu og lipurðina við að draga það til baka þegar menn hafa komið með ábendingar og taka það til nefndar en enn og aftur efast ég um að mikið sé hlustað á þá 150 gesti sem talið er að hafi komið fyrir nefndina.

Herra forseti. Þá erum við komin að þeim lið í ræðunni sem hefur komið fyrir hjá öðrum þingmönnum og mikið verið haldið til streitu, a.m.k. síðustu þrjú árin og það er hin ástæðan fyrir framlagningu frumvarpsins, þ.e. vilji stjórnvalda eða Sjálfstæðisflokksins til að einkavæða Ríkisútvarpið. Því hefur margoft verið borið í mót að það sé tilgangurinn en að vel athuguðu máli get ég ekki séð neitt annað og minni ég enn og aftur á það sem kom fram í greinargerð frumvarpsins um Matís. Það hefur verið svolítið merkilegt að upplifa það þegar þingmenn hafa lagt fram mál sín síðustu missirin — það er að vísu lenska á Alþingi, því miður, að reyna að koma í veg fyrir að mál sem koma beint frá þingmönnum, sama hvort þau eru frá stjórnarandstöðuþingmanni eða stjórnarþingmanni, þá virðist vera reynt af meiri hlutanum að koma í veg fyrir að þau mál nái í gegn. Eitt af þeim málum hefur vakið sérstaka athygli okkar, þ.e. hugmynd nokkurra þingmanna Sjálfstæðisflokksins um að einkavæða Ríkisútvarpið eða selja það. Þó að það frumvarp sé orðið nokkurra ára gamalt, tveggja, þriggja ára eru þær hugmyndir alls ekki gleymdar. Í apríl í fyrra gerði einn af flutningsmönnum frumvarpsins grein fyrir atkvæði sínu um RÚV-frumvarpið, hv. þm. Pétur H. Blöndal, þar sem hann kvaðst greiða atkvæði með frumvarpinu þar sem það væri skref í þá átt að einkavæða Ríkisútvarpið. Þeir fáu sem þora að tjá sig um það hafa sem sagt haft þessa skoðun. Ég hef enga trú á að þeir kumpánar í Sjálfstæðisflokknum sem lögðu fram tillögu um að einkavæða Ríkisútvarpið séu neitt farnir af þeirri skoðun. Ég hef grun um að það sé enn ætlunin og að sjálfsögðu benda menn á, eins og ég hef verið að gera, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt nýtt frumvarp fram. Hvort þeir vilja neita króganum eða ekki skiptir ekki máli. Ef ég man rétt velti hv. varaþingmaður Framsóknarflokksins, Björn Ingi Hrafnsson, upp þeirri spurningu, til hvers væri verið að hlutafélagavæða ef ekki ætti að selja. Hann hefur náttúrlega ekki minnst á það síðan einhverra hluta vegna.

Varaformaður menntamálanefndar, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, hefur haldið fast í það að bannað sé að selja Ríkisútvarpið og það komi skýrt fram í lagafrumvarpinu. Þeirri grein var greinilega komið fyrir eftir að miklar deilur voru á milli stjórnarflokkanna um frumvarpið um Ríkisútvarpið. Það virtist róa a.m.k. einhverja framsóknarmenn þegar því ákvæði var komið inn í en ekki alla. Haft var eftir hv. þingmanni og formanni þingflokks Framsóknarflokksins, Hjálmari Árnasyni, í fjölmiðlum að nokkuð góður einhugur ríkti innan þingflokksins um frumvarpið. Tók hann sérstaklega fram að það skipti miklu máli að í frumvarpinu væri kveðið skýrt á um að Ríkisútvarpið væri ekki til sölu. Þetta virtist vera það haldreipi, herra forseti, á sínum tíma — ég ætla ekki að nota öll stóru orðin sem hafa verið notuð í dag

þegar menn hafa verið að tala um að Framsóknarflokkurinn hafi kokgleypt þetta frumvarp Sjálfstæðisflokksins, hvaða hrossakaup þar voru í gangi ætla ég ekki að velta mér upp úr núna.

Það er greinilegt að sú viðbót við lagafrumvarpið, að bannað væri að selja Ríkisútvarpið ohf., var það haldreipi sem Framsóknarflokkurinn þurfti. Það er bannað selja Ríkisútvarpið ohf. Já, en það er öruggt að menn hafa nú þegar séð einhverjar leiðir til að selja Ríkisútvarpið. Það þarf enginn að segja mér annað. Ég veit ekki hvort það er flóknara en svo að menn breyti einfaldlega Ríkisútvarpinu ohf. í Ríkisútvarpið hf. og þar með sé greinin ekki lengur gild. En mér segir svo hugur að þessi grein skipti í raun engu máli og sé fyrst og fremst pólitískt haldreipi fyrir Framsóknarflokkinn til að geta talið kjósendum trú um að þeir hafi ekki opnað leið fyrir það að Ríkisútvarpið verði selt.

Einn maður í Framsóknarflokknum er með stóra og mikla samvisku, lætur ekki skipa sér fyrir og fer ekki algjörlega eftir því sem flokksklíkan skipar. Á sínum tíma, þegar hv. þm. Hjálmar Árnason var með yfirlýsingar varðandi söluna í desember 2005, gerði einn þingmaður, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, fyrirvara um samþykkt frumvarpsins. Hann vildi eftir sem áður vera viss um að Ríkisútvarpið yrði ekki einkavætt. Þannig er það nú í kviðdómnum, herra forseti, að allir þurfa að vera sammála, vera vissir.

Hér hefur einnig verið rætt um samþykktir á flokksþingum Framsóknarflokksins varðandi Ríkisútvarpið, varðandi sölu eða hlutafélagavæðingu o.s.frv. Menn hafa farið frjálslega með það í dag. Hið merkilegasta í því, herra forseti, er að þetta er mjög viðkvæmt mál fyrir Framsóknarflokkinn. Það vefst ekki fyrir mér að það að þeir skyldu láta knébeygja sig og þykist a.m.k. enn þá standa með þessu frumvarpi. Á síðasta flokksþingi, árið 2005, ályktaði Framsóknarflokkurinn að mikilvægt væri að Ríkisútvarpið yrði áfram í þjóðareign. Kristinn H. Gunnarsson skrifaði um málið grein í Morgunblaðið 11. nóvember 2005. Þar fjallar hann um þessa ályktun.

Hér segir þingmaður Framsóknarflokksins, með leyfi forseta:

„Loks var ályktað á þessi ári á flokksþingi Framsóknarflokksins að „mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu". Samþykktirnar eru í eðlilegu samhengi og mynda skýra stefnu flokksins. Síðari samþykktirnar styrkja þá fyrstu, sem hafnar hlutafélagavæðingu RÚV."

Síðar segir þingmaður Framsóknarflokksins:

„Hlutafélagaformið er fyrst og fremst sölufyrirkomulag, það býr til seljanlega hluti."

Þetta er akkúrat kjarni málsins, herra forseti. Framsóknarmenn hafa verið á flótta, hafa hreyft aðeins við fyrri samþykktum á flokksþingum en það kemur skýrt fram í grein eftir einn þingmann flokksins að Framsóknarflokkurinn hefur algjörlega hafnað hlutafélagavæðingu og á þeirri forsendu að hlutafélagaformið er fyrst og fremst sölufyrirkomulag. Því er ætlað að búa til seljanlega eign.

Þessi orð stangast á. Ég missti því miður af þeim mögu leika, herra forseti, fyrr í dag í andsvör við þingmann Framsóknarflokksins, hv. varaformann menntamálanefndar, varðandi þessar flokksþingssamþykktir. En málum er því miður þannig háttað hér í dag og í gær að stjórnarþingmenn hafa ekki haft mikinn áhuga eða vilja eða kannski ekki heimild til að taka virkan þátt í þessari umræðu. Því gefast fá tækifæri til að eiga við þá orðastað. Það komur skýrt fram 11. nóvember 2005, í grein eftir hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem enn er þingmaður Framsóknarflokksins, enn þá alla vega, að Framsóknarflokkurinn hafi algjörlega hafnað hlutafélagavæðingu. Því hefur Framsókn í raun ekki heimild, a.m.k. ekki frá landsþingi, til þess að samþykkja frumvarpið.

Það hafa margir ritað og rætt um þetta frumvarp. Eitt af því sem nefnt var í dag í umræðunum voru vangaveltur þingmanns um hvort núverandi útvarpsstjóri væri byrjaður að vinna eftir ákvæðum þessa frumvarps. Það væri nokkuð athyglisvert. Menn munu að sjálfsögðu velta því fyrir sér hvort þetta sé skot út í loftið eða ekki. En því er þannig háttað að þegar maður les í gegnum það sem hefur verið ritað um þetta frumvarp þá kemur ýmislegt merkilegt í ljós, m.a. að í desember 2005 var núverandi útvarpsstjóri byrjaður að vinna eftir frumvarpinu, eftir þeim lögum sem gilt hefðu að frumvarpinu samþykktu. Það rennir stoðum undir þær fullyrðingar að menntamálaráðherra hafi ætlað að keyra málið í gegnum þingið og hvorki talið umræður í þingsal né vinnu menntamálanefndar nokkru máli skipta.

Hvað fór á milli útvarpsstjóra og hæstv. menntamálaráðherra við ráðningu þess fyrrnefnda skal ég ósagt látið. En því er þannig háttað að í viðtali í Viðskiptablaðinu 16. desember 2005, sem blaðamaðurinn Ólafur Teitur Guðnason tók við útvarpsstjóra Pál Magnússon, er m.a. haft eftir útvarpsstjóra, og ég les hér orðrétt, herra forseti, úr þessu viðtali í Viðskiptablaðinu:

„Páll segir að ný lög auki möguleika stofnunarinnar til þess að keppa um starfsfólk. „Ég hafði reyndar ekki þolinmæði til að bíða eftir lagabreytingunni til að bregðast við vegna Kastljóssins.""

Síðar segir hann:

„Ég hefði þurft að byrja á því að auglýsa stöður."

Þetta kemur skýrt fram, herra forseti, í Viðskiptablaðinu föstudaginn 16. desember 2005. Útvarpsstjóri, Páll Magnússon, viðurkennir að hann hafi ekki haft þolinmæði til að bíða eftir að frumvarpið yrði samþykkt og gert að lögum. Nú er liðið meira en ár frá því að hann viðurkenndi í opinberum fjölmiðli að hann væri byrjaður að vinna eftir frumvarpinu.

Í dag var minnst á, væntanlega var það hv. þm. Ögmundur Jónasson sem talaði um það, að mögulega væri útvarpsstjóri byrjaður að vinna eftir frumvarpinu, m.a. varðandi ráðningarsamninga við starfsmenn, króa þá úti í horni og reyna að gera samninga maður á mann, útiloka stéttarfélögin og búa til launaleynd sem væntanlega leiðir af sér mismun í launum milli kynja. Þær áhyggjur hv. þm. Ögmundar Jónassonar virðast á rökum reistar og útvarpsstjóri þegar byrjaður að vinna eftir frumvarpinu. Það hlýtur að teljast ámælisvert og segja þingheimi að afstaða þingheims skiptir ekki nokkru máli. Hér er hann að tala um ráðningar starfsfólks. Hann lagði það að vísu síðar fyrir útvarpsráðið, nokkrum vikum eftir að atburðirnir áttu sér stað, og hlaut náð fyrir augum þeirra. Þetta er merkilegt. Hérna er það skýrt og skjalfest að útvarpsstjóri er löngu byrjaður að

vinna, enda hefur hann í sjálfu sér marglýst því yfir að hann bíði óþolinmóður eftir því að frumvarpið verði samþykkt. Þau orð hans renna enn og aftur stoðum undir að það er ekki talið skipta nokkru máli hvaða álit hinn almenni þingmaður, hvorki í stjórnarandstöðu né í stjórnarmeirihluta, hefur á frumvarpinu. Frumvarpið kom fullskapað og haustið 2005 var útvarpsstjóri byrjaður að vinna eftir því.

Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé með vilja og vitund hæstv. menntamálaráðherra, að útvarpsstjóri sé löngu byrjaður að vinna eftir ósamþykktu frumvarpi og telji algjört aukaatriði að auglýsa stöður.

Ég hef rætt mikið um starfsmannamál. Það hefur margoft komið fram að starfsmenn hafa óskað eftir upplýsingum um hvernig þeirra málum verði háttað. Því hefur ranglega verið haldið fram í dag að starfsmenn séu algjörlega samþykkir frumvarpinu. Starfsmenn eru í mikilli réttaróvissu og hafa að sjálfsögðu lýst því margoft yfir. Ég sé ekki ástæðu til þess að draga það í efa.

En eitt af því nýjasta sem hefur komið upp í málinu á síðustu dögum eru vangaveltur lögfræðings, Ástráðs Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, eins og hann orðaði það, að *Ríkisútvarpið ohf. verði vopnlaust gagnvart kærum.*

Ég hef ekki séð þessar athugasemdir hans þaggaðar niður enn þá. Þær eru að vísu nýtilkomnar, þær birtust í fjölmiðlum í gær. En það virðist vera nokkurn veginn alveg sama hvaða ábendingar menn koma með, það er ekki mikill vilji, herra forseti, til að taka mark á öðru en því sem stendur í frumvarpinu.

Það hafa margoft komið fram fyrirspurnir, bæði í dag og í gær og áður við umræðuna, spurningar frá þingmönnum um eitt og annað er viðkemur frumvarpinu en litlu verið svarað. Eins og sjá má núna hefur ráðherrann og stjórnarþingmenn, hvað þá aðrir ráðherrar, ekki mikinn áhuga á að sitja hér og eiga orðastað við þingmenn.

Sumir hafa gengið svo langt, herra forseti, að tala um að þetta sé í raun og veru hlutafélagavæðing gegn starfsfólki. Ég held ég hafi nú komist nokkuð nálægt þannig orðalagi fyrr í ræðu minni og finnst það ekki vera langt frá sannindunum, því með frumvarpinu er í raun og veru verið að skerða áunnin samningsbundin réttindi starfsmanna. Samningsbundin réttindi eru í raun og veru hluti af launakjörum starfsmanna þannig að það er verið að skerða launakjör starfsmanna.

Ég hef minnst á að það hafa m.a. fallið dómsmál þar sem starfsmenn hafa talið að eftir breytingar á opinberu fyrirtæki í hlutafélag, þá er ég að tala um strætó, þar hafði t.d. verið sveigt fram hjá áminningarskyldunni. Það hefur sem sagt fallið dómur í þessa átt sem er örugglega ekki sá fyrsti í þá veru og örugglega ekki sá síðasti ef frumvarpið verður að lögum. En það er þá a.m.k. ekki hægt að segja annað, herra forseti, en það hafi verið varað vel við því.

Ég fæ ekki betur séð eftir að hafa skoðað þetta mál til hlítar og velt upp mörgum steinum, en að tilgangurinn með frumvarpinu sé annars vegar að skerða kjör og réttindi opinberra starfsmanna og hins vegar að undirbúa sölu. Það er svolítið sérstakt að hlusta á og fara yfir þær ræður þar sem er verið að reyna að fá fólk til að efast um að frumvarpið sé í raun og veru upphafið á því að selja Ríkisútvarpið.

Ég vitnaði áðan, herra forseti, í ræðu hæstv. menntamálaráðherra, frá 17. október árið 2006, þar sem ég var að fara yfir þá hótun sem mér finnst felast í því að hnýta fylgiskjali II aftan í frumvarpið en það eru drög að þjónustusamningi. En í þeirri ræðu segir hæstv. menntamálaráðherra m.a., með leyfi forseta:

„Ég ætla að fara yfir nokkur atriði sem hæst hefur borið í umræðunni, m.a. þá lensku stjórnarandstöðunnar að telja frumvarpið vera undanfara sölu. Það er sama hve oft því er mótmælt úr þessum ræðustól, hversu oft það er fullyrt af flutningsmanni frumvarpsins og helstu talsmönnum stjórnarflokkanna. Það er ekki hlustað þegar kemur að þessu atriði, frekar farið í að sá fræjum tortryggni og efast um það sem sagt er. Ég spyr: Í stefnu hvaða stjórnmálaflokks er gert ráð fyrir að selja Ríkisútvarpið? Það kemur hvergi fram. Ekki í stefnu Sjálfstæðisflokksins og ekki í stefnu Framsóknarflokksins."

Það er nú vel, herra forseti, hversu vel hæstv. menntamálaráðherra er að sér í stefnu Framsóknarflokksins. En ef þingheimur á að geta treyst því að það sé ekki ætlunin að selja Ríkisútvarpið með þessu frumvarpi á þeim forsendum að það sé hvergi í stefnu Framsóknarflokksins að selja það, *af hverju ættum við að treysta því?* Það *er ekki heldur í* stefnu Framsóknarflokksins að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. En nú er það einmitt eitt af því sem stefnt er að hér í þingi, nema að málið snúi þannig eins og margur hefur gefið í skyn síðustu daga að Framsókn sé hreinlega að vona að einhverjir aðrir bjargi þeim frá þeim harmleik að þetta frumvarp, Ríkisútvarpið ohf., fari alla leið.

Þó svo að hæstv. menntamálaráðherra taki það skýrt fram að það sé ekki í stefnu flokkanna að selja útvarpið, þá sé ég enga ástæðu til þess að taka það sem rök fyrir því og það ætti að róa þá sem hafa áhyggjur af því að frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. sé einungis undanfari að sölu RÚV, því það er heldur hvergi getið um að það þurfi endilega að hlutafélagavæða það.

Samt eru menn komnir út í það að ef framsóknarmenn geta farið út að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið án þess að það sé í stefnu þeirra, þá hljóti þeir að geta farið út í að einkavæða Ríkisútvarpið án þess að það komi fram í stefnu þeirra.

Í áðurnefndri ræðu heldur hæstv. menntamálaráðherra áfram og talar um það sem algera fásinnu að Sjálfstæðisflokkurinn ætli sér að selja Ríkisútvarpið. Það er svolítið sérstakt að ráðherra skuli taka svo sterkt til orða þegar einungis eru tvö eða þrjú ár síðan þingmenn flokksins lögðu fram frumvarp um einkavæðingu Ríkisútvarpsins og, eins og ég vitnaði í áðan, þá hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins tekið það fram við atkvæðagreiðslu með áframhaldandi umræðu á þessu frumvarpi að þeir geri það í þeirri einlægu trú að þetta frumvarp sé undanfari sölu.

Það er því engin furða þótt margoft sé verið að minna hæstv. menntamálaráðherra á þær áhyggjur þingmanna stjórnarandstöðunnar að til standi að selja Ríkisútvarpið og að þetta sé undanfari að því sökum þeirra dæma sem ég hef nefnt þar sem menn hafa lýst því yfir að það sé það sem þeir vilji gera og hafa sérstaklega lagt fram frumvörp í því sambandi.

Ég hefði talið það, herra forseti, ef menn hefðu tekið upp þær tillögur sem samtökin BHM og BSRB lögðu fram

til viðbótar við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, þá hefðu menn a.m.k. getað róað okkur sem hafa áhyggjur af því að frumvarpið sé í raun og veru sett til höfuðs réttindum og kjörum opinberra starfsmanna.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að mér finnst það mjög slæmt að hv. formaður menntamálanefndar skuli hafa farið með rangt mál í gær varðandi réttindi og kjör starfsmanna, að hann viti ekki betur. Maður hefði haldið að eftir alla þessa 150 gesti og 67 fundi eða hvað það var, að ef menn hefðu hlustað á það sem allir þessir gestir höfðu fram að færa, þessir hagsmunaaðilar, þá ætti hv. formanni menntamálanefndar að vera ljóst að þetta frumvarp mun skerða kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Eins og ég kom að fyrr í dag þá bar ég þá fyrirspurn fram í andsvari í gær hvort formaðurinn teldi að réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins skerðist ekki ef þetta frumvarp yrði að lögum, og hann taldi það alveg skýrt að svo væri ekki.

Það er því miður misskilningur og ef formaður menntamálanefndar hefur misskilið frumvarpið hvað varðar réttindi og kjör opinberra starfsmanna, þá skerðingu sem þeir verða fyrir með frumvarpinu samþykktu óbreyttu, þá væri kannski næg ástæða til þess að taka hlé og taka frumvarpið enn og aftur til endurskoðunar.

Jafnframt spurði ég hæstv. formann menntamálanefndar í gær um framtíðarstarfsmenn, þ.e. þá starfsmenn sem ekki starfa í dag við Ríkisútvarpið, þar sem ég spurði einfaldlega á þá leið hvort réttindi og kjör nýráðinna starfsmanna mundu skerðast. Svar formannsins var á þá leið að þeir starfsmenn sem mundu ráða sig í framtíðinni mundu gera það á sínum forsendum.

Þetta er kannski einmitt enn og aftur kjarni málsins, herra forseti, að það sem meiri hlutinn vill gera með þessu frumvarpi er að reyna að sleppa sem þægilegast frá því að ganga ekki alveg milli bols og höfuðs núverandi starfsmanna. En það er ekkert gefið upp hvað verður um starfsmenn framtíðarinnar hjá RÚV.

Eins og hefur komið fram, og þá m.a. vegna greinargerðar með frumvarpi Matís, þá hafa réttindi og kjör opinberra starfsmanna hreinlega pirrað margan stjórnmálamanninn. Það er hægt að lesa það varðandi réttarstöðu nýráðinna starfsmanna eða framtíðarstarfsmanna að það sé hreinlega ætlun manna að ráða þá á allt öðrum kjörum og væntanlega rýrari kjörum. Það rennir enn og aftur stoðum undir það sem ég hef verið að segja um tilgang þessa frumvarps.

Það hafa margir aðilar, herra forseti, komið með athugasemdir, eða réttara sagt umsagnir. Því miður hefur ekki verið tekið mikið mark á þeim. En menn hafa tekist á um réttindamálin og eru ekki alveg sammála um hverju útvarpsstjóri hafi lofað varðandi réttindi starfsmanna, tryggð eða ekki tryggð, né heldur hvort ástæða sé til að treysta því að fá það einungis í orði.

Ég held að það hafi sýnt sig í þeim deilum er voru núna um áramótin, herra forseti, milli Flugstoða ohf. og Félags íslenskra flugumferðarstjóra, að það stéttarfélag tók þá ákvörðun að láta ekki orðin ein duga. Var þar sérstaklega verið að ræða um lífeyrisréttindi, sem eins og ég hef farið yfir í dag munu væntanlega skerðast ef þetta frumvarp verður að lögum. Að sjálfsögðu óttast starfsmenn um kjör sín og að sjálfsögðu vilja þeir ekki láta bara einhver orð duga. Það þyrfti í rauninni að semja algerlega um þessa hluti. Hvað meinar núverandi útvarpsstjóri? Á að taka orð hans gild eða næsta útvarpsstjóra, sem gæti þess vegna orðið innan tíðar því að ekki stendur til að ráða útvarpsstjórann til 5 ára?

En því miður þrátt fyrir þessar aðvaranir, þá virðast menn ekki hafa miklar áhyggjur. En það hefur alls staðar komið fram að menn vilja að sjálfsögðu að kaup og kjör og réttindi starfsmanna séu tryggð.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill spyrja hv. þingmann hvort hann telji sig eiga langt eftir af ræðu sinni?) Já, ég tel mig eiga langt eftir.

(**Forseti** (BÁ)**:** Þá biður forseti hv. þingmann að gera hlé á ræðu sinni meðan tekið verður matarhlé til kl. 8.)

[Fundarhlé. — 19:32]

[19:59]

**Valdimar L. Friðriksson** (frh.)**:**

Herra forseti. Við erum að tala um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. og ég hef verið að reifa skoðun mína í því máli og þá fyrst og fremst út frá sjónarhorni réttinda starfsmanna RÚV og þeirrar skerðingar sem ég er fullviss um að starfsmenn RÚV verði fyrir verði þetta frumvarp að lögum. Meðal þeirra atriða sem falla niður hjá starfsmönnum RÚV eru andmælaréttur vegna uppsagnar, áminningarskylda í kjölfar uppsagnar eða mögulegrar uppsagnar og skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn. Þetta virðast vera þau atriði sem hafa lengi vel verið þyrnir í augum a.m.k. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, þessi réttindi, lög og skyldur opinberra starfsmanna, kjör sem hagsmunasamtökum þeirra, BHM og BSRB, hefur tekist að semja um í áratuga langri baráttu. Þessi þrjú atriði, andmælaréttur, áminningarskylda og skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn, virðast vera mönnum þar efst í huga af einhverjum einkennilegum ástæðum því að á sínum tíma var það náttúrlega ríkisvaldið sem samþykkti þessi atriði varðandi opinbera starfsmenn en í hinu hraða þjóðfélagi nútímans, þessu þjóðfélagi gróðahyggju, einstaklingshyggju, frjálshyggju, hvaða orð sem menn vilja nota, virðist mönnum finnast sem það sé ótækt að reka nokkurt fyrirtæki eða stofnun án þess að hægt sé að ráða og reka menn eins og yfirvaldinu sýnist. Ég minntist m.a. fyrr í dag á greinargerð með frumvarpi sem nú er orðið að lögum um Matís ohf. þar sem m.a. var komið inn á þessi atriði. Þar er í raun og veru sagt að með því að breyta yfir í hlutafélag losni menn við þessar skyldur og nálgist þá almenna vinnumarkaðinn. En hvað gerist? Hvað hefur akkúrat verið að gerast á síðustu missirum, t.d. hjá Alcan í Straumsvík, álverinu? Þar lentu menn í því að starfsmönnum sem höfðu starfað þar í tugi ára var skyndilega sagt upp, fyrirvaralaust, þeir fengu engan andmælarétt, voru ekki áminntir, bara sagt upp, bara „af því bara“. Það er akkúrat þetta sem fylgismenn frumvarpsins vilja, það er þetta form sem þeir greinilega vilja, að forstöðumaður stofnunar eða í þessu tilfelli útvarpsstjóri geti ráðið og rekið menn eins og honum sýnist. Það er grátlegt að þegar samningar hafa náðst og þessi lög um réttindi og skyldur opin-

berra starfsmanna verið samþykkt í góðri samvinnu milli ríkisins og hagsmunasamtaka launþega skuli mönnum í dag vera þetta þyrnir í augum og að menn ætli að gera hvað sem þarf til að losna undan því.

Ég er ekki viss um að allir þeir sem hafa í hyggju að samþykkja þetta frumvarp — gera það í raun og veru kannski einungis flokksagans vegna — átti sig allir á hvað er eitt af því versta sem gæti gerst verði frumvarpið samþykkt. Eitt af því versta eru væntanlega skyndilegar og fyrirvaralausar uppsagnir starfsmanna Ríkisútvarpsins, kannski ekki allra, kannski einhvers hluta, einhverra tuga, en í kringum hvern starfsmann eru að sjálfsögðu fjölskyldumeðlimir og þarna gæti, miðað við það að útvarpsstjóri er nú þegar byrjaður að vinna eftir frumvarpinu eins og ég fór yfir áðan og vitnaði í Viðskiptablaðið, nú þegar verið búið að ákveða hverjum eigi að kasta. Kannski er bara beðið eftir að frumvarpið verði samþykkt — sem vonandi verður aldrei — og þá þurfi menn ekki að gefa neinar ástæður fyrir uppsögnum. Þessi stofnun hefur verið til í áratugi og er að stórum hluta byggð upp af því starfsfólki sem starfar þar í dag og að sjálfsögðu eiga menn að geta, ef stór hluti tilgangsins með þessu lagafrumvarpi er að geta ráðið og rekið fólk eins og einum manni sýnist, farið eftir þeim reglum sem eru í dag og áminnt menn hreinlega ef þeir ekki eru góðir í starfi og gefið þeim tækifæri til að svara fyrir sig o.s.frv. Ég held að við hljótum öll að hafa orðið vitni að því að starfsmaður sem ekki stendur sig í starfi en hefur verið áminntur og fengið að andmæla hafi bætt sig. Ég hef grun um að þeir sem tala mest fyrir þessum breytingum hafi ekki nægilega reynslu af akkúrat þessu máli, að vinna eftir þessum lögum um réttindi og skyldur, og mikli fyrir sér hlutina. Sá sem mótmælir því að það sé aðaltilgangurinn með þessu frumvarpi fær mann til að velta fyrir sér hvort verið sé að búa til ásteytingarstein með því að setja réttindi starfsmanna í laust loft, það sé verið að búa þar til ásteytingarstein sem dugar til umræðna á Alþingi og úti í þjóðfélaginu svo vikum, mánuðum og árum skiptir til að fela hina raunverulegu ástæðu lagafrumvarpsins, sem sé þá að búa Ríkisútvarpið undir sölu.

Eitt af því sem ekki hefur enn þá verið svarað er hverjir koma til með að semja fyrir starfsmenn í framtíðinni verði þetta frumvarp að lögum. Eru það áfram sömu stéttarfélögin sem starfsmenn hafa óskað eftir skriflega, og mun ég koma að því betur síðar, eða á að reyna að fara þá leið sem stjórnendur Matíss ohf. gera í dag, að semja við hvern og einn starfsmann, tveggja manna tal, launaleynd og allt sem því fylgir?

Það er eitt líka varðandi starfsmannamálin, varðandi biðlaunaréttinn, þau sem hafa samið frumvarpið virðast hafa litið á það sem ákveðið góðverk að það nái til ársins 2009 en hins vegar velta menn þá fyrir sér hvað gerist 2010. Hvað tekur við? Það er ekkert sem segir okkur neitt um það þannig að margt varðandi starfsmannamálin er í lausu lofti.

Ég minntist á það áðan, herra forseti, í upphafi ræðu minnar að önnur af tveimur höfuðástæðum sem ég tel vera fyrir því að þetta frumvarp er lagt fram svona eins og það er og með þeirri miklu óbilgirni og kergju að samþykkja ekki nokkrar einustu breytingar á því, hvað þá heldur að vísa því hreinlega frá, sé m.a. af því að verið er að undirbúa sölu á Ríkisútvarpinu. Menn hafa reynt að gleyma því að margur hafi talað fyrir því og ég minntist m.a. áðan á atkvæðagreiðslu með RÚV-frumvarpinu þar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal tók það skýrt fram að hann greiddi atkvæði með því að frumvarpið færi áfram til næstu umræðu á þeim forsendum að hann liti svo á að hlutafélagavæðingin væri upphafið að sölu. Og af því að margur er gleyminn og hefur reynt að ýta til hliðar minni ég á að lagt var fram frumvarp fyrir nokkrum árum um sölu á Ríkisútvarpinu. Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu fram frumvarp um að selja útvarpið og hvers vegna í ósköpunum skyldi nokkur þingmaður trúa því í dag að eitthvað hefði breyst? Hið eina sem hefur breyst er að nú á ekki að ganga hreint til verks, nú á að fara djúpleiðina að sölunni. Það á sem sagt að búa til opinbert hlutafélag og eins og margoft hefur komið fram er hlutafélagavæðing undirbúningur að sölu og á ekki að þurfa að ítreka það. Það er hlutur sem allir ættu að sjá.

Ég hef líka minnst á drög að þjónustusamningi og farið yfir aðdragandann að honum og hvernig hann kom til, þjónustusamning sem er hnýttur við lagafrumvarpið og fullyrt að ekki sé hægt að gera slíkan samning öðruvísi en að hann sé hnýttur í þetta frumvarp og frumvarpið verði samþykkt. Það virðist samt margt vera að þessum þjónustusamningi og síðast í október sá stjórn Félags leikskálda og handritshöfunda ástæðu til að álykta eftirfarandi, með leyfi forseta.

„Stjórn Félags leikskálda og handritshöfunda fagnar nýjum samningi milli Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytisins þar sem m.a. er kveðið á um verulega aukinn hlut íslensks dagskrárefnis RÚV í sjónvarpinu á næstu fimm árum. Stjórnin harmar hins vegar að í samningnum sé hvorki fjármagn né útsendingarhlutfall eyrnamerkt leiknu íslensku sjónvarpsefni."

Þetta er kannski merki um það eins og ég nefndi fyrr að menn hafi jafnvel kastað til höndunum við að útbúa þennan svokallaða þjónustusamning eða drög að þjónustusamningi sem ég er búinn að benda réttilega á að er einungis dulbúin hótun, aðferð til að hóta þingmönnum svo að þeir mæli ekki gegn málinu því að þá fái menn í hausinn þá hópa sem er búið að vera að búa til væntingar hjá sem eru þeir hópar sem kæmu að gerð innlends dagskrárefnis. Það virðist hafa verið, því miður, herra forseti, eitthvað kastað til höndunum við þennan þjónustusamning. Mönnum hefur legið mikið á þar sem ekki allir hópar hafa verið teknir með. Þetta eru að sjálfsögðu bara drög að samningi, það er skýrt tekið fram. Þá er viðbúið að ef frumvarpið yrði að lögum gæti hann kannski orðið eitthvað öðruvísi en enn og aftur set ég spurningarmerki við það, herra forseti, af hverju í ósköpunum ekki sé hægt að gera slíkan þjónustusamning um bætta innlenda dagskrárgerð o.s.frv. án þess að þurfa að samþykkja heilt frumvarp um rekstrarform Ríkisútvarpsins. Miðað við þau markmið sem hæstv. menntamálaráðherra fór yfir sem aðalástæðu fyrir þessu frumvarpi sé ég ekki annað en að hægt hefði verið að gera svona þjónustusamning eða eitthvað í líkingu við hann í starfi útvarpsins eins og það er nákvæmlega í dag.

Hæstv. ráðherra segir m.a. í ræðu hér 17. október sl.: „Við vitum að fjármagnið til þeirra dagskrárliða sem fara til sjálfstæðra framleiðenda hefur farið lækkandi, til að mynda

þegar stórir íþróttaviðburðir eiga sér stað, eins og Ólympíuleikarnir og fleiri stórir íþróttaviðburðir." — Ég get ekki betur séð en að það sé hægt að taka ákvörðun um að auka fé til þessara íþróttaviðburða án þess að þurfa að hnýta hana aftan í þetta frumvarp. Ég sé ekki ástæðu til að fara yfir það aftur, forseti, ég fór í dag vel yfir það hvernig þessi taglhnýting þjónustusamningsins var kynnt. Þjónustusamningurinn var kynntur fyrir fjölmiðlum á undan þingheimi. Hann var kynntur af hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóra. Ég get ekki séð annað en að þessi samningur sé einfaldlega til þess fallinn, þessi drög eða hvað á orðið að kalla þetta, að þrýsta á þingmenn og aðra til þess að tefja ekki fyrir málinu. Enda hefur það skýrt komið fram hjá hæstv. menntamálaráðherra að þetta frumvarp þoli enga bið. Hún segir m.a. þann 17. október að hún sé jafnframt sannfærð um að ef frekari töf verður á afgreiðslu frumvarpsins jafngildi það líka „töf og seinkun á eflingu innlendrar dagskrárgerðar".

Það er svolítið sérstakt hvernig þetta er lagt upp þannig að allt sé sett í biðstöðu, að ekkert sé hægt að gera, í raun sé ekki hægt að bæta eitt eða neitt í rekstri Ríkisútvarpsins fyrr en þetta frumvarp verður samþykkt.

Það er greinilegt að menn hafa hugmyndirnar um þjónustusamninginn alveg skýrar, hvað þeir vilja bæta og hverju breyta. Jafnframt er skýrt tekið fram að það verði ekki gert nema menn samþykki eitthvað annað.

Þjónustusamningurinn er nokkuð ítarlegur og í raun sorglegt að hann skuli ekki vera til kominn fyrir löngu. Hér segir m.a., herra forseti, um samninginn að markmiðið sé að lýsa nánar tilgangi og hlutverki RÚV og þeim kröfum sem gerðar eru til félagsins á grundvelli laganna. Markmiðið er sem sagt að lýsa nánar tilgangi og hlutverki sem þýðir þá væntanlega að hlutverk og tilgangur sé í dag ekki nægilega skýrt. Enn og aftur, hvernig stendur á því að ekki er hægt að skýra tilgang og hlutverk RÚV án þess að til komi þessi stóru lög?

Eins og ég sagði er þessi þjónustusamningur um margt merkilegur. Í honum segir m.a. að RÚV skuli hafa frumkvæði að því að miðla íslenskri menningu, listum og menningararfi. RÚV skal ávallt flytja fréttir og fréttatengt efni af sanngirni og hlutlægni.

Ég hélt, herra forseti, að þetta væri allt þegar til, öll þessi vitneskja og allar þessar kröfur á RÚV eins og það er í dag. Ég ítreka enn og aftur það sem ég hef sagt, í mínum huga er alveg skýrt að þessi drög að þjónustusamningi eru einungis til þess gerð að reyna að reka á eftir þingmönnum að samþykkja frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. og er þess vegna hótun. Mér finnst það mjög vafasöm vinnubrögð af hálfu hæstv. menntamálaráðherra.

Ég rétt drap áðan á samantekt sem Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður gerði fyrir starfsmannasamtök RÚV í tilefni af þessu frumvarpi þar sem lögfræðingurinn bendir starfsmönnum RÚV á þær hættur sem fylgja þessari fyrirhuguðu lagasetningu og hvernig best sé fyrir þá að bregðast við til að kjör þeirra verði ekki lakari eftir samþykkt frumvarpsins en þau eru í dag. Þetta er mjög góð greinargerð. Hér er vandlega farið yfir. Hún hefur borist menntamálanefnd en þrátt fyrir að þessi greinargerð veiti mikil varnaðarorð varðandi setningu þessara laga hefur nefndin samt ekki séð ástæðu til að taka mið af þeim.

Ég fór áðan jafnframt yfir þær tillögur sem BHM og BSRB hafa gert til breytinga á bráðabirgðaákvæði frumvarpsins til að gera það hagstæðara fyrir starfsmenn eða réttara sagt hagstæðara fyrir alla aðila til að forða Alþingi frá því að samþykkja hér lagafrumvarp um RÚV sem fer á skjön við önnur lög og skerðir réttindi starfsmanna.

Það sem er einna athyglisverðast í þessu áliti hér, herra forseti, er þar sem lögfræðingurinn veltir fyrir sér hvernig lög skarast. Þar talar hún sérstaklega um — að sjálfsögðu er þetta bráðabirgðaákvæði í lögunum þar sem fjallað er um réttindi starfsmanna þar sem segir m.a. að fara skuli eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og eftir lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, svokölluðum aðilaskiptalögum. Ég sé ástæðu til að ítreka það enn og aftur, herra forseti, sem kemur fram í þessu lagalega áliti þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við niðurlagningu stofnunarinnar breytist lagalegt umhverfi starfsmanna RÚV. Þeir hætta að vera opinberir starfsmenn og verða eftir það starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geta ekki gilt um starfsemina eftir breytinguna."

Þetta er algjört grundvallarmál. Ég held að þetta atriði hljóti að hafa óviljandi farið fram hjá menntamálanefnd. Ég held að hún verði að skoða þetta atriði sérstaklega þar sem fullyrt er að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi áfram. Menn skilja ekkert í þessum áhyggjum sem sumir hafa en hér kemur alveg skýrt fram að ef starfsmenn hætta að vera opinberir starfsmenn eigi þessi lög niður ekki lengur við þá.

Kannski er þungamiðjan í þessu öllu saman að menn hafi vitað þetta atriði, það gæti þýtt að lög um réttindi og skyldur starfsmanna falli hreinlega niður og þá séu menn komnir þangað sem þeir ætluðu sér, að ná þessum lögum algjörlega niður.

Það má vera, herra forseti, að ég misskilji þetta að einhverju leyti. Ekki er ég löglærður maður en ég les þetta upp úr áliti lögfræðings og hef stutt þetta fyrr í ræðu minni með áliti frá öðrum aðilum.

Í álitinu segir að aðilaskiptalögin kveði á um réttindi og skyldur samkvæmt ráðningarsamningi eða þegar ráðningarsamband færist yfir á annan aðila sem yfirtekur starfsemina en jafnframt bendir Lára á að rétt sé að átta sig á því að réttarstaða starfsmannanna eftir hlutafélagavæðinguna geti aldrei orðið sú sama. Þetta er mjög sterk fullyrðing, herra forseti. Lára segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Rétt er að átta sig á því að réttarstaða starfsmannanna eftir hlutafélagavæðinguna getur aldrei orðið sú sama og hún var þegar Ríkisútvarpið var ríkisstofnun."

Hér er enn og aftur komið að því, herra forseti, sem ég kom að í gær er ég lagði fyrirspurn fyrir formann menntamálanefndar um hvort réttindi starfsmanna yrðu áfram tryggð með setningu þessara laga. Hér kemur alveg skýrt fram að svo geti aldrei orðið.

Það má vera að ég sé búinn að finna punktinn í þessu, að fylgjendur frumvarpsins hafi vitað að réttarstaðan mundi skerðast. Væntanlega er það þá það sem menn hafa ætlað sér. En jafnframt hlýtur sú réttaróvissa sem þarna skapast

að kalla yfir ríkið kærur og dóma. Hvernig menn ætla að snúa sig út úr því er mér ekki ljóst en ég tel algjörlega ótækt, herra forseti, að þetta frumvarp verði samþykkt með þessa miklu óvissu sem ég hef bent hér á.

Í þessu áliti segir jafnframt að í ákvæði til bráðabirgða II um starfsmannamálin að Ríkisútvarpið ohf. skuli „bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins".

Hér er ekkert talað um hvaða störf það eru, hvort þau séu þau sömu eða sambærileg. Það er einfaldlega talað um störf þannig að útvarpsstjóri getur gert nákvæmlega það sem honum sýnist með núverandi starfsmenn. Yfirleitt hefur verið tekið fram að um skuli vera að ræða sömu störf eða a.m.k. sambærileg. Menn hafa getað sæst á að slíkt orð komi fram í tilfelli sem þessu. Það hefur verið reynt að fá það í gegn en alls ekki verið samþykkt.

Það skal vera alveg á hreinu að þó að þessi svokölluðu aðilaskiptalög eigi að tryggja mönnum óbreytt kjör við breytingu er væntanlega hugsunin á bak við aðilaskiptalögin sú að menn gegni sömu störfum og áður. Þarna er greinilega verið að skauta fram hjá því lagaákvæði sem er í aðilaskiptalögum að menn eigi að fá sömu kjör og er skilningur lögfræðinga sá að þá eigi menn að fara áfram í sömu störf. Þarna er búið að tryggja það að útvarpsstjóri ræður algjörlega sjálfur hvort hann bjóði sömu mönnum sömu störf og hefur þarna enn einn möguleikann til að losa sig við starfsfólk, ef sú er hugmyndin, og það er með því að bjóða manni mun lakara eða mun minna áhugavert starf. Þrátt fyrir að aðilaskiptalögin tryggi að það verði að greiða sömu laun er þarna með þessu orðalagi „Ríkisútvarpið ohf. skal bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins" verið að tryggja enn og aftur útgönguleið fyrir útvarpsstjóra til að ráða og reka fólk — þá sérstaklega hér að reka fólk — eins og honum sýnist eða að draga úr áhuga fólks á að starfa fyrir fyrirtækið.

Það kemur fram í þessari álitsgerð, eins og margur hefur bent á, að í raun er alveg ótrúlega lítið fjallað um réttindi starfsmanna í frumvarpinu, sennilega gert til þess m.a. að draga athygli frá þeim eða reyna það sem hefur að vísu ekki tekist. Það er alveg greinilegt og ég er búinn að margbenda á það hér og hef margbent á ákveðin atriði sem styðja þá kenningu mína að önnur ástæðan af tveimur fyrir þessu frumvarpi um Ríkisútvarpið ohf. sé að skerða réttindi og kjör starfsmanna.

Það hefur margoft komið fram að það sé mjög mikilvægt að löggjafinn, Alþingi, veiti leiðbeiningar, ef ekki í sjálfum lagatextanum eða í greinargerð þá t.d. í nefndaráliti, um hvernig skuli fara að í þeim álitamálum sem upp kunna að koma. Því miður er ekki að finna neitt um það í nefndaráliti meiri hlutans að menn séu að reyna að upplýsa um möguleg álitamál er varða kjör og réttindi starfsmanna. Og ósköp er nýjasta nefndarálitið snautlegt, að vísu er hér talað um framhaldsnefndarálit.

Það dugar alls ekki, eins og í þessu tilfelli í þessu frumvarpi, að vísa einungis til annarra laga, þ.e. að vísa í aðilaskiptalögin, hafi menn einhverjar athugasemdir eða fyrirspurnir varðandi réttindi starfsfólks. Það á að fást ótvírætt úr því skorið, herra forseti, í þessu frumvarpi, annaðhvort í lagatexta eða greinargerð, að lágmarki í nefndaráliti, um örlög starfsmanna, þ.e. hvaða áhrif þessi lagasetning muni hafa á kaup þeirra og kjör. Það á að vera alveg skýrt, það er hefð fyrir því, það er ætlast til þess við lagasetningu, en því er ekki hlítt hér frekar en mörgu öðru og það gefur tilefni, eins og ég hef bent á, til deilna og væntanlega dóma sem ómögulegt er að segja hvað muni kosta þjóðfélagið í framtíðinni.

Ég minntist hér líka á biðlaunaréttinn og biðlaunaréttindin. Lára sér ástæðu til að taka það sérstaklega fyrir hér í greinargerð til starfsmanna Ríkisútvarpsins. Það er eiginlega sama hvar maður ber niður, herra forseti, í greinargerðum eða umsögnum varðandi starfsmannamál, gögn eru nokkuð samhljóða um hvaða réttindi er verið að skerða nái frumvarpið óbreytt fram að ganga. Þess vegna hlýtur maður að draga af því þá ályktun að þetta sé vísvitandi gert þar sem margoft er búið að benda á þessi afbrigði í ræðu og riti, í fjölmiðlum og annars staðar. Ef ekki er vilji til þess að taka tillit til þessara atriða varðandi skerðingar á réttindum og kjörum starfsmanna, skerðingar sem hljótist af þessu frumvarpi, hlýtur það að vera vísvitandi gert að stofna til þeirra.

Varðandi biðlaunaréttindin er réttilega bent á í greinargerðinni að starfsmenn á almennum markaði eigi ekki slík réttindi og þegar ríkisstofnun er gerð að hlutafélagi fellur þessi réttur, biðlaunaréttindin, einfaldlega niður.

Að vísu segir í frumvarpinu um biðlaunaréttinn í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II, með leyfi forseta:

„Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2009."

Já, en hvað með 2010, hvernig fundu menn út þessa dagsetningu 31. desember 2009? Af hverju ekki síðar? Hér eru engar skýringar á því. Það er eins og að þarna sé verið að skutla í menn 1–2 árum til að sætta einhverja hluti en að sjálfsögðu dugir þetta alls ekki til þess.

Það kemur fram í álitsgerð Láru þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Velji starfsmaður sem á rétt á biðlaunum að vinna áfram hjá ohf. heldur hann biðlaunarétti sínum til 31. desember 2009 skv. frumvarpinu. Hér er verið að teygja reglur um opinbera starfsmenn yfir á starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Fyrst löggjafinn er reiðubúinn til þess, þá má spyrja hvers vegna miða skuli við 31. desember 2009. Hvort ekki megi tryggja starfsmönnum hlutafélagsins biðlaunarétt framvegis með sama hætti og opinberir starfsmenn almennt njóta. Eðlilegt er að starfsmenn setji þetta fram sem þeirra kröfu í málinu."

Ég held að það hljóti að hafa verið þarna sem menn, eins og ég segi, köstuðu einhverjum konfektmolum, að fara einhverja millileið, teygja sig frá réttindum starfsmanna á opinberum vinnumarkaði yfir á hinn almenna. Ég get alls ekki skilið að nokkur starfsmaður geti sætt sig við þessa niðurstöðu og ég get ekki annað en velt því alvarlega fyrir mér, frú forseti, hver í ósköpunum sé í raun og veru hugur menntamálaráðherra með frumvarpi eins og þessu. Ég hef hér farið nokkuð ítarlega yfir og bent á atriði sem eru alveg skýr til þess að skerða réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins. Það er sérstakt að yfirmaður Ríkisútvarpsins, sem er að sjálfsögðu menntamálaráðherra, skuli sjá ástæðu til að

ganga svona harkalega að sínu eigin starfsfólki. Er þetta ábending um að einhver hreinsun eigi að koma til? Eru þarna starfsmenn sem eru óhliðhollir menntamálaráðherra pólitískt? Hver er ástæðan fyrir því að ráðherra tekur þann pól í hæðina að leggja fram frumvarp sem sker starfsmenn svona harkalega niður í réttindum þeirra og kjörum? Í gegnum tíðina hafa opinberir starfsmenn oft litið þannig á að þeir séu með ögn lægri laun en tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði og það hafi verið vegið upp með ýmsum öðrum réttindum fyrst og fremst. Síðustu áratugi hefur oft verið minnst á að það sé ákveðið starfsöryggi, það sé a.m.k. meira starfsöryggi hjá hinu opinbera en á almennum vinnumarkaði, og það er það vissulega, síðan komi inn í þetta aukinn veikindaréttur, lífeyrismál o.s.frv. Það hefur alltaf verið, þegjandi eða ekki, það samkomulag milli ríkisvaldsins og hagsmunasamtaka opinberra starfsmanna að þó að krónutalan sé kannski eitthvað ögn lægri en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði séu í kjarasamningum og í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ýmis ákvæði, ýmis réttindi sem vega upp hin beinhörðu laun. Má þar m.a. nefna fæðingarorlofið þar sem opinberir starfsmenn fá orlof ofan á þann tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi en svo er ekki hjá starfsfólki á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta er sú leið sem hefur verið farin í áratugi og þeir sem hafa starfað hjá hinu opinbera hafa látið sig miklu skipta þessi góðu réttindi sem hefur samist um í áranna rás.

Þess vegna er það að þegar ráðherrann tekur sig til og vill skerða þessi réttindi er ráðherra í sjálfu sér beint að skerða launakjör starfsmanna. Enn og aftur er ég búinn að benda á það, herra forseti, að það er alls ekki rétt sem hér hefur verið haldið fram, m.a. af formanni menntamálanefndar, að kjör og réttindi starfsmanna skerðist ekki verði þetta frumvarp að lögum. Það er alls ekki rétt, þetta mun m.a. þýða óbeina launaskerðingu.

Í þessari samantekt kemur fram, eins og ég benti á rétt áðan varðandi fæðingarorlofið, að það er mismunandi réttur milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði þar sem starfsmenn á almennum vinnumarkaði sem eru í fæðingarorlofi fá ekki orlofslaunin greidd ofan á þann tíma. Margur reynir oft að segja að það sé svo mikil ósanngirni á milli samninga á almennum vinnumarkaði og hinum opinbera. Ef svo er, af hverju þá að fara þá leið að fækka starfsmönnum með einu stykki lagafrumvarpi? Ef þetta er ósanngjarnt, af hverju er þá ekki reynt að semja upp á nýtt? Af hverju er verið að koma, eins og bent hefur verið á, aftan að starfsmönnum? Af hverju setjast menn ekki hreinlega niður og endurskoða þau atriði sem menn eru ósáttir við? Af hverju fara menn í þennan feluleik og laumast til að skera harkalega niður launakjör opinberra starfsmanna og þá sérstaklega í þessu tilfelli starfsmanna Ríkisútvarpsins? Það er að sjálfsögðu mun réttara að breyta frekar almennum lögum en fara þessa bakdyraleið.

Eitt af því sem Lára bendir starfsfólki Ríkisútvarpsins á, og hefði ekki veitt af að hæstv. menntamálaráðherra hlustaði á, er að passa þarf, sérstaklega varðandi starfsmenn hjá Ríkisútvarpinu ohf., að starfsmenn haldi öllum sínum áunnu réttindum og starfsaldurinn þarf að sjálfsögðu að teljast alveg frá upphafsdegi ráðningar hjá RÚV og öll önnur ávinnsla réttinda.

Eins og ég minntist á áðan, herra forseti, skipta öll þessi réttindi sem ég hef tæpt hér á opinbera starfsmenn gífurlega miklu máli. Þau eru í hugum starfsmanna Ríkisútvarpsins laun. Menn hafa notað orðið „kjör“. Þessi kjör telja starfsmenn Ríkisútvarpsins til launa. Þeir sætta sig við ögn lægri laun en á almennum vinnumarkaði en í staðinn er það vegið upp með því sem var og ég minntist á hér áðan — þótti mest um vert á árum áður — starfsöryggi. Eins og menntamálaráðherra og ríkisvaldið láta núna og hafa látið síðustu missiri er greinilega hvergi orðið starfsöryggi lengur hjá ríkisstofnun. Ef þetta frumvarp verður samþykkt, hvað kemur þá næst?

Samþykkt eða ekki. Eins og kerfið er í dag, herra forseti, er búið að tilkynna okkur það nokkuð skýrt í þessum svokölluðu herlögum sem minnst var á hér í dag að þingið skuli ekkert annað gera fyrr en það hefur lokið við að ræða þetta mál út og öllu öðru vísað til hliðar. Þvingunin er algjör. Þvingun og hótun, ekkert annað skal tekið á dagskrá. Það hlýtur að vera, herra forseti, ámælisvert að taka upp slík vinnubrögð og sérstaklega að þau skuli vera samþykkt af forseta þingsins.

Í þessari greinargerð er minnst á veikindarétt og veit ég til þess eftir samtöl við starfsmenn Ríkisútvarpsins að það veldur þeim miklum áhyggjum að breyting yfir í Ríkisútvarpið ohf. muni skerða veikindarétt þeirra starfsmanna.

Hið sama á við um orlofsréttinn. Betur hefur tekist til í samningum hjá samtökum BHM og BSRB varðandi orlofsrétt en á almennum vinnumarkaði og gjörsamlega ótækt ef það á að skerða þau kjör með þessu frumvarpi.

Í greinargerðinni sér Lára V. Júlíusdóttir ástæðu til að taka sérstaklega fyrir aðild að stéttarfélögum. Ég held að það sé rétt að ég lesi þetta bara hreinlega hérna upp, þetta er stutt og laggott, með leyfi herra forseta:

„Starfsmenn RÚV eru nú félagsmenn allnokkurra stéttarfélaga. Þau helstu eru Félag fréttamanna, Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins, Rafiðnaðarsamband Íslands, Útgarður, Efling, Stéttarfélag verkfræðinga og Kjarafélag tæknifræðinga. Nokkur þessara félaga, Félag fréttamanna, Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins og Útgarður, eru alfarið félög opinberra starfsmanna og þau tvö fyrstnefndu væntanlega að stærstum hluta til einungis félög þeirra sem eru í starfi hjá RÚV. Þau starfa ekki á almennum vinnumarkaði og gera ekki kjarasamninga við aðra en fjármálaráðuneytið. Við breytingu á RÚV yfir í hlutafélag er ein leiðin fyrir þessi félög að breyta lögum sínum og aðlaga þau því að þau hafi kjarasamningsumboð fyrir félagsmenn sína á grundvelli laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Önnur leið væri sú að tvö fyrsttöldu félögin leystust upp en félagsmenn allra félaganna færu í þau stéttarfélög á almennum vinnumarkaði sem semja fyrir sambærileg störf annars staðar. Þau félög væru þá helst RSÍ og VR. Starfsmenn RÚV sem nú eru félagsmenn RSÍ, Eflingar, Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags tæknifræðinga þurfa væntanlega ekki að hafa áhyggjur af félagsaðild sinni í þeim félögum þar sem þau gera nú þegar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Rétt er að taka fram að lögin um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, eiga að tryggja

öllum starfsmönnum RÚV óbreytt kjör út kjarasamningstímabilið.“

(**Forseti** (JónK)**:** Ég vil beina því til hv. þingmanna að trufla ekki ræðumann, tala aðeins á lægri nótum.)

Þakka þér fyrir það, herra forseti. Ég held að ég sé gjörsamlega búinn að gleyma hvar ég var þannig að ég held að ég verði að byrja upp á nýtt. (**Gripið fram í:** Trufluðum við svona voðalega?) (Gripið fram í.)

Það sem ég var að tala um, herra forseti, var aðild starfsmanna RÚV að stéttarfélögum. Hér eru leiddar líkur að því að ef RÚV verður breytt í hlutafélag geti það leyst upp nokkur stéttarfélög. Þá er væntanlega verið að tala um Félag fréttamanna og Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins. Þetta finnst mér mjög athyglivert, herra forseti. Og enn og aftur erum við komin hér að punkti sem ég minntist á í upphafi ræðu minnar að ég mundi benda á. Ég er að tala um einbeittan vilja yfirvalda til að setja þessi lög um Ríkisútvarpið ohf., annars vegar til þess að undirbúa sölu á því og hins vegar til að skerða réttindi og kjör opinberra starfsmanna.

Hér er lögfræðingur að leiða líkur að því að verði þetta frumvarp samþykkt þýði það mögulega að tvö stéttarfélög verði leyst upp. Það yrðu Félag fréttamanna og Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins. Hér erum við enn og aftur komin að kjarna málsins. Það hefur verið nokkuð ljóst síðustu missirin að margur, sérstaklega þeir sem teljast til Sjálfstæðisflokksins, sjái ofsjónum yfir stéttarfélögum í dag og vilji hreinlega losna við þau. Ég held að hér séum við komin að þeim punkti að verði þetta frumvarp samþykkt sé möguleiki á að hér sé Sjálfstæðisflokkurinn búinn að fækka um tvö starfsmannafélög, þ.e. Félag fréttamanna og Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins.

Hvers vegna? Mér er hulin ráðgáta þessi áhersla á að reyna að ná niður stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Ég held enn og aftur að það sé einfaldlega liður í einkavæðingu og einstaklingshyggju að ganga svona langt.

En þetta er þó a.m.k. komið á blað, herra forseti, og mér fyndist rétt að forsvarsmenn frumvarpsins svöruðu því hreinlega hvort þarna sé ekki enn og aftur búið að finna megintilganginn með þessu frumvarpi, þ.e. að fækka stéttarfélögum í landinu.

Þá erum við komin að ráðningarsamningum. Í greinargerðinni ráðleggur lögfræðingurinn starfsmönnum að gera ráðningarsamning, að sjálfsögðu, en að það sé skýrt og nákvæmlega tekið fram í honum um öll réttindi hans, þau réttindi sem starfsmaðurinn er búinn að ávinna sér, upphafstími ráðningar og lífeyrisréttindi, biðlaunaréttindi, áunninn veikindaréttur, orlofsréttur, uppsagnarréttur og viðbótarréttur vegna fæðingarorlofs.

Jafnframt er talin ástæða til að taka sérstaklega fram í hvaða stéttarfélagi viðkomandi starfsmaður vill vera og gæti það orðið snúið ef verður af því sem leitt er að líkum að þetta frumvarp muni valda því að tvö félög þurfi að leggjast hreinlega niður.

Mér vitanlega, herra forseti, hafa ekki enn þá fengist svör við spurningum starfsmanna um hvort þeir fái áfram að vera í sömu stéttarfélögum. Þeir hafa óskað sérstaklega eftir því að fá að vera áfram í sömu stéttarfélögum og að samningsaðilar fyrir þeirra hönd séu áfram samtökin BHM og BSRB. Þessu hefur ekki verið svarað skýrt svo óyggjandi sé, einhverra ástæðna vegna.

Þetta síðasta sem ég minntist á, varðandi samningsréttinn, er einmitt sérstaklega tekið fram í umsögn Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins um þetta frumvarp, þar sem þeir taka fram að þeir vilji halda samningsrétti sínum fyrir hönd núverandi starfsmanna og þeirra sem ráðnir verða eftir breytingu á rekstrarformi. Jafnframt tekur Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins það skýrt fram að þeir vilji áfram vera innan raða BSRB.

Þessu hefur í sjálfu sér ekki verið svarað enda er hvort tveggja í lausu lofti. Þeir taka jafnframt fram að þeir vilji að félagsmenn, bæði núverandi og þeir sem verða ráðnir eftir breytingar á rekstrarformi, verði í lífeyrissjóði starfsmanna. Að auki leggur félagið áherslu á að allir félagsmenn haldi núverandi réttindum sínum og vill að þeim verði boðin sömu eða sambærileg störf eftir breytingu. Að öðru leyti vísa þeir til umsagna þeirra sem ég hef farið yfir hér í dag, umsagna BHM og BSRB.

Þarna koma alveg skýrt fram óskir starfsmanna og þeir leggja sérstaklega áherslu á að þeim verði boðin sömu eða sambærileg störf eftir breytingu. Einhverra hluta vegna hefur hvorki menntamálaráðherra né menntamálanefnd séð ástæðu til að taka fram varðandi störf annað en það að núverandi starfsmönnum verði boðin störf hjá RÚV ohf.

Það er algjörlega óásættanlegt að ekki skuli tekið fram að þótt ekki sé um sömu störf að ræða séu það a.m.k. sambærileg störf, því að eins og ég fór yfir áðan, herra forseti, verð ég að ítreka enn og aftur áhyggjur mínar af því hvað geti gerst varðandi starfsfólkið ef þetta frumvarp verður samþykkt. Það er ekki nóg með að áminningarferlið, andmælaréttur og allt slíkt falli niður þannig að útvarpsstjóri geti rekið menn þegar honum sýnist, heldur er þarna opnaður sá möguleiki að starfsfólki sé bara boðið eitthvert starf jafnvel þótt útvarpsstjóri viti fyrir fram að það sé starf sem starfsmanni hugnist ekki og finnist hann jafnvel færður niður eða að hann gagnist kannski ekki vel í því starfi. Það er eiginlega alveg sama hvar maður ber niður, í þessu frumvarpi eru alls staðar gildrur sem ganga út á það eitt að skerða kjör og réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Eins og ég hef áður sagt má vel vera að hv. menntamálanefnd hafi ekki áttað sig á þessu en hefði að sjálfsögðu átt að gera það með því að fara vel yfir þau gögn og ábendingar sem nefndinni hafa borist. Þrátt fyrir að ráðherra og fleiri hrósi sér fyrir það í þessu frumvarpi hversu margir gestir komu fyrir menntamálanefnd — það er að vísu óhætt að segja það og ég hef sagt það áður varðandi störf formanns menntamálanefndar að það er jákvætt hversu viljugur hann hefur verið til að kalla fólk fyrir nefndina og kalla eftir upplýsingum og öðru þó að stundum hafi það kannski verið seint og um síðir, — þá er samt athyglisvert að ekki er að sjá, miðað við þær breytingar sem menntamálanefnd hefur gert á frumvarpinu á milli umræðna og eftir að hafa átt samtöl við fjölda gesta og fengið álit þeirra, að nefndarmenn hafi mikið hlustað á þá eða fundist mikið til um þær athugasemdir sem borist hafa. Það hafa sáralitlar breytingar verið gerðar og í raun og veru sjá það allir sem vilja að þær breytingar sem hafa verið gerðar hafa annaðhvort verið til að leiðrétta einhver tæknileg mistök eða eru meira einhver sýndarmennska.

Okkur hefur að sjálfsögðu líka borist umsögn frá sjálfum útvarpsstjóra, sem er svolítið merkilegt af því að væntanlega hefur hann komið mikið að samningu frumvarpsins.

Hér segir m.a. í umsögn frá útvarpsstjóra, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er tekið á flestum atriðum sem máli skipta og þeim yfirleitt vel fyrir komið.“

Atriði sem máli skipta? Þarna er útvarpsstjóri að sjálfsögðu hollur sjálfum sér eða húsbónda sínum, því það er ekki tekið á öllum atriðum sem máli skipta, það er alls ekki tekið nægilega vel á málefnum starfsfólks. Það er ekki er hægt annað en að kíma yfir þessum orðum í umsögn útvarpsstjóra. Hér er heldur ekkert um starfsfólkið og skyldi engan undra þó að útvarpsstjóri sjái ekki ástæðu til að tala um það í þessu frumvarpi. Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar yfir þessa umsögn.

Margir hafa velt upp atriðum sem gætu átt eftir að kosta mikið streð í framtíðinni fyrir Ríkisútvarpið, atriðum sem eiga eftir að kosta kærur og jafnvel dóma á hendur Ríkisútvarpinu. Ég hef farið yfir nokkur þeirra en því miður er ekki á það hlustað.

Það hefur líka verið minnst á það í dag að starfsfólk Ríkisútvarpsins hafi lýst yfir stuðningi við frumvarpið. Starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa ekki lýst yfir stuðningi við frumvarpið óbreytt. Það dugir alls ekki að reyna að tjá þeim með nokkrum orðum útvarpsstjóra að réttindi þeirra séu tryggð því að þessi setning er of stutt hjá útvarpsstjóra. Tryggð hve lengi? Þau eru tryggð þangað til næsti kjarasamningur er gerður sem er eftir eitt ár. Það er allur sannleikurinn og er hluti af ástæðunni fyrir því hversu mikið liggur á þessu frumvarpi, m.a. að keyra það í gegn áður en samningar eru lausir, sem yrði væntanlega 2008, og þá mundu öll þau atriði sem ég og fleiri höfum bent á hér varðandi réttindi og skyldur starfsmanna dragast inn í kjarasamningana o.s.frv. Það er nokkuð ljóst að það er hluti af ástæðunni fyrir þessum hamagangi, því að eins og komið hefur fram hefur verið tekið alveg skýrt fram að þingheimur mun ekki ræða um neitt annað á hinu háa Alþingi fyrr en að þessari umræðu er lokið og allt sett úr skorðum.

Herra forseti. Ég er hér með umsögn frá Félagi fréttamanna um frumvarpið. Þar tekur félagið alveg sérstaklega fram að það fari þess á leit við menntamálanefnd að hún skoði eða eins og þar er sagt að horft verði alvarlega til þeirra atriða sem nefnd eru þar varðandi meðferð frumvarpsins og að gerðar verði breytingartillögur við frumvarpið milli 1. og 2. umr. Þetta var ritað 6. nóvember sl.

Breytingar í þessa átt voru ekki gerðar. Menntamálanefnd sá ekki ástæðu til að gera breytingar í samræmi við þær ábendingar sem komu fram frá forsvarsmönnum Félags fréttamanna þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir því að horft yrði alvarlega til þessara atriða.

Nú er ég hættur að ræða um starfsmenn almennt og farinn að ræða þetta þrengra og er kominn að ákveðnum starfsmönnum útvarpsins sem eru fréttamenn. Ég sé ekki ástæðu til að að taka úr þessu helstu atriðin, herra forseti, ég ætla að leyfa mér að lesa hér upp að mestu leyti þau atriði sem Félag fréttamanna sá ástæðu til að óska eftir að tekið yrði tillit til við meðferð frumvarpsins hjá menntamálanefnd. Þeim er skipt í tvennt, það eru annars vegar réttindaleg atriði og hins vegar fagleg atriði. Ég held að það hljóti að verða svo að þegar ég er búinn að fara yfir þessi atriði líka þá fari að renna upp ljós fyrir alhörðustu meðmælendum frumvarpsins hversu gífurlega skerðingu hér er um að ræða á kjörum og réttindum starfsmanna RÚV. Ég velti því upp hvort það sé viljandi eða óviljandi. Ef þingmenn hafa ekki áhuga á að taka þessi atriði upp og lagfæra frumvarpið hlýtur það að vera viljandi.

Í umsögn frá Félagi fréttamanna, sem var rituð 6. nóvember sl., varðandi réttindaleg atriði segir, með leyfi forseta:

„Félag fréttamanna leggur áherslu á að tilvist félagsins verði viðurkennd sem bæði fagfélag fréttamanna og stéttarfélag sem fer með umboð til að ganga til kjarasamninga fyrir hönd fréttamanna, hvort sem um slík samskipti við Ríkisútvarpið ohf. fer eftir lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.“

Það er mjög athyglisvert, herra forseti, að nefndin skuli ekki hafa séð ástæðu til að verða við þessari ábendingu frá viðurkenndu fagfélagi og stéttarfélagi fréttamanna varðandi kjarasamninga.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Félagið leggur megináherslu á að öll þau réttindi sem félagsmenn þess hafa sem starfsmenn Ríkisútvarpsins samkvæmt núgildandi lögum“ — ég vek athygli á því að við erum ekki bara að tala um kjarasamninga heldur um réttindi samkvæmt lögum — „og kjarasamningum haldist óbreytt við breytingu á rekstrarformi stofnunarinnar, þar með talið réttur fréttamanna til töku tveggja mánaða leyfis, hliðstætt samningum blaða- og fréttamanna á almenna markaðnum.“

Jafnframt segir:

„Félagið vekur athygli á því að í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II við frumvarpið segir að „Ríkisútvarpið ohf. [skuli] bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins“. Ekki er þar kveðið á um að starfsmönnum skuli boðin sömu eða sambærileg störf og þeir gegndu hjá Ríkisútvarpinu sem ríkisstofnun. Félag fréttamanna krefst þess að búið verði svo um hnúta í lagatextanum að kveðið verði á um að fréttamönnum og öðrum starfsmönnum Ríkisútvarpsins skuli boðin sömu störf hjá Ríkisútvarpinu ohf. og þeir gegndu hjá Ríkisútvarpinu sem stofnun.“

Þetta er einmitt eitt af þeim atriðum, herra forseti, sem ég hef hér ítrekað bent á að yfirleitt þegar verið er að breyta stofnunum er tekið fram að boðin skuli sömu störf eða sambærileg störf. Hvorugt er gert í þessu tilviki og það hlýtur að vera eitthvað á bak við það, einhver ástæða fyrir því að hætt er að tala um sömu störf eða sambærileg störf, það hlýtur að snúast um það að menn hafi eitthvað annað í hyggju. Annars væri búið að taka þessari ábendingu hér og frá öðrum aðilum, sem eru þó nokkuð margir, sem bent hafa á þennan galla.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Félagið leggur mikla áherslu á að kveðið verði á um í lögum um Ríkisútvarpið ohf. að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gildi áfram um starfsmenn Ríkisútvarpsins eftir rekstrarformsbreytingu yfir í opinbert hlutafélag, en það munu þau ekki gera að óbreyttu frumvarpi. Hér hefur félagið m.a. í huga þau eðlilegu rétt-

indi sem lög nr. 70/1996 kveða á um að starfsmenn hafi, svo sem um skyldu til áminningar í vissum tilvikum, sbr. 21. gr. laganna," o.s.frv.

Enn og aftur er bent á og fullyrt, herra forseti, sem mér finnst vera alvarlegt mál og ég held að hinn almenni þingmaður hafi ekki áttað sig á, að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, munu ekki gilda áfram um starfsmenn RÚV að frumvarpinu óbreyttu. Þessi fullyrðing frá Félagi fréttamanna og sem hefur komið frá mörgum öðrum stangast hressilega á við þær fullyrðingar sem flutningsmenn frumvarpsins hafa komið með. Ef menn geta deilt um það á hinu háa Alþingi hljóta menn líka að deila um það í þjóðfélaginu og þá væntanlega í framtíðinni. Ég hef þegar bent á einn dóm varðandi stofnun sem var breytt yfir í fyrirtæki þar sem menn deildu um hvort lögin um réttindi og skyldur og þá sérstaklega áminningarferlið gilti eða ekki eftir breytingu og sitt sýndist hverjum.

Hér segir alveg skýrt og er í raun meginmergur málsins, herra forseti, og ég hef sagt vera mjög alvarlegan galla, þ.e. að þetta er túlkað flutningsmönnum í hag, það sem þeim finnst vera sér í hag, það sem menntamálaráðherra finnst vera sér í hag, en sú túlkun er röng.

Það segir í frumvarpinu um Ríkisútvarpið ohf. á bls. 5, um réttindi starfsmanna í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður, frá og með 1. febrúar 2007, fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á."

Þessi málsgrein stangast algjörlega á við það sem ég hef verið að fara yfir, herra forseti. Það er einkennilegt að nefndarmenn skuli leggja fram frumvarp þegar margítrekað hefur verið bent á í mörgum umsögnum að þessi málsgrein standist einfaldlega ekki. Það kemur m.a. fram í umsögn frá Félagi fréttamanna þar sem sagði að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi ekki að óbreyttu frumvarpi. Þetta kemur alveg skýrt fram í opinberu plaggi frá Félagi fréttamanna og þetta kemur líka fram á öðrum stöðum og er rétt að ítreka að þetta stenst engan veginn. Það er mjög sérstakt að menn skuli annars vegar láta frá sér frumvarp og hins vegar það sem kannski er enn þá verra, herra forseti, að þingnefnd skuli síðan áfram láta frá sér frumvarp þar sem er alveg skýrt að þar er röng fullyrðing varðandi réttindi starfsmanna.

Þetta kemur fram hjá Félagi fréttamanna og einnig í því lögfræðiáliti sem ég fór yfir áðan þar sem segir í samantekt Láru V. Júlíusdóttur, með leyfi forseta:

„Við niðurlagningu stofnunarinnar breytist lagalegt umhverfi starfsmanna RÚV. Þeir hætta að vera opinberir starfsmenn og verða eftir það starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geta ekki gilt um starfsmennina eftir breytinguna."

Þetta er svolítið sérstakt að þrátt fyrir að þær ábendingar hafi komið og eru löngu fram komnar frá fleiri en einum aðila, frá fleiri en tveimur aðilum er alveg með ólíkindum að nefndarmenn skuli ekki taka þetta til athugunar þó ekki meira væri. Miðað við það sem ég hef bent á stemmir þessi málsgrein, 1. mgr., alls ekki um réttindi starfsmanna, í II. ákvæði til bráðabirgða. En vilji menn fara í deilur og lögfræðiátök halda menn þessu náttúrlega óbreyttu, en vilji menn forðast slíkt og standa við það sem þeir hafa sagt að réttindi um kjör starfsmanna séu tryggð eiga þeir að sjálfsögðu að draga frumvarpið til baka, þó ekki væri nema tímabundið, til að skoða sérstaklega þessa málsgrein og gera bætur á. Hún er, eins og ég hef rökstutt, röng og ekki sæmandi að senda frá sér slík lög sem menn vita fyrir fram að þeir munu aftur fá í hausinn.

Ég var að fara yfir, herra forseti, umsögn Félags fréttamanna. Það er nú svo að þessar umsagnir styðja hver aðra og styðja enn frekar við þann málflutning sem ég hef haldið á lofti og því eðlilegt að maður staldri annað slagið við til að bera þetta saman.

Í umsögn Félags fréttamanna kemur í fjórða lagi eftirfarandi fram, það er best að ég lesi þetta orðrétt, með leyfi forseta:

„Félag fréttamanna krefst þess jafnframt að kveðið verði á um það í lögum um Ríkisútvarpið ohf. að stjórnsýslulög, nr. 37/1993, muni áfram gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins eftir breytingu á rekstrarfyrirkomulagi. Þær réttarreglur valda því að ákvarðanataka í einstökum málum er varða réttindi og skyldur starfsmanna verður að byggjast á málefnalegum forsendum og röksemdum auk þess sem hafa verður í heiðri jafnræðisreglu og ýmsar formreglur sem til þess eru fallnar að tryggja starfsmönnum ákveðna réttarvernd. Slíkar reglur munu ekki gilda um Ríkisútvarpið ohf. nema skýrt sé kveðið á um það í frumvarpinu að þær gildi."

Í fimmta atriðinu sem Félag fréttamanna bendir á í umsögn sinni er minnst á biðlaunaréttinn sem ég hef farið nokkuð vel yfir fyrr í ræðu minni.

Síðan minnast þeir að sjálfsögðu á lífeyrisréttindin þar sem félagið krefst eða eins og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Varðandi lífeyrisréttindi krefst Félag fréttamanna þess að búið verði svo um hnúta með ótvíræðum hætti í lögum um Ríkisútvarpið ohf. að starfsmenn hins nýja hlutafélags, þ. á m. fréttamenn, geti áfram greitt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR)."

Að lokum minnist félagið á réttindaleg atriði, eins og aðrir hafa að sjálfsögðu gert, þ.e. veikinda- og orlofsrétt, þar sem þeir taka fram að veikinda- og orlofsréttur þeirra í dag sé samkvæmt kjarasamningum almennt mun meiri en á almennum vinnumarkaði, og að þeir sjái ástæðu til þess að í lögum verði það tryggt að réttindi starfsmanna haldist óbreytt eftir breytingu yfir í RÚV ohf.

Sumt af þessu ber merki þess að forsvarsmenn Félags fréttamanna eru ekki tilbúnir til að treysta í blindni orðum um að réttindi þeirra verði tryggð annars vegar og hins vegar vita þeir af, eins og þeir og fleiri hafa bent á, að 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða II stenst ekki þ.e. að þegar búið er að breyta því yfir í opinbert hlutafélag séu starfsmennirnir ekki lengur opinberir starfsmenn og þar af leiðandi geti lögin um opinbera starfsmenn ekki gilt. Ég hef ekki heyrt í umræðunni í dag eða gær, herra forseti, að þetta hafi verið borið til baka.

Jafnframt minnist Félag fréttamanna á fagleg atriði þar sem það óskar eftir að það sé skýrar kveðið á, skýrt og með

ótvíræðum hætti kveðið á um skyldur þeirra. Þetta er athyglisvert.

Það segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Félag fréttamanna leggur áherslu á að í 3. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins, verði kveðið með skýrum og ótvíræðum hætti á um að meðal þeirra skyldna sé „að starfrækja almenna, víðtæka, sjálfstæða og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni á hljóðvarps- og sjónvarpsformi", en þessa atriðis sér ekki með skýrum hætti stað í frumvarpinu eins og það er nú. Leggur félagið til að ákvæði þessa efnis verði bætt við frumvarpið."

Það er eiginlega alveg sama, herra forseti, hvar borið er niður, hvaða ábendingar koma og frá hverjum þær koma, það virðist ekki vera hlustað og rennir það þá enn og aftur stoðum undir það sem ég fór yfir fyrr í ræðu minni, þær athugasemdir sem varaþingmaður Framsóknarflokksins kom með í fjölmiðlum í gær og fyrradag, ef ég man rétt, þar sem hún lýsir í raun vantrausti á störf þingsins sem er að sjálfsögðu að stórum hluta stjórnað af hennar eigin flokksmönnum, þar sem Eygló Haraldsdóttir, varaþingmaður Framsóknarflokksins, lýsir því að frumvörpin komi í sjálfu sér tilbúin frá ráðuneytinu og að hennar mati frá þá einhverjum ákveðnum starfsmanni ráðuneytisins. Hún tók það sérstaklega fram að tilfinning hennar væri sú að þegar frumvarp er tekið til umræðu í nefnd telji starfsmenn ráðuneytis nánast óþarfi fyrir nefndarmenn að vera að krukka í frumvarpið. Það er svolítið sérstakt að varaþingmaður Framsóknarflokksins skuli sjá ástæðu til að kveðja sér hljóðs til að opinbera þetta, ég veit ekki hvort á að segja hernaðarleyndarmál, en manni dettur í hug að nota það orðatiltæki þegar menn eru farnir að tala um herlög á Alþingi.

Það er svolítið sérstakt að varaþingmaður Framsóknarflokksins skuli sjá ástæðu til að fara yfir málsmeðferð á Alþingi flokks síns, nema að hún sé þá að deila sérstaklega á Sjálfstæðisflokkinn. Ekki skal ég segja um það. En fyrir mörgum er það orðið eitt og hið sama í dag.

En það er mjög sérstakt að varaþingmaður Framsóknarflokksins skuli opinbera í fjölmiðlum þann skilning sinn á starfsháttum Alþingis að frumvarp sem komi til umræðu á Alþingi, að það sé fullmótað, komi fullmótað frá ráðherra, frá ákveðnum starfsmanni ráðuneytis og það sé hreinlega ekki ætlast til þess að neitt sé hróflað við því, að það sé neitt krukkað í það af þingmönnum almennt, ef ég man orð hennar rétt.

Ef það er rétt hjá Eygló Harðardóttur, varaþingmanni Framsóknarflokksins, að hinum almenna þingmanni sé alls ekki ætlað, hvorki stjórnarþingmanni né stjórnarandstöðuþingmanni, að hrófla við frumvarpi sem ráðherra hefur lagt fram þá er þetta sjónarspil sem hér er í gangi og við tökum þátt í, og sem almenningur hefur fyrir augum allt of fáa daga á ári. Því eins og við vitum er frumvarp lagt fram og yfirleitt er 1. umr. ljúf, síðan fer það til vinnslu í nefnd, þar eru kallaðir fyrir gestir, allt að 150 gestir, eins og menn hafa stært sig af mjög oft í dag. En þarna er Eygló Harðardóttir, varaþingmaður Framsóknarflokksins, í raun og veru að segja öllum þessum fjölda gesta, öllum þessum fjölda álitsgjafa sem hafa verið kallaðir til, að þeirra starf sé einfaldlega tímasóun og ekkert annað. 150 gestir, 67 eða 76 fundir hjá menntamálanefnd um Ríkisútvarpið og það muni ekki verða hlustað á einn eða neinn.

Mér finnst þetta vera háalvarlegt mál, þessi fullyrðing, frú forseti, og eflaust mundu fleiri þingmenn taka undir hana ef þetta yrði rætt alvarlega og í sjálfu sér væri ástæða til þess að taka þá umræðu sérstaklega undir Athugasemdir um störf þingsins.

En ástæðan fyrir því að ég fór út í þessar vangaveltur og að ræða þessa ábendingu er að sjálfsögðu að ég er búinn að fara yfir þó nokkuð mörg atriði sem segja okkur að þetta frumvarp skerði réttindi og kjör opinberra starfsmanna. Skerði réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins, fólks sem hefur sína kennitölu og nöfn og eru fyrirvinnur fjölskyldna sinna. Þeirra kjör verða skert.

Þrátt fyrir að allir þessir aðilar hafi eytt tíma í að undirbúa góðar umsagnir og hafi komið sem gestir fyrir menntamálanefnd, þá hafi þeir í raun og veru aldrei skipt neinu máli. Það hafi aldrei verið neinn tilgangur með því. Það er það sem varaþingmaður Framsóknarflokksins hefur fullyrt í fjölmiðlum, ekki einu sinni heldur tvisvar, að hennar upplifun af þinginu sé þannig að ef við einangrum það niður í þetta mál þá hafi þessi stóri hópur gesta aldrei skipt máli. En hæstv. menntamálaráðherra og hv. formaður menntamálanefndar og varaformaður menntamálanefndar hafa verið að hæla sér af að hafa kallað til 150 gesti, fengið umsagnir o.s.frv. Ekkert af þessu skiptir máli því það var engum ætlað að krukka í þetta frumvarp. Ég held að þetta hafi komið nokkuð ljóst fram, því þótt hægt sé að benda á að það hafi verið gerðar nokkrar breytingar þá eru þær flestar meira tæknilegs eðlis og það má segja að meiri hlutinn hafi verið píndur í að gera sumar breytingar breytinganna vegna, vegna harðrar andstöðu stjórnarandstöðunnar við frumvarpið og krafna um að menn ræði það til þaula og taki ábendingum.

Ég nefndi einnig fagleg atriði sem Félag fréttamanna ræðir um í umsögn sinni um frumvarpið RÚV ohf. Eitt af því sem er nefnt sérstaklega og mér þykir rétt að taka fram er að félagið leggi áherslu á aðgengi almennings að Ríkisútvarpinu sem opinberu hlutafélagi, að aðgangur almennings verði tryggður. Og að almenningur geti sem sagt haft áhrif á og komið skoðunum sínum á framfæri við Ríkisútvarpið ohf.

Einhverra hluta vegna sér Félag fréttamanna sérstaka ástæðu til að taka þetta fram og biðja um að skýrt sé kveðið á um slíkt aðgengi í lögunum og að sama gildi um upplýsingar um fjölmiðilinn og dagskrárstefnu hans.

En af einhverjum ástæðum, frú forseti, þá hafa menn ekki séð ástæðu til að taka þetta skýrt fram sem rennir enn og aftur stoðum undir það sem ég og fleiri hafa verið að segja, að það er í raun og veru ekkert hlustað, það er ekki ætlast til þess að aðrir en þeir sem sömdu frumvarpið í upphafi, og þá menntamálaráðherra, komi í raun og veru að gerð frumvarpsins.

Að lokum varðandi álit fréttamanna þá taka þeir einmitt fram það sem margir hafa bent á hér í dag, í gær og síðustu mánuði og ár, þeir vekja athygli á að starfssvið útvarpsstjóra er ekki skýrt skilgreint í frumvarpinu. En samt komi það í raun og veru fram og sé viðurkennt að sé þörf á slíkri skilgreiningu.

Hér segir orðrétt í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins um útvarpsstjóra að í samþykktum félagsins megi nánar skilgreina starfssvið hans. Að mati Félags fréttamanna er réttara að gera það strax í frumvarpstextanum sjálfum.

Þetta er einmitt málið. Því hefur yfirleitt verið til svarað þegar menn hafa komið með ábendingar, að það sé ekkert mál að gera það seinna, það eigi í raun og veru bara að treysta. Það er engin ástæða til þess.

Það er eitt sem er svolítið sérstakt í þessu öllu, þegar menn eru að ræða um frumvarp sem hefur tekið litlum breytingum og er verið að leggja fram í þriðja skiptið á þremur árum, þá hlýtur það að segja fólki eitthvað þegar menn aftur og aftur þverskallast við að taka ábendingum um breytingar.

Af hverju á að lesa milli línanna? Hér kemur m.a. fram hvað menn telja að sé best að sé algerlega skýrt og komi skýrt fram öllum til hagsbóta. Því öll viljum við hafa Ríkisútvarpið og ekki vantar vinsældirnar miðað við kannanir. En af hverju er ekki hlustað?

Ég taldi rétt að fara aðeins yfir faglega þætti frá Félagi fréttamanna. Ég hef aðallega verið að taka fyrir starfsmenn, ábendingar frá hagsmunasamtökum, lögfræðingum og fleirum varðandi starfsmenn og taldi rétt að taka þessa hlið líka með þar sem fagaðilar innan Ríkisútvarpsins sjá ástæðu til að koma með ábendingar. Það er svolítið sérstakt að það er eiginlega nákvæmlega sama hver kemur með ábendingar, það er ekki hlustað á neinn.

Ef það er svo mikilvægt að setja ný lög um Ríkisútvarpið þá eiga þau að sjálfsögðu að vera vönduð. Þetta er stofnun sem er 75 ára gömul, (Gripið fram í.) eða 76, 77, fæ ég leiðrétt úr salnum. Að vísu hafa lögin einhvern tímann verið endurskoðuð. En þegar menn eru að setja ný lög um allt rekstrarformið, setja jafnvel með því þjónustusamning eða annað, af hverju gera menn það þá ekki almennilega? Hvað liggur á? Svarið við því er alltaf það sama. Það er búið að ræða þetta í þaula fram og til baka.

Það er rétt, frú forseti, það er búið að ræða þetta mál töluvert mikið. Það er alveg rétt. Það er búið að varpa fram ýmsum sjónarmiðum. Ég hef m.a. sýnt fram á t.d. varðandi grein í ákvæði til bráðabirgða II að lögin stangist hreinlega á við önnur lög, sem veldur því að m.a. formaður menntamálanefndar lýsir því yfir að réttindi og kjör starfsmanna séu tryggð í þessum lögum. En það er alls ekki rétt. Flaustursgangurinn og lætin við að koma þessu í gegn eru þannig að það má ekkert stoppa.

Hvers vegna? Nú þegar ég stend hér þá rifjast upp fyrir mér þegar ég tók þátt í umræðu um svokölluð vatnalög fyrir um ári síðan. Þá voru menn skammaðir fyrir miklar umræður. En stór hluti af þeim umræðum, eins og kom í ljós seinna, var til þess fallinn að skýra frumvarpið, að skýra galla þess. Það kom í ljós þegar virkilega á reyndi og menn gáfust upp á að reyna að troða því frumvarpi hér í gegn, eða eins og þáverandi viðskiptaráðherra sagði, þegar búið var að upplýsa þjóðina loksins um grunntilgang vatnalagafrumvarpsins þá tilkynnti ráðherra að hún hefði einfaldlega misskilið frumvarpið.

Kannski varð sú mikla málefnalega umræða til þess að hæstv. ráðherra skildi frumvarpið. En það sem við sem tókum þátt í þeirri umræðu vorum að benda á var mjög alvarlegt atriði þar sem með því frumvarpi hefði ráðherra einn einfaldlega getað ráðið því hverjir fengju rétt til að virkja auðlindir í jörðu.

Af hverju leiði ég hugann að þessu? Það er vegna þess að þegar fólki liggur mikið á og tekur ekki rökum, eins og er greinilega ekki gert í umræðunni nú, hvorki í sölum Alþingis né heldur í herbergi menntamálanefndar, þá hlýtur maður alltaf að leiða hugann að því hvað sé á bak við og jafnvel hvort það sé eitthvað óhreint. Að vísu vefst það fyrir stjórnmálamönnum og er misjafnt hvað menn kalla óhreint. En þetta hlýtur að leiða hugann að því að það vaki fyrir mönnum að selja Ríkisútvarpið. Mögulega er hreinlega búið að ákveða allan þann feril. Af hverju liggur mönnum svona á að klára þetta núna ekki seinna en korteri fyrir kosningar? Eru menn búnir að ákveða framhaldið? Eru menn jafnvel búnir að ákveða hverjir verða kaupendur? Eða ætla menn mögulega að leggja það algerlega niður?

Ég veit það ekki en ég spyr, frú forseti, því að svo margt hefur komið manni á óvart varðandi vinnu í kringum þetta frumvarp alveg frá upphafi. Ég segi að sjálfsögðu „þetta frumvarp“ því að þótt bætt hafi verið við eða færður til bókstafur þá er þetta sama frumvarpið og fyrir þremur árum og ég held að á bak við leynist frumvarpið frá því fyrir fjórum árum þegar þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu fram tillögu um að einkavæða Ríkisútvarpið.

Fleiri hafa sent inn umsagnir en af einhverjum ástæðum hafa þær ekki hlotið náð fyrir augum menntamálanefndar. Þetta ber allt að sama brunni. Ég er búinn að telja upp atriði varðandi starfsmennina, þau eru margítrekuð af mörgum aðilum og sérstaklega þetta. Ég tók eftir því að þingmaður Sjálfstæðisflokksins yfirgaf salinn þegar ég fór sérstaklega yfir það að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi ekki lengur um starfsmennina verði frumvarpið samþykkt óbreytt. Þar eru atriði sem eiga í sjálfu sér alveg að duga til að frumvarpið verði tekið aftur inn í nefnd og endurskoðað þar því að þarna á eftir að skapast lagaleg flækja.

Helstu atriði sem falla niður af þessum sökum eru eins og ég hef minnst á andmælaréttur, áminningarskylda, rökstuðningur fyrir uppsögn, auglýsingaskylda á lausum störfum, aðgangur almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda, uppsagnarfrestur og þagnarskylda. Eitt sem ég minntist lauslega á fyrr í dag, frú forseti, og er ástæða til að endurtaka er það að eins og fram kemur í þessum umsögnum að verði frumvarpið að lögum fellur niður sú krafa á útvarpsstjóra að auglýsa laus störf, auglýsa eftir starfsfólki. Benti ég jafnvel á nokkuð merka staðfestingu á því að útvarpsstjóri væri í raun og veru byrjaður, eins og menn gáfu í skyn í dag en fundu þess kannski ekki stað, að starfa eftir frumvarpinu, frumvarpi sem aldrei verður samþykkt, frumvarpi sem útvarpsstjóri er búinn að ákveða að verði samþykkt og hefur verið mjög meðmæltur.

Fyrr í dag komu upp þær vangaveltur hvort það lægi svona mikið á vegna þess að útvarpsstjóra hefði hreinlega verið lofað þegar hann var ráðinn til starfa hjá Ríkisútvarpinu að þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu yrðu að lögum hvað sem hver segði. Alla vega er alveg ljóst að útvarpsstjóri er nú þegar búinn að ákveða að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gildi ekki, þrátt fyrir það, eins og ég benti á áðan, að í frumvarpinu komi það skýrt

fram í ákvæði til bráðabirgða II að þau lög eigi að gilda.

Ég benti á það fyrr í máli mínu að nokkrir aðilar, þar á meðal löglærðir aðilar, hafi ítrekað bent á að verði frumvarpið að lögum muni lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sjálfkrafa falla niður þar sem þeir teljist ekki lengur opinberir starfsmenn. Menn geta deilt um það en ef ég hef rangt fyrir mér að þau falli ekki niður, þ.e. að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna haldi ef frumvarpið verður að lögum, hvernig stendur þá á því að útvarpsstjóri er byrjaður að ráða fólk án þess að uppfylla ákveðna kröfu um auglýsingaskyldu, að auglýsa störf? Ef það er rétt að þessi lög gildi áfram um Ríkisútvarpið af hverju er útvarpsstjóri þá nú þegar byrjaður að svína á þeim?

Velji menn nú, hvort halda þau áfram eins og flutningsmenn hafa fullyrt eða falla úr gildi? Eiga þau ekki lengur við eins og lögfræðingar hafa bent á og ég hef hér reifað? Hvort heldur er, hvernig í ósköpunum stendur á því að útvarpsstjóri er þegar byrjaður að vinna eftir frumvarpinu og jafnvel að brjóta ákvæði um réttindi starfsmanna þar sem hann hefur þegar ráðið starfsfólk án þess að auglýsa störfin?

Hvers vegna segi ég þetta, frú forseti? Jú, þetta kemur fram í viðtali í Viðskiptablaðinu föstudaginn 16. desember 2005. Ég hafði nú ekki séð fyrstu setninguna en hér er mynd af útvarpsstjóra og þar stendur, að vísu í texta fyrir neðan, að hann verði valdamesti útvarpsstjóri sem Ríkisútvarpið hafi haft ef lögin taki gildi. Það var nú ekki það sem ég ætlaði að benda á, frú forseti, ég ætlaði að vitna í viðtalið þar sem þetta kemur fram orðrétt, með leyfi forseta:

„Páll segir að ný lög auki möguleika stofnunarinnar til þess að keppa um starfsfólk. „Ég hafði reyndar ekki þolinmæði til að bíða eftir lagabreytingunni til að bregðast við vegna ráðningar starfsfólks í Kastljós"." Síðar segir: „Ég hefði þá þurft að byrja á því að auglýsa stöður."

Hér viðurkennir útvarpsstjóri, og hlýtur að fá ámæli fyrir það, að hafa nú þegar brotið lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna um að auglýsa eigi stöður.

Ég hef jafnframt farið hér yfir þá staðreynd, sem við höfum reynt að vara við á undanförnum missirum, að það muni koma upp deilur, verði frumvarpið að lögum, á milli starfsmanna og stjórnenda en það hefur nú þegar gerst í fleiri en einu tilfelli. Ljósasta dæmið í dag er að sjálfsögðu hjá Matís, sem er í dag hlutafélag fyrir það sem áður hét Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir í Keldnaholti og Rannsóknarstofa Umhverfisstofnunar. Þær stofnanir voru sameinaðar og gerðar að hlutafélagi. Þessu var að sjálfsögðu mótmælt af stéttarfélögum á sínum tíma og eitt af því sem menn höfðu áhyggjur af og er komið fram er það að stjórnendur Matís höfðu ekki áhuga á að virða þann rétt starfsmanna að vera í stéttarfélögum. Og það hefur komið á daginn að stjórnendur Matís hafa ekki áhuga á að semja við starfsmenn í gegnum gömlu stéttarfélögin heldur, eins og það hefur verið orðað hér, króa stjórnendur starfsfólkið af og reyna að gera samninga við hvern og einn. Slíkir samningar eru væntanlega bundnir þagnarskyldu, svokallaðri launaleynd, og eru ekki þekktir fyrir að vera til góðs fyrir starfsfólkið og alls ekki fyrir konur því að launaleynd er talin bitna hvað helst á konum, þ.e. að hún stuðli að kynbundnu launamisrétti.

Úr því að við erum farin að tala um Matís — og það hlýtur að vera eðlilegt, frú forseti, að menn tali um það fyrirtæki sem er í þeim vaxtarverkjum núna sem fyrirtæki lenda í eftir að þeim hefur verið breytt í opinber hlutafélög með loforðum um réttindi starfsmanna o.s.frv. — þá finnst mér mjög athyglivert að í frumvarpi til laga um stofnun Matís kemur fram mjög veigamikill punktur sem rennir stoðum undir það að stjórnendur opinberra fyrirtækja í dag og þeir sem ráða í dag, þ.e. stjórnvöld, vilji koma stéttarfélögum á kné og skerða, eins og ég hef margoft reynt að segja mönnum hér, réttindi og kjör starfsmanna. Því það segir, frú forseti, í athugasemdum við frumvarpið, í kafla 7.1 um hlutafélagaformið sem er nokkuð góður kafli, neðsta línan er að sjálfsögðu aðalatriðið en til að ná samhengi ætla ég að fá að lesa hér orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórnendur hjá A-hluta ríkisaðila eru háðir meiri takmörkunum í rekstri en stjórnendur fyrirtækja með annað rekstrarform. Helstu ástæðurnar eru þær að ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á rekstri sem það stendur fyrir. Stjórnendur ríkisstofnana ráðstafa tekjum sem aflað er með skattheimtu og ríkið hefur ákveðnar skyldur í þágu samfélagsins sem skilgreindar eru í lögum. Ríkisaðilar geta því ekki tekið að sér hvaða verkefni sem er og einkaaðilar geta eingöngu í takmörkuðum mæli farið inn á verksvið ríkisins og keppt við það. Sem dæmi má nefna að samkvæmt lögum um starfsmenn ríkisins gilda aðrar reglur um ráðningu, uppsagnir, launamál og ýmis réttindi ríkisstarfsmanna en í atvinnulífinu almennt."

Þetta er einmitt mergur málsins. Það er kannski ekki skrýtið að þessar setningar skyldu ekki líka hafa fylgt þessu frumvarpi um Ríkisútvarpið ohf. því að menn hafa eflaust fengið bágt fyrir að hafa vogað sér að setja hug sinn á blað með frumvarpinu um Matís ohf. Þetta er einmitt grunnurinn. Menn segja þarna einfaldlega að það vanti meiri sveigjanleika og sveigjanleiki þýðir, eins og margoft hefur verið bent á, að stjórnendur ríkisfyrirtækja þurfi að geta ráðið og rekið starfsmenn eftir „behag" fyrirvaralaust, áminningarlaust o.s.frv. Það er akkúrat það sem verið er að uppljóstra hér og ég held að við ættum að halda þessum kafla alveg sérstaklega til haga í þessari umræðu, frú forseti, því að það er alveg með ólíkindum að menn skuli setja það á blað að ein af aðalástæðunum fyrir því að menn fari út í að oháeffa sé í raun og veru til að skerða þau kjör og réttindi sem starfsmenn þessara stofnana og fyrirtækja hafa. Hér stendur þetta algjörlega svart á hvítu og mér mun ekki leiðast að ítreka það síðar í ræðu minni. Ég held að þetta sé í raun stór hluti af mergi málsins, ef þannig má að orði komast, frú forseti, og þetta sé það sem menn vilja. Menn eru að misnota hér aðstöðu. Menn telja að gera þurfi breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins og það sé m.a. verið að létta af því pólitískum áhrifum o.s.frv.

Þeir hlutir eru kannski meira sagðir til að slá ryki í augu fólks því eins og ég er búinn að fara hér yfir vel og vandlega í dag þá er grunnurinn alltaf sá sami. Það eru þessar tvær ástæður fyrir því að þetta frumvarp er lagt fram í þessari mynd. Það er annars vegar áhugi fyrir að einkavæða Ríkisútvarpið og hitt sem er alveg skýrt, og ætti að vera enn skýrara eftir þessa ræðu mína, þ.e. að ástæða setningar

þessara laga eða tilraunar til setja þessi lög er tilraun til að skerða réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Eins og komið hefur fram meðal annars hjá forsvarsmönnum BHM og BSRB þá væri miklu eðlilegra að menn gengju bara hreint til verks, þ.e. ef þessi lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eru vandamálið. Ef þau orsaka það vandamál að ríkisstofnanir geti illa þrifist í núverandi umhverfi, af hverju vinna menn þá ekki beint í þeim lögum? Af hverju er verið að fara svona aftan að starfsfólkinu, laumast í raun til að búa til flækjur til þess að dempa áhrif laganna um réttindi og skyldur? Kjarni málsins er sá að í raun er verið að afnema þau varðandi starfsmenn Ríkisútvarpsins. Það er gengið mjög langt eins og hér hefur verið gefið í skyn og ég hef farið yfir. Líklegast þarf að leggja niður alla vega tvö stéttarfélög verði þetta frumvarp að lögum. Enn og aftur sannast því það sem menn hafa reynt að benda hér á að þetta er aðför að stéttarfélögum. Þetta er aðför að launafólki. Menn hafa væntanlega haldið að þeir kæmust upp með það. En ég held að svo verði ekki.

Verst af öllu, eins og kom fram í upphafi þessa kafla ræðunnar, er það sem ég benti á, að útvarpsstjóri er byrjaður að vinna eftir frumvarpinu. Það er vissulega ámælisvert en styður það sem varaþingmaður Framsóknarflokksins hefur haldið fram í fjölmiðlum um að álit þingmanna skipti engu máli.

Ég fór í dag meðal annars yfir aðkomu Framsóknarflokksins að þessu frumvarpi sem er nokkuð sérstök, fyrst og fremst að því leyti að Framsóknarflokkurinn telur í dag að hann hafi sýnt og sannað að hann sé algerlega á móti einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Menn hafa togast hér á um túlkun á landsfundarsamþykktum síðustu ára hjá Framsóknarflokknum.

En það kom heldur hvergi fram hjá Framsóknarflokknum í þeim ályktunum sem frá þeim hafa komið að til sé einhver heimild eða að fram hafi komið vilji hins almenna félagsmanns í Framsóknarflokknum til þess að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Því verður nú fróðlegt að sjá, frú forseti, þegar þingmenn Framsóknarflokksins fara út á akurinn núna fyrir kosningar, þ.e. ef þetta frumvarp verður samþykkt, sem ég hef nú enga trú á, en ef svo illa skyldi fara verður fróðlegt að sjá þingmenn Framsóknarflokksins svara fyrir það fyrir framan kjósendur hvers vegna þeir vildu hlutafélagavæða og hvaða heimild þeir hafi í raun haft.

Eftir að hafa flett hér í gegnum fjölmiðla síðustu tveggja ára til að átta mig á almennri umræðu þá rak ég augun í einn stóran og mikinn framsóknarmann sem á það til að segja sína skoðun hreint út. Það rennir nokkrum stoðum undir það sem ég hef hér verið að tala um varðandi hlutafélagavæðingu RÚV og álit þessa þingmanns Framsóknarflokksins á því hvort í raun sé til heimild frá flokksþingi Framsóknarflokksins til þess að boða einkavæðingu Ríkisútvarpsins eða hlutafélagavæðingu þess.

Frú forseti. Ég vil nefna grein í Morgunblaðinu frá 11. nóvember 2005. Frumvarpið búið að liggja svo lengi undir að maður þarf að fletta ansi mörgum blöðum til þess að sjá hvað menn hafa verið að segja. Þar fjallar Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, um Ríkisútvarpið og lagafrumvarpið. Hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Loks var ályktað á þessi ári" — þ.e. 2005 — „á flokksþingi Framsóknarflokksins að „mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu". Samþykktirnar eru í eðlilegu samhengi og mynda skýra stefnu flokksins. Síðari samþykktirnar styrkja þá fyrstu, sem hafnar hlutafélagavæðingu RÚV."

Í framhaldi segir þingmaður Framsóknarflokksins, með leyfi forseta:

„Hlutafélagaformið er fyrst og fremst sölufyrirkomulag, ..."

Svo mörg voru þau orð, frú forseti.

Miðað við þessa grein sem þingmaður Framsóknarflokksins ritar er hvergi heimild til að einkavæða RÚV, hvergi heimild frá landsþingi Framsóknarflokksins til handa þingmönnum flokksins né heldur er nokkur heimild til að fara út í hlutafélagavæðingu. Menn hafa svolítið togast á um þetta hér í dag. En það er engin ástæða til þess því fyrir fimm árum var í sjálfu sér á flokksþingi Framsóknarflokksins ályktað hreinlega gegn því að breyta RÚV í hlutafélag. Þetta vita menn og þá væntanlega framsóknarmenn hvað helst. Því er alger óþarfi að togast á um þessar staðreyndir. Framsóknarflokkurinn hefur enga heimild til að fara út í þetta. En þeir vilja kannski reyna að drífa það af fyrir sitt næsta flokksþing og er það kannski enn ein ástæðan fyrir því að mönnum liggur á.

En mér fannst jafnathyglisverð, þegar ég fór yfir gögnin, frú forseti, þessi setning sem framsóknarmenn, þar á meðal hv. þm. Dagný Jónsdóttir, varaformaður menntamálanefndar, hafa hælt sér og sínum af fyrir að hafa komið inn í frumvarpið, þ.e. þessi setning í 1. gr. í I. kafla um almenn ákvæði, um að sala félagsins, þ.e. Ríkisútvarpsins ohf., eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess séu óheimil.

Þetta gerist í desember 2005. Þetta gerist eftir ákveðið fjölmiðlafár þar sem þingmenn tjáðu sig ógætilega um frumvarpið. Það kemur fram 6. desember 2005 í viðtali við formann þingflokks framsóknarmanna, Hjálmar Árnason, að hann segir að nokkuð góður einhugur — nokkuð góður einhugur — ríki innan þingflokksins um frumvarpið. Hann segir miklu máli skipta að í frumvarpinu sé kveðið skýrt á um að Ríkisútvarpið sé ekki til sölu. En það kemur jafnframt fram í þessari frétt í Morgunblaðinu 6. desember 2005 að einn þingmaður flokksins gerði fyrirvara við samþykkt þess því hann vill vera viss um að Ríkisútvarpið verði ekki einkavætt. Það er einmitt málið. Þessi eina litla setning mun ekkert standa í vegi fyrir þeim sem vilja einkavæða Ríkisútvarpið, þeim sem vilja selja það.

Hvernig menn fara fram hjá því hef ég kannski hugmynd um. Ég ætla þó ekkert að leggja mönnum línurnar hér og nú. En það er nokkuð ljóst að þegar þingmenn Sjálfstæðisflokksins eða hæstv. menntamálaráðherra samþykkir að setja þessa setningu þarna inn um að sala félagsins eða hluta þess sé óheimil þá vita þingmenn væntanlega alveg upp á hár hvernig skuli farið bak við þessa setningu, þ.e. þeir sem vilja á annað borð selja RÚV. Rétt eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gef ég því afskaplega lítið fyrir þessa setningu sem var einungis sett til að slá ryki í augu fólks eftir að framsóknarmenn lentu hér í vandræðum við að ræða opinberlega um afstöðu sína til frumvarpsins. Ég

held því að nokkuð ljóst sé að menn séu þegar búnir að finna leið fram hjá þeirri veikburða setningu sem þarna stendur. En afskaplega er hún nú falleg samt.

Ekki er furða, frú forseti, að menn, og þá þingmenn sérstaklega, hafi margoft talað um að Framsókn sé í raun að svíkja — hvað eigum við að segja — svíkja þjóðina, svíkja þingið, svíkja sitt fólk, með því að heimila að hér sé tekið á dagskrá frumvarp um hlutafélagavæðingu RÚV því eins og ég sagði áðan þá er það alls ekkert í þeirra stefnu sem hefur verið samþykkt á flokksþingum Framsóknarflokksins síðustu ára að fara út í hlutafélagavæðingu heldur þvert á móti. Hef ég grun um að þeir muni lenda í erfiðleikum við að bíta úr nálinni. En kannski er það nú svo, eins og margur hefur giskað á, að framsóknarþingmenn treysti algerlega á stjórnarandstöðuna til að kveða þetta frumvarp í kútinn þannig að þeir sitji ekki uppi með það og þurfi að svara fyrir það fyrir kosningar. Ekki veit ég hvað framsóknarmönnum dettur í hug næst.

Það var nú frekar mjótt á mununum að þeir kokgleyptu þá hugmynd Sjálfstæðisflokksins að selja Íbúðalánasjóð og er nú mörgum kunnugt um þær deilur sem sá vilji fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins olli, þ.e. að selja Íbúðalánasjóðinn og væntanlega afhenda hann einhverjum flokksgæðingum. Hún er ýmis beitan sem framsóknarmenn bíta á og þá væntanlega af því að þeir fá eitthvað sjálfir í staðinn.

Af því ég er nú byrjaður að tala um sölu þá finnst mér svolítið hjákátlegar þær yfirlýsingar þingmanna stjórnarmeirihlutans að sala standi alls ekki til og að hún sé alls ekki tilgangurinn eða ætlunin með þessu frumvarpi. En ef það er rétt að þeir þingmenn meiri hlutans sem koma til með að samþykkja þetta frumvarp séu ekki með hugann við að selja Ríkisútvarpið þá segir það manni einfaldlega að hressilega sé búið að snúa upp á hendurnar á nokkrum af vonarstjörnum Sjálfstæðisflokksins því eins og áður hefur komið fram er nú ekki langt síðan að fyrir þinginu lá frumvarp frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins um að einkavæða Ríkisútvarpið.

Þjóðin verður að fara að átta sig á að núverandi ríkisstjórn er margt ekki heilagt. Allt hefur sinn tilgang og kænskan til að fela raunverulegan tilgang er mikil. Menn hafa líka mikla þrautseigju.

Ég hef grun um að það sem ég hef verið að benda á í meginhluta ræðu minnar, þann áhuga frumvarpsflytjenda á að leggja stéttarfélag hreinlega niður, sem komið hefur hér fram að frumvarpið geti mögulega leitt af sér, og þessi vilji til að skerða réttindi og kjör, er alveg skýrt. Þetta er vilji sem fylgir þessum harða hægri væng Sjálfstæðisflokksins og menn verða að átta sig á þeirri gífurlega þolinmæði sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur til að ná fram breytingum sem þeim hugnast, breytingum sem því miður stjórnast yfirleitt af gróðahyggju. Talað er um frelsi einstaklingsins en þetta snýr allt fyrst og fremst að því að ákveðnir einstaklingar hafi frelsi til að græða.

Fyrir tilstilli Sjálfstæðisflokksins hafa á síðustu árum lagafrumvörp verið afgreidd á Alþingi í þá átt að einkavæða ríkisstofnanir. Í sumum þeirra frumvarpa hefur sú fullyrðing fylgt að það standi alls ekki til að selja en annað hefur komið á daginn. En öllum þeim hefur það fylgt að réttindi starfsmanna verði algerlega í hávegum höfð en sáralítið af því hefur staðið eftir. Það er grunnástæðan fyrir ræðu minni í dag.

Frumvarpið er að sjálfsögðu margþætt og kemur inn á marga þætti. Sem betur fer er áhugi þingmanna misjafn og þekking líka. En ég hef séð sérstaka ástæðu til að taka þetta alveg nákvæmlega fyrir og mun gera það enn um sinn.

Sannfæring mín fyrir því að frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. sé lagt fram af eftirfarandi ástæðum, annars vegar til að geta síðar einkavætt það og selt það, og hins vegar til að skerða kjör starfsmanna, er hörð og hefur verið það frá því frumvarpið kom fyrst fram.

Það er frekar sorglegt, frú forseti, að menn treysti á frumvarpið, því þegar sú vá sem við höfum verið að vara við mun líta dagsins ljós, nokkrum vikum eftir að frumvarpið tekur gildi, ef svo ótrúlega ólíklega vildi til að það yrði samþykkt, þá fara menn að sjá þær afleiðingar sem við höfum verið að benda réttilega á. Það segir manni að sjálfsögðu að þegar meiri hlutinn hefur margoft haft tækifæri til að gera leiðréttingar og bætur eftir allar þær ábendingar sem komið hafa fram í ræðu og riti og hjá þeim fjölmörgu gestum sem hafa komið fyrir nefndina, að þá vakir eitthvað annað fyrir mönnum en að leggja fram það besta frumvarp sem menn geta hugsað sér og hafi þar að leiðarljósi hvað sé best nákvæmlega fyrir Ríkisútvarpið og best fyrir núverandi starfsmenn þess. Því það er alls ekki það sem menn hafa í huga við þetta frumvarp.

Það er nú svo sérstakt við frumvarpið að ekki líða margar vikur án þess að eitthvað nýtt komi fram. Menn hafa verið að deila um það síðustu daga að gögnum frá ESA hafi jafnvel verið haldið leyndum fyrir nefndarmönnum. Það sem kom fram síðast í gær eru athugasemdir sem hæstaréttarlögmaður hefur bent á í Fréttablaðinu.

Frú forseti. Þegar maður lítur yfir allar þessar athugasemdir og veltir fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að snarhemla og fara yfir málið upp á nýtt og taka þær ábendingar alvarlega, þá keppast stjórnarliðar við að baula þær ábendingar niður, sem segir manni einfaldlega að þetta er allt fyrir fram ákveðið. Það er búið að ákveða að þetta fari í gegn og meiri hlutinn neitar því hreinlega að láta nokkurn hlut stöðva sig. Áhætta er tekin, mikil áhætta er tekin. Umræddur hæstaréttarlögmaður talar um að menn séu að taka, eins og frumvarpið er núna, ákveðna áhættu og eigi von á kærum. En á það er ekki hlustað og vaðið áfram í blindni.

Þetta er enn eitt dæmið um að í sjálfu sér er alveg sama hvaðan ábendingin kemur. Fylgjendur frumvarpsins hafa margoft ítrekað að þetta sé nánast tómt kjaftæði í stjórnarandstöðunni, allar þær ábendingar og athugasemdir sem stjórnarandstaðan hefur verið að koma fram með á síðustu árum varðandi frumvarpið.

En það sannast með hverjum deginum sem líður og því meira sem menn skoða frumvarpið þá eiga þessar áhyggjur og þær ábendingar sem við höfum verið að koma með við rök að styðjast. Mér finnst það nánast ámælisvert, frú forseti, ef menntamálanefnd ætlar að hunsa algerlega þær ábendingar sem hafa komið á síðustu dögum þar sem Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður gerir miklar athugasemdir við frumvarpið, m.a. um fjárhagslegan aðskilnað. Hann talar um samtengingu við nýleg lög um opinber

hlutafélög og bendir á þó nokkuð mörg atriði sem virkilega væri ástæða til að staldra við, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefur meiri hlutinn séð ástæðu til að blása algerlega á þetta álit. En niðurstaðan hjá Ástráði er að fyrirtækið, þ.e. fyrirtækið Ríkisútvarpið ohf., geti illa varist kærum samkeppnisaðila og talar um að RÚV verði vopnlaust gagnvart kærum.

Það er mjög einkennilegt að menn skuli ekki taka alvarlega ummæli hæstaréttarlögmanns, starfskollega meiri hluta þingflokks sjálfstæðismanna. Það er enn og aftur dæmi um að fylgjendur frumvarpsins ætla ekki að láta neitt stöðva sig. Þeir hafa gengið mjög harkalega fram í að reyna að ná fram háeff-væðingu á Ríkisútvarpinu og láta sem vind um eyrun þjóta allar ábendingar þrátt fyrir að þær séu studdar rökum. Og reyna jafnframt, eins og hefur verið rætt um síðustu vikur, að leyna gögnum sem mögulega hafa áhrif á málsmeðferð menntamálanefndar á frumvarpinu.

En títtnefndur lögfræðingur, Ástráður Haraldsson, hefur áður ritað um frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. Mér fannst mjög athyglisverð greinin sem hann skrifaði í Morgunblaðið og birtist laugardaginn 2. desember 2006 þar sem hann ræðir um einkavæðingu Ríkisútvarpsins, en greinin heitir Einkavæðing Ríkisútvarpsins.

Ég held að rétt sé, frú forseti, að ég lesi hreinlega mestalla greinina orðrétt upp til að menn nái örugglega samhenginu. Ástráður Haraldsson segir um Ríkisútvarpið, með leyfi forseta:

„Fyrir þinginu liggur nú frumvarp menntamálaráðherra um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Ef frumvarpið verður að lögum verður þar með ákveðið að einkavæða starfsemi Ríkisútvarpsins."

Þetta er, frú forseti, mjög beinskeytt ádeila á þá sem leggja fram frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. því hér fullyrðir hæstaréttarlögmaður að með þessu sé verið að einkavæða starfsemi Ríkisútvarpsins.

En áfram segir, með leyfi forseta:

„Í þessu varðar öngvu hver eignaraðild hins nýja félags verður heldur hitt að starfsemin verður eftir að Ríkisútvarpið ohf. tekur við henni ekki framar opinbersréttar eðlis heldur einkaréttar eðlis."

Þetta er það sem málið snýst um. Áfram segir, með leyfi forseta:

„Þannig færist starfsemin af sviði opinbers rekstrar yfir á svið einkarekstrar. Í því kerfi tvískipts vinnumarkaðar sem í gildi er á Íslandi hefur þessi formbreyting úrslitaáhrif að því er varðar alla réttarstöðu starfseminnar. Þetta er höfuðmálið en ekki það hvernig eignarhaldi hins nýja hlutafélags er háttað. Í þessari einkavæðingu felst m.a. að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gilda ekki framar um starfsemina og marka því ekki lengur réttarstöðu starfsmannanna."

Enn og aftur, frú forseti, kemur athugasemd sem styður það sem ég hef verið að segja. Taki frumvarpið óbreytt gildi þá falla niður lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og þar af leiðandi skerðast réttindi og kjör starfsmanna.

Áfram segir í grein Ástráðs, með leyfi forseta:

„Lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka ekki framar til starfseminnar og stjórnendur hins nýja hlutafélags verða ekki fremur en aðrir stjórnendur hlutafélaga bundnir af ákvæðum stjórnsýslulaga í sýslan sinni. Starfsemin hefur þá verið einkavædd, flutt á svið einkaréttar og réttarstaðan sú sama og gildir um aðra starfsemi á almennum markaði."

Hér hefur hæstaréttarlögmaðurinn Ástráður Haraldsson fært rök fyrir því að með frumvarpinu séu ekki bara lögð drög að einkavæðingu Ríkisútvarpsins eins og við höfum haldið fram heldur sé búið að einkavæða Ríkisútvarpið nái frumvarpið fram að ganga. Þetta eru mjög alvarlegar ábendingar til þingheims, að verði frumvarpið að lögum sé í raun búið að einkavæða Ríkisútvarpið með öllu sem því fylgir. Þá er væntanlega ekkert eftir nema sala á því. En áfram segir í blaðagrein Ástráðs Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, um einkavæðingu Ríkisútvarpsins, með leyfi forseta:

„Af einhverjum ástæðum hafa flutningsmenn tillagna um einkavæðingu Ríkisútvarpsins kosið að nefna tillögur sínar ekki réttum nöfnum. Reynt er að færa einkavæðinguna í búning sem er til þess fallinn að villa um fyrir þjóðinni."

Þetta höfum við margoft reynt að benda á. En þrátt fyrir að það standi hér svart á hvítu frá löglærðum manni þá er það hunsað. Menn láta það sem vind um eyru þjóta. En í grein Ástráðs segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Þannig er talað um hlutafélagavæðingu, eins og það sé ekki einkavæðing, og mikið úr því gert að óheimilt verði að selja fyrirtækið. Það atriði skiptir þó harla litlu máli þegar grannt er skoðað. Meginatriðið er það að verði frumvarpið að lögum mun Ríkisútvarpið færast yfir á svið einkaréttar. Starfsmenn þess munu ekki framar njóta þeirrar ráðningarfestu sem þeir hafa notið sem opinberir starfsmenn og stofnunin mun starfa eftir sömu leikreglum og aðrir einkaaðilar.

Vandséð er hvernig Ríkisútvarpið getur til langframa varið sig gagnvart kröfum keppinauta um takmörkun eða afnám ríkisstyrkja sem því er ætlað að njóta í formi nefskatts. Við blasir að ákaflega erfitt verður að rökstyðja ríkisframlag sem ætlað er að standa undir svo stórum hluta rekstrarútgjalda fyrirtækisins sem hér virðist gert ráð fyrir. Að slíku framlagi sé aðeins varið til þess hluta starfseminnar sem fellur undir almannaþjónustuhlutverk þess. Þetta munu keppinautar Ríkisútvarpsins fyrr eða síðar láta reyna á fyrir samkeppnisyfirvöldum og dómstólum. Ég óttast því að með frumvarpi menntamálaráðherra sé enn ekki fundinn réttur farvegur til framtíðar fyrir Ríkisútvarpið."

Svo mörg voru þau orð, frú forseti. En þrátt fyrir það að greinin hafi birst í Morgunblaðinu í desember síðastliðnum þá halda menn ótrauðir áfram. Menn neita að hlusta á viðvörunarorðin, hlusta ekki frekar á þau en önnur. Það sem er magnaðast í þessari grein er sú fullyrðing lögmannsins að í raun gangi frumvarpið út á að einkavæða Ríkisútvarpið og þar með sé ekkert eftir annað en að selja það.

Fyrr í dag, frú forseti, fór ég yfir þjónustusamning sem fylgir frumvarpinu. Ég sé ástæðu til að koma aðeins betur að efni hans. Það er nokkuð sérstakt að þjónustusamningur skuli lagður fram með frumvarpi sem margbúið er að leggja fram. Maður veltir óneitanlega fyrir sér hver sé ástæðan fyrir því að menn leggi fram þjónustusamning með frum-

varpinu. Af hverju er ekki hægt að ganga frá þessum þjónustusamningi í dag? Af hverju þarf að bíða eftir einhverju sérstöku frumvarpi? Af hverju þarf að samþykkja þetta frumvarp svo samningurinn haldi gildi sínu?

Þjónustusamningurinn fylgdi að vísu ekki með frumvarpi um Ríkisútvarpið hf. Hann fylgdi ekki með frumvarpi um Ríkisútvarpið sf. og ekki heldur með einkavæðingarfrumvarpi sem áður leit dagsins ljós. Hvers vegna fylgir þessi samningur núna? Ég reifaði það lauslega fyrr í ræðunni. Þessi samningur er að sjálfsögðu til þess gerður að ýta við ákveðnum aðilum sem trúa því að ekki sé hægt að gera slíkan samning án þess að samþykkja fyrst frumvarpið. Það hefur virkað. Það kom m.a. fram í ræðu a Eddunni, hjá Birni Björnssyni, hversu afskaplega þýðingarmikill þessi samningur væri og nú ætti að efla innlenda dagskrárgerð.

Önnur félög hafa lýst yfir mikilli ánægju. Þetta er einmitt tilgangurinn, að fá félög sem málið viðkemur í lið með sér, félög sem lengi hafa beðið eftir því að innlend dagskrárgerð yrði efld, fá félagasamtök og félagsmenn þar til að ýta á að þingmenn samþykki frumvarpið því ellegar verði svokallaður þjónustusamningur ekki að veruleika. Menn deildu um það í október síðastliðnum hvort um væri að ræða hótun eða ekki.

Í mínum huga, frú forseti, er engin spurning um það að þegar menn leggja svona samning fram með þingmáli þá er ætlunin að fegra frumvarpið til að fá ákveðna hópa í lið með einkavæðingarsinnum til að samþykkja Ríkisútvarpið ohf. Það hefur virkað að því leyti að að sjálfsögðu hefur orðið til þrýstingur frá ákveðnum félagasamtökum á þingmenn. Því hefur verið haldið fram að þjónustusamningurinn eða drögin að þjónustusamningi verði það góð fyrir innlenda dagskrárgerð o.s.frv. að þingmenn megi ekki standa í vegi fyrir frumvarpinu, ella komist þessi samningur ekki í gagnið. Þegar samningurinn er þannig matreiddur fyrir þá sem málið er skylt er að sjálfsögðu um hótun að ræða, hvað sem hver segir. Það er skýrt að samningi sem hnýtt er aftan í frumvarp, sem er búið að henda út af borðinu tvisvar, er ætlað að reyna að fegra málið og tryggja að það komist í gegn.

Ég hef hérna leitað að ástæðunni fyrir umræddum breytingum á Ríkisútvarpinu og hef talið til þær ástæður sem ég tel fyrir þeim, sérstaklega þessar tvær, að menn séu að undirbúa sölu annars vegar. Ég talaði að vísu einnig um undirbúning einkavæðingar en samkvæmt ábendingum Ástráðs Haraldssonar verður stokkið yfir það ferli verði þetta frumvarp samþykkt, þá verður Ríkisútvarpið í raun einkavætt. En markmiðin með þessu frumvarpi eru að mínu viti af tvennu tagi. Annars vegar að undirbúa sölu á Ríkisútvarpinu og hins vegar að skerða réttindi og kjör opinberra starfsmanna.

Hæstv. menntamálaráðherra fjallaði hinn 17. október á þingi um breytingar á Ríkisútvarpinu, þ.e. um frumvarpið sem hér liggur fyrir og ástæðurnar fyrir því. Hún sagði að breytingar á Ríkisútvarpinu væru gerðar með ákveðin markmið í huga. Hver voru þau markmið? Þau voru að það sinnti almannaþjónustu, öryggishlutverki og menningarhlutverkið skipti einnig miklu máli. Ég hélt frú forseti, að þetta væru markmið Ríkisútvarpsins í dag, að sinna almannaþjónustu, öryggishlutverki og menningarhlutverki. Ég get ekki séð að frumvarpið leiði til þess að Ríkisútvarpið sinni þessum atriðum. Það gerir það hvort eð er í dag. Þessi markmið geta alls ekki verið ástæðurnar fyrir breytingunum.

Önnur markmið með frumvarpinu hef ég ekki séð hæstv. menntamálaráðherra fjalla um. Ég stend því enn við þær fullyrðingar mínar að tilgangurinn sé í raun einungis það að undirbúa sölu á Ríkisútvarpinu og skerða réttindi og kjör opinberra starfsmanna. Ekkert hefur komið fram sem breytir þeirri skoðun minni. Ég á ekki von á, frú forseti, að héðan af verði margt sagt í þá átt sem breytir þeirri skoðun minni á frumvarpinu.

Margir hafa mótmælt þessu frumvarpi. Í þessu eilífðarjólaleyfi las maður í gegnum allt sem hafði verið ritað í fjölmiðlum um Ríkisútvarpið, m.a. nokkur viðtöl og greinar sem útvarpsstjóri hefur ritað eða haft var eftir honum. Í júní á síðasta ári birtist grein eftir hann undir fyrirsögninni Óvissuástandið hefur slæm áhrif á RÚV. Þar er enn og aftur rekið á eftir þingmönnum og eins og alltaf er allt stjórnarandstöðunni að kenna. En málið snýst að sjálfsögðu um að frumvarpið er slæmt og meiri hlutinn vill ekki breyta því. Útvarpsstjóri talar um óvissuástand sökum þess að frumvarp um Ríkisútvarpið sé ekki hleypt í gegn. En hvernig er þá óvissuástandið sem starfsmenn búa við?

Hvers vegna greinir menn á um hvort þetta frumvarp skerði réttindi starfsmanna, verði það að lögum? Það er einfaldlega af því menn eru að fela sannleikann því hér eru færð rök fyrir og dregnir fram nokkrir aðilar sem staðfesta að verði þetta frumvarp að lögum þá muni það skerða réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins. Það óvissuástand sem starfsfólk býr þar af leiðandi við hefur því fyrst og fremst skapast vegna þess að það er verið að þráskallast við að troða slæmu frumvarpi í gegn. Ég hefði gjarnan viljað sjá útvarpsstjóra hafa jafnframt áhyggjur af því að óvissuástand, eins og hann talar um, hafi slæm áhrif á hinn almenna starfsmann Ríkisútvarpsins.

Eitt af því sem hefur komið fram á síðustu dögum er að það hefur verið tekin sú ákvörðun, eins og hv. þm. Mörður Árnason las upp úr tölvupósti í dag frá starfsmanni þingsins, að ýta öllum öðrum málum til hliðar. Forseti þingsins hefur tekið þá ákvörðun að ekkert annað skuli rætt svo lengi sem þarf, og miðað við allar þær réttmætu ábendingar sem hafa komið fram í hverri ræðunni á fætur annarri þá er nokkuð ljóst að sú umræða geti tekið þó nokkurn tíma. Það er svolítið sérstakt að þegar umræðan snýst í raun og veru um að hér liggi fyrir nánast handónýtt frumvarp þá skuli forseti taka þá ákvörðun að allt annað skuli bíða. Það liggja fyrir mál sem eru komin til nefnda og fullt af góðum málum sem ekki hafa enn komist til 1. umr. En það er alveg skýrt hjá forseta að ekkert af þeim kemst á dagskrá fyrr en þingheimur er búinn að samþykkja þetta frumvarp.

Það er svolítið sérstakt að forseti skuli taka þannig ákvörðun og tilkynna hana og kannski sérstaklega forseti Alþingis í dag af því að hún hefur sýnt fram á það á síðustu missirum að miklu máli skiptir að starfsáætlun sé haldin. Þess vegna kemur þessi tilkynning, um að öll mál sama hversu góð þau eru skuli bara gjöra svo vel og bíða, mér svolítið á óvart. Enn og aftur er verið að setja þrýsting á hinn almenna þingmann, að hann megi alls ekki ræða þetta

mál því þá sitji allt annað á hakanum.

Mér finnst slík vinnubrögð mjög athyglisverð, frú forseti, því ef ekkert annað kemst á dagskrá þá er í raun og veru er búið að taka þá ákvörðun að engum öðrum málum verði hleypt að fyrr en þetta frumvarp verður samþykkt. Það eru svolítið harkaleg vinnubrögð að forseti skuli taka slíka ákvörðun. (Gripið fram í.) Sérstaklega þar sem mér er þetta mál mjög hugleikið, ég tala fyrir munn margra.

Það er nú með þau vinnubrögð varðandi þetta frumvarp almennt, að það er margt sem kemur manni á óvart. Ákefðin fyrir því að koma því í gegn er slík að það verður hreinlega allt annað að víkja.

Ég ætla nú, frú forseti, að taka fyrir umsögn sem menntamálanefnd og þingheimi hefur borist um þetta frumvarp. Það er kannski rétt meðan ég er að fletta að ég veki athygli á því að það er mættur framsóknarþingmaður í salinn. Er það vel. (**Gripið fram í:** Ég hef hlustað allan tímann.) Já, og hefur væntanlega hlustað á mig allan tímann enda samviskusöm mjög og talin ein af vonarstjörnum Framsóknarflokksins. Hún mun þá væntanlega hafa í huga að reyna að tryggja að flokksbræður hennar taki nú þá skynsamlegu ákvörðun að draga þetta frumvarp aftur til nefndar til þess að athuga þá galla sem ég hef verið að koma inn á og skoði þar að auki þær athugasemdir sem einn af varaþingmönnum Framsóknarflokksins, Eygló Harðardóttir, hefur komið með um vinnubrögð í Alþingi sem er þá að sjálfsögðu ádeila á Framsóknarflokkinn.

Eitt erindi sem hefur borist er frá framleiðendum SÍK, það er stjórn framleiðandafélagsins, þar sem þeir fagna nýjum þjónustusamningi milli Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytisins um verulega aukinn hlut íslensks dagskrárefnis. En þeir eru ekkert sérstaklega að fagna frumvarpinu um Ríkisútvarpið ohf. heldur títtnefndri gulrót sem ég hef minnst á og hefðu eflaust þegið að þjónustusamningurinn væri kominn á strax og þó fyrr hefði verið.

En það er nú þannig, frú forseti, að flestallar þessar umsagnir eru á einn veg. Þær benda á ýmsa galla sem eru í frumvarpinu og það er merkilegt að þrátt fyrir að frumvarpið tæki breytingum, a.m.k. um einn eða tvo stafi til eða frá, þá halda umsagnaraðilar áfram að gera athugasemdir við frumvarpið. En á það er því miður ekki hlustað.

Þar sem nú fer að líða að síðustu tímum ræðunnar þá held ég að það sé rétt að fara yfir umsögn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins en það eru samtök sem eru sérstaklega stofnuð til þess að standa vörð um Ríkisútvarpið. Nú kemur annar góður og gegn framsóknarmaður, en þetta eru kannski síst þeir framsóknarmenn sem maður ætti að skamma.

Samtökin Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins eru félagsskapur fólks sem var stofnaður fyrir nokkrum árum til þess að reyna að standa vörð um Ríkisútvarpið í almannaeigu.

Það er kannski rétt, frú forseti, þar sem fer að líða að miðnætti, að ég spyrji forseta hversu lengi standi til að halda þessum fundi áfram, hvort einhver ákvörðun hafi verið tekin um hversu lengi fundurinn skuli standa. Hann hefur staðið frá því klukkan 10.30 í morgun. Nú er klukkan orðin 11 að kvöldi og væntanlega er nýr fundur kl. 10.30 í fyrramálið.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti vill bara upplýsa að fundurinn mun standa enn um sinn.)

Ég er hér kominn að umsögn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins um frumvarpið. Þetta er umsögn sem er dagsett í nóvember sl. þar sem farið er mjög vandlega yfir frumvarpið. Þar kemur alveg skýrt fram strax að grundvallarstefna Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins er andstaða við hlutafélagavæðingu þess. Þau telja að RÚV eigi að vera í eigu hins opinbera, annars sé hlutverki þess sem þjóðarútvarps ógnað.

Hér eru því enn ein samtökin, herra forseti, sem lýsa yfir áhyggjum vegna þessa frumvarps. Ég held að þegar maður er búinn að reifa þetta mál jafn vel og ég hef gert og þá sérstaklega með tilliti til réttindamála starfsmanna þá hljóti menntamálanefnd og menntamálaráðherra að sjá sér hag í því að draga frumvarpið aftur til nefndar. Að minnsta kosti að gera þá þær breytingar sem verður að gera til þess að tryggja að þetta frumvarp brjóti ekki svona hressilega á réttindum opinberra starfsmanna eins og það stefnir í að gera.

En eins og hefur komið fram í máli mínu og ég hef rökstutt vel og vandlega og vitnað í marga aðila sem vit hafa á þá er augljóslega alveg skýr stefna með setningu þessa lagafrumvarps — að vísu hefur verið bent á að Ástráður Haraldsson telur í grein sinni að með þessu frumvarpi sé nú þegar orðin einkavæðing en ekki hlutafélagavæðing, þannig að ég hlýt þá að breyta þeirri skoðun minni að tilgangurinn sé að einkavæða. Það er sýnt fram á með lagalegum útskýringum að í raun sé búið að einkavæða Ríkisútvarpið verði þetta frumvarp að lögum.

Þá stendur hitt eftir, að tilgangurinn með þessu frumvarpi er annars vegar að undirbúa sölu á Ríkisútvarpinu og hins vegar að skerða viljandi eða óviljandi, og ég tel eftir að hafa farið yfir þessi gögn þá sé viljandi verið að skerða kjör og réttindi opinberra starfsmanna.

Það er mjög slæmt þegar ráðherra tekur þá ákvörðun að leggja fram frumvarp sem hefur það beinlínis sem aðalmarkmið, enda hefur ekkert annað komið fram, að skerða réttindi og kjör sinna eigin starfsmanna, undirmanna sinna, sem starfsmenn Ríkisútvarpsins eru.

Ég hef jafnframt bent á, herra forseti, og farið yfir, svona til varnaðar, það sem hefur verið að gerast undanfarið hjá Matís sem er mjög sambærilegt við það sem er hér verið að gera. Þannig að varnaðarorðin eru vissulega komin um það hvert stefni. Þar nýta stjórnendur Matíss sér leynt og ljóst þetta breytta form þar sem þrjár stofnanir hafa verið sameinaðar í eina undir ohf. og ætla sér greinilega að misnota það til að ná niður kjörum og réttindum. Og það sem kannski er verst, sem hefur lengi verið langtímamarkmið Sjálfstæðisflokksins og vonandi að ágætir framsóknarmenn séu búnir að átta sig á því, er að einn af grunntilgangi þessa frumvarps er að fækka stéttarfélögum.

[23:03]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta var að mörgu leyti ákaflega skilmerkileg ræða þó að ég sakni þess auðvitað að hv. þingmaður skuli ekki hafa gefið sér lengri tíma til að ræða ýmis flókin málefni sem hann velti upp í ræðu sinni.

Meginefni ræðunnar fjallaði um það sem hv. þingmaður

telur að séu brot á réttindum starfsmanna Ríkisútvarpsins og felist í samþykkt frumvarpsins. Hv. þingmaður sagði undir blálok ræðu sinnar að eitt meginmarkmiðið með þessu frumvarpi væri að fækka stéttarfélögum. Ég er ekki alveg viss um að ég geti tekið undir að það sé eitt af meginmarkmiðunum en hitt er alveg ljóst að frumvarpið setur réttindastöðu starfsmanna mjög í uppnám. Mér fannst hv. þingmaður að ýmsu leyti ekki alltaf tala algjörlega skýrt í ræðu sinni og þess vegna kem ég upp til að spyrja hann út í eitt tiltekið atriði. Hv. þingmaður sagði að frumvarpið skapaði óvissu um réttindi starfsmanna. Er það svo? Ég er þeirrar skoðunar að það sé alveg ljóst að frumvarpið skerði réttindi starfsmanna hvað sem ýmis unglömb Framsóknarflokksins segja úr þessum stóli. Ég held að um það verði tæpast deilt. En það sem mér finnst merkilegt er að hv. þingmaður skuli taka svona til orða, því að sjálfur las hann upp úr bréfi frá velþekktum vinnuréttarlögfræðingi, Láru V. Júlíusdóttur, sem sagði alveg klárt og kvitt í þeim texta sem hv. þingmaður las upp: „Réttindi starfsmanna verða ekki hin sömu eftir að þetta frumvarp verður að lögum."

Því langar mig að spyrja hv. þingmann. Velkist hann í vafa um þetta mál? Telur hann í raun að það sé einhver óvissa? Er það ekki alveg rétt að réttindi munu (Forseti hringir.) skerðast eins og vinnuréttarlögfræðingur, sem ég vitnaði til eins og hann, hefur sagt?

[23:06]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Óvissan sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson minnist hér á og ég minntist á, tengist þeim töfum sem eru að pirra útvarpsstjóra varðandi setningu nýrra laga sem hann segir valda óvissu um Ríkisútvarpið. Ég var að draga inn í það að ég hefði frekar viljað að hann hefði jafnframt áhyggjur af þeirri óvissu sem starfsmenn eru í.

Fyrir mér er þetta í sjálfu sér engin óvissa. Þetta er alveg skýrt. Ég fór vel og vandlega yfir það í dag að verði frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. að lögum muni það skerða hvort tveggja, réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Varðandi spurninguna um stéttarfélög þá hefur lögfræðingurinn Lára V. Júlíusdóttir bent á þann möguleika að ákveðin stéttarfélög muni leysast upp verði þetta frumvarp að lögum. Hún er hvorki meira né minna en að tala um Félag fréttamanna og Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins, af því að þau geti hreinlega ekki unnið verði frumvarpið að lögum. Þetta er alveg skýrt.

Ég hélt því fram annars vegar að það sé engin óvissa um að lögin muni skerða kjör og réttindi opinberra starfsmanna og hins vegar að þau muni stuðla að því að stéttarfélögum fækki, ákveðin stéttarfélög muni verða lögð niður. Það er að sjálfsögðu eitt af langtímamarkmiðunum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur sett sér og í þessu frumvarpi er í raun og veru loksins að koma upp á yfirborðið andstaða Sjálfstæðisflokksins við stéttarfélög almennt. (Forseti hringir.)

[23:08]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að hv. þingmaður hefur a.m.k. í mínum huga eytt óvissunni um sína eigin óvissu í þessum efnum. Ég er sammála hv. þingmanni um að það er ekki hægt að ganga að því gruflandi að þetta frumvarp leiðir til skerðinga á réttindum og kjörum starfsmanna.

Það gerist hins vegar ekki oft, herra forseti, að ég gangi undir högg til þess að skýla Sjálfstæðisflokknum. Það ætla ég að gera núna. Hv. þm. Valdimar Friðriksson sagði að hérna væri að opinberast tilgangur og markmið Sjálfstæðisflokksins, sem stefndi að því að fækka stéttarfélögum. Gott og vel. Ég ætla í sjálfu sér ekki að deila við hv. þingmann um það. En hvers vegna hlífir hann Framsóknarflokknum í þessu efni? Telur ekki hv. þingmaður að Framsóknarflokkurinn sé alveg jafnbersyndugur um þetta og Sjálfstæðisflokkurinn? Er með nokkru móti hægt að segja að það sé Sjálfstæðisflokknum einum að kenna að það á samkvæmt þessu frumvarpi að fækka stéttarfélögum? Það er ósvinna og ég er því mótfallinn. Við skulum ekki gleyma garminum honum Katli. Við skulum ekki gleyma Framsóknarflokknum sem lætur teyma sig út í þetta fen vitandi það, herra forseti, að hann er að brjóta samþykktir sinna eigin flokksþinga. Hann er að ganga gegn grasrót síns flokks.

Er þá ekki sanngjarnt, herra forseti, svo ég varpi þeirri spurningu gegnum forsetadæmið til hv. þingmanns sem flutti hérna skörulega ræðu áðan, að hann lýsir því yfir að Framsóknarflokknum sé ekki síður um að kenna en Sjálfstæðisflokknum í þessu?

Raunar er það svo að Framsóknarflokkurinn siglir auðvitað undir fölsku flaggi. Hann heldur því að fólki að hann sé sérstakur félagshyggjuflokkur. Þess vegna er það miklu verra að hann skuli taka þátt í þessari (Forseti hringir.) ósvinnu á þennan hátt. Er ekki hv. þingmaður mér hjartanlega (Forseti hringir.) sammála um það eins og flest annað þó að (Forseti hringir.) vík kunni að vera á milli vina um stundarsakir?

[23:10]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er það rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að báðir flokkarnir í ríkisstjórn bera ábyrgð á frumvarpinu í heild sinni og öllum þeim slæmu afleiðingum sem af því hljótast.

Hvers vegna talaði ég ekki hátt og snjallt um Framsóknarflokkinn varðandi þessa neikvæðu hluti? Ég talaði að vísu um að þetta væri langtímamarkmið sem ég teldi að Sjálfstæðisflokkurinn hefði sett sér fyrir löngu síðan, eins og fleiri hægri flokkar almennt gera. Að sjálfsögðu er Framsóknarflokkurinn líka sekur en sá flokkur er þekktur fyrir að eiga það til að skipta um skoðun. Hvers vegna var ég að hlífa honum? Ætli það hafi ekki bara komið beint frá hjartarótum í þeirri veiku von að þeir framsóknarmenn sem hér hlýða á mál mitt leiti skjóls í þessum orðum mínum og sinnist við ... (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn er sem sagt ekki að ganga í Framsóknarflokkinn, og það er kannski þess vegna sem hann veitir honum skjól.) Nú held ég að sé kominn of mikill kvöldgalsi, herra forseti.

[23:12]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér bíða menn eftir að komast að í umræðu um þetta mikilvæga en mjög svo umdeilda mál sem hefur fengið rækilega umfjöllun á Alþingi. Hv. formanni menntamálanefndar, Sigurði Kára Kristjánssyni, hefur orðið tíðrætt um alla þá gesti sem borið hefur að garði í

menntamálanefnd, öll álitin sem nefndin hefur fengið og telur þetta vitni um mjög vönduð vinnubrögð. Reyndar skal ég segja hv. formanni menntamálanefndar það til hróss að hann hefur viljað ástunda vönduð vinnubrögð við meðferð þessa máls, hann má eiga það. Hitt er svo annað mál að fjöldi gesta og fjöldi funda segir okkur ekkert um málið nema þá helst hve umdeilt það hefur verið. Ég hef tekið eftir því að þau mál sem hafa komið mjög illa undirbúin inn í þingið hafa einmitt þurft á slíkri meðferð að halda.

Hugurinn reikar aftur til ársins 1996 þegar inn í þingsali komu þrjú mjög umdeild þingmál sem lutu að vinnurétti og lífeyrismálum. Þá átti það sérstaklega við um frumvarp um vinnulöggjöfina, þar munu hafa verið haldnir fleiri undirbúningsfundir og síðan nefndarfundir á Alþingi en dæmi eru um í öðrum málum, enda var frumvarpið afar illa undirbúið og umdeilt jafnvel þegar það var gert að lögum. Það segir okkur ekki neitt um ágæti málsins að marga gesti skuli hafa borið að garði. Það væri forvitnilegt að fá einhverja statistík um viðhorf þessara gesta og afstöðu til þessa umdeilda máls en mér segir svo hugur um að flestir hafi þeir verið andvígir hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins.

Við höfum rætt þetta mál margsinnis á Alþingi, ég held að þetta sé þriðja frumvarpið sem kemur fyrir þingið (Gripið fram í.) og er orðið sem stagbætt tötraflík. Við ræddum málið allítarlega í nóvember og í desember og þá var af hálfu stjórnarmeirihlutans fallist á að skjóta málinu á frest, þ.e. 3. umr., og taka til óspilltra málanna að nýju í janúarmánuði. Í millitíðinni hefur hins vegar ýmislegt breyst sem ég tel að geti orðið til þess að stjórnarmeirihlutinn endurmeti afstöðu sína til málsins.

Hvað hefur breyst? Jú, í fyrsta lagi kom í ljós að þingið hafði verið leynt upplýsingum um samskipti sem stjórnvöld höfðu átt við Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, allt árið 2006 og reyndar alveg fram á þennan dag. Það var Fréttablaðið sem upplýsti um þessi bréfaskipti og það var fyrst eftir að fréttir birtust í því blaði um þessi samskipti sem þingnefndin sem fjallaði um málið, menntamálanefnd Alþingis, fór þess á leit að fá umrædda pappíra í sínar hendur. Það var ekki fyrr en í síðustu viku að það gerðist. Þá kom í ljós að síðustu svörin sem fóru frá ríkisstjórninni til Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, voru dagsett 9. janúar, þremur dögum áður en málið var endanlega tekið út úr nefnd.

Þegar þessi bréfaskipti voru gaumgæfð kom í ljós að bréfið frá 9. janúar var svar við erindi sem ríkisstjórninni hafði borist 24. nóvember sl. Það er umhugsunar virði að stjórnarmeirihlutinn var reiðubúinn að afgreiða málið sem landslög í desembermánuði áður en minnsta tilraun hafði verið gerð til að svara þessum fyrirspurnum frá EFTA. Menn hafa haldið því fram, og þar á meðal hæstv. menntamálaráðherra, að hér sé ekki um að ræða nein veigamikil efnisatriði, ekkert sem skipti máli í reynd við meðferð þessa máls. Ég er ekki sammála því.

Fyrst og fremst er spurt um þrjú meginefnisatriði af hálfu EFTA, í fyrsta lagi á hvaða grundvelli almannaþjónustuþættir Ríkisútvarpsins séu skilgreindir þegar nefskatturinn er ákveðinn og í öðru lagi hvernig þetta hlutverk Ríkisútvarpsins sem lýtur að almannaþjónustu er skilgreint og verður skilgreint þegar fram líða stundir og hlutverk Ríkisútvarpsins og verksvið kemur til með að breytast, hvaða ferlar verða þá notaðir til þess að meta almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins.

Í þriðja lagi er um það að ræða að EFTA vill fá að vita með hvaða hætti staðið verður að endurskoðun á þessari stofnun, Ríkisútvarpinu ohf. Það var upplýst að það yrði Ríkisendurskoðun sem annaðist það hlutverk. Nýstárlegt þótti þeim það hjá EFTA en gerðu ekki frekari athugasemdir. Okkur var sagt að fulltrúar ríkisstjórnarinnar hefðu haldið til Brussel til að skýra málstað ríkisstjórnarinnar og sjónarmið hennar í málinu í byrjun janúarmánaðar og staðhæft var við okkur að fulltrúar EFTA hefðu sannfærst um að allt væri eins og það ætti að vera og þess væri að vænta að skriflegt erindi bærist frá Brussel þar sem sú staðfesting kæmi fram. Það erindi hefur hins vegar ekki borist og það er ekki óeðlilegt að stjórnarandstaðan hér á þingi og reyndar þingið allt krefjist þess að málinu verði frestað þangað til þessi staðfesting kemur frá EFTA.

Nú er ég ekki einn af aðdáendum EFTA og hins nýja rannsóknarréttar markaðarins sem EFTA er orðið. Það er umhugsunarefni í sjálfu sér að það skuli vera dómstóll í Brussel sem ákvarðar hvað Íslendingar geti gert og hvað þeir megi gera, hvaða lýðræðislegar ákvarðanir þeim er heimilt að taka varðandi almannaþjónustu (Gripið fram í.) og varðandi almenna löggjöf á Íslandi. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson segir: Þú vildir bíða eftir þeim. Já, ég tek nefnilega alvarlega samninga sem við undirgöngumst og það er þess vegna sem ég var andvígur EES-samkomulaginu á sínum tíma. Ég óttaðist afleiðingarnar. En aðrir eru svo léttúðarfullir þegar kemur að skuldbindingum sem við undirgöngumst á alþjóðavísu að þeir gera það með ljúfu geði en þegar það síðan ekki hentar hagsmunum þeirra vilja þeir hlaupast undan merkjum. (**ÖS:** ... Evrópusambandinu.) Ég minnist þess t.d. að þegar ráðgert var að smíða varðskip á Akureyri og ESA gerði athugasemdir við að þessi smíði eða samsetning á skipinu yrði ekki boðin út á Evrópska efnahagssvæðinu vildi meiri hlutinn hér á Alþingi finna einhver málamyndarök til að hlaupast frá þessum skuldbindingum. Ég man að eitt af því sem menn fundu til var að hér væri um að ræða herskip og að í herskipum væru hernaðarleyndarmál og á þeirri forsendu ættum við að geta stýrt þessu verki inn í íslenskar skipasmíðastöðvar.

Ég var því fylgjandi að smíða skipið á Íslandi, að sjálfsögðu, en þetta var einmitt ástæðan fyrir því að ég ásamt ýmsum öðrum á sínum tíma hafði efasemdir um EES-samninginn. Þetta er útúrdúr en ég nefni það að við höfum undirgengist þessar reglur og að sjálfsögðu eigum við að taka alvarlega hvaða afleiðingar það kunni að hafa fyrir þá stofnun sem við erum hér að ákveða framtíðina fyrir. Það er einmitt það sem ýmsir lögfræðingar hafa verið að vara okkur við. Þeir hafa sagt að þeir aðilar sem rýna í samkeppnislöggjöfina og Evrópurétt vari okkur við því að við séum að senda Ríkisútvarpið inn á mikla óvissubraut. Við eigum að sjálfsögðu að taka varnaðarorð þeirra alvarlega. Ábyrgir fjölmiðlamenn sem hafa rýnt í þessi mál, ég nefni meðal annarra ritstjóra Fréttablaðsins, Þorstein Pálsson, og ýmsir lögfræðingar vara okkur við því að við séum að senda Ríkisútvarpið inn á mikla óvissubraut hvað þetta snertir, sam-

keppnisþáttinn og Evrópuréttinn.

Hæstv. forseti. Þetta er eitt af því sem breyttist frá því að við ræddum Ríkisútvarpið í haust, í nóvember og desember, þar til við tókum upp þráðinn að nýju nú í janúar. (Gripið fram í.)

Það er ýmislegt annað sem hefur breyst (**ÖS:** Afstaða ... til ESB.) og ég vil nefna þá óvissu sem verið er að setja starfsmenn Ríkisútvarpsins í. Útvarpsstjóri, Páll Magnússon, hefur sagt á fundum með starfsmönnum Ríkisútvarpsins og staðhæft einnig skriflega að réttindi starfsmanna haldist óskert verði frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. að lögum. Hann undanskilur þá biðlaunaréttinn, að þar sé að finna sólarlagsákvæði. Þetta er rangt, það hefur komið fram í umræðunni og það hefur komið fram á fundum í menntamálanefnd á undanförnum vikum og undanförnum dögum — suma þessara fundi sat ég sjálfur — að þessi mál eru í fullkominni óvissu. Ég mun fara nánar í þau mál hér síðar.

Það er rétt að kjarasamningsbundin réttindi og ráðningarkjörin munu haldast út samningstímann sem í þessu tilviki er til ársins 2008. Þegar þeim samningum sleppir, þegar sá samningstími er úti, er allt í óvissu um þessi kjör. Ég tók eftir því að hv. formaður menntamálanefndar sagði hér í ræðustól, (**ÖS:** Hann er flúinn úr salnum.) hvort sem það var í dag eða í gær, að ekki mætti taka fram fyrir hendurnar á einstaklingunum. Þar var hann að svara fyrirspurn frá mér um það hvort félagslegir samningar yrðu virtir. Það er einmitt það sem er að gerast hjá einkavæddum og hlutafélagavæddum ríkisfyrirtækjum nú um stundir, bara þessa dagana, og ég nefni Matís ohf. sérstaklega. Þar var settur yfir stjórn hins nýja fyrirtækis fyrsti formaður Félags frjálshyggjumanna, Friðrik Friðriksson, maður sem gefur lítið fyrir verkalýðsfélög. Hann gaf það út á fundi með starfsmönnum Matíss ohf. að þar á bæ vildu menn sem allra minnst samskipti hafa við verkalýðsfélögin. Enda hefur það fylgt í kjölfarið að starfsmenn hafa verið leiddir undir vegg, teknir út úr einn og einn og gert að sæta afarkostum, annaðhvort skrifa undir ráðningarsamninga sem ekki er heimilt að sýna öðrum ella hafa verra af.

Þetta eru staðreyndirnar og ég minni á þetta vegna þess að þeir ráðherrar sem fara með þessi mál hétu þinginu því og hafa heitið stéttarfélögum því að virða félagslegan samningsrétt og virða réttindi starfsmanna. En þetta eru efndirnar. Það er þess vegna sem við núna setjum alvarleg spurningarmerki við það hvað kemur til með að gerast gagnvart starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Þess vegna gef ég ekkert fyrir yfirlýsingar útvarpsstjóra, Páls Magnússonar, um að öll réttindi haldi, nema við fáum vilyrði fyrir því og sett verði í lög eða a.m.k. í skýringartexta með frumvarpinu að félagslegur réttur fólksins til að semja á grundvelli stéttarfélaga sinna verði virtur. Við viljum fá það inn í lagatextann eða í skýringartexta með þessu frumvarpi, það er alger lágmarkskrafa. Ég vek athygli á því að þegar stéttarfélögin vildu fá bráðabirgðaákvæði sett inn í frumvarpið til að tryggja réttindi starfsfólksins var því hafnað. Þess vegna gef ég lítið fyrir yfirlýsingar forsvarsmanna Ríkisútvarpsins og pólitískra fulltrúa hér á þingi sem staðhæfa að réttindi verði virt en neita síðan að gefa nokkur svör þegar þeir eru inntir nánar eftir þessu. Þegar t.d. er spurt hvað muni henda með nýráðningar, hvort fólki verði heimilaður þá aðgangur að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem lögum og reglum samkvæmt er heimilt að gera eigi starfsmennirnir aðild að BSRB eða BHM, fáum við engin svör, einfaldlega vegna þess að menn eru ekki reiðubúnir að gefa yfirlýsingar um það að starfsfólkið fái aðgang að þessum samtökum.

Þetta, hæstv. forseti, er nýkomið til sögunnar. Við vissum alltaf um þessa óvissu sem réttindamálin væru í en núna vitum við að það er eitt sagt á einum stað og annað á öðrum. Það er staðhæft við starfsmenn að réttindi þeirra verði virt og verði tryggð en þegar farið er í saumana á málunum og nánar spurt út í þau eru svörin, bæði frá forsvarsmönnum Ríkisútvarpsins og einnig frá pólitískum fulltrúum hér á Alþingi, þau að um það sé ekkert hægt að segja þegar kjarasamningum sleppir á árinu 2008. Þetta eru staðreyndir málsins.

Ég legg áherslu á að okkur ber að hlusta á varnaðarorð lögfræðinga, þeirra sem eru sérhæfðir sérstaklega í Evrópurétti og samkeppnislögum, að sjálfsögðu eigum við að hlusta á hvað þessir aðilar eru að segja. Þeir segja við okkur: Með því að færa Ríkisútvarpið úr almannaþjónustuhlutverkinu, undan stjórnsýslulögum og þeim lögum almennt sem gilda um opinbera starfsemi inn í einkaréttarform erum við að svipta Ríkisútvarpið vörnum sínum gagnvart þeim sem sækja að þeim á samkeppnismarkaði. Þá segja þessir aðilar: Framtíð Ríkisútvarpsins verður þá ráðin fyrir dómstólum, það eru dómstólarnir sem koma til með að dæma, löggjafinn hefur svipt Ríkisútvarpið vörnum sínum. Stjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi tekur þátt í að mola undirstöðurnar undan Ríkisútvarpinu. Það er dapurlegt til þess að hugsa að Framsóknarflokkurinn, samvinnuflokkurinn gamli, skuli vera að bregðast Ríkisútvarpinu og sínum eigin hugsjónum með þessum hætti.

Við höfum alltaf vitað hvert hugur íhaldsins stefnir, það vitum við. Við höfum séð ungliðahreyfingarnar álykta, SUS, Samband ungra sjálfstæðismanna, og ýmsa talsmenn Sjálfstæðisflokksins, en við áttum þá von, ég átti þá von í brjósti, ég hef alla tíð nært þá von í brjósti að Framsóknarflokkurinn mundi a.m.k. á tvennum vígstöðvum standa vaktina, gagnvart Íbúðalánasjóði, sem íhaldið sækir að og hefur gert árum saman, og einnig gagnvart Ríkisútvarpinu. Þess vegna er það þyngra en tárum taki að Framsóknarflokkurinn skuli taka þátt í þessari aðför að Ríkisútvarpinu og starfsmönnum þess einnig.

Það sem ég óttast að muni gerast með þessari breytingu á lögum um Ríkisútvarpið er að sú sátt sem ríkt hefur um þessa stofnun allar götur frá því að hún var sett á laggirnar árið 1930 verði rofin, að hún rofni með þessu frumvarpi. Við vitum að á undanförnum árum, kannski áratugum, frá því að nýfrjálshyggjan, peningafrjálshyggjan, fór á kreik í lok áttunda áratugar síðasta aldar, hafa tekið sig upp ýmsir harðdrægir hægri menn og reynt að safna liði um þá hugsun að menn hættu að greiða til Ríkisútvarpsins. Þessi hugsun fékk byr undir báða vængi og ekkert undarlegt í raun. Á miðjum níunda áratugnum, 1986 held ég að það hafi verið, þegar einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn og aðrar stöðvar komu til sögunnar sögðu þessir aðilar og fengu nokkurn hljómgrunn, einkum á hægri væng stjórnmálanna, að það væri óeðlilegt að skylda fólk til að greiða til eins fjölmiðils, ekki síst þegar aðrir væru í boði. Aðrir — og

þetta á við um meginþorra Íslendinga — litu hins vegar á Ríkisútvarpið sem mikilvæga og nauðsynlega kjölfestu í menningu okkar og sem upplýsingamiðil og öryggistæki fyrir þjóðina alla.

Þannig hefur það verið fram á þennan dag en menn gera að sjálfsögðu kröfur til stofnunar og til starfsemi sem er fjármögnuð með lögþvinguðum skatti, jafnvel þótt sá skattur sé iðgjald af ríkisútvarpi. Það eru peningar sem fara upp úr vasanum hjá okkur hverju og einu og inn í þessa starfsemi. Ég fyrir mitt leyti hef aldrei séð eftir þeim peningum, jafnvel þótt ég hafi ekki alltaf verið sáttur við Ríkisútvarpið mitt en það er ekkert óeðlilegt og á við um okkur öll. Við eigum þó alltaf þá von í brjósti að það megi bæta og þar höfum við rétt til þess að hafa skoðun og reyna að koma henni á framfæri og reyna að hafa áhrif, nokkuð sem við höfum síður þegar miðlar í einkaeign eiga í hlut.

Við gerum kröfur til Ríkisútvarpsins og samfélagið hefur smíðað lagaumgjörð um þá starfsemi sem er fjármögnuð með lögþvinguðum sköttum. Það hafa verið samin stjórnsýslulög og upplýsingalög, starfsmenn búa við tiltekin skilyrði sem þeir hafa samið um í áranna og áratuganna rás. Það er þetta sem á að taka frá Ríkisútvarpinu, það á að taka það undan þessum lögum, og menn hlusta á þá menn sem segja að þessi lög séu til óþurftar, þau flækist fyrir. Hvaða lög eru það? Það eru lögin sem eiga að tryggja jafnræði, sem eiga að tryggja að vel sé farið með peningana, sem eiga að tryggja að stofnunin lúti ekki geðþóttastjórn. Það eru þau lög sem með þessu frumvarpi er verið að taka undan grunni Ríkisútvarpsins, um það snýst þessi deila.

Þegar búið verður að gera Ríkisútvarpið að einveldisstofnun, færa hana frá almenningi í reynd, gera hana að stofnun sem lýtur meirihlutavaldi stjórnar meiri hlutans hverju sinni og síðan einvaldi sem þessi stjórn ræður og hefur yfirráð yfir öllum mannaráðningum, öllum þeim sem starfa hjá Ríkisútvarpinu, hvort sem er á fréttastofunum, í dagskrárgerðinni, hvar sem er í þessari stofnun, allt fært undir vald eins manns og öll dagskrárgerðin að sama skapi færð undir valdið hjá einum manni og að auki er búið að taka stofnunina undan stjórnsýslulögum, undan þeim lagaramma sem á að gilda um opinbera starfsemi, spyr ég: Trúa menn því virkilega að það verði alhliða sátt um það í samfélaginu að greiða áfram hinn lögþvingaða skatt? Ég hef um það miklar efasemdir. Þess vegna segi ég: Hvers vegna í ósköpunum er verið að tefla framtíð Ríkisútvarpsins í þessa tvísýnu?

Margir ágætir menn sem trúa á einkaréttarformið innan veggja Ríkisútvarpsins — þeir hafa fyrirfundist þar og sett slíkar hugmyndir fram í fullri einlægni — hafa gleymt því, hefur mér þótt, að menn geta ekki bæði sleppt og haldið, menn geta það ekki. Menn geta ekki bæði fengið ávinninginn af fjármagninu frá almenningi og líka verið lausir allra mála og stjórnað að eigin geðþótta. Þetta gengur einfaldlega ekki upp. Þess vegna segi ég: Menn eru að rjúfa þá sátt sem ríkt hefur um Ríkisútvarpið með þessu frumvarpi ef það verður að lögum.

Mig langar til, hæstv. forseti, að lesa örgrein, hún er ekki löng, sem er skrifuð af þremur fyrrverandi menntamálaráðherrum Íslands. Þeir eru Ingvar Gíslason, sem var menntamálaráðherra fyrir Framsóknarflokkinn, Ragnar Arnalds, sem var menntamálaráðherra fyrir Alþýðubandalagið, og Sverrir Hermannsson, sem var menntamálaráðherra á sínum tíma fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Í reynd eigum við ekkert að líta á flokksstimpla þessara manna, þeir voru menntamálaráðherrar Íslands, þeir voru menntamálaráðherrar Íslendinga og skrifuðu í sameiningu bréf til alþingismanna sem birtist í Morgunblaðinu 1. júní árið 2006, síðasta vor. Ég vil að þetta bréf verði að finna í þingtíðindum þar sem fjallað er um þetta frumvarp.

Fyrirsögn á grein þeirra þremenninga, fyrrverandi menntamálaráðherra Íslands, er þessi: Eiga viðskiptafyrirtæki að kaupslaga með hlutabréf í menningarstofnunum? Bréf til alþingismanna.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa þessa stuttu grein:

„Íslendingar teljast með helstu velmegunarþjóðum heimsins og halda því til jafns við stórþjóðir um efnisleg gæði.

En auður þjóðar felst ekki einungis í mælanlegum markaðsverðmætum. Varla greinir menn á um að ríkidæmi þjóðar er ekki síður metið á mælikvarða andlegra verðmæta, skapandi listmenningar og auðugs þjóðlífs, þar á meðal þroskaðrar þjóðtungu og bókmennta.

Íslensk þjóð er fámenn, búsett á eylandi á ystu nöfum Norður-Atlantshafsins, fjarri meginlandi Evrópu. Á Íslandi hefur samt þróast þjóðmenning, sem vissulega er mótuð af samevrópskum menningaráhrifum og lífsviðhorfum, en er eigi að síður sér á parti, mörkuð sérkennum, sem ráðast af legu landsins, náttúrufari þess og búsetuskilyrðum í harðbýlu landi.

Öll viljum við að Íslendingar haldi sínu í samskiptum við aðrar þjóðir. Það gerum við best með ræktarsemi við þjóðlega menningu okkar, enda er menningarrækt smáþjóðum höfuðnauðsyn. Þann vilja geta Íslendingar ekki síst sýnt í verki með því að styrkja menningarstofnanir þjóðarinnar, mennta- og menningarsetrin, skólana og söfnin, sem löngum hefur verið litið á sem samfélagseign, m.a. Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðleikhúsið og Ríkisútvarpið. Við, sem stöndum að þessu bréfi, teljum að samfélagseignir á menningarsviði séu ekki söluvara.

Á Alþingi er nú til umræðu stjórnarfrumvarp til breytinga á gildandi útvarpslögum. Þar er m.a. lagt til að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi. Nái sú tillaga fram að ganga væri stigið varhugavert spor, enda ljóst að hlutafélagsformið er sniðið að fésýsluþörfum og hentar ekki menningarstofnun í almannaeigu. Þótt til kæmi sú varúðarregla að banna sölu slíks hlutafélags með lögum, er hæguinn hjá, þótt síðar yrði, að nema sölubannsákvæðið úr gildi. Þá opnast leið til þess að bjóða hlutabréf stofnunarinnar til sölu. Fésýslumenn, þar á meðal alþjóðleg fégróðafyrirtæki, færu þá að kaupslaga með eina mikilvægustu menningarstofnun þjóðarinnar, en í raun er engin leið að meta verðgildi hennar í peningum, því að menningarverðmæti eru í eðli sínu ómetanleg. Það á ekki síst við um eignasamsetningu Ríkisútvarpsins.

Við undirritaðir ítrekum það, sem fyrr hefur komið fram, að við teljum að best fari á því að Ríkisútvarpið haldi stöðu sinni sem sjálfstæð þjóðareign og mælum gegn því að breyta rekstrarformi þess í hlutafélag. Sérstaklega leyfum við okkur að beina því til alþingismanna að þeir greini

muninn sem er á þjóðmenningarstofnun og viðskiptafyrirtæki.

Ingvar Gíslason, fyrrverandi menntamálaráðherra, Ragnar Arnalds, fyrrverandi menntamálaráðherra, Sverrir Hermannsson, fyrrverandi menntamálaráðherra.“

Hæstv. forseti. Ég vildi lesa þetta bréf til að fá það fest í þingtíðindi í umræðu um þetta mikilvæga mál.

Ég er hér að fjalla um hættuna á því að sú þjóðarsátt sem ríkt hefur um Ríkisútvarpið bresti, að hún verði rofin með þessu frumvarpi. Reyndar hefur því verið haldið fram af hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóranum í makalausri grein sem sá síðarnefndi ritaði í Morgunblaðið í gær að meiri hluti þjóðarinnar sé því fylgjandi að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi en einmitt því gerði útvarpsstjóri, Páll Magnússon, skóna í Morgunblaðsgrein sinni í gær. Staðreyndin er hins vegar sú að hér er byggt á afar vafasömum grunni.

Ég hef gert athugasemdir og gerði það á sínum tíma þegar þessi könnun var framkvæmd af Gallup á vegum Ríkisútvarpsins og forsvarsmanna þess á vegum útvarpsstjórans, Páls Magnússonar, sem kom reyndar í Ríkisútvarpinu og var haft eftir honum í frétt sem birtist 20. september, með leyfi forseta, því að þar segir:

„Páll Magnússon útvarpsstjóri er afar ánægður með niðurstöðuna úr viðhorfskönnun um RÚV. Hann vonast til að niðurstaðan virki hvetjandi á stjórnmálamennina þegar þeir taka ákvörðun um framtíð Ríkisútvarpsins.“

Og til hvaða framtíðar er hér verið að vísa? Það er verið að vísa til þeirrar framtíðar sem við erum að ræða nú, hvort gera eigi Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Hér segir síðar í þessari frétt, með leyfi forseta:

„Í könnuninni“ — hér er vísað til umræddrar Gallupkönnunar sem útvarpið pantaði — „kemur fram að ríflega 60% aðspurðra eru ánægð með að RÚV verði breytt í hlutafélag í ríkiseigu. Páll segist vona að viðhorfskönnunin verði hvatning til þeirra stjórnmálamanna sem vinna að því að breyta rekstrarformi stofnunarinnar.“

Bíðum nú við, hvað skyldi hafa verið spurt um í þessari umræddu könnun? Skyldi hafa verið spurt um það hvort fólk væri þess fýsandi að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag? Svo var ekki. Byrjað var á að staðhæfa að til stæði að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi í eigu ríkisins og spurt í framhaldinu hvort fólk væri almennt ánægt eða óánægt með þetta nýja „rekstrarfyrirkomulag“. Með þeirri spurningu var gefið í skyn að þetta rekstrarfyrirkomulag væri þegar orðið staðreynd og í ljósi fyrri spurninga í könnuninni þar sem spurt var um það hvort fólk væri almennt ánægt með framgöngu Ríkisútvarpsins kom niðurstaðan ekki á óvart. Fólk var ánægt með það fyrirkomulag sem var við lýði. Niðurstaðan var síðan kynnt þannig að yfir 60% væru ánægð með að RÚV yrði breytt í hlutafélag í ríkiseigu og um 40% væru andvíg. Þess var ekki getið að tæp 28% höfðu ekki skoðun á málinu og voru því einungis 46% ánægð með þetta nýja rekstrarfyrirkomulag.

Það eru afskaplega vafasöm vinnubrögð sem hér voru höfð við þessa könnun og við kynningu á henni í Ríkisútvarpinu og af hálfu útvarpsstjóra sem hefur komið fram ásamt hæstv. menntamálaráðherra í áróðri fyrir einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Ég hef gagnrýnt þetta, ég gerði það hér fyrr í dag og fékk bréf frá útvarpsstjóra nú síðdegis þar sem hann mótmælir og gagnrýnir þær ásakanir sem hafa verið uppi. Ég mun að sjálfsögðu svara útvarpsstjóra og ætlast til þess að hann fari líkt að og hann gerði með sitt eigið svar og sendi það til starfsmanna Ríkisútvarpsins þegar það liggur fyrir.

Nú velta menn því fyrir sér hvað komi til með að gerast innan Ríkisútvarpsins eftir að því verður breytt í hlutafélag ef yfirleitt af því verður. Þá ítreka ég það sem ég sagði áðan og hef margoft hamrað á og aðrir ræðumenn á þingi úr stjórnarandstöðunni hafa einnig hamrað á, að það er verið að draga úr lýðræði innan Ríkisútvarpsins. Ég ætla bara að nefna eitt atriði. Ég á eftir að koma að álitsgerðum starfsmannafélaga Ríkisútvarpsins og heildarsamtaka sem þau eiga aðild að en ég vek athygli á því að á sínum tíma var um það samið að starfsmenn Ríkisútvarpsins fengju aðild að stjórn stofnunarinnar, það var í framkvæmdanefnd. Þetta var byggt á kjarasamningum sem undirritaðir voru milli BSRB og ríkisstjórnarinnar 8. september árið 1980. Tveimur árum síðar var sett reglugerð um þetta efni, reglur um starfsmannaráð í ríkisstofnunum. Ríkisútvarpið kaus í samningum við sína starfsmenn, í samningum við starfsmannafélög Ríkisútvarpsins og starfsmannafélag sjónvarpsins að í framkvæmdastjórn stofnunarinnar fengju þessir aðilar tvo fulltrúa.

Þetta voru kjarasamningar, samningar sem gerðir voru milli starfsmanna. Ég vona að hæstv. menntamálaráðherra hlýði á mál mitt, það voru gerðir kjarasamningar, það voru gerðir samningar árið 1982 um aðkomu starfsmanna Ríkisútvarpsins að stjórnun stofnunarinnar. Engin tilraun hefur verið gerð til að ræða við fulltrúa starfsmanna um þessa samninga. Þeim er einfaldlega einhliða rift og ekkert um það rætt meira.

Hvers konar framkoma er þetta? Og við hverju er að búast fyrir starfsmenn þessarar stofnunar þegar svona er komið fram við þá? Ég bara spyr. Og nú er það að gerast að stjórnarmeirihlutinn og hæstv. menntamálaráðherra reyna að telja þjóðinni trú um að hér sé stigið skref inn í framtíðina, eitthvert framtíðarskref, þegar verið er að toga okkur aftur inn í gráa forneskju þar sem troðið er á stéttarfélögunum og réttindi starfsfólksins og stéttarfélaga að engu höfð. Ég er að taka það sem dæmi að samningar sem voru gerðir um aðkomu að lýðræðislegri stjórnun eru að engu hafðir. Það er ekki svo mikið sem rætt við starfsfólkið eða stéttarfélögin um þessa samninga sem ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn eru að rifta, einhliða, án þess að ræða við nokkurn mann.

Það sem síðan gerist er að menn færa vald í trúnni á píramídastjórnun í fyrirtækjum í hendur á einum manni sem á að geta ráðið og rekið alla hina og öll dagskrárgerðin færð undir vald eins manns. Hvers konar vinnubrögð eru þetta og við hverju er að búast hjá stofnun sem býr við stjórnarhætti af þessu tagi? Ég veit að þetta tíðkast hjá einkafyrirtækjum, ég veit það. Þegar fréttastjóri á Stöð 2 var rekinn, og það var reyndar af sama sjónvarpsstjóranum og er nú útvarpsstjóri á Ríkisútvarpinu, var það gert skýringalaust. Það voru engar skýringar gefnar og þar var ekkert Alþingi sem gat komið að málum til þess að koma kvörtunum á framfæri, einfaldlega vegna þess að við vorum að tala þar um

fyrirtæki sem er í einkaeigu, sem er einkafyrirtæki. Það er inn á þessa braut, inn í þetta umhverfi sem menn eru að reyna að draga Ríkisútvarpið.

Finnst mönnum þetta horfa til framfara? Að sjálfsögðu ekki. Ríkisútvarpið byggir á ríkum hefðum um margbreytileika, um virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum og mörgu fólki, um að menn vinni saman, um sameiginlegt átak. Við erum að fara út úr þeirri hefð, það er verið að draga stofnunina út úr þeirri hefð og, hæstv. forseti, mér þykir það vera mjög í afturhaldsátt.

Annað sem fram kom í hinni makalausu grein útvarpsstjóra í Morgunblaðinu í gær er að hann gerir því skóna að starfsmenn Ríkisútvarpsins styðji frumvarp hæstv. menntamálaráðherra. Hann vísar í bréf sem starfsmannasamtökin, sem eru eins konar regnhlífarsamtök og hafa ekkert að gera með samninga um kaup og kjör, sendu til alþingismanna fyrir einhverjum mánuðum þar sem hvatt var til skipulagsbreytinga og lagabreytinga um Ríkisútvarpið. Um það er víðtæk samstaða. Það hefur lengi verið innan Ríkisútvarpsins og hér í sölum Alþingis samstaða um að gera þurfi breytingar á lagaumhverfi Ríkisútvarpsins. Það er víðtæk samstaða um það.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram frumvarp þar að lútandi. Samfylkingin hefur gert grein fyrir sínum hugmyndum um skipulagsbreytingar. Aðrar hugmyndir hafa einnig komið frá Frjálslynda flokknum. Ég er sannfærður um að ef menn raunverulega vildu væri hægt að finna sameiginlegan grundvöll þar sem allir aðilar gætu orðið ásáttir um framtíðarskipan í Ríkisútvarpinu. Ég er sannfærður um það en menn þurfa að gefa sér tíma til þess. Menn þurfa að gefa sér tíma til þess á sama hátt og Bretar gefa sér tíma til að fjalla um stöðu síns ríkisútvarps, það gera þeir með reglulegum hætti og hafa gert allar götur frá 1926 þegar sú merka stofnun var sett á laggirnar. Með reglulegu millibili, sennilega á 10 ára fresti eða þar um bil, er sett niður nefnd sem skoðar stofnunina í ljósi samtímans hverju sinni, hverju þurfi að breyta, en hins vegar er samstaða um sjálfan grundvöll stofnunarinnar. Hvers vegna vinnum við ekki að breyttu fyrirkomulagi og breyttu lagaumhverfi fyrir Ríkisútvarpið á þann hátt sem Bretar gera að þessu leyti?

Hæstv. forseti. Klukkan er nú komin að miðnætti. Ég á talsvert í land með að ljúka ræðu minni sem ég get þó fullvissað hæstv. forseta um að verður ekki ýkja löng þegar horft er til ræðuhalda um þetta mál almennt. Ég tel mig eiga eftir um — ja, ég ætla ekkert að gefa upp neinn mínútufjölda en ég lýsi því hér yfir að ég tel allmikið eftir en gæti lokið því á skaplegum tíma á morgun ef fallist er á að gera hlé á þinghaldinu núna.

(**Forseti** (JónK): Forseti hafði hugsað sér að gera hlé á þinghaldinu um miðnætti þannig að hann frestar nú þessum fundi.)

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 23:59.

---

# 53. FUNDUR

miðvikudaginn 17. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708. — Frh. 3. umr.

2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[10:30]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Borist hefur bréf um forföll þingmanns frá 2. þm. Suðurk., Drífu Hjartardóttur, dagsett 16. janúar sl., sem hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 2. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni. 1. varaþingmaður flokksins, Böðvar Jónsson, er forfallaður að þessu sinni."

Forseta hefur borist bréf, dagsett 15. janúar, frá 1. varaþingmanni Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi þar sem hann tilkynnir forföll vegna starfsanna á öðrum vettvangi.

Kjörbréf Helgu Þorbergsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Helga Þorbergsdóttir, 2. þm. Suðurk., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:31]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Helga Þorbergsdóttir hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Svör við fyrirspurnum, þingstörfin fram undan o.fl.

[10:32]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þannig háttar til að á þskj. 327 lagði ég fram fyrirspurn til forsætisráðherra um stuðning við smá og

meðalstór fyrirtæki. Fyrirspurnin var svohljóðandi:

Hvenær er þess að vænta að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, sbr. ályktun Alþingis frá 16. mars 2004?

Forsaga málsins er sú að þann dag samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum sem flutt var af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Í síðasta málslið tillögunnar segir að framkvæmdaáætlunin skuli lögð fyrir Alþingi til staðfestingar haustið 2005 og þinginu síðan gerð grein fyrir framvindu mála með skýrslu á tveggja ára fresti. Alþingi lýsti þarna sem sagt ótvíræðum vilja sínum til þess að framkvæmdarvaldið ynni slíka framkvæmdaáætlun, legði hana fyrir þingið þar sem fjallað yrði um hana og hún staðfest og síðan yrði málinu fylgt eftir með greinargerð á tveggja ára fresti.

Þegar leið á haustið 2005 og fram eftir vetri 2006 og ekkert bólaði á þessari skýrslu fór ég að grennslast fyrir um hvar málið væri statt og kom í ljós að það hafði lent í nokkrum töfum. Þegar enn bólaði ekkert á því í haust, ári seinna en til stóð, lagði ég fram þessa fyrirspurn. Það var síðan nokkrum dögum fyrir jól, ef ég veit rétt, sem hér birtist sú skýrsla sem forsætisráðherra hefur nú lagt fram um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Skýrslan er, þótt ágæt sé svo langt sem hún nær, á engan hátt sú framkvæmdaáætlun um aðgerðir á þessu sviði sem Alþingi hafði falið framkvæmdarvaldinu að gera. Það er því að mínu mati óhjákvæmilegt að taka málið hér til umræðu og fá skýringar á því frá ríkisstjórn af hverju vilji Alþingis er ekki virtur í ríkari mæli en raun ber vitni og af hverju það hefur dregist í meira en ár að leggja þetta fyrir þingið og þá skuli það vera jafnveiklað og raun ber vitni. Ég óska því eftir því, herra forseti, að málið komi til umræðu, helst í formi greinargerðar frá forsætisráðherra, ellegar í formi utandagskrárumræðu (Forseti hringir.) sem ég mundi þá biðja um en afturkalla hins vegar (Forseti hringir.) fyrirspurn mína á þskj. 327 þar sem segja má að efni hennar sé úr gildi fallið.

(**Forseti** (BÁ): Þessari athugasemd hv. þingmanns verður komið á framfæri og tekið til athugunar hvernig við henni verði brugðist.)

[10:35]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon beinir athygli þingsins hér að því að vilji þess er ekki virtur. Ég vil, herra forseti, beina athygli þingmanna að því að lög þingsins eru ekki virt heldur. Hér er allt á tjá og tundri út af þrákelkni ríkisstjórnarinnar við að þrýsta í gegn þessu ólukkufrumvarpi um Ríkisútvarpið. Gott og vel. Við gerðum um það samkomulag í lok þings fyrir jól að þetta mál yrði tekið á dagskrá og að önnur hefðbundin þingmál yrðu ekki sett á dagskrá. Það var ekki skilningur okkar í stjórnarandstöðunni að hér fengist ekki tóm til að svara fyrirspurnum með eðlilegum hætti. Látum það nú vera.

Hitt er alveg ljóst að við þingmenn höfum lögbundinn rétt til að krefjast umræðna utan dagskrár um brýn mál sem upp koma. Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum nú dögum saman krafist þess að fá að ræða málefni Byrgisins utan dagskrár á Alþingi Íslendinga. Það hefur ekki enn komið fram af hálfu forseta þingsins hvenær sú umræða á að fara fram. Það liggur alveg ljóst fyrir að við höfum lögbundinn rétt til að krefjast umræðunnar. Við höfum hins vegar ekki fyrr en í morgun fengið formlegar samræður við forseta þingsins um þennan rétt okkar eða um það hvort og hvenær umræðan á að fara fram. Það liggur alveg ljóst fyrir að misfarið hefur verið með fjármuni hins opinbera í tengslum við Byrgið og hver ráðherrann á fætur öðrum skýtur sér undan ábyrgð. Það vekur eftirtekt í fjölmiðlum að allir ráðherrarnir eru á hlaupum undan ábyrgð varðandi Byrgið og enginn vill gangast við henni. Er eitthvað óeðlilegt að þingmenn óski eftir því að fá að ræða þetta sérkennilega mál utan dagskrár og fá skýr svör (Forseti hringir.) við því frá forseta hvenær það eigi að gera? (Forseti hringir.) En það er ekki hægt því að hér er allt á tjá og tundri út af (Forseti hringir.) þessu vitlausa máli ríkisstjórnarinnar um (Forseti hringir.) Ríkisútvarpið.

[10:38]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti biður hv. þingmenn að virða þann ræðutíma sem gefinn er í þessari umræðu.

Forseti mótmælir einnig þeirri fullyrðingu sem kom fram í ræðu hv. þingmanns um að lög þingsins væru virt að vettugi. Það er rétt að þingmenn hafa rétt samkvæmt þingsköpum til að óska eftir umræðum utan dagskrár. Það er hins vegar forseti sem ákveður dagskrá fyrir hvern dag þannig að það er ekki um það að ræða að neinar reglur þingskapa hafi verið brotnar í þessu sambandi.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi um utandagskrárumræðu um Byrgið er forseta kunnugt um að á morgun verður fundur Ríkisendurskoðunar með fjárlaganefnd og ég hygg að forseti þingsins hafi í hyggju að taka afstöðu til tímasetningar beiðnarinnar í ljósi þess fundar.

[10:39]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla að ræða störf þingsins og gagnrýna það hvernig reglur eru ekki virtar í þinginu hvað varðar vinnubrögð. Þar ætla ég að vekja athygli á fyrirspurnum og svörum frá ráðherra við fyrirspurnum sem þingmenn hafa lagt fram. Á annan tug fyrirspurna bara frá mér liggur fyrir og hefur ekki verið svarað. Elstu fyrirspurnirnar eru að verða fjögurra mánaða gamlar, voru lagðar fram í byrjun október þegar þing kom saman. Ráðherrar hafa viku til að svara munnlegum fyrirspurnum og 10 daga til að svara skriflegum fyrirspurnum. Ég nefni það dæmi að í byrjun október spurði ég um málefni barna- og unglingageðdeildarinnar, það eru rúmir þrír mánuðir síðan, og hafa nú málefni barna- og unglingageðdeildarinnar heldur betur verið rædd í fjölmiðlum. Hins vegar hefur ekki fengist svar við þeim fyrirspurnum sem ég lagði fram í byrjun október og átti að svara viku síðar.

Hið sama snýr að þjónustu- og hjúkrunarheimilum. Það er líka fyrirspurn frá því í október, þriggja mánaða gömul. Og síðan búsetumál geðfatlaðra sem ráðherrar hafa barið

sér á brjóst fyrir að hafa komið í ágætislag. Svo er reyndar ekki eftir því sem ég veit best. Það er þriggja mánaða gömul fyrirspurn sem átti að svara í byrjun nóvember miðað við reglur þingsins og ekkert heyrist frá ráðherranum. Ég vil vekja athygli á því hvernig ástandið er. Hér er mörgum tuga fyrirspurna ósvarað, að ég tali ekki um utandagskrárumræður og önnur brýn mál sem væri full ástæða til að taka hér fyrir þegar þing kemur saman að loknu jólahléi. (Gripið fram í.)

[10:41]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram, að venjur og hefðir þingsins skuli virtar að vettugi. Allt er látið víkja fyrir krossferð ríkisstjórnarinnar gegn Ríkisútvarpinu og starfsmönnum þess. Ríkisútvarpið skal einkavætt hvað sem það kostar og þess vegna er öllu sópað til hliðar.

Við gerðum að sönnu samkomulag fyrir jólin og samkomulagið sneri að einu, að 3. umr. um Ríkisútvarpið yrði látin bíða þar til í janúar. Við féllumst einnig á að þingið yrði kallað saman einum degi fyrr en til hafði staðið. Okkur var síðan gert kunnugt að ríkisstjórnin hygðist hraða afgreiðslu þessa máls. Okkur var gert það kunnugt og við vissum að hverju við gengum í þeim efnum. (**Utanrrh.:** Það er nú meiri hraðinn.) Að venju hefur utanríkisráðherra og fulltrúi Framsóknarflokksins þetta mál í flimtingum. Mér finnst þetta mál ekki til að gera grín að og ég tek undir það sem fram hefur komið hjá öðrum þingmönnum, þar á meðal formanni þingflokks Samfylkingarinnar, að það er mjög óeðlilegt að hér skuli ekki fara fram utandagskrárumræða um Byrgið. Það er mjög óeðlilegt að ríkisstjórnin skjóti sér þar með undan ábyrgð í því alvarlega máli. Það er eðlilegt að það sé tekið upp þegar í stað á þinginu og ef til stendur að halda fund um það efni, nokkuð sem var vitað í upphafi vikunnar, spyr ég: Hvers vegna í ósköpunum var sá fundur ekki haldinn fyrr? Ég tek undir þá kröfu og vek athygli á því að af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs liggja einnig fyrir þinginu óskir og kröfur um að fram fari utandagskrárumræða um efni sem brýnt er að fjalla um. Ég nefni þjóðlendumálin, ég nefni (Forseti hringir.) spilavandann og þar er sannarlega verið að brjóta landslög.

[10:43]

**Hlynur Hallsson:**

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða um störf þingsins og tek heils hugar undir með fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem hér hafa staðið upp í dag. Það er mjög alvarlegt mál þegar stjórn þingsins, herra forseti, virðist vera í höndum eins stjórnmálaflokks á þinginu. Störf þingsins eru í herkví Sjálfstæðisflokksins. Það er Sjálfstæðisflokkurinn sem stjórnar þinghaldi hér og getur ráðskast með það hvenær fyrirspurnir eru, hvenær mál eru tekin á dagskrá. Það er grafalvarlegt mál.

Hér eru haldnir kvöldfundir, kvöldfundir sem ná til miðnættis kvöld eftir kvöld. Það er byrjað óvenjusnemma og við vitum ekkert hvernig á að halda þinghaldi áfram. Nefndarfundir eru líka í upplausn, þeir eru í skötulíki. Menn mæta á nefndarfundi snemma á morgnana og síðan eru boðaðir nefndarfundir jafnvel í hádeginu, hálftímanefndarfundur í félagsmálanefnd o.s.frv. Það liggja mörg brýn mál fyrir þessu þingi. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom einmitt inn á eitt áðan, spilafíkn. Ég bendi enn fremur á mál eins og Vatnajökulsþjóðgarð. Það er mál sem ég mundi frekar vilja leiða til lykta í þinginu og ég hélt að um það mál ætti að geta náðst þokkalegt samkomulag. Þess í stað fær Sjálfstæðisflokkurinn að vaða hérna uppi í einkavæðingarkrossferð sinni sem að þessu sinni bitnar á Ríkisútvarpinu okkar og það er grafalvarlegt mál, herra forseti.

[10:45]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það er dapurlegt að fylgjast með þeirri upplausn sem Sjálfstæðisflokkurinn er að tefla störfum Alþingis inn í núna. Þegar innan við 30 starfsdagar eru eftir af fundatíma Alþingis þar til þing verður rofið þann 15. mars næstkomandi er Sjálfstæðisflokkurinn með hæstv. menntamálaráðherra í fararbroddi að tefla störfum þingsins í upplausn út af þráhyggju hæstv. ráðherra um að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið (Gripið fram í.) út af einhverri misheppnuðustu málafylgju seinni ára á Alþingi, sem er ríkisútvarpsmálið. Mál sem hefur hrakist inn og út úr þinginu aftur og aftur og er nú að koma út úr nefnd í fimmta sinn, allt út af þráhyggju eins ráðherra við að stíga skref í átt að einkavæðingu Ríkisútvarpsins. (**Gripið fram í:** Hvort var það ríkisvæðing eða einkavæðing?) Það er bókstaflega hörmulegt að fylgjast með því og ekki síst hvernig (**Gripið fram í:** Úllen, dúllen ...) Framsóknarflokkurinn lætur Sjálfstæðisflokkinn (Gripið fram í.) teyma sig inn í þessa niðurlægingu einu sinni enn, flokkurinn sem samþykkti það á landsfundi árið 2003 að það kæmi ekki til greina að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið, sjálfseignarstofnun skyldi það vera. (Gripið fram í.) Hún er nákvæmlega sú að breyta Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun. (**Gripið fram í:** Er það ríkisvæðing eða einkavæðing?) Þannig er Sjálfstæðisflokkurinn með Framsóknarflokkinn eins og viljalausan hund í bandi að koma í veg fyrir eðlileg störf Alþingis, eins og að ræða brýn mál eins og málefni Byrgisins, málefni þjóðlendunefndarinnar, sem ég hef óskað eftir að ræða hér utan dagskrár, og fjöldamörg önnur mál sem meira að segja hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson gæti tekið þátt í þó að hann hafi flúið út úr þingsölum í gær þegar ræða átti málefni Ríkisútvarpsins og ítrekað var kallað eftir skoðunum (Forseti hringir.) Framsóknarflokksins í þeirri umræðu.

[10:48]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það sem ég tel alvarlegt hér er það að forseti er með því að beita valdi sínu til að skipuleggja dagskrá þingsins eins og raun ber vitni þessa viku að hafa af þingmönnum þann rétt sem þeir eiga mjög sterkan samkvæmt lögum og stjórnarskrá, t.d. að krefja ráðherra um upplýsingar í fyrirspurnatímum og að taka mál upp utan dagskrár í allt að hálfa klukkustund á hverjum degi.

Við stjórnarandstæðingar getum að sjálfsögðu ekki gert neinar athugasemdir við það, enda lá það fyrir fyrir jól, að

Ríkisútvarpið yrði fyrsta dagskrármál af hálfu ríkisstjórnarinnar og það klárað áður en önnur slík mál yrðu tekin fyrir. Það er alveg rétt, við höfum ekki mótmælt því. En það var aldrei rætt um það að hefðbundnum störfum Alþingis að öðru leyti yrði rutt til hliðar, þ.e. að hér yrðu ekki nefndarfundir, að hér yrðu ekki leyfðar fyrirspurnir eins og á að vera í dag, á miðvikudegi, og að hér gæfust engin færi á að taka upp brýn mál utan dagskrár. Hið alvarlega sem er að gerast er að menn beita forsetavaldi sínu til þess að ákveða dagskrá Alþingis þannig að þessi réttur þingmanna verður óvirkur, og það er mjög alvarlegt mál. Hann er mjög ríkur samkvæmt lögum, stjórnarskrá og þinghefðum okkar. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að ég tel það út af fyrir sig ekki mikil rök þó að það sé fullgilt að margt annað væri þarft og brýnt að ræða hér, en að því gengum við vísu að málefni Ríkisútvarpsins yrðu fyrsta dagskrármálið sem hér yrði tekið fyrir. En hitt er óverjandi að mínu mati að þingmenn skuli með engum ráðum geta tekið upp mál, fengið svarað fyrirspurnum eða neinu öðru vegna þess að forseti fer þannig með dagskrárvald sitt.

Það minnir mig á að það verður að breyta þingsköpunum þannig að forsætisnefnd Alþingis sé dagskrárgjafinn en ekki bara forseti einn (Forseti hringir.) því að það gengur greinilega ekki að hafa það vald í höndum forseta sjálfstæðismanna.

[10:50]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í gær var spurt úr þessum ræðustóli hverju það sætti að það giltu eins konar herlög á Alþingi Íslendinga í fyrstu starfsviku þingsins 2007. Forsetavaldinu er beitt af talsverðri hörku og ég vil meina af óbilgirni. Eitt er það að stjórnarandstaðan taki þeim tökum á því máli sem nú er til umfjöllunar þar sem við höfum beitt okkur með því eina vopni sem við höfum þegar við reynum að leiða stjórnarliðum fyrir sjónir hvaða vitleysu stefnt er í með einkavæðingu einnar merkustu menningarstofnunar þjóðarinnar. Hitt er svo annað með hvaða hætti forseti Alþingis kýs að stjórna þessari lýðræðislega kjörnu löggjafarsamkundu í gengum þann brimskafl. Það er ekki nokkur bragur á því með hvaða hætti verið er að gera það hér og nú. Það er auðvitað opinbert allri þjóðinni hvílík óbilgirni ríkir hér í stjórn þingsins. Við erum ekki að kveinka okkur undan því að ræða hér málefnalega í löngu máli erfitt mál sem miklar deilur eru um og eðlilegt er að taki mikinn tíma og eðlilegt er að sett sé í forgang. Það höfum við gert og það var ekki erfitt að fá okkur til að samþykkja það fyrir áramótin en það er erfitt að fá stjórnarandstöðuna til að samþykkja það að leggja öll sín réttindi önnur til hliðar á meðan.

Ég á sjálf verulega áríðandi fyrirspurn og aðkallandi inni í pípunum hjá ráðherra, hjá hæstv. menntamálaráðherra, sem varðar það mál sem við erum að ræða hér, Ríkisútvarpið, fjárhagsstöðu þess um síðustu áramót. Ég lagði hana fram fyrir meira en mánuði síðan. Hæstv. ráðherra á að hafa tíu virka daga til að svara henni, það hefur hún ekki gert. Og ég spyr: Er það vegna þess að málefnið er Ríkisútvarpið og upplýsingarnar sem ég á von á að fá í gegnum hæstv. ráðherra þoli ekki dagsljósið inn í þá umræðu sem nú stendur?

[10:52]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Það er hægt að taka undir ýmsar þær athugasemdir sem hér hafa verið færðar fram um störf þingsins. Ég tel það þó ekki eftir mér og hef ekki annað en ánægju af því að eiga hér fundi marga og langa og umræður góðar um málefni Ríkisútvarpsins. Það er út af fyrir sig fullkomlega þess virði en öllu eru þó takmörk sett. Og vegna þess að hæstv. forseti vísaði til þess að fjárlaganefnd fundaði á morgun um það málefni sem hér var nefnt, málefni Byrgisins og grafalvarlegar ásakanir um misnotkun á opinberu fé og skort á eftirliti af hálfu ríkissjóðs og þeirra aðila sem eiga að gæta hagsmuna hans, vil ég spyrja hæstv. forseta um það sem ég hef áður spurt um, að fundur fjárlaganefndar er settur um það efni klukkan hálfníu í fyrramálið og mér er mjög til efs að nefndin geti lokið umfjöllun sinni um svo viðamikið efni og svo mikilvæga rannsókn áður en þingfundur á að hefjast klukkan hálfellefu. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forseta hvort fjárlaganefnd verði veitt það svigrúm að funda á morgun og fara yfir þau alvarlegu mál sem uppi eru í tengslum við Byrgið og þá vanrækslu á eftirliti með starfsemi þess, sem sannarlega hefur verið, og ljúka sinni umfjöllun þar um eða hvort ætlunin sé að fresta fundi fjárlaganefndar og setja hér á þingfund vegna þess að umfjöllun um jafnbrýnt og aðkallandi mál eins og málefni Byrgisins verði að fresta fyrir þessari þráhyggju um Ríkisútvarpið og ohf-væðingu þess.

Ég verð að segja að þó að ég sé tilbúinn til að ræða það málefni dag eftir dag og kvöld eftir kvöld í þinginu (Forseti hringir.) þá þætti mér það allt of langt gengið og nauðsynlegt að fjárlaganefnd fái tækifæri (Forseti hringir.) til þess að hafa fullnægjandi umfjöllun um jafngrafalvarlegt mál og hér um ræðir.

[10:54]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Vegna síðustu orða hv. þingmanns getur forseti ekki upplýst um annað en það að honum er kunnugt um að fjárlaganefnd hyggst hittast klukkan hálfníu og að gert er ráð fyrir að þingfundur hefjist klukkan hálfellefu. Aðrar upplýsingar hefur forseti ekki á þessari stundu. Nú er umræðum um störf þingsins á grundvelli 50. gr. þingskapa lokið, enda liðinn sá tími sem gefinn er til þeirrar umræðu samkvæmt þingsköpum og gott betur.

## *Um fundarstjórn.*

Beiðni um utandagskrárumræðu o.fl.

[10:55]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það er ekkert skrýtið að mönnum hlaupi kapp í kinn í umræðum af þessu tagi og ég vil byrja á því, af því að ég ber mikla virðingu fyrir forsetanum, að biðja hann afsökunar á því að hafa í kappi mínu áðan farið yfir þau tímamörk sem leyfileg eru. Hins vegar vil ég líka tjá hæstv. forseta þá skoðun mína að hann eigi nú kannski ekki að grípa til þess tónfræðilega ofbeldis sem hann gerði áðan, sem gerir það að verkum að ég hef tímabundið tapað heyrn

á öðru eyra.

Ég vil hins vegar þrátt fyrir alla mína virðingu fyrir fundarstjórn þess hæstv. forseta sem nú situr í stóli draga mjög í efa að hann leggi réttan skilning í lögin. Hæstv. forseti sagði áðan að það væri í valdi forseta að ákveða hvort þingmenn fengju að ræða hér brýn mál utan dagskrár. Ég leyfi mér, herra forseti, að draga í efa að þetta sé réttur skilningur. Í 50. gr. laga um þingsköp Alþingis kemur það alveg skýrt fram í 1. málsgrein að þingmaður geti í allt að hálftíma fengið umræðu um mál utan dagskrár svo fremi að hann óski eftir því tveimur tímum áður en fundur hefst. Það eru engin undanbrögð frá því.

Nú veit ég ekki hvaða skyn forsetadæmið hefur á tíma og rúmi en það eru tveir sólarhringar frá því að beðið var um utandagskrárumræðuna um Byrgið. Það er mál sem öll þjóðin hefur fylgst með, það er mál sem varðar Alþingi sérstaklega, herra forseti, vegna þess að þar hefur hver ráðherrann á fætur öðrum skotið sér undan ábyrgð. Er það þá bara þannig að hið háa Alþingi á að sitja undir því að það sé verið að sóa milljónatugum án nokkurs eftirlits og ráðherrarnir koma, sem við höfum kosið til þess að fara með það vald sem þeir hafa í höndum sínum, og segja: Það ber enginn ábyrgð á því? Er þá ekki, herra forseti, fullkomlega eðlilegt að þingmenn vilji notfæra sér rétt sinn til að krefja þá sagna um stöðu og þróun málsins til þess að grafast fyrir um hvar rætur þessarar ábyrgðar liggja? Eða er það virkilega svo að hæstv. forseti telji að það sé í lagi að það liggi fyrir samkvæmt áliti Ríkisendurskoðunar að það hafi verið misfarið með tugi milljóna og enginn beri ábyrgð á því? Mér finnst það nú heldur umhendis. (Gripið fram í.) Nú talar sá og galar, haninn framan úr salnum, sem er búinn að liggja í flóttanum síðustu daga og hefur ekki þorað að láta sjá sig og væntanlega sjáum við undir iljar hans á eftir þegar við förum að ræða um Ríkisútvarpið.

Herra forseti. Ég kem upp til að mótmæla túlkun forseta á þessu og ítreka að það er ekki hægt að fara svona undan í flæmingi með umræðuna um málefni Byrgisins. Krafan liggur fyrir en hæstv. forseti sagði rétt áðan að í dag hygðist forseti taka ákvörðun um hvenær. Það er ekki nóg fyrir okkur og ekki fyrir lögin.

[10:58]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti vill í tilefni af þessum orðum hv. þingmanns ítreka það sem áður hefur komið fram að ekki stendur annað til en að orðið verði við beiðni um utandagskrárumræðu um Byrgið. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Hins vegar liggur sú tímasetning ekki fyrir og (Gripið fram í.) það verður ekki fyrr en fundur hefur verið haldinn um málið í fjárlaganefnd þar sem farið verður yfir það með Ríkisendurskoðun.

[10:59]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég verð að byrja á því að gera þá játningu að ég er mikill aðdáandi þess forseta sem nú situr í forsetastól og hef oft glaðst yfir því hversu mikla festu hann hefur sýnt í störfum sínum við að stjórna fundum á hinu háa Alþingi. Sú gagnrýni sem komið hefur fram frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar á fundarstjórn hans í þessari umræðu hefur ekki farið fram hjá mér. Það hefur verið kvartað yfir því af hálfu þingmanna stjórnarandstöðunnar að mörg brýn mál fáist ekki rædd á Alþingi og það séu útistandandi margar fyrirspurnir frá þingmönnum sem ráðherrar hafi ekki svarað. Þetta er náttúrlega allt tilkomið vegna þess að þegar við fórum í hlé í desember gerðu menn með sér samkomulag um að koma til þings hinn 15. janúar til þess að ljúka umræðu um frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. og menn hafa verið að ræða það mál og kannski fyrst og fremst þingmenn stjórnarandstöðunnar.

Ég las það á vefmiðli á mánudagskvöld, vefmiðlinum visir.is, að málþóf væri hafið á Alþingi. Það var ekki mín skoðun heldur þess sem ritaði fréttina og glöggt er gests augað. Hér hefur verið sett á grímulaust málþóf, herra forseti, af hálfu þingmanna stjórnarandstöðunnar og það eru þeir sjálfir, þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem hafa komið í veg fyrir að þau brýnu mál sem þeir eru að kalla eftir að verði rædd hafi komist á dagskrá. Það eru þeir sjálfir sem hafa komið í veg fyrir það að hægt sé að svara fyrirspurnum á hinu háa Alþingi.

Það verður auðvitað ekki bæði sleppt og haldið í þessu máli. (Gripið fram í.) Það þýðir ekki að koma hér upp og veifa annarri hendinni og óska eftir því að hin og þessi mál séu rædd en setja síðan með hinni á grímulaust málþóf. Ég sé að ýmsir hv. þingmenn eru farnir að ókyrrast í salnum og farnir að neita því að það sé í gangi málþóf á hinu háa Alþingi. Ég bendi á að hv. þm. Valdimar L. Friðriksson ræddi hér um málefni Ríkisútvarpsins að ég held í sex klukkutíma í gær. Kalla menn það ekki málþóf?

Ég vildi beina því til hæstv. forseta, (Gripið fram í.) hér eru engar hótanir í gangi, að hér er í gangi málþóf og það er auðvitað hægt að leysa þennan brýna vanda, herra forseti, (Forseti hringir.) með því að beina því til þingmanna stjórnarandstöðunnar (Forseti hringir.) að þeir ljúki nú umræðu um ríkisútvarpsmálið (Forseti hringir.) þannig að við getum gengið til atkvæða um það og lokið þeirri umræðu.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti beinir því til þingmanna að virða þann skamma ræðutíma sem gefinn er í umræðum um fundarstjórn forseta, sem eru þrjár mínútur.)

[11:02]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ein lítil leiðrétting sem nauðsynlegt er að fram komi. Það er ósatt að um það hafi verið gert samkomulag að frumvarp um hlutafélagsvæðingu Ríkisútvarpsins skuli gert að lögum núna, að við höfum gert samkomulag um að ljúka því máli, það er ósatt. (**Gripið fram í:** Hvað með ... ?) Það er ósatt. Okkur var kunnugur ásetningur ríkisstjórnarinnar þar að lútandi. Rétt skal vera rétt. (Gripið fram í.) Við vitum það og vissum þá að ríkisstjórnin hafði bitið það í sig að ljúka þessu máli eins fljótt og unnt væri. Við vissum það. Við vissum líka að það væri ásetningur ríkisstjórnarinnar, og við gengum ekki að því gruflandi, að hafa þetta mál aleitt á dagskrá. Okkur var ekki kunnugt um að öðrum málum og hefðbundnum liðum í starfi þingsins yrði vikið til hliðar. Þar vísa ég til fyrirspurna. Í dag er fyrirspurnadagur samkvæmt hefð og venju á Alþingi og hefði verið eðlilegt að við hefðum haldið okkur við það. Við gengum út frá því að þessa daga yrðu utan-

dagskrárumræður á Alþingi. Menn höfðu reiknað með því. Menn þekktu hins vegar þann ásetning ríkisstjórnarinnar að keyra frumvarpið um Ríkisútvarpið áfram. En hvers vegna í ósköpunum ættu menn sem vilja þetta frumvarp út af borðinu, að það verði ekki að lögum, að semja um þessa lagasetningu? Það er fráleitt enda kom það fram bæði á þinginu, (**Menntmrh.:** Er það lýðræði?) opinberlega af minni hálfu — ég er bara að gera grein fyrir því hvað er rétt í þessu máli — að nú vaknaði sú von í brjósti að sú ómynd sem þetta frumvarp er yrði aldrei að landslögum. Þetta er bara sannleikurinn í málinu, hv. formaður menntamálanefndar. Það hefur ekki verið gert neitt samkomulag um að ljúka þessu máli.

Hins vegar hefur komið fram, og ég bið menn um að taka eftir því, í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að hér hefur verið beðið um upplýsingar um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Það var gert í desembermánuði og samkvæmt þingskapalögum eins og hún gat réttilega um á að svara slíkum fyrirspurnum innan 10 daga. Það hefur ekki verið gert. Þessar upplýsingar snúa að því máli sem við erum að ræða nú og þar finnst mér komin upp málefnaleg staða til að íhuga hvort ekki sé rétt að fresta þessari umræðu þar til farið hefur verið að lögum hvað þetta snertir og þessar upplýsingar (Forseti hringir.) færðar inn í umræðuna.

[11:05]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. forseta áðan ákveður hann dagskrá fyrir hvern dag og er að mínu mati og annarra bundinn af því samkomulagi sem gert var fyrir jól. (**Gripið fram í:** Var samkomulag?) Það er ekki nema von þó að hv. stjórnarandstaða vilji dreifa athyglinni frá málþófi um Ríkisútvarpið.

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs (Gripið fram í.) undir liðnum um fundarstjórn forseta vegna þess að það var hv. þingmaður sem talaði hér um að fyrirspurnum hefði ekki verið svarað og ég kannaðist við eina fyrirspurnina. Það er þannig að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir taldi upp fyrirspurn um búsetumál geðfatlaða og fór yfir það að í þrjá mánuði hefði ráðherra ekki svarað þeirri fyrirspurn. Það var þannig, virðulegi forseti, að fyrirspurninni var dreift 31. október. Það kom beiðni frá þinginu um að svara fyrirspurn 6. nóvember og daginn eftir, 7. nóvember, kom það svar úr félagsmálaráðuneytinu að hæstv. félagsmálaráðherra væri reiðubúinn að svara þeirri fyrirspurn.

Ég vildi kveðja mér hljóðs til að segja að það er lágmarkskrafa að rétt sé farið með og það er ekki sanngjarnt að skella skuldinni á ráðherra því að við vitum að stundum eru þeir líka reiðubúnir að svara og hv. þingmenn hafa gilda ástæðu fyrir því að hafa ekki getað verið á svæðinu. Ég vil bara að rétt sé farið með.

Virðulegi forseti. Ég held að við ættum að halda umræðunni áfram til að fleiri mál fari að komast á dagskrá. Hér hafa hv. þingmenn rætt um málefni Byrgisins. Fjárlaganefnd mun fjalla um málið í fyrramálið og hv. félagsmálanefnd hefur einnig verið boðið að vera á þeim fundi. Ég held að það sé í góðum farvegi en, eins og ég segi, forseti stjórnar þinghaldinu í samræmi við það samkomulag sem gert var fyrir jól og ég held að við ættum að fara að klára þetta mál til að koma öðrum málum á dagskrá.

[11:08]

**Hlynur Hallsson:**

Herra forseti. Hér eru greinilega mjög deildar meiningar um eitthvert samkomulag sem gert var fyrir jól. Í mínum huga er þetta samkomulag mjög auðskiljanlegt. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sem var á þeim fundi og tók þátt í samkomulaginu hefur skýrt mjög vel út hvað það fól í sér, að hefja þing einum degi fyrr eftir jólahlé og að fyrsta mál á dagskrá yrði (Gripið fram í.) einkavæðingartilraun Sjálfstæðisflokksins á Ríkisútvarpinu, mál sem liggur svo þungt, herra forseti, á hjarta hæstv. menntamálaráðherra að það er bara orðið sorglegt. Það er orðið sorglegt hvernig það mál er að fara með jafnágætan þingmann og ráðherra og menntamálaráðherra er. Það var í raun og veru sorglegt líka að verða vitni að því í Kastljósinu í gær hvernig hæstv. menntamálaráðherra missti sig gersamlega. Það eru ekki bara frammíköll hér í þinginu, heldur er eins og að hér sé á ferðinni eitthvert grundvallarprinsippmál fyrir hæstv. menntamálaráðherra. Það er auðvitað mjög skrýtið og sérstakt rannsóknarverkefni að skoða af hverju þetta mál liggur svona á sálinni á Sjálfstæðisflokknum.

Ég fer fram á það, herra forseti, í allri auðmýkt að forseti útskýri fyrir þingheimi dagskrána, þó að það væri ekki nema hvernig dagskráin á að líta út í dag. (Gripið fram í.) Hér eiga að vera þingflokksfundir kl. 16. (**GÓJ:** Tvö mál á dagskrá.) er leyfilegt að rúlla yfir þingflokksfundi? Spyr sá sem ekki veit. Ég þekki ekki þingsköpin svo gjörla. (Gripið fram í.) Ég er að spyrja um það, herra yfirgjammari. Það er þingmaður hér í salnum ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill taka fram að ræðumaður, hv. þingmaður, verður að fá tækifæri til að ljúka máli sínu og eru aðrir þingmenn beðnir um að stilla sig. Jafnframt beinir forseti því til ræðumanna að gæta orða sinna.)

Þakka þér fyrir, herra forseti. Ég skal gæta orða minna. Ég tek fram að þegar ég notaði orðið yfirgjammari átti ég við hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson, hv. 7. þm. Reykv. n., þingmann Framsóknarflokksins, Framsóknarflokksins sem ég get ekki annað en (Forseti hringir.) vorkennt í dag, Guðjón Ólaf (Forseti hringir.) Jónsson, samvisku Framsóknarflokksins. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti ítrekar það sem áður var sagt um að hann biður þingmenn að gæta orða sinna í þessari umræðu. Jafnframt biður hann hv. þingmenn að gefa ræðumanni tækifæri til að flytja mál sitt ótruflað.)

[11:11]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér hefur orðið til umræðu það samkomulag sem var gert fyrir áramótin um lok umræðu þá og hvernig við ætluðum að taka á umræðunni eftir áramótin. Hv. þm. Ögmundur Jónasson tók það fram að ósátt væri um túlkun á því samkomulagi en tók jafnframt fram að honum hefði verið kunnugt um þann ásetning ríkisstjórnarinnar að ljúka þessu máli. Þá vil ég jafnframt taka fram að okkur var fullkunnugt líka um þann ásetning stjórnarandstöðunnar að fara í mjög löngu og ítarlegu máli yfir sjónarmið sín gagn-

vart þessu ágæta máli, frumvarpinu um Ríkisútvarpið ohf. Við höfðum þess vegna ekki gert ráð fyrir öðru en að gefa þyrfti þingmönnum nægilegt svigrúm í störfum þingsins til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þess vegna held ég að það sé núna sem við eigum að drífa okkur í að halda áfram umræðunni þannig að öll þessi ágætu sjónarmið komist hér á framfæri og við fáum tíma til að viðra þau. Við höfum auðvitað orðið vitni að því að menn hafa þurft að gera það í býsna löngu máli og þess vegna höfum við gert ráð fyrir því að þessi umræða gæti staðið í nokkra daga. Enginn þarf svo sem að undrast yfir því.

Hæstv. forseti. Ég tel að þessum fundarhöldum í þinginu sé vel stjórnað og við eigum að nýta tíma okkar til þinghalds í að ræða þetta merka frumvarp sem við vonandi ljúkum samt á endanum þó að sumir hafi mjög mikinn ásetning um að koma því út af borðinu.

[11:14]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það þyrfti að fara að rannsaka þátttöku stjórnarþingmanna í þessum umræðum því að þeir standast ekki á, jafnvel yfirmenn og undirmenn í þingflokkum tala hvor með sinni tungunni. Einn segir málþóf og annar segir að það eigi að gefa stjórnarandstöðunni færi til ítarlegra og mikilla umræðna um merkileg mál. Málþóf, segir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og vitnar í Vísi.is og segir að bragð sé að þá barnið finni. Þó að gests augun tali best er þetta þannig að í þeim áróðurslega undirbúningi sem stjórnarliðið hefur haft fyrir þessa umræðu og fyrir þetta upphaf þings hefur verið hrópað málþóf, málþóf, og það er von að menn glepjist á að trúa stjórnarþingmönnum og fólki á þeirra vegum.

Það er rétt að fara yfir það hvernig þetta þing hófst. Við áttum í menntamálanefndinni — Arnbjörg Sveinsdóttir virðist t.d. ekki hafa heyrt það og Sigurður Kári Kristjánsson hefur einhverja brenglaða mynd af því hvernig þetta gekk fyrir sig — ágæta fundi í þinghléinu þangað til eftir áramót að upp kom í dagblaði hér í bæ að allt árið 2006 hefðu verið í gangi samskipti milli alþjóðastofnunar sem við þekkjum öll og tveggja ráðuneyta hér innan lands um mál sem snertir það frumvarp sem hér er til umfjöllunar og snertir það frumvarp sem varð sjálfdautt úti í haga á fyrra þingi. Allt árið. Níu bréf, þegar búið var að draga þau upp, urðu þau að lokum. Vegna þess að mikið lá á að hefja þingið á réttum tíma var brugðið á það ráð, þegar beðið var um að þessi bréf yrðu birt, að fleygja þeim í hólf að kvöldi til, halda fund daginn eftir og ljúka málinu. Ef eitthvað er ólýðræðislegt og ómálefnalegt og heimskulegt að gera er það einmitt þetta. Ég veit að það er ekki við formann menntamálanefndar að eiga í málinu vegna þess að hann var auðvitað undir hreinum skipunum og hótunum frá menntamálaráðherra og væntanlega yfirmanni sínum í þingflokki, hinum beina yfirmanni Arnbjörgu Sveinsdóttur, formanni þingflokks sjálfstæðismanna, að gera þetta. Þetta var ákveðin forsögn um hvernig á málinu yrði tekið á þinginu.

Það sem gerðist fyrsta daginn — úr því að Sigurður Kári Kristjánsson var að ræða það bið ég hann að koma hér aftur og segja það enn einu sinni, hv. þingmann, að hér hafi verið málþóf. Hvaða málþóf var það? Var það ræða mín? (**SKK:** Hún var löng.) Hún var löng, já, hún var um mál sem skipti miklu máli. Var það ræða Kolbrúnar Halldórsdóttur eða Einars Más Sigurðarsonar, fulltrúa í menntamálanefnd? Ég bið þingmanninn að gæta orða sinna þegar hann ræðir um mál annarra manna. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill minna hv. ræðumenn á að gæta þess að ávarpa aðra þingmenn með hefðbundnum og viðhlítandi hætti en það vill stundum farast fyrir í hita leiksins.)

[11:17]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Í dag er miðvikudagur og lífið gengur sinn gang — eða hvað? Nei, það gerir það nefnilega ekki, í dag átti að vera fyrirspurnatími og samkvæmt 49. gr. þingskapa ber ráðherrum að svara fyrirspurnum, þ.e. ekki á að líða lengri tími en átta dagar að jafnaði þangað til þeim er svarað. Það vill þannig til að margir þingmenn eiga fyrirspurnir sem er ósvarað, jafnvel frá fyrra ári. Ég á t.d. fyrirspurn sem ég lagði fram til sjávarútvegsráðherra — ég man ekki lengur, ætli það hafi ekki verið einhvern tíma í október sem ég lagði hana fram, kannski í byrjun nóvember, það er a.m.k. það langt síðan. Henni hefur ekki enn verið svarað. Hæstv. forseti sem stjórnar hér störfum þingsins hlýtur að þurfa að horfa til þingskapanna þegar ákveðið er hvernig málum er háttað í þinginu. Ég kannast ekki við að neitt samkomulag hafi verið gert um að sleppa fyrirspurnum, það var aldrei kynnt fyrir mér og ég veit ekki til að það hafi verið kynnt fyrir neinum að ekki ætti að fara eftir þingsköpum á þessu ári, 2007, það hefði bara verið tekið upp á því að víkja þeim til hliðar og hafa einhvern annan hátt á algjörlega af því að menn vildu endilega halda áfram að tala um þetta ríkisútvarpsmál. Ég held að það sé hægt að finna nógan tíma til að tala um það. Þetta ár er nýbyrjað og mér finnst brýnna að menn fari eftir þeim reglum sem hér eru, gefi öðrum málum tækifæri og fari a.m.k. eftir þeim þingsköpum sem hafa verið samþykkt og reyni að sjá til þess að ráðherrar fái tækifæri til að svara þeim fyrirspurnum sem hafa verið lagðar fyrir þá.

Ég geri sem sagt athugasemdir við þetta vegna þess að ég sé ekki betur en að hæstv. forseti þingsins hafi tekið þá ákvörðun einn og sjálfur að víkja þingsköpunum til hliðar og víkja þar með t.d. þeim fyrirspurnatíma sem átti að vera hér í dag til hliðar, og það þrátt fyrir að fjöldi ráðherra fái þá ekki tækifæri til að sinna skyldustörfum sínum hér og þingmenn fái ekki svör við þeim spurningum sem lagðar eru fram og þau mál á dagskrá sem þar eru.

Mér finnst þetta alvörumál. Ég segi það bara alveg eins og er. Það er ekki alveg sama heldur hvenær fyrirspurnum er svarað. Það er ekki „af því bara“ sem þetta stendur í þingsköpunum. Þingmenn fá auðvitað (Forseti hringir.) mál á dagskrá með fyrirspurnum sínum.

[11:21]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins bauð okkur áðan að ræða þetta frumvarp vel og ítarlega en þar á undan var ég sakaður um málþóf af formanni menntamálanefndar. Ég vil því spyrja hæstv. forseta: Hver er réttur minn í þessari 3. umr.? Er einhver takmarkaður tími á því hversu lengi ég er að koma frá mér þessu efni sem mér finnst ég þurfa að koma frá mér í þessu máli? (Gripið fram í.) Ég hef skilið það þannig að svo sé ekki, ég lít þannig á að það sé réttur minn að tala í þessu máli og eins lengi og mér í raun sýnist. Ég er ekki sáttur við að vera sakaður hér um málþóf.

Það sem ég ræddi hér í gær og ég vona að hv. formaður menntamálanefndar hafi hlustað á — (**Gripið fram í:** ... að endurtaka ræðuna.) Já, ég skal verða við þeirri ósk. Í gær var ég að benda þingheimi á að það er verið að fremja mjög alvarlegt brot á réttindum og kjörum starfsfólks Ríkisútvarpsins. Það var það sem ég fór yfir og það tók sinn tíma. Ef hv. formaður menntamálanefndar hefur ekki séð ástæðu eftir ræðu mína til að taka frumvarpið aftur inn í nefnd og fara yfir þau atriði sem ég minntist á mun ég að sjálfsögðu gera aðra tilraun til að skýra þessi mál vel og vandlega og ítarlega fyrir honum.

Varðandi samkomulag, herra forseti, veit ég ekki hvaða samkomulag er verið að tala um og ég vil taka það skýrt fram við hæstv. forseta að ekkert samkomulag hefur verið gert við mig. Það er alltaf verið að tala um einhvern fund sem á að hafa verið einhvern tímann í desember. Hvaða fundur er þetta? Hvaða samkomulag var gert? Hverjir voru á þessum fundi? Og af hverju var mér ekki boðið?

Ég veit ekkert um hvað menn eru að tala.

Eitt af því sem ég benti á í gær, forseti, var að í grein í Viðskiptablaðinu föstudaginn 16. desember 2005 kemur fram það sem menn óttuðust í umræðum í gærmorgun, útvarpsstjóri er byrjaður að vinna eftir tilvonandi lögum. (Gripið fram í.) Já, ég hugsa að þetta henti afskaplega vel þar. Þetta er mjög alvarlegt mál. Það kemur skýrt fram í viðtali við útvarpsstjóra: „Páll segir að ný lög auki möguleika stofnunarinnar til þess að keppa um starfsfólk. „Ég hafði reyndar ekki þolinmæði til að bíða eftir lagabreytingunni til að bregðast við vegna Kastljóss."" Hann er byrjaður að vinna eftir frumvarpinu. Það er sem sagt búið að ákveða, hv. þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, að þetta verði samþykkt og það hefur verið búið að ákveða það þá í desember 2005.

[11:24]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt og eðlilegt að hv. formaður menntamálanefndar útskýri svolítið betur fyrir okkur, og virðulegur forseti gefi honum tóm til þess, hvað hann á við með fráleitum ásökunum sínum um að hér standi yfir málþóf. Og hann þarf að skýra hvar mörkin liggi á milli málþófs og eðlilegrar og ítarlegrar umræðu og umfjöllunar um tiltekin mál.

Í hvert sinn sem mál er rætt hér lengur en í nokkrar klukkustundir, mál sem er erfitt fyrir ríkisstjórnina, mál sem ríkisstjórnin hrekst undan með, er í vörn fyrir og er að tapa úti í samfélaginu, er farið að hrópa um málþóf til að koma einhverjum annarlegum blæ á umfjöllun stjórnarandstöðunnar um málið í þinginu. Það er ekki nema eðlilegt að um jafnstórt mál og Ríkisútvarpið fari fram ítarleg umræða í þinginu, sérstaklega þegar uppi eru jafnmiklar deilur um málið og skoðanir jafnskiptar og á við um þetta mál. Þess vegna held ég að virðulegur forseti hljóti að velta fyrir sér hvað réttlæti það að hér séu þingsköp tekin úr sambandi til þess eins að reyna að ryðja málinu fyrr og hraðar í gegnum þingið. Það er ekkert sem réttlætir það að mínu mati, að sjálfsögðu ekki.

Nú er miður janúar. Það eru tæpir 30 starfsdagar eftir af þinginu. Ríkisstjórnin getur að sjálfsögðu endurskoðað hug sinn og tekið því sáttaboði sem sett var fram í menntamálanefnd á dögunum þar sem stjórnarandstaðan bauð upp á það að þessu máli yrði frestað, það tekið út af dagskrá og samstöðu náð um þær brýnustu breytingar sem þarf að gera í málefnum Ríkisútvarpsins er lúta að stjórnkerfismálum þar innan húss o.s.frv. en síðan yrði málið tekið til umfjöllunar á ný eftir kosningarnar í vor þann 12. maí og þá mundum við leiða til lykta hvert rekstrarformið yrði, hvort farin yrði leið landsfundar Framsóknarflokksins frá 2003 um sjálfseignarstofnun sem er einnig stefna Samfylkingarinnar eða einhver önnur.

Að minnsta kosti verður nýrri ríkisstjórn að gefast kostur á að leiða þetta mikla deilumál til lykta, eitt stærsta deilumálið í þinginu frá því að fjölmiðlalögin voru til umfjöllunar fyrir þremur árum, sællar minningar, og þess vegna hlýtur virðulegur forseti að íhuga hvort ekki eigi að gera hlé á þessu máli, setja þingsköpin aftur í samband, taka á dagskrá fyrirspurnir og skoða sáttaboð stjórnarandstöðunnar í ríkisútvarpsmálunum. Það er að sjálfsögðu hin eina rétta leið og þess vegna hlýtur hv. formaður menntamálanefndar að skýra fráleitar ásakanir sínar um málþóf og þá hvar mörkin liggja milli málþófs og eðlilegrar, vandaðrar og ítarlegrar umræðu. Það er stórt og viðamikið mál sem og frumvarpið um Ríkisútvarpið, svo sannarlega. Óneitanlega er þetta flókið mál og fjallað um það út frá mörgum hliðum og þótt það sé rætt hér í 2–3 daga eiga stjórnarliðar ekki að kveinka sér undan því að hér séu (Forseti hringir.) málin rædd með eðlilegum hætti.

[11:28]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Herra forseti. Eins og áðan kom fram í máli mínu hef ég dáðst að því hvað forseti sýnir mikla stillingu vegna þeirra alvarlegu ásakana sem hér hafa komið fram í hans garð við fundarstjórn á Alþingi. Ég hef líka dáðst að því hvað honum hefur tekist vel að stjórna fundum af mikilli festu og á köflum nokkurri snerpu en mér finnst leitt að heyra hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni saka forseta um að beita valdi til að koma í veg fyrir að brýn mál séu rædd á þinginu. Það er auðvitað ekki þannig.

Ég fór yfir það áðan að það verður ekki bæði sleppt og haldið í þessu. Ástæðan fyrir því að hér eru ekki tekin til umræðu þau brýnu mál sem menn hafa nefnt í umræðunni er sú að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa sett á hér langar ræður frá því á mánudaginn um eitt tiltekið mál, frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið.

Hér er því haldið fram að ég hafi verið með fráleitar ásakanir á hendur þingmönnum stjórnarandstöðunnar um það að þeir hefðu sett á málþóf í málinu. Ég var ekki með neinar fráleitar ásakanir og ég skil ekki þá viðkvæmni sem grípur alltaf um sig hjá þingmönnum stjórnarandstöðunnar þegar menn tala um málþóf á hinu háa Alþingi. Ég vísaði sérstaklega til þess að á mánudagskvöldið birtist frétt á netmiðlinum Vísi.is um að hafið væri málþóf á Alþingi. Það voru ekki mín orð. Það var túlkun þess fréttamanns sem skrifaði greinina. Hann hafði það ekki eftir mér eða öðrum stjórnarliða. Hann fylgdist með umræðum og eins og ég sagði áðan er gests augað glöggt. En ég get alveg gert þá játningu hér úr þessum ræðustól að ég tek undir þá túlkun fréttamannsins sem fram kom á mánudagskvöldið. Og nú er miðvikudagur og okkur gengur illa að vinna á mælendaskránni. (**ÖJ:** Af hverju ertu að tefja þingstörfin?) Ég er ekki að tefja þingstörfin, hv. þingmaður, og ég get ekki svarað hér öllum spurningum sem fram hafa komið. Ég get t.d. ekki svarað þeirri spurningu sem fram kom hjá hv. þm. Valdimari L. Friðrikssyni af hverju honum er ekki boðið á tiltekna fundi. Forseti verður að svara því en ég hafna því alfarið að ég sé með fráleitar ásakanir um það að stjórnarandstaðan sé í málþófi. Ég get hins vegar (Forseti hringir.) tekið undir þá frétt sem fram kom í Vísi.is á mánudagskvöld.

[11:31]

**Hlynur Hallsson:**

Herra forseti. Í tilefni þessara ummæla formanns menntamálanefndar vil ég taka fram, þó honum sé gjarnt að vitna í uppáhaldsfjölmiðilinn sinn, visir.is, þá held ég að þar hafi ekki staðið neitt um grímulaust málþóf, en það er bein tilvitnun einmitt í orð hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Hann talaði hér ítrekað um grímulaust málþóf. Ég skildi það þannig að það væru hans orð en ekki frá hinum frábæra fjölmiðli visir.is, sem reyndar hv. dómsmálaráðherra kallar alltaf einn af Baugsmiðlunum með mikilli fyrirlitningu. Það er alveg nýtt að þingmenn Sjálfstæðisflokksins séu farnir að hefja þann fjölmiðil upp til skýjanna þó það væri auðvitað eðlilegt því ritstjóri á einum þeirra miðla er fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson.

Herra forseti. Ég ítreka þá beiðni mína að það verði útskýrt fyrir okkur hér í þinginu hvernig standi til að haga fundum í dag. Á að tala áfram inn í nóttina? Verður gert þinghlé þegar þingflokksfundir eru? Þetta eru hlutir sem ég vil og tel eðlilegt að þingheimur fái á hreint.

Á að leyfa fyrirspurnatíma? Eða er það virkilega svo að enn eigi að geyma fyrirspurnir, eins og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir benti á, sem hafa verið á biðlista í meira en 17 vikur? Það stendur skýrt í þingsköpum að ein eða tvær vikur eigi að duga ráðherrum til að svara. Látum nú vera að þær séu þrjár, eins og stundum er, en að það séu orðnar 17 vikur sem ráðherra hefur haft til að svara málum en ekki gert, gengur ekki. Þetta er allt sett á ís, herra forseti.

Ég óska eftir því að fá einu sinni skýr svör frá hæstv. forseta um þessi mál.

[11:34]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Í tilefni af orðum hv. þingmanns vill forseti upplýsa að gert er ráð fyrir að í dag verði matarhlé milli klukkan eitt og hálftvö og síðan aftur frá klukkan hálfátta til átta. Gert er ráð fyrir að hlé verði gert á þingfundum meðan þingflokksfundir eiga sér stað milli klukkan fjögur og sex. Að öðru leyti er reiknað með að hér verði fundað fram á kvöld um dagskrármálin, Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

[11:34]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Vegna umræðunnar um vinnubrögðin í þinginu og þeirrar gagnrýni sem kom fram í máli mínu í upphafi um störf þingsins get ég ekki látið hjá líða að koma aðeins inn á athugasemd hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur þar sem hún benti á eina af þeim fyrirspurnum sem eru orðnar fjögurra mánaða gamlar og ráðherrar hefðu átt að vera búnir að svara fyrir margt löngu, a.m.k. átt að svara viku eftir að þær voru lagðar fram í upphafi þings, þegar þing kom saman að loknu sumarleyfi. Hún nefndi búsetumál geðfatlaðra í Reykjavík sem ég hafði beint til félagsmálaráðherra fyrir þremur og hálfum mánuði.

Það er alveg rétt að hæstv. félagsmálaráðherra lýsti því yfir að hann gæti svarað þeirri fyrirspurn í nóvember en það var á degi sem ég var að sinna öðrum störfum fyrir þingið. Ég hafði því ekki tök á að koma á fyrirspurnaþingfund þá.

En síðan eru liðnir næstum því, hvað eigum við að segja, tveir og hálfur mánuður. Ég er að gagnrýna það að þótt hæstv. félagsmálaráðherra hafi getað svarað einni af þessum fimm fyrirspurnum sem eru að verða fjögurra mánaða gamlar, fyrir tveimur og hálfum mánuði, þá hefur fyrirspurnin ekki komist á dagskrá síðan. Ég veit ekki hvenær þessar fyrirspurnir komast á dagskrá. Fróðlegt væri að heyra það frá hæstv. forseta, hvenær hann telur að þær fyrirspurnir sem hafa beðið svara frá ráðherra allan þennan tíma muni komast á dagskrá.

Það átti að vera fyrirspurnatími í dag. Maður gerði auðvitað ráð fyrir að fá a.m.k. að eiga orðastað við einhverja af þeim ráðherrum sem eiga eftir að svara fyrirspurnum sem hafa legið svona lengi fyrir einmitt í dag, á þessum fundi. En svo er ekki.

Mig langar líka til að benda á að ein af þeim fyrirspurnum, sem er að verða fjögurra mánaða gömul, er um þjónustu á hjúkrunarheimilum, og þar er beiðni um skriflegt svar, fyrirspurn sem var dreift á fyrsta degi þingsins, í upphafi þings í haust. Það skriflega svar hefur ekki borist. Hæstv. heilbrigðisráðherra átti að hafa tíu daga til að svara þeirri fyrirspurn. Ég verð því að segja að ég er orðin ansi langeyg eftir svörum ráðherranna og langeyg eftir því að þessi mál komist á dagskrá.

Það er réttur þingmanna að fá svör við fyrirspurnum innan ákveðins tíma en nú eru komnir þrír og hálfur til fjórir mánuðir frá því að þær komu fram. Ég bið hæstv. forseta um að svara því, hvenær telur hann að fyrirspurnirnar muni komast á dagskrá miðað við vinnubrögðin.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti getur ekki svarað því að svo stöddu og mun ekki gera tilraun til þess.)

[11:38]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þrátt fyrir aðdáunarverða fundarstjórn í hinum smærri atriðum hefur fundarstjórn forseta ekki tekist að greiða fyrir störfum þingsins. Nú vantar klukkuna tuttugu mínútur í tólf og umræður hófust klukkan hálfellefu. Þær hafa að vísu verið gagnlegar, þær sem hingað til hafa farið fram. En þær hafa kannski ekki fleytt fram því máli sem um er að ræða á dagskrá þingsins, sem er ástæða þeirra eins konar herlaga sem hér gilda.

Í tilefni af því að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson rifjaði upp boð okkar í menntamálanefnd er rétt að fara yfir það með forseta til að hann grilli leið út úr þeim vanda sem við er að eiga.

Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd bentum á hve lítill tími væri eftir, annars vegar af þinginu, áætluðum starfstíma þingsins, og hins vegar af kjörtímabilinu. Hvað skammt lifði af umboði þeirra sem sitja í þessum sal og þar með því umboði sem þessi salur hefur gefið þeim sem sitja í Stjórnarráðinu, þar á meðal Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, hæstv. menntamálaráðherra.

Við sögðum sem svo: Vissulega er þörf á því að Ríkisútvarpið breytist. Við erum ekki sammála um hvaða breytingar það eru. Látum þjóðina ráða því í kosningunum. Berum þau álitamál sem við höfum um málið undir þjóðina í kosningum og sættum okkur síðan við úrskurð hennar, að næsti meiri hluti á þinginu hafi forræði og leiðsögn á þeirri braut sem farin verði.

Á meðan skulum við, okkur í hag, samfélaginu í hag og Ríkisútvarpinu í hag, taka saman höndum um þær breytingar sem mikill meiri hluti vill, ég vil segja allir nema sölunefnd ríkiseigna í Sjálfstæðisflokknum, þingmennirnir þrír sem ég hef oft talið upp. Tökum saman höndum um þær breytingar.

Það er reyndar þannig, og vill svo heppilega til að útvarpsstjóri sjálfur hefur á fundi menntamálanefndar teiknað þær breytingar upp. Hann sagði: Mér alveg sama um hlutafélagið út af fyrir sig. Það er ekki punkturinn, sagði útvarpsstjórinn, sá sem skrifaði um daginn mjög skrýtin bréf til stuðnings menntamálaráðherra þegar á hana hallaði.

Þetta varðaði, eins og ég hef farið yfir áður, annars vegar skynsamlega skiptingu valds og ábyrgðar á Ríkisútvarpinu. Hins vegar það að dagskrárvald og ráðningarvald yrði fært úr höndum þess útvarpsráðs, sem vissulega er barn síns tíma og menn eru alveg sammála um, og ný rekstrarstjórn taki við. Í þriðja lagi talaði útvarpsstjóri um mannaforráð en það er að vísu flóknara mál. Til þessa erum við fúsir.

Ég tel, forseti, að það mundi taka um það bil sólarhring að koma okkur saman um slíkar breytingar en láta önnur álitamál bíða eftir dómi kjósenda.

### *Ríkisútvarpið ohf., frh. 3. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708.

[11:42]

**Ögmundur Jónasson** (frh.):

Hæstv. forseti. Ég gerði hlé á ræðu minni um miðnætti í gær. Ég á eftir að fara yfir nokkur efnisatriði en vil jafnframt vekja athygli á að við 3. umr. hafa menn kost á að tala tvisvar og mun ég fara ítarlegar yfir þetta mál í síðari ræðu minni. Ég mun því aðeins stikla á helstu atriðum í málinu núna.

Ég vil byrja á að taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Merði Árnasyni. Hann talar fyrir sáttaleið í þessu máli. Ég hvet alþingismenn til að leggja við hlustir þegar hann setur sáttargjörð sína fram. Ég vek athygli á því að stjórnarandstaðan stendur heils hugar að baki þessum tillögum. Þær snúa að því að við sameinumst um lágmarksbreytingar á Ríkisútvarpinu en látum deilumálin bíða síðari tíma. Þetta held ég að sé hyggilegt að gera. (**KÓ:** Hver eru deilumálin?) Hver eru deilumálin? er spurt úr sal. Þau snúa að sjálfsögðu að rekstrarformsbreytingunni, því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Hæstv. forseti. Ég ætla í örfáum orðum að rifja upp það helsta sem fram kom í máli mínu í gærkvöldi. Ég byrjaði á að fjalla upp EFTA-pappírana, þ.e. samskipti ríkisstjórnar eða ráðuneyta, fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis, við Eftirlitsstofnun EFTA, þ.e. ESA. Þingið varð þess áskynja, fyrst eftir að Fréttablaðið vakti athygli á því fyrir fáeinum dögum, að fram hefðu farið samskipti milli ríkisstjórnarinnar og ESA allt árið 2005 án þess að þingið hefði fengið um það upplýsingar. Reyndar stóðu þessi samskipti fram til 9. janúar síðastliðins og enn eiga eftir að koma plögg þar að lútandi. Enn á eftir að koma staðfesting frá ESA sem ríkisstjórnin segir að liggi í loftinu, við eigum eftir að fá það plagg í hendur.

Ég fór lítillega yfir efnisinnihald umræddra pappíra en þeir snúa einkum að þremur þáttum, þ.e. spurt var um eftirlit með Ríkisútvarpinu, bókhaldi og öðru slíku. Þeir snúa síðan að þeim reglum sem til komi með að verða viðhafðar við að aðgreina almannaþjónustuhluta Ríkisútvarpsins og hitt sem er viðskiptalegs eðlis, m.a. varðandi ákvörðun nefskattsins. Hugsunin er sú að hann gangi einvörðungu til almannaþjónustu. En einnig, ef verksvið Ríkisútvarpsins kemur til með að breytast á komandi árum, hvaða ferli verði viðhaft til að greina að þessa tvo hluta. Við álítum að þetta snúi að grundvallaratriðum þessa máls. Margir hafa efasemdir um að Ríkisútvarpið komi til með að standast samkeppnislög og hins vegar Evrópurétt hvað þetta snertir.

Ég er ekki aðdáandi Evrópuréttar, miðstjórnarvaldsins í Brussel eða heilagrar ritningar markaðarins sem þar er í hávegum höfð. Mér finnst Samkeppnisstofnun líka hafa fært sig upp á skaftið. Það gerir hún hins vegar samkvæmt þeim lögum og reglum sem henni er gert að starfa samkvæmt, lögum sem sett eru á þinginu og mér finnst mikilvægt að við göngum ekki gruflandi að þessum málum. Ef við búum ekki vel um þetta mál og hnýtum alla hnúta þá er hætt við að örlög Ríkisútvarpsins verði ráðin fyrir dómstólum.

Ýmsa þætti þyrfti að gaumgæfa miklu betur. Ég spyr t.d.: Hvað með þá staðhæfingu að iðgjöldin, sem koma til með að verða nefskattur, niðurgreiði auglýsingar, haldi auglýsingaverði niðri eins og samkeppnisaðilar hafa haldið fram? (**Gripið fram í:** Hvernig er það í dag?) Hvað með þennan þátt í dag? er spurt úr sal. Ég held að það sé ekki kannað nægilega vel. Ég hef grun um að Ríkisútvarpið sé komið á mjög hálar brautir hvað þetta snertir á þessari

stundu. Það er jafnvægiskúnst að finna hinn gullna meðalveg þannig að allir geti unað vel við sitt, bæði Ríkisútvarpið sem almannaútvarp og aðrir fjölmiðlar á markaði. Þetta eru hlutir sem skoða þarf rækilega.

Ég hef grun um að Ríkisútvarpið, varðandi auglýsingatekjur og hugsanlega verðlagningu á þeim, sé komið út á hála brautir. Þar er sitthvað sem eðlilegt hefði verið að færa betur upp á yfirborðið og ætla ég þá ekki að minnast á kostun í Ríkisútvarpinu, sem ég tel yfir höfuð vera afar varhugaverða.

Það kom fram í aðdragandanum að þessari umræðu, í umræðu um störf þingsins og fundarstjórn forseta, að enn eiga eftir að koma upplýsingar sem snúa að fjárhag Ríkisútvarpsins sem eiga fullt erindi inn í þessa umræðu. Af þeim sökum hefði verið eðlilegt að skjóta umræðunni á frest þannig að öll gögn lægju fyrir. Ég vakti einnig athygli á því að ríkisstjórnin var tilbúin að afgreiða þetta mál í desember þótt, eins og nú hefur komið fram, ekki lægi fyrir þinginu endanlegt uppgjör gagnvart ESA eins og eftir hafði verið leitað. Þetta vekur athygli. Það vekur óhug hjá mér að stjórnarmeirihlutinn sé reiðubúinn að skilja Ríkisútvarpið eftir í annarri eins óvissu varðandi framtíðina gagnvart ásókn samkeppnisaðila frammi fyrir íslenskum dómstólum á grundvelli samkeppnislaga og hugsanlega einnig Evrópuréttar og ESA. Í grundvallaratriðum gengur röksemdafærsla okkar út á að Ríkisútvarpið, eftir að því er breytt úr almannaútvarpi og opinberri stofnun yfir í einkaréttarlegt fyrirtæki, komi til með að standa berskjaldað frammi fyrir þeim aðilum sem munu sækja að því á grundvelli þessara laga, samkeppnislaga og Evrópuréttar. Þetta var fyrsta atriðið sem ég fór ítarlegra yfir í máli mínu í gærkvöldi.

Ég ræddi einnig um að ég óttaðist að rofin yrði sátt sem ríkt hefði um Ríkisútvarpið allar götur frá því að það var sett á laggirnar árið 1930. Mjög hægri sinnað fólk hefur gagnrýnt Ríkisútvarpið og löggjafann á undanförnum árum, fólk sem ekki sættir sig við að greiða til almannaútvarps lögþvingað gjald. En sú gagnrýni hefur takmarkast við tiltölulega lítinn hóp að ég tel. Nú er sú hætta fyrir hendi að þessi hópur fari stækkandi auk þess sem margir í hinu pólitíska litrófi munu hafa sínar efasemdir um að greiða lögþvingaðan skatt til opinberrar starfsemi sem tekin er undan lögum og reglum sem gilda um slíkar stofnanir og starfsemi. Þar vísa ég í stjórnsýslulög og önnur lög, að ekki sé minnst á réttindi starfsmanna sem þeir hafa barist fyrir og samið um í ára og áratuga rás en eru nú að engu höfð, eru í besta falli skilin eftir í mikilli óvissu.

Ég vitnaði í grein sem útvarpsstjóri, Páll Magnússon, skrifaði í Morgunblaðið fyrr í þessari viku. Þar heldur hann því fram að 60% þjóðarinnar séu hlynnt breytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag. Hann notar þær niðurstöður til að að hvetja alþingismenn til dáða, að þeir skuli láta þær niðurstöður örva í ákvarðanatökunni.

Í fréttum Ríkisútvarpsins frá 20 sept. síðastliðnum sagðist Páll Magnússon útvarpsstjóri afar ánægður með niðurstöðuna úr viðhorfskönnunum RÚV og hann vonaðist til að niðurstaðan virkaði hvetjandi á stjórnmálamennina þegar þeir tækju ákvörðun um framtíð Ríkisútvarpsins. Hann vísar þar í Gallup-könnun sem hann sjálfur lét gera. Hann segir í umræddri Morgunblaðsgrein, með leyfi forseta:

„Í nýlegri skoðanakönnun Gallup kemur í ljós að um 60% þjóðarinnar, af þeim sem tóku afstöðu, eru hlynnt breytingu RÚV í opinbert hlutafélag."

Bíðum nú við. Hér er þessi margumtalaða könnun Gallups, viðhorfsrannsókn sem gerð er fyrir RÚV. Hún er mjög ítarleg. Þar kemur fram að almennt eru landsmenn mjög ánægðir með Ríkisútvarpið eins og það hefur verið rekið og í því umhverfi sem það hefur starfað.

Undir lok hinnar viðamiklu könnunar þar sem spurt er um aðskiljanleg efni er spurt eftirfarandi spurningar: Til stendur að breyta rekstrarformi RÚV þannig að það verði hlutafélag í ríkiseigu. Ertu almennt ánægður eða óánægður með hið nýja rekstrarfyrirkomulag?

Með öðrum orðum er gengið út frá því sem vísu að breytingin sé orðin að veruleika nánast, að Ríkisútvarpið verði hlutafélag, eftir allar þessar spurningar um hvort fólk sé ánægt eða óánægt með það sem þegar hefur. Varðandi þessa spurningu kemur í ljós að 12,6% eru mjög ánægð með þetta nýja rekstrarfyrirkomulag — sem ekki er orðið að veruleika — frekar ánægð 33,5%, hvorki né 23,7%. Ég sagði hér í gær í ræðu að þessi tala hefði verið 28% en hið rétta er 23,7%. Frekar óánægð voru 16,4% og mjög óánægð 13,8%.

Bíðum nú við. Varðandi spurninguna um hvort fólk sé ánægt með rekstrarfyrirkomulagið kemur með öðrum orðum í ljós að 12,6% eru mjög ánægð og 33,5% frekar ánægð. Hvað gerir það? Það gerir 46,1% en ekki þau 60% sem útvarpsstjóri víkur að í grein sinni, þótt hann taki jafnframt fram að ekki sé þar tekið tillit til þeirra sem eru hvorki ánægð né óánægð með rekstrarfyrirkomulagið. Þarna kemur fram að undir 50% getur sætt sig við þessa breytingu.

Ég legg áherslu á að hér erum við að tala um stofnun sem næstum 100% samstaða hefur verið um í samfélaginu. Það á þeim forsendum sem ég vara við þessari breytingu, að rjúfa þá sátt sem ríkt hefur um Ríkisútvarpið. Það er kannski heldur djúpt í árinni tekið að tala um 100% sátt en yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hef ég trú á að hafi verið hlynntur Ríkisútvarpinu í almannaeign. Þeirri sátt er ógnað með því að gera það að hlutafélagi og færa það í einkaréttarlegt horf. Ég óttast það í þessu máli.

Menn hafa velt fyrir sér hvað gerist í framtíðinni. Ég fór einnig yfir það í gær að verið sé að stíga spor aftur á bak með þessari breytingu. Í raun er verið að herða pólitískt tak á þessari stofnun á óeðlilegan hátt. Mér finnst ekki óeðlilegt fyrir mitt leyti að stjórnmálamenn eða fulltrúar Alþingis komi að Ríkisútvarpinu. Ég berst fyrir því að Ríkisútvarpið lúti Alþingi, það setji því reglurnar, en Alþingi hafi einnig að gegna ákveðnu eftirlitshlutverki. Í frumvarpi sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram í þinginu um Ríkisútvarpið og gerbreytta stjórnsýslu þess viljum við að þingið tilnefni fulltrúa í það sem við köllum dagskrárráð. Það á að sjá til þess að Ríkisútvarpið fari að þeim lögum og reglum sem því eru sett og verði vettvangur á milli þjóðar og útvarps um upplýsingar og skoðanaskipti en öll stjórnsýsla fari inn í stofnunina.

Með þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar er því fyrirkomulagi komið á að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hverju sinni hafi jafnan meiri hluta í útvarpsráði, sem kosið er ár-

lega. Þetta útvarpsráð kýs síðan útvarpsstjóra sem fer með einræðisvald, alræðisvald innan veggja stofnunarinnar, ræður þar einn öllu um mannahald, getur ráðið og rekið starfsmenn og hefur einn yfirráð yfir dagskrárgerð Ríkisútvarpsins. Þetta er mjög óeðlilegt, afar óeðlilegt fyrirkomulag, andlýðræðislegt og byggir ekki á þeim hefðum sem skapast hafa í Ríkisútvarpinu, sem byggja á samvirkni og samkennd, að virkja sameiginlegan kraft starfsmanna en ekki píramídahugsun fyrirtækisins þar sem forstjórinn einn ræður. Þetta er skref aftur á bak og sérstaklega dapurlegt fyrir þessa stofnun sem byggir á allt öðrum hefðum hvað þetta snertir.

Annað sem ég hef gagnrýnt í máli útvarpsstjóra er þegar hann gefur til kynna í grein sinni að starfsmenn Ríkisútvarpsins séu hlynntir þessari breytingu. Í því sambandi hefur útvarpsstjórinn vitnað í bréf sem starfsmannasamtökin skrifuðu alþingismönnum fyrir nokkru síðan þar sem þau hvöttu til breytinga á lögum um Ríkisútvarpið. Í fyrrnefndri grein útvarpsstjóra segir, með leyfi forseta:

„Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins styðja einnig breytingar á rekstrarformi RÚV — þótt þau hafi ekki tekið afstöðu til þess hvaða form skuli verða fyrir valinu. Stjórn samtakanna sendi öllum þingmönnum áskorun um breytingar snemma á síðasta ári. Og það þarf væntanlega ekki að fjölyrða um afstöðu stjórnenda Ríkisútvarpsins til málsins."

En bíðum nú við. Hvað er hér verið að segja? Í fyrsta lagi skulum við hafa í huga að Starfsmannasamtök Ríkisútvarps eru eins konar regnhlífarsamtök sem láta sameiginlegan hag starfsmanna sig varða. Þetta eru ekki samtökin sem semja um réttindi og kjör starfsmanna. Það gera önnur félög og vísa ég þar í Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins. Ég vísa í Útgarð. Ég vísa í Félag fréttamanna. Ég vísa í Rafiðnaðarsambandið. En fyrrnefndu félögin eiga síðan aðild að BHM og BSRB sem samið hafa um réttindi og kjör. Það eru þau samtök sem starfsmenn hafa falið að gæta hagsmuna sinna.

Hins vegar hefur það lengi verið krafa starfsmannafélaganna og starfsmanna innan Ríkisútvarpsins að breytingar verði gerðar á lögum um stjórnsýslu Ríkisútvarpsins og um það er breið samstaða í þinginu líka. Þar þarf ýmsu að breyta. Við erum aldeilis ekki á því máli að óbreytt ástand eigi að ríkja. Ýmsar brotalamir þarf að laga þótt ég minni aftur á að Ríkisútvarpið, þrátt fyrir ýmsa galla í löggjöfinni, hefur gert margt afar vel á undanförnum árum og áratugum eins og alþjóð er kunnugt. En þegar við ráðumst í breytingar þurfum við hins vegar að vanda okkur.

Við skulum líka gæta okkur á því að fordæma ekki allt það sem er eða verið hefur að óathuguðu máli. Við skulum til dæmis ekki gleyma því að afskipti útvarpsráðs, sem ég tel þó vera meingallað í því formi sem það er í núna, eru þó ekki meiri en þau að útvarpsráð hefur umsagnarrétt um ráðningu fréttamanna og dagskrárgerðarmanna, umsagnarrétt. Það er síðan tekin ákvörðun um það innan stofnunarinnar af hálfu útvarpsstjóra hver það er sem er ráðinn. Núna, og eftir þessar breytingar kemur valdið til með að vera hjá útvarpsstjóra einum. Enginn hefur einu sinni umsagnarrétt um málið.

Víkjum síðan aðeins að því hvernig starfsmannasamtökin og önnur samtök launafólksins hafa brugðist við í þessu máli. Sendar hafa verið inn álitsgerðir frá nánast öllum hagsmunasamtökum starfsmanna og þar á meðal frá umræddum Starfsmannasamtökum Ríkisútvarps. Þar kemur fram að menn telja ýmsu ábótavant í þessu frumvarpi. Ég vitna í umsögn stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarps þar sem segir, með leyfi forseta:

„SSR telur kaflann um réttindi starfsmanna ófullnægjandi. Ljóst er að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geta ekki gilt um starfsmennina eftir breytingu Ríkisútvarpsins í Ríkisútvarpið ohf. Réttindi starfsmanna ríkisins samkvæmt ofannefndum lögum teljast hluti af kjörum þeirra og verða því ekki afnumin án þess að í felist skerðing á kjörum."

Er þetta mikil hrifning? Ég hefði nú haldið ekki. Síðan segir undir lokin í þessari ályktun, með leyfi forseta:

„Auk þess vísar SSR til umsagnar BHM og BSRB varðandi réttarstöðu starfsmanna."

Hér er réttilega vísað til umsagna til þeirra aðila sem um þau mál fjalla og er falið að fjalla. Þetta eru samtökin sem hafa samið um kjörin og um þau réttindi sem verið að skerða með þessum lögum. Hver skyldi nú vera afstaða þeirra samtaka sem SSR, Starfsmannasamtök Ríkisútvarps, vísa í og gera þar með að sínum. Þar er mjög afdráttarlaus gagnrýni sett fram á þessar lagabreytingar. En undir lok ítarlegs álits frá þessum samtökum segir, með leyfi forseta:

„Að öllu framangreindu virtu er það eindregin afstaða BSRB og BHM að leggja til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga."

Að þetta frumvarp nái ekki fram að ganga. Þetta er afdráttarlaus krafa frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins og þeirra samtökum.

Hvað gerir ASÍ? Rafiðnaðarsambandið er innan Alþýðusambands Íslands. Hvaða afstöðu skyldi Alþýðusamband Íslands taka í þessu máli? Þar kemur fram mjög ákveðin afstaða. Ég ætla að leyfa mér að vitna í athugasemdir frá Alþýðusambandi Íslands, frá 3. nóvember 2006. Hér segir, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandið gaf umsagnir um frumvörp þau sem til umfjöllunar voru á tveimur síðustu þingum. Þá var lýst andstöðu við fyrirhugaðar breytingar á bæði rekstrarformi og fjármögnun Ríkisútvarpsins ... ASÍ var og er þeirrar skoðunar að víðtækt hlutverk RÚV í almannaþágu, bæði í óháðri fréttamiðlun og menningarlegu hlutverki, sé þess eðlis að afar mikilvægt sé að RÚV verði með öruggum hætti áfram í almannaeigu. Ákvæði 1. gr. frumvarps þess sem nú er til umfjöllunar mætir þeim sjónarmiðum að nokkru.

ASÍ telur mikilvægt er að standa vörð um sjálfstæði RÚV og telur að það megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og þekkist víða, þ.e. að starfsmönnum og sjálfstæðum aðilum utan stofnunar verði auk þings og ráðherra gert að skipa fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Fyrir þessu er ekki gert ráð í því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar."

Síðan segir undir lokin, með leyfi forseta:

„Þá er og bent á, að til þess að tryggja sjálfstæði starfsmanna gagnvart stjórn og framkvæmdastjóra er og nauðsynlegt að lögin geymi sérstök ákvæði um málefnalegar, rökstuddar og áfrýjanlegar uppsagnir."

ASÍ gagnrýnir þetta sem sagt líka og lýsir andstöðu við fyrirhugaðar breytingar bæði á rekstrarformi og fjármögnun Ríkisútvarpsins. Þetta er afdráttarlaus afstaða líka. Engu að síður kýs útvarpsstjóri að ógleymdum hæstv. menntamálaráðherra að virða þessi sjónarmið að vettugi og gefa í skyn að þetta sé allt saman í sátt bæði við þjóðina og starfsmenn Ríkisútvarpsins. Það er mjög ósvífinn málflutningur að halda slíku fram.

Ég vék að því í gær einnig að samningsbundnum rétti starfsmanna til aðkomu að stjórn Ríkisútvarpsins er ekki sinnt. Samningum er í reynd einhliða rift hvað þetta snertir. Fulltrúar starfsmanna hafa haft aðgang að framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins í rúma tvo áratugi og það grundvallast á samningum sem BSRB og ríkisvaldið gerðu árið 1980. Vísa ég þar í undirskriftir frá ágústmánuði og frá því í september, að ég hygg, það ár, frá 20. ágúst og frá 8. september árið 1980. Í samræmi við það voru settar reglur um starfsmannaráð í ríkisstofnunum.

Á grundvelli þessara laga og þessa samkomulags, þessa samnings BSRB og ríkisins gerðu starfsmannafélögin í Ríkisútvarpinu samkomulag við stjórn stofnunarinnar um aðkomu að framkvæmdastjórninni. Þessu er núna ýtt út af borðinu og það er ekki einu sinni rætt. Það er ekki einu sinni um að ræða það af hálfu ríkisstjórnarinnar sem fer svona með samninga.

Þar sem ég er að tala um kjör starfsmanna þá vil ég nefna að í haust, nánar tiltekið 20. nóvember, var efnt til fundar með starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Það gerði útvarpsstjóri. Áréttaði hann það síðan skriflega sem fram kom á þeim fundi um réttindi starfsmanna svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að hið nýja félag yfirtaki allar skuldbindingar stofnunarinnar gagnvart starfsmönnum, — bæði skv. ráðningarsamningum og kjarasamningum.

Réttindi starfsmanna haldast því óskert — verði frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. að lögum — þó eru „sólarlagsákvæði" varðandi biðlaunaréttinn.

LSR hefur sömuleiðis staðfest áframhaldandi rétt starfsmanna RÚV til aðildar að A-deild sjóðsins — að fengnu samþykki vinnuveitanda — sem gert er ráð fyrir að hið nýja félag veiti, — verði frumvarpið að lögum."

Þetta er yfirlýsing sem kom fram hjá Páli Magnússyni. Hvað segir þessi yfirlýsing? Þessi yfirlýsing segir í reynd harla lítið. Hún segir það að á meðan núverandi kjarasamningar halda — og það gera þeir fram á árið 2008 — haldist réttindi starfsmanna óskert, þ.e. það sem bundið er í ráðningar- og kjarasamningum.

En síðan eru ýmis lög og réttindi sem er grundvölluð í lögum sem Ríkisútvarpið yrði fært undan samkvæmt þessu frumvarpi ef það verður lögfest. Þar er ég að tala um stjórnsýslulög og ég er að tala þar um lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í þeim lögum er að finna ýmis ákvæði sem tryggja starfsmönnum tiltekin réttindi. Ég nefni til dæmis áminningarskyldu. Við erum að tala um umhverfi þar sem útvarpsstjóri fær rétt til að ráða og reka starfsmenn og þá eru ýmsir varnaglar slegnir inn í kjaraumhverfi opinberra starfsmanna. Eitt af þeim er áminningarskyldan. Annað er svokallaður andmælaréttur, þ.e. að starfsmenn hafa rétt til að andmæla ef þeir telja á sér brotið. Áminningarskylduna er að finna í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Ætlar útvarpsstjóri að virða áminningarregluna og ný stjórn Ríkisútvarpsins? Ætlar hann að virða hana? Ætlar hann að virða andmælaréttinn sem er grundvallaður í stjórnsýslulögum og einnig í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna? Verður hann virtur eða er þetta óskrifað blað? Fleiri réttindi mætti eflaust tína til en ég nefni þessi sérstaklega.

Ég vek einnig athygli á því að enda þótt lögum samkvæmt við hlutafélagavæðingu eða niðurlagningu stöðu hjá hinu opinbera eigi menn rétt á áframhaldandi aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, ef um slíkt er að ræða, þá getur verið fólgin í því kjaraskerðing. Einstaklingur sem færist upp launastigann, svo dæmi sé tekið, nýtur ekki ávinningsins af því klifri eftir að stofnun hefur verið hlutafélagavædd eða færð undan opinberum lögum.

Hitt er alveg rétt að svo lengi sem fólk á aðild að heildarsamtökum opinberra starfsmanna getur það áfram átt aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og það á reyndar einnig við um nýráðningar. Ef stjórn hlutafélags fellst á að opna greiða leið fyrir starfsmenn inn í A-deild Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna þá er það hægt svo fremi sem samningsréttur aðildarfélaga BSRB eða BHM er virtur. Þegar spurt hefur verið um þetta og leitað svara um þetta efni fáum við engin svör. Og þegar ég hef sagt að útvarpsstjóri sé afvegaleiðandi í upplýsingum sínum til starfsmanna og ummæli hans misvísandi gagnvart þeim annars vegar og því sem hann segir innan þingsins hins vegar þá er ég að vísa til þess að á nefndarfundum menntamálanefndar hefur útvarpsstjóri sagt að það sem taki við þegar kjarasamningum og ráðningarsamningum sleppi 2008, þegar kjarasamningar eru úti, sé óljóst, það sé óskrifað blað. Þess vegna vitum við og starfsmenn ekkert um hvað tekur við eftir að kjarasamningar renna út á árinu 2008. Það er þetta sem stéttarfélögin hafa viljað fá svör við áður en þessi lög verða afgreidd. Þau lögðu einnig til að inn í lagafrumvarpið yrði skotið bráðabirgðaákvæði til þess að loka fyrir ýmsa óljósa þætti en ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur ekki fallist á slíkt.

Lágmarkskrafa hefði verið sú að gengið væri til samkomulags við stéttarfélögin þar sem rammayfirlýsing, þó ekki væri annað, væri gefin eða gengið frá sem tryggði aðkomu félagslegra aðila, sem tryggði aðkomu stéttarfélaganna að samningum um kaup og kjör eftir að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi sem ég svo sannarlega vona að verði ekki. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að gera það? Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að ganga frá slíku samkomulagi? Ef mönnum væri alvara með að tryggja að lágmarki óbreytt kjör og rétt fyrir starfsmenn Ríkisútvarpsins ætti mönnum ekki að vera skotaskuld úr því að ganga til slíkra samninga. Hvers vegna er það ekki gert?

Við fáum hins vegar að heyra það þegar vakin er athygli á fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins sem hefur farið versnandi í tíð núverandi ríkisstjórnar þegar á heildina er litið með þeim afleiðingum að Ríkisútvarpið hefur þurft að draga saman seglin, og við höfum heyrt það hér í salnum, að engin áform eru uppi um það, því miður, að bæta stöðu þessarar stofnunar fjárhagslega. Og þegar útvarpsstjóri eða for-

svarsmenn Ríkisútvarpsins aðrir hafa verið spurðir hvernig þeir ætli að bregðast við fjárhagsvandanum segja þeir: „Við munum mæta henni með hagræðingarkröfu.“

Í hverju felst hún? Engin svör. Á að segja upp fólki? Hverjum? Hve mörgum? Á hvern hátt á að hagræða? Hvers vegna fáum við ekki svör við þessum spurningum? Ég ítreka aftur, hæstv. forseti, að það er eðlilegt að við fáum, áður en þessari umræðu lýkur og helst ætti að skjóta henni á frest, upplýsingar um þau fjárhagsatriði sem þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hefur óskað eftir og gerði í desember og átti að vera búin að fá svör við innan tíu daga en þau svör hafa ekki borist enn og það stríðir gegn þingskapalögum.

Síðan vil ég vekja athygli á því að þau samtök sem hafa sérstaklega látið sig hag Ríkisútvarpsins varða, Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins, hafa lagst mjög eindregið gegn þessari lagabreytingu. Þau hafa lagst mjög eindregið gegn því að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi og ekki bara þau samtök, það má vísa í fjölmarga aðra aðila, einstaklinga. Ég vísa í varnaðarorð Hrafns Gunnlaugssonar sem á sínum tíma gegndi stjórnunarstöðu hjá Ríkisútvarpinu. Hann telur þetta hið mesta óráð og verður sá maður seint sakaður um einhverja vinstri villu, eins og einhver kynni að hafa komist að orði. Hann telur að með hlutafélagavæðingunni séum við að fara inn á mjög hálar brautir. Ég vísa einnig í grein sem þrír fyrrverandi menntamálaráðherrar þjóðarinnar skrifuðu í Morgunblaðið 1. júní í vor, Sverrir Hermannsson, Ingvar Gíslason og Ragnar Arnalds, þar sem þeir vara mjög eindregið við þessari lagabreytingu í opnu bréfi til allra alþingismanna. En ég nefndi hollvinasamtökin, þau hafa efnt til nokkurra funda um þetta málefni og hér er ég með lítinn pésa frá þeim samtökum þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Nú eru allar líkur á því að nýtt frumvarp um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins verði samþykkt á Alþingi við upphaf þings.“ — Þetta var síðastliðið haust. Áfram segir, með leyfi forseta: „Samtökin okkar eru trú þeirri meginstefnu sinni sem verið hefur frá upphafi að berjast gegn einkavæðingu Ríkisútvarpsins og gegn hverju skrefi sem kynni að verða stigið í þá átt, hvort sem það væri svokölluð hlutafélagavæðing eða eitthvað annað. Hollvinasamtökin hafa ávallt lagt áherslu á að snúa vörn í sókn og efla Ríkisútvarpið til að gegna því hlutverki sem það hefur samkvæmt núgildandi lögum svo að það megi áfram vera ríkisútvarp í almannaeign og hornsteinn menningar og lýðræðis í landinu.“

Þetta kemur frá samtökum sem eru sérstaklega stofnuð til að styðja og styrkja Ríkisútvarpið og þau vara við því að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi. Ég minni á, eins og margoft hefur reyndar komið fram, að okkur er sagt að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið. Við skulum ekkert gefa okkur í þeim efnum. Ég efast ekkert um góðan og heiðarlegan ásetning margra þingmanna í stjórnarmeirihlutaliðinu hvað þetta snertir en spurningin er hverju þeir fá ráðið þegar fram líða stundir. Annars vegar, eins og ég færði rök fyrir í upphafi máls míns, er hætt við því að eftir að Ríkisútvarpið verður fært í einkaréttarform og varnir þess veiktar gagnvart samkeppnisaðilum þá verði framtíð þess ráðin frammi fyrir dómstólum og m.a. muni það gerast að undirstöður þeirrar stofnunar muni molna. Ég held t.d. að það kunni að verða erfitt fyrir Ríkisútvarpið að standa á því að fjármagna sig nákvæmlega með þeim hætti sem það gerir núna, að 1/3 eru það auglýsingatekjur og að 2/3 eru það iðgjöld sem eiga að færast yfir í nefskatt. Ég er fylgjandi þessari skiptingu einfaldlega vegna þess að ég vil að fjárhagur Ríkisútvarpsins sé rúmur til að það geti sinnt menningarlegum skyldum sínum sem fjölmiðill og menningarstofnun sem rís undir hlutverki sínu.

Ég hef efasemdir um að það sé vilji til þess hjá fjárveitingavaldi, löggjafa og almenningi að greiða miklu meira, láta miklu meira af hendi rakna til Ríkisútvarpsins en nú er gert. Þess vegna þarf Ríkisútvarpið á auglýsingatekjum að halda auk þess sem ég tel auglýsingar geta verið efni í fjölmiðlum sem er góðra gjalda vert til að koma upplýsingum á framfæri við almenning í landinu. Svo er önnur saga hvernig auglýsendur fara með það vald, en það er önnur saga og önnur umræða. Ég óttast að þessum undirstöðum, þessum leiðum Ríkisútvarpsins til að fjármagna sig sjálft sé í voða stefnt með þessari breytingu. Ég hef áður vakið máls á því að ég tel að Ríkisútvarpið hafi ekki vandað sig sem skyldi í þeim efnum. Þetta er atriði sem við hefðum þurft að ræða miklu betur og fara betur í saumana á.

Það er á þennan hátt sem jafnvel góður ásetningur þeirra sem vilja breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins og gera það að hlutafélagi mun ekki ná fram að ganga, ég óttast að hann muni lenda í erfiðleikum frammi fyrir dómstólunum vegna þeirrar breytingar sem við erum að gera núna.

Í annan stað minni ég á að til eru þeir þingmenn og sérstaklega innan Sjálfstæðisflokksins sem eiga sér þá hugsjón að koma Ríkisútvarpinu á markað, að selja það. Ég man eftir ágætum hv. þingmanni, Kjartani Ólafssyni, sem sagði að vísu um aðra starfsemi, ég held að það hafi verið raforkuveiturnar: Það er allt til sölu ef við fáum rétt verð — ef við fáum rétt verð, ég skal ekki gleyma að bæta því við. Svo erum við mörg sem teljum að sumir hlutir verði vart metnir til fjár og vitna ég þar aftur í blaðagrein, hið opna bréf sem þrír fyrrverandi menntamálaráðherrar skrifuðu alþingismönnum og birt var í Morgunblaðinu 1. júní sl. Þeir sögðu einmitt eitthvað á þá lund að sumir hlutir, sum gildi, sumar stofnanir, starfsemi, yrði vart metin til fjár, gildi þess fælist í öðru. Ég finn ekki nákvæmlega þá tilvitnun og minni á að ég las þetta bréf upp í gær þannig að það er komið í þingtíðindi, ég ætla þess vegna ekki að eyða tíma mínum í að finna þessa tilvitnun nákvæmlega en hana er hér eftir að finna í Alþingistíðindum. Það er verið að stefna Ríkisútvarpinu í hættu og ég vildi sérstaklega vekja athygli á afstöðu Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins sem eru samtök áhugafólks, opin öllum að sjálfsögðu, þar er að finna fólk úr öllum stjórnmálaflokkum sem tekur þessa afstöðu, biður Alþingi um að fara með gát og varar við því að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Síðan er náttúrlega einn þáttur í þessu máli sem er pólitískur og snýr að þeim stjórnmálaflokkum sem standa að þessari makalausu lagasmíð og vísa ég þar í samþykktir sem bæði Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa sent frá sér í áranna rás. Ég vil nefna það við hæstv. forseta að ég hef ákveðið að gera það sérstaklega að um-

ræðuefni í síðari ræðu minni um þetta mál, síðari ræðu minni við 3. umr. málsins. Þá mun ég fara mjög rækilega yfir afstöðu Sjálfstæðisflokksins til málsins annars vegar og Framsóknarflokksins hins vegar, en það er mikil sorgarsaga hvernig sá vesalings flokkur kemur að þessu máli og reyndar ýmsum öðrum sem komið hafa til kasta þingsins allar götur frá því það hjónaband hófst vorið 1995 þegar Sjálfstæðisflokkur og Framsókn gengu í eina sæng.

Í hverju málinu á fætur öðru hefur þessi vesalings flokkur lyppast niður. Flokkur sem einu sinni var reiðubúinn að standa vörð um samvinnuhugsjón hlýðir núna Sjálfstæðisflokknum í einu og öllu, gefur eftir á öllum sviðum og núna gagnvart Ríkisútvarpinu, útvarpi allra landsmanna, sem hann ályktaði um að aldrei skyldi gert að hlutafélagi.

Síðan var víglínan færð til og menn segja: Tíminn líður. Einn þingmaður sagði meira að segja fyrir nokkrum dögum af öðru tilefni að mánuður væri langur tími í pólitík og okkur var gefið til kynna að á slíkum tíma væri hægt að svíkja margt, hlaupa frá fyrri samþykktum og yfirlýsingum. Svo var að skilja á þingmanni af yfirlýsingu af öðru tilefni. Þetta hefur Framsóknarflokkurinn einmitt gert. Hann hefur ályktað mjög ákveðið um Ríkisútvarpið og afstöðu sína til þeirrar stofnunar, að hann mundi standa vörð um hana. Hana átti alls ekki að hlutafélagavæða. Síðan átti að efla Rás 2, það mátti ekki selja Rás 2. En hvað er að gerast með þessu frumvarpi? Dregið er úr lagaskyldu Ríkisútvarpsins að reka tvær rásir, nú er það ein rás. Nú er hægt að opna fyrir söluna eða lokun á Rás 2. Hvar er Framsókn? Að sjálfsögðu hvergi, heldur tekur undir með íhaldinu um að málið verði keyrt til lykta hið allra fyrsta.

Núna heldur Framsóknarflokkurinn sér í það strá að það sem málið snúist fyrst og fremst um sé eignarhaldið á Ríkisútvarpinu, það skipti öllu máli. Núna eftir að við sannfærðumst um að Sjálfstæðisflokkurinn ætlar ekki að selja, þá er alveg óhætt að hlutafélagavæða, segir Framsókn.

En við erum að horfa til langs tíma, við erum ekki að tjalda til einnar nætur. Við erum að horfa mörg ár fram í tímann, ekki eitt eða tvö, ekki einn eða tvo áratugi heldur. Við erum að horfa inn í framtíðina. Og hvað gerist þegar hugsjónir núverandi formanns menntamálanefndar, hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, þegar hugsjónir hv. þm. Péturs H. Blöndals, þegar hugsjónir hv. þm. Birgis Ármannssonar, þegar hugsjónir ungra sjálfstæðismanna, hópa og einstaklinga innan Sjálfstæðisflokksins um einkavæðingu og sölu Ríkisútvarpsins fá aukinn hljómgrunn innan þess flokks, hvað þá? Þá er búið að setja Ríkisútvarpið í búning þar sem salan verður auðveldari, enda sagði hv. þm. Pétur H. Blöndal við umræðuna um málefni stofnunarinnar að hann væri ekki sáttur við frumvarpið en hann mundi greiða götu þess og styðja það í atkvæðagreiðslu vegna þess að það auðveldaði söluna.

Þess vegna spyr ég Framsóknarflokkinn sem segir að hann standi núna og hangi á því að Ríkisútvarpið verði í almannaeign og standa eigi vörð um Ríkisútvarpið. En þegar við bendum á að verið sé að veikja undirstöðurnar — lögfræðingar eru að vara okkur við þessu, Samkeppnisstofnun varar okkur við þessu — og veikja varnirnar gagnvart ásókn samkeppnisaðila sem án efa munu láta reyna á sína stöðu og réttarstöðu Ríkisútvarpsins frammi fyrir íslenskum lögum og Evrópurétti, við erum vöruð við því að með þessari lagabreytingu séum við að veikja varnir Ríkisútvarpsins, hvað gerir Framsókn þá? Fulltrúar flokksins koma hér hver á fætur öðrum í ræðustól og hvetja okkur til að ljúka málinu hið allra fyrsta. Þeir þjóna íhaldinu sem aldrei fyrr. Ég ætla að vona að kjósendur minnist þeirrar afstöðu Framsóknarflokksins þegar gengið verður til kosninga hinn 12. maí næstkomandi. Þá muni menn hvernig þingmenn Framsóknarflokksins koma fram í þessu máli, reyna að finna réttlætingu fyrir því að ganga á bak orða sinna, að víkja fyrri yfirlýsingum og skuldbindingum til hliðar til að geta hangið á ráðherrastólunum. Í hverjum umræðuþættinum á fætur öðrum í útvarpi og sjónvarpi eru þeir að biðla til íhaldsins um að fá að sitja áfram í kjöltu þess. Út á það gengur stríð þeirra.

Auðvitað mun það henda nú eins og fyrri daginn, eins og í bæjarstjórnarkosningunum og síðustu alþingiskosningum einnig, að reynt verður með hjálp pólitískra fegrunarfræðinga að setja Framsóknarflokkinn í enn eina lýtaaðgerðina, búa til nýjan flokk án fortíðar. Þetta verður gert án efa með hjálp auglýsingastofa. Mun það gerast sem gerðist síðast að auglýsingastofan sem tók að sér þetta verkefni fékk sérstök verðlaun fyrir að vinna það afrek að gera úr Framsókn nýjan stjórnmálaflokk, alveg glænýjan? Hann hafði farið með húsnæðismál frá árinu 1995. Hvað gerði Framsóknarflokkurinn? Hann óskapaðist fyrst og fremst út í ófremdarástandið í húsnæðismálum. Hann hafði farið með þetta ráðuneyti frá árinu 1995.

Mun það gerast núna að menn muni óskapast út í alla einkavæðinguna, skyldi það gerast? Hann ætlar sko aldeilis ekki að einkavæða, Framsóknarflokkurinn, aldeilis ekki. Umhverfisvernd, þar stendur hann í fararbroddi. Hann vill fjölbreytt atvinnulíf, hann er á móti stóriðjustefnu. Mun þetta gerast? Ég bara spyr. Ég er að minna kjósendur á að gleyma ekki framgöngu Framsóknarflokksins í þessu máli, hvernig hann er að svíkja eigin hugsjónir, svíkja Ríkisútvarpið, svíkja starfsmenn Ríkisútvarpsins sem á að svipta réttindum sínum.

Hæstv. forseti. Ég mun fara betur yfir þetta í seinni ræðu minni. Í henni mun ég einnig víkja nánar að því fyrirkomulagi sem er við lýði hjá öðrum þjóðum, einnig grannþjóðum okkar. Ég mun staðnæmast sérstaklega við það ríkisútvarp eða þær ríkisútvarpsstöðvar sem best vegnar, m.a. á alþjóðamarkaði um útvarps- og sjónvarpsefni, sérstaklega sjónvarpsefni og þar vísa ég í frændur vora, Dani. Þeir brillera í þáttagerð og kvikmyndagerð, Örninn, og hvað heitir þetta, Matador, er selt víða um lönd. Hvers konar rekstrarfyrirkomulag er það? Það er ríkisstofnun eins og okkar, nákvæmlega. Hvernig vegnar BBC, breska útvarpinu? Það er fyrirkomulag sem er skyldara okkar en fyrirtæki í einkaréttarlegum búningi. Ég mun fara nánar yfir þetta í síðari ræðu minni.

Ég mun einnig fara rækilega yfir það frumvarp sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð, þingflokkur okkar, hefur lagt fram á þinginu um framtíð Ríkisútvarpsins þar sem við gerum tillögur um róttækar breytingar á stjórnsýslu stofnunarinnar, færum hana inn fyrir veggina, þó á lýðræðislegum grunni. Við drögum úr pólitískum afskiptum af Ríkisútvarpinu sem þó eru miklu minni núna en menn vilja

vera láta — að forminu til. Þau liggja í hugrenningatengslunum og tengslunum milli einstaklinga en þau eru minni að forminu til en margir vilja ætla vegna þess að eins og ég gat um áðan hefur útvarpsráð fyrst og fremst umsagnarrétt en ekki ráðningarvald. Við gerum tillögur um gerbreytt fyrirkomulag að þessu leyti. Við gerum tillögur um gerbreytt innheimtuform á gjöldum til Ríkisútvarpsins sem yrði bundið fasteign, höfnum nefskattsleiðinni og viljum fara inn á nýjar brautir hvað þetta snertir. Öllu þessu mun ég gera rækilegar grein fyrir í síðari ræðu minni.

Ég mun einnig fara yfir þá stöðu sem nú er uppi í stofnunum sem hafa verið hlutafélagavæddar gagnvart starfsmönnum, kjörum þeirra, hvernig komið er fram við þá t.d. í Matís ohf., stofnun þar sem stjórnin nánast neitar að ræða við stéttarfélögin og stillir síðan einstökum starfsmönnum upp við vegg, dregur fólk út undir vegg og lætur það skrifa undir ráðningarsamninga án þess að fá að sjá alla samningana og án þess að sýna þá öðrum, eru að reyna að sundra stéttarlegri samstöðu fólksins. Þetta mun ég allt ræða nánar þegar kemur að síðari ræðu minni um þetta mál.

Hæstv. forseti. Ég gat um það í upphafi ræðu minnar að ég mundi ekki hafa mál mitt ýkja langt að þessu sinni og hafði ég innra með mér gert ráð fyrir að halda mig innan við klukkutíma í ræðu minni. Ég hef nú talað í 59 mínútur og 8 sekúndur. Ég læt máli mínu lokið.

[12:42]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var mikil og skörugleg ræða. Það er einungis tvennt sem mig langar að forvitnast um hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, annars vegar það sem greip ekki nægilega vel athygli mína, hann vitnaði í einhvern aðila með þeim orðum að allt væri til sölu fyrir rétt verð. Mig langar til að fá að vita í hvaða aðila hann vitnaði þarna.

Síðan er hitt, mig langar að fá svar við spurningu sem ég hef lagt fyrir aðra þingmenn í umræðunum og tel nauðsynlegt að þingheimur og þeir sem á okkur hlusta hafi vitneskju um hver skilningur ákveðinna þingmanna er. Spurningin er þessi: Telur hv. þingmaður að réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins skerðist ekki ef þetta frumvarp, Ríkisútvarpið ohf., verði að lögum?

[12:43]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal verða við þeirri beiðni að upplýsa hver þingmaðurinn er sem hafði á orði að allt væri til sölu þegar um ríkiseignir væri að ræða ef fyrir þær fengist rétt verð. Við vorum þá að ræða um raforkugeirann, raforkufyrirtæki, ef ég man rétt. Það var hv. 9. þm. Suðurk., Kjartan Ólafsson.

Varðandi réttindamál starfsmanna er allt á huldu um réttindin. Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna munu ekki gilda eftir að frumvarpið er samþykkt. Stjórnsýslulögin munu ekki gilda eftir að frumvarpið verður að lögum en í þeim eru grundvölluð ýmis réttindi sem starfsmenn búa við. Ég nefndi t.d. áminningarskylduna og önnur ákvæði sem lúta að starfsöryggi starfsfólksins, þetta mun ekki gilda.

Síðan er hitt stóra málið. Hvað kemur til með að gerast eftir að kjarasamningar renna út á árinu 2008? Við þessu fáum við engin svör. En ég tók eftir því að formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sagði við umræðuna til upplýsingar þegar spurt var um félagslega aðkomu að samningum að um það væri ekki hægt að gefa nein fyrirheit en sér væri (Forseti hringir.) sérstaklega umhugað að skoða réttindi einstaklinganna til að semja um sín eigin kjör. (Gripið fram í.)

[12:45]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar, af því hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur staðið lengi í stéttar- og kjarabaráttu og þekkir lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna afskaplega vel, að spyrja hann einnar spurningar vegna þess að einn flokkur á þingi, Samfylkingin, hefur lagt til að Ríkisútvarpinu verði breytt í sjálfseignarstofnun. Ef við gæfum okkur að þessu frumvarpi yrði breytt í þann veg að í stað þess að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, að það yrði gert að sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins, mundu þá lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gilda um starfsmenn þeirrar stofnunar?

Þetta er einföld spurning sem ég treysti hv. þm. Ögmundi Jónassyni, formanni BSRB, til að svara.

[12:46]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel svo ekki vera þótt hefðin sé sú hjá ýmsum sjálfseignarstofnunum. Þar horfi ég t.d. til SÍBS, til Hrafnistu og til ýmissa heilbrigðisstofnana. Þær grundvalla kjarasamninga sína og réttindi starfsmanna á hinum opinbera lagaramma. Þessi réttur er ekki ótvíræður en grundvallast í ýmsum tilvikum á hefð. Þetta er óljós lína, að þessu leyti, milli laga og hefðar.

Þess vegna segi ég að við eigum eftir því sem nokkur kostur er að reyna að brúa þetta bil ef menn ætla að fara yfir í slíkar formbreytingar með samkomulagi og samningum. En svar mitt er þetta. Ég hef haft ákveðnar efasemdir um að fara þessa leið, (Forseti hringir.) af nákvæmlega af þessari ástæðu. Þótt ég sé að sjálfsögðu reiðubúinn að skoða ýmsa hluti þá er svar mitt þetta.

[12:48]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni, formanni BSRB, sem líklega er manna fróðastur — a.m.k. einn fróðasti alþingismaðurinn í þessum sölum og á þingi — um vinnurétt og réttindi starfsmanna, fyrir afar hreinskilið svar.

Ég veit að formaður þingflokks Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson hefur hlustað á svar hans af athygli. Það varpar dálitlu ljósi á þær veilur sem eru í málflutningi Samfylkingarinnar. En það er sem sagt staðfest af formanni BSRB að verði fallist á tillögur Samfylkingarinnar um að breyta Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun þá tryggir það eitt og sér ekki að um starfsmenn slíkrar stofnunar gildi lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

[12:49]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir minni skoðun og minni sýn á þetta. En ég vil einnig minna á að ég hef tekið undir þau sjónarmið sem komu m.a. fram hjá fulltrúa Samfylkingarinnar við þessa umræðu, hv. þm. Marðar Árnasonar, sem lagði til það sáttaboð, sem við í stjórnarandstöðunni styðjum og stöndum heils hugar að baki, að við reynum að sameinast um lágmarksbreytingar á Ríkisútvarpinu, lögum um Ríkisútvarpið, og setjumst yfir þau mál sem ágreiningur kann að vera um og leita sátta um þau.

Ég er sannfærður um að ef við gerum þetta af opnum huga, eins og fulltrúi Samfylkingarinnar hefur talað fyrir, þá munum við ná lendingu sem allir geta orðið sáttir um þótt það taki tíma (Forseti hringir.) en hann er þess virði.

[12:50]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafi ekki verið við þessa umræðu og ekkert hlustað á hana. (**KÓ:** Ertu í andsvari við hann?) Við höfum alltaf sagt að um málið þurfi að semja jafnvel þótt gert yrði sjálfseignarfélag úr stofnuninni.

En það er hárrétt hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að ég er ekki kominn í andsvar við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson. Heldur langar mig að spyrja hv. þingmann Ögmund Jónasson um afstöðu hans til Evrópureglnanna sem við höfum aðeins rætt í þessari umræðu.

Er hann t.d. sammála því viðhorfi mínu að eins og sakir standa þá mundi samþykkt hlutafélags leiða til þess að líkur yrðu á að þrengt yrði að möguleikum Ríkisútvarpsins til að starfa áfram á auglýsingamarkaði?

[12:51]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sérfróður um þessi efni en vil þó segja að ég er sannfærður um, og ég talaði fyrir því í öðrum málum einnig, t.d. um Lánasjóð sveitarfélaga, að þegar starfsemi sem hefur heyrt undir almenn lög, stjórnsýslulög í þessu tilviki og almenn lög, opinber stofnun, er færð yfir í einkaréttarlegt hlutverk, einkaréttarlegan búning, færist með því nærri markaðnum þá er líklegra að lög sem eiga að gilda um markaðinn verði látin taka til hennar einnig.

Sérfræðingar í þessum efnum, bæði varðandi samkeppnisrétt íslenskan og Evrópuréttinn, vara við því að sú breyting sem gert er ráð fyrir í frumvarpi ríkisstjórnarinnar veiki varnir Ríkisútvarpsins frammi fyrir dómstólnum. Sérfræðingar vara okkur við og ég vil hlusta á þá.

Ég held að ríkisstjórnarmeirihlutinn hafi ekki hlustað á sérfræðingana, sérstaklega ekki vesalings Framsóknarflokkurinn sem segir í einu orðinu að hann ætli að standa (Forseti hringir.) vörð um frjálst Ríkisútvarp en er síðan tilbúinn að fella allar varnir þess niður.

[12:53]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég geri allt til að halda uppi góðum starfsaga. Ég er reiðubúinn til að stytta andsvör mín ef það má vera til að greiða fyrir þingstörfum. Ég er sammála hv. þingmanni um að staða Framsóknarflokksins í þessu máli er aumkunarverð. Ég hef fulla samúð með þingmönnum Framsóknarflokksins í þessu máli og græt örlög þeirra. Mér finnst þeir eiga betra skilið.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur ekki verið sá maður sem mestan kærleika hefur borið til Evrópusambandsins. En hann gerir sér væntanlega grein fyrir því að við þurfum, vegna þeirra skuldbindinga sem við höfum axlað, að standa okkur gagnvart tilteknum lagaramma sem við höfum samþykkt. Hann er mér sammála um það, ekki satt, að út af þessum skuldbindingum er ákaflega líklegt að Ríkisútvarpið ohf. muni þurfa að sæta miklu þrengri skoðun og nánari heldur en í núverandi formi.

[12:54]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég hef hlustað á ábendingar sérfróðra manna um þetta efni og sannfærst um það í þessu máli og öðrum hliðstæðum að stofnanir sem eru færðar í einkaréttar legan búning, inn á markaðstorgið, þurfa að sæta svipuðum lögum og reglum og önnur fyrirtæki á markaði. Því er líklegt að frammi fyrir dómstólum verði varnir starfseminnar, þessara stofnana, veikari en ella.

Mér finnst dapurlegt að stjórnarmeirihlutinn, sem segist vilja standa vörð um Ríkisútvarpið, sé ekki reiðubúinn að hlusta á varnaðarorð af þessu tagi.

[12:55]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í upphafi ræðu sinnar fór hv. þm. Ögmundur Jónasson skýrt yfir 1. gr. frumvarpsins um útvarpið. Við erum algerlega ósammála en ég þakka fyrir skýr svör hans varðandi 1. gr.

Ég deili með hv. þingmanni ákveðnum áhyggjum af þeirri jafnvægiskúnst sem hann talaði um gagnvart samkeppni við aðra fjölmiðla, hvað varðar nefskatt, auglýsingar og kostun.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Hvað á hann nákvæmlega við með því þegar hann segir að örlög Ríkisútvarpsins verði ráðin fyrir dómstólum? Þar talaði hv. þingmaður ekki jafn skýrt og greinilega. Ég vil fá að vita nákvæmlega hvað þingmaðurinn á við þegar hann segir að örlög Ríkisútvarpsins ráðist fyrir dómstólum verði þetta frumvarp að lögum?

[12:56]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að gerast, bæði hér á landi og reyndar víða um heiminn, sérstaklega í Evrópusambandinu, að dómstólar hafa fengið aukið vægi, nánast pólitískt vægi. Settar eru ákveðnar reglur og menn slást um þær á vettvangi stjórnmálanna. Síðan koma samkeppnisaðilar eða hagsmunaaðilar til sögunnar og vilja láta reyna á þessar reglur og þessi lög. Það er gert frammi fyrir dómstólum. Í sífellt ríkari mæli taka þeir að sér stefnumótandi hlutverk.

Menn horfa mjög til þeirrar lagasetningar sem menn setja í Evrópu á vettvangi Evrópusambandsins og að sjálfsögðu hér innan lands einnig, vitandi að síðan verður látið reyna á

það í þingsal, á pólitískum vettvangi og ekki síður frammi fyrir dómstólum hvernig túlka beri þessar reglur. (Forseti hringir.)

Dómstólarnir hafa því afgerandi áhrif á framvinduna.

[12:57]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í framhaldi af þessu langar mig að spyrja hv. þingmann hvort hann telji að við núverandi ástand, núverandi lög sem RÚV starfar undir, geti komið til málsóknar. (**Gripið fram í:** Það er málsókn í gangi.)

Það hefur komið fram hjá Samkeppniseftirlitinu að það kunni að vera vankantar á því formi sem nú er og ég held að rétt að heyra það frá þingmanninum hvort ekki sé full ástæða til að breyta því sem nú er.

[12:58]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mun ekki vera málsókn í gangi en það er hins vegar kvörtun sem hefur borist ESA, frá Norðurljósum. Varðandi spurninguna, hvort ég sé sáttur við núverandi ástand. Nei, ég er það ekki. Ég óttast að Ríkisútvarpið hafi ekki vandað sig nógu vel í þessum jafnvægiskúnstum.

Menn verða að horfa til umhverfisins að þessu leyti. Ég er ekki sannfærður um að Ríkisútvarpið hafi farið nægilega varlega varðandi auglýsingar og alls ekki varðandi kostun, auglýsingar og verðlagningu á þeim. Á Ríkisútvarpinu hvíla þær skyldur að gæta að því stóra samhengi sem það er í. Það nýtur ákveðinna forréttinda. Það er vandmeðfarið að fara með þessi forréttindi.

Ég held að verkefnið fyrir okkur öll hefði átt að vera að að reyna að finna þarna viðunandi lausn.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:59]

***Um fundarstjórn.***

Ummæli forseta í hádegisfréttum.

[13:30]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég reyndi að ná í hinn kjörna forseta Alþingis, Sólveigu Pétursdóttur, áðan til að biðja hana að vera viðstadda hér í upphafi fundar eftir hlé vegna þess að ég hygðist taka til máls um fundarstjórn forseta, þ.e. vegna ummæla hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, forseta þingsins, í hádegisfréttum Stöðvar 2. Þar hafði hún það til mála að leggja, vegna þeirrar umræðu sem hér færi fram, að breyta þyrfti þingsköpum, það þyrfti að takmarka ræðutíma þingmanna, þetta væri alveg ómögulegt því að það væri ekki í neinu öðru landi sem það leyfðist að þingmenn gætu bara leyft sér að tala óáreittir í þinginu um hin og þessi mál. Þetta væri ráðið og lausnin á vanda þingsins.

Þegar forseti þings var fyrst kjörin, sú sem nú er kjörin, Sólveig Pétursdóttir, hafði hún tvennt að segja sem hlustað var eftir hér í þingsal. Annars vegar talaði hún um að skipa ætti störfum þingsins með þeim hætti að þau væru fjölskylduvænni, þau væru betri fyrir þá þingmenn sem væru barnafólk, mæður og feður barna á þeim aldri að fyrir þeim þarf að sjá, og aðra þingmenn væntanlega. Hins vegar talaði hún um að ná þyrfti betri starfsanda og betri starfsreglum og starfsháttum á þinginu.

Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, held ég að sé fremst í þeim flokki sem á að gera sér grein fyrir að ekki er hægt að tala um reglur í þingsköpum eða starfsreglur á þinginu þannig að hægt sé að tala um eina í einu. Þær mynda ákveðna samfellu, þær eru í ákveðnu samhengi. Það verður að minna á í tilefni þessara ummæla að stjórnarandstæðingar hafa fyrr og síðar rætt um að til þess að ná betri starfsanda á þinginu og starfsháttum þyrfti auðvitað að auka sjálfstæði þingsins og þar með að gefa stjórnarandstöðunni ákveðna möguleika sem ekki eru fyrir hendi á þessu þingi en eru fyrir hendi í flestum öðrum þingum sem forseti vitnaði til í hádegisfréttum Stöðvar 2. Ég vona að forseti heyri til mín, hún hefur a.m.k. fengið þau skilaboð sem um er að ræða. Þar á meðal er það að þingmál stjórnarandstæðinga og raunar allra þingmanna komist á dagskrá, fái hér umræðu og afgreiðslu. Þar á meðal eru kröfur um að þingnefndir fái rannsóknarvald og þingið geti kosið sérstakar rannsóknarnefndir. Þar á meðal eru óskir og tillögur um að auka ráðherraábyrgð og fleira sem gæti skapað stjórnarandstöðunni meira eftirlit með framkvæmdarvaldinu og þingmönnum öllum, gert sjálfstæði þingsins öflugra. Ef þetta væri komið skyldum við fara að tala um ræðutíma við 2. og 3. umr. um stjórnarfrumvörp.

[13:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég heyrði ekki þau orð sem síðasti ræðumaður vitnaði í að höfð hefðu verið eftir forseta þingsins í hádeginu. Ef rétt er get ég sannarlega tekið undir með hv. þingmanni að það er ekki lausn á vanda þingsins að takmarka algjörlega ræðutíma. Það skal koma hér fram af minni hálfu sem margoft hefur komið fram að ég held að löggjafarvaldið sé mjög undirgefið framkvæmdarvaldinu. Ég held að það þekkist raunverulega hvergi í nálægum þingum hvað framkvæmdarvaldið ræður mikið ferðinni á þinginu.

Við höfum sagt það við endurskoðun þingskapa sem lengi hefur staðið yfir að við værum tilbúin að takmarka ræðutíma en það er þó skilyrt því að menn séu tilbúnir að taka á öðrum mikilvægum þáttum í störfum þingsins. Við teljum t.d. að koma þurfi hér á, eins og er í öllum siðuðum þingum, rannsóknarnefndum þingsins, nefndum sem gætu starfað t.d. fyrir opnum tjöldum, að ráðherrum sé gert að mæta fyrir þingnefndir ef þær svo óska og sitja fyrir svörum og rannsóknarnefndir fái vald eins og gerist í öðrum sambærilegum þingum til að rannsaka mál.

Þetta þarf allt að koma til og auðvitað þarf þingið líka að starfa allt árið eins og gert er í flestum þingum en ekki eins gloppótt og þingið starfar hér. Hér þarf líka að herða lög um ráðherraábyrgð, að ráðherra geti ekki hagað sér að vild og leynt Alþingi upplýsingum eða sett fyrir Alþingi rangar eða villandi upplýsingar. Í danska þinginu varðar það t.d. við lög um ráðherraábyrgð ef ráðherra hagar sér með þeim hætti en hér fá ráðherrar að haga sér alveg eins

og þeir vilja. Í ofanálag fá þeir að stjórna þinginu.

Það er mjög margt í þingsköpunum sem þarf að taka fyrir og það er alls ekki lausn á þeim vanda sem ég tek undir að þingið stendur frammi fyrir að takmarka ræðutíma. Það er ekki hægt að einangra það eitt og sér. Við í Samfylkingunni erum tilbúin að taka á málinu heildstætt, t.d. með þeim leiðum sem ég nefndi. Við værum sannarlega tilbúin að takmarka ræðutímann ef annað fengist í gegn, en það hefur bara ekki fengist.

Þetta er raunverulega eina tækið sem þingmenn hafa, þ.e. að standa í ræðustól og mótmæla ef á rétt þeirra er gengið sem oft og iðulega er hér í þinginu, m.a. í því máli sem nú hefur lengi verið í umræðu á Alþingi. Þetta er eina tækið sem þingmenn hafa. Ég skora á forseta þingsins, og ekki mun standa á okkur í Samfylkingunni, að drífa sig í að fara í þingsköpin, fara heildstætt í þau en horfa ekki bara einskorðað á ræðutímann (Forseti hringir.) vegna þess að ekki er rétt að gera það með þeim hætti.

[13:37]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim tveimur hv. þingmönnum sem hafa talað um þetta mál. Ég held að það mál sem við höfum rætt hér lengi, Ríkisútvarpið, endurspegli í raun eða dragi mjög fram stöðu þingsins og þann vanda sem við er að etja. Það sem er uppi er að hæstv. ríkisstjórn hefur mikinn áhuga á því að tiltekið mál nái fram að ganga á hinu háa Alþingi, þ.e. að á löggjafarsamkundunni, einum af þremur meginþáttum ríkisvaldsins, hefur framkvæmdarvaldið skýlausa kröfu uppi um að tiltekið mál verði að lögum. Þegar sú krafa framkvæmdarvaldsins er uppi skirrist forseti þingsins ekki við að nánast taka allt annað út af dagskrá og ryðja völlinn svo að þetta mál komist áfram. Þingsköpin eru nánast tekin úr sambandi, réttur þingmanna til að óska eftir umræðu utan dagskrár er tekinn úr sambandi, réttur þingmanna til að fá fyrirspurnum svarað er tekinn úr sambandi, nánast þingsköpin eru tekin úr sambandi af því að ríkisstjórnin er uppi með kröfu og vilja um að tiltekið mál verði að lögum. (**Gripið fram í:** Hvað með þingnefndir?) Það er sú krafa sem er uppi. Ég held — ég þekki í raun ekki til þess — að hvergi nokkurs staðar hafi alþingismenn og þeir sem vilja gera athugasemdir við þennan vilja það eitt tæki að tala lengi og mikið ef þeir vilja mótmæla málum. Það hefur ekki staðið á okkur að taka þessi mál til endurskoðunar en þá verður að skoða málið heildstætt.

Í þessari umræðu hefur einmitt verið dregin fram nauðsyn þess að taka til að mynda upp rannsóknarvald þingsins, aukna ráðherraábyrgð og fleira sem skiptir máli til að þingið verði það afl sem þarf að vera í þrískiptingu ríkisvalds en ekki eins og myndbirtingin er oft og tíðum einungis verkfæri í höndum ríkisstjórnarinnar. Það má þingið aldrei verða. Það er lykilatriði í umræðunni og það má ekki vera þannig að lög — það má ekki gleyma því að þingsköp Alþingis eru lög, þingsköpin eru ekki einhverjar reglur sem hafa verið settar af forseta eða einhverjum öðrum, þau eru lög og þeim verður ekki rutt til hliðar aðeins ef hæstv. forseti þingsins tekur um það ákvörðun að breyta því. Þess vegna vekur það mikla furðu, og það hefur verið mikil umræða um það hér í morgun, hvernig á því standi og hvort það standist að öllu sé rutt til hliðar, (Forseti hringir.) einfaldlega vegna þess ríkisstjórnin hefur áhuga á því að koma sínum málum í gegn.

[13:40]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég hef ekki tölur um fjölda þingmála sem afgreidd eru sem lög frá Alþingi á ári hverju að jafnaði, en ég hygg að þau kunni að skipta hundruðum, þingmálin sem eru afgreidd, sum í góðri sátt og því betur sem málin eru unnin, þeim mun meiri sátt sem um þau er, því greiðlegar gengur umræðan.

Frá því að ég tók setu á Alþingi árið 1995 eru örfá mál sem hafa leitt til mjög mikillar umræðu í þinginu. Ég minnist breytinga á húsnæðislöggjöfinni sem var mjög afdrifarík og varð til þess að láglaunafólk átti erfiðara um vik en áður var að eignast húsnæði og því var þannig þröngvað út á mjög erfiðan leigumarkað. Við börðumst hér í þingsal til að reyna að fá því breytt, ef ekki afstýrt.

Ég minnist breytinga á vinnulöggjöfinni 1996 þar sem gert var ráð fyrir breyttum vinnureglum á vinnumarkaði. Þau lög hafa aldrei gengið eftir vegna þess að um þau ríkti ósátt. Um þau var mikið rætt í þingsal. Ég minnist breytinga á lífeyrislöggjöf, einnig á árinu 1996, sem á endanum tókst að færa út úr þingsalnum og inn á samningsborð í þjóðfélaginu, skapa sátt og samstöðu um kerfi sem ég held að allir séu núna nokkuð sáttir með.

Ég nefni Kárahnjúka, ég minnist þeirra, einkavæðingar Landssímans, ásetning ríkisstjórnarinnar um að veita fyrirtæki, deCode, ríkisábyrgð upp á 20–30 milljarða og ég minnist núna Ríkisútvarpsins.

Þetta eru málin sem kallað hafa á langa umræðu í þinginu. Er það slæmt að slík umræða skuli hafa farið fram? Eigum við ekki að beina sjónum okkar að því sem vel er gert í þinginu? Margt er vel gert á Alþingi Íslendinga, hér eru afgreidd þingmál í stríðum straumum í samstöðu og með góðum vinnubrögðum. Er það ekki hlutverk forseta Alþingis að beina sjónum sínum að þessu og reyna síðan innan þingsins, á þeim vettvangi sem við höfum hér, að finna leiðir til lausnar á þeim brotalömum sem kunna að vera uppi?

Þær eru ýmsar, það er alveg rétt, en að vilja greiða götu ríkisstjórnarvaldsins í umdeildum málum með því að takmarka málfrelsi alþingismanna er að mínum dómi fyrir neðan allar hellur og þá tek ég undir það sem aðrir hafa sagt: Skoðum málin þá heildstætt, en veikjum ekki stöðu stjórnarandstöðunnar eins og mér heyrist að gefið hafi verið til kynna í ummælum forseta þingsins í útvarpi. (Forseti hringir.) Ég heyrði sjálfur ekki ummælin en hef hlustað á umræðurnar hér.

[13:44]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Ég tek undir með þeim sem talað hafa á undan mér í því að lýsa undrun á ummælum hæstv. forseta Alþingis í fréttatíma í hádeginu í dag þar sem vandamálið virtist vera í hennar huga það að stjórnarandstaðan talaði of mikið og menn þyrftu að fara að velta fyrir sér að takmarka

ræðutíma til að taka þetta vopn af stjórnarandstöðunni. Það gengi ekki að stjórnarandstaðan gæti talað og talað út í eitt, og ekki nokkur leið að koma á hana böndum. Ef ég man rétt sagði hæstv. forseti að þetta þekktist ekki í neinu öðru þjóðþingi.

Það er ansi margt á þessu þingi sem þekkist ekki í öðrum þjóðþingum. Mér er til efs að í mörgum þjóðþingum sé þannig haldið á málum að það sé nánast regla að frumvörp og þingsályktunartillögur sem stjórnarandstöðuþingmenn leggja fram komist varla á dagskrá þingsins. Ef þannig verður að þau komast á dagskrána er það algjör regla, nánast án undantekningar, að þau koma ekki úr nefnd og til 2. umr.

Virðing sem þessum þingmálum stjórnarandstöðunnar er sýnd hér á Alþingi er engin. Hvernig í ósköpunum eiga þingmenn stjórnarandstöðu sem búa við svona starfsskilyrði á þinginu — til hvaða ráða geta þeir gripið þegar verið er að reyna að koma í gegn málum sem engan veginn er hægt að fella sig við?

Við horfum á það núna að búið er að setja herlög á þingið. Búið er að ryðja í burtu öllu sem átti hér að vera og í raun, eins og fram hefur komið í málum þeirra þingmanna sem hér hafa talað á undan, hafa lögin um þingsköp verið hunsuð og allar hefðir og venjur eru settar til hliðar vegna þráhyggju eins ráðherra við að koma einu lagafrumvarpi í gegn.

Er hæstv. forseta kunnugt um hvort hæstv. aðalforseti þingsins, Sólveig Pétursdóttir, vissi af þessari umræðu? (**Gripið fram í:** Já, það kom fram.)

(**Forseti** (RG)**:** Forseti vill taka fram að vegna skyldustarfa á forsetastóli heyrði forseti engar fréttir og þá ekki þessa sem vísað hefur verið til í þessari umræðu. Forseti veit einungis það sem hv. þm. Mörður Árnason gat um í upphafi umræðu, að hann óskaði eftir viðveru forseta, Sólveigar Pétursdóttur, og að hún hefði verið fjarverandi. Því miður hefur forseti ekki aðrar upplýsingar.)

Þakka þér fyrir, frú forseti. Það kemur sem sagt í ljós, ég heyrði það ekki í framsögu hjá hv. þm. Merði Árnasyni, að hann hafi látið hæstv. forseta vita af þessari umræðu en það sýnir kannski enn og aftur virðingu hæstv. forseta við stjórnarandstöðuþingmenn, forseta sem sagði hér þegar hún tók við sem forseti þingsins að hún væri forseti allra þingmanna og ætlaði að hafa (Forseti hringir.) hér víðtækt samráð.

[13:47]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það er rétt að taka upp þráðinn þar sem síðasti hv. þingmaður hætti og rifja örlítið upp hina fyrstu ræðu virðulegs forseta, Sólveigar Pétursdóttur, þar sem boðað var aukið samráð milli stjórnar og stjórnarandstöðu, ýmsar breytingar á þingsköpum og störfum í þinginu, fundartímum og öðru slíku. Þetta átti allt að gera í sátt og samlyndi og ég man ekki betur en að fögnuður hafi farið um þingheim við þennan boðskap og allir verið reiðubúnir til að taka þátt í slíkum breytingum. Það verður því að segja í þessu samhengi að það er afar óheppilegt innlegg virðulegs forseta í þá stöðu sem nú er í þingi þessa dagana að mæta í opinberan fjölmiðil og viðhafa þau ummæli sem hér hafa verið rifjuð upp. Það er auðvitað ekki í samhengi við eitt eða neitt og allra síst í samhengi við það hlutverk forseta að reyna að ná sáttum og reyna að halda sæmilegum aga á þingstörfum í fullu samráði við stjórnarandstöðuflokkana, að bera það á borð fyrir alþjóð að eini vandinn nú sé þetta vandræðaákvæði í þingsköpum um að stjórnarandstaðan hafi ótakmarkað málfrelsi, það sé meginvandamálið. Ég held með fullri virðingu fyrir virðulegum forseta að það sé eðlilegt að þeim skilaboðum sé komið á framfæri, að í þessari stöðu væri líklega nær fyrir virðulegan forseta að líta örlítið í eigin barm og velta því fyrir sér hvort framkoma og framgangur forseta í þessu öllu saman ætti ekki að vera annar og hvort það sé ekki hlutverk forseta að líta svo á að það sé meginverkið að halda þingheimi saman og hafa fullt samráð við þingheim en láta ekki framkvæmdarvaldið stýra hér öllu og stjórna. Það sé nóg að það sé einn ráðherra — sem við að vísu fengum upplýsingar um í þingsölum í gær að væri ekki alveg venjulegur virðulegur ráðherra heldur varaformaður í flokki og samkvæmt ummælum formanns menntamálanefndar virðist varaformaður í flokki þeirra sjálfstæðismanna hafa það meginhlutverk að vera yfir öllum þingmönnum og stýra þeim og stjórna væntanlega öllum og það er vitanlega alvarlegt umhugsunarefni ef virðulegur forseti þingsins lítur þannig á málið einnig, þ.e. að það sé varaformaður Sjálfstæðisflokksins sem taki ákvarðanir um það hvernig þinghaldi skuli háttað.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, virðulegur forseti, að við fáum tækifæri einhvern tíma í dag þegar við getum aftur tekið upp umræður um fundarstjórn forseta að virðulegur forseti verði viðstaddur þannig að það megi eiga orðastað um þessa hluti því það er auðvitað lykilatriði til að koma skikki á þinghaldið að virðulegur forseti átti sig á hlutverki sínu.

[13:50]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Forseti hefur aflað þeirra upplýsinga að Sólveig Pétursdóttir sinnir opinberum skyldustörfum utan þinghúss eins og er og forseti mun tryggja að þær ábendingar sem nú hafa komið fram frá þingmönnum í umræðunni berist forseta.

[13:51]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Sjálfsagt er að virða það við hæstv. forseta að hún þarf að sinna opinberum erindum utan þinghúss. Ekki drögum við hana frá þeim skyldustörfum. Það er hins vegar alveg ljóst að ekki er það innan skyldustarfa hæstv. forseta að ganga fram með þeim hætti sem hún hefur gert í dag og varla er hægt að segja að hægt sé að skilgreina það með öðrum hætti en að bera olíu á eld við þær aðstæður sem hér ríkja. Það er hlutverk forsetans að reyna að sætta og ná málamiðlunum en það er ekki hlutverk hæstv. forseta við það upplausnarástand sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur skapað nú í þinghúsinu, að koma fram opinberlega með ógnunum þar sem hv. þingmenn geta ekki átt orðastað við hana.

Þau orð sem hæstv. forseti lét falla í dag er tæpast hægt að skilgreina með öðrum hætti en sem hótanir í garð stjórnarandstöðu, að ef hún láti ekki af ræðuhöldum í þessu máli

þá komi til greina af hálfu Sjálfstæðisflokksins og hugsanlega Framsóknarflokksins líka að skerða lögbundið málfrelsi. Nú er það svo, frú forseti, að stjórnarskráin og lögin gera ráð fyrir því að þingmenn hafi þann möguleika að tjá sig sterklega og lengi ef þeir eru ákaflega mikið á móti máli og telji að það horfi til mikilla óheilla fyrir þjóð. Til þess hafa þeir flokkar sem saman mynda ríkisstjórnina gripið áður. Það má rifja það upp að flokkur hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur stóð fyrir langvinnu málþófi sem stóð milli jóla og nýárs og allan janúarmánuð árið 1993 til að koma í veg fyrir það sem sá flokkur telur í dag þjóðþrifamál, þ.e. aðild Íslands að EES. Enginn sagði neitt við því. Mönnum fannst það fullkomlega eðlilegt. Og það er rétt að rifja það upp að Sjálfstæðisflokkurinn, flokkur hæstv. menntamálaráðherra, stóð vikum saman fyrir málþófi gegn því þjóðþrifamáli sem fólst í því að setja á stofn umhverfisráðuneyti og einn af helstu forustumönnum flokksins stóð í þessum stóli heila nótt og las upp alla bókina Raddir vorsins þagna eftir R. Carson, svo því sé haldið til haga.

Það kemur alveg til greina að skoða hvort það eigi með einhverjum hætti að reisa skorður við tímalengd og fjölda ræðna þingmanna en það verður aldrei gerð slík grundvallarbreyting nema á móti verði gerðar aðrar grundvallarbreytingar sem styrkja stöðu þingmanna. Við sjáum bara eitt dæmi sem ég hef nefnt fyrr í dag, Byrgið. Þingið hefur engin tök á því að kanna það mál og fylgja því eftir, nánast engin, og það segir allt sem segja þarf um það hvað við erum vopnlaus, frú forseti, í viðureign við ofríkisfullt ríkisvald.

[13:54]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir flest það sem hér hefur verið sagt og verð að viðurkenna að mér finnst ekki rétt af æðsta forseta þingsins að koma fram með slík ummæli eins og hér var farið yfir áðan sem í raun er erfitt að túlka öðruvísi en sem hótun, nema það sé samkvæmt þingsköpum að forseti geti í raun og veru ráðið því hvort ræðutíminn verður styttur eða ekki. Það væri fróðlegt að fá að vita það, frú forseti, hvort það sé í raun og veru vald sem forsetinn hefur. Ekki veit ég það en varðandi ræðutíma ítreka ég enn og aftur að það hefur enginn gert neitt samkomulag við mig varðandi ræðutíma, það hefur enginn samið um það við mig að ég tali lengi eða stutt.

Ég reifaði í gær í nokkuð langri ræðu réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins og benti m.a. á það hvernig er verið að skerða réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins með þessu frumvarpi, með því að kippa hreinlega úr sambandi ákveðnum lögum, lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég benti á þetta sem ég tel vera galla í frumvarpinu en það má vel vera að þetta sé vísvitandi gert og þá er það hreinlega spurning hvort ekki sé betra fyrir framkvæmdarvaldið að krukka þá í lögin beint heldur en að koma svona aftan að fólki með því að kippa þessu úr sambandi í frumvarpinu.

En varðandi störf þingsins þá er ég eins og fleiri, frú forseti, farinn að sakna þess að hér skuli ekki vera komin á dagskrá utandagskrárumræða um Byrgið sem ég tel afskaplega þýðingarmikið og jafnframt bendi ég á þau mál sem hér bíða, þar má m.a. nefna stjórnarfrumvörp um almenn hegningarlög, um kynferðisafbrot sem við höfum beðið lengi eftir að fá að ræða, einnig þingsályktunartillögur um afnám verðtryggingar lána sem hafa verið nokkuð hátt í umræðunni undanfarið og ég vildi gjarnan að færi að koma á dagskrá. Hér bíður mál um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, málefni aldraðra, málefni heyrnar- og talmeinastöðvarinnar, um almannatryggingar og málefni aldraðra o.s.frv. Hér bíða fjölmörg góð mál en því er haldið fram að gert hafi verið samkomulag um að ekkert komist á dagskrá fyrr en búið er að ræða RÚV-frumvarpið út. Ég ítreka enn og aftur, slíkt samkomulag var aldrei gert við mig. Ég veit ekki um hvað menn eru að tala. Ég mundi gjarnan vilja fá það helst á prenti, hvað fór fram á þessum fundi, hvar fór hann fram, hverjir voru þar og voru allir þar allsgáðir?

[13:57]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Vegna fyrirspurnar sem beint hefur verið til forseta bendir forseti þingmönnum á 57. gr. þingskapa um takmörkun umræðna auk þess sem forseti vill taka það sérstaklega fram að sú er hér stendur þekkir ekki nein áform þess að til standi að takmarka þá umræðu sem hér fer fram.

[13:58]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega orðið afar sérstakt þegar einn ráðherra, þótt hæstv. menntamálaráðherra sé, getur ráðið því jafnvel út þessa viku eða lengur hvernig staðið verður að verki í hv. Alþingi. Það er líka sérstætt að hæstv. forseti þingsins skuli samþykkja það vinnulag að þannig sé að málum staðið að öllu sé rutt til hliðar.

Ég kannast ekki við það, hæstv. forseti, að samkomulag sem gert var fyrir jól hafi náð til þess að ýta burtu umræðum utan dagskrár eða fyrirspurnum sem hér eru venjulega á dagskrá einu sinni í viku. Ég hélt að samkomulagið hefði náð til þess að það yrðu kannski ekki önnur frumvörp eða þingsályktunartillögur teknar á dagskrá meðan þetta mál væri til umræðu. Ég vil spyrja hæstv. forseta sem situr á stóli núna hvort hæstv. forseti viti til þess, svo við fáum um það upplýsingar, hvort hér eigi að taka kvöldumræðu í kvöld eða jafnvel fram á nóttina þriðja daginn í röð. Ég held að það hafi ekki verið venja í þingsölum að þannig væri staðið að verki. Niðurstaða mín af þessu vinnulagi er einfaldlega sú að ráðherrann ræður þessari för og hann fær að komast upp með það með vilja og samþykki forseta þingsins. Fyrirspurnum er rutt til hliðar og utandagskrárumræðum er rutt til hliðar. Það tel ég að hafi ekki falist í því samkomulagi sem gert var um málsmeðferð í þinginu fyrir jól.

Það er líka rétt að vekja athygli á því, hæstv. forseti, að að því er ég þekki best til hefur ríkisstjórnin fengið að keyra fram með nánast öll sín mál á undanförnum árum en stjórnarandstaðan hefur fyrir náð og miskunn fengið að koma fram einu eða tveimur málum og jafnvel látið að því liggja í þinglok hvaða mál ætti hugsanlega að taka út úr nefnd til að það fengi að rúlla í gegn og þá valið eitthvað sem stjórnarliðum fannst ekki skipta miklu máli.

[14:01]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns vill forseti upplýsa að eina vitneskjan sem forseti hefur um málið er að gengið hefur verið frá svokallaðri forsetavakt alla vikuna til og með föstudegi. Eini fundur forsætisnefndar var á mánudaginn, en eins og þingmönnum er kunnugt er samkomulag um framvindu þingstarfa afgreitt á fundum forseta og þingflokksformanna. (**GAK:** ... forsetavakt ... á miðnætti alla daga.) Það er ekki tímasetning á forsetavakt önnur en að það er kvöldvakt.

[14:01]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Sú umræða sem fer hér fram um fundarstjórn forseta hefur í raun og veru fjallað um sjálfstæði þingsins, fyrst og fremst gagnvart framkvæmdarvaldinu. Framkvæmdarvaldið hefur öll tök á þinginu. Það er greinilegt að undir það ok ganga þeir sem styðja ríkisstjórnina. Það er ekki þar með sagt að við í stjórnarandstöðunni föllumst á að það eigi bara yfir okkur að ganga hér.

Menn kvarta undan því að þetta mál sé tekið í gíslingu. Hvaða mál hefur fengið meiri tækifæri hér í þinginu á þessu kjörtímabili en þetta? Er þetta ekki í þriðja skiptið sem tíma þingsins er eytt í mál sem hefur verið svo illa undirbúið að því hefur verið breytt í hvert einasta skipti sem aftur hefur verið komið með það inn?

Við almennir þingmenn megum hins vegar búa við það að mál sem við höfum lagt hér fram jafnvel ár eftir ár fá ekki umræðu í þinginu, ekki eina umræðu, komast aldrei á dagskrá þingsins. Þetta er auðvitað gjörsamlega óviðunandi og það er ekki lýðræðislegt að hafa slíkt fyrirkomulag. Þegar menn ræða um að breyta þingsköpum hljóta menn að þurfa að taka á þeim málum þannig að hér komist á fyrirkomulag sem er eðlilegt og lýðræðislegt og að mál fái hér afgreiðslu. Stjórnarmeirihlutinn hefur viljað koma í veg fyrir það. Mönnum hefur fundist þægilegra að drepa mál stjórnarandstæðinga eða almennra þingmanna með því að þau komi annaðhvort aldrei hér til umræðu eða séu svæfð í nefndum þannig að stjórnarliðið þurfi ekki að standa í því að greiða atkvæði kannski gegn einhverjum frumvörpum sem ríkisvaldinu sem hverju sinni ríkir er ekki geðfellt að verði samþykkt.

Þetta er óviðunandi ástand og menn þurfa að leita að sameiginlegri niðurstöðu um það hvernig sjálfstæði þingsins verður tryggt. Það verður ekki gert öðruvísi en að taka ráðin af framkvæmdarvaldinu að einhverju leyti. Við getum ekki búið við svona fyrirkomulag. Við vitum það í gegnum langan tíma í Alþingi að hér hafa mál farið fram og verið samþykkt á Alþingi þó að það sé ekki raunverulegur meiri hluti fyrir þeim, einfaldlega vegna þess að það er um það samið í ríkisstjórn: Það skal í gegn, og menn rétta upp hendurnar með þeim í þingsal.

[14:05]

**Hlynur Hallsson:**

Frú forseti. Við ræðum hér fundarstjórn hæstv. forseta. Hæstv. forseti nefndi áðan 57. gr. þingskapa Alþingis en sú grein fjallar einmitt um takmörkun ræðutíma. Þessi umræða er í framhaldi af viðtali sem mér skilst að 1. forseti þingsins hafi veitt fréttamanni á Stöð 2 í hádegisfréttunum í dag. Ég missti því miður af hádegisfréttunum, hér var þingfundur til klukkan eitt og mér gafst ekki tækifæri til að sjá þessar fréttir en mun auðvitað skoða síðar mjög vel þetta viðtal við hæstv. forseta.

Mér skilst á ræðumönnum hér á undan að hæstv. forseti hafi talað um að jafnvel kæmi til greina að takmarka ræðutíma þingmanna en ég mun kanna það. Ég mundi mjög gjarnan vilja fá að vita, frú forseti, hvort þessari 57. gr. hafi oft verið beitt hér í þinginu á síðustu árum, eða hefur henni einhvern tíma verið beitt, frú forseti? Nú spyr ég bara sem óbreyttur varaþingmaður. Ég þekki ekki störf þingsins síðustu árin, hvað þá áratugina, það vel að ég eigi svör við svona og spyr því mér þingreyndara fólk. Sú sem nú situr á forsetastóli er einmitt búin að vera hér lengi góður og dyggur þingmaður og getur vonandi upplýst mig um hvernig þessari grein, sem mér þykir nokkuð merkileg og hún er auðvitað mjög róttæk, 57. gr. um takmörkun umræðna, hafi verið beitt.

Það væri mjög sorglegt, frú forseti, ef grípa þyrfti til þessarar greinar og það er í raun og veru líka mjög sorglegt að það þurfi þá að hóta því að þessari grein verði beitt, frú forseti.

[14:08]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Vegna fyrirspurnar þingmannsins kannast sú er hér stendur ekki við að því hafi nokkurn tíma verið beitt að forseti hafi takmarkað umræður þó að það sé auðvitað öllum kunnugt sem hafa verið hér um tíma að þingmenn hafa komið sér saman um að umræður standi einhvern tiltekinn tíma.

Forseti áréttar jafnframt að forseti þekkir ekki til þess að nokkur umræða hafi farið fram um að beita einhverri takmörkun á ræðutíma í þessari umræðu. Forseti undirstrikar það.

[14:08]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Sú umræða sem nú fer fram undir liðnum fundarstjórn forseta skiptir miklu máli. Hún snýst um grundvallaratriði í störfum og starfsháttum þingsins og hún er farin að fjalla um samskipti Alþingis við hæstvirta ráðherra og ríkisstjórn.

Ég get alveg viðurkennt að eitt af því sem hefur komið mér mest á óvart þann tíma sem ég hef setið hér á Alþingi er einmitt hvernig þessum samskiptum milli hæstvirtra ráðherra og Alþingis er háttað. Ég gerði mér grein fyrir því sem áhorfandi utan frá að ráðherrarnir höfðu hér mikil áhrif á störf þingsins og höfðu mikil áhrif á framvindu og hvernig mál gengju fyrir sig. Ég verð þó að viðurkenna alveg um leið að ég gerði mér enga grein fyrir því að þetta væri svona svakalegt eins og ég hef upplifað það frá því að ég settist hér á þingbekki. Það verður að segjast alveg eins og er að framkvæmdarvaldið ræður þinginu í einu og öllu, nema framkvæmdarvaldið hefur enn ekki vald yfir ræðutíma stjórnarandstöðuþingmanna. Að öðru leyti fara þingstörf að öllu leyti eftir óskum, kröfum og vilja framkvæmdarvalds-

ins og einstakra ráðherra. Ég veit að þetta eru stór orð en svona er þetta og ég held að við ættum bara að vera heiðarleg við okkur sjálf, sem sitjum hér, og viðurkenna þetta.

Þess vegna kemur mér á óvart í svona grundvallarumræðu, sem skiptir miklu máli, að þeir fáu stjórnarþingmenn sem í salnum sitja telji sig ekki þurfa að taka þátt í umræðunni. Annaðhvort vita þeir upp á sig skömmina eða þeir treysta sér ekki til að koma hingað og verja það að verklagið sé með þessum hætti. Eins og verklagið er liggur mér við að segja að það skipti sáralitlu máli hvaða stjórnarþingmenn sitja hér á Alþingi, einfaldlega vegna þess að það eru ráðherrarnir sem ráða og stjórnarþingmennirnir sem beygja sig undir vilja ráðherranna.

Ég held að það sé kominn tími til þess fyrir hv. stjórnarþingmenn að gera sér grein fyrir því að þeir eru kjörnir alþingismenn. Þeir eiga að hafa skoðanir og þeir eiga að taka hér þátt í umræðu. Þeir eiga ekki að beygja sig undir þetta sjálfgefna ok sem framkvæmdarvaldið virðist hafa lagt á herðar þeirra. Það tekur afar stuttan tíma að beygja unga þingmenn sem koma hér inn, það tekur afar stuttan tíma að setja okið á herðar þeirra þannig að þeir fari að kinka hér kolli eins og allir hinir. Þetta er alvarlegt mál, frú forseti.

[14:11]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Þetta var mikil tímamótaræða sem hv. þm. Jón Gunnarsson flutti hér, hún var eins og töluð út úr mínum huga. (**Gripið fram í:** ... tímamótin.) Já, ég hélt um tíma að ég væri einn með þessar vangaveltur en eins og kom fram í minni ágætu og örstuttu ræðu í gær sem væntanlega allir þingmenn hafa hlustað á — (**Gripið fram í:** Já, hún var örstutt.) já, hún var í styttra lagi og bara aðdragandi að seinni ræðu — vitnaði ég í varaþingmann Framsóknarflokksins, einn af þessum ungu og efnilegu þingmönnum sem því miður eiga margir það til að láta beygjast undir flokksvaldið eins og hv. þm. Jón Gunnarsson gaf hér í skyn. Varaþingmaður þeirra, Eygló Harðardóttir, tók það fram einmitt bæði í blaðagrein og síðan líka í viðtali í sjónvarpi hvað henni blöskruðu starfshættir á Alþingi. Það er sérstakt að varaþingmaður Framsóknarflokksins skuli opna þessa umræðu því að hún er þá í raun og veru að skamma sinn eigin flokk. Það eru að sjálfsögðu þeir sem ráða í Framsóknarflokknum sem stýra því hvernig þingið starfar. Það er mjög miður, frú forseti, að það skuli vera þannig eins og kom fram hjá varaþingmanni Framsóknarflokksins að lagafrumvörpin koma nánast tilbúin, að hennar áliti, frá starfsfólki ráðuneyta, og eftir blessun frá ráðherrum er ekki ætlast til, eins og Eygló orðaði það, að þingnefndir krukki í þau. Þetta er háalvarlegt mál. Hvað erum við þá að gera hér á þingi? Er þetta bara sjónarspil? Til hvers eru þessir nefndarfundir, til hvers eru þessir 150 gestir sem forsvarsmaður menntamálanefndar er stöðugt að hæla sér af að hafi verið kallaðir fyrir á fundi? Er ekkert hlustað á þá? Þetta eru störf þingsins sem ég er að ræða hérna. Mér finnst mjög magnað að varaþingmaður Framsóknarflokksins skuli voga sér að upplýstra um það hvernig Framsóknarflokkurinn starfar á þingi.

Þingmenn ráða í sjálfu sér engu, það er bara framkvæmdarvaldið, og hinn almenni þingmaður í stjórnarflokkunum er gjörsamlega knésettur af ráðherrunum, því miður. Þetta er varaþingmaður Framsóknarflokksins búinn að viðurkenna og, frú forseti, þetta finnst mér stóralvarlegt mál og mjög mikil ádeila á störf a.m.k. núverandi stjórnarflokka. Það er kannski merki um það hvað þeir eru búnir að sitja lengi og gleyma sér.

[14:15]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það má taka undir margt sem sagt hefur verið í þessari umræðu. Ég held að þeir sem setið hafa hér um skeið geti vottað það og viðurkennt að þinginu hefur þó fleygt fram, a.m.k. frá því sem var fyrir áratug eða svo. Aðstaðan í þinginu hefur batnað til mikilla muna og möguleikar þingmanna á því að setja sig vel inn í mál. Það hefur margt verið fært til betri vegar. Þetta skiptir máli og það er mikilvægt að hafa þetta í huga. Þess vegna, og einkanlega í ljósi þeirrar þróunar sem hér hefur verið um nokkurra ára skeið, koma ummæli hæstv. forseta mjög á óvart, að mótmæli stjórnarandstaðan af krafti máli sem hún hefur sannfæringu fyrir að sé vont og vill berjast gegn, sé lausnin sú að takmarka málfrelsi þingmanna, að það sé lausnin þegar stjórnarandstaðan reynir að koma, leyfi ég mér að segja, vitinu fyrir ríkisstjórnina í þessu máli.

Þetta er mælt af vörum hæstv. forseta Alþingis, forseta allra þingmanna. Í þessum orðum felst það í raun og veru að leyfi þingmenn sér þann munað að berjast gegn viðhorfum ríkisstjórnarinnar sem hér fer nánast alfarið með ferðina, þá skuli bregðast við á þennan hátt. Það lýsir ekki mikilli virðingu fyrir störfum þingsins að gera þetta á þennan hátt.

Ég held að sú umræða sem hér hefur farið fram eigi eftir að halda áfram. Ég held að það sé afar mikilvægt að við eigum þessa umræðu við forseta þingsins, að hún verði viðstödd þessa umræðu þannig að við getum skipst hér á skoðunum. Það er mjög athyglisvert að ekki einn einasti stjórnarþingmaður hefur enn tekið til máls (Gripið fram í.) til að fjalla um þá umræðu sem hér hefur farið fram. Vel má vera að það takist að særa einhvern upp í þessa umræðu en enn hefur enginn stjórnarþingmaður fundið sig knúinn til að koma upp í ræðustól og ræða ummæli forseta þingsins sem höfð voru eftir henni á Stöð 2 núna í hádeginu.

[14:17]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hlustaði ekki á hádegisfréttirnar og ætla því ekki að tjá mig beint um þær. Hins vegar vildi ég kveðja mér til hljóðs til að ræða örstutt um það sem menn hafa verið að ræða hér varðandi þingsköpin.

Við vitum að við erum með þau þingsköp sem gilda núna og auðvitað starfar fólk eftir þeim. Það er enginn að tala um að skerða ræðutíma þingmanna í þessari umræðu. En af því sem mér hefur skilist tilkynnti hæstv. forseti það þegar hún tók við sem forseti þingsins að hún mundi beita sér fyrir endurskoðun á þingsköpum. Ég tel það vera hið besta mál. Það eru mörg atriði sem við þurfum að skoða þar. Það er mikilvægt fyrir okkur að það verði engar breytingar gerðar nema í sátt við alla. Það er það sem skiptir

máli. Þó svo að einhverjir lýsi yfir skoðunum á því hvað þeim fyndist vera æskilegt, þá er það engin niðurstaða. Ég vona að það sé skilningur allra hv. þingmanna að þingsköpum verði ekki breytt nema í sátt við alla.

Margir hafa rætt um að það sé kannski tilefni til þess, virðulegi forseti, að stytta ræðutíma þingmanna. Ég ætla ekkert að úttala mig um það. Ég held að það séu mörg önnur atriði sem við ættum ekki síður að horfa á varðandi þingsköpin. Fulltrúar allra flokka hafa nýtt sér ótakmarkaðan ræðutíma til að koma skoðunum sínum á framfæri. Það er þeirra tæki.

Ég vildi líka vísa því á bug hér, virðulegi forseti, að nefndir séu ekki að breyta og vinna í málum. Þetta er algjör fjarstæða. Við vitum það sem sitjum hér í atkvæðagreiðslum um margar breytingartillögur að nefndir eru að vinna mjög fagmannlega að málum og gera margar breytingartillögur. Ég vísa því þess vegna til föðurhúsanna að nefndir á hinu háa Alþingi vinni ekki að því að breyta málum til betri vegar þegar ástæða er til. Við höfum t.d. dæmi hér í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið þar sem fjölmargar breytingar hafa verið gerðar á því frumvarpi.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara koma upp og greina frá því að það er auðvitað svo að breytingar á þingsköpum verða ekki gerðar nema í sátt við alla. Sumir hafa kannski þá skoðun að stytta mætti ræðutíma þingmanna en að svo stöddu þá störfum við samkvæmt þeim þingsköpum sem eru í gildi og þau kveða á um ótakmarkaðan ræðutíma.

[14:20]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það er rétt að þakka hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur fyrir orð hennar hér. Það er augljóst að hv. þingmaður er sammála okkur sem höfum verið að tjá okkur um ummæli virðulegs forseta. Það er ekki hægt að skilja ummæli hv. þingmanns öðruvísi þegar hún segir að það verði engar breytingar gerðar nema í sátt við alla. Hárrétt, en eins og hv. þingmaður benti á sagði virðulegur forseti í fyrstu ræðu sinni að það væri tilgangur hennar að breyta þingsköpum. Við vitum ekki betur en að það sé ferli í gangi að sinna þeim breytingum og þar sé reynt að ná sátt við alla. Þess vegna eru ummæli forseta nú í hádeginu enn verri tíðindi vegna þess að það er hlutverk forseta að ná sátt um mál en ekki að tjá skoðanir sínar í bútum á einstaka þáttum málsins, ef það er í raun og veru áhugi fyrir því hjá virðulegum forseta að ná sátt um málið. Því miður er ekki hægt að skilja ummæli eins og þessi öðruvísi en svo en að stefnt sé á það að ná ekki sátt um málið. Vegna þess að þá hefði virðulegur forseti væntanlega sagt að þetta væri hluti af því sem rætt væri um en á móti þyrfti auðvitað ýmislegt annað að koma til að tryggja stjórnarandstöðunni stöðu sína í þinginu. Þetta er lykilatriði. Ég vil því enn á ný þakka hv. þingmanni fyrir ummælin sem eru algjörlega í anda þess sem við höfum verið að segja hér.

Það er líka rétt hjá hv. þingmanni að vissulega er oft unnið mjög gott starf í nefndum. Við höfum talað um að að stórum hluta hafi t.d. vinnan í menntamálanefnd við frumvarpið um Ríkisútvarpið verið til sóma, enda ýmsar breytingar á því frumvarpi verið gerðar og ég held að ég geti fullyrt allar til bóta. Það sýnir auðvitað hversu illa frumvarpið var unnið í upphafi. En, virðulegi forseti, málið er auðvitað þannig að breytingarnar sem gerðar hafa verið hafa ætíð verið bornar undir hæstv. ráðherra og ráðherra og framkvæmdarvaldið hafa alltaf þurft að samþykkja slíkt. Þetta sjáum við því miður allt of oft í nefndum. Dæmið sem við sáum skýrast var auðvitað í lok nefndarstarfanna þegar bæði formaður og varaformaður menntamálanefndar létu þau ummæli falla hvernig staðið var að kynningu á ESA-gögnunum. Þá hefðu hv. þingmenn auðvitað átt að segja við framkvæmdarvaldið, ef þeir hefðu haft kjarkinn og duginn: Hingað og ekki lengra. Nú gefum við okkur tíma til að fara yfir gögnin en látum ekki duga að skima aðeins yfir bunkann og segja að hér sé ekkert sem um þurfi að fjalla. Og láta þar með framkvæmdarvaldið ákveða hvernig við högum nefndarstörfum í þinginu.

Meginvandamálið er að við þurfum að tryggja sjálfstæði þingsins, löggjafarvaldsins, gagnvart framkvæmdarvaldinu. Til þess þurfum við í stjórnarandstöðunni að sjálfsögðu liðsinni kröftugra þingmanna í stjórnarliðinu.

[14:24]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ummæli Sólveigar Pétursdóttur forseta í hádeginu um takmörkun á ræðutíma þingmanna hafa að vonum vakið athygli í þinginu. Það er því miður svo að forseta hefur ekki verið unnt að vera viðstödd þessa umræðu. Ég tel að forseti hefði átt að átta sig á því, úr því að hún gat ekki verið viðstödd umræðuna á eftir, að þá hefði hún kannski átt að haga orðum sínum öðruvísi í hádegisfréttunum. Því það hlýtur að vera frumskylda forseta þingsins að standa við ummæli sín og skýra þau út fyrir þinginu sjálfu og vera reiðubúinn til þess þegar forseta hlýtur að renna í grun hver viðbrögð verða við ummælum eins og viðhöfð voru í hádegisfréttum Stöðvar 2.

Það hlýtur því að gerast þegar forseti kemur í hús og verður viðstödd umræðuna, annaðhvort í salnum eða í forsetastóli, að þá verði meginatriði hennar tekin upp aftur — og ég bið um að þeim skilaboðum sé komið til forseta að skilningur okkar sé sá að þetta hljóti að vera þannig. Heppilegast er auðvitað að forseti taki sjálf upp þessa umræðu og skýri fyrir okkur hvað átt var við í þessum hádegisfréttum. Vegna þess að þau orð koma ekki fram sem almenn yfirlýsing, eins og menn geta séð þegar þeir skoða fréttina aftur á netinu eða útskrift af henni, heldur koma þau fram í framhaldi af umræðum um nákvæmlega þetta þingmál. Það bætist við að forseti kemur með þessa skoðun sína í miðju nefndarstarfi sem hér er stundað um þingsköp og endurskoðun á þeim. Ég geri ekki ráð fyrir að slík ummæli almennt verði til að hjálpa slíku starfi.

Forseti stendur því miður þannig, þremur mánuðum áður en störfum Sólveigar Pétursdóttur, hv. þingmanns og forseta Alþingis lýkur, að hvorugt af því sem hún hét í fyrstu ræðu sinni á þinginu, að skapa annars konar starfshætti hér og meira í samræmi við nútímann og það fjölskyldulíf sem við leggjum upp úr og hins vegar að reyna að ná almennri samstöðu á þinginu um skynsamlegri starfsreglur, er líklegt að verði að nokkrum einasta veruleika. Þá ábyrgð ber því miður fyrst og fremst forseti þingsins sjálf.

[14:27]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Eins og áður hefur komið fram mun forseti sjá til þess að þeim ábendingum sem hér hafa komið fram verði til skila komið. Forseti telur fullvíst að hæstv. þingforseti Sólveig Pétursdóttir muni hvenær sem er ræða þessi mál við þingmenn og vilji eiga góða sátt við þá um framvindu mála.

## *Ríkisútvarpið ohf., frh. 3. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708.

[14:27]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Við erum með hér til 3. umr. frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. en megintilgangur frumvarpsins er að gera Ríkisútvarpinu kleift að fóta sig í þessu gerbreytta umhverfi sem er á fjölmiðlamarkaðnum og gera þar með útvarpinu mögulegt að efla starfsemi sína og, ef eitthvað er, sækja fram. Í frumvarpinu eru einnig hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins skilgreindar og mér finnst það vera mikilvægt. Frumvarpinu fylgja enn fremur metnaðarfull drög að þjónustusamningi sem ég held að við flest getum verið sammála um að sé málinu til framdráttar. Mér hefur heyrst það á flestum þeim sem tekið hafa til máls í málinu. Verði frumvarpið að lögum verður Ríkisútvarpið að ríkishlutafélagi, opinberu hlutafélagi, ohf., í almannaeigu.

Í 1. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil."

Þarna kemur skýrt fram í 1. gr. frumvarpsins sem ég las rétt í þessu að félagið verður ekki selt og því verður ekki skipt upp. Það má auðvitað spyrja af hverju ég sjái mig knúna til að ítreka það svo hér í byrjun máls míns en það er einfaldlega vegna þess að mér finnst aftur og aftur að menn hafi endurtekið það ranglega í umræðum hér, og fram hefur komið í ræðum hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar, að nú sé verið að stíga fyrsta skref í átt til einkavæðingar útvarpsins. Sumir hafa byggt málflutning sinn alfarið á því.

Eins og sömu hv. þingmenn vita er einfaldlega hægt að selja Ríkisútvarpið í dag með því að fá til þess heimild í fjárlögum með svokallaðri 6. gr. heimild, það er ekki flóknara en svo. Ég tel því að ef eitthvað er sé með þeim aðgerðum sem hér er verið að fara í og með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar verið að torvelda sölu útvarpsins enda er það stefna þessarar ríkisstjórnar að áfram verði rekið hér almannaþjónustuútvarp í eigu allrar þjóðarinnar. Þetta finn ég mig knúna til að taka sérstaklega fram þar sem mér finnst að sumir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem taka þátt í þessari umræðu geri því skóna að nú sé verið að auðvelda sölu Ríkisútvarpsins eða taka fyrstu skrefin til einkavæðingar. Ég spyr þá hina sömu hvort þeir séu sáttir við hvernig fyrirkomulaginu er háttað í dag þar sem einfaldlega er hægt að fá heimild, svokallaða 6. gr. heimild í fjárlögum, til að selja útvarpið. Það væri áhugavert að heyra svör þeirra við því.

Staða og framtíð Ríkisútvarpsins hefur verið eitt helsta ágreiningsefni stjórnarflokkanna í þeirra annars farsæla samstarfi, það hlýtur öllum að vera ljóst sem fylgst hafa með stjórnmálum. Af hverju er það svo? Jú, það er vegna þess að framsóknarmenn hafa alltaf viljað standa vörð um Ríkisútvarpið og gera því mögulegt, ef eitthvað er, að sækja enn frekar fram. Framan af í samstarfi þessara tveggja flokka voru sjálfstæðismenn — þó ekki allir — þeirrar skoðunar að ríkið ætti ekki að standa í fjölmiðlarekstri nema þá með takmörkuðum hætti. Frá því að þessari skoðun var mjög haldið á lofti hefur einfaldlega fjölmiðlaumhverfið breyst. Svo að ég leyfi mér að tala bara hreint út skipti þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins um skoðun á Ríkisútvarpinu og framtíð þess í ljósi þessara breytinga á fjölmiðlamarkaðnum.

Þá hófust viðræður stjórnarflokkanna um með hvaða hætti væri verið að breyta lögum um Ríkisútvarpið enda kallar breytt fjölmiðlaumhverfi á breytingar. Þá er ég ekki einungis að tala um stöðuna á Íslandi heldur líka þær breytingar sem orðið hafa almennt á fjölmiðlaumhverfinu á alþjóðavísu, í því alþjóðasamstarfi og með þeim skuldbindingum sem við höfum undirgengist. Stofnunin sjálf hefur líka kallað eftir breytingum og í það minnsta hluti starfsmanna. Stjórnarflokkarnir sem mynda lýðræðislega kosinn meiri hluta þingsins eru einnig þeirrar skoðunar og þess vegna hafa þau frumvörp sem lítið hafa dagsins ljós á þessu kjörtímabili verið lögð fram. Bara svona til upprifjunar eru auðvitað í gildi lög um stofnunina frá 1986 sem eitt og sér þýðir að væntanlega þarf einhverja endurskoðun á.

Mig langar aðeins í byrjun að taka það fram að ég er ekki sammála t.d. skoðun hv. þm. Péturs Blöndals sem hefur, a.m.k. í atkvæðaskýringu á einhverjum stigum þessa máls, lýst þeirri skoðun sinni að selja eigi Ríkisútvarpið. Ég er einfaldlega ekki sammála hv. þingmanni Sjálfstæðisflokksins og ekki hefur hans skoðun heldur hlotið hljómgrunn meiri hluta stjórnarliðsins eða ríkisstjórnarinnar því að það er eins og ég segi ekki ætlun okkar að selja útvarpið, frekar að styrkja það, og ég er viss um að menn geta vottað það að þær ríkisstjórnir sem Framsóknarflokkurinn hefur átt aðild að hafa aldrei haft áform um að selja útvarpið.

Það má kannski segja að þessi óeining um breytingar á starfsemi RÚV hafi hamlað eðlilegri þróun innan stofnunarinnar og nú er svo komið að óvissa um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins hefur lamandi áhrif á reksturinn. Ég kom sjálf fyrst að málinu þegar ég settist á þing í haust og tók sæti í hv. menntamálanefnd en auðvitað hef ég fylgst með málinu sem varaþingmaður og tekið þátt í umræðum um stöðu og hlutverk RÚV á vettvangi míns flokks, Framsóknarflokksins.

Miklar breytingar hafa orðið á efni frumvarpsins frá því að það var fyrst lagt fram á þingi fyrir tæpum tveimur árum og unnið hefur verið að lagfæringum á efni þess í menntamálanefnd Alþingis og af hálfu menntamálaráðuneytisins. Ég held að það sé óhætt að halda því fram að öll hv. menntamálanefnd hefur lagt sig fram við að fjalla mjög málefnalega og efnislega um málið og fengið til þess á sinn fund hina ýmsu sérfræðinga. Eins og margoft hefur komið

*fram hafa verið haldnir margir fundir og margir gestir hafa* komið. Það er gott enda á að fara vel og vandlega yfir mikilvæg málefni. Ég tel að sú málamiðlun stjórnarflokkanna sem kemur fram í frumvarpinu sem við hér ræðum af miklum móð, í það minnsta hv. stjórnarandstaða, sé góð og mikilvæg fyrir þróun og framtíð Ríkisútvarpsins ohf., almannaþjónustuútvarps allra landsmanna.

Einhverjum hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar hefur orðið tíðrætt um stefnu Framsóknar í málefnum útvarpsins. Það kemur mér í sjálfu sér ekki á óvart að menn leiti í smiðju Framsóknarflokksins eftir góðum málum og hugmyndum. Öllum er það í sjálfu sér velkomið. Ég frábið mér hins vegar að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar taki að sér hlutverk einhvers konar stjórnmálaskýranda eða þykist hafa þá þekkingu á innanbúðarmálum Framsóknar að þeir hafi uppi þau ummæli sem sumir þeirra hafa látið falla í umræðunum. Ég held að það sé engum til framdráttar að vera í þeim hnútuköstum hér.

Framsóknarflokkurinn hefur alltaf lagt áherslu á að hér á landi verði rekinn öflugur ríkisfjölmiðill þar sem rækt verði lögð við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð sem þjónusti alla landsmenn, mæti kröfum um gæði og fjölbreytni, veiti áreiðanlega og hlutlæga fréttaþjónustu svo að ég nefni nú það helsta. Þar sem ályktanir flokksins hafa nokkrum sinnum verið nefndar hér í umræðunni og *margsinnis rangtúlkaðar finnst mér við hæfi að ég lesi upp* ályktun flokksþings Framsóknarflokksins. Flokksþingið ákveður meginstefnu flokksins í landsmálum, setur flokknum lög og hefur æðsta vald í málefnum hans.

Með leyfi forseta hljóðar flokksþingsályktun um RÚV frá 2005 svo:

„Mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu og sjálfstæði þess eflt. Hraða ber endurskoðun laga um Ríkisútvarpið þar sem m.a. stjórnskipulag stofnunarinnar verður endurskilgreint og mið tekið af nýju fjölmiðlaumhverfi. Skoðaðar verði mismunandi leiðir til að standa undir rekstrarkostnaði. Uppbyggingu og rekstri landshlutaútvarps verði haldið áfram og rekstrargrundvöllur tryggður."

Með þeim breytingum sem eru hér til umfjöllunar er verið að festa almannaútvarp í sessi og forusta Framsóknarflokksins hefur fylgt þessari flokksþingsályktun mjög eftir. Þau atriði sem við framsóknarmenn höfum fyrst og fremst viljað standa vörð um er að RÚV sé ekki til sölu, verði áfram í eigu allrar þjóðarinnar, að hlutverk þess og staða verði tryggð, að réttindi starfsmanna séu tryggð að því leyti sem hægt er við þessar aðstæður og að RÚV hafi möguleika til þess að eflast og sækja enn frekar fram.

Að sama skapi viljum við að áfram sé í boði fyrir landsmenn fjölbreytt flóra fjölmiðlunar. Í umræðum, nú síðast held ég á gamlársdag, sem ég heyrði í Ríkisútvarpinu þar sem fjölmiðlafræðingar fjölluðu um fjölmiðlamarkaðinn, Þorbjörn Broddason og Hjördís Finnbogadóttir að mig minnir, kom fram að það er auðvitað ótrúlega fjölbreytt flóra fjölmiðlunar á Íslandi miðað við okkar 300 þús. manna samfélag. Það ber vott um grósku og kraft þessarar þjóðar og við höfum alltaf fagnað því. Það er mikilvægt að við höldum því til haga að hér geti áfram starfað þessi fjölbreytta flóra og það er þannig að sjá í þróun á fjölmiðlamarkaðnum bara á síðustu vikum og mánuðum að miðað *við fyrirliggjandi frumvarp treysta gamlir og nýir eigendur* fjölmiðla sér til að sækja enn frekar fram þannig að það virðist ekki hafa annað en þau góðu áhrif. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að lengja mjög þá umræðu sem hér fer fram um þetta frumvarp. Hv. þingmaður Framsóknarflokksins Dagný Jónsdóttir, varaformaður menntamálanefndar, fór vel yfir málið í ræðu sinni hér í þinginu í gær og raunar í fyrri umræðum líka og ég vísa til þeirra ræðna og nefndarálita með frumvarpinu að öðru leyti. Ófátt hefur verið sagt um málsmeðferð þessa máls en ég verð að segja það fyrir mitt leyti að frá því að ég hóf sjálf að taka þátt og fylgjast með meðferð þessa máls finnst mér meðferðin almennt hafa verið góð. Hv. menntamálanefnd hefur lagt sig fram við að fá þá gesti á fundi nefndarinnar sem óskað hefur verið eftir og átt mikla og málefnalega og efnislega umræðu um málið enda er mikilvægt að svo sé. Þingfundahléið um jólin eftir 2. umr. var til að mynda vel notað til að fara yfir málið og ég held að í allt hafi um sex fundir verið haldnir núna.

Ég tek undir það sem hefur verið sagt um framgang fjármálaráðuneytisins hvað varðar afhendingu þeirra bréfasendinga sem gengu milli ráðuneytisins og Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA. Mér finnst ótækt að ráðuneytið hafi ekki upplýst þá nefnd sem hefur þetta mál til meðferðar um samskiptin og þessi framganga er alls ekki til þess fallin að *hjálpa til við málið. Auðvitað var nefndarmönnum kunnugt* um fyrri bréfaskipti og samskipti þessara aðila en það breytir því ekki að mér hefði þótt eðlilegt að ráðuneytið hefði haft forustu um að skýra fyrr frá seinni samskiptum og seinni bréfum sem þarna gengu á milli. Ég vil þó segja að um leið og hv. formanni nefndarinnar var kunnugt um tilvist og áframhaldandi bréfaskipti óskaði hann eðlilega eftir því að nefndin fengi aðgang að bréfunum. Þau bárust þá í hólf okkar og höfðum við tækifæri til að kynna okkur efni þeirra fyrir fund þar sem síðan var farið efnislega yfir málið. Við lestur gagnanna kom fram að við þekktum þetta að mestu leyti þó að það afsaki ekki þessa framkomu ráðuneytisins í garð nefndarinnar.

Málið hefur nú verið rætt á þrem þingum og auðvitað tekið miklum breytingum. Segja má nefndinni til hróss að hún hefur tekið af skarið um að færa þetta mál til sífellt betri vegar. Það er ekkert skrýtið að breytingar hafi orðið á málinu enda hefur fjölmiðlaumhverfið breyst mjög og umræðan þroskast í samfélaginu um hvert við stefnum og ég ætla hvorki að endurtaka í hve margar klukkustundir né hve marga fundi né hve margir gestir hafi komið á fundi nefndarinnar. Það hefur komið hér fram.

Ég vil bara að lokum segja að auðvitað mun þetta mál hljóta þá eðlilegu þinglegu meðferð sem hér er fram undan og verður rætt í þann tíma sem hv. þingmenn telja nauðsyn til. Það er auðvitað okkar lýðræðislegi réttur, þingmanna, að ræða um málið. Hér var rætt mikið um fundarsköp og fundarstjórn forseta og því finnst mér mikilvægt að ég lýsi þeirri skoðun minni að auðvitað á að ræða þetta mál í þann tíma sem menn telja sig þurfa. Það er lýðræðislegur réttur þeirra sem á þinginu sitja og það er auðvitað rétt að fulltrúar allra flokka hafa notfært sér þennan rétt í gegnum tíðina. Er það vel. Það breytir því ekki að það er ósköp eðlilegt að menn endurskoði þingsköp sem samþykkt voru 1993. Ég er

þeirrar skoðunar eins og ég veit að langflestir þingmenn eru að við þurfum með einhverjum hætti að færa starf þingsins fram í tímann og kannski mæta betur breyttum háttum. Það er verkefni sem mér skilst að sé í fullum gangi og aðild að því eiga fulltrúar allra þingflokka. Auðvitað gera menn ekki slíkar breytingar á starfsháttum þingsins eða þingsköpum nema allir séu því samþykkir.

[14:43]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er beinlínis dapurlegt að hlusta á þá sjálfsblekkingu sem þingmenn Framsóknarflokksins eru greinilega haldnir. Mér finnst dapurlegt að sjá hina ungu og efnilegu þingmenn Framsóknarflokksins fasta eins og viðkvæm, nýfædd folöld í mýri þessarar sömu sjálfsblekkingar. Hér talar hv. þingmaður um stefnu Framsóknarflokksins og frábiður sér það eiginlega að aðrir menn leyfi sér að mæla hana á þeim kvarða sem stefnan er. Hv. þingmaður las upp stefnu sem samþykkt var á flokksþingi Framsóknar árið 2005.

Má ég lesa, með leyfi forseta, úr stefnu flokksins frá flokksþingi 1999 þar sem segir:

„Allar rásir Ríkisútvarpsins verði áfram í ríkiseigu og því verði ekki breytt í hlutafélag.“

Má ég lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, ályktun flokksþings 2003:

„Breyta skal rekstrarformi Ríkisútvarpsins í sjálfseignarstofnun ...“

Frú forseti. Svo kemur hv. þingmaður og les upp nýjustu útgáfuna frá árinu 2005 sem er staðfesting og sönnun á því sem við höfum haldið hér fram, að það er búið að svínbeygja Framsóknarflokkinn þannig að hann er allur í einum keng. Ástæðan fyrir því að flokkurinn er rúinn fylgi, búið að tæta af honum trúnaðinn, búið að tæta af honum a.m.k. hálfan þingflokkinn miðað við kannanir, er nákvæmlega það að flokkurinn er ekki trúr hugsjónum sínum. Hann svíkur þær. Hann stendur ekki við þau loforð sem hann gefur þjóðinni. (Gripið fram í.) Það eru skýringarnar sem eru á því að flokkurinn er lentur í þessari þungu stöðu.

Frú forseti. Af hverju tekur Framsóknarflokkurinn að sér það hlutverk að keyra þetta mál í gegn af miklu meira offorsi en þingmenn flokksins? Nú hafa helmingi fleiri þingmenn Framsóknar mælt fyrir málinu í þessari umræðu (Forseti hringir.) og talað samtals sjö sinnum lengur en þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Ég spyr: Af hverju?

[14:45]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé þvílíkur áhugamaður um stefnu Framsóknarflokksins sem ég lái honum ekki — enda finnst mér hún vera góð — að hann haldi til haga öllum okkar ályktunum.

En eins og ég rakti í ræðu minni þá hefur fjölmiðlaumhverfið það mikið breyst að eðlilega breytast straumar og stefnur í þessu. Ég hélt nú að Samfylkingin kannaðist við að hún hefði smám saman kannski breytt af og til stefnu sinni. Menn þurfa ekki að leita lengra aftur en bara að horfa á sjávarútvegsmálin. Var ekki stefnu Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum breytt svo sem í einni ræðu á aðalfundi LÍÚ? Við getum svo sem talið fleiri atriði upp. (Gripið fram í.)

Það er auðvitað þannig að við áttum lýðræðislegar samræður, eins og ég held að allir stjórnmálaflokkar þekki innan sinna raða, um stefnu í þessu máli. Ég las áðan þá nýjustu flokkssamþykkt sem við eigum um Ríkisútvarpið. Það sem við erum að gera hér í dag og það frumvarp sem hér liggur fyrir er á allan (Forseti hringir.) hátt í samræmi við hana.

[14:46]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi hefur Samfylkingin ekki breytt sinni stefnu í sjávarútvegsmálum. Í öðru lagi er það rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað laga stundum flokkar stefnu sína að breyttum viðhorfum. Það var ekkert óeðlilegt við það þó að Framsóknarflokkurinn breytti í takt við breytingar í tíðarandanum stefnu sinni gagnvart einstökum þáttum stjórnmálanna, hugsanlega útvarpsrekstri líka. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir af hverju Framsóknarflokkurinn eða forusta hans, ritari hans, hefur breytt stefnunni í þessum efnum. Það er vegna þess að Framsóknarflokkurinn er kúgaður af Sjálfstæðisflokknum til þess að gera það. Forusta Framsóknarflokksins lætur knýja sig niður á hnén og tekur hverju sem er þrátt fyrir að fyrir liggi að fylgi flokksins, það sem eftir er af því, grasrótin í flokknum, er allt annarrar skoðunar. Það hafa komið fram bæði borgarfulltrúar, ungir leiðtogar og varaþingmenn á síðustu vikum og missirum og staðfest þetta.

Ég spyr enn og aftur. Af hverju taka þingmenn Framsóknarflokksins að sér þetta hlutverk? Það meira að segja fer þeim illa.

[14:47]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Stefna Framsóknarflokksins er unnin í breiðum hópi grasrótarinnar. Í þessum rúmlega 10.500 manna flokki — þetta er fjöldahreyfing í raun og veru — er hún unnin í aðdraganda flokksþinga með þeim hætti — og mér þykir rétt að upplýsa hv. þm. Össur Skarphéðinsson um það — að öllum flokksmönnum gefst þáttur í að taka þátt í málefnastarfi sem fer fram á netinu og á fundum um allt land. Svo koma menn með þær ályktanir sem þar hafa verið samdar og fara með inn á flokksþingið. Við handskrifum ekki handritið fyrir fram heldur kemur grasrótin og stjórnar því.

Af því hann vitnar til grasrótarinnar og framsóknarmanna um allt land þá hefur sú sem hér stendur farið á um 20 fundi nú á þessu haustmissiri um allt land og hitt þar framsóknarmenn, okkar trúnaðarmenn alls staðar, og haldið opna fundi. Ég get bara upplýst það að hvergi var minnst á RÚV-frumvarpið. Þetta er ekki mál sem er heitt í okkar röðum ... (**ÖS:** Það er nú ekki rétt.) ... þetta er mál sem er (Forseti hringir.) ekki heitt í okkar röðum (Gripið fram í.) vegna þess að við höfum fullan stuðning til þess að fylgja þessu eftir.

[14:49]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka þingmanni fyrir ágæta ræðu. Ég tek undir það að þetta frumvarp hefur hlotið mikla umfjöllun í menntamálanefnd og margir gestir hafa verið þar kallaðir til.

Þrátt fyrir það hefur nefndin ekki viljað gera breytingar á frumvarpinu til að draga úr óvissu um kjör starfsmanna RÚV. Því spyr ég hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur: Telur þingmaðurinn að réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins skerðist ekki ef þetta frumvarp Ríkisútvarpið ohf. verður að lögum?

[14:50]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurn hans. Við meðferð málsins höfum við fengið á fundi okkar fulltrúa bæði starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem og fulltrúa þeirra stéttarfélaga sem um ræðir.

Það er alveg ljóst að það hefur verið margítrekað við okkur að réttindi starfsmanna og kjör munu ekki skerðast við formbreytinguna. Síðan verður það auðvitað undir þessum starfsmannafélögum og viðsamningsaðila þeirra í framtíðinni komið hvernig menn muni haga því til framtíðar enda getum við ekki bundið hendur launþeganna.

Ég held að fulltrúi launþega — ef ég man rétt tengist hv. þingmaður SFR með einhverjum hætti — ætti að sjá að ekki sé rétt að binda hendur launþeganna til þeirrar framtíðar að þeir hafi ekki það vald eða þau eðlilegu réttindi að geta sjálfir samið um sín kjör til framtíðar.

En ég get fullvissað hv. þingmann um að (Forseti hringir.) afar vel hefur verið farið yfir þessi mál og þau undirbúin. Ég held því að við þá formbreytingu sem mun væntanlega eiga sér stað við þessi lög að ekkert mál hafi verið jafn vel undirbúið. (Forseti hringir.)

[14:51]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þá verð ég að upplýsa það hér að hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir fer ekki með rétt mál. Annars vegar má lesa það út úr hennar máli að fulltrúar hagsmunasamtaka hafi lýst því yfir á fundi nefndarinnar að þetta mundi ekki skerða kjör og réttindi. Það er ekki rétt. Forsvarsmenn hagsmunasamtaka hafa opinberað það að með þessu frumvarpi verður kippt úr sambandi lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem þýðir að kjör þeirra skerðast. Því miður þá er það þannig.

Talandi um grasrót, frú forseti, þá ætla ég að fá að lesa upp úr Fréttablaðinu frá 29. nóvember 2006. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna samþykkti í gær ályktun þar sem þingmenn eru hvattir til þess að samþykkja ekki frumvarp um RÚV ohf."

Þetta er nú blessuð grasrótin í Framsókn.

[14:52]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, ungir framsóknarmenn, Samband ungra framsóknarmanna er svo sannarlega hluti af grasrót flokksins. Þessi ályktun þeirra hefur verið gerð ljós og við tekið hana til greina. En hún kemur fram löngu eftir að þetta mál er hér komið fram.

Eins og ég lýsti áðan þá er það nú þannig að á þessum 20 fundum sem ég hef farið á í haust og hitt hundruð framsóknarmanna hefur þetta mál ekki verið það heita mál sem menn vilja hafa hér.

Varðandi áframhaldandi réttindi starfsmanna þá er það nú þannig að hv. þingmaður fylgdi um tíma stjórnmálaflokki sem hefur á stefnu sinni að RÚV verði að sjálfseignarstofnun. Þá eiga nú við þessi sömu sjónarmið og hann lýsti í ræðu sinni. (Gripið fram í.)

Það er auðvitað þannig að við getum ekkert bundið hendur starfsmanna fram í tímann. (**MÁ:** ... samið við starfsmenn.) Með sama hætti mun félagið nýja, Ríkisútvarpið ohf., auðvitað semja við starfsmenn. (Gripið fram í.) Já, jú, jú stjórn nýs félags mundi leggja sig fram um að semja við starfsmenn. (Forseti hringir.) Það er fullur vilji allra sem að málinu koma að það verði haldið þannig á (Forseti hringir.) starfsmannamálunum að kjör starfsmanna við þessar breytingar (Gripið fram í.) verði ekki skert og það verður staðið við það. (Gripið fram í.)

[14:54]

**Hlynur Hallsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er sorglegt hvernig komið er fyrir Framsóknarflokknum í þessu máli. Það hefur reyndar verið farið vel yfir það í ítarlegum ræðum. En það er enn þá sorglegra að sjá svona unga og hressa og glæsilega konu sem hv. þingmaður er, koma hér upp og reyna í nokkrum orðum að sannfæra sjálfa sig um ekki eigi að einkavæða Ríkisútvarpið. Þess vegna spyr ég hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur hvort þessi breyting í ohf. sé ekki augljóst skref í átt að einkavæðingu og ég bið hana að minnast Fréttablaðsins til dæmis frá því síðasta mánudag vegna þess að því miður hef ég ekki tíma til að lesa hér upp úr því ágæta blaði.

[14:55]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Forseti. Eins og hv. þingmaður er væntanlega búinn að kynna sér þar sem hann hefur skoðað félagsformin sem um hefur verið rætt í þessu sambandi þá voru þessi lög sett af ríkisstjórninni sérstaklega í þeim tilgangi að eiga til þetta félagaform sem getur nýtt sér kosti hlutafélagaformsins en er nær ríkinu, þ.e. ð það sé skýrt að það sé áfram í eigu ríkisins. Þess vegna voru lögin um opinber hlutafélög sett. Þetta hlutafélagaform, þ.e. ohf. er mun nær ríkinu en til dæmis sjálfeignarstofnunin, ef menn skoða mismunandi stöðu þessara félagaforma. Þess vegna töldu menn skynsamlegt að fara þessa leið.

Annars þakka ég hv. þingmanni orð í minn garð en bið nú jafnréttissinnaðan mann, eins og ég veit að hann er, að gæta þess hvernig hann talar til þingmannanna.

(**Forseti** (RG): Forseti áminnir þingmenn um að ganga ekki í ræðustólinn fyrr en búið er að kynna þá.)

[14:56]

**Hlynur Hallsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gerði það bara vegna þess að ég sá áðan

þegar ég kom hingað að búið var að taka tíu sekúndur af ræðutíma mínum. Það er hátt hlutfall af ræðutímanum. Sem betur fer er núna stillt á eina mínútu.

(**Forseti** (RG)**:** Ræðutíminn er leiðréttur. Starfsmaður reynir eftir fremsta megni að hafa tímann réttan fyrir þingmenn.)

Takk fyrir, frú forseti.

Hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir hefur sennilega ekki lesið Fréttablaðið á mánudaginn síðasta. Þar er einmitt ítarlegt viðtal við Ástráð Haraldsson, hæstaréttarlögmann. Ég leyfi mér að vitna beint í ummæli hans.

„Um leið og starfsemi er færð í form hlutafélags verður hún einkaréttareðlis og það er mikilvægt að menn átti sig á að frumvarpið fjallar því í reynd um einkavæðingu Ríkisútvarpsins, ...“

Í lengra máli fjallar Ástráður Haraldsson síðan um það að þessi breyting ohf. eða hf. er ekki grundvallarbreyting. Þetta er nefnilega fyrsta skrefið í einkavæðingu Ríkisútvarpsins og það er þvert á stefnu Framsóknarflokksins. Það er grafalvarlegur hlutur að þingmenn Framsóknarflokksins ætla að stíga það skref með Sjálfstæðisflokknum að þessu sinni.

[14:57]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)***:**

Forseti. Mér er vel kunnug tilvist þessarar greinar enda, eins og hv. þingmaðurinn veit, var efni hennar fylgiskjal — það vill svo heppilega til — með minnihlutaáliti menntamálanefndar. Þar af leiðandi kom manni ekki á óvart að hún skyldi birtast þennan dag í Fréttablaðinu.

Eins og ég nefndi hér áðan þá er tilgangur okkar með því að standa að þessum breytingum klárlega sá að við teljum að Ríkisútvarpið þurfi að geta vaxið og dafnað með öðrum aðferðum í gerbreyttu fjölmiðlaumhverfi. Við og Vinstri grænir, Framsóknarflokkurinn og Vinstri grænir erum sammála um heilmargt varðandi RÚV, hvert hlutverk þess eigi að vera í þjónustu við alla landsmenn og að það eigi að sinna almannaþjónustuhlutverki sem er víðtækara heldur en til að mynda Samfylkingin hefur haldið í tölum sínum innan menntamálanefndar.

En varðandi rekstrarformið þá erum við hreinlega (Forseti hringir.) ekki sammála. Um það er bara pólitísk mismunandi afstaða.

[14:59]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)***:**

Forseti. Það var rifjað upp að hér, að ég held í gær, að minnsta kosti í þessari umræðu, að 1. apríl næstkomandi, daginn sem 1. apríl-frumvarpið á að taka gildi, væru nákvæmlega tvö ár síðan störf hóf og störfum lauk tiltekinn fréttastjóri á fréttastofu útvarps, Ríkisútvarpsins. Mig minnir að í þeirri umræðu sem um það spratt þá hafi fulltrúar Framsóknarflokksins talið að allt hafi verið með felldu um ráðningu hans og valið á þeim manni umfram þá sem öðrum þóttu hæfari.

Mig langar að spyrja: Er þetta ekki örugglega svo? Og í öðru lagi spyr ég: Er það ekki alveg öruggt að hægt sé að halda áfram að ráða fréttastjóra með þessum hætti eftir að Ríkisútvarpið verður að Ríkisútvarpinu ohf.?

[15:00]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla á engan hátt að verja þennan gjörning sem má kalla 1. apríl-mál eða hvað menn vilja kalla það, enda kom ég ekki nálægt því og tel mig hvorki þurfa að bera ábyrgð á því máli né mæla því bót. Það sem við erum að gera núna er að færa pólitísk áhrif burt frá útvarpinu að því leyti að við felum einungis Alþingi það hlutverk eða þinginu að kjósa stjórn sem hefur hið rekstrarlega hlutverk. Við færum þar með pólitísku áhrif úr dagskrárgerðinni og vonandi úr útvarpinu vegna þess að við þurfum að ná samstöðu um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins og mikilvægi þess í samfélagi okkar og menningarsögu. Ég held að allir flokkar hafi lýst með einhverjum hætti leiðum til að ná því. Útvarpsstjóri verður áfram ráðinn af menntamálaráðherra á hverjum tíma en um það verða auðvitað að gilda lög sem eru um ráðningar opinberra starfsmanna og að hæfasti aðilinn sé ráðinn til starfa.

[15:01]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)***:**

Forseti. Það er ánægjulegt og ég held að það sé í fyrsta sinn sem þingmaður Framsóknarflokksins viðurkennir að ranglega hafi verið staðið að ráðningu þeirri sem hér varð gerð að umræðuefni. Á sínum tíma barðist Framsóknarflokkurinn á hæl og hnakka gegn þeirri gagnrýni sem þá var höfð uppi, enda er það í eðli Framsóknarflokksins og mjög fast gróið í sögu hans að vilja beita ríkisvaldinu, þegar hann er með það, til pólitískra áhrifa fyrir sjálfan sig. Hann er auðvitað eins konar samtryggingarfélag og hann er auðvitað eins konar atvinnumiðlun og það loðir við Framsókn.

Mér heyrðist þingmaðurinn segja að menntamálaráðherra réði útvarpsstjóra áfram. Það er ekki svo. Það er einmitt svo að fréttastjóramálið getur gerst aftur hvenær sem er. Það felst í því að sá ríkisstjórnarmeirihluti sem kosinn er í stjórnina héðan frá Alþingi ræður því sem hann vill ráða áfram, vegna þess að hann ræður útvarpsstjórann og getur rekið hann þegar honum sýnist og hefur þvílíkt ægivald yfir honum að ef sá maður er ekki þeim mun sterkari karakter og meiri persóna getur það fallið í það far. Það er það sem Framsóknarflokkurinn hefur lýst sig sammála í þessu máli og í öllum þeim sjö umræðum sem farið hafa fram um það.

[15:03]

**Útbýting:**

Afskipti lögreglu af erlendum ríkisborgurum, 447. mál, svar dómsmrh., þskj. 713.

Fjarnám við Háskólann á Akureyri, 371. mál, svar menntmrh., þskj. 716.

Greiðsluaðlögun, 481. mál, fsp. JóhS, þskj. 733.

Velta vínbúða í Mjódd og Garðheimum, 433. mál, svar fjmrh., þskj. 712.

[15:04]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég get ekki annað en vorkennt þeim hv. þingmönnum Framsóknarflokksins sem hér þurfa að standa daglangt og náttlangt að verja þessa vitleysu úr Sjálfstæðisflokknum. Það vita það allir sem hafa hlustað á þessar umræður að Framsóknarflokkurinn hefur enga sannfæringu fyrir þessu máli en því hlutskipti deilir hann að vísu með flestum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins því að það hefur ekki nokkur maður talað hér utan hæstv. menntamálaráðherra sem hefur sýnt það að hann eða hún hafi snefil af einhvers konar sannfæringu fyrir málinu sem hér liggur fyrir. Sorglegast er þó auðvitað að sjá hlutskipti hinna ungu þingmanna Framsóknarflokksins sem verja þetta mál í bak og fyrir og þurfa meira að segja að afneita sínu eigin baklandi til að verja sínar eigin gjörðir. Hér á ég auðvitað, frú forseti, við orð hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur áðan sem lýsti því yfir að hún hefði farið gandreið um landið með forustu flokks síns á 20 fundi, talað við hundruð framsóknarmanna og allir hefðu verið sammála því máli sem hér liggur fyrir. Það var ekki hægt að skilja annað á máli hv. þingmanns.

Er það þá svo, frú forseti, svo ég spyrji hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur, að ungir framsóknarmenn séu ekki partur af flokknum? — Ef hinir ungu þingmenn Framsóknarflokksins vildu hugsanlega aðeins leggja við hlustir og hlýða á spurningar mínar, þá ætla ég að endurtaka þær: Eru ungir framsóknarmenn ekki hluti af baklandi flokksins? Mæta þeir ekki á fundi flokksins?

Ég spyr vegna þess, eins og kom fram í máli hv. þm. Valdimars L. Friðrikssonar áðan, að það hefur komið fram opinberlega að ungir framsóknarmenn hafi mótmælt þessu með formlegum hætti. Það var ekkert venjulegt félag (**DJ:** Hvenær?) sem mótmælti þessu heldur var það stjórn Sambands ungra framsóknarmanna. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir fylgist greinilega ekki vel með hræringum í sínum flokki, kannski vill hún helst vera laus við þær og ég skil það mætavel. Hún varpar fram einfaldri spurningu til mín, frú forseti: Hvenær gerðist það? Ég er ekki alveg nákvæmlega klár á dagsetningunni en ég veit hvenær fréttin birtist. Hún birtist 29. nóvember árið 2006. (Gripið fram í.) Það kemur hér fram, sem betur fer, að ritari flokksins, sem sprettur úr jarðvegi ungra framsóknarmanna, fylgist töluvert betur með en hin austfirska þingkona, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, því að hún upplýsir að þessi ályktun hafi verið samþykkt að kveldi 5. nóvember á síðasta ári.

Það er hins vegar merkilegt að hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur finnst það skipta máli að þessi ályktun hafi komið fram eftir að málið kom fram. Er það ekki einmitt þess vegna, eftir að málið kom fram og þegar það var búið að vera í umræðu og þegar ungir framsóknarmenn, sem ég get sannarlega sagt af eigin kynnum að er vel gefið og vel innrætt fólk, höfðu kynnst rökum sem menn höfðu sett fram um málið, sem þeir taka þessa afstöðu? Er hægt að halda því fram eins og þessir þingmenn gera, sem virðast svo gersamlega búnir að skera á sinn naflastreng við móðurkvið flokksins, að Framsóknarflokkurinn sé bara ánægður með þetta mál? Það er ekki hægt að skilja annað hjá hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur en að Framsóknarflokkurinn sé bara giska glaður með það að hér sé verið að knýja í gegn frumvarp sem brýtur gegn öllum fyrri samþykktum flokksins á þessu sviði, eins og ég las upp áðan. Og út af hinum skelfilega mæðusvip sem kemur á þær stöllur, hv. þingmenn Sæunni Stefánsdóttur og Dagnýju Jónsdóttur, þegar ég nefni þetta, þá er alveg sjálfsagt að ég lesi þetta upp aftur síðar í ræðu minni.

Frú forseti. Það mega þó þessar vösku þingkonur eiga að þær leggja það á sig að ganga ekki bara svipugöng Sjálfstæðisflokksins heldur a.m.k. að hlusta á stöku ræður manna sem fjalla um stefnu þeirra en ég spyr: Hvar er víkingurinn Guðjón Ólafur Jónsson? Hvar er sá maður sem hæst hefur látið hér og farið hamförum út af miklu minna tilefni en þessu? Hvar eru nú öll stóru orðin hjá honum? Hvar er hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson sem flaut hér inn eins og sprek reyndar á öldum ungra framsóknarmanna sem hann er núna að svíkja með því að styðja mál sem ungir framsóknarmenn hafa ályktað sérstaklega gegn? (Gripið fram í.) Ég spyr sérstaklega eftir hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni vegna þess að hann er einn af ábyrgðarmönnum málsins. Þó að hann hafi komið óvænt hingað inn á fjörur okkar alþingismanna, og var aufúsugestur, og hafi ekki komið að upphafi þessa máls, gaf meira að segja frá sér þannig hljóð á upphafsskeiðum málsins að það mátti skilja það svo að þar færi maður sem hefði kjark og döngun til að fylgja sannfæringu sinni og væri ekki hlynntur málinu, þá ýtti hann því eigi að síður til hafnar að því marki að hann gerðist galeiðuþræll á galeiðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar í hinstu för málsins hingað inn á þing með því að skrifa undir nefndarálitið og samþykkja það án fyrirvara.

Frú forseti. Þegar ég ræði hér hlutskipti Framsóknarflokksins gleður það mig auðvitað að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er mættur til leiks. En hv. þingmaður sem á þó að teljast ábyrgðarmaður þessa máls hefur talað hér einn sjötta af þeim tíma sem framsóknarþingmennirnir hafa varið í það að verja þetta ólukkumál Sjálfstæðisflokksins. Sigurður Kári Kristjánsson lét sig hafa það að henda hérna fram á borðið meirihlutaáliti sem taldi u.þ.b. 30 línur og það tók hann fjórar mínútur að fara yfir málið. Það mega þó eiga hv. þingmenn Framsóknarflokksins að þeir ganga plankann á enda eins og þegar sjóræningjarnir voru að refsa föngum sínum í gamla daga og láta fallast heiðarlega til sjávar. Þær koma þó hérna hv. þingkonur Dagný Jónsdóttir og Sæunn Stefánsdóttir og gera heiðarlega tilraun til að gera sér upp sannfæringu. Allir sem hafa hlustað á mál þeirra sjá að þar fylgir ekki hugur máli. Þarna er Framsóknarflokkurinn enn þá einu sinni að láta Sjálfstæðisflokkinn svínbeygja sig og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson getur ekki annað en glott í kampinn þar sem hann situr í sæti sínu því að hann hefur unnið sitt verk vel. Honum hefur tekist að láta þingmenn Framsóknarflokksins moka flórinn í því fjósi sem þetta mál er statt í. Hann hefur ekki verið að verja málstaðinn, ekki frekar en hæstv. menntamálaráðherra. Nei, það er látið eftir þingmönnum Framsóknarflokksins.

Hitt má svo segja að sannfæring hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar fyrir málinu er álíka óburðug og sannfæring eða öllu heldur skortur á sannfæringu sem geislar af öllu máli hv. þingmanna Framsóknarflokksins. Það vita allir að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, hefur skrifað og talað með allt öðrum hætti en birt-

ist í þessu frumvarpi. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson var árum saman sem ungur sjálfstæðismaður á allt annarri skoðun en birtist í þessu frumvarpi. Hann hefur tekið þetta verk að sér eins og hvert annað kóngsins „jern og arbejd" til að hlýða sínum tugtara eða sínum meistara sem jafnvel á stundum mætti kalla sínum kvalara miðað við síðasta fund þeirra um þetta tiltekna mál sem boðaður var í fjölmiðlum og allir vita hvernig lyktaði.

Hv. þingmaður kom inn á Alþingi fullur af hugsjónakrafti og þrótti. Hann hafði mjög skýra og afdráttarlausa afstöðu í málefnum Ríkisútvarpsins, hann vildi selja það, hann vildi einkavæða það og hann hafði tilteknar skoðanir á því hvernig fjármagna átti Ríkisútvarpið og rekstur þess. Þessi hv. þingmaður lagði tvö ár í röð fram frumvörp sem beinlínis mæltu fyrir um að Ríkisútvarpið skyldi selt og það er svo makalaust að í því frumvarpi er varið þremur síðum til þess að telja upp galla þeirrar leiðar sem hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórn hafa valið til að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins, þ.e. nefskattinn. Enginn í þessum þingsölum hefur fært jafnelegant og fagurlega smíðuð rök gegn nefskattinum og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gerði fyrstu tvö ár þingveru sinnar.

Frú forseti. Stundum verða menn pólitískir umskiptingar. Stundum, allt í einu á einni nóttu virðist spretta út úr þeim allt annar maður en í þeim var þegar þeir komu inn á þing, því að það hefur nefnilega enginn maður líka flutt jafnsterk og alla vega þróttmikil rök og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fyrir því að taka upp nefskattinn. Með öðrum orðum, sá þingmaður sem steig hingað inn á fjalir Alþingis var á móti nefskattinum en um leið og hamskiptin gerðust og hann hófst til þeirrar fremdar að verða formaður menntamálanefndar breyttist skyndilega afstaða hans líka og formaður menntamálanefndar talar nú óhikað gegn hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni sem mætti hér til leiks á vordögum árið 2003. Þetta er ekki mjög merkilegt. Þetta er ekki síst merkilegt í ljósi þess að stjórnarskráin leggur á herðar mönnum þær skyldur að fara eftir sannfæringu sinni. Hv. þingmaður hefur sagt það hátt og í hljóði, og fylgir þar stefnu Sambands ungra sjálfstæðismanna, að það eigi að selja Ríkisútvarpið og getur það verið að hv. þingmaður hafi skipt um skoðun? Ég held ekki. Ég hef ekki heyrt hann lýsa því yfir. Það kann að vera, frú forseti, að hugsanlega styðji þetta frumvarp þessa viðleitni hv. þingmanns. Það getur vel verið að frumvarpið, ef það verður að lögum, steypi Ríkisútvarpinu í þá ógæfu að það sé hugsanlegt að það verði uppiskroppa með fjármagn þegar fram líða stundir og það verði nauðsynlegt að koma því á markað.

Það sem mér finnst langmerkilegast við þær umræður sem hér hafa staðið síðustu daga er sú staðreynd að það hefur komið fram að formaður menntamálanefndar gerir sér mætavel grein fyrir því að Ríkisútvarpið er statt a.m.k. á gráu svæði að því er varðar tekjur þess og sölu á auglýsingum. Fram kom í umræðum í fyrradag um fundarstjórn forseta þar sem ég spurði hv. þingmann eftir áliti hans varðandi stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart samkeppnisreglum EES að hv. formaður menntamálanefndar telur að eins og staðan sé í dag standist rekstur Ríkisútvarpsins ekki þær samkeppnisreglur. (**SKK:** Það er ekki rétt. Ekki vera að ...)

Frú forseti. Hv. þingmaður segir að það sé ekki rétt. Þá ber að líta á það sem hv. þingmaður sagði í fyrradag. Ég spyr hann þar, með leyfi forseta, hvort hann telji að kröfum samkeppnislaga og skuldbindinga gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu hafi verið svarað með fullnægjandi hætti í frumvarpinu. Þingmaðurinn telur að hann sé algerlega á þurru landi hvað varðar þær reglur. Síðan spyr hv. þingmaður mig, með leyfi forseta:

„... og það væri ágætt að fá sjónarmið hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar til þess, hvort núverandi lagaumhverfi Ríkisútvarpsins bryti gegn markmiðum samkeppnislaga. Ég spurði hvort það gæti verið."

Svo svarar hv. þingmaður sjálfum sér með svofelldum ... (**SKK:** ... samkeppnis...) Svo svarar þingmaðurinn sjálfum sér: „Svarið við því var auðvitað já. Auðvitað er það þannig." Nú kallar hv. þingmaður fram í að hann hafi ekki átt við evrópskar réttarreglur. Það kann vel að vera. Ekki tókst ræðuritara að lesa nákvæmlega í hugsanir hans. Hann segir að það hafi einungis átt við íslenskar samkeppnisreglur en óvart eru íslensk samkeppnislög algjörlega í anda evrópska réttarins á þessu sviði. Ef hv. þingmaður telur að Ríkisútvarpið eða það umhverfi sem það starfar í núna brjóti gegn markmiðum samkeppnislaga leiðir af sjálfu að þá hlýtur það einnig að brjóta gegn hinum evrópsku réttarreglum á þessu sviði. Ef hv. þingmaður er hins vegar þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið starfi ekki samkvæmt reglum íslenskra samkeppnislaga, hvaða rök hefur hann þá fyrir því að frumvarpið sem hann hefur sjálfur tekið þátt í að semja núna standist þetta eitthvað frekar? Mig langar af þessu tilefni til að varpa aftur til hans þeirri spurningu sem ég varpaði til hans fyrir tveimur dögum: Hvernig stendur á því að í því frumvarpi sem núna liggur fyrir er ekki pósitíft ákvæði sem undanþiggur Ríkisútvarpið samkeppnislögum? Hvernig stendur á því?

Ég spyr að gefnu tilefni. Ég var staddur sjálfur í hv. menntamálanefnd þegar forstjóri Samkeppniseftirlits kom til fundar við nefndina ásamt öðrum manni. Þá spunnust umræður um þetta og það var alveg ljóst að forstjóri Samkeppniseftirlits var þeirrar skoðunar að frumvarpið um Ríkisútvarpið væri ekki í anda íslenskra samkeppnislaga. Þá kom það viðhorf fram bæði hjá formanni nefndarinnar og forstjóra stofnunarinnar að þar sem um sérlög væri að ræða gengju þau framar. Eins og hv. þingmaður man voru búvörulögin sérstaklega nefnd. Nú vill svo til að í búvörulögunum er slíkt pósitíft ákvæði sem beinlínis undanþiggur greinar landbúnaðarins samkeppnislögunum. Hvernig stendur þá á því að það þarf ekki að gera það varðandi Ríkisútvarpið? (**SKK:** Af almennri reglunni um ... ...) Frú forseti. Ég tel að hv. þingmaður þurfi að koma hingað til að svara þessu og skýra þetta. Þetta eru einmitt þau mál sem mestu hafa skipt í umræðunni upp á síðkastið, þ.e. deilan um það hvort frumvarpið um Ríkisútvarpið standist samkeppnislög, hvort það standist evrópskar réttarreglur á því sviði. Margt hefur komið fram sem bendir til þess að svo sé ekki. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins sem barst menntamálanefnd einhvern tímann síðla síðasta ár er fjallað mjög rækilega um þetta mál.

Eins og við vitum er það markmið samkeppnislaganna að efla samkeppni í viðskiptum og vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri. Það er

markmið þessara laga að vinna gegn skaðlegri fákeppni á samkeppnismörkuðum. Reyndar er það líka markmið þeirra að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Það kemur að vísu fram í álitinu að það er ekki hlutverk Samkeppniseftirlitsins að taka afstöðu til þess hvort það fyrirkomulag sem er að finna í frumvarpi um Ríkisútvarpið sé í samræmi við reglur EES-samningsins, aðallega um ríkisaðstoð. Hins vegar er alveg ljóst, eins og bent er á, að það leiðir af frumvarpinu að Ríkisútvarpið mun keppa við einkafyrirtæki í útvarpsrekstri á mörkuðum bæði að því er varðar birtingu auglýsinga í hljóðvarpi og í sjónvarpi og líka varðandi þá samkeppni sem birtist í formi kostunar.

Hvert er lykilatriði fyrir velgengni fyrirtækis á sviði fjölmiðlunar varðandi sölu auglýsinga? Það er auðvitað vinsælt dagskrárefni. Samkeppniseftirlitið segir bókstaflega að það telji að Ríkisútvarpið muni geta nýtt ríkisaðstoðina til að framleiða eða kaupa vinsælt dagskrárefni. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er svona: Að mati Samkeppniseftirlitsins raskar þetta fyrirkomulag samkeppni á viðkomandi auglýsingamörkuðum. Samkeppniseftirlitið segir að þarna sé um að ræða samkeppnislega mismunun sem þurfi að koma í veg fyrir. Samkeppniseftirlitið bendir á tvær leiðir. Fyrri leiðin er sú að Ríkisútvarpið hverfi af auglýsingamarkaði og að starfsemi þess verði alfarið kostuð af opinberum fjárframlögum. Þetta er leið sem er farin mjög víða í Evrópuríkjum eins og rakið er mjög rækilega í frumvarpinu. Í öðru lagi er bent á þá leið að ef Ríkisútvarpið ætlar að starfa á auglýsingamarkaði geti sú starfsemi farið fram á vegum sérstakra útvarps- eða sjónvarpsstöðva eða þá rása sem séu alfarið fjármagnaðar með auglýsingatekjum. Eins og ég hef skilið þá leið felur það eiginlega í sér að búnar séu til eins konar mjólkurkýr sem standi á fjósi ríkisins og afli tekna með þessum hætti. (**GÓJ:** Er þetta ríkisvæðing?) Þetta eru þær tvær leiðir sem Samkeppniseftirlitið bendir á. Svo segir Samkeppniseftirlitið að það taki ekki að svo komnu máli afstöðu til þess hvora leiðina sé æskilegra að velja til að koma í veg fyrir það sem það kallar framangreinda samkeppnislega mismunun eða hvernig eigi að útfæra leiðirnar.

Það er athyglisvert, frú forseti, að hvorug leiðin er valin. Þar með er óhjákvæmilegt annað en að draga þá ályktun af þessu að Samkeppniseftirlitið sé að benda á það að í fyrsta lagi standist ríkisútvarpsfrumvarpið ekki íslenskar samkeppnisreglur og í öðru lagi ekki heldur reglur hins evrópska samkeppnisréttar. Þá hljótum við að spyrja okkur: Hvaða afleiðingar er það líklegt til að hafa fyrir Ríkisútvarpið í framtíðinni?

Fram hefur komið hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, eins og ég rakti áðan, að í besta falli er hægt að segja að Ríkisútvarpið *sé statt á gráu svæði hvað þetta varðar í* dag. Þegar hefur komið fram kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi starfsemi þess í dag, þegar það starfar á formi ríkisfyrirtækis. Hvað gerist nú þegar (**GÓJ:** Ríkisvæðing?) búið er að breyta rekstrarforminu? Kannski gæti lögfræðingurinn og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson svarað því í ræðu sem ég er viss um að hann flytur síðar í dag til þess að útskýra *þetta atriði. (Gripið fram í.)* Það er mjög líklegt að á grundvelli þeirra sterku röksemda sem koma fram í áliti Samkeppniseftirlitsins muni keppinautarnir hefja mál, byrja á því að senda kæru og kvörtun til evrópskra eftirlitsstofnana og síðar að hefja mál á grundvelli þeirra sterku röksemda sem þarna koma fram. (**Gripið fram í:** Er þetta þá ríkisvæðing ... ?) Engum dettur í hug annað en að þetta álit sé skrifað af hálfu Samkeppniseftirlitsins með hliðsjón af evrópskum réttarreglum.

Ég er reyndar algjörlega sannfærður um (**GÓJ:** ... einkavæðingu.) það að með álitinu er Samkeppniseftirlitið beinlínis að benda markaðnum á það að frumvarpið er eins langt og hugsast getur frá því að samræmast skuldbindingum okkar varðandi EES. Það er svo merkilegt að sumir í liði stjórnarinnar hafa aftur og aftur gripið til þeirrar röksemdar sem ég gat um áðan, að búvörulög væru þannig úr garði gerð að þau gætu undanþegið greinar landbúnaðarins samkeppnislögum en þá horfa menn fram hjá þeim róttæka mun sem er annars vegar á rekstri fjölmiðla og hins vegar á landbúnaðarframleiðslu, að hið fyrra er ekki partur af EES-sviðinu en hið síðara er það. Á því er grundvallarmunur.

Nú gætu menn velt fyrir sér hvað gerðist ef slík kæra eða kvörtun kæmi fram. Ef hv. formaður menntamálanefndar er þeirrar skoðunar í dag er rekstur Ríkisútvarpsins á gráu svæði. Eru þá ekki allar líkur á því að það verði komið út fyrir hið gráa svæði yfir á hið dökka svæði þar sem er alveg ljóst hver staðan er þegar búið er að gera þetta að hlutafélagi? Ég óttast það. Ég tel reyndar að einmitt þetta sé kannski lykilatriði í því frumvarpi sem hér liggur fyrir, þ.e. þegar slík kæra kemur fram og menn fara að meta stöðuna horfa þeir auðvitað til þess að Ríkisútvarpið er orðið að hlutafélagi. Menn gera það að hlutafélagi til að njóta ákveðins ávinnings og hagræðis sem hlýst af því að hafa fyrirtækið á því formi. Það veitir ákveðna sveigju og lipurð en um leið og menn horfa til þess að þarna er verið að taka upp rekstrarform sem nýtir ávinning verður það að sjálfsögðu líka látið sæta hinum stífu samkeppnisreglum sem gilda um fyrirtæki á markaði.

Þá tel ég að niðurstaðan leiði mjög líklega til þess að kveðinn verði upp úrskurður sem í fyrsta lagi taki af öll tvímæli um að hlutafélagið Ríkisútvarp sé að keppa við einkafyrirtæki með óhæfilegum hætti og í öðru lagi til þess að ríkið sæti fébótaábyrgð, hugsanlega aftur til þess tíma sem gildistími þessa frumvarps verði settur við, og í þriðja lagi að niðurstaðan verði sú að möguleikar Ríkisútvarpsins til þess að starfa á markaði við auglýsingasölu verði takmarkaðir allverulega og þá dreg ég af því þá ályktun að þetta leiði til þess að starfsgrundvöllur Ríkisútvarpsins ohf. verði mjög veiktur til frambúðar. Ég treysti mér ekki til að segja hvað þetta kann að skipta miklu máli varðandi tekjumöguleikana í framtíðinni en ég held hins vegar að það verði ákaflega erfitt fyrir ríkisvaldið á þeim tíma að koma til *þingsins, til þjóðarinnar og óska eftir mörgum milljörðum* til viðbótar til að reka þetta þjóðþrifafyrirtæki. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að þetta frumvarp skapi í besta falli verulega óvissu um framtíð Ríkisútvarpsins en í versta falli geti það leitt til gerbreytinga á möguleikum þess til að starfa með núverandi formi og gegna núverandi hlutverki í framtíðinni.

Menn geta verið ósammála mér um síðari niðurstöðuna en ég held að það sé óhjákvæmilegt fyrir alla sem koma að þessum málum með hlutlausum augum og opnum — sem

ég veit að á náttúrlega ekki við suma þingmenn Framsóknarflokksins — annað en að fallast á að þetta skapar óvissu og það er auðvitað hættan í þessu máli. Það er mjög líklegt að þetta leiði til verulegrar óvissu.

Það virðist vera eitt af uppáhaldsþáttunum í ræðum ýmissa þingmanna sjálfstæðismanna, þótt þeir að vísu taki ekki mjög mikið til máls nú á þessum síðari stigum umræðunnar, að gera lítið úr þeim sjónarmiðum sem hafa komið fram frá ýmsum þeim sem áður mátti þó kalla leiðtoga lífs þeirra. Einn af þeim er Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra (Gripið fram í.) og formaður ... Frú forseti. Ég ætlaði að gefa hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni færi á að ljúka frammíkalli sínu. Ég var að gera að umræðuefni ákveðin viðhorf sem fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins hefur ítrekað viðrað opinberlega með mjög sterkum rökum. Það er Þorsteinn Pálsson og eins og þjóð veit þá er hann ritstjóri Fréttablaðsins. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, sá að vísu sæmd sína alveg við ystu bjargbrún og hætti við að ljúka frammíkalli sínu, en hann var að ýja að því (Gripið fram í.) að ritstjóri Fréttablaðsins sem var einn af merkustu stjórnmálamönnum Sjálfstæðisflokksins á sínum tíma, og hv. þingmaður á auðvitað að bera virðingu fyrir slíkum mönnum sem sannarlega má telja í hópi þeirra sem merkastir hafa stigið hér um fjalir á síðustu áratugum, hann var að ýja að því að það væru annarleg sjónarmið sem réðu skrifum þessa ágæta ritstjóra. Það hefur verið plagsiður þessara manna sem hafa óbeðnir tekið að sér að moka flórinn fyrir Sjálfstæðisflokkinn að láta að því liggja að hin skeleggu skrif sem hafa komið fram m.a. hjá Þorsteini Pálssyni stafi af því að þar séu menn á ferðinni sem séu að gæta hagsmuna eigenda sinna.

Við einhverjar aðstæður væri hugsanlega hægt að segja að það væri réttlætanlegt að taka með þeim hætti til máls út af samhengi hlutanna en það er hins vegar ekki réttlætanlegt gagnvart manni eins og Þorsteini Pálssyni sem allir vita að hefur verið með heiðarlegustu og ærlegustu stjórnmálamönnum sem hér hafa starfað og er það ekki lengur, hann er ekki stjórnmálamaður í dag. En hann hefur hins vegar vakið eftirtekt á því að mörgu er mjög ábótavant í þessu ferli. Hann vakti t.d. athygli á því í ritstjórnargrein að stjórnvöld hefðu haldið leyndum fyrir Alþingi ákaflega mikilvægum skjölum sem vörðuðu samskipti ráðuneytanna við Eftirlitsstofnun EFTA vegna samkeppnismálanna. Það hefur ekkert vafist fyrir fyrrum formanni Sjálfstæðisflokksins af hverju þessum skjölum var haldið leyndum. Mig langar, frú forseti, að upplýsa hv. frammíkallanda Guðjón Ólaf Jónsson um hvað formaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra taldi að hefði valdið því. (Gripið fram í.) Hann orðaði það svo, með leyfi forseta:

„Augljóst má vera að þeir sem bera stjórnskipulega ábyrgð á samkeppnismálum hafa talið að birting þeirra mundi veikja röksemdafærsluna."

Með öðrum orðum, hann er að segja að hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hafi vitandi vits skotið þessum gögnum undan vegna þess að í þeim væri að finna röksemdir sem veiktu málflutning ráðuneytisins. Nú ætla ég ekki að segja að hv. formaður menntamálanefndar eigi skilið þau ummæli vegna þess að hann var bara vinnumaður í því verki. En það er hins vegar óneitanlega ákaflega merkilegt að hann skuli hafa tekið þátt í því að haga verklagi menntamálanefndar með þeim hætti að það gafst ekki tóm til að skoða þetta og nú kann vel að vera að hv. þingmaður hafi með lestri sínum, síðar, hugsanlega fyrir — það er komið í ljós að hv. þingmaður er hraðlæs á evrópsku og skilur ensku og evrópsku miklu betur en allir aðrir í þessum sölum — komist að því að efni þeirra skipti engu máli. Við skulum bara gefa okkur það röksemdafærslunnar vegna að hann hafi haft rétt fyrir sér. En er það ekki í anda lýðræðis og gagnsærra vinnubragða að aðrir í nefndinni fái að komast að þeirri skoðun sjálfir ef hún er rétt, að sjálfsögðu? Hv. þingmanni hefði verið í lófa lagið að loka fundi nefndarinnar þannig að stjórnarandstaðan í nefndinni hefði getað bæði lesið skjölin sjálf og líka yfir helgina kallað til sérfræðinga til að skoða þetta mál og komist að þessari niðurstöðu sjálf. Það hefði ekki skipt nokkru einasta máli fyrir framgang málsins hér. Það hefði verið hægt að hefja umræðuna alveg eins og stjórnarandstaðan var reiðubúin til samkvæmt samkomulagi kl. 13:30 á mánudaginn en það var eitthvað annað sem olli því.

Hv. þingmaður sem kom fram og notaði svipuð orð og hv. þingmenn Sæunn Stefánsdóttir og Dagný Jónsdóttir í dag og sagði í Fréttablaðinu að þetta væri ótækt og óásættanlegt starfslag af hálfu ráðuneytanna. Hann lýsti því yfir í sama viðtali að hann ætlaði aldeilis að tala yfir hausamótunum á ráðherrunum, sagði það að vísu ekki með þessum orðum en það lá í því sem hv. þingmaður sagði. Með leyfi forseta langar mig til að rifja upp fyrir þessum unga þingmanni sem skyndilega virðist vera farinn að reskjast fyrir aldur fram, a.m.k. tapa minni því þarna sagði hann, með leyfi forseta:

„Það er ótækt og óásættanlegt að þetta starfslag hafi verið viðhaft." — Svo kemur þessi dásamlega setning: — „Ég ætla mér að ræða þetta mál frekar við ráðherrana [Árna Mathiesen og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur]."

Í þessu liggur auðvitað að hv. þingmaður ætlaði að gæta réttar nefndarinnar. Hann ætlaði að sjá til þess að sá ferill sem hann á sem formaður menntamálanefndar yrði áfram jafnglæstur í þessu máli allt til loka og hann hafði verið fram að þeim tíma því að hv. ... (Gripið fram í.) Frú forseti. Það er eins og hv. þingmenn eigi erfitt með að hlýða á sannleikann í þessu máli. Ég ætla ekki að leita aðstoðar hæstv. forseta, ég treysti mér vel til að eiga við þá menn sjálfur en það kynni hins vegar að verða til þess að ég þyrfti að lengja ræðu mína örlítið.

Hv. þingmaður ætlaði auðvitað að verja heiður nefndarinnar, verja gagnsæ vinnubrögð nefndarinnar og hann ætlaði að finna að þessu við ráðherrana og hann ætlaði auðvitað að krefjast þess að nefndin fengi tíma til að vinna þetta mál með sama hætti og áður sem hann átti hrós skilið fyrir að mörgu leyti. Hann kom bónleiður til búðar. Hann var tuktaður þannig til að hann kom kaghýddur af fundi ráðherrans og hann reif þetta mál í gegn á föstudegi. Honum hefði verið í lófa lagið, þótt ekki væri nema gefa einn sólarhring til viðbótar eða fram á mánudag. Stjórnarandstaðan var búin að fallast á að umræðan hæfist á mánudag og hún hafði staðið við það og hafði þó ærin tilefni til eftir þetta til að segja að ríkisstjórnin hefði brotið sitt samkomulag.

Þetta rennir stoðum, frú forseti, undir þá skýringu sem

ritstjóri Fréttablaðsins gaf á þessum vinnubrögðum. Hann sagði einfaldlega að það væri verið að skjóta þessum gögnum undan umræðunni, láta hníga að ákvörðun áður en þau væru skoðuð vegna þess að það væri augljóst að í þeim væri að finna röksemdir sem veiktu málflutning þeirra sem bæru stjórnskipulega ábyrgð á málaflokknum. En það er hins vegar á ábyrgð þeirra tveggja ungu manna sem eru í hlutverki eins konar yfirgjammara á þessum fundi og ferst það vel úr hendi og ættu reyndar ekki að gera mikið annað, þeir virðast vera langbestir í því og miklu betri en t.d. að fjalla vel og vandlega um flókin frumvörp, þeir eru ábyrgir fyrir þessu líka. Ég spyr hv. þingmann Guðjón Ólaf Jónsson: Af hverju tekur Framsóknarflokkurinn að sér skítverk af þessu tagi? Af hverju tekur Framsóknarflokkurinn að sér að moka íhaldsfjósið í þessum efnum? (**GÓJ:** Það er einkavæðingar ...) Það er engu líkara en Framsóknarflokkurinn og sérstaklega yngri hlutar þingflokksins séu orðnir eins og læmingjahjörð en menn vita það að á sjö til átta ára fresti og yfirleitt líka á fullu tungli, ég veit ekki hvort það hefur einhver áhrif á Framsóknarflokkinn, þá grípur þessi sérkennilega kennd læmingjana að hvarvetna sem þeir sjá björg þá verða þeir að fleygja sér fyrir þau. Og það hefur Framsóknarflokkurinn gert í þessu máli. Hann hefur anað út í hvaða ófæru sem er og hann hefur svikið allar sínar fyrri samþykktir ... (**GÓJ:** Einkavæðinguna eða ríkisvæðinguna?) allar sínar fyrri samþykktir.

Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson kom hingað eftir að tveir eða þrír, ég man ekki hversu margir, ráðherrar flúðu af þinginu m.a. eins og fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins sem bókstaflega hvarf úr íslenskum stjórnmálum vegna þess að viðbrögð hans eigin flokksmanna við túlkun hans á stefnu flokksins voru slík að hann átti ekki annarra kosta völ.

Frú forseti. Vegna þess að sá maður er ekki lengur á meðal okkar þá kýs ég að tala frekar varlega um hann og kalla þetta því túlkun hans, þ.e. túlkun Halldórs Ásgrímssonar á stefnu Framsóknarflokksins. En við þann þingmann sem hér er staddur og getur svarað fyrir sig hef ég allt önnur orð og miklu harðari. Ég segi það hreint út, þetta eru svik Framsóknarflokksins við yfirlýsta stefnu. (**GÓJ:** Það er einkavæðingin ...)

Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur því miður gengið í þeim flokki alla leiðina á enda. Hann hefur t.d. tekið þátt í því að lemja í gegn frumvarp sem er algerlega í andstöðu við vilja hans eigin baklands. Þegar ég segi hans eigin baklands, þá á ég við þann hluta Framsóknarflokksins sem hv. þingmaður kemur úr þótt að vísu megi sjá á honum að elli kerling fari að meitla einhverja drætti í andlit hans þá er hann samt enn þá ungur og hefur sem betur fer yfir sér gáska og fjör hins unga þingmanns sem er auðvitað merkilegt miðað við að hér er um þingmann í Framsóknarflokknum að ræða sem er í heldur þungri stöðu í dag. En þessi þingmaður hefur gengið fram fyrir skjöldu hér í salnum til að reyna að troða þessu frumvarpi í gegn. Það hefur enginn þingmaður, ekki einu sinni í hópi sjálfstæðismanna, komið hér sérstaklega upp eins og hann gerði fyrir jól og kvartað undan því að samkomulag hefði tekist milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að fresta 3. umr. fram yfir jól. Þessi hv. þingmaður vildi klára málið sem allra fyrst, koma frumvarpinu í gegn sem er þó algerlega í andstöðu við samþykktir Framsóknarflokksins.

Mig langar að rifja það upp fyrir hv. þingmanni af því að mér sýnist, frú forseti, að minni hans a.m.k. að því er varðar stefnu Framsóknarflokksins sé svolítið gloppótt, jafnvel farið að bila töluvert, en Framsóknarflokkurinn hefur á þremur flokksþingum sínum fjallað um þetta mál. Og það má reyndar rifja það upp að í upphafi stóð hann í lappirnar. Það á rifja það upp, hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson. Nú langar mig til þess, frú forseti, að hafa hv. þingmann Guðjón Ólaf í salnum því ég þarf að eiga við hann orðastað.

Árið 1996 gerði nefnd innan Sjálfstæðisflokksins skýrslu um endurskoðun á útvarpslögum. Í þeirri nefnd voru Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, Tómas Ingi Olrich, sem þá var hér á þingi, og Ásdís Halla Bragadóttir. Náttúrlega af sanngirni gagnvart Ríkisútvarpinu var einn nefndarmaður sóttur út fyrir Valhöll. Hann var sóttur alla leið til keppinautarins og það var Páll Magnússon, núverandi útvarpsstjóri, sem þá var reyndar starfsmaður Stöðvar 2 og var sóttur þangað.

Sú skýrsla, sem ég hef í tilefni þessarar umræðu lesið aftur tíu árum eftir að hún var samin, gefur dálítið glögga mynd af þeim þrönga stakki sem sjálfstæðismenn vildu þá sníða RÚV í framtíðinni. Þar voru nánast lögð drög að því sem nú er að gerast, þ.e. að breyta RÚV þannig að tekið væri skref í átt að sölu og þar með einkavæðingu.

En eftir að skýrslan lá fyrir — og ber nú vel í veiði að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, gengur í salinn — átti nefnilega í fyrsta skipti að beygja Framsóknarflokkinn til hlýðni. Þá var sett upp sérstök nefnd á vegum þeirra stjórnarflokka sem enn þá sitja illu heilli. (Gripið fram í.) En þá var enn hægt að finna menn í Framsóknarflokknum sem stóðu í lappirnar og (Gripið fram í.) var sóttur maður að nafni Gissur Pétursson, núverandi framkvæmdastjóri Vinnumálastofnunar. Góður og gegn framsóknarmaður sem aldrei hefur bilað og heldur hneigst til þess að vera, eins og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson var einu sinni, í þeim armi sem vildi standa í lappirnar gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Á þeim tíma hafði Gissur Pétursson og þeir sem störfuðu í nefndinni bakland. Þeir höfðu menn eins og Guðjón Ólaf Jónsson sem studdu þá gegn því að selja Ríkisútvarpið. Það voru þeir sem gerðu það að verkum að með stuðningi manna eins og Guðjóns Ólafs, sem þá var ungur framsóknarmaður, leiddi til þess að ekki varð samkomulag um frumvarpsdrögin. Þetta var árið 1998.

Árinu síðar, frú forseti, árið 1999, var samþykkt með atkvæði Guðjóns Ólafs Jónssonar, sem núna er hv. þingmaður á Alþingi í dag, á flokksþingi Framsóknarflokksins, með leyfi forseta:

„Allar rásir Ríkisútvarpsins verði áfram í ríkiseigu og því verði ekki breytt í hlutafélag."

Frú forseti. Núna er hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, sem greiddi atkvæði með þessu 1999 á flokksþinginu, að berjast gegn sinni fyrri stefnu. Hann gengur manna harðast fram í því að hér verði barið í gegn frumvarp sem í fyrsta lagi sviður þá stefnu sem hann samþykkti áður að því leyti til að Ríkisútvarpið á að vera hlutafélag.

Í öðru lagi felur það líka í sér svik við hina gömlu stefnu frá 1999 að því marki að í því frumvarpi sem við erum að

ræða, og sem hv. þingmaður hefur mært flestum mönnum fremur, er gert ráð fyrir að ein rásin, hugsanlega Rás 2, verði seld eða lögð niður. Því þar er beinlínis sagt, að Ríkisútvarpið ohf. beri ekki skylda til þess að starfrækja nema eina rás.

Frú forseti. Þarna er um að ræða tvenns konar svik við samþykktarstefnu Framsóknarflokksins. Það er auðvitað dapurlegt að það skuli vera sá ágæti piltur og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson sem tekur þátt í því.

Sömuleiðis, frú forseti, var árið 2003 líka með atkvæði hv. þm. Guðjón Ólafs Jónssonar, samþykkt eftirfarandi stefna um Ríkisútvarpið, og bið ég nú hv. þingmann Guðjón Ólaf Jónsson vel að hlýða og ég vona að hann sígi ekki alveg niður úr stólnum, mér sýnist hann sé nú eiginlega undir þessum lestri orðinn þannig að hann a.m.k. eigi erfitt með að standa í lappirnar. (**GÓJ:** Ég er að bíða eftir stefnu Samfylkingarinnar.) Með leyfi forseta, hljóðaði stefnan sem þessir ungu Tyrkir Framsóknarflokksins samþykktu þá:

„Breyta skal rekstrarformi Ríkisútvarpsins í sjálfseignarstofnun sem verði laus við viðskiptaleg, stjórnmálaleg eða önnur hagsmunatengsl."

Frú forseti. Hér er verið að gera allt annað í frumvarpinu. Það sem skiptir máli fyrir þá sem hafa einhvern tímann haft taugar til Framsóknarflokksins, eins og ég hef nú stundum haft, og það sem skiptir máli fyrir þá sem hugsanlega hafa hvarflað frá flokknum en gætu velt því fyrir sér að styðja hann aftur og það sem skiptir máli fyrir alla þá sem trúa á það að menn eigi að fara eftir sannfæringu sinni og vera samkvæmir sjálfum sér, þá vantar skýringar hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar og annarra þingmanna Framsóknarflokksins fyrir því hvers vegna þeir hafa með þessum hætti gengið, ekki bara á svig, heldur á bak þeirra orða sem flokksþing Framsóknarflokksins gaf kjósendum á þeim tíma.

En það er eins og maðurinn sagði, fólk er ekki fífl. Fólk lætur ekki bjóða sér hvað sem er. Það er ekki síst vegna þessa sem framsóknarmenn hafa í hrönnum yfirgefið flokk sinn og forustu.

Ef hv. þm. Einar Már Sigurðarson vildi gera mér þann greiða að trufla ekki hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson meðan ég er að ræða við hann um stefnu Framsóknarflokksins yrði ég glaður við. Til að hv. flokksbróðir minn skilji hvað um er að ræða er ég að fara þess vinsamlega á leit við hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson að hann útskýri af hverju hann stendur ekki við þau orð sem Framsóknarflokkurinn gaf fyrir hans hönd með samþykki hans á flokksþinginu 2003, flokksþinginu 2001 og flokksþinginu 1999.

En ég skal upplýsa hv. þingmann af hverju það er. Það er vegna þess að Framsóknarflokkurinn er í þessum máli alveg eins og í Íraksmálinu, svínbeygður af Sjálfstæðisflokknum. Hann er í hverju málinu á fætur öðru látinn éta ofan í sig sínar eigin yfirlýsingar. Þetta gerir það að verkum að fólk treystir ekki flokknum framar. Það er þetta sem gerir það að (Gripið fram í.) verkum að tveir þriðju af því fylgi sem (**GÓJ:** Hvað segir formaður Samfylkingarinnar?) kaus Framsóknarflokkinn við síðustu ...

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gefa ræðumanni hljóð og tækifæri til þess að ljúka ræðu sinni.)

Frú forseti. Því miður hef ég nokkuð tafist við að koma frá mér því sem ég vildi segja svo hugsanlegt er að ræða mín verði fyrir vikið svolítið lengri þó ég vilji allt til gera til að ná samkomulagi við þennan ágæta forseta um eðlilegt þingframhald.

Mér finnst bara þægilegt, frú forseti, að hafa framsóknarmenn með þessum hætti í salnum. Mér finnst þetta vera ákveðin heilbrigðismerki því það sýnir sig, alla vega í þessum frammíköllum, að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson sem mér er vel við, hefur þó að minnsta kosti það sem ýmsir framsóknarmenn hafa ekki, hann hefur samvisku og kann þess vegna að skammast sín. Það speglast vel í frammíköllunum því honum líður illa undir þeim. Frú forseti. Mér mundi líka líða illa ef ég hefði tekið þátt í að fara alveg 180 gráður beint frá þeirri stefnu sem ég hefði sjálfur samþykkt.

Það var þannig að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson var forustumaður meðal ungra framsóknarmanna. Þar eru sem betur fer menn sem standa í lappirnar þó að stálið bresti hjá ýmsum öðrum. 26. nóvember síðastliðinn var það bakland hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar sem samþykkti andmæli gegn frumvarpinu. Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna samþykkti formlega ályktun gegn því að Framsóknarflokkurinn stæði að samþykkt frumvarpsins og gegn ýmsum þáttum sem í því eru.

Mig langar þess vegna ef hægt væri að fá einhverjar skýringar á því af hverju hv. þingmaður hefur svona algerlega slitið á tengsl sín við það fólk sem hóf hann til þeirrar fremdar sem hann nýtur nú. Þetta var fólkið sem gerði hv. þingmann að því sem hann er í dag, þingmanni Framsóknarflokksins. Það er heiðursstaða í Framsóknarflokknum. Það hlýtur að vera mikill sómi að því fyrir sérhvern mann að vera veittur sá trúnaður. En í því ljósi eru örlög þeirra sem síðan svíkjast gegn sínum hugsjónum heldur dapurleg.

Ég fór með þennan lestur, frú forseti, einungis til að lækka aðeins rostann í hv. frammíkallanda sem hefur síðustu þrjú korterin ekki getað haldið sér saman í sæti sínu og allt í lagi með það. Hann hefur ábyggilega margt að segja. Þó er athyglisverð, frú forseti, miðað við þær mörgu ræður sem hv. þingmaður hefur flutt úr sæti sínu í dag að hann er ekki enn kominn á mælendaskrá.

Það er nefnilega þannig að þrátt fyrir vaskleikann í yfirbragði og þrátt fyrir þetta djarfmannlega yfirbragð sem stundum einkennir þennan ágæta þingmann sem núna er nánast siginn niður í gólfið í sæti sínu, þá þorir hann ekki að koma hingað til að gera grein fyrir afstöðubreytingum sínum. En ef hann gerir það mundi ég vera honum þakklátur fyrir. Þá mætti hann kannski í leiðinni fyrir mig (Gripið fram í.) sakir gamallar þingvinättu gera líka grein fyrir viðsnúningi flokksins í Íraksmálinu.

Frú forseti. Því þetta tvennt skiptir öllu máli (**Gripið fram í:** ... Samfylkingarinnar.) um núverandi stöðu Framsóknarflokksins. Þetta er ástæðan fyrir því að flokkurinn er svona ákaflega illa staddur. Það hryggir mig. Ég hef ekki gaman af því að sjá ágætan flokk með jafnmerka sögu og Framsóknarflokkinn liggja með þeim hætti sem hann gerir núna í mýrinni og fúna þar.

En það hryggir mig líka vegna þess að við eigum sameiginlegar rætur, ég og hv. þingmaður, í stjórnmálum. Það var sami maður sem hratt af stað þeim tveimur hreyfingum

sem við tilheyrum í dag og það var sama höndin sem ritaði stofnskrá beggja flokkanna, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins, á sínum tíma, baráttuhreyfingar jafnaðarmanna. Það var hönd Jónasar frá Hriflu.

Frú forseti. Framsóknarflokkurinn kemur aftur og aftur í ræðustól og heldur því fram fullum fetum að ekki eigi að selja Ríkisútvarpið. Ég tek alveg skýrt fram að ég trúi því alveg þegar hv. þingmenn segja að það komi ekki til mála með samþykki þeirra að selja Ríkisútvarpið. Ég er þeirrar skoðunar að Framsóknarflokkurinn meini það þegar hann segi að hann vilji byggja upp Ríkisútvarpið og gera það að almannaútvarpi. Einu sinni voru að minnsta kosti menn í Framsóknarflokknum sem voru sammála okkur ýmsum um að besta leiðin gegn ítökum auðvaldsins á fjölmiðlamarkaði væri einmitt að byggja upp sterkt almannaútvarp vegna þess að einungis það gæti komið í veg fyrir að einstakir auðjöfrar gætu í krafti ítaka sinna á fjölmiðlamarkaðnum orðið leiðandi í skoðanamyndun.

En hins vegar er búið að svipta hv. þingmenn og forustu Framsóknarflokksins skynsemi. Þeir hafa svo tapað heilbrigðri skynsemi og hugsun á þessu langa samstarfi með Sjálfstæðisflokknum að það er eins og þeir horfi blindandi fram hjá því sem þó er skrifað á vegginn.

Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson situr núna í sæti sínu við hlið hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, kom hingað inn á þing beinlínis með það að markmiði að selja Ríkisútvarpið. Honum til hróss má segja að hann fór ekkert í grafgötur með það. (Gripið fram í.) Með honum í þeirri för, hann er nú að hækka aftur í Ríkisútvarpinu, er nefskatturinn frægi sem hv. þingmaður hefur ... (**Gripið fram í:** ... lagt á.) (**Gripið fram í:** Afnotagjaldið fer.) (**Gripið fram í:** Það er hringekjan hjá honum.)

Frú forseti. Það sem ég ætlaði að segja var eftirfarandi. Hv. þingmaður, af tilviljun örlaganna, hefur valist í sæti við hlið hv. þingmanns og formanns menntamálanefndar, Sigurðar Kára Kristjánsson, og sækir sér styrk til hans. (Gripið fram í.) Ég var að reyna að segja að Sigurður Kári Kristjánsson hefur verið í fararbroddi þeirra hér þingsal, ásamt hv. þingmönnum Pétri H. Blöndal og Birgi Ármannssyni, sem vilja selja Ríkisútvarpið. Þeir hafa auðvitað ekki þingstyrk til þess í dag. Það er alveg ljóst.

En allt breytist. Tímanum vindur fram. Viðhorf breytast. Við sjáum þegar við skoðum Sjálfstæðisflokkinn að mikil og öflug mulningsvél er þar stöðugt í gangi. Þar, segi ég að minnsta kosti, er hugmyndamótorinn að finna í Sambandi ungra sjálfstæðismanna.

Í röðum þeirra hefur verið samþykkt á þingum árum saman, að ég held í heilan áratug, að stefna beri að því að einkavæða Ríkisútvarpið. Engum datt til hugar fyrir tíu árum þegar Sjálfstæðisflokkurinn talaði um að selja ætti Rás 2, að þetta yrði nokkurn tímann stefna sem yrði flutt inn á Alþingi. Það datt ekki neinum einasta manni í hug að svo mundu viðhorfin breytast í efri lögum Sjálfstæðisflokksins að hingað skolaði þingmönnum sem mundu bókstaflega leggja þetta til.

Menn héldu alltaf að Pétur H. Blöndal, sem hafði stundum talað í þessa veru, væri hrópandinn í eyðimörkinni og menn vita jú hvað varð um hrópandann í eyðimörkinni. Menn vita örlög Jóhannesar skírara, sem var hrópandinn í eyðimörkinni í biblíulegum skilningi. Ég veit að prestssonurinn frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd veit hver urðu örlög hans. Ég hélt að í hugmyndafræðilegum skilningi yrðu örlög þessara hugmynda þannig að höfuð yrði skilið frá bol, eins og gerðist með Jóhannes skírara. En það gerðist hins vegar allt í einu að hingað komu fleiri menn sem voru sömu skoðunar

Núna sjáum við það líka, frú forseti, að í röðum þeirra sem líklegt er að verði stuðningsmenn og -konur hæstv. menntamálaráðherra á næsta kjörtímabili er að finna fólk sem er þessarar skoðunar, sem ég treysti þó að hæstv. menntamálaráðherra sé ekki í hjarta sínu þó hún hafi látið ginnast til að flytja þetta frumvarp.

(**Forseti** (SP)**:** Núna er klukkan orðin fjögur og forseti vill inna hv. þingmann eftir því hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni?)

Já, frú forseti. Ætlun mín var að ljúka henni fyrir klukkan fjögur en sökum þess, eins og forseti hefur orðið vör við, hef ég verið truflaður svolítið. Ég hef átt erfitt með að koma fram ákveðnum málum. Ég tel að ég eigi svona tíu til fimmtán mínútur eftir af ræðu minni.

(**Forseti** (SP)**:** Mun hv. þingmaður óska eftir að fresta ræðu sinni þar til að þinghald hefst að nýju kl. sex?)

Ég mundi gleðjast yfir því ef forseti leyfði mér það.

(**Forseti** (SP)**:** Nú verður orðið við því.)

[16:01]

**Útbýting:**

Dómstólar og meðferð einkamála, 496. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 750.

Skatttekjur ríkis og sveitarfélaga, 421. mál, svar fjmrh., þskj. 720.

[Fundarhlé. — 16:02]

[18:02]

**Össur Skarphéðinsson** (frh.)**:**

Frú forseti. Ég var langt kominn með ræðu mína fyrr í dag og hefði sennilega getað lokið henni ef ekki hefði verið svo sérkennilega staðið að málum af hálfu stjórnarliða að þeir sendu tvo hvolpa á frambekkina til að trufla mig og koma í veg fyrir það með frammíköllum sínum ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hv. ræðumann að gæta orða sinna.)

Frú forseti. Ég skal sannarlega gera það og lýsi því yfir að ég mun ekki frekar líkja þessum ágætu þingmönnum, sem mér er hlýtt til, við afkvæmi næstbesta vinar mannsins. Allt var það þó með jákvæðum huga gert því fátt hefur vakið mér meiri ánægju og sérstaklega í bernsku minni en þegar ég átti litla seppa. Ég hugsa ævinlega til þeirra með hlýju.

Frú forseti. Ég var staddur í miklum lestri áðan yfir þessum tveimur ungu þingmönnum, hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni og hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, formanni menntamálanefndar. Ég hafði lýst því með hvaða hætti Framsóknarflokkurinn hefur gersamlega svikið hugsjónir sínar varðandi Ríkisútvarpið. Ég las upp úr mörgum álykt-

unum frá árunum 1999, 2001 og 2003 til að sýna fram á að sú stefna sem Framsóknarflokkurinn fylgir er algjörlega andstæð flokkssamþykktum Framsóknar. Það er mjög athyglisvert að það voru sérstaklega hinir ungu þingmenn Framsóknarflokksins sem hér gengu harðast fram við að reyna að færa rök fyrir því að nauðsynlegt væri að málið næði fram að ganga. Hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir sagði að hún hefði enga hugmynd um nokkurn framsóknarmann sem væri málinu andstæður. Hún hefði farið á 20 fundi víðs vegar um landið og hvergi hefði hún fundið nokkurn framsóknarmann sem væri þeirrar skoðunar að þetta væri vont frumvarp. (**Gripið fram í:** Voru það mannlausir fundir?) Það er ákaflega líklegt að Framsókn sé eins og læmingjarnir, hlaupin fyrir björg og finnist ekki. Þó er það svo að fyrir jól örlaði á manndómi hjá ungum framsóknarmönnum.

Þann 28. nóvember samþykktu ungir framsóknarmenn mjög skelegga ályktun. Ég vil upplýsa þingheim og sérstaklega hina ungu framsóknarmenn, sem ekki sjást í þessum sölum því þeir eru lagðir á flótta frá málinu, um að þeir sem samþykktu þetta var stjórn Sambands ungra framsóknarmanna, þ.e. sú deild innan Framsóknarflokksins sem hóf þetta unga fólk til þeirrar fremdar að gegna trúnaðarstöðum fyrir Framsóknarflokkinn á Alþingi. Frá þessu er sagt í Fréttablaðinu 29. nóvember með svofelldum orðum, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna ... samþykkti í gær ályktun þar sem þingmenn eru hvattir til þess að samþykkja ekki frumvarp um RÚV ohf.

Í ályktuninni kemur fram að SUF telur hvorki að hagsmunum RÚV, né almennings í landinu, sé best borgið með hlutafélagavæðingu."

Frú forseti. Skýrara getur þetta ekki verið. Þeir sem eiga að erfa landið innan Framsóknarflokksins og þær reytur sem hugsanlega kunna að verða eftir af honum þegar fram í sækir eru þeirrar skoðunar að Framsóknarflokkurinn sé á villigötum í þessu efni. Þeir eru svo rækilega sannfærðir um það að þeir taka meira að segja á sig rögg og samþykkja sérstaka ályktun gegn eigin forustu. Til þess þarf manndóm og hann hafa greinilega einhverjir ungir framsóknarmenn sem örlögin hafa ekki skolað eins og hverjum öðrum rekakubb á fjörur Alþingis.

Ég hef haldið því fram, frú forseti, að það sé tilgangur hluta Sjálfstæðisflokksins með ríkisútvarpsfrumvarpinu að selja stofnunina að lokum. Þessa ofuráherslu sem við sjáum á degi hverjum í umræðunni af hálfu Sjálfstæðisflokksins um að gera að Ríkisútvarpið að hlutafélagi er ákaflega erfitt að skilja öðruvísi en í ljósi margyfirlýsts vilja öflugra þingmann til þess að selja Ríkisútvarpið að lokum eða a.m.k. hluta þess. Ég vek eftirtekt á því að einstakir þingmenn flokksins hafa beinlínis fagnað frumvarpinu í þessum ræðustól á þeim forsendum að frumvarpið um háeffun RÚV sé fyrsta skrefið að sölu.

Ég er þeirrar skoðunar að eins og fjölmiðlamarkaðurinn er að þróast, þar sem öflugir og auðugir menn og fyrirtæki hafa gríðarlega sterk tök, sé það besta vörnin gegn því að einstakir auðmenn eða auðfyrirtæki, stórfyrirtæki, nái hreðjatökum á skoðanamyndun í landinu að við tökum höndum saman um það að efla almannaútvarp. Það er langbesta leiðin og vörnin gegn því að fjármagnseigendur einoki skoðanamyndun í landinu í gegnum ofurtök sín á fjölmiðlamarkaðnum. Ég er algjörlega andsnúinn sölunni og af því að ég tel að tilgangurinn með hlutafélagavæðingunni sé að lokum að selja þá er ég henni andsnúinn líka.

Innan Sjálfstæðisflokksins eru sérstakir menn sem hafa gerst talsmenn sölu. Einn af þeim gengur nú í salinn og hefur stundum verið keikari og borubrattari en á þessum degi. Innan Sjálfstæðisflokksins hafa verið háværar raddir um að selja Ríkisútvarpið, sérstaklega hjá Sambandi ungra sjálfstæðismanna. Og af því að ég komst ekki til þess í ræðu minni áðan, þar sem ég hafði lokið við að gera grein fyrir afstöðu hugmyndamótors Sjálfstæðisflokksins, a.m.k. frjálshyggjudeildarinnar, þ.e. Sambandi ungra sjálfstæðismanna, sem ég hef stundum kallað skæruliðasamtök Valhallar, þá rifja ég það upp líka að árið 1995 rak Sjálfstæðisflokkurinn heila kosningabaráttu sem af þeirra hálfu snerist aðallega um að selja Rás 2. Mér er ekki kunnugt um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi nokkru sinni kastað þeirri stefnu fyrir róða. Í því ljósi er ákaflega athyglisvert að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar segir hreint út að eftir að stofnunin verði gerð að hlutafélagi beri henni ekki skylda til að reka nema eina útvarpsrás. Hvers vegna skyldi þetta tekið sérstaklega fram nema af þeirri ástæðu að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir þeim möguleika að Rás 2 kunni að verða seld í framtíðinni. Ég vil hins vegar segja um Rás 2 að ég lít svo á að hún hafi verið vagga nýgildrar tónlistar í landinu. Hún hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki fóstru sem engin einkareknu stöðvanna hefur sinnt með viðlíka hætti. Sem ég stend hér, frú forseti, hef ég ekki tölu á þeim mörgu ungu tónlistarmönnum og -konum sem öldur ljósvakans, sem upphaflega hafa borist frá Rás 2, hafa fleytt um heiminn allan. Þetta fólk sem segja má að hafi staðið úr þeirri vöggu sem Rás 2 er nýgildri tónlist í landinu hefur sannarlega borið hróður okkar allra víðs vegar um heiminn.

Ég er þeirrar skoðunar að stofnanir sem hafa beinan aðgang að opinberu fé eigi ekki að lúta sömu lögmálum og opinber fyrirtæki sem afla sér tekna á markaði. Færa má rök að því að hlutafélagaformið henti ákaflega vel fyrirtækjum í ríkiseigu en noti ekki skattpeninga í rekstur. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það gegni alfarið öðru máli um stofnanir sem eru að uppistöðu eða alfarið reknar fyrir peninga skattborgarana. Ríkisútvarpið fellur undir þá skilgreiningu.

Fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins sem ég hef nokkuð vísað til, vegna þess að mér þykir hann hafa stefnufastar skoðanir í málinu, var einn af þeim sem mörkuðu hugmyndafræðilega undirstöðu undir einkavæðinguna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur beitt sér fyrir allar götur frá því 1991. Grunnurinn að því var lagður í frægri bók í hugmyndasögu Sjálfstæðisflokksins sem hét Uppreisn frjálshyggjunnar – báknið burt. Þar var einn höfunda Þorsteinn Pálsson og reyndar líka ýmsir fleiri sem gert hafa garð flokksins frægan eins og Baldur Guðlaugsson, Davíð Oddsson og Friðrik Sophusson svo fáir séu nefndir.

Þorsteinn Pálsson er hins vegar sjálfum sér samkvæmur og hleypur ekki frá stefnunni sem flokkurinn hefur markað, eins og þeir sem bera skjöld og sverð flokksins í dag virðast gera. Hann sagði fyrir skömmu að í ljósi þessa hugmyndagrunns sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði væri frumvarpið

frávik frá almennum leikreglum. Hann taldi það líklegt til þess að setja, ég vitna til Þorsteins Pálssonar, með leyfi forseta: „Í uppnám framtíðarsátt um ríkisrekið útvarp.“

Dómur þessa fyrrverandi forsætisráðherra er sá að hlutafélagavæðing RÚV feli í sér það sem hann kallar öfugsnúna hugmyndafræði. Nú er það hlutverk þeirra sem ganga í spor þessa gamla foringja Sjálfstæðisflokksins, t.d. manna á borð við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, að stuðla að framgangi máls sem gengur gegn þeim hugmyndagrunni sem leiðtogarnir unnu á og felur í sér, eins og þeir sem mörkuðu brautina að einkavæðingunni kalla það, öfugsnúna hugmyndafræði.

Ég heyri á hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að hann er hugsanlega móður og sár yfir því að mér varð á að líkja honum áðan við það sem mér þykir hvað góðlegast, hlýlegast og kátlegast af þeim lifandi verum sem ég hef komist í kynni við fyrir utan falleg börn. Ég vona að hann misvirði það ekki við mig en ef hann hefur tekið það illa upp hika ég ekki við það að taka á mig kufl auðmýktarinnar og biðja hv. þingmann afsökunar á því, hafi ég sært hann með þessum orðum. Það er ekki málefnalegt af mér að reyna að meiða hv. þingmann persónulega. Ég hef ekkert persónulega gegn honum þótt ég vildi það að guð hefði gefið honum töluvert meira af staðfestu og þreki til að standa gegn því sem hæstv. menntamálaráðherra otar að honum. Nóg um það.

Ég hef, eins og hv. þingmaður veit og þingheimur hefur margsinnis hlustað á mig segja, verið þeirrar skoðunar að það eigi að stefna að því að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Það form er líka einkaréttarlegs eðlis, líkt og hlutafélög. Það gæfi stofnuninni aukið svigrúm og sjálfræði og það sem stuðningsmenn frumvarpsins hafa kallað aukna hreyfigetu á markaði. Það þýðir hins vegar ekki, þótt slíkt fyrirtæki væri einkaréttarlegs eðlis, að ráðist yrði gegn kjörum og réttindum starfsmanna. Það yrði til lykta leitt með samningum af okkar hálfu.

Páll Magnússon útvarpsstjóri sem vopnfimast hefur iðkað sverðaglamm fyrir hæstv. menntamálaráðherra í málinu hefur sjálfur sagt að það sem hann sjái hagfelldast í frumvarpinu sé að þá verði miklu auðveldara fyrir stofnunina að vinna miðstýrt út frá einum alvaldi innan stofnunarinnar. Ég nota ekki orðið alvaldur í háðslegri eða neikvæðri merkingu. Ég skil alveg þörfina á því að reka stofnun sem á í samkeppni með þeim hætti að hún sé lipur og geti brugðist fljótt við. Ég spyr hins vegar þá sem eru þessarar skoðunar: Hefur eitthvað vantað upp á það hjá útvarpsstjóra að hann geti hreyft sig snögglega á markaði? Mér hefur ekki sýnst það þegar hann hefur hvað eftir annað getað seilst yfir til keppinautanna og laðað til sín með segulmagni þess sem hann hefur að bjóða, hvort sem það eru góð laun eða spennandi starfsumhverfi, ákaflega hæft fólk frá keppinautunum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þetta sé góð og ákaflega heppileg sáttaleið í málinu, a.m.k. milli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Það er einfaldlega þekkt í almannaþjónustu að beita því rekstrarformi og stofnanir sem sitja að opinberu fé eða afmörkuðum tekjustofnum hafa gjarnan verið reknar á því formi.

Ég held að ég hafi rifjað það einhvern tímann upp, frú forseti, en get gert aftur í tilefni dagsins að sá sem ber ábyrgð á málinu í þinginu núna, hv. formaður menntamálanefndar, tók út töluvert af sínum sokkabandsárum og þroska innan stofnunar þar sem hann heyjaði sér menntunar sem var rekin á þessu formi, Verslunarskóla Íslands. Ég sé ekki að það hafi skaðað á þeim árum, hvorki hann né skólann. Þá er ég að tala um rekstrarformið en ekki hin gagnkvæmu kynni. Það var svo Framsóknarflokkurinn sem á sínum tíma gerði ákaflega einbeitta samþykkt gegn því að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Ég get ekki skilist við þetta öðruvísi en að rifja upp að á flokksþinginu 1999 var samþykkt af hálfu Framsóknar, með leyfi forseta:

„Allar rásir Ríkisútvarpsins verði áfram í ríkiseigu og því verði ekki breytt í hlutafélag.“

Sömuleiðis var samþykkt á flokksþinginu 2003, með leyfi forseta:

„Breyta skal rekstrarformi Ríkisútvarpsins í sjálfseignarstofnun sem verði laus við viðskiptaleg, stjórnmálaleg eða önnur hagsmunatengsl.“

Þetta eru stefnumarkandi samþykktir. Þær eru burðarásar í viðhorfi þessarar stjórnmálahreyfingar til Ríkisútvarpsins. Framsóknarflokkurinn hefur oft í gegnum alla síðustu öld komið með markverðum hætti og mikilvægum að þróun og framvindu Ríkisútvarpsins. Hann hefur t.d. lagt því til ákaflega merka útvarpsstjóra. Þarna er sá flokkur algjörlega að hverfa frá þeirri stefnu sinni.

Frú forseti. Það sem við höfum rætt töluvert í dag, það sem hefur verið efst í umræðunni af hálfu fjölmiðla og þeirra sem hafa tekið til máls opinberlega um þetta mál, eru auðvitað samkeppnismálin. Fram hafa komið ákaflega veigamikil rök á síðustu vikum og mánuðum sem að því hníga að verið sé að steypa Ríkisútvarpinu í mikla óvissu að því er varðar samkeppnisumhverfið, ekki bara innan lands heldur miklu frekar innan Evrópu. Það er mjög athyglisvert að eftir alla þá miklu fundi í menntamálanefnd sem gumað er af undir forustu sjálfstæðismannsins Sigurðar Kára Kristjánssonar er skilað nefndaráliti sem er um 30 línur og tók hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson örfáar mínútur að fylgja úr hlaði og þar er ekki minnst á samkeppnismálin. (Gripið fram í.) Það liggur við að það hefði þurft að klípa hv. þingmann í óefnislegum skilningi með glóandi töngum til þess að fá hann til að ræða samkeppnismálin.

Ég hef uppi sterk varnaðarorð til ríkisstjórnarinnar vegna þess þáttar málsins. Ég tel að breytingin sem felst í því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi muni leiða til málaferla vegna árekstrar við Evrópureglur um samkeppnismál. Ég byggi þetta álit mitt á umsögn Samkeppniseftirlitsins sem var að mínu mati óvanalega harkaleg. Ég tel að það álit hafi ekki verið sent frá stofnuninni nema eftir mjög nána skoðun á samkeppnisreglum Evrópuréttarins. Þetta harkalega álit Samkeppniseftirlitsins kallar beinlínis, að mínu viti, eftir því að keppinautar Ríkisútvarpsins hefji slíkt mál. Þeim eru bókstaflega lögð vopnin upp í hendur.

Það er mjög athyglisvert að Eftirlitsstofnun EFTA hlýtur að hafa gert stríðar athugasemdir við þann þátt þótt það hafi í sjálfu sér ekki komið fram með nægilega skýrum hætti. Ég dreg þá ályktun af þeirri staðreynd að samkvæmt þeim upplýsingum sem hafa borist hafi menntamálaráðherra fullvissað Eftirlitsstofnunina um að Samkeppniseftirlitið muni fylgjast grannt með háttsemi Ríkisútvarpsins á markaði. Varla getur sú yfirlýsing og fullvissa hafa komið

frá íslenskum stjórnvöldum nema þeim sem yfirlýsingunni er beint að hafi með einhverjum hætti verið gert það uppskátt og það látið koma fram að menn óttuðust þetta. Því undrast ég þá vœrukærð sem kemur fram í málum talsmanna Sjálfstæðisflokksins út af þeim þætti málsins. Ég tel fullvíst að rísi svona mál, sem ég held að hafi nánast verið lýst yfir af keppinautum að muni verða gert á grunni þeirra málefnalegu röksemda sem þeim eru færðar í því vopnabúri sem álit Samkeppniseftirlitsins er, sé í versta falli hugsanlegt að Ríkisútvarpið eða eigandi þess, íslenska ríkið, þurfi að greiða háar skaðabætur aftur í tímann til gildistökutíma laganna eða eftir atvikum þess fyrningarfrests sem á slíkum brotum kann að vera. Mér finnst þó miklu verra að ég tel að slíkt mál og líkleg niðurstaða leiði til þess að verulega miklar líkur séu á því að í framhaldinu verði þrengt að möguleikum fyrirtækisins til að afla sér tekna í gegnum auglýsingasölu. Það tel ég að gæti falið í sér rothögg fyrir fjárhagslegan grundvöll Ríkisútvarpsins. Sannarlega yrði það foss á myllu þeirra sem vilja selja fyrirtækið. Ef sú ríkisstjórn er þannig sinnuð, ef t.d. hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kynni að verða áhrifamaður innan hennar, kynni þetta að leiða til þess að við eigum engra annarra kosta völ en að moka milljörðum í fyrirtækið ellegar láta það á markað, allt eða hluta.

Þetta er að mínu mati mesta hættan sem felst í því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Fram kemur, eins og ég rakti í dag, þótt erfitt væri undir síbylju frammíkalla og gjamms í ónefndum hv. þingmönnum, að Samkeppniseftirlitið segir að lykillinn að velgengni Ríkisútvarpsins á auglýsingamörkuðum sé vinsælt dagskrárefni. Það liggur, frú forseti, í hlutarins eðli. Auðvitað er það slíkt efni sem gerir fyrirtækið að eftirsóknarverðum miðli fyrir auglýsingar. Samkeppniseftirlitið telur að Ríkisútvarpið geti að frumvarpinu samþykktu nýtt framlag ríkisins til þess að framleiða eða kaupa vinsælt dagskrárefni.

Eftir að hafa reifað þetta sem okkur kunna að þykja augljósar staðreyndir segir í álitinu, með leyfi forseta:

„Af þessu leiðir óhjákvæmilega að umrædd samkeppnisstarfsemi RÚV á sviði auglýsinga verður niðurgreidd með þeirri ríkisaðstoð sem félagið mun njóta.“

Síðar segir í álitinu þar sem Samkeppniseftirlitið dregur saman niðurstöðuna af þessum þáttum, með leyfi forseta:

„Að mati Samkeppniseftirlitsins raskar þetta fyrirkomulag samkeppni á viðkomandi auglýsingamörkuðum.“

Það er varla hægt að kveða fastar að orði. Keppinautarnir hljóta að hafa tekið þessum rökum, þessum staðreyndum fegins hendi vegna þess að í höndum þeirra verður þetta eins og hamar sem hægt er að reiða til höggs gegn stoðum þess fjárhagslega grundvallar sem Ríkisútvarpið hvílir á.

Það sem mér finnst vera ákaflega athyglisvert er að í framhaldinu bendir Samkeppniseftirlitið á tvær leiðir sem það segir að geti komið í veg fyrir það sem það skilgreinir sjálft sem samkeppnislega mismunun sem felst í þessari stöðu RÚV. Hvorug þessara leiða er farin í frumvarpi menntamálaráðherra. Það er því ekki hægt að sneiða hjá þeirri ályktun að Samkeppniseftirlitið telur augljóslega að það verði harkalegur árekstur á milli hins nýja hlutafélags um RÚV og gildandi samkeppnislaga. Engum ætti því að dyljast að ríkisstjórnin er með frumvarpi sínu að knýja fram ríkishlutafélag sem ég tel að við hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson o.fl. sem eru í þessum sal og hafa vit á samkeppnismálum vitum að brjóti gegn anda íslenskra og evrópskra samkeppnislaga.

Hv. formaður menntamálanefndar, hæstv. ráðherrar og þingmenn stjórnarliðsins hafa varist þeirri skoðun sem ég var að reifa og margir hafa gert á undan mér, innan og utan þings, með þrenns konar rökum. Í fyrsta lagi hefur hv. formaður menntamálanefndar klifað á því að lögin um Ríkisútvarpið verði sérlög sem gangi þess vegna framar samkeppnislögum. Athyglisvert er að stjórnarliðið vísar í þessu efni aftur og aftur til fordæmis úr búvörulögum þar sem er að finna sérstakt ákvæði sem undanþiggur greinar innan landbúnaðar frá ákvæðum samkeppnislaga.

Frú forseti. Á þessu er náttúrlega sá reginmunur að landbúnaðurinn er ekki orpinn undir Evrópska efnahagssvæðið. Þar af leiðandi gegnir allt öðru máli um hann en útvarpsrekstur sem aftur á móti er það. Þess vegna er ekki hægt að beita þessum lögum. Það vekur svo eftirtekt mína sem er ekki líkt því eins sjóaður í samkeppnisfræðum og t.d. hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, og hugsanlega formaður menntamálanefndar að ýmis lög sem sökum eðlis síns sem sérlaga undanþiggja tiltekna þætti í samfélaginu frá öðrum lögum. Það er allajafna gert með sérstöku jákvæðu ákvæði. Mér finnst það athyglisvert. Það er hugsanlegt að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson geti skýrt það auðveldlega fyrir mér. Hann hefur ekki gert tilraun til þess nema með frammíköllum, en mér finnst athyglisvert og undarlegt að í RÚV-frumvarpinu sé ekki að finna neitt slíkt ákvæði.

Ég rifja það upp að þetta komst líka til tals við fyrri umræður málsins. Þá fengust aldrei nein sérstök svör við þessu. Það er auðvelt fyrir hæstv. menntamálaráðherra og formann menntamálanefndar sem bæði eru lögfræðimenntuð að segja við mig sem er bara aumur líffræðingur og líffeðlisfræðingur og ekki einu sinni með pungapróf í lögfræði en hef hins vegar komið að því nokkrum sinnum síðustu 16 árin að setja lög að ég hafi bara ekkert vit á samkeppnislögum og þess vegna fari ég með tóma þvælu.

Frú forseti. Menn sem jafnvel hafa heyjað sér meiri menntunar á sviði lögvísinda en þessir tveir ágætu þingmenn Sjálfstæðisflokksins halda því fram að þetta sé nauðsynlegt. Ég vísa í því efni til hæstaréttarlögmannsins Ástráðs Haraldssonar sem hefur af því atvinnu og vonandi góðar tekjur að kenna lögvísindi við íslenska háskóla. Hann er þeirrar skoðunar. Ég spyr hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson: Hvers vegna var hann ekki kallaður fyrir nefndina og látinn svara fyrir þetta?

Frú forseti. Þetta var fyrsta röksemdin af þremur sem ég hef heyrt ríkisstjórnina og þingmenn stjórnarliðsins færa gegn því viðhorfi sem ég flutti um samkeppnismálin. Í öðru lagi hefur stjórnarliðið bent á að auglýsingasala almenningsútvarpa sé heimil samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Það er rétt að svo er en einungis svo fremi að hún hafi, svo ég vísi í orðsendingu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 2001 sem er að finna m.a. í nefndaráliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„svo fremi það hefur ekki áhrif á samkeppni á viðeig-

andi mörkuðum (t.d. auglýsingar, öflun og/eða sala á dagskrárefni) að því marki sem er ósamrýmanlegt hagsmunum bandalagsins."

Frú forseti. Sú staðreynd að ríkisstjórnin kýs ekki að fara þær leiðir sem Samkeppniseftirlitið vísar á til að koma í veg fyrir það sem það kallar samkeppnislega mismunun bendir mér a.m.k. ekki til að lögin um Ríkisútvarpið standist forsendur EES. Ég er ekki einn um þá skoðun eða við í stjórnarandstöðunni. Lögvísindamenn eins og Ástráður Haraldsson halda þessu líka fram. Ef menn sem teljast til starfandi fræðimanna á sviði lögfræðinnar eru þeirrar skoðunar getum við ekki — bæði þeir sem eru á móti frumvarpinu og með því — a.m.k. fallist á að það ríki óvissa um þetta? Að sjálfsögðu. Er það hlutverk ríkisstjórnarinnar að setja fram lög, koma þeim í gegn með offorsi og valdbeitingum, sem setja eina af lykilstofnunum samfélagsins í uppnám? Nei, ég held að við hljótum að geta verið sammála um að svo er ekki.

Þriðja röksemdin sem ég hef heyrt ríkisstjórnina halda fram gegn þessu viðhorfi er að hún segir að Ríkisútvarpið hafi hvort sem er lengi haft tekjur af auglýsingasölu með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir í frumvarpinu um RÚV og af þeim sökum sé ekkert við frumvarpið að athuga. Ég tel að það sé ekki heimilt út frá lögmálum rökfræðinnar að draga ályktun af þessu tagi og ég tel að hún sé kolröng. Eftir að Ísland gekkst fyrir röskum áratug undir reglur Evrópska efnahagssvæðisins hefur Ríkisútvarpið verið á gráu svæði í þessum efnum. Ég lít svo á að fyrir þann tíma hafi ekki verið hægt að halda því fram en með upptöku þeirra skuldbindinga sem við þá gengumst undir sé hægt að halda því fram a.m.k. að Ríkisútvarpið sé á gráu svæði. Eftir því sem sá réttur þróast og er framkvæmdur t.d. í gegnum dóma og úrskurði held ég að það sé alltaf að þokast lengra út á jaðar þessa gráa svæðis í öllu falli.

Almenningsútvörp hafa haft heimildir til þess að afla sér tekna með auglýsingum og það er ákaflega líklegt — þó að reynt hafi töluvert á þann rétt — að ef um væri að ræða ríkisstofnun að óbreyttu formi væru meiri líkur á því að það teldist hlíta reglunum. En við skulum ekki gleyma því að einmitt vegna þess að þetta er talið vera á gráu svæði, a.m.k. af mörgum í atvinnulífinu, þá er verið að láta á það reyna. Borist hefur kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna þessa og það virðist sem það sé beinlínis verið að bíða með að afgreiða hana þangað til þetta mál er frá. Í öllu falli finnst mér að í þessu tilviki og gagnvart þeirri röksemd skipti það hins vegar langmestu máli að þegar RÚV verður breytt úr hefðbundinni ríkisstofnun og gert að hlutafélagi, sem er einkaréttarlegs eðlis, verða kærur á hendur þess skoðaðar í allt öðru ljósi.

Ég er þeirrar skoðunar að fyrirtæki sem ætlar að notfæra sér ávinninga hlutafélagaformsins verði líka látið sæta þeim stífu reglum af eftirlitsstofnunum og dómstólum, þar á meðal samkeppnisreglum, sem önnur hlutafélög sem keppa við þá á markaði verða að gangast undir. Ég tel að þegar búið verður að formbreyta rekstri Ríkisútvarpsins, flytja það úr véböndum ríkisstofnunar á hinn haslaða völl hlutafélags sé það ekki lengur á gráu svæði og þá verði það að sæta sama samkeppnisumhverfi og önnur hlutafélög. Ég óttast þess vegna að sú formbreyting leiði til þessara drastísku afleiðinga að þegar boðuð kæra kemur fram á hendur hinu nýja hlutafélagi muni hún leiða til þeirrar niðurstöðu. Það getur haft tvennt í för með sér. Í fyrsta lagi að Ríkisútvarpið ohf. verði látið sæta miklum fésektum sem íslenska ríkið þarf þá að standa skil á og jafnframt að settar verði miklu þrengri skorður í kringum auglýsingatekjuöflun þess en gildir í dag.

Þetta held ég að geti gerst og ég óttast þess vegna að breytingin á rekstrarformi RÚV muni innan fárra ára leiða til þess að fjárhagslegur grundvöllur fyrirtækisins verði miklu veikari en í dag og að erfitt verði að reka það sem ríkisfyrirtæki. (**KolH:** Þetta auðveldar þeim söluna.) Ég er að segja það. Ég spyr þess vegna í framhaldi af frammíkalli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, sem hugsar þetta alveg eins og ég, þ.e. rökleiðsluna, hvort hugsanlegt sé að þetta sé tilgangurinn með offorsi ríkisstjórnarinnar í málinu.

Er kannski allt annað undir niðri á hinni huldu dagskrá hjá þeim sem hafa verið að berjast fyrir einkavæðingu og sölu en við höfum fengið að vita? Í því efni vísa ég til þess sem hv. formaður menntamálanefndar sagði fyrir tveimur dögum. Hann upplýsti þá að hann væri klár á því og það væri skoðun hans að gagnvart íslenskum samkeppnisreglum væri Ríkisútvarpið á núverandi rekstrarformi ekki bara á gráu svæði heldur væri það andstætt anda þeirra reglna. Ég dró hins vegar þá ályktun af því að þar sem íslenskar samkeppnisreglur eru settar og samræmdar gagnvart hinum evrópsku sé það líka í andstöðu við þær. (Gripið fram í.) Þó að jafnvel hv. þingmaður gæti fært einhver rök fyrir því að sökum eðlis sérlaga væri Ríkisútvarpið eftir formbreytinguna undanþegið íslenskum samkeppnislögum og -reglum mun það aldrei ganga gagnvart evrópskum reglum. Þetta óttast ég.

Ég tel sem sagt, til þess að ég reyni að hnappa þessu saman sem ég er að segja um samkeppnismálin, að breytingarnar sem felast í því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi muni leiða til málaferla vegna árekstrar við Evrópureglurnar sem gilda um samkeppnismál. Ég tel að hið harkalega álit Samkeppniseftirlitsins sem ég hef gert að töluverðum þætti í ræðum mínum í dag kalli beinlínis eftir því að væntanlegir keppinautar Ríkisútvarpsins ohf. hefji slíkt mál. Ég tel að ef ríkisstjórnin tapar því muni hún ekki aðeins þurfa að greiða háar fébætur heldur líka að gangast undir mjög þrengjandi reglur fyrir fyrirtækisins hönd varðandi tekjuöflun af auglýsingasölu í framtíðinni. Ég tel þess vegna að þetta gæti falið í sér rothögg fyrir fjárhagslegan grundvöll fyrirtækisins en ég vona að svo sé ekki.

[18:40]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Við ræðum um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Í svo viðamiklu máli eru fjölmörg álitamál eins og rakið hefur verið bæði af þingmönnum stjórnarandstöðunnar og stjórnarliða. Þess vegna er rík ástæða fyrir þingheim að taka góðan tíma í umræðuna. Búið er að segja ýmislegt um málið og búið að fara ítarlega yfir helstu annmarka þess. Ég ætla ekki að endurtaka málflutning félaga minna en mig langar samt að koma inn á nokkur atriði.

Í upphafi máls míns langar mig að taka það sérstaklega fram að ég hef sagt að ég er ekki á móti hlutafélagavæðingu

Ríkisútvarpsins í sjálfu sér ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. En þau skilyrði eru ekki uppfyllt að mínu mati og ég mun fara yfir þau á eftir. Ég vil einnig halda því til haga að Samfylkingin hefur aldrei verið á móti út í gegn hlutafélagaforminu í ríkisrekstrinum, eins og formaður flokksins benti á í ræðu sinni í desember sl. um sama mál. Hins vegar hefur verið á það bent, m.a. af Arnari Þór Mássyni, sérfræðingi í fjármálaráðuneytinu, að ýmiss konar sérstaða verði fyrir hendi sé ríkisrekstur hlutafélagavæddur. Þá sérstöðu er komið inn á í nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar og er ekki ástæða til að endurtaka þann málflutning. Eins og formaður Samfylkingarinnar hefur einnig bent á í umræðunni getur hlutafélagaformið verið hentugt fyrir ríkisrekstur, t.d. ef ætlunin er að selja viðkomandi fyrirtæki eða ef hugsunin er að fá fleiri aðila í reksturinn eða ef hugmyndin er að sækjast eftir fjármagni á markaðnum.

Eins og ég skil málið og málflutning hv. þingmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á þetta ekki við Ríkisútvarpið. Ég sé því ákveðna kosti við hlutafélagaformið, en mér er hins vegar ekki sama hvernig sú hlutafélagavæðing á sér stað hvað varðar ríkisfjölmiðil. Auðvitað er hægt að styðja sitthvað í frumvarpinu, t.d. er í því ákvæði um að leggja skuli rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Talað er um að áherslu beri að leggja á eflingu innlendrar dagskrárgerðar o.s.frv. Hins vegar, og ég ítreka það, er fjölmargt sem ég get ekki sætt mig við í frumvarpinu. Mig langar aðeins að fara yfir þau atriði og draga þau helstu fram.

Í fyrsta lagi tel ég afskaplega mikilvægt að sjálfstæði fjölmiðilsins sé að öllu leyti tryggt. En fram hafa komið í umræðunni og í samfélaginu efasemdir um að svo sé í frumvarpinu. Bent hefur verið á að meirihlutavald ríkisstjórnarinnar muni ná í stjórn Ríkisútvarpsins, en það er auðvitað grundvallaratriði að mínu mati að ríkisfjölmiðillinn sé sjálfstæður að öllu leyti og hafinn yfir hvers konar vafa eða tortryggni. Ákveðin öfl hér á landi hafa talið einhvern akk í því að efast um trúverðugleika ríkisfjölmiðilsins. Það vill svo til að flestar þeirra radda koma úr einni átt, úr Sjálfstæðisflokknum. En á meðan hefur þjóðin svo sannarlega kveðið upp dóm sinn, að fréttastofa Ríkisútvarpsins er sú fréttastofa sem þjóðin treystir hvað best.

Í öðru lagi eru einnig efasemdir um það hvort frumvarpið standist kröfur samkeppnisréttar. Það er grafalvarlegt að mínu mati. Mig langar að eyða tíma mínum fyrst og fremst til að ræða þau mál. Því eigi að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og það enn þá látið vera virkt á samkeppnismarkaði tel ég að samkeppnislög muni gilda um fjölmiðilinn eins og samkeppnislög gera varðandi aðra fjölmiðla. Hér þarf sérstaklega að líta á þátttöku Ríkisútvarpsins ohf. á auglýsingamarkaði og síðan að sjálfsögðu á nefskattinn sem í skilningi samkeppnislaga telst auðvitað ríkisaðstoð. Reglur um ríkisaðstoð og samkeppnisreglur ESB eru sameiginlegar á innri markaðnum og við erum því bundin þeim reglum sem Evrópusambandið setur hvað þetta varðar.

Ég þarf ekki að minna hv. þingmenn á það að EES-samningurinn er lögfestur samningur hér á landi og sömuleiðis ber að skýra íslensk lög í samræmi við EES-samninginn samkvæmt bókun 35 í þeim samningi. Þetta ber að sjálfsögðu að hafa í huga þegar um er að ræða hvort frumvarpið standist kröfur samkeppnisréttarins. Ég heyrði í gær málflutning hv. stjórnarþingmanns, Dagnýjar Jónsdóttur, þar sem hún benti á fordæmið varðandi BBC, breska ríkisútvarpið. Eins og ég skildi orð hennar, þá dró hún upp að þetta væri sambærileg staða og Ríkisútvarpið ohf. yrði í hvað varðar samkeppnisréttinn. En ég hjó eftir því að hún gat þess ekki að BBC er að sjálfsögðu ekki á auglýsingamarkaði en RÚV ohf. mun verða það.

Samkeppniseftirlitið gaf umsögn við meðferð málsins. Mig langar að vitna í hana sem ég tel vera grundvallaratriði þegar kemur að umræðu um frumvarpið. Þetta er afskaplega skýrt að mínu mati. Með leyfi forseta þá stendur í umsögn Samkeppniseftirlitsins:

„Samkeppniseftirlitið telur ljóst að RÚV muni geta nýtt umrædda ríkisaðstoð til framleiðslu eða kaupa á m.a. vinsælu dagskrárefni. Það skapar eða eykur áhorf og hlustun hjá RÚV og styrkir þar með stöðu félagsins á markaði fyrir auglýsingar. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að umrædd samkeppnisstarfsemi RÚV á sviði auglýsinga verður niðurgreidd með þeirri ríkisaðstoð sem félagið mun njóta. Einkareknar útvarpsstöðvar hafa hins vegar einungis auglýsingatekjur og/eða áskriftartekjur til þess að afla sér dagskrárefnis. Að mati Samkeppniseftirlitsins raskar þetta fyrirkomulag samkeppni á viðkomandi auglýsingamörkuðum."

Litlu neðar í umsögninni stendur einnig, með leyfi forseta:

„Til að koma í veg fyrir þá samkeppnislegu mismunun sem af því leiðir að RÚV starfi á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun í frjálsri samkeppni við aðra aðila jafnframt því að hafa tekjur af skattfé til að inna af hendi skilgreinda útvarpsþjónustu í almannaþágu kemur tvennt til greina að mati Samkeppniseftirlitsins:

RÚV hverfi af auglýsingamarkaði og starfsemi þess verði alfarið kostuð af opinberum fjárframlögum. Er sú leið algeng meðal Evrópuríkja eins og fram kemur í skýringum með frumvarpinu.

Ef RÚV starfar á auglýsingamarkaði fari sú starfsemi fram á vegum sérstakrar hljóð- og sjónvarpsstöðvar eða -rása sem alfarið verði fjármagnaðar af auglýsingatekjum og kostun þannig að tryggt sé að þessi samkeppnisstarfsemi RÚV verði ekki niðurgreidd með skattfé."

Nú blasir við okkur og þingheimi að hvorug þessara leiða er farin. Hvorug þessara leiða sem samkeppnisyfirvöld benda á að ætti að fara til að hægt væri að koma í veg fyrir hina svokölluðu samkeppnislegu mismunun. Þar sem stjórnarmeirihlutinn vill ekki fara þessar leiðir blasir við að frumvarpið fer í bága við samkeppnislög. Bannað er að niðurgreiða þjónustu á samkeppnisgrunni með fjármagni sem fengið er af öðrum grunni svo sem ríkisaðstoð eða ríkisfé.

Við höfum fjölmörg fordæmi og mörg þeirra tengjast Landssímanum sem ég veit að margir þingmenn muna eftir á árum áður. Við sjáum einnig að skilgreiningin á útvarpsþjónustu í almannaþágu í 3. gr. frumvarpsins er talsvert víðtæk, en í 3. tölulið 3. gr. frumvarpsins kemur fram að það sé útvarpsþjónusta í almannaþágu að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Í þessum tölulið þessarar greinar frumvarpsins er afskaplega víðtækt hlutverk og það getur verið hætta á að frumvarpið fari í

bága við samkeppnislög í ljósi þeirrar stöðu sem gæti komið upp ef hluti af skattfé væri notað til að greiða niður rekstur á hefðbundnum samkeppnisgrunni.

Talsvert hefur verið rætt um hvort samkeppnislögin muni taka til Ríkisútvarpsins. Mig langar aðeins að fara yfir það. En í 1. gr. samkeppnislaga segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Áfram segir í 2. gr. samkeppnislaga, með leyfi forseta:

„Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Ef við kíkjum aðeins neðar í lögin á 8. gr., þá segir að hlutverk Samkeppniseftirlitsins sé m.a. í c. lið:

„Að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaði."

Samkeppniseftirlitið er búið að því í umsögn sinni. Þeir bentu á tvenns konar leiðir sem ríkisstjórnarmeirihlutinn á þingi vill hvoruga fara.

14. gr. í samkeppnislögunum er talsvert merkileg grein í þessu sambandi því þar stendur, með leyfi forseta:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar."

Þetta langar mig til að skoða aðeins nánar enda er það grundvallaratriði að samkvæmt frumvarpinu á að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Það á að hafa það enn þá virkt á auglýsingamarkaði og það á að geta þegið nefskatt sem er auðvitað ríkisaðstoð í skilningi laga og enginn sem deilir um það.

Ef við förum aðeins nánar yfir 14. gr. samkeppnislaga sem ég held að sé grundvallargrein hvað þetta varðar, þá hefur þetta ákvæði að geyma heimild fyrir samkeppnisyfirvöld til að mæla fyrir um að það skuli aðgreina fjárhagslegan rekstur þeirrar starfsemi sem er í samkeppni og síðan rekstur annarrar starfsemi hjá opinberu fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar í skjóli einkaleyfis og verndar. Það er fróðlegt að rifja það upp fyrir þingheimi að þetta ákvæði kom í samkeppnislögin á síðari stigum meðferðar Alþingis. Umfjöllun um það náði því ekki í greinargerð frumvarpsins. Eina lögskýringargagnið hvað þetta varðar á þessu grundvallarákvæði er því nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar á þeim tíma. Þar segir einfaldlega að tilgangur ákvæðisins sé að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi. Varðandi það hvernig samkeppnisrekstur hefur verið túlkaður er hægt að benda á fjölmargar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda að hugtakið samkeppnisrekstur beri að vera skýrt mjög rúmt. Skilyrðin fyrir beitingu 14. gr. samkeppnislaga eru í fyrsta lagi að um sé að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar.

Hér gæti verið um að ræða opinbert fyrirtæki eða jafnvel fyrirtæki sem starfar í skjóli einkaleyfis. Það er yfirleitt ljóst ef fyrirtæki starfar í skjóli einkaleyfis. Við höfum dæmi um Póst og Síma sem hafði einkarétt á því að veita almenna talsímaþjónustu á Íslandi til skamms tíma. Ég get bent á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 30/1994, um kvörtun Radíómiðunar vegna sölu notendabúnaðar. Sömuleiðis á aðra ákvörðun samkeppnisráðs nr. 8/1995 en það laut að einkaleyfi á sviði póstþjónustu.

Í öðru lagi getur undir þessu skilyrði verið um að ræða fyrirtæki sem nýtur opinberrar verndar. Hér er að sjálfsögðu fleira sem getur fallið undir. Hægt er að benda á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/1996, erindi Sólar hf. um starfsemi Mjólkursamsölu KEA þar sem opinber vernd var talin felast í niðurgreiddu hráefni, verðtilfærslu og verðmiðlun samkvæmt búvörulögum. Einnig höfum við fróðlega niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins sem lýtur að því þegar einkaréttur Landssímans var felldur niður. Þar má minnast á svokallað breiðbandsmál. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að 14. gr. samkeppnislega ætti ekki lengur við Landssímann þar sem einkaleyfi var ekki lengur fyrir hendi.

Annað meginskilyrði fyrir 14. gr. sem á kannski meira við í umræðunni lýtur að því að sú grein getur átt við þegar hluti rekstrar er í frjálsri samkeppni. Hér getur Ríkisútvarpið ohf. verið undir. Fyrirtækið þarf sem sagt jafnframt að starfa í frjálsri samkeppni til að 14. gr. eigi við. Hér höfum við hið klassíska KEA-mál, nr. 26/1996, og kirkjugarðsmálið, nr. 32/1996, sem ég veit að þeir sem eru löglærðir kannast við. Hér höfum við einnig eitt mál sem lýtur að Ríkisútvarpinu. Ákvörðun samkeppnisráðs, nr. 21/1995, og úrskurður áfrýjunarnefndar, nr. 18/1995, sem laut að innanhússframleiðslu hjá Ríkisútvarpinu. Ég kem aðeins nánar að þeirri afgreiðslu samkeppnisyfirvalda á eftir.

En hver er tilgangurinn með 14. gr. sem gæti reynt á ef frumvarpið verður að lögum? Eins og áður hefur verið rakið er tilgangur hins fjárhagslega aðskilnaðar að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af starfsemi sem er rekin í skjóli einkaleyfis eða nýtur verndar með öðrum hætti. Þetta ákvæði er heimildarákvæði sem samkeppnisyfirvöld geta beitt til að girða fyrir slíkar niðurgreiðslur.

Nú langar mig að koma að mjög mikilvægum þætti sem ég veit ekki hvort hefur komið fram í umræðunni áður, að það er ekki skilyrði að sýnt hafi verið fram á að viðkomandi færi í reynd fjármuni á milli verndaðra hluta rekstrarins og samkeppnisrekstrarins heldur er nægjanlegt að hætta sé á slíkri niðurgreiðslu. Þetta er mikilvægur punktur að mínu mati því það þarf einungis að vera hætta á slíkum tilflutningi en það þarf ekki að gerast í raun og veru. Það þarf ekki að vera tilfærsla á fjármunum eða tekjum sem fást í

stofnun eða hlutafélag vegna verndar eða nefskatts og þær færðar yfir í samkeppnisreksturinn. Það þarf ekki að vera eiginleg tilfærsla heldur er einungis átt við að sá möguleiki sé fyrir hendi. Ég mun fara yfir fordæmi hvað það varðar á eftir.

Mig langar að minnast á nokkrar niðurstöður samkeppnisyfirvalda, t.d. ákvörðun samkeppnisráðs, nr. 8/1995, og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála um sama mál, nr. 12/1995. Málið lýtur að Póst- og símamálastofnun gegn samkeppnisráði. Það laut að erindi póstdreifingar. Í því máli var ekki á því byggt að um niðurgreiðslu þyrfti að ræða í reynd til þess að 14. gr. væri beitt.

Við höfum einnig merkilegt mál sem lýtur að þessu, svokallað KEA-mál, ákvörðun nr. 26/1996. Þar var því beinlínis haldið fram í málflutningi fyrir áfrýjunarnefndinni að ekki væri um niðurgreiðslur að ræða í reynd og því væri ekki heimilt að beita 14. gr. En áfrýjunarnefnd samkeppnismála tók ekki undir þau rök KEA og staðfesti ákvörðun ráðsins með úrskurði nr. 13/1996. Rök samkeppnisráðs voru því samþykkt, að 14. gr. samkeppnislaga væri heimildarákvæði sem ráðið mætti beita til að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur væri niðurgreiddur af starfsemi sem rekin er í skjóli einkaleyfis eða njóti verndar með öðrum hætti. Það er því ekki skilyrði að sýnt hafi verið fram á að viðkomandi fyrirtæki hafi í reynd fært fjármuni á milli verndaðs hlutar og samkeppnisrekstrar. Það þarf ekki að hafa gerst, einungis þarf sá möguleiki að vera fyrir hendi. Þess vegna er það ábyrgðarhluti þingsins að girða fyrir að hér sé ekki hætta á þessari ólöglegu tilfærslu.

Fjárhagslegur aðskilnaður er að sjálfsögðu sömuleiðis mikilvægur fyrir gegnsæi bókhaldsins til að unnt sé að sjá hvort um millifærslur sé að ræða. Ég get í framhjáhlaupi bent áhugasömum á ákvörðun ráðsins nr. 14/1995.

Við höfum dæmi frá Danmörku, svokallað TV2-mál. Sú sjónvarpsstöð var sektuð af Evrópusambandinu þar sem hluti af ríkisframlaginu var nýttur í samkeppnisreksturinn. Þetta voru háar sektir sem hugsanlega gæti verið hætta á ef við förum þá leið sem ríkisstjórnin vill fara í málinu. Ég minni enn og aftur á að það þarf einungis að vera hætta á tilfærslu. Hún þarf ekki að hafa átt sér stað.

Nú skulum við líta aðeins á þá reglu, eins og hún hefur verið kölluð, um að sérlög gangi framar almennum lögum. En stjórnarmeirihlutinn hefur skýlt sér á bak við hana þegar kemur að frumvarpinu. Til að átta sig á þessu þarf fyrst að líta á svokallaða Djúpuvíkurreglu sem byggist á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 31/1995 og úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 24/1995. Reglan birtist í 17. gr. samkeppnislaga þar sem samkeppnislögin eru látin taka til athafna opinberra aðila að því marki sem þau kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni og að því tilskildu að sérreglur hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldur til slíkra athafna.

Hér hefur verið bent á fordæmi hvað varðar búvörulögin. Það er rétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur bent á að í búvörulögunum er beinlínis sérstakt ákvæði um að viðkomandi háttsemi beri að vera undanþegin samkeppnislögum. Nú höfum við fjölmarga úrskurði og ákvörðun samkeppnisyfirvalda um þessa spurningu um hvort tiltekin háttsemi sem snertir búvörur heyri undir samkeppnislög.

Þessu til upplýsingar langar mig að fara yfir þrjú mál. Ef við lítum bara á nýjasta málið sem ég hef hér í mínum fórum, þá er það nýlegur úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála, nr. 8/2006, í máli Osta- og smjörsölunnar sf gegn Samkeppniseftirlitinu. Þetta mál kom hér til tals vegna annarrar umræðu hér fyrir jól.

Í þessum úrskurði kemur fram það sem ég held að gæti verið upplýsandi fyrir hv. formann menntamálanefndar. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Þegar sérákvæðum af þessu tagi sleppir, svo sem varðandi verðákvörðun, falla viðskipti með búvörur undir svið samkeppnislaga, eins og skýrlega er sýnt fram á í hinni kærðu ákvörðun, og kemur þá til kasta samkeppnisyfirvalda, sem hafa þá lögsögu bæði um eftirlit og ákvarðanir á grundvelli samkeppnislaga."

Í þessu máli var röksemdum Osta- og smjörsölunnar beinlínis hafnað af samkeppnisyfirvöldum þar sem samkeppnislög ættu ekki að gilda um viðskipti með vörur sem verðlagðar væru á grundvelli búvörulaga að því er varðar önnur atriði en verðlagninguna sjálfa.

Til að skýra þetta enn frekar langar mig að minnast á einn klassískan úrskurð samkeppnisyfirvalda sem lýtur að samráði eggjaframleiðenda. Þetta mál er nr. 4 frá árinu 1996. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Hvorki búvörulögin sjálf né aðrar réttarheimildir sem settar eru með stoð í þeim hafa að geyma sérreglur sem fjalla beint eða óbeint um heimild til að skipta eggjamarkaðnum eða heimild til þess að takmarka aðgang nýrra framleiðenda. Ber því að beita almennum ákvæðum samkeppnislaga um þessi atriði enda hafa ekki verið færð rök fyrir því að beiting samkeppnislaga í því tilviki sem hér um ræðir sé andstæð markmiðum búvörulaganna um ákvörðun verðs til framleiðenda og heildsöluverðs."

Þá töldu samkeppnisyfirvöld sem sagt að ákvæði búvörulaga heimiluðu ekki sérstaklega félaginu að skipta á milli sín mörkuðum og sú ályktun var þá dregin að samkeppnislög giltu þá um þá háttsemi. Það hefði þurft pósitíft ákvæði í búvörulögin hvað þetta varðar til að koma í veg fyrir að samkeppislög giltu um þetta atriði. Slíkt var ekki í lögunum sem laut að skiptingu eggjamarkaðarins eins og eggjaframleiðendur höfðu gert.

Annað mál sem undirstrikar þetta er einmitt þessi ákvörðun samkeppnisráðs um Ríkisútvarpið, en þetta er ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1995. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkeppnislögin eru almenn lög á því víða sviði sem þau taka til. Þau taka samkvæmt 1. mgr. 2. gr. til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum."

Svo kemur setningin sem ég held að sé lykilatriði, með leyfi forseta:

„Verður því að telja að útvarps- og sjónvarpsrekstur falli undir lögin, enda er hann ekki sérstaklega undan þeim skilinn."

Af þessum þremur niðurstöðum og ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins og -yfirvalda á hverjum tíma er hægt að ályktа að sé það ekki beinlínis tekið fram að tiltekin háttsemi sé undanþegin samkeppnislögum þá gilda samkeppn-

islögin. Þetta kemur skýrt fram í þessum úrskurðum og ákvörðunum samkeppnisyfirvalda. Í þessu frumvarpi sem hér um ræðir, um Ríkisútvarpið, er ekkert slíkt ákvæði. Samkeppnislögin munu því gilda um Ríkisútvarpið að mínu mati og ég held að þau fordæmi sem ég hef farið hér yfir styðji það.

Mig langar einnig að benda á þessu til stuðnings að fjölmörg mál sem snerta ríkisfjölmiðla annarra Evrópuríkja hafa komið til kasta evrópskra samkeppnisyfirvalda. Þetta hafa allt verið ríkisfjölmiðlar sem hafa starfað eftir sérstökum lögum í sínum löndum en engu að síður hefur ESB gert athugasemdir á grunni samkeppnisreglna sambandsins. Að mínu mati heldur það því ekki vatni að segja að þar sem við munum hafa sérstök lög um Ríkisútvarpið ohf. megi álykta sem svo að samkeppnislög gildi einfaldlega ekki um þá starfsemi. Það þarf svo sem ekki að leita lengra en í umsögn Samkeppniseftirlitsins í þessu máli. Samkeppniseftirlitið gerir ráð fyrir að þetta frumvarp þurfi að lúta samkeppnislögum enda bendir Samkeppniseftirlitið sjálft á þær leiðir sem ætti að fara til að hægt verði að koma í veg fyrir samkeppnislega mismunun Það eru því mjög sterk rök að mínu mati fyrir því að samkeppnislög muni gilda um Ríkisútvarpið ohf. nema það sé sérstaklega undanþegið og það er ekki gert í þessu frumvarpi. Af því að það eru réttmætar efasemdir um að þetta frumvarp geti uppfyllt samkeppnislög og þar af leiðandi verið grundvöllur málaferla er það mjög bagaleg staða og getur verið mjög kostnaðarsöm fyrir alla aðila. Hv. formaður hv. menntamálanefndar segist þó vera sannfærður í þessum ræðustól að hann telji að samkeppnislög eigi ekki að gilda um Ríkisútvarpið. Nú langar mig bara að setja það í samhengi að hugsanlega er þessi afstaða ekki skrýtin hjá hv. þingmanni í ljósi þess hvað honum finnst um samkeppnislög almennt. Við skulum rifja það aðeins upp. (Gripið fram í.)

Árið 2001 er hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson spurður í tímaritinu Lagakrókum hvort samkeppnislög eigi rétt á sér. Hv. þingmaður segir, með leyfi forseta:

„Nei. Ef aðili á markaði níðist á neytendum eða öðrum aðilum á markaði eiga markaðslögmál að fá að leiðrétta slíkt en ekki eftirlitsstofnun á vegum hins opinbera."

Þetta sagði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, núverandi formaður menntamálanefndar fyrir nokkrum árum.

Önnur spurning í sama tímariti er svona, með leyfi forseta:

„Hver eiga viðurlög við brotum á samkeppnislögum að vera?"

Svar hv. þingmanns er, með leyfi forseta:

„Þar sem ég er mótfallinn samkeppnislögum tel ég að viðurlögin eigi engin að vera. Viðurlög markaðarins eru nægilega hörð. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að samkeppnisyfirvöld hafi farið langt fram úr sér í nýlegum lögum þar sem lagðar hafa verið allt of þungar sektir á aðila á markaði sem sakaðir eru um brot á samkeppnislögum."

Þetta sagði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sömuleiðis fyrir nokkrum árum. (Gripið fram í.)

Hér höfum við formann menntamálnefndar sem er bara mótfallinn samkeppnislögunum í eðli sínu, punktur. Þá er kannski ekkert skrýtið að honum finnist ekki að samkeppnislögin eigi að gilda um Ríkisútvarpið og haldreipi hans sem lýtur að því að sérlögin fyrirbyggi að samkeppnislögin gildi um Ríkisútvarpið ohf. halda ekki vatni í ljósi þeirra fordæma sem við höfum fyrir framan okkur.

Á móti er það ríkt í hugmyndafræði jafnaðarmanna að hafa sterk samkeppnislög sem byggjast á almennum leikreglum. Hæstiréttur Bandaríkjanna kallaði samkeppnislög stjórnarskrá atvinnulífsins. Ég held að hann hafi kallað þetta Magna Carta atvinnulífsins. Það er svona til að undirstrika skilning þess dómstóls þar í landi hvaða sess samkeppnislög og -reglur eiga að hafa.

En einnig önnur atriði en skortur á sjálfstæði fjölmiðilsins og efasemdir um að þetta frumvarp standist samkeppnislög koma í veg fyrir að ég geti stutt þetta mál í heild sinni. Það er búið að fara hér ítarlega yfir meðferð svokallaðra EES-gagna og hér hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd bent á að þeir hafi ekki fengið nægilegan tíma til að fara yfir þau þungavigtargögn. Til fróðleiks má enn og aftur rifja upp ritstjórnargrein í Fréttablaðinu á sunnudaginn var.

Þar segir ritstjóri blaðsins, með leyfi forseta:

„Athygli hefur vakið að stjórnvöld hafa haldið leyndum fyrir Alþingi mjög mikilvægum skjölum um samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA vegna samkeppnismálanna. Augljóst má vera að þeir sem bera stjórnskipulega ábyrgð á samkeppnismálum hafa talið að birting þeirra myndi veikja röksemdafærsluna.

Nú liggur fyrir að afgreiða á málið án tillits til þeirra efasemda sem þessi skjöl geyma. Fyrir liggur að innan skamms tíma mun Eftirlitsstofnun EFTA úrskurða í kærumáli sem hún hefur til meðferðar. Það getur haft veruleg áhrif á stöðu Ríkisútvarpsins. Rétt málsmeðferð hefði því verið að móta nýja löggjöf um Ríkisútvarpið þegar Evrópuskuldbindingarnar hafa verið skýrðar að þessu leyti af réttum aðilum."

Ég held að það sé rík ástæða að minna stjórnarliða sem oftast á þessa tilvitnun ritstjóra Fréttablaðsins frá sunnudeginum var.

Mig langar að skauta yfir önnur atriði því aðrir þingmenn hafa gert betur grein fyrir því sem kemur í veg fyrir að ég geti stutt þetta frumvarp. Ég til dæmis get ekki sætt mig við þátttöku ríkisfjölmiðilsins á auglýsingamarkaðnum. Ég er einn af þeim sem telja að ríkið eigi ekki að taka þátt á þeim samkeppnismarkaði. Það eru alveg sérstakar röksemdir fyrir tilvist ríkisfjölmiðils en þær röksemdir eru ekki fyrir hendi þegar kemur að tilvist ríkisfjölmiðilsins á auglýsingamarkaðnum. Ég tel að núverandi staða og sú staða sem uppi verður eftir að þetta frumvarp verður að lögum þrengi um of að einkaframtakinu í fjölmiðlun og flóran verði því ekki eins fjölbreytileg og hún hugsast gæti. Við sjáum að ítök ríkisfjölmiðils á auglýsingamarkaði þrengja ekki bara að núverandi aðilum á markaði heldur koma í veg fyrir að nýir aðilar geti komist inn á markaðinn. Ég er því einn af þeim sem telja að ríkisfjölmiðill eigi ekki að vera á auglýsingamarkaðnum og að við ættum að fjármagna ríkisfjölmiðilinn öðruvísi eins og aðrar þjóðir hafa nú gert.

Annað atriði sem ég á erfitt með að samþykkja er nefskatturinn. Ég tel það hvorki skynsamlega né sanngjarna leið. Þó tel ég óþarfa að lengja umræðuna með því að fara yfir þær röksemdir. Þá hefur verið talað hér í umræðunni

um að réttindamál starfsmanna séu í uppnámi og síðan hefur meirihlutavald ríkisstjórnarinnar í hinni nýju stjórn útvarpsráðsins verið gagnrýnt allmikið.

Að lokum langar mig að minnast á einn punkt. Það liggur fyrir og er augljóst fyrir alla sem hafa fylgst með þessari umræðu að verði þetta frumvarp að lögum þá næst ekki sú sátt sem þarf að ríkja um ríkisfjölmiðilinn. Það er jafnvel búið að boða málaferli. Það er búið að tefla fram þeim rökum að hugsanlega standist þetta ekki kröfur samkeppnisréttarins o.s.frv. Það er grundvallaratriði að tiltölulega góð og mikil sátt sé um ríkisfjölmiðilinn. Þess vegna er það afskaplega sanngjörn krafa stjórnarandstöðunnar að stjórnarandstaðan og stjórnarliðar taki nú höndum saman og geri þær breytingar sem flestir eru sammála um að ná í gegn til þess aðeins að straumlínulaga ríkisfjölmiðilinn og gera hann enn hæfari til að efla innlenda dagskrárgerð. En stjórnarliðarnir hafa valið ófriðinn og vilja berja þetta mál í gegn þrátt fyrir að gildistaka frumvarpsins verði komin afskaplega nálægt kosningunum 12. maí. Því vekur það auðvitað þá spurningu af hverju ríkisstjórnarmeirihlutinn leggur svona mikla áherslu á hraðann í þessu máli.

Að þessu sögðu bendi ég enn og aftur á að fjölmargar röksemdir eru fyrir því að ekki er hægt að styðja þetta mál. Ég ítreka það sem ég sagði um hættuna á tilfærslu á milli tekna sem fást vegna verndaða hlutans og til samkeppnisrekstrarins. Sú hætta þarf einungis að vera fyrir hendi. Millifærsla fjármuna þarf ekki að hafa átt sér stað.

Síðan langar mig einnig að rifja það upp að við höfum hér fordæmi um að það þarf að vera pósitíft ákvæði ef það á að undanskilja tiltekna háttsemi frá samkeppnislögum og það er ekki gert í þessu frumvarpi.

[19:12]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að byrja á að leiðrétta hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson sem hélt því fram að ég hefði sagt og það væri mín skoðun að samkeppnislögin giltu ekki um Ríkisútvarpið. Því var hér haldið blákalt fram. Þetta er auðvitað ekkert rétt. Ef hv. þingmaður les þau nefndarálit og framhaldsnefndarálit sem liggja fyrir í málinu frá því að það var lagt fram fyrir þremur árum og til dagsins í dag þá kemur í ljós að svo er ekki. Það er beinlínis rangt að ég hafi haldið því fram að samkeppnislögin gildi ekki um Ríkisútvarpið.

Samkeppnislögin gilda um Ríkisútvarpið og starfsemi þess, þ.e. þann hluta í starfsemi Ríkisútvarpsins sem fellur utan almannaþjónustuhlutverksins. Þetta hefur alltaf verið ljóst. Þetta hefur komið margoft fram í máli forstjóra Samkeppniseftirlitsins. Þetta hefur komið fram í máli okkar stjórnarliða og þeirra sem hafa mælt fyrir þessu máli þannig að það er alveg ljóst að samkeppnislögin gilda um Ríkisútvarpið að undanskilinni þeirri starfsemi sem fellur utan almannaþjónustuhlutverksins.

Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann því hvort hann telji virkilega, og hvort ég hafi skilið hann rétt hér í hans ræðu, þ.e. hvort hann telji að það sé ekki svo að sérlög gangi framar almennum lögum. Ef við heimfærum það upp á núgildandi samkeppnislög og það frumvarp sem hér er til umræðu um Ríkisútvarpið ohf., telur hann virkilega að í því tilviki mundu ákvæði laganna um Ríkisútvarpið ohf. ekki ganga framar ákvæðum samkeppnislaga?

[19:15]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson segir hér skýrt og skorinort að samkeppnislögin gildi um hluta af starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. en engu að síður er hann ekki tilbúinn að fara þær leiðir sem Samkeppniseftirlitið vill benda á. Samkeppniseftirlitið bendir á tvær leiðir, frumvarpið gerir ráð fyrir hvorugri leiðinni. Þess vegna liggur það í augum uppi, hv. þingmaður, að þetta frumvarp fer í bága við samkeppnislög.

Eins og ég benti á í máli mínu er 3. gr. frumvarpsins með afskaplega víðtækt gildissvið. Þar er beinlínis gert ráð fyrir að hluti af almannaþjónustuhlutverki ríkisfjölmiðilsins sé m.a. framleiðsla og kaup á afþreyingarefni. Ég benti á fordæmi því til stuðnings að hér getur verið talsverð hætta á að fjármunir sem fáist í verndaðan hluta þessarar starfsemi fari yfir í hinn svokallaða samkeppnisrekstur. Tilfærslan þarf ekki að hafa átt sér stað heldur hættan. Þetta frumvarp hefur augljóslega í för með sér hættu á því að fjármunir fari þar á milli. Þar af leiðandi fer þetta frumvarp í bága við samkeppnislög.

Varðandi seinni spurninguna um sérlögin þá fór ég hér yfir þrjú fordæmi, síðasta frá árinu 2006 og það elsta frá 1995, sem öll gera ráð fyrir því að séu ekki sérreglur í viðkomandi sérlögum sem undanþiggja tiltekna háttsemi frá samkeppnislögum þá eiga samkeppnisreglur við. Hér hafði ég uppi beinar tilvitnanir í þessa úrskurði sem gera þetta afskaplega skýrt í mínum huga.

[19:17]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mun kannski fara nánar yfir þetta í ræðu minni á eftir vegna þess að ég er næstur á mælendaskrá. En það er ótrúlegt að hlusta á hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson halda því fram að það sé einhver vafi á því að sérlög gangi framar almennum lögum og að í þessu tilviki muni lögin um Ríkisútvarpið ohf. ekki ganga framar samkeppnislögum. Hv. þingmaður, sem er lögfræðingur, reyndi að halda þessu fram og hann er líklega fyrsti maðurinn í þessari umræðu til að halda þessum sjónarmiðum fram og ég fullyrði að þau standast ekki skoðun. Ég veit að hv. þingmaður trúir mér ekki þrátt fyrir að ég sé lögfræðingur vegna þess að ég er pólitískur andstæðingur hans.

Þá skulum við vitna til þess sem æðsti maður samkeppnismála, sem líka er lögfræðingur, hefur sagt um einmitt þetta álitaefni. Í Fréttablaðinu þann 5. desember 2006 birtist frétt og viðtal við Pál Gunnar Pálsson, forstjóra Samkeppniseftirlitsins. Í þeirri frétt segir, með leyfi forseta:

„Páll Gunnar segir sérlög eins og þau sem lögð eru til með frumvarpinu um hlutafélagavæðingu RÚV ganga framar samkeppnislögum."

Ég held að ég lesi þetta aftur, frú forseti:

„Páll Gunnar segir sérlög eins og þau sem lögð eru til með frumvarpinu um hlutafélagavæðingu RÚV ganga framar samkeppnislögum."

Hvað segir hv. þingmaður um þessi ummæli í ljósi þess sem hann hefur sagt hér? Ég hygg að hann sé eini maðurinn sem hefur komist að þessari niðurstöðu og ég fullyrði að hún er röng hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni og ég trúi ekki að hann standi við hana.

[19:19]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðrir hafa bent á svipaða niðurstöðu, ég bendi á hæstaréttarlögmanninn Ástráð Haraldsson hvað það varðar að það þurfi pósitíft ákvæði ef menn ætla að undanskilja eitthvað frá samkeppnislögum. En ég þarf ekkert að benda á það. Ég get bent á samkeppnisyfirvöldin sjálf. Það stendur í einum nýjasta úrskurði samkeppnisyfirvalda í áfrýjunarnefndinni — þetta lýtur að máli Osta- og smjörsölunnar — að þegar sérákvæðum af þessu tagi sleppir o.s.frv. þá gilda samkeppnislög.

Í öðrum úrskurði áfrýjunarnefndar um eggjaframleiðendurna segir að hvorki búvörulögin sjálf né aðrar réttarheimildir sem settar eru með stoð í þeim hafi að geyma sérreglur sem fjalli beint og óbeint um heimild til að skipta eggjamarkaðnum og þess vegna beri að beita almennum ákvæðum samkeppnislaga.

Þriðja fordæmið lýtur nú að Ríkisútvarpinu sjálfu. Þar segir, með leyfi forseta, í úrskurði 21/1995:

„Verður því að telja að útvarps- og sjónvarpsrekstur falli undir lögin, enda er hann ekki sérstaklega undan þeim skilinn.“

Hvernig er hægt að skilja það, hæstv. forseti, að hér sé ekki krafa um pósitíft ákvæði, um að undanskilja eigi tiltekna háttsemi, frá samkeppnislögunum ef það markmið á að nást? Hér eru skýr dæmi um niðurstöður samkeppnisyfirvalda frá 1995 til 2006 um að pósitíft ákvæði sé skilyrði.

Að lokum langar mig að minna hv. formann menntamálanefndar enn og aftur á það þar sem hann var að vísa í Samkeppniseftirlitið að þetta sama Samkeppniseftirlit hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að í þessu frumvarpi felist samkeppnisleg mismunun. Sem sagt að það sé brot á samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið bendir á tvær leiðir sem stjórnarliðar vilja hvoruga fara. Þess vegna er frumvarpið eins og það er í stakk búið núna brot á samkeppnislögum. Ég þarf ekkert annað en að vísa í umsögn Samkeppniseftirlitsins hvað það varðar.

[19:21]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég held að það erindi sem ég á við þingheim hljóti að eiga heima undir þessum lið. Eins og menn minnast fór hér fram umræða í dag í tilefni af ummælum hins kjörna forseta þingsins í hádegisfréttum Stöðvar 2 þar sem hún lýsti þeirri skoðun sinni í tengslum við þær umræður sem hér fara fram um frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. að takmarka bæri ræðutíma þingmanna í umræðum um frumvörp. Ég ætla ekki að fara efnislega nánar í þetta mál, það var gert ágætlega á þessum tíma.

Hins vegar er rétt að minnast þess að ég bað um það með skilaboðum, því að símtal var þá ekki mögulegt, að forseti yrði viðstödd þessa umræðu. Hún gat ekki orðið við því og þau skilaboð bárust síðar inn í þá umræðu að hún væri í opinberum erindagjörðum utan þings. Að vísu er það svo að mér skilst að hún hafi, áður en umræðu lauk, komið í hús en væntanlega ekki getað séð af tíma til þess að taka þátt í umræðunni hér og e.t.v. verið enn þá í opinberum erindagjörðum. Ég hafði það síðan á orði hér í umræðunni að ég mundi taka hana upp aftur þegar forseti væri komin og óskaði eftir því að hún yrði hér viðstödd. Það var hún en þá vildi svo til að hún var í forsetastóli meðan ræða stóð yfir og áður en henni lauk fór forseti úr forsetastólnum. Ég reyndi síðan að fá forseta til að koma hér í kvöld þannig að hægt væri að ræða við hana áfram um þetta eða núna síðdegis og í kvöld, en þá háttaði svo til hjá forseta að hún var farin í einkaerindi, fullkomlega eðlileg, sem vörðuðu fjölskyldu forsetans, og í góðu samræmi við þá stefnu sem forseti sjálf tók upp í fyrstu ræðu sinni hér, að reyna að skipuleggja starfið þannig að þingmenn gætu sinnt fjölskyldum sínum og forseta hefur sem sé tekist að gera það í kvöld. Ég hef engar athugasemdir við það. Hún hefur hins vegar ekki gert okkur hinum kleift að gera það, sem ég harma.

En þetta verður til þess að umræðan við hinn kjörna forseta þingsins um ummæli hennar á Stöð 2 í dag í framhaldi af umræðunni hér fer ekki fram í kvöld heldur væntanlega á morgun undir liðnum Fundarstjórn forseta. Ég vildi segja frá þessu bæði til þess að þingheimur skildi hvers vegna ekki er framhald á þeirri umræðu sem hér hófst í dag og líka til þess að þeir sem fylgjast með umræðum hér, samtímis eða síðar, vissu hvað er í gangi.

[19:24]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Nú er klukkan 26 mínútur yfir sjö og samkvæmt upplýsingum sem ég hafði fengið frá forseta var reiknað með því að tekið yrði matarhlé milli klukkan hálfátta og átta. Samkvæmt mælendaskrá á ég að stíga næstur í pontu og reifa og viðra sjónarmið mín um þau frumvörp sem við erum að ræða hér og ég get upplýst hæstv. forseta um það að ýmsir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa kallað eftir því að ég viðri sjónarmið mín til þessa máls og hafa spurt margra spurninga. Einn þessara hv. þingmanna stendur hér í hliðarherbergi og heitir Össur Skarphéðinsson. Ég hafði gert ráð fyrir því að svara spurningum sem frá honum hafa komið og sömuleiðis fara yfir nokkur af þeim atriðum sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur varpað fram hér í umræðunni. En það er alveg ljóst að ræða mín mun taka lengri tíma en þær þrjár mínútur sem klukkuna vantar núna í hálfátta og því spyr ég hvernig forseti hyggist halda á málum hvað það varðar, hvort hún ætlar að láta mig byrja á ræðu minni og tala í þrjár mínútur og taka svo hlé eða hvernig sér forseti að framvindan verði?

[19:26]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir)**:

Forseti hefur fullan skilning á því að hv. þingmaður getur ekki lokið máli sínu á þeim þremur mínútum sem lifa þangað til gert verður kvöldmatarhlé og því verður gert kvöldmatarhlé nú til klukkan átta.

[Fundarhlé. — 19:26]

[19:59]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Herra forseti. Eins og ég gat um í stuttri ræðu minni rétt fyrir hlé hefur ítrekað verið óskað eftir því af hálfu stjórnarandstöðunnar, helst af hálfu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að ég taki til máls á ný um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.

Umræða um málið hófst á mánudaginn. Þá gerði ég grein fyrir framhaldsnefndaráliti meiri hlutans eftir að málið hafði verið tekið til umfjöllunar í menntamálanefnd milli 2. og 3. umr. En ýmsir háttvirtir þingmenn töldu að ekki væru komin fram svör við ýmsum áleitnum spurningum sem þeir hefðu varpað fram í umræðunni. Ég ákvað því að verða við því að halda stutta ræðu, m.a. um þau atriði sem spurt hefur verið um. Annars er þetta ekki í fyrsta skiptið sem við ræðum málefni Ríkisútvarpsins. Eins og hv. þm. Mörður Árnason hefur nefnt ræðum við um málefni Ríkisútvarpsins og frumvarp til laga um Ríkisútvarpið í sjöunda skiptið á hinu háa Alþingi. Umræðan hefur markast af því. Mér hefur gefist kostur á að fylgjast með öllum þeim ræðum sem haldnar hafa verið í þessari lotu og ég verð að segja að flestar þeirra hef ég heyrt áður. Þau sjónarmið sem fram hafa komið eru ekki ný af nálinni heldur hefur þeim verið teflt fram áður.

Ég ætla ekki að fara yfir allt sem rætt hefur verið um fram að þessu í umræðunni. Menn hafa farið um víðan völl varðandi málefni Ríkisútvarpsins. Það er kannski athyglisverðast við umræðuna, eins og málin hafa þróast, um hvað ekki hefur verið rætt. Hvað hefur ekki komið til umræðu á hinu háa Alþingi í tengslum við málið, sérstaklega í tengslum við þau gögn sem gerð hafa verið að umfjöllunarefni, þ.e. hin svokölluðu ESA-gögn. Þegar meiri hluti menntamálanefndar afgreiddi málið til 3. umr. kom fram gagnrýni á það frá minni hlutanum að bréf fjármálaráðuneytisins og Eftirlitsstofnunar EFTA hefðu ekki verið lögð fram. Það var gagnrýnt en auðvitað voru bréfin lögð fram. Ég hef gert ítarlega grein fyrir því með hvaða hætti það var gert og til hvaða aðgerða ég greip sem formaður nefndarinnar til að nefndarmenn fengju tækifæri til að kynna sér þau áður en fulltrúar fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis voru fengnir á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir efni gagnanna.

Það sem er athyglisvert er að nú er um vika síðan gögnin voru lögð fram og maður skyldi ætla að hv. þingmenn hefðu haft tækifæri til að kynna sér efni þeirra. En í umræðunni, sem hefur tekið þrjá heila daga, hefur stjórnarandstaðan talað um þessi gögn en ekkert fjallað um innihald þeirra. Ekki neitt. (**MÁ:** Það er rangt ...) Það er reyndar rétt að það er örlítið að þeim vikið í framhaldsnefndaráliti minni hlutans en umræðan um innihald gagnanna hefur svo að segja ekki verið nein og ekki í samræmi við upphlaupið og lætin í tengslum við þau. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmenn hafi fengið tækifæri til að kynna sér þessi gögn núna og sjái ástæðu til þess, einnig hv. þm. Einar Már Sigurðsson, að fara yfir gögnin, innihald þeirra og upplýsa okkur um það sem ég hef áður sagt í tengslum við málið. Í þessum gögnum er ekkert sem máli skiptir hvað frumvarpið varðar. (**Gripið fram í:** Nú, ekkert.)

Ýmsum spurningum hefur verið varpað til mín og þingmenn hafa óskað eftir því að ég gerði grein fyrir afstöðu minni. Sumir, t.d. hv. þm. Össur Skarphéðinsson, vilja að ég fræði þá um ýmsa þætti málsins. Auðvitað er mér bæði ljúft og skylt að gera það og raunar nokkur ánægja. Samt sem áður hefur margt í þessari umræðu verið sagt sem ég tel ekki svaravert. En spurningarnar lúta kannski fyrst og fremst að þremur þáttum. Í fyrsta lagi meintum pólitískum afskiptum af stjórn Ríkisútvarpsins samkvæmt frumvarpinu. Í öðru lagi hefur verið vikið að hlutverki ríkisendurskoðanda í tengslum við frumvarpið. Einnig hafa menn velt því fyrir sér hvernig samkeppnislöggjöfin, innlend og erlend, harmónerar við efni frumvarpsins.

Áður en ég svara þeim spurningum sem ég veit að stjórnarandstæðingar bíða spenntir eftir svörum við vil ég fara í nokkru máli yfir stefnu stjórnarandstöðuflokkanna í málinu, einkum Samfylkingarinnar og þá einkum varaformanns flokksins, hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar. Eins og menn kannski muna óskaði ég eftir því að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar léti sjá sig í þingsalnum og tæki þátt í umræðunni. Því miður er hann ekki staddur í salnum. En ég geri ráð fyrir að hann fylgist af athygli með ræðu minni. Hann hefur látið lítið fyrir sér fara þrátt fyrir að hafa verið iðinn við að viðra sjónarmið sín til málsins í fjölmiðlum.

Hv. þingmaður hélt reyndar síðustu ræðu og reyndi að bera hönd fyrir höfuð sér en að mínu mati tókst honum það heldur óhönduglega. Hann hélt að mínu mati afar snautlega ræðu um málið. Hann reyndi að koma á framfæri nýjum kenningum á sviði lögfræði sem mér fundust ótrúlegar og magnað að hv. þingmaður, sem er lögfræðingur, skuli ekki bera meiri virðingu fyrir sjálfum sér og þeirri fræðigrein sem hann hefur lært ef miðað er við ræðuna. Slíkar voru kenningarnar og svo nýstárlegar að maður hefur aldrei heyrt annað eins. Hann var sem sagt barinn til hlýðni eftir að ég óskaði eftir því að hann kæmi, tæki þátt í umræðunni og viðraði sjónarmið sín. Hann var augljóslega rekinn til þátttöku í þessum umræðum.

Ég geri ráð fyrir að sá hv. þingmaður sem gengur í salinn, Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, hafi barið varaformann flokksins til hlýðni og rekið hann í þessar umræður. (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég upplýsti áðan að ég ætlaði að fara yfir stefnu Samfylkingarinnar í málinu. Þingmenn stjórnarandstöðunnar, úr Samfylkingunni, hafa komið hingað upp, haldið nokkrar ræður og gert grein fyrir stefnu flokksins í málefnum Ríkisútvarpsins. Það gerði flokkurinn líka þann 7. desember 2006 þegar haldinn var blaðamannafundur og kynnt og auglýst stefna flokksins: Sjálfstætt, öflugt almannaútvarp var yfirskrift þeirrar stefnu. Nokkuð ítarleg og kynnt með miklum bravúr. Þar kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Samfylkingin leggur til að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun með eigin stjórn sem Alþingi kýs. Að auki eigi starfsmenn Ríkisútvarpsins fulltrúa í stjórn og þannig sé tryggt að ekki myndist ríkisstjórnarmeirihluti í stjórninni.“

Þetta er kynnt sem stefna Samfylkingarinnar, án allra fyrirvara. Engir fyrirvarar eru gerðir varðandi stuðning lykilmanna í flokknum til málsins. (**MÁ:** Þetta er sáttarstefna.)

Þetta er sáttarstefna. Nú ber hins vegar svo við að það ríkir ekki sátt um þá stefnu Samfylkingarinnar að gera eigi Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun, hvorki innan þings né innan Samfylkingarinnar (Gripið fram í.) vegna þess, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að Samfylkingin er engan veginn einhuga um þá stefnu. Það veit hv. þm. Mörður Árnason. (**Gripið fram í:** Það er bara Sjálfstæðisflokkurinn.) Það er ekki eins og það sé einhver jaðarmaður í flokknum á móti stefnu flokksforustunnar, einhver áhugasamur flokkshestur sem sækir málfundi sem flokkurinn stendur fyrir. Nei. Það er varaformaður Samfylkingarinnar, hægri hönd formannsins, hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson. Ein helsta skrautfjöður þingflokksins sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson stýrir.

Þann 11. nóvember síðastliðinn ... — Ég vek athygli hæstv. forseta á því að ég get varla talað, ég heyri varla í sjálfum mér fyrir frammíköllum (Gripið fram í.) frá þingmönnum Samfylkingarinnar (Forseti hringir.) sem eru orðnir svo órólegir og reiðir ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti hvetur hv. þingmenn til þess að gefa hv. ræðumanni tækifæri til þess að flytja mál sitt.)

Það er ótrúlegt (Gripið fram í.) að þurfa að halda ræður við þessar aðstæður. (Gripið fram í.) Ekki bara að þeir sitji hér dreyrrauðir og skammist sín fyrir varaformann sinn heldur geta þeir ekki leyft ræðumanni, sem er með orðið, að halda ræðu sína og gera grein fyrir stefnu Samfylkingarinnar í málinu. (**EMS:** Ertu að tala um þinn varaformann?) Ef ég fæ að koma því að. Ég var að rifja upp að Samfylkingin var ekki einhuga um þá stefnu sem kynnt var með lúðrablæstri og söng á blaðamannafundi þann 7. desember 2006 síðastliðinn vegna þess að ein helsta skrautfjöður Samfylkingarinnar, sjálfur varaformaðurinn, Ágúst Ólafur Ágústsson, gerðist liðhlaupi úr þingflokknum.

Þann 11. nóvember síðastliðinn fór fram prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík. Daginn fyrir það prófkjör birtist viðtal í Fréttablaðinu undir fyrirsögninni: Ósamstiga í mikilvægum málum. Þá var átt við frambjóðendur Samfylkingarinnar í prófkjörinu. Blaðamaðurinn, Magnús Halldórsson, sem skrifaði fréttaskýringuna sendi þingmönnum og frambjóðendum Samfylkingarinnar í Reykjavík spurningalista með 10 spurningum. Níunda spurningin á þeim spurningalista hljóðar svo, með leyfi forseta: „Á að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag?“ Þetta er einföld spurning og skýr. Allir frambjóðendur: hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Mörður Árnason Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og frambjóðendurnir Valgerður Bjarnadóttir og Steinunn Valdís Óskarsdóttir svara þessari spurningu neitandi. En hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og varaformaður Samfylkingarinnar svarar heiðarlega og frá hjartanu spurningunni um hvort breyta eigi Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag þannig — og þá sé ég að hv. þm. Mörður Árnason hleypur út úr salnum: „Já, ef ritstjórnarlegt sjálfstæði helst óskert og aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum verður fyrir hendi.“

Nú sakna ég óneitanlega hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar í þingsalinn. Ég veit að hæstv. menntamálaráðherra getur tekið undir það með mér að þetta er sannarlega stuðningur við frumvarpið úr óvæntri átt. Við segjum, ég og hæstv. menntamálaráðherra, að það er sama hvaðan gott kemur. Margur hefur gefið minna og séð eftir því en ekki hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar. Hann styður þessa hlutafélagavæðingu. Það er ástæða til þess að þakka varaformanni Samfylkingarinnar kærlega fyrir veittan stuðning. En svo öllu sé haldið til haga er hins vegar rétt að nefna að stuðningur varaformanns Samfylkingarinnar við hlutafélagavæðinguna er skilyrtur. Hann sagði ekki bara já. Hann sagði að mikilvægt væri að ritstjórnarlegt sjálfstæði héldist óskert og að aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum yrði fyrir hendi.

Nú skulum við líta á hvort þessi skilyrði hafa verið uppfyllt. Í fyrsta lagi er stuðningurinn við hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins og stuðningur varaformanns Samfylkingarinnar skilyrtur við það að ritstjórnarlegt sjálfstæði verði ekki skert. Til upplýsingar þá er ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa ekki tryggt í lögum sem eru í gildi í dag og að því er ég best veit hefur slíkt sjálfstæði aldrei verið lögfest. Ég bendi hins vegar á það að í því fjölmiðlafrumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi er ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa. Ég hygg að það sé enginn ágreiningur um það, hvorki innan þings né utan, að fjölmiðlafrumvarpið nær til Ríkisútvarpsins og fréttastofu þess eins og allra annarra fjölmiðla. Þar er kveðið á um að útvarpsstöðvar sem reka fréttastofu skuli setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar og að slíkar reglur skuli samdar í samráði við starfsmenn fréttastofu og starfsmannafélag þeirra. Svo er farið nánar yfir hvað felst í ritstjórnarlegu sjálfstæði. Það merkilega við þetta er að það er þverpólitísk samstaða um að leiða eigi þessar reglur í lög. Það er því alveg ljóst að þetta skilyrði, fyrra skilyrði varaformanns Samfylkingarinnar fyrir stuðningi við þetta mál er uppfyllt.

Í öðru lagi sagði varaformaður Samfylkingarinnar, Ágúst Ólafur Ágústsson, í Fréttablaðinu að hann styddi það að Ríkisútvarpið yrði opinbert hlutafélag ef aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum yrði tryggður. Í því sambandi er rétt að benda á að þegar við fjölluðum um málefni Ríkisútvarpsins í fyrra lagði meiri hlutinn til að upplýsingalög yrðu látin gilda um Ríkisútvarpið. Og það sem meira er, árið 2006 var lögum um hlutafélög breytt með lögum nr. 90/2006 frá 14. júní en þá voru tekin upp í hlutafélagalögin ákvæði sem varða opinber hlutafélög. Þar er tekið sérstaklega fram að kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram (Gripið fram í.) skriflegar fyrirspurnir. Það segir líka í lögunum, hv. þingmaður, að í samþykktum opinbers hlutafélags skuli kveða á um að ætíð skuli boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund. Í þessum ákvæðum er því tryggður aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum langt umfram það sem áður hefur verið gert.

Þegar maður skoðar þessa yfirlýsingu varaformanns Samfylkingarinnar aftur þar sem hann er spurður að því hvort breyta eigi Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag og skoðar síðan svarið, sem er já, að þessum skilyrðum uppfylltum, þá er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að skilyrðin hafi verið uppfyllt og því ekki hægt að

draga aðrar ályktanir en þær að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, styðji þetta mál, styðji hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins eins og meiri hlutinn á Alþingi leggur til.

Ég ætla ekki að halda því fram að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hafi verið úti á túni hvað varðar stefnu Samfylkingarinnar í RÚV-málinu, þ.e. annarra þingmanna. Ég held að hv. þingmaður hafi, á þeim tíma þegar viðtalið var tekið þann 10. nóvember síðastliðinn, einfaldlega verið að segja hug sinn. Hann talaði frá hjartanu og sagði hvað honum finnst virkilega um málið og hver hans viðhorf eru. Þau eru að breyta eigi Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag.

Eins og ég sagði áðan erum við í stjórnarmeirihlutanum ákaflega þakklát fyrir þann stuðning sem við höfum fengið frá varaformanni Samfylkingarinnar í málinu. (Gripið fram í.)

Og það sem meira er, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, þá er varaformaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, svo ákveðinn og einbeittur í stuðningi sínum við málið að hann ítrekar stuðning sinn við það í Morgunblaðinu í dag. (Gripið fram í.) Það segir hér í Morgunblaðinu í dag, með leyfi forseta:

„Þar sem umræður stóðu langt fram á kvöld í gær komst Ágúst þó ekki að“ — og þá er átt við hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson, varaformann Samfylkingarinnar — „en í samtali við Morgunblaðið sagðist hann ekki vera á móti því í sjálfu sér að Ríkisútvarpið væri gert að hlutafélagi að gefnum ákveðnum skilyrðum.“

Hann er sem sagt svo einbeittur og ákveðinn í stuðningi sínum í hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins að hann sér ástæðu, þrátt fyrir öll þessi frammíköll hv. þingmanna hér í salnum, til þess að ítreka stuðning sinn við hlutafélagavæðingu. Hann tínir hins vegar til nýjar afsakanir til þess að reyna að koma sér út úr þeim vanda sem hann hefur augljóslega komið sér í gagnvart sínum samflokksmönnum sem væri allt í lagi ef hann væri bara óbreyttur þingmaður eða óbreyttur félagi í Samfylkingunni. En það verður náttúrlega að líta á þetta allt saman í ljósi þess að Ágúst Ólafur Ágústsson er varaformaður Samfylkingarinnar. Hann er enginn venjulegur flokksmaður. Hann er lykilmaður í starfi Samfylkingarinnar, lykilmaður í forustu þess flokks.

Það voru svo sem tíndar til einhverjar nýjar afsakanir í þeirri ræðu sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hélt hér áðan um að hann gæti ekki stutt málið vegna þess að hann vildi að Ríkisútvarpið færi af auglýsingamarkaði, hann sætti sig ekki við nefskattinn, hann var eitthvað óhress með réttindamál starfsmanna og tíndi síðan upp einhver nýstárleg atriði varðandi samkeppnisrétt og þetta frumvarp. En maður veltir því þá fyrir sér þegar maðurinn var spurður að því hinn 10. nóvember síðastliðinn hvort breyta ætti Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag og hann sagði já, þá tiltók hann tvö skilyrði sem eru uppfyllt. Af hverju voru þessi skilyrði ekki tiltekin þá?

Það var ekki gert. Maðurinn sem hér um ræðir, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sagði bara sinn hug. Hann var bara hreinskilinn í málinu og lýsti því yfir að hann vildi gera Ríkisútvarpið að opinberu hlutafélagi.

Þetta sýnir þann vanda sem Samfylkingin á við að etja í þessu máli. Flokkurinn er hvorki meira né minna en klofinn í afstöðu sinni til málsins. Það er ljóst að ein helsta skrautfjöður flokksins, sem hlaut eins og alþjóð veit, glæsilega kosningu í stól varaformanns á síðasta landsþingi Samfylkingarinnar, styður þetta frumvarp og meginmarkmið þess, vegna þess að meginmarkmið frumvarpsins er að breyta ríkisstofnuninni Ríkisútvarpinu í hlutafélag. (Gripið fram í.) Það er það meginmarkmið sem varaformaður Samfylkingarinnar styður í þessu máli.

Samfylkingin hefur í öllum umræðum hér, alveg frá upphafi, lagt mikið upp úr því að það sé mikill einhugur í flokknum um að það að gera eigi Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun. Það sé enginn ágreiningur uppi, sjálfseignarstofnun skuli það vera. En nú er komið í ljós að lykilmaður í Samfylkingunni styður ekki þá stefnu. Og eins og ég sagði áðan er varaformaður flokksins enginn eintrjáningur í flokknum, a.m.k. geri ég ekki ráð fyrir því, þetta hlýtur að vera maður sem á mikið undir sér og mikið fylgi innan Samfylkingarinnar. Ég geri fyrir fram ráð fyrir því að fjöldi flokksmanna í Samfylkingunni fylgi honum að málum. Það er að mínu mati ljóst að ekki sé hægt að draga aðra ályktun en þá að Samfylkingin sé klofin í þessu máli.

Nú verður að sjálfsögðu fylgst með því, og það er ágætt að hv. þm. Ágúst Ólafur viti það, og ég bið hv. samflokksmenn hans um að koma þeim skilaboðum til hans ef hann er ekki að fylgjast með ræðu minni í sjónvarpinu á skrifstofu sinni. Hann hélt hér stutta ræðu áðan og svo sáum við félagar hans á þinginu bara í iljarnar á honum vegna þess að hann hvarf héðan úr umræðunni. En það er eins gott að hann viti að nú verður að sjálfsögðu fylgst með því hvernig hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson greiðir atkvæði í málinu. Hans rétta andlit sést best á því hvernig hann greiðir atkvæði í málinu. Enda hefur hann verið að fjalla dálítið um afstöðu annarra þingmanna í öðrum málum. Hann skrifaði t.d. á heimasíðu sína 12. desember síðastliðinn, það er ekki lengra en síðan, í pistli sem bar yfirskriftina Hið rétta andlit sést í atkvæðagreiðslum. Þar segir hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, með leyfi forseta:

„Hið rétta andlit stjórnarþingmannanna sést hvað best í því hvernig þeir kjósa um einstök mál. Það er auðvelt og ódýrt að tala vel um hina og þessa í samfélaginu en þegar kemur að uppfylla þessi sömu orð þá sést hver hinn raunverulegur hugur er.“

Þá komum við náttúrlega að því sem ég nefndi áðan þegar Ágúst Ólafur Ágústsson svaraði spurningu blaðamanns Fréttablaðsins sem hljóðaði þannig: „Á að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag?“ Hann svaraði spurningunni svona: „Já, ef ritstjórnarlegt sjálfstæði helst óskert og aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum verður fyrir hendi.“

Nú skulum við sjá til hvort hv. þingmaður stendur við stóru orðin, hvort hann sýnir sitt rétta andlit í atkvæðagreiðslu. Ég boða það hér með að ég mun fylgjast sérstaklega með því.

En það er athyglisvert, herra forseti, að fara yfir þessi atriði sérstaklega í tengslum við þetta mál vegna þess að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa klifað á því, bæði í umræðunni hér og opinberlega að þeir hafi lagt sig mikið

fram um það að reyna að ná einhverri samstöðu og sátt við stjórnarflokkana í þessu máli. Því er haldið fram. Nú er ég búinn að fara mjög ítarlega yfir það hver stefna Samfylkingarinnar er í þessu máli. (Gripið fram í.) Þær eru tvær, annars vegar hin auglýsta stefna sem auglýst var með lúðrablæstri og söng þann 7. desember 2006. (**Gripið fram í:** Hvað ertu að tala um?) Að Samfylkingin leggi til að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun. Síðan hef ég farið yfir það hvaða viðhorf einn helsti þungavigtarmaður í flokknum hefur til málsins, Ágúst Ólafur Ágústsson, hv. þingmaður og varaformaður Samfylkingarinnar. Hann er þeirrar skoðunar að það eigi að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag.

Svo er það Vinstri hreyfingin – grænt framboð. (Gripið fram í.) Stefna þess flokks er nokkuð skýr. Hún er sú að Ríkisútvarpið eigi áfram að vera ríkisstofnun en Frjálslyndi flokkurinn vill fara enn aðra leiðina sem ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir hér, frekar en áherslur Valdimars Leós Friðrikssonar sem er þingmaður utan flokka og hefur sína sérstöku stefnu í málinu.

Hvernig í ósköpunum eigum við sem erum algerlega samstiga í meiri hlutanum að geta náð einhverju samkomulagi við stjórnarandstöðuna þar sem hver höndin er upp á móti annarri og það eru meira að segja mjög mismunandi áherslur í Samfylkingunni, í einum og sama flokknum. Þannig að það er tómt mál að tala um að það sé einhver möguleiki á að ná samstöðu við stjórnarandstöðuna í þessu máli.

Nú er ég búinn að ræða töluvert mikið um forustu Samfylkingarinnar og sérstaklega um varaformanninn Ágúst Ólaf Ágústsson. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður, ég ætla nú ekki að ræða miklu meira um hann að sinni og viðhorf hans sem hann gerði lítið úr í ræðu sinni hér. En það er ástæða til að ítreka þær þakkir sem ég bar fram áðan til þessa hv. þingmanns fyrir stuðninginn í málinu. (**Gripið fram í:** Það er ekki málþóf, er það?)

Eins og fram kom fyrr í ræðu minni eru ýmis atriði sem þingmenn hafa viljað ræða við mig. Eitt af því er hin meintu pólitísku afskipti af stjórn Ríkisútvarpsins samkvæmt því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar. Í umræðunni í gær nefndi hv. þm. Katrín Júlíusdóttir það sérstaklega að með frumvarpinu væri verið að herða pólitísk tök stjórnarflokkanna enn frekar frá því sem er samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi. (**Gripið fram í:** Og finnst henni nóg um nú þegar.) Finnst henni nóg um nú þegar, já. Ég ætla að koma örstutt inn á þetta. Þessu hefur verið haldið fram alveg frá upphafi og er auðvitað reginfirra.

Hvernig geta menn haldið því fram að með frumvarpinu sé verið að auka pólitísk ítök í Ríkisútvarpinu miðað við þau pólitísku ítök sem nú eru? Hvernig er hægt að halda því fram? Í dag er kerfið þannig að útvarpsstjóri er skipaður af menntamálaráðherra sem er að sjálfsögðu pólitískur. (Gripið fram í.) Í dag er starfandi útvarpsráð sem er pólitískt skipað. Útvarpsráð hefur með mannaráðningar og dagskrárgerð að gera. Með hinu nýja fyrirkomulagi er skipuð rekstrarstjórn sem hefur ekkert með dagskrárgerðina að gera, hún hefur ekkert með mannaráðningar að gera að öðru leyti en því að hún ræður framkvæmdastjóra.

Fram kemur í 9. gr. frumvarpsins hvert hlutverk og starfssvið stjórnarinnar er. Það er að reka útvarpsstjóra og ráða, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson mundi orða það. Að taka ákvarðanir um lán og ábyrgðir fyrir félagið, taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, samþykkja fjárhagsáætlun og gera grein fyrir ársskýrslu. (**Gripið fram í:** En útvarpsstjórinn, hvert er hlutverk hans?) Útvarpsstjóri ræður að sjálfsögðu fólk og markar meginstefnu í málefnum félagsins. En það er augljóst að þegar menn bera saman núverandi fyrirkomulag og það sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þá eru pólitísk áhrif minni samkvæmt þessu frumvarpi en núgildandi kerfi. Það er alveg morgunljóst. (Gripið fram í.) Það sér hver maður sem vill sjá, en auðvitað vilja sumir hv. þingmenn það ekki.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að því í ræðu sinni að hlutverk ríkisendurskoðanda væri eitthvað óljóst eða því væri ekki nægilega vel fyrirkomið í frumvarpinu. Við meðferð þessara mála hefur menntamálanefnd fjallað mjög mikið um þetta tiltekna atriði. Við meðferð málsins innan nefndarinnar núna var m.a. fjallað um eftirlit Ríkisendurskoðunar á því hvort Ríkisútvarpið uppfyllti þá þjónustukvöð sem frumvarpið og drög að þjónustusamningi kveða á um. Ríkisendurskoðun mun koma til með að endurskoða reikninga Ríkisútvarpsins, samanber 2. málslið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1987, um Ríkisendurskoðun, en getur einnig samkvæmt 9. gr. laganna framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun og með henni kannað meðferð og nýtingu ríkisfjár. Hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri hlutafélagsins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sambandi.

Enn fremur má nefna að í drögum að samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf. er fjallað um í 6. gr. að Ríkisútvarpið skuli lúta eftirliti ríkisendurskoðanda og þar á meðal hvort Ríkisútvarpið uppfylli skyldur sínar samkvæmt leiðbeinandi reglum ríkisstyrkja og samkeppnisdeildar Eftirlitsstofnunar EFTA um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Í 2. mgr. 6. gr. samningsins kemur fram að Ríkisútvarpið skuli sérstaklega láta ríkisendurskoðanda í té upplýsingar til að sannreyna megi gegnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfsemi Ríkisútvarpsins sem fellur undir samkeppnisrekstur. Með þeim ákvæðum mundi ég telja að eftirlitið með fjármunum vegna almannaþjónustuhlutverks Ríkisútvarpsins sé nægilega tryggt.

Þar að auki vil ég benda á að í því framhaldsnefndaráliti sem meiri hluti menntamálanefndar lagði fram á síðasta þingi um (**Gripið fram í:** Síðasta þingi?) þessi atriði, sem eru náttúrlega algjörlega óbreytt frá því síðast, er vikið að hlutverki Ríkisendurskoðunar hvað eftirlitið varðar. Þar er m.a. gerð grein fyrir því að þessi sjónarmið standa, að ríkisendurskoðandi geti leitað sér sérfræðihjálpar vegna eftirlits og hafi gert það þegar hann hefur talið það nauðsynlegt. Við töldum þá og teljum enn í meiri hlutanum að Ríkisendurskoðun sé hæf til að sinna því eftirlitshlutverki sínu, enda megi nefna að hún hafi í höndum sambærilegt eftirlit með öðru félagi í ríkiseigu, Íslandspósti hf., sem hefur bæði með höndum samkeppnisrekstur og rekstur sem er bundinn í einkaleyfi (Gripið fram í.) þar sem krafa er gerð um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrs og þess rekstrs

sem starfræktur er á grundvelli einkaleyfis.

Þetta allt saman eru sjónarmið sem hafa komið fram og við stöndum við. En ég vil benda á þetta, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, vegna þess að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að þessu atriði sérstaklega í ræðu sinni. Mér finnst sjálfsagt að koma inn á þetta atriði ef ég má fyrir frammíköllum í hv. þingmanni. Reyna að svara þeim sjónarmiðum sem út af stóðu að því er hv. þingmaður taldi í ræðu sinni. Við teljum að þessu sé nægilega vel fyrirkomið. Í fyrsta lagi samkvæmt lögum um ríkisendurskoðanda. Í öðru lagi samkvæmt 6. gr. þjónustusamningsins. Farið er yfir þann skilning í greinargerð með frumvarpinu og sömuleiðis í bréfi fjármálaráðuneytisins til Eftirlitsstofnunar EFTA þann 9. janúar sl. Við teljum því að við höfum komið þessum málum haganlega fyrir í frumvarpinu og að ekki sé ástæða til að vera að lögfesta þetta sérstaklega í lagatextanum þar sem það liggur fyrir annars staðar bæði í samningi og í lögum.

Að lokum, herra forseti, hefur verið rætt um frumvarp um Ríkisútvarpið og tengsl þess við samkeppnisrétt, bæði íslenskan og evrópskan. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hélt ræðu áðan þar sem hann fjallaði aðallega um samkeppnisrétt. Rétt er að taka fram úr því að hann fullyrti að ég hefði í einhverri ræðu, og meiri hlutinn, haldið því fram að samkeppnislög giltu ekki um Ríkisútvarpið, að slíkar fullyrðingar eru rangar. Við höfum aldrei haldið því fram. Við höfum sagt að samkeppnislög gilda um Ríkisútvarpið að því marki sem við á, þ.e. um aðra þætti en þá sem getið er um í 3. gr. frumvarpsins um almannaþjónustuhlutverkið. Það er enginn ágreiningur um þetta nema kannski við hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson. Þetta hefur komið fram í samtölum okkar við Pál Gunnar Pálsson, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, og um það er enginn ágreiningur. (Gripið fram í.) Þetta hefur komið fram í umræðunni um frumvarpið á þessu þingi og gerði það líka á hinu síðasta. Því er alveg ljóst að samkeppnislögin gilda um Ríkisútvarpið. Þau gilda hins vegar ekki um almannaþjónustuþáttinn. Það er alveg rétt sem sagt er að t.d. bannákvæði samkeppnislaganna um ólögmætt samráð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu eiga við í tengslum við Ríkisútvarpið en ekki þegar almannaþjónustuþátturinn er til umfjöllunar.

Það var sannarlega ótrúlegt að hlusta á hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson draga í efa í umræðunni áðan að það væri almennt samþykkt og viðurkennt í íslenskri lögfræði að það væri ekki þannig að sérlög gengju framar almennum lögum. Hv. þingmaður reyndi að færa rök fyrir því að svo væri ekki. (**MÁ:** Útúrsnúningur.) Reyndi að gera það. Ég fór í andsvar við hann og innti hann sérstaklega eftir því hvort hann teldi að svo væri. Niðurstaðan var sú að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson kom með nýstárlegar kenningar um að svo væri ekki. Ég held að allir sem hafa fjallað um þessi mál og hafa á því einhverja þekkingu séu sammála um að sérlög ganga framar almennum lögum. Það hefur Páll Gunnar Pálsson, æðsti maður samkeppnismála á Íslandi, staðfest fyrir nefndinni. Hann gerði það reyndar líka í viðtali við Fréttablaðið 5. desember 2006, með leyfi forseta:

„Páll Gunnar segir sérlög, eins og þau sem lögð eru til með frumvarpi um hlutafélagavæðingu RÚV, ganga framar samkeppnislögum ...“

Þetta hefur verið kjarninn í umsögn Samkeppniseftirlitsins. Það hefur sagt að frumvarpið fari í bága við meginmarkmið samkeppnislaga. Það kemur fram í umsögninni. Í umræðum við forstjóra Samkeppniseftirlitsins spurði ég: Gerir þá ekki núverandi fyrirkomulag það líka? Hann játti því en tók þá sérstaklega fram og það er aðalatriðið í málinu, að löggjafinn hefði eftir sem áður síðasta orðið í þessum málum. Sérlög, eins og lög um Ríkisútvarpið ohf., gengju framar almennum lögum eins og samkeppnislögunum. Ef löggjafinn grípur til þess ráðs að setja sérreglur um einhverjar sérstakar stofnanir, menn hafa gert þetta t.d. í skattamálum, í orkugeiranum o.s.frv. (**Gripið fram í:** Búvörulögum.) já, og í búvörulögum, þá bindur slík lagasetning hendur Samkeppniseftirlitsins til að bregðast við. Þegar forstjóri Samkeppniseftirlitsins var spurður að því í ljósi umsagnarinnar hvort Samkeppniseftirlitið mundi grípa til einhverra aðgerða ef frumvarpið yrði að lögum í þeirri mynd sem þau er nú, þá neitaði hann því. (Gripið fram í.) Þetta er því alveg klárt hvað meiri hlutann varðar. (Gripið fram í.) Ég vildi leiðrétta þennan misskilning.

Ég veit ekki hvað skal segja um frumvarpið og evrópskan samkeppnisrétt. Það er ekkert annað um reglur evrópska samkeppnisréttarins, þ.e. ríkisstyrkjareglurnar, að segja en það, eins og farið var yfir, að ríkisstyrkir eru að meginreglu til bannaðir innan Evrópusambandsins en eru þó heimilaðir með skilyrðum, m.a. þegar um er að ræða ríkisfjölmiðla sem hafa með almannaþjónustu að gera svo lengi sem almannaþjónustan sé skilgreind fyrir fram. Það er gert í frumvarpinu. Þetta er samkvæmt ákvæði sem er viðbót við sáttmála Evrópusambandsins og tekur sérstaklega til ríkisfjölmiðla þar sem þeir eru teknir út fyrir sviga.

Það var athyglisvert sjónarmið hjá Ólafi F. Friðrikssyni, sem kom fyrir nefndina til að fjalla um þessi mál, að hann taldi að skilgreining á almannaþjónustuhlutverkinu í 3. gr. og þjónustusamningnum til fyllingar væri forsenda þess að frumvarpið stæðist ríkisstyrkjareglurnar og taldi að svo væri. Þegar við lítum síðan á samskipti ESA og íslenskra stjórnvalda vegna þessara evrópsku réttarreglna á sviði samkeppnisréttar sem varða ríkisstyrki, þá fengu nefndarmenn í menntamálanefnd minnisblað um samantekt á því sem fram kemur í þessum bréfaskiptum. Í stuttu máli má segja að fyrir liggi það sem segir á bls. 2 á minnisblaðinu, að að loknum fundi Eftirlitsstofnunar EFTA og íslenskra stjórnvalda í Brussel þann 9. janúar um málefni RÚV staðfesti forstöðumaður samkeppnis- og ríkisstyrkjadeildar ESA að stofnunin hefði engar frekari athugasemdir við framgang frumvarps til laga um Ríkisútvarpið ohf. og fyrirhugaða framkvæmd laganna. (**MÁ:** Hverjir segja það?) Það eru ráðuneytismenn úr menntamálaráðuneytinu.

Nú veit ég ekki hvort hv. þm. Mörður Árnason ætlar að gera þá ágætu embættismenn að ómerkingum. (**MÁ:** Þeir sjá um það sjálfir.) Ég trúi því sem þeir segja og ég les það líka út úr þeim skjölum sem fyrir liggja í málinu. (Gripið fram í.) Ég lít þannig á og gef mér það að embættismenn í menntamálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu hafi farið rétt með þegar þeir lýstu samskiptum sínum við Eftirlitsstofnun EFTA. (Gripið fram í.) Hv. þm. Einar Már Sigurðarson má alveg hafa aðra skoðun eins og hv. þm. Mörður Árnason. Þetta er mín skoðun og ég tel að það liggi fyrir

núna að samskipti ESA og íslenskra stjórnvalda hafi leitt til þess að hafi verið einhver ágreiningur uppi um hvort verið væri að brjóta samkeppnisreglur Evrópuréttarins með frumvarpinu hafi þeim misskilningi verið eytt eða þeim áhyggjum og þær séu ekki lengur til staðar.

Herra forseti. Ræða mín er orðin miklu lengri en efni stóðu til, m.a. vegna þess að lengi framan af hafði ég varla tækifæri til að flytja ræðuna vegna frammíkalla frá stjórnarandstæðingum, sérstaklega þingmönnum Samfylkingarinnar, sem hlýtur að vera brugðið þegar varpað er með svo skýru ljósi afstöðu varaformanns Samfylkingarinnar (Gripið fram í.) sem hefur lýst yfir stuðningi við frumvarpið og hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Því miður treysti varaformaður Samfylkingarinnar, einhver helsti hugmyndafræðingur þess flokks, sér ekki til að sitja undir þessum lestri og yfirferð um fyrri ummæli hans. Ég mun þá nota tækifærið þegar kemur til atkvæðagreiðslu um málið til að rifja upp ummæli hans í Fréttablaðinu þann 10. nóvember og sömuleiðis fylgjast með því hvort hann sýni sitt rétta andlit en hann hefur sjálfur, varaformaður Samfylkingarinnar, hvatt aðra kollega sína til að gera það. Það verður fróðlegt að sjá hvort varaformaður Samfylkingarinnar stendur undir ábyrgðinni.

[20:49]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var afar athyglisverð ræða sem hér var flutt. Það má eiginlega orða það þannig að um tíma hafði hún nokkurt skemmtanagildi en eftir það var hún svona þófkennd og hefði verið auðvelt að túlka hana þannig að um málþóf hafi verið að ræða.

Í ræðunni kom í raun og veru aldrei fram hver hugmyndafræðin er á bak við það frumvarp sem hér liggur fyrir því í reynd er það þannig að það er verið að breyta ríkisstofnun í ríkishlutafélag og setja það síðan út á markaðinn án eftirlits, með öðrum orðum þá er verið að búa til eitthvert ríkis-óargadýr sem getur starfað á markaði alveg eins og því sýnist. Sú var tíðin að Sjálfstæðisflokkurinn taldi sig standa fyrir samkeppni, heilbrigðri samkeppni á jafnræðisgrunni og þar sem samkeppnisrekstur væri til staðar þar ætti ríkið ekki að vera.

Því langar mig að spyrja hv. þingmann: Hvernig réttlætir hann það að ríkishlutafélag með forgjöf æði út á markaðinn á þann hátt sem (Forseti hringir.) hér um ræðir án þess að um það gildi samkeppnislög eins og kom fram í ræðu hans áðan?

[20:51]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan þá gilda samkeppnislög um starfsemi Ríkisútvarpsins, ég tók það skýrt fram. Ég var í rauninni að leiðrétta orð varaformanns Samfylkingarinnar sem sakaði mig um að hafa haldið öðru fram. Samkeppnislög munu gilda um Ríkisútvarpið hvað varðar þá starfsemi þeirrar stofnunar sem ekki fellur undir almannaþjónustuhlutann.

Það er ekki bara á Íslandi sem þær reglur gilda heldur gilda þær hvarvetna annars staðar í Evrópu eða í þeim löndum þar sem sambærilegar stofnanir starfa. Það er því ljóst að svona er þetta og það er sannarlega eftirlit með þessari starfsemi. Það eftirlit er í höndum Samkeppniseftirlitsins en fyrst og fremst Ríkisendurskoðunar eins og ég reyndi að gera grein fyrir í máli mínu og kemur fram í fjölmörgum gögnum og fjölmörgum ræðum sem haldnar hafa verið um þetta mál.

[20:52]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessu andsvari kom ekkert fram um þá hugmyndafræði sem býr að baki því að búa til ríkishlutafélag og hleypa því út á markaðinn á þann hátt sem hér um ræðir.

Gott og vel, hv. þingmaður sagði: Samkeppnislögin gilda annars staðar en þar sem um almannaþjónustu er að ræða, þ.e. þau 13 boðorð sem eru í frumvarpinu. Þá vaknar spurning sem a.m.k. leitar á mig eftir lestur þessara 13 boðorða sem svona ramma inn hvað telst til almannaþjónustu: Er hægt að fá dæmi frá hv. þingmanni um það sem ekki fellur undir almannaþjónustuna miðað við þá 13 töluliði sem hér eru? Mér þætti gaman að heyra hvaða starfsemi það er sem fellur ekki undir almannaþjónustuna miðað við þá skilgreiningu sem hér er því sú starfsemi er mjög vandfundin en mér þætti vænt um að heyra nokkur einstök dæmi um starfsemi sem ekki fellur undir almannaþjónustu og heyrir þar af leiðandi undir samkeppnislög.

[20:53]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi ég ekki svarað þeirri spurningu hv. þingmanns sem hann blandar nú óvænt inn í umræðuna um það hver sé hugmyndafræðin á bak við það að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag þá er hún alveg ljós, við í Sjálfstæðisflokknum eins og reyndar í öllum stjórnmálaflokkum hér á Alþingi erum sammála um að það þurfi að gera breytingar hvað varðar rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins. Það sem við erum að reyna að gera er að koma einhverjum skikki og einhverri skynsemi í þann rekstur úr því kjölfari sem Ríkisútvarpið er í núna, sem er alls ekki skynsamlegt og talsmenn þess rekstrarfyrirkomulags eru talsmenn sóunar.

Auðvitað er ýmislegt sem fellur utan 3. gr. og við höfum farið margoft yfir á fundum nefndarinnar. Ríkisútvarpið stendur t.d. í útgáfu sem er í samkeppni við útgáfufyrirtæki varðandi hljómdiska, mynddiska og ýmsa aðra starfsemi (Forseti hringir.) sem Ríkisútvarpið stendur í. Ég veit ekki (Forseti hringir.) hvað framtíðin kann að hafa í för með sér á sviði (Forseti hringir.) farsímatækni og í öðru sem kann að falla undir þennan lið.

(**Forseti** (BÁ): Forseti minnir hv. þingmenn á þann takmarkaða ræðutíma sem gefinn er í þessum andsvörum og svörum.)

[20:55]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson segir í síðasta andsvari sínu að það sé vilji allra stjórnmálaflokka

sem eiga þingmenn á Alþingi að bæta eða lagfæra rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins. Þetta er rétt. Hins vegar hafa ríkisstjórnarflokkarnir því miður ekki borið gæfu til þess að setjast niður með stjórnarandstöðuflokkunum og ræða á hvern hátt við getum náð sameiginlegri niðurstöðu í þeim efnum en það tilboð hefur alltaf staðið til boða því fólki sem situr hér fyrir stjórnarflokkana á Alþingi.

Hv. þingmaður talaði lengi um varaformann Samfylkingarinnar, um það hvernig hann hefði talað frá hjartanu og hann var í frammíkalli hvattur til að tala frá hjartanu sjálfur og það gerði hann því hann sagði: Meginmarkmið frumvarpsins er að breyta ríkisstofnuninni Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Þetta er kjarni málsins og nú spyr ég hv. þingmann: (Forseti hringir.) Er það ekki til þess að það verði auðveldara að selja það, sem er hjartans mál þingmannsins?

[20:56]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef í þessu frumvarpi stæði að meginmarkmið þess væri að breyta því í sjálfseignarstofnun og það yrði gert þá mundi það ekki leiða til þess að það væri eitthvað erfiðara að einkavæða Ríkisútvarpið sem sjálfseignarstofnun en sem hlutafélag, alls ekki. Það er heldur ekkert erfiðara að einkavæða ríkisstofnunina Ríkisútvarpið, þetta skiptir engu máli. Það stendur í frumvarpinu að það standi ekki til að selja Ríkisútvarpið og á það höfum við fallist. Það að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag hefur ekkert með sölu þess að gera. Það stendur ekki til að einkavæða Ríkisútvarpið og það segir á bls. 1 í 1. gr. í frumvarpinu og ég hvet hv. þingmann til þess að lesa þá grein vegna þess að þar kemur stefnumörkunin varðandi einkavæðingu Ríkisútvarpsins fram.

[20:57]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér sýnist að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafi í sjálfu sér játað þessari spurningu minni að það sé hans hjartans mál, ef hann ætti að tala frá hjartanu, að það eigi að selja Ríkisútvarpið og það gildi einu hvort það standi einhver setning þarna að það eigi ekki að selja það, það gildi einu hvort það verði sjálfseignarstofnun eða jafnvel bara B-hluta stofnun, það sé alltaf hægt að ráðast á Ríkisútvarpið og selja það. Ég las það út úr svari hv. þingmanns. (Gripið fram í.) Ég leyfi mér að halda því fram að það sé enn hjartans mál hv. þingmanns að selja Ríkisútvarpið.

Við höfum haldið því fram í ræðum okkar, a.m.k. við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að hér sé verið að einkavæða því það sé verið að færa stofnunina úr umhverfi opinbers rekstrar í umhverfi rekstrar sem er einkaréttarlegs eðlis þannig að einkavæðingin er að eiga sér stað, salan er bara eftir. En þetta skref er fyrsta skrefið í átt til sölu Ríkisútvarpsins og ég skil að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar sé ánægður með það skref.

[20:59]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki gert að því þó að hv. þingmaður líti þannig á að þetta frumvarp feli í sér einkavæðingu, hv. þingmaður verður þá bara að eiga það við sig. Það er einfaldlega verið að breyta rekstrarforminu, það er ekki verið að einkavæða Ríkisútvarpið, eigandinn verður eftir sem áður sá sami, ríkið. Ef það væri verið að einkavæða það mundi eignarhaldið á Ríkisútvarpinu skipta um hendur en það gerir það raunverulega ekki og það stendur í frumvarpinu að það sé ekki verið að selja, það sé ekki verið að einkavæða. (Gripið fram í.) Það er alveg morgunljóst.

Ég hvet hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur — sem hefur núna í þrjú ár verið að reyna að komast að þessari niðurstöðu að það sé í raun verið að einkavæða — til þess að lesa fyrstu greinina á frumvarpinu á bls. 1. Þar er svarið.

[21:00]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þingmanns var um margt merkileg. Það var ... (**Gripið fram í:** Hún var skemmtileg.) Já, og skemmtanagildið var töluvert æðilengi, sérstaklega þegar hv. þingmaður sagði næstum því í öðru hverju orði varaformaður, varaformaður og eyddi miklum og löngum tíma í að fjalla um varaformann. Maður hafði á tilfinningunni mjög lengi að hv. þingmaður hefði miklu meiri löngun til að fjalla um annan varaformann, þann sem kom honum í þessa óskaplega erfiðu stöðu sem hann er búinn að vera í nú ár eftir ár.

Væntanlega hefur hv. þingmann langað til að fjalla t.d. um vinnubrögðin um ESA-skjölin enda hefur hv. þingmaður sagt í fjölmiðlum að vinnubrögðin hafi verið ótæk, óásættanleg. Hv. þingmaður lét þess þó ógetið núna.

Nú spyr ég, herra forseti: Var ekki stór hluti af ræðu hv. þingmanns um varaformann hans með öfugum formerkjum eða var hann að nota hina frægu (Forseti hringir.) Albaníuaðferð við að skamma rangan varaformann?

[21:01]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar málflutningur manna er kominn á þetta plan er varla við hæfi að koma í andsvar. (**Gripið fram í:** Ræða þín var nú mestöll svona.) Það er ekki mikið eftir af rökum þegar menn fara upp í ræðustól Alþingis og spyrja með þessum hætti. Ég meinti allt sem ég sagði í þeirri ræðu sem ég hélt hér.

Ég skil mjög vel að hv. þingmanni hafi liðið mjög illa undir þeim lestri, þeim uppljóstrunum sem ég kom með varðandi þá stefnumörkun sem varaformaður hans flokks, einn valdamesti maður flokksins, hefur haldið á lofti.

Ég hlýt að spyrja hv. þingmann: Er hann sammála varaformanni sínum um að það eigi að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag ef ritstjórnarlegt sjálfstæði helst óskert og aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum í félaginu óbreyttur? Er hann sammála þessu?

[21:02]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Málefnalegt skal það vera. Áfram skal haldið. Hv. þingmaður talaði mikið um að sumir væru ekki jaðarmenn og sumir töluðu frá hjartanu á stundum en í önnur skipti ekki. Það er alveg óhjákvæmilegt að spyrja hv. þingmann um hans eigin stöðu í sínum eigin flokki: Er hann jaðarmaður í flokknum? Talar hann frá hjartanu? Er hann lykilmaður? Eða er hv. þingmaður hættur að hafa þá skoðun að það beri að selja Ríkisútvarpið? Er hann jaðarmaður í því máli eða lykilmaður? Bara þannig að við áttum okkur á hugtakanotkun hv. þingmanns.

Í gær upplýsti hann okkur um það hvað hann á við með varaformanni. Þegar hann talar um varaformann á hann við yfirmann t.d. þingflokksformanns. Varaformaður er einhver maður sem ber að hlýða í einu og öllu innan flokksins enda hefur hv. þingmaður sýnt að þannig lítur hann á sinn varaformann. (Forseti hringir.)

[21:03]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki alveg hvernig ég á að svara þessu. Ég er a.m.k. ekki varaformaður Sjálfstæðisflokksins, það liggur fyrir. Varaformaðurinn situr mér á vinstri hönd. (Gripið fram í.) Ágúst Ólafur Ágústsson, hv. þingmaður, er hins vegar varaformaður Samfylkingarinnar.

Það hefur verið þannig í íslenskum stjórnmálum að formenn og varaformenn flokka hafa verið taldir skipta verulega miklu máli (**EMS:** ... jaðarmálum.) í stefnumörkun flokka sinna og þess vegna skiptir verulegu máli þegar varaformaður Samfylkingarinnar siglir gegn straumnum og stekkur upp í bátinn með okkur í stjórnarmeirihlutanum í einhverju umdeildasta máli á þessu kjörtímabili.

Ég á erfiðast með að skilgreina sjálfan mig en, jú, ætli ég sé ekki svona (**Gripið fram í:** Jaðarmaður.) út við hægri jaðarinn í Sjálfstæðisflokknum. (**Gripið fram í:** Já.) Ég hugsa það.

[21:05]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)*:

Forseti. Í þessari löngu málþófskenndu ræðu um varaformennsku hjá hv. þingmanni saknaði ég þess að hann gerði samkeppnisreglunum og Evrópuréttinum betri skil. Þess vegna ætla ég að reyna að spyrja hann á þeim litla tíma sem til þess gefst þeirra spurninga en verð þó fyrst að segja að þegar maður rennir yfir hluti eins og Ríkisútvarpið sem hefur þá stöðu sem það hefur í sögunni og í samfélaginu og í vitund þjóðarinnar verður maður að vera alveg viss. Það verður að vera hafið yfir eðlilegan vafa, svo að ég noti ameríska orðalag, að þær reglur sem um það eru standist Evrópurétt og samkeppnisrétt.

Samkvæmt þessu frumvarpi eru skilgreiningarnar á almannaþjónustuhlutverkinu óljósar. Skilin eru óljós milli almannaþjónustunnar og samkeppnisréttarins. Það á að halda áfram óheftri samkeppni á markaði auglýsinga og kostunar og það er hlutafélag sem snýr til þess að halda áfram á markaði.

Getur formaður menntamálanefndar komið hingað og sagt að það sé hafið yfir eðlilegan vafa í hans huga að þetta (Forseti hringir.) standist samkeppnisrétt, samkeppnisreglur og Evrópurétt?

[21:06]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get sagt við hv. þingmann sem kom hér með fína og málefnalega spurningu í þessari umræðu: Já, ég er alveg viss um að þær reglur sem fram koma og sú stefnumörkun sem fram kemur í frumvarpinu um Ríkisútvarpið ohf. standist gagnvart íslenskum samkeppnisreglum og þeim reglum Evrópuréttarins sem fjalla um samkeppnismál og ríkisstyrk.

Ég tel að sú vinna sem við höfum farið í gegnum hér á síðustu þremur árum, samtöl okkar við æðstu menn á sviði samkeppnismála á Íslandi og samskipti íslenskra stjórnvalda við Eftirlitsstofnun EFTA leiði það í ljós að það er enginn vafi um það að ríkisútvarpsfrumvarpið eins og það er nú, það frumvarp sem við erum að ræða, standist þessar reglur.

[21:07]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)*:

Forseti. Það er fróðlegt að heyra þetta og ég bið menn að muna eftir því að formaður menntamálanefndar, hv. þingmaður, sagði þetta: „Ég er alveg viss um“ og „það er enginn vafi á“. Þessi orð kann hv. þingmaður nefnilega að þurfa að éta ofan í sig hér síðar.

Einn af helstu veikleikunum við umfjöllun menntamálanefndar nú, á fyrra þingi og fyrsta þingi er að hafa ekki farið nægilega í gegnum íslenskan samkeppnisrétt og evrópskar reglur. Það má segja að við höfum í raun og veru rétt hafið það starf frá þingfrestun til þingupphafs núna að fara í gegnum þessar reglur.

Það sem í ljós kom þegar við fengum Ólaf E. Friðriksson og lásum, eins og allir hafa auðvitað gert, ritgerð hans um stöðu Ríkisútvarpsins í Evrópurétti var auðvitað það að einmitt leikur vafi á þessu. Þessi þrjú atriði sem ég taldi upp og raunar hið fjórða sem nefnt er í framhaldsnefndaráliti okkar sem er aðeins lengra en framhaldsnefndarálit meiri hlutans segja nákvæmlega þetta, (Forseti hringir.) hvernig þetta muni verða gert fyrir Evrópudómstóli.

Þá skal Sigurður Kári Kristjánsson, hv. þingmaður, (Forseti hringir.) endurtaka þá ræðu sem hann flutti hér áðan.

[21:08]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, það er allt í lagi. Ef ég reynist ekki hafa rétt fyrir mér getur hv. þm. Mörður Árnason kallað mig til vitnis komi til einhverra málaferla. (**MÁ:** ... Ríkisútvarpsins.) Ég er hins vegar að lýsa viðhorfi mínu.

Ég tel hafið yfir allan vafa að þetta frumvarp standist Evrópureglurnar og samkeppnisreglurnar. (**Gripið fram í:** Málaferli ...) Ég get sagt það við hv. þm. Mörð Árnason að

ef ég væri það ekki hefði ég ekki lagt það til í menntamálanefnd Alþingis að þetta mál yrði afgreitt þaðan út. Það var í þeirri vissu sem ég lagði það til að málið yrði tekið út úr nefndinni.

[21:09]

**Útbýting:**

Tekjur sveitarfélaga af einkahlutafélögum, 370. mál, svar félmrh., þskj. 721.

Tekjuskattsgreiðslur banka, 470. mál, svar fjmrh., þskj. 719.

[21:10]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Umræðan er búin að vera fróðleg um þetta mál þær stundir sem hún hefur staðið og það verður ekki sagt, sérstaklega ekki í kvöld, að mönnum hafi leiðst undir umræðunni. Ég tel það vel. Það er þá töluvert fóður í henni enn þá og meiningar hjá þingmönnum þegar menn geta tekist á í umræðu og jafnframt haft gaman af skylmingum sín í milli. Það er því ekki að sjá að menn séu hér að leka niður af leiðindum yfir þessu máli enda má segja að málið sé þess eðlis að það sé fyllsta ástæða til þess að um það sé ítarleg umræða, það er stórt, grípur á mörgum sviðum í þjóðlífinu og í frumvarpinu eru lagðar til töluverðar breytingar þannig að það er ekki að undra þó að menn takist eitthvað á um þetta mál. Þannig hefur það t.d. verið innan Framsóknarflokksins að þetta er eitt af þeim fáu málum sem virkilega hafa hreyft við flokksmönnum í gegnum árin og ég man ekki eftir nema einu öðru máli sem hefur verið lifandi umræðuefni innan veggja flokksins árum saman öðru en málefni Ríkisútvarpsins og það eru sjávarútvegsmál. Menn sjá að þetta mál er ofarlega í hugum manna sem hafa tekið þátt í störfum Framsóknarflokksins á umliðnum árum og eðlilegt að þeir láti það til sín taka og um það má finna ályktanir í flokksþingum mörg undanfarin ár.

Ég vil fyrst víkja að ákveðnum þáttum í þessu máli, í fyrsta lagi kannski fyrirsögninni sjálfri, Ríkisútvarpi, og svara spurningunni hvort ég telji að það eigi að vera yfir höfuð eitthvert ríkisfyrirtæki eða ríkisstofnun á þessu sviði. Ég vil svara spurningunni strax játandi, ég tel að svo þurfi að vera, það sé nauðsynlegt af einkum tveimur ástæðum. Það er annars vegar hlutverk þessarar stofnunar sem hún þarf að gegna sem fréttastofnun og hins vegar sem öryggisstofnun.

Ég rifja upp könnun sem Gallup gerði í ágústmánuði 2002 um Ríkisútvarpið, viðhorfsrannsókn meðal almennings um það. Það kom mjög skýrt fram þegar spurt var um hlutverk þess að almenningur telur mikilvægasta hlutverk Ríkisútvarpsins vera annars vegar fréttahlutverkið — tæplega helmingur aðspurðra telur það mikilvægast — og hins vegar öryggishlutverkið, tæplega þriðjungur aðspurðra telur það mikilvægast. Þetta tvennt er í hugum almennings aðalhlutverk útvarpsins sem stofnunar og ég er algerlega sammála þessu mati og vek athygli á því að hvorugt atriðið er þess eðlis að unnt sé að líta svo á að fyrirtæki á almennum markaði geti yfirtekið þetta tvennt að fullu og öllu. Þess vegna þarf að vera opinbert fyrirtæki sem uppfyllir þetta hlutverk og sérstaklega — og um það hafa menn komist að raun í öllum öðrum ríkjum sem mér er kunnugt um, líka þjóðfélögum þar sem búa tugir milljóna manna og fyrirtæki á almennum markaði verða því auðvitað miklu stærri en við eigum að venjast hér á landi og einkafyrirtæki hafa bolmagn til að reka öflugar fréttastofur vegna þess að þó að þær kosti töluverðan pening er það ekki nema lítið hlutfall af tekjum viðkomandi fyrirtækja. Bolmagn einkafyrirtækja til að reka öflugar og hlutlægar fréttastofur er miklu meira en gerist í fámennum þjóðfélögum eins og hjá okkur.

Hér í þessu fámenna landi hefur aðalvandi á sviði fjölmiðlunar verið skortur á rekstrargrundvelli. Saga blaða, t.d. dagblaða, er þyrnum stráð, það hefur ekki reynst mikil tekjulind að gefa út dagblöð í gegnum árin, þau hafa týnt tölunni og önnur komið í þeirra stað og það er ekki hægt að segja að þetta sé gróðavænleg leið ef maður horfir yfir útgáfusögu liðinna áratuga. Það er eðlilegt vegna þess að markaðurinn er lítill og getur ekki staðið undir mörgum fyrirtækjum eða öflugum á þessu takmarkaða sviði. Einmitt af þeirri ástæðu er þeim mun mikilvægara að opinber stofnun gegni veigamiklu hlutverki á þessu sviði til að uppfylla þarfirnar fyrir fréttahlutverkið og öryggishlutverkið.

Ég vil, virðulegi forseti, víkja aðeins að áformunum um breytingu á forminu á þessu fyrirtæki. Spyrja má: Skiptir einhverju máli hvort þetta opinbera fyrirtæki sem Ríkisútvarpið er verði stofnun áfram eða hvort það breytist og verði hlutafélag? Ef það skiptir ekki máli og fyrirtækið gegnir hlutverki sínu með sama hætti og áður er auðvitað ekki ástæða til þess að leggja stein í götu málsins. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að breytingin skipti miklu máli, hún skipti mjög miklu máli og miklu meira máli en látið er í veðri vaka í frumvarpinu og í máli þeirra sem tala fyrir því.

Í fyrsta lagi er breytingin ekki bara formbreyting, hún er efnisbreyting. Hlutirnir eru ekki eins eftir breytingu og þeir eru í dag, heldur er þeim gjörbreytt. Löggjöf um starfsemina verður allt önnur eftir að Ríkisútvarpið er orðið hlutafélag og veigamikil lög sem í dag gilda um starfsemi hennar og sérstaklega um starfsmenn hennar — það hljóta allir að átta sig á því að stofnun sem hefur það meginhlutverk að flytja fréttir og vera áreiðanlegur miðill fyrir almenning í landinu verður að tryggja stöðu starfsmannanna þannig að þeir geti ástundað starf sitt með þeim hætti að sem mestar líkur séu á því að þeir flytji fréttirnar með þeim hætti sem ætlast er til og séu ekki seldir undir einhverja hagsmuni innan eða utan stofnunar sem getur haft áhrif á fréttamat þeirra eða meðhöndlun. Þess vegna skiptir staða starfsmanna stofnunarinnar veigamiklu máli.

Það er einmitt í þessu sem kjarni málsins er fólginn, í breytingunni. Það er verið að breyta algjörlega stöðu starfsmannanna, sérstaklega þeirra starfsmanna sem hafa það hlutverk með höndum að flytja fréttir, sá er kjarni málsins. Þeir verða ekki lengur verndaðir af lagaákvæðum þeim sem í dag gilda ef þetta frumvarp nær fram að ganga. Þeir eiga meira undir yfirmanni sínum, útvarpsstjóra, en þeir eiga í dag og njóta ekki verndar laga sem gilda í dag, eins og stjórnsýslulaga eða laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þarna er um að ræða kjarnann í þessu máli. Breytingin, ef hún nær fram að ganga, gerir það að verkum að starfsmennirnir

eru berskjaldaðri gagnvart sínum æðsta yfirmanni sem getur ráðið og rekið án tillits til þeirra lagaákvæða sem um þetta gilda í dag.

Ég sé ekki betur en að útvarpsstjóri muni geta ráðið í störf án auglýsinga, án þess að setja neinar kröfur um menntun eða reynslu og hafi í raun og veru algjört geðþóttavald í þeim efnum auk þess sem hann mun geta beitt launasamningum við einstaka starfsmenn með mismunandi hætti og viðhaldið launaleynd sem ég held að hljóti að grafa undan samstöðu og starfsöryggi starfsmanna á vinnustað eftir slíkar breytingar.

Ég er ekki að segja endilega að menn eigi að leggjast gegn því að breyta því sem er, það er aldrei svo að menn geti haldið því fram að það fyrirkomulag sem er sé óumbreytanlegt, sé hið fullkomna fyrirkomulag sem menn geti ekki leyft sér að hugsa til að gera breytingar á. En breytingar í stofnun sem fer með þetta veigamikla hlutverk verða þá a.m.k. að tryggja stöðu þeirra starfsmanna sem mikilvægir eru í starfsemi stofnunarinnar þannig að þeir geti sinnt starfi sínu með þeim hætti sem nauðsynlegt er. Breytingar mega ekki draga úr starfsöryggi þeirra, þær mega ekki vega að möguleikum þeirra til að vera sjálfstæðir í fréttamati sínu og fréttaflutningi. Sá er kjarni málsins. Löggjöf og form á starfseminni verður að tryggja sjálfstæði fréttaflutningsins, sjálfstæði gagnvart yfirmanni rekstursins, útvarpsstjóra, gagnvart pólitískri yfirstjórn, stjórn fyrirtækisins, útvarpsráði eða menntamálaráðherra. Ég finn á þessu máli þann alvarlega galla að þessar breytingar draga úr sjálfstæði fréttamanna, draga úr starfsöryggi þeirra, auka geðþóttavald yfirmannsins sem verður bæði yfirmaður yfir rekstri og líka yfir dagskrárgerð sem ég tel mjög óeðlilegt. Af þessum ástæðum tel ég þetta vanhugsað skref.

Ég hef fylgst með ráðningu núverandi útvarpsstjóra og framgöngu hans að því marki sem hún er sýnileg í fjölmiðlum og ég get ekki sagt að framganga menntamálaráðherra eða útvarpsstjóra hafi verið með þeim hætti að það auki tiltrú mína á því að starfað verði með hlutlægum hætti innan stofnunarinnar. Ráðning útvarpsstjóra var að mínu mati mjög óeðlileg. Hún var auglýst, engar kröfur gerðar um menntun eða reynslu. Sá sem ráðinn var gekk á fund menntamálaráðherra áður en hann sótti um og eftir fundinn sótti hann um og var umsvifalaust ráðinn án þess að nokkrir væru teknir í viðtal. Mér finnst þetta óeðlileg ráðning, mér finnst þetta vera val menntamálaráðherra á útvarpsstjóra til að framfylgja sinni pólitísku stefnu.

Þetta mat mitt styrkist þegar ég fylgist með framgöngu útvarpsstjóra. Það kemur nefnilega í ljós að hann hefur sjálfur haft pólitískan áhuga á þessum breytingum allt frá 1996 þegar hann tekur þátt í nefndarstarfi sem ég hygg að hafi verið á vegum Sjálfstæðisflokksins um þetta mál. Hann hefur ítrekað frá því að hann var ráðinn til starfa blandað sér í umræðu um málefni útvarpsins á opinberum vettvangi með þeim hætti að það samrýmist ekki stöðu hans sem útvarpsstjóra að mínu mati. Hann er ekki bara að tala fyrir útvarpið sem stofnun, hann hefur í þessari umræðu verið að tala fyrir hinni pólitísku stefnumörkun menntamálaráðherra. Hann hefur ráðist á fjölmiðla á einkamarkaði og gefið þeim einkunnir. Er nærtækast að nefna það síðasta þar sem hann sakar starfsmenn Fréttablaðsins og kannski ekki hvað síst fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins um að vera í hagsmunagæslu fyrir eigendur sína.

Getur það gengið, virðulegi forseti, að útvarpsstjóri sem á að vera hafinn yfir deilur um pólitísk málefni sé sjálfur aðaltalsmaður menntamálaráðherra í pólitískum málefnum sem er verið að fjalla um á Alþingi, um stofnunina og vegi að helsta fyrirtæki á einkamarkaði sem starfar á sama sviði? Þetta getur ekki gengið, virðulegi forseti, ég bara fæ ekki séð að þetta sé með neinu móti eðlilegt. Ég tel að útvarpsstjóri hafi farið út yfir öll eðlileg mörk í þessari umfjöllun sinni. Það að menntamálaráðherra hafi ekki fundið að þessari framgöngu útvarpsstjóra segir mér að framgangan sé með samþykki menntamálaráðherra, því spyrja má: Telja menn líklegt að menntamálaráðherra hefði setið hjá ef afstaða útvarpsstjóra hefði verið önnur og alveg á öndverðum meiði við þá afstöðu sem hann hefur lýst í greinum sínum og menntamálaráðherra hefur lýst með sínum málflutningi? Segjum sem svo að útvarpsstjóri hefði í sinni opinberu umfjöllun talað fyrir málstað þeirra sem eru á móti þessari breytingu, hefði menntamálaráðherra liðið útvarpsstjóra það? Sjá menn það fyrir sér að útvarpsstjóri hefði ekki verið kallaður til menntamálaráðherra sem hefði sagt: Heyrðu góði, þú blandar þér ekki inn í þetta. Ég vil leyfa mér að segja, virðulegur forseti, að ég tel það blasa við að útvarpsstjóri hefði ekki setið í marga daga í embætti útvarpsstjóra ef hann hefði farið fram á ritvöllinn með þeim hætti. Ég held að menn verði að hugsa þessi mál aðeins og framgöngu útvarpsstjóra einmitt í því ljósi að hann hefur komið fram sem pólitískur boðberi í málinu.

Þá kemur næsta skref í því ljósi: Hvernig er þá staða fréttamannanna á Ríkisútvarpinu ohf. þegar yfirmaðurinn er merktur í málinu með þessum hætti? Hvernig eiga fréttamennirnir að starfa innan stofnunarinnar með útvarpsstjóra sem sinn æðsta yfirmann og njóta ekki lengur verndar laga í störfum sínum? Það er hægt að reka þá bara umsvifalaust. Ég held að allir sjái að þetta getur ekki gengið. Það er hæpið að mínu viti að búa til fyrirkomulag þar sem einn maður hafi svona mikil völd gagnvart fréttamönnum sínum og þeir ekki varðir með neinum hætti sem tryggi starfsöryggi þeirra. Það er mjög hæpið að búa til svoleiðis kerfi en það er alveg augljóst mál að þegar þessi yfirmaður hefur svona fastmótaðar skoðanir og ákveðnar í þessum efnum eru starfsmennirnir í miklum vanda, sérstaklega ef þeir eru ekki sammála yfirmanni sínum um breytingarnar sem á að taka upp.

Það getur hver séð sjálfan sig í því hversu gott það er að taka til umfjöllunar málefni í þjóðfélaginu sem snerta viðkvæma þætti í stjórnmálunum ef menn þurfa að búa við það að hægt sé að víkja þeim umsvifalaust úr starfi án þess að gefa nokkrar skýringar og án þess að viðkomandi geti rönd við reist eða haldið uppi nokkrum vörnum sem dugi til þess að halda starfinu. Þetta er ekki fyrirkomulag, virðulegur forseti, sem við eigum að taka upp. Við eigum ekki að búa til aðstæður sem eru með þessum hætti, jafnvel þó að menn haldi því fram og vilji trúa því í lengstu lög að upp komi staða þar sem reynir á aðstæðurnar. Við skulum a.m.k. halda því fram svo lengi sem við höfum ekkert annað að menn misnoti ekki vald sitt.

Engu að síður eigum við sem setjum lögin ekki að gera

það með þeim hætti að möguleikinn til að misnota vald sitt eða nota það með óeðlilegum hætti sé rýmkaður eins og hér er gerð tillaga um í þessu frumvarpi, það hljóta allir menn að sjá. Það er nefnilega kjarninn í því ef það á að reka stofnun eða fyrirtæki sem sinnir almannaþjónustu eins og fréttaflutningi hlýtur sjálfstæði þeirra sem þar starfa að vera lykilatriðið og sjálfstæði stofnunarinnar ekki bara frá ríki eða frá stjórn, það verður líka að vera sjálfstæði frá stjórnmálaflokkum eða skoðunum yfirmanns þannig að menn verða að geta flutt fréttir og unnið að slíkum málum algerlega óháð því að þurfa með nokkrum hætti að huga að ytri aðstæðum. Sjálfstæðið er lykilatriði í þessu máli og með þessum breytingum er verið að minnka það, það er verið að ganga á það og rýra öryggi þeirra sem eiga að vinna þessi mikilvægu verk.

Að breyta löggjöfinni með þessum hætti, ryðja út öllum þessum lagaákvæðum og færa umhverfið yfir í það umhverfi sem einkarekstrinn býr við er einkavæðing. Það er einkavæðing, virðulegi forseti, það er einkavæðingin sjálf. Hún er um garð gengin þegar þetta frumvarp verður orðið að lögum. Salan er í raun og veru seinna stig og miklu minna stig vegna þess að þegar að henni kemur verður það sem á undan verður gengið miklu meira. Stóru skrefin sem þarf að taka í sölu Ríkisútvarpsins eru tekin við einkavæðinguna á formi og rekstri stofnunarinnar. Það eru stóru skrefin. Salan er smámál á eftir og hún mun auðvitað fylgja á eftir, láti menn sér ekki detta neitt annað í hug. Menn stilla ekki út í búðarglugga hlutum sem ekki á að selja, það er nú bara þannig, virðulegi forseti. Það eru ekki góðir kaupmenn sem klæða útstillingargínurnar í sínar fínustu spjarir en setja á þær miða um að ekki eigi að selja þær. Það, virðulegur forseti, þýðir ekki að halda því fram hér í þessum sal að það standi ekki til að selja Ríkisútvarpið. Auðvitað stendur það til.

Ég hef setið hér nógu lengi til að hafa heyrt heitstrengingar um að ríkisfyrirtæki sem var breytt í hlutafélag ætti ekki að selja. Þeim var breytt í hlutafélög og svo voru þau seld. Ég segi bara, virðulegur forseti: Láti menn sér ekki detta annað í hug en að það fari eins í þessu máli og í þeim sem á undan eru gengin.

Stóra breytingin, einkavæðingin sjálf, er núna. Hún er við afgreiðsluna á þessu máli, það er rétt að undirstrika það rækilega, það er stóra málið. Fleira held ég að megi nefna sem mér finnst mjög óeðlilegt í þessu. Mér finnst mjög óeðlilegt að hlutafélag eigi að fá skattheimtufé, mér finnst óeðlilegt að leggja skatta á almenning með opinberu álagningar- og innheimtukerfi ríkisins sem á síðan að afhendast hlutafélagi sem hefur takmarkaða ábyrgð og að þeir sem stjórna því beri ábyrgð bara á þeim rekstri sem þar er, þeir beri enga almenna ábyrgð. Mér finnst þetta mjög óeðlilegt. Ég tek undir athugasemdir sem komið hafa fram einmitt um þetta fyrirkomulag frá, að ég hygg ég megi segja, fyrrverandi fjármálaráðherra, Þorsteini Pálssyni, sem segir á einhverjum stað að það sé mjög óeðlilegt fyrirkomulag að hlutafélag fái svona aðgang að skattfé almennings.

Ég ætla, virðulegur forseti, að leita að þessari tilvitnun í fyrrverandi fjármálaráðherra. Já, hann segir í forustugrein í Fréttablaðinu 31. mars, með leyfi forseta, að „ríkisrekstur á samkeppnismarkaði þar sem gengið er á svig við allar grundvallarreglur um meðferð skattpeninga“ — það er nú ekkert minna sem fyrrverandi fjármálaráðherra segir um þetta mál, að láta hlutafélag hafa beinan skattstofn, að það sé gengið á svig við allar grundvallarreglur um meðferð skattpeninga. Og ég er alveg sammála Þorsteini Pálssyni um þetta, ég tel þetta fyrirkomulag alveg fráleitt. Það er e.t.v. ekki svo fráleitt að taka upp nefskatt en að afhenda hann hlutafélagi er alveg fráleitt.

Ég er reyndar á þeirri skoðun að besta fyrirkomulagið sé að stofnunin Ríkisútvarpið sé sjálfseignarstofnun og fái tekjur fyrst og fremst úr ríkissjóði með samningum við ríkið. Ég tel afnotagjöldin næstbesta kostinn en nefskattinn lakasta kostinn í þessu efni.

Það er líka ókostur í þessu máli að forræði yfir eignum stofnunarinnar færist frá Alþingi til eins forstjóra. Ég fæ ekki betur séð en að hann geti að mestu leyti ráðstafað eignum einn og sjálfur, selt þær eða gert það annað við þær sem hann telur nauðsynlegt án þess að spyrja eigandann, almenning, Alþingi eða ríkið um samþykki fyrir því. Mér finnst ekki til bóta að gera þessa breytingu á núverandi fyrirkomulagi þó að ég sé ekki þar með að segja að það eigi endilega að hafa allt óbreytt í þeim efnum. Vissulega er margt ósveigjanlegt í núverandi fyrirkomulagi sem lýtur að meðferð eigna hjá hinu opinbera.

Ég vil, virðulegi forseti, víkja aðeins að afstöðu Framsóknarflokksins til þessa máls. Eins og ég gat um í upphafi hefur málið borið mjög hátt innan Framsóknarflokksins í mörg ár og verið ályktað um það. Starfshópur starfaði um málefni Ríkisútvarpsins og skilaði áliti sem var afgreitt sem stefna flokksins á miðstjórnarfundi í nóvember 2001 og svo síðar staðfest í samþykktum flokksþings. Ég held að það sé ástæða til að fara aðeins yfir þessa afstöðu flokksins þannig að hún liggi fyrir eins og hún blasir við mér.

Á flokksþingi árið 2001 var gerð sem oftar samþykkt um Ríkisútvarpið og þar segir mjög skýrt að því verði ekki breytt í hlutafélag. Það er alveg skýr stefna flokksins að Ríkisútvarpið verði ekki hlutafélag, en kannað hvort rétt sé að breyta því í sjálfseignarstofnun. Það er skoðað. Síðar á því ári samþykkir miðstjórn það fyrir sitt leyti að stefnan sé sú að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun sem verði óháð og sjálfstæð, sem auðvitað er lykilatriði í þessu máli. Sú stefnumörkun er síðan staðfest á flokksþingi fyrir síðustu alþingiskosningar, árið 2003, og má lesa um það í þeim ályktunum. Í aðdraganda kosninganna er þetta borið fram sem stefna flokksins í kosningastefnuskrá ársins fyrir kosningarnar 2003.

Þar segir til áréttingar um þetta að Ríkisútvarpinu verði breytt í sjálfseignarstofnun og rekstur hennar tryggður með þjónustusamningi við ríkið. Þetta er sú stefna sem við fórum einhuga með til kjósenda í síðustu kosningum. Á grundvelli m.a. þeirrar stefnu fær flokkurinn sína kosningu.

Það stendur í kosningastefnuskrá flokksins fyrir þessar kosningar til áréttingar að Framsóknarflokkurinn standi á traustum grunni. Þar segir, með leyfi forseta: „Framsóknarflokkurinn stendur á traustum grunni, hann feykist ekki til og frá í sviptivindum dagsins. Kjósendur okkar vita fyrir hvað við stöndum og geta treyst orðum okkar.“

Svo mörg voru þau orð í kosningastefnuskránni sem

gefin var út fyrir síðustu kosningar. Þau eru nefnilega alveg rétt, þau voru nefnilega alveg rétt. Ég hef ekki breytt um afstöðu í þessu máli frá þeirri afstöðu sem ég kynnti fyrir kjósendum í kosningunum 2003. Ég feykist ekki til og frá í sviptivindum í þessu máli og stend við mína stefnu og kjósendur vita hvar þeir hafa mig, alveg eins og þeim var sagt að þeir vissu hvar þeir hefðu Framsóknarflokkinn fyrir síðustu kosningar. Ég held mig við þessa stefnu.

Málefni Ríkisútvarpsins eru ekki hluti af stjórnarsáttmálanum. Menn þekkja það auðvitað að flokkar þurfa að semja um framgang mála við myndun ríkisstjórna. Það hefði alveg verið hugsanlegt að flokkarnir hefðu samið um einhverja útfærslu á stöðu Ríkisútvarpsins eftir kosningarnar en það hefði þá líka farið fyrir miðstjórn flokksins og verið samþykkt þar, en það er ekki. Það er ekki hluti af stjórnarsáttmálanum að breyta Ríkisútvarpinu frá því sem það er. Það er ekki hluti af stjórnarsáttmálanum að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag og það er vegna þess að Framsóknarflokkurinn hafnaði því í stjórnarmyndunarviðræðunum að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag. Þess vegna er það ekki í stjórnarsáttmálanum.

Hitt er deginum ljósara að þingflokkurinn hefur skipt um stefnu. Hann styður að þorra til þá breytingu sem lögð er til í þessu frumvarpi, það er augljóst mál. Þingflokkurinn hefur núna aðra stefnu en hann kynnti fyrir kjósendum vorið 2003. Ég tel að menn eigi ekki að skipta um stefnu í svona veigamiklu máli, máli sem flokksmenn hafa litið á sem svo veigamikið í gegnum árin án þess þá að hafa skýrar heimildir til þess í samþykktum flokksins þannig að menn styðjist við pólitískt bakland í þessum snúningi.

Það hefur verið vísað til samþykktar flokksþings árið 2005 til rökstuðnings því að þessi mikla breyting verði á afstöðu flokksins. Í þessari samþykkt árið 2005 segir að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu og sjálfstæði þess eflt, lögin endurskoðuð, skoðaðar mismunandi leiðir til að standa undir rekstrarkostnaðinum. Þetta er inntakið í því sem samþykkt er 2005.

Þá er það spurningin: Er í þessari samþykkt fólgin breyting sem víkur því til hliðar sem áður hafði verið samþykkt? Mitt svar er nei. Það sem samþykkt var 2005 er í fullu samræmi við það sem samþykkt var 2003 og 2001. Það eru engir árekstrar í því sem samþykkt er 2005 við það sem á undan er gengið. Menn átta sig á því að samþykktir eru auðvitað gerðar þannig að þær halda gildi sínu þar til ný er gerð sem víkur henni til hliðar eða ný er gerð sem hefur annað inntak og augljóslega breytir þá því sem á undan er gert. Þannig lesa menn auðvitað saman samþykktir.

Það að Ríkisútvarpið skuli áfram vera í þjóðareigu er ekki í andstöðu við það sem áður hafði verið samþykkt, að Ríkisútvarpið verði ekki hlutafélag. Það að segja að eitthvað sé í þjóðareigu þýðir ekki það að menn felli úr gildi samþykkt um að það sé ekki hlutafélag, nema það sé þá beinlínis tekið fram. Það að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins þýðir ekki að menn samþykki að breyta stofnuninni í hlutafélag. Það að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins þýðir ekki að niður falli samþykktin um sjálfseignarstofnun. Að endurskoða lögin fellir ekki niður samþykktina um að ekki skuli vera hlutafélag. Þvert á móti, endurskoðun laganna verður þá að taka tillit til þess að hún nær ekki til þess að breyta því í hlutafélag. Að skoða mismunandi leiðir til að standa undir rekstrarkostnaði felur heldur ekki í sér að fella úr gildi samþykkt um sjálfseignarstofnun eða að Ríkisútvarpið verði ekki hlutafélag því að það lýtur auðvitað afnotagjaldinu. Menn geta breytt um afstöðu í því hvort það eigi að hafa afnotagjald eða eitthvert annað fyrirkomulag til að fjármagna stofnunina án þess að það hafi áhrif á þessar eldri samþykktir um að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun og að það verði ekki hlutafélag.

Ekkert í samþykktinni 2005 ýtir til hliðar því sem samþykkt hefur verið áður nema það væri beinlínis tekið fram, í tillögunni hefði verið tekið fram að svoleiðis bæri að líta á hlutina, en það var ekki. Ég hef farið í gegnum öll skjöl um þessi mál frá flokksþinginu 2005. Ekki er minnst einu orði á að samþykktin 2005 raski að einhverju leyti þeim samþykktum sem á undan hafi verið gerðar. Það er raunverulega ekki fyrr en seint á árinu 2005 sem sá skilningur kemur fram á samþykktinni sem ég lýsti áðan, nokkuð löngu eftir að samþykktin er gerð, sem ég heyri fyrst af þessum nýja skilningi á samþykktinni.

Ég vildi, virðulegi forseti, einfaldlega rekja þessa sögu eins og hún kemur mér fyrir sjónir sem þátttakanda í málinu. Það kom mér mjög á óvart þegar þessi skilningur kom fyrst fram og ég verð bara að viðurkenna það og samþykkja að menn geti haft þessa túlkun en ég er henni algjörlega ósammála og tel hana raunar alveg fráleita í ljósi þess hvernig menn venjulega lesa saman samþykktir flokka. Ég tel að enginn rökstuðningur haldi fyrir slíkri túlkun að samþykkt flokksþingsins 2005 feli í sér að flokkurinn hafi samþykkt það að Ríkisútvarpið verði hlutafélag. Þvert á móti tel ég það fráleita túlkun sem ekki sé hægt að færa nein rök fyrir.

Ég vil t.d. nefna til samanburðar að ef menn líta svo á að nýjasta samþykkt í máli sé sú eina sem í gildi er, allar aðrar falli brott, hvernig er þá t.d. stefna Framsóknarflokksins í sjávarútvegsmálum? Jú, það hlýtur þá að mega beita sömu lögskýringu á það eins og í málefnum Ríkisútvarpsins. Fróðlegt væri að líta aðeins á það (Gripið fram í.) af því að ég þekki það mál líka mætavel, starfa mikið að þeim málum innan flokksins.

Síðasta samþykktin í sjávarútvegsmálum sem lýtur að stjórn þeirra, því mikla deilumáli, er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Að gerð verði heildarúttekt á kostum og göllum íslenska fiskveiðistjórnarkerfisins og það borið saman við önnur stjórnkerfi fiskveiða, svo sem í Færeyjum, Noregi, Kanada og Evrópusambandinu."

Hver er þá stefna flokksins ef þetta er eina samþykktin sem er í gildi? Það segir ekkert um að flokkurinn styðji kvótakerfið og hefur ekki sagt neitt um að flokkurinn sé með þá stefnu að styðjast við aflamarkskerfi. Það hefur ekki verið gerð nein ályktun um það síðan 2001. Ef menn beittu þessari tátólógíu sem menn gera í ríkisútvarpsályktunum kæmust menn að þeirri niðurstöðu að flokkurinn styddi ekki aflamarkskerfið, sem auðvitað er ekki, stefnan er alveg skýr en menn hafa auðvitað af eðlilegum ástæðum ekki talið ástæðu til að ítreka hana þegar hún er óbreytt frá einu flokksþingi til annars í meginatriðum. Þess vegna ber að fara yfir samþykktirnar í sjávarútvegsmálunum í heild

sinni í gegnum flokksþingin til að lesa saman stefnuna og það ber auðvitað að gera líka þegar menn reyna að átta sig á því hvaða afstöðu flokkurinn hefur tekið í málefnum Ríkisútvarpsins.

Ég hef, virðulegi forseti, ekki fyrr heyrt þau rök að þessi síðasta almenna ályktun víki sértækari ályktunum til hliðar sem á undan voru gerðar, sem eru í samræmi við hina almennu ályktun. Ef menn gerðu það og beittu því eins og væri eðlilegt í túlkun laga, samspili þeirra, þá er ég hræddur um að menn fengju eitthvað annað út en venja er um skilning á lagaákvæðum. Það þætti t.d. einkennilegur skilningur að halda því fram að öll lagaákvæði eða öll löggjöf félli úr gildi við upphaf nýs Alþingis, menn byrjuðu bara með hreint borð, lögbókin væri tóm, það væri aðeins forsíða og baksíða og ekkert á þeim og ekkert þar á milli.

Í mínum huga er sá skilningur sem borinn hefur verið fram, túlkun á afstöðu síðustu samþykktar flokksins fráleit. Ég er ósammála henni og skil samþykktir síðustu flokksþinga með þeim hætti sem ég hef hér lýst og ég held mig við það, kannski vegna þess að ég hef undirgengist þær samþykktir. Auðvitað hef ég leyfi til þess eins og aðrir þingmenn að áskilja mér rétt til að fylgja sannfæringu minni en ekki samþykktum flokks, en ég hef undirgengist samþykktirnar og þess vegna ber mér að fylgja þeim eftir, sem ég tel mig gera með því að leggjast gegn frumvarpinu. Líka vegna þess að ég er sannfærður um að besta fyrirkomulagið er það sem stefna flokksins hefur að geyma, að Ríkisútvarpið sé sjálfseignarstofnun, hún sé sjálfstæð og óháð og fjárhagsgrundvöllur hennar tryggður með þjónustusamningi við ríkið. Ég er algjörlega sannfærður um að það fyrirkomulag er það allra besta fyrir stofnunina sem útvarp og fyrir Íslendinga sem þjóð. Ég hef því tvöfalda sannfæringu í þessu máli, virðulegi forseti.

Fleira má auðvitað fara yfir í málinu en ég hygg ég láti þetta gott heita. Ég hef rakið í aðalatriðum afstöðu mína til þess og hef lýst þeim samþykktum sem ég tel mig skuldbundinn til að fylgja eftir og styðja.

[21:53]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hlýddum við á nokkuð merkilega ræðu, málefnalega og ærlega hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sem eins og allir vita er þingmaður Framsóknarflokksins. Ræða hv. þingmanns opinberaði auðvitað þann ágreining sem er til staðar hjá stjórnarliðum um málið. Það er ekki eining innan stjórnarliðsins um meginatriði málsins. Það er undirstrikað í ræðu hv. þingmanns en er svo sem eitthvað sem við höfum vitað og höfum fundið á almennum kjósendum Framsóknarflokksins og almennum félögum í Framsóknarflokknum. Ég þakka því hv. þingmanni fyrir að hafa undirstrikað eða staðfest það sem haldið hefur verið fram í þessum efnum.

Hv. þingmaður vitnar til samþykkta flokksþinga Framsóknarflokksins. Hann bendir okkur á að það sé ekki í stjórnarsáttmála flokkanna að hlutafélagavæða eigi Ríkisútvarpið vegna þess að Framsóknarflokkurinn hafi sett sig upp á móti þeirri breytingu. Hann segir að þingflokkurinn hafi skipt um stefnu í málinu án þess að hafa haft stuðning við þá stefnubreytingu í baklandi flokksins eða hafa borið hana undir stofnanir hans, almenna flokksmenn eða flokksþing. Mér finnst þessar skýringar hv. þingmanns vera afar athyglisverðar og vil spyrja: Hvert er mat þingmannsins á ástæðum þess að þetta gerðist? Hvað fékk meiri hluta þingflokks Framsóknarflokksins til að skipta um skoðun um þetta grundvallaratriði málsins að heimila (Forseti hringir.) hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins?

[21:55]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að svara þessari spurningu. Ég tel að menn verði að sýna trúnað við þær umræður sem fram fara í þingflokkum. Ég ætla ekkert að upplýsa það hvaða skýringar menn hafa gefið í þeim efnum eða ástæður.

Ég bendi einfaldlega á þá staðreynd að skipt var algerlega um stefnu í málinu á árinu 2005 með rökstuðningi í samþykkt mörgum mánuðum eftir að samþykktin var gerð, með túlkun á samþykkt sem ég hafði ekki heyrt fyrr en mörgum árum eftir að samþykktin var gerð. Menn verða svo að velta því fyrir sér hvað gerðist á árinu 2005 sem kann að hafa breytt afstöðu manna í þessum efnum.

[21:56]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég virði það algjörlega við hv. þingmann að hann skuli ætla sér að halda trúnað við félaga sína í þingflokki Framsóknarflokksins, geri enga athugasemd við það að hann skuli ekki svara spurningu minni í þessum efnum, en tel að hér hafi verið flutt afar merkileg ræða og ítreka það að hún var ærleg og ég tel að hún eigi eftir að verða áfram til umfjöllunar og skoðunar þegar þessu máli vindur fram hér í sölum Alþingis, í baklandi Framsóknarflokksins og meðal þjóðarinnar.

[21:57]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru nokkur tíðindi sem hv. þingmaður hefur boðað okkur hér, að þingflokkur Framsóknarflokksins hafi ráðstafað stefnu flokksins með öðrum hætti en a.m.k. hann hefur skilið að hún hafi verið mótuð. Ég tel ástæðu til að spyrja hv. þingmann hvort það hafi kannski verið af því að hv. þingmaður vísaði sérstaklega til stefnu flokksins í sjávarútvegsmálum, hvort verið geti að þeirri stefnu hafi verið ráðstafað með öðrum hætti en flokkurinn hafði gert ráð fyrir og gert samþykktir um.

Þá vitna ég til þess að fyrir síðustu kosningar var núverandi formaður flokksins í fyrirsvari fyrir hina stóru nefnd sem komst að niðurstöðu um sjávarútvegsmálin, um að setja ætti í stjórnarskrána ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Öfugt við það sem hv. þingmaður nefndi að ekki hefði verið í stjórnarsáttmála að breyta Ríkisútvarpinu með neinum hætti, þá er það í stjórnarsáttmálanum að fylgja þessu fram, að setja þetta ákvæði í stjórnarskrána. Nú hefur hæstv. sitjandi forseti hér á stóli tilkynnt að það sem var í stjórnarsáttmálanum hafi ekki orðið að niðurstöðu í þeirri nefnd sem er að fara að skila af sér, eða hefur þegar gert það, um þessi málefni.

Ég spyr hv. þingmann hvort það geti verið að þingflokk-

ur Framsóknarflokksins hafi komist að einhverri annarri niðurstöðu en flokkurinn í þessu máli og fengið það fram í þeirri stjórnarmyndun sem varð við síðustu kosningar, þ.e. hvort próventan hafi verið seld á síðasta ári hvað þetta mál varðar líka.

[22:00]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr raunar um annað mál sem ekki hefur enn þá verið leitt til lykta hér í þingsölum þannig að kannski er ekki tímabært að kveða upp úr um lyktir þess. Hitt er rétt sem þingmaðurinn minnir á, að í sjávarútvegsmálakaflanum í stefnu flokksins segir að flokkurinn beiti sér fyrir að ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign þjóðarinnar fari inn í stjórnarskrána. Það ákvæði er í stjórnarsáttmálanum sem er í gildi.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá."

Ég geri þannig ráð fyrir því að stjórnarflokkarnir beiti sér fyrir því að uppfylla þetta ákvæði stjórnarsáttmálans við afgreiðslu á frumvarpi um breytingu á stjórnarskránni fyrir kosningar í vor.

[22:01]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu og geri ráð fyrir því að æðimargir séu tilbúnir til að standa að þeirri samþykkt með stjórnarflokkunum því að ég veit ekki betur en að allir þeir þingflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi hafi verið tilbúnir til að ganga þá göngu sem þarna var staðfest í stjórnarsáttmálanum. Þess vegna varð ég ákaflega undrandi þegar ég frétti að hv. sitjandi þingforseti hefði tilkynnt þá niðurstöðu út úr stjórnarskrárnefnd að þetta ákvæði kæmi ekki fram, það yrði einungis ein tillaga frá stjórnarskrárnefndinni. Þetta hlýtur að þurfa miklu nánari skýringar við en það kann vel að vera, og ég vona satt að segja að það sé rétt sem hv. þingmaður segir, að menn muni þá sameinast um að setja þetta ákvæði fram á þinginu þegar málið hlýtur meðferð hér.

[22:02]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, ég held að við ættum bara að taka höndum saman um það. Ef tillagan kemur af einhverjum ástæðum ekki fram í frumvarpi frá stjórnarskrárnefndinni bætum við úr því í þingsölum, flytjum þá tillögu og sameinumst um að uppfylla þetta ákvæði stjórnarsáttmálans.

[22:03]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er orðið kvöldsett og það væri í sjálfu sér fróðlegt fyrir mig sem ræðumann að vita hvað forseti hugsar sér að halda lengi áfram hér í kvöld. Ég ætla að flytja nokkuð langa ræðu þannig að mér þætti gott að vita hvort ég þarf að búast við því að gera hlé á henni þegar fundi lýkur síðar í kvöld eða hvernig forseti hafði hugsað sér fundarhaldið. Vildi forseti kannski vera svo góður að veita ræðumanni aðeins upplýsingar eða leiðsögn í þeim efnum?

(**Forseti** (JónK): Forseti hyggst halda fundinum áfram enn um sinn og veita svigrúm til að halda ræður þó að þær séu í lengra lagi. Það er meiningin að halda áfram hér í kvöld um sinn.)

Já. Ég tek því þannig að ekki sé að svo stöddu hægt að veita nánari upplýsingar en þó sé verið að tala um kvöldfund en ekki næturfund og að fundað verði hér eitthvað enn um sinn. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að flytja mína ræðu hér svo lengi sem til stendur að funda og gera þá hlé á henni ef mér hefur ekki tekist að ljúka máli mínu þegar þar að kemur.

Ég ætla í fyrstu, virðulegi forseti, að ræða pínulítið almennt um stöðu og vegferð þessa máls. Satt best að segja hefur ekkert endilega verið allt of gaman að horfa upp á það hvernig þessum málum hefur skipast núna, ja, ekki bara síðustu mánuði og hér á þessu þingi heldur í raun og veru á þessari vegferð allri á þessu kjörtímabili. Þessi fjölmiðlamál öll á kjörtímabilinu eru orðin mjög söguleg. Ég spái því að arfleifð ríkisstjórna Davíðs Oddssonar, Halldórs Ásgrímssonar sem var forsætisráðherra hér í lýðveldinu um skeið og nú Geirs H. Haardes, sem mun a.m.k. hafa nokkurn stans á þessum stóli þótt óvíst sé að það verði lengur en til vorsins, þessara þriggja ráðherra sem hafa farið með völdin á þessu kjörtímabili, eigi eftir að þykja nokkuð söguleg. Það hafa auðvitað skrifast nýir kaflar í stjórnmálasögu landsins í tengslum við þessi fjölmiðlamál. Allt hangir þetta saman á vissan hátt og það má segja að ógæfu ríkisstjórna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í þessum efnum hafi orðið allt að vopni, bókstaflega allt. Ríkisstjórnin hefur engu komið fram enn sem komið er og það er þá orðin spurningin hvort hún kórónar það hörmungarferli sem fjölmiðlamálin hafa verið á kjörtímabilinu með því óhappaverki að þjösna þessu máli í gegn við þær kringumstæður sem blasa við hverjum manni og verður auðvitað engum til álitsauka.

Því miður er það misskilningur hjá hæstv. menntamálaráðherra að það verði hæstv. ráðherra til álitsauka að þröngva þessu máli í gegn, ef það skyldi takast, í því grenjandi ósætti sem um það er og með þá dapurlegu sögu alla á bakinu sem því fylgir. Það verður ekki vegsauki, það réttir ekki hlut ríkisstjórnarinnar að ljúka kjörtímabilinu með vinnubrögðum af því tagi sem hér eru ástunduð. Það má segja að um skeið hafi rofað til þegar ríkisstjórnin stóð frammi fyrir fullkominni uppgjöf í sambandi við fjölmiðlamálin frægu á sumrinu 2004 og gafst upp. Einhver rýrasta eftirtekja af einu þinghaldi sem sögur fara af voru paragröfin sem eftir stóðu af fjölmiðlafrumvörpunum og brellufrumvörpunum.

Þá var þó gripið til þess ráðs að reyna að koma málunum aftur í einhvern vitrænan vinnufarveg og skipuð þverpólitísk nefnd sem vann ágætt starf. Það rofaði til um skeið og ríkisstjórnin átti aftur leið í land, átti aftur kost á því að bjarga andlitinu eftir hrakfarir fjölmiðlamálsins sumarið 2004 en hún klúðraði því tækifæri. Hún er að klúðra því. Ef svo heldur sem horfir mun ríkisstjórnin, í staðinn fyrir að uppskera af þeirri vinnu og eiga möguleikann á kannski sæmilegu samkomulagi hér um almenna fjölmiðlalöggjöf, ekki fá hana í gegn — það er ekkert andrúmsloft til að vinna við hana við þessar aðstæður — heldur sitja uppi

með það að hafa þjösnað þessu ríkisútvarpsfrumvarpi í gegn, ég tala nú ekki um ef gildistakan verður óbreytt, breytt Ríkisútvarpinu í hlutafélag, einkavætt það rétt fyrir kosningar og mjög líklega sitja uppi með það að nýr meiri hluti Alþingis og ríkisstjórn láti það mál ganga til baka. Það yrði aldeilis uppskera ef fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar yrði að færa þjóðinni aftur Ríkisútvarpið, taka það úr hlutafélagsforminu og eftir stæði ekki neitt af öllu puði og erfiði, barningi og meiðslum stjórnarflokkanna í þessum málum í fjögur ár, ekkert nema skaddað Ríkisútvarp sem auðvitað hefur látið á sjá og þessi endemis málafylgja sem raun ber vitni.

Það er eiginlega undarlegt hvernig allt verður ógæfu ríkisstjórnarinnar að vopni í þessum efnum, t.d. þetta síðasta með gögnin frá ESA. Hvers konar óskaplegur himinhrópandi aulagangur er þetta ef það er þá ekki bara vísvitandi lítilsvirðing og forakt gagnvart Alþingi? Ég vil helst ekki trúa að svo sé heldur láta menn njóta vafans og segja þá að það er einhver alveg yfirgengilegur aulagangur að vera tekinn í bólinu með það að hafa ekki komið þessum upplýsingum skilmerkilega á framfæri við Alþingi og viðkomandi þingnefnd. Það sér hvert mannsbarn að auðvitað áttu þau erindi beina leið inn í þá vinnu sem hér hefur staðið. Það er alveg fáránlegt að reyna að halda því fram að ráðuneytin séu saklaus af öllu í þessum efnum og það er eins og að svo fremi sem menn rukka ekki um upplýsingar — jafnvel þó að þeir viti ekki að þær séu til — sé ráðuneytið laust allra mála. Hefur ekki ráðuneytið pósitífa upplýsingaskyldu líka? Hefur ráðuneytið ekki ákveðnar skyldur að sjá til þess að nauðsynleg gögn berist þingnefndum, fylgi málum ríkisstjórnar inn í þing o.s.frv.? Ég tel endemis aulagang í besta falli að þetta skuli gerast og því miður gerist þetta aftur og aftur og menn bera þá fyrir sig miskjánalega hluti af þessu tagi.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur heldur betur orðið sekt um það sama. Þar lyktar því miður allnokkuð miklu meira af því að um vísvitandi gjörning hafi verið að ræða, a.m.k. af hálfu aðila tengdum ráðuneytinu, að bara hreinlega halda óþægilegum upplýsingum frá Alþingi varðandi mál sem stjórnvöld voru þar með til umfjöllunar. Maður er óneitanlega dálítið hugsi yfir því hversu frjálslega menn virðast orðið líta á rétt þingmanna í þessum efnum, að byggja alltaf ákvarðanir sínar á bestu fáanlegu upplýsingum og skyldu ráðuneyta og stofnana hins opinbera til að tryggja að slík gögn séu alltaf í höndum þingnefnda og ráðuneyta. Það er nefnilega augljóslega ekki þannig að þingmenn séu alltaf í aðstöðu til að kalla eftir slíkum upplýsingum, a.m.k. ekki ef þeir vita ekki að þær eru til, bara hreinlega hafa ekki um það hugmynd.

Það er alveg ljóst í sambandi við þessi mál að nefndarmenn í menntamálanefnd, sem auðvitað hafa aðallega unnið þessi mál fyrir þingflokkana, töldu sig hafa upplýsingar um hið gagnstæða í höndunum vegna þess að þeim var sagt fyrir ári að samskiptin við ESA væru á lokastigi. Þeir voru þess vegna grandalausir gagnvart því sem síðan kom á daginn, að þá væri bara röð bréfaskipta sem þeir höfðu engar upplýsingar um. Meira að segja var augljóst að málatilbúnaður ráðuneytisins hafði tekið breytingum vegna þeirra samskipta en samt eru þau ekki reidd fram og menntamálanefnd sem hefur unnið í þessu núna á hverjum vetri allt þetta kjörtímabil eins og kunnugt er fær ekkert um þetta að vita.

Þessir hlutir, virðulegi forseti, eru manni mikið umhugsunarefni, hvernig í ósköpunum það getur gerst að vinnubrögðin eru svona. Af hverju velur t.d. ráðherra, sem þó kemst inn á það spor að setja þverpólitískt starf í gang um grundvallarlöggjöf um fjölmiðla eins og gert var, þá ekki eitthvert sambærilegt verklag varðandi mikilvægasta fjölmiðil landsins, Ríkisútvarpið sjálft, sameignina okkar allra? Af hverju er þá ekki viðhaft sama vinnulag þar, að reyna að leita pólitískra sátta, kortleggja málin með þverpólitískum hætti á undirbúningsstigi, laða fram öll sjónarmið og vita hvort það er hægt að finna út úr því eitthvert fyrirkomulag sem þjóðin öll geti fylkt sér á bak við hér eftir sem hingað til? Í öllum aðalatriðum hefur verið gífurleg samstaða um Ríkisútvarpið í landinu á mismunandi tímum. Auðvitað hafa menn deilt um einstaka hluti eins og gengur og það er ótrúlegt rugl í gangi um pólitísk afskipti af því að það er þverpólitískt útvarpsráð sem hefur skilgreint hlutverk samkvæmt lögunum, eins og að þar með sé öllu handstýrt af stjórnmálamönnum og allt lagt þar að jöfnu, ráðherrann og meiri hlutinn á hverjum tíma og þingið almennt.

Það er náttúrlega gamli, góði áróðurinn gegn öllu sem lýtur að lýðræðislegu aðhaldi og hann er furðu lífseigur. Ég las leiðara í einu blaðanna og þar gekk aftur þessi gamli málflutningur um hina skaðlegu hönd hinna pólitísku afskipta eins og hún hefði verið hjá Ríkisútvarpinu og það yrði nú einhver munur þegar nýja fyrirkomulagið yrði komið, eða þannig las ég andann út úr leiðaranum.

Bíðum við, hvert er verið að halda? Það á auðvitað að herða hin pólitísku tök á Ríkisútvarpinu og þetta hefur lengi verið notað sem áróður gegn því. Engu að síður má þó fullyrða að í öllum aðalatriðum hafi verið mikil sátt um Ríkisútvarpið og það var auðvitað gífurlega, mér liggur við að segja helg stofnun í augum þjóðarinnar. Tilkoma Ríkisútvarpsins var einn af stóru atburðunum í sókn Íslendinga og uppbyggingu velmegunar- og menningarsamfélags í landinu á síðustu öld. Það þarf ekki að ræða lengi við eldra fólk sem ólst upp á árdögum Ríkisútvarpsins til að skynja hversu heilagt Ríkisútvarpið var, hvílíkur viðburður það var í íslensku samfélagi og í íslensku menningarlífi þegar menn eignuðust Ríkisútvarpið.

Ég er alinn upp á mjög afskekktu svæði í landinu þar sem Ríkisútvarpið var eiginlega nánast helsti boðberi nútímans inn í samfélagið og helsti tengiliður við umheiminn og menninguna í öllu tilliti. Á fyrstu árunum voru náttúrlega ekki viðtæki nema á sumum bæjum. Það er gaman að heyra lýsingar fólks, fullorðins fólks eins og móður minnar sem reið milli bæja með rafhlöður til að hlaða og þegar fólk kom til að hlusta á messur á sunnudögum eða sérstakar útsendingar t.d. héðan frá Alþingi. Þetta voru stóratburðir í hversdagslífinu á þessum slóðum og fólk kom ríðandi af öðrum bæjum til að hlusta á mikilvægustu útsendingarnar í útvarpinu. Menn lögðu á sig mikið erfiði og voru lotningarfullir þegar þeir tengdust þannig umheiminum, urðu hluti af þjóðinni og þjóðarsálinni. Það þarf engum blöðum um það að fletta hversu gríðarlega mikilvægt Ríkisútvarpið var í þessari menningarlegu endurreisn þjóðarinnar á leið hennar

til fulls og endanlegs sjálfstæðis á 20. öld.

Þannig er það enn þann dag í dag, virðulegi forseti, að þau lönd og þær þjóðir sem virkilega leggja sig fram og reyna af metnaði að halda utan um menningararf sinn standa vörð og slá skjaldborg um ríkisfjölmiðla, um ríkisútvörp og ekki þarf að fara lengra en til Bretlands og Frakklands til að finna sanninn um það. Þar líta menn svo á að þrátt fyrir alla ofgnótt fjölmiðlunar og afþreyingar sem í boði er í dag, netið og allt það, þá hafi ekkert breytt mikilvægi þess að þjóðirnar eigi sér slíkar miðlægar undirstöðumenningarstofnanir að þjóðararfinum sé miðlað, að tryggður sé hlutlægur og óháður fréttaflutningur sem sé aftengdur markaðsöflunum og hagsmunum sem geta bjagað og gert myndina sem þjóðin fær frá fjölmiðlunum skekkta og að slíkir aðilar séu líka til sem hluti af menningarstarfinu í viðkomandi löndum, dagskrárgerð og framleiðslu menningarefnis og miðlun slíks efnis. Ef eitthvað er má segja að jafnvel á síðustu árum hafi sumpart vaxið aftur skilningur manna á og stuðningur við mikilvægi þess að svona starfsemi sé tryggð. Það er auðvitað vegna þess að þrátt fyrir allt gera menn sér grein fyrir því að fjölmiðlunin er gríðarlega mikilvægur hluti af lífinu, af myndinni sem menn fá. Hún er spegill samfélagsins með vissum hætti. Samfélagið horfist í augu við sjálft sig í gegnum fjölmiðlana og fjölmiðlarnir hafa mikið „vald". Þeir eru oft nefndir fjórða valdið eins og kunnugt er vegna þess áhrifamáttar sem þeir geta haft.

Allt þetta og ótal margt fleira þarf að hafa í huga þegar við ræðum um fjölmiðlamálin. En allt finnst mér þetta vera um leið rökstuðningur fyrir því hversu mikilvægt það er að um þessa starfsemi ríki sátt, að sköpuð sé samstaða um hlutverk, starfsgrundvöll, fyrirkomulag, stjórn og rekstur þessara stofnana og menn vandi sig þegar þessir hlutir eru á ferðinni. Fyrir okkur Íslendinga sem erum þrátt fyrir allt ekki nema 300 þúsund manna þjóð — þó að ónefndur athafnamaður í landinu hafi reiknað út að við eyðum eins og 2,1 milljón erum við samt samkvæmt hausatölunni ekki nema rúmlega 300 þúsund — eru þar af leiðandi takmarkaðir möguleikar á fjölbreytni eða fjölda burðugra fjölmiðla sem starfræktir verða hér á landi á hreinum markaðslegum forsendum. Það er alveg ljóst að svo er og þeim mun mikilvægara er ríkisútvarp, af því að við getum ekki ætlast til þess og reiknað með því að mjög margir burðugir aðilar geti að meira eða minna leyti sinnt sambærilegu hlutverki. Það er ekki raunhæft. Hversu æskilegt sem það er að á þessu sviði eins og öðrum ríki mikil fjölbreytni og gróska þá er tæpast við því að búast. Það gerir vissulega um leið sambúð ríkisfjölmiðils eða almannaútvarps, sem nýtur til þess stuðnings að sinna sínu hlutverki, vandasama. Það er alveg ljóst. Hún er í raun og veru vandasamari vegna smæðarinnar á markaðnum hér. Þess þá heldur þurfa menn virkilega að reyna að finna almennilega út úr því hvernig þetta geti gengið án vandræða, án illdeilna, án málaferla o.s.frv. Það finnst mér ekki vera að takast og það er mjög dapurlegt. Það er ekki í sjónmáli að hér sé verið að tryggja starfsfrið fyrir ríkisútvarp. Það er því miður ekki þannig. Og það er miklu fleira sem teiknar til þess að Ríkisútvarpinu verði ef þetta gengur fram hent inn í ólgusjó átaka, kærumála og málaferla sem geta átt eftir að verða langvinn og endað jafnvel fyrir erlendum dómstólum. Það er ekki björguleg framtíð, það er ekki gæfulegt og í rauninni það alveg á borðinu. Það þarf enginn að efast um hvað í vændum er af hálfu ýmissa samkeppnisaðila útvarpsins ef þetta gengur fram.

Nú er það ekki svo að ég hafi endilega samúð með öllum þeim sjónarmiðum sem þar á bæ eru sett fram. Auðvitað ráða þar fyrst og fremst viðskiptahagsmunir og menn eru að horfa til átaka á markaði og í samkeppni og eðlilega eru þeir sem standa fyrir rekstri einkafjölmiðla ekkert uppteknir af því endilega, þótt margir ágætlega hugsandi menn séu, hvert eigi að vera og sé sanngjarnt og skynsamlegt hlutverk ríkisútvarps. Þeir eru bara í bisness. Við sem erum að huga að vitrænni löggjöf um þessi mál þurfum auðvitað að sjá í gegnum það.

Meðal annars af þessum sökum líka held ég að við séum að byrja á öfugum enda málsins. Þess vegna hefði hæstv. menntamálaráðherra átt að fylgja vinnunni eftir úr hinni þverpólitísku nefnd um fjölmiðlalöggjöf og leggja áherslu á að setja þá löggjöf fyrst. Það er eðlilegt. Það er starfsgrundvöllur allra fjölmiðla, líka Ríkisútvarpsins að verulegu leyti, þ.e. allt sem varðar fjarskiptin, dreifikerfin og sambúðina í gegnum þau lög. Svo koma sérákvæði um Ríkisútvarpið í lögum um það. Við erum því augljóslega ekki að byrja á réttum enda málsins. Fyrst hefði átt að klára vinnuna um hin almennu fjölmiðlalög. Ég er viss um að hefði náðst fram setning slíkra almennra undirstöðulaga um fjölmiðla væri strax búið að leggja grunn og ryðja úr vegi ýmsum hindrunum sem hefði getað létt verkið, auðveldað vinnuna við að koma saman og koma fram lögum um Ríkisútvarpið.

Um Ríkisútvarpið sem stofnun má margt segja. Að vísu er það svo, því miður, að það er búið að vera undir hrammi Sjálfstæðisflokksins í bráðum 16 ár. Það er skelfilega langur tími og í raun og veru sér verulega á Ríkisútvarpinu eftir þessa stjórnun eða ráðsmennsku sjálfstæðismanna. Þeir hafa haft tilhneigingu til þess eða lag á því, eða hitt þó heldur, að halda þannig á málefnum Ríkisútvarpsins að það hefur verið í talsverðum hremmingum. Frægar eru ýmsar mannaráðningar þar inn, harðpólitískar mannaráðningar sem ollu miklum deilum í samfélaginu, ýmsir ónefndir dagskrárstjórar og yfirmenn þar, og að endemum síðast og frægust hin álappalega tilraun til að ráða þar inn fréttastjóra sem endaði eins og raun bar vitni. Það hefur ekki allt verið mjög farsælt, því miður.

Ég tel líka að Sjálfstæðisflokkurinn beri höfuðábyrgð á því að hafa búið illa að Ríkisútvarpinu mörg undanfarin ár. Það er staðreynd að Ríkisútvarpið hefur alls ekki haft þann starfsgrundvöll sem það hefði þurft að hafa. Dreifikerfi þess hefur t.d. drabbast niður. Það hefur verið í fjárhagsvandræðum og það hefur ekki getað sinnt dagskrárgerð af þeim metnaði sem það hefði þurft að gera. Það var alltaf svikið um þann tekjustofn sem því var í raun ætlaður samkvæmt lögum, tekjurnar af aðflutningsgjöldum af viðtækjum eða hvað það nú var. Þetta hefur t.d. leitt til þess að íbúar á landsbyggðinni kvarta víða sáran undan því að þeir hafi léleg hlustunarskilyrði eða léleg skilyrði til að horfa á sjónvarp. Einkareknir miðlar hafa jafnvel komið sér upp kraftmeiri sendum þannig að aðdáendur Ríkisútvarpsins sem eru

á ferð um héruð landsins og eru að reyna að hlusta á það verða iðulega að bíta í það súra epli að hrökklast yfir á aðrar stöðvar af því að þær eru með öflugri útsendingu á viðkomandi stað. Margar þeirra senda út ágætisefni, t.d. góða tónlist og manni er kannski nokk sama hvaðan hún kemur en þó er það gremjulegt þegar maður er að hlusta á þátt í útvarpi, sem maður er staðfastur aðdáandi að, og verður svo fyrir því að geta ekki náð útsendingunni t.d. í akstri á ýmsum þjóðvegum.

Það hefði mátt búa Ríkisútvarpinu betri og metnaðarfyllri starfsskilyrði undanfarin ár, það er alveg á hreinu. Það kemur inn á það sem ég ætla að ræða næst. Okkur er sagt núna að það sé svo mikilvægt að klára þetta mál vegna þess að það sé svo óþægilegt fyrir Ríkisútvarpið að vera í lausu lofti og útvarpsstjórinn, sem er kapítuli út af fyrir sig í þessu öllu saman, segir að það sé um líf eða dauða að tefla að fá þetta í gegn. Það er þá væntanlega vegna þess að búið hefur verið svo illa að Ríkisútvarpinu að undanförnu að það er orðið svona lemstrað, ef ástandið er þannig að það sé orðið eins og hver annar sjúklingur og það sé um líf eða dauða að tefla. En það eru ekki rök fyrir því að fara úr öskunni í eldinn. Hafi Ríkisútvarpið átt bágt undanfarin ár þá eru ekki rök að þvinga fram einkavæðingu þess í grenjandi ágreiningi og henda því inn í framtíðina í ólgusjó kærumála og illdeilna. Það er öðru nær. Fyrr ættu þeir aðilar sem bera ábyrgð á því hvernig með málefni Ríkisútvarpsins hefur verið farið á undanförnum árum að svara fyrir það og skammast sín fyrir frammistöðu sína.

Hrammur íhaldsins hefur legið eins og mara á mörgum ráðuneytum í landinu, sérstaklega þeim ráðuneytum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með allan tímann, öll 16 árin, eins og menntamálaráðuneytið, ef minni mitt svíkur ekki. Ég held að ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafi verið ráðsmenn þar allan tímann. Einhver ráðuneyti hafa færst milli flokka en ekki menntamálaráðuneytið. Þessi þungi kaldi hrammur, þessi þunga kalda, bláa hönd hefur legið ofan á Ríkisútvarpinu allan þennan tíma. Það er því ekki von á góðu, þar hafa ekki alltaf verið mikil faðmlög, hæstv. menntamálaráðherra. Það er svo sannarlega kominn tími til að breyta til, það er alveg á hreinu. Vonandi verður það að veruleika í vor að hægt verði að leysa menntamálin, dómsmálin, samgöngumálin og fleiri slíka málaflokka úr þessum álögum og undan þessari ánauð Sjálfstæðisflokksins.

Mér er nokkuð hugleikinn sá auður sem þrátt fyrir allt er fólginn í Ríkisútvarpinu þó að betur hefði mátt að því búa á undanförnum árum og út af fyrir sig lengi. Ég ætla ekki að halda því fram að það sé eingöngu núna síðustu 16 árin eða svo sem ekki hefði mátt gera betur við Ríkisútvarpið. Ég held að fyrri ríkisstjórnir á árum og áratugum þar á undan séu heldur ekkert saklausar af því að þær hefðu mátt standa sig betur. Það út af fyrir sig held ég að verði að viðurkennast og koma þá flestir stjórnmálaflokkar landsins við sögu eða forverar þeirra.

Engu að síður er það nú svo að í þeirri stofnun er fólginn mikill auður, fyrst og síðast mannauður. Það sem menn þurfa virkilega að reyna er að halda utan um hann, að glata honum ekki en ég hef af því miklar áhyggjur að menn séu á góðri leið með að gera það.

Mér finnst ískyggilegur tónninn og hugsunarhátturinn sem er svolítið svífandi yfir vötnunum og er notaður m.a. til rökstuðnings hlutafélagavæðingunni í þessum efnum. Hann er mjög ískyggilegur. Ríkisútvarpið á auðvitað mjög mörg önnur verðmæti og gætir að miklum þjóðarauði þar sem eru söfn Ríkisútvarpsins og munir. Þetta var nú ekki betur undirbúið en það hér í byrjun að þau mál voru afvelta í fyrstu frumvörpum sem hingað komu inn. Nú er búið að bæta eitthvað úr því og það er vel.

Menn ætla ekki að gera sömu mistökin eins og þegar þeir einkavæddu Landsbankann, herra forseti, og gleymdu málverkasafninu eins og frægt er orðið. Það svona flaut með yfir í hendur á Björgólfunum. Menn sem hafa ágætan smekk fyrir listum og passa örugglega vel upp á það. En engu að síður er það dálítið hjákátlegt að þetta verðmæta listasafn sem þjóðin átti í þjóðbankanum sínum, Landsbankanum, skyldi bara gleymast. Það á kannski ekki að gera sömu mistökin með Ríkisútvarpið ef þetta verður að veruleika. En þar eru gríðarleg önnur verðmæti og mannauðurinn náttúrlega stærstur.

Varðandi hin efnislegu verðmæti vil ég segja að nær hefði mönnum verið að takast af metnaði á við það að bjarga því sem eftir er að bjarga í stofnuninni en að fara að færa þetta yfir í hlutafélag. Veruleikinn er því miður sá að undir skemmdum liggja og hafa verið að glatast mikil verðmæti vegna þess að burðir stofnunarinnar til að geyma efni, flokka, skrá og yfirfæra síðan á varanlegt form, hafa verið afar takmarkaðir.

Talsvert mikið af efni hefur glatast á síðustu 10, 20, 30 árum, vegna þess að samtímavarðveisla þess var ekki í lagi. Menn höfðu ekki bolmagn til þess að geyma efni sem gífurleg eftirsjá er að eða vegna þess að fámennar og undirmannaðar deildir réðu ekki við að flokka það, skrá og sortera úr það sem hafði mest verðmæti.

Það vill svo til að ræðumaður hefur pínulitla reynslu af þessu sem starfsmaður á einni af deildum ríkissjónvarpsins um skeið. Ég veit vel að á mínum tíma þar og á árunum þar á eftir glötuðust margar gersemar og perlur úr íþróttasögu landsmanna og jafnvel fréttatengdu efni, efni sem hafði mikið fréttagildi, einfaldlega af því að mönnum voru bara ekki skapaðar þær aðstæður og þau starfsskilyrði sem þurfti til að skrá og velja úr og geyma efni.

Hið fræga viðtal og hinn frægi umræðuþáttur sem mun sennilega vera sá síðasti sem Nóbelsskáldið okkar tók þátt í þar sem hann bað um það í frægum setningum í lokin að umræðunni yrði lyft á aðeins hærra plan, sá þáttur er glataður. Það er auðvitað alveg skelfilegt. Það liggur við að maður fái sting í brjóstið þegar maður hugsar til þess hversu stórkostlegt það væri að eiga hann í dag.

Þarna hefði verið og er mikið verk að vinna og væri ánægjulegt ef við værum að ræða um það hvernig gert yrði stórátak í því að tryggja varðveislu alls þess sem til væri og eftir væri af þessu tagi, í staðinn fyrir þessi ósköp sem hér eru á dagskrá.

Þá ætla ég að ræða aðeins um mannauðinn í umræddri stofnun. Í gegnum tíðina hefur helsti styrkur Ríkisútvarpsins verið sá að þangað hefur valist oft og tíðum alveg einvalalið. Auðvitað var og er mannskapurinn t.d. sem bar uppi starfsemi Ríkisútvarpsins á löngum tímabilum mikið einvalalið. Þangað völdust andans menn og snillingar. For-

ustumenn á sínum sviðum úr menningar- og listalífi. Leikarar og upplesarar, tónlistarmenn og aðrir slíkir sem auðguðu þá stofnun og gáfu henni starfskrafta sína margir hverjir alla ævina. Því menn héldu yfirleitt tryggð við þann vinnustað og mjög margir af burðarásum Ríkisútvarpsins gegnum tímann hafa helgað henni alla sína starfskrafta. Þulir og upplesarar sem hafa orðið þjóðareign, elskaðir og dáðir.

Með þessu byggist upp hjá einni stofnun gríðarlegur mannauður og gríðarleg verðmæti. Fjárfesting í þekkingu og reynslu þessa fólks sem verður ómetanleg og aldrei hægt að meta neitt til fjár. Því verð ég að segja eins og er að þegar menn koma og tala algerlega eins og út úr kú um mikilvægi þess að hægt sé að breyta þessu í hlutafélag svo hægt sé að ráða og reka starfsfólk eins og í hverjum öðrum verslunarrekstri eða hvað það nú er, þá skil ég ekki hvernig fólk getur talað þannig um hlutina af því að við erum að tala í undirstöðunni um allt aðra hluti sem hér eiga við. Það er augljóslega þannig að þú nærð ekkert þeim árangri, þú færð ekkert þá stöðu, þú hefur ekki þann stuðning á bak við þig sem Ríkisútvarpið hefur þegar best hefur látið nema með því að horfa akkúrat öfugt á hlutina. Með því að undirstrika og virða verðmætin sem fólgin eru í góðum, reyndum starfsmönnum og allri þekkingunni sem þeir bera með sér.

Ég hef verið að ræða að undanförnu í nokkur skipti við nokkra mjög reynda starfsmenn Ríkisútvarpsins, hér í höfuðstöðvunum og aðra á starfsstöðvum Ríkisútvarpsins annars staðar í landinu. Við skulum taka t.d. menn með mikla starfsreynslu sem hafa sinnt fréttaöflun og dagskrárgerð fyrir Ríkisútvarpið og haft mikil samskipti við tiltekin svæði á landinu eða landshluta. Segjum fréttamann, dagskrárgerðarmann með 20–25 ára starfsreynslu. Hvaða verðmæti eru fólgin í honum? Ekki aðeins hefur hann alla þekkingu og þjálfun sem til starfsins þarf, að vera þaulvanur og rútíneraður í sínum daglegu verkefnum. Hann hefur staðarþekkingu. Hann hefur sambönd. Hann þekkir mikinn fjölda fólks. Hann hefur sína trúnaðarmenn Hann veit hvernig á að afla upplýsinga, líka um það sem lágt fer af því hann á trúnaðarvini, fólk sem hann treystir og treystir honum. Ef hann þarf að leysa einhver viðfangsefni eins og að koma sér á milli staða eða komast á áfangastað hefur hann aðferðir til þess. Hann á víða hauka í horni o.s.frv.

Við, sem starfa okkar vegna þekkjum vissa hlið á störfum fréttamanna, það gerum við stjórnmálamenn, vitum þetta af því við sjáum oft til þeirra vinna og erum í samskiptum við þá. Við erum stundum á vettvangi vegna sömu atburða og fréttamennirnir. Það má stundum ekki á milli sjá hverjir mæta fyrr á staðinn, fréttamenn, þingmenn eða ráðherrar sem málin eru skyld.

Starfsmennirnir sem þannig safna og byggja upp þekkingu og verða að þjóðareign, eru líka visst vörumerki stofnunarinnar. Þeir eru einhvers konar andlit hennar, rödd hennar gagnvart þjóðinni. Mjög margir þeirra verða eins og heimilisvinir, kunnugleg rödd les fréttirnar. Þulan eða dagskrárgerðarmaðurinn sem og þáttastjórnandinn sem rabbar við okkur á morgnana eða andlitið sem birtist okkur á sjónvarpsskjánum.

Ég held að hugmyndir manna um að menn sæki rök í fyrirkomulag eða rekstrarform fyrirtækja, þegar fjölmiðill af tagi Ríkisútvarpsins á í hlut, sé bara út í loftið. Fólk veit ekki hvað það er að tala um þegar það talar þannig. Því það er svo ósambærilegt að reka ýmsa andlitslausa starfsemi og fyrirtæki í samkeppnisrekstri þar sem allt aðrir hlutir eiga við en hér um ræðir og halda að það hafi gildi að yfirfæra upp úr kennslubókum um einhver stjórnunarform af því tagi og þetta sé bara eins og hvað annað í þeim efnum og það þurfi einmitt að vera hægt að ráða og reka fólk. Það er eitthvað sem ég fæ ekki til að ganga upp og skil ekki og held að sé byggt á algerum misskilningi. Ég held að þetta sé allt saman meira og minna skakkt hugsað.

Ég heyri stundum notað orðið að nútímavæða Ríkisútvarpið með þessu. Að nútímavæða Ríkisútvarpið. Halda menn þá að nútíminn felist í þessu? (**Menntmrh.:** ... sjálfseignarstofnun.) Að kasta fyrir róða ... (Gripið fram í.) Ég tel að það breyti heilmiklu, hæstv. ráðherra.

Hlutafélagaformið er í raun vitlausasta af öllu ef hugsað er um eðli fjölmiðilsins. Sérstaklega ef það er notað sem rök, þ.e. að með hlutafélagaforminu sé hægt að reka þetta eins og hverja aðra sjoppu. Ráða og reka fólk út og suður og nota einhverja gulrótarhagfræði við stjórnunina. Ég held að allt aðrir hlutir eigi hér við. Enda er það svo að þegar á hólminn er komið bera flestir stjórnendur auðvitað eitthvert skynbragð á verðmæti sem fólgin eru í góðu starfsfólki og hegða sér ekki eins og kennslubækur kapítalismans segja að menn eigi að gera. Auðvitað er það ekki þannig.

Japanir hafa ekki þótt neinir aukvisar í bisness og atvinnulífi. Þeir byggja á allt annarri hugmyndafræði um samskipti fyrirtækja eða atvinnurekenda og starfsfólks en hin kapítalíska hugmyndafræði og teoría Vesturlanda byggir á. Í Japan gengur allt að miklu leyti út á tryggð starfsmannsins við fyrirtækið og ábyrgð fyrirtækisins á starfsmanninum og velferð hans. Fyrirtækið lítur í raun svo á að þegar það hefur einu sinni ráðið mann í fast starf, er búið að meta hann og vega og telur hann hæfan og hann er orðinn starfsmaður þess, þá beri það ábyrgð á honum eftir það. Það er meira og minna þannig að starfsmenn í japönskum fyrirtækjum starfa þar alla starfsævina ef þeir eru á annað borð eru komnir þangað inn. Þeir eru studdir í gegnum áföll ef þau koma til sögunnar, endurþjálfaðir og þeim er hjálpað á alla lund ef á því þarf að halda. Og í ljós kemur að í staðinn fær fyrirtækið órofa tryggð starfsmannsins og ósérhlífna þjónustu hans við það alla starfsævina. Það má svo sem velta því fyrir sér hvort þetta geti ekki stundum gengið fullangt í þessum japanska kúltúr fyrir okkar smekk þegar svo er komið að fyrirtækið er í raun farið að sjá um ýmsar fjölskylduskyldur starfsmannsins, eins og að muna eftir því að senda makanum blóm á afmælisdaginn. En það er önnur saga.

Ég er sem sagt meðal annars, herra forseti, áhyggjufullur yfir því að nálgun manna hér í sambandi við Ríkisútvarpið hvað mannauðinn snertir og hugarfarið á bak við þessar breytingar sé alls ekki hin rétta.

Ég óttast um þau verðmæti sem ég tel mest fólgin í Ríkisútvarpinu þegar maður heyrir það aftur og aftur út úr umræðum í þeirri stofnun að eldra og reyndara starfsfólkið margt óttast um sína framtíð núna. Því finnst því hálfpartinn vera stillt upp við vegg til dæmis sérstaklega menn sem eru eitthvað að nálgast eftirlaunaaldur, fastráðnir og eiga

kannski árs biðlaunarétt og eru allt í einu settir í þá stöðu, eigandi að óbreyttu eftir nokkur góð ár í starfi hjá fyrirtækinu, að verða kannski að fara að velja hvort þeir eigi að taka biðlaunaréttinn og reyna svo einhvern veginn að þreyja þorrann og góuna eða bjarga sér einhvern veginn öðruvísi þangað til þeirra starfsævi lýkur eða taka ráðningunni í nýtt hlutafélag og eiga þá á hættu að þeim verði sagt upp eða þeim sparkað ef svo ber undir að geðþótta einvalds og einráðs útvarpsstjóra. Hver skilur ekki þá stöðu sem mönnum finnst þeir verða settir í með þessum hætti? En það er nú veruleikinn, herra forseti, ef menn ætla að láta sig hafa það að afgreiða þetta mál.

Er ég þá kannski kominn að fyrsta þætti frumvarpsins sjálfs sem ég ætla að gera hér svolítið að umtalsefni hafandi haft þennan stutta, almenna inngang að máli mínu, þ.e. að það á að fara að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, ohf. að vísu, opinbert hlutafélag. (**ÖS:** Máttirðu hafa hávaða?) Já, já. Frammíkallandi má vera óhræddur um það. Þó ég ætli nú að fara yfir þetta allt saman mjög yfirvegað og landsföðurlega í sjálfu sér þá ætla ég ekkert að liggja á minni meiningu í sambandi við þetta mál. Ég get glatt hv. þm. Össur Skarphéðinsson meðal annars með því að ég á alveg eftir kafla minn um Framsóknarflokkinn. Hann er allur eftir.

Í fyrsta lagi þá er það hlutafélagið, ohf. Það er einkavæðing Ríkisútvarpsins. Það er mál til komið, herra forseti, að stjórnarliðið og alveg sérstaklega framsóknarmenn fari að átta sig á því að það er einkavæðing Ríkisútvarpsins að breyta því í hlutafélag. Það er einkavæðingin. Sala seinna meir er í raun aukaatriði í þeim efnum. Formbreytingin er af sviði hins opinbera réttar úr opinberum rekstri og yfir á svið einkaréttarins. Þá breytist ekkert í framhaldinu, ekki neitt. Það er sama hvort ríkið eigi fyrirtækið 100%, 75%, 50% eða ekki. Það er bara hlutafélag. Það er bara fyrirtæki og það starfar sem slíkt og heyrir undir þann rétt að breyttu breytanda. Þetta er vitleysa. Herra forseti, það er bara eitt orð um það hafa. Þetta er tóm vitleysa. Ég held að það hljóti að vera orðið öllum ljóst.

Það undarlega er að um þetta eru meira og minna fjölmargir menn bæði til vinstri og hægri í stjórnmálum sem annars deila nú oft um rekstur og rekstrarform og hlutverk hins opinbera versus einkageirans sammála. Það eru bara stjórnarliðar, ráðherrann eða þá aðrir þeir sem vilja gangast við því beinlínis að vera stuðningsmenn þessa fyrirkomulags sem enn ríghalda í það að þetta sé eitthvert vit, þ.e. að breyta útvarpinu í hlutafélag.

Ég held að það hafi verið hæstv. núverandi utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem sagði einhvern tímann hér þegar verið var að ræða um hlutafélagavæðingu á opinberu fyrirtæki eða opinberri starfssemi — líklega hafa það verið Rafmagnsveitur ríkisins, ef ég man þetta rétt — að það væri rétt að fara með þetta yfir í hlutafélagaformið því það væri svo þekkt form. Jahá, það er vissulega þekkt form. En halda menn að það skipti engu máli hvaða starfsemi eigi í hlut? Er til dæmis bara að taka Rafmagnsveitur ríkisins og Ríkisútvarpið sambærilegt í þessum efnum? Nei. Má þó færa mörg rök fyrir því að það sé óskynsamlegt og vitlaust að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag, meðal annars vegna þess að veitustarfsemi er í raun í eðli sínu almannaþjónusta, sérstaklega starfsemi af þeim toga sem Rarik hefur farið með sem fyrst og fremst sinnir eingöngu almennum markaði, almennum notendum.

En í tilviki Ríkisútvarpsins sem er svo fjarri því að vera venjulegt fyrirtæki í rekstri sem nokkuð getur verið eiginlega, er þetta alger vitleysa. Ég trúi ekki öðru, herra forseti, en að mönnum sé það mjög almennt ljóst. Ég held það skorti orðið eiginlega alla sannfæringu fyrir því að rétt sé að gera þetta. En menn finna bara því miður ekki leiðina í land. Það getur enginn viðurkennt mistökin. Það eru dapurlegustu ógæfuleiðangrar af þessu tagi sem maður verður vitni að.

Það er alveg ljóst að hlutafélagaformið og þetta o framan við er nú í raun eins og hver annar brandari því það kom hér að lokum útþynnt útgáfa á breytingum á hlutafélagalögum sem hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir flutti, nema ef það var kannski fjármálaráðherrann. Nú man ég það ekki. Það breytir svo sem engu vegna þess hversu máttleysislega var þar um hlutina búið.

Það er vissulega þekkt í löggjöf sumra nágrannalandanna að ákvæðin um opinber hlutafélög skipta máli af því það eru settar svona viðamiklar kvaðir á þau sem þau verða að uppfylla og strangari skilyrði á ýmsan hátt heldur en gilda um eiginleg venjuleg hlutafélög í einkaeigu. En það var ósköp einfaldlega ekki gert í þessu tilviki. Þetta var sýndarmennska. Þetta var algjör sýndarmennska vegna þess að það er sett þarna inn í lög að fréttamenn geti setið á aðalfundunum og einhver slík nánast aukaatriði. En í raun og veru er öllu hinu lýðræðislega aðhaldi sem opinber fyrirtæki hafa sætt sleppt. Þar af leiðandi er það eins og hver önnur blekking og sýndarmennska að láta líta út fyrir að þetta sé eitthvað annað en bara venjulegt hlutafélag.

Þetta form hentar ekki af mörgum og margvíslegum ástæðum. Það er náttúrlega í fyrsta lagi vegna þess að þetta er menningarstarfsemi. Þetta er almannaþjónusta. Þetta er þjónusta sem á ekki að standa undir sér. Þvert á móti er beinlínis, ekki bara viðurkennt heldur er beinlínis ætlunin að láta hana ekki gera það vegna þess að hún á að vera óháð fjárhagslegum hagsmunum. Það er sem sagt beinlínis þannig að menn ætla að láta þessa stofnun veita þjónustu og sinna hlutverkum sem ekki eiga að ráðast af lögmálum (Gripið fram í.) markaðarins. Þar af leiðandi er það eins og hver önnur della að hafa þetta í hlutafélagaformi þegar af þeim ástæðum. Þarna er um að ræða menningarstarfsemi, almannaþjónustu, ýmsar menningarlegar skyldur og kvaðir sem eiga ekkert skylt við fyrirtækjarekstur í samkeppni.

Menn hafa keppst við að reyna að benda stjórnarflokkunum á. Ágætir menn eins og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson, hafa skrifað um þetta lærða leiðara og greinargóða og bent á þetta. Hæstaréttarlögmenn og ýmsir sérfræðingar hafa bent á þetta, skrifað um þetta blaðagreinar og birt um þetta greinargerðir. Við í stjórnarandstöðunni höfum reynt að benda á þetta. Margar af umsögnunum um frumvarpið benda á þetta, frá starfsmönnum og ýmsum tengdum aðilum. En það er eins og allt komi fyrir ekki. Ríkisstjórnin er gersamlega helfrosin í þessum farvegi og hlutafélagatrúboðið um ágæti hlutafélaga út yfir gröf og dauða ber menn algerlega ofurliði. Það er engin leið að koma í veg fyrir vitleysuna.

Svo bætist það auðvitað við, og er nátengt því sem ég ræddi hér svolítið á undan, að hlutafélag er í eðli sínu þannig að það samanstendur af hlutum. Það er hægt að selja hluti í því. Það er hægt að láta út úr starfseminni þessar og hinar einingar og svo framvegis. Sporin hræða mjög í þessum efnum.

Sú ríkisstjórn sem nú er við völd, og vonandi ekki mikið lengur, á að baki mjög ljótan blekkingarferil hvað það varðar að telja mönnum trú um að háeffun sé bara einhver svona saklaus, hlutlaus kerfisbreyting og það standi ekki til að selja eða einkavæða, gera eitt eða neitt í þeim efnum. Þetta hefur margendurtekið sig. Hér úr þessum ræðustóli sagði þáverandi samgönguráðherra Halldór Blöndal, á tíunda áratugnum, að breyting Pósts og síma í Póst og síma hf. væri bara svona formbreyting, svona kerfisbreyting, það stæði ekki til að selja eða einkavæða og það yrði meira að segja bara eitt hlutabréf. „Og það sæju allir að það væri ekki hægt að skipta einu hlutabréfi." Það leit út eins og það yrði bara úr stáli og væri ekki hægt að hluta það neitt í sundur.

Það fór eins og það fór. Þegar frumvarp um háeffun bankanna kom hér á sínum tíma, þegar ríkisviðskiptabönkunum sem þá hétu var breytt í hlutafélagabanka, þá stóð í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu að ekki stæði til að hrófla við hlut ríkisins í bönkunum fyrstu fjögur árin. Það stóð í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu. Það var svikið áður en ár var liðið. Þá komu menn og hófu undirbúning að því að svíkja loforðið, fyrirheitið í greinargerð síns eigin frumvarps.

Menn þekkja loforðin sem tengdust síðan Símanum á seinni stigum o.s.frv. Reynslan er sú að það hefur aldrei verið neitt að marka þessa ríkisstjórn. Hún hefur ævinlega komið óhreint fram. Hún hefur alltaf haft annað í pokahorninu en hún hefur sagt. Þetta er nú veruleikinn, herra forseti. Dapurlegt er að þurfa að segja þetta með virðulegan forseta á forsetastóli sem er málið skylt, sem hefur verið stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar allan tímann eða jafnvel setið í henni um skeið. Þetta er því líka það sem snýr að þessu hlutafélagaformi. Það treystir því enginn meðan þessi ríkisstjórn á í hlut að staðið verði við að fara ekki í sölu á hinu einkavædda, hlutafélagavædda Ríkisútvarpi.

Hvers vegna skyldu menn treysta því í þessu tilviki þegar það er meira að segja þannig að áform annars stjórnarflokksins, eða að minnsta kosti margra kappsamra manna þar, eru opinber og liggja fyrir? Menn hafa jafnvel flutt hér þingmál um að einkavæða Ríkisútvarpið eða hluta af starfsemi þess. Áhugi Sjálfstæðisflokksins á því liggur alveg fyrir eða að stórum hluta að minnsta kosti. Hverju eigum við þá að trúa? Eigum við að trúa að það verði ístaða í Framsókn að standa gegn því? Það væri nú saga til næsta bæjar ef Framsókn færi allt í einu að standa í lappirnar í einhverju máli. Það mundi alveg slá að manni ef það gerðist. Því það hefur aldrei brugðist að Framsókn hefur lekið niður í öllum málum af þessu tagi. Allur ferilinn er varðaður slíku, allur. Menn héldu lengi að Ríkisútvarpið yrði undantekningin. Menn trúðu því lengi. Framsóknarmenn sögðu það sjálfir að menn skyldu nú sjá að þar yrði að minnsta kosti ekki gefið eftir. En nú er svona komið. Það er því algerlega á hreinu að þetta er eitt af því sem skapar tortryggnina og veldur því að menn eru enn tortryggnari og harðskeyttari í andstöðu sinni en ella við það að fara með Ríkisútvarpið yfir í hlutafélagaform.

Ég ætla að ræða nokkuð síðar í ræðu minni, virðulegur forseti, svolítið um einkavæðinguna almennt og Framsóknarflokkinn. Ég er ekki alveg kominn að þeim kafla en ég minni á að ég hef í fyrri umræðu um þetta mál spurt eftir formanni Framsóknarflokksins, fyrrverandi seðlabankastjóra, Jóni Sigurðssyni, hæstv. núverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Ég hef undrast það svolítið að formanni þessa stjórnarflokks hefur einhvern veginn verið „súblímerað" út úr þessari umræðu og hefur aldrei sést hér. Mér finnst eiginlega ekki hægt að ljúka þessu þannig ef... (**Gripið fram í:** Mundir þú láta sjá þig ef þú værir ...?) Það er svo önnur saga og önnur spurning, en ég trúi því hreinlega ekki að formaður Framsóknarflokksins, sérstaklega ekki eftir ræðu síðasta ræðumanns á undan mér í kvöld, Kristins H. Gunnarssonar, ætli ekki að mæta til leiks. Ég hef mikinn áhuga á að fá formann Framsóknarflokksins hingað til umræðunnar. Vil ég nú fara fram á það við virðulegan forseta að hann geri formanni Framsóknarflokksins grein fyrir því að ég er að endurtaka óskir mínar frá 2. umr. og jafnvel líka 1. umr. um þetta mál að við þingmenn eigum þess kost einhvern tíma undir þessari umræðu að eiga orðaskipti við formann Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Ekki er hægt að láta Framsóknarflokkinn fara frá þessari umræðu öðruvísi en að formaður hans hafi komið hér og staðið vaktina og svarað fyrir flokkinn. Auðvirðileg svik af því tagi sem Framsóknarflokkurinn er hér ber að á auðvitað ekki að líða. Það verður að tryggja að það fari rækilega út til þjóðarinnar að láti Framsóknarflokkurinn þetta yfir sig ganga til enda þá er hann að bjóða upp á hýðingu á sjálfum sér. Hann býður ekki upp á neitt annað. Ég held að það megi orða það þannig að flokkurinn sé að biðja þjóðina um að hýða sig, því að hann hlýtur að vilja taka út refsingu ef hann sjálfviljugur veit upp á sig svikin með þeim hætti sem raun ber vitni. Menn hljóta að reikna með því að þeir verði að gjalda fyrir gjörðir sínar af því tagi.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur rakið það mjög skilmerkilega hvernig Framsókn gengur algerlega á bak orða sinna í þessu máli og það er auðvitað ekki í fyrsta skipti sem Framsókn lekur niður. Ég óska eftir því, virðulegur forseti, eins og alsiða er hér og ég veit að forseti kannast við úr þinghefðum og venjum, að formaður Framsóknarflokksins verði látinn vita af því að ég hef áhuga á að eiga orðastað við hann. Ef forseti hyggst fresta fundi fljótlega má það vel vera í fyrramálið mín vegna þegar ég held áfram ræðu minni, en ef til stendur að halda áfram miklu lengur mun ég biðja um að formaður Framsóknarflokksins komi til umræðunnar í kvöld því að ekki lýk ég máli mínu þegjandi og hljóðalaust nema hafa átt þess kost að bera fyrir hann spurningar og krefjast þess að hann komi upp og svari fyrir Framsóknarflokkinn í þessum efnum.

Hvernig stendur á því að Framsóknarflokkurinn ætlar að svíkja loforð sín og heitstrengingar í þessum efnum, ganga á bak þeirra orða sem talsmenn og frambjóðendur Framsóknarflokksins út um allt land hafa stært sig af? Ég er meðal tuga, hundruða vitna að framboðsfundi t.d. í Norð-

austurkjördæmi síðast þar sem menn báru fyrir sig flokkssamþykktirnar og töluðu hreystilega um að þarna mundu þeir standa vaktina, eins og þeir höfðu gert fjórum árum áður hvað varðar Símann. Fjórum árum áður var það Síminn, hann yrði aldrei seldur, sögðu framsóknarmenn, með grunnnetinu. Því gætu kjósendur í Norðausturkjördæmi og Norðvesturkjördæmi, og hvar annar staðar sem það nú var, treyst. Þá voru það reyndar gömlu kjördæmin. Við vitum hvernig það fór. Þessa hluti, virðulegi forseti, vil ég fá að ræða við formann Framsóknarflokksins. Ég hygg að fleiri þingmenn hafi áhuga á því að sá ágæti ráðherra komi hér til umræðunnar. Mér finnst Framsókn ekki geta verið með skottið milli fótanna og boðið upp á það að svara ekki fyrir sig og það er einfaldlega eðlilegast að formaður flokksins geri það. Það mætti að sjálfsögðu gera svipaðar kröfur til Sjálfstæðisflokksins en þó er sá munur á að ráðherra sá sem málið flytur er menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins og það er því nærtækara í því tilviki að kalla til ábyrgðar eina og sömu manneskjuna, hæstv. menntamálaráðherra, og um leið ábyrgðaraðila Sjálfstæðisflokksins í málinu, varaformanninn. Ég hef komið þessum skilaboðum til forseta og treysti því að þau verði tekin til greina.

Í öðru lagi varðandi efni frumvarpsins þá ætla ég að ræða um stjórnunarfyrirkomulag útvarpsins. Það er að mínu mati eitt af því sem er afar mislukkað af ástæðum sem ég hef sumpart þegar nefnt og aðrar ekki. Ég held að það samrýmist illa að nokkru leyti viðkvæmu eðli þessarar starfsemi að hugsa hana eins og pýramídalagaða stjórnun í einkafyrirtæki þar sem menn reyna að skrúfa arð og afköst út úr starfsfólki við einhverja rútínuframleiðslu eða hvað það er. Þetta er ekki slíkt verkefni. Og hafa síðan einhvern alráðan stjórnanda, ég tala ekki um ef hann á bæði að hafa alræðisvald hvað varðar rekstur, mannahald og stjórnun og svo hins vegar dagskrárgerð, framleiðslu menningarefnis o.s.frv. Það má þá ekki vera neinn aukvisi ef hann á að fara létt með hvort tveggja því þetta eru ekki endilega alveg samrýmanlegir hlutir. Menn hafa talið ástæðu til þess hingað til, og mjög víða annars staðar í löggjöf og starfsreglum fyrir fjölmiðla af þessu tagi, að skipta þessu talsvert upp og búa öðruvísi um hnútana, t.d. þannig að dagskrárgerðin, ákvarðanir um efnistök, fréttaflutning, framleiðslu efnis og annað slíkt sé tiltölulega sjálfstætt og um það búið með öðrum hætti, að fleirum sé opnaður aðgangur að því, að fleiri geti lagt hönd á plóginn og komið sjónarmiðum sínum á framfæri, tryggt þá breidd, fjölbreytni, grósku og gerjun sem þarf í raun og veru að vera í slíkri menningar- og listsköpun. Því það vita allir ef þeir vita eitthvað að það er ekki eitthvað sem menn reikna út með tölvu eða línuritum og formúlum sem þeir hafa lært í skóla um bisness. Það er ekki þannig. Auðvitað er hægt að sitja og reikna út stöðuna og afkomuna og hvernig stendur í kassanum og allt það með slík fræði að vopni, menn geta lært almennar reglur í stjórnun og hvernig á að standa að mannahaldi, samskiptum við starfsmenn o.s.frv. en að þeir séu líka afburðamenn á sviði menningar og listsköpunar er til mikils mælst. Ég veit ekki hvort það eru margir slíkir snillingar og slík ofurmenni gangandi um á jörðinni, hvað þá á okkar litla 307 þúsund manna Íslandi.

Sú hugsun að einn allsráðandi stjórnandi hafi þetta verkefni allt með höndum hugnast mér ekki. Mér finnst framganga núverandi útvarpsstjóra, með fullri virðingu fyrir honum, og íblöndun hans í þessi pólitísku mál upp á síðkastið ekki heldur vera sérstaklega trúverðug eða lofa góðu um framhaldið, ef það kemur síðan í hans hlut að verða fyrsti útvarpsstjórinn í hinu hlutafélagavædda útvarpi. Það hefur læðst að mönnum sá grunur, herra forseti, að það standi til og lái þeim hver sem vill.

Hvaða annað fyrirkomulag væri þá hægt að hugsa sér varðandi þetta? Þar getur margt komið til greina. Í fyrsta lagi á ég ekki endilega við óbreytt fyrirkomulag sem í raun og veru hefur verið mikill áhugi á að breyta að ég hygg í öllum flokkum og býsna lengi verið samstaða um að það út af fyrir sig gæti þurft að taka til endurskoðunar, að hlutverk útvarpsráðs eins og það er sett og skipað væri kannski sumpart búið að þjóna tilgangi sínum og gæti verið ástæða til að gera breytingar þar á. Það er ekki vandinn að menn hafi ekki verið tilbúnir til að ræða það. Nei, í fyrsta lagi gæti maður hugsað sér að meira dreifræði væri ástundað innan stofnunarinnar. Af hverju eru ekki aðrir æðstu yfirmenn og stjórnendur útvarpsins látnir hafa meira hönd í bagga þannig að stjórnun stofnunarinnar sé hugsuð sem hópvinna? Að menn séu það sem stundum er kallað á vondu máli „team“ Hvað er að því? Er það ekki víða viðhaft? Það nota mjög margir ágætir stjórnendur í einkalífinu einmitt það form en hér á að bjóða upp á það og hér er andinn í málinu sá að þetta eigi að vera einn maður, eitt heljarmenni, eitt ofurmenni, einn andlegur stórsnillingur sem sé afburðamaður, bæði á sviði rekstrar, stjórnunar og mannahalds og í menningarlegum efnum. Hann á að hafa þarna meira og minna alræðisvöld. Hvað með starfsmenn, herra forseti? Hvað með starfsmannalýðræði? Er það bara orð sem er gleymt og grafið í umræðu á Íslandi? Er svo komið eftir 16 ára frostavetur íhaldsins við landstjórnina? Það er vissulega búið að hreinsa það mjög víða út úr lögum, það er alveg rétt. Ríkisstjórnin hefur þrætt upp löggjöf og hent út meira og minna öllu sem hægt er að kalla starfsmannalýðræði. Það er eitur í beinum íhaldsins að starfsmenn hafi eitthvað um málin að segja. Ég veit það vel. Þeim hefur verið hent út úr stjórnum þar sem þeir voru áður inni samkvæmt lögum. Stjórnir hafa verið lagðar niður þar sem starfsmönnum var tryggð aðild, t.d. í heilbrigðisgeiranum, stjórnir heilsugæslustöðva og aðrir slíkir hlutir, heimamenn á viðkomandi svæðum. Þeim er hent út og miklu betra að einn ráðherra ráði þessu, einn snillingur, einn framsóknarmaður, einn sjálfstæðismaður.

Þetta er andinn, þetta er vandinn, þetta er villan, herra forseti. Þessi stjórn er algerlega frosin föst í, að mínu mati, áratuga gömlum kreddum um stjórnun af þessu tagi, sem menn héldu í árdögum hins hráa nýkapítalisma, nýfrjálshyggjunnar, að væri eitthvað voðalega sniðug en menn hafa mjög víða endurskoðað og horfið frá. En það er eins og eftirhreytur og eftirlegukindur slíkra strauma sem berast annars staðar að lifi stundum ótrúlega lengi hér á Íslandi og það birtist m.a. í þessu. Þar sem aftur á móti sá tími er alveg liðinn víða erlendis, þar sem þessi veiki kannski grasseraði um skeið, og menn hafa aftur tekið til við að rækta góð samskipti við starfsmenn og samtök þeirra og starfsmanna-

lýðræði er aftur í hávegum haft, eins og t.d. á hinum Norðurlöndunum. Ég fullyrði að þetta er að mestu leyti um garð gengið á hinum Norðurlöndunum en hér er þetta enn þá alveg helfrosið í mönnum. Starfsmenn hafa þó átt þá aðild sem raun ber vitni í gegnum útvarpsráð. Og hvernig væri það nú að þeim væri bókstaflega tryggður ákveðinn sess í þessu kerfi og aðkoma að stjórnun útvarpsins þannig að rödd þeirra væri a.m.k. til staðar, að sjónarmið þeirra gætu heyrst, að einhver væri á varðbergi gagnvart hagsmunum þeirra og þeir kæmu rökum sínum að?

Ég vil líka nefna þá leið sem hægt er að hugsa sér í ýmsum myndum, að reynt sé að búa til einhvern breiðan skjöld, einhverja skjaldborg sem slegið sé um Ríkisútvarpið til að tryggja henni öflugt bakland, stuðning víða að úr þjóðfélaginu. Það er t.d. mjög auðvelt að gera með aðkomu einhvers konar fulltrúaráðs, dagskrárgerðarráðs að dagskrárgerð og framleiðslu menningarefnis og miðlunar þess. Það eru hæg heimatökin og nærtækt að kalla þá til sögunnar fulltrúa listamanna og úr menningarlífinu og starfsmanna. Það er af ærnum mannauði að taka þar sem eru starfsmenn og velunnarar Ríkisútvarpsins og ýmsir andans menn og lista í landinu. Halda menn að það væri eitthvert vandamál að kalla slíka aðila til og njóta góðs af þekkingu þeirra, reynslu og hugmyndaauðgi? Af hverju þarf að nálgast þetta svona, að þetta eigi að vera einhver stjórnandi sem fer í þetta starf eins og það sé einhver harðsvíraður bisness, sem ræður og rekur, kaupir og selur, deilir og drottnar? Ég held að þetta sé bara tóm vitleysa. Það er þetta sem er úrelt. Ég held að þetta sé akkúrat ekki að nútímavæða. Þarna eru menn frosnir fastir í fyrsta lagi í gömlum kreddum, sem eru sem betur fer víða á undanhaldi annars staðar, og í öðru lagi í hlutum sem eiga ekkert við þessa starfsemi.

Ég ætla þá að nefna í þriðja lagi einn anga málsins og það er tekjustofninn sem Ríkisútvarpið á að hafa. Þar kem ég sömuleiðis að þáttum sem ég hef miklar áhyggjur af. Það er vissulega svo að sá tekjustofn sem nú hefur verið notast við, þ.e. afnotagjald eða leyfisgjald af einhverju tagi hefur verið gagnrýnt og á það hefur verið deilt, kannski sérstaklega vegna þess að menn lentu í óheppilegri skilgreiningu eða orðanotkun og farið var að tala um einhvers konar skylduáskrift. Menn upplifðu þetta sem þvingaða aðgerð af þessu tagi í staðinn fyrir að líta á þetta sem vægt gjald fyrir afnot af þeirri almannaþjónustu sem stendur öllum til boða, er öllum opin sem á annað borð komast í aðstöðu til að njóta hennar með því að eignast viðtæki. Þegar maður nálgast málið svona er þetta að mörgu leyti fullkomlega eðlilegt fyrirkomulag enda algengasta formið á tekjustofni, t.d. meðal Evrópuríkja, þegar kemur að útvarpsstöðvum eða fjölmiðlum sem flokkaðir eru sem almannaútvarp eða opinber þjónustufyrirtæki.

Menn hafa vissulega lengi rætt um möguleikann á því að finna þarna einhvers konar aðra viðmiðun eða þá hreinlega að taka Ríkisútvarpið á föst fjárlög. Ég hef reyndar lengi verið þeirrar skoðunar að að mörgu leyti væri það einfaldast og nærtækast og það sé kannski kjarkleysi af manni að hafa ekki þorað beinlínis að leggja það blákalt til. Ég verð hins vegar að játa að þá kemur til hræðsla manns við að metnaðarleysi manna, ræfildómur fyrir hönd þessarar menningarstarfsemi gæti átt eftir að reynast svo mikill, t.d. á einhverjum erfiðleikaárum í ríkisbúskapnum, að menn skæru þetta allt niður við trog. Ég hef líka óttast að menn sem væru lítt velviljaðir Ríkisútvarpinu mundu nota tækifærið ef þeir væru við völd og ganga meira og minna milli bols og höfuðs á því ef Ríkisútvarpið væri að þessu leyti berskjaldað með tekjur sínar, að það væri háð framlögum samkvæmt fjárlögum árlega og engin festa væri tryggð eða innbyggð í það. (**Gripið fram í:** Það er engu að treysta með nefskattinn.) Það er að vísu hárrétt sem fram kemur í innskoti úr salnum að það er engu að treysta með nefskattinn. Það er að út af fyrir sig alveg rétt. Hann getur reynst hverfull tekjustofn eins og hverjir aðrir. Það er náttúrlega ástæðan fyrir því að menn hafa verið að leita leiða og hafa reynt að verja lögvarinn sérstakan merktan tekjustofn, trú manna hefur verið sú að hann væri betur varinn, öruggari en bein fjárveiting. Það hefur iðulega reynst svo. Það er t.d. ákaflega auðvelt að krukka í slíkan tekjustofn. Það gæti komið tímabil þar sem menn einfaldlega frystu hann, létu hann ekki fylgja verðlagi og það bæri ekki mikið á því á hverju ári, í kannski 2–5% verðbólgu. Það yrði þó fljótt að segja til sín og innan fárra ára væri viðkomandi stofnun komin í miklar þrengingar.

En ég hef mjög miklar efasemdir um þá tilhögun sem hér er lögð til, þ.e. fyrirkomulag nefskattsins. Í fyrsta lagi er nánast aldrei hægt að segja að nefskattur sé mjög sanngjarn eða réttlátur tekjustofn. Hann er eins fullkomlega blindur gagnvart getu eða aðstöðu greiðandans til að inna greiðsluna af hendi og nokkur skattur getur verið. Það má held ég segja að það sé alveg öruggt að enginn skattur getur verið blindari en nefskattur. Aðrar beinar álögur sem eru þó tengdar einhverri sjálfstæðri ákvörðun þolandans, greiðandans, eru þó strax þannig að það á að heita svo a.m.k. að viðkomandi eigi val. Að því leyti eru afnotagjöldin strax aðeins öðruvísi en nefskatturinn því sá sem alls ekkert útvarp eða viðtæki á er ekki þvingaður til að greiða neitt gjald. Þó að með því sé að sjálfsögðu ekki loku fyrir það skotið að hann njóti aðgangs að slíku tæki og hlusti á útvarpið eða horfi á sjónvarp hjá einhverjum öðrum.

Nefskatturinn er sem sagt þannig að hann greiða allir jafnt án tillits til aðstæðna og tekna og í raun án tillits til þess hvort þeir eru notendur viðkomandi þjónustu, í þessu tilviki að meira eða minna leyti eða hreinlega alls ekki. Ég sé því ekki, herra forseti, í því tilliti framförina. Ég sé ekki framförina frá afnotagjöldunum. Eigi rökin að vera þau að menn séu að reyna að bregðast við þeirri gagnrýni og þeim óvinsældum sem mönnum hefur tekist að baka afnotagjöldunum að mínu mati sumpart ranglega, sumpart með útúrsnúningum, sumpart með því að kalla þau óheppilegum nöfnum eins og skylduáskrift eða eitthvað því um líkt, hver er þá framförin? Fólgin í nefskatti sem allir hver einasti landsmaður kominn á tiltekinn aldur á að greiða. Er það ekki enn þá ríkari þvingunaraðgerð? Jú, það er það.

Einn nefskattur er til staðar í skattkerfinu, það er gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraða. Fróðlegt væri fyrir þingmenn sem það hafa ekki gert að kynna sér umræðurnar sem urðu um það mál á sínum tíma. Gríðarleg samstaða var um það þegar verið var að setja lögin um Framkvæmdasjóð fatlaðra, eða hvort það voru lög um málefni aldraðra sem svo hétu þá strax, og að ráðast í það mikla átak sem þá var

dregið upp að gera ætti í sambandi við dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Það var mikil samstaða og mikill hugur í mönnum þegar þau lög voru sett í lok 8. áratugarins, ef ég man rétt.

En það urðu strax deilur um hvort eina leiðin til að fjármagna átakið væri sú sem þar var valin, að leggja á nefskatt. Þó voru auðvitað mjög mörg og sterk rök fyrir því að þarna væri um sérstakt, verðugt og mikilvægt viðfangsefni að ræða sem varðaði allt samfélagið vegna þess að velflest verðum við sem betur fer gömul þótt það sé í sjálfu sér ekki markmið hjá neinum að verða það þá gerist það ef menn eru svo heppnir að halda heilsu og ná háum aldri. Að minnsta kosti er það þannig að í öllum fjölskyldum og í vina- og kunningjahópi okkar allra er aldrað fólk. Það væri því ekki vandamál varðandi það að útskýra og réttlæta nefskattinn að auðvitað nyti allt samfélagið, allir, með einum eða öðrum hætti góðs af því átaki sem þar var sett af stað. Auðvitað líka hinir sem eru svo stálheppnir að halda fullri heilsu og geta búið heima hjá sér kannski allt til loka. Líka vegna þess að þannig þjóðfélag viljum við hafa. Engu að síður urðu margir til að gagnrýna nefskattinn út frá eðli hans, að það væri í eðli sínu óheppilegt og rangt að halda út á þá braut að þvinga fram jafnar greiðslur allra sem náð hefðu framtalsskyldu eða lögaldri eða fjárræðisaldri í þessum efnum algerlega óháð tilliti til aðstöðu þeirra, efnahags o.s.frv.

Augljóst er að ef menn ganga lengra og lengra á þeirri braut, hækka viðkomandi skatt eða bæta fleirum við endar það með ósköpum. Það er því algerlega borðleggjandi hverjum manni og augljóst að þetta getur aldrei gengið nema í einhverjum mjög hóflegum, takmörkuðum mæli. Í raun má skattlagning af þessu tagi aldrei verða nema svo óveruleg að hún sé þá auðveldlega viðráðanleg hverjum einasta manni sem á annað borð hefur einhvern sjálfstæðan fjárhag. Þar með talið hjá þeim sem lifa á allra lægstu launum eða bótum almannatryggingakerfisins einum saman og hafa ekkert annað sér til framfærslu. Ég hygg að það væri hollt fyrir þingmenn að lesa t.d. ræðu sem hv. fyrrverandi þingmaður, Vilmundur Gylfason, flutti við þetta tækifæri og kom upp í hendur mínar ekki fyrir löngu og ég las í gegn. Ég verð að segja alveg eins og er að ég dáðist að því af hvaða einurð hann flutti þar rökin gegn nefskattinum þótt þetta þarfa og brýna málefni ætti í hlut, m.a. með þeim einföldu rökum að það væri svo auðvelt að bæta öðrum þörfum, gildum og góðum verkefnum við. Með nákvæmlega sama hætti og hægt væri að rökstyðja hversu gott og mikið átak ætti að gera í sambandi við uppbyggingu þjónustu við aldraða að allir ættu að geta sæst á skattinn. Þá benti hann á, og það er fullgilt enn þann dag í dag, að þau eru bara svo mörg verkefnin af því tagi. Hér eru menn að koma með Ríkisútvarpið og síðan gæti dottið í menn kannski eftir nokkur ár að bæta þriðja verkefninu við. Því ekki? Ef menn telja í lagi að bæta þetta mörgum þúsundköllum ofan á þann nefskatt sem fyrir er í kerfinu. Kæmu svo kannski með þriðja málið sem væri eitthvað ákaflega brýnt.

Segjum að mönnum dytti allt í einu í hug að leggja nefskatt á landsmenn til þess að kljást við fíkniefnavána. Eru ekki allir ævinlega sammála um að það sé eitt svakalegasta böl samfélagsins, misnotkun áfengis- og vímuefna, og það sé eiginlega allt á sig leggjandi til þess að kljást við það? Hvað ætla menn að gera ef einhver kemur með þá tillögu að stórauka fé í forvarnir og fræðslu og baráttu gegn þeim vágesti í samfélaginu með því að leggja á um 20 þús. kr. nefskatt. Eru þá ekki öll sömu rökin til staðar? Jú. En það breytir engu um eðli nefskattsins, að hann er hryllilega ósanngjarn skattur vegna þess að hann bitnar svo þungt á þeim sem minnsta hafa greiðslugetuna. Hér eru menn því líka, að mínu mati, að lenda á villigötum. Þetta á ekki eftir að reynast Ríkisútvarpinu vel, held ég. Ég held að það eigi eftir að verða um þetta ófriður og vandræðagangur. Reyndar er mér til efs að nokkurn tímann verði af innheimtu þessa nefskatts sem tekjustofns fyrir Ríkisútvarpið.

Það er ekki sérstaklega trúverðugt að menn þjösni frumvarpinu fram en slái gildistöku tekjustofnsbreytingarinnar á frest svo árum nemur.

Virðulegi forseti. Í fjórða lagi ætla ég að ræða aðeins um samkeppnisþátt málsins og hvernig menn eru hörmulega að klúðra honum. Ég hef áður sagt og stend við það að ég tel að menn séu að efna til þess, ef af verður, með lögum þessum að Ríkisútvarpið verði í ólgusjó kærumála og málaferla um mörg ókomin ár. Af því menn eru að blanda öllu saman á eins grautarlegan og óskynsamlegan hátt og verið getur.

Nú er alveg ljóst að hin lögvarða innheimta Ríkisútvarpsins á tekjum er skattur, ígildi ríkisframlags. Um það er ekki deilt, öll samkeppnisyfirvöld og öll löggjöf staðfesta það og það liggur fyrir samkvæmt dómum og hvaðeina. Það er því ríkisstuðningur við starfsemina. Hana á engu að síður að setja yfir í hlutafélag. Hana á samkvæmt frumvarpinu að færa af sviði hins opinbera rekstrar og yfir á svið einkareksturs. Það er alveg augljóst mál að þar með heyrir hún undir samkeppnislög. Þetta er fyrirtæki. Þetta er hlutafélag og það er í samkeppni við önnur sem starfa á sama eða nær sama markaði.

Fyrirtækið á ekki bara að vera í samkeppni enda þyrfti þá að færa einhver rök sem héldu fyrir því að það nyti forréttinda. Það gæti hugsast, það væri til dæmis ekki útilokað ef slíkt fyrirtæki væri starfandi á landsbyggðinni, á svæði sem væri skilgreint sem þróunarsvæði samkvæmt reglum Evrópuréttarins, að þá mætti það njóta einhverrar ívilnunar sökum þess. En það á ekki við hér. Nei, rökin eiga þá að vera þau að fyrirtækið hefur með höndum sérstaka starfsemi sem því er uppálagt, sem er annars eðlis. Það hefur skyldum að gegna. Það hvíla á því kvaðir sem því eru bættar með hinum opinberu tekjum. Þá á þar líka að láta staðar numið því um leið og ekki er hægt að sýna fram á að ríkisstyrkurinn, ríkisstuðningurinn, jafni nákvæmlega útgjöldin sem af þessu leiðir er orðið um samkeppnislagabrot að ræða.

Þó svo að menn reyni þarna einhverjar nákvæmlega skilgreindar skyldur og einhvern fjárhagslegan og bókhaldslegan aðskilnað samkeppnisþátta og annarra þátta sér hver heilvita maður að það er eiginlega engin leið að draga það sundur og sortera það þannig að eitthvert vit komi út úr því. Ergó, þetta bíður upp á endalaus klögumál og kærumál. Það er alveg augljóst mál.

Allt aðrir og öðruvísi hlutir kunna að reynast en menn sjá fyrir í fyrstu. Það kom til dæmis upp á sínum tíma að

Póstur og sími og Síminn voru komnir í samkeppni og Símanum hafði verið breytt í hlutafélag en hann hafði enn það hlutverk með höndum að gefa út símaskrána. Þá ráku menn sig allt í einu á það að Síminn kynnti starfsemi sína í símaskránni. „Heyrðu, þetta voru ókeypis auglýsingar, sögðu menn. Þetta gengur ekki. Brot á samkeppnislögum." Úr þessu var mikil rekistefna, kærumál o.s.frv.

Sambúð slíkra verkefna, hvort sem það er einkaleyfisbundin starfsemi eða kvaðir og skyldur af þessu tagi, og samkeppnisþátta er ekki einfalt mál. Það verður enn þá fáránlegra þegar viðkomandi starfsemi er komin yfir í fyrirtækisform, orðin hlutafélag, enda er það ekki að ástæðulausu að þetta hefur orðið einn fyrirferðarmesti þáttur málsins upp á síðkastið. Út á þetta ganga bréfaskriftirnar milli Eftirlitsstofnunar Evrópska efnahagssvæðisins, ESA, og ráðuneytisins. Út á þetta gengur hið harðorða álit Samkeppnisstofnunar. Umsögn Samkeppniseftirlitsins tekur auðvitað á þessu og skyldi engan undra. Hún talar enga tæpitungu á köflum af því fjölmargar greinar samkeppnislaga geta átt við.

Ríkisútvarpið er nánast einokunarrisi á þessum markaði. Það er að minnsta kosti algerlega markaðsráðandi risi samkvæmt öllum venjulegum skilgreiningum. Hvernig í ósköpunum ætla menn að sortera út hvað af stöðu þess það á að þakka framleiðslu á menningarefni og hlutum sem því er kleift að gera vegna stuðnings frá ríkinu sem aftur þýðir að áhorf eða hlustun er meiri sem aftur þýðir að staða þess á auglýsingamarkaði styrkist o.s.frv.? Allir sjá að þetta er ekkert þannig að það sé eitthvert einfalt mál og að hægt sé að sortera þetta eitthvað í sundur. Ég fæ engan botn í það og held að það sé algerlega augljóst mál að þarna munu klögumálin ganga á víxl. Á það þá að verða dómstólanna eftir kannski margendurtekin málaferli og niðurstöður fyrir dómstólum að reyna að draga þarna upp einhver landamæri? Er það virkilega þannig sem menn ætla að láta þetta gerast, að henda Ríkisútvarpinu út í þetta umhverfi, kalla yfir það kærur, klögumál og vandræði? Svo myndast í fyllingu tímans smátt og smátt einhver lína, kannski hlykkjótt sem dregst upp af niðurstöðum málaferla og dómum. Það er eiginlega ekki annað að sjá ef maður reynir að hugsa þetta fram í tímann.

Herra forseti. Þetta er því fullkomlega óframbærilegt eins og málið er lagt fyrir og af þessum sökum eða þessari einu ástæðu er auðvitað algerlega fráleitt að troða málinu í gegn nú. Það er miklu meira en nógu ófriðlegt að ýmsu leyti má segja á fjölmiðlamarkaðnum. Vandamálin eru þar ýmis og ærin og deilur undangenginna ára eru ekki beinlínis allar saman grónar. Það er ekki eins og öll sárin og örin séu gróin.

Miklar sviptingar hafa verið í eignarhaldi og markaðsstöðu annarra fjölmiðla í landinu og ekki hægt að einangra Ríkisútvarpið frá því. Maður hefur haft á köflum verulegar áhyggjur af því hversu staða annarrar fjölmiðlunar hefur verið veik og efast um að hér væru innstæður fyrir þeirri fjölbreytni og samkeppni sem að sjálfsögðu er æskileg og holl í fjölmiðlun eins og á öðrum sviðum. Ég er síður en svo einhver sérstakur talsmaður þess að allt eigi þetta að vera á höndum ríkisins og hef að sjálfsögðu aldrei verið. Hér hefur verið samkeppni í fjölmiðlun, til dæmis í blaðaútgáfu, um mjög langt skeið. Umtalsverð gróska hófst í blaðaútgáfu hér á landi á 19. öld og hefur sem betur fer viðhaldist síðan í mismunandi myndum þó sumpart hafi heldur sigið á ógæfuhliðina upp á síðkastið hjá prentmiðlum og blöðum fækkað og orðið þar meiri þrengsli og eignatengsl myndast á milli þeirra þó fáu sem í gangi eru o.s.frv. En það er önnur saga. Á öðrum sviðum hefur orðið gróska, eins og til dæmis í útvarps- eða hljóðvarpsstarfsemi, og bara á köflum býsna lífleg. Þar er þröskuldurinn lægri til að hefja nýja starfsemi og möguleikarnir meiri til að marka sér bás, finna sér markhópa og þjónusta þá. Annað er svo viðameira, eins og að starfrækja sjónvarpsstöðvar eða gefa út dagblöð.

Herra forseti. Þessir þættir eru náttúrlega ekki á nokkurn hátt komnir í það form í frumvarpinu að það sé til mikilla farsælda fallið. Aftur dregur það athyglina að því að menn eru hér að byrja á öfugum enda. Hér átti auðvitað fyrst að setja hin almennu samkeppnis- og útvarpslög, leggja grunninn, reyna að halda áfram þeirri vinnu að laða fram samstöðu um sæmilega sanngjarna og hófsamlega löggjöf sem væri að því sniðin að reyna að ná fram markmiðum um fjölbreytni, um ritstjórnarlegt sjálfstæði og óhæði fjölmiðlunar, um möguleika manna til að keppa í dreifikerfunum o.s.frv. Í kjölfarið átti svo að taka fyrir málefni Ríkisútvarpsins og reyna að koma því í skikkanlegt horf.

Síðasti þátturinn í frumvarpinu sem ég ætlaði að gera aðeins að umtalsefni er réttindi starfsmanna, staða starfsmanna. Hef ég þó vissulega komið inn á það mál áður þegar ég ræddi fyrr í ræðu minni um mannauðinn sem er fólginn í starfsmönnum Ríkisútvarpsins. En staða þeirra sem launamanna, starfsréttindi þeirra og starfskjör eru svo auðvitað sjálfstæður þáttur sem hér verður að skoða og menn verða að vanda sig sérstaklega þegar glímt er við.

Það er auðvitað ósköp einfalt mál, herra forseti, að aðstandendum frumvarpsins hefur mistekist að sýna fram á það og sanna fullyrðingar sínar um að ekki eigi að hafa réttindi af starfsmönnum. Það verður gert með þessu frumvarpi. Það er bara einfaldlega svoleiðis.

Þótt menn væru búnir að leggja í alla þá vinnu sem til þyrfti að reikna algerlega til verðs hin margþættu starfsréttindi, lögvarin og umsamin sem hér koma við sögu og breytast með því að starfsemin hættir að vera opinber og verður að fyrirtæki og rekstri og hlutafélagi þá stæði auðvitað eftir sú einfalda staðreynd að fjölmargir starfsmenn þurfa að gera það upp við sig hvort þeir eigi að fara úr hinu eldra umhverfi yfir í hið nýja eða hvort þeir eigi að taka út þau réttindi sem þeir eiga við formbreytinguna.

Eins og ég nefndi hér fyrr í kvöld þá eru fjölmargir af reyndari starfsmönnum útvarpsins í þessum sporum. Í mörgum þeirra er uppsafnaður ekki síst hinn mikli mannauður, reynsla og þekking sem Ríkisútvarpið býr að. Þeir þurfa þá að gera það upp við sig hvort þeir eigi að taka þann rétt sem þeir eiga til biðlauna og leita sér síðan að öðrum störfum eða ráða sig til hins nýja hlutafélags og taka þá áhættuna af því að vera í öðru og ótryggara starfsumhverfi þaðan af, hafandi ekki nýtt sér réttinn sem þeir áttu við kerfisbreytinguna.

Þetta getur verið ákaflega erfitt val. Ég hygg að margir starfsmenn sem svona er ástatt hjá upplifi sig upp við vegg,

upplifi sig úti í horni. Það ganga sögur ljósum logum um stofnunina og út úr henni, herra forseti, að ýmsum af eldri og reyndari starfsmönnum útvarpsins sé hugsuð þegjandi þörfin, það sé einmitt þar sem eigi að taka til og það sé m.a. ein ástæðan fyrir því að menn hungrar og þyrstir svona óskaplega í hlutafélagið, að ætlunin sé að hreinsa heilmikið til og ráða svo sjálfsagt einhverja gulldrengi í staðinn af því að menn tala um það á góðum stundum að þeir ætli að nútímavæða Ríkisútvarpið með slíkum aðferðum. Með því að sólunda kannski verðmætustu eign þess og umgangast hana af gáleysi, þar sem er mannauðurinn sem er auðvitað mikilvægari í þessari starfsemi en flestri, næstum því hverri annarri. Það væri kannski helst hægt að segja að reynsla og þekking, uppsafnaður mannauður í starfsfólki sem vinnur afburða viðkvæm störf, t.d. í heilbrigðiskerfinu, gæti verið sambærilegt þar sem ég held að flestir viðurkenni að vilja helst ekki vera í höndunum á viðvaningum, á nýliðum, á reynslulausu fólki ef um líf eða dauða er að tefla. En það er ákaflega mikið í húfi líka þegar þættir af því tagi sem við erum hér að fjalla um, varðveisla menningararfsins og miðlun, sú reynsla og þekking, staðkunnugleiki og allt það sem þrautreyndir starfsmenn búa yfir.

Ríkisstjórnin hefur einkavætt meira á undanförnum mánuðum en bara þessi áform um Ríkisútvarpið vísa til. Ríkisútvarpið lýtur t.d. að þessu leyti alveg sömu lögmálum og starfsemi sem færðist af sviði hins opinbera rekstrar, hinnar opinberu þjónustu, hinnar opinberu starfsemi um síðustu áramót og yfir í hlutafélagaformið. Fyrirtækið Flugstoðir ohf. tók við að stærstum hluta af starfsemi Flugmálastjórnar svo gáfulegt sem það nú var eða hitt þó heldur, að mínu mati, að fara að setja viðkvæma hluti eins og flugumsjón og þess vegna rekstur lykilsamgöngumannvirkja undir hlutafélag. Hvernig gekk það, herra forseti? Gekk það ekki þannig að það lá við ófremdarástandi sem menn voru að reyna að bjarga á síðustu stundu vegna þess að starfsfólkið margt hvað, flugumferðarstjórar létu ekki bjóða sér þegjandi og hljóðalaust að höfð væru af þeim réttindi með þeim hætti og eiga að mínu mati heiður skilið fyrir að sýna þá samstöðu sem þeir sýndu.

Það sama á við um fyrirtækið Matís ohf. og er kannski ekki síður ljót sú saga því fjöldi starfsmanna þar á um sárt að binda og er grátt leikinn vegna þess hvernig komið var fram við það. Að þvinga menn, stilla mönnum upp við vegg til að undirgangast slíkar kerfisbreytingar og fara úr einu réttarumhverfi yfir í annað, stilla þeim upp við vegg og láta þá velja á milli slíkra kosta eins og ég hef verið að teikna hér upp. Menn ættu ekki að gera lítið úr því hversu erfitt þetta getur verið viðkomandi og sársaukafullt, hvaða óöryggi og vanlíðan það getur skapað, hversu ósanngjarnt það er gagnvart starfsmanni sem hefur kannski ráðið sig strax að loknu námi eða við upphaf starfsferils inn í tiltekið réttarumhverfi, unnið allan sinn starfsaldur meira og minna sem slíkur, sem opinber starfsmaður, og á örfá ár eftir í að ljúka starfsævi sinni og taka út þau uppbyggðu réttindi sem safnast hafa á starfsævinni. Örfáum árum áður en þetta gerist er komið og sagt: Nei. Nú verður þú annaðhvort að hætta, taka þau réttindi sem þú átt eða stinga þér út í djúpu laugina, köldu laugina og taka sénsinn á því hvort við viljum hafa þig hér í vinnu í hinu nýja fyrirkomulagi þar sem aðalsmerkið er að geta ráðið og rekið starfsfólk að geðþótta. Þetta er það sem þarna er að gerast og reynslan er ekki allt of góð, herra forseti, af því hvernig þetta hefur gerst og gengið fyrir sig í hverju tilvikinu á fætur öðru.

Ég held að það sé að renna betur upp fyrir mönnum, eins og þau tilvik sem ég nefndi áðan hafa leitt í ljós, að þetta er flóknara mál en menn höfðu áttað sig á. Menn halda kannski að þetta snúist bara um annars vegar kaupgjaldið og hins vegar þá fyrst og fremst lífeyrisréttindin og ráðningarsambandið eða ráðningaröryggið, en í ljós kemur að þetta er miklu flóknara mál en svo og mjög erfitt að meta að fullu til verðs og reikna þá hluti sem erfitt er og ómögulegt að reikna út, eins og hvers virði starfsöryggið sé, þegar betur er að gáð í þessum efnum og það hefur komið á daginn.

Ég hef, virðulegur forseti, farið yfir fimm meginþætti í frumvarpinu eins og þeir snúa að mér. Ég viðurkenni vissulega að ég hef verið að ræða gagnrýnisatriðin, það sem ég set út á í frumvarpinu. Það er að sjálfsögðu ekki þannig að allt sé ómögulegt þar. Ég er í sjálfu sér ekkert ósáttur í aðalatriðum við upptalninguna í II. kafla í 3. gr., um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins bara ef það fengi að vera ríkisútvarp í friði. Það er allt meira og minna í góðri sátt við mig að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð, að senda út til landsins alls og næstu miða, það má ekki gleyma þeim, þjónustunni við sjómenn og miðin. Að vísu segir svo, því miður: „... a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring.“ Það finnst mér auðvitað mjög sérkennilegt og metnaðarlítið að ekki skuli einu sinni vera bundið að það skuli þá a.m.k. sinna þeirri starfsemi sem það hefur með höndum í dag, þ.e. senda út tvær hljóðvarpsrásir og að lágmarki eina sjónvarpsdagskrá, sem mér finnst reyndar vera alger tímaskekkja að skuli ekki fyrir löngu vera orðin a.m.k. að tveimur eins og þróunin hefur verið má segja alls staðar í löndunum í kringum okkur. Það er auðvitað alveg stórfurðulegt að sjónvarpið skuli ekki a.m.k. vera á tveimur rásum. Annars vegar væri hægt að hugsa sér að ýmiss konar afþreyingarefni, íþróttir og fleira væri kannski þyngra á dagskrá annarrar rásarinnar og dagskrárgerð, menningarefni, fréttir og slíkir hlutir e.t.v. heldur þyngra hinum megin, sumpart með svipuðum hætti og þróunin hefur orðið á milli Rásar 1 og Rásar 2. Að öðru leyti er að mestu leyti sýnist mér eðlilega um málin fjallað og ... (Gripið fram í.) Ja, það eru vissir kaflar góðir í því, það er alveg rétt, það er ekki allt ónýtt í frumvarpinu. En því miður drukknar það sem er í lagi og víkur fyrir hinu sem ekki er í lagi sem eru aðalatriðin og vega miklum mun þyngra þegar kemur að ágöllum frumvarpsins, sem er formið, stjórnunarfyrirkomulagið, tekjustofninn, samkeppnisþættirnir og frágangur á réttindum starfsmanna.

Ég ætla síðan, virðulegur forseti, að hverfa aftur að því að ræða um friðarskylduna gagnvart Ríkisútvarpinu sem menntamálaráðherra er að bregðast. Svo ítreka ég óskir mínar, áður en ég lýk ræðu minni, að ég fái upplýst hvort formaður Framsóknarflokksins er á leið til umræðunnar eða ég þurfi að gera hlé á ræðu minni og við frestum umræðunum og ég geti þá átt við hann orðastað í fyrramálið. Mér er sama hvort er. En ég bað um það fyrir um hálftíma að for-

manni Framsóknarflokksins yrði gert viðvart um að viðveru hans væri óskað og nú vil ég fá upplýsingar um hvar málið er á vegi statt.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill í fyrsta lagi geta þess að skilaboðum hefur verið komið á framfæri við hæstv. ráðherra, Jón Sigurðsson, um ósk hv. þingmanns en forseta er ekki ljóst hvort eða hvaða viðbrögð eru komin fram við því. Forseti vill hins vegar geta þess að hæstv. ráðherra er ekki sá ráðherra sem flutti þetta frumvarp. Forseti telur því að ekki sé tilefni til að gera hlé á umræðunni þó hann komi ekki á staðinn en hins vegar hefur þessari ósk verið komið á framfæri eftir því sem starfsmenn þingsins gátu best gert.)

Virðulegi forseti. Ég er ákaflega ósáttur við þessa meðhöndlun hæstv. forseta. Ég er mjög ósáttur við að þessi ósk mín, rökstudda ósk sem ég er að endurtaka frá því við 2. umr. og gerði þá ekki að ásteytingarsteini að henni lyki þó svo tækist þá að formaður Framsóknarflokksins sá ekki ástæðu til að verða við beiðninni um að koma hingað til umræðunnar og svara fyrir flokk sinn og aðild sína að málinu. Ég vil leyfa mér að segja við virðulegan forseta að ég hef marga fjöruna sopið í umræðum á Alþingi og kann þinghefðirnar býsna vel eftir bráðum 24 ár hérna. Ég fullyrði að það er að verða ansi lítið gert með óskir af þessu tagi sem þótti sjálfsagt og sjálfgefið að verða við á sínum tíma þegar menn tóku skyldur sínar gagnvart verkum sínum á Alþingi alvarlega.

Það er að vísu svo að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra er ekki kjörinn þingmaður en í raun hefur hann þingskyldum að gegna engu að síður af því að hann á sæti á Alþingi sem ráðherra (**Gripið fram í:** Og hann má flytja mál meira að segja.) og hann er formaður annars stjórnarflokksins. Það er undarlegt ef ekkert er með það gert að eftir því er ítrekað óskað að mönnum gefist færi á að eiga við hann orðastað, leggja fyrir hann spurningar og biðja hann að svara fyrir ábyrgð annars stjórnarflokksins á þessu máli, að ekkert er með það gert. Ég er ekki búinn að segja mitt síðasta orð í þessu, herra forseti, því einhver verður stundum að standa upp fyrir hönd þeirra hefða og þeirra venja sem hér á að halda í heiðri, að menn geti átt hér einarðlega orðastað. Það léttir ekkert minn málflutning í garð Framsóknarflokksins endilega ef hann ætlar að reyna að fela sig út úr umræðunni, þegja sig og sofa sig heima í rúmi út úr umræðunni. Hvar eru aðrir framsóknarmenn sem eiga að gegna þingskyldum eins og við hin? Ég hef yfirleitt ekki kveinkað mér mikið undan því að vera á fundum og jafnvel þó þeir teygist eitthvað á langinn. Mér finnst að það eigi ekki að vorkenna öðrum að gera þá slíkt hið sama. Við höfum öll okkar lögboðnu þingskyldur. Alþingismenn eru einu sinni ein sú stétt í landinu, nánast sú eina sem ég beinlínis veit um að það eru landslög að við eigum að mæta í vinnuna okkar. Það er brot á landslögum ef við mætum ekki í vinnuna okkar, (Gripið fram í.) hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. (**SKK:** Ég mæti í vinnuna.) Og ef við höfum ekki algerlega lögmæt og fullgild forföll þá eigum við að vera hér. Ég vil því ekki sætta mig við þessa niðurstöðu virðulegs forseta. Það eru ekki haldbær rök að hæstv. iðnaðarráðherra, formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, sé ekki flutningsmaður málsins, það er mér vel ljóst. (**Gripið fram í:** Hann er ekki alþingismaður.) Hann er ráðherra, hann hefur þingskyldur sem ráðherra og hann er formaður annars stjórnarflokksins síðast þegar ég vissi, var sóttur upp í Seðlabanka til að gegna því verkefni, taka það að sér. (**Gripið fram í:** ...ráðherradómi ...) Fara í það eftirsóknarverða starf eða hitt þó heldur. Það er ekki gamanmál í mínum huga, virðulegi forseti, hvernig Framsóknarflokkurinn er ber að svikum og ómerkilegheitum í þessu máli og það er þannig að menn eiga að standa reikningsskap gerða sinna á Alþingi, sem þingmenn og ráðherrar og ábyrgðarmenn stjórnarfrumvarpa. Þetta er stjórnarfrumvarp, stjórnarflokkarnir báðir bera á því ábyrgð, hver ein og einasti maður nema þeir hafi sagt sig frá því eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ku hafa gert.

Nú er komið miðnætti, herra forseti, og ég var búinn að spyrja forseta að því fyrr í kvöld hversu lengi ég ætti að reikna með því að hér mundi standa fundur. Mér væri ekkert að vanbúnaði að gera hlé á ræðu minni ef svo bæri undir og ég ímynda mér þá að það hljóti að vera komið að þeim tímamótum því að nú breytist síðkvöldið í nótt og ekki hafði ég neinar upplýsingar um að hér stæði til næturfundur. Ég á líka eftir þennan orðastað við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem ég vil eiga, þannig að ég vil spyrja forseta að því hvort það sé meiningin að fresta nú fundi.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill í tilefni af ummælum hv. þingmanns geta þess að ætlun forseta er að halda umræðum áfram um sinn.)

Þetta eru nú afskaplega loðin svör, herra forseti. Er þetta eina lýsingin sem forseti kann hvað varðar tíma, þ.e. að tala í þessum véfréttarlega stíl „um sinn"? Það er endalaust sagt hér þó að klukkutímar líði á milli að það standi til að halda fundinum áfram um sinn. Þetta var nú sagt mikið fyrr í kvöld og ég verð að segja að þetta „um sinn" er að verða nokkuð langt, eins og fraukan sagði, þetta fer nú að verða nokkuð langt.

Ég mótmæli því, herra forseti, að það sé ekki gert hlé á fundinum og iðnaðar- og viðskiptaráðherra sóttur eða þá að ég fái að gera hlé á máli mínu og við höldum umræðunni áfram þegar hann hefur aðstöðu til þess að koma í hús. Mér finnst þetta ekki boðlegt. (Gripið fram í.) Ég sætti mig ekki við það að svona (Forseti hringir.) sé komið fram við mig, herra forseti.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill ítreka þá afstöðu sína að ekki sé tilefni til að gera hlé á fundi þó að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra komi ekki. Forseti vill geta þess í tilefni af orðum hv. þingmanns að þingmenn Framsóknarflokksins, þar á meðal þeir hv. þingmenn sem setið hafa í menntamálanefnd og fjallað um málið þar hafa tekið þátt í umræðum bæði í dag og undanfarna daga. Og þótt að sjálfsögðu hafi verið orðið við ósk hv. þingmanns um að gera hæstv. ráðherra viðvart um beiðnina þá er ekki tilefni til að gera hlé á þingfundi þó að það hafi ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt.)

Já, herra forseti, ég hef komið mótmælum mínum á framfæri. Forseti ræður auðvitað, ég ætla ekki að vefengja vald forseta til þess að fara svona með forsetavald sitt þó að ég sé ósáttur við það og mér finnist það heldur ómaklegt, sérstaklega í ljósi þess að ég gerði ekki kröfur um það við 2. umr. að umræðu yrði þá frestað eða það fór ekki í meiri hörku þegar hið sama var uppi á teningunum að formaður

Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, varð ekki við óskum um að koma til umræðunnar.

Þetta er auðvitað að verða mjög athyglisvert, herra forseti, ef formaður Framsóknarflokksins felur sig frá umræðunni aftur og aftur, ef formaður Framsóknarflokksins þorir ekki til umræðunnar um þetta mál, hvorki við 1., 2. né 3. umr. málsins. Er formaður Framsóknarflokksins með svona vonda samvisku? Er hann svona kjarklaus? Er hann svona kvöldsvæfur? Hvað veldur því að það er engin leið að aka formanni Framsóknarflokksins hingað til viðræðna um þessi mál? Er honum þetta eitthvað erfitt? (**Gripið fram í:** Hann er hræddur við málið.) Ja, það skyldi nú ekki vera að það væru einhverjar krumpur á formanni Framsóknarflokksins gagnvart þessu máli, en eigum við þá að vægjast við slíku? (Gripið fram í.) Er það ekki skylda formanns Framsóknarflokksins að svara fyrir sinn flokk og verk hans hér, hans pólitík, (Gripið fram í.) ábyrgð hans á málum af þessu tagi? Ég hefði nú haldið það, virðulegur forseti, að það væri ástæða til.

Ég ætla þá að ræða — þó að vísu þyki mér það miður — svolítið um Framsóknarflokkinn og þátt hans í þessum einkavæðingarmálum og þar með talið auðvitað og ekki síst hvað útvarpið snertir. Það var m.a. það sem ég ætlaði að eiga orðastað við formann Framsóknarflokksins um, tengja það sem nú á að fara að gera með Ríkisútvarpið við afrek Framsóknarflokksins á sama sviði að undanförnu, á undanförnum árum og missirum, en það er náttúrlega þó nokkur efniviður, herra forseti, eins og ég hef áttað mig á að forseti veit. Þar er af nógu að taka og ég get svo sem boðið upp á ýmislegt í þeim efnum eftir því hversu langt aftur við förum til árdaga, um aðkomu Framsóknarflokksins að málum af þessu tagi.

Þó væri enn skemmtilegra, hygg ég, fyrir menn að ég færi yfir hinn stutta kafla í ævi Framsóknarflokksins nú á seinni áratugum sem hann var í stjórnarandstöðu, því að þannig er nefnilega að Framsóknarflokkurinn var í stjórnarandstöðu árin 1991–1995 og hafði þá í raun og veru allt aðra afstöðu til þessara mála heldur en umsvifalaust eftir að hann komst í valdastólana, illu heilli, vorið 1995. Ég man t.d. eftir því þegar þáverandi varaformaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, var formaður efnahags- og viðskiptanefndar á þessum árum og þar komu inn einkavæðingarmál eins og Síldarverksmiðjur ríkisins og það var fjallað um fleiri mál sem tengdust eignarhaldi á ríkisfyrirtækjum og rekstrarformi þeirra. Í stjórnarandstöðu var Framsókn mjög gagnrýnin á það að vera að fara með þau fyrirtæki eins og Alþýðuflokkurinn sálugi og Sjálfstæðisflokkurinn þá voru að gera, vildi t.d. tryggja aðild þingsins að stjórnun þeirra fyrirtækja, a.m.k. svo lengi sem meiri hlutinn væri í eigu ríkisins, vildi ekki þá ráðherravæðingu sem síðar hefur orðið algjör regla í tilvikum af þessu tagi. Þegar opinberri stofnun, jafnvel stofnun eða fyrirtæki sem áður hafði þingkjörna stjórn, hefur verið breytt í hlutafélag þá hefur fyrsta verk manna ævinlega verið að henda öllu slíku út. Og til þess að gera hvað? Til þess að handvelja menn úr stjórnarflokkunum, menn handgengna ráðherrunum, stjórnarflokkunum, inn í stjórnirnar. Þetta kalla menn að láta af pólitískum afskiptum af fyrirtækjunum. Svona hefur þetta nú verið, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson.

Lýðræðislega og hvað varðar t.d. stöðu þingræðisins í landinu hefur verið stórfelld afturför fólgin í þessu. Helst vilja ráðherrarnir auðvitað bara hafa þetta þannig að þeir ráði þessu alveg einir en til vara má kannski hugsa sér, eins og lagt er til í frumvarpinu um Ríkisútvarpið, að menn séu kosnir af meiri hlutanum á Alþingi þannig að einfaldur meiri hluti ráði meiri hluta í stjórn viðkomandi fyrirtækis og það sé þá gert árlega þannig að menn geti örugglega komist að þessum málum um leið og þeir fá völdin í hendur og ráðskast með það.

Framsóknarflokkurinn, saga hans og aðkoma að þessum einkavæðingarmálum er náttúrlega alveg kapítuli út af fyrir sig. Ef við tökum t.d. bara aðild Framsóknarflokksins að þessu frá og með því að hann kemur til valda, skiptir inn á fyrir Alþýðuflokkinn 1995, þegar Viðeyjarstjórnin gaf upp öndina, þá er það nú þannig að í kjölfarið sigla m.a. breytingarnar á Pósti og síma. Ég hygg að ég muni það rétt að fyrrverandi hæstv. samgönguráðherra, 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, hafi verið búinn að ná að breyta Pósti og síma heitnum í Póst og síma hf., en ætli málið hafi ekki verið þar statt þegar Framsókn tók við af krötunum og í framhaldinu sigldi uppskipting fyrirtækisins líklega fyrst í Landssímann hf. og Íslandspóst og svo Símann og allt það. Þá er Framsókn komin að málum.

Þá hefst nú t.d. darraðardansinn og loforðaflaumurinn um Símann hjá Framsókn. Þá er það fyrst í stað þannig að Framsókn náttúrlega sver og sárt við leggur að ekki komi til greina að einkavæða Símann, það sé ekkert á dagskrá, það standi ekkert til. Ég held ég muni það rétt að þetta var í flokkssamþykktum hjá þeim á fyrstu árunum.

Síðan taka þeir til við að álykta um að kannski komi það til greina, og það lendir svo inni í stjórnarsáttmála ef ég man rétt, að einkavæða Símann eða gefa eftir eignarhald ríkisins á honum, en það verði aldrei gert með þeirra stuðningi nema dreifikerfinu sé haldið eftir. Skömmu síðar tók svo Samfylkingin upp þessa sömu stefnu en það er nú önnur saga. Þetta sögðu framsóknarmenn í næstu umferð um Símann þegar þeir voru byrjaðir að gefa eftir, byrjaðir að svíkja, að þeir gætu að vísu hugsað sér að selja Símann eins og þeir höfðu þó ekki ætlað að gera en dreifikerfið færi ekki með honum.

Svo lak þetta niður eins og allt annað og stjórnarflokkarnir gerðu tilraun til þess að selja Símann strax á árinu 2001 með dreifikerfinu, með öllu, með manni og mús. Það mistókst nú að vísu sem betur fer, mistókst hrapallega og þjóðin stórgræddi á því að það mistókst að selja Símann. Þjóðin varð einum 35 milljörðum kr. ríkari örfáum árum síðar þegar Síminn var svo loksins seldur, sem segir nú sitt um það hvers konar ráðslag þetta er og hversu góður bisness þetta er. Þjóðin græddi þetta vegna þess að Síminn var í millitíðinni á fjórum árum búinn að borga samtals milli 12 og 13 milljarða, ef ég man rétt, í arð og verðmæti fyrirtækisins hafði aukist yfir 20 milljarða, þannig að í staðinn fyrir að fara á þá áformuðu 40 milljarða rúma sem ætlunin var að selja Símann á, með stuðningi framsóknarmanna 2001, þá fór hann á hátt á sjöunda tug milljarða fjórum árum síðar eða svo.

Eftir stóðu svikin loforð Framsóknarflokksins, eftir stóðu ómerkilegheit Framsóknarflokksins. Eftir stóð að

Framsóknarflokkurinn lét hafa sig í að einkavæða almannaþjónustu af tagi símans, fjarskiptanna, undirstöðu fjarskiptanna í landinu þó verið væri þar með að búa til fákeppniseinokunarrisa á viðkomandi sviði.

Þá skulum við aðeins minnast á bankana, herra forseti, eigum við aðeins að nefna bankana og frammistöðu Framsóknarflokksins þar? Áfram í verkunum fyrir Sjálfstæðisflokkinn meira og minna og nú beinlínis, því nú var það hlutverk viðskiptaráðherra að standa fyrir einkavæðingunni. Það voru nú stórkostlegar æfingar ef það væri allt saman rifjað upp. Ríkisviðskiptabönkunum er fyrst breytt í hlutafélög. Þá er sagt í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu: Það kemur ekki til álita á næstu fjórum árum að breyta eignarhaldi ríkisins, það verður ekki gert. Það var svikið, eins og var reyndar líka svikið með fjárfestingarsjóði sem breytt var um svipað leyti og fóru þá leið sem raun ber vitni.

Síðan átti einu sinni að sameina bankana með glæsilegum hætti eða hitt þó heldur og samkeppnisyfirvöld komu í veg fyrir það. Svo tóku þeir sig til og seldu eða kannski væri nær að segja gáfu báða bankana í einu lagi á grundvelli helmingaskiptareglunnar þannig að annan bankann fengu aðilar sem voru öðrum stjórnarflokknum vel þóknanlegir og hinn bankann fengu framsóknarmenn, fengu tæki í hendur til að þéna á örfáum missirum tugi milljarða króna. Þetta er veruleikinn. Aðilar nátengdir Framsóknarflokknum fengu Búnaðarbankann og voru nokkrum missirum síðar tugum milljóna króna ríkari. Það er bara þannig.

Í þessari einkavæðingarsögu Framsóknarflokksins eru a.m.k. tvö rosaleg dæmi um það að þeir voru meira og minna að selja sjálfum sér ríkisfyrirtæki, bæði í tilviki Búnaðarbankans og Íslenskra aðalverktaka. Ég spái því að einhvern tímann muni duglegir sagnfræðingar framtíðarinnar grafast fyrir um og upplýsa þessa einkavæðingarsögu að því marki sem það verður yfir höfuð hægt, en hún er rosaleg. Vinnubrögð mörg í kringum þetta og hvernig menn hafa farið með almannaeigur og ráðstafað þeim og útdeilt með þeim aðstöðu til að auðgast og miklum völdum í viðskiptalífinu í leiðinni. Þetta er rosaleg saga. Hún er auðvitað ekki jafnsvört, enda ekki við því að búast í okkar þó þróaða réttarríki, eins og kannski rosalegustu dæmin úr austurhluta álfunnar þar sem ýmsir urðu flugríkir á örfáum umbrotamánuðum og -missirum. Til dæmis í Rússíá og þar um slóðir, hvaðan allt í einu komu nokkrir af ríkustu mönnum heims eins og hendi væri veifað og fluttu margir auðinn til Vesturlanda, keyptu sumir knattspyrnulið eða hvað það var. Þetta er þó býsna hliðstætt í mínìatúrútgáfu sem hér hefur gerst.

Svo getur maður alltaf velt því fyrir sér hvort maður eigi að vera að segja svona lagað og tala svona því það lítur þá út eins og maður sé að vega að þeim mönnum sem þarna áttu í hlut, þ.e. af hálfu þeirra sem keyptu. Í raun er ekki við þá að sakast sem fóru að lögum og gripu þau tækifæri sem þeim voru rétt upp í hendurnar. Stjórnvöldin bera ábyrgðina. Þangað verður að vísa henni og alveg sérstaklega á Framsóknarflokkinn. Framsóknarflokkurinn hefur margt til að svara fyrir í þessum efnum. Það vantar mjög mikið upp á að vinnubrögðin hafi verið gagnsæ, hafin yfir gagnrýni og í reynd er þetta einkavæðingarferli, þegar það er betur skoðað, meira og minna varðað af aðfinnslum eftir á af hálfu aðila eins og Ríkisendurskoðunar, umboðsmanns Alþingis þess vegna og jafnvel hefur það fengið ágjöf fyrir dómstólum vegna þess að þetta var flaustурslega og illa unnið og býður upp á mikla tortryggni svo ekki sé fastar að orði kveðið. Leikreglur voru búnar til jafnóðum og þeim breytt reglubundið til þess að þjóna pólitískum markmiðum stjórnarflokkana hverju sinni. Loforð voru svikin. Hlutum snúið á haus. Það sem í einni umferð var mjög mikilvægt, eins og t.d. hugtakið dreifð eignaraðild, snerist allt í einu í höndunum á mönnum upp í andstæðu sína. Ræðuhöld og útlistanir í greinargerðum frumvarpa um mikilvægi þess að tryggja dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum var í næstu umferð allt í einu orðið að mikilvægi þess að finna kjölfestueiganda, kjölfestufjárfesti. Þá var komin réttlæting fyrir því að velja einn aðila og afhenda honum banka. Stundum þann sem bauð lægst í banka, bauð minnst fyrir hann. Á svo hátt stig komst snilldin hjá Framsókn að hún seldi þeim sem bauð minnst í hlutinn. Sá sem bauð lægst í banka var valinn til viðræðna um að kaupa hann. Þetta liggur fyrir. Þetta er alveg rosalegt. Það hlýtur að vera ömurlegt fyrir menn eins og hv. þm. Jón Kristjánsson, mætan sómamann, að fara út úr pólitík með þetta á bakinu. Að hafa átt aðild að því, stutt ríkisstjórn eða jafnvel setið í henni sem á slíka arfleifð og mun á spjöldum sögunnar fá þá ofanígjöf sem hún hlýtur að fá þegar þetta verður gert upp hvað þessi vinnubrögð öll varðar.

Að mörgu leyti hlýtur þetta að vera eitraðast inn á við í viðkomandi flokkum og þá auðvitað fyrst og fremst hjá Framsókn vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf viljað þetta. Sá er kannski munurinn á arfleið annars vegar Sjálfstæðisflokksins og hins vegar Framsóknar í þessu að í sjálfu sér hefur Sjálfstæðisflokkurinn bara verið að gera það sem allir vissu að hugur hans stóð til. Hann er meira og minna á móti því að nokkrir skapaðir hlutir séu í sameign og á félagslegum forsendum. Talsmenn hans hafa jafnvel gengið svo langt að segja að það sé svo mikilvægt að einkavæða hluti bara til að einkavæða þá og koma þeim í eigur og hendur á einkaaðilum að verðið skipti ekki aðalmáli. Einu sinni urðu fræg ummæli ónefnds ráðherra Sjálfstæðisflokksins um að þetta væri svo mikilvægt að þess vegna gæti verið réttlætanlegt að selja viðkomandi fyrirtæki eða stofnun á hálfvirði. Það væri svo mikilvægt og göfugt markmið að einkavæða að jafnvel þó að menn fengju ekki nema bara hálfvirði gæti það verið réttlætanlegt. Þannig hefur Sjálfstæðisflokkurinn hugsað. Þannig er nálgun hans, en Framsókn hefur alltaf verið að reyna að halda því að þjóðinni af og til að hún sé með einhverja félagslega hugsun eftir í þessum efnum. Henni sé ekki alveg sama, hún ætli að standa vörð um einhverja hluti, einhver gildi. Það er náttúrlega algjörlega ömurlegt að sjá hvernig hún hefur farið. Hvernig ætli það sé innan flokksins? Ætli það sé von að ástandið sé björgulegt þegar menn standa frammi fyrir hlutum af þessu tagi gagnvart trúnaði við sjálfan sig, stefnu sína og flokkssamþykktir sínar, eins og Framsóknarflokkurinn gerir nú gagnvart útvarpinu og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór rækilega yfir í kvöld.

Ég vildi ekki vera í þeim sporum. Ég öfunda þá ekki, framsóknarmennina, og hef svo sem aldrei gert, af því að

vera með þá hluti á bakinu sem þeir eru með í þessum efnum gagnvart þjóðinni, gagnvart kjósendum sínum, fyrrverandi kjósendum sínum aðallega, og gagnvart flokknum, gagnvart sjálfsvirðingu sinni. Gagnvart því að gera ekkert með það sem menn álykta um á landsfundum, á því sem menn heita í kosningum. Auðvitað er Framsóknarflokkurinn genginn upp að hnjám. Hann er útslitinn af þjónkun sinni við tvennt, valdsetuna og Sjálfstæðisflokkinn, og ástand hans er auðvitað eins og raun ber vitni. Þess vegna getur maður kannski vorkennt einum manni umfram alla aðra og það er formaður Framsóknarflokksins. Það er auðvitað rosalegt hlutskipti sem einum manni er fært, að taka við þessum flokki. Það má að mörgu leyti kalla það hreystilegt af hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jóni Sigurðssyni, að gangast undir það að taka við hróinu eins og það var á sig komið síðastliðið sumar. Segja má að maðurinn sé kjarkmaður en það varð auðvitað að sækja hann út fyrir þingflokkinn. Varaformaðurinn lagði ekki í það og er nú að honum sótt, eins og kunnugt er, af öðrum forustumanni Framsóknarflokksins, formanni þingflokksins. Það segir kannski sína sögu um ástandið á bænum.

Herra forseti. Það er margt ósagt og margt óuppgert í þeim málum sem snúa að Framsókn og ferli þess flokks í einkavæðingarmálunum. Mér finnst að mörgu leyti að frumvarpið um Ríkisútvarpið, og eiginlega skiptir ekki máli úr þessu hver örlög frumvarpsins verða því að ásetningur Framsóknarflokksins liggur fyrir — það er að mörgu leyti ekki nógu góð samlíking að segja að það sé kórónan á sköpunarverkinu því það er kannski frekar kornið sem fyllir mælinn. Það er punkturinn yfir i-ið. Það fullkomnar niðurlægingu Framsóknarflokksins í þessum efnum. Það verður ekkert lengra gengið. Það er ekki hægt að leggjast miklu lægra en Framsókn er að gera í málinu vegna þess hvað á í hlut, vegna þess hvernig framsóknarmenn hafa talað í málinu gegnum tíðina, vegna þess hvernig þeir svíkja sjálfa sig og loforð sín. Þetta er væntanlega endirinn, lokakaflinn á löngu ferli í langri sögu þar sem er öll framganga Framsóknarflokksins í þessu einkavæðingar- og háeffunar- og markaðsvæðingarferli. Það er kannski táknrænt og rammar þetta inn með viðeigandi hætti að það skuli þá vera að síðustu þegar Framsóknarflokkurinn er á síðustu metrum stjórnarþátttöku sinnar vonandi í mjög langan tíma. Í raun getur ekkert annað legið fyrir því ef einhver flokkur undir sólinni þarf á langri endurhæfingu að halda er það Framsóknarflokkurinn. Um það eru flestir sammála og væntanlega flokksmenn þar einnig. Afrekin verða þá ekki fleiri í bráð. Það má treysta því að þetta sé síðasta málið af þessu tagi sem Framsókn getur sett mark sitt á um mjög langt árabil í íslenskum stjórnmálum. Það verður þá mjög táknrænt að síðustu svikin, síðasta uppgjöfin, síðasta niðurlægingin í sögu Framsóknar var Ríkisútvarpið. Þess munu menn mjög minnast.

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka fyrir að þessu sinni miklu fleiri efnisþætti í málinu. Ég sé ekki endilega ástæðu til að flytja stærri hluta ræðu minnar um Framsókn aðallega vegna að **(Gripið fram í:** Við viljum fá Jón Sigurðsson.) ekki hefur verið orðið af ósk minni um að formaður Framsóknarflokksins kæmi hingað til fundar. Mér finnast forsetarnir, satt best að segja, ekki standa sig neitt sérstaklega vel í stykkinu í þessum efnum. Það er umhugsunarefni hvernig forsetar á Alþingi hugsa orðið hlutskipti sitt oft og tíðum. Ég hef velt því talsvert fyrir mér upp á síðkastið að það er eins og hægt og hljóðlega hafi læðst aftan að okkur dálítil breyting í þeim efnum, að forsetarnir upplifi sig einhvern veginn, sérstaklega forsetar meiri hlutans sem eru yfirleitt tilkallaðir og sitja oftast í stólnum þegar harðnar á dalnum, ekki með sama hætti og ég upplifði að forsetar gerðu fyrr á árum. Þeir tóku alltaf upp þykkjuna fyrir þingið og réttindi þingmanna ef þeir áttu þess kost, innan ramma þess að verða auðvitað að virða vilja þingmeirihlutans sem þeir voru hluti af ef lýðræðislega var um það búið að þar hefðu verið samþykktir einhverjir hlutir sem lutu að afgreiðslu mála eða öðru slíku.

Það er nefnilega misskilningur að forsetar eigi að hlýða fyrirmælum ráðherra. Það er algjör misskilningur. Forsetar verða eðlilega að taka mið af því sem meiri hlutinn á Alþingi ákveður. Það er ljóst. En það eru ekki ráðherrarnir sem slíkir. Ráðherrarnir starfa í umboði meiri hlutans. Þeir sækja umboð sitt til hans en ekki öfugt. Meiri hluti stjórnarliðsins á Alþingi sækir ekki umboð sitt til ráðherrana. Er þetta farið að snúast eitthvað við, herra forseti? Er ykkur farið að finnast, herra forseti, að þið sækið umboð ykkar til ráðherrana? Að þangað farið þið eftir fyrirmælum? Það er spurning. Er þetta af einhverri hlífð, af vægð við ráðherrana sem þeim er hlíft við því að koma og svara fyrir ábyrgð sína á stjórnarathöfnum og stjórnarfrumvörpum eins og þeir eiga að gera samkvæmt stjórnarskrá landsins?

Ég veit að forsetinn er vel að sér í stjórnarskránni. Hann veit að ráðherrar eiga að koma og svara fyrir stjórnarathafnir og ábyrgð sína á stjórnarathöfnum á þingi. Það er stjórnarskrárvarinn réttur okkar þingmanna að ráðherrar geri það. Við sitjum báðir í stjórnarskrárnefnd, ég og virðulegur forseti, og við vitum þetta. Ég verð því að segja alveg eins og er að ég er býsna hugsi yfir því og mér finnst það býsna dapurlegt að forsetar skuli láta eins og þeir þurfi ekki að taka óskir, rökstuddar beiðnir af því tagi sem ég hef sett fram alvarlega. Öðruvísi mér áður brá.

Ég fullyrði það, virðulegi forseti, að fyrir eins og 15–20 árum hefði það ekki gerst að formaður stjórnarandstöðuflokks hefði sett fram beiðni af því tagi sem ég hef gert ítrekað í þessum umræðum um að formaður annars stjórnmálaflokks, stjórnarflokks í þessu tilviki, kæmi til umræðunnar. Það hefði ekki gerst að þeirri beiðni hefði verið hafnað eða hún hunsuð. Ég get alveg fullyrt það, að þó virðulegur forseti fari í þingtíðindin og fletti upp á þessum hlutum hefði ekki verið komið svona fram við mann fyrir 15–20 árum síðan. Menn báru meiri virðingu hver fyrir öðrum þá. Menn tóku skyldur sínar sem þingmenn og ráðherrar alvarlegar en menn eru greinilega farnir að gera í dag. Menn höfðu meiri metnað fyrir hönd þingsins og réttindanna sem hér eru lögvarin og stjórnarskrárbundin.

Eitt er víst, að forsetar voru ekki svona mjúkir í hnjáliðunum gagnvart sínum eigin ráðherrum. Það var ekki þannig. Ég hygg að það hafi verið forseti úr stjórnarandstöðunni sem var á forsetastól þegar ég var einu sinni vakinn upp heima hjá mér og drifinn fram úr rúminu að ganga þrjú um nótt vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal hafði óskað eftir viðveru minni í efri deild. Ég dreif mig í fötin

og spýttist hingað niður eftir en náði samt ekki að komast í fundarsal efri deildar áður en hv. þm. Halldór Blöndal var genginn þaðan út engu að síður hafandi sett fram þessa kröfu og við mættumst á tröppunum. En að það hvarflaði að mér að verða ekki við beiðninni, það kom ekki til greina. Þá var það einfaldlega þannig að menn mættu, stóðu sína plikt, svöruðu fyrir störf sín og lögðu mikið á sig til þess að gera það af því að mönnum var það skylt. Auðvitað líka vegna þess að reynslan kann að hafa kennt mönnum og gæti átt eftir að gera það oftar, að með því greiddu þeir fyrir þingstörfum. Forseti er ekki að greiða fyrir þingstörfum með því að hunsa þessa beiðni mína. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, er ekki að greiða fyrir þingstörfum með því að sofa heima í rúmi þegar ég hef ítrekað beðið hann um að koma hingað til þess að eiga við mig orð. Ég hélt kannski að einhverjir myndu það að ég hef ekki alltaf tekið slíku þegjandi þegar ráðherrar hunsa það að koma í salinn og svara spurningum eins og þeim ber að gera.

Hæstv. forseti er því ekki búinn að bíta úr nálinni með þetta. Forsetar sem hafa átt hér mikinn fund á bak við mig og ráðgast mikið og ráðslagast saman ættu kannski að hugsa sinn gang. Ég er t.d. tilbúinn til þess, virðulegur forseti, að gera hlé á máli mínu ef forseti vill gera eins og 15 mínútna fundarhlé og ræða málin. Ég er til í það. Býð forseta upp á það. Það væri ágætt að fá viðbrögð við því hvort forseti hefði áhuga á að þiggja slíkt boð. Einstöku sinnum hefur verið gripið til þess ráðs ef mönnum er eitthvað að daprast flugið í fundarstjórn og tökin á framvindu þingstarfanna kannski ekki sem best að þá hreinlega hugsi menn málið. Beri menn saman bækur sínar, taki sér hlé, skjóti á fundi og ræði saman. Til dæmis að formenn þingflokka sem hér eru á svæðinu og forsetinn haldi smá fund. (**Gripið fram í:** Það vantar reyndar þingflokksformann Framsóknar.) Nú er spurning hvort forseti vilji bregðast við ummælum mínum og óskum og svara tilboði mínu.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti er ekki viss um að það sé tilefni til að gera hlé á þingfundi að svo stöddu og óskar eftir því við hv. þingmann að hann haldi áfram ræðu sinni.)

Ég verð að segja eins og er að mér finnast undirtektir forseta heldur fara versnandi og daprast í hverri umferð. Það er frekar sjaldgæft að eftir langan og strangan vinnudag og mikinn fund sé ekki einu sinni hægt að gera örstutt fundarhlé þannig að menn geti borið saman bækur sínar. Ég ætlaði t.d. að nota tækifærið og biðja um að gengið yrði úr skugga um það með samtölum við formann Framsóknarflokksins hvort hann hygðist yfir höfuð koma hér eitthvað til umræðna um þessi mál.

Ég á vissulega eftir annað tækifæri. Ég á aðra ræðu eftir í málinu til þess að eiga við hann orðastað og geri það ekki að sáluhjálparatriði hvort ég næ til hans nú, sem hefði auðvitað verið eðlilegast, eða að það verði seinna. Mér finnst það ekki ganga, mér finnst það ekki ná nokkurri átt, m.a. í ljósi þeirra pólitísku tíðinda sem urðu í kvöld þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti mál sitt, að formaður Framsóknarflokksins komist upp með að hunsa umræðuna. Láta eins og hún sé ekki til. Ég legg þá til að formaður Framsóknarflokksins segi af sér. Ég legg til að hann viðurkenni ósigur sinn og uppgjöf ef hann getur ekki komið til þings og svarað fyrir sinn flokk og ábyrgð hans á þessum málum. Þá finnst mér að formaður Framsóknarflokksins sé ekki á réttri hillu. Þá finnst mér að hann eigi bara að leita aftur í fyrri störf. Vita hvort hann getur ekki fengið sér vinnu í banka því það er eitt af meginhlutverkum forustumanna í stjórnmálum að bera ábyrgð og axla hana við aðstæður af þessu tagi.

Nú hefur einn þingmanna Framsóknarflokksins sagt sig alveg frá málinu. Farið mjög hörðum orðum eða þungum mundi ég kannski frekar segja um það hvernig Framsóknarflokkurinn hefur unnið í málinu. Svikið samþykktir sínar o.s.frv. Við sem þekkjum til framgöngu framsóknarmanna á þessu sviði erum sama sinnis. Þess vegna er það með endemum ef þannig er komið fyrir Framsókn að hún á engan sem getur komið og reynt að bera af henni blak. Engan sem getur komið og svarað fyrir hana.

Umræðu eftir umræðu felur formaður Framsóknarflokksins sig í málinu. Lætur ekki sjá sig. Auðvitað má segja að það sé ákveðin tegund af svörun. Það má kannski þegar maður fer að hugsa málið velta því fyrir sér hvort það séu ekki einmitt sterkustu svör sem formaður Framsóknarflokksins getur veitt okkur, að þora ekki, að láta ekki sjá sig. Að megna ekki að koma og reyna að vera formaður Framsóknarflokksins eins og honum sé það bara fyrirmunað, hann valdi því ekki. Hann ráði ekki við það. Samviskan bjóði ekki upp á það. Kjarkurinn nægi ekki. Málstaðurinn sé svo hroðalegur að af tvennu illu velji formaður Framsóknarflokksins að fela sig eins og flestir framsóknarmenn hafa gert nema einstöku manneskjur sem hafa komið og rætt um einhver tæknileg atriði málsins.

Virðulegur forseti. Það var ekki ætlun mín að þvæla um þetta. Ég tel mig hafa flutt efnislega ræðu og vel rökstudda. Ég hef haldið mig við efni málsins. Ég hef farið yfir efni frumvarpsins. Ég hef rætt pólitískar kringumstæður þess og undir lokin ætlaði ég að gera að aðalumtalsefni þá þætti sem snúa að ábyrgð stjórnarflokkanna og þá sérstaklega Framsóknarflokksins vegna þess að hann er öðruvísi staddur í málinu að ýmsu leyti en Sjálfstæðisflokkurinn. Sá er líka munur á að hæstv. menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur verið til staðar undir umræðunni meira og minna, ég sé hana reyndar ekki í salnum sem stendur. Það má því segja að það hafi verið með fullnægjandi hætti séð fyrir því að annar stjórnarflokkurinn væri representeraður.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill gjarnan inna hv. þingmann eftir því hvort hann telji að hann eigi langt eftir af ræðu sinni.)

Ég á þó nokkuð eftir. Þessi miðkafli minn sem átti að snúa að Framsóknarflokknum og formanni hans verður að vísu eitthvað styttri sökum aðstæðna en til stóð en það eru nokkur atriði eftir sem ég hef ekkert komist í svo sem eins og að ræða frumvarp okkar þingmanna VG um málið, stöðu virðulegs menntamálaráðherra, hæstv. ráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. (Gripið fram í.) Ég ætlaði aðeins að fara yfir það vegna þess að ég verð að segja alveg eins og er að ég hef af því mikla ömun hvernig hæstv. ráðherra er að fara út úr málinu og hef af því dauðans áhyggjur að þetta skaði pólitískan feril hennar og það mundi taka mig þó nokkra stund að gera því máli viðhlítandi skil. Ég hlýt

því að svara því svo að ég eigi þó nokkuð eftir af ræðu minni.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti telur þá rétt í ljósi aðstæðna að gera örstutt fundarhlé og hyggst eiga samræður við þá formenn þingflokka sem hér eru staddir til þess að ræða framhald fundarins. Verður fundi því frestað í 15 mínútur eða þar um bil og gert ráð fyrir að við byrjum aftur fimm mínútur fyrir eitt. Fundi er frestað.)

[Fundarhlé. — 00:41]

[01:28]

**Steingrímur J. Sigfússon** (frh.)**:**

Herra forseti. Ég þakka forsetum fyrir síðbúnar undirtektir við óskum mínum um að fundi yrði frestað og menn ræddu aðeins framhaldið. Ég veit að það hefur verið gert og að rætt hefur verið um óskir mínar um að formaður Framsóknarflokksins komi til umræðunnar. Mér er tjáð og ég þykist vita að tilraunir til að ná honum til verks í kvöld eða nótt öllu heldur hafi reynst algerlega árangurslausar. Hins vegar standi fullur vilji til þess að tryggja að formaður Framsóknarflokksins verði við umræðuna þegar henni vindur fram á morgun. Ég met það mikils og treysti því að forsetar standi þétt að baki mér í því (Gripið fram í.) að virða rétt minn í þessum efnum og tryggja framgang og framvindu hans. Ég met stöðuna þannig að það verði ekki lengra komist að þessu sinni á þessari stundu í málinu þó að auðvitað væri freistandi að halda áfram enn um sinn umræðum um ýmsa (Gripið fram í.) mikilvægi þætti málsins.

(**Forseti** (JónK)**:** Ræðumaður hefur orðið.)

Já, það er viss ókyrrð í salnum, en það verður að hafa það. Ég get við þessar aðstæður fallist á að ljúka máli mínu nú án mikilla lenginga úr þessu en ég tek það mjög skýrt fram að ég á margt ósagt í málinu og er að stytta mjög ákveðna kafla í ræðu minni sem ég hafði hugsað mér að fara í. Ég á t.d. alveg óræddan þann þátt sem snýr sérstaklega að sögu Ríkisútvarpsins og framlagi einstakra starfsmanna þar sumar hverja sem ég var svo gæfusamur að þekkja og er full ástæða til að halda nafni þeirra og hlut á lofti þegar við ræðum málin á örlagatímum í sögu Ríkisútvarpsins. En ég geng út frá því að verði það í mannlegu valdi muni formaður Framsóknarflokksins koma til umræðunnar á síðari stigum. Þar sem ég á seinni ræðu mína eftir, (Gripið fram í.) við getum víst ekki farið út fyrir þau mörk (Gripið fram í.) get ég fallist á og mun nú gera hlé á og ljúka fyrri ræðu minni.

Ég veit að sönnu að staða Framsóknarflokksins er ekki auðveld þar sem t.d. er ekki heiglum hent að kalla til sögunnar varaformann Framsóknarflokksins sem rær nú lífróður mjög á hinu flata Suðurlandi. Sömuleiðis á formaður þingflokksins ekki vel heimangengt því hann hefur í mörgu að mæðast um þessar stundir. Þess vegna hef ég lagt mikla áherslu á að fá formann Framsóknarflokksins og treysti því að það muni hafast og læt því máli mínu lokið að sinni.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 01:32.

---

# 54. FUNDUR

fimmtudaginn 18. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708. — Frh. 3. umr.
2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Lífeyrisréttindi starfsmanna RÚV – málefni Byrgisins.

[10:34]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins og þætti vænt um ef þingheimur mundi hlusta á. Fyrir mér erum við a.m.k. komin að ákveðnum vatnaskilum í frumvarpinu um Ríkisútvarpið ohf. Útvarpsstjóri hefur blandað sér í umræðuna um þetta frumvarp og hæstv. menntamálaráðherra hefur fagnað því. Það væri kannski í lagi ef útvarpsstjóri væri að fara með rétt mál. Mig langar að vitna í yfirlýsingu, frú forseti, sem kom fram á heimasíðu BSRB og er frá BSRB og BHM varðandi skerðingu á réttindum og kjörum starfsmanna Ríkisútvarpsins sem er að mínu mati megintilgangurinn með þessu frumvarpi. Yfirlýsingin hljómar svo, með leyfi forseta:

„Í umræðum um frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið ohf. hefur ítrekað verið vísað til yfirlýsingar Páls Magnússonar útvarpsstjóra frá því í nóvember sl. þar sem hann lýsti því yfir að öll kjör starfsmanna RÚV muni haldast óbreytt. Eftir að BSRB og BHM höfðu skoðað þessa yfirlýsingu voru samtökin sammála um að hún bætti engu við það sem fram kemur í sjálfu frumvarpinu þrátt fyrir ítrekaðar óskir samtakanna um breytingar.

Í yfirlýsingunni segir Páll Magnússon orðrétt: „Gert er ráð fyrir að hið nýja félag yfirtaki allar skuldbindingar stofnunarinnar gagnvart starfsmönnum, — bæði samkvæmt

ráðningarsamningum og kjarasamningum.“ Innihald þessarar yfirlýsingar er í samræmi við aðilaskiptalögin og því væri verið að brjóta þau ef ekki væri farið að þessu.

Þá er ýmsum spurningum ósvarað, þar á meðal er með öllu óljóst hvað gerist þegar kjarasamningar renna út. Mun RÚV ohf. til að mynda vera reiðubúið til að semja á grundvelli fyrirliggjandi kjarasamninga við aðildarfélög innan BSRB og BHM sem hafa samningsrétt fyrir starfsmenn RÚV?

Einnig er óvíst hvernig samið verður við þá sem hefja störf eftir að lögin taka gildi en það er m.a. forsenda þess að nýráðnir geti farið í A-deild LSR að starfsmenn séu aðilar að þessum samtökum.

Þá segir Páll í yfirlýsingu sinni: „Réttindi starfsmanna haldast því óskert ...“ Að mati BSRB og BHM stenst þessi fullyrðing ekki þar sem réttindi samkvæmt lögum, eins og t.d. lögum um réttindi og skyldur og stjórnsýslulög, munu ekki gilda gagnvart starfsmönnum RÚV ohf. Áminningarskyldan, andmælaréttur og auglýsingaskylda (Forseti hringir.) munu því t.d. ekki gilda.

Óvissan um rétt starfsmanna er því enn jafn mikil og hún var fyrir yfirlýsingu Páls Magnússonar.“

[10:36]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Í morgun funduðu hv. fjárlaganefnd og félagsmálanefnd með ríkisendurskoðanda um málefni Byrgisins, afar mikilvægt mál sem er nauðsynlegt að fara vandlega yfir. Á þessum fundi komu fram mjög alvarlegar upplýsingar. Það lá einnig fyrir að fyrir fundinn kæmu fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti en vegna þess hversu stórt málið er og alvarlegt komust ekki fleiri inn á fundinn en ríkisendurskoðandi áður en fundur í Alþingi skyldi hefjast. Af þeim sökum óskuðum við eftir því að þingfundi yrði frestað, við fengjum að ljúka málinu í samfellu og fara yfir það með ráðuneytunum því að það er mikilvægt að svona mál séu afgreidd á þennan hátt, þau séu afgreidd í einu lagi.

Einnig dregur þetta fram að sú þráhyggja hæstv. menntamálaráðherra að keyra málefni Ríkisútvarpsins áfram gerir það að verkum að störf þingsins eru algerlega úr skorðum gengin. Það kemst ekkert á dagskrá nema þetta tiltekna mál og er ekki einu sinni hægt að ljúka jafnalvarlegum málum og því sem við vorum að ræða í morgun þar sem um 200 millj. hafa runnið að mestu leyti eftirlitslausar úr ríkissjóði á undanförnum árum. Mér finnst þetta afar alvarlegt mál, virðulegi forseti, og vil koma því á framfæri við hæstv. forseta að þótt málefni Ríkisútvarpsins og vilji meiri hlutans sé mikilvægur er mikilvægt að störf þingsins geti haldið áfram á þann hátt að sómi sé að og við getum tekið á þeim málum sem þarf að taka á þegar þau koma upp. Því harma ég það mjög (Forseti hringir.) að ekki hafi verið hægt að fá fram frestun á þingfundi og halda áfram þeim fundi sem við vorum á í morgun.

[10:38]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Vegna þess sem kom fram í máli hv. þm. Valdimars L. Friðrikssonar áðan vil ég sérstaklega geta þess að ég mun síðar koma inn á þessi atriði í ræðu. Ég tel þetta vera efnislega umræðu í því máli sem við höfum verið að ræða á undanförnum dögum þannig að ég mun sérstaklega koma inn á starfsmannamálin og lífeyrismál starfsmanna Ríkisútvarpsins í ræðu minni á eftir. Hitt er annað mál að það er auðvitað umhugsunarefni hvernig þinghaldið er að þróast, frú forseti. Við erum búin að ræða núna frumvarpið um Ríkisútvarpið lengur en t.d. EES-málið á sínum tíma. Það var rætt í 100 klukkustundir og 36 mínútur, svo að nákvæmlega sé farið með. Þingið er núna búið að ræða Ríkisútvarpið lengur en t.d. Kárahnjúkamálið. Við erum búin að ræða það þrisvar sinnum lengur, og hvað segir það manni?

Ég tek heils hugar undir með þingmönnum. Þetta er afar mikilvægt mál. Þetta er brýnt mál. Það er það brýnt að við þurfum að koma því í gegn til að stuðla að því að Ríkisútvarpið geti haldið áfram að efla menningarhlutverk sitt. (**ÖJ:** Er það réttinda...?) (Gripið fram í.) Um leið er það umhugsunarefni að t.d. vinstri grænir telji þetta mál mikilvægara en Kárahnjúkamálið, að Samfylkingin telji þetta mál mikilvægara en EES. Þetta er þeirra mat á þingmálum hér. Ég segi: Ég tek heils hugar undir með þingheimi um að þetta er mikilvægt mál og það þarf að ræða. En er ekki nóg komið? Er ekki rétt að þingið fái þann lýðræðislega rétt að greiða atkvæði um þetta mál? (Gripið fram í.) Það er búið að ræða þetta mál nóg. Að mínu mati erum við búin að fara gaumgæfilega í gegnum öll atriði. Nú er mál að linni. (Gripið fram í.) Ég tel (Forseti hringir.) og það er mín skoðun að við eigum að greiða atkvæði um Ríkisútvarpið en núna eru eflaust ýmis atriði sem þingmenn vilja ræða frekar um Ríkisútvarpið.

[10:41]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Á sameiginlegum fundi fjárlaganefndar og félagsmálanefndar í morgun um málefni Byrgisins var hunsuð sú ósk okkar í minni hlutanum að halda fundi áfram í nefndinni og að bera fram ósk til forseta þingsins um að fundi yrði frestað á meðan við fengjum að ræða áfram stöðu Byrgisins og það alvarlega mál sem upp er komið. Við höfðum einungis tíma til að ræða við ríkisendurskoðanda á þeim tíma sem við höfðum, tvo klukkutíma, og áttum auðvitað eftir að ræða við ráðuneytin. Eins og staða málsins er núna beinast spjótin mjög að félagsmálaráðuneytinu.

Úttektin sem gerð var 2002 að beiðni utanríkisráðuneytisins sem skýrsla hafði legið fyrir um allar götur síðan er miklu alvarlegri en mig grunaði. Þar kemur m.a. fram að fjármálastjórn Byrgisins sé í molum. Samt var skýrslan ekki kynnt fjárlaganefnd og ekki ríkisendurskoðanda. Ríkisendurskoðandi vissi ekki um þetta mál fyrr en nú í nóvember. Það er auðvitað mjög alvarlegt að meiri hlutinn hafi samt sem áður haldið áfram fjárveitingum til Byrgisins alveg frá 2003. Það er alveg ljóst að miðað við þessa svörtu skýrslu sem lá fyrir 2002 hefði ekki átt að semja við Byrgið árið 2003 um fjárframlög miðað við þær upplýsingar sem þá lágu fyrir.

Það liggur fyrir samningur sem átti að gera sem ekki er

undirritaður, hvorki af Byrginu né félagsmálaráðuneytinu, þar sem m.a. kemur fram að það hafi átt að skila reglulega ársreikningum. Ríkisendurskoðandi átti að hafa eftirlit með Byrginu o.s.frv. Ekkert af þessu hefur gengið eftir. Staða málsins er mjög alvarleg, virðulegi forseti, og auðvitað hefði átt að gefa félagsmálanefnd eðlilegan tíma á þessum morgni til að fjalla um þetta mál.

Ekki eru öll kurl komin til grafar í þessu efni. Það verður fundur aftur í fyrramálið en ég ítreka það að staða málsins er miklu alvarlegri en mig óraði fyrir.

[10:43]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Það virðist sem hv. þm. Valdimar L. Friðriksson sé orðinn sjálfskipaður talsmaður starfsmanna Ríkisútvarpsins í forföllum formanns BSRB. Hann vék hér að réttindum starfsmanna. Það er alveg ljóst að þetta frumvarp um Ríkisútvarpið tryggir starfsmönnum Ríkisútvarpsins sömu réttindi og aðrir ríkisstarfsmenn hafa fengið þegar ríkisstofnunum hefur verið breytt í hlutafélag. Réttindi og skyldur samkvæmt ráðningarsamningum og kjarasamningum munu haldast og það sem skiptir líka máli er að útvarpsstjóri hefur lýst því yfir að (Gripið fram í.) þeir starfsmenn sem óska eftir því fái aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem er mjög mikilvæg yfirlýsing sem við höfum tekið mark á (Gripið fram í.) í vinnu með þetta mál.

Ég er þeirrar skoðunar að ríkisstarfsmenn hjá Ríkisútvarpinu eigi að fá sömu réttindi þegar stofnuninni er breytt í hlutafélag og ríkisstarfsmenn annarra stofnana sem hefur verið breytt í hlutafélag, hvorki minni né meiri. Mér heyrist hins vegar að hv. þingmaður mæli fyrir því að það eigi að gera upp á milli ríkisstarfsmanna eftir því hvar þeir starfa. Ég get ekki skilið málflutning hv. þingmanns og hv. þm. Ögmundar Jónassonar öðruvísi en svo að þeir vilji binda í lög ráðningarkjör þessa fólks til framtíðar. Það viljum við ekki gera. Við viljum ekki svipta almenna launþega samningsréttinum eins og hv. þingmaður virðist vilja gera með því að lögfesta ráðningarkjör til allrar framtíðar.

Frú forseti. Auðvitað er hneisa að ekki sé hægt að ræða mikilvæg mál eins og málefni Byrgisins. Það er afar miður að við skulum ekki komast í umræðu um slík mál og að þjóðþingið skuli vera í þeirri stöðu sem það er í núna. (Gripið fram í.) Það er vegna þess að (Forseti hringir.) stjórnarandstaðan hefur staðið hér fyrir málþófi um málefni Ríkisútvarpsins (Gripið fram í.) og getur sjálfri sér um kennt en ekki ríkisstjórnarflokkunum. (**Menntmrh.:** Greiðum atkvæði.)

[10:46]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. menntamálaráðherra er óróleg í salnum en eins og hér hefur fram komið var haldinn fundur í morgun með 15 þingmönnum um málefni Byrgisins. Þessir þingmenn eiga sæti í fjárlaganefnd og félagsmálanefnd. Gert var ráð fyrir tveggja klukkutíma fundi með bæði ríkisendurskoðanda og félagsmálaráðuneytinu með þessum 15 þingmönnum um þetta viðamikla málefni. Menn töldu í alvöru að við gætum lokið þessu á þeim tíma. Við sáum auðvitað strax að svo yrði ekki og fórum fram á það að þessum þingfundi yrði frestað til að við gætum farið betur yfir málefni Byrgisins. Við vorum rétt komin af stað með ríkisendurskoðanda þegar fundi var slitið, vorum búin að fara eina umferð í gegnum þingmannahópinn með fyrirspurnir. Þetta er stóralvarlegt mál, þetta Byrgismál sem er ákveðin birtingarmynd á þeirri stjórnsýslu sem verið hefur með ríkisútgjöldin og það slælega eftirlit sem hefur verið með ríkisútgjöldum hér á landi. Það er nokkuð sem við verðum að fara mjög ítarlega í. Þarna kom í ljós að félagsmálaráðuneytið ritar undir tvær yfirlýsingar við Byrgið, reyndar hvora á sinni kennitölunni en á sama árinu, árið eftir að leyniskýrsla sem sýndi að þarna væri mikil óreiða í gangi kom fram. Þetta er nokkuð sem við verðum að fara ofan í.

Virðulegi forseti. Þess vegna hljótum við að spyrja: Hvað er það sem knýr svo á varðandi Ríkisútvarpið að það megi ekki bíða í einn dag meðan þessar nefndir tvær rannsaka þetta stóra mál sem hefur komið hér upp? Við verðum að fara að fá svör við því hvers vegna og hvað það er sem kallar á að (Forseti hringir.) hér séu sett herlög vegna þess að það verði að knýja þetta ríkisútvarpsmál í gegn. Við verðum að fara að fá svör við því vegna þess að Byrgismálið er miklu mikilvægara en Ríkisútvarpið á þessum fimmtudegi sem við stöndum á hér í dag.

[10:48]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Hv. þingmenn eru beðnir um að virða þingsköp þar sem mælt er fyrir um ræðutíma og sýna embættinu kurteisi. (**KJúl:** Sýnd þú þá þingmönnunum kurteisi.) (Gripið fram í.) Hv. þingmaður er beðinn um að gæta orða sinna.

[10:49]

**Hlynur Hallsson:**

Frú forseti. Ekki ætti neinum að dyljast að störf þingsins eru í fullkominni upplausn. Því er haldið fram af formanni menntamálanefndar að það sé stjórnarandstöðunni að kenna. Ég veit ekki til þess að stjórnarandstaðan stjórni störfum þingsins. Þannig er það ekki, því miður. Það væri nefnilega miklu skárra. Ef einhver almennileg stjórn ætti að komast á veru gerðar málamiðlanir og það er það sem við höfum allan tímann talað um, að vel væri hægt að semja um mjög mikilvæg mál, t.d. Ríkisútvarpið. Hvað eftir annað hefur verið slegið á útrétta sáttarhönd og ég veit ekki, frú forseti, um þær ástæður sem liggja þar að baki og ætla ekki að fara að velta þeim frekar fyrir mér.

Frú forseti. Það eru stór mál sem er knýjandi að séu rædd hér í þingnefndum og á þinginu. Byrgið er eitt þeirra. Nýjar upplýsingar um starfsmannamál og skerðingu á réttindum starfsmanna Ríkisútvarpsins er annað, mjög mikilvægt mál sem ekki er hægt að ýta til hliðar og láta ósvarað, hæstv. menntamálaráðherra. Ég biðst undan því að hæstv. menntamálaráðherra setji hér einhverja mælikvarða og merkimiða á mikilvægi mála og haldi því fram að Kárahnjúkavirkjun sé minni — það mál allt sé eitthvað neðar í virðingarstiganum (Forseti hringir.) og minna mikilvægt en t.d. Ríkisútvarpið ohf. (Forseti hringir.) Vinstri hreyfingin – grænt framboð (Forseti hringir.) er eini flokkurinn (Forseti

hringir.) sem stóð í lappirnar í því máli, frú forseti.

[10:51]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti áréttar það að þótt hv. þingmönnum liggi mikið á hjarta gæti þeir að lögbundnum ræðutíma.

[10:51]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það er eðlilegt að hv. þingmenn veki sérstaka athygli á því að það var sameiginlegur fundur í morgun með fjárlaganefnd og félagsmálanefnd um hið alvarlega mál sem tengist Byrginu sem er því miður væntanlega aðeins táknrænt um það sem við getum átt von á mjög víða. Þetta er algjörlega í anda þess sem við höfum margoft bent á við afgreiðslu fjárlaga og alla þá vinnu, að kæruleysið og vinnubrögðin sem viðhöfð eru eru fyrir neðan allar hellur. Það er ekki síst, því miður, í ráðuneytunum og eftirlitsskyldu þeirra sem virðist vera ábótavant.

Við fengum það upplýst í morgun, án þess að ég ætli að fara efnislega yfir þau mál heldur aðeins vekja athygli á þeim, að hvorki fjárlaganefnd né Ríkisendurskoðun höfðu hugmynd um að gerð hefði verið skýrsla um starfsemi Byrgisins árið 2002, skýrsla sem skilar nákvæmlega sömu niðurstöðu og skýrsla Ríkisendurskoðunar nú. Þessi skýrsla var til í félagsmálaráðuneytinu, því ráðuneyti sem gerir síðan samning við viðkomandi aðila án þess að hann sé undirritaður af viðkomandi aðilum en þrátt fyrir það virðir ráðuneytið þann hluta samningsins sem snýr að útdeilingu fjármuna. Aðrir hlutar samningsins liggja til hliðar.

Frú forseti. Þess vegna var full ástæða til að óska eftir því í morgun að fundir nefndanna fengju að halda áfram þannig að ræða mætti málið við ráðuneytið í samhengi við það sem kom fram í máli ríkisendurskoðanda. Því miður skal allt annað víkja vegna þeirrar þráhyggju sem hér hefur tekið völdin varðandi Ríkisútvarpið.

Frú forseti. Er ekki kominn tími til að málum sé raðað í forgangsröð í þingsölum?

[10:53]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Nú er liðinn sá tími sem ætlaður er fyrir þennan lið, að ræða um störf þingsins, og forseti vill taka fram að það eru fjölmargir á mælendaskrá sem því miður komast ekki að, þar með talinn formaður fjárlaganefndar.

***Um fundarstjórn.***

Málefni Byrgisins, þingstörfin fram undan o.fl.

[10:54]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta til að vekja sérstaka athygli á því að stjórnarskráin okkar færir þinginu það hlutverk að veita framkvæmdarvaldinu aðhald, veita stjórnsýslunni aðhald, fara yfir þá starfsemi sem þar fer fram og ganga úr skugga um að hún sé lögum samkvæmt.

Í morgun var Alþingi að vinna að þessu verkefni. Í morgun funduðu félagsmálanefnd og fjárlaganefnd þar sem farið var yfir stjórnsýslu ráðuneytanna þar sem þingið var að vinna sitt stjórnskipulega hlutverk. Við óskuðum eftir því að formaður fjárlaganefndar færi þess á leit við forseta Alþingis að fundum yrði frestað um stund svo að við gætum unnið þetta stjórnarskrárbundna og lögbundna hlutverk okkar svo að vel færi. Við því var ekki hægt að verða og það finnst mér mjög alvarlegt því að hér er um stóralvarlegt mál að ræða og það er afar slæmt ef þingið getur ekki klárað þetta í samfellu. Þess í stað hefur verið ákveðið að funda aftur á morgun og sennilega verða fundir eitthvað áfram eftir það eftir því hvernig fram vindur í þessu ríkisútvarpsmáli.

Það getur ekki verið að þetta mál sé svo merkilegt eða mikilvægt að þingið geti ekki sinnt öðrum störfum á meðan það gengur yfir. Þess vegna ítreka ég þá ósk, virðulegi forseti, að þingfundum verði frestað meðan þingnefndir vinna að sínum lögbundnu og stjórnarskrárbundnu verkefnum. Mér finnst þau miklu mikilvægari nú um stundir, og þessi forgangsröðun er að minni hyggju algerlega óásættanleg. Því ítreka ég þessa fyrirspurn, virðulegi forseti. Hér hafa nokkrir þingmenn gert það, það hefur ekki komið svar en óskin stendur áfram um að þessir nefndir geti fundað, farið yfir þetta verkefni og klárað sín mál á viðunandi hátt.

[10:56]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég ítreka og vek athygli forseta á ábyrgð forseta á störfum þingsins, ekki bara í þingsal heldur líka á störfum nefnda og þá líka mikilvægi þess að forseti fylgist mjög náið með hvaða mál brenna heitast á þinginu og þingnefndum á hverjum tíma. Ég sat á fundi í fjárlaganefnd í morgun, sameiginlegum fundi fjárlaganefndar og félagsmálanefndar með ríkisendurskoðanda þar sem hann fór í gegnum skýrslu sína sem tók til síðustu tveggja ára um starfsemi Byrgisins. Mér varð um þær upplýsingar sem þar komu fram.

Þar kom m.a. fram að skýrslan hefði legið fyrir frá 2002–2003 með veigamiklum athugasemdum um starfsemi Byrgisins, bæði faglegum, fjárhagslegum og síðan stjórnsýslulegum. Ég spyr hæstv. forseta hvort forseti hafi kynnt sér þetta mál, hvort forseti hafi kynnt sér alvarleika málefnis Byrgisins, þess máls sem hér hefur verið fjallað um í fréttum undanfarna daga.

Það var óskað eftir því á fundi fjárlaganefndar að forseti gerði hlé á þingfundum svo að tveimur fullskipuðum þingnefndum gæfist tóm til að fara yfir, þótt ekki væri nema fyrri hluta málsins í samfellu, með ríkisendurskoðanda. Við því var ekki orðið. Nei. Það virðist vera svo að mati forseta að ekkert sé brýnna en að koma áfram þessu einkavæðingarfrumvarpi um Ríkisútvarpið sem er búið að vera á dagskrá í þinginu í þrjú ár og flestir orðnir sammála um að væri best að fresta alveg. Nei. Ég spyr forseta: Er það virkilega mikilvægara að knýja fram umræðu um Ríkisútvarpið um klukkutíma eða svo, um einkavæðingu Ríkisútvarpsins sem felur m.a. í sér skerðingu á kjörum starfsmanna eins og hér kom fram? Er það mikilvægara en að leyfa þingnefndum að starfa, þótt ekki sé nema einn klukkutíma í viðbót til að

fjalla um þetta alvarlega mál, mál Byrgisins, sem er grafalvarlegt, faglega gagnvart því fólki og þeim verkefnum sem það hefur tekið að sér, gagnvart opinberum fjármunum sem þar hafa verið og stjórnsýslulegri ábyrgð? Ég spyr: Hefur forseti kynnt sér alvarleika þessa máls og ábyrgð forseta á þessu máli gagnvart þinginu?

[10:59]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að lýsa yfir vonbrigðum með það að einmitt hv. fjárlaganefnd og félagsmálanefnd skuli ekki hafa gefist tími til að funda almennilega um þau mál sem voru á dagskrá í morgun, þ.e. málefni Byrgisins. Ég sat á þessum fundi sem fulltrúi í félagsmálanefnd og ég lagði þar eindregið til að honum yrði fram haldið, að upphafi þingfundar í dag yrði frestað til kl. hálftvö þannig að þingnefndirnar fengju að rækja skyldu sína, kynna sér þessi mál almennilega, tala við fulltrúa frá Ríkisendurskoðun, spyrja þeirra spurninga sem þarf að spyrja. Það eru ótal spurningar sem hafa vaknað. Við viljum líka fá tækifæri til að tala við fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu þannig að þingmenn kæmu út af þessum fundi nokkuð vel upplýstir, a.m.k. um ákveðna þætti þessa máls sem mér sýnist að sé grafalvarlegt. Ég vildi með þessu ráða stjórnarmeirihlutanum heilt því að ég tel að þetta sé mjög mikilvægt fyrir ásýnd þingsins, þ.e. að þingnefndir fái tækifæri til að sinna hlutverki sínu, m.a. aðhaldshlutverki gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég veit að hæstv. forseti tekur hlutverk sitt og embætti mjög alvarlega og ég veit að hæstv. forseta þingsins er mjög annt um ásýnd þingsins. Ég held að það hefði verið miklu vænlegra fyrir okkur öll ef við hefðum getað lokið þessum fundi í nefndunum því að þetta er, eins og komið hefur fram hér, mjög alvarlegt mál.

Hv. þm. Jón Bjarnason benti á skýrslu frá því í janúar 2002. Það kom fram á þessum fundi að varaformaður fjárlaganefndar hefði ekki séð skýrsluna og þó hefur hann tekið átt í umræðum um málefni Byrgisins, á árinu 2003 til að mynda. Honum hafði ekki verið tilkynnt um að þessi skýrsla væri til. Framsóknarflokkurinn virðist hafa legið á henni. Hún var gerð fyrir utanríkisráðuneytið og hún virðist hafa verið til í einhverjum skúffum í félagsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti, þ.e. hún var undir höndum ráðherra Framsóknarflokksins en þingmenn og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins virðast ekki hafa vitað af tilvist þessara pappíra. Þetta virðist vera ítarleg skýrsla og hún vekur upp mjög alvarlegar athugasemdir. En þessari skýrslu var sem sagt leynt fyrir þinginu, ég fæ ekki betur séð. Það er býsna alvarlegt mál.

Ég harma það að þingfundur skuli hafa hafist hálfellefu og við skyldum hafa farið aftur í þessar skotgrafir sem við höfum verið í undanfarna daga því að við hefðum svo auðveldlega getað sinnt miklu mikilvægara verkefni sem er að skoða þessi málefni Byrgisins. Þau snúa ekki bara að Byrginu, hér er um að ræða prinsippmál og kannski svo alvarlegt mál að ég hygg að það henti jafnvel ríkisstjórnarflokkunum ágætlega að þingið sé upptekið við að rífast um Ríkisútvarpið þegar það ætti að vera að tala um til að mynda það mál sem ég held á hér.

[11:03]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Það mál sem loksins er komið á dagskrá en undir allt öðrum lið en það ætti að vera, hið grafalvarlega mál sem snertir Byrgið og birtist okkur í fréttum eiginlega í hverjum fréttatíma, er full þörf á að ræða hér á Alþingi. Það er mjög alvarlegt mál að Alþingi skuli í raun vera haldið frá þessari umræðu, öðruvísi en að ræða þetta undir þeim dagskrárliðum sem við erum að gera nú sem auðvitað ruglar öll störf og annað slíkt. Þess vegna hyggst ég leggja eina spurningu fyrir forseta í lok máls míns.

Varðandi þá skýrslu sem rædd var á fundi félagsmálanefndar og fjárlaganefndar í morgun, en þar var ekki hægt að klára málið, þá verða þingnefndirnar að fá tíma til að ræða þetta. En úr því að byrjað er að ræða þetta á Alþingi þá get ég ekki látið hjá líða að vekja athygli á þeirri svörtu skýrslu sem hér hefur verið talað um og var gerð í janúar 2002 og kom ekki fram, um hana hefur alla tíð verið vitað. Ýmsir framsóknarmenn sem hafa setið í félagsmálaráðuneytinu, bæði sem ráðherrar, aðstoðarmenn ráðherra o.s.frv. höfðu vitneskju um hana.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson, núverandi formaður fjárlaganefndar, hefur haft þessa skýrslu undir höndum og vissi um hana sem þáverandi aðstoðarmaður félagsmálaráðherra. Hvernig stendur á því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson sem nú er formaður fjárlaganefndar, er trúað fyrir þeim störfum, skuli ekki láta það koma fram í vinnu fjárlaganefndar og vekja athygli á þessari kolsvörtu skýrslu og voga sér það svo í lokin að henda því í Ríkisendurskoðun að þeir hafi klikkað í eftirlitinu, maðurinn sem hafði skýrsluna allan tímann undir höndum? Þetta er vítaverð framkoma, virðulegi forseti. Þetta er vítaverð framkoma og ég krefst þess að forseti Alþingis taki þetta mál fyrir vegna þess að hv. þingmaður hefur miklar skyldur eftir að hann er orðinn formaður fjárlaganefndar og á að vekja athygli á svona málum. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt að framsóknarmenn sitji nú hnípnir og horfi ofan í bringuna á sér yfir þessari umræðu og komi ekki hér upp og láti ekki einu sinni heyra í sér um þetta. Hvers konar framsóknarsukk er hér á ferðinni, virðulegi forseti?

Það kom fram hjá einum þingmanni áðan að það hafi komið fram á fundinum í morgun að félagsmálaráðuneytið hafi skrifað undir samning við einhver félög sem voru búin að skipta um kennitölur í millitíðinni. Er félagsmálaráðuneytið, er stjórnsýslan á Íslandi komin á eitthvert kennitöluflakk? Þetta kennitöluflakk þekkist hjá aðilum sem fara á hausinn í alls konar rekstri og þá er skipt um kennitölu og byrjað daginn eftir. En ég hafði ekki gert mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að félagsmálaráðuneytið væri farið að stunda slíkt.

[11:06]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í morgun fór fram ágætur fundur með ríkisendurskoðanda, sameiginlegur fundur fjárlaganefndar og félagsmálanefndar um málefni Byrgisins og skýrslu þá sem Ríkisendurskoðun hefur gefið út um málefni Byrgisins. Það kom fram ósk um að þingfundi yrði frestað til að fara betur yfir það mál. Þá þegar lá fyrir að það þyrfti mjög

langa umfjöllun um málið og ósk um að fleiri aðilar en félagsmálaráðuneytið kæmu til viðræðu við nefndirnar þannig að þá þegar var það ljóst að þó svo þingfundi hefði verið frestað um klukkutíma, þá hefði ekki verið komin nein niðurstaða í þetta mál af hálfu nefndanna. Þær kröfur sem hafa verið uppi í morgun eru hluti af þeim leik sem menn eru að spila hér varðandi afgreiðsluna á frumvarpinu um Ríkisútvarpið. Það liggur svo ljóst fyrir að við þurfum í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð um það.

Menn tala um mikilvægi mála og það er algerlega augljóst af þeirri mælendaskrá sem liggur fyrir um frumvarpið um Ríkisútvarpið að menn telja það mjög mikilvægt mál. Ég held að það væri kannski ráð að menn færu að vega og meta það hvað væri mikilvægast hér í umræðum í þinginu (Gripið fram í.) þegar óskir liggja svona sitt á hvað, hv. þingmaður. Menn tala um herlög og kalla það hinum ýmsu nöfnum að hér skuli vera haldnir þingfundir um svo mikilvæg mál sem menn vilja ræða. Það sést af mælendaskránni þannig að það er algerlega ljóst af minni hálfu að ég tel að það sé mjög mikilvægt að við höldum áfram þeirri umfjöllum sem stendur yfir um Ríkisútvarpið. Við þurfum lengri tíma í fjárlaganefnd og félagsmálanefnd til að fjalla um málefni Byrgisins og þar hefur verið óskað eftir bæði upplýsingum og gestum á fundi sem hefði ekki verið lokið í dag þó hæstv. forseti hefði tekið þá ákvörðun að fresta þessum fundi í einn klukkutíma.

Þetta vildi ég láta koma fram, hæstv. forseti, að málinu hefði ekki verið lokið af hálfu nefndanna þó svo að forseti hefði frestað fundi.

[11:08]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs undir fundarstjórn forseta til að vekja athygli hæstv. forseta á því að það frumvarp sem nú liggur fyrir þinginu, Ríkisútvarpið ohf., felur í sér samkvæmt áliti margra lögfræðinga mjög svo alvarlegan galla. (**GÓJ:** Er þetta mál ekki á dagskrá á eftir?) Það er yfirleitt þannig þegar menn eru með svona frammíköll og annað þá eru þeir að taka þátt í að reyna að fela þennan galla. Þetta er mjög alvarlegur galli Guðjón, við skulum taka þetta alvarlega. (**GÓJ:** Á ekki að ræða þetta undir dagskrárliðnum?) Nei. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti biður þingmenn um að gefa hv. ræðumanni hljóð.)

Frú forseti. Þessi galli snýst um að verði þetta frumvarp samþykkt muni það fella úr gildi lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gagnvart þeim starfsmönnum sem starfa hjá Ríkisútvarpinu. Það segir í frumvarpinu að þessi lög eigi að gilda áfram um starfsfólkið en ef frumvarpið verður samþykkt, sem ég vona að verði aldrei, en ef svo færi að það yrði samþykkt þá verða starfsmennirnir ekki lengur opinberir starfsmenn og þar af leiðandi falla þessi lög úr gildi, frú forseti.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill spyrja hv. þingmann hvort hann sé að ræða um fundarstjórn forseta eða efni frumvarpsins sem er hér á dagskrá í dag.)

Frú forseti. Ég er að benda á galla í frumvarpinu, mjög svo alvarlegan galla.

(**Forseti** (SP)**:** Það gerir hv. þingmaður undir þeim lið sem er á dagskrá þegar hann fer á mælendaskrá en ekki undir liðnum um fundarstjórn forseta.)

Já, það má vel vera að það sé nýliðabrek, frú forseti, en ...

(**Forseti** (SP)**:** Það eru ekki nýlegar breytingar.)

Nýliðabrek, það má vera að það sé nýliðabrek, frú forseti.

(**Forseti** (SP)**:** Nýliðabrek, það má vera, hv. þingmaður.)

[Hlátrasköll í þingsal.] Frú forseti. Ég tel nauðsynlegt að upplýsa forseta um þetta af því að þrátt fyrir að ég hafi haldið mjög langa ræðu um þetta mál þá eru menn að reyna að úthrópa mig sem einhvern varðhund starfsmanna Ríkisútvarpsins en ég er með nokkur lögfræðiálit fyrir því að hér er galli, og ég trúi því ekki, frú forseti, að forseti vilji áfram láta ræða um frumvarp sem inniheldur svona stóran galla. Það kippir úr sambandi öðrum lögum. En kannski eru menn að ræða þetta hér áfram af því að það er akkúrat megintilgangur frumvarpsins, að kippa úr sambandi lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Enda er, frú forseti, þegar byrjað að vinna eftir frumvarpinu. Eins og ég tók fram í ræðu minni er útvarpsstjóri byrjaður að vinna eftir frumvarpinu. Hann sagði það sjálfur í Viðskiptablaðinu að hann væri byrjaður að ráða starfsfólk án þess að auglýsa af því að hann hafi ekki haft þolinmæði til að bíða eftir að frumvarpið yrði samþykkt.

[11:12]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hefur komið fram í umræðum á þingi í morgun að fjárlaganefnd og félagsmálanefnd hittust á sameiginlegum fundi í morgun og ræddu við ríkisendurskoðanda um málefni Byrgisins, sjálfseignarstofnunar. Það er alveg hárrétt að þar er um grafalvarlegt mál að ræða sem hv. fjárlaganefnd og félagsmálanefnd þurfa að fara í gegnum. Í fyrramálið munum við hitta fulltrúa félagsmálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins til þess að fara yfir þetta mál heildstætt. Fundurinn verður klukkan átta í fyrramálið og ég tel mjög mikilvægt og vonast til þess að þverpólitísk samstaða sé um að við könnum þessi mál og ræðum almennt um það hvernig þeim fjármunum sem veittir eru af fjárlögum til aðila sem eru að sinna ýmsum verkefnum í samfélaginu er varið og hvort rétt er staðið að úthlutun þeirra og hvort við þurfum ekki að hafa skýrari reglur hvað það varðar. Þetta er allt saman vinna sem við eigum eftir að fara í gegnum.

Hins vegar geta hv. þingmenn eins og hv. þm. Kristján L. Möller haft uppi ýmis orð um þann sem hér stendur en ég fullyrði að ég hef komið að þessum málum af fullum heilindum. (Gripið fram í.) Sú skýrsla var m.a. rædd á Alþingi Íslendinga árið 2002 (Gripið fram í.) í fyrirspurn frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni þar sem Halldór Ásgrímsson var til svara.

Hæstv. forseti. Í samkomulagi sem var gert 14. apríl árið 2003, var samið milli félagsmálaráðuneytisins og Byrgisins um hvernig og hvaða kröfur væru gerðar til þeirrar starfsemi. (**Gripið fram í:** Óundirskrifað?) Það var skrifað undir það samkomulag. Þar átti Byrgið að stofna sjálfseignarstofnun, taka til í fjármálum sínum og ég stóð í þeirri trú og

svara af fullri hreinskilni þegar ég yfirgef ráðuneyti félagsmála, að það yrði gengið til samninga við Byrgið. (Gripið fram í.) Hins vegar get ég tekið þá ábyrgð á mig á haustmánuðum árið 2003 þegar ég fór í fjárlaganefnd að ég hefði trúlega, eftir á að hyggja, átt að ganga eftir því við félagsmálaráðuneytið að búið væri að ganga frá þessum málum. Ég einfaldlega treysti þeim eftirlitsaðilum sem eiga að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og það má þá saka mig um að ég sé spilltur maður eins og hv. þm. Kristján Möller var að gefa í skyn. Ég hef unnið af heilindum í þessu máli og ég tek það á mig að ég hefði trúlega eftir á að hyggja átt að kanna þessi mál í félagsmálaráðuneytinu eftir að ég settist í fjárlaganefnd og ég stend við þau orð.

[11:15]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér, þótt undir þessum dagskrárlið sé, að bjóða formann Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hjartanlega velkominn til þings. Honum brá fyrir í hliðarsal áðan og gott ef hann kom ekki aðeins inn í salinn. Ég verð að segja að það gladdi mitt hjarta að sjá að hæstv. ráðherra og formaður Framsóknarflokksins er heill heilsu og enn í embætti og hyggst nú mæta hér til umræðna um þetta mál eins og óskað hefur sérstaklega verið eftir, þ.e. um dagskrármálið, virðulegi forseti.

Ég hef áhuga á því að forseti vor, og því kveð ég mér hljóðs undir þessum lið, um fundarstjórn forseta, að forseti upplýsi nú eitthvað um fyrirhugað fundarhald á næstunni. Það hefur verið hér mjög til umræðu að málin eru keyrð fram með þvílíku offorsi að hefðbundnum störfum Alþingis er rutt til hliðar. Nýlegasta dæmið er það að þingnefndir fá ekki þann tíma sem þær þurfa til að fjalla um grafalvarleg mál og verða að gera rof í vinnu sinni og slíta sundur fundi vegna þess að forsetinn getur ekki, eða þá formaður nefndarinnar, sýnt liðlegheit í þeim efnum. Það ríkir slíkt hernaðarástand á Alþingi að þetta óskabarn stjórnarflokkanna, sérstaklega Framsóknarflokksins, og sérstaklega hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar, að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið, er keyrt áfram með þvílíku offorsi að það er engin liðlegheit hægt að sýna gagnvart hlutum af þessu tagi.

Það alvarlega er ekki, virðulegur forseti, að það standi sem um var talað fyrir jól, að frumvarp um Ríkisútvarpið verði hér aðalmál á dagskrá og til umræðu eitt mála, það alvarlega er að ekki skuli virtur réttur þingmanna svo sem að fá svarað fyrirspurnum, að ekki sé hægt að greiða fyrir störfum þingnefnda þannig að þau gangi eðlilega fram, að réttur þingmanna til að taka upp mál utan dagskrár í allt að hálfa stund á hverjum þingfundi sé ekki virtur. Ef forsetar sýndu þessu eðlilegan skilning og virðingu en létu síðan umræður að öðru leyti snúast um málefni Ríkisútvarpsins, þá væri í raun og veru ekki yfir neinu að kvarta. Þá væri það í samræmi við það sem við máttum búast við, stjórnarandstæðingar, og biðjumst ekki undan því.

Svo verð ég að segja, virðulegi forseti, að hér fóru fram undarlegar æfingar áðan þegar menn lögðu saman umræður um þrjú frumvörp á þremur þingum og fengu það út að þar með væri búið að ræða um þetta mál lengur en ýmis önnur. Hvers konar rugl er þetta? Það vita jú allir sem eitthvað vita um störf Alþingis að þingmálin vakna ekki á sama stað, heldur verður að flytja þau á nýjan leik á hverju þingi þannig að nýjar þrjár umræður byrja o.s.frv. Þessar samanburðaræfingar eru út í loftið og sýna ekki neitt.

En ég held að það væri til góðs að virðulegur forseti segði nú hér eitthvað um það (Forseti hringir.) hvernig ætlunin er að standa að þingstörfum á næstunni.

[11:18]

**Hlynur Hallsson:**

Frú forseti. Við ræðum hér fundarstjórn forseta. Ég vil leyfa mér að fara fram á það að hæstv. forseti geri nú hlé á þingfundi og kalli saman formenn þingflokka og reyni að komast að einhverju samkomulagi um það hvernig störfum þingsins verði háttað. Ekki bara í dag, ekki á morgun, heldur í framtíðinni. Það er mjög brýnt að við fáum botn í það mál.

Það hefur margoft komið fram í ræðum hv. þingmanna að hér ríkir upplausnarástand. Sumir hafa jafnvel kallað það herlög. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að þjóðin skuli verða vitni að því að stjórn þingsins skuli vera í þvílíkum heljargreipum að hér gangi hvorki né reki. Hér erum við hjakkandi í sama farinu.

Frú forseti. Fyrirspurnatímar eru lagðir niður. Þingnefndir fá ekki tíma til að funda. Hér eru kvöldfundir hvað eftir annað til miðnættis. Utandagskrárumræður eru ekki leyfðar. Þetta er mjög einkennilegt ástand en vegna þess að ég veit að þegar hæstv. forseti leggur mikið á sig þá getur hún jafnvel náð samkomulagi um erfið mál og ég held að sá tímapunktur sé einmitt kominn.

Vegna ummæla hæstv. menntamálaráðherra áðan um þetta meingallaða frumvarp, um Ríkisútvarpið ohf., þá er alltaf að koma betur og betur í ljós, frú forseti, hversu gallað þetta frumvarp er. Því er haldið fram að búið sé að tala um frumvarpið í 100 klukkutíma og það er allt í einu orðinn einhver mælikvarði á það hversu mikilvægir hlutirnir eru.

Ég spyr: Hélt ekki Sjálfstæðisflokkurinn uppi málþófi fyrir nokkrum árum þegar hann var í stjórnarandstöðu? Málþófi gegn hverju? Jú, gegn því að hér yrði komið á laggirnar umhverfisráðuneyti. Menn töluðu hér gegnum alla nóttina. Lásu hér eitthvað upp, ég veit ekki hvort það voru ástarsögur (Forseti hringir.) eða sakamálasögur.

[11:21]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til þess að inna hæstv. forseta eftir því hvort orðið verði við kröfu Samfylkingarinnar um að málefni Byrgisins verði rædd hér utan dagskrár í dag. Þingmenn hafa rétt til þess samkvæmt þingskapalögum að fá slíka umræðu um mál sem þeir telja brýn og aðkallandi svo fremi sem þeir geri það með hæfilegum tímafresti. Við báðum um þessa umræðu fyrir sennilega þremur dögum. Ég hef ekki enn fengið skýr svör frá hæstv. forseta um það hvenær sú umræða á að fara fram. Við vildum fá hana í gær og við viljum fá hana í dag. Það er réttur okkar að geta krafist umræðunnar.

Ég inni þess vegna hæstv. forseta eftir því hvort að Samfylkingin fær þessa umræðu um Byrgið í dag eða ekki. Komið hefur skýrt fram að það er ærið tilefni til. Það liggur

fyrir að allir ráðherrar Framsóknarflokksins sem málið varðar, og aðrir frá Framsóknarflokknum, vísa ábyrgðinni á einhverja allt aðra en þá sem kjörnir eru til að fara með málaflokka, kjörnir til þess að stýra ráðuneytum.

Einhver hlýtur að bera ábyrgðina á þessu, frú forseti. Það er ekki hægt að kasta því eins og heitri kartöflu. Hvers vegna fær Samfylkingin ekki að ræða hina fjárhagslegu ábyrgð á málinu á þinginu? Þetta er krafa sem ég sem formaður þingflokks Samfylkingarinnar neyðist til að undirstrika hér úr ræðustóli. Það gengur ekki að það ríki hálfgerð herlög á Alþingi þar sem réttur þingmanna lögum samkvæmt er ekki virtur.

Því er haldið fram að hér standi málþóf í málinu sem undir er, þ.e. Ríkisútvarpinu. Ég vil að það komi algjörlega skýrt fram að stjórnarandstaðan hefur lagt fram formlegt sáttaboð til ríkisstjórnarinnar. Við höfum sagt að við séum reiðubúin til að greiða fyrir för frumvarpsins um Ríkisútvarpið ohf. og ljúka því þess vegna á tveimur, þremur tímum hér í þinginu, svo fremi sem fallist sé á að gildistökuákvæði frumvarpsins sé skotið aftur í tímann þannig að frumvarpið verði ekki að lögum fyrr en 1. júlí.

Þá liggur það fyrir að í reynd verður kosið um þetta í alþingiskosningum og sömuleiðis að sú ríkisstjórn sem tekur við að kosningum loknum getur ráðið því hvort lögin verða þá afnumin áður en þau koma til framkvæmda eða, ef núverandi ríkisstjórn heldur velli, að þau komi hreinlega til framkvæmda. Er það ekki lýðræði, frú forseti? Liggur ekki fyrir að það verða kosningar 12. maí? Það eina sem við erum í reynd að tala um er að fresta gildistökunni frá 1. apríl og fram yfir kosningar. Geta menn sagt að þetta sé ósanngjarnt? Að sjálfsögðu ekki.

[11:25]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Vegna þessara orða hv. þingmanns vill forseti taka það fram að hún lýsti þeirri skoðun sinni í gær að hún teldi eðlilegt að þingnefndir sem ætla að fjalla um málefni Byrgisins fengju ráðrúm til þess. Í gær boðaði forseti einnig þingflokksformenn á sinn fund. Sá fundur verður haldinn klukkan eitt í hádegisverðarhléi. Þá verður þetta mál að sjálfsögðu rætt.

[11:25]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra kvaddi sér hljóðs fyrr í dag undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins og vakti athygli á málefni sem á að vissu leyti einnig erindi undir þessum dagskrárlið, um fundarstjórn forseta. Hæstv. ráðherra sagði að tími væri til kominn að menn afgreiddu frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið ohf. og létu lýðræðislegan vilja ráða. Vinnubrögð stjórnarandstöðunnar væru í raun andlýðræðisleg. Það mátti ráða af orðum hæstv. ráðherra að henni þættu vinnubrögð stjórnarandstöðunnar vera ólýðræðisleg.

Ég spyr: Áttum við þá ekki að afgreiða með hraði frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið sf. þegar það kom fyrst fram? Því var vísað til baka og byrjað að breyta þessu frumvarpi í ýmsum grundvallaratriðum. Átti ekki sama að gilda þegar þingið fékk í hendur frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið hf.? Einnig því var vísað til baka og viðurkennt að einnig það væri meingallað og þörf á að gera á því miklar breytingar. Nú höfum við í hendi frumvarp ríkisstjórnarinnar hið þriðja í röðinni, Ríkisútvarpið ohf. Nú er að koma á daginn að einnig það er stórgallað. En málið snýst ekki bara um þetta, um hinn lýðræðislega vilja innan þingsins. Við erum að fjalla um stofnun sem við í stjórnarandstöðunni teljum mjög brýnt að víðtæk sátt ríki um í samfélaginu öllu, það sé óeðlilegt að knýja fram breytingar á lagaramma um Ríkisútvarpið með naumum meiri hluta á Alþingi.

Sáttatilboðið sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram í þessari umræðu gengur út á að gera lágmarksbreytingar, nauðsynlegar breytingar á lögum um Ríkisútvarpið og reyna að leita sátta um það sem út af stendur. Út á þetta gengur sáttagerð okkar og á hana er slegið.

Nú spyr ég: Hver er það sem vill fara fram á lýðræðislegum forsendum um þetta mál? Það er stjórnarandstaðan sem er að reyna að fá því framgengt að þannig sé tekið á þessum máli. Á lýðræðislegum (Forseti hringir.) forsendum.

[11:28]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Það vill svo vel til að ég ætlaði einmitt að ræða mjög stutt um fundarstjórn forseta. Spurning mín til hæstv. forseta sem ég óska eftir að fá svar við sem allra fyrst er ofur einföld.

Meðal þingmanna er rætt að það sé hugmynd forseta Alþingis að hafa fund allan næstkomandi föstudag og allan laugardag. Ef þessi hugmynd er í gangi krefst ég þess að það verði látið koma fram núna. En til að spara mér eina ferð í ræðustól undir þessum lið vil ég segja þetta, virðulegi forseti: Að mínu mati kemur það ekki til greina.

Þannig er mál með vexti að búið er að boða kjördæmaþing næstkomandi laugardag í a.m.k. tveimur kjördæmum hjá þremur flokkum og menn höfðu að sjálfsögðu starfsáætlun Alþingis fyrir framan sig. Sjálfstæðisflokkurinn í Suðurkjördæmi ætlar að taka sitt kjördæmi og klára listann ef ekkert kemur upp á. (**Gripið fram í:** Hvað getur komið upp á?) Það geta orðið einhver tæknileg mistök við boðun fundarins. Sjálfstæðismenn í Norðausturkjördæmi ætla að koma saman á Mývatni næsta laugardag og ganga frá sínum lista. Samfylkingin í Norðausturkjördæmi hefur boðað fund næsta laugardag. Og síðast en ekki síst er prófkjör, er það ekki, hjá framsóknarmönnum í Suðurkjördæmi næsta laugardag.

Ég vil því fara þess á leit, virðulegi forseti, að fá svar við því hvort það sé virkilega hugmynd forseta að verði umræðu um hið umdeilda einkavæðingarfrumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið ekki lokið séu uppi hugmyndir um að halda fund fram eftir degi á föstudag og síðan á laugardag.

Þetta er erindi mitt, virðulegi forseti, og ég þakka fyrir áminningu um að ræða fundarstjórn forseta. Ég óska eftir því að fá skýr svör svo ég þurfi ekki að koma áfram fram eftir þessum degi. Vegna þess að það segir sig sjálft að það er töluvert mál að boða fólk alls staðar úr kjördæmi til kjördæmaráðsfunda. Þeim verður ekki raskað út af hálfgerðum

herlögum sem nú ríkja á Alþingi og ég held að sú vá sem það virðist vera fyrir íslenska þjóð að geta ekki klárað umræðu um einkavæðingu Ríkisútvarpið á allra næstu dögum sé ekki svo mikil að ekki sé hægt að doka við.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir skýru svari við þessari spurningu undir liðum um fundarstjórn forseta.

[11:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti gerir fastlega ráð fyrir því að hv. þingmanni sé kunnugt um að það eru þingflokksformenn sem funda með forseta Alþingis og ræða um fyrirkomulag þingstarfa. Forseti mun gefa þeim svör. Þeir munu ræða saman á fundi sem þegar er búið að boða klukkan eitt í dag.

[11:32]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta og vil lýsa því yfir að mér finnst fundarstjórn forseta fullkomlega hagað með eðlilegum hætti og nefni það sérstaklega að í dag er fimmtudagur og þá er eðlilegur þingfundatími kl. 10.30 þegar fundað er á fimmtudögum. Það á einnig við um föstudaga, þá byrja menn kl. 10.30 þannig að þetta er með fullkomlega eðlilegum hætti.

Hér hefur verið kvartað undan því að ekki hafi verið gefinn eðlilegur tími til fundarhalda fyrir nefndir. Það hefur verið gert. Í morgun gátu nefndir fundað a.m.k. í tvo tíma, jafnvel rúmlega það ef vilji var fyrir hendi. Á morgun gefst tími til fundarhalda fyrir nefndir og síðan eftir helgi eftir þörfum.

Þessi fundarstjórn forseta er með fullkomlega eðlilegum hætti og ásakanir um annað eru ekki við hæfi, ég tala nú ekki um það orð sem menn hafa tamið sér svolítið í þessari umræðu núna, orðið herlög. Það er ekki við hæfi í Alþingi Íslendinga að tala svona. (Gripið fram í.) Ég fer þess á leit við þingmenn að menn hætti nú slíku tali.

Síðan, eins og hér hefur verið nefnt, er fundur forseta með þingflokksformönnum nú klukkan eitt. Þar verður auðvitað farið yfir fyrirkomulag þinghaldsins fram undan. Ég á þá von á því að það komi í ljós hver vilji þingflokksformanna er í þinghaldinu og menn hafi eðlilegt samráð um það eins og venja er til í þinginu.

[11:34]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég ítreka spurningar sem hafa komið fram til hæstv. forseta um hvernig þinghaldinu verði hagað, bæði í dag og svo er orðrómur kominn upp um að hér eigi líka að vera þinghald á morgun og laugardag. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort forseti hafi ekki hjá sér starfsáætlun fyrir vorþingið og hvort forseti hyggist þá ekki fara eftir þeirri áætlun sem þar er.

Það er til lítils að samþykkja áætlun um starfsdaga þingsins ef ekki er svo farið eftir henni. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, talaði um að við ættum ekki að þurfa að vera að ræða um herlög. Ég er alveg sammála henni í því. Það er dapurlegt að við þingmenn skulum þurfa að taka okkur þau orð í munn að það sé hreint eins og sett hafi verið herlög á Alþingi. Ég tek undir með hv. þingmanni að það er dapurlegt að þurfa að taka sér svoleiðis orð í munn og ég vona að við þurfum ekki að gera það oft.

Í morgun funduðu nefndir um starfsemi Byrgisins. Forseti sagði í gær að nefndinni yrði gefið nægilegt svigrúm til að fara ofan í það mál. Við það var ekki staðið í morgun, ekki að mínu mati. Það var búið að kalla saman tvær nefndir, félagsmálanefnd og fjárlaganefnd, út af grafalvarlegu máli. Það var óskað eftir því að nefndirnar fengju rýmri tíma, nauðsynlegan rýmri tíma. Allir voru sammála um að það þyrfti rýmri tíma til að fara í gegnum þetta mál. Forseti hafði lofað því í gær. Forseti ítrekaði úr forsetastóli áðan að nefndum yrði gefinn nægur tími til að fara ofan í það mál. En við það var að mínu mati ekki staðið í morgun.

Þetta er grafalvarlegt mál sem snertir faglega ábyrgð stjórnsýslunnar, ráðuneytis, Alþingis, snertir fjárhagslega ábyrgð og meðferð fjármuna ríkisins, stjórnsýslulega ábyrgð ráðuneytis og þeirra sem þar fara með ábyrgð.

Ég spyr enn virðulegan forseta hvort forseti hafi sett sig inn í alvarleika þessa máls þannig að ekki megi taka það á dagskrá þingsins í staðinn fyrir að setja hér herlög til að keyra í gegn einkavæðingu Ríkisútvarpsins, mál sem er ekki einu sinni á dagskrá, ekki (Forseti hringir.) einu sinni í ríkisstjórnarsáttmálanum, mál sem Framsóknarflokkurinn hefur aldrei samþykkt en ætlar þó að styðja hér.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill nú taka undir þá ábendingu sem hefur komið fram hér áður. Það er ákaflega óviðkunnanlegt að tala um að herlög hafi verið sett á Alþingi.)

[11:37]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kem hér í annað sinn í þessari viku, á örfáum dögum, til að gera hæstv. forseta viðvart um það að enn berst ekki svar við fyrirspurn sem ég bar upp við hæstv. menntamálaráðherra á þskj. 565 þann 7. desember sl. Samkvæmt þingskapalögum hefur hæstv. ráðherra 10 virka daga til að svara fyrirspurninni.

Hún er mikilvæg fyrir málið sem við hér ætlum að fara að ræða, Ríkisútvarpið ohf., því að ég spyr um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins miðað við 1. desember 2006. Ég óska eftir nánari útlistun en hægt er að sjá í niðurstöðu matsnefndar þeirrar sem var falið að semja mögulegan stofnefnahagsreikning fyrir hið nýja félag. Ég bið um að þar verði tilgreindar helstu stærðir í efnahags- og rekstrarreikningi, þar með talin sundurliðun á skuldum og um stöðuna gagnvart ríkissjóði. Sömuleiðis bið ég um sambærilega stöðu í lok áranna 2004 og 2005.

Ég tel þessar upplýsingar mjög mikilvægar fyrir framhald umræðunnar. Ég tel mig ekki geta flutt mína síðari ræðu í málinu án þess að þessar upplýsingar liggi fyrir.

Það hefur verið hringt á vegum Alþingis upp í menntamálaráðuneyti á hverjum degi þessa viku til að kanna hvar málið er statt. Ævinlega er sagt: Jú, jú, þetta mun vera tilbúið og kemur í dag eða á morgun.

Þetta er allsendis óásættanlegt, hæstv. forseti. Ég bið hæstv. forseta að hlutast til um að svar við þessari fyrirspurn verði lagt fram í þingsölum eigi síðar en núna strax.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti mun kanna þetta mál.)

[11:39]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Nú er að verða kominn sólarhringur síðan ummæli þau féllu af hálfu forseta Alþingis sem ég spurði hér eftir í gær og harma ég að ekki skuli hafa tekist að halda þannig á málum að hinn kjörni forseti þingsins hafi fengið tækifæri til að svara fyrirspurnum mínum.

Þær fjölluðu um það að í hádegisfréttum Stöðvar 2 í gær skýrði forseti, hinn kjörni, það út fyrir þjóðinni að ástandið sem hér hefur verið kennt við herlög, forseti, væri jú því að kenna, að hluta til að minnsta kosti, og eina ástæðan sem forsetinn nefndi, að það væri ótakmarkaður ræðutími við 2. og 3. umr. um frumvörp. Þetta þekktist hvergi á byggðu bóli, að minnsta kosti ekki hér í kringum okkur. Hvergi á þjóðþingum nágrannalandanna.

Það getur vel verið. Ég þekki eitt þjóðþing þar sem þetta tíðkast. Það er sjálf öldungadeild Bandaríkjanna en það er sjálfsagt ekki nágrannaland í þeim skilningi þótt það sé það í einhverjum öðrum skilningi.

Forseti þarf þá að taka fram hvar í þjóðþingum nágrannalandanna það þekkist að ekki nema örfá mál frá þingmönnum úr stjórnarandstöðu fái umræður og afgreiðslu heldur sofni í nefndum, að þingnefndir hafi ekki rannsóknarvald og að þingið geti ekki, eða sé að minnsta kosti ekki leyft, að kjósa rannsóknarnefndir.

Hvar ráðherraábyrgð er háttað í nágrannalöndunum með þeim hætti sem hér er, að hún er engin, ráðherra getur tekið á sig hvaða ábyrgð sem er og gert hvað sem er án þess að sæta henni nokkurn tíma — nema þá í kosningum — veit ég ekki.

Hvar í nágrannalöndunum er háttað um sjálfstæði þingsins eins og er hér á Íslandi? Að það er knúið áfram og drifið áfram af framkvæmdarvaldinu fram og aftur. Hvar í nágrannalöndunum er það haft þannig að forseti þingsins hagi sér ekki eins og forseti allra þingmanna, heldur eins og hann sé í vinnu hjá framkvæmdarvaldinu?

Það er þetta sem við þurfum að skýra í heild sinni þegar fjallað er um ástandið hér á þinginu, bæði núna í dag og á umliðnum árum. Þegar forseti þingsins skýrir út hvernig standi á því að þingið gengur ekkert hjá honum þarf hann að líta yfir allt sviðið og ekki að taka eitt atriði út úr, sem satt að segja, forseti góður, hljómar eins og hótun forseta gagnvart þingmönnum sem hér eru að ræða þau mál sem á dagskrá eru.

[11:42]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Vegna þessara orða hv. þingmanns vill forseti taka það fram að í fréttatíma Stöðvar 2 í hádeginu í gær var spilaður stuttur bútur úr lengra viðtali sem fréttamaður stöðvarinnar átti við mig um störf Alþingis þessa dagana.

Fréttamaður spurði mig hvort svona uppákoma, eins og hann kallaði það, þ.e. margra daga umræða, 3. umr., um eitt þingmál yki virðingu Alþingis hjá þjóðinni. Ég sagði nei. En í svarinu minnti ég jafnframt á að við þessu væri lítið að gera eins og þingsköpum væri háttað, en þeim vildi ég breyta.

Eftir hádegi í gær voru þessi ummæli mín gerð að sérstöku umræðuefni undir því ákvæði þingskapa sem heitir um fundarstjórn forseta. Ég var þá stödd utan þinghúss með nokkrum öðrum alþingismönnum í erindum Alþingis og varð því ekki til svara. (Gripið fram í.) Mér kom það nokkuð á óvart að þingmaður skyldi finna sig knúinn til að fara hér upp í ræðustólinn til að gera þetta viðtal að umtalsefni hér á þinginu. (Gripið fram í.)

Ég hef mörgum sinnum áður lýst þeirri skoðun minni að setja ætti umræðum á Alþingi einhverjar skynsamlegar og sanngjarnar skorður. Það hef ég gert opinberlega síðan ég var kjörin forseti og margoft tekið það mál til umræðu á fundi með fulltrúum þingflokkanna í þeirri vinnu sem fram fer um endurskoðun þingskapa. Ég er ekki ein um þá skoðun. Ég held að hún njóti mikils stuðnings hér á Alþingi.

Vorið 1999 var lagt fram frumvarp þingmanna úr öllum flokkum, en þá var forseti Ólafur G. Einarsson og varaforsetar fjórir sem með honum störfuðu úr öllum flokkum. Því miður tókst ekki að ljúka afgreiðslu þess máls þá. Þar voru m.a. ákvæði um ræðutíma sem ég held að allir sanngjarnir menn hljóti að sætta sig við.

Við höfum fikrað okkur áleiðis á þeirri braut að koma umræðum hér á Alþingi í skynsamlegar skorður sem væru okkur til sóma. Það gildir t.d. um mikilvægar umræður hér á þinginu um þau mál sem efst eru á baugi í samfélaginu hverju sinni. Ég á þar við umræður utan dagskrár. Ég veit ekki betur en að allir séu sæmilega ánægðir með það fyrirkomulag og er þó ræðutími þingmanna mjög knappur.

Sannleikurinn er sá að alls staðar í kringum okkur í þjóðþingum sem við berum okkur saman við í Evrópu eru menn fyrir löngu búnir að koma einhverju skikki á fyrirkomulag umræðna í þingunum þannig að þær séu efnislegar og hnitmiðaðar en ekki notaðar til að tefja afgreiðslu máls eða til að knýja meiri hlutann til breytinga á málum.

Enginn fagnar meira líflegum og skemmtilegum umræðum á Alþingi en forseti. Skiptir ekki máli þótt þær taki einhvern tíma, en margra klukkustunda ræður, t.d. við 3. umr. máls, eru af öðru tagi.

Ég vil að það komi jafnframt fram að ég hef, eins og margir aðrir þingmenn, bæði úr stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu, viljað sjá breytingar á þingsköpum um ræðutíma í samhengi við aðrar breytingar á störfum þingsins. Ég hef kynnt sjónarmið mín í þeim efnum í vinnunefndinni um þingsköp. Breytingar á ræðutíma eiga ekki að vera til að raska stöðu stjórnar og stjórnarandstöðu, heldur til þess að bæta vinnulagið hér í þinginu.

Sú umræða sem nú fer fram um dagskrármálið er hins vegar í samræmi við samkomulag sem við gerðum um afgreiðslu mála fyrir jól. Ég geri því ekki athugasemdir við það þótt umræðan dragist. Það vissum við fyrir fram. En það breytir ekki þeirri skoðun minni að þetta er ekki gott verklag.

[11:47]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Það er eðlilegt að taka undir það með virðulegum forseta að hér má um margt bæta verklag en ég held að virðulegur forseti hljóti að vera sammála okkur mörgum um það að inngrip forseta í þetta mál með viðtalinu í gær hafi ekki verið heppilegt, tímasetningin hafi ekki verið heppileg. Eins og fram kom í máli hv. þm. Marðar Árna-

sonar var eiginlega óhjákvæmilegt að skilja þessi orð sem hótun og það er auðvitað ekki heppilegt þegar mál standa eins og þau standa hér í dag.

Það er eðlilegt að umræðum séu settar skynsamlegar skorður. Ég held að flestir hafi tekið undir það og það er verið að vinna, að því er ég hélt, í málinu í samstöðu um það að reyna að finna sameiginlega lausn. En það er eðlilegt að virðulegur forseti sé spurður að því hvort virðulegur forseti hafi ekki velt því fyrir sér hvort hugsanlegt sé að embættið sem slíkt hafi kannski ekki staðið fullkomlega rétt að máli og beri þar af leiðandi einhvern hluta ábyrgðar á því hvernig á því standi að mál standa eins og þau standa í dag. Virðulegur forseti segir nefnilega í viðtalinu: En að hluta til skapast þessi staða að mínu mati vegna þess að í þingsköpum eru engar takmarkanir ræðutíma. Að hluta til, virðulegur forseti, þannig að það er kannski eðlilegt að virðulegur forseti segi okkur hvaða aðrir hlutar eiga þar hlut að máli.

Ég held að það hljóti að skipta miklu máli hvaða verklag virðulegur forseti hefur hverju sinni. Það hefur margoft verið bent á það að mjög margir hv. þingmenn í stjórnarandstöðu hafa of oft að mínu mati upplifað störf virðulegs forseta þannig að í raun sé verið að keyra þingmál áfram fyrir hönd framkvæmdarvaldsins. Margvísleg rök hafa verið færð fyrir því og ég held að einmitt þegar um mál eins og það sem við erum með á dagskrá í dag er að ræða reyni verulega á embætti forseta.

Ég velti fyrir mér og spekúlera hvort það sé ekki eðlilegt, og ég vona að virðulegur forseti taki það upp í þeim starfshópi sem nú vinnur að endurskoðun þingskapa, að virðulegur forseti sé kjörinn með auknum meiri hluta í þingsal þannig að það sé tryggt að um það embætti ríki gífurleg samstaða, að stjórn og stjórnarandstaða komi sér að hluta til saman um þetta embætti þannig að það sé tryggt að forseti leiti stuðnings í báðar fylkingar. Þannig geti virðulegur forseti í sann verið forseti allra þingmanna. Og ef viðkomandi virðulegur forseti stenst ekki þá kröfu geti minni hlutinn hreinlega haft neitunarvald ef minni hlutinn er nægjanlega stór til þess. Þetta held ég, virðulegur forseti, að væri ástæða til að skoða í ljósi þeirra atburða sem hér hafa (Forseti hringir.) átt sér stað.

[11:50]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég er á þeirri skoðun að hæstv. forseti þurfi að líta svolítið í eigin barm vegna þess hvernig mál standa hérna núna. Hæstv. forseti hefur með ákvörðunum sínum um það hvernig þinghaldinu er fram haldið tekið ákvarðanir um að víkja þingsköpum til hliðar. Það var ekki fyrirspurnatími hér í gær vegna þess að hæstv. forseti ákvað að þinghaldinu skyldi fram haldið með þessum hætti, en samkvæmt þingsköpum eiga þingmenn rétt á því að fá fyrirspurnum sínum svarað og til þess er sérstakur dagur ákveðinn á dagskrá Alþingis að það sé gert. Auk þess eru fyrirmæli um að ráðherrar skuli svara þessum fyrirspurnum eftir vissan tíma í síðasta lagi og forseti þarf að fylgja því eftir að þeir fái til þess tækifæri. Það hefur ekki verið gert.

Þegar menn tala um að stjórnarandstaðan taki hér mál í gíslingu með málþófi eins og það er kallað er eins og menn horfi alltaf fram hjá því að málefni sem lögð eru fram af almennum þingmönnum hér eru öll í gíslingu. Þau fást ekki rædd ár eftir ár, þau sofna í nefndum. Hæstv. forseti þarf að hafa allt Alþingi og alla alþingismenn í huga þegar hann stjórnar málefnum á Alþingi. Mér finnst hæstv. forseti ekki hafa litið þannig á málið og þetta mál sem hér er verið að ræða núna, þ.e. hvernig eigi að ganga fram í þessu ríkisútvarpsmáli, er ágætt dæmi um það. Hæstv. forseti víkur þingsköpum til hliðar til að verða við kröfum — um hvað? Um að menn haldi áfram þriðja veturinn að tala um sama málið sem er svo illa undirbúið að það er enn til umræðu á þingi í þriðja sinn við 3. umr. þess núna (Gripið fram í.) með ýmsum breytingartillögum frá meiri hlutanum.

Mér finnst að forseti eigi að gera meiri kröfur til undirbúnings mála en svo að hann láti setja þinghaldið allt í upplausn út af málefnum sem svo illa eru undirbúin. Ég get líka sagt það að mér finnst óviðunandi að Alþingi allt skuli sitja sífellt undir því að ráðherrar ríkisstjórnarinnar geti komið hér inn með mál hvenær sem er og gert þá kröfu til embættisins að það sjái til þess að þeim sé þrengt í gegnum þingið. Ég tel ekki að það sé neinn sérstakur lýðræðisstimpill á þessu máli, ég sé ekki betur en að Framsóknarflokknum hafi verið þrengt til þess (Forseti hringir.) að samþykkja hluti sem flokkurinn sjálfur hefur ekki samþykkt.

[11:53]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég hlýt að leiðrétta það hér að það hafi verið með einhverjum ókurteislegum hætti sem hér var tekið til máls um ummæli forseta að loknu hádegishléi í gær. Það var ekki mikill tími til að bregðast við ummælum forsetans sem komu fram í hádegisfréttum Stöðvar 2 en það var þó reynt að ná til hennar. Þar sem það var ekki hægt var komið til hennar skilaboðum. Ég hafði enga ástæðu til að halda að forseti væri annars staðar. Síðan bárust, þegar þessi umræða var hafin án þess að forseti mætti til hennar, þau skilaboð í gegnum þann varaforseta sem gegndi störfum á meðan að forseti væri í opinberum erindagjörðum. Ég brást við þeim skilaboðum með því að kynna það að ég mundi taka þetta upp þegar forseti væri hér komin aftur.

Þegar hún sást hér næst var það í miðri ræðu þingmanns, hún kom hér í forsetastól og fór úr stólnum áður en þeirri ræðu lauk þannig að ekki reyndist unnt að eiga þessar samræður við hana þá. Ég hringdi síðan í forseta í gærkvöldi og þá var hún upptekinn í einkaerindum sem eðlilegt er — þó að aðrir gætu sum sé ekki sinnt sínum einkaerindum. Ég tjáði þá forsetanum að þetta yrði tekið upp við næsta tækifæri sem er einmitt núna.

Ég þakka hins vegar forseta fyrir þá ræðu sem hún flutti hér áðan því að mér heyrðist — það er rétt að íhuga hana síðar þegar betra tækifæri er til — að þar væri einmitt tekið undir það sjónarmið mitt og fleiri þingmanna hér að breytingar á þingsköpum yrðu að vera í samhengi og ef menn ætluðu að hreyfa við hinum ótakmarkaða ræðutíma sem hér gildir og í öldungadeild Bandaríkjaþings yrði að breyta öðrum hlutum þingskapanna um leið, m.a. þeim sem ég nefndi.

Ég harma það að forseti virðist ekki bera gæfu til þess að koma þessum breytingum á sem boðaðar voru í fyrstu ræðu hins kjörna forseta hér á þinginu, ásamt þeim breyt-

ingum að gera þennan vinnustað fjölskylduvænni þannig að mæður og feður og fjölskyldufólk allt gætu sameinað þetta starf fjölskyldunni eins og lög í landinu kveða á um, nefnilega jafnréttislög. Það virðist forseti ekki bera gæfu til að rækja heldur eins og sést á þeirri herlagaviku sem við stöndum nú í miðri.

[11:56]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég sé mig knúinn til að blanda mér aðeins í umræðu hér um þingsköp og ræðutíma og samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu og Alþingis og framkvæmdarvalds, þótt undir þessum dagskrárlið sé, m.a. í framhaldi af yfirlýsingu forseta hér áðan og fleiri umræðum. Ég vil segja það fyrst að ég held að það sé ákaflega óheppilegt að missa umræður um þingsköp, ræðutíma og tilhögun þeirra hluta og skipulag starfa hér inn í umræður um þetta harðpólitíska deilumál sem er síðan til umfjöllunar að öðru leyti á þingi.

Almennt er það þannig að umræður hér á þingi hafa þróast í átt til mikillar styttingar og með örfáum undantekningum á síðustu árum þar sem í öllum tilvikum eru mjög stór og hörð ágreiningsmál hafa umræður verið að styttast og hefðir að því leyti hér þróast í átt sem réttilega er bent á að sé venjan í mörgum öðrum þjóðþingum. Það verður þó að hafa í huga að það er hæpið að bera saman hið litla Alþingi Íslendinga og mörg hundruð manna samkomur sem starfa með allt öðrum hætti þar sem samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu eru með öðrum hætti og þar sem staða þjóðþinganna gagnvart framkvæmdarvaldinu er mun sterkari en hér. Þetta verða menn allt að hafa í huga, virðulegur forseti, þegar þeir ræða þessi mál, líka það eðli stóru þjóðþinganna að þar skipta þingnefndir og umræður í þeim, oft á opnum fundum, mun meira máli, hafa meira vægi þannig að umræðurnar í sjálfum þingsalnum eru meira eins og lokapunkturinn á viðameiri umfjöllun þinganna á öðrum vettvangi.

Þetta mál snýst ekki fyrst og fremst um samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu, meiri hlutans og minni hlutans á þingi. Þetta snýst um samskipti þingsins og framkvæmdarvaldsins vegna þess að aðhaldið að framkvæmdarvaldinu kemur eðli málsins samkvæmt frá stjórnarandstöðu, frá minni hluta þar sem situr þingbundin ríkisstjórn. Það er ekki hægt að ætlast til þess að meiri hlutinn sem sú ríkisstjórn styðst við sjái fyrir því aðhaldi. Og meðan því er þannig háttað hér að staða Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu er jafnveik og raun ber vitni og fer versnandi er ég ekki til viðtals um einhliða breytingar á reglum um ræðutíma, helsta vopni og helsta styrk stjórnarandstöðunnar í þessum samskiptum og helsta aðhaldstæki þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ef við værum að ræða hér um þjóðþing þar sem stjórnarandstaðan hefði mun sterkari stöðu, þar sem forsetinn kæmi úr hennar röðum, þar sem formenn þingnefnda væru í bland úr stjórnarandstöðunni eins og hér var á kjörtímabilunum 1991–1995 og 1995–1999, væri öðru til að dreifa. En því miður hefur þar orðið afturför eins og allir þekkja.

Ég mæli með því, virðulegur forseti, að við reynum að koma þessari umræðu um þingsköp og þá hluti (Forseti hringir.) fyrir á öðrum vettvangi en inni í þessum hörðu deilumálum og þar verður forseti líka að hugsa sinn gang samanber þau ummæli hennar frá því í gær sem hér hefur verið vitnað til.

[12:00]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil segja það að ummæli hæstv. forseta í sjónvarpsfréttum í gær voru afar óheppileg. Um leið vil ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. forseti gaf áðan og setti ummælin þá í eðlilegt samhengi. Í raun tók hæstv. forseti undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, að nauðsynlegt sé að breyta þingsköpum. Hæstv. forseti hefur sagt það áður en það verður þá að gera það í samhengi við störf þingsins í heild sinni, það verður að skoða það í því ljósi að í dag er eina vörn þingsins gegn yfirgangi framkvæmdarvaldsins sú að tala mikið og fara vandlega yfir mál. Það er ekki það vopn sem þingið sækist eftir í raun. Þingið getur veitt framkvæmdarvaldinu og ríkisstjórninni á hverjum tíma miklu betra aðhald á annan hátt en þann og ef taka á þetta vopn þingsins af því verður vitaskuld að færa þinginu önnur vopn í hendur.

Það er mikilvægt að þessi umræða fari fram en hún er þó ekki þess eðlis að hún eigi heima í umræðu um Ríkisútvarpið. Hún varð hins vegar til vegna óheppilegra ummæla forseta í gær. Það er mikilvægt að þingmenn sjálfir taki umræðu um ósjálfstæði þingsins og geri það undir viðeigandi dagskrárlið. Sú umræða verður að hafa það að markmiði að efla og styrkja þingið. Það er það sem við viljum sjá og við viljum að þingið sé í fyrsta lagi umræðuvettvangur, í annan stað veiti þingið framkvæmdarvaldinu eðlilegt aðhald og í þriðja lagi sé hér um löggjafarsamkundu að ræða.

Því miður höfum við lifað við það núna, a.m.k. þessa viku, að réttindum þingmanna á ákveðnum sviðum hefur verið kippt úr sambandi. Það hefur verið farið yfir það að þingmenn hafa ekki átt þess kost að koma að fyrirspurnum eða fá umræðu utan dagskrár sem menn eiga rétt á. Í þessum skilningi hafa þingmenn verið sviptir réttindum vegna þess eins að ríkisstjórnin hefur áhuga á því að koma máli í gegn sem hún hefur reynt að koma í gegn í þrjú ár. Það réttlætir í huga hennar það ástand sem hér ríkir sem hæstv. forseti (Forseti hringir.) ber að sjálfsögðu ábyrgð á þegar upp er staðið.

[12:03]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki á mér setið að koma örstutt í umræðu um fundarstjórn út af því hvernig þessi umræða hefur þróast og taka það sérstaklega fram að ég hef til margra ára verið mikill talsmaður þess að gera breytingar á störfum þingsins, að það starfi lengur yfir árið, styttri hlé gildi um þingið og skipulagið sé allt annað en það er í dag. Sjálf hef ég mikla sannfæringu fyrir því að með þannig breytingum mundum við nálgast til muna betri vinnubrögð á öllum sviðum.

Auk þess hef ég jafnframt verið talsmaður þess að setja ræðutíma í bönd, en ekki bara til þess að fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafi hér völdin í þinginu, ráði öllu og ráði hver ræðutíminn verður og að við leikum okkar hlutverk innan hans. Ég hlýt að geta þess, virðulegi forseti, að alls

staðar annars staðar á Norðurlöndunum er þetta með öðru lagi en hér. Þar er ræðutíminn í böndum en þar kemur stjórnarandstaðan ríkulega að stjórn þinganna. Oftast eða mjög oft er forseti þingsins frá stjórnarandstöðunni auk þess sem í miklu ríkari mæli fer fram mikil umræða innan nefndanna sjálfra og þær ákveða hversu langur ræðutími verður um hvert mál og hvernig honum er skipt.

Í sumum þinganna er hefðin sú að ræðutími er þannig ótakmarkaður að ef að þingmönnum er þrengt er hægt að taka upp þennan óbundna ræðutíma. Ég hlýt að nefna það hér þar sem er svo rík hefð fyrir meirihlutastjórnum, þar sem er svo mikið meirihlutavald, að ef við viljum þróa þetta þing inn í framtíðina verður þessu að fara að linna.

Af hverju hef ég þá kvatt mér hljóðs hér? Það er vegna þess að ég vil koma því á framfæri í tengslum við það mál sem hér er verið að ræða núna að frá Danmörku, sem að svo miklu leyti er fyrirmynd fyrir okkur í löggjöf og í þinghaldi, hefur einn æðsti embættismaður í því þingi sagt mér að engri ríkisstjórn, sama hvaða meiri hluta hún hefur, mundi detta í hug að fara með þingmál í gegn með meirihlutavaldi ef það snertir almannahag. Þá sé leitað samstarfs og stuðnings þannig að á bak við það mál sé allt að 80% stuðningur þingmanna. Þetta er það sem viðgengst annars staðar.

Hér horfum við á töfluna aftur og aftur í stórum málum og það eru 20 þingmenn sem gera mál að lögum. Þessu þarf að breyta, virðulegi forseti, en við skulum muna það (Forseti hringir.) í allri umræðunni að það þarf að horfa til beggja hliða.

[12:06]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég verð að lýsa algjörri furðu á þessari fundarstjórn hjá hæstv. forseta, að hann skuli leggja hér alla áherslu á eitt mál sem er að vísu forgangsmál hjá Sjálfstæðisflokknum og einhvern veginn drattast Framsókn á eftir. Það er svo undarlegt að þetta mál gengur þvert á samþykktir Framsóknarflokksins en samt sem áður fylgir hann Sjálfstæðisflokknum hér eftir, mjög leiðitamur.

Ég verð að lýsa furðu á þessari fundarstjórn, að hæstv. forseti komi í veg fyrir að tekin séu á dagskrá mál sem þjóðþingið þarf að ræða, svo sem það hvernig Sjálfstæðisflokkurinn sólundar fé, fer með það út og suður. Þá hafa verið nefnd hér í umræðunni málefni Byrgisins og það er ekki bara að þetta hafi komið fram hér í umræðunni heldur er komin til skýrsla Ríkisendurskoðunar. En Sjálfstæðisflokkurinn með hæstv. forseta í forsvari stýrir umræðunni þannig að þetta fæst ekki rætt. Það er alveg stórundarlegt en það er ekki í fyrsta skipti sem forseti gerir þetta.

Ég verð að minna á það að þegar hér voru fyrirspurnir reyndi forseti að koma í veg fyrir umræðu um sjávarútvegsmál af því að þau eru viðkvæm líka, eins og málefni ríkisins hvað varðar fjárreiður, hvernig Sjálfstæðisflokkurinn deilir út peningum þó svo að svört skýrsla liggi fyrir sem formaður fjárlaganefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, hefur samið sjálfur. Samt sem áður heldur hann áfram að deila út peningum. Þetta er það sem er að gerast.

Það er gerræðisleg fundarstjórn hjá hæstv. forseta að stýra svo fundum að ekki sé hægt að taka mál á dagskrá og ég lýsi algjörri furðu á þessum vinnubrögðum. Hið eina sem kannski getur skýrt þetta er að það er verið að reyna að koma í veg fyrir umræður. Mér finnst það forkastanlegt og ég verð að segja að mér finnst að hæstv. forseti ætti að segja frá því hvers vegna mál eru ekki tekin á dagskrá í stað þess að halda þessu hér áfram, þessum leiksýningum. Mér finnst þetta ekki vera þjóðþinginu til sóma.

Ég vonast til þess að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn hlusti á ræður þingmanna, og ekki einungis þingmanna — fólk í öllu samfélaginu furðar sig á því að svona sé komið fram, að menn komi í veg fyrir málefnalega umræðu í þjóðfélaginu og að menn reyni að koma í veg fyrir málefnaumræðu sem sjálf Ríkisendurskoðun (Forseti hringir.) hefur dregið fram í dagsljósið að þurfi umræðu og yfirferðar með.

[12:09]

**Útbýting:**

Almenningssamgöngur, 326. mál, svar umhvrh., þskj. 723.

Einstaklingar í kynáttunarvanda, 497. mál, fsp. GÖg, þskj. 752.

Greiðslur fyrir fylgdarmenn langveikra barna, 207. mál, svar heilbrrh., þskj. 724.

Kostnaður við stuðningsaðgerðir í Írak, 427. mál, svar utanrrh., þskj. 722.

Þjónusta á hjúkrunarheimilum, 180. mál, svar heilbrrh., þskj. 725.

## *Ríkisútvarpið ohf., frh. 3. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708.

[12:10]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég tel á þessu stigi rétt að fara yfir nokkur atriði sem hafa verið rædd hér á undanförnum dögum vegna frumvarps sem nú er til umræðu um Ríkisútvarpið ohf. Þetta hafa verið langar og efnismiklar ræður, margar hverjar, enda um mikið hagsmunamál að ræða. Ég er fegin að heyra að það er samhljómur á hinu háa Alþingi um að við viljum stuðla að því að efla Ríkisútvarpið, styrkja það í því hlutverki sem því ber að sinna. Það er fyrst og fremst almannaþjónustuhlutverkið og fyrir mína parta menningarþjónustan og -hlutverkið sem það á að gegna enda eru gerðar ríkari kröfur en áður til Ríkisútvarpsins í gegnum þetta frumvarp og þann þjónustusamning sem liggur fyrir og þau drög sem fylgja með frumvarpinu sem fylgiskjöl.

Ég ætla að fara yfir nokkur atriði en ég verð engu að síður að ítreka það sem ég sagði áðan. Ég tel afar mikilvægt að þingið hafi tækifæri til að ræða mikilvæg mál eins og þetta með umfangsmiklum hætti eins og við höfum gert núna á undanförnum dögum. Það er afar mikilvægt að þegar þingmenn, stjórn sem stjórnarandstaða, vilja ræða mikilvæg mál fái þeir tækifæri til þess. Þess vegna vil ég sérstaklega hrósa forseta fyrir að hafa veitt þetta svigrúm, að þingið fái tækifæri til þess að tjá sig og þingmenn tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í mikilvægum málum.

Það hefur verið gert. Það hefur sérstaklega verið komið til móts við stjórnarandstöðuna hvað það varðar að veita hér svigrúm til þess að tjá sig um málefni Ríkisútvarpsins. Það er gott og það er vel. Síðan er alltaf álitamál hversu lengi menn eiga að tjá sig. Hér eru kjarnyrtir menn og konur sem eiga að geta komið orðum að því sem þeim liggur á hjarta, hvernig þau telja að málefnum Ríkisútvarpsins sé best komið.

Ég er sannfærð um að sú leið sem hér er farin er sú sem mun leiða til farsældar fyrir Ríkisútvarpið. Við munum og við þurfum — og það hefur ekki mátt segja það í þessum þingsal — að nútímavæða Ríkisútvarpið, hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon. Við þurfum að gera það en það virðist sem ekki megi ræða það. Ég tel að allt annað sé, liggur við, draugar aftan úr grárri forneskju, að ekki megi ræða það að breyta Ríkisútvarpinu þótt það sér alveg ljóst að í núverandi mynd sé okkur ekki lengur stætt á að hafa Ríkisútvarpið. Það er ljóst að ESA hefur mikilvægar og alvarlegar ábendingar varðandi Ríkisútvarpið eins og það er rekið nú undir núverandi fyrirkomulagi og skipulagi.

Ég fann það áðan þegar ég ámálgaði hvað búið væri að ræða þetta lengi — í rauninni má líka taka undir með hv. þingmanni sem leggur þetta allt saman saman, hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, formanni menntamálanefndar, þegar við erum búin að ræða þetta frumvarp. Menn hafa sagt: Það er verið að ræða sama frumvarpið. Menn hafa sagt hér í ræðum: Þó að það sé búið að ræða þessi mál á þremur þingum er þetta nokkurn veginn sama frumvarpið. Einn orðaði það svo: „með litlum breytingum". Ég tel reyndar að við höfum gert veigamiklar breytingar á frumvarpinu af því að við höfum komið til móts við hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni, t.d. hvað varðar upplýsingalögin, og í mikilvægum atriðum hefur verið rétt út sáttarhönd sem menn hafa sem betur fer sammælst um að taka í. Ég vil t.d. benda á að ákvæði upplýsingalaga er nú komið inn í frumvarpið sem var eitt af þeim meginatriðum sem menn ræddu hér um að þyrfti að koma inn, t.d. sagði varaformaður Samfylkingarinnar að það væri eitt af mikilvægu atriðunum. Hann nefndi reyndar bara tvö, annars vegar ritstjórnarlegt sjálfstæði og hins vegar það að um þetta ættu að gilda upplýsingalög. Ég vil sérstaklega ítreka að það er komið inn.

Við erum búin að margræða þetta mál og allir eiga að þekkja efnisatriðin mjög vel, allir þessir vel læsu menn sem eru hér á hinu (Gripið fram í.) háa Alþingi. Það er svo í pottinn búið að við erum búin að ræða þetta mál lengur en, eins og ég gat um áðan, menn ræddu á tveimur þingum um það að vera aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Við erum búin að ræða málefni Ríkisútvarpsins lengur en það, við erum búin að ræða málefni Ríkisútvarpsins lengur en t.d. menn ræddu á sínum tíma um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Þar voru nefndarfundir 18, gestir 116 og umræður í 57 klukkustundir. Það er reyndar mál sem var rætt á kaffistofum almennings og á hinum ýmsu vinnustöðum í landinu. Ég hef ekki orðið þess vör að menn séu á torgum úti að ræða málefni Ríkisútvarpsins (Gripið fram í.) með þessum hætti eins og menn halda.

Ég vil sérstaklega benda á það að við höfum rætt þetta mun lengur eins og hefur reyndar komið fram í blöðum í dag, við höfum rætt þetta tvisvar sinnum lengur en þegar samþykkt var að fara í Kárahnjúkavirkjun. Ég veit að hv. þm. Einar Már Sigurðarson, stóriðjuþingmaðurinn mikli fyrir hönd Samfylkingarinnar, var afar ánægður með að það mál skyldi komast í gegn en það er rétt að það verði líka undirstrikað að það voru þingmenn Vinstri grænna sem einir stóðu að málþófi á sínum tíma varðandi það mál og héldu líka þá uppi málefnalegri andstöðu svo að því sé til skila haldið.

Það er ágætt að setja þetta, frú forseti, í samhengi við þau mál sem hafa verið okkur hugleikin í þessum þingsal. Við erum búin að ræða núna Ríkisútvarpið í um 110 klukkustundir. EES-samningurinn var ræddur á tveimur þingum í 100 klukkustundir og 36 mínútur, fundir í nefndunum voru 11. Ég undirstrika að fundir í menntamálanefnd út af þessu máli hafa verið 39 og gestir út af þessu máli, Ríkisútvarpinu, 151 en þeir voru 46 vegna Evrópska efnahagssvæðisins. (Gripið fram í.) Það var á tveimur árum eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson veit. Það var rætt um Evrópska efnahagssvæðið á tveimur þingum eins og menn vita sem þekkja löggjöfina og söguna.

Þegar menn hafa þennan tíma í huga sem eytt hefur verið í umræður er eðlileg spurning sem maður fær gjarnan núna: Hvenær fá lýðræðislega kjörnir þingmenn — og það er eitt af meginhlutverkum og ein af meginskyldum þingmanna, að greiða hér atkvæði? Ég tel með allt þetta gáfaða og greinda fólk, kjarnyrta menn eins og hv. þm. Ögmund Jónasson, formann BSRB vel að merkja líka, að það geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri á 110 klukkustundum varðandi þetta mál. (Gripið fram í.) Ég held að menn geti komið á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi þetta málefni á þeim tíma sem það hefur verið rætt þannig að við getum tekið til við það hlutverk okkar að greiða atkvæði í málinu.

Er það lýðræði að koma í veg fyrir að þingmenn geti greitt atkvæði? Ég segi nei. Ég tel að við eigum eftir þessar miklu umræður — ég er vel að merkja ekki að segja að menn eigi endilega að fara að stytta mál sitt, ég vil bara að það komi eitthvað nýtt fram, eitthvað annað, einhverjar málefnalegar ábendingar varðandi málið. Engu að síður ætla ég að fara núna yfir þau atriði sem hafa komið hvað mest til umfjöllunar og rétt að ítreka það sem komið hefur fram að við erum að sjálfsögðu að ræða þetta mál til þess að stuðla að því að farsæld Ríkisútvarpsins verði enn meiri en hún er í dag. Við erum komin að ákveðnum tímamótum í sögu útvarpsins, Ríkisútvarpið býr við annað umhverfi en það bjó við þegar því var komið á laggirnar fyrir rúmum 75 árum eða svo og þess vegna er mikilvægt að það hafi tækin og tólin til þess að takast á við nýja tíma.

Af hverju erum við þá að breyta þessu? Jú, við erum að breyta þessu til þess að Ríkisútvarpið geti staðið undir þeim kröfum sem við gerum til þess og það er fyrst og fremst á sviði menningarþjónustunnar, alhliða þjónustunnar, alþjónustukvaðarinnar gagnvart Ríkisútvarpinu, að það verði með öfluga fréttaþjónustu og öfluga innlenda dagskrárgerð. Það er hægt að gagnrýna okkur sem tilheyrum stjórnvöldum fyrir að við höfum ekki fyrr skilgreint hlutverk Ríkisútvarpsins jafnskilmerkilega og gert er í þessu frumvarpi. Við erum að forgangsraða fjármununum í þágu íslenskrar dagskrárgerðar, í þágu fréttaþjónustunnar og í þágu öryggis-

hagsmuna þjóðarinnar. Þetta er það sem við erum að gera.

Við erum sannfærð um að leiðin til þess er að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins í það form sem við þekkjum vel. Og hvaða form þekkjum við vel, hvaða rekstrarform þekkjum við vel og treystum og er algilt og alþekkt? Það er að sjálfsögðu hlutafélagaformið. Við erum að breyta því hér í opinbert hlutafélag.

Það dylst engum sem fylgst hefur með rekstri Ríkisútvarpsins á síðustu árum að það form sem nú er á rekstri Ríkisútvarpsins er farið að há stofnuninni verulega. Það liggur jafnframt fyrir vegna alþjóðlegra skuldbindinga okkar eins og ég kom inn á áðan að okkur er nauðsynlegt að afmarka með skýrum hætti almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins, þ.e. þann hluta sem nýtur góðs af opinberum stuðningi og síðan hitt að flokka það sérstaklega sem fellur undir samkeppnisreksturinn. Óbreytt ástand er í rauninni ekki líðandi, við verðum að breyta því og við leitum þá að sjálfsögðu til þess rekstrarforms sem við þekkjum. Það er ekki út af engu sem hér hafa verið samþykktar lagagreinar um opinber hlutafélög. Ef við samþykkjum lagagreinar um opinber hlutafélög hljótum við náttúrlega að gera ráð fyrir því að nota slík ákvæði. Ég fullyrði að lagagreinar um opinber hlutafélög eru í rauninni nær ríkisrekstri en t.d. tillögur Samfylkingarinnar um sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið, fyrir utan það að sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið er mjög þungt í vöfum. Af hverju er það þungt í vöfum? Af því að lagaramminn um sjálfseignarstofnanir er mjög óljós, það gilda mjög óljósar reglur um sjálfseignarstofnanir.

Hvað þýðir það? Það þýðir að við þyrftum að niðurnjörva í löggjöfina allt sem snertir Ríkisútvarpið og stjórnunina og hvernig skipulag þetta ætti að vera. (Gripið fram í.) Við sjáum hvernig það er og við sjáum náttúrlega núna í dag, frú forseti, hvernig það er að breyta lögum um Ríkisútvarpið. Það er ekkert áhlaupaverk að breyta lögum um Ríkisútvarpið miðað við hvernig þingmenn tala og haga sér. Ég spyr líka: Af hverju eru þá ekki fleiri fyrirtæki rekin undir sjálfseignarstofnunarfyrirkomulaginu? Af því að menn þekkja ekki nægjanlega vel til fyrirkomulagsins og það er óhagræði að sjálfseignarstofnunarfyrirkomulaginu. Þess vegna eigum við að nota það sem við þekkjum vel og hefur reynst afar vel hjá grannþjóðum okkar, t.d. Norðmönnum. Það hefur verið bent á það að Danir eru með sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið. Víst er það, en þar er lagaramminn miklu skýrari um sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið en hér og þar er það miklu algengara fyrirkomulag en hér. Við eigum auðvitað að líta til íslensks veruleika þegar við veljum rekstrarform. Við eigum að beita því sem við þekkjum og horfa á íslenskan veruleika.

Þess vegna bendi ég enn og aftur á það að lagaákvæði um opinber hlutafélög henta vel í þessu máli og henta ekki einungis fyrirtækjum sem rekin eru í hagnaðarskyni, heldur hentar það þvert á móti flestum rekstri betur en önnur form. Rekstur Ríkisútvarpsins er mjög umfangsmikill, hann er flókinn og hlutafélag í þeim tilvikum er mun hentugra rekstrarform en önnur. Af hverju er það? Til dæmis vegna þess að stjórnkerfi hlutafélaga er mun fastmótaðra, það er gegnsærra og það er formbundnara stjórnkerfi en annarra, (**MÁ:** ... hluta... ...) t.d. sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagsins sem Samfylkingin hefur (Gripið fram í.) boðað að hún styðji, fyrir utan varaformanninn. (**MÁ:** Hvað með hlutafélaga...?)

Það er rétt að það komi fram líka að menn hafa sagt að það sé lítill stuðningur við frumvarpið, m.a. voru bornar brigður á þau orð útvarpsstjóra í grein sem hann skrifaði að það væri mikill stuðningur við frumvarpið. Síður en svo. Í margumtaladri skoðanakönnun, sem er rétt að menn fari aðeins yfir, skoðanakönnun sem er gerð á um tveggja ára fresti — á tveggja ára fresti er gerð skoðanakönnun hjá Ríkisútvarpinu. (**Gripið fram í:** Um frumvarp ...?) Það er greinilegt að menn þekkja ekki þá almannaþjónustukvöð sem hvílir á Ríkisútvarpinu, menn gjamma fram í af mikilli vanþekkingu. Það er hlutverk Ríkisútvarpsins að átta sig á viðhorfi landsmanna til Ríkisútvarpsins. Þetta er alþekkt og þeir sem hafa starfað hjá Ríkisútvarpinu (**Gripið fram í:** ... frumvarp ...) eiga að vita það.

Fyrir tveimur árum frekar en fjórum var spurt um viðhorf landsmanna til afnotagjalda. Ríkisútvarpið er að reyna að fylgjast með því hvert viðhorf landsmanna er til Ríkisútvarpsins hverju sinni. Það er spurt um dagskrá, það er verið að spyrja um alls konar hluti er tengjast Ríkisútvarpinu og fyrir tveimur árum var spurt um viðhorf landsmanna til afnotagjaldanna, hvort fólk vildi frekar taka upp nefskatt — sem það vildi reyndar, frekar en afnotagjöld — og þetta árið var farið yfir ýmsa þætti, þar á meðal og eðlilega yfir viðhorf landsmanna til fyrirhugaðrar breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Það vill svo til að í þessari reglubundnu könnun Ríkisútvarpsins á viðhorfi landsmanna til Ríkisútvarpsins kom í ljós að meiri hluti landsmanna er fylgjandi breytingum á rekstrarformi Ríkisútvarpsins, (**ÖJ:** Þetta er ósatt.) (Gripið fram í.) er fylgjandi breytingum á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. (**LB:** Hefur ráðherra skoðað könnunina?) (Forseti hringir.) Það er rétt að ítreka að það er meiri hluti sem (**ÖJ:** Það er farið með ósannindi.) er fylgjandi því. (Gripið fram í.) Síðan er rétt að draga — (**Gripið fram í:** ... prósent ...) (Forseti hringir.) (**ÖJ:** Það er verið að fara með ósannindi.) Það er ekki rétt.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að hafa inngrip í ræðu menntamálaráðherra hófleg. Þingmenn komast að eftir að ráðherra lýkur máli sínu og þó að það kryddi vissulega tilveruna hér að vera með frammíköll má öllu ofgera.) (**Gripið fram í:** ... prósent.)

Það er rétt að taka fram að ég hef sérstaklega skoðað könnunina og af þeim sem tóku afstöðu er meiri hluti þjóðarinnar fylgjandi þessari breytingu. Ég þakka frú forseta fyrir þetta inngrip og vek jafnframt athygli á því að hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem kallar hér fram í, er víst næstur á mælendaskrá og þá getur hann tjáð hug sinn einmitt til okkar sem tilheyrum Alþingi varðandi m.a. skoðanakönnun, þessa alþekktu og reglubundnu skoðanakönnun sem Ríkisútvarpið lætur framkvæma reglulega og allir menn eiga að vita og þekkja til sem hafa unnið hjá Ríkisútvarpinu, vita að svona er gert. (Gripið fram í.)

Ég hef farið sérstaklega yfir það af hverju við ákváðum að fara þessa leið. Við sjáum að það er góð reynsla af þessu í Noregi. Það er líka rétt að undirstrika að athugasemdir ESA, eins og sumir hafa reynt að segja hér, snerti rekstrarfyrirkomulagið. Ég veit að hv. þingmenn, sérstaklega þeir sem eru í menntamálanefnd, hafa farið yfir gögnin frá ESA,

hafa lesið þau gaumgæfilega. Þá mega þeir sjá að athugasemdir ESA snerta ekki rekstrarfyrirkomulag stofnunarinnar, síður en svo. Norðmenn, sem eru með hlutafélagaformið, eru líka með ákveðið mál í gangi fyrir ESA, einmitt hvað fellur undir samkeppnisrekstur annars vegar og hins vegar alþjónustukvöðina. Athugasemdir ESA snerta því ekki rekstrarformið, heldur það hvað eigi að flokka undir alþjónustukvöð og hvað ekki.

Þá er líka rétt að undirstrika það, af því að ég er komin út í það að ræða ESA, að menn hafa haldið því fram að hér hafi gögnum verið leynt en það er ekki þannig. Undir eins og beiðnir hafa borist frá þingnefndum og þingmönnum hefur sérstaklega gögnum frá ESA verið komið á framfæri við viðkomandi þingmenn. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, lét sérstaklega hringja í nefndarmenn í menntamálanefnd til þess að láta að vita að gögnin væru komin strax og þau voru komin. (Gripið fram í.) Þannig hefur þetta verið. Aftur á móti finnst mér sú umræða er tengist meintri leynd, sem er náttúrlega algjör fásinna og ekkert annað en fyrirsláttur — ég segi enn og aftur að ef ESA hefði ekki komið til hefði bara verið fundið eitthvað annað til að jarma um.

Síðan er það hitt, af því að menn tala um að það hafi komið þeim á óvart að ESA skuli hafa skrifað fleiri bréf og það hafi verið frekari samskipti á milli ráðuneytisins og ESA, (Gripið fram í.) af hverju kom það mönnum á óvart? Ef menn hefðu lesið gögnin sem fyrir lágu í menntamálanefndinni, sem þegar lágu fyrir, máttu menn eðlilega sjá að samskipti ESA og ráðuneytisins halda áfram, ekki síst út af því sem m.a. kemur fram í minnihlutaáliti menntamálanefndar, að ESA er ekki búið að móta stefnu hvað varðar alþjónustuhlutverkið eða hvað varðar nýja þjónustu sem fellur undir alþjónustuhlutverkið.

Eftir hverju er verið að bíða? Eftir hverju er ESA að bíða? Er hún ekki að bíða eftir okkur? Nema að því leytinu til að ESA getur ekki klárað málið af sinni hálfu fyrr en við erum búin að samþykkja frumvarpið. Það er alveg ljóst að ef við samþykkjum ekki breytingar á núverandi fyrirkomulagi Ríkisútvarpsins munu athugasemdir ESA koma mjög fljótt fram. (Gripið fram í.)

Síðan er hitt að það er sérstakt að fylgjast með því að vinstri grænir skuli með Ögmund Jónasson í broddi fylkingar í þessu máli skýla sér á bak við það að það þurfi að bíða með málið, m.a. út af ESA og framkvæmdastjórn ESB. Öðruvísi mér áður brá. Vinstri grænir eru núna byrjaðir að bíða eftir fyrirmælum frá Evrópusambandinu. Kannski er um stefnubreytingu að ræða. Hver veit?

En það er alveg ljóst að það truflar ekki ESA hvað t.d. Norðmenn varðar að þeir taka undir hlutafélagaformið. Rekstrarformið skiptir engu máli varðandi ESA þannig að það sé alveg skýrt. Allt annað er fyrirsláttur.

Ég ræddi um stuðning ýmissa við frumvarpið og það var viðkvæmt að ræða hér að meiri hluti þjóðarinnar er fylgjandi breytingum á rekstrarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins samkvæmt skoðanakönnun sem gerð var. Það er líka rétt að undirstrika að Bandalag íslenskra listamanna hefur lýst yfir stuðningi sínum við það að breyta því. FK hefur gert það líka. Síðan má að að sjálfsögðu rifja upp stuðning ýmissa einstaklinga eins og (Gripið fram í.) þeirra ágætu samfylkingarmanna Jakobs Frímanns Magnússonar, Gunnar Svavarssonar frá Hafnarfirði og Ágústs Ólafs Ágústssonar, varaformanns Samfylkingarinnar, sem hafa lýst því yfir að þeir eru hlynntir því að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag. Samfylkingunni er þá ekki alls varnað. Við verðum að segja það sem satt er. Samfylkingunni er ekki alls varnað í þessu máli.

Ég vil fara hér stuttlega yfir þau atriði er snerta ESA. Ég vil samt fyrst byrja á lífeyrismálunum og þá þeirri umræðu sem hefur verið vegna lífeyrismála starfsmanna Ríkisútvarpsins. Ég vil sérstaklega minna á að starfsmenn sem eiga aðild að stéttarfélögum innan heildarsamtaka opinberra starfsmanna eins og BHM, KÍ og BSRB hafa rétt á aðild í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, svo lengi sem þeir eiga aðild að viðkomandi stéttarfélagi, enda liggi samþykki vinnuveitenda fyrir þeim skuldbindingum sem aðildinni fylgja frá vinnuveitanda, þ.e. mótframlaginu.

Því hefur verið lýst yfir, rétt að undirstrika það, m.a. af Páli Magnússyni útvarpsstjóra fyrir hv. menntamálanefnd, og ég get líka staðfest það hér, að hið nýja félag muni samþykkja mótframlag að A-deildinni í samræmi við gildandi lög um lífeyrissjóðina og samþykktir hans. (**ÖJ:** Hvað með nýráðna?)

Ég vil taka undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að ég tel mikilvægt þegar verið er að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög eins og gert hefur verið og við þekkjum vel á öðrum sviðum að hið sama gildi um þá starfsmenn þessarar ríkisstofnunar sem verið er að breyta í hlutafélag. Nema að einu leyti er þetta mál frábrugðið, þ.e. að biðlaunarétturinn helst til ársins 2009, m.a. út af ýmsum breytingum sem eru fyrirhugaðar á afnotagjaldinu og tengist innheimtudeildinni. (Gripið fram í.) Það er líka alveg ljóst að það hefur verið mikið samráð og mikil samvinna, veit ég, meðal forstöðumanna Ríkisútvarpsins við starfsmenn hvernig og með hvaða hætti verði farið í samningaviðræður þegar þar að kemur.

Ég tel ekki rétt að taka samningsréttinn af starfsmönnum Ríkisútvarpsins ohf. þegar fram í sækir. (Gripið fram í.) Ég tel rétt að þeir hafi réttinn og ákveði hvort þeir láti sín félög, þau þrjú félög sem eru starfandi innan Ríkisútvarpsins, semja fyrir sig ef þeir svo kjósa að þeir myndi eitt félag til að semja fyrir sína hönd. Ég tel mér ekki stætt á því að taka þennan samningsrétt af starfsmönnum Ríkisútvarpsins. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) Formaður BSRB, Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri grænna, vill taka þennan samningsrétt af starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Ég tel miklu skipta að starfsmenn Ríkisútvarpsins fái sjálfir að semja um það og ákveða hvaða fyrirkomulag þeir hafa þegar þeir fara í samningaviðræður þegar þar að kemur og samningar renna út.

Ég vil einnig minna á að starfsmenn sem eru aðilar að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eiga einstaklingsbundinn rétt á áframhaldandi aðild skv. 2. mgr. 30. gr. laganna um lífeyrissjóðinn og ber þá viðkomandi einstaklingur ábyrgð á greiðslu til sjóðsins, þ.e. eigin iðgjaldi og mótframlagi vinnuveitanda.

Ég vil einnig segja að framangreind réttarstaða starfsmanna Ríkisútvarpsins við flutning starfa þeirra yfir til hins

opinbera hlutafélags er nákvæmlega sú sama og ég gat um áðan og tíðkast hefur í sambærilegum málum. Ég minni á að samkvæmt frumvarpinu er, eins og ég gat um áðan, starfsmönnum Ríkisútvarpsins að auki tryggður áframhaldandi biðlaunaréttur verði starf þeirra lagt niður, fram til 31. desember 2009. (Gripið fram í.)

Þarna er um aukinn rétt að ræða (**ÖJ:** Nei, þetta er skerðing á réttindum.) frá því sem (Forseti hringir.) tíðkast hefur við breytingu á rekstrarformi ríkisstofnunar. (**ÖJ:** Það er verið að afnema með lögum ... rétt.)

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil biðja þingmenn um að takmarka frammíköll sín og leyfa hæstv. ráðherra að ljúka hér máli sínu. (**ÖJ:** Það er erfitt ...) Flestir þeirra sem hér hafa gripið fram í eru á mælendaskrá. Ég hef sagt að hófleg frammíköll séu í lagi en það er allt of mikill órói í salnum. )

(**ÖJ:** ... Það er svo mikið um ósannindi.)

Menn hafa rætt hér lífeyrismál starfsmanna Flugstoða ohf. og réttindamál starfsmanna Ríkisútvarpsins. Ég vil undirstrika að þau eru ósambærileg eins og m.a. formaður menntamálanefndar hefur upplýst og fram hefur komið á fundum nefndarinnar þar sem starfsmenn RÚV eiga aðild að heildarsamtökum starfsmanna ríkisins en því var ekki til að dreifa um flugumferðarstjóra sem boðin var síðan vinna hjá Flugstoðum. Það er rétt að menn átti sig á þeim mun sem er á starfsmönnum þessara fyrirtækja.

Alltaf hefur verið sett fram sú klisja að þetta sé bara eitt skrefið í átt að einkavæðingu RÚV. Ég vil undirstrika að enginn stjórnmálaflokkur er með það á stefnuskrá sinni að selja Ríkisútvarpið. Enginn. Enginn stjórnmálaflokkur í landinu hefur það á stefnuskrá sinni að selja Ríkisútvarpið, miklu frekar erum við að ræða um það hvernig hægt er að efla og styrkja Ríkisútvarpið til þess að það geti sinnt því sem við viljum að það sinni, þ.e. öflugri alþjónustu og almannaþjónustu, menningarhlutverki o.fl., m.a. sem er tiltekið í viðkomandi samningi sem fylgir með frumvarpinu.

Þetta frumvarp breytir engu um það ef menn vildu einhvern tímann í framtíðinni einkavæða Ríkisútvarpið. (Gripið fram í.) Þetta frumvarp breytir engu. Það er alveg ljóst að það þarf alltaf meiri hluta þingsins og það er í raun sama um hvaða form við værum að ræða, núverandi fyrirkomulag eða annað, það er hægt að leggja núverandi fyrirkomulag stofnunarinnar og í rauninni stofnunina niður með einföldum meiri hluta á þingi. Það sama gildir að sjálfsögðu um það frumvarp sem við ræðum hér. Ef menn vilja þarf bara einfaldan meiri hluta til að selja Ríkisútvarpið og ég ítreka enn og aftur að það er ekki á dagskrá hjá neinum stjórnmálaflokki.

Það væri svo sem ágætt að ákveðnir þingmenn innan stjórnarandstöðunnar, sérstaklega innan Samfylkingarinnar, færu að gera upp við sig hvort um ríkisvæðingu er að ræða eða einkavæðingu. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur haldið fram hinu fyrra og fullyrt að hér væri um aukna ríkisvæðingu að ræða. Það kom fram sama dag og annar hv. þingmaður skrifaði að það væri örugglega um einkavæðingu að ræða, sú væri afleiðing þessa frumvarps. Ég bið hv. stjórnarandstöðuþingmenn að koma fyrst skipulagi á hugsanir sínar og stefnu og koma sér saman um það út á hvað þetta frumvarp gengur, hvort um einkavæðingu eða ríkisvæðingu sé að ræða.

Í rauninni er það ekki mikilvægast. Mikilvægast í þessu er að við erum að efla Ríkisútvarpið til að það geti sinnt þeirri skyldu og þeim kröfum sem við gerum til þess alla jafna. Við erum að forgangsraða fjármunum Ríkisútvarpsins í þágu innlendrar dagskrár, í þágu menningardagskrár til okkar allra og um leið efla dreifikerfið o.fl. sem fellur undir skyldur Ríkisútvarpsins.

Það er rétt að undirstrika nokkuð varðandi ESA og samkeppnismálin. Ég vil ítreka að athugasemdir ESA snerta ekki rekstrarformið. Samskipti ráðuneytisins og ESA hafa verið þannig að þessar stofnanir, ESA og menntamálaráðuneytið, hafa verið að vinna saman að því hvernig best er að útfæra alþjónustuákvæðið.

ESA gerir engar athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins eins og hún liggur fyrir, annars vegar í frumvarpinu og hins vegar í dagskrársamningnum sem er fylgiskjal með frumvarpinu. Hún gerir heldur engar athugasemdir við 4. gr. þar sem fjallað er um samkeppnishlutann. Það er rangt sem hér hefur verið haldið fram, að þetta sé allt eitthvað óljóst. Þetta er alveg skýrt af hálfu ESA.

Mér finnst hálfmiður að heyra löglærða menn efast um að sérlög gangi framar almennum lögum og vil því undirstrika að svo er. Sérlög ganga framar almennum lögum. Ríkisútvarpið fellur undir samkeppnislög nema hvað varðar 3. gr. sem er alþjónustugrein.

Hver hefur þá eftirlit? Það ræddum m.a. við ESA. Ég viðurkenni það alveg að ESA fannst það ekki nægilega skýrt í byrjun en við erum búin að fara yfir það mjög gaumgæfilega, líka í nefndinni, hver hefur þá eftirlit með alþjónustunni og alþjónustukvöðinni, 3. gr. Og hver er það? Það er ríkisendurskoðandi. Það er alveg skýrt að það er ríkisendurskoðandi sem mun hafa eftirlit með því að Ríkisútvarpið, sú alþjónusta sem það býður upp á, falli undir 3. gr. um almannaþjónustuna. Samkeppniseftirlitið hefur umsjón með öðru af því að þar koma samkeppnislögin til skjalanna.

ESA hefur haft þessa umsjón og þetta eftirlit með því hvað fellur undir almannaþjónustuna og hvað fellur undir ríkisstyrkjareglur EES. Það er ESA sem hefur komið með þær ábendingar og þetta er alveg á tæru og alveg skýrt. Frumvarpið, eins og það liggur fyrir og hefur verið unnið, og samningurinn er hvort tveggja alveg skýrt og fellur vel að því sem gengur og gerist í öðrum löndum Evrópu. Við erum ekki að gera neitt umfram það sem önnur ríki Evrópu eru að gera. Við erum að gera það sem er alþekkt. Við erum að gera það sem er alkunna í Evrópu. Það er það sem við erum að gera.

Það hefur líka komið upp sá misskilningur að auglýsingar á milli dagskrárliða sem falla undir almannaþjónustu valdi því að erfitt sé að aðskilja milli almannaþjónustu og samkeppnisrekstrar. Í 5. og 6. gr. almannaþjónustusamningsins eru mjög ítarleg fyrirmæli um aðskilnað bókhalds, verðlagningu auglýsinga og eftirlits með bæði almannaþjónustu og samkeppnisrekstri. Þar er sérstaklega kveðið á um upplýsingagjöf Ríkisútvarpsins til ríkisendurskoðanda og Samkeppniseftirlitsins. Þær útfærslur sem finna má í bréflegum samskiptum milli stjórnvalda og ESA sem stjórnarandstöðuþingmenn telja vera nýmæli eru í raun aðeins nánari útfærsla á því sem þegar er í samningnum.

Athugasemdir ESA varðandi umsvif RÚV á auglýsinga-

markaði hafa snúið að verðlagningu auglýsinga. Að tillögu ESA hefur sérstaklega verið tekið upp ákvæði um gagnsæi varðandi viðskiptakjör og verðlagningu auglýsinga í 5. gr. þjónustusamningsins. Menn skulu hafa hugfast að upplýsingalögin gilda þannig að það á ekki að vera með nokkru móti hægt að mismuna auglýsendum. Þetta verður miklu gegnsærra og betra þegar við erum búin að koma breytingunum í gegn miðað við núverandi ástand. Þetta verður allt skýrara og gegnsærra og það má líka segja að þetta verði lýðræðislegra. Ég á eftir að koma að því á eftir að við erum sérstaklega í frumvarpinu, (Gripið fram í.) að klippa á hin meintu pólitísku tengsl sem menn hafa oft haldið fram að væru til staðar. Hér eru m.a. hv. þingmenn sem hafa setið í útvarpsráði, að sjálfsögðu ekki pólitískir, er það? Nei, en engu að síður hafa þeir setið í útvarpsráði. Í frumvarpinu er verið að klippa eins og hægt er á pólitísk tengsl. Við viljum að Ríkisútvarpið sé rekið eins og fyrirtæki. Við viljum að sá sem stjórnar Ríkisútvarpinu hafi þau tæki og tól sem hann þarf á að halda til að sinna skyldum sínum, að reka öflugt ríkisútvarp í almannaþágu. (Gripið fram í.) Þá förum við auðvitað í rekstrarfyrirkomulag sem heitir Lög um opinber hlutafélög.

Ég spyr enn og aftur: Ef við samþykkjum ákvæði um opinber hlutafélög af hverju má ekki nota það? Af hverju er tortryggni til staðar? (Gripið fram í.) Ég spyr líka af því að menn hafa verið að efast um það hverjir eigi að kjósa stjórn Ríkisútvarpsins, Ríkisútvarpið er í eigu landsmanna, Ríkisútvarpið er í eigu þjóðarinnar. Af hverju má þá ekki ríkið skipa stjórnina? Er eitthvað að því? Er eitthvað að því að ríkisvaldið skipi stjórnina og hvað er þá eðlilegra en að lýðræðislega kjörnir þingmenn sem sumir hverjir eru hræddir við að beita lýðræðislegu valdi sínu og vilja ekki kjósa um mál þrátt fyrir að þau hafi verið rædd fram og til baka, hvað er þá eðlilegra en þessir lýðræðislega kjörnu þingmenn fái tækifæri til að kjósa stjórn í hlutafélag sem er í eigu allra landsmanna? Að sjálfsögðu er það eðlilegt. (**ÖJ:** Gæti verið að ráðherrann sé ...) Það er að sjálfsögðu eðlilegt að þingið kjósi stjórn Ríkisútvarpsins og stjórnin hefur, það er rétt að undirstrika það, það er mjög mikilvægur punktur, ekkert dagskrárvald eins og núverandi útvarpsráð, hefur ekkert vald til þess að ráða dagskrárgerðarmenn, fréttamenn eða hvaðeina sem gert hefur verið í gegnum tíðina. Búið er að klippa á það vald (**Gripið fram í:** ... ráðgefandi aðili, umsagnaraðili.) af því að við viljum hafa þetta gegnsætt og við viljum að Ríkisútvarpið sé það sem ekki má nefna, við viljum að það sé nútímavætt. (**ÖJ:** Ræður ... útvarpsstjóra?) Það er alveg rétt. Ríkisútvarpsstjóra er hægt að ráða og reka af stjórn Ríkisútvarpsins. (**ÖJ:** Hver ræður fréttamenn núna?) Stjórnin getur ráðið og rekið útvarpsstjóra sem hefur vald eins og framkvæmdastjórar í hlutafélögum. Við verðum að treysta þeim sem við höfum valið til að stjórna fyrirtækjum eins og fjölmiðlinum sem við ræðum í dag og nefnist Ríkisútvarpið. Við verðum að treysta þeim.

Ég treysti Páli Magnússyni fullkomlega sem hefur allt að því verið rægður í þingstól af hálfu formanns BSRB, hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Hann hefur verið vændur um að fara með ósannindi. Það er eins og að einhver embættismannafóbía sé í gangi hjá hv. þingmönnum. Embættismenn mega ekkert segja og ekkert gera. Ég hef aldrei kvartað undan því þegar t.d. menn hafa rætt um að forstöðumenn háskóla hafi verið mjög gagnrýnir á stefnu stjórnvalda. Það er allt í lagi þegar stjórnarandstaðan vitnar í það en forstöðumenn ríkisstofnana skulu bara veskú halda kjafti ef þeim leyfist að vera ósammála stjórnarandstöðunni. Hins vegar er allt í lagi að vitna í forstöðumenn ríkisstofnana ef þeir eru á öndverðum meiði við stefnu stjórnvalda. (Gripið fram í.) Ég get vitnað í mýmargar ræður þar sem forstöðumenn hafa ekki alltaf verið á eitt sáttir varðandi breytingar á fyrirtækjum úr ríkisstofnunum. Þannig er það. Það er lýðræðið sem við búum við. Alveg eins og stjórnvöld verða að búa við það að sæta gagnrýni og fá mismunandi skoðanir verður stjórnarandstaðan veskú líka að gera það. Ég vona að hv. þingmenn fari að sýna embættismönnum landsins aðeins meiri háttvísi en þeir hafa gert í umræðu um þessi mál þar sem embættismenn hafa allt að því verið sakaðir um rangfærslur og ósannindi. Ég vil segja það skýrt og skorinort að ég treysti Páli Magnússyni algjörlega. Ég treysti þeim manni af því að hann hefur víðtæka og áralanga reynslu varðandi rekstur fjölmiðla, það sem málið snýst um. Hann þekkir það út og inn.

Þess vegna treysti ég honum betur en hv. þm. Ögmundi Jónassyni, betur en hv. þm. Merði Árnasyni og öðrum talsmönnum stjórnarandstöðunnar í málinu. Ég treysti þeim manni til að reka Ríkisútvarpið þannig að sómi verði að eins og hann hefur gert og sýnt fram til þessa. Hann hefur staðið sig frábærlega og Ríkisútvarpið hefur alla burði til að fara í nýja tíma og verða enn öflugra en áður hvað varðar menningarhlutverkið og almannaþjónustuna þannig að það sé skýrt.

Það hefur líka verið rætt um Sinfóníuhljómsveitina og tengsl hennar við Ríkisútvarpið. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur m.a. nefnt þau. Það er alveg rétt að líta ber á sögu þessara tveggja menningarstofnana sem er mjög merk. Hv. þm. Mörður Árnason hefur líka farið ágætlega yfir þá sögu alla. Sumir hafa sagt að það hefði mátt útvarpa meira. Ég held að útvarpið hafi sinnt því hlutverki ágætlega. Menn eru hræddir um að tengsl Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins verði rofin. Ég er sannfærð um að svo verður ekki.

Ég vil rifja upp þá sögu að fyrir áratugum var útvarpshljómsveitin svokallaða lögð í Sinfóníuna. Jafnframt var staðfest með lögum að RÚV skyldi greiða í Sinfóníuna. Nú hefur verið tekin ákvörðun í ljósi frumvarpsins sem við ræðum nú um að slíta á þau tengsl en um leið, sem skiptir svo miklu máli, að tryggja rekstur og rekstrargrundvöll Sinfóníunnar. Ríkisvaldið mun yfirtaka fjárhagslegar skuldbindingar Ríkisútvarpsins varðandi Sinfóníuhljómsveitina þannig að hún á að geta haldið áfram starfsemi sinni óbreyttri.

Ég vil einnig vekja athygli á þjónustusamningnum um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem fylgir frumvarpinu. Það er mjög merkilegt plagg, afar merkilegt plagg, brautryðjendaplagg varðandi samskipti Ríkisútvarpsins og stjórnvalda. Þegar við sömdum samninginn litum við sérstaklega til þeirra landa sem við lítum gjarnan til, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur, þar sem við erum að reyna að skilgreina og skerpa betur þá sýn og þá stefnu sem Ríkisútvarpið á að fylgja eftir, m.a. í ljósi þess að það er aukin

samkeppni á markaði. Það þarf að taka líka tillit til þess. Við viljum beina Ríkisútvarpinu í ákveðinn farveg þannig að það forgangsraði fjármunum sínum í almannaþjónustu.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að í þjónustusamningnum um útvarpsþjónustu í almannaþágu er m.a. kveðið á um menningarhlutverk Ríkisútvarpsins. Eftir breytingarnar mun Ríkisútvarpið og Sinfónían gera með sér samning á frjálsum grunni, ekki lögbundinn, um m.a. að útvarpa og hljóðrita tónleika. Tengslin þarna á milli verða því eftir sem áður með öðrum hætti, þau verða ekki lögbundin eins og þau eru í dag. Þau verða á frjálsum grunni á milli stofnananna. Þetta er eitt af hinum mikilvægu hlutverkum, menningarhlutverkum, sem Ríkisútvarpið ber skylda til að standa fyrir og undir.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði um víðtæka sátt. Iðulega þegar ég heyri stjórnarandstöðuna tala um víðtæka sátt sýnist mér að hún verði að byrja fyrst á að vinna heimavinnuna því reynsla mín hefur sýnt fram á að þetta er frasi sem er notaður þegar stjórnarandstaðan getur ekki komið sér saman um málið. Umræðurnar hafa verið langar hérna og ég hef hlustað nokkurn veginn á allar ræður hv. þingmanna og farið vel yfir ræður þeirra.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hún geti fundið hentugan stað í ræðu sinni til þess að fresta ræðunni ef hún getur ekki lokið henni á næstu tveimur mínútum vegna þess að hér verður gert matarhlé frá kl. eitt til hálftvö.)

Ég á um það bil tíu mínútur eftir af ræðu minni. Ég held því að rétt sé að ég bíði með ræðuna í bili og haldi áfram kl. hálftvö að ræða um þá víðtæku sátt sem hefur gjarnan verið talað um, en er að mínu mati lítið annað en frasi sem stjórnarandstaðan hefur haldið uppi til þess að þæfa og tefja málið. En ég mun þá halda áfram kl. hálftvö, frú forseti.

[Fundarhlé. — 12:57]

[13:31]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** (frh.)**:**

Frú forseti. Ég þakka fyrir að fá þetta tækifæri til að ljúka máli mínu. Ég reyni að vera eins stuttorð og hægt er svo lengi sem hægt er að fá frið fyrir framíköllum en ég sé að hér er einn öflugur talsmaður framíkalla svo hver veit. Þar sem ég var komin áðan var að þessum frasa sem stjórnarandstaðan notar oft, víðtæk sátt, að leita víðtækrar sáttar. Það er skoðun mín og einfaldlega reynsla að þegar þessi orð eru notuð er það stjórnarandstaðan sem ætti í raun að byrja að leita sáttar hjá sjálfri sér. Af hverju segi ég það? Jú, eftir alla þessa umræðu, eftir allar þær skoðanir sem birst hafa í ræðum þingmanna hinna ólíku stjórnarandstöðuflokka vil ég sérstaklega geta þess sem Magnús Þór Hafsteinsson, sem er fulltrúi og varaformaður Frjálslynda flokksins, sagði við eina umræðuna. En varaformenn flokkanna hafa tjáð sig með mjög afgerandi hætti í þessari umræðu (Gripið fram í.) og svo virðist sem þeir séu að sjá ljósið því að varaformaður Samfylkingarinnar sagðist vera hlynntur því að breyta RÚV í hlutafélag ef komið væri til móts við upplýsingalöggjöfina, það er búið að gera það, og ritstjórnarlegt sjálfstæði og það er alveg skýrt að passað verður upp á það. Varaformaður Frjálslynda flokksins sagði í umræðu um þetta mál að hann sé reiðubúinn til að fella sig við hlutafélagaformið svo lengi sem nægilegt fjármagn fylgi. Það er nú einmitt þannig að það fylgir nægilegt fjármagn því að í drögum að stofnefnahagsreikningi sem liggur fyrir er ljóst að Ríkisútvarpið mun verða með 12–15% eiginfjárhlutfall þegar það hefur rekstur undir nýju og breyttu rekstrarformi sem er ohf. Það er því ljóst að varaformaður Frjálslynda flokksins mun geta stutt þetta frumvarp eins og varaformaður Samfylkingarinnar.

Næsti stjórnarandstöðuflokkur og sá flokkur heitir Samfylking sagði m.a. eða hv. þm. Mörður Árnason við upphaf umræðunnar á sínum tíma að það væri svo sem hægt að fella sig við hlutafélagaformið ef hinu og þessu yrði breytt. Það er sem sagt hægt að fella sig við hlutafélagaformið. En eins og menn þekkja er stefna Samfylkingarinnar, fyrir utan varaformann Samfylkingarinnar, sú að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun. (**Gripið fram í:** Eins og Framsóknarflokksins.) Það er hins vegar ekki stefna þriðja stjórnarandstöðuflokksins sem er Vinstri grænir. Það er alveg ljóst að þeir vilja óbreytt rekstrarform. Þeir vilja hafa ríkisstofnun. Afstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur allan tímann verið mjög skýr í þessu máli. Þeir hafa talað mjög skýrt, þeir eru einfaldlega á móti breytingunni, þeir vilja hafa ríkisstofnun. Þeim hugnast ekki þær rekstrarformsbreytingar sem við höfum staðið fyrir, hvort heldur það er í þessu máli eða í öðrum ríkisstofnunum. Þeir segjast vera á móti því að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag og hafa sínar röksemdir fyrir því. Þeir eru einfaldlega á móti því og ég ætla ekki að detta í þann frasa að segja að það sé af því að þeir séu alltaf á móti. Þeir á móti því að breyta Ríkisútvarpinu af því að þeir eru hræddir (Gripið fram í.) við þær breytingar sem Ríkisútvarpið þarf að fara í gegnum til þess að það geti staðið undir þeim kröfum sem það þarf að uppfylla.

Það sem ég er að draga fram er að við höfum heyrt þrjár mismunandi skoðanir við umræðuna, eiginlega fjórar, jafnvel fimm. (**Gripið fram í:** Eða sex.) Afstaða ríkisstjórnarflokkanna er alveg skýr. Hún er nokkurn veginn sú sama og varaformanns Samfylkingarinnar, þ.e. að breyta stofnuninni í opinbert hlutafélag.

Við höfum líka heyrt Frjálslynda segjast geta fellt sig við hlutafélagaformið ef nægilegt fjármagn fylgi og það fylgir nægilegt fjármagn. (Gripið fram í.) Þess vegna segi ég: Byrjið að leita sátta í eigin röðum áður en þið farið að tala um víðtæka sátt í samfélaginu. Það er alveg ljóst hvað mig varðar að ég tel að við séum að taka hér gott skref, farsælt skref í þá átt að Ríkisútvarpið geti tekist á við nýja tíma, kröfuharðari tíma, í þá veru að þeir sinni enn betur innlendri dagskrárgerð og menningarhlutverki sínu en það hafa gert fram til þessa og hefur það þó gert það ágætlega. Við viljum bara enn meira, við gerum enn ríkari kröfur til Ríkisútvarpsins. Þess vegna þarf það að hafa tækifæri til að aðlaga sig að breyttum tíma, líka á samkeppnissviðinu, til að standa undir því sem ætlast er til af því.

Menn hafa spurt: Hvers vegna lítum við ekki til BBC? Af hverju skoðum við ekki hvað BBC er að gera? Það hefur m.a. verið rætt í einhverjum af þeim fjölmörgu ræðum sem hér hafa verið fluttar. Það er kannski rétt að nefna eitt atriði

sem ekki hefur verið rætt hér og ekki mjög margir vita af og það er að BBC er afar fyrirferðarmikið á samkeppnismarkaði. BBC er gríðarlega sterkt vörumerki á alþjóðlegan mælikvarða og það er sjötta stærsta fjölmiðlafyrirtæki Evrópu. Það rekur fyrirtækið BBC Worldwide Ltd. Það er fyrirtæki í samkeppnisrekstri sem selur m.a. sjónvarpsþætti og kvikmyndir sem BBC hefur framleitt. Það rekur sjónvarpsstöðvar í samkeppni við einkaaðila, það gefur út tímarit, bækur, geisladiska, sölumyndbönd, DVD o.fl. Þetta gerir fyrirtækið ásamt því að selja ýmsan annan varning og hagnaðurinn af BBC Worldwide er síðan notaður til að fjármagna útvarpsþjónustu í almannaþágu og halda um leið afnotagjöldunum í lágmarki. Þess vegna hefur mér komið það dálítið spánskt fyrir sjónir þegar menn segja, og sérstaklega samkeppnisaðilar RÚV á markaðnum, að við skulum líta til BBC. BBC er gríðarlega öflugt á samkeppnismarkaði, það er vert að hafa í huga.

Ég ítreka að fyrir þjónustusamningnum, sem er að mínu mati tímamótasamningur varðandi samskipti Ríkisútvarpsins og stjórnvalda, eru fordæmi hjá öðrum ríkisfjölmiðlum í Evrópu. Danir hafa gert slíkan samning, Frakkar, Írar, Ítalir, Svíar og Belgar. Svona samningar hafa verið gerðir víða. Rétt er að undirstrika það að Danir reka sjálfseignarstofnun og ég ætla þá að fara aðeins yfir það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar áðan af því að í því landi er sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið mjög þekkt. Um það gilda skýr lög í Danmörku. Þetta fyrirkomulag er ekki mikið notað. 95–97% fyrirtækja sem rekin eru á Íslandi eru rekin í hlutafélagaformi. Af hverju? Jú, af því að það er gegnsætt fyrirkomulag, það er mjög formbundið og menn vita að hverju þeir ganga þegar menn nota menn það. Ef við ætluðum að fara sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagsleiðina þyddi það að við þyrftum að hafa mjög ítarlega löggjöf og enn og aftur bendi ég á að það er ekki áhlaupaverk að breyta lögum um Ríkisútvarpið. Það hefur sýnt sig fram til þessa. Ég tel miklu farsælla að hafa ákveðinn ramma fyrir Ríkisútvarpið, ramma sem er öllum aðgengilegur og vel þekktur, fyrirkomulag sem við Íslendingar vitum út á hvað gengur og þekkjum til. Það er mikill misskilningur að hlutafélagaformið sé eingöngu notað í fyrirtækjum í hagnaðarskyni. Það er ekki svo. Því er það ekki að ástæðulausu sem m.a. ríkisvaldið fór út í það að samþykkja lög um opinber hlutafélög til að hægt sé að nýta slíkt fyrirkomulag og það rekstrarhagræði sem fæst í gegnum hlutafélagavæðinguna.

Ég er sannfærð um það, frú forseti, að þetta frumvarp mun verða Ríkisútvarpinu til heilla. Það mun treysta stoðir Ríkisútvarpsins sem einhverrar mestu menningarstofnunar landsins. Það er djúp sannfæring mín að sú leið sem við höfum farið með því að velja þetta fyrirkomulag muni leiða til þess að Ríkisútvarpið geti sinnt enn frekar þeim skyldum og kröfum sem við gerum til þeirrar annars ágætu stofnunar. Um leið vonast ég til að menn geti haldið áfram og þingið veiti þingmönnum, sem greinilega liggur margt og mikið á hjarta tækifæri til að tjá sig. (**Gripið fram í:** Gott.) Ég er ekki að biðja um að eitt eða neitt verði stytt eða skert en ég bið um ný sjónarmið, ný gögn í málið, ný viðhorf. Við erum búin að heyra allt sem menn hafa sagt hér mörgum sinnum. Það er ekkert nýtt málinu. Ég mundi skilja það ef allt væri á rúi og stúi í samfélaginu. Ef allt væri á rúi og stúi væru mótmæli úti á Austurvelli út af þessu máli — það mátti nú ekki minnast á kaffistofur áðan, þetta væri bara mál málanna og þetta væri það sem landið bryti á o.s.frv. Svo er ekki og þetta mál sannfærir mig um það að stjórnarandstaðan er algerlega úr takti við þjóðarsálina í dag. (**Gripið fram í:** ... einhverjum takti núna.) Við eigum að fá að nota lýðræðislegan rétt okkar eftir svo umfangsmiklar umræður. Ég ítreka að við erum búin að ræða þetta mál meira en EES, gagnagrunn á heilbrigðissviði, Kárahnjúkana og það er hægt að tína mörg önnur mikilvæg mál eins og Ríkisútvarpið.

Ég tel að í þessu máli sé búið að segja mestallt sem segja þarf en ef menn vilja tjá sig meira þá gera þeir það að sjálfsögðu. Það er réttur þeirra. Mér finnst það mikið fagnaðarefni að forsetar þingsins hafa lagt sig í líma við að koma til móts við óskir þingmanna að skapa þeim svigrúm til að ræða málið í þinginu. Ef ekki á að ræða málið hér, hvar á þá að ræða það? Auðvitað á að ræða málið hér og greiða síðan atkvæði um málið, nema það sé eitthvað sem menn þora ekki að gera. En ég segi enn og aftur að stjórnarandstaðan er úr takti við þjóðarsálina í þessu máli. Það er verið að lengja störf þingsins. Ég tek undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að hér er um grímulaust málþóf að ræða. Ég tel það miklu farsælla fyrir þingið að afgreiða þetta mál, að við fáum tækifæri til að segja já og stjórnarandstaðan nei, miðað við það sem hún hefur verið að segja, að við fáum eftir 120 klukkustunda umræðu tækifæri til þess að greiða atkvæði.

En tilgangurinn helgar meðalið. Menn hrista höfuðið og segja að (Gripið fram í.) áfram skuli haldið í þessu máli. Við eigum ekki að fá tækifæri til að ræða málefni Byrgisins eða málefni Vatnajökulsþjóðgarðs, sem er mikilvægt og brýnt mál, sameiningu háskólastofnana eins og Kennaraháskólans og Háskóla Íslands, Náttúruminjasafnið. Mörg brýn mál bíða afgreiðslu í þinginu en stjórnarandstaðan kemur í veg fyrir að við ræðum þau mál. Það sjá allir sem vilja sjá. Þetta er ekki það mál sem brennur á landsmönnum í dag. (Gripið fram í.) Menn verða að fara að viðurkenna það og koma ekki hingað upp í einhverjum felulitum og kalla hlutina öðrum nöfnum, að menn séu ekki í málþófi heldur í einhverju allt öðru. Menn geta verið málefnalegir í málþófi en þetta er málþóf og ekkert annað. Ég hvet hv. þingmenn til að ræða málið þannig að við getum innan tíðar farið að taka afstöðu í málinu. Eða óttast stjórnarandstaðan e.t.v. að það verði klofningur meðal hennar í þessu máli? Það má kannski ætla það miðað við þá afstöðu sem þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa greint frá í ræðum sínum. Ég minni enn og aftur á að við erum búin að heyra a.m.k. þrjár eða fjórar mismunandi skoðanir af hálfu stjórnarandstöðuþingmanna. Við verðum að hafa það hugfast, fyrir utan það að Samfylkingin áttar sig ekki á hvort um ríkisvæðingu eða einkavæðingu er að ræða. Það væri ágætt að byrja á því að fókusera aðeins á hvað þeir telja sjálfir að málið snúist um.

Málið snýst um það, frú forseti, að við erum að taka skref inn í framtíðina fyrir Ríkisútvarpið, fyrir almenning í landinu til að geta notið sem bestrar þjónustu, menningarlegrar þjónustu. Við viljum sjá aukna innlenda dagskrárgerð í útvarpinu og sjónvarpinu. Við erum að forgangsraða skattpeningum, fjármagni almennings í þágu almennings.

Við höfum sagt, m.a. í gegnum frumvarpið og þjónustusamninginn, að við viljum að fjármununum verði forgangsraðað í þágu innlendrar dagskrárgerðar, að sjálfstæðir framleiðendur komi í auknum mæli að framleiðslu efnis innan Ríkisútvarpsins. Við viljum sjá táknmálstúlkun í ríkari mæli. Það er líka sagt í samningnum. (Gripið fram í.) Allt þetta viljum við. Lykillinn að því er að við fáum tækifæri til að greiða atkvæði um málið þegar þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa tjáð sig nægilega mikið um það. Ég tel að jafnskarpir, skýrir og snarpir menn og konur og eru innan stjórnarandstöðunnar eigi að geta séð tækifærið í því að tjá hug sinn á þeim 120 klukkustundum sem búið er að ræða um þetta mál. (Gripið fram í.) Aðalatriðið er að við sjáum bjarta tíma fram undan fyrir Ríkisútvarpið, fyrir dagskrárgerð í landinu og almenning í landinu. Við munum njóta þess að fá enn betri dagskrá í gegnum þær breytingar á Ríkisútvarpinu sem við munum standa fyrir og samþykkja síðan.

[13:48]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra sýnir mikinn þvergirðingshátt í þessu máli. Hér er um að ræða einkavæðingu Ríkisútvarpsins þar sem verið er að færa opinbera menningarstofnun sem gegnir mikilvægu almannahlutverki, lýðræðislegu hlutverki, úr umhverfi opinbers réttar inn í umhverfi einkaréttar.

Við þessa breytingu eru réttindi starfsmanna fyrir borð borin að mjög mörgu leyti. Hæstv. menntamálaráðherra sem hefur farið með ýmsar rangfærslur í ræðu sinni fer auðvitað ekki inn í málefni starfsmanna af því hún þorir því ekki. Vegna þess að hún veit sem er að eftir allan þennan tíma stendur eftir sú staðreynd að jafnræðisregla, andmælaréttur, rannsóknarregla og meðalhófsregla verða teknar frá starfsmönnum.

Það er ljóst að nýir starfsmenn Ríkisútvarpsins munu ekki njóta þeirra réttinda sem þeir annars nytu ef þeir væru nýir starfsmenn Ríkisútvarpsins eins og það er í dag.

Það er misfarið með biðlaunarétt sem heyrir undir eignarrétt í stjórnarskrá. (Forseti hringir.) Ég gæti talið áfram lengi og ég átel (Forseti hringir.) hæstv. menntamálaráðherra fyrir að svara engri af þessum ávirðingum í sinni ræðu.

[13:49]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mótmæli því harkalega og harðlega að ég hafi ekki svarað neinu í minni ræðu. Meðal annars talar hv. þingmaður um að þetta sé ekkert annað en einkavæðing. Það er fáránlegt að halda slíku fram. Ef menn vilja leggja niður Ríkisútvarpið þá gera þeir það með einföldum meiri hluta núna á Alþingi.

Mér finnst þetta í rauninni lítilsvirðing við það hvernig fyrirkomulagið er hér á hinu háa Alþingi, þ.e. lítilsvirðing varðandi framgang löggjafans. Ef það er meiri hluti á Alþingi til að breyta Ríkisútvarpinu þá verður því breytt. Ef það er meiri hluti á Alþingi til þess að selja það þá verður það selt eða lagt niður.

Hins vegar er ekki meiri hluti á þingi til þess að einkavæða það. Það er ekki meiri hluti á Alþingi til þess að selja það eða leggja það niður. Það er hins vegar meiri hluti á Alþingi til þess að efla Ríkisútvarpið, til þess að styðja það og styrkja til að sinna sínu menningarhlutverki og til þess er leikurinn gerður með þessu frumvarpi.

[13:50]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur ljóst fyrir að þegar kjarasamningum sleppir eftir tvö ár að þá verði samningsformi breytt þannig — og þetta hef ég eftir útvarpsstjóra sjálfum — að við taka nýir samningar, svokallaðir frjálsir samningar. Við frjálsu samningana sem gerðir eru við einstaklingana þá gerist tvennt sem við vitum af reynslu, í fyrsta lagi það að öllum líkindum breikkar bilið á milli launa karla og kvenna. Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra. Er hún sátt við það? Sömuleiðis segir útvarpsstjóri að við þetta geti starfsmenn selt kauphækkanir gegn réttindum. Hvað þýðir það? Er hæstv. menntamálaráðherra sátt við það? Áttar hún sig ekki á eðli opinbers réttar og á hvern hátt hann er öðruvísi en einkaréttur?

Þessi stofnun, Ríkisútvarpið, á það skilið af okkur hér á löggjafarsamkundunni að við stöndum saman um breytingar sem á því þarf að gera. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram frumvarp um það á hvern hátt við viljum breyta Ríkisútvarpinu og gera það skilvirkara að ýmsu leyti (Forseti hringir.) en hæstv. menntamálaráðherra skellir við skollaeyrum og neitar að (Forseti hringir.) ræða við okkur.

[13:51]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er algjörlega fáránlegt og það er ömurlegt að sitja hér undir því að breytingarnar muni leiða í sér aukinn launamun á milli karla og kvenna. Það er fáránlegt að halda slíku fram og allt að því dónalegt.

Ég treysti þeim sem eru forstöðumenn Ríkisútvarpsins til að semja sín á milli. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Eftir að kjarasamningar renna út eru þetta frjálsir samningar. Ég tel að við eigum ekki að niðurnjörva eða taka samningsréttinn af þeim sem munu starfa hjá Ríkisútvarpinu. Það er nefnilega merkilegt að Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Samfylkingin vilja taka af samningsréttinn, niðurnjörva hann í löggjöfina þannig að hægt sé að taka af þeim samningsréttinn. (Gripið fram í.)

Ég segi, frú forseti, sami réttur eigi að gilda hjá starfsmönnum Ríkisútvarpsins og hjá öðrum starfsmönnum þeirra ríkisstofnana sem umbreytt hefur verið í hlutafélag eða annað rekstrarform en ríkisstofnun. Sami réttur á að gilda. En það er hins vegar rétt að segja það líka að það er aukinn biðlaunaréttur í þessu frumvarpi til (Forseti hringir.) handa starfsmönnum Ríkisútvarpsins. (Gripið fram í.)

[13:52]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)*:

Forseti. Þetta var merkileg ræða. Þó bar hún ekki í sér neitt nýtt nema nokkur orð sem menntamálaráðherra hefur fundið upp og engu var svarað af því sem fram kom.

Mig langar að spyrja spurningar og fá svar við henni. Hún varðar þann hluta ræðu menntamálaráðherra sem fjallaði um hlutafélög og sjálfseignarstofnanir þar sem menntamálaráðherrann hafði fundið það út að hlutafélag væri æðst forma í heimi hér og eitthvert dýrlegasta form sem fundið hefur verið upp frá því Pýþagóras var upp á sitt besta.

Hvar er könnun menntamálaráðherra um æskileik sjálfseignarstofnunarformsins eða gallana á því fyrir Ríkisútvarpið sem starfað hefur hér í 77 ár sem ríkisstofnun?

[13:54]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef ég hef skilið hv. þingmann rétt þá fannst mér eins og lok andsvars síns þá væri hann að hverfa hugsanlega frá sjálfseignarstofnunarfyrirkomulaginu. En kannski hef ég bara misskilið hv. þingmann.

Hann sagði að þetta hefði ekki verið merkileg ræða og að ekkert nýtt hefði komið fram. Þá háir mér það fyrirbæri sem nákvæmlega er að herja á alla stjórnarandstöðuna: Það er ekkert nýtt að koma fram. Ég taldi mig fara mjög gaumgæfilega yfir ákveðna þætti málsins, lífeyrisréttindin, um einmitt af hverju hlutafélag en ekki sjálfseignarstofnun er valið. Ég er margbúin að segja það að hlutafélagaformið — og það er eitthvað sem hv. þingmaður þolir ekki að heyra — hlutafélagaformið er þekkt form. Það er eitthvað sem við Íslendingar þekkjum, kunnum á og vitum um. Það er gegnsætt. Það er formbundið. Við vitum nákvæmlega hvaða löggjöf gildir um það.

Ef við ætlum að fara í sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið þá hefðum við þurft að gera hvað? Af því lagarammminn um sjálfseignarstofnun er óljós, (Forseti hringir.) þá hefðum við þurft að niðurnjörva lið fyrir lið allt í lögum (Forseti hringir.) sem gerir Ríkisútvarpið ósveigjanlegt.

[13:55]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)*:

Forseti. Þetta er einmitt það sem er erfitt við að spyrja eða að tala við menntamálaráðherrann. Hún svarar ekki spurningum. Ég spurði hana hvar sú könnun væri en ekki hvar menntamálaráðherra fann þetta upp, heldur hvar sú könnun, hvar það frumvarp, hvar sú könnun væri sem segir henni að þetta væri niðurnjörvað o.s.frv. Hún hefur bara ekki verið gerð. Við fengum eitt plagg þar sem höfundar frumvarpsins, Jón Sigurðsson og Sigurbjörn Markússon, skýrðu það út hvers vegna þetta mætti ekki vera sjálfseignarstofnun og það var einmitt sama skýringin: Það er svo flókið.

En hvernig eru lögin um hlutafélagið Ríkisútvarpið? Þau eru ákaflega flókin. Það er búið að nema nánast allt úr gildi sem hlutafélagsstofnunin stendur fyrir nema eitt. Það er kannski ástæðan fyrir því að menntamálaráðherra velur þetta form. Það er stjórnskipulagið sem er eðlilegt í fyrirtæki á markaði sem hefur hagnað að leiðarljósi, fyrirtæki sem starfar fyrir nokkra eigendur sem eru yfirleitt fleiri en sá sem hér um ræðir. En þá er það algerlega ólýðræðislegt. Það er bara eins og skipstjóri á skipi. Það er það sem hún tekur til þess að (Forseti hringir.) geta síðan ráðið Pál Magnússon eða einhvern annan (Forseti hringir.) slíkan (Forseti hringir.) sem framhald og viðhengi af sjálfri sér.

[13:56]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Heyr á endemi. Ég var að tala um fyrirlitningu á embættismönnum og akkúrat lokaorð hv. þm. Marðar Árnasonar, þingmanns Reykjavíkur, voru hlaðin fyrirlitningu á embættismönnum, vantrú og vantrausti. Mér finnst það miður að heyra þetta af hálfu talsmanns Samfylkingarinnar í þessu máli.

En ég vil benda mönnum á eitt. Menn hafa verið að tala um sjálfseignarstofnunarfyrirkomulag. Ríkisútvarpið vinnur núna í dag á miklu hreyfanlegri markaði en nokkru sinni áður. Það er mun meiri hreyfing á þessum markaði. Á það þá að fara eftir einhverjum niðurnjörvuðum reglum sem við þurfum að fara í í gegnum sjálfseignarstofnunina?

Ég spyr. Við höfum eitt dæmi. Við höfum eitt dæmi, hv. þingmaður, um það þegar skóli breytti sínu rekstrarfyrirkomulagi. Þegar við sameinuðum Háskólann í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, hvaða fyrirkomulag kaus Háskólinn í Reykjavík sem hafði verið sjálfseignarstofnun fram til þess? (Gripið fram í.) Af hverju kaus hann ekki sjálfseignarstofnunarfyrirkomulag fyrst það er svona brilljant að reka (Forseti hringir.) skólann sem sjálfseignarstofnun? Hann valdi hlutafélag af því það er (Forseti hringir.) gott form.

[13:57]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að eiga orðastað við hæstv. menntamálaráðherra vegna þeirra yfirlýsinga frá BHM og BSRB sem ég las upp hér í morgun. Mér fannst ráðherra ekki koma nógu mikið inn á þau mál áðan í sinni ræðu eins og hún talaði um í morgun að hún mundi gera.

Ráðherrann minntist áðan á útvarpsstjóra. Er ráðherra kunnugt um að útvarpsstjóri er þegar farinn að vinna eftir frumvarpinu án þess að nokkur viti hvort það verði samþykkt, þ.e. að ráða án þess að auglýsa? Er ráðherra samþykkur þessum vinnubrögðum?

Síðari spurningin er þessi: Er ráðherra sammála þeirri fullyrðingu sem ég hef komið með í þessari umræðu um að við samþykkt frumvarpsins RÚV ohf. geti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ekki lengur gilt um starfsmennina?

[13:58]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get ekki að því gert að þegar verið er að lesa hér upp tilkynningar í þessu máli, álit frá hagsmunasamtökum eins og BSRB, þá veldur það ákveðnum efa hjá mér. (Gripið fram í.) Upp kemur efi af því það vill svo til

að helsti talsmaður stjórnarandstöðunnar í þessu máli, formaður þingflokks Vinstri grænna, er sami maðurinn og gegnir formannsstöðu hjá BSRB. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki svar.) Ég verð því að segja að ég efast að vissu leyti þegar ég les slíkar tilkynningar um að þær séu lausar við ákveðna pólitík.

Hins vegar er alveg ljóst af minni hálfu að hvar sem menn starfa þá eiga þeir að starfa eftir þeim lögum sem eru í gildi í landinu. (Gripið fram í.)

[13:59]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn og aftur bregst ráðherra þannig við að hún reynir að víkja sér undan því að svara þessu meginatriði. Ég verð þá bara að halda áfram að reyna að upplýsa (Gripið fram í.) þingheim um það hér áfram í ræðu seinna.

En (Gripið fram í.) ráðherra nefndi hér meðal annars í ræðu sinni áðan tæki og tól til að takast á við nýja tíma. Ég spyr: Felst í því nauðsyn þess að skerða réttindi og kjör starfsmanna, sem ég tel að þetta frumvarp geri?

Annað er að ráðherra sagði áðan um réttindi og kjör starfsmanna að eftir samþykkt frumvarpsins vildi hún ekki hafa önnur ákvæði um starfsemi í þessu frumvarpi heldur en væri í öðrum sambærilegum, þ.e. forverum þeirra Matís og fleirum.

Hún vill helst gera jafnilla við starfsmennina hjá RÚV og hjá hinum og er þar af leiðandi að viðurkenna það sem ég hef haldið fram hér í umræðunni, að þetta frumvarp mun skerða réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Þetta gat ég allt á einni mínútu.

[14:00]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er margt hægt að segja á mínútu og ég mælist til þess að menn noti sína mínútu vel.

Ég ber fyllsta traust til þeirra sem stjórna Ríkisútvarpinu og það er ekki rétt sem hefur komið fram í máli hv. þm. Valdimars L. Friðrikssonar að það sé verið að skerða rétt. Það er ekki verið að því, menn halda þeim réttindum sem þeir hafa áunnið sér, það er alveg skýrt. Ég tel það líka skipta miklu máli þegar verið er að færa yfir, breyta rekstrarformi, að þá gildi hið sama um starfsmenn þeirrar ríkisstofnunar sem er verið að umbreyta, sama á hvaða sviði það er. Það er reyndar þannig, og ég ítreka það aftur, að það er betri biðlaunaréttur í þessu frumvarpi en í öðrum málum. (Gripið fram í.) Rétt skal vera rétt. Það er ekki á neinn hátt verið að skerða neinn rétt og þeir sem halda öðru fram hafa þá einhvern annan tilgang en þann að skýra málið. (Gripið fram í.)

[14:02]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var margt athyglisvert í ræðu hæstv. menntamálaráðherra. Ég er svo heppinn að vera næstur á mælendaskrá, get þá tekið ýmislegt fyrir og mun þess vegna nú í andsvari einbeita mér að einföldum og nettum hlutum.

Ég vil byrja á því að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort ég hafi ekki örugglega skilið ræðu hæstv. ráðherra rétt þegar hæstv. ráðherra fer yfir umræðu varðandi hin svokölluðu ESA-skjöl hin nýju sem komu til menntamálanefndar undir lok þeirrar umfjöllunar sem var síðast. Er ekki rétt að hæstv. ráðherra hafi sagt að ef við í menntamálanefndinni hefðum lesið almennilega þau gögn sem áður voru komin hefðum við átt að vita að hin nýju væru til staðar og hefðum þar af leiðandi átt miklu fyrr að biðja um gögnin? Það hefði aldrei staðið á því í menntamálaráðuneytinu að afhenda slík gögn um leið og um þau væri beðið. Ég vildi kanna hvort ég hafi ekki örugglega skilið hæstv. ráðherra rétt.

[14:03]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit að hv. þingmaður er kjarnyrtur mjög og ég veit að hann á eftir að nýta ræðutímann vel á eftir varðandi þessi málefni.

Varðandi spurninguna sem tengist ESA-skjölunum er það alveg ljóst, eins og ég sagði áðan — hv. þingmaður fór ekki alveg rétt með, kannski engin nýlunda — að ef menn hefðu lesið skjölin hefðu þeir mátt sjá að samskiptin mundu halda áfram. Við vitum líka að samskiptunum mun ekki ljúka fyrr en þetta mál er komið í höfn, búið að landa því. Þá fyrst getur ESA gefið út endanlegt bréf. Það getur ekki gefið út endanlegt bréf fyrr en við erum búin að samþykkja þetta frumvarp þannig að þá kemur nákvæmlega í ljós hvernig við ætlum að haga almannaþjónustukvöð Ríkisútvarpsins gagnvart samkeppnisþjónustu þess. Menn máttu sjá og vita að samskipti ESA og stjórnvalda mundu halda áfram, og þau munu halda áfram. (Forseti hringir.)

[14:04]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri að ég hef ekki misskilið mjög mikið en kannski var þetta örlítið nákvæmara orðalag, að þau mundu halda áfram. Ég verð að segja fyrir mína hönd og hugsanlega einhverra annarra að við áttuðum okkur á því að endanlegt bréf ætti eftir að koma. Þannig höfðum við skilið viðskilnaðinn síðast, að eitt bréf ætti eftir að koma sem kæmi ekki fyrr en þessu væri lokið.

Ég verð að vekja sérstaka athygli á því, frú forseti, að það er ákveðið hlutverk sem formaður hefur í nefnd. Ég verð að gera ráð fyrir því að meiri hlutinn hafi haft sömu möguleika og við í minni hlutanum á að lesa þessi gögn og draga ályktanir af fyrri umfjöllun um þau. Það kom fram á fundum nefndarinnar að formaður fór með erindi til menntamálaráðuneytisins varðandi þátt ESA í þessu sambandi og kom til baka með þau svör að þaðan væri ekkert nýtt að hafa. Þetta er algjörlega óskiljanlegt og ég verð að segja, frú forseti, að mér þóttu þessi orð hæstv. ráðherra á margan hátt ómakleg í garð formanns menntamálanefndar sem hefur (Forseti hringir.) sinnt málefnum ráðherrans af fullum dug í nokkur ár.

[14:05]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er afskaplega mikilvægt að undirstrika það að öll samskipti menntamálaráðuneytisins við ESA hafa alltaf verið uppi á borðum. Það hefur alltaf verið þannig unnið að hafi menntamálanefnd óskað eftir gögnum hefur hún fengið gögnin. Engin leynd hefur verið yfir gögnum, þannig er það ekki.

Bréfaskiptin sem bættust við í nóvember og sem síðan var farið yfir í janúar voru nánari útfærsla á því hvernig við ætluðum að haga málum í þjónustusamningnum. Þar var ekkert nýtt eins og ég segi. Það var nánari útfærsla á því hvernig við ætluðum að haga þeim málum, útskýringar á því hvernig við ætluðum að framfylgja þjónustusamningnum hvað þetta mál varðar þannig að það sé alveg skýrt og þannig að menn séu líka með það á hreinu að ESA getur ekki lokið málinu fyrr en við erum búin að klára málin hér af okkar hálfu, þ.e. með því að samþykkja frumvarpið. Þannig er það. Fyrr getur ESA ekki gefið út neitt lokabréf. (Gripið fram í.) Menn hafa fullyrt hér annað (Forseti hringir.) en það er bara rangt. Við verðum að klára málið og það er best að samþykkja það sem fyrst.

[14:06]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir)**:

Hv. 9. þm. Reykv. s. hefur óskað eftir að bera af sér sakir. Af því tilefni vill forseti segja að hann telur mikilvægt að þessu ákvæði þingskapa sé beitt sparlega, það ekki misnotað og einungis notað í því tilviki þegar um er að ræða að þingmaðurinn beri persónulegar sakir af sér.

Eftir atvikum getur forseti fallist á það og veitir því þingmanninum orðið til þess að bera af sér sakir í trausti þess að einungis sé um það að ræða að þingmaðurinn beri af sér sakir.

[14:07]

**Ögmundur Jónasson** *(ber af sér sakir)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra sagði að ég hefði rógborið Pál Magnússon útvarpsstjóra, eða allt að því, ég hefði sagt að hann hafi farið með rangt mál. Það hef ég vissulega sagt. Hæstv. forseti. Ég hef ekki aðeins sagt það, ég hef fært rök fyrir fullyrðingum mínum þar að lútandi og ég stend við hvert orð sem ég hef sagt. Ég spyr, hæstv. forseti, hvort það geti talist ámælisvert að benda á rangfærslur í málflutningi embættismanna. Ég tel rangt og vítavert að kalla slíkt rógburð. Ég kem hreint til dyranna.

Hæstv. forseti. Ég vil upplýsa af þessu tilefni að útvarpsstjóri hefur svarað mér í rafrænu bréfi og hefur hann kosið að senda svar sitt til allra starfsmanna Ríkisútvarpsins. Í dag hef ég síðan sjálfur svarað útvarpsstjóra og óskað eftir því að hann sendi svar mitt einnig til allra starfsmanna Ríkisútvarpsins.

[14:08]

**Valdimar L. Friðriksson** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég held að það sé alveg einsýnt eins og ég benti forseta á í morgun að það er ákveðinn galli í þessu frumvarpi og þar af leiðandi fyndist mér mjög eðlilegt að þingnefnd yrði kölluð aftur saman til að fara yfir það atriði. Sá galli felst í því að talað er hér um réttindi og skyldur starfsmanna og þær fullyrðingar hafa komið fram að verði frumvarpið samþykkt teljist starfsmenn Ríkisútvarpsins ekki lengur opinberir starfsmenn og þar af leiðandi geta lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ekki gilt fyrir þá. Með þessu frumvarpi er, væntanlega óafvitandi, ég reikna með því að það sé ekki vísvitandi, við skulum reikna með að það sé óafvitandi, verið að kippa úr sambandi fyrir starfsmenn Ríkisútvarpsins lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þetta hljóta að vera mistök, ég trúi ekki að það sé ætlunin, frú forseti, og þess vegna vildi ég koma með þessa ábendingu hér enn og aftur.

(**Forseti** (JóhS): Þessari ábendingu verður komið áleiðis.)

[14:10]

**Einar Már Sigurðarson**:

Frú forseti. Það eru á margan hátt forréttindi að fá að koma hér í ræðustól með ótakmarkaðan ræðutíma á eftir hæstv. menntamálaráðherra sem kom mjög víða við í ræðu sinni og fjallaði um ýmsa þætti þessa máls. Það er hins vegar ekki hægt að segja að hæstv. ráðherra hafi uppfyllt þau skilyrði sem hæstv. ráðherra gerði til annarra, þ.e. að hér eigi menn helst ekki tala nema nefna eitthvað nýtt sem ekki hefur áður komið fram. Það getur út af fyrir sig verið skiljanlegt að hæstv. ráðherra hafi ekki gert það því að umræðan hefur verið býsna löng og verið á ýmislegt minnst þó svo að það sé þannig með marga þætti að hægt sé að tala örlítið meira um þá. Og vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra er nú mjög upptekin af viðræðum við hv. þm. Framsóknarflokksins, Guðjón Ólaf Jónsson, þá er það t.d. alveg ljóst að um framgöngu Framsóknarflokksins í þessu máli öllu er hægt að fjalla töluvert meira en gert hefur verið fram að þessu. (Gripið fram í.)

Ég get t.d. sagt það að þegar ég lauk fyrri ræðu minni í þessari umræðu, en af sérstakri tillitssemi við virðulegan forseta taldi ég allt í lagi að ljúka þá máli mínu þannig að þingheimur gæti notið næturs vefns, þá átti ég t.d. eftir að fjalla algjörlega um þátt Framsóknarflokksins í þessu máli. Ég get hins vegar glatt þingheim með því að ég get stytt töluvert þann þátt eftir fróðlega og innihaldsríka ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í gær. Þar fór Kristinn yfir það sem gerst hefur í Framsóknarflokknum af mun meiri þekkingu en ég hef nokkra möguleika á að gera en eins og virðulegur forseti veit þá er Kristinn H. Gunnarsson hluti af þingflokki Framsóknarflokksins og gegn flokksmaður í þeim flokki og hefur auðvitað fylgst með þessu máli innan dyra. Hann upplýsti í gær að þingflokkur Framsóknarflokksins hefði í raun og veru tekið vinkilbeygju í málinu árið 2005 og farið á skjön við flokkssamþykktir en vildi ekki, af tillitssemi og vegna trúnaðar sem hann hefur auðvitað í þingflokki sínum, upplýsa hvað það var nákvæmlega árið 2005 sem orsakaði slíka u-beygju Framsóknarflokksins í málinu. En flestir sem fylgst hafa með íslenskum stjórnmálum muna árið 2005 og hvaða breyting þá varð hjá Framsóknarflokknum sem er þá hugsanleg skýring á þessu, án þess að við getum um það fullyrt. En sú saga öll, saga Framsóknarflokksins, er auðvitað mjög merkileg saga og

hugsanlega mun ég eitthvað á það minnast í ræðu minni þrátt fyrir að, eins og ég sagði, Kristinn H. Gunnarsson hafi farið býsna vel yfir þá hluti og skýrt ýmislegt sem hann er miklum mun færari um en ég. (Gripið fram í.)

Nú heyri ég að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson er að lifna við og er vonandi eitthvað að losna úr því að vera bundinn viðræðum við hæstv. menntamálaráðherra og ég vona að ég fái að njóta þess að hv. þingmaður geri jafnt og þétt athugasemdir við mál mitt og ég mun auðvitað reyna að bregðast við því eins og kostur er. (Gripið fram í.) En ég vona að hv. þingmaður verði ekki svo órólegur að ég fái ekki að halda þeirri röð á hlutunum sem ég hafði hugsað mér.

Ég held að það sé rétt að byrja á því sem hæstv. menntamálaráðherra kom með til umræðunnar. Ein fullyrðing sem kom í upphafi er auðvitað rétt að ýmsu leyti, að í öllu ferli þessa máls hefur á stundum verið komið til móts við stjórnarandstöðuna. Við höfum bent á margvíslega galla í þeim frumvörpum sem fram hafa komið og sem betur fer er nú meiri hlutinn ekki svo skyni skroppinn að hann hafi ekki áttað sig á því að ýmislegt var þannig að það mátti bæta og breyta og auðvitað hefur það verið gert. Ég var að vonast til þess og ég held að það sé alveg óhætt að skilja hæstv. ráðherra þannig að hæstv. ráðherra hafi í raun verið að þakka stjórnarandstöðunni fyrir að hafa lagað frumvarpið þó það sem búið er. Enda held ég að það sé óhætt að segja að megnið af því sem gert hefur verið til bóta á frumvarpinu er fyrir tilstuðlan stjórnarandstöðunnar og að því leytinu til er þetta rétt hjá hæstv. ráðherra. Ég met það samt svo að við eigum kannski ekki alveg allt í þessum breytingum, ég hugsa að við höfum haft töluverða aðstoð frá ESA þar sem upplýsingastreymi hefur verið á milli og t.d. vil ég ekki eigna okkur algjörlega þjónustusamninginn, ég hugsa að ESA hafi komið töluvert þar við sögu og eigi kannski helstan heiðurinn af því þó að við höfum að vísu áður verið búin að minnast á nauðsyn slíks samnings og að eðlilegt væri að hann fylgdi lagatextanum.

Við getum auðvitað leikið okkur með tölur eins og hæstv. ráðherra gerði í dágóða stund og borið okkur saman við alls konar mál og velt því upp hvort við séum alltaf að tala um sama málið frá upphafi eða hvort málið verði nýtt með þeim breytingum sem hafa orðið á milli þess sem málið hefur verið lagt fram. En ég get ekki séð að það skipti í raun og veru mjög miklu máli varðandi innihald málsins hversu lengi hefur verið talað um það eða hvort það er tekið í heild sinni eða í bútum. Þessi samanburður hæstv. ráðherra sem talnaglöggt fólk, væntanlega í störfum hjá hæstv. ráðherra, hefur tekið saman var hins vegar á margan hátt upplýsandi og það getur verið gaman að leika sér með slíkar tölur. En ég held að hæstv. ráðherra hljóti líka að geta sett þetta talnasafn sitt í annað samhengi, t.d. að það gæti skipt máli um hvað málið er og hversu stór hluti stjórnarandstöðunnar hefur sett sig í ákveðnar stellingar gegn því og hefur metið málið svo að það beri alla þessa umræðu.

Ég vil t.d. vekja athygli hæstv. ráðherra á því að það mál sem hæstv. ráðherra m.a. nefndi, þ.e. Kárahnjúkamálið, var auðvitað allt annars eðlis. Þá var það aðeins lítill hluti, í raun verulega lítill hluti stjórnarandstöðunnar sem lagðist gegn því. Það var auðvitað skýringin á því að það eru ekki sambærilegar tölur. Það segir það auðvitað að þetta mál er að því leytinu til miklum mun stærra og þar af leiðandi eðlilegt að í það fari lengri tími til umræðu. (Gripið fram í.) Andstaðan er miklum mun stærri, hæstv. ráðherra, ég vona að hæstv. ráðherra sé nú ekki búin að gleyma því því að ég man ekki betur en hæstv. ráðherra hafi verið ... (**Menntmrh.:** Er meiri andstaða við RÚV en við Kárahnjúka?)

(**Forseti** (JóhS)**:** Ekkert tveggja manna tal hér.)

Ég man ekki betur en hæstv. ráðherra hafi verið töluvert hér í þingsölum í þá tíð þegar þau mál voru rædd. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra muni það að það var miklum mun minni hluti af stjórnarandstöðunni sem lagðist í hreina og klára andstöðu í því máli en í þessu máli. (Gripið fram í.) Það er nákvæmlega það sem ég er að segja og ég er ekki í nokkrum vafa og hef aldrei verið í vafa, eins og hæstv. ráðherra man vonandi, um afstöðu mína í því máli (**Gripið fram í:** Ég er farin að efast.) og ég leyfi mér nú ekki einu sinni að láta mér detta það í hug að hæstv. ráðherra láti sér detta einhvern efa í hug þegar það mál er rætt. Auðvitað er ekki hægt að banna hæstv. ráðherra að láta ýmsar hugsanir fara í gegnum höfuðið en ég vona að það sé nú fyrst og fremst sagt í gríni sem hér var sagt.

Hæstv. ráðherra var síðan að leika sér með tölur og tengdi þær við ýmis mál og fór svo að velta lýðræðinu fyrir sér. Það var afar sérkennilegur kafli í ræðu hæstv. ráðherra varðandi lýðræðið og þar velti hún því upp hvort það væri andstætt lýðræðinu að ekki væru greidd atkvæði — ja, ég áttaði mig eiginlega ekki á því á hvaða stundu vegna þess að ýmist var hæstv. ráðherra að finna að því að umræðan væri löng en kom svo skömmu síðar og taldi það ekki til fyrirstöðu að hér ættu helst allir hv. þingmenn að tjá sig sem allra, allra mest. Enda er það í samhengi við það sem síðar kom fram í ræðu hæstv. ráðherra varðandi atkvæðagreiðslu að einhverjir óttuðust atkvæðagreiðslur og var að reyna að tengja þetta mál við það að stjórnarandstaðan óttaðist atkvæðagreiðslu um málið og væri þess vegna að ræða það svo mjög.

Ef við setjum þetta nú í samhengi við annað og veltum lýðræðinu áfram fyrir okkur þá er hæstv. ráðherra væntanlega á því að það sé mjög í anda lýðræðisins að meiri hlutinn hleypi ekki hér til atkvæðagreiðslu fjölda mála sem hv. þingmenn leggja fram. Það er alkunna að fjöldi þeirra mála er þess eðlis að stór hluti af hv. þingmönnum í stjórnarliðinu treystir sér hreinlega ekki til þess að greiða atkvæði um þau og það er auðvitað meginskýringin á því að þau koma ekki hér til atkvæðagreiðslu. Það á því við þetta eins og svo margt annað að margur heldur mig sig og mér sýnist það vera augljóslega tengt þessari umræðu hæstv. ráðherra. Að sjálfsögðu er það ekki þannig að stjórnarandstaðan geti komið í veg fyrir að mál komi til atkvæða. Hins vegar er það þannig að meiri hlutinn getur og hefur margoft komið í veg fyrir það, ýmist með því að mál komast ekki á dagskrá og eru aldrei rædd hér eða eru send til nefnda og aldrei afgreidd úr nefndum og koma þar af leiðandi aldrei til atkvæða. Það er eina dæmið um að komið sé í veg fyrir að greidd séu atkvæði um mál.

Það er hins vegar mjög mikilvægur réttur minni hluta að geta rætt mál í þaula og réttur minni hluta er líka þannig að í stórum og mikilvægum málum sem mikilvægt er t.d. að ná

samstöðu um er eðlilegt að minni hlutinn geri ítrekaðar tilraunir til þess að bæta mál eins og kostur er og ef minni hlutinn metur svo að það sé slíkt slys að mál fari í gegn þá sé rétturinn nýttur eins og eðlilegt getur talist við það að reyna að koma þeim skilningi inn hjá meiri hlutanum.

Þessi umræða öll sem hæstv. ráðherra hóf um lýðræðið og hinar mörgu hliðar þess tengist því sem örlítið hefur verið rætt undir dagskrárliðnum um fundarstjórn forseta, þ.e. ummæli virðulegs forseta í gær um breytingu á þingsköpum. Það er mjög eðlilegt að farið sé yfir þingsköpin með reglubundnum hætti þannig að það sé reynt að bæta þau eins og kostur er. Það er afar mikilvægt og raunverulega nauðsynlegt, t.d. þegar virðulegur forseti fer í fjölmiðla að ræða slík mál að þau séu rædd í samhengi þannig að einstaka þættir séu ekki teknir úr samhengi og gerðir að eina eða aðalatriði máls. Það er t.d. afar mikilvægt þegar slíkar breytingar eru gerðar að réttur minni hlutans sé ekki fyrir borð borinn þannig að meiri hlutinn átti sig á því að það þarf að taka tillit til minni hlutans og á sama hátt er nauðsynlegt að minni hluti taki tillit til meiri hluta.

Mér þótti, frú forseti, hæstv. menntamálaráðherra tala heldur gáleysislegan um þetta mál og ég tala nú ekki um þegar hæstv. ráðherra fór að ræða um mikilvægi samstöðunnar eða hina víðtæku sátt um Ríkisútvarpið, um þetta mál, vegna þess að það er auðvitað þannig og við höfum býsna margir hv. þingmenn einmitt talað um nauðsyn þess að í því máli sé reynt að ná sem víðtækastri sátt vegna þess hvers eðlis Ríkisútvarpið er. Frú forseti. Ég held að í gegnum tíðina hafi menn einmitt lagt gífurlega áherslu á samstöðu um þessa miklu menningarstofnun sem hefur gegnt gífurlega mikilvægu hlutverki í þjóðlífinu og mér heyrðist á hæstv. ráðherra miðað við þau mörgu stóru orð sem hæstv. ráðherra lét falla um hlutverk Ríkisútvarpsins að það séu ekki enn þá nein vandkvæði á því að mynda mikla samstöðu um þau markmið. Ég tel fullvíst að hægt væri að ná sátt um þau markmið sem hæstv. ráðherra nefndi og síðan að setjast niður og fara yfir það hvaða leiðir væru vænlegastar til þess að ná þeim markmiðum.

Ég fullyrði t.d., frú forseti, að það sem hæstv. ráðherra fór með rétt undir lok ræðu sinnar sem byrjaði á því „við viljum“ og síðan kom mikil upptalning á því sem „við viljum“, þá heyrði ég ekki betur en það ætti trúlega við flesta hv. þingmenn sem gætu sagt hið sama: „við viljum“. En það var athyglisvert að ég tók ekki eftir að eitt einasta atriði af upptalningu hæstv. ráðherra kallaði á þá rekstrarformsbreytingu sem hér er gerð tillaga um. Það væri hægt að ná öllum þessum markmiðum án þess að fara í það og án þess að setja Ríkisútvarpið í þann öldusjó sem búið er að gera og verður augljóslega áfram gert.

Hæstv. ráðherra gerði að nokkru umtalsefni þá skoðun okkar samfylkingarmanna að sjálfseignarstofnunarformið væri best fyrir stofnun eins og Ríkisútvarpið. Hún kom síðan með gamalkunn rök um það af hverju ekki væri hægt að nota sjálfseignarstofnunarformið. Það voru eiginlega einu rökin, það var gallinn á löggjöfinni, að hún væri ekki nógu skýr og þess vegna væri ekki hægt að notast við þetta form því þá yrðu lögin um Ríkisútvarpið allt of flókin og það ætti að setja það allt saman þar inn.

Frú forseti. Hefði markmið hæstv. ráðherra verið það strax í upphafi að fá sem allra mesta sátt um þær breytingar sem þarf að gera á Ríkisútvarpinu þá hefði að sjálfsögðu verið hægt að nýta betur allan þann tíma sem farið hefur í þetta mál, en nú er m.a. búið að afgreiða það fimm sinnum út úr menntamálanefnd. Ég er alveg sannfærður um að ef það hefði verið sest niður strax hefði verið hægt að margbreyta löggjöfinni um sjálfseignarstofnanir og bæta hana.

Hæstv. ráðherra nefndi Dani sem dæmi og við höfum áður sótt okkur lærdóm til Dana og það hefði ábyggilega ekki verið erfitt mál að sníða okkar löggjöf í átt að þeirri dönsku. En það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðherra að mismunandi hefðir ríkja í löndum og danska hefðin fyrir sjálfseignarstofnunum er ríkari gagnvart ýmissi þjónustu eða opinberum stofnunum og þess vegna hefðum við auðvitað getað sótt okkur lærdóm þangað. En málið er það, frú forseti, að þetta hefur auðvitað breyst í seinni tíð vegna þess að ákafi hluta Sjálfstæðisflokksins til einkavæðingar á ýmsum sviðum hefur verið slíkur að þeir hafa ekki gefið sér tíma til þess að fara yfir þetta heildstætt og m.a. nálgast nútímann með því að breyta löggjöfinni um sjálfseignarstofnanir og nýta sér það síðan. Það hefur verið einblínt á hlutafélög og það heyrðist mjög greinilega í ræðu hæstv. ráðherra að í huga hennar eru hlutafélög eitthvað sem maður gæti ætlað að nálgaðist trúarbrögð, slík var hrifningin og gleðin við það ... (Gripið fram í.)

Frú forseti. Nú heyrði ég ekki frammíkall hv. þingmanns þannig að (Gripið fram í.) já, það mætti ætla, frú forseti, eins og hv. þingmaður bendir á, að hæstv. ráðherra líti svo á að það séu góðar líkur á því að allt sem gott sé sé rekið sem hlutafélag og þá sé jafnvel himnaríki ekki undanskilið. Það sást meira að segja á fari hæstv. ráðherra og gleðinni sem skein út úr andlitinu þegar hlutafélagið var nefnt að það var eins og það væri allsherjarbjargvættur á öllum sviðum. (Gripið fram í.) Já, betra og best trúi ég, miðað við það sem hæstv. ráðherra sagði.

En m.a. vegna hrifningar hæstv. ráðherra á hlutafélaginu og hinni pólitísku þráhyggju sem við höfum orðið vör við undanfarin ár, þá vitum við að til þess að skapa hið opinbera hlutafélag er fjöldi undantekninga frá almennu lögunum um hlutafélög. Þetta form kallar á margs konar aðra þætti og það er ljóst þó að hæstv. ráðherra segi m.a. um athugasemdir ESA að ESA sé ekki beint að finna að því að verið sé að breyta þessu í hlutafélag, að þá er meginhluti athugasemda ESA tengt því að það er verið að gera það. Það eru viðbrögðin við því og meginhluti vinnunnar í kringum þetta felst í því að reyna að láta þetta passa við það form.

Vissulega eru til ýmsar aðrar leiðir, eins og við höfum bent á þegar við höfum verið að leita sátta í málinu, og að við værum ekki algjörlega bundin í því að það þyrfti að vera absalútt sjálfseignarstofnun. Við höfum opnað á ýmsa aðra möguleika og í síðustu tilraun okkar til að ná sátt um málið buðum við að farið yrði í að skoða þá og það afgreitt á skömmum tíma vegna þess að umræðan hefur verið það mikil að við vitum nokkurn veginn hvað það er sem þarf að gera til að bæta Ríkisútvarpið og vissulega hafa flestir tekið undir að það þurfi. Við buðum það sem sagt í okkar seinustu tilraun til að ná sátt um málið að taka þau mál út fyrir, klára þau hér svo hægt væri að vinda sér í þá vinnu sem hefði raunverulega þurft að vera byrjað á fyrir löngu ef

þessi trúarbrögð væru ekki við lýði hjá Sjálfstæðisflokknum í málinu sem hefur síðan smám saman færst yfir á Framsóknarflokkinn. Eins og hv. þingmenn og virðulegur forseta vita hefði verið hægt að breyta þessu fyrir margt löngu. Ekki var hægt að verða við þeirri ósk og við vorum meira að segja tilbúin til að ganga frá samkomulagi um að það yrði með fyrstu verkum á hausti að klára málið að öðru leyti.

Við höfum líka gengið lengra en þetta eins og sagt hefur verið frá bæði hér, ef ég man rétt, í þessum sal og í fjölmiðlum að við höfum meira að segja boðið það, til að leysa þann hnút sem þinghaldið hefur verið í, að breyta einu ákvæði í frumvarpinu, þ.e. gildistökuákvæðinu, sem nú er búið að breyta miðað við tillögu meiri hlutans í 1. apríl næstkomandi. Við höfum sagt að við værum tilbúin til þess í umræðu að fara aðeins yfir ákveðna þætti sem við teldum nauðsynlega sem þyrfti þá ekki að taka mjög langan tíma ef stjórnarliðar væru tilbúnir til að setja gildistökuákvæðið hinum megin við kosningarnar. Eins og virðulegur forseti veit er ekki langt á milli 1. apríl og 12. maí. Þetta er nú ekki stórvægilegt. Allt tal, m.a. hæstv. menntamálaráðherra og fleiri hv. þingmanna, um að stjórnarandstaðan sé á einhvern hátt að koma í veg fyrir að brýn mál séu rædd hér á þingi á ekki við. Ég get tekið heils hugar undir með hæstv. menntamálaráðherra að hér bíða mjög mörg brýn mál sem nauðsynlegt væri að ræða. Þess vegna er það algjörlega með ólíkindum að meiri hlutinn skuli ekki ljá því máls að ganga einmitt í það að tryggja að við getum rætt mörg brýn mál. En það virðist ekki vera því að hin pólitíska þráhyggja er slík og líka það sérkennilega viðhorf sem hefur komið nokkrum sinnum fram hjá hv. þingmönnum í stjórnarliðinu að af því að þeir mynda ríkisstjórn og eru í meiri hluta þá eigi þeir að ráða og minni hlutinn eigi bara að sitja og standa eins og meiri hlutinn vill. Þetta er afar hættulegt viðhorf og eðlilegt að sumir velti fyrir sér hvernig á því standi að þetta sé enn við lýði, því að ýmsir héldu að breyting hefði orðið á við forustubreytingu í Sjálfstæðisflokknum en það er augljóst mál að arfurinn hefur gengið áfram og þetta viðhorf virðist vera afar ríkjandi enn þá gagnvart þessu.

Það er alveg nýtt þegar hæstv. ráðherra gefur í skyn að það sé stjórnarandstaðan sem stjórni þinghaldinu. Það er auðvitað af og frá. Um það hafa nokkrum sinnum orðið umræður í þingsal við virðulegan forseta. Því miður virðist það vera svo, að virðulegur forseti líti of oft á það sem hlutverk sitt að tryggja hraðari málsmeðferð mála sem ríkisstjórnin kemur með en þeirra sem hv. þingmenn koma með, ég tala nú ekki um hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem þurfa að búa við það, oft ár eftir ár, að mál þeirra ýmist komast ekki á dagskrá eða týnast í nefndum. En það er hægt að taka mál framkvæmdarvaldsins og setja þau í sérstakan forgang á tvöföldum eða þreföldum hraða í gegnum þingið allt eftir því hvað hæstv. ráðherrar telja nauðsynlegt. Sú umræða sem verður í þeim hópi sem virðulegur forseti hefur sett af stað til að endurskoða þingsköpin leiðir vonandi til að þessir þætti verði teknir fyrir og farið yfir þá.

Frú forseti. Fyrst hæstv. menntamálaráðherra hefur aftur birst í salnum er rétt að rifja aðeins upp hina sérkennilegu talnameðferð hæstv. ráðherra, ekki varðandi mínúturnar og klukkustundirnar og meðaltölin í umræðulengdinni heldur þann talnaskilning sem embættismaðurinn útvarpsstjórinn hefur farið með á opinberum vettvangi. Það er varðandi hina merku könnun, skoðanakönnun sem hæstv. ráðherra fór svolítið yfir og tilkynnti okkur, sem er auðvitað hið besta mál, að Ríkisútvarpið skuli á tveggja ára fresti kanna reglulega viðhorf þjóðarinnar til stofnunarinnar og þeirrar þjónustu sem þar fer fram. En varðandi þessa einu spurningu sem hæstv. ráðherra og útvarpsstjórinn hafa farið fram með og fullyrt að meiri hluti styðji þessa breytingu á rekstrarforminu, þá er vægt til orða tekið afar frjálslega farið með staðreyndir. Þegar tölurnar eru skoðaðar kemur í ljós að 46,1%, ef við tökum þá sem svara að þeir séu ánægðir með breytinguna og þá sem eru ánægðir og frekar ánægðir, þá fáum við samanlagt 46,1%. Þetta verður að meiri hluta hjá bæði hæstv. menntamálaráðherra og embættismanni hæstv. menntamálaráðherra, útvarpsstjóranum. Ég átta mig ekki alveg á hvar og hvernig þetta ágæta fólk lærði stærðfræði, frú forseti, en ég hef aldrei áður heyrt að 46% geti verið meiri hluti. Þetta er því algjörlega nýr skilningur og á margan hátt athyglisverður. (**Gripið fram í:** Hvaða form var ... könnuninni?) (Gripið fram í.) Ja, það er athyglisvert, frú forseti, að þessi spurning er nefnilega leidd inn með smáinngangi í könnuninni og er svona til viðbótar. Eins og allir þekkja með skoðanakannanir, ég tala ekki um ef þær eru nokkuð langar, þá verða svörin kannski undir lokin ekki alveg jafnmarktæk og hin. En umrædd könnun var þannig að verið var að spyrja, eins og ég sagði áðan, um afstöðu fólks til Ríkisútvarpsins og eins og við vitum er hún almennt mjög jákvæð. En undir lok könnunarinnar er staðhæft að til standi að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins og gera það að hlutafélagi í eigu ríkisins.

Í framhaldinu er spurt, frú forseti, og mikilvægt er að við heyrum spurninguna nákvæmlega þannig að við getum dregið ályktanir af svörunum, en spurningin er svona, með leyfi forseta:

„Ertu almennt ánægð/ánægður eða óánægð/óánægður með þetta nýja rekstrarfyrirkomulag?"

Með þetta nýja rekstrarfyrirkomulag. Með þeirri spurningu er í raun verið að gefa til kynna að þetta rekstrarform sé orðin staðreynd og ef fólk hefur ekki fylgst þeim mun betur með gæti það haldið, vegna þess að það er náttúrlega búið að segja almennt að það sé mjög ánægt með þjónustuna, að töluvert ósamræmi væri í því að vera þá ekki ánægður með rekstrarformið ef þjónustan hefur verið svona góð, sem þeir eru búnir að svara áður. Hér þarf því að hafa allan fyrirvara á, til viðbótar við það að 46% geta aldrei orðið meiri hluti, nema (**Gripið fram í:** Hvað var mikil ánægja?) að vísu geta 46% hugsanlega í einhverju undarlegu samhengi skapað meiri hluta hér á þingi, það er aðeins hugsanlegt eftir því hvernig skipting er, það gæti verið.

Frú forseti. Ég heyrði að hv. þingmaður var að spyrja um ánægjuna. Þegar spurt var um ánægjuna voru það 12,6%, en svo voru frekar ánægð 33,5%, stór hópur. En næststærsti hópurinn er sá hópur sem segir hvorki/né, hann er alveg upp á 23,7% og skiptir auðvitað miklu máli. Það er orðið nokkurs konar hlutleysi og við vitum, eins og ég sagði áðan, að þegar liðið er nokkuð á til þess að gera langa könnun svara óvart margir — maður þyrfti kannski að skoða könnunina miklu nánar til að geta dregið ályktanir

varðandi aðrar spurningar. (**Gripið fram í:** Hvað voru margir óánægðir?)

Já, varðandi óánægjuna eru 16,4% frekar óánægð og 13,8% eru mjög óánægð. Samanlagt er þetta 30,2%, af því að þetta eru 16,4% og 13,8%. Þetta fer yfir 30%. Við sjáum því að munurinn á þessum hópum er ekki stór og síðan má hafa efasemdirnar. En alla vega, það er algjörlega ljóst að — (**Gripið fram í:** ... mínu máli.) Já, þetta virtust vera, frú forseti, gífurlega mikilvæg rök í málinu og hæstv. ráðherra dró m.a. þá ályktun, væntanlega af þessari könnun, að stjórnarandstaðan væri algjörlega úr takti við þjóðarsálina.

Væri það rétt hjá hæstv. ráðherra væri eðlilegt framhald af því að hæstv. ráðherra hefði tekið því boði um að færa gildistökuna aftur fyrir kosningar vegna þess að ef þjóðarsálin er með stjórnarliðinu í málinu er það væntanlega hið besta mál fyrir ríkisstjórnarflokkana að láta kosningarnar snúast meira og minna um þetta. Því miður er ekki alltaf samhengi í öllu sem sagt er og reynt er að nýta sér ákveðna þætti frekar en aðra og tengja þá á mismunandi hátt.

Frú forseti. Ég kom aðeins inn á það í stuttu andsvari við hæstv. ráðherra áðan að mér þætti það eiginlega ómaklegt í garð hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, formanns menntamálanefndar, að gefa í skyn að hv. þingmaður sem, eins og við höfum margoft sagt, hefur nokkuð lagt sig fram í störfum menntamálanefndar en við höfum skynjað það á ræðum hv. þingmanns að þegar varaformaður hans, hæstv. menntamálaráðherra, gefur út einhverjar fyrirskipanir beri öðrum að hlýða. Þannig virðist valdapýramídinn vera í þeim flokki og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur verið að reyna að setja þennan valdapýramída yfir á aðra flokka en það hefur eiginlega ekki gengið upp í máli hans, en við skiljum að það sé kannski eðlilegt að hv. þingmaður miði við það sem hann þekki og telji að sé eins alls staðar annars staðar og eyddi hann þess vegna gífurlega löngum tíma í ræðu sinni í að ræða um þetta merka embætti, varaformannsembættið.

Ég verð að segja eins og er, frú forseti, og endurtaka að mér þótti þetta ómaklegt þó að hæstv. ráðherra hafi hugsanlega talið að hv. þingmaður ætti eitthvað inni hjá sér eftir allt þetta tal um varaformann sem við ýmsir skildum á þann hátt að gætu verið svona óljós skot á hæstv. menntamálaráðherra, sem ber meginábyrgðina á því að hafa sett hv. þingmann í þau störf sem hv. þingmaður hefur verið að reyna að leggja sig fram um. En það hefur oft og tíðum valdið undrun að hv. þingmaður, sem sannarlega er þeirrar skoðunar að selja beri Ríkisútvarpið, skuli hafa látið hafa sig út í þetta mál ef það er ekki markmiðið eins og hæstv. ráðherra segir. En hægt er að færa töluverð rök fyrir því að með frumvarpinu sé einmitt verið að stíga skref í þá átt.

Aðeins aftur að því sem hæstv. ráðherra bar á hv. formann menntamálanefndar — auðvitað ekki einan — í ræðu sinni, frú forseti, en sagt var að hv. þingmenn í menntamálanefnd, hefðu þeir lesið ákveðin gögn á ákveðinn hátt, hefðu hv. þingmenn átt að gera sér grein fyrir að samskiptum við ESA væri ekki lokið, þ.e. þeir hefðu átt að gera sér grein fyrir að það væru gögn í málinu. Ég get ekki ímyndað mér að hæstv. ráðherra hafi verið að undanskilja formann menntamálanefndar frá því að hafa lesið gögnin vel og áttað sig á því máli á þennan hátt, því þar er auðvitað eins og við vitum styst á milli. Það er styst á milli formanns menntamálanefndar og hæstv. ráðherra þegar svona mál eru í vinnslu, ég tala ekki um svona lengi, og þess vegna er alveg með ólíkindum að þetta skuli aldrei hafa verið rætt í væntanlega fjölmörgum samtölum þeirra í millum. En hæstv. ráðherra taldi eðlilegt að fram kæmi að þetta hefðu menn átt að vita og taldi það að leyna gögnum væri víðs fjarri öllu vegna þess að það hefði aldrei staðið til að láta ekki menntamálanefnd hafa þau gögn sem beðið væri um og færði þau rök að menntamálanefnd hefði þar af leiðandi átt að vita af þessum gögnum allan tímann.

Ég get rifjað upp að áður voru vissulega gerðar tilraunir til að ræða einmitt þennan þátt málsins í menntamálanefnd. Við höfðum í minni hlutanum töluverðan áhuga á því. Meiri hlutinn virðist hafa haft minni áhuga á að ræða málið. Í þinghléinu var sérstaklega farið yfir þessa þætti og komu nokkrir gestir, m.a. á seinustu stigum málsins frá fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, til að ræða þessa þætti. Áður hafði Ólafur Friðriksson skýrt fyrir okkur þá þætti málsins sem hann hafði kynnt sér sérstaklega í háskólanámi sínu. Við vorum þannig að leita eftir áliti ýmissa sérfræðinga.

Á ákveðnum tímapunkti var ákveðið að hv. þingmaður, formaður nefndarinnar, kannaði í menntamálaráðuneytinu hvort þaðan væri hugsanlega einhverjar upplýsingar að hafa til að skýra málið betur. Hv. þingmaður kom á næsta fund og tilkynnti að svo væri ekki, að hann hefði fengið þau svör í ráðuneytinu að svo væri ekki. Vera má að hv. þingmaður hafi ekki spurt nákvæmlega um þessi gögn. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig spurt var en við ræddum ýmsar hliðar á samskiptunum við ESA. Með það fór hv. þingmaður með erindi til menntamálaráðuneytisins til að átta sig á hvort þar væri eitthvað frekar að hafa. Í ljós kom að svo virtist ekki vera.

Við tökum hæstv. ráðherra trúanlegan varðandi það að ekki hafi verið ætlunin að leyna einu eða neinu. Þess vegna er óskiljanlegt að hæstv. ráðherra skuli ekki nota tækifærið til að biðjast afsökunar á því að þetta skuli ekki hafa komið fram. Að sjálfsögðu hefði sú afsökunarbeiðni verið tekin til greina í svona flóknu máli þar sem margir starfsmenn ráðuneytisins koma nálægt mismunandi þáttum sem tengjast ESA, Evrópusambandinu og EFTA. Það geta vel verið skýringar á þessu en mér þykir það býsna langt gengið að gefa til kynna að menntamálanefnd í heild sinni, m.a. háttvirtur formaður, hafi hreinlega átt að vita þetta og hefði átt að spyrja um þetta, um nákvæmlega þessi gögn og engin önnur. Ég verð að reyna að verja formann nefndarinnar þegar svo ómaklega er á hv. þingmann ráðist. Ég vona að mér hafist tekist að reisa við formann minn í menntamálanefnd þrátt fyrir ásakanir hæstv. menntamálaráðherra í hans garð.

Fleira hefur komið til varðandi þátt ESA í málinu. Hæstv. ráðherra fjallaði m.a. um verðlagningu auglýsinga, og hvernig það tengdist þessum málum. Það er athyglisvert að skoða það. Við þurfum ekki að fara í ESA-gögnin til þess. Við getum skoðað niðurstöður Samkeppniseftirlitsins og sett þær í samhengi við það sem samtök auglýsingafólks hafa bent á, en fullyrt var af þeim sem koma nálægt auglýsingamálum að Ríkisútvarpið tryggði ódýrari auglýsingar.

Út af fyrir sig er allt gott um það að segja fyrir þá sem þurfa að auglýsa. Þeir geta auglýst sem ódýrast. En þegar það er sett í samhengi við að Ríkisútvarpið nýtur ríkisstyrkja erum við hins vegar komin á grátt svæði.

Samkeppnisaðilar munu væntanlega kæra vegna auglýsingamarkaðarins. Það er erfitt að staðsetja línuna þarna á milli. Hvenær er ríkisstyrkurinn notaður til að halda niður auglýsingaverði? Hvenær er ríkisstyrkurinn notaður til að setja á dagskrá efni sem dregur að meira af auglýsingum en ella? Þær skilgreiningar hljóta alltaf að vera mjög erfiðar. Það hefur komið fram að því meiri hömlur sem settar eru á auglýsingar og kostun því líklegra er að málið standist. Hömlurnar sem komu í 2. umr. frá meiri hlutanum voru vægast sagt afar sérkennilegar og í raun engar hömlur. Þar var eingöngu sagt að kostunarhlutfallið mætti ekki vera meira en það er nú. Það segir ekkert um að það útiloki að hlutur auglýsinga og kostunar í heild sinni verði meiri en hann er nú. Þetta kallar eingöngu á að það sé samhengi þarna á milli, að ef Ríkisútvarpið nær að auka auglýsingatekjur sínar megi hlutfallið halda í við það og kostunin aukast líka í fullu samræmi. Þakkinn sem slíkur getur því vaxið. Ég segi ekki að það verði út í hið óendanlega, en það gæti orðið töluvert.

Við höfum reynt að fá umræður um auglýsingatekjur. Við töldum að t.d. með því að sitja eitthvert þak á þetta og stefna að því að draga úr hlut auglýsinga í tekjunum nálguðust menn það frekar að fá frið um málið, sem við höfum alltaf lagt megináherslu á. Við teljum að Ríkisútvarpið sé þannig stofnun að sem allra mestur friður þurfi að ríkja um hana. Þess vegna er með ólíkindum að keyra málið í slíkan ófrið sem í stefnir. Maður léti það vera ef deilurnar um frumvarpið væri endapunkturinn á ófriðnum um Ríkisútvarpið. Þá væri hugsanlega hægt að sætta sig við það og þá væri það tímabil frá. En við getum ekki fagnað því þar sem verði frumvarpið að lögum mun ófriðurinn magnast upp. Það liggur algjörlega fyrir að samkeppnisaðilar munu kæra ýmsa þætti.

Margt er óljóst. Ég nefndi tenginguna á ríkisstyrknum og auglýsingunum. Samkeppniseftirlitið benti á að samkeppnisleg mismunun ætti sér stað með frumvarpinu yrði það að lögum. Fram kom á fundi nefndarinnar með forsvarsmönnum Samkeppniseftirlitsins að þeir teldu skyldu sína að vekja á þessu athygli. Þeir sögðu um leið að þetta væri pólitísk ákvörðun sem Alþingi gæti tekið. Alþingi hefði löggjafarvaldið en ekki Samkeppniseftirlitið. En þeir töldu algjörlega ljóst að þarna væri keyrt gegn samkeppnislögum og það þyrftu menn að vita. Samkeppniseftirlitið telur jafnframt skyldu sína að fylgjast með stofnuninni til að meta hvort athugasemdir yrðu gerðar við ákveðna hluti.

Jafnframt komu fram tillögur um það hvernig mætti bæta ástandið. Bent var á tvær leiðir. Annars vegar að taka Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði. Segja má að það sé markmið sem menn hljóta að horfa til og þá væri þetta býsna skýrt. Þá væri ríkisstyrknum ætlað að sjá um það almannaútvarp sem þarna er um að ræða og væri ekki hægt að deila um þann þátt. Hin leiðin sem Samkeppniseftirlitið benti á var að setja þetta á sérrás, þ.e. að það væri annars vegar rás sem væri á ríkisstyrknum og hins vegar önnur rás í samkeppni. Ég er á því að sú leið sé mun erfiðari. Þar verður nákvæmlega sama sagan og komið hefur fram í máli ýmissa gesta hjá nefndinni. Hann verður alltaf strembinn þessi aðskilnaður á hinum hreina samkeppnisþætti og síðan almannaútvarpinu sem á að keyra eingöngu á ríkisstyrknum.

Því miður stefnir ýmislegt í það, verði frumvarpið að lögum, að langt sé í að friður skapist um Ríkisútvarpið. Það er auðvitað þess vegna sem margir hafa spurt: Af hverju er lagt af stað í þennan leiðangur? Skyldi megintilgangurinn vera sá að skapa ófrið um Ríkisútvarpið? Við getum látið hugann reika og velt fyrir okkur í hvaða vanda Ríkisútvarpið lendir ef þessi málaferli fara af stað. Ríkisútvarpið mundi hugsanlega tapa einhverju af þessum málum, t.d. ef í ljós kæmi að ríkisstyrkurinn hefði verið notaður til að greiða niður auglýsingar, halda niðri auglýsingaverði. Þá gæti Ríkisútvarpið lent í að þurfa að skila hluta af ríkisstyrknum til baka. Það gæti skapað slíkan vanda í rekstri stofnunarinnar að vandséð væri fyrir hana að vinna sig út úr honum. Ófriðurinn mundi síðan halda áfram.

Við höfum bent á að þetta geti einmitt verið tilgangurinn með þessu öllu, að flýta fyrir því áhugamáli margra að einkavæða Ríkisútvarpið. Mér þótti athyglisvert þegar hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni að allt tal um að þetta væri skref til einkavæðingar væri hreinn og klár tilbúningur og enginn stjórnmálaflokkur hefði á stefnuskrá sinni að selja Ríkisútvarpið. Þetta er allt saman rétt. En það er væntanlega ljóst í huga hæstv. ráðherra að hluti af Sjálfstæðisflokknum er á þeirri skoðun að selja eigi Ríkisútvarpið. Að minnsta kosti þrír hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram frumvarp um það. Í þeim hópi er m.a. formaður menntamálanefndar sem miðað við framgöngu sína virðist hafa gífurlega mikla sannfæringu fyrir málinu.

Einn hv. þingmaður, meðflutningsmaður hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, Pétur H. Blöndal, hefur auk þess sagt að hann styðji frumvarpið vegna þess að það auðveldi sölu Ríkisútvarpsins síðar. Þar er komin hluti af skýringunni. Hv. þm. Pétur H. Blöndal er afar hreinskilinn og talar oft beint frá hjartanu svo ég vitni í orðalag hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar þegar hann ræddi töluvert um annan hv. þingmann í ræðu sinni í gær. Það sem hæstv. ráðherra sagði áðan var beint að hv. þm. Pétri H. Blöndal. Ég trúi því að hv. þingmaður hljóti þar af leiðandi að velta fyrir sér hvort hann styðji frumvarpið eða ekki. Eða veit hv. þingmaður kannski betur og tekur ekki fullt mark á orðum hæstv. ráðherra? Hann segir eins og áður að þetta auðveldi sölu Ríkisútvarpsins, enda er það hárrétt hjá hv. þingmanni. Þetta auðveldar söluna. Þetta er ekki salan sjálf en breytingin auðveldar hana.

Hæstv. ráðherra vildi meina að frumvarpið breytti engu í þá veru og alltaf þurfi einfaldan meiri hluta á þingi til að selja. Ég held að allir hv. þingmenn viti að engin ríkisstofnun er seld ef lög hljóða upp á annað. Lögum þarf að breyta ef selja á viðkomandi stofnun. Hæstv. ráðherra fór síðan aðeins í átt að Framsóknarflokknum varðandi setninguna frægu í 1. gr., sem er eiginlega skemmtiefni hjá okkur flestum. Þar var hægt að beygja heilan stjórnmálaflokk með einni setningu, sem margoft hefur komið fram á fundum menntamálanefndar að breytir akkúrat engu. Þar á orðalag hæstv. ráðherra við. Sú setning breytir akkúrat engu vegna

þess að það þarf alltaf einfaldan meiri hluta á þingi ef áhugi er fyrir því að selja. Þess vegna skiptir setningin engu máli.

Hér sé ég í gögnum mínum frétt þar sem sérstaklega er staðfest það sem ég hafði talið mig muna rétt um hv. þm. Pétur H. Blöndal. Að vísu er líklega rétt að hafa það eins og segir í Fréttablaðinu þann 25. apríl 2006 því ég notaði víst annað orð og sagði að hv. þingmaður hefði sagt að þetta auðveldaði söluna. Það er auðvitað sama merkingin en það er haft eftir hv. þingmanni í Fréttablaðinu, með leyfi forseta:

„Pétur H. Blöndal gerði grein fyrir atkvæði sínu og kvaðst greiða atkvæði með frumvarpinu þar sem það væri skref í þá átt að einkavæða Ríkisútvarpið."

Rétt skal vera rétt. Ég bið hv. þingmann afsökunar á því að ég var heldur ónákvæmur í orðalagi áðan. En hér er þetta komið algerlega kórrétt. Þess vegna er eðlilegt að ég hafi vakið athygli á því að hæstv. ráðherra hafi verið að reyna að setja ofan í við hv. þingmann með því að segja að frumvarpið breytti engu. Þvert á það sem hv. þingmaður sagði þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu, að ástæðan fyrir því að atkvæði hv. þingmanns féll eins og það gerði væri að þetta væri skref í þá átt að einkavæða Ríkisútvarpið. Hv. þingmaður sem er oft býsna glöggur að greina á hvaða leið hlutir eru sagði þetta.

Þá kem ég að því sem hæstv. ráðherra átti í miklum erfiðleikum með að skilja. (**Gripið fram í:** ... ESA?) Ég átta mig ekki alveg á frammíkalli hv. þingmanns varðandi ESA vegna þess að ég er hræddur um að hv. þingmaður hafi misst af þeim kafla ræðu minnar þar sem ég fór svolítið yfir þau mál. (Gripið fram í.) Nú skil ég, frú forseti. Hv. þingmaður telur sig vera í liði með ESA (**Gripið fram í:** Öfugt.) eða ESA í liði með hv. þingmanni. Hv. þingmanni líður greinilega betur með að heyra það í þeirri röð, að ESA sé í liði með hv. þingmanni um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Ég vona að hv. þingmaður komi í ræðustól og færi rök fyrir því og segi okkur frá því hvernig hann hafi náð ESA í lið með sér í málinu. Það eru stórmerk tíðindi að hv. þingmaður hafi slík áhrif vítt og breitt um heim að það séu ekki minni apparöt en ESA í liði með honum þegar mikið liggur við. Ég veit að hv. þingmaður meinar það svo sannarlega að hann er mikill áhugamaður um að einkavæða Ríkisútvarpið og hefur aldrei falið það. Ég geri ráð fyrir að þeir hv. þingmenn sem með honum eru á því frumvarpi sem ég nefndi áðan séu sömu áhugamenn um það og sama skýring sé á stuðningi þeirra við það frumvarp sem við ræðum, að þeir telji að þetta sé skref í átt að einkavæðingu Ríkisútvarpsins.

Ég ætlaði einmitt að koma að því núna sem hæstv. ráðherra átti erfitt með að skilja og vildi meina að væri eitthvað sem við þyrftum að koma okkur saman um í stjórnarandstöðunni, held ég að hæstv. ráðherra hafi sagt, hvort um sé að ræða ríkisvæðingu eða einkavæðingu. Hvort væri eiginlega á ferðinni? Málið er að mínu mati afskaplega einfalt. Það er hvort tveggja á ferðinni. Ríkisvæðing snýr að ríkisstyrknum, á þeim þætti Ríkisútvarpsins er auðvitað um ríkisvæðingu að ræða. Í gegnum hlutafélagaformið er það sett inn til þess, eins og ég reyndi að segja áðan, að fara skrefið sem hv. þingmenn Pétur H. Blöndal og Sigurður Kári Kristjánsson telja að verið sé að stíga með þessu, að auðvelda einkavæðinguna. Það er að segja með því að gera þetta á þann hátt sem hér er lagt til mun skapast ófriður um Ríkisútvarpið. Það verður mikið af kærum. Það verða mikil vandræði í ýmsum þáttum sem frumvarpið, ef það verður að lögum, mun orsaka. Það mun veikja, því miður, Ríkisútvarpið. Það mun hugsanlega þegar vandinn er orðinn stór, ef Ríkisútvarpið tapar t.d. einhverju máli fyrir dómstólum, þ.e. þegar dómstólar fara að ákveða starfsumhverfi Ríkisútvarpsins sem er auðvitað verkefni okkar hér en ekki dómstóla. En uppgjör eða skorturinn á samstöðu í stjórnarliðinu um það hvaða leið þarf að fara til að skapa þetta starfsumhverfi orsakar það að samstaða verður um eitthvert klúður.

Við þekkjum þetta auðvitað úr þingsögunni. Það er meira að segja þannig að stjórnarandstaðan, ég ætla ekki að skorast undan því, hefur á stundum tekið þátt í því að ná samstöðu um einhver mál þannig að allir verða mátulega óánægðir með það. Við sitjum uppi með afar stórt mál sem er þannig, kjördæmaskipunin í landinu. Hún varð til þannig að menn fundu lausn sem enginn var ánægður með en menn gátu sætt sig við það af því það voru allir óánægðir með hana. Þá vann enginn.

Ég hef það örlítið á tilfinningunni, frú forseti, að niðurstaða Sjálfstæðisflokksins, ég ætla ekki að blanda Framsóknarflokknum í niðurstöðuna vegna þess að ég mun fara yfir það sérstaklega á eftir hvernig Framsóknarflokkurinn var tekinn í þessa ferð og vitna enn og aftur til ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í gær um það sem er líklega færastur okkar flestra til að fara yfir þann þátt málsins. En niðurstaða Sjálfstæðisflokksins hefur væntanlega orðið þessi vegna þess að þá eru allir svipað óánægðir. (**SKK:** ... Það ættir þú að þekkja.) Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson mælir speki nokkra. Að vísu var niðurlagið eitthvað sem ég átta mig ekki alveg á, en ég tel að hv. þingmaður hafi einmitt verið að lýsa nokkuð vel hvernig líðanin hefur líklega verið í þingflokki Sjálfstæðisflokksins þegar verið var að taka þetta í gegn. Það er augljóst mál, að þeir sálufélagar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Birgir Ármannsson hafa auðvitað verið óánægðir með það að ekki var stigið stærra skref í átt að einkavæðingunni. Trúlega hafa margir verið í hópi þeirra en hafa sætt sig við það af því að skrefið er í rétta átt. Þannig hafa þeir sæst á þetta.

Á sama hátt getum við leikið okkur endalaust með alla hina hópana í Sjálfstæðisflokknum varðandi málið sem ég vona að einhver innanbúðarmaður hjá Sjálfstæðisflokknum upplýsi okkur frekar um heldur en ég fari að geta í það. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór yfir það hvernig þingflokkur Framsóknarflokksins tók sínar beygjur og gaf auðvitað ýmislegt í skyn til að skýra þær í gær. En þetta er væntanlega skýringin á því af hverju málið lendir í þessum klúðurslega farvegi, að óánægjan hefur verið svipuð með það. Það er ófyrirgefanlegt að stofnun eins og Ríkisútvarpið þurfi að lenda í slíkum ferli. Þetta er stofnun sem er þeirrar gerðar, hefur það mikið hlutverk í samfélaginu að við getum ekki leyft okkur slíkt. Ég vona því að það sem eftir lifir af umræðunni nái einhverri lendingu svo hægt sé að koma í veg fyrir þetta mikla slys svo við þurfum ekki að fara í eitthvert endurreisnarstarf eftir einhvern tíma vegna þess að hér hafi þetta slys gerst eða missa málið í þann farveg sem ég veit að hv. þm. Pétur H. Blöndal vill helst. Ég er ærlegur

í því að ég óttast það svolítið að hv. þingmaður sé sannspár í þeim efnum, því miður. Þess vegna þurfum við auðvitað reyna að koma í veg fyrir slíkt.

Ljósi punkturinn er að það er stutt í kosningar. Hugsanlega verður hægt að bjarga einhverju eftir kosningar en það væri miklu þægilegra fyrir alla ef þjóðin vissi það í kosningunum að þetta væri eitt af málunum sem yrði kippt í liðinn og þess vegna væri gildistakan sett aftur fyrir kosningar. En lýðræðisástin er oft sérkennileg. Hún virðist stundum vera takmörkuð og fara í einhvern einn farveg, ekki mjög víðan heldur afar þröngan. Við vitum að það er misjafnt hvað er efst í huga fólks þegar það kýs t.d. í alþingiskosningum. Ég var líklega búinn að skýra það að um leið og ríkisvæðingin ætti sér stað væri einkavæðingin fram undan og harmóneraði býsna vel saman.

Hæstv. ráðherra, líkt og ýmsir aðrir hv. þingmenn stjórnarliðsins, hafa stöðugt fullyrt það að réttindi starfsmanna væru tryggð. Á stundum er gengið ansi langt í þeim efnum. Hæstv. ráðherra hélt þeim söng áfram þrátt fyrir að margoft hefur komið fram hjá stéttarfélögunum að svo er ekki. Ég hef nokkrum sinnum í umræðunni farið yfir þessi mál og trúlega óþarfi að endurtaka það allt saman. Við blasir og þarf ekki að deila um það, að auðvitað er verið að skerða réttindi starfsfólks með því sem hér eru lagðar fram tillögur um. Það sem er verst við þetta er að það er alltaf verið að þessu í bútum með mismunandi framsetningu. Það er ekki í fyrsta skipti nú sem lögð er fram tillaga um breytingu á rekstrarformi. Það hefur auðvitað verið gert áður og komið hafa upp margs konar vandamál sem hafa verið leyst á mismunandi hátt. Þess vegna er með ólíkindum af hverju ekki er farið í það í eitt skipti fyrir öll að ná einhverju samkomulagi um málið.

Ég man eftir því þegar fulltrúi úr fjármálaráðuneytinu kom á fund okkar í menntamálanefnd. Þá var rætt um það að það yrði miklu einfaldara og til bóta, það var álit þessa ágæta fulltrúa úr fjármálaráðuneytinu, ef sett yrði rammalöggjöf um breytingarnar. Á tímabili voru viðræður í gangi milli stjórnvalda og stéttarfélaganna um þetta. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það miklu hreinlegri vinnubrögð að fara yfir þessa þætti frá a til ö og afgreiða starfsmannamálin í einum pakka þannig að lögunum verði breytt í þá átt sem samkomulag getur orðið um. Ég hef fulla trú á að hægt sé að ná samstöðu um það. Að öllum líkindum yrði tekist á um ákveðna þætti, en ef þetta er gert og farið yfir það nákvæmlega og tengt kjarasamningum, vegna þess að þetta er einn pakki sem þarf að skoðast í samhengi, þá leysum við mál til framtíðar.

Stigin hafa verið mörg skref til að minnka mismuninn á milli opinberra starfa og annarra starfa, þ.e. að gera vinnumarkaðinn að einum vinnumarkaði. Við erum með getum við sagt tvo vinnumarkaði í dag. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki á allan hátt heppilegt og þess vegna eigi að leggja sig fram um að vinna að breytingum. Þær breytingar gerast auðvitað ekki á einni nóttu. Þær taka mjög langan tíma. Við vitum að stigið var stórt skref í þessu með breytingum á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það tekur hins vegar töluvert langan tíma að klárast og ekki algerlega orðið það sama þrátt fyrir það en þó stigið töluvert skref.

Ég verð, frú forseti, vegna þeirra ummæla hæstv. ráðherra sem eru í raun endurtekning á umræðum og ekki í fyrsta skipti sem það fellur saman, orðalag hæstv. ráðherra og virðulegs embættismanns hæstv. ráðherra, útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefur gefið út yfirlýsingar um réttindi starfsmanna m.a.. Í umræðum um störf þingsins þar sem ræðutími er takmarkaður og ég er ekki einu sinni viss um að hv. þm. Valdimar L. Friðriksson hafi komist alveg yfir þá yfirlýsingu sem borist hefur frá BHM og BSRB, vegna yfirlýsingar útvarpsstjóra og raunverulega endurtekningar hæstv. menntamálaráðherra. Þó að hv. þingmaður hafði farið yfir yfirlýsinguna held ég að nauðsynlegt sé að fara yfir hana einu sinni enn þannig að það fari ekki á milli mála þrátt fyrir að bæði hæstv. ráðherra og ýmsir hv. þingmenn hafi gefið annað í skyn, að umsagnir BSRB og BHM um frumvarpið standa algjörlega enn þá og eru í fullu gildi.

Í þessari yfirlýsingu, sem er dagsett 17. janúar 2007, segir, með leyfi forseta:

„Í umræðum um frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið ohf. hefur ítrekað verið vísað til yfirlýsingar Páls Magnússonar útvarpsstjóra frá því í nóvember sl. þar sem hann lýsti því yfir að öll kjör starfsmanna RÚV muni haldast óbreytt. Eftir að BSRB og BHM höfðu skoðað þessa yfirlýsingu voru samtökin sammála um að hún bætti engu við það sem fram kemur í sjálfu frumvarpinu þrátt fyrir ítrekaðar óskir samtakanna um breytingar.

Í yfirlýsingunni segir Páll Magnússon orðrétt: „Gert er ráð fyrir að hið nýja félag yfirtaki allar skuldbindingar stofnunarinnar gagnvart starfsmönnum, — bæði skv. ráðningarsamningum og kjarasamningum.“ Innihald þessarar yfirlýsingar er í samræmi við aðilaskiptalögin og því væri verið að brjóta þau ef ekki væri farið að þessu.“

Sem sagt, þessi hluti yfirlýsingar útvarpsstjóra er óþörf. Hún liggur fyrir í gildandi lögum. Áfram heldur í yfirlýsingunni, með leyfi forseta:

„Þá er ýmsum spurningum ósvarað, þar á meðal er með öllu óljóst hvað gerist þegar kjarasamningar renna út. Mun RÚV ohf. til að mynda vera reiðubúið til að semja á grundvelli fyrirliggjandi kjarasamninga við aðildarfélög innan BSRB og BHM sem hafa samningsrétt fyrir starfsmenn RÚV?

Einnig er óvíst hvernig samið verður við þá sem hefja störf eftir að lögin taka gildi en það er m.a. forsenda þess að nýráðnir geti farið í A-deild LSR að starfsmenn séu aðilar að þessum samtökum.

Þá segir Páll í yfirlýsingu sinni: „Réttindi starfsmanna haldast því óskert — verði frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. að lögum — þó eru „sólarlagsákvæði“ varðandi biðlaunaréttinn.“ Að mati BSRB og BHM stenst þessi fullyrðing ekki þar sem réttindi skv. lögum, eins og t.d. lögum um réttindi og skyldur og stjórnsýslulög, munu ekki gilda gagnvart starfsmönnum RÚV ohf. Áminningarskyldan, andmælaréttur og auglýsingaskylda munu því t.d. ekki gilda.

Þá er enn óvíst hvort hægt sé að treysta því að hið nýja félag samþykki aðild að LSR. Til að slíkt sé tryggt þarf að kveða skýrt á um það í frumvarpinu.“

Eða þá væntanlegum lögum. Þetta segir í yfirlýsingu frá BHM og BSRB.

Það er næstsíðasta tilvitnunin, þar sem rifjað er upp að

ýmsir þættir muni hverfa og ekki gilda við samþykkt frumvarpsins, sem enginn vafi er á að muni ekki gilda. Vissulega geta menn haft mismunandi skoðanir á því hvort þeir eigi að gilda eða ekki. En að koma ítrekað í ræðustól Alþingis og halda því fram að réttindin verði óskert stangast auðvitað algjörlega á við þetta. Það er miklu hreinlegra, og þannig á að umgangast sannleikann, að segja að breytingar verði, ákveðin skerðing verði á ákvæðum, sem viðkomandi er þá á móti að séu inni, eða segja: Við munum þá á einhvern hátt bæta þau réttindi sem skerðast. En ekki að koma hér og endurtaka í síbylju: Réttindin verða óskert — þegar þau eru alls ekki óskert.

Það getur vel verið og mér finnst það líklegt að hæstv. ráðherra og þeir hv. þingmenn sem þetta hafa gert nokkrum sinnum séu hreinlega á móti þessum réttindum, telji að þau eigi ekki að vera til staðar. Það eru sjónarmið sem viðkomandi eiga þá að rökstyðja. Það er ekkert óeðlilegt við það út af fyrir sig að hafa þá skoðun en það á ekki að halda því fram að réttindin séu óskert þegar þau skerðast, m.a. með þessum hætti og mætti fleira tína til.

Áfram með yfirlýsingu frá BHM og BSRB, með leyfi forseta:

„Ýmsum spurningum er því enn ósvarað um kjör og réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði frumvarpið um RÚV ohf. samþykkt óbreytt.

Um lífeyrisréttindi starfsmanna segir í yfirlýsingu Páls Magnússonar: „LSR hefur sömuleiðis staðfest áframhaldandi rétt starfsmanna RÚV til aðildar að A-deild sjóðsins — að fengnu samþykki vinnuveitanda — sem gert er ráð fyrir að hið nýja félag veiti, — verði frumvarpið að lögum.““

Áfram heldur síðan yfirlýsingin frá BHM og BSRB, með leyfi forseta:

„Það hefur alltaf legið fyrir að starfsmenn eigi rétt á aðild að LSR að fengnu samþykki atvinnurekanda en BSRB og BHM hafa viljað fá ákvæði þar um inn í frumvarpið svo rétturinn verði ekki háður samþykki stjórnar RÚV ohf.

Óvissan um rétt starfsmanna er því enn jafnmikil og hún var fyrir yfirlýsingu Páls Magnússonar.

Umsögn BSRB og BHM um frumvarpið er því enn í fullu gildi.“

Þetta segir að allt tal — hvort sem það er hæstv. ráðherra eða hv. þingmanna um að réttindi starfsmanna séu tryggð, þau haldist óskert, og vitnað er í að þessi yfirlýsing Páls Magnússonar hafi breytt þar öllu um og gefið til kynna að umsagnir stéttarfélaganna eigi þar af leiðandi ekki lengur við — er augljóslega rangt. Þess vegna er ekkert skrýtið að hv. þm. Valdimar L. Friðriksson hafi komið hér upp í dag og talið að vatnaskil yrðu í málinu vegna þess að nú væri búið að taka af allan vafa um að þessar yfirlýsingar stæðu þrátt fyrir að ýmsir hefðu haldið öðru fram. En eins og við heyrðum í ræðu hæstv. ráðherra hefur þetta ekki haft nokkur áhrif, engin áhrif. Hæstv. ráðherra heldur því enn fram að réttindin verði óskert og ég geri ráð fyrir að þeir hv. þingmenn sem þessu hafa haldið fram muni áfram halda því fram. Það er auðvitað býsna erfitt að eiga orðastað við slíka aðila, frú forseti, sem segja síðan bara að þeir treysti einhverjum öðrum. Ef einhverjir komast að annarri niðurstöðu en þeir sjálfir þá treysta þeir bara einhverjum öðrum sem hafa komist að sömu niðurstöðu og þeir, en stéttarfélögin hafi ekkert vit á réttindum starfsmanna. Það er býsna merkileg yfirlýsing en ekki er hægt að skilja þetta öðruvísi.

Enn held ég mig, frú forseti, við ræðu hæstv. ráðherra. Ég þóttist nú vita að töluvert fóður hefði verið í ræðu hæstv. ráðherra en ég gerði mér ekki grein fyrir að hún hefði skapað svo langa ræðu sem ræða mín er orðin og á ég þó eftir það sem ég hafði hugsað mér — áður en hæstv. ráðherra hélt ræðuna — að fjalla um. Það er því ljóst að ég þarf nokkuð að reyna að auka hraðann í ræðu minni svo þetta verði ekki of langt því ég hafði ekki hugsað mér það, frú forseti, að halda mjög langa ræðu, hef ekki lagt það í vana minn að halda mjög langar ræður. En ég tek eftir því að ræða hæstv. ráðherra hefur greinilega haft meiri áhrif á ræðulengd mína en ég hafði ætlað. Ég sé ekki betur en ég sé um það bil hálfnaður að fara yfir það sem ég ætlaði mér að gera athugasemdir við í ræðu hæstv. ráðherra og á þá eftir þó nokkuð af því efni sem ég hafði hugsað mér að ræða um áður en hæstv. ráðherra lét svo lítið, og það er vissulega fagnaðarefni að hæstv. ráðherra kom og tók þátt í umræðunni, kom mér alveg í opna skjöldu þar sem ég hafði verið næstur á mælendaskrá þegar hæstv. ráðherra skaut sér inn á milli. Eins og við vitum er hefð fyrir því á stundum að hæstv. ráðherra geti skotið sér inn í umræðu þar sem áhugi hæstv. ráðherra beinist að, þó að við höfum að vísu kynnst annarri útgáfu af því um daginn þegar hæstv. ráðherra fór bara eins og hver annar hv. þingmaður inn á mælendaskrána og ekkert nema gott um það að segja. Það eru misjafnar hefðir eftir því hvernig mál standa hverju sinni. En við vitum að hæstv. forseti hefur ætíð það vald að ákveða hvernig með þessi mál er farið hverju sinni. Þessi ræða hæstv. ráðherra var sem sagt sérstakt fagnaðarefni, þrátt fyrir að ýmislegt sem hæstv. ráðherra sagði hafi lengt ræðu mína nokkuð.

Ég var að ljúka því að fara yfir þann kafla sem kom að réttindum starfsmanna. Þegar ég fjallaði um ESA-þáttinn og auglýsingaþáttinn kom ég einmitt inn á það sem hæstv. ráðherra ræddi um og ég held ég geti þá sleppt því að þessu sinni. En það var afar athyglisvert það viðhorf hæstv. ráðherra að með frumvarpinu væri verið að klippa á pólitísk tengsl við Ríkisútvarpið og hæstv. ráðherra virtist vera mjög undrandi yfir því að við í stjórnarandstöðunni gerðum við þetta athugasemdir.

Meiri hlutinn hefur aldrei léð máls á breytingum á því fyrirkomulagi sem er í frumvarpinu, þ.e. að árlega muni Alþingi kjósa stjórnina sem ráðherra síðan í valdi síns hlutabréfs í raun tilkynnir á aðalfundi. Þetta segir að meiri hluti Alþingis hverju sinni kýs meiri hluta stjórnar, það er nú ekkert flóknara en svo. Ef þetta er að klippa á pólitísk tengsl þá veit ég ekki hvað pólitísk tengsl eru, ef það eru ekki bein pólitísk tengsl að meiri hluti Alþingis kýs meiri hluta stjórnar Ríkisútvarpsins. Það má ekki einu sinni hafa neina áhættu í því, það skal gert árlega og vitnað í að halda beri aðalfund í hlutafélögum árlega, allt gott með það. En Alþingi gæti t.d. kosið stjórnina til lengri tíma þrátt fyrir að hún yrði endurkosin síðan á hverjum aðalfundi, það veldur engum vandræðum.

Það sem við höfum bent á til að reyna að nálgast í þessu er, þó að við teljum ýmsa möguleika vera uppi, að hægt

væri að hafa þetta tímabil annað en venjubundið kjörtímabil, t.d. þrjú ár eða fimm ár. Fimm ár eru nú reyndar oft notuð og eru notuð í svipuðum stofnunum í öðrum löndum. Það væri því alls ekki óeðlilegt að nota fimm ár og ég kem betur að því á eftir af hverju það gæti hentað. Í fyrsta lagi vegna þess að þá er þetta ekki bundið kjörtímabilinu og þá væri það þannig að einn meiri hluti veit að næsti meiri hluti getur líka myndað meiri hluta þannig að það er miklu líklegra að um slíkt fyrirkomulag náist samstaða og það er eitthvað sem stofnun eins og Ríkisútvarpið þarf á að halda. Ef stjórn Ríkisútvarpsins væri kosin til lengri tíma, t.d. til fimm ára, væri tryggt að við gætum talað um að klippt hefði verið á pólitísk tengsl, þá gætum við talað um það.

En hæstv. ráðherra og ýmsir hv. þingmenn úr stjórnarliðinu hafa einmitt sagt að klipping á pólitísk tengsl séu ekki út af þessum beinu tengslum og ekki sé óeðlilegt að Ríkisútvarp sem sé í eigu þjóðarinnar, að stjórn þess sé kosin á Alþingi og það má að sjálfsögðu taka undir það, (Gripið fram í.) það er ekkert óeðlilegt við það.

Frú forseti. Ég missti aðeins af frammíkalli hv. þingmanns, en það hefur greinilega ekki skipt miklu máli, við látum það þá bara eins og vind um eyru þjóta.

En það er fleira sem segir okkur að pólitísku tengslin séu enn til staðar vegna þess að sú stjórn sem kosin er á þennan hátt ræður og rekur útvarpsstjórann, sem síðan hefur gífurlegt vald, þó ég noti nú ekki orð eins og sumir hv. þingmenn hafa sagt „allsherjarvald" yfir stofnuninni. Ljóst er að þetta skapar að minnsta kosti, svo ég sé nú hógvær í orðavali, hættur á pólitískum tengslum sem væri hægt að koma í veg fyrir m.a. með því sem ég sagði áðan. Til viðbótar er önnur einföld leið sem við höfum bent á að ef t.d. fulltrúar starfsmanna héldu sætum sínum í stjórninni væri einnig tryggt að það væri ekki alltaf ríkisstjórnarmeirihluti í stjórninni.

Annað atriði sem margir hafa bent á og við höfum gert líka er að ráðning útvarpsstjóra verður með öðrum hætti, þ.e. að stjórn geti með einfaldri ákvörðun rekið og ráðið. Það væri eðlilegt að maður í slíku embætti væri ráðinn til ákveðins tíma eins og algengt er með forstöðumenn ríkisstofnana. Þá kem ég aftur að þessum fimm árum en það er einmitt hefðin hjá ríkisstofnunum að forstöðumenn eru ráðnir til fimm ára í senn. Það er erfitt að átta sig á af hverju slíkt getur ekki átt við hjá Ríkisútvarpinu. En það er af einhverjum ástæðum sem ég þekki ekki nægjanlega vel hverjar eru. Ef áhugi hæstv. ráðherra og hv. þingmanna sem hafa lagt mikið upp úr því að búið sé að klippa á hin pólitísku tengsl er eins mikill og af er látið á því að gera slíkt væri auðvitað búið að stíga einhver skref í þá átt sem ég nefndi. Ég verð því miður að efast um að það sé mikill áhugi á að rjúfa þessi pólitísku tengsl. Ég þykist hins vegar vita að Sjálfstæðisflokkurinn verður tilbúinn til þess þegar af einkavæðingunni verður. Þá verður það ekkert vandamál. Vegna þess að þeir telja auðvitað að þeir eigi að hafa völd sem víðast og nær alls staðar. Það sé bara eitthvert náttúrulögmál. (Gripið fram í.) Nei, það er svolítið langt frá því, hv. þingmaður, að svo sé með fólk sem stendur utan þeirra vébanda. Við teljum, frú forseti, að þetta sé afar varhugavert og sé þróun sem er því miður búin að vera of lengi og það sé hluti af vandamálum Ríkisútvarpsins hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með pólitísk völd sín þar innan veggja. Það er hluti af vandamálinu. Ef sannkallaður áhugi væri á því að klippa á hin pólitísku tengsl hefði mátt sýna það í verki stöku sinnum. En því miður segir sagan okkur að Sjálfstæðisflokkurinn hefur líklega hvað minnstan áhuga á slíku.

Frú forseti. Enn kem ég að afar merkilegum þætti í ræðu hæstv. ráðherra. Það var hin mikla framsögn um frelsi embættismanna. Það þótti mér afar merkilegur kafli. Hæstv. ráðherra sagði að skoðun sín væri að embættismenn ættu að hafa fullt málfrelsi og ekki hvað síst um sínar stofnanir og tók útvarpsstjóra sem dæmi um það. Þar réði samviskan för. Það væri sérkennilegt sem sumir hefðu sagt, sem gerðu athugasemdir við það m.a. að útvarpsstjóri hefði ekki farið alveg rétt með. Ég tók eitt mál þar fyrir áðan sem ég reyndar tengdi hæstv. ráðherra af því að hæstv. ráðherra endurtók ekki bara eitt atriði heldur nokkur fleiri sem útvarpsstjóri hefði sagt.

Mér þótti þetta býsna merkilegt og ég vona að þetta sé eitthvað sem hefur breyst hjá hæstv. ráðherra vegna þess að við sem sitjum í fjárlaganefnd þekkjum bréfaskriftir hæstv. ráðherra til embættismanna sinna og um hvað? Ekki um tjáningarfrelsið, ekki um hvatningu til að tjá sig um málefni stofnunarinnar: Nei, ekki aldeilis, það er alveg þveröfugt. Ár eftir ár hafa verið send úr menntamálaráðuneytinu, og auðvitað ýmsum öðrum ráðuneytum, bréf á haustdögum til forstöðumanna stofnana um að þeir hafi ekki heimild til að tjá sig um stofnanir sínar eða óska eftir viðtölum við fjárlaganefnd um þær. Slíkt skuli allt fara í gegnum ráðuneytið.

Nú geri ég ráð fyrir að hæstv. menntamálaráðherra muni í haust senda út allt öðruvísi bréf og muni að sjálfsögðu berjast fyrir því á ríkisstjórnarfundi að þessum bréfaskriftum linni og nú skuli textinn vera á þá leið að forstöðumenn ríkisstofnana, vegna bréfa fyrri ára, séu hvattir sérstaklega til þess að tjá sig sem allra, allra mest um málefni stofnana sinna. Fara vel yfir fjárhagsstöðuna og leggja fram rökstuddar tillögur um það hvernig henni verður sem best fyrir komið og tjái sig sem víðast og helst við fjárlaganefnd beint og milliliðalaust.

Það væri í anda þess sem hæstv. ráðherra boðaði áðan þegar ráðherra vildi meina að það væri heldur betur til bóta að forstöðumenn tjáðu sig sem allra mest um stofnanir sínar að ég tali ekki um hagsmuni stofnananna. Væntanlega hlýtur það, ef við tökum eitthvert ákveðið atriði út úr sem er nú árlegt, að tengjast verulega hagsmunum hverrar stofnunar hvernig með mál þeirra er farið í fjárlögum. Ætli það sé ekki grundvöllurinn undir starfsemi þeirra margra hvernig það er gert?

Það verður því fróðlegt að fylgjast með því á haustdögum hvernig hið merka bréf hljóðar þá. Ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðherra sé samkvæm sjálfri sér í málflutningi sínum. Ekki er við neinu öðru að búast. Það eina sem áhyggjur beinast að er að það verði kannski miklu meiri vinna hjá fjárlaganefnd að taka við forstöðumönnum ríkisstofnana þegar þeir koma í löngum röðum að tjá sig um fjármál sinna stofnana vegna þess að ráðherrar hafi hvatt þá til þess.

Ég trúi því að forstöðumenn, sem eru embættismenn, hlýði ráðherra sínum enda er það embættisskylda þeirra.

Þannig hefur það verið þegar bréfin hafa farið út og embættismönnum verið bannað að hafa samband við fjárlaganefnd að allir hafa hlýtt því, að sjálfsögðu. Það er embættisskylda þeirra. Þetta veldur væntanlega gífurlegum breytingum á störfum fjárlaganefndar og verður vonandi til þess að nauðsynlegar upplýsingar berist til nefndarinnar og skilar vonandi miklu betri fjárlögum.

Frú forseti. Nú varð mér auðvitað á að gleyma afar mikilvægu atriði sem eru kosningar 12. maí. Það er afar ólíklegt að hæstv. ráðherra hafi tækifæri til að senda þetta bréf, sem ég í óskhyggju minni um breytta stjórnunarhætti vonaði að gæti farið út, því að núverandi ríkisstjórn mun auðvitað ekki sitja á haustdögum. (*Gripið fram í.*) Því er eiginlega spurning, frú forseti, eins og bent er á hér í salnum, til að missa ekki þetta tækifæri, hvort ekki sé rétt að hvetja hæstv. menntamálaráðherra til að taka það upp á næsta ríkisstjórnarfundi að nú séu breyttir tímar og þetta bréf verði sent út strax til að forstöðumenn hafi nægjanlegt svigrúm til undirbúnings. Vegna þess að nú er víða verið að byrja á að teikna upp fjárlagatillögur fyrir árið 2008. Það væri vel við hæfi að þetta bréf færi út sem allra fyrst þannig að forstöðumenn gætu verið vel undir þetta búnir.

Hér er um slíka stefnubreytingu að ræða að eðlilegt er að hún sé kynnt allra fyrst. Ég trúi því að ný ríkisstjórn sem tekur við verði sömu skoðunar að það sé eðlilegt að forstöðumenn tjái sig um fjárhagslega stöðu sinna stofnana. Síðan væri hægt að koma einhverju kerfi á þetta þannig að ekki kæmu alltaf allir forstöðumennirnir á hverju ári heldur mætti skipuleggja það með einhverjum hætti. Til dæmis að taka ákveðið ráðuneyti fyrir á hverju ári eða kannski fleiri en eitt. En það eru auðvitað líkur á því að á haustdögum verði búið að fækka ráðuneytum, þannig að kannski verður hægt að fara yfir öll ráðuneytin á færri árum.

Ég held að þetta sé í raun og veru ágætt viðhorf hjá hæstv. ráðherra að forstöðumenn stofnana, sem hafa væntanlega *mesta og besta þekkingu á sinni stofnun, geti tjáð* sig milliliðalaust þegar þeir telja ástæðu til, t.d. við fjárlaganefnd. Þetta viðhorf var mjög til bóta.

Frú forseti. Hæstv. ráðherra ræddi um þjónustusamninginn eins og þetta væri mesti tímamótasamningur sem nokkurn tíma hefði verið gerður. Ég treysti mér ekki til að taka svo sterkt til orða en ég held að það fari ekkert á milli mála að þjónustusamningurinn sem gerður var hafi verið til mikilla bóta. Hann hafi verið eitt af því jákvæða sem náðst hefur til bóta á þessu frumvarpi frá upphafi. Eins og við sögðum töldum við eðlilegt að þjónustusamningurinn yrði gerður áður en lögin væru samþykkt. Bæði hæstv. ráðherra og ýmsir hv. þingmenn töldu ekki mikla þörf á því hér áður en koma nú og lýsa yfir gífurlegri ánægju með þennan þjónustusamning. Ég get að hluta til tekið undir það að þjónustusamningurinn var mikilvægur.

Ég sagði áðan að við í stjórnarandstöðunni ætluðum ekki að eigna okkur algjörlega þá hugmynd að gera þjónustusamning. Það er ekki svo. Það hefur víða komið fram. Ég held að aðstoð ESA í þeim efnum hafi verið töluvert mikilvæg eins og ýmsir aðrir þættir sem breytt hefur verið í þessu máli.

Það er hins vegar tvennt sem ég tel rétt að nefna vegna þessara ummæla og hinnar miklu hrifningar hæstv. ráðherra á þjónustusamningnum. Það er kannski allt í lagi að fara þá í þann þátt sem kom upp í þeim merku bréfaskriftum sem hafa verið nokkuð umræddar hér við 3. umr. um frumvarpið um RÚV, og ég vakti sérstaklega athygli á áðan, að hæstv. ráðherra skensaði okkur nokkuð öll í menntamálanefnd fyrir slælegan lestur eða hugmyndaflug. Ég veit ekki alveg hvernig átti að taka það. En ég eyddi nokkrum tíma ræðu minnar áðan til að rétta við formann minn í nefndinni, sem ég taldi fulla ástæðu til og tel skyldu mína, því að ég var fyrsti ræðumaður á eftir þessum ummælum hæstv. ráðherra í garð menntamálanefndar og þá auðvitað fyrst og fremst í garð formannsins. Ég held að mér hafi tekist að reisa formanninn fyllilega við í þeim efnum og tel það bara skyldu mína að gera slíkt því mér fannst þetta nokkuð ómaklegt. Mér fannst það ómaklegt af hæstv. ráðherra í garð formanns sem er búinn að sinna störfum fyrir ráðherrann í ómældan tíma til nokkurra ára. (Gripið fram í.)

Hárrétt, frú forseti, og það var þess vegna sem ég tók upp hanskann fyrir hv. þingmann, formann menntamálanefndar, að auðvitað er formaðurinn okkar maður í þeim skilningi að við sem menntamálanefnd erum ákveðin heild. Þrátt fyrir það, og ég nefndi það áðan — af því að ég tek eftir því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur misst af þeim þætti ræðu minnar ... (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Ljómandi, frú forseti, ég þarf þá ekki að endurtaka þetta fyrir hv. þingmann. En ég geri ráð fyrir því að hv. þingmaður hafi verið miklum mun sáttari við mín orð en orð hæstv. ráðherra í þessum efnum, þó að því miður á stundum, hafi okkur þótt hv. þingmaður, formaður vor í menntamálanefnd, ég endurtek á stundum, alls ekki alltaf, verið of leiðitamur gagnvart ráðherranum. En skýringin á því er auðvitað valdauppbyggingin í Sjálfstæðisflokknum, staða varaformannsins í Sjálfstæðisflokknum er slík að við skiljum það mjög vel að hv. þingmaður þurfi stundum að beygja sig vegna þess valds sem varaformanni er gefið. (**Gripið fram í:** Er varaformaður Samfylkingarinnar ...?)

Það er svo skemmtilegt, frú forseti, að samanburður á því gífurlega valdi varaformanns Sjálfstæðisflokksins er varaformanni okkar býsna óhagstætt. Eins og ágætur formaður þingflokks míns, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sagði um það þá er t.d. formaður þingflokksins þjónn allra þingmanna flokksins en býr ekki við það að varaformaður flokksins hafi ægivald yfir þingflokksformanni. Þingflokksformaður er þjónn allra þingmanna og gerir ekki neinn greinarmun á þeim í því sambandi. (**Gripið fram í:** Er varaformaðurinn sammála þessu?)

Það er nú svo, frú forseti, að ég get ekki alveg áttað mig á hugsunum allra flokkssystkina minna, það yrði nú býsna flókið. En ég hef ekki trú á að minn ágæti varaformaður hafi ímyndað sér að völd varaformanns Samfylkingarinnar yrðu í einhverri líkingu við augljós völd varaformanns Sjálfstæðisflokksins. Ég verð t.d. að segja fyrir mig, og ég geri ráð fyrir að það eigi jafnt við um alla eða a.m.k. flesta hv. þingmenn Samfylkingarinnar, að ég gerði mér ekki grein fyrir þessu ægivaldi varaformanns Sjálfstæðisflokksins fyrr en hv. þingmaður fór yfir það með okkur hérna í því samhengi sem hann ákvað að gera. Ég hef ekki trú á að nokkur hafi haft ímyndunarafl í þá átt.

Ég var kominn að þeim þjónustusamningi sem hæstv.

ráðherra fagnaði mjög, og eins og ég sagði get ég að hluta til tekið undir það. En það er a.m.k. tvennt sem ég vil ræða í því samhengi í viðbót við það sem ég hef sagt áður um að sá samningur kemur til á seinni stigum og ESA hefur aðstoðað okkur verulega í þeim efnum. En það sem kemur fram í hinum síðari bréfaskiptum ESA og ráðuneytisins — sá þáttur var aldrei kynntur eða ræddur sérstaklega í nefndinni eins og við vitum, en varðar þjónustusamninginn, þ.e. þær reglur um mat sem fara þarf fram áður en Ríkisútvarpið tekur upp nýja þjónustu á almannaútvarpssviði. Það kemur sem sagt fram að í raun hefur samningurinn verið kynntur, ja, við skulum bara orða það varlega, á örlítið öðrum grunni en hann er í raun og veru.

En fyrst þetta: Þær reglur sem þarf að setja um að Ríkisútvarpið taki upp nýja þjónustu á almannaútvarpssviði liggja ekki endanlega fyrir. Þær hafa ekki verið ræddar í nefndinni, sem hefði verið eðlilegt að kæmu a.m.k. fram í greinargerð og meira að segja spurning, að minnsta kosti spurning, svo ég orði þetta varlega, frú forseti, hvort ekki hefði verið eðlilegt, ef þarf að setja það í reglugerð sem mér sýnast allar líkur á, að þess hefði verið getið í frumvarpstextanum. Ég held að hv. þingmaður, formaður menntamálanefndar, geti nú ekki komist fjær því en að taka undir það að ekki hefði verið óeðlilegt að ræða það að minnsta kosti, hvort það væri eðlilegt.

Hvernig var þetta þá, hvað átti ég við þegar ég sagði að kynningin hefði verið röng? Jú, vegna þess að hingað til hefur þjónustusamningurinn verið kynntur sem sáttmáli um lágmark þeirrar almannaþjónustu sem Ríkisútvarpinu er skylt að veita. Nú kemur í ljós þegar þetta er skoðað og sett allt í samhengi að í raun og veru er þjónustusamningurinn hámark þeirrar almannaþjónustu sem veita skal, hámark í staðinn fyrir lágmark. Því hefði verið eðlilegt, þegar þetta kom í ljós, að fara aftur yfir 3. gr. frumvarpsins og setja þetta allt í samhengi og reyna að átta sig betur á þessum hlutum. Það var ekki gert. Hæstv. menntamálaráðherra kom hingað áðan og kvartaði sáran yfir því að ekkert nýtt kæmi fram í umræðunni, en á þetta var minnst í ágætu framhaldsnefndaráliti og gerð býsna vel grein fyrir því af hv. þm. Merði Árnasyni þegar hann gerði grein fyrir framhaldsnefndaráliti okkar í minni hluta menntamálanefndar, en hæstv. ráðherra minntist ekki á þetta einu orði, það hefði því verið hægt að velta fyrir sér hlutunum örlítið og kannski skýra eitthvað.

Það er fleira varðandi þjónustusamninginn sem rétt er að fara örlítið yfir og það er kostnaðurinn við hann. Um helmingur kostnaðarins á að nást með hagræðingu. Ég ætla ekki að fara að rekja tölur fram og til baka, það er út af fyrir sig óþarfi, en það vekur sérstaka athygli þetta með hagræðinguna vegna þess að við höfum fengið bréf frá títtnefndum útvarpsstjóra sem fullyrðir að í raun sé ekki hægt að hagræða meira hjá stofnuninni öðruvísi en að skera niður þjónustu. Það getur vel verið að einhver þjónusta sé sem við, utanhússfólk, sjáum ekki, sem má skera niður. En gengið var ítrekað eftir því á fundum menntamálanefndar hvernig ætti að ná þeirri hagræðingu fram. Við því komu engin svör. Við erum því engu nær um það hvernig á að ná þessum peningum fram. Augljóslega þó með því, eins og fram kemur, að skerða þjónustu. Við trúum því náttúrlega að það sem útvarpsstjóri sendir okkur sé rétt því að hann þekkir betur innviði stofnunarinnar en við sem utan erum. Þess vegna er afar sérkennilegt þegar slíkir hlutir eru settir inn að einhverjar hugmyndir skuli ekki fylgja.

Gerð er fjárhagsáætlun sem byggir væntanlega á þekkingu á rekstri stofnunarinnar. Nefnd var látin fara yfir það og ágætir reikningsmenn frá Ríkisendurskoðun staðfestu að allt væri rétt reiknað og rétt upp sett og allt í góðu með það. En það hefur eiginlega verið staðfest í öllu þessu ferli að hagræðingartalan var bara talan sem stóð út fyrir. Til að láta enda ná saman var þetta kallað hagræðing og þannig átti að ná endum saman, með hagræðingunni án þess að skilgreint væri á nokkurn hátt hvernig því markmiði skyldi náð. Því er augljóst, því miður, að ekki hefur verið staðið að þessu verki þannig eins og vera bar, nema skilja eigi orð hæstv. ráðherra á þann veg, sem talaði um að reka ætti þetta eins og hvert annað fyrirtæki og það væri rekstrarhagræði að forminu, þ.e. hlutafélagsforminu. Það auðveldar virkilega að ná hagræðingu á þessu sviði ef það á að gerast, t.d. með uppsögnum, þá er það auðvitað einfaldara, það fer ekki á milli mála. En það sem er svo ótrúlegt í þessu öllu saman er: Af hverju er það þá ekki sagt að ná eigi því þannig? Það er meira að segja reynt að fela það að þjónustusamningurinn sé að stórum hluta til fjármagnaður með hagræðingunni.

Síðan væri hægt að vitna í tölur frá Skjá einum um hversu rausnarleg þessi innlenda framleiðsla á að vera miðað við þjónustusamninginn en ég held ég láti það eiga sig. Þeir vilja meina, því ég hef náttúrlega ekki getað sannreynt þær tölur, en þeir fullyrða að sú stöð eyði meiru í innlenda framleiðslu en gert sé ráð fyrir í þjónustusamningnum. Því er í ýmsu samhengi þessi fagnaðarhluti ræðu hæstv. ráðherra um þjónustusamninginn afar sérkennilegur, sem ég þó endurtek að er virkilega mikið skref í átt að því að bæta hlutina og var bráðnauðsynlegt fylgigagn með frumvarpinu.

Eitthvað á ég eftir enn af athugasemdum við hina miklu ræðu hæstv. menntamálaráðherra, sem kom svona óvænt inn í þessa umræðu og hefur vissulega lengt ræðu mína meira en ég gerði ráð fyrir og kannski meira en góðu hófi gegnir, ég gerist ekki dómari í því máli. En eitt ræddi ráðherrann sem var nokkuð skondið, það var þegar hæstv. ráðherra talaði um hina víðtæku sátt og taldi það brýnast í málinu að stjórnarandstaðan næði víðtækri sátt áður en hún færi að tala um nauðsyn víðtækrar sáttar. Þetta er afar sérkennileg nálgun vegna þess að það hefur verið þannig í málinu núna um langt skeið að stjórnarandstaðan hefur staðið algjörlega saman. Sameiginleg nefndarálit hafa komið hvert af öðru. Það er ekki hægt að kvarta yfir því. En hægt væri að velta fyrir sér hinni víðtæku sátt í stjórnarliðinu sem er búin að taka sífelldum breytingum þó að við horfum ekki nema bara á skammstafanirnar á eftir nafninu, sf., hf., ohf. Þessar þrjár hafa verið í þeim seinustu frumvörpum sem við höfum séð og spurning hvernig sú sátt hefur náðst í stjórnarflokkunum.

Ég sagði, frú forseti, að ég gæti sleppt stórum hluta af kafla ræðu minnar um Framsóknarflokkinn af þeirri einföldu ástæðu að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór nokkuð vel yfir það mál í gærkvöldi og sparaði mér töluvert í þeim efnum. En ekki er hægt að láta Framsóknarflokkinn

algjörlega sigla fram hjá, því að hann er hluti af stjórnarsamstarfinu þó að hann sé að verða stöðugt minni hluti stjórnarsamstarfsins og ég veit svo sem ekki hvað hann skiptir miklu máli í því út af fyrir sig.

Það er þó eitt sem ég á eftir áður en ég sný mér að Framsóknarflokknum og varðar hæstv. menntamálaráðherra. Það var umræðan um BBC sem hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um en sleppti því algjörlega að nefna að stóri munurinn á BBC og Ríkisútvarpinu er m.a. auglýsingarnar. Ég hélt þegar hæstv. ráðherra nefndi BBC að ég ætti von á að hæstv. ráðherra mundi boða að vel kæmi til greina að setja einhverjar takmarkanir á auglýsingar í Ríkisútvarpinu og fyrirmyndin ætti að vera BBC. Svo reyndist ekki vera heldur var farið yfir hið mikla veldi BBC og hvað það gæti verið fyrirmynd á ýmsum sviðum. Það olli mér nokkrum vonbrigðum, frú forseti.

Ég held ég láti þá staðar numið í þeim hluta ræðu minnar sem snýr að ræðu hæstv. menntamálaráðherra þó vissulega mætti nefna fleiri atriði en ég held ég láti þetta duga. Það getur verið að á eftir tengist það að einhverju leyti því sem ég hafði hugsað mér að ræða um ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar í gær, formanns menntamálanefndar, en við sjáum til með það vegna þess að nú hef ég hugsað mér að snúa mér að Framsóknarflokknum.

Það er merk saga sem Framsóknarflokkurinn á í þessu máli. Ég er svo heppinn að hafa fengið gögn sem sýna örlítið söguna hjá Framsóknarflokknum og hafði hugsað mér að fara yfir þetta frá ári til árs til að við gætum haft það algjörlega skráð í þingtíðindum hvernig þetta hefur gerst. En hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson leysti mig eiginlega frá því. Þar kom fram að þingflokkur Framsóknarflokksins, við einhverjar aðstæður sem sköpuðust árið 2005, ákvað að taka vinkilbeygju í málinu. Við getum leitt getum að því hvað breyttist árið 2005 hjá Framsóknarflokknum til að skýra það á einhvern hátt af hverju þessu u-beygja var tekin. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór vel yfir það að þetta er algjörlega á skjön við flokkssamþykktir, því var til mikils að vinna. Eftir það hefur Framsóknarflokkurinn — fyrir utan einstaka flokksfélaga sem hafa haldið merkinu á lofti og rifjað þetta allt saman upp á stundum. Nokkrum sinnum hefur verið minnst á ummæli Björns Inga Hrafnssonar, borgarfulltrúa þeirra, sem í hugum sumra er vonarstjarna til forustu í þeim flokki einhvern tíma á næstunni og hefur greinilega metið það svo að það mundi líklega styrkja sig frekar en hitt að vekja athygli á þessu. Eins og Björn Ingi sagði væri það að hans mati meiri hluti flokksmanna sem væri á móti hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins og spurði þessarar lykilspurningar: Hvers vegna að hlutafélagavæða ef ekki á að selja? Og svaraði sér sjálfur: Það er augljóst mál að þeir sem vilja hlutafélagavæða, þ.e. Sjálfstæðisflokkurinn, vilja auðvitað selja, þess vegna er verið að þessu. Það er skýringin á öllum þessum látum.

Ég var búinn að minnast líka áður á það og mun þess vegna reyna að stytta eins og kostur er umfjöllunina um hlut Framsóknarflokksins í málinu en hin fræga setning hefur verið aðhlátursefni nokkuð lengi og óþarfi að endurtaka mikið þá setningu sem segir að það standi ekki til að selja. Hún breytir auðvitað engu vegna þess að það þarf auðvitað samþykkt í þinginu til þess að breyta því eða selja, ef áhugi er fyrir því. Þeir sem áhuga hafa á því vinna að því, eins og ég hef áður komið að.

Frú forseti. Ég mun þess vegna stytta mjög umfjöllun mína um Framsóknarflokkinn. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður Framsóknarflokksins, hefur látið sjá sig örlítið í þingsölum og mun væntanlega tryggja að það verði a.m.k. af hálfu Framsóknarflokksins gerð einhver tilraun til þess að fara yfir t.d. umfjöllun hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar ef Framsóknarflokkurinn er ekki almennt sammála þeim útskýringum sem þar komu fram. Verði það ekki gert túlkum við það þannig að það sé í samræmi við skoðanir annarra hv. þingmanna Framsóknarflokksins, þær skoðanir og sú útlistun sem fram kom hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni.

Ég mun þess vegna stikla mjög á stóru og ætla aðeins að rifja upp til að sýna að það eru ekki allir búnir að yfirgefa stefnu Framsóknarflokksins eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vill meina. (Gripið fram í.) Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að flokkurinn er ekki gleymdur, en það mátti að vísu draga þá ályktun af merkum ræðubút hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar í gær og hæstv. menntamálaráðherra í dag, að Framsóknarflokkurinn væri gleymdur því að í þeirra merku ræðum um varaformenn var af einhverjum ástæðum aldrei minnst á varaformann Framsóknarflokksins, hæstv. landbúnaðaráðherra. Ég veit ekki hvers hann á að gjalda. Hvernig stendur á því að þegar hér er farið vítt um svið, varaformenn teknir til sérstakrar skoðunar og umfjöllunar, að hæstv. landbúnaðaráðherra er látinn liggja hjá garði? Ég átta mig ekki alveg á því hvernig á þessu stendur en ég er alveg sannfærður um að hæstv. landbúnaðarráðherra á það ekki skilið að ekki sé um hann fjallað. (Gripið fram í.)

Ég tel nefnilega, frú forseti, að það sé nákvæmlega þannig, að hæstv. landbúnaðarráðherra sé kannski sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni í hjarta sínu og ef hjartað fengi að tala, svo að vitnað sé í ágæt ummæli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar um annan varaformann, þá hef ég trú á því að hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformaður Framsóknarflokksins, sé a.m.k. ekki mikill háeff-maður. Upphafið um esseffið hefur trúlega verið svolítið í anda hæstv. landbúnaðarráðherra en ég held að stefna Framsóknarflokksins um sjálfseignarstofnun sé eitthvað sem hæstv. landbúnaðarráðherra mundi fella sig mjög vel við. Ég ætla því að láta tvær ályktanir sem tengjast Framsóknarflokknum duga vegna þess — ég sé að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er kominn í salinn — að ég fór ágætlega yfir þau mál í gær.

Sú fyrri er frá stjórn Sambands ungra framsóknarmanna og var gerð 28. nóvember 2006. Hér segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna leggst gegn því að frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. verði samþykkt, og RÚV þannig gert að hlutafélagi. SUF telur að hagsmunum RÚV og almennings sé ekki best borgið með breytingu af þessu tagi, og telur vænlegra að skoða kosti þess að gera RÚV að sjálfseignarstofnun. Bendir SUF á að þekktasta almenningsútvarp heims, BBC í Bretlandi, er rekið sem sjálfseignarstofnun og er sem slíkt leiðandi í framleiðslu á bæði menningar- og afþreyingarefni.

Þá telur SUF að málið sé ekki nægjanlega undirbúið og telur það fráleitt að frumvarpið hafi verið lagt fram á Alþingi án þess að afstaða hafi verið tekin til stórra spurninga, svo sem aðkomu RÚV að auglýsingamarkaði sem og stöðu RÚV á samkeppnismarkaði almennt. Stíga þarf mjög varlega til jarðar svo að ekki myndist fákeppni á þeim markaði með tilheyrandi neikvæðum áhrifum fyrir neytendur.

SUF leggur áherslu á nauðsyn þess að hér á landi starfi öflugt ríkisútvarp, sem nái til allra landsmanna og hafi ákveðnum skyldum að gegna við framleiðslu á innlendu dagskrárefni. Það að breyta RÚV í hlutafélag telur SUF hins vegar aðeins vatn á myllu andstæðinga RÚV og þeirra sem vilja einkavæða starfsemi þess.

SUF hvetur því þingmenn til þess að samþykkja ekki fyrirliggjandi frumvarp, en þess í stað leggja fyrir menntamálaráðherra að hefja undirbúning að því að breyta RÚV í sjálfseignarstofnun sem hafi að fyrirmynd breska ríkisútvarpið BBC."

Frú forseti. Þessa ályktun tileinka ég hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformanni Framsóknarflokksins, sem hefur ekki fengið verðuga umfjöllun í allri þeirri umfjöllun sem hæstv. menntamálaráðherra og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafa verið í um varaformenn í flokkum. (Gripið fram í.) Hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformaður Framsóknarflokksins, var látinn liggja hjá garði í allri þeirri umfjöllun um varaformenn sem fram hefur farið. Því er nauðsynlegt að reyna að halda upp merki hæstv. landbúnaðarráðherra þannig að hann liggi ekki alveg óbættur hjá garði í umfjöllun um varaformenn í flokkum. (Gripið fram í.) Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur væntanlega ekki getað verið með okkur í umræðunni vegna þess, eins og hv. þingmaður bendir á, að hann stendur í mikilli baráttu, (**Gripið fram í:** Hart að honum sótt.) hart er að honum sótt af meira að segja formanni þingflokks Framsóknarflokksins. Það eru auðvitað tíðindi að (Gripið fram í.) slíkt skuli gerast en varaformaður Framsóknarflokksins, hæstv. landbúnaðarráðherra, er væntanlega, eins og ýmsir aðrir framsóknarmenn, þeirrar skoðunar að sjálfseignarstofnun henti Ríkisútvarpinu best. Sú ályktun var í anda hæstv. landbúnaðarráðherra en það er náttúrlega spurning hvort hann tali frá eigin hjarta alla tíð eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson segir þegar hann fjallar um varaformenn á stundum.

Frú forseti. Síðasta ályktunin sem ég les er frá Félagi ungra framsóknarmanna í Reykjavík sem ber hið virðulega nafn Alfreð. Það er afar viðeigandi að Félag ungra framsóknarmanna í Reykjavík beri slíkt nafn sem er væntanlega kennt við fyrrum leiðtoga þeirra í borginni.

Ályktunin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórn Alfreðs, félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík suður, skorar á forustumenn Framsóknarflokksins að fresta afgreiðslu frumvarps um Ríkisútvarpið um óákveðinn tíma eða á meðan málið er rætt betur innan flokksins. Ríkisútvarpið er í hópi þeirra stofnana sem þjóðin er ánægðust með og engin knýjandi nauðsyn er á fyrirhugaðri formbreytingu eða jafnvel einkavæðingu stofnunarinnar, eins og sumir sjálfstæðismenn vilja. Málefni Ríkisútvarpsins þarfnast vandaðrar umræðu og minnir stjórn Alfreðs á ályktun miðstjórnar Framsóknarflokksins og málefnastefnuskrá frá 2003 þar sem fram komu þau fyrirheit að RÚV verði breytt í sjálfseignarstofnun sem gerir þjónustusamning við ríkið."

Svo mörg voru þau orð. Eins og heyra má eru þessar tvær ályktanir algjörlega í takt og ramma vel inn ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um breytta afstöðu Framsóknarflokksins sem hefur einhverja skýringu sem væntanlega verður síðar skýrð, en árið 2005 virðist koma þar mjög við sögu. Áhugafólk um stjórnmál getur því rifjað upp hvað gerðist árið 2005 í sögu Framsóknarflokksins og getur væntanlega lagt saman tvo og tvo og fengið út rétta niðurstöðu.

Frú forseti. Ég hef farið nokkuð yfir málið sem er á dagskrá, gert nokkrar athugasemdir við ræðu hæstv. menntamálaráðherra sem var merkt innlegg í umræðuna og full ástæða til að að vekja athygli á ýmsum ummælum sem hæstv. ráðherra viðhafði um málið. Það tók auðvitað lengri tíma en ég ætlaði að fara yfir þær örfáu athugasemdir. Það verður til þess að ég mun eftirláta einhverjum öðrum ágætum hv. þingmönnum og samherjum mínum að fara yfir þá þætti því að hér er um seinni ræðu mína að ræða í umræðunni. Ég mun því ekki hafa tækifæri til þess að fara ítarlega yfir þá þætti sem ég á eftir en mun að sjálfsögðu fylgjast áfram með umræðunni og nýta mér m.a. andsvör sem skapa auðvitað möguleika á því að koma viðhorfum á framfæri.

Frú forseti. Ég vænti þess að við nýtum vel þann tíma sem eftir er af umræðunni til þess að „bjarga Ríkisútvarpinu" frá því ferli sem sölumenn Ríkisútvarpsins hafa reynt að koma því í. Sölumenn Ríkisútvarpsins hafa því miður ráðið of miklu í þessari för. Ég minni í lokin á ummæli hv. þm. Péturs H. Blöndals sem er leiðtogi sölumanna Ríkisútvarpsins hér innan veggja, að stuðningur sölumannanna við frumvarpið er vegna þess að það er stigið skref í átt að einkavæðingu Ríkisútvarpsins, óheillaskref sem okkar hlutverk er að reyna að koma í veg fyrir, okkar sem teljum að Ríkisútvarpið hafi mikilvægu hlutverki að gegna í íslensku samfélagi.

[16:12]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir þá ræðu sem hann hélt, sem er seinni ræða hans í umræðunni sem þýðir að hann hefur að sínu leyti lokið leik hér í langri og strangri umræðu. Ég get ekki sagt annað en að það sé nokkur eftirsjá að hv. þingmanni úr umræðunni. Ég verð þó að segja það að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með ræðuna vegna þess að fátt nýtt kom þar fram. Þarna voru á ferðinni gamlar lummur sem áður hafa (**Gripið fram í:** Nei.) komið fram. (**Gripið fram í:** Hvað segir þú?)

Það sem mér fannst skorta dálítið á í ræðunni var að hv. þingmaður gerði skýra grein fyrir stefnu Samfylkingarinnar í málinu en eins og hv. þingmaður man kannski þá hélt ég merka ræðu í gær þar sem ég fór yfir stefnur Samfylkingarinnar, þ.e. annars vegar þá sem mælir fyrir um það að gera eigi Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun og hins vegar þá skoðun varaformanns (Gripið fram í.) Samfylkingarinnar sem hv. þingmaður hefur lýst yfir að sé í raun handónýtur og einskis nýtur í stjórnkerfi Samfylkingarinnar. En eins og ég sagði, frú forseti, þá rifjaði ég upp ummæli sem eftir

varaformanninum, hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni, voru höfð þann 10. nóvember sl. í Fréttablaðinu. Þar er þingmaðurinn spurður: Á að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag?

Þingmaðurinn svarar, með leyfi forseta:

„Já, ef ritstjórnarlegt sjálfstæði helst óskert og aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum verði fyrir hendi."

Svo einbeittur var hv. þingmaður í stuðningi sínum við málið að hann ítrekaði stuðning sinn við það í Morgunblaðinu í gær. Ég spyr hv. þm. Einar Má Sigurðarson: (Forseti hringir.) Er hann sammála varaformanni sínum hvað varðar viðhorf hans til hlutafélagavæðingar Ríkisútvarpsins?

[16:14]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er munur að geta lagt mælistikur á ræður manna og komist að þeirri niðurstöðu að í minni ræðu hafi fátt nýtt verið en sjálfur hafi hv. þingmaður líklega flutt eina merkustu ræðu sem flutt hefur verið í þingsalnum og þó víðar væri leitað. (Gripið fram í.) Já, trúlega frá upphafi geri ég ráð fyrir ef við förum nákvæmt í þetta.

Það er auðvitað ágætt að hv. þingmenn séu ánægðir með ræður sínar. Ég verð hins vegar að hryggja hv. þingmann með því að ég reyni að forðast endurtekningar í umræðunni, og af því að það er til þingmál sem er ramminn og rökstuðningur fyrir stefnu Samfylkingarinnar í málinu sem hefur verið lagt fram og hv. þingmaður getur kynnt sér ýmist á vefnum eða í pappír, þá er óþarfi að fara nákvæmlega yfir það. Ég hélt að ég hefði komið því þokkalega frá mér, þó að það hafi kannski farið fram hjá hv. þingmanni, að ég telji að sjálfseignarstofnun væri það form sem hentaði Ríkisútvarpinu. Ég sagði jafnframt að skoða mætti málið örlítið víðar til þess að ná sátt um Ríkisútvarpið vegna þess að við höfum talið það mikilvægast en ekki það stríðsástand sem sölumenn Ríkisútvarpsins vilja skapa. Þar skilur á milli. Ég fór nokkuð yfir það að ég saknaði þess að vilji m.a. hæstv. menntamálaráðherra sem fram kom í ósk um „við viljum, við viljum" upptalningunni hefði verið nálgast á þann hátt að ná sátt um leiðir til þess, sem við höfum margoft reynt að gera.

Ég verð þó að segja við hv. þingmann að ég eyddi örlitlum tíma ræðu minnar í það að fjalla einmitt um þann merka áhuga og hið merka skipulag varaformannsembættis Sjálfstæðisflokksins sem hv. þingmaður reynir stöðugt að að yfirfæra á aðra flokka en á því miður ekki við miðað við (Forseti hringir.) óskir hv. þingmanns.

[16:17]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er erfitt að eiga við menn eins og þennan hv. þingmann í svona umræðum. Ég spurði hann mjög einfaldrar spurningar, hvort hann væri sammála varaformanni sínum, hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni, sem lýsti því yfir í Fréttablaðinu þann 10. nóvember og aftur í Morgunblaðinu í gær að hann væri hlynntur því að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag. Hv. þingmaður sem hefur tekið mikinn þátt í umræðunum hérna í þinginu og á sæti í hv. menntamálanefnd Alþingis gat ekki svarað spurningunni skýrt.

Það er illa fyrir mönnum komið ef þeir geta ekki svarað bara já eða nei. Ég svo sem las út úr svarinu, ég veit ekki hvort skilningurinn hafi verið algerlega réttur og hv. þingmaður getur þá leiðrétt mig ef skilningur minn var rangur en ég las á milli línanna að hv. þingmaður er ekki sammála varaformanni sínum. Það þarf í sjálfu sér kannski ekkert að koma á óvart enda var fyrirsögnin á þessari fréttaskýringu Magnúsar Halldórssonar í Fréttablaðinu ósamstiga þingmanninum í mikilvægum atriðum sem kristallast nú í þessu máli og þessu svari þingmannsins.

Úr því að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, var ekki við ræðu mína hér í gær, einhverra hluta vegna, hef ég hugsað mér að koma í andsvör við fleiri þingmenn Samfylkingarinnar og spyrja þá sömu spurninga og gera létta könnun á stuðningi við viðhorf hans til þessara mála innan þingflokks Samfylkingarinnar.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Ef hann er ekki sammála varaformanni sínum í þessu máli, veit hann til þess að yfirleitt einhver í Samfylkingunni styðji þau viðhorf sem hv. þingmaður og varaformaður Samfylkingarinnar reifaði í Fréttablaðinu þann 10. nóvember og ítrekaði af mikilli ákveðni í Morgunblaðinu í gær, að hann styddi hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins og þar með frumvarp hæstv. menntamálaráðherra?

[16:19]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er náttúrlega erfitt við þetta að eiga, þessi pólitíska þráhyggja er smitandi. Nú hefur hún farið af hæstv. menntamálaráðherra sem hefur hina pólitísku þráhyggju gagnvart frumvarpi sínu (**SKK:** Hann heyrir ...) yfir á hv. þingmann, formann menntamálanefndar sem virðist hafa alveg sérkennilega pólitíska þráhyggju varðandi ákveðið mál.

Ég veit ekki hvort ég get ráðið við það að lagfæra þessa hluti. Ég held að ég hafi svarað því afar skýrt í fyrra andsvari mínu að stefna okkar er mjög skýr í þessu máli og ég hef ekki lagt mig fram um það að vera neitt að garfa í því hvort aðrar leiðir væru færar. Ég hef hins vegar sagt að við værum opin fyrir viðræðum um ýmsa hluti. Þannig er það auðvitað og ég endurtek að það er friður í kringum Ríkisútvarpið sem er aðalatriðið þótt sölumenn RÚV vilji eitthvað annað.

Frú forseti. Það sem kom mér á óvart þegar hv. þingmaður kom í andsvar við mig var að hann skyldi ekki nýta það tækifæri og þakka mér sérstaklega fyrir að hafa reist hann við í samskiptum við hæstv. ráðherra.

Ég lagði mig verulega fram um það, ég verð að segja það, frú forseti, að verja minn formann. Ég taldi að ég hefði átt skilið að minnsta kosti örlítið þakkarorð í þá átt að ég hefði staðið mig í áttina að því að nálgast hina mögnuðu ræðu hv. þingmanns hér í gær, a.m.k. í þeim þætti ræðu minnar þegar ég einbeitti mér að því að endurreisa formann minn sem ég taldi auðvitað skyldu mína að gera.

Þetta tímabil sem varaformaður hv. þingmanns hefur lagt á hann mikla vinnu við RÚV-málið veldur vafalaust

þessari pólitísku þráhyggju, og útrásinni er beint, kannski eðlilega, að varaformanni í öðrum flokki.

[16:21]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Fátt eitt nýtt kom fram í ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar áðan. Það var einmitt eitt nýtt sem kom fram. (**Gripið fram í:** Bara eitt?) Það var það sem hann nefndi sem sölumenn Ríkisútvarpsins. Hverjir skyldu vera yfirsölumenn Ríkisútvarpsins? Það skyldi þó ekki vera sú stjórnarandstaða sem talar hér í fjóra sólarhringa og á eftir að tala kannski annað eins um Ríkisútvarpið?

Ég hygg að stjórnarandstöðunni væri nær og rétt að fara að hlusta á rödd almennings, líta út fyrir þingsalina en grúfa sig ekki hér í pontu og halda sólarhringsvakt á þinginu. Það virðist eins og að þeir hv. þingmenn sem tala fyrir hönd stjórnarandstöðunnar hafi bæði eyrnahlífar og augnblöðkur og endurhljómi einmitt rödd sölumanna Ríkisútvarpsins.

Þegar við ræðum 1. gr. frumvarpsins hafa vinstri grænir gjarnan talað um að við séum að fara í einkavæðingu RÚV. En nú sýnist mér að sölumenn RÚV sem eru þá jafnvel aðaltalsmenn Samfylkingarinnar tali hvað mest hér í dag og þessa daga.

Þess vegna væri ágætt að heyra frá hv. þingmanni: Hvernig hyggjast þessir ágætu sölumenn RÚV standa að málum, sölumenn Samfylkingarinnar? Hvernig ætla þeir að standa að málum? Tala hér fleiri daga og gera almenningi betur grein fyrir stöðu mála? Hver er kjarni málsins varðandi þetta?

Hv. þingmaður sem talaði upp undir sex tíma í málinu gat í dag sagt kjarna sinn á mínútu. Þannig vil ég heyra sögguna.

[16:24]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja það, því miður, að hv. þingmaður náði ekki sömu hæðum og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson í hinni stórmerku ræðu sem hann flutti í gær. Málefnalega var þetta að vísu trúlega býsna djúpt og ég verð að biðja hv. þingmann afsökunar ef ég hef ekki náð fyllri dýpt í málið en kjarni málsins er sá, sem ég hélt að ég væri búinn að nefna nokkrum sinnum, að það þarf að koma í veg fyrir að sölumenn RÚV ráði ferlinu, skemmi RÚV og einkavæði það.

Einkavæðing RÚV — það er verið að vitna í alls konar hv. þingmenn VG í þeim efnum. Hv. þingmaður hefur greinilega ekki fylgst nægilega vel með vegna þess að ég las hér orðrétt frétt eftir hv. þm. Pétri H. Blöndal sem sagði að stuðningur hans við þetta frumvarp væri vegna þess að með því væri stigið skref í átt að einkavæðingu RÚV. Málið er ekki flókið að þessu leytinu til.

Við erum að reyna að vekja athygli m.a. hv. stjórnarþingmanna á því hvaða hætta er á ferðum. Ef hv. þingmenn eru ekki á því að vilja fara sömu leið og leiðtogi sölumanna RÚV, hv. þm. Pétur H. Blöndal, eiga menn að bregðast við og segja það.

En varðandi hin merku ummæli hv. þingmanns um rödd almennings og sólarhringsvaktir verður að upplýsa hv. þingmann um það, þó að við vildum gjarnan koma örlítið meira að stjórn þingsins, stjórnarandstöðuþingmenn, að virðulegur forseti stýrir og stjórnar og ákveður hvort hér eru keyrðir heilir sólarhringar eða hálfir eða rúmlega það. Við höfum lítið um það að segja.

Frú forseti. Þar sem ég á bara örfáar sekúndur eftir af þessu andsvari mun ég nota seinna andsvar mitt til að fjalla um rödd almennings og upplýsa hv. þingmann örlítið um hann.

[16:26]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fékk fá svör áðan. (**Gripið fram í:** Nú?) Ég vil gera það fyrir hv. þingmann að fara aftur í andsvar við hann svo að hann fái tækifæri til að tala máli sínu að fullu og öllu og geti nýtt þann tíma sem hann hefur.

Ég held að það sé alveg skýrt hverjir eru sölumenn RÚV (Gripið fram í.) í dag, þeir sem tala verst í átt til þess að RÚV verði ohf. og verði í eigu ríkisins og það er sú stjórnarandstaða sem talar nú.

Ég held að sá málflutningur sem hér hefur verið með síendurteknum ræðum með nánast engu nýju í verði ekki að gagni fyrir RÚV ohf. Við eigum að tala um þetta frumvarp og þá stofnun sem hér um ræðir með tilliti til þess að gera henni gagn en ekki tala hana út af borði hjá almenningi.

[16:27]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hafa komið í seinna andsvar eingöngu í þeim tilgangi að gefa mér örlítið meiri tíma til að fjalla um málið. Það er þakkarvert.

Ég held að það sé út af fyrir sig rétt hjá hv. þingmanni að ræður okkar stjórnarandstæðinga gera ekki RÚV ohf. mikið gagn. Hv. þingmaður hefur greinilega ekki tekið eftir því að við erum að tala gegn því að það verði RÚV ohf. þannig að það er eðlilegt að ræður okkar séu ekki til mikils gagns fyrir RÚV ohf. Það sýnir að ræður okkar komast þá til skila til hv. þingmanns. Við erum að berjast gegn því að þetta verði RÚV ohf. og teljum að þá sé verið að stíga ákveðið skref í þá átt sem sölumenn RÚV vilja stíga.

Ég hef nefnt til vitnis ummæli hv. þingmanns, samflokksmanns hv. þingmanns, Péturs H. Blöndals, sem talar hreint út í málinu eins og hann gerir oft. Ég geri ráð fyrir því að hv. þingmaður hljóti að hafa heyrt þessa rödd í þingflokki sínum vegna þess að innan þeirra veggja er væntanlega mesti fjöldi sölumanna RÚV.

Í ræðu minni áðan kom ég einmitt inn á það að hæstv. menntamálaráðherra hefði talað um almenning á svipaðan hátt og hv. þingmaður. Það er svo magnað hvað sumir stjórnarþingmenn vita um almenning en eru um leið svo dauðhræddir við hann. Við erum búin að fara yfir það að við höfum meira að segja boðist til að færa gildistökuna fram yfir kosningar, til að liðka fyrir þingstörfum, þannig að kjósendur vissu nákvæmlega að þetta væri eitt af þeim málum sem lægju undir. En af einhverjum ástæðum óttast þessir sömu stjórnarliðar og virðast vita allt um skoðanir og hugsanir almennings, hvað sagt er og talað á hverri einustu kaffistofu landsins, þennan sama almenning.

Það er erfitt að fá samhengi í hlutina en það er svipað og annað í þessu máli, þegar menn hafa ekki fulla trú á málstaðnum reyna þeir að fela málið í heild sinni.

[16:29]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að sitja hér í salnum og hlýða á ræðumenn í umræðu um Ríkisútvarpið ohf. Var síðasti ræðumaður þar ekki undanskilinn og tek ég undir flest af því sem hann lét frá sér fara. Það vakti athygli mína í síðustu andsvörum að hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Kjartan Ólafsson, taldi það mjög til vansa að stjórnarandstaðan, sem er í reynd brjóstvörn Alþingis og brjóstvörn lýðræðisins þegar um yfirgang ríkisstjórnar er að ræða, hefði staðið hér í u.þ.b. fjóra daga eða svo og reynt að koma í veg fyrir þau ósköp sem ríkisstjórnin vill koma í gegn. Ríkisstjórnin sjálf hefur unnið að málinu í þrjú ár þannig að í því samhengi eru fjórir sólarhringar ekki mjög langur tími. Það sem er ekki síður athyglisvert í þessari þriggja ára vinnu er að undantekningarlaust hafa fyrri hugmyndir ríkisstjórnarinnar, hæstv. menntamálaráðherra og meiri hlutans á þingi tekið verulegum breytingum í sumarfríum og jólafríum hverju sinni. Við eigum ekki von á öðru nú en að hið sama sé upp teningnum, að sú umræða sem hér fer fram muni á síðari stigum leiða til þess að enn frekari breytingar verði gerðar á þessu máli.

Það hefur einnig vakið athygli mína í þessari umræðu — og ég veit ekki, virðulegi forseti, hvort það tengist því athyglisverða ástandi sem er í þinghúsinu nú um stundir — að ekkert kemst á dagskrá nema mál Ríkisútvarpsins en þingmenn stjórnarliðsins koma reglulega í andsvör og gefa ræðum stjórnarandstæðinga einkunnir. Oftar en ekki finnst þeim lítið til þeirra koma ellegar að fátt eitt nýtt beri við. Í því ljósi hlýddi ég af mikilli athygli á ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar hér í gær (**Gripið fram í:** Þar kom ýmislegt nýtt fram.) sem ég held að hafi staðið í 30 mínútur eða svo, hún hafði um tíma nokkurt skemmtanagildi en var eftir það kannski meira og minna málþóf. Þess vegna þóttu mér þeir gera litlar kröfur til sjálfra sín í ljósi þeirrar miklu áherslu sem þeir leggja á að stjórnarandstaðan komi upp með nýjan sannleik í hvert sinn sem stjórnarandstöðuþingmaður tekur til máls.

Á sama hátt hlýddi ég af mikilli athygli á hæstv. menntamálaráðherra sem ekki er viðstödd þá umræðu sem nú fer fram. Ég held að það væri við hæfi að hæstv. ráðherra væri viðstödd þessa umræðu því að þegar á líður ræðu mína, virðulegi forseti, mun ég beina til hennar fyrirspurnum. Mér þætti vænt um að hún sæi sér fært að verða við beiðni minni og vera a.m.k. við þegar nær dregur lokum þannig að mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra yrði gert viðvart um það að einhverjar spurningar muni vakna þegar á líður.

Eins og ég nefndi áðan hefur hæstv. forseti þingsins tekið þá ákvörðun að ekkert skuli rætt annað en þetta tiltekna mál og einnig að möguleikar þingmanna til að forvitnast um hvaðeina eða bera fram fyrirspurnir, sem er réttur okkar, séu ekki til staðar í augnablikinu. Hugsanlega kunna að verða einhverjar breytingar á morgun hvað varðar umræður utan dagskrár en að meginstefnu til þarf stjórnarandstaðan að standa hér í brjóstvörn fyrir þingið andspænis yfirgangi ríkisstjórnarinnar.

Ég hef reyndar ekki áður tekið til máls í umræðum um Ríkisútvarpið og breytir þá engu hvort um Ríkisútvarpið undir merkjum sameignarfélags hafi verið að ræða, Ríkisútvarpið undir merkjum hlutafélags eða merkjum ohf. Ég hef ekki komið að þessum umræðum áður og það má kannski segja að á meðan ríkisstjórnin hefur verið svona óviss um hvaða leið sé best í þessu tiltekna máli hefur verið ágætt að menn hafi ekki tæmt sig í umræðunni enda hefur stefna ríkisstjórnarinnar tekið stökkbreytingum á þeim þremur árum sem tilraunir hafa verið gerðar til að setja lög um Ríkisútvarpið. Þetta þykir mér athyglisvert.

Af því að hv. formaður menntamálanefndar situr í salnum þætti mér ágætt ef hann sæi sér fært þegar þessari ræðu er lokið að svara því á hvaða tímapunkti í þessu þriggja ára ferli undir merki sameignarfélags — reyndar kom síðan fram að það væri erfitt að vera einn um að eiga sameignarfélag — eða undir merki hlutafélags eða opinbers hlutafélags hann hafi sannfærst endanlega um að nú væru menn á réttri leið með það frumvarp sem nú liggur fyrir eða þá hugmynd sem hefur verið að gerjast þennan tíma. Það hefur ekki breytt neinu undir hvaða formerkjum þetta mál hefur komið til þings, hv. stjórnarliðar hafa alltaf verið jafnsannfærðir um ágæti þess. Þeir koma enn á ný sannfærðir þó að málið hafi tekið stökkbreytingu. Þó að hugmyndafræðinni sé snúið á haus eru hv. stjórnarliðar alltaf jafnsannfærðir um að þeir séu á réttri braut.

Ekki bara þetta, heldur koma stjórnarliðar síðan bísperrtir í ræðustól og spyrja stjórnarandstöðuna hver hennar stefna sé í þessum tilteknu málum eftir að þeir hafa mætt árlega með nýja stefnu í málefnum Ríkisútvarpsins. (**SKK:** Svo þegar maður svarar því ...) (Gripið fram í.) Það hefur verið að eigin frumkvæði sem hv. þingmaður hefur farið yfir stefnu stjórnarandstöðunnar. Það er mjög athyglisvert að þessir hinir sömu hv. stjórnarliðar skuli kalla eftir stefnu eftir að þeir hafa núna árlega breytt um kúrs, og reyndar ekki bara árlega heldur í hverju einasta fríi, í hverju sumarleyfi eða jólaleyfi hafa alltaf átt sér stað breytingar. Við sem lítum svo á að við séum brjóstvörn þingsins í þessu máli gerum okkur enn á ný vonir um að um frekari breytingar verði að ræða.

Í þessari umræðu hafa stjórnarliðar verið nokkuð hvatvísir í þeim efnum að lýsa því yfir að stjórnarandstaðan sé á einhvern hátt sundruð í málinu ellegar hafi fleiri stefnur en eina. Það þarf ekki í sjálfu sér að koma á óvart að stjórnarandstaðan hafi mismunandi áherslur enda skipa þingmenn sér í flokka og lið eftir mismunandi hugmyndafræði og það er ekkert óeðlilegt að út úr því komi mismunandi áherslur. En þeir stjórnarliðar sem hafa talað í þessu máli, og m.a. hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem skipar bekk stjórnarliða, eru ekki einu sinni samstiga í málinu. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur tekið til máls í þessari umræðu og á honum er ekki annað að skilja en að hann muni ekki verða í fylkingarbrjósti þegar kemur að því að greiða þessu máli jáyrði sitt komi málið einhvern tíma til atkvæða þannig að stjórnarliðar eru nú ekki sameinaðri en þetta.

Þrátt fyrir þennan veruleika og þrátt fyrir þessar staðreyndir mæta þeir í andsvör og ræður bísperrtir, spyrja menn út úr hinu og þessu og fjölyrða um að staðan hjá þeim sé ekki sem skyldi. Þetta hefur verið mjög athyglisvert og það sem er kannski ekki síður athyglisvert er að í sögu

þessara þriggja ára, í breytingasögu þessara þriggja ára hvað varðar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, virðist sem það hafi ekki verið fyrr en frægt fréttastjóramál kom hér upp fyrir tæpum tveimur árum sem annar stjórnarflokkurinn fékk algjörlega nýja sýn, þ.e. Framsóknarflokkurinn fékk algjörlega nýja sýn á það hvernig best væri að reka ríkisútvarp eftir að hafa ályktað ár eftir ár. Tónar úr grasrótinni sem er sennilega að verða einhver þekktasta grasrót sem til er hafa lengi verið í þá veru að halda beri Ríkisútvarpinu sem mest í núverandi formi. En í kjölfar athyglisverðra hluta árið 2005 sem komu upp í Ríkisútvarpinu kúventi Framsóknarflokkurinn á flokksþingi sínu og fékk nýja sýn á þetta tiltekna mál. Má segja sem svo að Framsóknarflokkurinn eigi í reynd algjörlega eftir að skýra sinn hlut í þessu máli. Ég vænti þess að hann geri það. Ég veit að menn hafa auglýst talsvert eftir formanni Framsóknarflokksins, talið mikilvægt að hann kæmi til umræðunnar, útskýrði ferðalag síns flokks og upplýsti okkur um það á hvaða ferðalagi sá flokkur er í þessu tiltekna máli. Það hefur einnig verið dregið hér fram að ungliðadeild flokksins hefur ályktað um það að haldið skuli í Ríkisútvarpið með öllum tiltækum ráðum. Þótt ekki sé nema farið yfir þessa stuttu sögu finnst mér stjórnarliðar fara heldur frjálslega með hana og staðreyndir þegar þeir reyna að láta líta svo út sem stjórnarandstaðan sé sundruð í þessu tiltekna máli.

Stjórnarandstaðan er einhuga í málinu. Stjórnarandstaðan mun beita sér fyrir því að þetta frumvarp verði ekki að lögum í þeirri mynd sem það birtist hér. Síðan mun koma í ljós hvort brjóstvörn Alþingis, stjórnarandstöðunni, takist að hrinda árás ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Ég hef örlítið komið inn á söguna og þá athyglisverðu umræðu sem hér hefur farið fram og verið haldið úti í nokkra daga. Þar sem ég hef reynt að átta mig eins vel á efninu og nokkur er kostur hef ég fengið enn skýrari mynd á þetta. Ég hef lengi velt fyrir mér í þessu þriggja ára ferli hver vandi Ríkisútvarpsins sé í dag. Hvaða vanda er verið að leysa með þeim hugmyndum sem hér eru settar fram? Því hlýddi ég af mikilli athygli á ræðu hæstv. menntamálaráðherra því að ég taldi víst að þar kæmu fram svör við þeim spurningum sem á mig hafa leitað undir þessari umræðu. Það komu svör en menn geta deilt um innihald þeirra eða gæði. Hæstv. menntamálaráðherra sagði að það þyrfti að nútímavæða stofnunina. Þá taldi ég víst að það orð hefði eitthvert innihald, greindi okkur frá einhverri hugmyndafræði, einhverri sýn. En það var ekki. Það var ekkert í ræðunni sem gaf okkur mynd eða sýn á það á hvaða ferðalagi ríkisstjórnin er í þessu máli undir hugmyndafræðinni nútímavæðing. Hæstv. menntamálaráðherra sagði — það var enn frekara innlegg í málið til að reyna að upplýsa það — að stjórnarandstaðan væri úr takti við þjóðfélagið (**Gripið fram í:** Og tímann.) og tímann. Þá var það útskýrt einhvern veginn á þann veg að það væri enginn að tala um málið. Því væri stjórnarandstaðan úr takti við samfélagið.

Þá rifjaðist upp fyrir mér þar sem ég sat í þingsalnum og beið eftir stóra sannleikanum, eftir því að verða sannfærður, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hvað það væri í þessu sem við værum ekki í takt með. Jú, það var umræðan síðan á mánudag um að við værum ekki í takt við samfélagið.

Þá vaknaði að sjálfsögðu spurningin: Hvað mundi maður segja ef maður væri búinn að ólmast í málinu í þrjú ár og enginn talaði um það? Ekki nokkur einasti maður, að sögn hæstv. menntamálaráðherra. Maður er búinn að ólmast í málinu í þrjú ár. Það er nánast búið að setja hér, eins og það hefur verið kallað á hinu háa Alþingi, hálfgerð „herlög" til að koma málinu í gegn. Hæstv. menntamálaráðherra kemur svo upp og segir: Það er enginn að tala um málið, ekki nokkur einasti maður.

Um hvað snýst þetta þá? Hver er vandinn? Hver er kjarninn í þessu máli? Kannski er ekkert óeðlilegt úr því að maður fékk engin svör í ræðu hæstv. menntamálaráðherra önnur en að við værum að einhverju leyti úr takti að maður leitaði svara þá í frumvarpinu sjálfu, hvort þar væri eitthvað að finna úr því að það var ekki útskýrt.

Menn verða enn meira undrandi við lestur og skoðun á þessu frumvarpi. Ég ætla að leyfa mér að byrja á því að beina einni spurningu til hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, formanns menntamálanefndar, sem varðar 1. gr. þessa frumvarps. Þar er tekið fram að Ríkisútvarpinu ohf. sé óheimilt að eiga „hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð", í 1. gr. er tekin fram þessi neikvæða skilgreining.

Þýðir þetta, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, að Ríkisútvarpinu verði heimilt að kaupa í öllum öðrum félögum, að Ríkisútvarpinu, í eigu ríkisins, verði heimilt að kaupa í öllum öðrum félögum en félögum sem gefa út dagblað eða reka útvarpsstöð? Þetta finnst mér afar mikilvægt að vita vegna þess að það hlýtur að skjóta skökku við að hv. þingmaður sem gárungar, meira að segja hér á þingi, hafa leyft sér að kalla fulltrúa í sölunefnd ríkiseigna, vill heimila Ríkisútvarpinu að kaupa í öllum félögum nema þeim sem eiga hlut í fyrirtæki sem gefa út dagblað eða reka útvarpsstöð.

Ég spyr einnig: Er það í anda og er það í takt við hugmyndafræði hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar að Ríkisútvarpið kaupi í mörgum öðrum félögum? Er það í raun og veru það sem verið er að tala um? Eða hvers vegna er þetta orðað svona? Hvers vegna er þetta ekki orðað á þann veg að (**Gripið fram í:** Ég skal svara því ...) Ríkisútvarpinu sé ekki heimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki? (**Gripið fram í:** Ég skal svara.) Hv. þingmaður kallar hér fram í að hann muni svara þessari spurningu og ég læt þar með staðar numið við frekari fyrirspurnir um 1. gr.

Ég fer þá beint í 3. gr., sem er kannski þegar öllu er á botninn hvolft lykilgreinin í þessu frumvarpi. Þar birtist hugmyndafræðin, hugsunin og kjarninn í þessu tiltekna máli sem hæstv. menntamálaráðherra hefur lýst svo, eins og ég skráði niður eftir henni, að „Ríkisútvarpið verði rekið eins og fyrirtæki", þ.e. að ríkið sem eigandi Ríkisútvarpsins ætli að reka það eins og fyrirtæki. Ekki reka það eins og stofnun, heldur reka það eins og fyrirtæki með þeim markmiðum væntanlega sem fyrirtæki hafa, þó með tilteknum kvöðum sem reynt er að gera grein fyrir í 3. gr. og svokölluðum þjónustusamningi sem ég held að megi fullyrða að leggi ekki miklu meiri kvaðir á Ríkisútvarpið en koma fram í 3. gr. Ef svo er þætti mér vænt um heyra það.

Hver er þá hugmyndafræðin á bak við nauðsyn þess að taka Ríkisútvarpið sem stofnun sem hefur verið rekin í 77 ár, sem yfir 70% voru ýmist hlutlaus eða ánægð með í

margræddri skoðanakönnun um Ríkisútvarpið og breyta henni? 70% í þessari frægu skoðanakönnun voru ýmist ánægð eða hlutlaus með Ríkisútvarpið og ef það er nauðsyn að breyta því hlýtur maður að kalla eftir hugmyndafræðinni á bak við þær breytingar.

Það sem hér er um að ræða er að verið er að breyta stofnun sem þjóðinni þykir vænt um og það hefur birst m.a. í þingsölum í því að menn hafa viljað standa vörð um hana. Sumir í okkar röðum hafa viljað kalla hana gimstein, a.m.k. eru geysileg verðmæti fólgin í þessari stofnun, hvort heldur í mannauði eða þeim hugverkum og öðru slíku sem þar er vistað og geymt, og þjóðin vill standa vörð um þá stofnun sem Ríkisútvarpið er. En nú á að breyta þessari stofnun í fyrirtæki og reka eins og fyrirtæki.

Þá hljótum við að spyrja í anda hugmyndafræði sjálfstæðismanna: Ef á að reka þetta eins og fyrirtæki hljóta menn að reka þetta á jafnréttisgrunni, að sjálfsögðu. Þá hljóta menn að reka þetta þannig að ríkisfyrirtæki starfi á sama grunni og aðrir, þegar ég er búinn að fara yfir kvaðirnar sem eru í lágmarki. Ríkisfyrirtæki hlýtur þá að starfa á sama grunni og önnur fyrirtæki á þessum vettvangi og undir sömu reglum, ekki satt? Nei, það er ákveðið að gera það ekki.

Ríkisútvarpinu ohf. er í reynd ætlað að starfa þannig að það muni ekki heyra undir samkeppnislög. Meginþáttur í rekstri Ríkisútvarpsins ohf. mun ekki heyra undir samkeppnislög. Með öðrum orðum mun Ríkisútvarpið, sem Sjálfstæðisflokkurinn gengur hér hart fram að einkavæða, ekki starfa undir samkeppnislögum að því er varðar almannaþjónustuna. Almannaþjónustan er skilgreind svo vítt að nánast allt fellur undir hana. Hún mun ekki heyra undir samkeppnislögin en hún mun fá 2 milljarða í farareyri. Hún mun fá 2 milljarða í farareyri í formi nefskatts frá almenningi áður en hún hefur innreið sína á þennan markað. Áður en hún hefur samkeppni við þau fyrirtæki sem fyrir eru mun hún fá 2 milljarða í farareyri frá almenningi í þessu landi og starfsemi hennar verður utan samkeppnislaga.

Á þessum grunni á þetta ríkisfyrirtæki að starfa. Ég hlýt að spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson — það var kannski, virðulegi forseti, þegar hér var komið sögu sem ég hafði hug á því að leggja spurningar fyrir hæstv. menntamálaráðherra.

(**Forseti** (SAÞ)**:** Forseti hefur séð til þess að boðum verði komið til hæstv. menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Það er von á henni í hús, vænti ég.)

Ég þakka fyrir þetta.

Ég var að fara hér yfir það að nú ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að fara að stofna fyrirtæki sem mun starfa á samkeppnismarkaði utan samkeppnisréttar með 2 milljarða í farareyri, í forgjöf, áður en það hefur samkeppni við aðra sem eru á vettvangi. Að vísu, svo að allrar sanngirni sé gætt, er hluti starfseminnar undanþeginn, þ.e. þeim er óheimilt að leigja út spólur með efni. Sá þáttur mun heyra undir samkeppnislögin. Þeim er óheimilt að selja gamla CD-diska eða eitthvað þess háttar eða opna plötubúð. Geri þeir það heyrir það undir samkeppnislögin. Svo má ekki gleyma því þriðja sem er kannski lykilatriðið, algert lykilatriði, þeim er óheimilt að selja hringitóna. Þessir þættir, hinir stórkostlegu afgerandi þættir í starfsemi Ríkisútvarpsins, þ.e. vídeóleiga, sala á CD-diskum og sala á hringitónum, munu heyra undir samkeppnislög.

Ég held að það sé nokkurn veginn upptalið sem undir samkeppnislögin heyrir. Menn geta rétt ímyndað sér hvernig öðrum fyrirtækjum kemur til með að líða þegar Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að ríkisvæða og einkavæða, þetta er hvort tveggja, það er verið að einkavæða fyrirtækið í þeim skilningi að það heyrir undir einkaréttarlegar reglur en ríkið á það. Ríkið kemur því undan samkeppnislögum, lætur það hafa 2 milljarða í forgjöf og svo skal keppt.

Það hlýtur einhver hv. þingmaður stjórnarliðanna að þurfa að útskýra fyrir okkur á hvaða ferðalagi stjórnarmeirihlutinn er í þessu máli. Ég get alveg skilið að þau fyrirtæki sem eru fyrir á markaði og rekstur þeirra hefur verið svona upp og ofan, og breytir litlu hvort um prentmiðla eða ljósvakamiðla er að ræða, skuli kvarta undan því að fyrirhuguð starfsemi Ríkisútvarpsins í þessu formi skuli vera að fara af stað. Ekki bara það, heldur er hugmyndin einnig sú að skera burt af fyrirtækinu eða setja það í þann búning að það verði jafnkraftmikið og hlutafélög á einkamarkaði eru en njóta síðan sérstakrar lagaverndar til að geta keppt án þess að keppa á jafnréttisgrunni.

Menn hljóta að þurfa að útskýra fyrir okkur á hvaða ferðalagi þeir eru þegar þeir stíga fram með þessar hugmyndir. Eru hugmyndir frjálshyggjumannanna í Sjálfstæðisflokknum að reka ríkið í samkeppni á fjölmiðlamarkaðnum með fyrirtæki sem er í þessari stöðu?

Er þetta hugmyndafræðin? Hvað gengur mönnum til? Ég skil vel að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson horfi í gaupnir sér. (**Gripið fram í:** Ég?) Ég skil það ósköp vel. En er þetta virkilega svona, er þetta grunnurinn í hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins eða er eitthvað annað sem býr að baki? (**Gripið fram í:** ... búa til sölu.) Það er með hreinum ólíkindum hvernig þessi hugsun birtist okkur.

Ég leyfi mér að fullyrða að félag sem er í samkeppni á markaði, sem sækir sér auglýsingar, er í fínum málum þegar það ætlar að ná sér í vinsælt efni eða búa til gott efni er heppið að vera vistað með 2 milljarða áður en það leggur í samkeppnina. Menn eru bara í fínum málum. Mér finnst þessi þáttur algjörlega óútskýrður af hálfu stjórnarliða í þessari umræðu.

Hér hefur stjórnarandstaðan farið mjög vandlega yfir menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins og þá þætti. Ég tek heils hugar undir það en þessi þáttur er að búa til hálfgert tígrisdýr, ríkistígrisdýr, sem á að keppa á markaði án þess að um það eigi að gilda þær reglur sem aðrir þurfa að fara eftir.

Það er í þessu sem það birtist sem menn hafa talað um, að hér sé hvort tveggja á ferðinni, ríkisvæðing og einkavæðing. Ég skil vel þessa frasakenndu ræðu hæstv. menntamálaráðherra þar sem meginröksemd hennar fyrir þessum breytingum er nútímavæðing. Innihaldslaust. Nútímavæðing, stjórnarandstaðan ekki í takt við samfélagið, enginn að tala um málið. Þó að hæstv. ráðherra sé búin að ólmast í málinu í þrjú ár upplýsti hún sjálf að enginn væri að tala um málið, enginn hefði áhuga á því en það er í lagi að setja herlög á þingið. Enginn að tala um málið, búin að ólmast í því í þrjú ár.

Þetta er afar kúnstugt og mér finnst í þessari löngu um-

ræðu við hljóta að eiga rétt á því og gera kröfu til þess að hæstv. menntamálaráðherra útskýri tilganginn með þessu öllu saman. Hann hefur ekki almennilega komið fram.

Ég ætla að fara aðeins betur yfir það sem ég hef sagt um þessa víðfeðmu skýringu á almannaþjónustu. Ég hef leyft mér að kalla það í hálfkæringi, sem þó nær því vel, að einungis vídeóleiga, plötusala og hringitónar séu sett undir samkeppnislög. Ég ætla að fara hér yfir 3. gr. lið fyrir lið, leyfa mér að lesa upp þessa 13 töluliði, til þess að þeir sem á hlýða átti sig á því hvað það er sem ekki heyrir undir samkeppnislögin, hvar þetta nýja tígrisdýr ríkisins getur leyft sér að keppa án þess að heyra undir samkeppnislögin. Hefst nú lesturinn, með leyfi forseta:

„1. Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð." — Þetta fellur undir almannaþjónustu.

„2. Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring." — Með öðrum orðum stendur ekkert í veginum fyrir því að þær verði fleiri, hljóðvarpsrásirnar eða sjónvarpsrásirnar. Í dag eru reyndar a.m.k. tvær hljóðvarpsrásir.

„Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs." — Enn erum við stödd í almannaþjónustunni.

„3. Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni.

4. Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag.

5. Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Gæta skal fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð."

Sjötti liður er ekki síður athyglisverður:

„6. Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi." — Að flytja fjölbreytt skemmtiefni, sem sagt að keppa um innkaup á efni, ná sér í skemmtiefni í hvaða formi sem það er, hvort sem það eru íþróttir, sápuóperur, bíómyndir eða hvaðeina, þetta heyrir undir almannaþjónustuna. Menn geta keppt um þetta án þess að um það gildi nokkrar reglur. Menn hafa hvort tveggja, nesti og nýja skó áður en lagt er í hann upp á 2 milljarða. Þessu nýja ríkisfyrirtæki eru settar svona gríðarlegar hömlur. Þetta er nefnilega innan almannaþjónustunnar. Af því að það er innan almannaþjónustunnar að kaupa skemmtiefni er talið rétt að það heyri ekki undir samkeppnisreglur.

Virðulegi forseti. Af þeim sex liðum sem ég hef farið yfir hefðu menn kannski haldið að það væri nokkuð víðtækt og breitt svið sem Ríkisútvarpið hið nýja, ohf. væntanlega, getur starfað á án þess að þurfa að fara að sömu reglum og aðrir, en hér eru einir sjö liðir í viðbót sem ég tel rétt að fara yfir.

„7. Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.

8. Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs." — Það verður fróðlegt að sjá, ef af verður, Ríkisútvarpið ohf. berjast um á hæl og hnakka við aðrar stöðvar um Evrópu- eða heimsmeistarakeppni í knattspyrnu, Ólympíuleika og annað slíkt. Þá getur verið þægilegt að vera með 2 milljarða í heimanmund þegar þessi samkeppni hefst.

„9. Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa.

10. Að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins.

11. Að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps.

12. Að eiga eða leigja, sem og að reka, hvers konar búnað og eignir, þar á meðal tæknibúnað og fasteignir sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi félagsins.

13. Að varðveita til frambúðar frumflutt efni, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt."

Þetta eru þessir 13 liðir og að sjálfsögðu eru meðal þeirra liðir sem virkilega er hægt að skilgreina sem part af því að reka almannaþjónustu. En meðan þessi þáttur er skilgreindur svona vítt, meðan það á að straumlínulaga fyrirtækið eins og að er stefnt, að senda fyrirtæki í ríkiseigu, straumlínulagaða, og án efa — ég leyfi mér að segja það — fækka starfsfólki, án nokkurs efa því að ella verður fyrirtækið ekki straumlínulagað, hefur það forskot. Það er nokkuð víst. Að ríkið skuli hafa þá hugmynd að stofna ríkisfyrirtæki sem hefur styrk og kraft hlutafélags en njóti verndar ríkisstofnunar er afar athyglisvert og mundu sumir jafnvel kalla þetta bastarð. Það þarf kannski ekki að koma á óvart eftir þriggja ára fæðingu þar sem barnið hefur tekið breytingum í öllum fríum, sumarleyfum og jólaleyfum, síðustu þrjú árin.

Á hverju ári kemur þessi hugmynd fram undir nýjum formerkjum. Það er sf., hf. og ohf., og hv. stjórnarliðar spyrja svo um stefnu stjórnarandstöðunnar án þess að blikna og án þess að skammast sín. Í hvert sinn, á hverju ári, eru þeir jafnsannfærðir og fyrr um að þeir séu á réttri leið. Aldrei efi hjá neinum ef undan er skilinn hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.)

Ég lít svo á að allir þingmenn séu það en í þessu máli hefur það verið hlutverk stjórnarandstöðunnar að tala stjórnarliðið til. Það má segja sem svo að það hafi tekist í tvígang og nú er spurning hvort fullreynt verði í þriðja sinn eða hvort við þurfum að taka eina umferð á þessu til viðbótar.

Ég hef verið að reyna að rýna í 4. gr. í þessu frumvarpi. Við það hefur kviknað ein spurning sem mér þætti vænt um að hv. formaður menntamálanefndar svaraði. Eins og ég sagði, virðulegi forseti, voru hér nokkrar spurningar sem ég hafði áhuga á að beina til hæstv. menntamálaráðherra sökum þess að henni tókst ekki að sannfæra stjórnarandstöðu um réttmæti frumvarpsins í ræðu sem hún flutti fyrr í dag. Því reyni ég að bera upp spurningar sem hugsanlega gætu

breytt afstöðu manna þegar svar liggur fyrir.

En mig langaði að spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, í ljósi 4. gr. og einnig sem tengist lið sem ég las upp áðan: Er eitthvað því til fyrirstöðu að Ríkisútvarpið ohf., verði það einhverju sinni að lögum, stofni til nýrra sjónvarpsrása, taki til að mynda upp á því að hafa íþróttarás í samkeppni við Sýn sem gæti vel komið til álita og kannski freistandi þegar maður hefur 2 milljarða í heimanmund til að keppa við einkafyrirtæki? Er það hugsanlegt? Væri það t.d. hluti af almannaþjónustu að opna íþróttarás? Fellur það innan skilgreiningarinnar á almannaþjónustunni? Þá er ég að tala um í 3. gr. sbr. 4. gr. Er eitthvað sem kemur í veg fyrir þetta? Þá er hægt að taka einhvern aur af heimanmundinum til að nota í þágu þeirrar rásar. Eins og hér hefur komið fram er áætlað að nefskattur til Ríkisútvarpsins ohf. gæti orðið u.þ.b. 2,2 milljarðar.

Það er fínn heimanmundur þegar maður er að hefja samkeppni við einkafélög og það er athyglisverð hugmyndafræði, öllu heldur ný hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur oft og tíðum gert sig út fyrir, a.m.k. á hátíðisdögum, að tala fyrir frelsi einstaklingsins og þess háttar. Hér er hins vegar verið að setja frelsi einstaklingsins miklar skorður.

Kannski er mikið til í þeim orðum sem ágætur vinur minn sagði við mig um daginn, kannski er Sjálfstæðisflokkurinn ekkert annað en kommúnistaflokkur með flott nafn. Kannski er hugmyndafræðin fyrst og fremst sú að „það er fyrir mig og okkur og að koma verðmætunum þangað sem *er okkur þóknanlegt*". *Kannski er þetta í reynd hugmyndafræðin.* Hvað sem menn segja í þessari umræðu er þetta skref til einkavæðingar, skref á leið til sölu.

Af hverju halda menn að það sé verið að straumlínulaga Ríkisútvarpið? Það er til að gera það söluvænlegra síðar meir ef meiri hluti verður fyrir því í þinginu. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur margoft sagt að hann vilji selja Ríkisútvarpið. Sennilega hefði verið miklu heiðarlegra og eðlilegra að koma fram með slíkt frumvarp en að búa til ríkisfyrirtæki með forréttindi á markaði undir meintum hugmyndum um almannaþjónustu sem er svo víðtæk að það er varla nokkuð annað en sala hringitóna sem er undanþegin almannaþjónustunni. Það telst ekki til almannaþjónustu að selja hringitóna. Það fellur undir samkeppnislögin svo að öllu sé nú rétt og haganlega til skila haldið. Ég veit ekki reyndar, ég skal játa það, ég þekki ekki umfang eða stærð þess þáttar í starfsemi Ríkisútvarpsins og veit ekki hversu miklar tekjur hafa fengist af sölu hringitóna ef einhverjar. En ég get ekki ímyndað mér að hún sé kjarnastarfsemi. Vel má vera að ég hafi rangt fyrir mér í þessum efnum og það leiðréttist þá væntanlega í umræðunni. Þetta er allt saman mjög athyglisvert.

Síðan eru einhver ákvæði til að róta ryki yfir ruglið, t.d. er aumingja ríkisendurskoðanda ætlað að athuga hvort verið sé að selja hringitóna undir formerkjum almannaþjónustu og byggja þá upp með nefskattsaurum eða hvort uppbyggingin komi af auglýsingatekjum. Honum er ætlað að líta til þess hvort þar sé verið að færa einhverja reikninga á milli. Ég svo sem bara þekki það ekki.

Ég hitti ríkisendurskoðanda í morgun og spurði hann ekkert út í sérþekkingu hans á rekstri á ríkisútvarpi eða almannaþjónustu eða hvort hann hefði upplýsingar um það hvar mörkin lægju að almannaþjónustu í ljósi þeirrar víðfeðmu skilgreiningar sem hér er. Ég held að ég geti sagt honum það, ég þarf sennilega að hitta hann á morgun og get jafnvel upplýst hann um það að hringitónar eru fyrir utan almannaþjónustuna. Ég get þá lagt honum lið í þessari baráttu sem sjálfsagt mun verða honum að einhverju leyti erfið vegna þess að það liggur í augum uppi að hlutverk ríkisendurskoðanda í þessu máli verður mjög víðfeðmt og mikið. Hann þarf kannski að úrskurða um hvort starfsemi Ríkisútvarpsins heyri til almannaþjónustunnar eða ekki.

Af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson sem hefur verið eitilharður talsmaður Vinstri grænna í þessu máli er kominn í salinn vil ég segja að ég var í þessum töluðu orðum að fara yfir almannaþjónustuhlutverkið. Eftir yfirlegu finn ég ekkert annað en hringitónana og þess háttar sem er undanskilið almannaþjónustunni. Ég veit að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson mun sjálfsagt upplýsa mig um fleiri þætti en ég finn ekki annað en að það eina sem gæti fallið undir samkeppnislög í þessu máli sé rekstur á vídeóleigu, plötubúð og sala hringitóna. Annað fellur undir almannaþjónustuna og fyrirtækið, þ.e. ríkisfyrirtækið, fer síðan í samkeppni *við önnur fyrirtæki á þessum markaði að undirlagi manna* sem kenna sig við hugmyndafræði um frelsi einstaklingsins með 2 milljarða í heimanmund þar sem það ætlar að keppa við einkaaðila á markaðnum.

Það getur vel verið að hv. þm. Ögmundur Jónasson geti útskýrt þetta, réttlætt það eða á einhvern hátt skýrt þetta út *fyrir mér en ég er búinn* að sitja í salnum og hlusta á umræður síðustu daga og verð að játa að ég hef ekki enn þá fengið viðhlítandi skýringar á því af hverju ríkið undir forustu Sjálfstæðisflokksins er að búa til eitthvert svona fyrirbæri sem er nánast vonlaust að keppa við. (**Gripið fram í:** Vegir ... eru órannsakanlegir.) (Gripið fram í.)

Þetta er niðurstaða þriggja ára gerjunar á þeirri hugmyndafræði sem við höfum þurft að takast á við undanfarin ár. Hv. þm. Kjartan Ólafsson var svo alveg gáttaður á því, eftir að hafa unnið að þessari hugmynd í þrjú ár, að það tæki nokkra daga að ræða þetta. Í forundran kom hann hér og var alveg gáttaður á því að í fjóra daga hefðu menn verið að reyna að fá botn í það af hverju menn eru að gera þetta.

Menn gætu velt fyrir sér í hverju vandinn felist. Hvað er svo skelfilegt við fjölmiðlamarkaðinn í dag? (Gripið fram í.) Akkúrat. Hvað er svo skelfilegt við fjölmiðlamarkaðinn í dag? Ég ætla að leyfa mér að segja, þó að ég hafi kannski ekki mestu þekkinguna á þessum markaði hér inni, að ég held að mér hafi aldrei staðið fleiri fjölmiðlar til boða en nú um stundir. Ég hef aldrei getað valið meira. Einu sinni var flokkur sjálfstæðismanna kenndur við valfrelsi, að menn gætu valið sjálfir. (Gripið fram í.) Það er það sem ég er að segja. Þegar menn búa til ríkisfyrirtæki sem verður fyrir utan lög og rétt og fær 2 milljarða í farareyri til að keppa við þá sem eru fyrir gæti það nefnilega gerst að valmöguleikar mínir yrðu færri. Það er það sem gæti gerst.

Þess vegna er ég að reyna að varpa upp spurningunni: Hver er vandinn? 70% af þjóðinni eru ýmist hlutlaus eða ánægð með Ríkisútvarpið, en hæstv. menntamálaráðherra telur algjörlega nauðsynlegt að nútímavæða það. Nútímavæðingin felst í því að búa til ríkisfyrirtæki með forréttind-

um á markaði. Hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins hér í salnum kinkar kolli. (Gripið fram í.)

Hv. þingmenn Vinstri grænna hafa líkt og þingmenn Samfylkingarinnar reynt að tala um fyrir stjórnarliðum núna í nokkra daga. Við munum án nokkurs vafa halda því áfram. Við erum ekki sannfærð um að ríkisendurskoðandi, með fullri virðingu fyrir honum, muni tryggja að ekki muni renna fé úr nefskattspottinum í starfsemi sem skilgreina má þannig að hún falli ekki undir almannaþjónustu eins og hugmyndafræðin er. Hann þyrfti nánast að vera með starfsmann uppi í Efstaleiti á hverjum degi til að fylgjast með því. Hann þyrfti að vera með sérstakan starfsmann sem væri þá búinn að skilgreina í þaula hvað felst í þessari víðfeðmu skilgreiningu á almannaþjónustunni.

Virðulegi forseti. Ég hef talað örlítið lengur en ég ætlaði mér í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Við fyrirgefum það.) Í framhaldi lýsa menn því yfir að mér fyrirgefist það. Ég hafði hugsað mér að leggja nokkrar fyrirspurnir fyrir hæstv. menntamálaráðherra en hæstv. ráðherra sá sér ekki fært að ...

(**Forseti** (RG)**:** Forseti vill upplýsa að gerðar voru ráðstafanir til að láta hæstv. menntamálaráðherra vita af ósk þingmannsins. Það hefur ekki náðst til menntamálaráðherra, en það var upplýst að von væri á ráðherranum í húsið innan tíðar. Það hefur enn þá ekki gerst miðað við þær upplýsingar sem forseti hefur.)

Ég þakka kærlega fyrir tilraunir hæstv. forseta til að fá hæstv. menntamálaráðherra hingað til að vera viðstadda ræðu mína þar sem ég átti erindi við hæstv. ráðherra.

Eins og ég sagði áðan er ég búinn að fara yfir tiltekinn þátt þessa máls. Ég hef tekið undir með félögum mínum í stjórnarandstöðunni sem allir leggjast gegn því. Stjórnarandstaðan hefur mismunandi áherslur en hún er einhuga í því að þetta sé ekki leiðin til að efla fjölmiðlamarkaðinn. Það er alveg klárt.

Það er mjög athyglisvert að niðurstaðan af þessu þriggja ára ferli af hálfu Sjálfstæðisflokksins — Framsóknarflokkurinn hefur einhvern veginn tölt þetta með — sé sú að Sjálfstæðisflokkurinn vilji skapa forréttindafyrirtæki með duglegan heimanmund áður en hann leggst í baráttu við einkafyrirtæki á markaðnum og gera ríkisstofnun þannig úr garði að hún hafi kraft og styrk einkafyrirtækis en njóti verndar eins og ríkisstofnun.

Þetta er mjög athyglisverð hugmyndafræði og ekki síst að þetta skuli vera arfleifðin eftir þriggja ára baráttu. (**BÁ:** ... segja að við séum að svelta RÚV.) Hv. þm. Birgir Ármannsson er hér kominn í salinn og fagna ég honum alveg sérstaklega. Hann er einn þeirra sem hafa fengið hafa þann heiðurstitil í hugum sumra, þó kannski ekki allra, að vera í sölunefnd ríkiseigna hér á þingi ásamt hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni og Pétri Blöndal. Er þetta ekki sagt í neinum niðrandi tón. Ég veit að þeir hafa talað fyrir því að minnka stærð ríkisins, ef svo má að orði komast.

Hér er verið að fara allt annan veg og hv. þingmaður kallaði einmitt fram í að þeir hefðu oft verið sakaðir um að svelta RÚV. En með þessu á að reyna að straumlínulaga fyrirtækið og minnka kostnað eins og nokkur er kostur. Það er alveg klárt, það er hugmyndafræðin á bak við þetta. (**Gripið fram í:** ... verra eða betra?) Það á tíminn náttúrlega eftir að leiða í ljós en ég gæti vel ímyndað mér að mér þætti óþægilegt sjálfum að reka fyrirtæki á einkamarkaði og þurfa að kljást við ríkisfyrirtæki með forréttindi sem á að gera úr garði eins og hér liggur fyrir hugmynd um að verði.

[17:29]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður varpaði fram fjölmörgum spurningum til mín í ræðu sinni. Ég ætla að gera mitt besta til að svara þeim öllum. Ég þarf örugglega bæði andsvörin til þess.

Þingmaðurinn fjallaði um málið af ákveðnu lítillæti, kallaði sig hluta af brjóstvörn þingsins og lýðræðisins en tók það sérstaklega fram að hann hefði ekki áður tekið þátt í umræðunni um málið. Ræðan bar þess dálítil merki að hv. þingmaður hefur ekki kynnt sér þessi mál mjög verulega þau þrjú ár sem þau hafa verið hér til umræðu.

Hann byrjaði á því að spyrja mig út í það hvers vegna ákvæði 2. mgr. 1. gr. hefði komið inn í frumvarpið, þess efnis að Ríkisútvarpinu væri óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað og rekur útvarpsstöð.

Tildrög þess að þetta ákvæði var tekið upp í frumvarpið má rekja til umfjöllunar menntamálanefndar milli 2. og 3. umr. um Ríkisútvarpið hf. Við þá meðferð komu fram ábendingar frá Sigurði Líndal, prófessor emeritus, um að það kynni að brjóta í bága við reglur stjórnarskrárinnar að hafa þetta ákvæði ekki inni úr því að ákvæði þessa efnis er í fjölmiðlafrumvarpi hæstv. menntamálaráðherra. Því þótti mikilvægt til að gæta samræmis að taka ákvæðið einnig inn í þetta frumvarp.

Það var spurt hvað fellur undir 4. gr. frumvarpsins um aðra starfsemi. Hv. þingmaður nefndi hljóðsnældur, hringitóna og DVD-diska. Það má til sanns vegar færa. Ég vil bæta því við fyrir hv. þingmann að undir þetta ákvæði falla einnig tekjur (Forseti hringir.) vegna t.d. leigu á tækjum og búnaði sem Ríkisútvarpið hefur yfir að (Forseti hringir.) ráða og getur aflað sér tekna vegna.

Ég mun, hæstv. forseti, reyna að svara hinum spurningunum í seinna andsvari mínu.

[17:31]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður brást ekki vonum mínum og leyfði sér þann munað að fella einhvers konar ritdóm eða palladóm um þá ræðu sem hér var flutt og ég lenti augljóslega í því eins og fleiri þingmenn stjórnarandstöðunnar að fá lágmarkseinkunn. Hvort við höfum staðist prófið skal ég ekki segja en þetta er mjög athyglisvert. Hann veit kannski ekki sjálfur hvort þetta er liður eða þáttur í þeim herlögum eða herkví sem þingið er í út af þessu máli, að menn skuli koma hingað upp og fella slíka palladóma.

Ég spurði hv. þingmann reyndar að því hvort Ríkisútvarpinu væri heimilt að kaupa í öðrum félögum en þeim sem er neikvæð skilgreining um í 1. gr. Sú var spurningin og það kom ekki svar við henni. Ég spurði hv. þingmann líka hvort eitthvað væri því til fyrirstöðu að Ríkisútvarpið ohf. efndi eða stofnaði til annarrar sjónvarpsrásar, til að mynda sjónvarpsrásar með dægurmál, sérstakrar íþróttarás-

ar. Er eitthvað því til fyrirstöðu að Ríkisútvarpið fari í þannig samkeppni undir formerkjum almannaþjónustu? Er eitthvað því til fyrirstöðu að Ríkisútvarpið bregði sér í slíka samkeppni í þeim forréttindabúningi sem verið er að reyna að setja þetta einkavædda ríkisfyrirtæki í?

[17:33]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var að reyna að svara þeim spurningum sem til mín var varpað og gerði grein fyrir tilurð 2. mgr. 1. gr. Ég hygg að Ríkisútvarpinu verði heimilt að eiga hlut í öðrum félögum eins og t.d. fasteignafélögum eða öðru sem tengist rekstri Ríkisútvarpsins, ég geri ráð fyrir því. Bannákvæðið nær bara til þess sem 2. mgr. 1. gr. kveður á um.

Hv. þingmaður spurði mig einnig að því hvort Ríkisútvarpið gæti stofnað nýja sjónvarpsrás, þ.e. íþróttarás eins og ég skildi spurninguna, hvort Ríkisútvarpið gæti notað þann ríkisstyrk sem það hlýtur, heimanmund til að fjármagna slíkan rekstur. Það er erfitt að svara þeirri spurningu og það er ekki útséð hvort Ríkisútvarpinu verði það heimilt. Mat á því hvort slíkt er heimilt fellur undir almannaþjónustuhlutverk 3. gr. frumvarpsins, þ.e. hvort það sé heimilt með hliðsjón af henni að fjármagna slíka nýja sjónvarpsrás með ríkisstyrk. Því ferli sem slíkt mat fer í gegnum er lýst og ég bendi hv. þingmanni á það m.a. í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 9. janúar 2007 til Eftirlitsstofnunar EFTA. Ég bendi líka á ríkistyrkjareglur frá 2004 um það.

Mig langar að lokum af því að það kom ekki fram í ræðu hv. þingmanns hvað hann sjálfur vildi gera varðandi Ríkisútvarpið, en af því að hv. þingmaður sá engin vandamál á þessum markaði er hann þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið eigi að reka sem ríkisstofnun? Er hann sammála meiri hluta Samfylkingarinnar um að það eigi að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun eða er hann sammála hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni um að fara þá leið sem við leggjum hér til eða vill hann selja?

[17:36]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson skaut sér undan því að svara því hreint út að eins og frumvarpið liggur fyrir er erfitt að túlka það á annan veg en að Ríkisútvarpinu verði heimilt að opna nýjar rásir um íþróttir eða dægurmál o.s.frv. (Gripið fram í.) Það er það sem spurningin snerist um og meðan skilgreiningin á almannaþjónustunni er jafnviðfeðm og hér er er vandséð að ríkisendurskoðanda eða Samkeppniseftirlitinu verði skotaskuld úr því. (Gripið fram í.) Að minnsta kosti segir hv. þingmaður að þetta sé óljóst. (**SKK:** ESA fer með ríkis...)

(**Forseti** (RG)**:** Forseti beinir því til hv. þingmanna að vera ekki með samræður sín á milli.)

Þannig að það liggur fyrir.

Í annan stað beindi hv. þingmaður til mín spurningum sem mér er bæði ljúft og skylt að svara. Samfylkingin hefur haft mjög skýra stefnu í þessu máli. Hún hefur komið fram á blaðamannafundum og hún hefur komið fram annars staðar þannig að við höfum rætt okkur niður á þá stefnu. Hv. þingmanni hefur hins vegar verið tíðrætt um það hvort varaformaður Samfylkingarinnar fylgi þeirri stefnu. Það gerir hann, hann fylgir okkar stefnu. Hann flutti ágæta ræðu í gær þar sem hann útskýrði vandlega sjónarmið sín og ég leyfi mér að fullyrða það að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson mun aldrei styðja það að ríkið stofni fyrirtæki sem eitthvert forréttindafélag sem stundi starfsemi á fjölmiðlamarkaði.

[17:38]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef fylgst af athygli með þeirri umræðu sem hefur farið fram síðustu fjóra daga um þetta mál og maður má hafa sig allan við að greina aðalatriðin í ræðum hv. þingmanna, það sem skiptir höfuðmáli varðandi framgang frumvarpsins og svo annað sem skiptir engu máli. Það eru örfáar mínútur í ræðum manna sem eru höfuðatriði.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom að þáttum sem skipta verulegu máli fyrir frumvarpið og það er einmitt þessi samkeppni Ríkisútvarpsins sem á að vera ohf. í eigu ríkisins 100% og þeirra fyrirtækja sem eru á þeim markaði og það er auðvitað stórmál hvað þetta frumvarp varðar. Hann ræðir um auglýsingar og nefskattinn og ég ætla ekki að endurtaka það.

En í fyrra andsvari mínu langar mig til að spyrja hv. þingmann hvort honum finnist að það sé of í lagt af hálfu ríkisins með tekjur til Ríkisútvarpsins. Eigum við að færa það niður, að nefskatturinn lækki og minnka umsvif Ríkisútvarpsins? Eigum við að takmarka möguleika til tekjuöflunar hjá Ríkisútvarpinu varðandi auglýsingar og kostun? Mér fannst hv. þingmaður slá svona í og úr og það er þannig með samþingmenn hans í Samfylkingunni að þeir tala ekki einu máli. Það er ljóst og klárt með Vinstri græna. Þeir segja alveg klárlega að tekjur séu vanreiknaðar, það þurfi að efla útvarpið, það þurfi að ná öllum auglýsingatekjum sem það geti til að efla megi útvarpið. Ég vil fá skýr svör við þessu, hvað á hv. þingmaður við á þessari braut?

[17:40]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hann er að sumu leyti aðdáunarverður sá harði og einbeitti vilji hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins að reyna að tala til þingmanna Samfylkingarinnar á þann veg að þeir tali einn veg og annan eftir því hver er í ræðustól hverju sinni. Það hefur verið alger einhugur hjá þingmönnum Samfylkingarinnar í þessu máli. Ég geri mér grein fyrir því að tilmæli hafa væntanlega komið úr einhverri deild innan flokksins að á þennan hátt skuli talað til þingmanna en mér þykir engin reisn á því að apa slíka innihaldslausu frasa eftir.

Kjarninn í máli mínu var ekki sá að það væri einhver ofrausn af þeim tekjum sem Ríkisútvarpið hefði fengið heldur að úr því að verið er að breyta ríkisstofnun, eða sú hugmynd að breyta ríkisstofnun í fyrirtæki sem á að straumlínulaga, sem á að skera burt fituna af og draga úr kostnaði, (Gripið fram í.) nei, að það skuli fara inn á þennan markað á einhverju forréttindastigi. Þetta var kjarninn í máli mínu og ég tel algerlega fráleitt að ríkisvaldið sé að standa í svona samkeppni með heimanmund upp á þessa fjárhæð, undanþegnum samkeppnislögum og undir þessum

formerkjum að hjóla í þau fyrirtæki sem fyrir eru á markaði.

Þetta er kjarninn í því sem ég var að gagnrýna en á hinn bóginn er langur vegur frá því að ég teldi að þetta væri einhver ofrausn með tekjur, of mikið eða of lítið. Það er ekki það sem var að í þessu. Ég er bara að segja að sú hugmyndafræði að breyta Ríkisútvarpinu sem nú er, fara með það þannig inn á markað eða þannig að það er verið að búa til ríkisfyrirtæki með forréttindi tel ég ekki ganga upp.

[17:42]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fékk að nokkru leyti svar við spurningum mínum. Hv. þingmaður talar um forréttindi og þá langar mig að spyrja hvort honum finnist umræddur samningur ekki fullnægjandi. Þetta er samningur sem fjallar um almannaþjónustuna, skilgreindur samningur um það hlutverk sem Ríkisútvarpið á að rækja vegna nefskattsins sem ESA á að fylgjast með að verði framfylgt. Hv. þingmanni var tíðrætt um Ríkisendurskoðun, að þeim væri jafnvel ekki treystandi eða þeir hefðu ekki möguleika á að uppfylla það skilyrði að endurskoða þetta. En telur hv. þingmaður ekki að samningurinn sé fullnægjandi til að greina á milli þess sem er almannaþjónusta og hins sem er hin almenna útvarps- og sjónvarpsþjónusta?

[17:43]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að með nokkurs konar aðstoð eða samhjálp eða samvinnu ESA, Samkeppniseftirlits og Ríkisendurskoðunar þá muni menn reyna að átta sig á því hvert er raunverulegt innihald í hugmyndum manna um hvað sé almannaþjónusta og hvað ekki. Þar verði einhvers konar skilgreining. Vandinn er hins vegar sá þegar menn skoða það, að þessi skilgreining er svo víðfeðm að það er nánast ekkert sem ekki fellur þarna undir, eins og ég fór yfir í ræðu minni og dró það saman kannski í pínulítilli kerskni en þó, ég talaði um að vídeóleiga, plötubúð og hringitónar yrðu klárlega fyrir utan þessa almannaþjónustu.

Þetta er í raun og veru það sem ég hef verið að segja og málið er það að þjónustusamningurinn bætir svo litlu við. Hann þrengir þessa skilgreiningu svo lítið. Hann er svo lítil viðbót við það að við áttum okkur á því hvar fyrirtækið Ríkisútvarpið ohf. fær að starfa í óheftri samkeppni utan laga og réttar, utan samkeppnisreglna. Þarna m.a. liggur ótti minn í þessu tiltekna máli og mótar það að það vekur mikla undrun hjá mér að stjórnmálaflokkur sem vill kenna sig við frelsi einstaklings, sem vill kenna sig við valfrelsi og athafnafrelsi stendur í raun og veru nakinn. Ég hef ekki talað fyrir því að hafa þetta sem sameignarfélag í eigu eins eða hlutafélag eða opinbert hlutafélag og ég veit svo sem ekki hvað, það vantar bara að á næsta ári — sem verður kannski ólíklegt þar sem þá verður breytt ríkisstjórn — þá verði það samvinnufélag. (Forseti hringir.) Það er kannski það eina form sem vantar í þetta, virðulegi forseti, en þetta er kjarninn því þjónustusamningurinn þrengir ekki skilgreininguna.

[17:46]

**Ögmundur Jónasson**:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram mjög athyglisverð umræða um frumvarp ríkisstjórnarinnar um að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Við heyrðum í dag að hæstv. menntamálaráðherra vill að umræðu ljúki hið fyrsta þannig að lýðræðislegur vilji nái fram að ganga.

Í andsvörum við hæstv. ráðherra höfum við rifjað upp að þessi langa umræða um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins hafi ekki verið til einskis. Við minnumst þess að þetta er þriðja útgáfan af frumvarpi ríkisstjórnarinnar um að hlutafélagavæða eða öllu heldur um að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Fyrsta útgáfan var einmitt ekki um hlutafélag heldur sameignarfélag. Það var fyrsta útgáfan frá ríkisstjórninni, frumvarp sem var rætt lengi vel og menn furðuðu sig á því að til stæði að stofna sameignarfélag um fyrirtæki eða stofnun þar sem eigandinn væri einn. Menn sáu ýmsa mjög alvarlega galla við frumvarpið sem komu betur í ljós eftir því sem leið á umræðuna. Niðurstaðan var sú að það var á endanum dregið til baka.

Þá kom næsta útgáfa. Það var frumvarp um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, Ríkisútvarpið hf. Einnig um þá útgáfu fór fram mikil umræða. Á endanum var einnig það frumvarp var dregið til baka og allir viðurkenndu að það hefði verið svo gallað að ekki væri forsvaranlegt að samþykkja það. En, vel að merkja, því var lengi vel stíft haldið fram af hálfu hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar að frumvarpið væri eins gott og á væri kosið.

Síðan kom þriðja útgáfan. Það er sú útgáfan sem við glímum við í dag. Það heitir Ríkisútvarpið ohf. Ríkisútvarpið opinbert hlutafélag. Það á stoð í lögum sem sett voru fyrir fáeinum mánuðum um opinber hlutafélög, sem er nýmæli í íslenskri lagaflóru. Það sem er frábrugðið í opinberu hlutafélögum frá hinu almenna hlutafélagsformi er fyrst og fremst að þau eiga að heyra undir upplýsingalög. Einn þáttur í gagnrýni okkar er sá að hlutafélagið Ríkisútvarpið hf. yrði tekið undan upplýsingalögunum. Síðan var annað ákvæði sem vakti nokkra athygli, þ.e. um skipan í stjórn þar sem kveðið var á um jafnan hlut karla og kvenna. Einnig þetta var skref fram á við.

En í umræðu um hin opinberu hlutafélög þótti okkur mörgum mikið áfátt. Við áttum erfitt með að skilja hvers vegna ástæða væri til að taka stofnanir og starfsemi, sem fjármögnuð er með almannafé, og færa hana undan þeim lögum og reglum sem sett hafa verið í áratuga rás til að tryggja jafnræði samkvæmt stjórnsýslulögum, gagnsæi og upplýsingaflæði, samkvæmt upplýsingalögum, og réttarstöðu starfsmanna, sem er að finna í samningum um réttarstöðu og skyldur opinberra starfsmanna. Ég legg áherslu á réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Allt eru þetta lög sem samfélagið hefur sameinast um og sátt hefur náðst um á Alþingi til að tryggja að vel sé staðið að opinberri þjónustu, þjónustu sem fjármögnuð er með peningum frá okkur öllum, skattfé almennings.

Nú er það skyndilega mikið hagsmunamál, stórmál að mati ríkisstjórnarinnar, að taka stofnanir og starfsemi sem hefur heyrt undir þessi lög og undanþiggja lögunum. Við sjáum hvert dæmið um þetta á fætur öðru. Nýlega var stofnað fyrirtækið Matís ohf. en Matís er sprottið upp úr

nokkrum opinberum stofnunum, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, sem sameinuð var Matvælarannsóknum á Keldnaholti og Rannsóknarstofu umhverfisstofnunar. Þessar stofnanir voru sameinaðar í fyrirtækinu Matís ohf. sem fyrst í stað átti reyndar að heita Matvælarannsóknir.

Þegar þetta var gert var talað fyrir því í þinginu að allt yrði léttara eftir að þessar stofnanir hefðu verið gerðar að hlutafélagi. Öll stjórnun og stjórnsýsla átti að verða skilvirkari, var okkur sagt, og nú er komið í ljós í hverju sú skilvirkni er fólgin. Yfir stofnunina var sett stjórn og skipaður formaður þeirrar stjórnar. Hver skyldi nú hafa verið fenginn til þess starfa? Jú, það var fyrsti formaður Félags frjálshyggjumanna á Íslandi. Frjálshyggjufélagið var stofnað undir lok 8. áratugar síðustu aldar. Ég held ég fari rétt með að það hafi verið gert vorið 1979. Sá maður heitir Friðrik Friðriksson og er hinn mætasti maður að öðru leyti en hefur skoðanir sem eru ekki sérstaklega starfsmannavænar eða lýðræðislegar að mínu mati. Það birtist í því að hinn nýi stjórnarformaður Matís ohf. vill sem allra minnst með stéttarfélög hafa að gera.

Þegar samtök starfsfólksins fóru þess á leit við hina nýju stjórn að teknar yrðu upp viðræður um gerð rammasamkomulags sem sýndi hvert yrði stefnt þegar núverandi kjarasamningar renna út á árinu 2008 var ekki til að dreifa áhuga á slíku. Öllum slíkum óskum hefur verið vísað frá. Þegar stofnun Matís ohf. var rædd í þinginu á sínum tíma sagði sá hæstv. ráðherra sem þessi stofnun heyrir undir, sjávarútvegsráðherra, að ekki stæði til að skerða réttindi starfsfólksins í neinu. Ég efast ekki um að hann hafi viljað það en reyndin er hins vegar þessi. Þess vegna segjum við: Dæmin hræða.

*Við hlustum á hæstv. menntamálaráðherra svara fyrirspurnum um framtíð kjarasamninga og réttarstöðu starfsfólks á þá lund að hún hvorki vilji né geti gripið fram fyrir hendur væntanlegrar stjórnar Ríkisútvarpsins enda vilji hún heldur ekki skerða rétt starfsfólksins til að semja sjálft. En hún er tilbúin að hafa að engu samninga sem stéttarfélög sama starfsfólks gerðu um aðkomu starfsfólksins að stjórn Ríkisútvarpsins.* Það mun hafa verið á árinu 1982, að því ég held, og var byggt á kjarasamningum á milli fjármálaráðuneytisins og BSRB sem undirritaðir voru á árinu 1980. Þá var samið um sérstök starfsmannaráð í ríkisstofnunum. Þetta mun hafa verið gert með ýmsum hætti. Í Ríkisútvarpinu varð sú lausn ofan á að starfsmannafélögin fengju fulltrúa í framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Starfsmannafélag hljóðvarps fékk einn fulltrúa og starfsmannafélag sjónvarpsins einn fulltrúa.

Þetta þótti mörgum okkar lýðræðislegt. Ég segi mörgum okkar því að ég var þá starfsmaður Ríkisútvarpsins og lengi formaður starfsmannafélags sjónvarpsins. Ég átti m.a. sæti í þessari stjórn og kom sjálfur að samningum um þetta efni og svíður að sjá hvernig þeir samningar eru að vettugi virtir. Sannast sagna á ég erfitt með að hlusta þegjandi á hæstv. menntamálaráðherra og fulltrúa þessarar ríkisstjórnar tala um samningsréttinn sem nánast heilagan, hann megi ekki skerða eða hefta, en síðan er farið á þessa lund með samninga sem gerðir hafa verið. Þeir eru einfaldlega rifnir. Þeim er hent til hliðar og hvorki rætt við kóng né prest. Ekki var rætt við starfsfólkið eða stéttarfélögin, hvað þá heildarsamtökin sem komu að gerð samkomulagsins.

Við höfum séð önnur dæmi um hlutafélagavæðingu á liðnum mánuðum. Við sáum hvað gerðist hjá Flugstoðum. Hvað hefur gerst þar? Hversu meðvitaðir hafa menn verið í umræðu um það mál? Það kemur upp í hugann þegar þáverandi utanríkisráðherra, núverandi hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde, flutti þinginu skýrslu um utanríkismál. Ég held að það hafi verið á síðasta ári. Hann hreyfði þeirri hugmynd að starfsemin á Keflavíkurflugvelli yrði gerð að hlutafélagi. Þá kvöddu sér hljóðs með nokkru brambolti fulltrúar Framsóknarflokksins og gáfu digurbarkalega til kynna að það mundu þeir aldrei láta gerast.

Hvað gerist svo? Hæstv. samgönguráðherra er skömmu síðar mættur inn í þingið með frumvarp sem tekur til flugstjórnar, flugumsjónar og reksturs flugvalla á Íslandi. Þá svaf Framsókn.

Kannski áttaði Framsóknarflokkurinn sig ekki á því hvað hann var að samþykkja. Að minnsta kosti hafði ég á tilfinningunni að Framsókn yrði svolítið kindarleg þegar skýrt var frá því í atkvæðagreiðslunni, í atkvæðaskýringum, þar sem framsóknarputtarnir voru allir á grænu sem merkir já hér við atkvæðagreiðsluna, að verið væri að samþykkja að flugvöllurinn á Húsavík, í Vestmannaeyjum, á Sauðárkróki og í Reykjavík yrðu hlutafélagavæddir. Það var hægt að rífast um Keflavíkurflugvöll en þegar Ísafjarðarflugvöllur var annars vegar þá var annað uppi.

Að hluta til held ég að þetta hafi verið meðvitundarleysi, pólitískt meðvitundarleysi, og að hluta til sú fylgispekt sem Framsóknarflokkurinn hefur innrætt í eigin sálarlífi í sambúðinni við Sjálfstæðisflokkinn allar götur frá því þessir flokkar tóku síðast saman á árinu 1995.

*Ég nefndi Matís hf. sem sérstaklega slæmt dæmi um* framgöngu stjórnenda. Ég hef rakið það áður hér við umræðuna hvernig framkoman hefur verið við starfsfólk, í kringum áramótin og milli jóla og nýárs voru einstaklingar teknir út undir vegg og gert að skrifa undir samninga. Stillt upp við vegg, gert að skrifa undir samninga sem mátti síðan ekki sýna öðru fólki. Þetta voru afskaplega loðnir samningar, a.m.k. í upphaflegri útgáfu sem stéttarfélögin komust yfir þar sem m.a. var kveðið á um fastlaunasamninga þar sem vinnuskylda var nánast óskilgreind og annað eftir því.

Það er svo skrýtið að þeir sem sitja í þessum sal og hafa verið tilbúnir að fjalla með mikilli nákvæmni um allt sem lýtur að þeirra eigin kjörum, þar á meðal lífeyrisréttindum, og gæta þess þá í hvívetna að engar skerðingar eigi sér stað, þar sé heldur bætt í, þeir eru tilbúnir að beita niðurskurðar- og skerðingarhnífum þegar aðrir eiga í hlut. Það er ekkert sérstaklega stórmannlegt.

Hæstv. forseti. Ég sagði að það væri ekki á einn veg sem stjórnendur hlutafélagavæddra fyrirtækja kæmu fram. Þótt miklar deilur yrðu milli stjórnar Flugstoða og flugumferðarstjóra í kringum áramótin, þá er þeirri stjórn ekki alls varnað. Hún hefur reynt að hluta til að ná sátt við félög starfsmanna. Það er vel og auðvitað fagnar maður öllu því sem jákvætt telst í þeim efnum.

Ég vísa einnig í Rarik þar sem samkomulag var gert, eftir að sú starfsemi var hlutafélagavædd, við félög starfsmanna um eins konar ramma sem vísaði inn í framtíðina. Stéttarfélögin eru ekki að öllu leyti sátt við þann ramma.

Menn hefðu t.d. viljað fá tryggt að nýráðningar fengju aðgang að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og reglur og lög heimila ef viðsemjandinn er tilbúinn að semja um slíkt.

Það er tilskilið í lögum og samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að aðild nýráðninga að A-deild sjóðsins, sem er nýja deild lífeyrissjóðsins og kom til sögunnar eftir samninga og lagabreytingar í byrjun árs 1997, að viðkomandi verði að eiga aðild að stéttarfélagi sem tilheyri heildarsamtökunum BSRB, BHM eða Kennarasambandi Íslands. Það átti ekki við um flugumferðarstjóra og þess vegna skýrir það, a.m.k. að hluta til, þann hnút sem það mál hljóp í. Annað var þverplankaháttur í stjórninni gagnvart flugumferðarstjórum um ýmis önnur atriði. Ég nefni þetta sem atriði sem hlutafélagavædd fyrirtæki hafa hingað til ekki viljað opna á að nýráðið starfsfólk, jafnvel þó það eigi aðild að þessum fyrrgreindu heildarsamtökum, fái aðkomu að A-deild lífeyrissjóðsins.

Hvers vegna skyldi það vera? Hvers vegna skyldi vera lokað á fólkið að þessu leyti? Ég kann bara eina skýringu á því og hún er sú að verið sé að spara. Það er verið að spara á kostnað starfskjara, lífeyrisréttinda starfsfólksins. Þau eru nefnilega heldur hærri iðgjöldin sem greidd eru í hina opinberu sjóði en aðra lífeyrissjóði eða 15,5% á móti 12 sem þau munu vera komin upp í frá síðustu áramótum sem lágmarksgreiðsla.

Hlutafélagavæðingin gengur út á þetta. Þegar menn ræða það og deila um það af nokkrum hita hvort með hlutafélagavæðingu sé verið að einkavæða fyrirtæki eður ei, einblína menn nokkuð á einn þátt sem er eignarhaldið. Það er ekkert óeðlilegt að menn horfi á þann þátt enda skiptir það máli hvort starfsemi er í eign ríkis eða sveitarfélags, fulltrúa almennings, eða hvort hún er sett alfarið ekki aðeins út á markað í einkaréttarlegum skilningi heldur einnig hvað varðar eignarhaldið. Auðvitað skiptir það máli.

En það er annað sem skiptir líka máli og það eru réttindin og síðan samkvæmt hvaða grunni fyrirtækin starfa á, hvert er markmiðið með rekstrinum til að mynda. Einn þáttur sem er verið að einkavæða, og ég held að það hljóti að vera óumdeilt, eru réttindi starfsfólksins. Þau eru færð úr hinu opinbera starfsumhverfi, hinu opinbera lagaumhverfi yfir í umhverfi hins almenna markaðar. Með öðrum orðum, það er verið að einkavæða réttindakerfið og starfsumhverfið að þessu leyti. Það á við um Ríkisútvarpið ekkert síður en aðrar stofnanir sem hafa verið hlutafélagavæddar að undanförnu.

Ég fæ sannast sagna ekki betur séð en að þessi mikla skilvirkni og þessi mikla nútímavæðing sem hæstv. menntamálaráðherra ræðir um og verður afar tíðrætt um, m.a. hér í ræðu í dag, gangi fyrst og fremst út á þetta. Hún gengur fyrst og síðast út á það að hafa réttindin af fólki, að auðveldara sé að ráða og reka fólk. Til dæmis er að finna í lögum, annars vegar í stjórnsýslulögum og hins vegar í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, ákvæði um áminningarskyldu. Þar er líka að finna ákvæði um andmælarétt. Bæði þessi réttindi eru numin brott, eru tekin frá starfsfólkinu við þessa lagabreytingu. Ég á eftir að fara mun nánar yfir þessa þætti en ég tipla aðeins á þessu núna.

Þar sem ég hóf mál mitt á að segja að ég vildi fjalla ofurlítið um þá staðhæfingu hæstv. menntamálaráðherra að lýðræðið ætti að ná fram að ganga rifjaði ég upp þá lagasmíð sem sett hefur verið fyrir þingið um málefni Ríkisútvarpsins og að við værum núna komin með þetta frumvarp. Ég vildi með þessari upprifjun minna á að þessi langa umræða hefur þegar allt kemur til alls orðið til nokkurs gagns. Okkur hefur tekist að bægja frá lagasmíð sem sannanlega og óumdeilt var mjög gölluð. Við deilum um þessa lagasmíð núna. Hitt er síðan staðreynd að um Ríkisútvarpið hefur ríkt mjög víðtæk þjóðfélagssátt. Ég hef áður rifjað upp í hverju ég tel að sú sátt hafi verið fólgin, á hverju hafi byggst sú almenna ánægja með þessa ágætu menningarstofnun og fjölmiðil sem Ríkisútvarpið hefur verið allar götur frá stofnun árið 1930. Við megum ekki gleyma því þegar við fjöllum um Ríkisútvarpið að þrátt fyrir ýmsar brotalamir og ýmislegt sem má gagnrýna vegur hitt miklu þyngra sem vel er gert. Ríkisútvarpið gerir nefnilega marga hluti afar vel og þegar forsvarsmenn Ríkisútvarpsins og hæstv. menntamálaráðherra koma hér fram, nánast í andarteppustíl, til að segja okkur hve mikið það liggi á að hlutafélagavæða þessa stofnun, þá finnst mér þetta gleymast. Ég spyr sjálfan mig: Hvað er svona hræðilegt? Hvað er það sem bæta þarf svona hratt úr í starfsemi Ríkisútvarpsins? Hvað er svona hrikalegt að?

Ég held að við verðum að horfa yfirvegað á þessi mál. Ríkisútvarpið hefur verið fjársvelt. Það er eflaust eitthvað í stjórnsýslunni sem má laga, ég er með hugmyndir um það og mun gera grein fyrir þeim hugmyndum sem við höfum fram að færa í því efni, en það ríkir ekkert neyðarástand í Ríkisútvarpinu. Það er bara sjálfskapað neyðarástand. Og vegna þessara orða hæstv. menntamálaráðherra um að nú hafi verið gerður samningur, það er reyndar viljayfirlýsing, um fyrirkomulag innan Ríkisútvarpsins þar sem áhersla verði lögð á innlent efni, þá spyr ég: Hvernig skyldi standa á því að slíkur samningur hefur fyrir löngu verið gerður við Danmarks Radio sem er ríkisstofnun? Hvað stendur í vegi fyrir því að slíkur samningur sé gerður við Ríkisútvarpið þótt það sé ekki hlutafélagavætt?

Hæstv. menntamálaráðherra hefur hins vegar alltaf reynt að spyrða þetta saman í umræðunni og undir það hefur útvarpsstjórinn tekið. Þetta eru algjörlega óskyld efni. Ég furða mig svolítið á því að við skulum ekki hafa heyrt meira um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Í henni er vandi þessarar stofnunar að verulegu leyti fólginn og ég mun fara betur yfir það hér síðar.

Menn gefa hins vegar til kynna, eða svo er að skilja á þeim, að eftir að Ríkisútvarpið hefur verið gert að hlutafélagi þá verði allt í einu allar dyr opnar. Um leið höfum heyrt fulltrúa úr stjórnarmeirihlutanum, aðspurða, segja okkur að ekki standi til að láta meira fé af hendi rakna til Ríkisútvarpsins. Það á þvert á móti að hagræða. Það á að draga saman seglin, það á að skera niður og menn eru þegar farnir að horfa til uppsagna.

Ein ástæðan fyrir því að menn telja að hagur Ríkisútvarpsins verði betri en áður er sú að menn geti losað sig við innheimtudeildina þegar hinn vafasami nefskattur verður kominn á. Þar muni sparast einhverjar milljónir, sennilega hátt í 100 millj., 90 millj. Þetta er það sem menn sjá fyrir sér, að hægt verði að segja upp fólki og menn tala fjálglega

um hagræðingarkröfur sem verði reistar. Þetta eru sjónhverfingar sem við erum að verða vitni að af hálfu hæstv. menntamálaráðherra og stjórnarmeirihlutans gagnvart Ríkisútvarpinu. Í reynd finnst mér þetta vera mjög ábyrgðarlaus nálgun.

Loks varðandi lýðræðið. Þar sem víðtæk sátt hefur ríkt um þessa stofnun allar götur frá 1930 finnst mér mjög mikilvægt að engar breytingar verði gerðar á starfsumhverfi hennar nema eftir því sé leitað alveg til hins ýtrasta að um þær verði víðtæk sátt.

Þetta gera Bretarnir með sína ríkisstofnun BBC, British Broadcasting Service. Hún starfar samkvæmt því sem Bretar kalla Royal Charter og með reglulegu millibili eru kvaddir til aðilar víðs vegar að úr þjóðfélaginu til að endurmeta starfsemina og spyrja hvort ástæða sé til að gera einhverjar breytingar á henni þannig að stofnunin megi laga sig betur að breyttum samfélagsháttum. Núna, ég held bara í dag eða gær, var verið að taka ákvörðun um iðgjöld, um áskriftargjöld eða notendagjöld til BBC til næstu sjö ára. Það er búið að tryggja þeirri stofnun fjárhagslegan framtíðargrunn til sjö ára.

Hér er ekkert slíkt upp á teningnum heldur viljayfirlýsingar inn í framtíðina án þess að fjárhagsgrunnurinn sé treystur. Þetta er að gerast hér. Jafnframt er verið að tefla í tvísýnu þeim grundvelli sem Ríkisútvarpið hefur byggt á, þjóðarsamstöðunni annars vegar og viljanum til þess að borga til þessarar stofnunar hins vegar. Það er verið að tefla þeim vilja í mikla tvísýnu og einnig að rífa niður varnir hennar gagnvart samkeppnisaðilum sem án efa munu láta reyna á stöðu Ríkisútvarpsins á samkeppnismarkaði, annars vegar fyrir innlendum dómstólum og úrskurðum Samkeppnisstofnunar og hins vegar gagnvart Evrópurétti fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, ESA.

Þess vegna segi ég og svara þessu ákalli menntamálaráðherrans um að lýðræðið nái fram að ganga á þá lund að það sé ábyrgðarleysi af hennar hálfu að knýja fram breytingar á Ríkisútvarpinu með naumum meiri hluta á Alþingi. Það er ábyrgðarleysi og það er ólýðræðislegt.

Við höfum boðið upp á það af hálfu stjórnarandstöðunnar að gildistaka þessara laga verði færð fram í tímann. Það er alla vega tilraun til einhvers konar sátta. þótt mér þætti langbest að afgreiðslu málsins yrði einfaldlega frestað eða menn tækju því tilboði sem stjórnarandstaðan setti fram í upphafi þessarar umræðu og með formlegum hætti, að þingið freistaði þess að ná samstöðu, sem ég held að yrði ekki erfitt, um lágmarksbreytingar á lagaumgjörðinni um Ríkisútvarpið og gæfi sér síðan að hætti þeirra BBC-manna lengri tíma til að ná lendingu um ágreiningsmálin.

Mig langar til þess, hæstv. forseti, að fara fáeinum orðum um hvaða leiðir kynnu að vera færar í þeim efnum. Þar langar mig fyrst til að víkja að frumvarpi sem við höfum lagt fram í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum lagt þetta frumvarp fram í tvígang hygg ég fremur en þrisvar, sennilega er þetta í þriðja skiptið sem við leggjum frumvarpið fram, og höfum viljað fá það inn í umræðuna jafnhliða frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Það hefur reynst afar erfitt að tryggja einhverja samfellu í þeirri umfjöllun því að kastljósið hefur að sjálfsögðu verið á þeirri tillögu sem kemur frá valdhöfunum.

Frumvarp okkar gengur út á það að færa stjórnsýsluna, sem að hluta til hefur verið hjá framkvæmdarvaldinu í menntamálaráðuneytinu, inn í stofnunina, inn fyrir veggi Ríkisútvarpsins sjálfs. Þar erum við fyrst og fremst að tala um framkvæmdarstjóra deilda sem eru skipaðir utan veggja stofnunarinnar. Þetta er óeðlilegt. Það er eðlilegt að stjórnkerfið sé í höndum innanbúðarmanna, breytingar á því og skipan í embætti sé í höndum innanbúðarmanna, ákvarðanir séu teknar á staðnum, ef svo má segja. Við viljum reyndar að ráðningar í stöður fréttamanna og dagskrárgerðarmanna séu í höndum fleiri en eins aðila og við gerum tillögur um hvernig að þeim verði staðið, að þar komi að, alla vega sem umsagnaraðilar og endanlegir ákvörðunaraðilar, framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins þar sem bæði stjórnendur og einnig starfsmenn að hluta til eiga fulltrúa. Þetta er til að koma í veg fyrir að einhver einn aðili, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, hafi öll mannaforráð, þar með á fréttastofum og í allri dagskrárgerð þessarar miklu stofnunar, á hendi. Við viljum að þar komi fleiri að.

Það er útbreiddur misskilningur að það útvarpsráð sem nú er við lýði hafi mannaráðningar með höndum. Það er alrangt. Núverandi útvarpsráð hefur aðkomu að dagskrárgerðinni eða dagskrárstefnunni kannski öllu heldur, en ekki mannaráðningum. Það hefur umsagnarrétt um dagskrárgerðarmenn og fréttamenn en það er hins vegar útvarpsstjórinn sem ræður. Þess eru mörg dæmi í áranna rás að útvarpsstjóri hafi gengið gegn vilja útvarpsráðs. Það á við ef útvarpsstjóra hefur ekki þótt útvarpsráð sinna faglegum skyldum eða ekki lagt nægilega faglega mælikvarða á hæfni fólks til að gegna störfum.

Þetta hefur gerst oftar en einu sinni. Þá hefur orðið ákveðinn núningur og sá núningur er ekki slæmur og sú umræða sem skapast er ekki slæm. Hún er opinber og uppi á borðum gagnstætt því sem kemur til með að vera ef Ríkisútvarpið verður gert að hlutafélagi. Þá verður þetta allt á bak við lokuð tjöld og á vinnuborði eins manns. Eftir því sem ég skil reglurnar og lögin um Ríkisútvarpið ohf. er heimilt að ráða í stöður án þess að þær séu auglýstar. Þarna er því verið að opna fyrir allt aðra starfshætti en verið hafa hjá stofnunum sem starfa á opinberum vettvangi.

Þetta er allt saman vandmeðfarið. Við höfum ekki verið á því og í okkar lagafrumvarpi og í okkar tillögum er ekki gert ráð fyrir sama hlutverki útvarpsráðs og núverandi ráð hefur. Við viljum að vísu ekki skera á tengslin sem eru á milli Alþingis og Ríkisútvarpsins. Við viljum útvarpsráð þar sem flokkarnir fá tækifæri til að skipa fulltrúa í útvarpsráð en að auki komi aðrir aðilar til sögunnar. Við nefnum t.d. Neytendasamtökin, Samband íslenskra sveitarfélaga, svona til að tryggja ákveðinn landsbyggðarvinkil, Bandalag íslenskra listamanna og við erum alltaf með fulltrúa starfsmanna einnig inni í þessari púllíu.

Þetta ráð sem við köllum dagskrárráð á að fjalla um útsenda dagskrá og sjá til þess að farið sé að þeim lögum og reglum sem um Ríkisútvarpið gilda. Þetta er eins konar aðhaldsaðili auk þess sem það er hugsað sem vettvangur eða farvegur á milli stofnunarinnar og þjóðarinnar. Við viljum t.d. að það sé tryggt að þeir sem óska eftir upplýsingum um eitthvað sem lýtur að starfsemi Ríkisútvarpsins eigi skilyrðislaust og undanbragðalaust heimtingu á að fá svör við

spurningum sínum. Það yrði þá m.a. á könnu dagskrárráðsins að tryggja slíkt.

Það sem greinir þessa hugsun okkar, þetta dagskrárráð okkar, frá núverandi útvarpsráði er fyrst og fremst það að víðari hópur myndar ráðið en nú er og það hefur fyrst og fremst aðhaldshlutverk með hendi og á að tryggja og sjá til þess að öll stjórnsýsla sé gagnsæ og upplýsingar innan úr stofnuninni séu jafnan aðgengilegar fyrir almenning. Með öðrum orðum, það er gagnsæi og lýðræði sem við leggjum áherslu á. Þetta er náttúrlega gagnstætt því sem gerist í frumvarpi ríkisstjórnarinnar því að þar er í reynd verið að stíga spor aftur í tímann. Þar er verið að styrkja hin pólítísku áhrif í þröngum skilningi þess hugtaks. Það er stjórnarmeirihlutinn á Alþingi sem kemur til með að ráða meiri hlutanum í hinu nýja útvarpsráði. Það er því rangt sem kom fram hjá hæstv. menntamálaráðherra í dag að verið væri að klippa á hin pólitísku tengsl. Þvert á móti er verið að binda þessi tengsl fastari böndum, reyra þessa hnúta enn betur. Þetta pólitíska útvarpsráð ríkisstjórnarinnar á síðan að fá vald til að ráða og eftir atvikum reka útvarpsstjórann. Finnst mönnum þetta horfa til framfara? Ég held ekki. Ég held að þetta horfi ekki til framfara.

Enn eitt sem við leggjum til í þingmáli okkar, frumvarpi okkar, er að við viljum breyta fjármögnun Ríkisútvarpsins eða öllu heldur tekjustofnum þess. Við erum með hugmyndir um það að hverfa, þessa vegna í áföngum, frá núverandi innheimtukerfi afnotagjalda og binda afnotagjöldin þess í stað fasteign. Við teljum að með því móti væri hægt að finna réttlátari reiknireglu, réttlátari formúlu en nefskatturinn er. Ég skal játa að ég hef sveiflast á milli þessara tveggja tekjustofna, annars vegar iðgjaldsins eða afnotagjaldsins og síðan fasteignatengds gjalds, ég tel að það væri þó betra en tvímælalaust miklu betra en nefskatturinn sem er ranglátur og kemur til með að bitna illa á barnafólki svo dæmi sé tekið.

Þetta eru í grófum dráttum þær hugmyndir sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði byggjum okkar frumvarp á. Síðan hafa menn reifað aðrar hugmyndir. Menn hafa t.d. talað um sjálfseignarstofnun. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa reifað slíkar hugmyndir, þeir hafa ekki fest sig í þær, alls ekki, það er rangt sem hér hefur verið haldið fram. Menn hafa teflt fram hugmyndum í viðleitni til þess að ná einhverri millilendingu, einhverri sátt um þetta mál. Ég tók eftir því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi einnig þessa leið í ræðu sinni hér í gærkvöldi. Ég hef fyrir mitt leyti ekki verið hlynntur henni hingað til þó að ég vilji að sjálfsögðu skoða hana einnig ef um það er að ræða að reyna að ná niðurstöðu sem allir gætu orðið sáttir um.

Ég ætla að gera aðeins grein fyrir afstöðu minni til þess sem ég tel vera kosti og ókosti. Ókostirnir við sjálfseignarformið eru að mínu mati þeir að réttarstaða starfsfólksins er ekki tryggð með sama hætti og þegar um er að ræða ríkisstofnun, jafnvel B-hluta stofnun. Hvers vegna? Jú, vegna þess að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna taka ekki sjálfkrafa til sjálfseignarstofnana og í þeim lögum er að finna ýmis ákvæði sem eru til góðs fyrir starfsmennina.

Ég var spurður að því af hálfu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar hér fyrr í dag eða í gær, sennilega var það í gær, hvort ég væri hlynntur þessu formi og hvort það tryggði réttindi starfsfólksins á þann hátt sem ég væri fyllilega sáttur við. Þá kvað ég svo ekki vera og sagði að ég væri sáttari við opinbera reksturinn hvað þetta snertir. Hins vegar vakti ég athygli á því og nefni það hér að í kjarasamningalögunum, í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er vísað til sjálfseignarstofnana um að lögin geti tekið til sjálfseignarstofnana. Það hefur gerst að stofnanir sem eru sjálfseignarstofnanir hafi í reynd farið í sama farveg hvað varðar samninga um kjör og réttindi starfsmanna og opinberar stofnanir hafa gert. Ég vísa þar í stofnanir á borð við Hrafnistu, SÍBS, ýmsar öldrunarstofnanir og heilbrigðisstofnanir sem t.d. hafa tryggt starfsmönnum sínum aðgang að lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, svo dæmi sé tekið, og byggt kjarasamninga sína með tilvísan í þessi lög jafnvel þótt þær heyri ekki undir lögin sjálfkrafa. Mér finnst að í þessari leið opnist ýmsir möguleikar ef menn hafa velviljann að vegvísi, velviljann gagnvart starfsmönnum og viljann til þess að tryggja réttindi starfsfólksins. Þetta vildi ég sagt hafa um möguleikann á því að leita leiða til að ná ásættanlegri lausn um fyrirkomulag á rekstri og rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Enda þótt ég sé fyrir mitt leyti hrifnari af B-hluta stofnun, ríkisstofnun, ég tel hana að mörgu leyti heppilegri, þá hefur þessi leið einnig verið nefnd og við erum að heyra um hana hér við umræðuna. Ef við ætlum raunverulega að reyna að ná einhverju samkomulagi, ef menn vilja tvímælalaust gera breytingar að þessu leyti þá hljóta að sjálfsögðu allir að vera opnir fyrir því að skoða alla möguleika.

Síðan hefur enn ein tillaga komið fram og það er eiginlega róttækasta tillagan sem komið hefur fram um Ríkisútvarpið. Ég held ég megi fullyrða að hún hafi komið fram alla vega í tvígang. Hver skyldi helst hafa talað fyrir henni? Jú, það er sami talsmaður og talaði fyrir hlutafélagavæddu Ríkisútvarpi hæstv. menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, nefnilega hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Hann, ásamt hv. þingmönnum Pétri H. Blöndal og Birgi Ármannssyni, lagði fram frumvarp sem er harla nýstárlegt og fróðlegt fyrir margra hluta sakir. Það er mjög róttækt frumvarp. Það gerir ráð fyrir því að í reynd verði Ríkisútvarpið í núverandi mynd lagt niður og öll starfsemi sem það starfrækir nú verði boðin út. Það verður eftir sem áður til útvarpsráð og, viti menn, aftur er það stjórnarmeirihlutinn sem ræður. Og þessi stjórnarmeirihluti, sem endurspeglast í útvarpsráði þessara ágætu frjálshyggjumanna, á að bjóða út og ákveða með hvaða hætti dagskrárefni og fréttaefni er gert eftir því sem ég fæ best skilið. Þarna eru menn komnir ansi langt á hinum pólitíska hring og farnir að nálgast andhverfuna hefði ég haldið. Mér finnst að þetta hefði allt eins getað átt heima í Kreml hér áður fyrr þótt menn hafi ekki verið gefnir fyrir útboðin á þeim bænum. Hér er það a.m.k. pólitískt ráð sem á að stýra með hvaða hætti reglur eru settar og leyfum er úthlutað til dagskrárgerðar, þar á meðal frétta. Þetta er harla nýstárleg hugsun þykir mér.

Ég mun síðar í ræðu minni fara nánar í þetta frumvarp og þær röksemdir sem það hvílir á en ég er að fara hér yfir þá valkosti og þær hugmyndir sem teflt hefur verið fram inn í þessa umræðu. Ég nefndi fyrst, af virðingu fyrir mín-

um eigin flokki, það frumvarp sem VG hefur lagt fram. Ég nefndi þær hugmyndir sem teflt hefur verið fram af hálfu Samfylkingarinnar sem einnig hafa reyndar verið gerð ítarlegri skil við umræðuna og á margt sammerkt með okkar hugsun og þá ekki síst það að menn vilja breiðari og opnari samfélagslega aðkomu að Ríkisútvarpinu. Menn hafa talað um akademíu, menn hafa talað um eins konar notendaráð, hugtökin skipta ekki alveg öllu máli en hugsunin er þessi. (**Gripið fram í:** Hlustendaþing.) Hlustendaþing. Sú hugsun rímar við það sem við höfum teflt fram og Frjálslyndi flokkurinn reyndar einnig. Hann hefur einnig verið með hugmyndir af þessu tagi.

Þeir sem koma úr ranni ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans hafa verið þrengri í hugsun, þeir hafa verið með þrengri, pólitískari aðkomu. Í stað þess að greiða pólitíkinni, lýðræðislega kjörnum fulltrúum leið að stjórnkerfi eða að Ríkisútvarpinu, greiða þeim aðkomu að þeirri stofnun sem fulltrúum sjónarmiða, koma þessir aðilar sem fulltrúar valds, annars vegar í frumvarpi þremenninganna sem ég nefndi áðan sem á að ákvarða með hvaða hætti dagskrárgerðin í landinu og fréttaefnið er boðið út, og hins vegar hjá ríkisstjórninni sem setur fram þetta frumvarp sitt og byggir á því að pólitískt kjörinn meiri hluti ráði einvald sem síðan stýri öllu mannahaldi og allri dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu. Þetta er þrengri sýn sem ríkisstjórnin hefur og ég mun koma nánar inn á hvað býr þar að baki.

Ég velti því fyrir mér hvort verið geti að í öllum þeim *ólíku hugmyndum sem hér er teflt fram, eins langt þó er á* milli þessara hugmynda, kunni að leynast einhver ný framtíð. Ég velti því t.d. fyrir mér, ef reyndin yrði sú að Ríkisútvarpið yrði einkavætt og sáttin sem um það ríkir yrði rofin, það færi að molna undan stofnuninni, sótt yrði að henni af samkeppnisaðilum og henni settar mjög stífar skorður, hún væri komin undan stjórnsýslulögum og úr tengslum við almenning, hvort sá tími gæti þá runnið upp að við ættum að hugsa þessi mál alveg upp á nýtt.

Við ræddum það hér og höfum rætt það á fyrri stigum þessarar umræðu að í Ríkisútvarpinu eru fólgin mikil verðmæti. Ríkisútvarpið er eitt stærsta safn landsins. Þar eru til hljóðupptökur frá því á fyrri hluta síðustu aldar og alla öldina nánast frá því að Ríkisútvarpið var stofnað, þar er til aðskiljanlegt efni, plötur, sjónvarpsþættir og margvíslegt efni. Ég velti því fyrir mér hvort verið geti að framtíðin verði sú að um þessi verðmæti verði smíðuð stofnun sem allir aðilar á fjölmiðlamarkaði fái jafnan aðgang að. Þetta gæti alveg orðið framtíðin. Fari svo að Ríkisútvarpið verði fjarlægt eiganda sínum, þjóðinni, og hrint út á markaðinn og látið inn í þann ólgusjó gæti þessi hugsun alveg komið til greina. Þá erum við aðeins farin að nálgast hinar, að því er manni finnst við fyrstu sýn, fjarstæðukenndu hugmyndir þeirra þremenninga en þó á allt öðrum og gerólíkum forsendum. Það sem ég er að segja og leggja áherslu á er að nú eigum við að opna hugann og spyrja hvort menn séu fastir í viðjum vanahugsunar. Ég hvet til þess að menn gefi sér góðan tíma og rifji aftur upp þann hátt sem Bretar hafa á. Þeir gefa sér nefnilega góðan tíma, þeir gefa sér nokkur ár til að fara yfir málin og gaumgæfa þau rækilega.

Þetta gerum við líka reyndar þegar við viljum taka á ýmsu sem við teljum heyra til grundvallaratriða. Ég nefni stjórnarskrána. Við breytum ekki stjórnarskrá nema að vel ígrunduðu máli og setjum um það tilteknar reglur og viljum að sjálfsögðu að þjóðin komi þar sjálf og milliliðalaust sem allra mest að málum. Þetta eru fyrst og fremst vangaveltur og ég hef leyft mér að hugsa kannski svolítið óbeislað hvað þetta snertir.

Ég er þeirrar skoðunar mjög afdráttarlaust að eins og sakir standa núna eigum við að efla Ríkisútvarpið sem stofnun, sem almannaútvarp, og þótt sú hugsun sem ég reifaði áðan, kunni að hafa ýmsa kosti hefur hún líka ýmsa ókosti í för með sér. Þetta er í reynd sama hugsunin og menn eru að fara inn á á sviði rannsókna. Í stað þess að styrkja stofnanir setja menn á fót sjóði sem stofnanir sækja í fyrir tilteknar rannsóknir og tiltekin verkefni og þar skapast ákveðinn samkeppnismarkaður á milli stofnana. Háskólarnir hafa talað fyrir þessu eiginlega gegn Háskóla Íslands að hluta til, vilja fara inn í þetta form. Þetta er þróun sem hefur verið að eiga sér stað. Á móti koma ýmsir ókostir í því fyrirkomulagi vegna þess að þegar allt kemur til alls hefur styrkur háskólanna og rannsóknarstofnana á 20. öld legið í sjálfstæðinu, í vissunni um öryggi. Það hefur gefið mönnum frelsi til að fara sínu fram óháð því sem umhverfið ertir þá til. Á þessu eru kostir og gallar, þetta getur leitt til sofandaháttar að sjálfsögðu líka, en ég vil segja að á hvoru tveggja eru kostir og líka gallar. Ég hef verið inni á stofnanahugsuninni, bæði varðandi rannsóknarstyrkina og einnig gagnvart Ríkisútvarpinu. Einn helsti kosturinn og styrkur *Ríkisútvarpsins er samfellan, er hefðin sem er fyrst* og fremst að finna í starfsfólkinu, vinnubrögðum og vinnulagi innan veggja þeirrar stofnunar.

Það er afskaplega gaman að hæstv. menntamálaráðherra er komin í salinn og kannski þá ástæða til að víkja nokkrum orðum að ræðu hennar í dag. Ég vil segja hæstv. menntamálaráðherra til hróss að gagnstætt því sem iðulega gerist við umræðu af þessu tagi kom hæstv. ráðherra inn í umræðuna miðja í stað þess að bíða til enda þar til hún væri alveg á enda runninn til að gefa okkur kost á því að skiptast á upplýsingum og skoðunum.

Ef ég man rétt byrjaði hæstv. menntamálaráðherra á að segja hve mikilvægt það væri að Ríkisútvarpið kæmist inn í nútímann, að við nútímavæddum Ríkisútvarpið. Í huga hennar, ef ég skildi orð hennar rétt, felst nútímavæðingin einkum í því að breyta stjórnsýslunni og stjórnarháttum innan stofnunarinnar, færa hana nær því sem gerist í fyrirtækjum á markaði þar sem eigandinn eða forstjórinn fer með völdin.

Ýmsar kenningar hafa verið uppi um hvaða fyrirkomulag sé best við rekstur fyrirtækja. Á síðustu öld uppgötvuðu menn að hægt væri að smíða hin flóknustu tækniundur með hjálp fólks sem var ólæst og óskrifandi og hafði ekki hugmynd um hvað það í reynd var að smíða. Tunglflaugar voru settar saman af fólki sem hafði litla vitneskju um eldflaugar og himintunglin en því var kennt að skrúfa eina tiltekna skrúfu eða eitthvert annað viðvik við samsetningu eldflauganna. Þetta var svona hin vélræna nálgun í starfsmannastjórn og vel nýtt í fjöldaframleiðslu 20. aldarinnar þegar bílaframleiðsla kom til sögunnar og tækniþjóðfélagið varð til.

Samhliða þessu varð til það sem menn hafa kallað

píramídastjórnun þar sem forstjórinn og forstöðumenn stýra og aðrir hlýða. Í því sambandi hafa menn tekið sér í munn hugtök sem mér finnst aldrei mjög skemmtileg eða geðsleg, þ.e. yfirmaður og undirmaður. Undirmenn eru undir yfirmennina seldir. Þetta er hluti af píramídastjórninni.

Síðan varð til önnur hugsun sem ruddi sér til rúms eftir því sem leið á 20. öldina sem byggði á samvinnu, á samstöðu og samvinnu, að virkja samkenndina, að virkja félagsandann þar sem einn væri ekki undir annan seldur. Menn höfnuðu því ekki að slík starfsemi ætti að byggja á verkstjórn, að sjálfsögðu er hún til góðs en ekki í þeim skilningi að einn maður ráðskist með annan. Við héldum mörg að þessi hugsun, þessi lýðræðislega hugsun sem verkalýðshreyfingin studdi mjög og hefur reynt að stuðla að — hún hefur reynt að stuðla að framgangi þeirrar hugsunar í kjarasamningum og í baráttu sinni. Ég vísaði áðan í samkomulag sem gert var árið 1980 um starfsmannaráð, nokkuð sem ríkisstjórnin og hæstv. menntamálaráðherra reif í tætlur með þessu nýja frumvarpi.

Þá gerist það að hið nútímavædda fólk sem telur sig svo vera er allt í einu horfið aftur í tímann. Það nær í gömlu píramídahugsunina, í gömlu vélrænu nálgunina þar sem fólki er skipað fyrir, þar sem það lýtur skipunum. Það er sú hugsun sem hæstv. menntamálaráðherra kallar framsækna og nútímavæðingu en er í reynd argasta afturhald.

Í Bandaríkjunum eru framsækin fyrirtæki sem um sinn létu glepjast af píramídayfirmannahugsuninni aftur að hverfa til fyrra formsins. Þau gera sér grein fyrir því t.d. að jafnvel þó að þú getir gert fólk að viljalausum verkfærum sem skrúfa eina skrúfu eða kann viðvikin, jafnvel þó þetta sé hægt skaparðu ekki þá samkennd og þann kraft í fyrirtæki sem gerir það samkeppnishæft. Ég las það um daginn að í Bandaríkjunum mætti merkja þá þróun að fyrirtæki sem hefðu áður leitað á svæði þar sem launakjör væru lág, láglaunasvæðin, væru aftur að færa sig inn á svæði þar sem launin væru betri og menntunin betri, menntun og félagsleg aðstaða betri. Þau væru að horfa til þess í hvaða umhverfi fólki liði vel, hvar samfélagið og innviðirnir væru sterkir, hvar fólkið væri menntað, hvar hver og einn sæi möguleika fyrir sjálfan sig að vaxa og dafna.

En það er á umrædda hugsun sem ekki bara þetta stjórnarfrumvarp heldur einkavæðingarstjórnarfrumvörpin eru að beina opinberri starfsemi inn á, þ.e. forstjóravaldið. Ég minnist þess að þegar við ræddum á þingi á árinu 1996 lög um breytingar á réttarstöðu opinberra starfsmanna, þ.e. breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, var þar að finna greinargerð sem var afskaplega athyglisverð vegna þess að hún byggði nákvæmlega á þeirri hugsun að skapa forstjóra sem fengi að vita hvað hann ætti að gera en aðrir áttu að lúta valdi hans. Nú er þetta að verða til, þetta er hugmyndafræðin. Þetta kalla menn nútímavæðingu og að laga Ríkisútvarpið að nútímaháttum um leið og troðið er á lýðræðinu og réttindum launafólks.

Vel að merkja, eitt af því sem hefur verið sérstakur þyrnir í augum stjórnenda er að geta ekki rekið fólk skýringalaust. Auðvitað á þetta ekki við um sterka stjórnendur, ekki öfluga stjórnendur, ekki um réttsýna stjórnendur, vegna þess að þeir ræða við starfsmenn sem eru ekki starfa sínum vaxnir eða sinna ekki starfi sínu, það er enginn að bera í bætifláka fyrir slíkt, þeir ræða við þá, finna að við þá og gefa þeim tækifæri til að bæta ráð sitt — í einhverjum tilvikum leiðrétta misskilning — og ef það er ekki gert er heimild fyrir því í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna að þeim verði vísað brott úr starfi, þannig er það, þetta er nú ekkert flóknara en svo.

Veiki stjórnandinn, vanmáttugi stjórnandinn, sá sem ekki þorir að horfast í augu við samstarfsmenn sína og finna að við þá ef þeir ekki rækja hlutverk sitt sem skyldi, ef þeir svíkjast um og sinna ekki starfi sínu, þeir sem ekki þora að ræða við þá augliti til auglitis vilja geta rekið þá skýringalaust og sagt þeim að hypja sig helst samdægurs, sama klukkutímann. Þetta eru vinnubrögð sem við erum að verða vitni að í fyrirtækjum á Íslandi í sífellt ríkari mæli, í vaxandi mæli erum við að verða vitni að vinnubrögðum af þessu tagi. Fólk er látið hypja sig af vinnustað, rekið af vinnustað og látið hafa á brott samstundis öll sín gögn og öll sín tól.

Viljum við þetta? Er þetta gott? Nei, þetta er ekki gott. Skyldu menn hafa hugleitt það hvað í því felst þegar rannsóknarskýrslur gefa okkur vísbendingar um að auknu atvinnuleysi fylgi aukin örorka og að samfara aukinni hörku á vinnustað fylgi aukin örorka? Það sem er að gerast, og ég hef hlustað á röksemdir Öryrkjabandalagsins í umræðu um þessi efni, er að fólk sem stendur illa að vígi, á í einhverjum erfiðleikum og mætir slíkum stjórnarháttum og svona hörku og grimmd á vinnustað, brotnar hreinlega niður, hinar andlegu varnir hrynja. Þetta segja fróðir menn að sé að gerast í ríkari mæli en áður hefur gerst á íslenskum vinnumarkaði. Inn á þessar brautir er ríkisstjórnin að ýta okkur með hinum makalausu frumvörpum sínum um einkavæðingu og hina margrómuðu nútímavæðingu hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem neitar að leyfa fólki að njóta samningsbundins réttar síns til aðkomu að stjórn Ríkisútvarpsins eftir að því hafi verið breytt í hlutafélag. Allt á þetta að vera óskaplega nútímalegt en er ekkert annað en argasta afturhald. Verið er að reyna að komast eins langt aftur í aldir og mögulegt er, í samfélag við gamla Bogesen og helst enn þá aftar, þar sem forstjórinn ræður öllu, getur ráðið og rekið starfsfólk skýringalaust. Þetta er þá nútími eða hitt þó heldur.

Hæstv. menntamálaráðherra vakti máls á ýmsum öðrum þáttum í ræðu sinni. Þetta var fyrsti þátturinn sem hún nefndi, en hún nefndi fjölmarga þætti í ræðu sinni, sem ég hef hrósað henni fyrir að flytja því að þar var a.m.k. komin tilraun til að taka þátt í umræðu við okkur um þetta frumvarp hennar og ríkisstjórnarinnar.

Annar þátturinn sem hún nefndi, ég held ég fari rétt með að það hafi verið í þeirri röð þó að ég skuli ekki fullyrða um það efni, en ég held að annar þátturinn í ræðu hæstv. menntamálaráðherra hafi verið þessi: Það var engum gögnum leynt. — Síðan kom framhaldið: Allt sem beðið var um kom fyrir nefndina. — Og var þá talað um og vísað til menntamálanefndar. Með öðrum orðum, ekki var við hæstv. ráðherra eða ráðuneytið að sakast, heldur við nefndarmennina sjálfa sem höfðu ekki beðið um gögnin. Þeir höfðu ekki beðið um gögnin en um leið og þeir báðu um gögnin komu þau, að sjálfsögðu.

Stöldrum nú ögn við þetta. ESA-gögnin, hver eru þau?

Það eru samskipti íslenskra stjórnvalda annars vegar og Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, hins vegar þar sem menn eru að reyna að ganga úr skugga um hvort ný lög um Ríkisútvarpið standist Evrópurétt og hugsanlega þá stefnu fyrir dómstólum. Menn eru að reyna að móta sér hugmyndir um hvort frumvarpið falli inn í þennan farveg. Þegar það síðan kemur í ljós og er upplýst af fjölmiðli í landinu, Fréttablaðinu, að þau bréfaskipti hafi átt sér stað allt árið 2006 án vitneskju menntamálanefndar þá fyrst náttúrlega óska nefndarmenn eftir því að fá þau gögn í hendur. En að ríkisstjórnin og hlutaðeigandi ráðherra skuli ekki hafa nánast sjálfkrafa látið gögnin ganga til nefndarinnar er mér óskiljanlegt og verður ekki túlkað öðruvísi en að vísvitandi hafi verið reynt að leyna nefndina gögnunum.

Hvers vegna segi ég þetta? Hvers vegna skyldi ég segja þetta? Það er nú svolítið stórt upp í sig tekið. Jú, vegna þess að í fyrsta lagi liggur í augum uppi að þau gögn eiga heima á vinnuborði menntamálanefndar sem skoðar alla þætti þessa máls. Síðan er hitt að þegar ríkisstjórninni lá sem mest á að koma málinu í gegnum þingið undir lok nóvembermánaðar og í desember á síðasta ári, lágu fyrir ráðuneytinu spurningar sem var ósvarað. Gæti verið að það hafi verið mat stjórnvalda — ég hygg að hv. þingmaður og formaður menntamálanefndar sé mér sammála um það, hann hefur a.m.k. átalið það að gögnin væru ekki sýnd í menntamálanefnd — gæti það verið að það hafi verið mat manna (**SKK:** Þau voru sýnd.) að það hefði truflað framgang málsins í desembermánuði ef það hefði verið upplýst að ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hafi beint ákveðnum spurningum til stjórnvalda í bréfi sem dagsett var 24. nóvember og að þeim spurningum væri ósvarað?

Hvenær skyldi þeim spurningum síðan hafa verið svarað? Þeim var svarað í bréfi 9. janúar. Okkur var jafnframt sagt í menntamálanefnd að fulltrúar ráðuneytisins eða ráðuneyta hefðu haldið til Brussel til viðræðna við þá aðila í þeirri sömu viku. Þetta var á þriðjudegi sem svarið er stílað, ef ég man rétt. Nema hvað, á fimmtudegi eru þessi gögn sett í hólf nefndarmanna í menntamálanefnd, á miðvikudegi mun það hafa verið síðdegis, flestir fengu þau í hendur að morgni fimmtudags og þá seinna um daginn er boðað til fundar til að ræða gögnin. Við sem þá sátum fund menntamálanefndar óskuðum eftir að því yrði frestað að taka málið úr menntamálanefnd þannig að rýmri tími gæfist til að fjalla um gögnin og auk þess þótti mönnum eðlilegt að fá formleg svör frá ESA. Ég kann nú ekki þetta tæknimál en ég held að menn hafi talað um einhvern pappír sem kallaður var 1702, þetta er sérkennilegt tæknimál sem talað er þarna suður frá og af innvígðum. Okkur þótti eðlilegt að fá þau gögn í hendur áður en málið yrði afgreitt.

Ég kem að því síðar hvað hæstv. menntamálaráðherra sagði um okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og afstöðu okkar til Evrópusambandsins og þess sem þaðan kæmi en ætla fyrst að víkja að öðrum þætti sem fram kom um þetta efni í máli hæstv. menntamálaráðherra, þ.e. að þetta hafi ekki snúið að rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Eftir því sem ég best fæ skilið — og kann vel að vera að ég misskilji eitthvað — þá gerir það nú það. Þessi bréfaskipti snúa að rekstrarforminu vegna þess að verið er að spyrja um tiltekna efnisþætti, menn eru að spyrja um eftirlit sem haft verði með Ríkisútvarpinu, það er kannski einfalt mál, Ríkisendurskoðun á að annast það eftirlit.

Í annan stað var spurt um með hvaða hætti almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins yrði skilgreint þegar nefskattur yrði ákveðinn og einnig hitt þegar Ríkisútvarpið færði út kvíarnar og færi inn á nýjar brautir, nýja þjónustu eins og gefur að skilja að verður þegar fram líða stundir, með hvaða hætti eða eftir hvaða ferlum skilgreiningum yrði komið við hvað varðar almannaþjónustuþáttinn. (**Menntmrh.:** Það er verið að bíða eftir ákvörðun framkvæmdastjórnar.) Eins og ég skil þetta er verið að fjalla um rekstrarformið eða þær breytingar og það umhverfi sem við erum að halda inn í með Ríkisútvarpið, þannig skil ég þetta og í því samhengi er eðlilegt að menn vilji vita hvað um er að ræða.

Þá kem ég að þeim þætti með Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, að það kæmi nú úr hörðustu átt, sagði hæstv. ráðherra eða sá skilningur var í orðum hennar, þegar Vinstri hreyfingin – grænt framboð væri orðin svona óskaplega áhyggjufull yfir Evrópurétti og þeim boðskap, boðorðum og skipunum sem frá Brussel kæmu og einnig hinu sem Samkeppnisstofnun skipaði. Þetta er alveg rétt að vissu leyti, en ég ætla að nefna tvennt í því sambandi.

Í fyrsta lagi höfum tekið þessa Evrópulöggjöf alvarlega vegna þess að samkvæmt henni höfum við þurft að bukka okkur og beygja allar götur frá því að við gengum inn í EES-samninginn, það er bara staðreynd. Við þetta höfum við ekki fengið ráðið nema að mjög takmörkuðu leyti. Ég rifjaði það upp um daginn að þegar Íslendingar vildi setja saman varðskip á Akureyri kom fram kæra eða kvörtun, eðlilega, vegna þess að samkvæmt samningnum á að bjóða slík stórverkefni út á hinum evrópska markaði. Hvað gerðu menn þá? Þeir fóru að dæmi Frakka, sem eru sérfræðingar í að skjóta sér undan fjölþjóðlegum reglum, og var fundið upp að varðskipið sem átti að smíða væri herskip í reynd. Hvað gildir um herskip? Það er náttúrlega leynilegt, það er hernaðarleyndarmál og þess vegna yrði að smíða skipið á Akureyri svoleiðis að útlendingar kæmust ekki á snoðir um hernaðarleyndarmálin sem íslensku varðskipin hefðu að geyma. Um þetta myndaðist mikil samstaða hér á þinginu, að við yrðum að passa að fara ekki að bjóða út herskipið og upplýsa um hernaðarleyndarmálin. Á þeim forsendum töldu menn að þeir gætu skotið sér undan Evrópuréttinum.

Ég hins vegar og við í Vinstri grænum vorum fylgjandi því að ef Íslendingar vildu smíða varðskip á Íslandi þá bara gerðu þeir það og þá stæðu þeir utan við skuldbindingar þar að lútandi. Þess vegna höfum við haft efasemdir um þessar reglugerðir en við erum jafnframt með opin augun gagnvart allri þessari reglugerða- og lagasmíð, vegna þess að reynslan kennir okkur að við verðum að lúta henni. Við urðum að gera það með tryggingarnar á sínum tíma. Hér voru brunatryggingar í Reykjavík, það voru einhverjar hagkvæmustu og ódýrustu brunatryggingar á byggðu bóli. Það var í einhverri skúffu hjá Reykjavíkurborg, mjög einfalt, allir tryggðir hjá sama aðila, lágmarkskostnaður. Hagnaðurinn var notaður til að reka slökkviliðið í Reykjavík, skilaði tugum milljóna en samt á mjög lágum iðgjöldum og mjög hagkvæmt. Ef kviknaði í einni íbúð í blokk urðu engar harðvítugar deilur eins og nú er milli tryggingafélaga um hver bæri

sök. Þetta var hagkvæmt kerfi, allir sammála, þverpólitísk samstaða um málið.

En viti menn. Ári eftir að EES-samningurinn kom til framkvæmda var tryggingabransinn færður undir samninginn. Og hvað þá? Við áttum ekki annarra kosta völ en að setja brunatryggingar í Reykjavík á markað. Byrjað var á og það var fyrsta krafa að aðskilja tryggingarnar annarri starfsemi þannig að hún yrði sjálfstæð, algerlega sjálfstæð og óháð. Hún mátti ekki vera í þriðju skúffu að ofan eða neðan í einhverju skrifborðinu, nei, það varð að búa til sjálfstæða einingu um hana. Þarna er annað dæmið komið.

Ég ætla að nefna þriðja dæmið sem er reyndar ekki alveg af sama meiði, það lýtur að innlendri samkeppnislöggjöf og var hér til umræðu fyrir fáeinum missirum þegar rætt var um það og samþykkt á endanum að heimila höfnum í landinu að hlutafélagavæðast. Ég minnist þess að við áttum þá samræður, ég og þáverandi og núverandi samgönguráðherra, hygg ég, um þær hættur sem í þessu gætu fólgist. Staðreyndin er sú að við höfum mismunað á ýmsa lund höfnunum í landinu og viljum geta gert það. Það hefur verið vilji til þess af byggðasjónarmiðum og ýmsum hagkvæmnissjónarmiðum, að við einfaldlega tökum lýðræðislega ákvörðun um hvað við viljum gera og hvar. Ég man eftir að hæstv. samgönguráðherra fullvissaði mig um að engin hætta væri á ferðum, menn ætluðu ekki að fara að níðast á höfninni á Blönduósi eða á Sauðárkróki eða hvar það nú var, þessar litlu hafnir á smærri stöðum væru öruggar.

Það sem hæstv. ráðherra gleymdi hins vegar var að með þeirri lagabreytingu var verið að færa hafnirnar undan einum lögum, sem giltu um hafnir og slíka starfsemi, undir annan lagabálk, samkeppnislög, vegna þess að með heimildinni um að gera hafnir að hlutafélögum fylgdi með í pakkanum að hafnir á Íslandi skyldu heyra undir samkeppnislög. Hvað þýðir það? Það þýðir að þegar hafnirnar eru farnar að reka sig sem fyrirtæki sem eiga að skila hagnaði og keppa við aðrar hafnir, eins og er að gerast, þá eiga þær kost á því ef þær telja sér mismunað einfaldlega að kæra til samkeppnisráðs á grundvelli samkeppnislaga. Það er þetta sem ég er að segja, að með því að færa starfsemi undir hvort sem það er samkeppnislög eða Evrópurétt þá eigum við iðulega ekki annarra kosta völ en að lúta ákvörðunum og úrskurðum dómstóla þegar þeir kveða upp úr á grundvelli þessara laga.

Þegar hæstv. menntamálaráðherra spyr okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hvort það skjóti ekki nokkuð skökku við að við séum að hafa áhyggjur af Evrópurétti og samkeppnislögum — erum við svona óskaplega mikið fyrir samkeppni og svona óskaplega mikið fyrir Evrópurétt? Já, við erum það. Við vitum að taka þarf þau lög sem við setjum í landinu og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við undirgöngumst alvarlega, að sjálfsögðu, vegna þess að þar er verið að móta veruleikann. Síðan er það að gerast og í sífellt ríkari mæli að dómstólar skera á endanum úr því hver niðurstaðan og framvindan verður. Þeir eru orðnir mótandi afl í samfélaginu í ríkari mæli en verið hefur. Löggjafinn, hvort sem það er í þjóðþingunum eða á alþjóðavísu, setur almenn lög en síðan er það svo að hagsmunaaðilar kæra iðulega ef þeir telja hagsmunum sínum ekki gert nægilega hátt undir höfði.

Ég hef oft vísað til þess sem er að gerast á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að þessu leyti. Þar er nákvæmlega þetta sama að gerast, að verið er að setja almennar reglur sem iðulega eru skuldbindandi þegar fram líða stundir. Ég hef stundum nefnt það í umræðu af þessu tagi að í fyrstu liðum GATS-samninganna sem verið er að smíða og eru komnir í gagnið á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, er skilgreind þjónusta sem samningarnir eiga að taka til og sagt reyndar að velferðarþjónustan, almannaþjónustan, eigi ekki að heyra undir samningana sem markmiðið er að heyri undir samninga sem taka til markaðsvæðingar og markaðarins. En jafnframt er sagt að fyrir þá almannaþjónustu eða velferðarþjónustu sem greitt er fyrir, sem hefur verið sett yfir í bókhaldsform, sjálfstætt bókhaldsform þar sem samningar eru gerðir og greitt fyrir, jafnvel þótt notandinn greiði ekki beint, jafnvel þótt greitt sé af almannafé, að samningarnir taki til slíkrar starfsemi. Ég nefni þetta sem dæmi um hversu lævís þessi löggjöf og þeir alþjóðasamningar geta verið og geta iðulega tekið ráðin af mönnum á þjóðþingum sem í góðri trú vilja haga málum á annan veg en þessar alþjóðlegu skuldbindingar og lög síðan ákvarða. Þetta skiptir máli þegar við horfum til samkeppnislaga og Evrópuréttarins og við eigum að hlusta á þetta þegar lögfræðingar vara okkur við að sú breyting sem verið er að gera með umræddu frumvarpi veiki varnir Ríkisútvarpsins.

Ég vil taka fram að ég er ekki einn þeirra sem hafa viljað horfa á opinbera starfsemi og opinberar stofnanir og verksvið þeirra og heimildir til athafna á þrönga vísu, ég hef ekki viljað gera það. Mér hefur fundist menn ganga of langt í að þrengja að opinberri starfsemi. Ég var t.d. ekki að öllu leyti sáttur, hæstv. forseti, fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra, við lagabreytingu sem lýtur að Landmælingum, mér fannst það vera of þrengjandi varðandi verksvið Landmælinga. Þar komu samkeppnisaðilar og vildu að verksvið Landmælinga væri þrengra en stofnunin sjálf vildi hafa. Við sjáum ásókn gagnvart Veðurstofunni líka, þar hafa komið kvartanir um að hún sé óþarflega mikið inni á vettvangi þess sem samkeppnisaðilar gætu haslað sér völl. Ég er ekki sammála þessu. Ég held að það sé hamlandi fyrir opinbera starfsemi ef hún fær ekki að færa út kvíarnar og fara inn á svið nýsköpunar og nýbreytni en sé látin þess í stað halda sig við einhvern mjög þröngan og lítinn kjarna, ég held að það sé slæmt. Ég held að opinber starfsemi eigi að fá svigrúm til að þróast. Og það á að sjálfsögðu að eiga sér stað, það á að sjálfsögðu að eiga við um Ríkisútvarpið ekki síst.

(**Forseti** (SAÞ)**:** Forseti hyggst gera matarhlé klukkan hálfátta í hálftíma til klukkan átta og spyr því hv. þingmann hvort hann muni ljúka ræðu sinni fyrir þann tíma.)

Ég hrósa hæstv. forseta fyrir bjartsýni en því miður eru ekki forsendur fyrir þeirri bjartsýni. Ég á miklu lengra í land með að ljúka máli mínu.

(**Forseti** (SAÞ)**:** Þá tel ég eðlilegt að gera kvöldverðarhlé núna til klukkan átta. Fundarhlé.)

[Fundarhlé. — 19:25]

[20:01]

**Ögmundur Jónasson** (frh.):

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir nokkur atriði sem varða frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið ohf., hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Ég byrjaði á að tala um þá kröfu hæstv. menntamálaráðherra að við lykjum þessari umræðu hið allra fyrsta og létum lýðræðislegan vilja ná fram að ganga. Við höfum minnt á að við erum tilbúin að ljúka umræðunni þegar í stað og lagt fram sáttaboð og reyndar fleiri en eitt. Í fyrsta lagi að við sameinumst um að gera breytingar á Ríkisútvarpinu, lágmarksbreytingar, sem samstaða yrði auðveldlega um en við létum hitt bíða lengri tíma sem ósættið væri um þannig að við gætum leitað að leið sem hugnaðist öllum.

Í annan stað höfum við boðist til að stytta umræðuna verulega ef fallist verður á að breyta gildistökuákvæði laganna þannig að þau kæmu ekki til framkvæmda fyrr en að afloknum næstu alþingiskosningum. Það í reynd væri lýðræðislegt í þeim skilningi að ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi næði sínu fram, að gera frumvarpið að lögum, en þjóðin hefði síðan síðasta orð um hvernig næsti stjórnarmeirihluti yrði myndaður og þá kæmi þetta eflaust til umræðu í aðdraganda kosninga og nýjum stjórnarmeirihluta gæfist ráðrúm til að endurmeta málið. Hvorugt hefur hlotið náð fyrir augum stjórnarmeirihlutans, við hvorugu þessara tilboða höfum við fengið jákvæð svör.

Við höfum einnig minnt á að afar vafasamt sé að knýja fram grundvallarbreytingar á stofnun sem víðtæk sátt hefur ríkt um í áratugi á naumum meiri hluta á Alþingi. Umrædd stofnun eigi annað og betra skilið af hálfu Alþingis en að skila henni inn í framtíð sem ósætti ríkir um. Ég fór yfir þá valkosti sem okkur bjóðast varðandi Ríkisútvarpið og fór yfir frumvarp þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um Ríkisútvarpið en þetta frumvarp höfum við lagt fram í þrígang. Þar er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á stjórnsýslu stofnunarinnar. Hún er færð inn fyrir veggi hennar og síðan er dregið úr yfirráðum stjórnarmeirihlutans yfir stofnuninni með því að breyta skipan í útvarpsráð sem við viljum láta kalla dagskrárráð og hefur annað verksvið og verkefni en núverandi útvarpsráð. Ég gat þess reyndar að menn vildu gjarnan ýkja hin pólitísku áhrif sem núverandi útvarpsráð hefur og minnti á að það er ekki svo að útvarpsráð ráði fréttamenn og dagskrárgerðarmenn núna, heldur hefur það einvörðungu umsagnarrétt um slíkar ráðningar og iðulega hafi útvarpsstjóri gengið gegn slíku. Við viljum færa allar þessar ráðningar alfarið inn í stofnunina. Menntamálaráðuneytið skipar til starfa nokkra æðstu yfirmenn eða stjórnendur öllu heldur, mér er illa við þetta orð yfirmaður, þeirrar stofnunar og við teljum eðlilegt að færa allt ráðningarvald inn í stofnunina en þegar um er að ræða ráðningu dagskrárgerðarmanna og fréttamanna viljum við að fleiri komi að málum en útvarpsstjórinn einn. Við erum með tillögu um gjald sem sé bundið fasteign í stað núverandi afnotagjalds og í stað nefskattsins sem ríkisstjórnin leggur til og við teljum vera óhagstæðan, sérstaklega fyrir barnafólk. Ég fór yfir þær hugmyndir sem Samfylkingin hefur sett fram og reyndir Frjálslyndir einnig og tel að í þeim hugmyndum sé að finna vísi að samnefnara sem menn geti sameinast um.

Þá fór ég yfir frumvarp þriggja þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem hafa lagt til að Ríkisútvarpið verði í reynd lagt niður. Hins vegar verði búin til stofnun sem lúti meirihlutavaldi Alþingis og hún hafi vald til þess að bjóða út og skapa reglur um slík útboð fyrir dagskrárgerðarefni, þar með talið fréttaefni væntanlega og þótti mér þar vera komið æðinálægt múrum Kremlar. Með öðrum orðum, pólitískt vald á að úthluta og hafa yfirráð samkvæmt tillögum þeirra yfir gerð fréttaefnis á vegum Ríkisútvarpsins. Síðan fór ég yfir frumvarp ríkisstjórnarinnar sem er hið þriðja í röðinni í þessari lotu og fór yfir það hvernig ég tel það vera fullkomlega úr takt við tímann, þótt hæstv. menntamálaráðherra hafi allhátt um það að hún sé með þessu barni sínu að halda með okkur á vit nýrra tíma. Staðreyndin er sú að hún reynir að komast eins langt aftur í tímann og mögulegt er. Það á að taka upp stjórnarhætti í fyrirtækjum sem tíðkuðust á fyrri hluta 20. aldar og um miðbik þeirrar aldar en allt látið fyrir róða sem til framfara horfði þegar leið á 20. öldina, lýðræðisleg stjórnun og annað af því tagi. Nei, nú er það gamli píramídinn, verkstjórinn og yfirmaðurinn og hins vegar hinir undirgefnu, þ.e. húsbændur og hjú. Þetta er framtíð hæstv. ráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur.

Eitt af því sem ég hefði gjarnan mátt nefna — og oft hefur verið haft á orði þegar þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar er annars vegar og mun ég eiga eftir að koma að því þegar ég fer yfir afstöðu Framsóknarflokksins til málsins — er að uppi eru miklar heitstrengingar um það af hálfu stjórnarmeirihlutans að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið, þetta sé ekki einkavæðing og hæstv. menntamálaráðherra sagði í dag að það væri af og frá, það þyrfti hvort sem er ákvörðun um það á þingi, en við fyrir okkar leyti höfum minnt á ýmsa þingmenn Sjálfstæðisflokksins og þá ekki síst hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hefur verið mjög heiðarlegur í svörum og að flestu leyti sjálfum sér samkvæmur. Hann samþykkti frumvarpið við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr., eða hvort það var við 1. umr. eða einhvern tíma gerði hann það alla vega á þeirri forsendu að þetta væri ekki gott frumvarp, ekki algott en það væri skref í átt til einkavæðingar og þess vegna styddi hann það. En ástæðan fyrir því að við gefum lítið fyrir slíkar yfirlýsingar hvort sem þær koma frá sjálfstæðismönnum eða framsóknarmönnum sem hafa komið í pontu og lýst því yfir að nú sé öldin önnur, nú geti Framsókn hlutafélagavætt vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn segist ekki ætla að selja. Framsókn segir: Ja, þá er óhætt að hlutafélagavæða. Við vísum einfaldlega til sögunnar hvað þetta snertir. Staðreyndin er sú að nánast alltaf þegar starfsemi hefur verið breytt í hlutafélag hefur eftirleikurinn verið sala, það er bara þannig. Það átti við að sönnu með bankana þó að þar væru ekki heitstrengingar um að aldrei stæði til að selja. Þó var það látið í veðri vaka stundum en vissulega var það gert þegar Landssíminn var annars vegar eða Póstur og sími. Ég er með tilvitnanir í tvo ágæta menn frá þeim tíma þegar við ræddum Landssímann eða hlutafélagavæðingu hans, þá sagði Halldór Blöndal, þáverandi samgönguráðherra, það mun hafa verið í september árið 1995, með leyfi forseta:

„Það er ekki á dagskrá hjá mér að selja Póst og síma og slík hugmynd hefur ekki komið upp í viðræðum við starfsmenn.“

Það hefur nefnilega ekki komið upp í neinum viðræðum og er ekki á dagskrá að gera það. En dagskráin lengdist eitthvað og breyttist og nú er náttúrlega búið að selja Símann, enda var sérfræðingur Sjálfstæðisflokksins í einkavæðingarmálum á þessum tíma, Hreinn Loftsson, með það alveg á hreinu til hvers menn breyttu stofnunum í hlutafélög því hann sagði í febrúarmánuði árið 1996, með leyfi forseta:

„Reynsla erlendra sérfræðinga er eindregið sú að það sé einungis skynsamlegt að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög sé ætlunin að selja þau. Hlutafélagavæðingin er bara fyrsta skrefið að mínu áliti."

Ég held ég muni það rétt að Hreinn Loftsson hafi verið fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar, gott ef hann var ekki formaður þeirrar nefndar um skeið. Spurningin er síðan þessi: Hvað verður um Ríkisútvarpið? Ég efast ekki um að menn, margir hverjir meina það núna, þessa stundina, að þeir telji óráðlegt að selja Ríkisútvarpið og séu því ekki fylgjandi. En hvað verður uppi eftir daginn í dag er alveg óskrifað blað. Ef að líkum lætur verða menn farnir að feta sig út á slíka braut og má vel vera að menn kjósi þá leið sem þremenningar Sjálfstæðisflokksins, frjálshyggjuhópurinn þar, leggur til að í reynd verði Ríkisútvarpið, hin opinbera stofnun ekkert annað en eins konar skurn, blóminn verði einkavæddur, öll starfsemin, allt það sem eitthvert kjöt er á fari út á markað. Þessi háttur hefur iðulega verið hafður á. Ég minnist þess hvernig slíkar hugmyndir voru reifaðar sem annað stig í tilraunum borgaryfirvalda til að einkavæða Strætisvagna Reykjavíkur. Fyrst reyndi íhaldið að gera SVR að hlutafélagi, var rekið til baka með þá ákvörðun en síðan komu eftirmennirnir sem voru af sömu pólitísku fjölskyldu og ég tilheyri og voru um skeið með hugmyndir uppi um að búa til eins konar þunna skurn á vegum sveitarfélagsins um strætisvagnana sem síðan yrðu einkavæddir. Það eru því alls konar leiðir að þessu marki. Ég tel að við eigum ekki að stíga það fyrsta skref sem Hreinn Loftsson varar okkur við þó að hann geri þetta undir öðrum formerkjum en ég geri. Hann var hlynntur einkavæðingu eins og menn kunna að vita sem ég er að sjálfsögðu ekki.

Um þessi mál almennt og til að finna leiðir til að ná sáttum um það, sem ég er sannfærður um að gæti tekist, höfum við teflt fram ýmsum formum, bæði hvað varðar stjórnsýsluna og yfirstjórn yfir stofnuninni og einnig um rekstrarformið. Ég hef fyrir mitt leyti og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum verið hlynnt því að Ríkisútvarpið verði ríkisstofnun og lúti þeim skýru lögum sem um opinbera starfsemi gilda. Þau eru sveigjanlegri og betri, gagnsærri og réttlátari en sú mynd sem stundum er dregin upp af þeim.

Önnur hugmynd sem hefur verið reifuð er sjálfseignarstofnunin. Það er hugmynd sem ég fyrir mitt leyti er ekki eins hrifinn af. Þá horfi ég ekki síst til réttinda starfsmanna en ég hef þó bent á að sjálfseignarstofnun getur lögum samkvæmt heyrt undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna þótt hún heyri ekki undir samninga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Engu að síður eru fordæmi fyrir því að menn semji sig inn í slíkan farveg og vísa ég þar til öldrunarstofnana og heilbrigðisstofnana sem eru undir sjálfseignarforminu þar sem starfsmennirnir eða stéttarfélög þeirra hafa samið um réttindi sem eru áþekk því sem gerist í hinu opinbera kerfi. Það mætti reyna að fara inn á þá braut í hlutafélagavæddu ríkisútvarpi en þá þyrftu menn að sýna vilja til að smíða slíka samninga. Sá vilji er hreinlega ekki fyrir hendi og slegið er á allar tilraunir til samninga þar að lútandi. Við heyrðum síðast í dag að hæstv. menntamálaráðherra sagði að ekki mætti taka fram fyrir hendurnar á starfsmönnum og skerða frelsi þeirra til samninga. Þetta segir sami ráðherra og nánast rífur í tætlur, í huglægum skilningi, samninga sem gerðir voru snemma á 9. áratug síðustu aldar sem lúta að starfsmannalýðræði í Ríkisútvarpinu.

Ég hef farið yfir ýmsa þætti sem hæstv. menntamálaráðherra vék að í ræðu sinni, bæði hvað varðar hina margrómuðu nútímavæðingu hæstv. ráðherra sem er ekkert annað en hraðlest til öndverðrar 19. aldar, þá er ríkti samskiptaformið húsbændur og hjú. Þetta er það fyrirkomulag sem hæstv. ráðherra telur eiga heima í nútímanum og sérstaklega í framtíðinni.

Ég vék að samkeppnislöggjöfinni og Evrópulöggjöfinni. Hæstv. ráðherra furðaði sig mjög á því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð, sem hefur verið gagnrýnin á slíka löggjöf og telur hana hamlandi um margt, setja lýðræðislegum ákvörðunum fólks of þröngar skorður, hefði áhyggjur af slíku. Ég benti hæstv. ráðherra á að við værum neydd til þess að taka alvarlega skuldbindingar sem er að finna í lögum eða alþjóðlegum samningum sem við höfum undirgengist. Dæmin sýna að við verðum að lúta þeim þegar á reynir og um það nefndi ég dæmi, m.a. um brunatryggingarnar sem í fyrsta EES-samningnum sem við undirgengumst heyrðu ekki til þess samnings, voru síðar færðar undir hann og þá urðum við að breyta því fyrirkomulagi sem við höfðum búið okkur í Reykjavík, t.d. um brunatryggingar sem væri að finna í einni skúffu í skrifborði einhvers staðar í stjórnsýslunni sem buðu upp á ódýrustu og hagkvæmustu brunatryggingar á byggðu bóli að ég hygg. Þessu urðum við að breyta þótt allir sem til þekktu og ég heyrði í væru því fullkomlega andvígir.

Stóra spurningin er: Hvað raunverulega vakir fyrir stjórnvöldum með þessum kerfisbreytingum? Ég hef ekki fundið neina aðra skýringu en þá að þau réttindi sem löggjafinn hefur á undanförnum árum og áratugum og talið eiga að gilda um opinbera stjórnsýslu, um starfsemi sem fjármögnuð er með skattfé almennings, séu til óþurftar, flækist fyrir og torveldi málin fyrir stjórnandanum sem á að stýra fólki sínu, eins og kallað er. Hvaða lög eru það? Það eru lög sem knýja stjórnanda til að áminna starfsmenn sem hann hyggst reka úr starfi og veita þeim tækifæri til andmæla. Þetta á allt að fara burt þannig að stjórnandinn geti rekið fólk skýringalaust. Finnst mönnum þetta horfa til framfara? Nei. Þetta horfir ekki til framfara og er furðulegt að fólk skuli leyfa sér að halda því fram að þessi afturhaldsviðhorf eigi eitthvert erindi inn í framtíðina.

Hæstv. ráðherra gerðist gamansöm á köflum, eða þannig túlkaði ég yfirlýsingar hennar um að með frumvarpi ríkisstjórnarinnar væri klippt á hin pólitísku tengsl. Þá færðust brosviprur yfir margan þingmanninn, tók ég eftir. Allir gera sér grein fyrr því að frumvarp ríkisstjórnarinnar herðir á pólitískum yfirráðum og tengslum við Ríkisútvarpið. Ég

hef verið í hópi þeirra sem hef viljað efla og rækta sambandið á milli Ríkisútvarpsins og löggjafans, sem jafnframt á að hafa eftirlit, sinna aðhaldi við opinbera starfsemi. En ég vil ekki gera það á þann hátt sem ríkisstjórnin gerir tillögu um með þessu frumvarpi. Samkvæmt því ræður stjórnarmeirihlutinn því sem snýr að stofnuninni. Hann skipar meiri hluti útvarpsráðs, mann sem ræður og rekur, mann sem er einráður um mannahald og dagskrárgerð. Þetta er eins mikið afturhaldsrugl og hugsast getur og furðulegt að menn skuli komast upp með annað eins í upphafi 21. aldar. Það er dapurlegt að hugsa til þess að svo fari í þessari stofnun, sem byggir á mjög ríkri lýðræðislegri hefð og fagmennsku. Þar hafa reyndar ætíð verið margir smákóngar og drottningar sem hefur að vissu leyti verið styrkur þessarar stofnunar því að allt hefur það fólk fundið samnefnara sinn, þ.e. Ríkisútvarpið og viljann til að gera vel í þágu þeirrar stofnunar. Þessi samvinna, samstaða og samvirkni hefur gert þessa stofnun svo sterka. En þetta eru menn tilbúnir að láta víkja til hliðar.

Þá kemur að blessuðum þjónustusamningnum, sem er reyndar ekki annað en viljayfirlýsing enn sem komið er. Samningurinn er ekki orðinn að veruleika og vel að merkja er mjög ósvífið hvernig viljayfirlýsingin er sett fram. Hún er tvinnuð saman við áform ríkisstjórnarinnar um að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Hún er gerð að óaðskiljanlegum hluta þess pakka en á í reynd ekkert skylt við þá ráðstöfun. Við höfum minnt á að Danmarks Radio, sem er ríkisstofnun, er með nákvæmlega sams konar samning og talað er um að gerður verði við Ríkisútvarpið. En bíðum við, verður allt í góðu standi ef Ríkisútvarpið verður gert að hlutafélagi? Við höfum margoft haldið því fram að gera þurfi ýmsar breytingar og lagfæringar á stjórnskipan stofnunarinnar en jafnframt höfum við bent á að þegar upp er staðið hafi bágur fjárhagur stofnunarinnar staðið henni fyrir þrifum. En þar á ekkert að gera.

Ég hef margoft gengið eftir því við stjórnarliða í þingsalnum hvort þeir séu reiðubúnir að grípa til ráðstafana sem rýmka og bæta fjárhag Ríkisútvarpsins. Menn hafa ekki verið reiðubúnir að gera það. Hins vegar segjast þeir trúa því að með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi verði hægt að bæta stjórnsýsluna þannig að fjárhagurinn rýmkist. Menn tala um hagræðingarkröfu. Ég þori ekki að fara með þá prósentu sem nefnd hefur verið í því efni, 6% hagræðingarkrafa er það kallað, sem er fínt nafn yfir niðurskurð. Niðurskurðurinn sem menn sjá fram á á næstu tveimur árum felst í að reka fólkið sem annast innheimtu afnotagjalda. Þar telja menn sig geta sparað 90 millj. kr. Þetta á að gerast á næstu tveimur árum að ég hygg.

Annað er að Ríkisútvarpið losar sig við sinfóníuna, sem mér finnst dapurlegt hlutskipti og verður mér hugsað til gamalla frumkvöðla Ríkisútvarpsins sem áttu þátt í því að sinfónían var sett á laggirnar um miðja síðustu öld. Þeir litu á það sem skrautfjöður í hatti Ríkisútvarpsins að vera í nánu sambandi og samvinnu við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Vel að merkja, Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur aldrei verið baggi á Ríkisútvarpinu. Hún var það um skeið þegar hún lenti í fjárhagserfiðleikum en upp úr því, um miðja síðustu öld, var gerður samstarfssamningur sem veitti Ríkisútvarpinu aðgang að efni hljómsveitarinnar, hljómleikum hennar sem að sjálfsögðu þarf að greiða fyrir úr einhverjum vasa, hvort sem það er úr ríkissjóði eða af Ríkisútvarpinu. Ég hygg að þegar fram líða stundir muni renna upp fyrir mönnum að ekki hafi verið hyggilegt að slíta tengslin milli Ríkisútvarpsins og sinfóníunnar. Ég tel auk þess að það hefði verið styrkur fyrir Ríkisútvarpið og stöðu þess, ekki síst þegar Evrópurétturinn og herskarar samkeppninnar fara að sækja að stofnuninni, að halda ýmsar almannaskyldur. Réttindum sem Ríkisútvarpið óneitanlega býr við fylgja skyldur og þegar skyldurnar eru aðskildar eða kastað fyrir róða þá er hætt við því að dragi úr þeim réttindum einnig. Okkur er sagt að Ríkisútvarpinu muni ætlað að spara einhverja peninga en ég held að þar sé talan um 130 millj. kr. Á þann hátt á að rýmka um fjárhag Ríkisútvarpsins, þ.e. með samdrætti og niðurskurði.

Staðreyndin er sú að Ríkisútvarpið hefur búið við erfiðan fjárhag og síversnandi á undanförnum árum, í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem hér kemur og básúnar að hún vilji hag þessarar stofnunar sem mestan og bestan og vilji halda með hana á vit nýrra tíma.

Staðreyndin er sú að verulegur samdráttur hefur orðið í fjárhag Ríkisútvarpsins. Í ágætri úttekt sem birtist í Morgunblaðinu 6. mars 2005 var rætt við ýmsa forráðamenn í Ríkisútvarpinu. Þar segir m.a., með leyfi forseta.

„Forráðamenn RÚV benda á að tekjur stofnunarinnar á síðustu árum hafi ekki fylgt launaþróun í landinu. Séu afnotagjöldin uppreiknuð miðað við launavísitölu drógust þau saman um 19% á árunum 1994–2004, auglýsingatekjur hafa með sama útreikningi lækkað mun minna en heildartekjur drógust saman um 15% á liðnum áratug, miðað við launavísitöluna. Sé miðað við neysluvísitölu án húsnæðis hækkuðu tekjurnar hins vegar um 25% frá árinu 1994, á meðan vísitalan hækkaði á sama tíma um 30%. Auglýsingatekjur hafa hlutfallslega ekki aukist í tekjustofninum og numið árlega um 700–800 milljónum króna undanfarin ár."

Síðar segir í þessari grein, með leyfi forseta.

„Ríkisútvarpið hefur eftir megni reynt að hagræða í rekstri sínum og t.d. hefur starfsmönnum fækkað verulega undanfarin ár, eða um 15% frá 1996. Það ár voru fastráðnir starfsmenn að meðaltali 378 en voru um 320 á síðasta ári."

Á árabilinu 1996 og fram til ársins 2004 fækkaði starfsmönnum um 15%, úr 378 í 320. Bæði mun um raunfækkun að ræða en einnig aukna verktöku í einhverjum tilvikum. Mér er sagt að heldur hafi fjölgað á þeim tíma sem liðinn er frá því að þessi grein var skrifuð og starfsmenn séu nú á bilinu 330–340. Engu að síður er um verulega fækkun að ræða frá árinu 1996 þegar starfsmenn voru 378 talsins.

Stöðugum samdrætti í tekjum Ríkisútvarpsins hefur fylgt fækkun á starfsfólki því Ríkisútvarpið hefur reynt að laga sig að breyttum fjárhagsaðstæðum. Ríkisútvarpið taldi sig þurfa 20% hækkun afnotagjalda síðastliðið haust. En hver var raunin hjá þeirri stórhuga ríkisstjórn sem talar svo mikið um allt hið góða sem í vændum er? Hún hækkaði eða heimilaði hækkun gjalda upp á 8%, ekki 20% eins og Ríkisútvarpið hafði óskað eftir. Nei, hækkunin var 8%.

Ég skal ekki um það segja hvað rétt hefði verið að gera við þær aðstæður sem við höfum búið við, vaxandi verðbólgu o.s.frv. og hvenær rétt er að taka ákvarðanir um hækkun iðgjalda. Ég ætla ekki að slá neinu föstu um það.

Ég vil vekja athygli á því að í þessum þingsal er það stjórnarandstaðan sem hefur staðið vörð um þessa stofnun, verið reiðubúin að veita heimildir til hækkunar afnotagjalda nokkurn veginn í takt við það sem sú ágæta stofnun hefur óskað eftir. Það hefur verið ásetningur okkar að styrkja Ríkisútvarpið sem menningarstofnun, sem traustan fjölmiðil og kjölfestu í íslenskri fjölmiðlaflóru.

Auðvitað gerum við þá kröfu til stofnunarinnar að hún rísi undir því trausti sem henni er sýnt. Fyrir okkar leyti höfum við verið því fylgjandi að stuðla að því að ráðist verði í meiri innlenda dagskrárgerð og erum þá að horfa til menningarefnis, vandaðra menningarefnis en verið hefur á boðstólum á undanförnum missirum og árum. Mín tilfinning er sú að þar hafi heldur hallað undan fæti á undanförnum árum. Þar þarf a.m.k. að gera betur en gert hefur verið. Þetta er reyndar einn þáttur í frumvarpi okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við leggjum til að bætt verði í útvarpslögin ákvæði um hlutdeild innlendrar dagskrárgerðar í framboði Ríkisútvarpsins á dagskrárefni. Við höfum verið mjög eindregið á því máli.

Hæstv. ráðherra vék að ýmsum öðrum atriðum en þeim sem ég hef gert að umræðuefni. Ég mun koma að því á eftir hver aðkoma ráðherrans var að réttindamálum starfsmanna en hún var svolítið sérstök. Ég nefndi að staðhæfingar hennar um að skorið yrði á hin pólitísku tengsl gerðu lítið annað en að vekja kátínu í þingsalnum, svo fráleit var sú yfirlýsing og fullyrðing þegar hið gagnstæða var uppi. Ætlunin er að herða á hinum pólitísku hnútum sem bundnir eru um þessa stofnun.

Ég mun síðar koma að réttindamálum starfsmanna, sem ráðherrann vék að, en legg áherslu á að í öllu þessu tali og lúðraþyt um bjarta framtíð Ríkisútvarpsins virðist mér lítið innihald. Þar eru miklar umbúðir en harla lítið innihald. Gefnar hafa verið yfirlýsingar. Þessi samstarfssamningur er ekki annað en yfirlýsing enn þá. Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir að ef af því verður að þetta lagafrumvarp verði gert að lögum þá verði einhver lúðraþytur og undirskrift samnings, sem auðveldlega væri hægt án þess að til kæmi hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins. Það verður fróðlegt að sjá hvort einhverjum fjármunum verður lofað inn í næsta kjörtímabil eins og hæstv. menntamálaráðherra er byrjaður að gera á öðrum sviðum.

Menn hafa fagnað samningnum sem gerður var við Háskóla Íslands og fyrirheitum um 3.000 millj. kr. framlag til rannsókna í Háskóla Íslands. Það er gott og merki um viðhorfsbreytingu, en vel að merkja, á þessu kjörtímabili er aðeins um það að ræða að 300 millj. gangi til háskólans. Hitt er allt á næsta kjörtímabili, á árunum 2008, 2009, 2010 og 2011. 300 millj. kr. nú og 640 millj. kr. á hverju ári á komandi árum. Það bíður næstu ríkisstjórna að taka á þeim málum.

Ég ætla að vona að ekki fari eins fyrir þeim samningi eins og ýmsum öðrum sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa undirritað í aðdraganda kosninga og svikið að þeim loknum. Ég minni á öryrkjasamkomulagið sem gert var í aðdraganda kosninganna 2003. Það samkomulag var svikið enda þótt ekki vantaði flóðlýsinguna í Þjóðmenningarhúsinu þegar hæstv. heilbrigðisráðherra undirritaði samninginn ásamt formanni Öryrkjabandalags Íslands. Það voru dapurlegar málalyktir.

Þetta er það sem við erum að sjá núna, mikið skrum og umbúðir um nánast ekki neitt, utan um þá von að með því að gefa útvarpsstjóra alræðisvald, vald til að reka fólk og hagræða sem kallað er, leggja niður deildir o.s.frv., rýmkist hagur Ríkisútvarpsins til frambúðar þannig að það geti betur unað hag sínum. En staðreyndin er sú að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur dregið úr framlagi til Ríkisútvarpsins, fjárhagur þess er verri en hann var í byrjun stjórnarsamstarfs þessara tveggja flokka. Ég nefndi tölur áðan um samdrátt í mannahaldi um 15% á tímabilinu 1996 til 2004 til samræmis við þverrandi fjárhag stofnunarinnar. Ég minnti á að jafnvel í haust, þegar ríkisstjórnin blés í sigurlúðrana, neitaði hún Ríkisútvarpinu um þá hækkun sem það taldi nauðsynlega til að rísa undir þeirri starfsemi sem ætlast er til að það sinni.

Ég bið menn að hugleiða þetta, sem eru velviljaðir Ríkisútvarpinu og binda einhverjar vonir við þessar breytingar. Ég hef einnig minnt á að sú sátt sem hefur verið um að greiða til Ríkisútvarpsins kann að bresta þegar stofnunin verður fjarlægð frá almenningi í óþökk stórs hluta þjóðarinnar.

Eitt af því sem hæstv. menntamálaráðherra nefndi í ræðu sinni í dag var yfirlýsing sem við höfum áður heyrt frá útvarpsstjóra og margoft frá hæstv. menntamálaráðherra um að um breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins sé víðtæk sátt í samfélaginu. Það hafa meira að segja verið nefndar tölur þar að lútandi. Bæði hæstv. menntamálaráðherra og einnig útvarpsstjóri hafa lýst því yfir að 60% þjóðarinnar, meira að segja ríflega 60% þjóðarinnar, séu fylgjandi því að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi. Þetta eru harla misvísandi yfirlýsingar. Þær byggjast á skoðanakönnun fyrir Ríkisútvarpið frá því í sumar og haust. Hún var birt 20. september síðastliðinn. Sú könnun var tilefni þess að Páll Magnússon útvarpsstjóri sagði í Morgunblaðsgrein, mánudaginn 15. janúar síðastliðinn, með leyfi forseta:

„Í nýlegri skoðanakönnun Gallup kemur í ljós að um 60% þjóðarinnar, af þeim sem tóku afstöðu, eru hlynnt breytingu RÚV í opinbert hlutafélag.“ — Þetta hefur hæstv. menntamálaráðherra tekið upp, nú síðast í dag. Þá var eina ferðina enn staðhæft að meiri hlutinn, gott ef hún nefndi ekki einnig 60%, væru því fylgjandi að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi.

Þegar farið er að skoða málin nánar kemur annað í ljós. Þetta byggir á skoðanakönnun sem Gallup gerði fyrir Ríkisútvarpið, viðhorfsrannsókn í september 2006. Í þessari könnun, sem er allítarleg, er fólk spurt aðskiljanlegra spurninga um Ríkisútvarpið, um hlutverk þess, hvað þeim finnist um Ríkisútvarpið, hvaða íslenski fjölmiðill fólki finnst vera mikilvægastur, hvert menn leiti helst um fréttir, hvort fólk sé jákvætt eða neikvætt gagnvart Ríkisútvarpinu o.s.frv. Bæði er spurt um hljóðvarp, um sjónvarp og um dagskrána og á heildina litið er afstaða fólks mjög jákvæð. Fólk lýsir yfir ánægju með það sem það hefur. Það er á heildina litið niðurstaðan úr þessari könnun.

Þegar búið er að spyrja menn allítarlega um afstöðu til þess sem það hefur er staðhæft að til standi að breyta rekstrarformi RÚV þannig að það verði hlutafélag í ríkiseigu. Með öðrum orðum er gefið til kynna að þetta sé þegar

orðið svo gott sem staðreynd, að Ríkisútvarpinu verði breytt og spurt, með leyfi forseta: „Ertu almennt ánægður/ánægð eða óánægð/óánægður með þetta nýja rekstrarfyrirkomulag?“ Með öðrum orðum er gefið í skyn að hið nýja rekstrarfyrirkomulag sé þegar orðin staðreynd og það sett í samhengi við það sem fólk hefur lýst afstöðu sinni til, til núverandi starfsemi.

En hvernig eru svörin? Þarna er náttúrlega vísað til þessa rekstrarfyrirkomulags. Hvernig eru svörin? Mjög ánægð eru 12,6%, frekar ánægð 33,5%, hvorki né 23,7%, frekar óánægð 16,4%, mjög óánægð 13,8%. Ef við gleymum þessu samhengi, sem er mjög afvegaleiðandi, að gefa til kynna að eitthvað sé orðið að veruleika sem er það alls ekki, þá segjast engu að síður aðeins 12,6% mjög ánægð með þetta rekstrarfyrirkomulag. Frekar ánægð eru 33,5%. Hvað skyldi þetta gera samanlagt? Getur verið að þetta séu 46,1% en ekki 60% eins og hæstv. ráðherra staðhæfði og útvarpsstjóri staðhæfir í blaðagrein í Morgunblaðinu á mánudaginn? Þetta eru einfaldlega afvegaleiðandi og rangar yfirlýsingar. Mér fannst afar vafasamt þegar þetta var kynnt í Ríkisútvarpinu í frétt kl. 18 á rásum 1 og 2, með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Páll Magnússon útvarpsstjóri er afar ánægður með niðurstöðuna úr viðhorfskönnunum RÚV. Hann vonast til að niðurstaðan virki hvetjandi á stjórnmálamennina þegar þeir taka ákvörðun um framtíð Ríkisútvarpsins.“

Síðar sagði, með leyfi forseta:

„Í könnuninni kemur fram að ríflega 60% aðspurðra eru ánægð með að RÚV verði breytt í hlutafélag í ríkiseigu. Páll segist vona að viðhorfskönnunin verði hvatning til þeirra stjórnmálamanna sem vinna að því að breyta rekstrarformi stofnunarinnar.“

Er þetta heiðarlegur málflutningur? Mér finnst það ekki svo og hafði um þau orð á Alþingi að mér þætti þetta afvegaleiðandi og rangtúlkanir og ég stend við þau orð. Hæstv. menntamálaráðherra leyfði sér í dag að tala um staðhæfingar mínar um þetta efni sem rógburð. Ég er einfaldlega að greina frá staðreyndum málsins og sætti mig ekki við að farið sé rangt með þegar um er að tefla deilur um frumvarp ríkisstjórnarinnar um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag.

Útvarpsstjórinn gerir því skóna að starfsmenn Ríkisútvarpsins styðji þessar breytingar. Í greininni tekur hann vissulega fram að starfsmenn hafi ekki tekið afstöðu til rekstrarformsins en þegar yfirlýsingarnar eru skoðaðar í samhengi er augljóst að meiningin er að draga upp þá mynd að innan Ríkisútvarpsins sé litið á hlutafélagavæðinguna með velþóknun. Það hefur hæstv. menntamálaráðherra jafnframt ítrekað gefið til kynna. Útvarpsstjórinn segir eftirfarandi í umræddri grein, með leyfi forseta:

„Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins styðja einnig breytingar á rekstrarformi RÚV – þótt þau hafi ekki tekið afstöðu til þess hvaða form skuli verða fyrir valinu. Stjórn samtakanna sendi öllum þingmönnum áskorun um breytingar snemma á síðasta ári. Og það þarf væntanlega ekki að fjölyrða um afstöðu stjórnenda Ríkisútvarpsins til málsins.“

Hér er gefið til kynna að ekki þurfi að fjölyrða um afstöðu stjórnendanna, þ.e. að litið sé á þessar breytingar með velþóknun. Það er alveg rétt að á sínum tíma barst þingmönnum hvatning um að gera breytingar á lagarammanum um Ríkisútvarpið. Það gerðu þessi umræddu samtök, Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins sem eru eins konar regnhlífarsamtök fyrir stéttarfélögin sem starfa innan veggja Ríkisútvarpsins. En stéttarfélögin semja um kaup og kjör og gæta hagsmuna starfsmanna, ekki þessi samtök. Þau hafa að sjálfsögðu rétt til að álykta eins og þeim líkar og þau sendu inn álitsgerð til Alþingis um þetta frumvarp. Í þeirri álitsgerð segir að kaflinn um réttindi starfsmanna í *frumvarpi ríkisstjórnarinnar sé ófullnægjandi*. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geta ekki gilt um starfsmennina eftir breytingu Ríkisútvarpsins í Ríkisútvarpið ohf. Réttindi starfsmanna ríkisins samkvæmt ofannefndum lögum teljast hluti af kjörum þeirra og verða því ekki afnumin án þess að í felist skerðing á kjörum.“

Í niðurlagi sömu umsagnar segir, með leyfi forseta:

„Auk þess vísar SSR til umsagnar BHM og BSRB varðandi réttarstöðu starfsmanna.“

Þessi skírskotun til álitsgerðar BSRB og BHM er fullkomlega rökrétt því þau samtök eru heildarsamtök stéttarfélaga, þorra starfsmanna Ríkisútvarpsins. Eins og áður segir hafa þau samtök samið um réttindin sem hér er deilt um hvort standi eða falli, hvort þau haldi við umbreytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag.

Hvað segja þau samtök? Þau segja eftirfarandi í niðurlagi álitsgerðar sinnar, með leyfi forseta:

„Að öllu framangreindu virtu svo og með tilvísan til fyrri umsagna er það eindregin afstaða BSRB og BHM að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga.“

Að öllu framangreindu virtu er það eindregin afstaða BSRB og BHM að leggja til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga.

Ég ætla ekki að þreyta menn með því að lesa upp úr álitsgerðinni. Hún er fylgigagn í nefndaráliti minni hlutans, álitsgerð upp á margar síður þar sem tekið er á öllum þeim réttindum sem lagabreytingarnar taka til og farið mjög rækilega í saumana á þeim. Þar er vísað í réttindi í kjarasamningum, í lífeyrisrétt og í þann rétt sem borgarinn hefur samkvæmt stjórnsýslulögum en þau koma ekki til með að gilda um þessa stofnun. Hvað varðar réttindi starfsmanna þá er vísað í kjarasamningsbundinn og ráðningarsamningsbundin réttindi, í lífeyrisréttinn. Þar er og að finna tillögu um ákvæði til bráðabirgða með lögunum til þess að reyna að styrkja réttarstöðu starfsmanna.

Öllu er því vísað frá af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hvers vegna? Jú, vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra er svo umhugað um að virða samningsfrelsi fólksins þegar fram líða stundir. Kaupir einhver þetta? Þá erum við að taka réttindin og setja þau í fullkomna óvissu. Ég vík að nokkrum þessara réttinda á eftir í stuttu máli. Ég ætla ekki að fara ítarlega yfir þessi gögn og hef í rauninni engu að bæta við umfjöllun annarra um þau og ætla ekki að þreyta menn með slíku.

Hluti starfsmanna er hins vegar í öðrum samtökum, t.d. í Alþýðusambandi Íslands, það á t.d. við um rafiðnaðarmenn. Hvað skyldi Alþýðusamband Íslands segja um þetta frumvarp? Er Alþýðusamband Íslands hliðhollt þessum breyt-

ingum? Nei, Alþýðusamband Íslands er ekki hliðhollt þessum breytingum. Hér segir í álitsgerð sem er dagsett 3. nóvember 2006, þ.e. er frá í haust þegar málið kom til 2. umr. Þar var lýst andstöðu við fyrirhugaðar breytingar á bæði rekstrarformi og fjármögnun Ríkisútvarpsins ohf. Þetta er miklu lengri álitsgerð en hún er alveg afdráttarlaus. Þar er lýst andstöðu við bæði fjármögnunarþáttinn og einnig við breytingar á rekstrarformi.

Bíðum nú við, hvað þýðir þetta? Öll samtök starfsmanna sem koma að þessum málum vara við þessu frumvarpi en útvarpsstjóri og hæstv. menntamálaráðherra leyfa sér engu að síður að draga upp þá mynd og gefa í skyn að allt sé þetta gert með vilja og jafnvel í þökk starfsmanna Ríkisútvarpsins. Er þetta heiðarlegur málflutningur eða rangfærslur? Er þetta ekki afvegaleiðandi tal? Ég tel svo vera. Það hef ég sagt og segi ég hreint út og bíð þess að orð mín verði hrakin af hæstv. menntamálaráðherra sem hefur gert orð útvarpsstjórans að sínum og útvarpsstjóri, að því er mér sýnist, orð hæstv. menntamálaráðherra. Ég bíð þess að þetta verði á hrakið. Hér vísa ég í yfirlýsingar, í álitsgerðir, í Gallup-könnun og ég sé ekki hvernig orð mín ættu á nokkurn hátt að verða hrakin. Þetta er einfaldlega staðreynd.

Þá er það varðandi réttindi starfsmanna. Í nóvembermánuði gaf útvarpsstjóri út yfirlýsingu, fyrst munnlega á fundi með starfsmönnum og síðan sendi hann þeim, umbeðið, skriflega yfirlýsingu um réttindamálin vegna þess að eðlilega hafa starfsmenn nokkrar áhyggjur af því hvernig komi til með að fara með réttindi þeirra við umbreytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag og eftir að hún er um garð gengin.

Yfirlýsing útvarpsstjóra er svohljóðandi, með leyfi forseta.

„Gert er ráð fyrir að hið nýja félag yfirtaki allar skuldbindingar stofnunarinnar gagnvart starfsmönnum, bæði samkvæmt ráðningarsamningum og kjarasamningum. Réttindi starfsmanna haldast því óskert, verði frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. að lögum, þó eru „sólarlagsákvæði" varðandi biðlaunaréttinn.

LSR hefur sömuleiðis staðfest áframhaldandi rétt starfsmanna RÚV til aðildar að A-deild sjóðsins, að fengnu samþykki vinnuveitenda, sem gert er ráð fyrir að hið nýja félag veiti, verði frumvarpið að lögum."

Þetta tóku menn sem mikilvæga yfirlýsingu af hálfu útvarpsstjóra, nokkuð sem ýmsir aðrir sem til þessara mála þekkja hafa efasemdir um að hafi mikla þýðingu umfram það sem þegar var vitað og er að finna í lögunum.

Í dag sendu BSRB og BHM frá sér yfirlýsingu um frumvarpið og í samhengi við þessar staðhæfingar útvarpsstjórans en í yfirlýsingu samtakanna kemur fram að réttindi starfsmanna RÚV eru óviss þrátt fyrir yfirlýsingu útvarpsstjóra í tengslum við þessa breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Ég ætla að leyfa mér að lesa þessa yfirlýsingu hér og festa í þingtíðindi, með leyfi forseta.

„Í umræðum um frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið ohf. hefur ítrekað verið vísað til yfirlýsingar Páls Magnússonar útvarpsstjóra frá því í nóvember sl. þar sem hann lýsti því yfir að öll kjör starfsmanna RÚV muni haldast óbreytt. Eftir að BSRB og BHM höfðu skoðað þessa yfirlýsingu voru samtökin sammála um að hún bætti engu við það sem fram kemur í sjálfu frumvarpinu þrátt fyrir ítrekaðar óskir samtakanna um breytingar.

Í yfirlýsingunni segir Páll Magnússon orðrétt: „Gert er ráð fyrir að hið nýja félag yfirtaki allar skuldbindingar stofnunarinnar gagnvart starfsmönnum, bæði samkvæmt ráðningarsamningum og kjarasamningum." Innihald þessarar yfirlýsingar er í samræmi við aðilaskiptalögin og því væri verið að brjóta þau ef ekki væri farið að þessu.

Þá er ýmsum spurningum ósvarað, þar á meðal er með öllu óljóst hvað gerist þegar kjarasamningar renna út. Mun RÚV ohf. til að mynda vera reiðubúið til að semja á grundvelli fyrirliggjandi kjarasamninga við aðildarfélög innan BSRB og BHM sem hafa samningsrétt fyrir starfsmenn RÚV?

Einnig er óvíst hvernig samið verður við þá sem hefja störf eftir að lögin taka gildi en það er m.a. forsenda þess að nýráðnir geti farið í A-deild LSR að starfsmenn séu aðilar að þessum samtökum.

Þá segir Páll í yfirlýsingu sinni: „Réttindi starfsmanna haldast því óskert, verði frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. að lögum, þó eru „sólarlagsákvæði" varðandi biðlaunaréttinn." Að mati BSRB og BHM stenst þessi fullyrðing ekki þar sem réttindi samkvæmt lögum, eins og t.d. lögum um réttindi og skyldur og stjórnsýslulög, munu ekki gilda gagnvart starfsmönnum RÚV ohf. Áminningarskyldan, andmælaréttur og auglýsingaskylda munu því t.d. ekki gilda.

Þá er enn óvíst hvort hægt sé að treysta því að hið nýja félag samþykki aðild að LSR. Til að slíkt sé tryggt þarf að kveða skýrt á um það í frumvarpinu.

Ýmsum spurningum er því enn ósvarað um kjör og réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði frumvarpið um RÚV ohf. samþykkt óbreytt.

Um lífeyrisréttindi starfsmanna segir í yfirlýsingu Páls Magnússonar: „LSR hefur sömuleiðis staðfest áframhaldandi rétt starfsmanna RÚV til aðildar að A-deild sjóðsins, að fengnu samþykki vinnuveitanda, sem gert er ráð fyrir að hið nýja félag veiti, verði frumvarpið að lögum."

Síðan segir áfram, með leyfi forseta, í yfirlýsingu BHM og BSRB:

„Það hefur alltaf legið fyrir að starfsmenn eigi rétt á aðild að LSR að fengnu samþykki atvinnurekanda en BSRB og BHM hafa viljað fá ákvæði þar um inn í frumvarpið svo rétturinn verði ekki háður samþykki stjórnar RÚV ohf.

Óvissan um rétt starfsmanna er því enn jafnmikil og hún var fyrir yfirlýsingu Páls Magnússonar."

Þessa yfirlýsingu er að finna á heimasíðu þessara samtaka. Þar eru einnig slóðir bæði inn á yfirlýsingu útvarpsstjóra og jafnframt inn á umsögn BSRB og BHM um frumvarpið sem enn er í fullu gildi.

Þessar yfirlýsingar, bæði útvarpsstjórans og hæstv. menntamálaráðherra til starfsmanna, sem draga upp þá mynd að í rauninni sé allt óbreytt og verði allt óbreytt og óskert við þessa umbreytingu stofnunarinnar, að undanskildum sólarlagsákvæðum í biðlaunarétti, eru mjög misvísandi af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi erum við aðeins að tala um sjálft umbreytingarskeiðið. Það eru engin fyrirheit gefin um hvað gerist að því loknu, hvorki af hálfu

hæstv. menntamálaráðherra né útvarpsstjóra. Engin fyrirheit eru gefin um hvað gerist þá.

Útvarpsstjóri sagði á fundi í menntamálanefnd að þá komi fólk til með að semja um kjör sín en því er alveg látið ósvarað á hvaða forsendum það verði gert. Verða það stéttarfélögin sem halda utan um hagsmuni starfsmanna? Verða það *einstaklingsbundnir samningar*? Hvernig verður samið?

Því miður hefur það þegar gerst í Ríkisútvarpinu að fólk er ráðið samkvæmt lagagrunni nýrra laga, þessa frumvarps, þó að þau séu ekki orðin að lögum. Þetta er staðreynd. Án auglýsinga og utan kjarasamninga o.s.frv. Því spyr ég: Er það þetta sem koma skal?

Þetta eru önnur ástæðan. Hin ástæðan fyrir því að þessar yfirlýsingar gefa ranga mynd er sú sem fram kemur í þessari stuttu greinargerð frá heildarsamtökum opinberra starfsmanna, að þegar stofnun er tekin undan stjórnsýslulögum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins fylgja þar með ýmis réttindi sem starfsmenn koma ekki til með að njóta nema gripið sé til sérstakra ráðstafana. Það eru engin merki þess t.d. að tryggja eigi áminningarskyldu eða réttindi sem tengjast uppsögnum og er að finna í þessum tveimur lagabálkum. Þetta nefni ég sem dæmi.

Þegar hæstv. menntamálaráðherra kemur svo hér í dag og talar um það sem einhver mikil býsn að fólk sem á aðild að B-deild lífeyrissjóðsins komi til með að halda honum fyrir mildi stjórnvalda, þá er það bara lagalegur réttur fólksins. Þegar stofnun er breytt í hlutafélag eða starf er lagt niður á viðkomandi starfsmaður rétt á áframhaldandi veru í BSRB. Þetta er einfaldlega lögum samkvæmt. Það sem hins vegar fylgir er að réttar til að njóta ávinnings af hækkunum vegna stöðuhækkana í starfi eða innan stofnunar verður ekki notið í B-deildinni. Þarna getur verið um að ræða kjaraskerðingu hjá fólki sem svo er statt um.

Varðandi A-deildina eru það engin ný tíðindi heldur að þeir sem eru í þeirri deild geti verið þar áfram nema fólkið sé rekið úr lífeyrissjóðnum. Það hefur sem betur fer ekki gerst. En stóra málið er það að nýráðningar koma að sjóðnum nema það sé sérstaklega tekið fram. Þar eru stjórnvöld algerlega ófáanleg til að hnika nokkru. Þetta er sami stjórnarmeirihlutinn og var tilbúinn að samþykkja fyrir sjálfan sig alls kyns lífeyrisívilnanir og réttindi. Það vantaði ekkert upp á að það væri gert. En þegar um þetta ræðir er sagt: Við viljum ekki binda hendur fólks, við viljum ekki taka fram fyrir hendurnar á fólki. Það má ekki hafa forræði yfir því. Þetta eru útúrsnúningar af verstu gráðu.

Þessar staðhæfingar ríkisstjórnarinnar um að réttindi séu tryggð standast hreinlega ekki. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma að fara yfir þá þætti málsins aftur. Það er búið að *gera það mjög ítarlega*. Þetta liggur fyrir í mjög ítarlegum nefndarálitum þar sem frá þessu er greint, lið fyrir lið, öll þessi réttindi sem starfsfólkið nýtur. Ég ætla ekki að gera annað að vísa til þessara gagna hér í þessari umferð.

Áður en ég vík að hinni pólitísku hlið þessara mála, þ.e. afstöðu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks til þessa frumvarps og náttúrlega hins dapurlega hlutskiptis Framsóknarflokksins sem hefur svikið fyrirheit sín og að er því við teljum, mörg, hugsjónir sínar í þessu máli, þá langar mig til að koma ögn að einum þætti málsins sem ég hef vikið nokkuð að áður. Það eru þær línur sem menn draga upp annars vegar milli almannaþjónustunnar og hins vegar markaðsfyrirtækjanna. Þar er háð grimmileg barátta, ekki bara hér á landi heldur einnig í Evrópu og á heimsvísu, og ég vísaði til GATS-samninganna þar um.

Í Evrópu birtist þessi slagur okkur í átökum um svokallaða þjónustutilskipun Evrópusambandsins. Þar eru menn að takast á um grundvallaratriðin. Þegar þjónustutilskipunin kom fyrst fram var hugsun markaðssinnaðs fólks mjög í þá veru að undir þá tilskipun ætti að færa nánast alla þjónustu. Öll þjónusta ætti að heyra undir þá tilskipun og vera háð samkeppnislögum, markaðslögmálum og samkeppnisstofnun. Verkalýðshreyfingin skar upp herör gegn þeirri stefnu og reyndi að brjóta hana á bak aftur og aðferðin sem var notuð var að leggja til að velferðarþjónustan og samfélagsþjónustan, almannaþjónustan sem hvert samfélag þarf á að halda eigi að vera rækilega aðskilin markaðslögmálum. Í því samhengi hafa menn talað um tvenns konar þjónustu, á enskri tungu hefur annars vegar verið talað um „services of general interest" og hins vegar um „services of general economic interest" og þá eru menn að vísa til almannaþjónustunnar annars vegar og markaðsþjónustunnar hins vegar. Menn hafa viljað skapa lagaramma um þetta. Verkalýðshreyfingin, bæði Evrópusamband verkalýðsfélaga, ETUC, oft kallað „ítök", það eru heildarsamtök launafólks í Evrópu, sem bæði Alþýðusamband Íslands og BSRB eiga aðild að og EPSU, European Public Service Union, sem er hluti af alþjóðasambandi starfsfólks innan almannaþjónustunnar, þau hafa sameinast í baráttunni gegn þessu, hafa sameinast um að draga þarna skýrar línur á milli og menn eru enn að kljást um þetta.

Þá er uppi tvenns konar slagur í Evrópu. Annars vegar þessar skýru línur að draga landamerkin á milli almannaþjónustunnar og markaðsþjónustu almennt og hins vegar að horfa fram hjá slíkum mörkum eða landamærum en horfa heldur á hvað er að gerast innan hverrar starfsemi, innan hvers geira fyrir sig og reyna að höggva hann niður í einingar, hvað af starfsemi viðkomandi stofnana, almannaþjónustufyrirtækja heyrir undir almannaþjónustuna og hvað undir markaðsþjónustu og þá fara menn að lenda inn í ógöngum eins og þessum. Það sem gerir málin enn þá flóknari og á við um útvarpsstöðvar er að þar eru menn einnig að tala um fjármögnun og hvað sé leyfilegt í þeim efnum. En þetta snýst líka um verksviðið, hvert má halda og ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst afar vafasamt að setja almannaþjónustunni mjög þröngar skorður í þessum efnum, mér finnst það vafasamt. Og ég hef t.d. talað fyrir því að svo lengi sem almannaþjónustufyrirtæki eru í eigu samfélagsins og skapa arð þá finnst mér réttlátt að sá arður sé látinn ganga til annarra þátta í samfélaginu. Ég tek sem dæmi að vatnsveita í Reykjavík gæti þess vegna skilað arði og hefur gert. Mér finnst ekkert óeðlilegt að arðurinn af henni sé látinn renna til leikskóla eða til annarrar starfsemi á vegum hins opinbera. Eins er með orkuveituna t.d. að þetta sé látið ganga á milli geira. Tilhneigingin er sú að afmarka þetta allt og banna slíkar millifærslur sem mér finnst vera í lagi svo lengi sem starfsemin er á vegum hins opinbera því ef við gerðumst svo kaþólsk og kaþólskari en allir páfar að aldrei mætti millifæra arð af almannastarfsemi þá gæti þjóðfélag sem býr ofan á olíulind lent í því að mega

ekki færa arðinn af þeirri olíu inn til annarra þátta samfélagsins. Ég er því fylgjandi þessu svo lengi sem starfsemin er í almannaeign.

Allt öðru gegnir ef starfsemin er færð í einkahendur. Þess vegna var það, svo dæmi sé tekið, að þegar slagurinn stóð um það hér á þingi hvort heimila ætti hlutafélagavæðingu og hugsanlega einkavæðingu vatnsveitna þá lögðumst við mörg hver í stjórnarandstöðunni mjög eindregið gegn þessu, vildum hafa vatnsveitur alfarið í almannaeign á vegum sveitarfélaganna. Það fékkst hins vegar ekki fram og það voru sett inn heimildarákvæði að vatnsveiturnar mættu hlutafélagavæða. Þá gerðum við gagnsátt á öðru sviði og sögðum — og þetta er leið sem Bandaríkjamenn hafa farið, gagnstætt því sem gerðist í Evrópu, þar hafa menn slegist um eignarhaldið þannig að Bandaríkjamenn leyfa einkaeignarhald en setja skorður við heimildum úr arðtökum — að úr almannaþjónustufyrirtækjum ýmsum megi ekki taka út meiri arð en nemur einhverju tilteknu hlutfalli. Síðan eru iðulega sett, eins og við gerðum hér varðandi vatnsveiturnar, ákvæði um hvað hver mætti eiga o.s.frv. þannig að það er hægt að fara ýmsar leiðir.

Ég er að vekja athygli á þessu til að beina að því kastljósi að við erum hér inni í miklum frumskógi, frumskógi sem er mjög vandratað um og við þurfum að vanda okkur þegar við smíðum löggjöf um dýrmætar stofnanir eins og Ríkisútvarpið sem við viljum varðveita. Við verðum að vanda okkur og við verðum að hlusta á varnaðarorð því að þrátt fyrir mismunandi viðhorf til þessara mála sem ég er að lýsa hér, og ég er að lýsa þeirri afstöðu minni að ég vil hafa vítt svigrúm fyrir almannaþjónustustofnanir jafnt til að fara inn á markaðssvið og kannski vil ég heimila það í ríkari mæli eins og ýmsir aðrir, þá hlusta ég á það þegar mér er sagt að þessum heimildum kunni að vera teflt í tvísýnu með því að taka slíka starfsemi, færa hana undan lögum sem gilda um almannaþjónustu og inn á einkaréttarsvið. Það er þetta sem menn hafa verið að vara við. Menn hafa sagt að með því móti sé aðvelduð ásókn markaðsfyrirtækja bæði gagnvart samkeppnislögum og einnig Evrópurétti. Þess vegna eigum við ef við viljum stíga varlega til jarðar að halda okkur við lagaramma sem almannaþjónustan almennt hefur hvílt á en ekki færa þetta í sama búninginn og samkeppnisaðilarnir á markaði klæðast. Þetta er hugsunin. Þetta er hugsunin sem veldur því að við í stjórnarandstöðunni vörum við því m.a. af þessari ástæðu að við viljum ekki mola undirstöðurnar og grunninn sem Ríkisútvarpið hvílir á.

Síðan er það spurningin um þá pólitík sem hér er verið að reka og ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér finnst sjálfstæðismenn um margt nokkuð heiðarlegir í þessu, margir hverjir. Það er svolítið skondið að vísu að hlusta á fyrrverandi flutningsmann og talsmann þess að Ríkisútvarpið verði lagt niður, að Ríkisútvarpið verði selt og nánast að engu gert eins og hv. formaður menntamálanefndar hefur lagt til ásamt tveimur félögum sínum hér á þingi, hv. þm. Pétri H. Blöndal og Birgi Ármannssyni, að hlusta á þá síðan tala fyrir þessu frumvarpi um hlutafélagavæðingu og halda því fram að það standi ekki til að selja þessa stofnun. Ég hef meiri trú en svo á að söluhugsjónin sé sterkari í brjóstum þessara manna en þeir vilja vera láta.

Ef við lítum til samþykkta Sjálfstæðisflokksins í gegnum tíðina þá fer ekkert á milli mála hvert hugur manna stefnir á þeim bæ. Það er alveg augljóst mál að Sjálfstæðisflokkurinn hefur margoft gert því skóna að æskilegt væri að leggja niður eða selja Rás 2, svo dæmi sé tekið, og sumir hörðustu haukarnir vilja ganga lengra og selja Ríkisútvarpið alfarið, einkavæða það algerlega. Eins og frægt varð, þá lýsti hv. þm. Pétur Blöndal því yfir við atkvæðagreiðslu hér að hann styddi þetta frumvarp einvörðungu vegna þess að hann teldi að með því móti væri verið að auðvelda söluna síðar meir.

Ungir sjálfstæðismenn hafa einnig margoft ályktað í þessa veru og ég hef trú á því að þær raddir muni kvikna að nýju en stóra spurningin er þó sú að hvaða marki menn þurfa að hafa fyrir hlutunum, hvort það eru ekki dómstólarnir sem munu leiða þessa stofnun til niðurskurðar og þrenginga á grundvelli þeirra lagareglna sem við erum að skapa.

En þá er það Framsókn og það finnst mér hið dapurlega í þessari sögu allri. Ég hafði á sínum tíma talsverða trú á Framsóknarflokknum og staðreyndin er sú að Framsóknarflokkurinn hefur staðið fyrir mörgu góðu í íslensku þjóðfélagi í tímans rás. Oft hafa kviknað vonir í brjósti mínu um að gamla Framsókn væri að lifna við að nýju, jafnvel í formi unga fólksins og við heyrðum úr munni þess raddir sem við heyrðum áður, eins og gerðist miðvikudaginn 29. nóvember þegar ályktun birtist frá ungum framsóknarmönnum. Frá ályktuninni er sagt í Fréttablaðinu og þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna, SUF, samþykkti í gær ályktun þar sem þingmenn eru hvattir til þess að samþykkja ekki frumvarp um RÚV ohf.“ Og áfram segir: „Í ályktuninni kemur fram að SUF telur hvorki að hagsmunum RÚV né almennings í landinu sé best borgið með hlutafélagavæðingu. Einnig kemur fram í ályktuninni að SUF telji fráleitt að frumvarpið hafi verið lagt fram á Alþingi án þess að afstaða hafi verið tekin til mikilvægra spurninga eins og aðkomu RÚV að auglýsingamarkaði.“

Þarna er vikið að ýmsum þáttum. Og sannast sagna er það nú svo að Framsóknarflokkurinn hefur staðið fyrir ýmsu góðu og ég held ... (**Gripið fram í:** Nefndu eitt dæmi.) Ég get nefnt fjölmörg dæmi um átak og samvinnu sem hefur einkennt framfarasókn Íslendinga, (**Gripið fram í:** Stjórn hinna vinnandi stétta.) já, stjórn hinna vinnandi stétta og margt síðar og innan vébanda Framsóknarflokksins eru vissulega ýmsir menn sem enn hafa þessar hugsjónir í brjósti. En í seinni tíð hefur hallað undan fæti fyrir slíkum hugsjónum innan Framsóknarflokksins, (**Gripið fram í:** Hvar er Jón Kristjánsson staddur núna?) ja, það er nú stóra málið, hann situr í forsetastóli og getur sig illa hrært og tjáð sig um þetta mál, en staðreyndin er sú að í samþykktum Framsóknarflokksins hefur margoft komið fram að Framsóknarflokkurinn sé andvígur þessari ráðstöfun.

Ég er hér kominn með í hendur ýmsar yfirlýsingar frá Sjálfstæðisflokknum. Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins sagði í janúar 1992, með leyfi forseta:

„Ég held einfaldlega að Ríkisútvarpinu sé eins og öðrum opinberum rekstri markaður ákveðinn tími og ég held að sá

tími sé einfaldlega liðinn. Ég tel að það sé nauðsynlegt að leggja Ríkisútvarpið niður.“ (**Gripið fram í:** Hver segir þetta?)

Þetta var Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins í janúar 1992.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktaði árið 1996, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að markmið, rekstur og fjármögnun Ríkisútvarpsins, ekki síst sjónvarpsins, verði endurskoðuð með tilliti til hagkvæmni og aukinnar samkeppni og að samkeppnisstaða fjölmiðla verði jöfnuð með afnámi lögboðinna áskriftargjalda og jafnframt tryggt að stofnunin fari ekki með öðrum hætti í ríkissjóð.“

Síðan eru aðrar ályktanir í þá veru að leggja Ríkisútvarpið niður, en Samband ungra sjálfstæðismanna ályktar einmitt í þá veru 5. ágúst 2005. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að lokum ítreka ungir sjálfstæðismenn þá skoðun sína að ríkisvaldið hætti rekstri fjölmiðla og RÚV verði selt.“

Þetta er nú blessað íhaldið. Það kemur okkur ekkert á óvart hver tónninn er þar.

Síðan kom þessi fræga kúvending Framsóknarflokksins. Ég hygg að það hafi verið í nóvember eða haustið 2005. Þá fór að kveða við sérstakan tón, ég held fyrst í yfirlýsingum þingflokksformanns Framsóknar, Hjálmars Árnasonar, og reyndar einnig hjá hæstv. þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, og Halldóri Ásgrímssyni, hæstv. þáverandi ráðherra, formanni Framsóknarflokksins.

Hjálmar reið á vaðið í Morgunblaðsgrein 9. nóvember og sagði að hvort RÚV verði sameignarfélag, sjálfseignarstofnun eða hlutafélag þá breytti það í sjálfu sér litlu hvað varðar stofnunina sem almenningseign.

Kristinn H. Gunnarsson svaraði í blaðagrein í sama blaði nokkrum dögum síðar og kvað þetta, með leyfi forseta:

„... hraustlega mælt í ljósi þess, að hlutafélagavæðingunni hefur verið hafnað. Flokksþing Framsóknarflokksins 2001 ályktaði orðrétt „Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag“ og sú samþykkt stendur enn óhögguð. Á næsta flokksþingi, sem var 2003, var bætt við að „breyta skal rekstrarformi Ríkisútvarpsins í sjálfseignarstofnun“. Loks var ályktað á þessu ári á flokksþingi Framsóknarflokksins að „mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu“. Samþykktirnar eru í eðlilegu samhengi og mynda skýra stefnu flokksins. Síðari samþykktirnar styrkja þá fyrstu, sem hafnar hlutafélagavæðingu RÚV.

Þetta sagði Kristinn H. Gunnarsson í Morgunblaðsgrein 11. nóvember 2005.

Við þetta kvaddi sér hljóðs hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir og tók undir með hv. þingflokksformanni Hjálmari Árnasyni samanber eftirfarandi ummæli í viðtali við RÚV í Speglinum 15. þessa mánaðar, þ.e. í nóvember, með leyfi forseta:

„Ja, ég tel aðalatriðið að Ríkisútvarpið sé í einhverju því rekstrarumhverfi þar sem að það getur keppt við aðra miðla, ljósvakamiðla. Og hvort að það er nákvæmlega hlutafélagaformið eða eitthvað annað form, það ætla ég ekki að fullyrða neitt um.“

Nú spyr fréttamaður, með leyfi forseta:

„Er einhver sérstök ástæða fyrir því að Framsóknarflokkurinn hefur verið svona mikið á móti hlutafélagavæðingu akkúrat þarna?“

Valgerður Sverrisdóttir hæstv. ráðherra segir þá, með leyfi forseta:

„Ja, við höfum ályktað um það á fyrri stigum að vilja ekki að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag. Og það var á þeim tíma þegar að Sjálfstæðisflokkurinn virtist vilja selja Ríkisútvarpið. Þá ályktuðum við mjög stíft um þetta. Nú eru hins vegar breyttir tímar og Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki selja Ríkisútvarpið. Og ég held að það sé alveg eðlilegt að það breyti einhverju í afstöðu Framsóknarmanna til þessa máls.“

Fréttamaður spyr þá og segir, með leyfi forseta:

„Þannig að nú sakar Kristinn H. Gunnarsson flokkinn um að ætla að ganga á bak orða sinna og ræðst hart að forystunni á heimasíðu nýlega. Einmitt út af þessu. En það eru breyttir tímar, segir þú. Þannig að þetta er ekki rétt hjá Kristni?“

Þessu svarar hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir, með leyfi forseta:

„Ja, það er í fyrsta lagi ekki rétt hjá honum að vitna í gamla samþykkt ...“

Undir það sjónarmið tekur síðan þáverandi formaður flokksins, Halldór Ásgrímsson, og segir í fréttum Ríkisútvarpsins 16. nóvember, en þar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra telur fyllilega koma til greina að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Nýjustu samþykktir Framsóknarflokksins standi ekki í vegi fyrir slíkri breytingu. Mikilvægast sé að lagafrumvarp um Ríkisútvarpið komi fram helst fyrir jól. Frumvarp er í smíðum en hefur hvorki verið kynnt í ríkisstjórn né í þingflokkunum.“

Orðrétt segir Halldór Ásgrímsson fyrrverandi hæstv. ráðherra og þáverandi formaður Framsóknarflokksins, eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nú hlutafélagsformið hefur reynst vel í mörgum tilvikum, það er það form sem að hefur þróast mest og auðvitað kemur það fyllilega til greina að Ríkisútvarpið noti það form ...

Ja sko, við störfum á grundvelli okkar nýjustu samþykkta og nýjar samþykktir breyta eldri samþykktum, það liggur alveg ljóst fyrir og við störfum á grundvelli þeirra samþykkta sem voru samþykktar á okkar síðasta flokksþingi.“

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að vitna meira í þessar samþykktir Framsóknarflokksins þó að ég hafi svo sem ærinn efnivið til þess. Ég er hérna með samþykktir Framsóknarflokksins á flokksþingum undanfarinna ára þar sem fjallað er meðal annars um Ríkisútvarpið og er að finna þær samþykktir sem hér er vísað til í blaðaskrifum og fréttaviðtölum við hv. þingmenn núverandi og fyrrverandi, Hjálmar Árnason, Valgerði Sverrisdóttur og Halldór Ásgrímsson.

Þetta kemur mér þannig fyrir sjónir að Framsóknarflokkurinn hafi ályktað á þá lund að hlutafélagavæðing komi ekki til greina hjá Ríkisútvarpinu, að flokkurinn sé andvígur því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Síðan kemur til sögunnar samþykkt um að flokkurinn vilji gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun. Þá telja menn að úr

gildi sé fallin fyrri samþykkt flokksins um að Ríkisútvarpið skuli ekki hlutafélagavætt.

Ég hlýddi á og fékk útskrift af ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem hann flutti hér í gær og þar fjallar hann einmitt um þetta efni. Ég ætla ekki að vitna í þessa ræðu en þar kemur einmitt þessi skilningur skýrt fram, þ.e. að hv. þingmaður Framsóknarflokksins, Kristinn H. Gunnarsson, telur að um kúvendingu sé að ræða og að þingflokkurinn hafi með samþykkt sinni við hlutafélagavæðingu Sjálfstæðisflokksins á Ríkisútvarpinu svikið þær heitstrengingar sem gefnar voru um að flokkurinn mundi ekki líða það að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi.

Ég verð nú að segja að mér finnst það vera sannfærandi málflutningur af hans hálfu þegar hann segir að samþykkt um sjálfseignarstofnun eða vísan til þess, að hún geti varla skoðast sem grænt ljós á að flokkurinn falli frá eða virði að vettugi fyrri samþykktir um að hann muni ekki líða að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi.

Auðvitað er þetta náttúrlega innra mál Framsóknarflokksins og auðvitað á hann að eiga það við þá sem kusu þann flokk í síðustu kosningum. Það má til sanns vegar færa. En ég nefni þetta vegna þess að við höfðum mörg bundið þá von við stjórnaraðild Framsóknarflokksins að hann mundi standa í fæturna í þessu máli. Það eru tvö mál sem ég hef sérstaklega horft til — reyndar þrír málaflokkar. En tveir málaflokkar hafa svona verið í brennidepli kannski sérstaklega á síðustu missirum — það er annars vegar Ríkisútvarpið, hvort það gæti verið að hann mundi láta Sjálfstæðisflokkinn komast upp með að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag og hinn þátturinn er Íbúðalánasjóður. Þar vitum við að Sjálfstæðisflokkurinn sækir mjög hart að Framsóknarflokknum og hann hefur staðið vörnina nokkuð sæmilega hingað til. Við sjáum hvað setur. En því miður hefur reynslan orðið sú í allt of mörgum málum að varnirnar hafa brostið. Í sumum tilvikum hefur ekkert þurft að bresta vegna þess að menn virðast vera að gera þetta af hreinni sannfæringu.

Ég hef það á tilfinningunni, hæstv. forseti, að aðrir vilji gjarnan fara að komast að í ræðuhöldum og ég er alveg tilbúinn að fara (**JóhS:** Talaðu bara eins lengi og þú vilt.) senn að stytta mál mitt. Það kemur fullkomlega til greina af minni hálfu. En mér finnst ástæða til þess að við leiðum svolítið hugann að hinum pólitísku þáttum þessa máls, að pólitísku siðferði. Ég hef þá tilfinningu að það sama hafi hent Framsóknarflokkinn og suma aðra flokka sem hafa gengið til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn, að þeir telja að þeir geti hamið íhaldið og geti látið gott af sér leiða í stjórnarsamstöðu við þann flokk. Síðan hefur það allt of oft gerst að hagsmunagæsla Sjálfstæðisflokksins fyrir fjármagnið og ásetningur flokksins og hugsjónir verða ráðandi um síðir. Þetta hefur gerst í þessu máli.

Við höfum horft upp á að Framsóknarflokkurinn er orðin flakandi rúst, flakandi sár öllu heldur. Ég fæ ekki betur séð en að flokkurinn geri nánast hvað sem er til að halda sér á setunni, á stjórnarsetunni. Ég fæ ekki betur séð en að hann gangi til hvaða verka sem er. (**Gripið fram í:** Á setunni?) Ég er að tala um stjórnarsetuna, samanber setu í stól. (Gripið fram í.) Það eru ýmsar orðskýringar hér úti í sal og menn leggja mismunandi skilning í orð mín. Þetta held ég að sé hin dapurlega staðreynd sem við búum við (Gripið fram í.) að Framsóknarflokkurinn vill öllu til kosta. Það er sannfæring mín að ef kjósendur gera sér ekki grein fyrir því að þessir flokkar ætla að starfa saman að afloknum kosningum, ef þeir fá til þess fylgi, þá eru þeir skyni skroppnir eða glámskyggnir. Við heyrum, í hverjum umræðuþættinum á fætur öðrum, ástarjátningarnar ganga á víxl. Framsókn unir sér vel í kjöltu Sjálfstæðisflokksins og fyrir Sjálfstæðisflokkinn er þetta náttúrlega auðveldasti samstarfsaðili sem hugsast getur, gerir allt það sem stóri bróðir segir.

Núna hefur Framsóknarflokkurinn látið undan í vörninni fyrir Ríkisútvarpið og mér verður hugsað til manna á borð við Ingvar Gíslason, fyrrum framsóknarráðherra, menntamálaráðherra, sem ásamt tveimur öðrum fyrrverandi menntamálaráðherrum, Sverri Hermannssyni og Ragnari Arnalds, skrifaði grein í Morgunblaðið sem birtist 1. júní í fyrra, opið bréf til þingmanna þar sem skorað var á okkur að standa vörð um Ríkisútvarpið og láta það ekki verða að veruleika að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Ég heyri þeim röddum fjölga sem gera sér grein fyrir því hvað er í húfi.

Ég minnist þess að í vor, í einhverri hrinunni um Ríkisútvarpið, hvort það var sf. eða hf., kom ályktun frá íslenskum listamönnum. Þeir beindu því til þingsins að við gengjum til atkvæða um málið og eyddum óvissunni, eins og kallað var. Ég hafði samband við einn forsvarsmanna í þeim samtökum og spurði hverju það sætti að íslenskir listamenn tækju undir með ríkisstjórninni um að hlutafélagavæða og einkavæða Ríkisútvarpið. Þá var mér sagt að þeir stjórnarmenn hefðu verið boðaðir á fund útvarpsstjóra þar sem fram hefði komið að menn vildu eyða óvissunni í málinu. Ég sagði: „Þið styðjið þar með hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins.“ — „Nei, það vakti ekki fyrir okkur,“ svaraði þessi ágæti maður.

Ég benti honum á að á Alþingi væri það þannig að það sem ríkisstjórnin fyrirskipar því hlýðir stjórnarmeirihlutinn. Það að eyða óvissunni þýðir ekki annað en að lög um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins verði að veruleika. Það kom svolítið á viðmælanda minn. Það var ekki þetta sem hafði vakað fyrir listamönnum þegar þeir ályktuðu um að óvissunni yrði eytt. Ég sagði við hann: „Hafið þið hugleitt það að með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi er fyrst verið að opna á óvissuástand?“

Við höfum fært rök fyrir því í umræðunni að með frumvarpinu skapist óvissuástand. Samkvæmt samkeppnisrétti og Evrópurétti er stofnuninni teflt inn í tvísýna framtíð. Við teljum einnig að með því að rjúfa þá þjóðarsátt sem verið hefur um Ríkisútvarpið dragi úr vilja fólks til að greiða til stofnunarinnar, menn verði síður til þess reiðubúnir ef um er að ræða fyrirtæki sem hefur fjarlægst þjóðina.

Hæstv. forseti. Undir lok þessarar ræðu langar mig til að vitna í bréf, opið bréf til alþingismanna, sem Tryggvi Gíslason, fyrrverandi skólameistari Menntaskólans á Akureyri, fyrrverandi fréttamaður á fréttastofu Ríkisútvarpsins og fyrrverandi formaður Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins, hefur ritað. Þar segir, með leyfi forseta:

„Góðir alþingismenn!

Ríkisútvarpið er ein mikilsverðasta menningarstofnun þjóðarinnar, undirstaða lýðræðislegrar umræðu og frjálsrar

skoðanamyndunar, traustasti fréttamiðill landsins, leikhús, tónleikahöll, fræðslustofnun, dægrastytting og öryggistæki.

Leiki minnsti vafi á, að ný lög um Ríkisútvarpið ohf. tryggi stöðu þess sem ríkisútvarps, skora ég á ykkur að greiða atkvæði gegn frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. — hvar í flokki sem þið standið. Sé tilveru Ríkisútvarpsins stefnt í hættu eða staða þess sem stofnunar í almannaþágu ekki tryggð, er það hið sama og stofna sjálfu hinu háa Alþingi í hættu."

Þetta finnast mér mjög áhrifarík orð. Ég skal segja hæstv. forseta Alþingis, samflokksmanni þess manns sem þetta ritar, hvers vegna mér finnast þau svo áhrifarík. Þau eru áhrifarík vegna þess að ég minnist þess að Tryggvi Gíslason, sem er glöggur og yfirvegaður maður, gegndi formennsku í Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins. Hann var á þeirri skoðun að Hollvinasamtökin ættu ekki að binda sig í andstöðu við hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Hann var þeirrar skoðunar. Ég vona að ég sé ekki að gera honum upp skoðanir eða orð, en ég man ekki betur en að hann hvetti til víðsýni, að menn opnuðu á alla möguleika og skoðuðu af yfirvegun.

Nú er komið á daginn að miklar efasemdir hafa kviknað í brjósti hans. Þá sýnir hann þann manndóm að láta í ljós þær efasemdir á ögurstundu, þegar við þurfum öll á heilræðum að halda. Ég vona að þeir sem hafa verið þeirrar skoðunar að það gæti verið til góðs að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi endurskoði þá afstöðu í ljósi þeirra efasemda sem hér hefur verið teflt fram um óvissa framtíð Ríkisútvarpsins. Þar með ætla ég að ljúka máli mínu.

[21:54]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundi Jónassyni var tíðrætt um réttindi og kjör starfsfólks Ríkisútvarpsins. Ég verð að viðurkenna að það kemur mér á óvart hve fáir ræðumenn hafa tekið þann kafla fyrir í umræðunni um Ríkisútvarpið. Að vísu eru margar hliðar á þessu frumvarpi og víða hægt að koma að því en mig langar að bera eitt undir hv. þingmann. Ég hef verið að spyrja í andsvörum hæstv. menntamálaráðherra og stjórnarliða út í kjör og réttindi starfsmanna. Ráðherra sagði m.a. í dag að hún vildi ekki hafa önnur ákvæði um starfsmenn í þessu frumvarpi en hjá öðrum sambærilegum stofnunum, þ.e. Matís og öðrum slíkum hlutafélagavæddum ríkisfyrirtækjum.

Það kom fram í andsvörum hæstv. ráðherra í dag að það væri eitthvað svakalega gott fyrir starfsfólk Ríkisútvarpsins, að nú yrði þeim boðið það sama í bráðabirgðaákvæðum eins og gert hefði verið í öðrum hliðstæðum frumvörpum. Ég spyr: Er hv. þingmaður sammála mér um að það þýði skerðingu á réttindum og þar af leiðandi kjörum starfsmanna Ríkisútvarpsins?

[21:56]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Tvímælalaust. Í þessu frumvarpi og í breytingum sem af því hljótast felst kjaraskerðing. Þegar hæstv. ráðherra segist ekki vilja betri kjör en annars staðar tíðkast, eins og hv. þingmaður orðaði þetta, má einnig umorða hugsunina, þ.e. að þeir eigi að búa við jafnslæm kjör hvað þessa yfirfærslu snertir og starfsmenn í öðrum hlutfélagavæddum stofnunum.

[21:57]

**Útbýting:**

Greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum, 444. mál, svar fjmrh., þskj. 748.

[21:57]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Það sýnir kannski best hversu stórt mál hér er á ferðinni og sem margs þarf að gæta í, að á þeim þremur þingum sem það hefur verið til umræðu hafa sífellt komið upp nýjar hliðar á málinu sem ástæða var fyrir menntamálanefnd að skoða og flytja breytingartillögur um. Margvíslegar breytingar hafa verið fluttar á þessu ferli og margar þeirra gert frumvarpið betur úr garði en það upphaflega var lagt fram af hálfu hæstv. menntamálaráðherra. Þess vegna finnst mér að hæstv. menntamálaráðherra ætti frekar að vera þakklát stjórnarandstöðunni fyrir að vilja ítarlega umræðu um málið og fyrir allar þær góðu ábendingar sem stjórnarandstaðan hefur komið fram með frekar en að agnúast sífellt út í hana og kalla málefnalegar og ítarlegar umræður málþóf.

Af öllum þeim góðu ábendingum og tillögum sem stjórnarandstaðan hefur komið fram með þá er ein af þeim veigamestu sú að í meðförum þingsins hefur að tillögu okkar í stjórnarandstöðunni verið tekið inn ákvæði um að upplýsingalög taki til laga um Ríkisútvarpið. Það er auðvitað gleggsta dæmið um hve mikilvægt er að málið fái ítarlega umfjöllun hér. Sú gagnrýni sem fram hefur komið á stjórnskipulagið, fjármögnunina, réttindamál starfsmanna, samkeppnishliðina og það nýjasta um ESA-leynigögnin og stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart samkeppnisrétti og Evrópurétti er hvert um sig stórmál sem þarf að ræða ítarlega. Ef vilji ráðherra hefði náð fram að ganga fyrir jól hefði t.d. ekki komið fram það sem nú liggur fyrir, annars vegar um samkeppnishliðina og stöðuna á auglýsinga- og kostunarmarkaði, sem t.d. Samkeppnisstofnun hefur gagnrýnt, og hins vegar reglur um mat sem fram þarf að fara áður en Ríkisútvarpið tekur upp nýja þjónustu, samanber bréfaviðskipti ESA við menntamálaráðuneytið.

Ástæða er til að halda því vel til haga sem fram hefur komið um þessa þætti frá því að málið var rætt hér fyrir jólaleyfi þingmanna. Það er gert m.a. í ítarlegu framhaldsnefndaráliti minni hluta menntamálanefndar sem ég ætla ekki að lesa upp hér. Ýmsir hafa orðið til þess að vitna í það. Ég vil þó draga fram hve alvarlegt það er að halda gögnum leyndum fyrir þinginu og minna á að t.d. í dönsku lögunum um ráðherraábyrgð er ákvæði um að leyni ráðherrar upplýsingum eða gögnum sem mikilvæg eru fyrir meðferð máls á þinginu varðar það við lög um ráðherraábyrgð. Það er einmitt ákvæði sem ég hef reynt oft og iðulega að koma inn í lög um ráðherraábyrgð hér á landi en ekki tekist enn. Eftir því sem árin líða hefur það sýnt sig að mjög nauðsynlegt er að hafa þar inni slík ákvæði um ráðherraábyrgð vegna þess að það hefur komið allt of oft fyrir að dregnar eru fram villandi upplýsingar eða jafnvel gögnum leynt fyrir þinginu. Það er að sjálfsögðu grafalvarlegt

mál að slíkt sé gert og þarf auðvitað að ræða það líka í ljósi laga um ráðherraábyrgð.

Síðan er hin hliðin á þeim nýja fleti sem upp hefur komið í málinu eftir jólaleyfi þingmanna, þ.e. staða RÚV gagnvart samkeppnisrétti og sérreglum Evrópuréttarins um útvarp í almannaþjónustu, en staðan er óljós eins og vel hefur verið gerð grein fyrir í umræðunni. Ekki er hægt að ganga fram hjá því að verði málið afgreitt með þessum hætti frá þinginu er ljóst að kærur á kærur ofan eru óumflýjanlegar, m.a. og ekki síst vegna þess að ekki er tryggður fjárhagslegur aðskilnaður starfsemi í almannaþágu og samkeppnisrekstri RÚV og raunar erfitt að sjá hvernig á að framkvæma hann. Um þetta hefur verið rætt og ritað í fjölmiðlum og kannski hefur þetta verið dregið hvað gleggst fram af Ástráði Haraldssyni hæstaréttarlögmanni þar sem hann gerir ýmsar veigamiklar athugasemdir við frumvarp menntamálaráðherra í Fréttablaðinu 15. janúar sl.

Þar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Hann telur ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað starfsemi í almannaþágu og samkeppnisrekstur óframkvæmanlegt. Ekki sé kveðið sérstaklega á um að lögin eigi að ganga framar sérlögum og að lög um opinber hlutafélög dugi ekki utan um þá starfsemi sem Ríkisútvarpinu ohf. sé ætlað að sinna."

Í viðtalinu kemur líka fram og haft eftir Ástráði Haraldssyni, með leyfi forseta:

„Um leið og starfsemi er færð í form hlutafélags verður hún einkaréttareðlis og það er mikilvægt að menn átti sig á að frumvarpið fjallar því í reynd um einkavæðingu Ríkisútvarpsins."

Það er einmitt það sem við mörg óttuðumst, að hér sé verið að stíga stórt skref í átt til þess að einkavæða Ríkisútvarpið og það er m.a. þess vegna sem menn vilja ræða ítarlega um málið því að fæstir hér inni, nema sjálfstæðismenn og maður er orðinn óviss um hvað Framsóknarflokkurinn vill í því efni, vilja einkavæða Ríkisútvarpið.

Síðar í viðtalinu segir líka, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu segir að skilja skuli að fjárreiður þeirrar starfsemi sem skilgreind er sem útvarpsþjónusta í almannaþágu og þeirrar sem telst samkeppnisrekstur. Í því felst að tekjur sem fást með afnotagjöldum eða nefskatti og ætlaðar eru til útvarps í almannaþágu má ekki nota til að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi. Ástráður segir hugsunina rétta en telur erfitt að sýna fram á að sá hluti rekstrarins sem ekki á að njóta ríkisframlags geri það ekki. „Þegar Ríkisútvarpið hefur verið leitt út á eyðihjarn einkarekstrar virðast mér menn vera býsna vopnlausir gagnvart gagn- og samkeppnisaðilum sem mundu kæra til Evrópustofnana. Ég álít að það verði mjög erfitt að verjast slíkum samkeppniskærum"."

Síðar segir Ástráður, með leyfi forseta:

„Þess vegna óttast ég, af því að mér þykir vænt um Ríkisútvarpið og vil viðhalda því, að þetta verði upphafið að endalokum þess í þeirri mynd sem við þekkjum það."

Hafa mætti fleiri orð um þennan þátt málsins, virðulegi forseti, og vitna frekar í Ástráð Haraldsson og fleiri sem hafa áhyggjur af því að lögfesting frumvarpsins verði upphafið að endalokum útvarpsins í þeirri mynd sem við Íslendingar þekkjum.

Í framhaldsnefndaráliti minni hlutans er líka vikið að þessum þætti málsins varðandi samskiptin við ESA. Þar segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægt atriði sem um er fjallað í síðari bréfaskiptum ESA við ráðuneytin hefur aldrei verið kynnt eða rætt í nefndinni og er ekki að finna í frumvarpinu eða fylgigögnum þess, svo sem þjónustusamningsdrögunum. Þetta eru reglur um mat sem fara þurfi fram áður en Ríkisútvarpið tekur upp nýja þjónustu á almannaútvarpssviði."

Í greinargerðinni í framhaldsnefndarálitinu er ýmislegt annað sagt um þennan þátt málsins en ég tel nægjanlegt að vitna í nefndarálitið og þennan kafla þess um hvað hér er á ferðinni.

Mikið hefur verið rætt um réttindi starfsmanna, a.m.k. af tveimur síðustu ræðumönnum, hv. þm. Ögmundi Jónassyni og hv. þm. Valdimar L. Friðrikssyni. Ég tel afar mikilvægt að gera sér grein fyrir hvað hér er á ferðinni og ég held að ekki sé ofsögum sagt að réttindi starfsmanna eru í uppnámi verði frumvarpið að lögum.

Vikið er að þessu í framhaldsnefndarálitinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, var gestur nefndarinnar ásamt Halldóru Friðjónsdóttur, formanni BHM, og Árna Stefáni Jónssyni, varaformanni BSRB. Fram kom í máli Gunnars að bagalegt væri hversu mismunandi leiðir hefðu verið farnar við rekstrarformsbreytingar opinberra stofnana á liðnum árum. Æskilegt hefði verið að setja rammalöggjöf sem segði fyrir um almennar leikreglur við slíka framkvæmd, og ef slíkri löggjöf væri til að dreifa mætti gera ráð fyrir færri árekstrum við starfsmenn meðan á breytingunum stæði. Ljóst væri af reynslunni að breytingar af þessu tagi þyrftu ekki að valda teljandi óánægju meðal starfsmanna, og nefndi Gunnar dæmi um það."

Það er ástæða til að vekja athygli á því að hér talar Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sem hefur auðvitað mikla reynslu af samningum um réttindi starfsmanna og kjör þeirra. Ástæða er til að halda því til haga sem hann segir um þetta efni.

Síðan segir í framhaldsnefndarálitinu um þennan þátt, virðulegi forseti:

„Ásetningur ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið virðist vera sá að koma stofnuninni úr opinberu rekstrarumhverfi í umhverfi einkarekstrar. Það hefur í för með sér endurskilgreiningu á ábyrgð og skyldum starfsmanna. Slík endurskilgreining hefur ekki farið fram, enda ekki verið farin sú leið að setja almennan lagaramma um einkarekstur í opinberri eigu. Ætlunin er að láta ófullkomin lög um opinber hlutafélög nægja. Enn er gert ráð fyrir að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafi með höndum verkefni og ábyrgð sem talist getur eðlilegt að sinnt sé af hálfu opinberra aðila, eins og öryggis- og almannavarnarhlutverk ásamt því að skrá, framleiða og varðveita menningararf þjóðarinnar að hluta, sem er ekki ósvipað hlutverk og starfsmenn Þjóðminjasafns, Þjóðskjalasafns og Þjóðleikhúss gegna."

Ég held að mikilvægt sé að hafa slíkt skráð í nefndarálitið sem ég var að vitna til vegna þess að ég hygg að þegar frumvarpið verður lögfest, verði það lögfest óbreytt eins og allt bendir til, muni alveg örugglega rísa upp deilur um

réttindi starfsmanna.

Einnig er ástæða að halda til haga umsögn um málið frá starfsmönnum, t.d. hjá trúnaðarmanni félags fréttamanna, G. Pétri Matthíassyni, en þar er um að ræða bréf sem stílað er á menntamálaráðherra og formann menntamálanefndar Alþingis. Þar spyr G. Pétur Matthíasson, með leyfi forseta:

„Undirritaður óskar fyrir hönd umbjóðenda sinna skýrra svara af hálfu ráðherra og menntamálanefndar varðandi réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstrarformi RÚV.

Vísað er til svars ráðherra við spurningum blaðamanns Fréttablaðsins sem svo birtist 15. nóvember 2006:

„Málið mun fá sinn eðlilega framgang en ætlunin er að sjálfsögðu að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins haldist."

Spurt er, hvernig verður þetta tryggt?

Ekki stendur það í frumvarpinu eins og það lítur út núna og það eitt ljóst að starfsmenn Ríkisútvarpsins hætta að verða opinberir starfsmenn og verða starfsmenn á almennum markaði. Við þá breytingu tapast víðtæk réttindi og má nefna lífeyrisréttindi, orlofsréttindi, fæðingarorlofsrétt og biðlaunarétt. Útvarpsstjóri fær víðtækt vald til samninga við starfsmenn en getur engu svarað um hvað Ríkisútvarpið ohf. hyggst fyrir."

Raunar er sama endurtekið í umsögn stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins um frumvarpið Ríkisútvarpið ohf. Þar segir, með leyfi forseta:

„SSR telur kaflann um réttindi starfsmanna ófullnægjandi. Ljóst er að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geta ekki gilt um starfsmennina eftir breytingu Ríkisútvarpsins í Ríkisútvarpið ohf. Réttindi starfsmanna ríkisins samkvæmt ofannefndum lögum teljast hluti af kjörum þeirra og verða því ekki afnumin án þess að í felist skerðing á kjörum. Nauðsynlegt er því að gera stöðu starfsmanna eftir breytinguna sem líkasta því sem verið hefði ef Ríkisútvarpið hefði áfram verið ríkisstofnun. Þau atriði sem einkum skipta hér máli eru biðlaunaréttur, lífeyrissjóðsréttindi, aðild að stéttarfélögum, uppsagnarréttindi, þar á meðal réttur til áminningar vegna uppsagnar, veikindaréttur, fæðingarorlofs- og orlofsréttur."

Hér er ekki verið að tala um nein smáréttindi eins og ég hef lesið upp, virðulegi forseti. Þetta eru réttindi sem verkalýðshreyfingin og stéttarfélög launafólks hafa háð mikla baráttu fyrir að ná fram og það er auðvitað ekki hægt með slíku frumvarpi sem hér er á ferðinni að skerða slík réttindi.

Með þessu fylgir áhugaverð samantekt Láru V. Júlíusdóttur hæstaréttarlögmanns sem er tekin saman fyrir Starfsmannasamtök RÚV í tilefni af frumvarpinu. Ég vænti þess að ýmsir á undan mér hafi farið ofan í hina athyglisverðu samantekt Láru V. Júlíusdóttur þannig að hún sé örugglega skráð í þingsöguna. Þar lýsir hún því vel hvað gerist, að við niðurlagninu stofnunarinnar breytist lagalegt umhverfi starfsmanna RÚV. Hún tiltekur biðlaunaréttindin og hvaða áhrif þetta hefur á þau í ítarlegu máli. Lífeyrisréttindin, og það sem kemur fram t.d. að því er varðar lífeyrisréttindin o.fl. er hve mikið bil og mismunur er á réttindum á almenna markaðnum og opinbera vinnumarkaðnum og hvaða áhrif þetta getur haft til skerðingar sérstaklega varðandi lífeyrisréttindin.

Lára vitnar í fæðingarorlofsréttinn og hvaða áhrif þetta hefur á þá sem hafa verið opinberir starfsmenn. Þar kemur hún inn á mál sem við höfum iðulega rætt í þingsölum, þ.e. mismunur á réttindum opinberra starfsmanna til fæðingarorlofs og þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði. Ég ætla að fá að vitna í það. Þetta er stuttur kafli en þar segir Lára, með leyfi forseta:

„Rétt er að vekja athygli á mismunandi rétti opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði til fæðingarorlofs. Um fæðingarorlof fer samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Þar er öllum foreldrum tryggður réttur til fæðingarorlofs. Samkvæmt lögunum á ekki að vera munur á rétti þeirra sem eru opinberir starfsmenn og þeirra sem eru í starfi á almennum vinnumarkaði. Í framkvæmd er reyndin þó önnur. Starfsmenn á almennum vinnumarkaði sem eru í fæðingarorlofi fá ekki orlofslaun greidd á þeim tíma. Þegar þeir síðan fara í orlof eftir að hafa verið í fæðingarorlofi hluta orlofsársins, fá þeir einungis orlof greitt í hlutfalli við þann tíma sem þeir voru í starfi. Þeir eiga rétt á samningsbundnu frí, en orlofslaunin eru skert sem þessu nemur. Opinberir starfsmenn fá hins vegar óskert orlofslaun þótt þeir hafi varið hluta af orlofsárinu í fæðingarorlofi. Hér er eðlilegt að fram komi krafa frá starfsmönnum að sama regla komi til með að gilda áfram eftir að ohf. hefur yfirtekið RÚV."

Ég spyr, virðulegi forseti, er það svo? Geta starfsmennirnir verið öruggir um að þeir geti haldið þeim orlofsréttindum sem þeir nú hafa, t.d. til óskertra orlofslauna? Við höfum tekist á um það í þessum ræðustól, m.a. við félagsmálaráðherra, þar sem félagsmálaráðherrann sem sat hér á árinu 2002, Páll Pétursson, svaraði fyrirspurn minni um þetta efni, hvort ekki ætti að gilda sami réttur fyrir fólk á almennum vinnumarkaði varðandi töku orlofslauna og gilti um opinbera starfsmenn — og svar hans var já. Síðan var þessu snúið við og staðan núna er sú að mismunandi réttur er varðandi orlofslaun á vinnumarkaði þ.e. á opinbera markaðnum, sem hefur þennan rétt, full orlofslaun, meðan aðrir á almenna vinnumarkaðnum hafa hann ekki.

Síðan eru ákvæði um uppsagnarrétt, veikindarétt og orlofsréttindi og tekið á því hvaða áhrif þetta hefur. Hér er stórmál á ferðinni, virðulegi forseti, að skilja réttindi starfsmannanna raunverulega eftir í uppnámi og enginn veit í raun hvar hann stendur í þeim efnum ef frumvarpið verður samþykkt. Ég hef, virðulegi forseti, verulegar áhyggjur af þessu og ástæða til að hafa það. Eins og fram hefur komið í umræðunum og eftir yfirferð menntamálanefndar í málinu er óvissan mikil og til vansa fyrir þingið að skilja við það í þeirri stöðu.

Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður, sem ég vitnaði til áðan, hefur líka látið þetta til sín taka í fjölmiðlum og skrifar um þetta grein sem hann nefnir Einkavæðing Ríkisútvarpsins.

Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ef frumvarpið verður að lögum verður þar með ákveðið að einkavæða starfsemi Ríkisútvarpsins."

Og heldur síðan áfram, með leyfi forseta:

„Í þessu varðar öngvu hver eignaraðild hins nýja félags verður heldur hitt að starfsemin verður eftir að Ríkisútvarpið ohf. tekur við henni ekki framar opinbers réttar eðlis heldur einkaréttar eðlis. Þannig færist starfsemin af sviði

opinbers rekstrar yfir á svið einkarekstrar."

Síðan segir:

„Í þessari einkavæðingu felst m.a. að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gilda ekki framar um starfsemina og marka því ekki lengur réttarstöðu starfsmannanna. Lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka ekki framar til starfseminnar og stjórnendur hins nýja hlutafélags verða ekki fremur en aðrir stjórnendur hlutafélaga bundnir af ákvæðum stjórnsýslulaga í sýslan sinni. Starfsemin hefur þá verið einkavædd, flutt á svið einkaréttar og réttarstaðan sú sama og gildir um aðra starfsemi á almennum markaði."

Þetta er afar skýrt. Hér er á ferðinni hæstaréttarlögmaður sem er vel heima í þessu efni sem enn sannfærir okkur um, virðulegi forseti, hve mikil óhæfa það er að skilja málið um réttindi starfsmannanna eftir í þessari stöðu.

Ég ætla áfram að vitna í Ástráð en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Af einhverjum ástæðum hafa flutningsmenn tillagna um einkavæðingu Ríkisútvarpsins kosið að nefna tillögur sínar ekki réttum nöfnum. Reynt er að færa einkavæðinguna í búning sem er til þess fallinn að villa um fyrir þjóðinni. Þannig er talað um hlutafélagavæðingu (eins og það sé ekki einkavæðing) og mikið úr því gert að óheimilt verði að selja fyrirtækið. Það atriði skiptir þó harla litlu máli þegar grannt er skoðað. Meginatriðið er það að verði frumvarpið að lögum mun Ríkisútvarpið færast yfir á svið einkaréttar."

Þetta getur haft veruleg áhrif á réttarstöðu starfsmanna ef ekki er afdráttarlaust tekið á því í frumvarpinu sem við nú ræðum. Það þarf að liggja afdráttarlaust og miklu skýrar fyrir en það gerir nú.

Á þessum morgni vakti Valdimar L. Friðriksson, 9. þm. Suðvest., athygli á yfirlýsingu frá BHM og BSRB sem er dagsett 17. janúar 2007. Þar kemur fram, án þess að ég ætli að fara yfir þá yfirlýsingu sem hv. þm. Valdimar L. Friðriksson hefur gert mjög vel hér, að þeir halda því fram að réttindi starfsmanna séu í óvissu og uppnámi.

Í lok yfirlýsingarinnar, sem aðrir hafa farið hér ítarlega yfir, stendur, með leyfi forseta:

„Það hefur alltaf legið fyrir að starfsmenn eigi rétt á aðild að LSR að fengnu samþykki atvinnurekanda en BSRB og BHM hafa viljað fá ákvæði þar um inn í frumvarpið svo rétturinn verði ekki háður samþykki stjórnar RÚV ohf. "

Við stöndum frammi fyrir því að réttindin verða háð samþykki stjórnar RÚV ohf. ef skilið verður við málið eins og allt stefnir í.

Í lok yfirlýsingarinnar segir, með leyfi forseta:

„Óvissan um rétt starfsmanna er því enn jafnmikil og hún var fyrir yfirlýsingu Páls Magnússonar." — Sem vitnað var í áður í yfirlýsingunni.

Ég ætla að láta þetta nægja um réttindi starfsmanna, sem ég veit að hv. þm. Valdimar L. Friðriksson sem talar á eftir mér mun alveg örugglega gera góð skil, því sá ágæti þingmaður þekkir vel til kjaramála og réttinda starfsmanna og launafólks. Hann hefur auðvitað áhyggjur af því eins og við mörg hér inni hvernig með það verði farið ef skilið verði við málið í þessum búningi.

Ég ætla að víkja nokkrum orðum að stjórnskipulaginu, virðulegi forseti. Ég vil fyrst halda því til haga að það er blekking að með frumvarpinu sé verið að hverfa frá pólitískri íhlutun í málefni RÚV. Það nægir bara að nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnarmeirihluti í nýju útvarpsráði ráði útvarpsstjóra og reki að vild. Útvarpsstjóri er því ekki óháður pólitísku valdi hverju sinni. RÚV verður greinilega áfram háð pólitískum afskiptum og inngripum ef valdhöfum þykir þurfa. Ekki fer heldur mikið fyrir atvinnulýðræði, virðulegi forseti, í þeirri stjórnskipan sem taka á upp. Fyrir því höfum við í Samfylkingunni talað að starfsmenn RÚV eigi fulltrúa í stjórn og þannig sé til að mynda tryggt að ekki myndist ríkisstjórnarmeirihluti í stjórninni. Slíkt mundi sannarlega auka lýðræðið í stofnuninni og tryggja fagleg vinnubrögð sem þeirri stofnun eru nauðsynleg. Mér finnst, virðulegi forseti, að allt of lítið sé rætt hér í þessari virðulegu stofnun um atvinnulýðræði eins og tíðkast hjá öðrum þjóðum, að starfsmenn eigi rétt til setu í stjórnum stofnana og fyrirtækja. Fyrir því tölum við sannarlega í Samfylkingunni.

Ljóst er, virðulegi forseti, að það sem mestu skiptir um sjálfstæði RÚV er að stjórnskipulag þess sé með þeim hætti að þar verði slitið á öll pólitísk ítök í stofnuninni til að styrkja RÚV og auka sjálfstæði þess. Markmiðið með rekstri RÚV á auðvitað að vera að auka öryggisþáttinn og fyrst og síðast að efla alla dagskrárgerð og menningartengt efni og að útvarpið verði öflugur lýðræðislegur vettvangur upplýsinga og umræðu um allt land þar sem allar ákvarðanir byggja á faglegum forsendum án nokkurrar pólitískrar íhlutunar. Það gerum við sannarlega ekki með frumvarpinu, virðulegi forseti, verði það afgreitt með þeim hætti að RÚV standi þannig að allar ákvarðanir byggist á faglegum forsendum án pólitískrar íhlutunar.

Ég vil aðeins ræða um það sem ég kalla gegnsæi. Vísa ég þá til þess að ástæða er til að nefna hver verði réttur alþingismanna til að fá upplýsingar um stöðu RÚV, fjárhagsleg málefni o.fl. eftir að frumvarpið er orðið að lögum. Í því sambandi er ástæða til að halda til haga að þegar frumvarpið um opinber hlutafélög var til umræðu á síðasta löggjafarþingi vildu þingmenn Samfylkingarinnar ganga miklu lengra en stjórnarfrumvarpið um það efni til að tryggja gegnsæi og aðgang þingmanna að upplýsingum. Ástæða er til að ætla að með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, verði verulega skertur réttur þingmanna til upplýsinga um stöðu og fjárhagsleg málefni RÚV. Vil ég einmitt benda á að þingmenn Samfylkingarinnar hafa lengi lagt fram frumvarp undir forustu Guðmundar Árna Stefánssonar, fyrrverandi þingmanns, um að breyting verði gerð á þingsköpum þess efnis að þar verði kveðið á um skýlausan rétt alþingismanna til upplýsinga um málefni fyrirtækja sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Þetta frumvarp kallar sannarlega á endurflutning á því frumvarpi, verði umrætt frumvarp að lögum, vegna þess að ótækt er eins og hefur verið að gerast hér á umliðnum árum, að alltaf er meira og meira verið að loka á aðgang þingmanna að upplýsingum um málefni fyrirtækja, jafnvel þó að um sé að ræða opinberar stofnanir, kannski að 50% hluta í eigu ríkisins, þá er alltaf verið að skýla sér á bak við hlutafélagalöggjöf og verður alveg örugglega gert varðandi þetta mál.

Ég vil í lokin, virðulegi forseti, aðeins fara yfir fjármögnunina á RÚV verði frumvarpið að lögum. Ég ætla að

einskorða mig við að víkja að fjármögnuninni um hinn svokallaða nefskatt sem nú á að taka upp í stað afnotagjalda. Þá ætla ég að vísa til þess að árið 2004 kom fram mjög greinargóð skýrsla um fjármögnun RÚV þar sem farið var yfir helstu leiðir sem til greina kæmu við fjármögnun og farið yfir kosti og galla þeirra leiða. Af þeirri skýrslu má ráða að hæstv. menntamálaráðherra hefur, virðulegi forseti, valið mjög óskynsamlega leið í fjármögnun með því að fara nefskattsleiðina.

Ég ætla aðeins að fara yfir það mál, virðulegi forseti, og byrja á að vísa til þess að í viðhorfskönnun sem IMG Gallup gerði fyrir RÚV, að vísu fyrir nokkrum árum, þ.e. árið 2002, kom fram að 41% aðspurðra vildi að RÚV yrði fjármagnað með beinum framlögum úr ríkissjóði og 33% með afnotagjöldum einstaklinga 18 ára og eldri en 26% með nefskatti. Einungis fjórðungur, virðulegi forseti, vildi fara þá leið sem hæstv. ríkisstjórn og menntamálaráðherra leggja til. Aðrar leiðir sem nefndar hafa verið er skattlagning á fasteignir og að ákveðið hlutfall af tekjuskatti einstaklinga og lögaðila renni til fjármögnunar RÚV og síðan sú leið að fjármagnið komi úr ríkissjóði.

Af tekjum RÚV á árinu 2003 kom rúmlega 2,1 milljarður af tæplega 3 milljarða kr. rekstrartekjum af afnotagjöldum, eða tæp 69%. Athyglisvert er að lögaðilar greiða nú einungis 4,2% allra afnotagjalda. Ég spyr, virðulegi forseti: Er það sanngjarnt að lögaðilar greiði svo lítinn hlut sem raun ber vitni, sem ekki mun mjög mikið breytast við það að taka upp nefskattinn? Það er auðvitað mikilvægt þegar menn eru að meta fjármögnunarleiðir fyrir RÚV, að tryggt sé eins og kostur er með þeirri leið sem farin er sjálfstæði Ríkisútvarpsins þannig að um sé að ræða tryggan tekjustofn sem haldi a.m.k. raungildi sínu og sé ekki háður geðþóttaákvörðunum stjórnvalda við fjárlagaafgreiðslu hverju sinni.

Mig langar aðeins að fara yfir kosti og galla bæði afnotagjaldanna og nefskattsins sem á að taka upp og koma aðeins inn á þá leið sem nefnd hefur verið líka, þ.e. að skattleggja fasteignir. Þar ætla ég að styðjast við skýrsluna um fjármögnun RÚV sem Þorsteinn Þorsteinsson, forstöðumaður markaðssviðs Ríkisútvarpsins, tók saman, auk fleiri erinda sem ég tel að erindi eigi í umræðuna. Ef við förum fyrst í afnotagjöldin eins og þau eru núna er um að ræða öruggan tekjustofn sem veitir útvarpinu hvað mest sjálfstæði. Gallarnir eru innheimtan, hún er kostnaðarsöm og innheimtuaðgerðir umdeildar. Í samanburði sem gerður hefur verið á afnotagjöldum milli landa kemur í ljós að afnotagjöld eru langhæst á Íslandi. Þau eru t.d. helmingi lægri í Bretlandi og eru mun lægri annars staðar á Norðurlöndunum. Afnotagjöld eru viðhöfð í 30–40 löndum í hinum vestræna heimi eða svo var þegar þetta var tekið saman fyrir tveimur árum. Innheimtuhlutfall afnotagjalda hér á landi er með því hæsta sem þekkist eða 92% en afnotagjöldin koma illa við tekjuminnstu heimilin. Fjöldi einstaklinga sem greiddi afnotagjöld fyrir tveimur árum var um 85 þúsund og tæplega 3.700 fyrirtæki.

Ef við víkjum aðeins að nefskattinum, sem er sú leið sem ríkisstjórnin ætlar að fara, er gert ráð fyrir 14.580 þús. kr. í nefskatt á mann og undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þar er um að ræða börn innan 16 ára aldurs og þá sem eru 70 ára og eldri.

Ef sama regla er viðhöfð og á að gera varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra og varðar þá sem eru undanþegnir skattinum, þá eru þeir sem eru með tekjur undir 79 þús. kr., að vísu var það fyrir áramót, nú er það sennilega komið nálægt 90 þús kr. núna 1. janúar, undanþegnir nefskattinum.

Miðað er við 16 ára aldur og ef ákveðið væri að nefskatturinn tæki mið af 18 ára aldri í stað 16 ára aldri þyrfti að hækka gjaldið, sem nú er ákveðið 14.580, um sirka 2.000 krónur.

En ljóst er, virðulegi forseti, að nefskattur er greinilega hvað óvinsælastur meðal almennings ef marka má þá könnun sem ég vitnaði til áðan. Kostirnir sem teflt er fram eru þeir að nefskatturinn sé skilvirkari en afnotagjaldið og innheimtukostnaður miklu minni en af afnotagjöldunum.

En gallarnir eru þeir, virðulegi forseti, og þeir eru alvarlegir, að skatturinn dregur verulega úr sjálfstæði stofnunarinnar og er háður geðþóttaákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Engin ákvæði eru um að hann hækki, t.d. árlega í samræmi við verðlagsbreytingar. Skatturinn kemur mjög misjafnt niður á heimilum og fjölskyldum þar sem t.d. margir unglingar eru, 16 ára og eldri. Þær fjölskyldur koma illa út úr skattinum. Ég get nefnt að ef þetta eru 15 þús. kr. hjá fjögurra manna fjölskyldu, þá erum við að tala um 60 þús. kr.

Það sem er athyglisvert, virðulegi forseti, og ég er ekki viss um að allir hafi gert sér grein fyrir, að þeir sem hafa mestar tekjurnar í landinu, þeir sem eingöngu lifa af fjármagnstekjum, sem voru um 2.200 manns samkvæmt álagningunni í ágúst á síðasta ári, og lifa í vellystingum bara af fjármagnstekjunum borga ekki krónu í nefskatt. Sem sagt, þeir ríkustu í þjóðfélaginu sem hafa fjármagnstekjur sér til framfærslu sleppa við að greiða þennan nefskatt. (**Gripið fram í:** Alveg?) Alveg, þeir sem hafa bara fjármagnstekjur.

En ef fólk er með yfir 90 þús. á mánuði, lágtekjufólk, þá þurfa einstaklingar að borga 14.580 kr. Lágtekjufólk með þrjá eða fjóra í heimili með um 250–300 þús. kr. þarf að borga 60 þús. kr. í afnotagjöld.

Ég spyr, virðulegi forseti, er þetta sanngjarnt? Er það sanngjarnt að þeir sem hafa miklar fjármagnstekjur sér til framfærslu sleppi við að greiða þennan nefskatt?

Nú er það svo, virðulegi forseti, að ... (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þingmaður? (**Gripið fram í:** Þá er þetta ekki nefskattur.) Þá er þetta nefnilega ekki nefskattur. Þarna hitti hv. þingmaður naglann á höfuðið, þetta er alls ekki nefskattur. Þetta er ekki nefskattur fyrir þá ríku.

En það er nefnilega nokkuð óljóst í frumvarpinu, virðulegi forseti, hvernig á að framkvæma þetta. Vegna þess að þegar við vorum að fjalla um málið í fyrra, eða á árinu 2005 var það, fyrst þegar þetta kom fram, voru ekki fyrirhugaðar neinar jöfnunaraðgerðir varðandi fjölmenn heimili annað en þær undanþágur sem kveðið er um þá sem eru undanþegnir gjaldinu í Framkvæmdasjóð aldraðra, þ.e. þá sem eru undir skattleysismörkum. Ekki voru þá fyrirhugaðar neinar jöfnunaraðgerðir. Eitthvað hefur nú tosað hæstv. fjármálaráðherra áleiðis í að minnsta kosti að fara að hugleiða hvort ástæða sé til að hafa jöfnunaraðgerðir gagnvart því óréttlæti þegar um er að ræða fjölskyldu þar sem í eru þrír, fjórir eða fimm, þar sem nefskattur getur orðið mjög

þungur, því aðeins er vitnað í jöfnunaraðgerðir í frumvarpinu.

Í frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Eðlilegt er að fjárhæð nefskattsins verði endurskoðuð þegar nær dregur því að breyting á tekjustofnum Ríkisútvarpsins ohf. kemur til framkvæmda. Almennt mætti þó miða við að haga skattlagningunni þannig að hvert þriggja manna heimili yrði nokkurn veginn jafnsett eftir sem áður, sem mundi þýða að gjaldið lækkaði fyrir fámennari heimili, en hækkaði fyrir heimili þar sem fullorðnir einstaklingar 16 ára og eldri væru 4 eða fleiri. Væntanlega næði gjaldið ekki til námsmanna sem væru 16 ára og eldri þar sem almennt má gera ráð fyrir að þeir falli undir þau tekjumörk sem ákvæðið tekur mið af, sbr. lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra."

Fyrst er til að segja að það er bara ekkert vitað um það sem er staðhæft hér að gjaldið taki almennt ekki til námsmanna sem eru 16 ára og eldri. Sumir vinna sér inn drjúgar tekjur á sumrin og gætu auðveldlega farið upp fyrir þessi 90 þús. kr. tekjumörk. Það gæti því vel verið að þetta gjald mundi líka falla á fátæka námsmenn, þó það falli ekki á þessa ríku sem lifa bara af fjármagnstekjunum.

Af því að gefið er undir fótinn með að einhvers konar jöfnunaraðgerðir kæmu hugsanlega fram gagnvart barnmörgum fjölskyldum, þá er þetta bara skilið eftir í lausu lofti. Þingið á að samþykkja fjármögnun sem við vitum ekki hvernig verður framkvæmd í reynd. Ég spyr því: Á að afgreiða þessar jöfnunaraðgerðir, virðulegi forseti, með reglugerð í höndum ráðherra án þess að þingið hafi nokkuð um það að segja hvernig þær jöfnunaraðgerðir yrðu framkvæmdar?

Mér finnst það ekki eðlilegt, virðulegi forseti. Mér finnst ekki eðlilegt að það sé gert á þann hátt. Fróðlegt væri að heyra það í umræðunni hjá þeim sem sátu fundinn í menntamálanefnd hvort þetta hafi verið rætt á þann hátt og hvort málið sé þannig vaxið að ráðherra geti með reglugerð án afskipta þingsins gripið til einhvers konar jöfnunaraðgerða.

Að minnsta kosti er þetta allt mjög óljóst í ákvæði 11. gr. eða því sem um hana er sagt. Ef maður reynir að nálgast þetta eitthvað betur í umsögn fjármálaráðuneytisins er maður litlu nær um hvað þetta muni þýða.

Því er ástæða til, virðulegi forseti, að setja mikla fyrirvara við umrædda leið sem á að vera einn helsti tekjustofn RÚV og gera athugasemdir við að málið skuli skilið eftir með þessum hætti og ekki hafi verið farið betur yfir kosti og galla annarra leiða en nefskattsleiðarinnar.

Í skýrslu Þorsteins Þorsteinssonar sem ég vitnaði til áðan er fasteignaleiðin sú leið sem helst er mælt með. Ég hef skoðað hana nokkuð og án þess að ég hafi mótað mér skoðun á að hún sé endilega besta leiðin, þá er hún fýsilegur kostur til að skoða að minnsta kosti. Því að skattinn væri hægt að hafa miklu lægri. Hann mundi leggjast á fleiri og hægt væri að láta hann ná til fleiri lögaðila en með þeirri leið sem hér á að fara. Til að ná sömu fjárhæð og á að fá fram með nefskattinum hefði að mínu viti verið nægjanlegt að hafa gjaldið 10–11 þús. kr. í staðinn fyrir 14.580 kr. á hvert nef — nema fjármagnseigendur.

Með nefskattsleiðinni greiða lögaðilar um 300 milljónir, eða var fyrir tveimur árum, af áformuðum 2,3 milljörðum kr. Mér finnst ekki réttlátt að lögaðilar greiði svona lítinn hluta af fjármögnun RÚV eða aðeins 300 milljónir af 2,3 milljörðum sem var fyrir tveimur árum sem sennilega er orðið nær 3 milljörðum kr. Hægt hefði verið að ná fram meira jafnræði og lægra gjaldi með því að skoða fasteignaleiðina.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar. Ég hafði aðallega áhuga á að fara inn á starfsmannamálin eins og ég hef gert, stjórnskipulagið og síðan fjármögnunina sem fyrirhuguð er og benda á þá vankanta sem eru á þeirri leið sem ráðherra hefur valið, sem er leið ójafnræðis. Ég er alveg sannfærð um að þegar fólk áttar sig á hvað þetta þýðir, þegar þetta kemur til framkvæmda þá muni margir verða til þess að mótmæla þeirri nefskattsleið sem á að fara, sérstaklega af því að hún mismunar mjög fólki og þeir sleppa sem mestar hafa tekjurnar.

Virðulegi forseti. Engan þarf að undra þó hér hafi orðið ítarlegar umræður um þetta stóra mál sem skiptir þjóðina miklu máli. Ég spái því að ef stjórnarflokkarnir halda áfram að loknum næstu kosningum, sem ég sannarlega vona að verði ekki, þá erum við að hrinda í framkvæmd máli sem er alveg örugglega skref í átt til þess að Ríkisútvarpið verður fyrr en síðar einkavætt.

Virðulegi forseti. Komumst við í stjórnarandstöðunni til valda er alveg öruggt að snúið verður af þeirri braut sem stjórnarflokkarnir eru að leiða þjóðina inn á í því mikilvæga málefni sem er Ríkisútvarpið, útvarp allra landsmanna.

[22:40]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Nú er þannig ástatt að klukkuna vantar átján mínútur í ellefu. Það þætti ekki margt á skemmtistöðunum fyrir utan hjá okkur, það er fimmtudagskvöld. Þetta er fjórða kvöldið sem við, sem með einhverjum hætti erum bundin við þessa umræðu alla, erum hér að stússast. Ég inni forseta eftir því hvað hann hyggst fyrir með kvöldið, hvort hér á að vera að til klukkan tólf eða hvort á að vera að lengur. Í gær lauk fundi kl. hálftvö.

Eru einhverjar ráðagerðir af hálfu forseta hvernig þetta verður svo ég geti hringt í eiginkonu mína og sagt henni hvort ég kem heim í kvöld eða hvort það verður um miðja nótt eða hvernig það verður?

Tekin var upp fjölskylduvæn stefna einhvern tíma í tíð hins kjörna forseta. Ég hef ekki séð mikið af henni, ég er nú svo sem ekki að tala um mikið stærri fjölskyldu en þetta, og hef þó fjölskylduáhyggjur. Hvað ég á að segja konunni minni í símann á eftir, forseti sæll?

[22:42]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Í ljós hefur komið að þingmenn vilja ræða þetta mál ítarlega við 3. umr. og við forsetar þingsins höfum viljað gefa svigrúm til þess. En tíminn er takmarkaður. Ég get ekki sagt annað en að við höldum áfram fram eftir í kvöld og reikna með að við höldum áfram fundinum enn um sinn, að minnsta kosti til klukkan tólf, og jafnvel lengur ef þurfa þykir.

[22:43]

**Valdimar L. Friðriksson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég var með svipaðar vangaveltur og sá hv. þingmaður er kom upp áðan. Það er nú svo með okkur þingmenn eins og alla aðra að við viljum helst fá að vita sirka vinnutíma okkar. Þessi vika sem hefur verið uppnefnd svolítið, þ.e. að hér séu komin herlög, hefur verið svolítið sérstök og þá fyrst og fremst af því að ekkert annað er leyft að taka á dagskrá en frumvarp um Ríkisútvarpið ohf.

Hitt sem er líka mjög slæmt er að forseti gefur ekki upp hvenær þingfundum muni ljúka. Þingmenn vita því ekki hvenær vinnudegi lýkur. Ég verð að viðurkenna að ég hafði undirbúið þetta kvöld öðruvísi en eiga von á því að þurfa að flytja ræðu mína um miðnætti. Í því jafnrétti sem ríkir í dag þurfum við feðurnir líka að vera heima yfir börnunum. Þar sem frúin er að fljúga með Iceland Express fram eftir nóttu hafði ég hugsað mér akkúrat á þessum tíma að vera heima, herra forseti, við að svæfa yngsta fjölskyldumeðliminn en ekki að vera á Alþingi og svæfa hálfa íslensku þjóðina. Mig langar því að ítreka þá spurningu sem komið hefur upp: Hvenær er áætlað að þingfundi ljúki, herra forseti?

[22:45]

**Jóhann Ársælsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hæstv. forseti ekki kveða alveg skýrt að orði áðan um það hvenær fundi mundi ljúka. Mér fannst samt að meiningin í orðum hans væri sú að það skyldi haldið áfram til 12 og lengur ef þurfa þykir. Ég skil það þannig að þeim ræðumanni sem þá verður í ræðustól verði gefið færi á að ljúka máli sínu.

Það er dálítið mikilvægt fyrir mig að fá staðfestingu á þessum orðum forseta vegna þess að ég er á mælendaskránni og það eru tveir, þrír á undan mér (**JóhS:** Næsti ræðumaður talar í sex tíma.) og ég ætla að aka upp á Akranes í kvöld, eða í nótt eftir því hvernig fram vindur. Það er svo sem ekki löng leið og maður hefur oft ekið lengra, en því lengur sem dregst því illfærari verður maður um aksturinn. Í lögum landsins er t.d. atvinnubílstjórum bannað að haga sér eins og við gerum hér í hv. Alþingi, að aka aðframkomin af svefnleysi og þreytu langtímum saman.

Nú hef ég svo sem ekki miklar áhyggjur af þessu atriði en vil þó í alvöru segja að mér þætti ákaflega gott að fá staðfestingu forseta á því að ég hafi skilið orð hans rétt.

[22:47]

**Forseti (Jón Kristjánsson)**:

Forseti endurtekur að það er nauðsynlegt miðað við hvernig þessari umræðu hefur undið fram að gefa hv. þingmönnum tækifæri til að tjá sig og óhjákvæmilegt að taka í það nokkurn tíma. Við verðum að reikna með að halda hér áfram miðað við þann gang sem hefur verið í þessu í dag, halda áfram fram yfir kl. 12. Ég sé til um það leyti hvernig umræðunni vindur fram.

[22:48]

**Sigurjón Þórðarson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta mjög óljóst svar, fram yfir kl. 12. Hvað er það langt? Er það til kl. 1, 2, 3, 4, 5, 6 eða jafnvel enn lengur? Mér finnst að hæstv. forseti ætti að gefa skýrari svör og sérstaklega í ljósi þess að sá sem hér talar á að vera mættur á fund í fyrramálið til að ræða málefni Byrgisins sem eru fólki nú mjög ofarlega í huga. Það þarf að fara vel í gegnum það mál og menn þurfa að vera þokkalega undirbúnir og ekki vansvefta þegar farið verður í gegnum þá sósu Framsóknarflokksins sem virðist vera allsvakaleg. Það hefur komið í ljós að Framsóknarflokkurinn fékk í tíð þáverandi formanns flokksins Halldórs Ásgrímssonar í hendur skýrslu um málefni Byrgisins sem sýndi fram á að fjármálin væru algerlega í lamasessi. En hvað gerist? Það verður ekki Framsóknarflokknum til varnaðar í því máli, heldur heldur hann áfram að veita fé þangað.

Ég skora á hæstv. forseta að verða við því að gefa skýr svör um það hvert framhald þingsins verður hér í kvöld og nótt og jafnvel fram á morgun. Mér finnast þetta ekki boðleg svör.

Vissulega verður maður var við að það er að einhverju leyti orðið mikið kappsmál hjá Framsóknarflokknum að koma þessu máli í gegn, að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Samt sem áður — ég verð að vekja athygli hæstv. forseta á því — er það þvert á vilja almennra flokksmanna Framsóknarflokksins að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Þess vegna furðar maður sig á því að hæstv. forseti geti ekki slegið af hvað þetta varðar, heldur ætli að halda þinghaldi áfram inn í nóttina og mögulega eitthvað lengur.

Það var ekki að heyra á hæstv. forseta að hann ætlaði að gefa okkur skýr svör. Ég vonast þó til þess að hann verði við þessari eðlilegu kröfu, sérstaklega fyrir þingmenn sem koma langt að og þurfa að fara til baka, jafnvel upp á Akranes. Einnig finnst mér það eðlileg kurteisi gagnvart þeim er hér talar að veita mér upplýsingar um það hvort ég komist heim í nótt og geti þá verið þokkalega upplagður á þessum fundi í fyrramálið.

Mér sýnist af fréttum að dæma að ekki veiti af. Framsóknarflokkurinn virðist þarna kominn niður í (Forseti hringir.) enn eitt dýkið, herra forseti.

[22:51]

**Forseti (Jón Kristjánsson)**:

Ég vil geta þess að ætlunin er að halda hér fundi áfram. Það verður metið upp úr miðnættinu hvernig þessari umræðu hefur miðað fram en það er nauðsyn miðað við þann ræðutíma sem verið hefur. Það er ætlun forseta að þingmenn fái að tjá sig um þetta mál og þá er nauðsyn að nýta tímann sem allra best.

[22:52]

**Jóhann Ársælsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Klukkuna vantar núna 7 eða 8 mínútur í 11. Það þýðir að það er rúmur klukkutími þangað til klukkan verður 12. Mér finnst svolítið undarlegt að hæstv. forseti skuli telja að það verði mun auðveldara að meta framhaldið eftir þann klukkutíma sem þá verður liðinn.

Þannig hagar til hjá mér, eins og ég nefndi áðan, að ég er á mælendaskránni. Það eru þrír þingmenn á undan mér ef ekkert hefur breyst frá því að ég skoðaði mælendaskrána. Ég þarf að mæta á fund iðnaðarnefndar kl. hálfníu í fyrramálið. Mín leið fyrir Hvalfjörð er því tvöföld á þessu tímabili, frá því að ég get yfirgefið þennan fund hér.

Ég hef ekki lagt það í vana minn að vera ekki viðstaddur þegar að mér kemur á mælendaskrá og ætla ekki að taka upp þann sið. Þess vegna þykir mér ekki gott ef hæstv. forseti treystir sér ekki til þess fyrr en eftir klukkutíma að skera úr því fyrir mig hvort mér sé óhætt að yfirgefa þetta hús núna. Það styttir verulega þann hvíldartíma sem ég gæti annars átt fram undan.

[22:54]

**Sigurjón Þórðarson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég er svolítið hissa. Þegar menn stýra fundi er réttast að tala hreint út um hlutina og segja fundarmönnum hversu lengi fundur á að standa. Maður hefur vanist því að fundarstjórar reyni að hafa skýrar leikreglur hvað það varðar, sérstaklega þegar vitað er að fundarmenn sem ætla að taka þátt í umræðunni eiga að vera staddir annars staðar snemma daginn eftir.

Hér virðist allt annað ganga þegar Framsóknarflokkurinn á í hlut og er að ræða mál sem er andsnúið almennum flokksmönnum. Þá á að keyra þetta í gegn. Það er ekki einu sinni hægt að segja þeim sem koma að umræðunni hvað hún á að standa lengi.

Ég er alveg gáttaður á þessu. Þetta er ekki hæstv. forseta til sóma. Við eigum að vera mættir á fund kl. 8 í fyrramálið og hæstv. forseti getur ekki greint frá því hvað hann ætlar að láta þennan fund standa lengi. Ég er viss um að þeir sem fylgjast með þessu eru furðu lostnir yfir þessu leyndarmáli hæstv. forseti um hvað hann ætlar að hafa fundinn lengi.

Heldur hæstv. forseti að þetta greiði fyrir málinu? Hvílíkur barnaskapur ef svo er. Ég sé ekki að það geti greitt fyrir þingstörfum. Ég furða mig á þessu. Mér finnst þetta stórundarlegt.

Ég skora enn og aftur á hæstv. forseta að greina okkur frá því hvort við eigum að vera til kl. 1, 2, 3, 4, 5 eða jafnvel allar götur þangað til fundur hefst um Byrgismál Framsóknarflokksins. Það er athyglisvert ef það er markmiðið hjá fundarstjóra hér, hæstv. forseta, að halda þingmönnum hér við efnið alveg fram á þann tíma sem á að fara að ræða málefni Byrgisins og síðan tekur við umræða utan dagskrár um það mál.

Það mál þarf virkilega athygli við. Það hefur komið í ljós að formaður Framsóknarflokksins hefur leynt skýrslu fyrir fjárlaganefnd. Sá sem gerði skýrsluna, aðstoðarmaður hans, eða réttara sagt þáverandi félagsmálaráðherra, gerðist síðan formaður fjárlaganefndar og gerði ekkert með þessa skýrslu (Forseti hringir.) sem hann bjó til sjálfur. Maður er alveg gáttaður á þessu. Ég er líka gáttaður á hæstv. forseta.

(**Forseti** (JónK): Ég vil minna hv. þingmann á að tala um fundarstjórn forseta.)

Ég er að því, herra forseti.

Mér finnst svolítið sérstakt að þegar svona mikilvæg mál eru á dagskrá þingsins daginn eftir (Forseti hringir.) ætli forseti að halda hér (Forseti hringir.) mönnum við efnið inn í nóttina. (Forseti hringir.)

[22:57]

**Valdimar L. Friðriksson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mig langar að taka með öðrum þingmönnum undir þessar vangaveltur um lengd þingfundarins í kvöld. Ég hef nokkrar áhyggjur af sjálfum mér þar sem ég er næsti ræðumaður hér í kvöld og það eru fundir í fyrramálið, þar á meðal sá fundur sem menn hafa talað hér um varðandi Byrgismálið sem er afskaplega mikilvægt. Mun mikilvægara væri að taka það á dagskrá en þetta handónýta RÚV-frumvarp.

Það er eitt í því sambandi, herra forseti, sem mig langar að vekja athygli á sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom inn á áðan og hefur ekki verið í umræðunni, sú fullyrðing hennar að þeir einstaklingar á Íslandi sem einungis greiða fjármagnstekjuskatt muni ekki greiða nefskatt.

(**Forseti** (JónK): Ég minni á að tala um fundarstjórn forseta.)

Já, herra forseti, ég er að tala um galla í frumvarpinu — sem ég held a.m.k. að hljóti að vera galli, ég held að þetta hljóti að hafa verið hrein mistök. Ég trúi ekki að það hafi verið ákvörðun beggja stjórnarflokkanna að undanþiggja þá sem hafa einungis tekjur af fjármagni þessum svokallaða nefskatti. Eins og bent var á áðan heitir það varla nefskattur ef 2200 manns eru undanþegnir.

[22:59]

**Forseti (Jón Kristjánsson)**:

Ég vil minna enn og aftur á að mönnum ber að halda sig við fundarstjórn forseta en ekki efnislegar umræður um frumvarpið undir þessum lið. Áður en næsti hv. þingmaður tekur til máls vil ég endurtaka að það verður metið upp úr miðnættinu hvernig þessari umræðu miðar fram. Það er ekki gott að sjá það fyrir fram. Ræður hér eru mjög mislangar, frá hálftíma eins og hjá síðasta ræðumanni og upp í rúmlega 5 klukkutíma. Ég mun sjá til að það verði metið þegar líður að miðnætti eða eftir miðnætti.

[23:00]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í gær stóð fundur í þinginu fram á nótt, til kl. hálftvö, og kvöldfundir hafa verið hér alla vikuna. Nú í kvöld bárust okkur þau boð að nefndir skyldu koma saman klukkan átta í fyrramálið og strax að loknum nefndarfundum hefst þingfundur kl. hálfellefu þar sem fram fer utandagskrárumræða um Byrgið og síðan er ráðgert að halda áfram umræðu um Ríkisútvarpið.

Ég er á þeirri skoðun að við eigum heimtingu á að fá að vita hvaða áform eru uppi um lok á þessum fundi. Hæstv. forseti segir að þetta verði metið um miðnættið. Ég leyfi mér að halda því fram að óljóst og þokukennt mat án þess að menn séu reiðubúnir að gefa einhverjar skuldbindandi yfirlýsingar kunni að hafa áhrif á lengd ræðutíma. Ef menn vita að hverju þeir ganga skipuleggja þeir sig í samræmi við það. Ég minni á að með ágætu samkomulagi við þann hæstv. forseta sem nú stýrir fundi náðist ágæt niðurstaða fyrir tveim kvöldum. Það þurfti ekki annað til en ákveðnar yfirlýsingar af hálfu forseta þingsins, þær voru teknar til greina og höfðu áhrif í þá átt að ræðutíminn styttist, menn voru tilbúnir að svara sanngjörnum viðbrögðum forseta þingsins á þann hátt. Ég hvet til þess að við fáum ákveðna yfirlýsingu frá forseta núna um hvenær þingfundi lýkur og ég hef trú á því að það muni hafa góð áhrif á þennan þingfund.

[23:03]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það undrar mig mjög að heyra þau svör að hæstv. forseti ætli að velta því fyrir sér um miðnætti hvort fundi skuli fram haldið. Ástæðan fyrir því að það undrar mig er að af hálfu hæstv. forseta Sólveigar Pétursdóttur liggur fyrir yfirlýsing gagnvart formönnum þingflokka um að í þessari viku verði að sönnu kvöldfundir alla daga en engir næturfundir. Hæstv. forseti gæti t.d. kvatt til formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins sem hefur staðfest við mig að hún hafi haft þennan skilning á þeim ummælum hæstv. forseta Sólveigar Pétursdóttur sem féllu á hinum fyrsta fundi sem hún hélt í upphafi viku, þ.e. á mánudaginn, með okkur formönnum þingflokka. Ég tel að hér sé verið að svíkja yfirlýsingar sem forseti gaf formönnum þingflokka.

Við höfum í góðri trú fært þessi skilaboð þeim þingmönnum sem eru í okkar þingflokkum. Þeir hafa að sjálfsögðu sumir á mælendaskrá hagað ferðum sínum út frá því. Ef hæstv. forseti ætlar að halda þessu til streitu verð ég að mælast til þess að þá verði hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir sótt hingað í húsið. Það er þá rétt að hún sjálf gefi þinginu þá yfirlýsingu að orðum hennar sé ekki að treysta. Ef það er svo að þetta verði reyndin er það einföld niðurstaða hvers rökhugsandi manns að ekki sé hægt að byggja á yfirlýsingum hæstv. forseta Sólveigar Pétursdóttur. Ef það er grundvöllur samstarfsins millum þingmanna, þingflokka og forseta er ég ansi hræddur um að samstarfið verði giska erfitt þegar lengra vindur fram á veturinn. Það er ósk mín og krafa sem formanns þingflokks Samfylkingarinnar að hlé verði gert á fundi og hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir komi hingað til fundar við okkar. Það er hennar starf og til þess er hún kjörin, að stýra þinginu. Auðvitað er sjálfsagt að varaforsetar stýri fundum eftir föngum en ég minnist þess ekki að hafa séð hæstv. forseta Sólveigu Pétursdóttur hér á nokkru kvöldi í þessari viku. Aðrir menn hafa tekið vaktina fyrir hana.

Ég geri engar sérstakar athugasemdir við verkaskiptingu forseta. Hins vegar hlýtur það að vera hlutverk hins kjörna aðalforseta að vera til staðar á augnablikum sem þessum þegar segja má að upplausn ríki á Alþingi. Það er fullkomlega rökrétt og eðlilegt að við viljum fá hana hingað í salinn til að segja við okkur sjálf að orðum hennar sé ekki treystandi.

Ég vona að hæstv. forseti Jón Kristjánsson sem nú situr í forsetastóli ætli ekki að gera aðalforsetann að ómerkingi orða sinna.

[23:06]

**Forseti (Jón Kristjánsson)**:

Ósk hv. þingflokksformanns Samfylkingarinnar mun verða komið á framfæri við aðalforseta en hins vegar vil ég taka það fram að það er sá forseti sem hér situr nú sem stjórnar fundi.

[23:06]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég tel að þau svör sem gefin hafa verið um framhald funda séu því miður ekki nægilega góð til þess að við getum verið róleg, þingmenn, með það framhald. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki alveg hvaða þóttafulla hátterni það er af hálfu stjórnarliðsins og forsetans hins kjörna og þeirra forseta sem hér stjórna fundum að geta ekki gefið betri upplýsingar um hverju það varðar. Ég óttast því miður að þessi vanhöld á nákvæmni í orðum forseta geti orðið til þess að lengja fundinn í kvöld öllum heldur til ama, þeim sem hér þurfa að vera.

Á hinn bóginn er það þá svo að fundir skulu standa. Er þá ekki rétt, forseti, að eitt gangi yfir alla? Ég er framsögumaður nefndarálits minni hluta nefndarinnar en hef ég um nokkra hríð ekki séð framsögumann meiri hlutans sem er minn félagi í þessu. Ég sakna hans ákaft og tel að ef hér eru kvöldfundir megi ekki ræna hann þeirri skemmtun og ánægju að sitja þá. Ég veit ekki hvort honum er kunnugt um að fundur stendur enn en ég óska eftir því að honum verði gert viðvart um það og hann látinn vita af því að góður félagi hans, framsögumaður minni hluta menntamálanefndar, óski eftir nærveru hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar í salnum.

[23:08]

**Forseti (Jón Kristjánsson)**:

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson mun verða látinn vita af söknuði hv. 7. þm. Reykv. s.

[23:09]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég minni á að þegar við gerðum hlé á þingfundi í gærkvöldi var gerð athugasemd við það að formaður Framsóknarflokksins var ekki á svæðinu þótt ítrekað væri eftir því leitað. Sú krafa eða ósk lá í loftinu ef svo má heita að nærveru hans væri óskað í dag við umræðuna. Ég er ekki að fara fram á það að hann komi núna en vek athygli á því að engrar viðleitni hefur orðið vart af hans hálfu að svara þeim kröfum og óskum sem fram komu. Afstaða Framsóknarflokksins til Ríkisútvarpsins og svik flokksins við hugsjónir sínar, heitstrengingar og samþykktir á flokksþingum hafa verið talsvert til umræðu hér í þinginu og það hefði verið eðlilegt að formaður flokksins væri hér til að svara fyrir þau mál. Það má minna á að eitt af því sem fundið hefur verið að þessu lagafrumvarpi um Ríkisútvarpið snýr að samkeppnismálum og samkeppnisrétti en sá málaflokkur heyrir undir hæstv. viðskiptaráðherra sem er einn og sami maðurinn, formaður Framsóknarflokksins, hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson.

Ég vil aðeins vekja athygli á þessu við þetta tækifæri jafnframt því sem ég tek undir með formanni þingflokks Samfylkingarinnar, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að mér finnst eðlilegt að hlé verði gert á þessum fundi og okkur, formönnum þingflokka, gefið ráðrúm til að funda með forseta þingsins þannig að við getum borið saman bækur okkar um framhaldið. Ég tek undir þá kröfu sem hér hefur verið borin fram um að hlé verði gert á fundinum og við berum saman bækur okkar um framhaldið.

Ég minni á að fram undan er dagur þar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð efnir til flokksráðsfundar sem hefst síðdegis og við munum ekki sætta okkur við að þingfundur standi lengi fram eftir degi. Samkvæmt hefð og

venju er það virt hér í þinginu þegar stjórnmálaflokkar efna til slíkra funda. Ég minni á að sá fundur stendur einnig á laugardag en hæstv. forseti hafði í dag einhverjar yfirlýsingar uppi um þinghaldið á þessum tíma. Við viljum fá umræðu um það og niðurstöðu.

[23:12]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Mér er kunnugt um að það er ekki ætlunin að hafa kvöldfund í Alþingi á morgun.

[23:12]

**Hlynur Hallsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Nú er ég ekki mjög þingreyndur maður, því miður kynnu margir að segja, en þannig er að mér er tjáð af mér mun þingreyndari mönnum að aldrei séu tveir næturfundir í röð. Í gær stóð fundur langt fram yfir miðnætti. Hér voru ræðuhöld til kl. að verða eitt og þá var gert hlé á fundinum og mér skilst að hæstv. forsetar hafi ráðið ráðum sínum og velt fyrir sér hversu lengi ætti að halda áfram. Síðan varð klukkan langt gengin í tvö og þá var ákveðið að fresta fundi. Var það afar skynsamleg ákvörðun, herra forseti.

Þess vegna fer ég fram á það að nú verði gert hlé á fundi svo að þingmenn geti fengið réttmætan næturs vefn. Þó að vökulögin gildi ekki hér á þingi, að mér skilst, finnst mér algjörlega ástæðulaust að pína þá þingmenn sem þó nenna að vera hér — þar eru reyndar þingmenn stjórnarandstöðunnar í miklum meiri hluta, herra forseti — að vera hér langt fram í nóttina. (**Gripið fram í:** ... starfsmenn þingsins.) Auk þess bitnar þetta á starfsmönnum þingsins og þykir mér mjög miður að starfsmenn þingsins skuli þurfa að sætta sig við það að sitja hér og vinna kvöld eftir kvöld. Í dag er fimmtudagur, á mánudaginn var kvöldfundur sem stóð fram yfir miðnætti, á þriðjudag var kvöldfundur — allt heita þetta kvöldfundir þó að þeir standi fram undir og fram yfir miðnætti — og í kvöld tjáir hæstv. forseti okkur að ræðuhöld muni halda áfram og það verði síðan athugað um miðnætti hversu lengi eigi að halda áfram.

Herra forseti. Ég vona að við fáum skýrari svör um þetta.

[23:15]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Návist hæstv. forseta Jóns Kristjánssonar fer ekki fram hjá nokkrum manni í þessum sal. Í því ljósi er heldur merkileg sú fullyrðing sem fram kom hjá hæstv. forseta áðan að þótt hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir væri kjörin aðalforseti væri það þessi varaforseti sem stýrði fundi.

Það fer ekki fram hjá mér. Það þýðir hins vegar ekki að þótt forsetar hafi með sér ákveðna verkaskiptingu geti þeir hringlað eitthvað með þær yfirlýsingar sem hafa verið gefnar út fyrir hönd forseta gagnvart formönnum þingflokka. Það gengur ekki og er alveg út í hött að tiltekinn varaforseti taki það upp hjá sér að breyta ákvörðunum sem hafa gengið af munni hæstv. forseta Sólveigar Pétursdóttur. Annaðhvort er að marka það sem hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir segir eða það er ekki að marka það. Ef það er að marka það sem hún segir er alveg ljóst að fundi verður ekki haldið áfram eftir að kvöldi sleppir. Samkvæmt öllum venjulegum hefðum og skilgreiningum er það klukkan 12. Ef hins vegar ekkert er að marka sem hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir segir við formenn þingflokka er hugsanlegt að hér verði fundur inn í nóttina. Það mun hins vegar hafa þau áhrif að samstarf okkar þingflokksformanna við hæstv. forseta hlýtur að markast af því að þau orð sem hún lætur falla á formlegum fundum með þingflokksformönnum standast ekki. Það er giska erfitt að hugsa sér samstarf upp á þau býti, herra forseti, það sem eftir lifir þessa þings. Það er heldur slappur endir á ferli þess ágæta hæstv. forseta að það verði hin pólitíska grafskrift að stjórnarandstaðan hafi ekki getað treyst því sem hún segir. Þess vegna vil ég ekki taka það gilt með fullri virðingu fyrir þeim ágæta forseta sem nú situr á stóli fyrir aftan mig þegar hann segir að hann muni velta því fyrir sér hversu lengi fundi skuli fram haldið kl. 12. Hann er þar með að segja að það komi hugsanlega til mála að brjóta yfirlýsingar sem hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir gaf og þar með ómerkja þau, gera hana að ómerkingi, og veikja verulega grundvöllinn að samstarfi stjórnarandstöðunnar og þess hæstv. forseta.

Þess vegna segi ég: Það er ósk mín að hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir gangi þá sjálf til þings og rjúfi hugsanlega næturs vefn sinn eða eitthvað annað sem kemur í veg fyrir að hún sé hér í kvöld og segi þetta sjálf við mig og aðra þingmenn. Ég vil heyra hana segja að það sé ekki að marka sem hún sagði við okkur á mánudaginn.

[23:18]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Ég endurtek að það verður farið yfir málin um miðnættið.

[23:19]

**Hlynur Hallsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Við höfum eytt þó nokkrum tíma í að ræða fundarstjórn forseta, enda fáum við þau loðnu svör að hæstv. forseti muni fara yfir það um miðnætti hversu lengi eigi að halda áfram eða hvort það eigi að halda áfram inn í nóttina. Ég trúi því að hv. þm. Valdimar L. Friðriksson sem er næstur á mælendaskrá mundi mjög gjarnan vilja vita núna hversu lengi eigi að halda áfram í nótt. Sá hv. þingmaður talaði nefnilega ítarlega um málið í fyrri ræðu sinni og ég trúi því að ræða hans gæti vel lengst mjög ef svona loðin svör eru gefin. Þess vegna ítreka ég þá ósk mína, herra forseti, að við fáum að vita hvort við eigum von á því og getum þá gert ráðstafanir ef hér á að skella á næturfundi eða hvort það eigi að hætta um miðnætti sem ég mundi fallast á að væri ásættanlegt, þ.e. að hér yrði gert hlé á þingfundi klukkan 12 eða enn þá betra væri það reyndar 15 mínútum fyrir 12. Að vísu er maður búinn að missa af síðasta strætó kl. hálftólf en það verður bara að hafa það.

Herra forseti. Ég óska eindregið eftir því að við fáum skýrari svör en þau að málin verði athuguð kl. 12.

[23:21]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Ég endurtek þau svör sem ég hef þegar gefið, það verð-

ur farið yfir málin um miðnætti.

[23:21]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara minna á að hér var næturfundur í gær. Ég var í ræðustól til klukkan langt gengin í eitt í nótt sem leið þannig að hér stóð næturfundur. Samkvæmt öllum skilgreiningum er það næturfundur ef fundur fer fram yfir miðnætti. Miðað við það sem hér hefur fram komið, að ekki hefur verið talað um að hér yrðu næturfundir heldur kvöldfundir alla þessa viku, er þegar búið að rjúfa þá hefð með vissum hætti. Við gerðum ekki athugasemd við það í sjálfu sér, það varð ekki að umræðuefni í gær enda tókst samkomulag um að hætta um hálftvöleytið en það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að það væri enn frekara rof á öllum hefðum ef hér yrði fundað fram yfir miðnættið í nótt, þá væru hér næturfundir tvö kvöld í röð eða tvær nætur í röð.

Ég minni bara virðulegan forseta á það, ég veit að hann þekkir til aðstæðna því að hann var sjálfur á forsetastóli til skiptis við annan mann hér síðdegis í gær, gærkvöldi og inn í nóttina, bara að forseti hafi þetta í huga þegar hann talar um að meta hlutina um miðnætti. Ég tek því auðvitað þannig að forseti geri sér grein fyrir því að um miðnætti eða upp úr því hljóti fundum að ljúka í þessari lotu í ljósi þessa sem liggur fyrir, að hér var í raun og veru næturfundur í gær. Þar við bætist að nú hafa fleiri en ein þingnefnd boðað fund í fyrramálið. Það er utandagskrárumræða í upphafi fundar á morgun og allar aðstæður þannig að það ræðir ekkert um það að hér verði fundað langt inn í nóttina. Langbest væri að mínu mati að forseti kvæði upp úr um það að fundum lyki um eða upp úr miðnættinu og a.m.k. yrðu ekki fleiri menn teknir á mælendaskrá en sá sem hæfi mál sitt á eftir og gerði þá annaðhvort hlé á máli sínu eða lyki því í kringum miðnættið.

[23:23]

**Forseti (Jón Kristjánsson)**:

Ég endurtek það að við munum kanna það, það eru fleiri forsetar væntanlegir í hús og við munum kanna það hvernig málum miðar fram.

[23:24]

**Valdimar L. Friðriksson**:

Herra forseti. Við erum að ræða um frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. Ég átti í dag og í gær orðastað við nokkra stjórnarliða og sjálfan hæstv. menntamálaráðherra varðandi kjör og réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins og þá sérstaklega hvaða áhrif þessi tilvonandi lagasetning mundi hafa á starfsfólkið. Það kom mér svolítið á óvart, herra forseti, að stjórnarliðar og sjálf hæstv. menntamálaráðherra höfðu greinilega ekki skoðað málefni starfsmanna nægilega vel varðandi þetta frumvarp eða þannig virtist a.m.k. í fyrstu. Síðar þegar ég fór af meiri ákveðni í andsvör við formann menntamálanefndar, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, og síðan við sjálfa hæstv. menntamálaráðherra kom í raun og veru í ljós það sem mig grunaði, herra forseti, að báðum var fullljóst að þetta frumvarp mundi skerða réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins. Það er orðið nokkuð ljóst eftir þann orðastað sem ég átti við þá þingmenn að í þessu frumvarpi *er vísvitandi verið að skerða kjör og réttindi starfsmanna.*

Það hefur verið mjög erfitt, herra forseti, að ná þessari staðreynd fram frá formanni menntamálanefndar og frá hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, en það er alveg ljóst eftir þann orðastað sem ég hef átt við þau að vísvitandi er í þessu frumvarpi skertur þessi réttur. Hvernig komst ég að þessari niðurstöðu? Jú, ég spurði hæstv. menntamálaráðherra hvort hér yrði um skerðingu að ræða og hún svaraði því einfaldlega nokkurn veginn þannig varðandi réttindakjör starfsmanna að hún vildi ekki hafa önnur eða betri ákvæði um starfsmenn í þessu frumvarpi en í öðrum sambærilegum frumvörpum. Þá erum við, herra forseti, m.a. að tala um frumvarpið um Matís ohf. og það stendur hér á milli lína, þ.e. að ráðherra vill gera jafnilla í starfsmannamálum í þessu frumvarpi og öðrum sambærilegum frumvörpum.

Þetta finnst mér vera hrein og bein viðurkenning. Þar sem við vitum að það var mikil óvissa í ákvæðum varðandi starfsmenn í öðrum frumvörpum um ohf. eða hlutafélagavæðingu er það alveg skýrt að menntamálaráðherra hefur hér í dag viðurkennt það sem ég hef haldið fram í umræðunni og fór mjög ítarlega yfir í fyrri ræðu minni, að þetta frumvarp mun skerða réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins. Þetta er alveg skýrt hjá hæstv. menntamálaráðherra og *sjálfum finnst mér ákveðinn árangur að hafa náð* þessum ummælum fram eða ummælum sem fela í sér þessa meiningu alveg skýra. Ég vænti þess að aðrir þingmenn taki þar af leiðandi ákvæðið varðandi starfsfólkið alvarlega og að sjálfsögðu ætti að taka frumvarpið allt til baka og til endurskoðunar. Þar væri best að setja inn ákvæði sem hagsmunasamtök eða stéttarfélög starfsfólks Ríkisútvarpsins hafa lagt til, þau mundu þá taka af öll tvímæli um réttindi og skyldur starfsmanna. Þegar það er komið í ljós að bæði hv. formaður menntamálanefndar og sjálf hæstv. menntamálaráðherra vilja hafa þetta svona, vilja þessa skerðingu, veltir maður fyrir sér hvort allir stjórnarþingmenn séu því sammála. Ég efast um það og þess vegna átti ég þennan orðastað í andsvörum við fleiri þingmenn, þar á meðal hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur þar sem hún fullyrti að kjörin yrðu ekki skert en ég gat síðan sýnt fram á annað. Ég trúi því, herra forseti, að nokkuð margir stjórnarliðar hafi hreinlega ekki áttað sig á því eða hreinlega tekið trúanleg orð þeirra sem hafa hagrætt sannleikanum. Mér finnst mjög alvarlegt þegar um kjör og réttindi starfsfólks er að ræða.

Í umræðunni hafa þingmenn velt fyrir sér af hverju stöðugt sé verið að tala um lög um þessi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í gegnum tíðina hafa stéttarfélög opinberra starfsmanna oft og tíðum sett meiri þunga á að starfsfólk vinni sér inn ákveðin réttindi en að sækjast eftir einhverri ákveðinni krónutölu í taxtahækkunum. Það hefur verið þannig milli stéttarfélaga opinberra starfsmanna annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar að það er vitað að verið er að semja um launatengd kjör þegar samið er um þessi réttindi, þ.e. aukin orlofsréttindi, veikindaréttindi, orlofsréttindi í fæðingarorlofi og líka ákveðið áminningarferli, þ.e. að ekki er hægt að reka opinberan starfsmann fyrirvaralaust og án ástæðu eins og stundum gerist á hinum al-

menna vinnumarkaði. Má þar sem dæmi nefna Alcan í Straumsvík. Þetta eru ákveðin kjör, öryggisatriði í starfsumhverfi starfsmanna Ríkisútvarpsins sem þeir hafa talið sér til tekna. Það hefur verið reynt að snúa út úr þessu á þann veg að ekki sé hægt að segja fólki upp. Það er að sjálfsögðu undir yfirmanninum komið hvort það er gert og þá hvernig, þetta svokallaða áminningarferli sem margur stjórnarliðinn hefur verið að rægja. Það er ekki flóknara en svo að ef yfirmaður er ósáttur við starfsmann ber honum að áminna starfsmanninn og gefa honum andmælarétt. Oft leysa menn einfaldlega úr ágreiningi en áður en kemur að hreinni uppsögn þarf að vera búið að áminna starfsmanninn skriflega tvisvar enda ætti þá að vera nokkuð ljóst að uppsögn sé óumflýjanleg.

Víða hafa menn tekið upp reglugerð, svokallaða ILO 158 sem er sambærileg þessu áminningarferli hjá opinberum starfsmönnum en þessi samþykkt, ILO 158, sem týnist alltaf hjá ríkisstjórninni — ég er með fyrirspurn um hvar hún sé stödd akkúrat núna — kveður á um það að starfsmenn á almennum vinnumarkaði hafi meira starfsöryggi, að ekki sé hægt að segja þeim upp alveg fyrirvaralaust. Víða á hinum almenna vinnumarkaði er áhugi á að taka upp fyrirkomulag sem er í anda áminningarferlisins.

Ég hef tekið eftir því síðustu daga, herra forseti, að þeim hefur fjölgað sem hafa verið sammála mér um réttindi starfsfólks, að þau séu í gífurlegri óvissu verði þetta frumvarp samþykkt. Ég hef enn þá þá trú að menn hafa áhuga á að leiðrétta þann kafla, þ.e. ákvæði II til bráðabirgða, en mun samt halda áfram að reyna að sannfæra þá sem eftir eru. Í umræðunum hefur hv. formaður menntamálanefndar gert því skóna að við stjórnarandstöðuþingmenn séum einfaldlega í málþófi en ég held að þetta snúist meira um það að þetta frumvarp þolir í raun ekki mikla gagnrýni. Það er einmitt hlutverk okkar á hinu háa Alþingi, sérstaklega í stjórnarandstöðunni, að kryfja frumvörp til mergjar og það er einfaldlega það sem við höfum verið að gera. Það hefur sannast akkúrat með þetta frumvarp að það er orðið hálfgert barnabarn, þriðja frumvarpið í röðinni. Fyrst var það Ríkisútvarpið sf., síðan Ríkisútvarpið hf. og nú er þetta Ríkisútvarpið ohf.

Það kom fram í dag hjá hæstv. menntamálaráðherra að hún væri algerlega andvíg því að breyta frumvarpinu og hafa þetta Ríkisútvarpið sf. þannig að það er nokkuð ljóst að frá því að frumvarp um breytingar á Ríkisútvarpinu sem kom fyrst fram fyrir 3–4 árum hafa þingmenn og ráðherrar látið frumvarpið taka ýmsum breytingum sem segir mér að það er enn tími til að breyta. Eitt af því sem er þar eftir er sem sagt þessi kafli varðandi réttindi starfsmanna nema það sé algjörlega stefna beggja stjórnarflokkanna að rýra kjör opinberra starfsmanna, ná niður þeim réttindum sem opinberir starfsmenn hafa, ef það er algjörlega yfirlýst stefna sem maður fær á tilfinninguna að birtist í raun í þessu frumvarpi fer maður kannski að skilja þessa þrákelkni við að koma því í gegn og þrákelkni við það að hlýða ekki, hvorki á starfsmenn né samtök þeirra né heldur okkur þingmenn.

Ég mótmæli því harðlega að þótt ég hafi talað þó nokkurn tíma í fyrri ræðu minni sé þar um málþóf að ræða. Þetta snýst um gagnrýni og það er svo merkilegt að þegar menn eru í þessum þingsal að gagnrýna líður varla sá dagur að ekki komi upp eitthvað nýtt varðandi frumvarpið. Það síðasta kom í ræðu áðan hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þar sem hún benti á að í frumvarpinu eins og það stendur núna munu, verði ákvæðið um að taka upp nefskatt og afnema afnotagjöld samþykkt óbreytt, einfaldlega þeir einstaklingar sem einungis borga fjármagnstekjuskatt ekki borga nefskatt fyrir afnot af Ríkisútvarpinu, sjónvarpi. Það vefst fyrir mér að það hafi verið ætlunin hjá öllum stjórnarliðum að koma því þannig fyrir að þessir 2200 einstaklingar sem ekki greiða tekjuskatt heldur einungis fjármagnstekjuskatt sleppi algerlega við að greiða afnotagjöld af Ríkisútvarpinu. Mér finnst mjög sérstakt, herra forseti, ef það er ætlun allra stjórnarliða að svo verði þannig að ég trúi því að þarna séu einfaldlega mistök á ferð. Það er þannig með þetta blessaða frumvarp að því meira sem það er rætt því fleiri galla finna menn. Sumir gallarnir, eða það sem við köllum galla, eru vísvitandi settir inn af hæstv. menntamálaráðherra og þess vegna kemur alltaf upp þetta moldviðri annað slagið þegar menn gagnrýna frumvarpið af því að við erum ávallt að finna einhverja nýja galla eða ósanngjarna hluti sem í því felast.

Við höfum nokkrir þingmenn verið gagnrýndir fyrir að velta upp afskiptum útvarpsstjóra af þessu máli. Hvað mig varðar kom ég einungis inn á það, herra forseti, að útvarpsstjóri sagði sjálfur í viðtali við Viðskiptablaðið í desember 2005 að hann væri byrjaður að vinna eftir frumvarpinu. Þetta eru hans eigin orð. Hann sagði jafnframt að hann hefði ekki haft þolinmæði til að bíða eftir að frumvarpið yrði samþykkt þannig að útvarpsstjóri er byrjaður að ráða í stöður án þess að auglýsa þær fyrst. Þetta hefur hann sjálfur sagt og ég spurði hæstv. menntamálaráðherra í dag hvort ráðherrann væri samþykk þessum vinnubrögðum og ráðherrann svaraði því að sjálfsögðu í engu. Það er eins og með margt annað í þessari umræðu, herra forseti, við fáum ekki svör, þingmenn fá ekki svör. Oft er velt upp mörgum spurningum en þingmenn fá hreinlega ekki svör. En það hlýtur að vera mjög ámælisvert þegar útvarpsstjóri er byrjaður að vinna eftir frumvarpi sem Alþingi hefur ekki samþykkt og lítur ekki enn út fyrir að verði samþykkt. Hvernig í ósköpunum má það vera að starfsmaður stofnunar taki þannig í raun og veru fram fyrir hendurnar á Alþingi? Mönnum hefur orðið tíðrætt um það hér að framkvæmdarvaldið stjórni þinginu gjörsamlega. Menn hafa deilt um það við forseta og menn hafa deilt um það við formenn nefnda að þannig sé staðan en öllu verra er það nú ef menn úti í bæ eru farnir að stýra Alþingi líka og segja því hvernig það eigi að starfa. Samkvæmt þessu og að hans eigin sögn, útvarpsstjóra, er hann byrjaður að starfa eftir frumvarpinu, þ.e. hann réð þrjá starfsmenn fyrir rúmu ári án þess að auglýsa þær stöður sem honum vissulega bar að gera. Þá veltir maður líka fyrir sér, herra forseti, getur verið að útvarpsstjóri sé byrjaður að reka fólk án þess að áminna það? Spyr sá sem ekki veit.

Nú ætla ég að snúa mér að sjálfri ræðunni. Ég ætla að leyfa mér að taka það fram, herra forseti, að ég hafði hugsað mér að hafa fyrri ræðu mína til hliðsjónar í þeim tilgangi að minnka endurtekningar en því miður hafa verið svo miklar annir hjá þingriturum að ekki tókst að klára hana fyrir þennan fund í kvöld þannig að menn verða að virða

mér það til vorkunnar þótt ég eigi eftir að endurtaka mig ögn.

Af því að ég var að ræða um starfsfólk langar mig að fara aftur yfir yfirlýsingu sem ég fór yfir í morgun undir liðnum um störf þingsins. Sá tími sem ég hafði þá var svo knappur að mér tókst ekki að lesa upp þessa yfirlýsingu alla en ég held að hún skipti okkur mjög miklu máli til að varpa ljósi á staðreyndir málsins varðandi þá skerðingu sem þetta frumvarp veldur á réttindum og kjörum opinberra starfsmanna annars vegar og hins vegar varpar þessi yfirlýsing ljósi á afskipti útvarpsstjóra af málinu. Það er nauðsynlegt að yfirlýsingin sé lesin hér upp og bókfærð, sérstaklega þar sem hæstv. menntamálaráðherra hefur brugðist frekar ókvæða við því þegar ákveðnir þingmenn hafa kvartað undan afskiptum útvarpsstjóra sem virðast oft og tíðum hafa verið frekar pólitísk. Sú yfirlýsing sem ég er að ræða um, herra forseti, birtist í morgun á vefsíðum hagsmunasamtaka starfsmanna. Þessi yfirlýsing var samin í gær og er sem sagt yfirlýsing frá BHM og BSRB og ég ætla að lesa hana, með leyfi forseta:

„Í umræðum um frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið ohf. hefur ítrekað verið vísað til yfirlýsingar Páls Magnússonar útvarpsstjóra frá því í nóvember sl. þar sem hann lýsti því yfir að öll kjör starfsmanna RÚV muni haldast óbreytt. Eftir að BSRB og BHM höfðu skoðað þessa yfirlýsingu voru samtökin sammála um að hún bætti engu við það sem fram kemur í sjálfu frumvarpinu þrátt fyrir ítrekaðar óskir samtakanna um breytingar.

Í yfirlýsingunni segir Páll Magnússon orðrétt: „Gert er ráð fyrir að hið nýja félag yfirtaki allar skuldbindingar stofnunarinnar gagnvart starfsmönnum, — bæði skv. ráðningarsamningum og kjarasamningum.“ Innihald þessarar yfirlýsingar er í samræmi við aðilaskiptalögin og því væri verið að brjóta þau ef ekki væri farið að þessu.

Þá er ýmsum spurningum ósvarað, þar á meðal er með öllu óljóst hvað gerist þegar kjarasamningar renna út. Mun RÚV ohf. til að mynda vera reiðubúið til að semja á grundvelli fyrirliggjandi kjarasamninga við aðildarfélög innan BSRB og BHM sem hafa samningsrétt fyrir starfsmenn RÚV?

Einnig er óvíst hvernig samið verður við þá sem hefja störf eftir að lögin taka gildi en það er m.a. forsenda þess að nýráðnir geti farið í A-deild LSR að starfsmenn séu aðilar að þessum samtökum.

Þá segir Páll í yfirlýsingu sinni: „Réttindi starfsmanna haldast því óskert — verði frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. að lögum — þó eru „sólarlagsákvæði“ varðandi biðlaunaréttinn.“ Að mati BSRB og BHM stenst þessi fullyrðing ekki þar sem réttindi samkvæmt lögum, eins og t.d. lögum um réttindi og skyldur og stjórnsýslulögum, munu ekki gilda gagnvart starfsmönnum RÚV ohf. Áminningarskyldan, andmælaréttur og auglýsingaskylda munu því t.d. ekki gilda.

Þá er enn óvíst hvort hægt sé að treysta því að hið nýja félag samþykki aðild að LSR. Til að slíkt sé tryggt þarf að kveða skýrt á um það í frumvarpinu.

Ýmsum spurningum er því enn ósvarað um kjör og réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði frumvarpið um RÚV ohf. samþykkt óbreytt.

Um lífeyrisréttindi starfsmanna segir í yfirlýsingu Páls Magnússonar: „LSR hefur sömuleiðis staðfest áframhaldandi rétt starfsmanna RÚV til aðildar að A-deild sjóðsins — að fengnu samþykki vinnuveitanda — sem gert er ráð fyrir að hið nýja félag veiti, — verði frumvarpið að lögum.“

Það hefur alltaf legið fyrir að starfsmenn eigi rétt á aðild að LSR að fengnu samþykki atvinnurekanda en BSRB og BHM hafa viljað fá ákvæði þar um inn í frumvarpið svo rétturinn verði ekki háður samþykki stjórnar RÚV ohf.

Óvissan um rétt starfsmanna er því enn jafnmikil og hún var fyrir yfirlýsingu Páls Magnússonar.

Umsögn BSRB og BHM um frumvarpið er því enn í fullu gildi.“

Þannig hljóðaði þessi yfirlýsing, herra forseti, frá BHM og BSRB. Þessi yfirlýsing sem var skrifuð í gær og birt í morgun er algjörlega í anda þess sem ég hef haldið fram í ræðu minni og andsvörum. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það er dapurlegt að verða vitni að þessum afskiptum útvarpsstjóra. Mörgum hlýtur að finnast afskiptin vera á þá leið að útvarpsstjóri taki þátt í að slá ryki í augun á fólki. Hann kom með ákveðna yfirlýsingu um að allt yrði í fína lagi varðandi starfsfólkið. Síðan er búið að tæta þá yfirlýsingu gjörsamlega niður. Við höfum svo sem séð áður að menn hafa reynt ýmislegt. Eitt var sérstaklega athyglivert í umræðunni í dag, hversu mikinn hæstv. menntamálaráðherra fór varðandi biðlaunaréttinn, þetta sólarlagsákvæði mundi gilda einu og hálfu ári lengur í þessum nýju lögum en í lögum t.d. um Matís ohf. Það er alveg ótrúlegt að fullorðið fólk skuli láta setja inn einhver smáákvæði sem skipta afskaplega litlu máli til að geta sagt: Við gerðum breytingar og betrumbætur á frumvarpinu til handa starfsfólkinu. Þetta hafa menn séð í gegnum, það kemur fram í þessari yfirlýsingu og hefur komið fram í ræðum hjá mér.

Það er eitt, herra forseti, varðandi þau andsvör sem ég hef farið í við hv. þingmenn og hæstv. menntamálaráðherra. Ég er með eitt þeirra hérna sem mér finnst ástæða til að fara yfir en það er andsvar við ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar sem er hér í hlutverki hv. formanns menntamálanefndar þar sem ég spurði: Telur hann að réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins skerðist ekki ef þetta frumvarp, Ríkisútvarpið ohf., verður að lögum? Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson svaraði skýrt, ég les það hér orðrétt, með leyfi forseta:

„Til þess að svara spurningunni vil ég segja að ég tel að réttindi starfsmanna séu ekki skert með frumvarpinu ...“

Þetta leit vel út þegar þetta kom fyrst svona en þetta er bara hluti svarsins. Öll málsgreinin er svona, með leyfi forseta:

„Til þess að svara spurningunni vil ég segja að ég tel að réttindi starfsmanna séu ekki skert með frumvarpinu og ég tel að í því ...“ — þetta eru í raun og veru tvær setningar þannig að þarna er fyrst fullyrðing um að réttindin verði ekki skert. Sú fullyrðing er algjörlega röng, herra forseti, því að ég er búinn að benda á það lögfræðilega álit frá fleiri en einum einstaklingi þar sem skýrt kemur fram samkvæmt álitum lögfræðinga að ef þetta frumvarp verður samþykkt eru starfsmenn Ríkisútvarpsins ekki lengur opinberir starfsmenn. Þar af leiðandi geta lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ekki gilt lengur um starfsfólkið sem þýð-

ir að sjálfsögðu skerðingu. Þetta er því alls ekki rétt. Seinni hluti svarsins hjá hv. formanni menntamálanefndar er á þessa leið: — „... og ég tel að í því sé þeim ríkisstarfsmönnum sem starfa á Ríkisútvarpinu tryggð þau sömu réttindi og ríkisstarfsmönnum hjá öðrum stofnunum sem breytt hefur verið í hlutafélag hafa verið tryggð. Starfsmenn Ríkisútvarpsins fá því hin sömu réttindi og aðrir ríkisstarfsmenn.“

Já, þetta er svolítið mótsagnakennt. Fyrst kemur alveg skýr fullyrðing um að kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins ohf. verði ekki skert. Það kemur alveg skýrt fram. Síðan kemur fram að þeir muni fá sömu réttindi og aðrir starfsmenn sem hafa lent í þessari breytingu. Þetta er alveg tvennt aðskilið. Þetta er alls ekki sami hluturinn. Þeir sem hafa lent í þessari breytingu hafa lent í því að réttindi og kjör hafa verið skert þannig að ég verð að segja eins og er að þetta er alveg með ólíkindum. Annaðhvort veit þingmaðurinn ekki betur eða þá að hann hefur verið að reyna að rugla fólk þarna í ríminu. Fyrsti hluti svarsins er hrein ósannindi um að kjörin verði ekki skert. Það er alveg skýrt að þau verða það. En svona er þetta.

Ég held að aðalmálið sé það, eins og ég sagði í upphafi, að þeir sem stýra því að þetta frumvarp er keyrt svona í gegn vita nákvæmlega að þetta mun skerða réttindi og kjör opinberra starfsmanna. Það hlýtur þá að þýða jafnframt að sú sé ætlunin. Ég tel mig eftir þessi andsvör sem öll eru bókuð, herra forseti, vera búinn að sýna fram á það að meiri hlutinn ætlar sér að skerða kjörin og það er stóra ástæðan fyrir þessu lagafrumvarpi. Margt af því sem hefur verið nefnt hér að sé aðalatriðið felst í þessum svokallaða þjónustusamningi eða drögum að þjónustusamningi en það veit hver sem vill að að sjálfsögðu hefði verið hægt að gera þennan þjónustusamning fyrir einhverju síðan og það er alls ekki þannig að ekki sé hægt að gera samninginn án þess að þetta frumvarp verði fyrst samþykkt. Þessi samningur sem er hnýttur þarna aftan í þegar frumvarpið kemur fram í þriðja sinn undir nafninu ohf. er eingöngu beita til þess að fá viðbrögð. Að sjálfsögðu hafa fengist viðbrögð því að í þessum þjónustusamningi er m.a. talað um að stórefla innlenda dagskrárgerð og að sjálfsögðu rísa þá upp hagsmunahópar sem fagna því. Til þess er einmitt leikurinn gerður. Þetta er, herra forseti, algjört sjónarspil. Þennan þjónustusamning hefði átt að vera búið að gera eða svipaðan fyrir löngu en hann er hengdur þarna aftan í einungis til þess að fá ákveðna hópa til að fagna honum og lýsa yfir ánægju o.s.frv. til þess að setja þrýsting á okkur þingmenn til að samþykkja frumvarpið, þ.e. við erum farin að heyra úti í bæ að ef við samþykkjum ekki frumvarpið séum við að koma í veg fyrir stóraukna innlenda dagskrárgerð. Þetta eru náttúrlega svívirðileg vinnubrögð, að tengja þetta svona saman og fá þannig höggstað á þeim þingmönnum sem eru ósáttir við frumvarpið, fá höggstað á þeim með því að hnýta þennan samning aftan í, samning sem að vísu er ekki enn þá neitt nema drög.

Í þessari umræðu, herra forseti, hefur verið vikið að starfsháttum Alþingis og þingmenn hafa sakað framkvæmdarvaldið um að ráðskast með þingið og ráðskast jafnvel með þingforseta. Ég skal láta ógert að dæma um það en þingmenn hafa ásakað framkvæmdarvaldið um að koma fram með frumvörp sem eru unnin af starfsfólki ráðuneyta, leggja þau fram til 1. umr. og síðan vísað til nefnda sem hreinlega sé ekki ætlast til þess að geri neinar breytingar.

Það hefur verið þrasað um það í þessari umræðu hvort þetta sé rétt eða rangt. En sá grunur hefur læðst að fleirum en mér að þetta sé alls ekki ætlað og má kannski segja að það sé samt alveg ótrúlegt og þó.

Hér hafa menn aðallega hælt menntamálanefnd fyrir það hve marga gesti hún hefur kallað á fundi, ég held að það hafi verið um 150 gestir, og að haldnir hafi verið svo og svo margir fundir. Þetta er enn eitt sjónarspilið, herra forseti, sem er Alþingi virkilega til vansa að vera stöðugt að telja upp fjölda gesta. Það hefur engan tilgang að kalla gesti fyrir menntamálanefnd ef ekki er hlustað á þá eða farið eftir áherslum þeirra.

Í því ágæta jólafríi sem okkur er skaffað samkvæmt gömlum hefðum og venjum nýtti ég tímann og fór yfir umsagnirnar sem fylgja þessu frumvarpi. Þær eru allflestar neikvæðar í garð frumvarpsins. Það er mjög einkennilegt að kerfið skuli í raun vera orðið þannig á Alþingi að einn eða tveir starfsmenn í ráðuneyti, með fullri virðingu fyrir þeim, semji eitthvert frumvarp og ráðherrar leggi síðan blessun yfir það. Svo er það lagt fyrir ríkisstjórnarfund og það þarf enginn að segja mér að á örstuttum fundum þar nái menn að kryfja það gjörsamlega í gegn. Þar er samþykkt að leggja það fram og síðan kemur það fyrir þingið. 1. umr. er stutt. Að vísu eiga nokkrir þingmenn það til, sem sumir hverjir hafa röntgenaugu eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að kryfja frumvarpið til mergjar strax á einni nóttu. Því miður er enn einn gallinn við störf þingsins, herra forseti, að oft eru frumvörp lögð fram tæpum sólarhring áður en þau eru tekin til umræðu. Okkur er greinilega ætlað að lesa frumvörpin á næturnar rétt eins og okkur er ætlað að halda ræður okkar hér og nú á næturnar.

Um tíma hélt ég að það væru nýliðabrek hjá mér að halda að hlutirnir gengju virkilega svona fyrir sig. En í grein sem birtist í Fréttablaðinu og er skrifuð af varaþingmanni Framsóknarflokksins sem tekið hefur sæti á þingi, koma alveg skýrt fram áhyggjur hennar af starfsháttum Alþingis.

Þá veltir maður fyrir sér hvort þetta tíðkist hjá báðum núverandi stjórnarflokkum. Maður veltir því fyrir sér hvenær þetta starfsfyrirkomulag hafi verið tekið upp, þ.e. að múlbinda nefndirnar. En tilfinningin, miðað við síðustu daga í umræðunni, herra forseti, varðandi þetta frumvarp er sú að það sé í rauninni tvíeyki sem stýrir því, þ.e. ráðherra og útvarpsstjóri, og síðan sé formaður menntamálanefndar eins og þriðja hjólið. Að vísu tek ég, eins og flestir aðrir, undir það að formaðurinn hefur verið afskaplega viljugur til að taka málið aftur í nefnd og halda marga fundi og til að boða og hlusta á marga gesti, burt séð frá því hversu mikið er eftir því farið.

Ég tel rétt áður en lengra er haldið, og af því komið hefur upp gagnrýni á þingstörfin tengd þessu frumvarpi, að fara yfir þessa grein varaþingmanns Framsóknarflokksins sem að mínu viti varpar ljósi á það hvernig framsóknarmenn upplifa þingstörfin. Þetta rennir stoðum undir vangaveltur mínar um að það sé í raun og veru ekki allt með

felldu, að það séu í rauninni ekki alþingismenn sem ráði eða fái nokkru ráðið um frumvörp.

Þessi grein er eftir Eygló Harðardóttur, varaþingmann Framsóknarflokksins, og hún er að velta fyrir sér þrískiptingu valdsins. Hún segir orðrétt í Fréttablaðinu 12. janúar 2007, með leyfi forseta:

„Einn af grundvöllum vestræns lýðræðis er þrískipting valdsins í framkvæmdar-, dóms- og löggjafarvald. Á Íslandi hefur dómsvaldið áþreifanlega sýnt sjálfstæði sitt með dómum sem hafa ekki fallið sérstaklega í kramið hjá hinum kjörnu fulltrúum." — Þ.e. þá hjá Framsóknarflokknum. — „En er hægt að greina á milli löggjafar- og framkvæmdarvaldsins hér á landi?

Síðastliðinn vetur tók ég um tíma sæti á Alþingi sem varaþingmaður og starfaði mikið í nefndum þingsins. Það sem kom mér mest á óvart var hversu lítið löggjafarstarf fór í raun fram í nefndunum." — Herra forseti. Ég ætla að fá að lesa þessa setningu aftur: — „Það sem kom mér mest á óvart var hversu lítið löggjafarstarf fór í raun fram í nefndunum. Lagafrumvörp voru lögð fram af ráðuneytunum og fylgdu starfsmenn viðkomandi ráðuneyta þeim úr hlaði og virtust oft hafa lítinn áhuga á að heyra skoðanir hinna kjörnu fulltrúa."

Þetta er afskaplega merkileg grein, herra forseti, sem Eygló Harðardóttir, varaþingmaður Framsóknarflokksins, ritar í Fréttablaðið 12. janúar síðastliðinn. Hún rennir stoðum undir það sem við höfum verið að segja í þessari umræðu, að nefndarstörf skipti afskaplega litlu máli og að hinn almenni þingmaður, löggjafarvaldið, fái í raun og veru engu ráðið. Það er svolítið merkilegt að fá að heyra sjónarmið stjórnarliða.

Síðan segir Eygló:

„Þeir sem enginn kaus. Jarðtenging starfsmanna ráðuneytanna við hinn almenna borgara virtist einnig stundum vera lítil. Má nefna sem dæmi að í einu tilfelli tók ég eftir ákvæði í lagafrumvarpi þess efnis að öll fyrirtæki í landinu ættu að birta ákveðinn texta á vefsíðu sinni. [...] Þannig virðist vald Alþingis að miklu leyti hafa færst yfir til ráðherranna og í framhaldi af því til starfsmanna ráðuneytanna, sem enginn kaus."

Þetta segir varaþingmaður Framsóknarflokksins í grein í Fréttablaðinu. Það er rétt að taka fram að þessi varaþingmaður er í framboði og hyggst starfa áfram á þingi.

Það er eitt sem rennir kannski stoðum undir það sem stendur þarna síðast, og þingmenn hafa tekið glöggt eftir, en það er að hér hefur eiginlega verið 64. þingmaðurinn á meðan umræðan um frumvarpið hefur verið í gangi. Starfsmaður úr ráðuneytinu hefur staðið hér í dyragættinni, herra forseti, og fylgst nákvæmlega með öllum umræðunum og reynt að tryggja það að ráðherra hafi ávallt svör á reiðum höndum um ágæti frumvarpsins þegar að við þingmenn höfum verið að koma með ábendingar, fyrirspurnir o.s.frv. Á tímabili átti ég hreinlega von á því að þessi ágæti starfsmaður menntamálaráðuneytisins tæki sér sæti inni á þingi.

Áfram segir Eygló í þessari grein:

„Í flestum lýðræðisríkjum er lögð mikil áhersla á þrískiptingu valdsins. Þannig eru ráðherrar í Bandaríkjunum ekki þingmenn og í Svíþjóð er það svo að ef þingmenn eru útnefndir ráðherrar þurfa þeir að víkja sæti á þingi á meðan þeir gegna ráðherradómi. Enda er það svo að í þessum ríkjum er staða þingforseta raunveruleg valdastaða, ólíkt því sem gerist hér á landi."

Þetta eru þung orð, herra forseti, að hér sitji hæstv. forseti gjörsamlega valdalaus og fái engu ráðið um störf þingsins, um framvindu mála, framvindu umræðna o.s.frv.

Að lokum segir Eygló Harðardóttir, varaþingmaður Framsóknarflokksins í grein sinni, með leyfi forseta:

„Það er nauðsynlegt lýðræðinu á Íslandi að tekin verði skref sem tryggi skýra aðgreiningu löggjafar- og framkvæmdarvalds. Setning laga á að vera í höndum kjörinna fulltrúa, en ekki nafnlausra embættismanna á kontórum uppi í ráðuneyti. Ráðherrar eiga að framkvæma vilja Alþingis. Ekki öfugt."

Mér finnst þetta vera stórmerkileg grein, herra forseti, og tímamótagrein sem eigi afskaplega vel við í umræðunni um þetta frumvarp, Ríkisútvarpið ohf.

Ég tel rétt að ítreka enn og aftur að það er stjórnarliði sem hér talaði og rennir þessi grein hennar stoðum undir þær vangaveltur sem margur þingmaðurinn hefur haft um framvindu þessa frumvarps. Að vald nefndarinnar sé í raun og veru ekki neitt og vald hins almenna þingmanns sé í rauninni ekki neitt. Þetta er allt saman ákveðið af menntamálaráðherra með aðstoð starfsmanns í ráðuneyti og ég ætla að leyfa mér að bæta því við að síðan er formaður menntamálanefndar svona eins og þriðja hjólið.

Eitt af því sem mönnum hefur orðið tíðrætt um í þessari umræðu er tilraun ákveðinna stjórnarliða til að fá Alþingi til að samþykkja sölu á Ríkisútvarpinu. Ég tel óþarfi, herra forseti, að tönnlast sérstaklega á því hvaða þingmenn úr stjórnarliðinu það eru. Eitt af því sem vakti strax athygli manns þegar maður fór að líta yfir þetta frumvarp sem kom, að ég held, fyrst fram á 130. löggjafarþingi, þ.e. árið 2003, var að þá kom fram alveg skýr vilji að selja Ríkisútvarpið. Þá voru þrír þingmenn flutningsmenn þess og þar á meðal Sigurður Kári Kristjánsson sem er í dag formaður menntamálanefndar.

Frumvarp þetta sætti nokkurri ádeilu og það er svolítið sérstakt að tveimur árum seinna, á 132. löggjafarþingi, kom frumvarpið aftur fram en þá hafði flutningsmönnum fækkað um einn, þ.e. formaður menntamálanefndar hefur séð ástæðu til, eða verið skipað svo fyrir, að draga sig af frumvarpinu. Eftir sem áður er það alveg ljóst að þetta frumvarp var lagt hér fram og sýnir vilja nýrra þingmanna Sjálfstæðisflokksins varðandi Ríkisútvarpið.

Það er svolítið sérstakt að heyra svo í umræðunni að formaður menntamálanefndar og sérstaklega hæstv. menntamálaráðherra hafa reynt að bera algjörlega til baka þann vilja stórs hluta Sjálfstæðisflokksins að einkavæða Ríkisútvarpið. Í þeim tilfellum hefur hæstv. menntamálaráðherra einungis getað gripið til þess að það komi hvergi fram í stefnuyfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins að það standi til að selja Ríkisútvarpið. Það hefur nú ýmislegt verið gert, herra forseti, sem ekki kemur fram í stefnuyfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna í ræðu hæstv. menntamálaráðherra frá 17. október síðastliðnum en þar segir hún m.a., með leyfi forseta:

„Ég ætla að fara yfir nokkur atriði sem hæst hefur borið

í umræðunni, m.a. þá lensku stjórnarandstöðunnar að telja frumvarpið vera undanfara sölu. Það er sama hve oft því er mótmælt úr þessum ræðustól, hversu oft það er fullyrt af flutningsmanni frumvarpsins og helstu talsmönnum stjórnarflokkanna. Það er ekki hlustað þegar kemur að þessu atriði, frekar farið í að sá frækjum tortryggni og efast um það sem sagt er. Ég spyr: Í stefnu hvaða stjórnmálaflokks er gert ráð fyrir að selja Ríkisútvarpið? Það kemur hvergi fram. Ekki í stefnu Sjálfstæðisflokksins og ekki í stefnu Framsóknarflokksins."

Ég held að það hafi margoft komið fram í umræðunni, herra forseti, að það kemur heldur ekki fram í stefnu Framsóknarflokksins að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið en af hverju ættu menn að taka það sem eitthvert boðorð eða lög að það standi ekki í stefnu Sjálfstæðisflokksins að til standi að selja Ríkisútvarpið? Vilji ákveðinna þingmanna er alveg skýr og væntanlega einungis það að Framsóknarflokkurinn hafi líkast til staðið í vegi fyrir því að það yrði gengið svo langt að þessu sinni. En menn hafa fært rök fyrir því, m.a. löglærðir menn eins og Ástráður Haraldsson, að þetta sé í raun og veru með þessu frumvarpi, Ríkisútvarpið ohf., þá er einkavæðing byrjuð.

Ég held að það sé rétt af því að ég er kominn inn á þessa braut að líta aðeins á athugasemdir hæstaréttarlögmanns Ástráðs Haraldssonar varðandi einkavæðingu þar sem hann fullyrðir að þetta frumvarp sé í raun og veru upphaf að einkavæðingu, einkavæðingin sé byrjuð. Það er mjög merkilegt að menn skuli ekki geta verið sammála en eftir því sem Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður segir þá er það nokkuð ljóst að fyrsta stig einkavæðingar er í raun búið ef þetta frumvarp er samþykkt. Það er mjög sérstakt að meiri hlutinn skuli telja að bara með því að þrasa í hvert skipti sem einhver kemur með réttmætar ábendingar þá sé hægt að þrasa þær hreinlega út af borðinu, að „þetta er bara ekki rétt" o.s.frv. Það er margbúið að sýna fram á að þetta frumvarp er að sjálfsögðu upphafið að sölu, hvað sem hæstv. menntamálaráðherra segir enda eru hennar einu rök þau að þetta sé ekki í stefnu Sjálfstæðisflokksins. En ef allar ætlanir Sjálfstæðisflokksins væru skráðar í stefnuna þá hef ég grun um að hún yrði ansi skrautleg og löng þannig að það er því miður ekki hægt að taka mark á því.

Við skulum þá snúa okkur aftur, herra forseti, að frumvarpinu sjálfu. Ég vakti athygli á því fyrr í kvöld sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vakti máls á í ræðu sinni og er þingmaðurinn þekkt fyrir það að fátt fari fram hjá henni. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fullyrti að miðað við kafla nr. 4 í frumvarpinu um tekjustofna þá gildi nefskatturinn ekki fyrir þá einstaklinga á Íslandi sem einungis hafa tekjur af fjármagnstekjum, greiða einungis skatt af fjármagnstekjum. Ég gerði athugasemd áðan við hæstv. forseta og vonast eftir því að einhver svör fáist við því hvort þetta sé virkilega réttur skilningur því að ég efast um að meiri hluti (Gripið fram í.) þingmanna hafi áhuga á því að samþykkja hér frumvarp sem þýðir að í staðinn fyrir afnotagjaldið sé tekinn nefskattur og einungis af þeim sem greiða tekjuskatt en þeim sem eru taldir til hálaunamanna og ná því að greiða einungis fjármagnstekjuskatt, sem eru rúmlega 2.000 manns, að þeir muni ekki þurfa að greiða nefskattinn. Varla er nefskattur nefskattur ef hann er ekki á öll nef.

Ég minntist á áðan að það hafa komið fram tillögur frá Bandalagi háskólamanna og BSRB um það hvað í raun og veru vanti inn í frumvarpið til þess að tryggja að réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins verði ekki skert verði þetta frumvarp að lögum. Þetta eru sáraeinfaldar tillögur og þetta er í raun og veru hliðstætt því sem gerðist um áramótin varðandi Flugstoðir ohf. þegar ákveðnir starfsmenn vildu ekki ráða sig til félagsins eftir að það yrði hlutafélag á þeim forsendum að þeim dygðu ekki orðin ein varðandi kjör. Menn hafa því reynslu af því að slík mál fari í deilur og deilur hlaupi í hnút o.s.frv. og ættu þess vegna að hafa varann á.

Herra forseti. Það hefur ekki komið fram áður í umræðunni hvaða breytingar á frumvarpinu hagsmunasamtök starfsmanna Ríkisútvarpsins telja að mundu duga til þess að eyða þeirri óvissu sem starfsmenn eru í. Þetta eru ekki stórvægilegar breytingar, herra forseti, og í raun og veru alveg með ólíkindum að slíkar breytingartillögur skyldu ekki hafa komist að hjá menntamálanefnd, að menntamálanefnd skyldi ekki hafa séð ástæðu til þess að bæta þeim inn í frumvarpið. Það getur aðeins verið ein ástæða fyrir því, herra forseti, það er eins og ég hef margoft haldið fram, að annar megintilgangur þessa frumvarps eða við skulum segja þriðji, — við skulum reikna með að einn tilgangurinn sé að nútímavæða það — að þriðji megintilgangur frumvarpsins sé að kippa úr sambandi lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Það er sú niðurstaða sem ég hef komist að að vel athuguðu máli. Því hefur í raun og veru enginn mótmælt og maður hefur jafnvel heyrt í mönnum hér á göngunum að það sé gert vísvitandi.

Það er enn þá tími til stefnu, herra forseti, að menn taki sér tak og geri þær breytingar á frumvarpinu sem eru taldar nauðsynlegar til þess að draga úr þessari óvissu starfsmanna og það ættu allir þingmenn að gera sér fyllilega grein fyrir að það er mjög óþægilegt fyrir fólk að hafa ekki á hreinu hver kjör þeirra verða, hvort til skerðingar komi eða ekki, sérstaklega í þessu þjóðfélagi þar sem menn eru með skuldir langt fram í tímann og mega hreinlega ekki við því að kjör þeirra breytist. Þar fyrir utan erum við að tala hér um þó nokkuð stóran hóp starfsmanna Ríkisútvarpsins og flestir þeirra eru fyrirvinnur þannig að þetta skiptir stóran hóp í þjóðfélaginu gífurlega miklu máli.

Til að ekkert fari á milli mála, herra forseti, og af því að ég hef ekki tekið þetta fram hér áður þá sé ég ástæðu til að fara nákvæmlega yfir þessar tillögur, breytingartillögur hagsmunasamtaka starfsmanna Ríkisútvarpsins við frumvarpið til þess að þingheimur, vilji hann hafa einhver áhrif, vilji löggjafarsamkundan hafa einhver áhrif, átti sig á því hvað þarf í raun og veru að breyta litlu til þess að lægja öldurnar. Þetta er bréf frá BHM og BSRB og undir það skrifa Svanhildur Halldórsdóttir og Halldóra Friðjónsdóttir.

Hér segir varðandi frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, með leyfi forseta:

„Tillögur menntamálaráðherra um rekstrarformsbreytingu RÚV yfir í hlutafélag hefur í för með sér grundvallarbreytingar á réttindum starfsmanna og ýmis réttindi munu jafnframt glatast verði frumvarpið samþykkt. Samtökin hafa lagt höfuðáherslu á það í umsögn frá 16. febrúar 2006 að réttindi starfsmanna verði tryggð í frumvarpinu. Að mati

samtakanna er eina leiðin til að tryggja óbreytt réttindi starfsmanna að frumvarpið verði ekki að lögum og þess vegna gera samtökin það að sinni megintillögu að horfið verði frá lögfestingu þess. Fari hins vegar svo að menntamálanefnd afgreiði frumvarpið frá sér til 3. umr. telja samtökin mjög brýna nauðsyn bera til þess að á því verði gerðar breytingar til að tryggja með skýrum hætti réttarstöðu starfsmanna við gildistöku laganna. Eins og frumvarpið liggur nú fyrir skapast mikil réttaróvissa um réttarstöðu starfsmanna RÚV við gildistöku laganna."

Þetta er akkúrat það, herra forseti, sem ég hef haldið fram í umræðunni. Það er mjög einkennilegt að hæstv. menntamálaráðherra sjái ástæðu til að leggja fram frumvarp sem er að stórum hluta til þess ætlað að skerða kjör starfsfólks og m.a. með því, eins og hér segir og ég hef haldið fram, að kippa úr sambandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna. Ef þingmeirihlutinn telur að þessi lög séu svo slæm að ekki sé hægt að reka Ríkisútvarpið með þau þá á þingheimur að sjálfsögðu að taka lögin sjálf sérstaklega fyrir og endurskoða þau og gera þá beint breytingar á þeim en ekki að fara svona bakdyramegin og kippa þeim úr sambandi. Það má kannski segja að margur hefði ekki tekið eftir því ef þessi hagsmunasamtök hefðu ekki bent á þetta, og ákveðnir þingmenn, því það kom alveg greinilega fram þegar ég var hér í andsvörum t.d. við unga framsóknarþingmenn að þeir gerðu sér á engan hátt grein fyrir því að þetta frumvarp mundi þýða það að lög um réttindi og skyldur starfsmanna mundu í raun falla úr gildi þar sem það gildir um opinbera starfsmenn en starfsmenn RÚV ohf. geti ekki í raun áfram talist opinberir starfsmenn, sem þýðir skerðingu á réttindum, skerðingu á kjörum.

Mér er það nokkuð ljóst að ungu framsóknarþingmönnunum var svolítið brugðið þegar við ræddum þessi mál hér í gær og ég held að það sé ákveðin vísbending um að þessir ungu þingmenn sem hafa ekki látið sjá sig hér í dag hafa væntanlega ekki lagt í að taka frekar þátt í umræðunni. Ég held innst inni, herra, forseti, að margur framsóknarþingmaðurinn hafi hreinlega verið plataður með þessu frumvarpi. Að sjálfsögðu er ekki hægt að ætlast til þess að þingmenn geti lesið allt það sem hér er lagt fram og brotið það til mergjar. En þegar svoleiðis er á það að sjálfsögðu að gerast í nefndarstörfum og að sjálfsögðu á það gerast í samræðum við þá sem hafa þekkingu á málinu, nefnilega gesti sem koma á fundi nefndarinnar. En það virðist ekki hafa gerst og ég er nokkuð viss um að framsóknarþingmenn hafa fyrst í gær áttað sig á því að þeir væru að stuðla að kjaraskerðingu starfsmanna Ríkisútvarpsins. Þeir þurfa því að gera það upp við sig, ef þetta frumvarp verður tekið til afgreiðslu, hvort þeir ætli að styðja það og þar af leiðandi að styðja þessa kjaraskerðingu.

Þetta sem ég las upp hér áðan, herra forseti, er ingangur að þessum breytingartillögum eða tillögum að breytingartillögum. Í frumvarpinu eru nokkur ákvæði til bráðabirgða og ákvæði II er um réttindi starfsmanna. Það segir nú afskaplega lítið þar í þessum tólf línum, herra forseti, og er það eflaust með vilja gert. En það sem þær stöllur hjá BHM og BSRB leggja til að verði nýtt ákvæði til bráðabirgða hljómar þannig, með leyfi forseta:

„RÚV ohf. tekur við gildistöku laganna yfir skyldur vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum Ríkisútvarpsins að öllu leyti og þannig halda þeir óbreyttum réttindum samkvæmt lögum, kjarasamningum og ráðningarsamningum. Starfskjör, réttindi og ávinnsla réttinda halda áfram hjá hlutafélaginu eins og um samfellda ráðningu hjá sama vinnuveitanda sé að ræða.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem njóta biðlaunaréttar samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 34. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, missa ekki rétt til biðlauna við gildistöku laga þessara þó svo að þeir afþakki boð um um starf hjá RÚV ohf. Eftir gildistöku laga þessara skal starfsmönnum sem rétt eiga til biðlauna veittur umþóttunartími í þrjá mánuði til að taka afstöðu til þess hvort þeir taki boði um starf hjá RÚV ohf. eða neyti biðlaunaréttar síns, og miðast biðlaunaréttur þeirra þá við lok þriggja mánaða tímabilsins ef viðkomandi kýs að halda ekki áfram störfum.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eiga rétt til áframhaldandi aðildar að þeim sjóði sem og allir starfsmenn sem ráðnir verða til RÚV ohf. Starfsmenn RÚV ohf eiga rétt á því að vera félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem lögum samkvæmt eiga rétt á því að gera kjarasamning við RÚV ohf. enda hafi hlutaðeigandi stéttarfélag gert kjarasamning fyrir þá við Ríkisútvarpið eða fjármálaráðherra fyrir þess hönd."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti.

Ég hefði haldið að það ætti ekki að flækjast fyrir meiri hlutanum á Alþingi að bæta þessum setningum inn. Þessar setningar eru settar til þess að skýra ákvæði til bráðabirgða um réttindi starfsfólks og eru í sjálfu sér töluvert í anda þess sem hv. formaður menntamálanefndar og útvarpsstjóri og eflaust einhverjir fleiri hafa sagt. En orðin duga ekki. Þetta verður að vera staðfest á blaði og það eru samtök starfsmanna að biðja um. Hún er alveg með ólíkindum sú þrákelkni að geta ekki sett þessi atriði inn í frumvarpið, þessi bráðabirgðaákvæði, til að eyða óvissu um réttindi og kjör starfsmanna eftir breytingu. Þegar þingheimur sér hvað lítið hér er verið að biðja um og áttar sig á að margur þingmaðurinn hélt í raun að frumvarpinu væri ætlað að taka á þessu máli þá er mér það algjörlega óskiljanlegt af hverju menn taka þá ekki þessar setningar inn.

Nei, menn ætla frekar að standa í deilum eins og menn lentu í með Flugstoð ohf. þar sem flugumferðarstjórar neituðu að trúa bara orðum tilvonandi yfirmanna. Það er nefnilega þannig, herra forseti, eins og hefur nú ögn verið drepið hér á og væntanlega þá af hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að þjóðin hefur reynslu, þ.e. þegar ríkisstofnun eða ríkisstofnanir eru færðar yfir í opinbert hlutafélag, af þeirri tregðu og óvissu sem skapast í kjölfarið þegar á að fara að ganga frá kjörum starfsfólks. Starfsfólk hefur sagt í aðdraganda slíkra breytinga og núna jafnvel mörgum mánuðum og árum eftir slíkar breytingar að það sé enn þá í óvissu. Það hefur komið fram hér í umræðunni og sjálfsagt er að ítreka það, herra forseti, að eins og hjá Matís ohf. þá hefur reyndin verið sú að starfsmenn eru nánast eltir uppi af yfirmönnum og reynt að fá þá til að skrifa undir ráðningarsamninga en þegar vel er að gáð af þeim sem eru vanir að vinna við slíka hluti þá eru verulegir gallar í þeim samningum sem bitna á kjörum og réttindum starfsmanna. Það skal bara sagt hér hreint út,

herra forseti, að til dæmis Starfsmannafélag ríkisstofnana hefur verið að reyna að semja fyrir hönd sinna starfsmanna hjá Matís ohf. og hafa verið dregnir á asnaeyrunum svo mánuðum skiptir. Þeirra reynsla er einfaldlega sú að áhugi yfirmanna Matís ohf. á því að gera ráðningarsamninga við starfsmenn í samvinnu við stéttarfélögin, eins og var lofað í orði, er alls ekki fyrir hendi. Sá vilji er alls ekki fyrir hendi. Enn og aftur, herra forseti, rennir þetta stoðum undir það sem ég hef minnst á hér í kvöld, að stór hluti af ástæðunni fyrir hlutafélagavæðingu ríkisstofnana, þrátt fyrir að það sé sett svona í fallegan búning og skreytt með þjónustusamningum og öðru, er sá að reyna að ná niður réttindum og kjörum starfsmanna. Það hefur lengi verið ljóst að Sjálfstæðisflokknum er mjög í nöp við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þeir telja að þetta trufli framgang, vöxt, nútímavæðingu o.s.frv. og að ekkert sé hægt að gera. En þetta er allt meira og minna fyrirsláttur.

Væri þetta hins vegar allt satt, væru þessi lög svona mikið til trafala þá á að sjálfsögðu, herra forseti, að ganga hreint til verks og leggja til breytingar á lögunum sjálfum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna en ekki að fara svona bakdyraleið eins og verið er að gera með hlutafélagavæðingunni og þar á meðal þessu frumvarpi.

Herra forseti. Ég hef farið yfir breytingartillögur hagsmunasamtaka starfsmanna og ég er nokkuð viss um að ef þingheimur allur hlustaði og læsi þetta jafnvel vel yfir þá fyndist meiri hlutanum nú ekkert tiltökumál að kippa þessu inn. En þrákelkni menntamálaráðherra er svo mikil að ekki má hrófla við frumvarpinu. Það má varla anda á það. Ég slæ á það þegar menn eru tala um allar þessar breytingar þó að það hafi verið kannski einhverjar svona smávægilegar breytingar sem þeir hafa fundið. Þetta er nú allt sem starfsfólkið er að biðja um. Það er sett saman hér. Það er gert til þess að eyða óvissu. En taktík meiri hlutans og hæstv. menntamálaráðherra er nú einu sinni sú að þreyta fólk til hlýðni. Það hefur tíðkast lengi. Þetta eru mjög ósanngjörn vinnubrögð og ótrúlegt í nútímaþjóðfélagi að menn skuli enn þá haga sér svona. Ég held að þingheimur og almenningur hafi nú áttað sig á því í umræðunni hér síðustu daga að það er nánast alveg sama hvaða rök og hversu góð rök þingmenn koma með og hversu margir aðrir styðja þau, jafnvel þá löglærðir aðilar og fleiri en einn og fleiri en tveir, að það er allt slegið út af borðinu sem bara málþóf og svona bara eitthvert kjaftæði. Því miður er það nú þannig.

Þetta var um breytingartillögur BHM og BSRB. Þær hafa ekki hlotið náð fyrir augum menntamálanefndar sem er að öllu leyti óskiljanlegt. En ekki er öll von úti enn, herra forseti. Það getur nú enn gerst að menn sjái að sér og taki málið aftur til nefndar og geri á því breytingar til þess að eyða þeirri óvissu sem skapast hefur og mun verða verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Ég vil jafnframt ítreka ábendingu Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í kvöld varðandi nefskattinn. Ég tel að það ætti að skoða sérstaklega. Það er sérstakt við þetta frumvarp að það leiðir af sér ákveðna réttaróvissu og menn hafa fært rök fyrir því að lögin mundu líklega kalla kærur yfir Ríkisútvarpið ohf. Eins og hæstaréttarlögmaðurinn Ástráður Haraldsson komst að orði þá verður Ríkisútvarpið eftir samþykkt frumvarpsins vopnlaust gegn kærum er varða samkeppnismál. Ég held að þetta viti þingmeirihlutinn þótt hann vilji ekki vita það og taka mark á því.

Stór hluti af því sem ég hef verið að segja, herra forseti, er að hugsunin bak við hlutafélagavæðinguna snýst í raun gegn starfsfólki. Hlutafélagið er valið til að ná niður kjörum og réttindum starfsfólks. Það hefur að margra mati sýnt sig, m.a. þegar frumvarp varð að lögum um Matís ohf. — Ég tel rétt, herra forseti, að menn átti sig á því að við erum að tala um Matís ohf. en ekki Matvís, sem er stéttarfélag í þjónustu- og veitingageiranum. Menn hafa svolítið ruglað þessu saman. En við erum að tala hér um Matís ohf. — Með því frumvarpi voru sameinaðar stofnanir, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir á Keldnaholti og Rannsóknarstofa Umhverfisstofnunar. Á þeim tíma mótmæltu stéttarfélög fyrir hönd starfsfólks þessum áformum. Á þau mótmæli var ekki hlustað þá fremur en núna. Í sjálfu sér var réttindum starfsmanna vísvitandi stefnt í voða. Þegar grannt er skoðað var í því tilfelli eina breytingin fólgin í skerðingu á réttindum og kjörum. Það er ekki hægt að sjá að neinar aðrar breytingar hafi verið gerðar. Slík skerðing er væntanlega krossferð frjálshyggjumanna, sem margur þeirra hefur viðurkennt.

Menn mega að sjálfsögðu hafa sínar skoðanir en þeir verða þá að vera menn til að bera ábyrgð á þeim og viðurkenna að lagafrumvörpin séu fyrst og fremst lögð fram af því að þeir séu mótfallnir stéttarfélögum og áhrifum þeirra og þeir telji sig geta höggvið skörð í stéttarfélögin með slíkri lagasetningu, eins og frumvarpi um Ríkisútvarpið. Góður og gegn lögfræðingur í vinnumarkaðsmálum, Lára V. Júlíusdóttir, hefur m.a. varað við því sérstaklega að verði þetta frumvarp að lögum þá muni tvö félög starfsmanna Ríkisútvarpsins leysast upp, þ.e. Félag fréttamanna og Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins. Þrátt fyrir þetta sér meiri hlutinn enga ástæðu til að gera neinar breytingar á frumvarpinu. Ég held að innst inni, herra forseti, sé markmiðið m.a. að fækka hreinlega stéttarfélögum og minnka völd þeirra sem áfram lifa. Það eru náttúrlega mjög slæm markmið sem helst gætir hjá hægri sinnuðum frjálshyggjumönnum sem sjá ekkert markvert annað en gróða.

Menn hafa bent á það í umræðunni að mönnum finnist sem Framsóknarflokkurinn hafi verið dreginn inn í þessa vitleysu. Hluti af þessu frumvarpi er náttúrlega ekki annað en vitleysa. En ef þetta er tilgangurinn, að skerða réttindi og kjör starfsmanna og ná niður áhrifum stéttarfélaga, þá mun meiri hlutinn ná því markmiði verði frumvarpið samþykkt.

Á sínum tíma, varðandi Matís ohf., var varað við því af stéttarfélögum að það sem kæmi fyrst og fremst kæmi til með að breytast með því frumvarpi væru réttindi starfsmanna. Réttindi starfsmanna eru betur tryggð hjá ríkinu en á almenna vinnumarkaðnum. Það skal alveg viðurkennt. Það vita allir. Hvaða réttindi erum við að tala um? Þar er um að ræða lífeyrisréttindi, veikindarétt, slysa- og örorkubætur og síðan það sem ég hef minnst á áður, áminningarskyldu, andmælarétt varðandi uppsagnir, orlofsmál, persónu- og orlofsuppbót o.s.frv.

Það er ljóst að ríkisvaldið vill ná þessum réttindum niður. Ég ætla rétt að vona að þeir vilji ekki algjörlega afnema þau, að með þessu frumvarpi muni réttindi starfsmannanna skerðast. Þessi réttindi hafa áunnist hjá starfsmönnum á

mjög löngum tíma og væru náttúrlega ekki fyrir hendi nema að um þau hefði verið samið. Sá sem samdi um þessi réttindi við starfsmenn var að sjálfsögðu fjármálaráðherra. Þetta virkar svolítið eins og menn hafi allt í einu, einhverjum áratugum seinna, dauðséð eftir því sem þeir gerðu. Heyrið, hvað höfum við gert félagar? Við höfum bara samið af okkur. Þetta er svo íþyngjandi og gengur ekki. Það er ekki hægt að nútímavæða eða gera eitt eða neitt af því að réttindi starfsmanna flækjast fyrir. Ef svo er, hvað voru þá forsvarsmenn fjármálaráðuneytisins að hugsa þegar samið var um þau réttindi? Hvað voru alþingismenn að hugsa þegar þeir samþykktu lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?

Þegar frumvarpið um Matís ohf. lá fyrir var varað við því að áunnin samningsbundin réttindi starfsmanna mundu skerðast. Einna verst í því máli, herra forseti, er að þegar kjarasamningar eru gerðir milli fjármálaráðuneytisins og stéttarfélaga opinberra starfsmanna hafa þessi félög og félagsmenn þeirra oft á tíðum frekar samþykkt bætt réttindi en ákveðna krónutöluhækkun á laun. Það er m.a. ástæðan fyrir því að það er ákveðinn launamunur á milli starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði annars vegar og hinum opinbera vinnumarkaði hins vegar.

Ég hef fært rök að því að verði þetta frumvarp að lögum þá verði rist á kvið kjarasamninga sem hafa verið gerðir fyrir starfsmenn Ríkisútvarpsins síðustu áratugi. Stjórnvöld koma allt í einu, áratugum seinna, og segja: Við sömdum einfaldlega of vel og viljum nú nota tækifærið, dulbúa einhvern skerðingarpakka og rista þessi réttindi og kjör starfsmannanna á kvið og skerða þau. Ég er hræddur um, herra forseti, að ekki muni margir launþegar á Íslandi gera sig ánægða með slíkt. En þetta stendur til, þ.e. nánast að taka upp kjarasamninga síðustu áratuga og skerða þá. Starfsmannalögin svokölluðu, nr. 70/1996, mundu þannig skert sérstaklega.

Alveg eins og í þessari umræðu bentu menn á það í umræðunni um Matís ohf. að vinnubrögðum væri mjög áfátt, herra forseti. Hagsmunafélögin höfðu þó nokkra reynslu af hlutafélagavæðingu og viðurkenndu fúslega fyrir hönd starfsmanna sinna að þau teldu þá þróun ekki góðan kost fyrir starfsmennina eða allt samfélagið. Að vísu hefur síðar komið í ljós að vinnubrögðin við hlutafélagavæðinguna, eftir að menn hafa klárað lagafrumvörpin, eru mjög mismunandi. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að í þessu frumvarpi sé skýrt kveðið á um starfsmenn, sérstaklega með þeim breytingartillögum frá hagsmunasamtökum starfsmanna sem ég fór yfir áðan. Til að koma í veg fyrir óvissu þarf að koma á blað og inn í frumvarpið hvað menn ætla sér. Það dugir ekki að koma með orðin tóm, allra síst eftir að ég las fyrr í morgun við upphaf þingfundar yfirlýsingu frá BHM og BSRB. Samtökin tæta þar í sig yfirlýsingu sem útvarpsstjóri gaf starfsfólkinu til að reyna að róa það. Sú yfirlýsing er því miður einskis verð. Svo hneykslast hæstv. menntamálaráðherra á því að þingmenn skuli voga sér að gera athugasemdir við orð útvarpsstjóra.

Talandi um það, herra forseti, þá verður maður að sjálfsögðu líka að velta upp þætti útvarpsstjóra í ferlinu öllu. Hæstv. menntamálaráðherra sagði það skýrt hér í dag að útvarpsstjóri ætti að fá að hafa skoðanir á frumvarpinu og fá að tjá sig. Það er að sjálfsögðu afskaplega óþægilegt fyrir hinn almenna þingmann sem er kjörinn til að setja lög, það er afskaplega neikvætt fyrir kjörna þingmenn að hafa hangandi yfir sér í fjölmiðlum yfirlýsingar frá útvarpsstjóra, sem á síðan að vinna eftir þessum lögum, um að hann sé óþolinmóður og að það trufli starfsmenn að frumvarpið skuli ekki samþykkt strax.

Hér hafa menn málfrelsi og tillögurétt og bera ábyrgð, a.m.k. á því að öll sjónarmið komi skýrt fram við lagasetningu, og enda þótt meiri hlutinn ráði síðan endanlegu útliti, höfum rétt til þess að kynna okkur málið, afla gagna, rökræða það og koma með ábendingar. Örugglega hafa oftar en einu sinni komið ábendingar frá hinum almenna þingmanni sem skipt hafa miklu máli við að bæta frumvörp áður en þau hafa orðið að lögum.

Ég set spurningarmerki við þessi afskipti útvarpsstjóra, herra forseti. Ég ætla ekki að ganga langt í þeirri umkvörtun en ég hef minnst á það hér áður og mér finnst það enn afskaplega einkennilegt að útvarpsstjóri skuli viðurkenna í opinberum fjölmiðlum að hann hafi ekki haft þolinmæði til að bíða eftir því að lögin yrðu að veruleika og væri þess vegna byrjaður að starfa eftir þeim.

Svo ég fari örugglega með rétt mál ætla ég að fletta þessu upp. En það er að mínu viti afskaplega ámælisvert að forstöðumaður ríkisstofnunar sem veit af frumvarpi í vinnslu á þinginu og hefur ekki hugmynd um hvort það verði samþykkt eða því synjað, skuli vera byrjaður að vinna eftir því. Það er afskaplega einkennilegt. Ég hef tekið eftir því hér í umræðunni, herra forseti, að mörgum þingmanninum hefur brugðið þegar ég upplýstraði þessu hér. En ástæðan fyrir því að ég er hér með tvær voldugar möppur er m.a. sú að ég vildi hafa hjá mér öll gögn, allt sem hefði verið ritað um frumvarpið í fjölmiðlum síðustu árin. Ég komst þá m.a. að því, sem ég er að tala um, herra forseti, um útvarpsstjóra sem hæstv. menntamálaráðherra hefur gert athugasemd við að menn skuli minnast á en jafnframt lýst yfir að hafi fullan rétt á að vera virkur í umræðunni.

Eins og ég hef víst áður bent á, herra forseti, var í Viðskiptablaðinu, föstudaginn 16. desember 2005, takið eftir því 2005, haft eftir útvarpsstjóra orðrétt, með leyfi forseta:

„Páll segir að ný lög auki möguleika stofnunarinnar til þess að keppa um starfsfólk. „Ég hafði reyndar ekki þolinmæði til að bíða eftir lagabreytingum til þess að bregðast við. Ég hefði þurft að byrja á því að auglýsa stöður"." O.s.frv.

Útvarpsstjóri hafði ekki þolinmæði til að fara eftir lögum og reglugerðum um það hvernig hann átti að starfa heldur ákvað einfaldlega upp á sitt eindæmi, eins og hann tekur hér sjálfur fram, að frumvarpið fari í gegn og byrjaði að vinna eftir því, þ.e. að ráða þrjá starfsmenn án þess að auglýsa þær stöður. Maður veltir þá jafnvel fyrir sér úr því að útvarpsstjóri er byrjaður að ráða í samræmi við þær heimildir sem hann fengi ef frumvarpið yrði samþykkt, hvort hann sé jafnvel líka byrjaður að reka starfsmenn í samræmi við þær heimildir sem hann fengi ef frumvarpið yrði samþykkt. Þetta eru engar hártoganir, þetta eru vangaveltur eftir hans eigin orð.

Ég held að þessi vinnubrögð útvarpsstjóra hljóti að vera afskaplega ámælisverð, herra forseti. Ég spurði að vísu í

dag hæstv. menntamálaráðherra um álit hennar en hún svaraði því engu. Ég mun að sjálfsögðu halda áfram að spyrja hana þegar tækifæri gefst. Eins og sjá má hefur hæstv. menntamálaráðherra ekki séð ástæðu til að vera í þingsalnum í kvöld eða nokkur annar stjórnarþingmaður megnið af kvöldinu. Það sýnir áhugaleysið fyrir því að taka þátt í rökræðum um frumvarpið, kosti þess og galla. Það sýnir áhugaleysið að stjórnarþingmenn skuli ekki vilja vera hér og taka þátt í umræðunni þó ekki væri nema til að hlusta á rökin og rökræða þau.

Menn hafa svolítið velt fyrir sér þátttöku Framsóknarflokksins í þessu máli. Ég sé ekki ástæðu til að taka jafnharkalega til orða og margur hefur gert hér um að Framsóknarflokkurinn hafi látið teyma sig á asnaeyrunum o.s.frv. en óneitanlega er svolítið ankannalegt að líta á orð framsóknarmanna síðustu árin á meðan þetta frumvarp eða systur þess hafa hér verið til umræðu.

Ég er kominn á sömu skoðun og margur þingmaðurinn hér, herra forseti, þegar maður skoðar málið að þingflokkur Framsóknarflokksins hafi á vissan hátt verið svínbeygður til að taka þátt í þessu frumvarpi. Að vísu á það eftir að koma endanlega í ljós hvort allir framsóknarmenn samþykki það. Ég ætla að leyfa mér að draga það í efa, m.a. vegna ummæla þingmanna Framsóknarflokksins í fjölmiðlum og á þinginu og vegna viðbragða sumra framsóknarþingmanna þegar þeir hafa lent í rökræðum við þingmenn stjórnarandstöðunnar og komið hefur glöggt í ljós að margur þingmaður Framsóknarflokksins hefur í raun ekki gert sér grein fyrir hvaða þýðingu það hefði að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Ég verð að viðurkenna að þrátt fyrir að framsóknarmenn hafi komið inn setningu í frumvarpið um að óheimilt sé að selja Ríkisútvarpið ohf. veit það að sjálfsögðu hver maður að sú setning skiptir nákvæmlega engu máli. Hlutafélagavæðing er ferli í einkavæðingu og þegar búið er að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið er salan öll auðveldari og að því er mörgum finnst rökrétt framhald. Þótt menn setji einhverja eina setningu inn í frumvarpið gefur það engin loforð, enda er ómögulegt að segja hvað næstu þing gera. Það er alls ekki hægt að fullyrða að setningin um að bannað sé að selja það sé einhver trygging fyrir því að svo verði ekki gert. En það er svolítið sérstakt af því að ég var að ræða um Framsóknarflokkinn og þátt hans í málinu að þegar þessi setning komst inn sagði m.a. formaður þingflokks framsóknarmanna að það skipti miklu máli að í frumvarpinu væri kveðið skýrt á um það að Ríkisútvarpið ohf. sé ekki til sölu.

Þetta kom m.a. fram í Morgunblaðinu þann 6. desember 2005 þar sem rætt var við þingmenn Framsóknarflokksins og það þurfti ekki að ræða við nema tvo til þess að það kæmi skýrt fram að þeir voru ekki sammála. Annar þingmaðurinn, Kristinn H. Gunnarsson, gerði fyrirvara við samþykkt frumvarpsins því að hann vildi vera viss um að Ríkisútvarpið yrði ekki einkavætt og taldi þar af leiðandi að þessi eina setning, að sala væri bönnuð, dygði í sjálfu sér ekki. Enda held ég, herra forseti, að þessi setning hafi fyrst og fremst verið sett til að róa þessa órólegu framsóknarþingmenn sem komust í klípu af því þeir voru búnir að halda því fram að þeir mundu aldrei samþykkja frumvarp um einkavæðingu eða sölu á Ríkisútvarpinu.

Menn hafa farið nokkuð vel yfir samþykktir landsfunda Framsóknarflokksins þar sem einkavæðingu og meira að segja hlutafélagavæðingu var í rauninni algjörlega hafnað. Enda kemur það alveg skýrt fram m.a. hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að skoðun hans á hlutafélagaforminu sé sú að það sé fyrst og fremst sölufyrirkomulag. Það sé í raun og veru verið að búa til söluvænlegan hlut.

Það er nú svo með Framsóknarflokkinn að þar er alltaf einn og einn sem þorir að tjá sig. Þessi ágæti þingmaður, Kristinn H. Gunnarsson, bæði gerir það og stendur við það. En margur annar þingmaðurinn þorir það ekki og reynir síðan að kjafta sig út. Þingmenn hafa tekið þá ákvörðun að hanga á þessu ákvæði í 1. gr. frumvarpsins, að sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess sé óheimil. Því hefur margoft verið hafnað hér í umræðunni, herra forseti, að þessi setning dugi til þess. Það má vera að hún dugi einhvern tíma en hún er alls ekki fullnægjandi staðfesting á því að Ríkisútvarpið verði ekki selt.

Ég held að það sé rétt, herra forseti, úr því að ég sé að hæstv. menntamálaráðherra er genginn í salinn að ég ítreki aftur ábendingu frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Eftir að hafa lesið frumvarpið vel og vandlega í gegn kom hún með athugasemd um tekjur Ríkisútvarpsins, þ.e. í IV. kafla í 11. gr. um tekjustofna. Hún veltir því upp hvort 1. málsliður í 11. gr. geri það að verkum að nefskatturinn muni ekki ná til þeirra sem einungis greiða fjármagnstekjuskatt. Ég minnist þess ekki, herra forseti, að það hafi áður komið til umræðu. Mönnum var svolítið brugðið þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir minntist á þetta. Ég tel rétt að halda þessu til haga og að athugað verði hvort skilningurinn á 11. gr. varðandi tekjustofna Ríkisútvarpsins sé réttur, að þeir einstaklingar sem einungis greiða fjármagnstekjuskatt en greiða ekki beinan tekjuskatt séu undanþegnir nefskattinum. Var það ætlunin? Er um nefskatt að ræða ef hann nær ekki yfir öll nef?

Ég velti áðan upp, herra forseti, aðkomu Framsóknarflokksins að frumvarpinu og því hvernig einstaka þingmenn þar hafa tjáð sig um frumvarpið í ræðu og riti. Sumir hafa jafnvel hreinlega orðið að draga orð sín til baka en aðrir hafa bent á að hlutafélagaformið sé fyrst og fremst sölufyrirkomulag, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti á í blaðagrein. Þar kemur jafnframt fram hjá þingmanninum, með leyfi forseta:

„Loks var ályktað á þessi ári á flokksþingi Framsóknarflokksins að „mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu". Samþykktirnar eru í eðlilegu samhengi og mynda skýra stefnu flokksins. Síðari samþykktirnar styrkja þá fyrstu, sem hafnar hlutafélagavæðingu RÚV."

Menn hafa hér bent á að það komi hvergi fram í stefnu flokkanna að selja beri stofnunina en það kemur skýrt fram í samþykktum flokksþings Framsóknarflokksins að hlutafélagavæðingunni sé hafnað. Þingmenn Framsóknarflokksins, sumir hverjir a.m.k., ganga í raun gegn samþykktum flokksþings síns ef þeir ætla að samþykkja hlutafélagavæðingu. Það hefur verið svolítið sérstök upplifun, herra forseti, að hlýða á þingmenn Framsóknarflokksins reyna að snúa sig út úr þessu. Þeir gera sér jafnvel að leik að rangtúlka samþykktir sínar. En það gengur ekki til lengdar enda hafa fleiri en ég bent á samþykktir flokksþinga Framsókn-

arflokksins þar sem hlutafélagavæðingu er skýrt hafnað að þessu leyti.

Í raun hefur verið sýnt fram á hve margklofin Framsókn er varðandi Ríkisútvarpið, hvaða breytingar eigi að gera á því o.s.frv. Það hlýtur að vera hægt að tala um klofning þegar þingmenn flokksins ganga gegn vilja flokksþingsins. Það er mjög sérstakt og hlýtur að vera hægt að tala um ákveðinn klofning hjá þeim flokki í þessu ákveðna máli.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar áttu afskaplega skemmtileg orðaskipti við hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur, þingmann Framsóknarflokksins, í gær. Hún fullyrti að flokkurinn stæði allur sem einn að baki þessu frumvarpi, þingflokkurinn og Framsóknarflokkurinn í heild sinni, og talaði um yngra fólkið í Framsóknarflokknum. En það varð lítið um svör þegar ég leyfi mér að benda á ályktun sem stjórn Sambands ungra framsóknarmanna samþykkti þann 28. nóvember 2006, það er ekki lengra síðan en innan við tveir mánuðir. Margur þingmaðurinn hefur bent á að Framsóknarflokkurinn sé klofinn í afstöðu sinni til að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Ályktunin sem var samþykkt 28. nóvember birtist m.a. í Fréttablaðinu þann 29. nóv. 2006. Fréttin af henni hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna, SUF, samþykkti í gær ályktun þar sem þingmenn eru hvattir til þess að samþykkja ekki frumvarp um RÚV ohf.

Í ályktuninni kemur fram að SUF telur hvorki að hagsmunum RÚV, né almennings í landinu, sé best borgið með hlutafélagavæðingu.

Einnig kemur fram í ályktuninni að SUF telji fráleitt að frumvarpið hafi verið lagt fram á Alþingi án þess að afstaða hafi verið tekin til mikilvægra spurninga eins og aðkomu RÚV að auglýsingamarkaði."

Frumvarpið var illa undirbúið að mati grasrótarinnar í Framsóknarflokknum, stjórnar Sambands ungra framsóknarmanna, sem rennir það stoðum undir það sem menn hafa sagt, að Framsóknarflokkurinn sé gjörsamlega klofinn í þessu máli. Stjórnarandstöðuþingmenn hafa reynt að leita sáttaleiða þannig að frumvarpið, yrði það samþykkt, tæki ekki gildi fyrr en eftir næstu alþingiskosningar, þ.e. 1. júní. Nýrri ríkisstjórn, nýjum meiri hluta, gæfist þá tækifæri til að fella þau úr gildi áður en þau ættu að taka gildi. Ég hefði talið, herra forseti, hentugra fyrir Alþingi og alla stjórnmálaflokka, ekki síst Framsóknarflokkinn sem virðist ekki hafa heimild frá ungum framsóknarmönnum eða flokksþingi til að ganga þetta langt, að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Ég hefði talið farsælast fyrir Framsóknarflokkinn að samþykkja tillöguna sem kom um daginn frá stjórnarandstöðunni, að gildistökunni yrði frestað. Framsóknarflokkurinn kann að hafa haft áhuga á því en miðað við að útvarpsstjóri virðist byrjaður að vinna eftir frumvarpinu þá tel ég líklegt að a.m.k. útvarpsstjóri hafi ekki áhuga á að bíða mikið lengur né heldur þeir sem hafa hug á að þetta frumvarp verði samþykkt og hafa jafnvel lofað að svo verði fyrr en seinna.

Ég sá ástæðu til að fara yfir þátt Framsóknar í málinu auk þess að benda á ýmislegt sem komið hefur fram í greinum eftir framsóknarmenn, í fréttum af flokksþingum og ályktunum ungra framsóknarmanna.

Menn hafa deilt á, forseti, sem hefur ekki verið mótmælt af öðrum en hæstv. menntamálaráðherra, vinnubrögðin við kynningu á frumvarpinu og kynninguna á þjónustusamningnum, gulrótinni sem á seinni stigum hefur verði hnýtt aftan í frumvarpið. Þingmenn hafa deilt á vinnubrögðin, m.a. í desember 2005 þegar menntamálaráðherra kynnti frumvarpið fyrst í fjölmiðlum. Þetta segir mér, herra forseti, að þarna er fólk búið að taka ákvörðun og ráðherra og væntanlega ríkisstjórnin búin að taka ákvörðun um að samþykkja frumvarpið. Umræðan á Alþingi, afstaða þingmanna og þar af leiðandi menntamálnefndar skiptir ekki máli. Til hvers að kynna mál sem ekki er tilbúið?

Í desember 2005 var rætt um það á þingi að m.a. hefði verið í gangi eins konar kynningarátak. Það fór fram í sjónvarpsþætti, væntanlega 6. desember 2005, þar sem menntamálaráðherra og útvarpsstjóri kynntu frumvarpið. Sumir þingmenn höfðu á tilfinningunni að þau létu eins og málið væri frágengið. Eitt er að halda því fram að mál séu nánast frágengin lýðræðisins vegna af því að það sé meiri hluti fyrir því, af því að ráðherrarnir eru úr meiri hlutanum. En það er annað að reyna að halda því fram þegar frumvarpið á eftir að hljóta málefnalega meðferð í þinginu. Þá erum við enn og aftur komin að, forseti, þýðingu fastanefnda þingsins og þingnefndanna. Skiptir starf nefndanna einhverju máli, allir þessir gestir sem kallaðir eru fyrir o.s.frv.? Ég tel að þetta beri vott um slæm vinnubrögð.

Í Fréttablaðinu miðvikudaginn 7. desember 2005 er haft eftir hæstv. menntamálaráðherra að málið sé í eðlilegum farvegi, þrátt fyrir að útvarpsstjóri og menntamálaráðherra hefðu kynnt það í sjónvarpinu. Og hitt, sem er alveg hreint með ólíkindum, að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, var meira að segja þá um morguninn byrjaður að tjá sig um frumvarpið í fjölmiðlum. Að sjálfsögðu eru þetta vinnubrögð sem eiga ekki að tíðkast, að þingmenn fái ekki að sjá frumvörp. Fyrst séu þau kynnt sem eitthvað nánast frágengið í fjölmiðlum, annars vegar af þeim sem leggur málið fram og hins vegar af formanni þeirrar nefndar sem síðan á eftir að taka frumvarpið algjörlega til umfjöllunar. Það er eðlilegt að menn reikni þá með því að ef formaður nefndar er byrjaður að kynna það áður en umræða er hafin og áður en búið er að vísa því til hans, þá sé hann nokkurn veginn búinn að ákveða að í nefnd hans muni frumvarpið fara svona áfram í gegn. Að sjálfsögðu er þetta ámælisvert, herra forseti.

Það var í desember 2005 sem þetta kom fram. Síðan þá hefur það gerst að menn hafa kynnt þjónustusamning sem var hnýttur aftan við frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf., sem gulrót, og ég hef farið yfir. Þar voru vinnubrögðin á sömu lund, herra forseti. Það er með ólíkindum að fólk skuli voga sér að vanvirða í raun þingið með því að kynna frumvarp annars vegar í fjölmiðlum, eins og það sé frágengið og þar af leiðandi skipti þingið og þingnefndin engu máli, og hins vegar að menn skuli síðan til að skreyta frumvarpið bæta við það drögum að þjónustusamningi, hnýta hann aftan við frumvarpið, sem á að taka gildi ef frumvarpið verður samþykkt, samningi sem mörgum hagsmunasamtökum hefur þótt fýsilegur kostur, sem er mjög eðlilegt. En maður gerir samt athugasemdir við af hverju í ósköpunum ekki sé þegar búið að taka upp slíkan samning, gera slíkan samning. Af hverju í ósköpunum þarf að tengja hann því að

fyrst þurfi að samþykkja frumvarpið? Jú, það er gert náttúrlega, herra forseti, til að setja, eins og ég hef bent á, þrýsting á þingmenn að samþykkja frumvarpið því að þeir hagsmunahópar sem sjá bót í samningnum, m.a. þeir sem koma að innlendri dagskrárgerð, setja að sjálfsögðu þrýsting á þingmenn um að samþykkja frumvarpið.

Ég ræddi áðan um vinnubrögð og kem ég þá aftur að kynningunni. Þjónustusamningurinn, sem er að vísu drög að þjónustusamningi, var kynntur þann 28. september síðastliðinn. Þá var náttúrlega ekkert verið að hafa fyrir því að kynna hann sérstaklega fyrir þinginu frekar en sjálft frumvarpið, heldur var hann kynntur í beinni útsendingu af hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóra. Slík vinnubrögð eru að sjálfsögðu ámælisverð og segja okkur, herra forseti, að hæstv. menntamálaráðherra er nokk sama um löggjafarvaldið. Það er virkilega sárt til þess að vita að á 21. öldinni skulum við ekki vera komin lengra en svo að hér er framkvæmdarvald sem öllu ræður, ekki einungis í þinginu varðandi setningu laga heldur hafa líka komið upp vafaatriði varðandi dómsvaldið þar sem þingmenn og aðrir hafa gert athugasemdir við ráðningu dómara sökum tengsla. Þar held ég að hljóti að vera athyglisverðust sú ráðning hæstaréttardómara sem gerð var þegar þeir aðilar sem fram að þeirri ráðningu höfðu verið látnir sjá um að flokka niður umsækjendur, gefa þeim meðmæli og jafnvel að raða þeim upp, settu þá persónu sem var neðst á lista allt í einu í efsta sætið eftir að sá listi hafði fengið handfjötlun ráðherra Sjálfstæðisflokksins, núverandi hæstv. forsætisráðherra, Geirs H. Haardes. Það er svolítið sorglegt til þess að vita, herra forseti, að á þessum dögum, eins og sýnt hefur verið fram á í þinginu undanfarið, er framkvæmdarvaldið ekki einungis að vanvirða löggjafarvaldið heldur og dómsvaldið.

Þjónustusamningnum, sem ég minntist á áðan og var hnýtt aftan við frumvarpið, að vísu ekki systur þess, sf. og hf., heldur ohf., hefur verið fagnað. Ég hef komið að því í umræðunni, herra forseti, og hef gert athugasemdir við þau vinnubrögð að slíkur samningur skyldi vera hnýttur aftan í einungis eða að hluta til til að hafa áhrif á skoðun þingmanna. Hvers vegna í ósköpunum hafa menn ekki nú þegar gert slíkan samning? Hvernig stendur á því að núna, kortéri áður en á að ljúka umræðu um Ríkisútvarpið, er hnýtt við frumvarpið einhverjum þjónustusamningi, en markmið samningsins er, með leyfi forseta:

„að lýsa nánar tilgangi og hlutverki RÚV og þeim kröfum sem gerðar eru til félagsins á grundvelli laganna. Í samningnum er útvarpsþjónusta í almannaþágu skilgreind, m.a. til að afmarka hana frá annarri starfsemi á fjölmiðla- og samkeppnismarkaði.

RÚV gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Áhersla skal lögð á að miðla íslenskri menningu og skal RÚV vera vettvangur lýðræðislegrar umræðu.“

Það er merkilegt, herra forseti, að svona samningur skuli ekki löngu vera kominn fram og kominn í gagnið. Að hnýta hann svona aftan í frumvarpið og telja fólki trú um að þeir sem eru á móti einhverjum atriðum í frumvarpinu og vilja fá breytingar á því til batnaðar séu á móti bættri innlendri dagskrárgerð. Það er algjör fásinna að stilla málinu þannig upp en það hefur því miður verið gert. Að sjálfsögðu hefði átt að vera búið að gera þennan samning fyrir löngu, og alveg örugglega þann hluta þess sem snýr að innlendri dagskrárgerð, nýsköpun í dagskrárgerð o.s.frv. Núna þegar tregða er í því að koma frumvarpi um breytingar á Ríkisútvarpinu í gegn dúkkar allt í einu upp svona samningur. Ég sé ekki ástæðu til að lesa samninginn sérstaklega upp, herra forseti, en hann er öllum aðgengilegur og sérstaklega þeim sem vilja.

Ég hef farið nokkuð nákvæmlega yfir það, herra forseti, hversu ósáttur ég er við þá staðreynd sem kemur skýrt fram, bæði í þessu frumvarpi og í umræðunni um frumvarpið frá hendi meiri hlutans, að ætlunin sé að skerða réttindi og kjör starfsmanna. Kannski verst í því þykir mér að hér koma þingmenn upp, stjórnarliðar, og fullyrða að það sé ekki ætlunin, alls ekki sé verið að skerða réttindi og kjör. Þetta er sorglegt þegar þingmenn láta teyma sig út í þá vitleysu að halda slíkum hlutum fram.

Eitt af því sem menn hafa kvartað alveg sérstaklega yfir er að menn skuli vilja tjá sig um frumvarpið en það er nú einmitt það sem okkur þingmönnum er borgað fyrir, þ.e. að samþykkja það sem gott er en tæta í okkur það sem slæmt er.

Komið hefur verið inn á það nokkrum sinnum, herra forseti, að áður hafa komið fram frumvörp frá þingflokki Sjálfstæðisflokksins um sölu eða einkavæðingu — það er nú best að fara rétt með hvort orðið er notað — á Ríkisútvarpinu. Þegar skörulegir þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu það fram voru þeir hreinlega með tímaáætlun um hvernig það ætti að ganga fyrir sig.

Frumvarpið var lagt fram árið 2003 og ekkert bendir til þess að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi skipt um skoðun. Í því frumvarpi, sem er frá 130. löggjafarþingi, þingskjal 407, 337. mál, segir alveg skýrt í 18. gr. að gert sé ráð fyrir að lögin taki gildi þegar við samþykkt og þá verði hægt að fara að undirbúa stofnun hlutafélags sem stofna ætti 1. júlí 2004 og selja ætti síðan fyrir árslok 2004. Þarna ætluðu menn að gíra sig upp í að stofna hlutafélag og selja það síðan sex mánuðum síðar.

Það er nokkuð merkilegt að í frumvarpinu, herra forseti, eru alveg nákvæmar tímasetningar. Í apríl 2004 skuli frumvarpið samþykkt, 1. júlí 2004 stofnað hlutafélag og síðan selt. Ferill næstu ára er þannig að ég held að það hljóti að vera mjög eðlilegt að bæði þingmenn og almenningur velti því fyrir sér hvort svipuð tímaáætlun sé í raun ekki enn þá í gildi, hvort svipuð áætlun sé ekki enn þá í gildi hjá Sjálfstæðisflokknum.

Frumvarpið hefur væntanlega verið sett til hliðar, en einn af þeim þingmönnum sem lagði það fram hefur tilkynnt skýrt og skorinort að enginn vafi sé í hans huga að það frumvarp er nú liggur fyrir sé undanfari einkavæðingar.

Það má því velta fyrir sér, herra forseti, af því að töluverð breyting verður á þingliði í næstu kosningum, að þá gæti það náttúrlega gerst að inn kæmu þingmenn sem væru samsinna þeim þremur er lögðu fyrst til sölu á Ríkisútvarpinu. Það gæti alveg gerst, herra forseti, þó að í dag sé það kannski minni hluti flokksins en þá er mjög líklegt að eftir breytingarnar í maí sé meiri hlutinn þannig og þá eru fallnar þær vangaveltur Framsóknarflokksins um að þetta verði aldrei selt. En það var nú svo með margan þingmanninn í Framsóknarflokknum að honum varð rórra með að hafa þá

setningu í frumvarpinu.

Nær hefði verið, herra forseti, að setja inn orð, m.a. þau sem ég hef bent á, til að róa sjálfa starfsmennina. En ekki var talin ástæða til þess, a.m.k. ekki enn þá. Sá möguleiki er enn fyrir hendi að frumvarpið fari aftur til nefndar og þá sérstaklega til þess að gæta að hagsmunum starfsmanna því það getur ekki verið að hæstv. menntamálaráðherra leggi fram frumvarp beinlínis til að ráðast gegn starfsfólki Ríkisútvarpsins sem eru starfsmenn hennar, undirmenn hennar.

Það hefur gerst, herra forseti, að dómsmál hafa komið upp eftir hlutafélagavæðingu, þar sem opinber fyrirtæki hafa verið hlutafélagavædd. Það gerðist t.d. hjá Strætó þar sem starfsmaður var ekki sáttur og höfðaði mál gegn Reykjavíkurborg og Strætisvögnum Reykjavíkur. Hann vann það mál þar sem vísað var m.a. í lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Ég er nokkuð viss um, herra forseti, að menn eiga von á fleiri slíkum málum í framtíðinni eftir hlutafélagavæðingu opinberra fyrirtækja, dómsmálum eða ákærum frá starfsmönnum.

Einnig hefur verið bent á og farið ágætlega yfir að ríkisvaldið á líka von á því að fá á sig kærur vegna samkeppnismála og fleira. Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður hefur ítrekað bent á það, en af einhverjum ástæðum hafa menn ekki séð ástæðu til að taka álit hans alvarlega. Það er einkennilegt að ríkisvaldið eða menntamálaráðherra skuli ekki sjá ástæðu til að taka þau orð alvarlega og reyna þá að gera bragarbót á frumvarpinu í anda þess sem bent hefur verið á.

Ég minntist á það áðan og fór yfir þátt framsóknarmanna í gerð frumvarpsins og hegðun þingmanna sem m.a. hv. varaþingmaður Framsóknarflokksins, Eygló Harðardóttir,ýjaði að í grein sinni sem ég fór yfir áðan, að þingmenn Framsóknarflokksins í menntamálanefnd hefðu í raun ekkert um málið að segja.

Á tímabili í nóvember var mikil togstreita milli stjórnarflokkanna um frumvarpið. Eitt af því sem gerðist var að nýliðar í Framsókn fóru heldur ógætilega með skoðanir sínar og vilja varðandi frumvarpið. Í Fréttablaðinu 27. nóvember er viðtal við þingmann Framsóknarflokksins, Sæunni Stefánsdóttur, sem á sæti í menntamálanefnd þar sem hún tekur fram þrjú atriði sem þarf að tryggja áður en frumvarpið er útskráð úr nefnd.

Þar kemur alveg skýrt fram og haft er eftir Sæunni að „í þriðja lagi þarf að sjá til þess að starfsmenn haldi sínum réttindum.“ Þetta var sem sagt skoðun þingmannsins 27. nóvember. En hver er skoðunin í dag? Ég hef sýnt fram á og sannað með málflutningi mínum og tilvitnunum í ýmis skjöl og gögn frá löglærðum mönnum og stéttarfélögum, að starfsmenn muni ekki getað haldið réttindum sínum verði frumvarpið samþykkt, þar sem frumvarpið m.a. kippir algerlega úr sambandi lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Þetta er eitt af því sem ég hef m.a. verið að ræða um hvað varðar Framsóknarflokkinn og menn hafa minnst nokkrum sinnum á. Að vísu minntist enginn í umræðunni á einmitt þessi orð hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur. En menn hafa verið að minnast á að Framsóknarflokkurinn hafi verið dreginn, hafi verið knébeygður til að samþykkja að halda frumvarpinu til streitu. Við höfum orðið vör við að oft hafa stöku þingmenn hikstað þegar samviskan kemst upp á yfirborðið og fer að naga þá.

Það er afskaplega sorglegt að sjá ungan og sprækan þingmann fullyrða í fjölmiðlum að frumvarpið verði ekki samþykkt af Framsóknarflokknum nema tryggt sé að starfsmenn haldi réttindum sínum. Þetta hefur algerlega brugðist, herra forseti. Annaðhvort hefur hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur snúist hugur, ákveðið að víkja frá þeirri skoðun sinni eða hún hreinlega verið knésett af flokksklíkunni.

En það hefur verið svolítið áberandi einmitt með þann flokk, Framsóknarflokkinn, að ungir og nýir þingmenn verða samdauna þeim vinnubrögðum þar sem einn eða tveir menn hreinlega ráða. Það er ekki jákvætt. En það er nú bara þannig með þennan blessaða Framsóknarflokk.

Þær athugasemdir eru þó skýrt fram komnar og bókaðar í þingtíðindi sem sá er hér stendur og fleiri hafa haft um Framsóknarflokkinn og farið ítarlega yfir hegðun þingmanna hans í málinu, vilja, skoðanir og síðan hvernig þeim skoðunum er hreinlega hent fyrir róða þegar til þess er ætlast.

Nú fer ræða mín að styttast í annan endann, herra forseti. Við erum komin inn í morgunsárið og á morgun bíður okkar afskaplega þýðingarmikil umræða um svokallað Byrgismál sem forseti hefur ekki leyft fram að þessu að komast á dagskrá, þá fyrst og fremst sökum þeirrar þrákelkni og þráhyggju hæstv. menntamálaráðherra, að koma þessu mjög svo slæma frumvarpi í gegn hvað sem það kostar. Að mínu viti er þetta frumvarp mjög slæmt, það er að sjálfsögðu margt gott í því, það hefði verið best fyrir alla að búta það niður. Það er hægt að nútímavæða Ríkisútvarpið en það getur ekki verið að það sé ætlunin hjá meiri hlutanum að nútímavæða það á þann hátt að ráðast harkalega að kjörum starfsfólks eins og er gert, verði þetta frumvarp samþykkt óbreytt. Það er mjög sérstakt að menn skuli taka til þess og eins og ég hef nefnt að ef meiri hlutinn er ósáttur við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þá væri eðlilegast að taka beint á þeim, að taka þau upp en ekki að vera að koma aftan að þeim sem eiga að njóta þessara laga með því að brjóta þau niður í frumvarpinu.

Ég held, herra forseti, að það sé rétt áður en ég lýk máli mínu að vitna í einn lögfræðing. Ég hef að vísu gert það áður en ég tók eftir því þegar ég gerði það í fyrri ræðu minni að margur stjórnarliðinn virtist ekki gera sér grein fyrir þessu atriði og það er nokkuð ljóst að bæði formaður menntamálanefndar og menntamálaráðherra sjálfur, sem var hér áðan einungis í mýflugmynd enda hefur það verið alveg ljóst að áhugi hæstv. menntamálaráðherra á að eiga orðastað við mig varðandi réttindi og kjör starfsfólks er enginn. Við gerðum tilraun í dag til þess að rökræða þá hluti en hæstv. menntamálaráðherra fór undan í flæmingi, svaraði rangt til og svaraði ekki hluta af því sem ég var með, sem segir mér að sjálfsögðu, herra forseti, að þetta frumvarp er vísvitandi látið virka þannig að það skerði réttindi og kjör starfsmanna RÚV.

Hér eru nokkrar línur úr áliti eða samantekt sem Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður, og ef ég man rétt er hún sérmenntuð í vinnurétti, tók til fyrir Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins þar sem hún minnist á títtnefnt bráða-

birgðaákvæði II þar sem fjallað er um réttindi starfsmanna, en í samantektinni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þar segir annars vegar að fara skuli eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og hins vegar að fara skuli að lögum, nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Við niðurlagningu stofnunarinnar breytist lagalegt umhverfi starfsmanna RÚV. Þeir hætta að vera opinberir starfsmenn og verða eftir það starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geta ekki gilt um starfsmennina eftir breytinguna."

Þessi ábending frá lögfræðingi til Starfsmannasamtaka RÚV segir allt sem segja þarf. Með því að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið verða starfsmennirnir hjá RÚV ekki lengur opinberir starfsmenn og þar af leiðandi gilda þessi lög um réttindi og skyldur ekki. Það þýðir að réttindin skerðast, áunnin réttindi sem starfsmenn hafa jafnvel unnið sér inn á mörgum áratugum og er, eins og ég hef réttilega bent á, litið á sem hluta af kjörum og oft hefur verið samið um frekar en einhverjar fleiri krónur.

Ég ætla að láta þetta vera lokin, herra forseti. Þetta er athugasemd sem skiptir afskaplega miklu máli og það er alveg skýrt í mínum huga að þeir, eins og það hefur sýnt sig í umræðunni, sem vilja ekki ræða þessa ábendingu mína og þeir sem hafa sett frumvarpið þannig saman að þessir hlutir muni gerast eru vísvitandi að skerða réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins og það sem meira er, þeir munu væntanlega ná að fella niður sennilega eitt eða tvö félög starfsmannanna þannig að lengst á bak við samningu frumvarpsins eru menn sem vilja skerða tilveru stéttarfélaga, þeir vilja semja maður á mann. Þeir eru ósáttir við — hvað eigum við að segja? — völd stéttarfélaga á Íslandi í dag, þrátt fyrir að allt séu þetta nú samningar sem ríkisvaldið sjálft hefur gert, sem fjármálaráðherra hefur gert við þessi hagsmunasamtök. En það er alveg skýrt í mínum huga, herra forseti, að það verður Alþingi til mikils vansa ef þetta frumvarp verður samþykkt svona óbreytt. Ég hef farið yfir breytingartillögur sem hagsmunasamtök hafa lagt til til þess að draga úr óvissu og til þess að tryggja starfsmönnum Ríkisútvarpsins þau réttindi og þau kjör sem þeim bjóðast. Ég vona að á það hafi verið hlustað og enn er tími til þess að bæta frumvarpið í þá átt en það hryggir mig ef það er virkilega ætlun meiri hlutans hér á Alþingi að skerða réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 02:08.

---

# 55. FUNDUR

föstudaginn 19. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708. — Frh. 3. umr.

2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Framhald umræðu um RÚV.

[10:33]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Nú er nýr dagur í lífi þings og þjóðar og það er föstudagur. Nú væri fróðlegt að vita, af því að forseti er áhugamaður annars vegar um fagurt mannlíf og sérstaklega um samvistir Íslendinga almennt og þingmanna sérstaklega með fjölskyldu sinni og hins vegar um réttlátt, skynsamlegt og skilvirkt þinghald, hvernig á að haga þessum degi á þinginu. Við þekkjum hvernig þetta hefur verið undanfarna daga, það hefur verið haldið þing allan daginn og nokkuð fram á nótt. Í gær var t.d. lokið störfum á þinginu kl. 2.06 og þingforsetar sem voru hér í gærkvöldi fengust ekki til að skýra það neitt um kvöldið hvenær þeim ætti að ljúka. Raunar má minnast á það, forseti, að í gærkvöldi var einmitt beðið um að viðstaddir yrðu m.a. forseti þingsins, sá sem kjörinn var, og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar og framsögumaður meiri hluta menntamálanefndar. Sagt var að boð hefðu verið flutt til þessara manna og fleiri en þeir komu ekki á svæðið og fréttist ekkert af þeim fyrr en í Fréttablaðinu í morgun en þá kom í ljós að þetta fólk hafði verið í sérstakri veislu sem Sjálfstæðisflokkurinn hélt í gærkvöldi á þingtíma. (Gripið fram í.) Ég vil að forseti þingsins komi þeim skilaboðum til formanns Sjálfstæðisflokksins eða yfirveisluhaldara í Sjálfstæðisflokknum að veislur með þingmönnum á þingtíma séu ekki æskilegar og vonandi ætlar Sjálfstæðisflokkurinn ekki að halda fleiri veislur í dag eða í kvöld ef þing á að haldast á þeim tíma.

[10:35]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Eins og fram hefur komið hefur stjórnarandstaðan lagt fram sáttaboð í þeirri deilu sem ríkir um Ríkisútvarpið. Það felst í því að menn fallist á að gildistöku lag-

anna verði skotið fram yfir kosningar, að í staðinn fyrir að verða 1. apríl verði hún 1. júlí. Bak við þetta liggur það grundvallarviðhorf að við erum að fara í kosningar og þess vegna er alveg ljóst að það verða kjósendur sem gætu þá kveðið upp sinn dóm. Ef sú ríkisstjórn sem nú situr heldur áfram mundu lögin ganga sinn gang og koma til framkvæmda en ef um breytingu verður að ræða og ríkisstjórninni verður hrundið mundi ný ríkisstjórn væntanlega rekja þau lög upp. Þetta höfum við sagt alveg opið og þessu hefur verið komið á framfæri í sáttaskyni við ríkisstjórnina. Mig langar að spyrja hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og formann Framsóknarflokksins, sem hér er staddur, hvort það sé rétt að Framsóknarflokkurinn leggist gegn þessu, hvort það sé rétt að Framsóknarflokkurinn sérstaklega sé hér þrándur í götu og vilji ekki taka undir þetta sáttaboð Það hefur komið fram að þeir sem hafa barist hvað harðast fyrir þessu máli og reynt að koma því í gegn eru þingmenn Framsóknarflokksins. Mig langar að fá það fram hjá formanni Framsóknarflokksins hvort hann telji að þessi sáttaleið sé gerleg að hans mati.

[10:37]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður er að skemmta sér og eyða tíma sínum og annarra. Talsmaður ríkisstjórnarinnar í menningarmálum er að sjálfsögðu hæstv. menntamálaráðherra.

[10:37]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég legg áherslu á að stjórnarandstaðan hefur ítrekað reynt að ná samkomulagi og málamiðlun í því mikla deilumáli sem hér hefur geisað á undanförnum dögum um framtíð Ríkisútvarpsins. Í fyrsta lagi lögðum við til að menn sameinuðust um lágmarksbreytingar á lagarammanum sem gildir um Ríkisútvarpið. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd Alþingis lögðu fram tillögur þar að lútandi. Þessu tilboði var því miður hafnað. Síðan höfum við lagt fram tillögu þess efnis, eins og hér hefur komið fram, hæstv. forseti, að gildisákvæði frumvarpsins verði breytt þannig að það komi fyrst til framkvæmda að afloknum alþingiskosningum í vor. Þetta er eðlileg og lýðræðisleg krafa.

Við höfum lagt áherslu á að um Ríkisútvarpið þurfi að ríkja víðtæk sátt innan þings sem utan og það sé óábyrgt af hálfu ríkisstjórnarinnar að knýja fram grundvallarbreytingar á lögum um Ríkisútvarpið á grundvelli naums meiri hluta á Alþingi. Menn eigi að leita eftir víðtæku samkomulagi. Það er í þessum anda sem við höfum lagt fram tillögur okkar um málamiðlun í þessum efnum. Það vekur athygli og undrun mína að Framsóknarflokkurinn skuli styðja Sjálfstæðisflokkinn jafneindregið í þessu máli og raun ber vitni. Og þegar formaður Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðarráðherra, kemur hér upp (Forseti hringir.) og segir að hann hafi trú á því að stjórnarandstaðan telji þetta vera eitthvert gamanmál þá hlýtur það að vekja athygli og undrun manna.

[10:40]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa mikilli undrun minni á því að hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra skuli lýsa því sem hér fer fram sem einhverjum gamanmálum, að þingmenn séu að skemmta sér. Gerir ríkisstjórnin sér ekki grein fyrir því hversu alvarlegt ástandið er í þinginu? Gerir hún sér ekki grein fyrir því að hér hefur staðið yfir mjög löng og hörð umræða um frumvarpið um framtíð Ríkisútvarpsins? Gerir formaður Framsóknarflokksins sér ekki grein fyrir því hversu alvarleg staða er komin upp í þessu máli? Það er með hreinum ólíkindum, virðulegi forseti, að heyra þetta úr munni ráðherra þegar staðan er eins og hún er orðin.

Mér finnst óskiljanlegt að ríkisstjórnarmeirihlutinn skuli ekki geta fallist á höfðinglegt sáttaboð okkar í stjórnarandstöðunni um að gildistöku þessara laga verði frestað fram yfir kosningar þannig að þjóðin sjálf geti fengið að taka afstöðu til málsins í kosningum í vor. Við erum að tala um mjög mikilvægt mál, þetta er ekkert gamanmál. Við erum að tala um framtíð Ríkisútvarpsins, útvarps þjóðarinnar, og mér finnst að menn ættu ekki að hafa það í flimtingum.

Hvernig væri að fallast á þetta sáttaboð? Þingið gæti þá farið að vinna að öðrum þjóðþrifamálum, mikilvægum frumvörpum sem bíða afgreiðslu. Það má til að mynda nefna fjölmiðlafrumvarpið sem hefur verið mikið hjartans mál fyrir hæstv. menntamálaráðherra. Ég hef sjálfur tekið þátt í þeirri vinnu sem liggur að baki því frumvarpi. Ég hefði talið eðlilegast og betri svip á því að ríkisútvarpsfrumvarpið og fjölmiðlafrumvarpið hefðu komið saman inn í þingið. Ég hef sagt það allar götur frá því að þessi mál komu fyrst upp. Það hefði verið betri svipur á því. Ríkisstjórnin hefur kosið að fara aðra leið. Hvernig væri að fallast á sáttatilboð okkar í stjórnarandstöðunni þannig að við gætum haldið áfram störfum okkar á Alþingi og gert það svo fullur sómi sé að? Þetta er ekkert gamanmál, þetta er grafalvarlegt mál.

[10:42]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég get fullvissað formann Framsóknarflokksins um það að þó að ég sé að eðlisfari glaðsinna maður þá er mér ekki skemmt yfir þeim óförum Framsóknarflokksins sem við horfum upp á dag hvern. Ég hef satt að segja aldrei séð nokkurn flokk fara jafnrækilega á nefið og Framsóknarflokkinn í þessari umræðu. Sá flokkur hefur að baki sér samþykkta stefnu sem hann er að brjóta dag hvern. (**Gripið fram í:** Hver er stefna Samfylkingarinnar?) Flokksþing Framsóknarflokksins hefur samþykkt afdráttarlaust að það eigi ekki að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. (**Gripið fram í:** Hver er stefna Samfylkingarinnar?) Við skulum ekki gera okkur rellu af því, frú forseti, en hins vegar er það skylda stjórnmálamanna sem leiða stjórnmálahreyfingar að greiða fyrir þingstörfum og reyna að finna lausn á erfiðum málum. Það hefur komið fram tilboð af hálfu stjórnarandstöðunnar sem gerir mönnum kleift að samþykkja þessi lög með tiltölulega skjótum hætti en það er hins vegar þrákelkni einstakra stjórnmálamanna, sem er skiljanleg miðað við forsögu málsins, sem kemur í veg fyrir það. Á slíkum stundum er þess vegna nauðsynlegt að menn

eins og t.d. formaður hins stjórnarflokksins freisti þess að bera klæði á vopnin. En þá þýðir ekkert fyrir hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að koma hingað og gera bara grín að málinu. Ef staðan er orðin þannig að formaður Framsóknarflokksins gerir bara grín að því að Sjálfstæðisflokkurinn sé hér með mál í gangi sem er að tæta spjarir trúverðugleikans hverja af annarri af Framsóknarflokknum þá skilur maður kannski af hverju sá flokkur liggur eins og hann gerir í dag í feni fylgisleysis.

Frú forseti. Ég skora á formann Framsóknarflokksins að koma hingað upp og skýra sinnaskipti síns flokks.

[10:44]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Hún var stutt ræða formanns Framsóknarflokksins hér áðan þá loks hann kom til umræðunnar og fór að leggja eitthvað til mála um Ríkisútvarpið. Má ég minna á að óskað er eftir viðveru hans í umræðunni sjálfri þegar henni vindur fram á eftir og á næstunni til þess að hann geti svarað almennilega fyrir ábyrgð Framsóknarflokksins í þessu máli.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur upplýst hér og farið rækilega yfir kúvendingu Framsóknarflokksins í RÚV-málinu, svikin á flokkssamþykktum Framsóknar sem fram á mitt ár 2005 var algerlega á móti háeffun Ríkisútvarpsins með landsfundar- eða flokksþingssamþykktir á bakinu þar um. Síðan ákveður þingflokkurinn að kúvenda þessari stefnu og það er nærtækt að spyrja: Var það tengt stólnum dýra Halldórs Ásgrímssonar? Er það arfleifð Halldórs Ásgrímssonar sem enn er að þvælast fyrir Framsóknarflokknum í þessu máli? Hún reynist flokknum dýr. Þá er líka spurningin: Nú er hann farinn, getur þá ekki Framsóknarflokkurinn bjargað sér í land? Hann hefur til þess, sem brú á þurrt, sáttatilboð stjórnarandstöðunnar. Eða hefur Framsóknarflokkurinn engan vilja til þess? Er hann svo illa kominn að hann sé meðvitundarlaus í bandi Sjálfstæðisflokksins? Hefur hann ekki lengur sjálfstæða hugsun? Það mátti reyndar ætla af stórfurðulegum ummælum formanns Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, áðan sem segir að menntamálaráðherra sé talsmaður ríkisstjórnar í menningarmálum. Er menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins talsmaður Framsóknarflokksins í menningarmálum? Er það svo? Þá fer maður að skilja að Framsókn lifi hér engri sjálfstæðri tilveru.

[10:46]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Það sem hæstv. iðnaðarráðherra, formaður Framsóknarflokksins, sagði áðan er eiginlega staðfesting á því sem hefur í raun og veru gilt. Framsóknarflokkurinn hefur selt íhaldinu próventuna sína. Ekki bara í útvarpsmálinu, því þeir voru líka á móti því að selja Símann. Þeir seldu próventuna í því máli. Þeir voru herleiddir í Íraksmálinu og núna í útvarpinu.

Síðast komu fréttir af því, og það er alveg sérstök ástæða til að taka eftir því, að þegar sú nefnd sem er að fara að skila af sér endurskoðun stjórnarskrárinnar skilar af sér, þá birtist ekki ein aðalrósin úr hnappagati Framsóknarflokksins við síðustu kosningar og söluvara á markaðstorgi atkvæðanna um að setja auðlindina í þjóðareign og setja ákvæði um það í stjórnarskrá sem var sátt í flokknum, sem hver leiddi? Einmitt núverandi formaður flokksins sem situr svo uppi með það, þó að þetta hafi verið sett inn í stjórnarsáttmála, að það birtist ekki sem niðurstaða nefndarinnar sem var að fjalla um stjórnarskrána.

Niðurlæging Framsóknarflokksins er þvílík og alger að ég held að orð hæstv. iðnaðarráðherra um að íhaldið hafi talsmenn í málaflokkunum fyrir hönd flokksins segi allt um það hvernig er hugsað á þeim bæ.

[10:48]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það greinilega fer í taugarnar á stjórnarandstöðunni að ríkisstjórnin talar einum rómi í þessu máli, þessu mikilvæga máli sem við teljum að muni styrkja og efla Ríkisútvarpið til þess að sinna menningarhlutverki sínu.

En það er hins vegar alveg ljóst eftir að hafa hlustað á umræðurnar, að stjórnarandstaðan er margradda í þessu máli. Það er greinilegt að það fer virkilega í taugarnar á stjórnarandstöðunni.

Síðan er það þetta sáttatilboð sem er ekkert annað en leikaraskapur til þess að fela þau vandræði sem stjórnarandstaðan er komin í. Ég spyr, af hverju á þetta þing og meiri hluti þess að afsala sér valdinu og rétti sínum yfir til meiri hluta næsta þings? Við skulum rifja hér upp söguna.

Í öllu umdeildara máli fyrir tveimur árum gerði ríkisstjórnin stjórnarandstöðunni tilboð í svonefndu fjölmiðlamáli um að lögfesta það mál en fresta gildistökunni fram yfir kosningar. Hvað gerði stjórnarandstaðan þá? Hún sló á þá útréttu sáttarhönd, vegna þess að það kæmi ekki til greina. Þetta þing hefur því umboð og vald til þess að ákveða þetta mál. Við erum búin að ræða þetta mál í yfir 120 tíma, ræddum það fram til kl. 2 í nótt.

Ég spyr: Eru menn ekki búnir að fá nóg? Það getur verið að menn þurfi að ræða þetta enn frekar. En það er búið að ræða þetta lengur en Kárahnjúkana. Þrisvar sinnum lengur. Það er búið að ræða þetta mál lengur en gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það er búið að ræða þetta mál mun lengur en málið um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég tel að við eigum að láta lýðræðið njóta sín hér á þingi. Við þingmenn eigum að fá tækifæri til að kjósa um þetta mál til þess m.a. að við getum farið í að ræða önnur mikilvæg (Forseti hringir.) málefni sem eru brýn og góð.

[10:50]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Hér hefur stjórnarandstaðan verið óþreytandi að kynna tilboð í þessu máli. Það er nauðsynlegt af minni hálfu að reyna að átta sig á þessu tilboði, hvað það felur í sér.

Það er alveg ljóst að þær umræður sem ég hef hlustað á daga og nætur hér, snúast að miklu leyti um Framsóknarflokkinn. Framsóknarflokkurinn er í miðdepli þeirrar umræðu. Það er allt í góðu lagi út af fyrir sig.

En ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni að stjórnarandstöðuflokkarnir stefni að stjórnarþátttöku með

Sjálfstæðisflokknum eftir kosningar. (Gripið fram í.) Þá spyr ég og það er brýn spurning: Mun það verða gert að skilyrði um stjórnarþátttöku stjórnarandstöðunnar með Sjálfstæðisflokknum að þessi lög verði dregin til baka? Mun það verða?

[10:52]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Þetta er merkilegur flótti þeirra ágætu framsóknarmanna sem hér tala. Fyrst kemur hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra og heldur eina lengstu ræðu sem haldin hefur verið lengi undir þessum dagskrárlið, þar sem tilkynnt er að Framsóknarflokkurinn hafi ekki lengur sjálfstæðan vilja í menningar- og menntamálum, heldur sé það hæstv. menntamálaráðherra sem fari með allt það umboð.

Kemur ekki síðan hinn ágæti hv. þm. Jón Kristjánsson og ber það upp á stjórnarandstöðuna í heild sinni að hún sé á leið í stjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokknum. Ég spyr, hvað með Framsóknarflokkinn? Gerir hv. þingmaður ekki ráð fyrir að Framsóknarflokkurinn verði til eftir næstu kosningar, eða hvað? Ég get svarað hv. þingmanni mjög skýrt. Það hefur ekki staðið til af hálfu stjórnarandstöðunnar að fara í stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn. (Gripið fram í.)

En það er hins vegar algjörlega klárt, yfirgjammari en þú varst útnefndur hér í gær, hv. þingmaður, að ef einhver stjórnarandstöðuflokkur lendir í þeirri klípu að þurfa að fara að semja við Sjálfstæðisflokkinn, þá verður alveg augljóst að þetta mál hlýtur að verða eitt af átakamálunum í því stjórnarsamstarfi. Sama hvaða stjórnarandstöðuflokkur á í hlut. Það er einfalt mál.

Þess vegna, hv. þingmaður, viljum við fara með gildistímann fram yfir kosningar vegna þess að þá er miklu auðveldara fyrir nýja ríkisstjórn að koma að málinu.

Það var hins vegar athyglisvert hjá hæstv. menntamálaráðherra, sem nú er enn einu sinni horfin úr salnum, að tala um að stjórnarflokkarnir, ágætt hæstv. ráðherra, þú ert þarna, hafi gert tilboð um fjölmiðlafrumvarpið sem væri tóm vitleysa að mati hæstv. ráðherra. Vegna þess að núna þegar sambærilegt tilboð kemur af hálfu stjórnarandstöðunnar, þá er það allt í einu tóm vitleysa sem segir auðvitað um leið að tilboð stjórnarflokkanna varðandi fjölmiðlafrumvarpið var að mati hæstv. menntamálaráðherra tóm vitleysa.

Er það ekki það sama og við segjum og er líklega staðfesting á því (Gripið fram í.) að frumvarp hæstv. ráðherra um Ríkisútvarpið er tóm vitleysa.

[10:54]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Nú er liðinn sá tími sem ætlaður er til þess að ræða um störf þingsins.

***Um fundarstjórn.***

Framhald umræðu um RÚV.

[10:54]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að fram komi að sú ósk og sú krafa hefur verið sett fram af hálfu stjórnarandstöðunnar, að hæstv. viðskiptaráðherra, formaður Framsóknarflokksins, verði viðstaddur umræðuna um Ríkisútvarpið. Ekki einvörðungu vegna þess að málið heyrir að hluta til undir hans ráðuneyti en samkeppnisþáttur þessa máls heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, heldur einnig vegna hins að menn vilja ræða hina pólitísku ábyrgð í þessu máli.

Hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins yrði aldrei að lögum ef ekki væri fyrir tilstilli og stuðning Framsóknarflokksins við þetta áhugamál íhaldsins. Hefði aldrei orðið og yrði aldrei.

Síðan vekur athygli, hæstv. forseti, sú framsetning sem kom fram hjá einum hv. þingmanni Framsóknarflokksins þegar hann spyr um afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna í hugsanlegu samstarfi þeirra við Sjálfstæðisflokkinn að afloknum kosningum. Það er greinilegt að Framsóknarflokkurinn er búinn að gera það upp við sig að hann verði ekki í næstu ríkisstjórn.

Ég held hins vegar, og dæmi það af yfirlýsingum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að undanförnu, að þessir tveir flokkar hyggi á áframhaldandi samstarf.

Fyrir þjóðina er mikilvægt að gera upp hug sinn. Vilja menn áframhaldandi samstjórn þessara flokka? Og gæti það nú verið að atkvæði greitt Sjálfstæðisflokknum í næstu kosningum sé jafnframt atkvæði greitt Framsóknarflokknum (Forseti hringir.) og öfugt, að atkvæði greitt Framsókn verði atkvæði greitt íhaldinu? Þessir flokkar eru (Forseti hringir.) að spyrða sig saman og vilja starfa saman að afloknum næstu kosningum.

(**Forseti** (SP): Forseti ætlaði að inna hv. þingmann eftir því hvort hann teldi sig vera að ræða fundarstjórn forseta.)

[10:56]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég ætla að halda mig við fundarstjórn forseta. Ég held að það sé mikilvægt undir þessum lið, og að þau málefni sem heyra undir það sem við ræðum hér daga og nætur, málefni Ríkisútvarpsins, að þau séu rædd undir réttum liðum hér í þinginu.

Það er þannig og það kom fram í morgun að það hefur verið talað um eðlilega kröfu stjórnarandstöðunnar til þess að fara að ljúka þessu máli. Ég er algjörlega sammála því.

En stjórnarandstaðan þarf greinilega sinn tíma til þess að ræða þessi mál. Það er eðlileg krafa stjórnarandstöðunnar að hún fái að ræða málin jafnlengi og stjórnarandstöðunni dettur í hug, enda eru þingsköp okkar þannig að stjórnarandstaðan má hafa allan þann tíma sem hún vill.

En það er jafnframt eðlileg krafa okkar stjórnarmeirihlutans að þeirri umræðu ljúki einhvern tímann og að við fáum að greiða atkvæði um þetta frumvarp sem er svo mik-

ið rætt, hefur verið unnið svo gífurlega vel í nefnd og búið að eyða í það mjög löngum tíma, búið að kalla til marga gesti, fá mikið af gögnum. Búið er að brjóta þetta mál til mergjar.

Þess vegna er mjög eðlilegt að málið sé rætt málefnalega í þinginu og það klárað með þeim hætti. En þá sé verið að ræða málið, sé verið að ræða það málefnalega. En það sem við höfum hins vegar orðið vitni að hér í umræðunni löngum stundum, nætur og daga, er ekki málefnaleg umræða.

Ég hvet hæstv. forseta, af því við erum hér að ræða fundarstjórn forseta, til þess að gefa allan þann tíma sem til þarf til þess að ræða þetta mál og greinilega hefur verið kallað eftir eins og við sjáum á mælendaskránni sem liggur fyrir í málinu.

Það hlýtur að vera krafa okkar þingmanna til forseta, að hér verði haldnir langir fundir til þess að menn geti rætt í löngu máli um þetta frumvarp, á endanum verði því lokið og það verði hægt að greiða atkvæði um það hér í þinginu.

[10:59]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég er reiðubúinn til þess að vera hér á löngum fundum. En ég set það skilyrði að Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, sé hér með mér. (Gripið fram í.)

Forseti. Hvar var Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins í gær? (Gripið fram í.) Hún var ekki á þeim fundi sem hér stóð til klukkan 2.06. Það var þannig. Þar var forseti þingsins ekki heldur og þar var Sigurður Kári Kristjánsson, formaður hv. menntamálanefndar, ekki heldur. Þar var menntamálaráðherra, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, ekki heldur.

Forseti. Þetta varðar ekki fundarstjórn forseta heldur orð síðasta ræðumanns. Fundarstjórn forseta varða hins vegar þeir möguleikar sem eru á því að koma þessu máli þannig fyrir að það þvælist ekki fyrir öðrum merkum málum og að þinghaldið styttist.

Í umræðunum hefur verið bent á leið til þess sem er sú að gildistökuákvæðinu verði breytt og stjórnarandstaðan hefur gefið til kynna að hún muni geta sætt sig við slíka afgreiðslu þó að hún sé að sjálfsögðu á móti málinu. Ég hvet forseta til að kanna þann möguleika betur.

Ég vil benda honum á fordæmi í því efni sem er afgreiðsla vatnalaganna svokölluðu, hér fyrr í þinginu. En þá var það þannig að leiðtogi stjórnarinnar og talsmaður Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í því máli var Valgerður Sverrisdóttir, sem er að góðu kunn, en ekki einkum af miklum sveigjanleika eða að gefa pólitískum andstæðingum sínum mikið svigrúm. En hún gerði það í þessu efni og má hrósa henni fyrir það.

Annað dæmi var rifjað upp sem forseti kynni að vilja nýta sér. Það er það tilboð sem menn rámar að vísu illa í, um fjölmiðlalögin hér fyrr á kjörtímabilinu, að farið hafði verið fram á það við stjórnarandstöðuna að hún féllist á að láta af snarpri andstöðu sinni um hríð gegn þeim lögum ef ákveðnum ákvæðum í því yrði frestað, gildistöku þeirra, fram yfir næstu kosningar. Það voru þá tvö og þrjú ár og meiri hluti kjörtímabilsins var eftir. Nú eru þetta nokkrir mánuðir, nokkrar vikur frá hinni algeru gildistöku þeirra laga.

Það er Þorgerður K. Gunnarsdóttir, hæstv. menntamálaráðherra, sem er leiðtogi Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í þessu máli, sem nú er um að ræða. Það ber nýrra við að hún er orðin ósveigjanlegri en sá sem var forustumaður stjórnarliða í fjölmiðlalögunum, hinn sveigjanlegi, mildi og (Forseti hringir.) og ágæti og vísi foringi ...

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmanni ber að ræða um fundarstjórn forseta.)

Hann er að því. Hann er að benda forseta á leiðir út úr vandanum.

(**Forseti** (SP)**:** Ég á erfitt með að heyra það.)

Forseti. Ég bið um að fá að klára ræðu mína. Það skal taka þær fimm sekúndur sem ég á hér eftir.

(**Forseti** (SP)**:** Þingmaður heldur áfram ræðu sinni.)

Þakka þér fyrir forseti.

En það var hinn ágæti, mildi og sveigjanlegi foringi Davíð Oddsson, sem menn minnast nú með hlýju og hugnæmum þokka hér á þinginu þegar horft er á núverandi foringja stjórnarliðsins.

[11:03]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða um fundarstjórn forseta og vil byrja á því að lýsa yfir megnri óánægju minni með að mér skuli úthlutaður ræðutími á næturnar. Mér var ætlaður ræðutími í gær klukkan hálftólf.

Frú forseti. Ég er að ræða um fundarstjórn forseta og var að mótmæla því að mér sé ætlaður ræðutími á næturnar. Ég er mjög ósáttur við það og sérstaklega í ljósi þess að þegar ég kaus núverandi hæstv. forseta til þess starfa sem hún gegnir var sérstaklega rætt um að þetta ætti að vera fjölskylduvænn vinnutími. Ég lenti í því í gær að í stað þess að vera heima í rólegheitunum að svæfa son minn var ég sendur hingað niður í þing til að svæfa hálfa þjóðina. (Gripið fram í.)

Ef stjórnarliðið hefði gefið sér tíma til að hlusta á umræðuna í gær hefði það áttað sig á því að hér var bent á mjög mikinn galla í frumvarpinu. Ég hef áður bent á annan galla. Sá galli sem ég hef verið að benda á er að verði þetta frumvarp samþykkt klippir það beinlínis á lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Var það ætlunin, er það vísvitandi gert? Ég held ekki og það finnst mér næg ástæða til að taka frumvarpið til baka inn til nefndar.

Hitt er kannski öllu verra, frú forseti, (Gripið fram í.) sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti hér á í gær, að verði frumvarpið samþykkt eins og það er núna óbreytt munu þeir sem einungis hafa fjármagnstekjur ekki borga nefskatt eða afnotagjöld af Ríkisútvarpinu. (Forseti hringir.) Er það vísvitandi gert?

(**Forseti** (SP)**:** Forseti bendir hv. þingmanni á það að hér er ekki verið að ræða efni frumvarpsins um Ríkisútvarpið, heldur um fundarstjórn forseta. Forseti getur enn fremur upplýst um það að forseti hefur upplýsingar um að hv. þingmaður hefur talað í hartnær níu klukkustundir í þessu máli þannig að það er kannski skiljanlegt að hv. þingmaður þurfi að hafa sinn tíma til að ræða málefni Ríkisútvarpsins,

hvort sem er að degi eða kvöldi.)

Frú forseti. Það er ekki mér að kenna að mér sé ætlað að ræða þetta mál hér á næturnar, það er ekki mín ákvörðun, alls ekki. Ég er hér að benda á tvo galla í frumvarpinu, frú forseti, það er einfaldlega það sem ég er að gera. En ef þetta eru ekki gallar er þetta vísvitandi gert og ég er ekki viss um að allir stjórnarliðar hafi áttað sig á því að það sé vísvitandi að þeir sem einungis greiða fjármagnstekjuskatt borgi ekki afnotagjöld, þeir borgi ekki nefskatt. (Gripið fram í.) Er það ekki galli á frumvarpinu, (Forseti hringir.) hæstv. menntamálaráðherra, er þetta með vilja gert?

(**Forseti** (SP)**:** Efni frumvarpsins er ekki til umræðu hér undir þessum dagskrárlið, forseti hefur bent hv. þingmanni á það. (**Gripið fram í:** Búinn með ræðuna.) Honum ber að halda sig við efnið. )

Frú forseti. Því er nú þannig til hagað, eins og ég hef bent á, að mér er ætlað að ræða málið hér á næturnar. Þá eru stjórnarliðarnir einfaldlega ekki mættir til að hlusta á ræður mínar. (**Menntmrh.:** Það er ekki rétt, ég var hér í nótt að hlusta á þig.) Þú komst í fimm mínútur, þegar hana vantaði fimm mínútur í tvö og þá var ræðunni ekki lokið. (**Menntmrh.:** Ég hlustaði á þig.) Þú hlustaðir ekki á mig.

(**Forseti** (SP)**:** Samkvæmt þingsköpum er ekki ætlast til þess að ræðumenn tali við þingmenn úti í sal. Þeim ber að beina máli sínu til forseta.)

[11:07]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

(**JBjarn:** Nú kemur ...) (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Nú verður greitt fyrir þingstörfunum.) (Gripið fram í.) Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta til þess að þakka hæstv. forseta fyrir gríðarlegt þolgæði og aðdáunarverða þolinmæði gagnvart hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Þeir hafa nú á þessu kjörtímabili rætt um málefni Ríkisútvarpsins í 120 klukkustundir og rætt hér um störf þingsins og fundarstjórn forseta meira og minna alla þessa viku. Hæstv. forseti hefur sýnt mikla lipurð við stjórn þingsins þannig að það ber að þakka sérstaklega fyrir það.

Þessi framkoma hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar er auðvitað þinginu til minnkunar og þeim mun aðdáunarverðari er afstaða og stjórn hæstv. forseta. Það er hlegið, hæstv. forseti, að hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar og það er ekki bara hlegið, það er tröllhlegið að þingmönnum stjórnarandstöðunnar úti um allt land. (Gripið fram í.) Og hvers lags framkoma er þetta, hæstv. forseti? Nú er mál að linni, nú er nefnilega mál að linni, hæstv. forseti, þessari stóru brandarakeppni stjórnarandstöðunnar er lokið. Nú er kominn tími til að fara að ræða þessi mál efnislega og það er full ástæða til að ræða þau efnislega. (**SigurjÞ:** Já, hvað ...?)

Menn hafa gert mikið úr því hver sé stefna Framsóknarflokksins (**SigurjÞ:** Einmitt.) í þessu máli (**Gripið fram í:** Já.) og ég skal fara yfir það í umræðunni undir viðkomandi dagskrárlið. Ég get t.d. lesið upp úr flokksþingssamþykktum Framsóknarflokksins frá árinu 2005 (**Gripið fram í:** Hlutafélaga...?) sem ekki nokkur hv. þingmaður hér inni hefur áhuga á af því að það hentar ekki málflutningum. (Gripið fram í.)

Það væri hins vegar aðdáunarvert að fara yfir stefnu stjórnarandstöðunnar, fara t.d. yfir skoðanir hv. þingmanna Samfylkingarinnar. Hverjar skyldu þær vera? Hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir að það sé verið að einkavæða Ríkisútvarpið. Á sama tíma kemur aðalgúrú Samfylkingarinnar í menntamálum og talsmaður Samfylkingarinnar í menningarmálum (Gripið fram í.) og segir að það sé verið að ríkisvæða Ríkisútvarpið. (**Gripið fram í:** Varaformaður ...) Svo kemur auðvitað (Forseti hringir.) varaformaðurinn, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, og segir að það sé verið að (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) hlutafélagavæða útvarpið (Gripið fram í.) og nauðsyn á því. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti biður hv. þingmenn um að gefa hljóð hér í salnum.)

Hæstv. forseti. ...

(**Forseti** (SP)**:** Svona frammíköll ganga ekki. Forseti vill líka benda hv. ræðumanni á það að honum ber að ræða um fundarstjórn forseta ...)

Já, hæstv. forseti, ég ...

(**Forseti** (SP)**:** ... en ekki um efni frumvarpsins sem er á dagskrá hér á eftir.)

Hæstv. forseti. Ég hef ítrekað vikið að fundarstjórn forseta í ræðu minni eins og fram hefur komið og þakkað henni sérstaklega fyrir skelegga fundarstjórn. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Tímanum er lokið.)

[11:10]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill ítreka að hér er búið að eyða ómældum tíma á dagskrá þingsins í að ræða um liðinn fundarstjórn forseta og ætlast er til þess að hv. þingmenn haldi sig þá við það efni.

[11:10]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég ætlaði aðeins að greiða fyrir þingstörfum. Nú er klukkan u.þ.b. 10 mínútur yfir 11 og ég vildi rifja það upp að í gær var rætt hér um fundarstjórn forseta og þá stóð bunan út úr þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem kvörtuðu yfir því að ekki væri hægt að ræða mikilvæg málefni eins og málefni Byrgisins. Á það var síðan fallist að rætt yrði um málefni Byrgisins utan dagskrár og fundur var settur í dag fyrir þremur korterum þar sem boðað er að það eigi að ræða málefni Byrgisins, en þá skyndilega liggur hv. þm. Ögmundi Jónassyni ekkert á að ræða það mikla þjóðþrifamál frekar en öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Nei, nei, þeir koma hérna hver á fætur öðrum upp í ræðustól Alþingis og halda áfram þessu grímulausa málþófi sem hefur staðið hérna síðan á mánudaginn.

Ég leyfi mér að fullyrða að almenningi sem fylgist með þessum þingstörfum — það eru u.þ.b. 4.000 manns á hverjum degi sem fylgjast með beinum útsendingum hér og reyndar fleiri úti í þjóðfélaginu — er svo misboðið að sjá í hvaða stöðu þjóðþingið er, sjá hvernig stjórnarandstaðan hefur hneppt Alþingi Íslendinga í gíslingu, (**Gripið fram í:** Hættu að tala niður ...) þingmenn stjórnarandstöðunnar. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er þar ekki undanskilinn, (**Gripið fram í:** Fremstur í flokki.) er líklega fremstur í

flokki (Gripið fram í.) við að koma óorði á Alþingi. Þeir hafa orðið sjálfum (Gripið fram í.) sér til skammar, þeir hafa (Forseti hringir.) komið óorði á lýðræðið. Frú forseti. Nú legg ég til að hæstv. forseti minni hv. þingmenn á það að þeir vilja hér ræða um önnur þjóðþrifamál en Ríkisútvarpið, að þeir fái þá að gera það og (Forseti hringir.) það hlýtur að vera hægt að fá þá til þess að ljúka þessari umræðu með einhverjum hætti. Alþingi er stórskaðað af þessari framkomu þeirra.

### *Umræður utan dagskrár.*

Málefni Byrgisins.

[11:13]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það mál sem við höfum óskað eftir að taka á dagskrá hefur á sér margar hliðar, bæði fjárhagslegar og faglegar. Ég vil taka það fram í upphafi að ég tel afar mikilvægt að þetta félagslega úrræði sé til staðar, að hægt sé að vista heimilislausa og þá sem minna mega sín í samfélaginu og koma þeim til aðstoðar í vandamálum sínum. Þessi umræða má ekki gera lítið úr því mikilvæga hlutverki að slík úrræði séu til staðar.

Félagsmálanefnd og fjárlaganefnd hafa nú í tvo morgna farið yfir þetta mál og reynt að kynna sér það í þaula enda er málið grafalvarlegt. Umfjöllun nefndanna er ekki lokið. Þrátt fyrir það tel ég mikilvægt að hægt sé að koma að hér í umræðunni fyrirspurnum til hæstv. ráðherra um þetta tiltekna mál. Kjarninn í því sem ég vil ræða eru árin 2003–2007. Þetta eru fjögur ár eða þar um bil þar sem rúmlega 200 millj. kr. hafa runnið úr ríkissjóði til Byrgisins, þ.e. með kaupum á fasteign og framlögum til verkefnisins.

Á árinu 2003 samþykkti ríkisstjórnin skilyrta fjárveitingu til þessa verkefnis og þar var gerð skýlaus krafa um ákveðin skilyrði til þess að þessir fjármunir rynnu úr ríkissjóði. Í framhaldi af því var gengist í að útbúa yfirlýsingu þar sem taka átti fram hvernig að fjárveitingunum skyldi staðið. Ég held að það sé mikilvægt í þessari umræðu að fara aðeins yfir þessi skilyrði til þess að upplýsa um hvað þetta mál snýst. Í yfirlýsingu ráðuneytisins og Byrgisins, sem reyndar var aldrei undirrituð af Byrginu vegna deilna um fjölda vistmanna þar sem ráðuneytið gerði kröfu um að þeir yrðu 55 en á árunum 2003–2007 náðu þeir aldrei nokkurn tíma þeirri tölu, voru skilyrði fyrir þessum útgreiðslum að ársreikningar lægju fyrir og að Byrgið hefði komið málum sínum í skil. Enn fremur að ríkisendurskoðandi hefði yfirumsjón með þessu verkefni, en í umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að ríkisendurskoðandi vissi aldrei um tilvist þessarar yfirlýsingar og þar af leiðandi átti hann þess ekki kost að vita að það væri hlutverk hans að fylgja eftir framkvæmd þessa þjónustusamnings. Í skilyrðunum var enn fremur tekið fram að ef rekstraraðili, þ.e. Byrgið, uppfyllti ekki þessar kröfur og fleiri til mætti stöðva greiðslur án þess að viðkomandi ætti nokkurn rétt á hendur ríkissjóði.

Þetta eru þau atriði sem skipta máli í þessari umræðu, því að þrátt fyrir að þessi skilyrði hafi legið fyrir, þrátt fyrir að þetta hafi verið forsendur fyrir útgreiðslu runnu úr ríkissjóði í þetta verkefni á þessum árum á þriðja hundrað milljónir króna. Á þriðja hundrað milljónir runnu úr ríkissjóði til þessa verkefnis á þessum árum án þess að þessi skilyrði væru uppfyllt.

Það er hlutverk félagsmálaráðherra að sjá um þessar greiðslur og hafa eftirlit með þeim. Við höfum fjallað talsvert um það í þessari umræðu hvar ábyrgðin kunni að liggja, þar hefur hver bent á annan og helst enginn viljað taka á sig nokkra ábyrgð ef formaður fjárlaganefndar er undanskilinn.

Það sem er kannski kjarninn í þessu máli og kom fram á fundi í morgun og einnig í gær er að talað er um að geysilegur pólitískur þrýstingur hafi búið að baki því að þessar greiðslur runnu úr ríkissjóði og ég spyr hæstv. (Forseti hringir.) ráðherra: Hvaðan kom þessi pólitíski þrýstingur þrátt fyrir að þessi skilyrði væru ekki uppfyllt?

[11:19]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Byrgismálið er mjög alvarlegt mál og félagsmálaráðherra staðfestir fyrir sitt leyti þá ábyrgð sem á því embætti hvílir. Hæstv. ráðherra Magnús Stefánsson er veðurtepptur erlendis á þessari stundu.

Frá 1999 hefur Alþingi veitt Byrginu fjárstuðning á fjárlögum. Fram til 2002 höfðu rekstraraðilar Byrgisins samskipti við ýmsa aðila innan stjórnkerfisins, m.a. við utanríkisráðuneytið vegna húsanna í Rockville. Síðari hluta ársins 2002 ákvað þáverandi forsætisráðherra að félagsmálaráðuneytið tæki við þessum samskiptum en þá hafði utanríkisráðuneytið upplýst að Byrgið yrði að hverfa frá Rockville með starfsemi sína.

Í janúar 2002 lauk Aðalsteinn Sigfússon við úttekt fyrir utanríkisráðuneytið um starfsemi Byrgisins. Í niðurstöðum kemur m.a. fram að þörf sé á því úrræði sem Byrgið bauð. Einnig er þar fjallað um fjármál Byrgisins. Það er rangt að skýrslu þessari hafi verið stungið undir stól. Við hana var stuðst í því starfi sem í hönd fór. Þáverandi utanríkisráðherra vísaði til úttektarinnar í svari við fyrirspurn á Alþingi hinn 13. febrúar 2002 og úttektarinnar er getið í bréfi félagsmálaráðuneytis til fjárlaganefndar í september 2003. Þessar upplýsingar lágu því fyrir á þessum tíma.

Síðari hluta ársins 2002 og fram á árið 2003 var mikil umfjöllun á Alþingi, í ríkisstjórn og í fjölmiðlum um fjárþörf Byrgisins. Mikill þverpólitískur stuðningur og almennur þrýstingur var á stjórnvöld að leysa málefni Byrgisins með húsnæði og auknum fjárframlögum. — Þetta er það sem hv. þingmaður var að spyrja um. — Hófust þá viðræður við fulltrúa Byrgisins undir forustu félagsmálaráðuneytisins en með aðkomu utanríkisráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Var yfirlýsing undirrituð í apríl 2003 þar sem sett voru skilyrði fyrir áframhaldandi stuðningi við starfsemina.

Eitt af þeim var að skipulagsskrá fyrir rekstrarfélag hefði verið samþykkt og send til skráningar. Í framhaldi af þessu var stofnað Byrgið, líknarfélag – sjálfseignarstofnun og það skráð hjá réttum opinberum aðila. Jafnframt ákvað ríkisstjórnin að festa kaup á Efri-Brú í Grímsnesi og gerðu Fasteignir ríkissjóðs afnotasamning við rekstraraðila Byrgisins um húseignirnar vorið 2003. Frá þessum tíma hafa

greiðslur af fjárlögum runnið til Byrgisins, líknarfélags – sjálfseignarstofnunar og í því sambandi höfð hliðsjón af yfirlýsingu um styrk frá því í október 2003. Ekki voru taldar forsendur fyrir því að gera þjónustusamning enda var ríkið í þessu tilviki ekki að kaupa þjónustu sem það hefði ella þurft að sinna sjálft.

Byrgið og fjölmörg önnur félagasamtök fá á hverju ári styrki greidda á grundvelli fjárlaga. Af greinargerð Ríkisendurskoðunar frá því í janúar verður ekki dregin önnur ályktun en að rekstraraðilar Byrgisins hafi brugðist því trausti sem þeim var sýnt. Í fyrrnefndri yfirlýsingu um styrk er ákvæði um að óheimilt sé að nota styrkfé til annarra óviðkomandi verkefna.

Félagsmálaráðherra óskaði þess 16. nóvember sl. að Ríkisendurskoðun gerði athugun á fjárreiðum Byrgisins. Því liggur greinargerð Ríkisendurskoðunar nú fyrir og á grundvelli hennar hafa lögregluyfirvöld fengið fjárhagsleg málefni Byrgisins til meðferðar. Þrátt fyrir það hefur félagsmálaráðherra ekki dregið fjöður yfir að eftirlit hefði mátt vera í betra horfi. Einnig hefur ríkisendurskoðandi tekið undir það að efla megi eftirlit stofnunarinnar með fjármunum sem renna til aðila utan hins opinbera kerfis. Er því mikilvægt að leggja áherslu á að lærdómur verði dreginn af þessu máli og unnið markvisst að því að efla innra og ytra eftirlit með fjárveitingum úr ríkissjóði. Hefur sú vinna þegar farið af stað í félagsmálaráðuneytinu í samvinnu við Ríkisendurskoðun. Auk þess vinnur fjármálaráðuneytið nú ásamt félagsmálaráðuneytinu að gerð almennra reglna um ráðstöfun á styrkjum, skilgreindum kröfum fyrir útgreiðslu og kröfum um skil á gögnum um framkvæmd verkefnis. Verður einnig haft náið samráð við Ríkisendurskoðun um frágang þessara reglna.

Áhersla hefur verið lögð á það af hálfu félagsmálaráðuneytisins að finna lausnir fyrir þá einstaklinga sem voru í Byrginu þegar ákveðið var að loka því. Að þessu er unnið um þessar mundir, bæði hvað varðar skammtímalausnir (Forseti hringir.) og framtíðarlausnir.

[11:24]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Sú umræða sem orðið hefur á síðustu dögum um málefni Byrgisins og starfsemina sem þar hefur verið sinnt dregur athyglina að stöðu þessa málaflokks í samfélaginu. Hún dregur athyglina að því hvernig samfélagið sem heild axlar ábyrgð á fólki sem einhverra hluta vegna getur ekki átt samleið með eðlilegum hætti í samfélaginu um lengri eða skemmri tíma. Allt er þetta fólk meðborgarar okkar og á sama rétt og við öll, hver og einn. Þetta finnst mér gleymast í þeirri umræðu sem nú fer fram. Þessi ábyrgð virðist líka gleymast í umræðunni sem hér á sér stað í boltakasti á milli ráðherra og einstakra stofnana á vegum ríkisins.

Í skýrslu sem unnin var af sérfræðingi um starfsemi Byrgisins og utanríkisráðherra vitnaði til í janúar 2002 segir svo, með leyfi forseta:

„Í heild er um einstaklinga að ræða sem eru félagslega, tilfinningalega og líkamlega illa farnir af misnotkun vímugjafa og þurfa því á að halda langtímaendurhæfingu og í sumum tilvikum langtímaathvarfi og -búsetu. Vegna þessa virðist Byrgið þjóna margháttuðu hlutverki.“

En í umsögn læknis, Þórarins Tyrfingssonar er ítrekað, eins og þarna kemur fram, að þarna er um sjúklinga að ræða. Þess vegna spyr ég: Á hvaða forsendum tók forsætisráðherra þá ákvörðun að þessi málaflokkur og starfsemi Byrgisins skyldi fara undir félagsmálaráðherra en ekki undir heilbrigðisráðherra eins og skýrslan öll (Forseti hringir.) sem hann hafði undir höndum og hafði verið haldið leyndri fyrir fjárlaganefnd benti til, (Forseti hringir.) að þetta væru sjúklingar sem ættu heima á verksviði heilbrigðisráðuneytisins? Ég spyr um faglegar (Forseti hringir.) forsendur þegar þessi ákvörðun var tekin, frú forseti.

[11:27]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Hér eru til umræðu málefni Byrgisins. Félagsmálanefnd og fjárlaganefnd hafa nú í tvo daga fjallað um þetta mál og þó að þeirri umræðu sé ekki lokið ætla ég að öll kurl í málinu séu komin til grafar, það liggi alveg ljóst fyrir hvernig þetta mál er vaxið.

Ég vil taka það fram að frá upphafi þegar greiðslur til Byrgisins komu fyrst inn í fjárlög voru þær á vegum félagsmálaráðuneytisins og hafa aldrei verið annars staðar. Þær komu fyrst til hreinlega á grundvelli mannúðarmáls, vegna útivistar heimilislauss fólks, að reyna að hjálpa því. Þannig hefur það alltaf verið.

Þegar við förum yfir þessi mál er alveg ljóst og þarf ekkert að fara í grafgötur með það að hér hafa orðið ákveðin stjórnsýslumistök. Þau mistök má eingöngu rekja til þess að menn hafa farið mjög óvarlega. Allar reglur og öll lög eru mjög skýr, IV. kafli fjárreiðulagana, 30. gr., sem segir til um framkvæmd fjárlaganna segir þetta nákvæmlega. (Gripið fram í.) Öllum má vera ljóst að framkvæmd fjárlaga er alltaf á vegum ráðuneytanna. Þau bera skýlausa ábyrgð á framkvæmdinni, alveg sama hvernig fjárreiðurnar eru til komnar.

Fyrir fimm árum var á vegum fjárlaganefndar og með aðstoð fjármálaráðuneytisins gerð krafa til þess að öll ráðuneytin settu sér skýrar og afmarkaðar reglur um hvaða verklag skyldi viðhaft við úthlutun styrkja. Mörg ráðuneyti hafa farið eftir því. Það er mjög nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að þarna var þetta ekki gert og menn fóru mjög óvarlega. Sú ályktun sem við getum dregið af því máli er að við verðum að læra að það borgar sig og þær kröfur verða alltaf gerðar af þjóðinni og skattborgurunum (Forseti hringir.) að menn vandi sig og passi sig mjög vel þegar um svona mál er að ræða.

[11:29]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Auðvitað eru fjármálin ekki aðalatriði í þessu máli heldur sá mannlegi harmleikur sem átti sér stað á meðferðarheimilinu. Það skiptir náttúrlega miklu í framhaldinu af þessu máli að leyst verði úr vanda þess fólks sem átti allt undir þeirri starfsemi sem þar fór fram. Ég tel að það verði einnig að draga fram hina pólitísku ábyrgð í þessu máli.

Það er ekki rétt sem kom fram hjá hæstv. starfandi félagsmálaráðherra, viðskiptaráðherra Framsóknarflokksins

og formanni flokksins, að staða málsins hafi verið öllum ljós. Það er einfaldlega ekki rétt. Í því bréfi sem vísað er til frá 5. september 2003 er ekki verið að draga fram veikleika Byrgisins, þar segir ekki frá því hver fjármálaóreiðan í rauninni var og var öllum ljós í félagsmálaráðuneytinu. Það er ekki dregið fram í því bréfi, heldur einungis hver þörf þessarar stofnunar var fyrir fjármagn. Menn eiga að halda því til haga sem rétt er en ekki að dreifa hér einhverjum hálfsannleik um það hver staðan var í ráðuneytinu.

Þetta mál vekur athygli á því hvernig fjárúthlutun til félagasamtaka er. Í þessu máli lá ljóst fyrir hver staða Byrgisins var, en með megninu af fjárveitingum sem veitt er til frjálsra félagasamtaka er engin eftirfylgni, það er ekkert eftirlit. Þetta mál er svo sannarlega mál sem læra þarf af.

Það sem ég ætlaði að vekja athygli á er að gerð hefur verið rannsókn á þessu þar sem spurt hefur verið út í afstöðu sérfræðinga og ráðuneyta til þess hvernig þessum málum er komið fyrir og niðurstaðan er einfaldlega sú (Forseti hringir.) að það fyrirkomulag sem við búum við þarf rækilegrar endurskoðunar við.

[11:31]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Eftir ofnotkun vímuefna verður fólk fyrir heilaskaða sem leiðir af sér skerta hæfni til sjálfsbjargar og til að vinna úr uppákomum í daglegu lífi og að taka réttar og raunhæfar ákvarðanir um sitt eigið líf. Fólk í slíku ástandi er af ríkisstjórninni sett til aðhlynningar, eða eigum við að segja til geymslu, hjá fólki sem hefur enga faglega þekkingu, enga faglega menntun til að annast fólk með heilaskaða. Byrgið er að margra áliti trúfélag og trúfélag sem lítur á atferli slíkra sjúklinga sem synd. Þetta er sjúkdómur, frú forseti.

Hvers vegna hefur félagsmálaráðherra ekki leitað til fagfólks til að þjónusta þessa hópa áfengis- og vímuefnaneytenda? Hvers vegna er ekki leitað til SÁÁ? Hvert á að leita næst? Á að leita til Samhjálpar? Er bókhald þeirra opið fyrir ríkisendurskoðanda? Er fagþekking þar til að annast þessa sjúklinga? Eru þjónustusamningar þar í gangi um fjárframlög frá ríkinu til að annast þessa sjúklinga? Hvers vegna er ekki leitað til SÁÁ í þessu máli? Hvers vegna er ekki notuð sú fagþekking og sú reynsla sem þar er til staðar? Hvers vegna er ekki leitað þangað, frú forseti? Hversu margir framsóknarráðherrar þurfa að koma að þessu máli áður en þeir axla ábyrgð og segja af sér?

[11:33]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Við höfum ítrekað rætt í þessum sal um aga og aðhaldsleysi við framkvæmd fjárlaga. Það mál sem hér er til umfjöllunar er sýnidæmi um þann veruleika og kennslubókardæmi um vonda stjórnsýslu. Ég vona að Jón Sigurðsson staðfesti það sjónarmið og lýsi áliti sínu á því.

Byrgið veitti þjónustu fólki sem enginn annar vildi veita þjónustu. Það laut almenns velvilja og sá velvilji var kannski gagnrýnislaus eða lítill. Við getum öll lært af því, fjölmiðlar, stjórnmálamenn og embættismenn. Við öll sem komum að málinu berum ábyrgð en á framkvæmd fjárlaga ber félagsmálaráðherra ábyrgð. Félagsmálaráðherra urðu á alvarleg embættisafglöp fyrst og síðast haustið 2003, þegar hann tók um það ákvörðun að veita þessum aðila verulegt fé úr ríkissjóði þrátt fyrir það að hann í fyrsta lagi neitaði að undirrita samning við ráðuneytið. Í öðru lagi að embættismenn félagsmálaráðuneytisins höfðu verulegar efasemdir um starfsemina. Í þriðja lagi að fjármálaráðuneytið hafði gert athugasemdir um að fylgjast yrði vel með fjármálum þessa aðila. Í fjórða lagi að fyrir lá skýrsla úr utanríkisráðuneytinu um að fjármál þessara aðila væru í rúst og þrátt fyrir að þessi aðili væri í gjaldþrotaskiptum og flytja þyrfti fjárveitingu ársins yfir á ferska kennitölu.

Þrátt fyrir að öll þessi viðvörunarljós blikkuðu, ákvað félagsmálaráðherra Framsóknarflokksins, Árni Magnússon, haustið 2003, að greiða skyldi út fé. Við hljótum að spyrja starfandi félagsmálaráðherra hvernig menn ætli sér (Forseti hringir.) að axla ábyrgð á þeim embættisafglöpum.

[11:36]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hv. fjárlaganefnd og félagsmálanefnd eru nú að fara yfir málefni Byrgisins og þeirri yfirferð nefndanna er ekki lokið og verður haldið áfram í næstu viku.

Eins og þingheimur veit kom sá sem hér stendur tölulvert að málinu þegar hann vann í félagsmálaráðuneytinu. Svo ég geri grein fyrir því þá var skilið við málið á vormánuðum með þeim hætti að undirrituð var yfirlýsing á milli forsvarsmanna Byrgisins og ráðuneytisins þar sem sett voru ákveðin skilyrði fyrir því hvernig fjárveitingum yrði háttað í framtíðinni.

Ég hef hins vegar sagt að það séu margir sem beri ábyrgð í þessu máli og ég hef tekið hluta ábyrgðarinnar á mig. Ég hefði, eftir að ég settist í fjárlaganefnd, getað spurt einnar lítillar spurningar, hvort málin væru ekki í þeim farvegi sem ég taldi að þau væru í. Það hefði ég getað gert. En ég legg áherslu á að að sjálfsögðu treysti ég þeim aðilum sem fara með framkvæmd fjárlaga og eiga að hafa eftirlit með fjárlagagerðinni.

Hér er einfaldlega um röð mistaka að ræða og við skulum bara játa það. Ég tel mjög mikilvægt að fjárlaganefnd taki þetta mál föstum tökum, að við förum yfir það með þeim aðilum sem bera ábyrgð á framkvæmd og eftirliti fjárlaga hvað betur megi fara til að minnka líkurnar á því að svona lagað geti endurtekið sig í framtíðinni.

Ég vonast eftir góðu samstarfi við fjárlaganefnd í þeirri vinnu sem fram undan er. Það er mjög mikilvægt að við bætum vinnubrögð af þessu tagi. Hér er um peninga skattborgaranna að ræða og ábyrgðin er að sjálfsögðu okkar og við eigum að fara í þá vinnu að bæta verulega úr þeim annmörkum sem hér um ræðir.

[11:38]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er vægt til orða tekið að þetta mál sé vont fyrir Framsóknarflokkinn. Framsóknarflokknum hefur tekist einhvern veginn að vera undir, yfir og allt um kring í þessu máli. Fyrrverandi og núverandi formaður fjárlaganefndar úr Framsóknarflokknum, fyrrverandi og núverandi

félagsmálaráðherra úr Framsóknarflokknum. Meira að segja fyrrverandi utanríkisráðherra og formaður Framsóknarflokksins kemur að málinu meðan það var til húsa undir handarjaðri hans.

Það er ódýr og aumleg málsvörn hjá hæstv. félagsmálaráðherra, eða fulltrúa hans hér, að skjóta sér á bak við það að Alþingi hafi veitt fé til Byrgisins. Það er nefnilega hárrétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að ábyrgðin á þessari framkvæmd er hjá félagsmálaráðuneytinu, er hjá félagsmálaráðherra, því að allt sem gert er í því ráðuneyti og undir því er á ábyrgð ráðherrans. Ráðherrann er jafnsekur hvort sem um beina gjörninga er að ræða eða aðgerðarleysi þegar aðgerða er þörf. Lög um ráðherraábyrgð leggja þetta að jöfnu. Þetta mál verður auðvitað að skoðast í því ljósi. Þarna er meðferð fjármuna í þvílíkum ólestri, og það er á ábyrgð félagsmálaráðherranna, að engu tali tekur. Það þýðir ekki að tala um þau mál af léttúð.

Það er stórafall ef svona hlutir gerast undir nefinu á Alþingi og eftirlitskerfi þess, Ríkisendurskoðun, og ekki bara einu sinni, heldur árum saman. Að opinberu fé sé sóað með þessum hætti, þó að í hlut eigi virðingarvert og gott verkefni.

Ég verð svo að segja að ég gagnrýni líka þá ráðstöfun núverandi félagsmálaráðherra að fela með flaustursleg um hætti næsta trúfélagi málefni þess heimilislausa fólks sem þarna á í erfiðleikum. Hvers vegna eru þessir hlutir ekki skoðaðir betur ofan í kjölinn áður en (Forseti hringir.) tekin er fljótræðisleg ákvörðun um hvernig farið er með málin? Af hverju var ekki settur tilsjónarmaður með starfseminni (Forseti hringir.) og þetta unnið með eðlilegum hætti?

[11:40]

**Helga Þorbergsdóttir:**

Virðulegi forseti. Væntingar þjóðarinnar til stjórnmálamanna eru ekki síst þær að þeir vinni að því að móta reglur samfélagsins með þeim hætti að hver og einn fái notið kosta sinna í eigin þágu og samfélagsins og hafi færi á að skapa sér og sínum gott og innihaldsríkt líf.

Heilbrigðisþjónustan er einn grunnþátta í þjónustu við almenning. Hlutverk hennar er ekki síst að fjarlægja svo sem kostur er og/eða koma í veg fyrir hindranir sem tengjast sjúkdómum sem koma í veg fyrir að fólk geti nýtt tækifæri sín og notið kosta sinna.

Það skiptir því miklu að ríkar kröfur séu gerðar til þeirra sem treyst er til að meðhöndla sjúkt fólk af hvaða toga sem sjúkdómar eru. Það liggur í hlutarins eðli að kröfurnar verða að vera faglegar. Jafnframt er sjálfsagt að krefjast þess að það fé sem varið er til málaflokksins sé vel nýtt og gagnist þeim skjólstæðingum sem það er ætlað. Fé til þjónustu er ekki ótakmarkað og hér sem annars staðar gildir að það fé sem varið er til tiltekinnar starfsemi verður ekki nýtt á öðrum vettvangi.

Málefni Byrgisins hafa verið hér til umfjöllunar og eru mér tilefni þessara upphafsorða. Ekki liggur fyrir ný úttekt á faglegri starfsemi Byrgisins en greinargerð Ríkisendurskoðunar um fjármál stofnunarinnar sýnir ótvírætt að þar var ekki rétt að verki staðið.

Það sem gera þarf í kjölfarið er að nýta reynsluna og læra af henni. Svo virðist sem fastari og skýrari reglur um kröfur sem uppfylla þarf áður en veitt er leyfi og fjármagn til að reka stofnanir sem sinna sjúku fólki og jafnframt þarf að vera skýrt hvaða þjónustu verið er að greiða fyrir. Verklag innan ráðuneyta og ábyrgð þarf líka að skoða.

Hvað varðar skjólstæðinga Byrgisins og aðra sem glíma við vandamál af líkum toga, þá ber að leggja áherslu á að það fólk fái meðferð og þjónustu við hæfi svo það, eins og aðrir, fái notið kosta sinna.

[11:43]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram snýst þessi umræða um fólk og það er fólk sem er andlagið í þeirri starfsemi sem Byrgið átti að sinna. Í því ljósi eru afglöp hæstv. félagsmálaráðherra miklu alvarlegri vegna þess að það lá fyrir allan tímann að fjárhagur Byrgisins var í molum. Sett voru skilyrði um að því yrði kippt í liðinn áður en fjármunir rynnu úr ríkissjóði. Þeim skilyrðum var ekki fullnægt. Það stendur eftir í þessari umræðu að þrátt fyrir skilyrðin voru þessi afglöp framin í félagsmálaráðuneytinu af hæstv. félagsmálaráðherra. Þar liggur ábyrgðin.

Það hefur komið skýrt fram í umræðunni að félagsmálaráðherra ber ábyrgð á framkvæmd fjárlaga, eða hæstv. félagsmálaráðherrar því að hér er um að ræða tímabilið 2003–2007. Þeir hafa ekki staðið undir þeirri ábyrgð þennan tíma. Þetta liggur alveg ljóst fyrir í þessari umræðu. Spurningin er þá sú: Hvernig ætlar Framsóknarflokkurinn að axla þá ábyrgð því að hér er um að ræða milli 200 og 300 millj. sem hafa runnið úr ríkissjóði eftirlitslaust? Það eru dálítið dýr afglöp og ýmsir þurfa að bera mikla ábyrgð ef þeir fremja sambærileg afglöp.

Í lokin vil ég segja það, virðulegi forseti, að afglöpin eru ekki einungis fjárhagsleg, því að eftir að upplausnin varð í Byrginu misstu u.þ.b. 20 einstaklingar heimili sitt og fóru á götuna. Ekki var brugðist við því gagnvart þessum einstaklingum þegar upplausnin varð og reynt að leysa úr vanda þeirra. Þar er enn frekar ábyrgð hæstv. félagsmálaráðherra (Forseti hringir.) og því hlýtur spurningin sem beinist að formanni Framsóknarflokksins að vera sú: Hvernig ætlar Framsóknarflokkurinn að axla ábyrgð á þeim afglöpum?

[11:45]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég endurtek að málið er alvarlegt og ábyrgð félagsmálaráðherra liggur fyrir. (Gripið fram í.) Þær spurningar sem lagðar hafa verið fram í þessari umræðu eru allar til skoðunar og afgreiðslu í félagsmálaráðuneytinu.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hefur ekki skotið sér undan neinni ábyrgð í þessu máli. Hann ber pólitíska ábyrgð á því frumkvæði að biðja Ríkisendurskoðun að fara í saumana á fjárreiðum Byrgisins. Hann ber líka ábyrgð á því að málið var upplýst. Hann ber pólitíska ábyrgð á því að stöðva opinberar styrkveitingar til Byrgisins. Hann ber líka ábyrgð á þeim lausnum sem unnið er að núna í samvinnu við ýmsa fagaðila, þar á meðal velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Nú þarf að læra af þessum mistökum og bæta misfellur. Vinna er þegar hafin að því markmiði undir forustu hæstv. félagsmálaráðherra Magnúsar Stefánssonar. (**Gripið fram**

**í:** Ráðherra ber lagalega ábyrgð á klúðrinu.)

### *Ríkisútvarpið ohf., frh. 3. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708.

[11:47]

**Kjartan Ólafsson:**

Frú forseti. Nú er að hefjast fimmti dagur af umræðum um Ríkisútvarpið. (Gripið fram í.) Í fimm daga eftir jól, rétt ábending. Á fimmta degi erum við að ræða enn og aftur frumvarp um Ríkisútvarpið. Mig langar með nokkrum orðum að fara yfir þessa umræðu, koma með nokkur efnisatriði sem mér finnst skipta máli varðandi þetta frumvarp, en ég vil benda á, frú forseti, að þann tíma sem umræðan hefur verið nú frá jólum hefur ekki staðið á talvélum stjórnarandstöðunnar að fara yfir málið. Þær hafa verið smurðar (Gripið fram í.) enda er það háttur og venja hér á þingi að það sé gefinn upp tími sem stjórnmálamenn tala í pontu. Ég heyri það á göngum þingsins að það er metingur milli stjórnarandstæðinga um hver hafi talað lengst og mest í málinu. Þannig meta þeir starfsvettvang sinn hér á Alþingi.

Það sem skiptir máli er að greina aðalatriðin frá því sem ekki skiptir máli. Mér finnst því miður, frú forseti, að menn hafi farið allt of mörgum orðum um þætti þessa máls sem varða nánast ekkert frumvarpið og þess vegna hefur verið um mikla tímaeyðslu að ræða.

Á miðvikudag var flutt mikil ræða sem stóð í tæpa sex tíma. Hv. þm. Valdimar Friðriksson hélt hana. Það sem mér finnst sérkennilegt og ánægjulegt er að í stuttu andsvari í gær kom hann öllu því að sem hann vildi koma að í sinni löngu ræðu. Honum dugði einnar mínútu andsvar. Það sem skemmtilegra var við þetta var að hann sagði það sjálfur í andsvarinu. Það var ekki meira sem hann þurfti að koma að. Hann náði því á einni mínútu. Það var um málefni starfsmanna.

Mig undrar nokkuð það sem einn hv. þingmaður Samfylkingarinnar hefur talað um, að stofnunin Ríkisútvarpið sé grundvallarstofnun samfélagsins. Ef ég skil þau orð rétt, grundvallarstofnun samfélagsins, þ.e. RÚV, er stórt og mikið sagt. Það er svona svipað og hv. Alþingi, hugsanlega háskólinn, sjúkrahúsin, Seðlabankinn. Mér finnst þess vegna undarlegt að menn sem líta á RÚV sem svo gríðarlega mikilvægt tæki í samfélagi okkar skuli þá ekki koma með skýrari og betri tillögur og hv. Samfylking skuli ekki koma með skýrari tillögur um hvernig hún vill hafa RÚV og fjölmiðlun almennt í landinu. Ég undra mig nokkuð, frú forseti, á að ekki skuli hafa komið fram í umræðu um frumvarpið að ríkið ætti t.d. að fara að gefa út dagblað. Það væri afar eðlilegt miðað við þennan grundvallarþátt í ríkinu að Ríkisútvarpið gæfi bara út dagblað. Það hefur ekki heyrst. (**MÁ:** Viltu leggja þetta niður? Viltu selja það?) Það koma frammíköll frá hv. þm. Merði Árnasyni og hann spyr hvort við viljum selja Ríkisútvarpið. (**MÁ:** Nei, RÚV.) Ég ætla að koma að því síðar í ræðu minni, einmitt um framtíð ríkisútvarps, ég held að það sé mjög gagnlegt að fara jafnframt aðeins yfir það.

Í 1. gr. þessa frumvarps sem er stutt og sakleysisleg en hefur farið afskaplega í taugarnar á vinstri grænum er sagt um eignarhald RÚV að það sé ohf. Því er komið í þann búning, nútímarekstrarform, búning sem hentar þessari stofnun til frambúðar. Það er verið að gera þessa stofnun og stjórnunarstrúktúr hennar þannig að hann sé straumlínulagaðri og eigi auðveldara með að bregðast við nýjum aðstæðum rétt eins og allt viðskiptalíf í þessu landi. Það þarf að hafa tækifæri til að bregðast við slíkum hlutum. Það er það sem er verið að gera með því að koma þessu í þann farveg sem hér er gert í 1. gr. laganna. Það er skýrt af hálfu stjórnarflokkanna í 1. gr. að ekki stendur til að selja RÚV og þá er það svar komið gagnvart meiri hluta stjórnarflokkanna að það er ætlanin að selja ekki útvarpið. (**ÖJ:** En ef það fæst gott verð?) (Gripið fram í.) (**MÁ:** En RÚV?) Ég ætla að koma að því eins og ég sagði áðan hver verður framtíð RÚV og hvernig við horfum á hana (Gripið fram í.) og við skulum fara yfir það á eftir þegar að þeim kafla kemur. En ég sé að þeir hlusta með athygli, hv. þm. Ögmundur Jónasson og Mörður Árnason.

Framtíð RÚV inn í hinn langa tíma, 10–20 ár, við skulum bara sjá hvernig mál þróast og skipast eftir að þessi lög hafa náð fram að ganga, hver þá verður afstaða meiri hluta Alþingis. Það verður að koma í ljós. Það kann vel að vera að svokallaðir sölumenn RÚV sem hafa talað hér og talað og talvélar stjórnarandstöðunnar tali þannig fyrir RÚV að það væri skynsamlegast að selja það, það kann vel að vera. Við skulum bara skoða það þegar þar að kemur. Það er alveg óhætt að segja um þessa fyrirhuguðu lagasetningu hér að auðvitað er margt efnislega í henni sem þarf að fara yfir og huga að. Það er það sem ég vil einmitt fá að ræða við hv. þingmenn.

Við erum nefnilega með ríkisstofnun sem er að fara í samkeppni og er í samkeppni og hefur verið í samkeppni við einkamarkaðinn. Þessi ríkisstofnun mun fá nefskatt sem við þekkjum í samkeppni við hin frjálsu fjölmiðlafyrirtæki sem einungis byggja tekjur sínar á afnotagjöldum og auglýsinga- og kostunartekjum. Það kunna að koma einhverjir nýir tekjupóstar á þessum markaði en það er flókið mál að koma þannig stofnun, fyrirtæki sem er búið að setja í ohf., svo fyrir að það megi fara vel fram í þeirri samkeppni sem við viljum hafa. Við viljum hafa samkeppni á þessum markaði og við þurfum að sjá inn í framtíðina hvernig við viljum koma þeirri samkeppni best fyrir. Það er ekkert endilega sjálfgefið að það sé best gert með því að ríkið reki slíka stofnun, ekkert endilega. Þess vegna verður tíminn svolítið að leiða í ljós hvað best er í því efni.

Álit Samkeppniseftirlitsins hefur komið fram varðandi þau atriði sem ég hef nefnt hér, tekjuþáttinn og við höfum heyrt svokölluð ESA-mál. Og það er ljóst af þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað að ESA hefur ekki sagt sitt síðasta orð. Það hefur margsinnis verið upplýst í menntamálanefnd að þegar lögin um Ríkisútvarpið ohf. hafa verið samþykkt mun stofnun ESA fara yfir málið. Það kann vel að vera, eins og í margri lagasetningu á hv. Alþingi, sérstaklega þegar við förum að vinna með þessi lög, að það þurfi að taka tillit til einhverra þátta er varða samkeppnisliðinn. Við samþykktum fyrir nokkrum árum lög um raforkumálin og við þekkjum það að þau fengu góða umfjöllun í þinginu.

*Mönnum sýndist sitt hvað um þann lagabálk. Við höfum nokkrum sinnum, einmitt vegna samkeppnisþáttanna, þurft að breyta þeim lögum, ekki mikið en við höfum þurft að gera það og menn hafa gengið til þess verks að breyta þeim lögum með tilliti til reynslu og aðstæðna sem hafa skapast. Ég held að það sé alls ekki óeðlilegt að við horfum á sama hátt til þessarar lagasetningar. Mér kemur ekki til hugar sjálfum að segja að ekki þurfi að fylgja eftir þessari lagasetningu, hafa eftirlit með því hvernig til tekst, hvernig markaðurinn þróast og þá skulum við vera tilbúin að taka þennan lagabálk upp og leiðrétta eftir því sem samfélag okkar óskar eftir að haldið verði um þennan málaflokk.* (**Gripið fram í:** Nú?) *Það er einmitt framtíðin sem við þurfum að reyna að átta okkur á og það er varðandi 1. gr. frumvarpsins, þ.e. hvernig stjórnskipunin verður með útvarpið. Þess vegna held ég að 1. gr. sé akkúrat í þeim farvegi sem við viljum sjá.*

*Sá þáttur sem mér finnst að stjórnarandstaðan hefði átt að gefa meiri gaum hér er 3. gr. frumvarpsins, um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins í almannaþágu og það er sá samningur sem þar er gert ráð fyrir að verði gerður milli menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. sem er þjónustusamningur um þau mál sem varðar almannaþjónustuna. Ég legg gríðarmikla áherslu á að þarna er tekið á þeim þætti sem er ríkisstyrkurinn sem stofnunin á að fá sem nefskatt og þarna á að greina á milli almannaþjónustunnar og samkeppnisþjónustu sem stofnunin mun veita. Ég legg mikla áherslu á það að Ríkisendurskoðun á samkvæmt 5. lið 9. gr. laganna að vera sá aðili sem gerir árlega úttekt á þessum samningi og þar er einmitt sá þáttur sem við þurfum að fylgjast hvað best með. Við gætum þurft að endurskoða þann þátt.*

*Það hefur komið fram í umsögnum aðila sem hafa komið að þessu máli og til menntamálanefndar um þann hátt sem Kvikmyndasjóði hefur verið búinn um að aðilar geti haft aðgang að sjóði sem sæi um almannatengslin og þann menningarþátt sem Ríkisútvarpinu er ætlaður að það kunni vel að vera að við ættum að huga meira að þeirri aðferð sem þar hefur verið notuð. Ég hef samt ekki heyrt í umræðunni að menn hafi farið inn á þann þátt og tekið þá umræðu í sjálfu sér. Ég sakna þess svolítið.*

*Mér finnst, frú forseti, sérstaklega hjá þingmönnum Samfylkingarinnar, að því lengra sem líður á umræðuna komi greinilegar í ljós meiri skoðanamunur innan hvers þingflokks en var í upphafi umræðunnar þar sem kemur fram að sumum finnst að verið sé að búa Ríkisútvarpinu þannig kjör og aðstæður að stofnunin muni kafkeyra hina frjálsu fjölmiðla. Í öðrum ræðum, eins og hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, kemur fram að það vanti tekjur í frumvarpið fyrir Ríkisútvarpið þannig að það geti betur gegnt skyldum sínum. Þarna stangast á því að síðan hafa komið hér upplýsingar um þingmenn Samfylkingarinnar sem vilja gjarnan sjá að Ríkisútvarpið verði rekið í ohf.-forminu þannig að þær skoðanir sem hafa komið hér fram hjá hv. stjórnarandstæðingum eru gríðarlega mismunandi.*

*Í lokin, frú forseti, vil ég gjarnan sjá að þessari umræðu verði lokið með því að hv. þingmenn beini umræðunni meira að efnisatriðunum sem eru vissulega átakapunktar varðandi RÚV og rekstur þess. Það er nefnilega jafnvægislistin milli þess að við erum með ríkisstofnun sem fær nefskatt og þess að við erum með fyrirtæki í samkeppni á þessum markaði.*

[12:02]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Loksins kom að því að við fengjum að hlýða á ræðu hv. þm. Kjartans Ólafssonar, sem er nefndarmaður í menntamálanefnd. Það hefur verið athygli vert hér síðustu daga að alltaf þegar maður hefur verið að gera sig kláran til að hlusta á hans ræðu þá hefur KÓ fallið niður ræðulistann. Hvers vegna veit ég ekki. En það er aukaatriði.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Kjartan Ólafsson: Telur hv. þingmaður að réttindi og kjör opinberra starfsmanna séu ekki skert verði frumvarpið samþykkt óbreytt?

Síðan er hitt atriðið sem kom í ljós í gærkvöldi og ég ræddi hér inn í nóttina á þeim ræðutíma sem mér var úthlutaður. (Gripið fram í.) Er það vísvitandi gert hjá hv. menntamálanefnd og þar af leiðandi hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni að undanþiggja þá Íslendinga sem einungis greiða fjármagnstekjuskatt? (Gripið fram í.) Við erum væntanlega að tala um yfir 2.000 einstaklinga því að samkvæmt 1. mgr. í 11. gr. frumvarpsins — og er það skilningur okkar — eru þeir undanþegnir nefskatti sem ekki greiða beinan tekjuskatt heldur einungis fjármagnstekjuskatt. Er þetta virkilega vísvitandi gert af hv. þingmanni að styðja þetta? Ef ekki, hyggst hann þá kalla frumvarpið aftur í nefnd til að leiðrétta þennan galla?

[12:04]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Valdimar Friðriksson undrast að ég skuli hafa færst til á mælendaskrá. En svo háttar nú til með okkur landsbyggðarþingmennina að við erum um þessar mundir, samhliða því að standa vaktina í þinginu, (Gripið fram í.) að þjónusta okkar kjördæmi og sækja þá fundi sem boðaðir hafa verið fyrir löngu. (Gripið fram í.) Þannig hefur verið í þeim tilfellum þegar ég hef þurft að færa mig til á mælendaskrá að þá hef ég verið á fundum í kjördæminu.

Ég fékk spurningu frá hv. þingmanni um starfsmennina, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og hvort tekið hafi verið tekið til þess. Nú er það þannig, virðulegi forseti, að á hinu háa Alþingi höfum við breytt nokkrum stofnunum í hlutafélög. (Gripið fram í.) Nefna má Rarik til að mynda og Flugstoðir. Ég tel að það eigi að vera augljóst þegar við breytum úr þessu rekstrarformi að það sé bara eðlilegt, þ.e. að réttindi og skyldur starfsmanna mega ekki vera hamlandi þáttur í að menn geti breytt stofnunum í annað rekstrarform. (Gripið fram í.) Það hefur margoft komið fram um lífeyrissjóðsréttindi að menn geta flutt sig á milli og haldið áfram í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ég held að vel sé fyrir þessum málum séð. Það er bara eðli vinnumarkaðarins á Íslandi að hann er að taka breytingum. Það sama gerist í hinum eðlilega og einkarekna fyrirtækjarekstri að það er þróun og (Forseti hringir.) mér finnst ekki óeðlilegt að sú þróun taki tillit (Forseti hringir.) til þessara hluta.

[12:06]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var þess virði að bíða eftir því að röðin kæmi að Kjartani Ólafssyni því að hann féll nákvæmlega í þá gildru sem ég lagði fyrir hann. Hann er að viðurkenna það hér að hann sé sáttur við að réttindi og þar af leiðandi kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins verði skert eins og gerist óhjákvæmilega með frumvarpinu. Það dugar ekki að vísa í fyrri frumvörp eða lagasetningar eins og til dæmis Matís ohf. því að þar var illa gert við starfsmenn. Það er akkúrat málið. En hér er þetta komið frá enn einum nefndarmanninum, að vísivitandi tekur hann þátt í því að skerða réttindi og kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Hins vegar, herra forseti, þætti mér afskaplega vænt um, af því að hv. þm. Kjartan Ólafsson hefur setið í menntamálanefnd og þar af leiðandi væntanlega hitt 150 gesti o.s.frv., að hann svari síðari spurningunni: Er það vísvitandi gert hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni að undanþiggja fjármagnstekjuskattsgreiðendur (Gripið fram í.) sem eru eingöngu með þær tekjur, þ.e. að undanþiggja þá nefskatti, herra forseti?

[12:07]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður talar um að kjör starfsfólks hjá hinu nýja fyrirtæki muni skerðast til framtíðar. Ég er ekki sannfærður um að eðlilegt sé að ganga út frá því að þó að rekstrarformi stofnana sé breytt í hlutafélag að þá sé sjálfgefið að laun lækki. Það hefur verið margbent á það af hálfu starfsmanna RÚV að þeir telja sig hafa verið á lægri launum hjá stofnuninni RÚV vegna þess að þetta sé stofnun og þeir geti haft betri kjör á öðrum vettvangi. (Gripið fram í.) Það kann vel að vera, hv. þingmaður, að þegar stofnunin er komin í nýjan búning og nýtt rekstrarform að hún eflist og hún gæti þess vegna farið að greiða hærri laun. Við megum ekki horfa til þess (Forseti hringir.) að þetta fari allt niður hólinn. (**Gripið fram í:** En nefskatturinn?) (**Gripið fram í:** Er það leyndarmál?)

[12:09]

**Frsm. minni hluta menntm. (Mörður Árnason)** *(andsvar)*:

Forseti. Þegar hv. þm. Kjartan Ólafsson tekur hér til máls verða menn að minnast þess að hann er fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í menntamálanefnd. Þess vegna er meiri þungi í því sem hann segir en hjá þeim þingmönnum sem hér tala af hálfu stjórnarliðsins utan menntamálanefndar.

Kjartan Ólafsson sagði tvennt mjög merkilegt í tiltölulega stuttri ræðu. Annars vegar gekk Kjartan í þessari ræðu í sölunefndina. Hann er fjórði maður í sölunefnd Sjálfstæðisflokksins, sölunefnd ríkiseigna og Ríkisútvarpsins, vegna þess að hann sagði að það væri ekki sjálfsagt að ríkið ætti að reka stofnun eins og Ríkisútvarpið. Hann spurði, eins og hefur verið spurt hér fram og aftur í kringum Ríkisútvarpið af hálfu öfgamanna af frjálshyggjuvæng: Á ekki ríkið alveg eins að gefa út dagblað?

Ég sakna þess eins að Kjartan skuli ekki hafa verið með þeim hv. þingmönnum Pétri Blöndal, Sigurði Kára Kristjánssyni og Birgi Ármannssyni á tillögunni um að selja Ríkisútvarpið. En hann er greinilega kominn í þann hóp og það væri ágætt ef hann staðfesti það hér enn frekar á eftir.

Hitt sem Kjartan Ólafsson sagði — og það kemur þessari umræðu kannski mjög nákvæmlega og miklu meira við — það var þetta: Hann sagði að það gæti vel verið að þetta frumvarp væri þannig úr garði gert að einhver atriði þess gæti þurft að bæta eftir gegnumferð hjá ESA. Hann sagði það. Það er hér vottfest í þingtíðindum.

Félagi hans, formaður menntamálnefndar, sagði í gær í svari við fyrirspurn frá mér að það væri hafið yfir allan vafa, með leyfi forseta, „hafið yfir allan vafa“ — allan vafa, (Gripið fram í.) ekki eðlilegan vafa eða þann vafa sem menn gætu svona kannski gert ráð fyrir — heldur allan vafa að þetta frumvarp stæðist bæði samkeppnisrétt íslenskan og Evrópureglur. Hann sagði að stjórnin væri á þurru landi með þetta frumvarp.

Nú kemur í ljós að það land er ekki þurrara en svo að í því eru flóar og fen því að Kjartan Ólafsson sem er félagi Sigurðar Kára Kristjánssonar í þessari nefnd — og atkvæði hans réð úrslitum við að taka málið út úr nefndinni — segir að það geti vel verið að einhverjum efnisatriðum þurfi að breyta hér (Forseti hringir.) eftir að EES hefur fjallað um frumvarpið sem orðið sé að lögum.

Ég biðst afsökunar, forseti, að hafa talað hér lengur en til stóð en það er vegna þess að klukkan er nokkuð hvikul.

(**Forseti** (JónK): Það er meðtekið og afsakað.)

[12:11]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þingmaður hafi fengið rúman tíma til að fara yfir málið. Hann ræðir hér um sölumenn RÚV. Ég tel að stjórnarandstaðan hafi verið með hæstu raddirnar um sölumennsku RÚV, ekki síst hv. þm. Einar Már Sigurðarson sem talaði (Gripið fram í.) mikið um sölumenn RÚV hér í gær. (Gripið fram í.) Ég held að það sé nefnilega málið að þeir sem tala mest hér af hálfu stjórnarandstöðunnar séu að tala RÚV út af borðinu.

Ég sagði það alveg klárt og skýrt í minni ræðu hér áðan að við þyrftum að láta tímann leiða í ljós hvert RÚV mundi stefna inn í framtíðina og að það kynni að verða fyrir því meiri hluti síðar meir á Alþingi að skynsamlegt væri að breyta rekstrarforminu enn. Mér finnst bara ekkert óeðlilegt að við horfum þannig til þess. Í dag er ekki meiri hluti innan stjórnarflokkanna fyrir því að selja RÚV og þess vegna er það sagt sérstaklega í 1. gr. frumvarpsins að ekki skuli selja RÚV. (Gripið fram í.)

Næsta atriði sem hv. þingmaður kom að er í sambandi við breytingu á frumvarpinu. Ég sagði og staðfesti það hér aftur að hvaða lög sem við samþykkjum hér á þinginu þá eigum við auðvitað að taka þau upp ef það koma þær aðstæður sem eru ófyrirséðar þegar viðkomandi lagasetning á sér stað. Ég nefndi sérstaklega raforkulögin. Þau hafa nokkrum sinnum verið tekin upp og ég held að við séum bara menn að meiri að lagfæra þá hnökra sem kunna að koma upp í lagasetningu, sem koma upp vegna ófyrirséðra þátta sem gerast þegar stofnunin fer að vinna.

[12:14]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)*:

Forseti. Þetta er bara eins og ég sagði. Það staðfestist að við Kjartan erum sammála um að málum Ríkisútvarpsins gagnvart ESA, gagnvart Evrópureglum sé ekki lokið, að það sé óljóst hvernig frumvarpinu reiðir af þegar það er orðið að lögum eða ef það verður að lögum.

Nú vil ég tengja þetta tvennt saman sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði hér, annars vegar það að hann hefur gengið í sölunefndina, er orðinn fjórði maður í sölunefndinni, og hins vegar það að hann telur, að það sé hætta á því, að það kunni vel að vera að ESA krukki í frumvarpið eða lögin og það geti leitt til þess að hér þurfi að breyta lögunum aftur.

Mig grunar að þetta hangi saman í hugum ýmissa stjórnarþingmanna, að þeir ætlist til þess, sölunefndarmenn í Sjálfstæðisflokknum, þeir hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Pétur Blöndal og Kjartan Ólafsson (**Gripið fram í:** Og kannski fleiri.) og kannski fleiri í hjarta sínu, að þeir telji að þetta mál muni ganga þannig að það fari fyrir ESA, Evrópureglur, það lendi í málaferlum og kærum og að því loknu verði Ríkisútvarpið orðið lömuð stofnun, rúin trausti og rúin grundvelli og þá myndist þessi meiri hluti glaðra sölunefndarmanna hér á þinginu sem að lokum geti lagt Ríkisútvarpið niður og selt reyturnar. (**Gripið fram í:** Nákvæmlega.) (**Gripið fram í:** Þetta er plottið.)

[12:15]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur margsinnis verið staðfest í menntamálanefnd að ESA mun skoða lögin þegar þau hafa öðlast gildi hér á Alþingi. Það á að vera hv. þm. Merði Árnasyni fullljóst. Þetta hefur komið fram og það er hverjum heimilt að skjóta málinu þangað.

Það kann vel að vera að samkeppnisaðilarnir kæri þetta mál. Þá verður auðvitað að taka á því á þeim tíma. Það er hárrétt og ég staðfesti það. Hv. þingmaður á að vita að það kemur til þess að ESA skoði lagasetningar þegar þær eru orðnar að veruleika. Fyrr hefur ekki ESA gefið út fæðingarvottorð sitt á lagasetningunni.

Við þurfum bara að standa klár á því. Þeir sem vilja Ríkisútvarpinu vel reyna að vanda sig gagnvart framgangi málsins. (Forseti hringir.) Að tala hér um sölumenn, (Forseti hringir.) mér finnst það ekki tímabært.

[12:16]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vekur athygli að fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í menntamálanefnd Alþingis skuli nú segja að ESA hafi ekki sagt sitt síðasta orð um þetta frumvarp.

Annað sem vakti athygli mína, og er reyndar rangt, er að hv. þingmaður segir að kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins kunni að vera lægri en þau ella gætu verið ef ekki væri vegna þess að stofnunin er ríkisstofnun. Þetta er misskilningur. Það er hægt að bæta kjör starfsmanna innan þess laga- og samningsramma þótt stofnunin sé ríkisstofnun.

Þetta snýst allt um fjárhag. Staðreyndin er sú að fjárhagur Ríkisútvarpsins hefur verið að skreppa saman. Það endurspeglast í minna mannahaldi sem hefur dregist saman um 15% á árunum 1996–2004.

Samkvæmt þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að rýmka fjárhag Ríkisútvarpsins á nokkurn hátt en menn telja að eitthvert svigrúm kunni að skapast við það að reka fólk, segja upp fólki og losa Ríkisútvarpið við Sinfóníuna eins og það er svo smekklega orðað.

Síðan er hitt að hv. þingmaður segir að það sé ekki sjálfgefið, eins og það var orðað, að ríkið reki stofnun á borð við Ríkisútvarpið og það kunni vel að vera skynsamlegt að selja RÚV þegar þar að kemur. Hvað sér hv. þingmaður fyrir sér í þeim efnum? Ef kæmi gott kauptilboð í Ríkisútvarpið fyndist hv. þingmanni þá æskilegt eða koma til greina að selja og teldi hann æskilegt t.d. að sameina Ríkisútvarpið, ja, við skulum segja öðrum fjölmiðlum á borð við Morgunblaðið og Skjá einn? Ef fengist góður þrís fyrir slíkan kost (Forseti hringir.) þætti hv. þingmanni það koma til greina?

[12:18]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kemur hér að mörgum efnisatriðum og ég ætla að reyna að fara yfir þau. Ég tel að ég hafi svarað ESA-málinu í andsvari við hv. þm. Mörð Árnason þannig að það sé ekki frágengið og það hefur verið margupplýst, bæði af menntamálaráðherra héðan úr þessum ræðustól og í menntamálanefnd, að ESA hefur alltaf möguleika og er til þess að skoða lagasetninguna þegar hún hefur átt sér stað.

Hv. þingmaður talar um að fjárhag stofnunarinnar hafi verið of þröngt skorinn stakkur og hann skroppið saman. Þá verða menn auðvitað að hafa umsvifin í takt við það. Það er það sem við þurfum m.a. að ræða. Ég mundi gjarnan vilja eiga orðastað við hv. stjórnarandstöðu og þá þingmenn sem tala á móti frumvarpinu um hvernig nákvæmlega við viljum hafa Ríkisútvarpið. Hvað á umfangið að vera mikið og hvaða staði í samfélaginu á það að koma inn á? Það er nákvæmlega það sem 3. gr. frumvarpsins er ætlað. Ég vildi gjarnan hafa meiri tíma til að ræða það mál við hv. þingmann.

Svo er þessi almannaþjónusta sem við viljum koma að, menningin og almannaþjónustan. Hv. þingmaður spyr hvort og hvað þurfi að bjóða mikið í fyrirtækið RÚV til að það sé eðlilegt að það yrði selt því að ég hafði nefnt það í ræðu minni að það væri ekki alveg útilokað. Aðalatriðið er að við viljum tryggja almannaþjónustuna og menninguna. Við viljum hafa samkeppni. Við viljum ekki hafa einokun ríkisins á þessum markaði. Við viljum heldur ekki hafa einokun einkaaðila á þessum markaði.

Það er höfuðatriðið, að það sé samkeppni og að við tryggjum þá þjónustu sem við viljum. Ég hygg að við séum að mörgu leyti sammála um það, við hv. þm. Ögmundur Jónasson.

[12:21]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú hefur verið haft ítrekað á orði af hálfu hæstv. menntamálaráðherra og fulltrúa stjórnar meiri hlutans hér á þingi að til standi að bæta stöðu Ríkisútvarps-

ins. Það hefur þó allt verið harla óljóst á hvern hátt það skuli gert en í tíð núverandi ríkisstjórnar og ríkisstjórnarsamstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hefur verið hert að Ríkisútvarpinu. Fjárhagurinn hefur skroppið saman. Ríkisútvarpið hefur brugðist við með því að draga saman í mannahaldi um 15% á 10 ára tímabili.

Það er ekki gert ráð fyrir að bæta stöðu Ríkisútvarpsins á nokkurn hátt fjárhagslega með þessu frumvarpi og vísað í óljósa framtíð og reyndar var Ríkisútvarpinu meinað að hækka afnotagjöldin í samræmi við óskir síðasta haust.

En ég vildi fá að vita frá hv. þingmanni, ef það berst gott kauptilboð í Ríkisútvarpið núna (Forseti hringir.) telur hv. þingmaður æskilegt að verða við því og hvað finnst honum um (Forseti hringir.) hugsanlegan samruna við önnur fyrirtæki eins og Morgunblaðið og Skjá einn?

[12:22]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður talar um að bæta stöðu Ríkisútvarpsins og það er það einmitt sem við ætlum að gera. Það er okkar sameiginlega verkefni. Við gerum það m.a. með því að samþykkja frumvarpið og 1. gr. þess, að gera Ríkisútvarpið að ohf. og gera það þannig að stjórnunarstrúktúrinn verði straumlínulagaðri og það verði auðveldari og skynsamlegri rekstur á stofnuninni sem þá verður ohf. Við náum því.

Það hefur komið fram hjá Ríkisendurskoðun sem hefur undirbúið stofnfjársamning hlutafélagsins að þetta sé mjög rekstrarhæft félag. Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af fjárhagnum miðað við þá tekjustofna sem hér eru ætlaðir til Ríkisútvarpsins.

Við skulum standa að því sameiginlega, hv. þingmaður, að hafa Ríkisútvarpið öflugt áfram. (Forseti hringir.) Ég held að það sé ekki tímabært að svara þeirri spurningu og menn eru ekkert að leita (Forseti hringir.) eftir tilboðum í RÚV.

[12:23]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Umræðan um Ríkisútvarpið er orðin býsna löng. Þetta er þriðja tilraunin til að koma fram breytingum á Ríkisútvarpinu. Fyrst átti það að verða sf., næst hf. og síðan ohf. Ég verð að játa að ég hef ekki tekið þátt í neinni af þessum þremur hrinum fyrr en nú. Ég sé ástæðu til að gera það vegna þess að mér finnst að fram hafi komið í umræðunni ýmsir hlutir sem ástæða væri til að setja spurningarmerki við. Það mætti meira að segja velta fyrir sér hvort ekki væri betur við hæfi að nota annað heiti fyrir þetta fyrirbrigði sem Ríkisútvarpið á að vera, þ.e. nokkuð sem mjög er í gildi núna og dálítið í tísku, þ.e. group.

Ríkisútvarpið Group gæti alveg eins átt við fyrirkomulagið sem hér er sett fram. Mér dettur það í hug vegna þess að í 3. gr. þessa frumvarps er farið yfir hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins undir yfirskriftinni Útvarpsþjónusta í almannaþágu. Mig langar til að fara yfir þá grein með það í huga að skoða hvort sú skilgreining sem þar er geti ekki allt eins átt við aðra á markaðnum, önnur fjölmiðlafyrirtæki í samkeppni við Ríkisútvarpið.

Það liggur fyrir að samkeppnisaðilarnir munu horfa til Ríkisútvarpsins og þeirrar samkeppnisstöðu sem þeir verða í gagnvart því. Þeir munu örugglega bera fram kærur ef þeir telja á sér sé brotið. Með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi er Ríkisútvarpið sett í þá deild fyrirtækja á þessum markaði. Menn munu auðvitað gera kröfu um að samkeppnin verði eðlileg og sanngjörn gagnvart öðrum aðilum.

Ef við skoðum 3. gr. frumvarpsins, lýsingu á aðalhlutverki Ríkisútvarpsins, þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.“ Orðavalið „í almannaþágu“ skýrist síðan í greininni. Þar segir:

„Útvarpsþjónusta í almannaþágu felur í sér eftirfarandi:

1. Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.“ — Ég geri ráð fyrir því að önnur fyrirtæki á þessum markaði vilji gera slíkt hið sama.

„2. Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þar með talið að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.“ — Þetta ætla líka örugglega allir á þessum samkeppnismarkaði að gera.

„3. Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni.“ — Allar stöðvar á þessum markaði hljóta að skrifa undir að þær leitist við að gera þetta.

„4. Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag.“ — Ég geri ráð fyrir því að Ríkisútvarpið vilji og muni hafa metnað til þess að ganga langt í þessu en aðrar stöðvar á markaðnum gera þetta líka þótt þær hafi kannski ekki burði til þess með sama hætti og Ríkisútvarpið.

„5. Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Gæta skal fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.“ — Þetta eru bara eðlilegar kröfur sem allar sjónvarpsstöðvar og útvarpsstöðvar gera til sín.

„6. Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi.“ — Ég hef tekið eftir því að aðrar sjónvarpsstöðvar, t.d. Stöð 2, hafa einmitt staðið sig mjög vel í því sem hér var nefnt og hafa metnað til þess.

„7. Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.“ — Við sjáum að Stöð 2 vinnur að þessu líkt og sjónvarpið og aðrir fréttamiðlar og sjónvarpsstöðvar reyna að gera slíkt hið sama.

„8. Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs.“ — Þarna getur Ríkisútvarpið talið

sig eiga að ganga lengra en almennar stöðvar en þær hafa sýnt viðleitni til þess að gera þetta líka og munu væntanlega gera svo áfram.

„9. Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa." — Hið á sama við um þennan 9. lið, allir munu reyna að gera slíkt hið sama.

„10. Að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins." — Þarna hefur Ríkisútvarpið kannski víðtækara hlutverk og skyldur og í þessu efni hægt að gera kröfu til þess að Ríkisútvarpið gangi lengra en aðrir. Það hefur kannski ekki lánast algjörlega sem skyldi. Aðrar stöðvar gera það sem þær geta í þessu en þarna yrði kannski töluverð sérstaða.

„11. Að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps." — Ég hef tekið eftir því að Stöð 2 hefur sérstaklega lagt sig eftir því að standa sig í samkeppninni við Ríkisútvarpið hvað upplýsingar varðar þegar á reynir í náttúruhamförum eða slíkum tilvikum.

„12. Að eiga eða leigja, sem og að reka, hvers konar búnað og eignir, þar á meðal tæknibúnað og fasteignir sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi félagsins." — Þetta á auðvitað við um allar stöðvar.

„13. Að varðveita til frambúðar frumflutt efni, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt." — Þetta gerist auðvitað á öllum stöðvum.

Því fer ég yfir þessa liði að mér sýnist það sem hér er sett undir almannaþjónustu eða útvarpsþjónustu í almannaþágu eins og það heitir sé svo víðtækt og eigi með sama hætti við um samkeppnisaðilana á markaðnum að jafnist á við ávísun á að samkeppnisaðilar Ríkisútvarpsins muni gera kröfur um sanngirni, að þeir fái sömu tækifæri á markaðnum.

Satt að segja er erfitt að átta sig á því hvað á ekki við undir 3. grein í öllum hugsanlegum rekstri þessarar stofnunar. Það væru kannski hlutir eins og þeir sem hér hafa verið nefndir í umræðunni, þ.e. vídeóleigur eða hringitónar. Spurningin um það sem er hér ekki hlýtur því að vakna í umræðunni.

Í 4. gr. heldur þetta síðan áfram og þar er sagt að Ríkisútvarpinu ohf. sé heimilt að standa að annarri starfsemi, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpinu ohf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti.

Ríkisútvarpinu ohf. er heimilt að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi ..."

Mér sýnist umfang þeirrar starfsemi sem skilgreind er undir útvarpsþjónustu í almannaþágu og viðbótarheimildum Ríkisútvarpsins veita því stöðu sem gengur jafnvel lengra en aðrir hafa á markaðnum. Í 2. gr. frumvarpsins segir, hæstv. forseti:

„Ríkisútvarpið ohf. hefur leyfi til útvarps á þeim rásum og tíðnisviðum sem það fær til umráða eða því kann síðar að verða úthlutað."

Ríkisútvarpið getur, miðað við textann, tekið upp nýjar rásir, hafið útsendingu á þeim og aukið starfsemi sína, allt eftir því hve mikið það fær úthlutað til umráða í rásum.

Ég tel þetta ekki upp vegna þess að ég sé á móti því að Ríkisútvarpið geti verið öflugt á þeim markaði sem um ræðir. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að við verðum að gæta að samkeppnisaðilum þess á markaði. Umfangið sem skilgreint er fyrir Ríkisútvarpið er svo víðtækt og því er svo lýst í 3. gr. og öðrum greinum sem tengjast henni að þeir sem eru í samkeppni við Ríkisútvarpið munu örugglega gera harðar kröfur um að hægt verði að halda því fram að hér sé sanngjörn samkeppni á ferðinni enda sé haft í huga að takmarkanirnar sem settar eru við starfsemi á vegum Ríkisútvarpsins eru mjög litlar.

Það segir í 1. gr., hæstv. forseti:

„Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð."

Þarna er tekið fram að einungis tvennt sé Ríkisútvarpinu bannað, þ.e. að gefa út dagblað eða reka aðra útvarpsstöð, enda engin þörf á því. Ríkisútvarpið má færa út starfsemi sína eins og það hefur getu og möguleika til. Auk þess má þetta ríkisfyrirtæki eiga og reka nánast hvaða starfsemi sem er.

Ég tel að það geti valdið stofnuninni skaða. Flest okkar á hv. Alþingi viljum að Ríkisútvarpið verði sterkt og öflugt til framtíðar. Ég tel að það geti valdið stofnuninni skaða, jafnvel þeim að menn standi frammi fyrir því að þurfa annaðhvort að gera miklar breytingar á rammanum um reksturinn eða að þeir sem vilja að ríkisvaldið hverfi af þessum markaði fái vilja sínum framgengt með því að Ríkisútvarpið verði selt eins og hvert annað fyrirtæki og verði rekið sem slíkt. Þar er að mínu mati gríðarleg hætta á ferðum varðandi framtíð Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið hefur að sumu leyti verið að draga saman seglin á undanförnum árum. Mannahald þar hefur dregist saman um 15% á 10–15 árum. Það gefur tilefni til að álykta að starfsemin hafi í raun dregist nokkuð saman. Ég lít þannig á að lagaramminn sem hér er til umræðu hljóti að verða ákveðin ögrun fyrir stjórnendur fyrirtækisins, þ.e. þá sem stjórna Ríkisútvarpinu ohf. í framtíðinni, verði það framtíð Ríkisútvarpsins. Þeir munu neyta þeirra ráða sem gefast undir þessum lagaramma til að reka sem allra öflugast ríkisútvarp. Kannski eru ákveðnar líkur á því að nefskatturinn, sem ég ætla að ræða betur á eftir, gefi ekki svigrúm til svo umfangsmikils rekstrar sem menn helst vildu hafa á þeim bæ. Þá munu menn grípa til þess að nota möguleika Ríkisútvarpsins að ná sér í tekjur af annarri starfsemi. Fyrirtæki eins og Ríkisútvarpið á býsna góða möguleika á því. Bakhjarlinn í sjálfri stofnuninni eða fyrirtækinu er gríðarlega mikilvægur og sterkur. Það er þess vegna ástæða til þess að gera ráð fyrir því að stjórnendur Ríkisútvarpsins muni nota möguleika sína til alls þess rekstrar sem gefur stofnuninni tekjur. Það er ekkert sem bannar það að Ríkisútvarpið standi í rekstri utan við þá starfsemi sem talin er upp í 3. gr., t.d. með því að eiga einhver fyrirtæki eða hluti í einhverjum fyrirtækjum. Þau gætu síðan tekið út úr þeim rekstri fjármuni til þess að bera uppi kostnaðinn af því sem fellur undir 3. gr. frumvarpsins.

Ég held því fram að samkeppnisaðilarnir á markaðnum geti með góðum rökum haldið því fram, sem ég geri skóna

að hugsanlega gerist, að Ríkisútvarpið efli starfsemi sína með þeim möguleikum sem hér eru gefnir í lagarammanum, að þessi lög um Ríkisútvarpið gefi mikið forskot til samkeppni á almennum útvarps- og sjónvarpsmarkaði. Þar með stæðu menn frammi fyrir því að kærur vegna þeirra laga sem þá mundu gilda birtist mjög bráðlega. Stjórnvöld á Íslandi gætu staðið frammi fyrir athugasemdum og kröfum frá ESA um breytingar á þessu umhverfi.

Ég tel að hér hafi menn ekki skoðað sig um eins og skyldi. Mér finnst að greinarnar skipta öllu máli um grunn starfseminnar á vegum þessa Ríkisútvarps bendi eindregið til þess að samkeppnisaðilarnir muni eiga erfitt á markaðnum. Það kallar á þetta sem ég hef verið að halda hér fram.

Síðan kemur að fjármögnuninni á Ríkisútvarpinu samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Mig langar að ræða aðeins um hana, sérstaklega um nefskattinn sem er ekki nefskattur á öll nef. Það liggur fyrir að menn eru undanþegnir skattinum ef þeir eru orðnir sjötugir og eldri og síðan er gert ráð fyrir að börn innan 16 ára aldurs greiði ekki. Það er út af fyrir sig gott og enginn hefur út á það sett, enda eru svipaðar reglur í gildi um greiðslur í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Það hefur komið skýrt fram við umræðuna að þeir sem hafa einungis fjármagnstekjur, sem eru um tvö þúsund manns í landinu og sumir hverjir með gríðarlega miklar tekjur og borga útvarpsgjald, þurfa ekki að borga nefskattinn. Það er merkilegt. Það er merkilegt að þeir aðilar sem geta látið peningana vinna fyrir eigi að sleppa við útvarpsgjaldið, (Gripið fram í.) lækka eigi skattinn á þeim. Nei, þeir sem einungis hafa fjármagnstekjur virðast hafa hlotið einhverja sérstaka náð fyrir augum þeirra sem settu þessar hugmyndir á blað, að þeir sleppi við að borga.

Ég er að vísu á þeirri skoðun að þeir sem hafa einungis fjármagnstekjur og hafa af fjármagnstekjum það miklar tekjur að þokkalegt þykir, að breyta eigi lögum og gera þeim að reikna sér atvinnutekjur eins og öðrum sem reka starfsemi því að það að láta peningana vinna fyrir sig er alveg jafnmerkileg starfsemi eins og að prjóna sokka, en konan sem prjónar sokka þarf að borga skatt og karlar líka sem kunna þá list, sem fáir eru reyndar. (Gripið fram í.) Það mætti því fara þá leið að breyta öðrum lögum til þess að sanngirni geti komið til greina.

Nefskatturinn er mjög ósanngjarn. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir það en vísa mest til ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um það efni frá því í gær þar sem hún fór mjög vel yfir þetta og sýndi fram á það með góðum rökum hversu illa þetta getur komið niður á fjölskyldum og ósanngjarnlega. Ég tel að slíkur nefskattur ætti eiginlega ekki að vera til neinnar umræðu og ég velti því oft fyrir mér: Hvers vegna í ósköpunum þurfa menn að búa til nýjar skattaleiðir? Af hverju er ekki hægt að halda sig við aðalskattana sem eru lagðir á og reyna að finna sanngjarnt jafnvægi hvernig þeim er komið fyrir og hafa þá þá í heildina það háa að hægt sé að borga það sem meiningin er að borga með sköttum? Rökstuðningur fyrir því að það eigi að hafa sérstakan skatt vegna þess að Alþingi ákveður að hér skuli vera Ríkisútvarp og leggja skuli því til fé er ekki góður. Hvers vegna á að vera sérstakur skattur fyrir starfsemina? Ég sé ekki að ástæða sé til þess og tel að úr almenna skattkerfinu megi alveg eins taka fjármuni í þetta eins og annan rekstur á vegum ríkisins. Þar með væri ekki verið að búa til enn einn skattinn.

Mig langar til þess að vitna til ágætisrökstuðnings að mörgu leyti í frumvarpi sem hér hefur líka legið fyrir um Ríkisútvarpið, þ.e. breytingu á útvarpslögum, lögum um tekjuskatt, eignarskatt og brottfall laga um Ríkisútvarpið sem tveir hv. þingmenn fluttu á 132. þingi, hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Birgir Ármannsson. Áður mun hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafa flutt málið með þeim en af einhverjum ástæðum hefur hann kosið að vera ekki á frumvarpinu núna.

Í rökstuðningnum gegn því að nota þessa skattlagningaraðferð segir í greinargerð með frumvarpinu:

„Gallar á þessari skattlagningarhugmynd eru eftirfarandi:

1. Hún flækir skattkerfið og lagasafnið.

a. Í lög um Ríkisútvarpið sf., sem ekki eru skattalög, er sett sérstakt skattaákvæði eins og því miður er víða í lögum. Þeim sem ætlar að kynna sér skattkerfið sést yfir þennan skatt."

Þetta er auðvitað galli, það er hægt að taka undir það.

„b. Gjaldið er sérstakur skattur með sér innheimtu."

Það er líka galli, það kostar peninga að innheimta féskatt.

„c. Skattskylda er samkvæmt skattalögum með tengingu við gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sem kemur fram í lögum um málefni aldraðra! Ekki er það beint augljós lagasetning um gjald til Ríkisútvarpsins sf."

Það má líka taka undir þetta.

„d. Skatturinn krefst sér línu í álagningu skattstjóra. Allir skattþegnar spyrja sig: Hvaða skattur er nú þetta? Upphæðin er mjög lítil eða 13.500 kr. á ári."

Það er víst búið að breyta þeirri upphæð, hún er aðeins hærri.

Svo stendur hér líka, með leyfi forseta:

„e. Gert er ráð fyrir að skattskyld fyrirtæki greiði gjaldið. Hér er um alveg nýja skattlagningu að ræða og ekki er hægt að tengja hana við gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þetta þýðir ný verkefni fyrir skattstofur landsins við að hanna nýtt kerfi og annast nýja framkvæmd."

Það er auðvitað galli.

Hér stendur líka:

„2. Skattheimtan er ósanngjörn. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra" — upphæðin er tilgreind — „er ekki lagt á þá sem eru yngri en 16 ára, eldri en 70 ára eða voru með tekjur undir skattleysismörkum. ... Útvarpsgjaldið, 13.500 kr., leggst með sama hætti á sama hóp. Við slíka skattheimtu er ýmislegt að athuga:

a. Skiljanlegt er að þeir sem eru 70 ára eða eldri greiði ekki gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra þar sem gjaldinu er ætlað að bæta stöðu aldraðra, þeirra sjálfra, þó að ekki sé réttlátt að leggja fast gjald á t.d. þá sem eru vinnandi og hafa tekjur sem eru rétt yfir skattleysismörkum og hafa jafnvel fyrir börnum að sjá en ekki á aldraða sem hafa mjög miklar tekjur (t.d. fjármagnstekjur eða sérstakar lífeyristekjur) og eiga miklar eignir."

Það er athyglisvert að hv. þingmenn komi einmitt að þessu með fjármagnstekjurnar og eignirnar.

„Er það spurning um jafnræði." — Það má vissulega taka undir það. — „Reyndar er gjaldið það lágt (500 kr. á mánuði) að það kollvarpar varla fjárhag nokkurs manns en samt hlýtur að muna um það hjá þeim sem lægstar hafa tekjurnar."

Þá segir:

„b. Engin rök eru til þess né réttlætanlegt að sleppa þeim sem er eldri en 70 ára en með háar tekjur við að greiða gjald til Ríkisútvarpsins sf. á meðan lágtekjufólk með tekjur rétt yfir skattleysismörkum greiðir bæði gjöldin. ... Eldra fólk notar útvarp ekki síður en yngra fólk. Þó að bæði gjöldin séu miklu lægri en núverandi útvarpsgjald fyrir einstakling hlýtur það samt að vera þungbært þeim sem þurfa að lifa á mjög lágum atvinnutekjum.

c. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki greiði þennan sérstaka skatt. Hætt er við að eitthvað heyrist í litlum fyrirtækjum með einfaldan rekstur og ekkert útvarp þegar þau eiga að fara að greiða þennan skatt. Sum þessara fyrirtækja hafa litlar tekjur og lítinn hagnað eða jafnvel tap. Þau eru ekki í stakk búin til að greiða viðbótarálögur.

Því má enn fremur halda fram að fyrirtæki sem slík hlusti ekki á útvarp eða horfi á sjónvarp. Starfsmenn þeirra og viðskiptamenn njóta útvarpsins og þeir eru búnir að greiða gjaldið með lækkun persónuafsláttar ..." — Það er reyndar önnur saga sem vísar til þeirrar tillögu sem þessir aðilar hafa lagt fram um það hvernig eigi að þeirra mati að fjármagna Ríkisútvarpið.

Mér finnst greinargerðin glögg og að mörgu leyti mjög góð um nefskattinn sem verið er að leggja til að verði settur á. Hann er ósanngjarn og óþarfur. Ríkisvaldið hefur skattlagningarvaldið í sínum höndum og það er eðlilegast að menn finni það út með sem vönduðustum hætti hvernig skattar eru lagðir á. Þess vegna er best að þeir fjármunir sem ríkið ætlar að setja í starfsemi eins og þessa séu teknir af almennum sköttum sem hafa verið hugsaðir rækilega og sanngjarnlega til álagningar á gjaldendur í landinu. Ég tel þess vegna að nefskatturinn sé frumhlaup og vitleysa og ég vona það og eiginlega trúi því að hann verði aldrei að veruleika, líka vegna þess að gefið er í skyn einhvers staðar í þessum plöggum, ég rakst á það, að menn muni fara yfir skattlagninguna aftur fljótlega og velta því fyrir sér hvort rétt sé að standa að málum með þessum hætti. Þar er sérstaklega vísað til þess hversu misjafnlega þetta getur komið niður á fjölskyldum.

Einnig er ástæða til að hafa það í huga að aðferðin við fjármögnunina á ekki að koma til framkvæmda fyrr en á árinu 2009. Það bendir auðvitað til þess að menn vilji hafa svigrúm til þess að skoða sig um áður en þetta verður að lögum. Mér þykir slæmt að það eru ekki margir þingmenn Framsóknarflokksins í salnum — ég sé þó að hæstv. forseti, sem situr að baki mér, er úr þeim flokki og ber ábyrgð á frumvarpinu með félögum sínum í Framsóknarflokknum — vegna þess að ég ætlaði að hafa hluta ræðu minnar um tilurð málsins og það hvernig kaupin virðast gerast á eyrinni hjá stjórnarflokkunum.

Við fengum að hlýða á ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í fyrradag. Ég hlustaði grannt á hana. Þar fór hv. þingmaður vandlega yfir samþykktir Framsóknarflokksins um Ríkisútvarpið og rökstuddi það með býsna skýrum hætti að Framsóknarflokkurinn hefði aldrei samþykkt að setja hf. fyrir aftan Ríkisútvarpið og þar af leiðandi ekki heldur ohf. Mér fannst eins og hann lýsti þessu, hann las samþykktirnar fyrir okkur, að þetta væri réttur skilningur hjá hv. þingmanni. Hann lýsti því sérstaklega yfir að sér hefði komið algjörlega á óvart þegar síðasta samþykkt Framsóknarflokksins um þetta efni frá árinu 2005, þegar farið var að túlka hana með þeim hætti sem þingmenn Framsóknarflokksins gera nú, aðrir en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson eða a.m.k. þeir sem við höfum heyrt tala í þingsalnum.

Það er mikið umhugsunarefni hvernig Framsóknarflokkurinn treystir sér til þess að ganga gegn tillögum og hugmyndum sem samþykktar hafa verið á flokksþingum flokksins. Það hlýtur að vekja mann til umhugsunar um önnur mál sem hv. flokkur, ef nota má þetta ávarp um flokk — (Forseti hringir.)

(**Forseti** (JónK)**:** Nú er kominn sá tími sem ætlaður var fyrir matarhlé. Ég vil losa hv. þingmann við að tala um Framsóknarflokkinn á fastandi maga þannig að við gerum hálftíma hlé áður en áfram er haldið með umræðuna.)

Ég þakka hv. forseta hugulsemina. Það er mjög kærkomið að fá að borða áður en ég held áfram með kaflann um Framsóknarflokkinn. Hann verður ekki mjög langur en mér þykir ágætt að fá að flytja hann síðar í dag.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:30]

**Jóhann Ársælsson** (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Ég hafði lokið við að fara yfir tvö atriði nánast, eða málefni öllu heldur, sem ég ákvað að tala um í þessari umræðu, annars vegar um útvarpsþjónustu í almannaþágu og hins vegar um þennan nefskatt sem hér hefur birst í þessu frumvarpi.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði um nefskattinn en ég er hræddur um að ég hafi mismælt mig nokkrum sinnum þegar ég var að tala um þá sem borga fjármagnstekjuskatt. Ég átti auðvitað við að þeir sem hafa einungis tekjur af fjármagni virðast njóta sérstaks dálætis þeirra sem flytja þetta mál (**Gripið fram í:** Kjartan Ólafsson.) eins og m.a. Kjartans Ólafssonar eins og hér er kallað fram í. Þeir munu verða skattlausir og verður létt af þeim þeim álögum sem þeir hafa haft af því að borga útvarpsgjald. (Gripið fram í.) Þeir munu horfa á í boði hinna sem borga skattinn sem er auðvitað ekki sanngjarnt. Ég vildi koma að þessu, hæstv. forseti, vegna þess að þarna hafði ég mismælt mig í ræðunni og víst oftar en einu sinni eftir því sem mér er sagt og mér þykir það leiðinlegt.

Ég ætla að ræða pínulítið um það hvernig kaupin gerast á eyrinni í helmingaskiptastjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Mér sýnist þetta mál um Ríkisútvarpið dæmi um það hvernig svona helmingaskipti geta leitt flokka sem lengi hafa verið við völd út í það að snúa grimmilega upp á lýðræðið í landinu.

Þeir hafa hér ýmsir, og alveg sérstaklega hæstv. menntamálaráðherra og reyndar fleiri, margoft gert athugasemdir við það að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar haldi hér langar ræður og komi í veg fyrir að lýðræðið hafi sinn gang. En hvers lags lýðræði er það þegar menn fá niður-

stöðuna fram með því að gera helmingaskiptasáttmála og beygja alla þingmenn sína undir það, óháð því hvernig viðkomandi flokkur hefur gert samþykktir sínar?

Framsóknarflokkurinn hefur ítrekað gert samþykktir um Ríkisútvarpið og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór vel yfir það, og ég minntist á það hér áðan, þar sem hann las upp allar þær samþykktir. Mér fannst hann rökstyðja mál sitt vel. Hann sagði sem sagt að aldrei hefði verið fallið frá þeim samþykktum sem hefðu verið gerðar og að í samþykktinni frá árinu 2005 fælist að hans mati ekki neitt um að verið væri að samþykkja að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag.

Mér finnst rökin góð vegna þess að í fyrri samþykktum flokksins var m.a. gerð samþykkt um að það ætti að verða til sjálfseignarstofnun um Ríkisútvarpið. Þegar flokkur hefur gert slíka samþykkt hlýtur hann að þurfa að gera einhverja aðra samþykkt þar sem fallið er frá þeirri ákvörðun sem þarna hafði verið tekin um sjálfseignarstofnun.

Ég sé ekki betur en að Framsóknarflokkurinn hafi selt próventuna sína hvað eftir annað. Undarlegasti parturinn af því — þó að maður gleymi ekki því sem á undan er gengið, sölunni á Símanum sem Framsóknarflokkurinn var á móti og Íraksstríðinu sem Framsóknarflokkurinn var dreginn með út í án þess að hafa gert um það neinar samþykktir, að hann vildi taka þátt í því hlutverki sem Ísland þar tók að sér — virðist mér að í útvarpsmálinu hafi orðið helmingaskiptaniðurstaða gegn vilja þess fólks sem styður þennan flokk.

Að Framsóknarflokkurinn hafi selt próventuna sína, og um Sjálfstæðisflokkinn má segja eins og í ævintýrinu að kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn, finnst mér hafa náð hæðum á síðasta ári. Reyndar þarf ég þá kannski að fara aðeins fram í tímanum til þess tíma sem Halldór Ásgrímsson tók við forsætisráðherraembættinu. Það virðist hafa orðið Framsóknarflokknum dýrt. Það virðist líka hafa verið Framsóknarflokknum dýrt þegar Halldór Ásgrímsson ákvað að nú væri kominn tími til að hann færi úr þeim stóli. Sjálfstæðisflokkurinn virðist hafa viljað fá eitthvað fyrir það líka. Framsóknarflokkurinn hefur þurft að kaupa sig bæði inn í ráðherrastólinn, forsætisráðherraembættið, og svo út úr embættinu aftur.

Ég byggi það á því að síðustu fréttir eru um það að Framsóknarflokkurinn hafi fallið frá því máli sem hann bar fram í kosningabaráttunni síðast og var stærst. Aðdragandi þess máls var auðvitað átökin um auðlindina sem höfðu staðið lengi, mikil átök í Framsóknarflokknum og reyndar í mörgum öðrum flokkum um það mál. Því lyktaði með því að stofnað var til nefndar og ég verð að segja eins og er að ég fylltist nokkurri aðdáun á Framsóknarflokknum fyrir það starf því að mér skildist að þar hefðu komið að málum 150 manns úr Framsóknarflokknum, tekið þátt í þeirri stóru nefnd sem átti að finna sáttaleið í sjávarútvegsmálinu í Framsóknarflokknum.

Sá sem stýrði þeirri nefnd var Jón Sigurðsson, þá líklega seðlabankastjóri, a.m.k. var hann það áður en hann tók við sem formaður Framsóknarflokksins. Honum tókst með, ég vil segja, góðri stjórn á þessum fjölmenna hópi framsóknarmanna sem var að leita að sáttaleið í sjávarútvegsmálinu að finna hana.

Hver var aðalniðurstaðan af starfi þessa hóps? Sú að í stjórnarskrána skyldi sett ákvæði um að þjóðin ætti sjávarauðlindina. Framsóknarflokkurinn fór með þessa niðurstöðu í kosningabaráttuna síðast, kynnti hana fyrir fólkinu í landinu og á pólitískum fundum var þessi stefna höfð uppi og menn gumuðu mjög af þeirri niðurstöðu sem þar hafði orðið.

Ekki bara það. Þingflokkur Framsóknarflokksins fékk því svo framgengt að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, sem ég er hér með, var sett ákvæði sem á upphaf sitt í þessu starfi nefndarinnar sem ég var hér að nefna. Þar stendur á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá.“

Ég vek athygli á því að þetta er stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fyrir það kjörtímabil sem er að líða núna. Þetta er ekki einhver yfirlýsing um hvað eigi að gera eftir að þetta kjörtímabil er liðið eða í framtíðinni. Nei, nei, þetta er yfirlýsing um hvað átti að gera á þessu kjörtímabili.

Framsóknarflokkurinn var ekkert hættur í málinu. Þegar Halldór Ásgrímsson tók við sem forsætisráðherra skipaði hann stjórnarskrárnefnd sem hafði m.a. þetta verkefni. Formaður þeirrar nefndar er hæstv. sitjandi forseti hér á bak við mig, hann leiddi starf þessarar nefndar. (**Gripið fram í:** Góður maður.) Ágætur maður, Jón Kristjánsson, hv. þingmaður, fyrrverandi ráðherra.

Hann lýsti því svo yfir, þessi hv. þingmaður, í fyrradag að niðurstaða nefndarinnar hefði orðið sú að einungis ein tillaga kæmi frá nefndinni. Í ljósi þess að þetta ákvæði um auðlindir sjávar sem ég las hér upp áðan er í stjórnarsáttmálanum og í ljósi þess að Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti líka með Framsóknarflokknum þessa stefnuyfirlýsingu og í ljósi þess að allir aðrir flokkar sem eiga þingmenn á Alþingi voru tilbúnir til að standa að því að þetta ákvæði yrði sett í stjórnarskrána hlýtur maður að spyrja sig: Hvað gerðist? Hvernig stendur á því að menn hlaupa frá þessu verkefni sínu?

Undirbúningur undir málið liggur allur fyrir. Hann liggur fyrir í starfi auðlindanefndar sem skilaði af sér árið 2000. Undirnefnd fjallaði um málið í stjórnarskrárnefndinni og komst að þeirri niðurstöðu að málið væri tilbúið, það væri hægt að flytja það.

Þá byrjaði eitthvað að gerast sem varð til þess að starfi nefndarinnar vatt nú ekki lengra fram en svo að þessi eina tillaga hefur verið boðuð, um það hvernig skuli farið með stjórnarskrárbreytingar í þinginu. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri tillögu en það er ekki hægt annað en að láta sér detta í hug að hluti af því þegar Halldór Ásgrímsson samdi um framtíð Framsóknarflokksins í hið síðasta sinnið, þ.e. þegar hann hætti sem forsætisráðherra, hafi verið að samþykkja það að gangast undir það ok sem Sjálfstæðisflokkurinn vildi, sem sagt að þetta mál yrði ekki að veruleika. Og þeir höfðu það fram.

Þetta er forkastanlegt. Og ég trúi því að einhvers staðar muni menn sem tóku þátt í starfi hinnar stóru nefndar í Framsóknarflokknum vilja velta þessu máli upp til umræðu inni í flokknum.

Þegar maður veltir þessum málum fyrir sér sem Fram-

sóknarflokkurinn hefur verið að burðast með hér á undangengnum árum sjáum við að hann hefur verið tilbúinn til þess að semja sig frá stefnu flokksins þegar hann hefur þurft á því að halda af einhverjum ástæðum. Við sáum það í símamálinu. Við sjáum það núna í útvarpsmálinu. Við sjáum það í þessu máli með þjóðarauðlindina. Við sáum hvernig fór í sambandi við Íraksmálið sem enginn efast um að átti upptök sín hjá hæstv. forsætisráðherra þeirra tíma.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki tekið mjög langan tíma til að ræða þetta mál í sölum Alþingis og á ekki von á því að verða atyrtur mikið fyrir það þó að ég hafi talað hér í þrjú korter eða svo. Ég sé ekki ástæðu til að tala meira, félagar mínir í stjórnarandstöðunni sem hafa talað í þessari umræðu hafa farið vandlega yfir þetta mál. Ég hef komið að þeim tveimur hlutum málsins sem mér fannst ástæða til að ræða alveg sérstaklega. Ég ætla þess vegna ekki að hafa orð mín fleiri núna og ég vona sannarlega að menn finni flöt á því að komast að samkomulagi um hvernig menn fara með stóru málin á Alþingi. Við höfum ekki átt því láni að fagna á undanförnum árum.

Hér hafa menn í skjóli þess meiri hluta sem þeir sem *ráða ríkisstjórninni virðast hafa full tök á hér í þinginu* ætlað að setja ítrekað í gegn mál sem eru umdeild. Á þeim málum hefur stundum verið býsna mikill lýðræðishalli. Ég kalla það því nafni vegna þess að þegar helmingaskiptin fara fram á þessum bæjum ríkisstjórnarflokkanna er greinilegt að samviskunni og flokkssamþykktum, a.m.k. Framsóknarflokksins, hefur verið vikið til hliðar og það oftar en einu sinni.

[13:46]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu sem fjallaði um Framsóknarflokkinn og ýmislegt annað, eitthvað um efni frumvarpsins sem við erum að ræða og annað kannski ekki nákvæmlega, eins og sjávarútvegsmál. En það er allt í lagi að menn ræði hugðarefni sín hér.

Við erum nú á fimmta degi í umræðu um þetta mál Ríkisútvarpsins og línur nokkuð farnar að skýrast hvað varðar viðhorf flokka og stjórnmálamanna til meginefnis þessa frumvarps.

Það liggur sem sagt fyrir nú að þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, ásamt varaformanni Samfylkingarinnar, styðja það að Ríkisútvarpið verði gert að opinberu hlutafélagi. Hins vegar munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hluti þingmanna Samfylkingarinnar og þingmenn Frjálslynda flokksins, að því er mér skilst, ekki styðja frumvarpið ásamt hv. þm. Valdimari L. Friðrikssyni sem er utan flokka.

Það vekur óneitanlega athygli að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, hefur gengið í lið með okkur stjórnarliðum hvað varðar stuðning sinn við *það að Ríkisútvarpið verði gert að opinberu hlutafélagi og* upplýsti um þau viðhorf sín í Fréttablaðinu þann 10. nóvember sl.

Það sem mig langar til að spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem hélt hér sína ræðu, er: Á hvorum vængnum í Samfylkingunni er hann? Hvorri fylkingunni tilheyrir hann? Er hann sammála varaformanni (Forseti hringir.) sínum, Ágústi Ólafi Ágústssyni, um að það eigi að (Forseti hringir.) gera Ríkisútvarpið að opinberu hlutafélagi eða er hann sammála hinni (Forseti hringir.) fylkingunni í Samfylkingunni?

[13:48]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get upplýst hv. þingmann um það af því að hann hefur greinilega ekki hlustað á nema síðasta hluta ræðu minnar. (**SKK:** Jú, jú.) Í fyrri hlutanum fjallaði ég einmitt um málið. Þar kom skýrt fram hvers vegna ég hef áhyggjur af þessu máli. Ég tel að hv. þingmaður ætti að hafa sömu áhyggjur af því og ég. Ég held að hv. þingmaður hafi þær taugar til samkeppnisumhverfisins sem á að ríkja á markaðnum að hann muni vilja tryggja að þeir aðilar sem keppa á markaðnum séu vel settir, séu jafnsettir, að þeir geti búið við einhvers konar jafnræði á markaðnum. Það verður ekki til að mínu viti með þessu frumvarpi. Ég er þess vegna á móti því að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag og er sammála Samfylkingunni í því efni eins og reyndar mörgu fleiru.

Mér finnst hv. þingmaður, eins og ég sagði áðan, gera dálítið í því að gera mönnum upp skoðanir. Það liggur algjörlega fyrir að þetta frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. er andstætt skoðunum hans sjálfs. Hann hefur flutt hér frumvarp um að selja Ríkisútvarpið. Hann gerði það að vísu ekki núna en það frumvarp liggur engu að síður fyrir þar sem félagar hans flytja það. Auðvitað getur maður ekki ályktað öðruvísi en svo að þeir sem fluttu það frumvarp séu ekki sammála því lagafrumvarpi sem við erum að ræða hér.

Síðan sagði hv. þingmaður að Framsóknarflokkurinn styddi málið. Ég veit ekki betur en að hér hafi hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson haldið ræðu og lýst því alveg skýrt og greinilega yfir að hann væri á móti málinu.

Þetta nú bara svona. Ég hef hins vegar ekki heyrt hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson lýsa því yfir að (Forseti hringir.) *hann sé ekki sammála Samfylkingunni í afstöðu til þessa* máls.

[13:51]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að gera mönnum upp skoðanir, síður en svo. Ég er að reyna að átta mig á stöðunni innan Samfylkingarinnar. Ég er að reyna að átta mig á því hverjir styðja hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins og hverjir ekki. Í fréttatilkynningu frá Samfylkingunni 7. desember 2006 segir:

„Samfylkingin leggur til að Ríkisútvarpið verði sjálfseignarstofnun ...“

Tæpum mánuði áður hafði hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, svarað spurningu í Fréttablaðinu sem hljóðar svo:

„*Á að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag?*“

Hann svaraði spurningunni svona, með leyfi forseta:

„Já, ef ritstjórnarlegt sjálfstæði helst óskert og aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum verður fyrir hendi.“ (**ÁÓÁ:** Það er ekki ...)

Ég hef farið yfir að þessi skilyrði eru uppfyllt, eða það stendur til að uppfylla þau. (**ÁÓÁ:** Það er ekki nóg.) En ég er ekki að gera mönnum upp neinar skoðanir. Ég er að reyna að upplýsa málið og þá kannski helst viðhorf þingmanna Samfylkingarinnar til þess og þá meginatriðisins í málinu sem er: Hvert á rekstrarformið að vera og hver eru viðhorf hv. þingmanna til þess?

Ég get síðan ekki svarað fyrir afstöðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar eða þeirra framsóknarmanna. Við höfum gengið einhuga, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, í stuðningi okkar við þetta mál fyrir utan það að Kristinn H. Gunnarsson hefur lýst sérsjónarmiðum sínum en ég veit ekki hversu mikla samleið hann á með ríkisstjórnarmeirihlutanum (Forseti hringir.) og Framsóknarflokknum úr þessu.

[13:53]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður vill upplýsa málið. Málið er mjög skýrt og greinilegt. Samfylkingin hefur sent frá sér samþykktir um að hún vilji að Ríkisútvarpið verði gert að sjálfseignarstofnun. Allir þingmenn Samfylkingarinnar hafa samþykkt þetta.

Það liggur fyrir, og ég ætla ekki að endurtaka það, enda er hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson fullfær um að svara fyrir sig og hefur haldið ræðu einmitt um það efni sem hv. þingmaður hefur verið að fara hér yfir enn einu sinni í ræðustólnum. Það virðist ganga svolítið illa hjá hv. þingmanni að meðtaka það svar sem hv. þingmaður hefur gefið honum.

Ég held hins vegar að samstaðan í stjórnarflokkunum, sem a.m.k. Kristinn H. Gunnarsson er ekki með í, sé fengin með gamla laginu. Ég lýsti því í ræðu minni. Hún er fengin með þessari helmingaskiptaaðferð þar sem hendur manna eru bundnar. Sjálfstæðismenn hafa látið binda hendur sínar. Sjálfstæðismenn sem hafa flutt hér frumvörp um það að einkavæða og selja Ríkisútvarpið eru tilbúnir að samþykkja þetta frumvarp sem hér liggur fyrir sem snýst um það að gera Ríkisútvarpið að opinberu hlutafélagi en ekki að þess konar fyrirtæki sem þessir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt til.

Ég held að hv. þingmaður ætti að reyna að gera afstöðu sjálfstæðismanna hér svolítið skýrari og fara betur yfir hana, enda er hann kannski kunnugri á þeim bæ en í herbergjum Samfylkingarinnar.

[13:55]

**Útbýting:**

Jafnréttisfræðsla í skólum og réttindaskrá barna, 503. mál, fsp. HlH, þskj. 758.

Kostnaður við dagskrárliði Ríkisútvarpsins, 500. mál, fsp. MÁ, þskj. 755.

Strandsiglingar, 501. mál, fsp. HlH, þskj. 756.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 498. mál, fsp. RG og ÖJ, þskj. 753.

Vaðlaheiðargöng og Akureyrarflugvöllur, 502. mál, fsp. HlH, þskj. 757.

Vextir og verðtrygging, 499. mál, fsp. JóhS, þskj. 754.

[13:56]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Við erum enn á fullri ferð í umræðu um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, í 3. umr. í þriðja sinn. Mig langaði í upphafi ræðu minnar aðeins að fara yfir það hver stefna Frjálslynda flokksins hefur verið í málefnum Ríkisútvarpsins.

Frjálslyndi flokkurinn hefur ávallt sýnt Ríkisútvarpinu mikinn áhuga og viljað standa vörð um það vegna þess að við teljum að Ríkisútvarpið sé mjög mikilvægt fyrir íslenska þjóð, að það sinni mikilvægu hlutverki. Ég hef farið yfir þetta í fyrri ræðum mínum um málið. Ég verð að segja eins og er að ég hef ekki tölu lengur á því hve oft ég hef farið upp í ræðustól til að tala um Ríkisútvarpið en það eru orðin allnokkur skipti á kjörtímabilinu. Enda á málið sér orðið töluvert langa sögu, eins og fram hefur komið í umræðum, þótt ég sé þeirrar skoðunar að þrátt fyrir allt þetta sé málið ekki orðið það gott að það sé tækt til afgreiðslu frá hinu háa Alþingi sem lög. Nóg um það.

Mig langaði fyrst til að minna á eina setningu í málefnahandbók Frjálslynda flokksins. Þetta er stefnuskrá okkar sem við höfum gefið út þar sem farið er yfir helstu mál okkar. Mál sem við höfum afgreitt á landsfundum og samþykkt og stefna sem við höfum meitlað. Þar stendur í kaflanum um menningu og trú undir liðnum Málstefna, ein setning, með leyfi forseta:

„Frjálslyndi flokkurinn vill efla ríkisfjölmiðlana til styrktar móðurmáli og menningu, en bægja frá þeim drottnunargirni ríkisvalds á hverjum tíma."

Þetta er ein setning en hún segir margt. Þessi litla setning er í raun á bak við þingmál sem við höfum flutt um Ríkisútvarpið. Við vorum byrjuð að tala um að breyta þyrfti ýmsu varðandi rekstur Ríkisútvarpsins löngu áður en ríkisstjórnarflokkarnir sem nú eru á hinu háa Alþingi fóru að minnast á að runnin væri upp sú stund að hér þyrfti eitthvað að gera.

Við lögðum fram tillögu til þingsályktunar um rekstur Ríkisútvarpsins á allnokkrum þingum. Þetta var fyrst flutt á 126. löggjafarþingi. Síðan var þetta endurflutt á 127. löggjafarþingi og 128. löggjafarþingi. Síðast fluttum við þingsályktunartillöguna á 130. löggjafarþingi 2003–2004. Þá sem fyrr voru allir þingmenn Frjálslynda flokksins með sem flutningsmenn en sá sem mælti fyrir þessu var hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.

Þingsályktunartillagan endurspeglar þau sjónarmið sem við höfum viljað halda á lofti í Frjálslynda flokknum varðandi rekstur Ríkisútvarpsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar."

Með þingsályktunartillögunni fylgir greinargerð þar sem við segjum það hreint út að við teljum að Ríkisútvarpið sé viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur stofnunarinnar sé ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Við teljum að miðillinn geti alls ekki verið öðruvísi en í þjóðareign og það verði að fjármagna þetta af almenningi og þá úr ríkissjóði. Við teljum að sérstaða

Ríkisútvarpsins sé svo mikil að markaðshlutirnir geti ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hér er verið að tala um menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verði að víkja fyrir mikilvægari markmiðum. Við höfum farið yfir þetta allt saman áður í umræðum á hinu háa Alþingi. Hið mikilvæga markmið er náttúrlega menningarhlutverk Ríkisútvarpsins sem ég tel að sé afskaplega mikilvægt. Ég er sannfærður um að Ríkisútvarpið gegnir mjög veigamiklu hlutverki og á að gegna mjög veigamiklu hlutverki sem menningarstofnun, stofnun sem varðveitir og heldur utan um íslenska menningararfleifð. Stofnunin eigi að vera eins konar viti fyrir til að mynda ræktun íslenskrar tungu og íslenskrar þjóðmenningar.

Það er enginn í vafa um það sem skoðar sögu Ríkisútvarpsins, og ég tók með mér í ræðustól afskaplega merkilega og góða bók eftir Gunnar Stefánsson, mjög góðan útvarpsmann okkar Íslendinga, sem heitir: Útvarp Reykjavík. Saga Ríkisútvarpsins 1930–1960. Þó hún nái einungis til ársins 1960 dylst engum sem les þá góðu bók, og ég hvet alla sem hafa áhuga á Ríkisútvarpinu að kynna sér hana hafi þeir ekki þegar gert það, þá dylst engum hversu gríðarlega miklu hlutverki stofnunin hefur gegnt meðal þjóðarinnar í gegnum áratugina á hinni löngu sögu sem spannar allt frá árinu 1930. Þá dylst engum hversu miklu hlutverki þessi stofnun hefur gegnt í 77 ár, sérstaklega hvað varðar menningarhlutverkið og það hlutverk að bjarga til að mynda ýmsu varðandi sögu og menningu þjóðarinnar frá glötun. Ég þori varla að hugsa þá hugsun til enda hvernig við værum stödd í dag ef Ríkisútvarpið hefði ekki verið til staðar til að skrá söguna. Allur sá fjársjóður sem Ríkisútvarpið býr yfir í dag, margt af því hefur því miður kannski farið forgörðum, en af því mikla efni sem þó er til er það að sjálfsögðu algerlega ómetanlegt.

Við í Frjálslynda flokknum lögðum það til á sínum tíma og stöndum fast við þá stefnu og þá skoðun okkar að skipa ætti nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka. Það var náttúrlega ekki gert. Ríkisstjórnin gerði það ekki, því miður. Ég hef harmað það áður að það skuli ekki hafa verið gert. Við töldum að nefndin ætti að semja frumvarp til laga um stofnunina og það ætti að meitla það fast að Ríkisútvarpið ætti að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í eign íslensku þjóðarinnar, í þjóðareign. Algerlega yrði horfið frá hugmyndum sem hafa stundum verið í umræðunni um að selja eigi Rás 2 frá Ríkisútvarpinu, því við teljum að mikil þörf sé á því að við séum með gott landshlutaútvarp og annað efni sem kannski mundi þykja æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1.

Ég tel að Rás 2 hafi mjög þýðingarmikið hlutverk ekki bara sem landshlutaútvarp heldur hafi Rás 2 líka á margan hátt mikið menningargildi. Rás 2 hefur staðið sig á margan hátt afskaplega vel oft í þjóðmálaumræðunni en sérstaklega vel hvað varðar nýsköpun í íslenskri tónlist, sérstaklega þeirri tónlist þar sem markhópurinn er kannski yngri hlustendur. Við megum ekki gera lítið úr þessu. Þetta skiptir mjög miklu máli. Hjá Rás 2 hafa í gegnum tíðina oft starfað afbragðsgóðir þáttagerðarmenn sem hafa sinnt þessu hlutverki rækilega. Ég hef ekki heyrt að einkareknu útvarpsstöðvarnar hafi sýnt því áhuga að spila tónlist með ungum og efnilegum hljómsveitum eða útvarpa tónleikum hljómsveita sem hafa verið að spila. Ég hef ekki orðið var við mikinn áhuga á því hjá einkareknu stöðvunum en þar hefur Rás 2 staðið sig gríðarlega vel. Ég er sannfærður um að það starf sem hefur verið unnið hjá Rás 2 hvað þetta varðar hefur skilað sér aftur til þjóðarbúsins og það margfalt. Rás 2 hefur í gegnum tíðina verið ómetanleg hjálp fyrir ýmsa efnilega listamenn, tónlistarmenn sérstaklega, og það hefur svo sannarlega borgað sig.

Við höfum líka bent á almannahagsmuni varðandi Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið er með það mikið dreifingarnet og þá kannski ekki síst langbylgjuna sem oft vill gleymast en er mjög mikilvæg, að það sinnir mjög miklu hlutverki varðandi almannahagsmuni og í tengslum við öryggismál. Fólk skiptir eiginlega ósjálfrátt yfir á Ríkisútvarpið ef eitthvað gerist til að fá fyrstu fréttir.

Við höfum talið að Ríkisútvarpið ætti að vera fjármagnað að fullu á fjárlögum hvert ár, til að mynda innan rammaáætlunar eða þjónustusamnings til nokkurra ára í senn. Við höfum sagt að Ríkisútvarpið ætti að hætta að flytja viðskiptaauglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla en það ætti að flytja áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum.

Við höfum sagt að Ríkisútvarpið ætti að vera virkur fræðslumiðill og þannig bregðast við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu og verða lind og farvegur fyrir vakandi og frjóa samfélagsumræðu. Þar hefur Ríkisútvarpið að sjálfsögðu gegnt mjög veigamiklu hlutverki í gegnum áratugina bæði hvað varðar fræðslu og sem vettvangur fyrir þjóðfélagsumræðu sem er náttúrlega öllum lýðræðisþjóðfélögum nauðsynleg á hverjum tíma.

Við höfum líka vakið athygli á því að Ríkisútvarpið eigi að gæta fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það mæti þörfum sem flestra landsmanna til að mynda með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum. Við höfum líka sagt að dagskrárstefnan eigi að vera laus undan öllum markaðsáhrifum. Þetta er kannski svolítið erfitt en mér finnst samt sem áður að á undanförnum missirum hafi Ríkisútvarpið því miður þurft að búa við stöðugt meiri áhrif frá markaðsöflunum til að mynda varðandi kostun. Þetta hefur náttúrlega á vissan hátt orsakast af því að Ríkisútvarpið hefur búið við mjög bágan fjárhag undanfarin ár. Ég tel að það sé að verulegum hluta á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna sem mér finnst að hafi látið rekstur þessarar merku stofnunar drabbast niður jafnt og þétt á mörgum undanförnum árum. Ég hef rakið það áður í fyrri ræðum mínum hvernig sú þróun var og kem kannski betur inn á það síðar.

Við mundum leitast við að búa til sjálfstætt þjóðarútvarp sem mundi leysa af hólmi þá stofnun sem hefur verið fram til þessa, reyna að draga eftir fremsta megni úr flokkspólitískum áhrifum og tengslum sem hafa verið ríkjandi. Ég held að það dyljist engum, hvorki starfsmönnum Ríkisútvarpsins, velunnurum Ríkisútvarpsins né þeim sem eru á hinum pólitíska vettvangi, að pólitísk tengsl í útvarpinu hafa oft og tíðum verið býsna sterk.

Útvarpsráð hefur verið starfandi mjög lengi. Það hefur verið umdeilt oft og tíðum og ákvarðanir þess valdið deilum. Við í Frjálslynda flokknum vildum að sett yrði á stofn allfjölmennt útvarpsráð. Mjög yrði fjölgað í útvarpsráði og þetta yrði nokkurs konar akademía, þ.e. fjölmennari hópur

fólks kæmi að starfinu. Við nefndum töluna 15 manns. Þeir einstaklingar væru valdir af samtökum og stofnunum í samfélaginu. Það væri fólk úr menningargeiranum og listaheiminum, fólk frá fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknargeiranum og fólk náttúrlega af landsbyggðinni því Ríkisútvarpið hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki á landsbyggðinni, það er enginn vafi á því. Við vitum það sem höfum verið úti á landi að það skiptir miklu máli þar. Við hefðum viljað sjá fólk í ráðinu til að mynda frá almannasamtökum launþega og ef til vill fleiri aðilum.

Framtíðarsýn okkar væri sú að það að sitja í útvarpsráði væri mikil viðurkenning og virðingarstaða. Skapast mundi sátt um það í þjóðfélaginu að þarna veldust eingöngu inn aðilar sem væru mjög hæfir og hefðu góða og víða sýn yfir samfélagið. Útvarpsráð ætti að hafa vel skilgreint verksvið og ákveða megindrætti í dagskrárstefnunni og verkaskiptingu milli hugsanlega útvarpsrása sjónvarpsins og jafnvel internetsins sem er náttúrlega nýr miðill sem hefur komið inn mjög sterkt á allra síðustu árum og Ríkisútvarpið hefur sinnt af miklum sóma að mörgu leyti.

Ráðning útvarpsstjóra, þ.e. framkvæmdastjóra yfir stofnuninni eða fyrirtækinu, væri þá í höndum hins fjölmenna útvarpsráðs. Stofnunin, þ.e. fulltrúar starfsfólks og útvarpsráðs, mundi velja sameiginlega útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefði umboð til að skipuleggja stofnunina og umboð til mannaráðninga og hefði annað forræði á rekstri og bæri fulla ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar. Þar værum við komin mjög langt í því að reyna að höggva á hin pólitísku tengsl, tel ég vera. Völdin lægju svo í höndum útvarpsráðs, þ.e. útvarpsráðið gæti ef út í það færi sett útvarpsstjóra af ef það teldi að sá aðili færi ekki eftir þeim tilmælum sem kæmu frá útvarpsráði um stefnumótunina varðandi meginþætti í dagskrá og annað þar fram eftir götunum.

Þetta voru hugmyndir okkar í Frjálslynda flokknum í frekar stuttu máli í þingsályktunartillögunni sem við lögðum fram á einum fjórum löggjafarþingum, nú síðast á 130. löggjafarþingi 2003–2004. Við höfum ekki mælt fyrir þingsályktunartillögunni síðan. Ástæðan er náttúrlega sú að eftir 130. löggjafarþing varð ljóst að ríkisstjórnin væri að koma með frumvarp um Ríkisútvarpið, ný lög um Ríkisútvarpið. Þetta hafði svo sem verið mjög lengi í deiglunni. Það sést þegar maður skoðar söguna.

Ég hampaði áðan bókinni Útvarp Reykjavík – Saga Ríkisútvarpsins 1930–1960 eftir Gunnar Stefánsson. Til að vekja athygli á því hversu lengi umræðan hefur verið í deiglunni langar mig til að vitna í örlítinn kafla úr bókinni. Hún kom út fyrir einum 10 árum og í eftirmála bókarinnar skrifar höfundurinn, Gunnar Stefánsson, nokkur orð. Mig langar til að lesa það sem hann segir í lokin, með leyfi forseta:

„Svo vill til að um þær mundir sem þetta rit fer í prentun eru málefni Ríkisútvarpsins í nokkurri óvissu. Hugmyndir eru uppi um breytingar á rekstri þess og skipulagi. Standa þær að nokkru í sambandi við að pólitísk vindátt hefur snúist gegn ríkisrekstri á ýmsum sviðum. Þeirrar áttar tók að gæta hér upp úr 1980. Aðilar sem áður sögðu: „Ég vil ekki“ — segja: „Nú get ég“.“

Síðan segir Gunnar Stefánsson áfram:

„Þannig lýsti Andrés Björnsson útvarpsstjóri þessari hugsun í síðasta áramótaávarpi sínu 1984, um sömu mundir og hin gagngera breyting var að verða á stöðu Ríkisútvarpsins. En þeir sem vildu fá að spreyta sig á útvarps- og sjónvarprekstri hafa sem vænta má reynst ófúsir til að taka á sig þær víðtæku félags- og menningarlegu skyldur sem Ríkisútvarpið gegnir. Samt verða kröfur um það æ háværari að minnka umsvif ríkisfjölmiðla og jafna samkeppnisstöðu þeirra og einkarekinna miðla. En þetta er vissulega margþættara mál og afdrifaríkara en ýmsir virðast hyggja.

Engu skal hér um það spáð hvernig rekstri Ríkisútvarpsins kann að verða hagað í framtíðinni. En ég hef þá trú að stofnunin muni halda velli og enn á nýrri öld gegna hlutverki sem einkareknir ljósvakamiðlar séu ólíklegir til að vilja sinna eða geta sinnt með viðhlítandi hætti. Útvarp og sjónvarp ríkisins er umfram allt víðtæk þjónusta við almenning, til fróðleiks, skemmtunar og menningarauka. Þessi þjónusta er rekin með sameiginlegu átaki þjóðarinnar og fyrir þjóðina alla, án tillits til búsetu, aldurs, efnahags eða annarra þátta sem gera fólk að misvænlegum neytendum á markaðstorgi. Slíkur fjölmiðill mun hér eftir sem hingað til skipa stórt rúm í menningarlífi Íslendinga.

Reykjavík, á þorranum 1997. Gunnar Stefánsson.“

Virðulegi forseti. Þetta voru lokaorð höfundar bókarinnar um Sögu Ríkisútvarpsins frá 1930–1980.

Þessi orð voru skrifuð fyrir um það bil tíu árum, á þorranum árið 1997. Nú erum við stödd á þorranum árið 2007. Liðin eru tíu ár. Að sjálfsögðu hefur margt breyst í þjóðfélaginu á þeim tíma. Ýmsar forsendur hafa breyst og ýmsar aðstæður hafa breyst á þessum tíu árum, þeim áratug sem liðinn er. En ég hygg þó að þau orð sem Gunnar Stefánsson ritar í eftirmála sínum af umræddri bók eigi fyllilega við í dag, alveg eins og þau áttu við árið 1997. Til að mynda þar sem hann segir: „En þeir sem vildu fá að spreyta sig á útvarps- og sjónvarpsrekstri hafa sem vænta má reynst ófúsir til að taka á sig þær víðtæku félags- og menningarlegu skyldur sem Ríkisútvarpið gegnir.“

Ég hygg að mikið sé til í þessu og ég er sammála því. Einnig því að:

„Útvarp og sjónvarp ríkisins er umfram allt víðtæk þjónusta við almenning, til fróðleiks, skemmtunar og menningarauka. Þessi þjónusta er rekin með sameiginlegu átaki þjóðarinnar og fyrir þjóðina alla, án tillits til búsetu, aldurs, efnahags eða annarra þátta sem gera fólk að misvænlegum neytendum á markaðstorgi.“

Þetta er í rauninni efnislega mjög svipað og við höfum verið að segja í Frjálslynda flokknum í fjölmörg ár. Við erum sammála þeim orðum sem Gunnar Stefánsson ritaði fyrir tíu árum.

Mér finnst meitlast í þessu enn og aftur sú harða afstaða okkar að við viljum standa vörð um Ríkisútvarpið sem þjóðarmiðil. Það viljum við gera í Frjálslynda flokknum og stöndum fast á því.

Ég hef setið í menntamálanefnd þegar þessi mál hafa verið þar til umræðu og fylgst með hvernig þessu hefur undið fram. Ég hef líka, virðulegi forseti, setið í annarri nefnd sem var skipuð eftir að orrahríðin mikla hafði staðið yfir um hið svokallaða fjölmiðlafrumvarp veturinn 2003–2004. Það var mikill slagur eins og við kannski öll

munum. En það sem gerðist að lokum var að til að reyna að finna einhvern sáttaflöt var skipuð nefnd til að gera tillögur um hvernig framtíðarskipan íslenskra fjölmiðla ætti að vera. Ég var fulltrúi Frjálslynda flokksins í þeirri nefnd.

Strax þegar nefndin hóf störf lögðum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar áherslu á að málefni Ríkisútvarpsins yrðu tekin með. Við skrifuðum bréf til hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem var dagsett 25. október 2004, um leið og nefndin hóf störf. Þar sögðum við, með leyfi forseta, þ.e. Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn:

„Það virðist skilningur allra málsaðila í lok hinna erfiðu deilna sem stóðu um fjölmiðlalög ríkisstjórnarinnar í vor og sumar að ný fjölmiðlanefnd yrði að koma að hreinu borði og taka sér þann tíma sem hún teldi sig þurfa til að komast að niðurstöðu um æskilegt lagaumhverfi fjölmiðlanna."

Síðan kemur:

„Sömuleiðis lögðu allir stjórnarandstöðuflokkarnir mikla áherslu á að málefni Ríkisútvarpsins yrðu að vera hluti af starfi nefndarinnar. Á þeim grundvelli lýstu forustumenn flokkanna þriggja því yfir í lok umræðunnar í sumar að flokkar þeirra teldu eðlilegt að koma að vinnu nýrrar fjölmiðlanefndar.

Sú yfirlýsing stendur en vegna þeirrar skilgreiningar á verkefni nefndarinnar sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins frá 14. október síðastliðinn teljum við ástæðu til að taka það fram að fulltrúar okkar taka sæti í nefndinni með óbundnar hendur og munu ekki einskorða starf sitt við þá skilgreiningu. Framlag þeirra á vettvangi nefndarinnar mun taka til allra fjölmiðla og er Ríkisútvarpið þar ekki undanskilið. Þótt fulltrúar flokkanna séu vissulega reiðubúnir til að hraða vinnu nefndarinnar eftir föngum áskilja þeir engu að síður sér rétt til að meta hvort sá tími dugir sem nefndinni virðist ætlaður samkvæmt bréfi ráðuneytisins."

Þetta var undirritað af þingflokksformönnum allra stjórnarandstöðuflokka í Reykjavík þann 25. október 2004. Allt gott um það að segja.

Menntamálaráðherra fékk bréfið í hendur og las það. Hæstv. ráðherra var því alveg ljóst hver okkar hugsun væri þegar við fórum inn í þessa vinnu í fjölmiðlanefndinni. Síðan vinnum við okkar störf og erum að því allan veturinn og ljúkum störfum þann 7. apríl árið 2005.

Þegar við hófum störf í fjölmiðlanefndinni höfðum við í ekki hugmynd um að ríkisstjórnin væri að undirbúa löggjöf varðandi Ríkisútvarpið. Það kom á daginn. Á þeim vetri fór að kvisast út að þess væri að vænta að frumvarp um Ríkisútvarpið kæmi frá ríkisstjórninni. Við sem settumst í fjölmiðlanefnd og töldum að við værum að skoða heildstætt umhverfi fjölmiðla á Íslandi — að sjálfsögðu Ríkisútvarpið þar innifalið, og fórum í þá vinnu sem endaði með ágætri samantekt eða skýrslu sem í raun er heil bók upp á 270 blaðsíður og vel það — höfðum ekki hugmynd um hvað ríkisstjórnarflokkarnir voru í rauninni að bralla á bak við tjöldin.

En loksins rann upp sá dagur að vinnu okkar lauk. Þann 7. apríl 2005 lauk nefndin störfum. Þá gerðum við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í fjölmiðlanefndinni, við vorum þrír fulltrúar, ákveðna bókun. Hún hljómaði svona, því ég vil að þetta sé alveg á hreinu og komist í þingtíðindi, með leyfi forseta:

„Bókun. Alveg frá því að starf nefndarinnar hófst höfum við gert athugasemdir við þá ákvörðun menntamálaráðherra að takmarka svigrúm hennar til að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins, samanber bréf frá formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar sem sent var menntamálaráðherra þegar tilnefnt var í nefndina.

Við erum þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf." — Ég endurtek til að leggja áherslu á þetta: „Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf.

Sjálfstætt almannaútvarp stuðlar að pólitískri og menningarlegri fjölbreytni og er forsenda þess að fjölmiðlar geti sinnt aðhaldshlutverki og verið útverðir lýðræðis í samfélaginu. Það er mat okkar að eigi að nást víðtæk sátt í samfélaginu um almenna rammalöggjöf um fjölmiðla, eignarhald og starfsumhverfi, verði að tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar.

Nú hefur það gerst að fram er komið stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið um það leyti sem fjölmiðlanefndin er að ljúka störfum án þess að nefndinni hafi nokkurn tíma verið gerð grein fyrir því hvers mætti vænta í slíku frumvarpi. Frumvarpið vekur upp margar spurningar um raunveruleg markmið ríkisstjórnarinnar og teflir framtíð stofnunarinnar í tvísýnu þar sem nema á núverandi heildarlög um Ríkisútvarpið úr gildi og færa stofnunina inn í nýtt rekstrarumhverfi.

Enn er ekki vitað hvaða vinnulag ríkisstjórnin og sá þingmeirihluti sem hún styðst við hyggst hafa við meðferð frumvarpsins. Með þessari skýru og afdráttarlaus bókun sem lýtur að því að ásættanleg niðurstaða náist um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins, skrifum við undir þessa skýrslu.

Reykjavík, 7. apríl 2005. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson."

Þarna lá fyrir mjög afdráttarlaus bókun frá hendi stjórnarandstöðunnar og um leið einlæg ósk um að farið yrði samhliða í þá vinnu að marka löggjöf fyrir Ríkisútvarpið um leið og við færum í þá vinnu að marka löggjöf fyrir almennt starfsumhverfi fjölmiðla.

Að sjálfsögðu hefði skynsamlegasta leiðin í þessu öllu saman verið sú, og þá hefðum við örugglega sloppið hér við mikið tal, langar ræður, endalaus fundarhöld í menntamálanefnd þar sem mikill tími hefur farið í þetta mál, ef skipuð hefði verið nefnd með fulltrúum allra þingflokka, eins og við lögðum til í Frjálslynda flokknum, til að móta nýja löggjöf fyrir Ríkisútvarpið. Alveg eins og gert var varðandi fjölmiðlamálið.

Hvar er deilan um fjölmiðlalögin í dag? Hugsanleg fjölmiðlalög eða fjölmiðlafrumvarp? Hvar er hún? Hún er alveg horfin. Ég á ekki von á að taka þurfi langan tíma að afgreiða það frumvarp, um nýtt starfsumhverfi fjölmiðla á Íslandi, sem nú hefur verið dreift í þinginu og sent til mennta-

málanefndar og nefndin sent það út til umsagna, að því er ég best man.

Hvers vegna skyldi þetta vera? Jú, vegna þess að einmitt eftir að ríkisstjórnin hafði siglt í strand með fjölmiðlafrumvarpið var sú skynsamlega leið farin að kalla til fulltrúa allra þingflokka og reyna að vinna málið í sátt og sameiningu í nefnd. Þannig hefðum við líka átt að gera með Ríkisútvarpið. Þá hefðum við sparað okkur mikinn tíma á hinu háa Alþingi og andrúmsloftið á hinu háa Alþingi væri ekki jafnspennuþrungið og eitrað og það hefur verið undanfarna daga þegar loksins á að gera lokatilraun til að frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið verði að lögum.

Það hefði verið miklu skynsamlegri lending að hefja þá vinnu strax í upphafi kjörtímabilsins. Ég hygg að ef þetta hefði verið gert væri nú þegar búið að samþykkja fyrir allnokkru nýja lagaumgjörð fyrir Ríkisútvarpið eða væri að minnsta kosti komið jafnlangt og fjölmiðlalögin.

Ég hefði í raun viljað, og hef sagt það áður, að bæði þessi frumvörp yrðu afgreidd samhliða í gegnum þingið, og rædd samhliða í menntamálanefnd. En ríkisstjórnin hefur af einhverjum orsökum, sem ég skil ekki og hef ekki fengið neinar skýringar á, ákveðið að afgreiða fyrst frumvarpið um Ríkisútvarpið, frumvarp sem virðist vera samið á forsendum Sjálfstæðisflokksins. Framsóknarflokkurinn er hafður með í eftirdragi, meira og minna meðvitundarlaus. En ríkisstjórnin virðist hafa valið að fara þessa leið og berja þetta í gegnum þingið.

Minna þau vinnubrögð okkur ekki á eitthvað, virðulegi forseti? Minna þau ekki á eitthvað? Hringja ekki einhverjar bjöllur þegar þetta er skoðað? Jú, þessi vinnubrögð minna einmitt á vinnubrögðin sem við stóðum frammi fyrir þegar fjölmiðlalögin komu inn í þingið fyrir rétt tæpum fjórum árum og allt fór á hvolf í þjóðfélaginu.

Þá var það líka Sjálfstæðisflokkurinn sem dró vagninn og vildi fá þá löggjöf í gegn og Framsóknarflokkurinn fylgdi með sem nánast viljalaust verkfæri og varð að sjálfsögðu fyrir miklum ágjöfum. Báðir flokkarnir urðu fyrir miklum ágjöfum. Hvernig lyktaði því máli? Jú, það lyktaði með því að forseti lýðveldisins, herra Ólafur Ragnar Grímsson, neitaði að skrifa undir lögin þegar þau komu inn á hans borð eftir að þau höfðu verið samþykkt af meiri hluta Alþingis. Hann vísaði því máli til þjóðarinnar. En hvað gerðist þá? Ríkisstjórnarmeirihlutinn þorði ekki að fara með málið í dóm þjóðarinnar. Þeim til ævarandi skammar og hneisu. Ríkisstjórnarmeirihlutinn heyktist á því að fara með það mál til þjóðarinnar, eins og hann átti að gera samkvæmt stjórnarskrá, heldur nam lögin úr gildi.

Enn og aftur kemur í ljós að ríkisstjórnarflokkarnir vilja ekki fara með umdeilt frumvarp í dóm þjóðarinnar. Núna erum við að tala um Ríkisútvarpið. Eftir allt sem á undan er gengið kemur á daginn að ríkisstjórnarflokkarnir kæra sig ekki um að lýðræðisleg niðurstaða náist um þetta mál.

Við í stjórnarandstöðunni höfum lagt fram það tilboð að gildistöku þessara laga, sem væntanlega verða samþykkt seint og um síðir, verði frestað fram yfir kjördag þann 12. maí næstkomandi. Það eru bara örfáar vikur í næstu alþingiskosningar. Við höfum lagt fram það tilboð. Þannig gæfist kjósendum, almenningi í þessu landi, kostur á að taka þetta mál með inn í ákvarðanatöku sína varðandi það hvað fólk hyggst kjósa í næstu alþingiskosningum. Þetta yrði eitt af þeim málum sem kjósendur gætu sjálfir vegið og metið þegar þeir gerðu upp hug sinn til hinna ýmsu stjórnmálaflokka. Við mundum leggja þetta mál í hendur þjóðarinnar. Stjórnarandstöðuflokkarnir vilja ekki fara leiðina sem liggur fyrir í þessu frumvarpi. Þeir hafa ekki mikla trú á að þetta frumvarp standist nánari skoðun eins og komið hefur fram í löngum ræðum.

Ég hefði frekar viljað að fundin yrði önnur leið, t.d. í anda tillagna sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram fyrir löngu síðan og ég fór yfir hér áðan. Ég hygg að þær hugmyndir sem við höfum sett fram yrðu kannski ekki allar samþykktar. Þegar margir flokkar koma saman að lausn máls þarf að leita málamiðlana. Þá þurfa stjórnmálamenn að sýna samningslipurð. Ég hygg að hvernig sem það færi yrði útkoman betri en það sem liggur fyrir hér og nú. Ríkisstjórnin virðist vera harðákveðin í að þetta skuli verða að lögum og þau lög skuli taka gildi sex vikum áður en þjóðin gengur til næstu alþingiskosninga. Ábyrgðin hlýtur því einvörðungu að falla á herðar ríkisstjórnarflokkanna, þ.e. Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Virðulegi forseti. Ég hef hér farið yfir afstöðu Frjálslynda flokksins í þessu máli eins og hún liggur fyrir, bæði í málefnahandbók flokksins og í þingsályktunartillögu sem við höfum fjórum sinnum lagt fram á hinu háa Alþingi.

Ég hef bent á þá afstöðu sem lá fyrir, niðurstöðuna af vinnu okkar í fjölmiðlanefndinni svokölluðu varðandi málefni Ríkisútvarpsins. Ég lýsti með hvaða hætti við fórum í þessi störf og þá miklu vinnu sem unnin var í nefnd menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla.

Eftir þrjár tilraunir liggur fyrir frumvarp til laga. Einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að pappírinn í málinu sé alltaf eitthvað að þynnast en það má vel vera misskilningur. Mér virðist a.m.k. málið farið að þynnast. Því mér finnst þetta frumvarp vekja upp svo margar spurningar. Auðvitað hlýtur það að gerast. Ef það er rétt sem stjórnarliðar halda fram, að búið sé að tala í þessu máli samtals í 120 klukkustundir og vel það þá hlýtur náttúrlega að segja sig sjálft að eitthvað hlýtur að vera að þessu máli. Þingmenn hefðu aldrei getað talað svo lengi um málið nema vegna þess að þeir hafa eitthvað við það að athuga. (**Gripið fram í:** Nú?) Það er nú bara svoleiðis.

Bara þetta hlýtur að vekja alvarlegar spurningar í hugum landsmanna um hvort frumvarpið sé það vandað og vel undirbúið að það eigi hreinlega að fara í gegnum þingið.

Við 1. umr. í þessari tilraun til að gera þetta frumvarp að lögum, sem fór fram 16. október árið 2006, flutti ég ræðu og fór m.a. yfir það í stórum dráttum hvernig ríkisstjórnarflokkarnir tveir hefðu nánast markvisst, að ég tel með fullum vilja og vitund, látið fjara undan Ríkisútvarpinu fjárhagslega. Það er mjög alvarlegt mál. Stofnunin stóð mjög vel árið 1994, um það leyti sem þáverandi útvarpsstjóri Heimir Steinsson lét rita söguna um Útvarp Reykjavík, sögu Ríkisútvarpsins 1930–1980, sem ég las upp úr áðan. Um það leyti var staða þessarar stofnunar sterk. Eigið fé var talið, hvorki meira né minna en, 2,7 milljarðar kr.

Eftir þetta, um svipað leyti og núverandi ríkisstjórnarflokkar koma til valda, fer að fjara undan Ríkisútvarpinu. Tekjumöguleikar þess eru skertir og menn þráast við að

hækka afnotagjöldin, enda voru afnotagjöldin og eru kannski enn, umdeildur skattur. Þá voru lagðar lífeyrisskuldbindingar á Ríkisútvarpið af fullum þunga sem, ef ég man rétt, eru um 2,9 milljarðar í dag. Mig minnir að hæstv. menntamálaráðherra hafi sagt við 1. umr. að afborgunarálagið af þessum skuldbindingum væri um 200 millj. kr. á ári og yrði það inn í framtíðina.

Við höfum frá 1997 séð að sjónvarpið flutti og var endurnýjað. Það var reyndar gert mjög vel og með miklum glæsibrag. Þá voru miklar fjárfestingar, ef ég man rétt, um milljarður eða vel það. Það var ekki greitt með fjárlögum eða úr ríkissjóði heldur með því að skuldsetja Ríkisútvarpið. Áfram hefur þetta haldið og sífellt hallað undan fæti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í haust var rekstrarfé fyrirtækisins neikvætt og í raun mátti kannski segja að fyrirtækið væri svo illa statt að tæknilega séð væri það nánast gjaldþrota. Þetta er staðan þegar farið er í að breyta stofnuninni í hlutafélag.

Það að breyta stofnuninni í hlutafélag, þ.e. breyta um rekstrarform stofnunarinnar, er í sjálfu sér nokkuð sem ég hef sagt að megi alveg skoða. En vandamálið er að þegar maður fer að velta því fyrir sér þá kemur upp að rétt gæti verið að breyta þessu í sjálfseignarstofnun. Getur verið að rétt sé að breyta þessu í hlutafélag? Hvaða afleiðingar mun það hafa? Hvað þýðingu mun það hafa? Það er sjálfsagt að velta þessu fyrir sér og skoða það. Ég tel að andinn í þingsályktunartillögu okkar í Frjálslynda flokknum, sem við höfum lagt fram fjórum sinnum, um rekstur Ríkisútvarpsins, feli í sér að við séum reiðubúin til að skoða þetta með opnum huga.

Virðulegi forseti. Þegar maður sér hins vegar að stofnunin er svo illa stödd og að breyta á henni í hlutafélag, alfarið í eigu ríkisins og undir, hvað eigum við að segja, hæl valdhafa á hverjum tíma, þ.e. ráðandi stjórnmálaflokka, þá verður maður mjög áhyggjufullur og fyllist grunsemdum. Málið er þannig að sporin hræða í þessum efnum. Í lok ræðu minnar þann 16. október síðastliðinn sagði ég að afstaða okkar til þessa máls mundi ekki breytast, við værum á móti því að þessi stofnun yrði að hlutafélagi nema við sæjum að ríkisstjórnin væri reiðubúin til að leggja fram það fjármagn sem þarf til að rétta fyrirtækið af. Ég hef ekki sannfærst um að ríkisstjórnin sé reiðubúin til þess.

Ég benti líka á í ræðu minni 16. október að ég væri mjög hræddur um að það sem í raun vekti fyrir ríkisstjórnarflokkunum og þá kannski sérstaklega sterkum öflum í Sjálfstæðisflokknum — Framsóknarflokkurinn er eins og viljalaust lamb á leið til slátrunar í þessu máli eins og svo mörgum öðrum í ríkisstjórnarsamstarfinu — að setja í gang ferli til að selja Ríkisútvarpið. Ég veit að margir innan Sjálfstæðisflokksins vilja sannarlega verja Ríkisútvarpið og standa gegn því að það verði einkavætt en ég hygg að önnur öfl innan Sjálfstæðisflokksins séu að því að reyna að setja í gang ferli sem muni leiða til þess að Ríkisútvarpið verði hreinlega selt, verði einkavætt.

Við skulum aðeins líta á málið, virðulegi forseti, og gera okkur í hugarlund hvað gæti legið að baki. Það væri hægt að selja Ríkisútvarpið og fá fyrir það einhvern pening. Eitthvað af einkareknu fyrirtækjunum mundi þá komast yfir það. En skyldi ekki Ríkisútvarpið líka eiga verulegar undirliggjandi eignir? Það er þannig, virðulegi forseti, að ég hef starfað á Ríkisútvarpinu sem fréttamaður bæði í sjónvarpi og líka í útvarpi. Ég var um árabil fréttaritari ríkisútvarpsins í Noregi. Ég þekki nokkuð vel til innviða þessarar stofnunar og þykist vita að Ríkisútvarpið á mjög álitlega og góða lóð á einum besta stað í Reykjavík þar sem útsýni er ákaflega fallegt.

Gæti hugsast, ef Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag, að tekin yrði sú ákvörðun að selja jafnvel bæði húseign og lóð? Gæti hugsast að sá sem kæmist yfir Ríkisútvarpið færi í það ferli að búa til peninga úr eignum þess, t.d. þannig að hægt væri að reisa í staðinn íbúðahverfi eða annað þess háttar. Gæti það hugsast? Ég skal ekki fullyrða neitt um það en mér finnst sjálfsagt að varpa þessari hugmynd fram og vekja athygli á þessu. Ég hygg að það gæti verið mjög freistandi fyrir stjórnarmeirihluta framtíðarinnar að einkavæða Ríkisútvarpið. Við sáum hvernig Síminn var einkavæddur. Það stóð ekki til að selja Símann þegar honum var breytt í hlutafélag, eða hvað?

Var það sagt, hv. þm. Jón Bjarnason? Jón Bjarnason hristir höfuðið. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sömuleiðis. Þeir sátu á þingi þá og tóku þátt í umræðum um það mál báðir tveir. Þeir minnast þess ekki. Síðan eru liðin nokkur missiri og löngu búið að selja Símann. Ég óttast að Ríkisútvarpsins bíði í sömu örlög. Ég er hræddur um það og grundvallarástæðan fyrir því að ég er á móti þessu frumvarpi núna markast af því að ég treysti ekki Sjálfstæðisflokknum í þessu máli. Ég treysti þeim ekki fyrir næsta húshorn í málinu.

Ég er logandi hræddur við að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag ef Sjálfstæðisflokkurinn heldur áfram um stjórnvölinn. Við vonum sannarlega að svo verði ekki og sannarlega ekki með Framsóknarflokkinn í eftirdragi til að selja Ríkisútvarpið á næsta kjörtímabili. Ég vil ekki koma nálægt því ferli. Ég vil ekki koma nálægt því að samþykkja eitthvað sem leitt gæti til þess að Ríkisútvarpið verði selt.

Ég fór yfir það í upphafi ræðu minnar, virðulegi forseti, að ég tel að Ríkisútvarpið gegni gríðarlega mikilvægu hlutverki. Ég og við í Frjálslynda flokknum erum alfarið á móti því að Ríkisútvarpið verði selt. Það gegnir einfaldlega of dýrmætu hlutverki. Þetta yrði svipað og að ætla að selja Þjóðleikhúsið, Landsbókasafnið, Árnastofnun eða aðrar þær stofnanir sem gegna mjög mikilvægu menningarhlutverki. Þetta væri álíka galið. En menn hafa stundum fengið brjálaðar hugmyndir. Ég gæti alveg trúað nokkrum þeirra sem nú eru í þingliði Sjálfstæðisflokksins, þó ekki öllum, til að vinna slíkt voðaverk að selja Ríkisútvarpið. Ég gæti alveg trúað að það vekti fyrir þeim. Enda hefur komið fram hjá sumum þeirra, í þingmálum og ræðum, að þeir hafa fullan vilja til þessa.

Það eru náttúrlega aðrir þættir í frumvarpinu sem gera að verkum að allir viðvörunarmælar loga á rauðu. Langar og miklar ræður hafa verið fluttar um það við 3. umr. Margir þingmenn hafa flutt ágætar ræður og bent á annmarkana við þetta frumvarp. Talað hefur verið um að réttindi starfsfólks séu í óvissu. Það hefur verið talað um þætti er varða regluverk Evrópusambandsins sem við þurfum að fella okkur undir þar sem við erum aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Farið hefur verið yfir fjár-

mál stofnunarinnar, meinta hagræðingu og annað þess háttar.

Réttindi starfsmanna virðast vera óljós. Svo er það þetta með þennan blessaða nefskatt. Fram kom í umræðum í gær og í dag, að þó þetta sé kallaður nefskattur sem eigi að leggja á alla borgara landsins virðast vera til eitthvað í kringum 2.200 borgarar sem eru neflausir í þessari nefskattsskattlagningu. Þeir eru neflausir með þeim hætti að þeir eru undanþegnir því að þurfa að borga hinn svokallaða nefskatt. Þetta er fólk sem hefur það miklar fjármagnstekjur að það getur lifað af þeim eingöngu sem eru eitthvað um 2.200 einstaklingar. Það vill svo undarlega til að þeir Íslendingar sem lifa eingöngu á fjármagnstekjum og borga, að ég man best, aðeins 10% skatt af þeim eru þeir sem eru best stæðir í þjóðfélaginu. Með þessu verða þeir undanþegnir því að þurfa að greiða nefskatt til Ríkisútvarpsins, þ.e. þeir ríkustu munu sleppa.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér finnst þetta alveg lýsandi dæmi um það hvernig núverandi ríkisstjórn hefur starfað á kjörtímabilinu. Þeir ríku sleppa alltaf undan. Hins vegar er haldið áfram að djöflast og berja á þeim sem eru fátækari og þeir eru skattpíndir út í eitt en hinir ríku sleppa. Þetta er alveg með ólíkindum en þannig virðist þetta vera.

Annað sem er í þessu er að það á víst að innheimta nefskatt af öllum lögaðilum. Ég minnist þess að við fengum á fund til okkar í nefndinni fulltrúa frá ríkisskattstjóra sem sagði okkur frá því að það eru eitthvað um 20 þús. kennitölur til í landinu sem eru nánast sofandi lögaðilar, ef svo má segja, fyrirtæki sem hafa verið í litlum eða engum rekstri en eru samt enn þá til á pappírnum, fyrirtæki sem eru kannski að einhverju leyti skuldug, með litlar eða kannski engar tekjur. Allar þær kennitölur verða rukkaðar um nefskatt. Þannig mun þetta halda áfram, rukkaður verður nefskattur af fólki inni á heimilum margfalt af því að þetta fer eftir fjölda persóna.

Stundum hefur verið sagt að afnotagjaldið sé umdeilt og það hafi verið allt of miklar deilur um það, það sé svo mikil óánægja með það að við þurfum að finna upp einhvern annan tekjustofn í staðinn til að skapa tekjur fyrir Ríkisútvarpið. Ég spyr í ljósi þessa, bæði með tilliti til þess að þeir sem eingöngu lifa af fjármagnstekjum sleppi við að þurfa að borga nefskatt og með tilliti til þess að hinar sofandi kennitölur þurfa að borga nefskatt og annað þar fram eftir götunum í kringum skattlagninguna: Heldur fólk virkilega að það verði eitthvað minni deilur um nefskattinn en afnotagjaldið? Nei, að sjálfsögðu ekki. Þetta verður mjög óvinsæl skattlagning, það verður mikill ófriður í kringum hana.

Ég sé fyrir mér, virðulegi forseti, eins og hefur náttúrlega komið fram áður í umræðunum, að með hinu nýja frumvarpi um Ríkisútvarpið, verði það samþykkt, þá sé svo margt sem muni skapa mjög magnaðan ófrið í þjóðfélaginu. Við getum talað um málefni starfsmanna, um ESA-málin sem vel gætu leitt til málaferla, um nefskattinn, um Ríkisútvarpið á auglýsingamarkaði í samkeppni við aðra fjölmiðla og annað þar fram eftir götunum. Ég hygg að þetta muni vekja svo miklar og hatrammar deilur í þjóðfélaginu að það muni verða vatn á myllu þeirra sem vilja selja stofnunina, einkavæða hana. Þetta verður vandræðabarn í kerfinu og það munu koma fram sífellt háværari raddir um að réttast sé að ríkið losi sig við þetta vandræðabarn, komi því af höndum sér og þannig verði málin leyst. Nefskatturinn verður svo óvinsæll að sífellt fleiri borgarar landsins, kjósendur sem kannski eru fylgjandi Ríkisútvarpinu núna og vilja hafa það áfram muni snúast gegn því og fallast á það að líklega sé best að losa sig við þetta vandræðabarn í eitt skipti fyrir öll.

Ég hygg að þetta yrði menningarsögulegt stórslys ef af þessu yrði. Það er sannfæring mín og okkar í Frjálslynda flokknum að þetta megi alls ekki gerast en mig grunar það einhvern veginn þegar ég horfi um öxl og skoða hvernig ferlið hefur verið frá 1997, þegar stofnunin var í raun og veru í blóma, hvernig það hefur verið þessi tíu ár, frá því þá og þar til nú, hvernig fjarað hefur undan rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins, rekstrarskilyrðum þess og fjárhag, hvernig ferlið hefur verið við það að breyta stofnuninni nánast hvað sem það kostar, fyrst yfir í sf. og síðan yfir í hf. og nú yfir í ohf. Það er búið að rugla og þvæla með málið fram og til baka allt kjörtímabilið þannig að almenningur veit nánast ekki sitt rjúkandi ráð. Ef við skoðum allt ferlið og svo hvernig frumvarpið lítur út núna í þeirri mynd sem það er, öll þau spurningarmerki sem hægt er að setja við frumvarpið þegar það er skoðað, ef við hugsum um öll þau atriði sem félagar mínir í stjórnarandstöðunni hafa bent á í ágætum ræðum nánast linnulaust í þrjú ár, ef svo má segja, því að málið hefur alltaf komið í þingið aftur vegna þess að það hefur aldrei fengist afgreitt sem lög og við tölum um það nú í þriðja sinn. Ef við bendum á alla þessa þætti og á þá staðreynd að við höfum víða ekki fengið nein fullnægjandi svör frá ríkisstjórnarmeirihlutanum varðandi útfærslurnar hlýtur maður að vera mjög efins um að menn séu að gera rétta hluti. Ég á mjög erfitt með að sannfærast um að svo sé.

Því hlýt ég, virðulegi forseti, fyrir hönd þingflokks Frjálslynda flokksins að lýsa því yfir í þessari ræðu að við í þingflokki Frjálslynda flokksins leggjumst gegn því að málið verði afgreitt úr þinginu. Við teljum að allir stjórnmálaflokkar hefðu átt að fá að koma að vinnu málsins og það hefði átt að leiða það með skynsamlegum hætti til þess að ná fram sátt um þetta. Það ríkti sátt um Ríkisútvarpið og mér finnst mjög mikilvægt að það náist sátt um Ríkisútvarpið í framtíðinni. Náist ekki sátt um Ríkisútvarpið verður stofnunin eyðilögð, það er mín skoðun. Ef það næst ekki víðtæk pólitísk sátt um að Ríkisútvarpið eigi að vera í þjóðareign, að Ríkisútvarpið sinni ómetanlegu menningarlegu hlutverki og eigi að gera það í framtíðinni er ég nokkuð viss um að sterk öfl muni reyna að koma undir sig fótunum þannig að stofnunin verði áfram brotin niður, grafið verði undan henni, eins og við erum kannski þegar farin að sjá því að maður heyrir af því að starfsmenn Ríkisútvarpsins séu nánast farnir að vinna sem verktakar úti í bæ við verk sem falla undir Ríkisútvarpið, við þáttagerð og annað þess háttar.

Þarna finnst manni eins og farið sé í gang ferli til að reyna að halda áfram að grafa undan þessu, veikja stofnunina meira og meira. Svo kemur nýja löggjöfin sem stefnir í að verði samþykkt. Hún verður svo umdeild, skattlagningin verður svo umdeild og annað þar fram eftir götunum. Fjárhagurinn verður svo slæmur, það þarf að hagræða, það þarf

að segja upp fólki, það þarf að gera ýmsar breytingar, breytingar á dagskrá og annað þar fram eftir götunum o.s.frv., o.s.frv. að á endanum verður sagt: Við nennum þessu ekki, við gefumst upp, þetta er tómt vesen, ríkið á ekki að vera að standa í þessu, seljum þetta, burt með þetta, losum okkur við þetta, hættum þessu. Það er best að einhverjir einkaaðilar sjái um þetta.

Um leið og það verður gert, um leið og þau sjónarmið ná yfirhöndinni, ef þeim sjónarmiðum verður leyft að ná yfirhöndinni, þá verður hér menningarsögulegt stórslys sem seint eða aldrei mun verða bætt fyrir íslenska þjóð.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[14:54]

**Útbýting:**

Aldurstakmark á skipulagðar útihátíðir, 392. mál, svar félmrh., þskj. 751.

Gjaldtaka fyrir farsíma- og netþjónustu, 492. mál, fsp. JóhS, þskj. 744.

[14:55]

**Jón Bjarnason:**

Virðulegi forseti. Við ræðum enn frumvarp ríkisstjórnarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Í þessari 3. umr. hefur verið rakið hér og aftur farið yfir feril þessa máls á þingi sem er búinn að vera með þeim endemum að ráðherra hefur lagt fram frumvarp aftur og aftur, gjörbreytt frá því sem fyrra frumvarp var. Við sjáum nú líklega þriðju eða fjórðu útgáfu þessa máls. Bara það eitt sýnir hversu illa undirbúið og unnið þetta frumvarp er og að það skuli stöðugt vera stjórnarandstaðan, fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, sem með því að fara mjög ítarlega ofan í vinnuna bendir stöðugt á ný atriði sem eru þarna illa unnin eða mega betur fara.

Það er alveg sjálfsagður hlutur og eðlilegt að stjórnarandstaðan hafi þetta hlutverk og geri það og það höfum við gert hér mjög ítarlega og vel. Ef litið er til frumvarpsins sem var fyrst lagt fram hér af hálfu menntamálaráðherra og þess sem nú liggur fyrir er varla hægt að segja að um sama mál sé að ræða — annað en að einkavæða það. Það hefur verið hinn rauði þráður í gegnum allt þetta mál frá byrjun, að það skuli koma Ríkisútvarpinu út á markað, það skuli koma því í þann búning að það verði eins og fyrirtæki á markaði, þ.e. einkavætt. Þetta er í rauninni sá þráður sem hefur gengið í gegn og er í rauninni líka það sem tekist er á um. Hér er tekist á um grunngildi. Það er tekist á um það hvort Ríkisútvarpið sé almannaþjónustustofnun með hlutverk gagnvart þjóðinni allri sem ekki skuli fórnað á altari markaðarins ellegar hvort Ríkisútvarpið sé tekið eins og hver önnur markaðsvara, sem er vilji Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, og búin út þau lög sem ýta því út á einkavæðingarvagninn, ýta Ríkisútvarpinu út á þann vagn að það verði síðan selt í hlutum eða í heilu lagi, væntanlega í samræmi við helmingaskiptareglu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins við einkavæðingu á ríkisstofnunum undanfarinna ára.

Þetta er í sjálfu sér það sem tekist er á um og það hefur verið alveg ljóst frá byrjun að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lítum á Ríkisútvarpið sem almannaþjónustustofnun. Við lítum á Ríkisútvarpið, hlutverk þess og vettvang sem einn af grunnþáttum íslensks samfélags. Þess vegna höfum við lagt svo gríðarlega áherslu á að verja þessa grunnstofnun, þá grunnsál samfélagsins sem Ríkisútvarpið er.

Hlutafélagaformið er gott og blessað þar sem það á við, mikil lifandis ósköp, t.d. í samkeppnisatvinnurekstri þar sem ábyrgð eigendanna miðast einungis við upphæð hlutafjárins sem lagt er í hlutafélagið. Það hlutafélag fer síðan á markað, hlutirnir geta gengið kaupum og sölum o.s.frv., það er eðli hlutafélaga, og markmið með stofnun og rekstri hlutafélaga er einmitt að hlutirnir geti gengið kaupum og sölum á markaði, að þeir geti skilað eigendum sínum arði í formi peninga og þeir geti þá eftir því sem verkast vill staðið í þeirri samkeppni, reynt að keppa við aðila sem eru á nákvæmlega sama markaði, hafa þá undir, standa þeim jafnfætis og jafnvel orðið að lúffa fyrir þeim. Það er eðli markaðarins.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum ekki að Ríkisútvarpið sé háð þessum lögmálum. Það er allt í lagi að stofna bifvélarekstur, bílasölu sem hlutafélag þar sem eigendurnir geta verið einn, þrír, fjórir eða hvað sem er og ábyrgðin einungis bundin við það fjármagn sem lagt er í hlutafélagið. Það er gott og blessað, við vitum að það er mjög eðlilegt að bílasölur starfi á markaðsgrunni. Sömuleiðis getum við horft á verslunarrekstur og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vildum gjarnan að það væri meiri og virkari samkeppni á jafnréttisgrunni í verslunarrekstri þannig að verslun í landinu safnaðist ekki á örfárra manna hendur. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum einmitt talsmenn kaupmannsins, einstaklingsins sem rekur verslunina sína á eigin forsendum og eigin ábyrgð, græðir á henni ef hann getur eða reynir að reka hana með þeim hætti að viðunandi sé. Við horfum því miður á það að hver kaupmannsverslunin á fætur annarri verður að lúta í gras fyrir yfirgangi stórfyrirtækja sem í krafti þess að geta fært fjármagnið á milli einstakra deilda sinna geta lagt undir sig hin ýmsu fyrirtæki.

Mér er minnisstæð umræðan um apótekin og þekki nokkur dæmi um afdrif þeirra eftir tilkomu þessara tveggja meginrisa í lyfjaversluninni. Þar sem var sjálfstætt apótek settu þeir sig niður við hliðina á hinu sjálfstæða apóteki og sögðu: Annaðhvort lokar þú eða við munum á einu til tveimur árum, eftir atvikum, beita hér niðurboðum þangað til þú verður gjaldþrota og gefst upp. Ég þekki mörg svona dæmi um þennan rekstur, bæði í Reykjavík og úti um land, þar sem þessar stóru keðjur beita afli sínu með þessum hætti. Ég er ekki sammála svona bolabrögðum á markaði en þetta er það sem viðgengst.

Viljum við setja Ríkisútvarpið út á þennan sama markað? Finnst okkur ekki nóg komið? Viljum við setja Ríkisútvarpið, sem er einn af grunnþáttum íslenskrar þjóðarsálar, út á þetta markaðstorg? Nei, þarna viljum við segja stopp. Við viljum segja stopp við því að Ríkisútvarpið skuli fara þessa sömu leið og hvert fyrirtækið og hver þjónustustofnunin á fætur annarri í eigu ríkisins hefur orðið að fara á undanförnum árum.

Ferill þessarar ríkisstjórnar, Framsóknarflokksins og

Sjálfstæðisflokksins, í einkavæðingarmálum hygg ég að verði talinn einn sá svartasti gagnvart samfélagseignum og samfélagslegri ábyrgð þjóðarinnar þann liðlega áratug sem hún hefur setið. Við þekkjum sögu einkavæðingar á bönkunum, hvernig þeir voru fyrst hlutafélagavæddir og síðan var þeim skipt upp á milli flokksgæðinga Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins eftir einhverjum reglum sem þeir komu sér innbyrðis saman um. Bankarnir eru mjög mikilvægir og hafa grundvallarþýðingu fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskt samfélag og við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði töldum að mikilvægt hefði verið að halda a.m.k. einum banka eftir sem þjóðbanka sem hefði haft það hlutverk að annast peningaviðskipti, útlán og innlán fyrir einstaklinga og fyrirtæki en ekki endilega að vera fjárfestingaraðilar í stórfyrirtækjum eins og bankarnir nú eru orðnir. Það hefði verið einn sterkur þjóðbanki og síðan hefðu verið aðrar fjármálastofnanir sem hefðu þá verið á almennum markaði. Þess vegna lögðum við t.d. svo ríka áherslu á að Íbúðalánasjóði yrði ekki fórnað.

Hverjir sóttu hvað harðast að Íbúðalánasjóði, þessum grunnsjóði sem hefur tryggt jafnrétti til þeirra frumþarfa sem við höfum lagt áherslu á fyrir íslenska þjóð, fyrir alla íbúa hér, að geta komist yfir eigið húsnæði óski maður þess? Nú hefur verið sótt mjög hart að Íbúðalánasjóði, og hverjir voru það? Forustumenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, og hver man ekki eftir hinum eindregnu hörðu yfirlýsingum frá fyrrverandi formanni Framsóknarflokksins, félagshyggjuflokksins gamla, Halldóri Ásgrímssyni, þáverandi forætisráðherra, um hve brýnt væri að einkavæða Íbúðalánasjóð? Ég minnist þess að ég hlustaði á ræðu hjá þáverandi formanni Framsóknarflokksins, sem var líka forsætisráðherra, á ársfundi Seðlabankans fyrir einu og hálfu ári eða svo þar sem hann lagði þunga áherslu á að eitt það mikilvægasta fyrir íslenskt fjármálalíf væri að einkavæða Íbúðalánasjóð. Það var held ég bara fyrir samstillt átak — ja, við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði börðumst gegn því og einnig kom víða í samfélaginu upp mjög hörð andstaða. Ég minnist þess að Félag fasteignasala lagðist mjög ákveðið gegn því að Íbúðalánasjóður yrði einkavæddur. Ríkisstjórnin var reiðubúin að gera það og setti í gang vinnu þar að lútandi og taldi það vera forgangsmál á sínum tíma. Því tókst að forða í bili að Íbúðalánasjóður yrði einkavæddur.

Landssíminn er hitt dæmið um einkavæðingarferil þessarar ríkisstjórnar og þar var farin nákvæmlega þessi leið. Fyrst var Landssíminn hlutafélagavæddur. Það var talið svo mikilvægt að hlutafélagavæða Landssímann til að hann fengi umgjörð sem passaði betur í einhverju rekstrarumhverfi. Landssíminn var eitt af sameiningartáknum þjóðarinnar, alveg eins og Ríkisútvarpið, eitt af því sem þjóðin hafði barist fyrir að fá, til að tengja alla landsmenn hvar sem var á landinu með símaþjónustu, fjarskiptaþjónustu, og það var hluti af því að byggja Ísland upp sem öfluga, framsækna þjóð. Landssíminn var eitthvað sem allir gætu gert kröfu til að stöðugt stæði sig og gerði betur í þjónustu sinni. Arður Landssímans var fólginn í því að bæta og efla þjónustuna, og öllu því fjármagni sem kom inn vegna Landssímans átti að verja m.a. til þess að efla og bæta fjarskiptaþjónustuna.

Þegar Landssíminn var einkavæddur, honum breytt í hlutafélag, átti ekki aldeilis að selja hann. Nei, það átti bara að breyta honum svona til þess að laga hann að rekstrarumhverfinu. Nákvæmlega það sama og sagt er nú um Ríkisútvarpið. Við heyrðum það hjá núverandi formanni Framsóknarflokksins sem kom í einnar mínútu ræðu hér í dag um þetta mál þar sem hann sagði að menntamálaráðherra færi með þessi mál fyrir hönd Framsóknarflokksins, menningarmálin og málefni Ríkisútvarpsins, en jú, það stæði ekki til að selja hann, það ætti samt að hlutafélagavæða hann. Nákvæmlega það sama var sagt um Landssímann.

Ég vil rifja hér upp aðeins varðandi Símann af því að það er svo nauðsynlegt að átta sig á því að við erum að fara inn í nákvæmlega sama ferli og Síminn fór í gegnum. Sömu orð eru notuð, sama aðferðafræði, sömu rök.

Póstur og sími var hlutafélagavæddur 1996, þá var fyrirtækinu breytt í hlutafélag og þá hófst söluferlið. Það tók átta eða níu ár að selja hann en árið 1996 sagði um þann gjörning þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn geldur Póstur og sími óneitanlega þess í daglegum viðskiptum og markaðssetningu að vera opinber stofnun sem rekin er eftir fjárlögum. Póstur og sími getur t.d. ekki gerst hluthafi í hlutafélögum þótt í smáu sé nema slík ákvörðun hafi áður verið lögð fyrir Alþingi. Ákvarðanataka með þessum hætti er of þung í vöfum og samræmist ekki nútímaviðskiptaháttum. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma til þess að styrkja samkeppnisstöðu hans og starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur.

Ég legg áherslu á," segir samgönguráðherra þá, talsmaður ríkisstjórnarinnar, „að í mínum huga kemur ekki annað til en að Póstur og sími verði áfram og alfarið í eigu ríkisins."

Fleiri ráðherrar gáfu þann svardaga á þeim tíma þegar verið var að keyra hlutafélagavæðingu Símans í gegn að hann yrði aldrei seldur. Þetta væri ekki aldeilis liður í því.

Við sem höfum fylgst með umræðunni um Ríkisútvarpið þessa dagana heyrum nákvæmlega sömu setningarnar, þetta sé mikilvægt til að laga fyrirtækið að nútímarekstrarháttum, gera því kleift að verða aðili að öðrum fyrirtækjum og gera því kleift að selja þetta eða hitt til að vera samkeppnisfært í einhverju slíku umhverfi. En, nei, það stendur alls ekki til að selja það. Maður getur alveg undrast það að þingmenn og ráðherrar sem halda þessu fram haldi að við séum öll svona vitlaus og ætlast til þess að við trúum þessu. Það er svo fráleitt, enda hafa þau ekkert umboð til að segja eitt eða neitt í þessa veruna. Eftir að búið er að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag er það komið á einkavæðingarvagninn, tilgangurinn getur aðeins verið sá einn að selja fyrirtækið, innan úr því, einstök verkefni, í hlutum eða að öllu leyti. Allt tal um annað er blekkingar, ósannindi, sagt gegn betri vitund. Ef ætlunin er að halda Ríkisútvarpinu áfram í þjóðareign sem slíku á ekki að hlutafélagavæða, þetta er svo einfalt. Enda eru til þeir þingmenn í ríkisstjórnarflokkunum sem hafa alveg grímulaust flutt um það frumvarp hér á Alþingi, ekki á þessu þingi en á tveim undanförnum þingum minnist ég frumvarpa frá forustumönnum í þingliði Sjálfstæðisflokksins. Ég er hérna t.d. með frumvarp til laga

um útvarpið frá þingárinu 2003–2004, frumvarp frá hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem er einn af forustumönnum Sjálfstæðisflokksins, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, Birgi Ármannssyni, sem er talinn líka einn af nútímahugmyndafræðingum Sjálfstæðisflokksins, og Sigurði Kára Kristjánssyni, sem er núna formaður menntamálanefndar. Allt eru þetta rísandi stjörnur undir þeirri hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins, einkavæðingarhugmyndafræði, í þeim efnum og fara hér með leiðtogahlutverk í störfum þingsins hvað þetta mál varðar.

Hér flytja hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Pétur H. Blöndal og Birgir Ármannsson tillögu um einkavæðingu Ríkisútvarpsins og sölu þess. Með leyfi forseta má ég til með að vitna í setningar úr frumvarpinu fyrir tveimur árum sem var reyndar endurflutt aftur fyrir ári, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Einkavæðing RÚV. Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, verði felld úr gildi 1. janúar 2005 ...“ — þetta var á löggjafarþingi 2003–2004. — „Stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins og það selt.“

Ósköp einfalt og skýrt. Þetta er hinn pólitíski vilji forustumanna Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum, enda hafa þeir margir hverjir ekki legið á þeirri skoðun sinni í umræðunni að stuðningur þeirra við hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins sé einungis bundinn við það að þeir sjá þetta sem lið í að undirbúa það til sölu. Það er oft miklu heiðarlegra að koma fram með þessum hætti og ég virði það við sjálfstæðismenn að þeir koma heiðarlega fram. Þeir líta svo á að þetta sé aðeins undirbúningur að sölu Ríkisútvarpsins.

Aftur á móti er mun erfiðara að bera virðingu fyrir framkomu Framsóknarflokksins sem nú styður einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Mjög ítarlega hefur verið rakið í þingræðum, ég minnist mjög ítarlegrar þingræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar fyrir sólarhring, þar sem hann rakti flokkssamþykktir Framsóknarflokksins frá undangengnum árum sem allar gengu út á að Ríkisútvarpið yrði ekki hlutafélagavætt. Staðinn yrði vörður um Ríkisútvarpið. Það yrði ekki sett á einkavæðingarvagninn. Ég held að mörgum framsóknarmanninum hafi þótt það blóðugt þegar forusta Framsóknarflokksins sveik þjóðina með því að einkavæða og selja Landssímann.

Skoðanakannanir sem gerðar voru skömmu áður en sá gjörningur fór fram sýndu að milli 70–80% af þjóðinni voru andvíg sölu Landssímans. Ef um var að ræða kannanir meðal framsóknarmanna, sérstaklega úti á landi, var niðurstaðan enn þá afdráttarlausari gegn sölu Landssímans.

Maður hefði haldið að þetta væri eitthvað sem forusta Framsóknarflokksins hefði þá getað lært af. En svo virðist ekki vera. Ég er meira að segja með tiltölulega glænýja samþykkt frá ungum framsóknarmönnum. Nú veit ég ekki hve fjölmennur sá hópur er orðinn. En engu að síður sá hópurinn ástæðu til að ályktа gegn áformum flokksforustunnar um að einkavæða Ríkisútvarpið. Í Fréttablaðinu 29. nóvember 2006 birtist eftirfarandi ályktun og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa hana upp:

Fyrirsagnir eru: „Ungir framsóknarmenn: Mótmæla RÚV-frumvarpi.

Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna (SUF) samþykkti í gær ályktun þar sem þingmenn eru hvattir til þess að samþykkja ekki frumvarp um RÚV ohf.

Í ályktuninni kemur fram að SUF telur hvorki að hagsmunum RÚV, né almennings í landinu, sé best borgið með hlutafélagavæðingu.

Einnig kemur fram í ályktuninni að SUF telji fráleitt að frumvarpið hafi verið lagt fram á Alþingi án þess að afstaða hafi verið tekin til mikilvægra spurninga eins og aðkomu RÚV að auglýsingamarkaði.“

Hér er mjög afdráttarlaus yfirlýsing frá grasrót Framsóknarflokksins um að skora á þingmenn sína að samþykkja ekki hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Ég hefði viljað heyra hjá hinum nýja formanni Framsóknarflokksins hvernig forusta flokksins hefur tekið á þessari ályktun.

Ég þekki fullt af framsóknarmönnum um allt land, eins og ég sagði áðan, sem fengu upp í kok af einkavæðingu Landssímans og búa nú við það að þjónustustigið hefur lækkað og versnað, gjaldskráin hækkar og samfélagið dregst stöðugt aftur úr hvað varðar eflingu fjarskiptaþjónustunnar.

Munum við ekki eftir hvað var fyrst gert þegar Landssíminn var seldur? Það leið varla sólarhringur áður en starfsstöð Landssímans á Blönduósi var lokað, mikilvæg þjónustustöð sem íbúarnir gátu leitað til með margvíslega þjónustu á sviði fjarskipta. Henni var lokað. Þjónustustigið var skert á viðkomandi svæði fyrir atvinnulífið og einstaklinga.

Þjónustustöðin á Sauðárkróki hélt upp á 100 ára afmælið sitt með því að henni var lokað. Það sama gerðist á Ísafirði. Og reyndar um allt land hefur hverri þjónustustöð Landssímans verið lokað á fætur annarri. Þegar menn ætla að reyna að hringja og spyrja um bilanir er bara hægt að hringja í einn þjónustusíma, þar sem menn geta lent í að vera númer 20 eða 30 á biðlista eftir því að vera svarað. Þegar svörin koma er það yfirleitt þannig að þetta verði athugað og erfitt að fylgja því frekar eftir. Ég hef lent ítrekað í þessu, ég er því ekki að bera upp á aðra það sem ég hef sjálfur reynt.

Þetta er sú þjónusta sem í boði er. Ég minnist þess í umræðunni um Landssímann á sínum tíma þegar við, mig minnir allir stjórnarandstöðuflokkarnir, þó Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi í rauninni gengið í fararbroddi gegn sölu Símans, þá sameinuðust þeir hér í restina um að grunnnetinu yrði að minnsta kosti haldið eftir. En þá var því svarað að ekki væri hægt að halda grunnnetinu sér. En hvað er svo nú? Í haust var tilkynnt að grunnnetið gæti verið til sölu. Nú heyrast aftur raddir um að Síminn sé að skipta fyrirtækinu upp í tvennt, annars vegar grunnnetið og hins vegar aðra starfsemi. Allt sem stjórnvöld hafa sagt um það mál hefur reynst vera blekking, enda vissum við það fyrir.

Ég held að framsóknarmenn og fólk í landinu vilji ekki sjá Ríkisútvarpið fara núna sömu leið. Ég held að því blöskri framganga forustu Framsóknarflokksins í að keppast við að einkavæða Ríkisútvarpið mánuði fyrir kosningar.

Af hverju leyfum við ekki þessum málum að bíða fram yfir kosningar, eins og við höfum lagt til? Við höfum lagt til að gildistökuákvæðinu verði frestað. Það yrði sett þannig að lögin, verði frumvarpið samþykkt, taki ekki gildi fyrr en

eftir kosningar, þ.e. í sumar eða haust. Þjóðinni gæfist þá tækifæri til að kjósa um þessa einkavæðingarstefnu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Ný ríkisstjórn gæti því tekið ákvörðun um hvort af einkavæðingu Ríkisútvarpsins verður eða ekki.

Ef Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn fá áfram meiri hluta og stjórna áfram eins og þeir vilja — báðir hafa lýst yfir að þeir stefni að því að halda áfram ríkisstjórnarsamstarfi fái þeir meiri hluta til þess, sem ég vona að verði ekki, ég vona að það verði svo sannarlega ekki, en þeir hafa engu að síður lýst yfir að þeir muni stefna á áframhaldandi stjórnarsamstarf — þá verður bara að hafa það úr því að þeim er svo mikið keppikefli að einkavæða Ríkisútvarpið. Munar þá um einn mánuð til eða frá í þeim efnum?

Hins vegar er alveg ljóst ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð kemur að þessum málum og verður við stjórnvölinn eftir kosningar, munum við að sjálfsögðu leggjast gegn einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Er ekki rétt að leyfa nýrri ríkisstjórn að taka endanlega ákvörðun um það mál? Af hverju að keyra þetta í gegn örfáum vikum fyrir kosningar? Það er mikil óbilgirni.

Mér er sem ég sjái að forusta Framsóknarflokksins sem er að svíkja allar sínar flokkssamþykktir um einkavæðingu Ríkisútvarpsins — ég efast um að þeir hafi umboð til þess að samþykkja lagafrumvarpið.

Ég hlustaði á ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, sem meira að segja núverandi formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, sagði að talaði rödd grasrótarinnar, á miðstjórnarfundi nýverið, það voru orð hans um málflutning Kristins H. Gunnarssonar.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði, sem ég dreg ekki í efa, að einkavæðing eða hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins hefði ekki verið í stjórnarsáttmálanum á milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Hún hafi ekki verið þar. Þess vegna hefði framsóknarmönnum á engan hátt borið skylda til þess að gangast undir þetta einkavæðingarmen Sjálfstæðisflokksins. (Gripið fram í.) Það er alveg hárrétt.

Hins vegar höfum við upplifað þann dans sem varð í kringum forsætisráðherraembættið og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vék að í ræðu sinni. Hann sagði að árið 2005 hefði orðið stefnubreyting hjá þingflokki Framsóknarflokksins varðandi Ríkisútvarpið. Þangað til hefði verið andstaða við að hlutafélagavæða það, fara út í það ferli sem við nú stöndum frammi fyrir, en þá hafi orðið stefnubreyting. Þá hefði þingflokkur Framsóknarflokksins allt í einu gengið undir það jarðarmen einkavæðingarinnar að einkavæða Ríkisútvarpið.

Ég minnist orða fyrrverandi forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar, í sjónvarpsþætti þar sem hann var spurður um stjórnunarstíl sinn. Ég veit að margir heyrðu það. Þegar hann var spurður um stjórnunarstíl vitnaði hann, að mig minnir, til ömmu sinnar, frú forseti, sem hafði notað smjörklípuaðferðina á köttinn. Þegar kötturinn var orðinn eitthvað órólegur í húsinu tók hún smjörklípu og klíndi í feldinn á kettinum og þá hafði kötturinn eitthvert viðfangsefni og róaðist á meðan og sleikti feldinn.

Auðvitað vissum við sem hlustuðum á þetta að verið var að tala um stjórnarsamstarf Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Við skildum það ósköp vel. Enda er fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, ávallt mjög klókur og myndrænn þegar hann er að lýsa ákvörðunum sínum og gjörðum.

Ég veit ekki hvort hinum almenna framsóknarmanni sé skemmt að heyra hvaða stjórnunarstíl var beitt á forustu Framsóknarflokksins til að fá forustuna til að samþykkja einkavæðingu Ríkisútvarpsins.

Er hinn almenni framsóknarmaður úti um land, á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi, í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu, sáttur við að þessum stjórnunarstíl hafi verið beitt til að fá forustu Framsóknarflokksins til að samþykkja einkavæðingu Ríkisútvarpsins? Ég dreg það stórlega í efa. Ég held að engum sé skemmt yfir því.

Hitt er ljóst af orðum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að um mitt ár 2005 varð stefnubreyting og þingflokkur Framsóknarflokksins samþykkti hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Nú keyrir Framsóknarflokkurinn það langharðast af öllum að koma málinu í gegn. Öðruvísi mér áður brá.

Meira að segja blöskraði fyrrv. forsætisráðherra, sem nú er ritstjóri Fréttablaðsins, svo þetta allt saman að hann gat þess sérstaklega í blaðagrein. Í ritstjórnargrein 5. apríl sl. hefur hann uppi efasemdir um heilindin á bak við hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Annaðhvort er undirbúningurinn í skötulíki eða ekki er allt með felldu um raunveruleg áform um að reka hér menningarútvarp og -sjónvarp með nokkurri reisn og af þeim metnaði sem einn getur yfir höfuð verið réttlæting fyrir rekstri Ríkisútvarpsins."

Þetta segir ritstjóri Fréttablaðsins, fyrrv. formaður Sjálfstæðisflokksins, og blöskrar hvernig málum vindur fram.

Ég ætla ekki að fara yfir alla þá þætti sem ég vildi koma inn á því að þetta er fyrri ræða mín við 3. umr. um hlutafélagavæðingu, um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Ég vil leggja á það áherslu að Ríkisútvarpið er einn af hornsteinum íslensks samfélags. Það var stolt þjóð sem hóf útsendingar á nýju ríkisútvarpi árið 1930. Þetta útvarp reyndist fljótt verða eins konar sál þjóðarinnar og sameinaði hana í sókn til nýrra tíma. Það var ekki aðeins boðberi frétta og veðurfregna heldur varð það aflvaki menningar og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og þeirri baráttu lýkur aldrei. Ríkisútvarpið tók sé bólfestu í innstu djúpum þjóðarsálarinnar og varð eins og órjúfandi hluti af hjartslætti hennar og þannig er það enn þann dag í dag.

Með hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins, með því að setja Ríkisútvarpið upp á einkavæðingarvagninn er verið að fórna þeim hjartslætti þjóðarinnar, verið er að rjúfa þá sátt sem hefur ríkt um Ríkisútvarpið í þá áratugi sem það hefur starfað. Verið er að vega að þeim metnaði sem þjóðin sameinuð hefur staðið og barist fyrir að baki Ríkisútvarpsins. Allt á þetta að gerast til að þjóna einhverri einkavæðingargræðgi núverandi ríkisstjórnar sem hefur verið einkenni hennar þau stjórnarár sem hún hefur setið og ég held að flestum finnist nóg komið. Þetta á að gera örfáum vikum fyrir kosningar. Kveikur núverandi ríkisstjórnar er að brenna upp. Væri ekki rétt að núverandi ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hugaði að einhverjum betri eftirmælum en að það verði síðasta verk hennar að

einkavæða íslenska þjóðarsál sem fólgin er í Ríkisútvarpinu? Ráð mitt er að ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks taki þeim rökum sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, þingmenn Samfylkingarinnar og þingmenn Frjálslynda flokksins höfum lagt til.

Gott og vel, þið eruð búin að keyra málið fram af mikilli hörku. Þið ráðið meiri hlutanum á Alþingi. Getum við ekki sameinast um að þrátt fyrir að málið verði keyrt í gegn með því ofbeldi og þeim aðferðum sem hér eru hafðar í frammi verði gildistöku laganna frestað fram yfir kosningar sem eru á næsta leiti, að þá verði tekin endanleg ákvörðun af þeirri ríkisstjórn og þeim þingmeirihluta sem þá tekur við hver framtíðarörlög Ríkisútvarps, þjóðarútvarps Íslendinga, verða? Þetta er ótrúlega óskammfeilið að keyra svo viðamikið mál fram örfáum dögum fyrir kosningar af þeim meiri hluta sem við vonum öll — og ég veit að meiri hluti þjóðarinnar er mér sammála — að falli í vor.

Frú forseti. Ég ætla að láta fyrri ræðu minni um Ríkisútvarpið lokið. Ég mun í seinni ræðu minni fara nánar yfir efnislega þætti þess. Þó held ég að ég geti ekki látið hjá líða að minnast aðeins á nefskattinn sem á að fjármagna Ríkisútvarpið ohf. Búa á til hlutafélag sem lýtur öllum lögum og reglum um hlutafélagaformið, einkarekstrarformið, en það á að hafa fastan þjóðartekjustofn. Ég sé ekki að það gangi upp. Auðvitað eru alltaf skiptar skoðanir á því með hvaða hætti eigi að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins, hvort gera eigi það með afnotagjöldum, eins og nú er, á fjárlögum eða með nefskatti. Hér er lagt til að breytt verði í nefskatt og að allir greiði sérstakt gjald.

Hér stendur, með leyfi forseta, í 11. grein:

„Tekjustofnar Ríkisútvarpsins ohf. eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga."

Allir aðrir einstaklingar og lögaðilar eiga að greiða nefskatt, 14.580 kr. ár hvert. Ég er ekki að setja út á upphæðina. Ég tel eðlilegt að þjóðarútvarp Íslendinga hafi beintengingu við samfélagið í gegnum afnotagjöld með einum eða öðrum hætti, en ég hef ekki fengið upplýst hvernig gjaldtökunni á að vera háttað.

Ef allir lögaðilar eiga að fara greiða útvarpsgjald eru það ekki aðeins einstaklingar 16 ára og eldri svipað eins og gert er í Framkvæmdasjóð aldraða, heldur eru það líka lögaðilar, eins og öll félög á fyrirtækjaskrá. Ég sé því fyrir mér og spyr þá sem hafa samið um: Félög eins og t.d. kvenfélög og búnaðarfélög, eiga þau að fara að borga útvarpsgjöld, öll velferðarfélög, samtök sem hafa skráða kennitölu, eiga þau að fara að borga útvarpsgjald? Hvar eru mörkin á því hverjir eigi að borga? Ég sé fyrir mér að Sauðfjárræktarfélag Helgafellssveitar eigi að fara að greiða útvarpsgjald. (Gripið fram í.) Gott og vel, það má vel vera að hægt sé að rökstyðja það að öll kvenfélög í landinu eigi að fara að greiða nefskatt í útvarpsgjöldum, að öll félög í landinu sem eru skráð sem lögaðilar eigi að gera það, en vita menn af þessu? Gera menn sér grein fyrir hvað er verið að fara út í? Mér er spurn. Það má vel vera að Lionsklúbbar og Rótarýfélög fari að greiða sérstök útvarpsgjöld, allir sem eru með skráða kennitölu, eru skráðir á fyrirtækjaskrá, eru skráðir í rekstri. Ég vil fá svör: Á hverja er verið að leggja á útvarpsgjald? Mér hefur ekki fundist þetta koma skýrt fram. Þegar verið er að breyta forminu er eins gott að tala skýrt. Ég krefst þess að áður en umræðunni lýkur komi forsvarsmenn frumvarpsins og geri grein fyrir því hverjir eigi að borga.

Ég fór að reyna að lesa mér til, ég sit ekki í hv. menntamálanefnd en engu að síður tel ég að frumvarpið og fylgirit með því, greinargerð, ættu að vera það skýr að hægt sé að sjá hverjir eigi að borga, hverjir eigi að greiða nefskattinn. Ég fór að lesa umsagnir með þessu og ég er jafnnær, ég veit ekki hverjir eiga að borga. Talað er um hverjir fái hugsanlega undanþágu frá því að greiða, talað er um að elli- og örorkulífeyrisþegar geti hugsanlega fengið lækkun. Ég heyrði í umræðunni fyrr í dag að þeir sem hefðu ekki launatekjur en hefðu bara fjármagnstekjur eins og hinir nýríku, sem eru launalausir en hafa bara fjármagnstekjur, að þeir þurfi ekki að borga, enda eru það aðilar sem njóta sérstakrar verndar núverandi ríkisstjórnar, hinir nýríku sem ekki hafa laun og fá bara tekjur af fjármagni. Því var lýst yfir að þeir þyrftu ekki að borga. Ég krefst þess að það verði skýrt ræki lega hverjir eigi að greiða nefskattinn til hins einkavædda fyrirtækis, Ríkisútvarpsins ohf.

Ég tel að skýra eigi betur út fleiri atriði. Menn hafa viljað fara undan í flæmingi og sagt að með hlutafélagavæðingunni væri ekki verið að einkavæða heldur væri bara verið að breyta um rekstrarform. Mér finnst þetta vera eins og þegar fólk er komið á flótta því að með hlutafélagavæðingu er verið að breyta um rekstrarform, færa yfir í form einkarekstrar. Ég velti því fyrst fyrir mér þegar ég kom inn á þing hvað væri fólgið í einkavæðingu. Ég man þá að hv. þm. Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og forustumaður í liði flokksins sem berst sannarlega og heiðarlega fyrir sölu Ríkisútvarpsins og nefnir það iðulega í ræðum sínum að hann vilji að Ríkisútvarpið sé selt og kynnir þar stefnu Sjálfstæðisflokksins. Hann skilgreindi fyrir mér einkavæðingu og hann sagði einmitt þá, hv. þm. Pétur H. Blöndal, að hlutafélagavæðingin væri einkavæðingin.

Ég las svo umsögn Ástráðs Haraldssonar sem er virtur hæstaréttarlögmaður og er lögfræðingur ýmissa stéttarfélaga sem tengjast málinu og ég hef ekki komið inn á í ræðu minni. Hann skilgreinir við hvað er átt. Ég tel það vera mjög nauðsynlegt, frú forseti, til þess að halda mönnum við efnið, til þess að hvorki ráðherrar Framsóknarflokksins né aðrir geti flúið frá því sem er að gerast með einhverjum öðrum skilgreiningum, flúið frá þeirri staðreynd að verið er að einkavæða Ríkisútvarpið.

Í grein Ástráðs Haraldssonar sem birtist í Morgunblaðinu 2. desember 2006 segir, með leyfi forseta:

„Fyrir þinginu liggur nú frumvarp menntamálaráðherra um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Ef frumvarpið verður að lögum verður þar með ákveðið að einkavæða starfsemi Ríkisútvarpsins. Í þessu varðar öngvu hver eignaraðild hins nýja félags verður heldur hitt að starfsemin verður eftir að Ríkisútvarpið ohf. tekur við henni ekki framar opinbers

réttar eðlis heldur einkaréttar eðlis. Þannig færist starfsemin af sviði opinbers rekstrar yfir á svið einkarekstrar. Í því kerfi tvískipts vinnumarkaðar sem í gildi er á Íslandi hefur þessi formbreyting úrslitaáhrif að því er varðar alla réttarstöðu starfseminnar. Þetta er höfuðmálið en ekki það hvernig eignarhaldi hins nýja hlutafélags er háttað. Í þessari einkavæðingu felst m.a. að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gilda ekki framar um starfsemina og marka því ekki lengur réttarstöðu starfsmannanna. Lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka ekki framar til starfseminnar og stjórnendur hins nýja hlutafélags verða ekki fremur en aðrir stjórnendur hlutafélaga bundnir af ákvæðum stjórnsýslulaga í sýslan sinni. Starfsemin hefur þá verið einkavædd, flutt á svið einkaréttar og réttarstaðan sú sama og gildir um aðra starfsemi á almennum markaði.

Af einhverjum ástæðum hafa flutningsmenn tillagna um einkavæðingu Ríkisútvarpsins kosið að nefna tillögur sínar ekki réttum nöfnum. Reynt er að færa einkavæðinguna í búning sem er til þess fallinn að villa um fyrir þjóðinni. Þannig er talað um hlutafélagavæðingu (eins og það sé ekki einkavæðing) og mikið úr því gert að óheimilt verði að selja fyrirtækið. Það atriði skiptir þó harla litlu máli þegar grannt er skoðað. Meginatriðið er það að verði frumvarpið að lögum mun Ríkisútvarpið færast yfir á svið einkaréttar. Starfsmenn þess munu ekki framar njóta þeirrar ráðningarfestu sem þeir hafa notið sem opinberir starfsmenn og stofnunin mun starfa eftir sömu leikreglum og aðrir einkaaðilar.

Vandséð er hvernig Ríkisútvarpið getur til langframa varið sig gagnvart kröfum keppinauta um takmörkun eða afnám ríkisstyrkja sem því er ætlað að njóta í formi nefskatts. Við blasir að ákaflega erfitt verður að rökstyðja ríkisframlag sem ætlað er að standa undir svo stórum hluta rekstrarútgjalda fyrirtækisins sem hér virðist gert ráð fyrir. Að slíku framlagi sé aðeins varið til þess hluta starfseminnar sem fellur undir almannaþjónustuhlutverk þess. Þetta munu keppinautar Ríkisútvarpsins fyrr eða síðar láta reyna á fyrir samkeppnisyfirvöldum og dómstólum. Ég óttast því að með frumvarpi menntamálaráðherra sé enn ekki fundinn réttur farvegur til framtíðar fyrir Ríkisútvarpið."

Mér finnst, frú forseti, þess vegna með ólíkindum þegar meira að segja einstakir ráðherrar koma hér í ræðustól og segja að ekki sé um einkavæðingu að ræða. Það er eins og menn séu farnir að skammast sín fyrir að kalla hlutina réttum nöfnum. Ég er hlynntur einkavæðingu þar sem hún á við og nefni hana þá bara því nafni. Ekkert bannar Alþingi, ríkisstjórninni að reka Bifvélaverkstæði ohf., enginn. Enginn mundi banna það. Við mundum kannski þá skilja að það bifvélaverkstæði yrði náttúrlega að lúta þeim almennu samkeppnisreglum sem giltu um önnur bifvélaverkstæði, ekki satt? Starfsmenn þess fyrirtækis, Bifvélaverkstæðis ríkisins ohf., yrðu bara að lúta nákvæmlega sömu kjörum og aðilar á almennum vinnumarkaði. Ég er ekkert að mælast til þess að íslenska ríkið fari að reka bifvélaverkstæði, alls ekki. En kannski skilja ráðherrar málið ef það er einfaldað niður í slíkt, þ.e. þegar form eru borin saman. Þá skilja menn að það er alveg sama hvað bifvélaverkstæðið heitir og hvort það er hlutafélagavætt, þó að það sé algjörlega í eigu ríkisins og skrifað sé skýrum stöfum að það megi aldrei selja það, þá lýtur það samt þeim samkeppnisreglum sem á markaði eru og fær á sig kærur frá öðrum bifvélaverkstæðum ef þar er verið að beita einhverjum bolabrögðum til að skekkja samkeppnisstöðu þeirra miðað við það. Þetta held ég að allir muni skilja. Nákvæmlega það sama gildir þegar búið er að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Hvort sem ríkið á það allt eða að hluta til þá lýtur það þessum einkaréttarlögum. Það er búið að einkavæða það. Þess vegna á að tala alveg grímulaust um það og svo verða menn bara að verja gjörðir sínar á réttum vettvangi og á réttum forsendum. Þetta hef ég heyrt hjá sjálfstæðismönnum að þeir viðurkenna. Ég hef heyrt þetta hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal sem viðurkennir að verið sé að einkavæða það og að þetta sé liður í að undirbúa það fyrir sölu. Þetta las ég líka — og vitnaði hér til þess — í því frumvarpi sem forustumenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt, hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson, núverandi formaður menntamálanefndar. Þeir hafa flutt frumvarp um hvernig skuli standa að því að selja Ríkisútvarpið. Fyrst skuli það hlutfélagavætt og svo skuli það selt. Þeir kalla þetta — þ.e. fyrirsögn þess kafla er „Einkavæðing Ríkisútvarpsins".

Frú forseti. Þess vegna verð ég að segja að mér finnst alltaf dapurlegt — þetta á sérstaklega við um ráðherra Framsóknarflokksins sem þora hér ekki að koma fram undir réttum fána — að þurfa stöðugt að beita blekkingum varðandi málflutning sinn hér enda vita þeir sem er að meginþorri almennra framsóknarmanna í landinu er andvígur þessum gerðum flokksforustunnar. Kristinn H. Gunnarsson, hv. þingmaður Framsóknarflokksins — sá sem talaði rödd grasrótarinnar að mati formannsins í ræðu nýverið — sagði hér á þingi að hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins væri ekki í stjórnarsáttmálanum. Allar samþykktir flokksþinga Framsóknarflokksins hafa lagst gegn hlutafélagavæðingu. Ég las áðan upp nýja samþykkt frá því bara nú í haust, frá því núna skömmu fyrir jól, frá Sambandi ungra framsóknarmanna þar sem þeir leggjast gegn hlutfélagavæðingu Ríkisútvarpsins. En einhvern tíma árið 2005, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði, verður stefnubreyting og þingflokkur Framsóknarflokksins tekur einhliða og upp á eigin spýtur ákvörðun um að styðja hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins, gjörsamlega umboðslaus af hálfu flokksmanna, félaga vítt og breitt um landið, til þeirra verka.

Frú forseti. Ég hefði viljað fara í gegnum ýmis fleiri atriði í þessu máli. Það er fróðlegt til dæmis að rifja upp hvernig hefur gengið til um síðustu einkavæðingar, um einkavæðingu á rekstri á flugvöllum landsins og á flugleiðsögninni með stofnun hlutafélagsins Flugstoða ohf. Það hlutafélag var líka stofnað og keyrt hér í gegnum þingið. Það hlutafélag er gjörsamlega háð og verður rekið af fjárlögum ríkisins. Hver ætlar að fara að taka að sér rekstur á flugvöllum landsins í samkeppnisrekstri? Samt velur ríkisstjórnin að einkavæða flugvellina og lendir svo í þessum miklu vandræðum hér um áramótin þegar öllu fólki var sagt upp og hlutafélag tekur við. Þá átti að einkavæða flugleiðsögn og rekstur flugvalla í landinu. Samgöngumannvirki, flugleiðsögn og flugvellir eiga ekki að vera í einkarekstrarformi. En þetta valdi ríkisstjórnin og situr uppi með mikið klúður og óleystan vanda. Þorsteinn Pálsson, ritstjóri

Fréttablaðsins, sagði einmitt í ágætri grein sem ég hér vitnaði til, að maður hlutafélagavæðir ekki ríkisrekstur sem er algjörlega háður ríkisframlögum á fjárlögum eða með föstum tekjustofnum eins og nefskatti. Það gerir maður ekki.

Sama á við um hlutafélagavæðingu á Matís, sem er enn óleyst þar sem sömu bellibrögðum var beitt, þ.e. að slá saman í eitt hlutafélagavætt fyrirtæki grunnþáttum sem áður voru unnir á fleiri stofnunum. Starfsfólki var sagt upp og því síðan boðin endurráðning á allt öðrum kjörum. Sama er með Ríkisútvarpið. Verði það gert að hlutafélagi eru öll starfskjör þessa fólks náttúrlega í upplausn og hér hefur verið ítarlega gerð grein fyrir því. Sérstakur kafli er svo inngrip Páls Magnússonar útvarpsstjóra. Hérna hefur ítrekað verið gert að umtalsefni hvernig hann hefur, trúlega að beiðni og að skipan menntamálaráðherra — enda hefur hann verið kallaður blaðafulltrúi menntamálaráðherra í þessum efnum — blandað sér beint í pólitísk deilumál. Hérna hefur það verið rakið og ég gæti farið ítarlegar inn á það og geri það í seinni ræðu minni.

Þetta var það meginmál sem ég ætlaði að koma að. Ég tel að við eigum nú að staldra við þó að ríkisstjórnin láti eins og hún sé hér inni á handboltavelli og keyri þetta frumvarp í gegn eins og menn væru að skora í handbolta, væri nýkomin inn á völlinn og bráðlægi á að skora og ekki skipti máli hvernig heldur bara með því að hnoða knettinum í markið. Þannig er nú framganga, finnst mér, ráðherra og forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum að tilgangurinn einn helgi meðalið, hvernig þetta er gert. Ég tel að við séum búin að fá nóg af einkavæðingunni. Við eigum að stöðva núna einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Hún er glapræði. Hún er glæpur gegn þjóðinni. Hún er glæpur gegn íslenskri þjóðarsál. Við skulum láta kjósa um þetta mál. Við skulum hér fallast á að verði þetta frumvarp keyrt í gegn eins og stefnir í að gildistöku laganna verði að minnsta kosti frestað fram yfir kosningar sem eru alveg á næsta leiti og að þá verði endanlega gert út um það hvort ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins heldur þá saman áfram eftir kosningar og keyrir þetta mál þá í gegn eða hvort nýir aðilar taki við á grundvelli nýs umboðs og komi í veg fyrir að þessi óskapnaður sem hérna er verið að berjast fyrir, einkavæðing Ríkisútvarpsins, nái endanlega fram að ganga.

[16:00]

**Útbýting:**

Viðhald og endurbætur á vegum, 139. mál, svar samgrh., þskj. 749.

[16:00]

**Kristján L. Möller:**

Herra forseti. Málið sem hér er enn einu sinni komið til umræðu er um formbreytingu á Ríkisútvarpinu, nú í ohf. eða opinbert hlutafélag. Þetta er þriðja tilraun. Fyrst sáum við frumvarp ríkisstjórnarinnar um að breyta Ríkisútvarpinu í sf., þá frumvarp um að breyta því í hf. og nú sjáum við frumvarp um að breyta Ríkisútvarpinu í ohf.

Eftir þá miklu umræðu sem staðið hefur um málið er ljóst að það er mikið keppikefli Sjálfstæðisflokksins að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Framan af virtist Framsóknarflokkurinn standa gegn þeim breytingum í samræmi við ályktanir flokksins á mörgum landsfundum um að aldrei kæmi til greina að breyta Ríkisútvarpinu í þá átt sem hér stendur til eða ætlunin var með síðustu tveimur frumvörpum. Framsóknarflokkurinn ályktaði svo að með Ríkisútvarpið yrði farið eins og með sjálfseignarstofnun.

Hluti af þessu máli er hins vegar að Framsóknarflokkurinn er nánast kominn að fótum fram og mælist nú í pilsnerfylgi í nokkrum kjördæmum. Í skoðanakönnunum sjást tölur sem aldrei hafa sést áður hjá þeim flokki, tölur sem verða vonandi að veruleika í vor. Því ræður undirlægjuháttur og allt að því aumingjaskapur Framsóknarflokksins gagnvart samstarfsflokki hans. Margir þingmenn hafa gert að umtalsefni og rætt um að Framsóknarflokkurinn þurfi að kaupa stóla sína dýru verði. Sumir tala um að stóll forsætisráðherra hafi m.a. verið keyptur þessu verði eftir síðustu kosningar þar sem fyrrverandi formaður flokksins hafi þurft að henda að baki sér öllum ályktunum framsóknarmanna frá fyrri árum, t.d. frá árunum 1999 og 2003. Því fórnaði hann fyrir að fá að freista þess að tylla sér í stól forsætisráðherra þótt setan yrði frekar stutt og raunar frekar snubbótt. Það endaði auðvitað með frægri brottför fyrrverandi forsætisráðherra og formanns Framsóknarflokksins Halldórs Ásgrímssonar. Eins og hér hefur komið fram, virðulegi forseti, hefur Framsóknarflokkurinn mátt gjalda fyrir setu sína í ríkisstjórn, m.a. með stuðningi við málið sem hér er til umræðu.

Aumt er hlutverk þeirra og slæm útreið í þessu máli eins og ýmsum öðrum. Hér hefur ýmist verið rætt um breytingu á Pósti og síma í hlutafélag sem endaði svo með sölu eða ótal önnur mál þar sem aumingja veslings Framsóknarflokkurinn hefur þurft að láta undan. Framsóknarflokkurinn festist vonandi í þessu fylgi en auðvitað munu kjósendur í vor, 12. maí næstkomandi, kveða upp dóm yfir störfum framsóknarmanna á þingi, í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum í þrjú kjörtímabil.

Ótal margt hefur verið sagt um þetta mál. Ég ætla að reyna að halda mig við tvo eða þrjá þætti þess, þ.e. annars vegar hvernig Ríkisútvarpið ohf. á að fá tekjur sínar í framtíðinni, hvernig það skuli rekið og svo aftur samkeppnisþátturinn, sem ég hygg gæti átt eftir að þvælast dálítið fyrir. Ýmislegt gæti átt eftir að gerast eftir að Ríkisútvarpinu hefur verið breytt í hlutafélag. Þá munu samkeppnisaðilar ganga fram og jafnvel kæra. Málin munu jafnvel fara alla leið til Brussel og gæti komið niðurstaða á borð við í máli TV2 í Danmörku.

Hið versta við málið er að maður treystir Sjálfstæðisflokknum ekki vegna þess að sporin hræða. Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa talað um einkavæðingu og sölu Ríkisútvarpsins og er þar helst að nefna hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, sem nú er formaður menntamálanefndar, hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Birgi Ármannsson, sem situr á forsetastóli. Þeir hafa verið á þeirri skoðun að Ríkisútvarpið eigi ekki að vera í opinberri eigu og afskipti ríkisins af því eigi að hætta með sölu einstakra deilda þess. Það eru sem sagt þessi spor sem hræða.

Ég vil líka taka fram að ég hef ekki verið neitt hræddur við að breyta ýmsum bæjar- og ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Ég nefni t.d. rafveitur og hitaveitur. Ég hef ekki séð

mikla ókosti við það og ekki verið hræddur við að breyta formi þeirra fyrirtækja. Ég tók þátt í því sjálfur að selja rafveitur og hitaveitur, selja þær til Rariks sem svo er orðið hlutafélag. Ég sé enga hættu við það en tek skýrt fram að maður staldrar við þegar kemur að samfélagslegum fyrirtækjum eins og Ríkisútvarpinu þegar maður heyrir boðskap þeirra hv. þingmanna sem ég nefndi ásamt boðskap annarra sjálfstæðismanna sem ekki sitja á þingi en eru vel virkir í þjóðfélaginu. Þeir hafa lýst því yfir hvernig skuli fara með Ríkisútvarpið í framtíðinni. Menn hræðast sporin og við það set ég spurningarmerki. Andstaða mín við málið er m.a. vegna þess sem sagt hefur verið af þeirra hálfu.

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka fyrir tekjustofna hins væntanlega fyrirtækis. Eins og fram kemur í frumvarpinu er það mjög mismunandi meðal Evrópuríkja hvaða tekjustofna útvarpsstöðvar, sem flokkaðir eru undir opinber þjónustufyrirtæki, hafa. Algengasti tekjustofninn er leyfisgjald eða afnotagjöld sem styðjast venjulega við eign á sjónvarpsviðtæki. Einnig tíðkast leyfisgjald ásamt sérstöku gjaldi til ríkisútvarpsstöðva, gjald sem er a.m.k. lagt á aðrar útvarpsstöðvar, sömuleiðis leyfisgjald og auglýsingatekjur eða auglýsingatekjur ásamt greiðslum af fjárlögum. Oftast eru tekjustofnarnir fleiri en ein og er algengasta samsetningin afnotagjald og auglýsingatekjur.

Síðan er fjallað um sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins. Þar er fjallað um útvarpsþjónustu í almannaþágu og allt sem því tengist. Annars vegar er fjallað um samkeppnisþátt viðkomandi rekstrar og hins vegar almannaþjónustuþáttinn, sem þó er kveðið á um að verði að aðskilja í bókhaldi til að koma í veg fyrir að ríkisframlög, nefskattur eða hvaða tekjur það eru, séu notuð í samkeppni.

Hingað til, virðulegi forseti, hafa Íslendingar greitt afnotagjald sem nú er 2.921 kr. á mánuði fyrir útvarps- og sjónvarpsnotkun. Það eiga öll heimili í landinu sem hafa sjónvarp að greiða. Þekkt eru dæmi um að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa farið um með einhverja skanna eða njósnara til að kanna hvort sjónvarpstæki séu á heimili hjá þeim sem ekki hafa borgað. Auðvitað var það svo áður að einhverjir komust upp með að borga ekki. Það var í raun óþolandi ósanngjarnt meðan þessi háttur var hafður á. Auk þess hefur Ríkisútvarpið haft auglýsingatekjur.

Allt frá upphafi sjónvarpsrekstrar á árinu 1966 hafa verið leyfðar auglýsingar í sjónvarpi Ríkisútvarpsins og stofnunin haft af þeim tekjur. Sú ráðstöfun hefur ætíð verið nokkuð umdeild. Í upphafi var hún gagnrýnd af dagblöðum sem töldu vegið að tekjuöflunarmöguleikum sínum og á síðari árum hefur gagnrýni einkum komið frá keppinautum á sjónvarpsmarkaði sem einnig hafa gagnrýnt lögbundin afnotagjöld til Ríkisútvarpsins. Í skýrslu starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum frá 1996 kom tillaga meiri hluta starfshópsins um að Ríkisútvarpið hyrfi alveg af auglýsingamarkaði. Í skýrslunni var á því byggt að í vændum væri mikil samkeppni milli einkarekinna sjónvarpsstöðva. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin.

Virðulegi forseti. Í samkeppnislögum eru auglýsingar í sjónvarpi og auglýsingar í blöðum ekki metnar til jafns. Á þær er litið sem tvo aðskilda hluti. Segja má að auglýsingar í útvarpi skiptist í hljóðvarpsauglýsingar og sjónvarpsauglýsingar. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að í umræðum sem hér hafa farið fram, og í skoðanaskiptum á Alþingi sem úti í þjóðfélaginu, eru skiptar skoðanir á því hvort Ríkisútvarpið eigi að fá að halda áfram á auglýsingamarkaði eða ekki. Það er skiljanlegt að samkeppnisaðilar vilji losna við Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði en aðrir vilja halda í að auglýsingar birtist þar áfram.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að út frá samkeppnissjónarmiði er ég þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið eigi að vera áfram úti á auglýsingamarkaði. Ég rökstyð það með því að ég held að það í því efni eigi sér stað samkeppni milli sjónvarpsins og Stöðvar 2 og Skjás eins. Ég held að það veiti ekkert af því. Ég óttast að ef einn aðili dytti út af þessum markaði, þ.e. Ríkisútvarpið eða hinar stöðvarnar, þá mundi verð hækka. Manni skilst á mörgum sem kaupa þessar stöðvar að þær kosti sitt í dag. En vafalítið sæi, líkt og gerst hefur á mýmörgum sviðum þar sem samkeppni hefur minnkað, einhver sér leik á borði á eftir. Sú hækkun mundi færast yfir fleiri svið. Ég get tekið eitt nærtækt dæmi sem ég þekki mjög vel. Fyrirtæki í mínu kjördæmi hafa sýnt okkur fram á að eftir að strandsiglingum um Ísland lauk og allt færðist upp á þjóðvegina þá hafi flutningskostnaður hækkað mikið. Sama gæti átt sér stað ef Ríkisútvarpinu yrði bannað að selja auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi.

Í áliti frá Sambandi íslenskra auglýsingastofa er tekið undir þetta. Mig langar að fara aðeins yfir þá umsögn sem annars vegar er um að þá verði fátæklegra á markaðnum og auglýsingar nái til færri aðila, en hins vegar er ekki mikið fjallað um það sem ég hef mestar áhyggjur af, þ.e. að ef einhver færi út af markaðnum og samkeppnin minnka, þá mundi verðið hækka.

Í umsögn Sambands íslenskra auglýsingastofa segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Í ljósi umræðna undanfarið um stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði í tengslum við frumvarp á Alþingi um ný lög um Ríkisútvarpið vill félagsfundur SÍA, haldinn 29. nóvember 2006, leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

Félagsfundur SÍA lýsir miklum efasemdum á þeirri skoðun að takmarka beri aðgang RÚV að auglýsingamarkaði. Ástæða þess er sú að RÚV er öflugur fjölmiðill sem höfðar til stórs hóps neytenda með dagskrá sinni í útvarpi og sjónvarpi. Á meðan svo er málum komið er það algjörlega andstætt hagsmunum neytenda og auglýsenda að ekki sé möguleiki að auglýsa í Ríkisútvarpinu. Í nútímaupplýsingaþjóðfélagi er það réttur hvers fjölmiðils að eiga kost á að birta neytendum auglýsingar, óháð því hver eignasamsetning miðilsins er. Slíkt er sjálfsögð þjónusta við neytendur, að þeir eigi kost á sem breiðustu upplýsingamagni í þeim miðli sem þeir nota. Lítil sem engin umræða hefur verið um hver yrði staða neytenda ef RÚV hverfur af auglýsingamarkaði. Félagsfundur SÍA telur hins vegar að þetta sé mjög mikilvægt atriði sem ekki megi verða út undan í þeirri umræðu sem nú fer fram um stöðu RÚV.

Félagsfundur SÍA tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt eða rangt sé að hið opinbera standi í rekstri fjölmiðla sem reknir eru að hluta til með auglýsingafé. Ljóst er að með núverandi fyrirkomulagi ríkir ákveðið ójafnvægi í samkeppnisstöðu milli Ríkisútvarpsins og einkarekinna ljósvakamiðla hvað tekjuöflun varðar. Hér er hins vegar bent á

þær aðstæður sem koma upp ef aðgangur RÚV að auglýsingamarkaði er takmarkaður að nokkru eða öllu leyti. Aðgangur auglýsenda að stórum hópi landsmanna takmarkast þá mjög og aðgangur almennings að nauðsynlegum upplýsingum verður þar af leiðandi takmarkaðri. Þá er ekki ólíklegt að minni samkeppni á auglýsingamarkaði geti leitt til fákeppni og til hækkunar á auglýsingaverði sem aftur geti leitt til hækkunar vöruverðs.

Í þessu ljósi skal bent á að það finnast nánast engin fordæmi þess að svo stór fjölmiðill sem RÚV er hafi horfið af auglýsingamarkaði. Ríkisreknar stöðvar um allan heim hafa yfirleitt verið reknar með eða án auglýsingatekna frá upphafi starfsemi sinnar, því er engin reynsla sem hægt er að vísa til með þá stöðu sem kæmi upp ef RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði.

Hlutverk auglýsinga er fyrst og fremst að vera upplýsingaveita; að veita upplýsingar til neytenda, hvort sem um er að ræða skilaboð um verð og gæði vöru og þjónustu eða almennar upplýsingar sem snerta beint bættan hag almennings og almannaheill. Þær eru því mikilvægur hluti nútímasamfélags.

Brotthvarf RÚV af auglýsingamarkaði eða skertur aðgangur mundi almennt séð skerða þessa sjálfsögðu þjónustu, bæði við almenning og auglýsendur. Því er það skoðun félagsfundar SÍA að hagsmunum auglýsenda og almennings sé betur fyrir komið með óheftu leyfi miðla til birtinga auglýsinga, þar með talið RÚV."

Virðulegi forseti. Þetta var umsögn Sambands íslenskra auglýsingastofa um þennan þátt. Sem betur fer kemur það ekki fram í frumvarpinu að menn ætli að setja auglýsingabann á Ríkisútvarpið. Ég hef sagt og segi það enn að lokum um þennan þátt að það er m.a. vegna fákeppni. Fákeppni yrði þó að tveir sjónvarpsmiðlar stæðu eftir og nokkrar útvarpsstöðvar. Auðvitað yrði fákeppni vegna þess að sumar af þeim útvarpsstöðvum sem eru til staðar nást ekki út um allt land og ekki sumar sjónvarpsstöðvar heldur, þó svo að það hafi staðið til bóta allra síðustu ár og þá kannski meira í tengslum við mikla og stóra íþróttaviðburði sem deila hefur þurft að út til allra landsmanna. Þetta gæti sem sagt leitt til fákeppni og hækkunar á auglýsingaverði, sem aftur gæti leitt til hækkunar vöruverðs sem er beinn fylgifiskur þess ef þetta mundi gerast. Sem betur fer er þetta ekki í frumvarpinu en auðvitað tekur maður eftir því í umsögn samkeppnisaðila, t.d. 365 miðla og Skjás eins, að talað er um þetta og umræða hefur verið töluverð í þjóðfélaginu um að þetta gæti gerst.

Virðulegi forseti. Ég held að allt sé komið hvað varðar auglýsingaþáttinn. Mig langar þá að snúa mér að þeim tekjustofni sem ætlaður er í staðinn fyrir afnotagjaldið, því gjaldi sem almenningur á að greiða til ríkissjóðs sem síðan rennur til Ríkisútvarpsins, þ.e. að nefskattur komi í staðinn fyrir afnotagjaldið. Ekki hefur verið mikið rætt um nefskattsleiðina. Ég sé í nýjustu útgáfu af frumvarpinu að nefskatturinn er kominn upp í 14.580 kr., ef ég man rétt, og á að leggjast á hvern einstakling 16 ára og eldri en ekki sjötuga og eldri.

Virðulegi forseti. Útvarps- og sjónvarpsgjaldið, þ.e. 2.900 kr. á mánuði, er um 35.000 kr. á ári. Aldraðir og öryrkjar fá 20% afslátt, þeir greiða því í kringum 28.000 kr. á ári í afnotagjöld. Miðað við það sem hér er sett fram og þann nefskatt sem reiknaður er út greiða tveir einstaklingar á heimili svipaða tölu og þó örlítið lægri eða 29.160 kr. á ári. Séu hins vegar þrír í heimili er þetta komið upp í tæpar 44.000 kr. eða 25% hækkun frá því sem nú er og séu fjórir í heimili, sem er ekki óalgengt, hjón með tvo unglinga þess vegna á skólaaldri, þá er gjaldið komið upp í rúmar 58.000 kr. Það þýðir hvorki meira né minna en 66% hækkun á því gjaldi sem fólk borgar í dag. Enda er það svo að í öllum gögnum sem maður hefur lesið um nefskatt, og getur maður farið allt aftur til 1969, að mig minnir, þar sem Benedikt Gröndal hafði rætt hann á Alþingi og kem ég kannski að því síðar, að ósanngjarnt er hvernig nefskatturinn leggst á stórar fjölskyldur, barnmargar fjölskyldur. Þó að 16 ára og yngri séu undanþegnir gjaldinu borga hjón með tvo unglinga á heimilinu, báða í skóla, rúmar 58.000 kr. sem er 66% hækkun frá því sem nú er.

Ég er ekki alveg viss um að þetta hafi almennilega komist til skila út í þjóðfélagið vegna þess að þetta á ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar 2009, ef ég man rétt. Þá munu menn kannski reka upp ramakvein þegar álagningin kemur til framkvæmda og spyrja hvað menn hefðu verið að samþykkja á þessum árum og af hverju ekki hefði verið tekið tillit til þeirra þátta sem ég hef gert að umtalsefni, þ.e. barnmargra fjölskyldna, og hvernig skatturinn leggst á þær. Hann leggst líka á námsmenn sem eru fyrir ofan 70.000 kr., eða hvað lágmarkið er, en sem betur fer er tiltölulega auðvelt að komast upp fyrir það. Þetta mun hækka gjald hjá eldri borgurum, 67–70 ára miðað við það sem er í dag, og öryrkjum. Nefskattsleiðin, þó svo að hún sé hér talin betri, auðveldari í framkvæmd, og ódýrara fyrir Ríkisútvarpið að innheimta nefskattinn en afnotagjaldið, þá er hún með nokkuð mörgum ókostum.

Ég vek líka athygli á því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur sett fram úr ræðustól Alþingis og spurt um og ekki verið svarað, en það varðar þá fjölmörgu aðila sem eingöngu greiða í dag fjármagnstekjuskatt, þ.e. 10% skatt af fjármagnstekjum sínum, engan tekjuskatt og þar af leiðandi ekkert útsvar, að þeir yrðu gjaldfríir hvað varðar nefskattinn. (**Gripið fram í:** Er það ekki í takt við ójöfnuðinn?) Jú, ég hugsa að það sé í takt við ójöfnuðinn sem hefur verið að aukast mikið í þjóðfélaginu í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Nú hef ég það ekki, virðulegi forseti, hversu margir einstaklingar greiddu eingöngu fjármagnstekjuskatt á því síðasta skattaári sem við höfum tölur um en þeir eru fjölmargir. Áður hefur verið vakin athygli á þessu og er þetta svona í takt við ýmislegt sem er að breytast í þjóðfélaginu, að þeir greiða ekki nefskatt til Ríkisútvarpsins og ekki heldur útsvar til viðkomandi sveitarfélags. Þetta er auðvitað eitthvað sem hæstv. ríkisstjórn verður að taka á og skoða og spekúlera í hvernig á að fara með. Eiga sveitarfélögin að fá einhvern hluta af þessum fjármagnstekjuskatti? Hvernig á Ríkisútvarpið að fá tekjur sínar af þeim einstaklingum sem þannig háttar til um, sem borga bara fjármagnstekjuskatt en ekki þetta gjald til Ríkisútvarpsins?

Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál. Það er einnig í sjálfu sér alvarlegt mál og hefði átt að skoða betur, þó að ég sé ekki mikill talsmaður fyrir aukna skattheimtu en er þó

jafnaðarmaður og tel að jafna megi betur skattheimtuna í landinu, hvernig nota mætti tekjurnar til að jafna lífskjör fólks, að þá hefði ég talið, miðað við það sem hér er sett fram, að lögaðilar, þó mismikið eftir stærð þeirra, ættu að leggja meira til Ríkisútvarpsins til að skapa tekjur fyrir það. Það gerist ekki með nefskattinum vegna þess að allir lögaðilar sem greiða skatt og eru með einhverja starfsemi greiða aðeins eitt gjald í formi nefskatts, 14.580 kr. á hverja eina kennitölu, sama hvort fyrirtækið heitir Exista eða Kaupþing, Glitnir eða Landsbanki, hin stóru, miklu og glæsilegu bankafyrirtæki, eða hin stóru og glæsilegu útgerðarfyrirtæki, meðan farið er inn á heimili þar sem fjórir einstaklingar búa og þurfa að borga tæpar 60 þús. kr. í nefskatt og fá á sig hækkun sem nemur 66% frá því sem nú er. Þetta eru vankantarnir að mínu mati á nefskattinum, þó svo ég taki undir það sem hér kemur fram að hann er ódýr í innheimtu. Í raun er mjög ódýrt að breyta nokkrum formúlum í skattkerfi landsmanna þar sem skattstjórar leggja á þennan nefskatt sem rennur til Ríkisútvarpsins.

Ýmislegt fleira mætti segja um nefskattinn. Með nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar á frumvarpinu um Ríkisútvarpið sf. er umsögn dagsett 6. maí 2005 frá efnahags- og viðskiptanefnd. Hún er undirrituð af hv. þingmönnum Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni og Ögmundi Jónassyni. Þá er þar fylgiskjal, þ.e. álit Þorsteins Þorsteinssonar, forstöðumanns markaðs- og afnotasviðs Ríkisútvarpsins, um fjármögnun Ríkisútvarpsins. Í 5. kafla skýrslu hans er fjallað um nefskattinn. Mig langar að grípa niður í athugasemdir hans sem eru faglega fram settar, rætt um kosti og galla, hver gjaldstofninn er o.s.frv. Það er ansi athyglisvert sem kemur fram um nefskattinn í kafla 5.1. Mig langar að lesa hann upp, með leyfi forseta, sérstaklega orða Benedikts Gröndals, fyrrverandi formanns útvarpsráðs og síðar ráðherra til margra ára og formanns Alþýðuflokksins, um þetta mál:

„Nefskatturinn virðist vera sá kostur sem stjórnvöld velta einna mest fyrir sér um þessar mundir. Hægt er að hugsa sér nefskatt sem legðist á alla einstaklinga í landinu á aldrinum 18–70 ára. Í því tilfelli mundu 187.617 einstaklingar greiða 15.306 kr. í árgjald eins og fram kemur í töflu 3.“ — Þarna voru menn sem sagt að tala um 15.306 kr. Áður voru þetta 13.250 en nú eru það 14.580 kr.

„Þessi síðastnefnda leið var rædd og skoðuð á Alþingi árið 1969. Þá sagði Benedikt Gröndal alþingismaður og þáverandi formaður útvarpsráðs m.a.:

„Það er búið að tala um að gera hljóðvarpsgjald að nefskatti í fjöldamörg ár. Það er búið að rannsaka það aftur og aftur en það hefur alltaf verið horfið frá því af því að við framkvæmdina koma í ljós stórfelldir gallar á því kerfi. Ég ætla ekki nú enn einu sinni að gera það að umræðuefni en ég vil aðeins segja það að vegna tilkomu sjónvarpsins 1966 er sú hugmynd þegar orðin úrelt. Það næsta sem kemur til greina og verður vafalaust gert er hið sama hér og í öðrum löndum að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjald í eitt sameiginlegt gjald.““ — Síðan er fjallað um þetta.

„Nefskattinum var á sínum tíma hafnað á þeirri forsendu að hann leiddi til verulegrar misskiptingar þar sem mannmörg heimili gætu lent í því að greiða þrjú til fimm ígildi afnotagjalda og sum ekkert. Ekkert hefur breyst í þessum efnum á þeim 35 árum sem liðin eru síðan þetta var síðast rætt á Alþingi. Þessum ókosti mætti þó hugsanlega eyða með því að skilgreina eina greiðslu fyrir hvert heimili í landinu. Þeirri aðferð fylgja þó ýmis vandamál sem tengjast framkvæmd og eftirliti á sama hátt og við innheimtu afnotagjalda. Á hinn bóginn mætti færa gild rök fyrir því að mannmörg heimili ættu að greiða meira en þau sem mannfærri eru.

Eins og áður hefur verið bent á eru rök fyrir afnotagjaldi meðal annars þau að þannig hafi RÚV tengsl við eigendur sína, þjóðina. Alltaf er nokkur hópur landsmanna sem á ekki sjónvarp og velur að eiga ekki sjónvarp. Með nefskatti væru samt sem áður allir greiðsluskyldir.

Menn geta spurt sig hvort einhver eðlismunur sé á nefskatti og núverandi fyrirkomulagi þar sem RÚV heyrir hvort eð er undir stjórnvöld. Kostir nefskatts eru vissulega nokkrir. Hér má nefna að skatturinn félli á fleiri en afnotagjöld gera og yrði þar með lægri. Nefskattur væri heldur ekki miðaður við eignarhald á viðtæki og hentaði því betur í því tækniumhverfi sem nú gerir innheimtu afnotagjalds erfitt fyrir.

Vandinn við að útfæra nefsköttunina væri fólginn í því að aðskilja þá sem búa inni á öðrum. Hér má samkeyra þjóðskrá, fjölskyldunúmeraskrá og fasteignaskrá og finna þá sem ekki búa hjá öðrum og senda þeim reikninginn. Þetta er í raun og veru það kerfi sem notast er við í dag nema með skattheimtu slyppu fræðilega séð færri undan gjaldi hvort sem um tækjanot er að ræða eður ei. Við fyrstu sýn virðist vera erfitt að skjóta sér undan með þessari fjármögnun en það þyrfti að kanna betur.“

Ekki skil ég hvernig greinarhöfundur kemst að þeirri niðurstöðu að það sé erfitt að skjóta sér undan nefskatti.

„Enn önnur leið væri sú að innheimta gjaldið í gegnum skattframtal eins og gert er með gjald í gegnum Framkvæmdasjóð aldraðra sem er gjaldfast með framtali. Þá væri um að ræða nefskatt á alla einstaklinga sem telja fram. Grunnurinn væri þá byggður á svokölluðum skattnúmerum og samanstæði af 217.064 númerum.

Skattnúmeraleiðin mundi þýða árlega greiðslu sem næmi 13.230 kr. á hvert númer, sé miðið við sama framlag og afnotagjaldið gefur RÚV í aðra hönd í dag. Þetta fyrirkomulag væri þó afar óréttlátt gagnvart mannmörgum heimilum með 16 ára einstaklingum og eldri a.m.k. sé miðað við afnotagjaldið.“

Þarna kemur staðfesting á því sem ég var að ræða um og gerði að umtalsefni áðan þar sem ég sýndi fram á að á fjögurra manna fjölskyldu mundi gjaldið til útvarpsins aukast um 66%. En kostirnir eru eins og áður hefur komið fram að í nefskattinum væri innheimtan alfarið í höndum stjórnvalda og gjaldfærð með skattframtali einstaklinga, með öðrum orðum hefur verið búin til smáformúla í skattkerfi hjá skattstjórum. Þetta kemur þannig út.

Kostina telur greinarhöfundur felast í ódýrari og skilvirkari innheimtu en með innheimtu afnotagjalds í núverandi mynd. Hann er og óháður nýrri tækni til móttöku útvarps og sjónvarps, sem er auðvitað hárrétt. Í dag þarf ekki að eiga útvarp og sjónvarp til þess að hlusta á útvarp eða horfa á sjónvarp. Það er einfaldlega gert gegnum tölvur eða önnur tæki.

Síðan dregur greinarhöfundur fram gallana:

Þeir eru m.a. þeir að dregið yrði úr sjálfstæði Ríkisútvarpsins.

Aðkoma fyrirtækja að fjármögnun RÚV væri engin. Það hefur hins vegar verið bætt í þessu frumvarpi með því að lögaðilar komi inn í þótt það mætti hugsa sér að lögaðilar legðu meira til Ríkisútvarpsins og því meira sem fyrirtækin væru stærri. Það er ekkert óeðlilegt.

Þessi leið er talin ótryggari fjármögnun en innheimta afnotagjalda. Ekki veit ég hvernig það er fundið út.

Skatturinn kæmi misjafnt niður á heimilum. Það hef ég dregið fram, það misrétti sem þarna væri gagnvart mannmörgum heimilum eins og Benedikt Gröndal talaði um 1969. Sú kostnaðarvitund sem almenningur hefur með afnotagjaldinu verður ekki jafnskýr.

Ég held að kostnaðarvitund almennings gagnvart afnotagjöldunum sé sáralítil í dag vegna þess að þetta er eins og annað komið inn í greiðsluþjónustu banka. Frá sumum bönkum fær fólk í greiðsluþjónustu ekki einu sinni kvittanir. Þetta er bara ein millifærsla í upphafi hvers mánaðar yfir á einhvern greiðslureikning og síðan er það allt saman millifært frá bankanum og fólk þarf sáralítið að koma að því.

Að lokum nefnir hann minni samtöðu um þessa aðferð á meðal þjóðarinnar en um afnotagjöldin í núverandi mynd, samanber viðhorfskönnun Gallups árið 2002 sem fjallað er um í greininni. Þar kom fram að töluvert mikil andstaða í þeirri könnun sem gerð var 2002 við þessa nefskattshugmynd. Ég hygg, virðulegi forseti, að í þeirri miklu umræðu sem farið hefur fram um þetta mál hafi m.a. þessi þáttur ekki ratað mikið inn í umfjöllunina. Ég held að það verði ekki fyrr en fólk fær skattseðilinn vegna tekna 2008, þ.e. skattálagningu 2009, að það áttar sig á nefskattinum sem hér er um að ræða og leggjast mun af meiri þunga á mannmargar fjölskyldur en aðrar, sem er aðalókosturinn við þessa leið að mínu mati.

Í þeirri samantekt sem ég hef gert að umtalsefni, Þorsteins Þorsteinssonar, forstöðumanns markaðs- og afnotasviðs Ríkisútvarpsins, er í næsta kafla fjallað um innheimtu byggða á fasteignagrunni. Hann gerir þeirri aðferð góð skil og eftir yfirlestur á þeim kafla spyr maður sig af hverju þetta var ekki skoðað betur af stjórnvöldum sem leggja til nefskattsleiðina. Hvað er erfiðast og hverjir eru ókostirnir við að fara fasteignagrunnsleiðina?

Þar er rætt um að gallinn sé sá að þeir sem ekki hafi viðtæki mundu samt sem áður þurfa að greiða gjaldið. Það er eiginlega ókostur sem fellur um sjálfan sig vegna þess að ég hygg að leiða megi líkur að því að allir horfi einhvern tíma á sjónvarpið eða hlusti einhvern tíma á útvarp, hvort sem það er gert í gegnum sjónvarpsviðtæki, útvarpsviðtæki eða gegnum tölvu. Það er eðlilegt að komast að þeirri niðurstöðu að í öllum fasteignum séu einhvers konar miðlar og eðlilegt að greiða fyrir þá þjónustu.

Ókostirnir eru líka þeir að þar sem kerfið hefur hvergi verið reynt í heiminum er alltaf sú hætta til staðar að ófyrirséðir ókostir komi í ljós eftir vissan reynslutíma og það geti í einstaka tilfellum leitt til mismununar í skattheimtu. Þetta á auðvitað líka við um nefskattinn sem leiðir til mismununar í skattheimtu hjá mannmörgum fjölskyldum.

Ég held, virðulegi forseti, að full ástæða hefði verið til að skoða þetta betur og þarna hefði átt að skoða að ýmsir lögaðilar greiddu meira. Ég held að ég fari að láta staðar numið hvað þennan þátt varðar, þ.e. um tekjuhliðina, en í umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar frá 6. maí 2005 segir undir lokin, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn gagnrýnir að ekki hafi verið skoðaðar aðrar leiðir miðað við þá mörgu galla sem eru á því að taka upp nefskattinn. Má þar nefna leiðir sem áður er getið og fram koma í skýrslu Þorsteins Þorsteinssonar, forstöðumanns markaðs- og afnotasviðs Ríkisútvarpsins, frá því í maí 2004. Þar er bent á átta mismunandi útfærslur í fjármögnun RÚV. Skýrsluhöfundur mælir þar helst með innheimtu byggðri á fasteignagrunni. Minni hlutinn tekur undir það að þann kost hefði mátt kanna frekar. Útfærsla á þeirri leið þar sem fast gjald yrði á hverri fasteign ásamt því að lögaðilar tækju meiri þátt í fjármögnun RÚV er miklu vænlegri en nefskatturinn. Þorsteinn benti á að með þeirri leið sem hann hefur skoðað um innheimtu byggða á fasteignagrunni hefðu lögaðilar greitt fjórðung af fjármögnun RÚV. Auk þess hefði með föstu gjaldi á hverja fasteign, sem ekki hefði þurft að vera hærri en nefskatturinn, 13.500 kr., hefði verið hægt að sneiða hjá þeim stóra galla að í mörgum tilvikum þurfa fjölskyldur með ungmenni á heimilunum að greiða allt að tvöfalt hærri fjárhæð en núgildandi afnotagjald. Fjöldi annarra leiða kom einnig til greina og vísar minni hlutinn í því sambandi til skýrslu Þorsteins um fjármögnun RÚV, sem fylgir áliti þessu sem fylgiskjal.

Með vísan til framangreinds telur minni hlutinn vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við ákvörðun um fjármögnun RÚV forkastanleg, enda virðist engin skoðun hafi farið fram á því hvað leið sé heppilegust út frá sjálfstæði Ríkisútvarpsins eða hagsmunum almennings. Það sjónarmið eitt virðist hafa ráðið ferðinni að gera það sem tæknilega var auðveldast í framkvæmd og þar byggt á skattheimtunni í Framkvæmdasjóð aldraða þar sem allt aðrar forsendur liggja til grundvallar."

Þetta sögðu hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson þegar var verið að ræða um þetta frumvarp sem þá hét Ríkisútvarpið sf.

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram kemur í síðustu málsgrein þessa álits vegna þess að svo virðist vera að í kapphlaupi ríkisstjórnarinnar við að koma saman þessu frumvarpi og því sem við erum að ræða hér nú hafi ekki verið farið sérstaklega í gegnum þetta og það eitt hafi orðið ofan á við að velja nefskattinn, þ.e. það sjónarmið sem kemur fram í þessu að þar mætti spara einar 80 millj. kr. í innheimtu á afnotagjaldinu eins og það er núna. Ef það eitt hefur verið notað þarna sem leiðarljós þá má auðvitað gagnrýna það að þetta hafi ekki verið skoðað betur.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki heyrt í umræðu á Alþingi um þetta mál, hvorki síðustu tvö ár né nú, fjallað mikið um þennan nefskatt og þá tekjumöguleika sem settir eru fram til þess að gefa Ríkisútvarpinu þær tekjur sem það sannarlega þarf á að halda áfram til þess að sinna þessum almannaskylduþætti sem hér er svo mikið rætt um.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það og segi enn einu sinni um leiðina sem hér er farin að ég hygg að það muni gjósa upp í þjóðfélaginu mikil óánægja hjá sérstaklega mann-

mörgum fjölskyldum þegar þessi nefskattur verður lagður á og þegar fólk fer að finna það á veskinu sínu og eigin efnahag, þegar fjögurra manna fjölskylda þarf að fara að borga tæpar 60 þús. kr. nefskatt til Ríkisútvarpsins í stað þess að borga 35 þús. kr. eins og núna.

Það virðist einhvern veginn vera þannig að þetta hafi gleymst, þetta hafi ekki verið tekið til. Fólk gerir sér ekki almennilega grein fyrir hvað er hér á ferðinni. Aðalókosturinn við nefskattinn er sá sem Benedikt Gröndal ræddi um þegar 1969 og hefur verið fjallað um.

Virðulegi forseti. Það er kannski tilgangslaust að spyrja hæstv. menntamálaráðherra út úr. En ég hafði hugsað mér að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra. Þar sem fimm eða tíu mínútur lifa af þessum fundi krefst ég þess þó ekki að ráðherrann verði kallaður nú til umræðunnar. En ég spyr auðvitað sjálfan mig að því hvernig gangi með stofnefnahagsreikninginn sem talað er um í þessu frumvarpi að verði lagður fram á næstunni. Vera kann að það hafi farið fram hjá mér en ég kannast ekki við það að sá stofnefnahagsreikningur sé kominn fram. (**Gripið fram í:** Jú, jú, hann er kominn fram.) Hann er kominn fram. Þá er hægt að fara í gegnum hann. En auðvitað spilar inn í hér hvernig lagt verður af stað með þetta barn. Hvað verður til dæmis um það sem hér er fjallað um, skuldirnar sem þeir þurfa að greiða ríkissjóði?

Virðulegi forseti. Ég sagði hér áðan að Framsóknarflokkurinn, sá fyrrverandi félagshyggjuflokkur, lætur Sjálfstæðisflokkinn teyma sig á asnaeyrunum í aumkunarverðri og slæmri göngu í þessu máli eins og svo fjöldamörgum öðrum. Framsókn er á flótta í málinu. Allur kraftur, þor og dugur er úr þeim flokki. Hann stendur ekki í lappirnar gagnvart nokkru einasta atriði sem frá Sjálfstæðisflokknum, samstarfsflokknum, kemur. Það virðist vera þannig að Sjálfstæðisflokkurinn getur gert hvað sem honum sýnist, alltaf mun B-deildin í Sjálfstæðisflokknum, Framsóknarflokkurinn, fallast á það þó með semingi sé og láta troða þessu ofan í kokið á sér.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki núna að ræða um það en ég get ekki látið hjá líða að minnast enn einu sinni á það þegar Framsókn lét troða ofan í sig stuðningi við innrásina í Írak forðum. Það hefur svo komið fram síðar hvernig það var gert. Annars vegar var tekin ákvörðun af þáverandi hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddssyni sem vafalaust hefur hringt í þáverandi hæstv. utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson og tilkynnt honum hvað þar hafi verið gert og hvað hann hafi sagt og hverju hann hafi lýst yfir. Og Framsókn lét þetta yfir sig ganga, studdi þetta og varði þetta. Og þó svo að núverandi formaður flokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hafi gert tilraun til að fría sig af þessu og tala um að þetta hafi verið rangt þá kom hann á Alþingi tveimur dögum seinna og þá var það allt saman horfið.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað í lokin fara yfir samkeppnisþáttinn sem hér hefur töluvert mikið verið rætt um af mörgum þingmönnum og meðal annars hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í ræðu sem ég hlustaði á í gær, að mig minnir. Ég hygg, þar sem þetta er mín fyrri ræða, að ég muni geyma samkeppnisþáttinn. En auðvitað er maður kannski hvað hræddastur um hvað gerist þegar Ríkisútvarpið verður orðið hlutafélag. Hvað gerist þá hjá aðilum á þessum markaði eftir það? Munu þá líða margir dagar þar til þau fyrirtæki kæra Ríkisútvarpið vegna samkeppnislagabrota og annarra þátta? Er það kannski það sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að fá fram með þessu frumvarpi, þ.e. að hér logi allt í illdeilum um Ríkisútvarpið eftir að það hefur verið einkavætt, hlutafélagavætt, að þá muni loga hér allt í deilum um það, kærumálum og kannski verður niðurstaðan úr því að Ríkisútvarpið verður dæmt í háar fjársektir. Er Sjálfstæðisflokkurinn að fara bakdyraleiðina að því að koma Ríkisútvarpinu fyrir kattarnef, að koma Ríkisútvarpinu í einkaeigu úr ríkiseigu?

Ég endurtek það sem ég hef áður sagt, virðulegi forseti, að sporin hræða vegna þess að hvað margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa sagt hingað til um Ríkisútvarpið og aðrir málsmetandi menn Sjálfstæðisflokksins úti í bæ. Þess vegna held ég að það væri best — og ég ítreka það sem hér hefur komið fram um sáttaboð stjórnarandstöðu til stjórnarinnar — að gildistöku þessara laga verði frestað.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur oft óskað eftir því að við fáum að greiða atkvæði. Þá skil ég hana svo að hún vilji að Alþingi greiði atkvæði. En ég er þeirrar skoðunar að almenningur í landinu eigi að fá að greiða atkvæði í komandi alþingiskosningum og þá muni það koma út úr þeim kosningum hvort hér verður breyting í ríkisstjórn og hægt verði að taka það mál upp eða hvort núverandi ríkisstjórnarflokkar halda meiri hluta. En ég held að það væri farsælasta leiðin til að ljúka þessu máli, virðulegi forseti, að ríkisstjórnarflokkarnir gætu fallist á að gildistímanum yrði frestað. En ég óttast að þráhyggjan sé orðin of mikil varðandi þetta mál sem hér hefur tekið svo langan tíma.

Það er gaman að segja frá því, virðulegi forseti, hér í lokin, af því stjórnarsinnar tala um að búið sé að tala um þetta mál í 120 klukkustundir að þá kemur í ljós að það er á síðustu þremur þingum. Ég mundi ráðleggja ríkisstjórnarflokkunum og þeim sem hafa talið klukkutímana að fara aftar og ég er viss um að þeir gætu komist í 500–700 klukkustunda umræðu um Ríkisútvarpið ef það yrði bara farið aftar og rætt um það svoleiðis. Þá hefur umræðan verið mikil um Ríkisútvarpið hér á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Nú þegar klukkan á eftir fimm mínútur í fimm þá lýk ég máli mínu.

[16:53]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður tók upp það sem ég hélt fram í gær, þ.e. að ég sæi ekki betur en að fjármagnseigendur, þeir sem eingöngu hafa fjármagnstekjur, mundu sleppa við að greiða þennan nefskatt. Mér fannst það svo skelfilegt að í dag óskaði ég eftir því við nefndasvið Alþingis að það færi yfir það hvort þetta væri rétt, að fjármagnseigendur, þeir sem eingöngu lifa af fjármagnstekjum, mundu sleppa við þennan nefskatt. Það hef ég fengið staðfest núna áðan að svo er, að fjármagnseigendur, þeir sem eingöngu lifa á fjármagnstekjum, sleppa við skattinn. Ég vil rifja upp í því sambandi að við álagninguna á síðasta ári í ágúst þá lifa 2.200 manns eingöngu af fjármagnstekjum, 6.600 voru með hærri fjármagnstekjur en launatekjur. Að minnsta kosti 2.200 manns af þessum hefðu sloppið við þennan nefskatt ef hann hefði verið í gildi á síðasta ári.

Þetta finnst mér alveg skelfilegt á sama tíma og fólk sem er með rétt yfir 90 þús. kr. tekjur mun þurfa að greiða þennan nefskatt.

Ég vil benda hv. þingmanni á eina hlið málsins sem ekki hefur verið rædd mikið í þinginu. Fólk sem hefur kannski 95 þús. kr. í tekjur, hefur með einhverjum hætti aflað sér kannski 5 þús. kr. tekna, mun þá, þ.e. vegna þessara 5 þús. kr. tekna, þurfa að greiða þennan nefskatt sem er upp á 14.580 kr. Auk þess þarf það að greiða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra upp á 6 þús. Rúmlega 20 þús. skattlagning verður því á þetta fólk ef það vinnur sér inn 5 þús. kr. í tekjur.

Það er ekki hægt að ganga frá málinu með þessum hætti. Ég mun óska eftir því áður en þessari umræðu lýkur að hæstv. ráðherra svari því í þessari umræðu hvort henni sé það ljóst að fjármagnseigendur muni sleppa við þennan skatt. (Forseti hringir.) Það er ekki bara að þeir sleppi við *þennan skatt heldur sleppa þeir líka við gjald í* Framkvæmdasjóð aldraðra.

[16:56]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Það er rétt, eins og ég gat um í minni ræðu, að það var hv. þingmaður sem fyrst dró það fram að þeir sem eingöngu lifa af fjármagnstekjum — nú kemur fram að þeir voru á síðasta ári 2.200 — munu sleppa við að greiða þennan nefskatt, þetta útvarpsgjald, gjalda keisaranum þetta gjald.

Ég hef áður sagt það, virðulegi forseti, að það hefur komið fram hjá sveitarfélögum að þeir sleppa líka við að greiða útsvar til viðkomandi sveitarfélags. Ég verð enn einu sinni að þakka hv. þingmanni fyrir að draga þetta fram og ég mun leggjast á sveif með henni og spyrja hæstv. menntamálaráðherra þegar hægt verður að spyrja hana út í þetta atriði, hvort ríkisstjórnarflokkarnir hafi gert sér grein fyrir þessu.

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægður með það hvað margir hafa miklar fjármagnstekjur. Það sýnir bara að ýmislegt er að gerast í þessu landi. Menn græða á tá og fingri á ýmsum þáttum, hlutabréfum og öðru slíku, fyrirtækjarekstri úti í heimi og eiga hlutabréf úti í heimi o.s.frv. Það er út af fyrir sig ágætt og ekkert að því. Hitt er annað að ég er ekkert endilega viss um að þessir aðilar séu mjög ánægðir með að þeirra 10% fjármagnstekjuskattur skuli ekkert renna til *viðkomandi sveitarfélags sem þeir búa í, inn í þá félags*þjónustu og aðra samfélagslegu þjónustu sem þar er rekin. Ég er líka nokkuð viss um að þessir aðilar eru ekkert endilega að kalla eftir því að sleppa við að greiða nefskatt þegar hann kemur og ef hann kemur til Ríkisútvarpsins eða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þetta er hins vegar lapsus, þetta er galli í skattkerfinu sem hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert tekið á frekar en öðru vegna þess að þessi ríkisstjórn fitnar eins og púkinn á fjósbitanum við alla þá tekjustofna og alla þá skatta sem hún (Forseti hringir.) hefur lagt á og hækkað undanfarin kjörtímabil.

[16:58]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú hefur á valdatíð þessarar ríkisstjórnar helst verið mulið undir fjármagnseigendur meðan byrðarnar og skattbyrðin hefur verið aukin hjá þeim sem minnst hafa. Með þessu frumvarpi sem hér er verið að samþykkja er enn verið að auka á ójöfnuðinn í samfélaginu þannig að þeir sem eru bara með fjármagnstekjur, kannski milljónir á mánuði eða guð má vita hvað mikið, hvort það eru milljónir eða milljarðar, sleppa við þennan nefskatt. Mér finnst kóróna hér alveg fullkomlega óréttlætið og ójöfnuðinn í þessu þjóðfélagi ef málið á að ganga fram með þessum hætti.

Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að eyða töluvert mikið af sínum tíma í fjármögnun á RÚV. Það er alveg augljóst að við þurfum að ræða þetta mál miklu betur eftir helgi að því er varðar fjármögnunina. Það gengur ekki að ganga frá þessum *málum á þann hátt* að fátækar barnafjölskyldur standi kannski frammi fyrir því að greiða 60 þús. kr. — við skulum segja fjögurra manna fjölskylda — í nefskatt og síðan að greiða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra meðan þeir sem eru með milljónir á mánuði eða milljarða á ári sleppa við að greiða bæði þennan nefskatt og gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraðra. Jaðarskattaáhrifin eru svo mikil í þessu, virðulegi forseti, að bara af 1 þús. kr. tekjum, 2 þús. kr. tekjum fram yfir skattleysismörk þá getur fólk þurft standa frammi fyrir skattlagningu á yfir 20 þús. kr., fólk sem hefur sér ekki til hnífs eða skeiðar.

Það er mjög gott að hv. þingmaður dró þetta fram hér og studdi það sem ég sagði í mínu máli hér í gærkvöldi. Það er skelfilegt að svona sé staðið að málinu og þetta dregur fram enn einn gallann, virðulegi forseti, á þessu frumvarpi. Það er rangnefni að kalla þennan skatt nefskatt þegar stór hluti fjármagnseigenda sleppur við hann.

[17:00]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn einu sinni þakka hv. þingmanni fyrir að hafa dregið þetta fram í umræðunni í gær. Ég gerði það að stórum hluta í máli mínu áðan þann möguleika og þá ókosti sem hér er verið að fara með. Það er kannski rétt í lok umræðunnar á þessum degi áður en við förum til annarra starfa það sem eftir lifir dags og kjördæmaþing og annað á morgun, að segja að ef menn halda að ekkert nýtt hafi komið fram í umræðunni sem hefur tekið *alla þá tíma sem stjórnarflokkarnir og stjórnarþingmenn* eru að röfla yfir, þá hefur veigamikið atriði verið dregið fram í umræðunni eins og með hina 2.200 einstaklinga sem munu sleppa við nefskattinn, sleppa við gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og sleppa við að greiða útsvar til síns sveitarfélags. Ég tek það skýrt fram að ég er alveg handviss um að greiðendur fjármagnstekjuskatts eru ekki hrifnir af því að ekkert af skattinum renni til viðkomandi aðila, þ.e. til útvarpsins eftir 2009, í Framkvæmdasjóð aldraðra eða til viðkomandi sveitarfélags.

Núverandi ríkisstjórn er svo skattaglöð og kemur fram reglulega og hælir sér af því hve staða ríkissjóðs er góð og skuldir ríkissjóðs litlar. Það er auðvitað alveg hárrétt. En hvers vegna eru þær svona litlar? Vegna þess að ríkissjóður

tekur alla þá skatta til sín sem mögulegt er að taka. Það er ekki tími til að fara út í skattheimtu af lántökum erlendis, þensluna, umframeyðsluna og allt það en ríkisstjórnin hefur setið og þakkað fyrir þá skatta sem hún hefur tekið og hún hefur tekið af öðrum. Hún hefur m.a. aukið skattheimtu aldraða og öryrkja. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir dró fram dæmi og ég þakka fyrir það en það er auðvitað verkefni okkar eftir helgi þegar umræða hefst um málið að draga þetta fram og spyrja hæstv. menntamálaráðherra út í það hvort hún hafi gert sér grein fyrir vanköntunum á frumvarpinu.

[17:02]

**Útbýting:**

Fjárveitingar til skógræktar, 504. mál, fsp. HÞ, þskj. 759.

Geðheilbrigðisþjónusta við aldraða, 505. mál, fsp. HÞ, þskj. 760.

Ný störf á vegum ríkisins á landsbygginni, 506. mál, fsp. HlH, þskj. 763.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 17:03.

# 56. FUNDUR

mánudaginn 22. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708 og 765. — Frh. 3. umr.
3. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Geir H. Haarde forsrh., 1. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

## *Tilkynning um inngöngu í þingflokk.*

[10:32]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 9. þm. Suðvest., Valdimar Leó Friðrikssyni, dags. í gær, 21. janúar:

„Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir.

Í dag hef ég gengið í þingflokk Frjálslynda flokksins.

Virðingarfyllst,
Valdimar Leó Friðriksson,
9. þingmaður Suðvesturkjördæmis."

[10:32]

**Útbýting:**

Raforkukaupendur, 345. mál, svar iðnrh., þskj. 761.
Ríkisútvarpið ohf., 56. mál, brtt. MÁ o.fl., þskj. 765.
Vatnstjón á Keflavíkurflugvelli, 402. mál, svar utanrrh., þskj. 764.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 765. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Niðurstaða stjórnarskrárnefndar um auðlindir.*

[10:35]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Nú liggur fyrir niðurstaða stjórnarskrárnefndar. Í henni náðist einungis sátt um eina tillögu til breytinga á stjórnarskránni. Þessar fréttir eru mörgum mikil vonbrigði og þær eru það alveg sérstaklega í ljósi þeirra kosningaloforða Framsóknarflokksins fyrir síðustu kosningar að sjávarauðlindir skyldu skilgreindar í stjórnarskrá sem þjóðareign. Þetta var eitt af helstu baráttumálum flokksins í þeim kosningum. Þessi stefna var staðfest á 27. flokksþingi Framsóknarflokksins í febrúar 2003 og loforðin gefin eftir að stóra nefndin svokallaða undir forustu núverandi formanns flokksins náði sáttum um þá leið. Þarna var sköpuð sátt eftir miklar deilur og sá sem leiddi sáttina hlaut mikið lof fyrir stjórnvisku sína og leiðtogahæfileika við að leysa þetta gríðarlega átakamál í flokknum. Kjósendur veittu flokknum þar með, og stefnunni, brautargengi í kosningunum.

Eftir kosningarnar féllst Sjálfstæðisflokkurinn á að fara þessa leið og um það ber vitni skýr yfirlýsing í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að ákvæði þessa efnis verði sett í stjórnarskrána. Nú eru þessi loforð svikin. Ég vil með þessari fyrirspurn gefa formanni Framsóknarflokksins, manninum sem leiddi sáttina fram í flokknum og mótaði stefnuna og hefur nú ábyrgðina á að koma henni fram, tækifæri til að skýra fyrir þjóðinni hvort hann ætli að láta samstarfsflokkinn í ríkisstjórn komast upp með að svíkja stjórnarsáttmálann og hljóta þar með það auma hlutskipti að svíkja sjálfur þá sátt sem hann leiddi. Allir aðrir flokkar sem aðild áttu að starfi nefndarinnar voru tilbúnir að standa að þessu máli. Sjálfstæðisflokkurinn kom í veg fyrir að það næði fram.

Spurningin er þessi: Getur formaður Framsóknarflokksins setið í ríkisstjórn með flokki sem hunsar sinn eigin stjórnarsáttmála og niðurlægir Framsóknarflokkinn með svo óbilgjörnum hætti?

[10:37]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni umhyggju hans og fagna samstöðu hans um það málefni sem hann ræddi hér sem er sameign þjóðarinnar á auðlindum. Mér er ekki kunnugt um að stjórnarskrárnefnd hafi lokið störfum. Mér er kunnugt um að hún hafi náð áfanga með sameiginlegri niðurstöðu um nokkur atriði. Mér er ekki kunnugt um annað en að hún starfi áfram að öðrum viðfangsefnum sínum, m.a. þessu ákvæði. Starfið heldur áfram og ég treysti því að því verði ráðið til lykta.

[10:38]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Mér þykja þetta nokkur tíðindi og fagna þeim. Skilaboðin út úr nefndinni frá formanni hennar voru þau að nefndin ætlaði ekki að fara í einhvern bútasaum og

þess vegna kæmi einungis þetta eina ákvæði fram í niðurstöðu nefndarinnar. Það hefðu orðið, og munu verða, mikil svik bæði við kjósendur Framsóknarflokksins og aðra kjósendur í þessu landi ef menn ætla að svíkja þá sátt sem þarna var gefið loforð um að mundi koma fram. Þess vegna mun ég og a.m.k. allir í Samfylkingunni, og ég veit ekki betur en að aðrir flokkar hafi viljað standa að þessu líka, styðja við bakið á því að niðurstaða stjórnarskrárnefndar verði þá að leggja til þetta ákvæði sem lofað var í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Og það hefði verið aum niðurstaða ef annað ætti að koma út úr þessari nefnd en þar er.

Menn skulu muna eftir því að stjórnarsáttmálinn gildir einungis um þetta kjörtímabil og loforðið (Forseti hringir.) um að þetta komi fram hlýtur því að þurfa að koma fram á þessu vori.

*Gjaldskrá Herjólfs.*

[10:39]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra. Mig rak í rogastans þegar ég las núna laust fyrir helgi fréttablaðið Fréttir sem gefið er út í Vestmannaeyjum og sá á forsíðu að gjaldskrá Herjólfs eigi að hækka að meðaltali um tæp 12%. Þetta er mjög undarlegt og ég kem hingað til að spyrja hæstv. samgönguráðherra hverju þetta sæti. Vegagerðin er samningsaðili rekstraraðila skipsins sem er Eimskip. Vestmannaeyingar sjálfir hafa lýst yfir mjög mikilli furðu með þessa hækkun, eru nánast steini lostnir sem kemur m.a. fram í fréttum þar sem bæjarfulltrúar bæði minni hlutans og meiri hlutans lýsa yfir undrun sinni og vonbrigðum með þetta. Ég vil leyfa mér að vitna í Pál Scheving, oddvita V-listans í Vestmannaeyjum, sem segir svo, sem leyfi forseta:

„Við búum ekki í sama umhverfi og aðrir á landsbyggðinni. Flutningsgjöld eru hærri hér en annars staðar og fyrirtækin okkar eru ekki samkeppnishæf, vegna þessa. Auðvitað er þetta því mjög bagalegt."

Oddviti sjálfstæðismanna og bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, Elliði Vignisson, tekur reyndar í sama streng og nefnir að sérstaklega farmgjöldin með Herjólfi séu allt of há, Vestmannaeyingar séu mjög ósáttir við þetta og þetta sé mjög vont mál því hér sé um að ræða aukaálögur á landsbyggðina. Við verðum að muna það, virðulegi forseti, að Vestmannaeyjar eru eyjar og Herjólfur er þjóðvegurinn til Vestmannaeyja. Hann fer fram á sjó en ekki landi og þess vegna hljóta svona álögur að vera mjög varhugaverðar. Vestmannaeyjar hafa verið í mikilli vörn undanfarin ár, mjög mikilli vörn eins og svo margar aðrar sjávarbyggðir umhverfis landið, því miður. Fólki hefur fækkað, atvinnulífið hefur á mörgum sviðum þurft að berjast í bökkum og það er alveg óskiljanlegt, virðulegi forseti, að ríkisvaldið skuli ekki sýna þessum vandamálum meiri skilning en raun ber vitni. Það finnst mér koma mjög vel fram í þessari ótrúlegu gjaldskrárhækkun Herjólfs.

[10:42]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ræða hv. þingmanns er auðvitað í algerri andstöðu við það sem við höfum verið að gera til að bæta (Gripið fram í.) samgöngur við Vestmannaeyjar. Ríkisstjórnin hefur lagt ríka áherslu á það. Það hefur m.a. birst í því að nú er veittur styrkur til að tryggja flug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Jafnframt var ferðum milli lands og Eyja með Herjólfi fjölgað mjög mikið. Hins vegar var sú samgönguleið boðin út, rekstur Herjólfs var boðinn út og það var gert á tilteknum forsendum. Samningurinn milli skipafélagsins og Vegagerðarinnar hefur að sjálfsögðu legið fyrir á tilteknum forsendum og ég geri ráð fyrir að þær breytingar sem hafa verið gerðar á gjaldskránni séu í samræmi við þann samning. Um það er á þessu stigi ekki meira að segja. Ég hef ekki fengið á mitt borð neinar athugasemdir við framkvæmd þess samnings. Aðalatriðið í mínum huga er að við höfum bætt og stóraukið þjónustuna við Vestmannaeyjar með þessum samgöngubótum en að sjálfsögðu væri æskilegt að ekki þyrfti að koma til hækkana. Samningurinn er þó staðreynd og eftir honum verður að fara.

[10:43]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli ráðherra að rekstur Herjólfs hefði verið boðinn út og maður skyldi þá ætla að einhverjir fjármunir hefðu sparast við það. Það hlýtur að vekja upp þær spurningar hvort stjórnvöld hefðu ekki átt að notfæra sér það einmitt til að halda í við verðhækkanir með Herjólfi.

Ég kem ekki hér upp og ber fram þessa fyrirspurn til að gera lítið úr þeim umbótum sem til að mynda hafa verið gerðar í flugsamgöngum, alls ekki. Það má ekki misskilja orð mín með þeim hætti. Ég bendi hins vegar á að það er gersamlega óskiljanlegt að stjórnvöld skuli ekki sýna þessu meiri skilning, ekki grípa til eðlilegra og sjálfsagðra aðgerða eins og þeirra að reyna að halda í við flutningskostnað, kostnað með til að mynda þessu skipi milli lands og Eyja þegar Vestmannaeyjar sem eru eyjar eins og ég sagði áðan, búa við mjög sérstakar aðstæður, eru í mikilli vörn og Herjólfur er þjóðvegurinn til lands. Hann er lífæðin, málið er ekki flóknara en það og ég hvet hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) til að skoða þetta mál vandlega og íhuga hvort ekki sé hægt að gera eitthvað til að laga þetta.

[10:45]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega afar mikilvægt að okkur sé ljóst hér að Vestmannaeyjar eru eyjar eins og fram kom hjá hv. þingmanni. Á Alþingi þurfum við að vita það.

Það er alveg rétt að þessir flutningar voru boðnir út og á sínum tíma varð heilmikil breyting hvað það varðaði. Meðal annars þess vegna, og það var allt saman í góðu samstarfi við heimamenn, var hagsbótin af útboðinu nýtt til þess að auka þjónustuna, fjölga ferðum. Ég tel að Eyjamenn hafi kunnað mjög vel að meta það.

Það hefur komið rækilega fram að fjölgun ferða hefur verið mikilvægt innlegg í að efla atvinnustarfsemina og þjónustuna við íbúana í Vestmannaeyjum. Ég legg ríka áherslu á að svo verði áfram.

En auðvitað þarf að gera þá kröfu til rekstraraðilanna,

sem í þessu tilviki hafa samið við Vegagerðina, að þeir gæti hófs í gjaldtöku. (Forseti hringir.) Ég mun leggja ríka áherslu á að svo verði.

[10:46]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna því að ráðherra hafi lýst hér yfir að hann muni leggja ríka áherslu á það við rekstraraðilann að hann gæti hófs í gjaldtöku. Við skulum vona að það gangi eftir. Við getum líka sagt sem svo að það verður þá fylgst með að það verði gert.

Ég hefði líka viljað fá að heyra nánar frá ráðherrum þessarar ríkisstjórnar hvað þeir hyggist gera varðandi Vestmannaeyjar, hvort ekki sé nú kominn tími til að fara vel yfir stöðu Vestmannaeyja og samfélagsins þar. Tölur varðandi mannfjöldaþróun og annað eru að mörgu leyti frekar ískyggilegar, mundi ég segja. Fólki fækkar, meðalaldur hækkar og það dregur úr barnsfæðingum.

Þetta eru sömu einkenni og við sjáum víða annars staðar á landsbyggðinni. Vestmannaeyjar eru mjög sérstakar og búa við sérstakar landfræðilegar aðstæður eins og ég hef hamrað hér á. Mér finnst að stjórnmálamenn gleymi því oft, því miður, þeir gleyma því oft, stjórnmálamenn sem sitja hér í 101 Reykjavík, við hvaða aðstæður þessi byggðarlög búa. Er ekki von á því að til greina komi að íhuga hvort ekki sé tími kominn til að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir varðandi þessa hluti?

*Upplýsingar um fjárhagsstöðu RÚV.*

[10:48]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að alla síðustu viku hefur staðið hér alvarleg umræða um áform ríkisstjórnarinnar um að einkavæða Ríkisútvarpið og breyta því í opinbert hlutafélag. Í þeirri umræðu hef ég hvað eftir annað gengið eftir því að fá svar við fyrirspurn sem lögð var fram hér á Alþingi 7. desember, og beint til menntamálaráðherra varðandi fjárhag Ríkisútvarpsins miðað við 1. desember 2006. Um þá fjárhagsstöðu hefur menntamálanefnd ekki verið kunnugt, einungis um fjárhagsstöðu útvarpsins miðað við mitt sumar og það í sjálfu sér á afar óljósan hátt eins og fram kemur í skýrslu nefndar sem falið var að gera stofnefnahagsreikning fyrir Ríkisútvarpið áður en því yrði breytt í opinbert hlutafélag.

Mér finnst með mestu ólíkindum, hæstv. forseti, að menntamálaráðherra skuli ævinlega, og nú síðast í morgun, láta gefa sér þau svör í ráðuneyti sínu að svarið sé væntanlegt, á morgun eða hinn daginn. Ég verð að fá að inna hæstv. ráðherra eftir því hér, beinum orðum, hvort meiningin sé að leyna Alþingi Íslendinga og þjóðina þessum upplýsingum.

Ég verð að lýsa því yfir að það er fullkomlega ótækt, virðulegi forseti, að ætla að fara að leiða þetta mál hér til lykta eða greiða um það atkvæði áður en þær upplýsingar sem hér er beðið um liggja fyrir, þ.e. upplýsingar um helstu stærðir í efnahagsreikningi Ríkisútvarpsins miðað við 1. desember 2006 og í rekstrarreikningi. Ég bið um sundurliðun á skuldum. Ég bið um stöðuna gagnvart ríkissjóði og sambærilegar tölur frá lokum árs 2004 og 2005.

Það liggur fyrir að það vantar 400 millj. kr. inn í þann samning sem hæstv. menntamálaráðherra hefur gert nú þegar, þ.e. þau drög sem liggja fyrir sem fylgiskjal með frumvarpi því sem rætt hefur verið. Það liggur fyrir að það þurfi að fara að endurnýja dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Það liggur fyrir að það þurfi að fara að breyta hliðræna kerfinu í stafrænt. Það eru gríðarleg útgjöld fram undan.

Það liggur líka fyrir að stóran hluta eigi að fjármagna með því að ráða ekki í stöður sem losna en það er ófært að Alþingi Íslendinga fái ekki að vita fjárhagsstöðuna klárt og kvitt.

[10:50]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er rétt að hnykkja á því sem hefur verið margsagt hér í þessum ræðustól og við umræðuna í síðustu viku. Það er ekki um að ræða einkavæðingu Ríkisútvarpsins, þannig að menn hafi það á hreinu.

Ég bendi stjórnarandstöðunni enn og aftur á það að fara að gera upp hug sinn hvort hún telji um einkavæðingu eða ríkisvæðingu að ræða. Hún getur ekki gert sjálf upp sinn hug. Það er alveg ljóst að við erum að fara hér í formbreytingu á ríkisstofnun sem mun stuðla að því að Ríkisútvarpið verður öflugra en áður til að sinna menningarhlutverki sínu, efla innlenda dagskrárgerð, efla textun o.s.frv. Til þess er leikurinn gerður að við fáum ríkisútvarp sem sinnir þessum menningarlegu skyldum, þessari almannaþjónustu sem við gerum kröfur um að verði sinnt.

Það er rétt að hv. þingmaður lagði fram fyrirspurn einum eða tveimur dögum áður en þingi lauk fyrir jól og bað um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins 1. desember. Það er unnið að þessu svari eins og hv. þingmanni er fullkunnugt um og við höfum sjálfar rætt okkar á milli. Ég mun gera allt til þess að þetta svar komi fram í dag eða á morgun. Menn eru að vinna að þessu og það er engu að leyna.

Það er rétt að ítreka það sem hefur verið sagt varðandi fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins, við fjármálaráðherra höfum bæði lýst því yfir að Ríkisútvarpinu verði skilað inn í hlutafélagaformið með 15% eiginfjárhlutfalli. Það verður til þess að það muni standa vel undir þeim skuldbindingum sem við ætlumst til að það standi undir.

[10:51]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra lýsir því yfir að mér hafi verið fullkunnugt um að svarið lægi ekki á ljósu og yrði ekki komið hér fyrr en einhvern tímann og einhvern tímann. Það er bara rangt.

Mér var gerð grein fyrir því í upphafi síðustu viku að það ætti að koma þann dag eða daginn eftir. Það er sama svar sem mér er gefið hér í dag. Það er ófært að ráðherrar skuli leyfa sér að gefa þingmönnum svör sem eru svo misvísandi og hafa í raun og veru enga þýðingu, svo sem raun ber vitni. Dag eftir dag hefur okkur verið gefið sama svarið í menntamálaráðuneytinu. Í dag eða á morgun.

Það verður að koma hæstv. ráðherrum í skilning um að þingmenn eiga hér ákveðinn rétt og það er óeðlilegt að ráð-

herrar gangi á rétt þingmanna að þessu leyti.

Varðandi síðan það sem hæstv. ráðherra klifar á, að hér eigi að fara að styrkja Ríkisútvarpið svo mikið að það eigi jafnvel að verða hægt að hækka eiginfjárhlutfallið upp í 15%, verðum við líka að athuga það að allt slíkt verður að fara í gegnum Alþingi. Hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) sækir ekki fjármuni neitt annað en til Alþingis.

[10:53]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni. Fyrirspurnir til ráðherra eru afar mikilvægt tæki fyrir þingið og þingmenn til að upplýsa um ýmis mál. Að sjálfsögðu ber ráðherrum að gera hvað þeir geta til þess að svara eins fljótt og unnt er þeim fyrirspurnum sem berast. Það er verið að gera nákvæmlega í þessu máli.

Ég ítreka það líka sem m.a. ríkisendurskoðandi sagði á fundi menntamálanefndar varðandi formbreytinguna á Ríkisútvarpinu. Hann gat þess sérstaklega að engin formbreyting eins og sú sem við erum að ræða hér, úr ríkisstofnun yfir í Ríkisútvarpið ohf., hefði verið unnin jafn vel og jafnítarlega og þessi breyting sem við erum að ræða um á Ríkisútvarpinu.

Ég ítreka það jafnframt, frú forseti, að Ríkisútvarpinu verður skilað þannig inn í hlutafélagið að það geti staðið undir þeim skuldbindingum sem við gerum til þess, a.m.k. með 15% eiginfjárhlutfall. (**GAK:** ... þjóðarinnar.)

[10:54]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins hefur verið alvarleg síðustu árin. Það er innbyggður halli þar í rekstrinum, og hann er ekki smár. Hann er upp á 200 til 500 millj. kr. á ári.

Hæstv. ráðherra veit vel að það þarf að fara í verulegar fjárfrekar endurbætur á tækjakosti Ríkisútvarpsins eigi það að geta farið í þær breytingar sem hæstv. ríkisstjórn hefur haldið fram að eigi að gera, að fara úr hinu hliðræna kerfi í hið stafræna.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki svarað nokkru hér um spurningar sem ég hef lagt fyrir hana varðandi fjármögnun nýs dreifikerfis. Hvernig á að dreifa dagskrá Ríkisútvarpsins á næstu árum eftir að þessi breyting sem hún leggur til varðandi einkavæðinguna verður komin í gegn? Á bara að treysta á einhver einkafyrirtæki úti í bæ, eins og þar stendur, varðandi dreifingu Ríkisútvarpsins? Eða ætlar ríkisstjórnin að sjá til þess að hinar dreifðu byggðir og miðin fái skýrt merki með stafrænum hætti? Hvernig á þá að fjármagna það?

Er verið að gefa hér loforð upp á hundruð milljóna eða jafnvel meira án þess að (Forseti hringir.) það eigi að fara í gegnum Alþingi til umræðu? Eins og ég segi, ég átel hæstv. ráðherra fyrir að hafa ekki skilað svarinu og (Forseti hringir.) tel það allsendis óforsvaranlegt.

[10:55]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er alveg ótrúlegt hvað hv. þingmanni er lagið að mála skrattann á vegginn. Það er alveg ljóst að rekstur Ríkisútvarpsins hefur á síðustu árum verið mjög erfiður. Það vita allir. Hins vegar verður eiginfjárstaða Ríkisútvarpsins góð þegar umbreytingin verður. Eiginfjárstaðan verður sterk.

Hvað varðar dreifingu á útsendingu Ríkisútvarpsins og það að hægt verði að dreifa útsendingunum til allra landsmanna er ljóst að til að mynda Fjarskiptasjóður mun koma að því að stuðla að eflingu Ríkisútvarpsins hvað varðar dreifingu á útsendingum. Það er ýmislegt í farvatninu sem mun styðja það og styrkja Ríkisútvarpið í þá veru að það geti sinnt betur menningarhlutverki sínu til þess að efla innlenda dagskrárgerð og fleira. Þetta á hv. þingmanni að vera fullkunnugt um.

*Úrræði í málefnum barnaníðinga.*

[10:56]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Í gærkvöldi var sýndur nokkuð áhrifaríkur og sláandi, svo að vægt sé til orða tekið, Kompássþáttur á Stöð 2 þar sem tálbeita var notuð til að kanna það sem umsjónarmenn þáttarins kalla barnaveiðar á netinu.

Sá sem gekk í gildruna í gær var dæmdur níðingur sem telst hafa barnagirnd á háu stigi, ef ekki ólæknandi. Maður sem hefur rústað líf margra barna og virðist vera haldinn ólæknandi löngun til að fremja þessa verstu glæpi sem hægt er að fremja, kynferðisbrot gagnvart börnum, helsjúkur einstaklingur sem er búinn að brjóta svo gróflega á svo mörgum að hann á ekki að ganga laus nema undir stífu og stöðugu eftirliti.

Þar að auki stundaði níðingurinn barnaveiðar sínar úr skjóli Verndar þar sem hann dvaldi eftir að hafa verið sleppt til reynslu þegar hann hafði lokið hluta afplánunar sinnar.

Þátturinn sýnir okkur að sjálfsögðu alvarlega brotalöm í kerfinu. Maðurinn er t.d. vistaður í fangelsi þar sem sálfræðiaðstoð er takmörkuð. Síðan er honum sleppt lausum til reynslu án þess öryggiseftirlits sem lög heimila að viðhaft sé í tilfellum sem þessum. Þetta er maður sem er hægt að ímynda sér í ljósi fyrri brota og niðurstöðu sálfræðimats að ætti heima á lokaðri réttargeðdeild en ekki innan veggja hefðbundins fangelsis eða laus til reynslu eftir að hafa lokið hluta afplánunar sinnar eins og er í þessu tilfelli.

Því vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra hvort til endurskoðunar komi framhaldsúrræði fyrir slíka menn, úrræði sem byggja t.d. á öryggisgæslu að lokinni afplánun þegar um er að ræða jafnalvarlegt tilfelli og þetta? Og það sem rætt hefur verið um áður og kom m.a. fram í svari hæstv. dómsmálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þar sem hún spurði hvort slíka menn ætti að dæma til meðferðar, þá sem það geta uppfyllt?

[10:58]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Í því máli sem hér er rætt var farið fram á það, ef ég veit rétt, af hálfu ákæruvaldsins að viðkomandi yrði dæmdur til öryggisgæslu. Á það var ekki fallist af dómaranum þegar mál hans var fyrir dómstólunum.

[10:58]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Telur hæstv. dómsmálaráðherra ekki að í ljósi upp kominna dæma á borð við þetta, og annarra sem kunn eru, þurfi að endurskoða þær aðferðir sem viðhafðar eru? Þurfa ekki að koma til endurskoðunar þau úrræði sem stuðst er við þegar um er að ræða glæpamenn á borð við þessa sem eru ólæknandi eða illa læknandi af jafnalvarlegum hlutum og barnagirndin er og eru að brjóta af sér eins og í þessu tilfelli í miðri afplánun á þeirri fangelsisstofnun sem Vernd er?

Þeirri spurningu hlýtur að þurfa að svara hvernig það megi vera að dæmdur barnaníðingur sé eftirlitslaus á vægri fangelsisstofnun tveimur og hálfu ári eftir að sex ára dómur er kveðinn upp yfir honum. Þetta er spurning sem við hljótum að þurfa að taka til umfjöllunar þegar fyrir liggur að svo er um að ræða.

[11:00]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Í þessu máli eru mörg álitaefni sem er verið að skoða og fara yfir og vafalaust munum við birta skýrslu um málið. Ég vek athygli hv. þingmanns á því að nú liggur fyrir allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingar á þeim kafla almennra hegningarlaga sem varða kynferðisbrot.

Þingið hefur þessi mál til meðferðar á þessari stundu og einnig er í undirbúningi og verður kynnt frumvarp um meðferð sakamála þar sem tekið er á þessum þáttum.

## *Ríkisútvarpið ohf., frh. 3. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708 og 765.

[11:01]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Umræðan hefur tekið drjúgan tíma og ástæðan er einkum sú að þetta er mjög vont frumvarp. Það er ekki að ástæðulausu sem þingið hefur tekið drjúgan tíma í umfjöllun um þetta frumvarp sem er svona vont. Þetta er gífurlega vont og þá er rétt að spyrja sig hvers vegna hæstv. menntamálaráðherra þráast svona við að fara áfram með það. Ég hef leitað skýringa víða og sú skýring sem er nærtækust er einfaldlega sú að hún hefur orðið afturreka með svo mörg mál. Hún sat á varamannabekknum þegar fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra var með fjölmiðlamálið og eftir margar breytingar aftur og aftur, og þinghald stóð fram á sumar, átti að senda það mál til þjóðarinnar. Forseti Íslands gat ekki skrifað undir það, það var svo slæmt. Hvað gerði Sjálfstæðisflokkurinn þá? Hann dró málið til baka. Mér finnst það mjög athyglisvert í ljósi þess að hæstv. menntamálaráðherra hefur talað í þingsölum um að lýðræðið ætti að ráða ferð. Þegar lýðræðið átti hins vegar að ráða för í því máli sem snertir alla fjölmiðla landsins treysti Sjálfstæðisflokkurinn sér ekki til þess að láta þjóðina ráða því máli. Nei, það var dregið til baka.

Eins er með það mál sem við erum að ræða hér. Það er flokkur á Alþingi sem kallast Framsóknarflokkurinn. Hann er kosinn á þing með það að markmiði að Ríkisútvarpið skuli vera í eigu þjóðarinnar og ekki gert að hlutafélagi. Síðan virðist Framsóknarflokkurinn einhverra hluta vegna guggna á þessu og treysta sér ekki lengur til að standa við samþykktir flokksins frá bæði árinu 2004 og árinu 2003 minnir mig. Þar kemur það skýrt fram. Við í stjórnarandstöðunni höfum boðið þessum flokkum sem ganga þarna þvert á samþykktir sínar að gefa þjóðinni kost á því að kjósa um þetta mál, rétt eins og þjóðinni verði gefinn kostur á því að kjósa um það hvort vatnið eigi að verða séreign. Nei, hæstv. menntamálaráðherra treystir sér ekki í þetta. Hún treystir sér ekki til að gera þetta mál að kosningamáli og vill ekki að gildistöku málsins verði frestað fram yfir kosningar, rétt eins og Sjálfstæðisflokkurinn treysti sér alls ekki til að láta fjölmiðlamálið ganga til þjóðarinnar.

Það eru fleiri mál sem hæstv. menntamálaráðherra hefur orðið afturreka með. Hæstv. menntamálaráðherra er þekkt fyrir mikið keppnisskap. Til marks um það nefni ég styttingu náms til stúdentsprófs í þrjú ár úr fjórum. Þegar manneskja með mikið keppnisskap hefur orðið afturreka heldur hún áfram með vont mál, bara vegna þess að það er sært stolt sem ræður för en ekki skynsemin. Það er engin skynsemi í þessu frumvarpi. Menn reka hér áfram mál sem mun auka á misskiptinguna, meira að segja með afnotagjöldum þar sem meiningin er að taka nefskatt af fólki. Framsóknarflokkurinn er með þessu máli að leggja nefskatt á landsmenn. Það er alveg ótrúlegt og ég mun fara í gegnum það mál, hvernig það mun bitna m.a. á bændum sem reka bú sín með kennitölu. Þarna er Framsóknarflokkinn að leggja fólkið í dreifbýlinu enn og aftur í einelti.

Þegar menn hafa orðið afturreka, bæði eins og með fjölmiðlafrumvarpið fræga sem mátti ekki fara með til þjóðarinnar og síðan styttingu náms til stúdentsprófs, sameinast innvígðir og innmúraðir sjálfstæðismenn um eitt frumvarp og að einhverju leyti drattast Framsóknarflokkurinn með. Þótt það gangi þvert á flokkssamþykktir Framsóknarflokksins reka þeir hér á eftir því og það er ekkert annað mál á dagskrá þingsins. Það er alveg með ólíkindum. Þótt þetta gangi þvert á samþykktir flokksins er Framsóknarflokkurinn með. Eflaust er það einungis vegna þess að sært stolt hæstv. menntamálaráðherra birtist í þessu frumvarpi. Það komast engin mál í gegnum þingið vegna þess að þau eru svo vond og þetta mál er engin undantekning frá því.

Það eru fleiri mál en fjölmiðlamálið og stytting stúdentsprófsins frá hæstv. menntamálaráðherra sem hafa gufað upp úr þinginu. Það má nefna Náttúruminjasafnið sem er lítið mál, er reyndar stórt mál en í augum hæstv. menntamálaráðherra er það í rauninni ekkert nema nafnið eitt, þetta náttúruminjasafn, eins og þjóðin veit. Þótt hæstv.

menntamálaráðherra hafi lagt mjög mikla áherslu á það hefur hún ekki komið neinu til leiðar hvað það varðar. Hér er þetta mál, að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, það mál sem hæstv. menntamálaráðherra hefur algerlega bitið í sig að megi ekki gufa upp eins og hin málin þó svo að það sé alvont.

Enn fleiri mál má nefna, svo sem tónlistarhúsið. Ef allt væri með felldu í því máli stæði hæstv. menntamálaráðherra í fararbroddi í því að byggja upp tónlistarhús fyrir landsmenn. Nei, það mál hefur ekki komið inn í þingið. Það er á einhverju heimildaákvæði í fjárlögunum og maður spyr sig: Hvers vegna er hæstv. menntamálaráðherra ekki stoltari af þessu tónlistarhúsi en svo að það er eins og að hún láti sig hverfa þegar verið er að ræða það mál?

Síðan er hér ríkisútvarpsfrumvarpið sem er gríðarlega vont mál. Það er það m.a. vegna þess að það hefur sýnt sig að þó að þetta mál sé kannski ekki stórt í krónum talið hvað varðar að það auki á misskiptinguna kemur greinilega í gegn vilji Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar vegna þess að lagt er til að taka upp nefskatt. Um leið og fólk er komið yfir ákveðin tekjumörk þarf það að greiða 15 þús. kr. nefskatt sem leggst þá á fólk burt séð frá tekjunum sem það hefur yfir þessum þröskuldi. Það kemur niður á fjölmörgum heimilum. Ég hef tekið dæmi af fólki í sveitum en Framsóknarflokkurinn virðist ásamt Sjálfstæðisflokknum leggja fólk í sveitum í mikið einelti þessa dagana, bæði með því að svipta fólk eigum sínum með ótrúlegum landakröfum í gegnum þjóðlendur þar sem fólk er svipt þinglýstum eigum og með því að einhver nefnd manna virðist ekki hafa nokkra staðþekkingu á þeim landsvæðum sem verið er að gera kröfu til.

Ef þetta frumvarp verður óbreytt að lögum þurfa hjón sem búa í sveit með tvö börn yfir 18 ára aldri að greiða 60 þús. kr. fyrir að hlusta á Ríkisútvarpið sem kannski hefur einmitt ekki allt of góð hlustunarskilyrði á viðkomandi stað. Ef búið er rekið á kennitölu eins og algengt er orðið bætast við 15 þús. kr. Þarna birtist þessi skattheimta skýrt, það á alltaf að taka meira og meira af þeim sem hafa tiltölulega lægri tekjurnar en svo er annar hópur sem hefur algerlega sloppið. Það eru auðvitað þeir sem greiða einungis fjármagnstekjuskatt. Þetta er orðinn drjúgur hópur og það hefur komið fram í umræðunni að þetta eru 2.200 manns. Þeir eiga ekki að greiða, enda er þetta hópurinn sem bæði Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa reynt að lyfta undir. Af hópnum sem hefur lægri tekjurnar, þeim sem býr mikið til í dreifbýlinu — ef menn skoða tekjuskiptinguna í landinu er orðið áberandi hvað tekjur eru lægri í dreifbýlinu en í þéttbýlinu — vill Framsóknarflokkurinn með þessu frumvarpi taka meira, enn meira til Ríkisútvarpsins sem þessi hópur hefur jafnvel minni aðgang að en aðrir landsmenn. Þetta finnst manni ákaflega ósanngjarnt. Þetta er ósanngjarnt en Framsóknarflokkurinn virðist gera þetta þrátt fyrir að hafa gengið til síðustu kosninga undir þeim merkjum að það eigi að standa vörð um Ríkisútvarpið. Þegar til kastanna kemur er ekki staðið við eitt eða neitt. Þá er rétt að velta fyrir sér: Er einhver munur á þessum flokkum, frú forseti? Er einhver munur á Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum? Mér finnst rétt að menn spyrji sig þeirrar spurningar. Nú á að fara að einkavæða Ríkisútvarpið og framsóknarmenn ganga í það verk rétt eins og þeir gengu í það að leggja af Landssímann og seldu dreifinetið með þótt annað hafi verið rætt þegar gengið var til kosninga.

Ég er á því, frú forseti, að munurinn á stjórnarflokkunum sé alltaf að verða minni og minni og Framsóknarflokkurinn sé orðin hálfgerð B-deild í Sjálfstæðisflokknum. Það birtist m.a. hér í því að menn hafa kannski einhverja stefnuskrá fyrir kosningar en þegar gengið er inn í ríkisstjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokknum gildir sú stefnuskrá ekki. Hún er bara lögð til hliðar og stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins tekin upp. Hún gildir þannig að Framsóknarflokkurinn er, eins og maður segir, viljayfirlýsing sem skiptir akkúrat engu máli þegar til kastanna kemur.

Maður spyr sig: Hvers vegna hefur t.d. Framsóknarflokkurinn lagt áherslu á það að svipta bændur útræðisrétti sínum? Er það eitthvað í stefnuskrá Framsóknarflokksins? Nei, það er ekki í stefnuskrá Framsóknarflokksins en það er stefna Sjálfstæðisflokksins. Þá er hún tekin upp, rétt eins og með Ríkisútvarpið er stefna Framsóknarflokksins algerlega lögð til hliðar og tekin upp stefna Sjálfstæðisflokksins.

Það er fleira sem maður áttar sig ekki á. Var það stefna Framsóknarflokksins, frú forseti, að styðja árásina inn í Írak? Nei, það var ekkert í stefnuskrá Framsóknarflokksins en samt hafa þessir flokkar sameinast við það og það kemur nú á daginn í svari sem ég fékk við fyrirspurn í síðustu viku að hæstv. utanríkisráðherra virðist hafa lagt mikla fjármuni, á fimmta tug milljóna íslenskra króna, í að flytja hergögn til Íraks og það gerðist á árinu 2006. Samt sem áður gefur hún það út að hún sé einhver ljósmæðrautanríkisráðherra sem ætlar að senda ljósmæður og hjúkrunarkonur í friðargæslu út um allan heim. Þegar maður skoðar hins vegar útgjöld ráðuneytisins birtist stefnan og hún er enn þá hörð. Stefnan er að flytja hergögn til Íraks. Það er furðulegt að verða vitni að því að Framsóknarflokkurinn skuli í þessu ríkisútvarpsmáli leggja sína stefnu til hliðar og taka upp stefnu Sjálfstæðisflokksins. Menn reyna ekki einu sinni að réttlæta þetta. Það er nefnilega svo sérstakt.

Formaður Framsóknarflokksins fer undan í flæmingi þegar hann er spurður. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hann um daginn í þinginu — og hvað gerðist? Hann taldi að þingmaðurinn væri að gera að gamni sínu, að vera að spyrja hann út í það hvers vegna hann legði sína stefnu til hliðar. Það sýnir mér og sannar að það er svo léttvægt verk fyrir Framsóknarflokkinn að leggja sín stefnumál algerlega til hliðar og taka upp stefnu Sjálfstæðisflokksins í einu og öllu. Þeir eru orðnir svo vanir því. Rétt eins og þegar framsóknarmenn tala alltaf um að gera einhverjar endurbætur á kvótakerfinu sem er að leggja landsbyggðina í rúst og hefur lokað fyrir alla nýliðun í sjávarútvegi, svo er bara tekin upp stefna Sjálfstæðisflokksins, bændur sviptir útræðisrétti sínum, gengið með Sjálfstæðisflokknum í að svipta bændur eignarlöndum sínum og maður er nokkuð hissa á því hvað hægt er að ganga langt.

Hvað varðar þetta einstaka frumvarp birtist sú stefna ríkisstjórnarflokkanna að það á að selja Ríkisútvarpið. Gott og vel. Ef menn vilja selja Ríkisútvarpið verða þeir að koma hreint fram, ekki gera eins og þegar Landssíminn var seldur. Þá var sagt: Það á ekkert að selja hann. En hver varð

raunin, frú forseti? Þetta var allt selt. Og hvað gerðist síðan í framhaldinu? Hefur símareikningurinn lækkað hjá fólkinu? Nei, hann hefur hækkað. Hvað er að gerast í þessu frumvarpi? Eru afnotagjöldin að lækka? Nei, þau eru að hækka og þau hækka tiltölulega mest hjá þeim sem hafa hlutfallslega lágar tekjur. Einn ákveðinn hópur sleppur og það er sá sem hefur einungis tekjur af fjármagni. Þetta er stefna ríkisstjórnarflokkanna og hefur m.a. verið staðfest af Ragnari Árnasyni hagfræðingi sem kom með athugun á því *hvers vegna misskiptingin hefði aukist svona ógurlega.* Það var í gegnum skattkerfið og fjármagnstekjurnar. Nú á að halda áfram að keyra þessa stefnu sem hefur verið staðfest og m.a. rannsökuð af vísindamönnum uppi í háskóla af ekki ómerkari mönnum en Stefáni Ólafssyni prófessor og umræddum Ragnari Árnasyni.

Að vísu getur Ragnar reiknað ýmsa hluti, svo sem varðandi fiskana í sjónum, sem hafa ekki gengið eftir en mér finnst að hann hafi þarna traustari reiknigrunn hvað varðar þessa misskiptingu sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa komið á, markvisst að því er virðist, og hefur vaxið frá ári til árs. Hér er um markaða stefnu að ræða. Enn og aftur, frú forseti, mér finnst að menn eigi að koma hreint fram í þessu máli. Það er lágkúra að koma fram eins og flokkarnir gerðu þegar Póstur og sími var hlutafélagavæddur, Landssíminn seldur, þá stóð það ekki til í orði kveðnu þegar fyrirtækið var gert að hlutafélagi. Menn sóru það af sér. Eins sverja menn af sér nú. Það er ekki mikið mark takandi á þessum málflutningi og símareikningurinn hefur hækkað eins og áður segir og nú munu afnotagjöldin eflaust leggjast þyngra á þá sem hafa lægstu tekjurnar. Ég sé að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gleðst sérlega yfir því að þarna náist betur fram stefna Sjálfstæðisflokksins í skattamálum, þ.e. að taka skattana æ meira af þeim sem hafa lágu launin og minna af þeim sem hafa háu launin. Það kom nefnilega í ljós þegar gerð var úttekt á aukinni skattbyrði ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins sem tekur alltaf meira og meira til sín af þjóðarkökunni að skattbyrðin hefur þyngst á alla landsmenn nema þá sem hafa 10% hæstu tekjurnar. Það er ekki endilega fólk sem er með há laun. Nei, það er fólkið sem hefur fjármagnstekjurnar og það er svo skrýtið að með þessu frumvarpi á meira að segja að halda áfram þegar komið er í útvarpið. Og hvað verður næst? Það er rétt að fólk spyrji sig þeirrar spurningar. Hvar ætla menn að taka næst? Hvar ber Sjálfstæðisflokkinn næst niður í að taka meira af þeim sem hafa lægstu launin til þess að deila síðan ójafnt út?

Maður spyr sig þeirrar spurningar. Í rauninni kemur fátt á óvart eftir að hafa lesið þetta frumvarp og þá stefnu sem má ekki hvika frá þó að hér hafi verið lögð fram mjög greinargóð rök með því að það eigi að slá af. Þá kemur á móti að hæstv. ráðherra hefur þurft að lúffa svo oft að nú finnst henni nóg komið. Nú er komið upp í henni eitthvert keppnisskap sem hefur hlaupið með hæstv. ráðherra í gönur.

Þegar við förum yfir einkavæðinguna fram að þessu sjáum við að hún er náttúrlega algerlega ábyrgðarlaus þar sem sjaldnast hefur verið spurt hvort tilboð hafi verið há eða lág þegar menn hafa selt banka, heldur hver kaupandinn hafi verið. Þegar m.a. Landsbankinn var seldur var lægsta tilboðinu tekið og svo seldu framsóknarmenn sjálfum sér auðvitað Búnaðarbankann sem síðar breyttist í KB-banka og heitir nú Kaupþing. Einn af þeim kaupendum hélt mjög dýrlega veislu um síðustu helgi og gaf ákveðna upphæð í sjóð til styrktar hinum og þessum mjög góðum málefnum.

Ég tel að þessum flokkum sé einfaldlega ekki treystandi. Hvað verður um Ríkisútvarpið, hver á að fá Ríkisútvarpið? Það er ekki efi í mínum huga að með þessu frumvarpi er verið að undirbúa sölu á Ríkisútvarpinu en ég velti fyrir mér hver eigi að fá að kaupa. Maður furðar sig á þessu. Dregin hafa verið upp fyrirtæki eins og S-hópurinn, t.d. þegar Búnaðarbankinn var seldur. Þá kom að vísu einnig til sögunnar kjölfestufjárfestir sem gufaði upp og enginn veit hvar endaði. Hvaða kaupandi verður dreginn upp þegar þetta ágæta fyrirtæki verður selt? Verður það t.d. gamli Tíminn? Verður hann allt í einu endurlífgaður þarna inni, eða verður það Tímahópurinn? Ég fór að velta þessu fyrir mér því að annað eins hefur nú gerst. Verður kominn einhver framsóknarfjölmiðill, eða hvað dettur mönnum í hug? Við urðum vitni að því fyrir nokkrum missirum að inn var dreginn sérstakur útvarpsstjóri sem átti að vera, skilst mér, fulltrúi Framsóknarflokksins. Nú fékkst annar maður til starfans sem hefur algerlega umpólast í ýmsum viðhorfum sínum til útvarpsreksturs. Má þar nefna hvort starfsemi Ríkisútvarpsins eigi að vera á auglýsingamarkaði og eitt og annað þannig að það er erfitt að fylgjast með málflutningnum hjá þessum ágæta útvarpsstjóra. Hann hefur tekið afstöðu með þessu frumvarpi og með sínum menntamálaráðherra og gegn stjórnarandstöðunni. Mér finnst visst áhyggjuefni fyrir Ríkisútvarpið að verða vitni að því að útvarpsstjóri skuli taka svona harða afstöðu gegn okkur í stjórnarandstöðunni og með ríkisstjórninni, sérstaklega þegar í ljós hefur komið við umfjöllun að þetta er vont frumvarp. Það er ekki gott að ætla að auka skattheimtuna enn meira á þá sem hafa lægstu launin og taka kannski 75 þús. kr. af heimilum bara fyrir Ríkisútvarpið á sama tíma og ekki á að taka eina krónu af þeim sem hafa hæstu tekjurnar. Mér finnst ekki skynsamlegt hjá núverandi útvarpsstjóra að taka svo harða afstöðu í þessu máli þegar frumvarpið er svona slæmt.

Það er rétt að velta fyrir sér þessum einkavæðingaráformum. Dæmin eru því miður þannig, t.d. með okkar ágætu banka sem voru seldir, að það er kannski rétt að rifja upp fleiri sölur. Það er mál fyrir dómstólunum núna og þess vegna ber manni auðvitað að tala varlega um það, frú forseti. Það er þegar Íslenskir aðalverktakar voru seldir. Skyndilega var einn af þeim sem stóðu í að selja, fulltrúi ríkisstjórnarinnar, Framsóknarflokksins, kominn í stjórn félagsins. Það leikur grunur, mjög sterkur grunur, á því að ákveðnum upplýsingum um verðmæti fyrirtækisins hafi verið haldið aftur þannig að þeir sem buðu í fyrirtækið sátu ekki allir við sama borð. Það hefur ýmislegt komið upp í þessum einkavæðingarmálum sem menn eiga að varast. Ég held að þessir flokkar sem nú ráða séu ekki með hreinan skjöld. Sérstaklega hefur hæstv. forsætisráðherra, Geir Haarde, komið að þessum málum og fingraför hans eru víða, eins og í því máli hvað varðar Íslenska aðalverktaka. Hann átti þar fulltrúa í nefndinni og átti að gæta hagsmuna almennings en ekki úthluta þessum fyrirtækjum. Ef vafi lék

á vinnubrögðum átti hann auðvitað að draga þetta til baka.

Þetta eru mál sem við í Frjálslynda flokknum teljum að þurfi að fara rækilega í gegnum en ég er ekki viss um að þeir sem eru í ríkisstjórninni séu okkur sammála hvað það varðar, hvorki Framsóknarflokkurinn né Sjálfstæðisflokkurinn, enda hafa jafnvel sumir af æðstu ráðamönnum í þeim flokkum selt sjálfum sér. Það kom m.a. í ljós að annaðhvort þeir sjálfir eða nákomnir aðilar tengdust þessari sölu á Búnaðarbankanum þar sem venslamenn Halldórs Ásgrímssonar og jafnvel hann sjálfur áttu hlut í fyrirtækjum sem keyptu. Hann eignaðist þar hlut í Búnaðarbankanum og síðan innstu koppar í búri Framsóknarflokksins sem halda síðan ærlegar veislur og bjóða heimsþekktum tónlistarmönnum til veislunnar. Þetta eru staðreyndir málsins. Þarna er nokkuð örugglega farið með fjármuni á vafasaman hátt. Menn hafa komist í álnir við það að vera í innsta hring stjórnarflokkanna. Þetta eru mál sem þarf að ræða en eru því miður minna rædd en efni standa til.

Þetta mál snýr líka að starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Það sem hefur gerst er það að útvarpsstjóri, Páll Magnússon, hefur tekið afstöðu á móti stjórnarandstöðunni sem hefur talað um að þetta mál skerði réttindi starfsmanna. Veigamikil rök hafa verið færð fyrir því. Með þessu höfum við viljað draga fram hið rétta í málinu. Ef það er fullur vilji Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að skerða þessi réttindi eiga menn að tala um það á mannamáli, segja það og viðurkenna það í stað þess að draga orð annarra í efa. Útvarpsstjóri hefur með þessu tekið afstöðu með ríkisstjórninni á móti því að rætt sé um það fyrir opnum tjöldum og farið rækilega í gegnum það hvað þessi réttindi eru skert mikið.

Eflaust finnst stjórnendum, svo sem hæstv. menntamálaráðherra, að það þurfi að skerða þessi réttindi en þá eiga menn bara að viðurkenna það. Það er ekkert öðruvísi. Nú eru að koma upp fleiri mál, t.d. nú um áramótin var ríkisfyrirtæki breytt í hlutafélag, Flugstoðir ohf., sem olli miklum titringi. Nú er að vísu búið að semja í því máli og með þeim samningum viðurkenndu stjórnvöld að réttindi hefðu verið skert. Þau komu til móts við þær kröfur sem uppi voru um það sem starfsmenn héldu fram, að réttindi hefðu verið skert. Viðurkenning fólst í að uppfylla þær kröfur.

Svo er annað fyrirtæki sem eins er ástatt fyrir en er kannski minna í umræðunni. Eflaust er það ekki vegna þess að minni réttindaskerðing standi fyrir dyrum hjá þeim, heldur er það þannig að þeir starfsmenn í því ríkisfyrirtæki — ég er að tala um Matís — hafa ekki eins góða þrýstingsmöguleika á stjórnvöld og flugumferðarstjórar. Það er einnig með þessu frumvarpi sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn leggja alla áherslu á að koma í gegn þó svo að frumvarpið sé vont. Þeir menn koma ekki hreint fram hvað varðar það að þeir ætli sér að einkavæða þetta, skerða réttindi starfsfólks og í ofanálag er gengið á þá sem hafa lægri launin og heimta af þeim hlutfallslega hærra framlag en af þeim sem hafa hærri launin í þessu samfélagi. Með þessu frumvarpi er misskiptingin aukin.

Frú forseti. Ég geri mér fyllilega ljóst að flestir stjórnarliðar vita þetta, en þeir viðurkenna það ekki opinberlega. Það er eflaust vegna þess að þeir hafa komist upp með þennan leik. Menn hafa komist upp með þennan leik áður, svo sem þegar Landssíminn var seldur o.fl. þannig að menn ætla bara að reyna aftur. Hvað varðar hæstv. menntamálaráðherra er raunin einfaldlega sú að hér er haldið áfram með þetta mál vegna þess að hún hefur ekki komið neinu fram. Þess vegna er verið að kýla á þetta mál og í löngum umræðum eins og í síðustu viku og í fyrirspurnatíma áðan, á þremur korterum eða svo, gat hæstv. menntamálaráðherra ekki upplýst um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Samt sem áður á að ræða málin hér áfram. Það segir sína sögu að það á endilega að breyta einhverju. Enginn veit fjárhagsstöðu fyrirtækisins en samt sem áður er því haldið fram að það eigi að verða 15% eiginfjárstaða. Hvers vegna ætli sú tala hafi verið valin? Hún hefur bara verið gripin eins og hvað annað úr lausu lofti og passað vel inn í umræðuna en engir útreikningar liggja fyrir. Það viðurkenndi hæstv. menntamálaráðherra. Hún bara grípur einhverja tölu, 15%, 20% eða eitthvað bara. Það er eftir öðru í þessu máli og mér finnst að stjórnarmeirihlutinn ætti að íhuga hvort þetta mál eigi ekki að fara einfaldlega sömu leið og fjölmiðlamálið átti að fara, í dóm kjósenda. Kjósendur geta þá tekið afstöðu til þess hvort þeir vilja þessa ríkisstjórn með mál á bakinu eins og vatnið, þjóðlendumálið og þessa skattastefnu sem birtist m.a. í þessu frumvarpi. Til þess treysta stjórnarliðar sér ekki.

Ég átta mig ekki á þessari umræðu hjá núverandi hæstv. menntamálaráðherra vegna þess að í rökstuðningi fyrir þessu máli er alltaf talað um að lýðræðið eigi að ráða ferð. Við hvað eru menn þá hræddir ef þeir geta ekki farið með þetta mál til kjósenda? Það er eitthvað, og ef til vill er það málið sjálft. Málið er vont og það sem ég óttast við það fyrst og fremst er að þegar þessi skattheimta byrjar verði grafið undan Ríkisútvarpinu. Það er eflaust þá vilji til að byrja með skattheimtuna og síðan er það svo ómögulegt að það þarf að selja það og þá endum við kannski með ekki hæsta tilboð heldur ákveðinn kaupendahóp sem verður valinn sérstaklega. Það er nefnilega reglan hjá þessum flokkum. Menn eru valdir til þess að eignast ríkisfyrirtæki. Þegar Búnaðarbankinn var seldur, einkavæddur, var tekið lán í ríkisbankanum Landsbankanum fyrir kaupunum. Þetta er eftir öðru. Þegar Landsbankinn var seldur voru teknar út vissar eignir eins og vátryggingafélagið, settar inn í klíku hjá Framsóknarflokknum og selt á tombóluverði. Hver veit nema þá verði byrjað á að taka bestu bitana út úr þessu ríkisútvarpi og þeir færðir einhverjum ákveðnum aðilum? Það væri þá bara eftir öðru hjá þessum flokkum.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu miklu lengri en hefði talið réttast fyrir hæstv. menntamálaráðherra að það væri komið hreint fram í þessu máli og menn færu yfir það hvernig þessi fjármögnun kemur ójafnt niður. Hún lendir á þeim aðilum sem síst skyldi, svo sem þeim sem hafa lágar tekjur og búa margir á heimili en dekurhópur framsóknar- og sjálfstæðismanna sleppur í þessu frumvarpi og þarf ekki að greiða neitt meðan stærri fjölskyldur þurfa að greiða miklum mun meira en áður.

[11:39]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason):**

Forseti. Ég á tvenns konar erindi í þennan ræðustól, annars vegar að kynna breytingartillögu sem við höfum

flutt, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd, auk mín hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Kolbrún Halldórsdóttir og Magnús Þór Hafsteinsson. Hún er af okkar hálfu lokatilraun til þess að koma stjórnarflokkunum til sátta í þessu máli, sátta sem eru mikilvæg fyrir Ríkisútvarpið og fyrir þjóðina. Efnisinnihald hennar er það að gildistöku laga, ef frumvarpið verður að lögum, verði frestað fram yfir kosningar.

Hitt erindi mitt í ræðustólinn er að kynna sameiginlega yfirlýsingu Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins um Ríkisútvarpið 22. janúar 2007 sem var flutt á blaðamannafundi hér rétt áðan. Hún er svona, með leyfi forseta, undir fyrirsögninni Samstaða um Ríkisútvarpið, traust og sjálfstætt almannaútvarp:

„Stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi, Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn, hafa lagt áherslu á það í umræðum um RÚV-frumvarpið að ná þurfi víðtækri sátt í samfélaginu um þær framtíðarbreytingar sem gerðar verði. Stjórnarandstaðan vill með því tryggja að hér verði ríkisútvarp en ekki ríkisstjórnarútvarp.

Ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, hafa kosið að afgreiða frumvarp um Ríkisútvarpið í miklum ágreiningi við stjórnarandstöðuna. Forustumenn þessara flokka hafa hafnað öllum sáttaboðum. Ríkisstjórnin hefur með þessu kosið að setja pólitíska hagsmuni sína ofar velferð Ríkisútvarpsins og ljóst er að nýrrar ríkisstjórnar bíður það verkefni að taka málefni Ríkisútvarpsins til endurskoðunar með það í huga að skapa um þau sátt til frambúðar. Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn eru sammála um þessi markmið við slíka endurskoðun:

1. Ríkisútvarpið verður ekki hlutafélag en fundnar leiðir til aukinnar skilvirkni og svigrúms í rekstri með nýjum lagaramma sem tryggir sjálfstæði og fagleg viðhorf við dagskrárákvarðanir og ráðningarmál.

2. Ríkisútvarpið verður almannaútvarp með skýrt afmarkað hlutverk og vel skilgreindar starfsreglur. Ríkisútvarpið tryggir fjölbreytni í ljósvakafjölmiðlun á Íslandi. Það annast vandaðan fréttaflutning, framleiðslu og miðlun menningarefnis af margvíslegu tagi, er vettvangur lýðræðislegrar umræðu og hefur víðtækt fræðsluhlutverk. Í sjónvarpi er innlent efni í öndvegi með þátttöku íslenskra framleiðenda. Áhersla er lögð á efni fyrir börn og unglinga í öllu starfi Ríkisútvarpsins.

3. Stjórn Ríkisútvarpsins verður rekstrarstjórn. Hún verður þannig skipuð að sem breiðust samstaða myndist en störf hennar mótist ekki af ríkisstjórnarmeirihluta hverju sinni. Dagskrárákvarðanir allar eru í höndum starfsmanna. Akademía eða hlustendaþing er með í ráðum við meiri háttar rekstrarákvarðanir og mótun dagskrárstefnu til langs tíma.

4. Ríkisútvarpið verður sjálfstætt, óháð stjórnmála- og viðskiptahagsmunum. Starfsmenn þess eiga að búa við ritstjórnarlegt sjálfstæði sem m.a. tryggir faglega umfjöllun um menn og málefni á vettvangi stjórnmála og atvinnulífs. Skýr aðgreining verður mörkuð í dagskrá Ríkisútvarpsins milli dagskrárgerðar og auglýsinga og settar verða reglur um kostun sem taka mið af þessu.

5. Ríkisútvarpið verður fjármagnað annars vegar með ríkisframlagi og sérstökum tekjum en hins vegar með auglýsingatekjum. Tryggt verður að auglýsingatekjur hafa ekki áhrif á dagskrárframboð Ríkisútvarpsins og rýra ekki um of svigrúm annarra ljósvakamiðla á þeim markaði.

6. Málefni starfsmanna hjá Ríkisútvarpinu fylgja meginreglum og hefðum á opinberum vinnumarkaði og eru gædd þeim sveigjanleik sem fjölmiðill þarf á að halda. Við mótun nýs lagaramma verður farið yfir réttindi og skyldur starfsmanna ásamt starfsmönnum og samtökum þeirra með þetta markmið í huga."

Hér lýkur, forseti, þessari sameiginlegu yfirlýsingu stjórnarandstöðuflokkanna þriggja og hér lýkur af okkar hálfu, stjórnarandstöðunnar, umræðum um þetta mál að sinni, eins og oft hefur verið sagt í umræðunni í þessum sal. Við höfum með þátttöku okkar í henni komið málstað okkar vel á framfæri og það er ljóst að sáttaboðum þeim sem við gáfum svigrúm til með þessari umræðu hefur verið hafnað af hálfu stjórnarinnar og það er miður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Sinfóníuhljómsveit Íslands, 3. umr.***

Stjfrv., 57. mál (rekstraraðilar). — Þskj. 57.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 11:45.

---

# 57. FUNDUR

mánudaginn 22. jan.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 465. mál, þskj. 644. — 1. umr.
2. Dómstólar og meðferð einkamála, stjfrv., 496. mál, þskj. 750. — 1. umr.
3. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 464. mál, þskj. 643. — 1. umr.
4. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 466. mál, þskj. 645. — 1. umr.

[15:00]

**Útbýting:**

Olíuleit og rannsóknir á landgrunni Íslands, 354. mál, svar iðnrh., þskj. 762.

## *Almenn hegningarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 465. mál (aukin refsivernd lögreglu). — Þskj. 644.

[15:00]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum. Frumvarpið er samið að tilhlutan minni með góðri ráðgjöf frá Róbert R. Spanó, dósent við lagadeild Háskóla Íslands og Ásgerði Ragnarsdóttur, aðstoðarmanni hæstaréttardómara, og sömdu þau drög að frumvarpinu.

Hvatinn að því að frumvarp þetta er flutt er ekki síst sá að margar ábendingar hafa komið fram, sérstaklega frá lögreglumönnum, um að ofbeldi gagnvart þeim og öðrum sem fara með opinbert vald sé vaxandi og nauðsynlegt sé að lagaákvæði þeim til varnar taki mið af þeim breytingum og bæta eigi starfsumhverfi þessara embættismanna og opinberra starfsmanna með því að lögin endurspegli þessar breytingar á því umhverfi.

Í núgildandi lögum er ekki gerður greinarmunur á eðli þeirra starfa sem opinberir starfsmenn hafa með höndum hvort sem brot beinist gegn lögreglumanni, tollverði eða starfsmanni ráðuneytis. Refsimörk eða refsitegundir 106. gr. hegningarlaga eru því þær sömu hvort sem hinn opinberi starfsmaður hefur heimild til valdbeitingar eða ekki. Haldbær rök þykja standa til þess að gera greinarmun á þessu, þ.e. gera greinarmun á eðli þeirra starfa sem starfsmenn hins opinbera hafa með höndum. Lagt er til að sú refsivernd sem lögreglumenn njóti svo og aðrir opinberir starfsmenn sem hafa heimild til valdbeitingar séu í réttu hlutfalli við þá hættu á líkams- og heilsutjóni sem leiðir af eðli starfans. Þannig verði unnt að beita fangelsi allt að átta árum, ef brot beinist að opinberum starfsmanni sem hefur lögum samkvæmt heimild til líkamlegrar valdbeitingar, í stað sex ára fangelsis eins og nú er samkvæmt lögum. Eru þetta skýr skilaboð til dómstóla um að dæma þyngri refsingar við slíkum brotum en þegar litið er til þeirra dómareifana sem fylgja frumvarpinu verður að segjast að mikið skortir á að þessi brot séu litin alvarlegum augum.

Virðulegi forseti. Það er von mín að hækkun á refsihámarki 106. gr. almennra hegningarlaga hafi í för með sér að harðar verði tekið á slíkum brotum, að það hafi aukin varnaðaráhrif í för með sér og greiði þannig fyrir störfum lögreglumanna og annarra opinberra starfsmanna sem heimild hafa til valdbeitingar.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[15:03]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Hér erum við að ræða frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Ég vil við 1. umr. málsins taka undir að mér finnst skilaboðin sem felast í frumvarpinu jákvæð. Það hefur lengi verið í umræðunni að við þyrftum að bregðast með einhverju móti við vaxandi óvirðingu og ofbeldi gegn lögreglumönnum. Lögreglumenn hafa bent á að þetta sé jafnvel farið að aukast og þess vegna er rík ástæða fyrir okkur hér á þingi að taka þetta til umræðu.

Mikilvægt er að hafa í huga að árás á lögreglumann er ekki einungis árás á persónu hans heldur er líka verið að vega að almannahagsmunum sem eru verndaðir í lögum. Því er verið að ráðast á valdstjórnina, ef svo mætti segja. Það sem skiptir máli er að við tökum alvarlega á slíku og að lögreglumenn og fleiri hér á landi sem fara með sambærilegt vald geti fundið fyrir tilhlýðilegri refsivernd þegar kemur að lögunum sjálfum. Því er um ríka hagsmuni að ræða sem snerta almannahagsmuni.

Við í allsherjarnefnd munum skoða þá leið sem hæstv. dómsmálaráðherra mælist til að við förum til að ná því markmiði. Við fljótan yfirlestur virðist breytingin vera sú að refsingin er þyngd úr sex árum í átta ár. Í því felast ákveðin skilaboð til dómstóla að taka jafnvel harðar á slíkum málum. En það er líka umhugsunarvert hvort þetta sé rétta leiðin til að ná því markmiði, hvort til staðar séu einhverjar aðrar leiðir til að auka refsiverndina, því afar ólíklegt er að það reyni á svo þunga dóma í þessum málum nema í algerum undantekningartilvikum. Fróðlegt væri að vita ef hæstv. dómsmálaráðherra hefur það á takteinum hvort hann þekki dómafordæmi hvað þetta varðar, hvaða dóma við höfum verið að sjá þegar kemur að ofbeldi gagnvart lögreglumönnum, tollgæslumönnum o.s.frv. Væntanlega eru refsingarnar fyrir slíkt ofbeldi talsvert vægari en núverandi lög gera ráð fyrir, en ég vil hins vegar ekki gera lítið úr því að þegar löggjafinn grípur til þess ráðs að þyngja hámarksrefsingu og mér finnst að dómstólarnir eigi að taka mið af því. Þetta sást m.a. þegar refsihámark í fíkniefnamálum var þyngt á sínum tíma, þá virtust dómar í þeim málaflokki þyngjast. Ég hef talað fyrir því að við beitum þeirri tækni gagnvart dómstólunum, sem að sjálfsögðu eru sjálfstæðir. En við ættum að beita þessari tækni til að koma skilaboðum frá löggjafanum til dómstóla í fleiri málaflokkum, eins og í kynferðisafbrotamálum þar sem um er að ræða skammarlega lága dóma, eins og þjóðin þekkir, sem bjóða margs konar hættu heim, m.a. að menn taki einfaldlega lögin í sínar eigin hendur. En fyrst og fremst særa dómar í þeim málaflokki réttlætiskennd þjóðarinnar allverulega.

Ég tel ítrekunarheimildina í c-lið 1. gr. sömuleiðis jákvæða. Hún lýtur að því að hægt sé að hækka refsingu um allt að helming ef viðkomandi hefur gerst áður sekur um brot á þeirri grein. Þetta er mikilvæg refsiþyngingarástæða sem er ánægjuleg viðbót, að mínu mati. Ég held að ef við í allsherjarnefnd höfum tíma á þessu stutta þingi ættum jafnvel að taka umræðu um aukin úrræði fyrir lögreglu. Við þurfum á einhvern hátt að bregðast við þeirri stöðu sem er í dag og hlusta að sjálfsögðu á lögreglumennina og þá sem

þekkja hvað er að gerast úti í bæ. Við ættum að fara í umræðu um hvort ástæða sé til að auka úrræði lögreglu, innan skynsamlegra marka auðvitað. Hér þarf alltaf að vera á ferðinni ákveðið hagsmunamat. Við þurfum að gæta að friðhelgi einkalífsins, mannréttindum o.fl. Við þurfum því að fara mjög varlega þegar kemur að lagabreytingum. Hins vegar er umræðan þörf og ástæða til að nefna ýmsa þætti. Bent hefur verið á að lögreglan mætti kannski vera betur í stakk búin að bregðast við með auknum úrræðum. Ekki er langt síðan við ræddum við hæstv. dómsmálaráðherra um notkun á tálbeitum og á kannski vel við í ljósi þeirrar umræðu sem hefur sprottið af Kompássþættinum í gær. Ég tel það fyllilega koma til greina að lögreglan hafi sérstök úrræði í baráttunni gegn barnaníðingum. Í löggjöf okkar er víða tekið tillit til barna og barnaverndar með sérákvæðum og má færa efnisleg rök fyrir því að hugsanlega ættu sérstök úrræði gagnvart þessum málaflokki að vera fyrir hendi. Það má ekki gera lítið úr þeim varnaðaráhrifum að hafi lögreglan vel skilgreindar heimildir til notkunar tálbeitu í þeim málaflokki sem lýtur að kynferðisafbrotum gegn börnum, gæti sú vitneskja almennings um slíkt jafnvel fælt viðkomandi barnaníðinga frá tilraunum til slíkra glæpa og með því einu væri mikið unnið.

Einnig hefur verið rætt um skýrari lagareglur um notkun upptökutækja. Við höfum oft tekist á við hæstv. dómsmálaráðherra um símhleranir og hvaða leiðir er best að fara í sambandi við þær. Þar rekumst við alltaf á þetta hagsmunamat sem allir sem koma nálægt þess konar umræðu þurfa að fara í gegnum. Sömuleiðis hefur verið bent á úrræði sem kennd eru við austurrísku leiðina, sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur lagt áherslu á og ég styð, og mig langar til að nefna það í samhengi við þetta. Hún lýtur að því að fjarlægja ofbeldismann af heimilum í ofbeldismálum og þar erum við að vernda einn borgara frá öðrum borgara. En við þurfum líka að vernda borgara frá ríkinu, sem er hinn vinkillinn.

Önnur rannsóknarúrræði lögreglu eða húsleit, hald á munum og handtaka og fleira er eitthvað sem við ættum líka að skoða hvort þarfnast einhvers konar breytinga. En auðvitað þarf að fara varlega í ljósi stjórnarskrárbundinna réttinda. Við þurfum einnig að huga að því hvernig við náum í höfuðpaurana á tilteknum sviðum glæpa og þá á ég ekki síst við einstaklinga sem stjórna fíkniefnamarkaðnum á Íslandi. Það virðist vera frekar erfitt að ná í þá einstaklinga sem skipuleggja slíka starfsemi hér á landi. Gríðarlegur ótti fylgir þeim heimi og menn segja seint til síns höfuðpaurs, þ.e. ef þeir á annað borð vita hver hann er. Ég vona að ég fari rétt með að í Danmörku varð sú vinna í rauninni talsvert auðveldari eftir að menn fóru að einbeita sér því að reyna að ná í fjármagnið sem þeir einstaklingar auðgast á af slíkri starfsemi. Og það er eitthvað sem við ættum að skoða, hvernig hægt er að elta peningana, ef svo mætti segja, til að ná í viðkomandi einstaklinga og geta komið til greina einhvers konar aukin úrræði fyrir lögreglu í þeim efnum.

Ég er við 1. umr. þessa máls jákvæður gagnvart því. Við þurfum að taka harðar á lögregluofbeldi. Ákveðin umræða þarf að eiga sér stað í samfélagi okkar um sífellt minnkandi virðingu gagnvart lögreglumönnum, eins og þeir hafa sjálfir bent á þegar þeir eru að bregðast við einhverjum atburðum. Þetta tengist náttúrlega hinu meinta agaleysi í samfélagi okkar og einstaklingar sem verða fyrir afskiptum af lögreglu verða að átta sig á því að það er dauðans alvara að ætla að hóta lögreglumanni eða leggja hendur á hann. Gerist það er líka ástæða fyrir dómstóla að taka hart á því í ljósi þeirra hagsmuna sem eru þarna að baki því þeir liggja ekki einungis í líkamlegum eða persónulegum hagsmunum viðkomandi opinbers starfsmanns heldur lúta þeir að valdstjórninni sjálfri og almannahagsmunum sem við teljum flest ástæðu til að vernda sérstaklega.

[15:14]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Mál þetta sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur mælt fyrir kemur inn á svið sem er afar áhugavert á vettvangi dómsmálanna og lögfræðinnar. Þetta kemur inn á spekúlasjónir sem við höfum átt í allsherjarnefnd um refsiramma laganna og það hvernig dómstólar nýta refsirammann sem lögin gefa. Sömuleiðis inn á fælingarmátt refsinga sem er eilífðarviðfangsefni. Við höfum dæmi um nýlegar rannsóknir sem eru afar spennandi og leiða í ljós ýmsar staðreyndir varðandi fælingarmátt refsinga almennt.

Gera má ráð fyrir að um málið verði fjallað í allsherjarnefnd á þeim nótum að farið verði örlítið í hugmyndafræðina á bak við það, enda tengist málið öðrum málum sem við höfum verið að vinna í nefndinni.

Hæstv. dómsmálaráðherra nefnir í máli sínu hækkun refsidóma vegna fíkniefnamála. Við vitum að ástæða þess, að löggjafinn sá ástæðu til ekki fyrir margt löngu að þyngja eða auka refsirammann sem gefinn er í lögunum um fíkniefnabrot, var kannski ekki síst sú að dómstólar höfðu þá verið farnir að nýta refsiramma laganna vegna þeirra brota nánast til fullnustu. Það var því orðin veruleg þörf út frá dómavenju að rýmka þar til, enda var það gert og ekki fyrirstaða fyrir slíkum breytingum hér á Alþingi. Á því yfirliti sem fylgir frumvarpinu á fylgiskjali númer I — þar sem raktir eru helstu dómar á árinu 2003–2006 þar sem einstaklingar hafa verið sakfelldir fyrir brot á 106. gr. almennra hegningarlaga — eru teknir fyrir dómar þar sem dæmt er fyrir brot gegn ákvæðinu eða önnur brot sem eru smávægileg og ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á refsiþyngingar. Á yfirlitinu sést að dómstólar dæma fyrir brot af þessu tagi svona upp í þrjú ár skilorðsbundið. Ekki er verið að nýta þann ramma sem er til staðar samkvæmt lagagreininni sem mér skilst af hæstv. ráðherra að séu sex ár og verið er að leggja til í frumvarpinu að verði átta ár. Ég átta mig því ekki á hvað það er sem rekur hæstv. dómsmálaráðherra til að flytja þetta mál úr því að talsvert er eftir af svigrúmi fyrir dómstólana miðað við þá löggjöf sem er í gildi í dag.

Á sama tíma og dómstólar hafa verið að dæma eða nýta til fulls refsiramma í málum á borð við fíkniefnamálin, höfum við horft á dóma í kynferðisbrotamálum og ekki síst nauðgunarmálum, sem oftar en ekki eru langt, langt í frá að nýta þann refsiramma sem gefinn er í þeim málum. Hér er því um yfirgripsmikið mál að ræða þar sem þarf vissulega að gæta ákveðins samræmis, þar sem skoða þarf dómaframkvæmd heildstætt en ekki bara þröngt, þar sem skoða þarf

niðurstöðu fræðimanna varðandi fælingarmátt refsinga almennt og nauðsynlegt að bera saman í þessu tilliti ólíkar tegundir mála. Ég verð að taka fram að ég er sannarlega ekki að gera lítið úr alvarleika þeirra brota sem um ræðir í frumvarpinu. Það má enginn skilja orð mín svo. En þetta opnar okkur umræðu inn á þetta málasvið á fremur breiðum nótum og ég tel einsýnt að um það verði fjallað í allsherjarnefnd á þann hátt að við getum skoðað málið heildstætt.

Að öðru leyti hef ég ekki mikið til málanna að leggja á þessu stigi, hæstv. forseti.

[15:18]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þær góðu umræður sem orðið hafa um frumvarpið. Ég er sannfærður um að hv. allsherjarnefnd muni taka málið til gaumgæfilegrar athugunar, eins og önnur mál, og fullvissa nefndarmenn um að þetta hefur verið vel unnið og kallaðir til þeir sérfræðingar sem hafa góða yfirsýn yfir þetta.

Varðandi spurninguna um dómafordæmi vísa ég til þess sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þar sem dómunum er lýst. Menn geta séð það og nefndin getur að sjálfsögðu kallað sérfræðinga sér til ráðuneytis um einstök mál.

Ég vil líka minna á þegar talað er um kynferðisafbrot að hv. allsherjarnefnd er með frumvarp um þau mál til meðferðar og ég vona svo sannarlega að nefndin ljúki þeirri yfirferð á þessu þingi þannig að við getum afgreitt það fyrir þinglok.

Varðandi tálbeitur sem ég var spurður um og beitingu þeirra hefur málið, eins og ég sagði á fundi í morgun, verið til skoðunar bæði í nefnd sem var skipuð af forvera mínum og skilaði skýrslu 1999 um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglunnar. Þá skýrslu hefur réttarfarsnefnd haft til hliðsjónar þegar hún síðan semur frumvarp til laga um meðferð sakamála sem hefur verið kynnt m.a. á vefsíðu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Ég vil aðeins lesa stutt það sem nefndin hefur að segja um tálbeitur, með leyfi forseta:

„Nefndin álítur að þótt nauðsynlegt sé að fara að öllu með gát við notkun tálbeitu sé ekki nauðsynlegt að mæla fyrir um þessa rannsóknaraðferð í settum lögum. Telur nefndin skynsamlegra að setja fram leiðbeiningarreglur innan marka gildandi laga að teknu tilliti til dómsúrlausna.

Nefndin gerir tillögur um nokkrar meginreglur sem ávallt verði lagðar til grundvallar við notkun tálbeitu og að ríkissaksóknari gefi út fyrirmæli til lögreglustjóra byggð á þeim tillögum. Er þar m.a. kveðið skýrt á um hvaða yfirmenn taka ákvörðun um notkun tálbeitu og nánar rakin skilyrði fyrir beitingu úrræðisins. Það grundvallarskilyrði er haft að leiðarljósi að tálbeita verði ekki notuð til að kalla fram refsiverða háttsemi sem ella hefði ekki verið framin."

Ég ítreka þetta sem hér segir, virðulegi forseti: „Það grundvallarskilyrði er haft að leiðarljósi að tálbeita verði ekki notuð til að kalla fram refsiverða háttsemi sem ella hefði ekki verið framin."

Þetta er meginreglan sem hér er sett fram af hálfu nefndarinnar og eins og menn geta séð ef þeir kynna sér skýrsluna er farið yfir það með hliðsjón af úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu og danskra dómstóla hvernig reglunum yrði best fyrir komið hér á landi. Ég get rakið það ef hv. þingmenn óska þess en ég tel ekki ástæðu til þess. Málið hefur komið til skoðunar hjá réttarfarsnefnd þegar hún hefur unnið að samningu frumvarpsins um meðferð sakamála sem væntanlega verður kynnt hér.

Um aðra þætti ætla ég ekki að ræða sérstaklega, virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka þakkir mínar til þingmanna fyrir góðar undirtektir við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Dómstólar og meðferð einkamála, 1. umr.*

Stjfrv., 496. mál (dómstörf löglærðra aðstoðarmanna o.fl.). — Þskj. 750.

[15:22]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um dómstóla. Lögin eru frá árinu 1998 og hefur þeim aldrei verið breytt. Þótt meginefni frumvarpsins lúti að því gera réttarkerfið skilvirkara með því að veita aðstoðarmönnum dómara auknar heimildir eru einnig lagðar til aðrar breytingar á lögunum sem tímabærar þykja.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að dómurum verði fjölgað úr 38 í 40. Er fjölguninni ætlað að koma til móts við álag á héraðsdómstólum, auk þess sem þörf á setningum dómara minnkar til muna.

Í öðru lagi verður dómstjóra héraðsdómstóls veitt heimild til að fela löglærðum aðstoðarmönnum héraðsdómara að fara með dómstörf á ákveðnu, afmörkuðu leyti, samanber 6. gr. frumvarpsins. Meginfjöldi þeirra dómsmála sem héraðsdómstólunum berast á hverju ári eru svonefnd útivistarmál, þ.e. mál þar sem þing er ekki sótt af hálfu stefnda eða þingsókn hans fellur niður áður en greinargerð er skilað af hans hálfu og dómur er lagður á málið eftir þeim gögnum sem stefnandi hefur lagt fram. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er dómstjóra m.a. heimilað að fela aðstoðarmanni að ljúka málinu endanlega í sínu nafni og ábyrgð. Með því móti sparast tími héraðsdómarans, auk þess sem niðurstaða málsins er í nafni þess sem í raun vann að málinu. Sama má segja um aðra möguleika sem dómstjóra eru opnaðir til að fela aðstoðarmanni einstök dómstörf; þeir eru til þess fallnir að létta verulega vinnuálagi af héraðsdómurum, sem þar með gefst aukinn tími til að sinna því hlutverki að leggja dóm á munnlega flutt mál, hvort sem þau eru einkamál eða opinber mál.

Þá er lagt til í frumvarpinu að dómurum og þá eftir atvikum aðstoðarmönnum verði heimilað að fallast með áritun á kröfu um staðfestingu lögveðréttar í útivistarmáli. Yrði af þessari breytingu töluverður vinnusparnaður fyrir héraðsdómstólana. Þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fela megi aðstoðarmönnum dómara ákveðin dómstörf er lagt til að tryggja starfsöryggi þeirra eftir föngum, samanber ákvæði 6. gr. frumvarpsins, um ráðningartíma og uppsögn.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir nýmæli um birtingu dóma

Hæstaréttar, samanber 2. gr. frumvarpsins, þannig að sérregla gildi um birtingu úrskurða sem kveðnir eru upp í þágu rannsóknar lögreglu, en þeir hafa iðulega að geyma upplýsingar um málavexti sem ekki þykir rétt að verði gerðar opinberar strax að dómi gengnum.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir nýmæli um bann við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum, samanber 6. gr. frumvarpsins. Undanskildar eru þær upptökur sem fara fram á vegum dómstólsins sjálfs, og eru þar hafðar í huga þær upptökur sem eðlilegar eru við rekstur dómstólsins, svo sem hljóðritun á framburði vitna og hefðbundin notkun öryggismyndavéla. Þá er gert ráð fyrir því að dómstjóri geti heimilað myndatökur og aðrar upptökur í einstök skipti með nánar greindu skilyrði. Brot gegn banninu varði sektum.

Í fimmta lagi hefur frumvarpið að geyma ákvæði er auka sjálfstæði dómara gagnvart dómstjóra, samanber 5. gr. frumvarpsins, og koma í veg fyrir að dómari verði gegn vilja sínum ávallt settur í sama málaflokkinn, t.d. í sakamálum.

Loks er lagt til að hlutverk dómstólaráðs til þess að koma fram í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega gagnvart almenningi verði aukið og heimilt verði að ráða sérstakan fulltrúa sem sinni samskiptum við fjölmiðla og aðra sem leita eftir sértækum upplýsingum sem varða málefni dómstólanna.

Ég vil láta þess getið, virðulegi forseti, að eftir að frumvarpið var samið og lagt fram í þingi höfum við verið að skoða frumvarp til laga um meðferð sakamála. Í meðförum þess máls hafa komið fram hugmyndir frá dómstólaráði um að í stað þess að fjölga héraðsdómurum yrði komið á millidómsstigi, þ.e. dómstigi á milli héraðsdóms og Hæstaréttar. Þetta er mál sem sjálfsagt er að skoða að mínu mati. Það breytir ekki því að ég tel nauðsynlegt að leggja þetta til sem hér er gert í frumvarpinu. Yrði tekin ákvörðun um það síðar að koma á fót millidómstigi, þá mundu menn að sjálfsögðu taka mið af því við fjölda héraðsdómara.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[15:26]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er margt ágætt í frumvarpinu, sérstaklega að fjölga dómurum til að tryggja skilvirkni dómstólanna. Annað mál sem snertir skilvirkni dómstólanna er náttúrlega stærð þeirra og hvernig þeim er skipað niður.

Mig langar að heyra frá hæstv. ráðherra hvers vegna gerð er tillaga að því í frumvarpinu að Fjallabyggð heyri undir dómstól Norðurlands eystra en ekki Norðurlands vestra því ég get ekki séð betur en að það sé fámennara svæði. Ef Siglufjörður sem heyrir nú, ef ég man rétt, undir dómstól Norðurlands vestra yrði tekinn frá því umdæmi verður dómstóll Norðurlands vestra enn fámennari og eflaust þá nýtast kraftar þess dómstóls ekki sem skyldi. Leiða má líkur að því að ef Siglufjörður og Ólafsfjörður færast yfir í Norðurland eystra verði tiltölulega fleiri um þann dómstól en á Norðurlandi vestra.

[15:28]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að í þeirri tillögu sem getið er um og kemur fram í 5. tölulið 1. gr. frumvarpsins sé tekið mið af kjördæmaskipaninni og skiptingu í kjördæmi. Ef að hv. allsherjarnefnd telur að önnur skipan sé betri en þessi er það náttúrlega eitthvað sem ber að skoða í nefndinni. Af hálfu ráðuneytisins er þetta ekki meginmál í þessu sambandi. Hins vegar er sú meginskipan í frumvarpinu að taka mið af kjördæmum þar sem svæði eru samliggjandi.

[15:29]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki alveg fyllilega tekið tillit til kjördæmaskipanarinnar, ef ég sé rétt, í frumvarpinu. En ég get ekki betur séð en að Hornafjörður heyri undir héraðsdóm Austurlands en Hornafjörður er í Suðurkjördæmi. Það er því gott að heyra að hægt sé að skoða ýmsar breytingar hjá hv. allsherjarnefnd og sérstaklega óskir sveitarfélaganna hvar þau vilja vera niður komin. Ekki hvað síst til að tryggja það að þessu verði þannig fyrirkomið að nægilegur fjöldi verði á bak við dómstólana þannig að skilvirkni verði höfð að leiðarljósi í þessum málaflokki.

Það væri ákaflega fróðlegt ef hæstv. dómsmálaráðherra, af því við ræðum dómstólana, kastaði fram hugmynd hvað varðar stjórnsýsludómstól. Það væri ágætt að fá að heyra fréttir af því hvað þeim hugmyndum líður hjá hæstv. dómsmálaráðherra.

[15:30]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru engar breytingar á döfinni af hálfu dómsmálaráðuneytisins varðandi stjórnsýsludómstól. Ég hef aldrei lagt fram tillögu um það eða rætt málið á þeim grunni. Hins vegar hefur héraðsdómstóllinn í Reykjavík þróað starfsemi sína þannig að þar hefur orðið ákveðin sérhæfing. Ákveðin deild innan dómstólsins sinnir stjórnsýslumálum frekar en aðrar deildir.

[15:30]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla og lög um meðferð einkamála. Mælt var fyrir frumvarpinu í fyrra. Það var í fyrsta skipti, að ég best veit, en allsherjarnefnd komst ekki í að ljúka umræðu um málið innan nefndarinnar. Þess vegna fáum við mál aftur fyrir þingið með nokkrum breytingum eins og segir í greinargerð frumvarpsins. Við munum fara yfir það í allsherjarnefndinni.

Fyrsta atriðið sem mig langar til að tæpa á við 1. umr. um málið er hið aukna hlutverk aðstoðarmanna héraðsdómara. Hér er sannarlega bætt við. Segja má að um sé að ræða mjög efnismikla breytingu sem muni strax hafa mikil áhrif á störf dómstóla. Einnig ber að vekja sérstaka athygli á því að þetta frumvarp gerir ráð fyrir að aðstoðarmenn geti lokið málum endanlega. Það er nýmæli. Að sama skapi verði aðstoðarmenn dómara einnig með heimild til að úrskurða um gæsluvarðhald. Í eðli sínu er gæsluvarðhald mjög róttækt rannsóknarúrræði. Eðli málsins samkvæmt er um að ræða

saklausan einstakling sem settur er í fangelsi tímabundið vegna rannsóknarhagsmuna. Hér er gert ráð fyrir að aðstoðarmenn geti úrskurðað um slík úrræði í stað dómara eins og í núgildandi lögum.

Aukið hlutverk aðstoðarmanna héraðsdómara er réttlætt í greinargerð með ýmsum rökum, þar á meðal með auknu hagræði og skilvirkni. Hér komum við aftur að því hagsmunamati sem við stöndum alltaf frammi fyrir, sérstaklega í málaflokki dómsmálaráðuneytisins. Hér erum við að tala um aukið hagræði, skilvirkni og jafnvel sparnað gagnvart réttaröryggi. Spurningin er hvort það sé að öllu leyti tryggt og hvort öll þau réttindi sem þurfa að vera fyrir hendi þegar kemur að þessum málaflokki séu tryggð. Þetta þurfum við auðvitað alltaf að hafa í huga.

Við sjáum að samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi er talið að það hafi í för með sér tímasparnað og spari fjármuni. Það er kannski gott og vel en á móti má spyrja sig hvort nægilegar röksemdir séu til að fara þessa leið. Við munum skoða þetta vel og vandlega í allsherjarnefnd. Ég vil því ekki fella neinn dóm við 1. umr. um hvort þetta er skynsamlegt eða ekki. Við munum einfaldlega ræða kosti og galla þessa fyrirkomulags og þær röksemdir sem hér búa að baki. Með auknu hlutverki aðstoðarmanna héraðsdómara er einnig reynt að tryggja sjálfstæði þeirra, m.a. verði einungis hægt að segja aðstoðarmanni héraðsdómara upp með dómi. Spurningin er hvort í því felist of þunglamalegt kerfi en hins vegar vil ég undirstrika að eigi aðstoðarmenn dómara að fá auknar valdheimildir, eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir, þá þarf að tryggja sjálfstæði viðkomandi aðstoðarmanns. Hlutverk hans verður bæði nýtt og talsvert meira. Þetta er mjög áhugaverð breyting sem hæstv. dómsmálaráðherra leggur til og snertir ákveðin grundvallaratriði.

Í 2. gr. er einnig áhugaverð breyting sem lýtur að frestun á birtingu dóma. Ég vil lýsa efasemdum mínum um þær breytingar. Þetta er talsvert þrengra, að mig minnir, en greinin var í frumvarpinu sem hæstv. dómsmálaráðherra lagði fram í fyrra, þótt ég hafi ekki farið í mikinn samanburð milli þessa frumvarps og hins frumvarpsins. Hér er gert ráð fyrir — ég skal bara lesa þetta:

„Dóm Hæstaréttar, vegna kæru á úrskurði kveðnum upp skv. 87. gr., sbr. 86. gr., 90. gr., sbr. 89. gr., eða 103. gr. laga um meðferð opinberra mála skuli ekki gefa út fyrr en mánuður er liðinn frá uppkvaðningu hans.“

Þetta er 3. mgr. 2. gr. um að dóm Hæstaréttar samkvæmt kæruúrskurði kveðnum upp samkvæmt 87. gr., samanber 89. gr. eða 103. gr. laga um meðferð opinberra mála skuli ekki gefa út fyrr en mánuður er liðinn frá uppkvaðningu hans. Dóma sem lúta að rannsóknarúrræðum á ekki að birta fyrr en mánuður er liðinn. Þetta er mjög afdráttarlaus regla sem hérna er lögð til. Eins og staðan er í núgildandi lögum þá minnir mig að það sé svigrúm til að fresta birtingu dóma í þessum málum ef lögreglan fer fram á það og dómstóll er sammála röksemdum hennar. Ég átta mig ekki alveg á við hvaða vanda hér er verið að bregðast ef þetta er rétt munað hjá mér, að hægt sé að koma í veg fyrir að þessir dómar verði strax opinberir. Það má spyrja sig af hverju við gerum þetta svona afdráttarlaust, að þessir dómar skuli einfaldlega ekki gefnir út fyrr en mánuður er liðinn frá uppkvaðningu þeirra. Hér vegast á tvenns konar hagsmunir. Það er spurning hvort niðurstaða dómsins eða sjálfur dómurinn muni jafnvel spyrjast út áður og þá til einstakra fjölmiðla en ekki til allra. Sumir fjölmiðlar gætu haft betri aðgang að dómnum, t.d. ef hægt er að fá dóminn frá málsaðilum sjálfum á meðan aðrir fjölmiðlar sitja ekki við sama borð hvað það varðar. Svo er jafnvel hætta á að út spyrjist afbökuð útgáfa af niðurstöðu dómsins ef fjölmiðlar fá t.d. rangar upplýsingar um innihald hans og það eru ákveðin grundvallaratriði.

Hingað til hafa dómar verið birtir á sama hátt og lög. Það er mjög ríkt í okkar kerfi og í hinu vestræna kerfi að dómar skuli vera opinberir og réttarhöld sömuleiðis nema sérstakar ástæður séu fyrir öðru. Það er því ríkur þáttur í umfjöllun fjölmiðla um niðurstöðu dómstóla að aðgengi þeirra að dómi sé hvað best. Við sjáum að umfjöllun fjölmiðla um niðurstöðu dóma er mjög mikilvæg. Þetta skapar sömuleiðis ákveðið aðhald og eftirlit með þessu þriðja valdi ríkisvaldsins. Þannig er kannski ástæða til að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvað kalli á þessa afdráttarlausu reglu um að slíkir dómar skuli ekki birtir fyrr en mánuður er liðinn frá uppkvaðningu hans, sé það rétt munað hjá mér að hægt sé að bregðast við með því að fresta birtingu dómanna samkvæmt núgildandi lögum ef rannsóknarhagsmunir krefjast þess, lögreglan fer fram á það og dómari fellst á röksemdirnar. Þetta laut að 2. gr.

Mig langar á þessu stigi einnig að lýsa yfir ákveðnum efasemdum varðandi bann við myndatökum í dómhúsi í 7. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum með þessari grein segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir nýmæli um bann við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum. Undanskildar eru þær upptökur sem fara fram á vegum dómstólsins sjálfs, og eru þar hafðar í huga þær upptökur sem eðlilegar eru við rekstur dómstólsins, svo sem hljóðritun á framburði vitna og hefðbundin notkun öryggismyndavéla. Þá er gert ráð fyrir því að dómstjóri geti heimilað myndatökur og aðrar upptökur í einstök skipti með nánar greindu skilyrði, og er þar átt við upptökur er ekki snerta aðila dómsmáls, sem eru í dómhúsinu vegna málsins. Má hér hugsa sér myndatöku vegna almennrar fréttar um dómstólinn eða viðtals við dómara og svo framvegis.

Mjög hefur færst í vöxt að reynt sé að ná myndum af aðilum og vitnum í dómsmáli þegar þeir sinna erindum sínum í dómhúsum. Einkum á þetta við um sakborninga í opinberum málum. Þá er alkunna að þetta er mjög fallið til þess að valda þeim, einkum hinum síðastnefndu, ama og óþægindum. Hafa sakborningar af þessum sökum mjög freistað þess að hylja andlit sín er þeir ganga í dómsal. Á síðustu árum hefur jafnvel verið tíðkað að beina myndavélum inn í dómsali þegar dyr eru opnaðar á meðan á þinghaldi stendur, svo sem þegar nýtt vitni gengur í salinn. Hefur reynslan sýnt að í þeim tilfellum hefur hinn ákærði iðulega freistað þess að hylja andlit sitt einnig við þau tækifæri. Leiðir það aftur til þess að hann þarf jafnan að hafa vara á sér að þessu leyti á meðan á þinghaldinu stendur, í stað þess að einbeita sér að málsvörn sinni. Þykir þessi aðstaða vera til þess fallin að auka á ójafnvægi málsaðila.“

Við sjáum að markmið þessara nýmæla í frumvarpinu er að draga úr óþægindum málsaðila. En það má velta fyrir sér

hvort þetta úrræði, sú leið sem hæstv. dómsmálaráðherra býður upp á nái endilega því markmiði. Það má vel hugsa sér að í stað þess að teknar séu myndir af viðkomandi í dómhúsinu þá verði einfaldlega teknar myndir af viðkomandi þegar þeir ganga í dómhúsið. Þá er spurning hvort menn nái því markmiði sem að er stefnt. Í sjálfu sér er þetta róttæk aðferð sem virkar kannski ekki í ljósi þess hvernig fjölmiðlar munu án efa bregðast við, verði þetta að lögum. Þá spyr maður sig hvort við eigum að fara þá leið yfirleitt, í ljósi þeirra röksemda sem eru að baki þessu ákvæði.

Á sínum tíma lýstu blaðamenn efasemdum með þetta nýja úrræði. Þegar um er að ræða starfsemi fjölmiðla og sérstaklega með hverjum hætti á að hefta starfsemi þeirra þá þurfum við að fara mjög varlega. Því er hægt að taka undir það sem formaður Blaðamannafélagsins sagði í fyrra, að skoða þyrfti betur hvort þetta næði tilætluðum markmiðum. Hvað varðar þessar myndatökur þá held ég að það verði erfitt að ná því markmiði út af því að fjölmiðlar muni einfaldlega laga sig að þessum nýja veruleika og myndirnar verði einfaldlega teknar af viðkomandi á leið í dómhúsið. Óþægindin verða eftir sem áður til staðar, ef það er meginröksemdin fyrir því að gera þessa lagabreytingu. Auðvitað verður ekki hægt að koma í veg fyrir að myndir séu teknar af einstaklingum þar sem þeir er á almannafæri.

Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra við 1. umr. Við þurfum að fara vel yfir hið nýja hlutverk aðstoðarmanna héraðsdómara eins og ég gat um áðan. Sömuleiðis þarf að skoða 2. gr. sem lýtur að birtingu hæstaréttardómanna. Síðan þarf að skoða 7. gr. sem lýtur að banni á myndatöku í dómssölum. Þetta vekur talsverðar spurningar.

Að sjálfsögðu eru önnur áhugaverð álitamál í frumvarpinu og ef hæstv. dómsmálaráðherra talar aftur í umræðunni, þar sem hann minntist aðeins sjálfur á millidómsstig eða millidómsstól, þá væri fróðlegt að heyra skoðun hans á upptöku sérstakra dómstóla, jafnvel sérdómstóla, hér á landi. Í andsvari áðan var komið inn á stjórnsýsludómstól. Það kemur reglulega upp í umræðunni hvort ástæða sé til að hafa sérstakan dómstól fyrir ungmenni. Við vitum að sakhæfisaldur á Íslandi er 15 ára. Kalla aðstæður á að við höfum sérstakan dómstól fyrir ungmenni sem félli betur að sérstöðu þeirra mála er um er að ræða unga afbrotamenn? Ég er ekki að segja að þessi dómstóll eigi að hafa sérstök úrræði en hins vegar má alveg koma því að í umræðunni í framhjáhlaupi að það er sérkennilegt, a.m.k. að mínu mati, að dómstólar hafi ekki heimild til að dæma til samfélagsþjónustu eins og er nánast í öllum öðrum Evrópulöndum. Slíkt úrræði mundi henta afskaplega vel þegar kemur að ungum afbrotamönnum. Það yrði án efa nýtt af sérstökum dómstól sem sérhæfði sig í ungmennum. Slíkur dómstóll gæti hugsanlega beitt hinni svokölluðu sáttameðferð í meiri mæli en hefðbundinn dómstóll. Fróðlegt væri að heyra afstöðu hæstv. dómsmálaráðherra til sérdómstóla með ákveðna sérstöðu og sérhæfingu.

[15:44]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar umræður og þau sjónarmið sem fram hafa komið og eru gagnleg vegna framvindu málsins í þinginu. Ég ætla ekki að tjá mig frekar um aðstoðarmenn dómara, ég tel að með breytingunum sé verið að skapa þeim starfsskilyrði til þess að taka þær ákvarðanir sem um er að ræða samkvæmt lögum. Eins og menn muna sem þekkja til mála var talið að réttarstaða og réttaröryggi aðstoðarmanna dómara væri ekki nægilega tryggt. Þess vegna var breytingin gerð, að breyta þeim í fulltrúa án þess að þeir hefðu jafnmikið vald til að taka af skarið um mál eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. En um leið og sagt er að þeir fái þetta vald er líka verið að tryggja starfsöryggi þeirra þannig að það er komið til móts við það sjónarmið.

Varðandi birtingu dóma Hæstaréttar eða úrskurða er þetta breyting á greininni að því leyti að það var í frumvarpinu, eins og það var flutt í fyrra, ákvæði um að menn ættu að fresta um einn sólarhring að birta á netinu dóma Hæstaréttar, það er fallið frá því. Það sætti töluverðri gagnrýni í umsögnum sem bárust til allsherjarnefndar og það er fallið frá því. Hv. þingmaður spyr: Ef þetta ákvæði — sem ég hef ekki grandskoðað — ef það er heimild í lögum til þess að fresta birtingu af hverju er þá verið að taka af skarið með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu? Ég tel að í tilvikum eins og þessum eigi löggjafinn að segja álit sitt og taka af skarið með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu þannig að menn þurfi ekki að vera að deila um þetta fyrir dómstólum, að miklu skýrari og skarpari leikreglur eigi að gilda fyrir dómstólunum. Það er nóg um deilt þar þó að menn séu ekki að deila um hvort birta eigi gögn deginum fyrr eða síðar. Ég tel að það sé hlutverk löggjafans að taka af skarið í slíkum málum og þess vegna er þetta lagt til þannig að þetta sé hreint og klárt af hálfu löggjafans. Ef löggjafinn vill ekki taka af skarið um slík atriði þá er það sjónarmið sem hér hefur komið fram, en ég tel að löggjafinn eigi að taka af skarið þegar þannig liggur í málum og verið sé að gera það hér á skýran og skilmerkilegan hátt og það muni einfalda störf dómara og draga úr ágreiningi fyrir dómstólum um mál sem löggjafinn getur vel ákveðið, eins og hér er lagt til.

Þetta með myndatökurnar og heimildir til þess þá hefur, eins og fram kom í máli hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar, dómstjóri heimildir. En það kemur líka fram í greinargerð um 7. gr. að bæði í Danmörku og Noregi gilda ákvæði í lögum sem eru svipuð þeim og við erum að setja. Þjóðum hefur ekki almennt orðið skotaskuld úr því að búa þannig um hnútana að dómstólar og almenningur og allir séu vel upplýstir um störf dómstólanna þótt það sé ekki verið að kíkja með myndavélum í dómsali þegar hurðir eru opnaðar og annað slíkt. Það setur tvímælalaust sérstakan svip á réttarhöld og skapar óþarfa spennu í dómshúsinu þegar menn eiga að einbeita sér að því að gæta hagsmuna sinna að þeir þurfi ekki einnig að vera að gæta hagsmuna sinna gagnvart því ef hurð er opnuð hvort verið sé að reyna að smella af þeim myndum eða ekki eða verið sé að tefja fyrir þeim við komu. Í þeirri stöðu sem menn eru þegar þeir ganga í dómshúsið eiga þeir ekki að þurfa að glíma við þennan vanda líka. Ég tel að það sé líka hlutverk löggjafans að taka af skarið um þetta og setja almennar leikreglur í þjóðfélaginu sem eru skýrar og afdráttarlausar.

Það er skiljanlegt að blaðamenn sem hafa gaman af því að taka myndir í gegnum opnar dyr séu á móti þessu en ég

held að við þingmenn eigum ekki að líta til þess, við eigum að líta til þeirrar reglu sem þarf að vera í dómshúsum og þeirrar virðingar sem menn eiga að sýna þegar þeir eru staddir á þeim stað og þau mál sem liggja þar fyrir og eru þar til meðferðar. Oftast er fyrirgangurinn mestur í kringum sakborninga eða lögmenn í hinum alvarlegustu málum, menn að ryðjast um með tæki og tól eins og dómshúsið sé einhver salur fyrir menn sem eru að fara á kvikmyndasýningar í Cannes eða einhverja slíka staði. Vill hv. þingmaður að dómshúsið líti þannig út? Það vill það enginn. Allar þjóðir hafa gert ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að slíkur gauragangur sé í húsum og það er meira að segja bannað í kvikmyndahúsum á kvikmyndahátíðum að ljósmyndarar æði inn um alla ganga og upp um veggi þegar fólk er þar. Hið sama á að vera í dómshúsum og ekki að láta undan því þótt menn hafi gaman af því að geta tekið myndir í gegnum einhver hurðarop.

Varðandi millidómstigið þá er það svo að dómstólaráð varpaði þeirri hugmynd fram á aðalfundi Dómarafélags Íslands sem haldinn var í nóvember sl. Í byrjun nóvember á síðasta ári flutti ég ræðu um þetta mál. Þar sagði ég að um leið og menn ræddu um millidómstóla ættu þeir að ræða það sem hv. þingmaður nefndi, þ.e. um hlutverk sérdómstóla og hvort það hefði verið skynsamlegt skref sem stigið var með setningu dómstólalaganna á sínum tíma að afnema sérdómstólana alveg. Ég hef ekki lagt til að stofnaður verði stjórnsýsludómstóll en ég hef varpað þeirri hugmynd fram hvort við eigum ekki að ræða hvort það sé rétt að málum staðið að útiloka alveg sérdómstóla hvort sem það er um ungmenni eða einhverja aðra sérgreinda málaflokka að ræða, t.d. í fíkniefnamálum eða slíkum málum þar sem sérþekkingar er krafist. Við sjáum það líka í stórum viðskiptamálum sem hér koma fyrir. Það er spurning hvort ekki þurfi að þjálfa dómara til sérþekkingar í slíkum málum þannig að réttaröryggið aukist. Ég tek því undir með hv. þingmanni að þetta beri að íhuga þegar við ræðum þessi mál.

[15:50]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að ég og hæstv. dómsmálaráðherra eigum hugsanlega samleið varðandi upptöku millidómstóla eða sérhæfðra dómstóla en ég átta mig á að það er talsverður skoðanamunur milli mín og hæstv. dómsmálaráðherra að því er lýtur að myndatökum í dómsölum.

Mig langar að nota þetta stutta andsvar til að koma að öðru máli, fyrst við ræðum þennan málaflokk, en það mál lýtur að þeirri deilu sem hefur verið milli Barnahúss og Héraðsdóms Reykjavíkur. Við sjáum að allir héraðsdómstólar landsins nema Héraðsdómur Reykjavíkur nýta sér aðstöðu og sérhæfingu Barnahúss og þjóðin varð vitni að harðorðum ritdeilum milli þessara tveggja stofnana þar sem tekist var á um þetta. Af þeirri ástæðu báðum við í Samfylkingunni í allsherjarnefnd um fund í nefndinni til að ræða þessi mál. Af því tilefni heimsótti allsherjarnefnd bæði héraðsdómstólinn í Reykjavík og Barnahús.

Ég vona að ég sé ekki að leggja orð í munn viðkomandi forstöðumanna en manni skildist það á báðum aðilum að þeir gætu jafnvel sætt sig við lagabreytingu sem lýtur að því að fyrsta yfirheyrsla á barni verði ekki lengur hluti af dómshaldi eins og staðan er í dag. Héraðsdómurinn í Reykjavík lítur þannig á málið að þeir vilja hafa sína yfirheyrslu og dómsal í dómhúsinu, en ef fyrsta yfirheyrsla á barni sem grunur liggur á að hafi lent í kynferðislegri misnotkun verður klippt í sundur, þ.e. milli rannsóknaryfirheyrslunnar og dómsyfirheyrslunnar, væri hugsanlega hægt að ná því markmiði að yfirheyrslan færi fram í Barnahúsi og dómshaldið í dómhúsinu eftir það. Mig langar til að fá skoðun hæstv. dómsmálaráðherra á þessu álitamáli.

[15:52]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður veit og þingheimi er kunnugt þá hefur verið í smíðum frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála og það hefur verið kynnt frumvarp til laga um meðferð sakamála. Í þeim lagabálki er á þessu tekið og þar mun koma fram afstaða mín í málinu þegar ég fæ tækifæri til þess að leggja það mál fram a.m.k. til kynningar á þinginu áður en því lýkur í vor. Ég ætla að bíða með yfirlýsingar um þetta efni þar til ég legg það frumvarp fram, tekin er afstaða til þess í því en ekki í því dómstólafrumvarpi sem við ræðum núna.

[15:53]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur kosið að bíða með að gefa upp afstöðu sína þangað til hann leggur fram frumvarp um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og kannski lítið við því að segja. En á meðan hann hefur ekki lagt fram það frumvarp langar mig að hvetja hæstv. dómsmálaráðherra til að huga að þeirri leið að klippt verði á milli þessara tveggja ferla, ef svo mætti segja, þ.e. að fyrsta yfirheyrsla á barni verði ekki um leið hluti af dómshaldinu í ljósi þeirrar gagnrýni sem núverandi fyrirkomulag þegar kemur að reykvískum börnum hefur fengið og verið sett í dagsljósið. Við þurfum auðvitað að beita bestu mögulegu þekkingu og aðstöðu þegar kemur að þessum viðkvæma málaflokki. Barnahúsið og það módel sem það starfar eftir hefur hlotið margvíslegar alþjóðlegar viðurkenningar og það væri virkilega sérkennilegt ef stærsti héraðsdómstóll landsins nýtti sér ekki þá frábæru aðstöðu sem þar er fyrir hendi. Hugsanlega er til staðar leið sem báðir aðilar geta sætt sig við, þannig skildi ég það a.m.k. þegar við heimsóttum héraðsdómstólinn í Reykjavík og Barnahúsið, að þessir tveir aðilar gætu sætt sig við ákveðna leið og öllum markmiðunum væri náð að sama skapi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Íslenskur ríkisborgararéttur, 1. umr.*

Stjfrv., 464. mál (próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 643.

[15:55]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Frumvarpið

hefur að geyma tillögur að ýmsum breytingum, einkum varðandi þau skilyrði sem umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt þurfa að uppfylla.

Frumvarpið er samið af nefnd sem ég skipaði í janúar 2006 til að endurskoða lög nr. 100 23. desember 1952, um íslenskan ríkisborgararétt. Í nefndinni sátu alþingismennirnir Guðrún Ögmundsdóttir, Bjarni Benediktsson og Guðjón Ólafur Jónsson auk Kristínar Völundardóttur, sýslumanns á Hólmavík, Fanneyjar Óskarsdóttur, lögfræðings í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og Hauks Guðmundssonar, skrifstofustjóra í ráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndin kallaði eftir sjónarmiðum ýmissa aðila og fékk á sinn fund fulltrúa frá Rauða krossi Íslands, Alþjóðahúsi, Útlendingastofnun og ríkislögreglustjóra. Þá fékk nefndin tölfræðigögn frá Þjóðskrá sem birtast í viðauka með frumvarpinu. Með hliðsjón af þeim gögnum fylgir innfelld spá um fjölda nýrra ríkisborgara á næstu árum miðað við tilteknar forsendur.

Ég tel því, virðulegi forseti, að frumvarpið hafi verið unnið af kostgæfni og vandvirkni og tel að þær tillögur að breytingum sem hér eru fluttar eigi eftir að styrkja stöðu íslenskra ríkisborgara og okkar sem þurfum að vinna að því að veita íslenskan ríkisborgararétt.

Enda þótt lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, hafi verið breytt fimm sinnum frá árinu 1982 hefur ætíð verið um að ræða lagfæringar og breytingar á einstökum atriðum.

Það er raunar umhugsunarefni að við afgreiðslu þeirra breytinga hefur aldrei komið til verulegra umræðna um þennan málaflokk hér á Alþingi. Ég taldi því nauðsynlegt að skipa þá nefnd sem ég gat um til að fara yfir þennan málaflokk með það fyrir augum að breyta ýmsum ákvæðum til samræmis við lagaþróun hér og í nágrannaríkjum og með tilliti til breyttra aðstæðna hér á landi. Það verður ekki fram hjá því litið að fjölgun útlendinga sem hér hafa sest að er svo mikil að hún hefur gjörbreytt aðstæðum í þessum málaflokki og kallar á yfirferð yfir ákvæði laganna.

Nefndin var, eins og áður segir, skipuð þremur þingmönnum tilnefndum af allsherjarnefnd, þremur embættismönnum í dómsmálaráðuneytinu og undirstofnunum þess og frumvarpið er samið af nefndinni.

Gerð er grein fyrir helstu breytingum í almennum athugasemdum við frumvarpið og eru þær í stuttu máli þessar:

Í fyrsta lagi er lagt til að samræma og tengja saman þau skilyrði sem útlendingar þurfa að uppfylla til að fá búsetuleyfi á Íslandi og þau skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla til að öðlast íslenskt ríkisfang. Í lögum um útlendinga, nr. 96/2002, eru sett fram skilyrði þess að umsækjandi geti öðlast búsetuleyfi á Íslandi. Bent hefur verið á að þau skilyrði sem lögin setja fyrir þessum réttindum séu á margan hátt strangari en skilyrði laga um ríkisborgararétt. Því geti verið hagfelldara fyrir útlending að sækja um ríkisborgararétt en búsetuleyfi. Í frumvarpi þessu er mörkuð sú meginstefna að umsækjendur hafi þegar uppfyllt skilyrði búsetuleyfis og fengið það útgefið þegar sótt er um ríkisborgararétt. Auk þess verða umsækjendur að uppfylla frekari skilyrði, m.a. varðandi dvalartíma á Íslandi, áður en til álita kemur að veita þeim ríkisborgararétt. Eðlilegt þykir að þessi mál séu í samhengi þannig að útlendingar sem hér setjast að fái fyrst tímabundin dvalarleyfi, þá búsetuleyfi og að lokum ríkisborgararétt.

Í öðru lagi er í frumvarpi þessu hnykkt á þeirri meginreglu að valdheimildir til veitingar íslensks ríkisfangs eru að meginstefnu frá Alþingi, svo sem verið hefur frá fornu fari. Þegar Alþingi samþykkti með lögum nr. 62/1998 að veita dómsmálaráðherra heimild til að veita íslenskan ríkisborgararétt með stjórnvaldsákvörðun var um frávik að ræða frá þessari meginreglu. Lagt er til að því fráviki verði nú markaður skýrari rammi. Um leið verði kveðið á um að dómsmálaráðherra geti ávallt ákveðið að vísa umsókn um ríkisborgararétt til ákvörðunar Alþingis. Margvísleg rök hníga að því að haldið sé í þetta forræði þingsins á málaflokknum og ofangreindar ákvarðanir séu undanskildar sviði hefðbundins stjórnsýsluréttar.

Í þriðja lagi eru lögð til nokkur ný skilyrði þess að veita megi íslenskt ríkisfang með stjórnvaldsákvörðun, auk þess sem hnykkt er á nokkrum skilyrðum sem í framkvæmd hafa verið virt, svo sem að umsækjandi sýni fram á hver hann er. Á meðal þessara nýju skilyrða eru atriði sem lúta að gjaldfærni umsækjanda og því að hann hafi ekki stofnað til ógreiddra skattskulda, svo sem nánar greinir í athugasemdum um viðkomandi ákvæði. Það atriði sem mestu mun breyta í framkvæmd er það skilyrði að umsækjendur skuli að meginstefnu hafa sýnt fram á nokkra kunnáttu í íslensku. Mikilvægt er að um leið og þetta skilyrði er sett verði framboð á íslenskukennslu fyrir útlendinga bætt verulega frá því sem verið hefur. Nýleg ákvörðun um að stórbæta framboð á íslenskunámi fyrir útlendinga er því í raun forsenda þess að unnt sé að leggja þetta til. Þetta skilyrði nær til allra umsækjenda en heimilt er þó að veita undanþágur frá því, svo sem nánar greinir í athugasemdum við ákvæðið.

Í fjórða lagi er lagt til að sett verði nýtt ákvæði í lögin sem lýtur að því þegar umsækjandi veitir rangar upplýsingar við umsókn um ríkisborgararétt. Er mælt fyrir um refsiábyrgð og missi íslensks ríkisborgararéttar við þær aðstæður.

Virðulegi forseti. Í bréfi nefndarinnar sem fylgdi frumvarpinu kemur fram að nokkuð var rætt um tvöfaldan ríkisborgararétt. Rætt var um að leggja til að fallið yrði frá því að viðurkenna tvöfaldan ríkisborgararétt, a.m.k. að því er varðar þá sem taka upp íslenskt ríkisfang ellegar sækja um ríkisfang í öðru ríki, en ekki náðist samkomulag um þetta atriði í nefndinni. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að sú hlið málsins verði rædd ítarlega í þinginu við afgreiðslu málsins.

Sú breyting var gerð á lögunum um íslenskan ríkisborgararétt fyrir fjórum árum að falla frá því að íslenskir borgarar afsöluðu sér íslensku ríkisfangi þegar þeir taka upp ríkisfang annars lands. Í framkvæmd hafði fram að þeim tíma ekki verið gerð sú krafa að útlendingar sem fengu íslenskan ríkisborgararétt afsöluðu sér sínum fyrri ríkisborgararétti en fram til 1998 var það einungis Alþingi sem veitti ríkisborgararétt. Við afgreiðslu í þinginu komu ekki fram efasemdir um þessa breytingu og raunar voru það eingöngu dómsmálaráðherra og formaður allsherjarnefndar sem tóku til máls.

Sú mikla fjölgun sem orðið hefur á umsóknum um veitingu íslensks ríkisborgararéttar er í sjálfu sér eðlileg afleiðing þess að sífellt fleiri útlendingar hafa kosið að setjast hér að. Ég vil ítreka að þessi mikla fjölgun sem fyrirsjáanlegt er að muni enn halda áfram næstu árin kallar á að við tökum afstöðu til ýmissa álitamála á þessu sviði. Það er staðreynd að með bættum samgöngum og breyttum viðhorfum býr vaxandi hópur fólks tímabundið í útlöndum, jafnvel um nokkurra ára skeið, án þess að ætla sér neitt annað en að snúa aftur til síns heima. Þetta á bæði við um Íslendinga erlendis og marga þá útlendinga sem hér dvelja. Ég tel ekki sjálfgefið að allur þessi hópur eigi að fá að bæta við sig íslensku ríkisfangi án þess að hann hafi tekið um það ákvörðun að setjast hér að til framtíðar. Í dómsmálaráðuneytinu finna menn fyrir því viðhorfi af hálfu margra umsækjenda, að íslenskur ríkisborgararéttur sé ekki annað en viðbótarréttindi sem menn sækja um t.d. til að geta ferðast áritanafrjálst til ýmissa ríkja frekar en að menn líti svo á að í veitingu íslensks ríkisfangs felist gagnkvæm skuldbinding um að viðkomandi skuli teljast Íslendingur jafnt í eigin augum og annarra.

Ég hef frétt um að efasemdir hafa vaknað í einstökum ríkjum vegna fjölmennra hópa ríkisborgara þeirra sem er að finna í fjarlægum löndum án sýnilegra tengsla vegna rúmra reglna um ríkisfang. Eins og fram kom í frumvarpi því sem *ég nefndi áðan er misjafnt hvernig ríki haga löggjöf sinni* að þessu leyti og ýmis ríki hafa endurskoðað löggjöf sína um þetta efni nýlega. Mörg ríki hafa valið þá leið að sporna gegn því að menn fái ríkisborgararétt sem viðbótarréttindi en viðurkenna þó tvöfalt ríkisfang í ákveðnum tilvikum.

Ef hljómgrunnur er fyrir því á þinginu að taka þennan *þátt málsins til endurskoðunar er mikilvægt að vandað sé til* verka og ekki gengið of langt. Ekki verði hróflað við tvöföldum ríkisborgararétti neins sem þegar hefur fengið hann. Þá tel ég rétt og sanngjarnt að miða við ákveðna gagnkvæmni í þessu efni þannig að við horfum sömu augum á þá Íslendinga sem vilja taka upp erlent ríkisfang og á útlendinga sem vilja fá íslenskan ríkisborgararétt. Ég er líka eindregið á þeirri skoðun að við eigum að viðurkenna tvöfaldan ríkisborgararétt í ýmsum tilvikum. Barn sem á eitt íslenskt foreldri og eitt erlent ætti að geta fengið ríkisborgararétt þeirra beggja, a.m.k. ef þau hafa bæði raunveruleg tengsl við sín heimaríki þannig að þau séu fædd þar og uppalin t.d.

Á hinn bóginn þykir mér orka mjög tvímælis að fjölskylda sem flust hefur tímabundið á milli landa án þess að segja skilið við upprunaríkið með þeim hætti að vilja sleppa ríkisborgararétti þar eigi að geta bætt við sig öðru ríkisfangi. Einnig hef ég efasemdir um þann möguleika sem er að finna í okkar löggjöf á að halda íslensku ríkisfangi lifandi í erlendri fjölskyldu kynslóð eftir kynslóð þótt lítil eða engin tengsl séu á öðrum grunni við Ísland.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpið fari til hv. allsherjarnefndar sem taki það til umræðu og ég mælist eindregið til þess við nefndina að hún fjalli um hugmyndirnar um tvöfaldan ríkisborgararétt og velti því fyrir sér hvort e.t.v. sé ástæða til að bæta í frumvarpið og gera að lögum ákvæði sem taka á því máli ekki síður en þeim brýnu álitaefnum sem tekið er á í frumvarpinu að öðru leyti.

[16:06]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að þakka fyrir ræðu hæstv. dómsmálaráðherra. Verið er að ræða um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að sitja í þeirri nefnd sem vann að þessu lagafrumvarpi. Einnig er rétt að það komi fram að ég var stundum með örlítinn fyrirvara við málið en það var vegna þess að við ræddum um stöðupróf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt. Þau mál verða um tvö ár í geymslu eða varðveislu og verða tekin upp síðar.

Aðalrökin fyrir því að ég var með fyrirvara eru þau að í rauninni þarf að koma einhverju heildrænu skikki á þau mál. Norðmenn — af því að nefndin skoðaði öll norrænu lögin, í Evrópu og víðar — eru með 300 tíma ókeypis fyrir þá sem vilja sækja slík námskeið. Ég held að ef einhvern tíma á að koma skikki á þessa hluti og ef á að skylda þetta með þessum hætti, þá eigi það hreinlega allt að vera á ábyrgð ríkisins þó svo að einhverjir aðrir sinni kennslunni eða námskeiðinu og engin fjárhagsleg hindrun sé í slíku. Hins vegar verðum við alltaf með ákveðnar undanþágur hvað varðar ríkisborgararéttinn í þessum efnum, sama hversu mikil skylda verður lögð á. Makar fá t.d. ríkisborgararétt eftir þrjú ár og það er kannski ekki hægt að ætlast til þess að þeir læri okkar ylhýra flókna mál á svo stuttum tíma, það er því ákveðinn hópur. Það eru þeir sem koma frá ólíkum málsvæðum, t.d. Filippseyjum, Tælandi, þeim heimi sem er fyrir utan EES, þ.e. þeir sem eru með allt annað skrifmál. Einnig gamalt fólk eða fatlaðir einstaklingar o.s.frv. Það munu því alltaf verða ákveðnar undanþágur í þessu efni og það er afar brýnt að svo sé.

*Það var mjög ánægjulegt að vinna í nefndinni*, það verður að segjast eins og er, og mjög gaman að kemba í gegnum þetta. Þó að ég og hv. þm. Bjarni Benediktsson séum búin að vera á síðustu árum í svokallaðri undirnefnd allsherjarnefndar sem hefur verið með þessi ríkisborgaramál, þá var mjög fróðlegt að fara í gegnum þetta. Mjög margt sem kom fram í vinnu okkar þar gátum við nýtt í nefndinni. Ber þá kannski hæst c-liður 5. gr. hvað varðar ýmis brot, t.d. ökuleyfissviptingu o.s.frv., þannig að þau mál hafa ekki öll þurft að koma til þingsins. Nú getur ráðuneytið, samkvæmt þessu ef af verður, samþykkt þetta hjá sér.

Einnig er mjög mikilvægt og það var mjög haft í huga að ríkisborgaralögin yrðu gerð gegnsærri því þau mega ekki vera of flókin fyrir þá sem þurfa að nota þau. Við skulum heldur gleyma því að ekki kjósa allir að verða ríkisborgarar. Þó svo að íslenskur ríkisborgararéttur sé mjög góður, hið íslenska vegabréf, þá er fullt af fólki sem vill halda sínu og vera á þeim skilyrðum sem það kýs. Hins vegar skilur maður mjög vel að þeir sem skoma frá erfiðum heimalöndum og hafa erfið vegabréf — ég lenti í því um daginn þegar ég fór á vegum Sameinuðu þjóðanna til Víetnams að einn starfsmaður þeirra frá ákveðnu landi hefti för hópsins um þrjá tíma í hverri einustu flughöfn sem farið var um, bara vegna vegabréfs þessa eina starfsmanns. Og þá rann þetta svolítið upp fyrir manni að auðvitað skiptir þetta máli. Þetta skiptir miklu máli fyrir fólk sem er t.d. að vinna í alþjóðasamfélaginu. Það hefur komið mjög skýrt fram í þessum ríkisborgaraleyfum okkar, að allt þetta hámenntaða, flotta

fólk sem er að sækja um íslenskan ríkisborgararétt og vinnur hér og er kannski að vinna í lyfjaiðnaðinum, þrýstir frekar á að fá ríkisborgararétt og á þar fyrir utan kannski íslenskan maka. Það fólk vill fá ríkisborgararéttinn fyrr vegna þeirra hindrana sem þess eigið vegabréf veldur. Það er því mjög margt í þessu.

Hæstv. dómsmálaráðherra hefur farið yfir þær breytingar sem við vorum með. Kallað var til margt fólk til að ræða þessi mál, t.d. frá Alþjóðahúsi og Rauða krossinum. Það þarf alltaf að vera á vaktinni með flóttamannahópana og alla þá hópa sem gætu átt undir högg að sækja. Þar þurfum við alltaf að vera á vaktinni og það tel ég að nefndin hafi verið. Þrátt fyrir að einhver uppfylli ekki öll skilyrði, uppfyllir kannski árafjöldann en ekki eitthvað annað, þá er hægt að veita undanþágur og einstaklingar geta beðið um að málinu sé vísað til þingsins og það getur líka farið í gegnum hæstv. dómsmálaráðherra. Við þurfum því aðallega að hafa undirlagið í lagi. Þessi mál eru oft mjög tilfinningarík og geta vafið upp á sig.

Þetta á við, eins og ég segi, fyrst og fremst um ríkisborgarana. Ég tel að gegnsæið skipti meginmáli. Það verður gaman að halda áfram að vinna málið í nefndinni og þá fáum við eflaust líka nákvæmari umsagnir eftir að frumvarpið er tilbúið. Yfirleitt þarf alltaf að fjalla um einstök mál með undanþágum og spurning hvort ætti að skoða það að setja það með einhverjum hætti inn í lögin, t.d. varðandi þá einstaklinga sem hér búa og eru búnir að uppfylla skilyrði um tíma en hafa farið utan í eitt ár t.d. sem lið í framhaldsnámi sínu, þá er það rof á búsetu og fólk þarf að byrja upp á nýtt. Við höfum skoðað slík mál og reynt að leiðrétta.

Því er skemmtileg vinna fram undan hjá hv. allsherjarnefnd og ég efast ekki um að við munum ræða allar þær tillögur og breytingar sem fólk mun koma með í umsögnum af opnum huga og skilningi, því að það sem skiptir máli er að lögin séu gegnsæ og skilvirk fyrir þá sem þurfa að nýta sér þau.

[16:13]

**Útbýting:**

Aðgangur að háhraðanettengingu, 508. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 768.

Fjárframlög til aðila utan ríkiskerfisins, 507. mál, fsp. JóhS, þskj. 766.

[16:14]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég ætla aðeins að ræða einn þátt þessa máls og treysti því að allsherjarnefnd taki málið allt fyrir og veiti því vandaða athygli og meðferð. Sá þáttur sem ég ætla að ræða hér lauslega er c-liður 5. gr., um það að ríkisborgurum sé skylt að hafa lokið íslenskunámi.

Ég vil segja það almennt um þessa kröfu að það er rétt sem hér stendur í athugasemdum og dómsmálaráðherra flutti áðan, kunnátta í tungumálinu er mikilvægasti lykillinn að íslensku samfélagi og mikilvægasta tækið sem gestir og nýliðar í því samfélagi hafa til að aðlagast því.

Hins vegar verð ég að segja að þegar íslenskum stjórnvöldum dettur í hug, og okkur Íslendingum, að gera þetta að skilyrði af okkar hálfu verðum við að gjöra svo vel og gera rækilega grein fyrir því gagnvart okkur sjálfum, gagnvart þeim sem sækja um þennan ríkisborgararétt og gagnvart erlendu fólki, hver réttur umsækjendanna er. Hvað er það sem við gerum til þess að reiða fram þau tæki og tól, kennara og aðstöðu sem gera fólki kleift að sækja þetta nám, afla sér þeirrar kunnáttu sem hér á að krefjast? Ég verð að segja að staðan núna er þannig að í raun og veru er út í hött að krefjast þess af fólki sem hér sækir um ríkisborgararétt að það uppfylli þessi skilyrði.

Íslenskukennsla er hér svo dapurleg að við höfum engan veginn við þeirri eftirspurn sem fyrir hendi er, hvað þá hinni leyndu eftirspurn fólks sem gæti hugsað sér að læra íslensku ef það fengi til þess tækifæri.

Rétt er að muna að ekki er einungis um það að ræða að margir þeir sem hér sækja um ríkisborgararétt eða gætu hugsað sér að sækja um ríkisborgararétt eru lítt menntaðir. Rétt er að muna að þeir hafa yfirleitt hendurnar fullar af vinnu sem þeir þurfa að sinna, oft láglaunavinnu. Rétt er líka að muna að mjög margir þeirra sem hugsa sér að sækja um ríkisborgararétt eru hér annaðhvort í félagslegu tómarúmi eða þá með tengingu við sína eigin landsmenn eða hópa hér í landinu sem samanstanda af innflytjendum eða útlendingum og eiga þess vegna óhægt um vik að þjálfa sig í þessu nýja tungumáli.

Þegar minnst er í greinargerðinni á hina nýlegu ákvörðun, með leyfi forseta, um að „stórbæta framboð á íslenskunámi fyrir útlendinga“ og sú ákvörðun í raun talin forsenda þess að unnt sé að leggja þetta til eru ansi stór orð notuð um þær 100 millj. kr., sem fagnað var á sínum tíma — ég tek undir þann fögnuð — sem menntamálaráðherra færði hér fram í umboði ríkisstjórnarinnar sem viðbragð við ákveðinni umræðu í samfélaginu, viðbragð við því að stjórnmálaflokkur hóf mikla umræðu um það að við værum komin í vanda með innflytjendamál okkar.

100 millj. krónurnar eru fram hjá fjárlögum og ekki í hinu venjulega fjárlagaferli. Það er verið að auglýsa núna eftir styrkumsóknum um þessar 100 millj. og ég hef ekki tekið eftir að þeirri auglýsingu fylgi í raun og veru nein stefnumótun af hálfu menntamálaráðuneytisins eða ríkisstjórnarinnar um það hvað á að gera við þessar 100 millj. kr.

Ég hef aðeins skoðað íslenskukennslu hér á landi. Þrátt fyrir feikileg afrek einstaklinga og skólastofnana, verkalýðshreyfingarinnar og sveitarfélaga, er ástandið dapurlegt í þeim efnum. Það má nefna t.d. og kannski til grundvallar í því máli að framboð okkar á námsgögnum og það framboð sem við höfum af reynslu og þekkingu fyrir kennara í íslensku sem öðru tungumáli er af ákaflega skornum skammti og það er út af fyrir sig engum að kenna því að þessi þörf kemur upp mjög hratt og við höfum ekki þessa áratuga og alda reynslu ýmissa annarra þjóða, grannþjóða okkar, við að kenna tungumál okkar sem annað tungumál. Við erum að vísu ákaflega þjálfuð í að kenna það sem móðurtungu og höfum gert allt frá því að Ingólfur setti börn sín á kné sér eða Hallveigu en við höfum ákaflega litla æfingu í hinu og skortir þar mjög öll gögn. Fjárveitingar til þeirra mála hafa verið fátæklegar þótt menn í t.d. Kennaraháskólanum kvarti sérstaklega undan því að hafa ekki fengið tækifæri til að koma þessu námi upp.

Ég tel það bara ekki sannfærandi, forseti, að byggja þessa tillögu um skyldunám umsækjenda og ríkisborgararétt á því að hér sé búið að taka ákvörðun um að stórbæta framboð á íslenskunámi fyrir útlendinga.

Ég verð líka að segja að ég vara mjög við því að samþykkt sé það lagaákvæði sem hér um ræðir þar sem ráðherra einum er falið, án nokkurrar leiðbeiningar, hvorki í lögunum né í athugasemdunum, að setja allt það regluverk sem hér þarf til þar sem m.a. er um að ræða þær kröfur sem gerðar eru til þessa náms.

Og ég spyr hæstv. dómsmálaráðherra: Hugsar hann sér að þetta séu sömu kröfur fyrir alla? Hugsar hann sér að þessar kröfur séu mismunandi? Hugsar hann sér að farið sé t.d. — sem nefndin virðist ekki hafa komið auga á, eða menn í dómsmálaráðuneytinu — eftir því flokkunarkerfi sem til er um tungumálakunnáttu í Evrópusambandinu þar sem skipt er eftir ákveðnum reglum í A-, B- og C-stig? Það er ekkert um það hér. Það er eins og þeir sem gengu frá frumvarpinu hafi lítið vitað um tungumálanám og kröfur sem þar eru gerðar og þá flokkun sem þar fer fram. Það er engan veginn fjallað um þetta.

Það er ekki talað um það í þessum kafla að það kunni að vera mismunandi hvaða kröfur er hægt að gera til fólks eftir því frá hvaða málsvæði það kemur. Menn vita að kannski eru Þjóðverjar þeir sem best gætu lært þessa tungu miðað við þýsku málfræðina. Menn vita að Norðurlandamenn eiga tiltölulega auðvelt með það. Menn vita að Slövum er það skárra en rómönsku þjóðunum. Menn vita að Víetnömum, Tælendingum, Kínverjum og öðrum þeim sem þær tungur tala, sem eru tónkvæðar tungur þar sem ekki er mikill munur á hinum hefðbundnu orðflokkum, nafnorði, sögn, lýsingarorði, forsetningu — miklu minni og með allt öðrum ... (**ÖS:** Veit dómsmálaráðherra þetta?) Ég geri nú ekki kröfu til þess að dómsmálaráðherra viti þetta (**Dómsmrh.:** Það er gott að fá kennslustund.) en ég geri þær kröfur að menn geri sér grein fyrir því að það er ákaflega ólíkt að setja hér í gang menntaðan Þjóðverja til að læra íslensku eða mann sem kannski rétt kann að lesa víetnömsku. Það getur munað því að Þjóðverjinn sé kannski hálft eða eitt ár að ná góðri kunnáttu í íslensku en það taki Víetnamann 10–15 ár.

Það má líka spyrja um undanþágurnar sem á að gefa. Hverjar eru forsendur þeirra? Eigum við að samþykkja hér lög þar sem ráðherrann ræður undanþágunum? Á ekki að búa til reglurnar um undanþágurnar? Hverjir eru það sem fá þessar undanþágur?

Maður getur ímyndað sér það en ég les ekki úr frumvarpinu hvernig það er. Maður getur ímyndað sér að þar skipti aldur máli, að þar skipti máli bæði hár aldur — fólk sem hér sest að og er ósanngjarnt að láta læra íslensku vegna þess að námsnæmi fólks hnignar nokkuð með aldri — en það má líka ímynda sér að ungur aldur geti verið undantekning frá þessu vegna þess að það nám komi af sjálfu sér í íslensku samfélagi.

Það má ímynda sér að undanþágurnar taki til fólks í neyð. Hér var minnst á flóttamenn í ræðu hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur og ég tek að sjálfsögðu undir áhyggjur hennar að öllu leyti. Það er t.d. spurning sem hæstv. dómsmálaráðherra er rétt að svara: Eiga þessar undanþágur að gilda um frægt fólk? Eiga þær að gilda um Ashkenazy og Fischer? Og hvernig á þá að skilgreina frægð slíks fólks? Þessar undanþágur eru ekki nefndar hér og án þess að nokkur grein sé gerð fyrir þeim er ómögulegt að hleypa þessu ákvæði með þessum hætti í gegn.

Það er mitt ráð að við byrjum á því að byggja upp íslenskukennslu fyrir útlendinga hér á landi. Þegar það er komið í þokkalegt lag skulum við íhuga hvort eigi að gera íslenskukunnáttuna að skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar.

Ég verð að segja almennt, um leið og ég tek undir þetta, um kunnáttu í tungumálinu sem lykil að samfélaginu að við eigum bæði sjálf að líta á það sem lykil og aðgöngumiða og við eigum að gera vinum okkar sem hingað koma, umsækjendum um ríkisborgararétt, innflytjendum sem hér setjast að og taka þátt í samfélaginu þótt þeir hafi ekki aflað sér ríkisborgararéttar og vinnugestum okkar ýmsum, kleift að kynnast íslensku. Við eigum að veita þeim íslenskukunnáttu sem þennan aðgöngumiða, lykil, en við eigum ekki, ekki gagnvart þeim og ekki gagnvart okkur, að gera íslenskuna og íslenskukunnáttuna að þvingun eða helsi.

Þannig búum við, bæði með sjálfum okkur og meðal þeirra sem kynnu að sækja um ríkisborgararétt af því þeir vilja búa hér með okkur eða vinna fyrir okkur og með okkur um hríð, til múr sem við megum alls ekki við að reisa í kringum íslenska tungu á þessum hnattvæðingartímum.

Ég hef miklar efasemdir, eins og menn heyra sem á mig hlýða, um að íslenskukunnáttan verði þvingun. Ég hef enn þá meiri efasemdir um að gera það án þess að undantekningar séu ræddar og skýrðar. Ég er á móti því að þetta sé gert án þess að íslenskt samfélag standi við sinn hluta af því samkomulagi sem ég tel að ríkisborgararéttur sé í eðli sínu milli ríkisborgaranna sem fyrir eru og þeirra sem um sækja.

Ég segi við þingheim og hæstv. dómsmálaráðherra að það er langt frá því að við höfum staðið við þá skyldu okkar að bjóða útlendingum, umsækjendum um ríkisborgararétt, vinnugestum og öðrum vinum okkar það tækifæri til íslenskunáms sem okkur ber.

[16:28]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Það er ekki að ófyrirsynju að það mál kallar á ákveðna umræðu og jafnvel umræðu sem varðar grundvallaratriði í stefnu stjórnvalda gagnvart innflytjendum á Íslandi og fólki af erlendu bergi brotnu sem býr á Íslandi. Samkvæmt nýjustu tölum munu vera um 30.000 íbúar hér á Íslandi af erlendu bergi brotnir. Þeir eru ýmist orðnir íslenskir ríkisborgarar eða með ákveðin leyfi til að dvelja hér, dvalarleyfi, búsetuleyfi á grundvelli atvinnuleyfa eða annarra leyfa.

Stefna íslenskra stjórnvalda í málefnum þessa fólks er afar veikluleg og þarf mikið til að hún verði með þeim hætti að ásættanlegt geti talist. Þessi ríkisstjórn hefur, að því að manni hefur virst, reynt að ná utan um málefni útlendinga með því í aðra röndina að þrengja aðgang útlendinga að landinu, þ.e. draga úr líkum þess að útlendingum fjölgi. En á hina röndina hefur allt verið galopið vegna þess að hér hefur verið rekin atvinnustefna sem kallar á það að fjöldinn allur af útlendingum komi hingað í störf sem við

getum ekki mannað vegna mannfæðar af því að verkefnin sem verið er að fara í eru þeirrar náttúru að þau henta illa okkar fámenna samfélagi. Stjórnvöld bera því að stórum hluta ábyrgð á þessum málaflokki en hafa ekki staðið sig í stykkinu sem skyldi við að útbúa mannvænlega stefnu fyrir það fólk sem við hér erum að bjóða heim.

Nú hefur ríkisborgararétturinn verið svona fremur opinn eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra. Við höfum á Alþingi á hverju ári veitt ákveðnar undanþágur frá sjö ára búsetuskilyrðinu með því að afgreiða sennilega um það bil 20 eða jafnvel á þriðja tug umsókna á hverju ári, ef ekki tvisvar á ári. Við höfum nú venjulega afgreitt þetta bæði á vorþingi og haustþingi. Við höfum með því móti heimilað fjöldanum öllum af útlendingum ríkisborgararétt þó ekki hafi verið uppfyllt hið sjö ára búsetuskilyrði eða það búsetuskilyrði sem gerð er krafa um.

Það kemur fram í greinargerð eða athugasemdum við þetta lagafrumvarp að ekki verði fram hjá því litið hversu hröð fjölgun útlendinga hefur verið á Íslandi og að það gjörbreyti aðstæðum í þessum málaflokki og kalli á yfirferð yfir ákvæði laganna. Það er auðvitað mikið rétt. En það kallar ekki bara á yfirferð yfir ákvæði laga um ríkisborgararétt. Það kallar á markvissa stefnumörkun af hálfu stjórnvalda á breiðum grunni í málefnum útlendinga. Það er þar sem þessi stjórnvöld hafa verið að draga lappirnar.

Það er tekið fram í greinargerðinni jafnframt að á öllum hinum Norðurlöndunum hafi á síðustu árum verið endurskoðuð löggjöf á þessu sviði og að þar hafi verið gerðar töluverðar breytingar. Hins vegar er ekki tekið fram í greinargerðinni hvaða breytinga er verið að vísa til, hvort sérstaklega sé verið að vísa til breytinga varðandi lagaákvæði um ríkisborgararétt eða hvort verið sé að vísa til lagabreytinga á breiðari grunni.

Það væri svo sem forvitnilegt og á ég örugglega eftir að spyrja um það og fá upplýsingar um það í allsherjarnefndina hvaða breytingar hafa verið gerðar á þessum tilteknu lögum um ríkisborgararétt á hinum Norðurlöndunum til þess að við getum áttað okkur á því hvernig við stöndum að vígi miðað við þau. Sérstaklega þekkja þeir hv. þingmenn sem átt hafa sæti í allsherjarnefnd á undanförnum árum ágætlega til málefna útlendinga enda ekki langt síðan við endurskoðuðum löggjöf um útlendinga. Um hana voru talsverðar deilur og menn geta vitnað um það að þar var ekki öllum atriðum lent í sátt, sannarlega ekki. Ég nefni til dæmis kröfuna um sjálfstæða framfærslu 18 ára einstaklinga sem hafa komið hingað til landsins til dæmis sem innflytjendur á grundvelli fjölskyldusameiningar eða einhvers annars. Ég nefni 66 ára regluna. Ég nefni 24 ára regluna. Og fleira mætti nefna sem verulegur ágreiningur ríkti um í allsherjarnefnd þegar þessi mál fóru þar í gegn.

Eins og hv. þm. Mörður Árnason sem talaði hér á undan mér sagði þá hefur sömuleiðis verið mikill ágreiningur um framkvæmd íslenskukennslunnar og um það hvernig þær kröfur eru fram settar og hvernig sú kennsla sem veitt er er útbúin og hverjum hún stendur til boða.

Auðvitað eru það lágmarkskröfur í þeim efnum að vinnandi fólki sem gefst kostur á íslenskunámi sé gefinn kostur á að leggja stund á það nám í vinnutíma, að fólk fái að minnsta kosti stóran hluta þess náms án gjaldtöku. Sömuleiðis þarf að fjölga mikið tímunum sem í boði eru. Þau námskeið sem boðið hefur verið upp á hingað til eru, ef ég man rétt, 150 klukkutímar. En í nágrannalöndum okkar, að minnsta kosti í Danmörku og Noregi, þar er boðið upp á námskeið sem eru 2.000 til 3.000 tímar. Við erum því að bjóða fólki upp á einungis lítið brotabrot af því sem nágrannalönd okkar gera. Ég held að við hljótum að verða að hafa einhver rök fyrir því hvers vegna við sinnum þessu svona illa á sama tíma og nágrannalöndin okkar gera stóráták í þessum efnum.

Íslenskukennslan er mál út af fyrir sig og hv. þm. Mörður Árnason fór í ítarlegu máli hér áðan yfir það. Ég tel ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér en vil einungis lýsa yfir stuðningi mínum við þau meginsjónarmið sem í máli hans komu fram.

Í athugasemdum við frumvarpið er nefnt að þar séu lögð til nokkur ný skilyrði þess að veita megi íslenskt ríkisfang með stjórnvaldsákvörðun, auk þess sem hnykkt er á nokkrum skilyrðum sem í framkvæmd hafa verið virt, svo sem að umsækjandi sýni fram á hver hann er. Nú þykir mér í sjálfu sér eðlilegt þegar útlendingur kemur til landsins, og við þekkjum það í gegnum hælisleitendaumsóknirnar, að fólk þurfi að sanna deili á sér. Við vitum líka í því samfélagi sem við búum í núorðið að þeim tilfellum fjölgar að útlendingar fara um heiminn skilríkjalausir og það er ekki í öllum tilfellum vegna þess að viðkomandi ætli að villa á sér heimildir eða sigla undir fölsku flaggi vísvitandi heldur er hér oft og tíðum um fórnarlömb glæpasamtaka og glæpamanna að ræða. Fólk hefur verið þvingað til að láta persónuskilríki sín af hendi. Það hefur látið persónuskilríki sín til að greiða sér leið einhvers staðar milli landa eða til að komast frá einum stað til annars vegna þess að það hefur ekki átt annarra kosta völ ef fólk er á flótta frá ófriði eða erfiðum aðstæðum eða ótal öðrum hlutum sem fólk flýr undan í veröldinni í dag. Við viljum hafa opin landamæri og höfum þess vegna verið að reyna að auka möguleika fólks á að hreyfa sig í veröldinni. Það hefur verið ákveðin krafa um það frá atvinnurekendum víða og breitt um jarðarkringluna að hægt sé að flytja verkafólk á milli staða. Allt þetta hefur kallað á kannski meiri fólksflutninga en góðu hófi gegnir og sömuleiðis alvarlega erfiðleika sem fylgja því að í tengslum við þessa fólksflutninga hafa myndast ólöglegar hreyfingar glæpamanna sem hafa notfært sér bágar aðstæður fólks og eins og ég segi hafa svipt fólk þeim réttindum eða frelsi sem vegabréfi fylgir.

Nú langar mig til að vita hvort upp hafa komið dæmi um það hér að veittur hafi verið ríkisborgararéttur til einstaklinga sem grunur leikur á um að sigli undir fölsku flaggi. Mér þykir undarlegt ef svo er vegna þess að í flestum tilfellum er fólk búið að vera hér ansi lengi þegar til þess kemur að það getur sótt um ríkisborgararétt. Hins vegar eru ótal dæmi um það þegar fólk kemur hér og sækir um hæli sem flóttamenn að það hafi átt erfitt með að sanna persónu sína eða sanna að það sé það sem það segist vera.

Það hlýtur að vera eðlilegt að við stjórnarandstæðingar í þinginu rukkum ríkisstjórnina um stefnu í þessum málaflokki. Seinagangur hefur ríkt í kerfinu við að greiða úr vandræðum þeim sem upp hafa komið hjá þeim útlendingum sem hafa leitað á náðir kerfisins. Við höfum upplifað

slóðaskap í afgreiðslu mála er varða útlendinga í kerfinu. Það skortir á að meðferð mála sem hafa til dæmis rekið á fjörur okkar þingmanna sem varða — ég vil nefna hælisumsóknirnar og sömuleiðis erfiðleika sem koma upp hjá starfsfólki sem telur á sér brotið af atvinnurekendum — það hefur skort upp á að mál þessa fólks hafi fengið nægilega vandaða meðferð í kerfinu. Ég held að það sé okkur öllum lexía að hér þurfi að taka til hendinni og skoða hlutina heildstætt og ofan í kjölinn.

Þetta mál gefur tilefni til að farið sé ofan í saumana á hlutum hér á breiðari grunni en kannski orðanna hljóðan gefur til kynna. Ég sé ekki annað en að yfirlýsing hæstv. ráðherra um að stórbæta þurfi framboð af íslenskukennslu fyrir útlendinga þurfi ákveðinnar skoðunar við. Það væri svo sem ekki úr vegi áður en þessari umræðu er lokið að hæstv. ráðherra skýri það betur fyrir þingheimi hvað hann meinar með þeirri fullyrðingu að stórbæta þurfi þetta framboð. Nú vitum við að það framboð sem hefur verið til staðar hefur að mörgu leyti verið ágætt. Það hefur verið tekið verulega á í þessum málum og ég tala nú ekki um með nýjum fjármunum, þá eru þeir sem hafa verið að bjóða íslenskukennslu enn betur í stakk búnir til að bjóða gott námsefni og fara í þá vinnu sem þarf til að útbúa nýtt námsefni. Mögulegt er að við þurfum að fara í rannsóknarvinnu í þessum efnum því eins og getið hefur verið um hér þá höfum við ekki mikla reynslu í að kenna íslensku sem annað tungumál. Ég held að það þurfi ákveðnar kennslurannsóknir til þess að tryggja að vel sé að verki staðið í þeim efnum.

Eins og ég segi þá er ekki nóg að fullyrða það hér að stórbæta þurfi framboðið af íslenskukennslunni. Það þarf að stórbæta möguleika útlendinga á því að læra íslensku. Það eru ýmsar leiðir til þess, meðal annars þær að heimila fólki að læra íslensku í vinnutímanum og sömuleiðis, það sem ég tel vera grundvallaratriði, að fólk þurfi ekki að greiða kennsluna úr eigin vasa.

Innflytjendamálin eru mál málanna í umræðu dagsins. Verulega miklu máli skiptir að héðan af Alþingi komi þess vegna skilaboð sem gefa það til kynna að við viljum breyta í þessum málaflokki, að við viljum tryggja stöðu þess fólks sem hingað leitar. Ég tel að að allsherjarnefnd hafi ærið verkefni fyrir höndum við að skoða það frumvarp sem hér hefur verið mælt fyrir.

[16:42]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Stefna ríkisstjórnarinnar varðandi innflytjendur til landsins hefur verið óskýr svo ekki sé meira sagt. Þá ályktun má m.a. draga af þeirri staðreynd að þingmenn úr stjórnarliðinu hafa óskað eftir því að fá að ræða stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum utan dagskrár. Ég vísa þar til beiðni frá hv. þingmanni Framsóknarflokksins, Sæunni Stefánsdóttur. Það hlýtur að undirstrika stöðuna í málaflokknum þegar jafnvel hv. þingmenn stjórnarliðsins skilja stefnuna ekki betur en svo að þeir þurfa nauðsynlega að ræða hana utan dagskrár við þann ráðherra sem í hlut á.

Það kemur fram í frumvarpinu sem hér liggur fyrir að það er sett fram til að marka skýrari stefnu og koma betra skikki á veitingu íslensks ríkisborgararéttar til þeirra sem þess æskja. Það má auðvitað draga þá ályktun að það mál hafi hugsanlega ekki verið alveg í nógu föstum skorðum. Á þeim tíma sem ég hef setið á þingi, síðan 1991, held ég þó að menn hafi að minnsta kosti þrisvar breytt og reynt að bæta þessi lög. Hugsanlega stafar þetta af því að við búum nú við allt aðrar aðstæður en áður.

Útlendingum hefur fjölgað gríðarlega hér á landi í samræmi við þörf Íslendinga fyrir aukið vinnuafl á miklum þenslutímum og í tengslum við alþjóðlegar skuldbindingar sem við höfum axlað með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Frjáls för vinnuafls er einn af hinum fjórum frelsisþáttum sem eru undirstaða þess samnings. Ég tek skýrt fram að ég er ákaflega hlynntur þeim þætti samningsins. Ég held að hann hafi skipt okkur töluverðu máli, að fá hingað erlent fólk til starfa á Íslandi og það hafi glætt menningu okkar og lagt fram mikilvægan skerf til verðmætasköpunar hér á landi.

Ég verð að segja, svo afstaða mín sé alveg skýr, að ég tel ekkert að því að skoða vel allt það sem hér í þessu frumvarpi liggur. Ég er hlynntur flestu af því. Það sem orkar tvímælis í mínum huga er það mál sem hér hefur mest verið rætt. Ég vísa þar, herra forseti, til þess að sú kvöð verður lögð á þá sem vilja öðlast ríkisborgararétt hér á landi að þeir hafi ekki bara sótt sér menntun í íslenska tungu heldur geti þeir líka sýnt fram á einhverja lágmarksfærni.

Þetta er ekki óeðlileg krafa þegar hún er skoðuð. Ég er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að gera þá kröfu til þeirra sem af fúsum og frjálsum vilja óska eftir því að gerast hluti af íslensku samfélagi að þeir geti samlagast siðum og háttum þeirra sem hér búa. Mér finnst það eðlileg forsenda. Það er partur af því að þeim verði tekið opnum örmum.

Á hinn bóginn þegar slíkar kvaðir eru lagðar á þá sem vilja gerast hluti af hinu íslenska samfélagi þá verður á móti sú kvöð að hvíla á öxlum þeirra sem fara með stjórnina að þeim sé gert það kleift. Það hefur komið fram í þessari umræðu að svo virðist sem brotalöm hafi verið á því, til skamms tíma að minnsta kosti, að nægilegt framboð væri á íslenskukennslu handa útlendingum. Þeir sem þekkja þau mál miklu betur en ég, eins og t.d. hv. síðasti ræðumaður Kolbrún Halldórsdóttir, telja t.d. að það þurfi sérstaka færni til þess að kenna tunguna þeim sem ekki hafa hana að móðurmáli. Ekki dreg ég það í efa.

Hitt er alveg ljóst, sem komið hefur fram í þeim umræðum sem hafa spunnist um stöðu innflytjenda á síðustu vikum og mánuðum að hér hefur pottur verið brotinn. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, frú forseti, að nægilegt framboð þurfi að tryggja, helst mjög víða á landinu, á kennslu í íslensku fyrir útlendinga. Í öðru lagi þarf að vera tryggt að fjárhagsleg geta dragi ekki úr möguleikum manna á að geta notað sér þá menntun. Mér finnst að það þurfi að koma skýrt fram hjá hæstv. ráðherra að svona eigi þetta að vera í framtíðinni.

Ég skal fúslega viðurkenna að þessi málaflokkur er mér nokkuð framandi. Ég hef ekki kynnt mér það til nokkurrar hlítar en ég hljóp í gegnum þetta frumvarp og hugsanlega yfirsást mér. En ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra, þegar hann lýkur umræðu um þetta mál hér á eftir, lýsi því alveg skilmerkilega yfir að fyrirhugað sé að bjóða upp á þessa kennslu án nokkurs endurgjalds. Ég tel það skipta máli. Í öðru lagi finnst mér, þegar sett eru lög eins og þessi, sem

eiga að vera stoð undir reglugerðir þar sem verið er að leggja kvaðir og setja kannski stífan ramma um mál, þurfa að liggja fyrir í grófum dráttum með hvaða hætti þær reglur eiga að líta út.

Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að dómsmálaráðherra geti, eigi, sé eiginlega gert að setja reglugerð sem mæli fyrir um þær kröfur sem umsækjandi þarf að hafa staðist að því er íslenska tungu varðar. Þar er sömuleiðis mælt fyrir um tilteknar undanþágur frá þessu skilyrði. Í greinargerðinni er það allt saman frekar lauslega orðað þannig við umfjöllun málsins í hv. allsherjarnefnd tel ég að koma þyrfti fram a.m.k. grófur rammi að þeim reglum sem ráðherra hyggst setja og sömuleiðis þær undanþágur sem þar eiga að vera. Þetta finnst mér skipta töluverðu máli fyrir afgreiðslu og samþykkt þessa máls.

Þetta var það sem ég vildi um þetta mál segja, herra forseti. Að öðru leyti segi ég að mér finnst þetta mál heldur horfa til bóta. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki óeðlilegt að setja kröfur af því tagi sem hér eru. Hæstv. ráðherra sagði að það ætti í sjálfu sér ekki að vera auðvelt verk að verða íslenskur ríkisborgari. Menn eiga að uppfylla ákveðnar kröfur sem auðvitað eru þegar fyrir hendi.

Mig langar að lokum að spyrja hæstv. ráðherra nokkurs sem hugsanlega stafar af vanþekkingu minni og fávisku. Í dag er staðan sú, eins og ég hef skilið það best, að ef útlendingur á Íslandi sækir um ríkisborgararétt og dómsmálaráðuneytið telur að hann uppfylli ekki þau skilyrði skilst mér að viðkomandi geti óskað eftir því að það mál fari til skoðunar hjá Alþingi og hugsanlegrar afgreiðslu. Ég spyr hæstv. dómsmálaráðherra: Verður nokkur breyting á því?

Ég vil í blálokin lýsa því yfir að mér finnst að svona reglur eigi að vera töluvert rúmar að því marki að ef um er að ræða að afreksmenn og sérstakt atgervisfólk sem hefur löngun til þess að setjast að hér á landi, þá eigi að taka sérstaklega á þeim málum. Ég vísa t.d. í mál eins og mál skákmannsins mikla Bobbys Fischers sem bæði hafði vissa sögulega skírskotun til hinnar íslensku þjóðarsálar og var sannarlega afreksmaður á sínu sviði.

Ég geri mér algerlega grein fyrir því að líkast til stangast þetta viðhorf á við stífustu kröfur um jafnræði. En ég tel eigi að síður að í þessum tilvikum, þegar íslensku samfélagi er verulegur fengur að því að fá slíkt fólk sem vill vera partur af okkur en hugsanlega uppfyllir ekki þær kröfur sem hér eru settar hér um íslenskukunnáttu, þá eigi menn að hugsa sig vel um áður en slíku yrði hafnað.

[16:51]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég tel að tæpt hafi verið á þeim atriðum sem sérstaklega eru til umhugsunar fyrir allsherjarnefnd. Þar ber hæst íslenskuþáttinn, þ.e. íslenskukennsluna. Auk þess vil ég árétta það sem ég sagði í ræðu minni, að nefndin ætti líka að fjalla um tvöfalda ríkisborgararéttinn. Þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað hafa ekki komið inn á það atriði. En ég hvet nefndina eindregið til að fjalla um það og taka afstöðu til þess í umfjöllun sinni.

Ég þarf ekki að tíunda fyrir hv. þingmönnum hvaða breytingar hafa orðið á þjóðfélaginu á undanförnum árum. Um síðustu áramót bjuggu líklega hér á landi um 20.000 manns með erlent ríkisfang. Við sjáum af þeim tölum sem við birtum hér í fylgiskjali með frumvarpinu hvernig kúrfan hefur hækkað jafnt og þétt og fleiri og fleiri sækjast eftir því að gerast íslenskir ríkisborgarar. Ekki er ég andvígur því og ég skrifa undir mörg hundruð slík ríkisborgarabréf á hverju ári.

En ég tel nauðsynlegt að reglurnar séu skýrar. Þótt ég svari hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni strax set ég ekki nein þau mörk að Alþingi geti ekki sjálft ákveðið með lögum að taka á móti einstaklingum á þeim grundvelli sem þingið ákveður. Fyrst og fremst er um það að ræða að þegar dómsmálaráðherra eða dómsmálaráðuneytið tekur slíkar ákvarðanir þá séu mörkin skýr og leikreglur settar af Alþingi sem auðveldi að afgreiða þessi mál og skapi þannig betri grunn fyrir þær afgreiðslur, sem fjölgar svo mikið sem raun ber vitni.

Varðandi íslenskukennsluna var gefin út ítarleg fréttatilkynning af menntamálaráðuneytinu 10. nóvember síðastliðinn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stofnað verði til sérstaks verkefnis um íslenskukennslu fyrir útlendinga með verkefnisstjórn sem í sitji fulltrúar menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra. Markmið verkefnisins verði að koma íslenskukennslu fyrir útlendinga í það horf sem vel verði við unað. Á næstu þremur árum verði lögð áhersla á 200 tíma nám sem mætir þörfum byrjenda í íslensku, óháð bakgrunni þeirra. Í framhaldi af því verði stefnt að því að byggja ofan á þetta námsframboð svo öllum þeim sem hér setjast að verði gert kleift að öðlast nokkra færni í íslensku. Menntamálaráðuneyti hafi yfirumsjón með og beri ábyrgð á þeirri íslenskukennslu fyrir útlendinga sem greidd yrði úr ríkissjóði."

Einnig var gefin út yfirlýsing um að 100 millj. kr. yrði varið á þessu ári til að sinna þessu verkefni og það birtist auglýsing núna 12. janúar síðastliðinn þar sem auglýst er eftir umsóknum um styrki til að sinna þessu verkefni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru á Íslandi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar. Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku, og eru á fyrirtækjaskrá, geta sótt um styrki. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að hafa samning við hæfan fræðsluaðila er annast kennsluna."

Í greinargerð með frumvarpinu segir að varðandi íslenskukennsluna sé lagt til að gildistöku ákvæða er lúta íslenskukunnáttu verði frestað í tvö ár svo svigrúm gefist til að byggja upp íslenskukennsluna. Reynsla nágrannaþjóða okkar sýnir að aðlögun innflytjenda að samfélaginu er á meðal brýnustu úrlausnarefna hvers ríkis þegar jafnstórfelldir fólksflutningar verða til landsins og orðið hafa undanfarin ár.

Kunnátta í tungumálinu er mikilvægasti lykillinn að þessari aðlögun. Hafa Danir og Finnar þegar lögfest ákvæði um stöðupróf í viðkomandi tungumálum en Norðmenn hafa farið þá leið að gera kröfu um þátttöku í 300 tíma norskunámi. Taka Danir auk þessa próf í danskri sögu og samfélagsfræðum fyrir umsækjendur.

Í þessari yfirlýsingu eða fréttatilkynningu frá mennta-

málaráðuneytinu segir um prófin, með leyfi forseta:

„Vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um íslenskan ríkisborgararétt er jafnframt nauðsynlegt að koma á fót stöðuprófum í íslensku, í þeim tilgangi að gefa umsækjendum um ríkisborgararétt kost á að sýna fram á lágmarkskunnáttu í íslensku. Áhersla verði lögð á færni í almennum samskiptum og við það miðað að til að standast prófið þurfi ámóta kunnáttu og til að standast grunnskólapróf í ensku eða dönsku. Nauðsynlegt er að próf verði haldin a.m.k. tvisvar sinnum á ári."

Þarna er ákveðin viðmiðun en þetta hefur ekki verið ákveðið enn. Menn ætla að gefa sér tvö ár til að ákveða þetta. Varðandi stefnu mína í þessu máli þá hef ég komið að þessu um langt árabil, fyrst sem menntamálaráðherra og nú sem dómsmálaráðherra. Ég tel að vel sé að þessu verki unnið af mörgum aðilum. Við höfum séð þá grósku sem er á þessu sviði og hvernig menn hafa leitast við að svara aukinni eftirspurn, bæði á netinu og með alls konar tilboðum og ferðalögum um land allt og námsefni á margvíslegum grunni. Það er mikið framboð og þetta þarf allt að sameina. Það verður náttúrlega tekið mið af því hvaða kröfur eru gerðar. Við að öðlast ríkisborgararéttinn fá menn kannski nýtt viðmið varðandi þær kröfur sem gerðar eru í þessu efni. Það er því mikilvægt að þetta sé vel undirbúið.

Af hálfu dómsmálaráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins hefur verið leitað til Kennaraháskóla Íslands í þessu efni til að fá leiðbeiningar og leiðsögn. Þetta er því ekki sagt þannig að menn standi einhvers staðar á byrjunarreit í þessu máli. Þvert á móti hefur þetta verið ítarlega rætt og mikið um þetta fjallað.

Mín skoðun er sú að þetta nám eigi að vera ókeypis fyrir viðkomandi. Ég tel að það sé, ef ég má orða það svo, hæfilegur og besti fórnarkostnaðurinn sem íslenska þjóðfélagið leggur af mörkum til þess að opna aðgang að samfélagi okkar, að kostnaður við þetta nám sé greiddur af ríkissjóði fyrir þá sem vilja stunda, t.d. með það að markmiði að standa að stöðuprófum um íslenskan ríkisborgararétt.

Ég tel hins vegar að þeir sem gangast undir það að stunda námið eigi að greiða ákveðið þátttökugjald, staðfestingargjald eða innritunargjald, eða hvað sem við köllum það. En meginreglan ætti að vera sú að staðið sé undir kostnaðinum af hálfu ríkissjóðs. Þetta er skoðun mín sem ég hef mótað mér og hef kynnt á fundum þar sem ég hef rætt um þessi mál. Ég þakka fyrir það tækifæri að fá að kynna þessa skoðun mína hér. Ég tel að skilgreina eigi þennan þátt í þessu dæmi þannig að námið sé á kostnað ríkissjóðs en þeir sem hefja námið þurfi að greiða innritunar- eða staðfestingargjald sem sýni og staðfesti áhuga þeirra á því að stunda námið.

Við verðum náttúrlega að tryggja að hæfir aðilar bjóði upp á námið. Það á ekki að vera í höndum ríkisins, að mínu mati. Ríkið á að skipuleggja þetta og halda utan um þetta. Það er okkar, eins og kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að setja reglurnar, segja hvaða kröfur á að gera. En við eigum ekki að skipuleggja námið frekar heldur en að skilgreina kröfur og síðan að bjóða þær þá út og fá aðra til að standa að náminu. Þannig er mín hugmynd í þessu, svo hún sé alveg skýr. Ég tel að við höfum þessi tvö ár til að vinna að þessu. Ég hefði aldrei lagt þessa tillögu fram hér fyrir þingið nema ég væri sannfærður um að við hefðum burði til að standast þær kröfur sem við gerum til sjálfra okkar með því að samþykkja þetta frumvarp.

Hins vegar velti ég fyrir mér hvað þetta eigi að vera margir tímar. Hér er talað um 200 tíma. Í Þýskalandi eru það 600 tímar. Hvað eiga þetta að vera margir tímar sem kennt er og annað slíkt? En við eigum að ganga svona fram með þessum hætti. Við eigum að setja þessi skilyrði og við eigum að gera þessar kröfur þegar við veitum ríkisborgararétt í okkar landi samkvæmt almennum reglum sem eru settar á Alþingi auk þess sem við höfum sérreglur og Alþingi getur þá sjálft ákveðið hvort það vill taka á móti einhverjum einstaklingum án þess að þeir gangist undir þessi próf.

[17:00]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hæstv. dómsmálaráðherra erum sammála um mjög margt í þessum efnum. Ég er sérstaklega ánægður með það sem vafalítið hefur oft komið fram áður af hálfu ríkisstjórnarinnar, þó að ég hafi ekki tekið eftir því, að svo virðist sem það sé alveg ljóst að stefna stjórnvalda er að þetta nám fyrir útlendinga verði ókeypis.

Mig langar þá að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geri ráð fyrir að þessi kennsla verði boðin á mörgum stöðum á landinu. Eins og við vitum hnappast innflytjendur saman á ýmsum stöðum þar sem mikil vinna er í boði og mig langar til að inna hann eftir því hvort það liggi fyrir jafnvel einhver áætlun um það.

Í annan stað langar mig til að spyrja út í hvað það er sem veldur ákvörðuninni um 200 tímana. Ég hjó að vísu eftir því að hæstv. ráðherra segir að það sé tala sem menn séu að velta fyrir sér og sé ekki fastákveðin. Nú veit ég það af eigin reynslu að hæstv. ráðherra er giska góður málamaður og ég velti því fyrir mér hvort jafnvel þessi hæstv. ráðherra geti tekið til óspilltra málanna við nýtt tungumál og orðið sér úti um lágmarksfærni í því á 200 tímum. Mér koma í hug tungumál sem e.t.v. væri hægt að verða sér úti um slíka færni í á svo skömmum tíma en ég dreg mjög í efa að mér og hæstv. ráðherra mundi t.d. auðnast að komast almennilega niður í rússneskri tungu á svo skömmum tíma. Í árdaga menntaferils míns lagði ég stund á rússnesku. (**Gripið fram í:** Í hvaða tilgangi?) Í þeim tilgangi að kynna mér rússneskar bókmenntir, hæstv. ráðherra, í tvo vetur í virtustu menntastofnun þjóðarinnar, Menntaskólanum í Reykjavík. Það gekk bærilega og var að vísu innan við 200 stundir sem ég samtals hafði en það var einungis með alveg sérstakri kostgæfni og sérlegri iðni og ástundun sem mér tókst það. Ég veit ekki hvort þetta (Forseti hringir.) er nægilegur tími fyrir þá sem koma úr mjög ólíkum málsvæðum eins og hér hafa verið nefnd í dag. (Forseti hringir.) Þjóðverjar nota 600 stundir og erum við ekki báðir aðdáendur Þjóðverja, ég og hæstv. dómsmálaráðherra?

[17:02]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er þetta matsatriði. En ég bið hv. þingmann að hafa það í huga þegar hann ræðir þetta að þeir sem sækja um ríkisborgararétt hér á landi þurfa að hafa

dvalið í landinu ákveðinn tíma. Það er misjafnt, ef fólk er í hjúskap, í þrjú ár, eða hvaða reglur það eru. Ef karl sem er kvæntur íslenskri konu eða kona gift útlendingi bæta síðan 200 tímum við til að búa sig undir að standast stöðupróf — ég er alveg viss um að okkur hv. þingmanni dygðu þrjú ár í sambúð með útlendingi til að öðlast þá tilfinningu fyrir málinu að við gætum á 200 tímum tileinkað okkur þá þekkingu sem gerði okkur kleift að standast eitthvert stöðupróf. Ég tala nú ekki um ef við værum sjö ár í landinu og ætluðum síðan að sækja um ríkisborgararétt og þá væri sagt: Til að standast þær kröfur sem við gerum verða menn að gangast undir ákveðið stöðupróf, við bjóðum 200 tíma ókeypis nám. Ég er viss um að okkur hv. þingmanni tækist jafnvel í Kína að tileinka okkur það á þann veg að við stæðumst það próf.

Það verður að líta á það að þetta er ekki fólk sem er að koma hingað til landsins til að setjast að og ætlar síðan eftir mánuð eða eitthvert 200 tíma hraðnámskeið að verða íslenskir ríkisborgarar. Það þarf aðlögun, það þarf langan tíma og síðan er þetta lokahnykkurinn varðandi tungumálið. Sumir þurfa örugglega ekki að fara í þetta námskeið heldur geta bara sest niður og tekið prófið og ég er viss um að hv. þingmaður, doktor, mundi gera það.

[17:04]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er bæði upp með mér og þakklátur fyrir þá miklu trú sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur á mér. Mér hefur reyndar virst í samskiptum mínum yfir þetta ræðupúlt fyrr á árum að hún hafi þá alla vega ekki brotist fram fyrr en á allra síðustu vikum og missirum. En svo lærir sem lifir.

Ég hugsa að það sé rétt sem hæstv. dómsmálaráðherra segir að ég og ýmsir sem hafa lært að læra gætu þetta, en ég velti því líka fyrir mér af hverju menn nota þessa tölu, 200 stundir. Hæstv. ráðherra gat um Þjóðverja í ræðu sinni áðan, þeir glíma við sama vanda. Í Þýskalandi er stórt þjóðarbrot sem kemur frá Tyrklandi. Eigi að síður eru svipaðar reglur um ríkisborgararétt varðandi dvöl í landi þar og hér en þeir eru samt sem áður með þrefalt lengri tíma.

Ég velti þessu bara upp vegna þess að ég virði vilja hæstv. dómsmálaráðherra til að ráða bót á ákveðnu vandamáli og greiða innflytjendum leiðina inn í íslenskt samfélag. Þessar vangaveltur mínar, þar sem ég er kannski meira að hugsa upphátt, beinast að því hvort þetta skref sé nægilega stórt. Bjóðum við upp á menntun sem er nægilega mikil til að þeir komist yfir þann hjalla sem tungumálið kann oft að vera í samskiptum þeirra við það samfélag sem fyrir er?

Ég ætla ekki að inna hæstv. ráðherra frekar eftir þessu en ég taldi rétt að benda á þetta. Þetta er eitt af því sem hlýtur að koma til skoðunar við umfjöllun nefndarinnar á lausn stjórnvalda á þessum vanda sem segja má að tungumálasamskipti séu í þessu tilviki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:06]

**Útbýting:**

Staða blindra og daufblindra, 509. mál, fsp. JóhS, þskj. 769.

## *Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 1. umr.*

Stjfrv., 466. mál (eignarhald prestssetra, skipan sóknarpresta). — Þskj. 645.

[17:07]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Af mörgum merkum málum sem ég hef flutt í dag tel ég að þetta sé hið merkasta, því að hér er verið að binda enda á áralangar og árhundruða langar deilur ríkis og kirkju um yfirráð yfir landi hér, kirkjujörðum og pretssetrum og öðrum slíkum þáttum. Verið er að kynna lagabreytingu sem tengist samkomulagi sem gert var milli ríkisins og þjóðkirkjunnar og við undirrituðum 20. október 2006, biskupinn yfir Íslandi, herra Karl Sigurbjörnsson, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og ég. Það er birt hér sem fylgiskjal með frumvarpinu og þar er tekið á þeim útistandandi deilumálum sem voru á milli ríkis og kirkju og lauk með þessu samkomulagi.

Í frumvarpinu er annars vegar lögð til lögfesting á samkomulaginu milli ríkisins og kirkjunnar en með samkomulaginu afhendir íslenska ríkið þjóðkirkjunni til eignar prestssetur eins og nánar er greint frá í samkomulaginu. Hér er samkomulagið tíundað og listi yfir þær jarðir sem til álita voru í þessum samningaviðræðum. Það var ákveðið, eins og samþykkt hefur verið með fjárlögum, að auka fjárgreiðslur til þjóðkirkjunnar um 35 millj. kr. í því skyni að greiða fyrir þessu samkomulagi.

Hins vegar er lagt til í frumvarpinu að biskupi Íslands verði fengið veitingarvald til að skipa sóknarpresta. Eins og kunnugt er er það nú í höndum dóms- og kirkjumálaráðherra. Kirkjuþing hefur fjallað um þessar tillögur og fallist á þær fyrir sitt leyti, samanber 4. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:10.

# 58. FUNDUR

þriðjudaginn 23. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 56. mál, þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708 og 765. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 465. mál, þskj. 644. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Dómstólar og meðferð einkamála, stjfrv., 496. mál, þskj. 750. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 464. mál, þskj. 643. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 466. mál, þskj. 645. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Vatnajökulsþjóðgarður, stjfrv., 395. mál, þskj. 439. — 1. umr.
9. Úrvinnslugjald, stjfrv., 451. mál, þskj. 592. — 1. umr.
10. Tekjuskattur, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.
11. Heildarstefnumótun í málefnum útlendinga og innflytjenda, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Fyrri umr.
12. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Fyrri umr.
13. Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
14. Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, þáltill., 36. mál, þskj. 36. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Geir H. Haarde forsrh., 1. þm. Reykv. s.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Svar við fyrirspurn um fjárhagsstöðu RÚV.

[13:32]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég tel það í hæsta máta alvarlegt þegar við nú göngum til atkvæða um Ríkisútvarpið ohf., mál hæstv. menntamálaráðherra, að þá skuli nú fyrir stundu, í upphafi þessa fundar, vera loksins eftir langa mæðu og ítrekaðar óskir dreift hér svari við fyrirspurnum mínum til hæstv. ráðherra um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins miðað við 1. desember sl. Hér er um að ræða skjal upp á 40 blaðsíður og þetta er auðvitað lýsandi dæmi um þessa málsmeðferð alla að það skuli vera boðið upp á þetta á Alþingi Íslendinga að svona skuli vera gengið frá málum þegar stjórnarandstöðunni hefur ævinlega verið meinað um að ræða þessi mál sameiginlega í tengslum við fjölmiðlamarkaðinn almennt og að skoða stöðu ríkisfjölmiðilsins á sem heildstæðastan hátt, þá er okkur gert þetta erfitt fyrir varðandi það að gera okkur grein fyrir fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Og nú á að knýja málið í atkvæðagreiðslu þegar svona er háttað. Ég vil bara lýsa vonbrigðum mínum með að vinnubrögð á Alþingi skuli vera með þeim hætti sem hér kemur í ljós.

[13:33]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég er algerlega undrandi á þessum orðum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem er líka nefndarmaður í menntamálanefnd og þar fyrir utan hefur hún tekið þátt í atkvæðagreiðslu t.d. um fjáraukalögin en inni á þeim er, eins og menn vita, heimild til að fella niður skuldir Ríkisútvarpsins upp á 625 millj. Ég vil einnig geta þess að ríkisendurskoðandi fór yfir málið með nefndarmönnum og kannski hefur hv. þingmaður ekki viljað heyra það sem hann sagði fyrir framan nefndarmenn. Hann lýsti því sérstaklega yfir að það væri afar vel staðið að allri formbreytingu á rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins og ég lýsi því enn og aftur yfir að Ríkisútvarpinu verður skilað með 15% eiginfjárhlutfalli þegar rekstrarbreytingin á sér stað. Það mun verða til þess að Ríkisútvarpið geti staðið undir þeim kröfum og staðist þær væntingar sem við gerum alla jafnan til þess.

[13:34]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra og reyndar forseti vor verða að hafa í huga að við erum fleiri þingmenn en þeir sem sitja í viðkomandi fagnefnd og það þurfa allir að greiða atkvæði um málið og þar af leiðandi eiga allir rétt á sömu upplýsingum og að hafa þær í höndum. Og það þýðir ekkert að reyna að halda öðru fram en því að það er stórkostlega ámælisvert að svar við þessari mikilvægu fyrirspurn skuli fyrst berast nú í upphafi þess fundar þegar á að fara að ljúka umfjöllun um málefni Ríkisútvarpsins vegna þess að í því birtast alvarlegar upplýsingar. Það birtast í því upplýsingar um hríðversnandi afkomu útvarpsins sem tapaði 50 millj. á árinu 2004, tæpum 200 millj. á árinu 2005 og stefnir væntanlega í um 800 millj. kr. tap á þessu ári ef marka má 420 millj. kr. tap á fyrri helmingi ársins. Það er þar af leiðandi ekki blómlegur rekstur sem hér er verið að skila yfir hið fræga opinbera hlutafélag og það er ekki hægt að halda því fram að það hafi verið vel búið að Ríkisútvarpinu af hálfu stjórnvalda undanfarin ár.

Svo má spyrja: Hvers vegna tók allan þennan óratíma að draga þessar upplýsingar út úr bókhaldi Ríkisútvarpsins? Er það svo óaðgengilegt og illa uppfært og er staðan svo óljós frá degi til dags og mánuði til mánaðar að það skuli þurfa að verða stórkostlegur dráttur á því að reiða fram þessar upplýsingar, eða hvað? Hér er aðallega verið að notast við

tölur frá fyrri árum, úr ársreikningum tveggja síðustu ára og milliuppgjöri á miðju ári. (**Gripið fram í:** Nei, ekki 1. des. tölur.) Já, en ég vitna nú í aðaltölurnar sem liggja fyrir. Hér er talað um árshlutareikning útvarpsins fram til 30. júní 2006 og hann ætti ekki að vera mönnum algerlega ókunnugur og fyrst það var uppáfært í ráðuneytinu núna eftir jólin.

[13:36]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur gumað af því að hún beri góðan hug til Ríkisútvarpsins. Þessi góði hugur hefur birst í því að á árunum 1996–2004 drógust rauntekjur Ríkisútvarpsins saman um 15% eða þar um bil. Þetta þýddi 15% fækkun í starfsliði stofnunarinnar. Síðan eru að koma fram upplýsingar um hvað gerst hafi síðan þá. Hér kemur fram að árið 2004 var halli á rekstri Ríkisútvarpsins 49,8 millj. kr. Árið 2005 var halli á rekstri Ríkisútvarpsins kominn upp í 196,2 millj. og á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2006 var halli á rekstri Ríkisútvarpsins 420 millj., hálfur milljarður króna. Hvað er að gerast í rekstri þessarar stofnunar? Finnst mönnum virkilega boðlegt að afgreiða þetta mál núna, frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. án þess að þessar upplýsingar séu ræddar? Það var beðið um þessar upplýsingar í desembermánuði og samkvæmt þingsköpum áttu þær að liggja fyrir þinginu 10 dögum síðar og núna fyrst eru þær að koma fram. Hér eru að koma fram grafalvarlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins og ég leyfi mér að efast um að allar þessar upplýsingar hafi komið fram í menntamálanefnd þingsins vegna þess að þetta eru sumar hverjar nýjar upplýsingar sem hér koma fram og ég vek athygli á því að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir því að bæta stöðu Ríkisútvarpsins fjárhagslega til lengri tíma litið. Þvert á móti á að herða á stofnuninni þegar til lengri tíma er litið og er ég þá ekki að horfa á það sem kann að gerast á fyrstu metrum einkavæðingarinnar.

[13:39]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það er sannarlega sérkennilegur dráttur sem hefur orðið á þessu svari frá menntamálaráðherra og starfsmönnum hans en er raunar í stíl við þá upplýsingaþjónustu sem rekin er í menntamálaráðuneytinu gagnvart Alþingi og best sást á þeirri leynd sem hvíldi yfir hinum svokölluðu ESA-skjölum sem við vorum ekki látin vita af í heilt ár, hvorki þegar fjallað var um Ríkisútvarpið hf. í vor né í haust þegar fjallað var um Ríkisútvarpið ohf.

Það er líka þannig að í október beindi ég tveimur fyrirspurnum til menntamálaráðherra sem varða þjónustusamninginn fræga, þjónustusamningsdrögin sem gerð voru. Ég hef fengið svar við annarri þeirra fyrirspurna en menntamálaráðherra hefur ekki mátt vera að því að svara hinni fyrirspurninni. Hvernig stendur á þessu, forseti, og hvaða eftirlit er það sem forseti þingsins hefur með svörum hæstv. menntamálaráðherra sem í tilviki mínu og hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur varða það mál sem hér er til afgreiðslu? Þetta er ákaflega sérkennilegt og engu líkara en verið sé með skipulegum hætti að leyna upplýsingum frá þingmönnum, ef til vill vegna þess að þær upplýsingar sem nú bárust eru viðkvæmnismál fyrir menntamálaráðherra og þann útvarpsstjóra sem hún réð til starfa, m.a. vegna þess að það stendur ekki til að bæta útvarpinu þetta á neinn hátt og sú upphæð sem gert er ráð fyrir í framtíðartekjumögnun miðast við allt of lágan grunn, þann sem nú er veittur með afnotagjöldum. Menntamálaráðherra er því enn einu sinni í vandræðum út af málinu og ég vona að þeim vandræðum og hinum hæstv. menntamálaráðherra linni hvað úr hverju.

[13:41]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það hlýtur að teljast alvarlegt þegar mál af því tagi sem hér um ræðir, sem ríkir um gríðarlega mikill pólitískur ágreiningur er afgreiddur héðan frá Alþingi á þeim nótum sem þegar er augljóst. Upplýsingar þær sem hér koma fram eru ekki sömu upplýsingar og koma fram í skýrslu matsnefndarinnar sem gerði stofnefnahagsreikninginn fyrir Ríkisútvarpið ohf. fyrir hæstv. ráðherra heldur er hér um nýjar upplýsingar að ræða. Mann rekur auðvitað í rogastans þegar hæstv. menntamálaráðherra leyfir sér að segja að við, nefndarmenn í menntamálanefnd Alþingis, eigum að vita betur og við eigum að sætta okkur við það sem hún ákveður að skammta okkur úr hnefa. Það er bara ekki svo, hæstv. forseti. Við þingmenn á Alþingi Íslendinga höfum sjálfstæðan rétt til að afla upplýsinga í gegnum ráðuneytin. Það er okkar sjálfsagði réttur og það er ömurlegt þegar ráðherrar að því er virðist leyfa sér að halda upplýsingum leyndum frá þingmönnum eða móast við að leggja fram þær upplýsingar sem sjálfsagt er að við eigum samkvæmt lögum rétt til.

Ég vil í lokin, hæstv. forseti, segja að um eiginfjárhlutfall félagsins sem hæstv. ráðherra lofar stöðugt að verði 15% þegar opinbera hlutafélagið fer af stað, það er auðvitað bara fugl í skógi vegna þess að ekki er ekki komin í gegnum Alþingi Íslendinga nein beiðni um slíkt eða þeir fjármunir eru ekki til reiðu fyrir hæstv. ráðherra að lofa. Ég bið, hæstv. forseta Alþingis hér og nú, að heimila um þetta svar, fjárhag Ríkisútvarpsins, umræðu utan dagskrár við fyrstu hentugleika því að hér eru mál sem þarf að skoða sem þjóð og þing þurfa að komast til botns í.

[13:43]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég ítreka það að hér er ekkert nýtt á ferðinni. Menn vissu það alveg að rekstrarstaða Ríkisútvarpsins hefur ekki verið góð í gegnum tíðina og það hefur aldrei verið falið. (**SJS:** Hún hefur versnað.) Það er aldrei falið, ja hún hefur því miður versnað. Ég vil sérstaklega endurtaka það sem ég sagði áðan. Við erum búin að tryggja það í fjáraukalögum að hluta af skuldum Ríkisútvarpsins verður aflétt og það er ekki bara eitthvað smáræði. Að aflétta skuldum auðveldar Ríkisútvarpinu að starfa til lengri tíma. Auðvitað er verið að hugsa til framtíðar, hv. þm. Ögmundur Jónasson. Þegar verið er að aflétta verulegum skuldum Ríkisútvarpsins þá er verið að huga að því að það geti verið starfrækt og staðið undir þeim skyldum og kröfum sem við gerum til þess til lengri tíma. Og það sem skiptir mestu í þessu máli og mér finnst því miður enn og aftur stjórnar-

andstaðan vera að vaða reyk og villu í þessu máli. Það er alltaf að koma eitthvað nýtt, það er alltaf verið að reyna að fela eitthvað. Það sem skiptir mestu máli og menn forðast að ræða hér, er að það er verið að skila Ríkisútvarpinu með 15% eiginfjárhlutfalli. Það er verið að tryggja góðan starfsgrundvöll til framtíðar, ekki bara einhvern skyndibita heldur til framtíðar.

[13:44]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hæstv. menntamálaráðherra sagði að ekkert nýtt væri að koma fram. Það vissu það allir að fjárhagsleg staða Ríkisútvarpsins hefði verið bágborin um langa hríð. Það er alveg rétt. En það óraði engan fyrir því að staðan væri svona slæm. Það óraði engan fyrir því að staðan væri jafnslæm og kemur fram í svari hæstv. menntamálaráðherra til hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Ég verð að segja að þegar maður skoðar þetta, mér skilst að þessu hafi verið dreift hér áðan, flettir þessu, lítur á tölurnar þá sér maður að þetta fyrirtæki er á bókstaflega felgunni. Þetta staðfestir náttúrlega það sem við í stjórnarandstöðunni höfum verið að benda á í umræðum, að fjárhagsstaða þessa fyrirtækis væri afskaplega slæm. Og það staðfestir enn og aftur grun okkar, hv. formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, um að hér sé verið að leggja af stað í vegferð sem muni leiða til þess að þetta fyrirtæki verði selt úr höndum ríkisins og það yrði menningarlegt stórslys, það er bara þannig.

Hér á að fara að koma á fót fyrirtæki sem er miklu, miklu verr statt fjárhagslega en nokkurn óraði fyrir, fyrirtæki með litlu hlutafé. Það á að setja á stofn skattlagningu, nefskatt svokallaðan sem verður alveg örugglega mjög umdeildur í þjóðfélaginu. Það er verið að skapa hér og efna til mikils ófriðar í kringum þetta fjöregg þjóðarinnar sem Ríkisútvarpið er og ég verð að segja það fyrir mína parta og okkar í Frjálslynda flokknum, virðulegi forseti, að við viljum ekki taka þátt í þessu verki. Við treystum okkur ekki til þess að standa að því að þetta mál verði afgreitt sem lög frá hinu háa Alþingi þegar við sjáum í þessu svari hversu ofboðslega slæm staða Ríkisútvarpsins er. Það er hreinlega ekki gerlegt að taka þátt í slíkum gjörningi.

[13:46]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra sakaði stjórnarandstöðuna um að vera að fela eitthvað og vera með einhverjar reykbombur í þessari umræðu.

Ég spyr á móti: Hver hefur verið að draga þingið á svari, og hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, önnur en hæstv. menntamálaráðherra? Hvers vegna er það? Vegna þess að niðurstaðan er mjög slæm fyrir menntamálaráðherra. Hún er líka slæm fyrir sérstakan trúnaðarmann menntamálaráðherra sem er skipaður útvarpsstjóri, sem virðist vera orðinn nokkurs konar útvarpsstjóri fyrir meiri hlutann á þinginu og hefur tekið afstöðu gegn okkur í minni hluta þingsins.

Þegar farið er yfir skuldirnar kemur í ljós að það hefur sigið verulega á ógæfuhliðina. Skammtímaskuldirnar eru á 19 hundrað millj. kr. og það hefur versnað síðan snillingurinn tók við sem hefur tekið afstöðu gegn okkur í stjórnarandstöðunni. Það kemur hér fram að frá 1. janúar og fram á mitt síðasta ár er tap Ríkisútvarpsins á 5. hundrað millj. kr. Það hefur versnað gífurlega. Og með þessu frumvarpi sem er að fara í atkvæðagreiðslu í þinginu og stjórnarandstaðan hefur mótmælt kröftuglega, er verið að færa þessum manni alræðisvald.

Ég spyr: Er ekki kominn upp neinn efi í huga hæstv. menntamálaráðherra að fara svona að? Ég hefði talið að svo væri. Í þokkabót á síðan að fjármagna Ríkisútvarpið með óréttlátasta skatti sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa staðið fyrir, nefskatti. Og maður spyr sig: Hvað verður næst hjá þessum flokkum? Hversu langt ætla þeir að ganga í að skapa ójöfnuð í samfélaginu? Ég spyr sjálfan mig að því. Það virðast ekki vera nokkur takmörk fyrir því hversu langt á að ganga.

[13:48]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Þetta eru auðvitað mjög alvarlegar upplýsingar sem hér koma fram og ég undrast það svolítið að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki gefa nokkur einustu svör við því hvað er hér á ferðinni í þeirri umræðu sem nú fer fram.

Hvað gerir það að verkum að 420 millj. safnast í skuld á fyrstu sex mánuðum síðastliðins árs? Veit hæstv. menntamálaráðherra ekkert um það? Hvaða verkkaup, samningar eða skuldbindingar hafa farið fram í rekstri Ríkisútvarpsins sem gera það að verkum að skuldirnar hlaðast upp með þessum hætti á árinu? Hefur hæstv. menntamálaráðherra engar áhyggjur af því? Er engin ástæða til að gefa þinginu eina einustu skýringu á því hvað liggur að baki 420 millj. kr. skuldar á fyrstu sex mánuðum síðastliðins árs?

Ég hefði talið að það væri svolítill sómi að því fyrir hæstv. menntamálaráðherra að gefa smáupplýsingar um það hvað stendur þarna á bak við. Það getur varla verið að slíkt gerist án þess að menntamálaráðherra hafi um það nokkra einustu vitneskju. Það væri stórundarlegt ef svo væri.

Ég skora á hæstv. ráðherra að gefa einhverjar upplýsingar um þetta. Hæstv. ráðherra hlýtur að vita hvað er hér á ferðinni? Af hverju stafar það? Hvað er verið að gera? Hvað hefur nýr útvarpsstjóri verið að aðhafast?

***Um fundarstjórn.***

Afgreiðsla frumvarps um RÚV.

[13:51]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort henni finnist yfirleitt stætt á því að taka þetta þingmál til afgreiðslu og gera frumvarp ríkisstjórnarinnar um hlutafélagavæðingu RÚV að lögum í dag í ljósi þeirra upplýsinga sem hér eru að koma fram og hefðu átt heima í umræðu um þetta mál.

Það hefur komið hér fram að í stjórnartíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur orðið samdráttur á tekjustofnun Ríkisútvarpsins sem á árabilinu 1996–2004 skrapp saman um 15%. Það hefur komið fram. (**Gripið fram í:** Er

þetta um fundarstjórn forseta?) Já, þetta er um fundarstjórn forseta vegna þess að þingið hefur ekki fengið upplýsingar sem því bar samkvæmt þingskapalögum. Þegar þessar alvarlegu upplýsingar koma nú fram er eðlilegt að beina því til stjórnar þingsins hvort stjórn þingsins þyki eðlilegt að taka málið til afgreiðslu.

Hér er að koma fram að á fyrstu sex mánuðum ársins 2006 er rekstrarhalli á Ríkisútvarpinu tæpur hálfur milljarður króna og hefur stórvaxið frá því sem áður var. Ég vek athygli þingsins á því að þegar hæstv. menntamálaráðherra kemur hér upp og segir að verið sé bæta fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins til langs tíma, þá er það bara alrangt. Hvað sem gildir um skammtímalausnir, hvað sem um þær gildir þá er það alrangt að það sé verið að bæta fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins.

Hvers vegna í ósköpunum ætti útvarpsstjórinn þá að koma á fund menntamálanefndar og segjast ætla að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins með 6% hagræðingarkröfu? Hvað þýðir 6% hagræðingarkrafa? Það er niðurskurður um 6%, bæði í mannahaldi og útgjöldum Ríkisútvarpsins. Á þennan hátt á að bæta stöðu Ríkisútvarpsins.

Hæstv. forseti. Ég ítreka spurningu mína því að hún fjallar einmitt um fundarstjórn forseta: Er virkilega tækt að taka þetta frumvarp til afgreiðslu nú í ljósi þeirra upplýsinga sem þinginu eru að berast og eru ekki samkvæmt þingskapalögum? Þessar upplýsingar áttu að liggja fyrir í desembermánuði og áttu að liggja fyrir þegar við hófum 3. umr. um Ríkisútvarpið ohf. Þess vegna ítreka ég spurningu mína og hún er borin fram í fullri alvöru.

[13:53]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Umræðu um Ríkisútvarpið er lokið.

[13:53]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég held að það sé rétt sem fram kom í svari forseta að umræðu um Ríkisútvarpið er lokið, en það virðist sem þingmenn stjórnarandstöðunnar séu haldnir einhverjum fráhvarfseinkennum eftir að þeir lögðu af það málþóf sem þeir hófu hér fyrir rúmri viku síðan.

Ég vildi bara upplýsa hæstv. forseta um það út af þeirri beiðni og athugasemdum sem hér hafa komið fram að auðvitað er ekkert nýtt í þessum tölum sem gerir það að verkum að fresta verði atkvæðagreiðslu um þetta mál. Það er ekkert slíkt í þeim tölum sem koma fram í þessu tiltekna svari. Það er margoft búið að gera grein fyrir því hvernig tekið verður á fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Hæstv. menntamálaráðherra hefur gert grein fyrir því hvernig farið verður með skuldir og hvaða ráðstafanir verða gerðar í fjáraukalögum.

Það hefur líka komið fram, og við höfum verið með þær upplýsingar í höndunum í meira en eitt ár, að stefnt er að því að eiginfjárhlutfall Ríkisútvarpsins ohf., hins nýja félags, verði 15%. Það hefur líka komið fram og það vita þeir hv. þingmenn sem sátu í hv. menntamálanefnd og hlýddu á Sigurð Þórðarson, sem var skipaður formaður matsnefndar og fenginn var til að útbúa stofnefnahagsreikning fyrir hið nýja félag, að hann lýsti því yfir fyrir nefndinni að stofnefnahagur þessa nýja félags yrði mjög sterkur til rekstrar fyrir næstu (Forseti hringir.) 10–15 árin.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti mælist til þess að hv. þingmaður ræði um fundarstjórn forseta en ekki störf í menntamálanefnd.)

Það er einmitt það sem ég er að gera, frú forseti. Ég er að upplýsa forseta um það að ríkisendurskoðandi sem er formaður matsnefndarinnar sem útbjó stofnefnahagsreikninginn fyrir hið nýja félag er fullkomlega ósammála þeim fullyrðingum sem hér hafa komið fram hjá þingmönnum stjórnarandstöðunnar. (Gripið fram í.) Ég lýsi því hér yfir að ég treysti yfirlýsingum hans betur en yfirlýsingum hv. þingmanna.

[13:56]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegi forseti. Ég kem raunar upp vegna þess að ég er að sjá þetta svar í fyrsta sinn eins og aðrir, enda var það lagt hér fram rétt fyrir stundu, og ég lýsi yfir óánægju minni með það að forseti þingsins skyldi ekki sjá til þess að þessar upplýsingar væru fram komnar áður en umræðunni um Ríkisútvarpið lyki. Ég hefði talið að forseti hefði átt að kalla eftir því frá menntamálaráðherra að þessar upplýsingar lægju hér fyrir.

Það má kannski segja að það sé bitamunur en ekki fjár á því hvort uppsafnaðar skuldir Ríkisútvarpsins eru 5,2 milljarðar samkvæmt árshlutareikningi 30. júní sl. eða hvort þær voru 4,8 milljarðar eins og þær voru í árslok síðasta árs. Það alvarlega í þessu máli, finnst mér, er að Ríkisútvarpið hefur safnað upp á þessu ári tvöfalt meiri rekstrarhalla en allt árið í fyrra. Maður hlýtur að spyrja hvað hafi verið að gerast í Ríkisútvarpinu sem safnar 420 millj. í (Forseti hringir.) rekstrarhalla á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta hefði átt að liggja fyrir, virðulegur forseti.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill áminna hv. þingmenn um að halda sig við umræðuna um fundarstjórn forseta.)

[13:57]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Mér finnst alveg eðlilega að þessum málum staðið. Kallað var á ríkisendurskoðanda til þess að gera grein fyrir stofnreikningi hins nýja hlutafélags. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við verk hans og þar með liggur fyrir að vel hefur verið að verki staðið. En þetta upphlaup stjórnarandstöðunnar nú er gamalþekkt á Alþingi og hefur ekkert með málefnalegar umræður að gera.

[13:58]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Hér koma upp vaskir fótgönguliðar og skjóta skildi fyrir ráðherra sinn. En það breytir ekki hinu, og það veit ég að virðulegur forseti hlýtur að viðurkenna, að þetta er stórkostlega ámælisverð málsmeðferð. Auðvitað áttu þessar upplýsingar fullt erindi inn í umræðuna.

Þegar búið er að biðja skriflega um upplýsingar frá framkvæmdarvaldinu eiga þær að berast Alþingi innan tilskilins frests nema stórkostleg vandkvæði séu á því og í raun og veru ekki tæknilega hægt að verða við beiðninni. Þá eiga menn að koma hér og óska eftir lengri fresti. Forseti

á auðvitað að ganga eftir því fyrir hönd okkar þingmanna að þessi réttur okkar sé virtur. Lágmarkskrafa væri að mér finnst, og sú sem kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar áðan, að atkvæðagreiðslunni yrði þá að minnsta kosti frestað um sinn, t.d. um einn dag, þannig að mönnum gæfist tími til að gaumgæfa þessar upplýsingar. Menn eiga eftir að fara með atkvæðaskýringar sínar og að sjálfsögðu skiptir afkoma og fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins máli í því sambandi.

Menn skjóta sér á bak við það að bókhaldslega eigi Ríkisútvarpið samkvæmt efnahagsreikningi að verða með 15% eigið fé. En hvaða gagn er að því ef reksturinn er á dúndrandi niðurleið eins og þessar upplýsingar sýna? Ef tekjustreymið til fyrirtækisins er að hrynja? Eða ef stjórnandinn er búinn að missa svo gjörsamlega tök á rekstrinum að þar er verið að fara úr öskunni í eldinn á örfáum mánuðum?

Snillingurinn sem á að fá alræðisvald, bæði í rekstrarlegum og dagskrárlegum málefnum Ríkisútvarpsins ef að líkum lætur, öðlingur menntamálaráðherra, hæstv. forseti, útvarpsstjórinn Páll Magnússon, er að skila (Forseti hringir.) þessum glæsilega árangri í verki. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því og vil fá svör, það mundi flýta fyrir umræðunni ef forseti svaraði því. (Forseti hringir.) Hyggst forseti verða við því?

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður ræði um fundarstjórn forseta.)

Já, ef ég fær frið fyrir bjöllunni mun ég gera það. Hyggst forseti verða við óskum okkar um að fresta atkvæðagreiðslunni að minnsta kosti um sinn þannig að við getum gaumgæft þetta svar sem var að koma í okkar hendur fyrir fáeinum mínútum, helst í einn dag eða að minnsta kosti í nokkra klukkutíma? Verður hægt að fá svör fljótlega frá forseta við þessum spurningum?

Ég mæli þó með því að hv. þm. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust., fái að tala áður því að það er líklegt að þar falli nokkur gullkornin.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti ítrekar það að umræðu um Ríkisútvarpið er lokið og atkvæðagreiðsla er á dagskrá hér á eftir.)

[14:01]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með ræðumanni sem talaði hér á undan, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, taka undir þá frómu ósk að atkvæðagreiðslu verði frestað þannig að þingheimur fái að kynna sér almennilega þetta svar, því að eftir því sem maður skoðar það betur og þær tölur sem liggja fyrir því meira kemur manni á óvart hversu grafalvarleg staða þessa fyrirtækis er. Okkur þingmönnum á hinu háa Alþingi veitir ekki af því og við verðum að fá að kynna okkur þessi gögn almennilega svo við vitum hvað við erum að fara að gera á eftir þegar við greiðum þessu atkvæði, ekki bara stjórnarandstæðingar heldur líka stjórnarliðar, bæði þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Ég tek eftir því að Framsóknarflokkurinn heldur sig mjög til hlés og þegir þunnu hljóði á bekkjum þingsins. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður á að ræða um fundarstjórn forseta og haldi sig við það efni.)

Já, ég er að rökstyðja mál mitt, virðulegur forseti.

Ég held að allir þingmenn verði að fá að kynna sér þessi gögn til hlítar. Það verður að gefa þingmönnum tíma til að kynna sér gögnin, þetta svar er upp á 40 síður. Því beini ég þeim óskum til virðulegs forseta að þingheimi verði gefinn kostur á að kynna sér þessi gögn því að þau ættu að geta ráðið úrslitum um t.d. hvort ekki ætti hreinlega að samþykkja frávísunartillögu stjórnarandstöðunnar og frumvarpinu yrði vísað frá. Málið er gersamlega í uppnámi og frumvarpið um Ríkisútvarpið og staða Ríkisútvarpsins er svo slæm að við getum hreinlega ekki gengið til þess verks á eftir að ætla að fara að breyta rekstrarformi þess þegar við sjáum að fjárhagsstaða þess er svo miklu, miklu verri en nokkurn óraði fyrir.

[14:03]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Það duldist engum sem hlýddi á mál hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að hann var að tala niður til ýmissa af embættismönnum ríkisins með orðbragði sínu áðan. Við getum farið yfir þetta saman, hv. þingmaður, ef hann óskar þess. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á að það sæmir ekki og er rétt að gera athugasemdir við slíkt ef einstakir þingmenn eru hreyta í embættismenn með þeim hætti að reyna að gera lítið úr stefnu stjórnmálamanna. (Gripið fram í.) Þessu skal halda aðskildu. (Gripið fram í.) Ég vil biðja hv. þingmann eftirleiðis að láta embættismenn í friði þegar hann talar hér og vera ekki með persónulegan skæting til þeirra úr þessum ræðustól.

[14:04]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég ætla að ræða um fundarstjórn forseta öfugt við hv. síðasta ræðumann. Ég ætla að leggja forseta til rök í því máli sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur vakið máls á.

Auðvitað komu þær upplýsingar sem nú hefur verið dreift ekki fram í skýrslu matsnefndar um stofnefnahagsreikning ósköp einfaldlega vegna þess að sú skýrsla er frá í nóvember. Þá voru þessar upplýsingar ekki komnar fram. Ég man heldur ekki eftir, ég er nú ekki með þetta á borðinu hjá mér, að þetta yfirlit um reksturinn á fyrri hluta ársins komi fram í þeim reikningi.

Það er líka þannig, forseti, að það sem við erum að fara að gera á eftir er að samþykkja eða fella tillögu í frumvarpi menntamálaráðherra um upphæð nefskatts. Við þær upplýsingar sem fram hafa komið vaknar að sjálfsögðu spurning um hvort sú upphæð er rétt, hvort hún dugar. Þarf að hækka nefskattinn, þarf að gera þetta enn óréttlátara, herra forseti, til að koma þessu fyrir miðað við þær upplýsingar sem nú eru?

Það er líka rétt að í fjáraukalögum er upphæð sem ætlað er að hala Ríkisútvarpið upp í 15% eiginfjárhlutfall. Hér er enginn fjármálaráðherra, en er það rétt tala miðað við þær upplýsingar sem nú eru komnar fram? Getur hæstv. menntamálaráðherra svarað því (Forseti hringir.) — forseti, ég er að tala um fundarstjórn forseta — eða er okkur ætlað að taka hér ákvörðun á grundvelli upplýsinga sem eru rangar eða vitlausar?

[14:05]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti ítrekar enn og aftur að hv. þingmenn ræði um fundarstjórn forseta. (**ÖJ:** Það er verið að gera það ...) Það er forseti sem leggur mat á það, ekki hv. þingmenn sjálfir.

[14:06]

**Kjartan Ólafsson:**

Frú forseti. Mig langar að koma upp undir þessum dagskrárlið og upplýsa forseta um að ég er með undir höndum skýrslu frá 28. nóvember 2006 um Ríkisútvarpið ohf. og þar kemur fram greinargerð matsnefndar um stofnefnahagsreikning.

Á bls. 11 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við mat eigna og skulda Ríkisútvarpsins lagði matsnefndin til grundvallar efnahagsreikning Ríkisútvarpsins þann 31/12 2005 og ársfundarreikning þann 30/6 2006 að teknu tilliti til breytinga sem rétt þótti að gera og gerð er grein fyrir hér að neðan.“

Búið er að fara yfir allt þetta af hálfu ríkisendurskoðanda. Þetta liggur í öllum möppum þeirra sem hafa mætt og setið (Forseti hringir.) á fundum hv. menntamálanefndar. Það eru miklu fleiri skýringar í þessu plaggi.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður ræði um fundarstjórn forseta, ekki um efni frumvarpsins eða gögn.)

## *Tilkynning um dagskrá.*

[14:07]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Að lokinni rannsókn kjörbréfs og atkvæðagreiðslum um 2. og 7. dagskrármálið fer fram umræða utan dagskrár um auglýsingar um fjárhættuspil. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. dómsmálaráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50 gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

## *Rannsókn kjörbréfs.*

[14:07]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Ögmundi Jónassyni, formanni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, dagsett í dag:

„Þar sem Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest., er veikur og getur ekki sótt þingfundi óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 2. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi, Lilja Rafney Magnúsdóttir, taki sæti hans á Alþingi á meðan en 1. varamaður á listanum, Árni Steinar Jóhannsson, er forfallaður að þessu sinni.“

Þá hefur borist bréf frá Árna Steinari Jóhannssyni, 1. varaþingmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi, þar sem hann tilkynnir forföll.

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Lilju Rafney Magnúsdóttur, sem er 2. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund nú í hádeginu til þess að fjalla um kjörbréfið.

[14:09]

**Frsm. kjörbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):**

Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd kom saman í dag og fór yfir kjörbréf Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, 2. varaþingmanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi, sem landskjörstjórn gaf út í dag. Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjör Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur verði samþykkt.

[14:09]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Kjörbréfanefnd mælir einróma með samþykkt kjörbréfsins og telst það samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum. Lilja Rafney Magnúsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[14:09]

**Útbýting:**

Fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins, 442. mál, svar menntmrh., þskj. 767.

Fordæming mannréttindabrota og lokun fangabúðanna í Guantanamo, 510. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 771.

Námsgögn, 511. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 772.

## *Ríkisútvarpið ohf., frh. 3. umr.*

Stjfrv., 56. mál (heildarlög). — Þskj. 606, till. til rökst. dagskrár í þskj. 558, frhnál. 706 og 707, brtt. 708 og 765.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:10]

**Mörður Árnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Með þessu frumvarpi er ekki skapaður sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir til frambúðar sem almannaútvarpi og þar með ekki tryggður sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Það er líklegt að samþykkt frumvarpsins leiði til enn ákafari deilna en áður um stöðu Ríkisútvarpsins og til málaferla heima og erlendis, ekki síst vegna þess að staða Ríkisútvarpsins gagnvart samkeppnisrétti og sérreglum Evrópuréttarins um útvarp í almannaþjónustu er óljós. Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag er stigið varhugavert skref sem í sambærilegum tilvikum hefur langoftast leitt til þess að viðkomandi stofnun eða fyrirtæki er selt úr almannahöndum. Stjórnunarhættir þeir sem gert er ráð fyrir opna leið til áframhaldandi flokkspólitískra áhrifa og inngripa, réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru samkvæmt frumvarpinu í uppnámi og ekki er sennilegt að hinn óréttláti nefskattur efli samstöðu meðal almennings um málefni Ríkisútvarpsins.

Við stjórnarandstæðingar höfum sýnt í þeirri umræðu sem nýliðin er og þeim sex öðrum sem farið hafa fram um þetta mál að til eru aðrar leiðir og þær eru bæði færar og eðlilegar. Við höfum nú að lokum lagt fram sameiginlega

yfirlýsingu okkar um framtíð Ríkisútvarpsins og endurskoðun á málefnum þess á næsta kjörtímabili. Við höfum lagt okkur fram um að koma á sáttum í málinu, að finna leiðir til sátta, en slíkum boðum hefur öllum verið hafnað. Þar hefur einkum staðið í vegi hinn sári metnaður Þorgerðar K. Gunnarsdóttur, hæstv. menntamálaráðherra.

Við samfylkingarmenn berum ásamt öðrum stjórnarandstæðingum fram frávísunartillögu á frumvarpið. Ef hún verður felld verður þess enn freistað að ná sáttum um að fresta gildistöku frumvarpsins þar til eftir kosningar. Gangi það ekki sitjum við hjá við tæknilegar breytingartillögur stjórnarmeirihlutans en greiðum atkvæði gegn frumvarpinu sjálfu, segjum nei við þessu frumvarpi.

[14:12]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Okkur í þingflokki Frjálslynda flokksins þykir þetta vera afskaplega dapurleg stund þegar gengið verður til þess verks að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Þessi stund er kannski enn dapurlegri en maður bjóst við fyrir þingfund í dag þegar við skoðuðum það svar sem dreift var í þinginu rétt áðan frá menntamálaráðherra til hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Sá illi grunur sem maður hefur haft og við höfum haft allan tímann um að það sem vekti í raun fyrir ríkisstjórnarmeirihlutanum væri að koma þessu fyrirtæki úr höndum ríkisins, staðfestist nú með hverjum degi. Því miður er það svo og við höfum farið yfir það í umræðum að ríkisstjórnarflokkarnir bera ábyrgð á því að hafa grafið markvisst undan Ríkisútvarpinu og fjárhag þess á mörgum undanförnum árum. Nú er sú stund upp runnin að gengið verður til þess verks að breyta rekstrarforminu.

Þetta er náttúrlega enn eitt skrefið í þá átt að fyrirtækið verði hreinlega selt. Það mikill ófriður verður í kringum fyrirtækið, það mikil óánægja verður með skattheimtu og annað að mikil hætta mun myndast á því að fallist verði á að þetta fari úr höndum ríkisins og ég segi enn og aftur: Það mun hafa alvarlegar afleiðingar, að ég tel, fyrir menningu og menningararf þjóðarinnar.

Það er ákaflega dapurlegt á þessari stundu að hafa orðið vitni að því og minnast þess að Framsóknarflokkurinn hefur gersamlega brugðist í málinu. Framsóknarflokkurinn hefur lengi talað fjálglega og fallega um Ríkisútvarpið á hátíðarstundum en það sýnir sig núna að það hafa allt saman verið orðin tóm. Ég vænti þess að þjóðin taki eftir þessu. Ég vænti að þjóðin minnist þá þessarar stundar þegar fram í dregur.

Við í Frjálslynda flokknum höfum tekið þátt með hinum stjórnarandstöðuflokkunum í sameiginlegri afstöðu um Ríkisútvarpið sem áframhaldandi traust og sjálfstætt almannaútvarp. Við höfum allt frá því að þessi umræða hófst, t.d. í vinnu okkar í fjölmiðlanefndinni svokölluðu, staðið með hinum stjórnarandstöðuflokkunum. Þar ítrekuðum við strax ósk allrar stjórnarandstöðunnar um að málið yrði unnið í sátt allra flokka, það er hægt að gera. Því miður völdu ríkisstjórnarflokkarnir aðra vegferð og þeir verða að axla og bera alla ábyrgð á málinu en við munum segja nei í þingflokki Frjálslynda flokksins, virðulegi forseti.

[14:16]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Þá er loksins komið að því að greiða atkvæði um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Þriðju umæðu er lokið og stjórnarandstaðan hefur gefist upp á því málþófi sem hún hóf fyrir rúmri viku.

Mikið hefur verið rætt um málefni Ríkisútvarpsins og þetta frumvarp á þessu þingi. Við höfum rætt þetta mál í þrjú ár og ég fullyrði að fá mál, ef einhver, hafa fengið jafnvandaða og mikla umfjöllun og mál Ríkisútvarpsins. (**Gripið fram í:** Geysilega vandað mál.) Sjaldan er minnst á það af hálfu stjórnarandstæðinga að í þessu ferli öllu hefur verulega verið komið til móts við kröfur stjórnarandstöðunnar. Ég nefni sem dæmi að ákvæði upplýsingalaga eru látin gilda um Ríkisútvarpið og að slegin hefur verið skjaldborg um það að mikilvæg menningarverðmæti verði ekki seld út úr hinu nýja félagi. En önnur svokölluð sáttaboð sem fram hafa komið eru ekki nein viðleitni til sátta heldur krafa stjórnarandstöðunnar um að að við í meiri hlutanum drögum til baka öll meginmarkmið frumvarpsins. Stundum er það svo að maður fær tilboð sem maður getur ekki hafnað en þessi gylliboð eru einfaldlega ekki þess efnis. Þess vegna munum við í Sjálfstæðisflokknum greiða þessu frumvarpi atkvæði okkar og ég hvet aðra hv. þingmenn til þess að gera það sama. Sérstaklega vil ég hvetja hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson, varaformann Samfylkingarinnar, til að greiða þessu frumvarpi atkvæði, en eins og ég hef farið yfir áður í ræðum mínum lýsti hv. þingmaður því yfir hinn 10. nóvember 2006 í viðtali við Fréttablaðið að hann styddi það að Ríkisútvarpinu yrði breytt í opinbert hlutafélag. Ég geri ráð fyrir að varaformaður Samfylkingarinnar sýni sitt rétta andlit í þessu máli og standi með stjórnarmeirihlutanum eins og hann sagðist ætla að gera 10. nóvember sl.

[14:18]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ein af dapurlegri atkvæðagreiðslum þessa kjörtímabils. Það er auðvitað önugt að þurfa að standa hér eina ferðina enn og leiðrétta hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson og aðra stjórnarliða sem kalla málefnalegar ræður þingmanna stjórnarandstöðunnar í þessu máli málþóf og yfirlýsingu stjórnarandstöðunnar frá í gær, um samstöðu í málefnum Ríkisútvarpsins, uppgjöf stjórnarandstöðunnar. Það gerir hæstv. menntamálaráðherra líka í fréttum. Hún klifaði á því í fréttum í allan gærdag og það er endurtekið eftir henni í fjölmiðlum í dag að stjórnarandstaðan hafi gefist upp í málinu.

Þetta lýsir afskaplega vel hversu þessi stjórnvöld eru illa haldin af því sem kallað er valdhroki og hversu gersneydd þau eru skilningi á grunnreglum lýðræðisins. Átök lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar eru lítið annað en leikur í hugum hæstv. ráðherra og hv. formanns menntamálanefndar og spurningin einungis um það hver hefur hvern undir. Hæstv. menntamálaráðherra hefur verið einörð í því að láta ekki nein rök stjórnarandstöðunnar ná til sín í þessu máli og ráðherranum hefur aldrei tekist að svara spurningum um einstaka þætti málsins öðruvísi en í illa orðuðum frösum og innantómum slagorðum. Helst hefur litið út fyrir

að um léttvægan kappleik væri að ræða sem spurning væri um að vinna eða tapa.

Hæstv. forseti. Mál það sem hér um ræðir er alvarlegt ekki síst fyrir þær sakir að hér eru réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins fyrir borð borin og athugasemdir þeirra hunsaðar. Ásetningur stjórnvalda hefur verið að koma útvarpinu í hendurnar á einráðum útvarpsstjóra, með bakland hjá ríkjandi stjórnvöldum, sem hefur gefið út þá yfirlýsingu að launabil á milli starfsfólks muni aukast þegar kjarasamningum starfsmanna verður breytt úr miðlægum samningum á félagslegum grunni í það sem hann kallar frjálsa samninga, sem festa í sessi launaleynd á þeim nótum sem útvarpsstjóri hefur nú þegar innleitt í stofnunina svo sem fram hefur komið í fjölmiðlum. Kann hæstv. menntamálaráðherra ekki grundvallaratriðin í áhrifum slíkra samninga á launamun kynjanna og hvar er hæstv. félagsmálaráðherra?

Hæstv. forseti. Núverandi stjórnvöld hafa það auðvitað á stefnuskrá sinni að selja Ríkisútvarpið. Þessi einkavæðing er skref í þá átt. Komandi kærur og klögumál, vegna þess að Ríkisútvarpið sem yrði ohf. yrði farið að berjast við samkeppnisaðila sína á markaði á öðrum forsendum heldur en nú eru, kalla á kærur og klögumál sem veikja Ríkisútvarpið og eftirleikurinn á eftir að verða einfaldur fyrir ríkisstjórnina, ef hún heldur sessi sínum, að selja útvarpið. Það er mergurinn málsins. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum (Forseti hringir.) á móti þessu frumvarpi og það kemur fram í þessari atkvæðagreiðslu.

[14:21]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að setja fram þann spádóm við lok þessarar löngu umræðu að Ríkisútvarpið/sjónvarp verði aldrei einkavætt eða selt. Það mun alltaf verða uppi sá þjóðarvilji og sá pólitíski vilji að ríkið starfræki þjóðarútvarp. Frjálshyggjuþjóðin Bretland ver BBC sem þjóðarútvarp. Ríkisútvarpið verður ekki selt samkvæmt þessari lagasetningu nema það komi aftur til umfjöllunar Alþingis.

Stjórnarandstöðuþingmenn hafa verið hér í pólitískum skollabuxum og blekkingarleik síðustu 10 daga. Einkaaðilar hafa sem betur fer gert sig mjög gildandi í útvarps- og sjónvarpsrekstri hér á landi og er það vel. Þess frelsis nýtur þjóðin í dag. Hér er verið að færa Ríkisútvarpinu úrræði og frelsi til að mæta samkeppni. Það er undarlegt að ríkiskommaflokkur eins og Vinstri grænir skuli leggjast gegn þessari umbótaáætlun og ríkisvæðingu. Ríkisútvarpið má ekki vera eins og hestur í hafti þegar allir vita að rekstur útvarps- og sjónvarpsstöðva í dag er spretthlaup. Sá deyr á markaðnum sem ekki hefur í höndunum frelsi.

Framsóknarflokkurinn styður þetta frumvarp og hefur komið að mörgum athugasemdum og breytingum sem munu styrkja Ríkisútvarpið og gera það betra. Ég er sannfærður um að íslensk þjóð mun átta sig á því, þegar þessu moldviðri lýkur og þessi lög taka gildi, að í kjölfarið eignast hún öflugra og samkeppnishæfara ríkisútvarp. (Gripið fram í.) Við framsóknarmenn styðjum þetta frumvarp.

Till. til rökst. dagskrár í nál. 558 kom ekki til atkv.

[14:25]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti lítur svo á, að höfðu samráði við flutningsmenn, að tillaga um rökstudda dagskrá á þskj. 558 sem kölluð var aftur til 3. umr. komi ekki til atkvæða þar sem fyrir liggur samhljóða tillaga á þskj. 707 frá sömu þingmönnum í minni hluta menntamálanefndar með því sem næst samhljóða rökstuðningi.

Till. til rökst. dagskrár í nál. 707 felld með 29:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HÞ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

12 þm. (AKG, BÁ, DJ, GHH, HlH, JGunn, KHG, LRM, MF, SæS, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:25]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Auðvitað á að vísa þessu þingmáli frá. Ríkisstjórnin hefur valið eins óréttláta leið til fjármögnunar RÚV og hugsast getur með nefskatti, nefskatti sem leitt getur til þess að fjögurra manna fjölskylda með tvo unglinga í heimili gæti þurft að greiða nálægt 60 þús. kr. nefskatt. Þúsundir fjármagnseigenda sem eingöngu hafa fjármagnstekjur sér til framfærslu, sem skipt geta tugum og hundruðum milljóna á ári, sleppa aftur á móti við að greiða nefskattinn. Fáránlegustu dæmi sem um getur í jaðarsköttum munu líka birtast í þessum nefskatti því að lífeyrisþegum sem skríða rétt yfir skattleysismörkin og afla sér kannski 5 þús. kr. tekna fram yfir skattleysismörk er refsað með tæplega 15 þús. kr. nefskatti. Þarna sýnir ríkisstjórnin auðvitað sitt rétta andlit. Þetta frumvarp er meingallað og til háborinnar skammar hvernig ríkisstjórnin er með fjármögnun RÚV að auka á ójöfnuðinn í þjóðfélaginu og hygla fjármagnseigendum og skilja réttindi starfsmanna eftir í uppnámi.

[14:27]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Frumvarp þetta um einkavæðingu Ríkisútvarpsins er til marks um þráhyggju ríkisstjórnarinnar sem sést engan veginn fyrir og fórnar Ríkisútvarpinu, rýfur friðarskildi um málefni þess, og kastar því út í ólgusjó illdeilna og málaferla. Öllum er orðið ljóst að þetta eru mistök, nema e.t.v. ráðherranum og útvarpsstjóra, en þrjóskan ein stendur eftir, það að hafa sitt fram jafnvel þó að til ófarnaðar verði. En átakanlegast er þó þetta mál fyrir Framsóknarflokkinn. Þetta mál er lýsandi. Það er afhjúpandi fyrir Framsóknarflokkinn, fyrir svik Framsóknarflokksins við eigin landsfundarsamþykktir, fyrir svik Framsóknarflokksins við kjósendur sína, fyrir húsmennsku Framsóknar og flórmokstur í daunillu fjósi íhaldsins.

[14:28]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Það er eðlilegt að tillaga eins og þessi komi fram um að vísa frumvarpinu frá. Það er eðlilegt að Vinstri grænir standi að slíkri tillögu og mér finnst þessi atkvæðagreiðsla kristalla þann mun sem er á þessum tveim flokkum, Vinstri grænum og Sjálfstæðisflokknum. Það er tilviljun hvar Samfylkingin lendir, hvort það er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir eða einhver annar sem tekur til máls. Ég segi nei við þessu.

[14:29]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan stendur sameinuð að þessari tillögu að málinu verði vísað frá. Frumvarpið er meingallað, það hefur margoft verið bent á það og reynt mjög að koma vitinu fyrir stjórnarliða en það hefur því miður ekki tekist. Við getum til að mynda tekið hinn alræmda nefskatt. Því miður virðast ekki allir vera með nef í þessu landi því að margir eru undanþegnir honum og í þann hóp falla auðmenn landsins. Það er enn ein staðfestingin á því hvernig þessi ríkisstjórn með sínu endalausa auðmannadekri mylur undir þær stéttir sem standa best í landinu á meðan lamið er miskunnarlaust á þeim sem minna mega sín. *Þetta er ekki til fyrirmyndar svo vægt sé til orða tekið.*

Svarið sem hér liggur fyrir í dag leiðir það líka í ljós að málið er illa undirbúið. Hæstv. landbúnaðarráðherra sagði áðan að Ríkisútvarpið mætti ekki vera eins og hestur í hafti. (Forseti hringir.) Nú er varaformaður Framsóknarflokksins að leiða Ríkisútvarpið eins og lamb til slátrunar.

[14:30]

**Hjálmar Árnason:**

Frú forseti. Framganga stjórnarandstöðunnar í þessu máli minnir dálítið á sjóbirting sem hefur þá náttúru að ráðast á bráð sína með stærilæti og látum og ólmast síðan með sporðaköstum og meiri látum og vita ekki nákvæmlega hvert hann ætlar. En skyndilega springur hann á limminu og setur kviðinn upp.

Þannig finnst mér stjórnarandstaðan koma með þessa tillögu sína ... (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) nálgast þessa atkvæðagreiðslu með kviðinn upp. (Gripið fram í.) Frú forseti, (Forseti hringir.) þessi virðulega stjórnarandstaða ...

(**Forseti** (SP)**:** Forseti biður þingmenn um að gefa ræðumanni frið til þess að tala.)

Þakka þér frú forseti. Þessi sama stjórnarandstaða kemur hér með kviðinn upp og ætlar ekki einu sinni að taka þátt í atkvæðagreiðslu sem m.a. bannar að Ríkisútvarpið sé sett á sölu. Háttvirt stjórnarandstaða ætlar ekki að taka þátt í atkvæðagreiðslu um að styrkja Ríkisútvarpið til framtíðar.

Hv. stjórnarandstaða kemur með tillögu um að vísa málinu frá (Forseti hringir.) með kviðinn upp. Við skulum senda þessa tillögu, frú forseti, til föðurhúsanna. (Forseti hringir.) (**ÖJ:** Framsóknarflokkurinn á að sjá sóma sinn í því að þegja.) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti verður að segja að það fer að stórsjá á þessari bjöllu ef hv. þingmenn fara ekki að halda ró sinni þótt það séu kosningar í vor. Það verður að hafa gott skipulag á fundum. Forseti biður hv. þingmenn um að virða það.)

Brtt. 708,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HÞ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

22 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (AKG, BÁ, DJ, GHH, HlH, JGunn, KHG, LRM, MF, SæS, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 765,1–2 felld með 29:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HÞ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

12 þm. (AKG, BÁ, DJ, GHH, HlH, JGunn, KHG, LRM, MF, SæS, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:33]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Tillagan sem hér er flutt er tillaga sem stjórnarandstaðan flytur hér til þrautavara, til þess að freista þess að ná sæmilegri samstöðu um málefni Ríkisútvarpsins í lokahnykk þessa máls.

Það eru mér mikil vonbrigði að enginn hljómgrunnur hafi verið fyrir því hjá forustu ríkisstjórnarflokkanna að reyna að ná víðtækri samstöðu um Ríkisútvarpið. Miklu veldur sá er upphafinu veldur. Ég verð að játa að hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki stækkað af þessu máli sem hún á mikinn þátt í að fór í þann deilufarveg sem raun ber vitni.

Ég hef fulla trú, virðulegi forseti, á að það hefði verið hægt að ná sátt um málið ef stjórnarandstaðan og aðrir hefðu fengið að koma að stefnumótun og undirbúningi frumvarps um Ríkisútvarpið. Því var ekki að heilsa. Þess vegna er þessi mikla deila um Ríkisútvarpið og þess vegna er búið að rjúfa þann frið sem ríkt hefur um stofnunina um (Forseti hringir.) áratugi.

[14:34]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við tökum hér afstöðu til þess hvaða gildistími verður á þessu máli. Þannig væri þjóðinni gefinn kostur á að tjá með atkvæði sínu í vor hvort hún treysti stjórnarandstöðunni betur til að lagfæra þetta mál eða ríkisstjórnarflokkunum.

Við leggjum til að gildisákvæðinu verði frestað. En það er því miður svo, hæstv. forseti, með ríkisstjórnarflokkana að ef ófriður er í boði þá er hann valinn.

[14:35]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það má líta á þessa tillögu sem þrautavaratillögu af okkar hálfu til að reyna að bjóða upp á sættir um meðferð þessara mála. Hún hefur líka þá lýðræðislegu skírskotun að nýr þingmeirihluti, sem hvort sem er kemur til með að bera ábyrgð á málefnum Ríkisútvarpsins á næsta kjörtímabili, hefði málið í sínum höndum og gæti búið um Ríkisútvarpið með þeim hætti sem hann kysi.

En það verður kosið um þetta mál í alþingiskosningunum í vor, hvorum megin kosninganna sem gildistaka laganna verður. Það er forgangsverkefni okkar í stjórnarandstöðunni að snúa ofan af þessu máli eftir kosningar fáum við til þess þingmeirihluta.

Við skulum hafa í huga, virðulegi forseti, að þetta eru endalokin á dæmalausum ferli ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í fjölmiðlamálum allt þetta kjörtímabil. Það er rýr og hörmuleg eftirtekja að troða í gegn á síðustu stundu þessu umdeilda máli um Ríkisútvarpið með þeim hætti sem ríkisstjórnin er hér að gera og skömm Framsóknarflokksins mun lengi í minnum höfð.

Brtt. 708,2–4 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HÞ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

21 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (AKG, BÁ, DJ, GHH, GÖg, HlH, JGunn, KHG, LRM, MF, SæS, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 29:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, HÞ, EKG, EOK, GHj, GÓJ, KF, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, ÞKG, ArnbS, ÁMM, SP.

**nei:** ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÖJ, ÖS, ÁÓÁ.

13 þm. (BÁ, DJ, GHH, GÖg, LRM, JGunn, KHG, MF, SæS, VS, ÞSveinb, HlH, AKG) fjarstaddir.

17 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:38]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni afleitt lagafrumvarp. Það reisir m.a. samkeppnishindrun fyrir einkarekna ljósvakamiðlun í landinu. Um leið er framtíð Ríkisútvarpsins teflt í óvissu. Fullyrt er að staða Ríkisútvarpsins ohf. á markaði leiði til málaferla og hárra bótagreiðslna síðar. Þetta frumvarp er aðför að einkarekstri á íslenskum ljósvakamarkaði um leið og það teflir framtíð Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps á Íslandi í tvísýnu og óvissu.

Hér er um að ræða mjög alvarlega og gallaða málafylgju sem leiðir til þess að fjölmiðlaumhverfið á Íslandi verður einsleitara og verra og ég segi því að sjálfsögðu nei.

[14:39]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Samþykkt þessa frumvarps mun að mínu mati styrkja og efla starfsemi Ríkisútvarpsins á tímum vaxandi samkeppni. Margt hefur verið fært til betri vegar í meðförum menntamálanefndar eins og síðustu tillögur, sem við greiddum atkvæði um áðan, hafa leitt í ljós.

Það sem stendur hins vegar upp úr eftir 130 klukkustunda umræður um Ríkisútvarpið á þessu kjörtímabili er uppgjöf stjórnarandstöðunnar og alger niðurlæging. Við lokaafgreiðslu þessa máls, hæstv. forseti, getur maður aðeins átt þá einu von í brjósti og þá einu bæn að guð gefi að Ríkisútvarpið verði aldrei undirselt völdum þessa manna. Ég segi já.

[14:40]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér stefnir í að fest verði í lög, með vilja ríkisstjórnarinnar, lög um Ríkisútvarpið ohf. Ferill ríkisstjórnarinnar í einkavæðingu, hlutafélagavæðingu o.s.frv. hefur verið á einn veg. Það hefur verið áfangi á leið að því að taka ákvarðanir um að selja viðkomandi fyrirtæki.

Man ekki einhver eftir fyrstu tillögunum um einkahlutafélagavæðingu Símans? Minnast menn þess? Ég sé að sumir þingmenn í salnum líta niður á borðið og segja ekki neitt.

Ég segi nei við þessu frumvarpi eins og þingmenn Frjálslynda flokksins.

[14:42]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Þetta frumvarp gerir hvorugt, að efla Ríkisútvarpið sem almannaútvarp né að einkavæða það, heldur verður úr einhvers konar viðrini. Hæstv. landbúnaðarráðherra til upplýsinga þá á ríkið að vera eins og hestur í hafti á samkeppnismarkaði.

Óeðlileg samkeppnisstaða Ríkisútvarpsins ohf., léleg fjárhagsstaða þess og sá skattur sem óvinsælastur verður allra skatta í sögu landsins, nefskattur Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, mun skapa viðvarandi ósætti um þessa stofnun og að lokum ríða henni á slig ef ekki vildi svo vel til að 12. maí næstkomandi gefst kjósendum færi á að segja þeim stjórnendum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks upp störfum sem svo illa halda á málum. Ég segi nei.

[14:43]

**Jón Kristjánsson:**

Með þessari lagasetningu verður Ríkisútvarpið áfram í þjóðareign og fjárhagsstaða þess styrkt. Innlend dagskrárgerð verður styrkt. Með frumvarpinu mun Ríkisútvarpið lagast stjórnunarlega að fjölmiðlaumhverfinu í landinu. Þetta er allt í samræmi við ályktanir Framsóknarflokksins á flokksþingi árið 2005. Ég segi já.

[14:44]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég vil við þessa atkvæðagreiðslu árétta langvarandi og óbilandi stuðning Framsóknarflokksins við Ríkisútvarpið (**ÖS:** Og Sjálfstæðisflokkinn.) sem almannaútvarps í þjóðareign og stuðning okkar við mikilsvert hlut-

verk Ríkisútvarpsins fyrir menningararfleifð þjóðarinnar og fyrir öryggi landsmanna.

Á umliðnum árum hefur á flokksþingi Framsóknarflokksins verið lögð rík áhersla á sjálfstæði Ríkisútvarpsins, á trygga rekstrarafkomu Ríkisútvarpsins og að við endurskoðun laganna verði tekið mið af breyttu fjölmiðlaumhverfi. Áskilnaður um ákveðið rekstrarform vék í ályktun flokksþingsins fyrir tveimur árum fyrir megináherslunni á þjóðareign Ríkisútvarpsins og eignarhald þjóðarinnar er tryggt með beinu ákvæði þar um í frumvarpinu. Á meðan Framsóknarflokkurinn fær um það ráðið.

Loks vil ég frú forseti segja um rekstrarformið opinbert hlutafélag að það hefur sér til ágætis, auk annars, að tryggja jafnan hlut karla og kvenna í stjórn félagsins. Ég segi já, frú forseti.

[14:46]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Með þessari lagasetningu er verið að skapa óþarfa ófrið um rekstur og framtíð Ríkisútvarpsins sem hefði mátt koma í veg fyrir ef sáttaboði stjórnarandstöðunnar hefði verið tekið. Þarna er verið að lögfesta algjör ítök stjórnarmeirihluta hverju sinni í stjórnun Ríkisútvarpsins, það er þráðbeint úr Stjórnarráðinu samkvæmt þessu frumvarpi niður eftir allri stofnuninni verði þetta frumvarp að lögum. Það er verið að lögfesta hér nefskatt sem er einn sá óréttlátasti skattur sem um getur og hæstv. ráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur verður án efa minnst fyrir um langa framtíð. Þessi skattur leggst þungt á mannmörg heimili og þessi skattur undanþiggur þá sem allra hæstu tekjurnar hafa af fjármagnstekjum og lifa af fjármagnstekjum í samfélaginu. Fyrir það verður hæstv. ráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur minnst þegar þetta frumvarp hefur verið samþykkt (Forseti hringir.) og um langa framtíð. Þingmaðurinn segir nei.

[14:47]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ríkisútvarp á forsendum Sjálfstæðisflokksins verður lemstrað Ríkisútvarp. Hæstv. menntamálaráðherra hefur alltaf frá því að hún tók við embætti átt þess kost að vinna með stjórnarandstöðunni að heildstæðu fjölmiðlaumhverfi á Íslandi. Það eru vonbrigði að hæstv. ráðherra skyldi hafa kosið að fara ekki með stjórnarandstöðunni í þennan leiðangur. Það eru líka vonbrigði að framsóknarmenn á Alþingi skuli kjósa að fylgja einkavæðingaráráttu sjálfstæðismanna eftir í blindni og heimila að Ríkisútvarpið skyldi rifið úr samhengi við umhverfi fjölmiðla að öðru leyti og afgreitt á þennan hátt með einn af forvígismönnum um sölu Ríkisútvarpsins sem talsmann, hv. nefndarformann menntamálanefndar.

Í hugum fólks hlýtur þessi „affera" öll, virðulegi forseti, að vera Framsóknarflokknum til minnkunar, ekki síst úti á landi þar sem tryggð fólks við Ríkisútvarpið hefur jafnvel reynst haldbetri og iðulega haldbetri en þeirra sem búa í þéttbýli höfuðborgarinnar.

Hæstv. forseti. Ég hafna þessu frumvarpi, ég segi nei.

[14:48]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér er verið að greiða atkvæði um er afar umdeilt eins og raun ber vitni og umræður hafa sagt til um. Eitt af því versta sem sett er inn í það er tekjuöflunin sem á að verða fyrir Ríkisútvarpið í framtíðinni en þar er verið að stórhækka afnotagjaldið sem mun heita nefskattur hæstv. menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur í framtíðinni. Þannig mun þriggja manna fjölskylda fá á sig 25% hækkun, það geta t.d. verið námsmenn með eitt barn, fjögurra manna fjölskylda mun fá á sig 70% hækkun, fimm manna fjölskylda mun fá á sig rúmlega 100% hækkun. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Eins manns fyrirtæki mun þurfa að greiða einn nefskatt og þúsund manna fyrirtæki sama.

Virðulegi forseti. Þessi nefskattur íþyngir mannmörgum heimilum eins og hér hefur komið fram og það hefur líka komið fram og, hæstv. forseti, er það rangt að þeir sem greiða eingöngu (Forseti hringir.) fjármagnstekjuskatt muni ekki þurfa að borga neinn nefskatt Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur hæstv. menntamálaráðherra?

(**Forseti** (SP)**:** Forseti biður hv. þingmenn um að fá sér sæti meðan verið er að greiða atkvæði. Hvert var svar hv. þingmanns?)

Hann segir nei.

[14:50]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það eru tímamót í sögu Ríkisútvarpsins og við hér í salnum og í samfélaginu höfðum tækifæri til að tryggja til frambúðar að Ríkisútvarpið gæti sinnt því mikilvæga hlutverki sem það hefur og hefur haft. Það er í mér uggur um að við séum nú að gera mistök hér í salnum af margvíslegu tagi, af menningarlegu tagi, af þjóðernislegu tagi, af skattalegu tagi, af samkeppnislegu tagi og enn gæti ég þulið lengra.

Bót í máli er að þrír flokkar af fimm á þinginu hafa náð myndarlega saman og heitið endurskoðun á málefnum Ríkisútvarpsins. Ég segi nei við þessu frumvarpi.

[14:51]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég segi nei við þessu frumvarpi og ég vil vekja athygli á því að við erum að ræða um almannaútvarp. Það segir auðvitað sína sögu um stöðu málsins að þetta er afgreitt í ósætti. Hvers vegna erum við að afgreiða í ósætti þá stofnun sem á að þjóna almenningi? Það er vegna þrákelkni hæstv. menntamálaráðherra og ekki út af neinu öðru. Hún hefur orðið afturreka með hvert málið á fætur öðru þannig að hér er um eitthvert persónulegt stolt hæstv. menntamálaráðherra að ræða og Framsóknarflokkurinn fylgir á eftir.

Ég spyr: Hvar er samvinnuhugsjón framsóknarmanna, hvar birtist hún? Birtist hún í 16 þúsund kr. nefskatti sem auðmenn landsins eru undanþegnir? Ég spyr, og það eru fleiri sem spyrja þessarar spurningar og undra sig á þeirri vegferð sem Framsóknarflokkurinn er kominn í.

Það þýðir ekkert fyrir varaformann Framsóknarflokksins að vera með ábúðarfullar ræður um að (Forseti hringir.)

ekki standi til að selja Ríkisútvarpið vegna (Forseti hringir.) þess að sagan segir okkur allt aðra sögu hvað það varðar þegar ríkisfyrirtæki eru hlutafélagavædd.

(**Forseti** (SP): Hvað segir hv. þingmaður?)

Ég segi nei og ég sagði það í upphafi ræðu minnar.

[14:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Íhaldið í Reykjavík var búið að einkavæða strætó hér á árunum en félagslegur meirihluti R-listans sneri þeirri einkavæðingu til baka. Þar í hópnum voru framsóknarmenn. Það sama þarf að gera hér og verður vonandi gert innan fárra mánaða.

Það er hins vegar sláandi og tímanna tákn að hér er svo komið fyrir aumingja vesalings Framsóknarflokknum að hann stendur að því með Sjálfstæðisflokknum að einkavæða almannaútvarpið á Íslandi, Ríkisútvarpið okkar allra, eina helgustu og mikilvægustu menningarstofnun þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Einkavæða?) Einkavæða það, já, breyta úr opinberum rekstri yfir í form einkarekstrarins. Það segir sína sögu um ástandið á stjórnarheimilinu að stjórnarliðar virðast ekki hafa hugmynd um hvað þeir eru að gera hér. (Gripið fram í.) Það er forgangsverkefni, frú forseti, að loknum kosningum að færa þjóðinni aftur Ríkisútvarpið sitt. Ég segi nei.

[14:54]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég hef á síðustu dögum, bæði í stuttu máli og löngu máli og í andsvörum, reynt að opna augu þingheims fyrir því að í þessu frumvarpi er verið að kippa úr sambandi lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og þar af leiðandi er verið að skerða kjör þeirra. Ég tók eftir því í andsvörum í síðustu viku, á fimmtudag, bæði við hv. formann menntamálanefndar og líka við hæstv. menntamálaráðherra að þeim var fullkunnugt um það. Þau tóku skýrt fram að þau ætluðu ekki að gera betur í þessu ohf.-frumvarpi við starfsmenn en í öðrum. Það var gert illa við starfsmenn í öðrum sambærilegum frumvörpum og þar af leiðandi er þetta vísvitandi gert af hæstv. menntamálaráðherra að skerða réttindi og kjör opinberra starfsmanna með setningu þessa frumvarps. Ég segi nei.

[14:55]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Við Íslendingar viljum eiga ríkisútvarp og metnaður ríkisstjórnarinnar stendur til að starfrækja hér öflugt ríkisútvarp, ríkisútvarp sem hefur skýrt og afmarkað hlutverk í almannaþágu. Ríkisútvarpið verður að geta starfað í mjög hröðu og síbreytilegu umhverfi fjölmiðlanna. Við þurfum að veita Ríkisútvarpinu svigrúm til að vera í takti við nútímann og veita því jafnframt tækifæri til þess að takast á við framtíðina. Að mínu mati er tækifæri til að efla enn frekar t.d. innlenda dagskrárgerð, efla enn frekar menningar- og almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins. Þess vegna er mikilvægt að Ríkisútvarpið fái svigrúm, svigrúm sem er í þessu frumvarpi sem við erum að greiða atkvæði um, til þess að takast á við mjög ríkar menningarlegar kröfur sem við gerum til Ríkisútvarpsins.

Ég er sannfærð um, frú forseti, að þetta frumvarp er lyftistöng fyrir ríkisútvarp í almannaþágu og því segi ég já.

[14:57]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin talar mikið um metnað ríkisstjórnarinnar fyrir hönd Ríkisútvarpsins. Sá metnaður hefur birst í því að fjárhagur þeirrar stofnunar hefur versnað stöðugt jafnt og þétt allar götur frá því að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu saman ríkisstjórn 1995. Í þessu birtist metnaðurinn eða hitt þó heldur.

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp skerðir réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins, það rýfur einhliða samningsbundna aðkomu starfsmanna að stjórn stofnunarinnar og færir völd þar innan dyra í hendur eins manns, bæði mannahald og alla dagskrárgerð. Það veikir því miður fjárhagslega stöðu stofnunarinnar þegar litið er til langs tíma. Ríkisstjórnin hefur slegið á allar tilraunir af hálfu stjórnarandstöðunnar til málamiðlunar og sátta. Það er óábyrgt og það er dapurlegt, en, hæstv. forseti, sem betur fer er ekki bannað með lögum (Forseti hringir.) að breyta lögum og þess skulu menn minnast í komandi (Forseti hringir.) alþingiskosningum hinn 12. maí í vor, að við getum snúið þessu óhappaverki til baka. Þingmaðurinn segir nei.

[14:58]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég tel að með þessum lögum sé verið að stíga fyrsta skrefið að því að selja Ríkisútvarpið og það er þess vegna sem ég er á móti þessu frumvarpi og það er þess vegna sem ég segi nei.

[14:59]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Ég hef sagt að ég er ekki á móti hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins í sjálfu sér ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt, en þau skilyrði eru ekki uppfyllt eins og ítrekað hefur verið bent á. Til dæmis þarf sjálfstæði fjölmiðilsins að vera að öllu leyti tryggt en bæði Félag fréttamanna og Hollvinasamtök RÚV hafa efasemdir um að svo sé í þessu frumvarpi. Þá eru einnig vísbendingar um að frumvarpið standist ekki kröfur samkeppnisréttarins eins og Samkeppniseftirlitið bendir á og það er grafalvarlegt að mínu mati.

Það er sömuleiðis fjölmargt í þessu frumvarpi sem ég get ekki sætt mig við svo sem þátttöku ríkisfjölmiðilsins á auglýsingamarkaði, nefskattinn, óvissuna um réttindi starfsfólks, meirihlutavald ríkisstjórnarinnar í hinu nýja útvarpsráði o.s.frv. Frú forseti. Ég hef aldrei sagst ætla að styðja þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar en fyrir utan þá annmarka sem ég hef hér bent á rýfur frumvarpið að auki þann frið sem hefur ríkt um Ríkisútvarpið. Þess vegna segi ég nei, frú forseti.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 773).

***Sinfóníuhljómsveit Íslands, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 57. mál (rekstraraðilar). — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]

Frv. samþ. með 36:3 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EOK, EMS, GHj, GÓJ, GHall, GÖrl, HBl, HÞ, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SKK, SÞorg, SP, StB, ÞKG.

**nei:** KolH, SJS, ÖJ.

3 þm. (GAK, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, BÁ, BjörgvS, DJ, GHH, GÁ, GÖg, HlH, JóhS, JGunn, JónK, KHG, LRM, MÞH, MF, SAÞ, SF, SæS, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:01]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við greiðum atkvæði um frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hefur verið fylgifrumvarp með Ríkisútvarpsfrumvarpi hæstv. menntamálaráðherra en hefur sannarlega ævinlega fallið í skuggann af hinu fyrra. Ég tel þetta mál illa ígrundað og ekkert rætt í raun og veru. Við vitum að athugasemdir hafa verið gerðar við þetta frumvarp sem ekki hefur verið svarað. Við höfum bent á það, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að Sinfóníuhljómsveitin þarf á því að halda að vel sé staðið við bakið á henni og það sé tryggt að framtíð hennar sé örugg. Ef fram heldur sem horfir með ætlunarverk ríkisstjórnarinnar, og Sjálfstæðisflokksins sérstaklega sem Framsóknarflokkurinn reyndar styður ævinlega í þessu máli, tel ég hlutverk Sinfóníuhljómsveitarinnar langt í frá tryggt. Ég tel glapræði að samþykkja þetta frumvarp hér í ljósi þess sem mér sýnist vera ljóst varðandi málefni Ríkisútvarpsins. Sinfóníuhljómsveitin getur alveg átt það á hættu að þetta veiki stöðu hennar. Það væri mjög miður.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 774).

***Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 465. mál (aukin refsivernd lögreglu). — Þskj. 644.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Dómstólar og meðferð einkamála, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 496. mál (dómstörf löglærðra aðstoðarmanna o.fl.). — Þskj. 750.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Íslenskur ríkisborgararéttur, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 464. mál (próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 643.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 466. mál (eignarhald prestssetra, skipan sóknarpresta). — Þskj. 645.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***

Auglýsingar um fjárhættuspil.

[15:05]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Fjárhættuspil og spilafíkn hafa verið mikið til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu. Fyrir þessu eru margar ástæður. Í fyrsta lagi veldur spilafíkn fjölda fólks svo þúsundum skiptir miklum vandræðum, jafnvel svo miklum að það leggur lífið í rúst. Þetta snertir þá sem í hlut eiga, þá sem sjálfir eru haldnir spilafíkn og iðulega stóran aðstandendahóp þeirra einnig. Þetta er því hrikalegt þjóðfélagsmein sem ekki verður vikist undan að ræða.

Í öðru lagi hafa fjárhættuspil komist í kastljós fjölmiðla fyrir tilstilli samtaka á borð við Samtök áhugafólks um spilafíkn sem hafa verið óþreytandi við að vekja athygli á vandanum, veita fólki leiðbeiningar og aðstoð og stuðla að umræðu um þetta málefni. Vil ég í því sambandi vekja athygli á heimasíðu samtakanna, spilavandi.is.

Þriðja ástæðan fyrir því að spilavandinn er kominn í umræðu sem aldrei fyrr er að borgaryfirvöld í Reykjavík með borgarstjórann í broddi fylkingar hafa vaknað til vitundar um ábyrgð sína. Því ber sérstaklega að fagna, svo og þeim fjölmiðlum sem hafa sinnt þessum málum að undan-

förnu eða staðfastlega um langt skeið og nefni ég þar sérstaklega Morgunblaðið sem að mínu mati hefur sýnt mikla ábyrgðarkennd í umfjöllun um þetta málefni.

Fjórða ástæðan fyrir því að nú fer fram mikil umræða um spilafíknina er sú staðreynd að opnað hefur verið spilavíti á netinu sem auglýst hefur verið á Íslandi. Spilavíti á netinu er engin nýlunda en spilavíti að hluta til í eigu Íslendinga auglýst á Íslandi á netinu og í íslenskum fjölmiðlum er nýlunda. Við borgum, þú spilar, er auglýst í rúllettuspilum hjá Betsson, auglýsingu sem hæglega mætti snúa við því að að sjálfsögðu eru það spilafíklarnir sem borga gróðann til Betssons og annarra sem gera sér sjúklega spilafíkn fólks að féþúfu.

Stundum hefur verið komist svo að orði að um tvenns konar spilafíkla sé að ræða, þá sem spila og hina sem hagnast á fíkn þeirra. Ég hef iðulega fundið fyrir heift síðarnefndu fíklanna þegar fundið er að athæfi þeirra. Áhugafólk um spilafíkn hefur gert sitt til að sporna gegn útbreiðslu spilakassa, takmarka aðgengi að þeim, draga úr áreiti þeirra en þess má geta að Háskóli Íslands rekur samtengda spilakassa sem auk þess eru að öðru leyti áreitnir, enda spilavíti háskólans kölluð Háspenna og mundu ekki standast reglur sem settar eru um þessa starfsemi víða um lönd. Allt þetta þarf að skoða af fullri alvöru. Einnig þarf að taka alvarlega ábendingar samtakanna um að nú sé vaxandi ásókn í fjárhættuspil á netinu og þar þurfi að reisa rönd við. Þetta ber stjórnvöldum að gera, ekki einvörðungu af siðferðilegum ástæðum heldur einnig lagalegum því um skýlaust lögbrot er að ræða.

Samkvæmt íslenskum lögum eru fjárhættuspil bönnuð. Með sérstökum lögum var Háskóla Íslands og ýmsum samtökum og stofnunum heimilað að reka spilavíti þótt ýmsir beri brigður á að þau hafi starfað löglega því að reglugerð skorti um þessa starfsemi allt til ársins 2005 en kveðið var sérstaklega á um það í lögum að þessa starfsemi bæri að byggja á slíkri reglugerð.

Hvað um það, nú er kominn fram á sjónarsviðið aðili sem tvímælalaust brýtur landslög og það er fyrrnefnt fyrirtæki, Betsson. Ég beini tveimur spurningum til hæstv. dómsmálaráðherra af þessu tilefni:

*Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera til að stemma stigu* við ólöglegum fjárhættuspilum á netinu og auglýsingum um þá starfsemi?

Í öðru lagi, hæstv. dómsmálaráðherra, leyfi ég mér að vísa í álitsgerðir sérfræðinga sem unnið hafa að rannsókn á þessum málum fyrir hönd Samtaka áhugafólks um spilafíkn og er að finna á heimasíðu þeirra samtaka. Þar kemur fram að tæknilega er unnt að reisa skorður við fjárhættuspilum á netinu og ég spyr hæstv. ráðherra í framhaldinu: Er dómsmálaráðherra *tilbúinn* að setja *niður nefnd, þá hugsanlega* með sérfræðingum tilnefndum af Samtökum áhugafólks um spilafíkn, fulltrúum banka og kreditkortafyrirtækja til að setja reglur sem stemma stigu við þessari ólöglegu starfsemi?

[15:11]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. ræðumanns, þakka honum fyrir að taka þetta upp hér og tek undir orð hans varðandi starfsemi Samtaka áhugafólks um spilafíkn. Ég hef átt mjög gott samstarf við þau samtök og veit að þau vinna af mikilli ábyrgð að þessu máli sem fellur undir starfssvið þeirra.

Varðandi þær spurningar sem hv. þingmaður lagði fyrir mig er það svo að þann 29. mars sl. ritaði dómsmálaráðuneytið bréf til lögreglustjórans í Reykjavík þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Betsson.com hefur ekki verið veitt leyfi til happdrættisrekstrar af neinu tagi hér á landi. Samkvæmt 11. gr. laga um happdrætti, nr. 38/2005, varðar það refsingu ef aðili af ásetningi eða stórfelldu gáleysi auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum um happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögunum eða uppfyllir ekki skilyrði laganna. Í ljós hefur komið að Betsson.com hefur verið auglýst á fleiri miðlum, þar á meðal á vísir.is og fótbolti.net.

Ráðuneytið fer þess hér með á leit að ofangreind háttsemi verði rannsökuð og að lögreglan eftir atvikum hlutist til um að auglýsingar af þessu tagi verði stöðvaðar ef ráðuneytinu þykir sýnt að hér sé um brot á happdrættislögunum að ræða.“

Þetta var skrifað 29. mars 2006. Því miður er ekki komin niðurstaða í þetta mál og ég hef áréttað það innan ráðuneytisins að það sé nauðsynlegt að fá niðurstöðu í það og er sammála hv. þingmanni um það. Ég tel að 11. gr. happdrættislaganna banni slíkar auglýsingar.

Hitt er síðan annað mál og miklu flóknara í sjálfu sér, að ræða það umhverfi sem hv. þingmaður vék að þegar hann talar um spilamennsku á netinu. Um það hafa verið skrifaðar lærðar greinar og er mikið um það fjallað í öllum löndum. Hér er um ákveðið vandamál að ræða sem allar þjóðir glíma við og t.d. hafði þetta fyrirtæki Betsson fyrst aðsetur í Svíþjóð og samkvæmt fréttum voru það sænsk stjórnvöld sem beittu sér fyrir því að starfsemin færi ekki fram þar og nú mun það starfa á Möltu. Það eru aðeins tvö lönd í Evrópu, Malta og Bretland, sem heimila starfsemi fyrirtækja af þessu tagi innan sinna landamæra, fyrirtækja sem eru með spilamennsku á netinu sem nær út fyrir landamæri ríkjanna. Í öðrum löndum hefur þetta verið bannað, t.d. hafa Þjóðverjar bannað slíka spilamennsku á netinu en aðrir hafa bent á að það sé ekki skynsamleg leið að banna þetta alfarið því að sé banninu framfylgt, sem er mjög erfitt, leiði það ekki endilega til þess að menn hætti að spila heldur að þeir fari að spila þá ólöglega í viðkomandi löndum og þar með verði hvatt til þess að yfirvöld fylgi ekki fram reglum sem tryggja kannski gagnsæi og eftirlit.

Finnar sem þykja standa í fremstu röð þjóða samkvæmt flestum mælikvörðum heimiluðu fyrir mörgum árum að spilað yrði á netinu undir ströngu eftirliti fyrirtækis sem rekið er á vegum eða í skjóli finnska ríkisins. Þar eru settar skýrar reglur um það hvernig spilað skuli á netinu. Fólk verður að tilkynna sig og skrá sig og það verður að vera ljóst að um finnska borgara sé að ræða. Það er líka sett ákvæði um fyrir hve mikið menn geta spilað í hverri viku og það er fylgst með því hvernig það gengur og hve mikið menn geta haft á reikningi sínum. Ef meira er lagt undir en reglur heimila eru gerðar ráðstafanir í því skyni að koma í veg fyrir þetta þannig að þarna er verið að halda aftur af

fíkninni. Eins og fram kemur hjá Samtökum áhugafólks um spilafíkn og annars staðar eru þeim mun meiri líkur á að menn ánetjist fíkninni, þeim mun meiri sem áhættan er.

Síðan er það þetta alþjóðasamstarf. Öllum er ljóst að til þess að ná tökum á þessu og skapa það öryggi sem við hv. þingmaður erum sammála um að þurfi að vera þarf líka alþjóðlegar reglur. Það er spurning hver á að setja þær reglur til að ná utan um þetta. Þetta er verið að ræða á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, á vegum OECD, á vegum Evrópusambandsins og víðar. Við fylgjumst náið með þessu í dómsmálaráðuneytinu. Ég get fullvissað hv. þingmann um það. Við höfum m.a. stuðlað að því að Íslendingar ættu fulltrúa við málflutning í EFTA-dómstólnum þar sem verið er að fjalla um mál bæði varðandi einkaleyfi í Noregi og einnig mál sem varða það að bresk fyrirtæki óska eftir því að fá að starfa hér á þessum markaði án tillits til þess hvert arðurinn rennur.

[15:16]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Fjárhættuspil er bannað með lögum á Íslandi, nema spilakassar til fjáröflunar fyrir nokkur tiltekin samtök. Þrátt fyrir það hafa auglýsingar um fjárhættuspil á netinu hljómað mánuðum saman og birst í íslenskum fjölmiðlum án þess að athæfið sé stöðvað. Samkvæmt almennum hegningarlögum skal sá sem gerir fjárhættuspil eða veðmál að atvinnu eða kemur öðrum til þátttöku í þeim sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Í ljósi þessa er fullkomlega rökrétt að álykta að fjölmiðill og fyrirtæki sem auglýsa fjárhættuspil séu að brjóta lög.

Með auglýsingunni er hvatt til þátttöku í ólöglegu athæfi. Spilafíkn er alvarlegur og sívaxandi vandi, fíkn sem getur verið banvæn eins og dæmin sanna. Fram kom í fréttum nýverið að drengir niður í 14 ára stundi fjárhættuspil á netinu. Því fyrr sem unglingar byrja að spila, því hættara er þeim við að verða spilafíklar.

Við þessu verða stjórnvöld og löggjafinn að bregðast af festu eins og annarri ógn við heilsu og velferð. Á síðasta Norðurlandaráðsþingi var hvatt til aukins samstarfs í þessum efnum, hvatt til samræmdra aðgerða gegn alþjóðlegum fjárhættuspilamarkaði, sameiginlegra rannsókna og meðhöndlunar á spilafíkn. Við leyfum spilakassa til styrktar velferðarmálum sem er tvíeggjað sverð. Á þinginu kom fram að sá styrkur mundi minnka verulega ef þessi erlendu fyrirtæki fengju að starfa óhindrað.

Það er umhugsunarefni að veðmálafyrirtæki sem hér um ræðir er í eigu Íslendinga. Þetta er starfsemi sem getur verið hættuleg heilsu og velferð fólks og ég kalla til ábyrgðar og siðferðiskenndar eigenda, landa okkar sem hagnast á veikleika og fíkn, jafnvel barna, með starfseminni á netinu sem er á lagalega mjög gráu svæði.

Við bönnum auglýsingar á áfengi og tóbaki sem skaðar heilsu. Í ljósi þess ættu auglýsingar á ólöglegu fjárhættuspili enn frekar að vera óheimilar.

[15:18]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál upp og hæstv. ráðherra fyrir undirtektir. Ég hygg að þetta sé eitt af þeim málum sem er hafið yfir alla flokkadrætti og sé nokkuð þverpólitísk sátt um. Ég ítreka þakkir fyrir að hreyfa þessu viðkvæma og erfiða máli. Það er nefnilega mjög snúið og erfitt, það er svo fullt af andstæðum. Erfiðleikarnir eru m.a. vegna þess að fjárhættuspil í sjálfu sér felur í sér mikið af andstæðum, siðferðilegum, tæknilegum, praktískum og þar fram eftir götunum. Þetta er erfitt mál vegna þess að ýmsar góðgerðastofnanir og háskólar hafa tekjur af þessu og þó að flestir komi óskaddaðir frá þessari tekjulind fylgir því óhjákvæmilega að þar verða fórnarlömb. Sá hópur virðist jafnvel fara nokkuð stækkandi og þar er óhugnaðurinn. Það er líka erfitt vegna skilgreiningar. Hvenær hættir leikur að vera leikur og verður fíkn og sjúkdómur? Það veldur hinum mikla vanda.

Erfiðleikarnir eru líka af tæknilegum ástæðum þar sem netið er í sjálfu sér hafið yfir öll landamæri og þó að við vildum banna einhverjum að stunda slíka starfsemi hér gæti sá hinn sami flutt sig og stundað starfsemina, jafnbölvuð og hún kann að þykja í okkar huga, að utan enda netið hafið yfir landamæri.

Sá vandi sem hér er minnst á verður ekki leystur nema menn taki höndum saman í hinni samfélagslegu ábyrgð. Ég tek að því leytinu undir þær hugmyndir að skipa nefnd sérfræðinga til að skoða þá möguleika hvort yfir höfuð er hægt að taka á málinu og þá með hvaða hætti. Fórnarlömb spilafíknar hljóta auðvitað að vera aðalatriðið í því.

[15:20]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál upp hér. Vonandi verður þessi umræða til að opna augu ráðamanna og þjóðarinnar allrar fyrir því hversu brýnt er að grípa til varnaraðgerða gegn misnotkun á netspilavítum og á spilafíkn almennt. Það er oft gallinn við stjórnmálamenn að þeir vilja ekki bregðast við aðsteðjandi vanda, vilja ekki bregðast við allt að því fyrirsjáanlegum vanda og jafnvel ekki fyrr en í óefni er komið.

Frú forseti. Spilafíkn á netinu er orðin að vandamáli hér á landi og okkur berast fregnir af fólki sem er orðið skuldum vafið vegna spilavíta sem eru á veraldarvefnum. Vandamálið er til og það er á okkar ábyrgð að taka á því. Fyrir þá sem telja að hér sé um forsjárhyggju að ræða er tvennt sem mig langar að nefna. Samkvæmt upplýsingum frá Noregi eru tæp 4% barna á aldrinum 11–19 ára haldin spilafíkn sem tengist netinu. Ætla má að svipað eigi við um Ísland, ef ekki nú þegar þá væntanlega í framtíðinni. Spilafíkn barna og unglinga getur leitt af sér þunglyndi, einangrun og jafnvel sjálfsvíg.

Hitt er líka staðreynd að þeir sem starfrækja spilavítin á netinu leita allra leiða til að ýta undir fíknina og þá jafnvel með aðstoð sálfræðinga. Við öllu þessu þurfum við að bregðast og vernda okkar borgara og fara þarf fram rannsókn á því hvort íslenskir aðilar komi beint að rekstri netspilavíta, t.d. þess sem nefnt hefur verið hér, Betsson.com. Menn hafa nefnt að íslenskir hluthafar eigi þar í fyrirtækinu.

[15:23]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er ekki vanþörf á að taka þessi mál til rækilegrar athugunar því að yfirvöld hafa því miður verið ákaflega sofandi og það má segja að samfélagið allt hafi lengi verið ákaflega sofandi fyrir þeim miklu hörmungum sem spilafíkn í ýmsum myndum tengjast, jafnvel þrátt fyrir ötula baráttu ýmissa aðila, þar á meðal og ekki síst samtaka sem sérstaklega voru stofnuð fyrir nokkrum árum til að vekja athygli á þessu vandamáli.

Angi þessara mála birtist nú í því að íbúar í einstökum hverfum bindast samtökum til að koma í veg fyrir og hafna staðsetningu starfsemi af þessu tagi í þjónustumiðstöðvum sínum. Það sýnir, eins og t.d. hefur gerst í sambandi við Mjóddina í Reykjavík, að almenningur kærir sig ekki um þessa starfsemi í sínu nærumhverfi. Það sýnir að almenningur er meðvitaður um þær hættur sem þessu eru samfara og að ekki er við hæfi að blanda henni innan um aðra starfsemi þar sem t.d. börn og unglingar eiga greiðan aðgang að spilakössum og öðru slíku.

Það er ansi hart að engu að síður skuli það vera þannig að opinberar stofnanir og félagasamtök geri hana út í landinu. Maður spyr sig: Er ekki hægt að ná samstöðu um að þessum aðilum séu bættir þeir fjármunir sem þessi rekstur hefur skilað þeim á undanförnum árum, þeir fallist í staðinn á að nota ekki sín leyfi og þeim verði ósköp einfaldlega ekki úthlutað til annarra? Þau liggi þá þaðan í frá á grundvelli samkomulags við viðkomandi aðila ónotuð. Það er í öllu falli full ástæða til, frú forseti, að taka þetta til rækilegrar og feimnislausrar umræðu og við getum ekki skotið okkur endalaust á bak við það að í hlut eigi mikilvæg starfsemi eins og Háskóli Íslands, Rauði krossinn eða aðrir slíkir.

[15:25]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda í þessari umræðu fyrir að taka þetta mál til umfjöllunar. Það hefur nú þegar komið fram í umræðunni að það mál sem sérstaklega hefur orðið tilefni, þótt mörg tilefni hafi verið tiltekin, það er Betsson sem varð tilefni til þessarar umræðu, er til rannsóknar hjá lögreglu og hefur verið síðustu 10 mánuði og er þannig í réttum farvegi eftir að dómsmálaráðherra sendi það til lögreglu til frekari skoðunar.

Hér hafa komið fram hugmyndir um að afleggja fjárhættuspil í þeirri mynd sem við þekkjum þau í formi spilakassanna. Menn geta í sjálfu sér komið fram með slíkar hugmyndir en eins og sú umræða bar með sér verður um leið að finna leiðir til að tryggja nýtt fjármagn í stað þess sem þeir aðilar sem sækja fjáröflun til spilakassanna verða af. Ég held að sú umræða verði líka að vera tekin í samhengi við það hvort við viljum setja þessu einhverjar nýjar reglur, koma þessu í eitthvert nýtt form, út úr verslunarmiðstöðvunum og eftir atvikum láta fjárhættuspilin fara fram með öðrum hætti en við þekkjum þau í dag. Ég er alveg tilbúinn til að taka þátt í þeirri umræðu en sé ekki fyrir mér að við eigum að haga okkur með mjög ólíkum hætti þegar borið er saman við löndin í kringum okkur.

Varðandi netið, þá er það alveg sérstakt vandamál. Ég held að menn verði að gæta sín á því að einblína ekki um of á eigendur Betssons sem hafa verið nefndir hér oftar en einu sinni því að lögaðilinn getur verið erlendur og netið er bara eins og útvarp sem stillt er svo hátt í öðru landi að hljóðbylgjurnar berast hingað og við getum talað um það hér að við þurfum að gera eitthvað í því að stöðva hljóðbylgjurnar en þær flæða bara yfir okkur engu að síður. Alþjóðleg samvinna á þessum vettvangi er líklegust til að skila árangri.

[15:27]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Í nýlegri færslu inni á heimasíðunni spilavandi.is segir kona: „Ég spilaði mig næstum til bana.“ Hún spilaði á 15 árum frá sér 40 millj. kr., spilaði frá sér aleigunni, fjölskyldunni, fjármunum og frama í starfi. Við vitum öll að spilafíkn er mjög vaxandi og alvarlegur vandi í samfélaginu sem hefur vaðið mjög uppi á síðustu missirum og er að verða að nokkurs konar faraldri í sumum öngum samfélagsins. Við höfum ekki brugðist nægjanlega við þessum vanda, ekki skilgreint hann eða tekið á honum. Það þarf að reisa miklu frekari skorður við fjárhættustarfsemi af hvaða tagi sem hún er og það er vafasamt í besta falli og siðlaust í versta falli að fjármagna þá þætti samfélagsins sem við gerum með spilakössunum svokölluðu, hvaða nafni sem þeir kallast hverju sinni. Það er afleitt fyrirkomulag og það ber að endurskoða það og finna þeim stofnunum og samtökum sem hér hafa verið nefnd aðra tekjustofna, að sjálfsögðu.

Spilafíknin er vandi sem herjar á þúsundir einstaklinga og fjölmargar fjölskyldur í landinu. Við þurfum að viðurkenna vandamálið og bregðast við því og að sjálfsögðu að fylgja eftir landslögum sem kveða á um bann við auglýsingum af því tagi sem hér um ræðir á netspilavítum og öðrum fjárhættuspilum í landinu. Að sjálfsögðu eigum við að fylgja því eftir en um leið tek ég undir að við þurfum að taka til endurskoðunar allt umhverfi fjárhættuspila í landinu og reisa því þær skorður sem þarf að reisa til að taka á vandanum með sómasamlegum hætti. Við eigum að kalla eftir nýjum úrræðum og hafna þeim lausatökum sem hafa verið á þessum málum. Það er kominn tími til að taka málið alvarlega.

[15:29]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Spilafíkn er mikið vandamál sem hefur komist í hámæli á síðustu árum. Dæmi er um að spilafíkn heltaki fólk. Hún snertir ekki einungis þá sem eru háðir spilafíkn heldur einnig fjölskyldur, vini og alla aðstandendur. Sparifé hverfur og húseignir eru veðsettar. Hér er því gríðarmikið vandamál sem fer oft leynt og leyndara en önnur fíkn. Til dæmis má nefna að lykt berst úr vitum þeirra sem eru haldnir áfengisfíkn og eru stöðugt að sulla í áfengi en þeir sem eru haldnir spilafíkn koma ef til vill bara við í næstu sjoppu eða verslunarmiðstöð og tapa þar tugum þúsunda króna á skömmum tíma, eða þá eins og hefur komið fram í umræðunni setjast við tölvu og tapa þar háum upphæðum.

Mjög nauðsynlegt er að fara í gegnum þessa umræðu,

hvernig við eigum að stemma stigu við slíkri fíkn. Við í Frjálslynda flokknum teljum mjög nauðsynlegt að efla rannsóknir á þessu sviði þar sem það verði að markmiði að kanna umfang spilafíknarinnar og ekki síður að koma og leita leiða hvernig megi stemma stigu við fíkninni og finna leiðir út úr þeim vanda. Það er mjög mikilvægt.

Það er umhugsunarefni að sjá hvaða samtök það eru sem standa fyrir spilakössum víða um land. Þetta eru góðgerðarsamtök. Mér finnst að við eigum ekki að setja slík félög í þá aðstöðu og við eigum að kalla þau félög til ábyrgðar ekki síður en þau einkahlutafélög sem stuðla að spilafíkn á netinu. Við eigum að leita leiða hvernig hægt er að ná utan um þá starfsemi. Vissulega er það rétt sem komið hefur fram í umræðunni að erfitt er (Forseti hringir.) að ná tökum á netinu en það er verkefni sem bíður okkar nú, að leita leiða út úr þeim vanda.

[15:32]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég held að ekki sé eins erfitt og margir hyggja að stemma stigu við þessari starfsemi með því að hýsa henni út úr okkar húsi, banna hana. Norðmenn eru að gera þetta núna með spilakassana, tilneyddir. Hægt er að reisa þær skorður líka á netinu og við eigum hiklaust að gera það eftir því sem kostur er.

Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það er mikill samhljómur í henni. Við hæstv. dómsmálaráðherra vil ég segja að mér þótti gott að heyra að í marslok á liðnu ári skuli dómsmálaráðuneytið hafa brugðist við ólöglegum auglýsingum Betssons.

Ég tel að við eigum að höfða til fyrirtækja, ekki bara um lagalegar skyldur heldur einnig siðferðilega ábyrgð. Ég er ekki kunnugur tæknilegum hliðum þessa máls en vísa aftur í greinargerð sem er að finna á heimasíðu áhugafólks um spilafíkn þar sem Finnur Hrafn Jónsson, sem er verkfræðingur og tölvunarfræðingur með 20 ára reynslu af hugbúnaðargerð, gerir grein fyrir leiðum sem fara má í þessu efni. Að þessu þarf að sjálfsögðu að hyggja.

Síðan er að virkja jákvæðan vilja sem er á Alþingi. Þetta er þverpólitískt mál. Þetta tekur til allra flokka. Hér hafa verið flutt mál á undanförnum árum og ég vísa t.d. í málflutning hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um þetta efni, til langs tíma, í mörg ár. Og þingmenn úr öllum flokkum á þingi hafa lýst vilja til að taka á þessum alvarlega vanda.

Ég bið hæstv. ráðherra að íhuga hvort ekki væri ástæða til að kalla saman nefnd sérfræðinga, m.a. frá bönkum og kortafyrirtækjum, ekki bara til að ræða við þá (Forseti hringir.) um lagalegar hliðar málsins heldur virkja ábyrgðarkennd þeirra aðila til að finna lausnir.

[15:34]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Eins og hv. upphafsmaður umræðunnar vil ég þakka fyrir umræðurnar. Ég vil ekki taka undir það að menn hafi ekki fjallað um þessi mál á þingi því hér voru sett lög árið 2005 eftir ítarlegar umræður um ný happdrættislög og höfðu þá ekki verið sett happdrættislög, held ég, síðan 1928 eða 1923. Það hefur því verið fjallað um þessi mál á þingi á þessu kjörtímabili og farið yfir þetta og settar þær reglur sem við styðjumst síðan við núna þegar við teljum að sporna eigi við þessari starfsemi á netinu.

Ég vil einnig segja að þegar menn tala um að fyrirtæki, félög eða stofnanir fái tekjur af þessari starfsemi og sporna eigi við því að þau samtök eða stofnanir fái það fé og eigi að fá fé eftir öðrum leiðum, þá tel ég að bak við þær ákvarðanir sem forverar okkar hafa tekið um þetta fjárstreymi, búi mjög mikið raunsæi. Búi það raunsæi að það sé betra að þessi starfsemi verði í landinu og sé í landinu. Betra sé að það renni til samtaka, stofnana og aðila sem sinna þeim málum sem þeir eru að sinna og fá þetta fé, en að það renni til einhverra annarra. Það er slíkt raunsæi sem þar býr að baki.

Menn standa núna frammi fyrir því og Norðmenn eru í málaferlum fyrir dómstóli EFTA um það hvort breska Ladbrokes-fyrirtækið fái heimildir til starfrækslu í Noregi. Og breska Ladbrokes-fyrirtækið er ekkert góðgerðarfyrirtæki. Það er einkafyrirtæki, gróðafyrirtæki og það mun ekki verja fjármunum sínum til háskólastarfsemi eða Rauða krossins eða SÁÁ eða annarra slíkra aðila.

Ég tel því að með þeirri stefnu sem við höfum haft og er í löggjöf okkar frá 2005 séum við ekki að gera neinum óleik, heldur í raun og veru að sýna mikið raunsæi.

## *Vatnajökulsþjóðgarður, 1. umr.*

Stjfrv., 395. mál (heildarlög). — Þskj. 439.

[15:37]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Frumvarpið er unnið í umhverfisráðuneytinu í nánu samráði við sérstaka ráðgjafarnefnd sem þáverandi umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, skipaði þann 30. nóvember 2005 til að vinna með ráðuneytinu að undirbúningi málsins.

Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra sveitarfélaga á því svæði sem rætt hefur verið um að Vatnajökulsþjóðgarður nái til, auk fulltrúa umhverfisverndarsamtaka og formanns skipuðum af umhverfisráðherra.

Hugmyndir um friðlýsingu Vatnajökuls og lands umhverfis jökulinn hafa verið til umræðu og athugunar í nokkur ár. Á Alþingi hófst umræðan árið 1998 þegar Hjörleifur Guttormsson lagði fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um fjóra þjóðgarða á miðhálendi landsins þar sem stærstu jöklar landsins voru megináherslan.

Í tillögunni var m.a. gert ráð fyrir Vatnajökulsþjóðgarði sem næði yfir jökulinn og umfangsmikil svæði allt í kringum hann eða alls um 15.000 ferkílómetra. Í framhaldi af því samþykkti Alþingi vorið 1999 sérstaka þingsályktun um Vatnajökulsþjóðgarð þar sem Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð.

Síðan þá hafa nokkrar nefndir unnið að undirbúningi málsins. Má þar m.a. nefna nefnd sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka sem þá áttu sæti á Alþingi og fjallaði um

svæðið norðan jökulsins. Sú nefnd var einhuga í málinu og lagði í maí 2004 fram tillögur um umfang verndarsvæðisins, verndarstig einstakra svæða og stjórnfyrirkomulag þjóðgarðsins.

Nefndin hafði við mótun tillagna sinna náið samráð við viðkomandi sveitarfélög, landeigendur og landnotendur, þar með talda ferðaþjónustuaðila og umhverfisverndarsamtök og vann ítarlega greinargerð um málið.

Segja má að við undirbúning málsins síðan, m.a. við gerð þessa frumvarps, hafi í meginatriðum verið byggt á tillögum þingmannanefndarinnar frá árinu 2004.

Í frumvarpinu er lagður rammi fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, sérstaklega hvað varðar stjórnfyrirkomulag hans og rekstur. Eins og með þjóðgarða samkvæmt náttúruverndarlögum er gert ráð fyrir að friðlýsing þjóðgarðsins taki gildi við setningu reglugerðar um hann. Þar verði dregin mörk þjóðgarðsins og settar nákvæmar reglur fyrir einstök svæði hans.

Lagt er til að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs taki mið af alþjóðlegum viðmiðum um þjóðgarða og friðlýst svæði og að verndarstig einstakra svæða þjóðgarðsins miðist við hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar á fuglum, dýrum og vatnafiskum. Hún gæti farið fram með viðlíka hætti innan þjóðgarðsins og verið hefur. Samkvæmt frumvarpinu getur land í Vatnajökulsþjóðgarði verið ýmist í eigu ríkisins eða annarra aðila náist um það samkomulag.

Þegar hafa farið fram frumviðræður milli ráðuneytisins og viðkomandi landeigenda á þeim svæðum sem áhugi stendur til að verði hluti þjóðgarðsins og er gert ráð fyrir að halda þeim viðræðum áfram jafnskjótt og frumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð er orðið að lögum

Ráðgjafarnefndin gerði tillögur að fyrstu mörkum þjóðgarðsins og er gerð grein fyrir þeim í skýrslu nefndarinnar sem fylgir frumvarpinu. Endanleg mörk ráðast hins vegar af samningum við landeigendur þess hluta landsins sem er í einkaeign. Slíkt samkomulag þarf að liggja fyrir við stofnun þjóðgarðsins sem vænst er að geti orðið seinni hluta árs 2007 eða á fyrri hluta ársins 2008.

Heimamenn hafa í öllu undirbúningsferli að stofnun þjóðgarðsins lagt á það áherslu að aðkoma þeirra að stjórn og rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs verði meiri en í núverandi þjóðgörðum. Í frumvarpinu er leitast við að koma til móts við þessar óskir. Lagt er til að Vatnajökulsþjóðgarður verði ríkisstofnun sem lúti sérstakri sjö manna stjórn skipaðri af umhverfisráðherra. Gert er ráð fyrir að fjórir af sjö stjórnarmönnum, þ.e. formenn svokallaðra svæðisráða þjóðgarðsins, komi úr röðum heimamanna. Einn fulltrúi umhverfisverndarsamtaka sitji í stjórn og formaður og varaformaður skipaður af umhverfisráðherra án tilnefningar.

Lagt er til að þjóðgarðinum verði skipt í fjögur rekstrarsvæði undir stjórn þjóðgarðsvarða sem ábyrgð beri á daglegum rekstri svæðanna. Á hverju svæði verði enn fremur skipað sérstakt svæðisráð skipað fulltrúum sveitarfélaga, ferðamálasamtaka og umhverfissamtaka. Verkefni svæðisráða verði m.a. að gera tillögu að verndaráætlun og rekstraráætlun fyrir viðkomandi svæði og að vera þjóðgarðsverði almennt til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á svæðinu auk þess sem formenn þeirra eiga sæti í stjórn þjóðgarðsins eins og áður segir.

Vatnajökulsþjóðgarður verður stærsti þjóðgarður í Evrópu og mun hafa mikla sérstöðu í náttúrufarslegu tilliti í heiminum. Ítarleg samantekt Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi svæðisins leiðir í ljós óvenjulegan fjölbreytileika og náttúrufar sem á óvíða sinn líka, ekki aðeins á Íslandi heldur einnig á heimsvísu.

Magnús Tumi Guðmundsson jarðfræðingur telur svæðið einstakt í heiminum í jarðfræði og jarðsögulegu tilliti, þar sem samspil elds og ísa hafa ráðið landmótun að miklu leyti. Þessi sérstaða þjóðgarðsins mun í framtíðinni draga að aukinn fjölda ferðamanna, bæði innlendra og erlendra. Alþjóðleg umhverfisverndarsamtök hafa lýst þessum hugmyndum um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem afar metnaðarfullum og líklegum til að vekja heimsathygli.

Mat Rögnvaldar Guðmundssonar ferðamálafræðings á áhrif Vatnajökulsþjóðgarðs á íslenska ferðaþjónustu er að þjóðgarðurinn muni á árinu 2012, verði farið að tillögum ráðgjafarnefndarinnar um uppbyggingu þjóðgarðsins, hafa aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar um 3–4 milljarða kr. á ári. Þar af telur hann að 1,5 milljarðar kr. muni koma fram árlega sem auknar atvinnu- og þjónustutekjur á nærsvæði þjóðgarðsins.

Þannig má gróflega ætla að þjóðgarðurinn hafi skapað nálega 400 til 500 ný störf í landinu þegar á árinu 2012. Þetta sýnir mjög glögglega þvert ofan í það sem oft er haldið fram að náttúruvernd getur lagt grunn að nýjum tekjum af landinu okkar. Þannig má segja að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs muni ekki aðeins leggja grunn að vernd einstakrar náttúru heldur jafnframt styrkja verulega atvinnulíf og byggð í nágrenni þjóðgarðsins er fram líða stundir.

Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er metnaðarfullt verkefni, hvort sem litið er til náttúruverndar eða markmiða um framtíðarlandnýtingu á því svæði sem ráðgjafarnefndin telur að uppfylli kröfur um verndargildi þjóðgarðs. Fullyrða má að það sé langstærsta verkefni sem íslensk stjórnvöld hafa ráðist í í náttúruvernd fyrr og síðar. Markmið stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs mun hins vegar ekki nást nema að tryggð sé sú uppbygging þjónustunets þjóðgarðsins sem ráðgjafarnefnd um Vatnajökulsþjóðgarð hefur lagt til.

Gerir nefndin tillögu að tímasettri framkvæmdaáætlun fyrir einstaka þætti þjónustunetsins. Áætlaður kostnaður við uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins er um 1.150 millj. kr. og telur nefndin raunhæft að sú uppbygging eigi sér stað á fyrstu fimm árunum eftir stofnun þjóðgarðsins. Þannig gæti þjónustunet þjóðgarðsins verið fullgert á árinu 2012 gangi áætlanir um stofnun þjóðgarðsins eftir.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið meginefni frumvarps um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og geri ráð fyrir að að lokinni 1. umr. verði frumvarpinu vísað til hv. umhverfisnefndar.

[15:46]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég fagna því að það mál sem við hér ræðum, um Vatnajökulsþjóðgarð, skuli vera komið á dagskrá þingsins og tel það eitt af mikilvægari málum sem við höfum tekið fyrir á þinginu fram til þessa. En það verður að segjast eins og er að mál umhverfisnefndar hafa ekki flækst fyrir okkur undanfarna mánuði, það hafa engin stjórnar-

þingmál komið fram í umhverfismálunum í haust, eitt þingmannamál er á dagskrá og engir fundir. En á þessu eru skýringar hvað varðar undanfarnar vikur og því nota ég það tækifæri sem nú gefst til að senda formanni nefndarinnar kveðjur á sjúkrabeð en fjarvistir hans hafa ekki komið að sök fyrir nefndina auk þess sem varaformaður hefði að sjálfsögðu getað tekið til við störfin ef við hefðum haft mál að vinna að eða ef áhugi hefði verið fyrir að vinna með þingmannamálin. Ég hlýt að geta þessa í upphafi fyrsta máls á sviði umhverfismála.

Þetta mál, Vatnajökulsþjóðgarður, er stórt mál og það er mikill áhugi fyrir því hjá okkur í Samfylkingunni að Vatnajökulsþjóðgarður verði að veruleika og ég er líka sannfærð um að almennur áhugi er í landinu fyrir slíkum þjóðgarði. Það er afar brýnt að vel takist til um skipan mála því þjóðgarðurinn á, eins og nafnið vísar til, að verða þjóðargarðurinn, þjóðarinnar allrar, ekki bara svæðisins í kringum Vatnajökul. Þetta hlýtur að vera útgangspunkturinn við alla málsmeðferð og umfjöllun okkar í nefndinni.

Hæstv. umhverfisráðherra gat um aðdraganda þess að þetta frumvarp er komið fram og m.a. þeirrar tillögu um þjóðgarð norðan og norðaustan Vatnajökuls sem Samfylkingin flutti 2002–2003 og nefndina sem í kjölfarið vann að þeim málum og var einhuga hvað það svæði varðaði. Það hefur því legið fyrir að stofna þjóðgarð bæði í Skaftafelli og fyrir norðan og norðaustan og að bæta við Skaftafellsjökulinn Vatnajökulsbungunni og hér er þetta komið í stærra form. Þetta er mjög mikilvægt, virðulegi forseti, og ég hlýt að vísa hér í upphaf greinargerðar Samfylkingarinnar með sínu þingmáli.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Jökullinn býr yfir öllu. Hvítur, tær: og þegar nær dregur svo skelfandi með gný skriðjöklanna sem sækja fram sandi sorfnir í sárið, og seilast að söndunum svörtu og smáum vinjum eyðimerkurinnar sem nær með gargandi skúmi fram á brimlostna strönd.“ Þennan texta á Thor Vilhjálmsson.

Það var skoðun flutningsmanna þess þingmáls að það væri mjög nauðsynlegt að stokka upp þá stefnu sem gilt hefur um þjóðgarða fram að þessu, t.d. það að hefðbundinn landbúnaður geti farið saman við rekstur þjóðgarða. Samfylkingin lagði til að farið yrði öðruvísi að nú þegar yrði farið að skoða þjóðgarðinn í kringum Vatnajökul og það er mjög vel greint frá þessu í greinargerð með þingsályktunartillögu okkar. Ég get þessa sérstaklega vegna þeirra athugasemda sem ég mun svo gera við það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Í greinargerð með tillögu okkar segir líka að víða á jöðrum hins fyrirhugaða þjóðgarðs sé að finna mikinn áhuga heimamanna á að heimalönd, eða partur af þeim, verði hluti þjóðgarðsins. Áhuginn stafar af umhyggju fyrir náttúrunni en ekki síður hinu að heimamenn skynja æ betur þau sóknarfæri í atvinnulífi sem gætu siglt í kjölfar stofnunar þjóðgarðs. Sunnan Vatnajökuls, svo sem á Höfn í Hornafirði, er t.d. vaxandi áhugi á að þjóðgarðurinn nái suður af Lónsöræfum og í sjó fram og teygi sig svo með strandlengjunni til vesturs. Vestan jökuls, á Kirkjubæjarklaustri og í grennd, er sömuleiðis áhugi á að þjóðgarðurinn nái með vesturjaðri jökulsins nægilega langt til suðurs til að Lakagígar, sem þegar eru friðland og eitt jarðfræðilega merkasta og fegursta svæði á landinu, verði hluti af þjóðgarðinum.

Við í Samfylkingunni höfum mjög oft rætt hver ættu að vera ytri mörk þjóðgarðs af þessum toga og þess vegna er mjög athyglisvert hvaða svæði verða ekki tekin með í Vatnajökulsþjóðgarð að þessu sinni.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir og sem við höfum beðið eftir og sem ég fagna að er fram komið vekur margar spurningar. Stærsta álitamálið er reglugerðarákvæðið. Heimild er gefin til að friðlýsa Vatnajökul og helstu áhrifasvæði með reglugerð. En allar reglugerðir eiga að hafa lagastoð, engin reglugerð má ganga lengra en lög kveða á um. Við fyrstu sýn virðist vandasamt að setja reglugerð um friðlýsingu. Þar hljóta að koma mörg álitamál upp sem venjulega falla undir lagasetningu.

Þessum þjóðgarði virðist jafnframt vera kippt úr sambandi við þær reglur sem gilda samkvæmt lögum. Við í Samfylkingunni höfum miklar efasemdir um að þjóðgarðsmörk verði sett með reglugerð. Hvaða svæði erum við að tala um og hvers vegna er það undanskilið sem ekki virðist eiga að vera með í þjóðgarðinum samkvæmt því sem hér er tekið fram?

Það á að leita samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar fyrir friðlýsingu landsvæðis í sveitarfélaginu og það á að gera samning við landeigendur um friðlýsingu lands í einkaeign. Þá vaknar spurningin: Um hvað á að semja og hvenær verður það hægt? Í dag er ekki ljóst hvað er þjóðlenda og hvað er einkaeign. Á stórum svæðum í umhverfi jökulsins og á því svæði þar sem fyrirhugað er að vera með þjóðgarð er þessum málum ekki enn þá ráðið til lykta og spurning vaknar hvenær verður hægt að ráða þeim til lykta og hvað gerist með þau sem eru enn þá óleyst.

Svo er stóra spurningin: Hvaða náttúrusvæði eiga og munu verða innan borðs? Ég nefni Langasjó, hrífandi náttúrufyrirbrigði vestan Vatnajökuls sem lætur engan ósnortinn sem þangað kemur. Og hvað með Jökulsá á Fjöllum? Vatnasviðið er ekki allt innan þjóðgarðs eins og t.d. var lögð mikil áhersla á í tillögu Samfylkingarinnar varðandi svæðið norðan Vatnajökuls. Þá vaknar auðvitað spurningin um hvort verið sé að halda virkjunarmöguleikum opnum. Það er útilokað annað en að ræða þessi mál algjörlega opið um leið og við förum yfir það hvernig á að halda á málum varðandi þennan þjóðgarð.

Í greinargerð með frumvarpinu eru talin upp svæði sem hugsanlega verða viðbót við Vatnajökulsþjóðgarð síðar. Á norðursvæðinu eru þetta Ódáðahraun og Herðubreiðarfjöll, efsti hluti Suðurár og Suðurárbotnar. Á austursvæði: Brúaröræfi og svæði á Jökuldalsheiði. Á suðursvæði: Fjalllendi við Hoffellsjökul og Jökulsárlón og á vestursvæði: Nær öll jaðarsvæði Vatnajökuls, frá Núpsstaðaskógum til Veiðivatnasvæðis, eftir atvikum mismunandi langt frá jökli. Það kemur fram í greinargerðinni að viðræður eru á frumstigi við eigendur þar sem eigendur landsvæða eiga í hlut.

Þarna eru nefnd svæði sem skiptir mjög, mjög miklu máli að vernda til framtíðar án þess að það sé komið að því að þau séu innlimuð eða tekin undir það svæði sem fyrirhugað er að lögfesta með þessu frumvarpi að verði Vatnajökulsþjóðgarður að þessu sinni, þ.e. þó með þeim fyrirvara að það er reglugerð sem á að ákveða það en miða við

hvernig málið er fram sett.

Þegar maður fer að skoða frumvarpið ítarlega er alveg ljóst að það er aftengt bæði náttúruverndarlögum og Umhverfisstofnuninni og ég spyr: Hvers vegna? Þetta er eitt af því sem við þurfum að ræða í nefndinni. Og er þetta nauðsynlegt? Eigum við ekki og þurfum við ekki að vera með meginlög um náttúruvernd sem allt annað tekur mið af? Með þessum þjóðgarði er í raun og veru verið að fara inn á nýja braut og mér finnst mjög mikilvægt bæði að fá skýringu á því af hverju þessi leið er farin og að umhverfisnefndin skoði þetta sérstaklega.

Svo virðist líka sem yfirstjórn þjóðgarðsins eigi að koma í stað Umhverfisstofnunar hvað varðar þau verkefni sem Umhverfisstofnun hefur haft gagnvart öðrum svæðum en þau verða nú í raun og veru tekin yfir af yfirstjórn þjóðgarðsins. Það þýðir að breyta þarf náttúruverndarlögunum hvað þessi ákvæði varðar, bæði hvað varðar náttúruminjar og stofnun þjóðgarða vegna þess að lögin um Vatnajökulsþjóðgarð munu í raun ganga þeim lögum framar, það verður þá að taka það fram og gera breytingar á þeim lögum.

Við í Samfylkingunni sem höfum verið að skoða þetta skiljum ekki alveg hvað liggur að baki slíkri aftengingu Vatnajökulsþjóðgarðs við náttúruverndarlög og okkur finnst að 38. gr. náttúruverndarlaga sé rifin í sundur og að sumt muni gilda og annað ekki í þjóðgarðinum miðað við þetta frumvarp. Okkur sýnist líka að það verði að skoða hvernig frumvarpið tengist lögum um þjóðlendur. Það eru sérstök lög um þjóðlendur og við vitum öll að víða eru mikil málaferli í gangi til þess að leiða það til lykta hvað eru einkalönd og hvað eru þjóðlendur. Í lögum um þjóðlendur er ákvæði um að það eigi að nýta það fjármagn sem fellur til í þjóðlendum innan þjóðlendnanna sjálfra. Hvað þetta frumvarp varðar og það svæði sem það fjallar um verður sumt þjóðlendur og annað ekki og það er ekki endilega víst að það henti að láta fjármagn falla til innan þeirrar þjóðlendu sem er á viðkomandi stað á svæðinu. Þetta þarf líka að skoða og við sjáum ekki dæmi um að það hafi verið tekið fyrir.

Hér er um gífurlega víðfeðmt svæði að ræða eins og fram kom í ræðu hæstv. umhverfisráðherra og, eins og ég hef sagt, sumt þjóðlenda og annað einkaeign, og það er mjög mikilvægt að um leið og við setjum lög þá skoðum við hvernig fyrirkomulag framkvæmda leggst þvert á þau mörk.

Svo kemur að stjórnuninni og ég gat þess sérstaklega í inngangi að máli mínu að Samfylkingin vill eiga mjög gott samstarf við heimamenn á svæðinu og líka skoða það hvort þurfi að fara nýjar leiðir með að tengja það sem er hefðbundið og óhefðbundið í því sem er varið. En það er alveg ljóst að það þarf að skoða stjórnarfyrirkomulagið betur. Stjórnin er t.d. ekki staðsett miðað við að vera heimamannastjórn og að svæðið tekur til tveggja kjördæma. Þetta er meirihlutaheimamannastjórn, og miðað við eðli þjóðgarða þá brýtur hún svolítið í bága við þá. Þarna eru fjögur svæðisráð og það er meiri hluti heimamanna í hverju þeirra en tillagan felur líka í sér að það verði meiri hluti heimamanna í yfirstjórninni og við setjum spurningarmerki við það meðan við ekki höfum fengið skýringu á því hvers vegna er farið þannig fram með tillögu.

Þetta vekur athygli á því hvernig aðkoman eigi að vera hjá mesta þéttbýlissvæði landsins, suðvesturhorninu. Þeirri spurningu er ekki svarað í frumvarpinu og þetta er líka spurning sem við eigum að ræða opið og á hreinskilinn hátt.

Virðulegi forseti. Ég hef farið lauslega yfir meginatriði þess sem við í Samfylkingunni höfum verið að skoða. Félagar mínir í nefndinni, Mörður Árnason og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, munu koma hér og fara ítarlegar ofan í þessi mál, en mig langar í lokin að nefna sérstakt áhugamál mitt.

Ég hef ferðast mjög mikið um óbyggðir á Íslandi og finnst það það eftirsóknarverðasta sem hægt er að hugsa sér hvað varðar ferðamáta og frí. Hvergi er betra að eiga unaðsstundir en á fjöllum eða inni í óbyggðum. Ég fer líka stundum á jökla en í jöklaferðir mínar hef ég farið akandi. Ég átti þess kost að fara í ferð á Vatnajökul fyrir tveimur árum. Það er eitthvað sem ég mun aldrei gleyma, að aka upp á þennan víðfeðma jökul og dveljast þar og keyra hann allan í norður og keyra hann allan í suður og eiga þar næturgistingu undir bláhimni í unaðsveðri. Það er auðvitað alveg einstakt að eiga þess kost að upplifa þetta.

Mér finnst mikilvægt að áfram verði hægt að fara í slíkar ökuferðir inn á jökla, bílar eru eins og smádeplar í íshafinu og eftir þá fennir fljótt í slóðir. En jafnframt verður að taka alveg sérstaklega á því að allir sem eru í gönguferð, hvort sem það er á göngu eða skíðum, lendi ekki í því að bílar séu á þeirra slóðum. Það er grundvallaratriði, enda voru í þeirri ferð sem ég fór mjög ströng skilyrði um það hvert bílar mættu aka vegna þess að á sama tíma var mjög mikið fjölmenni að ganga á Hvannadalshnjúk og truflaði þar hvorugt annað, ef hægt er að orða það þannig.

Ég tek eftir því að í 15. gr. er ákvæði um akstur vélknúinna ökutækja utan vega í þjóðgarðinum. Þá vaknar spurningin: Á þetta líka við jökulinn sjálfan? Er verið að setja þarna inn ákvæði sem lokar á eitthvað sem gífurlegur fjöldi fólks lítur á sem eitthvað það eftirsóknarverðasta í ferðum á okkar einstaka landi, en það er möguleikinn að keyra á jöklum? Er þarna strax í upphafi verið að loka á að vélknúin ökutæki, vel útbúnir jeppar eða önnur ökutæki megi fara á jökul? Mér finnst mikilvægt að þetta komi fram og ég mun leggja mikla áherslu á að við skoðum það í nefndinni. Ég er alveg sannfærð um að ef hugsunin er þannig á bak við ákvæði 15. gr. að þarna eigi að loka á eitthvað sem er orðin mikil hefð á Íslandi þá séum við að fara vill vega, það er mín skoðun.

En við erum vonandi öll sammála um að það er þýðingarmikið og sérstaklega ánægjulegt að Vatnajökulsþjóðgarður verði til. Þetta lagafrumvarp, eins og hefur komið fram, stofnar ekki þjóðgarðinn heldur þær reglugerðir sem verða settar og það er vandi þessa frumvarps, það er stór vandi þessa frumvarps. Við munum að sjálfsögðu ræða frumvarpið í umhverfisnefndinni og senda málið til umsagnar og fá fólk með sérfræðiþekkingu á fund nefndarinnar. Svo vil ég að lokum, þrátt fyrir þessar áleitnu spurningar sem ég hef sett fram, óska hæstv. umhverfisráðherra til hamingju með að bera fram þetta mikilvæga frumvarp á Alþingi.

[16:04]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir hamingjuóskir síðasta hv. þingmanns til umhverfisráðherra fyrir að bera fram þetta frumvarp. Ástæðan fyrir því að ég kem hér í andsvar er það sem mér fannst skína í hjá hv. þingmanni, talsmanni Samfylkingarinnar í málinu, þ.e. vantraust á heimamenn til að stýra þjóðgarðinum. Hún tók það sérstaklega fram að meiri hluti í svæðisráðum og stjórn þjóðgarðsins væru heimamenn. Heimamenn eru þannig skipaðir að sveitarstjórnir tilnefna þrjá fulltrúa í svæðisráðin. Auk þess eru tilnefndir fulltrúar frá umhverfisverndarsamtökum og ferðamálasamtökum. Ég verð eiginlega að segja sem svo að mér þykir leitt að heyra þetta vantraust Samfylkingarinnar í garð þess fólks sem býr í þessu landi fyrir utan höfuðborgarsvæðið varðandi það að það geti ekki tekið að sér stjórn þess merka fyrirbæris sem við erum að fjalla um, þ.e. Vatnajökulsþjóðgarðar sem eðli málsins samkvæmt er á landsbyggðinni. Hann þekur raunar 13% lands á Íslandi og ... (**Gripið fram í:** En á Snæfellsnesi?) Ef hv. þingmaður vildi leyfa mér að klára þá finnst mér þetta svolítið sérkennilegt og þætti gott að heyra betur sjónarmið Samfylkingarinnar varðandi þetta vantraust á heimamenn.

[16:06]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta finnst mér fremur óviðfelldið andsvar vegna þess að ég fullyrði að ekkert í mínum málflutningi gefi tilefni til að bera mér á brýn að ég vantreysti fólki sem býr annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Sjálf er ég fædd og upp vaxin og stofnaði mitt fyrsta heimili sem ung kona í dreifbýlinu og ég hef mjög sterkar taugar til þess. Ég treysti þar hverjum sem er. En þetta eru líka viðbrögð sem komu á sínum tíma hér þegar umræða var um breytingu á sveitarfélögum og minn flokkur hafði skoðun á því að það ætti að horfa öðruvísi á miðhálendið sem slíkt en sveitarfélögin almennt. Þetta eru hugmyndir um að oft sé heppilegra að stjórnir sameiginlegra svæða séu sameiginlegar. Það sem ég vakti athygli á er að það eru fjögur svæðisráð og þar eru 3:1:1, og meiri hluti heimamanna í öllum svæðisráðunum og það finnst mér að geti verið mjög gott mál miðað við þau verkefni sem þarf að leysa. Síðan verða formenn þessara svæðisráða með í yfirstjórninni og svo er það umhverfisráðherra sem skipar tvo og einn kemur frá umhverfissamtökum. Þarna finnst mér að eigi að skoða hvort það sé bara yfirleitt það rétta að um svona svæði eigi öll þjóðarheildin að sameinast eða hvort það eigi endilega að vera þannig að heimamennirnir hafi meiri hluta í yfirstjórninni. Ég er ekki einu sinni að taka afstöðu til þess núna en þetta er nokkuð sem við höfum staldrað við.

[16:08]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt ef þetta hefur virkað sem óviðfelldið andsvar. Ég óskaði eftir smáskýringu frá fulltrúa Samfylkingarinnar og hún hefur skýrt sjónarmið sitt mjög vel og ég þakka fyrir að þarna kemur fram stefna hennar í þessu máli. Ég ætlaðist alls ekki til þess að við værum að kallast á í óviðfelldnum tóni.

[16:08]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aldrei amast ég við því að fá andsvar við ræðu minni og góða umræðu. En í andsvari þingmannsins fólst að mér var borið á brýn að ég vantreysti fólki eftir því hvar það byggi á landinu þannig að mér fannst að verið væri að gera mér upp skoðanir sem ég hef ekki.

[16:09]

**Kolbrún Halldórsdóttir**:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að fagna því að við skulum taka til umræðu á Alþingi Íslendinga frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Eins og komið hefur fram á þetta mál sér nokkra sögu. Rætur þess liggja í þingsályktunartillögu sem lögð var fram á Alþingi þann 6. október 1998, tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð á miðhálendinu. Flutningsmaður hennar var Hjörleifur Guttormsson og lagði hann þá til að Alþingi fæli umhverfisráðherra að láta undirbúa stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands er hefðu innan sinna marka helstu jökla og aðliggjandi landsvæði. Samkvæmt hugmyndum Hjörleifs var gert ráð fyrir því að ráðherra ætti að kynna Alþingi stöðu málsins á vorþingi 1999 og að stefnt yrði að formlegri stofnun þjóðgarðsins árið 2000. Þessi tillaga fór eðli málsins samkvæmt í umhverfisnefnd og síðar á því þingi, eða nánar tiltekið hinn 9. mars 1999, skilaði umhverfisnefnd nefndaráliti og hafði þá fjallað um tillöguna sem var yfirgripsmikil. Eðli málsins samkvæmt þurfti að kalla talsvert til af gestum og nefndin fór vel ofan í saumana á meginhugmyndum Hjörleifs í þessum efnum. Í nefndarálitinu sem allir nefndarmenn skrifa undir má lesa að hún hafi talið rétt að takmarka ályktunina að nokkru leyti við það að fela umhverfisráðherra að láta kanna möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem tæki til alls jökulsins með það í huga að unnt verði að stofna þjóðgarðinn á aldamótaárinu 2000. Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs taldi nefndin að það mundi fást reynsla sem síðar gæti nýst við hugsanlegan undirbúning fleiri slíkra þjóðgarða á miðhálendinu. Ég tel þess vegna að miðað við það frumvarp sem við hér nú ræðum þá sé hugmyndafræði hinnar upphaflegu tillögu enn í fullu gildi sem umhverfisnefnd vorið 1999 lýsti í sjálfu sér stuðningi við þó svo að hún hafi ekki á þeim tíma verið tilbúin til að ganga svo langt sem tillaga Hjörleifs Guttormssonar gerði ráð fyrir.

Sú umhverfisnefnd sem þá sat vakti athygli þingmanna á því að tillagan félli afar vel að hugmyndum skipulagstillögunnar um miðhálendið og við þekkjum það sem í þessum sal sitjum og höfum fjallað um skipulag miðhálendisins úr þessum ræðustóli að svo er. Sömuleiðis vitum við að í þeirri vinnu sem stendur yfir varðandi þjóðlendurnar þá er þessi afmörkun miðhálendisins verkefnið sem farið var í á sínum tíma og kemur til með samkvæmt lögum samþykktum héðan að ljúka á árinu 2011. Ég sé því ekki annað en að sú vinna sem þar er í gangi renni enn stoðum undir þennan þjóðgarð, Vatnajökulsþjóðgarð, og sömuleiðis hugmyndirnar sem hin upphaflega tillaga gekk út á.

Eins og segir í nefndaráliti umhverfisnefndar frá vorinu 1999 þá var tekið fram að að Vatnajökli lægju ýmis svæði sem þegar nytu verndar að náttúruverndarlögum. Þar voru

nefnd Lónsöræfi og Kringilsárrani og Lakagígar. Svo var náttúrlega nefndur þjóðgarðurinn í Skaftafelli sem hjálpaði auðvitað upp á sakirnar og gerði þetta allt saman auðveldara, þ.e. fyrir umhverfisnefnd að samþykkja að endingu tillögu sem fór fyrir Alþingi Íslendinga og var samþykkt héðan sem ályktun Alþingis. Hún var samþykkt þann 10. mars 1999 og gekk út á það að umhverfisráðherra yrði falið að láta kanna í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Síðan leið tíminn. Stofnaður var starfshópur og hann skilaði skýrslu til Alþingis, ef ég man rétt, árið 2000 á 125. löggjafarþingi. Þá skýrslu má lesa á þingskjali frá því löggjafarþingi. Ljóst var að starfshópurinn hafði í tillögum sínum gert ráð fyrir því að friðlýsingin næði einungis til jökulhettunnar. Um það urðu talsverðar umræður, þ.e. hvort ekki væri ástæða að fara aðeins út í jaðarsvæðin og svæðin umhverfis jökulinn. Fólki þótti kannski að jökulhettan verndaði sig að mestu sjálf, en það skipti verulegu máli að fá svæði umhverfis jökulinn, jökulkragann inn í þessa friðlýsingu. Um það snerist umræðan að talsverðu leyti á ákveðnu tímabili. Svo urðu afdrif skýrslu starfsfólksins þau að það er lítið svo sem sem virðist gerast í málinu þangað til við fáum svör á Alþingi frá, ef ég man rétt, hæstv. forsætisráðherra við spurningum frá Þórunni Sveinbjarnardóttur um stöðu þingsályktunartillagna sem Alþingi hafði samþykkt. Hún innti ráðherrann eftir því hversu gangi með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Svaraði ráðherrann því þá til að stefnt væri að því að þjóðgarðurinn yrði formlega stofnaður árið 2002 á alþjóðlegu ári fjalla. Þá var nú fagnað. En enn leið og beið og hér stöndum við nú. Það fer að hilla undir vor 2007 og hæstv. umhverfisráðherra Jónína Bjartmarz er nú komin með frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Þess vegna segi ég að í ljósi þessarar sögu sem er orðin nokkuð löng er ástæða til að fagna því að málið skuli fram komið.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum hvað eftir annað hreyft málefnum tengdum Vatnajökulsþjóðgarði á Alþingi Íslendinga. Við höfum lagt fram tillögur að friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum sem við höfum talið að gæti verið hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Í draumum okkar höfum við kannski séð fyrir okkur þjóðgarð sem næði frá strönd til strandar, frá söndunum í suðri og norður yfir Vatnajökul og norður eftir upptakakvíslum Jökulsár á Fjöllum og ásamt Jökulsánni, Mývatnssvæðinu og Ásbyrgi gæti endað í árósum Jökulsár á Fjöllum við Öxarfjörð. Þá værum við með glæsilegan þjóðgarð sem teygði sig þvert yfir landið, eins og ég segi, frá strönd til strandar.

Ég sé svo sem ekki loku fyrir það skotið að þannig þjóðgarður gæti litið dagsins ljós á grundvelli þess frumvarps sem hæstv. umhverfisráðherra hér hefur talað fyrir. Hins vegar má segja að það sé veikt í frumvarpinu á hvern hátt gert er ráð fyrir að afmörkun hans fari fram eða verði. Ég ef efasemdir um að það sé nægilega sterkt að orði kveðið í frumvarpinu varðandi þessa afmörkun hans samkvæmt reglugerð eða með reglugerð. Ég veit að það verður eitt af atriðunum sem umhverfisnefnd kemur til með að taka til rækilegrar skoðunar í vinnu sinni við málið, þ.e. hvort betur þurfi að gera til að segja megi að staðið sé af þeirri reisn sem við öll viljum að gert verði að stofnun þessa þjóðgarðs.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum líka lagt fram tillögur varðandi hálendið norðan Vatnajökuls. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í að rifja upp deilur okkar og ágreining við ríkisstjórnarflokkana um þá ákvörðun að reisa Kárahnjúkavirkjun á því dýrmæta landsvæði eða þann gjörning að aflétta friðun á Kringilsárrana, mikilvægu friðlandi norðan Vatnajökuls, norðan Brúarjökuls, til þess eins að koma fyrir uppistöðulóninu vegna Kárahnjúkavirkjunar. Ég vil segja það eitt að það er auðvitað leiðinlegt að þurfa að horfa á kort af mögulegum þjóðgarði sem ævinlega verður því marki brenndur að inn í hann miðjan er rekinn þessi fleygur. Virkjunin er þarna og verður og kemur auðvitað ekki til með að geta orðið hluti þjóðgarðsins. Ég kem því alltaf til með að líta svo á að þarna standi fleinn í holdi þjóðgarðsins sem hefði ekki þurft að vera ef við hefðum ráðið ráðum okkar öðruvísi á Alþingi Íslendinga þegar sú ákvörðun var til umfjöllunar.

Þó er gott, og guð láti gott á vita, að Framsóknarflokkurinn hefur áttað sig á því að náttúruvernd er í eðli sínu atvinnuskapandi og hefur hæstv. umhverfisráðherra Framsóknarflokksins Jónína Bjartmarz gert grein fyrir því hér hvernig hún sjái störf sem geti skapast í tengslum við þjóðgarðinn og ég tek sannarlega undir það. Það er ánægjulegt að sjá þennan möguleika verða til, þ.e. að fjöldi starfa geti orðið til á atvinnusvæði sem hefur átt undir högg að sækja og sem hefur verulega þurft á því að halda að fá styrkingu. Ég fagna því heitt og innilega að nú skulum við sjá þetta svæði styrkjast fyrir tilstuðlan náttúruverndar, ákvörðunar sem byggir á náttúruvernd og hugmyndafræði náttúruverndarinnar. Ég lýsi því bara yfir að ég horfi björtum augum fram á veginn í þessum efnum því hér getur skapast fjöldi nýrra starfa og hér getur risið öflugur hópur fólks sem mun ryðja brautina til áframhaldandi stórvirkja í þessum efnum. Ég ítreka það að við Íslendingar erum að stíga okkar fyrstu skref varðandi stofnun þjóðgarða og varðandi — hvað á ég að segja? — það að fylgja leiðsögn alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna IUCN í þessum efnum. Allt sem lýtur að vinnu nefndanna sem hafa starfað að undirbúningi sem varðar svæðisskiptingu IUCN og skilgreiningu þeirra samtaka á ólíkum svæðum sem geta heyrt til þjóðgarði, þó svo verndarkvöðin sé mismikil, allt er þetta til fyrirmyndar og í samræmi við þá nútímalegu hugmyndafræði sem IUCN hefur rutt braut í þjóðgarðamálum.

Hérna eru ákveðnir þættir sem lúta að stjórnsýslu þjóðgarðsins sem auðvitað verða skoðaðir í nefndinni. Nú þegar hefur verið hreyft í umræðunni sjónarmiðum varðandi aðkomu Umhverfisstofnunar og náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar að þjóðgarðinum. Umhverfisstofnunar er getið á nokkrum stöðum í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun hafi ákveðnu hlutverki að gegna ásamt Náttúrufræðistofnun varðandi verndaráætlunina, þ.e. það á að vinna hana í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Það er líka gert ráð fyrir því að sameiginlegur ársfundur stjórnar þjóðgarðsins og Umhverfisstofnunar og svæðisráðanna verði haldin. Það er samkvæmt 17. gr. Svo er líka gert ráð fyrir því í 11. gr., sem er eiginlega sú grein sem fjallar um Umhverfisstofnun, að hún veiti aðstoð og faglega ráðgjöf við verkefni stjórnar og svæðisráða samkvæmt sérstökum samstarfssamningi. Þetta vekur

hugleiðingar um stjórnsýslu þjóðgarða og friðlýstra svæða almennt. Ég geri ráð fyrir að þetta verði eitt af þeim málum sem við tökum til sérstakrar skoðunar í nefndinni. Auðvitað má spyrja sem svo hvort þjóðgarðar og friðlýst svæði eigi ekki að vera samferða í stjórnsýslunni og hvort við þurfum ekki að horfa heildstætt á það hvernig þjóðgörðum og friðlýstum svæðum sé fyrir komið innan stjórnsýslunnar. Ég tel því að hér hafi verið hreyft eðlilegum sjónarmiðum og tel að þetta verði einn af meginþáttunum sem nefndin kemur til með að skoða.

Ég vil líka leggja áherslu á það að þó að í ráðgjafarnefndinni sem stendur að skýrslunni, sem dagsett er í nóvember síðastliðnum, hafi einungis verið fulltrúar frá þeim sveitarfélögum sem hlut eiga að máli á þessu svæði þá verðum við auðvitað að átta okkur á því að stefnan í málefnum þjóðgarða og friðlýstra svæða er nokkuð sem öll þjóðin hefur skoðun á. Þetta eru okkar sameiginlegu auðlindir. Þetta eru náttúrugersemar þjóðarinnar. Auðvitað verðum við öll sem hér erum, fulltrúar ólíkra einstaklinga eða ólíkra svæða í þessu landi, að átta okkur á því að við þurfum að ná því að gera þennan þjóðgarð þannig trúverðugan að þetta verði þjóðgarður þjóðarinnar allrar. Það held ég að hljóti að vera einlægur vilji okkar allra sem hér sitjum. Ég held að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hafi í sjálfu sér enga ástæðu til að ætla að hér verði togstreita um þau mál. Ég held að við hljótum að geta staðið hér saman um að málinu verði lent farsællega. Við eigum möguleika á að standa vel að verki með því að vinna málið vel í umhverfisnefndinni. Við eygjum líka möguleika á því að langþráður draumur rætist um þjóðgarð á heimsmælikvarða sem orð er á gerandi en er ekki í þessum sýnishornastíl sem við höfum í sjálfu sér verið að friðlýsa landið okkar hingað til þar sem svæðin hafa alltaf verið allt of lítil og ekki í tengslum við neitt í sjálfu sér í umhverfi sínu, ekki verið innan landslagsheilda. Margt má gagnrýna í þeim efnum, þ.e. hvernig framganga okkar hefur verið hingað til. Ég segi: Við skulum bara reyna að horfa björtum augum fram á veginn með það að leiðarljósi að hér verði vandað til verka og að áður en upp verður staðið förum við héðan með einhvers konar ekki bara heit um það að Vatnajökulsþjóðgarður verði hinn glæsilegasti heldur ásetning okkar sem sitjum löggjafarsamkunduna á þessu vori að hægt verði að halda hér þannig á málum að Vatnajökulsþjóðgarður verði stofnaður og að hann verði sú gersemi sem hugur okkar allra stendur til. Ég treysti því og veit auðvitað að við þingmenn sem sitjum í umhverfisnefnd eigum eftir að halda vel á spöðunum og bretta upp ermarnar og fara í þetta mál af krafti.

[16:26]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við erum að fjalla um gífurlega stórt mál að mínu mati, frumvarp sem á að leggja grunn að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem verður hinn stærsti, ekki bara á Íslandi, heldur í allri Evrópu.

Við erum að tala um að stærð þess lands er 13% af yfirborði Íslands og við erum þar með að tala um rúma 13.000 ferkílómetra af landi sem fara undir þjóðgarðinn eins og áformin eru í þessu frumvarpi, ef samkomulag næst við landeigendur um alla þætti þar að lútandi. Það er þá hluti af landi átta sveitarfélaga sem fer þarna undir.

Þetta er stórt hagsmunamál og verður að fá mjög góða og mikla umfjöllun í þinginu. Ég veit að umhverfisnefnd mun leggja mikið á sig til að skoða þetta mál. Fram hefur farið mikil undirbúningsvinna og mikil gögn liggja að baki tillögum þeim sem endanlega eru komnar inn í frumvarpið.

Það er líka gert ráð fyrir því að leggja heilmikið af peningum úr ríkissjóði til þess að byggja upp þjónustu við þjóðgarðinn og við ferðamenn sem koma til með að nýta hann. Í umsögn fjármálaráðuneytisins með þessu frumvarpi er tekið fram að einungis stofnkostnaðurinn verði 1,1 milljarður og þar af eru 740 millj. kr. ætlaðar til þess að byggja nýjar gestastofur ásamt því að endurbæta gestastofuna í Skaftafelli.

Einnig verða byggðar 11 aðrar starfsstöðvar landvarða og síðan er gert ráð fyrir tæplega 300 millj. kr. til að gera göngustíga, verndaræætlanir, deiliskipulag, hönnun, sýningar og annað sem til þarf til að þessi þjóðgarður geti staðið undir nafni og orðið okkur Íslendingum til sóma þar sem við ætlum að reka hann með þeim hætti að við fáum hingað marga ferðamenn til að skoða okkar frábæra land, ekki síst þennan þjóðgarð. Fyrirtækið Rannsókn og ráðgjöf ferðaþjónustunnar gerði rannsókn á aðsókninni og við megum búast við því að með því að þessi þjóðgarður verði til sem heild, Vatnajökulsþjóðgarður, þessi stóri þjóðgarður, komi 32.000 fleiri ferðamenn til landsins vegna hans. Þeim mundu þá fylgja til landsins 4 milljarðar kr.

Þetta hefur heilmikið að segja. Við höfum oft fjallað hér um að við þyrftum að auka þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn og þarna er verið að leggja til gífurlega mikið í þá veru. Ég sem landsbyggðarþingmaður legg mikla áherslu á að þetta fjármagn verði að sem mestum hluta eftir á landsbyggðinni þar sem það yrði til atvinnuuppbyggingar þar. Það hefur verið reiknað út að af þessum 4 milljörðum yrði mjög stór hluti eftir á landsbyggðinni sem við hljótum að fagna sem erum hlynnt atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með þessum hætti.

Þjóðgarðar eru ákveðin tegund landnýtingar og eins og ég sagði er þarna mjög stór hluti Íslands lagður undir þennan þjóðgarð. Það skiptir líka verulega máli að þeir sem á landsbyggðinni búa geti haft af þessu atvinnu og þetta muni nýtast til uppbyggingar landsbyggðarinnar.

Ég átti þess kost að sitja í þingmannanefndinni svokölluðu sem kom með grunninn að þeim tillögum sem hér eru orðnar að frumvarpi. Hér hafa margir aðrir komið að málum. Ég hafði mjög mikla ánægju af því að vinna í þessari nefnd og taka þátt í störfum hennar með öðrum ágætum þingmönnum. Við höfðum mjög mikið samráð við umhverfissamtök, ferðamálasamtök, heimamenn, sveitarstjórnarmenn og alla þá sem við gátum ímyndað okkur að hefðu skoðun á því með hvaða hætti við ættum að byggja upp Vatnajökulsþjóðgarð.

Eitt af því sem við lögðum til og lögðum mjög ríka áherslu á í vinnu okkar var að stjórnun heimamanna væri eitt af þeim lykilatriðum sem skiptu máli til þess að uppbyggingin yrði sem mest og best. Það eru heimamenn sem hafa besta sýn á það með hvaða hætti er hægt að nýta þjóðgarðinn fyrir ferðamenn og til atvinnuuppbyggingar. Þess vegna varð meðal tillagna okkar í þeirri nefnd að heima-

menn kæmu svona sterkt inn í svæðisráðin sem hér eru lögð til.

Auðvitað skiptir líka máli að ferðamálasamtök og umhverfisverndarsamtök komist að með sjónarmið sín. Ég tel þetta mjög farsæla lendingu sem kemur fram í frumvarpinu um það hvernig stjórnskipuninni verði háttað.

Við þingmenn töldum að það væri mjög til farsældar fallið ef þingmenn ættu aðild að stjórn þjóðgarðsins en ég sé í þeim tillögum sem hér liggja fyrir að á það hefur ekki verið fallist. Mig minnir að við höfum lagt til að einir fjórir þingmenn ættu aðild að yfirstjórn þjóðgarðsins. Ég held að ég beini því til umhverfisnefndar að hún íhugi það en ætla ekki að hleypa málunum í þann farveg að það skipti meginmáli. Auðvitað skiptir mestu máli að það náist mikil samstaða og sátt um það hvernig stjórnuninni verði háttað. Ég held að sú niðurstaða sem hér náðist sé fín, ég get fullkomlega sætt mig við hana og treysti því að þetta fólk verði vel til þess fallið að stýra því stóra svæði sem hér um fjallar.

Eins og hér hefur komið fram er stuðst við flokkun IUCN, Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna, sem lögðu okkur til grunn að flokkunarkerfi því sem er reiknað með að verndarstig þjóðgarðsins fari eftir. Þar er reiknað með að hluti svæðisins verði friðlýstur, einkum til verndar vistkerfum og til útivistar. Þar er eins og m.a. svæðið í Jökulsárgljúfrum.

Þar eru önnur svæði sem eru friðlýst, einkum til verndar tegundum, búsvæðum og vistkerfum. Í þriðja lagi eru friðuð svæði sem er stjórnað, einkum til varðveislu landslags og fyrir útivist. Að síðustu eru einkum svæði sem er stjórnað fyrir sjálfbæra nýtingu náttúrulegra vistkerfa. Allt skiptir þetta máli og öll þessi flokkunarstig rúmast innan þessa stóra svæðis sem fellur undir Vatnajökulsþjóðgarð.

Eins og ég sagði tel ég hér um mjög merkilegt mál að ræða, mál sem snertir mjög marga. Þess vegna lýsi ég yfir miklum stuðningi við þetta mál. Ég legg hins vegar mjög mikla áherslu á að umhverfisnefnd fari mjög rækilega yfir öll þau gögn sem hér eru á bak við og kynni sér afstöðu þeirra sem þjóðgarðurinn muni helst snerta. Enn og aftur tek ég fram að auðvitað eru það þeir sem næst svæðinu búa og það á að taka mjög mikið tillit til sjónarmiða þeirra.

En þjóðhagslega mun þetta líka skipta okkur mjög miklu máli og í seinni tíð hafa menn farið að sýna landinu miklar tilfinningar, og til allra þessara sjónarmiða verður auðvitað að horfa þegar menn komast að niðurstöðu í umhverfisnefnd.

[16:38]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni vorum við nokkrir þingmenn í sérstakri nefnd á vegum þáverandi hæstv. umhverfisráðherra sem mótuðum tillögur að mörkum og reyndar líka vísi að stjórnsýslu á þeim svæðum sem þjóðgarðurinn á að taka yfir. Ég vil, eins og hv. þingmaður sem talaði á undan, segja að ég er mjög hlynntur því að menn ráðist í það verk að móta og mynda þennan mikla þjóðgarð.

Ég set hins vegar fyrirvara við stjórnsýsluþátt frumvarpsins. Hv. þingmaður gat þess að uppi hefðu verið hugmyndir um að alþingismenn sætu í stjórn þjóðgarðsins. Ég vil að það komi skýrt fram af minni hálfu að hugsunin á bak við það, eins og stuðningur minn við þá hugmynd sem innan nefndarinnar var rædd og reifuð, grundvallaðist af því að þjóðgarðurinn er eign allra landsmanna.

Ég tel mikilvægt þess vegna að engir hlutar eða partar þjóðarinnar séu útilokaðir frá stjórn hans. Ég er þeirrar skoðunar í grundvallaratriðum að heimamenn eiga í vaxandi mæli og meira en nú er gert að koma að stjórn svæða af þessu tagi. Hins vegar er nauðsynlegt þegar um svona gríðarlega víðfeðmt svæði er að ræða að það sé enginn sem upplifi sig sem afskiptan frá því. Á suðvesturhorninu búa kannski um 65% þjóðarinnar og þetta er líka þjóðgarður þeirra. Þess vegna finnst mér mikilvægt að með einhverjum hætti komist það fólk líka að stjórnsýslu hans. Það var hugsunin á bak við stuðning minn á sínum tíma við hugmyndina varðandi þingmennina. Ég tek eftir því að sönnu að gert er ráð fyrir að fulltrúi umhverfis- og náttúruverndarsamtaka eigi fulltrúa þarna í stjórn. Jafnframt á umhverfisráðherra að skipa tvo fulltrúa.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Telur hún ekki að það væri við hæfi að þeir tveir fulltrúar kæmu úr röðum þéttbýlisins miðað við hvaðan allir hinir koma?

[16:40]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að byrja með vil ég taka fram að þó svo að sveitarstjórnir tilnefni í svæðisráðin er ekkert sem kveður á um hvar þeir skuli vera búsetufastir.

Það má alveg eins gera ráð fyrir að sérfróðir aðilar verði fengnir af einhverjum sviðum, t.d. landfræðingar eða einhverjir sem hafa sérkunnáttu á sviði þjóðgarða. Jafnvel menntað ungt fólk sem er að koma heim til héraðs til að nýta menntun sína úti á landsbyggðinni. Ýmislegt er hægt að hugsa sér í því samhengi.

Það er eins með fulltrúa umhverfisráðuneytisins, þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra skipi tvo án tilnefningar, að ég legg nú eiginlega meiri áherslu á að horft sé faglega á þá hluti, hvaða bakgrunn þeir aðilar hafa, heldur en búsetufestu þeirra og lögheimili. Það held ég að skipti ekki meginmáli.

Meginmálið er að í stjórn slíks þjóðgarðs komist að sem flest sjónarmið. Ég held að við ættum að geta borið gæfu til þess og að þeir sem ráða málum, væntanlega í umhverfisráðuneytinu, geti horft til þess að sem flest og best sjónarmið komist að í stjórn þjóðgarðsins. Ég ber engan sérstakan kvíðboga fyrir því að þetta takist ekki vel.

[16:42]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé töluverð óskhyggja af hálfu hv. þingmanns að telja að þeir sem verða skipaðir í stjórn þjóðgarðsins af svæðisráðunum kunni að verða sóttir út fyrir svæðin. Ég á ekki von á því og mér þætti þá Bleik þeirra landsbyggðarmanna nokkuð brugðið ef svo yrði.

Ég er ekki heldur sammála hv. þingmanni um að það sé endilega nauðsynlegt að í stjórn svona þjóðgarðs veljist einhver sem hafi mikla sérfræðiþekkingu á þjóðgörðum og rekstri þeirra. Ég held miklu frekar að það sem skipti máli sé að þangað veljist fólk sem hefur nokkuð góða skynsemi

til að ráða og reynslu af lífinu. Það verður nóg af sérfræðingum sem koma að þjóðgarðinum í formi starfsmanna og þeirra sem eru ráðnir beinlínis í krafti sérfræðiþekkingar sinnar til þess að gefa góð ráð. Hér talar 1. þingmaður Reykv. n. af reynslu. Hann er eins og kunnugt er hreppstjóri ásamt tveimur öðrum þingmönnum yfir Þingvallaþjóðgarði. Þeir sem þar sitja hafa enga sérstaka þekkingu af rekstri þjóðgarða. En þeir hafa úrvalsstarfsmenn sem þeir geta leitað til og fá bráðum liðsauka. Hins vegar þurfa stjórnendur yfir svona fyrirbæri, eins og þjóðgarði, að vera hæfir til að leggja góða pólitík um aðgengi og hvernig á að nota hann o.s.frv.

Það sem fyrir mér vakir að hreyfa þessu máli, sem ég vona að umhverfisnefnd skoði, er ekki að leggja stein í götu málsins heldur einfaldlega að viðra þetta sjónarmið. Ég tel að þarna sé um slíka perlu og gersemi að ræða sem á sér svo mikinn bólstað í hjörtum allra landsmanna að æskilegt væri að öllum fyndist sem þeir ættu hlutabréf í því sólskini.

[16:44]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni um að meginmáli skiptir að til veljist fólk sem hefur heilbrigða, almenna skynsemi í farteskinu. Ég ætlaði einmitt að taka fram að það á við, held ég, um allflesta þingmenn og væru vel að því komnir að vera í stjórn þjóðgarðsins. Enda hefur það sýnt sig að í stjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum, þar sem hv. þingmaður situr nú og hefur staðið sig afskaplega vel og þeir þrír þingmenn sem þar sitja, að ég tel það hafa verið góðan kost að ráða þannig, að þingmenn sætu þar í stjórn. Þess vegna vildi ég nefna að ég tel að sú góða reynsla sem þar hefur fengist hafi m.a. verið það veganesti sem við höfðum þegar við lögðum til, þ.e. ég, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Magnús Stefánsson, að í yfirstjórninni sætu að minnsta kosti fjórir þingmenn. Það var m.a. hin góða reynsla sem hafði gefist af stjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum sem við höfðum þar fyrir okkur. Fyrir utan þá almennu vitneskju að á Alþingi situr yfir höfuð mjög skynsamt fólk.

[16:46]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn á undan mér fagna því að þetta mál skuli komið fram og komið þetta langt, ef langt skyldi kalla. Það er rétt að rifja upp að það hefur tekið ein tíu ár eða nálægt því að koma í lagaframvarpsbúning og inn á Alþingi þeirri hugmynd sem háttvirtur fyrrverandi þingmaður Hjörleifur Guttormsson flutti á ofanverðum 10. áratug síðustu aldar um að stofna stóra þjóðgarða á miðhálendinu og þar á meðal Vatnajökulsþjóðgarð. Sjálfsagt mun frumkvæði hans í því máli ásamt ýmsu öðru halda nafni hans á lofti þegar fram líða stundir.

Ég ber enn þá von í brjósti að tilkoma Vatnajökulsþjóðgarðs verði atburður á heimsvísu á sviði náttúruverndar og þjóðgarðamála ef vel tekst til og ef mörk þjóðgarðsins verða þau sem ég sé fyrir mér. Verði staðið að málinu með þeim metnaði sem til þarf er enginn vafi á að efniviðurinn er til staðar, að í Vatnajökuls- eða miðhálendisþjóðgarði á Íslandi sem teygir sig frá strönd til strandar og tæki til jökulsins eða jafnvel jöklanna og nálægra svæða, vatnasviða og háhitasvæða, eldfjalla, eldstöðvakerfa, minja um hamfarahlaup o.s.frv. er nokkuð ljóst að um nánast einstæðan þjóðgarð í heiminum verður að ræða.

Það er óvíða á hnettinum að finna á ekki stærra svæði en þessu, sem tekur til nokkurra tuga þúsunda ferkílómetra, jafngríðarlega fjölbreytt samsafn af náttúruundrum, svo sem jöklum með skriðjöklum, eldstöðvum undir jöklum, fjölbreyttar gerðir eldstöðvakerfa og eldfjallategunda, vatnsfalla á borð við Jökulsá á Fjöllum, með einhverri tilkomumestu fossaröð Evrópu ef ekki heimsins alls. Móbergsmyndanir á þessu svæði eru nánast einstæðar í heiminum, óvíða eða nokkurs staðar annars staðar er aðgengi að jafnmögnuðum ummerkjum eftir eldvirkni undir ís eða í vatni eins og þar eru. Þá má nefna háhitasvæðin og þannig mætti lengi áfram telja.

Það er ljóst að til að þetta verk takist vel þarf að vanda það og þurfa a.m.k. þrír hlutir að vera til staðar. Þeir eru hver um sig algert úrslitaatriði. Það þarf í fyrsta lagi að fara í þetta verkefni frá byrjun af nægum metnaði. Þarna má ekki hugsa smátt og dugir ekki kotungsháttur. Ef við ætlum að gera þetta þannig að það verði meira en bara nafnið tómt þá kostar það verulega uppbyggingu, skipulagningu, umsýslu og allt sem tilheyrir.

Í öðru lagi þurfa að koma fjármunir, fjárfesting í þessu verkefni, sem að mínu mati er ekki minnsti vafi á að mun skila góðum arði. Jafnvel þótt svo væri ekki þá eru Íslendingar nógu rík þjóð til að standa sómasamlega að þessum málum. Við skulum ekki gleyma gæsluhlutverki okkar fyrir hönd þjóðarinnar, óborinna kynslóða og mannkynsins alls, þegar í hlut eiga þær miklu náttúrugersemar sem Íslendingum hafa fallið í skaut.

Í þriðja lagi þarf að vera til staðar sæmilega breið og almenn samstaða um málið. Það verður að halda á þessu af mikilli alúð til að laða fram sem víðtækasta sátt og samstöðu um málið.

Í þeirri margnefndu þingmannanefnd sem ég sat ásamt með tveimur ræðumönnum sem þegar hafa talað, hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, lögðum við frá byrjun mikla áherslu á það að reyna að ná góðu sambandi við alla helstu málsaðila, jafnt landeigendur sem sveitarstjórnir og hagsmunaaðila á svæðunum sem og náttúruverndarfólk og stjórnsýslu- og fagstofnanir á sviði náttúruverndar. Það gildir enn að framtíð þessa máls mun að miklu leyti ráðast af því að áfram takist að byggja upp samstöðu um það og varðveita hana.

Hér var nefndur sá möguleiki sem settar voru fram hugmyndir um í skýrslu þingmannanefndarinnar, að Alþingi kæmi beint að stjórn þjóðgarðsins. Í mínum huga var það ekki síður til að tryggja í fyrsta lagi tengsl við Alþingi, sem ættu að geta gagnast málinu, að þjóðgarðurinn og stjórn hans væru beintengd inn í Alþingi og til fjárveitingavaldsins. Í öðru lagi var því ætlað að tryggja þverpólitíska aðkomu að málinu. Með því væri undirstrikaður vilji manna til að um málið ríki þverpólitísk sátt. Til þess eru vart til betri aðferðir en að annaðhvort þingmenn eða fulltrúa þingflokka, sem í mínum huga getur allt eins komið til greina, en kosnir á Alþingi, komi að stjórn þjóðgarðsins. Það und-

irstrikar líka þjóðareðli málsins, að þjóðin á öll þjóðgarðinn saman.

Þau sjónarmið eru vissulega fullgild að eðlilegt er að hafa í huga þann mikla fólksfjölda sem býr á suðvesturhorni landsins og á landfræðilega beint aðild að málinu í gegnum það svæðaskipulag sem lagt er til grundvallar. Ég vil segja að ég held að einn vandasamasti partur þessa máls, sem enn er óþroskaður að ýmsu leyti, sé stjórnsýsluþátturinn. Það þarf að fara vel yfir það hvort þarna næst jafnvægi sem þarf að tryggja milli þess að heimaaðilar, landeigendur, sveitarstjórnarmenn og hagsmunasamtök, t.d. ferðaþjónustuaðilar og áhugamannasamtök svo sem náttúruverndarsamtök á viðkomandi svæðum, verði áfram fullvissuð um að verða höfð með í ráðum og hafi áhrif á umsýslu og stjórn einstakra svæða. Þau þurfa að geta komið sjónarmiðum sínum að og haft áhrif á hvernig staðið verður að málum. Það er dýrmætt og í raun alger forsenda þess að málið gangi eitthvað áfram að það takist að halda áfram að byggja upp þann jákvæða anda sem ég fullyrði að starf þingmannanefndarinnar hafi átt þátt í að skapa.

Hitt er jafnljóst og verið hefur að tryggja verður eðlileg tengsl við náttúruverndarlöggjöf og að stjórnsýsla og fagstofnanir á sviði umhverfismála og náttúruverndar séu aðilar að málinu með eðlilegum hætti. Þau tengsl verða líka til staðar. Það er ekkert betra að fá upp ágreining eða missa málin í deilur á eina hliðina frekar en aðra. Þar þarf að búa vel um hnútana og auðvitað hlýtur að koma til skoðunar fyrr eða síðar spurningin um hvort sérstök eða sjálfstæð stofnun skuli koma að þessum málum. Þar gæti ég vel hugsað mér að þjóðgarða- og þjóðlendustofnun af einhverju tagi yrði til sem sjálfstæð eining eða deild í annarri stærri fagstofnun á sviði stjórnsýslu umhverfismála og náttúruverndar. Ég bið menn lengstra allra orða að læsa sig ekki fasta í eitt frekar en annað í þessum efnum.

Það er augljóst að þegar tveir af núverandi þjóðgörðum renna saman í einn og eftir stendur fyrst og fremst einn lítill þjóðgarður á Snæfellsnesi utan þess kerfis, að slepptum Þingvöllum sem lúta að sérstökum reglum eins og við þekkjum, þá er einungis hinn litli þjóðgarður á Snæfellsnesi sem fellur undir hin almennu náttúruverndarlög og þá stofnun sem í þessi verkefni fer á vegum umhverfisráðuneytis. Að þessu þarf öllu að hyggja. Þótt hið dreifistýrða og svæðisskipta stjórnsýslufyrirkomulag myndi undirstöðuna í anda þess sem þingmannanefndin lagði til er ég enn staðfastlega þeirrar skoðunar að skynsamlegt og í raun nauðsynlegt sé að hafa heimamenn með og jákvæða í verkefninu.

Mér urðu þó nokkur vonbrigði hvernig ráðgjafarnefnd umhverfisráðherra, fjórða nefndin eða starfshópurinn sem starfað hefur að málin frá því að Alþingi afgreiddi ályktun sína 1999, hefur dregið upp mörkin hvað varðar afmörkun Vatnajökulsþjóðgarðs. Ég sakna þess mjög að ekki skuli reynt að ná inn undir þjóðgarðinn eða verndarsvæðið strax í byrjun t.d. þeim náttúruperlum sem við í þingmannanefndinni lögðum til. Ég nefni þar t.d. Suðurárbotna, Suðurá og það svæði í vestur- og norðvesturjaðri Ódáðahrauns þannig að stærri hluti Ódáðahrauns komi strax í byrjun inn í þjóðgarðinn. Ég hefði kosið að breiðari landspilda fylgdi friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Ég nefni Langasjó, sunnan jökla. Þar stingur í augu fleygurinn sem dreginn er inn í friðlýsingarsvæðið. Það veit ekki á gott.

Umfram allt annað veldur mér miklum vonbrigðum að ekki skuli frá byrjun gert ráð fyrir alfriðun Jökulsár á Fjöllum með öllum hennar helstu þverám. Það fæ ég ekki skilið, af hverju sú eindregna niðurstaða þingmannahópsins og sá margyfirlýsti vilji að ég held allra stjórnmálaflokka, a.m.k þingfulltrúa allra þingflokka á Alþingi, að reka af sér slyðruorðið og friðlýsa Jökulsá á Fjöllum, eitt af stóru jökulvötnunum okkar sem eftir eru ósnortin og ótrufluð. Mér þykir leitt að þetta skuli þynnast út í tillögunum. Þegar frumvarpið er skoðað þá er að sjálfsögðu ekki um neina afmörkun að ræða heldur vísað í að reglugerð verði gefin út en í greinargerð eru hugmyndir um afmörkun Vatnajökulsþjóðgarðs. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Norðan jökuls taki þjóðgarðurinn til þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og meginárfarvega Jökulsár á Fjöllum frá upphafi til ósa. Jafnframt væri æskilegt að árfarvegur Kreppu og landspilda að lágmarki 150–200 metra á bökkum beggja árfarvega fylgdi með ásamt Kverkfjöllum og Krepputungu. Þá taki þjóðgarðurinn til Herðubreiðarlinda, Öskju ...“ — o.s.frv.

Í reynd vísar þetta orðalag Kreppu út úr upphaflegum tillögum um afmörkun þjóðgarðsins eða a.m.k. það sem ég hefði viljað sjá fortakslaust. Kverká er heldur hvergi nefnd. Það vill að vísu svo til að Svartá lendir sjálfkrafa innan svæðisins, sem er afmarkað innan þjóðgarðsmarkanna sunnan Vaðöldu og Öskju, en það sem hér skiptir mestu máli er hvað er verið að friðlýsa. Er verið að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum, ekki bara sem vatnsfall heldur sem vatnasvið? Er verið að friðlýsa náttúrulega rennslishætti þess með hlaupum þess, hamförum og öllu sem tilheyrir? Það eins og hver annar brandari fyrir okkur sem til þekkjum að undanskilja Kreppu. Staðreyndin er sú að Kreppa á ekki minni þátt í því en Jökulsá sjálf. Það sem kemur undan Dyngjujökli skapar einnig í henni hlaupin á sumrin og gefur henni þann karakter sem hún hefur. Þetta veit heldur ekki á gott vegna þess að vitað er um áhuga virkjunaraðila og ásælni í þetta vatn. Það eru ekki gamlar hugmyndirnar um að taka Kreppu og Kverká og veita austur á bóginn, með drekkingarlónum í annaðhvort Fagradal eða Arnardal sem mundu að sjálfsögðu einnig stórspilla landslagsheildinni á þessu svæði. Menn töluðu um að þá mætti setja einhvers konar túristakrana á Dettifoss og sjá um að hann yrði a.m.k. 180 rúmmetrar í rennsli á sumrin. Einstöku smekkmenn í hópi virkjunarmanna töldu sig hafa möguleika á að sanna að þannig væri Dettifoss einmitt fallegastur, penastur í svona 180 rúmmetrum.

Þetta eru ekki gamlar hugmyndir, frú forseti. Það eru varla 10 ár síðan þingmenn þá Norðurlandskjördæmis eystra og Austurlands, voru leiddir í allan sannleikann um þessa snilld á kynningarfundi á Eiðum. Kannski eru þau 12–15, ekki meira. — Nú sakna ég að sjá ekki formann umhverfisnefndar Alþingis en hann mun vera löglega forfallaður. Einhver gegnir kannski störfum fyrir hann. — Það er þeim mun brýnna að Alþingi manni sig loksins upp í að samþykkja þá þingsályktunartillögu, sem ég ásamt fleiri þingmönnum hef flutt ár eftir ár, um að Alþingi taki af skarið og lýsi yfir prinsippvilja löggjafans til að friðlýsa

Jökulsá á Fjöllum og allar hennar þverár, allt vatnasvið og náttúrulega rennslishætti. Ætla menn ekki að hugsa sinn gang gagnvart því að hvert stórjökulfljótið á fætur öðru hverfur nú sjónum sem slíkt, með sínum náttúrulegu rennslisháttum, með sínum korgi á sumrin, með hlaupum og deyr út í uppistöðulónum. Jökulsá á Fjöllum er ein eftir af virkilega stóru korguðu jökulánum sem eru nánast einstæðar á heimsvísu, koma undan þíðjöklum með öllum þeim ósköpum sem því fylgir í hlýindatíð á sumrin. Fyrir utan það er Jökulsá einstæð um margt annað vegna fossaraðanna sem í henni eru, vegna ummerkjanna um hamfarahlaupin og vegna þess að hún er perlubandið sem tengir saman gersemarnar allt frá Vatnajökli og til sjávar í botni Öxarfjarðar.

Þessa tillögu, frú forseti, flutti ég upphaflega á 129. löggjafarþingi en í nokkur þing hafa flutt hana með mér þingmenn úr öllum þingflokkum. Það er undarlegt þegar tillaga af þessu tagi nýtur þverpólitísks stuðnings, hefur fengið nánast einróma stuðning í öllum umsögnum, hefur aftur og aftur gengið til umhverfisnefndar Alþingis og verið þar tilbúin í raun til afgreiðslu í marga mánuði. Það er dálítið undarlegt verklag að nefndin komi henni ekki frá sér. Nú skora ég á þingmenn að samþykkja tillöguna og það er þeim mun mikilvægara sem þetta er veiklulega um búið í frumvarpinu. Það má ekki misskiljast þannig að það standi eitthvað til að fara að krukka í Jökulsá á Fjöllum. Þá fyrst mun hrikta í, frú forseti, að mínu mati, ef menn ætla virkilega ekki að standa við stóru orðin, þeir sem sagt hafa að það muni aldrei koma til greina. Þessi tillaga er á dagskrá hér á eftir og gengur vonandi til nefndar. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa um hana langa framsögu, svo sjálfsögð sem hún er og efni hennar vel kunnugt. Þess vegna mætti hún mín vegna fara umræðulaust til umhverfisnefndar á eftir en ég mun reka hart eftir því að hún verði afgreidd.

Það er mikilvægt að Alþingi segi sitt í þessum efnum þannig að það liggi fyrir. Þau skilaboð þurfa að vera skýr þannig að séu einhverjir einhvers staðar úti í þjóðfélaginu sem renna girndaraugum til þess að fara í Jökulsá á Fjöllum þá velkist þeir ekki lengur í vafa um að það verði ekki leyft. Það er ákaflega mikilvægt. Slík prinsippsamþykkt, þótt hún komi á undan afgreiðslu þessa lagaramma um Vatnajökulsþjóðgarðs, gerir ekkert nema styrkja málið. Hún hjálpar málinu, styrkir það og þannig hefur hún allan tímann verið hugsuð. Flutningsmenn málsins hafa meðal annarra verið tveir fyrrverandi umhverfisráðherrar. Núverandi. hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, var flutningsmaður málsins þegar hún gerði hér stuttan stans milli ráðuneyta sem þingmaður. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi. umhverfisráðherra hefur flutt málið, hv. þm. Halldór Blöndal og auk þeirra eru nú á tillögunni hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir.

Í umræðum hefur málið án undantekninga fengið undirtektir og stuðning. Sama gildir að ég best veit eiginlega um allar umsagnir sem um það hafa borist. Ég verð að segja að mér finnst Alþingi og umhverfisnefnd ekki geta boðið okkur upp á hún hafi sig ekki í að afgreiða slíkt mál árum saman, þannig að ég er bjartsýnn á að það verði.

[17:06]

**Útbýting:**

Lyf gegn blindu, 512. mál, fsp. JóhS, þskj. 775.
Norðurskautsmál, 228. mál, svar utanrrh., þskj. 726.

[17:07]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hér er á ferðinni frumvarp um ánægjulegan viðburð, stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Rétt er að fagna í upphafi þeim árangri sem flutningur frumvarpsins og væntanleg samþykkt þess fyrr eða síðar er fyrir náttúruverndarhreyfinguna á Íslandi og alla þá sem komið hafa nálægt þessu máli. Hér var minnst á Hjörleif Guttormsson og ágæta tillögu hans um þjóðgarða sem eigi sér kjarna í jökulhettunum. Það er líka rétt að minna á tillögu Samfylkingarinnar um Vatnajökulsþjóðgarð árið 2003 og síðan alla þá aðra sem hafa komið nálægt málinu. En ég verð að segja að ég tel að þetta sé fyrst og fremst árangur náttúruverndarhreyfingarinnar sem slíkrar sem hér hefur þroskast mjög og náð afli hin síðustu ár, tapað orrustum því miður en líka unnið, bæði einstaka bardaga og styrjaldir, og fyrst og fremst þó — til að yfirgefa nú stríðslíkingarnar — náð að skjóta rótum í hugarfari og umhugsun almennings og vonandi líka stjórnmálamanna, a.m.k. sumra.

Það er merkilegt við þetta frumvarp og þennan þjóðgarð sem við erum að tala hér um væntanlegan að hér er á ferðinni landnýting með vernd og það liggja fyrir útreikningar um að þessi landnýting verði arðbær. Ég vona svo sannarlega að þeir standist þótt ég geri fyrirvara við tölurnar, a.m.k. í byrjun, sem hér hafa komið fram. Það er líka ánægjulegt að líklegt er að stofnun þessa þjóðgarðs geti að lokum veitt vinnu í nágrenni þjóðgarðsins. Þetta verður því væntanlega gott dæmi um það að landnýting með vernd getur skilað sér með ágóða fyrir samfélagið, beinum ágóða, fjárhagslegum ágóða, bæði fyrir samfélagið og fyrir þá sem næstir búa, alveg öfugt við það sem verið hefur meginstefnan gagnvart verðmætum hér á landi að geta ekki nýtt þau öðruvísi en að eyðileggja þau að hluta eða öllu. Þar er auðvitað nærtækasta dæmið sem áður hefur verið nefnt í þessari umræðu, og er því miður ekki innan þessara þjóðgarðsmarka, framkvæmdirnar við Kárahnjúka og það Hálslón sem nú er að fyllast.

Það er sífelld ásókn í landið, í að eyðileggja landið til annars konar nýtingar en verndarnýtingar. Skammsýni og skammtímahagsmunir valda því t.d. að Ingólfsfjall má nú drúpa höfði og að ákveðið hefur verið að Teigsskógur skuli líka tapa gildi sínu, því sem hann hefur nú, svo ég nefni tvö einföld, nýleg dæmi. Annað er sennilega því að kenna að við höfum ekki neinn þann ramma í náttúruverndarlögum, þá vörn í náttúruverndarlögum, og bæði eru þau auðvitað því að kenna, sem getur komið í veg fyrir eyðileggingu af þessu tagi. Hitt dæmið virðist vera um að kenna skammsýni, vonandi augnablikksskammsýni hæstv. umhverfisráðherra sjálfs.

Ég vil um þennan þjóðgarð að lokum til hóls taka undir með Roger Croft, sem segir í grein sem hann skrifaði fyrir nokkrum árum, hygg ég, um Vatnajökulsþjóðgarð að hann eigi að tryggja betra umhverfi, hann eigi að tryggja sterkari byggðarlög, hann stuðli að jákvæðri ímynd Íslands og hann

komi væntanlega að lokum, stofnun þessa þjóðgarðs, á heimsminjaská um merkustu staði, einhverju merkilegasta landsvæði, samfelldu, á Íslandi, 13 þúsund ferkílómetrar og vonandi meira að stærð þegar yfir lýkur.

Þá verður að verja nokkrum tíma í athugasemdir, bæði þær sem þegar hafa komið fram, sem ég skal nú vera fljótur með, og síðan það sem ég vil minnast á sérstaklega. Ég veit að tala á um málið almennt í 1. umr. en ég bið um að horft verði í gegnum fingur með það að ég spyrji nokkurra spurninga um einstaka liði.

Það þarf, eins og síðasti ræðumaður sagði, að tryggja fjármuni til þess að mál af þessu tagi gangi upp. Það þarf að skipuleggja svæðið, það þarf að vera fyrir hendi vilji manna til þess svæðis sem um er að ræða og það þarf auðvitað að ganga frá skipulagi þannig að það sé gott. Við skulum láta fjármuni liggja milli hluta, því að það eru heitstrengingar í því plaggi sem hér liggur fyrir og við getum vonandi öll tekið höndum saman um það á næsta kjörtímabili að láta það ganga upp. Um svæðið hafa menn talað hér. Hugmyndin var að Vatnajökulsþjóðgarður næði frá strönd til strandar og væri myndarlegur, myndarlegri en hér er gert ráð fyrir. Menn hafa nefnt ýmislegt og ég ætla ekki að lengja þá upptalningu. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði hér um Langasjó og það er rétt að endurtaka þá spurningu: Af hverju er Langisjór ekki með? Allir viðurkenna að Langisjór er frábært náttúrusvæði fyrir ferðamennsku og upplifun og reyndar fyrir vísindarannsóknir. Enginn efast um að Langisjór er hluti af þeirri heild sem Vatnajökulsþjóðgarður á að taka til og mér finnst rétt að umhverfisráðherra segi okkur frá því hvers vegna hann er undanskilinn. Auðvitað læðist sá grunur að mönnum að umhverfisráðherra hafi brostið kjark eða ekki treyst sér til að hafa hann með vegna ásóknar virkjunarmanna í þetta vatn. Og ekki þarf að bæta við góða ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um vatnasvið Jökulsár á Fjöllum.

Þetta er vonandi bara spurning um tíma og auðvitað er það þannig, miðað við þau lög og þann hátt sem hér er á hafður, að í upphafi verður ákveðið svæði lagt undir og síðan bætt við það með nokkrum hætti. Ég vil sérstaklega minnast á að það hefði þurft segja í lögum og þarf a.m.k. í reglugerð að segja okkur hvað er Vatnajökull, til hvaða svæðis nær það örnefni? Jöklar hopa á hverjum degi og okkur skortir í raun og veru afmörkun á því hvað Vatnajökull er frá ári til árs að ég segi nú ekki degi til dags. Það þarf auðvitað að kveða á um mörkin, kveða á um ákveðið belti út frá jökulbrúninni nú, það er hugsanlega álitamál hvað það nær langt en það verður að muna að Vatnajökull er hvikult náttúrufyrirbrigði umfram það sem gildir um önnur svæði.

Við erum að setja lög. Það er sem sagt ekki nægilegt að umhverfisráðherra skrifi um þetta reglugerð, eins og hann getur þó gert samkvæmt náttúruverndarlögum og það er væntanlega vegna þess sem lesa má í plöggum um málið að stofna þarf þennan þjóðgarð gegn náttúruverndarlögunum. Það vekur auðvitað athygli á því sem sjálfsagt er að ræða hér síðar í tengslum við þetta mál að það er kominn tími til að fara í gegnum það hvernig hátta eigi þjóðgörðum og friðlýstum svæðum, hvort það skuli gert með reglugerðum, eins og nú er gert ráð fyrir, eða með lögum. Þó að mönnum kunni að finnast að ekki sé nægilegt svigrúm með lögum tel ég að við eigum að gera meira af því að koma þessu fyrir með lögum en með reglugerðum, hreinlega vegna þess að við sjáum að reglugerðir er hægt að taka til baka með einu pennastriki, með einni undirskrift. Að minnsta kosti tel ég að það eigi að vera þannig og legg það fram sem millileið að reglugerðir um friðlýsingu eða þjóðgarða verði ekki teknar af nema með lögum, að atbeina Alþingis þurfi til þess að afnema reglugerð um friðlýsingu eða þjóðgarð.

Hér er líka ekki einungis um það að ræða að sett séu lög vegna þjóðgarðsins, en það er gert sennilega í tvennum tilgangi, annars vegar af því að stjórn þjóðgarðsins er öðruvísi, og þá komum við að skipulaginu, en gert er ráð fyrir í náttúruverndarlögum, og hins vegar eru náttúruverndarlög afnumin á ákveðnum stöðum innan þessa þjóðgarðs. Það er satt að segja einkennilegt að þurfa að gera þetta hvort tveggja og ráðherra þarf að skýra það betur en gert hefur verið hvers vegna hinum hefðbundna eða lögfesta stjórnanda þjóðgarða á Íslandi, Umhverfisstofnun, er kippt algjörlega út úr þessum lögum. Liggur í þessu einhvers konar álit á þeirri stofnun, að hún sé ónýt, að hún geti ekki sinnt þessu? Annað verður ekki lesið úr þessu, því að Umhverfisstofnun á þá eina aðild að þessum þjóðgarði að stundum er nefnt að hún eigi að vera í einhvers konar samráði eða ráðgjöf, stundum með Náttúrufræðistofnun. Maður spyr: Fyrst einungis er um þetta að ræða, nægir þá ekki Náttúrufræðistofnun til að gefa ráð og hafa samráð? Því að jafnvel þótt menn vilji skipa stjórn þjóðgarðs þessa með öðrum hætti en mælt er fyrir um í náttúruverndarlögum þarf ekki að kippa Umhverfisstofnun algjörlega út úr þeirri skipan.

Í náttúruverndarlögum nú er kveðið á um að það geti verið ráðgefandi nefndir sem skipaðar séu mönnum frá sveitarstjórnunum sem helst koma að eða heimamönnum eins og það er stundum kallað. Mér fyndist alveg koma til greina að breyta náttúruverndarlögum að þessu leyti og kveða þar á um það að heimamenn, svokallaðir, geti átt aðild að stjórnum þjóðgarða ef þær yfir höfuð eru settar á fót, sem enn fremur væri ekki vitlaust að gera. Á það var minnst hér áðan, hinn augljósa skringileik sem blasir við eftir samþykkt þessara laga að þá eru á Íslandi þrír þjóðgarðar. Einum þeirra er stjórnað af þinginu, öðrum er stjórnað með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir í Vatnajökulsþjóðgarðinum, þ.e. annars vegar er það ráðherra og hins vegar sveitarstjórnirnar sem tilnefna menn í stjórn þjóðgarðsins, sá þriðji er hins vegar í umsjá Umhverfisstofnunar. Ég spyr: Á að skilja hann einan eftir í umsjá Umhverfisstofnunar? Hvernig hefur hæstv. ráðherra hugsað sér að hafa þetta í framtíðinni?

Það er líka skrýtið hvernig stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs er falið í þessu framhaldi vald sem í náttúrverndarlögum er falið Umhverfisstofnun um framkvæmdir, því að framkvæmdir í þjóðgarðinum eru þannig að Umhverfisstofnun kemur þar hvergi við sögu nema með samráði eða einhvers konar ráðgjöf ef eftir því er sótt. Samráð er, eins og við vitum, óljóst hugtak í íslenskri pólitík á vorum tímum. Það er annars vegar þjóðgarðsstjórnin, sem að meiri hluta er skipuð af sveitarstjórnunum, eða ráðherra sjálfur, án nokkurrar hlutdeildar hinnar faglegu stjórnsýslustofnunar sem hann þó ræður yfir, sem gefur slík leyfi. Ég tel að þetta sé ekki

heppilegt stjórnskipulag, það gætu orðið brestir á þessu og að það skapi ekki það traust sem þarf að ríkja í kringum þjóðgarðinn.

Svo vil ég segja um stjórnina og það sem áður hefur verið minnst á, að það er erfitt að sætta sig við þá stjórn, það fyrirkomulag sem sett er fram í frumvarpinu að fjórir formenn svæðisráða eigi að skipa meiri hluta þjóðgarðsstjórnarinnar. Mér finnst það vel til fallið að í svæðisráðunum sjálfum, eins og völdum þeirra og áhrifum er háttað, geti setið slíkir menn, tilnefndir af sveitarstjórnum og síðan tvenns konar samtökum í héraði, en að þeir skipi meiri hluta þjóðgarðsstjórnarinnar ásamt einum manni frá umhverfissamtökum og síðan tveimur ráðherraskipuðum mönnum tel ég ekki heppilegt. Þetta er líka í andstöðu við tillögur þingmannanefndarinnar sem vissulega benti á og lagði til að sveitarstjórnum í grennd þjóðgarðsins yrði gert hærra undir höfði en gert er ráð fyrir í náttúruverndarlögum, sem ég endurtek að ég tel að vel megi koma fyrir með breytingum á náttúruverndarlögunum sjálfum, en það var aldrei talað um meirihlutaaðild heimamanna að stjórn og rekstri þjóðgarðsins. Þar stóð að tryggja þyrfti aðild heimamanna að stjórn og rekstri þjóðgarðsins.

Það skiptir miklu máli, eins og hér var rakið, að samstaða náist um stofnun þessa þjóðgarðs. Ekki er einungis um það að ræða að stór hluti landsins sé tekinn til þessara ákveðnu nytja, verndarnytja af ýmsu tagi og reyndar hefðbundinna landbúnaðarnytja sem sjálfbærar teljast, heldur er auðvitað líka um það að ræða að hér á að veita verulegt fé til þessarar starfsemi. Það er svo með fjárveitingar að þeir sem leggja fram fé verða að fá eitthvað í staðinn og hætt er við að þessar hugmyndir frumvarpsins um stjórnarfyrirkomulag hreki frá samstöðu u.þ.b. 90% landsmanna við það. 63% munu vera á hinu þrengra höfuðborgarsvæði og ef við víkkum það aðeins út erum við komin upp í kannski 70, 75%. Ekki einu sinni Akureyringar eiga hlutdeild að þessum þjóðgarði. Heimamenn teljast, eðlilega, þeir sem búa við jökulárnar í suðurparti þjóðgarðsins. Síðan teljast heimamenn þeir sem búa í sveitarfélögum sem eiga fjarlæg lönd að Vatnajökli eða á Vatnajökli. Þar á meðal eru bændur og búalið sem búa við strönd Skjálfandaflóa. Ég verð að viðurkenna að það er nokkuð langt seilst í hugtakaskýringu heimamanna að svo langt sé farið. En nágrannar þeirra sem búa þar sem a.m.k. einu sinni hét Húsavík, í því sveitarfélagi, eru hins vegar ekki heimamenn í þessari skilgreiningu, hvað þá annað fólk, íbúar á Vestfjörðum sem eru jafnmiklir Íslendingar og við hér, að ógleymdum þeim kjósendum í Reykjavíkurkjördæmi suður sem hafa treyst bæði þeim sem hér stendur og hæstv. umhverfisráðherra til að vera fulltrúar sínir hér á þinginu.

Ég verð að segja fyrir mig að þrátt fyrir fullkominn stuðning minn við það að nágrannar á svæði eins og þessu hafi ákveðinn rétt til að hafa um það að segja og véla um það sem þar fer fram, á ég ákaflega erfitt með það sem fulltrúi Reykvíkinga í Reykjavíkurkjördæmi suður, Reykvíkinga allra og fólks á höfuðborgarsvæðinu og 90–95% Íslendinga, sem ekki teljast vera heimamenn að Vatnajökli, að samþykkja þetta frumvarp eins og því er núna fyrir komið.

Ég á lítið eftir, forseti, en vildi þó nefna nokkur atriði og þau eru m.a. ef ég tel þau upp hér: Hvernig stendur á því að eignarnámsheimildir sem eru í náttúruverndarlögum eru afnumdar hérna? Mér þykir ákaflega undarlegt að skapa sér þá samningsstöðu fyrir fram að afnema eignarnámsheimildir sem menn í orkugeiranum veifa í kringum sig og þar eigi ríkið að hlaupa til og nema eignir af mönnum vegna virkjanahagsmuna en það má ekki hafa þetta í bakhöndinni vegna náttúruverndarhagsmuna.

Ég vil líka spyrja um þá ágætu hugmynd að þjóðgarður geti samanstaðið af ríkislandi, þjóðlendum, þjóðgörðum sem þegar hafa verið stofnaðir og einkalandi sem lýtur einkaeign. Hvernig á það að vera, getur það þá gengið kaupum og sölum? Hver er réttur landeigandans eftir að samningur er gerður? Er hann t.d. uppsegjanlegur, getur erfingi eignarlands í þjóðgarði sagt: Ég er hættur við, ég ætla að reisa mér sumarbústað á þessu landi og segi bara bless við ykkur?

Ég vil að lokum spyrja um það, þó að ég eigi fáar sekúndur eftir: Hvernig er sú stjórnsýsla að ráðherra taki ákvörðun sem síðan sé hægt að kæra til ráðherra, samanber 13. gr. og 19. gr.? Ég held að þetta standist ekki og þetta er meðal þeirra atriða, því miður fleiri en vænta mátti og vonast var til, sem umhverfisnefnd þingsins þarf að fara mjög vandlega yfir.

[17:27]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Ekki er annað hægt en að fagna því ef stofna á þjóðgarð um Vatnajökul og það svæði sem þar um ræðir þó svo maður sé kannski ekki alveg sáttur við allt sem í þingmálinu stendur, en vissulega ber að fagna því þegar vernda á svo stórt svæði eins og hér um ræðir og alveg norður úr að Axarfirði. Félagar mínir úr Samfylkingunni, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og hv. þm. Mörður Árnason, hafa farið yfir allmarga þætti sem við teljum að þurfi kannski að fara betur yfir í nefndinni og þau hafa varpað fram ýmsum spurningum sem ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra muni svara að lokinni umræðu. Í ljósi þess að við höfum farið saman yfir þetta, þingmennirnir í Samfylkingunni sem sitjum í umhverfisnefnd, er ástæðulaust fyrir mig að endurtaka þau atriði sem hafa komið fram í ræðum félaga minna fyrr í umræðunni. Þó vil ég nefna að ég tek undir með þeim og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í andsvari áðan að við höfum ákveðnar efasemdir um stjórnsýsluþáttinn. Ýmsar athugasemdir hafa komið fram og spurningar sem snúa að honum, og það er þáttur sem við verðum að skoða mjög vel í nefndinni.

Það er auðvitað ekki viðunandi að stór hluti landsmanna, ég tel að það séu um 80%, eigi ekki aðkomu að því að ráða neinu um þennan garð. Það er alls ekki viðunandi og því þurfum við að breyta eða skoða mjög alvarlega. Ég hef einnig efasemdir um þá leið sem farin er í frumvarpinu. Ég tel að þjóðgarður ætti að heyra undir náttúruverndarlög og hefði gjarnan viljað heyra hjá hæstv. ráðherra á eftir þegar hún heldur ræðu sína og svarar þeim fyrirspurnum sem komið hafa fram, hvort búið sé að tala við landeigendur. Ég veit að í öðrum löndum þar sem menn hafa verið að stofna þjóðgarða hefur það tekið langan tíma, áður en þjóðgarður er stofnaður, að ræða við landeigendur og ganga frá

þeim þáttum sem að þeim snúa. Það tekur mörg ár og ég velti fyrir mér: Hversu langt er sú vinna komin? Hve mikil vinna fór fram í ráðuneytinu? Fram kom hjá hæstv. ráðherra að frumvarpið hefði verið unnið þar. Hversu langan tíma og hversu mikil vinna fór fram í ráðuneytinu? Ég veit að mikil vinna hefur farið fram á vegum nefnda sem hafa fjallað um þetta. Fyrir liggja þingmál um þjóðgarðinn frá fyrri tíð en vegna þeirra orða hæstv. ráðherra að þingmálið hafi verið unnið í ráðuneytinu væri fróðlegt að heyra hversu mikil vinna fór fram í ráðuneytinu áður en málið kom inn í þingið.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að endurtaka það sem félagar mínir hafa sagt. Ég mun náttúrlega koma að málinu í nefndinni. Við höfum skoðað það mjög gaumgæfilega, *samfylkingarþingmennirnir, og munum örugglega* koma með fleiri spurningar og athugasemdir þegar málið kemur til umfjöllunar í nefnd. En þetta eru í rauninni þau atriði sem ég hefði gjarnan viljað heyra svör ráðherra við auk þeirra spurninga sem félagar mínir hafa varpað fram á undan mér í umræðunni.

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi þetta ekki miklu lengra en furða mig á hvað skipulagið á stjórninni virðist vera ruglingslegt og stjórnsýsluþátturinn er atriði sem við þurfum að skoða nánar. Athugasemdir okkar og spurningar hafa komið fram í ræðum samfylkingarþingmanna á undan mér.

[17:33]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Hér er merkilegt mál á ferðinni, það er verið að tala um frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Um er að ræða mikið flæmi norðan Vatnajökuls sem ég hef sérstaklega í huga í því sambandi. Í fyrsta lagi skiptir auðvitað miklu að þeir sem ráða þjóðgarðinum lifi í sátt við það fólk sem býr á því landsvæði og að framkvæmd öll sé með þeim hætti að íbúarnir viti hvað til standi og að til þeirra sé tekið fullt tillit vegna þess að þjóðgarður án fólks, eða kannski er réttara að orða það svo að þjóðgarður sem fólk flýr sem hefur búið á því svæði rís ekki undir nafni. Þess vegna er kjarni málsins í þessu samhengi að svo sé um hnúta búið að íbúarnir treysti þeim sem eru í forsvari fyrir þjóðgarðinn. Þess vegna hygg ég að skynsamlegt sé að formenn svæðisráða þjóðgarðsins sitji í stjórn hans en þjóðgarðinum sé ekki stjórnað einvörðungu héðan frá höfuðborginni eins og hefur verið um þann þjóðgarð sem nú er í Ásbyrgi og Hljóðaklettum. Þetta skiptir mjög miklu máli, gagnkvæmt traust.

Í öðru lagi skiptir máli að umferð um þjóðgarðinn gangi fyrir sig með eðlilegum hætti. Nú er það svo að fyrir tveim árum var ákveðið í samgönguáætlun að nægilegt fé yrði lagt fram til að unnt yrði að leggja veg af hringveginum niður að Dettifossi. Allur undirbúningur þeirrar vegagerðar var unninn í mikilli og góðri samvinnu við Umhverfisstofnun, hygg ég að það heiti, og menn vissu ekki annað en vegarstæðið væri ákveðið í fullri sátt við alla aðila. Síðan kom annað í ljós og opinberar stofnanir, þ.e. Umhverfisstofnun og Landgræðslan, fóru að deila innbyrðis um það hvar vegurinn skyldi liggja. Á meðan blæddi þeim aðilum sem hafa atvinnu af ferðaþjónustu á svæðinu og meðan blæddi Norðlendingum og öðrum sem um svæðið fara og langar til að koma niður að fossinum hvenær sem er ársins af því að opinberar stofnanir fóru að deila um keisarans skegg, vegna þess að engin leið virtist til þess að Vegagerð ríkisins og sérfræðingar hennar gætu staðið þannig að málum að aðrar opinberar stofnanir gætu sætt sig við það. Kæruferlið hefur verið á þá lund og þá leið að nú er búið að tefja í hálft annað ár að vegurinn sé boðinn út og síðast þegar ég vissi lá málið hjá Skipulagsstofnun. Orðrómur er á kreiki um að Skipulagsstofnun fallist ekki á veglínuna eins og hún liggur og enn ein opinber stofnun ætli að fara að blanda sér í þetta þrátefli. Eins og ég sagði, á meðan tapar fólkið þarna fé, fyrirtæki hafa verri rekstrargrundvöll en ella og þetta er auðvitað mjög sársaukafullt ef við horfum til þess í leiðinni *að af umhverfisástæðum er Kísiliðjan lögð niður sem var* mikið áfall fyrir fólkið í Mývatnssveit.

Ef við síðan horfum niður til Öxarfjarðar þá liggur líka alveg ljóst fyrir að atvinnulíf þar stendur veikum fótum. Þann mikla háhita sem menn höfðu búist við að væri niðri í Öxarfirði er ekki þar að finna og af þeim sökum leggjum við áhugamenn um þjóðgarð norðan Vatnajökuls og áhugamenn um að fólk geti lifað af náttúrunni innan þjóðgarðsins og nærst á honum, ríka og mikla áherslu á að í þeirri samgönguáætlun sem lögð verður fram á næstu dögum verði tryggt að á næstu fjórum árum verði lokið vegagerð frá Dettifossi niður í Kelduhverfi. Síðast þegar samgönguáætlun var samþykkt lagði samgönguráðherra mjög mikið upp úr því að geta lokið við veginn fyrir vestan Snæfellsjökul af því að þar væri þjóðgarður, sagði að sá vegur væri ekki hótinu betri en vegurinn upp með Jökulsá á Fjöllum. Þess vegna þykist ég vita að hann hafi mikinn og góðan skilning á því að hið sama eigi við um þjóðgarð norðan Vatnajökuls eins og þjóðgarð vestan Snæfellsjökuls, að nauðsynlegt er að fólk komist um hann. Þess vegna vil ég brýna hæstv. ráðherra að sjá til þess að fólk komist um þjóðgarðinn með því að þessi vegur verði lagður.

Það er enginn vafi á því að þessi vegur er brýnasta verkefni sem nú liggur fyrir varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu á öllu landinu og um leið og maður veltir hlutum eins og þessum fyrir sér er auðvitað líka brýnt að hugsa til þess að á vinjum sem eru á þessu svæði verði komið upp GSM-sambandi. Mér er kunnugt um að þeir innan samgönguráðuneytisins eða á vegum þess sem vinna að því að útdeila peningum vegna söluandvirðis Landssímans hafa ákveðið staði þar sem rétt er að GSM-sambandi verði komið á og ég geri ráð fyrir því að t.d. Hvannalindir, allur vegurinn frá hringveginum niður að Dettifossi, ég tala ekki um stað eins og Hólmatungur eða Forvöð njóti að þessu leyti sambærilegrar þjónustu, eigum við að segja eins og t.d. sjávarströndin í Húnavatnssýslu. Það er þetta samspil fólks og náttúru sem verður að tryggja og líka að hægt verði að ganga svo frá málum að þeir sem við þjóðgarðinn vinna séu að öðru jöfnu fólk sem alið er upp á svæðinu, hvort sem við horfum til Suðurlands, Austurlands eða Norðurlands, á þarna rætur og þekkir veðráttu og náttúrufar o.s.frv., unir sér vel á þessum stöðum, er inngróið í landið. Hvarvetna mundi það þykja eftirsóknarvert. Það er enginn vafi á því.

Ég legg svo mjög upp úr þessu í sambandi við fólk og þjóðgarð vegna þess að ég hef fundið á ýmsum fyrir norðan

að þeim hefur þótt sem ekki hafi verið haft nægilegt samráð við íbúana og það verður að eyða allri tortryggni milli þeirra og þjóðgarðsins.

Í annan stað hlýt ég að leggja áherslu á að þessi þjóðgarður, eins og ég hef þegar vikið að, verði annað og meira en nafnið. Auðvitað er þýðingarlaust að gefa yfirlýsingu um þjóðgarð ef ekki er hægt að komast um hann og auk þess er nauðsynlegt að byggja upp aðra þjónustustarfsemi innan þjóðgarðsins og ætla fé til þess. Ég vil í því sambandi, hæstv. umhverfisráðherra, sérstaklega gera Dettifoss að umræðuefni. Það er t.d. skemmtilegt að koma að Gullfossi og sjá hversu góð aðstaða er þar fyrir ferðamenn, hreinlætisaðstaða og annað því um líkt. Ég hygg að óhjákvæmilegt sé um leið og Alþingi fær þetta frumvarp til meðferðar að athuga sérstaklega þau erindi eða þann áhuga heimamanna sem uppi er um að reisa hreinlætisaðstöðu, vatnssalerni og annað sem því fylgir, við Dettifoss og raunar víðar á þessum slóðum, við Dimmuborgir, hveraröndina og jafnvel enn víðar, þótt það þyrfti ekki að gera á öllum stöðum samtímis, en ætla að koma til móts við þetta fólk við uppbyggingu slíkra þjónustumiðstöðva ef það sjálft býðst til þess að standa undir rekstrinum og láta hann standa undir sér. Þetta er einnig mjög þýðingarmikið, að koma þeim þáttum að.

Ég vil svo í þriðja lagi segja að ég er ásamt ýmsum öðrum flutningsmaður að þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, að slík friðlýsing taki til alls vatnasviðs Jökulsárinnar. Mér finnst þetta sjálfsagt en þetta þýðir auðvitað ekki að við eigum ekki að vera vakandi fyrir því að þær merkilegu náttúrumenjar og vinjar sem eru á þessum slóðum geti staðist hlaup í ánni ef til þeirra kemur. Nú er ég sérstaklega að tala um Herðubreiðarlindir en ég hygg að sá varnargarður sem þar var settur upp fyrir nokkrum árum sé ekki nægilega traustur og þurfi að huga betur að því. Ég hygg einnig að óhjákvæmilegt sé að velta því fyrir sér t.d. niðri í Kelduhverfi hvort ekki sé nauðsynlegt að tryggja þá varnargarða sem þar eru með Jökulsánni því að Vatnajökulsþjóðgarður í þessum skilningi hlýtur að ná alveg niður í Öxarfjörð í hugum manna. Ásbyrgi er auðvitað niðri í Kelduhverfi, og ýmsir aðrir staðir, og við sem viljum halda þessum merkilegu stöðum sem mest friðuðum hugsum um svæðið alveg niður til hafsins.

Ég hef í sjálfu sér ekki meira um þetta að segja. Ég hygg að flestir Íslendingar séu sammála um að þessi öræfi eigi að fá að halda sér eins og þau eru. Ekki kemur til greina að breyta farvegi Kreppu og færa hana til Austurlands eins og suma hefur dreymt, það kemur auðvitað ekki til greina. En á hinn bóginn er nauðsynlegt í þessum þjóðgarði eins og öðrum að fólk geti komist um hann með auðveldum hætti því að reynslan sýnir að ef vel er frá stígum og vegslóðum gengið og þeir tryggilega merktir, ég tala ekki um ef hægt er að byggja þá eitthvað upp, þá kemur það í veg fyrir að ekið sé utan vegslóðanna.

Að síðustu hygg ég að ég þurfi ekki að taka það fram að nauðsynlegt er að huga mjög að því hvort ekki sé kominn tími til, ekki aðeins í þessum þjóðgarði heldur víðar um landið að friða sérstök svæði þar sem eru kaldavermsl eða volgrur þannig að menn geti ekki hvar sem er gengið að andastofninum vísum og skotið þessa fallegu fugla þegar fer að skyggja. Ég er mikill áhugamaður um að friða endurnar, frá áramótum skulum við segja, það er ástæðulaust annað en láta þær í friði þegar fer að birta. Helst vildi ég friða endur allt árið um kring en ég veit að ég næ því ekki fram og ég vil biðja hæstv. umhverfisráðherra að hugsa hlýtt til andanna.

[17:49]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Umræðan sem hér hefur farið fram hefur verið um margt athyglisverð. Ég gleymdi eiginlega í ræðu minni áðan að nefna nokkur atriði sem mig langar að tæpa á í lok umræðunnar. Úr því að ég er komin með orðið og hv. þm. Halldór Blöndal rétt farinn úr ræðustóli, langar mig til að segja í tilefni orða hans að eins og kom fram í ræðu minni áðan erum við sem hér höfum talað sammála um nauðsyn þess að heimamenn gegni lykilhlutverki í stjórn þess þjóðgarðs sem hér um ræðir alveg eins og við erum hlynnt því að heimamenn gegni yfir höfuð lykilhlutverki í umsýslu friðlýstra svæða úti um allt land. Ég vil leyfa mér að fullyrða, af því að mér er um það kunnugt, að náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar hefur leitast við, a.m.k. á seinni árum, að koma málum svo fyrir að unnið sé að friðlýsingum svæða í sátt við heimamenn. Ég held að hæstv. umhverfisráðherra geti verið mér sammála um að þar hafi vel tekist til. Við getum talað í þeim efnum t.d. um friðlandið á Hornströndum þar sem heimamenn hafa mikilvægu hlutverki að gegna og örugglega fleiri nýleg dæmi þar sem heimamenn hafa komið með afgerandi hætti inn í umsýslu friðlýstra svæða. Ég held að tortryggni hv. þm. Halldórs Blöndals varðandi þetta, og þess sem kom fram áðan í andsvari hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, sé í rauninni tilefnislaus. Hún hafi ef til vill átt rétt á sér fyrir nokkrum árum, um það skal ég ekkert segja. Ég veit þó og við þekkjum það öll að um friðlýst svæði hafa staðið deilur, ekki hvað síst í kringum Mývatn og á Laxársvæðinu. Þær deilur, held ég, að hafi á endanum leitt til þess að friðlýsta svæðið í kringum Mývatn og Laxársvæðið var minnkað talsvert. Lögum um það var breytt og ég held að það hljóti að hafa orðið til sátta á því svæði. Ég veit til þess að Umhverfisstofnun hefur lagt sig fram um að virkja heimamenn inn í slíka vinnu og ég sé ekki annað en að þar sem ég þekki til hafi það tekist afarvel.

Mér finnst eins og hv. þingmönnum sem talað hafa fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins sé það mikið í mun að opinberar stofnanir komi hvergi nálægt. Mér finnst það ekki eðlilegt sjónarmið á þeim sama tíma og við erum að reyna að efla fagmennsku í einu og öllu. Við verðum auðvitað að átta okkur á því að kunnáttan og fagmennskan í náttúruvernd liggur hjá því starfsfólki sem hefur sinnt þeim málum fyrir okkur og fyrir hönd þjóðarinnar fram að þessum degi. Við skulum því bara átta okkur á því að hér þarf samstarf og velvilja allra aðila og ég er þess fullviss að samstarfsvilji sé til staðar á báða bóga, í öllu falli meðan annað er ekki leitt í ljós. Ég tel ekki þörf á að hafa hér uppi orð um að menn fari að óttast það fyrir fram að hér verði eitthvert valdatafl eða einhver yfirgangur af einhverra hálfu.

Ég held að fjármunir þessa væntanlega þjóðgarðs sem aðeins hefur borið á góma í umræðunni hljóti að þurfa að

koma til skoðunar í umhverfisnefnd. Mig langar til gamans, vegna þess að ég rakst á það í blöðum mínum þegar ég var að undirbúa mig undir þessa ræðu, að minnast á málþing sem haldið var á Höfn í Hornafirði í nóvember 2001, um þjóðgarðinn Vatnajökul, sem var afar athyglisvert málþing og virkilega gaman að taka þátt í því — reyndar var undirtitill á yfirskriftinni: Þjóðgarðurinn Vatnajökull — nútímaþjóðgarður. Ég held að eins og við höfum lýst í ræðum okkar sjáum við öll fyrir okkur nútímalegan þjóðgarð. Árni Bragason, forstöðumaður náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar, sagði frá því að ef reiknaðar væru til núvirðis árið 2001 fjárfestingarnar sem settar voru í þjóðgarðinn í Skaftafelli þegar hann var stofnaður árið 1956 næmu þær 130 millj. kr. Það er dálítið athyglisvert og ég bið hæstv. umhverfisráðherra að leggja við hlustir, 130 millj. kr. í Skaftafell á sínum tíma. Það er nokkuð mikið og við þurfum að athuga það að við getum ekki verið eftirbátar þeirra manna sem tóku hina stórhuga ákvörðun um Skaftafellsþjóðgarð á sínum tíma. Við þurfum því að tryggja að hér verði vel að verki staðið hvað varðar fjármunina og tryggt verði að fjármagn til rekstrar verði nægilegt til þess að um nútímalegan þjóðgarð verði að ræða, þjóðgarð af því kalíberi sem við í ræðum okkar höfum lýst og höfum viljað sjá fyrir okkur.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist á það í umræðunni að Kreppu væri ekki getið í textanum í greinargerð frumvarpsins, eins og hún hefði horfið úr greinargerð frumvarpsins því að hún er greinilega í greinargerð hópsins sem vann skýrsluna frá því í nóvember árið 2006, þ.e. skýrslu ráðgjafarnefndarinnar. Mig langar til að vitna í skýrslu iðnaðarráðherra sem birtist á þskj. 504 í 398. máli á síðasta löggjafarþingi. Iðnaðarráðherra fjallaði í skýrslu þeirri um framlög til byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005. Þar er getið um Vatnajökulsþjóðgarð og sagt frá því að í janúar sl., sem hefur trúlega verið janúar 2005, hafi verið samþykkt í ríkisstjórninni að tillögu umhverfisráðherra að vinna áfram að undirbúningi og stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á grundvelli tillagna þeirrar nefndar sem um hefur verið rætt. Í skýrslu iðnaðarráðherra eru greinilega talin upp landsvæði sem tillögurnar gera ráð fyrir, þ.e. „að svæði þjóðgarðs norðan Vatnajökuls nái frá vatnaskilum á Vatnajökli í suðri til Tungnársvæðis vestan jökuls og nái yfir Vonarskarð, Tungnafellsjökul, meginhluta Ódáðahrauns, Jökulsá á Fjöllum ásamt helstu þverám, eins og Kreppu, ...“ Og þar er hún nefnd. Ég held að það hafi bara verið einhver lapsus sem geri það að verkum að í greinargerð ráðuneytisins — eða ég vona það í öllu falli að það hafi ekki verið með ráðum gert að taka Kreppu undan í upptalningunni þar af því að menn hyggist veita Kreppu í uppistöðulón Kárahnjúkavirkjunar. Ég held að það sé alveg á hreinu að um einhver mistök er að ræða en þetta verður auðvitað skoðað.

Það sem mig langar svo að nefna að lokum, hæstv. forseti, er niðurlagskafli ráðgjafarnefndarinnar í skýrslu frá nóvember 2006. Þar segir frá því að nefndin hafi átt fund með fulltrúum álrisans Alcoa og Landsvirkjunar en þeir aðilar hafi lýst vilja til að leggja fram umtalsverðan stuðning til Vatnajökulsþjóðgarðs ákveði íslensk stjórnvöld að stofna þjóðgarðinn.

Hæstv. forseti. Mér þykir það ekki góð vinnuregla þegar um er að ræða deilumál af því tagi sem við höfum gengið í gegnum á seinni árum, Íslendingar, í átökunum um Kárahnjúkavirkjun og álbræðslu á Reyðarfirði, að gera okkur það — sem höfum tekið virkan þátt í þeim slag sem um umrætt land hefur staðið — að gera Alcoa og Landsvirkjun svona hátt undir höfði í plöggunum að skilja megi á hæstv. ráðherra að það sé bara athugasemdalaust af hans hálfu að Alcoa geti komið hér að með umtalsverðar fúlgur. Við vitum að Alcoa hefur nú þegar lagt fram fjármuni og það hefur verið gagnrýnt verulega að það hafi verið gert. Við þekkjum tilhneigingu stórfyrirtækja til að kaupa sér græna kápu, hvítþvo sig af mengandi starfsemi sinni á þessum nótum. Ég held að við Íslendingar hljótum að verða að ganga á undan með góðu fordæmi, hvað svo sem um það má segja að slík stórfyrirtæki gisti okkar land. Allar þær deilur sem um það standa eru okkur kunnar. Ég held að við verðum að halda löggjöfinni og okkar opinberu þjóðgörðum hreinum og tærum og halda stórfyrirtækjum frá þeim. Við höfum nægilegt fjármagn milli handanna. Við höfum nægilega sjóði til að grípa til þannig að við getum staðið vel að þjóðgörðunum okkar og friðlýstu svæðunum. Við þurfum ekki að leita til Alcoa til að stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Ég treysti því að Alþingi Íslendinga og hæstv. umhverfisráðherra verði mér sammála í þeim efnum og við getum alveg sagt Alcoa að þeir geti gert eitthvað annað við peningana sína.

Að lokum vil ég tryggja að hæstv. umhverfisráðherra svari í lokaræðu sinni við niðurlag umræðunnar einhverju um sýn hennar varðandi stjórnsýslumálin sem borið hefur á góma. Ég hefði viljað spyrja hvað hún sæi um stöðu og stjórnsýslu þjóðgarða og friðlýstra svæða til framtíðar litið. Ég held að fengur væri að því að fá svar frá hæstv. ráðherra í lokaræðu hennar um þau mál.

[18:00]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem gerir óhjákvæmilegt að standa upp eru þau ummæli hv. 8. þm. Reykv. n., Kolbrúnar Halldórsdóttur, að við sjálfstæðismenn séum á móti stofnunum en það sé verið að tala um fagmennsku. Eins og fagmennska sé ekki til úti á landi.

Er ekki Helgi Hallgrímsson á Egilsstöðum fagmaður? Er ekki Hörður Kristinsson grasafræðingur fagmaður? Og er ekki Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, fagmaður? Auðvitað er hann fagmaður.

Það sem hins vegar er rétt hjá hv. þingmanni er að ég hef viljað styrkja það að þessir hámenntuðu menn hafi starfsskilyrði og starfsgrundvöll úti á landi og hef barist fyrir því í fjöldamörg ár að þeir draumar og þær sýnir sem voru á bak við stofnun Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn gætu ræst. Þeir segja gjarna Mývetningar að þeir vildu að þessi stofa, náttúrurannsóknastofan, yrði sýnileg, hún yrði opin almenningi. Talað var um það þegar hún var sett á stofn að hún ætti að styðja við bændur í byggðinni, styðja við byggðina, rannsaka vatnið, bæði frá vísindalegu sjónarmiði og líka til gagns fyrir þá sem búa við vatnið.

Það er þetta sem ég er að tala um. Þegar við setjum á

stofn þjóðgarð norðan Vatnajökuls erum við um leið að tala um að þær rannsóknir og sú fagvinna sem tengist þjóðgarðinum eigi höfuðstöðvar sínar innan þjóðgarðsins, á því svæði norðan Vatnajökuls. Það er sú fagmennska sem við viljum tala um.

[18:02]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðaust. hefur enga ástæðu til að koma hér og byrsta sig við mig og setja í brýrnar og nánast skamma mig fyrir það að ég sé að gera lítið úr fagmennsku manna á borð við þá heiðursmenn sem hann taldi hér upp.

Hv. þingmaður hefði betur hlýtt á ræðu mína sem ég hélt hér fyrr í umræðunni þar sem ég lagði höfuðáherslu á að þjóðgarðurinn yrði lyftistöng atvinnulífs í breiðu tilliti í þeim byggðum sem hann næði til. Við það stend ég. Það er lykilatriði og við þurfum að standa saman um það á Alþingi að þetta verði með þeim hætti, að hann verði lyftistöng atvinnulífs og þeir fagmenn sem á svæðinu búa fái einmitt atvinnu við þjóðgarðinn. Það þýðir ekki endilega að sarga þurfi sundur æðarnar sem liggja til opinberra stjórnsýslustofnana jafnvel þótt þær hafi verið svo óheppnar að vera settar niður í Reykjavík.

Ég vísa þeim ummælum hv. þingmanns til föðurhúsanna að það sé einhverjum opinberum stofnunum fyrir sunnan að kenna að Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn hafi ekki fengið byr í seglin. Það er þessari ríkisstjórn að kenna að hún hefur ekki fengið byr í seglin. Þessi ríkisstjórn hefur ekki sett þá fjármuni eða það afl til þessarar stöðvar sem hún hefði átt skilið. Hv. þingmaður á bara að eiga það við sína eigin ráðherra en ekki að koma hér og skammast í stjórnarandstöðuþingmönnum vegna þess.

[18:04]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er von að hv. þingmaður byrsti sig. Hún var áðan að tala um að við vildum ekki fagmennsku, sjálfstæðismenn. (**KolH:** Ég sagði það aldrei.) Það var það orð sem hv. þingmaður notaði. Ég vísa því heim til föðurhúsanna og það getur nú vel verið að ýmsir hafi áhuga á náttúruvernd aðrir en Vinstri grænir. Á hinn bóginn er það svo að það er rétt hjá þingmanninum að ég hef aldrei verið talsmaður þess að stofnanir sem tengjast náttúrurannsóknum á Norðurlandi eigi að vera hjálendur stofnana í Reykjavík.

Þó að hv. þingmaður tali um það og geri lítið úr því að ég vilji sarga í sundur æðarnar á þessum höfuðstöðvum fyrir sunnan, þá vil ég gera það. Ég vil að þessar stofnanir séu sjálfstæðar og starfi á eigin forsendum og á eigin vegum. Það er af þeim sökum sem ég hef í öll þessi ár, fyrir daufum eyrum, krafist þess að Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn yrði styrkt. Það er nú svo einfalt.

Fyrir framan mig er flokksbróðir hv. þingmanns frá Akureyri. Ég hygg að hann sé sammála mér að stofnun Vilhjálms Stefánssonar væri ekki það sem hún er í dag ef hún væri hjálenda frá stofnun Sigurðar Nordals í Reykjavík. Þannig getum við auðvitað haldið áfram.

Ég minnist þess þegar Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor ræddi við mig um stofnun Háskólans á Akureyri að þá sagði hann: „Grundvallaratriði er að háskóli á Akureyri sé ekki útibú frá Háskóla Íslands.“ Hið sama á við að einhvern náttúrufræðistofa á Akureyri er hvorki fugl né fiskur ef henni er stýrt frá Reykjavík. Hvorki fugl né fiskur. Slíkar stofnanir verða að vera sjálfstæðar úti á landi, óháðar þessum stofnunum hér, og heyra beint undir ráðherra og hafa sjálfstæðan fjárhag á fjárlögum eins og sjálfstæðar stofnanir geta haft.

[18:06]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er mikið hitamál og hv. þingmanni liggur mikið á hjarta í þessum efnum. Ég held að við hljótum samt sem áður að geta lent þessu ágreiningsmáli þar sem ég hóf mál mitt. Ég sagði það vissulega að fagmennska og kunnátta í stjórnsýslu og umsýslu friðlýstra svæða lægi hjá þessari opinberu stofnun hér fyrir sunnan. (Gripið fram í.) Já, það var það sem ég sagði. Ég var ekki kasta rýrð á einn eða neinn með því eða segja að þar með væri það eina fólkið sem gæti annast umsýslu svona friðlýstra svæða af því að það er ekki svo.

Mér finnst að hv. þingmaður geti ekki alhæft á þeim nótum sem hann gerir. Við erum öll sammála um að Háskólinn á Akureyri er öflug stofnun, að hluta til vegna þess að hann er sjálfstæður og hann er ekki eins og hv. þingmaður kallar, hjálenda Háskóla Íslands. En það er ekki þar með sagt að það þurfi að vera algilt yfir alla flóruna, sama hvar við berum niður, að allir þurfi að vera svo sjálfstæðir að þeir megi hvergi hafa tengsl eða bönd. Ég held að það sé þroskamerki að við getum unnið saman. Það er þroskamerki í pólitíkinni að geta unnið saman, þvert á ólík sjónarmið, og náð málamiðlun og sáttum um hluti. Ég held að það sé líka þroskamerki í stofnanaflórunni ef hægt er að vinna og hafa opið og skapandi samstarf á milli stofnana, grasrótanna og heimamanna og þeirra sem verkin vinna. Ég held að okkur sé sómi að því að vinna þannig og ég treysti því að þannig verði unnið varðandi Vatnajökulsþjóðgarð.

[18:07]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér var svona létt misboðið þegar hv. þingmaður hélt því fram að við sjálfstæðismenn, en það mátti skilja af máli hennar að við, einkum þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi, værum eitthvað sérstaklega að hnotabítast út í stofnanir umhverfisráðuneytisins. Ég get bara ekki fundið það í hjarta mínu að ég hafi gert það á nokkurn hátt.

Þess má jafnframt geta, af því að Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn kom til umræðu, að í tíð þess þingmanns sem nú situr á forsetastóli, Sigríðar Önnu Þórðardóttur, sem umhverfisráðherra Sjálfstæðisflokksins, voru fjárveitingar til Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn auknar mjög. Ég vildi bara nefna það hér af því að ég get ómögulega skilið það þegar hv. þingmaður reynir að koma því inn í umræðuna að við sjálfstæðismenn séum eitthvað sérstaklega á móti opinberum stofnunum umhverfisráðuneytisins. Það á bara ekki við.

Svo það sé tiltekið sem er í frumvarpinu þá er alveg rétt að verið er að stofna sérstaka ríkisstofnun um Vatnajökuls-

þjóðgarð. Þannig er það en tekið er fram í frumvarpinu að hafa á mjög mikið samráð við stofnanir umhverfisráðuneytisins, m.a. við gerð verndaráætlana og margs annars sem þar er tiltekið að hafa eigi mikið samráð um á milli stofnana þess ráðuneytis.

Ég get því ómögulega skilið hvað hv. þingmaður á við og það væri kannski fróðlegt að fá frekari skýringar á því þegar er verið (Forseti hringir.) að hlutgera þetta svona.

[18:10]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki að það skili neinu að við séum að fjargviðrast eitthvað í ræðustóli Alþingis um þessi mál. Við erum að deila hér um keisarans skegg sem skiptir í sjálfu sér ekki máli eins og umræðan er að þróast núna. Við eigum, eins og við höfum sagt hér í ræðum, þingmenn stjórnarandstöðunnar, eftir að fara yfir þessi mál í umhverfisnefnd. Við höfum lýst okkur reiðubúin til að fara gaumgæfilega yfir málin og skoða þau frá öllum hliðum.s Við höfum því lýst yfir að við viljum að hlutur heimamanna sé mikill og glæsilegur í Vatnajökulsþjóðgarði og við viljum að þessu máli verði á endanum lent farsællega.

Ég held að það skipti mestu máli að halda ákveðinn frið um þetta mál núna og þó að mér hafi orðið á í æsingi við hv. 2. þingmann Norðausturkjördæmis áðan að halda því fram að sjálfstæðismenn hefðu sérstakt horn í síðu opinberra stofnana þá á það ekki síst rætur að rekja til þeirra gjörninga sem gerðir voru hér í dag þegar við einkavæddum Ríkisútvarpið með lögum sem fóru í gegnum Alþingi. Þar drógu sjálfstæðismenn vagninn.

Ég held að ég þurfi ekki að fara miklu lengra út í ummæli mín sem að lúta að því að sjálfstæðismenn hafi haft sterka löngun til að losa sig undan oki ríkisstofnana og þegar þeir hafa getað hafa þeir einkavætt þær. Núna er það reyndar ekki til staðar, eða hvað? Ætlar hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir kannski í fyllingu tímans að skoða það hvort Vatnajökulsþjóðgarður geti orðið hlutafélag sem síðan verði hægt að selja? Kannski Alcoa vilji kaupa?

[18:11]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var athyglisverð tillaga sem kom hér fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Ég hef satt að segja ekki heyrt þessa tillögu fyrr. En má kannski búast við að henni verði fylgt eftir af hv. þingmanni? Má búast við því? Hvað er verið að reyna að gefa hér í skyn? Við erum að bera fram frumvarp um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem allir eru sammála um að er gott mál og þá koma einhverjar svona dylgjur inn í umræðuna, dylgjur sem mér finnst engan veginn eiga heima í þessari umræðu.

Og varðandi það að við hv. þm. Halldór Blöndal séum að sarga sundur æðar til opinberra stofnana með málflutningi okkar, þá er svo langur vegur frá því. En hv. þm. Halldór Blöndal nefndi það áðan að gengið hefði mjög illa að fá ríkisstofnanir til að vinna saman að því að ná endanlegri niðurstöðu um tillögur að Dettifossvegi. Það hefur dregist von úr viti. Hvernig er það, er þingmönnum ekki heimilt að benda á það ef eitthvað slíkt gengur illa hjá opinberum stofnunum?

Ég tel það mjög til vansa að þessar opinberu stofnanir hafi ekki getað komist að samkomulagi og niðurstöðu um það hvernig Dettifossvegur eigi að liggja. Mér finnst sjálfsagt að nefna það hér, því að þetta er satt að segja að farið að fara býsna mikið í taugarnar á heimamönnum í Norðausturkjördæmi, ferðaþjónustuaðilum sem byggja afkomu sína á því að geta (Forseti hringir.) komið ferðamönnum að Dettifossi til að sýna þessa mestu náttúruperlu okkar. (Forseti hringir.) Getum við ekki farið fram á það við opinberar stofnanir að þær reyni að klára vinnuna sína?

[18:14]

**Hlynur Hallsson**:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð, afargott mál. Það varð dálítið merkileg uppákoma í framhaldi af ágætri ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi eða öllu heldur báðir hv. þingmenn skuli rísa upp í andsvör út af algjörum smáatriðum og hlutum sem ég reikna ekki með að séu mjög mikilvægir í þessu máli. Kann þó að vera af því að það nálgast kosningar að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins séu með eitthvert samviskubit vegna þess að það eru auðvitað mörg mál sem Sjálfstæðisflokkurinn er með í vörn. Ég nefni þar t.d. aukin framlög til Háskólans á Akureyri og Vaðlaheiðargöng, mál sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa því miður ekki komið áfram í þinginu og eiga þar auðvitað við sína ríkisstjórn að sakast en ekki við þingmenn stjórnarandstöðunnar.

Ég ætla hins vegar ekki að fara nánar út í þessi mál heldur ætla ég fyrst og fremst að lýsa yfir ánægju minni með margt af því sem kemur fram í þessu frumvarpi til laga um Vatnajökulsþjóðgarð og hv. þingmenn Steingrímur Sigfússon og Kolbrún Halldórsdóttir hafa farið vel yfir sjónarmið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í því máli. Það er vel við hæfi að nú situr í forsetastól hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra sem ég held að hafi unnið mjög gott verk í því að stofna sérstaka ráðgjafarnefnd um Vatnajökulsþjóðgarð. Nefndin hefur unnið skýrslu fyrir umhverfisráðuneytið sem er afar ítarleg og góð og í sumum tilfellum hefði jafnvel verið betra að fara meira eftir þeirri skýrslu við samningu lagatextans, en í ráðgjafarnefndinni voru einmitt mjög margir heimamenn. Það voru fulltrúar Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps, Ásahrepps frá Rangárþingi ytra, frá Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði og einnig frá Skaftárhreppi og sveitarfélaginu Hornafirði. Og sérstaklega ánægjulegt var, og það á ekki alltaf við um svona nefndir, að í nefndinni sátu fulltrúar frjálsra félagasamtaka, þ.e. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi og varamaður hans var Ulla R. Pedersen. Þetta finnst mér allt vera til mikillar fyrirmyndar.

Til að vera áfram á jákvæðu nótunum vil ég lýsa yfir sérstakri ánægju minni með yfirlýsingu hv. þm. Halldórs Blöndals þegar hann lýsti því yfir í ræðustól að það kæmi ekki til greina að flytja Kreppu úr farvegi sínum og til Austurlands. Þetta þykja mér mikil tíðindi og góð og gott hefði verið að hafa þvílíkan stuðningsmann þegar hin afleita Kárahnjúkavirkjun var ákveðin á hinu háa Alþingi. En

ég vil sem sagt leggja áherslu á að það væri til mikils sóma ef þetta frumvarp yrði að lögum á yfirstandandi þingi þó að auðvitað þurfi að fara vel yfir málið í þingnefnd vegna þess að það er kannski eitt og annað sem þarf að skoða betur.

Í tilefni aftur ummæla hv. þm. Halldórs Blöndals um stofnun Vilhjálms Stefánssonar t.d. þá tek ég undir hvert einasta orð þar. Ég held að það sé afar mikilvægt að slíkar stofnanir séu sjálfstæðar og það sem helst háir þeim er að þær fá ekki nógu mikið fjármagn. En eins og ég kom inn á áðan þá er auðvitað ekki við þingmenn stjórnarandstöðunnar í þeim atriðum að sakast en ég er einlægur talsmaður þess að sem flestar stofnanir úti á landi séu sjálfstæðar og fái nægt fjármagn.

[18:19]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeir bæta um betur þingmenn Vinstri grænna, draga inn í umræðuna Háskólann á Akureyri og Vaðlaheiðargöng. Það vill nú svo til að Háskólinn á Akureyri hefði yfir höfuð ekki komist á stofn nema með stuðningi og sérstakri framgöngu sjálfstæðismanna og vil ég í því samhengi sérstaklega nefna hv. þm. Halldór Blöndal. Það hafa satt að segja ekki aðrir þingmenn unnið betur að því að tryggja Háskólanum á Akureyri fjármagn og staðið betur við bakið á Háskólanum á Akureyri en þingmenn Sjálfstæðisflokksins og ég nefni enn og aftur hv. þm. Halldór Blöndal. Þetta á því ekki við nokkur einustu rök að styðjast og er mjög undarlegt inn í umræðuna um Vatnajökulsþjóðgarð.

Hvað varðar Vaðlaheiðargöng þá er það eitt af því sem við erum að vinna að og það mun sjást í samgönguáætlun þegar hún kemur fram. En sú ágæta samgönguframkvæmd, sem auðvitað skiptir mjög miklu máli fyrir okkar góða kjördæmi, á kannski ekki akkúrat heima í umræðunni um Vatnajökulsþjóðgarð sem er mjög gott mál og við höfum lýst eindregnum stuðningi við. En þessi málflutningur er satt að segja algerlega hreint með eindæmum og ég er mjög hissa á því að hv. þingmaður skuli draga þetta svona fram og nefna okkur sjálfstæðismenn í því samhengi, að við höfum eitthvert samviskubit út af Vatnajökulsþjóðgarði, út af Vaðlaheiðargöngum og Háskólanum á Akureyri. Þetta er satt að segja fráleitur málflutningur, hæstv. forseti.

[18:21]

**Hlynur Hallsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er aldeilis að maður hefur hitt á veikan blett hjá hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í þessu máli. Þessi ræða verið ágæt á fundi hjá Sjálfstæðisflokknum vegna þess að ég held að hv. þingmaður ætti frekar að eiga orðastað við menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins sem ekki hefur sett nógu mikið fjármagn í t.d. Háskólann á Akureyri eða þá hæstv. samgönguráðherra Sjálfstæðisflokksins sem dregur lappirnar eins og við vitum í mörgum þörfum málefnum Norðausturkjördæmis, ég nefni bara flugvöllinn á Akureyri, flugvöllinn á Egilsstöðum og svo Vaðlaheiðargöng.

[18:22]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er náttúrlega ekki svaravert í raun og veru. Veikan blett, hvernig er það þegar orði er vikið að Vinstri grænum? Finnst þeim ekki ástæða til að svara fyrir sig? Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Hlynur Hallsson hafa notað meginhluta ræðutíma síns til þess að fjalla um Sjálfstæðisflokkinn og eyða (**KolH:** Þetta er rangt hjá þingmanninum.) ræðutíma sínum í það að hnotabítast út í Sjálfstæðisflokkinn þegar við erum að fjalla um þetta ágæta mál ... (Gripið fram í.) Ég heyri að þetta kemur við veikan blett þingmanna Vinstri grænna í salnum. (Gripið fram í.) Hvaða ástæðu hafa þeir til þess að vera að hnotabítast út í Sjálfstæðisflokkinn í þessu máli, í málinu Vatnajökulsþjóðgarður? Hver er ástæðan fyrir því? Það væri fróðlegt að heyra það, hæstv. forseti.

[18:23]

**Hlynur Hallsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað ekki rétt að halda því fram að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi eytt meginræðutíma sínum í þessu máli í að fjargviðrast um þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Ég held að þingmenn Sjálfstæðisflokksins séu alveg fullkomlega færir um það að sýna okkur fram á hve veikan málstað þeir hafi að verja í þessu máli ... (**ArnbS:** Í hvaða máli, Vatnajökulsþjóðgarðinn?) Nei, Vatnajökulsþjóðgarðurinn, ég held að ég og hv. þm. Halldór Blöndal og vonandi hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir séum mjög sammála um þetta frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Þess vegna undrar það mig að menn skuli stökkva upp á nef sér og bregðast svona einkennilega við.

[18:24]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar ég var áðan að tala um að það væri nauðsynlegt að gera ýmsar stofnanir á Akureyri sjálfstæðar og óháðar stofnunum í Reykjavík og var að svara því sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði um, en hún talaði um þær sterku æðar sem lægju milli Reykjavíkur og Akureyrar og fannst að næringin yrði að koma að sunnan, þá erum við í rauninni ekki að tala um einhverjar eina eða tvær ríkisstjórnir heldur snýst málið um að ráðamenn stofnana, forstjórar mikilla stofnana sem teygja anga sína víða um land hafa tilhneigingu til að skera frekar niður fjær höfuðstað stofnunarinnar en í hjarta stofnunarinnar sem auðvitað veldur því, og við getum litið á hvaða stofnun sem er, að verkefnin færast inn á miðjuna. Þetta er skýringin á því hversu ör vöxtur opinberrar þjónustu er í Reykjavík.

En á hinn bóginn þegar hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talar um það að við séum of stofnanavænir, ég fór að hugsa um þetta áðan af því að það kemur inn á hið sama. Úti á landi hafa ýmsir vísindamenn og fræðimenn verið að reyna að setja upp litlar stofur, veikburða stofur í raun og veru, af litlum efnum, með miklum vilja og miklum dugnaði til þess að færa þjónustuna heim í hérað og til þess að færa menntað fólk þangað ... (Gripið fram í.) ja, einkaframtakið, Vinstri grænir hafa stutt einkaframtakið þarna sem er mjög gott og ég vildi gjarnan að Vinstri grænir gengju harðar og

betur fram í því. Þá ættum við meiri samleið en við höfum átt.

[18:26]

**Hlynur Hallsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við þetta er litlu að bæta. Eins og ég tók fram í fyrri andsvörum mínum þá held ég að við hv. þm. Halldór Blöndal séum nokkuð sammála um þessi mál. Og auðvitað er það þannig og það er miður að einmitt þegar er verið að skera niður hjá stofnunum, eins og t.d. Náttúrufræðistofnun, þá bitnar það hart á útibúinu á Akureyri og væri auðvitað betra ef það væri sjálfstæð stofnun með eigið rekstrarfé.

Að öðru leyti var hv. þingmaður í einhverju andsvari við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur en ekki við mig en að því get ég ekkert gert.

[18:27]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)**:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim þingmönnum sem tóku þátt fyrir umræðuna og hversu mikil og málefnaleg hún var, a.m.k. sá hluti hennar sem sneri að hinu eiginlega frumvarpi um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Það er kannski rétt að taka fram í upphafi — vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram og þess að sumir þingmenn, eins og ég gerði í framsöguræðu minni fóru allt aftur til 1998 og nefndu þar upphafsmanninn að þjóðgarðinum ef svo má kalla, Hjörleif Guttormsson — að Vatnajökulsþjóðgarður er ekki og verður aldrei eins manns verk. Hann verður fyrst og fremst afrakstur víðtæks samráðs og samvinnu, þverpólitískrar og í góðri sátt við heimamenn, sveitarstjórnarmenn og landeigendur.

Ég vil með þessu svara þeirri áherslu sem Steingrímur J. Sigfússon, einn þeirra þingmanna sem sátu í svokallaðri þingmannanefnd og skilaði áliti sínu, lagði á alúðina sem við eigum að leggja við sáttina í þessu máli. Þá má eiginlega segja að við séum komin inn á það sem helst hefur verið vottur af ágreiningi um í þessum sal og þó ekki. En það kemur vel á vondan, framsóknarmanninn, að leita málamiðlana í því.

Sveitarstjórnarmenn og jafnframt ráðgjafarnefndin lögðu mesta áherslu á að aðkoma heimamanna, aðkoma sveitarstjórnarmanna á svæðum sem land eiga að þjóðgarðinum, væri meiri en hefði tíðkast að öðrum þjóðgörðum. Þau vildu að aðkoma þeirra að stjórn og rekstri þjóðgarðsins yrði meiri en hefur tíðkast með aðra þjóðgarða. Það er í raun útgangspunkturinn. Í ljósi þess sem ég sagði í upphafi, um hversu mikilvægt væri að sátt og samvinna ríkti um þennan stóra þjóðgarð, þetta stóra verkefni, má segja að þetta hafi orðið niðurstaða ráðgjafarnefndarinnar, að stjórnskipulag þjóðgarðsins yrði með þeim hætti sem ég gerði grein fyrir. Annars vegar með svæðisráðunum og hins vegar með því að formenn svæðisráðanna sætu í stjórn þjóðgarðsins ásamt fulltrúum umhverfisverndarsamtaka og fulltrúum skipuðum af ráðherra.

Þegar ég fer í huganum yfir umræðuna sem farið hefur fram í dag þá snýst hún fyrst og fremst um þetta. Ég geri ráð fyrir að inni í umhverfisnefnd verði ekki síst fjallað um á þennan hátt. En svona liggur í því og það er eiginlega forsendan fyrir því að við erum þó komin þetta langt, ef svo má segja eftir átta ára meðgöngu, með þetta mál. Það náðist sátt um hvernig að þessu yrði staðið. Þetta er heilmikið byggðamál fyrir sveitarfélög sem land eiga að þjóðgarðinum.

Vegna þess stjórnskipulags sem frumvarpið gengur út frá geri ég geri ráð fyrir að um það verði fjallað í umhverfisnefnd. Menn hafa bent á hagsmuni þeirra sem ekki eiga land að þjóðgarðinum og á hagsmuni fólks sem býr í Reykjavík, suður og norður, og hinum kjördæmunum sem ekki eiga land að þjóðgarðinum. Ég vil taka fram að útgangspunkturinn í allri þessari vinnu var jafnframt að þjóðgarðurinn með jökulinn sem kjarna og áhrifasvæðin yrðu skoðuð sem ein heild og einn þjóðgarður sem lyti einni stjórn. Þarna er eiginlega farið bil beggja, annars vegar með svæðisráðum sem eru skipuð heimamönnum og hins vegar með landsdekkandi stjórn þjóðgarðsins sem er skipuð formönnum svæðisráðanna auk annarra sem að henni koma.

Vatnajökull og nágrenni hans er perla sem þjóðin á sameiginlega. Það er auðvitað grundvallaratriði að tryggja öllum jafnan aðgang að svæðinu, hvort sem við erum að tala um göngufólk, jeppafólk eða vélsleðamenn, að allir geti notið þess sem svæðið hefur upp á að bjóða og allir geti notið frjálsræðisins og víðáttunnar á hálendinu innan ákveðinna marka svo ekki gangi á auðlindina.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom lítillega inn á akstur á snjó. Mig langar að benda hv. þingmanni á að ekki er ætlunin að koma í veg fyrir að menn geti ekið á jöklinum. Það er sérstakt ákvæði í 15. gr. frumvarpsins um það. Gert er ráð fyrir sérstökum reglum um akstur á jökli og akstri á snjó. Ég leyfi mér að láta við það sitja að benda hv. þingmanni á það.

Annað sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom inn á varðaði friðlýsinguna, að friðlýsingin skyldi gerð með reglugerð. Hv. þm. Mörður Árnason nefndi líka hvort við ættum ekki að friðlýsa með lögum.

Það sem er sérstakt fyrir Vatnajökulsþjóðgarð er að þar er lagt fram sérstakt frumvarp um stofnun eins þjóðgarðs. Það ræðst m.a. af því hve stór þjóðgarðurinn verður og yfir hversu mikið af flatarmáli landsins hann tekur. Það gerir hann líka sérstakan að við þurftum að ná sátt um stjórnskipun þjóðgarðsins. Í þessu frumvarpi og með þessu stjórnskipulagi er ekki gert ráð fyrir stjórn Umhverfisstofnunar eins og verið hefur með aðra þjóðgarða og verður áfram með Snæfellsjökulsþjóðgarðinn.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir mikilli, sterkri og faglegri aðkomu Umhverfisstofnunar að undirbúningi og verndaráætlunum þjóðgarðsins. Jafnframt er gert ráð fyrir reglulegum fundum þjóðgarðsstjórnar með fulltrúum Umhverfisstofnunar. Stjórnsýslustofnunin sem hér hefur komið til umræðu hefur aðsetur í Reykjavík og hugsunin er sú að nýta alla þá fagmennsku sem þar er. En eins og venja er fara friðlýsingar fram og eru ákveðnar með reglugerð ráðherra sem hefur að öllu jöfnu lagastoð í náttúruverndarlögunum en í þessu tilviki er hún í frumvarpinu sem við ræðum um að þessu sinni.

Varðandi mörk þjóðgarðsins er ljóst að þau ráðast endanlega af samningum við landeigendur. Ferillinn í þessu máli er hugsaður þannig að Alþingi samþykki þetta frumvarp, síðan verði látið reyna á samkomulag við landeigend-

ur og því næst ráðist formlega í stofnun þjóðgarðsins.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir innti sérstaklega eftir því hvernig hefði verið staðið að þessum viðræðum við landeigendur. Þær hafa farið fram. Menn hafa tekið misvel í málið en þær munu halda áfram eftir að búið er að samþykkja frumvarpið. Inn í þetta allt saman spilar síðan þjóðlendumálið og þær kröfugerðir sem nú eru í gangi á vissum svæðum. Það er ljóst ef einhverjum þeirra er ekki lokið þá er hvers konar samkomulag við landeigendur með fullum fyrirvara. En að öðru leyti, þegar málum er lokið, eru engin áhöld um við hvaða eiganda skuli semja. En endanleg mörk þjóðgarðsins munu ráðast af samningum við landeigendur.

Varðandi mörkin að öðru leyti kemur það fram í greinargerðinni og í skýrslu ráðgjafarnefndarinnar, á bls. 11 í athugasemdunum með frumvarpinu, hvað teljist til marka þjóðgarðsins, þ.e. hvað verði innan marka þjóðgarðsins. Ég ætla ekki að fara yfir það orð fyrir orð en hins vegar segir þar að þjóðgarðurinn taki við stofnun, það er gert ráð fyrir því af hálfu ráðgjafarnefndarinnar, í fyrsta lagi til alls Vatnajökuls. Norðan jökuls taki þjóðgarðurinn til þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og meginárfarvega Jökulsár á Fjöllum frá upphafi til ósa. Síðan segir í greinargerðinni að jafnframt væri æskilegt að árfarvegur Kreppu og landspilda að lágmarki 150–200 metrar á bökkum beggja árfarvega fylgdi með ásamt Kverkfjöllum og Krepputungu.

Til að taka af allan vafa þá hefur aldrei staðið annað til en að allt vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum og náttúrulegt rennsli árinnar væru friðað með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og þeirri friðlýsingu sem kemur í kjölfarið. En síðan hafa verið nefnd ákveðin svæði sem ekki eru innan þeirra marka sem nefnd eru í greinargerðinni. Jafnframt er á sömu blaðsíðu, í athugasemdunum á bls. 11, talin upp helstu svæði sem eru hugsanleg viðbót við Vatnajökulsþjóðgarð síðar. Það eru m.a. talin upp einhver þau svæði sem hér hafa verið nefnd í dag.

Þetta vildi ég segja, frú forseti, um þjóðgarðsmörkin. Töluverð umræða hefur orðið um þá atvinnusköpun sem af stofnun þjóðgarðsins leiðir. Ég fór líka yfir það í framsöguræðu minni, þ.e. áætlaðar auknar gjaldeyristekjur vegna fjölgunar ferðamanna, bæði innlendra og erlendra. Við erum að tala um að áætlaðar tekjur eru 3–4 milljarðar kr. vegna þessa og jafnframt gert ráð fyrir því að a.m.k. 1,5 milljarðar kr. sitji eftir hjá heimamönnum þannig að auðvitað er þetta stórt og mikið mál fyrir heimamenn.

Varðandi fjármögnun sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom m.a. inn á — hann lagði á það áherslu að standa yrði að stofnun þjóðgarðsins og öllum undirbúningi af miklum myndarskap — ætla ég að árétta að það er gert ráð fyrir því að uppbygging þjóðgarðsins, með því þjónustuneti sem nauðsynlegt er talið, muni kosta 1,150 millj. kr. Það liggur fyrir áætlun um skiptingu þess fjár til fimm ára en að þeim árum liðnum verði lokið uppbyggingu nauðsynlegs þjónustunets og þar með talið hreinlætisaðstöðu sem hv. þm. Halldór Blöndal nefndi í upphafi að nauðsynlegt væri að huga að. Hann nefndi þar sérstaklega Dimmuborgir og Dettifoss. En það er víða svo að þetta er það sem við m.a. höfum í hyggju að byggt verði upp sem hluta af þjónustuneti.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á hugsanlegan stuðning Alcoa og Landsvirkjunar við þetta verkefni. Það er ljóst að í fjárhagsáætlun, áætlun um uppbyggingu þjóðgarðsins, er aðeins gert ráð fyrir fjármagni úr ríkissjóði, 1.150 millj. kr. En m.a. Alcoa og Landsvirkjun hafa lýst áhuga sínum á því að styðja uppbyggingu þjóðgarðsins frekar. Innan ráðgjafarnefndarinnar eru hugmyndir um að styrkja megi þjóðgarðinn í gegnum einhvers konar vinafélag eða velunnarafélag þjóðgarðsins sem fleiri fyrirtæki og einstaklingar sem vilja gætu komið að, þ.e. allir þeir sem vilja leggja málefninu lið. Í umræðunni hefur enginn verið undanskilinn.

Frú forseti. Tími minn er á þrotum. Ég tel mig hafa svarað flestu því sem þingmenn hafa komið inn á í ræðum sínum. Að lokinni umræðu fer málið til umhverfisnefndar þar sem ég veit að það mun fá mikla og góða yfirferð. Miðað við þann velvilja og stuðning sem er við þetta frumvarp í þingsal og í ljósi þess að fulltrúar allra flokka hafa komið að málinu á einu eða öðru stigi vænti ég þess að þetta frumvarp verði afgreitt í mikilli sátt út frá umhverfisnefnd.

[18:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir þessa yfirferð. Ég held að hún hafi svarað allflestum af þeim fyrirspurnum sem ég kom fram með í ræðu minni. Hún hefur svarað á jákvæðan hátt hlutum sem ég hafði áhyggjur af, svo sem um ferðir um jökul og ekki síst um að öll Jökulsá á Fjöllum verði innan friðlýsts svæðis, sem skiptir gífurlegu máli.

Ég er hins vegar svolítið hugsi yfir svarinu varðandi það sem hún segir í kaflanum um að friðlýsingin komist á með reglugerð, eitthvað á þá leið að í þetta sinn verði lagt fram sérstakt frumvarp um svo stóran þjóðgarð og það þurfti að ná sátt um stjórnskipan þjóðgarðsins. Þó verði gert ráð fyrir faglegri aðkomu Umhverfisstofnunar. Þetta svar upplýsir mig um að þessi mál, varðandi stjórnskipan þjóðgarðsins, hafi verið meira hitamál en ég gerði mér grein fyrir. Ég fer að skilja viðbrögðin sem orðið hafa í andsvörum í þessum sal, sem ég á tímabili skildi bara ekki nokkurn skapaðan hlut í. En þetta munum við skoða og ræða um við þá sem að koma í nefndinni.

En ég vil samt koma á framfæri, virðulegi forseti, ábendingum sem Mörður Árnason vildi koma á framfæri og sem við höfum skoðað. Núna þegar búið er að ákveða að þetta verði allt sérsvæði og heyri undir ráðherra, þá setur ráðherra bæði reglugerð um verndaráætlanir, þau mál sem verða kærð og svo á að kæra til ráðherra.

Ég hvet ráðherrann til að skoða þetta ákvæði. Venjulega eru það úrskurðir stofnana sem eru kærðir til ráðherra þannig að ég ímynda mér að þarna hafi einhver mistök orðið hjá ráðuneytinu. Að öðru leyti þakka ég ráðherra fyrir ágæt svör.

[18:43]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg ljóst, eins og kom fram í framsöguræðu minni og ég endurtók áðan, að mikil áhersla var lögð á það af hálfu heimamanna að aðkoma þeirra að stjórn

og rekstri þjóðgarðsins, Vatnajökulsþjóðgarðs, yrði meiri heldur en hefur tíðkast um þjóðgarða.

Í ráðgjafarnefndinni náðist samstaða um þetta stjórnarfyrirkomulag eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Svo vil ég rifja upp það sem kom fram í umræðunni áðan, að svokölluð þingmannanefnd sem fjórir hv. þingmenn sem hér hefur verið getið í dag sátu í, hafði aðrar hugmyndir um stjórnarfyrirkomulag þjóðgarðsins, m.a. þær hugmyndir að þingmenn sætu í stjórn þjóðgarðsins, kosnir af Alþingi.

Þannig hafa ýmsar hugmyndir verið uppi en sáttin náðist um þetta í hinni stóru ráðgjafarnefnd, að haga þessu svona. Síðasta orðið á umhverfisnefndin. Loks, varðandi kæruheimildirnar sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi, vonast ég til að umhverfisnefndin skoði þær rækilega.

[18:45]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan hef ég lagt upp úr því að Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn tengist þjóðgarðinum og verði efld. Ég tel að það yrði miður ef þessi breyting yrði til þess að stýfa hana í staðinn fyrir að styrkja hana með því að setja á fót það sem hér er kallað gestastofa eða eitthvað þvílíkt án tengsla við náttúrurannsóknastöðina. Ég álít að það sé einmitt kjörið tækifæri nú til að efla þar starfsemi og hafa þar miðstöð vísindastarfsemi og rannsókna á þjóðgarðinum norðan Vatnajökuls og bið hæstv. ráðherra að íhuga það.

Í annan stað held ég að það sé út fyrir sig mjög gott að rúmur milljarður skuli ætlaður til að byggja upp þá þjónustu sem lýst er í greinargerð frumvarpsins og hæstv. ráðherra kom að. En það sem ég vék hins vegar að í ræðu minni var að nauðsynlegt er að fylgja því eftir um leið, verði þessi þjóðgarður stofnaður og Alþingi samþykkir hann, að það hljóti að vera óhjákvæmilegt að veita nægilegt fé til vegagerðar innan þjóðgarðsins og að menn trúi því að hugur fylgi máli. Ég nefndi í því sambandi að óhjákvæmilegt væri að nægilegt fé yrði í samgönguáætlun til að hægt yrði að ljúka veginum frá hringvegi niður í Kelduhverfi með Jökulsá á Fjöllum. Ég held að við hljótum að verða að sameinast um það því að það er í samræmi við markmið hæstv. samgönguráðherra þegar hann talar um þjóðgarða í kjördæmi sínu.

[18:47]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fyrst og fremst taka undir áherslur hv. þm. Halldórs Blöndals, það verður að vera hægt að fara um þjóðgarðinn og til að tryggja það er vegagerð auðvitað nauðsynleg.

Hins vegar vil ég segja um Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn, sem er minnsta stofnun umhverfisráðuneytisins með einum starfsmanni, að það eru engar hugmyndir um að veikja þá stofnun. Vegna orðaskipta sem urðu fyrr í kvöld vil ég líka árétta það að hvorki sú stofnun né Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, sem komst inn í umræðuna og var rædd hér áðan, hafa liðið fyrir nokkurs konar fjárskort. Það eru engar hugmyndir um að veikja þessa stofnun og ég veit ekki annað en að báðar þessar stofnanir séu að skila mjög góðum verkum.

[18:48]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að ég hafi ekki skilist, ég kveð ekki nógu fast að orði. Ég var að tala um að ég vildi efla Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn. Það er kjörið tækifæri til þess nú. Þegar ráðist var í Kröfluvirkjun dreymdi menn um að rannsóknastarfsemi sem tengdist Mývatni hefði höfuðstöðvar sínar þar. Nú á að fara að stofna þennan þjóðgarð einmitt í tengslum við Mývatn og það svæði og þess vegna segi ég að það sé eðlilegt að höfuðstöðvar rannsókna á þessu svæði séu einmitt við Mývatn. Það hefur verið mín skoðun og ég sé satt að segja ekki hvernig hægt er að komast hjá því ef menn vilja standa sómasamlega að þjóðgarði norðan Vatnajökuls.

[18:49]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka hér af tvímæli um að ekkert annað hafi staðið til og ekkert annað standi til af hálfu umhverfisráðuneytisins en að leggja til friðlýsingu alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum með náttúrulegum rennslisháttum. Reyndar hafði ég svo sem enga ástæðu til að ætla annað en það er mjög mikilvægt að það liggi hér alveg ótvírætt fyrir og sé skráð í þingtíðindin að ekki beri að lesa neitt annað út úr orðalagi athugasemda við frumvarpið.

Ég vil svo taka fram varðandi þjóðgarðsmörkin sjálf og að hluta til vegna þess að mér láðist að koma inn á það í ræðu minni að ég tel auðvitað að menn þurfi að hugsa miklu stærra en gert er í þessum fyrstu afmörkunardrögum sem ganga talsvert skemmra en tillögur þingmannanefndarinnar. Ég tel að Skjálfandafljót eigi að friðlýsast ásamt með Jökulsá á Fjöllum þannig að stórfljótin beggja vegna Ódáðahrauns séu með í þjóðgarðinum og þá er Aldeyjarfossi, Goðafossi, Barnafossi og fossum í Skjálfandafljóti sjálfkrafa borgið. Þá er auðvitað einboðið að taka Suðurá og Suðurárbotna með. Ég átti nokkurn þátt í því, held ég, að farið var í Vonarskarð og það skoðað og að þingmannanefndin færði í raun heldur út kvíarnar en hitt og ákvað að leggja til að Tungnafellsjökull og Vonarskarð yrðu tekin með. Í Vonarskarði eru einhver mögnuðustu vatnaskil landsins þar sem Kaldakvísl hnígur til suðurs og Rauðá og upptaka kvíslar Skjálfandafljóts til norðurs á sömu sandsléttunni. Auðvitað er einboðið að tengja friðlýsingu Vonarskarðs, sem er ein af kannski minna þekktum en einhverjum allra mögnuðustu náttúruperlum Íslands, við friðlýsingu Skjálfandafljóts. Þá er að mínu mati komin sú stóra heild norður frá Vatnajökli með (Forseti hringir.) Ódáðahrauni og fljótunum beggja vegna sem í framtíðinni á að vera innan þjóðgarðs.

[18:51]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er komið á hreint milli mín og hv. þingmanns varðandi Jökulsá á Fjöllum þannig að ég ætla ekki að endurtaka það. En ég vil nefna það sem ég kom inn á áðan að til viðbótar hinum upphaflegu mörkum þjóðgarðsins sem menn ætla að leggja af stað með og gerð er grein fyrir á bls. 11 í greinargerðinni sem ég nefndi áðan,

þá eru fleiri hugumstórir en hv. þingmaður og vilja sjá þjóðgarðinn stærri þegar upp er staðið. Gerð er grein fyrir því á bls. 11 í athugasemdum við frumvarpið hvaða önnur svæði hafa verið nefnd sem hugsanleg viðbót síðar. Þar er talað um eftirtalin svæði: Norðursvæði: Ódáðahraun og Herðubreiðarfjöll, efsti hluti Suðurár og Suðurárbotnar. Austursvæði: Brúaröræfi og svæði á Jökuldalsheiði. Suðursvæði: Fjalllendi við Hoffellsjökul og Jökulsárlón. Vesturssvæði: Nær öll jaðarsvæði Vatnajökuls, þ.e. frá Núpsstaðaskógum til Veiðivatnasvæðisins, eftir atvikum mismunandi langt frá jökli. Síðan segir að rætt hafi verið við flesta eigendur þessara landsvæða en þær viðræður eru á frumstigi.

Það sem ég vildi árétta með þessu er, eins og kemur fram í athugasemdunum, að við erum mörg hugumstór. Það er ákveðið svæði sem lagt er af stað með sem grundvöll að stofnun þjóðgarðsins og síðan stefnir hugur okkar til þess að svæðið verði enn stærra þegar fram líða stundir en það byggir á samningum við landeigendur.

[18:53]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er það alveg ljóst og ég get vel sætt mig við að veruleikinn sé sá að taka verði stofnun þessa þjóðgarðs í einhverjum áföngum. En það vantar að mínu mati inn í þessa upptalningu sem einmitt er mikilvæg vegna þess að hún hefur visst forspárgildi um það sem menn eru að hugsa um í framtíðinni og ætla sér að ná í fyllingu tímans inn í þjóðgarðinn. Það sem vantar er fyrst og fremst tvennt en það er ekkert smáræði, það vantar Skjálfandafljót og Langasjó og þau svæði sem með því færast réttum megin markanna. Þá væri ég orðinn fyllilega sáttur og ég áskil mér rétt til að berjast fyrir því af alefli það þetta verði haft í sigti. Það skiptir líka máli vegna þess að sé það komið inn í opinbera stefnumótun og hafi það fengið blessun á Alþingi að þetta sé framtíðarsýn manna þá mundum við að sjálfsögðu ætlast til þess að í framtíðinni tækju stjórnvöld mið af því, gæfu ekki út rannsóknarleyfi til virkjana í viðkomandi tilvikum heldur létu þá frekar stunda grunnrannsóknir og náttúrufarskannanir til undirbúnings því að þessi svæði yrðu svo friðuð. Það skiptir miklu máli hvaða sýn (Forseti hringir.) menn hafa akkúrat á þessa hluti.

[18:54]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að láta nægja í seinna andsvari mínu að svara hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni því til að framtíðarsýn okkar er nokkuð áþekk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Úrvinnslugjald, 1. umr.*

Stjfrv., 451. mál (fjárhæð gjalds á umbúðir). — Þskj. 592.

[18:54]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)**:

Frú forseti. Frumvarp það sem ég mæli hér fyrir felur í sér breytingar á nokkrum gjöldum í lögum um úrvinnslugjald. Lög þessi hafa tekið nokkrum breytingum frá því að þau voru samþykkt árið 2002 en vegna efnis laganna var gert ráð fyrir því frá upphafi.

Í frumvarpi þessu eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar til lækkunar á upphæðum úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappa, pappír og plasti og á olíuvörur, prentliti og hjólbarða. Endurskoðun þessari er ætlað að draga úr sjóðsmyndun sem átt hefur sér stað í þessum flokkum, en reynslan hefur sýnt að kostnaður vegna meðhöndlunar þessa úrgangs er lægri en menn reiknuðu með þegar gjöldin voru sett á.

Hvað varðar úrvinnslugjald á umbúðir úr pappa og pappír legg ég til að gjaldið lækki úr 10 kr. á kg í 7 kr. á kg og að úrvinnslugjald á umbúðir gerðar úr plasti lækki úr 10 kr. á kg í 3 kr. á kg. Helsta ástæðan fyrir að lögð er til mismunandi lækkun eftir umbúðategundum er að innsöfnun á umbúðum úr pappa og pappír fór mun betur af stað en innsöfnun á plastumbúðum sem leiðir til að minna hefur verið greitt út af sérgreindum sjóði vegna plastumbúða. Helsta ástæða fyrir að innsöfnun fer misvel af stað er að innsöfnunarkerfi fyrir pappa og pappírsumbúðaúrgang er til staðar hjá mörgum söfnunarstöðum sveitarfélaga en aftur á móti lítil sem engin innsöfnunarkerfi til staðar fyrir plastumbúðaúrgang. Til að örva innsöfnun á pappa- pappírs- og pastumbúðum hefur Úrvinnslusjóður hækkað endurgjald til þjónustuaðila til að hvetja þá til að leggja enn meiri áherslu en nú til að ná árangri í söfnun á þessum flokkum úrgangs.

Einnig eru lagðar til breytingar til lækkunar á upphæð úrvinnslugjalds á olíuvörum úr 14,50 kr á kg í 13 kr. á kg, lækkun á prentlitum úr 34 kr. á kg í 25 kr. á kg og að lokum lækkun á úrvinnslugjaldi á hjólbörðum úr 20 kr. á kg í 15 kr. á kg. Endurskoðun þessi á gjöldum er, eins og komið hefur fram, til þess fallin að draga úr þeirri sjóðsmyndum sem átt hefur sér stað í þessum flokkum.

Í öðru lagi eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á álagningarstofni úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappa, pappír og plasti. Leiðrétta þarf álagningarstofninn og er markmiðið með þeim breytingum að laga álagningarstofn gjaldsins að nýrri og nákvæmari upplýsingum um magn umbúða sem berst til landsins og gera hann þannig sanngjarnari gagnvart innflytjendum vara. Þar sem fjöldi breytinga sem lagðar eru til í viðauka XVIII er mikill er viðaukinn allur lagður fram að nýju í frumvarpi þessu.

Frú forseti. Frá því að frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi hefur tollskránni verið breytt umtalsvert. Þessar breytingar á tollskrá sem tóku gildi um áramót leiða til þess að fjöldi tollnúmera sem mynda álagningarstofn úrvinnslugjalds hefur breyst frá því að frumvarpið var lagt fram. Úrvinnslusjóður hefur í samvinnu við tollyfirvöld unnið að endurskoðun á áðurnefndum viðauka XVIII við frumvarpið og munu þær tillögur verða lagðar fyrir hv. umhverfisnefnd og vona ég að hún geri þær að sínum.

Hvað varðar gildistökuákvæði í frumvarpi þessu óska ég eftir að hv. umhverfisnefnd taki það til skoðunar að seinka gildistöku laganna til 1. mars 2007, þ.e. að þau taki gildi á sama tíma og samþykkt breyting til lækkunar á virðisaukaskatti á matvæli. Er það til mikillar einföldunar fyrir tollyfirvöld svo og atvinnulífið að þessar breytingar eigi sér stað á sama tíma.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. umhverfisnefndar að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10.–14. mál.

Fundi slitið kl. 18:59.

---

# 59. FUNDUR

miðvikudaginn 24. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

*Til samgönguráðherra:*

1. Kaup Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf., fsp. GÓJ, 460. mál, þskj. 633.
2. Suðurlandsvegur, fsp. BjörgvS, 489. mál, þskj. 741.
3. Viðhald þjóðvega, fsp. AKG, 332. mál, þskj. 355.
4. Hætta á vegum á Vestfjörðum, fsp. AKG, 352. mál, þskj. 382.
5. Slys og óhöpp á Vestfjörðum, fsp. AKG, 353. mál, þskj. 383.
6. Þjónusta Símans á sunnanverðum Vestfjörðum, fsp. AKG, 369. mál, þskj. 403.

*Til félagsmálaráðherra:*

7. Greinargerð um jafnréttisáætlun, fsp. KolH, 422. mál, þskj. 497.

*Til umhverfisráðherra:*

8. Loftslagsmál, fsp. HHj, 293. mál, þskj. 306.

*Til heilbrigðisráðherra:*

9. Kaup og sala heyrnartækja, fsp. ÁMöl, 286. mál, þskj. 299.
10. Íslenskukunnátta starfsmanna á öldrunarstofnunum, fsp. AKG, 398. mál, þskj. 442.
11. Geðheilbrigðisþjónusta við aldraða, fsp. HÞ, 505. mál, þskj. 760.

*Til landbúnaðarráðherra:*

12. Fjárveitingar til skógræktar, fsp. HÞ, 504. mál, þskj. 759.

*Til viðskiptaráðherra:*

13. Greiðsluaðlögun, fsp. JóhS, 481. mál, þskj. 733.
14. Vextir og verðtrygging, fsp. JóhS, 499. mál, þskj. 754.

*Til dómsmálaráðherra:*

15. Öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar, fsp. SJS, 251. mál, þskj. 254.
16. Fangelsi á Hólmsheiði, fsp. GÓJ, 319. mál, þskj. 342.
17. Aðgerðaáætlun til að stemma stigu við mansali, fsp. KolH, 434. mál, þskj. 532.

*Til menntamálaráðherra:*

18. Hlutfall verknámsnemenda, fsp. AKG, 331. mál, þskj. 354.
19. Tilraunaverkefnið Bráðger börn, fsp. PHB, 441. mál, þskj. 564.

## *Kaup Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf.*

Fsp. GÓJ, 460. mál. — Þskj. 633.

[10:31]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég hef á þingskjali 633 lagt fram fyrirspurn til samgönguráðherra um kaup Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf. Það vakti athygli nokkru fyrir jól þegar birtust fréttir um að Íslandspóstur hf. hefði keypt Samskipti ehf. Hlutverk Íslandspósts er samkvæmt samþykktum þess að veita almenna og sérhæfða bréfa-, pakka- og sendingaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Fyrirtækið skal veita hvers konar póstþjónustu og hafa á hendi fjármálalega umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem þar um gilda, reka verslun með varning og búnað sem tengist starfsemi félagsins, hafa á hendi flutningastarfsemi og fasteignarekstur og lánastarfsemi og reka aðra skylda starfsemi sem nauðsynleg er til að tilgangi félagsins sé náð.

Samskipti ehf. er hins vegar félag sem hefur boðið upp á ýmiss konar prentun, hvort sem um er að ræða vinnuteikningar, kynningarefni eða umhverfismerkingar, svo sem á gólf, bíla eða glugga. Þá hafa Samskipti ehf. einnig boðið upp á lausnir tengdar sýningum, svo sem gerð sýningarveggja og sölusýningarkerfa. Starfsemi Samskipta ehf. og einnig Samskiptamerkinga ehf., sem Íslandspóstur keypti í leiðinni, felst því aðallega í að veita heildarþjónustu á sviði prentunar og fyrir þátttakendur vörusýninga.

Í tilkynningu um kaupin kom fram að þau væru gerð í því skyni að efla þjónustu póstsins enn frekar og bjóða upp á fjölbreyttari lausnir er styðja við núverandi starfsemi. Þar sagði einnig að með kaupunum vildi Íslandspóstur leitast við að svara kröfum markaðarins um aukna þjónustu á sviði samskiptalausna en viðskiptavinir félagsins, bæði einstaklingar og fyrirtæki, gera sífellt auknar kröfur um fjölbreyttari þjónustu sem félagið leggur metnað sinn í að koma til móts við, eins og segir í tilkynningu frá félaginu.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst þessi kaup orka nokkurs tvímælis og hef ákveðnar efasemdir um ágæti þeirra. Þess vegna hef ég lagt fram fyrrgreinda fyrirspurn til samgönguráðherra og spyr:

1. Hver var tilgangurinn með kaupum Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf.?
2. Hvert var umsamið kaupverð og hvernig á það að greiðast?
3. Hefur ríkið áform um frekari umsvif á prentmarkaði?

[10:34]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Í samþykktum Íslandspósts hf. þar

sem kveðið er á um tilgang og hlutverk félagsins er félaginu m.a. heimilt að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum, svo sem að stofna félag eða félög sem alfarið verða í eigu þess til að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Hlutverk félagsins er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifingar, samskipta og flutningalausna, svo og öðrum sviðum sem tengjast starfsemi þeirra.

Íslandspóstur hf. er rekinn sem hvert annað hlutafélag og er meiri hluta af tekjum félagsins aflað á samkeppnismarkaði hins vegar. Lögum samkvæmt er skýr bókhaldslegur aðskilnaður milli þess hluta í rekstri félagsins sem bundinn er einkarétti í póstþjónustu og hinum sem rekinn er í samkeppni. Stjórnendur félagsins líta á það sem starfsskyldu sína að tryggja viðgang og vöxt félagsins með hagsmuni viðskiptavina og eigenda og ekki síst starfsmanna að leiðarljósi. Í samræmi við samþykktir félagsins hafa stjórnendur Íslandspósts unnið markvisst að því undanfarin ár að mæta kröfum viðskiptavina um aukna þjónustu.

Rekstur Íslandspósts hf. hefur gengið vel undanfarin ár. Félagið var áður fyrr rekið með tapi en hagnaður hefur verið á rekstrinum síðastliðin ár og nam hann á liðnu ári um 250 millj. kr. Hagnaður félagsins er að hluta greiddur í arð til eigandans, ríkissjóðs, en að öðru leyti er honum varið til uppbyggingar félagsins í þeim tilgangi að bæta þjónustu og styðja við aukinn vöxt og arðsemi. Þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir tiltölulega lág póstburðargjöld en þau eru með því lægsta sem þekkist í nágrannalöndum þrátt fyrir óhagstæð dreifingarskilyrði í okkar stóra, dreifbýla landi.

Samskipti ehf. veitir margþætta heildarþjónustu sem ýmist er unnin að hluta eða að fullu hjá fyrirtækinu sjálfu. Þar má nefna ljósritun og útprentun vinnuteikninga, uppsetningu og frágang kynningarefnis og fleira eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda. Starfsemi þessi er mjög á því sviði sem ýmis fyrirtæki á póstmarkaði hafa í vaxandi mæli sinnt á undanförnum árum bæði í Evrópu og Norður-Ameríku. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti er tilgangur kaupa Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf. margþættur og m.a. þessi: Að mæta kröfum viðskiptavina um aukna þjónustu og þá er verið að tala um landið allt. Að leita leiða til að auka hagræðingu í rekstri sem m.a. felst í því að auka nýtingu á afgreiðslu- og dreifikerfi félagsins með auknu vöru- og þjónustuframboði. Að tryggja atvinnuöryggi starfsmanna Íslandspósts með því að undirbúa félagið undir tekjusamdrátt og minnkandi markaðshlutdeild í hefðbundinni starfsemi þegar afnám einkaréttarins gengur í gildi hvað varðar áritуð bréf eins og þekkt er að gert hefur verið ráð fyrir að yrði á hinu Evrópska efnahagssvæði á árinu 2009. Að auka verðmæti eignarhluta félagsins, sem auðvitað skiptir heilmiklu máli.

Í annan stað var spurt: „Hvert var umsamið kaupverð og hvernig á það að greiðast?"

Þann 27. október 2006 var undirritaður samningur um kaup Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf. Í samningnum er kveðið á um að kaupverð sé trúnaðarmál eins og oft er raunin þegar fyrirtæki er keypt af einkaaðila. Samningurinn var gerður með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og samþykki Samkeppnisstofnunar á því að samningurinn bryti ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga. Af hálfu Íslandspósts var endurskoðunarfélagið fengið til þess að framkvæma áreiðanleikakönnun á rekstri Samskipta ehf. og var niðurstaða þeirrar könnunar lögð fram til 19. október 2006. Úrskurður Samkeppnisstofnunar var kynntur þann 8. desember 2006 og segir í niðurstöðu hans, með leyfi forseta:

„Með kaupsamningi 27. október 2006 eignaðist Íslandspóstur allt hlutafé í Samskiptum ehf. Samningur þessi felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna."

Að uppfylltum skilyrðum kaupsamnings tók Íslandspóstur hf. yfir rekstur Samskipta ehf.

Hvað varðar spurninguna hvort ríkið hafi frekari umsvif á prjónunum á sviði prentmarkaðar hefur (Forseti hringir.) samgönguráðuneytið ekki slík áform uppi og get ég komið kannski nánar að því í síðara svari mínu.

[10:39]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta mál er allt hið undarlegasta verð ég að segja. Mér finnst mjög merkilegt að sjá ráðherra íhaldsins eða ráðherra Sjálfstæðisflokksins sem hefur kennt sig við frelsi hér á landi standa hér og verja það að ríkisfyrirtæki, fyrirtæki í eigu ríkisins, fari með svo beinum hætti inn á samkeppnismarkað, eins og prentmarkaðurinn er með kaupum á Samskiptum ehf. Samskipti ehf. hefur verið öflugt fyrirtæki á prentmarkaði og að ríkisfyrirtæki skuli nú hafa keypt fyrirtækið finnst mér fyrir neðan allar hellur og stórundarleg gjörð. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að svara því miklu skýrar hvaða hagsmuni ríkið hafi af því að þetta ríkisfyrirtæki kaupi sig með jafnafgerandi hætti inn á samkeppnismarkað, vegna þess að mér finnst þessi gjörningur óverjanlegur.

[10:40]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Þetta er nefnilega nokkuð afhjúpandi mál fyrir þá stöðu sem er á allt of mörgum sviðum þar sem ríkið er að þvælast inn á hreinan samkeppnismarkað. Ríkisrekstur á að heyra sögunni til á samkeppnismarkaði og prentmarkaðurinn er það svo sannarlega og hefur verið um áratuga skeið. Þess vegna er gjörningur sá að Íslandspóstur hf. kaupi Samskipti ehf. einfaldlega fráleitur og engin rök standa til þess að vera að rugla eðlilega, heilbrigða og hindrunarlausa samkeppni á prentmarkaði með því að ríkisfyrirtæki séu að kaupa upp fyrirtæki og blanda sér þar með inn í samkeppnisrekstur á prentmarkaði. Þess vegna hljótum við að skora á hæstv. samgönguráðherra að beita sér fyrir því að Íslandspóstur hf. dragi sig út úr þeim rekstri, losi sig við eignarhaldið á Samskiptum hf. og leyfi frjálsri samkeppni að vera í friði á samkeppnismarkaði.

[10:42]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Þetta er athyglisvert mál. Ég held að menn ættu kannski svolítið að leiða hugann að því frumvarpi sem varð að lögum í gær um Ríkisútvarpið þar sem gersamlega er galopnað fyrir að það fyrirtæki kaupi alls

konar starfsemi. Það gæti þess vegna verið nuddstofa eða mjólkurbú. Það eru engar hömlur á því. Líklega er þetta þá liður í að gera mögulegt að einkavæða það fyrirtæki, að það fyrirtæki kaupi sér fyrirtæki til að standa undir starfseminni og auka hagnaðinn, af því að menn stefni að þeirri einkavæðingu.

[10:43]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin þó mér hafi ekki þótt þau ítarleg eða ýkjagóð. Sömuleiðis vil ég þakka öðrum þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunum.

Það sem skiptir máli í þessu sambandi er að með kaupum Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf. er ríkið og ríkisfyrirtæki að gera strandhögg á prentmarkaðnum. Þetta gerir það að verkum að samkeppnisstaða annarra á prentmarkaði verður miklu erfiðari, enda er Íslandspóstur miklu stærra og sterkara fyrirtæki og hefur alla burði til að nýta yfirburðastöðu sína á prentmarkaði.

Í máli hæstv. ráðherra áðan kom fram að tilgangurinn með kaupunum væri að auka hagræðingu í rekstri Íslandspósts hf. og sömuleiðis að auka starfsöryggi starfsmanna Íslandspósts hf. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst lítið gert úr starfsmönnum annarra fyrirtækja á prentmarkaði ef ríkið á að vera í því sérstaklega að styrkja starfsöryggi starfsmanna sinna sem kemur auðvitað niður á starfsöryggi annarra starfsmanna á prentmarkaði. Mér finnst að hæstv. samgönguráðherra þurfi sömuleiðis að svara því með skýrari hætti en fram kom áðan, hvort íslenska ríkið ætli að gera frekari strandhögg á prentmarkaði og hvort þetta sé eitthvað sem við megum eiga von á, jafnvel á öðrum mörkuðum.

[10:45]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Það snýst ýmislegt á haus þessa dagana en vegna þess sem hér kom fram hjá hv. þingmönnum þá er það svo að stjórnendur hlutafélaga í eigu ríkisins bera ábyrgð og skyldur í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög án sérstakra afskipta ríkisins af daglegum rekstri þeirra. Telji þeir það samræmast lögum, samþykktum tilgangi og hagsmunum þeirra félaga sem þeir eru í forsvari fyrir að auka beri umsvif á prentmarkaði á öðrum sviðum, þá liggja ekki fyrir áform um afskipti gæslumanna ríkisins á slíkum ráðstöfunum. Á hinn bóginn verður að ætla að þeir muni þess í stað hafa eðlilegt eftirlit með því að tilætluðum árangri verði náð.

Af þessu tilefni vil ég segja að stjórn félagsins, þar sem í er m.a. ágætisfólk, kennt við Vinstri græna og Samfylkinguna, hefur tekið ákvörðun um að fara út í þetta. Guðmundur Oddsson, margreyndur sveitarstjórnarmaður og starfsmaður í skólakerfinu (Gripið fram í.) og mikill forustumaður í Samfylkingunni, hefur tekið þátt í þessu í þeim tilgangi að efla félagið og til að styrkja stöðuna í þágu starfsmanna. Ég treysti þessu ágæta fólki ásamt öðrum forsvarsmönnum, m.a. úr Framsóknarflokknum. Ísólfur Gylfi Pálmason er í stjórn Íslandspósts ásamt Lilju Rafneyju Magnúsdóttur varaþingmanni, sem situr nú á þingi. Ég treysti þessu fólki fullkomlega til að taka ákvarðanir og ég er alveg sammála því fólki að þetta sé eðlileg ákvörðun til að styrkja Íslandspóst hf. í vaxandi samkeppni.

Umræðu lokið.

## *Suðurlandsvegur.*

Fsp. BjörgvS, 489. mál. — Þskj. 741.

[10:47]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um Suðurlandsveg. Hún hljóðar svo:

1. Hyggst ráðherra leggja til að Suðurlandsvegur frá Reykjavík til Selfoss verði tvöfaldaður á næstu fjórum árum? — Vísa ég þar til yfirlýsingar hans í þinginu frá því í desember sl.

2. Ef svo er, verður útboð á hönnun þrígreiningar vegarins afturkallað?

3. Hyggist ráðherra tvöfalda veginn, hvort verður það gert með því að:

a. bæta fjórðu akreininni við þrígreiningu og skilja með vegriði á milli akgreina, eða

b. aðskilja akreinar með bili/eyju?

4. Hvenær áætlar ráðherra að tvöföldun Suðurlandsvegar frá Reykjavík til Selfoss verði að fullu lokið?

Ég legg fram þessa fyrirspurn af því hún tengist þeirri grundvallarumræðu sem verið hefur um málið á síðustu mánuðum um tvöföldun á Suðurlandsvegi. Orðið hafa umskipti í viðhorfum sveitarstjórnarmanna, alþingismanna og heimamanna flestra á Suðurlandsundirlendinu til þessa máls. Almenn andstaða er við svokallaða 2+1 leið og krafa er um að farið verði í fulla tvöföldun 2+2 og skilið á milli akreina með raunverulegum hætti með bili eða eyju þar sem vegrið milli akreina er ekki viðunandi aðskilnaður milli akreina á svo umferðarþungum vegi og skapar slysahættu í sjálfu sér. Síðan bættist það við að sveitarfélagið Ölfus, þar sem vegurinn liggur að stórum hluta í gegnum, ætlar ekki að veita leyfi til framkvæmdarinnar nema um tvöföldun verði að ræða.

Eina varanlega og ásættanlega lausnin er 2+2 tvöföldun á veginum og fullur aðskilnaður á milli akreina. Við höfum áður rætt hve umferðarþungur vegurinn er orðinn, 80–90% umferðaraukning á áratug. Umferðarþunginn á brautinni er meiri en var á Reykjanesbraut þegar ákveðið var að tvöfalda hana. Bráðabirgðalausn á borð við 2+1 með vegriði á milli er ekki ásættanleg.

Við erum að tala um tafarlausa tvöföldun á Suðurlandsvegi á þessu tímabili. Um það er samstaða. Um það snýst baráttan í héraðinu og langt út fyrir það. Hægt var að skilja hæstv. samgönguráðherra svo að hann tæki undir það viðhorf að tvöfalda ætti veginn á næstu missirum, en farið hefur fram útboð á hönnun 2+1 vegar.

Því spyr ég: Verður það ekki afturkallað og ráðist í fulla tvöföldun strax? Þetta er spurning um pólitískan vilja hæstv. samgönguráðherra. Pólitískur vilji þingmanna kjördæmisins blasir við og hvernig umræðunni um endurskoð-

un á samgönguáætlun verður hagað hér og þess vegna kalla ég eftir afdráttarlausri skoðun hæstv. ráðherra.

[10:50]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Rétt er að það komi fram að ég hafði óskað eftir því við hv. fyrirspyrjanda að þessi fyrirspurn yrði látin bíða. Þau skilaboð komust seint til hans þannig að ég taldi ekki ástæðu til að neita að koma upp og ræða málið. Ég hefði talið eðlilegt og í þágu málsins alls að þessi fyrirspurn yrði rædd í tengslum við umræður um samgönguáætlun sem er alveg að bresta á.

Ég tel ekki eðlilegt að ég fari að gefa yfirlýsingar í samræmi við fyrirspurn hv. þingmanns sem sett er fram í fjórum liðum, vegna þess að ég tel eðlilegt að þingsályktunartillagan um samgönguáætlun komi til þingsins áður en ég gef yfirlýsingar um það í smáatriðum, eins og hér er óskað eftir, hvernig við ætlum að standa að endurbyggingu Suðurlandsvegar sem ég hef margsinnis sagt að fara eigi af stað með. En eins og hv. þingmenn vita er það fyrst og fremst gert á forsendum samþykkta Alþingis um fjármuni til slíkra verkefna. Það er því svolítið misvísandi eða jafnvel varasamt að tala þannig um verkefni sem er jafnstórt og tvöföldun Suðurlandsvegar, sem ég tel að fara eigi í, að hægt sé að ljúka því tafarlaust.

Hvað þýðir það að ljúka tvöföldun svo langs vegar tafarlaust? Við sem höfum fylgst með hinum mikilvægu framkvæmdum á Reykjanesbraut vitum hversu mikið verkefni þetta er. Ég tel að hægt væri að vinna þetta verk á fjórum árum, ef nægir fjármunir væru til staðar mætti ná því að langmestu leyti. En til þess þarf mjög öflugan verktaka, vel skipulagðan í öllum sínum verkum, og standa að þessu með þeim hætti að eins stuttur tími og nokkur kostur er færi í þetta verkefni. Það er auðvitað ósk okkar að þetta megi takast á sem skemmstum tíma en hvort okkur tekst það verður að koma í ljós. Fyrst og fremst þurfum við að fjalla um það í tengslum við samgönguáætlunina hvernig við ætlum að stilla þessu upp.

Ég mun að sjálfsögðu kynna áform mín í ríkisstjórn og stjórnarflokkum áður en ég gef yfirlýsingar um þau á hinu háa Alþingi. Hv. þingmenn verða að virða mér það til vorkunnar að ég fari ekki yfir samgönguáætlunina í fyrirspurnatíma áður en ríkisstjórn og stjórnarflokkar hafa komist að pólitískri niðurstöðu í þeim efnum.

Ég vænti þess að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hafi skilning á þessu, eins mikinn áhuga og hann hefur á þessu verkefni eins og allir þingmenn Suðurkjördæmis. Þar er enginn undanskilinn. Þeir hafa allir einlægan og sannan áhuga á að koma þessu verki sem allra fyrst af stað. Ég þakka fyrir þann stuðning sem ég sem samgönguráðherra fæ og vænti þess að skilningur sé á þeirri stöðu að ég byrji ekki að mæla fyrir samgönguáætlun í fyrirspurnatíma á Alþingi.

[10:54]

**Hjálmar Árnason:**

Frú forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að þetta er eitt af þeim málum sem algerlega þverpólitísk samstaða ríkir um, enda er það líklega mesta hagsmunamálið í komandi kosningabaráttu að ljúka þessu verkefni og taka ákvörðun um með hvaða hætti vegabætur á Suðurlandi verða.

Ég tek líka undir að e.t.v. er það óeðlilegt að ráðherra fari að greina frá einstökum atriðum í samgönguáætlun í fyrirspurnatíma en það styttist í að hún verði lögð fram.

Ég vil hins vegar lýsa skoðun minni og fer ekkert dult með það að ég tel að við eigum að horfa mjög til þeirrar leiðar sem Þór Sigfússon hefur boðið, að fara í einkaframkvæmd með skuggagjaldsleið. Hann hefur lýst því yfir að ljúka megi verkinu á fjórum til fimm árum. Við eigum hiklaust að skoða þessa skuggagjaldsleið því að það hraðar verkinu en léttir um leið af ákveðinni pressu gagnvart öðrum mikilvægum samgöngubótum.

[10:56]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Það er hálfömurlegt að hlusta á hæstv. ráðherra boða sífellt í allt haust og vetur að samgönguáætlun sé alveg að bresta á. Menn hafa ekki enn fengið hana í hendur. Það er vegna þess að ekki er hægt að ræða málin í heild sinni sem sífellt er verið að bera upp þessar fyrirspurnir til hæstv. ráðherra. Það er heldur ekki hægt að tala um hvað verður helsta málið í komandi kosningum af þessu tagi fyrr en hægt verður að ræða þessi mál í heild. Menn þurfa auðvitað að geta skoðað sameiginlega helstu þarfir sem eru fram undan og þær eru víða. Þar vega öryggismálin auðvitað mjög þungt. En ég átel hæstv. ráðherra fyrir að vera ekki enn kominn með þessa áætlun til umræðu í þinginu þannig að alþingismenn geti farið að fjalla um hana og skoðað þau mál sem eru brýnust.

[10:57]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það var ansi djúpt á upplýsingum í svari hæstv. samgönguráðherra sem hann gaf áðan við fyrirspurn hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Mér heyrðist satt að segja ekkert svar felast í ræðu hæstv. ráðherra.

Það er hárrétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði að ástæða þess að verið er að spyrja er sú að samgönguáætlun er ekki komin fram og að ráðherrann hefur verið með yfirlýsingar sem gefa ákveðna hluti í skyn.

Þetta er auðvitað mjög stórt mál en það eru líka mjög mörg stór mál sem bíða okkar í vegaframkvæmdum í landinu. Eitt er víst að þegar Samfylkingin tekur við eftir næstu kosningar mun hún sjá til þess að mun meiri fjámunum verði veitt til framkvæmda en gert hefur verið og taka fyrir þau svæði þar sem virkilega (Forseti hringir.) er þörf á að gera brýnt átak í vegamálum.

[10:58]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Þetta var svo dæmalaust svar hjá hæstv. ráðherra að ég veit eiginlega ekki hvernig á að taka því, hvort á að taka því sem fyrirslætti eða undanhaldi í málinu, því það stóð ekkert á hæstv. samgönguráðherra að lýsa því yfir rétt fyrir jólin að tvöfalda ætti veginn austur fyrir fjall.

Nú er spurt um pólitískan vilja hans í málinu og það

þýðir ekkert að skáka í skjóli samgönguáætlunar sem er ekki til og er ekki komin fram. Hún er sjálfsagt í vinnslu einhvers staðar en hún er ekki þinggagn. Hún er ekki í hinni opinberu umræðu. Það er náttúrlega alveg út í hött að fresta allri grundvallarumræðu um samgöngumál og samgönguverkefni vegna þess að það er ekki komin fram samgönguáætlun sem alltaf er verið að bíða eftir. Við vitum öll hér að það þýðir ekkert að skáka í því skjóli.

Að sjálfsögðu þarf að ræða þessi grundvallarmál eins og það að bjóða út hönnun á þrígreiningu á sama tíma og sagt er í þinginu að tvöfalda eigi veginn alla leið. Ég er að kalla eftir þessu hjá hæstv. ráðherra. 2+1 vegur austur fyrir fjall er einfaldlega í uppnámi. Sveitarfélögin neita að taka hann inn á sitt skipulag. Það er pólitísk andstaða við málið og það er pólitísk breiðfylking á bak við 2+2 tvöföldun vegarins alla leið.

Það er þetta og í tilefni þess að hæstv. samgönguráðherra lýsti því yfir, að ég held í fyrsta sinn, rétt fyrir jólin að hann tæki undir að tvöfalda ætti veginn sem ég kalla eftir frekari viðhorfum hans í þinginu til þessa máls sem liggur til grundvallar allri samfélagsumræðu á þessu svæði núna. Þetta er stærsta hagsmunamál Sunnlendinga allra og þúsunda annarra Íslendinga sem fara þarna austur mjög reglulega, eiga kannski sumarhús í fjórðungnum.

Þess vegna ítreka ég spurningarnar til hæstv. samgönguráðherra. Ég felli mig ekki við að ekki sé hægt að ræða samgöngumál hér af því að einhvern tímann á næstunni eigi að fara að ræða samgönguáætlun. Hún er einfaldlega ekki komin fram, hæstv. forseti.

[11:00]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem hv. þingmaður virðist ekki skilja og mér finnst eiginlega vera kominn tími til vegna þess að hann hefur tekið þetta mál mjög oft upp í þinginu í formi fyrirspurna, óundirbúinna fyrirspurna, umræðu utan dagskrár o.s.frv.

Annars vegar vinnum við á grundvelli samgönguáætlunar, eins og framkvæmdir á flugvöllum, höfnum og vegum, og hins vegar vinnum við á grundvelli samþykkta Alþingis um fjárlög.

Tilgangurinn með því að krefjast þess að ég svari um einstök hönnunaratriði í vegagerð eða hvenær tilteknu verki eigi að ljúka sem ekki er komið í endanlegri mynd í samgönguáætlun og samþykkt af Alþingi er því miður að reyna að slá einhverjar pólitískar keilur.

Ég hef vakið athygli á því að ég lít svo á að það sé einlægur vilji þingmanna Suðurkjördæmis, á sama hátt og það er einarður vilji minn, að byggja upp þennan veg eins hratt og eins vel og kostur er. Því skil ég ekki hvers vegna hv. þingmaður og þingmenn Samfylkingarinnar reyna stöðugt að gera þetta mál tortryggilegt, reyna að láta líta svo út sem samgönguráðherra sé einhver þröskuldur í vegi þessara framkvæmda. Öðru nær. Samgönguáætlun hefur sinn gang. Hún kemur í dagsljósið mjög (Forseti hringir.) fljótlega og ég vona að þingmenn taki þátt í efnislegri og málefnalegri umræðu um hana þegar þar að kemur.

Umræðu lokið.

## *Viðhald þjóðvega.*

Fsp. AKG, 332. mál. — Þskj. 355.

[11:03]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Endingartími þjóðvega er almennt áætlaður um það bil 20 ár og á Íslandi að flestir vegir sem við keyrum 20 ára eða eldri og það hefur ekki farið fram hjá neinum í hversu slæmu ástandi vegirnir eru víða. Það er víða missig, kantar eru mjög slæmir og ég tala nú ekki um þegar brotnar upp úr vegunum og þeir eru holóttir og hrjúfir eins og víða er.

Við vitum að umferð hefur aukist alveg gífurlega. Hún hefur margfaldast á örfáum árum og þar með hafa tekjur af umferð líka margfaldast, þ.e. tekjur ríkisins. Þær hafa vaxið um 40% á síðustu þrem árum. Við vitum að það hafa orðið slys vegna ástands þjóðvega á Íslandi m.a. vegna missigs þar sem bílar hafa skoppað til í hálku og farið út af. Við vitum að flutningabílar hafa oltið út af veginum vegna þess að kantar hafa gefið sig og fleira og fleira. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hverjar hafa fjárveitingar til viðhalds þjóðvega verið árin 2003–2006?

2. Hver er áætluð fjárþörf til viðhalds þjóðvega næstu fimm árin?

3. Hve mikið er áætlað að viðhaldsþörf aukist vegna aukinnar þungaumferðar? Verður tekið tillit til hennar við áætlun viðhaldskostnaðar næstu fimm árin?

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra sagði áðan í ræðustóli að það væri unnið á grundvelli samgönguáætlunar. Ég ætla að leyfa mér að mótmæla þeirri fullyrðingu og bendi á að á yfirstandandi kjörtímabili sem nú er senn að renna sitt skeið hefur verið dregið stórkostlega saman í framlögum til vegamála frá því sem vegáætlun segir til um eða samtals líklega um 6 milljarða kr. Þetta kalla ég ekki að vinna samkvæmt vegáætlun, hæstv. forseti, og tel því enn ríkari ástæðu til að spyrja ráðherra út í þessi mál.

[11:05]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Spurt er:

„Hverjar hafa fjárveitingar til viðhalds þjóðvega verið árin 2003–2006?“

Svar mitt er svohljóðandi: Til viðhalds stofn- og tengivega telst endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlagastyrkingar og endurbættar brýr, varnargarðar og veggöng, öryggisaðgerðir, umferðaröryggisáætlun, vatnaskemmdir og viðhald girðinga. Fjárveitingar til þessara verkefna á árunum 2003–2006 hafa verið eftirfarandi í milljónum króna á meðalverðlagi ársins 2006: Árið 2003 2 milljarðar 564 þús., árið 2004 2 milljarðar 535 þús., árið 2005 2 milljarðar 783 þús. og árið 2006 2 milljarðar 826 þús.

Í annan stað er spurt:

„Hver er áætluð fjárþörf til viðhalds þjóðvega næstu fimm árin?“

Í núgildandi vegáætlun, samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, eru fjárveitingar til viðhalds vega 3 milljarðar 14 millj. á árinu 2007 og 3 milljarðar 88 millj. á árinu 2008.

Gert er ráð fyrir að tölurnar hækki í samræmi við vísitöluhækkun fjárlaga.

Í núgildandi samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 er fjárveitingum til viðhalds vega skipt á þrjú tímabil, 2003–2006, 2007–2010 og 2011–2014. Þar er gert ráð fyrir að fjárveitingar verði 10 milljarðar 600 millj. á árunum 2007–2010 og 11,1 milljarður á tímabilinu 2011–2014. Þær tölur eru á verðlagi fjárlaga árið 2006. Þörfin fyrir viðhaldsfé er mikil, sérstaklega til styrkinga og endurbóta á vegakerfinu og kemur það fram í þessum tölum sem hafa hækkað og er gert ráð fyrir í samgönguáætluninni að hækki enn frekar eins og kom fram í þeim tölum sem ég nefndi áður.

Í þriðja lagi er spurt:

„Hve mikið er áætlað að viðhaldsþörf aukist vegna aukinnar þungaumferðar? Verður tekið tillit til hennar við áætlun viðhaldskostnaðar næstu fimm árin?“

Svar mitt er þetta: Vegna mikillar aukningar þungaflutninga um vegi landsins hefur álag á burðarlag á vegum aukist. Aukinn þungaflutningur ásamt aukinni leyfilegri lengd flutningabíla kallar á breiðari vegi og meira rými á gatnamótum en það er rétt að taka fram að reglur á hinu Evrópska efnahagssvæði um öxulþunga voru innleiddar á árinu 1995 og því fer fjarri og fór fjarri þá að vegirnir hefðu verið byggðir upp miðað við þann leyfilega öxulþunga sem þá var innleiddur. Það er kannski vandamálið sem við erum að glíma við í dag.

Sá hluti vegakerfisins sem hefur verið með bundnu slitlagi sl. 25 ár eða um það bil frá árinu 1980, var byggður upp miðað við þær forsendur sem giltu á þeim tíma. Á fyrstu árum tímabilsins var reynt að leggja slitlag á þá vegakafla sem voru best undir það búnir hvað varðar feril í hæð og plani, burðarþoli og breidd. Markmiðið þá var að lengja bundið slitlag sem mest án þess að þurfa að framkvæma nema í litlum mæli dýra styrkingu og breikkun. Síðan var farið að leggja slitlag á verri vegarkafla og gerðar minni kröfur til plan- og hæðarlegu. Síðustu ár hefur verið hert enn frekar á kröfum til plan- og hæðarlegu vega og þær færðar meira að kröfum nágrannaþjóða okkar.

Fyrir 5 árum var tekin ákvörðun um að breikka vegina. Sumir hverjir voru, eða meginleiðir voru 6,5 metrar en síðustu 5 árin hafa þeir verið byggðir 7,5 eða 8,5 metrar og nú hefur verið ákveðið að allar meginleiðir verði byggðar í 8,5 metra breidd. Við hönnun burðarlaga hefur endingartími burðarlaga almennt verið miðaður við 20 ár og litið þannig á að eftir þann tíma þurfi að styrkja veginn. Þetta er í samræmi við það sem almennt tíðkast í nálægum löndum en álag á burðarlög og endingartími burðarlaga eru tengd hugtök. Við hönnun burðarlags vega er umferð og þá einkum þungaumferð áætluð 20 ár fram í tímann. Ef fjöldi þungra bíla sem áætlað er að fari um vegina á því ára tímabili eykst umfram það sem gert er ráð fyrir í hönnun þýðir það að endingartími burðarlagsins styttist til samræmis við það. Aukinn sléttleiki vega hefur einnig áhrif á umferðaröryggi. Forsendur sem leggja verður til grundvallar við gerð viðhaldsáætlunar hafa breyst eins og áður er lýst og það þarf því að auka fé til viðhalds verulega á næstu árum eins og gert hefur verið síðustu ár.

[11:11]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Í svari hæstv. ráðherra komu fram mjög athyglisverðar staðreyndir, þ.e. að á því sex ára tímabili sem hann fór yfir, sem eru annars vegar liðin ár og tvö sem eru fram undan, þá hafi 2,5–3 milljarðar verið áætlaðir í viðhald á vegum. En síðan er gert ráð fyrir 10–11 milljörðum á ári þar á eftir. Þetta segir allt um það að á undanförum árum, eins og allir vita sem ferðast um vegi landsins, hefur viðhald vega verið látið drabbast niður með alveg sérstaklega vondum afleiðingum og við sjáum það alls staðar þegar við förum um vegina. Hæstv. ráðherra hefur greinilega ekki staðið sig í stykkinu enda hefur oft verið á það bent að í þetta vanti gríðarlega fjármuni og fram undan eru bókstaflega endurbyggingar á vegum landsins að stórum hluta.

[11:12]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Sú ábending sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kom með og fiskaði út úr svari hæstv. ráðherra er hárrétt. Viðhaldsfé til vega hefur verið allt of lítið undanfarin ár enda sér maður það þegar maður lítur yfir tölurnar hversu lítið þær hækka og hversu lágar þær hafa verið undanfarið þrátt fyrir að umferðin hafi aukist jafnmikið og ég rakti áðan.

Hæstv. ráðherra taldi upp háar fjárhæðir sem ættu að fara til viðhalds vega á næstu árum á því tímabili sem hann hefur væntanlega látið af störfum sem samgönguráðherra. Það mun því verða hlutverk nýs ráðherra að sjá til þess að viðhaldsfé verði eðlilegt og nokkurn veginn í samræmi við þarfir. En samkvæmt því sem samtök verslunar og þjónustu hafa áætlað mun endurbygging á vegakerfinu, hringveginum um Ísland, kosta milli 10 og 20 milljarða. Endurbygging og viðhald vega eru því framkvæmdir sem munu gleypa afskaplega mikið fjármagn á næstu árum auk þess sem stórir hlutar landsins eru enn þá á frumstigi í vegamálum eins og hæstv. samgönguráðherra er auðvitað kunnugt um þar sem stór hluti þess svæðis er í hans kjördæmi, þ.e. á Vestfjörðunum.

[11:14]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hvaðan hv. þingmaður hefur þær upplýsingar að það kosti 10 milljarða að endurbyggja hringveginn. Ég hef þær upplýsingar að það kosti 15 milljarða að endurbyggja eingöngu veginn til Selfoss þannig að ég vona svo sannarlega að Samfylkingin hafi ekki mótað þá stefnu sem hér kom fram í tölum.

Stóryrði hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um uppbyggingu vegakerfisins eru ekki ný en það verður hins vegar að segja hverja sögu eins og hún er. Ég man aldrei eftir því að hv. þingmaður hafi borið upp, hvorki í þingmannahópnum í Vesturlandskjördæmi gamla eða Norðvesturkjördæmi eða hér á Alþingi, tillögur um að auka framlög til viðhalds vega þannig að þetta er þá loksins að birtast núna. Hann er að átta sig á því að við þurfum að auka slík fjárframlög.

Eins og ég gat um í svari mínu hefur verið bætt við fjármunum í viðhaldsþáttinn en auðvitað vantar alltaf meira. Hvar vantar ekki meiri fjármuni í samfélagi okkar til þess

að byggja nýtt og endurbæta? Samfélag okkar hefur vaxið svo hratt upp og fjárþörfin er svo mikil á öllum sviðum að við verðum að forgangsraða. Til dæmis greiðir umferðin miklu meira í skatta, þ.e. bíleigendur, notendur olíu og bensíns, en fer til uppbyggingar vegakerfisins. Alþingi og ríkisstjórn á hverjum tíma hefur valið þann kost að nota þetta sem skattlagningarleið. Ég hefði auðvitað viljað fá alla þá fjármuni í uppbyggingu vegakerfisins en þeir eru notaðir til annarra samfélagsmála í heilbrigðis-, mennta- og félagsmálum. Ég hef hins vegar ekki heyrt tillögur um það að hv. þingmenn Samfylkingarinnar legðu til að taka fjármuni út úr heilbrigðiskerfinu og leggja í umferðina.

Umræðu lokið.

## *Hætta á vegum á Vestfjörðum.*

Fsp. AKG, 352. mál. — Þskj. 382.

[11:16]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Mikið hefur verið rætt um jarðgangagerð á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar undanfarið og ekki að tilefnislausu. Ríkisstjórnin kom fram með ónýta tillögu um að gerð yrðu jarðgöng um hluta leiðarinnar sem nægir auðvitað alls ekki til að koma þessum samgöngum á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur í viðunandi horf. Nú hafa Bolvíkingar reist rönd við. Þeir mótmæltu kröftuglega sem varð til þess að samgönguráðherra hopaði með þessa ónýtu fyrirætlan sína og setti í gang athugun á öðrum kostum en hins vegar hefur staðið á því eins og reyndar öðrum fyrirætlunum í samgöngumálum á næstu árum að við fengjum upplýsingar um hvað fyrirhugað er að gera.

Það má líka segja þó að minna hafi farið fyrir því að á veginum á milli Ísafjarðar og Súðavíkur er mjög oft hættuástand. Fyrir nokkrum dögum var ég fyrir vestan, á Ísafirði, og hitti þá konu sem vinnur inni á Ísafirði en býr á Súðavík og þegar hún átti leið hjá þar nýlega rétt slapp hún við sjö flóð á veginn og eitt af þessum flóðum var svo stórt að það hefði tekið bílinn niður í fjöru ef hann hefði verið staddur á þeim stað.

Fólk á Vestfjörðum er hugsanlega orðið vant þessu ástandi. Það kemur ekki einu sinni í fréttunum þótt snjóflóð falli á veginn, ekki alltaf í það minnsta, en mér þykir full ástæða til að vekja athygli á þessu ástandi og hvetja til þess að gerð verði metnaðarfull áætlun um það hvernig eigi að koma samgöngumálum Bolvíkinga, Ísfirðinga og Súðvíkinga og samskiptamöguleikum þessara þriggja bæjarfélaga hvert við annað í viðunandi horf. Og það er mjög nauðsynlegt af því að líf og heill þessara íbúa er að veði. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

1. Hvað hefur oft þurft að loka veginum á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar vegna grjóthruns og snjóflóða sl. fimm ár?

2. Hvað hafa á sama tímabili oft verið gefnar úr viðvaranir til vegfarenda um hættu á hruni eða snjóflóðum?

3. Hvað hafa oft fallið snjóflóð á veginn milli Ísafjarðar og Súðavíkur á sama tímabili?

[11:19]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Spurt er: Hvað hefur oft þurft að loka veginum á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar vegna grjóthruns og snjóflóða sl. fimm ár?

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar eru lokanir vegna snjóflóða og grjóthruns árið 2001 einn dagur, árið 2002 þrír dagar, árið 2003 er enginn dagur þannig, árið 2004 fjórir dagar og árið 2005 eru það 10 dagar, samtals 18 dagar. Árið 2005 sker sig nokkuð úr vegna mikillar snjóflóðahrinu á svæðinu á þeim tíma.

Í annan stað er spurt: Hvað hafa á sama tímabili oft verið gefnar úr viðvaranir til vegfarenda um hættu á hruni eða snjóflóðum?

Upplýsingum um fjölda viðvarana hefur ekki verið haldið kerfisbundið saman samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið. Þær eru af ýmsum toga og stundum gefnar af Vegagerðinni og stundum lögreglu. Viðvaranir af þessu tagi eru raunar mjög erfiðar í framkvæmd. Til skýringar má nefna nokkurra daga tímabil þar sem snjóflóð eru talin ólíkleg en ekki útilokuð.

Í þriðja lagi er spurt: Hvað hafa oft fallið snjóflóð á veginn milli Ísafjarðar og Súðavíkur á sama tímabili?

Til eru allgóðar upplýsingar um fjölda snjóflóða. Talið er hve oft er opnað í gegnum snjóflóð og getur stundum verið um fleiri en eitt snjóflóð að ræða. Bent skal á að oftast falla snjóflóð úr mörgum giljum í sama veðrinu þannig að dagar þegar snjóflóð falla eru mun fleiri.

Snjóflóð sem fallið hafa á vegi 2001–2005 á milli Súðavíkur og Ísafjarðar eru í Súðavíkurhlíð 100 og í Kirkjubólshlíð 33, alls 133 snjóflóð. Í Óshlíðinni er um að ræða 68 snjóflóð á þessu tímabili, 2001–2005, þannig að öllum má ljóst vera að áform um jarðgöng á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur hafa mikla þýðingu og þetta vekur að sjálfsögðu athygli á því við hvaða aðstæður íbúarnir búa þarna og almenningur kannski í landinu áttar sig þeim mun betur á því hversu mikilvægt það er að bæta þarna úr.

[11:22]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem vissulega eru athyglisverð. Það er t.d. athyglisvert hversu miklu oftar er lokað á veginum milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar núna síðari árin, enda er það auðvitað í samræmi við þær upplýsingar sem við höfum um gerð hlíðarinnar fyrir ofan veginn, þ.e. að hún er bókstaflega á leiðinni niður í sjó. Það er smám saman að hrynja úr henni og hrunið er mjög að aukast.

Það var líka mjög athyglisvert að fá upplýsingar um öll flóðin sem eru að falla á veginn milli Súðavíkur og Ísafjarðar, þ.e. 100 flóð á þessu árabili í Súðavíkurhlíð og 33 í Kirkjubólshlíð. Þetta undirstrikar að það þarf ekki eingöngu að setja niður jarðgöng á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur þó að það sé að sjálfsögðu mjög brýn framkvæmd heldur þarf líka að undirbúa jarðgöng og gerð þeirra sem allra fyrst á milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Það er ekki aðeins um öryggi íbúanna að tefla þarna, heldur er þannig háttað að byggingarland, í Skutulsfirði skulum við segja, er takmarkað og ekki gott víða vegna staðhátta en hins vegar er úr-

valsbyggingarland bæði í Bolungarvík og Súðavík. Eðli málsins samkvæmt væri hagkvæmt að byggja upp þar t.d. íbúabyggð en fólk gæti sótt atvinnu sína inn á Ísafjörð eða frá Ísafirði inn í hin þorpin ef svo háttaði til ef samgöngur væru í lagi sem þær eru ekki í dag.

Umræðu lokið.

### *Slys og óhöpp á Vestfjörðum.*

Fsp. AKG, 353. mál. — Þskj. 383.

[11:25]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Þessi fyrirspurn mín er að sjálfsögðu af sama toga og sú á undan, þ.e. ég er að hugsa um öryggi vegfarenda á vegunum á Vestfjörðum á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, og Ísafjarðar og Súðavíkur og spyr því hæstv. ráðherra:

1. Hvað hafa á sl. 10 árum orðið mörg umferðaróhöpp annars vegar og slys hins vegar sem rekja má til ástands vegar og/eða veðurfars á leiðunum a. Bolungarvík – Ísafjörður, og b. Ísafjörður – Súðavík?

2. Hvað er talið að tjón á farartækjum og vinnuvélum nemi á sama tímabili hárri upphæð á núvirði?

[11:26]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Fyrirspurninni sem hljóðar í fyrsta lagi: Hvað hafa á sl. 10 árum orðið mörg umferðaróhöpp annars vegar og slys hins vegar sem rekja má til ástands vegar og/eða veðurfars á leiðunum a. Bolungarvík – Ísafjörður, og b. Ísafjörður – Súðavík? vil ég svara í samræmi við upplýsingar sem ráðuneytinu hafa borist frá stofnunum um að á veginum milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur á tímabilinu 1996 til septemberloka árið 2007 varð eitt banaslys, fjögur alvarleg slys, 21 slys með litlum meiðslum og óhöpp án meiðsla voru 55, látnir sem sagt einn, alvarlega slasaðir 4 og lítið slasaðir 27.

Á veginum milli Ísafjarðar og Súðavíkur á sama 10 ára tímabili hefur orðið banaslys í einu tilviki, alvarlegt slys í þremur tilvikum, slys með litlum meiðslum í 13 tilvikum og óhöpp án meiðsla í 55 tilvikum. Þarna hafa látist þrír einstaklingar, þrír slösuðust alvarlega og 20 lítið.

Í öðru lagi er spurt: Hvað er talið að tjón á farartækjum og vinnuvélum nemi á sama tímabili hárri upphæð á núvirði?

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga er meðalmunatjón í ábyrgðartryggingum ökutækja um 240 þús. kr. vegna umferðarslysa og er þá eingöngu um að ræða skemmdir á ökutækjum. Miðað við þessar upplýsingar eru tjónagreiðslur tryggingafélaga 36.721.000 vegna 153 umferðarslysa á árunum 1996–2006 á leiðinni Bolungarvík – Ísafjörður – Súðavík. Við þetta er því að bæta að oft er ekið við erfiðar aðstæður. Við þekkjum það sem förum oft um þjóðvegi landsins í öllum landshlutum að aðstæður, ekki síst á veturna, eru vægast sagt háskalegar þegar hálka er. Þess vegna er það þegar allra veðra er von mikilvægt að gera þær endurbætur á vegakerfi landsins að það sé reynt að sneiða hjá því að fara yfir fjallvegi, fara yfir hálsa og hæðir þar sem brekkur eru. Hún olli mér satt að segja miklum vonbrigðum, sú andstaða sem hefur verið við það að byggja upp vegi, eins og Vestfjarðaveginn í Gufudalssveitinni þar sem verið er að færa veginn frá hálsunum en vetrarfærð og akstur í öllum veðrum leiðir oft til slysa. Það er ekki ofsögum sagt að aðstæður á þjóðvegunum, bæði vegna veðurs, snjókomu og hálku eru oft þannig að slys verða og í því ljósi þarf að sjálfsögðu að taka ákvarðanir í sambandi við uppbyggingu vegakerfisins.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir að leggja fram þessa fyrirspurn. Hún vekur athygli á okkar mikilvæga viðfangsefni sem er að byggja upp vegakerfið með öryggið í fyrirrúmi.

[11:30]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Það sem hæstv. ráðherra sagði í sínu svari slær mig þannig að á þessum stuttu vegum sem þarna var um spurt séu gríðarlega mörg slys og hörmuleg. Það er auðvitað ástæða til þess að hafa þetta mikið í huga þegar menn taka ákvarðanir um það að hverju þeir beina fjármagni í vegamálum. Viðhald vega og endurbætur á þeim með tilliti til þess hversu hættulegir þeir eru er auðvitað viðfangsefnið núna. Ég held að hæstv. ráðherra hafi áttað sig vel á því. Hann hefur margsagt að hann vilji beina kröftunum að þessu. En þarna eru líka framtíðaráform sem þarf að gera þannig að menn viti að hverju þeir stefna þarna, hvar verði gerð jarðgöng og hvar verði gerðar aðrar endurbætur.

[11:31]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við fyrirspurn minni. Mér þótti þau athyglisverð. Það kemur í ljós að á þessu árabili sem ég spurði um hafa 159 manns lent í óhöppum eða slysum og þar af eru tvö banaslys og sjö tilvik þar sem viðkomandi er alvarlega slasaður. Þetta undirstrikar meira en allt annað hversu nauðsynlegt er að hraða vegabótum á þessu svæði sem er svo hættulegt yfirferðar. Ég vek athygli á því að við erum í báðum tilfellum að tala um stuttar leiðir. Það er ekki nema hálftíma akstur á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur og á þessari hálftíma akstursleið verða öll þessi slys. Það er álíka löng vegalengd sem við erum að tala um milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Þarna slasast 160 manns eða lenda í óhöppum á þessu tímabili.

Þetta sem sagt undirstrikar enn og aftur hversu hættulegar þessar leiðir eru og hversu nauðsynlegt er að fara strax í varanlegar endurbætur á þessum samgönguleiðum og það verður auðvitað ekki gert nema með jarðgöngum.

Umræðu lokið.

## *Þjónusta Símans á sunnanverðum Vestfjörðum.*

Fsp. AKG, 369. mál. — Þskj. 403.

[11:33]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ekki voru allir hrifnir þegar ákveðið var að selja Landssíma Íslands og enn færri voru hrifnir af því að selja grunnnet Símans með og á meðal þeirra sem voru á móti því voru þingmenn Samfylkingarinnar. Okkur grunaði að þetta hefði ýmsar miður heillavænlegar afleiðingar í för með sér sem hefur svo komið á daginn. Þetta hefur haft í för með sér ýmsar afleiðingar sem okkur óraði ekki fyrir og sennilega engan. Þjónusta hefur versnað til muna. Það þekkja íbúar landsbyggðarinnar. Það þarf að bíða mun lengur en áður eftir mjög einfaldri þjónustu og viðhaldsþjónusta hefur versnað. Nú er svo komið að ég sé ekki betur en að öryggi íbúanna sé stefnt í hættu vegna þess að Síminn tilkynnti fyrir áramótin að hann ætlaði að loka starfsstöð sinni á sunnanverðum Vestfjörðum og flytja starfsemina eða þjónustukjarnann til Stykkishólms, ef ég man rétt.

Þannig háttar til eins og öllum er kunnugt að Síminn sér um einhverjar endurvarpsstöðvar útvarpsins og útvarpið er helsta öryggistæki landsmanna. Mér finnst því mjög mikið áhyggjuefni að sá sem á að sjá um viðhald á tækjum Símans, útbúnaði á Suðurfjörðum Vestfjarða, sé ekki lengur staðsettur þar á því svæði heldur þurfi hann að koma jafnvel alla leið frá Stykkishólmi nema svo vel vilji til að hann sé staddur á sunnanverðum Vestfjörðum ef eitthvað kemur upp á. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

1. Telur ráðherra að öryggi og þjónusta við íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum verði tryggt á fullnægjandi hátt ef verður af fyrirætlun Símans um að leggja niður starfsemi á Patreksfirði?

2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja eftirlits- og viðhaldsþjónustu við endurvarpsstöðvar útvarps á sunnanverðum Vestfjörðum?

[11:36]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Það er svo margt að breytast í samfélaginu en áfram hugsar sumt fólk þannig að ríkið eigi að gera alla hluti. En hér er spurt:

Telur ráðherra að öryggi og þjónusta við íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum verði tryggt á fullnægjandi hátt ef verður af fyrirætlun Símans um að leggja niður starfsemi á Patreksfirði?

Svar mitt er svohljóðandi: Síminn er hlutafélag eins og hv. þingmenn þekkja sem starfar á samkeppnismarkaði og ber þannig réttindi og skyldur að einkarétti. Síminn er ekki lengur að neinu leyti í eigu ríkisins. Fyrirtækið þarf því ekki að gefa upplýsingar eða leita heimilda stjórnvalda til breytinga á starfsemi sinni nema skýrt sé kveðið á um það í lögum.

Þá eru ákveðnar skyldur sem hvíla á fjarskiptafyrirtækjum. Sem dæmi um slíkar skyldur má nefna 54. gr. fjarskiptalaga en þar er kveðið á um verndun almenna talsímaréttarins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrirtæki sem bjóða almenna talsímaþjónustu skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem miða að því að almenna talsímanetið og almenna talsímaþjónustan, þ.m.t. neyðarþjónusta, rofni ekki."

Í þessu sambandi meðal annars getur Póst- og fjarskiptastofnun sett skilyrði sem varða rekstraröryggi neta samanber 3. mgr. 6. gr. laga um fjarskipti þannig að símafyrirtækjunum eru að þessu leyti settar skorður án þess að ríkisvaldið segi til um starfsmannafjölda eða þá þjónustu sem eigi að vera til staðar. Hún er á ábyrgð fjarskiptafyrirtækjanna. En fjarskiptafyrirtækin þurfa að uppfylla þessi skilyrði.

Í annan stað er spurt:

Hvernig hyggst ráðherra tryggja eftirlits- og viðhaldsþjónustu við endurvarpsstöðvar útvarps á sunnanverðum Vestfjörðum?

RÚV er með samning við Símann samkvæmt mínum upplýsingum og ráðuneytið hefur fengið það staðfest um eftirlits- og viðhaldsþjónustu á dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Það ættu hv. þingmenn að hafa kynnt sér allrækilega síðustu daga og kannski hefur það verið rætt hér. (**Gripið fram í:** Menntamálaráðherra svaraði engu.) Samkvæmt honum sér Síminn því um að tryggja eftirlit og viðhald við endurvarpsstöðvar á sunnanverðum Vestfjörðum sem og annars staðar á landinu. Það er því Ríkisútvarpsins að sjá til þess að Síminn standi við gerða samninga, og/eða sá aðili sem útvarpið semur við, og tryggi eftirlits- og viðhaldsþjónustu við endurvarpsstöðvar á sunnanverðum Vestfjörðum eins og annars staðar á landinu.

Þetta er mitt svar, virðulegur forseti. Að öðru leyti vil ég vegna ræðu hv. fyrirspyrjanda segja að sala Símans er eitt af þeim málum sem voru mikið rædd á sinni tíð. Menn töluðu mikið um að ekki mætti selja grunnnetið meðal annars þingmenn Samfylkingarinnar. Á sama tíma og í framhaldi af því var á vegum Orkuveitu Reykjavíkur verið að undirbúa það og síðan var gerð tilraun til þess engu að síður á vegum Samfylkingarinnar og þeirra sem stóðu að R-listanum að selja grunnnetið sem Orkuveitan var búin að byggja upp og selja það í hendurnar á Símanum sem fer með þetta net. Ég er sömu skoðunar og ég var áður að ég tel eðlilegt að hafa sjálft grunnnetið með þeim hætti sem við gerðum og að í því felist besta tryggingin á samkeppnismarkaði meðal annars með þeim ströngu reglum sem fjarskiptalögin setja um aðgang að netum og heimtaugum, þ.e. að það hafi verið besta tryggingin fyrir því að við fengjum eðlilega framþróun á vettvangi fjarskiptanna í okkar landi enda er staðreyndin sú að framfarir okkar í fjarskiptum hafa orðið meiri síðustu árin en er að gerast í öðrum löndum og notkun okkar á fjarskiptum, tölvum og internetinu og farsímum er meiri en hjá flestum öðrum þjóðum vegna þess hversu vel við höfum byggt upp þetta kerfi allt og ekki síst núna síðustu árin. Til fróðleiks er hægt að segja frá því að yfir 50 (Forseti hringir.) aðilar hafa leyfi til fjarskiptastarfsemi á Íslandi.

[11:41]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra var einmitt að lýsa því hvaða afleiðingar það hefur haft að selja grunnnetið frá Símanum og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hefur hann gert

þeim sem reka Símann grein fyrir því eða lýst því yfir að hann hafi gert um það samning sem í er fólgin sú ákvörðun að leggja niður siglingar frá Stykkishólmi til Vestfjarða? Er víst að þeir hjá Símanum sem reka það fyrirtæki geri sér grein fyrir því að það verður enn þá lengra og tímafrekara að komast til þess að gera við á Vestfjörðum eftir að þær siglingar leggjast niður, ef þær leggjast niður? Það liggur fyrir samkvæmt þeim samningi sem hæstv. ráðherra ber ábyrgð á að þessar siglingar munu leggjast af.

[11:42]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem mér fundust athyglisverð. Það kom nefnilega fram í þeim að hæstv. ráðherra telur sig ekki bera ábyrgð á neinu. Hann ber ekki ábyrgð á því hvernig fjarskiptafyrirtækin haga sér og hann ber ekki ábyrgð á því hvort þau haga sinni starfsemi þannig að eðlilegt sé að áætla að þau geti brugðist við á viðunandi hátt og á viðunandi tíma ef bilun verður. Ýmist bera fjarskiptafyrirtækin sjálf ábyrgð eða þá að Ríkisútvarpið ber ábyrgð. En þetta kemur hæstv. ráðherra bara ekkert við, ekki nokkurn skapaðan hlut, jafnvel ekki þó hann hafi eins og við hin væntanlega tekið eftir því núna á haustdögum að íbúar á suðurfjörðum Vestfjarða voru án útvarps ef ég man rétt í tvo daga. Það tók viðgerðarmann einn eða tvo daga að komast á staðinn vegna þess að hann var staðsettur utan Patreksfjarðarsvæðisins. Við verðum að áætla það að einmitt á þeim tímum sem raunhæfast eða eðlilegast er að búast við því að hlutirnir bili, þ.e. í vondum veðrum og á slíkum stundum þá er erfiðast að komast á staðinn. Hæstv. ráðherra er kunnugt um að samgöngur til suðurfjarða Vestfjarða eru ekki greiðar. Þær eru hvorki greiðar yfir sjó né landleiðina, hvorki frá Stykkishólmi né frá norðurhluta Vestfjarða. Ég verð því að segja, virðulegi forseti, að mér blöskrar kæruleysi eða áhyggjuleysi hæstv. ráðherra.

[11:44]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Nú kom kennarinn upp í hv. þingmanni þegar henni blöskrar kæruleysið er hún lítur yfir nemendahópinn hér. Ég svaraði því alveg skýrt og skorinort áðan að það er á ábyrgð Ríkisútvarpsins og þeirra þjónustuaðila sem Ríkisútvarpið semur við að sjá til þess að útvarp náist. Samgönguráðherra kemur þar hvergi að. Það er alger misskilningur ef hv. þingmenn halda að samgönguráðherra sé með vinnuflokka í því að gera við bilaða senda á vegum útvarpsins. Ég bara skil ekki þessa umræðu. Þetta er alger grundvallarmisskilningur. Hins vegar er það þekkt að ... (**Gripið fram í:** ... sameiginlegir hagsmunir, er það ekki?) Jú, jú, sameiginlegir hagsmunir felast í því og það eru hagsmunir okkar að sjálfsögðu allra íbúa að þetta sé í góðu lagi. En stundum eru veður þannig að jafnvel sendar fara niður og þá þarf að tryggja það að sjálfsögðu að Ríkisútvarpið eða aðrar útvarpsstöðvar eigi þess kost að láta gera við

Hér blandast inn í með sérkennilegum hætti samningur um ferjusiglingar á Breiðafirði sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi. (Gripið fram í.) Þær skipta svo sannarlega miklu máli fyrir samgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum. Það er samningur við rekstraraðila þar á grundvelli gildandi vegalaga. Hér fyrir þinginu liggur nú frumvarp til vegalaga sem gerir þá breytingu að áfram verður hægt af hálfu ríkisins, þrátt fyrir uppbyggingu vegar um Barðaströndina, þ.e. ef frumvarpið verður að lögum þá verður áfram hægt að semja um siglingar yfir Breiðafjörðinn og ég vona að hv. þingmaður styðji þá breytingu svo tryggja megi að samið verði á grundvelli útboðs um áframhaldandi siglingar.

Umræðu lokið.

## *Greinargerð um jafnréttisáætlun.*

Fsp. KolH, 422. mál. — Þskj. 497.

[11:47]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Eitt af þeim stjórntækjum sem löggjafinn hefur sett hæstv. ráðherrum í hendur til að fylgja eftir þeim málum sem hér eru samþykkt eru aðgerðaáætlanir af ýmsu tagi. Ein þeirra aðgerðaáætlana heyrir undir hæstv. félagsmálaráðherra, eflaust fleiri, en sú sem ég vil beina athyglinni að núna er jafnréttisáætlunin. Samkvæmt jafnréttisáætlun sem samþykkt var á Alþingi Íslendinga í lok maí 2004 var gerð sérstök grein fyrir því í greinargerð með tillögunni að félagsmálaráðuneytið skyldi annast eftirfylgni framkvæmdaáætlunarinnar og segir í 6. tölulið greinargerðarinnar með tillögunni, með leyfi forseta:

„Til að tryggja það að raunverulegur árangur náist við framkvæmd verkefna þeirra sem hér eru tíunduð er mikilvægt að gerð sé úttekt á árangri ríkisstjórnarinnar. Skilgreina verður á hvaða hátt þetta verður gert, en æskilegt er að slík úttekt verði gerð um mitt framkvæmdatímabilið og aftur í lok þess. Þá skal meta hvert verkefni, hvort sem því er lokið eða ekki, og leggja mat á þau áhrif sem það hefur haft.“

Um mitt tímabil sem mun hafa verið vorið 2006 hefði átt að líta dagsins ljós einhvers konar mat ráðherra eða ráðuneytisins á því hver staðan væri. Ég kannast ekki við að hafa séð slíkt. Það er ástæðan fyrir því að ég set fram þessa fyrirspurn til hæstv. ráðherra, spyr hvort þess sé að vænta að ríkisstjórnin leggi fljótlega fram greinargerð um stöðu verkefna og árangur að jafnréttisáætlun 2004–2008 í samræmi við ákvæði áætlunarinnar. Kunnara er en frá þurfi að segja að hæstv. félagsmálaráðherra vorið 2004, sem er raunar ekki sá sem hér situr heldur flokksbróðir hans, Árni Magnússon, þurfti að þola nokkrar ákúrur af hendi okkar stjórnarandstöðuþingmanna í það minnsta í umræðunni, enda var þá orðið opinbert og ljóst að ríkisstjórnin hafði staðið sig afar slælega hvað varðaði áformin sem jafnréttisáætlunin, sem átti að gilda til 2004, lagði ríkisstjórninni á herðar. Þannig stóð það enn þá út af að einhver ráðuneyti voru ekki enn þá búin að setja sér jafnréttisáætlun og hæstv. ráðherra gat ekki annað en viðurkennt að ríkisstjórnin hefði staðið sig slælega og tækin eða úrræðin sem ráðherrarnir hefðu og ráðuneytin væru kannski ekki nægilega sterk. Lofað var bót og betrun og við sem höfum reynt að fylgjast með þessum málaflokki vonumst eftir að fá að sjá árangur á

þessu tímabili og þess vegna tel ég mikilvægt að þetta milliuppgjör verði lagt fram hið allra fyrsta.

[11:50]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn er varðar greinargerð um jafnréttisáætlun og ég þakka henni fyrir þá spurningu. Ég get með ánægju upplýst að nú liggja fyrir í ráðuneytinu drög að ítarlegri skýrslu um stöðu og þróun í jafnréttismálum frá árinu 2004. Vinna við frágang skýrslunnar er á lokastigi en fjölmargir aðilar hafa lagt hönd á plóginn við undirbúning hennar. Ég get upplýst hv. þingmann um að ég er þegar með drög að þeirri skýrslu í mínum höndum. Samhliða því að greinargerðin verður lögð fram verður lögð fram endurskoðuð þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

Ég vil jafnframt geta þess að nefnd er að störfum sem vinnur að endurskoðun laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar allra þingflokka á Alþingi auk fulltrúa frá Jafnréttisstofu en formaður nefndarinnar er Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum í febrúar næstkomandi og er því ljóst að jafnréttismálin verða mjög fyrirferðarmikil í starfi ráðuneytisins á næstu vikum og væntanlega á vettvangi Alþingis á vorþingi og að sjálfsögðu er það vel.

Hvað greinargerðina varðar sem hv. þingmaður spyr um stefni ég að því að leggja hana fram á Alþingi á allra næstu vikum og þá mun gefast góður tími til að ræða þennan mikilvæga málaflokk á Alþingi.

[11:52]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er gott til þess að vita að skýrslan eða greinargerð skuli vera á næsta leiti um stöðu mála á þessu miðju tímabili sem er reyndar komið dálítið fram yfir þann tíma sem gert var ráð fyrir. Það skiptir verulegu máli að stjórnarandstaðan geti á þessum vettvangi sýnt ráðherranum þetta aðhald sem ég tel okkur vera að gera og mig í þessu tilfelli varðandi jafnréttisáætlunina. Maður hefur oft á tilfinningunni að þegar við setjum fram fyrirspurnir af þessu tagi séum við aðeins að vekja ráðherrana og þeir fari þá að spyrjast fyrir um viðkomandi málefni í sínum ranni og það hafi kannski í þessu tilfelli orsakað það að hæstv. ráðherra getur nú með góðri samvisku rekið á eftir verkinu og tryggt að það fari að líta dagsins ljós.

Hæstv. ráðherra getur um það að endurskoðun jafnréttislaga standi yfir. Mér er kunnugt um það því að við vinstri græn eigum fulltrúa í þeirri nefnd og höfum fengið að fylgjast með í gegnum hana. Ég verð að viðurkenna að það er metnaðarfullt verkefni og ég vona náttúrlega eins og hæstv. ráðherra að þar takist vel til. Hitt verðum við svo að halda áfram að standa vörð um, að jafnréttisáætlunin sem samþykkt er á Alþingi Íslendinga sé með þeim hætti að henni sé framfylgt. Auðvitað stendur vilji allra til þess að þegar hæstv. ráðherra lýsir inn í það hvernig ráðherrarnir hafa staðið sig hingað til frá vorinu 2004, þá sjái menn að einhver árangur hafi orðið. Ég í öllu falli vona sannarlega og í sjálfu sér krefst þess að ríkisstjórnin sýni meiri árangur í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna innan stjórnkerfisins og innan þess geira sem ríkisstjórnin hefur yfir að ráða heldur en henni tókst árið 2004 varðandi fjögur árin þar á undan. Ég held að það skipti verulegu máli að hæstv. ráðherra brýni sitt fólk til dáða og jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna fái mannafl til að fylgja verkum sínum vel eftir.

[11:55]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að auðvitað er mikilvægt að jafnréttisáætlun eins og reyndar öðrum framkvæmdaáætlunum sé framfylgt. Ég held að þannig standi hugur manna en að sjálfsögðu höfum við séð það með ýmsar áætlanir að misjafnt er kannski hvernig það gengur. En við munum þá sjá það í þeirri greinargerð sem hér er fjallað um hvernig hlutir hafa þróast á þeim tíma sem þar um ræðir. Ég vænti þess að við fáum af því tilefni góða umræðu um þennan málaflokk sem er gríðarlega mikilvægur. Við þurfum sannarlega að standa saman um að ná meiri árangri og það vissulega á við samfélagið í heild sinni. Ég veit að við hv. þingmaður munum ekki láta okkar eftir liggja í þeirri baráttu.

Umræðu lokið.

## *Kaup og sala heyrnartækja.*

Fsp. ÁMöl, 286. mál. — Þskj. 299.

[11:56]

**Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):**

Virðulegi forseti. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að nýta kosti breyttra rekstrarforma og þjónustusamninga um einstaka þætti þar sem það á við til að tryggja góða heilbrigðisþjónustu án þess að dregið verði úr rétti eða aðgengi að þjónustunni. Ríkisstofnunin Heyrnar- og talmeinastöðin hefur um árabil þjónað þeim sem búa við heyrnar- og talmein. Rekstur hennar hefur verið brösóttur og sætti þjónusta hennar mikilli gagnrýni fyrir nokkrum árum en á því hefur verið tekið.

Á síðustu árum hefur eftirspurn eftir heyrnartækjum og þjónustu vegna þeirra aukist mikið. Það skýrist m.a. af því að þjóðin er að eldast, af auknu algengi heyrnarskerðingar, betri tækni, auknum kröfum um lífsgæði og auknum skilningi á þessum vanda fólks.

Heyrnar- og talmeinastöðin var lengi eina stofnunin sem þjónaði umræddum hópi. Á síðustu árum hafa einkaaðilar svarað aukinni þörf fyrir þjónustu við heyrnarskerta og aukið val þeirra. Þetta eru fyrirtæki eins og Heyrnartækni og nú síðast Heyrnarstöðin sem tók til starfa nýverið. Fyrirtækið Heyrnartækni hefur frá stofnun þess árið 2001 lagt höfuðáherslu á að þjóna íbúum landsbyggðarinnar og veitir þjónustu við heyrnarskerta á 17 stöðum um allt land en Heyrnar- og talmeinastöðin veitir einkum þjónustu á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Það er almennt álit manna að þjónusta þessa fyrirtækis hafi verið með ágætum og átt sinn

þátt í fækkun biðlista eftir heyrnartækjum sem var viðvarandi og bagaleg árum saman. Viðskiptavinir fyrirtækisins hafa hins vegar þurft að sæta miklum takmörkunum á endurgreiðslu vegna þjónustu þess og ekki notið jafnstöðu við þá sem hafa leitað til ríkisfyrirtækisins Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Þetta hefur ekki síst bitnað á íbúum landsbyggðarinnar. Þeir hafa staðið frammi fyrir vali að greiða fyrir heyrnartæki frá fyrirtækinu fullu verði eða farið til Reykjavíkur og fengið heyrnartæki frá Heyrnar- og talmeinastöðinni og notið fullrar niðurgreiðslu samkvæmt reglum þar um. Í þessu felst mikil mismunun.

Frá áramótum hefur þessi mismunun birst í því að í stað takmarkana á fjölda þeirra sem njóta endurgreiðslu hefur þjónusta fyrirtækisins samkvæmt nýrri reglugerð heilbrigðisráðuneytisins verið takmörkuð og skert frá því sem áður var án þess að málefnaleg rök liggi fyrir slíkri breytingu.

Því spyr ég hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra spurninga um hvernig hún hafi hugsað sér að jafna aðstöðu sjúklinga í þessum efnum milli íbúa þéttbýlis og strjálbýlis, hvernig ráðherra hefur tryggt óhlutdrægni og jafna rekstrarstöðu þeirra sem starfa á þessum markaði og hvernig eftirliti er háttað með slíkri starfsemi.

[11:59]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Varðandi fyrstu spurninguna er því til að svara að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tryggir eins og þess er kostur að landsmenn fái þá heilbrigðisþjónustu sem þeim er nauðsynleg hvort heldur það er í heimabyggð eða utan hennar. Af skiljanlegum ástæðum er aðgengi landsbyggðarfólks að heilbrigðisþjónustu ekki nákvæmlega það sama og þeirra sem búa í Reykjavík. Nægir þar að vísa til sjúkdóma sem krefjast aðgerða sem gerðar eru á einum eða tveimur stöðum á landinu. Það gildir einnig eftir atvikum um þjónustu við einstaklinga með heyrnarmein.

Ýmis rök eru fyrir því að ekki er alltaf mögulegt að veita heilbrigðisþjónustu í heimabyggð. Undir slíkum kringumstæðum gildir almennt að fái sjúklingur ekki heilbrigðisþjónustu sem honum er nauðsynleg að mati læknis í heimahéraði tekur Tryggingastofnun ríkisins þátt í kostnaði hans við að sækja þjónustuna, samanber reglugerð nr. 271/2004, um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innan lands. Sú reglugerð á eftir atvikum við um einstaklinga með heyrnarmein sem þurfa á heyrnartækjum að halda.

Við undirbúning breytinga á fyrirkomulagi um sölu heyrnartækja sem tóku gildi 1. janúar síðastliðinn var m.a. óskað eftir áliti landlæknisembættisins á faglegum kröfum til þeirra sem selja heyrnartæki og veita tengda þjónustu. Í svari embættisins, dagsett 1. desember 2006, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Eftir því sem undirritaður veit best er ekki til viðurkenndur tækjabúnaður til heyrnarmælinga utan Reykjavíkur og Akureyrar en ekki er viðunandi að bjóða landsbyggðarfólki upp á lakari þjónustu. Niðurstöðu úr hverri mælingu þarf að meta með tilliti til þess hvort sérhæfðar mælingar séu nauðsynlegar. Mikilvægt er að sá sem mælir hafi þekkingu til að meta það og hafi að auki aðgang að lækni með sérþekkingu og geti rætt við hann hverju sinni um útkomu mælinganna.“

Til viðbótar má geta þess að samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöðinni hefur starfsfólk stöðvarinnar farið að jafnaði 12–14 ferðir á ári síðustu þrjú árin til Akureyrar til að sinna heyrnarskertum, bæði fullorðnum og börnum. Þjónustan sem þar er veitt er heyrnarmæling, afgreiðsla á nýjum heyrnartækjum, endurhæfing og önnur nauðsynleg þjónusta. Tveir til þrír heyrnarfræðingar hafa farið í hverja ferð. Ef búseta þeirra einstaklinga sem leita eftir þjónustu í þessum ferðum er skoðuð kemur í ljós að í kringum 70% eru frá Akureyri en 30% eru annars staðar frá og búa á svæðinu frá Sauðárkróki í vestri að Stöðvarfirði í austri.

Þá kom einnig fram í viðræðum ráðuneytisins við forsvarsmenn Heyrnartækni ehf. í lok mars 2006 að um það bil 40% af heyrnartækjasölu fyrirtækisins væri til einstaklinga á landsbyggðinni.

Varðandi aðra spurningu er því til að svara að allt eftirlit með heilbrigðisþjónustunni er í höndum landlæknis. Starfsmenn Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og þeirra tveggja einkafyrirtækja sem hafa nú rekstrarleyfi ráðherra til að selja heyrnartæki og nauðsynlega þjónustu við þau falla undir fyrrnefnd lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og lýtur því eftirliti landlæknis. Áður hefur komið fram að við undirbúning breytinga á fyrirkomulagi á sölu heyrnartækja sem tóku gildi 1. janúar síðastliðinn var m.a. óskað eftir áliti landlæknisembættisins á faglegum kröfum. Í svari embættisins, dagsett 1. desember 2006, segir m.a., með leyfi forseta:

„Meðan Heyrnar- og talmeinastöðin var ein um útvegun heyrnartækja og hafði ekki af því beinan fjárhagslegan ágóða var síður ástæða til sérstaks eftirlits vegna ofangreindra þátta. Þetta hefur nú breyst með tilkomu nýrri aðila á markaðnum. Með nokkrum rétti má segja að eftirlitsaðilar heilbrigðisþjónustunnar hafi ekki brugðist nægjanlega við þeim breytingum sem orðið hafa og vísbendingar eru um að eftirlitið með hinni einkareknu þjónustu á þessu sviði sé ekki nægjanlegt.“

Virðulegur forseti. Ástæða er því til að skerpa og efla eftirlit með sölu heyrnartækja, m.a. í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið og vonir mínar standa til þess að landlæknisembættið beiti sér í því.

Varðandi þriðju spurninguna vil ég svara því að hinn 1. janúar síðastliðinn tóku gildi þrjár nýjar reglugerðir sem breyta fyrirkomulagi um sölu heyrnartækja. Breytingarnar felast í að salan er gefin frjáls til þeirra sem eru heyrnarskertir að tilgreindu marki að uppfylltum faglegum kröfum sem landlæknir hefur staðfest að fengnum rekstrarleyfum ráðuneytisins. Einkafyrirtækið Heyrnartækni hefur haft samning við ráðuneytin um sölu á 312 niðurgreiddum heyrnartækjum á ári síðustu fjögur árin. Árlegur kvóti af því tagi heyrir nú sögunni til. Heyrnarskerðingarmörkin sem eru skilyrði fyrir 30.800 kr. ríkisstyrk á hvert tæki sem keypt eru hjá einkaaðilum eru þrengd frá því sem verið hefur. Samkvæmt upplýsingum úr gagnagrunni Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar má ætla að um 70% allra heyrnarmælinga falli innan þessara nýju marka. Auk þess er heimild rekstrarleyfishafa til að selja heyrnartæki takmörkuð

þegar tilteknir sjúkdómar kunna að vera undirliggjandi heyrnarskerðingunni en slík tilfelli eru sem betur fer fátíð. Í nýju kerfi munu fleiri einstaklingar árlega njóta heyrnartækjastyrks frá ríkinu en var fyrir breytinguna. Samtals seldu einkaaðilar 1.100–1.200 heyrnartæki á árinu 2005 án greiðsluþátttöku ríkisins en reiknað er með að þau verði öll niðurgreidd núna. Samtals voru seld 2.300 heyrnartæki með beinni greiðsluþátttöku ríkisins árið 2005. Á árinu 2007 er því reiknað með að ríkið greiði niður a.m.k. 3.400–3.500 heyrnartæki með beinni greiðsluþátttöku og ætla má að markaðshlutdeild einkaaðila tvöfaldist í breyttu kerfi.

[12:04]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er umhugsunarefni hvernig einkafyrirtæki sem ákveða að hasla sér völl á smáum og afar sérhæfðum markaði kalla á eftirlitsstofnun sem hið opinbera verður að greiða. Þetta er bara til umhugsunar.

En spurning mín eða innlegg í þetta mál, um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrirspurnina, varðar þá staðreynd að eldra fólk sem þarf öflug heyrnartæki hefur ekki fengið heyrnartæki við hæfi í gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Það hefur orðið að leita til einkaaðila sem selja öflugri heyrnartæki en Tryggingastofnun býður upp á og hefur þurft að borga þau fullu verði.

Af máli hæstv. ráðherra heyrðist mér að breytingu yrði komið á hvað þetta varðar og gert sé ráð fyrir því að Tryggingastofnun taki jafnt þátt í öllum heyrnartækjum og bestu tækin, sem eldra fólk þarf oft, falli þar undir. Mig langaði að fá staðfestingu á því að þessi skilningur minn væri réttur.

[12:05]

**Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra ágæt svör. Ég bendi á að varðandi fyrstu spurningu mína, um jafna aðstöðu íbúa landsbyggðar og þéttbýlis, að fyrirtækið Heyrnartækni hefur komið inn í ákveðið gap í þjónustu opinberra fyrirtækja og veitt þjónustu á stöðum þar sem ekki hefur áður verið kostur á að fá slíka þjónustu.

Í svari hæstv. ráðherra kom fram að fjöldatakmörkunum á sölu heyrnartækja einkafyrirtækja var aflétt með reglugerð sem sett var um áramótin. Ég tel það hafa verið rétt skref. Það er óviðunandi að einungis hluti þeirra sem þurfa heyrnartæki njóti niðurgreiðslu hins opinbera og það ráðist af því hvort leitað er til einkaaðila eða ríkisstofnana hvort slík niðurgreiðsla fáist. Það segir þó ekki nema hálfa söguna. Um leið voru slíkar takmarkanir settar á þjónustu einkafyrirtækja á þessu sviði að það sætir undrun. Þannig mega þau ekki þjóna fólki sem uppfyllir 10 eða 11 atriði sem reglugerðin gerir ráð fyrir en slíkum faglegum skilyrðum þurftu fyrirtækin ekki að sæta áður. Í raun veita fyrirtækin takmarkaðri þjónustu nú en áður gegn því að ekki verði takmarkanir á fjölda tækja sem þau afgreiða.

Ég tel ekki nein fagleg eða málefnaleg rök fyrir því að takmarka þjónustu fyrirtækjanna eins og reglugerðin gerir ráð fyrir. Mismununin er enn gagnvart íbúum landsbyggðarinnar, þótt með öðrum hætti sé. Áður takmarkaðist hún við fjölda tækja en nú við einkenni og alvarleika heyrnarskerðingar.

Ég hlýt að benda á nefndarálit heilbrigðis- og tryggingananefndar á 127. löggjafarþingi um breytingu á lögum sem heimila að veita einkaaðilum rekstrarleyfi til að annast að öllu eða hluta þjónustu sem veitt er hjá Heyrnar- og talmeinastöð. Þar var lögð áhersla á að tryggja óhlutdrægni og jafna rekstrarstöðu til hagsbóta fyrir neytendur. Reglugerð ráðuneytisins frá áramótum gerir það ekki að mínu mati og ég tel að það sé gegn stefnu ríkisstjórnarinnar.

[12:08]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég tel að meginbreytingin sem nýlega hefur orðið á varðandi sölu heyrnartækja sé sú að opnað hafi verið fyrir fleiri fyrirtæki til að sinna þessum markaði. Áður var samningur við eitt fyrirtæki og hafði það fyrirkomulag verið nokkuð harkalega gagnrýnt af skiljanlegum ástæðum. Nú er opnað fyrir fleiri, þ.e. þá sem uppfylla ákveðin fagleg skilyrði til að sinna þessari þjónustu. Það kom fram í svari mínu að eftirlitið þarf að verða betra. Ég hef þá trú að landlæknisembættið muni sinna því af þeirri kostgæfni sem það getur núna þegar við breytum í grundvallaratriðum fyrirkomulaginu, þegar við erum ekki með Heyrnar- og talmeinastöðina eina og eitt einkafyrirtæki, þar sem fleiri fyrirtæki koma til.

Auðvitað fara að koma inn alls kyns samkeppnissjónarmið sem ekki voru áður á þessum markaði. Hins vegar er reynt að greina á milli, að þeir sjúklingar sem eru meira heyrnarskertir leiti fremur til Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Það er aðallega af faglegum ástæðum en má vera að endurskoða þurfi það síðar. Við byrjum a.m.k. á að greina þarna á milli þannig að þeir sem búa við verulega heyrnarskerðingu, yfir ákveðnum mörkum sem ég man nú ekki alveg í augnablikinu, fari á Heyrnar- og talmeinastöðina og fái þjónustu þar.

Við þurfum líka að gæta mjög vel að því að þeir sem hugsanlega eru með aðra undirliggjandi sjúkdóma sem valda heyrnarskerðingu fái góða þjónustu. Fyrirkomulagið má ekki valda því að mönnum yfirsjáist slíkt ástand.

Umræðu lokið.

## *Íslenskukunnátta starfsmanna á öldrunarstofnunum.*

Fsp. AKG, 398. mál. — Þskj. 442.

[12:10]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég hef lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra:

1. Hvað eru margir starfsmenn öldrunarstofnana á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar sem

a. skilja ekki íslensku,

b. geta ekki tjáð sig á íslensku?

2. Hvaða kröfur eru gerðar um íslenskukunnáttu starfs-

fólks í umönnunarstörfum?

3. Telur ráðherra að öryggi aldraðra og sjúkra sé tryggt á stofnunum þar sem starfsfólk í umönnunarstörfum hvorki skilur né talar íslensku?

4. Hefur komið til álita að skylda vinnuveitendur til að kosta íslenskunámskeið fyrir þá starfsmenn sem þess þurfa?

Ég er ekki að spyrja að ástæðulausu, frekar en gert er í öðrum fyrirspurnum sem lagðar eru fram. Ég hef eins og líklega allir í salnum heyrt fjölmargar sögur af ýmsum stofnunum, öldrunarstofnunum og heilbrigðisstofnunum á Íslandi, þar sem uppistaða starfsfólksins skilur hvorki íslensku né talar hana nema að mjög takmörkuðu leyti. Ég hef heyrt af aðstandendum sem sitja hjá sjúkum ættingjum sínum sem ekki hafa getað gert sig skiljanlega við viðkomandi starfsmenn, af prestum sem hafa þjónað gamalmennum og ekki getað gert sig skiljanlega við starfsmenn, hvorki á íslensku, ensku né öðru tungumáli.

Þetta er auðvitað ekki viðunandi, herra forseti. Ég tek skýrt fram að ég er ekki að gagnrýna starfsfólkið. Eins og við vitum öll vinnur það störf sín vel og sinnir oft störfum sem þeir sem tala íslensku sækja ekki um og ekki tekst að manna vegna þenslu í íslensku atvinnulífi. Ég tel að gera þurfi kröfur til atvinnurekenda um að bæta úr kunnáttuleysi í íslensku. Mín skoðun er sú að öryggi geti verið ógnað ef ekki er lágmarkskunnátta til staðar.

[12:13]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. 6. þm. Norðaust. spyr um íslenskukunnáttu starfsmanna á öldrunarstofnunum og ýmis atriði þar að lútandi.

Í fyrsta lagi er spurt:

„1. Hvað eru margir starfsmenn öldrunarstofnana á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar sem

a. skilja ekki íslensku,

b. geta ekki tjáð sig á íslensku?“

Fyrirspurn þessa efnis var send forstöðumönnum allra öldrunarstofnana á landinu og liggja fyrir svör frá þeim öllum. Óskað var eftir því að svör væru sundurliðuð þannig að fram kæmi fjöldi erlendra starfsmanna sem sinnir umönnunarstörfum annars vegar og hins vegar fjöldi erlendra starfsmanna sem sinnir öðrum störfum sem gera litlar eða engar kröfur um samskipti við hina öldruðu.

Á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. á stofnunum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ sinna um 35 einstaklingar umönnunarstörfum sem ekki skilja íslensku og um 55 sem ekki geta tjáð sig á íslensku. Af þeim sem sinna öðrum störfum, svo sem í eldhúsi og ræstingum, eru um 70 sem ekki skilja íslensku og um 80–90 manns sem ekki geta tjáð sig á íslensku, að því er fram kemur í svörum forstöðumanna.

Á stofnunum á landsbyggðinni eru um 5 manns sem vinna við umönnunarstörf sem skilja ekki og geta ekki tjáð sig á íslensku. Af erlendu starfsfólki í öðrum störfum, svo sem eldhúsi og ræstingum eru um 15 manns sem ekki skilja íslensku og 18 sem ekki geta tjáð sig á málinu.

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spyr síðan:

„2. Hvaða kröfur eru gerðar um íslenskukunnáttu starfsfólks í umönnunarstörfum?“

Af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins eru ekki gerðar formlegar kröfur hvað þetta varðar. Það gefur hins vegar augaleið að góð samskipti og gagnkvæmur skilningur eru mikilvæg forsenda góðrar umönnunar. Það kom líka fram í svörum stjórnenda öldrunarstofnana þegar spurt var um stefnu stofnananna í þessum efnum að almennt er rík áhersla lögð á að ráða fólk með góða íslenskukunnáttu til umönnunarstarfa. Það er meginstefna þeirra. Hins vegar kom fram að stundum reyndist ókleift að halda þeirri kröfu til streitu vegna manneklu.

Hv. þingmaður spyr:

„3. Telur ráðherra að öryggi aldraðra og sjúkra sé tryggt á stofnunum þar sem starfsfólk í umönnunarstörfum hvorki skilur né talar íslensku?“

Virðulegi forseti. Ef staðan væri þannig að starfsfólk sjúkra og aldraðra hvorki skildi né talaði íslensku upp til hópa þá væri svo sannarlega ástæða til að óttast um öryggi þeirra sem þyrftu á umönnun að halda. Sem betur fer er þetta ekki staðan. Í stofnunum á höfuðborgarsvæðinu eru hátt í 2000 starfsmenn við umönnunarstörf. Af þeim eru um 330 af erlendum uppruna og í þeim hópi eru um 35–55 einstaklingar sem ekki skilja eða geta tjáð sig á íslensku eða milli 2 og 3% þeirra sem starfa við umönnunarstörf.

Ég ætla síst að draga úr mikilvægi þess að fólk í umönnunarstörfum hafi gott vald á íslensku og það verður að vera ein af meginkröfum við ráðningar að svo sé. Við búum hins vegar við örar breytingar hér á landi þar sem íslensku samfélagi og íslensku atvinnulífi hefur á tiltölulega skömmum tíma bæst mikill liðsauki frá öðrum löndum. Menn hafa heyrt að um 10% af okkar vinnuafli núna séu af erlendu bergi brotin. Það er mál okkar allra að sinna vel móttöku nýrra landa okkar og ekki síst með því að standa vel að íslenskukennslu.

Í fjórða lagi er spurt:

„Hefur komið til álita að skylda vinnuveitendur til að kosta íslenskunámskeið fyrir þá starfsmenn sem þess þurfa?“

Þetta er ekki skylt eins og staðan er í dag. Ég vil þó geta þess að öldrunarstofnanir hafa sumar staðið fyrir tungumálanámskeiðum fyrir erlent starfsfólk. Þær leggja allar áherslu á að ráða starfsfólk til umönnunarstarfa sem hefur vald á íslensku. Ég held að flestir séu sammála um að stærsti þátturinn í því að aðstoða nýja landsmenn við að aðlagast íslensku samfélagi sé að styðja þá til að ná tökum á tungumálinu. Stjórnvöld eru meðvituð um þetta. Ég bendi á að ríkisstjórnin samþykkti í nóvember að fela menntamálaráðuneytinu framkvæmd verkefnisins um íslenskukennslu fyrir útlendinga og verja til þess 100 millj. kr. á þessu ári. Markmiðið með styrkjunum er að gera öllum sem búsettir eru á Íslandi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar.

Mín skoðun, virðulegi forseti, og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda, er sú að þetta starfsfólk standi sig mjög vel og þessi umræða er ekki til að gagnrýna það með nokkru móti. Það er mjög æskilegt að sem flestir kunni íslensku en við erum núna í þeirri stöðu, m.a. þenslu á vinnumarkaði, að nokkurt hlutfall af þessum aðilum geti ekki tjáð sig á íslensku. Það er reyndar mjög lágt hlutfall að mínu

mati en þetta er staðan sem við erum í þannig að ég tel að við stöndum eins vel að þessu og hægt er. Ég tel að öldrunarstofnanir geri það með því að hafa þá almennu stefnu að starfsmenn eigi að geta talað íslensku en fari svo í undantekningartilvikum að svo sé ekki þá hjálpast menn að svo þetta skapi ekki vanda.

[12:18]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Kannski hefði þessi fyrirspurn þurft að vera skrifleg líka því að það er erfitt að grilla í þær tölur sem hæstv. ráðherra ber fram. 35 og 55 á höfuðborgarsvæðinu og það segir ráðherrann að séu lágar tölur. Það væri fróðlegt að vita hvar þessir 35 og 55 eru, hvort þeir sem ekki tala íslensku eða skilja ekki íslensku eru á einum stað, fáeinum eða hvort þeir eru dreifðir um ýmsar stofnanir. Hér þyrfti að gera betur.

Ég hins vegar fagna þessari fyrirspurn og svörum við henni því að þetta er mál sem þarf svo sannarlega að ræða. Það er mín skoðun í ákaflega stuttu máli að það eigi alls staðar að tala íslensku, í umönnun og alls staðar í allri þjónustu og það eigi að standa að skipulegu námskeiðahaldi fyrir það starfsfólk sem við ráðum í þessi störf sem ekki hefur vald á íslenskri tungu.

[12:19]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þm. Merði Árnasyni fyrir þátttöku í þessari umræðu. Ég tel nefnilega að við séum að tala um ákaflega mikilvægt mál. Þó að það sé ekki tiltakanlega há tala og ekki há prósenta, liðlega 110 manns samtals á öllu landinu sem annaðhvort ekki skilja íslensku eða geta ekki tjáð sig á íslensku í umönnunarstörfum, skiptir máli í þessu samhengi eins og hv. þm. Mörður Árnason kom inn á hvernig þetta starfsfólk raðast niður á stofnanir.

Það skiptir líka máli, bara svo að dæmi sé tekið, hvort þetta starfsfólk er eitt á vakt eða hvort það er með öðrum sem talar íslensku. Næturvaktir eru yfirleitt ekki mannaðar mörgum og ef þar er starfsfólk sem ekki skilur íslensku eða ekki getur tjáð sig á íslensku erum við auðvitað í vondum málum. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að skylda stofnanir til að láta kenna starfsfólki sínu sem ekki getur tjáð sig eða skilur ekki íslensku eitthvert lágmark í tungumálinu okkar því að við erum að tala um umönnun aldraðra og sjúkra. Það er auðvitað ekki hægt að bjóða upp á að það skiljist ekki hvað fólk er að tala um. Það eykur ekki á vellíðan umræddra einstaklinga ef þeir geta ekki gert sig skiljanlega. Samskipti við starfsfólkið eru eitt af því sem gerir lífið bærilegra inni á svona stofnunum þannig að það er mjög mikilvægt (Forseti hringir.) að því ágæta fólki sem sinnir þessum störfum sé gert kleift að hafa samskipti við þá sem búa á stofnunum.

[12:21]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hér hefur verið gert að umtalsefni hvort það geti verið að þessir einstaklingar séu allir á einum stað eða dreifðir. Auðvitað skiptir það máli. Ég er ekki með það sundurliðað hér en mér finnst mjög líklegt að þeir séu dreifðir, mér finnst eiginlega að það hljóti að vera en ég er ekki með þá sundurliðun hér. Ég tel að það sé rétt stefna sem hjúkrunarheimilin og öldrunarstofnanirnar hafa sem er sú að þessir umönnunaraðilar eigi að tala sem besta íslensku. Í þeirri stöðu sem við erum í núna á vinnumarkaði kemur í ljós að lág prósenta að mínu mati, milli 2 og 3%, getur það ekki. Þetta er miklu lægri tala en gildir almennt um útlendinga á vinnumarkaði í dag. Þeir eru um 10% og það er mín skoðun að hefðu ekki komið til þessir nýju starfsmenn frá útlöndum hefðum við verið í talsvert miklum vanda í öldrunarþjónustunni.

Ég tel að þrátt fyrir allt hafi verið jákvætt að hingað hafi komið erlendir aðilar til að starfa með okkur í þessum mikilvægu umönnunarstörfum en að sjálfsögðu tek ég undir að það væri best ef allir gætu tjáð sig á íslensku (**MÁ:** Hvað ert þú að gera ...?) þannig að ég vona að (Gripið fram í.) þetta átak sem menntamálaráðuneytið stendur m.a. fyrir, að kenna íslensku, muni heppnast vel og ég er mjög ánægð með að öldrunarstofnanirnar hafi margar boðið upp á íslenskunámskeið fyrir þessa aðila.

Umræðu lokið.

## *Geðheilbrigðisþjónusta við aldraða.*

Fsp. HÞ, 505. mál. — Þskj. 760.

[12:24]

**Fyrirspyrjandi (Helga Þorbergsdóttir):**

Virðulegi forseti. Í byrjun desember 2005 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra faghóp til að koma með ábendingar um hvernig bæta megi geðheilbrigðisþjónustu við aldraða hér á landi. Hópnum var ekki ætlað að fjalla sérstaklega um úrræði fyrir heilabilaða. Formaður hópsins var Vilborg Ingólfsdóttir, skrifstofustjóri á sviði öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu. Auk hennar áttu þar sæti 14 aðilar, flestir með breiða faglega þekkingu á málaflokknum og þar á meðal margir af okkar helstu sérfræðingum á sviði geð- og öldrunarmála.

Hópurinn skilaði stuttri greinargerð með ábendingum til ráðherra í lok mars 2006 svo sem honum hafði verið ætlað. Samstaða var innan hópsins um að setja fram fáar ábendingar um þá þætti sem brýnast væri að vinna að. Í grófum dráttum varða þær ábendingar eftirtalin svið:

Eflingu forvarna og aukið hlutverk heilsugæslunnar, m.a. með aðkomu fleiri fagstétta á þeim vettvangi, svo og með góðu framboði á fræðslu til fagstétta innan heilsugæslunnar á heilbrigðisvanda aldraðra af geðrænum toga.

Sérhæfða þjónustu fyrir aldrað fólk með geðsjúkdóma. Greining þessara sjúkdóma hjá öldruðum er að mörgu leyti frábrugðin greiningu hjá yngra fólki. Þess vegna hafa flestar þjóðir komið á fót sérhæfðri geðheilbrigðisþjónustu fyrir aldraða. Í ábendingum hópsins er lagt til að stofnað verði fagteymi sérfræðinga á geð- og öldrunarsviði sem m.a. sinnir ráðgjafarþjónustu. Einnig er lagt til að komið verði á fót göngudeild fyrir aldrað fólk með geðsjúkdóma, geðdeild fyrir aldraða með geðsjúkdóma, ráðgjafarþjónustu fyrir

heilsugæslu, spítaladeildir og hjúkrunarheimili, sérhæfðri hjúkrunardeild fyrir geðsjúka aldraða.

Nefndarmenn lögðu áherslu á að þótt komið verði á fót sérhæfðri þjónustu fyrir aldrað fólk með geðsjúkdóma munu aldraðir eftir sem áður eiga aðgang að þeirri almennu geðheilbrigðisþjónustu sem veitt er í landinu til jafns við aðra. Sérhæfð geðheilbrigðisþjónusta fyrir aldraða er hugsuð sem viðbót við þá þjónustu sem fyrir er þegar þörf er fyrir annars konar úrræði og meðferð en unnt er að veita á þeim vettvangi. Spurning mín til hæstv. heilbrigðisráðherra er hvort og þá hverjum af ábendingum hópsins hafi verið fylgt eftir. Ef svo er ekki, hvort ráðherra hyggist fara að ábendingum hópsins, og þá hvaða.

[12:26]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Suðurk., Helga Þorbergsdóttir, spyr hvort unnið hafi verið eftir einhverjum af ábendingum faghóps sem ráðherra skipaði og fól að skoða hvernig bæta megi geðheilbrigðisþjónustu við aldraða, þá hverjum og á hvaða hátt.

Virðulegi forseti. Faghópurinn sem skipaður var til að fjalla um þessi mál skilaði mér ábendingum sínum í apríl sl. Ég fór yfir þær ábendingar og tillögur og niðurstaða mín varð sú að byggja áherslur mínar í geðheilbrigðisþjónustu við aldraða á þeim. Að mínu mati er með þessu stigið stórt skref í stefnumótun sem boðar breytta og bætta geðheilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, og vinna við að hrinda verkefnunum í framkvæmd er þegar hafin. Ábendingar faghópsins lutu m.a. að því að efla forvarnir og að því að auka hlutverk heilsugæslu á þessu sviði. Hins vegar voru tillögur um uppbyggingu sérhæfðrar þjónustu við aldrað fólk með geðsjúkdóma en að mati faghópsins er það brýnasta verkefnið, eins og hér kom fram í máli hv. þingmanns. Faghópurinn lagði til að komið yrði á fót geðdeild á öldrunarsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss. Einnig að komið yrði á fót göngudeild fyrir aldraða með geðsjúkdóma þar sem fram færi mat, meðferð og ráðgjöf. Jafnframt var lagt til að sett yrði á laggirnar þverfaglegt vettvangsteymi til að sinna umönnun og meðferð með vitjunum í heimahús. Loks lagði nefndin til að skipulögð yrði ráðgjafarþjónusta á landsvísu fyrir heilsugæslu, spítaladeildir og hjúkrunarheimili þannig að tryggja mætti öldruðu fólki um allt land sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu.

Virðulegi forseti. Um framkvæmd þessarar ábendingar er það að segja að Landspítali – háskólasjúkrahús hefur kynnt okkur áætlun sína um uppbyggingu sérhæfðrar þjónustu við aldraða með geðsjúkdóma. Við fyrstu skoðun sýnist mér áætlun sjúkrahússins fara að fullu saman við ábendingar faghópsins þar sem gert er ráð fyrir ráðgjafarþjónustu á landsvísu sem starfrækt væri í tengslum við göngudeild, göngudeild með þjónustu geðlækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga, og legudeild þar sem m.a. yrði mögulegt að taka á móti fólki sem þarf á slíkri þjónustu að halda.

Eins og áður hefur komið fram er ákveðið að í nýju hjúkrunarheimili sem mun rísa við Suðurlandsbraut verði sérstök geðhjúkrunardeild fyrir aldraða og í áætlun sjúkrahússins er miðað við að sérstök tengsl verði þar á milli. Gangi áætlun LSH eftir mun göngudeildarstarfsemi og ráðgjafarþjónustu eins og hér hefur verið lýst hefjast að hluta í mars á þessu ári og legudeild taka til starfa að hluta til næsta haust. Þá er miðað við að allir þættir starfseminnar, þ.e. legudeild, göngudeild, heimaþjónusta og ráðgjafarþjónusta, verði að hluta til orðnir virkir í febrúar 2008 og full starfsemi allra þátta verði komin á haustið 2008.

Virðulegi forseti. Ég fagna því mjög hve skjótt Landspítali – háskólasjúkrahús hefur brugðist við og tekist á tiltölulega stuttum tíma að móta, að því er mér virðist, vandaða framkvæmdaáætlun í samræmi við nýja stefnu geðheilbrigðisþjónustu við aldraða. Ég vil þó taka fram að ráðuneytið og sjúkrahúsið eiga eftir að fara yfir áætlunina í sameiningu til að leggja lokahönd á útfærsluna og fara yfir kostnaðartölur. Af minni hálfu verður lagt kapp á að ljúka þeirri vinnu hið fyrsta með það að markmiði að hefja starfsemi sem fyrst.

Eins og ég gat áðan um er einnig markmið að efla forvarnir og auka hlutverk heilsugæslu á sviði geðheilbrigðisþjónustu við aldraða. Það er óhætt að fullyrða að ráðgjafarþjónustan sem miðað er við að LSH muni sinna á eftir að gegna þýðingarmiklu hlutverki hvað þetta varðar. Hlutverk þjónustunnar verður að veita heilbrigðisstarfsfólki landsins upplýsingar og stuðning varðandi vandamál sem snerta geðsjúkdóma aldraðs fólks. Með þessu móti fær starfsfólk heilsugæslustöðvanna faglegan bakhjarl þar sem það getur sótt ráðgjöf og stuðning og byggt upp eigin þekkingu þegar fram í sækir.

Ég vil líka benda á að heilsugæslan er fyrsti viðkomustaður flestra í heilbrigðisþjónustunni og ég hef lagt áherslu á það í stefnu minni varðandi öldrunarþjónustu að aukin áhersla verði lögð á reglubundnar heimsóknir heimilislækna til aldraðra sem njóta heimahjúkrunar. Ég hef vakið máls á þessu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og þar hefur það hlotið góðar undirtektir.

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega þakka fyrirspyrjanda fyrir að færa hér fram spurningar um þetta brýna verkefni en hv. þm. Helga Þorbergsdóttir tók einmitt þátt í starfi þessarar nefndar og ég lýsi því yfir að niðurstaða nefndarinnar var að mínu mati afar fagleg og góð.

[12:30]

**Fyrirspyrjandi (Helga Þorbergsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka sérstaklega hæstv. heilbrigðisráðherra afar góð svör og lýsi ánægju minni með innihald þeirra svara. Mér finnst afar mikilvægt að sú stefna hafi verið tekin að niðurstöður hópsins verði undirstaða í stefnumörkun í viðkomandi málaflokki.

Ég tek jafnframt undir þá áherslu sem hæstv. ráðherra lagði á mikilvægi ráðgjafarþjónustu úti um landið til þeirra stofnana sem sinna þjónustu við aldraða sem aðra á landsvísu. Þörfin fyrir sérhæfða ráðgjafarþjónustu er afar brýn. Ég sem sagt endurtek ánægju mína og þakkir með svörin.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 12:31]

## *Greiðsluaðlögun.*

Fsp. JóhS, 481. mál. — Þskj. 733.

[13:32]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Á nokkrum undanförnum þingum hef ég lagt fram frumvarp um greiðsluaðlögun. Markmið frumvarpsins er að koma á úrræði til að aðstoða einstaklinga sem eru í mjög alvarlegum greiðsluerfiðleikum og er lagt til að tekin verði upp í lög um gjaldþrotaskipti sérstakur kafli um greiðsluaðlögun sem veitir einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur meiri möguleika á því að takast á við greiðsluvanda sinn en nú er.

Hér er um að ræða nýtt úrræði og er greiðsluaðlögun ætluð þeim sem árangurslaust hafa reynt ráðgjöf og aðstoð við að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum og ekkert blasir við annað en viðvarandi erfiðleikar eða gjaldþrot. Hugsunin að baki þessu nýja úrræði er sú að um er að ræða leið sem ekki er aðeins til hagsbóta fyrir einstaklinga eða heimili í miklum greiðsluerfiðleikum heldur einnig fyrir lánardrottna og samfélagið í heild.

Greiðsluaðlögun gefur fólki möguleika á að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþrot. Auk þess gefur sú leið möguleika að takast á við fjárhagserfiðleika með nýrri og uppbyggilegri sýn úr annars vonlausri stöðu. Greiðsluaðlögun eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuldina að öllu eða einhverju leyti greidda fremur en að tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldanda eru langt umfram eignir, auk þess sem það dregur úr kostnaðarsömum innheimtuaðgerðum lánardrottna sem oft skila litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem oft fellur á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot. Kostnaður við nauðungarsölu og gjaldþrot fellur á hið opinbera, upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja oft í kjölfarið og eru dýr bæði einstaklingum og fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild. Hér er því verið að skapa möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild geta fremur haft ávinning af en með þeim úrræðum sem nú bjóðast. Umrædd leið hefur verið reynd í Noregi, var tekin upp í byrjun árs 1993 með mjög góðum árangri

Stjórnvöld hafa kosið að fara aðrar leiðir í þessum efnum heldur en taka upp greiðsluaðlögun. Það eru m.a. úrræði sem ákveðin voru fyrir einstakling í greiðsluvanda með lögum um réttaraðstoð einstaklinga sem leita nauðasamninga og lögum um mögulega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti og hins vegar niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga. Ljóst er, virðulegi forseti, að þessar leiðir geta ekki komið í stað greiðsluaðlögunar. Í fyrirspurnum sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur ítrekað beint til hæstv. fjármálaráðherra, viðskiptaráðherra og dómsmálaráðherra, hefur komið í ljós að þau úrræði sem ríkisstjórnin greip til í staðinn fyrir greiðsluaðlögun hafa gagnast mjög fáum.

Þess vegna spyr ég: Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir löggjöf um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum líkt og gert hefur verið í Danmörku og Noregi?

[13:35]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Í tilefni af fyrirspurn hv. þingmanns óskaði ráðuneytið eftir afstöðu talsmanns neytenda til málsins. Í áliti hans eru sett fram ýmis sjónarmið sem full ástæða er til að hafa í huga.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja mun Ísland vera eina norræna ríkið þar sem ekki er að finna lagareglur um greiðsluaðlögun. Danmörk hefur haft slíkar reglur frá árinu 1984, Noregur og Finnland frá 1993 og Svíþjóð frá 1994.

Á Alþingi kom þetta mál einnig til umfjöllunar um svipað leyti en á þeim tíma taldi þingið rétt að láta reyna fyrst á ákvæði í lögum um nauðasamninga áður en frekar yrði rætt um sérstaka lagasetningu á þessu sviði að norrænni fyrirmynd.

Talið er dæmigert fyrir norrænu löggjöfina um greiðsluaðlögun að um sé að ræða valkost andspænis við gjaldþrotaskipti. Megintilgangur greiðsluaðlögunar er að skuldari komist út úr skuldafeninu og geti haldið áfram með líf sitt um leið og honum takist að greiða eins mikið af skuldunum og raunhæft er talið. Þannig er tekið tillit til andstæðra hagsmuna beggja, skuldara og kröfuhafa, svo og þjóðfélagsins.

Greiðsluaðlögun er gjarnan einn liður af mörgum til að koma heimilum til bjargar vegna fjárhagsvanda. Einkum er þar litið til þarfa einstaklinga sem eru í alvarlegum skuldavandræðum til að fá stjórn á fjármálum sínum. Úrræðinu er einnig ætlað að tryggja að skuldari standi við skuldbindingar sínar í þeim mæli sem mögulegt er og að skipta fjárhæð skuldara á eðlilegan hátt á milli kröfuhafa.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um hvort í gildandi lögum séu raunhæfir valkostir um nýja löggjöf um greiðsluaðlögun, þ.e. með gjaldþrotaskiptum eða nauðungarsamningum. Í gjaldþrotaskiptum felst að bú eða eignir skuldara eru teknar með úrskurði dómara til uppgjörs og andvirði þeirra ráðstafað eftir ákveðnum reglum milli kröfuhafa undir stjórn skiptastjóra. Því hefur verið haldið fram að gjaldþrotaskipti séu fyrst og fremst hugsuð fyrir aðila í rekstri og feli í sér sameiginlega fullnustugerð gagnvart skuldara að beiðni eins eða fleiri kröfuhafa. Tilgangur hennar er sá að kröfuhafar fái sem mesta fullnustu krafna sinna.

Í gildi eru einnig lög um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga. Lágmarksefnisskilyrði slíkrar aðstoðar er að taldar séu líkur á að umsækjandi geti ráðið bót á fjárhagsörðugleikum sínum með nauðasamningum.

Talsmaður neytenda segir í áliti sínu að raunhæfir valkostir í gildandi lögum fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum, eins og segir í fyrirspurninni, felist ekki í framangreindum úrræðum. Sé aftur vikið að reynslu annars staðar á Norðurlöndunum má almennt slá því föstu að greiðsluaðlögun hafi undanfarin 15–20 ár verið mikilvægt úrræði til að koma einstaklingum í hinum norrænu ríkjunum fjórum út úr greiðsluvandræðum og tryggja að þeir greiði kröfur sínar eftir raunhæfum mætti.

Hæstv. forseti. Ég vil árétta að um mjög mikilvægt mál er að ræða fyrir neytendur og heimilin í landinu. Auk þess tel ég mikilvægt að haft verði samráð um mál þetta við

ýmsa hagsmunaaðila við mat á því hvaða úrræði komi helst til álita til að tryggja greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Að slíkri vinnu þyrftu fleiri en eitt ráðuneyti að koma.

Ég er reiðubúinn að beita mér fyrir því að skipuð verði nefnd sem meti reynsluna frá öðrum norrænum ríkjum af þeirri löggjöf sem þeir hafa um greiðsluaðlögun. Við slíkt starf ber að hafa í huga að mikilvægt kann að vera að úrræði um greiðsluaðlögun séu fyrir hendi hér á landi sem unnt sé að nota svo skuldari komist út úr skuldafeninu og geti haldið áfram með líf sitt og fjölskyldu sinnar þegar sérstök og ströng skilyrði eru fyrir hendi svo sem að samrýmast reglum um fullnusturéttarfar hér á landi.

Ég tel mikilvægt að við undirbúning málsins verði horft til þess að sem einfaldast verði að sækja um greiðsluaðlögun í stað seinlegrar, flókinnar og dýrrar málsmeðferðar.

Að lokum tel ég ástæðu til að ætla að rétt sé að hafa reglur um greiðsluaðlögun í sérstökum lögum ef til lagasetningar kemur í þessum efnum.

[13:40]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Virðulegi forseti. Ástæða er til að fagna orðum hæstv. viðskiptaráðherra, að loksins sjái til lands og að augu stjórnvalda eru að opnast fyrir þessari mikilvægu leið fyrir heimilin í landinu og einstaklinga sem komnir eru í algjört þrot með málefni sín og ekkert blasir við annað en að fólk missi eigur sínar.

Hæstv. ráðherra talar um að skipa nefnd til að skoða málið. Ég vil í því sambandi minna á að ég sem félagsmálaráðherra 1993 skipaði einmitt nefnd til að skoða leiðir í þessu máli sem þá höfðu verið farnar í Noregi. Niðurstaðan varð sú að það var allt sem mælti með því að fara ætti umrædda leið.

Ég vil líka segja að Neytendasamtökin hafa ítrekað tekið undir málflutning okkar í Samfylkingunni og þau frumvörp sem við höfum lagt fram þar að lútandi og hvatt til þess að Alþingi samþykkti slíka löggjöf.

Ég er alveg viss um, virðulegi forseti, að þetta hefði bjargað fjölda fólks sem lent hefur í árangurslausu fjárnámi, t.d. á árunum 2001–2004, en þá voru það um 17.300 einstaklingar.

Ef við horfum til fyrirspurnar á þingi í fyrra kom fram að ungt fólk á aldrinum 15–30 ára sem hafði lent í gjaldþrotum og greiðsluerfiðleikum voru um 5.500 manns, ungt fólk á aldrinum 15–30 ára. Ég er alveg viss um að ef þessi löggjöf hefði verið til þegar við hvöttum til að hún yrði sett árið 1993 og allar götur síðan, þá hefði það bjargað stórum hluta þessa fólks frá gjaldþroti og fjárhagserfiðleikum.

Virðulegi forseti. Ástæða er til að fagna því skrefi sem hér er stigið í dag með orðum hæstv. viðskiptaráðherra og ég vil hvetja ráðherrann til að hraða því verki og spyr hann: Er von til þess að við munum sjá frumvarp þar að lútandi áður en þingi lýkur í vor?

[13:42]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mun vinda að því bráðan bug að ræða við aðila eins og Neytendasamtökin, dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og aðra þá sem að málinu þurfa að koma til að setja þetta starf sem allra fyrst í gang.

Umræðu lokið.

## *Vextir og verðtrygging.*

Fsp. JóhS, 499. mál. — Þskj. 754.

[13:43]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn um vexti og verðtryggingu og fyrsti töluliður þeirrar fyrirspurnar er hvort viðskiptaráðherra — ég man nú ekki hvernig þetta er nákvæmlega orðað, fyrirspurninni var eitthvað breytt, ég spyr því hæstv. forseta hvort hann sé með hana.

En inntakið í 1. tölulið var að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann væri sammála því sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur sagt um að rétt sé að afnema verðtryggingu á lánaskuldbindingum. — Ég fagna því að svo vill til að hæstv. landbúnaðarráðherra er hér viðstaddur og getur tekið þátt í þessum umræðum og gaman verður að heyra hvort hæstv. viðskiptaráðherra sé sammála landbúnaðarráðherra um að afnema eigi verðtrygginguna.

Hæstv. landbúnaðarráðherra sagði einnig í viðtali við Ríkisútvarpið að ráðast þyrfti á vaxtaokur bankanna. Um það fjallar 2. og 3. töluliður í fyrirspurninni. Í því sambandi vil ég vitna til þess að þetta vaxtaokur er orðið algjörlega óþolandi sem neytendur láta yfir sig ganga í bönkunum. Ég er þá einungis að tala um dráttarvexti og vexti af yfirdráttarlánum þó vel mætti taka fleiri skuldaflokka. Þannig hafa t.d. dráttarvextir hækkað úr 17% árið 2003 í 25% á þremur árum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji að þetta sé eðlilegt. Alþingi og stjórnvöld geta haft það í hendi sér að lækka þá vexti.

Ég hef flutt frumvarp, bæði á þessu þingi og síðasta þingi, um að á þessum málum verði tekið sem leitt gæti til a.m.k. tveggja prósentustiga lækkunar á dráttarvöxtum og yfirdráttarlánum. Það ætti varla að koma mikið við bankana, virðulegi forseti, sem juku tekjur sínar af vöxtum og þjónustutekjum um 56 milljarða eða 105% fyrstu sex mánuðina á síðasta ári samanborið við fyrstu sex mánuði þarsíðasta árs.

Ég hef lagt til ákveðna leið í þessu efni. Sú leið felur í sér að dráttarvextir sem eru samsettir af vöxtum algengustu skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana, að viðbættum svokölluðu vanefndaálagi sem ákveðið er af Seðlabankanum, bankinn hefur svigrúm til að ákveða þetta á bilinu 7–15% — ég vil minnka þetta svigrúm í því frumvarpi sem ég hef sett fram.

Annars staðar á Norðurlöndunum er þetta fastbundið í lögum hvað dráttarvextir mega vera eða vanefndaálagið. Og af því að hæstv. ráðherra vitnaði í talsmann neytenda áðan og tók mark á orðum hans, vil ég líka vitna til þess að talsmaður neytenda segir í umsögn sinni um þetta þingmál mitt, að hann telji að þetta eigi að ákveða fortakslaust í lögum og segir að það standist ekki lög að verið sé að framselja svo mikinn sveigjanleika í ákvörðun dráttarvaxta til

Seðlabankans eins og Alþingi (Forseti hringir.) hefur gert.

[13:46]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Á þinginu í fyrra, 132. löggjafarþingi, var þáverandi viðskiptaráðherra spurður að því hvort hann hygðist beita sér fyrir afnámi verðtryggingar. Í svari ráðherra þá kom fram að skipuð hefði verið nefnd sem falið hefði verið að skoða kosti og galla verðtryggðra lánssamninga og meta áhrif þess á innlent fjármálakerfi, væri heimild til verðtryggingar afnumin eða settar frekari skorður en þegar er að finna í lögum.

Jafnframt kom fram í svarinu að ráðherra mundi fara yfir málið þegar niðurstöður nefndarinnar lægju fyrir. Nefnd þessi er enn að störfum og er niðurstöðu hennar að vænta síðar á þessu ári.

Hvað sem væntanlegum niðurstöðum nefndarinnar líður er ljóst að afnám heimildar til verðtryggingar lánssamninga kynni að reynast mjög flókin í framkvæmd. Hér er rétt að staldra við orðið heimild, því ekkert skyldar lánveitendur til að lána með þessum hætti. Lög setja aðeins skorður við því hversu langir lánssamningar megi vera til þess að heimilt sé að hafa þá verðtryggða.

Líklega er stærsta vandamálið sem staðið væri frammi fyrir við afnám slíkrar heimildar það, að tugir þúsunda verðtryggðra lánssamninga eru í gildi og verða í gildi í allt að hálfan fimmta áratug. Afnám verðtryggingar mundi því aðeins hafa áhrif á ný lán. Annað er það að raunvextir óverðtryggðra lánssamninga eru að jafnaði hærri en verðtryggðra þannig að vaxtabyrði lántakenda mundi þyngjast að því leyti.

Þriðja vandamálið sem rétt er að benda á er að væntanlega mundi lánstíminn styttast verulega og hætt yrði að bjóða upp á fasta vexti. Að lokum má gera ráð fyrir að lán í erlendri mynt yrði miklu algengara form langtímalána hér en verið hefur.

Séu þessi vandamál dregin saman, þ.e. tvöfalt lánakerfi í allt að hálfan fimmta áratug, hærri raunvextir, styttri lánstími og aukin gengisáhætta er erfitt í fljótu bragði að koma auga á hvernig það mundi efla hag lántakenda að beita sér fyrir afnámi verðtryggingar í langvarandi þensluástandi.

Líklega skiptir það miklu meira máli að ná fram langvarandi jafnvægi framboðs og eftirspurnar á lánamörkuðum. Ég er með öðrum orðum sammála hv. þingmanni og hæstv. landbúnaðarráðherra en bendi á að þetta eru hin almennu nauðsynlegu hagrænu skilyrði árangurs.

Ég mun þá víkja stuttlega að annarri og þriðju spurningunni. Það er vissulega rétt að talsmaður neytenda lætur þess getið í umsögn sem hann gaf hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu að hann teldi það framsal löggjafarvalds, og það stæðist ekki, að fela Seðlabanka Íslands að ákveða vanefndaálag eða dráttarvexti svo sem er í lögum á nánast tilgreindu bili.

Hann byggir þessa fullyrðingu sína á því að hann telur að dráttarvextir sem almenningi sé gert að greiða eigi að ákvarða nákvæmlega með lögum. Í umsögn hans kemur enn fremur fram að hann telji dráttarvexti fela í sér skaðabætur fyrir drátt á greiðslu peningaskuldar. Eins og skaðabætur almennt þá telur hann eðlilegt að dráttarvextir ákvarðist með lögum.

Eins og fram kom í svari talsmanns neytenda mun sá háttur hafður á í Danmörku og Svíþjóð að lögbinda vanefndaálag. Eðlilegt er að þeirri spurningu sé velt upp hvort stíga eigi sömu skref hér á landi jafnframt því að hugað verði að því hversu hátt slíkt álag eigi að vera. Við núverandi aðstæður, þ.e. þenslu í hagkerfinu og umframeftirspurn á lánamörkuðum, er ekki að okkar mati tilefni til þess að hrófla við ákvæðum gildandi laga um vexti og verðtryggingu að því er varðar vanefndaálag og vexti yfirdráttarlána.

Trauðlega verður litið fram hjá því að vanskilavextir eigi að vera hvatning til skilvísi og verður að ætla Seðlabankanum að meta á hverjum tíma hvað sé hæfilegt vanefndaálag til þess að tryggja þá hvatningu innan ramma núgildandi laga.

[13:51]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem stjórnarandstaðan tekur hér upp mál varðandi afnám verðtryggingar á lán. En ætíð virðist það vera þannig að stjórnarliðar fara undan í hálfgerðum flæmingi.

Það eru 28 ár síðan verðtryggingunni var komið á með svokölluðum Ólafslögum. Þá voru aðstæður ekki þær sömu og í dag. Stærsta tilefnið fyrir setningu þeirrar verðtryggingar var óðaverðbólga sem þá var, fór allt upp í 60%. Við eigum ekki við það núna þannig að ég held að það sé virkilega kominn tími til að skoða verðtryggingu á lán til grunna.

En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum virðist ekki vera áhugi á því hjá stjórnarliðum. Það hlýtur að merkja að það séu þá fyrst og fremst bankarnir sem ríkisvaldið vill verja.

[13:52]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns vil ég segja að ég er hv. þingmanni sammála og var ekki í vafa um að skoðanir mínar og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra færu saman í þessu máli. Ég orðaði þetta í kringum ákveðna evruumræðu sem hér hefur alltaf tröllriðið húsum og taldi mikilvægasta verkefni okkar að leggja verðbólguna að velli með skipulegum hætti á þessu ári og ganga síðan í það stóra verkefni að afnema verðtrygginguna í áföngum þannig að íslenskir húsbyggjendur, íslensk fyrirtæki sætu við sama borð.

Það er auðvitað heiðarleg krafa í ljósi þess að bankarnir starfa bæði úti í Evrópu og hér heima og hljóta að vilja að fólkið hér búi við sömu vaxtakjör og sömu skilyrði og lánþegar þeirra annars staðar.

Í stefnu Framsóknarflokksins er kveðið á um að afnema verðtrygginguna. Ég tek undir það. Við verðum að gera það með samkomulagi þannig af því hljótist ekki neitt slys. Þetta er stórt verkefni sem ber að fara í.

[13:53]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að hæstv. viðskiptaráðherra, þótt hann vilji gjarnan stefna að því að afnema verðtrygginguna, þá kom það skýrt fram hjá honum að hann telur langvarandi þenslu og stöðuna í efnahagsmálunum ekki gefa tilefni til þess að vinda sér í það nú að afnema verðtrygginguna.

Hæstv. ráðherra er hér með raunverulega að viðurkenna að það sé mikið ójafnvægi, þensla og verðbólga í öllu hagkerfinu þannig að það sé ekki hægt að afnema verðbólguna. Þetta er auðvitað athyglisvert.

En ég spyr hæstv. ráðherra: Hvenær telur hann tímabært að fara í það verkefni að afnema verðtrygginguna? Við hvaða verðbólgustig er hægt að afnema verðbólguna og hvað þarf hún lengi að vera á því tiltekna stigi til að hægt sé að afnema hana?

Hæstv. ráðherra verður að tala eitthvað skýrara en gefa ekki væntingar hér út í þjóðfélagið, að hann sé jú jákvæður fyrir því að afnema verðtrygginguna en það sé bara enginn tími eða stund til þess að gera það. Það hefur ekki verið það í langan tíma einmitt út af ástandinu í efnahagsmálunum. En sér hæstv. ráðherra ekkert fram á að það lagist þannig að hægt sé að vinda sér í það að afnema verðtrygginguna?

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra út af vanefndaálaginu. Telur hann eðlilegt að bjóða fólki hér á landi upp á 25% dráttarvexti? Telur ráðherrann það eðlilegt að Seðlabankinn hafi þennan mikla sveigjanleika og svigrúm til þess að ákveða vanefndaálag með þeim afleiðingum og áhrifum sem við sjáum, að vextirnir eru 25%? Tekur hann ekki mark á orðum talsmanns neytenda sem segir að þarna sé um lagabrot að ræða?

Talsmaður neytenda segir að slíkt framsal löggjafarvaldsins til Seðlabankans að hafa þennan sveigjanleika standist ekki. Ráðherrann verður að tala skýrt. Telur ráðherrann að hér sé um (Forseti hringir.) brot á lögum að ræða að hafa framkvæmdina með þeim hætti eins og nú er í lögunum?

[13:55]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Álit talsmanns neytenda er að sjálfsögðu mikilvægt gagn í þessu máli og okkur ber að taka fullt mark á því og bera mikla virðingu fyrir því. En það er auðvitað lögmannsálit og það eru fleiri álit í þessu máli, m.a. það álit að Alþingi hafi heimild til þess að ákvarða þetta umboð á því bili sem er. Þannig að ég er ekki tilbúinn að svara því afdráttarlaust hvað kann að vera stjórnarskrárbrot eða lagabrot að öðru leyti í því efni.

Meginvandamálið í þessu er að það er ójafnvægi á lánamörkuðum, sagði ég. Ég var ekki að tala um allt efnahagslífið þótt það tengist nú mjög gjarnan. Meðan svo er hafa bankarnir ákaflega sterka stöðu.

Í svari mínu var ég að bera saman annars vegar ákvæði um verðtryggingu og hins vegar þá stöðu að bankarnir hafa það ofurvald vegna ójafnvægis framboðs og eftirspurnar, að þeir geti í staðinn tekið inn sína verðtryggingu í öðru vaxtaformi. Í formi hærri vaxta, styttri lánstíma o.s.frv. Það er þar sem er mikilvægast að líta á þetta út frá þessum almennu hagrænu sjónarmiðum.

Núna er að hægja á í hagkerfinu. Hagsveiflan er að koma niður. Stórframkvæmdunum lýkur brátt og við horfum fram á að það verði aukið jafnvægi og þá stefnum við í þessa átt. Ég vænti þess að við munum geta náð því á skömmum tíma þegar um hægir í efnahagslífinu og lánamörkuðum um leið.

Umræðu lokið.

## *Fjárveitingar til skógræktar.*

Fsp. HÞ, 504. mál. — Þskj. 759.

[13:58]

**Fyrirspyrjandi (Helga Þorbergsdóttir):**

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurn varðar mikilvæg umhverfismál. Ég beini henni til hæstv. landbúnaðarráðherra vegna þess að sá málaflokkur sem ég nefni sérstaklega er á forræði hans og hans ráðuneytis.

Það er almennt viðurkennt að breytingar á styrk kolefnis í andrúmsloftinu skipta miklu máli í því ferli sem stjórnar hitastigi í andrúmslofti jarðar og á maðurinn mikinn þátt í því að auka þann styrk.

Alþingi Íslendinga hefur staðið myndarlega að því að auka þá starfsemi í landinu sem helst er talið í dag að geti bundið það kolefni sem Íslendingar dæla út í andrúmsloftið árlega. Hér er átt við skógrækt í landinu og þá sérstaklega hin svokölluðu landshlutabundnu skógræktarverkefni.

Timburskógrækt er mun afkastameiri í bindingu kolefnis en hinn gamli íslenski birkiskógur og almennur gróður. Ræktun nýskóga mun samkvæmt Kyoto-bókuninni vera jafngild leið og að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Hér á landi liggja miklir möguleikar á þessu sviði vegna þess að ekki eru miklir skógar í landinu og talsvert til af landrými. Talað er um að til þess að binda um einn þriðja af því kolefni sem líklegt er að Íslendingar muni losa út í andrúmsloftið um miðja þessa öld þurfi að þrefalda þá gróðursetningu sem stunduð er í dag.

Því spyr ég hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann hyggist enn efla skógrækt í landinu með því að beita sér fyrir frekari fjárveitingum til þeirrar greinar, m.a. með það að markmiði að auka bindingu gróðurhúsalofttegunda.

[13:59]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Helgu Þorbergsdóttur fyrir þessa fyrirspurn og svar mitt við fyrirspurninni er eðlilega já. Raunar þyrfti svarið ekki að vera lengra.

En ég fagna því að í fyrirspurninni skuli það koma fram að á ráðherraferli mínum hef ég barist fyrir aukinni skógrækt í landinu og stigvaxandi framlögum í þann málaflokk. Hátt í 1.000 skógarbændur, hlýrra og byggilegra land, dýrmætara land, þetta hefur verið að gerast á síðustu árum ekki síst vegna skógræktarverkefnanna. Landið er dýrmætara og það er að breyta um svip.

Ég tel rétt að hér sé rifjað upp og haldið til haga þeirri

ákvörðun núverandi ríkisstjórnarflokka að hefja markvissa og skipulagða skógrækt á Íslandi og helstu breytingar sem sú ákvörðun fól í sér.

Segja má að það ferli hafi hafist með nýskógrækt á bújörðum sem Skógrækt ríkisins styrkti og svo tilkomu héraðsskógaverkefnanna árið 1991. En ég fullyrði að samþykkt ríkisstjórnarinnar þann 18. desember 1996 um að verja 450 millj. kr. til fjögurra ára átaks í landgræðslu og skógrækt markaði tímamót í sögu skógræktar á Íslandi.

Árið 1997 voru Suðurlandsskógar stofnaðir og 1999 voru settir á fót Norðurlandsskógar, Vesturlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum og Austurlandsskógar.

Öll þessi verkefni hafa síðan vaxið og dafnað og eru nú raunverulega veigamikill þáttur í atvinnu- og búsetumálum um land allt. Þótt aðalmarkmið verkefnanna sé að rækta skóg hafa þau einnig önnur markmið, svo sem eflingu byggða og atvinnulífs, auðlindasköpun og bindingu á kolefni, eins og fram kom í máli hv. þingmanns.

Þá hafa í kjölfar verkefnanna opnast nýir möguleikar á störfum á landsbyggðinni fyrir háskólamenntað fólk sem vissulega var og er þörf á. Ætlunin er að rækta skóg á 5% af láglendi landsins á næsta 40 ára tímabili.

Þessi skógrækt, sem önnur hér á landi, byggist ekki hvað síst á farsælu 100 ára starfi Skógræktar ríkisins sem hefur með rannsóknum, tilraunum og gróðursetningum sannað að á Íslandi er hægt að rækta skóga.

Með tilkomu verkefnanna og þessu mikla skógræktarátaki breyttist óhjákvæmilega ýmislegt sem Skógrækt ríkisins hafði með höndum og má einkum tiltaka tvennt.

Dregið var úr gróðursetningu í lönd í eigu eða umsjá stofnunarinnar vegna samkeppnissjónarmiða og var Skógrækt ríkisins gert að hætta framleiðslu og sölu skógarplantna á almennum markaði. Skógræktin hefur aftur á móti enn sem fyrr viðamiklu hlutverki að gegna og má þar ekki síst nefna og benda á umsjón og uppbyggingu þjóðskóganna.

Ég vil taka það fram að stuðningur við skógrækt á sér hljómgrunn í öllum flokkum á Alþingi sem m.a. hefur komið fram í fjárveitingu til málaflokksins á síðustu árum. Hér hafa verið gerðar langtímaáætlanir, þingsályktanir um markmið skógræktarstarfsins og það fjármagn sem fer til þeirra verkefna.

Ég vil nefna hér, hæstv. forseti, að 1994 fóru 208 millj. kr. til skógræktarmála. Árið 2000 voru það 366 millj., árið 2003 634 millj. kr. og í fjárlögum þessa árs 756 millj. kr. Þannig að framlög til skógræktarmála hafa aldrei verið meiri en nú.

Auk þess fékk Skógræktarfélag Íslands á árunum 1999–2003 18 millj. kr. á hverju ári til landgræðsluskógræktarverkefnisins og 25 millj. kr. á ári síðan 2003. Enn má nefna að Landgræðsla ríkisins hefur fengið stighækkandi framlög til síns málaflokks og losar nú 500 millj. kr. á núverandi fjárlögum.

Mörg verkefni Landgræðslunnar tengjast skógrækt og er þar marktækast að nefna Hekluskógana þar sem ætlunin er að endurheimta birki í nágrenni eldfjallsins með það að markmiði að hefta gjósku ef til eldgoss kemur og gera svæðið búsældarlegra.

Ég vil þakka þessa fyrirspurn alveg sérstaklega. Ég held að það sé þjóðarvilji og þingvilji að skógræktin sé í höndum bændanna. Hún hefur verið að skila landinu miklu og kemur að stórum notum við kolefnisbindingu. Ég mun þess vegna, sem ráðherra, leggja því mitt lið hér á Alþingi Íslendinga að efla skógræktina enn frekar.

[14:04]

**Kjartan Ólafsson:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Helgu Þorbergsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Efni spurningarinnar er í senn landbúnaðarmál og umhverfismál. Það er augljóst af ræðu hæstv. landbúnaðarráðherra að núverandi stjórnarflokkar hafa lagt gríðarlega aukið fjármagn til þeirra umhverfismála sem skógræktin er, til þeirra landbúnaðarmála sem skógræktin er.

Ég vil jafnframt nefna að Skógræktarfélag Íslands og þeir aðilar sem vinna innan vébanda þess hafa lagt gjörva hönd á plóg varðandi útplöntun og að auka áhuga Íslendinga á skógrækt. Þá vil ég nefna að sjálfsuppgræðsla á sér stað meira en nokkru sinni fyrr á Íslandi. Nú eru að vaxa úr grasi nýir skógar, birkiskógar fyrst og fremst sem eru undanfari annarra skóga, og þeir munu skila tilætluðum árangri í kolefnisbindingu. Má þar m.a. nefna hinn nýja Vatnajökulsþjóðgarð (Forseti hringir.) þar sem mikið er um sjálfssáningu.

[14:05]

**Fyrirspyrjandi (Helga Þorbergsdóttir):**

Herra forseti. Eins og hæstv. landbúnaðarráðherra gat um í upphafi máls síns, að hann gæti einfaldlega svarað með því að segja já, get ég á sama hátt sagt að ég gæti þakkað fyrir góð svör. En um leið og ég geri það vil ég þakka þeim þingmanni sem tók þátt í umræðunni. Ég þakka sem sagt landbúnaðarráðherra fyrir skýr svör og tek undir orð hans um margþætt áhrif skógræktar.

Ég held að umræðan um kolefnisbindingu og umhverfismál í tengslum við skógrækt sé afar mikilvæg og muni eflast og aukast mjög á næstu árum. Ég vil benda á afar áhugaverða umræðu sem skógfræðingar hafa haft uppi, bæði í ræðu og riti, á undanförnum dögum, mánuðum og árum, t.d. nýja grein í síðasta blaði Skógræktarritsins þar sem sérstök áhersla er lögð á þetta og þar sem nálgunin á málaflokkinn er afar áhugaverð og svolítið nýstárleg.

[14:07]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Ég vil sérstaklega taka fram að fyrir nokkrum árum var bæði deilt um gildi skógræktar á Íslandi og líka um hvað skógrækt þýddi. Þá töluðu menn jafnvel eingöngu um skógrækt sem umhverfismál en skógrækt er náttúrlega um víða veröld mikið landbúnaðarmál og í mörgum löndum einn stærsti tekjustofn bændanna. Ég minnist þess að í upphafi ráðherraferils míns gat ég þess að skógrækt væri landbúnaður. Þá vakti það, mér til undrunar, töluverða athygli.

Það sjá allir að það hefur verið farsælt að færa skógræktarverkefnin til bændanna. Þeir búa til þessa auðlind. Það eru 80 ár síðan Írar, frændur okkar, fóru í sams konar verkefni og hafa gert land sitt að skógræktarlandi og eiga

þar mikilvæga auðlind. Ég held að við séum á réttu róli hér á landi hvað þetta varðar og getum séð mikinn árangur af þessu og sjáum þegar þann árangur að í lundi nýrra skóga vex áhugi á búsetu, heilsárshúsum. Þjóðin öll hefur í sjálfu sér græna fingur. Margir hafa flust á lögbýli sem þeir hafa keypt úr jörðum eða heilar jarðir til að búa í sveitinni og taka þátt í skógræktarverkefnum og því mikla menningarstarfi. Ég trúi því, eins og ég sagði áðan, að þjóðarviljinn sé til staðar. Þingviljinn er til staðar og ég eins og aðrir hér mun leggja mitt lóð á þær vogarskálar næstu árin að efla þennan atvinnuveg og þessa skyldu okkar við land okkar, bæði á Alþingi og í umræðu í þjóðfélaginu hafi ég til þess fylgi og krafta.

Umræðu lokið.

## *Öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar.*

Fsp. SJS, 251. mál. — Þskj. 254.

[14:09]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég legg fyrirspurn fyrir hæstv. dómsmálaráðherra varðandi umfang og eðli og tímasetningar sem tengjast starfsemi sem ýmist hefur verið nefnd eftirgrennslana-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi hjá lögregluyfirvöldum, útlendingaeftirliti og lögreglu.

Sú er forsaga þessa máls innan þingsins að í umræðum utan dagskrár 9. október 2006 lagði ég spurningar fyrir hæstv. ráðherra í þessu sambandi sem ég hafði sent ráðherranum áður samkvæmt venju en svörin voru satt best að segja rýr í roðinu. Hvað þennan þátt sérstaklega varðar sagði t.d. hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Þegar ég las spurningar hv. þingmanns lenti ég í nokkrum vandræðum með svörin því að spurningar hans lúta að löngu liðnum atburðum ...“

Ég spurði m.a. um það hvort þessi starfsemi væri enn í gangi eða hvenær henni hefði verið hætt. Af því sést þegar að þetta svar ráðherrans var útúrsnúningur. Ég spurði einnig um stöðu þessara mála í dag eða í nýliðnum tíma.

Seinna sagði ráðherra aftur, með leyfi forseta:

„Eins og áður sagði bý ég ekki yfir þeirri þekkingu á því hvernig öryggisgæslu ríkisins var háttað fyrir mörgum áratugum að ég geti svarað einstökum spurningum hv. þingmanns.“

Er það boðleg frammistaða af hálfu eins ráðherra að bera við þekkingarskorti þegar hann fær spurningar frá þingmönnum um hrein og klár efnisatriði? Ber ekki ráðherranum embættisskylda til að afla upplýsinganna í ráðuneyti sínu og koma með svörin? Kostulegast var þó þegar hæstv. ráðherra skaut sér á bak við skýrslu um sérfræðinga frá ráðherraráði Evrópusambandsins sem hefði gert úttekt á þessum hlutum hér og sagði, enn með leyfi forseta:

„Af úttektinni má ráða að sérfræðingarnir telja lögregluna á Íslandi ekki hafa neinar heimildir til rannsókna án þess að þar búi að baki rökstuddur grunur um saknæmt athæfi. Hér sé því ekki starfandi leyniþjónusta eða rekin leyniþjónustustarfsemi af hálfu lögreglunnar.

Ég tek undir þessa niðurstöðu hinna óháðu erlendu sérfræðinga.“ — Segir hver? Dómsmálaráðherra Íslands, sem er að svara fyrirspurn á Alþingi Íslendinga um tiltekið efni, skýtur sér á bak við það að hann sé sammála erlendum sérfræðingum sem hafi kíkt á málin. Og af því að þeir komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé lagastoð fyrir einhvers konar greiningar-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi innan lögreglunnar sé hún væntanlega ekki til. Ég er þessu sammála, segir dómsmálaráðherra.

Þess vegna legg ég svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra og ég vísa til 54. gr. stjórnarskrárinnar en þar er réttur þingmanna til að bera upp fyrirspurn til ráðherra tryggður:

Hvenær lauk eftirgrennslana-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi þeirri sem upplýst hefur verið að hófst hjá lögreglu um miðbik síðustu aldar eða hefur einhver slík eftirgrennslana-, greiningar-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi (Forseti hringir.) farið fram hjá lögreglunni allt til þessa dags?

Einnig er spurt um umfang þessarar starfsemi.

[14:12]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég veit að hæstv. forseti er sammála mér um það að ekki er hægt að spyrja þingmenn eða ráðherra og krefja svara af þeim um eitthvað sem þeir ekki vita. Ég veit ekki hvernig stjórnarskráin getur tryggt það að menn svari um einhverja hluti sem þeir vita ekki um.

Herra forseti. Fyrirspurnir hv. þingmanns eru sprottnar af grein eftir dr. Þór Whitehead í tímaritinu Þjóðmálum þar sem sagt er frá því að á 4., 5. og 6. áratug síðustu aldar hafi verið lagður grunnur að því hjá lögreglustjóranum í Reykjavík að gert væri yfirlit yfir styrk kommúnista í ýmsum lykilstofnunum ríkisins með það í huga að þeir kynnu að geta misnotað aðstöðu sína, sérstaklega á stríðstímum, ef flokkur þeirra kræfðist, eins og segir í ritgerð Þórs, með leyfi forseta:

„Þá hafi rannsókn á útlendingum í landinu vafalaust tengst viðvörun Dana um njósnanet danskra kommúnista en einn þeirra átti einmitt að sinna viðgerðum hjá Ríkisútvarpinu.“

Segir Þór frá því að einn maður, Pétur Kristinsson, hafi sinnt skrásetningarstarfi hjá lögreglustjóranum í Reykjavík í upphafi 6. áratugarins og hann hafi starfað náið með Árna Sigurjónssyni, yfirmanni Útlendingaeftirlitsins, og þá hafi verið vitað um a.m.k. þrjá hjálparmenn sem vöktuðu sovéska sendiráðið um þetta leyti. Í ritgerðinni er því lýst hvernig þessi starfsemi þróaðist í tímans rás. Ljóst er að aldrei var hún umfangsmikil. Má vafalaust finna umræður um hana í þingtíðindum ef grannt er skoðað.

Á árinu 1986 ákvað ríkisstjórn undir forsæti Steingríms Hermannssonar að setja á laggirnar starfshóp til að huga að skipulagi innri öryggismála. Baldur Möller, sem þá hafði nýlega látið af störfum sem ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, var formaður hópsins og skilaði forsætisráðherra munnlegri skýrslu um málið snemma árs 1987.

Af bráðabirgðaskýrslu sem Baldur ritaði 27. desember

1986 verður ráðið að skömmu áður en hópurinn hóf störf hafi verið gripið til úrbóta í öryggismálum æðstu stjórnar landsins, eins og Baldur orðar það, og telur hann þær aðgerðir á allgóðum vegi en í bráðabirgðaskýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Nú er unnið að mjög kröftugri eflingu tölvustýrðs upplýsingastreymis frá öryggismálastofnunum í öðrum löndum og telur starfshópurinn að þar verði um mjög mikilvæga framþróun að ræða. Jafnframt telur starfshópurinn nauðsynlegt að kanna vel öryggisaðstæður ýmissa viðkvæmustu ríkisstofnana og starfsemi utan þrengstu miðstjórnar ríkisins, svo sem fjarskiptastofnana, útvarps, orkustofnana og flugvalla."

Af þessari frásögn dreg ég þá ályktun að á þessum tíma hafi íslenska ríkið verið að búa sig undir að sinna þeim verkefnum sem hv. fyrirspyrjandi ræðir á annan veg en gert var á 6., 7. og 8. áratugnum. Skömmu síðar varð hv. þingmaður samgönguráðherra og hlýtur hann að hafa tekið afstöðu til þess hvernig staðið skyldi að öryggi þeirra stofnana sem heyrðu undir ráðuneyti hans.

Í lok júnímánaðar sl. var birt opinberlega úttektarskýrsla sérfræðinga ráðherraráðs Evrópusambandsins í hryðjuverkavörnum. Var úttektin gerð fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Niðurstaða skýrslunnar er að íslenska ríkið reki ekki neina starfsemi sem unnt sé að kenna við leyniþjónustu. Skýrslan gefur gleggri mynd en nokkur önnur opinber gögn af þessum málum hér á landi og þar er gerð tillaga um að koma á laggirnar íslenskri öryggis- og greiningarþjónustu. Sérfræðingarnir töldu hana með öðrum orðum ekki fyrir hendi í landinu.

Ég vænti þess að nefnd undir formennsku dr. Páls Hreinssonar, sem starfar á grundvelli ályktunar Alþingis, geti upplýst þingheim um það efni sem hv. þingmaður nefnir í 2. lið fyrirspurnar sinnar. Ég hef hvorki þekkingu né vitneskju til að lýsa umfangi þeirrar starfsemi sem fyrirspyrjandi nefnir, hverju var safnað, hverjir vissu um þessa starfsemi eða hverjir höfðu aðgang að upplýsingunum.

[14:16]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Hæstv. ráðherra endurtekur sömu svörin og skýtur sér með öllu undan því að svara beinni efnislegri spurningu sem hann fær í fyrirspurnarformi á Alþingi. Hann skýtur sér á bak við það að erlendir sérfræðingar hafi komið og gert úttekt á stöðu þessara mála. Hvert leituðu hinir erlendu sérfræðingar eftir upplýsingum nema í dómsmálaráðuneytið?

Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að ég er að spyrja dómsmálaráðherra Íslendinga og dómsmálaráðherra kemur endurtekið með nokkurra mánaða millibili í ræðustól og ber við þekkingarleysi, að hann hafi hvorki þekkingu né vitneskju. Ég ætlast til þess að hæstv. dómsmálaráðherra afli þessara upplýsinga. Það eru hæg heimatökin því að þær stofnanir sem hér eiga í hlut heyra undir ráðuneyti hans. Eftir því sem gögn eru til í stjórnkerfi Íslands eru þau í stofnunum sem heyra undir hæstv. ráðherra.

Í 54. gr. stjórnarskrárinnar stendur, með leyfir forseta:

„Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu."

Þetta er stjórnarskrárvarinn réttur þingmanna til að krefja ráðherra svara. Ráðherrar eiga að afla þeirra gagna og upplýsinga sem beðið er um eftir því sem gerlegt er og þær eru til. Það er ekki frambærilegt að hæstv. dómsmálaráðherra komi hér aftur og aftur með þessum hætti og víki sér bersýnilega undan því að svara. Hann gerir ekki einu sinni tilraun til þess með útúrsnúningum af þessu tagi. Ég mótmæli því, herra forseti, að stjórnarskrárvarinn réttur minn sem þingmanns sé lítilsvirtur með þessum hætti.

Ég minni á að það er hlutverk Alþingis að veita framkvæmdarvaldinu aðhald að þessu leyti. Það situr þingbundin ríkisstjórn á Íslandi en ekki ríkisstjórnarbundið þing, hæstv. dómsmálaráðherra (Forseti hringir.) Björn Bjarnason.

[14:19]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði, stjórnarskráin krefst þess ekki af mönnum að svara hlutum sem þeir vita ekki um.

Umræðu lokið.

## *Fangelsi á Hólmsheiði.*

Fsp. GÓJ, 319. mál. — Þskj. 342.

[14:19]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Á þskj. 342 hef ég lagt fram fyrirspurn til dómsmálaráðherra um fangelsi á Hólmsheiði.

Saga nýs fangelsis í Reykjavík er að verða hálfrar aldar gömul, allt frá því að þáverandi dómsmálaráðherra fól Valdimari Stefánssyni sakadómara að gera áætlun um hvernig koma mætti fangelsismálum í nútímalegt horf hér á landi árið 1960. Hann lagði til að byggt yrði ríkisfangelsi í Korpúlfsstaðalandi en frá því var horfið.

Árið 1965 var gerð tillaga um fangelsi við Síðumúla í Reykjavík sem nota ætti til að vista gæsluvarðhaldsfanga og það var í raun notað allt til ársins 1996. Árið 1974 veitti Reykjavíkurborg vilyrði fyrir lóð undir fangelsi við Tunguháls 6 og þar fóru fram framkvæmdir við grunn- og botnplötu árið 1978.

Árið 1991 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra nefnd sem lagði til í skýrslu í mars 1992 að byggt yrði nýtt afplánunar- og gæsluvarðhaldsfangelsi í Reykjavík. Síðan var skipuð önnur nefnd árið 1995 sem átti að annast áætlunargerð um byggingu gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsis á Tunguhálsi 6 í Reykjavík. Sú nefnd skilaði af sér vorið 1998 og lagði til að þar yrði byggt fangelsi fyrir 30 fanga.

Enn var skipaður starfshópur um þessi mál árið 2001 sem gerði drög að alútboði í apríl 2004 en Borgarskipulag Reykjavíkur úthlutaði lóð fyrir fangelsi á Hólmsheiði norðan Suðurlandsvegar í desember 2001.

Í skýrslu Fangelsismálastofnunar í október 2004 var gerð tillaga um að byggja nýtt fangelsi á Hólmsheiði sem

móttöku- og gæsluvarðhaldsfangelsi þar sem lögð yrði áhersla á meðferðardeildir.

Í mars 2005 var áætlun Fangelsismálastofnunar um uppbyggingu fangelsanna, þar á meðal fangelsis á Hólmsheiði, samþykkt í ríkisstjórn. Samkvæmt því áttu framkvæmdir að hefjast í byrjun árs 2008 og ljúka fyrir árslok 2009.

Því spyr ég hæstv. dómsmálaráðherra:

Hvað líður undirbúningi að byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði í Reykjavík?

[14:22]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Undirbúningur þessa hefur staðið lengi eins og hv. þingmaður vék að. Í fjáraukalögum á síðasta ári var gerð tillaga um að veita 10 millj. kr. til að halda áfram með undirbúninginn vegna þessa máls. Að honum er unnið. Einnig hefur á Alþingi verið lögð fram áætlun um uppbyggingu Kvíabryggju, fangelsis á Akureyri, um framkvæmdir á Litla-Hrauni og stækkun aðstöðunnar þar. Þegar menn fóru yfir þær hugmyndir sem lágu fyrir á sínum tíma um móttöku- og gæsluvarðhaldsfangelsi á Hólmsheiði breyttust viðhorfin og var m.a. tekin ákvörðun um að taka mið af því að kvennafangelsið þyrfti að hverfa o.s.frv. Því lágu ýmsar ástæður til þess að menn fóru yfir þetta mál að nýju.

Fjármálaráðherra og ég höfum síðan unnið að þessu sameiginlega, þ.e. embættismenn á okkar vegum, og m.a. fengið verkfræðinga og Stefán P. Eggertsson verkfræðing til að vera verkefnisstjóra að fangelsisbyggingu. Hann hefur unnið að þessu máli. Ég fullvissa hv. þingmann um að þetta er í vinnslu og að verið er að vinna að þessu.

Ég vil nota tækifærið til að vekja máls á því sem nú er í umræðunni. Eins og menn vita hefur nýtt embætti verið stofnað, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. Það er augljóst að höfuðstöðvar þeirrar lögreglu verða ekki til frambúðar við Hlemm. Það er ljóst að það er of þröngt. Þetta hefur raunar verið rætt áður og taka þarf afstöðu til þess hvar nýjar höfuðstöðvar lögreglu verða. Í þeirri vinnu hef ég líka óskað eftir því að litið verði til þess hvort skynsamlegt sé að reisa saman lögreglustöð og gæsluvarðhaldsfangelsi og skoðað verði samtímis hvort til sé land undir þetta á höfuðborgarsvæðinu sem er viðunandi og hvort það sé skynsamleg lausn að leysa þetta í einu, að reisa nýja lögreglustöð og leysa gæsluvarðhalds- og fangelsisþörf hér á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmenn Fangelsismálastofnunar og lögregluembættisins á höfuðborgarsvæðinu hafa rætt þetta. Uppi eru ákveðnar hugmyndir um þetta sem ég hef m.a. rætt við fjármálaráðherra sem við viljum að verði hugað að og kannað. Það breytir samt ekki neinu um að við látum þær athuganir ekki tefja fyrir því starfi sem unnið er vegna Hólmsheiðarmálsins. Ef þetta gengur ekki upp verður hitt í þeim farvegi sem það er. Það var alltaf reiknað með því í uppbyggingaráætluninni sem liggur fyrir að Hólmsheiðarfangelsið yrði síðast í röðinni á eftir uppbyggingu á Litla-Hrauni. Náttúrlega má velta fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt að leggja meiri áherslu á aðstöðuna á Litla-Hrauni og skoða fyrir hve stórt fangelsi er þörf á höfuðborgarsvæðinu. Ef við getum tryggt það með hagkvæmni í tengslum við nýja lögreglustöð finnst mér að við eigum a.m.k. ekki að láta það óskoðað á þessu stigi. Það er ekki of seint að skoða það og það spillir ekki fyrir þeim hugmyndum sem menn hafa haft um Hólmsheiðarfangelsið.

Ég þakka fyrir það tækifæri sem ég fæ til að vekja máls á þessu og reifa sjónarmið um þetta mál sem er á viðkvæmu könnunarstigi. Niðurstaðan ræðst náttúrlega af því hvort eitthvert sveitarfélag hér innan höfuðborgarsvæðisins, ef við lítum á það sem eitt lögregluumdæmi, hefur land eða lóð sem mundi gagnast í þessu tilliti. Ég tel mikilsvert að bæði forustumenn hjá lögreglustjóraembættinu á höfuðborgarsvæðinu og forstöðumenn Fangelsismálastofnunar, ásamt með verkefnisstjóranum Stefáni P. Eggertssyni, leggjast a.m.k. ekki gegn því að þessi leið verði íhuguð og skoðuð.

Ég geri þetta ekki til þess að skjóta málinu á frest. Eins og hv. þingmaður vakti máls á er eftir fimm áratuga, eða sex áratuga bráðum, baráttu fyrir því að koma upp almennilegu fangelsi kominn tími til að finna lausn sem almennileg sátt myndast um. Það er ekki einleikið að menn skuli ekki hafa lokið málinu.

[14:27]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni fyrir að vekja máls á þessu efni. Hæstv. dómsmálaráðherra sagði í lokin að það væri ekki einleikið hve langan tíma málið hafi tekið. Mig langar bara að því sé svarað skýrt hvort sú staða geti komið upp að menn hætti við nýja fangelsisbyggingu í Reykjavík og fari út í það að stækka og bæta aðstöðuna á Litla-Hrauni. Er möguleiki á að hætt verði við nýbyggingu í Reykjavík og aðaláherslan lögð á Litla-Hraun?

Menn hafa rætt sín í milli að það sé hluti af ástæðunni fyrir því að ekki sé lengra komið í þessu verki, að deilur séu á milli aðila um á hvorum staðnum þetta eigi að vera.

[14:28]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir svörin. Mér finnst stóru pólitísku tíðindin í svari hæstv. dómsmálaráðherra felast í að verið sé að skoða hvort byggja eigi saman nýjar höfuðstöðvar lögreglu á höfuðborgarsvæðinu og nýtt gæsluvarðhaldsfangelsi í staðinn fyrir fangelsi sem rísa átti á Hólmsheiði.

Það er sjálfsagt að yfirmenn lögreglu og fangelsismála og dómsmálaráðuneytis skoði þann möguleika og þá yrði væntanlega frekari uppbygging á Litla-Hrauni sem afplánunarfangelsi. Ég tel hins vegar brýnt, og tek undir það með hæstv. dómsmálaráðherra, að það verður að leiða þessi mál til lykta. Það er of langur tími að taka fimm áratugi í að ákveða hvort byggja eigi nýtt fangelsi í Reykjavík eða ekki.

Ég vek athygli á því að í skýrslu eftirlitsnefndar Evrópuráðsins árið 1998 ítrekaði nefndin þá kröfu að íslensk stjórnvöld settu byggingu nýs gæsluvarðhaldsfangelsis í Reykjavík í forgang. Nú eru að verða liðin níu ár, hæstv. forseti, síðan skýrslan kom út. Í sjálfu sér hefur lítið verið gert í gæsluvarðhaldsfangelsismálum, a.m.k. hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er ákveðið óhagræði af því fyrir lög-

regluna að þurfa sífellt að aka austur á Litla-Hraun með fanga og í skýrslutökur.

Ég treysti hæstv. dómsmálaráðherra til að taka af alvöru og festu á þessum málum eins og öðrum sem hann hefur tekist á við á síðustu missirum.

[14:30]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Spurt var hvort þetta væri ágreiningur um hvort yfirleitt ætti að reisa gæsluvarðhaldsfangelsi í Reykjavík eða ekki. Málið snýst ekki um það. Það verður að vera gæsluvarðhaldsfangelsi á höfuðborgarsvæðinu. Spurningin er hvað það eigi að vera stórt og hvaða kröfur eigi að gera í því efni.

Það er alveg tvímælalaus skoðun mín að þessi fangelsisaðstaða verður að vera hér á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar kann verkaskipting á milli Litla-Hrauns og slíks fangelsis að vera álitamál en það var búið að fara yfir það, og þessar áætlanir sem unnið er samkvæmt núna gera ráð fyrir því að flytja hluti sem var kannski hugsað að hafa á Hólmsheiði á Litla-Hraun. Enginn hefur þó verið með vangaveltur um að hverfa frá því að hér rísi gæsluvarðhaldsfangelsi. Það er nauðsynlegt að gera áætlanir og standa við þær til þess að fangelsið við Skólavörðustíg hverfi úr notkun. Það er augljóst að í Kópavogi er kvennafangelsið á þeim stað að það verður ekki til frambúðar þannig að það verður að taka þessar ákvarðanir. Þetta hefur vafist fyrir mönnum í marga áratugi og þeir ýtt því á undan sér og alls konar hlutir gerst í því. Ég þekki ekki alla þá sögu en ég tel að við séum hér með tvo kosti og það eigi að skoða þá báða og einhenda sér svo í að reisa þetta hús. Ég tel að ef farið yrði í það t.d. að reisa sameiginlegt hús fyrir bæði fangelsi og lögreglu mundu losna miklir fjármunir sem eru núna nýttir í húsakost fyrir lögregluna þannig að með einkaframkvæmd ætti að vera hægt að gera þetta á skömmum og skynsamlegum tíma.

Umræðu lokið.

## *Aðgerðaáætlun til að stemma stigu við mansali.*

Fsp. KolH, 434. mál. — Þskj. 532.

[14:32]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Íslenska ríkisstjórnin hefur einsett sér að vinna gegn mansali á markvissan hátt. Það hefur hún m.a. samþykkt á norrænum vettvangi og má nefna t.d. að hún hefur verið virkur þátttakandi í norrænu/baltnesku átaki sem staðið hefur allt fram á — ja, ég held að því hafi lokið á síðasta ári, 2006, átaki sem norrænu ríkisstjórnirnar efndu til í samvinnu við Eystrasaltsríkin til að vinna gegn mansali. Frá þessu átaki er sagt á heimasíðum ráðuneytanna á Íslandi.

Jafnréttisráðherrar og dómsmálaráðherrar Norðurlandanna hafa líka undirritað yfirlýsingu um að þeir muni halda áfram vinnu varðandi átakið sem gert hefur verið og við vitum að sennilega á næsta Norðurlandaráðsþingi munum við eiga von á skýrslu frá ríkisstjórnunum um niðurstöðu þessara mála. Í yfirlýsingunni sem varðar þetta mál samþykkja ráðherrarnir líka að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun hver í sínu landi.

Nágrannalönd okkar hafa verið með í gildi aðgerðaáætlanir af þessu tagi gegn mansali undanfarin ár. Danir gáfu út sína fyrstu 2002, hún gilti til þriggja eða fjögurra ára og það er verið að endurnýja hana ef það er ekki komin ný. Norðmenn eru með sína aðgerðaáætlun 2005–2008 en ekkert bólar á íslenskri framkvæmdaáætlun í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Mansal til kynlífsþrælkunar hefur verið mjög til umfjöllunar i nágrannalöndum okkar og við höfum aldeilis ástæðu til þess að ætla að það teygi anga sína hingað til lands. Glæpastarfsemi af þessu tagi er orðin ótrúlega umfangsmikil í veröldinni og eftir því sem nýjustu fréttir herma og tölur frá Sameinuðu þjóðunum segja eru glæpasamtök sem stunda sölu á konum og börnum til kynlífsþrælkunar farin að velta meiri fjármunum á ári en þeir sem smygla vopnum eða eiturlyfjum.

Á fundi borgaranefndar Norðurlandaráðs í Lahti í Finnlandi síðasta haust kom fram að á Norðurlöndunum væri vandinn verulegur. Okkur skorti kannski í sjálfu sér ekki lagasetningar eða alþjóðlega samninga heldur skorti okkur fyrst og fremst fjármagn og pólitískan vilja.

Ég spyr hæstv. dómsmálaráðherra hvort okkur skorti kannski pólitískan vilja hér í ljósi þess að aðgerðaáætlun gegn mansali hefur ekki enn litið dagsins ljós þrátt fyrir þær skuldbindingar sem við höfum tekið á okkur í þeim efnum.

[14:35]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég hef sem ráðherra látið frekar verkin tala en að sitja við að semja áætlanir. Þannig hefur verið unnið í þessu máli. Það hefur ekki verið sest niður til að semja áætlanir, heldur hafa verkin verið látin tala, m.a. með breytingum á lögum og með flutningi frumvarpa, m.a. um breytingar á lögreglulögunum, upptöku greiningardeilda og annarra slíkra þátta. Við höfum styrkt lögregluna til að sinna þessum málum og berjast við alþjóðlega glæpastarfsemi. Ég hef talið mikilvægara að kröftum ráðuneytisins yrði varið til þess að vinna að slíkum umbótamálum en að setjast niður við að semja einhverjar áætlanir. Ég tel miklu meira virði fyrir borgarana að unnið sé að málunum með þeim hætti sem við höfum gert í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á þessu sviði en að velta fyrir okkur einhverri áætlanagerð.

Við getum farið á hvaða fund sem er, hvaða norræna fund sem er eða baltneskan og sýnt fram á það að við höfum ekki verið að vinna að neinni áætlanagerð heldur höfum við framkvæmt skýra stefnu í löggæslumálum okkar og varðandi þá þætti sem hafa skilað þeim árangri að hér er öruggara landamæraeftirlit og öruggara eftirlit með skipulagðri glæpastarfsemi en var þegar menn ákváðu að fara út í einhverja áætlanasmíði.

Fyrir utan það hef ég lagt fram á þinginu, og hv. þingmaður hefur fjallað um það væntanlega í allsherjarnefnd, frumvörp um eflingu og styrkingu á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna sem tekur á þessum málum. Síðan höfum við líka tekið þátt í alls konar samstarfi, bæði á vettvangi

Evrópuráðsins og Norðurlandaráðs um þessi málefni, á ráðherrafundum og víðar og lagt okkar af mörkum þannig að ég segi nú bara: Ef ég ætti að sitja og semja áætlanir í staðinn fyrir að beita mér fyrir því sem við höfum gert á þessu sviði held ég að ástandið væri ekki eins gott hér og raun ber vitni.

[14:38]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Nú held ég að hæstv. ráðherra misskilji aðeins hlutverk sitt. Ég sagði áðan að lagasetningu skorti ekki og ég viðurkenni fúslega að við erum með lagasetningu sem er til fyrirmyndar í þessum efnum. Ég þekki vel kynferðisbrotakafla hegningarlaganna og er að vinna hann í allsherjarnefndinni eins og hæstv. ráðherra nefnir.

En ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra, úr því að hann nennir ekki að eyða tíma sínum eða ráðuneytisstarfsmannanna í að semja aðgerðaáætlun um það hvernig við ætlum að bregðast við mansali og koma í veg fyrir að það teygi anga sína hingað til lands: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar t.d. í þeim efnum hvað á að gera við fórnarlömb mansals þegar og ef þau rekur á fjörur okkar hér? Hvaða stefnu hefur ríkisstjórnin í því að styðja konur og börn sem koma til landsins í gegnum glæpasamtök sem hafa mansal sem aðalvettvang í veröldinni? Hvernig ætlar hann að bjóða þeim félagslegan stuðning, hvað stendur þessu fólki til boða t.d. varðandi tryggingar, félagslega aðstoð, íverustaði og annað þar fram eftir götunum? Það er það sem norrænu þjóðirnar setja í sínar aðgerðaáætlanir.

Danirnir hafa tvíþætta áætlun þar sem þeir annars vegar leggja til ákveðna þætti sem varða stuðning við fórnarlömbin og í hina röndina eru þeir beinlínis með aðgerðir til að fyrirbyggja sölu á konum og börnum til kynlífsþrælkunar. Það eru nefndar hjálparlínur sem eru reknar fyrir stuðning hins opinbera, ákveðnir starfshópar eru stofnaðir, markvisst samstarf við sjálfstæð félagasamtök sem starfa á þessum vettvangi og þar fram eftir götunum. Það eru þessir hlutir sem þurfa að vera í aðgerðaáætlun. (Forseti hringir.) Og það er ekkert mikið mál að setja eina saman. Það má t.d. þýða þá (Forseti hringir.) norsku sem er nýútkomin.

[14:40]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera lítið úr aðgerðaáætlunum í Danmörku eða Noregi eða öðrum löndum. Hv. þingmaður hefur þing eftir þing flutt tillögur um það að við eigum að taka upp eitthvert sænskt kerfi varðandi vændismál af því að Svíar hafi gert eitthvað. Það bara á ekki við hér á landi. Það verður að fara yfir málið og skoða stöðuna hér.

Ef það er verið að spyrja mig sem dómsmálaráðherra um félagsleg úrræði er rangur ráðherra spurður. Ég er að vinna að því að koma í veg fyrir að mansal og þessir hlutir eigi sér stað í landinu með því að stoppa það strax við landamærin þannig að það komist ekki inni í landið, að það sé tekið þannig á málum að alþjóðleg glæpastarfsemi sé upprætt hér og þeir hringar sem vinna í því að smygla konum eða börnum inn í lönd, koma sér fyrir og hreiðra um sig. Það er mitt verkefni. Ég tel að við höfum gert ráðstafanir í því skyni og að við búum ekki við sama vanda og í Danmörku eða Noregi að þessu leyti og þess vegna snúi málið ekki að mér með sama hætti og þetta snýr að dómsmálaráðherrum í þessum löndum. Eins tel ég að þingmaðurinn fari villur vegar þegar hv. þingmaður ræðir um að við eigum að taka upp eitthvert sænskt kerfi hér út af vændismálum i Svíþjóð sem eiga ekki erindi hingað.

Þingmaðurinn getur lesið allar þær skýrslur sem henni bjóðast og hún fær á sín borð en að koma hingað og spyrja mig sem dómsmálaráðherra hvort ég ætli að heimfæra yfir á Ísland þetta ástand sem er í Danmörku og Noregi eða hvaða löndum sem er þá er það ekki mitt hlutverk og ég ætla ekki að gera það.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 14:41]

## *Hlutfall verknámsnemenda.*

Fsp. AKG, 331. mál. — Þskj. 354.

[14:47]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég verð þess oft vör sem þingmaður í landsbyggðarkjördæmi að víða er sár skortur á iðnaðarmönnum í atvinnulífinu á landsbyggðinni. Mér er líka kunnugt um að atvinnufyrirtæki hafa boðið upp á samstarf við skólana. Ég get nefnt sem dæmi 3xStál á Ísafirði sem hefur boðið Menntaskólanum á Ísafirði upp á að nemendur þeirra fengju þjálfun í þeim tækjabúnaði sem er að finna í 3xStál í grein sinni, en ekki hefur fengist heimild til þess frá ráðuneytinu. Ég veit ekki af hverju það er og tel það mjög miður því að fyrirtækið er mjög framarlega í sinni grein og með fyrsta flokks tækjabúnað.

Skipulag náms og kennslunnar er með þeim hætti að nemendur geta víðast hvar ekki lokið framhaldsnámi í iðngreinum á heimasvæði sínu heldur neyðast þeir til að fara í flestum tilfellum til Reykjavíkur til að ljúka námi. Það er skoðun okkar íbúa landsbyggðarinnar að það sé m.a. ástæðan fyrir því að jafnmikill skortur er á iðnaðarmönnum eins og raun ber vitni, vegna þess að fólk sest síðan að á þeim svæðum þar sem það hefur lært, hefur ekki fyrir því að flytja sig til baka aftur og þetta háir atvinnulífinu á landsbyggðinni.

Ég er þeirrar skoðunar að skipulag náms skipti miklu máli um það hvar fólk setur sig niður að námi loknu og jafnvel hvaða námsleiðir fólk velur sér. Ég hef því sett fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. menntamálaráðherra:

1. Hvert var meðalhlutfall nemenda á verknámsbrautum af heildarfjölda framhaldsskólanemenda árin 2000–2005 á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar?

2. Hvert var sama meðalhlutfall á fimm ára tímabili fyrir uppsetningu svonefndra móðurskóla verknámsgreina á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar?

Þess ber auðvitað að geta líka að mikið hefur skort á að veitt sé nægilega mikið fjármagn til verknáms yfir höfuð

því að eins og við vitum er dýrara að reka verknám en bóknám og það er án efa líka þáttur í því (Forseti hringir.) ástandi sem ríkir.

[14:50]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og þær vangaveltur líka sem hv. þingmaður setti fram. Ég tek undir það með þingmanninum að afar mikilvægt er að atvinnufyrirtækin víðs vegar á landinu, ekki bara á landsbyggðinni heldur líka á suðvesturhorninu, tengist verknámsskólunum og iðnskólunum enn betur en nú er. Ég get upplýst hv. þingmann um að formaður skólanefndar og skólameistari ræddu málefnin varðandi Ísafjörð á sínum tíma og það er ekki þannig að heimild vanti frá ráðuneytinu, síður en svo. Ég hvatti þau einmitt eindregið til að fara í þetta samstarf við fyrirtækið 3xStál. Ég heimsótti reyndar það fyrirtæki með þingflokki sjálfstæðismanna og það er afar skemmtilegt og spennandi fyrirtæki. Það eru einmitt miklir möguleikar líka fyrir skólann sem slíkan, annars vegar skólakerfið og hins vegar fyrir atvinnulífið, að tengjast með þeim hætti sem menn eru að ræða. Ég er því miklu fremur hvatamaður þess að menn haldi áfram að nýta þá aðstöðu sem fyrirtækin bjóða upp á, sem hugsanlega getur um leið leitt af sér einhvern sparnað fyrir skólana sem væri þá hægt að nýta í aðra hluti til uppbyggingar.

Fyrri fyrirspurn hv. þingmanns er: „Hvert var meðalhlutfall nemenda á verknámsbrautum af heildarfjölda framhaldsskólanemenda árin 2000–2005 á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar?“

Meðalhlutfall nemenda í starfsnámi á landsbyggðinni af heildarfjölda framhaldsskólanemenda í skólum á landsbyggðinni var 35% á árunum sem um er spurt. Á sama tímabili var meðalhlutfall starfsnáms nemenda á höfuðborgarsvæðinu 36% af heildarfjölda nemenda í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu, en í þessum tölum er um að ræða nemendur í dagskóla og flokkun á landsvæði byggir á staðsetningu skóla, staðsetningu og viðmið sem við þekkjum, þ.e. höfuðborgarsvæðið en til landsbyggðar teljast landsvæðin utan Reykjavíkur og Suðvesturkjördæmis, svo það sé tekið fram.

Síðan spyr hv. þingmaður í öðru lagi: „Hvert var sama meðalhlutfall á fimm ára tímabili fyrir uppsetningu svonefndra móðurskóla verknámsgreina á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar?“

Í lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er í 31. gr. ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra geti að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Ákvæðin um kjarnaskóla eða móðurskóla í starfsnámi er almennt að finna frá og með árinu 2002 í skólasamningum sem menntamálaráðuneytið gerir nú við framhaldsskólana. Því verður í þessu svari gerð grein fyrir meðalhlutfalli nemenda í starfsnámi af heildarfjölda nemenda á landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar á árabilinu 1997–2001. Meðalhlutfall nemenda í starfsnámi á landsbyggðinni af heildarfjölda framhaldsskólanemenda í skólunum á landsbyggðinni var á þessu tímabili, þ.e. frá 1997–2001, 35%. Á sama tímabili var meðalhlutfall starfsnámsnemenda á höfuðborgarsvæðinu 34% af heildarfjölda nemenda í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Við þetta er því að bæta, frú forseti, að ég tel mikilvægt og ég finn að við hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir tölum sama máli hvað það varðar að efla þarf enn frekar starfsnáms- og verknámsskólana, efla starfsnámið sem slíkt. Ég bind miklar vonir við þá vinnu sem nú stendur yfir. Ýmsar nefndir munu skila mér niðurstöðum á næstu dögum og vikum í tengslum við m.a. hin tíu skref, sáttmálann og samkomulagið sem gert var við Kennarasamband Íslands. Þar er sérstaklega verið að líta til niðurstöðunnar sem fengin var í starfsnámsskýrslunni sem rædd var á Alþingi. Allir stjórnmálaflokkar fögnuðu niðurstöðu þeirrar nefndar sérstaklega og við náttúrlega berum þá von í brjósti að þær tillögur sem nú muni líta dagsins ljós, sem eru niðurstöður og afrakstur nefndar sem er að vinna núna í ljósi þess umfangs, skili okkur því að við getum rætt um eflingu starfsnáms og við sjáum fram á að það muni eflast enn frekar til lengri tíma litið, en eins og við þekkjum og vitum erum við að tala um að fyrirkomulagið til framtíðar verði það að við ræðum um eitt stúdentspróf og förum ekki í aðgreiningu á bóknámi og verknámi og vonumst til þess að það hugsanlega leiði þá til viðhorfsbreytingar í samfélaginu sem síðan leiði til eflingar starfsnáms.

[14:55]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur kærlega fyrir fyrirspurnina. Mjög brýnt er að nemendur geti lokið verknámi sínu að mestu leyti úti á landi eins og möguleikar eru á. Það hefur háð byggðum víða að nemendur þurfa að fara til höfuðborgarsvæðisins til að klára verknám sitt og þar hafa nemendur oftar en ekki ílengst vegna þenslu á höfuðborgarsvæðinu og ekki snúið aftur í heimabyggð sína, eins og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir kom inn á, og víða er skortur á iðnaðarmönnum úti á landi.

Það hefur líka verið til vandræða að fyrirtæki hafa ekki haft möguleika á að taka nemendur á samning, nema þá vegna lítilla verkefna og þetta hangir allt saman. Þess vegna tel ég vera mjög brýnt landsbyggðarmál og byggðamál að bjóða upp á að hægt sé (Forseti hringir.) að ljúka starfsnámi í heimabyggð.

[14:56]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur fyrir þátttöku í umræðunni.

Þær tölur sem hæstv. ráðherra kom fram með segja okkur það eðli málsins samkvæmt að það hljóti að vera umtalsvert færri eða lægra hlutfall nemenda sem hefur nám á verknámsbrautum á höfuðborgarsvæðinu heldur en fyrir utan Reykjavík því að inni í þeim tölum hljóta að vera allir þeir sem flytja af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið og ljúka þar námi.

Í svarinu kristallaðist einnig það óréttlæti sem nemendur

á landsbyggðinni standa frammi fyrir, að geta ekki lokið námi í heimabyggð sinni, heldur þurfi að flytja að heiman til að taka jafnvel tvö ár eða meira til að geta klárað námið. Í þessu kristallast jafnframt óréttlætið sem atvinnulífið á landsbyggðinni stendur frammi fyrir, að hafa ekki möguleika á að halda í nemendur sína á þann hátt að þeir nái að ljúka námi og hefji síðan störf í heimabyggð.

Það var gott að heyra hæstv. ráðherra lýsa yfir velvilja sínum gagnvart samstarfi atvinnulífsins og skólans og nefnir sérstaklega 3xStál, eins og ég gerði áðan í máli mínu. En það vekur jafnframt upp þá spurningu um hvað standi í veginum. Mér er það ekki ljóst því ég hélt að það væri líka vilji skólans. Er þá hemillinn fjárhagslegur hjá skólanum sjálfum? Er hemillinn sá að skólinn fái ekki að útskrifa nemendur vegna (Forseti hringir.) þess að þeir þurfa að stunda hluta af náminu úti í atvinnulífinu eða hvað er í veginum, því að þetta er jákvætt mál?

[14:58]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Þetta er sannarlega jákvætt mál en ég vil líka vekja athygli á því varðandi umræðuna um fjármuni til verknáms og iðnnáms, að þá hefur það í rauninni verið sérstaklega leiðrétt verknáms- og starfsnámsskólunum í hag á síðustu árum og var farið sérstaklega í það árið 2003 að leiðrétta reiknilíkanið með það í huga að styrkja stöðu verknámsskólanna.

Hitt atriðið sem komið var hér inn á var um nám í heimabyggð. Ef við lítum núna á það sem hefur verið að gerast á framhaldsskólastigi á undanförnum missirum, bara á síðasta ári, hefur stefnan verið sú, undir minni stjórn, að færa námið, færa tækifærin eins nálægt heimabyggðinni og hægt er. En auðvitað að teknu tilliti til þess hversu mikla sérhæfða þjónustu við getum boðið upp á á hverjum stað, m.a. með tilliti til fjármagns og aðstæðna. Auðvitað verður að taka tillit til þess. Ég nefni í þessu samhengi m.a. framhaldsskóladeildina á sunnanverðum Vestfjörðum, á Patreksfirði, þar sem við erum að tengja saman, m.a. í gegnum tæknina, landshluta sem hefur ekki setið nákvæmlega við sama borð í rauninni og aðrir landshlutar í framhaldsskólakerfinu. Við gerum það m.a í gegnum tæknina og síðan í góðu samstarfi og samvinnu við Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Snæfellsnesi. Þetta er dæmi um að við erum að færa framhaldsskólann nær heimabyggðinni.

Annað dæmi sem ég get nefnt um framhaldsskóla sem er núna í undirbúningi er framhaldsskóli eða menntaskóli í Borgarfirði, sem ég tel vera mjög athyglisvert mál. Þar eru sveitarstjórnir í samvinnu við okkur að huga að því að námið allt á því svæði verði ein samfella og við skoðum námið heildstætt, þ.e. leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og síðan eru þessi ótal tækifæri til háskólanáms á því svæði.

Umræðu lokið.

## *Tilraunaverkefnið Bráðger börn.*

Fsp. PHB, 441. mál. — Þskj. 564.

[15:01]

**Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra:

1. Hver er staða tilraunaverkefnisins Bráðger börn?

2. Hefur verið gerð úttekt á áhrifum þess verkefnis á börnin sjálf?

3. Er fyrirhugað að verkefnið nái til barna utan höfuðborgarsvæðisins og jafnvel annarra aldurshópa?

Í upphafi árs 2001 var sett á laggirnar verkefnið Bráðger börn en að því stóðu Heimili og skóli, Háskóli Íslands og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Náði það til u.þ.b. 200 barna á Stór-Reykjavíkursvæðinu á aldrinum 11–13 ára. Þau voru valin eftir einkunnum að einhverju leyti en líka samkvæmt ráðleggingum kennara en það er að sjálfsögðu mjög erfitt að mæla hæfileikaríkt börn.

Verkefnið stóð í nokkur ár og ég vil geta þess að foreldrar voru mjög þakklátir fyrir þetta verkefni þó að þeir hefðu greitt helminginn af kostnaðinum. Ég vil líka geta þess að prófessorar við háskólann komu mjög sterkt að þessu verkefni. Svo vil ég geta Meyvants Þórólfssonar sem var mikil driffjöður í verkefninu en því var startað að mínu frumkvæði.

Staða þessara barna er þannig að þetta eru börn sem eru á sitt hvorum enda skalans, þ.e. börn sem eiga erfitt með nám og svo börn sem eiga mjög gott með nám, og í bekknum eru báðir hóparnir álitnir skrýtnir. Bráðger börn eru merkilegt nokk oft með mjög slæma sjálfsmynd. Þau passa ekki inn í hópinn, þau eru kölluð „proffar“, stundum lenda þau í einelti. Það kom í ljós þegar ég talaði við foreldra þessara barna að þau voru oft mjög með slæma sjálfsmynd.

Þá var líka einkennandi þegar hópurinn kom saman að þessi börn höfðu enga viðspyrnu. Í bekknum voru þau alltaf langbest og þurftu aldrei að leggja neitt á sig, fylltust námsleiða, en þegar þau komu saman sáu þau að þau höfðu eitthvað til að keppa að, keppa við einhverja og fengu viðspyrnu. Þá kom líka fram í viðtölum við foreldra að skarpir nemendur vilja oft fá skýringu á ýmsum reglum sem skólakerfið setur upp, sætta sig oft ekki við svörin og lenda oft í uppreisn og lenda jafnvel á refilstigum. Það virðist sem miklir hæfileikar geti verið allt að því ígildi fötlunar ef vandi þessa hóps er ekki viðurkenndur.

Þess vegna er mjög brýnt og mikilvægt að við mætum þörfum þessara barna með krefjandi verkefnum og með því að leiða þau saman. Þau þurfa sérkennslu ekki síður en hinn hópurinn. Það er því mjög mikilvægt að þjóðin nýti hæfileika þessara barna, sem eru geysilega miklir, en hún hefur því miður ekki gert það hingað til. Þess vegna spyr ég þessara spurninga: Hvernig sjá menn þetta fyrir sér til framtíðar og hvað ætla menn að gera til að mæta þörfum þessa hóps?

[15:04]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Pétri Blöndal, fyrir þessa fyrirspurn sem er merkileg fyrir margra hluta

sakir því að verkefnið sem hún snertir var afar athyglisvert. Það hefur m.a. að mínu mati leitt til þess að menn fóru í auknum mæli að huga að því að auka enn frekar sveigjanleika í námi og í rauninni þá sveigjanleika á alla kanta og ekki síður til að mæta líka þörfum þessara bráðgeru nemenda. Ég tel að sú endurskoðun sem nú stendur yfir taki sérstaklega á þessu en einnig ýmsar ákvarðanir sem teknar hafa verið til að koma til móts við þarfir stórs hóps nemenda í grunnskólunum til að fá tækifæri til að taka t.d. samræmdu prófin fyrr og fara þannig fyrr upp á milli skólastiga. Þetta er allt gert með það í huga að einstaklingarnir í grunnskólunum, að jafnaði eru um 4.500 í fæðingarárgangi í grunnskólunum, hafa mjög mismunandi þarfir og oft á tíðum hefur þunginn kannski verið meira á þarfir annarra en þeirra sem teljast í hópi bráðgerra barna. Það er hins vegar ljóst að við vitum af þeim og við erum líka að fara sérstaklega yfir málefni þessa hóps.

Hv. þm. Pétur Blöndal spyr um stöðu tilraunaverkefnisins Bráðger börn. Það verkefni hafði síðan undirtitilinn „Verkefni við hæfi“ og stóð fram til 2004 en byrjaði 2001 að mig minnir. Ég vil eins og hv. þingmaður minna á að þetta verkefni var ekki á vegum menntamálaráðuneytisins sem slíks heldur var um að ræða samstarfsverkefni Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Heimilis og skóla. Námskeiðin sem nemendur gátu sótt voru ætluð börnum í 6.–9. bekk grunnskóla sem sköruðu fram úr í námi en fengu ekki alltaf námsefni við sitt hæfi í skólanum og voru tilbúin að vinna að fleiri og meira ögrandi viðfangsefnum en almennt er boðið upp á í skyldunámi. Kennarar úr Háskóla Íslands sáu um kennsluna ásamt nemendum í meistaranámi við Háskóla Íslands og kennslan fór að langmestu leyti fram í húsnæði háskólans.

Nemendur fengust við fjölbreytt verkefni á sviði raunvísinda, hagfræði, viðskiptafræði, lögfræði, heimspeki, tækni og almennra vísinda. Markmið tilraunaverkefnisins var að örva áhuga bráðgerra nemenda á námi sem felur í sér agaða rökhugsun og einnig skapandi hugsun líkt og gerist í háskólanámi, að bjóða börnum sem eru sérstaklega fljót að tileinka sér óhlutbundna hugsun tækifæri til að dýpka þekkingu sína, færni og skilning með ýmiss konar viðbótarviðfangsefnum sem eru við hæfi og samræmast kröftum og námsgetu þeirra barna sem hafa þessar sérstöku námsgáfur til að kynnast t.d. hlutverki vísinda í samfélaginu og störfum vísindamanna, og að leiða saman börn með sérstakar námsgáfur.

Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þingmanns áðan að oft og tíðum er sjálfsmynd einmitt þessara barna brotin. Þau lenda líka oft í einelti af því að þau eru stundum nokkuð sérstök og þess vegna er svo brýnt að reyna að mæta þörfum þeirra með ýmsu móti og fjölbreyttum hætti. Bráðger börn eru líka hópur sem ekki er allur eins. Það verður líka að hafa það í huga að við verðum að mæta þeim með ýmsum hætti.

Ég vil geta þess að mér skilst að á dagskránni á morgun sé ég með framsögu varðandi nýtt fyrirkomulag um námsgögn sem er í rauninni mjög mikil breyting á námsgagnakerfinu hér á landi. Það nýja fyrirkomulag mun veita skólunum tækifæri til að kaupa t.d. námsgögn af sjálfstæðum aðilum til að mæta þeim þörfum sem eru fyrir börnin innan þeirra skóla. Það eykur möguleika fyrir skólana, skólastjóra og kennara til að koma einmitt með námsefni sem er við hæfi, hæfi þessa hóps sem er hugsanlega innan skólanna víðs vegar um landið.

Samkvæmt upplýsingum sem menntamálaráðuneytið hefur aflað var mikil ánægja með námskeiðin og á það við um alla, nemendur, foreldra og kennara. Verkefnið var metið í lok hvers vetrar og niðurstaðan sýndi að um mikilvægt verkefni væri að ræða. Aðstandendur verkefnisins lögðu viðamikla könnun fyrir þátttakendur og forráðamenn þeirra vorið 2003 og töldu menn mikilvægt að nýta þessa reynslu og reyna að halda því áfram með einhverjum hætti.

Þingmaðurinn spyr einnig hvort verkefnið nái til barna utan höfuðborgarsvæðisins. Eins og ég gat um var þetta verkefni samstarfsverkefni Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Heimilis og skóla og síðan bættust við nokkur nágrannasveitarfélög (Forseti hringir.) eins og Bessastaðahreppur, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur og Mosfellsbær. (Forseti hringir.) Eins og staðan er núna vitum við að þetta verkefni er ekki lengur í boði en verið er að fara yfir þessi málefni.

[15:09]

**Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin. Ég er ekki alls kostar ánægður með þau. Mér finnst menn fara þarna á hraða snigilsins og við erum búin að missa þrjá árganga út úr þessu kerfi þó að það færi í gang strax. Ég held að þjóðin megi ekki við því að missa út þessa hæfileika því að við erum að tapa þessum hæfileikum. Ég held að verkefnið hafi einmitt brýnt börnin til þess að nýta hæfileika sína. Ég hef rekist á nokkur þessara barna síðan, bæði í pólitík og annars staðar, og þau hafa virkilega fengið örvun af þessu verkefni.

Þess vegna brýni ég hæstv. menntamálaráðherra til að taka þetta verkefni föstum tökum eða fá einhvern aðila utan skólakerfisins til að sjá um það eins og gert var þarna. Þannig nýtum við þá hæfileika sem þarna eru til staðar. Við megum hreinlega ekki við að tapa þeim því að þessi börn eru oft og tíðum auðlind þjóðarinnar. Við getum ekki látið verkefnið deyja út.

Þegar verkefninu lauk var talað um að það færi inn í grunnskólana og þar yrðu búin til viðeigandi verkefni fyrir börnin. Mér sýnist að það hafi ekki verið gert. Þess vegna skora ég á hæstv. ráðherra að gera annaðhvort mikla bragarbót í því að koma til móts við þarfir þessa hóps eða að fá til þess aðila utan skólakerfisins til að stuðla að því. Það er mikill áhugi hjá foreldrunum, mikill áhugi hjá kennurum í háskólanum og mikill er áhuginn hjá krökkunum. Það er jafnvel spurning um að fá þá krakka sem fóru í gegnum þetta verkefni á sínum tíma til að skipuleggja verkefnið og sjá um það.

[15:11]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég tel að í ljósi þess að grunnskólarnir eru reknir af sveitarfélögunum, eins og við þekkjum og vitum, eigi sveitarfélögin líka — eins og þau sjá ágætlega um

ákveðna þætti skólastarfsins, t.d. sérkennslu og fleira — að sjá um hagsmuni þessara barna. Þau eiga að sjá um hagsmuni allra barna.

Það má ekki líta svo á að ég sé að skáskjóta mér undan ábyrgð á þessu máli, síður en svo, en hvað getur menntamálaráðuneytið gert þarna? Vissulega getum við beint tilmælum og hvatningu til sveitarfélaganna um að huga sérstaklega að þessum hópi, en við getum líka aukið sveigjanleikann í regluverkinu sem slíku, veitt skólastjórnendum og kennurum heimild til að meta hvort þarfir einstakra nemenda eða ákveðins hóps séu þannig að námsefni og fleira nái ekki að uppfylla þær kröfur sem barnið gerir til námsins og að þau hafi þá tæki og tól til þess.

Við getum t.d. farið sömu leið og Danir varðandi samræmdu prófin. Þeir nýta núna sérstaklega tæknina varðandi samræmdu prófin, skilst mér, á þann hátt að samræmd próf verða einstaklingsmiðuð og hönnuð eftir getu hvers barns. Það er hægt að hafa létt próf og mjög þung próf. Reynt er að sigta út hópana og koma með þannig próf að þau komi til móts við þarfir þessara barna.

Á þessi atriði getum við í menntamálaráðuneytinu litið og við erum sérstaklega að skoða þau. Ég ítreka enn og aftur að ég tel að þar sem grunnskólar eru reknir á forsendum sveitarfélaganna og undir þeim lagaramma sem nú er eigi þeir að huga að þörfum allra barna alls staðar í skólakerfinu.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 15:14.

---

# 60. FUNDUR

fimmtudaginn 25. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Vatnajökulsþjóðgarður, stjfrv., 395. mál, þskj. 439. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Úrvinnslugjald, stjfrv., 451. mál, þskj. 592. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, stjfrv., 431. mál, þskj. 519. — 1. umr.
4. Æskulýðslög, stjfrv., 409. mál, þskj. 460. — 1. umr.
5. Námsgögn, stjfrv., 511. mál, þskj. 772. — 1. umr.
6. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 591. — 1. umr.
7. Tekjuskattur, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.
8. Heildarstefnumótun í málefnum útlendinga og innflytjenda, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Fyrri umr.
9. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Fyrri umr.
10. Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
11. Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, þáltill., 36. mál, þskj. 36. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Samtökum hernaðarandstæðinga.
Erindi frá stjórn Landssambands veiðifélaga.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[10:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um framkvæmd þjóðlendulaga. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Hæstv. fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:32]

**Útbýting:**

Hlutafélög o.fl., 516. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 779.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 515. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 778.

Sextán ára kosningaaldur, 514. mál, þáltill. HlH og KolH, þskj. 777.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Stefnumótun um aðlögun innflytjenda – fyrirspurn um símhleranir.

[10:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Á fundi félagsmálanefndar í gær var kynnt stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Þetta er á margan hátt vel unnin stefnumótun um markmið og leiðir til að aðlaga innflytjendur sem best að íslensku samfélagi en allt veltur þetta þó á framkvæmd stefnunnar og fjármögnun. Það sem þó vakti undrun mína og vonbrigði, og ég kalla eftir skýringu hæstv. félagsmálaráðherra á, var að upplýst var í nefndinni að ekki ætti að leggja stefnumótunina fyrir Alþingi til meðferðar og umfjöllunar.

Því vil ég mótmæla harðlega að Alþingi fái ekki að fjalla um þetta stóra mál en auðvitað gæfi það málinu miklu meiri vigt ef það færi til þinglegrar meðferðar á löggjafarþinginu og þá gæti þingið eftir atvikum gert á því umbætur og breytingar eins og þurfa þykir.

Í svona stóru máli á Alþingi að vera aðili að allri stefnumótun og bera ábyrgð á hvernig hún er úr garði gerð. Þannig verður að ganga frá málum að þetta verði ekki bara pappírsplagg í skúffum ráðuneytanna heldur verði unnið *eftir skipulögðu aðgerðaplani sem tryggi að hér á landi* komumst við hjá vandamálum, undirboðum í kjörum, árekstrum og ýmiss konar sambúðarvanda milli fólks af ólíkum uppruna sem margar þjóðir hafa þurft að glíma við. Einnig vantar í þessa stefnumótun framkvæmdaáætlun sem félagsmálanefnd óskaði eftir síðasta vor að gerð yrði á grundvelli stefnumótunar en það var eitt af þeim skilyrðum sem sett var fyrir lagasetningu um frjálsa för launafólks og átti reyndar að leggja stefnumótunina fyrir Alþingi í upphafi þessa þings í haust ásamt framkvæmdaáætlun. Meðferð ráðherrans á málinu er allt önnur en um var rætt í vor.

Um þetta spyr ég ráðherrann og einnig, virðulegi forseti, að fram kom í félagsmálanefnd í gær að breyta þarf lögum, m.a. lögum um atvinnuréttindi útlendinga sem leiðir af þessari stefnumótun og brýnt að þær lagabreytingar sem þarf að gera til að innflytjendur geti sem best aðlagast íslensku samfélagi komi sem fyrst fyrir Alþingi, m.a. að innflytjendaráð fái lagastoð sem mun gegna mikilvægu hlutverki í allri framkvæmd að stefnumótun. Ég spyr því ráðherrann um lagafrumvörp sem fylgja eiga þessari stefnumótun, hvort hann styðji ekki að Alþingi fjalli um stefnumótunina og hún verði tekin til þinglegrar meðferðar og hvort ráðherra muni ekki leggja fram framkvæmdaáætlun á grundvelli stefnumótunarinnar.

[10:35]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Innflytjendaráð hefur undanfarna mánuði unnið að mótun stefnu um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi og skilaði um það tillögu í síðustu viku. Ríkisstjórnin hefur fjallað um málið og þau tímamót urðu sl. þriðjudag að ríkisstjórnin samþykkti þessa stefnumótun sem er í raun fyrsta stefnumótunin um þennan málaflokk sem gerð hefur verið heildstætt. Í gærmorgun var stefnumótunin kynnt fyrir félagsmálanefnd og í framhaldi af því var hún kynnt opinberlega.

Ég tel að um tímamótamál sé að ræða þar sem stefna ríkisstjórnarinnar liggur núna fyrir um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Ég fagna því sérstaklega og er viss um að hv. þingmenn eru mér sömu skoðunar í því efni.

Spurt er hvernig Alþingi komi að málinu. Ég mun í framhaldinu fara yfir það með samráðherrum mínum í ríkisstjórn hvernig við gerum það. Ég tel auðvitað eðlilegt að málið verði til umfjöllunar á Alþingi með einhverjum hætti, en ég mun sem sagt ræða það við samráðherra mína, það eru fleiri ráðuneyti sem koma að þessu máli, og við munum síðan í framhaldi af því taka ákvörðun um það.

Varðandi eftirfylgni stefnunnar, ég tek alveg undir með hv. þingmanni að auðvitað er mikilvægt að fylgja stefnumótun eftir og núna í framhaldinu verður farið í að útbúa framkvæmdaáætlun sem byggir á þessari stefnu. Ég vonast til þess að vinna við það gangi fljótt og vel þannig að við getum farið að vinna markvisst að þessum málum eins og uppleggið er og ég hygg að allir séu sammála um að þurfi að gera.

[10:37]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Virðulegur forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra hefur gert *örlitla grein fyrir þeirri vinnu* sem liggur að baki stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Ég vil meina að það sé tvennt eða þrennt sem þarf að fara í núna eins og skot. Það er m.a. að svona plagg verði gert að t.d. þingsályktunartillögu með aðgerðaáætlun sem fylgiskjali, en fara þarf í tvær mjög mikilvægar lagabreytingar strax. Annars vegar að gefa innflytjendaráði lagastoð, eins og rætt hefur verið um í sölum Alþingis, til að innflytjendaráð geti verið það tæki fyrir stjórnvöld til að vinna að þeim breytingum sem þarf að gera, ekki bara núna heldur í framtíðinni og geti alltaf verið á þeirri vakt. Það gefur líka innflytjendaráði þann möguleika að setja undirnefndir til að fara að vinna slíka vinnu. Núna er slíkt ekki hægt.

Síðan þarf að gera aðra breytingu strax til að eitthvað af þessu fari að virka og það eru lög um túlkaþjónustu. Við erum einungis með hana hvað varðar sjúkrahúsin en það verður að koma með slíka breytingu inn í félagsþjónustu sveitarfélaga og fleiri staði því að við vitum vel að þetta mál er mjög viðkvæmt og hefur verið mistúlkað eins og við *þekkjum úr fjölmiðlum*.

Ég vil einnig benda á að þetta er ekki fyrsta tillagan sem er send til ríkisstjórnar um heildarstefnumótun í þessum málum. Það var líka gert í ráðuneytinu 1999 og síðan liggur fyrir þinginu mjög veigamikil tillaga um svipað efni, en ég vil jafnframt fagna mjög því skjali sem hér er. En það verður að gefa innflytjendaráði lagastoð til að hægt sé að setja einhverja vinnu í gang og setja fólk til verka.

[10:39]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Að undanförnu hefur verið unnið að stefnumótun um málefni innflytjenda og var grunnur að slíkri stefnumótun kynntur í félagsmálanefnd Alþingis í gær. Sá grunnur er prýðilegur en vantar að vísu allt kjöt á beinin, framkvæmdaáætlun. Okkur var sagt í félagsmálanefnd að þetta væri ekki trúnaðarmál en á það bæri að líta að stefnan væri enn í mótun. Síðan gerist það þegar menn koma út af fundi félagsmálanefndar að ríkisstjórnin er að kynna *þetta málefni fyrir fjölmiðlum*.

Ég vek athygli þingsins á því að nú er það að gerast sem iðulega hefur gerst fyrir alþingiskosningar að ráðherrar fara að breyta ráðuneytum sínum í kosningaskrifstofur fyrir eigin flokka. Nú taka þeir án afláts að skreyta sig með fjöðrum, kynna vinnu ýmissa starfshópa og þetta er dæmi um slíkt. (**Gripið fram í:** ... ómerkilegt.) Þetta er ekki ómerkilegt. En það sem er ómerkilegt er að nú gerast ráðherrar mjög gjöfulir. Þeir lofa, en vel að merkja fram í tímann, fram á næsta kjörtímabil og jafnvel tvö kjörtímabil fram í tímann. Við erum að verða vitni að þessu varðandi aðgerðir í menntamálaráðuneytinu og við erum að verða vitni að

þessu í öðrum ráðuneytum einnig.

Ég spyr: Er siðferðilega (Gripið fram í.) stætt á því að ráðherrar í ríkisstjórn komist upp með það að umbreyta ráðuneytum í kosningaskrifstofur? Þetta er dæmi um slíkt.

[10:41]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég er ekki alveg eins harður í garð hæstv. félagsmálaráðherra og hv. síðasti ræðumaður. Ég tel að það sé jákvætt af ríkisstjórninni að hafa gert reka að því að leggja fram stefnu í málefnum innflytjenda. Ég tel að mikilvægt sé að sem breiðust samstaða náist um þann málaflokk. Miklar og á köflum erfiðar umræður hafa verið um hann á síðustu vikum og ég tel að sá málaflokkur sé þess eðlis að miklu máli skipti að þingið fái að ræða það mál og reyna að móta sameiginlega.

Í umræðunni hefur komið fram að aðrir stjórnmálaflokkar, þar á meðal Samfylkingin, hafa lagt fram vönduð þingmál um þetta. Það er til marks um að flokkarnir hafa vel útfærðar stefnur í þeim málaflokki. Ég held að ef hæstv. félagsmálaráðherra vill standa við þau orð sem hann hefur áður látið falla í fyrri ræðum, um nauðsyn breiðrar samstöðu, eigi hann einmitt að koma með málið inn í þingið. Ég er síður en svo að gagnrýna þetta mál eins og það liggur fyrir af þeirri einföldu ástæðu að ég þekki það ekki nema úr fjölmiðlum, en sem kjörinn fulltrúi vil ég fá að taka þátt í umræðum um það og m.a. að reyna að bæta það út frá þeim sjónarmiðum sem minn eigin flokkur hefur.

Ég tók eftir að hæstv. ráðherra sagði hérna áðan að nú mundi hann ræða við samráðherra sína um hvernig ætti að taka þetta inn í þingið. Það finnst mér auðvitað vera tæknilegur galli á málinu. Það hefði átt að vera búið að ganga frá því áður. En hugsanlega er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að fljótaskriftin og hraðinn á málinu sé slíkur að ekki hafi verið búið að ganga frá því. Það er algjört skilyrði, að ef menn ætla sér að ná samstöðu um málefni innflytjenda verður þingið að fá að ræða það og það verður að gera með þeim hætti úr því sem komið er að hæstv. ráðherra leggi fram (Forseti hringir.) skýrsluna og stefnuna til formlegrar umræðu í þinginu.

[10:43]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég ætla að ræða annað mál undir liðnum um störf þingsins, brýnt sem það mál sem áður hefur verið til umræðu er. Ég vil ræða það, virðulegur forseti, að í fyrirspurnatíma í gær gerðist það í annað sinn að hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, vék sér með öllu undan að svara spurningum sem ég hef lagt fyrir hann varðandi símhleranir og meinta eftirgrennslana- eða leyniþjónustustarfsemi á vegum lögreglu- og dómsmálayfirvalda á umliðnum áratugum. Í þetta sinn var um að ræða formlega fyrirspurn á Alþingi og ég vísaði m.a. í 54. gr. stjórnarskrárinnar hvað varðar rétt minn til þess að leggja hana fram, bera hana upp við ráðherrann og fá svör. Ég tel að alger undanbrögð hæstv. dómsmálaráðherra í þessum tveimur tilvikum, í utandagskrárumræðu um málið 8. október sl. og aftur þegar hann svaraði eða öllu heldur ekki svaraði fyrirspurn minni í gær, séu mjög alvarleg atlaga að rétti okkar þingmanna, stjórnarskrárvörðum rétti okkar þingmanna til að krefja framkvæmdarvaldið um upplýsingar.

Ég hef því lagt fram, virðulegur forseti, fyrirspurn á nýjan leik í níu töluliðum, umorðaða að nokkru leyti, þar sem ég óska skriflegs svars frá hæstv. dómsmálaráðherra um þau málefni sem hann hefur í tvígang hunsað að svara á Alþingi. Ég hef óskað eftir því að forseti Alþingis og forsætisnefnd fari yfir umræðurnar frá 8. október og frá því í gær. Ég óska eftir því að forsætisnefnd kveði upp úr um hvort það séu viðeigandi viðbrögð af hálfu hæstv. dómsmálaráðherra sem þar birtast. Ég hef óskað eftir því að forsætisnefnd taki málið fyrir á grundvelli réttar míns sem þingmanns samkvæmt 54. gr. stjórnarskrárinnar með vísan einnig til 1. og 51. gr. stjórnarskrárinnar sem málið varða.

[10:46]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Af viðbrögðum nokkurra hv. þingmanna mætti ætla að þeir legðust gegn því að það skuli í fyrsta sinn hafa verið mótuð stefna af hálfu ríkisstjórnar um málefni innflytjenda. Það er með ólíkindum að menn skuli koma upp, fleiri en einn og fleiri en tveir, og lýsa yfir vonbrigðum og gefa því þær einkunnir sem hér hafa fallið, fljótaskrift, kosningamaskína og þar fram eftir götunum.

Hvað er hér á ferðinni? Hæstv. félagsmálaráðherra er að kynna niðurstöður þverfaglegrar nefndar sem hefur unnið að stefnumörkun um málefni innflytjenda í fyrsta sinn af hálfu ríkisstjórnar. Ég hefði haldið ekki síst eins og þróunin hefur verið síðustu missirin að það væri fagnaðarefni. Þá koma hv. þingmenn upp og láta þau orð falla sem við höfum orðið vitni að. (**Gripið fram í:** Hvaða orð?) Halda mætti að hér væri um einfalda afbrýðisemi að ræða í stað þess að fagna því að komin skuli vera þverfagleg stefna um málefni innflytjenda. Þá leyfir hv. þm. Ögmundur Jónasson sér að nota þau orð sem hann notaði áðan sem og hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Ég tel að það sé þeim til skammar í stað þess að fagna því að nú skulum við sjá markvissa stefnu byggða á þverfaglegri vinnu nefndar um málefni innflytjenda. Hv. þingmaður (**Gripið fram í:** ... titringur.) (**ÖJ:** Maður gæti haldið að þú værir framsóknarmaður.) Nú háttar svo til að atgangur þessara hv. þingmanna er slíkur að ég fæ ekki að ljúka máli mínu. (Forseti hringir.) Ég vil hvetja hv. þingmenn til þess að skoða þessa stefnu. Það var faglega unnið að henni hjá hæstv. ráðherra með þverfaglegri nefnd. Hann kynnti hana fyrir hv. félagsmálanefnd í gær áður en málið var gert opinbert. Í stað þess að koma upp í þessu fúllyndi ættu hv. þingmenn að fagna því að það skuli vera komin fagleg stefna um málefni innflytjenda sem er samfélagi okkar í hag, innflytjendum í hag og þinginu í hag.

[10:48]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég held að full ástæða sé til að fagna þeirri tímamótastefnu sem ríkisstjórnin kynnti í gær og innflytjendaráð hefur unnið að um nokkuð langan tíma, eins og fram hefur komið. Lagt í þetta mikla vinnu og kallað til marga aðila til að ná saman þeirri stefnumótun sem hér birtist. Ríkisstjórnin hefur svo samþykkt þá stefnumótun. Fram

hefur komið í máli hæstv. félagsmálaráðherra að þegar þar að kemur verði þetta auðvitað lagt fyrir Alþingi með einhverjum hætti.

Ég fagna því að hv. þingmenn, sérstaklega Samfylkingarinnar, hafa tekið undir það að hér sé um tímamótastefnumótun ríkisstjórnarinnar að ræða og hafa tekið undir að þetta sé gott starf sem hefur verið unnið. (Gripið fram í.) Vera má að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi ásamt öðrum tekið undir þá stefnumótun. Þá getum við orðið sammála um það á Alþingi að það var mjög gott að þetta kom fram. Orð um það að farið sé að nálgast kosningar eitthvað of mikið er óþarfi þegar búið er að vinna í svo langan tíma að málinu, eins og við þekkjum. Þá er full ástæða til að birta stefnuna þegar hún er fram komin. Auðvitað þarf eftirfylgni og það þarf, eins og ég sagði, samstarf margra aðila. Mörg ráðuneyti koma að þessu og sveitarfélögin sem hafa hlutverki að gegna. Ekki síst, eins og hér kemur fram, er hlutverk menntamálaráðuneytisins mikilsvert varðandi tungumálakennslu. Allt þetta mun auðvitað birtast í stefnunni og henni verður framfylgt.

[10:50]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Stefnan lá fyrir Alþingi með einhverjum hætti sagði síðasti ræðumaður. Ég vil vekja á því athygli að það er grundvallarmunur á því hvort ráðherra flytji Alþingi skýrslu um stefnumótunina eða hvort Alþingi fái hana til þinglegrar meðferðar og til umfjöllunar. Geti eftir atvikum gert breytingar á þessu og greitt atkvæði um stefnumótunina vegna þess að það er mikilvægt að Alþingi beri ábyrgð á henni. Þetta er það stórt mál að það á að vera svo, enda þarf örugglega mikla fjármögnun til að framkvæma stefnumótunina og aðgerðaáætlun og að því kemur Alþingi líka.

Lögð er fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Hér er ekki síður á ferðinni stórt mál sem er stefnumótun í málefnum innflytjenda sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og á auðvitað reglulega að flytja málið fyrir þingi. Í upphafi þegar slík stefnumótun er gerð á Alþingi að koma að því. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé tilbúinn til að skoða það og leggja áherslu á það við samráðherra sína að Alþingi fái þessa stefnumótun til þinglegrar meðferðar og umfjöllunar. Ég hvet ráðherrann til þess að þetta verði lagt með formlegum hætti fyrir þingið. Það er farsælast í svo stóru og þýðingarmiklu máli, að Alþingi beri ábyrgð á þessu.

Samþætting og blöndun er mikilvæg og raunar lykilatriði. Það má ekki fara svo að hér búi margar þjóðir í einu og sama landinu. Blöndun þarf að vera í skólakerfinu, í búsetu- og húsnæðisúrræðum, á vinnumarkaðnum og í frístundum og það á að gegna lykilhlutverki í allri stefnumótun og framkvæmd. Alþingi verður að tryggja í stefnumótuninni að svo verði vegna þess að það er mikið í húfi fyrir íslenskt samfélag og fyrir innflytjendur sem hingað kjósa að koma, að stefnumótunin verði markviss og skýr, gerð verði aðgerðaáætlun í samræmi við hana og Alþingi fái að koma að henni.

[10:52]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að ef vilji væri til samstarfs um stefnumótun í málefnum innflytjenda af hálfu stjórnarþingmanna hefði verið farið öðruvísi að varðandi stefnu í málefnum innflytjenda en hér er gert. Þessi gjörð lýsir því auðvitað að það er enginn sérstakur vilji af ríkisstjórnarinnar hálfu til að ná um þetta breiðri sátt eða hleypa Alþingi að stefnumótuninni. Hverju lýsir það, hæstv. forseti? Að mínu mati lýsir það valdhroka og samkeppni um hylli vegna þess að kosningar eru að nálgast.

Núverandi ríkisstjórn veit alveg að við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum látið okkur miklu skipta stefnumörkun í málefnum innflytjenda. Núverandi ríkisstjórn og hæstv. ráðherra þekkir öll þau þingmál sem hér hafa verið lögð fram. Ég tek undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ég hef ekki kynnt mér þetta plagg nema það sem sagt hefur verið í fjölmiðlum. Ekki veit ég hvort fjallað er um sjálfkrafa rétt útlendinga til atvinnuleyfis eða hvort fjallað er um réttindi erlendra kvenna sem flýja úr ofbeldisfullum samböndum, hvort þær fái undanþágu frá dvalarleyfistakmörkunum. Eða hvort fjallað er um 18 ára regluna um sjálfstæða framfærslu 18 ára unglinga eða hvort fjallað er um 66 ára regluna eða 24 ára regluna.

Um allar þær reglur sem ég nefndi þarf lagabreytingar og það þarf samstöðu á Alþingi til að gera þær. Ég sé því ekki annað en þessi gjörð ríkisstjórnarinnar lýsi því að kosningar eru í nánd. Slíka stefnumörkun hefði mátt sjá hjá Sjálfstæðisflokknum eða á vegum Framsóknarflokks í flokksstarfinu, en ef hér á að nást einhver sátt eða samkomulag um stefnu í málefnum innflytjenda þarf hún að fara í gegnum Alþingi Íslendinga. Annað er óvirðing ekki bara við okkur sem sitjum í skjóli þjóðarinnar heldur við þjóðina sjálfa.

## *Um fundarstjórn.*

Umræða um málefni útlendinga.

[10:55]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna fundarstjórnar forseta í tengslum við málið sem við höfum verið að ræða, um málefni innflytjenda. Ég tel það afar mikilvægt og merkilegt að hæstv. félagsmálaráðherra er búinn að leggja fram mjög heildstæða og góða stefnu varðandi málefni útlendinga og að hann hefur lagt sig allan fram um að kynna hv. félagsmálanefnd þá stefnu í morgun. Það er mikilvægt að þingið komi að málinu á einn eða annan hátt en mér finnst hins vegar nöturlegt að finna það að Vinstri grænir hafa farið öfugu megin fram úr rúminu í morgun og sjá þetta í allt öðru ljósi. Ég tel að menn ættu að fagna sérstaklega því að búið er að kynna heildstæða stefnu varðandi málefni útlendinga.

Ég tek hins vegar heils hugar undir með þingflokksformanni Samfylkingarinnar og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að ég tel mikilvægt að þingið ræði málefni innflytjenda. Ég tek undir þá beiðni og þá ósk að við ræðum málefni út-

lendinga á forsendum þess að hæstv. félagsmálaráðherra kynni hér skýrslu því að hæstv. félagsmálaráðherra hefur lagt sig sérstaklega fram um það að ræða málefni útlendinga á mjög breiðum grunni. Ég veit að hann vill sérstaklega ræða málefnið við hv. þingmenn því málefnið er mikilvægt. Þess vegna beini ég því til forseta að taka þá beiðni til greina.

[10:56]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Vegna umræðunnar áðan um stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda ætla ég ekki að fara yfir þau orð sem þar féllu, um kosningamál o.s.frv. Mér finnst það vera á frekar lágu plani við þessar umræður að segja það. Ég tók það fram áðan að við munum íhuga með hvaða hætti málið er borið á Alþingi. Mér finnst mjög eðlilegt að Alþingi fjalli um málið, ég hef ekki hafnað því og finnst það eðlilegt.

Formaður þingflokks Samfylkingarinnar kom með tillögu um að það ætti að vera rætt sem skýrsla sem mér finnst mjög góð tillaga og eðlileg. Ég mun ræða það við hæstv. forseta þingsins (Gripið fram í.) hvernig við munum fara í málið. Í framhaldinu á stefnumótuninni, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, verður farið í að móta aðgerðaáætlun og framkvæmdaáætlun um að ná málinu fram. Það er auðvitað aðalmálið. Þessi mál eru á fleygiferð, það er mikið verið að vinna að málaflokknum víða í stjórnkerfinu og við þurfum auðvitað að fjalla um það á Alþingi, að sjálfsögðu.

[10:58]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Greinilegt er að það er ekki bara ríkisstjórnin sem hefur vaknað af værum blundi í sambandi við málefni útlendinga heldur og einstakir ráðherrar hennar sem biðja um orðið um fundarstjórn forseta til að verja hendur sínar í þessum efnum. Það er auðvitað gott. Batnandi mönnum er best að lifa en það liggur algerlega ljóst fyrir að stjórnvöld voru sofandi, ákaflega sofandi, og hrukku svo í gang undan umræðu sem orðin var þung í samfélaginu um hvert þessi mál væru að þróast og fóru að setja svolitla peninga og einhverja vinnu af stað hvað varðar stefnumótun á þessu sviði. Málefni sem hefur auðvitað verið iðulega til umfjöllunar á Alþingi. Það er undarlegt þegar menn tala þannig eins og þeir séu alltaf að finna upp hjólið. Auðvitað hafa verið frumvörp og þingmál á umliðnum árum sem tengjast réttindum og stöðu útlendinga með margvíslegum hætti flutt af mörgum þingflokkum.

Ég vil svo víkja að öðru máli sem ég tók upp undir liðnum um störf þingsins og inna forseta eftir því vegna þess að forseti tjáði sig ekki um ósk mína, hvort ég megi leyfa mér að túlka þögn forseta sem sama og samþykki, þ.e. formleg ósk mín um að forsætisnefnd taki málið til skoðunar, að við henni verði orðið. Ég kýs að túlka þögn forseta sem samþykki við því.

[10:59]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Öllum erindum sem beint er til forseta hefur hann og mun að sjálfsögðu taka til skoðunar.

[11:00]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Til þess að taka af allan vafa vil ég að það komi alveg skýrt fram að þessi formaður þingflokks fór rétt fram úr rúminu í morgun glaður og brosandi. Hins vegar sýndist mér hv. formaður þingflokks Framsóknarflokksins hafa allt á hornum sér áðan. Ég skil satt að segja ekki að hv. formaður þingflokks Framsóknarflokksins leggi það af mörkum til að greiða fyrir málinu eða þingstörfum almennt að skrumskæla og afbaka það sem menn hafa sagt. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti minnir hv. þingmann á að hann er að ræða um fundarstjórn forseta.)

Frú forseti. Það er nákvæmlega það sem mér er ákaflega ofarlega í sinni og hefði kannski átt að vera hæstv. forseta líka ofarlega í sinni þegar þeir tveir ráðherrar sem töluðu áðan komu í pontu. Það er engu líkara en einhverjar aðrar reglur gildi um þá. Hæstv. menntamálaráðherra sem að vísu flutti óvanalega gott mál áðan ræddi hins vegar ekki nema efnislega um málið. Ég mælist til þess, frú forseti, að þó að ég beri óttablandna virðingu fyrir hæstv. menntamálaráðherra sé hún eigi að síður sett á sömu lágu skörina og formaður þingflokks Samfylkingarinnar í málinu. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Það sem ég vildi segja er þetta: Það er nauðsynlegt að menn ræði málefni innflytjenda og það er nauðsynlegt að allir reyni að leggja á sig til að ná breiðri samstöðu sem sker á alla flokka í málinu. Þess vegna kom ég með þá hugmynd áðan, sem hæstv. menntamálaráðherra tók undir, að byrjað yrði á því að taka þá stefnu sem nú hefur verið lögð fyrir af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra til umræðu í þinginu. Ég tel sjálfsagt að í kjölfar þess komi þetta síðan inn í þingið sem formlegt þingmál sem verði sent til umsagna úti í samfélaginu til að fá sem flest, ríkust, breiðust og ólíkust viðhorf gagnvart þessu flókna máli.

Þannig held ég að þetta þing gæti náð góðri samstöðu um málið. Þá þyrfti hæstv. forseti ekki að hafa nokkrar áhyggjur af því að leið þess í gegnum þingið yrði ekki greið. Ég lýsi því yfir, fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar, að við mundum greiða fyrir því að málið fengi formlega afgreiðslu af hálfu þingsins ef það kæmi inn sem þingmál áður en þingi sleppir í vor. Ég vona nú að allir séu kátir og glaðir þegar þessari ræðu lýkur.

[11:02]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill taka fram að hann reynir að gæta jafnræðis milli þingmanna og tekur það fram að hæstv. menntamálaráðherra var einmitt að ræða um fundarstjórn forseta, um efni þeirrar tillögu sem upp kom í umræðunni um að ræða þessi mál á þinginu (**ÖS:** Menntamálaráðherra ...) og fór í að ræða málið strax frá byrjun.

[11:03]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tel mjög mikilvægt að breið samstaða náist um málefni innflytjenda og um stefnumótun í því efni. Ég gat um það áðan að ég teldi að sá grunnur sem nú hefði verið lagður væri að mörgu leyti mjög góður. Ég fagna

þessari vinnu og ítreka þá afstöðu að sú vinna sem fulltrúar frá innflytjendaráði og ýmsum öðrum hópum hafa komið að er prýðileg.

Ég gagnrýni hins vegar vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og vil taka undir það sem hér hefur komið fram, m.a. í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að mjög mikilvægt er að mynda breiða samstöðu um þetta málefni á Alþingi. Til þess þarf málið að koma inn í þingsalinn með formlegum hætti. Eftir því kallar stjórnarandstaðan. Síðan er hitt atriðið sem hefur farið fyrir brjóstið á ráðherrum í ríkisstjórninni og talsmönnum stjórnarmeirihlutans á Alþingi, að ég hef gagnrýnt það að ráðuneytum skuli umbreytt í kosningaskrifstofur stjórnmálaflokkanna í aðdraganda alþingiskosninga. (Forseti hringir.) Það er mjög alvarlegur hlutur. (Forseti hringir.) Ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti, og vil beina því ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill minna hv. þingmann á að hann er að ræða um fundarstjórn forseta.)

Ég er að ræða um fundarstjórn forseta á nákvæmlega sama hátt og á sömu forsendum og hæstv. menntamálaráðherra gerði hér áðan án þess að athugasemd væri gerð við mál hennar. Ég er að vekja athygli þingsins á grafalvarlegu máli.

Ég velti fyrir mér hvort setja eigi þá reglu að ráðherrum verði óheimilt að gefa kosningaloforð í formi fjárhagsskuldbindinga ríkissjóðs fram í tímann eins og dæmi eru um nú og í aðdraganda síðustu kosninga. Ég minni þar á það dæmi sem frægt varð að endemum þegar ríkisstjórnin lofaði upp í ermina á sér gagnvart öryrkjum og sveik svo loforðin þegar hún hafði sest að nýju á valdastóla. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti telur að hv. þingmaður hafi ekki að öllu leyti farið að reglum og rætt um fundarstjórn forseta.)

[11:06]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil beina því til hæstv. forseta að það er afar mikilvægt að sú stefnumótun sem rædd var í félagsmálanefnd í gær í málefnum innflytjenda fái hér þinglega meðferð. Ég óska hreinlega eftir liðsinni hæstv. forseta, eins og í hennar valdi stendur að fá stuðning við það að slík málsmeðferð verði viðhöfð á Alþingi. Annað er hrein lítilsvirðing við þingið, að svona stór stefnumótun komi ekki fyrir þingið og þingið fái ekki að fjalla um hana með eðlilegum hætti, gera athugasemdir, senda málið út til umsagnar og greiða um það atkvæði. Það eru fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu, virðulegi forseti, sem hafa skoðanir á þessu máli. Það er eðlilegt og lýðræðislegt að í umfjöllun Alþingis um slíka stefnumótun verði málið sent til umsagnar ýmissa aðila, ekki síst sveitarstjórnanna sem þessi stefnumótun og framkvæmd hennar mun ekki síst mæða á.

Ég minni forseta á að fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga frá þingmönnum Samfylkingarinnar um stefnumótun í málefnum innflytjenda því að við teljum eðlilegt að þingið fjalli um slíka stefnumótun, hafi á henni skoðun og beri á henni ábyrgð enda er fjármögnunin á allri framkvæmd í höndum Alþingis. Ég veit að allir flokkar á þingi hafa miklar skoðanir á þessu máli og vilja að stefnumótun sé þannig úr garði gerð að hún verði til farsældar fyrir íslenskt samfélag og þá innflytjendur sem hingað kjósa að koma. Þess vegna er ég sannfærð um það, virðulegi forseti, að þó að stutt lifi af þessu þingi muni þingflokkar leggja sig fram um það að þessi stefnumótun nái fram að ganga áður en þingi lýkur í vor. Ég á sæti í félagsmálanefnd, virðulegi forseti, og ég mun leggja mig fram við það, ef hæstv. ráðherra verður við þeirri ósk að leggja málið fram með formlegum og þinglegum hætti inn í þingið þannig að það fái málið til umfjöllunar, að meðferð málsins í félagsmálanefnd verði hraðað eftir því sem kostur er.

Því miður, virðulegi forseti, heyrist mér á máli bæði hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. félagsmálaráðherra að þeir ætli að láta sér nægja að flytja Alþingi bara skýrslu um þetta mál sem verður rædd í kannski einn eða tvo tíma ef best lætur en að öðru leyti hafi þingið engin afskipti af því. Það er alls óviðunandi, virðulegi forseti, ef niðurstaðan á að vera slík. Við vitum að á ferðinni er stórt mál sem skiptir miklu fyrir íslenskt samfélag hvernig Alþingi og framkvæmdarvaldið halda á og ég mótmæli því, virðulegi forseti, ef Alþingi verður sýnd sú lítilsvirðing að það eigi að ganga fram hjá þinginu í að móta stefnu í þessu máli. Það bara gengur ekki, hæstv. forseti.

[11:09]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég leyfi mér að fagna þessari umræðu um málefni innflytjenda. Ég tek undir það sem hér hefur fram komið að það er nauðsynlegt að ræða það sérstaklega á Alþingi, sérstaklega þá stefnumótun sem hæstv. félagsmálaráðherra var að leggja fram. Það er nauðsynlegt að málið fái þinglega meðferð og komi að sjálfsögðu fyrir í réttri nefnd og að þeir sem bæði áhuga hafa og rétt til að koma að þessu máli fái að gera það. Það gengur ekki að þetta sé einfaldlega rétt kynnt og svo búið. Það þarf að taka þetta málefni vel fyrir, það er hávær umræða í þjóðfélaginu um að menn ræði málefni innflytjenda og komi á stefnumótun. Það verður þá að vera gert með aðkomu Alþingis og allra stjórnmálaflokka.

[11:10]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti fann að ummælum mínum hér áðan og taldi þau ekki falla undir þennan dagskrárlið, um fundarstjórn forseta. Þetta má að vissu leyti til sanns vegar færa (**Gripið fram í:** Nú?) en ég beini því til hæstv. forseta að hann gæti samræmis í dómum sínum og aðfinnslum í garð þingmanna.

## *Vatnajökulsþjóðgarður, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 395. mál (heildarlög). — Þskj. 439.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

### *Úrvinnslugjald, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 451. mál (fjárhæð gjalds á umbúðir). — Þskj. 592.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:13]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

### *Umræður utan dagskrár.*

Framkvæmd þjóðlendulaga.

[11:13]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Lög um þjóðlendur voru sett árið 1998 til að eyða réttaróvissu og skýra eignarhald þjóðarinnar á hálendinu. Með þjóðlendulögunum er sameign þjóðarinnar á hálendinu tryggð til framtíðar sem ein af sameiginlegum auðlindum landsmanna allra, rétt eins og nytjar sjávar, hafsbotninn, jarðhitinn og fallvötn Íslands.

Frá því að lög um þjóðlendur voru samþykkt hefur ríkisvaldið hins vegar farið fram af offorsi gegn bændum og landeigendum í stað þess að sýna meðalhóf og sanngirni gagnvart þeim. Gerðar hafa verið harkalegar kröfur sem eru þvert gegn tilgangi og anda laganna og því hefur framkvæmd laganna verið með nokkrum ólíkindum, svo hóflega sé til orða tekið.

Þess má geta að Hæstiréttur hafnaði fráleitri kröfugerð ríkisvaldsins á hendur bændum í Árnessýslu í fyrstu lotu þessara málaferla, en samt er haldið áfram af sömu óbilgirninni. Lögunum sem er ætlað að skera úr um mörk eignarlanda og þjóðlendna hefur sumpart verið snúið upp í hernað gegn þinglýstum eignum bænda og landeigenda. Ríkið gerir kröfur á land sem er 400 metra yfir sjávarmáli, allt land, og sums staðar er farið niður í 100 metra yfir sjávarmáli og reyndar allt niður að sjó fram í einu tilfelli.

Nú er málsmeðferð hafin á svæði 6, sem er austanvert Norðurland, en lokið á svæðum 1–4, sem er allt Suðurland og Reykjanesið. Því er vert að staldra við og fara fram á að ríkisvaldið meti og endurskoði málatilbúnaðinn frá grunni. Öllu hefur verið snúið á hvolf í málsmeðferð óbyggðanefndar, landeigendur þurfa að sanna að þeir eigi landið og þinglýst landamerkjabréf frá 19. öld og fram á þá 20. í sumum tilfellum ekki tekin gild. Sönnunarbyrðinni er snúið við og í raun tekinn upp tvöfaldur eignarréttur í landinu, einn í þéttbýli og annar í dreifbýli. Hæstiréttur leggur sönnunarbyrðina alfarið á landeigendur og hirðir lönd allt niður að sjó, eins og áður er getið um, þrátt fyrir að allt að órofa eignarhald um árhundruð sé til staðar.

Annað dæmi er af Stafafelli í Lóni þar sem ríkið sjálft seldi jörðina fyrir tæpum 100 árum, árið 1913, kemur svo öld síðar, hirðir stóran hluta jarðarinnar þrátt fyrir ágreiningslaus eignarmerki og hirðir nú bótalaust. Landeigendur hafa leitað réttar síns til Mannréttindadómstóls Evrópu og beðið er málsmeðferðar þar enda merkilegt prófmál á ferðinni.

Að mínu mati er ólíklegt að málatilbúnaðurinn gegn eignarrétti bænda og landeigenda standist að öllu leyti stjórnarskrá og sé þá jafnvel brot á mannréttindum. Því getur málafylgjan öll haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenska ríkið þegar upp verður staðið. Þetta er sérkennilegt jafnræði hjá stjórnvöldum og hlýtur að kalla á gagngera endurskoðun á framgöngu og framferði stjórnvalda gegn landeigendum og bændum.

Hálendið er sameign þjóðarinnar allrar. Tilgangur laganna var að skýra það og skilgreina, um það var samstaða á þingi árið 1998. Tilgangurinn var að eyða réttaróvissu og koma skipulagsmálum á hálendinu á hreint. Það er hins vegar framkvæmd laganna sem hefur verið með ólíkindum og nefnd á vegum fjármálaráðherra og ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar allrar að sjálfsögðu farið offari gegn landeigendum og bændum. Þjóðlendulögin veita ríkinu ekkert skjól til slíkrar framgöngu, það er morgunljóst. Þeirri herferð á og verður að ljúka.

Af þessu tilefni tók ég málið upp utan dagskrár á Alþingi til að ræða framkvæmd laganna og beini eftirfarandi spurningum til hæstv. fjármálaráðherra sem fer með framkvæmd laganna, fer með málatilbúnaðinn gagnvart bændum og landeigendum og ber að sjálfsögðu ábyrgð á því öllu saman rétt eins og ríkisstjórnin öll.

Spurningarnar sem ég beini til hæstv. ráðherra eru:

1. Stendur til að endurskoða framkvæmd laga um þjóðlendur í ljósi reynslunnar?

2. Telur hæstv. ráðherra að meðferð eignarréttar í málafylgju óbyggðanefndar standist að öllu leyti stjórnarskrá?

3. Í framkvæmd nefndarinnar hefur ríkið gert kröfur á allt land sem er 400 metra yfir sjávarmáli og sums staðar farið í 100 metra yfir sjó. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort ekki þurfi að endurskoða slíkar kröfugerðir.

4. Landeigendur þurfa að sanna að þeir eigi landið og þinglýst landamerkjabréf frá 19. öld og fram á þá 20. eru ekki tekin gild. Kallar það ekki á endurskoðun þeirrar málsmeðferðar allrar að mati hæstv. fjármálaráðherra?

[11:18]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að taka upp þetta mál. Mér heyrist á málflutningi hans og reyndar á málflutningi ýmissa annarra í þjóðfélaginu að ekki sé vanþörf á að ræða þau aðeins og átta okkur á hvað til stóð í upphafi og einnig á hvaða forsendum úrvinnsla þessara mála byggi.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það sem hv. þingmaður nefndi, að verið væri að gera kröfur í þinglýst landamerki, að samkvæmt úrskurðum Hæstaréttar Íslands eru þinglýst landamerki ekki ein og sér fullnaðarsönnun fyrir eignarrétti á landi, það þurfi önnur gögn að fylgja með eða þá að skoða þurfi hvert tilfelli fyrir sig til að meta það hvort þinglýsingarnar séu í rauninni í samræmi við rétt eignarhald. Þarna liggja fyrir margir dómar Hæstaréttar og kemur skýrt fram í greinargerðinni með þjóðlendufrumvarpinu frá 1998 að ekki standi til með þeirri lagasetningu að breyta þeim sönnunarfærslukröfum um eignarrétt sem í gildi séu í landinu heldur eigi við málflutning og úrskurð þessara deiluefna að beita almennum sönnunarfærslukröfum sem í gildi eru á hverjum og einum tíma í samræmi við lagahefðir íslensks réttar.

Það þýðir ekki að það sé endanleg niðurstaða að kröfur ríkisins innan þinglýstra eignarmarka verði allar samþykktar. Það þýðir hins vegar að Hæstiréttur er búinn að segja að óvissa er um þær og ríkinu, sem er þá að gæta hagsmuna alls almennings, þess sem hv. þingmaður telur að eigi hálendið, er skylt að gera kröfur þar sem um óvissu er að ræða til að óbyggðanefnd og eftir atvikum dómstólar geti úrskurðað um rétta niðurstöðu. Í því felst auðvitað svarið líka við því hvort ráðherrann sjái stjórnarskrárbrot í störfum óbyggðanefndar, það er ekki ráðherrans að meta það heldur fara þau mál sem eru deiluefni hjá óbyggðanefndinni til umfjöllunar hjá dómstólum og þá er það Hæstiréttur sem úrskurðar um það og eftir atvikum, ef menn teysta ekki úrskurði Hæstaréttar, geta menn farið með það fyrir Mannréttindadómstólinn.

Hv. þingmaður gerir líka mál úr því að lýst hafi verið kröfum í land lítt yfir sjávarmáli, eins og hann telji að það eigi bara að fjalla um hálendið, en í greinargerðinni með þjóðlendufrumvarpinu á sínum tíma er beinlínis talað um það og almenningar skýrðir þannig að þeir geti náð niður í fjöru. Hæstaréttardómar hafa gengið í málefnum í Skaftafellssýslu þar sem þjóðlendur eru úrskurðaðar niður í fjöru. Reykjanesið var tekið til úrskurðar af óbyggðanefnd og hverjum dettur til hugar að halda því fram að Reykjanesið sé hluti af miðhálendinu?

Þetta eru hlutir sem menn þurfa að átta sig á í umræðunni og hafa á hreinu og eru forsendur málsins. Reyndar er það þannig að þessi afstaða Hæstaréttar til sönnunarfærslu á eignarrétti á landi er ein af ástæðunum fyrir því að farið var út í allt þetta mál, að með þessu voru sett spurningarmerki við þinglýsingarnar frá 1882 til 1919 og margir dómar féllu á grundvelli þeirrar afstöðu réttarins og síðan reyndar þær kröfur sem voru uppi þegar verið var að fara yfir skipulag miðhálendisins um að hálendið ætti t.d. að vera eitt sveitarfélag og að nærliggjandi sveitarfélög og þeir sem ættu nærliggjandi land og hefðu nýtt afréttinn ættu ekki að hafa um það að segja. Þetta tvennt voru aðalforsendurnar fyrir því að hafa farið út í þetta mál til að tryggja og styrkja eignarréttinn.

Hins vegar hefur það komið fram hjá mér, ég lagði það til í ríkisstjórn, að á þessu stigi málsins væri farið yfir hvernig staðið væri að framkvæmdinni til að stytta þann tíma sem óvissa væri um niðurstöður þegar þinglýstar kröfur hafa verið gerðar á jarðir. Ég tek undir að það er mjög íþyngjandi fyrir bændur að vera með þinglýstar kröfur um langan tíma og hef þess vegna lagt til að rannsóknarvinnan sem óbyggðanefnd stendur fyrir, sjálfstæð rannsóknarvinna, geti hafist áður en ríkið lýsir kröfum sínum. Þá er tíminn styttri og meiri líkur til þess að kröfurnar sem ríkið gerir séu í meginatriðum eins og ætla má að (Forseti hringir.) úrskurðirnir verði.

[11:24]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Setning þjóðlendulaganna var þarft framtak á sínum tíma. Enginn getur mælt því í móti að það var og er þarft að koma eignarmörkum á hreint og ég held að þjóðin sé almennt mjög sátt við það að miðhálendið og meginöræfi landsins séu þjóðlendur og það er ég að sjálfsögðu. Almenningar eru þekkt fyrirbæri úr okkar rétti, land sem enginn tiltekinn á í einkaeignarréttarlegum skilningi og það er þá auðvitað eðlilegast að líta á það sem ævarandi og óskiptanlega sameign þjóðarinnar.

Hitt er annað mál hvernig framkvæmd þessara laga hefur tekist og hefur þróast. Það veldur vonbrigðum, svo vægt sé til orða tekið, að ekki skuli hafa reynst fært að þróa framkvæmdina þannig, m.a. í ljósi reynslunnar sem fengin er og með hliðsjón af gengnum úrskurðum og endurteknum dómum Hæstaréttar sem ætla hefði mátt að hefðu nægjanlegt fordæmisgildi til að sættir eða sáttafarvegur sem lögin gera ráð fyrir reyndist fær í fleiri tilvikum. Málin mætti væntanlega undirbúa betur, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. fjármálaráðherra áðan, til að gera það tímabil sem óvissa og íþyngjandi kvaðir sökum þinglýstra krafna ríkisins veldur. Það er því sjálfsagt og eðlilegt á þessu stigi málsins að yfir það verði farið hvort einfalda megi framkvæmdina og gera hana léttari í vöfum að þessu leyti þannig að betri sátt takist um framkvæmdina.

Loks skiptir framhaldið miklu máli. Gleymum því ekki að þjóðlendurnar eru að verða til, og það er mikilvægt að vandlega verði yfir það farið hvernig eigi að fara með þær, hver ætlar að gæta þeirra. Ég vil leggja það til að þar taki ríkið upp viðræður við sveitarfélögin í þeim tilvikum sem þjóðlendur (Forseti hringir.) liggja úti í byggð eða nálægt byggðum um að sveitarfélög geti í einstökum tilvikum farið með þau svæði í samstarfi við ríkið.

[11:26]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Tilgangurinn með setningu laganna um þjóðlendur var að setja lagaramma um ábyrgð ríkisins á einskismannslandi og skýra mörk eignarlanda og þeirra landsvæða. Þetta var að mínum dómi og þeirra sem að lagasetningunni stóðu nauðsynjamál og þarft. Tilgangurinn var ekki að gera eignir landeigenda upptækar til ríkisins né ganga á rétt landlausra sem njóta útivistar. Þarna var ekki um að ræða eignaupptöku af neinu tagi. Þetta var sá almenni skilningur þeirra sem studdu þessa lagasetningu á sínum tíma.

Því miður hefur framkvæmd laganna verið með öðrum hætti en þá hina sömu óraði fyrir. Kröfur hafa verið settar fram, þinglýstir pappírar hafa ekki verið teknir gildir af ástæðum sem fjármálaráðherra rakti áðan og skemmst er frá því að segja að logandi ófriður hefur verið á þeim svæðum sem sæta kröfugerðinni hverju sinni. Svo virðist sem stígandi hafi verið í kröfugerðinni eftir því sem fleiri landsvæði voru lögð undir, kröfur eru þingfestar í jarðirnar og fram undan eru málaferli sem geta tekið langan tíma. Þessu verður að linna. Það styrjaldarástand við landeigendur sem nú ríkir á þessum svæðum er ekki þolandi.

Fjármálaráðherra hæstv. sem fer með framkvæmdirnar fyrir hönd ríkissjóðs er yfirvegaður maður og velviljaður, það þekki ég vel, og ég treysti honum ágætlega til að lagfæra þessa framkvæmd, bæði gagnvart þeim svæðum sem á eftir að taka fyrir og þeim sem lýst hefur verið kröfum í nú þegar. Ef breytingar á lögum eru nauðsynlegar til að vinna að slíku er ég tilbúinn til að vinna að því. Þegar hefur ráðherra stigið jákvætt skref í þessu efni sem felur í sér í stuttu

máli að byrja á samningaleiðinni. Það breytir því hins vegar ekki að lýst hefur verið kröfum og þær þingfestar í stór landsvæði á Norðausturlandi sem eru í eigu einstaklinga og sveitarfélaga. Landeigendur hafa nú ákveðið að bindast samtökum til að styrkja stöðu sína í meðferð þessara mála gagnvart stjórnvöldum. Stofnfundur þeirra verður haldinn síðar á þessum degi. Ég tel að nú þegar þurfi að setjast niður með (Forseti hringir.) forustumönnum þeirra nýju samtaka og finna leiðir til friðar í málinu.

[11:28]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Fyrir skömmu fór ég norður í Kelduhverfi og kynnti mér hinar ósanngjörnu kröfur sem ríkið hefur gert í eignarlönd bænda. Ég furða mig á að menn skuli halda áfram með þessa vinnu. Auðvitað ber Sjálfstæðisflokkurinn og jú auðvitað B-deild hans, Framsóknarflokkurinn, alla ábyrgð á málinu og er furðulegt að verða vitni að ræðu hæstv. fjármálaráðherra, því að hann ber ábyrgðina, þegar hann kemur hingað og skýrir afstöðu sína í málinu, þá er hann bara að lýsa einhverri atburðarás eins og hann sé áhorfandi að þessu. Það er ekki svo, hann ber pólitíska ábyrgð á þessu verki og á störfum nefndarinnar. Það er mergurinn málsins.

Það sem ég furða mig á er að Sjálfstæðisflokkurinn er að þjóðnýta eignir. Reglan hefur verið á hinn veginn síðustu ár. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þá einmitt verið að taka eigur almennings, fiskimiðin, og færa þau í eigu fárra. Að vísu hefur verið undantekning á þeirri reglu og það er þegar komið er að bændum, þá hefur verið annað upp á teningnum. Þegar komið er að bændum eru eignir teknar af þeim og vil ég minna á að útræðisréttur sjávarjarða hefur verið tekinn af þeim. Sjálfstæðisflokkurinn hefur, og síðan fylgdi B-deildin á eftir og stóð fast við hliðina á Sjálfstæðisflokknum, svipt bændur útræðisrétti sínum og að þeir geti nýtt eignarlönd sín sem ná út að stórstraumsfjöruborði eða út fyrir það. Þetta eru verk Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks gegn landsbyggðinni. Ég furða mig á slíkum vinnubrögðum, frú forseti.

[11:30]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Áratugum saman var reynt að ná samstöðu um með hvaða hætti væri unnt að staðfesta eignarhald þjóðarinnar á landi. Þegar forsætisráðherra kom loks fram með frumvarp um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sem varð að lögum 1998 studdi stjórnarandstaðan öll það frumvarp þó að þær breytingartillögur sem við fluttum væru allar felldar. Málið hefur allar götur síðan verið í höndum stjórnvalda.

Okkur jafnaðarmönnum er málið afar hugleikið. Skilgreining á sameign þjóðarinnar á landi í óbyggðum og í afréttum var í áratugi mikið baráttumál jafnaðarmanna undir fyrirsögninni „Land í þjóðareign". Það var komið fram undir aldamót, virðulegi forseti, þegar þessi löggjöf gaf okkur tæki til að leiða til lykta hvaða land væri þjóðarinnar og hvað væri land í einkaeign. Það hefur ekki komið á óvart að þetta yrðu erfið og oft á tíðum umdeild mál, það liggur í eðli ágreinings um eignarhald. Hins vegar vekur það undrun að ríkið, óbyggðanefndin hefur notað þær starfsaðferðir sem hv. þm. Samfylkingarinnar, Björgvin G. Sigurðsson, hefur svo ágætlega greint frá í framsögu sinni.

Í svona málum gefst illa að beita offorsi og ósanngirni í upphafi í vinnubrögðum en að sjálfsögðu hefur Hæstiréttur síðasta orðið eins og hér hefur komið fram. Í fyrradag var rætt hér á Alþingi frumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð. Innan fyrirhugaðra marka hans verða bæði þjóðlendur og lönd í einkaeign. Samvinna þarf að nást um meðferð þessara landa. Það er því gífurlega mikilvægt varðandi þá vinnu sem fram undan er að fá niðurstöðu í landamarkamál á því víðfeðma svæði sem falla á undir þjóðgarðinn. Þess vegna hvet ég til faglegri vinnubragða í þessu máli.

[11:32]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér mjög mikilvægt mál sem snertir hagsmuni fjölmargra aðila um land allt. (Gripið fram í.) Ég verð að segja að mér finnst menn fara svolítið um víðan völl og ýmist er verið að deila á kröfugerð ríkisins, niðurstöðu óbyggðanefndar eða jafnvel niðurstöðu Hæstaréttar. Ég veit ekki hvað það á í sjálfu sér að þýða að koma hingað og kvarta við fjármálaráðherrann yfir því hvernig Hæstiréttur fellir dóma sína vegna þess að það liggur auðvitað fyrir að sú lagasetning sem við erum að tala um nú hefur ekkert með efnisreglurnar sem snerta eignarrétt að gera, ekki neitt. (Gripið fram í.) Þetta eru formreglur um það hvernig við ætlum að leiða þessi mál til lykta.

Er ekki staðreyndin sú að þegar sett eru lög á Alþingi sem eiga að taka á mögulegum ágreiningi um hvar eignarmörk landa og jarða liggja þá liggur það í hlutarins eðli að þegar menn fara í framkvæmdina verður ágreiningur um það? Menn eiga því ekki að vera að koma hingað upp í ræðustól á Alþingi og býsnast yfir því að gerður sé ágreiningur um þessi atriði. Það lá fyrir frá upphafi að það yrði tekist á um þetta. Auðvitað er það fráleitt að menn komi hér upp og lýsi furðu sinni á því að í sumum tilfellum gangi kröfurnar í sjó fram og niður fyrir einhverjar ákveðnar hæðarlínur. Þetta lýsir bara fullkominni vanþekkingu á því út í hvaða vegferð menn voru að fara þegar lögin voru sett á sínum tíma.

Hafandi sagt þetta ætla ég ekki að gera lítið úr mikilvægi þess að menn gangi hóflega fram í kröfugerð af hálfu ríkisvaldsins og ég held að með þeim hugmyndum sem fjármálaráðherrann hefur nú þegar kynnt til þess að undirbúa betur kröfugerð ríkisins áður en þeim er þinglýst á jarðirnar sé líklegt að meiri ró og friður skapist vegna þessara mála en verið hefur. Við þurfum einfaldlega að ganga þessa vegferð til enda og það þýðir ekkert að fara að breyta (Forseti hringir.) leikreglunum á miðri leið. (Gripið fram í.)

[11:35]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér áhyggjuefni hversu margar rangfærslur hafa heyrst í máli þeirra sem hafa gagnrýnt framkvæmd þjóðlendulaganna en það bendir til þess að kynning á því ferli öllu saman hafi verið ónóg og að hún hafi verið einhliða þar sem ríkið hefur sjaldan haft fyrir því að leiðrétta rangfærslurnar og rangtúlkanirnar. Almenning-

ur hefur að mínu mati þannig ekki fengið rétta mynd af ferlinu. Í mínum huga hefði ráðherrann getað nýtt sér oftar þau tækifæri sem hann hefur haft til að lýsa t.d. framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar varðandi þjóðlendurnar og stjórnsýslu þeirra. Hann fer jú með þjóðlendumálin fyrir hönd almennings, almennings sem væntir þess að sameign þjóðarinnar og sameiginlegt tilkall hennar til öræfanna verði staðfest á grundvelli þjóðlendulaganna.

Það er eðlilegt að kallað sé eftir vandaðri undirbúningi og hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hann sé með slíka hluti í skoðun. Ég skil reyndar ekki alveg hvað hann átti við áðan, hvernig hann sér fyrir sér það sem gera þurfi, en ég tel einboðið að hann beiti sér fyrir því að landeigendur fái ráðrúm til að kynna sér þau gríðarlegu gögn sem safnað er í Þjóðskjalasafninu áður en krafa ríkisins er birt. Ég held að slíkt gæti gefið fólki a.m.k. þrjá til sex mánuði aukalega í ráðrúm til að undirbúa mál sín, bara þetta mundi auðvelda landeigendum vinnuna. En það að ætla sér að breyta framkvæmd laganna í grundvallaratriðum núna er að sjálfsögðu ógerlegt auk þess sem það væri ekki nóg að bakka aftur til ársins 1998 þegar lögin voru sett, það þyrfti í raun og veru að fara aftur fyrir hæstaréttardómana sem byrjuðu að falla um miðja síðustu öld.

Í mínum huga er nauðsynlegt að klára þetta eftir þeim lögum sem við höfum núna og ég minni fólk á það að landamerkin eru misvísandi, um þau stendur styr og það eru ólíkar túlkanir á landamerkjunum en í þeim dómum sem fallið hafa hefur langoftast verið felldur dómur um það að þinglýst landamerki standist.

[11:37]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Nú gerðist það óvenjulega í þessari umræðu að ég get nánast tekið undir hvert einasta orð sem fram kom í málefnalegri ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Frá upphafi hef ég gagnrýnt kröfugerð fjármálaráðuneytisins í þinglýst eignarmörk bújarðanna og talið að kröfugerðin hafi verið óbilgjörn og ekki alveg í anda laganna og alls ekki í anda samstarfs bænda og ríkisvalds sem stóð hér í áratugi um hvernig yrði farið í þetta vandasama mál, hundrað ára deilur, þúsund ára sögu, þannig að mér fannst í upphafi að vegferðin væri önnur en menn voru að fara í.

Tilgangur laganna var sá að tryggja eignarmörk bújarðanna og að hvergi léki vafi á um eignarrétt jarðeigenda. Það er orðin staðreyndin að í langflestum tilvikum hafa málin fallið þannig og verið leidd til lykta fyrir óbyggðanefnd og dómstólum að eignarmörkin hafa haldið. Ríkisstjórnarflokkarnir og bændur urðu sammála um að allt land heyrði undir sveitarfélög og að bændur hefðu þann afnotarétt að afréttum eins og þeir hafa haft í þúsund ár. Þessi atriði bæði voru sett í lög í upphafi málsins. Um leið hættu menn að takast á um hálendið, hver ætti það, og með löggjöf var það gert að þjóðarlandi sem við Íslendingar eigum sem sameign í dag og kallast þjóðlenda.

Fagna ber nú áformum um stofnun Landssambands jarðeigenda. Ríkisstjórnin er sammála um að ganga til samstarfs og viðræðna við þau samtök um þessi viðkvæmu mál. Ég tel það mjög mikilvægt. Ég vil líka alveg sérstaklega fagna breyttum viðhorfum sem hafa komið fram hjá núverandi fjármálaráðherra og þeim tillögum sem hann hefur kynnt í dag og á síðustu vikum um hvernig megi með nýjum og mildari hætti fara í þessi mál þannig að ekki verði farið jafnmikið offari og gert hefur verið. Ég vil að bændur og jarðeigendur viti að það er alveg klárt að Framsóknarflokkurinn, stjórnarflokkarnir og þingið fóru ekki í þessa vegferð til þess að reyna að vinna land af bændum eða jarðeigendum heldur til að tryggja þetta mikilvæga mál.

Ég vil hér í lokin segja: (Forseti hringir.) Landeigendur munu í gegnum þessa erfiðu vegferð treysta eignarrétt sinn og geta þess vegna í lok þessarar vinnu staðið óruggari gagnvart pólitískum vindum og dómstólum í framtíðinni.

[11:40]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka ágæta og prýðilega umræðu um þetta mál. Hæstv. landbúnaðarráðherra komst svo að orði áðan að vonandi færi þessu offorsi gagnvart bændum að ljúka. Hv. þm. Jón Kristjánsson harmaði logandi átök sem væri teflt í ófrið og átök, þessu yrði að fara að linna. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Það er málatilbúnaðurinn sem er ríkisvaldinu fullkomlega til vansa og það er það sem við erum að ræða um í dag.

Þess vegna var sérkennilegt að heyra skeytingarleysið og tóninn í ræðu hv. þm., sjálfstæðismannsins Bjarna Benediktssonar, þegar verið er að ræða um það offors og þá hörku sem ríkisvaldið hefur haldið uppi gagnvart bændum og landeigendum í landinu. Kröfugerðin hefur verið frámunalega harkaleg þar sem línur í henni hafa í mörgum tilfellum verið dregnar án nokkurs tillits til raunverulegrar eignarjarðar landeigandans eða hvað telst vera hálendi og þjóðlenda. Það er þetta sem er ríkisvaldinu til skammar og það er þetta sérkennilega jafnræði sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur stundað í málinu, annars vegar gagnvart landeigendum og hins vegar gagnvart öðrum þegnum í landinu.

Það er í sjálfu sér ánægjuefni að framsóknarþingmennirnir skuli taka þetta eindregið undir málflutning okkar um málatilbúnaðinn gagnvart bændum þó svo að þetta hafi að sjálfsögðu verið framkvæmt í skjóli þeirra enda málið allt á forræði ríkisstjórnarinnar allrar og ríkisvaldsins og kröfugerðin sem hefur staðið yfir núna í sjö, átta ár og við köllum hér eftir að því linni af því að það er ekki tilgangur laganna að fara með ófriði og hörku gagnvart landeigendum og bændum heldur að skýra og skilgreina mörkin á milli eignarlands og þjóðlendna.

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmenn um að hafa hljóð hér í hliðarsölum.)

[11:42]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég verð að segja að mér finnst þessi umræða bera það með sér að það er minni ágreiningur um málið en ætla mætti af ýmsu sem fram hefur komið.

Ég verð hins vegar að upplýsa hv. málshefjanda um það að í þessu máli er fjármálaráðherranum ætlað að gæta hagsmuna alls almennings. Hann á að koma þeim kröfum á framfæri við óbyggðanefnd um það hvar óvissa er um eignarrétt til þess að úr því fáist skorið hver eigi landið. Hæsti-

réttur hefur fellt þann dóm að krafan verði að koma fram í upphafi, það megi ekki bæta við hana síðar. Það gerir enn þá ríkari kröfur á fjármálaráðherrann að hann geri allar þær kröfur í upphafi sem til greina koma en ekkert sé undanskilið.

Þess vegna hef ég viljað breyta þessum farvegi þannig að það sé rannsakað fyrst áður en kröfurnar komi fram, því að það er óbyggðanefnd sem sjálfstæðum aðila, sjálfstæðum rannsakanda og sjálfstæðum úrskurðaraðila sem er ætlað það hlutverk. Þess vegna skiptir það máli að ríkið geti komið ábendingum til óbyggðanefndarinnar um hvað beri að rannsaka áður en kröfurnar komi fram til þess að kröfurnar verði síður að einhverra mati ósanngjarnar og meira að líkindum við niðurstöðuna og þurfi ekki að vera íþyngjandi gagnvart bændum með þinglýsingunum.

Það sem síðan markar sönnunarfærslubyrðina um eignarréttinn eru dómar Hæstaréttar. Ef við færum að reyna að breyta því í þessu máli þá værum við að breyta miklu meiru en við hefðum hugsað okkur í upphafi og hugsanlega væri þá ríkið með mesta eigna- og verðmætaafsal fyrir fram sem nokkru sinni hefði heyrst um.

## *Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 519.

[11:44]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Á undanförnum árum hefur samstarf eða sameining Kennaraháskólans og Háskóla Íslands verið til skoðunar og á árinu 2002 unnu skólarnir sameiginlega athugun á nánara samstarfi eða hugsanlegri sameiningu sem síðan hefur verið lögð til grundvallar m.a. í starfi nefndar sem ég skipaði í upphafi þessa árs með fulltrúum beggja skólanna til að skoða fýsileika sameiningar þeirra. Niðurstaða nefndarinnar sem síðan var kynnt í ríkisstjórn hinn 11. apríl sl. var á þá leið að sameining skólanna væri æskileg en sá fyrirvari var gerður að samstaða næðist milli skólanna um markmið sameiningarinnar.

Í skilagrein nefndarinnar eru í fyrsta lagi skilgreind þau meginmarkmið sem nefndin telur að stefna beri að í tengslum við sameiningu skólanna. Í öðru lagi eru tilgreind þau tækifæri og kostir sem nefndin telur að mikilvægt sé að nýta við sameininguna. Í þriðja lagi eru reifuð ýmis viðfangsefni og álitamál sem nefndin telur að sérstaklega þurfi að huga að verði ákvörðun tekin um sameiningu og í fjórða lagi setur nefndin fram niðurstöður sínar og þær forsendur og fyrirvara sem að þeim lúta. Nefndin telur að þau meginmarkmið sem stefna beri að með fyrirhugaðri sameiningu séu eftirfarandi:

1. Að stuðla að eflingu háskólamenntunar á Íslandi með sameiningu háskólastofnana sem verða með því sterkari heild sem byggir á sérstöðu og sérhæfingu þeirra beggja.

2. Að tryggja fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð í grunn- og framhaldsnámi kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum og annarra uppeldisstétta.

3. Að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi.

4. Að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og skapa forsendur fyrir samþættingu slíkra rannsókna við aðrar rannsóknir sem stundaðar eru í sameinuðum háskóla.

5. Að efla stoðþjónustu í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk.

6. Að skapa forsendur fyrir því að sameinuð stofnun veiti menntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða sem og annarra tengdra greina á Íslandi sem sé sambærileg við það sem best gerist í okkar nágrannalöndum.

Eftir að framangreind fýsileikaskýrsla lá fyrir, frú forseti, lýstu háskólaráð beggja skólanna vilja sínum til að haldið yrði áfram með málið. Í ágúst sl. skipaði ég starfshóp til að vinna frekar að undirbúningi sameiningarinnar og skilaði sú nefnd eða sá starfshópur skýrslu í nóvembermánuði. Geymir sú skýrsla sameiningaráætlun sem ætlað er að vinna eftir fáist samþykki Alþingis fyrir sameiningunni með frumvarpi þessu. Í sameiningaráætluninni sem er að finna á fylgiskjali I með frumvarpinu er lögð rík áhersla á eftirfarandi forsendur sameiningar:

1. Að náið samstarf og jafnræði sé milli háskólanna við undirbúning sameiningar og mótun hugmynda um fyrirkomulag uppeldisvísinda í sameinuðum háskóla.

2. Að starfsmenn beggja skóla haldi sambærilegum starfskjörum.

3. Að nemendur sem eru í námi við Kennaraháskóla Íslands eigi rétt á að ljúka námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við sameiningu háskólanna.

Í samræmi við framangreint er við það miðað að skólarnir hefji sem fyrst sameiginlegan undirbúning að sameiningarferlinu og er frumvarp þetta lagt fram sem grundvallarforsenda fyrir því að hægt sé að ganga í þá vinnu. Auk frumvarpsins er fjallað sérstaklega um fyrirhugaða sameiningu í nýlega undirrituðum samningi ráðuneytisins og Háskóla Íslands sem er til næstu fimm ára.

Frumvarpið kveður á um sameiningu skólanna undir einu nafni, Háskóli Íslands. Það tryggir réttarstöðu nemenda og að auki réttarstöðu kennara og annarra starfsmanna Kennaraháskóla Íslands við sameininguna. Frumvarpið byggir sem sagt á því að sameiningin verði orðin að veruleika hinn 1. júlí 2008 og miðast gildistökudagur þess við þá dagsetningu. Frá sama tíma falla úr gildi lög um Kennaraháskóla Íslands.

Svo ég renni stuttlega yfir einstakar greinar frumvarpsins þá gerir 1. gr. ráð fyrir sameiningu skólanna sem ég hef þegar fjallað ítarlega um. Í 2. gr. frumvarpsins eiga nemendur sem við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, eru í námi við Kennaraháskóla Íslands, eins og ég gat um áðan, rétt á að ljúka því námi við sameinaðan háskóla, Háskóla Íslands, samkvæmt því námsskipulagi sem er í gildi nú miðað við gildandi reglur um námsframvindu. Með því er tryggt að nemendur Kennaraháskólans eigi rétt á því að ljúka núverandi námi sínu við skólann samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er og á sömu forsendum. Þá er

áréttað að réttur þessi sé bundinn í gildandi reglur um námsframvindu. Einungis er við það miðað að þessi réttur nái til náms við hinn nýja háskóla sem verður til við sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

Samkvæmt 3. gr. tekur sameinaður háskóli, Háskóli Íslands, samanber 1. gr. við eignum og skuldbindingum Kennaraháskólans frá gildistökudegi frumvarps þessa hinn 1. júlí 2008, verði það að lögum. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir á fjárlögum fyrir árið 2008 fyrir Kennaraháskóla Íslands. Frá sama tíma flytjast störf ótímabundið ráðinna kennara sem uppfylla skilyrði 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, og annarra ótímabundið ráðinna starfsmanna Kennaraháskóla Íslands yfir til hins sameinaða háskóla, Háskóla Íslands. Með kennurum er átt við ótímabundið ráðna prófessora, dósenta og lektora við Kennaraháskóla Íslands sem hlotið hafa hæfnisdóm við ráðningu hjá Kennaraháskólanum í samræmi við skilyrði háskólalaga um menntun og árangur í starfi. Störf annarra ótímabundið ráðinna starfsmanna flytjast jafnframt yfir til hins sameinaða háskóla, hvort sem þeir sinna kennslustörfum sem aðjunktar eða sérfræðingar, eða tilheyra stjórnsýslu skólans eða sinna öðrum störfum á vegum hans.

Sérstaklega er áréttað í 3. gr. 3. mgr. að um flutning allra framangreindra starfa fari að öðru leyti eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Þannig er á því byggt að við flutninginn haldi þessir starfsmenn öllum áunnum réttindum sínum svo sem biðlaunarétti, lífeyrisrétti og veikindarétti.

Í lokamálsgrein 3. gr. er síðan við það miðað að við gildistöku laganna verði embætti rektors Kennaraháskóla Íslands lagt niður. Um niðurlagningu embættisins gilda framangreind lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í 4. gr. sem er lokagrein frumvarpsins er, eins og ég hef farið yfir hér að framan, gert ráð fyrir því að frumvarpið taki gildi 1. júlí 2008, þ.e. þegar sameiningin hefur gengið í gegn samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum en þær eru nokkuð umfangsmiklar og tímasetningarnar eru alveg skýrar. Þetta frumvarp er liður í tímasettri áætlun um það hvernig við viljum ná sameiningu þessara háskóla á sem farsælastan hátt í samvinnu og sátt við háskólasamfélagið og þá sem hlut eiga að máli.

Virðulegi forseti. Með framangreindri fýsileikaskýrslu, samrunaáætlun, endurnýjun samnings menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands, þessu frumvarpi og síðast en ekki síst með fullri samstöðu forustu og háskólaráða beggja skólanna um grundvöll, leiðir og markmið sameiningar tel ég að grunnur sé lagður að farsælu ferli við þetta mikilvæga verkefni sem ætlað er fyrst og fremst að efla og styrkja til muna menntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða hér á landi og í alþjóðlegum samanburði. Þetta er mál sem að mínu mati hefur mikla þýðingu fyrir háskólasamfélagið og er brýnt og mikilvægt skref í þá átt að byggja upp Háskóla Íslands sem öflugan háskóla í fremstu röð.

Megintilgangur frumvarpsins hins vegar, frú forseti, er að efla kennaramenntun á Íslandi. Það er okkar leiðarljós við fyrirhugaða sameiningu háskólanna. Með sameiningu þessara tveggja háskóla opnast nýir möguleikar í þeim efnum með myndun sterkrar heildar er byggist á sérstöðu beggja skólanna. Markmiðið er að sameinuð stofnun bjóði kennaramenntun sem er sambærileg við það besta sem gerist erlendis.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[11:53]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að mikið er þetta frumvarp miklu betur unnið og betra að inntaki og allri efnisáferð en ýmis þau frumvörp sem hér hafa töluvert verið til umræðu af hálfu hæstv. menntamálaráðherra. Sú hugmynd sem hér er lögð fram er sjálfsagt góðra gjalda verð. Markmið hennar á að vera að bæta kennaramenntun á Íslandi og það er göfugt markmið. Ég dreg það ekki í efa að skrifaðar hafi verið skýrslur enda hef ég lesið á minnisblaði og skýrslu sem fylgir með í frumvarpinu fýsileika þess að gera þetta og það er jákvætt frá sjónarhóli skólanna tveggja að dómi stjórnenda skólanna.

Það sem mér finnst að eigi að vera meginmarkmið með sameiningu af þessu tagi, ef menn á annað borð fallast á hana, er að hún komi þeim verulega til góða sem eru að afla sér menntunar innan skólanna. Mér finnst svolítið skorta á það hjá hæstv. menntamálaráðherra að hún skýrði það nákvæmlega eða a.m.k. ítarlegar hver ávinningurinn er fyrir þá sem verða sér úti um kennaramenntun í skólanum. Mér þætti vænt um að hún mundi kannski í örstuttu máli, af því að hún er bæði skýrmælt og hagmælt, útskýra þetta fyrir mér.

Í annan stað langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þessi breyting kunni að tengjast möguleikanum á því að lengja kennaranámið upp í fimm ár sem ég er ákafur stuðningsmaður og baráttumaður fyrir. Og til fróðleiks mér sem gamals nemanda og kennara við Háskóla Íslands, ef af samrunanum og sameiningunni yrði, er þá fyrirhugað að flytja skólann niður í háskólakvosina sem stundum er svo kölluð?

[11:55]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get ekki sagt annað en ég hafi orðið vör við örlitla kaldhæðni í upphafi máls hv. þingmanns en ég sé að það er ýmislegt á sig leggjandi til þess að fá þessa hlýju og birtu sem birtist í augum þessa ágæta manns og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. En hann leggur fram nokkrar spurningar sem mér finnst allrar athygli verðar og í raun-inni brýnt að svara og ég mun hugsanlega koma betur að í seinni ræðu minni en það voru tvær spurningar sem ég greindi og skrifaði hjá mér.

Það er annars vegar hvað það er sem nemendur fá með sameiningunni. Ég tel að hún stuðli að því að fjölga tækifærum nemenda til að velja um námsframboð og námsleiðir. Það eru ólíkar deildir í þessum skólum og sérstaklega ætti þetta að auðvelda nemendum Háskóla Íslands aðgang að kennaramenntuninni og námsframboðinu sem er þá á sviði uppeldis- og menntunarfræða. Það er ekki síst það að við viljum í gegnum þessa sameiningu, það hefur oft verið

talað um að við þurfum að efla sérgreinamenntunina eins og íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði og þarna sjáum við aukin tækifæri. Það gera fagaðilarnir sérstaklega, þeir benda á að þarna séu tækifæri til að nýta krafta og sérstöðu beggja háskólanna til að efla enn kennaramenntunina. Við sjáum fram á auknar rannsóknir og samlegðaráhrif varðandi rannsóknarsviðin. Ég hef þegar talað um námsframboðið og það má segja að fjölbreytnin verði meiri varðandi kennaraframboðið sem slíkt.

Síðan er það hitt stóra atriðið sem mér finnst ágætt að hv. þingmaður kom inn á. Það er lenging kennaranámsins. Ég tek undir það með hv. þingmanni að við eigum að stefna að því að lengja kennaranámið. Ég tel hins vegar að sú sameining sem við erum að ræða hér muni stuðla að því að það verði auðveldara að leita úrræða og lausna til að finna þann farveg sem við beinum lengingu kennaramenntunarinnar í. (Forseti hringir.) Ég tel að þetta geti orðið mikill stuðningur við okkur, þá talsmenn sem erum reiðubúnir til að gera eitt og annað til að lengja kennaramenntunina, að þetta muni verða ákveðinn stuðningur við þann málflutning.

[11:58]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Fjarri sé það mér að beita nokkurn tíma kaldhæðni í svörum mínum eða máli gagnvart hæstv. menntamálaráðherra eða nokkrum öðrum þingmönnum. En ég skal trúa hæstv. ráðherra fyrir því að ég er ekki mótfallinn þessu frumvarpi, mér finnst það allrar athygli vert og ég er sammála henni um það að helsti kostur þess frá sjónarhóli námsmanna er sá möguleiki að geta leitað víðar fanga og þess vegna aflað sér betri sérhæfingar innan þeirra námsleiða sem Háskóli Íslands býður upp á nú þegar. Þannig er hægt að sérhæfa námið miklu meira án þess endilega að leggja út í þann mikla kostnað sem hugsanlega hefði þurft að gera innan vébanda Kennaraháskólans.

Hins vegar vil ég líka trúa henni fyrir því að ég hef efasemdir um að það sé í þetta ferðalag leggjandi nema samhliða sé tekin ákvörðun um að lengja kennaranámið verulega. Ég tel að lengingin muni að sjálfsögðu leiða til þess að við fáum miklu sérhæfðari kennara og þá kallar lengingin á sameininguna. Mín framtíðarsýn á menntunarmál þjóðarinnar byggir á því að þetta tvennt gæti þá farið saman, lenging kennaranámsins sem kallar á miklu meiri möguleika á sérhæfingu kennaraefna sem aftur eykur gæði skólanna sem þeir munu starfa í í framtíðinni og þá er þetta verulega fýsilegur kostur. En án þess að það liggi alveg skýrt fyrir að það eigi að lengja kennaranámið þá er ég ekki viss um að í þetta ferðalag sé leggjandi án þess að ég sé að leggjast gegn því. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að lenging kennaranámsins, hærri laun kennara og betri gæði menntunar í landinu sé alger lykill að farsæld okkar Íslendinga í framtíðinni sem mun byggjast á mannauði og menntun og því sem hugsunin býr til, þekkingarframleiðslu.

[12:00]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður er ávallt kjarnyrtur og kemur vel orði að hlutunum, mun betur en flestir aðrir í þingsalnum. Ég get heils hugar tekið undir sérstök lokaorð hv. þingmanns. Ég tel þau afar brýn og mikilvæg skilaboð frá Alþingi um að þetta er það sem við stefnum að að gera.

Ég get upplýst það að við erum þegar byrjuð að huga að því að lengja kennaramenntunina. En það þarf að gerast annars vegar í góðri samvinnu og sátt við kennarasamtökin, sem hafa lýst því yfir að er þeirra stefna, ég hef tekið undir það, en það þarf líka að ræða við sveitarfélögin. Sveitarfélögin verða að koma inn í þetta ferli m.a. út af hugsanlegum kostnaði sem kann að falla á sveitarfélögin við að lengja kennaranámið.

Við þurfum því að fara mjög gaumgæfilega yfir þetta. En það er ríkur vilji minn að stefna að því að lengja kennaranámið. Af hverju? Jú, við erum að gera það til að efla gæði menntunar, efla skólakerfið og þar erum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson sammála og erum við það nú ekki alltaf.

[12:01]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Hér er mælt fyrir afar miklu og mikilvægu máli sem hefur haft töluverðan aðdraganda. Það er eðlilegt, frú forseti, í upphafi að óska hæstv. menntamálaráðherra til hamingju með þann undirbúning sem átt hefur sér stað.

Eins og fram kom í andsvörum áðan er ólíku saman að jafna hvernig að þessu máli hefur verið staðið og máli því sem við erum nýbúin að ljúka umfjöllun um. Augljóst er að hæstv. ráðherra hefur keyrt hér mjög mikla sáttalínu sem er algerlega nauðsynleg við svo stórt verk sem þetta og ljóst að mjög margir hafa komið að málinu. Búið er að ræða málið töluvert mikið í báðum stofnunum og m.a. hafa háskólaráð beggja stofnana lagt blessun sína yfir það. Nefndir og starfshópar hafa starfað sem skipaðir hafa verið sameiginlegum fulltrúum frá stofnunum sem hafa lagt hönd á plóg. Ég sé ekki betur en hér liggi fyrir býsna vel unnið mál sem ég tel mjög jákvætt, bæði málið og vinnan.

Ég held að menntamálanefnd eigi samt fyrir höndum býsna mikla vinnu því málið er stórt sem slíkt. En ég trúi því að allir séu á svipuðum línum í þeim efnum að þetta sé æskileg sameining. Þetta muni styrkja kennaramenntunina, þetta muni styrkja hina nýju stofnun verulega við það að renna saman. En vissulega þarf að vanda sig við verkið. Það er ekki sama hvernig það er gert, eins og fram kemur í þeim gögnum sem við höfum fengið í greinargerðinni og sérstaklega í niðurstöðu þess starfshóps sem síðast starfaði og skilaði af sér í nóvembermánuði síðastliðnum. Þar er í rauninni farið yfir alla þætti málsins. Þar inni eru tímasetningar og aðgerðaráætlun. Verkefnaskipt er niður á hverjir bera ábyrgð á einstökum verkum. Þarna bíða því gífurlega mikil verk.

Frú forseti. Mér fannst skorta í ræðu hæstv. ráðherra það mikilvæga atriði sem er í raun forsenda málsins, þ.e. að algerlega klárt liggi fyrir að Háskóli Íslands fái annaðhvort með nýrri löggjöf um ríkisháskóla eða með breytingum á sérlögum um Háskóla Íslands heimild til þeirra skipulagsbreytinga sem þar hafa verið ræddar og í raun samþykktar á vettvangi háskólans, þó ekki sé búið að ganga endanlega frá því í hvaða mynd og formi það verður. En nauðsynlegt er

að hæstv. ráðherra gefi um það alveg skýr skilaboð inn í umræðuna að hæstv. ráðherra sé á þeirri skoðun sem þar kemur fram og muni tryggja að það frumvarp komi fram sem nauðsynlegt er til að við getum klárað þetta mál, svo ekki fari á milli mála, frú forseti, að tryggt verði að fram komi frumvarp um að Háskóli Íslands, hin sameiginlega nýja stofnun, fái að setja á stofn marga skóla eins og þar er rætt um. Í stað deildaskiptingarinnar verði settir af stað margir skólar og að Kennaraháskólinn verði sem nánast meginkjarninn í einum þeirra. Þetta er ein af forsendum þess að málið allt nái fram að ganga. En eins og ég sagði áðan, frú forseti, saknaði ég þessa í ræðu hæstv. ráðherra og vona að úr því verði bætt á eftir.

Ég vil aðeins leyfa mér að fara yfir einstaka þætti vegna þess að okkar bíður gífurlega mikil vinna og afar mikilvægt að þeirri vönduðu vinnu sem fram hefur farið í málinu verði fram haldið á svipuðum nótum. Auðvitað eru einstaka þættir sem betur mættu fara, sýnist mér, og ýmislegt sem við þurfum að fara sérstaklega yfir.

Viðfangsefnið er afskaplega stórt og forsenda þess að þetta heppnist vel er að allir hlutaðeigandi leggist á eitt. Mér sýnist að í aðdragandanum hafi menn lagt sig verulega fram um að ná saman. Í báðum stofnununum hefur verið fjallað verulega um málið, að minnsta kosti í stjórnskipuðum þáttum þess, eins og háskólaráðunum. Það er reyndar spurning hvað þetta hefur farið langt niður til hinna einstöku starfsmanna og eins til nemenda skólanna, þó svo að fjallað hafi verið um þetta í stúdentaráði Háskóla Íslands og eins hjá nemendum í Kennaraháskólanum og alls staðar hafi þetta fengið jákvæða umfjöllun.

Einnig þarf að samræma framtíðarsýn skólanna beggja. Þeir hafa báðir nokkuð skýra framtíðarsýn og ég sé reyndar ekki að mikið misræmi sé á milli í þeim efnum en vissulega þarf að leggja sig fram um að láta það harmónera vel. Þá kemur að því sem ég nefndi áðan að Háskóli Íslands fái heimildir til að breyta stjórnskipulagi sínu á þann hátt að nokkrir skólar verði þar sem Kennaraháskólinn kæmi inn í þá vinnu sem allra, allra fyrst þannig að tryggt væri að sjónarmið beggja fengju að njóta sín.

Einnig þarf að vera ljóst með hvaða hætti sá styrkur sem skólarnir ráða yfir hvor í sínu lagi verði tryggður vegna þess að styrkurinn má ekki glatast, því vissulega er ákveðinn mismunur á þessum skólum. Þeir hafa þróast á mismunandi hátt, en það er afskaplega mikilvægt að styrkur þeirra verði tryggður í hinni sameiginlegu stofnun og ég held að þetta stjórnskipulag sem við töluðum um áðan, um einstaka skóla, sé liður í þeirri viðleitni.

Veikleikar hafa líka verið og þess vegna þarf að skilgreina þá líka og reyna að tryggja að á þeim verði tekið í sameiningunni svo tryggt sé að hinn nýi háskóli verði öflugri en skólarnir eru nú. Einnig er mikilvægt að í þessum samruna sé tryggt að allt starfsfólk sé með í ferlinu og reynt sé að tryggja að starfsandi verði sem allra bestur og stofnanamenningin sem hefur þróast mismunandi renni sem allra best í sameiginlegum farvegi.

Síðan er það alveg sérstakt mál að fara yfir fjármögnun háskólastigsins. Rétt er að nota tækifærið og fagna hinum nýja samningi sem gerður var nýlega við Háskóla Íslands og þar er komið að þeim þætti. Því er eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort ætlunin sé að gera einnig nýjan samning við Kennaraháskóla Íslands. Ef ég man rétt held ég að hann hafi runnið út líka um síðustu áramót eins og við Háskóla Íslands. Það er spurning hvernig þau mál standa, hvort tekið verði á því eða það brúað yfir í sameininguna á einhvern hátt.

Í frumvarpinu kemur fram að tryggja skuli að allir starfsmenn haldi réttindum sínum. Það er afskaplega mikilvægt að ekki sé verið að hrófla neitt við því í svo viðkvæmu ferli og fagnaðarefni að nú sé tekið algerlega af skarið með það. En það hefur ekki alltaf verið þegar menn hafa verið í störfum sem þessum.

Það vakti þó athygli mína að fram kemur í greinargerðinni, eða líklega er það í niðurstöðu starfshópsins sem skilaði af sér í lok síðasta árs, að fara þurfi betur yfir biðlaunaréttindi starfsmanna við Kennaraháskóla Íslands. Það er af þeirri einföldu ástæðu að miðað við texta frumvarpsins rennur Kennaraháskólinn í raun inn í Háskóla Íslands eða verður hluti af honum. Fara þarf nákvæmlega yfir það og ég saknaði þess að ekki lægi fyrir hvernig þau mál standa. Þegar kostnaður er metinn við þetta skortir algerlega þann þátt inn í, því svo virðist sem þeirri vinnu sé ekki lokið og vekur undrun því einhver dæmi eru um svipaða hluti, kannski eru þau ekki nákvæmlega eins. Töluverður munur var á því þegar Tækniháskólinn rann saman við Háskólann í Reykjavík því það var sitt hvort rekstrarformið. Í þessu er hins vegar algerlega um sams konar rekstrarform að ræða. Það var líka örlítið annað ferli þegar ýmsir skólar sameinuðust Kennaraháskóla Íslands fyrir nokkrum árum. Þá var um mismunandi skólastig að ræða, það eru því kannski ekki alveg sambærilegir hlutir. En nauðsynlegt er að yfir þetta verði farið og tekinn af allur vafi í þeim efnum.

Kjaramál starfsmanna við háskóla eru auðvitað á margan hátt flókin en mér sýnist á því yfirliti sem fram kemur í vinnu starfshópsins að þar sé ekki óbrúanlegur munur. Ákveðinn mismunur á sér þar stað en það er ekki þannig að það ætti að valda miklum vandræðum í samræmingu.

Einnig er rétt að fram komi, eins og kom fram í andsvari hæstv. ráðherra, að auðvitað mun þessi samruni auka mjög á möguleika nemenda til að gera nám sitt fjölbreyttara. Það er eðlilegt að horfa til þess að ekki er annað að sjá en að þessi samruni falli gífurlega vel að þeim hugmyndum og þeirri stefnumörkun sem samþykkt hefur verið í Kennaraháskólanum um breytingu á kennaranámi. Það falli algerlega að þessu og auðveldi þá breytingu alla. Þar er að hluta til lenging kennaranámsins og sú breyting sem menn gera ráð fyrir að nemar séu ekki eins bundnir af fyrir fram ákveðnum kúrsum heldur hafi mun meiri möguleika á að gera breiddina meiri.

Þó er eðlilegt að velta fyrir sér ákveðnum þáttum í þessu samhengi sem tengist sérstaklega greinum sem ekki eru kenndar í Háskóla Íslands. Það er hluti af vanda, getum við kannski sagt, skólakerfis okkar, þ.e. í sambandi við list- og verkgreinar, því ekki eru sambærilegar greinar kenndar í Háskóla Íslands og í Kennaraháskólanum. Það er sérstakt athugunarefni sem við hljótum að skoða nánar í nefndarstarfinu, þ.e. hvernig það verði tryggt að ekki muni draga úr mikilvægi þeirra greina og kannski miklu frekar velta fyrir sér hvernig auka má vægi þeirra. Slík kennsla er ekki til

staðar í Háskóla Íslands heldur í öðrum stofnunum og hefur Kennaraháskólinn haft þá sérstöðu að undirbúa kennara undir störf á leik- og grunnskólastigi þar sem slíkar greinar skipta gífurlega miklu máli.

Stór þáttur í þessu sem ég tek eftir að skilinn er eftir, og kannski eðlilega, af þeim starfshópi sem skilaði af sér í lok síðasta árs er gífurlega flókið mál en er hluti af því sem þarf sérstaklega að fara yfir og það eru húsnæðismálin. Það er lykilspurning fyrst hvort æskilegt sé að hin nýja háskólastofnun, Háskóli Íslands endurnýjaður, verði sem allra mest, eins og ég geri ráð fyrir að flestir vilji, á sama stað, þ.e. í Vatnsmýrinni. Þá þarf að velta fyrir sér hvort eðlilegt sé að gera það í þessu ferli, þessu sameiningarferli eða hvort það eigi að bíða og hvernig húsnæðismál verða þá leyst.

Þetta er auðvitað, eins og ég sagði, afskaplega flókið mál og stórt. En ekki liggja fyrir, miðað við þær upplýsingar sem koma fram í greinargerð, áætlaður kostnaður við byggingar eða hugsanlegt söluverð þeirra eigna sem nú eru til staðar hjá Kennaraháskólanum og því dýrmæta byggingarsvæði sem þar fylgir. Þetta eru þættir sem þarf að fara verulega vel yfir og nauðsynlegt er að settur verði niður hópur og þetta skoðað í náinni samvinnu stjórnvalda og háskólaráða beggja skóla. En þetta er þáttur sem kallar á töluvert mikla vinnu.

Við megum ekki gleyma hlut stúdentanna í þessu. Það er eðlilegt að þeir komi nokkuð við sögu. Það er augljóst mál að samtök þeirra og stúdentarnir þurfa að taka virkan þátt í þessu ferli þannig að viðhorf þeirra njóti sín því það er á margan hátt annað en þeirra sem starfa í stofnununum. Þeir hafa nefnilega gleggra auga fyrir ýmsu öðru.

Eins og kemur fram í vinnu starfshópsins eru ýmsir þættir sem þarf að fara yfir hjá stúdentunum, í samtökum þeirra, því uppbygging þeirra er ekki algerlega eins. Því er nauðsynlegt að þau komi að verki og reyni sem allra mest að vinna þar samhliða umræddu ferli þannig að það liggi nú ekki eftir.

Frú forseti. Ég hef hér stiklað á stóru og hefði viljað koma miklu víðar við í þessu viðamikla máli en mér sýnist tími minn vera að renna út. Menntamálanefnd mun greinilega ekki búa við verkefnaskort á næstu vikum þar sem hvert stórmálið af öðru kemur þar inn. Þetta er sýnilega víðs fjarri því að vera það minnsta, jafnvel það stærsta, að vísu er ekki minna mál, fjölmiðlamálið, sem bíður umfjöllunar í nefndinni. En greinilegt er að þar verður að láta hendur standa fram úr ermum ef á að ná utan um öll þessi stóru mál.

Það sem ég ætla þá að víkja að er ansi stór þáttur, þ.e. fjármálin eða kostnaðurinn við þessa hluti. Þar virðast því miður margir endar vera lausir. Það vekur sérstaka athygli að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur ekki farið verulega ofan í saumana á málinu og byggir raunverulega umsögn sína á vinnu þess starfshóps sem ég hef nokkrum sinnum nefnt hér, sem fór yfir þessa þætti líka. En eðlilega lauk hópurinn þeirri vinnu ekki að fullu heldur nefnir eingöngu tölur í þáttum sem eru nokkuð ljósir. En fjárlagaskrifstofan virðist eingöngu taka þá tölu sem útreiknuð er af ljósum kostnaði og kemst að þeirri niðurstöðu, eins og segir, með leyfi forseta:

„Tímabundinn kostnaður við sameininguna má áætla að verði 16 millj. kr. á árinu 2007 og 14 millj. kr. á árinu 2008, eða um það bil 30 millj. kr. samtals sem rúmast innan fjárheimilda menntamálaráðuneytis. "

Ég held, frú forseti, að ef takast á vel í þessu máli hljóti að þurfa að leggja til hærri fjárhæðir en hér koma fram og að sérstaklega verði að áætla til þess en það verði ekki nýtt af fjárheimildum menntamálaráðuneytisins. Ég trúi því að hæstv. ráðherra sé sammála mér í þeim efnum að eitthvað meira þurfi að koma til en eingöngu þær upphæðir sem þarna eru nefndar. Enda sést það þegar farið er yfir kafla starfshópsins um kostnað að þeir þættir sem fjárlagaskrifstofan tekur til eru raunverulega bara hluti af því sem mun að sjálfsögðu falla til. Þetta er beinn eða óbeinn kostnaður við vinnuna í þessu sambandi þar sem hópurinn áætlar að séu 12 til 15 millj. kr. Það er úttekt á sameiningarferlinu sem þeir gera ráð fyrir að kosti 34 millj. kr. og síðan að ráðinn verði sérstakur verkefnastjóri til að sinna þessu sameiningarferli og það muni verða um 12 millj. kr. Þetta er samtals nokkurn veginn sú upphæð sem fjárlagaskrifstofan nefnir.

En það er ýmislegt fleira sem nefnt er í skýrslu starfshópsins en ég nefni bara nokkur atriði. Það er t.d. að sameinuðum skóla verði skipt upp í skóla. Ekkert liggur fyrir um kostnað við slíkar breytingar á stjórnsýslu sameinaðs háskóla en til þess þurfum við að áætla töluvert af peningum því það er forsendan eins og ég hef komið að nokkrum sinnum.

Það er stoðþjónustan. Fyrir liggur að hugsanlega má spara þar eitthvað en ekki er búið að kanna það nægilega til að átta sig á hvort sá sparnaður vinnur upp hugsanlegan aukakostnað sem kallað er á. Ég hef minnst áður á kjarasamninga og stofnanasamninga sem eru til staðar. Fara þarf betur yfir það og óljóst hversu mikill kostnaður er þar á ferðinni í sambandi við þá samræmingu sem nauðsynleg er. Ljóst er að biðlaunaréttur getur myndast hjá einhverjum starfsmönnum í Kennaraháskólanum. Ekki er heldur búið að fara yfir það og meta hvaða kostnaður er þar hugsanlega á ferðinni.

Ég nefndi áðan stóra málið, þ.e. húsnæðismálin. Þar á algerlega eftir að fara yfir og móta tillögur. Fyrst er að taka ákvörðun um hvort starfsemin verði áfram á Rauðarárholti eða hvort stefnt verði að því að þetta fari allt saman í Vatnsmýrina. En þar er töluverð vinna sem bíður og töluverður kostnaður væntanlega, hvort sem gert verður, því ella verður að gera áætlun um viðbótarhúsnæði.

En þetta tengist að stórum hluta því hvenær og hvernig hinum nýja háskóla verði skipt upp í skóla. Þar skipta tímasetningar miklu máli. Ég verð að segja, frú forseti, af því tími minn er algerlega að renna út, að mér sýnast allar tímasetningar, ég vil að það komi fram í lokin, sem starfshópurinn hefur sett upp og það ákvæði að þetta taki gildi 1. júlí 2008 eigi allt saman að geta gengið upp ef vinnubrögð verða jafnvönduð og þau hafa verið fram að þessu.

Ég vona að sjálfsögðu, frú forseti, að vinnan í menntamálanefnd verði með svipuðu sniði og verið hefur við vinnslu frumvarps þessa. Ég vænti þess að hv. formaður menntamálanefndar, sem á mál mitt hlýðir, geri ráð fyrir að við munum sinna þessu máli með sama krafti og gert hefur

verið fram að þessu svo tryggja megi að farvegurinn verði slíkur að gildistakan verði 1. júlí árið 2008.

[12:22]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands geti að mörgu leyti verið góður kostur sé vel á málum haldið. Það er hægt að lesa út úr þeim greinargerðum sem með frumvarpinu fylgja að það er búið að vinna þetta mál býsna ítarlega í skólasamfélaginu. Rektor Kennaraháskóla Íslands hreyfði þessari hugmynd fyrir nokkrum missirum og rektor Háskóla Íslands einnig, Páll Skúlason, í útskriftarræðu fyrir fjórum til fimm árum, talaði þá fyrir því að Háskóli Íslands yrði einhvers konar regnhlíf yfir svo til alla, eða alla opinbera háskólastarfsemi í landinu. Umræður um sameiningu á háskólastiginu hafa lengi verið að gerjast og þróast. Vonandi ná þær að lokum þannig fram að ganga að um verði að ræða töluverða eflingu háskólastigsins og í þessu tilfelli til að styrkja menntun kennara verulega, endurskoða þá menntun og styrkja með ýmsum hætti. Auðvitað er engin ástæða til annars en að ætla að svo verði. Fram að þessu hefur, eins og kunnugt er, grunndeild Kennaraháskóla Íslands boðið upp á 90 eininga B.Ed.-nám til grunnskólakennara, íþróttafræðinga, leikskólakennara, tómstundafræðinga og þroskaþjálfa og jafnframt því í grunndeild 15 og 30 eininga kennsluréttindanám fyrir þá sem hafa lokið prófi í faggrein, sem sagt meistaraprófi í iðngrein og háskólaprófi í sérgrein. Það er mjög mikilvægur þáttur kennaramenntunarinnar, ekki síður en þessi formlegi sem ber að varðveita og halda vel utan um, verði af þessari sameiningu, að þeir sem hafi slíka menntun eigi greiða leið inn í kennaranám af því að við þekkjum hvernig inntökumálum hefur verið háttað í Háskóla Íslands.

Um nokkurra ára bil hefur verið rætt um að lengja og styrkja kennaranámið verulega og hér gefst til þess góður kostur. Við höfum kallað eftir því í fyrirspurnatíma nokkrum sinnum að umræðan um sameiningu skólanna fari fram. Í fyrravor var Tækniháskóli Íslands lagður niður og sameinaður Háskólanum í Reykjavík. Þá beittum við okkur, mörg í stjórnarandstöðunni, töluvert fyrir því að það yrði ekki gert nema að undangengnu ítarlegu mati á kostum og göllum sameininga á háskólastiginu almennt. Af hverju var t.d. ekki skoðað að sameina Tækniháskólann á þeim tíma Háskóla Íslands og þá núna Kennaraháskólanum? Sú umræða fór aldrei fram og það er ámælisvert. Það er ekki ásættanlegt að taka svona menntapólitísk skref í einhverjum hænufetum án samhengis og við kölluðum mjög eftir heilsteyptri umræðu. Þá var t.d. tekið nám í tæknifræðum sem er ekki kennt núna í neinum opinberum háskóla heldur er einungis aðgengilegt í einkareknum háskóla gegn skólagjöldum. Það var ekki skoðað að setja það inn í Háskóla Íslands svo að það væri þá aðgengilegt þar sem grunnnám gegn sömu skilmálum og annað grunnnám á háskólastigi í landinu.

Þessa umræðu ber að taka heildstætt og í samræmi við stöðu háskólanna allra og háskólamenntunar í landinu almennt. Eins og ég segi, að sjálfsögðu getur verið góður kostur að sameina þessa skóla eins og aðra en þá þurfum við líka að búa svo um hnúta að t.d. sú starfsemi Kennaraháskólans sem fer fram á Laugarvatni — þar er Íþróttakennaraskólinn gamli, ég heimsótti hann einmitt núna í nóvember. Það var mjög gaman að koma í þann skóla, þar er búið að byggja upp þróttmikinn og metnaðarfullan hluta af Kennaraháskóla Íslands — sé t.d. ekki til óhagræðis fyrir Kennaraháskóla Íslands. Starfsemin gæti verið öll staðsett á sama stað í Reykjavík. Það þarf að aka kennurum og ýmsu öðru starfsfólki á milli o.s.frv. og sumum kann að þykja það verra. Ég held hins vegar að það væri mikið óráð og óðagot að láta sér detta í hug að slá eitthvað af starfseminni á Laugarvatni. Henni er þar ágætlega fyrir komið og við eigum að dreifa háskólamenntun skynsamlega um landið. Þessa þætti þarf að ræða og fyrir því þarf að fást trygging að við þessu verði ekki hróflað, námið heldur eflt ef eitthvað er, þegar það kemur inn í svona miklu stærra samhengi og miklu stærri skóla eftir sameininguna við Háskóla Íslands. Þá er nándin ekki eins mikil og umhverfið allt annað.

Ætli háskólarnir í landinu séu ekki með einum eða öðrum hætti átta núna, að ég held, og sú þróun hefur verið mjög jákvæð. Háskólar hafa sprottið upp og náð fótfestu, landbúnaðarskólarnir orðið að háskólum o.s.frv., en svo kemur sjálfsagt sá tími þegar skólarnir fara aftur að sameinast að einhverjum hluta, bæði út af hagkvæmni og hagræði og eins því að það gefur augaleið að kannski er ekki heppilegt fyrir 300 þúsund manna þjóð að halda úti mjög mörgum háskólum. Það er hætt við að það komi þá að einhverju leyti niður á námi og starfsemi skólanna. Sú þróun og gróska sem hefur verið í háskólastarfseminni að því leyti að þeim hefur fjölgað verulega má heldur ekki koma niður á fjárframlögum til skólanna. Mér telst til að fjárframlög á nemanda á háskólastigi nú séu lægri en þau voru 1999, fyrir átta árum. Háskólunum hefur vissulega fjölgað töluvert mikið úti um allan hinn vestræna heim, og fólk sem áður stundaði ekki lengri formlega skólagöngu en grunnskóla og iðnskóla er nú farið að fara aftur í skólana. Það er að verða viðteknara að ungmenni og stúdentar stundi lengra nám þannig að við þurfum að gæta sérstaklega vel að því að við gefum ekkert eftir á háskólastiginu. Það er ekki nóg að sameina og steypa saman stofnunum til þess eins að hagræða og spara peninga.

Tilgangurinn með þessu frumvarpi á að vera fyrst og fremst menntapólitískur, að efla og bæta menntun í landinu, kennaramenntun hér, og að sjálfsögðu aðgengi annarra námsmanna og stúdenta við Háskóla Íslands að kennsluréttindafræðum og kennaramenntun hvers konar. Það á að vera hinn pólitíski tilgangur, ekki hagræði og hagkvæmni eingöngu þó svo að það sé að sjálfsögðu ágætt ef það næst um leið. Þegar við horfðum t.d. fram á að til stóð að stytta nám til stúdentsprófs um eitt ár með talsverðum tilfæringum stóð í rauninni ekkert annað eftir þegar búið var að fara ofan í málið en að það var verið að spara peninga. Það var verið að spara fjármagn við uppbyggingu framhaldsskólastigsins, mæta stærstu árgöngum Íslandssögunnar með því að skera niður nám og spara enda varð sú stytting sem betur fer að engu. Þeim málum er miklu betur fyrir komið með öðrum hætti, við höfum rætt það áður og ræðum það sjálf-

sagt síðar en það mál kom aldrei fram þó að það væri þríboðað á þessu kjörtímabili, ef talin eru með lok á ferli Tómasar Inga Olrichs sem menntamálaráðherra, en málið kom aldrei fram og kemur vonandi aldrei fram í þeirri mynd.

Sameining er ágætur kostur ef markmiðið er það sem ég gat um áðan, að efla sérstaklega háskólamenntun í landinu. Það getur gefist vel eins og við sáum eftir að Landbúnaðarháskóli Íslands varð til og nokkrar menntastofnanir sameinuðust, m.a. Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi. Síðan hefur verið linnulaus umræða um að leggja skólastarfsemina í Hveragerði niður til þess að þurfa ekki að byggja upp í Hveragerði, af því að sá skóli er í handónýtu húsnæði, og til þess að ná fram meira hagræði og hagkvæmni og byggja allt á sama stað. Auðvitað er það sjónarmið út af fyrir sig en það væri vítavert pólitískt athæfi að leggja niður menntun þar sem hún hefur verið um áratuga skeið í hjarta garðyrkjunnar í Hveragerði þar sem námið hefur skotið rótum og þróast og, eins og ég segi, það er líka byggðapólitískt og menntapólitískt markmið að auka aðgengi að námi með því að háskólastarfsemi sé víðar um land en bara á höfuðborgarsvæðinu.

Það þarf að gæta að mörgu, sameining er ekki sjálfsagður hlutur. Henni þurfa að fylgja loforð og síðar efndir um að það bitni ekki á einhverjum hluta starfseminnar eins og t.d. fyrrnefnd starfsemi Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni. Það verður að koma fram pólitískt loforð um að henni verði haldið úti áfram. Það hefur verið vilji til þess hjá sumum innan Kennaraháskólans að leggja menntunina á Laugarvatni niður og færa hana til Reykjavíkur sem eru sjálfsögð rök hjá stjórnendum og þeim sem reka viðkomandi menntastofnun en það á að vera skýr pólitískur vilji fyrir því hjá menntamálayfirvöldum og okkur hér á Alþingi Íslendinga, ef við samþykkjum þessi lög, að ekki verði hróflað við náminu á Laugarvatni. Þess vegna segi ég að sameiningin er ekki sjálfsagt mál þó að sameining geti verið góður kostur að öllum skilyrðum uppfylltum, þeim skilyrðum að nám í Kennaraháskólanum sérstaklega og íþróttakennaranámið á Laugarvatni verði ekki flutt til eða við því hróflað með neinum hætti, að skólarnir verði efldir, að fjárframlög til skólanna komi til með að aukast.

Við vitum að starfsemi opinberu háskólanna hefur verið á einhvers konar neyðarsvæði að mörgu leyti þar sem t.d. úttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi þeirra leiddi í ljós að skólarnir hafa búið við mjög kröpp kjör í mörg ár og, eins og ég segi, framlög á nemanda á háskólastiginu öllu eru lægri nú en þau voru árið 1999. Það er mjög athyglisvert og á sér að sjálfsögðu að hluta þá skýringu að nemendum hefur fjölgað en einnig þá að ríkisvaldið hefur ekki sett aukna peninga í þennan þátt menntakerfisins enda erum við mjög neðarlega á lista OECD yfir framlög til háskóla og framhaldsnámsmenntunar meðan við erum hvað efst á listanum, í öðru eða þriðja sæti, eitthvað svoleiðis, yfir þær þjóðir sem leggja fjármagn í grunnskólann og leikskólann. Það er mikill munur á fjárfestingum okkar í þeim skólastigum sem sveitarfélagið rekur annars vegar, þeim tveimur hinum fyrstu, og síðan þeim tveimur skólastigum sem ríkisvaldið sinnir, framhaldsskólanum og háskólanum, þar sem allt annað hefur verið upp á teningnum.

Þess vegna þarf að ræða þetta. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson kom inn á stjórnskipulagið áðan. Þó að hæstv. ráðherra kæmi lítið sem ekkert inn á það í sinni ræðu er þetta gert í því samhengi að stjórnskipulagi í Háskóla Íslands verði gjörbreytt og það verði í rauninni átta sjálfstæðar einingar. Þetta þarfnast miklu ítarlegri skýringa af hálfu hæstv. ráðherra og miklu vandaðri yfirferðar í þinginu. Sjálfsagt er einnig að varpa þeirri spurningu til hæstv. menntamálaráðherra hvort eitthvað hafi verið rætt eða skoðað með breytingar á rekstrarformi Háskóla Íslands frá því sem nú er. Nú er mikil pólitísk tíska hjá ríkisstjórninni og ríkisvaldinu að breyta rekstrarformum opinberra stofnana af ýmsu tagi, núna síðast Ríkisútvarpsins, Matíss o.s.frv.

Þeirri hugmynd hefur verið hreyft að Háskóla Íslands verði breytt í sjálfseignarstofnun til að efla enn þá frekar sjálfstæði skólans. Þessi hugmynd hefur komið innan úr háskólanum sjálfum. Við höfum svo sem aldrei rætt það neitt sérstaklega hér í þinginu af því að í þessari breytingu, þessari sameiningu á námsskipan Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, er sjálfsagt að ræða almennara um háskólaumhverfið og lagaumhverfi íslenskra háskóla aðeins inn í framtíðina. Eins og ég segi, sameining er aldrei sjálfsögð. Við deildum hart um það hér í fyrra þegar Tækniháskóli Íslands var lagður niður eða lagður saman við Háskólann í Reykjavík með því móti sem þar var gert, að tæknináminu er ekki lengur til staðar í opinberum háskóla gegn þeim forsendum sem opinbert nám sætir sem eru innritunargjöld upp á 45 þúsund. Í staðinn stendur námið bara til boða í sjálfstætt starfandi, einkareknum — eða hvert er rétta orðið yfir það? — háskóla sem innheimtir talsvert hærri skólagjöld. Það er spurning um jafnræðið. Þess vegna og í þeirri umræðu kölluðum við mjög eftir því í Samfylkingunni að við ræddum fyrst almennt um hvaða kostir væru til sameiningar, hvort ekki væri álitlegra ef sameina ætti háskóla að sameina þá opinberu skólana, Tækniháskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, í sama skólann o.s.frv. Við fengum enga umræðu um það, það var búið að taka pólitíska ákvörðun um að Tækniháskóli Íslands rynni inn í Háskólann í Reykjavík og það er búið og gert.

Nú kemur þessi tillaga fram og málatilbúnaður um hana er að mörgu leyti ágætur. Þessi umræða hefur, eins og ég sagði, farið fram í skólunum, rektorar háskólanna beggja hafa hreyft þessum hugmyndum og talað um Háskóla Íslands sem regnhlíf yfir alla opinbera háskólastarfsemi í landinu. Mér finnst það að mörgu leyti ágæt hugmynd þegar fram í sækir og í því er fólgin heilmikil dínamík líka fyrir t.d. skóla eins og Háskólann á Hólum í Hjaltadal að vera sjálfstætt starfandi eining.

Eitt vildi ég nefna í leiðinni fyrst við erum að ræða um sameiningu háskóla og háskólamenntun í landinu. Það er fráleitt fyrirkomulag að tiltekinn hluti háskólamenntunar í landinu heyri undir landbúnaðarráðherra og restin undir menntamálaráðherra, sé einhver mínímenntamálaráðherra í líki landbúnaðarráðherra þar sem allt önnur fagleg þekking er á menntun og rekstri menntunar og það sé tekið úr samhengi við aðra menntun og aðrar menntastofnanir í landinu. Þess vegna skora ég á hæstv. menntamálaráðherra að taka

það upp í ríkisstjórn að öll menntastarfsemi í landinu og þessir háskólar heyri undir menntamálaráðuneytið nú og um alla framtíð. Það er alveg eins og iðnaðarráðherra hefði með að gera iðnskólarekstur o.s.frv. Það var svona í gamla daga að fagskólarnir dreifðust á fagráðuneytin sem höfðu umsjón með þeim. Það er úrelt fyrirkomulag, og það er úrelt fyrirkomulag að landbúnaðarráðuneytið hafi með rekstur, núna tveggja, háskóla að gera og restin af menntakerfinu heyri undir menntamálaráðuneyti þar sem það á að sjálfsögðu að vera. Þetta er eins og að menntamálaráðherra færi að vasast með einhverja anga í landbúnaðarkerfinu, einfaldlega fáránlegt stjórnsýslufyrirkomulag.

Það er sjálfsagt að ræða það á sem breiðustum grunni hvaða opinberu háskóla hentugast er að reka saman. Hér er stigið ákveðið skref í þá átt og það er sjálfsagt að mæta því með opnum en gagnrýnum huga. Hér er staðið ágætlega að verki og við munum að sjálfsögðu fjalla ítarlega um málið í menntamálanefnd og sjá síðan til hvað um það verður. Það er *a.m.k. ágætisumræðugrundvöllur fyrir skólapólitískum* ákvörðunum stjórnvalda og skólapólitískri stefnumótun stjórnmálaflokkanna, núna í aðdraganda kosninga, að ræða mál sem þetta.

[12:38]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Frumvarpið sem hæstv. menntamálaráðherra hefur flutt á Alþingi um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands er mjög merkilegt og full ástæða til að taka undir það sem sagt hefur verið í gamansömum tóni, að á móti því frumvarpi sem nýlega var rætt er þetta frumvarp ólíkt betra þótt ég viti ekki hvort meðaltalið kemst upp í 50% við það. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því. Ég held að hér sé hreyft þörfu og góðu máli um sameiningu þessara tveggja háskóla.

Frumvarpið er ekki stórt, aðeins fjórar greinar, en með því fylgir mikið af gögnum, þar á meðal fýsileikaskýrsla sem nefnd um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands skilaði af sér. Við lestur þeirrar skýrslu sér maður að margt, ef ekki allt, mælir með því sem hér er sett fram. Ég vil þó hafa þann fyrirvara á að frumvarpið á eftir að fara til hv. menntamálanefndar. Ég tek undir margt af því sem þeir hv. þingmenn, flokksbræður mínir og jafnaðarmenn, hv. þm. Einar Már Sigurðarson og Björgvin G. Sigurðsson hafa farið yfir.

Með *því sem hér um ræðir gefst möguleiki á að endur*skipuleggja allt nám í uppeldis- og menntunarfræðum, þar með talið starfsnám kennara. Fram kemur að hægt sé að ná þeim markmiðum og farsælast sé að reka almennan deildaskiptan háskóla fremur en einn sérhæfðan kennaraháskóla. Nefndin álítur að sameining skólanna gæti, ef vel er að verki staðið, orðið til þess að koma í gang öflugri háskólastofnun sem hefði alla burði til að standast alþjóðlegan samanburð í kennslu og rannsóknum í þágu íslensks samfélags.

Eitt af því mikilvægasta sem hér kemur fram er að eftir að framangreind fýsileikaskýrsla lá fyrir, hefur háskólaráð beggja háskólanna lýst vilja sínum til þess að haldið verði áfram með málið á grundvelli þessara niðurstaðna. Ég fagna því sem hér er komið fram en ítreka fyrirvara mína varðandi það sem gæti komið í ljós við vinnslu menntamálanefndar.

Virðulegi forseti. Í fýsileikaskýrslunni er talað um að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt og kennaranámið. Það er mjög mikilvægt. Auk þess á það að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og skapa forsendur fyrir samþættingu slíkra rannsókna við aðrar rannsóknir sem stundaðar eru í sameinuðum háskóla. Þarna geta aukist möguleikar fyrir kennaranema til að komast í rannsóknafé sem háskólinn hefur og á að hafa. Einnig er talað um að efla stoðþjónustu í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk. Það er mikilvægt.

Jafnframt er fjallað um viðfangsefnin, að þessi ákvörðun verði tekin og síðan unnið eftir tímasettri aðgerðaráætlun og samningum. Hér kemur fram að gildistíminn verði 1. júlí 2008. Ég tel gott að gefa þessu tíma til að vinna málið vel. Ég legg áherslu á það sem hér kemur fram, að þetta sé *unnið í nánu samráði við starfsfólk skólanna og síðast en* ekki síst stúdenta. Ég vil segja, virðulegi forseti, að ég held að það sé mjög mikilvægt að það sé gert strax frá samþykkt þessa frumvarps, ef af lögum verður á þessu þingi, að þeir aðilar sem komi að þessum málum, þar með taldir stúdentar, vinni að því strax frá byrjun. Ég tel að það sé líklegra til að skapa víðtæka og góða sátt um þetta mál.

Jafnframt er rætt um það, virðulegi forseti, í kaflanum um viðfangsefnin í fýsileikaskýrslunni að tryggja þurfi að stjórnskipulag sameinaðs háskóla og fjármögnun kennslu og rannsókna á sviði uppeldis-, menntunar- og kennarafræða styrki fræðasviðið frá því sem nú er. Þetta er mikilvægt. Það er enn fremur talað um að fjárveitingar til kennslu í uppeldis-, menntunar- og kennslufræðum skerðist ekki við sameiningu háskólanna. Þarna er fjallað um það og að jafnframt sé mikilvægt að fjárveitingar til rannsókna verði sambærilegar á öllum fræðasviðum hins nýja háskóla. Einnig er talað um það sem ég nefndi áðan, með starfsmennina, að þeir hafi sambærileg kjör í nýjum háskóla.

Síðast en ekki síst, virðulegi forseti, er fjallað um húsnæðismál skólans. Mér finnst afar merkilegt sem þar er sagt, að huga verði að því hvort byggja eigi við starfsemina við háskólann þar sem starfssvið Kennaraháskólans kæmi inn og nota aðstöðu Kennaraháskólans á Rauðarárholti fyrir aðra starfsemi. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt að hafa í huga. Líkt og við allar sameiningar af þessu tagi þarf að fá fram fulla hagræðingu í starfseminni með því að hafa hana á sömu lóðinni. Sem stendur er töluvert langt á milli og full ástæða til að skoða þetta og ég held að niðurstaðan verði sú þegar fram í sækir að nauðsynlegt sé að þetta verði gert á þann hátt sem þarna er rætt um.

Í þessu sambandi vitna ég til þess þegar Borgarspítalinn og Landspítalinn voru sameinaðir, hvernig sú starfsemi hefur gengið, sem ég held að hafi að mestu leyti gengið vel. Forsendan fyrir þeirri sameiningu, til að ná fram fullri hagræðingu í meðferðarúrræðum var að nota hið opinbera fé, ekki endilega til þess að spara féð eða að draga úr fjárveitingum til viðkomandi stofnana. Ég er alls ekki að tala um að það eigi að gera og á ekki að vera leiðarljós í þessu, heldur að nýta opinbera fjármuni betur. Það er það sem ég tel að hafi verið gert með sameiningu Landspítala og Borg-

arspítala á sínum tíma, en sú fulla hagræðing mun ekki nást fram fyrr en við verðum búin að byggja nýjan Landspítala fyrir þjóðina á sama stað eins og áætlanir eru uppi um.

Ég tók líka eftir því áðan, virðulegi forseti, að hæstv. menntamálaráðherra fjallaði, ég held í andsvari, um að ef kemur til lengingar kennaranáms úr fjórum upp í fimm ár þurfi að huga að því gagnvart sveitarfélögunum í landinu. Ég legg áherslu á það vegna þess að við meiri menntun krefjast kennarar hærri launa og eiga að sjálfsögðu rétt á því, en við það verða meiri útgjöld hjá sveitarfélögunum. Ég tek undir þetta og þakka fyrir að þetta hafi verið sagt vegna þess að allt of oft er það þannig hjá hæstv. ráðherrum sem flytja mál á Alþingi, að ekki er gætt að þeim kostnaðarauka sem verður fyrir ýmsa aðila, í þessu tilfelli sveitarfélögin vegna reksturs grunnskóla og leikskóla. Þetta er afar mikilvægt að hafa í huga og fræg eru þau orð sem sveitarstjórnarmenn hafa sagt um grunnskóla, að það sem ekki mátti nefna þegar grunnskólar voru undir hatti menntamálaráðuneytisins er orðið að lögum í dag og skylda sveitarfélaganna. Við vitum að allt grunnskólanám og leikskólanám hefur snarbatnað við færsluna en tekjur hafa ekki að mínu mati fylgt með til sveitarfélaga til að mæta þeim auknu gjöldum sem eru vegna reksturs grunnskóla. Það er m.a. ástæðan fyrir því að mörg lítil sveitarfélög úti um allt land berjast í bökkum fjárhagslega vegna reksturs menntakerfisins og prósentutölur sem sést hafa þar eru allsvakalegar hjá sumum. Þetta er náttúrlega einn af þeim þáttum sem koma inn í mismun og misræmi sem er í rekstri sveitarfélaga eftir því hvort þau eru stór og öflug eins og á höfuðborgarsvæðinu eða lítil sveitarfélög á landsbyggðinni.

Virðulegur forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson nefndi Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni, tók hann sem dæmi. Ég tek undir það sem hann sagði og ég vona að það séu ekki vangaveltur um að taka þann ágæta skóla og flytja hann frá Laugarvatni. Hann á hvergi annars staðar heima en þar, er með mikla og góða starfsemi og á að efla hann þar, þó að fara eigi í það sameiningarferli sem hér er verið að tala um.

Ég vil jafnframt segja, virðulegi forseti, þegar talað er um háskólanám að ég hef áður sagt í þessum ágæta ræðustól að stofnun Háskólans á Akureyri og starfsemin þar sé sennilega eitt merkilegasta byggðaátak sem gert hefur verið á Íslandi og kannski það eina sem reglulegt bragð er að. Þegar maður kemur í heimsókn til Háskólans á Akureyri og sér þá miklu fjölgun nemenda sem þar hefur átt sér stað, bæði nemenda á Akureyri í skólanum, svo og þeirra sem eru í fjarnámi, þá er þetta mjög glæsileg starfsemi og mikil. Ég ætla í lokin, virðulegi forseti, ekki að fara að ræða um önnur málefni Háskólans á Akureyri sem oft hefur borið á góma, þ.e. fjárhagsvanda hans, ég ætla ekki að gera það að þessu sinni, ég ætla ekki að skemma þá jákvæðu og góðu umræðu sem er um þetta frumvarp með því að fara inn á það, kannski gefst tækifæri til þess síðar.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að þeir hv. þingmenn okkar jafnaðarmanna, Björgvin G. Sigurðsson og Einar Már Sigurðarson, sem hafa rætt um þetta mál og sitja í menntamálanefnd fyrir hönd Samfylkingarinnar munu auðvitað fara vel yfir það. Þeir hafa farið í gegnum þessi tæknilegu mál, ég hef farið frekar inn í hinn praktíska þátt. Ég segi enn og aftur í lok ræðu minnar að ég held að sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sé hið besta mál og vil ljúka máli mínu með því að ítreka það sem ég sagði áðan að þegar og ef frumvarpið verður samþykkt og verður orðið að lögum sé mikilvægt að vinna þetta í fullri sátt og samlyndi við starfsmenn, stúdenta og aðra til að ná fram sem bestum árangri og sem mestri sátt um það mikilvæga mál sem hefur verið flutt á Alþingi.

[12:50]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp menntamálaráðherra um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Ég verð að segja að eftir átökin við hæstv. menntamálaráðherra í síðustu viku og undanfarið vegna ríkisútvarpsmála rennur manni kalt vatn milli skinns og hörunds að heyra hæstv. ráðherra tala um fjölbreytileika og sveigjanleika, eflingu og styrkingu. Sem betur fer geri ég mér grein fyrir því að hæstv. ráðherra er ekki að fara að einkavæða Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands, ekki í þessari lotu a.m.k. þannig að ég ætla að reyna að halda ró minni í þeim efnum.

Það verður auðvitað að ræða þetta mál í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á háskólaumhverfinu á undanförnum árum. Ég tek það fram, og get tekið undir orð hv. þingmanna sem hér hafa talað, að þau gögn sem hér fylgja með, sú skýrsla frá starfshópnum sem hér er birt sem fskj. I með frumvarpinu, starfshópnum sem skilaði af sér í nóvember 2006, er afar athyglisverð og sýnir svo að ekki er um að villast að hér hafa fagmenn verið að verki við að reyna að sjá fyrir sér með hvaða hætti þessi sameining gæti orðið. Það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra virðist, eftir orðanna hljóðan í greinargerð með frumvarpinu, ætla í meginatriðum að fara að þessum niðurstöðum. Í öllu falli væri gott að fá staðfestingu hæstv. ráðherra í ræðu hennar við lok þessarar umræðu á því að hún hyggist fara eftir þeirri leiðsögn og þeirri forskrift sem kemur fram í skýrslu starfshópsins.

Það segir í greinargerðinni, sem er sem sagt yfirlýsing þá frá ráðuneytinu, að rík áhersla verði lögð á þrjár meginforsendur varðandi þessa sameiningu:

„1. Náið samstarf og jafnræði sé milli háskólanna við undirbúning sameiningar og mótun hugmynda um fyrirkomulag uppeldisvísinda í sameinuðum skóla.

2. Starfsmenn beggja skóla haldi sambærilegum starfskjörum.

3. Nemendur sem eru í námi við Kennaraháskóla Íslands eigi rétt á að ljúka námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við sameiningu háskólanna."

Í samræmi við framangreint sé við það miðað að Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands hefji sem fyrst sameiginlega undirbúning að sameiningarferlinu og frumvarpið er lagt fram sem grundvallarforsenda hinnar fyrirhuguðu sameiningar. En jafnframt kemur fram í greinargerðinni með frumvarpinu að unnið sé að gerð frumvarps um ríkisháskóla sem miðað er við að verði lagt fram á haustþingi 2007, því sé ætlað að leysa af hólmi núgildandi sérlög um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. En það mætti auðvitað segja sem svo að eðlilegt væri að drög að því frumvarpi lægju fyrir þannig að við sæjum heildstætt á

hvern hátt þessi sameiningartillaga kemur út þegar horft er til heildarinnar.

Eða hvað ætlar hæstv. menntamálaráðherra að gera varðandi Háskólann á Akureyri, er honum ætlað að eiga einhvern þátt í þessari sameiningu? Nú vitum við það auðvitað sem hér erum að um það eru ólík sjónarmið hvort eigi að starfa einn stór opinber háskóli sem skiptist síðan upp í svokallaða „skóla" eins og gerð hefur verið grein fyrir í þessari umræðu og í þeim gögnum sem fylgja með þessu frumvarpi eða hvort hæstv. ráðherra hyggst enn hafa Háskóla Akureyrar sem sjálfstæða stofnun. Ég held að það skipti máli að við fáum að heyra örlítið meira um framtíðarsýn hæstv. menntamálaráðherra hvað þetta varðar.

Sömuleiðis má spyrja hvort það beri að skilja orð ráðherra svo, þegar hún fjallar hér um kosti þessarar sameiningar og það hversu mjög hún muni styrkja báða skólana, að áfram verði haldið á þessari braut og þá er ég ekki bara með Háskólann á Akureyri í huga heldur jafnvel Listaháskóla Íslands.

Ef svo er, ef hæstv. ráðherra hefur fyrir hönd háskólasamfélagsins framtíðarsýn á einhverjum slíkum nótum, er óhjákvæmilegt að spyrja út í framtíðarsýn hæstv. menntamálaráðherra varðandi einkaháskólana. Hinir einkareknu háskólar eru nokkuð margir orðnir, það er Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og það er ... (Gripið fram í.) Listaháskólinn er sjálfseignarstofnun, já, en svo er það Háskólinn á Hólum og síðan einhvers konar annexía frá háskólasamfélaginu, sportakademía á Reykjanesi.

Úr því að ég nefni hana er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari því við þessa umræðu með hvaða hætti hæstv. ráðherra heimfæri það sem hún hefur sagt um mikilvægi kennaramenntunarinnar upp á þá kennaramenntun sem verið er að efna til undir verndarvæng Háskólans í Reykjavík þar sem sportakademían á Reykjanesi hefur möguleika á að útskrifa kennara. Á þetta minntist hæstv. ráðherra ekki neitt í sínu máli þannig að það er ljóst að heildstætt þurfum við að sjá hvernig hluti af umhverfi þessa stóra sameinaða háskóla hún verður.

Það er ýmislegt sem má gagnrýna í framgöngu hæstv. menntamálaráðherra varðandi stuðning við hina opinberu háskóla og þó svo að núna sé kominn í höfn metnaðarfullur samningur við Háskóla Íslands sem gerir ráð fyrir því að Kennaraháskóli Íslands verði sameinaður honum árið 2008 er ekkert úr vegi að rifja það upp hvaða barning það hefur kostað Háskóla Íslands að fá þá fjármuni sem Háskóli Íslands hefur átt samningsbundna við menntamálaráðherra í gegnum fjárlög á undanförnum árum. Við þekkjum öll úr umræðu hér um fjárlög hvernig það hefur gengið að fá þessa ríkisstjórn til að uppfylla ákvæði kennslusamnings Háskóla Íslands. Fjöldinn allur af nemendum hefur farið hér á ári hverju í gegnum Háskóla Íslands án þess að með þeim komi opinber framlög úr fjárlögum. Sömuleiðis hafa háskólayfirvöld átt við stjórnvöld að glíma í þeim efnum að fá rannsóknarsamninginn sem gilti fram að síðustu áramótum efndan til fulls.

Núna er annað hljóð í strokknum eins og við vitum, við höfum kallað fjárlögin sem nýlega eru farin hér í gegn kosningafjárlög og við í stjórnarandstöðunni höfum beint athygli fólks að því að það er mun léttara hald ríkisstjórnarinnar um pyngjuna núna en í annan tíma á kjörtímabilinu. Ég leyfi mér að halda því fram að samningurinn við Háskóla Íslands sé hluti af undirbúningi ríkisstjórnarinnar fyrir kosningar af því að nú þurfum við á því að halda, og það þurfa allir flokkar á því að halda, að sýna á spilin sín hvað varðar menntapólitík því að menntapólitíkin, skólapólitíkin verður eitt af meginstefjunum sem kveðin verða í kosningabaráttunni fram undan sem má segja kannski að sé að mörgu leyti hafin.

Ég fagna því eins og aðrir að það skuli kominn í höfn sá metnaðarfulli samningur, eins og ég sagði áðan, sem til staðar er og styð hann heils hugar og treysti því að við hann verði staðið. Það byggir auðvitað á því að velviljuð stjórnvöld verði við völd og ég veit ekki hvort það á að trúa því í einu og öllu að þau stjórnvöld sem nú ríkja muni verða svo miklu örlátari eða taki svo miklum sinnaskiptum á nýju kjörtímabili að það sé einhver von til þess að hegðan þeirra í garð Háskóla Íslands muni eitthvað breytast.

Í öllu falli varðar þetta mál það umhverfi sem háskólastofnanir á Íslandi búa almennt við. Samkeppnisumhverfi hafa margir kallað það, mér er það svo sem ekki tamt á tungu og ekki beint sátt við það að tala um samkeppnisumhverfi háskóla en engu að síður ítreka ég hér það sem ég hef áður sagt, það hallar á opinberu háskólana í „samkeppninni" við einkaháskólana vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra hefur haft tilhneigingu til að draga taum einkaháskóla umfram hinna opinberu. Ef hér er að verða einhver bragarbót í þeim efnum fagna ég því en vil þá líka að það komi fram í máli hæstv. ráðherra með hvaða hætti slík bragarbót færi fram.

Varðandi fjármálin sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson kom ágætlega inn á í sínu máli er alveg ljóst að ákveðnir þættir hér eru nokkuð fyrirsjáanlegir, en aðrir ekki. Það væri fengur að því fyrir fulltrúa í menntamálanefnd Alþingis að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra áður en umræðan er úti á hvern hátt hún sjái málinu lent til enda. Þá er ég ekki bara að tala um þessa 31 milljón sem getið er um í 11. kafla skýrslu starfshópsins í töluliðum 11.1–11.5. Ég vil fá að heyra hæstv. ráðherra úttala sig eitthvað um aðra liði 11. kaflans, þ.e. punkta 11.6–11.11. Þeir punktar varða t.d. kostnað við stjórnsýslu sameinaðra háskóla og þar er líka talað um ákveðna þætti er varða kjör starfsmanna, ákveðna þætti er varða (Forseti hringir.) stoðkerfi og stofnanir.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti vill inna ræðumann eftir því hvort hún eigi mikið eftir af ræðu sinni. Þingmaðurinn á enn þá rúmlega átta mínútur eftir af ræðutímanum en fljótlega verður gert hér matarhlé þannig að forseti er að meta hvort matarhlé verði gert að lokinni ræðu þingmannsins eða hvort þingmaðurinn óskar að gera hlé á ræðu sinni.)

Já, hæstv. forseti, ég skal ljúka máli mínu á 2–3 mínútum.

Það er ekki miklu meira um þetta að segja á þessu stigi málsins enda erum við hér við 1. umr. Hér eru ákveðnir þættir varðandi fjárútlátin sem fyrirsjáanleg eru sem þarf að vera vilji fyrir hjá hæstv. ráðherra til að takast á við. Við þurfum að fá það staðfest við þessa umræðu að það eigi að fylgja þeirri forskrift sem kemur fram í skýrslu starfshópsins jafnvel þó svo að fyrirsjáanleg séu talsvert mikil útgjöld í þeim efnum.

Auðvitað erum við á löggjafarsamkundunni sameinuð í því að efla háskólamenntun á Íslandi. Ég er sammála hæstv. ráðherra í því, ef marka má orð hennar í flutningsræðu, að sameining þessara háskólastofnana geti verið hluti af þeirri eflingu sem nauðsynleg er. Ég held og er sannfærð um að þessi stofnun getur orðið verulega sterk og ég treysti þá líka á það að hún verði hluti af sterkri heild háskólasamfélags sem getur í náinni framtíð, á næstu fáum árum, reist merki Íslendinga og íslenska menntakerfisins svo hátt að við getum í alvöru staðið undir nafni sem menningarþjóð á norðurhjara, menntaþjóð, þjóð sem ber menntakerfið fyrir brjósti og hefur það í hávegum. Mér finnst skipta verulegu máli að við stöndum sameinuð á bak við metnaðarfull ætlunarverk Háskóla Íslands sem auðvitað geta ekki orðið að veruleika nema héðan komi öflugur stuðningur: Þá vil ég meina að sá stuðningur þurfi að vera þvert á flokka, það sé nauðsynlegt. Í þeirri vinnu er ég tilbúin til að taka þátt.

[Fundarhlé. — 13:04]

[13:29]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég hef fyrr í dag rætt þetta frumvarp sem við erum að reyna að komast til botns í og komast að niðurstöðu um hvort sé jákvætt fyrir menntun í landinu.

Á heildina litið, herra forseti, er ég frekar jákvæður gagnvart þeim hugmyndum sem hér koma fram, þ.e. þeim hugmyndum að sameina Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Ég vil þó segja alveg skýrt að mér finnst málflutningur hæstv. ráðherra bera blæ af því að hér sé hún að ráðast í sameiningu sameiningarinnar vegna fremur en að skapa nýjar og fjölþættar námsleiðir fyrir kennaraefni í landinu.

Ég vil líka segja alveg skýrt að ég tel vafamál að það eigi að leggja í þetta ferðalag nema það sé alveg ljóst að búið sé að móta stefnu um þróun kennaramenntunar í landinu.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að sameiningin kunni að nýtast ákaflega vel ef rétt verður fjárhagslega að henni staðið, ef menn á annað borð hafa tekið ákvörðun um að breyta og bæta kennaramenntun í landinu þannig að námið verði fimm ár. Það liggur við, herra forseti, eftir að hafa hlýtt á umræður hér í dag og heldur snautleg svör hæstv. ráðherra við fyrirspurn minni fyrr í morgun að ég segi það klárt og kvitt að samþykkt þessa frumvarps eigi að vera skilyrt því að ríkisstjórnin lýsi yfir og geri að stefnu sinni að kennaramenntun í landinu eigi að lengja í fimm ár.

Ég spurði hæstv. ráðherra í morgun eftir að hafa hlustað á málflutning hennar um hina jákvæðu ávinninga þessa máls: Hver er ávinningurinn fyrir kennaraefnin í landinu? Ég hugsa að við getum orðið sammála um það að hið jákvæða sem felst í sameiningunni sé m.a. það að kennaraefni eiga völ á miklu fjölbreyttari námsmöguleikum til þess að bæta við grunn- og undirstöðumenntun sína og þannig sérhæfa sig, þ.e. kennarar sem t.d. ætla að sérhæfa sig í raungreinakennslu eigi kost á því að komast miklu betur niður í raunvísindum og þar af leiðandi verða hæfari til að miðla þeirri reynslu og þekkingu til þeirra sem þeir í framtíðinni kenna. Þetta er hið jákvæða við þetta.

Þessi ávinningur mun hins vegar ekki nýtast nema að broti til nema kennaramenntunin í landinu verði efld. Það er þess vegna sem ég segi að sameining háskólanna geti aldrei borið fullan ávöxt nema samhliða verði ráðist í það með fjárframlögum og pólitískri stefnumótun að kennaranám verði lengt.

Þegar við horfum til þeirra þjóða sem best hefur gengið á sviði verðmætasköpunar, þeirra þjóða sem mestum árangri hafa náð hvað menntun áhrærir, festast augu okkar alltaf við eina þjóð. Alveg sama hvaða mælikvarðar eru lagðir á velsæld, þróun menntunar, þróun uppfinninga, þróun viðskiptalífs, alls staðar sjáum við að Finnar, frændur okkar á Norðurlöndum, eru yfirleitt efstir. Það er skammt síðan, herra forseti, að ég las um þetta mikla úttekt í bandarísku tímariti þar sem fimm mismunandi mælikvarðar voru lagðir á getu þjóða og hæfni á hinum ýmsu sviðum, Finnar voru alls staðar númer eitt eða tvö.

Hvað er það sem hefur gert Finnland öðruvísi? Hvað sker það frá öðrum löndum, þjóðum sem við berum okkar stundum saman við? Finnar fóru í gegnum mikinn öldudal upp úr 1990. Í þann mund sem þeir gengu í Evrópusambandið sem margir telja að hafi verið eitt af því sem lagði undirstöðu að framförum þeirra tóku þeir ákvörðun um annað. Þeir tóku ákvörðun um að stokka upp allt sitt nám og menntakerfi. Grundvöllur þeirrar uppstokkunar var tvíþættur, í fyrsta lagi að lengja kennaranámið til fimm ára og í öðru lagi að hækka laun kennara og gera starf þeirra þannig eftirsóknarverðara í augum ungra Finna. Til þessa rekja menn í dag, þessarar undirstöðu, margvíslegar framfarir í finnsku samfélagi á sviði atvinnulífs og reyndar líka á ýmsum öðrum sviðum.

Því segi ég þetta, herra forseti, við eigum auðvitað að taka okkur þetta sem fordæmi. Ég dreg ekki úr því að hæstv. menntamálaráðherra hafi á ýmsum sviðum staðið sig ágætlega að því er menntamálin áhrærir. En mér finnst stundum sem af hálfu ríkisstjórnarinnar skorti heildarsýn og lengri sýn til framtíðar.

Hér hefði ég viljað, herra forseti, sjá þetta frumvarp sem einn lið í fjölþættri pólitískri stefnu af hálfu stjórnvalda sem miðuðu að því að bæta og efla gæði kennaranámsins í landinu og það aftur væri undirstaða að markvissri viðleitni til að auka auðsköpun í samfélaginu sem mundi þá byggjast á hugviti.

Ég er með öðrum orðum að segja, herra forseti, að þessi menntastefna stjórnvalda ætti að vera partur af því að snúa á vit nýrra tíma í atvinnumálum Íslendinga. Við höfum á síðustu árum og áratugum lagt allt okkar fyrst og fremst á tvennt, á sjávarútveg og stóriðju. Ég er þeirrar skoðunar að það sé kominn tími til þess að drepa hér við fótum og segja: Áratugir stóriðjunnar og áratugir sjávarútvegsins sem sóknarfæra í íslensku samfélagi eru með vissum hætti á enda runnir. Við stöndum núna frammi fyrir því að við þurfum að breyta aðeins um stefnu og við þurfum að leggja áherslu á aðra þætti í atvinnulífinu, þ.e. á hátækni og hugvit. Undirstaða þess, eins og ég veit að jafnvel hinir ágætu ungu þingmenn Framsóknarflokksins gera sér grein fyrir, af og til að minnsta kosti — (**GÓJ:** Af hverju ertu svona rauður?) Það er af því að ég hef rautt bindi, hv. þingmaður, til að undirstrika það að ég er ekki með sömu pólitísku skoðanir og hv. þingmenn Framsóknarflokksins. En ég er þeirrar skoðunar,

herra forseti, að við séum að hefja nýtt skeið í atvinnusögu Íslendinga þar sem verður byggt á hátækni. Sú stefna sem minn flokkur, Samfylkingin, mun leggja mesta áherslu á í framtíðinni í atvinnumálum er einmitt hátækni og hugvit og mannauðurinn. Til þess að hægt sé að leggja grunn að þeirri framtíð þurfum við að efla menntakerfið á öllum sviðum. (Gripið fram í.)

Hæstv. menntamálaráðherra hefur á ýmsum sviðum lagt gjörva hönd þar að verki. Hæstv. ráðherra hefur t.d. á umliðnum vikum kynnt að það er verið að veita töluvert meira fjármagn til uppbyggingar Háskóla Íslands og ég fagna því. Við í Samfylkingunni teljum að það sé jákvætt spor og sé með vissum hætti verið að vinna upp ákveðinn mun sem hefur orðið á kjörum og umhverfi Háskóla Íslands og annarra háskóla í landinu. Þetta er mjög jákvætt.

En það er kjölurinn sem þarf að velja viðinn vel í, þ.e. þeir sem eru kennarar í landinu, þeir sem eiga að ala upp hina ungu kynslóð, þurfa að vera afburðamenn. Til þess að þeir verði afburðamenn þarf að búa þeim ákaflega góða menntun sjálfum og það þarf líka að búa þeim góð laun.

Þetta frumvarp sem við erum að ræða hérna, sameining Kennaraháskólans og Háskóla Íslands, gæti verið skref á þessari braut. En ég held því fram, herra forseti, að til þess að við náum algerlega fram ávinningnum sem hugsanlega leiðir af því máli sem hér liggur fyrir þyrfti þetta að vera partur af heildstæðri stefnu varðandi kennaramenntunina og hana finnst mér skorta.

Ég dreg þá ályktun að hana skorti vegna þess að ég spurði hæstv. ráðherra í morgun hvort þetta væri aðeins hlekkur í keðju þar sem annar hlekkurinn væri pólitísk stefnumótun sem fæli í sér yfirlýsingu af hennar hálfu um að kennaramenntunin yrði lengd í landinu og það yrði alveg í gadda slegið að það yrði að minnsta kosti fimm ára nám. Hæstv. ráðherra svaraði því til að það kæmi til greina. Af því svari er ekki aðra ályktun hægt að draga en að um það hafi engin ákvörðun verið tekin. Þetta er eitt af því sem ég tel vera með því mikilvægasta varðandi þennan þátt menntakerfisins.

Mig langar síðan, herra forseti, að spyrja hæstv. ráðherra út í það hver hin næstu skref verði í þessu máli. Ef þetta frumvarp verður samþykkt, sem allt eins gæti orðið á þessu þingi, hver eru þá næstu skrefin?

Það kemur fram í máli hæstv. ráðherra að málið er stutt af bæði Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Þó liggur alveg ljóst fyrir að sá stuðningur sem háskólaráð Kennaraháskóla Íslands hefur veitt málinu er skilyrtur. Hann er byggður á því að ljóst verði að hinum nýja sameinaða háskóla verði skipt í skóla þar sem einn skólinn verði eins konar uppeldisvísindaháskóli.

Ég tek hins vegar eftir því þegar maður rennir í gegnum þetta frumvarp og hlýðir á ágætt mál hæstv. ráðherra að þar er lítið gert ráð fyrir þessu. Það er drepið á þetta í aðfara greinargerðarinnar þar sem sleppir þessum ágætu skýrslum tveim sem hér eru birtar. Þá er talað um þetta sem vilja Kennaraháskólans.

En ég hefði talið að ef þetta er ein af forsendunum fyrir stuðningi háskólaráðs Kennaraháskólans hlyti hæstv. menntamálaráðherra að þurfa að gefa yfirlýsingu um það hvort nauðsynlegar breytingar á sérlögum um Háskóla Íslands muni fylgja í kjölfarið. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Ef þetta mál verður samþykkt, hyggst hún þá í kjölfarið leggja fram frumvörp, eða er það ráðgert núna á næstunni, sem fylgja þessu máli eftir? Þannig væri öllum efa hrundið um þá forsendu sem háskólaráð Kennaraháskóla Íslands hefur sett fyrir stuðningi um þetta mál.

Það er líka eftirtektarvert þegar maður fer í gegnum þetta frumvarp og sérstaklega þann part þess sem lýsir fjárhagslegum kostnaði við þetta að ekki virðist gert ráð fyrir því að auknir peningar eigi að koma inn í hinn sameinaða háskóla umfram það sem nú er þegar hvort á sínum staðnum.

Við höfum hér á hverju einasta hausti, hygg ég, alþingismenn, þurft að ræða þá staðreynd að fjölda manna, stundum hundruðum, sem hefur hug á námi við Kennaraháskóla Íslands, hefur þurft að vísa á bug vegna þess að ekki hafa verið fjárveitingar til að standa undir náminu.

Ég hefði talið að ef raunverulegur hugur fylgir máli um að stórefla kennaramenntun í landinu hefði þurft að lýsa því alveg sérstaklega yfir að ráðherrann hygðist beita sér fyrir því að verulegt fjármagn mundi fylgja þessari sameiningu. Það væri gulrót sem mundi virka vel á alla og yrði verulegur akkur fyrir menntun í landinu og þessar tvær stofnanir.

Ég er þeirrar skoðunar að það sem skipti ákaflega miklu máli í menntakerfi okkar sé að efla rannsóknarnám, þ.e. efla þann part háskólanáms þar sem ungir Íslendingar verða sér úti um doktorsgráður og meistarapróf vegna þess að það stig námsins þar sem menn sinna frumrannsóknum er yfirleitt það sem skilar mestu inn í skólana aftur og skilar sér einnig mjög hratt inn í atvinnulífið.

Það sem ég sé nú sem einn aðalkostinn við þetta frumvarp er að það er líklegt til að skjóta miklu styrkari stoðum undir rannsóknarnám við Kennaraháskóla Íslands og innan kennaravísindanna. Ég tel að þeir þverfaglegu möguleikar sem mundu veitast rannsóknarfólki sem sinnti einhvers konar jarðræktarstörfum á sviði uppeldisvísindanna innan slíks háskóla mundu leiða til þess að sennilega færu fleiri í slíkt nám og þeir hefðu miklu fjölbreyttari möguleika á að yrkja sinn svörð. Það sé ég ákaflega jákvætt við þetta frumvarp eins og það liggur fyrir núna.

En mér finnst að til þess að allur ávinningurinn af hugsanlegri sameiningu þessara tveggja skóla gæti orðið að veruleika þyrfti fleira að fylgja. Þá þyrfti að leggja fram styrkari og víðfeðmari heildarsýn um kennaramenntun í landinu og þar er undirstaðan þessi: Yfirlýsing, pólitísk stefnumótun af hálfu ríkisstjórnarinnar um að það eigi að lengja kennaranám í landinu. Þá fyrst getum við landað þeim fiskum sem eru í augsýn þegar þessu er kastað út í hyl menntunarinnar. (**GÓJ:** Glæsilegt.)

[13:45]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er viss ánægja sem felst í því að fá í hendur mál frá hæstv. menntamálaráðherra sem lítur þannig út við fyrstu sýn að það virðist vera ákaflega vel undirbúið. Enda kemur í ljós að undirbúningur málsins hefur frá upphafi verið í höndum þeirra sem málið snertir hvað mest, þ.e. forustumanna Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Rektor Kennaraháskóla Íslands, Ólafur

Proppé, hefur verið mikill áhugamaður um sameiningu þessara tveggja stofnana árum saman og beitt sér í því efni enda kom út skýrsla strax árið 2002 um það málefni.

Ég held að seint verði metið að verðleikum það frábæra frumkvöðlastarf sem Kennaraháskóli Íslands hefur unnið að í uppbyggingu menntunar á landinu öllu og það frumkvöðlastarf sem þeir hófu í fjarmenntun á landinu. Þeim er aldrei eignaður nógur hlutur í því efni og með þeim hætti breyttu þeir hlutfalli menntaðra kennara á landinu þannig að nú eru grunnskólar landsins mjög víða mannaðir fullmenntuðum kennurum.

Eitt af því sem hefur verið baráttumál hjá Kennaraháskóla Íslands árum saman er einmitt að lengja kennaranámið, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á áðan, en til þess hefur aldrei fengist fjármagn. Það kæmi mér ekkert á óvart að einmitt sú leið sem hér er verið að fara sé í rauninni leið sem rektor Kennaraháskóla Íslands sá út úr því öngstræti sem Kennaraháskólinn var kominn í með nám sitt, því að eins og kom líka fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þá hefur Kennaraháskóli Íslands þurft að vísa nemendum frá árum saman vegna þess að ekki hefur fengist nægilegt fjármagn til þess að veita þeim inngöngu sem um hafa sótt, þrátt fyrir það hversu þörfin er mikil, t.d. á leikskólakennarasviðinu þar sem alltaf vantar starfsfólk alls staðar á landinu.

Ég held að í þessari sameiningu felist mikil tækifæri og þau alveg augljós, þarna gefast tækifæri til þess að efla og bæta menntun kennara sem þarf að fara í ef við ætlum að geta boðið upp á sveigjanlegt nám á grunnskólastigi en það er nauðsynlegt ef við ætlum að gefa nemendum færi á að rækta hæfileika sína og hæfni eins og best er kostur. Við sjáum það á framhaldsskólastigi þar sem sveigjanlegt nám er í boði hversu vel það getur gagnast bæði seinfærum nemendum sem haga þá ferð sinni í gegnum framhaldsskólana eftir því sem aðstæður þeirra leyfa, og þeim sem eiga auðveldara með nám og geta beitt sér af meiri krafti af einhverjum ástæðum. Nemendur geta þá hagað námi sínu þannig að þeir taka námið ýmist á skemmri eða lengri tíma, allt eftir aðstæðum. Þetta þyrfti líka að vera hægt í grunnskólunum í meiri mæli en nú er en til þess að hægt sé t.d. að kenna meira í stærðfræði eða erlendum tungumálum eða öðru því sem kennt er á framhaldsskólastigi í dag þá þarf auðvitað að efla þekkingu kennaranna sem sinna börnunum á grunnskólastigi. Þetta held ég að náist fram með lengingu kennaramenntunar og það verður örugglega niðurstaðan eða ein af niðurstöðunum með sameiningu skólanna tveggja.

Auðvitað felast líka ákveðnar hættur í slíkri sameiningu. Ég held t.d. að veik fjárhagsleg staða Háskóla Íslands feli í sér ákveðna hættu fyrir Kennaraháskóla Íslands sem er vel staddur fjárhagslega vegna þess að þar hefur verið farin sú leið að taka ekki inn alla nemendur sem hafa sótt um en það hefur hins vegar verið gert í Háskóla Íslands og fyrir vikið er Háskóli Íslands ekki vel staddur fjárhagslega, eins og alkunna er. Ég ætla því að brýna það fyrir hæstv. menntamálaráðherra að tryggja að það fjármagn sem nauðsynlegt er verði látið fylgja með þegar sameining stofnana á í hlut.

Ég er ekki að segja þetta að ástæðulausu því að tvisvar á yfirstandandi kjörtímabili hafa verið sameinaðar stofnanir sem heyra undir landbúnaðarnefnd þar sem ég starfa, bæði skólarnir sem núna heita Landbúnaðarháskóli Íslands og eins fjöldi stofnana sem nú heita Landbúnaðarstofnun Íslands. Í hvorugu þeirra tilvika var gert ráð fyrir nokkrum kostnaði sem hlytist af sameiningunni og fyrir vikið skortir auðvitað fé til rekstrarins svo að þær koma út með halla.

Ég ætla bara að nefna eitt dæmi úr sameiningarferlinu við stofnun Landbúnaðarstofnun Íslands. Þar var verið að taka saman í eina nýja stofnun minni stofnanir eða deildir sem höfðu átt inni hjá öðrum stærri deildum. Við stofnsetningu nýju stofnunarinnar var ekki gert ráð fyrir neinum skrifstofukostnaði, símakerfi eða þeirri þjónustu sem litlu stofnanirnar höfðu fengið á gamla staðnum. Þetta er auðvitað algjörlega fyrirsjáanlegur hlutur og það var gerð grein fyrir þessu í undirbúningsvinnunni en það var samt valið að fara þannig að eins og ég hef hér rakið.

Ég treysti fagfólkinu í Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands ákaflega vel til þess að standa vel að þessari sameiningu en að gefinni þeirri forsendu að tekið verði tillit til þarfa stofnananna fyrir fjármagn sem fylgir fyrsta flokks starfsemi.

[13:54]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmönnum fyrir að hafa tekið þátt í umræðu um þetta mikilvæga mál, mikilvæga hagsmunamál fyrir menntakerfið og fyrir háskólasamfélagið en ekki síst fyrir þær sakir að við erum öll að huga að því hvernig megi bæta og efla skólakerfið og í þessu tilviki að mínu mati að styðja við það menntapólitíska verkefni sem fyrst og fremst felst í þessu frumvarpi, þ.e. að efla og bæta og styrkja enn frekar kennaramenntun í landinu. Eins og ég hef þegar getið um þá var leiðarljósið við sameiningu þessara háskóla fyrst og fremst markmiðið að efla kennaramenntunina í landinu. Þess vegna segi ég að að mínu mati er það alveg hreint og klárt að þetta frumvarp er einn liður í því að efla kennaramenntunina og ég er þeirrar skoðunar að við eigum að lengja kennaramenntun enda skipaði ég starfshóp sem var falið það hlutverk að huga að kennaramenntun til framtíðar í landinu. Sá hópur skilaði niðurstöðum á síðasta ári og við erum að skoða þær tillögur sem þar eru.

Ég tel líka mikilvægt í því efni að leita samráðs við sveitarfélögin. Ég held að það sé hluti af þeirri vinnu og þeim undirbúningi sem felst í því að stuðla að lengri kennaramenntun að fá sveitarfélögin líka að borðinu, a.m.k. að þau fái enn frekari kost á því að tjá sig um framkvæmdina. Ég vil líka geta þess að einn nefndarmaður í fyrrnefndum hópi var frá sveitarfélögunum, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þannig að það má í rauninni segja að í meginprinsippinu taki sveitarfélögin undir það markmið að lengja kennaramenntunina sem mér finnst í sjálfu sér fagnaðarefni.

Ég tel þetta því vera einn lið í því að efla kennaramenntunina og efling kennaramenntunarinnar getur falið margt í sér, hluti af því er að lengja hana en það er ekki verið að lengja hana bara til þess að lengja hana, við verðum líka að huga að því hvaða aðferðum við viljum beita til þess. Erum

við t.d. að tala um frekara starfsnám úti á vettvangi, viljum við auka það enn frekar og hvernig og með hvaða hætti viljum við fara í lengingu kennaramenntunar? Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að stefna að því og að við séum þegar byrjuð á þeirri vinnu og þetta frumvarp er liður í því.

Það hefur verið farið inn á ýmsa þætti í þessari umræðu og ég ætla að reyna að nýta þær tólf mínútur sem ég hef til þess að svara ýmsum spurningum sem hefur verið beint til mín. Laugarvatn var nefnt. Það er alveg klárt að það er ekki ætlunin að breyta neinu varðandi starfsemina á Laugarvatni enda tek ég undir með hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni að mikilvægur þáttur af starfsemi Kennaraháskólans fer fram á Laugarvatni og það er ekki ætlunin að breyta því og það er ekki liður í þeirri sameiningaráætlun sem liggur fyrir.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir beindi til mín þeirri spurningu hvort við mundum miða við þá sameiningaráætlun sem liggur fyrir hér sem fylgiskjal. Já, það er viðmiðunin sem við munum starfa eftir, þar eru stóru línurnar gefnar og ég vil sérstaklega geta þess að að mínu mati er þetta vel unnin sameiningaráætlun, hún er tímasett og markmiðin eru mjög skýr og hrein, það er verið að geta um þátttöku allra aðila o.s.frv. Ég hvet því alla til að lesa hana skilmerkilega.

Svo ég haldi áfram að svara spurningunum vil ég geta þess sem hér var rætt sérstaklega varðandi skólana, þ.e. hvort það ætti að skipta Háskóla Íslands upp í skóla. Það kemur skýrt fram í samningnum við Háskóla Íslands að þar er stefnt að því og það er ekkert leyndarmál að eitt af atriðunum sem tengjast samningnum og markmiðunum er að skipta Háskóla Íslands upp í skóla. Það er líka forsenda þess að Kennaraháskólinn geti sameinast 2008 að þá verði búið að skipta Háskóla Íslands upp í þá skóla sem um er rætt og það verði þá sérstakur skóli — hvaða nafn menn vilja gefa slíkum skóla, uppeldis- og menntunarskóli, þ.e. skóli sem mun sjá um uppeldis- og kennslufræðina í hinum nýja skóla. Það kemur skýrt fram að þetta er eitt af markmiðunum í samningnum. Að því er þegar verið að huga innan Háskóla Íslands og það tekur ákveðinn tíma en menn eru sérstaklega að vinna að þessu atriði.

Það hefur verið rætt svolítið um húsnæðismálin. Ég tel að þegar þessi sameining er komin í gegn muni menn að sjálfsögðu fara yfir það hvar best henti að staðsetja skólann, hvort best sé að hafa þetta allt á sama stað. Menn hafa rætt um þau áhrif sem það hafi að hafa skólastofnanirnar og reyndar líka rannsóknarstofnanir á sama svæðinu, að flestra mati eru það jákvæð áhrif. Menn hafa verið að tala um þekkingarklasa, þekkingarþorp, að Vatnsmýrin verði það. Við vitum það líka að til að mynda að Listaháskólinn hefur hug á því að fara inn á það svæði, ekki til þess að sameinast Háskóla Íslands eða Háskólanum í Reykjavík heldur til þess að nýta þau áhrif sem eru af nálægðinni til aukinnar samvinnu og eflingar viðkomandi skóla. Þetta er framtíðarmúsík sem verður þá ætluð forstöðumönnum hins sameinaða stóra háskóla.

Það er rétt sem kom fram í máli eins hv. þingmanns, Össurar Skarphéðinssonar, það hefur verið lögð áhersla á sjávarútveginn í gegnum árin, við þekkjum söguna þar. Sjávarútvegurinn hefur verið lykilatvinnugrein okkar í gegnum árin. Það hefur líka verið lögð áhersla á stóriðju sem margir þingmenn Samfylkingarinnar hafa líka stutt. Síðan hefur líka, og ég hef kallað það hina hljóðlátu byltingu í atvinnulífi landsmanna, það er byltingin í gegnum umbreytinguna á menntakerfinu sem hefur átt sér stað á umliðnum árum. Ég hef bent á það að efling fjármálalífsins, hvort sem við köllum hana útrás eða eitthvað annað, efling fjármálaþáttarins og fjármálaþátturinn í lífi og starfseminni í hlutdeildinni af þjóðarframleiðslunni er orðin jafnhá og sjávarútvegsins. Það hefði ekki getað gerst nema tvennt hefði komið til, annars vegar einkavæðing ríkisbankanna, það er alveg ljóst, og hins vegar að sú sókn í menntakerfinu sem við stöndum frammi nú fyrir var þegar hafin. Fjármálastarfsemin hefði ekki getað þanist svona út og orðið svona öflug nema hún hefði getað leitað í þá þekkingu sem háskólarnir höfðu fram að færa og að háskólarnir hefðu náð að mennta alla þá nemendur sem raun ber vitni. Þess vegna skiptir máli sú áhersla sem á sínum tíma var lögð á að við þyrftum að fjölga háskólunum. Okkur hefur tekist það. Háskólanemum hefur líka fjölgað hjá öðrum þjóðum en við Íslendingar höfum fjölgað háskólanemum meira en aðrar þjóðir innan OECD á jafnskömmum tíma. Það hefur styrkt atvinnulífið með þeim hætti að við sjáum nú fjölbreyttari grunnstoðir í atvinnulífinu þar sem við getum byggt á fleiri stoðum en eingöngu sjávarútveginum.

Varðandi framlög til vísinda, rannsókna og þróunar þá stöndum við Íslendingar vel að vígi, við erum löngu komin yfir 3% hlutfallið af þjóðarframleiðslunni sem er t.d. takmark sem ESB setti sér fyrir árið 2010. Að mig minnir eru síðustu tölur að 3,14% af þjóðarframleiðslunni fari til vísinda og rannsókna og það skilar sér, ég veit að við í þessum þingsal erum sammála um að það hefur skilað sér margfalt til þess að efla innviði samfélagsins.

Það hefur m.a. verið rætt um samninginn sem ég gerði nýverið við Háskóla Íslands og mér finnst gott að finna það að flestir þingmenn fagna þeim samningi og telja hann ekki vera neina meðalmennsku eins og mátti lesa frá einum hv. þingmanni Samfylkingarinnar í blöðunum í gær. Ég tel mikilvægt að menn átti sig á því að með því að efla Háskóla Íslands erum við að efla allt háskólasamfélagið og alla aðra háskóla um leið. Það er mikilvægt að hafa hér eina öfluga alhliða háskólavísindastofnun sem Háskóli Íslands er.

Svo eru menn að tala um að þetta sé einhver kosningatékki, (**Gripið fram í:** Að þetta sé hvað?) menn hafa verið að tala um að þessi samningur sé bara einhver kosningatékki. Mönnum sem samþykktu lögin síðasta vor um sjálfstæði háskóla á að vera kunnugt um það að í nýlegum gildandi lögum (Gripið fram í.) eru ákvæði og það er lagaskylda sem hvílir á menntamálaráðherra þegar samningur rennur út, eins og samningurinn við Háskóla Íslands gerði nú um áramótin, þá ber menntamálaráðherra að gera nýjan samning, þriggja til fimm ára samning við Háskóla Íslands. Og ég spyr hv. þm. Mörð Árnason: Á ég að brjóta lögin, á ég ekki að fara að lögum?

Ég stóð að sjálfsögðu frammi fyrir því að gera nýjan samning við Háskóla Íslands og ég gerði hann á þeim forsendum að það hefur farið fram umfangsmikil vinna, rannsóknarvinna sem hefur verið gerð að frumkvæði mínu sem hefur verið fólgin í því að við erum annars vegar að kanna gæði starfseminnar innan veggja Háskóla Íslands, þ.e. á

sviði rannsókna, til að mynda gerði Rannsóknir og greining ágæta úttekt á Háskóla Íslands sem kom vel út úr þeirri greiningu og í þeirri skýrslu. Það sama hefur verið uppi á teningnum varðandi fjármálin. Ég taldi nauðsynlegt, til þess að geta farið í öfluga stefnumótun með Háskóla Íslands og til þess að geta gert samning eins og við gerðum sem hefur veruleg áhrif á stefnumótun Háskóla Íslands til framtíðar, að vinna heimavinnuna. Við gerðum það í samvinnu við ríkisendurskoðanda, í samvinnu við Rannsóknir og greiningu og í samvinnu við ýmsar úttektarstofnanir eins og stofnanir á vegum OECD, sem sögðu okkur nákvæmlega hvernig málum væri háttað varðandi framlög, varðandi gæði kennslu og rannsókna o.s.frv. Á því er síðan hægt að byggja á til þess að geta sett fram kröfur í þeim samningi sem við höfum síðan gert við Háskóla Íslands og mun tvímælalaust efla Háskóla Íslands en ekki síður allt vísinda- og rannsóknarsamfélagið.

Ég vil að lokum ítreka það, frú forseti, að meginmarkmiðið með þessari sameiningu er að efla kennaramenntunina og ég segi það aftur að ég tel þetta vera lið í því að styrkja og efla kennaramenntunina sem m.a. er þá liður í því og verður liður í því til lengri tíma að lengja kennaramenntunina. Ég tel mikilvægt að hv. menntamálanefnd og nefndarmenn þar fari mjög vel yfir þetta mál, þetta er stórmál og það er mikilvægt að það verði leitt til farsældar í nefndinni þannig að menn hafi þá tækifæri til þess að fara yfir ýmis atriði sem út af standa. Engu að síður ég tel mikilvægt að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi til þess að við getum haldið áfram með þessa skýrslu í farteskinu sem er fylgiskjal með frumvarpinu, að við förum eftir henni og þar er hlutur þingsins mikilvægur. Þar er ábyrgð þingmanna mikil, þ.e. að við komum þessu máli í gegnum þingið til þess að efla og styrkja kennaramenntunina í landinu þannig að við getum haldið áfram að efla og styrkja innviði skólakerfisins á öllum skólastigum.

[14:08]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt, við eigum að efla og bæta innviði íslensku skólanna. Ég gat um það í ræðu minni áðan að við hefðum deilt mjög harkalega um það í fyrra þegar ákveðið var að leggja niður Tækniháskóla Íslands og leggja hann saman við Háskólann í Reykjavík á þeim forsendum að þar væri tæknimámið sett inn í einkarekinn skóla og stæði ekki lengur til boða í opinberum háskóla við sömu aðstæður og annað grunnnám í háskóla.

Hins vegar er annað sem ég ætla að spyrja um hér. Á þeim tíma var eins og núna órætt um kosti og galla hinna ýmsu skólasameininga í landinu. Háskólarnir í landinu eru núna átta. Það er Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Háskólinn á Hólum, Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Listaháskólinn. Þetta eru átta háskólar og af þeim eru nokkrir opinberir, flestir, sex opinberir háskólar. Nú er lagt til að Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn sameinist sem ég hef tekið fram að geti vel verið góður kostur og við eigum að skoða gaumgæfilega, en ég spyr hæstv. ráðherra: Á að kanna aðra sameiningarkosti? Hafa aðrir sameiningarkostir verið kannaðir í aðdraganda þessarar tillögu um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands? Og í öðru lagi: Telur hæstv. ráðherrann að það eigi að kanna sameiningarkostina frekar og stefna að frekari skólasameiningu á háskólastigi en orðið er í dag eða er stefnt að með þessu?

Þetta er önnur skólasameiningin á rúmu ári. Tækniháskólinn og Háskólinn í Reykjavík, opinber og einkarekinn, voru lagðir saman. Hér á að sameina tvo opinbera háskóla. Telur ráðherrann að lengra eigi að ganga akkúrat núna en í framtíðinni?

[14:10]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði svo ágætlega í ræðu sinni áðan að háskólum hefði fjölgað, það væri vel og við hefðum líka þurft á því að halda. Við þurftum á auknu námsframboði að halda og það voru áherslur á að hafa frelsið og flæðið sem mest. Þess vegna spruttu upp þeir háskólar sem eru starfandi í dag.

Síðan sagði hv. þingmaður: Það má segja að næsta skref sé síðan að menn fari að huga að því að sameina og auka samvinnuna milli þessara háskóla. Ég tek undir með hv. þingmanni. Ég held að þetta sé liður í þeirri þróun að við sjáum annars vegar háskóla komast á koppinn og síðan hitt að þegar þeir eru búnir að starfa í ákveðinn tíma leita þeir ákveðinnar, ekki bara hagræðingar, heldur hagræðingar í þágu menntastefnunnar, hvernig þeir geti aukið fjölbreytnina innan veggja sinna. Ég tel tvímælalaust að þessar tvær sameiningar sem ég stend að, núna þessari síðari, muni leiða til þess. Það er ekki verið að sameina til þess að hagræða út frá fjármunalegum hagsmunum, a.m.k. ekki eingöngu. Meginþátturinn, eins og ég talaði um áðan, er þessi menntapólitíski þáttur.

Ég er sannfærð um að sameining Tækniháskólans við Háskólann í Reykjavík hafi líka leitt af sér góða hluti og hafi verið góð og farsæl. Mér finnst miður að hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafi ekki getað stutt þá sameiningu, hugsanlega vegna meintrar andúðar sinnar á einkaskólum.

Síðan er hitt, frekari sameining. Ég er tvímælalaust þeirrar skoðunar að þessi sameining muni stuðla að eflingu kennaramenntunar í landinu. Ég sé ekki eins og staðan er núna að við munum huga að frekari sameiningu. Það er miklu frekar að efla samvinnuna þarna á milli. En ég held að fyrsta versið áður en hugað verður að frekari sameiningum sé að setja alla háskóla undir menntamálaráðuneytið.

[14:12]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. menntamálaráðherra að það eigi að sameina allar skólastofnanir undir menntamálaráðuneytið. Ég gagnrýndi í ræðu minni áðan að landbúnaðarráðherra hefði með tvo háskólana að gera. Þeir eiga heima undir eina og sama ráðuneytinu og hér tekur hæstv. menntamálaráðherra undir að það eigi að færa landbúnaðarháskólana tvo undir menntamálaráðuneytið. Það held ég að væri farsælt skref.

En ég vildi hnykkja á því að ég tel að það eigi að fara fram heildstæð úttekt núna, áður en við samþykkjum þetta

frumvarp, á öllum kostum sameiningar þó svo að niðurstaðan verði jafnvel sú að við látum þessa sameiningu duga. Ég gat um að háskólarnir eru núna átta. Þeim fækkar niður í sjö. Við eigum að skoða þetta.

Ég gat líka um það að frelsið og smæðin væru jafnframt sóknarfæri og það hefur gefið skólunum kraft og dínamík til að byggjast upp. Við heimsóttum Háskólann á Hólum, nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar í hittiðfyrra, stórskemmtileg dagsheimsókn norður. Þá talaði Skúli Skúlason rektor um sóknarfærin í því að vera sjálfstæður og lítill í jákvæðri merkingu, sérstaklega meðan skólinn væri að fóta sig og verða til sem menntastofnun til framtíðar í staðinn fyrir að heyra undir stærri regnhlíf eins og Háskóli Íslands gæti síðar orðið yfir flestum opinberu háskólunum.

Ég held að það sé líka heppilegt að Háskólinn á Akureyri sé um alla framtíð sjálfstæð menntastofnun. Ég held að það sé partur af að mörgu leyti velheppnaðri og glæsilegri sögu Háskólans á Akureyri, bæði í byggðalegu og menntalegu tilliti, að hann sé sjálfstæð háskólastofnun þó svo að margt annað gæti kannski kallað á sameiningu.

Sameiningin á aldrei að vera á forsendum hagkvæmninnar eða sparnaðar, og alls ekki eingöngu eins og ráðherrann tók undir líka, heldur á menntapólitískum forsendum. Ég vildi sérstaklega hnykkja á þessu.

[14:14]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir með þeim atriðum sem komu fram í máli hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Ég sé ekki fyrir mér að við ræðum hér í nánustu framtíð um miklar sameiningar.

Ég vil miklu frekar segja að við erum að ná ákveðinni dínamík út úr því kerfi sem við erum að móta núna og ég er sannfærð um að liður í því er að sameina þá tvo háskóla sem þetta frumvarp fjallar um. Ég vona að ég hafi skilið hv. þingmann rétt, að hann telji ekki rétt að bíða með þetta mál. Ég tel málið það mikilvægt að við þurfum að koma því í gegn. Síðan verðum við að huga að því hvernig við viljum sjá samvinnu, og eftir atvikum sameiningu, til framtíðar, hvernig því á að vera háttað.

Ég tel mikilvægt að samvinnan verði aukin. Ég veit að það er t.d. aukin samvinna milli stóru háskólanna á suðvesturhorninu, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Ég veit að þeir eru að auka samvinnu sína á ákveðnum sviðum. Ég held að það sé mjög jákvætt að þrátt fyrir og í krafti samkeppninnar geti skólarnir engu að síður unnið saman. Hagsmunir okkar Íslendinga eru miklir í þá veru að við nýtum krafta og kosti okkar merku menntamanna og vísindamanna í hvaða háskóla sem þeir eru hér heima því að samkeppnin er ekki síst út á við, við alþjóðasamfélagið fyrir utan landið okkar.

Ég segi að um leið og allar menntastofnanir falla undir menntamálaráðuneytið er ákveðin hagkvæmni í því að geta farið heildstætt yfir málið. Hvar er hægt að auka samvinnu? Ég get í sjálfu sér skilið að á ákveðnu tímabili sé smæðin kostur. Síðan þegar menn halda áfram getur líka verið ákveðinn kostur fólginn í því að menn auki samvinnu og eftir atvikum sameinist.

[14:16]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem aðallega upp til þess að lýsa yfir fögnuði með ummæli hæstv. ráðherra, í fyrsta lagi varðandi það að hér er gefin afdráttarlaus yfirlýsing um að Háskóla Íslands verði skipt upp í fleiri skóla eins og til hefur staðið og að fullur stuðningur hæstv. ráðherra er við þá fyrirætlan. Síðan kemur hér til viðbótar alveg sérstakt gleðiefni sem er yfirlýsing hæstv. ráðherra varðandi það að hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að allir háskólar eigi að heyra undir menntamálaráðuneytið.

Þetta er gífurlega mikilvæg yfirlýsing frá hæstv. ráðherra og ég tek heils hugar undir hana. Ég held að það sé eitt af lykilatriðunum til að ná utan um þessa starfsemi að þetta heyri allt undir eitt ráðuneyti.

Ég verð því að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hafi eingöngu orðið til hjá hæstv. ráðherra á þeim tíma sem umræðurnar áttu sér stað. Eða hefur hæstv. ráðherra kannski orðað þetta einstaka sinnum á ríkisstjórnarfundum? Hafa ekki verið þokkalegar undirtektir?

Það var ekki hægt að skilja orð hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að þegar þetta markmið næðist, sem ég vona að verði sem allra fyrst, mætti hugsanlega vænta fleiri sameininga meðal háskóla. Ég tek undir það. Það hlýtur að koma til greina þegar þetta hefur náðst.

Mér finnst alveg sérstakt gleðiefni að hæstv. ráðherra gefi þessar yfirlýsingar hér.

Það var aðeins eitt mál, svo að það valdi engum misskilningi, varðandi húsnæðismálin. Ég heyrði ekki betur en að hæstv. ráðherra hefði tekið sérstaklega fram að breytingar á Laugarvatni kæmu alls ekki til greina. Ég verð að vekja athygli á því að með slíkri yfirlýsingu, ef ég hef ekki misskilið, er gengið aðeins á svig við það sem segir í niðurstöðum starfshópsins sem skilaði af sér 8. nóvember 2006. Þar er ekki tekið af skarið með að engar breytingar megi gera á Laugarvatni heldur er talið að það þurfi að skoða þetta heildstætt en ég verð að koma betur inn á það í seinna andsvari mínu.

[14:18]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi Laugarvatn er ekki ætlunin með þessari sameiningu að flytja til starfsemina þar. Hins vegar eru ýmsar forsendur fyrir því og ákvarðanir sem kunna að verða teknar á grundvelli þeirrar skýrslu sem liggur fyrir ef það er til hagsbóta fyrir kennaramenntun á íþróttasviðinu.

Auðvitað er skólinn, og ég vil undirstrika það með hinn sameinaða skóla, sjálfstæður. Sjálfstæði háskólanna hefur verið eflt mjög, sérstaklega með nýsamþykktum lögum um háskóla sem við samþykktum á síðasta þingi. Það kann vel að vera að háskólaforustan meti það svo að það þurfi að verða einhverjar breytingar en ég sé ekki að við munum flytja í nánustu framtíð starfsemina frá Laugarvatni. Ég sé það ekki gerast, enda hefur hún staðið prýðilega fyrir sínu þar sem hún er núna.

Síðan er hitt, ég hef aldrei dulið það að ég tel að allar menntastofnanir eigi að heyra undir menntamálaráðuneytið. Þeir sem hafa fylgst með umræðunni vita að ekki eru allir

sammála um það innan t.d. ríkisstjórnarinnar. Það er ekkert nýtt.

Ég hef líka sagt að það er ekki á borðinu að fara að flytja menntastofnanir hjá þessari ríkisstjórn. Ég uni því alveg. Það er samt skoðun mín að allar menntastofnanir eiga að heyra undir fagráðuneyti sem er menntamálaráðuneytið. Það er til þess einmitt að reyna að fá sem besta heildarsýn og yfirsýn yfir málaflokkinn. En um þetta eru ekki miklar deilur, ég get upplýst hv. þingmann um það. Þetta er ekki mikið rætt.

[14:20]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eðlilegt að ekki séu miklar deilur ef málið er ekki mikið rætt. En það hryggir mig að hæstv. ráðherra skuli algerlega hafa gefist upp í þessu mikilvæga máli. Ég hefði haldið að þetta væri mál sem væri full þörf að taka á og ég geri ráð fyrir því að það muni þá miðað við þessar yfirlýsingar hæstv. ráðherra bíða næstu ríkisstjórnar. Það mun vonandi ekki standa á þeirri ágætu stjórn að kippa þessu í liðinn.

Aðeins áfram varðandi húsnæðismálin þannig að við séum ekki með neinn misskilning hér, það er alveg ljóst að frumvarpið sem slíkt gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á Laugarvatni. Í aðgerðakaflanum í niðurstöðum hópsins segir þó þegar kemur að húsnæðismálum þar sem þetta er allt flokkað niður, með leyfi forseta:

„6.7.1 Kanna hvort nýta eigi húsnæði og lóðarréttindi á Rauðarárholti og Laugarvatni fyrir sameinaðan háskóla eða hvort flytja eigi þá starfsemi á lóð Háskóla Íslands."

Þetta eru þeir tveir möguleikar sem gefnir eru upp þarna, annaðhvort að halda þessu á óbreyttum stöðum eða færa starfsemina, og það er þá ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en alla starfsemina, á lóð Háskóla Íslands. Síðan segir:

„6.7.2 Ef talin er þörf á að flytja starfsemi KHÍ á lóð HÍ, þarf að meta kostnað ..." o.s.frv. eins og eðlilegt er. Þar segir síðan:

„6.8.1 Starfshópur skipaður af háskólaráði sameinaðs háskóla vinnur að lausn húsnæðismála í nánu samstarfi við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Starfshópurinn meti valkosti og leggi fram áætlun um kostnað við valkosti."

Síðan segir, og það er afskaplega mikilvægt að það liggi fyrir:

„6.9.1 Úttekt á húsnæðismálum sameinaðs háskóla liggi fyrir í maí 2008."

Það er mjög brýnt að þessi vinna fari af stað sem allra fyrst. Það er augljóst mál að það þarf að gerast um næstu áramót, ekki seinna, ef þetta á að verða tilbúið með úttekt í maí 2008 þannig að það sé hægt að fara að taka ákvarðanir og þetta sé inni í sameiningarferlinu.

Ég fagna því sem hæstv. ráðherra segir að auðvitað er fullt sjálfstæði háskólastofnana til að taka þessar ákvarðanir. Þó að ekki liggi fyrir samkvæmt frumvarpinu að það eigi að gera einhverjar breytingar á Laugarvatni er nauðsynlegt að þetta sé skoðað heildstætt (Forseti hringir.) eins og annað.

[14:22]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það er mikilvægt að skoða málin heildstætt. Þegar ég segi að ekki sé ætlunin að flytja starfsemina af Laugarvatni er ég að segja að það er ekki stefnan, það er ekki markmið í sjálfu sér að flytja starfsemina frá Laugarvatni.

Að sjálfsögðu munu þeir sem eiga hlut að máli, háskólaforustan, taka þá afstöðu til þess hvernig fyrirkomulaginu verður best hagað og háttað til að efla kennaramenntunina, ekki síst á sviði íþrótta, hreyfingar og annars sem kemur inn í þann þátt kennslunnar og kennaramenntunarinnar sem sérstaklega er síðan kennd á Laugarvatni. Þar er sérhæfingin mest.

Það er ekki stefnan að flytja starfsemina. En menn munu að sjálfsögðu meta hvernig hægt er að haga málum þannig að við fáum sem mest út úr því að sameina háskólana tvo til að tryggja að öll kennaramenntun verði hágæðamenntun til lengri tíma litið.

[14:23]

**Útbýting:**

Fátækt barna á Íslandi, 519. mál, fsp. HHj, þskj. 783.

Gjaldþrotaskipti, 517. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 780.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, 520. mál, fsp. KF, þskj. 784.

[14:23]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra kaus að hefja pólitískar illdeilur í tengslum við umræður sem hafa staðið um þann samning sem hún gerði nýlega við Háskóla Íslands.

Samningurinn fól í sér að nokkrum milljörðum skuli varið til þess að efla háskólann. Það hef ég og fleiri í þessari umræðu tekið undir. Ég lýsti því hér yfir í dag að þetta væri þakkarvert og jákvætt. Ég færði ákveðin rök fyrir því af hverju einmitt hefði verið tímabært að vekja með þessum hætti aukinn stuðning við Háskóla Íslands.

Svo kom hæstv. menntamálaráðherra hér, skaut glósum að fjarstöddum þingmönnum og sagði síðan alveg hreint yfirkomin af hneykslun að svo væru einhverjir menn, og beindi orðum sínum til hv. þm. Marðar Árnasonar, að segja að hérna væri um einhvers konar kosningatrix að ræða. Herra minn trúr, frú forseti. Ef ég „på stående fod", svo að ég sletti dönsku hér í ræðupúlti, man rétt áttu á fjárlögum nýhafins fjárlagaárs, sem hæstv. ráðherra hafði áhrif á, að koma 300 millj. til verksins. Afgangurinn sem er nokkrir milljarðar á hins vegar að koma, eftir því sem mér hefur skilist, á næstu árum.

Hæstv. ráðherra hefur ekki greint frá því að hún hyggist beita sér fyrir því að á fjáraukalögum komi sérstök fjárveiting til að standa straum af kostnaði við þetta. Er þá ekki fullkomlega eðlilegt að halda því fram að með þessum hætti sé hæstv. ráðherra að velta þessum vikli yfir á næstu ríkisstjórn? Nú mun ég að vísu fyrir hönd Samfylkingarinnar glaður gangast undir það ok að borga það vegna þess að ég held að þessum fjármunum sé vel varið. En ég segi

þetta, frú forseti, vegna þess að það var hæstv. ráðherra sem vakti máls á því í þessari umræðu. Það er fyllilega hægt að halda því fram að þarna sé um að ræða vissa sýndarmennsku því að ef eitthvað annað hefði vakað fyrir hæstv. ráðherra hefði hún að sjálfsögðu séð til þess að a.m.k. fjórðungurinn af þessari upphæð hefði komið á því ári sem nú er að hefjast. Ég vona að það sé síðasta árið sem þessi ríkisstjórnarmeirihluti fer með menntamálin að öllu óbreyttu.

Þetta vil ég bara segja hér, frú forseti, vegna þess að mér fannst ósanngjarnt af hæstv. ráðherra að vekja máls á þessu. En því miður, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði hér í morgun, er það þannig að þegar líður að kosningum hefur það verið plagsiður þeirra flokka sem nú eru í ríkisstjórn að breyta ráðuneytum sínum í kosningaskrifstofur og henda víxlum af þessum toga út yfir land og þjóð og síðan sé ætlunin að aðrar ríkisstjórnir borgi þá.

Nú vil ég að vísu taka það fram, frú forseti, að ekki hafa allar aðrar fyrri ríkisstjórnir sem jafnvel jafnaðarmenn hafa átt einhvers konar aðild að verið með fullu fríar og frjálsar af þessu. Þá hefur heldur ekki skort á að m.a. hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi bent á það. Ég vil þess vegna segja alveg skýrt að ég styð þetta sem hæstv. ráðherra gerði, þennan samning við Háskóla Íslands. Ég tel það jákvætt og ég hefði viljað að meiri peningar færu í hann. Ég tel hins vegar fyllilega hægt að halda því fram að þarna hafi ekki verið staðið að málum af fullri einurð heldur ætlast til þess að komandi ríkisstjórnir beri hitann og þungann af þessu, eins og sést á því að ekki nema brot af þeim fjármunum sem eiga að fara í þetta mál kemur af núverandi fjárlögum.

Þó hafði hæstv. ráðherra tímann fyrir sér. Eins og hún sagði áðan datt þessi samningur ekki af himnum ofan. Hann varð ekki heldur bara til í gustukaskyni af hennar hálfu eða sökum mikils áhuga hennar einu sinni á málinu, sem ég dreg þó ekki í efa, heldur upplýsti ráðherrann um það sem við auðvitað vissum að hún varð að gera þennan samning. Samningurinn sem í gildi var rann út um síðustu áramót.

Nógan hafði hæstv. ráðherra fyrirvara til að geta undirbúið þetta. En eigum við þá ekki bara að sættast á það að hæstv. ráðherra hafði ekki pólitískt afl til að skófla út meiri peningum í þetta að þessu sinni úr ríkissjóði? Sá er mergurinn málsins. Það er það sem skiptir máli hérna.

Það tengist svo aftur öðru í því frumvarpi sem við erum að ræða hér, þ.e. sameiningu Kennaraháskóla og Háskóla Íslands. Þar er með góðum ásetningi farið af stað. En það liggur alveg ljóst fyrir að engir peningar fylgja með þessari sameiningu utan sú örsmáa upphæð sem beinlínis fer til þess að dekka kostnað við samningaviðræður og tilteknir tímar hvað þetta muni kosta. Það er ekki sett fjármagn til þess að efla kennaramenntunina sjálfa. Hvenær hefði verið tími til þess ef ekki á þessum tímamótum?

Frú forseti. Hvað er undirstaða velsældar í nútímasamfélagi okkar? Menntun. Hvað er það sem við getum gert til að auka þann afrakstur sem er af rannsóknum og menntun? Það eru tvær leiðir til. Önnur langtímaleið, hin skammtímaleið. Skammtímaleiðin felst í því að setja aukið fjármagn nákvæmlega núna í háskólakerfið og rannsóknakerfið allt saman og það skilar fljótt árangri. Það fé sem þannig er varið skilar fljótt arði.

Hin leiðin er sú að styrkja háskólanámið og langskólamenntun til langs tíma með því að byrja á undirstöðunni, þ.e. börnunum sem sitja á skólabekk í dag og á næstu árum og áratug. Það gerum við með því að byrja áður en þau setjast á skólabekkinn með því að bæta gæði menntunarinnar sem kennararnir sem eiga eftir að kenna þeim afla sér. Sú er langtímaleiðin.

Það má segja að hæstv. ráðherra og ríkisstjórn séu með vissum hætti að taka á því líka í þessu frumvarpi. Ég verð eigi að síður að segja að þessi sameining nær ekki að skila þeim arði sem að henni mætti standa nema við ráðumst samhliða í það í sameiningu, þau sem fara með hin pólitísku völd í landinu, að bæta, breikka og lengja kennaranámið í landinu.

Ég segi þess vegna að ég hef allan fyrirvara á því að styðja þetta frumvarp, þó að ég hafi varla hnikað að því neikvæðum orðum, nema fyrir liggi alveg skýr yfirlýsing um að það eigi að lengja kennaranámið í landinu. Nú hefur að vísu rétt verið hægt að toga, nánast með glóandi töngum, í þessari umræðu upp úr ráðherranum í aukasetningu að hún stefni að því. Ég vil hafa það sem skýrt pólitískt markmið, það er a.m.k. skýrt pólitískt markmið mitt og minna pólitísku vandamanna, að lengja kennaranámið upp í fimm ár. Ég get svo sagt hæstv. ráðherra það í trúnaði yfir þennan ræðustól — get ekki sagt að það sé stefna míns flokks — að ég er þeirrar skoðunar að í framtíðinni eigi að stefna að því að allir kennarar á Íslandi, líka þeir sem kenna í grunnskóla, hafi fimm ára nám að baki og hafi meistarapróf.

Ég veit að það mun kosta mikið og það mun leiða til töluverðrar aukningar á kostnaði við kennaramenntun í landinu. Mér er bara alveg sama. Ég er þeirrar skoðunar að því fé sé vel varið og þetta er pólitískt markmið sem ætti að stefna að. Þetta gerðu Finnar og þeir hafa svo sannarlega uppskorið ríkulega. Jafnvel þótt ekki sé til fjármagn núna eða á næstu missirum, vegna þess að því er varið í annað í samfélaginu þótt gnótt sé þar auðs, á þetta samt sem áður að vera eitt af þeim háleitu markmiðum sem við setjum okkur varðandi menntun í landinu.

Mér finnst skorta heildarsýn yfir þetta. Ég tel að ef við ætlum að láta menntakerfið, háskólana, verkmenntaskólana okkar, verða að gróttakvörn sem malar endalaust gull í framtíðinni verðum við að leggja undirstöður með þessum hætti. Það tekur langan tíma og það þýðir að við þurfum að hafa þolinmótt fjármagn sem við festum í menntakerfinu vegna þess að af því sprettur ekki arður fyrr en eftir svolítinn tíma. En þegar hann byrjar að spretta munu upp af honum vaxa miklir meiðar og styrkir.

Þetta er meginmálið í því sem ég er að segja í ræðum mínum í dag. Þetta frumvarp eiga menn ekki að skoða eitt og sér, heldur sem part í miklu stærri mynd. Sú mynd á að fela í sér m.a. fráhvarf frá þeim skeiðum sem við ættum að vera að stíga frá núna í atvinnusögu okkar og inn í nýtt skeið hátækni og hugvits þar sem öllu skiptir að grunnurinn sé rétt lagður. Þá komum við að þessu máli sem er kennaramenntunin í landinu. Hún er líkast til sá kjörviður sem þarf að leggja í kjölinn á þessu skipi

[14:34]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Þetta var að mörgu leyti snjöll ræða hjá hv. þingmanni og þá sérstaklega varðandi kennaramenntunina og ekki er verið að taka þetta út úr mér með einhverjum töngum. Ég vil benda hv. þingmanni á að ég skipaði hóp til þess að fara sérstaklega yfir framtíð kennaramenntunar og hann skilaði niðurstöðum sínum. Það er sérstaklega kveðið á um þetta í tíu skrefa samkomulaginu við Kennarasambandið og liður í að ná þessu er einmitt þetta frumvarp sem við erum að ræða í dag. Það er einmitt liður í því að efla undirstöðu kennaramenntunar, styrkja kennaramenntunina þannig að við getum talað um að fara í það að lengja kennaramenntun.

Ég tek undir með hv. þingmanni þegar hann ræðir um meistaragráðuna, það er markmið sem við eigum að setja okkur, að kennarar hafi meistaragráðu líka til þess að kenna, en það er ekki sama hvernig innihaldið er. Við þurfum að ræða það og þá vinnu þarf að vinna þannig að menn hafi það alveg á hreinu að það er vilji til þess. Það er stefnt að því að lengja kennaramenntunina en ekki bara hvernig sem er.

Ég er sammála hv. þingmanni — svo hann heyri það aftur — að við eigum að stefna að því að kennarar hafi meistaragráðu þegar menn eru að kenna í grunnskólum landsins líkt og Finnar hafa gert. Finnar hafa gert ýmsa hluti, þeir hafa skólakerfið með öðrum hætti og þeir hafa staðið sig frábærlega í öllum þeim könnunum sem eru settar fram í samanburði við önnur lönd og við lítum að sjálfsögðu til þess.

Hluti af því til að efla skólakerfið er mál sem við ræðum á eftir, en það varðar námsgögn og eflingu námsgagnagerðar, þar sem við ætlum að stórefla námsgagnagerð í landinu. Við munum bæta við 100 milljónum á fjárlögum þessa árs sérstaklega til námsgagnagerðar til þess að sjálfstæðir aðilar geti komið með aukið framboð eða sett fram námsgögn sín svo að skólarnir, skólameistarar og kennarar, geti valið úr enn frekari flóru námsgagna. Allt er þetta til að stuðla að eflingu skólakerfisins.

Verið er að tala um að við eigum að fara inn í nýtt skeið hátækni og hugvits. Það skeið er löngu hafið. Ég kom inn á það í máli mínu áðan að ekki hefði verið hægt að efla fjármálastarfsemina svona mikið sem raun ber vitni nema við hefðum undirbúið grunninn, þ.e. háskólamenntun í landinu, menntakerfið í landinu. Það er grundvöllurinn að því að við gátum farið í þá stórsókn á öðru atvinnusviði en einblínt hefur verið á í gegnum tíðina, í fyrsta lagi sjávarútveginn, síðan stóriðjuna og fleiri atvinnuvegi sem við höfum verið að fjárfesta í. Við höfum verið að fjárfesta í menntuninni sem hefur leitt til þess að stoðir atvinnulífsins eru mun fjölbreyttari í dag en nokkurn tíma áður.

Ég fagna því sérstaklega að Samfylkingin skuli fagna samningnum við Háskóla Íslands og skuli ekki telja hann vera neina meðalmennsku. Ég tel hann vera lykilinn að því að við getum séð fram á öflugan Háskóla Íslands, alhliða háskóla, sem getur haldið áfram að standa sig og sækja fram á sviði rannsókna og vísinda. Síðan er verið að tala um að það sé ekki nema brotabrot af því sem felst í samningnum á þessu ári. Það eru stórar fjárhæðir, 313 milljónir eru stór hluti af þeim fjárhæðum sem fara í þetta.

En það er ekki tilviljun að aukningin verður síðan árið 2008. Af hverju? Af því að þá eru menn komnir lengra, (Gripið fram í.) þá eru menn nefnilega komnir lengra. Fyrir það fyrsta verða menn að hafa það hugfast að lögbundið var að gera slíkan samning. Það væri frekar hægt að gagnrýna mig fyrir af hverju hann er til fimm ára. Af hverju var hann ekki bara gerður til þriggja ára? Ég hef sagt að ég vilji hafa hann til fimm ára af því að mikilvægt er að háskólinn fari inn í 100 ára afmælisárið með öruggan og traustan grundvöll og samningurinn er það. Ég taldi það mikilvægt. Menn geta bara gagnrýnt mig fyrir það, gott og vel, ég tek þeirri gagnrýni.

Af hverju er aukningin árið 2008? Jú, þá er líklegt að samkvæmt samningnum verði einmitt þetta skólafyrirkomulag komið í gegn, þá verði umbreytingin á skipulagi háskólans komin í gegn, árið 2008. Ekki nóg með það að skólafyrirkomulagið verði komið í gegn heldur ekki síður hitt að þá verði þessi sameining, ef að líkum lætur og menn geta ráðið í orð hv. þingmanna, orðin að raunveruleika og hún tekur gildi 1. júlí 2008. (Forseti hringir.) Það er því ekki bara verið að — ég er í ræðu, ég var ekki í andsvari.

(**Forseti** (JóhS)**:** Þetta er þriðja ræða ráðherrans og þá hefur hæstv. ráðherra bara fimm mínútur.)

Já. Ég vil ítreka að við erum að taka tillit til þeirra markmiða (Forseti hringir.) sem eru sett fram í samningnum og þess vegna eru fjárhæðirnar hafðar eins og þær eru.

[14:39]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit ekki af hverju ríkisstjórnin er stöðugt í þeirri umræðu að tuða á einhverri meðalmennsku. Ekki hef ég notað það orð um frammistöðu ríkisstjórnarinnar eða hæstv. ráðherra um þetta. Ég mundi kannski orða það þannig að það bæri vott um svolítinn skort á metnaði fyrir hönd ráðuneytisins og háskólans, sér í lagi þegar horft er til þess að ef líta ber á þetta sem einhvers konar afmælisgjöf í tilefni af 100 ára afmæli háskólans, þá er það allt of lítið. Ég get upplýst hæstv. forseta um að næsta ríkisstjórn — ef Samfylkingin mun hafa þar einhver áhrif — mun standa miklu betur að því en hér er lofað.

Það skiptir ekki máli. Ásetningurinn var góður þó að ég sé ósammála því sem ráðherrann segir að það hafi verið einhver sérstakur rausnarskapur að láta 300 milljónir á þessu ári, vegna þess að ég hef miklu meiri metnað en svo fyrir hönd Háskóla Íslands. Ég trúi ráðherranum líka fyrir því að ég hef á síðustu árum — stundum í andstöðu við mína eigin flokksmenn — stutt mjög innan vébanda flokks míns uppbyggingu hinna nýju háskóla og hef varið það mikla fjármagn sem þangað hefur runnið. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að núna sé kominn tími á það að standa dyggilega við bakið á Háskóla Íslands, mun dyggilegar en ríkisstjórnin hefur gert. Ég tel að ef verða á af þessum samruna háskólanna tveggja eigi sérstaklega að verja fjárveitingum til þess að efla og styrkja kennaramenntun í landinu.

Forusta Kennaraháskóla Íslands er sniðug. Hún ætlar sér auðsjáanlega í framhaldi af þessu að lengja kennaranámið og nota þetta sem fjaðurmagnað stökkbretti til að kasta sér

yfir það. Gott og vel, ég óska henni gæfu og gengis í þeim leiðangri. En ég tel að það hafi þá komið út úr þessari umfjöllun að dregið var út úr ráðherranum að loksins — hún nefndi það aldrei í fyrstu ræðu sinni — á að lengja kennaranámið upp í fimm ár. Það er þó alla vega afrakstur þeirrar (Forseti hringir.) löngu umræðu í dag við hæstv. ráðherra að hún er búin að lýsa því yfir. Það gerði (Forseti hringir.) hún ekki í framsöguræðu sinni.

[14:41]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekkert nýtt og ég hef lýst því yfir á margvíslegum stöðum og í ræðum að ég tel að lengja beri kennaranám í landinu. Þá verður hv. þingmaður að lesa meira ræður mínar og rit sem snerta einmitt kennaramenntunina. (Gripið fram í.) Við höfum sérstaklega verið að vinna að þessu og það hefur ekki farið leynt. Við höfum sérstaklega verið að vinna að því að lengja kennaranámið. Þess vegna hafa hópar verið skipaðir, þess vegna er þetta í áætlun í samkomulagi milli menntamálaráðuneytisins og Kennarasambandsins og þess vegna erum við að stuðla að því að reyna að taka þetta mál áfram. Þess vegna erum við að ræða þessi mál um sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands. Allt er þetta gert til að efla kennaramenntunina í landinu, þetta er liður í því.

Mér finnst hins vegar merkilegt það sem kom fram í andsvari hv. þingmanns áðan að hann viðurkenndi að hann — oft í andstöðu við samherja sína í Samfylkingunni, eins og hann sagði, og ég fagna því að hann skuli lýsa því yfir — hafi stundum verið sömu skoðunar og við, sem teljum það vera mikilvægt fyrir háskólana og fyrir samkeppnina í landinu að hafa fleiri háskóla en einn.

Ég tek heils hugar undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og finnst gott að hann hafi dregið þetta fram en um leið er dregin upp ákveðin andstaða samherja hans gagnvart einkaskólunum, sem er ekki ný af nálinni. Ég er margoft búin að segja það en hef verið sussuð niður af samherjum hans í Samfylkingunni. Ég er í rauninni eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sammála því sem hann er að segja, við eigum að efla og við höfum verið að efla sjálfstæða háskóla. Við höfum verið að gera það með því að efla samkeppnissjóðina og við ætlum að halda áfram. Liður í samningnum við Háskóla Íslands er að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að efla enn frekar samkeppnissjóðina, það er liður í því samkomulagi sem gert var við Háskóla Íslands en ekki síður hitt að ég tel mikilvægt, og þess vegna var þessi samningur gerður, að hafa hér einn öflugan alhliða háskóla (Forseti hringir.) sem Háskóli Íslands er.

[14:44]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil biðja hæstv. menntamálaráðherra afsökunar á því að ég skuli ekki hafa lesið allar ræður hennar. Ég verð þá að segja á móti að mér finnst það fjandi hart að hæstv. ráðherra hefur greinilega ekki hlustað á allar mínar ræður.

Ég hef úr þessum stóli lýst því alveg skýrt yfir að ég tel að samkeppni á millum háskóla sé af hinu góða. Þess vegna brá mér pínulítið hérna fyrr í dag þegar hæstv. ráðherra fór að daðra við eitthvað, að vísu ósagt en lá í orðum hennar, þegar hún talaði um samstarf Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur, eins og hún væri að stefna að því að það væri a.m.k. æskilegt að hennar viti að þar yrði um einhvers konar sameiningu að ræða. Ég tel að það sé algjörlega út í hött ef það vakir fyrir ráðherranum.

Nei, frú forseti, ég er þeirrar skoðunar að undirstaðan til langs tíma að því er varðar það samkeppnisforskot sem við Íslendingar þurfum á að halda í efnahags-, atvinnu- og menntamálum hvíli að verulegu leyti á því að gerð verði ákveðin uppstokkun og ég get jafnvel leyft mér að kalla það byltingu á sviði kennaramenntunar. Ég hef sagt það alveg skýrt, við höfum fordæmi fyrir okkur sem er grann- og frændþjóðin Finnar. Við eigum að stefna að því að lengja kennaranámið og heppilegasti punkturinn til þess að gera það er ef menn ráðast í að sameina þessa tvo skóla vegna þess að þá er hægt að gera það með sem minnstum tilkostnaði og með sem mestum fjölbreytileika. Þess vegna átti hæstv. ráðherra að lýsa því yfir í tilefni af þessu frumvarpi að hún hygðist gera það.

Hvað gerir hún? Jú, hún stofnar nefndir. Þær eru búnar að vinna. Nefndin sem hæstv. ráðherra vísaði til skilaði í fyrra. Jú, ráðherrann vildi hafa samráð við sveitarfélögin. Hún hefur gert það. En ráðherrann á að taka pólitíska ákvörðun um þetta. Hún á að standa á henni alveg eins og við lýsum því yfir að við ætlum að lengja kennaranám í landinu og hugsanlega gera það á grundvelli frumvarpsins ef það fer hér í gegn, sem ég er þó ekki viss um, og ég lýsi því aftur yfir: Stuðningur minn við það er skilyrtur því að *(Forseti hringir.)* það liggi alveg ljóst fyrir *(Forseti hringir.)* að þetta sé partur af því að lengja kennaranámið í landinu.

[14:46]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst merkilegt ef Samfylkingin ætlar ekki að styðja við þetta frumvarp um sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands út frá einhverjum forsendum sem er erfitt að gefa sér aðrar en þær að menn viti af því að verið er að vinna að því að lengja kennaranám í landinu. Það er alveg á hreinu að það er verið að vinna að því svo ég segi það enn og aftur.

Varðandi atriðið sem hv. þingmaður kom inn á áðan og nefndi daður. Daður getur verið með ýmsum hætti. Það er alveg ljóst að Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands eru ekki að daðra hvor við annan heldur er samvinna þeirra fyrst og fremst fólgin í því að reyna að vinna betur saman á ákveðnum sviðum.

Ég tel það mjög til fyrirmyndar að nemendur geti farið á milli háskólanna og metið gráðurnar þarna á milli en um leið sagði ég líka áðan að það er samkeppni á milli þessara skóla og hún er mikilvæg. Það er ekkert uppi á borðinu um að við ætlum að fara að sameina þessa skóla. Það er bara hugmyndaflug hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem getur oft verið mjög frjótt og mjög skemmtilegt, en í þessu tilviki er það ekki rétt.

Lykillinn að því að við höfum náð þessu takmarki — en

ég og hv. þingmaður erum sammála um að hafa sjálfstæða skóla, hafa fjölbreytni í háskólasamstarfinu sem aðrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa ekki alltaf verið sammála um — er að framlög fylgi með nemanda, sama hvort þeir fara í sjálfstæða háskóla eða í ríkisháskóla. Þá erum við komin að þeim yfirlýsingum sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar, sérstaklega, hafa gefið í gegnum tíðina að það beri að endurskoða það og lækka framlögin til einkaskólanna. Það var til að mynda sagt á fundi formanns Samfylkingarinnar í Bifröst á sínum tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Æskulýðslög, 1. umr.*

Stjfrv., 409. mál (heildarlög). — Þskj. 460.

[14:48]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til æskulýðslaga. Frumvarp þetta var lagt fyrir á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Ég legg það því fram að nýju með einni breytingu, sem ég kem síðar að, hvað varðar starfsskilyrði í æskulýðsstarfi en hún snertir IV. kafla eða 10. gr.

Aðdragandi frumvarpsins er sá að á haustmánuðum árið 2003 ákvað þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, að setja á fót nefnd til að semja drög að nýrri löggjöf um æskulýðsmál. Í nefndina voru skipuð: Ásta Möller hjúkrunarfræðingur, formaður, Erlendur Kristjánsson deildarstjóri, Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri, Ólafur Jóhannsson sóknarprestur og Stefán E. Bjarkason framkvæmdastjóri. Í erindisbréfi nefndarinnar er tekið fram að nefndin hafi m.a. til hliðsjónar við vinnu sína skýrslu og tillögur nefndar er vann árið 2003 úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi fyrir menntamálaráðuneytið. Nefndin skilaði menntamálaráðherra frumvarpsdrögum í febrúar 2005. Frumvarp þetta byggist að meginstefnu til á tillögum nefndarinnar og felur í sér heildarendurskoðun á gildandi löggjöf um æskulýðsmál frá árinu 1970.

Virðulegi forseti. Helstu atriði frumvarpsins eru þessi:

Í fyrsta lagi er skipulag æskulýðsmála sett fram með skýrari hætti í frumvarpi þessu en gert er í gildandi lögum um æskulýðsmál. Eins og áður fer menntamálaráðherra með yfirstjórn æskulýðsmála. Hann skipar Æskulýðsráð og úthlutar úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Þá er lagt til það nýmæli að ráðherra stuðli að því að fram fari æskulýðsrannsóknir en sú skylda hvíldi áður á Æskulýðsráði.

Í öðru lagi er lagt til með frumvarpinu að lögfestur verði sá megintilgangur þess að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Þá er kveðið á um að í öllu starfi með þeim skuli velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skuli hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunargildi þess sem miði að því að auka mannauð og lýðræðisvitund þátttakenda. Þá er einnig lagt til að lögfest verði ákvæði um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi, samanber 10. gr. frumvarpsins, þar sem m.a. er kveðið nánar á um hæfisskilyrði þeirra sem starfa með börnum og ungmennum. Gerð hefur verið sú breyting á frumvarpinu frá síðasta þingi að í stað þess að öll brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni leiði til þess að viðkomandi teljist ekki hæfur til að sinna æskulýðsstarfi er nú lagt til að óheimilt verði að ráða til starfa hjá aðilum sem 2. gr. frumvarpsins tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum. Ólíkt því sem gildir um þá sem brotið hafa gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga, sem fjallar um kynferðisbrot, þykir ekki ástæða til að útiloka þá sem brotið hafa gegn lögum um ávana- og fíkniefni alfarið frá ráðningu í þau störf sem lög þessi taka til, heldur takmarka ákvæðið við brot á síðastliðnum fimm árum. Er þá miðað við þá sem snúið hafa af braut ávana- og fíkniefna. Vísa ég nánar til ítarlegrar umfjöllunar í athugasemdum frumvarpsins við greinina.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu lögð til nokkur breyting á hlutverki Æskulýðsráðs frá gildandi lögum. Þannig er meiri áhersla nú lögð á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk þess gagnvart málaflokknum og starfsemi þess afmörkuð betur en áður. Í stað þess að ráðið skipuleggi og samræmi opinberan stuðning við æskulýðsstarf í landinu verði það nú stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og geri tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum. Auk þess veiti það áfram umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi og leitist við að efla starfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðli þannig að áframhaldandi samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Ráðið efni áfram til funda og ráðstefna um æskulýðsmál, eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, og taki þátt í erlendu samstarfi í æskulýðsmálum eftir nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Að lokum er lagt til að ráðið stuðli áfram að þjálfun og menntun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða og sinni öðrum verkefnum sem menntamálaráðherra kann að fela því.

Í fjórða lagi er lagt til að lögfest verði ákvæði um Æskulýðssjóð en hann starfar nú samkvæmt reglum nr. 113/2004 sem ekki hafa lagastoð.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir meginefni frumvarpsins. Ég bendi hv. þingmönnum á ítarlega umfjöllun í frumvarpinu sjálfu um einstakar greinar þess og ítarlegan inngang um þróun æskulýðsmála hér á landi og erlendis.

Að lokum legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[14:53]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hér er rætt frumvarp til æskulýðslaga sem á að taka við af þeim lögum sem nú gilda og eru frá 1970. Finnst mörgum tími til kominn að samin séu ný lög um þetta efni.

Ég verð að segja fyrir minn hatt að ég hef ákveðnar efasemdir um lagasetningu af þessu tagi. Ég tel eðlilegt að hafa lög um æskulýðsstarf á vegum ríkis og sveitarfélaga og um rannsóknir á högum og kjörum og hátterni æskulýðs

og um styrkveitingar til æskulýðsstarfs en miklu síður lög sem gilda um félagasamtök sem hið opinbera, almannavaldið ræður ekki yfir. En hér er auðvitað farið yfir þessi landamæri milli hins opinbera og félagasamtakanna.

Það vill svo til að ég á mér skoðanabræður og -systur í þessu efni. Því þegar þetta frumvarp kom fram í fyrra voru send inn álit og umsagnir um það. Þar á meðal var ein þar sem eftirfarandi er lýst yfir, með leyfi forseta:

„... lög um æskulýðsstarf frjálsra félagasamtaka eiga engan veginn rétt sér. Frjáls félagasamtök starfa eftir sínum eigin markmiðum og skipulagi eins og 1. mgr. 74. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 33/1944, kveður á um. 74. gr. stjórnskipunarlaga gerir einmitt ráð fyrir því að löglegur félagsskapur manna skuli starfa án íhlutunar löggjafans. Með löglegum félagsskap er átt við að félögin starfi í löglegum tilgangi en ekki að löggjafanum sé frjálst að kveða nánar á um starfsemi þeirra. Grípi löggjafinn fram fyrir hendurnar á frjálsum félagasamtökum er um að ræða ólögmæta skerðingu á félagafrelsi sem brýtur í bága við stjórnarskrána nema skerðingin sé vegna brýnna almannahagsmuna. Tekið skal fram að löggjafanum er að sjálfsögðu heimilt að setja lög sem kveða almennt á um innan hvaða ramma félög geta starfað en löggjafinn getur ekki hlutast til um markmið og skipulag einstakra félaga."

Hér lýkur tilvitnuninni en síðar í erindi sínu segir umsagnaraðilinn að í þessum lögum sé gert ráð fyrir að þau gildi um starfsemi félaga og félagasamtaka til að sinna æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli og það sé líka gert ráð fyrir því, með leyfi forseta: „að slík félög vinni að ákveðnum málum m.a. í samvinnu við ráðherra menntamála." Umsagnaraðilinn telur að frjáls félagasamtök eigi að vera óháð ríkisvaldinu og vinna að sínum málum án afskipta þess. Það sé ekki hlutverk stjórnvalda að leitast eftir lögbundnu samstarfi við frjáls félagasamtök.

Ég get að mörgu leyti tekið undir þetta þótt ég sé ósammála mörgu öðru í þessari ákveðnu umsögn sem kemur frá — og nú eiga menn að geta, eins og gert er í Fréttablaðinu nú orðið, flett upp á annarri síðu til að vita hver hafi sagt ákveðna hluti — en þetta sagði Samband ungra sjálfstæðismanna í fyrra um þetta frumvarp.

Ég held að önnur rök hnígi þó til þess, og viðurkenni það, að lög af þessu tagi séu sett og fari þar með yfir landamærin milli hins opinbera og félagasamtakanna, en þau rök sem Samband ungra sjálfstæðismanna setur hér fram, og ég get um margt gert að mínum, leiða til þess að það verður að fara ákaflega varlega með slíka lagasetningu.

Það vekur athygli mína að það er aðeins ein breyting gerð núna á frumvarpinu frá í fyrra þegar það fékk töluverða umfjöllun í menntamálanefnd en um það varð hins vegar tiltölulega óöguð umræða í upphafi og málið komst aldrei út úr nefndinni.

Eins og Samband ungra sjálfstæðismanna vekur athygli á og mælir gegn þá eru aldursmörk í frumvarpinu, að það gildi um starf barna og ungmenna á aldrinum 6 til 25 ára. Ég verð að segja að miðað við eðli máls þá eru rök til þess að setja lög um starf sem er ætlað börnum, þ.e. til 18 ára aldurs. En mér þykir hæpið að setja lög um starfsemi félagasamtaka sem ná til fólks sem er eldra en 18 ára því þar höfum við sett markið. 18 ára er fólk orðið fullorðið að öllum lögum nema lögum um áfengiskaup sem miðast við 20 ár og síðan eru enn ein aldursmörk, það má ekki bjóða sig fram til forseta fyrr en maður er 35 ára. Kannski ætti einmitt að framlengja þetta þangað, 6 til 35 ára, þar eru þó a.m.k. einhver skil í lögum en ekki við 25 ára aldurinn því hvergi nema í þessum lögum er miðað við þann aldur.

Ég er hissa á því að það skuli bara vera ein breyting vegna þess að í starfi okkar í menntamálanefnd í fyrra komu fram fjölmargar athugasemdir. Það komu fram athugasemdir við Æskulýðsráðið, við þessa breytingu á hlutverki þess. Nú á það að verða bara ráðgefandi. Við þurfum auðvitað að fara betur yfir hvað Æskulýðsráð á að gera.

Það er stundum kallaður ferðaklúbbur forustumanna. Ferðaklúbbur fólks sem hefur verið nánast valið til þess að fara í þetta. Ég er ekki að gera lítið úr Æskulýðsráðinu en þetta er bara svona. Og nú á að gera það bara ráðgefandi og að einhverju leyti stefnumótandi. Það mótar auðvitað enga stefnu en það leggur þó fram álit sitt á hinu og þessu sem er að gerast og á stefnumótun sem aðrir sjá um.

Það hefur að vísu verið stækkað úr þeim fimm sem þar sitja í níu. Ég held að ef þetta á að verða raunverulegur vettvangur fyrir æskulýð og fólk í æskulýðsstarfi, þá sé eðlilegt að stækka það enn þá meira þannig að þarna sé svolítill vettvangur, þarna geti tekist nokkur umræða og menn geti, bæði ungir menn og fullorðið fólk yfir 18, 25 eða 35 ára sem tekur þátt í æskulýðsstarfi, öðlast þarna nokkra reynslu og haft áhrif. En hér er því í engu breytt.

Það voru líka gerðar athugasemdir við æskulýðssjóðinn sem nú á að lögfesta í frumvarpinu en hefur starfað án lagagrunns í nokkur ár. En það er Æskulýðsráð og ráðherra sem fara saman með þann sjóð. Það verður að segjast eins og er að grundvöllur úthlutana úr honum er óljós. Þegar litið er yfir lista yfir fjárþega sjóðsins þá virðast ýmis verkefni og ýmsar stofnanir og samtök vera nánast eins og með áskrift að úthlutunum þarna. Ég tel að það þurfi að fara verulega yfir þessar úthlutanir og skapa þeim skýran ramma þar sem faglegar forsendur eru ráðandi.

Það voru líka gerðar talsverðar athugasemdir, vil ég segja, um æskulýðsrannsóknirnar. Það er ekki gert ráð fyrir að fræðimenn eða samtök fræðimanna taki þátt í ráðgjafarnefndinni sem á að fjalla um þær. Það er engin fagleg ráðgjöf sem þar er veitt þó að ráðgjafarnefnd eigi að heita. En hér er auðvitað afar mikilvægt atriði á ferð, æskulýðsrannsóknirnar, sem sífellt aukast að mikilvægi, menn mega ekki festast í einhverju fari við fjárveitingar til þeirra.

Ég verð að segja að þótt það sé gott að verja sérstöku fé til slíkra rannsókna þá er skipulag rannsóknanna þvert á þá hugsun sem nú tíðkast, að annaðhvort fari rannsóknin fram á stofnunum eða miðstöðvum sem lúti þá aga akademískra reglna eða þá að úthlutað sé til rannsókna úr samkeppnissjóðum eftir vandlega yfirferð þar sem mat á verkefnum og mat á árangri þeirra byggjast á skoðunum og áliti jafningjans, svokölluðu jafningjamati. Þannig að þetta stendur nokkuð skakkt í liðnum.

Það er full ástæða til þess að athuga hvernig málum er háttað að þessu leyti sem ég hef nefnt í grannlöndunum, en um það er ekkert í athugasemdum við frumvarpið og ekki lýst á neinn hátt þeim fyrirmyndum sem kynni að vera hægt að fara eftir við endurnýjun laganna þótt 37 ár séu nú liðin

frá því síðustu lög voru sett. Um þetta þarf að búa allt saman betur og fara vel í gegnum þetta í nefndinni.

Það sem mestan tíma tók í fyrra var raunverulega 10. gr., Starfsskilyrði í æskulýðsstarfi. Í nefndinni var einkum fjallað um bann við því að ráða starfsmenn sem hafa brotið af sér með einhverjum hætti.

Áður en ég hef þessa umfjöllun vil ég segja að það er ekki almennt æskilegt að afbrotamenn starfi mikið að æskulýðsmálum. Ég held að allir geti verið sammála um að almennt er ekki æskilegt að afbrotamenn komi mjög við sögu æskulýðsmála, starfs með börnum og ungmennum.

Það er rétt sem getið er í athugasemdum að ákvæði um kynferðisafbrotamenn eru í frumvarpinu í beinu framhaldi af ákvæðinu í 36. gr. barnaverndarlaga og úr því menn settu þetta ákvæði í barnaverndarlögin þá má telja eðlilegt að hafa það hér líka og jafnvel í fleiri lögum, svo sem um íþróttastarf og annað.

Það er hins vegar athyglisvert að hér er ekki látið sitja við það sem er í barnaverndarlögum þar sem ákvæðið miðast mjög skýrt við afbrot gegn börnum undir 18 ára heldur er allur 22. kafli hegningarlaga tekinn með. Það eru sem sé allir þeir sem hafa brotið af sér með einhverjum hætti samkvæmt 22. kaflanum bannaðir hér, alltaf og ævinlega. Þetta er ævilangt bann, ævilöng útlegð frá því að koma nálægt æskulýðsstarfi, ekki bara sem launaðir starfsmenn, heldur líka sem sjálfboðaliðar í skipulegu æskulýðsstarfi af hvaða tagi sem er með börnum og ungmennum frá 6 til 25 ára.

Þegar maður verður fyrir því að þurfa að lesa 22. kafla hegningarlaganna þá er það ekki mikil skemmtun. Það er sannarlega ljótur kafli. Öll afbrot í þeim kafla eru vond. En þó eru þau ekki öll jafnalvarleg. Það er svo þegar menn fara í hegningarlögin og þurfa að vega þar saman ákvæði að þá er manni skylt að líta á það hversu alvarleg brotin eru þó að öll séu þau vond.

Í barnaverndarlögum var þetta ákvæði fyrst og fremst sett, segir þar í athugasemdum sem reyndar eru teknar upp að einhverju leyti í athugasemdum um æskulýðslagafrumvarpið, vegna þeirrar áráttu sem menn vita að kynferðisafbrotamenn gegn börnum hafa, að leita í sama farið. Það er erfitt að lækna þessa menn eða koma þeim frá því að hneigjast til sömu afbrota. Þess vegna töldu menn rétt á þeim tíma að setja upp þessi skýru skil, þennan múr, gegn því að kynferðisafbrotamenn kæmu nálægt barnastarfi af nokkru tagi.

Þetta er ekki umdeilt og ekki heldur í þessum lögum. Hins vegar þykir mér a.m.k. rétt að íhuga hvort ástæða er til þess að dæma alla jafnhart sem hafa brotið af sér samkvæmt 22. kafla. Til dæmis er í 22. kafla þessara laga bann við vændi. Þar á meðal eru þeir menn sem hafa lent í þeirri ógæfu að leiðast út í vændi brotlegir samkvæmt þessum lögum. Nú eru að vísu áhöld um það, sumir telja að þessum kafla eigi að breyta.

En það er svo að þeir sem hafa stundað vændi, þeir mundu teljast undir þennan flokk. Konur sem hafa lent í slíkri ógæfu á unga aldri mættu þá heldur ekki taka þátt í neins konar æskulýðsstarfi. Þær mættu hins vegar taka þátt í barnastarfi. Samkvæmt barnaverndarlögum mættu þær gera það en ekki taka þátt í æskulýðsstarfi. Þær mættu starfa beinlínis að málefnum barna en mættu ekki vera matráðskonur í Vatnaskógi eða neins staðar þar á ferli þar sem æskulýðsstarf tekur til fólks undir 18 ára aldri.

Rökstuðningurinn í athugasemdunum fyrir því að þetta sé öðruvísi en í barnaverndarlögunum er sá að lögin taki líka til starfs með fólki frá 18 til 25 ára. Þá er maður eiginlega kominn í hring, að teygja þetta upp í 25 ár er væntanlega gert vegna þess að erfitt sé að skilgreina æskulýðsstarf sérstaklega miðað við 18 ára aldurinn. Þessi rök verða ákaflega sérkennileg í því ljósi.

Ég held að við eigum að íhuga það hvað hér er að gerast. Við megum ekki algerlega afdráttarlaust útiloka brotamenn frá þátttöku í samfélaginu. Það ætti hæstv. menntamálaráðherra reyndar að þekkja og sumir hér í salnum líka, vegna þess að nú um stundir er það svo að brotamenn sem hafa tekið út refsingu sína, ég man nú ekki hvort það eru fimm ár síðan, eru velkomnir á framboðslista í landinu og væntanlega komast sumir í hóp alþingismanna sem fara með fjárveitingavald, jafnvel þótt þeir hafi brotið af sér einmitt fyrir meðferð almannafjármuna. Ég er ekki að segja þetta tilteknum einstaklingum til lasts, en ég er að vekja athygli á því að það verður að vera ákveðin samkvæmni í þessum efnum.

Þrátt fyrir allt og með þeim galla sem ég nefndi, eru þessi ákvæði eðlilegt framhald af barnaverndarlögunum. Ákvæðið um brot á fíkniefnalögunum er hins vegar einkennilegra. Því hefur að vísu verið breytt frá í fyrra og er þó skárra núna en þá var vegna þess að nú eru það aðeins fimm ár eftir brotið sem eru tiltekin.

Ég vil segja aftur að það er ekki æskilegt að afbrotamenn séu í æskulýðsstarfi þótt hér standi að vísu svo á að sumir þessara afbrotamanna geti verið gagnlegir fyrir æskulýðsstarf eins og menn hafa nefnt, menn sem hafa slíka reynslu og hafa snúið af þeim vegi, geta sagt frá því og vitnað um það á sannfærandi hátt.

Rök nefndarinnar sem samdi frumvarpið og síðan frumvarpsflytjandans fyrir því að taka svona á þessu er það að nefndin hafi upplýsingar um að ungt fólk sé markhópur fíkniefnasala sem ég efa í sjálfu sér ekki vegna þess að fíkniefnaneysla er því miður mest hjá ungu fólki, þ.e. neysla annarra fíkniefna en áfengis sem hér er verið að ræða um.

Síðan hefur nefndin komist að því með einhverjum hætti að fíkniefnasalar sæki í störf hjá æskulýðssamtökum. Við könnuðum þetta nokkuð í fyrra í menntamálanefnd og það reyndist nú ekki vera sjáanlegur fótur fyrir þessu haldi nefndarinnar. Engin dæmi voru uppi um slíkt og þeir menn sem menntamálanefnd ræddi við könnuðust ekkert við það og var nú töluverður listi af fólki og sumir hlógu. Þeir sem þekktu best til slíkra mála, til þessarar veraldar hlógu nú að því að fíkniefnasalar sæktu í störf hjá KFUM og KFUK eða hjá skátunum og ungmennafélögum stjórnmálaflokkanna o.s.frv.

Það er sérkennilegt að þetta ákvæði um fíkniefnin og reyndar 22. kaflann líka, gildi bæði um starfsmenn og sjálfboðaliða. Það setur ansi mikla ábyrgð á þá sem með þau mál eiga að fara að þurfa að kanna það líka hjá sjálfboðaliðum áður en þeir hefja störf hvort þeir hafa brotið af sér.

Mín skoðun í stuttu máli er sú, að það er sjálfsagt að viðhafa varúð við ráðningar á þessu sérstaka sviði og ef til

vill rétt að brýna slíka varúð fyrir mönnum í æskulýðslögum en þar á við að sitja nema í hinu sérstaka tilviki um kynferðisafbrotamenn sem eru sekir um afbrot gegn börnum.

Af hverju eiga afbrotamenn á fíknisviði að fá að vinna með börnum og unglingum, mætti spyrja á móti? Svarið hef ég tekið fram áður, almennt eiga þeir ekki að gera það nema um sérstakar aðstæður sé að ræða sem vegi þá upp á móti þeim galla umsækjandans í þessu tilviki eða sjálfboðaliðans, að hann hafi að baki afbrot af þessu tagi.

En ég get spurt þá áfram: Af hverju eiga morðingjar og ræningjar að vinna með börnum og unglingum? Af hverju eiga fjárglæframenn að vinna með börnum og unglingum? Af hverju á fólk sem hefur á bak við sig sögu um heimilisofbeldi að vinna með börnum og unglingum? Af hverju eiga drykkjumenn að vinna með börnum og unglingum? Hvers konar siðgæði lýsir það að eitt vímuefni er talið vera í lagi meðan þess er ekki beinlínis neytt í æskulýðsstarfinu sjálfu en ekki annað? Erum við virkilega að hugsa um velferð barna og unglinga í þessu eða erum við kannski að firra okkur ábyrgð á ákaflega yfirborðskenndan hátt?

Því dæmin um morðingja, ræningja, menn sem eru sekir um heimilisofbeldi, fjárglæframenn og drykkjumenn eru alveg rétt, því fólki er engan veginn bannað að taka þátt í æskulýðsstarfi.

Forseti. Tíma mínum er lokið. Ég hef reyndar meira að segja um þetta. En það eru margir á mælendaskrá og þess vegna er kannski ágætt að ég bíði með síðasta hlutann af ræðu minni þangað til á eftir.

[15:13]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Hér er komið til umræðu á ný frumvarp til æskulýðslaga en mælt var fyrir því fyrir réttu ári. Málið er mér að nokkru skylt því að ég var bæði formaður nefndar sem gerði úttekt á stöðu félags- og tómstundamála barna og ungmenna sem skilaði skýrslu til menntamálaráðherra að mig minnir á árinu 2003. Í framhaldi af því var ég beðin um að taka að mér að leiða þá nefnd sem samdi frumvarpið sem nú er komið til umfjöllunar í annað sinn á hinu háa Alþingi.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Marðar Árnasonar var frumvarpið tekið til ítarlegrar umræðu innan menntamálanefndar og var í raun útrætt og komið til 2. umr. en var ekki afgreitt á síðasta vori. Frá því að það var lagt fram fyrir ári hefur það tekið ákveðnum breytingum, en ég tel að frumvarpið ætti að geta farið fljótt í gegnum þingið og fyrir vorið því að ég veit að það eru margir einmitt sem starfa í frjálsum félagasamtökum, æskulýðsstarfi og hjá sveitarfélögunum sem bíða eftir að fá frumvarpið því að þeir telja það vera til mikilla bóta.

Eins og fram kom í máli hæstv. menntamálaráðherra er eðli frumvarpsins með aðeins öðrum hætti en núgildandi lög. Tilgangur núgildandi laga var sá að setja reglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarf og öll lögin sniðin að því, en með frumvarpinu er fókusinn breyttur og þar eru mikilvægar áherslubreytingar þar sem fyrst og fremst er horft til þess að skilgreina hvað er æskulýðsstarf, hver tilgangurinn sé með æskulýðsstarfi og hvernig vernda eigi börn og ungmenni sem taka þátt í slíku starfi.

Æskulýðsstarfið er skilgreint mjög vítt að því leyti að það tekur til æskulýðsstarfs sem er á vegum frjálsra félagasamtaka jafnt sem á vegum opinberra aðila, sem sagt jafnt til sjálfboðastarfs sem starfs sem launaðir starfsmenn sinna. Ég tel að með frumvarpinu, þegar það verður að lögum, skapist betri rammi utan um starfsemina sem gefur forráðamönnum slíkrar starfsemi betri tæki í hendurnar til þess að ráða til sín starfsmenn og hvaða kröfur þeir geta sett gagnvart slíkum starfsmönnum.

Fram kom í máli hv. þm. Marðar Árnasonar að hann hafði ákveðnar efasemdir um að slík lög ættu rétt á sér, gat maður skilið alla vega til að byrja með, en síðan fór hann í hina áttina og taldi að þetta væri sennilega rétt. Hins vegar er okkur alveg ljóst sem tókum þátt í því að móta frumvarpið að vilji félagasamtakanna var mjög sterkur. Við kölluðum til okkar fulltrúa allra helstu samtaka sem starfa hér á landi og einnig fulltrúa sveitarfélaganna og þeim fannst mikill akkur í því að fá endurskoðun á lögunum.

Hlutverk Æskulýðsráðs hefur komið aðeins til umræðu og er samkvæmt nýja frumvarpinu töluvert breytt. Það er útvíkkað og hefur fengið mikið rými til þess að marka stefnu og veita hæstv. menntamálaráðherra ráð um hvernig betur verði hlúð að starfinu til framtíðar. Jafnframt er með frumvarpinu viðurkenndur ákveðinn vettvangur félaga sem mynda samtök um starfsemi sína og þeim gefið mjög mikið rými til þess að hafa áhrif á þróun þeirra mála.

Í frumvarpinu er jafnframt Æskulýðssjóður festur í sessi en hann var stofnaður fyrir nokkrum árum en hefur ekki lagastoð fyrr en með frumvarpinu þegar það verður að lögum. Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja ákveðin frumkvöðlaverkefni, ákveðin framfaraverkefni á vegum æskulýðsfélaga, en það er ekki hugmyndin að æskulýðsfélög og félagasamtök sæki um styrki til Æskulýðssjóðs til reksturs. Félög og samtök, sérstaklega landssamtök eins og Landsbjörg, skátahreyfingin, KFUM og KFUK, Skáksambandið og fleiri ungliðadeildir landsfélaga hafa sótt til fjárlaganefndar um stuðning. Það kom einmitt fram í skýrslu nefndar sem ég var formaður í, að styrkir til slíkrar starfsemi hafa farið vaxandi á síðustu árum en jafnframt kom fram að styrkir til starfsemi á vegum sveitarfélaga hafa vaxið og margfaldast og er verulegur munur þar á. Það komu einmitt fram mjög sterkar skoðanir nefndarmanna og ekki síst þeirra sem komu á fund nefndarinnar, að mikil þörf væri á því að sveitarfélögin leituðu í ríkari mæli samstarfs við frjáls félagasamtök við skipulagningu á æskulýðsstarfi og veittu þeim aukinn stuðning til starfsemi sinnar því að það hefur sýnt sig að mikil starfsemi á vegum sveitarfélaga hefur gert það að verkum að ungmennastarf, t.d. skáta og kirkjufélaga, hefur liðið að sumu leyti fyrir mikla virkni í starfi sveitarfélaganna. Þess vegna kom það mjög skýrt fram að æskilegt væri að sveitarfélögin leituðu aukins samstarfs við frjáls félagasamtök. Þegar frjáls félagasamtök eiga í hlut er þumalputtareglan sú að hver króna af opinberu fé sem fer til slíkrar starfsemi virðist margfaldast og hefur þumalputtareglan verið sú að hún tífaldist. Þá er metið sjálfboðastarfið inn í það og jafnframt það fjármagn sem hin frjálsu félagasamtök fá með sérstakri fjáröflun.

Þungamiðjan í frumvarpinu snýr að verndun ungmenna

að mínu mati og það hefur verið töluvert um það rætt m.a. af hv. þingmanni sem talaði á undan mér. Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta að fólk er almennt þeirrar skoðunar að grípa þurfi til nauðsynlegra ráðstafana til þess að einstaklingar sem hafa verið að brjóta af sér og sem hafa brotið gegn 22. kafla almennra hegningarlaga varðandi kynferðisbrot, að þetta fólk sé ekki æskilegt, og ekki bara æskilegt, það sé óviðeigandi að slíkt fólk starfi með ungu fólki á vettvangi æskulýðsfélaga eða félagasamtaka. Ég held að við þurfum ekki annað en að líta til umræðu síðustu daga til þess að sjá að rétt er að fara þá leið.

Hins vegar hafa verið gerðar ákveðnar breytingar á frumvarpinu frá því að það var lagt fram fyrir ári varðandi ákvæði um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Það hefur verið takmarkað og miðað við síðustu fimm ár. Dregið hefur verið m.a. í efa að rétt sé að fólk sem hefur verið í ávana- og fíkniefnum leiti í þessa starfsemi, hætt sé við að það leiti eftir tengslum við börn og ungmenni til þess að afla markaðar fyrir vöru sína og leiði þau inn á braut fíkniefna. Mig langaði í þessu sambandi að lesa upp úr netpósti sem ég fékk í mars í fyrra þegar þessi umræða var mikið í fjölmiðlum frá manni sem hafði einmitt þá reynslu sem hv. þm. Mörður Árnason dró í efa áðan.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég var að lesa viðtal við" — nafngreindan mann sem skiptir ekki máli hver er — „í Blaðinu þar sem hann segir að hann hafi heyrt orðróm um að fíkniefnasalar reyni að hasla sér völl innan íþróttafélaga en hann hafi ekki verið staðfestur. Þetta tel ég rangt. Ég sat sem stjórnarmaður í stóru íþróttafélagi á höfuðborgarsvæðinu um langa hríð og við urðum fyrir því einu sinni að ráða framkvæmdastjóra einnar deildarinnar sem hafði með börn og unglinga og gera, gríðarlega ábyrgðarfullt starf. Því miður misnotaði þessi einstaklingur sér aðstöðu sína með því að bjóða fíkniefni unglingum sem voru í keppnisferð norður í landi og var tekinn fyrir það. Guð einn veit hversu oft hann hafði gert það áður. Hann síðan sendi handrukkara á þá drengi sem sögðu til hans og seinna meir hlaut hann dóm fyrir fíkniefnabrot og nauðgun á 16 ára stúlku.

Þarna vorum við grandalausir og höfðum ekki skoðað bakgrunn mannsins nógu vel. Hann hafði tekið þátt í sjálfboðaliðastarfi fyrir félagið og hann vann traust okkar sem stjórnum eflaust vegna þeirra starfa. Síðan sótti hann stíft að fá framkvæmdastjórastöðuna sem hann fékk illu heilli.

Það er sitthvað þó að óvirkir fíklar séu leiðbeinendur á meðferðarheimilum, eins og hjá AA, eða hvort þeir eigi að stjórna ungmennum sem eru að vinna að auknu heilbrigði með ástundun sinni."

Þetta er maður sem hefur mikla reynslu af starfi í íþróttafélagi og lenti í því að maður sem hafði verið ráðinn og átti að gegna forustustarfi fyrir æskulýðsstarf, íþróttastarf, brást traustinu.

Ég held því að full ástæða sé til þess að fara varlega og ég hef ákveðnar efasemdir um þá breytingu sem hefur verið gerð á frumvarpinu um að takmarka það við að brotið hafi átt sér stað innan fimm ára. Ekki síst hafa atburðir síðustu daga styrkt þá skoðun mína að það sé e.t.v. ekki rétt að gera þá breytingu. Á hinn bóginn má líka segja að ef það verður til þess að lögin fari í gegn geti ég svo sem fallist á það. Á hinn bóginn má líka segja að það er komin ný málsgrein í 10. gr. sem snýr að því að heimilt sé yfirmönnum skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem ung börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri tíma, og 2. gr. tekur til, þ.e. skipulagt æskulýðsstarf, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans.

Segja má að þetta ákvæði bæti hitt upp því að það er náttúrlega enginn sem segir það að hafi einhver hlotið dóm fyrir meira en fimm árum að viðkomandi verði ráðinn til slíkra starfa. Það er alveg ljóst að málsgreinin er í samræmi við þá praktík sem er í gangi hjá t.d. sveitarfélögum og hjá þeim sem reka sumardvalarheimili og hjá mörgum í frjálsum félagasamtökum, að þeir eru farnir að óska eftir því að fá sakaskrá. En það er, eins fram kemur þarna, að fengnu samþykki viðkomandi og ef viðkomandi veitir ekki slíkt samþykki er náttúrlega alveg ljóst að eitthvað er ekki í lagi. Ég tek undir það sem hv. þm. Mörður Árnason sagði, að það er almennt ekki æskilegt að afbrotamenn starfi með börnum og ungmennum og ég held að það sé hin almenna regla sem forustumenn æskulýðsstarfs fara eftir. Samkvæmt mínum upplýsingum hafa þeir óskað eftir upplýsingum úr sakaskrá að fengnu samþykki viðkomandi og hafa tekið mið af því sem þar kemur fram við ráðningu. Það má því segja að kannski sé sama tilgangi náð en jafnframt má segja að með því er verið að opna á það að einstaklingur sem hefur einhvern tíma verið á þessari braut hafi hugsanlega eitthvert gagn af því og börnin hafi eitthvert gagn af því að umgangast hann þó að ýmsir hafi reyndar ákveðna fyrirvara á því.

Varðandi æskulýðsrannsóknir af því að þær komu til umræðu áðan, er alveg ljóst að þær reglubundnu æskulýðsrannsóknir sem gerðar hafa verið hér á undanförnum árum, m.a. á vegum Rannsóknar og greiningar, hafa reynst afar gagnlegar við að meta æskulýðsstarf, að meta hvort sérstaklega viðkomandi sveitarfélög séu á réttri leið varðandi áherslur sínar. Það vill þannig til að í dag, nákvæmlega núna á meðan við ræðum frumvarpið, er verið að kynna nýjustu rannsóknina sem nær til 9.–10. bekkjar. Það er mjög áhugavert að skoða þær rannsóknir og skoða hvernig niðurstöðurnar eru mismunandi á milli sveitarfélaga og getur verið lærdómsríkt fyrir sveitarfélögin að átta sig á hver vandinn er í æskulýðsmálum eða varðandi ungmennin í viðkomandi sveitarfélögum og hverjar eigi þá að vera áherslur sveitarfélagsins til framtíðar.

Virðulegi forseti. Ég fagna því að frumvarpið er komið fram. Ég tel að það leiði til mikilla framfara, skapi styrkari ramma utan um starfsemina og það sem mest er um vert, að það verði til þess að vernda börn og ungmenni í meira mæli en hingað til hefur verið gert. Við höfum oft verið sofandi í þessum málum en ég held að umræða bæði síðustu missira og síðustu daga bendi okkur á að við þurfum að fara mjög varlega í þessum efnum og við þurfum í öllum ákvörðunum okkar að láta börnin njóta vafans.

[15:30]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Nú hefur komið fram að við hv. síðasti ræðumaður erum sammála um að fara beri mjög varlega í þessum efnum og almannavaldinu sé skylt að sjá til þess með einhverjum hætti að börn og ungmenni verði ekki fyrir því að vondir menn veljist til samfylgdar þeim í æskulýðsstarfi.

Hv. þingmaður hefur setið í nefnd sem gerði tillögur um að ákveðnir hópar væru útilokaðir frá æskulýðsstarfinu. Ég hef gagnrýnt þessa skipun og ég legg til að annaðhvort taki menn það sem augljóst er að beri að vera í þessum lögum sem eru svipuð ákvæði og í barnaverndarlögunum, eða að farin sé hin leiðin og það tiltekið hvers konar fólk eigi almennt ekki að vera í slíku starfi og forstöðumönnum ekki treyst fyrir því að meta það sjálfir.

Ég spyr hv. þingmann hvort það sé virkilega svo að hún vilji að þetta gildi eingöngu um fíkniefnabrotamenn þar sem fimm ár eru liðin frá afbrotinu en henni finnist í lagi að morðingjar, ræningjar, heimilisofbeldismenn og fjárglæframenn og drykkjumenn séu í slíkum störfum. Bara já eða nei við þessu.

[15:32]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Ég held að það sé varla þörf á að svara þessari spurningu, hún er svo algerlega út hött. Ég held að það sé alveg ljóst að í þessu frumvarpi eru sérstaklega tekin fram kynferðisbrot. Mér heyrist á málflutningi hv. þingmanns að við séum algerlega sammála í þeim efnum, við erum líka sammála varðandi ávana- og fíkniefni. Þetta eru þeir aðilar sem mest hætta er á að hafi áhrif á börnin til hins verra og brjóti gegn börnum.

Ég held að það sé alveg ljóst að með ákvæðinu varðandi sakaskrána, hvort heldur það var hv. þingnefnd eða menntamálaráðuneytið sem bættu því inn í frumvarpið, hafi forstöðumenn slíkrar starfsemi í höndunum ákveðið tæki til að ganga úr skugga um hvort viðkomandi hafi brotið af sér með öðrum hætti og þá sé möguleiki á því að meta það.

Ég tel að það þyrftu að vera býsna sterk rök fyrir því að maður sem brotið hefur af sér viljandi, tekið líf annarrar manneskju eða verið kunnur að því að hafa stundað innbrot sé einstaklingur sem æskilegt væri að hafa í starfi með börnum og ungmennum.

[15:34]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Spurningin er alls ekki fáránleg. Hún er borin fram í hárréttu samhengi við það frumvarp sem hér er til umræðu og er að efni til ættað frá nefnd sem hv. þingmaður veitti forstöðu. Af þeim hópum öllum sem ég tiltók þarna er það aðeins einn, fíkniefnabrotamenn, sem fá á sig sérstakt ákvæði og eru í fimm ára löngu banni frá þessum starfsvettvangi.

Ég spyr enn: Af hverju gildir það um þá? Hver er hin sérstaka ástæða fyrir slíka menn en ekki morðingja, ræningja, fjárglæframenn, þá sem sannast hefur á heimilisofbeldi eða drykkjumenn?

Einu svörin sem ég fæ frá hv. þm. Ástu Möller er að búið sé að setja sakavottorðsákvæði inn í frumvarpið. Það er rétt, forseti, það er búið að gera það. Það var áður í athugasemdum við frumvarpið. Það á auðvitað miklu betur heima í því, eigi það heima hér yfir höfuð á það miklu betur heima í því. En hv. þm. Ásta Möller hefur því miður ekki lesið það frumvarp sem hún ræðir hér um því að 4. mgr. 10. gr. um sakavottorðið er þannig um rétt til upplýsinga úr sakaskrá, með leyfi forseta: „... um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum [þ.e. stofnana og samtaka], hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til að fengnu samþykki hans.“ — Sem 3. mgr. tekur til, forseti.

Til hvers tekur hún? Hún tekur til XXII. kafla almennra hegningarlaga og þeirra sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Það kemst ekkert upp um morðingja, ræningja, fjárglæframann, heimilisofbeldisafbrotamann og drykkjumann í þessari sakaskrá. Eðlilega ekki, því að þetta er ekki mjög heppileg leið til að gera út um það. Það á auðvitað að treysta forstöðumönnunum fyrir því með almennum leiðbeiningum hvaða skilyrði menn þurfa að uppfylla sem koma að þessu starfi og sjálfboðaliðar sem í raun og veru eru ekki ráðnir í starf.

[15:36]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að vísan í 4. mgr. 10. gr. snýr að 3. mgr. en ég held að bæði ég og hv. þingmaður verðum að treysta því að forstöðumenn slíkrar starfsemi meti umsækjendur með tilliti til forsögu þeirra.

Það er alveg ljóst að það var mat nefndarinnar sem samdi frumvarpið að börnum væri sérstök hætta búin varðandi þá aðila sem orðið hafa uppvísir að kynferðisbrotum gagnvart börnum. Það hefur reyndar verið víkkað út í meðhöndlun nefndarinnar eða ráðuneytisins að það eigi við um alla og jafnframt varðandi ávana- og fíkniefni.

Það hefur t.d. verið talið sannað að þeir sem brotið hafa gegn börnum einhvern tímann á lífsleiðinni varðandi kynferðisafbrot, hætti ekki þeirri iðju sinni eins og ljóst er. Síðan var hugmyndin sú að börnin yrðu látin njóta vafans varðandi ávana- og fíkniefni og vísa ég þá m.a. í þá sögu sem ég las hér áðan.

Hvað varðar morðingja, ræningja og aðra slíka afbrotamenn, þá var ekki farið út í slík brot. Við höfðum kannski ekki hugmyndaflug til að láta okkur detta í hug að slíkir aðilar færu sérstaklega að sækjast eftir starfi í æskulýðsstarfi. Nú er það í höndum menntamálanefndar og hv. þm. Marðar Árnasonar að sækja það innan nefndarinnar, vilji hann bæta þessu ákvæði við. Ég er tilbúin til að hlusta á rök hans í þeim efnum við 2. umr.

[15:38]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til æskulýðslaga. Ég ætla að byrja á að taka undir orð hv. þm. Marðar Árnasonar varðandi þá sem óæskilegir eru til starfa fyrir æskulýðssamtök. Það er reynsla af því að fjárglæframenn hafi starfað fyrir íþrótta- og æskulýðssamtök og sjálfsagt er ástæða til að reyna að koma í veg fyrir að þeir geri það alveg eins og með þá sem hlotið hafa fíkniefnadóma, að það sé a.m.k. athugað áður en leiðbeinendur eru ráðnir að þeir

séu ekki á vanskilaskrá o.s.frv.

Eins og allir vita er starfsemi æskulýðsfélaga hér á landi mjög öflug og í sjálfu sér tímabært að endurskoða lög um slíka starfsemi en þau eru frá 1970. Þessi endurskoðun byggist á skýrslu sem skilað var í maí 2003 undir heitinu Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi. Ég tel að unnið hafi verið mjög gott starf í nefndinni sem vann þá úttekt og góð skýrslan sem frá henni kom.

Ungmennafélögin sinntu á sínum tíma stórum hluta slíks starfs og gera að sjálfsögðu enn, en frá því að Æskulýðsráð Reykjavíkur var stofnað 1956 má segja að félagsmiðstöðvar hafi tekið yfir stóran hluta af félagsstarfinu a.m.k. í þéttbýli.

Hvað varðar æskulýðsstarfið vil ég minna á að það er æskilegt að gleyma engum í þeirri umræðu og taka tillit til minni hópa. Þar má nefna Ný-Ung, ungliðahreyfingu Sjálfsbjargar o.s.frv., alla þá sem búa við skert líkamlegt eða andlegt atgervi, en félagasamtök þeirra segja: „Ekkert um okkur án okkar" og óska eftir að það sé virt.

Eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið hafa rannsóknir sýnt fram á að þátttaka ungs fólks í æskulýðsstarfi hefur mikið forvarna- og uppeldislegt gildi. Það minnkar líkur á vanlíðan ungs fólks og minnkar líka líkur á vímuefnaneyslu og andfélagslegri hegðun.

Eitt af því sem ég velti fyrir mér varðandi frumvarpið sjálft er í 5. gr. Eins og kom fram í athugasemdum við frumvarpið í fyrra veltu samtökin Samfés því fyrir sér hvort þau ættu ekki að fá beinan aðgang að Æskulýðsráði, en í 5. gr. nú segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra skipar níu fulltrúa í Æskulýðsráð. Fimm fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar formann og varaformann ..."

Ég velti því fyrir mér af hverju ekki var farið að ósk Samfés á sínum tíma um að þeir fengju fulltrúa beint í Æskulýðsráð og fæ ég væntanlega svar við því. Ég hefði talið rétt að þessi samtök, sem nú eru orðin 21 árs og sinna gífurlega miklu æskulýðsstarfi í landinu, hefðu beinan aðgang að Æskulýðsráði og ættu þar sinn eigin fulltrúa.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ríkissjóður leggi starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga til fé eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum. Fjármálaráðuneytið telur að tillagan feli ekki í sér skuldbindingar um fjárveitingar og hafi því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs."

Ég velti því fyrir mér, frú forseti, hvort það sé rétt að þessi lög, verði frumvarpið samþykkt, muni ekki hækka útgjöld ríkissjóðs á neinn hátt. Þegar maður les greinarnar yfir hefði ég haldið að bæði 3. gr. og 6. gr. og jafnvel 7. gr. leiddu af sér aukin útgjöld, þ.e. að þessar greinar krefðust aukins fjárstuðnings til æskulýðsfélaga frá ríkisvaldinu. Samkvæmt umsögn fjármálaráðuneytisins er talið að svo verði ekki. Ég spyr: Er gert ráð fyrir auknum fjárstuðningi við æskulýðsfélög með þessu frumvarpi?

Eitt af því sem aukist hefur á síðustu árum eru auknar kröfur til þeirra sem sinna æskulýðsstarfi, auknar kröfur um menntun, auknar kröfur til leiðbeinenda og þjálfara. Sem betur fer er meiri menntun í boði, en þessu fylgir að sjálfsögðu aukinn kostnaður. Mörg æskulýðsfélög eru rekin af sjálfboðaliðum og því tel ég nauðsynlegt að árleg fjárframlög til æskulýðssamtaka séu tekin sérstaklega til endurskoðunar og þá með hækkanir í huga.

Oft er vitnað í tölur um styrki, annars vegar frá ríki og hins vegar frá sveitarfélögum, en þær geta verið villandi. Í athugasemdum við frumvarpið varðandi þá skýrslu sem hér hefur verið minnst á kemur fram að framlög sveitarfélaga til æskulýðs- og íþróttamála voru um 6 milljarðar árið 2001. Það skal tekið fram að í þessum tölum er um að ræða heildarkostnað, bæði til byggingar mannvirkja, reksturs þeirra og innra starfs hjá sveitarfélögunum. Ekki er rétt að taka tölurnar þannig að þetta sé einungis beinn fjárstuðningur til reksturs æskulýðssamtakanna.

Í umræddri skýrslu segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Félags- og tómstundasamtök afla fjármagns með ýmsum hætti. Stuðningur frá sveitarfélögum og ríki er mikilvægur þáttur í fjármögnun flestra félags- og tómstundasamtaka þótt slíkur stuðningur sé yfirleitt aðeins hluti af fjármögnun starfseminnar. Ársreikningar félags- og tómstundasamtaka hérlendis sýna að hlutur ríkis og sveitarfélaga í fjármögnun samtakanna er þó afar misjafn, allt frá því að vera enginn upp í nokkra tugi prósentna af árlegu rekstrarfé viðkomandi samtaka."

Þetta eru atriði sem mér finnst þurfa að ræða sérstaklega um og ég hef þær væntingar til þessara nýju laga að þau verði til þess að sveitarfélögin endurskoði allan sinn stuðning, hvort heldur það verður í gegnum æskulýðs-, íþróttaeða tómstundanefndir, í formi húsnæðis, afnota af húsnæði eða jafnvel beinna styrkja. Því það er einfaldlega þannig að æskulýðs- og íþróttafélög eru nokkurs konar þjónustustofnanir fyrir sveitarfélögin og ríkisvaldið. Æskulýðsfélögin veita íbúum sveitarfélaga þjónustu um allt land með því að halda utan um frístundatíma ungs fólks. Þessi félög eru með ýmiss konar starfsemi sem er líkleg til að gera unglingana að betri þjóðfélagsþegnum.

Minnst hefur verið á 10. gr. varðandi starfsskilyrði í æskulýðsstarfi. Það kom fram í máli hæstv. menntamálaráðherra að eina breytingin á frumvarpinu frá því í fyrra komi fram í þessari grein þar sem er tekið fram hverjum er óheimilt að starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi. Ég tel að þessi breyting sé til bóta en set jafnframt fyrirvara varðandi þá sem hafa brotið gegn lögum um ávana- og fíkniefni, um að það sé einungis á síðastliðnum fimm árum. Það er spurning hvort sá tími eigi ekki að vera lengri. Það er sitt hvað hvort sá sem brotið hefur þessi lög komi á samkomur með börnum og unglingum til að segja frá reynslu sinni í einhverju fyrirlestraformi eða hvort hann sinnir þeim svo klukkutímum skiptir. Ég ítreka að rétt er að víkka jafnvel út þessa grein og tiltaka fleiri aðila. Það er t.d. reynsla íþrótta- og æskulýðssamtaka að menn sem ekki kunna að fara með fé hafi lagt jafnvel rekstur heilla félaga í rúst.

Að öðru leyti fagna ég því að frumvarpið skuli komið fram og eigi eftir að njóta málsmeðferðar í þinginu. Ég ítreka enn og aftur vangaveltur mínar, annars vegar um það hvort því muni fylgja, eins og mér finnst 3., 6. og 7. gr. gefa í skyn, aukið fjármagn til æskulýðssamtaka og æsku-

lýðsmála og hins vegar hvort ekki sé rétt að stór landssamtök eins og Samfés eigi ekki að fá sinn eigin fulltrúa skipaðan beint í Æskulýðsráð.

[15:50]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég átti eftir svolítið af ræðu minni áðan og ætla að nota tækifærið nú til að ljúka henni. Ég vil fyrst segja að úr því að við förum inn á þá braut, sem er sem sé gegn ráðum Sambands ungra sjálfstæðismanna, að setja almenn lög um æskulýðsstarfsemi, einnig þá sem rekin er og fram fer utan vébanda hins opinbera, væri kannski ástæða til að setja enn frekari markmið og leiðbeiningu í slík lög. Í 1. gr. frumvarpsins eru vissulega fögur orð sem ég get út af fyrir sig tekið undir með svipuðum fyrirvara og ungir sjálfstæðismenn setja, en ég lýsti þó hér áðan að ég teldi að um félagasamtök barna og ungmenna — barna sem er hin lagalega skilgreining — væri almannavaldinu rétt að setja ákveðnar reglur. Þá á ég við undir 18 ára því að ég sé ekki að almannavaldið geti leyft sér að setja reglur um félagsskap þar sem fullorðið fólk kemur saman. Það þætti sérkennilegt ef þingmenn eða ráðherrar tækju sig hér til og settu reglur um venjulegan félagsskap, settu honum markmið og einhvers konar leiðbeiningar.

Úr því að við erum að þessu hefði kannski verið við hæfi að setja reglur, leiðbeiningu eða einhvers konar markmiðslýsingu um fleira en mannkosti og lýðræðislega þátttöku. Æskulýðsstarf er ákaflega mikilvægt, bæði hið skipulega og það sem fram fer utan skipulegra vébanda en er þó með einhverjum hætti efnt til til þess að börn kynnist, læri að vera í félagi og læri hvert af öðru, kynnist sem flestum öðrum af ýmsu sauðahúsi og ekki bara í hinum þrengsta hóp hverfisins, sveitarfélagsins eða menningarhóps eða stéttarhóps af einhverju tagi. Nú er umræða sem betur fer í því tali sem við eigum hér hvert við annað um málefni innflytjenda, um mikilvægi þess að aðlögun og samlögun innflytjenda og þeirra sem fyrir eru á Íslandi fari m.a. fram í félagastarfi. Menn hafa talað um, og ég fagna því, íþróttahreyfinguna og ýmislegt æskulýðsstarf sem æskilegan vettvang fyrir þessa samlögun og aðlögun.

Hér er hvergi að finna neina hvatningu til þess að æskulýðsstarf sé opið fyrir börn innflytjenda eða annarra hópa sem kunna að vera í þeirri áhættu að lenda í einhvers konar einangrun, að lenda á einhvers konar glapstigum með ýmsum hætti, fötluð börn eða önnur börn, það er engin sérstök hvatning eða leiðbeining um það. Það er heldur ekkert í þessum töluverða lagabálki um hlutverk kynjanna eða ábyrgð æskulýðssamtaka og æskulýðsstarfsrekenda gagnvart jafnrétti kynjanna. Það er heldur ekkert um almennt samstarf æskulýðssamtaka, segjum, milli landshluta sem væri ákaflega æskilegt. Það er eins og ýmislegt vanti í þessi lög og mig grunar að það væri hægt að bæta úr því með því að skoða hvernig löggjöfin er hjá grannþjóðum okkar sem búa við svipaðar aðstæður og við með ýmsum hætti þó að þær séu yfirleitt flestar fjölmennari, þó ekki allar.

Hv. þm. Ásta Möller losaði sig áðan úr þeirri klípu sem hún var komin í með því gamalkunna ráði að ráðleggja þeim sem hér talar og öðrum í menntamálanefnd að gera það sem þeim sýnist í sambandi við 10. gr. Það ber auðvitað að þakka fyrir þau ráð en mér þótti samt að hún og hæstv. menntamálaráðherra bæru kannski meginábyrgðina á því að koma með þetta frumvarp hingað í þingið og þess vegna hlytu þær að skýra út hvers vegna það er svo. Einn flokkur afbrotamanna er tekinn sérstaklega út úr og talinn vera þannig að það eigi að banna þeim allt svona starf en ekki eru aðrir flokkar teknir út úr, þeir sem ég nefndi, og þar á meðal þeir sem neyta yfir sig af hinu löglega vímuefni. Ég spurði líka að því sem hvorki menntamálaráðherra né hv. þm. Ásta Möller hafa svarað, hvernig stæði á því að um kynferðisafbrotamenn gilda miklu harðari reglur í þessu frumvarpi en í barnaverndarlögunum. Ég skil ekki enn þá af hverju það er og spyr enn um það: Hvernig stendur á því að, segjum, ungri stúlku — vegna þess að þau kynjamál eru bara þannig — sem hefur leiðst út í vændi af einhverjum hörmulegum ástæðum er um aldur og ævi meinað að taka þátt í æskulýðsstarfi af nokkru tagi vegna þess afbrots sem hún þar hefur framið, (Gripið fram í.) um aldur og ævi? Hins vegar mætti hún samkvæmt barnaverndarlögum taka þátt í ýmsu starfi á þeirra vegum, bæði launuðu og sjálfboðastarfi sem hér er um að ræða.

Ég tel, eins og fram hefur komið, að við eigum að gæta hófs, okkur er skylt að gæta meðalhófs í lagasetningu. Það er skylda alþingismanna að gæta meðalhófs og ég tel að við eigum almennt að treysta forstöðumönnum fyrir því að ráða skynsamlega í stöður. Ég held að fáir forstöðumenn ráði afbrotamenn í stöður og þeir hljóta að kanna það sérstaklega þó að fyrir geti komið einhver slys í því ferli eins og lýst var áðan úr tölvupósti hv. þm. Ástu Möller, sem er hingað til eina dæmið sem nefnt hefur verið um að þetta geti gerst. Þegar vitnað er til umræðu síðustu daga um atburði sem hér hafa komið fyrir er væntanlega átt við Byrgið. Ég verð að viðurkenna að ég þekki það mál ekki í smáatriðum en mér er til efs að það eigi við hér. Ég kannast ekki við að sá sem þar er talinn hafa aðalsök, fyrir utan náttúrlega þá sem ekki litu eftir með því, hafi gerst sekur um kynferðisafbrot eða fíkniefni. Ég veit það þó ekki en ég hélt að hann væri fyrst og fremst fyrrverandi drykkjumaður.

Hér vegast á ýmis sjónarmið og þetta er viðkvæmt mál því að við viljum auðvitað að börnin okkar njóti alls þess vafa sem hægt er. Við megum hins vegar ekki dauðhreinsa svo í kringum börnin að við göngum á önnur sjónarmið sem við eigum að hafa, rök um persónufrelsi og rök um það að hér sé sæmilega frjálst samfélag. Við megum ekki láta tilfinningasveiflur hreyfa okkur í ótta eða nánast ábyrgðarleysi til þess að hjálpa til við að skapa hér eftirlitssamfélag, hálfgert lögregluríki, með því t.d. að sakavottorð verði nánast almenn krafa við ráðningu í ýmsar starfsgreinar. Ég tel það slæma þróun sem hér er nefnd að menn skuli krefjast þess að sakavottorð sé sýnt og ég tel að þetta frumvarp hér auki enn á það. Ég vek þá sérstaka athygli á því, sem gert var í umsögnum í fyrra, að með þessum lögum varpa þingið og ríkið af sér ábyrgð á þessu máli yfir á forstöðumenn samtaka eða stofnana og kannski forstöðumenn sveitarfélaga einkum með því að það eru engin viðurlög sett á það að brjóta 10. gr. eða annað í lögunum. Því vaknar spurningin: Hvað gerist ef einhver slíkur brýtur þessa 10. gr.? Það eru engin svör við því. Ríkið setur hina almennu reglu en síðan eiga aðrir bara að framkvæma og ríkið treystir sér

ekki einu sinni til að beita refsingum eða viðurlögum (Forseti hringir.) enda mundi það kannski ekki standast fyrir dómi vegna reglunnar um meðalhófið sem ég nefndi áðan.

[16:01]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Í máli hv. þingmanns Marðar Árnasonar kom fram spurning um XXII. kafla almennra hegningarlaga og sérstaklega var fjallað um vændi í því sambandi og það að stúlkum sem hafa stundað vændi væri ekki heimilt að starfa með æskulýðsfélögum.

En eins og hv. þingmanni er kunnugt þá liggur fyrir hinu háa Alþingi breyting á lögum er varða vændi þannig að vændi til framfærslu þess sem það stundar verður ekki refsivert. Ef við horfum síðan til fortíðar þá er í þessum kafla vísað til þeirra sem hafa hlotið dóm vegna hegningarlagabrota. Mér er ekki kunnugt um að einstaklingur hafi hlotið dóm vegna vændis hér á landi nema í einu tilviki. Ég á ekki von á því að þetta muni þvælast fyrir nokkrum í þessum efnum. Þó segir vissulega einhvers staðar í frumvarpinu, í greinargerðinni kannski, að hægt þurfi að vera að gera ákveðnar kröfur til þeirra sem ráðast til starfa meðal barna um siðferðislega vitund og siðlega hegðun. Ég held að það eigi að vera þá til grundvallar ráðningu starfsmanna burt séð þá frá því hvaða dóm þeir hafa fengið.

Varðandi það að sagan sem ég las sé eina skjalfesta sagan sem hefur verið dregin fram til merkis um að einstaklingar sem hafa stundað sölu á ávana- og fíkniefnum eða neyslu sæki sérstaklega í börn og ungmenni í æskulýðsstarfi, þá voru (Forseti hringir.) mörg slík dæmi nefnd í nefndinni.

[16:03]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það verður fróðlegt að heyra það þá í menntamálanefnd núna vegna þess að við umfjöllun okkar í fyrra kom ekki fram eitt einasta slíkt dæmi. Ég þekki ekki það. Ég hef að vísu lesið þennan tölvupóst vegna þess að hann var birtur á heimasíðu hv. þm. Ástu Möller. Önnur dæmi komu ekki fram, og eins og ég segi, þá brostu sumir að þessu haldi manna að fíkniefnasalar, „pusherar" og dópdílarar eins og þeir eru nú nefndir sæki sérstaklega í störf hjá skátunum og íþróttasamtökunum. Það þykir heldur ólíklegt.

Ég er sammála hv. þm. Ástu Möller, menntamálaráðherra og, held ég, öllum þingheimi um að afbrotamenn eru ekki æskilegir til þess að starfa að æskulýðsmálum eða barnaverndarmálum yfir höfuð. Hins vegar er hvert tilvik sérstakt. Hver sakamaður hefur sína sérstöðu og mér þykir ekki hægt, með þessari einu undantekningu sem ég hef nefnt hér nokkrum sinnum, sem miðast við barnaverndarlögin að útiloka þá fyrir fram og um aldur og ævi, að sumu leyti, frá þessu.

Vel má vera að Ásta Möller hyggi á breytingar á XXII. kafla hegningarlaga, einhverjar breytingar á honum. En það ósköp einfaldlega stendur í 1. mgr. 206. gr. að hver sem stundi vændi sér til framfærslu skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum.

Nú er ég ekki að mæla með því að menn stundi vændi hér sér til framfærslu. En ég er að segja að sú sök og kannski einhverjar fleiri sem hér eru í þessum ljóta kafla kunni að vera þannig að í einstökum tilvikum sé óhætt og jafnvel æskilegt að viðkomandi einstaklingur starfi eða sé sjálfboðaliði í æskulýðsstarfi. Ég treysti mér ekki til að útiloka það um aldur og ævi. Það sama segi ég um þetta bann við fíkni- og ávanaefnum meðan ekki er önnur upptalning á afbrotum sem koma í veg fyrir að (Forseti hringir.) menn starfi að þessum málum.

[16:05]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski erum við hv. þm. Mörður Árnason ekkert svo ósammála. Ég held að við höfum bæði notað það orðfæri að við eigum að láta börnin njóta vafans.

Varðandi það að einhverjir hafi brosað að sögum um að fólk sem hefur brotið af sér með ávana- og fíkniefnum sé að voma í kringum börn í æskulýðsstarfi þá er þetta náttúrlega ekkert til að brosa það. Þetta er grafalvarlegt mál. Ég held að hv. þingmaður hafi eins og ég lesið greinar í blöðum og frásagnir í blöðum um eiturlyfjasala sem voma í kringum grunnskóla og reyna að halda ávana- og fíkniefnum að börnum, í kringum félagsheimili og slíkt. Ég held að engin ástæða sé til að brosa eða hæðast að þessum sögum. Þetta er raunveruleiki sem börn og fjölskyldur hafa staðið frammi fyrir.

Sagan sem ég las áðan er ein af mörgum sem ég hef heyrt. Hún kom með tölvupósti til mín. Aðrar sögur heyrði ég í starfi nefndarinnar þegar ég leiddi það starf að semja þetta frumvarp. Þar komu aðilar sem hafa mikla reynslu í þessum málum og þeir fullyrtu þetta í okkar eyru. Þetta voru bæði aðilar innan frjálsra félagasamtaka og einnig aðilar sem leiða þetta starf meðal sveitarfélaga. Mér er ekki hlátur í huga og ég geri heldur ekki ráð fyrir því að hv. þm. Merði Árnasyni sé hlátur í huga.

[16:07]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég endurtek: Alþingismönnum og Alþingi Íslendinga er skylt að gæta meðalhófs. Okkur er líka skylt að ræða þannig um viðkvæm mál eins og þetta að ekki sé búið til tilfinningaumrót og með einhverjum hætti af þeim völdum eða í þess skjóli settar reglur sem ganga út yfir meðalhófið, settar reglur sem ekki mæta öðrum almennum sjónarmiðum sem gilda um mannréttindi og lagasetningu. Það er þannig.

Ágætt dæmi um slíka reglu er reyndar nefnt í athugasemdum við 36. gr. frumvarpsins sem síðar varð að núverandi barnaverndarlögum. Mig minnir að það heiti Meganlögin í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Á grunni þeirra hafa verið settar slíkar reglur um kynferðisafbrotamenn af öllu tagi að Evrópumönnum blöskrar og má minna á að nú er að koma heim drengur, vil ég nú segja, sem gerðist með einhverjum hætti brotlegur, en ekki þeim að hann hafi verðskuldað þá refsingu sem hann fékk og hefur nú kannski farið langt með að eyðileggja hans líf.

Ég vænti þess að Ásta Möller sé mér sammála um þetta. Ég vænti þess að hv. þm. Ásta Möller sé mér sammála um að við eigum að gæta meðalhófs. Við eigum vissulega að

hefja yfir allan þann vafa sem hægt er að börn séu sett í umsjá hættulegra manna. En við eigum líka að muna eftir því að mannslíf er mannslíf, hv. þm. Ásta Möller.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Námsgögn, 1. umr.*

Stjfrv., 511. mál (heildarlög). — Þskj. 772.

[16:09]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um námsgögn. Forsaga þessa frumvarps er sú að í júní 2005 skipaði ég starfshóp sem var falið það hlutverk að endurskoða lögin frá 1990 um Námsgagnastofnun með hliðsjón af 33. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskólann okkar.

Starfshópinn skipuðu ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, ráðgjafinn minn fyrrverandi, forstjóri Námsgagnastofnunar og fulltrúar frá Skólastjórafélagi Íslands ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa frá Kennarasambandi Íslands.

Starfshópurinn fékk m.a. á sinn fund fulltrúa foreldrasamtaka og bókaútgefenda auk þess að gangast fyrir sérstakri könnun á stöðu námsefnisgerðar hér á landi og viðhorfum kennara, skólastjórnenda og bókaútgefenda. Frumvarp þetta, frú forseti, er því afrakstur þeirrar vinnu starfshópsins.

Með frumvarpi þessu er mælt fyrir um breytingar á því með hvaða hætti ríkisvaldið leggur grunnskólunum í landinu til námsgögn og styður við þróun og gerð námsefnis á leik-, grunn- og framhaldsskólastigum. Meginmarkmið breytinganna eru mikilvæg að mínu mati. Þau eru að tryggja aukna fjölbreytni og framboð námsgagna, auka sjálfstæði og val skóla og um leið kennara um námsgögnin, draga úr miðstýringu í þróun og framleiðslu námsgagna, auka sveigjanleika og tækifæri einstakra skóla og kennara við útfærslu á aðalnámskránni, stuðla að þróun og nýsköpun í námsgagnagerð, skapa forsendur fyrir góðri nýtingu fjármuna sem veittir er úr ríkissjóði í því skyni að tryggja skólunum í landinu viðeigandi námsgögn, tryggja áfram stöðugt framboð vandaðs námsefnis fyrir grunnskóla útgefið af Námsgagnastofnun og að síðustu, frú forseti, stuðla að bættu skólastarfi og koma betur til móts við þarfir nemenda.

Samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að til verði svokallað þriggja stoða fyrirkomulag, sem ég tel vert að þingmenn hafi í huga, sem sett er saman af Námsgagnastofnun í fyrsta lagi, í öðru lagi af nýjum námsgagnasjóði og síðan í þriðja lagi nýjum þróunarsjóði námsgagna. Þetta eru sem sagt þessar þrjár stoðir sem munu bera uppi námsgagnagerð í landinu ef frumvarpið verður samþykkt.

Ég legg áherslu á, eins og fram kemur í II. kafla frumvarpsins, að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að starfsemi Námsgagnastofnunar haldist því sem næst óbreytt. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögfest verði í 4. mgr. 3. gr. sú regla að réttur hvers skóla til að fá afhent námsgögn sem Námsgagnastofnun framleiðir ráðist af nemendafjölda en stofnuninni verði heimilt að ívilna smærri skólum.

Í raun hefur reglu þessari verið fylgt í framkvæmd en eðlilegt þykir að hún fái lagastoð. Þá eru sérstaklega hafðir í huga fámennir skólar, ekki síst úti á landsbyggðinni, þar sem reglunni hefur verið beitt.

Þá bendi ég á að í 5. mgr. 3. gr. er að finna nýmæli þess efnis að stofnanir skuli hafa fjárhagslegan aðskilnað vegna sölu á námsgögnum í frjálsri samkeppni við aðra aðila á almennum markaði frá því lögbundna hlutverki stofnunarinnar að leggja grunnskólum til námsgögn skv. 1.–4. mgr. greinarinnar. Lagt er til að við verðlagningu skuli höfð hliðsjón af hinum fjárhagslega aðskilnaði.

Með þessu er í frumvarpinu brugðist við úrskurði Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 40/2006 þar sem fjallað var um samkeppnishætti Námsgagnastofnunar við útgáfu og sölu kennsluefnis fyrir grunnskólanema. Samkvæmt úrskurðinum er stofnuninni gert skylt að skilja að fjárhag sinn, annars vegar á milli þeirrar starfsemi sem felst í því að selja útgefið efni stofnunarinnar á almennum markaði í samkeppni við einkaaðila og hins vegar þeirrar starfsemi sem tengist því lögbundna hlutverki stofnunarinnar að sjá grunnskólum landsins fyrir náms- og kennslugögnum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því í 4. gr. að ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanns verði eflt. Jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á stjórn stofnunarinnar hvað varðar hlutverk og skipan einstaklinga. Þannig er lagt til að menntamálaráðherra skipi fimm menn í stjórnina til fjögurra ára í senn í stað sjö manna stjórnar samkvæmt núgildandi lögum. Varðandi stjórnina bendi ég á að lagt er til að tveir stjórnarmenn skuli tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af landssamtökum foreldra grunnskólabarna samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Lagt er til að menntamálaráðherra skipi einn stjórnarmann án tilnefningar og skuli hann vera formaður en varaformaður skuli skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Gert er ráð fyrir að hlutverk stjórnar verði að marka stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann og staðfesta árlega að starfs- og fjárhagsáætlanir séu í samræmi við markaða stefnu, jafnframt því að veita forstöðumanni ráðgjöf og fylgjast með starfsemi stofnunarinnar.

Í öðru lagi, frú forseti, er í III. kafla frumvarpsins gert ráð fyrir að settur verði á stofn sérstakur námsgagnasjóður. Ég vek athygli á þessu ákvæði og þessum kafla. Verður hlutverk sjóðsins að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Lagt er til í 6. gr. að sjóðurinn hljóti fjárveitingu af fjárlögum ár hvert og að menntamálaráðherra skipi sjóðnum þriggja manna stjórn.

Varðandi stjórnina bendi ég á að gert er ráð fyrir að einn stjórnarmaður skuli tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og síðan á menntamálaráðherra að skipa einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður. Lagt er til að varaformaður skuli skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn skiptist á milli starfandi grunnskóla í landinu í samræmi við nemendafjölda og

stærð skólanna en heimilt verði að ívilna fámennum skólum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að skólarnir hafi sjálfdæmi um hvernig þessum fjármunum verði varið að uppfylltum reglum sem menntamálaráðherra setur um skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum. Þetta kemur til með að auka val skólastjóra og kennara við skólann verulega. Það er þeirra að ákveða, að teknu tilliti til þeirra reglna sem sjóðurinn mun setja og menntamálaráðherra staðfesta, hvernig þeir verja þeim fjármunum til námsgagnakaupa. Lagt er til að sjóðstjórn hafi eftirlit með að farið sé að úthlutunarreglum.

Ég legg áherslu á að með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir að skólarnir hafi færi á að kaupa námsgögn sem aðrir en Námsgagnastofnun hafa á boðstólum en jafnframt er ekki loku fyrir það skotið að þeir nýti hlutdeild sína í námsgagnasjóðnum til aukinna kaupa frá Námsgagnastofnun. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið annist umsýslu sjóðsins og beri ábyrgð á honum.

Ég vek sérstaklega athygli á því, frú forseti, að í fjárlögum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 100 millj. kr. úthlutun til námsgagnasjóðs og er það í samræmi við áherslur ráðuneytisins um aukin framlög til menntamála.

Að gefnu tilefni vil ég taka fram að almennt er litið svo á að fjárveitingar til Námsgagnastofnunar hafi nýst vel og að vel hafi tekist að sinna þörfum grunnskólanna með tilliti til þeirra fjármuna sem stofnunin hefur haft til ráðstöfunar.

Því tel ég ekki skynsamlegt að draga úr efnum stofnunarinnar til að sjá grunnskólum landsins fyrir námsgögnum en með því að leggja fé í námsgagnasjóð til ráðstöfunar samkvæmt óskum og ákvörðun einstakra skóla til viðbótar því fé sem veitt er til Námsgagnastofnunar er styrkari stoðum skotið undir þennan mikilvæga þátt skólastarfsins, að veita skólunum svigrúm, aukið val til þess að velja þau námsgögn sem þeir kjósa að nýta í skólastarfinu.

Ég vek líka sérstaklega athygli á því að þetta kemur m.a. fram í könnun sem er líka getið um í greinargerðinni með frumvarpinu, það er alveg skýrt í þeirri könnun sem var gerð að kennarar eru að óska eftir aukinni fjölbreytni og auknu vali varðandi námsgögn.

Í þriðja lagi felst í IV. kafla frumvarpsins að settur verður á stofn sérstakur þróunarsjóður námsgagna sem ætlað er að styðja við nýsköpun og þróun, gerð og útgáfu námsefnis á leik-, grunn- og framhaldsskólastigum. Í 7. gr. er gert ráð fyrir að sjóðurinn hljóti fjárveitingu á fjárlögum ár hvert og að menntamálaráðherra skipi sjóðnum fimm manna stjórn

Frumvarpið gerir ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi þróunarsjóði námsgagna fimm manna stjórn þannig að tveir stjórnarmenn skuli tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar úr hópi skólameistara framhaldsskóla. Lagt er til að menntamálaráðherra skipi einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður. Lagt er til að varaformaður skuli skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna.

Þá er gert ráð fyrir í 3. mgr. 7. gr. að stjórn þróunarsjóðsins ákveði skiptingu á fjárveitingum sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans.

Ég bendi einnig á, frú forseti, að sjóðnum er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Gert er ráð fyrir því í 4. mgr. sömu greinar að menntamálaráðherra setji þróunarsjóði námsgagna reglugerð. Þá vil ég vekja athygli á að gert er ráð fyrir eftirfylgni við ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum. Þannig er gert ráð fyrir því að þeir sem fá fé úr þróunarsjóði námsgagna skuli gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjárins samkvæmt fyrirmælum í úthlutunarreglum.

Ég bendi einnig á að verði misbrestur á eða séu önnur skilyrði fyrir styrkveitingu ekki uppfyllt er stjórninni heimilt að stöðva greiðslur eða eftir atvikum fara fram á endurgreiðslu styrksins.

Ég vek einnig athygli á að í fjárlögum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að fjármunir sem runnið hafa til þróunar námsgagna á framhaldsskólastigi haldist óbreyttir en verði þetta frumvarp að lögum mun aukið framlag renna til þróunarsjóðs námsgagna á fjárlögum ársins 2008 í samræmi þá við ákvæði frumvarpsins. Er áætlað að gera ráð fyrir þessu strax við undirbúning fjárlagagerðar fyrir 2008 sem nú þegar er hafinn.

Ég tel að með þessu séum við búin að koma ákveðnu skipulagi á fót þar sem verður auðveldara að skipuleggja framlög til námsgagnagerðar. Ég tel einmitt brýnt að efla líka þennan þróunarsjóð námsgagna sem er þróunarsjóður þvert á skólastigin, fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Ég legg áherslu á að með því að setja á stofn þennan þróunarsjóð námsgagna fyrir fyrstu þrjú skólastigin er leitast við að tryggja betri yfirsýn og nýtingu fjármuna sem varið er til þróunar og nýsköpunar í gerð námsgagna.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins umfram það sem ég hef nú þegar sagt bendi ég á að samkvæmt 8. gr. þess er gert ráð fyrir því að ef vafi leikur á að námsgögn uppfylli réttmætar gæðakröfur eða samrýmist markmiðum aðalnámskrár sé heimilt að óska eftir því að menntamálaráðuneytið meti hvort viðkomandi námsgögn séu hæf til notkunar í kennslu.

Að lokum vil ég benda á ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi þessu sem snertir sérstaklega starfsmenn Námsgagnastofnunar. Þar kemur fram að verði frumvarp þetta að lögum felur það ekki í sér neinar breytingar á stöðu og réttindum starfsmanna Námsgagnastofnunar sem ráðnir hafa verið á grundvelli laga um Námsgagnastofnun.

Frú forseti. Ég hef nú rakið efni frumvarpsins í megindráttum og sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um einstakar greinar þess, heldur vísa ég til frumvarpsins sjálfs og eftir atvikum til ítarlegrar umfjöllunar í athugasemdum eða greinargerðinni þar sem m.a. má finna yfirlit um námsgagnaútgáfu á Íslandi allt frá árinu 1931.

Meginforsenda og -markmið þessa frumvarps eru, fyrir utan að koma til móts við kröfur kennara um fjölbreytni í námsgögnum og aukið val og svigrúm skólanna, að efla enn frekar námsgagnagerðina í landinu, auka aðgengi fleiri aðila en Námsgagnastofnunar að námsgagnaútgáfu. Fyrst og fremst er þetta til að styrkja enn betur námsgagnagerðina fyrir börnin okkar. Við segjum í rauninni: Við erum að auka framlögin til námsgagnagerðar á Íslandi um 100 millj. samkvæmt fjárlögum sem nú þegar eru samþykkt og leikurinn er til þess gerður að efla enn betur námsgögnin til barnanna okkar. Í rauninni segjum við við börnin okkar: Við

ætlum að búa til enn betri námsgögn.

[16:22]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

*Hæstv. forseti. Ekki skal standa á mér að fagna 100 nýjum millj. í námsefnisgerð til grunnskólabarna. Ég fagna því að sjálfsögðu. Hins vegar er eðlilegt að höfð séu nokkur orð um aðferðirnar sem hæstv. ráðherra beitir í þessum breytingum sínum sem hún hefur mælt hér fyrir.*

Eðli málsins samkvæmt hefur það vakið athygli í fjölmiðlum síðustu daga, eftir að þetta frumvarp kom hér fram á þinginu, að nú ætti að gera þær breytingar að hleypa einkaaðilum að gerð námsgagna fyrir grunnskóla. Þetta var fókuspunktur sem maður sá í fyrirsögnum blaðanna sem fjölluðu um málið þegar frumvarpið kom fram.

Það er alveg rétt. Þótt mér finnist ég ekki vera búin að sitja lengi á þingi man ég þá tíð þegar við þingmenn þurftum vetur eftir vetur að taka málefni Námsgagnastofnunar til sérstakrar skoðunar. Stofnunin var langt undir hungurmörkum, ein af þessum stofnunum sem hafði verið svelt árin á undan. Nú skulum við athuga að Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að vera með menntamálaráðuneytið frá 1991 og var þess vegna þegar ég kom á þing ábyrgur fyrir því svelti sem Námsgagnastofnun hafði þurft að upplifa og hafði kvartað undan árum saman.

Nú er hér sem sagt dæmi um fjársvelta stofnun sem hæstv. ráðherra ætlar að koma til bjargar með því að setja á árinu 2007 nýjar 100 millj. í námsefnisgerð en ekki í það að efla Námsgagnastofnun sem slíka. Nei, nú skal efla einkaaðilana sem eru svo flinkir við að búa til fjölbreytt úrval námsefnis fyrir grunnskólabörn.

Mér finnst þetta ekki rétt áhersla og nú skal ég segja að ég hef ekkert á móti því að einkaaðilar komi að námsefnisgerð fyrir grunnskóla. Ekkert á móti því. Enda hefur það verið þannig hingað til að Námsgagnastofnun hefur gert um það samninga að einkaaðilar útbúi námsgögn, bæði rafræn námsgögn, bækur, kvikmyndir og þá flóru sem Námsgagnastofnun hefur haft úr að spila. Þetta hefur hún unnið í samráði og samvinnu við einkaaðila. Það getur mjög vel verið að það megi styrkja þessi samskipti og þau geti eflst og þróast. Ég set mig ekki upp á móti því.

Ég set mig engu að síður upp á móti þessari áferð sem hæstv. menntamálaráðherra kýs að hafa á þessum málum. Markmið laganna á að vera að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna, nákvæmlega það sem Námsgagnastofnun hefur beðið um árum saman að hún fái svigrúm til að gera en ekki hefur verið vilji í Stjórnarráði Íslands fyrir slíku.

Nú vil ég líka gera greinarmun á einkaaðila og einkaaðila. Við sem sitjum á Alþingi Íslendinga erum þess minnug þegar bréf rak á fjörur okkar fyrir rúmu ári, bréf sem skólastjórum grunnskólanna hafði verið sent frá Landsvirkjun þar sem Landsvirkjun, sem hefur haft talsverða fjármuni *umleikis í starfsemi sinni*, sá allt í einu að hún væri aflögufær um talsvert háar fjárhæðir sem hún hafði ákveðið að eyða í að útbúa námsefni fyrir grunnskólabörn. Tekið var fram í bréfi Landsvirkjunar að námsefnið hentaði til kennslu í ýmsum námsgreinum þannig að Landsvirkjun kom inn með hugmyndir sem fóru þvert á námsgreinar og í bréfinu til skólastjóranna var gert mikið úr því hvílíkur happafengur þetta námsefni væri.

Þetta hefði kannski verið allt í lagi ef námsefni Landsvirkjunar hefði ekki verið búið til í tengslum við *væntanlega vígslu Kárahnjúkavirkjunar og að í tengslum* við námsefnið var samkeppni. Börnum var boðið upp á samkeppni sem var þeirrar náttúru að þau áttu að fá að keppa um það í verkefnum að fá að fara með forseta Íslands til að leggja hornstein að stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar.

Í sjálfu sér væri forvitnilegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvort yfir höfuð eitthvað hafi orðið af því að Landsvirkjun dreifði þessu námsefni víða. Eflaust hefur hún fengið einhverja dreifingu á það en mér er kunnugt um fjölda skóla sem þakkaði pent og afþakkaði þetta námsefni Landsvirkjunar af eðlilegum ástæðum, ekki bara vegna þess að *foreldrar mótmæltu en að sjálfsögðu að hluta til vegna* þess. Ein grundvallarregla hlýtur að verða að gilda í samskiptum skóla og menntayfirvalda, traust. Það verður að ríkja gagnkvæmt traust á milli þessara aðila og stjórnvöld verða að tryggja að þeir einstaklingar eða fyrirtæki eða einkaaðilar sem veljast til að útbúa námsefni handa grunnskólabörnum séu hafin yfir allan vafa um að ætla að gera það í eiginhagsmunaskyni.

Við vitum að opinberar stofnanir á borð við Lýðheilsustöð og lögregluna hafa útbúið námsefni fyrir grunnskólabörn sem er allt af hinu góða þannig að við höfum mjög fína reynslu af því að opinberar stofnanir á sviði almannaþjónustu vinni í samvinnu við skólana eða Námsgagnastofnun að námsefnisgerð. Sömu sögu má segja um félagasamtök eins og Rauða krossinn og Amnesty International, bæði þessi félagasamtök og fleiri hafa komið að námsefnisgerð og unnið í náinni samvinnu við Námsgagnastofnun að slíku. Eins og ég segi, ég ítreka að það er ekkert nema gott um það að segja. Enda er ekki auðvelt að sjá að þessir aðilar hafi nokkurra þeirra hagsmuna að gæta að þeir gætu mögulega viljað stunda innrætingu í gegnum námsefnið sem ætti að ná til grunnskólabarna. Það sama verður ekki sagt um alla einkaaðila á markaði sem vilja gjarnan koma inn námsefni til grunnskólabarna. Það sýnir dæmið um Landsvirkjun.

Mér þykir ákveðinni hættu boðið heim í þessum efnum en hún er fólgin í því að það er ekki fyrr en eftir á sem virðist eiga að koma til einhverra aðgerða varðandi slíkt, þ.e. í 8. gr. í frumvarpinu er sagt að ef vafi leiki „á að námsgögn uppfylli réttmætar gæðakröfur eða samrýmist markmiðum aðalnámskrár er heimilt að óska eftir því að menntamálaráðuneytið meti hvort viðkomandi námsgögn eru hæf til notkunar í kennslu".

Með öðrum orðum virðist vera ráð fyrir því gert að í gegnum stjórnir þessara sjóða sem talað er um að hér sé verið að stofna geti slæðst efni sem ekki sé hæft til kennslu í grunnskólunum. Ég hefði haldið að Námsgagnastofnun ætti að vera öryggisnetið í þessum efnum, að Námsgagnastofnun ætti að vera síun sem tryggði að óhæft námsefni færi ekki inn í grunnskólana.

Mér finnst hérna vera ákveðnir pyttir eða hættur sem þarf að girða fyrir og tel þess vegna að atriði á borð við þessi þurfi að skoða vel í starfi nefndarinnar.

Ég vil bara að lokum segja, virðulegi forseti, að það seg-

ir í aðalnámskrá grunnskóla þar sem fjallað er um frumábyrgð á uppeldi og menntun barna að hún hvíli á foreldrum og að hluta til grunnskólunum. Sú ábyrgð felst í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og því að taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Það segir í aðalnámskránni að þetta sé sameiginlegt verkefni milli heimila og skóla og kalli á náin tengsl, á gagnkvæmt traust og gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu.

Mér finnst lykilatriði að hæstv. menntamálaráðherra og um leið menntamálanefnd Alþingis gái að því að öllum þessum lykilatriðum sé vel fullnægt og þeirra vel gætt í öllum ákvörðunum sem við tökum um námsefnisgerð handa grunnskólabörnum. Ég mun auðvitað beita mér fyrir því í menntamálanefndinni að það verði tryggt og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að málið verði skoðað gaumgæfilega með þeim gleraugum sem ég tel að þurfi að vera hérna á nefinu á okkur.

[16:31]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil víkja að þeim tveimur atriðum sem mér fannst helst beinast að mér. Annars vegar varðandi námsgögnin. Hv. þingmaður talaði um Landsvirkjun. Það skiptir mig ekki máli hvort það er Landsvirkjun, Landvernd eða einhverjir aðrir. Ég treysti skólunum, kennurunum og skólastjórunum til þess að meta hvaða námsgögn þeir vilja nota í sínum skóla. Við erum í raun að undirstrika það líka með frumvarpinu að við treystum kennurunum til þess að velja námsefnið.

Það er alveg rétt að aðferðafræðin er sú að við erum að auka fjármagn til námsgagnagerðar um 100 millj. Ég ákvað að beina ekki þeim fjármunum til Námsgagnastofnunar sem vel að merkja hefur staðið sig vel í sínu hlutverki. Ég ákvað að beina þeim í sjóð sem þeir aðilar sem ég hef þegar nefnt eru í stjórn sjóðsins, Kennarasambandið og sveitarfélögin. Að beina þeim í sjóð sem hefur það hlutverk einfaldlega, það er mjög einfalt hlutverk sem sá sjóður hefur, að deila fjármagninu jafnt til skólanna per haus. Ef við gefum okkur að sjóðurinn veiti 1.000 kr. per haus þá eru það 100 þús. kr. á 100 manna skóla. Þá hefur sá skóli það fjármagn til þess að kaupa námsgögn. Forráðamenn skólans geta ákveðið að kaupa námsgögnin frá Námsgagnastofnun eða frá öðrum bókaútgefendum eða námsgagnaframleiðendum.

Við verðum líka að hafa í huga söguna í þessu sambandi. Fjölmargar nefndir hafa fengið það hlutverk að endurskoða hlutverk námsgagnagerðar Námsgagnastofnunar hér á landi. Í þessari nefnd sátu m.a. fulltrúar frá Kennarasambandi Íslands, frá skólastjórnum og sveitarfélögum og þetta er sameiginlegt álit nefndar sem skilar í fyrsta skipti. Ég tel þetta mjög farsælt skref til þess að auka fjölbreytni námsbókaútgáfu og hleypa fleirum að námsgagnagerð.

[16:34]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg ljóst að hættan á því að í gegnum einhverja kennara slæðist efni sem ekki er talið hæft til notkunar við kennslu er fyrir hendi. Annars væri ekki 8. gr. í frumvarpinu. Það er því verið að opna fyrir ákveðna hættu með því að taka Námsgagnastofnun úr sambandi hvað það varðar að það kemur ekki til með að fara nema lítill hluti af námsgagnagerðinni eftir þetta í gegnum það faglega batterí sem Námsgagnastofnun hefur yfir að ráða. Hún hefur hingað til valið og vinsað úr í samvinnu við kennara auðvitað og í samvinnu við aðra sem koma að námsgagnagerð í landinu. Námsgagnastofnun hefur haft mjög vítt net fagmanna sem hún hefur ráðfært sig við og átt samskipti við varðandi gerð námsefnis fyrir grunnskólanema. Mér þykir því mjög mikilvægt að hlutverk Námsgagnastofnunar verði ekki svo rýrt að einhverjir víðir möskvar verði þar sem geti aukið hættuna á því að óæskilegt námsefni fari í gegnum þá og í grunnskólana. Ég vil því tryggja það að við séum örugg um að slíkt gerist ekki.

[16:35]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg ljóst að við stöðum frammi fyrir því að ákveða að auka fjármagn til námsgagnagerðar. Ég kaus að fara þá leið að veita fleiri aðilum möguleika á því að koma með sitt framboð af námsgögnum í þá flóru sem nú er. Það er ekki þar með sagt að skólarnir muni nýta sér það. Flóran er hjá Námsgagnastofnun. Ég tel mikilvægt að fleiri komi að námsgagnagerð hér á landi en Námsgagnastofnun. Um leið erum við að segja að við erum ekki að rýra mikilvægt gildi Námsgagnastofnunar. Við erum einfaldlega að skjóta fleiri stoðum undir námsgagnagerð hér á landi.

Hitt er líka vert að hafa í huga. Ég segi: Gott og vel. Við treystum kennurunum. Við treystum skólastjórunum fyrir því að velja námsgögnin. Fram til þessa hefur það gefist ágætlega, eins og hv. þingmaður kom inn á líka. Kennarar velja ekki bara námsgögn frá Námsgagnastofnun í dag. Þeir velja líka námsgögn t.d. af netinu. Þess vegna er mikilvægt um leið og við fylgjum málinu úr hlaði að þá segjum við: Við treystum skólasamfélaginu til þess að meta námsgögnin en um leið aukum við svigrúmið fyrir fleiri. Við vitum að það eru mjög margir kennarar, bókaútgefendur og fleiri sem standa í námsgagnaútgáfu og námsgagnagerð og hafa lagt mikinn metnað í það að koma með góð námsgögn. Fyrir það erum við að opna.

[16:37]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra leggur áherslu á að hún sé að fjölga þeim aðilum sem koma að námsgagnagerð. Gott og vel. Það segir sig sjálft með 100 nýjum millj. í fjárlagalið í námsefnisgerð sem, nota bene, stendur núna í þessum fjárlögum í 126 millj. þannig að ekki var hann beysinn fyrir. Það var aukið við hann 100 millj. á árinu 2006. Ég vil því segja að auðvitað fjölgar þeim aðilum sem koma að námsefnisgerð, en það er ekki þar með sagt að það verði undir þeim sameiginlega hatti sem Námsgagnastofnun hefur haft yfir námsgagnagerðinni hingað til. Ég vara við þeirri breytingu sem það getur haft í för með sér.

Sjálfsbjargarviðleitni kennara er aðdáunarverð. Við þessar erfiðu aðstæður, við það svelti sem kennarar og

Námsgagnastofnun hafa búið við varðandi námsgagnagerð hafa kennarar auðvitað þróað með sér ýmsar aðferðir við að búa til eigið námsefni og fá námsefni af netinu. Það gefur augaleið. Margir kennarar vilja búa til sitt eigið námsefni og leggja mjög mikinn metnað í það og finnst einfaldast og best að kenna sitt eigið námsefni. Auðvitað gerir ekki nokkur maður athugasemd við það að kennarar hafi það val, en kennarar sem kenna grunnskólabörnum eiga að hafa fjölbreytta flóru námsefnis og það á að vera lagt mikið fé í námsgagnagerð án þess að það sé skilyrði að Námsgagnastofnun komi ekki að nema litlum hluta þess.

[16:39]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Frumvarp það til laga um námsgögn sem hér er til umræðu er í heildina athyglisvert frumvarp og að mörgu leyti skynsamlegt um viðkvæmt efni. Kennsluefni, námsgögn í grunnskólum hefur haft nokkra sérstöðu innan skólakerfisins og sú sérstaða lýsir auðvitað líka sérstöðu grunnskólans í okkar menntakerfi því grunnskólinn er öðrum skólum fremur uppeldisstöð, mótunarstaður ungs fólks, nýrra þátttakenda í samfélaginu en ekki bara einhvers konar kjörbúð með menntun í litlum bútum sem veita þreyttar einingar eða ganga undir einhvern annan kvarða.

Hlutverk grunnskólans, hins grundtvigska norræna grunnskóla, er að miðla gildum og verðmætum, að gera fólk að nýtum samfélagsborgurum, að vera til gagns fyrir börnin sem þangað ganga og sækja þangað sína menntun og félagsmótun en líka til gagns fyrir íslenskt samfélag og mannfélagið allt ef maður vill vera mjög hátíðlegur.

Mér sýnist að sú nefnd sem starfaði að frumvarpinu hafi unnið gott starf sem er því miður ekki reyndin um allar nefndir sem koma að málum hjá menntamálaráðuneytinu. Í inngangi athugasemda við frumvarpið er heilmikill sögulegur fróðleikur, gagnlegur, og líka niðurstöður könnunar sem nefndin gekkst fyrir. Helst skortir, sem við þurfum að bæta úr í menntamálanefnd, þeir sem ekki eru þeim mun handgengnari í þessum efnum, samanburð við stöðuna í grannlöndum okkar. Það opnast alltaf ný sýn með einhverjum hætti við það að skoða önnur lönd þrátt fyrir sérstöðu Íslendinga sem í þessu máli sem við ræðum kemur fram í því að markaðsbúskap eru takmörk sett hvað varðar íslenska grunnskóla. Það er munur á því gagnvart möguleikum markaðarins hvort í árgangi eru 4–5 þúsund börn eða hvort þau eru 40–50 þúsund eins og í norrænum grannlöndum a.m.k., eða hvort þau eru kannski 400–500 þúsund eins og er í öðrum löndum sem eru aðeins fjær.

Hér er farin sú leið að Námsgagnastofnun heldur áfram að gegna sínum skyldum við allan grunnskólann en stigin skref að því að auka framboð á námsgögnum frá höfundum og útgáfufyrirtækjum utan Námsgagnastofnunar. Þetta þýðir samkeppni á ákveðnum sviðum og að ég held aukalegt framboð efnis á öðrum sviðum. Kannski má skipta þessu mjög gróft í tvennt, að það sé kjarnaefni sem varðar grunn hverrar námsgreinar og síðan sé ítarefni eða aukaefni sem hér er um að ræða. Það má ímynda sér að samkeppnin verði í þessu tvennu. Í sjálfu sér er það kostur að auka samkeppni á þessu sviði eins og öðrum þó að hún hljóti að vera takmörkuð held ég alltaf í þessu samfélagi. Hitt skiptir auðvitað miklu meira máli að sú leið sem hér er farin getur orðið til þess að auka það sjálfstæði hvers skóla sem við tölum svo mikið um sem raun ber vitni og gefur þar af leiðandi færi á að hver skóli geti leitað sinnar eðlilegu sérstöðu miðað við umhverfi sitt og metnað.

Við fyrstu sýn er þessu þokkalega fyrirkomið, tel ég. Annars vegar hefur hver skóli eins konar inneignarnótu eins og verið hefur hjá Námsgagnastofnun en hins vegar kemur fastur kvóti úr námsgagnasjóði sem hver skóli notar væntanlega eins og hann vill. Mér sýnist hlutfallið í byrjun vera einn á móti fjórum eða einn á móti fimm. Ég tel að það sé hæfileg byrjunarstaða og hrósa hæstv. menntamálaráðherra fyrir það að standa svona að þessu. Þetta þarf auðvitað að skoða vel og það þarf að búa vel að Námsgagnastofnun. Undanfarinn er náttúrulega ekki góður, eins og rakið var í ræðu síðasta hv. ræðumanns, Kolbrúnar Halldórsdóttur, að Námsgagnastofnun hefur skort nægilegt fjármagn undanfarin ár og áratugi. Hún hefur ekki getað endurnýjað kennsluefni nógu hratt og ekki haft svigrúm til að bjóða nema að takmörkuðu leyti valkosti í námsgögnum.

Ef frumvarpið verður samþykkt að óbreyttu í stærstum dráttum hlýtur Námsgagnastofnun að móta sér endurnýjaða útgáfustefnu. Hún hlýtur að bregðast við með einhverjum hætti í samræmi við það sem ég nefndi áðan. Ég sakna umfjöllunar um það í athugasemdunum, það er engin lína mörkuð um það efni. Þetta hlýtur að breyta mjög miklu hjá Námsgagnastofnun og það er auðvitað spurning hvort hún t.d. leggi þá minni áherslu á ítarefni og aukaefni og láti það markaðnum eftir, en einbeiti sér þeim mun heldur að því sem mætti kalla kjarnaefni og reyni að standa sig þar. Þetta veit ég ekki en um þetta verður auðvitað spurt við umfjöllun nefndarinnar.

Frumvarpið er ekki þannig að það færi okkur beina leið til paradísar heldur skapar það ákveðið millibilsástand og ég geri ráð fyrir að eftir nokkur ár, kannski fimm eða tíu, þá þurfi hugsanlega að breyta frumvarpinu eða skoða þá nýju stöðu sem komin er upp. Menn verða að horfa á þróunina í málinu bæði í menntamálaráðuneytinu og á Alþingi því hér sker reynslan úr um gagnsemina. Mér sýnist að þessu sé svo stillt saman að hæstv. menntamálaráðherra og Alþingi geti saman ráðið hlutföllum milli stofnunar og sjóðs hverju sinni eftir því hvernig þróunin verður. Það getur farið svo að hinir sjálfstæðu, eða hvað á að kalla þá, höfundar, framleiðendur og bókaútgáfur ráði ekki við nema hluta af verkefninu. Þá helst þáttur Námsgagnastofnunar mikill í málinu öllu. Það getur líka farið svo að markaðurinn, sem við hljótum að kalla svo, sinni eftirspurninni að meginhluta. Ef svo fer að markaðurinn ræður við að gera það á þokkalegu verði og með þeim gæðum sem tryggja þarf dregst starfsemi Námsgagnastofnunar væntanlega nokkuð saman en hún tekur þá hins vegar við á þeim sviðum sem er ekki líklegt að markaðsfyrirtæki ráði nokkurn tíma við sem eru ófá í fámenni okkar.

Erfiðleikarnir koma strax fram í þessu, að hve miklu leyti Námsgagnastofnun er á markaði. Í 3. gr. frumvarpsins er skipting sem við sem erum nýkomin úr Ríkisútvarpsumræðunni könnumst mætavel við, milli hins almenna markaðar þar sem er áskilinn fjárhagslegur aðskilnaður milli samkeppnisrekstrar og almannaþjónustu. Það er því miður

óljóst hvernig því er háttað. Annars vegar með hvaða hætti Námsgagnastofnun setur fram námsgögn í frjálsa samkeppni við aðra aðila, eins og hún þarf þá að taka ákvörðun um hverju sinni. Væntanlega gildir það bæði um námsgögn sem hún framleiðir eingöngu til þeirrar samkeppni og líka um námsgögn sem hún framleiðir í skólana en hefur líka til sölu á frjálsum markaði sem getur skapað alls kyns vanda. Hins vegar þarf betri yfirsýn yfir það hvað samkeppnisreglur og Evrópureglur segja og leyfa af starfsemi Námsgagnastofnunar. Ég verð að viðurkenna að af lestri frumvarpsins að viðbættum örlitlum samtölum við nokkra sem við sögu koma þá átta ég mig ekki vel á þessu. Ég veit ekki hvort ráðherra getur svarað því á þeim ákaflega takmarkaða tíma sem hún hefur til umráða á eftir af tilteknum ástæðum, en sé það ekki verður auðvitað að fara í gegnum það í nefndinni.

Gæðamálin eru svo alveg sérstakur kafli. Nú má segja að Námsgagnastofnun að forminu til annist þau sjálf þar sem hún framleiðir nánast allt það námsefni sem grunnskólarnir nota. Mér skilst að því sé vel fyrirkomið hjá Námsgagnastofnun út af fyrir sig. Ekkert slíkt eftirlit er í menntamálaráðuneytinu þó þar séu auðvitað fagmenn á því sviði. Svo bætist auðvitað við aðhald frá kennurum, foreldrum og áhugamönnum utan skólanna.

Frumvarpið virðist reyndar gera ráð fyrir gæðamati á þremur stöðum. Í fyrsta lagi hjá Námsgagnastofnun eins og verið hefur. Hún sér um gæðamat fyrir sitt efni. Í öðru lagi er hægt að kæra námsefni á forsendum gæða, að þau séu ónóg, til menntamálaráðherra. Það er rakið í 8. gr. Í þriðja lagi virðist gæðamat eiga að liggja til grundvallar við störf stjórnar námsgagnasjóðs.

Ég ætla að byrja á því. Það er svolítið skrýtið skipulag með námsgagnasjóð. Þar á að semja sérstakar úthlutunarreglur sem lítið sést nú af í frumvarpinu eða í athugasemdum við það. Af því sem þó sést af þeim virðist vera um að ræða einhvers konar gæðamat á úthlutunarreglum. Úthlutunarreglurnar eru lagðar til grundvallar sérstakri úthlutun sem þriggja manna stjórn sem er skipuð til fjögurra ára í senn sér um. Þetta er sérkennilegt því þegar ég var að reyna að skilja þetta í fyrsta lestri, eins og maður gerir með frumvörp, þá fannst mér þetta vera þannig að námsgagnasjóður skiptist á milli skólanna eins og segir reyndar í frumvarpinu, í hlutfalli af nemendafjölda. Svo væri heimilt að ívilna fámennum skólum og þar með væri kominn grundvöllur þess fjár sem menn fá.

Óljóst er hvort t.d. hver skóli þurfi að sækja um fé í námsgagnasjóð á einhverjum forsendum. Ég vil ekkert telja um það fyrir fram en mér sýnist í fyrstu að heppilegra væri að hafa gæðaeftirlitið eftir á þannig að menn þurfi að gera grein fyrir því hvað þeir hafa gert við féð — skólastjórum og kennurum sé treyst til þess — en ekki fyrir fram þannig að þessi þriggja manna stjórn leggi dóm á það hvort rök séu nægileg bak við umsóknina um skólana. Þetta upplýsir hæstv. menntamálaráðherra okkur um á eftir. Það þarf að passa sig hér því hinn mikli kostur við breytinguna er, eins og ég sagði áðan, ekki það að markaðsstarfsemin aukist, ekki frá sjónarmiði skólakerfisins, heldur það að skólastjórar, kennarar og fagmenn, skólamenn, ákveða námsgögnin og fyrirkomulagið að góðum hluta. Það dregur úr miðstýringu sem þörf er á í skólakerfinu en má ekki vera of mikil. Við þurfum að varðveita sjálfstæðið í skólunum og ekki taka það frá þeim í einhverjar stjórnir sem skipaðar eru þó þar veljist sjálfsagt góðir menn til.

Því má svo ekki gleyma í þessu sambandi að grunnskólinn er ekki á vegum ríkisins Hann er á vegum sveitarstjórnanna. Það vakna spurningar um þátt þeirra í námsgagnasjóðnum og reyndar líka í þróunarsjóðnum, hvort þetta þarf að vera á ríkisvegum og hvort þetta fé allt á ekki að vera til ráðstöfunar á vegum sveitarfélaganna frekar en að hafa þetta svona.

Gæðamatið kemur líka við sögu í 8. gr., eins og ég nefndi áðan, og þar er ekki alveg skýrt hvernig því er háttað. Í fyrsta lagi hverjir geti kært. Það er skilningur þeirra sem ég ræddi við að allir geti kært. Orðalagið heimili það. Ég vil gjarnan fá staðfestingu á því. Ég tel að þarft sé að allir geti kært, að það séu ekki bara einhverjir lögvarðir hagsmunir, þannig að maður taki orðaleppa af öðrum sviðum, sem standa á bak við það að menn geti sett fram slíka kæru. Það geti allir áhugamenn. Þá er náttúrulega kannski hættan sú að of margir kæri og af sérkennilegum ástæðum þannig að það þurfi þá að búa til einhvern formlegri farveg fyrir kærurnar og athugun þessara mála og um það hvernig úrskurðir eru kveðnir upp. Það vekur aftur athygli á því að innan ráðuneytisins er ekki til neitt ferli þar sem hægt er að meta gæði námsgagna. Það er spurning hvort því ferli þyrfti þá að koma upp. Hvort Námsgagnastofnun ætti kannski að skipta upp í tvennt strax, segi ég, því ég geri ráð fyrir að það verði seinna ef þróunin gengur í þá átt sem frumvarpið miðar í raun og veru að, þannig að gæðamat innan Námsgagnastofnunar verði óháð útgáfu Námsgagnastofnunar, hvort skipta þurfi henni með einhverjum hætti í tvennt, og þá verður hvor hlutinn að vera sjálfstæður gagnvart hinum.

Ég ætla ekki að lengja þessu ræðu um of en segja það líka í þessu sambandi vegna þess að það var til umræðu í síðustu ræðum, að sjálfsagt er að þessu fylgi einhvers konar gæðamat eða úrskurður á námsefni sem skólarnir ákveða ekki bara að kaupa, heldur taka við frá utanaðkomandi aðilum sem ekki eru algerlega hafnir yfir allan grun um að hafa hagsmuna að gæta gagnvart æskulýðnum og foreldrum, svo sem Landsvirkjun. Því það þurfa auðvitað að vera til varnir gegn pólitískum áróðri af ýmsu tagi í skólastarfinu.

Ég hef farið yfir helstu atriði sem mér fundust athyglisverð. Eitt og annað þarf að athuga og íhuga í nefndinni og fylgjast svo með í reyndinni næstu árin. En ég vil segja það að lokum að viðbrögð mín og míns flokks eru með þessum fyrirvörum jákvæð gagnvart frumvarpinu.

[16:55]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka frekar vinsamlegar móttökur hv. þm. Marðar Árnasonar. Mér finnst hann hafa farið mjög skynsamlega yfir málið og komið með góðar ábendingar sem ég tel vert að menntamálanefnd taki sérstaklega til athugunar.

Þó er eitt sem ég vil útskýra varðandi gæðaeftirlitið. Ég tel mikilvægt að við höldum að sjálfsögðu uppi gæðaeftirliti. En gæðaeftirlitið varðandi námsgögnin er til þess að

gera það sem hv. þingmaður sagði svo réttilega, þ.e. að við viljum viðhalda eða setja á laggirnar ákveðinn markaðsbúskap. Skólarnir hafa þá ráðrúm til að ákveða hvert þeir beina sínu fjármagni. En gæðaeftirlitið sem stjórn námsgagnasjóðs á að hafa með höndum er eftir á. Skilyrði sem menn hafa í huga varðandi úthlutunina eru þau í fyrsta lagi að setja ákveðin skilyrði inn í skólann, til dæmis varðandi ívilnun fámennra skóla og síðan hitt að menn séu ekki að setja fjármagnið sem þeir fá til námsgagnakaupa í eitthvað allt annað, kaupa sjónvörp, menn hafa verið að tala um skjávarpa eða eitt og annað, heldur að menn noti fjármagnið sem þeir fá frá námsgagnasjóði til kaupa á námsgögnum. Síðan er gæðaeftirlit eftir á. Það er hugsunin með þessu að skólarnir fái valfrelsi, fá svigrúmið og fái matið á því hvert menn vilja beina þessum fjármunum sem þeir fá úthlutað frá námsgagnasjóði. Við erum að segja að við treystum skólunum til þess að ákveða hvaða námsgögn þeir kaupa og við vonumst til þess að þá verði til ákveðinn markaðsbúskapur með námsgögn sem muni fela í sér enn meiri gæði til lengri tíma litið í námsgögnum.

[16:57]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég held að þetta sé nú að nálgast. Þó skil ég ekki enn þá í raun hlutverk þessarar stjórnar ef úthlutunarreglurnar eru svo einfaldar að þær gera ráð fyrir því að hér sé um námsgögn að ræða og ekki annað en námsgögn, sem sé ekki almennan tækjakost svo sem tölvur eða sjónvörp sem geta auðvitað verið námsgögn í sjálfu sér. Tölvuforrit geta til dæmis verið námsgögn, svo sannarlega, og verða í auknum mæli. Ég skil satt að segja ekki alveg um námsgagnasjóðinn. Mér er ljóst að eitthvert eftirlit þarf að vera með því sem skólarnir ákveða að kaupa. Eitthvert lágmarkseftirlit þarf að vera með því til öryggis hreinlega og einhvers konar leiðbeiningar. En er ekki ætlunin að það sé eftir á, það eftirlit, og þarf það að vera sérstök stjórn sem nánast úthlutar eftir einhverju sem heita úthlutunarreglur? Mér sýnist þetta almennt vera bara einföld skipting þar sem einhver ívilnun er veitt hinum fámennari skólum, sem er eðlileg og fullkomlega nauðsynleg vegna þess hvernig háttar til í byggðum landsins.

Manni dettur í hug, af því að frumvarpið býður upp á það — eitt kemur á eftir öðru — hvort stjórn þróunarsjóðsins geti ekki tekið við þessu hlutverki því að það virðist vera — sé hæstv. menntamálaráðherra að skýra hér rétt út, sem hún hlýtur að vera að gera — þá virðist það vera það lítið að ekki þurfi sérstakt apparat til þess að stjórna þeim sjóði.

[16:59]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að hlutverkið er ekki stórt og mikið. Það er í rauninni bara að tryggja að það séu settar reglur og að þeir aðilar sem hlut eiga að máli, sveitarfélögin, Kennarasambandið og síðan einn frá menntamálaráðuneytinu ákveði fjármagnið. Við vitum hvað fjárhæðin er stór og síðan ákveður þessi stjórn hvað eigi að fylgja hverjum nemanda til hvers skóla. Hlutverkið er ekkert mjög flókið. Það er alveg hárrétt líka sem hv. þingmaður segir að gæðaeftirlitið er eftir á þannig að við höfum það líka á hreinu.

Í framsögu minni gat ég þess sérstaklega að við værum að breyta fyrirkomulaginu varðandi námsgögnin. Við erum að fara í þriggja stoða fyrirkomulag. Það er Námsgagnastofnun. Það er þessi námsgagnasjóður, fjármagn sem rennur beint til skólanna. Það er þeirra að ákveða hvert þeir vilja beina sínu fjármagni og sínum kaupum. Í þriðja lagi verður svo að vera einhver sjóður sem er til taks til þess að þróa námsgögn. Við verðum að hafa ákveðinn þróunarsjóð á öllum skólastigum til þess að efla námsgagnagerð í landinu og það getur verið með ýmsum hætti. Það getur verið á sviði tölvuforrita, eins og hv. þingmaður kom hér inn á. En það verður að vera til ákveðinn sjóður, þróunarsjóður, nýsköpunarsjóður námsgagna þar sem menn hafa færi á að koma með eitthvað nýtt inn í námsgagnaflóruna, eitthvað sem er ekki gefið og menn sjá ekki fyrir fram. Þess vegna eru þessar þrjár stoðir svo mikilvægar og mikilvægt er að menn hafi í huga hvert markmiðið er með hverri stoð.

Ég vona að ég hafi náð að útskýra þetta eitthvað. Eins og ég gat um áðan mun hv. þingmaður hafa tækifæri til þess í hv. menntamálanefnd að fara enn betur yfir þetta því að tíminn er að hlaupa frá okkur núna.

[17:01]

**Sigurrós Þorgrímsdóttir:**

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að koma inn í umræðuna um námsgögn en eins og fram hefur komið er meginmarkmið laganna að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir litlum breytingum á Námsgagnastofnun. Það er frekar verið að styrkja og skýra markmið hennar og fækka í stjórn, sem ég held að sé bara af hinu góða. En það sem er fyrst og fremst nýmæli í frumvarpinu er námsgagnasjóður og svo þróunarsjóður námsgagna. Hér er verið að veita aukið fjármagn til námsgagnagerðar og tel ég það mjög vel.

Við vitum vel að kennarar hafa verið að búa til námsgögn og námsefni, fjölrita og dreifa. Nú ættu þeir að geta sótt um styrki í þennan sjóð til þess og jafnvel til útgáfu námsefnis. Þetta er náttúrlega mjög mikilvægt. En með slíku efni þarf að hafa gæðaeftirlit og ég held að það væri mjög æskilegt að 8. gr. frumvarpsins, sem er um gæðamat, væri skýrari, hvort sem það væri stjórn þróunarsjóðsins sem færi í gegnum það eða einhver önnur nefnd, þá held ég að það væri mjög æskilegt.

Ég tel að þetta frumvarp muni efla Námsgagnastofnun en fyrst og fremst mun það auka samkeppni og sem kannski ekki er síður mikilvægt, þá mun það auka vitund skólanna á námsefni og námsgagnagerð. Ég fagna þessu frumvarpi, ég tel að við séum að efla námsgagnagerð hér á landi, ekki bara með þeim auknu fjármunum sem er veitt í þetta heldur vekur þetta líka áhuga og athygli annarra, kennarar og skólastjórar geta nú farið að búa til námsefni sitt og sækja til þess fjármagn.

Ég vil líka geta þess að í nefnd sem fjallaði um frumvarpið eru tveir af stjórnarmönnum Námsgagnastofnunar, Ásgeir Beinteinsson og Ingibjörg Ásgeirsdóttir, forstjóri

Námsgagnastofnunar, og ég veit ekki annað en þau séu nokkuð hlynnt frumvarpinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:04]

**Útbýting:**

Auglýsingar á heilbrigðisþjónustu, 518. mál, þáltill. ÁÓÁ, þskj. 781.

Bókmenntasjóður, 513. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 776.

Samkeppnislög, 522. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 788.

Símhleranir og eftirgrennslana-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar, 521. mál, fsp. SJS, þskj. 787.

Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, 523. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 789.

Þátttaka banka í óskyldum samkeppnisrekstri, 524. mál, fsp. JóhS, þskj. 790.

## *Heildarstefnumótun í málefnum útlendinga og innflytjenda, fyrri umr.*

Þáltill. GÖg o.fl., 48. mál. — Þskj. 48.

[17:06]

**Flm. (Guðrún Ögmundsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um heildarstefnumótun í málefnum útlendinga og innflytjenda. Flutningsmenn ásamt mér er allur þingflokkur Samfylkingarinnar.

Tillagan er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða opinbera stefnu í málefnum útlendinga og innflytjenda.

Markmið stefnunnar skal vera að samræma og tryggja réttindi útlendinga og innflytjenda sem hingað koma vegna atvinnu, fjölskyldusameiningar eða sem flóttafólk.

Stefnumótunin skal unnin af sérstakri nefnd með aðild forsætisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Jafnframt eigi sæti í nefndinni fulltrúar sveitarfélaga, Rauða kross Íslands og Alþjóðahúss.

Umboð nefndarinnar verði með þeim hætti að hún geti skipað vinnuhópa um einstaka málaflokka sem komi til nánari skoðunar hjá nefndinni.

Á grundvelli slíkrar stefnumótunar verði ráðist í lagabreytingar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja réttindi útlendinga og innflytjenda sem best, og gera málaflokkinn samhæfðari, gegnsærri og skilvirkari.

Nefndin ljúki störfum haustið 2007.

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að fara yfir greinargerðina sem fylgir þingsályktunartillögunni. Margir hafa í fyrstu velt því fyrir sér af hverju ég sé með sérstaka nefnd í þessu máli en ekki að innflytjendaráð komi að málinu og skýringin á því er afar einföld. Innflytjendaráð er ekki með stoð í lögum og meðan svo er er ekki hægt að fela því slík viðamikil verkefni. Eitt af brýnustu verkefnum sem ég nefni í greinargerðinni mun því vera að gefa innflytjendaráðinu lagastoð.

Það er afar mikilvægt að það sé mótuð sé skýr og heildstæð stefna í málefnum sem snúa að útlendingum og innflytjendum. Umræðan um þessi mál á eftir að aukast verulega í takt við þá fjölgun sem hefur orðið hérna og opnun Evrópu, samfara aukinni þörf fyrir vinnuafl. Þá má ætla að í kjölfarið muni kannski enn fleiri en nú kjósa að setjast hér alfarið að og aðlagast samfélaginu. Við erum að ræða um verulega stóran hóp og þar ber auðvitað hæst að höfuðborgarsvæðið er fjölmennast og auðvitað Norðausturkjördæmi með Kárahnjúkavirkjun þar í broddi fylkingar en sennilega er stærsti hópurinn á suðvesturhorninu.

Varðandi verkefni nefndarinnar þá er samþætting lykilhugtak og sú hugmyndafræði sem byggt er á og það ber að hafa í huga þegar heildarstefna af þessu tagi er annars vegar. Slík hugmyndafræði er líka nýtt t.d. í málefnum fatlaðra, málefnum kvenna og ýmsum öðrum málaflokkum og þess vegna er þetta það tæki sem er brýnt að nota. Samþættingin tekur t.d. til þess að allir minnihlutahópar mætist og blandist samfélögum á þann hátt að þeir haldi að hluta sinni eigin menningu og sérkennum sínum ásamt því að aðlagast íslensku þjóðfélagi og tileinka sér t.d. tungumálið, en jafnframt fái þeir auðvitað aðgang að allri þjónustu fyrir fjölskyldur sínar, svo sem í leikskóla og skóla og aðgang að íslenskum vinnumarkaði. Samþætting þarf einnig að taka til þátta eins og vinnustaða, búsetu, náms, skólagöngu og stuðnings.

Við þurfum ekki annað en að líta t.d. til Vesturheims þangað sem Íslendingar flykktust áður fyrr. Þeir héldu öllum sínum sérkennum, voru í sínum hópum en aðlöguðust samt sem áður vel samfélaginu og urðu þar mætir borgarar og miklir frammámenn.

Ég byrja á því í greinargerðinni að ræða um þau lög og reglugerðir sem þarf að breyta eða fara yfir. Þetta segir okkur það að með slíkri nefnd þarf kannski að skipa marga vinnuhópa sem hafa ákveðin verkefni og það er vegna þess að þetta er líka ákveðinn frumskógur. Við þurfum alltaf að hafa það að markmiði að lögin verði gegnsæ og að þau séu heildstæð hvort sem um er að ræða atvinnurétt, þjónustu eða búsetu, þannig að allt sé heildstætt.

Ég nefni nokkur lög sem hafa valdið óróa sem er mikilvægt að skoða en númer eitt er að innflytjendaráð fái stoð í lögum. Það væri mjög gagnlegt, eins og t.d. í þessu máli sem nú mun fara til félagsmálanefndar en félagsmálanefnd hefur þegar rætt um stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda, og hún gæti þá komið með tillögu um lagabreytingu um að innflytjendaráð fengi lagastoð. Það væri ekkert óeðlilegt að félagsmálanefndin mundi þá koma fram með slíka tillögu beint, því það er mjög brýnt að svo verði svo að þangað sé hægt að senda verkefni og skipa undirhópa og vinnuhópa með öðru fagfólki sem fara yfir einstaka mál. Slíkt er auðvitað á öllum Norðurlöndunum og ég vil benda á t.d. etníska ráð í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi. Þetta eru í rauninni þau tæki sem eru afar nauðsynleg fyrir stjórnvöld. Þetta er líka það tæki sem vinnur með aðilum vinnumarkaðarins, með pólitískum flokkum, með sveitarfélögum, með öllum aðilum sem þar koma að.

Það er líka mjög mikilvægt að við förum núna heildstætt yfir þau útlendingalög sem eru í gildi, atvinnuréttinn og

annað, og þar eru nokkur atriði sem hafa valdið miklu umróti og umræðum meðal útlendinga og eins meðal Íslendinga. Þar má t.d. nefna íslenskukennsluna, á að hafa hana þannig að hún sé algjörlega lögbundin og hvernig, ef svo er? Það verður þá náttúrlega að vera alfarið á kostnað og ábyrgð ríkisins þó svo að aðrir geti sinnt þeirri þjónustu. Eða á það að vera valkvætt, því það mun auðvitað alltaf vera undanþága í öllu slíku? Þá má t.d. nefna fólk af öðrum málasvæðum, fólk sem notar myndir í máli sínu en ekki bókstafi, fólk sem er með annað bókstafakerfi, það er gamalt fólk, það er ólæst fólk, við skulum ekki gleyma því að það getur verið stór hópur sem hér leynist án þess að nokkur aðgerðaráætlun hafi endilega verið kynnt í því. Það geta verið fatlaðir einstaklingar o.s.frv. og því er afar brýnt að skoða allan þennan hóp.

Ég hef líka rætt um að íslenskukennsla verði að vera ókeypis því að þarna verðum við að leggja inn ákveðna fjármuni því að þetta eru fjármunir sem byggja á til framtíðar. Norðurlöndin hafa verið mjög dugleg við að gera slíkt, sérstaklega kannski Norðmenn og öll slík námskeið í tungumáli eru ókeypis þar.

Það hefur verið mikið rætt um svokallaða tuttugu og fjögurra ára reglu. Hún var á sínum tíma sett inn í útlendingalögin til þess að hafa vernd gegn mansali. Þetta er mjög tálmandi ákvæði og stangast á við íslenska löggjöf um hjúskap og það er mjög mikilvægt að við séum ekki með mismunandi löggjöf fyrir útlendinga og Íslendinga, þannig að þetta er eitt af því sem þarf að skoða. Danir eru þeir einu sem eru með hliðstætt í sinni löggjöf, og ég veit að það mál er fyrir mannréttindadómstólum.

Eins um ákvæði um dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar, það ákvæði lýtur í rauninni kannski fyrst og fremst að sýnilegum útlendingum en ekki útlendingum frá Evrópu. Þar með erum við farin að mismuna og jafnvel farin að mismuna eftir litarhætti, sem stangast á við stjórnarskrá. Það er því að mjög mörgu að hyggja.

Eins og ég nefni í greinargerðinni er mikilvægt að undirhópar skoði marga þætti, eitt er afar brýnt og ég vil beina því líka til hv. þingmanna sem hér eru og eru í félagsmálanefnd, að jafnvel verði komið með breytingartillögu varðandi túlkaþjónustu þannig að hún sé tryggð í sveitarfélögum og á öllum þeim stöðum sem viðkomandi einstaklingar þurfa á að halda. Þetta þarf að skoða sérstaklega.

Það þarf að skoða lög um almannatryggingar. Í stefnuplaggi ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda er einmitt rætt talsvert um heilbrigðiskerfið og ég vil taka undir það sem þar er. Þarna er fyrst og fremst verið að tala um almannatryggingar vegna þess að það virðist vera að einhverju sé áfátt með það að fólk sem hér er sé almennilega tryggt. Það sér maður talsvert þegar fólk er að sækja um ríkisborgararétt og þarf undanþágu vegna þess að það var ótryggt og þurfti þar af leiðandi að fá félagsþjónustu sveitarfélaga sem það mátti í rauninni ekki hafa sótt í ákveðinn árafjölda til þess að fá ríkisborgararétt.

Menntamálin eru mjög stór málaflokkur sem þarf að skoða varðandi útlendinga og innflytjendur og það er það að íslenskunámið verði aðgengilegt. Við þurfum líka að skoða sérstaklega hvernig er hægt að auðvelda innflytjendum að fá menntun og starfsréttindi viðurkennd hér á landi. Hér er mjög stór hópur af hámenntuðu fólki sem vinnur ófaglærð störf þannig að það væri mjög til bóta ef það yrði skoðað sérstaklega og ég veit að t.d. er mikil þekking á þeim málefnum í Alþjóðahúsi.

Það þarf að auka áherslu í leik- og grunnskólum varðandi kennslu um fordóma og hvernig þeir birtast og hvernig er hægt að koma í veg fyrir þá. Það þarf líka að huga sérstaklega að því hvernig grunn- og framhaldsskólar taka á móti nemendum af erlendum uppruna. Það er vel tekið á móti íslenskum nemendum erlendis og við ættum kannski að skoða hvernig það er til fyrirmyndar og nýta okkur það hér enn frekar. Það þarf líka að tryggja þessum börnum sína eigin móðurmálskennslu eins og er gert við okkar börn erlendis. Fyrir börn sem eru með íslensku sem annað mál þarf sérstaklega að skoða prófin þannig að þau geti tekið próf og að þau séu jafnmetin.

Það eru mjög margir góðir hlutir í gangi eins og alþjóð veit, ekki hvað síst Fjölmenningarsetrið á Vestfjörðum sem hefur verið eitt besta flaggskipið og Vestfirðingar hafa staðið sig hvað allra, allra best í þessum málaflokki enda með áralanga reynslu af viðveru og búsetu útlendinga á því svæði. Ég held að við þurfum að fara til aldamótanna 1900 til þess að skoða slíkar tölur. Sú þekking sem þar er gæti nýst afar vel við byggingu annarra setra, t.d. fyrir austan eða norðan, en í greinargerðinni er nefnt að slíkt sé nauðsynlegt. Í greinargerðinni er ekki tekin afstaða til þess hvort einn staður, t.d. Fjölmenningarsetrið á Vestfjörðum, eigi að vera móður- eða miðstöð alls. Það er eitt af því sem mér finnst að fagfólkið eigi að fara ofan í og skoða allar þær útfærðu hugmyndir sem þar koma fram. Það þarf að útfæra hugmyndir um námskeiðahald og ráðgjöf og fræðslu til stofnana og einstaklinga og atvinnurekenda, verkalýðshreyfinga o.s.frv. Við erum bæði með Alþjóðahús og Fjölmenningarsetrið sem í rauninni eru lykilstofnanir til þess að sækja þekkingu til.

Einnig er rætt um skipun talsmanns. Ég minni á gamalt frumvarp frá mér um slíkt. Ég held að það þurfi að meta kosti þess og galla alveg sérstaklega, það hefur gefist vel sums staðar þar sem það hefur verið reynt. Í eðlilegu framhaldi af þessu þarf líka að skoða hvort það eigi að setja þennan málaflokk allan undir eitt ráðuneyti í stað tveggja eins og nú er, og þá t.d. allan undir félagsmálaráðuneytið þannig að það fái þá svolítið aðra áru en nú er. Jafnframt ætti kannski að huga að því hvort það ætti að vera einhver ein miðlæg þjónustustofnun sem tæki allar umsóknir, sæi um atvinnuleyfin, búsetuleyfin og allar ráðleggingar þegar fólk kemur fyrst til landsins. Ég held að slíkt ætti að skoða.

Síðan er gert ráð fyrir því að skoða þurfi sérstaklega stöðu kvenna og barna. Um þau mál hefur verið mikil umræða, sérstaklega þeirra kvenna sem lenda í skilnuðum og í sifjamálum og t.d. þess vegna er túlkaþjónusta hjá sýslumanni afar, afar brýn og eins og ég nefndi áðan væri æskilegt ef félagsmálanefnd gæti komið með tillögu um túlkaþjónustuna. Það er grundvallaratriði til þess að fólk geti notið réttar síns að fullu ef á þarf að halda en auðvitað hefur verið aukning í skilnuðum hjá þessum hópum eins og öðrum, en þessar konur standa oft mun hallari fæti en íslenskar konur, þannig að það er mjög mikilvægt.

Það þarf að skoða sérstaklega alla stöðu barna og sér-

staklega kannski þann hóp sem við erum ekki farin að sjá mikið hér en er talað um í greinargerðinni og það eru forsjárlaus börn sem send eru á milli landa. Það eru sérstakar miðstöðvar, bæði í Noregi og Danmörku, þar sem er fullt hús af börnum sem hafa verið send forsjárlaust á milli landa og búa þar kannski ekki við nægilega góðar aðstæður og við þurfum að hafa borð fyrir báru með því að huga að slíku. Og við þurfum að skoða sérstaklega stöðu ungmenna, t.d. varðandi sjálfstæð búsetuleyfi þegar skóla lýkur þannig að þau geti haldið áfram námi sínu þrátt fyrir að foreldrar séu kannski ekki með slíkt.

Ég lýk nú máli mínu enda tími minn útrunninn, en ég óska þess að málinu verði vísað til hv. félagsmálanefndar og vona að þaðan komi ákveðnar lagabreytingar sem mundu verða þessum málaflokki til góðs.

[17:21]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Það mál sem nú er til umræðu, tillaga til þingsályktunar um heildarstefnumótun í málefnum útlendinga og innflytjenda, er eitt af þeim málum sem Samfylkingin hefur lagt mikla áherslu á á þinginu. Þetta var eitt af fyrstu málum sem við lögðum fram og sem sett var á forgangslista hjá Samfylkingunni og meginþungi var lagður á að hlyti góða umfjöllun á þingi og mundi ná fram að ganga.

Í forustu fyrir málinu er hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir sem mælt hefur fyrir tillögunni. Mér er það til efs, virðulegi forseti, að nokkur þingmaður í þessum þingsal hafi meiri þekkingu á þeim málaflokki en hv. þingmaður, enda hefur hún unnið mikið að þessum málum áður en hún settist á þing. Þess vegna er mikill fengur fyrir þingið á meðan verið er að vinna málið, að Guðrún Ögmundsdóttir haldi utan um það í þinginu.

Nú er okkur svolítill vandi á höndum, virðulegi forseti, vegna þess að við höfum farið þá eðlilegu og sjálfsögðu leið að leggja fram tillögu til þingsályktunar um heildarstefnumótun í málefnum útlendinga og innflytjenda, sem er auðvitað sjálfsagður og eðlilegur vettvangur, að þingið fjalli um slík mál. Reyndar er það svo að Samfylkingin hefur látið sig svipuð mál varða áður og fyrir nokkrum árum, sjö, átta árum eða svo, var þingmál flutt um málefni innflytjenda sem átti einmitt að tryggja réttarstöðu þeirra.

Þingmálið liggur sem sagt fyrir og fer í þinglega meðferð en miðað við þá umræðu sem var í morgun stefnir margt í það að ríkisstjórnin eigi að hafa stefnumótun sína í málefnum innflytjenda án þess að þingið fái að koma nálægt. Það sjá auðvitað allir hvílík vitleysa það er að málið sé í þeim farvegi.

Virðulegi forseti. Ég verð að treysta því og óska atbeina forseta í því að ráðherrarnir sjái nú að sér og fari með málið í þann eðlilega farveg að það komi fyrir þingið, þ.e. sú stefnumótun sem kynnt var félagsmálanefnd í gær, og þingið fái að fjalla um málið og við fáum að greiða um það atkvæði.

Í þeirri tillögu sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hefur mælt fyrir er einmitt að finna ýmis atriði og ýmsar áherslur sem hafa verið settar fram sem munu gagnast mjög vel við að útfæra heildarstefnumótun í málefnum innflytjenda sem allt þingið stæði að. Og framkvæmdarvaldið hefði allt þingið á bak við sig í slíkri stefnumótun. Það er heilmikið í stefnumótuninni sem mundi gagnast í sameiginlegri vinnslu í málinu og stefnumótun ríkisstjórnarinnar í þessu sama máli sem við höfum kallað eftir á þessum morgni, að yrði lögð hér fram til þinglegrar meðferðar og umfjöllunar.

Það er svo, virðulegi forseti, að fjöldi fólks í þjóðfélaginu hefur miklar skoðanir á málinu. Eðlilega á að senda það til umsagnar og leyfa fólki að hafa áhrif á ferli málsins og stefnumótun, margir sem þekkja mjög vel til. Ekki síst þurfa sveitarstjórnirnar, ekki bara Samband íslenskra sveitarfélaga, heldur stærstu sveitarstjórnir að koma að því. Þess vegna verð ég að trúa því og treysta að slík verði meðhöndlun Alþingis á málinu.

Ég vil rifja það upp að þegar við afgreiddum frumvarpið um frjálsan atvinnu- og búseturétt á síðasta vori var lögð áhersla á að við fengjum slíka stefnumótun þegar á haustþingi og hún yrði kynnt Alþingi og framkvæmdaáætlun gerð á grundvelli þeirrar stefnu.

Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að þessu fylgi tímasett aðgerðaáætlun, hvernig við ætlum að fylgja þessu í framkvæmd og hvernig á að fjármagna þá aðgerðaráætlun. Það er óþolandi í svona stóru máli sem skiptir verulegu máli og hefur þýðingu fyrir allt samfélagið og þá sem hingað vilja flytjast, ef þetta á bara að vera pappírsplagg í skúffum ráðherranna og brotalöm verði á allri framkvæmdinni.

Við þetta var ekki staðið. Ég vil líka árétta að á vorþinginu í fyrra lögðum við áherslu á það í tengslum við löggjöfina um frjálsa för og atvinnu- og búseturétt launafólks, að skila átti áliti og tillögum fyrir 1. nóvember og koma með tillögur um hvernig unnt yrði að tryggja útlendinga sem dvelja hér og starfa með lögmætum hætti, að áreiðanlegar upplýsingar verði til um þá útlendinga sem hér starfa og m.a. væri skoðað hvort ástæða væri til að styrkja vinnumarkaðskerfið sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Þetta er grundvallaratriði.

Virðulegi forseti. Ekki er ýkjalangt síðan að útlendingar fóru að koma hingað í svo miklum mæli eins og raun ber vitni. Við eigum því að nýta okkur þá reynslu sem aðrar þjóðir hafa haft þegar útlendingar hafa flutt til þeirra landa, vegna þess að ýmis vandamál hafa komið upp milli ólíkra þjóðfélagshópa sem ástæða er til að við nýtum okkur við þá stefnumótun sem hér er verið að vinna og þá löggjöf sem þarf að setja í tengslum við þetta mál, sem er margþætt.

Ég vil, virðulegi forseti, leggja áherslu á það lykilatriði sem hv. þingmaður kom inn á, þ.e. blöndun og samþættingu að því er varðar innflytjendur og Íslendinga, vegna þess að við megum ekki halda þannig á málum að innflytjendur einangrist frá okkur heldur verður að vera blöndun í skólakerfinu, í búsetu- og húsnæðisaðstöðu, á vinnumarkaði og í frístundum. Það á að gegna lykilatriði í allri stefnumótun og framkvæmd.

Ég held, virðulegi forseti, að mjög mikið af tölfræðilegum upplýsingum vanti sem nauðsynlegar eru þegar slík stefna er mótuð eins og hér er verið að gera. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra um t.d. þá 16.000 útlendinga sem hér vinna og starfa til skemmri eða lengri tíma. Ég

bíð spennt eftir því að vita hvort hægt sé að svara þeirri fyrirspurn, sem væri nauðsynlegt innlegg í þá stefnumótun sem þarf að fara fram og til hagræðis fyrir félagsmálanefnd sem fær þessa heildarstefnumótun og tillöguna til umfjöllunar.

Tími minn er að verða búinn. Ég harma að ekki skuli vera fleiri í þingsalnum að ræða þetta mikilvæga og stóra mál. Hér vantar t.d. heilan þingflokk sem mikið hefur látið sig þessi mál varða. Ég hafði vonast til að við gætum átt skoðanaskipti um málið. En ég vona þá, virðulegi forseti, að málið komi inn til þingsins aftur þannig að við getum fjallað um það eins og það á skilið. Og umfram allt, að ríkisstjórnin og ráðherrarnir sjái að sér og komi með sína stefnumótun inn í þingið til þinglegrar meðferðar svo við getum rætt þessi mál samhliða.

[17:29]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta þingmál að öðru leyti en því að fagna að það skuli fram komið og lýsa stuðningi mínum við það í almennum atriðum.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. 1. flutningsmanni og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, en 1. flutningsmaður er hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar koma að málinu. En það er rétt sem þær benda á að þetta málefni á að sjálfsögðu að fá þinglega meðferð og gagnrýni okkar í morgun, hæstv. forseti, um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar um stefnumótun um málefni innflytjenda varðar fyrst og fremst þá málsmeðferð.

Í gær var efnt til fundar í félagsmálanefnd Alþingis og okkur kynnt grunnplagg sem unnið hafði verið fyrir hæstv. félagsmálaráðherra og er í sjálfu sér prýðilegt að mínu mati. Þar eru áherslur sem ég get ágætlega fellt mig við, en ég vek þó athygli á að okkur var sagt að málið væri enn í mótun. Það væri ekki trúnaðarmál, var sagt, en það er enn í mótun. Það kemur til með að breytast.

Þess vegna kom það okkur á óvart þegar það var nær samtímis kynnt á fréttamannafundi og ríkisstjórnin tók að baða sig í þeirri vinnu sem unnin hafði verið fyrir hennar hönd. Við höfum lýst yfir stuðningi við þá vinnu en vildum gjarnan koma að henni og teljum að þetta eigi að fá þinglega meðferð. Ég kveð mér fyrst og fremst hljóðs til að leggja áherslu á þetta.

Ég lýsi því einnig yfir að Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur mikið upp úr því að breið samstaða skapist í þjóðfélaginu, utan þings og innan þingsins, um þetta málefni. Það er mjög mikilvægt. Við höfum lagt fram fjölmörg þingmál sem lúta að réttindum innflytjenda. Ég nefni þingmál sem snertir dvalarleyfi, sem snertir réttindi erlendra verkamanna. Þar vísa ég í þingmál sem hv. varaþingmaður, Atli Gíslason, hefur lagt fram og aðrir þingmenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa sameinast um. Við höfum einnig á okkar vegum verið með mikla vinnu á þessu sviði, vinnu sem við viljum gjarnan veita inn í sameiginlegan farveg.

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til að koma þessum almennu sjónarmiðum á framfæri, lýsa stuðningi við þann tón sem er að finna í þingmálinu, og vekja athygli á þingmáli Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um þetta málefni og hvetja til þess að því verði beint inn í þinglegan farveg.

[17:33]

**Flm. (Guðrún Ögmundsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég þakka mjög fína umræðu. Kannski hefði hún orðið meiri ef ekki væri kappleikur í handbolta, en góð var hún. Við sjáum það líka á t.d. því plaggi sem hv. félagsmálanefnd var með í umræðunni, þ.e. því plaggi sem innflytjendaráð er búið að vinna fyrir hæstv. félagsmálaráðherra, að ef við værum með það ásamt þessari heildarstefnumótun og öðrum tillögum sem hér eru inni værum við í afar góðum málum. Það verður að segjast alveg eins og er því að það er mjög góð fagvinna í því plaggi sem innflytjendaráð er búið að gera. Í rauninni bætir þetta hvort annað upp en aðgerðaáætlunin væri kannski það sem þyrfti að fara í. Ef við mundum drífa í slíku þyrfti enginn að óttast hér, hvorki fordóma né það að réttur útlendinga væri fyrir borð borinn, heldur væru þau jafnrétthá okkur hinum sem hér búum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:34]

**Útbýting:**

Fæðingarorlof, 527. mál, fsp. JóhS, þskj. 796.

Staða miðaldra fólks á vinnumarkaði, 529. mál, fsp. LRM, þskj. 798.

Starf sendiráða, 525. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 792.

Varnarsvæði á Miðnesheiði, 526. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 793.

Vaxtarsamningur Vestfjarða, 528. mál, fsp. LRM, þskj. 797.

## *Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, fyrri umr.*

Þáltill. SJS o.fl., 65. mál. — Þskj. 65.

[17:36]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Þetta er 65. mál þessa þings á þskj. 65. Flutningsmenn ásamt mér að tillögunni eru hv. þm. Halldór Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðjón A. Kristjánsson og Kolbrún Halldórsdóttir. Eins og heyra má af upptalningunni eru flutningsmenn úr öllum þingflokkum.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum, að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrulegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því

við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla."

Þessi tillaga er endurflutt, í aðalatriðum óbreytt frá upphafi og er nú flutt hér í fimmta sinn. Hún var fyrst flutt á stuttu vorþingi eftir alþingiskosningar vorið 2003, þ.e. á 129. þingi. Ég leyfi mér að byrja á því, virðulegur forseti, að lýsa þeim eindregnu vonum mínum og óskum að tillagan hljóti loksins afgreiðslu. Hún hefur gengið til umhverfisnefndar undanfarin ár og verið þar skoðuð og rædd, hún hefur farið til umsagnar oftar en einu sinni og fyrir liggur afstaða allra helstu málsaðila, að segja má, eða þeirra sem eðlilegt er að fái aðstöðu til að tjá sig um efni tillögunnar, heimaaðila á viðkomandi svæði, sveitarstjórna, hagsmunaaðila, ferðaþjónustuaðila sem og náttúruverndaryfirvalda og fagstofnana á þessu sviði. Ég held að það megi draga allt saman í eina setningu, almennt hefur tillagan fengið mjög góðar undirtektir. Hún hefur fengið að ég best veit einróma stuðning í umræðum á Alþingi og margir ræðumanna haft um það nokkuð sterk orð að í raun væri ekki vansalaust að ekki væri búið að taka um þetta grundvallarákvörðun þar sem, í orði kveðnu a.m.k., málið stendur þannig að allir þeir sem hafa tjáð sig um þetta hafa lýst sig jákvæða. Ætla verður því að þverpólitískur vilji sé á bak við það að fara í þessa gjörð.

Nú háttar svo til að inn á Alþingi er komið frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð en afdrif þess eru að sjálfsögðu ekki ljós sem og er rétt að hafa í huga að þar er ekki með jafnafdráttarlausum og -skýrum hætti mælt fyrir um — þó að lögum verði — friðlýsingu Jökulsár allrar og í heild sinni og vatnasviðsins með náttúrulegum rennslisháttum o.s.frv. Til að mynda eru ekki sérstaklega nefndar í afmörkun fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs meginþverár Jökulsár eins og Kreppa og Kverká og hlýtur það að teljast nokkur veikleiki á framsetningunni hvað það varðar. Þar af leiðandi er það ekki síður brýnt nú og jafngilt að Alþingi fyrir sitt leyti taki stefnumarkandi ákvörðun í þessu máli. Að sjálfsögðu má skoða orðalag tillögunnar að öðru leyti og vísa kannski með öðrum hætti til áformanna um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, en það er enginn vafi á því að það mun styrkja málið mjög og festa það í sessi, sem og eru það nauðsynleg og þörf skilaboð út í þjóðfélagið og til allra sem málið getur varðað að á Alþingi sé eindreginn vilji á bak við það að fara í þessa friðlýsingu. Friðlýsing af þessu tagi mundi marka tímamót í náttúruverndarmálum í landinu því að það hefur aldrei áður verið með þessum hætti lagt til að friðlýsa vatnasvið og náttúrulega rennslishætti fallvatns. Hér á í hlut eitt mesta vatnsfall landsins og langstærsta korguga jökulsáin sem enn hefur ekki verið hróflað við með virkjunum eða neinni mannvirkjagerð. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um náttúruverðmætin sem í húfi eru og hinar einstöku gersemar sem Jökulsá á Fjöllum geymir, fossaröðina, gljúfrin, ummerkin um hamfarahlaup og annað í þeim dúr sem nánar er tilgreint í tillögugreininni. Ég vísa í því sambandi fyrst og fremst í ítarlegan rökstuðning í greinargerð með tillögunni.

Ég vil svo bara bæta því við að það er ákaflega mikilvægt vegna þeirrar miklu umræðu sem um þessa hluti alla standa, um náttúruverndarmál, átök um virkjanir og stóriðjustefnu, að menn sameinist þó um það sem þeir geta sameinast um. Ég leyni ekki því að mér þætti það ákaflega gott innlegg í stöðu þessara mála nú um stundir ef það þó sýndi sig að vegna augljóss vilja sem víða er til staðar, a.m.k. í orði kveðnu, yrðu tekin einhver skref í rétta átt hvað varðar friðlýsingu og náttúruvernd, ekki síður en í hina sem snýr að nýtingu og virkjun og mannvirkjagerð, og framfaramál af þessu tagi næði fram að ganga.

Ég mun því leggja mikla áherslu á það hér, virðulegur forseti, áður en þing lýkur störfum í vor að þetta mál fái nú afgreiðslu, einnig af þingræðislegum ástæðum. Mér finnst eiginlega ekki boðlegt að tillaga sem í heilt kjörtímabil hefur verið endurflutt af þingmönnum úr öllum flokkum og ástæða er til að ætla að yfirgnæfandi stuðningur sé við nái einfaldlega ekki afgreiðslu, annaðhvort af því að það er ekki áhugi á því í viðkomandi nefnd eða að formaður viðkomandi nefndar hefur ekki stjórnað verkum þar þannig að tími sé gefinn fyrir eðlilega umfjöllun og afgreiðslu slíks máls. Það er orðið manni nokkurt umhugsunarefni ef mál af þessu dagar þing eftir þing og vetur eftir vetur uppi af ástæðum sem eru manni huldar og óútskýranlegar. Því verður seint trúað að það sé af einhverri meinbægni við okkur flutningsmenn eða við málið sem slíkt sem það tefst með þessum hætti.

Ég held að ég hafi þessa ræðu mína ekkert lengri. Mér er það kappsmál að tillagan gangi nú til nefndar, verði þar tekin strax fyrir og hugað að því með hvaða hætti megi afgreiða hana. Að mínu mati ætti að vera hægt að gera það innan fárra vikna vegna þess að allt liggur fyrir sem liggja þarf fyrir í málinu og umsagnir liggja þegar fyrir frá fyrri þingum og þar fram eftir götunum.

Ég legg svo til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. umhverfisnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, fyrri umr.*

Þáltill. JónK o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

[17:44]

**Flm. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóni Bjarnasyni, Magnúsi Þór Hafsteinssyni og Þuríði Backman þingsályktunartillögu um færanlega sjúkrastöð í Palestínu.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fjármálaráðherra beiti sér fyrir því að fé verði veitt til kaupa og reksturs á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu."

Málið er efnislega samhljóða máli sem lagt var fyrir á 131. og 132. löggjafarþingum en var ekki rætt þá.

Þess má geta að árið 2002 ályktaði Alþingi síðast um deilur Ísraels- og Palestínumanna. Lýst var áhyggjum af því ófriðarástandi sem þá ríkti fyrir botni Miðjarðarhafs og lagði Alþingi m.a. áherslu á virðingu fyrir mannréttindum.

Eins og fram kemur er málið endurflutt. Því miður er ástandið þannig að það er ástæða til að endurflytja málið því að ef eitthvað er hefur ástandið versnað á þessum árum. Það er alveg óumdeilt að heilbrigðisþjónusta flokkast undir mannréttindi, ég hef ekki orðið var við neinar deilur um það. Þá spyr maður: Hvers vegna er verið að tala um „færanlega sjúkrastöð"? Þannig háttar til á þessu svæði að þar eru varðstöðvar vítt og breitt til þess að hamla umferð vegna styrjaldarástands og það hamlar því að almenningur geti sótt heilbrigðisþjónustu á þessum svæðum. Þess vegna hefur verið talið nauðsynlegt að færa hana til fólksins. Þetta er nokkurs konar bráðaaðgerð, neyðaraðgerð til að koma til móts við þá neyð sem þarna ríkir í heilbrigðismálum.

Heilbrigðismál eru undirstöðuþjónusta og þessi tillaga hefur enga skírskotun til stjórnmála eða þeirra miklu og alvarlegu átaka sem þarna eru. Þetta er tillaga um að koma til hjálpar á þessu sviði og ég vil segja um ástandið almennt að okkur ber að styðja hvers konar viðleitni til að koma á sæmilegu ástandi og friði í þessum löndum, á þessu svæði, en þessi tillaga er lítið skref til þess að koma til móts við þá neyð sem þarna er.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri í upphafi. Ég tel að mál sé til komið að tillagan fái þinglega meðferð og ég óska eftir að henni verði vísað til hv. utanríkismálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[17:47]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka undir málflutning hv. þm. Jóns Kristjánssonar sem er 1. flutningsmaður að þessu þingmáli sem lýtur að kaupum og rekstri á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu. En lagt er til að fjármálaráðherra beiti sér fyrir því að fé verði veitt til kaupa á slíkri sjúkrastöð. Ég vil taka undir það sem hér kom fram að þörfin er mjög brýn. Í niðurlagi greinargerðar segir, með leyfi forseta:

„Flutningsmenn telja nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld beini sérstaklega sjónum að aðstæðum Palestínumanna og leiti leiða til að takmarka það tjón sem aðgerðir Ísraelsmanna valda palestínsku samfélagi og velferðarþjónustu í samræmi við auknar áherslur stjórnvalda og Alþingis á alþjóðlega þróunarsamvinnu og þátttöku í friðargæslu. Með því að Alþingi veiti fé til kaupa á færanlegri sjúkrastöð getur Ísland lagt sitt af mörkum til að bæta úr brýnni þörf fyrir heilsugæslu á hluta af sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna á meðan ófriðarástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins varir."

Ég vek athygli á að meðal flutningsmanna eru tveir alþingismenn úr röðum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Jón Bjarnason og hv. þm. Þuríður Backman, en bæði heimsóttu þau Palestínu fyrir ári eða svo og kynntust af eigin raun þeim hörmungum sem þar blasa við. Ég hef einnig farið til Palestínu, ferðaðist talsvert um hernumdu svæðin þar og kynnst því við hvaða kost fólk á þeim slóðum býr.

Við erum auk þess að verða vitni að ljótum leik Ísraela, sem hernámsliðið í Palestínu leikur. Sá leikur er mjög andlýðræðislegur því ekki er nóg með að þrengt sé að Palestínu í þeim skilningi að landamærin séu ekki virt heldur er hlaðið inn landnemabyggðum, byggðum landsránsmanna, þannig að nú skipta þeir hundruðum þúsunda sem hafa tekið sér bólfestu í trássi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna innan landamæra Palestínu. Ekki er nóg með að þau landamæri sem byggja á samþykktum Sameinuðu þjóðanna séu ekki virt, heldur er einnig þrengt að fólkinu á aðra lund.

Þannig var efnt til kosninga í Ísrael fyrir nokkru síðan þar sem Hamas-samtökin báru sigur úr býtum. Þau samtök og forræði þeirra var hins vegar ekki virt af Ísraelum og hefur þeim tekist að búa svo um hnúta að væringar hófust á milli fylkinga Fata-hreyfingarinnar annars vegar og Hamas hins vegar. Þetta er samkvæmt gamalkunnri formúlu um að deila og drottna.

Ég ætlaði ekki að ræða um pólitískt ástand í Palestínu en þó verða þessir hlutir ekki slitnir úr tengslum við innra stoðkerfi samfélagsins og hvernig samfélagið er leikið pólitískt.

Við skulum ekki gleyma því að það eru Ísraelar sem innheimta alla tolla og gjöld og skatta í Palestínu. Það er á valdi ísraelska hernámsliðsins að skammta landsmönnum fé til rekstrar velferðarþjónustunni. Þegar Hamas komst til valda var gripið til þeirrar hefndarráðstöfunar að fjársvelta Palestínumenn og palestínska velferðarkerfið. Svo er komið að þeir höfðu verið mánuðum saman án kaups sem höfðu starfa sinn þar. Þetta bitnaði að sjálfsögðu illa á heilsugæslunni sem fékk ekki nauðsynlega fjármuni til kaupa á lyfjum og öðrum tækjum.

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til að taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni. Ég vek athygli á að að þingmálinu standa þingmenn úr fjórum flokkum, öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokknum, þ.e. Framsókn, Samfylkingu, Frjálslynda flokknum og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Ég vek jafnframt athygli á að málið hefur verið lagt fram á tveimur öðrum þingum, tveimur undangengnum þingum, og sannast sagna lýsi ég furðu yfir því að það skuli ekki hafa hlotið náð fyrir meiri hlutanum á þingi. Væri nær að beina fjármunum og kröftum okkar inn á þær brautir að styrkja heilsugæslu í Palestínu en að styrkja hernaðaraðgerðir í Afganistan og Írak eins og við höfum gert.

Hæstv. forseti. Ég lýsi eindregnum stuðningi við þingmálið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, fyrri umr.*

Þáltill. HBl og ArnbS, 36. mál. — Þskj. 36.

[17:54]

**Flm. (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Tillaga samhljóða þessari var flutt á 128. löggjafarþingi og er nú endurflutt. Tillagan fékkst þá ekki rædd. Ástæðan fyrir því að tillagan er flutt er hin veika staða byggðar í Norðurþingi, hinni gömlu Norður-Þingeyjarsýslu, eins og sést m.a. af því að nú eru ekki nema

kannski rétt um 230 manns búsettir á Raufarhöfn, en fyrir tæpum áratug bjuggu þar yfir 400 manns, 150 manns hygg ég að búi á Kópaskeri eða eitthvað þvíumlíkt. Má raunar segja að öll byggðin frá Kópaskeri til Vopnafjarðar hafi átt undir högg að sækja, m.a. vegna þess að vegir hafa ekki verið byggðir upp á því svæði og samgöngur af þeim sökum ekki í nógu góðu horfi.

Ég geri mér vonir um að úr því verði bætt með þeirri samgönguáætlun sem vonandi verður lögð fram í næstu viku. Ég hef lagt áherslu á það við hæstv. samgönguráðherra að óhjákvæmilegt sé að horfa til norðausturhornsins. Ég var þeirrar skoðunar þegar ég var samgönguráðherra að skynsamlegt væri að reyna byggja þetta hvort tveggja upp saman, Vestfirðina og norðausturhornið, þannig að allir þéttbýlisstaðir væru í góðu vegasambandi við hringveginn. Ég var þá ekki svo bjartsýnn að ég væri að hugsa um hringveg um Vestfirði né hringveg um Vopnafjörð, Kópasker, Húsavík, og svo aftur Hólsfjöll.

Ég gerði mér nú ekki vonir um að því yrði lokið um þetta leyti, á árinu 2007 eða 2008, en ég hafði gert mér vonir um að hægt væri að tengja þá staði við hringveginn að *minnsta kosti, þó ekki hefði tekist að byggja upp veginn* milli Vopnafjarðar og Þórshafnar. En það kemur nú í ljós hvort þau orð mín hafa haft áhrif eða ekki, sem ég hef sagt við hæstv. samgönguráðherra af þessu tilefni.

Þessi tillögugrein hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á því hvernig unnt sé að byggja upp ferðaþjónustu á Melrakkasléttu. Einkum skal horft til náttúru svæðisins, sögustaða og hlunninda og hvernig megi vekja athygli á Melrakkasléttu sem vænlegum kosti fyrir ferðamenn.

*Til að fylgja verkefninu eftir er samgönguráðherra, í* samvinnu við landbúnaðarráðherra og ráðherra byggðamála, falið að skipa nefnd sérfróðra manna og heimamanna sem skili áfangaskýrslu fyrir árslok 2007 og endanlegum tillögum eigi síðar en ári síðar. Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur af viðkomandi ráðuneytum.

Þá skal ráðinn starfsmaður sem vinni með nefndinni og skal hann hafa aðsetur nyrðra, við Öxarfjörð eða á Raufarhöfn. Kostnaður af störfum hans skal greiddur af Byggðastofnun."

Á síðustu árum, herra forseti, hafa aðstæður breyst að því leyti að ég hygg að segja megi að akfært sé orðið út á Font á Langanesi þannig að ég tel eðlilegt og vil beina því til þeirrar nefndar sem fær málið til meðferðar að orðalagi þessarar tillögugreinar verði breytt á þann veg að hún taki til allrar Norður-Þingeyjarsýslu.

Ég vil einnig leggja áherslu á að gert hafði verið ráð fyrir að hægt yrði að byggja upp veg frá hringvegi niður að Dettifossi. Við höfðum gert okkur vonir um að sá vegur yrði boðinn út fyrir einu og hálfu ári. En þar sem Umhverfisstofnun gerði sérstaklega athugasemdir við það vegarstæði, sem þó var ákveðið í náinni samvinnu við Umhverfisstofnun, hefur málið tafist, þó svo að Mývatnssveit, sveitarfélagið, hafi gefið út framkvæmdarleyfi.

Það er auðvitað hörmulegt þegar opinberar stofnanir takast á með þessum hætti. Það er hörmulegt ef Vegagerðin reynir að vinna í sátt við Umhverfisstofnun og hafa hana með í ráðum, að þá skuli ekki vera unnt að komast að niðurstöðu sem Umhverfisstofnun eftir á getur sætt sig við. *Þetta er auðvitað mjög til varnaðar og satt að segja ekki* uppörvandi fyrir þá sem eru að reyna að vinna að því að bæta samgöngur víðs vegar um landið.

Góður vegur um öræfin er nauðsynlegur til að fólk geti kynnst þeim og líka til þess að menn séu ekki að fara ótal vegslóða og búa til vegslóða og þar fram eftir götunum, skemma þannig náttúru landsins, eins og reynslan sýnir að gert er þar sem vegleysur eru.

Þetta er nú útúrdúr en tengist þessari tillögu að því leyti að með því að góður vegur verði lagður frá hringvegi niður *að Ásbyrgi opnast enn möguleiki fyrir Norður-Þing*eyjarsýslu til að láta til sín taka og jafnframt eru það mjög góðar fréttir að á föstudag var stofnað félag til að reisa hótel við Ásbyrgi, sem sveitarfélög, búnaðarfélög og einstaklingar standa að. Er vonandi að sú framkvæmd verði til þess að Alþingi og samgönguyfirvöld líti sérstaklega til þess að flýta veginum frá Kelduhverfi upp að Dettifossi. Ég vil satt að segja treysta því að svo verði.

Í greinargerð með tillögunni er lýst náttúrugæðum á Melrakkasléttu. Ég skal ekki eyða tímanum, hæstv. forseti, *í að rifja það upp. Ég vil aðeins leggja áherslu á að* Raufarhafnarbúar hafa hafist handa við að reisa svokallað heimskautsgerði. Það er sólarklukka og hún er þannig staðsett að víðsýni er mjög mikið og t.d. má sjá miðnætursólina í þrjár vikur í gegnum þrjú hlið sem eru á sólarklukkunni. Hugmyndafræðin á bak við þetta heimskautagerði tengist Snorra-Eddu og Völuspá. Hverjum dverg eru gefnir fimm dagar á árinu. Dvergarnir tengjast árstíðum og hafa hlutverk sem aftur tengist gróðri, matseld, búskap og öðru sem fyrir ber í mannlegu samfélagi.

*Ég vil að síðustu aðeins minna á að* Melrakkaslétta er mikil náttúruparadís. Á góðum degi greinast þar á milli 70–80 tegundir af fuglum og hefur farið upp í 84 fugla. Um tveggja ára skeið fyrir nokkrum árum sást þar snæuglupar nokkrum sinnum suður af Arnarvötnum þótt hreiðrið hafi ekki fundist. En ævinlega á hverju ári sjá menn og verða varir við staka fugla. Við Núpskötlu og Oddsstaði eru mófuglar og hvergi í veröldinni er þéttara rjúpnavarp en þar. Við Rauðanúp eru allir bjargfuglar hér á landi, meira að segja súla sem sömuleiðis verpir á Langanesi og eru það einu staðirnir á fastalandinu þar sem súlan verpir.

Lón og vötn eru mjög fjölskrúðug, góð silungsveiði og andavarp. Það hefur vakið athygli og eru góðar fréttir að á síðustu árum er flórgoðinn snúinn til baka og fjölgar ört. Grágæsavarp er mikið og vaxandi á Sléttu. Ferðaþjónustuaðilar vilja nú beita sér fyrir því að notkun vélknúinna tækja verði bönnuð á Sléttunni, hvort sem við ræðum um vélhjól, fjórhjól, jeppa eða báta fram yfir það sem tengist venjulegum búskaparháttum þess fólks sem þar lifir af náttúru landsins.

Það er mjög til hróss fyrir landeigendur á Sléttu að þeir leyfa ekki andaveiðar í sínu landi og er það til fyrirmyndar og eftirbreytni. Ferðaþjónustuaðilar leggja áherslu á að búa sem best skilyrði fyrir fuglaskoðun. Þeir hafa gefið út bæklinga um þau efni og verið er að undirbúa byggingu skýla fyrir þá sem vilja fylgjast með fuglalífi. Sléttan er með öðrum orðum dýrmætt friðland. Ferðamönnum fer fjölgandi ár frá ári. Vegasamband er að verða gott til Norður-

Þingeyjarsýslu. Vonandi verður hægt að bjóða út veginn um Hófaskarð á næstu vikum.

Ég vil svo að síðustu segja að við eigum að líta til með því fólki sem þar lifir við erfið og þröng skilyrði, koma til móts við það og létta því róðurinn. Þetta fólk er ekki að biðja um ölmusu, einungis að hafa sömu skilyrði og aðrir landsmenn til þess að byggja upp atvinnutækifæri fyrir sig og sína, og í þessu tilfelli legg ég áherslu á ferðaþjónustuna.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og samgöngunefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:06.

# 61. FUNDUR

mánudaginn 29. jan.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, stjfrv., 431. mál, þskj. 519. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Æskulýðslög, stjfrv., 409. mál, þskj. 460. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Námsgögn, stjfrv., 511. mál, þskj. 772. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Heildarstefnumótun í málefnum útlendinga og innflytjenda, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, þáltill., 36. mál, þskj. 36. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Fátækt barna og hagur þeirra, skýrsla, 184. mál, þskj. 613. — Ein umr.
9. Vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar, stjfrv., 415. mál, þskj. 472. — 1. umr.
10. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 387. mál, þskj. 429. — 1. umr.
11. Verslunaratvinna, stjfrv., 414. mál, þskj. 471. — 1. umr.
12. Hlutafélög o.fl., stjfrv., 516. mál, þskj. 779. — 1. umr.
13. Samkeppnislög, stjfrv., 522. mál, þskj. 788. — 1. umr.
14. Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, stjfrv., 523. mál, þskj. 789. — 1. umr.
15. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 515. mál, þskj. 778. — 1. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 6. þm. Suðvest.

[15:01]

**Útbýting:**

Endursala viðskiptabanka á eignum sem þeir hafa leyst til sín við nauðungarsölu, 410. mál, svar viðskrh., þskj. 785.

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, 469. mál, svar félmrh., þskj. 782.

Líf- og sjúkdómatryggingar, 260. mál, svar viðskrh., þskj. 786.

Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, 531. mál, frv. RG o.fl., þskj. 800.

Siglingavernd, 238. mál, nál. samgn., þskj. 794; brtt. samgn., þskj. 795.

Sveði sem notuð hafa verið til skot- og sprengjuæfinga, 425. mál, svar utanrrh., þskj. 770.

Tæknifrjóvgun, 530. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 799.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Landsþing Frjálslynda flokksins og stefna í innflytjendamálum.

[15:02]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Um liðna helgi var haldið landsþing Frjálslynda flokksins. Það var einkum tvennt sem vakti þar athygli. Í fyrsta lagi sú algera ringulreið sem ríkti í kringum kosningar á þinginu þar sem menn gátu kosið án þess að skrá sig í flokkinn, þurftu ekki að gera grein fyrir sér eða framvísa skilríkjum, sumir eru sagðir hafa kosið oftar en einu sinni auk þess sem kjörkassar týndust. Í raun og veru var þetta landsþing Frjálslynda flokksins skrumskæling lýðræðisins og Frjálslyndi flokkurinn er ekki búinn að bíta úr nálinni með það eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Það er furðulegt að menn sem ráða ekki betur við stjórn eigin mála skuli láta sér detta í hug að þeim sé treystandi fyrir stjórn landsins. Menn sem ráða ekki við einn kjörkassa ráða örugglega ekki við ríkiskassann.

Til þessa hefur Frjálslyndi flokkurinn talað um tvö mál, annars vegar Framsóknarflokkinn og hins vegar sjávarútvegsmál. Nú talar Frjálslyndi flokkurinn eingöngu um Framsóknarflokkinn og málefni útlendinga. Það er sök sér með Framsóknarflokkinn en mér hugnast illa þau sjónarmið og þær áherslur sem Frjálslyndi flokkurinn ætlar að leggja í málefnum útlendinga í komandi kosningabaráttu. Með því að daðra við útlendingahatur, m.a. á grundvelli sjúkdóma eða sakaferils manna, er verið að færa stjórnmálaumræður á Íslandi niður á lægra plan en áður hefur þekkst og ég vil biðja ágætan formann Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, í fullri einlægni að feta ekki frekar þennan veg og leggja ekki upp í þessa feigðarför.

Hæstv. forseti. Mikið hefur verið gert úr mögulegu samstarfi stjórnarandstöðuflokkanna eftir kosningar þótt það hafi verið brösótt fram til þessa á þinginu. Þess vegna verða Samfylkingin og Vinstri grænir að svara því afdráttarlaust hvort þau styðji þessa stefnu Frjálslynda flokksins í útlendingamálum.

[15:05]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Mikið er gleðilegt, hæstv. forseti, þegar prestssonurinn kemur með þá andakt inn í þingsalinn sem hann hóf í þessari umræðu. Við fögnum því auðvitað í Frjálslynda flokknum þegar mönnum tekst vel upp á mánu-

dagsmorgni að hefja verklag sitt og ræða um Frjálslynda flokkinn. Það er mjög ánægjulegt þegar við erum í umræðunni, hv. þingmaður og virðulegi forseti, ég gleðst yfir því enda höfum við ekkert að fela í starfsemi okkar. Þetta er lýðræðislegur og opinn flokkur og þess vegna höfum við m.a. valið að hafa landsþing okkar opin allt þar til kemur að kosningu. (**GÓJ:** Og fram yfir það.) Og fram yfir það ef menn eru mættir inn fyrir dyrnar. Það er ekki neitað að tékka þá inn sem inn eru komnir. Þannig er það, hæstv. forseti, og það er von að hv. þingmanni Framsóknarflokksins finnist þetta undarleg vinnubrögð, að reyna að viðhafa lýðræði og leyfa fólki að taka þátt í landsþingsstarfi.

Hv. þingmaður vék að því að kjörkassi hefði týnst. Það vildi einfaldlega svo til að í lokuðu talningarherbergi talningarmanna var einn kassi undir borði talningarmanna sem þeir gleymdu að gá að. Hann var ekki týndur, hann var bara inni í herberginu og þeir gleymdu einfaldlega að fara í gegnum kassann. Það breytti örlitlu um niðurstöðuna, þ.e. það varð aðeins lengra á milli frambjóðenda til varaformanns en áður hafði verið en breytti í engu niðurstöðunni. *Öll kjörgögn voru talin, virðulegi þingmaður, þú þarft ekki* að hafa áhyggjur af því. Ég vona að þér líði vel í framtíðinni. Ég ætla að afhenda þér hérna málefnahandbók Frjálslynda flokksins svo að þú megir öðlast ró.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti minnir á þá reglu þingskapa að þingmenn skuli ávarpa forseta úr ræðustóli en ekki aðra þingmenn.)

[15:07]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson þarf ekki að fara villur neins vegar að því er varðar stefnu Samfylkingarinnar í innflytjendamálum. Stefna Samfylkingarinnar var lögð fram í formi þingsályktunartillögu fyrir örfáum dögum. Áhugi framsóknarmanna á því máli og stefnu Samfylkingarinnar í málaflokknum var ekki meiri en svo að nákvæmlega enginn þingmaður Framsóknarflokksins var viðstaddur. Þó hafði verið farið sérstaklega fram á það af flutningsmanni, hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur, að hæstv. félagsmálaráðherra Magnús Stefánsson yrði hér. En Framsóknarflokkurinn sýndi málaflokknum svo litla virðingu og svo lítinn áhuga að þegar stjórnmálaflokkur leggur fram stefnu sína um þetta skilar Framsóknarflokkurinn auðu, hann segir pass. Hann hopar af hólmi og lætur ekki sjá sig.

Frú forseti. Ég vil hins vegar taka af allan vafa í þessu máli. Ég kom hér upp í síðustu viku og fagnaði því að hæstv. félagsmálaráðherra hafði þá um morguninn fengið samþykkta stefnu í innflytjendamálum. Það tók tímann sinn, tvö ár, að ná því fram. Áhugi ríkisstjórnarinnar á málaflokknum var ekki meiri en svo. Samfylkingin fór fram á það að það mál yrði tekið til umræðu í þingsölum. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir óskaði eftir því að ríkisstjórnin legði þetta fram sem sérstakt þingmál til þess að hægt væri að rökræða stefnuna. En Framsóknarflokkinn færðist undan því. Svo kemur hann hingað og rukkar Samfylkinguna um stefnu hennar í innflytjendamálum.

Herra trúr, herra forseti. Við höfum beinlínis óskað eftir því að fá að ræða málið í þingsölum þannig að hv. þingmaður ætti ekki að koma hér og leika hlutverk frægustu persónu í leikritum Shakespeares, hirðfíflið, og láta svona. (Gripið fram í.)

[15:09]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Herra forseti. Já, það urðu ýmis pólitísk tíðindi um helgina en það voru einkum ein þeirra sem ollu mér, og ég held örugglega fleirum, áhyggjum og hreinlega depurð. Frjálslyndi flokkurinn hefur undanfarnar vikur og mánuði daðrað við stefnu í málefnum innflytjenda sem við höfum sem betur fer hingað til borið gæfu til að vera að mestu laus við í íslenskum stjórnmálum, stefnu sem elur á tortryggni og andúð í garð þess harðduglega fólks sem hingað kemur og leggur okkur lið í íslensku samfélagi.

Við eigum alls ekki að forðast þessa umræðu um málefni innflytjenda og hvernig við getum staðið vel að aðlögun þeirra. Þvert á móti og einmitt í þeim tilgangi hefur ríkisstjórnin nú samþykkt stefnumótun sína um aðlögun innflytjenda, stefnu sem unnin var af innflytjendaráði og verður að sjálfsögðu rædd á vettvangi þingsins og í þeim eðlilega farvegi sem mér finnst að hún eigi að fara. Ég hef viljað kalla orðræðu frjálslyndra daður við fyrrnefnda stefnu og það vakti mikla andstöðu og umræður hreinlega í samfélaginu þegar hún kom fyrst upp. (Gripið fram í.)

Nú um helgina flutti formaður, ef ég fæ að halda áfram, Frjálslynda flokksins stefnuræðu sína fyrir komandi kosningar og þar með varð það opinbert, frjálslyndir ætla í komandi kosningum að keyra á tortryggni í garð útlendinga. Við þetta vakna auðvitað ýmsar spurningar: Ætla hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, hinna flokkanna t.d., að leiða hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og félaga til áhrifa eins og þeir vilja og kom skýrt fram í ræðu hans um helgina? Þar sagði hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson: Við viljum ná þeirri stöðu eftir næstu kosningar að eiga aðild að ríkisstjórn. Við viljum komast í þá stöðu að hafa áhrif og völd til að koma okkar áherslum að í stjórn landsins og löggjöf.

Það er ekki gæfuspor fyrir íslenska þjóð að ala á ótta og andúð í garð þeirra innflytjenda sem hingað sækja. Meðal annars fyrrverandi ritari flokksins og einn af ötulustu talsmönnum hans hefur sagt að stefna flokksins geri flokkinn holdsveikan í stjórnarsamstarfi. (Forseti hringir.) Ábyrgð þeirra sem leiða slíka aðila að (Forseti hringir.) stjórnarsamstarfi er mikil.

(**Forseti** (BÁ)**:** Ræðumenn eru áminntir um að virða þann stutta tíma sem gefinn er í þessari umræðu.)

[15:11]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson bar upp mjög eðlilegar spurningar til hv. formanns Frjálslynda flokksins og komu frá honum svör við sumum þeirra, m.a. að eftir mikla leit hefði fundist kjörkassi (Gripið fram í.) og það veldur okkur meiri ró að vita að menn höfðu þó leitað að kjörkössum og fundið. Hins vegar vakti athygli mína að við spurningu hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar um það hvort formaður Frjálslynda flokksins styddi það rasistadekur sem hér hefur verið gert að umtalsefni varð fátt um svör. *Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson svaraði engu um það.* Hins vegar kom hv. þm. Össur Skarphéðinsson hér upp og

svaraði fyrir stefnu Samfylkingarinnar sem mér heyrist ekkert vera svo fjarri stefnu ríkisstjórnarflokkanna hvað varðar málefni innflytjenda. Eftir stendur eigi að síður sú spurning sem ég bið hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sem ég met auðvitað mikils, formann Frjálslynda flokksins, að svara: Stendur hann að baki því sem kallað hefur verið rasistadekur í röðum Frjálslynda flokksins? Við hljótum líka að kalla eftir svörum frá kaffibandalaginu sem svo hefur verið kallað, þ.e. fulltrúum annarra stjórnarandstöðuflokka um hvort þeir standi að baki þeirri stefnu sem frjálslyndir hafa boðað í málefnum innflytjenda.

[15:13]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það er margt sem þokan hylur, þar á meðal er kjörkassi Frjálslynda flokksins og þar á meðal er það hvernig 2.000 undirskriftir verða að 1.432 atkvæðum þannig að við skulum bara fara í sameiginlega rannsóknarferð um þessi svæði til að kanna það.

Það er athyglisvert að talsmenn Framsóknarflokksins í þessari umræðu hafa einbeitt sér að árásum á Frjálslynda flokkinn og notað hann sem eins konar billjardkúlu til að ráðast á stjórnarandstöðuna í heild. Þeir hafa hins vegar ekkert rætt um eigin stefnu, ekkert rætt um þá glæsilegu stefnu sem Magnús Stefánsson kynnti í síðustu viku utan þingsala. Það er kannski eðlilegt því að sú stefna er fyrst og fremst fögur orð þegar farið er í hana, hvert orðið öðru fegurra. Við þau fögru orð eru ekki fest nein fyrirheit, engin framkvæmdaáætlun, engir peningar nema þær 100 millj. sem hæstv. menntamálaráðherra, sem er ekki í salnum af einhverjum ástæðum, (Gripið fram í.) kastaði fram sem viðbragði einmitt við innflytjendaumræðu hér fyrr í vetur. Það er í raun og veru ekki neitt sem ríkisstjórnin hefur sett fram í stefnu sinni um innflytjendamál, ekki nokkur skapaður hlutur nema fögur orð. En ríkisstjórnarinnar er einmitt það að festa þau fögru orð niður með framkvæmdaáætlun og með fjármunum. Fyrir vanrækslu sína í innflytjendamálunum þau ár sem kjörtímabilið hefur staðið og í raun og veru lengur hefur ríkisstjórnin gefið færi á skoðunum af því tagi sem þingmenn Framsóknarflokksins eru að gagnrýna. Það er þeirra að taka ábyrgð á því hvernig út af fyrir sig skiljanlegar og eðlilegar skoðanir í samfélaginu beinast í þann farveg sem þeir eru hér að gagnrýna. (Gripið fram í.)

[15:15]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Í fyrri ræðu minni innti ég eftir því hvort hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar ætluðu að styðja útlendingastefnu Frjálslynda flokksins í samstarfi stjórnarandstöðuflokkanna sem svo oft hefur verið talað um og menn gumað af. Hér hefur komið upp hver þingmaðurinn á fætur öðrum úr röðum stjórnarandstöðunnar en enginn, hæstv. forseti, hefur svarað þessari spurningu. Það liggur ekkert fyrir um það.

Það getur vel verið að Samfylkingin hafi góða stefnu í málefnum innflytjenda og málefnum útlendinga en það svarar ekki spurningunni hvort flokkurinn ætli að varpa þeirri stefnu fyrir róða til að leiða Frjálslynda flokkinn til valda í málefnum útlendinga.

Það hefði auðvitað verið sérstök ástæða til að ræða um þau ummæli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar, um að flokkurinn væri of pólitískur. Þess vegna væri fylgi hans svo lítið. Ég er hins vegar maður góðhjartaður og vorkenni hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur eftir Keflavíkurklúðrið víðfræga þar sem því var lýst yfir að almenningur treysti ekki þingmönnum Samfylkingarinnar, og það réttilega. Það er í sjálfu sér ástæðulaust að ræða það frekar, hæstv. forseti, hinn alræmdi guðfaðir Samfylkingarinnar, Jón Baldvin Hannibalsson, hefur þegar kveðið upp dauðadóminn yfir Samfylkingunni. Hann hefur sjálfur skrifað dánarvottorðið þannig að það er ástæðulaust að ræða frekar um Samfylkinguna í þessum efnum.

[15:17]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er svolítið tæpt að hafa tvær mínútur til að gera grein fyrir stefnu Frjálslynda flokksins í innflytjendamálum. Ég skal þó reyna að tæpa á því sem var samþykkt á landsþingi okkar um helgina, okkar geysilega fjölmenna landsþingi sem við vorum afar ánægð með og tókst að framkvæma þótt þangað kæmu reyndar 300 fleiri en okkur björtustu vonir gerðu ráð fyrir. Það er von að framsóknarmönnum svíði það. Í þeim röðum (Gripið fram í.) voru líka fyrrverandi framsóknarmenn sem þú ættir kannski aðeins að eiga orðastað við, hv. þingmaður.

Hér segir, með leyfi forseta, í ályktun frá landsþinginu:

„Frjálslyndi flokkurinn metur mikils vinnuframlag erlends fólks við uppbyggingarstarf í íslensku samfélagi síðustu missirin. Margt af þessu fólki mun dvelja hér langdvölum og ber samfélaginu skylda til að veita því stuðning og hjálp til að aðlagast íslensku samfélagi, m.a. með íslenskukennslu. Frjálslyndi flokkurinn telur afar nauðsynlegt að stjórnvöld hafi fullt eftirlit með komu erlends verkafólks inn á vinnumarkaðinn og tryggi að réttur þess sé virtur og aðbúnaður mannsæmandi. Flokkurinn telur að fólk sem hingað kemur eigi að geta notað sína menntun og fagþekkingu á innlendum vinnumarkaði, enda sé fullgildum skírteinum framvísað. Frjálslyndi flokkurinn mun beita sér fyrir því að undanþága sú sem samið var um í EES-samningnum varðandi innflutning verkafólks frá aðildarríkjum EES verði nýtt og innflutningur takmarkaður í samræmi við ákvörðun íslenskra stjórnvalda hverju sinni.

Yfirvöld verða á öllum tímum að hafa stjórn á því hverjir og hvað margir innflytjendur koma til landsins. Frjálslyndi flokkurinn varaði á Alþingi við afleiðingum þess að nýta ekki undanþáguákvæði um frjálst streymi fólks frá nýjum aðildarlöndum Evrópusambandsins til landsins. Ríkisstjórnin neitaði að hlusta á þau varnaðarorð sem þingmenn Frjálslynda flokksins höfðu uppi, auk þess sem ríkisstjórnin vanrækti að marka stefnu í málefnum innflytjenda.

Íslenskt þjóðfélag er að breytast í fjölmenningarþjóðfélag og er afar mikilvægt að nýir borgarar samlagist samfélaginu og kynnist menningu þjóðar og tungu."

Hæstv. forseti. (Forseti hringir.) Ég vona að þér sé nú rórra. (Forseti hringir.) hv. þingmaður.

[15:19]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég tel að það eigi að reyna að skapa breiða samstöðu um málefni innflytjenda hér á Alþingi Íslendinga og ég lýsi því alveg óhikað yfir að ég er sammála þeim skrefum sem ríkisstjórn Íslands hefur tekið í þessum efnum, svo langt sem þau ná. Ég hefði hins vegar viljað ganga lengra í sumum efnum og sérstaklega hefði ég viljað láta fylgja meira fjármagn til þeirra ágætu aðgerða sem boðaðar voru af hálfu ríkisstjórnarinnar hér í síðustu viku. Það er svo gott svo langt sem það nær en við viljum ganga lengra.

Við áttum alveg prýðilegar umræður um málefni innflytjenda undir umræðu um veitingu ríkisborgararéttar í síðustu viku, ég, þingmenn Samfylkingarinnar og hæstv. dómsmálaráðherra. Framsóknarflokkurinn, hvar var hann? Hann skilaði auðu, það heyrðist ekkert frá honum. (Gripið fram í.)

Nú er það svo, herra forseti, að jafnvel þó að ég hafi nokkra þjálfun í því að rýna í kristalskúlu og spá í framtíðina er ekkert hægt að segja til um það með hvaða hætti ríkisstjórn verður mynduð. Ég er algjörlega á móti stefnu Framsóknarflokksins að því er Írak varðar svo og kvótastefnu flokksins. Ég er algjörlega á móti skattstefnu Sjálfstæðisflokksins, en ég gæti ekki lofað hv. þingmanni því hér að sú stæði kæmi ekki upp að hugsanlega yrði til við einhverjar aðstæður ríkisstjórn þessara flokka og einhverra flokka stjórnarandstöðunnar.

Má ég rifja það upp af því að Sjálfstæðisflokkurinn er fjarverandi úr þessari umræðu að það hefur bókstaflega verið kallað eftir því af málgagni Sjálfstæðisflokksins aftur og aftur í vetur, í ritstjórnargreinum Morgunblaðsins, að Frjálslynda flokknum verði kippt upp í sæng ríkisstjórnarinnar til að bjarga því sem bjargað verður? Mogginn sér það sem er tilefni þessarar umræðu að ríkisstjórnarflokkarnir sjá auðvitað fram á tap, þeir vita (Forseti hringir.) að stjórnarandstaðan er að sigla fram úr þeim.

[15:22]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki að undra þó að Framsóknarflokknum sé órótt þessa dagana. Eins og bent hefur verið á hefur gengi hans í skoðanakönnunum verið afar slakt og það er alveg eðlilegt að hv. þingmenn Framsóknarflokksins vilji beina athygli manna að einhverju öðru en nákvæmlega því.

Innflytjendastefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er afar skýr. Fyrir henni hefur verið talað í fjölda frumvarpa sem við höfum lagt fram á Alþingi Íslendinga, við höfum tekið þátt í þeim umræðum sem hér hafa verið síðustu daga, við höfum fagnað innflytjendastefnu ríkisstjórnarinnar og tekið henni afar vel. Við höfum engu að síður haft viðlíka sjónarmið og hv. 1. þm. Reykv. n. hafði hér áðan, við höfum gagnrýnt það að menn setji fram stefnu af þessu tagi án nokkurra annarra fyrirheita og án þess að íhuga í sjálfu sér hvað þeir eru að skuldbinda. Eru þeir ekki að skuldbinda næstu ríkisstjórn?

Mér segir svo hugur um, og mér sýnist kjósendur vera mér nokkuð sammála, að ekki sé mjög mikil eftirsókn eftir því að í þeirri ríkisstjórn verði Framsóknarflokkurinn þátttakandi. Mér sýnist vera meiri eftirspurn eftir því hjá kjósendum, ef lesa má rétt úr skoðanakönnunum, að fá nýtt fólk til liðs. Þess vegna höfum við, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, gefið út þá hreinu og tæru yfirlýsingu að ef ríkisstjórnarflokkarnir ná ekki meiri hluta á Alþingi er það bara svo að ríkisstjórnin er fallin. Hver hefur þá fellt þessa ríkisstjórn? Það er stjórnarandstaðan á Alþingi sem hefur þá fellt ríkisstjórnina.

Hvað síðan verður um ríkisstjórnarmyndun veit ég það eitt að hún fer ekki fram í sölum Alþingis örfáum vikum fyrir kosningar þó að hnén skjálfi á hv. framsóknarþingmönnum. Þau mál verða leidd til lykta annars staðar. (Gripið fram í.)

## *Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 519.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁÓÁ, BÁ, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÖg, HÞ, HHj, HjÁ, JóhS, JGunn, KF, KJúl, KolH, KHG, MF, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (LRM) greiddi ekki atkv.

28 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EMS, GÁ, GÖrl, HBl, ISG, JÁ, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, RG, SAÞ, SP, SJS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

## *Æskulýðslög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 409. mál (heildarlög). — Þskj. 460.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

## *Námsgögn, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 511. mál (heildarlög). — Þskj. 772.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Heildarstefnumótun í málefnum útlendinga og innflytjenda, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GÖg o.fl., 48. mál. — Þskj. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

***Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJS o.fl., 65. mál. — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, frh. fyrri umr.***

Þáltill. JónK o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HBl og ArnbS, 36. mál. — Þskj. 36.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Fátækt barna og hagur þeirra, ein umr.***

Skýrsla forsrh., 184. mál. — Þskj. 613.

[15:28]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er á milli þingflokkanna um skiptingu ræðutíma í umræðunni. Forsætisráðherra hefur 12 mínútur og talsmenn annarra flokka 8 mínútur í 1. umferð. Í 2. og 3. umferð hafa ræðumenn 4 mínútur. Í lok umræðunnar hefur skýrslubeiðandi 2 mínútur og forsætisráðherra 4 mínútur. Flokkunum er heimilt að skipta tímanum á milli ræðumanna eða flytja hann á milli umferða.

Röð flokkanna er þessi: Sjálfstæðisflokkur, Samfylkingin, Vinstri grænir, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn.

[15:29]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Skömmu fyrir jólaleyfi Alþingis var útbýtt í þinginu skýrslu forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra samkvæmt beiðni nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar. Þá skýrslu er að finna á þskj. 613 og ég hyggst nú í stuttu máli gera nokkra grein fyrir efni hennar.

Ég vil fyrst segja nokkur orð um viðfangsefnið sem slíkt. Fyrir liggur að skilgreining á fátækt og samanburður milli landa er ekki einfalt útreikningsdæmi. Það sem telst fátækt í einu landi kann að vera metið með allt öðrum hætti í öðru landi. Í skýrslunni er notast við aðferðafræði OECD sem reiknar svokölluð fátæktarmörk út sem tiltekið hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna. Það eru til fleiri aðferðir til þess að meta fátækt, þetta er ein aðferð af nokkrum og á henni eru bæði kostir og gallar eins og gengur.

Aðferðin felur það í sér að aukin velmegun einnar þjóðar umfram aðra á tilteknu árabili skilar sér ekki endilega í minni hlutfallslegri fátækt því fátæktarmörkin svokölluðu hækka í takt við auknar tekjur. Með þeirri aðferðafræði verður niðurstaðan alltaf sú að einhverjir munu teljast fátækir alveg sama hvernig haldið er á málefnum viðkomandi lands. Svo dæmi sé tekið af Íslandi leiðir mikil hækkun tekna og kaupmáttaraukning undanfarin ár til þess að fátæktarmörkin svokölluðu hækka um nálægt 50% að raunvirði milli áranna 1994 og 2004 eða um svipað og kaupmáttur heimilanna almennt. Þetta er mun meiri hækkun en í flestum ríkjum OECD á sama tíma bæði hvað varðar kaupmátt og hin svokölluðu fátæktarmörk. Af þessu leiðir að ráðstöfunartekjur þeirra sem flokkast fátækir samkvæmt þessari skilgreiningu eru miklu hærri í dag en ráðstöfunartekjur þeirra sem töldust fátækir hér á landi fyrir tíu árum. Hins vegar telst hlutfallsleg fátækt vera nánast óbreytt hér á landi á þessu árabili.

Á þessari aðferðafræði má enn fremur nefna þann annmarka að fátækt er mæld í einum tímapunkti sem gerir það að verkum að einhverjir ábyrgðarmanna barna sem hafa litlar tekjur á þeim tiltekna tímapunkti teljast fátækir og ekki er þar af leiðandi tekið tillit til þess hvernig tekjur þeirra og aðstæður breytast yfir tíma. Slíkir aðilar geta verið nýkomnir inn á vinnumarkað eða geta hafa lent í tímabundnum áföllum. Mæling á fjárhagsstöðu á tilteknum tímapunkti gefur því rangar upplýsingar um raunverulega fátækt til lengri tíma og mælir hana meiri en hún er í raun og veru. Þess vegna er nauðsynlegt og mikilvægt að menn hafi þessa fyrirvara í huga þegar skýrslan er lesin og fari varlega í að túlka þær niðurstöður sem þar birtast sem endanlegan sannleika. Nærtækara er að líta á niðurstöður skýrslunnar sem ákveðnar vísbendingar um stöðuna hér á landi í samanburði við önnur lönd.

Lítum þá á helstu niðurstöður skýrslunnar. Meginniðurstaðan í skýrslunni, sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi, er að Ísland sé í hópi þeirra OECD-ríkja þar sem fátækt barna mælist hvað minnst. Þetta er í senn athyglisverð og mjög jákvæð niðurstaða sem kemur okkur þó væntanlega ekki á óvart. Sama gildir um aðra mikilvæga niðurstöðu sem er sú að hlutfallsleg fátækt hefur ekki aukist hér á landi á þessu tímabili öfugt við það sem víða hefur gerst í OECD-ríkjunum.

Á árinu 2004 töldust 6,6% íslenskra barna hafa búið við fátækt sem er nær helmingi lægra en að meðaltali í OECD-ríkjunum. Ef tekið er tillit til námslána frá Lánasjóði íslenskra námsmanna lækkar hlutfallið í 6,3%. Meðlagsgreiðslur til einstæðra foreldra lækka þetta hlutfall enn frekar þannig að ætla má að rétt um 6% íslenskra barna teljist búa við fátækt miðað við þennan mælikvarða. Þessi tala ein og sér segir hins vegar langt í frá alla söguna heldur er nauðsynlegt að greina stöðuna betur og skoða hvaða aðstæður og ástæður búa að baki.

Veigamestu skýringar á fátækt barna eru aldur foreldra þeirra, hjúskaparstaða sem og tímabundnar aðstæður foreldranna. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar virðist sem fátækt sé mjög tímabundið hlutskipti hjá flestum, sem betur fer, og sérstök athugun leiddi í ljós að 3/4 þeirra fjölskyldna sem töldust fátækar hér á landi árið 2000 voru það ekki lengur árið 2004. Hér virðist því að miklu leyti vera um tímabundið ástand að ræða sem er enn frekari staðfesting á því hve íslenskt efnahagslíf er sveigjanlegt og hversu það virðist vera Íslendingum í blóð borið að bæta sína stöðu eftir því sem tíminn líður.

Það er líka nauðsynlegt að skoða aldursskiptingu foreldra barna. Samkvæmt skýrslunni virðist sem fátækt mælist mest hjá ungu fólki, einkum einstæðum foreldrum á aldrinum 16 ára til tvítugs. Þannig mælist hlutfall fátækra barnafjölskyldna af öllum barnafjölskyldum nálægt 2/3 hjá foreldrum innan við tvítugt. Hins vegar er fjöldi barna ekki mikill á þessu árabili þar sem innan við 200 börn bjuggu við þessar aðstæður árið 2004. Hlutfall fátækra barnafjölskyldna lækkar síðan mjög hratt eftir því sem foreldrar verða eldri og er nálægt meðaltali þegar foreldrar eru um þrítugt. Hjá foreldrum eldri en 30 ára mælist síðan um og innan við 4% barna í fátækt.

Þá er nauðsynlegt að hafa í huga þegar þessar tölur eru skoðaðar, sem segir sig raunar nánast sjálft, að í yngsta aldurshópi foreldra er mikið um námsfólk og fólk sem býr enn í foreldrahúsum á framfæri foreldra sinna þótt hér sé um að ræða sjálfstæða framteljendur til skatts. Þetta fólk er almennt með lágar tekjur og lendir þar af leiðandi undir fátæktarmörkum. Í mörgum tilvikum gefa tekjur þessara einstaklinga hins vegar ekki rétta mynd af afkomu þeirra og barnanna. Jafnframt má ætla að þessar aðstæður geti átt við um fólk sem er komið á þrítugsaldurinn, sérstaklega námsmenn. Enn fremur þarf að hafa í huga að skattframtöl námsmanna, sem upplýsingarnar eru byggðar á, gefa í mörgum tilvikum ekki rétta mynd af ráðstöfunartekjum þeirra þar sem framfærslulán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna teljast ekki með í tekjum þeirra þar.

Eitt af því sem gæti skýrt tímabundna fátækt til viðbótar þessu er atvinnuleysi. Þetta kemur skýrt fram í skýrslunni sem sýnir að það er tvisvar sinnum algengara að fátækar barnafjölskyldur hafi fengið atvinnuleysisbætur en gildir um barnafjölskyldur í heild. Þannig höfðu um 22% fátækra barnafjölskyldna fengið atvinnuleysisbætur en einungis 10% af heildinni. Þetta er góð vísbending um mikilvægi þess að viðhalda hér stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum sem bægir frá atvinnuleysisvofunni í þeim mæli sem nokkur kostur er.

Það er hægt að mæla fátækt, herra forseti, bæði miðað við tekjur og ráðstöfunartekjur. Þá kemur í ljós hvað skatta- og bótakerfið hefur gríðarlega mikil áhrif til jöfnunar. Ef fátækt er mæld miðað við tekjur einvörðungu teljast 12,7% barna hafa búið við fátækt árið 2004 en þetta hlutfall lækkar hins vegar, eins og áður er fram komið, um nær helming eða í 6,6% fyrir áhrif skatta- og bótakerfisins fyrst og fremst vegna barna- og vaxtabóta sem eru að hluta tekjutengdar og eru hæstar hjá hinum tekjulægstu. Enn fremur fer tekjuskattur einstaklinga stighækkandi eftir tekjum, er lægstur og jafnvel enginn hjá hinum tekjulægstu en fer síðan hækkandi eins og kunnugt er.

Ég vil einnig benda á hlutverk sveitarfélaganna í málinu, sérstaklega fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sem er ætlað að koma til móts við tímabundna erfiðleika. Hún gegnir hér mikilvægu hlutverki. Þannig fékk ríflega tíunda hver fátæk barnafjölskylda fjárhagslegan stuðning frá sveitarfélagi samkvæmt skattframtölum fyrir árið 2004. Í langflestum tilvikum er fjárhagsaðstoð sveitarfélaga veitt skemur en í þrjá mánuði á ári til hvers umsækjanda sem aftur bendir til þess að yfirleitt sé um tímabundin vandamál að ræða.

Virðulegi forseti. Ég tel að skýrslan geti verið mikilvægt og þarft innlegg í umræðu um efnahags- og kjaramál hér á landi þrátt fyrir ýmsa aðferðafræðilega annmarka. Hún sýnir svo ekki verður um villst að staðan hér á landi er góð miðað við það sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur þótt vitaskuld megi gera betur. Þegar rýnt er í einstök atriði og viðbótarskýringar kemur í ljós að við stöndum jafnvel enn betur en mælingin ein og sér sýnir.

Við þurfum stöðugt að stefna að því að gera enn betur og við þurfum stöðugt að stefna að því að bæta lífskjörin hér á landi. Auðvitað á það ekki síst við um stöðu hinna lakast settu. Ég tel að við höfum verið á réttri leið hvað það varðar. Ég vil sérstaklega nefna þær breytingar sem ákveðnar voru á skattalögunum á árinu 2004 og koma til framkvæmda á árunum 2005–2007. Þær breytingar munu án nokkurs efa styrkja stöðu tekjulágs barnafólks verulega og þar með verða til þess að lækka hlutfallslega fátækt. Hér munar sérstaklega mikið um stórfellda hækkun barnabóta sem mun ekki síst koma hinum tekjulægstu til góða. Sama gildir um þá breytingu að taka upp greiðslu barnabóta til 16 og 17 ára unglinga frá og með árinu í ár. Einnig má nefna verulega hækkun skattleysismarka nú um áramótin o.fl. Þær aðgerðir leiða til þess að heildarfjárhæð barnabóta hækkar úr 5,4 milljörðum kr. árið 2004 í 8,5 milljarða á yfirstandandi ári eða um nær 60%. Líklega er þetta eitthvert stærsta skref sem stigið hefur verið til að bæta stöðu tekjulágra barnafjölskyldna.

[15:40]

***Helgi Hjörvar:***

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir hönd okkar skýrslubeiðenda, nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar, fyrir skýrsluna og framsögu fyrir henni. Ég verð þó að leiðrétta hana þegar í byrjun um það að skýrslubeiðnin hafi verið lögð fram í október árið 2005 því að hið rétta er að hún kemur fyrst fram 4. apríl 2005 og er í þrígang lögð fyrir Alþingi, þrjú þing í röð. Þrátt fyrir að skýrt kveði á um það 46. gr. laga nr. 55/1991, betur þekkt sem þingskapalög, að skila skuli skýrslum innan 10 vikna

eru trúlega liðnar yfir 80 vikur frá því að skýrslubeiðnin kom fyrst fram þar til að við getum loks rætt einhverja niðurstöðu í henni.

Það er auðvitað algerlega óviðunandi að skýrslubeiðnin hafi legið óafgreidd allan síðasta vetur í forsætisráðuneytinu og umhugsunarefni hvers vegna þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, vildi ekki leggja hana fram í þinginu ef hún er svona lofsverður dómur á stjórnarstörf. En það ber að virða hæstv. forsætisráðherra fyrir það sem hann hefur fram að færa, að frá því að hann varð forsætisráðherra hefur hann staðið við tímamörkin fyrir sitt leyti en þar sem hann er í fyrirsvari fyrir ríkisstjórnina og fyrir ráðuneytið þykir mér tilhlýðilegt að hann biðjist velvirðingar í þingsal á drættinum og hafi einhverjar skýringar á því hvers vegna hann varð.

Hin aðfinnslan er verri. Hún er sú að hér leggi þingmenn á löggjafarþingi íslensku þjóðarinnar fram skýrslubeiðni til hæstv. forsætisráðherra um mikilvægt málefni eins og fátækt barna og hag þeirra með skýrum, einföldum og afdráttarlausum spurningum og að þeim skýru og einföldu spurningum sé ekki svarað og að í skýrslubeiðninni séu hunsaðar fleiri, fleiri fyrirspurnir til hæstv. forsætisráðherra um atriði sem fyrir liggur tölfræði um, eftir því sem ég best veit, vegna þess að forsætisráðherra telur ekki henta að svara spurningunum. Eða hvers vegna er því ekki svarað hversu mörg börn eru hér undir fátæktarmörkum samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins, sem þó er spurt eftir í skýrslunni? Þykir það ekki nógu mikilvæg spurning frá þingmönnum til forsætisráðherra? Hvers vegna er því ekki svarað hversu mörg börn eru með innan við 40% af ráðstöfunartekjum? Við getum kannski kallað það skelfingarmörk hversu mörg börn eru skelfilega illa sett á Íslandi. Hvers vegna er þeirri spurningu ekki svarað, hvers vegna víkst forsætisráðherra undan því að svara henni?

Hvers vegna er ekki svarað skýrum spurningum um samanburð á okkur og hinum Norðurlöndunum um fátæk börn? Hvers vegna er það bara birt á óljósri mynd nr. 10 með línuritum sem erfitt er að ráða úr og með fjölda annarra ríkja inni á milli? Hvers vegna er ekki svarað skýrum spurningum um það hversu mikið fé við leggjum til barnafjölskyldna annars vegar og hvað hin Norðurlöndin leggja til barnafjölskyldna hins vegar, hvað barnabætur eru hér og hvað barnabætur eru þar? Ástæðan er ósköp einföld. Hæstv. forsætisráðherra hefur nokkuð að fela í þessum efnum, vegna þess að sá samanburður og þær upplýsingar eru hæstv. forsætisráðherra óþægilegar upplýsingar.

Hæstv. forsætisráðherra gat um það að hér er skýrsla af þessu tagi gerð í fyrsta sinn og ég held að það sé vel og ég tek undir orð hans um það að hún á að geta, þrátt fyrir þessa annmarka sína, orðið grundvöllur að upplýstri umræðu um efnið. Það á að vera okkur öllum umhugsunarefni að verið sé að kalla eftir þessum upplýsingum í fyrsta sinn. Við eigum samanburð við OECD um verðbólgu, um vexti, um lífslíkur, um hvað eina sem okkur finnst skipta máli, en við höfum ekki mælt hversu mörg börn á Íslandi búa undir fátæktarmörkum. Það er einfaldlega þannig að við mælum það sem okkur finnst skipta máli og ég held að það sé þess vegna fagnaðarefni að við séum farin að mæla þetta og ég skora á hæstv. forsætisráðherra að beita sér fyrir því að það verði héðan í frá gert með reglubundnum hætti þannig að við getum fylgst með því hver hagur fátækra barna á Íslandi er frá einum tíma til annars.

Virðulegur forseti. Niðurstaðan í skýrslu hæstv. forsætisráðherra er giska einföld, kjarni málsins er skýr. Norrænu jafnaðarsamfélögunum hinum tekst að bjarga þremur af hverjum fjórum, jafnvel fjórum af hverjum fimm fátækum börnum upp fyrir fátæktarmörk með aðgerðum hins opinbera í skatta- og bótakerfinu. Ójafnaðarstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks nær varla öðru hverju barni upp fyrir þau mörk. Væri hér norrænt velferðarríki í samræmi við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum með jafnaðarstefnu að leiðarljósi má því ætla að yfir tvö þúsund börnum færra væri undir fátæktarmörkum Efnahags- og framfarastofnunar á Íslandi. Ástæðan er auðvitað sú að á þeim árum sem við skoðum, stjórnarárum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, 1999 og 2003 t.d., eru framlög hinna Norðurlandanna til barnabóta helmingi meiri en hjá okkur, fjárhagslegur stuðningur við barnafjölskyldur. Meðan framlög til þjónustu og bóta til barnafjölskyldna hlaupa hjá okkur á bilinu 2–3 þús. evrur verja Danir á bilinu 4–5 þús. evra til sama málefnis. Það skilar sé auðvitað í niðurstöðunni.

Hin óskýra mynd, mynd nr. 10 sem ég vek sérstaka athygli á, sýnir hina köldu pólitík í málinu. Hún sýnir hvernig jafnaðarsamfélög ná því að ná úr gildru fátæktar flestum börnum og barnafjölskyldum sem þar lenda meðan samfélög eins og Bretland, sem er vel innan við að ná helmingi fátækra barna upp fyrir þau mörk, og Bandaríkin sem varla ná tíunda hverju barni upp fyrir fátæktarmörkin með opinberum aðgerðum, hún sýnir einfaldlega muninn á stjórnarstefnunni í þessum löndum. Þegar hæstv. forsætisráðherra segir að við séum í fremstu röð í OECD-ríkjunum er það út af fyrir sig rétt í samanburði við Mexíkó, Tyrkland o.s.frv. En í samanburði við þau lönd sem við erum vön að bera okkur saman við, hin Norðurlöndin, erum við aftast. Hér er staða fátækra barna verst. Hér í okkar litla samfélagi sem á ríka sögu um jöfnuð stöndum við verst. Við hljótum að kalla eftir því að hæstv. forsætisráðherra hætti að reyna að segja okkur að þetta sé allt í lagi og að fátækt sé bara tímabundin heldur segi okkur hvaða aðgerða ríkisstjórnin hyggst grípa til til að vinna á þessu.

Þær skýringar sem hann gaf okkur á stöðu mála eru kunnar frá fyrri umræðu um málefnið — er ég búinn með tímann, virðulegur forseti?

(**Forseti** (BÁ)**:** Já.)

Ég get vikið að þeim í seinni ræðu minni en ítreka þakkir til hæstv. forsætisráðherra fyrir framlagninguna.

[15:48]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Skýrsla sú sem við hér ræðum er sannarlega takmörkuð eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, eins af hv. skýrslubeiðendum, þar sem ljóst er að talsvert mörgum spurningum sem skýrslubeiðendur lögðu fram er enn ósvarað. Sömuleiðis gerir hæstv forsætisráðherra grein fyrir því hversu takmörkuð hún er út frá aðferðafræðilegum sjónarmiðum.

Nú finnst mér að við eigum ekki að flækja okkur í aðferðafræðilegri pólitík eða aðferðarfræðilegum fyrirvörum

þegar við ræðum stöðu barna á Íslandi með tilliti til fátæktar. Ég get svo sem sagt að ég láti þessar skilgreiningar í sjálfu sér ekki þvælast fyrir mér sem slíkar. Mér finnst skipta meginmáli að við komumst að orsökum þess hvers vegna finnast í okkar samfélagi börn sem segja má að lifi undir fátæktarmörkum. Hverjar eru orsakir þess að ríkt velferðarsamfélag á borð við hið íslenska samfélag okkar geti ekki staðið betur við bakið á börnunum sínum en svo að innan okkar velmektarsamfélags skuli þau finnast sem eru fátæk?

Hæstv. forsætisráðherra gerir talsvert úr því, eins og hæstv. fjármálaráðherra hafði raunar gert áður, að könnunin sem að baki skýrslunni liggur mæli í sjálfu sér ekki fátækt í samfélaginu heldur einhvers konar tekjudreifingu og gefi því ekki alls kostar rétta mynd af ástandinu. Mér finnst þetta líka umræða um keisarans skegg. Mér finnst nóg að vitna til fræðimanna á þessu sviði sem hafa gefið okkur upplýsingar sem höfum verið að reyna að kynna okkur þessi mál til hlítar. Sagt hefur verið að þetta séu vísbendingar um að þetta sé tímabundið hlutskipti fjölskyldna. Fræðimenn hafa gefið okkur vísbendingar um að svo sé ekki.

Ég vil fá að vitna hérna til orða Hörpu Njáls félagsfræðings sem um þessar mundir vinnur að doktorsritgerð um lífsskilyrði og fátækt barnafjölskyldna og barna sem hefur verið gerð grein fyrir að nokkru marki í fjölmiðlum upp á síðkastið. Hún segir að samkvæmt sínum niðurstöðum hafi hún miklar efasemdir um þá fullyrðingu sem finna megi í þessari skýrslu að fátækt sé oft tímabundið ástand því rannsóknir hennar sem eru yfirgripsmiklar sýna fram á hið gagnstæða sem er mikilvægt í þessari umræðu, virðulegi forseti.

Harpa Njáls segir miklar líkur á því að fátækt haldist í fjölskyldum kynslóð eftir kynslóð sé ekkert að gert. Hún segir að börn fátækra foreldra á Íslandi virðist lenda sjálf í fátækt í framtíðinni vegna skorts á nægum stuðningi, vegna skorts á menntun og vegna skorts á sjálfstrausti. Hún segir að miklu skipti um þessi örlög brotin sjálfsmynd einstaklinganna. Ég er sammála því að það sé hér faktor sem eigi að skoða og það vegi þungt í þessum málum.

Síðan er spurningin um það hvort að hin stórfellda hækkun barnabóta, eins og hæstv. forsætisráðherra getur um, skipti í raun og veru sköpum í þessu tilfelli. Þá langar mig aftur til að vitna til ummæla Hörpu Njáls í þeim efnum. Hún segir að vissulega geti markvissar stjórnvaldsaðgerðir haft verulega mikið að segja í þessum efnum, og hæstv. forseti, ég er sammála því. Hins vegar nefnir Harpa í því samhengi að skerðingarmörk tekna hafi afgerandi áhrif á fjölda foreldra sem fái óskertar barnabætur. Hún nefnir máli sínu til stuðnings tölur um það hversu fáir einstæðir foreldrar sem eru undir eðlilegum framfærslumörkum í tekjum, fái óskertar barnabætur. Hún leggur ríka áherslu á það í rannsóknum sínum að við hættum skerðingarmörkum barnabóta og hversu mikið það mundi bæta hag þeirra barna sem verst eru sett í samfélaginu.

Harpa Njáls tekur fram að samkvæmt sínum niðurstöðum þyrfti að miða skerðingarmörk tekna hjá einstæðu foreldri við lágmarksframfærslu og því hækka mörkin úr 54 þús. kr. eins og þau voru þegar rannsókn hennar var gerð í 190 þús. kr. á mánuði eigi barnabæturnar að hafa eitthvað að segja og vera raunverulegur stuðningur. Hún minnir okkur á að Ísland sé eina Norðurlandið þar sem barnabætur eru tekjutengdar því að á hinum Norðurlöndunum er gert ráð fyrir því að barnabæturnar séu stuðningur við barnið, óháð fjárhag foreldra.

Virðulegi forseti. Fleiri rannsóknir eru gerðar þessa dagana um nákvæmlega þessi atriði. Það hefur verið sagt frá því í fréttum upp á síðkastið að Rannsókn og greining sem starfar innan vébanda Háskólans í Reykjavík hafi ásamt menntamálaráðuneytinu unnið rannsókn um ungt fólk 2006. Í þeirri könnun koma í ljós alvarlegar niðurstöður með tilliti til þessarar skoðunar á fátækt íslenskra barna. Meðal þess sem þar kemur fram er að 63,5% þeirra ungmenna sem stunda nám í 9. og 10. bekk grunnskóla stundi nær aldrei íþróttir með íþróttafélagi og að þessi prósenta taldi fjölskyldur sínar vera verr settar, verr staddar fjárhagslega, en aðrar fjölskyldur. Það kemur líka fram í þessari könnun að unglingar sem töldu sig komna af verr stæðum heimilum séu ólíklegri til að taka þátt í öðru skipulegu tómstundastarfi en börn sem töldu fjölskyldur sínar vera betur eða svipað settar og aðrar. Vísbendingarnar eru því að koma fram á fleiri en einum stað.

Eitt þeirra mála sem við höfum verið að fjalla um hér á þinginu og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt mikla áherslu á í okkar pólitík er að hluti af þeirri stefnu sem hefur verið keyrð varðandi gjöld í opinbera kerfinu og þjónustugjöld ýmiss konar, til dæmis ýmis dulin gjaldtaka í skólakerfinu, geti skipt sköpum í þessu sambandi. Þess vegna höfum við lagt ríka áherslu á gjaldfrjálsan leikskóla og það sem er ekki síður mikilvægt, gjaldfrjálsan grunnskóla því eins og málum er nú háttað þá er innheimt gjald fyrir hádegismat barnanna. Það er innheimt gjald fyrir frístundaheimilin. Fjöldinn allur af duldum gjaldtökum er í þessu kerfi, að ekki sé talað um kostnað vegna bókakaupa og ritfanga.

Það hlýtur að vera pólitískt baráttumál stjórnmálahreyfinga að felld verði niður öll gjaldtaka í grunnskólakerfinu þannig að girt verði fyrir það að einungis börn efnameiri fjölskyldna geti verið raunverulegir þátttakendur í íþróttastarfi eða öðru tómstundastarfi grunnskólabarna. Í þessum málum er pólitík þátttöku og jafnaðar lykilatriði. Það skiptir verulegu máli að við stundum hér pólitík sem byggir á því að börn eigi jafnan rétt til þátttöku í lífinu og í samfélaginu burt séð frá efnahag foreldra. Og ég kem aldrei til með að sætta mig við, eða við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að það verði gert á forsendum ölmusu þar sem börn verði merkt fátækum foreldrum sínum með því að setja á þau merkimiða og láta þau sækja um fjárhagslega aðstoð. Þetta á að vera skilyrðislaus krafa. Börn í íslensku samfélagi eiga ekki að vera merkt fátækum foreldrum sínum. Þau eiga ekki að þurfa að búa við fátækt.

[15:57]

**Dagný Jónsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er hreyft við máli sem varðar okkur öll og samfélagið allt, máli sem er mikilvægt að við ræðum af alvöru og stillingu. Efnahagsmál, velferðarmál og atvinnumál eru hliðar á einum og sama þríhyrningnum og við

megum aldrei missa sjónar á því að þessir þrír þættir verða að vinna saman viljum við byggja hér upp gott samfélag til frambúðar. Við Íslendingar höfum borið gæfu til þess. Samanburður við aðrar þjóðir er okkur afar hagstæður. Meiri fjármunir en nokkru sinni fara nú til velferðarmála sem gefur okkur aukið svigrúm til þess að halda áfram að efla samhjálpina sem við erum öll sammála um að sé mikilvægt hlutverk ríkis og sveitarfélaga.

Þrátt fyrir þá velgengni sem við erum öll sammála um að við búum nú við þá megum við ekki sofna á verðinum. Við megum ekki gleyma þeim sem minna mega sín og þurfa af einhverjum ástæðum á samfélagslegri aðstoð að halda.

Ég vil minna hér á mikilvæg skref sem stigin hafa verið undanfarin missiri við uppbyggingu nýs tekjutengds atvinnuleysisbótakerfis, ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir sem ætlað er að efla starfsendurhæfingu og síðast en ekki síst uppbyggingu í þágu geðfatlaðra.

Þetta eru allt gífurlega mikilvæg mál og rauði þráðurinn í gegnum þau er virðingin fyrir einstaklingnum og framlagi hans. Stefnt er að því að þeir sem standi höllum fæti í samfélaginu geti komist aftur til þátttöku eftir því sem nokkur kostur er. Það hlýtur að vera markmið sem við öll erum sammála um að vinna beri að og ég er stolt af því að hafa komið að þessum verkefnum með virkum hætti.

Evrópusambandið nefnir árið 2007 ár jafnra tækifæra. Félagsmálaráðuneytið hefur ákveðið að taka fullan þátt í því ári með fjárframlögum og þátttöku í margvíslegum verkefnum. Þegar er hafinn undirbúningur að þeim í ráðuneytinu og með ýmsum öðrum aðilum. Mér er kunnugt um að í tengslum við Evrópuárið hefur félagsmálaráðherra lagt áherslu á að sjónum verði beint að mismunandi aðstæðum barna í samfélaginu, aðstæðum einstæðra foreldra og fjölskyldna þeirra og aðstæðum innflytjenda.

Félagsmálaráðherra er meðal annars að láta fara yfir það hvort og þá hvernig megi vinna sérstaka aðgerðaáætlun í þágu barna hér á landi. Aðgerðaáætlun til að bæta hag barna yrði að vinnast með sveitarfélögum og gæti falið í sér að skoðaðar yrðu heildstæðar lausnir, svo sem varðandi gjaldfrjálsan leikskóla, skólamáltíðir og skóladagvist. Allt eru þetta atriði sem mikið hefur verið rætt um á vettvangi stjórnmálanna.

Einnig væri hugsanlegt, virðulegi forseti, að huga að sérstökum húsaleigubótum fyrir þennan hóp og öðrum aðgerðum í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga. Þegar hafa nokkur sveitarfélög mótað sér stefnu í þessum efnum og ræða þar málið heildstætt við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá hefur hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra Jón Sigurðsson lýst því yfir í umræðum á Alþingi að hann muni skipa nefnd sem fjalli um skuldaaðlögun hér á landi. Allt hefur þetta áhrif á stöðu þeirra sem verst eru settir og stuðlar að því að aðstæður barna og barnafjölskyldna verði jafnaðar.

Mér finnst sjálfri óþolandi að börn alist upp við kjör sem hamla getað þroska þeirra og möguleikum á innihaldsríku lífi. Mér finnst sjálfsagt að virkar forvarnir séu ætíð til staðar þegar grunur vaknar um að hætta sé á ferðum. Félagsmálaráðherra hefur lagt áherslu á forvarnir og ný forvarnastefna mun líta dagsins ljós á næstu vikum sem unnin hefur verið undir forustu Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Mér finnst að við eigum að breyta sýn okkar á þessi mál. Það er sárt að sjá á eftir ungu fólki sem ekki fær að vaxa og dafna.

Það er í mínum huga fáránlegt að halda því fram að hér sé allt í kaldakoli, þvert á móti hafa almenn lífskjör batnað stórlega hér á landi undanfarna áratugi. Um það er ekki deilt. Við eigum, eins og ég sagði áðan, hins vegar alltaf að vera vakandi fyrir þeim sem standa höllum fæti og það höfum við verið og munum vera. Við Íslendingar erum þekktir fyrir það að standa vel saman þegar á reynir. Áður voru það hrepparnir og orð eins og hreppsómagi heyrðust þá manna á meðal. Núna er talað um að veita þjónustu og allt yfirbragð á félagslegri þjónustu og þjónustu á vegum ríkisins hefur gjörbreyst til batnaðar. Við eigum að hafa reglurnar okkar skýrar og gagnsæjar og aðgengilegar öllum borgurum þessa lands burt séð frá því af hvaða ástæðum þeir þurfa að leita sér aðstoðar.

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem hér er til umræðu er um margt merkileg. Ég vil þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir yfirferð á henni hér áðan og upphafsmönnum þess að beiðnin var lögð fram á Alþingi.

Eftir yfirferð þessarar skýrslu er það svo að með þeirri aðferðafræði sem notuð er og stuðst við, þ.e. aðferðir OECD, þá lenda alltaf einhverjir í flokki fátæktar, alveg sama hvernig þjóðfélagið er því fólk með lægstu launin eru eðlilega lengst frá miðgildinu sem flokkar það fólk í hópi fátækra samkvæmt aðferðafræðinni. Við skulum taka mark á þessum tölum sem fram koma. Kaupmáttur og lífsgæði hér á landi eru með því besta sem þekkist.

Ég vil í lokin, virðulegi forseti, vitna í orð Þorvaldar Víðissonar miðborgarprests. *Hann segir í pistli ár sem hann* fjallar um þessi mál nú rétt fyrir jól, með leyfi forseta:

„Kannski er farsælasta fjárfestingin í dag að gefa börnunum tíma. Því börnin verða ekki að eilífu börn. Þau verða komin á legg og orðin fullorðin og verða mörg foreldrar sjálf áður en við vitum af."

[16:03]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Við erum að ræða um skýrslu forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra. Eins og fram hefur komið er skýrslan til komin vegna beiðni hv. þm. Helga Hjörvars o.fl. Það vekur athygli hversu langan tíma tók að vinna skýrsluna en hitt vekur jafnvel enn meiri athygli hversu oft þurfti að biðja um hana. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slík beiðni var lögð fram og ekki í annað sinn. Hver ástæðan er fyrir því get ég aðeins giskað á að sé áhugaleysi að skoða þetta málefni. Ef um áhugaleysi er að ræða er kannski ekki skrýtið að ríkisstjórnin hafi ekkert brugðist við þessu alvarlega ástandi, hvorki fyrir né eftir útkomu skýrslunnar.

Við lestur skýrslunnar um fátækt barna fær maður á tilfinninguna að höfundar eða höfundur hafi viljað draga úr því slæma ástandi sem skýrslan í raun lýsir. Það er gert með því að efast um eigin niðurstöður vegna ýmissa vandkvæða við gagnaöflun, úrvinnslu og viðmiðanir. Ef skýrsluhöfundar telja það möguleika að skýrslan sýni vandann meiri en hann í raun er geta þeir jafnvel opnað þann möguleika að

vandinn sé í raun mun meiri en hann er, þ.e. hún sýni ekki nema hálfan sannleikann, að fátæktin sé í raun mun meiri en fram kemur hér. Engin ástæða er til að fegra niðurstöður skýrslunnar eins og mönnum hættir því miður til, en eins og hæstv. forsætisráðherra sagði má alltaf gera betur. Vonandi er þessi umræða hvatning til þess.

Eins og fram hefur komið var ekki öllum spurningum svarað en hvað segir skýrslan okkur í raun? Hún segir m.a. að þessi athugun á fátækt barna á Íslandi sé frumvinna, þ.e. sambærileg vinna hefur ekki farið fram áður, og ég tel rétt að svona skýrsla sé unnin á hverju ári. Maður veltir fyrir sér: Hvernig var þetta árið 2006? Hvernig var þetta árið 2005? Hefur orðið fjölgun, hvert stefnir?

Í skýrslunni er fátækt skilgreind þannig, með leyfi forseta:

„Í fátækt felst að foreldrar hafa ekki efni á að veita börnum sínum þau lífsgæði sem vilji er til og nauðsynleg eru talin."

Í þriðja lagi kemur fram í skýrslunni að 6,6% barna bjuggu við fátækt á árinu 2004. Þetta þýðir að 4.634 börn hafi búið við fátækt árið 2004. Þetta eru sláandi tölur, herra forseti, sem ekki er hægt að stinga undir stól.

Í fjórða lagi kemur fram að Ísland sé í hópi þeirra ríkja innan OECD þar sem fátækt barna mælist hvað minnst. Þrátt fyrir það eru tæplega fimm þúsund börn sem lifa við fátækt á Íslandi.

Í fimmta lagi kemur fram í skýrslunni að í Danmörku og Noregi mælist fjöldi barna sem lifa við fátækt 2–3,5%, sem sagt helmingi lægri en hér. Jafnframt kemur fram að börn einstæðra foreldra, yfirleitt mæðra, eru líklegust til að lifa við fátækt. Sum börn lenda ekki í þessum hópi af því að foreldrar þeirra leggja svo hart að sér við öflun heimilistekna, þ.e. við langan vinnudag. Skýrslan er að segja okkur að laun sumra þjóðfélagshópa séu það lág að til að forðast fátækt þurfi foreldrar að vinna myrkranna á milli til að barnið búi ekki við fátækt. Er það gott fyrir uppeldið?

Skýrslan sýnir jafnframt verulega fjölgun fátækra barna ef borin eru saman árin 1994 og 2004. 4,8% 1999 upp í 6,6% 2004. Ef við reiknum þetta blákalt, herra forseti, erum við að tala um aukningu upp á 37,5%.

Samkvæmt skýrslunni er hægt að draga úr fátækt með áhrifum skattkerfisins, með vaxtabótum og barnabótum. Það eru því til lausnir ef menn vilja. Skýrslan gefur vísbendingar um áhættuþætti, þ.e. hvaða aðstæður eru líklegastar til að barn búi við fátækt. Þar af leiðandi bendir hún jafnframt á hvar aðstoðar er þörf og hvar þarf að leysa vandann. Gefið er í skyn í skýrslunni um fátækt að yfirleitt sé um skammtímavanda að ræða. Það hljómar jákvætt, herra forseti, en það gefur samt enga heimild til aðgerðaleysis.

Ég hef farið yfir nokkur atriði í skýrslu um fátækt barna á Íslandi árið 2004. Í mínum huga er ástandið slæmt og ekki sæmandi einni af ríkustu þjóðum heims. Það eru um fimm þúsund börn sem talið er að þurfi að búa við fátækt. Ég segi „þurfi" að búa við fátækt því að það er að sjálfsögðu ekki val þessara einstaklinga að búa við fátækt. Það eru aðstæðurnar sem segja svo til um, aðstæður sem oft er hægt að breyta með aðstoð samfélagsins en til þess að svo verði þarf vilja ráðamanna. Við skulum ekki gleyma því að baki hverju barni er foreldri eða fjölskylda sem þýðir að fjöldi þeirra sem búa við fátækt á Íslandi er margfalt sú tala sem kemur fram í þessari skýrslu.

Fróðlegt verður, herra forseti, að sjá næstu skýrslu fyrir árið 2005, fyrir árið 2006. Er fátækum að fækka á Íslandi eða fer þeim fjölgandi? Það er á ábyrgð okkar að grípa inn í vandann varðandi framtíðina. Fortíðin er að hluta á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna sem með beinum eða óbeinum hætti hafa stuðlað að aukinni misskiptingu í samfélaginu, en framtíðin, herra forseti, er á ábyrgð okkar allra.

Hægt er að sporna við fjölgun fátækra t.d. með aðgerðum sem Alþýðusamband Íslands lagði til í skýrslunni Velferð fyrir alla, sem var lögð fram árið 2003 og þær tillögur voru m.a. kynntar á fundi með formönnum og fulltrúum stjórnmálaflokkanna þar sem þeir tóku undir að brýnt væri að hrinda tillögum ASÍ í framkvæmd. Hefur það verið gert? Til þess að svo geti orðið þarf að vera vilji hjá stjórnvöldum. Það er vilji hjá okkur í Frjálslynda flokknum og stjórnarandstöðunni. En hvað með Framsókn og Sjálfstæðisflokkinn?

Í skýrslu um fátækt sem forsætisráðherra skilaði á 130. þingi kemur m.a. fram hvernig misskipting hefur verið að aukast í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þar kemur fram að tekjur hinna lægst launuðu hækkuðu um 17% á árunum 1995–2002 en á meðan hækkuðu þau um 45% hjá hinum hæst launuðu. Laun ófaglærðra er ein af rótum vandans þegar fátækt er annars vegar, jafnframt er um að ræða atvinnuleysi og örorku þar sem fólki er haldið niðri með alls kyns skerðingum sem virka eins og fátæktargildrur.

Við skulum ekki gleyma sögum af öðrum löndum um hversu langt fátækt getur leitt börn. Fátæktin bitnar á börnum hér heima, þau geta síður keypt mat í skólanum. Þau geta síður lagt stund á, eins og hér hefur komið fram, íþrótta- og tómstundanám, tónlistarnám o.s.frv. Börn allt niður í fjögra ára aldur þurfa að fara með foreldrum sínum í Fjölskylduhjálpina til að fá fatnað að gjöf. Þau skynja að þau eru komin til að biðja um hjálp. Þetta skerðir sjálfsímynd þeirra og veldur mikilli minnimáttarkennd.

Herra forseti. Ísland getur vart talist velferðarþjóðfélag ef mörg þúsund börn lifa við fátækt. Það er okkur öllum til skammar að tæplega fimm þúsund börn skuli lifa við fátækt á Íslandi.

[16:11]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Það er gott og gagnlegt að ræða þessa skýrslu og velta fyrir sér þeim hlutum sem þar er að finna.

Hæstv. forsætisráðherra gerði grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur þarna á bak við og gerði grein fyrir því hvernig þetta er gert. Þetta er miðgildisreikningur, 50% og svo helmingurinn af helmingnum. Mönnum má því vera alveg ljóst að þetta er OECD-aðferðin og menn verða alltaf að muna það þegar við förum inn í tölfræði OECD, að mjög skýrt er tekið fram þar í þeim gögnum öllum, að aðaltilgangurinn er að sjá þróunina í tíma. Samanburður milli landa er alltaf miklum vandkvæðum bundinn enda kemur það alltaf fram hjá öllum þeim fræðimönnum sem um þetta fjalla.

Niðurstaðan, miðað við þessa reikninga, að 6,6% barna

séu undir þessum mörkum sýnir, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði, að við erum náttúrlega í hópi þeirra þjóða sem standa best. Við skulum ekki gleyma því að fátækt hér er ekki sama eins og fátækt í Austur-Evrópu. Við erum miklu, miklu betur sett en fátæk ríki.

Hver hefur þróunin verið á árunum 1994–2004, í tíu ár? 6,6% í enda tímabilsins, en við vorum í upphafi tímabilsins líka með 6,6%. Hefur þróunin þá verið til aukins misréttis? Nei. Það er mikil tilhneiging hjá stjórnarandstöðunni að vera alltaf að segja miklar sögur af því að á umliðnum árum hafi allt tekjukerfi Íslendinga raskast og sé nú orðið allt annað en hafi verið áður. Allar rannsóknir, herra forseti, sýna annað. Þær sýna að atvinnutekjurnar hafa verið að vaxa að raungildi nokkurn veginn alveg jafnt í öllum tekjuhópum. Umrædd skýrsla sýnir að þetta er óbreytt frá því fyrir tíu árum, alveg öfugt við það sem stjórnarandstaðan hefur svo mikinn áhuga fyrir að reyna að koma á framfæri. Þetta eru hreinlega bara ósannindi og rétt að menn undirstriki það aftur og aftur.

Skýrsla Ragnars Árnasonar prófessors um tekjuþróun á Íslandi sýnir líka það sama, alveg nákvæmlega. Það hefur engin slík röskun átt sér stað. Við skulum líka minnast þess þegar við skoðum skýrsluna, að raungildi teknanna frá 1994–2004 hefur hækkað um 50% — raungildið — þannig að það hefur nú ekki verið árangurslaust starfið í efnahagsmálum.

Hins vegar er það rétt, herra forseti, sem kom fram hjá hv. þm. Helga Hjörvar að hægt er að hafa áhrif á þessar tölur, það er alveg rétt. Hann sagði áðan, ég hef ekki þær tölur hjá mér en ég reikna með að það sé rétt hjá honum og ég treysti honum, að barnabætur séu mun hærri á Norðurlöndum en hjá okkur miðað við skýrsluna. Það kann rétt að vera og ég bara tek það sem gott og gilt. En þá vil ég benda á að á síðustu þremur árum, 2005, 2006 og núna á fjárhagsárinu 2007 hefur raungildi barnabóta á Íslandi einmitt hækkað um 50%, auk þess sem við höfum hækkað skattleysismörkin mjög mikið. (**Gripið fram í:** Er það nóg?) Ef þetta er svona sem hann segir þá er líka mjög trúlegt að okkur hafi tekist að ná árangri núna í ár og í fyrra og hittiðfyrra, við stöndum þá í hópi þeirra sem eru bestir, kannski albestir. Við skulum vera stolt af því hvernig staðan er á Íslandi, við skulum vera ánægð með það. Við skulum þakka fyrir það, því að það er íslenskri þjóð, dugnaði hennar að þakka að svo vel er staðið að en ekki reyna að draga þetta alltaf niður í svaðið og segja að þetta sé verra en það er.

[16:16]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Skýrslan um barnafátækt staðfestir það sem við í Samfylkingunni höfum haldið fram að öryggisnet velferðarkerfisins er brostið og misskipting og ójöfnuður fer vaxandi í þjóðfélaginu. (**EOK:** Nei, Jóhanna.) Það er nöturlegt að tæplega 15.000 manns, börn í 3.000 fjölskyldum eða á bilinu 10–15.000 manns eigi ekki fyrir brýnustu nauðþurftum.

Þegar með eru teknir fátækir án barna eins og lífeyrisþegar er áætlað að ekki séu færri en 18–20.000 manns sem gert er að lifa undir fátæktarmörkum. Fátæk börn njóta ekki jafnræðis á við önnur börn í samfélaginu. Þau hafa minni möguleika til tómstunda- og íþróttastarfa og einangra sig oft frá jafnöldrum sínum.

Skuggi fátæktar hvílir því yfir nálægt 20.000 landsmönnum og þetta fólk er oft í sárri neyð. Því er skammtað úr hnefa. Laun þeirra, lífeyrir og atvinnuleysisbætur er svo smátt skammtað að það dugir ekki fyrir brýnustu nauðþurftum. Sama hve mikið er sparað. Sama þótt unninn sé fullur vinnudagur.

Auk lágra launa er fátæktin fyrst og fremst til komin vegna þess að jöfnunarmarkmið velferðar- og skattkerfisins hafa vikið en hálaunafólk og fjármagnseigendur hafa verið settir í forgang hjá ríkisstjórninni.

Með tilfærslum ríkisvaldsins gegnum skattkerfið frá fátækum til nýríkra fjármagnseigenda hafa skattleysismörkin verið skert um nálægt 50 þús. kr. á mánuði og ættu í dag að vera nálægt 140 þús. kr. á mánuði í stað rúmlega 90 þús. kr. Fyrir þetta hafa fátækar barnafjölskyldur liðið sárlega.

Ríkisstjórnin ber ábyrgð á því að velferðarkerfið er orðið fullt af fátæktargildrum og því hefur nánast verið breytt í ölmusukerfi. Ríkisstjórnin hefur sjálf staðfest þetta en í skýrslu um stefnumótun í málefnum barna og unglinga er lýst mjög alvarlegum agnúum á bóta- og velferðarkerfinu varðandi hag barna og sérstaklega ítrekað að úrbóta sé þörf í málefnum fátækra barna og nýbúabarna.

En þeirri skýrslu var stungið undir stól og vilji Alþingis um gerð framkvæmdaáætlunar og heildarstefnumótunar í málefnum barna og unglinga hunsaður. Sama mun vafalaust gerast með þessa skýrslu um barnafátækt eins og tvær aðrar skýrslur um fátækt í samfélaginu sem gerðar hafa verið frá árinu 1996.

Í öllum skýrslunum þremur um fátækt sem lagðar hafa verið fram á Alþingi allar götur frá 1996 kemur fram að auknar barnabætur er ein veigamesta aðgerðin gegn fátækt.

Það er því kaldhæðnislegt að 10 árum eftir að skýrslan var lögð fram, eða árunum 1996–2006, hafa barnabætur rýrnað að raungildi um rúmlega 10 milljarða kr. eða meira en einn milljarð á hverju ári frá því núverandi ríkisstjórn tók við.

Það er auðvitað til skammar að ein af orsökum þess að fátækt barnafólk á ekki fyrir brýnustu framfærslu er að barnabætur byrja að skerðast við 92 þús. kr. hjá einstæðu foreldri og 185 þús. kr. samanlagðar tekjur hjóna. Barnabætur eru því orðnar að láglaunabótum í höndum ríkisstjórnarinnar.

Auk þess greiðast ótekjutengdar barnabætur ekki eftir að barn byrjar í grunnskóla en kostnaður við barn á grunnskólaaldri er ekki síður mikill en vegna barns á leikskólaaldri.

Áætla má að íþróttir, frístundaheimili, matur í skóla og ef barnið er í tónlistarnámi, geti verið um 240 þús. yfir skólaárið og því fráleitt að hætta greiðslu ótekjutengdra barnabóta við sjö ára aldur barns eins og núverandi ríkisstjórn stendur að.

Staðreyndin er sú að hækkun skatta á 90% þjóðarinnar, 10 milljarða skerðing barnabóta, mikil skerðing vaxtabóta, aukin kostnaðarþátttaka í heilbrigðiskerfinu, þreföldun á húsnæðiskostnaði og rofin tengsl lífeyris við launavísitölu hafa stækkað hóp fátækra verulega og hafa dregið niður lífskjörin hjá fátækasta fólkinu í þjóðfélaginu.

Brýnasta viðfangsefnið í dag er að koma á aðgerðaráætlun um úrlausnir gegn fátækt í samráði við heildarsamtök launafólks. Slík aðgerðaráætlun á að miða að því að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum.

Það vantar aðgerðir en ekki að forsætisráðherra reyni að tala sig frá því að hér sé til fátækt þegar ætla má að 20.000 manns lifi undir fátæktarmörkum.

[16:20]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við ræðum skýrslu forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra og ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem óskuðu eftir skýrslunni fyrir þetta þarfa framtak og hæstv. forsætisráðherra fyrir skýrsluna.

Fátæk börn eru smánarblettur á þjóðfélagi sem tilheyrir ríkustu þjóðum heims og skiptir þá ekki öllu máli hver samanburður innan ríkja OECD er, en 6,6% barna á Íslandi teljast hafa búið við fátækt 2004 og er það með öllu óásættanlegt.

Hlutfall þeirra heimila sem eru með börn á framfærslu og njóta fjárhagsaðstoðar hefur hækkað. Þar hefur einstæðum foreldrum með börn fjölgað mest. Þar er stærsti hópurinn ungar einstæðar mæður. Langflestir þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð og eiga börn eru atvinnulausir. En árið 2004 voru 2.800 fátæk börn einstæðra foreldra og 1.800 börn hjóna.

Er ekki eitthvað mikið að hjá þjóð sem telur sig búa í velferðarþjóðfélagi en lætur slíkt viðgangast? Því börn eru sá hópur sem getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér og verður að sætta sig við þær aðstæður sem þeim eru skapaðar hverju sinni. Þau líða fyrir fátækt á heimili sínu, hverjar svo sem orsakir fátæktarinnar eru. Sum börn bíða þess aldrei bætur og félagslega geta þau orðið utan garðs og ekki þátttakendur í því samfélagi sem þorri barna á Íslandi hefur aðgang að.

Það er dapurlegt að vita til þess að fjöldi barna fer á mis við ótal hluti sem teljast sjálfsagðir í nútímasamfélagi. Þar má nefna íþróttir, listnám, og annað uppbyggilegt frístundastarf sem öll börn, óháð efnahag foreldra, ættu að hafa aðgang að. Mikil hætta er á að í neysluþjóðfélagi okkar beri fátæk börn það með sér með einhverjum hætti, t.d. í klæðaburði og öðru, hvernig ástatt er og að þau verði fyrir aðkasti og einelti skólafélaga sinna og eru þar með komin í félagslegan áhættuhóp. Allt þetta dregur úr möguleikum þeirra í framtíðinni til sömu lífsgæða og tækifæra sem önnur betur sett börn hafa.

Oftar en ekki lenda foreldrar fátækra barna í tímabundnum áföllum sem þarf að vera hægt að bregðast við strax svo þeir geti náð sér aftur á strik sem fyrst og lendi ekki í vítahring fjárhagserfiðleika sem ekki er hægt að komast út úr.

Stór hluti vandans eru lág laun ófaglærðra umönnunarstétta og verkafólks. Það er ólíðandi að laun fyrir 100% starf standi ekki undir lágmarksframfærslu. Skattgreiðslur láglaunahópa hafa aukist mikið á síðustu árum þar sem skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun í landinu. Ríkisvaldið hefur tekið meira og meira af lágum tekjum fólks og komið fólki í fátæktargildru.

Í upplýsingum Þjóðhagsstofnunar kemur fram að árið 2001 greiddu lífeyrisþegar og láglaunafólk með laun og bætur undir 90 þús. kr. á mánuði, um 1 milljarð í tekjuskatt og útsvar það árið. Er þetta eðlilegt? Ég segi nei. Þessi milljarður hefði verið betur kominn hjá þeim mörgu, fátæku barnafjölskyldum sem greiddu þann skatt.

Skattteknanna hefði átt að afla hjá hinum tekjuháu í þjóðfélaginu sem ekki hefði munað mikið um slíkt. Þeir sem eru 75% öryrkjar eða á atvinnuleysisbótum eiga alla jafna ekki rétt á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sem eru í dag innan við 100 þús. kr. á mánuði. Lágmarksframfærslukostnaður sem viðmið hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna fyrir einstætt foreldri með eitt barn á framfæri er áætlaður um 193 þús. kr. á mánuði. Þarna munar miklu.

Tannheilsa barna er líka áhyggjuefni þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að margir foreldrar hafa ekki efni á að senda börn sín til tannlæknis og þar verður ríkið að auka kostnaðarhlutdeild sína nú þegar.

Í velferðarríki gegnir ríkisvaldið mikilvægu hlutverki til að jafna aðkomu fólks og möguleika og getur með tekjujöfnunaraðgerðum bætt hag fátækra barna á Íslandi nú þegar og fjárfest þar með í framtíð þeirra.

Ég vil í því sambandi nefna hærri barnabætur til þeirra tekjulægri, hækkun skattleysismarka, og að öll grunnsamfélagsþjónustan verði án gjaldtöku og þar með taldir skólar, heilbrigðisþjónusta, frístundaiðkun barna og unglinga og mikilvægt er einnig að skólamáltíðir fyrir öll börn verði sem hluti af skóladeginum.

Einnig er nauðsynlegt að vinna að áframhaldandi lækkun á virðisaukaskatti á matvælum. En nú þarf að grípa til aðgerða strax til að bæta hag þeirra barna sem verst eru sett.

[16:26]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að fagna þeirri umræðu sem hér fer fram um skýrslu forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra og jafnframt þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir frumkvæðið og hæstv. forsætisráðherra fyrir skýr og greinargóð svör.

Það er okkur nefnilega mikilvægt að taka umræðu sem þessa í þeirri viðleitni að halda áfram að skapa samfélag jafnra tækifæra og tryggja öllum börnum jöfn tækifæri.

Skýrsla sem þessi gefur okkur líka kost á því að ræða hlutina út frá ákveðnum staðreyndum sem viðurkenndar alþjóðastofnanir hafa lagt okkur í hendur.

Þegar við lesum skýrslu hæstv. forsætisráðherra kemur í ljós að vegna mikillar hækkunar tekna undanfarin ár hafa fátæktarmörk hækkað um nálega 50% að raunvirði á milli áranna 1994 og 2004. Fátæktarmörk hafa hækkað að raunvirði um 50% á tímabilinu.

Þess vegna var sérstakt að hlusta á hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan, sem var ráðherra í ríkisstjórninni 1991–1995, tala um slæman árangur ríkisstjórnarinnar á þessu sviði þegar fátæktarmörk hafa hækkað um 50% á umræddu tímabili. Er, hæstv. forseti, hægt að snúa staðreyndum meira á haus en raun ber vitni?

Það var forgangsmál okkar framsóknarmanna fyrir síðustu alþingiskosningar að hækka barnabætur. Árið 2004 voru barnabætur 5,4 milljarðar eins og hæstv. forsætisráðherra benti á áðan. Í ár verða barnabætur 8,5 milljarðar og

hafa hækkað um 60% síðan árið 2004. En það er akkúrat viðmiðunarár skýrslunnar.

Ástandið í dag, árið 2007, er því miklum mun betra en árið 2004 og þess vegna hvet ég hæstv. forsætisráðherra til þess að gera aðra athugun á stöðu íslenskra barna í dag. Ég tel að sú skýrsla mundi sýna að fátækt hafi minnkað til muna frá árinu 2004 sem er gleðilegt og sem við eigum að fagna.

Það er dálítið merkilegt að hlusta á ræður hv. þingmanna Vinstri grænna í umræðunni þar sem sú krafa kemur frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að barnabætur verði ótekjutengdar. Lífskjarajöfnunarverkfæri okkar sem við höfum nýtt, að þeir sem verst hafa staðið fá hlutfallslega miklu hærri barnabætur en bankastjórinn sem er með eina og hálfa milljón á mánuði. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræðst að láglaunafólki í þessari umræðu með því að segja að þessi 8,5 milljarðar eigi að skiptast jafnt á milli allra, óháð því hvort viðkomandi sé með eina og hálfa milljón á mánuði eða 100 þús. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður vill stækka kökuna. Það er nefnilega það sem Vinstri grænir vilja gera sí og æ. Þeir halda að endalausir fjármunir séu til til allra hluta.

Það er einfaldlega þannig að hér er um takmörkuð gæði að ræða. Það er stefnumið okkar framsóknarmanna að halda þessari tekjutengingu. Síðan getum við farið í umræður um það hvort tekjutengingin sé of brött. En staðreyndin er sú að á tímabilinu 2004–2007 hafa barnabætur hækkað um 60% sem rennur hlutfallslega mest til þeirra sem hafa lægstu tekjurnar. (**KolH:** En tekjur ríkissjóðs?)

Hæstv. forseti. Ég tel að við séum á réttri leið. Við erum að skapa tækifæri fyrir öll börn ef við höldum áfram á þeirri leið. Við gerum það ekki með málflutningi eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur haldið fram, að allir eigi að fá jafnt úr barnabótum eða öðru slíku. Við þurfum að jafna lífskjörin í landinu og við erum á réttri leið hvað það snertir.

[16:30]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Við ræðum hér alvarlegt málefni, um fátækt barna. Það er miður að verða vitni að ræðum hv. stjórnarliða sem virðast fara í einhverjar reikniæfingar, ég tala nú ekki um hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Heyra mátti af ræðu hans að miðgildið væri reiknað hér með allt öðrum hætti en víðast hvar annars staðar.

Hæstv. forsætisráðherra talar um afstæða útreikninga á fátækt. Fátæktarmörk séu vissulega hærri hér en víða annars staðar í heiminum. Það er rétt. Fátæktarmörkin er hærri hér en það fæst minna fyrir þúsundkallinn á Íslandi en í Tyrklandi sem er ef til vill það land sem hæstv. forsætisráðherra miðar sig við. Það má kannski frá tvö, þrjú læri fyrir þúsundkall þar en varla hálft læri á Íslandi. Við eigum því að nota þessa alþjóðlegu útreikninga og bera þá saman. Það er ekkert annað að gera.

Mér finnst alveg furðulegt að verða vitni að þeirri umræðu hjá stjórnarliðum hvernig menn reyna að snúa út úr umræðunni. Það eru einfaldlega staðreyndir sem koma fram í skýrslunni, að 6,6% barna eru undir fátæktarmörkum á Íslandi. Ætla menn að takast á við það? Svarið í umræðunni er einfalt. Stjórnarliðar eru mjög ánægðir með ástand mála og vilja engu breyta. Ekki er annað að heyra af máli t.d. hv. þm. Birkis J. Jónssonar og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, en að þeir séu ánægðir með ástandið eins og það er. En í þeim löndum sem við berum okkur saman við, þ.e. á Norðurlöndunum, er hlutfallið tvöfalt og þrefalt lægra. Þetta er sá veruleiki sem þessir flokkar, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, eru ánægðir með.

Við í Frjálslynda flokknum erum ekki ánægð með þetta og höfum bent á að þetta er ekki einhver þróun sem við höfum þurft að fara í. Alls ekki. Þetta er afleiðing af skattstefnu núverandi ríkisstjórnar, sem hefur birst m.a. í því að taka alltaf meira og meira af þeim með lágu launin og minna og minna af þeim með háu launin, eða réttara sagt, minna og minna af þeim sem eru með allra hæstu launin. Því í raun hefur skattbyrðin á 90% landsmanna aukist, en einn hópur stendur eftir, sá sem er með 10%, þ.e. hæstu tekjurnar. Þannig birtist þessi stefna stjórnvalda og þeir eru ánægðir með þá stefnu.

Fram kemur í skýrslunni að hlutfall fátækra barna hefur hækkað á síðustu árum meðan hagur þjóðarinnar hefur verið að batna. Maður spyr sig: Eru menn ánægðir með þá þróun? Við í Frjálslynda flokknum erum það ekki. En stjórnarflokkarnir vilja þetta og hafa í raun reynt að leyna þessu. Það hefur komið fram í umræðunni að erfitt hafi verið að fá skýrsluna fram. En það hefur einnig verið erfitt að fá fleiri svör frá hæstv. forsætisráðherra vegna þess að áður gegndi hann starfi fjármálaráðherra. Þá var ekki hægt að fá upp úr þáverandi fjármálaráðherra og núverandi forsætisráðherra hver misskiptingin yrði í samfélaginu þegar skattstefna ríkisstjórnarinnar hefði náð fram að ganga. Því vildi hann leyna þegar hann var spurður að því vegna þess að hann vissi sem var, að svarið sýndi fram á að ríkisstjórnin væri að stefna að ójöfnuði og enn meiri ójöfnuði.

Í lokin vil ég minnast á það, að hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði að við megum ekki gleyma þeim sem minna mega sín. Það er alveg rétt. Framsóknarflokkurinn gleymir ekki þeim sem minna mega sín þegar skattlagning á í hlut. Það kom vel fram hvað varðar fjáröflun Ríkisútvarpsins því það á að beita nefskattinum með jafnmiklum þunga á þá sem eru með lægstu tekjurnar og þá sem eru með hæstu tekjurnar. Að vísu verður einn tekjuhópur algjörlega undanskilinn og það er sá hópur sem hefur tekjur eingöngu af fjármagni. Þetta býður Framsóknarflokkurinn upp á og þeir flokkar sem nú ráða ríkjum eru ánægðir með þá stefnu. Fólk verður að gera sér grein fyrir að það verður engu breytt nema að þessum flokkum verði hrint frá völdum í komandi kosningum 12. maí næstkomandi.

[16:35]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Þetta er mikilvæg umræða um fátæk börn. Hins vegar er ákveðinn vandi við að finna hvar vandinn liggur því menn hafa notast við stærðfræðilegan mælikvarða sem er mjög slæmur og í raun bara mæling á tekjudreifingu, en enginn annar betri hefur fundist.

Gallar hans eru þeir að hann tekur mið af tekjum en ekki skuldum og eignum. Hann tekur fjármagnstekjur en ekki fjármagnsgjöld, sem er mjög stór galli. Hann tekur ekki

mið af því að t.d. börn einstæðra mæðra í foreldrahúsum geta haft það mjög gott þó þau teljist vera fátæk samkvæmt könnuninni. Svo er það þessi þróun sem er um alla Evrópu, að hótel mamma hýsir fólk æ lengur, allt til þrítugs. Eftir því sem menn læra lengur á ævinni, þeim mun stærri verða hópar þeirra sem eru með lágar tekjur og eftir því sem menntunin verður meiri, þeim mun meiri verður tekjudreifingin hjá einstaklingum. Þeir verða þá með hærri tekjur seinna meir en lágar tekjur meðan á námi stendur. Því fjölgar fátækum börnum þegar menntunin verður meiri. Einnig má benda á að ef öll laun, tekjur og bætur tvöfölduðust að raungildi eru jafnmargir fátækir og nákvæmlega sami hópurinn.

Svo er líka einn galli í viðbót. Ef allir eru með 100 þús. kr. á mánuði, sem þykir ekki mikið, allir, hver einasti Íslendingur, í bætur eða laun, þá er enginn fátækur. Mælikvarðinn er því mjög gallaður.

Það hefur margt gerst frá 2004. Búið er að hækka barnabætur og stórminnka skerðingu bóta öryrkja. Það var gert núna fyrir jól, það hefur því margt verið gert.

Frú forseti. Ég vil undirstrika að það eru til fátæk börn á Íslandi, virkilega. (Gripið fram í.) Nei, þau koma ekki fram í skýrslunni. Það er nefnilega dálítið merkilegt. Ég ætla að færa rök fyrir því hvar þau er að finna eða ég tel að þau sé að finna. Þau er allt annars staðar.

Skuldsetning heimila er ógnvænleg. Að meðaltali er yfirdráttur einstaklinga í bönkunum 1 milljón á fjögurra manna fjölskyldu. Margir skulda ekki neitt á meðan aðrir skulda mjög mikið. Af þeim lánum þarf að borga vexti og afborganir. Upphæð á yfirdrætti er í reynd alltaf gjaldfallin. Þetta held ég, ásamt bílalánum og mikilli skuldsetningu, geri að verkum að jafnvel fólk með háar tekjur geti haft mjög lítið til ráðstöfunar í hverjum mánuði. Jafnvel þannig að það hefur ekki efni á mat.

Það er ekki bara þetta. Svo er nokkuð sem ekki má nefna á Alþingi, frú forseti, og það er óregla og fíkn. Ég var að spyrja að því hérna áðan meðal þingmanna hvað þeir teldu að margir væru fíklar og óreglumenn. Áfengisfíklar, eiturlyfjafíklar, spilafíklar. Börn allra þessara einstaklinga eru fátæk. Alveg sama hvaða tekjur foreldrarnir hafa. Alveg sama hvaða barnabætur þeir fá. Fíknin er svo dýr. Við leysum því ekki vandann með því að hækka barnabætur til þessa hóps. Fjöldinn í þessum hóp er umtalsverður. Sumir hafa nefnt eitt þúsund manns, aðrir hafa nefnt tvö þúsund. Ég veit ekki hvað þeir eru margir. En börnin þeirra líða fyrir fíknina. Ekki bara það heldur búa þau við óöryggi, peningaleysi, svik, vanrækslu og jafnvel ofbeldi. Þetta er vandinn sem við glímum við í dag og ég held að menn ættu að taka á því að glíma við þann vanda.

Mikilvægt er að menn gæti þess að hafa styrka stefnu í efnahagsmálum. Ekkert atvinnuleysi er núna. Það er gott fyrir fátæk börn. Laun hafa hækkað um 50% að raungildi. Það er gott fyrir fátæk börn. Lækkun skatta á einstaklinga, foreldra barnanna, það er gott fyrir fátæk börn. Við erum búin að minnka skerðingar á öryrkja þannig að þeir geta unnið meira. Það er gott fyrir fátæk börn. Við erum búin að hækka barnabætur heilmikið frá 2004, sem er líka gott fyrir fátæk börn.

En við þurfum að gæta að þeim hópi sem ég nefndi áðan, þ.e. börnum fíkla sem saklaus lenda í þeirri stöðu.

[16:40]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Það hefur margt ævintýralega sérkennilegt verið sagt í umræðunni í dag. Eitt af því sem ég verð að nefna í upphafi er ræða hv. þm. Birkis J. Jónssonar sem hann flutti áðan þar sem hann fullyrti að við værum á réttri leið hvað jöfnun lífskjara varðar. Ég hef aldrei heyrt aðra eins dellu á þeim tíma sem ég hef setið á þingi vegna þess að staðreyndin er sú að núverandi ríkisstjórn hefur markvisst verið að skera niður framlög til barnabóta og vaxtabóta. Skattalækkanir hafa verið framkvæmdar með þeim hætti að þær hafa stækkað bilið milli ríkra og fátækra. Þetta hefur komið fram í svörum frá hæstv. fjármálaráðherra til hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og stendur þar svart á hvítu: Eini hópurinn sem hefur eitthvað fengið út úr skattalækkunum ríkisstjórnarinnar eru þau 10% sem hæstar hafa tekjurnar. Að standa hér og halda því fram að við séum á réttri leið hvað jöfnun lífskjara varðar er auðvitað ekkert annað en sýndarmennska af versta tagi.

Virðulegi forseti. Staðreyndin er nefnilega sú að ríkisstjórnin hefur verið að þrengja verulega að barnafólki og þá ekki síst þeim fjölskyldum sem hafa lægstar tekjurnar sem og millitekjufjölskyldum.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór vel yfir þann hluta sem snýr að barnabótum og niðurskurðinum á þeim. Það sem hv. þm. Birkir J. Jónsson hélt fram áðan er einfaldlega rangt um hækkun barnabóta og var enn ein aumleg tilraun til þess að slá ryki í augu manna. Staðreyndin er sú að barnabæturnar hafa lækkað, verið lækkaðar markvisst ár frá ári frá árinu 1995. Eitt árið voru þær hækkaðar um 50%, það er rétt. Það var á milli 2005–2006, að mig minnir, vegna þrýstings frá ASÍ í tengslum við gerð kjarasamninga. Annað var það ekki.

Annað sem hefur verið skert verulega á kjörtímabilinu eru vaxtabæturnar. Þær hafa verið skornar niður með ævintýralegum hætti með markvissum aðferðum allt kjörtímabilið. Þegar núverandi ríkisstjórn stendur frammi fyrir kjósendum í vor verður hún milljarð í mínus gagnvart barnafólki og því fólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Milljarð í mínus í vaxtabótum.

Allt þetta er gert á sama tíma og húsnæðisverð hefur aldrei verið hærra, vextir þeir hæstu í heimi auk hárrar verðbólgu sem leggst ofan á húsnæðislánin með verðtryggingunni. Menn geta ekki hlaupið frá slíkum staðreyndum og frá þeirri staðreynd að sá veruleiki sem núverandi ríkisstjórn hefur skapað leggst þungt á íslensk heimili og barnafjölskyldur. Á síðasta ári voru íslensk heimili með verðtryggð lán að greiða að minnsta kosti 13% nafnvexti af húsnæðislánum sínum vegna þeirrar óstjórnar sem ríkt hefur í efnahagsmálum og leiddi af sér þessa háu verðbólgu.

Margt þrengir að fjárhag barnafjölskyldna. Þar má nefna t.d. hátt matarverð, há dagvistunargjöld, háa gjaldheimtu í heilbrigðiskerfinu, hátt verð á lyfjum auk ofangreinds kostnaðar vegna húsnæðis. Þess vegna þótti mér merkilegt að standa hér áðan og hlusta á hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur lýsa því yfir að eitt af þeim tækjum sem við gætum notað til að mæta barnafjölskyldum í landinu væri gjaldfrjáls leik-

skóli, þegar á sama tíma flokkur hennar á aðild að meiri hluta í borgarstjórn sem núna er nýbúinn að hækka leikskólagjöldin í Reykjavíkurborg. Samfylkingin lagði af stað með það að lækka leikskólagjöldin en núna eru Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur að hækka þau. Það er því ekkert að marka þau orð.

Virðulegi forseti. Við jafnaðarmenn höfum sýnt það og sannað með orðum okkar og athöfnum að við ætlum að vinna fyrir fólkið í landinu fáum við til þess brautargengi í kosningunum í vor. Það er alveg kristaltært að í samfélagi sem er stýrt af jafnaðarmönnum verður fátækt meðal barna (Forseti hringir.) aldrei liðin. Hún verður aldrei liðin.

[16:44]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka skýrslubeiðendum fyrir framtak þeirra að gefast ekki upp og halda áfram að biðja um skýrslu um fátækt á Íslandi. Eins vil ég þakka forsætisráðherra fyrir þá skýrslu sem við ræðum.

Mér finnst mjög mikilvægt að við hættum aðeins að karpa um tölur, hversu margir eru skilgreindir sem fátækir samkvæmt þeirri aðferð sem hér er notuð, því ljóst er að hægt er að skilgreina fátækt á mismunandi hátt. Sú aðferð sem hér er notuð er hlutfallsleg fátækt og hún mælir það sem hér kemur fram. Það er líka hægt að mæla fátækt samkvæmt aðferð sem heitir altæk fátækt, en þá er það metið hver framfærslukostnaður hvers einstaklings og fjölskyldna er eftir því hvernig þær eru samansettar. Einnig er hægt að meta huglæga fátækt, hvort fólk upplifir sig fátækt eða ekki og hægt er að vinna að alþjóðlegum samanburði.

Ég tel, hæstv. forseti, mjög mikilvægt að við stundum rannsóknir og kortleggjum efnahagsástand fjölskyldnanna í landinu út frá öllum þessum aðferðum, hvort fólk upplifir sig fátækt eða ekki, hvort börn upplifa sig fátæk og telji að fjölskyldan sé fátæk og hafi ekki efni á því að kosta frístundir, klæðnað og ýmisleg tæki sem jafnaldrar þeirra hafa milli handanna og þykja sjálfsögð í dag.

Samkvæmt niðurstöðunum hefur fátækt helst varanleg áhrif ef hún stendur í langan tíma. En það er ekki sama á hvaða aldri. Unglingar eru t.d. mjög viðkvæmir fyrir því að geta ekki verið eins og jafnaldrar þeirra (Forseti hringir.) og þau áhrif geta varað ævilangt.

[16:47]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Við ræðum um skýrslu hæstv. forsætisráðherra um fátækt barna á Íslandi sem er sannarlega mikilvægt málefni og mér finnst umræðurnar hér hafa verið málefnalegar og margt komið fram enda er auðvitað helsta verkefni okkar sem störfum í stjórnmálum að huga að þessum málum. Það er jú þannig að stjórnmál snúast um fólk og þau snúast um að leggja sitt af mörkum svo hver og einn fái notið sín í samfélaginu sem við eigum saman. Því felst það í starfi stjórnmálamannsins að leggja grunn að velferð fyrir sem flesta líkt og þessi ríkisstjórn hefur gert. Hvað sem menn hafa hér sett fram er það óumdeilt að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist um nær 60% á síðustu 10 árum. Sambærilegar tölur þekkjast ekki í nágrannalöndum okkar, þar hafa þær verið á bilinu 15–20%.

Kaupmáttaraukningin, traust atvinnuuppbygging, vinnan, vöxturinn og velferðin sem heitið var hefur verið grunntónninn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og hefur gagnast öllum almenningi á Íslandi. Enn voru tekin mikilvæg skref í þágu velferðar einstaklinganna og fjölskyldnanna í landinu á síðustu dögum haustþingsins. Skattleysismörk hækkuðu um 14% um áramótin, úr 79 þús. kr. í 90 þús. kr. á mánuði, og mun það sérstaklega gagnast tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum en við þessar breytingar munu 4 þús. einstaklingar hætta að greiða skatta. Það eru þá tekjulægstu einstaklingarnir og það skiptir miklu máli.

Um áramótin lækkaði líka tekjuskattur um 1 prósentustig og hefur hann þá lækkað um 3 prósentustig á kjörtímabilinu. Þetta nýtist auðvitað öllum, ekki síst ungu fólki sem ber miklar byrðar á sama tíma og það er að ljúka námi, er að eignast börnin sín, eignast sitt fyrsta húsnæði, byrja að greiða af námslánunum, greiða leikskólagjöld og ýmislegt fleira sem fylgir því að stofna fjölskyldu og heimili. Það fer því oft þannig að þetta unga fólk vinnur mikið og hefur kannski ágætar tekjur en þarf líka að bera þessar miklu byrðar eins og ég taldi upp áðan.

Fyrir síðustu kosningar lögðum við framsóknarmenn einmitt sérstaka áherslu á þetta unga fólk og sést það í áherslum okkar á þessu kjörtímabili, eins og í lækkun tekjuskattsins, hækkun barnabótanna, hækkun vaxtabótanna og lækkun endurgreiðslubyrði námslána. Það er jú þannig, og það hefur margoft verið deilt um það á þessu þingi, að þetta hefur allt hækkað. Við getum vel rifist um einstaka útfærslu, og það er ósköp eðlilegt að það sé tekist á um það milli hv. stjórnarandstöðu og stjórnarliðanna, en við verðum samt að horfa á tölurnar í fjárlagafrumvörpunum og í þeim fjárlögum sem liggja hér fyrir og það er sannarlega raunhækkun til þessara málaflokka. Því meira sem situr eftir í buddunni þeim mun léttar anda margir eftir framlag í sameinaða sjóði okkar landsmanna sem standa svo undir menntun okkar, heilbrigðiskerfi, félagslega kerfinu, sem þrátt fyrir allt er enn á meðal þess besta sem þekkist í heiminum.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um að lækka matarreikning heimilanna voru einnig lögfestar á dögunum og fyrir almenning í landinu þýða þessar aðgerðir 14–16% lækkun á matvælaverði og 2,7% lækkun neysluverðsvísitölu á þessu ári. Kaupmáttur heimilanna eykst því að sama skapi um 2,7%. Þetta mun koma lágtekju- og millitekjufólki sérstaklega vel svo ekki sé talað um barnmargar fjölskyldur. Þetta skiptir máli. En við verðum auðvitað að tryggja með öflugu verðlagseftirliti og öflugu aðhaldi að þessar lækkanir skili sér sannarlega í vasa þeirra sem þurfa á að halda en týnist ekki einhvers staðar á leiðinni frá haga ofan í maga. Það er verkefni okkar um þessar mundir.

Í fyrrnefndri skýrslu sem hæstv. forsætisráðherra hefur látið vinna eru vísbendingar um að 4.600 börn alist upp í fátækt á Íslandi. Það er óásættanlegt. Það er sorglegt til þess að hugsa að börn í velferðarríki eins og Íslandi líði skort. Hækkun skattleysismarkanna, hækkun barnabótanna, lækkun matarreiknings heimilanna mun nýtast þessum hópi sérstaklega, svo ég tali nú ekki um aðgerðir eins og einstök sveitarfélög eins og Reykjavíkurborg eru að fara í með því að taka upp svokölluð íþrótta- og tómstundakort sem nýtast

einmitt þessum hópi vel. Í þeim hópi eru t.d. innflytjendabörn sem þetta nýtist vel. Það er nefnilega skylda okkar að tryggja að Ísland verði áfram samfélag jafnra tækifæra. Besta leiðin til þess er að einbeita okkur að börnunum okkar, umhverfi þeirra og tækifærum. Um það snúast stjórnmálin, við eigum að búa þannig um hnútana að þau geti numið fræðin á jafnréttisgrundvelli og þegar þau ljúka námi fari hver og einn út í lífið með veislu í farangrinum, eins og skáldið orðaði það, veislu þekkingar og menntunar sem opnar mönnum allar þær dyr sem hægt er að opna. Þannig gerum við æskuna, börnin okkar, frjálsari í harðnandi alþjóðlegri samkeppni á hvaða sviði sem er og þannig tryggjum við frelsi okkar sjálfra til framtíðar. Þetta gerum við með því að bjóða upp á góða menntun hvar sem menn búa, aðgengi að listnámi og íþróttum óháð efnahag og búsetu. Þannig stuðlum við, virðulegur forseti, áfram að því samfélagi jafnra tækifæra sem við höfum búið við síðustu áratugina.

[16:52]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við erum að ræða fátækt og afleiðingu stjórnarstefnu Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Það var athyglisvert að hlýða hér á hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur fullyrða að stjórnmál snerust um fólk en áherslur Framsóknarflokksins í síðustu árum hafa verið með þeim hætti að það mætti ætla að stjórnmál Framsóknarflokksins snerust um ríkt fólk. Það birtist m.a. í skattstefnunni.

Hv. þingmaður hreykti sér af því að hækka skattleysismörkin. Hver var ástæðan fyrir því? Ástæðan var eingöngu sú að ASÍ neyddi ríkisstjórnina til að fara í þessa vegferð í fyrrasumar. Það var ekki eitthvað sem ríkisstjórnarflokkarnir gerðu sjálfviljugir, alls ekki. Vegna aðgerða ASÍ hækkuðu skattleysismörkin. Það var ekki það að Framsóknarflokkurinn vildi það, heldur voru framsóknarmenn nauðbeygðir til þess til að halda kjarasamninga og tryggja vinnufrið í landinu.

Hvað varðar hitt atriðið sem hv. þingmaður nefndi hér, lækkun skattprósentunnar, er rétt að vekja athygli á því að ef þetta eina prósentustig hefði verið notað til þess að hækka skattafsláttinn hefði það gagnast betur öllum sem hefðu lægri tekjur en 3,7 millj. í árslaun. Þessir hópar sem við erum að ræða hér um, meðaltekju- og láglaunafólk, hefðu komið betur út ef farin hefði verið sú leið sem Frjálslyndi flokkurinn og stjórnarandstaðan vildi fara, að láta alla skattalækkunina renna í að hækka skattleysismörkin.

Ef stjórnarflokkarnir hefðu gert það er ég líka viss um að þeir væru ekki í þessari vandræðaumræðu gagnvart öldruðum þar sem samspil lágra skattleysismarka og skerðingarreglna lífeyristrygginganna gerir það að verkum að þetta fólk býr við kröpp kjör. Það er staðreynd málsins. Þess vegna eru stjórnarflokkarnir í þessum vandræðum.

Ég vil taka undir ræðu eins stjórnarliðans, ræðu hv. þm. Péturs Blöndals þar sem hann ræddi um að það verði að líta til fleiri þátta. Það er rétt að mörg heimili búa eflaust við kröpp kjör vegna skuldsetningar. Íslensk heimili eru ein þau skuldsettustu í Evrópu þannig að háir vextir sverfa mjög að heimilunum. Sú efnahagsstjórn sem hefur ráðið ríkjum sverfir að íslenskum heimilum.

Hvað er þá til bragðs að taka til að rétta hlut barna sem líða fyrir þessar aðstæður? Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á að það sé rétt að tryggja það að börn hafi aðgang að (Forseti hringir.) tómstundastarfi og þurfi ekki að greiða há gjöld vegna kostnaðar sem hlýst í skólastarfi.

[16:55]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum sem þátt tóku í umræðunni fyrir framlag þeirra. Við höfum hreyft hér við feimnismáli og ég held að í sannleika sagt fyrirverðum við okkur öll fyrir það að á Íslandi allsnægtanna hafi nærri 5 þús. börn verið undir fátæktarmörkum fyrir skemmstu. Þess vegna er hæstv. forsætisráðherra í feluleik og afneitun. Þess vegna segir hæstv. forsætisráðherra að við séum næstum því best í heimi en ekki það að hér séu hlutfallslega flest fátæk börn alls staðar á Norðurlöndunum. Þess vegna neitar hann að birta samanburð á framlögum okkar til barnafjölskyldna og framlögum manna á Norðurlöndunum.

Afneitunin birtist síðan í alls kyns annmörkum á alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði í samanburði á þeirri ótrúlegu hagfræðikenningu að fátækt sé yfirleitt tímabundin. Sú fjarstæðukennda kenning hæstv. forsætisráðherra er ekki byggð á neinum vísindalegum grunni og mundi trúlega færa honum nóbelsverðlaun í hagfræði ef rétt reyndist. Afneitunin birtist í þriðja lagi í því að segja að það sé kannski allt í lagi að fátæk börn séu hlutfallslega svona mörg hérna vegna þess að við höfum það öll svo miklu betra en fyrir 10 árum.

En, virðulegur forseti, þannig er það líka í Tékklandi. Í Tékklandi hefur kaup líka hækkað og hækkað síðustu 10 árin en samt nær ríkisstjórn jafnaðarmanna þar tveimur af hverjum þremur fátækum börnum upp fyrir fátæktarmörkin með skatta- og bótakerfinu. Þeir leggja meiri áherslu á það suður í Tékklandi að bjarga börnum upp fyrir fátæktarmörkin en við gerum hér. Mig undrar metnaðarleysi (Forseti hringir.) hæstv. forsætisráðherra. Þegar kemur að hag barna (Forseti hringir.) og fjölda fátækra barna á Íslandi eigum við ekki að (Forseti hringir.) sætta okkur við það að vera lélegust af Norðurlöndunum. Við (Forseti hringir.) eigum að gera kröfu til þess að vera best í heimi.

[16:58]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég bið þingmanninn að velta því fyrir sér í alvöru hvort hv. þingmanni sem hér talaði síðast geti verið sjálfrátt ef hann telur að það sé betra að vera fátækt barn í Tékklandi eða í Austur-Evrópu en á Íslandi. Heyr á endemi.

Það hefur verið gefið í skyn í þessari umræðu, virðulegi forseti, að reynt hafi verið að leyna upplýsingum, reynt að draga framlagningu þessarar skýrslu úr hófi o.s.frv. Það er best að segja það alveg eins og það er að öllum spurningum er svarað í þessari skýrslu sem um var beðið sem unnt er að svara með þeim gögnum sem tiltæk eru. Hér er unnið verk sem ekki hefur áður verið unnið á Íslandi og þeir sem það hafa unnið hafa gert það eftir bestu samvisku og unnið úr þeim gögnum sem hægt hefur verið að nota til að greina

þennan vanda sem hér er vissulega verið að tala um.

Ég stóð frammi fyrir vali um að draga framlagningu skýrslunnar enn meðan verið væri að afla gagna sem gæti tekið verulegan tíma eða birta hana eins og hún er í þeim búningi sem hún liggur fyrir í og þá með þeim annmörkum að hugsanlega væri ekki öllu svarað. Öllu er hins vegar svarað sem hægt er að svara á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Ég vildi frekar gera það þannig en að draga framlagningu hennar fram eftir öllum vetri eða hugsanlega hefði það getað orðið til þess að skýrslan hefði alls ekki verið birt.

Auðvitað er búið að benda á ákveðið vandamál með þessari skýrslu. Á þessu vandamáli, fátækt barna, eru margvíslegar skýringar sem eiga við um þjóðfélag okkar sem er vissulega að mörgu leyti frábrugðið því sem annars staðar þekkist. Ekki geta unglingar í öllum löndum sem eignast börn gengið að því vísu að þau geti verið með börn sín á heimili foreldranna og búið þar kannski við gott atlæti þó að skattframtöl segi annað. Við vitum alveg hvernig þetta er í okkar góða samfélagi. Því miður á það ekki við um alla og því miður hafa enn þá ákveðnir hópar hér minna úr að spila en við teljum æskilegt.

Ég vil geta þess í sambandi við aðferðafræðina í þessu máli að það er miðað við miðgildið sem OECD notar. Það eru til aðrar aðferðir eins og ég gat um í upphafi. Það er rétt að bæta því við að í flestum OECD-löndunum er miðgildið og þeir útreikningar sem á því byggjast fengið með úrtakskönnun. Við notum ekki þá könnun á Íslandi í þessu máli heldur byggjum við á skattframtölum. Það þýðir að við náum til hópa í gegnum skattframtöl sem við mundum áreiðanlega ekki ná til í gegnum úrtak. Til dæmis er ungt fólk með börn sem býr á heimilum foreldra sinna ekki í slíkum hópi sem næst í gegnum úrtak. Það heldur ekki sjálfstæð heimili með þeim hætti. Það má leiða að því líkur að ef við værum hér með úrtakskönnun eins og annars staðar væri þetta hlutfall lægra sem við erum hér að tala um. Ég ætla ekki að gera of mikið úr því, ég ætla ekki að reyna að draga úr vandanum með þessu en ég bendi á að þessi aðferðafræði er miklum annmörkum háð.

Sömuleiðis er líka einfalt skilgreiningaratriði að segja: Við skulum bara lýsa því yfir að allir sem eru 50% undir miðgildinu séu fátækir. Ef við mundum segja að allir sem hafa 40% af miðgildinu séu fátækir mundi talan 6,6% barna lækka í 3,3%. En hver segir að þessi mörk séu endilega 50% af miðgildinu? Hver getur fullyrt að það sé þannig? Það er bara mælikvarði sem menn búa sér til en (Gripið fram í.) hann er líka þessum annmörkum háður. Ég bendi á að miðað við íslenskar tölur væru þetta 3,3% ef stuðst væri við 40% af miðgildinu.

Auðvitað eru gallar á þessari aðferðafræði. Það þýðir ekki að vandamálið sé ekki til, auðvitað er það til, við höfum rætt það með ágætum í þessari umræðu (Forseti hringir.) að ég tel.

Umræðu lokið.

## *Vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar, 1. umr.*

Stjfrv., 415. mál (afsal til Landsvirkjunar). — Þskj. 472.

[17:02]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

Frumvarp þetta var einnig flutt á 132. löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965. Stofnendur fyrirtækisins voru íslenska ríkið og Reykjavíkurborg og skyldi hvor aðili um sig eiga helmingshlut. Meðal þess sem ríkið lagði til sem stofnframlag samkvæmt sameignarsamningi voru vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell ásamt landi sem til þurfti vegna virkjunarinnar.

Forsvarsmenn ríkisins voru í góðri trú um að það væri eigandi þeirra réttinda sem lögð voru fram af þess hálfu til sameignarfélagsins enda byggðust þau á afsali frá fyrirtækinu Titan h/f frá árinu 1952. Nýlegir úrskurðir óbyggðanefndar um Gnúpverjaafrétt 21. mars 2002 og Landmannaafrétt 10. desember 2004 setja strik í þennan reikning. Samkvæmt þeim hafði Titan h/f og þeir aðilar sem félagið leiddi rétt sinn frá hvorki beinan eignarrétt yfir landinu sem Búrfellsvirkjun var reist á né þau vatnsréttindi sem talið var. Eignartilkalli Landsvirkjunar í þessum málum var þannig hafnað í þessum úrskurðum og telst umrætt svæði þjóðlenda í skilningi laga og fer ríkið þar með eignarrétt.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem ég nú mæli fyrir er ítarlega rakið hverjar voru forsendur óbyggðanefndar fyrir þessari niðurstöðu og sömuleiðis annar aðdragandi þessa máls og málsskjöl sem það varða frá fyrri tíð.

Þar sem eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun hefur ásamt öðru miðast við framsal vatnsréttinda og lands á þessu svæði til fyrirtækisins var það niðurstaða eigenda fyrirtækisins þegar árið 2002 er fyrri úrskurður óbyggðanefndar féll að nauðsyn bæri til að flytja frumvarp þetta og leita með því eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar beinum eignarrétti að þessum réttindum hvað varðar Búrfellsvirkjun. Með því móti væri tryggt að fyrirtækið yrði að gengnum úrskurðum óbyggðanefndar eins sett og til var stofnað með nefndum sameignarsamningi að því marki sem hann náði til ráðstöfunar þess lands og vatnsréttinda á nefndu svæði, sem ríkið taldi sig eiganda að við gerð sameignarsamningsins frá 1965. Má geta þess að bókfærð verðmæti réttinda þeirra sem hér um ræðir eru talin vera nú um hálfur milljarður kr.

Í umræðum um frumvarpið síðastliðið vor var vakin athygli á því að ríkislögmaður hefði í áliti á sínum tíma talið að lagasetning væri ekki endilega nauðsynleg. Þess ber að geta að það álit var sett fram áður en viðræður sameigenda voru til lykta leiddar. Þeim lauk eins og kunnugt er með því að ríkið gaf bæði Landsvirkjun og sameigendum fyrirheit um að þetta frumvarp skyldi flutt. Telur ríkisstjórnin sig bundna af því jafnvel þótt síðar hafi mál æxlast svo að ríkið keypti hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar.

Svæðið sem hér um ræðir er um 25 ferkílómetra skiki

beggja vegna Þjórsár þar sem eru mannvirki og athafnasvæði Landsvirkjunar vegna Búrfellsvirkjunar. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir að landinu fylgi vatnsréttindi í Þjórsá að því marki sem þarf til að virkja allt að 210 megavatta afl. Þess ber að geta að málshöfðunarfrestur vegna úrskurðar óbyggðanefndar um Landmannaafrétt rann út í september 2005 án þess að mál væri höfðað fyrir dómstólum. Mál til ógildingar á úrskurði óbyggðanefndar um Gnúpverjahrepp var þingfest 20. nóvember 2002 en hefur legið í láginni síðan. Ef frumvarpið verður að lögum verður eftir atvikum gerður fyrirvari í afsali til Landsvirkjunar um niðurstöðu þess dómsmáls.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að reifa þetta frumvarp frekar en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[17:07]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Hæstv. forsætisráðherra gat þess áðan að ríkislögmanni hefði á fyrra þingi, eða þegar málið kom fyrir síðast, ekki þótt þörf á að flytja þetta frumvarp. Mig langar að spyrja hvað hefur breyst í því efni sem leiðir til þess að forsætisráðherra lætur ekki að þeirri ráðgjöf. Hann nefndi réttilega að einhvers konar fyrirheit hefði verið gefið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það sem gerst hefur síðan er auðvitað að samningar hafa tekist um kaup ríkisins á eignarhlutum, sem svo heita, Reykjavíkur og Akureyrar sem eitt sinn voru og það þarf ekki að standa við nein fyrirheit í því efni. Hvað hefur breyst síðan síðast sem eykur þörf á að flytja þetta frumvarp í trássi við ráðgjöf ríkislögmanns?

[17:08]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er ekki alveg rétt með farið vegna þess að ég gat þess að borist hefði í tal í umræðum síðast þegar málið var flutt að ríkislögmaður hefði á sínum tíma haft það álit sem ég gat um. Það álit er dagsett í september 2002. Eftir það voru fyrirheit gefin aðilum um að þetta frumvarp yrði flutt og eigninni afsalað til Landsvirkjunar.

Nú er það reyndar svo, eins og ég gat um og hv. þingmaður nefndi einnig, að frá þeim tíma hefur orðið sú breyting að ekki eru lengur sömu sameignaraðilar að þessu fyrirtæki og áður voru. Það breytir ekki því að sú leið að afsala fyrirtækinu þeirri eign sem talið var í upphafi að fyrirtækinu hefði verið afhent er heppilegust til að draga úr öllum efa um það að fyrirtækið hafi þessi réttindi og hafi þessa eign til ráðstöfunar með sama hætti og reikningar félagsins hafa alla tíð gert ráð fyrir og með sama hætti og lánardrottnar fyrirtækisins hafa alla tíð gengið út frá.

[17:09]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það er ótrúlegt ef hér er upplýst að þessir samningar hafi verið gerðir með einhvers konar fyrirvara um að þetta yrði samþykkt á Alþingi. Ég spyr: Hvað tekur við ef þessi gerningur verður ekki samþykktur á þinginu? Verður að taka upp samningana? Ætlar ríkið sér þá að borga Akureyri og Reykjavík einhverjar fjárhæðir í samræmi við þá tölu sem hér var nefnd um verðmæti þessara réttinda?

[17:10]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er enn einhver misskilningur á ferðinni vegna þess að það er enginn fyrirvari í samningum við Akureyrarbæ og Reykjavíkurborg um þetta atriði en meðan þessir aðilar voru sameigendur var þeim gefið fyrirheit um að leitað yrði heimildar Alþingis til þessa gjörnings sem hér er verið að fjalla um. Þessir aðilar eru ekki lengur sameigendur þannig að þeim er málið óskylt að þessu leyti núna. Hins vegar er það engu að síður þannig að talið er heppilegra út frá sjónarmiðum núverandi eiganda og ríkisins að koma þessu ... (Gripið fram í.) ríkið er núverandi eigandi, (Gripið fram í.) að koma þessu máli á hreint gagnvart þeim lögaðila sem hér á í hlut sem er Landsvirkjun.

[17:11]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál lætur kannski ekki mikið yfir sér eins og við höfðum á orði við umræðu um það á síðasta vetri en það er grafalvarlegt og getur dregið þungan dilk á eftir sér og haft áhrif sem að mínu mati eru ófyrirséð. Mig langar til að spyrja hæstv. forsætisráðherra við upphaf þessarar umræðu hvort leitað hafi verið leiða eftir umræðuna í fyrra til að tryggja áframhaldandi rekstur Búrfellsvirkjunar með öðrum og viðurhlutaminni hætti en hér er gert ráð fyrir með því að afsala þessum réttindum til Landsvirkjunar um aldur og ævi. Við skulum vera þess minnug að hér hafa verið gefnar yfirlýsingar um hlutafélagavæðingu Landsvirkjunar og við vitum öll að hlutafélagavæðing opinbers fyrirtækis getur þýtt sala eða að losað verði um eignarhlutinn og hann seldur úr eigu hins opinbera. Göngum ekki að því gruflandi að hér er verið að afsala gríðarlega stóru landi til Landsvirkjunar sem núverandi ríkisstjórn er búin að gefa yfirlýsingu um að verði hlutafélagavædd í fyllingu tímans, jafnvel 2008 eins og hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra hefur gefið yfirlýsingar um hér, sem gæti leitt af sér sölu sem á endanum gæti þýtt að þessi mikilvæga sameign þjóðarinnar, þjóðlendan sem um ræðir, fari í hendur einkaaðila.

Ég spyr hæstv forsætisráðherra: Er þetta ekki sprengiefni mitt í miklum deilum um þjóðlendumál?

[17:13]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið er nei við því að mínum dómi. Ég tel ekki að þetta sé neitt sérstakt sprengiefni. Ég tel þvert á móti að þetta sé eðlileg niðurstaða í framhaldi af þeim úrskurðum sem komu frá óbyggðanefnd um þetta málefni og í eðlilegu samhengi við það sem ákveðið var 1965.

[17:13]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel hægt að tryggja réttindi Búrfellsvirkjunar og réttindi Landsvirkjunar með öðrum og viðurhlutaminni hætti en hér er lagt til. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Hefur ekki verið kannað á milli umæðna um málið hvort það sé hægt? Mér finnst ekki alveg nóg að hæstv. ráðherra líti svo á að ekki sé talið heppilegt að gera þessa hluti öðruvísi en hann leggur hér til. Mér finnst að þjóðin

sem hefur fengið þetta ómetanlega land dæmt sem þjóðlendu eigi heimtingu á að fá skýringu hæstv. ráðherra á því hvort hægt sé að fara aðra leið, því að mér skilst að hér þurfi fyrst og fremst að tryggja réttindi Landsvirkjunar til að halda áfram að framleiða rafmagn í Búrfellsvirkjun. Eða er það eitthvað annað, liggur hér einhver fiskur undir steini? Er þetta spurning um eignarréttinn á landinu frekar en nokkuð annað? Í mínum huga er þetta bara spurning um að Búrfellsvirkjun geti haldið áfram að starfa. Við eigum Landsvirkjun, þjóðin. Við eigum þetta land. Af hverju í ósköpunum má ekki tryggja þessi réttindi með viðurhlutaminni hætti en hér er lagt til?

[17:14]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta eru eðlilegar spurningar sem hv. þingmaður spyr. Málið var ekki afgreitt á síðasta þingi. Í millitíðinni hefur það gerst að ríkið keypti meðeigendur sína út úr félaginu. Þá hafa menn auðvitað velt því fyrir sér hvort hægt sé að fara einhverja aðra leið. Niðurstaðan er sú að þetta sé eðlilegasta leiðin þrátt fyrir þær breytingar sem orðið hafa frá þinginu í fyrra.

[17:15]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Hér er stórmál á ferð þótt það láti lítið yfir sér eða að menn vilji láta svo vera. Í fyrsta sinn eftir setningu þjóðlendulaga er lagt fram frumvarp um að breyta þjóðlendu í eignarland.

Slík fyrirætlan hlýtur að þarfnast verulegrar umræðu um stöðu og meðferð þjóðlendnanna í landinu. Með lögunum um þjóðlendur er gefin sérstök lagaumgjörð en stefnumörkun um hugsanlega breytingu þeirra í eignarland hefur ekki farið fram. Um slíkt er ekki getið í lögunum sjálfum en kveðið á annars konar framsal til nýtingar.

Ég verð að segja það alveg eins og er vegna þess að hæstv. forsætisráðherra er sérstakur ábyrgðarmaður þjóðlendna að mér finnst það vera honum og þeim sem á undan hafa verið til mikils vansa að þeir skuli ekki hafa sinnt því hlutverki sínu sem skyldi. Það er engin stefnumörkun til hvað þetta varðar. Það er engin áhersla á það að hún verði til. Það er einn starfsmaður í hlutastarfi í ráðuneytinu sem fjallar um þessi mál.

Þjóðlendunefnd kemur saman eitthvað tvisvar á ári til þess að afgreiða smærri mál og þau eru afgreidd með fyrirvörum vegna þess að það er ekki til undirstaða undir afgreiðslu nefndarinnar. Það er t.d. ekki hægt að afgreiða mál um það ef einhver þarf á landi að halda í þjóðlendum, t.d. undir rafmagnslínur, þá er ekki hægt að afgreiða hvaða endurgjald skuli koma í staðinn vegna þess að það eru engar reglur til um það.

Tillaga auðlindanefndarinnar sem kom fram í sumar liggur enn þá í salti. Hún hefur verið stöðvuð af í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Í henni eru tillögur um hvernig fara skuli með þjóðlendur hvað þetta varðar, hvernig eigi að ákveða hvert endurgjaldið skuli vera fyrir nýtingu þeirra o.s.frv. Sjálfstæðisflokkurinn heldur þeim tillögum föstum í þingflokknum. Þetta gefur auðvitað tilefni til þess að spyrja hæstv. forsætisráðherra, hver er eiginlega stefna Sjálfstæðisflokksins í auðlindamálum almennt?

Það er ekki bara að Sjálfstæðisflokkurinn haldi þessu máli sem ég nefndi áðan föstu, heldur hefur hann komið í veg fyrir annað mál sem er þó í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, þ.e. að setja auðlindir í þjóðareign í stjórnarskrána, auðlindir sjávar, eins og yfirlýsingar liggja fyrir um. Sjálfstæðisflokkurinn kemur líka í veg fyrir það. Fulltrúar hans í stjórnarskrárnefnd stöðva málið þar. Hæstv. forsætisráðherra ætti að grípa tækifærið núna til að gera grein fyrir stefnu Sjálfstæðisflokksins í þessum málum.

Það hlýtur að kalla á mikla umræðu ef menn ætla núna að stökkva til og fara að ákveða að þjóðlendur skuli gerðar að séreignarlöndum. Þetta er í fyrsta sinn sem frumvarp um slíkt kemur fram og það án þess að nein stefnumörkun liggi fyrir eins og ég sagði áðan. Það er ástæða til þess að vekja athygli á því að í þjóðlendulögunum er ekkert minnst á sölu þjóðlendna. Það hlýtur að verða þeim mönnum sem takast á við ríkið um eignarhald á löndum mikið umhugsunarefni þegar sjálfur forsætisráðherrann stekkur fram og vill breyta þjóðlendu nú þegar í séreignarland.

Var þetta kannski alltaf bara ákafi ríkisins í að komast yfir fjármuni? Geta selt þjóðlendur til orkufyrirtækjanna í landinu, eða hvað? Ég held að það hafi ekki verið meiningin hjá þeim sem vildu að lögin um þjóðlendur yrðu samþykkt á sínum tíma. Öll lagasetningin ber anda þess að menn vilji að þjóðlendur séu það til framtíðar og að þjóðin eigi þau lönd.

Þess vegna var þessi rammi gerður um þjóðlendurnar með sérstökum hætti að menn voru auðvitað að búa hann til utan um sameiginlegar eignir þjóðarinnar til framtíðar. Hæstv. forsætisráðherra átti síðan að bera ábyrgð á málinu og takast á við að undirbúa hvernig staðið yrði að þessum málum. En það er í skötulíki að því leyti til að ekkert liggur fyrir um slíkt.

Hæstv. forsætisráðherra hefði auðvitað þurft að vera að kynna fyrir þjóðinni núna með hvaða hætti eigi að fara með þjóðlendur. En hann er ekki að því. Hæstv. forsætisráðherra mætir í þingsal Alþingis með tillögu um að selja þjóðlendur í hendur Landsvirkjun, gera þær að séreignarlandi.

Nú er það ekki svo að Landsvirkjun hafi ekki æðimikið meira land undir sér sem heyrir undir þjóðlendur. Á Þjórsártungnasvæðinu er gríðarlega mikið land sem er þjóðlenda og verður.

Það sem ég óttast er að þetta sé fyrsta skrefið sem Sjálfstæðisflokkurinn vill stíga og vill búa til fordæmi fyrir, þ.e. að breyta þjóðlendu í séreignarland. Að þetta sé fyrsta skrefið í áttina til þess að einkavæða Landsvirkjun með öllum þeim orkulindum og löndum sem Landsvirkjun hefur nú til umráða. Það er ekki rétt að það þurfi að gera nokkurn skapaðan hlut fyrir Landsvirkjun hvað varðar þetta einstaka mál sem hér er til umræðu. Það liggur fyrir að öll réttindi Landsvirkjunar sem hún fékk samkvæmt samningunum sem ríkið gerði við hana á sínum tíma eru fyrir hendi.

Landsvirkjun hefur sem sagt rétt til þess að hafa á þessu landi þau mannvirki sem til þarf og réttindi til að nýta það vatn sem hún nýtir núna. Óbyggðanefnd skoðaði þetta mál mjög vandlega og komst að þeirri niðurstöðu að ríkið hefði ekki verið að afhenda Landsvirkjun eignarhald á landinu, heldur réttindi til að nýta orkulindirnar og til að setja upp

mannvirki á landinu.

Það er undarlegt að hlusta á hæstv. forsætisráðherra koma hér aftur með þetta mál eftir að Landsvirkjun er orðin að fullu í eigu íslenska ríkisins. Því rökin sem menn færðu fram fyrir málinu þegar það kom fram fyrst voru þau að *það hefði orðið samkomulag milli eigendanna um að* það þyrfti að gera þetta til þess að ríkið gæti staðið að fullu við sinn eignarhlut hvað varðar Landsvirkjun. Því var haldið fram að það væri ekki gert nema með því að þetta land yrði séreign Landsvirkjunar.

Nú eru hinir eignaraðilarnir, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, ekki lengur til staðar. Hvað er það þá sem rekur eftir? Það er ekki auðvelt að átta sig á því. Hæstv. forsætisráðherra nefndi það eitt sem rök í málinu að þeir sem eiga hjá Landsvirkjun, lánardrottnarnir, horfi til þess hvert eignarland Landsvirkjunar sé.

Ég trúi því ekki að Landsvirkjun sé svo illa stödd að það ráði úrslitum um framtíð Landsvirkjunar hvort þetta verði eignarland hennar eða land *til afnota til framtíðar*. Einfaldlega vegna þess að Landsvirkjun fyrirhugar engin önnur not á þessu landi en þau sem nú fara fram. Þess vegna mun arður Landsvirkjunar af nýtingu svæðisins og orkulindanna sem þar eru ekki breytast neitt við það þó að eignarhaldið yrði gert að séreign fyrir Landsvirkjun.

Þetta er að mínu viti fyrst og fremst vísbending um að menn ætli í einkavæðingargöngu gagnvart þjóðlendunum í landinu. Það grefur undan þjóðlendulögunum eins og þau voru samþykkt á sínum tíma. Það grefur líka undan tiltrú þjóðarinnar á því sem verið er að gera.

Ég held að þeir bændur og landeigendur sem eru núna að takast á við ríkið muni aldeilis þykjast hafa fengið rök í hendurnar ef það er þá meiningin að þjóðlendurnar verði bara settar á söluskrá. Hæstv. forsætisráðherra mæti bara á sölutorgið með þjóðlendurnar til þess að selja þær.

Nei, svona fara menn ekki að. Hér var verið að gera sáttmála við þjóðina um að hún ætti þetta land til framtíðar með þjóðlendulögunum. Menn töluðu um að gera þjóðgarð, jafnvel á öllu hálendinu af því þar væri sameiginlegt land þjóðarinnar sem ætti að vernda til framtíðar. Svo mæta menn í þingsal með þetta frumvarp og ætla að láta fara lítið fyrir sér en eru í raun og veru að stíga fyrsta skrefið til þess að taka þjóðlendurnar og selja þær. Það er ástæða til þess að spyrja hæstv. forsætisráðherra betur um þetta.

Það er enginn að trufla Landsvirkjun í að nýta þessi réttindi, eins og ég sagði áðan, og ég tel þess vegna að það geti ekki verið rök í málinu. Ég held að það sé ástæða til þess að hæstv. forsætisráðherra fari nákvæmlega yfir það á eftir, svo menn skilji betur á hvaða vegferð Sjálfstæðisflokkurinn er, hvers vegna menn leggja slíka áherslu á að koma með þetta mál inn í þingið núna og ljúka umfjöllun um það, þegar þess gerist ekki þörf vegna reksturs Landsvirkjunar.

Ég er búinn að nefna þá tilgátu sem ég hef í málinu en ég tel ástæðu til þess að hæstv. forsætisráðherra grípi tækifærið og skýri út fyrir þjóðinni hver vilji Sjálfstæðisflokksins er í því, Sjálfstæðisflokkurinn sem stendur nú í vegi fyrir því að sáttin sem varð í auðlindanefndinni í sumar komi inn í þingið og menn fái tækifæri til þess að ræða þau mál. Hluti af því máli er nauðsynlegur fyrir þjóðlendunefndina og fyrir hæstv. forsætisráðherra sjálfan til þess að fylgja þjóðlendulögunum fram. Þar er kveðið á um hvernig eigi að velja á milli aðila sem vilja nýta orkulindir í þjóðlöndum og hvernig eigi að verðleggja þá nýtingu.

Hæstv. forsætisráðherra þarf líka að útskýra það fyrir þjóðinni hvernig stendur á því að Sjálfstæðisflokkurinn *kemur í veg fyrir að ekki komi í framkvæmd sú stefna* ríkisstjórnarinnar að auðlindir sjávar verði festar í stjórnarskrána.

Það er svo undarlegt með Sjálfstæðisflokkinn að hann hefur komist upp með það í gegnum tíðina að láta fara lítið fyrir sér í umræðu um mikilvæg mál eins og þessi. En hæstv. forsætisráðherra getur ekki verið í Alþingi með mál af þessu tagi öðruvísi en að fjalla um þau grundvallaratriði sem málið snýst um. Málið er nefnilega grafalvarlegt og segir okkur, eða a.m.k. mér, að ástæða sé til þess að tortryggja það sem hér er á ferðinni.

Ég hef séð það fyrir mér að í framtíðinni verði til auðlindir í þjóðareign, eins og auðlindanefndin frá árinu 2000 *lagði til, sem ekki hefur komist til framkvæmda enn þá*, og meðferð þeirra verði með þeim hætti að þar sé gætt jafnræðis milli þeirra sem fá að nýta þær auðlindir.

Það eru auðlindir af svipuðu tagi og hér er verið að tala um. En það eru líka auðlindir sjávar og auðlindir á hafsbotni. Allar þær auðlindir eru sameiginlega í eigu þjóðarinnar. Það þarf að fara fram gríðarlega mikil vinna í stjórnmálaflokkunum, hjá Alþingi og alþingismönnum um það hvernig þessum málum verði skipað til framtíðar. Sú vinna hefur einungis að litlum hluta farið fram. Þar hvílir auðvitað mikil ábyrgð á hæstv. forsætisráðherra sem sérstökum ábyrgðarmanni hvað varðar þjóðlendur. Hvorki núverandi hæstv. forsætisráðherra né fyrirrennarar hans virðast hafa *sinnt þeirri ábyrgð sinni*.

Nú væri gott að fá að hlusta á hæstv. forsætisráðherra fara yfir framtíðarsýn sína hvað varðar auðlindir í þjóðareign. Hvort hann telji það bara sjálfsagt mál að þær séu seldar eða afhentar sem eign til fyrirtækja eða einstaklinga í landinu eða hvort eigi að varðveita þær sem þjóðareign til framtíðar.

Þessi umræða hefur því miður ekki fengið þann framgang sem hún þyrfti. Menn hafa ekki sett þetta mál á dagskrá með sama hætti eins og Samfylkingin hefur gert. Hún hefur þá skoðun sem ég hef verið að lýsa, að umræddar auðlindir eigi að festa í stjórnarskrána og það eigi að gefa þeim þegnum sem fá að nýta þær tækifæri til þess að gera það *í samkeppni á jafnræðisgrundvelli*.

Ég tel að þetta mál eigi í raun og veru að deyja drottni sínum hér í þinginu í vetur, alveg eins og það gerði á síðastliðnum vetri. Það er ekki neinn skaði að því. Landsvirkjun getur haldið áfram rekstri sínum og menn geta þá haldið í þá vegferð sem nauðsynleg er sem er fólgin í því að finna þessum auðlindum framtíðarstefnu.

Ég held að það væri mjög þarft ef stjórnmálaflokkarnir lýstu þeirri framtíðarstefnu sinni í aðdraganda kosninganna sem nú fara í hönd. Ég bíð alveg sérstaklega spenntur eftir því að hlusta á þá lýsingu frá hæstv. forsætisráðherra, einfaldlega vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að skila auðu í þeirri umræðu en hann hefur á bak við tjöldin *verið að vinna gegn því að þessar auðlindir verði að þjóðareign* til framtíðar.

Um það hef ég nefnt dæmi í ræðu minni. Enda veit ég að ýmsir af forustumönnum Sjálfstæðisflokksins voru mjög ósáttir við það ákvæði sem ég nefndi og er núna í stjórnarsáttmálanum um að setja auðlindir sjávar í þjóðareign og að sumir hverjir þeirra eru líka á móti því að þjóðlendur séu í eign þjóðarinnar og telja þeim best fyrirkomið með því að þeim verði framvísað áfram til einhverra einkaaðila.

Um það þarf að fara fram umræða og nú er tækifærið. Ég held að hæstv. forsætisráðherra gerði nú vel í því að lýsa þeirri framtíðarsýn sem hann hefur. Í síðari ræðu minni ætla ég að fara yfir það sem óbyggðanefnd fór yfir og skoðaði vandlega, þ.e. tilurð þeirra réttinda sem hér um ræðir en hún komst að þeirri niðurstöðu með mjög skýrum hætti að þeim eignarréttindum sem hæstv. forsætisráðherra vill núna að verði vísað til Landsvirkjunar sem séreign hafi aldrei verið meiningin að gera að séreign Landsvirkjunar þegar samningurinn var gerður.

Rökin sem þar eru færð fram eru mjög sannfærandi. Það er hins vegar alveg ljóst frá hendi óbyggðanefndar að réttindin til nýtingar á vatni og því landi sem þarf undir mannvirki, (Forseti hringir.) hafa verið fyrir hendi.

[17:35]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég sagði í andsvari mínu við hæstv. ráðherra rétt áðan, að þetta sé ansi erfitt mál og eigi eftir að verða erfitt mál fyrir ríkisstjórnina að koma því í gegn þessum vetri í ljósi ýmissa hluta, t.d. þess hvernig umræðan er nú um stundir um þjóðlendur og þau ágreiningsmál sem uppi eru varðandi meðferð kröfugerðar ríkisins í þeim efnum.

Ég vil líka taka undir orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem talaði hér á undan. Það er ekki vansalaust að ríkisstjórnin skuli hafa látið undir höfuð leggjast að birta einhvers konar framtíðarsýn eða stefnumörkun um þjóðlendumálin. Ég hef oft átt orðastað við hæstv. ráðherra um það áður í þessum þingsal nú í vetur þegar við ræddum um brottnám hrafntinnu úr Hrafntinnuskeri og stjórnsýslu á miðhálendinu á þeim svæðum sem nú þegar hafa verið dæmd þjóðlenda. Í þeim orðaskiptum kom í ljós ákveðinn vilji hæstv. ráðherra gagnvart því að koma skikki á þessi mál og ég held að hæstv. ráðherra mundi eyða tíma sínum í þarfari hluti ef hann héldi áfram að vinna að stefnumörkun á þjóðlendunum innan ráðuneytis síns frekar en að eyða orku sinni í að koma þessu máli hér í gegn, sem ég held að geti átt eftir að kosta talsverðar deilur. Í sjálfu sér er ég sammála því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði, að best væri að málið dagaði uppi eins og það gerði hér síðasta vetur því ég held að langbest sé að þessu máli verði ekki hreyft.

Mér finnst hæstv. ráðherra skulda okkur einhvern rökstuðning við því svari sem hann gaf mér áðan í andsvari þar sem ég spurði hann hvort ekki væri hægt að tryggja áframhaldandi rekstur Búrfellsvirkjunar á viðurhlutaminni hátt en hér er lagt til. Hæstv. ráðherra sagði að talið væri heppilegt að gera þetta á þessum nótum og notaði orðið eðlilegt, það væri eðlilegt að hans mati. En hér er um lagatæknilega mjög flókið mál að ræða, ég held því að hæstv. ráðherra verði að skýra það betur hvers vegna hann telur ekki hægt að fara einhverja viðurhlutaminni leið í þessum efnum.

Það er enginn að tala um að Landsvirkjun eigi ekki að hafa fullan nýtingarrétt á því svæði sem um ræðir. En þegar skoðað er allt það landsvæði sem lagt er til að fari úr eign hins opinbera, þ.e. eign þjóðarinnar, sem hefur verið dæmt þjóðlenda og ekki er ágreiningur um að sé þjóðlenda, þá finnst mér að um sé að ræða svo mikið land, miklu meira en Landsvirkjun þarf á að halda í krafti nýtingarréttar síns og þeirra vatnsréttinda sem eðlilegt er að Landsvirkjun hafi á því svæði.

Hér er um að ræða kannski einhverja stærstu þjóðlendu sem hefur verið úrskurðuð hingað til í þeim dómum sem fallið hafa hjá óbyggðanefnd. Hún nær yfir hluta Þjórsárdals, Gnúpverjaafrétt og hluta vatnasviðs Þjórsár. Þetta er það stórt landflæmi sem dregið er upp með hnitum á kortinu sem fylgir frumvarpinu. Ég sé ekki annað en verið sé að seilast fulllangt í þessum efnum og tel líka að verið sé að gefa gríðarlega hættulegt fordæmi inn í það umhverfi sem er til staðar núna. Á meðan verið er að reyna að marka skil eignarlanda og þjóðlendna skiptir það okkur verulegu máli að halda frið um þá framkvæmd, hefði ég haldið, eða er hæstv. forsætisráðherra ekki sammála mér í því? Hæstv. fjármálaráðherra talaði fyrir því fyrir nokkrum dögum úr þessum ræðustóli að þörf væri á að við héldum ótrauð áfram að marka skil eignarlanda og afrétta, það væri ekki sársaukalaust, það hefði aldrei verið sársaukalaust þegar menn deila um landamerki. Það er það ekki heldur í þessu tilfelli. Ég hefði því talið að mál af þessu tagi í það umhverfi sem hér um ræðir sé nánast til þess að skvetta olíu á eld. Ég teldi affarasælast að málinu yrði ekki hreyft meira á þessu þingi vegna þess m.a. að það gefur fordæmi um að hægt sé að breyta dýrmætum þjóðlendum í eignarlönd ef ríkisstjórnin svo ákveður. Það er ekki eðlilegt, virðulegi forseti. Þessi leiðangur finnst mér vera hinn versti og ég á hæstv. forsætisráðherra þær óskir til handa að hann gangi auðveldari stigu á þessu kosningavori en hann ætlar að velja sér.

Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu og komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum í mars 2002 að Gnúpverjahreppur hefði ekki átt þennan afrétt sem um ræðir og því hafi hann ekki verið til þess bær að gefa afsal fyrir því landi og reyndar ekki fyrir vatnsréttindunum heldur. Gnúpverjahreppur ætti samt, eftir því sem ég skil þetta mál, að hafa rétt til þess að veita afnot af því landi, Gnúpverjahreppur hefur ákveðinn rétt á þessum afrétti samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og mér sýnist að Gnúpverjahreppur ætti að geta krafið ríkið um ákveðið afgjald af landinu en ekki er um slíkt að ræða. Það er enginn að krefja um afgjald, það eru engir slíkir hagsmunir í þessu máli. Hagsmunirnir virðast vera þeir einir að hafa þennan hálfa milljarð í bókum Landsvirkjunar tilgreindan sem eign Landsvirkjunar og það eru einu hagsmunirnir. Ef það er rétt sem ég tel vera þá sýnist mér málið liggja þannig að Landsvirkjun verði hlutafélagvædd, eins og ég sagði áðan í andsvari, ef þessi ríkisstjórn færi að halda áfram stefnumiðum sínum. Einkaaðilar og stórfyrirtæki hér á landi hafa gefið um það yfirlýsingar að þau hafi fullan hug á að gerast virkir aðilar á raforkumarkaði sem núverandi ríkisstjórn hefur innleitt

samkeppnisrekstur á. Samkvæmt samningnum sem gerður var þegar eignarhlutur ríkisins var innleystur og ríkið keypti hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun kemur skýrt fram að heimilt sé án nokkurs fyrirvara í sjálfu sér að hleypa stórfyrirtækjum eða öðrum eignaraðilum að fjárfestingum í Landsvirkjun án þess þó að rekstrarformi fyrirtækisins sé breytt úr því formi sem það er í nú. Það kann því að vera að þess sé skemmra að bíða en menn grunar að stórfyrirtæki eða einkaaðilar á markaði eignist hlut í Landsvirkjun og þar með tilkall til þeirrar þjóðlendu sem um ræðir í frumvarpinu. Sér hæstv. ráðherra ekki þessa hættu eða er honum alveg sama þó að mögulega stefni í það að einkaaðilar eignist ítök í Landsvirkjun og seinna meir jafnvel fyrirtækið allt? Sér hæstv. ráðherra ekki þá hættu sem fólgin er í því að afsala umræddu landi með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um? Í mínum huga er þetta feigðarflan og stenst ekki skoðun að fara í þennan leiðangur nú.

Hægt er að skoða þær umsagnir sem bárust til allsherjarnefndar í fyrra þegar við vorum að vinna þetta mál í nefndinni og talsverð vinna var lögð í það. Hún tók reyndar ekki marga daga en við fengum þó nokkrar umsagnir og þær efnismiklar. Við spurðum starfsmenn forsætisráðuneytisins áleitinna spurninga. Ég er með minnisblað frá þeim ágætu embættismönnum sem svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna og rétt er að rifja upp þær spurningar og þau álitaefni sem nefndarmenn, hv. þingmenn á Alþingi Íslendinga, töldu í fyrra vera varðandi málið. Ég tel að þau álitaefni séu enn til staðar og full ástæða til að rifja upp svörin þó ég ætli ekki að gera það í ræðu minni en hreyfi engu að síður spurningunum.

Spurt var í hverju skýrara eignarhald verði fólgið samkvæmt frumvarpinu en er til staðar nú og hvaða óvissu verði eytt með þessari fyrirhuguðu lagasetningu af því að hvort tveggja, skýrara eignarhald og óvissa, eru nefnd í greinargerð með frumvarpinu. Spurt var í ljósi þeirrar niðurstöðu óbyggðanefndar sem liggur fyrir, hvaða munur sé á því að afsala, eins og stendur í 1. gr. frumvarpsins, og að leggja fram, eins og stendur í a-lið 2. gr. sameignarsamnings Landsvirkjunar. Það er sem sagt spurningin um þessi hugtök, skilgreiningu hugtakanna að afsala annars vegar og leggja fram hins vegar því að landið var á sínum tíma lagt fram og lagt fram á ákveðinn skilgreindan hátt, eins og getið er um í sameignarsamningnum, en því var ekki afsalað, eins og sagt er í 1. gr. frv.

Nefndarmenn óskuðu eftir rökstuðningi fyrir því að þau hnit sem vísað væri til í 1. gr. frumvarpsins væru í samræmi við 3. tölulið sameignarsamningsins. Menn spurðu líka í höndum hvers eða hverra eignarhaldið á því landi sem hnitsett er samkvæmt 1. gr. yrði ef frumvarpið næði fram að ganga. Einnig spurðu menn á grundvelli þess að fyrir liggur vilji eignaraðila til að ríkið kaupi eignarhlut Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun, að þær viðræður liggi nú tímabundið niðri. Þessi spurning er í rauninni óþörf vegna þess að nú er búið að breyta þeim eignarhlut, eins og hér hefur komið fram. Menn fýsti að vita hvers virði þau réttindi væru sem frumvarpið tekur til. Fram hefur komið að það er um hálfur milljarður. Hvernig má skýra mismunandi umfjöllun óbyggðanefndar annars vegar í umfjöllun um réttindi Landsvirkjunar og hins vegar í niðurstöðum óbyggðanefndar í samandregnu máli sem sérstaklega var vikið að í IV. kafla greinargerðar með frumvarpinu? Menn spurðu um réttindi Landsvirkjunar, hvort þau mundu aukast eða breytast verði frumvarpið að lögum og þá að hvaða leyti. Síðan spurðu menn hvort frumvarpið gæti haft fordæmisgildi gagnvart öðrum svæðum þar sem Landsvirkjun hefur nýtingarrétt á og að lokum hvort verið væri að skerða þjóðlendur með frumvarpinu.

Eins og ég sagði áðan sé ég ekki ástæðu til að fara í smáatriðum í þessi svör. Þau liggja fyrir og koma til með að verða skoðuð sérstaklega í nefndarstarfinu. En mig langar þó að geta þess að ljóst er að hér er um álitamál að ræða, þó nokkur alvarleg álitamál, að mínu mati, sem gera það að verkum að málið þarfnast ítarlegrar skoðunar í nefndinni og ef mér skjöplast ekki held ég að nefndarmenn komi til með að vilja kíkja á þetta og bregða þessu undir smásjá sína á nýjan leik þó svo málið hafi verið afgreitt úr nefndinni í fyrra og hér liggi fyrir nefndarálit þar sem menn voru með fyrirvara í bak og fyrir um málið. Rétt er að taka fram að sú sem hér stendur og tók þátt í starfi nefndarinnar er þar einungis með áheyrnaraðild. Ég var því ekki aðili að nefndarálitinu sem liggur fyrir frá í fyrra. Til að afstaða mín og okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs sé algerlega skýr þá er hún sú að málið hafi ekkert að gera í gegnum þingið. Réttindi Landsvirkjunar hvað varðar Búrfellsvirkjun séu algerlega nægilega tryggð. Ekki þurfi að skerpa á þeim á þeim nótum sem hér er verið að leggja til og að eignarhald Landsvirkjunar á öllu því landi sem um ræðir í 1. gr. frumvarpsins þurfi sannarlega ekki að koma til. Það land er í okkar hugum þjóðlenda og á að fá að vera þjóðlenda áfram. Það á ekki að hafa neitt um nýtingarrétt Landsvirkjunar að segja varðandi vatnsréttindin í Búrfellsvirkjun og ef þarf að leiðrétta eignarreikning eða eignarstöðu Landsvirkjunar þá bara gerum við það. Það er í huga mínum einfalt mál.

[17:49]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Bæði nú og á síðasta þingi var þetta mál kynnt þannig að um væri að ræða einfalt, lítið leiðréttingarmál, að árið 1965, fyrir 41–42 árum, hefði það verið ætlun ríkisins, sem svo var kallað, að leggja til fyrirtækisins Landsvirkjunar land og réttindi til eignar en það hefði eitthvað þvælst fyrir mönnum, bæði þá og í gegnum tíðina, að ganga almennilega frá því. Með því að samþykkja þetta frumvarp og renna því í gegnum þingið gætum við hins vegar bætt úr eins og ekkert væri. Slík frumvörp eru stundum flutt vegna þess að löggjafarstarfið, bæði störf framkvæmdarvaldsins og löggjafarstarfið, eru ekki gallalaus. Þegar þannig stendur á er auðvitað sjálfsagt að bregðast við.

Hér virðist hins vegar byggt á ótraustum heimildum, að þetta hafi verið ætlun ríkisins, sem svo er kallað, eða forsvarsmanna ríkisins árið 1965. Það hefur líka komið í ljós að landið sem frumvarpshafinn telur að hafi átt að leggja til fyrirtækisins er nú orðið þjóðlenda.

Það hefur margt breyst á þessum 42 árum. Í fyrsta lagi hafa tekið gildi lög um þjóðlendur, sem þetta land fellur undir samkvæmt úrskurði. Í öðru lagi er komin fram önnur hugsun gagnvart eignarheimildum en þá var. Það kristallast

í orðunum „ríkiseign“ annars vegar og „þjóðareign“ hins vegar. Í þriðja lagi er Landsvirkjun nú í eigu ríkisins að öllu leyti og þarf ekki að taka tillit til Reykjavíkur og Akureyrar í því dæmi eins og hæstv. forsætisráðherra benti réttilega á í svari sínu við andsvari mínu að lokinni ræðu hans áðan. Í fjórða lagi er umhverfi raforkumála nú þannig að þar gilda almennar reglur samkeppninnar.

Í lögum um þjóðlendur, sem þetta land fellur undir, eru eins og getið hefur verið um í umræðunni engin ákvæði um að ríkið sem fer með þjóðlendurnar eða forsvarsmenn ríkisvaldsins geti selt þessar þjóðlendur. Þar er aðeins fjallað um nýtingarrétt, um afnot sem hægt sé að leyfa af þjóðlendunum. Þar eru engin ákvæði um afhendingu þeirra til eignar eða um sölu þeirra. Í þessu tilviki má einu gilda hvort er. Það er engin almenn heimild í þessum lögum til að láta þjóðlendur af hendi. Það er fullkomlega í andstöðu og gegn anda laganna um þjóðlendur. Þótt ég geri ráð fyrir að þetta séu sérlög sem ganga framar almennum lögum verður að athuga hver er staða þingsins til að gera þetta, að ganga gegn þjóðlendulögunum að þessu leyti því að í þeim er ekkert minnst á slíka heimild.

Það má raunar furða sig á því að þjóðlendulögin skuli ekki hafa þróast og engin stefnumótun hafa farið fram um þau. Það væri auðvitað eðlilegt að setja í þjóðlendulögin ákvæði um að ekki megi selja þjóðlendur nema í sérstökum undantekningartilvikum og fara í hver þau undantekningartilvik væru. Hér kann hæstv. forsætisráðherra að skapa mikið fordæmi, bæði um þær þjóðlendur sem þegar eru viðurkenndar og um þau lönd sem forsætisráðherra sjálfur eða menn á vegum samráðherra hans gera kröfur um. Áðan var minnst á að þetta frumvarp gæti komið illa í þá umræðu sem nú stendur yfir um þjóðlendur og um kröfur sem gerðar eru til þjóðlendna. Ég held að í raun væri réttara að kalla það svo að þetta frumvarp sé eins konar tundur í þá umræðu.

Getur hæstv. forsætisráðherra selt afréttarland bænda sem gert hefur verið að þjóðlendu? Getur hann borið fram frumvarp og pínt þingmeirihluta sinn til að selja hálendið í pörtum eða allt einhverjum fyrirtækjum eða kannski auðmönnum sem vildu halda þar afmælispartí? Getur forsætisráðherra selt Ólafi Ólafssyni efsta hluta Esjunnar, sem gerð var krafa um að væri þjóðlenda fyrir nokkru? Þetta frumvarp skapar það fordæmi, eins og Jóhann Ársælsson hv. þm. vakti athygli á, að í fyrsta sinn er þjóðlenda gerð að séreignarlandi með því að afhenda hana. Fram kemur að í því er ákveðið verðmæti. Forsætisráðherra ætlar að verið sé að afhenda Landsvirkjun jafnvirði 500 millj. kr. Hálfur milljarður sagði hæstv. forsætisráðherra að væri talan í þessu máli.

Þetta varðar umræðuna, deiluna sem einkum hefur staðið milli Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar um hugtökin „ríkiseign“ og „þjóðareign“, um hver er eignarréttur á hlutum, landi eða verðmætum sem ríkið gætir. Við höfum haldið því fram að þjóðareign eigi í íslenskum lögum að vera annað eignarform en ríkiseign, að það gegni öðru máli um Skarðsbók eða þjóðminjar eða Þingvelli, sem eru með leyfi forseta, samkvæmt lögum „ævinleg eign íslensku þjóðarinnar“, en embættisbíl forsætisráðherra eða stólinn sem hann situr á hér í þinginu. Bíllinn og stóllinn lúta einkaeignarrétti ríkisins, sem er sami einkaeignarrétturinn og gildir um stólinn minn heima hjá mér eða bílinn í eigu fjölskyldu minnar. Það eiga að vera reglur í stjórnarskrá um muninn á þjóðareign og ríkiseign. Auðvitað er hann fyrst og fremst sá að þjóðareign, þannig að aftur sé vitnað í lögin um Þingvelli, má ekki selja eða veðsetja nema með einhverjum sérstökum skilyrðum. Embættisbifreið forsætisráðherra og stóllinn sem hann situr á í þinginu ganga kaupum og sölum eftir þeim hentugleikum sem eigandinn telur fyrir hendi.

Þjóðlendur tilheyra þjóðareignarskilgreiningunni og eru með allt öðrum hætti eign ríkisins en t.d. einhver lóð í Reykjavík eða Trékyllisvík. Það held ég að sé almennur skilningur, bæði þjóðarinnar og flestra lögfræðinga þó að það sé ekki nægilega ljóst í lögum. Þó er það nógu ljóst til þess að ekki er gert ráð fyrir sölu þjóðlendna í þjóðlendulögunum.

Maður spyr sig: Hvaða rök eru fyrir því nú að bera fram þetta frumvarp þar sem ljóst er að það gengur gegn anda þjóðlendulaganna? Ekki er að sjá að nein brýn rök standi til þess að Landsvirkjun eignist þetta land eins og hér er gert ráð fyrir. Hvaða rök eru það þá? Hvað gengur hæstv. forsætisráðherra til? Það er ljóst að það eru ekki þau rök sem minnst er á í athugasemdum um frumvarpið á síðu 13 í þingskjalinu. Þar er minnst á bréf borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri. Það vekur reyndar furðu að frumvarpið er endurflutt og eina breytingin í athugasemdunum er þessi hér, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð eigi útrætt.“

Það sem hefur gerst síðan er að Landsvirkjun lýtur öðrum eigendum en áður og þar á meðal ekki þeim sem vitnað er til á bls. 13 í athugasemdum við frumvarpið.

Hæstv. forsætisráðherra lýsti þessu ágætlega áðan. Hann sagði málið algjörlega óskylt þeim samningi sem gerður var um kaup ríkisins á eignarhlutum Akureyrar og Reykjavíkur. Fyrirheitið tengist ekki þeim samningum með neinum hætti. Akureyri gerir ekki fyrirvara. Reykjavík gerir ekki fyrirvara og ríkið gerir heldur ekki fyrirvara um að þetta gangi í gegnum Alþingi enda hefur forsætisráðherra nánast engan rétt til þess, nema vegna þess að Alþingi þarf að samþykkja það. Það væri eðlilegt að hann gerði slíkan fyrirvara ef við værum með einhverjum hætti skuldbundin Reykjavík og Akureyri í þessu máli.

Þau rök eiga ekki við og ég þakka forsætisráðherra hæstv. fyrir að viðurkenna það. Þeim var mjög beitt í fyrra eða á síðasta þingi, að þetta bæri að gera til að hægt væri að kaupa þessa hluti sveitarfélaganna.

Þá kemur manni til hugar að hér sé, eins og á hefur verið minnst, verið að búa í haginn fyrir einkavæðingu í framtíðinni, tryggja að Landsvirkjun líti betur út við slíka einkavæðingu. Það er auðvitað í beinu framhaldi af yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra Geirs H. Haardes, sem hann gaf þegar hann var fjármálaráðherra. Fleiri stjórnarsinnar hafa lýst slíku yfir, einkum sjálfstæðismenn, en svo hefur einnig verið gert af hálfu Framsóknarflokksins. Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. iðnaðarráðherra, gerði það hér í fyrra eða hittiðfyrra jafnvel þó að Jón Sigurðsson, núverandi hæstv. formaður Framsóknarflokksins og iðnaðarráðherra, hafi dregið

úr því í umræðum um kaupsamningana áminnsta hér fyrr í vetur.

Það passar líka við þá furðulegu skipan mála að Landsvirkjun er nú sameignarfyrirtæki. Það var skýrt þannig að ekki væri hægt að búa til sameignarfyrirtæki úr Landsvirkjun nema með því að þar væru tveir eigendur. — Það var aldrei nefnt sem ástæða þegar sama ríkisstjórn bar fram frumvarpið um Ríkisútvarpið sf. Þar var aðeins beitt rökunum um athugasemdir frá Evrópu. — En sem kunnugt er er eigandi Landsvirkjunar annars vegar ríkið og hins vegar fyrirtækið Eignarhlutir ehf., sem er í eigu sama eiganda, ríkisins með fulltrúann Þórhall Arason, sem er starfsmaður í fjármálaráðuneytinu, á einhvers konar sameignarhafafundi sem mynd var af á heimasíðu Landsvirkjunar um daginn. Það var merkileg mynd. Á henni voru einir 15 karlar, sem er orðið fátítt nema í því sem lýtur að stjórnum á vegum annaðhvort fjármálaráðherra eða forsætisráðherra.

Þriðja ástæðan fyrir því að flytja frumvarpið kynni að vera sú að bæta þyrfti eiginfjárstöðu Landsvirkjunar. Það væri þá í svipuðum dúr og tilgangurinn með að leggja bæði Orkubú Vestfjarða og Rarik undir Landsvirkjun sérstaklega og þurfi að gera það núna, að staðan líti illa út í augum lánardrottna. Mér heyrðist forsætisráðherra minnast á það sérstaklega vegna þess að Kárahnjúkavirkjun væri að setja Landsvirkjun á hnén í augum lánardrottna og nú þyrfti að bæta þá stöðu. Í raun er það mjög svipuð ástæða og héldist í hendur við einkavæðingarskýringuna í framtíðinni, sem ég held að sé kannski réttust.

Rökin eru a.m.k. ekki þau að Landsvirkjun þurfi á þessu að halda vegna þess að það muni bæta rekstur hennar á Búrfellsvirkjun. Þar nægir henni sá nýtingarréttur sem hún hefur að lögum og hún hefur ekki við meira að gera til að reka þá virkjun. Munurinn væri sá, gagnvart Búrfellsvirkjun einni og sér, að segja má að Landsvirkjun greiði afnotagjald fyrir nýtingarrétt sinn með því að reiða fram fé sem hagnað til ríkisins. En ef Landsvirkjun væri einkavædd mundi skapast krafa um raunverulegt afnotagjald sem svo héti til ríkisins fyrir þau réttindi sem hún nýtur. Með því að afhenda Landsvirkjun þessi réttindi, sem forsætisráðherra sjálfur metur upp á hálfan milljarð, týnist sú krafa og ekki verður gert ráð fyrir henni frekar hjá þeim fjárfestum sem kunna að horfa til Landsvirkjunar sem fjárfestingarkosts.

Ég verð að nefna, áður en ég hætti, þá breytingu sem orðið hefur frá 1965, að nú er samkeppnisumhverfi í þessum geira atvinnulífs og -rekstrar á Íslandi. Það sem hér er að gerast, séð með augum Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur, er að ríkisvaldið misbeitir áhrifum sínum í samkeppninni með því að færa Landsvirkjun sérstaklega réttindi upp á hálfan milljarð. Ég á von á að það verði gerð athugasemd við það af hálfu þessara keppinauta. Ég efast um að ríkið geti gert þetta með því að breyta þjóðlendum í þau verðmæti, breyta landi og réttindum sem tilheyra öllum, og þar með einnig eigendum Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur, til þess arna.

Ég veit að hæstv. forsætisráðherra skýrir í ræðu sinni á eftir betur fyrir okkur hvernig þessi hálfi milljarður, hvernig sú upphæð væri fengin. Um þetta var spurt í fyrra, hver væru verðmæti þessara réttinda og hvernig sú upphæð væri fengin. Hverra mat er það? Hann reiðir þá fram skýrslu hæfra manna sem hafa gert slíkt mat. Við fyrstu sýn eða heyrn þykir mér matið fremur lágt en er reiðubúinn að skipta um skoðun þegar ég heyri betri rök forsætisráðherra fyrir því.

Þetta frumvarp, forseti, gengur gegn anda þjóðlendulaganna. Það er þarflaust fyrir rekstur Landsvirkjunar. Það gefur fordæmi fyrir því að þjóðlendur verði seldar í framtíðinni og setur þjóðlendumálið allt saman í uppnám. Það gengur gegn samkeppnishugsun í orkugeiranum og á ekkert erindi í gegnum þingið. Það lýsir hins vegar ágætlega, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson rakti í góðri ræðu, að Sjálfstæðisflokkurinn virðist hafa sérstöðu, af íslenskum stjórnmálaflokkum, gagnvart auðlindunum og þjóðareigninni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið í veg fyrir að auðlindir sjávar verði gerðar að þjóðareign samkvæmt stjórnarskrá þótt hann hafi staðið að sérstöku ákvæði í stjórnarsáttmála þess efnis. Í honum er fyrirstaða gagnvart þeirri sáttatilraun sem reynd var um auðlindir í nefnd Karls Axelssonar. Sú fyrirstaða, geng ég út frá, byggist á andstöðu í Sjálfstæðisflokknum við sjálfan framtíðarkaflann í frumvarpinu. Skammtímaráðstafanir sem sú nefnd leggur til eru vissulega mjög umdeildar en það er framtíðarkaflinn sem menn hafa náð nokkurri sátt um, nema í þingflokki Sjálfstæðisflokksins.

Í þriðja lagi gengur Sjálfstæðisflokkurinn nú fram fyrir skjöldu um það að hefja sölu á þjóðlendum og beitir til þess sögulegum rökum, sem eru hæpin, en neitar að telja fram önnur rök á bak við þetta þrátt fyrir spurningar manna hér og á síðasta þingi.

[18:09]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni tel ég ástæðu til þess að inn í umræðuna sé dregið álit óbyggðanefndar á réttindum Landsvirkjunar og hér segir um réttindi Landsvirkjunar samkvæmt lögum, með leyfi forseta:

„Loks tók óbyggðanefnd til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun hafa verið fengin að lögum eða í samræmi við lög. Um þetta sagði m.a. svo í niðurstöðu nefndarinnar:

„Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar, áður en út í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.“

Þá kemur fram að óbyggðanefnd hafi gert ítarlega rann-

sókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn, lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Síðan segir:

„Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c- liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt, sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fólgið í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti, en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögunum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins, þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Allt að einu sömdu íslenska ríkið og Landsvirkjun um það, sbr. 3. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar frá 29. mars 2001 í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreiningu eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærra handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.““

Hvernig á að gera það? Auðvitað með því að láta þau réttindi sem færð eru Landsvirkjun í hendur vera í fullu samræmi við þá samninga sem voru gerðir á sínum tíma og þau lög sem sett voru til handa Landsvirkjun til að nýta þessi réttindi. En ríkisstjórnin ætlar ekki að gera það. Hún ætlar að ganga lengra. Hún ætlar að láta Landsvirkjun í té eignarrétt á löndunum til viðbótar við þau réttindi sem um var fjallað. Óbyggðanefnd hefur skoðað þetta mál niður í kjölinn og þetta er niðurstaða hennar. Þegar menn lesa það sem ég fór yfir þá hljóta menn að sjá að ríkisvaldið er að ganga mun lengra en eðlilegt er hvað þessa hluti varðar fyrir utan það að hér ætla menn að taka þá ákvörðun í fyrsta sinn í sögunni að breyta þjóðlendu í séreignarland.

[18:19]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir málefnalega og ítarlega umræðu þetta mál. Ég tel að hér hafi komið fram margvísleg sjónarmið sem vert er að gefa gaum og sem sýna auðvitað fram á að það getur verið álitamál að fara þessa leið. Það er alveg rétt.

Vissulega er þetta í fyrsta sinn sem gerð er tillaga um það til Alþingis að afsala þjóðlendu til annars aðila þó að það sé að vísu aðili í eigu ríkisins. Það er rétt að það er ekk-

ert ákvæði um slíkt í þjóðlendulögunum og þess vegna þarf að setja um slíkt sérstök lög. Eins og bent er á í athugasemdum við frumvarpið er ekki heimilt, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar eða samanber ákvæði í fjárreiðulögum, að selja fasteignir ríkisins eða afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum.

Það er það sem verið er að gera með þessu frumvarpi, það er verið að fara fram á heimild Alþingis til slíkrar ráðstöfunar. Þess vegna er það auðvitað villandi þegar talað er um það í þessari umræðu að forsætisráðherra ákveði þetta eða hitt í sambandi við slíka ráðstöfun. Það er auðvitað Alþingi sem tekur ákvörðun um það. Það er Alþingis að vega og meta það frumvarp og þá tillögu sem hér liggur fyrir.

Mál þetta hefur sérstöðu og þess vegna tel ég ekki að það sé líklegt til að verða fordæmi gagnvart þjóðlendum að öðru leyti, framsali þjóðlendna eða hvað þá heldur sölu þjóðlendna til einkaaðila. Ég tel ekki að þetta mál hafi almennt fordæmisgildi heldur hefur það mikla sérstöðu eins og rakið er í þingskjalinu sjálfu þar sem farið er yfir sögu málsins og þeirra viðskipta sem áttu sér stað með umrætt landsvæði allt frá upphafi 20. aldar þar til ríkið afhenti Landsvirkjun það land sem hér er um að ræða með sameignarsamningi þeim sem gerður var 1965 og sem Alþingi staðfesti.

Hins vegar er það niðurstaða óbyggðanefndar, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson rakti hér, að allar þessar ráðstafanir höfðu byggst á því sem kallað er vanheimild og að menn hefðu ekki haft yfirráðaréttinn yfir þeirri eign sem þeir voru að ráðstafa, hvorki hrepparnir á svæðinu né Titan-félagið sem fékk yfirráðin, né skáldið Einar Benediktsson sem hafði yfirráðin í millitíðinni, né ríkið sem keypti landið af Titan-félaginu, að mig minnir 1951.

Við þessari stöðu er verið að bregðast vegna þess að allt frá árinu 1965 hafa allir gengið út frá því að þetta land væri í eigu Landsvirkjunar í hefðbundinni merkingu. Að Landsvirkjun færi með beinan eignarrétt yfir þessu landi og þar með yfirráðaréttinn yfir landinu og að sjálfsögðu vatnsréttindunum sem því fylgja.

Hvað varðar verðmæti þessara réttinda vil ég svara fyrirspurn hv. þm. Marðar Árnasonar um það atriði með því að segja frá því að sú tala sem ég nefndi hér, u.þ.b. 500 millj. kr., byggist á því hvernig réttindi þessi eru bókfærð hjá Landsvirkjun. Þetta var metið á sínum tíma og síðan hefur það verið framreiknað árlega og í nýjasta ársreikningi sem liggur fyrir, og miðast við 31. desember 2005, er um að ræða u.þ.b. 504.725.000 kr. sem þetta mat byggist á. Þaðan er sú tala komin. Nýrra mat hef ég ekki eða annað við að styðjast.

Ég tel ekki að þetta mál þurfi að hafa nein áhrif á þá samkeppnisstöðu eða samkeppnisumhverfi sem uppi er á raforkumarkaðnum. Allir aðilar á þeim markaði hafa alla tíð gengið út frá því og reiknað með því að þetta land væri í eigu Landsvirkjunar. Ég tel hins vegar mikilvægt að tekinn sé af vafi í þessu efni, sérstaklega vegna viðskiptamanna Landsvirkjunar og ekki síst lánardrottna fyrirtækisins sem hafa gengið út frá því og hefur verið fullyrt við að fyrirtækið ætti þetta land. Það er meginástæðan fyrir því að ég tel þetta nauðsynlegt.

Ég bendi á að þetta frumvarp er nú lagt fram í þriðja sinn, ekki annað sinn. Síðast þegar það var lagt fram á Alþingi var það afgreitt frá allsherjarnefnd og ég man ekki betur en nefndin hafi öll lagt til að það yrði samþykkt þó svo að einhverjir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi haft fyrirvara við þá niðurstöðu. Þannig var þetta mál síðast þegar við skildum við það. Grundvallaratriðin í málinu eru óbreytt þó svo að eignarhaldið á Landsvirkjun hafi breyst. Það er mikilvægt fyrir fyrirtækið gagnvart viðskiptamönnum og sérstaklega lánardrottnum að þessi atriði séu algerlega á hreinu.

[18:25]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra kaus að sleppa því að útskýra hvers vegna hann vill ganga lengra í því að afsala réttindum til Landsvirkjunar en gert var áður.

Það liggur fyrir með áliti óbyggðanefndar að gengið muni verða mun lengra með þeim hætti sem hæstv. forsætisráðherra leggur hér til, þ.e. að þetta verði eignarland Landsvirkjunar, en óbyggðanefnd mat að gert hefði verið með þeim samningum og lagasetningum sem fóru fram vegna Landsvirkjunar og nýtingar hennar á orkulindum og landi. Það hlýtur að þurfa að svara því hver rökin eru fyrir þessu.

Á þjóðin að bera skaðann af því að einhverjir lánardrottnar hafi metið það svo að eitthvað sem Landsvirkjun hafði til ráðstöfunar væri í raun og veru ekki eign Landsvirkjunar heldur umráðaréttur til nýtingar?

Ég tel enga ástæðu til þess að menn geri slíka hluti og mér finnst ástæða til að hafa áhyggjur af því ef menn ætla að setja fordæmi sem þetta klárlega er, að breyta þjóðlendu í séreignarland. Þetta er í fyrsta sinn sem menn gera það. Hæstv. forsætisráðherra fór ekkert yfir það í ræðu sinni hvernig hann sæi fyrir sér auðlindir í framtíðinni og hvernig menn ætli að varðveita þær til framtíðar sem eign landsmanna. Ég tel ástæðu til að inna eftir því hver stefna Sjálfstæðisflokksins er í þeim málum. Hæstv. forsætisráðherra svaraði engu um það.

[18:27]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá þingmanninum að þetta er í fyrsta sinn sem gerð er tillaga um að hluta af þjóðlendu sé afsalað til lögaðila þó að hann sé í eigu ríkisins, þ.e. sameignarfélagið Landsvirkjun.

Ég tel að það sé rangt hjá honum að verið sé að ganga lengra með þessu en upphaflega var gert ráð fyrir. Ég tel að menn hafi alla tíð gengið út frá því að það framsal sem átti sér stað 1965 hafi falið í sér bæði landið sem afmarkað var, og sem sjá má í þingskjalinu hvernig er afmarkað, og vatnsréttindin. Það er í raun og veru verið að ganga frá því með þessum hætti sem menn héldu að þeir væru að gera með réttum hætti árið 1965. (Gripið fram í.)

[18:29]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er algerlega ósammála hæstv. forsætisráðherra í þessu efni. Álit óbyggðanefndar gengur út á það að landið hafi aldrei verið afhent Landsvirkjun til eign-

ar. Það hafi ekki falist í þeim gerningum sem gerðir voru og ekki í lagasetningunni heldur. Það er þess vegna sem verið er að ganga lengra. Það væri lítið athugavert við það þó að menn vildu fara þá leið sem upphaflega var farin með tilliti til þeirrar skilgreiningar sem liggur fyrir á því hvað verið var að gera með henni.

Hæstv. forsætisráðherra er greinilega að lýsa því yfir að hann sé algerlega ósammála óbyggðanefnd hvað þetta varðar. Mér þykja það nokkur tíðindi en auðvitað hlýtur svo að vera því að hæstv. forsætisráðherra hefði annars ekki flutt þetta mál.

Enn koma engin svör við því hvað hæstv. forsætisráðherra ætlast fyrir í framtíðinni með þjóðlendur, eða hver stefna Sjálfstæðisflokksins er hvað slíkt varðar. Þögnin er orðin ærandi hvað þetta varðar. Sjálfstæðisflokkurinn heldur málunum föstum, bæði því máli sem kom frá auðlindanefndinni í sumar, það er fast í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, og fyrrverandi ráðherra, Þorsteinn Pálsson, heldur hinu málinu, sem er þó í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að setja auðlindir sjávar í þjóðareign, föstu í nefndinni sem er að endurskoða stjórnarskrána. Hæstv. forsætisráðherra hlýtur að hafa skoðun á málunum.

[18:31]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Hæstv. forsætisráðherra færir þau rök ein fyrir þessu frumvarpi að lánardrottnum lítist ekki á það ef Landsvirkjun verður 500 millj. kr. fátækari með þeim pappírsgerningi sem hér fer fram. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra: Væri ekki einfaldari leið að ríkið yki þá hlutafé sitt í Landsvirkjun, annaðhvort þann hluta sem ríkið á nú beint eða hlutann sem ríkið á í gegnum einkahlutafélagið Eignarhluti ehf. sem mér hefur þótt einkennilegt fyrirbrigði, frekar en leggja í það að flytja í fyrsta sinn frumvarp um að gera þjóðlendu að séreignarlandi sem hlýtur hvað sem hæstv. forsætisráðherra segir að vera fordæmi? Því auðvitað má finna önnur svipuð tilvik eða færa önnur tilvik í þá halarófu sem af þessu myndast og að gera þetta sérstaklega án þess að farið hafi fram nokkur sú stefnumótun í forsætisráðuneytinu sem ætlast var til í framhaldi af samþykkt þjóðlendulaganna forðum daga, sem gerð var með miklum meiri hluta á þingi á þeirri forsendu að þjóðlendurnar lytu algerlega sérstökum skilyrðum sem fælust í því að þjóðin ætti þá það land sem enginn hafði átt áður og ríkið færi með forræði þess en ekki með þeim hætti að ríkið leyfði sér að meðhöndla það land eins og embættisbifreið eða ráðherrastól, þ.e. hinn efnislega ráðherrastól.

Ég vil í fullri einlægni spyrja: Er það ekki betra — hér sitja formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks — er það ekki hreinlegra og betra að við samþykkjum aukningu hlutafjár fyrst Landsvirkjun er svo illa stödd að lánardrottna munar um þá landspildu sem þarna er um að ræða?

[18:33]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég man ekki eftir því áður að þingmenn hafi komið í ræðustól á Alþingi og talað um lög frá Alþingi sem pappírsgerning, eins og hv. þingmaður gerði í máli sínu. En hvað varðar spurningu hans þá tel ég að í henni felist ákveðinn útúrsnúningur og ég get ekki fallist á sjónarmið hans í því.

[18:33]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Rök mín fyrir að kalla þetta pappírsgerning varða ekki virðingu Alþingis heldur nákvæmlega það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson talaði um, að í úrskurði óbyggðanefndar stendur annað en það sem forsætisráðherra hélt fram. Óbyggðanefnd segir einmitt að það sem gerðist árið 1965 hafi alls ekki verið tilfærsla eignarréttar heldur hafi það verið afhending nýtingarréttar. Mér þykir það nokkuð djarft af hæstv. forsætisráðherra að koma hingað í stólinn og halda öðru fram um það en óbyggðanefnd hefur úrskurðað. En það er nokkuð í stíl við stærilæti forsætisráðherra í þinginu og þá venju hans sem hann hefur tekið upp frá forverum sínum að svara mönnum helst engu sem hér spyrja. Af hverju? spurði ég. Og spyr enn: Af hverju kemur það ekki til álita? Hver eru þá rök með eða á móti að ríkið auki hlut sinn í Landsvirkjun um þann hálfa milljarð sem um er að tefla og eru einu rök forsætisráðherra í þessu vandasama og viðkvæma máli?

Forseti. Ég hvet til þess að hæstv. forsætisráðherra svari þessari spurningu.

[18:35]

**Mörður Árnason** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég vil gjarnan að það komi fram að ég tel að þegar hæstv. forsætisráðherra hagar sér með þeim hætti að svara ekki í andsvörum þeim spurningum sem til hans er beint, þá tel ég það vera dónaskap, ekki aðeins við þann sem hér stendur heldur við þingið allt.

[18:35]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert mál sem hér er til umfjöllunar og fluttar eru ágætar ræður um þetta tiltekna mál en í sjálfu sér og í eðli sínu er það afar einfalt. Verið er að leggja til að Alþingi samþykki að hluti af þjóðlendu verði tekinn og afhentur tilteknu fyrirtæki, sem er Landsvirkjun. Í máli eins og þessu sem lýtur að þjóðlendum eða einhvers konar auðlindum þjóðarinnar er eðlilegt að menn byrji á að nálgast málið út frá þeirri spurningu hver sé stefna ríkisstjórnarinnar þegar kemur að auðlindum. Því hér er verið að tala um að afhenda auðlind sem er í eigu þjóðarinnar, þ.e. þjóðlendu, sem er í beinni andstöðu við þá hugsun fer í gegnum öll þjóðlendulögin, þ.e. að þjóðlendur verði ekki afhentar til eignar heldur einungis til nýtingar.

Hæstv. forsætisráðherra kom hér upp áðan og gerði einhvers konar tilraun til að reyna að útskýra það og taldi að hér væri ekki um fordæmi að ræða heldur sértæka aðgerð sem yrði að grípa til í þessu tiltekna máli og aðgerðin lyti að því að menn hafi gert ráð fyrir því á sínum tíma, eða 1965 þegar til Landsvirkjunar var stofnað með sameignarsamningi, að tiltekin réttindi fylgdu með. Og vegna þess að menn hafi gert ráð fyrir því sé það þá tiltekin krafa og þá væntanlega af hálfu lánardrottna sem voru svona grunneða undirstaðan í ræðu hæstv. forsætisráðherra, um hvenær þyrfti að grípa til þessara aðgerða, þeir hefðu mátt gera ráð

fyrir því að þessi réttindi fylgdu með. Þá vísaði hæstv. forsætisráðherra einnig til þess að viðskipti hafi átt sér stað með þessi verðmæti alla 20. öldina, eins og hæstv. ráðherra nefndi, og því beri nokkur skylda til þess að yfirfæra þau eignarréttindi. Um þessi rök er margt að segja.

Í fyrsta lagi held ég að þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í og það starf sem óbyggðanefnd hefur unnið allt í kringum landið þar sem hún hefur verið að meta hvað tilheyri einkaeignarrétti bænda og hvað ekki, þá eigi nánast sömu rök við þar. Þar hafa bændur oft og tíðum verið að skuldsetja lönd sín og lánardrottnar gerðu væntanlega ráð fyrir því að þeir hafi átt í einhverjum tilvikum stærri og meiri lönd heldur en niðurstaðan hefur síðan orðið eftir að óbyggðanefnd fór í gegnum málin og þau afgreidd fyrir dómstólum. Þau rök að lánardrottnar hafi mátt gefa sér að þetta væri til staðar eiga þá líka við um önnur lönd, alveg nákvæmlega sömu rök. Því finnst mér röksemdir hæstv. forsætisráðherra um að hér sé um sértækar aðgerðir að ræða ekki standast meðan þau byggja ekki á öðru en í fyrsta lagi þessari athyglisverðu stöðu lánardrottna, að þeir hafi mátt gera ráð fyrir að þetta væri inni í þeim verðmætum vegna þess að það á einnig við í öðrum tilvikum. Í þeim skilningi er klárlega verið að skapa fordæmi.

Í annan stað má einnig vísa til þess að í frumvarpinu er vísað til tiltekins lands sem merkt er inn í viðauka með frumvarpinu, að þetta tiltekna land eigi að falla til Landsvirkjunar. En þegar sameignarsamningurinn er skoðaður, þ.e. 3. töluliður, er þetta land ekki tilgreint neitt sérstaklega en þar segir, með leyfi forseta:

„Vatnsréttindi vegna 210 megavatta virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar ...“ Þ.e. „ásamt landi, sem til þarf“. Það er í rauninni ekki skilgreint betur í samningnum en á þann veg. Það er líka alveg nýtt að þetta sé merkt inn á þann hátt sem hér er.

Eftir stendur þessi grundvallarspurning: Er að birtast okkur einhver stefna ríkisstjórnarinnar um að hún sé ekki í takt við þá grundvallarhugsun sem var á Alþingi, sem ég held að flestir þingmenn sem samþykktu þjóðlendulögin geti tekið undir, að þjóðlendur yrðu ekki afhentar, þ.e. eignarréttur á þjóðlendum yrði ekki afhentur? Einungis yrði afhentur einhvers konar nýtingarréttur. Mér sýnist einnig að auðveldlega mætti fara þá leið í málinu ef staða Landsvirkjunar er svo veik að lánshæfismat hennar stendur og fellur að einhverju leyti með umræddu landi, sem mér þykir afar ólíklegt. Á sama hátt þykir mér líklegt að fá mætti hærra verð fyrir þetta land en þá fjárhæð sem hér hefur verið nefnd og tilgreind er í bókhaldi Landsvirkjunar.

Mér finnst einhvern veginn að allur undirbúningur að málinu sé ekki sem skyldi og eðlilegt að sá aðili sem afhendir land láti fara fram sjálfstætt verðmat á því landi sem verið er að afhenda. Þess vegna þykir mér sú röksemdafærsla sem hæstv. forsætisráðherra hefur beitt í máli og fram kemur í frumvarpinu ekki halda. Mér finnst það ekki vera nægileg rök að hér sé um sértæka aðgerð að ræða vegna þess að rökin eiga þá við um svo miklu miklu fleira.

Í máli hæstv. forsætisráðherra kom fram að hér væri uppi álitamál og hugsanlega mætti fara aðrar leiðir, ég skildi hæstv. ráðherra þannig þegar hann kom upp í sína seinni ræðu. Ég held að afar mikilvægt sé að sú nefnd sem tekur málið til meðferðar, þ.e. allsherjarnefnd, fari mjög vandlega yfir það, fari vandlega yfir hvaða fordæmi er verið að skapa og fari vandlega yfir hvort þetta sé á nokkurn hátt í takt við það sem Alþingi hefur áður samþykkt, þ.e. þá grundvallarhugsun sem er í þjóðlendulögunum, því ég tel það alvarlegan hlut ef farið er gegn þeirri hugsun sem þar er. Í raun er mjög auðvelt að túlka það á þann veg að sú hugsun eða sú hugmynd, sem m.a. kemur fram í stjórnarsáttmála núverandi hæstv. ríkisstjórnar, um að auðlindir skulu settar í þjóðareign og ákvæði um það verði sett í stjórnarskrá — mér þykir frumvarp þetta benda til þess að stjórnarflokkarnir séu ekki alveg í takt í þessu máli ef marka má ræðu hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra eða þær setningar sem hann lét falla um daginn aðspurður af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um hver væri stefna Framsóknarflokksins í málinu og hvort stjórnarskrárnefndin væri komin að enda og ljóst væri að ekki yrði gerð nein tillaga um að stjórnarskránni yrði breytt í takt og í anda þess sem kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum. Þá mátti skilja orð formanns Framsóknarflokksins á þann veg að Framsóknarflokkurinn hygðist standa í lappirnar í þessu máli og halda fast við fyrri stefnu nema — mér finnst mikilvægt að það komi fram í þessu máli — hér sé á ferðinni einhvers konar stefnubreyting frá þeirri fyrri. Vegna þess að rökin sem hér hafa verið sett fram að um einhvers konar sértæka aðgerð sé að ræða, hafi ekki fordæmisgildi, halda ekki. Mér finnst þetta vera lykilatriði því eins og ég nefndi áðan geta bændur víðs vegar um allt land hæglega komið fram og sagt: Þessar jarðir hafa gengið kaupum og sölum alla öldina. Maður reiknaði alltaf með að þeir ættu þau lönd þar til annað kom í ljós, og í ljósi þess að lánardrottnar reiknuðu með að þær jarðir væru veðandlag hljótum við að geta fengið þetta líka. Hvers vegna ekki? Hvers vegna eiga þessi rök einungis að eiga við Landsvirkjun sem er þó í eigu ríkisins? Gilda einhverjar sérreglur um það eða erum við að tala um almennar reglur sem allir eiga að gangast undir?

Mér finnst þetta vera grundvallarspurningar. Þó að málið láti kannski ekki mikið yfir sér í fyrstu sýn finnst mér vera á ferðinni grundvallarspurningar sem allsherjarnefnd verður að fara mjög vandlega í gegnum. Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég samþykkti þjóðlendulögin. Ég var mjög sáttur við þann anda sem í þeim birtist og þá grundvallarhugsun að þau lönd sem teljast til þjóðlendna verði ekki afhent til einkaeignarréttar. Mér þykir miður ef hér er á ferðinni einhver stefnubreyting og ég get, virðulegi forseti, ekki tekið undir hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vátryggingarsamningar, 1. umr.*

Stjfrv., 387. mál (upplýsingaöflun vátryggingafélaga). — Þskj. 429.

[18:46]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Frumvarpið er á þskj. 429.

Frumvarp til laga um vátryggingarsamninga var samþykkt á 130. löggjafarþingi og birt sem lög nr. 30/2004, eins og ég sagði. Var vátryggingafélögum ætlaður rúmur tími til að undirbúa sig fyrir gildistöku þeirra og komu þau til framkvæmda 1. janúar á fyrra ári. Eftir gildistöku þeirra hefur risið vafi um hvort unnt sé að svara spurningum um heilsufar náinna skyldmenna án þess að í því felist miðlun upplýsinga um erfðaeiginleika.

Frumvarpið, eins og reyndar ákvæði gildandi laga kveður á um, bannar vátryggingafélögum notkun upplýsinga úr erfðafræðilegum rannsóknum. Óbreytt er frá núgildandi lögum að vátryggingartaka, eða vátryggðum manni, ber eftir bestu vitund að svara spurningum um sjúkdóma foreldra, systkina og barna en að öðrum kosti þarf upplýst samþykki viðkomandi einstaklings. Nauðsynlegt er að leggja áherslu á að þessar reglur um svör við spurningum um sjúkdóma náinna skyldmenna eru í samræmi við það sem hingað til hefur viðgengist hér, og sama á við um reglur og tilhögun í nágrannalöndum okkar. Þrengri skilmálar hérlendis mundu vafalítið hafa alvarleg áhrif á vátryggingarmarkaðinn hér og skekkja mjög alla samkeppnisstöðu íslenskra vátryggingafélaga.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á 82. gr. laganna sem fjallar um upplýsingaöflun við töku persónutrygginga. Greinin er þannig uppbyggð að fyrst er afmarkað hvaða upplýsingar það eru sem vátryggingafélagi er heimilt að óska eftir og eins um hvaða nákomna ættingja væntanlegs vátryggingartaka má spyrja. Vátryggingafélag má samkvæmt ákvæðinu spyrja um sjúkdóma sem staðfest er að vátryggingartaki hefur fengið og eins um sjúkdóma sem tilteknir ættingjar hafa fengið. Með frumvarpinu er gerð tilraun til frekari afmörkunar upplýsingaöflunarinnar frá því sem gildandi lög gera ráð fyrir en í þeim er vísað til heilsufars yfirleitt.

Í annan stað er kveðið á um að upplýst samþykki þurfi alltaf að liggja fyrir ef upplýsinga um sjúkdóma er aflað hjá öðrum en vátryggingartaka, t.d. hjá heimilislækni. Efnislega er það ákvæði óbreytt frá gildandi lögum.

Í þriðja lagi er lagt bann við því að vátryggingafélag notfæri sér upplýsingar úr erfðafræðilegum rannsóknum. Efnislega er það ákvæði einnig óbreytt frá gildandi lögum. Ljóst er að tilgangur bannákvæðisins er ekki sá að banna notkun upplýsinga um heilsufar náinna skyldmenna þess er óskar vátryggingar. Markmið ákvæðisins var og er að ákveða mörk upplýsingaskyldu og heimildar vátryggingafélaga til að nýta sér heilbrigðisupplýsingar. Mikilvægt er að skýrt liggi fyrir hvar þessi mörk liggja.

Persónutryggingar lúta að lífi og heilsu hins vátryggða. Upplýsingagjöf vátryggingartaka hefur mikla þýðingu enda er það vátryggingartaki, eða hinn vátryggði, sem að jafnaði býr yfir þeim upplýsingum sem vátryggingafélag þarf á að halda. Lögð er til breyting á 1. mgr. þannig að nýr málsliður bætist við málsgreinina. Samkvæmt honum er vátryggingafélagi heimilt að afla upplýsinga um þá sjúkdóma sem vátryggingartaki, eða vátryggður, svo og foreldrar, systkini og börn vátryggðs eru með eða hafa haft og félagið telur nauðsynlegt að fá vitneskju um til að geta lagt mat á hina væntanlegu vátryggðu áhættu.

Við töku persónutrygginga fer fram áhættumat. Liður í áhættumati vátryggingafélags við gerð vátryggingarsamninga í persónutryggingum er að afla upplýsinga um heilsufar þess sem vátryggja á og kanna hvort vátrygging skuli veitt samkvæmt almennum skilmálum og venjulegu iðgjaldi. Er upplýsingagjöf vátryggingartaka grundvöllur slíks áhættumats.

Frumvarpið leggur til breytingu á 2. mgr. sem kveður á um að vátryggingafélagi sé óheimilt að nýta sér niðurstöður erfðarannsókna. Með erfðarannsókn er í þessu samhengi einkum átt við rannsókn sem gerð er í þeim tilgangi að meta áhættu einstaklings á því að verða síðar veikur. Hafi sjúkdómur á hinn bóginn þegar áður komið fram og verið greindur með erfðarannsókn er félaginu heimilt að nýta þær upplýsingar í áhættumati sínu en ekki aðrar upplýsingar. Hvílir sú kvöð á vátryggingartaka að upplýsa um atriði sem hann veit eða má vita að hafa áhrif á matið. Með breytingu þessari er leitast við að eyða vafa um hvers konar upplýsingar það eru sem vátryggingafélagi er óheimilt að nota í áhættumati sínu.

Mikilvægt er að það komi fram að bannregla sú sem ákvæðið setur er byggð á danskri fyrirmynd sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum með frumvarpinu. Þar er einnig ítarlega fjallað um tilefni breytinga þeirra sem hér eru lagðar til. Til að taka af allan vafa um megininntak frumvarpsins vil ég leggja áherslu á að frumvarpið, verði það að lögum, færir vátryggingafélögum ekki rýmri rétt til upplýsingaöflunar en þau hafa samkvæmt gildandi lögum. Frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að eyða túlkunarvafa.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[18:53]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni ákvæði í því frumvarpi sem hæstv. viðskiptaráðherra mælir fyrir sem mikið var tekist á um á 130. löggjafarþingi og fjallað um í efnahags- og viðskiptanefnd. Þá var einmitt lögð til sú heimild í því frumvarpi að vátryggingafélagi væri heimilt að afla upplýsinga um þá sjúkdóma sem vátryggingartaki, eða vátryggður, svo og foreldrar, systkini og börn vátryggða eru með eða hafa haft. Það var að vísu orðað öðruvísi í því frumvarpi en meiningin var sú sama.

Persónuvernd gerði þá mjög alvarlegar athugasemdir við þetta ákvæði og vísa ég til þess að í athugasemdum við ákvæðið kom fram að „samkvæmt þessari undanþágu má athuga heilsufar skyldmenna til að meta tilefni til þess að rannsaka fyrra eða núverandi heilsufar þess sem óskar vátryggingar. Ekki sé hins vegar heimilt að athuga heilsufar skyldmenna til að kanna arfgenga þætti en Persónuvernd telur ekki unnt að aðgreina þetta tvennt".

Þetta var álit Persónuverndar á sínum tíma. Við tókumst mjög á um þetta hér í þingsölum og í nefndinni og reyndar var það svo að Læknafélag Íslands tók líka undir þetta. Þess vegna leikur mér forvitni á að vita, nú þegar þetta er komið hér inn í þingsali aftur, raunverulega efnislega það sama þó að orðalagið sé annað, hvort leitað hafi verið til Persónuverndar með þetta frumvarp sem hér er lagt fram og hver sé

þá afstaða hennar, og eins hjá Læknafélaginu.

Ég minni á að við, nokkur sem átt höfum sæti í efnahags- og viðskiptanefnd, fluttum breytingartillögu við þetta frumvarp um vátryggingarsamninga þar sem við lögðum til að ekki yrði heimilað það ákvæði sem nú er verið að taka upp, að afla upplýsinga um þá sjúkdóma sem vátryggingartaki, eða vátryggður, svo og foreldrar, systkini og börn vátryggðs eru með eða hafa haft. Nú er verið að taka þetta upp með öðru orðalagi en mig fýsir að vita álit (Forseti hringir.) Persónuverndar á þessu ákvæði svo og Læknafélagsins.

[18:56]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samkvæmt mínum upplýsingum hefur Persónuvernd gagnrýnt ýmis atriði í þessu frumvarpi og einnig Læknafélagið.

[18:56]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki var þetta nú skýrt hjá hæstv. viðskiptaráðherra. Persónuvernd hefur gagnrýnt ýmis atriði í þessu frumvarpi og einnig Læknafélagið, segir hæstv. ráðherra. Hvaða atriði eru það sem Persónuvernd hefur gagnrýnt og hvaða atriði eru það sem Læknafélagið hefur gagnrýnt? Er það ekki það ákvæði sem hæstv. viðskiptaráðherra er að flytja hérna inn í þingsali aftur og reyna að fá samþykkt? Hefur þetta frumvarp í þessum búningi sem ráðherra leggur það nú fram verið lagt fyrir Persónuvernd og fyrir Læknafélagið áður en það var lagt fyrir þingið?

Það er auðvitað nauðsynlegt fyrir okkur sem eigum að fá þetta mál til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd að okkur sé kunnugt um það hvort þá hafi orðið einhver stefnubreyting af hálfu Persónuverndar og Læknafélagsins í þessu efni þegar taka á upp efnislega sama ákvæði og Persónuvernd og Læknafélagið lögðust gegn fyrir þremur árum.

Þess vegna bið ég hæstv. ráðherra að tala skýrar í þessu máli en hann gerir. Það mun greiða mjög fyrir málinu og meðferð þess í nefnd. Ég minni á hve harkalega var tekist á um þetta mál fyrir þremur árum. Við munum auðvitað af fullum krafti fara gegn málinu ef til stendur að reyna að koma þessu ákvæði inn sem svo mikil andstaða var við, bæði af hálfu okkar í stjórnarandstöðunni og af hálfu Persónuverndar og Læknafélagsins á sínum tíma.

Það er mikilvægt að það sé litið á það þegar Persónuvernd talar gegn svona ákvæðum sem ganga þá gegn lögum um persónuvernd og að þau ákvæði séu virt. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort verið sé að ganga gegn vilja Persónuverndar enn og aftur með þessu ákvæði og hvort hæstv. ráðherrann hafi haft fyrir því áður en hann lagði þetta mál á nýjan leik fyrir þingið að leita til Persónuverndar eða Læknafélagsins.

[18:58]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málið snýst um það að í gildandi lögum er talað um heilsufar almennt en í frumvarpinu núna er aðeins talað um þá sjúkdóma sem orðið hafa á liðinni tíð og upplýsingar liggja fyrir um. Í annan stað er í gildandi lögum opið ákvæði um upplýsingar um aðra einstaklinga, en í frumvarpinu núna er aðeins tiltekið foreldrar, systkini og börn. (**JóhS:** Hvað þýðir ...?) Mér vitanlega var þetta lagt fyrir bæði Læknafélagið og Persónuvernd og þau töldu þetta ekki nægilega langt gengið. Frumvarpið er hins vegar miðað við samkeppnisstöðu á vátryggingarmarkaði hér á landi, þ.e. að hafa sambærilegar reglur hér og danskar reglur eru og reglur í nágrannalöndunum eins og kom fram í framsöguræðu minni. (**JóhS:** ... tiltekið ...)

[18:59]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Við ræðum afar merkilegt mál og vægast sagt umdeilt. Ég verð að segja að ég furða mig á að málið skuli komið fyrir þingið. Það er ekki langt síðan málið var rætt mjög ítarlega í þinginu. Niðurstaðan af því varð sú lagagrein sem tryggingafélögin nota í dag til að byggja á upplýsingaöflun sína um heilsufar vátryggingartaka og fjölskyldumeðlima hans. Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur lögðust Læknafélagið og Persónuvernd mjög hart gegn þessari heimild. Hér er á ferðinni ekkert annað en að menn vilja skerpa á þessari heimild. Það er, eins og hæstv. ráðherra sagði, verið að eyða óvissu.

Hverjir hafa kallað eftir því að óvissunni verði eytt? Það eru tryggingafélögin sjálf. Í þessu frumvarpi er skýrt að ríkisvaldið er að lúffa undan kröfum tryggingafélaganna. Við skulum hafa það á hreinu sem tryggingafélögin sögðu í umsögn sinni þegar málið var til umfjöllunar fyrir þremur árum. Þar sagði, með leyfi forseta, í umsögn þeirra:

„Efni athugasemda frumvarpsins er með þeim hætti að íslenskum vátryggingafélögum verður óheimilt að taka tillit til, í áhættumati sínu, upplýsinga um áhættuþætti sem snúa að fjölskyldusögu og aflað hefur verið á heföbundinn hátt. Við það verður ekki unað enda yrði með slíku banni vegið að grundvallarsjónarmiðum um vátryggingar og vátryggingastarfsemi."

Virðulegi forseti. Það er skýrt hver krafa tryggingafélaganna hefur verið. Hér er það sagt svart á hvítu. Frumvarpið sem núna er lagt fram virðist til þess að svara þeirri kröfu, ég veit ekki hvort hægt er að kalla það hótun að við fyrirkomulagið verði ekki unað. Kröfu tryggingafélaganna er þannig svarað með beinum hætti. Menn ganga erinda tryggingafélaganna og fara að kröfum þeirra í þingsölum þvert gegn vilja Persónuverndar og Læknafélagsins, svo dæmi séu tekin.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þessar heimildir eru algerlega galnar. Þegar sótt er um líf- eða sjúkdómatryggingu hjá íslenskum tryggingafélögum þá þurfa umsækjendur að fylla út margar síður af upplýsingum um sjálfa sig. Þar af er stór hluti upplýsinganna um heilsufar umsækjendanna sjálfra. Það er í sjálfu sér í lagi. Það snýr að viðkomandi umsækjanda sjálfum. En auk þess að svara upplýsingum um eigið heilsufar er umsækjenda gert að greina frá heilsufarssögu fjölskyldumeðlima, nánar tiltekið foreldra og systkina. Þannig er það í dag á umsóknareyðublöðum tryggingafélaganna. Þar eru foreldrar og systkini, hafi þau, þ.e. foreldrar og systkini fengið ákveðna sjúkdóma fyrir 60 ára aldur.

Virðulegi forseti. Þetta finnst mér galið, að þess sé kraf-

ist frá tryggingafélögunum að umsækjandi um ákveðna gerð tryggingar gefi upplýsingar um þriðja aðila sem er ekki sjálfur aðili málsins að öðru leyti en því að vera blóðtengdur umsækjandanum.

Það verður að segjast eins og er, að það kom skýrt fram í umsögnum Persónuverndar að þeirra skoðun væri sú að þetta færi mjög nálægt því að vera persónugreinanlegar upplýsingar, þegar svo nákomnir ættingjar eiga í hlut.

Þarna er bætt við það sem tryggingafélögin gera í dag og tekið fram að þeim sé heimilt að krefjast heilsufarssögu foreldra, systkina og nú er búið að bæta við heilsufarssögu barna. Það er sérstaklega skilgreint af hinu opinbera. Það er ekki það sem tryggingafélögin hafa gert hingað til. Ég verð að spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna börnin hafi komið inn í sem viðbót?

Það er skýrt hvað vakir fyrir tryggingafélögunum með því að spyrja um heilsufar nánustu fjölskyldumeðlima. Persónuvernd gaf út álit þann 1. júní ári 2006, álit nr. 103/2005. Þar kemur fram að um þetta atriði hafi Persónuvernd spurt tryggingafélag sem ekki er þó nafngreint í álitinu. En í álitinu er vitnað í bréf frá tryggingafélaginu. Í því svari kemur skýrt fram hvers vegna þessara upplýsinga um heilsufar foreldra og systkina er krafist. Vitna ég þar beint í svarið með leyfi forseta.

„Tilgangurinn með þeirri upplýsingaöflun er sem fyrr að leggja mat á áhættu félagsins af því að taka einstaklinga í tryggingu en sjúkdómar í nánustu fjölskyldu geta haft áhrif við það mat."

Maður verður að spyrja hæstv. ráðherra, í tengslum við að því er haldið fram að skerpt sé á því banni sem er í 2. mgr. 82. gr. í dag, við að niðurstöður á erfðarannsóknum á einstaklingi og þarna sé verið að sundurgreina á milli erfðarannsókna annars vegar og síðan sjúkdóma sem nákomnir ættingjar hafa fengið. Ég verð að spyrja hvort þarna sé verið að gera grín að okkur. Það er ljóst að ef tryggingafélögin hafa heimild til að fá upplýsingar um hvort nánir fjölskyldumeðlimir hafi fengið tiltekna sjúkdóma og nota það við mat á áhættu af því að tryggja viðkomandi umsækjanda, þá eru tryggingafélögin komin í þá stöðu að gefa sér erfðafræðileg áhrif. Til hvers munu menn annars notast við þessar upplýsingar? Þarna er verið að heimila tryggingafélögunum að setjast í dómarasæti yfir vísindunum og gefa sér að það að náinn fjölskyldumeðlimur hafi fengið ákveðinn sjúkdóm feli sér aukna áhættu. Þetta er tvískinnungur sem hlýtur að hafa verið settur þarna inn í einhverri gamansemi.

Læknafélagið hefur m.a. gagnrýnt þetta harðlega, hæstv. ráðherra ætti að þekkja það. Hið sama gildir um Persónuvernd. Það getur verið mjög vafasamt að greina þarna á milli. Það er erfitt að greina þarna á milli. Samkvæmt frumvarpinu á að breyta þessu á þann hátt að 2. mgr. muni hljóða svo, með leyfi forseta.

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félaginu óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm."

Virðulegi forseti. Fyrir mér er þetta eins og hver annar lélegur brandari. Heimildin felur ekkert annað í sér en að tryggingafélögunum er veitt heimild til að gefa sér að tryggingartaki þrói með sér sjúkdóm út frá upplýsingum um heilsufar náinna ættingja. Það er ekki hægt annað en að brosa út í annað þegar maður sér svona dellu.

Fleiri atriði eru hérna sem mig langar að koma inn á og þau eru þessu tengd. Þá vil ég kannski ekki síst koma inn á þátt Persónuverndar þegar fjallað var um málið fyrir þremur árum. Þar var ljóst að Persónuvernd lagðist gegn því að tryggingafélögin fengju slíka heimild. Í umsögn Persónuverndar leggja þeir til að það verði eingöngu heimilt að afla upplýsinga um heilsufar umsækjanda sjálfs en ekki um heilsufar náinna ættingja. Persónuvernd hefur síðan gefið út álit varðandi þessa heimild tryggingafélaganna, þ.e. um lögmæti þess að afla heilsufarsupplýsinga um foreldri og systkini umsækjanda. Í því áliti segir að tryggingafélagið biðji umsækjendur um upplýsingar er varða heilsufarssögu náinna ættingja þeirra. Þar er vitnað í bréfið sem ég nefndi áðan. Síðan segir í þessu áliti að Persónuvernd líti svo á að að því virtu að samkvæmt lögunum sé vátryggjendum beinlínis bannað að afla eða hagnýta sér með nokkrum hætti erfðafræðilegar upplýsingar um umsækjandann eða óska eftir rannsóknum sem geti leitt slíkar upplýsingar í ljós þá sé það niðurstaða Persónuverndar að félaginu sé óheimilt að afla upplýsinga um heilsufar sem í geta falist upplýsingar um arfgerð umsækjanda.

Þar er vísað til þess að margir algengir sjúkdómar orsakast af samspili erfða og umhverfisþátta. Því verði að líta svo á að öflun upplýsinga um arfgenga sjúkdóma foreldra og systkina jafngildi öflun upplýsinga um erfðaeiginleika umsækjandans sjálfs. Verður vart komið auga á það í hvað tilgangi öðrum vátryggingafélög ættu að sækjast eftir upplýsingum um slíka sjúkdóma hjá einstaklingum. Þetta kemur skýrt fram í áliti Persónuverndar. Þarna er sett mjög stórt spurningarmerki við þetta atriði. Mér heyrist á öllu að miðað við svör hæstv. ráðherra áðan þá standi þessi gagnrýni enn.

Persónuvernd lagði til að orðin „annarra einstaklinga" í núgildandi lögum verði felld brott og beinlínis óheimilt verði að afla þessara upplýsinga. Í kjölfarið hafa komið upp deilur út af þessu. Eins og Persónuvernd túlkaði ákvæðið var tryggingafélögum ekki heimilt að afla þessara upplýsinga. Það kom líka skýrt fram. Tryggingafélögin og Persónuvernd hafa deilt um þetta hingað til. Þetta frumvarp á að eyða óvissu, þ.e. það tekur afstöðu með tryggingafélögunum, með túlkun tryggingafélaganna og gegn áliti Persónuverndar.

Virðulegi forseti, þetta hryggir mig af mörgum ástæðum. Ég kom inn á það áðan að mér finnst vafasamt að umsækjandi um tryggingu verði krafinn um svo viðkvæmar upplýsingar um nána ættingja sína sé hann að sækja um tryggingar. Mér finnst það galið. Auðvitað er þetta persónugreinanlegt vegna þess að það eru ekki margir foreldrar sem koma til greina sé umsækjandi einkabarn. Þetta geta sannarlega verið persónugreinanlegar upplýsingar og þarf ekki stóran hóp til að ráða í hver hafi fengið hvaða sjúkdóm. Þetta er líka ákveðið prinsippmál. Mér finnst undarlegt að hæstv. ráðherra taki undir sjónarmið tryggingafélaganna, að ef þeir missi þessar heimildir þá muni tryggingarnar fara af markaði. Ég ætla að leyfa mér að efast um það.

Ég held að það verði alltaf markaður fyrir þessar tryggingar.

Það er rétt sem fram kemur í auglýsingum frá tryggingafélögunum, að þetta er mikilvægt. Ef ég vitna í vefsíðu eins tryggingafélagsins, þá segir að líftrygging sé brýn á flestum aldursskeiðum þótt rétt sé að hafa í huga að foreldrar með börn á framfæri sínu og fólk sem ber skuldir vegna náms- og húsnæðiskaupa þurfi að huga sérstaklega vel að líftryggingarmálum sínum. Síðan er líka talað um sjúkdómatryggingar, að alvarlegum veikindum geti fylgt áhyggjur vegna fjárhagslegrar afkomu. Tekjur heimilisins minnka en skuldirnar standa í stað. Veikindin geti jafnvel leitt til aukinna útgjalda.

Ég er alveg sammála því sem þarna kemur fram. Þetta eru mikilvægar tryggingar. Samkvæmt núgildandi lögum og frumvarpinu sem hér liggur fyrir er skerpt á heimildum til tryggingafélaga til að mismuna tryggingatökum. Þetta undirstrikar hvernig málið er vaxið og kröfur tryggingafélaganna um bæði belti og axlabönd, að mega vinsa úr umsækjendum sínum með þessum hætti. Þetta undirstrikar fyrir mér mikilvægi almannatryggingakerfisins. Mér óar við því hvað mundi gerast ef frekari tryggingar færu út á þennan markað.

Það er dálítið súrt í brotið ef við erum farin að horfa til þess að stór hluti landsmanna sitji ekki við sama borð, t.d. ef foreldri fellur frá, að barn sem foreldri fellur frá, sitji ekki við sama borð vegna þess að foreldrið hafi ekki getað líftryggt sig eða ekki getað ráðið við hækkun á iðgjöldum. Þetta verðum við að hafa í huga þegar við veitum svona heimildir. Ég verð að segja að ég veit ekki hvaða skilning hæstv. ráðherra, ríkisstjórnin og tryggingafélögin leggja í hugtakið tryggingu eða áhættutryggingu eins og þarna er á ferðinni. Það felur í sér að menn taka einhverja áhættu. Það hlýtur að fela það í sér. Þarna er tryggingafélögunum veitt heimild til að losa sig við alla áhættu. Þetta er eins og tryggingafélögin og ríkisstjórnin haldi að reka eigi tryggingarnar sem söfnunarsjóði og hreinsa eigi alla áhættu burtu. Auðvitað verða tryggingafélögin að bera einhverja áhættu. Mér finnst allt of langt gengið í því að leyfa tryggingafélögunum að losa sig hana.

Virðulegi forseti. Þetta mál mun fara í nefnd. Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur munum við standa föst gegn þessu máli. Þarna er allt of langt gengið. Ég vonast til að menn standi við stóru orðin, þingmenn eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir sem hefur lýst yfir verulegum efasemdum við þessar heimildir tryggingafélaganna í ræðu þegar ég var með fyrirspurn til hæstv. ráðherra um þetta efni. Hún lýsti því að henni misbyði hve langt væri seilst af hálfu tryggingafélaganna. Ég vona að á þessi sjónarmið verði hlustað. Það er ekki bara andstaða stjórnarandstöðunnar við þetta mál af því það kemur frá ríkisstjórninni heldur er um að ræða verulega umdeilt mál, þverpólitískt. Það á að veita allsvakalegar heimildir til tryggingafélaganna til að afla upplýsinga um heilsufar fólks, sem er með því viðkvæmasta sem við eigum.

Ég lagði 19. október fram fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra um þessi mál, þ.e. um líf- og sjúkdómatryggingar, þar sem ég óskaði eftir upplýsingum um hversu mörgum hefði verið synjað um líf- og eða sjúkdómatryggingar hjá íslenskum tryggingafélögum á árunum 2000–2005, sundurliðað eftir árum og tegund trygginga.

Ég spurði jafnframt hversu mörgum, sundurliðað á sama hátt, hefði verið gert að greiða álag á iðgjöld, líf- og eða sjúkdómatryggingar hjá íslenskum tryggingafélögum vegna, annars vegar heilsufarssögu tryggingartaka og hins vegar metinnar áhættu vegna heilsufarsupplýsinga um nána fjölskyldumeðlimi tryggingartaka. Það er skemmst frá því að segja að þetta svar barst mér í dag, 29. janúar og svarið er vægast sagt mjög rýrt. Tryggingafélögin leyfa sér að fela sig á bak við að þeir geymi ekki slíkar upplýsingar, sundurgreini þetta ekki, o.s.frv. Ég ætla ekki að fara út í það í smáatriðum. En eftir allan þennan tíma kemur svar sem inniheldur lítið sem ekki neitt.

Ég verð að segja að ef þingið veitir tryggingafélögunum heimildir til að afla slíkra upplýsinga, til að meta áhættu og hvort annars vegar tryggingartaki eigi að fá yfir höfuð tryggninguna eða greiða álag á það, og hann byggir þessa upplýsingaöflun á heimildum frá þinginu, þá finnst mér við eiga kröfu á að þeir svari svona spurningum frá okkar. Tryggingafélögin óska eftir að fá heimildir héðan og ættu að geta svarað þessum spurningum. Við þurfum að hafa svona upplýsingar til grundvallar þegar við metum og förum yfir þetta mál og tökum afstöðu til þess hvort þetta skuli heimila eða ekki.

Mér finnst til skammar að menn skuli ekki geta svarað spurningum frá þinginu þegar farið er fram með jafnfrekjulegum hætti og gert er í þessari umsögn frá árinu 2004 og farið fram á breytingar héðan frá þinginu. Mér finnst það algjört lágmark.

[19:19]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Ég deili áhyggjum hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur í þessu máli og ég held að við í efnahags- og viðskiptanefnd þurfum að fara nokkuð vel yfir þau grundvallaratriði sem koma fram í þessu frumvarpi sem lýtur að breytingu á lögum um vátryggingarsamninga.

Í stuttu máli og eins og segir í umsögn Fjárlagaskrifstofunnar felst í þessu frumvarpi að gerðar séu „breytingar er varða upplýsingaöflun vátryggingafélaga. Lagt er m.a. til að vátryggingafélagi verði heimilt að afla upplýsinga um þá sjúkdóma sem vátryggingartaki, eða vátryggður, svo og foreldrar, systkini og börn vátryggðs eru eða hafa haft."

Eins og má heyra á þessari lýsingu fjármálaráðuneytisins á frumvarpinu er hér um að ræða grundvallaratriði og í rauninni mjög spennandi spurningu um hversu langt megi ganga þegar kemur að öflun upplýsinga hjá þriðja aðila, ekki síst í ljósi þeirrar sérstöðu sem tryggingarumhverfið hefur. Hér togast að sjálfsögðu á ákveðnir hagsmunir, hagsmunir tryggingafélagsins að geta fengið sem ítarlegastar upplýsingar til að geta metið áhættuna í ljósi ákvörðunar sinnar þegar kemur að iðgjaldinu og síðan þeir hagsmunir sem liggja á bak við persónuréttindi viðkomandi og ekki síst þriðju aðila, í þessu tilviki fjölskyldu viðkomandi.

Ég hef ítrekað sagt í þessum sal að mér finnst ríkisstjórnin iðulega vera að ganga æ lengra á réttindi einstaklinga í landinu og ég held að hæstv. dómsmálaráðherra eigi metið hvað það varðar eins og má sjá á málaskrá hans þar

sem hann saxar hratt og iðulega að réttindum einstaklinga í samfélaginu en ég ætla ekki að þreyta þjóð eða þing með upptalningu þeirra mála en listinn er langur í hans tilviki.

Hér þarf að fara fram ákveðið hagsmunamat og strax við 1. umr. málsins vil ég lýsa yfir efasemdum um hvort hér sé hugsanlega gengið of langt á réttindi einstaklinganna, hvort hér sé verið að opna á heimild tryggingafélaganna til að haga iðgjöldum þannig að þau miðist við sjúkrasögu eða áætlaðar sjúkrasögur hjá heilu fjölskyldunum. Í 2. mgr. 82. gr. frumvarpsins kemur fram bannregla um að ekki sé heimilt að nota niðurstöður erfðarannsóknar á einstaklingi þegar kemur að því að meta iðgjöld og hvort viðkomandi einstaklingur sé hæfur til að kaupa tryggingu.

Þessi bannregla er góð og gild og eðlileg í mínum huga. En röksemdir þar á bak við gætu einmitt átt vel við þá heimild sem hæstv. viðskiptaráðherra er að leggja til að við veitum tryggingafélögunum í þessu tilviki. Þær röksemdir sem lúta að því að ekki sé heimilt að nota niðurstöður erfðarannsókna þegar kemur að veitingu tryggingar eða sölu tryggingar gætu alveg eins átt við að ekki sé heimilt að fá upplýsingar frá þriðja aðila þegar kemur að hugsanlegri sölu tryggingar. Þetta er ákveðin þversögn að mínu mati.

Það er alveg ljóst að ef markmiðið er að veita tryggingafélögunum hvað víðtækastar heimildir þá spyr maður sig af hverju hæstv. viðskiptaráðherra gangi þá ekki lengra og heimili tryggingafélögunum að nýta sér niðurstöður erfðarannsókna. Eflaust mætti fá betra mat á líkum, þegar kemur að líkum á ákveðnum sjúkdómum ef viðkomandi tryggingafélagi væri heimilt að styðjast við slíkar niðurstöður. En löggjöfin hefur sem betur fer spyrnt hér við fótum og sagt að hér séu ákveðin mörk. Við í stjórnarandstöðunni, a.m.k. í Samfylkingunni, erum hins vegar að velta fyrir okkur hvort þau mörk séu að færast að einhverju leyti. Eftir því sem tryggingafélögin fá ítarlegri upplýsingar um heilsufar viðkomandi og fjölskyldu hans því nákvæmari verða væntanlega útreikningar þeirra og þar af leiðandi er hægt að lækka eða hækka iðgjöldin eftir því mati. En einhvers staðar þarf að stoppa í ljósi eðlis trygginga, hvað er í rauninni trygging.

Trygging er auðvitað mjög merkilegt fyrirbæri sem lýtur að því að viðkomandi greiðir iðgjald í samræmi við einhverja áhættu en síðan dreifir tryggingafélagið viðkomandi áhættu innan rekstursins svo að tryggingafélagið tapi ekki á starfsemi sinni. Á móti er áhættu margra einstaklinga dreift á marga einstaklinga. Þetta er í stuttu máli eðli trygginga, það er verið að dreifa áhættu á einhvers konar áföllum eða nauðsyn á tryggingum.

Á bak við þetta frumvarp er auðvitað sú réttlæting að tryggingafélögin geti metið áhættuna og þá má alveg spyrja sig hvort þau hafi einfaldlega verið að meta áhættuna rangt til þessa og að hvaða leyti þá. En við þessa 1. umr. langar mig til að fara aðeins yfir skoðun formanns Læknafélags Íslands sem hann sendi þingmönnum og að ég tel einnig hæstv. viðskiptaráðherra, 23. nóvember 2006. Þar segir formaður Læknafélags Íslands, með leyfi forseta:

„Mál skylt þessu kom upp árið 1996 þegar Íslensk erfðagreining hafði í texta upplýst samþykki þeirra sem tóku þátt í rannsóknum fyrirtækisins að þeir hétu því að upplýsa fyrirtækið um ættingja sína sem hefðu sama sjúkdóm og þeir og mundu hvetja þá til að taka þátt í umræddri rannsókn. Læknafélag Íslands brást hart við þessu ákvæði hins upplýsta samþykkis og málið kom til kasta siðfræðiráðs þess. Það var síðan niðurstaða Íslenskrar erfðagreiningar að fella þetta ákvæði um upplýsingaöflun um heilsufar þriðja aðila úr hinu upplýsta samþykkisformi fyrirtækisins."

Stuttu seinna segir í sama áliti, með leyfi forseta:

„Viðbrögð fyrirtækisins" — í þessu tilfelli Íslenskrar erfðagreiningar — „voru eðlileg og jákvæð þar sem allar viðurkenndar alþjóðareglur sem fjalla um vísindasiðferði útiloka þennan möguleika og ég geri ráð fyrir að gildandi reglur samfélagsins á þeim tíma og þær sem síðar hafa verið settar, svo sem í lögum um réttindi sjúklinga og í lögum um persónuvernd um meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga, endurspegli sömu sjónarmið.

Viðskiptaráðherra leggur frumvarpið fram til að liðka fyrir viðskiptum með vátryggingar. Það eru því viðskiptahagsmunir vátryggingafélaganna og viðskiptamanna þeirra sem hljóta að vera þeir meginhagsmunir sem lagasmíðin tekur til. Hagsmunir þriðja aðila verða að koma til álita þó að þeir eigi enga hagsmuni í viðskiptasamningi þeim sem gera á og lögin eiga að liðka fyrir. Önnur lög vernda þennan rétt og þessa nýsmíði laga verður að skoða í ljósi þessa réttar og þess fordæmis sem lögin kunna að gefa um breyttar áherslur hvað varðar almenna persónuvernd í þjóðfélagi okkar.

Viðhorf tryggingafélaganna er það að hækka þurfi tryggingar á öllum ef ekki fást upplýsingar um ættgenga sjúkdóma þannig að reikna megi áhættu þeirra sem bera hugsanlega arfgenga sjúkdóma og þar með hækka iðgjöld þeirra eða hafna tryggingarsamningi með öllu. Hér er ekki um að ræða aukna áhættu vegna sjálfráðrar hegðunar eða lífsstíls heldur örlög sem fólki eru búin í móðurkviði. Um þetta mætti rita langt mál en ég sleppi því að þessu sinni en lýsi einungis þeirri skoðun minni að ég tel að sjónarmið tryggingafélaganna stangist í meginatriðum á við þann skilning sem almennt er lagður í hugtakið trygging. Í raun koma fullnægjandi rök gegn þessu lagafrumvarpi fram í frumvarpinu sjálfu í 2. mgr. 1. gr. þessa frumvarps þar sem takmarkanir eru settar við heimildum vátryggingarsala til upplýsingaöflunar. Munurinn á því sem takmarkað er með 2. mgr. og því sem heimilað er með 1. mgr. er bitamunur en ekki fjár."

Þetta er viðhorf Sigurbjörns Sveinssonar, formanns Læknafélags Íslands, og það verður að sjálfsögðu kallað eftir viðhorfum hans innan nefndarinnar en hann vekur upp ákveðnar grundvallarspurningar sem bæði ráðherra og við í nefndinni og þingheimur þarf að svara.

Það er sömuleiðis ástæða til að huga að athugasemdum Persónuverndar og afstöðu þeirra. Við getum skoðað niðurstöðu Persónuverndar í máli 103 frá 16. ágúst 2005 þar sem er verið að fjalla um lík mál, það er sama svið. Eitt af niðurstöðuorðum Persónuverndar í því máli laut að því að öflun upplýsinga hjá þriðja aðila um mann sem sækir um líf- og sjúkdómatryggingu er óheimil nema fyrir liggi skriflegt upplýst samþykki hans og að honum hafi verið veitt fræðsla í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000. Það þarf að skoða hvort þetta frumvarp sé í samræmi við þessa niður-

stöðu Persónuverndar og sömuleiðis má hafa í huga umsögn Persónuverndar um frumvarp til laga um vátryggingarsamninga þegar það var hér síðast til umræðu.

Þar stóð, með leyfi forseta:

„Í 2. mgr. 82. gr. er kveðið á um að vátryggingafélagi sé óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns *og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóma.* Félaginu sé einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar. Persónuvernd fagnar þessu ákvæði en gerir þó athugasemd við niðurlag þess, þ.e. að þetta bann gildi þó ekki um athugun á núverandi eða fyrra heilsufari mannsins eða annarra einstaklinga. Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að samkvæmt þessari undanþágu má athuga heilsufar skyldmenna til að meta tilefni til að rannsaka fyrra eða núverandi heilsufar þess sem óskar vátryggingar. Ekki sé hins vegar heimilt að athuga heilsufar skyldmenna til að kanna arfgenga þætti.

Persónuvernd telur ekki unnt að aðgreina þetta tvennt.“ — Takið eftir þessu. — „Í athugasemdunum segir raunar að ljóst sé að munurinn á þessu tvennu sé ekki glöggur. Aftur á móti telur Persónuvernd að athugun á heilsufari skyldmenna til að meta tilefni til að rannsaka heilsufar vátryggðs geti eðli málsins samkvæmt ekki falið í sér annað en könnun á því hvort telja megi hættu á arfgengum sjúkdómi og hvort sérstök könnun á heilsufari vátryggðs sé þar af leiðandi nauðsynleg.“

Þetta er umsögn Persónuverndar þegar við síðast breyttum ákvæðinu sem nú er til umræðu og að okkar mati er gengið lengra að þessu sinni. Það má velta því fyrir sér og spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort honum sé kunnugt um að Persónuvernd sé að fullu leyti sátt við þá útgáfu frumvarpsins sem hér er til umræðu. Í greinargerð frumvarpsins er minnst á að starfsmenn Persónuverndar hafi komið að undirbúningi frumvarpsins en það segir ekkert um hvort þeir séu sáttir við þá útgáfu sem hæstv. viðskiptaráðherra leggur hér á borð. Þetta er eitthvað sem við munum auðvitað fá á hreint í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar, þ.e. hvort bæði sjónarmiðum formanns Læknafélagsins og Persónuverndar sé mætt með einhverjum hætti í þessu frumvarpi og ef ekki hvort vilji sé til að breyta frumvarpinu.

Ég tók eftir því og ég vona að ég hafi haft rétt eftir hæstv. viðskiptaráðherra að hann hafi sagt áðan að þetta frumvarp miði m.a. við að tryggja samkeppnisstöðu íslenskra tryggingafélaga á tryggingamarkaðnum. Það er gott og vel ef svo er og kannski liggur það í augum uppi að þetta frumvarp er í þágu tryggingafélaganna en þá fer maður að spyrja sig: Hvað með hagsmuni einstaklinganna, hvað með hagsmuni hinna þriðju aðila viðkomandi einstaklings sem sækir eftir tryggingu? Hvað með persónuréttindin og hvað með þau mörk sem hljóta alltaf að vera einhvers staðar þegar kemur að sölu trygginga og heimild tryggingafélaganna til að meta líkur á áhættu á áföllum?

Þetta er stórt mál að okkar mati sem snertir grundvallaratriði og grundvallarspurningar sem við þurfum svo sannarlega að fara vel yfir. Það er ástæða til að tortryggja sitjandi ríkisstjórn þegar kemur að persónuréttindum og friðhelgi einkalífsins og réttindum þriðja aðila eins og áður hefur verið rakið þannig að í þessum efnum hræða sporin. Ég vil því að efnahags- og viðskiptanefnd taki góðan tíma í að fara yfir álitamálin sem hér koma upp en það getur vel verið að það muni einfaldlega brotna á pólitískum ágreiningi, að þetta sé einfaldlega leið sem meiri hlutinn á þingi í dag sé pólitískt hlynntur. Að sama skapi getur ágreiningurinn við stjórnarandstöðuna hugsanlega verið það mikill að hér myndist ekki þverpólitísk samstaða um málið, en það á kannski eftir að reyna betur á það í meðförum þingsins.

[19:33]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Um nokkurt skeið hefur verið talað um það í íslensku samfélagi að áhrif stjórnmálamanna fari sífellt minnkandi og áhrif peningamanna fari ört vaxandi, að helstu fyrirmyndir íslenskra ungmenna og oft og tíðum annarra í samfélaginu séu einstaklingar sem eru vel efnum búnir og hafa komist í álnir. Ég velti þessu fyrir mér þegar við sjáum ríkisstjórnina koma hlaupandi æ ofan í æ eins og einhverjir sendisveinar, ef svo má að orði komast, þar sem hún er í rauninni að ganga erinda annarra.

Við ræddum áðan um Landsvirkjun og þá hugmynd að afsala Landsvirkjun landi úr þjóðlendu sem Alþingi samþykkti fyrir nokkrum árum að yrði ekki gert, að meginstefnu til yrðu þjóðlendur í þjóðareign og úr þjóðlendum yrði ekki afhent land. Hæstv. forsætisráðherra kom hingað í dag og talaði fyrir þessu tiltekna máli og færði fram þau rök helst að vegna þess að viðskipti hefðu átt sér stað með þessi réttindi alla öldina og hagsmunir lánardrottna horfðu til þess að Landsvirkjun fengi þetta land yrði að afhenda þeim landið. Það breytti engu þó að sams konar rök ættu við um bændur hringinn í kringum landið sem hafa í gegnum árhundruð keypt og selt lönd og veðsett þau tilteknum lánardrottnum. Þau rök virðast ekki eiga við um þá heldur einungis um Landsvirkjun.

Næsta mál á dagskrá er það mál sem við ræðum hér. Það lýtur að því að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra kemur hingað með erindisbréf sem ekki verður túlkað á annan veg en þann að hann gangi erinda tryggingafélaga í þeim skilningi að tryggja það að tryggingafélög þurfi helst ekki að taka neina áhættu þegar þau selja tryggingar. Tryggingar eru í eðli sínu áhætta og einstaklingar kaupa sér tryggingu til að takmarka þessa áhættu. Tryggingafélagið tekst á hendur áhættu vegna þess að það ætlar að koma til skjalanna ef þessi áhætta verður að veruleika. Þar af leiðandi er eðli tryggingа að takmarka áhættu. Í þessu tilviki vaknar sú spurning: Af hverju gengur ríkisstjórnin erinda tryggingafélaga í þeim skilningi að veita þeim heimildir til að afla upplýsinga sem hér er verið að kalla eftir? Hvað gerir það að verkum að takmarka þarf áhættu tryggingafélaga á þann hátt sem hér er lagt til? Þessi heimild til upplýsingaöflunar leiðir eðli málsins samkvæmt af sér að það verður síðan tryggingafélaganna að meta þessar upplýsingar, meta þá áhættu sem tryggingafélögin eru tilbúin að taka og taka jafnvel afstöðu til þess hvort líkur standi til að einhverjar tilteknar upplýsingar leiði til þess að viðkomandi vátryggingartaki kunni hugsanlega að fá sjúkdóma eða

veikjast í einhverri óskilgreindri framtíð. Þetta getur einnig þýtt að það verði ekki á færi nema fárra að kaupa sér þessar tryggingar og það getur varla verið það sem hæstv. ríkisstjórn er að reyna að tryggja. Hæstv. iðnaðarráðherra er vel kunnugt um að uppi hafa verið deilur milli Fjármálaeftirlitsins eða vátryggingafélaganna annars vegar og Persónuverndar hins vegar og því vaknar spurningin: Hvers vegna tekur ríkisstjórnin afstöðu með vátryggingafélögunum gegn einstaklingunum? Fyrir þá sem vilja henda upp samsæriskenningum af hvaða tilefni sem er þá gefur þetta örugglega tilefni til að menn búi til einhverjar samsæriskenningar í aðdraganda kosninga. Ég held að það sé afar auðvelt.

Sú kvöð hvílir á hæstv. viðskiptaráðherra að svara þessari spurningu. Hér er um það að ræða að verið er að takmarka áhættu tryggingafélaganna á kostnað einstaklinganna. Af hverju velur ríkisstjórnin að fara þessa leið? Kannski er það rétt sem sífellt er verið að gefa í skyn í opinberri umræðu að hlutur stjórnmálamanna fari ört minnkandi en hlutur stórra fyrirtækja og efnaðra einstaklinga ört stækkandi. Það er þróun sem ég tel afar ógeðfellda svo vægt sé til orða tekið vegna þess að við sem erum kjörin til að setja almennar leikreglur í samfélaginu eigum fyrst og fremst að vera bundin samvisku okkar og engu öðru. Þess vegna er svo mikilvægt að við fáum miklu ítarlegri upplýsingar um það hvers vegna ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara þessa leið.

Ég las þetta frumvarp og greinargerðina með því með þeim formerkjum að leita að því sem í raun og veru gerði það að verkum að ríkisstjórnin tekur afstöðu með tryggingafélögunum gegn einstaklingunum í þeirri deilu sem uppi hefur verið þar sem tryggingafélögin hafa sótt hart að fá að afla nýrra upplýsinga til að takmarka áhættu sína og jafnvel upplýsinga sem eru mjög viðkvæmar og ganga inn á persónurétt einstaklinga. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp það sem ég fann um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Breyting þessi er lögð til þar sem ekki er hægt að ætlast til að umsækjandi“ — þ.e. umsækjandi um vátryggingu — „sem ekki býr yfir þekkingu á læknisfræði geti lagt almennt mat á heilsufar sitt eða nákominna ættingja.“

Af þessu má þá væntanlega ráða, virðulegi forseti, að í dag geti tryggingafélögin einungis treyst sér til að tryggja lækna. Það sé svo vandmeðfarið að meta þá áhættu sem því fylgir að tryggja einstaklinga að það verði að gera þessa breytingu, því að óvíst sé að umsækjandi búi yfir læknisfræðiþekkingu. Þetta eru röksemdirnar sem finna má fyrir þessari breytingu þar sem menn þurfa að takast á við spurninguna: Af hverju tekur ríkisstjórnin afstöðu með tryggingafélögunum gegn einstaklingunum, gegn persónuverndinni? Gegn Persónuvernd. Það verða að koma miklu skýrari svör við þessu.

Ég hafði ekki hugsað mér að hafa langt mál eða mikið um þetta tiltekna frumvarp. Ég sit í efnahags- og viðskiptanefnd og vænti þess að málið komi þangað og þar gefst færi á að ræða það í þaula. Það sem eftir stendur í mínum huga er spurningin sem ég hef spurt einu sinni eða tvisvar í þessari ræðu: Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin gengur sífellt erinda annarra?

Það var ágætt sem einn ónefndur frambjóðandi sagði um daginn þegar hann var að reyna að lýsa ríkisstjórninni en það var eitthvað á þá leið að þótt hjólið snúist sé hamsturinn dauður, þ.e. í þeim skilningi að það væri engin hugmyndafræði og ekkert líf eftir í þessari ríkisstjórn annað en að koma með einhver erindi inn í þingið frá hinum og þessum í samfélaginu. Þegar maður reynir að taka upp umræðu til að reyna að átta sig á því hvort í þessu felist einhver stefna, einhver markmið, einhver sýn sem vert er að líta til eða ræða þá er það ekki hægt, því að eins og hæstv. forsætisráðherra sagði áðan þá eru þetta sértækar aðgerðir sem hafa ekki fordæmisgildi. Þetta eru allt saman sértækar aðgerðir. Við erum að erindast strákarnir, hæstv. ráðherrar, fyrir hina ýmsu í samfélaginu. Þetta er kannski besta lýsingin á þeirri ríkisstjórn sem nú situr og þeirri hugmyndafræði sem hún vinnur eftir, því að öll hugmyndafræði í þeim skilningi er löngu fyrir bí og kannski ekki að undra.

Ég ætla að lokum að ítreka þessa litlu spurningu: Hvers vegna tekur ríkisstjórnin afstöðu með tryggingafélögunum gegn einstaklingunum í þessu frumvarpi?

[19:44]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við 1. umr. um frumvarp til laga um breyting á lögum um vátryggingarsamninga vil ég aðeins segja nokkur orð og það varnaðarorð, að ganga svo langt sem gert er í frumvarpinu, þ.e. að draga til ábyrgðar ekki eingöngu þann einstakling sem er að kaupa sér eða fá tryggingu heldur á hann að að veita upplýsingar um heilsufar eða sjúkdóma náinna ættingja, hér upp talda foreldra, barn eða systkini, og gefa upplýsingar um heilsufar eða sjúkdóma þeirra.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að þrátt fyrir þetta ákvæði um að einstaklingur skuli veita upplýsingar um sjúkdóma og að heimilt sé að fá upplýsingar annars staðar frá með skriflegu samþykki, þá er félaginu óheimilt að fá „upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsókn ar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm“ eins og hér stendur.

Í mínum huga er allt að því samasemmerki þarna á milli. Að vera skyldugur til að gefa upplýsingar um sjúkdóma sem nánir ættingjar, svo sem foreldrar, systkini eða börn, eru haldnir því draga má ákveðna ályktun af þeim sjúkdómum, hvort þetta séu arfgengir sjúkdómar og áhætta metin af því hvort viðkomandi einstaklingur sem leitar sér tryggingar geti fengið þennan samsvarandi eða viðlíka sjúkdóm. Ég tel að það sem er í núgildandi lögum, þar sem spurt er almennt um heilsufar viðkomandi sem kaupir sér tryggingu, sé í rauninni nægilegt. Sá sem kaupir sér sjúkratryggingu eða líftryggingu er best til þess fallinn að gefa upplýsingar um hvernig honum líður, hvaða áhættuhegðun hann stundar og hvers konar líferni hann lifir, hvort viðkomandi reykir, eða drekkur, hvort hann er of þungur o.s.frv. Það sé almennt heilsufar sem eigi að liggja til grundvallar, áhættulifnaðarhættir og sjúkdómar sem hann sjálfur veit um. Þetta tel ég vera alveg nægilegt fyrir tryggingafélag að hafa í höndunum þó ekki sé gengið svo langt, eins og hér er gert, að eiga að gefa upp sjúkdóma ættingja því það gengur nokkuð nærri því að fá niðurstöður erfðarannsókna eins og verið er að leita eftir.

Frumvörp svipaðs eðlis lágu fyrir þinginu fyrir fáum ár-

um. Þar var vandlega farið yfir þætti sem lúta að persónuvernd, læknisfræðilegum og siðferðilegum álitamálum og mjög alvarlegar athugasemdir komu frá Læknafélaginu og Persónuvernd varðandi það að krefjast upplýsinga um sjúkdóma þriðja aðila. Ég tel því að hæstv. ráðherra hafi átt að hlusta eftir þeim ábendingum áður en frumvarpið var samið og hafa þær til hliðsjónar og leggja metnað í að tryggja frekar hag einstaklinganna en rekstrarafkomu vátryggingarfélaganna, eins og virðist vera í frumvarpinu.

Ég hvet hv. efnahags- og viðskiptanefnd til að kalla aftur til þá aðila sem þekkja hvað best til persónuverndar og læknisfræðilegra sjónarmiða, eins og vísindasiðfræði, til að fara vel yfir þær breytingar sem hér er verið að leggja til. Ég tel að nauðsynlegt sé fara varlega og vera ekki að veita vátryggingafélögunum meira vald til að kortleggja ekki eingöngu heilsufar þess sem verið er að tryggja heldur einnig heilsufar náinna ættingja.

Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort það hafi verið athugað hver staða þessara nákomnu ættingja, foreldra, systkina, barna, geti þá verið hjá viðkomandi tryggingafélagi ef þeir aðilar vilja síðan fá tryggingu. Er þá ekki búið að kortleggja heilsufarsástand þeirra eða sjúkdómssögu sem hugsanlega getur haft áhrif á mat þeirra og möguleika á tryggingu eða kostnað við sjúkra- og líftryggingu?

*Hæstv. forseti. Ég vil eingöngu mæla sterk varnaðarorð, fara varlega í þessu og hlusta vel eftir ábendingum Persónuverndar og þeirra sem þekkja best til vísindasiðfræði, láta hagsmuni einstaklinganna sitja í fyrirrúmi og leggja vandaða vinnu í afgreiðslu frumvarpsins.*

[19:52]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Spurningu hv. þingmanns sem síðast talaði um hvort hægt sé að nota upplýsingar sem áður hafa verð veittar félagi tel ég að sé best svarað með því að vísa í frumvarpið. Þar er tekið fram að ef leitað er upplýsinga hjá öðrum en þeim sem vátryggður er eða sækir um vátryggingu þá þarf upplýst samþykki viðkomandi einstaklings fyrir því. Ég skil það þannig að ekki sé hægt að nota upplýsingar öðruvísi en á þann hátt.

Það kemur mér ekki á óvart að ágreiningur er um þetta mál. Það var vitað í fyrri vinnslu málsins. Í umræðunni hefur hins vegar komið fram nokkur misskilningur og er ég þá ekki að tala um alls konar vítt fljúgandi samsæriskenningar sem hér hafa verið orðaðar líka, mönnum til gamans á þessari kvöldstund. Misskilningurinn er þessi: Í lagafrumvarpinu er farin nokkurs konar millileið. Ég tel að málefnaleg rök séu fyrir því að fara þessa millileið um leið og ég viðurkenni að það eru líka til málefnaleg rök fyrir því að ganga lengra en gert er í frumvarpinu. Í frumvarpinu er ekki víkkun heimilda fyrir vátryggingafélögin heldur þvert á móti mikil þrenging. Í gildandi lögum er talað um upplýsingar annars vegar og hins vegar heilsufar. Í frumvarpi þessu er talað um sjúkdóma sem orðið hafa. Þetta er mjög mikil þrenging. Vátryggingafélag í gildandi lögum má spyrja upplýsinga um heilsufar. Í þessu frumvarpi má aðeins spyrja um sjúkdóma sem orðið hafa og greindir hafa verið.

Í öðru lagi segir í gildandi lögum að spyrja megi um heilsufar hins vátryggða eða þess sem leitar vátryggingar og um aðra einstaklinga. Í þessu frumvarpi er það alveg skýrt tiltekið að það eru aðeins, auk hans sjálfs, sjúkdómar, sem orðið hafa og greindir hafa verið, foreldra, systkina og barna. Ég met og virði þá gagnrýni sem hefur komið fram á þeirri skilgreiningu og ég er þess fullviss að hv. þingnefnd muni fara yfir þau sjónarmið. En ég tek skýrt fram að ekki er verið að víkka út heimildir heldur er mjög verið að þrengja þær, skilgreina þær miklu skýrar en er núna einmitt í sömu átt og hv. þingmenn sem gagnrýnt hafa frumvarpið hafa viljað ganga. Það er þá spurningin hversu langt er gengið. Vilja menn ganga lengra í þrengingarátt eða ekki?

Millileiðin er hins vegar fólgin í hinu að ekki er farið lengra en svo í þessari þrengingu að segja megi að samkeppnisstaða, rekstraraðstæður og rekstrarforsendur í persónutryggingum hér á landi séu í samræmi við og samkvæmt því sem tíðkast í nágrannalöndunum, á Norðurlöndunum og í Evrópu. Afleiðingarnar ef gengið er lengra gætu þá orðið þær annars vegar að ekki reyndust rekstrarforsendur fyrir þessari tegund tryggginga hér á landi eða á hinn bóginn að þær yrðu miklu dýrari fyrir alla. Þetta eru valkostirnir, eins og réttilega kom fram áðan í ræðu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar. Það eru alltaf valkostir í þessu sem þarf að skoða og taka til greina. Ég er þess fullviss að að lokinni þessari vönduðu umræðu, þó að ég telji að komið hafi fram misskilningur á þeirri þrengingu sem ég er að tala um og þessari millileið, verður fjallað nákvæmlega um þetta í hv. þingnefnd.

[19:56]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir fór ágætlega yfir þá skoðun sem hæstv. ráðherra setti fram, að hér sé á ferðinni einhvers konar þrenging frá því sem nú er og flutti góð rök fyrir því að sá skilningur sé afar hæpinn, svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Ég nefndi það hins vegar í ræðu minni og velti upp þeim spurningum hvers vegna við skulum ætíð standa frammi fyrir þeim spurningum að löggjafinn sé sí og æ að reyna að takmarka áhættu fjármálafyrirtækja og tryggingafélaga. Ég hef nefnt og það hefur verið nefnt nokkrum sinnum í umræðum á þingi, að bankar njóta afar athyglisverðra sérkjara sem felast í mjög háum vöxtum, verðtryggingu og ábyrgðarmannakerfi. Stundum er sagt að þeir hafi bæði belti og axlabönd.

Ég verð að segja og ítreka þann skilning og tek undir með hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, að ég skil þetta þannig að með frumvarpinu sé verið að veita vátryggingafélögum ákveðið tækifæri til að afla sér tiltekinna upplýsinga til að takmarka áhættu sína. Þannig skil ég frumvarpið. Ef hæstv. iðnaðarráðherra er með upplýsingar um annað, hvað það er nákvæmlega, en ekki að vísa aðeins til þess að þetta sé einhver millileið, þá er full ástæða til að hlýða á það og við munum fara yfir það í efnahags- og viðskiptanefnd, en ég skil frumvarpið svona.

[19:58]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins ítreka það um leið og ég þakka orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, að skilningur

minn á frumvarpinu er sá að þarna er um mikilvæga þrengingu að ræða. Ég skil þá vönduðu umræðu sem hér hefur orðið þannig að ágreiningurinn er um hversu langt skuli ganga í þeirri þrengingu. Ég get endurtekið það sem ég sagði, það er annars vegar heilsufar almennt og sjúkdómar sem orðið hafa og greindir hafa verið, og hins vegar nánustu skyldmenni andspænis því sem nú er í lögum, aðrir einstaklingar.

[19:59]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel þessa síðustu yfirlýsingu hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra afar mikilvæga. Við munum fara mjög vandlega yfir málið í efnahags- og viðskiptanefnd. Ég hef farið yfir hver skilningur minn er í þessu máli og tel afar mikilvægt að persónuverndin njóti forgangs. Ég skil það þá þannig að komi það fram í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar að þessi skilningur sé ekki í anda þess sem þar hugsanlega kann að koma fram, þá standi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ekki að málinu. Þetta er flókið mál og þetta er snúið og fara þarf mjög vandlega ofan í það. Ef það reynist vera að hér sé um að ræða frumvarp sem takmarki mjög áhættu vátryggingarfélaga á kostnað einstaklinganna, þá standi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ekki að þessu máli.

[20:00]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sannleikans vegna verð ég auðvitað að taka það fram líka sem ég sagði að þetta er millileið. Það er verið að reyna að þræða þarna millileið um rekstrarforsendur hér á landi og samkeppnishæfni. En að öðru leyti tek ég undir það sem þingmaðurinn sagði og ítreka það að minn skilningur er sá að hér sé um þrengingu að ræða en ekki útvíkkun á heimildum vátryggingafélaganna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Verslunaratvinna, 1. umr.*

Stjfrv., 414. mál (eigendasaga myndverka o.fl.). — Þskj. 471.

[20:01]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum. Efnið er eigendasaga myndverka o.fl.

Lagafrumvarp þetta tekur mið af tillögum starfshóps sem menntamálaráðherra skipaði í maí 2004 til að fjalla um fölsun listaverka og gera tillögur um hvernig unnt væri að bregðast við þeim vanda. Þá er höfð hliðsjón af umsögnum um frumvarpið en þær snertu meðal annars til hvaða myndverka ákvæði þess skyldu ná.

Í frumvarpinu er í stuttu máli gerð krafa til þess að seljandi leggi fram eigendasögu myndverks, enda sé myndlistarmaðurinn á skrá Listasafns Íslands. Gildir þetta ef myndverkið er í fyrsta lagi selt hjá listaverkasala sem annast viðskipti í atvinnuskyni, í öðru lagi selt á opnu listmunauppboði eða í þriðja lagi selt á lokuðu listmunauppboði. Bera annars vegar seljandi og hins vegar verslunaraðili, þ.e. listaverkasali eða uppboðsstjóri, nánar tilteknar skyldur hér að lútandi. Ákvæði frumvarpsins um ábyrgð eru hert með breytingu á 3. mgr. 23. gr. laganna, þ.e. ákvæðunum um svik sem ná ekki aðeins til seljanda heldur einnig verslunaraðila. Jafnframt er þar kveðið á um að gæta skuli sérstakrar varúðar varðandi ranga eignaraðild að og hættu á fölsun verkanna. Áskilnaður um eigendasögu við sölu myndverka hinna tilteknu myndlistarmanna hjá listaverkasala, á opnu listmunauppboði eða á lokuðu listmunauppboði getur dregið úr hættu á fölsunum myndverka með þar af leiðandi tjóni fyrir ýmsa aðila og myndlistarmarkaðinn í landinu í heild og getur þá stuðlað að betri neytendavernd. Eigendasagan kemur einkum að gagni þegar um er að ræða eldri eða mjög dýr myndverk. Ekki er þó með kröfugerðinni unnt að tryggja að seljandi leggi eigendasöguna fram, en skortur á eigendasögu eða hnökrar á henni geta hins vegar leitt til þess að viðkomandi myndverk verði ekki tekið til sölu, það seljist á lægra verði eða seljist jafnvel alls ekki. Hér er því stefnt að gegnsæi og bestu fáanlegum upplýsingum fyrir alla aðila en ekki síst fyrir þá sem hyggja á að kaupa myndverk.

Fjármálaráðuneytið telur að frumvarpið leiði ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

[20:04]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Herra forseti. Hér erum við að ræða frumvarp um breytingu á lögum um verslunaratvinnu. Í frumvarpinu er gerð krafa um að seljandi myndverka leggi fram eigendasögu myndverks. Þetta á við um sölu í atvinnuskyni hjá listaverkasala, opnu listmunauppboði og sölu á lokuðu listmunauppboði.

Í sjálfu sér get ég á þessari stundu tekið undir að markmið þessa frumvarps sé gott. Við höfum séð ákveðin mál sem lúta að meintum fölsunum og í rauninni sönnuðum fölsunum á listaverkum hér á landi. Það hefur verið umræða um það hvort ekki sé nauðsynlegt að kalla á einhvers konar viðbrögð af hálfu löggjafans þegar kemur að því að efla traust og trúverðugleika við sölu listaverka.

Í þessum viðskiptaheimi, sölu á listaverkum, get ég ímyndað mér að erfitt geti verið að meta uppruna og hver hafi í raun staðið á bak við viðkomandi listaverk. Það getur án efa verið heilmikið matsatriði þegar kemur að því að finna uppruna viðkomandi listaverks. Stundum er sagt að mannkynið sé í grófum dráttum að tapa fimm styrjöldum. Þær styrjaldir eru styrjöldin um höfundarréttinn sem þetta frumvarp kemur inn á. Svo má nefna sömuleiðis að maðurinn virðist ekki ná nægjanlegum árangri í baráttu sinni gegn peningaþvætti og mansali, vopnasölu og sölu fíkniefna. Þetta eru þau fimm atriði sem mannskepnan á í mestum vandræðum með að ná tökum á svona alþjóðlega.

Mig langaði á þessu stigi að velta því fyrir mér í samvinnu við hæstv. viðskiptaráðherra hvað gerist í rauninni ef

seljandi er ekki með eigendasögu. Verða þá einhverjar afleiðingar eða takmarkanir á sölu viðkomandi?

Í öðru lagi velti ég því fyrir mér hvort eigendasaga myndverksins eða hvort form þeirrar staðfestingar eða sögu þurfi að vera með einhverjum hætti. Hver vinnur slíkt þegar kemur að sölu?

Í þriðja lagi spyr ég hvort það hafi einhver áhrif á hugsanlega skaðabótaskyldu ef eigendasagan á annað borð fylgir með eða fylgir ekki með. Veit hæstv. viðskiptaráðherra hvort þetta muni hafa einhver praktísk áhrif hvað það varðar, sem ég reyndar stórlega efa?

Á þessu sviði viðskiptalífsins, þegar kemur að sölu listaverka og myndverka, skiptir traust og trúverðugleiki ótrúlega miklu máli. Því betri gögn sem við höfum um viðkomandi verk, þ.e. hvernig að uppruna þeirra var staðið er afskaplega mikilvægt. Þess vegna held ég að þetta skref sem hér er tekið sé jákvætt í sjálfu sér og gæti aukið traust og trúverðugleika almennings á þeim mikilvæga markaði sem lýtur að sölu listaverka hér á landi.

[20:08]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir undirtektir hv. þingmanns. Spurningu hans svara ég með því að vísa í b-lið 2. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Séu myndverk seld á opnum eða lokuðum frjálsum uppboðum, svo og í verslun með myndverk í atvinnuskyni, skal uppboðsstjóri eða listaverkasali, svo og seljandi, gæta sérstakrar varúðar varðandi ranga eignaraðild að og hættu á fölsun verkanna og þá sinna leiðbeiningarskyldu, m.a. um vöntun á eigendasögu framangreindra myndverka, að jafnaði með sannanlegum hætti."

Með öðrum orðum, hér er fyrir gegnsæi og neytendavernd lögð á það áhersla að þá hefur söluaðilinn þessa leiðbeiningarskyldu og honum ber að taka það fram ef um vöntun á eigendasögu framangreindra myndverka er að ræða. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt atriði sem hv. þingmaður einmitt spurði um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Hlutafélög o.fl., 1. umr.*

Stjfrv., 516. mál (EES-reglur). — Þskj. 779.

[20:09]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur varðandi millilandasamruna og millilandaskiptingu félaga og fleira.

Með lagafrumvarpinu, sem samið hefur verið í viðskiptaráðuneytinu, er gert ráð fyrir því að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/56/EB frá 26. október 2005 um millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð. Þetta er tíunda félagaréttartilskipunin. Jafnframt er höfð hliðsjón af dómi dómstóls Evrópubandalagsins frá 13. desember 2005 í svokölluðu Sevic-máli sem snertir millilandasamruna og millilandaskiptingu félaga. Þá eru gerðar nokkrar breytingar í tengslum við þessa innleiðingu.

Í lögum um hlutafélög eru nú þegar ákvæði um samruna og skiptingu hlutafélaga hér á landi á grundvelli EES-reglna. Í lögum um einkahlutafélög hafa jafnframt verið sett sambærileg ákvæði um samruna. Þá eru ákvæði um slíkan samruna í lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Í löggjöfinni um einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er samkvæmt frumvarpinu nú auk þess gert ráð fyrir að sett verði sérstök ákvæði um skiptingu félags hér á landi.

Markmiðið með framangreindri tilskipun er aukin samvinna félaga á Evrópska efnahagssvæðinu og þá jafnvel samruni félaga frá mismunandi EES-ríkjum, þ.e. svokallaður millilandasamruni félaga. Framangreindur dómur sem taka þarf tilhlýðilegt tillit til hér á landi samkvæmt EES-samningnum gerir ráð fyrir að félög í öðrum EES-ríkjum geti tekið þátt í samruna ef samruni er leyfður innan lands. Yrði þá um millilandasamruna að ræða í stað innanlandssamruna. Jafnframt er talið leiða af dóminum að hann hafi samsvarandi áhrif á skiptingu félags. Sé skiptingin með öðrum orðum leyfð innan lands skuli leyfa sambærilegum félögum í öðrum EES-ríkjum að taka þátt í skiptingu. Með innleiðingunni eykst sveigjanleiki íslenskra félaga í samstarfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Gert er ráð fyrir reglum um málsmeðferð við millilandasamruna og millilandaskiptingu í frumvarpinu. Almennt er gert ráð fyrir að reglur um samruna og skiptingu innan lands gildi um millilandasamruna og millilandaskiptingu en nokkur sérákvæði er þó að finna vegna millilandasamstarfsins og snerta sum meðal annars lánardrottna og hluthafa. Lúta þau meðal annars að samrunaáætlun og skýrslu stjórnar þar sem gera þarf grein fyrir áhrifum á félagsstarfsemina. Þá er gert ráð fyrir möguleika á innlausn hluta í vissum tilvikum.

Gert er ráð fyrir svipuðum reglum og í lögum um Evrópufélög varðandi eftirlit með framkvæmd mála. Samrunaáætlun skal þannig send stjórnvöldum í viðkomandi ríkjum. Þau gefa síðan út viðeigandi vottorð, samruni er svo tilkynntur þar til bærum stjórnvöldum í öðrum ríkjum og skráning fer loks fram í viðkomandi skrám ríkjanna.

Ný ákvæði um skiptingu innan lands og milli landa gera ráð fyrir ótvíræðum lagaheimildum og greiða fyrir jafnræði með ólíkum félagsformum. Þá eru í frumvarpinu viss sérákvæði um samvinnufélög hvað snertir samstarf þeirra við hlutafélög og einkahlutafélög.

Tilgangur frumvarpsins er, eins og ég greindi frá í upphafi, að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð. Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127 22. september 2006. Markmiðið með henni er að auka samvinnu á innra markaðnum í Evrópu á grundvelli aðgerðaráætlunar um fjármálaþjónustu og að auðvelda millilandasamruna hlutafélaga og einkahlutafélaga sem lúta löggjöf mismunandi EES-ríkja. Þess skal getið að í lögum um Evrópufélög og lögum um evrópsk samvinnufélög hefur þegar verið gert ráð fyrir millilandasamruna á þröngu sviði í ís-

lenskri löggjöf.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það hafa óverulegan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð sem gert er ráð fyrir að rúmist innan útgjaldaramma. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið semji sérstakt lagafrumvarp með nauðsynlegum ákvæðum varðandi aðild starfsmanna vegna 16. gr. tilskipunarinnar svipað og gert var í tengslum við lögin um Evrópufélög og lögin um evrópsk samvinnufélög.

Hvað snertir einstakar greinar frumvarpsins vil ég segja þetta:

Í 1. gr. er gert ráð fyrir breytingu á lögum um hlutafélög þannig að inn í þau sé settur nýr kafli um millilandasamruna og millilandaskiptingu félags. Þar er nokkur munur þarf að vera á ákvæðum um samruna og skiptingu félags innan lands annars vegar og millilandasamruna og millilandaskiptingu hins vegar geymir kaflinn viss sérákvæði þar sem sérstakt tillit er tekið til lánardrottna, hluthafa og starfsmanna. Hugað verður sérstaklega að hagsmunum starfsmanna í öðru frumvarpi á vegum félagsmálaráðuneytisins eins og áður greindi.

Í fyrirhugaðri 133. gr. a-lið er að finna skilgreiningu á millilandasamruna, þ.e. samruna þar sem samrunafélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 133. gr. d-lið er gert ráð fyrir því að ekki þurfi skýrslu óháðra sérfróðra matsmanna um samrunaáætlun þegar um millilandasamruna er að ræða eins og krafist er um innanlandssamruna enda séu allir hluthafar samþykkir því að slík skýrsla sé ekki gerð.

Í 133. gr. e-lið er gert ráð fyrir ákvæðum til verndar minnihlutaeigendum. Geta hluthafar í því félagi eða þeim félögum sem sameinuð eru öðrum gert kröfu um að félagið innleysi hluti þeirra enda hafi þeir greitt atkvæði á hluthafafundi gegn samrunanum. Eru hér verndaðir hagsmunir hluthafa í þeim félögum sem hætta starfsemi sinni.

Í 4. mgr. f-liðar 133. gr. er gert ráð fyrir að millilandasamruni hafi áhrif frá þeim degi er hlutafélagaskrá skráir samrunann. Um þetta eru sérákvæði. Þegar um innanlandssamruna er að ræða er hins vegar miðað við samþykkt samrunans í öllum samrunafélögunum. Með sérákvæðunum er reynt að tryggja sem best eftirlit með öllum atriðum varðandi samrunann og þá sérstaklega vernd til handa hluthöfum sem hafa ekki séð millilandasamrunann fyrir.

Samsvarandi ákvæði eru í lögum um Evrópufélög og lögum um evrópsk samvinnufélög. Ákvæðin eru byggð á drögum að dönskum lögum og leiðir beinlínis af ákvæðum 12. gr., sbr. 11. gr. tilskipunarinnar um millilandasamruna. Samkvæmt þeim ákvæðum tilskipunarinnar verður ekki hjá því komist að gera kröfur í löggjöf með þessum hætti.

Í 133. gr. g-lið er gert ráð fyrir sérstökum ákvæðum um millilandaskiptingu félags, meðal annars skilgreiningu á henni, en skiptingarfélög skulu lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ákvæði 133. gr. hlutafélagalaga um innanlandsskiptingu hlutafélaga taka með nauðsynlegum breytingum til millilandaskiptingar eftir því sem við á. Þar eð ákvæðin um millilandaskiptingu eru fábrotnari en ákvæðin um millilandasamruna getur í vissum tilvikum þurft að taka mið af ákvæðunum um millilandasamruna.

Í 2., 3. og 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir skýrri lagaheimild til skiptingar einkahlutafélaga svo og nýjum kafla í lögunum um einkahlutafélög sem ber heitið „Millilandasamruni og millilandaskipting".

Í 5.–8. gr. er gert ráð fyrir ákvæðum um samvinnufélög Bætt er inn ákvæðum um skiptingu félags og er þá tekið mið af 52. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þá er bætt við nýjum kafla um millilandasamruna og millilandaskiptingu. Eykst svigrúm samvinnufélaga í atvinnurekstri með þessu móti og jafnræði skapast með þeim annars vegar og hlutafélögum og einkahlutafélögum hins vegar. Þá er vissum sérákvæðum bætt við, þ.e. um samruna með stofnun nýs félags, og gefinn er kostur á samruna eða skiptingu samvinnufélags með hlutafélagi eða einkahlutafélagi með vissum skilyrðum og þá með hliðsjón af öðrum ákvæðum samvinnufélagalaga. Gert er ráð fyrir því að farið sé með millilandasamruna og millilandaskiptingu eftir ákvæðum hlutafélagalaga um sama efni með nauðsynlegum breytingum eftir því sem við á.

Í 9. og 10. gr. eru ákvæði um breytingu á lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Bætt er við skiptingarákvæðum svo og ákvæðum um millilandasamruna og millilandaskiptingu. Er vísað til ákvæða í lögum um einkahlutafélög varðandi þessi atriði. Með nýju ákvæðunum batnar möguleiki þessara sjálfseignarstofnana til umsvifa í atvinnurekstri og þá samstarfi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 11. gr. er greint frá þeirri EES-gerð, tilskipun um millilandasamruna sem ákvæði frumvarpsins byggjast aðallega á.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til efnahags- og viðskiptanefndar og afgreiðslu á þessu þingi.

[20:20]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Herra forseti. Tilgangur þessa frumvarps er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins frá 26. október 2005 um millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð. Tilskipunin mun hafa verið tekin upp í samninginn um EES-svæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar síðastliðið haust. Markmiðið með tilskipun um millilandasamruna er að auka samvinnu á innri markaði í Evrópu á grundvelli aðgerðaþjónustu og fjármálaþjónustu og auðvelda millilandasamruna hlutafélaga og einkahlutafélaga sem lúta löggjöf mismunandi EES-ríkja.

Hér er enn eitt dæmi, skilji ég þetta frumvarp rétt, um skyldu okkar til að taka reglur upp í íslenskan rétt vegna skuldbindinga okkar vegna EES-samningsins. Það er rauður þráður í EES-samningnum að tryggð verði einsleitni á innri markaðnum, sem Íslendingar eru sem betur fer aðilar að. Þessi innri markaður hefur fært íslenskum fyrirtækjum ótrúlega mörg tækifæri eins og dæmin sanna. Í raun er mjög skondið og gaman að fara yfir þær mikilvægu breytingar sem náðst hafa í gegn, hvort sem litið er til viðskiptalöggjafar, samkeppnislöggjafar, fjármálalöggjafar eða fjarskiptalöggjafar eða löggjafar á sviði persónuverndar, vinnuréttar og umhverfis. Þær jákvæðu breytingar sem orðið hafa má margar rekja til samstarfs okkar á Evrópuvettvangi. Það væri óskandi, a.m.k. óskar sá þingmaður sem hér stendur

þess, að Íslendingar gætu loksins tekið það skref til fulls að ganga inn í Evrópusambandið svo við getum verið aðilar að því samstarfi sem hefur fært okkur svo mikið frelsi, eins og einstaklingar þessa lands hafa kynnst. Það eru þau svið sem EES-samningurinn tekur ekki til þar sem lítið sem ekkert hefur gerst í frjálsræðisátt. Eins og þingheimur ætti að vita er ég afskaplega jákvæður fyrir aðild Íslands að ESB en það er kannski önnur umræða.

Mig langar að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort þetta frumvarp gangi á þessu stigi að einhverju leyti lengra en við þurfum að ganga varðandi skyldu okkar til að innleiða þessa tilskipun. Gangi það að einhverju leyti lengra, að hvaða leyti þá? Yfirleitt er löggjöf á sviði Evrópuréttar lágmarksréttindi. Við höfum svigrúm og frelsi til að ganga lengra. Mig langar að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort svo sé gert í þessu tilviki.

Mig langar einnig að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvaða praktísku áhrif þessi löggjöf mun hafa, hvort honum sé kunnugt um, ef við hefðum samþykkt þetta frumvarp áður, hvort það hefði t.d. haft áhrif á íslenskt fyrirtæki sem þetta frumvarp hefði tekið til. Hefðu þessar reglur t.d. haft áhrif á samruna, t.d. milli íslenskra fyrirtækja og erlendra. Hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér praktísku áhrifin af þessu máli?

Það skiptir miklu máli að fyrirtæki, hvort sem þau eru íslensk eða hvort tveggja, hafi talsverðar heimildir til samruna. *Ég geri mér fulla grein fyrir því að samruni leiðir oft* til sveigjanleika hjá fyrirtækjum og getur leyst út talsverðan hagnað og hagræðingu. Það eru reyndar til kenningar sem ég man eftir, skýrslur og samantektir um að oft ofmeti menn væntanlegan ávinning af samruna og yfirtökum. Engu að síður þarf þessi heimild sannarlega að vera fyrir hendi. Fyrirtækjum má ekki vera sniðinn of þröngur stakkur þegar kemur að samruna. Á móti þurfum við að gæta okkar á sjónarmiðum sem liggja á bak við samkeppnisréttinn. Það eru takmörk á hve langt fyrirtæki má ganga í átt að samruna eins og þingheimur veit. Það getur líka verið ástæða fyrir samkeppnisyfirvöld hverju sinni að grípa inn í. Varðandi það langar mig að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra, í ljósi þess sem leiðir af a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar um millilandasamruna, að slíkur samruni geti aðeins farið fram ef samruni er leyfður milli samsvarandi félaga innan lands.

Einnig stendur í greinargerð með frumvarpinu að sömuleiðis leiði af Sevic-dómnum, sem hæstv. viðskiptaráðherra kom inn á áðan, að möguleiki á milli landasamruna takmarkist við tilvik þegar samsvarandi samruni er leyfður innan lands. Mig langaði að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra í framhjáhlaupi hvort hann hafi hug á því að breyta þeim þröskuldum sem Samkeppniseftirlitið hefur í samskiptum af samruna. Þetta er umræða sem oft blossar upp, hvort við séum með of lágan þröskuld og hvort Samkeppniseftirlitið hafi heimild til að skipta sér af of litlum samrunum. Það væri áhugavert að vita hvort hæstv. viðskiptaráðherra hefur vilja og pólitíska skoðun á því hvort breyta eigi því að *einhverju leyti, sem vel geta verið rök fyrir.*

En varðandi hluthafann í íslenska félaginu stendur í greinargerðinni að til að vernda hluta af íslensku félagi sem tekur þátt í millilandasamruna með félagi sem lýtur lögum annars EES-ríkis er í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar um millilandasamruna lagt til að hlutar í því félagi sem hættir starfsemi, er lagst hafa gegn samrunum, fái möguleika á eða geti krafist þess að félagið innleysi hluta þeirra. Ástæðan fyrir þessari vernd við millilandasamruna er sú að hluthafar í félagi sem hættir starfsemi eftir millilandasamruna verða hluthafar í félagi sem lýtur lögum annars ríkis. Þessi breyting hefur ekki verið fyrirsjáanleg þegar viðkomandi hluthafi eignast hlut sinn og samsvarandi reglur gildi um hluthafafélag sem skipt er þegar millilandaskipting á sér stað. Ég held að þetta sé afskaplega mikilvægt atriði í frumvarpinu og tilskipuninni, að þetta sé fyrir hendi.

Við sjáum sömuleiðis að reynt hefur verið að tryggja minnihlutavernd í þessu frumvarpi. Hér er sagt að samkvæmt tilskipuninni geti EES-ríki sett ákvæði til að tryggja með fullnægjandi hætti hagsmuni minni hluta eigenda sem hafa lýst sig andsnúna samrunanum Ekki er þó kveðið á um það í tilskipun hvernig vernda eigi viðkomandi hluthafa. Samkvæmt reglugerð um Evrópufélög geta EES-ríki sömuleiðis kveðið á um tryggingu til að vernda með fullnægjandi hætti þá minnihlutaeigendur sem hafa andmælt stofnun Evrópusamfélags með samruna. Í reglugerð eru ekki heldur settar nánari reglur um hvernig verndinni skuli háttað. Þetta er afskaplega mikilvægt og við þurfum að hafa hug á því þegar kemur að lagabreytingum á þessu sviði. Það þarf iðulega að hafa í huga hagsmuni minni hluta í viðkomandi *hlutafélagi.*

Ef ég náði rétt því sem hæstv. viðskiptaráðherra sagði í framsögu sinni fannst mér hann vera að boða annað frumvarp frá félagsmálaráðherra sem tæki á þessu með einhverjum hætti. Ef það er réttur skilningur þá væri fróðlegt að vita hvenær það frumvarp kemur fram og hvort málin þurfi að einhverju leyti að haldast í hendur í meðförum þessa þings sem hugsanlega gæti verið tilfellið.

Þetta er ágætismál. Það er flókið eins og margt sem kemur frá Evrópusambandinu og svolítið torf að fara í gegnum það. En ég er sannfærður um að félagar mínir í efnahags- og viðskiptanefnd eru mjög spenntir að fá að einhenda sér í regluverk um millilandasamruna og millilandaskiptingar.

[20:29]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og ýmis félagaform varðandi skiptingu og samruna. Ég fagna þessu frumvarpi því að þetta gerir útrásina enn virkari þar sem menn geta farið að vinna með alla Evrópu nánast sem sitt heimasvæði.

Hins vegar hefur verið vakin athygli á, eins og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson benti á áðan, að hinir ótrúlega lágu þröskuldar sem þarf fyrir samruna á íslenskum markaði hafa tvennt í för með sér: Annars vegar að samkeppniseftirliti er drekkt með alls konar smámunum og hlutum sem það ætti í rauninni ekkert að vera að skipta sér af, og hins vegar að þetta ferli sem er mjög langvinnt og getur tekur vikur og mánuði, setur allan rekstur beggja fyrirtækjanna í limbó og hindrar í rauninni samruna lítilla fyrirtækja sem ætti að vera sjálfsagður hlutur og allt í lagi. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort til greina komi að nefndin skoði þetta með vel-

vilja ráðuneytisins í huga, sem er höfundur að umræddu frumvarpi, og hugi jafnvel að því að aðlaga íslenska þröskulda því sem gerist í Evrópu almennt þannig að Samkeppniseftirlitið geti verið að sinna alvörumálum á þessu sviði.

Ég tel að þetta sé mjög gott frumvarp og auðvitað er þetta flókið mál. Evrópa er flókin, fjöldi þjóða og fjöldi reglna sem þarf að setja undir einn hatt. En ég hlakka til að takast á við þessi flóknu vandamál í hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

[20:31]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessar ágætu undirtektir og ábendingar sem komið hafa fram við umræðuna. Ég hef svarað spurningu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar hvort gengið er lengra en þarf. Eins og ég hef skilið þetta þá eru það þessar breytingar sem leiðir beint af tilskipuninni og ekki gengið lengra. Reyndar veit ég að ákvæði er um samvinnufélög og skiptingu í tengslum við félög í öðru réttarformi sem kannski mætti segja að sé sjálfstætt ákvæði, það gengur ekki lengra, en það er sjálfstætt ákvæði í þessu. Ég hygg að þetta muni hafa þau áhrif í verki að þetta greiði fyrir útrás, greiði fyrir samstarfi fyrirtækja og sameiningum milli landa, eins og kom fram í umræðunni.

Ég svara spurningu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar um frumvarp frá félagsmálaráðuneytinu þannig að eins og ég skil þetta er þetta í rauninni sjálfstætt efnisatriði vegna þess að það er um aðild starfsmanna. Í sjálfu sér mætti það þess vegna koma beint á eftir, það þarf ekki að bíða eftir því.

Báðir hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson og Pétur H. Blöndal ræddu um störf Samkeppniseftirlitsins og samkeppnisréttinn. Ég er ekki reiðubúinn á þessari stundu óundirbúinn að fjalla nánar um það að öðru leyti en því að mér er kunnugt um það, eins og alþjóð veit, að Samkeppniseftirlitið er einmitt að skoða samkeppnishætti á mjög viðkvæmu sviði í íslensku hagkerfi, sem er smásöluverslunin, og augljóst er að þar koma þessir þröskuldar og mál þessu skyld um samruna fyrirtækja og samkeppnishætti mjög til skoðunar. Mér er það kunnugt alveg frá því að ég starfaði hjá Samtökum atvinnulífsins hversu miklar umræður eru einmitt um þessa þröskulda og samanburður um stærð fyrirtækja, bæði í veltu og á öðrum umsvifum og starfsmannahaldi í þessu sambandi. Ég legg einfaldlega áherslu á það að samkeppnisrétturinn þarf að vera í stöðugri endurskoðun og í þeim skilningi er alltaf tímabært að taka mál sem þetta til skoðunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samkeppnislög, 1. umr.*

Stjfrv., 522. mál (viðurlög við efnahagsbrotum). — Þskj. 788.

[20:34]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, á þingskjali 788. Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Á undanförnum árum hafa komið upp álitaefni og í sumum tilvikum ríkt nokkur óvissa um samskipti og verkaskiptingu lögreglu og ákæruvalds annars vegar og eftirlitsstofnana innan stjórnsýslunnar hins vegar við rannsókn og meðferð efnahagsbrota. Þá hefur verið nokkur umræða um viðurlög við efnahagsbrotum og hvernig þeim verði beitt til að skerpa varnaðaráhrif viðurlaganna.

Hinn 27. október 2004 skipaði forsætisráðherra að tillögu dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum. Markmið nefndarinnar var að móta ný viðmið um beitingu viðurlaga við efnahagsbrotum, þ.e. hvenær rétt væri að beita stjórnvaldssektum annars vegar og annars konar viðurlögum hins vegar. Þá miðaði umfjöllun nefndarinnar að því að leggja fram tillögur um hlutverk og verkaskiptingu eftirlitsaðila, sérstaklega hvað varðar skil á milli þeirra sem beitt geta stjórnvaldssektum og lögreglu og ákæruvalds. Beindist umfjöllun nefndarinnar um hlutverk og verkaskiptingu eftirlitsaðila einkum að Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirlitinu og verkaskiptingu þeirra stofnana gagnvart lögreglu og ákæruvaldi.

Nefndin lauk störfum 12. október 2006 og skilaði skýrslu til forsætisráðherra. Einn nefndarmanna skrifaði undir skýrsluna með fyrirvara og skilaði séráliti þar sem hann gerði athugasemdir við ákveðin atriði.

Tillögum nefndarinnar má skipta í þrennt. Snúa þær í fyrsta lagi almennt að stjórnsýsluviðurlögum og refsingum, í öðru lagi að viðurlögum við brotum á fjármálamarkaði og í þriðja lagi að viðurlögum við brotum á samkeppnislögum. Í mörgum tilvikum gerði nefndin tillögur að lagabreytingum og fylgja skýrslu hennar drög að tveimur frumvörpum, annars vegar frumvarpi til laga um breytingar á samkeppnislögum og hins vegar frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Með skýrslu nefndarinnar fylgdu tvær álitsgerðir. Annars vegar álitsgerð Bjargar Thorarensen prófessors og Ásgerðar Ragnarsdóttur lögfræðings um rétt til að fella ekki á sig sök á stjórnsýslustigi, samkvæmt 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og hins vegar álitsgerð Róberts R. Spanós prófessors um bann við tvöfaldri refsingu eða endurtekinni málsmeðferð til úrlausnar um refsiverða háttsemi samkvæmt 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

Ákvæði um viðurlög við brotum gegn ákvæðum samkeppnislaga, nr. 44/2005, eru í IX. kafla laganna. Úrræðin eru að meginstefnu tvenns konar, stjórnvaldssektir annars vegar og refsiviðurlög hins vegar. Samkvæmt 37. gr. getur Samkeppniseftirlitið lagt á stjórnvaldssektir bæði vegna brota á bannákvæðum IV. kafla samkeppnislaga og vegna brota á ákvörðunum sem teknar hafa verið á grundvelli heimilda í IV. og V. kafla laganna.

Í 42. gr. samkeppnislaga er mælt fyrir um refsiviðurlög við brotum á lögunum. Ákvæðið er almennt orðað, en þar segir að brot gegn samkeppnislögum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varði fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum en fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Samkvæmt gildandi rétti geta því öll brot einstaklinga og fyrirtækja á samkeppnislögum varðað refsingu.

Helstu breytingar á gildandi rétti sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að refsiábyrgð einstaklinga vegna brota gegn samkeppnislögum verði afmörkuð nánar en samkvæmt gildandi lögum. Tiltekin samráðsbrot verði lýst refsiverð, samanber 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Þá er lagt til að háttsemi sem miðar að því að spilla sönnunargögnum og torvelda rannsókn á samkeppnisbrotum verði lýst refsiverð. Loks er lagt til að ákvæði samkeppnislaga um sektir eða fangelsi nái einungis til einstaklinga og að fyrirtæki sæti stjórnvaldssektum vegna brota gegn samkeppnislögum.

2. Lagt er til að sett verði í samkeppnislög ítarlegra ákvæði en nú gildir um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja vegna brota á samkeppnislögum, samanber 2. gr. frumvarpsins. Einnig er lagt til að sett verði sérstök ákvæði um álagningu stjórnvaldssekta vegna brota samtaka fyrirtækja. Loks er gert ráð fyrir að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

3. Lagt er til að kveðið verði á um að brot gegn samkeppnislögum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins til lögreglu. Einnig er lagt til að nokkrum ákvæðum verði bætt við samkeppnislögin sem stuðla eiga að samvinnu lögreglu og samkeppnisyfirvalda við rannsókn á þeim brotum sem geta bæði varðað fyrirtæki stjórnvaldssektum og einstaklinga refsiábyrgð.

4. Lagt er til að ítarlegri ákvæði en nú eru í lögum verði sett um heimild til Samkeppniseftirlitsins til að lækka stjórnvaldssektir og falla frá sektarákvörðun á hendur fyrirtæki sem hefur átt frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr., að uppfylltum nánari skilyrðum. Einnig er lagt til að lögfest verði heimild til að falla frá kæru á hendur einstaklingi, að uppfylltum sambærilegum skilyrðum.

5. Lagt er til að lögfest verði heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að ljúka málum með sátt.

6. Lagt er til að kveðið verði á um að ekki sé heimilt að nota upplýsingar, sem fyrirsvarsmaður fyrirtækis hefur veitt Samkeppniseftirlitinu, sem sönnunargagn í opinberu máli sem höfðað er gegn honum vegna brota gegn ákvæðum laganna.

Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum lagði til að gerðar yrðu breytingar á refsiákvæði samkeppnislaga sem miðuðu að því að einungis lægju refsingar við þeim brotum á efnisreglum samkeppnislaga sem mestum skaða gætu valdið. Í ljósi þess að ólögmætt samráð keppinauta um verð og önnur viðkvæm viðskiptaleg málefni, samanber 10. og 12. gr. samkeppnislaga, er ótvírætt til þess fallið að hafa í för með sér verulegan efnahagslegan skaða bæði fyrir neytendur og atvinnulífið þykir eðlilegt að refsing liggi við slíku samráði. Sömu rök eru fyrir því að þyngja refsingu við ólögmætu samráði. Því er lagt til í frumvarpinu að ólögmætt samráð verði áfram refsivert gagnvart einstaklingum og jafnframt er lagt til að refsirammi samkeppnislaga verði hækkaður og lögfest verði sex ára refsihámark vegna þessara brota.

Einnig er talið nauðsynlegt að í samkeppnislögum sé sú háttsemi sem miðar að því að spilla sönnunargögnum og torvelda rannsókn á samkeppnisbrotum lýst refsiverð. Þróun á sviði samkeppnisréttar í heiminum virðist ganga í þá átt að fyrirtæki og stjórnendur þeirra leitist í ríkara mæli við að leyna brotum. Í frumvarpinu er því lagt til að bætt verði við samkeppnislög sérstöku ákvæði þar sem framangreind háttsemi er lýst refsiverð og er markmið breytinganna að skýra og skerpa á ákvæðum laganna að þessu leyti.

Samkvæmt núgildandi lögum getur refsiábyrgð vegna brota á samkeppnislögum bæði beinst að fyrirtækjum og einstaklingum. Eins og áður segir taldi nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum nauðsynlegt að einstaklingar gætu áfram sætt refsiábyrgð vegna þátttöku í ólögmætu samráði og var slíkt ákvæði talið geta haft í för með sér sterk varnaðaráhrif. Einnig væri þýðingarmikið að fyrirtæki sætti viðurlögum vegna ólögmæts samráðs.

Álitamál er hvort fella beri refsiábyrgð á lögaðila niður og styðjast þess í stað alfarið við stjórnsýsluviðurlög. Telja verður að eftirfarandi þrjú atriði skipti mestu við mat á þessu, í fyrsta lagi nauðsyn þess að viðurlagakerfi samkeppnislaga tryggi hámarksvarnaðaráhrif, í öðru lagi nauðsyn að tryggja eftir föngum að íslenskur samkeppnisréttur sé túlkaður í samræmi við EES/EB-samkeppnisrétt og í þriðja lagi nauðsyn þess að sérfræðiþekking samkeppnisyfirvalda nýtist sem best, en æskilegt er að sérfræðiþekking samkeppnisyfirvalda sé nýtt í öllum málum sem varða brot fyrirtækja á samkeppnislögum. Heppilegasta aðferðin til að tryggja nauðsynlegt samræmi milli íslensks réttar og EES/EB-samkeppnisréttar er að brot fyrirtækja og samtaka þeirra á 10. og 12. gr. samkeppnislaga varði aðeins stjórnvaldssektum. Einnig er mikilvægt að tryggja samræmi í beitingu samkeppnislaga óháð því hvort mál kunna að vera refsiverð eða ekki, þ.e. að viðurlög gagnvart fyrirtækjum séu ákveðin af sömu stofnunum í réttarvörslukerfinu óháð því hversu alvarleg þau eru. Því er talið rétt að öll mál er varða brot fyrirtækja á samkeppnismálum séu ákveðin á grundvelli sjónarmiða stjórnsýsluréttar og fái prófun sem stjórnsýslumál og að refsiábyrgð fyrirtækja verði afnumin. Refsiábyrgð vegna ólögmæts samráðs mun því aðeins hvíla á einstaklingum sem þátt taka í samráði fyrirtækja

Helstu kostir þess að reka mál vegna brota fyrirtækja á samkeppnislögum sem stjórnsýslumál eru að það fyrirkomulag tryggir að nýting sérfræðiþekkingar verði sem hagkvæmust, samræmi verði við EES/EB-samkeppnisrétt á þessu sviði auk þess sem í stjórnvaldssektum felast fullnægjandi varnaðaráhrif gagnvart fyrirtækjum. Loks eru sönnunarkröfur ekki jafnstrangar í stjórnsýslumálum og í refsimálum sem leiðir til þess að auðveldara er að uppræta samráð fyrirtækja í stjórnsýslumáli. Á grundvelli þessa eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á ákvæðum samkeppnislaga um refsiábyrgð og um álagningu stjórnsýslusekta.

Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum fjallaði sérstaklega um áhrif ákvæða 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu á umfjöllunarefni nefndarinnar. Í því skyni óskaði hún eftir álitsgerð frá Róberti R. Spanó prófessor um efnið.

Í 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um að enginn skuli sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot

sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis. Mannréttindadómstóllinn hefur ekki skýrt ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan, heldur beitt heildrænni samanburðarskýringu um það hvað teljist refsivert brot í merkingu 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Getur því stjórnvaldsákvörðun um álagningu viðurlaga, sem fellur undir 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, komið í veg fyrir að hægt sé að dæma sama aðila í refsingu fyrir sömu háttsemi. Hins vegar er rétt að hafa í huga að 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu kemur ekki í veg fyrir að mál sæti á sama tíma málsmeðferð á tveimur eða fleiri stigum samhliða málsmeðferð.

Í ljósi framangreinds er lagt til í frumvarpi þessu að mál er varða ábyrgð fyrirtækja á brotum gegn samkeppnislögum verði rannsökuð hjá Samkeppniseftirlitinu og ákvörðun tekin í málinu þar. Mál er varða ábyrgð einstaklinga verði hins vegar rannsökuð af lögreglu sem eftir atvikum gefur út ákæru vegna málsins. Þannig er tryggt að ekki verði um endurtekna málsmeðferð við álagningu viðurlaga vegna sömu háttsemi að ræða. Líta ber einnig til þess að í lögfræðiáliti sem birt er sem viðauki við skýrslu nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum er sérstaklega bent á að hafi fyrirtæki hlotið refsikennd viðurlög komi 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu ekki í veg fyrir það að einstaklingur þurfi síðar að þola málsmeðferð eða refsingu vegna sömu atvika og lágu til grundvallar í máli fyrirtækisins. Þetta þýðir að fyrirhuguð verkaskipting milli lögreglu og Samkeppniseftirlitsins telst vera í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu.

Einnig er lagt til að nokkrum ákvæðum verði bætt við samkeppnislögin til að stuðla að samvinnu lögreglu og samkeppnisyfirvalda við rannsókn á þeim brotum sem geta bæði varðað stjórnvaldssektum á fyrirtæki og refsiábyrgð einstaklinga, samanber 5. gr. frumvarpsins. Þá er kveðið á um í frumvarpinu að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins til lögreglu. Loks er lagt til að kveðið verði á um heimild ákæranda til að senda mál er varðar brot á samkeppnislögum og gögn því tengd til Samkeppniseftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar. Mögulegt er að lögregla og ákærandi fái upplýsingar um meint samkeppnislagabrot við rannsókn annarra mála. Er því nauðsynlegt að kveða á um heimild til handa ákæranda til að senda slík mál til Samkeppniseftirlitsins.

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða mikið framfaramál. Verði frumvarp þetta að lögum verður verkaskipting lögreglu og samkeppnisyfirvalda skýr við rannsókn á meintum samkeppnislagabrotum og tryggt að sérfræðiþekking nýtist við rannsókn slíkra brota. Þá verður refsiábyrgð einstaklinga afmörkuð nánar og ítarlega kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og samtök fyrirtækja. Ég tel því mjög mikilvægt að frumvarp þetta nái fram að ganga á vorþingi.

Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni umræðu vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

[20:51]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkeppnismál hafa verið nokkuð í umræðunni síðustu vikur. Þar hefur farið fyrir m.a. hæstv. fjármálaráðherra sem hefur boðað að samkeppnislögum verði jafnvel breytt til að taka á því að hægt verði að lækka matarverð í landinu en nú virðist raunin vera sú að lækkunin á virðisaukaskattinum sé að gufa upp í verðhækkunum. Þess vegna hefur ríkisstjórnin sagt frá því að hún sé að hugsa um að taka á þessum málum með lagabreytingu.

Það væri fróðlegt að fá að vita hvort hæstv. viðskiptaráðherra hafi frétt eitthvað af þessu eða hvort þetta hafi bara verið eitthvert hjal í hæstv. fjármálaráðherra þegar hann rak í vörn í þessu máli þar sem lækkunin á virðisaukaskattinum virðist ekki vera að skila sér til neytenda eins og boðað hefur verið.

[20:52]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ummæli hæstv. fjármálaráðherra eins og ummæli mín í fjölmiðlum undanfarna daga miðast við það að Samkeppniseftirlitið er að skoða samkeppnisaðstæður, samkeppnishætti á smásölumarkaði, sem er auðvitað mjög mikilvægt mál sem verður ekki lokið á einni eða tveimur vikum heldur er hluti af stöðugri endurskoðun samkeppnisréttarins. Ég vil leiðrétta þann misskilning að það geti orðið um slíkt að ræða að breyting á skattlagningu á vöruverði gufi upp í öðrum hækkunum. Virðisaukaskatturinn hefur algera sérstöðu í verði vörunnar og það þýðir ekkert fyrir fyrirtækin, verslanir eða aðra að fela aðrar breytingar í því þegar breyting verður á skattlagningu. Það er algjörlega allt annars eðlis og kemur ekki til mála.

[20:53]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hæstv. ríkisstjórn leggur fram frumvörp um breytingu á samkeppnislögum á þessu kjörtímabili heldur er þetta í annað sinn.

Í fyrra sinnið var það í kjölfar þess að samkeppnisyfirvöld tóku á ýmsum málum eins og t.d. olíusamráðsmálunum sem snertu jafnvel innstu koppa í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Það kom m.a. upp úr dúrnum að Olíufélagið var í einhverju samkrulli með Framsóknarflokknum varðandi rekstur á húsnæði þannig að þetta varð viðkvæmt mál.

Í kjölfarið var felld út heimild, herra forseti, til að taka á slíku og samkeppnislögin voru veikt. Þetta var heimild til að taka á því að samkeppnisyfirvöld gætu gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Þetta var gert.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra, hvort hann hyggist koma þessu ákvæði inn á ný til að hæstv. fjármálaráðherra geti staðið við stóru orðin og tekið á meintu samkeppnisleysi eða samþjöppun á matvörumarkaðnum.

Það væri fróðlegt ef hæstv. viðskiptaráðherra gæti greint okkur frá því, vegna þess að þetta mál brennur mikið á þjóðinni, og hvort þessi skattlagning skili sér til neytenda á endanum. Hæstv. viðskiptaráðherra hlýtur að hafa svör á reiðum höndum hvað þetta varðar.

[20:55]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi ekki andlega burði til að fylgja hv. þingmanni á ímyndunarflugi hans. Ég er ekki viss um að ég sé alveg klár á hvað hann var að tala um nú en ég vísa til þess sem ég sagði áður, að verið er að skoða samkeppnishætti á smásölumarkaði hjá Samkeppniseftirlitinu. Auk þess talar það frumvarp sem ég var að mæla fyrir fyrir sínum eigin málstað og á eftir kemur annað frumvarp um brot á fjármálamarkaði sem hnígur í sömu átt. Ég fullvissa hv. þingmann um að ekki stendur á okkur að setja skilvirk og skýr ákvæði um viðurlög í þessari lagasetningu.

[20:56]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir ánægju með það frumvarp sem hér liggur fyrir. Ég held að þær hugmyndir sem þar birtast séu á margan hátt afar athyglisverðar og mikilvægt innlegg og í reynd framfaraskref hvað varðar þá þætti málsins sem það tekur á. Á hinn bóginn eru einstaka atriði sem ég tel að kannski hefði átt að nota ferðina til að taka á, vegna þess að eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson nefndi áðan er þetta ekki í fyrsta skipti sem við fjöllum um samkeppnislög á þessu kjörtímabili.

Fyrir tveimur árum eða svo fór ríkisstjórnin í þá aðgerð að veikja samkeppnislögin þar sem m.a. voru teknar út heimildir, afar mikilvægar heimildir í 17. gr. þeirra laga, sem heimiluðu Samkeppniseftirlitinu að ráðast til aðgerða þar sem aðstæður væru skaðlegar samkeppni. Sú heimild var tekin út.

Eðlilega vaknar þessi umræða nú í aðdraganda þess að ríkisstjórnin og Alþingi hafa ákveðið að lækka virðisaukaskatt á matvælum en menn óttast það mjög að sú lækkun skili sér ekki eins og að er stefnt.

Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra í fyrsta lagi hvort ekki sé eðlilegt í framhaldi af þessari umræðu að efnahags- og viðskiptanefnd taki þennan þátt upp við meðferð málsins og skoði það sérstaklega hvort rétt sé að setja þetta ákvæði inn á nýjan leik til að efla og styrkja samkeppnislögin. Í öðru lagi, af því hér er verið að fjalla um heimildir Samkeppniseftirlitsins og verkaskiptingu, hvort ekki sé eðlilegt að Samkeppniseftirlitið á Íslandi hafi sömu heimildir og samkeppniseftirlit víðast hvar annars staðar, í Bandaríkjunum og Evrópu, til (Forseti hringir.) leitar, þ.e. til húsleitar á vettvangi og víðar.

[20:58]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessar fyrirspurnir. Þessi atriði eru einmitt til skoðunar, m.a. hjá Samkeppniseftirlitinu og hafa reyndar líka verið til umræðu í efnahagsbrotanefndinni. Ég geri ráð fyrir að þeirra umræðna sjái einmitt stað í þessum frumvörpum, því sem nú er til umræðu og því sem kemur til umræðu rétt á eftir. En öll þessi atriði eru líka sérstaklega til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

[20:59]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kann að vera að ég hafi ekki verið nægilega skýr í máli mínu eða að hæstv. ráðherra hafi ekki áttað sig á þeirri fyrirspurn sem hér var borin upp.

Fyrir tveimur árum voru felldar úr þágildandi samkeppnislögum heimildir fyrir Samkeppniseftirlitið, þáverandi Samkeppnisstofnun, að bregðast við þar sem aðstæður á markaði væru þess eðlis að þær væru líklegar til að vera skaðlegar samkeppni. Þetta var afar mikilvæg heimild sem hugsanlega hefði mátt nýta nú en er ekki lengur til staðar.

Þetta hlaut mikla umræðu í þinginu og því spyr ég hæstv. ráðherra, ítreka þá fyrirspurn, hvort ekki sé eðlilegt að í meðförum málsins í efnahags- og viðskiptanefnd verði þetta mál tekið upp á nýjan leik í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi og það endurskoðað hvort ekki sé rétt að setja þetta ákvæði aftur inn.

Í annan stað spurði ég hæstv. ráðherra hvers vegna ekki sé líka kveðið á um auknar leitarheimildir í þessu frumvarpi, þ.e. að heimilt sé að leita að gögnum í híbýlum manna og jafnvel bifreiðum og víðar, í ljósi þess að í þessu frumvarpi er það dregið mjög skýrt fram að ýmis samkeppnisbrot séu mjög alvarleg og geti valdið verulegu tjóni í samfélaginu.

Ég ítreka þessar fyrirspurnir því að jafnvel þótt mál séu til meðferðar í einhverjum stofnunum, í nefndum eða einhvers staðar úti í bæ þá er það einfaldlega Alþingi sem afgreiðir þessi mál.

Nú er hæstv. ráðherra kominn til þings með frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, er þegar búinn að opna á samkeppnislögin, og því ítreka ég þá fyrirspurn: Er ekki eðlilegt að efnahags- og viðskiptanefnd taki þessi mál til sérstakrar skoðunar í meðförum málsins á þinginu?

[21:01]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar á því að ég misskildi hv. þingmann. Ég vísa til 5. gr. frumvarpsins sem við erum nú að fjalla um. Þar er einmitt talað um kæru til lögreglu og þar er talað um til dæmis, með leyfi forseta:

„Samkeppniseftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem falla undir 2. mgr."

Og það er einmitt fjallað um aðgerðir lögreglu sem leiði þá af slíkri kæru. Þetta mál er einmitt í þessu frumvarpi.

[21:01]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kom nú hér upp í andsvari áðan þar sem ég reyndi að bera upp tvær fyrirspurnir til hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og taldi mig ekki hafa fengið skýr svör við þeim fyrirspurnum.

Ég vil þó ítreka það sem ég sagði hér í upphafi. Ég held að þetta frumvarp sem hér liggur fyrir sé heilt yfir til bóta, það sé þess eðlis að ástæða er til þess að fagna því að það skuli vera komið fram. Einnig er mikilvægt og rétt þegar hæstv. ríkisstjórnin kemur með góð mál að leyfa þeim að njóta þess og nefna það alveg sérstaklega. Við munum síðan fara yfir þetta mál í efnahags- og viðskiptanefnd og koma þá inn á einhver atriði sem hugsanlega kunna að vera þess eðlis að við teljum mikilvægt að gera á því breytingar eða gera athugasemdir við það. En almennt vil ég um þetta

frumvarp segja að það er gott og það horfir til framfara.

Mér finnst einnig athyglisvert og gott að í þessu frumvarpi skuli það tekið skýrt fram og þá í athugasemdum með frumvarpinu, öfugt við það sem haldið hefur verið fram hér í umræðu um olíusamráðsmál, að löggjafarviljinn á sínum tíma hafi verið í þá veru, þegar samkeppnislög voru samþykkt, að ekki hafi verið hugmyndir um að einstaklingar kynnu að sæta refsingu vegna brota á þessum lögum.

Í greinargerð með þessu frumvarpi eru þessar hugmyndir slegnar algerlega út af borðinu enda held ég að aldrei nokkrum manni sem sat hér í þingsal — og á ég þá bæði við karlmenn og konur svo það misskiljist nú ekki — hafi til hugar komið að þessar refsiheimildir ættu ekki við um einstaklinga jafnt og fyrirtæki í þessu tilviki. Mér finnst því gott að þetta komi fram. Þetta kemur afar skýrt fram. Ég held að ekki sé hægt að orða það á annan veg en að hafi einhvern tímann einhver getað skapað vafa um þann löggjafarvilja sem þá var uppi þá er það slegið af í dag.

Ég held að það sé gott að hreinsa andrúmsloftið hvað þetta varðar því við fengum hér ekki fyrir margt löngu álitsgerð sem var á þann veg að löggjafarviljinn hafi ekki staðið til þess að einstaklingum yrði gerð refsing og ég fagna því að þetta skuli tekið svo skýrt fram hér enda er sú hugmynd að minni hyggju algerlega fráleit.

Hitt sem ég tel mikilvægt að nefna, og kannski ítreka í framhaldi af því andsvari sem ég átti við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra áðan, tekur til þess að fyrir tveimur árum eða svo fór mikil umræða fram á hinu háa Alþingi þegar ný samkeppnislög voru samþykkt. Þar gerðum við athugasemdir við ýmislegt og einkum það að við töldum að það væri verið að draga tennurnar úr samkeppnislögum. Við töldum á þeim tíma að þar væri verið að taka undir sjónarmið ýmissa sem á markaði vinna og vildu veikja samkeppnislögin og að í því tilviki hafi hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir gengið mjög langt.

Eins og ég sagði í andsvari mínu áðan vil ítreka að ég fagna því að þetta mál sé komið til þings. Ég fagna því að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafi ákveðið að koma með þetta frumvarp og þá um leið opna á samkeppnislögin. Ég tel að í efnahags- og viðskiptanefnd verðum við að fara yfir fleiri þætti en þá sem hér koma fram í þessu frumvarpi. Bæði í ljósi reynslunnar, þessarar tveggja ára reynslu sem um ræðir, og eins hins að það er mikilvægt að Samkeppniseftirlitið hafi þau tól og tæki til þess að tryggja að markmið Alþingis, til að mynda með lækkun virðisaukaskatts, nái fram að ganga.

Það kæmi mér því mjög á óvart ef ríkisstjórnin eða fulltrúar hennar hér á þingi, þeir sem styðja ríkisstjórnina muni ekki taka undir þessi sjónarmið og nota tækifærið til þess að skerpa á samkeppnisreglunum, ekki síst vegna ummæla hæstv. fjármálaráðherra sem vill engu eira að eigin sögn til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Hann telur mikilvægt að skerpa á samkeppnisreglunum. Ég tel gott að í salnum er hv. þm. Pétur H. Blöndal formaður efnahags- og viðskiptanefndar. Hann tekur væntanlega undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að hnykkja á þessum reglum treysta þær og styrkja.

Ég vil segja að ég hlakka til þess að taka þetta mál til umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd. Nú þegar hefur verið opnað á það að þessum lögum verði breytt. Ég geri fastlega ráð fyrir því að við munum leita leiða til þess að ná saman um breytingartillögur til þess bæði að styrkja þetta mál hér sem almennt ég tel mjög gott og að styrkja samkeppnislögin. Þá er ég ekki í nokkrum minnsta vafa um að hv. þm. Pétur H. Blöndal verður öflugur liðsmaður í þeirri för.

[21:08]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni að þetta frumvarp er afskaplega mikil bragarbót frá því sem verið hefur og skýrir ýmislegt. En ég má til með að koma inn á það sem hann sagði að hefði verið fellt út síðast vegna þess að það var dálítið merkilegt.

Gefum okkur að eitthvert fyrirtæki bjóði fram óskaplega ódýra þjónustu og óskaplega góðan rekstur og veiti sífellt betri kjör en öll önnur fyrirtæki á sínu sviði og stækki og stækki í kjölfarið vegna þess hvað það er óskaplega heiðarlegt og gott og stækki svo mikið að það nær nánast öllum markaðnum í heiðarleika sínum og með lágu vöruverði og góðum rekstri.

Eins og kveðið var á um í því frumvarpi var Samkeppnisstofnun heimilt að skipta því upp þó það hefði ekkert gert af sér. Það var það sem menn gerðu athugasemdir við. Spurningin er nefnilega sú hvort fyrirtæki misnota aðstöðu sína. Ég sé enga ástæðu til þess að skipta þeim upp sem ekki misnota aðstöðu sína, ekki nokkra.

Það sem við erum að glíma við í dag hugsanlega á matvælamarkaðnum er að samkeppnin sé ekki virk, þ.e. að menn séu einhvern veginn að nota stöðu sína vegna þess að það er fákeppni á markaðnum og við erum að berjast á móti því. Í því felst samkeppnin að menn séu ekki að hækka verð í skjóli fákeppni eða mikillar eftirspurnar eða einhvers slíks. En það eitt sér, að menn verði stórir vegna þess að þeir bjóða góða þjónustu, eru heiðarlegir, stunda góða samkeppni og bjóða lægsta verð, er ekki ástæða til þess að skipta fyrirtækinu upp.

[21:10]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var afar athyglisverð ræða svo ekki sé meira sagt. Hv. þingmaður kemur hér upp og heldur því fram að ef samkeppnin sé virkilega að virka, ef það gerist að menn séu virkilega að ná árangri, ef þeir vinna á þann veg að það sé alveg í takt og í samræmi við allar reglur og veita neytendum aðgang að vöru á verði sem þeir ekki höfðu áður þá hafi verið hættan sú að menn ætli að ráðast á fyrirtæki og skipta því upp, að vegna þessarar stórkostlegu hættu, að samkeppnislögin séu að ná markmiði sínu, þá sé mikilvægt að fella þessa heimild úr gildi.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það þjóni einhverjum tilgangi að bæta nokkru í þetta. En ég held að það sé afar mikilvægt og ítreka það að samkeppnisyfirvöld hafi þau tól og tæki sem til þarf til að ná árangri og ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Þarna voru samkeppnislög veikt svo um munar. En það var ekki gert vegna þeirrar stórkostlegu hættu sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi í sinni ræðu, þ.e. að ef fyrirtæki næðu svo stórkostlegum árangri að neyt-

endur virkilega nytu þess þá væri hættan sú að menn skiptu þeim upp. Það hefur aldrei verið uppi á borðinu.

[21:11]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var einmitt málið. Margir töldu þetta ákvæði vera tómt vegna þess að menn gætu aldrei beitt því. Það er ekki sök í sjálfu sér að verða stór. Það er ekki sök. Sök er að misnota aðstöðu sína. Það er jafnsekt eftir sem áður. Það er heimilt að refsa fyrir það í dag eftir sem áður. Það er eingöngu misneytingin á styrk sem er saknæm. En það var ekki þannig í þessu ákvæði. Eingöngu aðstæðurnar var nóg til þess að samkeppnisyfirvöld gátu gripið inn í dæmið, eingöngu aðstæðurnar. Ef einhver var orðinn ríkjandi þó hann hafi ekki misneytt í einu einasta tilfelli og væri með ódýrasta verðlag og allt slíkt þá var hægt að beita lögunum þannig að það mætti skipta því upp, þó engin misneyting ætti sér stað. Þess vegna töldu menn að þetta ákvæði væri hvort sem er tómt, að menn gætu aldrei beitt því.

Hitt, að menn misnoti styrk sinn eða fákeppni, er eftir sem áður saknæmt og hefur verið.

[21:13]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kom upp og sagði eitthvað á þá leið varðandi gott fyrirtæki sem nái árangri og sinni neytendum og veiti þjónustu og sé svo ofboðslega gott að það stækki á eigin verðleikum, að hættan væri sú að samkeppnisyfirvöld mundu misnota þessa heimild sína (Gripið fram í.) og skipta fyrirtækinu upp. Hér var reynt í andsvari að mæla því í mót að raunveruleg hætta hefði verið á þessu. Þá kemur hv. þingmaður upp í annað andsvar og segir að það hafi ekki verið neitt í þessu ákvæði, þetta hafi bara verið tómt mengi þannig að ekki hefði verið hægt að beita því á nokkurn hátt.

Virðulegi forseti. Ég held að það þurfi ekki fleiri orð um þetta.

[21:14]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)**:

Hæstv. forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um nokkur efnisatriði frumvarpsins. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu að við megum ekki fjalla um þessi efni í því skyni fyrst og fremst að herða eða viðhafa einhvers konar refsigleði. Aðalatriðið er og aðalatriðið í þessu frumvarpi er skilvirkni og gegnsæi þannig að menn viti fyrir fram hvað sé rétt og hvað rangt á þessu sviði. Það er mjög mikilvægt.

Ég vænti þess að málinu verði að lokum þessarar umræðu vísað til vandaðrar málefnalegrar yfirferðar í þingnefndinni.

[21:14]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var stutt og gagnmerk ræða og ágæt sem slík. En þarna féllu orð sem ég eiginlega náði ekki og óska ég eftir að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra skýri þau. Hann sagði eitthvað á þá leið — og ég leyfi mér að endurtaka það — að mikilvægt væri að lögin væru skilvirk og gegnsæ og að menn vissu fyrir fram hvaða aðgerðir væru þess eðlis að menn gætu átt refsingu yfir höfði sér.

Því vil ég spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort einhver dæmi þess finnist að fyrirtæki hafi ekki áttað sig á því eða einstaklingar að þeir hafi verið að brjóta gegn samkeppnislögum. Væntanlega er hér verið að eyða einhverri óvissu. Annars hefði hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ekki orðað þetta á þennan veg. Það er þekkt — það þarf svo sem ekkert að fara í kringum það — það er þekkt að fulltrúar olíufélaganna hafa nefnt það sumir hverjir að þeir hafi ekki verið vissir um hvað mátti og hvað ekki, þrátt fyrir að sumt hafi verið bannað með lögum frá 1978, annað í lögum frá 1992, þegar farið var inn í olíufélögin 2001.

Því hlýt ég að spyrja: Hvaða dæmi á hæstv. ráðherra við þegar hann talar um að eitthvað sé óljóst og kann hugsanlega eitthvað í þessu olíumáli að hafa verið það óljóst að það kunni að vera réttlæting á þessum orðum?

[21:16]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég átti einfaldlega við er að þetta er markmið frumvarpsins eins og það hefur verið túlkað fyrir t.d. fulltrúum frá Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði og fleiri slíkum aðilum. Það er ekki í neinum sérstökum tengslum við einstök mál eða misskilning af því tagi eða óvissu.

Ég hygg hins vegar að menn geti orðið sammála um að viðskiptalífið og atvinnulífið er í svo hraðri þróun að lög um þetta efni þurfa að vera í stöðugri endurskoðun. Það líður varla árið að ekki séu komnar upp nýjar aðstæður, ný áður ókunn tilvik sem valda því þá að eitthvað er í óvissu. Löggjöfin þarf að hafa skilvirkni og gegnsæi að markmiði, ásamt öðrum markmiðum laga að sjálfsögðu. Það var einfaldlega þetta sem ég átti við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, 1. umr.*

Stjfrv., 523. mál (viðurlög við efnahagsbrotum). — Þskj. 789.

[21:18]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Frumvarpið er á þskj. 789.

Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum sem skipuð var af forsætisráðherra að tillögu dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra. Frumvarp til breytinga á samkeppnislögum sem mælt var fyrir fyrr á þessum sama fundi er einnig byggt á niðurstöðum nefndarinnar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti, um fjármálafyrirtæki, starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, rafræna eignaskráningu verðbréfa, verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, vátrygg-

ingastarfsemi, lögum um miðlun vátrygginga og um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, en Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með þeirri starfsemi sem lýtur þessum lögum.

Helstu breytingar á gildandi rétti sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að refsiábyrgð vegna brota gegn lögum á fjármálamarkaði verði afmörkuð nánar en samkvæmt gildandi lögum.

2. Lagt er til að sett verði í löggjöf á fjármálamarkaði ákvæði um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og einstaklinga vegna brota á lögunum, en nú er aðeins heimild til álagningar stjórnvaldssekta í lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003. Þá er lagt til að sérstök fyrningarákvæði varðandi heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir verði lögfest. Lagt er til að heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk ef um er að ræða meint brot gegn ákvæðum verðbréfaviðskiptalaga. Í öðrum tilfellum falli þær niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

3. Þá er lagt til að kveðið verði á um að brot gegn lögum á fjármálamarkaði sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu. Einnig er lagt til að nokkrum ákvæðum verði bætt við lög á fjármálamarkaði sem stuðla eiga að samvinnu lögreglu og Fjármálaeftirlitsins við rannsókn á þeim brotum sem geta bæði varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð.

4. Lagt er til að lögfest verði ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki sök á sjálfan sig við rannsókn á stjórnsýslustigi.

5. Loks er lagt til að lögfest verði heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt.

Viðurlagaákvæði um starfsemi á fjármálamarkaði voru lengst af mjög almenn. Þó að hugað hafi verið sérstaklega að viðurlagaákvæðum við heildarendurskoðun laga á fjármálamarkaði hin síðari ár skortir enn á samræmingu. Í frumvarpi þessu er lagt til að í viðurlagaákvæðum á fjármálamarkaði verði tiltekið hvaða ákvæði þeirra geta orðið grundvöllur refsinga og hvaða ákvæði geti leitt til stjórnvaldssekta. Þá felur frumvarpið í sér samræmingu á viðurlagaákvæðum þeirra laga sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Reynslan sýnir að sjaldan hefur verið ákært og dæmt á grundvelli refsiákvæða laga á fjármálamarkaði. Því er ekki skynsamlegt að lögfesta fangelsi sem möguleg viðurlög við of mörgum brotum þegar slíkri refsingu er sjaldan beitt nema vegna fárra og alvarlegra brota. Hefur lögfesting strangra refsiviðurlaga í slíkum tilvikum verið talin til þess fallin að draga úr almennum varnaðaráhrifum refsinga.

Lög um verðbréfaviðskipti eru einu lögin á fjármálamarkaði þar sem eiginlegar stjórnvaldssektir liggja við brotum á ákvæðum laganna. Beiting stjórnvaldssekta vegna brota á lögunum hefur reynst vel og var heimild til að beita stjórnvaldssektum vegna brota á lögum um verðbréfaviðskipti beitt í 42 tilvikum á tímabilinu 1. júlí 2003 fram í september 2006.

Í lögum á fjármálamarkaði er víða að finna matskennd ákvæði sem eru flókin og erfið viðfangs og útheimta m.a. greiningu á hegðunarmynstri, þróun á markaði yfir löng tímabil, aðstæðum á markaði, viðskiptasögu aðila auk mats á áhrifum upplýsinga o.fl. Fjármálaeftirlitið hefur sérþekkingu á löggjöf á sviði fjármálamarkaðar og er því æskilegt að þekking stofnunarinnar sé nýtt betur en nú er við úrlausn mála er varða brot á löggjöfinni. Þá kalla hagsmunir markaðarins og málsaðila sjálfra á að mál séu leidd til lykta á tiltölulega skömmum tíma og að brugðist sé hratt og markvisst við brotum. Telja verður líklegra að markmiðum um eftirfylgni, skilvirkni, nýtingu sérfræðiþekkingar og hraða málsmeðferð verði betur náð ef brot gegn lögum á fjármálamarkaði geta varðað stjórnvaldssektum í ríkara mæli en nú er.

Í frumvarpinu er einnig að finna ákvæði sem miða að því að kveðið verði skýrar á um verkaskiptingu lögreglu og ákæruvalds annars vegar og Fjármálaeftirlitsins hins vegar. Lagt er til að meint brot á lögum á fjármálamarkaði, sem bæði varða stjórnvaldssektum og refsingu, verði rannsökuð hjá Fjármálaeftirlitinu sem metur hvort mál skuli kært til lögreglu eða lokið hjá stofnuninni. Fjármálaeftirlitinu ber að vísa málum til lögreglu í þeim tilvikum þar sem brot telst meiri háttar.

Nái frumvarp þetta fram að ganga stuðlar það að skýrari verkaskiptingu lögreglu og Fjármálaeftirlitsins við rannsókn á meintum brotum á fjármálamarkaði. Þá mun sérfræðiþekking sú sem fyrir hendi er í Fjármálaeftirlitinu nýtast betur en nú er við rannsókn og málsmeðferð vegna slíkra brota. Því er mjög mikilvægt að frumvarpið verði afgreitt á þessu þingi.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 1. umr.*

Stjfrv., 515. mál (rannsóknir á kolvetnisauðlindum). — Þskj. 778.

[21:25]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Frumvarpið er á þskj. 778.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar er falla innan þeirrar meginstefnu sem mörkuð var með setningu kolvetnislaga, nr. 13/2001, en horfa til bóta í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af framkvæmd laganna.

Á undanförnum árum hefur vaknað áhugi bæði erlendra og innlendra aðila á að kanna hagkvæmni nýtingar á kolvetnisauðlindum í íslenskri efnahagslögsögu. Ljóst er að nauðsyn kallar á nánari og gleggri útfærslu ákvæða kolvetnislaga svo að unnt verði að tryggja réttarstöðu þeirra er hafa hagsmuna að gæta. Heildstæð löggjöf veitir ekki einvörðungu aukið réttaröryggi heldur er um leið hvatning fyrir einkaaðila að leggja út í þær kostnaðarsömu framkvæmdir sem leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis á hafi úti augljóslega eru.

Í mars 2006 samþykkti ríkisstjórn Íslands að hefja undirbúning að útgáfu leyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis ásamt vinnu við endurskoðun kolvetnislaga. Til að tryggja faglegan framgang starfsins var komið á formlegum samstarfsvettvangi og vinnuhópar settir á laggirnar. Tekur frumvarp þetta mið af þessu samstarfi ráðuneyta og fagaðila.

Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru í fyrsta lagi að skýrar er kveðið á um stjórnsýsluhluta laganna, en í núgildandi lögum þykir skorta ítarlegri ákvæði um réttindi og skyldur leyfishafa sem og leyfisveitanda. Lagt er til að iðnaðarráðherra verði heimilt að fela Orkustofnun leyfisveitingu og ákvarðanatöku samkvæmt gildandi lögum. Er Orkustofnun sem fagaðila á sviði auðlinda og orkumála falið það hlutverk sem áður féll beint undir iðnaðarráðherra og mun sérfræðiþekking Orkustofnunar nýtast við framkvæmd laganna á skilvirkari hátt en ella. Valdaframsal til Orkustofnunar er innan þess ramma sem stofnuninni er markaður skv. 2. mgr. 2. gr. laga um Orkustofnun þar sem segir að Orkustofnun skuli annast stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Verði frumvarp þetta samþykkt mun Orkustofnun annast alla umsýslu og þjónustu við iðnaðarráðuneytið vegna laganna, þar á meðal taka á móti umsóknum, hafa samskipti við umsækjendur og/eða leyfishafa og undirbúa stjórnvaldsákvarðanir. Í ljósi sérfræðiþekkingar Orkustofnunar og aðstæðna að öðru leyti má gera ráð fyrir að stofnunin sé vel í stakk búin til að taka ákvarðanir um veitingu leyfa og aðrar ákvarðanir sem að þeim lúta. Framsal til Orkustofnunar mun því stuðla að auknum málshraða í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Einnig verður stjórnsýsla kolvetnismála einfaldari fyrir umsækjendur og/eða leyfishafa sem sækja og skila öllum upplýsingum til sama stjórnvalds.

Yfirstjórn laganna verður samt sem áður óbreytt í höndum iðnaðarráðherra, og stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli laganna sæta kæru til iðnaðarráðherra. Framsal leyfisveitingarvalds til Orkustofnunar eykur því til muna réttaröryggi umsækjenda og leyfishafa að því leyti að þeir eiga þess þá kost að fá umfjöllun um mál á tveimur stjórnsýslustigum í stað eins.

Í öðru lagi er í frumvarpi þessu skýrar kveðið á um gjaldstofna. Þeir gjaldstofnar sem um ræðir eru þrenns konar, í fyrsta lagi gjald vegna leyfis til leitar að kolvetni, í öðru lagi gjald vegna leyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis og loks í þriðja lagi svokallað svæðisgjald en það er gjald sem leyfishafi greiðir vegna afnota á tilteknu svæði sem leyfi hans nær yfir.

Í þriðja lagi er í frumvarpi þessu kveðið nánar á um leyfi til rannsókna og nýtingar á kolvetni. Ljóst er að slíku stöðluðu leyfi verður ekki komið á nema með skýrri heimild í lögum enda mun slíkt leyfi hafa að geyma ýmis íþyngjandi ákvæði, bæði varðandi leyfishafa og leyfisveitanda. Nefna má sem dæmi ákvæði er varðar gjaldtöku, gagnagrunn og upplýsingaskil, eftirgjöf svæða sem og úrræði og heimildir eftirlitsaðila samkvæmt lögum þessum.

Nauðsynlegt er að eftirlitsaðili leyfa hafi skýrar, ótvíræðar og lögbundnar heimildir til að annast hlutverk sitt og því er lagt til að lögfestar verði heimildir og úrræði Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum. Annars vegar er um að ræða heimildir til að annast eftirlitshlutverk sem stofnuninni er falið samkvæmt lögunum. Hins vegar er ákvæði er varðar þau úrræði sem stofnuninni standa til boða telji hún að starfsemi leyfishafa samræmist ekki skilyrðum kolvetnislaga, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum. Með auknu ábyrgðarhlutverki Orkustofnunar þykir einnig rétt að kveða nánar á um þær skyldur sem hvíla á stofnuninni og í frumvarpinu er lagt til ítarlegt þagnarskylduákvæði.

Loks eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á einstaka ákvæðum kolvetnislaga sem nauðsynlegt þykir að lagfæra í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd laganna.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum telur fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins að útgjöld Orkustofnunar muni aukast um 11 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008 vegna ráðningar sérfræðings og viðbótarkostnaðar í tengslum við hann.

Hæstv. forseti. Tillögum þeim sem lagðar eru fram í frumvarpinu er ætlað að bregðast við kröfu um aukið réttaröryggi og um leið að stuðla að einfaldri, skilvirkri og gegnsærri stjórnsýslu. Bæði stjórnvöld og leyfishafar hafa af því ríka hagsmuni að stjórnsýsla kolvetnismála sé bæði skýr og skilvirk og valdmörk stjórnvalda greinileg. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld hafi nauðsynlegar og lögmætar valdheimildir til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin við framkvæmd kolvetnislaga.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnaðarnefndar og 2. umr.

[21:32]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Málið sem er hér til umræðu er að sumu leyti flókið. Ég áskil mér allan rétt til þess að hafa skoðanir á því þegar það kemur inn til nefndarstarfsins.

Það sem mig langar til að færa í tal núna eru breytingarnar sem lagðar eru til að verði gerðar á 8. gr. laganna en þar segir í 4. mgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar sérstaklega stendur á er iðnaðarráðherra heimilt að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar“

Enn fremur segir í 3. mgr. sömu greinar, með leyfi forseta:

„Við veitingu leyfis skal umsækjendum ekki mismunað og skal jafnræðis gætt. Leyfi skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerðar hafa verið opinberar. Iðnaðarráðherra er heimilt að hafna öllum umsóknum um leyfi sem berast í kjölfar auglýsingar.“

Við að lesa þetta núna finnst mér að með þeim breytingum sem hér eru lagðar til sé verið að víkka út möguleikana á að veita leyfi án þess að málsgreinarinnar sem ég las áðan gæti nægilega, þ.e. að innihald hennar verði deyft. Ég hef áhyggjur af þessu og alveg sérstaklega í ljósi þess að í svokallaðri auðlindanefnd sem starfaði í sumar og skilaði af sér í haust, var einmitt fjallað um auðlindir í þjóðareign og hér erum við að ræða um auðlindir í þjóðareign. Þar var lögð mikil áhersla á vinnuna við það með hvaða hætti ætti að fara með slíkar auðlindir, hvernig sú stjórnsýsla ætti að vera. Þar var alveg á hreinu að það skyldi auglýsa slíkar

auðlindir og það skyldi gæta fyllsta jafnræðis. Ef fleiri en einn sæktu um yrðu umsóknir t.d. metnar á grundvelli útboða. Ég tel a.m.k. að það þurfi að skoða það betur sem hér er sett fram þegar málið kemur til nefndarinnar, t.d. það sem segir í lokamálslið b-liðar 5. greinar þessa frumvarps:

„Telji Orkustofnun tvær eða fleiri umsóknir jafnhæfar að uppfylltum framangreindum skilyrðum er henni heimilt að meta umsóknir út frá öðrum skilyrðum."

Þetta finnst mér óljóst og ég tel að þetta þurfi að skoða betur.

Síðan er lagi til að 4. mgr. verði svohljóðandi:

„Heimilt er að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar ef svæðið sem leitað er leyfis fyrir:"

Þar eru taldir upp a-, b- og c-liður en í a-lið segir:

„er aðgengilegt til langs tíma".

Það er sem sagt heimilt að veita leyfið án auglýsingar ef svæðið er aðgengilegt til langs tíma. Á einhverju stóru svæði sem er aðgengilegt til langs tíma er sem sagt hægt að úthluta án þess að það sé auglýst og án þess að aðilar sem eru áhugasamir um slíkar rannsóknir og vinnslu viti af því.

Þetta er ekki í samræmi við það sem ég var að segja frá áðan að hefði orðið niðurstaða í auðlindanefndinni um það hvernig ætti að fara með auðlindir í þjóðareign.

Í b-lið segir:

„hefur áður sætt málsmeðferð þar sem auglýst hefur verið en hefur ekki leitt til þess að leyfi hafi verið veitt".

Þessi liður er líka með þeim hætti að mér finnst ástæða til að skoða hann vegna þess að hafi eitthvert svæði verið auglýst áður þá hlýtur a.m.k. að þurfa að setja einhvers konar reglu um það hve langur tími hafi liðið frá því að var auglýst, t.d. að hafi menn auglýst eitt árið og enginn áhugi verið þá, þá gengur ekki að fimm árum seinna verði leyfum úthlutað án þess að auglýsa.

Í c-lið segir:

„hefur verið gefið eftir af fyrirtæki enda fellur það ekki sjálfkrafa undir a-lið," sem ég las upp áðan.

Sem sagt ef eitthvert fyrirtæki sem hefur fengið úthlutað leyfi hættir við þá má úthluta leyfi til annarra án auglýsinga. Þessi atriði vil ég gera sérstakan fyrirvara um og tel ástæðu til að nefndin fari vel yfir.

Þá er eitt sem ég vil gera líka athugasemd við en í lok greinargerðarinnar segir:

„Samhliða endurskoðun laga nr. 13/2001 hefur farið fram vinna við drög að leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni. Leyfisdrögin byggjast að miklu leyti á erlendum fyrirmyndum og hefur verið litið til reynslu nágrannaþjóða okkar, svo sem Færeyinga, Norðmanna og Grænlendinga. Ljóst er að þörf er á frekari útfærslu einstakra ákvæði laga nr. 13/2001 og tekur frumvarp þetta mið af þeirri vinnu."

Ég tel ástæðu til þess að koma því hér á framfæri að það hefði verið gott að umrædd drög hefðu fylgt með en að sjálfsögðu mun ég ganga eftir því í nefndarstarfinu að við fáum að skoða þau og sjá hvað er innifalið í þeim.

Ég er ekki að lýsa mig andvígan þessu frumvarpi, ég sé bara ástæðu til þess að nefna þau atriði sem ég hef nú farið yfir. Að öðru leyti mun ég auðvitað koma að málinu í nefndinni og vonast til að annaðhvort verði hægt að sannfæra mig um að ég hafi rangt fyrir mér, þ.e. að ákvæðin sem ég nefndi áðan samrýmist ekki þeim hugmyndum sem eru fólgnar í uppkasti að lagafrumvarpi sem auðlindanefnd skilaði frá sér í sumar en ef svo er ekki þá vonast ég eindregið til þess að nefndin kynni sér þær niðurstöður og breyti frumvarpinu með þeim hætti að það samrýmist þeim hugmyndum. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt vegna þess að við þurfum að finna sátt um það hvernig auðlindum í þjóðareign er úthlutað til þeirra sem eiga að fá þær til nýtingar. Þar þarf að gæta fulls jafnræðis og þar þurfa allir sem áhuga hafa og vilja til þess að nýta slíkar auðlindir að fá tækifæri til þess að bjóða fram krafta sína og síðan á að meta af hlutlægni og fyrst og fremst með jafnræði í huga.

[21:41]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka málefnalegar ábendingar hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og veit að þessi atriði verða tekin til skoðunar í iðnaðarnefndinni. Ég tek undir þau sjónarmið sem hann túlkaði og tjáði, að það er nauðsynlegt að samræmi og samfella sé í þeim skilmálum, skilyrðum sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi og öðrum sambærilegum frumvörpum á auðlindasviði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:42.

---

# 62. FUNDUR

þriðjudaginn 30. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar, stjfrv., 415. mál, þskj. 472. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 387. mál, þskj. 429. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Verslunaratvinna, stjfrv., 414. mál, þskj. 471. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Hlutafélög o.fl., stjfrv., 516. mál, þskj. 779. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Samkeppnislög, stjfrv., 522. mál, þskj. 788. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, stjfrv., 523. mál, þskj. 789. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 515. mál, þskj. 778. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Lokafjárlög 2005, stjfrv., 440. mál, þskj. 562. — 1. umr.

9. Fjarskipti, stjfrv., 436. mál, þskj. 547. — 1. umr.
10. Vegalög, stjfrv., 437. mál, þskj. 548. — 1. umr.
11. Tekjuskattur, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
12. Almenn hegningarlög o.fl., frv., 39. mál, þskj. 39. — 1. umr.
13. Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
14. Sala áfengis og tóbaks, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
15. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
16. Aukin þjónusta við ungbarnafjölskyldur, þáltill., 73. mál, þskj. 73. — Fyrri umr.
17. Almannatryggingar, frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
18. Textun, frv., 30. mál, þskj. 30. — 1. umr.
19. Heimili fyrir fjölfatlaða á Suðurnesjum, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Fyrri umr.
20. Skilgreining á háskólastigi, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**
Guðlaugur Þór Þórðarson , 4. þm. Reykv. n.

**Fjarvistarleyfi:**
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 6. þm. Suðvest.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[13:31]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**
Að loknum atkvæðagreiðslum um sjö fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um efnahagsmál. Málshefjandi er hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Hæstv. forsætisráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

**Útbýting:**
Alþjóðlegt bann við dauðarefsingum, 533. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 802.
Atvinnumál fatlaðra, 534. mál, fsp. HHj, þskj. 803.
Fornleifaskráning, 532. mál, fsp. KolH, þskj. 801.
Niðurfelling á meðlagsskuldum, 535. mál, fsp. RG, þskj. 804.
Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 536. mál, fsp. RG, þskj. 805.

### *Vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 415. mál (afsal til Landsvirkjunar). — Þskj. 472.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÖg, HÞ, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, KJúl, KLM, LRM, MF, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
30 þm. (ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HBl, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Vátryggingarsamningar, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 387. mál (upplýsingaöflun vátryggingafélaga). — Þskj. 429.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Verslunaratvinna, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 414. mál (eigendasaga myndverka o.fl.). — Þskj. 471.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Hlutafélög o.fl., frh. 1. umr.*

Stjfrv., 516. mál (EES-reglur). — Þskj. 779.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Samkeppnislög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 522. mál (viðurlög við efnahagsbrotum). — Þskj. 788.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 523. mál (viðurlög við efnahagsbrotum). — Þskj. 789.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 515. mál (rannsóknir á kolvetnisauðlindum). — Þskj. 778.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***
Efnahagsmál.
[13:36]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Í dag höfum við heyrt fréttir af því að gríðarlegur hagnaður hafi verið á rekstri bankanna undanfarið ár. Útrásin hefur skilað þeim miklum tekjum af starfsemi þeirra erlendis og vaxtastefna Seðlabankans hefur gert þeim kleift að hækka verulega útlánsvexti án þess að hækka innlánsvexti. Vaxtamunur bankanna hefur aldrei verið meiri. Rekstur annarra stórfyrirtækja gengur vel og afkoma þeirra er góð sem er auðvitað fagnaðarefni og skilar umtalsverðum tekjum í ríkissjóð. Mikil velta í samfélaginu hefur líka skilað ríkissjóði miklu og það ásamt sölu ríkisfyrirtækja hefur gert ríkissjóði kleift að greiða umtalsvert niður skuldir sínar. Staðan ætti þó að vera umtalsvert betri ef þess er gætt hversu gríðarleg þenslan hefur verið hér og að hið opinbera tekur nú til sín um 42% af landsframleiðslunni.

En það er ekki allt sem sýnist í þessum efnum. Þegar horft er til heimilanna í landinu blasir önnur mynd við. Frá því að þessi ríkisstjórn tók við hafa skuldir þeirra aukist um þúsund milljarða kr. Þau skulduðu 299 milljarða kr. á öðrum ársfjórðungi 1995 en skulda nú 1.300 millj. kr. 86% af þessum skuldum, 1.100 milljarðar kr., eru verðtryggðar skuldir og 100 milljarðar kr. eru yfirdráttarlán á himinháum vöxtum. Kannski kæmi þetta ekki að sök ef heimilin byggju við stöðugleika og lága verðbólgu og gætu treyst því að höfuðstóllinn lækkaði eftir því sem greitt væri af lánunum og greiðsluáætlanir stæðust sem gerðar eru þegar lán eru tekin. En er það svo? Horfum aðeins á það sem gerðist á síðasta ári.

Í árslok skulduðu heimilin 44 milljörðum kr. meira en í ársbyrjun, 44 milljörðum kr. meira í árslok en í ársbyrjun vegna þeirrar verðbólgu sem hér hefur verið umfram verðbólgumarkmið Seðlabankans, þ.e. umfram 2,5%. Þessir 44 milljarðar leggjast á höfuðstól lánanna og hverfa ekki þótt verðbólgan lækki heldur sitja þar áfram allan lánstímann. Ef við gefum okkur að meðallánstími sé 20 ár þýðir þetta að greiðslubyrði heimilanna á ári hverju hækkar um 2,2 milljarða kr. í heil 20 ár.

En það er ekki bara verðtryggingin sem hefur áhrif á greiðslubyrði heimilanna. Vegna þenslunnar hafa vextir hækkað eins og öllum er kunnugt. Seðlabankinn krefst þess að lánastofnanir hækki vexti sína til að reyna að hamla gegn útlánaþenslu. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að heimilin borgi um 1% hærri vexti af verðtryggðum lánum en þau ella hefðu gert. Þetta er varlega áætlað, 1%, en þýðir að greiðslubyrði þeirra er 11 milljörðum kr. hærri en hún ella hefði verið. Þá borga heimilin um 4 milljörðum kr. meira en áður af yfirdráttarlánum vegna hinna himinháu vaxta og um 4,5 milljörðum kr. meira vegna almennrar raunvaxtahækkunar Seðlabankans. Samantekið, virðulegur forseti, þýðir þetta að greiðslubyrði og vaxtabyrði heimilanna hækkar á árinu 2007 um 21,7 milljarða kr. vegna þess að ríkisstjórninni hefur ekki tekist að halda aftur af þenslu. Fyrir meðalfjölskylduna þýðir þetta um 250 þús. kr. á ári, 21 þús. kr. á mánuði, ekki vegna aðgerða fólksins sjálfs á árinu heldur vegna aðgerða og aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar. Þetta er herkostnaðurinn, reikningurinn sem ríkisstjórnin sendir heimilunum vegna óábyrgrar efnahagsstefnu á þessu kjörtímabili. Fyrir fólkið er þetta ekki augnabliksástand eins og formaður Framsóknarflokksins virðist telja, heldur veruleiki, að stærstum hluta til næstu 20 árin.

Ég hitti konu í gær, kúabónda með meðalbú, sem sagðist skulda 70 millj. kr. Hún skuldbreytti á síðasta ári 36 millj. kr. og sagði mér að besta lán sem henni hefði boðist hefði verið verðtryggt lán með 5% breytilegum vöxtum. Nú væru vextirnir orðnir 7% og hún greiddi 100 þús. kr. meira á mánuði í afborganir og vexti en fyrir ári síðan vegna verðtryggingar og vaxtahækkunar. Hún sagði: Hvað á ég að gera? Þetta er veruleiki fólksins í landinu, þetta er afkoma fólksins á sama tíma og afkoma fjármálastofnana og stórfyrirtækja hefur aldrei verið betri.

Í viðtali við seðlabankastjóra í Speglinum nýverið kom fram sú skoðun hans að teflt hefði verið á tæpasta vað í hagstjórninni. Ýmsum efnahagslögmálum hefði verið storkað og efnahagslífið þanið út í ystu endapunkta, eins og hann orðaði það. Orðrétt sagði svo seðlabankastjóri að hér hefði verið látið reyna á „efnahagsforsendur sem aðrir hafa ekki þorað að láta reyna á". Ekki útskýrði hann það frekar en ekki er ólíklegt að hann hafi þar verið að vísa til þeirrar miklu þenslu sem hér hefur verið ríkjandi missirum og ár-

um saman þar sem saman hafa farið stórframkvæmdir í stóriðjuvirkjunum, kapphlaup á lánamarkaði og lækkanir á tekjuskattshlutfalli. Hann útilokaði þó ekki mjúka lendingu, en forsendur hennar sagði hann að útgjaldaáform væru ekki þanin um of. Hann sagði að þá væri hætta á að gjaldmiðillinn gæfi eftir með umtalsverðum áhrifum á þá sem hafa bundið sér þyngsta bagga og mest skulduðu. Í svipaðan streng tók Jónas Haralz, hagfræðingur og fyrrverandi bankastjóri, á sama vettvangi. Hann minntist á stórframkvæmdirnar og sagði: Síðan bættist ofan á mjög sterkur þensluþáttur og það má jafnvel kalla það bara hreint slys í stjórn efnahagsmála. Það er það sem gerðist á íbúðalánamarkaðnum. Þarna áttu sér stað hrapalleg mistök sem eru einn sterkasti þátturinn í því sem hefur gerst.

Slys og hrapalleg mistök, efnahagslögmálum storkað, látið reyna á efnahagsforsendur sem aðrir hafa ekki þorað að láta reyna á. Virðulegur forseti. Þetta eru ekki orð stjórnarandstöðunnar á þingi, heldur núverandi seðlabankastjóra og svo eins virtasta hagfræðings þjóðarinnar. Almenningur borgar brúsann. Hann býr við hæstu verðtryggingu, hæstu vexti sem þekkjast á Vesturlöndum, hæsta matarverð á byggðu bóli, hátt verð á fasteignamarkaði, hærra lyfjaverð en víðast hvar annars staðar, bensínverð, hátt verð á öllum aðföngum til heimilis og svona mætti áfram telja.

Markmið hagstjórnar getur ekki bara verið að halda aftur af verðbólgu. Markmiðið er að búa fólki gott og öruggt líf, búa því stöðugleika þannig að það sé ekki í stöðugri óvissu um kjör sín og aðstæður. (Forseti hringir.) Og nú spyr ég forsætisráðherra hvernig ríkisstjórnin ætli að takast á við þetta verkefni. Hefur hún mótað einhverja stefnu um hvernig eigi að koma í veg fyrir harða lendingu í hagkerfinu sem hefði miklar búsifjar (Forseti hringir.) í för með sér fyrir skuldsett heimilin? Hvernig hyggst hún koma til móts við aukna greiðslubyrði heimilanna?

[13:43]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Flestum sem með fylgjast ber saman um að íslenskt efnahagslíf sé níðsterkt. Þar til grundvallar liggja einkum þrjár ástæður, í fyrsta lagi hinn mikli sveigjanleiki hagkerfisins sem mjög hefur aukist á undanförnum árum í kjölfar skipulagsbreytinga sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir. Í öðru lagi er gríðarlega sterk staða ríkissjóðs sem hefur stórlega batnað á undanförnum árum þar sem ríkissjóður hefur borgað niður skuldir í stórum stíl og styrkt stöðu sína með ýmsum hætti og í þriðja lagi er það vegna þess að Íslendingar búa við gríðarlegt traust og efnað lífeyrissjóðakerfi. Þetta eru aðalástæðurnar fyrir því að hagkerfi okkar er af flestum talið mjög öflugt.

Formaður Samfylkingarinnar er seinheppin, kemur hér upp á sama degi og bankarnir tilkynna um afkomutölur sínar. Þær tölur eru vitnisburður um þann árangur sem efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur skilað og það er vissulega mjög ánægjulegt að bankarnir skili nú svo miklum hagnaði sem að sjálfsögðu mun skila sér í skattgreiðslum til ríkissjóðs í mjög ríkum mæli. Það er enn fremur ánægjulegt að formaður Samfylkingarinnar skuli nú sjá sérstaka ástæðu til að vitna í Davíð Oddsson, fyrrum formann Sjálfstæðisflokksins, þegar kemur að efnahagsmálum. (**Gripið fram í:** Ekki gerir þú það.)

Miklar framkvæmdir í tengslum við álver og virkjanir hafa á undanförnum árum auðvitað leitt til ákveðinnar spennu í hagkerfinu. Það hefur reynt á þanþolið í efnahagslífinu, líka vegna þeirra sviptinga sem orðið hafa á íbúðalánamarkaðnum á undanförnum árum. Ég er hins vegar sannfærður um að við erum komin fyrir vind í þessum efnum og það eru rólegri tímar fram undan. Það er líka rétt sem bent hefur verið á, að skuldir tiltekinna hópa í þjóðfélaginu hafa vissulega aukist en það er ekki hægt að taka þá hlið efnahagsreikningsins eina og sér, það verður líka að huga að því hversu mjög eignir þessara hópa hafa hækkað í verði á undanförnum árum og þá væntanlega með varanlegum hætti.

*Það er almennt reiknað með því, virðulegi forseti, að sú* þensla sem verið hefur sé á undanhaldi og það kemur skýrt fram í nýrri skýrslu fjármálaráðuneytisins um þjóðarbúskapinn. Allir gera ráð fyrir því að verðbólga verði komin niður fyrir eða um það bil ofan í verðbólgumarkmið Seðlabankans um mitt þetta ár og í því felst að sjálfsögðu einnig að það mun draga hratt úr viðskiptahalla og hagvöxtur verður minni á þessu ári en í fyrra. Hann mun síðan taka aftur við sér á árinu 2008 vegna aukins útflutnings. Ég hef aldrei efast um að hagkerfi okkar mundi standa af sér þessa þenslu sem verið hefur og við mundum ná því sem sumir kalla á vondri íslensku mjúka lendingu. Það er vegna þess að sú efnahagsstefna sem fylgt hefur verið hefur miðað að því að skjóta styrkari stoðum undir hagkerfið sem hefur m.a. birst í því að við höfum breytt alls kyns skipulagi í efnahagsmálum sem hefur aftur á móti styrkt hagkerfið til muna og gert það betur í stakk búið til að mæta tímabundnum sveiflum.

Stjórnarandstöðunni verður tíðrætt um hagstjórnarmistök o.fl. af því tagi. Voru það mistök að búa þannig um hnútana að ríkissjóður væri það aflögufær að hann gæti ekki bara stórlega lækkað skatta á öllum almenningi heldur séð af stórkostlega miklum fjármunum til að bæta kjör aldraðra eins og við höfum fjallað um á þessu þingi? Voru það mistök að búa þannig um hnúta að hægt væri að lækka virðisaukaskattinn til þess að lækka matvöruverð eins og koma mun á daginn 1. mars nk.? Voru það mistök að lækka og fella niður eignarskattinn eins og nú hefur verið gert öllum íbúðareigendum á öllum aldri til hagsbóta? Voru það mistök að hækka barnabæturnar um 60% á árunum 2006 og 2007? (**ÖS:** Það voru mistök ...) Að sjálfsögðu voru það ekki mistök, virðulegi forseti. Afkoma ríkissjóðs hefur *aldrei verið betri en hún er nú og það er ástæðan fyrir því* að við eigum möguleika á því að ráðast í kjarabætur af þessu tagi, hvort heldur það lýsir sér sem útgjöld fyrir ríkissjóð eða minnkandi tekjur fyrir ríkissjóð vegna skattalækkana.

Þessi gjörbreytta staða er bein afleiðing af þeirri efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir öflugri uppbyggingu atvinnulífsins og bættum kjörum heimilanna. Í kjölfarið hafa orðið hér til mörg öflug fyrirtæki, bæði í hefðbundnum atvinnugreinum og ekki síður á margvíslegum hátækni- og þjónustugreinum. Það hefur svo að sjálfsögðu skilað sér í auknum hagvexti og kaupmáttaraukningu

hjá heimilunum. Ef það er eitthvert eitt markmið í stjórnmálum almennt séð sem allir ættu að geta sameinast um er það það að beita ríkisvaldinu til þess að auka kaupmátt heimilanna. Það hefur verið gert í mjög ríkum mæli.

Ég vildi svo að endingu leiðrétta formann Samfylkingarinnar sem heldur því hér fram blákalt, eins og hún hefur gert áður, að ríkissjóður taki til sín 42% landsframleiðslunnar. Ég vil biðja hana að vinna betur heimavinnu sína í þessu efni.

[13:49]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. frummælanda fyrir að taka hér upp mikilvægt mál, vandamál heimilanna og erfiða stöðu þeirra. Eftir að ég hef hlustað á ræðu hæstv. forsætisráðherra get ég ekki betur heyrt en að hann hafi haldið sömu ræðu og oft áður, líkt og fulltrúar ríkisstjórnarinnar gera, hann hélt fram sem markmiði góðri stöðu ríkissjóðs.

Vissulega hefur staða ríkissjóðs batnað. Skuldir hafa verið greiddar niður, en þær hafa líka verið greiddar niður með sölu ríkisfyrirtækja eins og við þekkjum öll.

Það er ekki nóg að horfa á stöðu ríkissjóðs. Það verður að horfa á skuldastöðu þjóðarinnar allrar, ríkissjóðs, viðskiptahalla þjóðarinnar, þ.e. viðskiptahalla viðskiptalífsins og heimilanna. Þá er myndin allt önnur en þegar eingöngu er litið á ríkissjóð.

Rótin að þeim mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir í dag er hulin ríkisstjórn sem heldur fyrir augun og viðurkennir ekki undirliggjandi vanda sem kemur ekki síst niður á heimilunum, liggur í stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, í þeim þensluhvetjandi áhrifum sem stóriðjustefnan kom af stað og viðheldur. Þegar við horfum til framtíðar sjáum við að ekki mun hægja hér á því þensluástandi sem verið hefur ef ríkisstjórnin ætlar ekki að hætta við og hleypa því ekki af stað að það verði einhverjar væntingar um áframhaldandi stóriðju. Ella mun þetta þensluástand, háir vextir og erfiðleikar heimilanna verða (Forseti hringir.) viðloðandi næstu árin.

[13:51]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin lýsti því yfir fyrir fram að þensla yrði í efnahagsmálum á kjörtímabilinu. Þensla vegna stórframkvæmda varð ekki sú sem áætluð hafði verið en viðskiptabankarnir settu af stað meiri þenslu á húsnæðislánamarkaði og vöxtur bankakerfisins og útrásarfyrirtækjanna varð meiri en áætlað var.

Hér er ekki um hagstjórnarmistök að ræða. Þetta eru þróunarverkefni sem bera vitni um mikinn þrótt sem á rætur að rekja til stjórnarstefnunnar. Íslenska hagkerfið og íslenska krónan skila hlutverki sínu vel. Íslendingar eiga sjálfir að ákveða tímasetningar og aðgerðir í efnahags- og gjaldeyrismálum, ekki láta hrekjast til undanhalds eða uppgjafar, heldur standa sig í hlutverki sínu sem frjáls þjóð.

Ég vara við vanhugsuðum dómsorðum stjórnarandstöðunnar um ástandið í íslenskum efnahagsmálum. Ég vara við því að menn vanmeti mikilvægi orkumála, sterkara banka- og viðskiptalífs fyrir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Það er ástæða til að vara þjóðina við skilningsleysi forustumanna stjórnarandstöðunnar í þessum efnum.

Nú eru bjartar horfur um efnahagsþróunina á þessu ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heldur áfram að aukast, atvinnuöryggi er tryggt, viðskiptahalli minnkar stórlega og hagvöxtur heldur áfram. Verðbólgan minnkar jafnt og þétt.

Jafnframt eru stór skref stigin til umbóta í velferðarkerfum landsmanna og með skattalækkunum hafa verið ákveðnar miklar verðlækkanir á nauðsynjavörum. Þessar horfur staðfesta árangur stjórnarstefnunnar svo ekki verður um villst.

[13:53]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Síðasta sumar voru gerð alvarleg mistök við stjórn landsins sem bitnar mjög á hag íslenskra heimila. Það var þegar ákveðið var að blása lífi í Framsóknarflokkinn þegar Halldór Ásgrímsson hraktist frá völdum. Þá var farið út í mjög kostnaðarsöm útgjöld sem birtust m.a. í fjárlögum þessa árs og ekki síður í fjáraukalögum hæstv. fjármálaráðherra þar sem hann fór geyst og dældi út mörgum hundruðum milljóna í sitt eigið kjördæmi, maður sem ætti að gæta að því að hemja þensluna. Hann fór í það að auka fjárútlát, eingöngu í prófkjörsbaráttu. Það er sá vandi sem við glímum við. Það var um 7% verðbólga á síðasta ári. En hver var spáin? Hún var 75% lægri. Hér hafa allar áætlanir farið úr böndunum

Þetta bitnar mjög á hag íslenskra heimila sem skulda 1.270 milljarða íslenskra króna. Þessi gríðarlegi vaxtakostnaður sem bitnar á heimilunum er eingöngu verk stjórnarflokkanna sem birtast m.a. í yfirdráttarvöxtum sem eru á þriðja tug prósenta. Þetta er veruleiki íslenskra heimila, stjórnarstefnan birtist í vöxtunum og í verðbólgunni. Það eru hinar köldu staðreyndir þessa máls.

Til að halda öllu til haga skal þess getið að hæstv. forsætisráðherra fór í sérstakar efnahagsaðgerðir, einhverjar sálrænar efnahagsaðgerðir sem gengu út á það að stöðva aðgerðir hér í nokkrar vikur síðasta sumar. Þær báru þvílíkan árangur að hans mati að það var hætt við allt saman og nú horfumst við í augu (Forseti hringir.) við mikla verðbólgu.

[13:55]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Það eru 10 atriði í efnahagsmálum sem eru á ábyrgð ríkisstjórnar Geirs Haardes.

Í fyrsta lagi hefur misskipting tekna og eigna orðið ein sú mesta sem þekkist meðal nágrannaþjóðanna.

Í öðru lagi neyðast íslenskrar fjölskyldur nú til að borga himinháan verðbólguskatt ríkisstjórnarinnar.

Í þriðja lagi hefur skattbyrði allra Íslendinga aukist í tíð þessarar ríkisstjórnar nema þeirra 10% tekjuhæstu.

Í fjórða lagi eru tæplega 5.000 íslensk börn skilin eftir í fátækt og þriðji hver eldri borgari er látinn lifa við fátækt.

Í fimmta lagi heldur ríkisstjórnin dauðahaldi í ónýtan gjaldmiðil og neitar að horfast í augu við að aðild að ESB þjónar hagsmunum Íslendinga best til lengri tíma.

Í sjötta lagi borgar íslenskur almenningur eitt hæsta matvælaverð í heimi, eitt hæsta lyfjaverð í heimi, eitt hæsta bensínverð í heimi og eina hæstu vexti í heimi. Aldrei hefur

verið eins kostnaðarsamt að eignast húsnæði og núna.

Í sjöunda lagi hefur ríkiskassinn 160 milljörðum kr. meira úr að spila á ári en hann hafði árið 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við. Ríkissjóður er því 73% dýrari í rekstri. Almenningur veit að ekki hefur þjónusta ríkisins batnað um 73% á sama tíma.

Í áttunda lagi hafa skuldir Íslendinga aldrei verið eins háar.

Í níunda lagi hefur hagvöxtur á heilum landsvæðum úti á landi verið neikvæður.

Og í tíunda lagi hefur verið fullkomin óstjórn á ríkisfjármálunum. Fjárlögin standast aldrei og hagstjórnarmistökin eru síendurtekin.

Frú forseti. Samfylkingin er með stefnu til að bæta úr öllum þessum atriðum. Samfylkingin mun gera Ísland bæði betra og ódýrara. En þessari ríkisstjórn, ríkisstjórn okurs og ójafnaðar, þarf að koma frá.

Það er kominn tími til að hófsemd komi í stað græðgi, samhjálp í stað sérhyggju. (Forseti hringir.) Við eigum góð gildi um frelsi, jafnrétti og bræðralag, setjum þau aftur í öndvegi. (Gripið fram í.)

[13:57]

**Birgir Ármannsson:**

Hæstv. forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Ágúst Ólafur Ágústsson, sagði frá því að Samfylkingin hefði lausnir á þeim mikla vanda sem hann taldi sig vera að lýsa. Það var leitt að hv. þingmaður hafði ekki tíma til að koma fram með þær lausnir. Þær komu ekki fram í máli hans og raunar ekki í máli hv. málshefjanda Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur heldur.

Eins og gerist jafnan í umræðum af þessu tagi tínir stjórnarandstaðan það til sem hún telur úrskeiðis hafa farið en kemur ekki með neinar lausnir. Hins vegar hafa þeir ræðumenn stjórnarandstöðunnar sem eiga eftir að taka til máls tækifæri til að koma með þessar lausnir.

Þegar maður hlustar á ræður eins og þá sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutti hér áðan — hún hafði þau atriði eftir öðrum mönnum, hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra Davíð Oddssyni og Jónasi Haralz hagfræðingi. Hún vitnaði raunar ekki í hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, sem líka er hagfræðingur — það sem hún tíndi til voru þrjú atriði, skulum við segja. Það sem úrskeiðis hefði farið væru Kárahnjúkavirkjun, hækkun íbúðalána og skattalækkanir.

Ég velti fyrir mér, þegar ég hlustaði á þá hana, hvernig Samfylkingin hefði brugðist við í þessum atriðum. Var Samfylkingin á móti skattalækkununum? Liggur það fyrir? Eða er það ný stefna? Var Samfylkingin á móti breytingunum á húsnæðislánakerfinu? Hefur það komið fram? Var Samfylkingin á móti Kárahnjúkavirkjun? Hefur það komið fram?

Ég velti fyrir mér þegar stjórnmálamenn flytja mál sitt með þessum hætti hvort þeir séu trúverðugir. Eru þeir trúverðugir þegar þeir tala um stöðugleika í þessu sambandi? Þegar þeir tala um pólitískan stöðugleika þegar allt er í uppnámi (Forseti hringir.) á heimavígstöðvum þeirra sjálfra?

[14:00]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra sagði að nú mundi ríkisstjórnin sigla fyrir hægum vindi, en getur ríkisstjórnin siglt fyrir hægum vindi eins og ástandið er í dag? Þanþol efnahagslífsins er spennt til hins ýtrasta og hefur verið undanfarin ár og það er ekkert sem bendir til þess að það sé að slakna á þessari þenslu. Á meðan gefin eru fyrirheit um áframhaldandi stóriðju er alveg nóg að nefna það að vilji sé fyrir hendi, ábyrgðinni vísað yfir til sveitarfélaganna, búið að ganga frá samningum, þetta sé allt á leiðinni og þá heldur þessi þensla áfram. Seðlabankinn, eins og við vitum, getur ekki gert annað en að bregðast við verðbólgunni og þensluáhrifunum með því að hækka stýrivextina, bankarnir hækka sína vexti og halda þeim í samræmi við stýrivextina, vextir bankanna eru ofurvextir, gróði bankanna er ofurgróði og það ætti a.m.k. að vera hægt að létta á verðtryggðum lánum heimilanna til íbúðakaupa með því að lækka þau lán eins og ofurgróði bankanna gefur tilefni til.

Hvaða svör hafa stjórnarandstöðuflokkarnir? Svör Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs liggja fyrir. Þau eru búin að gera það frá því í upphafi þings. Við erum með þingsályktunartillögu um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika (Forseti hringir.) og ég hvet ríkisstjórnina til að lesa vel þær tillögur.

[14:01]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Enn og aftur hlýðum við á harmakvein hv. stjórnarandstöðu þar sem halda mætti að allt væri að fara á aðra hliðina í efnahagsmálum þjóðarinnar. Svo er ekki. Mikilvægasta verkefni stjórnmálanna á hverjum tíma er öflug efnahagsstjórn og því verkefni hefur verið sinnt vel og þá sérstaklega með öflugri atvinnuuppbyggingu. Núverandi stjórnvöldum hefur tekist að snúa við þeirri þróun sem var hér áður og er staða ríkissjóðs gríðarlega sterk. (Gripið fram í.) Skuldir hafa verið greiddar niður, hagvöxtur er viðvarandi og atvinnuleysi með því lægsta sem þekkist. Hér erum við með aðra stöðu en þekkist t.d. víða innan Evrópusambandsins. Ráðstöfunartekjur heimilanna halda áfram að hækka og eignamyndun er mikil.

Því er þó ekki að neita að heimilin hafa farið nokkru offari í neyslunni en sem betur fer hefur loks hægt á henni. Hreinar skuldir ríkissjóðs voru í árslok 2001 tæpir 169 milljarðar kr. en í lok síðasta árs voru þær rúmir 74 milljarðar. Þetta er gríðarlega góður árangur og skiptir miklu máli, ég tala nú ekki um í svo litlu hagkerfi eins og við höfum hér. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í sumar og aðhald í stjórn ríkisfjármála hefur leitt til þess að menn eru að ná stöðugleikanum aftur en vitað var að nokkur spenna yrði síðustu ár. Verðbólguspár líta nú betur út og gert er ráð fyrir að verðbólga verði komin í verðbólgumarkmið á síðari hluta ársins. Allt er þetta á réttri leið og væri ekki að gerast nema vegna samhents átaks allra í landinu. Að sjálfsögðu eru það stjórnvöld sem standa í brúnni og sem betur fer hefur áætlunin gengið upp og fram undan er lægri verðbólga sem skiptir öllu máli fyrir heimilin í landinu.

[14:03]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég beindi þeirri spurningu til forsætisráðherra hvernig ríkisstjórnin hygðist takast á við aukna greiðslubyrði heimilanna vegna verðbólgu og hárra vaxta. Það varð ansi fátt um svör hjá hæstv. forsætisráðherra. Hann vísaði til þess að ég væri seinheppin að hefja þessa umræðu í dag þegar verið væri að birta þessar góðu afkomutölur fyrir bankana, það segði okkur hversu sterk staða þjóðarbúsins væri. En það virðist vera sem forsætisráðherra hafi meiri skilning á því þjóðarbúi sem birtist okkur í reikningum bankanna en í reikningum heimilanna því að ég var að tala um hvernig staða mála kemur við fjölskyldurnar og heimilin í landinu. Það er út af fyrir sig rétt að það á ekki bara að horfa á skuldsetninguna heldur líka á eignahliðina en það sem öllu máli skiptir er það að fjölskyldurnar í landinu borga 250 þúsundum kr. meira á ári á árinu 2007 í afborganir og vexti en á síðasta ári, bara vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, ekki vegna þess að þær hafi bætt við skuldir sínar, heldur bara vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Það kemur við budduna hjá fólki og dregur úr góðri afkomu heimilanna þannig að þetta er það sem forsætisráðherra á auðvitað að hafa áhyggjur af.

Aðeins um hin vanhugsuðu orð stjórnarandstöðunnar sem hæstv. iðnaðarráðherra vísaði til. Þetta voru ekki vanhugsuð orð stjórnarandstöðunnar sem ég var að vísa til. Þetta voru orð seðlabankastjóra, orð eins helsta hagfræðings þjóðarinnar sem talaði um slysið í efnahagsmálum. Það voru fyrrverandi kollegar formanns Framsóknarflokksins og það þýðir ekki að heimfæra þau bara upp á stjórnarandstöðuna. Það vill bara svo til að við erum sammála um þetta efni.

Virðulegur forseti. Eitt sem við verðum að minnast á hér og tengist þessum 250 þús. kr. reikningi sem heimilin fá er vinnutíminn sem þau þurfa að leggja á sig til að vinna fyrir þessu. Íslenskar verkakonur, lægst launaða fólkið í landinu, vinna núna fimm stundum fleiri vinnustundir á viku (Forseti hringir.) en danskar. Það voru tvær stundir árið 1995. Þetta segir auðvitað sína sögu (Forseti hringir.) um það hvernig búið er að heimilunum í landinu.

[14:06]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan hefur hér uppi mikinn hræðsluáróður um stöðu efnahagsmálanna. Sú mynd sem dregin var upp í ræðu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar er kannski besta birtingarmyndin á því. Hann lýsir ástandinu eins og að hér sé allt í kaldakoli. En Samfylkingin hefur svör við öllu kom jafnframt fram í ræðu þingmannsins. Samfylkingin er með svör við þessu öllu saman. Ja, heyr á endemi, virðulegi forseti.

Staðan er auðvitað sú að á undanförnum árum hefur tekist samfellt að bæta lífskjörin í þessu landi. Þetta vita allir menn. Þetta vita allir sem eru að hlusta á þingmenn Samfylkingarinnar. Allir sem fylgjast með þjóðmálunum gera sér grein fyrir því að hagur landsmanna allra hefur batnað verulega undanfarin ár. Við höfum að undanförnu gengið í gegnum þensluástand. Því mun linna með minnkandi framkvæmdum í sambandi við stóriðju. Þá mun hagkerfið kasta mæðinni, ef svo mætti segja, og síðan fara útflutningsafurðirnar vegna þessara framkvæmda að segja til sín í framleiðslunni og í útflutningnum. Allt það sem Samfylkingin heldur hérna fram er á misskilningi byggt og svo er talað um að Íslendingar haldi dauðahaldi í ónýtan gjaldmiðil, að ríkisstjórnin haldi dauðahaldi í ónýtan gjaldmiðil. Hvað segir fólkið úti í Evrópu sem býr við evruna? Ég bendi hv. þingmönnum Samfylkingarinnar á að lesa sér til um það í Morgunblaðinu. Mikill meiri hluti segir evru hafa slæm áhrif á efnahaginn.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sagði að ríkissjóður hefði 73% meiri tekjur, hann væri 73% dýrari núna en 1995 og fólkið fengi ekki þjónustu sem væri betri sem því næmi. Hefur þingmaðurinn ekki gert sér grein fyrir því að laun ríkisstarfsmanna hafa hækkað? Er hann á móti því að við höfum bætt kjör ríkisstarfsmanna eins og annarra? Gerir hann sér ekki grein fyrir því að það hafa orðið stórkostlegar umbætur í ýmsum (Forseti hringir.) þáttum trygginga og fleiri atriða?

Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Fólk sem svona talar býr í Undralandi. (Gripið fram í.)

## *Lokafjárlög 2005, 1. umr.*

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 562.

[14:08]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2005 sem dreift hefur verið á þskj. 562. Uppbygging frumvarpsins er með sama hætti og verið hefur undanfarin ár og uppgjör og ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok byggist í meginatriðum á sömu vinnureglum og áður.

Í fylgiskjali II með frumvarpinu er birt yfirlit yfir talnagrundvöll frumvarpsins. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2005 fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni, þ.e. fluttar stöður fjárheimilda frá fyrra ári, fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum, millifærðar heimildir innan ársins og loks breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna samkvæmt þessu frumvarpi til lokafjárlaga. Því næst eru fyrrgreind útgjöld samkvæmt ríkisreikningi og að síðustu staða fjárheimilda í árslok, þ.e. mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra útgjalda. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 327,7 milljörðum kr. en útgjöld samkvæmt reikningi voru 308,4 milljarðar og fjárheimildastaða í árslok er því jákvæð um 19,3 milljarða kr. Í frumvarpinu er að vanda lagt til að stöðufjárheimildir í árslok verði annaðhvort felldar niður sbr. 2. gr. frumvarpsins eða fluttar til næsta árs sbr. fylgiskjal I.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika á ríkistekjum frá áætlun fjár- og fjáraukalaga samanber nánari skiptingu í sundurliðun 1. Nánar tiltekið er leitað eftir heimild Alþingis til breytinga á fjárheimildum með ráðstöfun markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt ríkisreikningi eða hver metin fjárþörf reyndist vera við skil ríkissjóðs á mörkuðum tekjum til stofnana. Almennt gildir að útgjaldaheim-

ildir stofnana hækka hafi lögboðnar ríkistekjur til fjármögnunar útgjaldanna verið vanáætlaðar í fjárlögum en lækka hafi tekjurnar verið ofáætlaðar. Ekki eru þó lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana af þessum sökum í þeim tilvikum þegar ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar stofnunar og fjármögnunar á þann veg að sveiflur í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað. Alls er lagt til að fjárheimildir stofnana hækki um tæplega 935 millj. kr. samkvæmt þessu uppgjöri á fjármögnun verkefna með ríkistekjum.

Í 2. gr. frumvarpsins er sótt um heimild til að fella niður stöðu fjárheimilda í árslok. Er þar bæði um að ræða ónýttar fjárveitingar sem og gjöld umfram heimildir. Nánari skipting á niðurfelldum stöðum fjárheimilda er sýnd í sundurliðun 2. Í heildina tekið er lagt til að niður falli alls 1.848 milljarðar kr. á rekstrargrunni. Á greiðslugrunni nemur niðurfelling 340,7 milljörðum kr. Þessi munur milli reikningsgrunns og greiðslugrunns stafar að stærstum hluta af því að niður falla stöður á fjárlagaliðum sem ekki hafa áhrif á útgreiðslur, svo sem á liðum lífeyrisskuldbindinga og afskrifaðra skattkrafna. Í samræmi við ákvæði 37. og 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er í fylgiskjali I með frumvarpinu birt yfirlit yfir stöðu fjárheimilda í árslok 2005 sem færast yfir til ársins 2006. Gert er ráð fyrir að í heildina tekið flytjist um 17,4 milljarðar kr. jákvæð fjárheimildastaða yfir til ársins 2006.

Ráðstafanir á stöðu fjárheimilda í árslok byggja á viðmiðunarreglum þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöld eru bundin, t.d. af lagaákvæðum eða samningum, eða frekar á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Í sumum tilvikum kann að vera álitamál hvort eðlilegra sé að fella niður stöðu einstakra fjárlagaliða eða flytja til næsta árs og við gerð sérhvers lokafjárlagafrumvarps eru þessi tilvik metin sjálfstætt. Ræðst niðurstaðan m.a. af því hvort talið sé að viðhafa megi stýringu á útgjöldum liðarins þrátt fyrir að tilefni útgjaldanna séu þess eðlis að þau teljist lögbundin. Tilgangur með yfirfærslu á heimildastöðu yfir áramót er einkum sá að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Leitast er því við að fækka þeim liðum þar sem staða er að jafnaði felld niður í árslok, a.m.k. í þeim tilfellum þar sem mögulegt er talið að gera megi ráðstafanir til að bregðast við frávikum í útgjöldum. Gera verður ráð fyrir að þessi mál séu stöðugt til skoðunar.

Með því að flytja afgangsheimildir stofnana yfir áramót hefur horfið sú tilhneiging sem gætti í eldra kerfi að forstöðumenn leituðust við að eyða öllum fjárheimildum fyrir árslok. Áætlanagerð hefur batnað og stjórnendur litið til lengri tíma en eins árs við stefnumörkun sína. Þessi breyting hefur þó ekki verið gallalaus því að svo virðist sem sumar stofnanir hafi velt halla af rekstri sínum yfir áramót ár eftir ár og treyst á það að á endanum verði vandinn það mikill að óhjákvæmilegt verði að taka á honum í fjáraukalögum. Ekkert þarf að vera óeðlilegt við það að halli verði á einu ári í rekstri stofnunar enda sé tekið á honum á næsta fjárhagstímabili en þegar halli safnast upp ár eftir ár ber viðkomandi ráðuneyti og forstöðumanni að taka fast á vandanum. Í árslok höfðu 82 fjárlagaliðir uppsafnaðan halla yfir 4% af fjárheimildum og þar af voru 65 þeirra með uppsafnaðan halla yfir 10% af fjárheimildum. Ljóst er að taka verður þennan vanda föstum tökum og mikilvægt er að forstöðumenn og ráðuneyti grípi til aðgerða strax og ljóst er að rekstur stefnir umfram fjárheimildir. Ef til vill þarf að kveða skýrar á um skyldur forstöðumanna fari rekstur tvö ár í röð umfram heimildir. Við undirbúning fjárlaga þurfa ráðuneytin einnig að búa svo um hnútana að tekið sé á vanda þeirra stofnana sem fara ár eftir ár fram úr fjárveitingum, annaðhvort með endurskipulagningu á rekstri eða breytingum í forgangsröðun fjárveitinga.

Ég hef, herra forseti, farið yfir helstu þætti frumvarpsins. Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður úr rekstri ríkissjóðs gagnvart fjárheimildum á árinu 2005 og vísast í því sambandi til greinargerðar í fjáraukalögum og ríkisreikningi um meginatriði í framvindu ríkisfjármálanna og helstu frávik í tekjum og gjöldum. Þá hefur Ríkisendurskoðun einnig lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 2005 og um hana hefur verið fjallað í fjárlaganefnd. Ég tel því ekki ástæðu til að fara yfir einstök atriði í frumvarpinu og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar Alþingis.

[14:15]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir framlagt frumvarp og greinargerð hans fyrir því hér við upphaf 1. umr. Við munum síðan í framhaldinu fá frumvarp til lokafjárlaga til umfjöllunar í fjárlaganefndinni og fara þar efnislega yfir einstaka liði, en hér við 1. umr. gefst fyrst og fremst tækifæri til að fara lauslega yfir helstu atriði sem að frumvarpinu snúa.

Þá er fyrst til að taka að það er full ástæða til að hrósa hæstv. fjármálaráðherra fyrir það á hvaða degi við erum að ræða um lokafjárlög að þessu sinni. Ég hygg að það sé um tveimur mánuðum fyrr en jafnan hefur verið hin síðustu ár, og full ástæða til að þakka það að frumvarpinu sé skilað fyrr um leið og það er auðvitað sannarlega rétt að eftir 45. gr. ber því að koma fram með ríkisreikningi og ætti að réttu lagi að liggja fyrir í upphafi þings, þ.e. í október á fyrra ári þannig að niðurstöður þess liggi fyrir við fjárlagaumræðuna sjálfa, umræðuna um ríkisfjármálin og afgreiðslu þeirra á haustþingi en komi ekki fyrst til umræðu á vorþinginu. Okkur miðar þó í rétta átt og er ástæða til að þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að standa betur að verki að þessu leyti en verið hefur um leið og við hvetjum hann auðvitað til að standa skil á þessu fyrr en verið hefur.

Meðal annarra atriða sem vert er að fjalla nokkuð um er kannski fyrst og fremst sá þáttur sem Ríkisendurskoðun hefur ár eftir ár gagnrýnt harðlega og við í stjórnarandstöðunni ítrekað vakið athygli á, þær miklu heimildir sem fluttar eru á milli ára en koma ekki til afgreiðslu í fjárlögunum sjálfum. Við sjáum í þessum fjárlögum að liðlega 27,9 milljarðar eru fluttir í ónýttum fjárheimildum á milli ára og 8,7 milljarðar af útgjöldum umfram heimildir. Það þýðir auðvitað að verulega stór hluti af fjárreiðum ríkisins er ákveðinn með millifærslum þessum en ekki í fjárlagagerðinni sjálfri og þeim ákvörðunum sem þar eru teknar. Eins og Ríkisendurskoðun hefur margítrekað bent á ýtir þetta verklag undir lausatök í ríkisfjármálunum, það skortir aðhald og aga í þeim og þær kröfur til áætlanagerðarinnar að hún og fjárheimildirnar haldi. Það er því miður allt of al-

gengt og hefur verið hin síðustu ár að fjárlagaliðir séu langt utan heimilda. Hæstv. fjármálaráðherra bendir sjálfur á að 82 fjárlagaliðir af, að ég hygg, liðlega 400 liðum eru meira en 4% út fyrir heimildir. 65 liðir eru í meira en 10% fráviki og því miður eru margir tugir þessara liða þannig ár eftir ár. Það er engum blöðum um það að fletta að slíkt verklag liðist ekki á hinum almenna markaði. Úr því að hann ber á góma væri auðvitað heldur ekki upp á það boðið að menn væru að ræða fjármál þarsíðasta árs, þ.e. ársins 2005, á fundum sínum árið 2007. Ég held að í hvoru tveggja þessu, þ.e. aðhaldinu með framkvæmd fjárlaganna í flutningi fjárheimilda á milli ára og því hversu hratt hingað koma inn bæði frumvörp til fjáraukalaga og eins lokafjárlögin, þurfi ríkið enn að taka sig verulega á til þess að það megi heita að hér sé styrk og góð fjármálastjórn í fjárreiðum ríkisins. Einmitt það er okkur öllum svo geipilega mikilvægt því að við vitum að hagur landsins og efnahagur bæði atvinnulífsins og heimilanna hvílir í ríkum mæli á því hvernig hér er á haldið. Þess er skemmst að minnast að nýverið var lánshæfi okkar lækkað af alþjóðlegum matsfyrirtækjum með sérstakri tilvísun til ríkisfjármálanna og þess hvernig á þeim hefur verið haldið. Því miður eru þau þannig farin að bitna á atvinnulífinu í landinu. Það á að vera mönnum hvatning til að auka aðhald og aga á allri framkvæmd fjárlaga enda algerlega óviðunandi að 65 liðir fari meira en 10% út fyrir heimildir sínar.

Hæstv. fjármálaráðherra vísar til þess sem vel getur verið tilefni til að skoða, þ.e. hvort setja eigi reglur sem lúta að forstöðumönnum sem fari fram úr tvö ár í röð en ég er hræddur um, virðulegi forseti, að hér sé ekki við forstöðumennina eina að sakast. Það vill þannig til að þeim eru ekki aðeins lagðar fjárheimildir á herðar, þeim eru líka lögð á herðar lögbundin verkefni af hinu háa Alþingi. Það er jafnmikilvægt að þeir fari eftir þeim fjárheimildum sem þeim eru fengnar og eins hitt að ráðuneyti þeirra geri viðunandi og eðlilegar áætlanir um það hver kostnaður verði við framkvæmd þeirra lögbundnu verkefna sem stofnanirnar eiga að framfylgja. Þetta á kannski ekki síst við um stofnanir í heilbrigðiskerfinu sem eiga ekki alltaf hægt um vik með að stýra eftirspurn eftir þjónustu sinni, ef eftirspurn er rétta orðið til að nota um heilbrigðisþjónustu, virðulegur forseti.

Það er líka ástæða til að spyrja sig hvort heimilt sé í 1. gr. í frumvarpi til lokafjárlaga að ráðstafa mörkuðum tekjustofnum í lokafjárlögum einum 935 millj. kr. svo sem þar er gert. Fjárreiðulögin gera ráð fyrir því að fjárheimildirnar sjálfar séu veittar í fjárlögum og fjáraukalögum en ekki lokafjárlögunum. Þau eru fyrst og fremst staðfesting á ríkisreikningi en það eru atriði sem vert er að fjárlaganefndin fari betur yfir í umfjöllun sinni.

Ég ítreka bara þakkir mínar til hæstv. fjármálaráðherra og við munum síðan að lokinni umfjöllun í fjárlaganefnd taka efnisumræðu um lokafjárlögin við 2. umr.

[14:23]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Við erum að ræða lokafjárlög ársins 2005. Mér finnst ástæða til að rifja upp að það eru ekki nema örfá ár síðan þetta var í þeim ólestri að frumvarpið var ekki lagt fram fyrr en löngu seinna, það voru mörg ár sem biðu og hér hefur sannarlega orðið mjög mikil framför. Það er þakkarvert að við skulum vera komin í það far að geta afgreitt þetta svona fljótt. Þetta er nauðsynlegt og vonandi til eftirbreytni.

Um þá tækni sem þetta fjallar um fyrst og fremst, það er spurning um hvernig við færum og hvernig við gerum þetta, má ýmislegt segja eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Helga Hjörvar. Ég hef t.d. oft haft á orði hvort ekki væri ástæða til þess í heild að hætta við markaða tekjustofna, þeir væru bara til að gera þetta allt of flókið og rugla menn í ríminu. Ég hef oft komið með þá hugmynd og get haldið því áfram. Það væri heilbrigðara að vera ekkert með þetta. Það er samt ástæða til þess þegar við komum með fjárlög í þingið að minnast þess að fjárlögin fyrir árið 2005 eru þau fjárlög sem hafa skilað ríkissjóði mestum nettóafgangi í sögu þessa lands. Ég vil gera það aðeins að umræðuefni af því að það kom fram í vetur að lánsfjárhæfi ríkissjóðs hefur lækkað og menn kenndu því um, þessir tæknimenn sem stóðu að því, að það væru fjárlög ríkisins. Ég hef miklar efasemdir um slíkar fullyrðingar.

Það kom fram þá að í meðförum þingsins í fyrra hefði t.d. fjárlagafrumvarpið hækkað, en hvað hækkaði það mikið? Það hækkaði um 1 prómill af landsframleiðslunni. Ég ætla að segja, virðulegur forseti, að það er ekki til í dæminu að nokkrir félagsfræðingar eða hagfræðingar muni nokkurn tíma ráða yfir þeim mælitækjum að geta mælt hvaða áhrif 1 prómill af landsframleiðslu hefur á afkomu ríkissjóðs. Þetta er bara hrein vitleysa, getur ekki verið. Það er ástæða til að segja það hér enn og aftur að afkoma hins íslenska ríkissjóðs er mjög til fyrirmyndar og betri en flestra annarra ríkja í Evrópu, kannski Noregur og Sviss séu þar á sama báti. Það er furðulegt að heyra það alltaf aftur og aftur gagnvart þeirri þenslu sem var hér á síðasta ári — sem er nú horfin, það hefur verið verðbólgulaust land núna í eina fimm mánuði, menn gleyma því, það er 0% verðbólga síðustu fimm mánuði, menn eru alltaf að horfa í baksýnisspegil í staðinn fyrir að líta fram, hér er engin þensla, hér er jafnvægi. Það er ástæða til að spyrja sig: Er það rétt sem menn hafa sagt hér hvað eftir annað og hver að taka upp eftir öðrum, að Seðlabankinn sé einn á vaktinni gagnvart verðþenslunni? Ríkissjóður gerir þar ekkert, segja menn. En ríkissjóður hefur skilað meiri afgangi á undanförnum árum en nokkurn tíma áður hefur þekkst í sögunni. Hins vegar er ástæða til þess, virðulegi forseti, að horfa til þess hver útlánaþenslan hefur verið hjá íslenskum bönkum. Hún er ótrúleg og ég ætla sannarlega að segja frá því rétt einu sinni að þar hefur verið farið fram með miklum glannaskap. Útlánaaukning til fyrirtækja og heimilanna frá 2003 er talin vera um 1.400 milljarðar. Þetta eru gríðarlegar upphæðir og líka ástæða til að spyrja að því enn einu sinni sem ég hef oft gert áður: Hvernig má það vera, þetta mikla innstreymi peninga til Íslands? Hvernig stendur á því að nú streyma inn svo miklir peningar? Er það vegna þess að menn hafa staðið vaktina með því að hækka hér endalaust vexti? Eða getur það verið sem margir hafa haldið fram, og ég kasta þeirri spurningu enn þá einu sinni fram, að það sé hugsanlegt að einmitt þessar miklu vaxtahækkanir virki öfugt, þetta sé gróðrarstía fyrir þá sem vilja vera í spekúlasjón, þeirra sem eru að reyna og sannarlega ná árangri með því

að veðja á vaxtamismuninn?

Virðulegi forseti. Hér á landi núna erum við í mjög góðri stöðu. Ríkissjóður hefur aldrei staðið betur, íslenska samfélagið hefur aldrei staðið betur og mér finnst ástæða til að fagna því. Nettóskuldir íslenskra heimila eru taldar einhverjar þær lægstu í Vestur-Evrópu svo að ég komi því að í þessari umræðu, einhverjar þær lægstu. Íslendingar eru líklega miðað við höfðatölu ríkasta þjóðin í heiminum Við erum með eignir í lífeyrissjóðunum upp á 1.200 milljarða, þar af 500 milljarða sem við ávöxtum erlendis með gríðarlega góðum árangri. Það er ástæða til að vekja athygli á þeirri umræðu sem núna er í gangi í fjölmiðlum Íslands um reikningsuppgjör, hið alþjóðlega reikningsuppgjör sem ég efast ekki um að sé rétt, sem tekur ekki tillit til ávaxtanna af fjárfestingum lífeyrissjóðanna. Því hefur verið haldið fram að ef það væri gert væri viðskiptahallinn á Íslandi á síðasta ári 100 milljörðum minni en reiknað er. Ef þetta er rétt er ástæða til að horfast í augu við það að Ísland er í dag, á árinu 2007, kannski með viðskipti við útlönd sem eru mjög nálægt því að vera núll, viðskiptahallinn sé enginn. Ég velti þessu upp, virðulegi forseti, það er ástæða til að vekja athygli á þessari umræðu. Við höfum ástæðu til þess um leið og við fögnum því að við erum að fara yfir þetta frumvarp núna svona snemma, við munum taka til efnislegrar meðferðar í meðförum fjárlaganefndar þá tækni sem þarna er um að ræða. Það er sannarlega ástæða til að tala þar um það og fara í gegnum það og við skulum þá fara yfir það aftur í seinni umræðunni.

Það er mikið fagnaðarefni að svo skuli vera komið að við skulum vera að ræða þessi fjárlög núna og það er janúarmánuður enn þá. (**Gripið fram í:** Þetta er allt of jákvætt ... fjárlögin ...)

[14:30]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf gaman þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur í ræðustól og talar um efnahagsmál og ríkisreikning, fjárlög, skuldastöðu heimilanna o. fl. Ég hef aðeins eina spurningu til hv. þingmanns af því að hann minntist á Seðlabankann. Er hv. þingmaður sáttur við það ferli sem hefur verið hjá Seðlabankanum og allar þær stýrivaxtahækkanir sem dunið hafa yfir íslenska þjóð undanfarna mánuði?

[14:31]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að það sé óskylt þessu máli þá er sjálfsagt að svara spurningu hv. þingmanns. Síðastliðið sumar komu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins sér saman um að breyta samningum og hækka launin og töldu það vera rétt spor til að búa til nýjar væntingar um að við værum að fara út úr verðþenslunni. Ríkisstjórn Íslands studdi þær aðgerðir heils hugar. Seðlabanki Íslands var á móti þeim aðgerðum og taldi þar rangar. Ég hef ekki farið leynt með það, hvorki í ræðu né riti, að ég tel þær hækkanir á vöxtum sem Seðlabankinn hefur staðið fyrir síðan, sem eru þrjár ef ég man rétt, hafi verið mjög vanhugsaðar og rangar.

[14:32]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Getur hv. þingmaður upplýst þingheim um það hver er aðalseðlabankastjóri Íslands í dag?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fjarskipti, 1. umr.*

Stjfrv., 436. mál (öryggi í fjarskiptum og aukin neytendavernd). — Þskj. 547.

[14:32]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

Megintilgangurinn með frumvarpinu er að auka öryggi í fjarskiptum, auka neytendavernd og að styrkja ákvæði laganna er fjalla um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs.

Frumvarpið er að hluta byggt á starfi starfshóps sem ég skipaði vorið 2005 til að fjalla um öryggi í fjarskiptum. Hópnum var falið að vinna tillögur um öryggi fjarskipta í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið, Auðlindir í allra þágu, og að hafa til hliðsjónar markmið fjarskiptaáætlunar. Markmið starfsins var að einfalda stjórnsýslu og efla öryggi við notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni, sem og þjónustu við borgarana.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á hugtakinu fjarskiptaþjónusta. Í núgildandi lögum er hugtakið skilgreint nokkuð rúmt en í framkvæmd hefur verið lögð nokkuð þrengri merking í hugtakið en orðalag þess gefur beinlínis tilefni til. Í framkvæmd hefur internetsþjónusta þannig ekki verið álitin falla undir hugtakið fjarskiptaþjónusta. Sú framkvæmd er hins vegar ekki í fullu samræmi við rammatilskipun Evrópusambandsins um fjarskipti en þar er gert ráð fyrir að tölvupóstsþjónusta og netaðgangur falli undir gildissvið tilskipunarinnar. Því eru lagðar til breytingar á skilgreiningu á hugtakinu fjarskiptaþjónusta þannig að tekinn er af allur vafi um að tölvupóstsþjónusta og netaðgangur teljist jafnframt til fjarskiptaþjónustu.

Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til breytingar sem eiga að stuðla að aukinni neytendavernd. Í fyrsta lagi er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun verði heimilað að setja reglur um vernd, virkni og gæði IP-fjarskiptaþjónustu en með slíkum reglum er stuðlað að bættri þjónustu í upplýsingasamfélaginu og neytendum m.a. gert auðveldara að meta gæði netþjónustunnar og gera verðsamanburð.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði upp ákvæði sem kveður á um sex mánaða hámarksbinditíma sem heimilt verður að semja um í samningi milli fjarskiptafyrirtækis og áskrifenda. Tilgangur þess er að liðka fyrir samkeppni og auka neytendavernd.

Í þriðja lagi er kveðið á um rétt áskrifenda talsímaþjónustu til að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða breytt til samræmis við túlkun Evrópudómstólsins í þeim rétti. Í því felst að kveðið er á um það með skýrum hætti að áskrifendur eigi rétt á að fá sundurliðaðan lista

allra símtala svo þeir geti sannprófað hvort símreikningur þeirra sé í samræmi við raunverulega notkun.

Þá er í frumvarpinu lagt til að fjarskiptafyrirtækjum verði gert skylt að miðla staðsetningarupplýsingum til félaga og stofnana sem annast neyðarþjónustu en í núgildandi lögum er þeim það einungis heimilt. Ljóst er að staðsetning á uppruna neyðarsímtala er afar brýn forsenda fyrir skilvirkni og viðbragðsfljótri neyðarþjónustu. Því hefur verið í fjarskiptalögum undanþáguheimild fyrir fjarskiptafyrirtæki til að miðla staðsetningarupplýsingum til félaga og stofnana sem annast neyðarþjónustu. Fjarskiptafyrirtæki sem veita hefðbundna símaþjónustu í fasta- og farsímanetum miðla þessum upplýsingum í dag til Neyðarlínunnar á grundvelli samkomulags við hana. Í ljósi reynslunnar af því hversu mikilvægar upplýsingarnar hafa reynst Neyðarlínunni þykir hins vegar rétt að gera þeim það skylt.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á ákvæði um óumbeðin fjarskipti. Þar er lagt til að ákvæði laganna er fjalla um óumbeðin fjarskipti taki ótvírætt til farsíma og einnig til smáskilaboða við beina markaðssetningu þegar markpóstur er sendur með smáskilaboðum. Þá er lögð til breyting þess efnis að áskrifandi eigi rétt á að vita hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingum til grundvallar.

Að undanförnu hefur borið á því að rafræn skilaboð, svo sem SMS, hafi verið notuð til að kynna vörur og þjónustu. Víða erlendis hefur þessi aðferð við markaðssetningu verið talsvert mikið notuð. Því má búast við að þessi aðferð verði í vaxandi mæli notuð til þess að koma á framfæri auglýsingum við neytendur hér á landi.

Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á ákvæði fjarskiptalaga er fjallar um öryggi og þagnarskyldu en rétt þykir að setja ítarlegar reglur um þær kröfur sem eðlilega verður að gera til öryggis fjarskipta.

Í fyrsta lagi er kveðið á um með ótvíræðum hætti að fjarskiptafyrirtæki skuli verja upplýsingar sem fara um fjarskiptanet þeirra gegn því að þær glatist, skemmist eða breytist fyrir slysni eða óviðkomandi fái aðgang að þeim.

Í öðru lagi er gerð sú krafa að fjarskiptafyrirtæki skjalfesti skipulag upplýsingaöryggis með því að setja sér öryggisstefnu, gera áhættumat og ákveða öryggisráðstafanir á grundvelli þess. Í þessu sambandi skal Póst- og fjarskiptastofnun setja reglur þar sem mælt er fyrir um þær kröfur sem gerðar eru til skipulags upplýsingaöryggis.

Í þriðja lagi er kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki skuli gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja samfelldan og óraofinn rekstur almennra fjarskiptaneta. Hér er um að ræða mjög mikilvægan þátt í fjarskiptaþjónustu sem lýtur í senn að gæðum þjónustunnar og öryggi fjarskipta. Í þessu sambandi er einnig gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur um virkni almennra fjarskiptaneta.

Í fjórða lagi er kveðið á um bann við hlustun, upptöku, geymslu eða hlerun fjarskipta með öðrum hætti. Í gildandi ákvæði 47. gr. fjarskiptalaga er ekki að finna slíka bannreglu með nægilega skýrum hætti og því þykir rétt að taka af allan vafa þar að lútandi og lögfesta bannregluna með berum orðum.

Í fimmta lagi er lagt bann við notkun búnaðar sem komið er fyrir í endabúnaði notenda til að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnum hans nema í lögmætum tilgangi og með vitund hlutaðeigandi notanda.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[14:40]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Það fyrsta sem kemur upp í hugann er spurningin af hverju við þurfum að breyta lögum um fjarskipti frá árinu 2003 svo snemma, fjórum árum síðar, en það er auðvitað eðlilegt og tímanna tákn um þann mikla hraða sem er í fjarskiptum, fjarskiptaþjónustu og öðru slíku. Þetta eru lög sem við megum reikna með að þurfa að taka oft til endurskoðunar á hinu háa Alþingi, bæta við og fella úr eftir aðstæðum og það er í sjálfu sér mjög jákvætt að slíkt sé gert. Það er því ekki vegna þess að lögin sem hér er verið að leggja til að breyta hafi verið slæm, alls ekki. Það má ekki skilja orð mín þannig.

Eins og fram kom hjá hæstv. samgönguráðherra er megintilgangurinn með frumvarpinu að auka öryggi í fjarskiptum, auka neytendavernd og að styrkja ákvæði laganna sem fjalla um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins. Þetta eru fjögur atriði sem vonandi allir á hinu háa Alþingi geta tekið undir þó svo að stundum kastist í kekki og stundum verði uppi ágreiningur um hversu langt skuli ganga á persónuverndina í sambandi við fjarskipti. Kemur þá upp í hugann frumvarp eða lög sem rædd voru fyrir einu eða tveimur árum síðan um hversu langt lögregla geti gengið til að ná í IP-tölur og annað slíkt og um dómsuppkvaðningu og annað. Þetta eru auðvitað hlutir sem eru oft á dálítið gráu svæði og þarf að fjalla um. Þetta eru hlutir sem stundum skarast óþægilega. Stundum ganga menn e.t.v. svolítið inn á persónuverndina sem er þá gert til þess í rauninni að auka, ef svo má að orði komast, persónuvernd í leiðinni gegn alls konar glæpum og slíku. Þarna er því vandratað.

Virðulegi forseti. Þar sem ég sit í samgöngunefnd og frumvarpinu er vísað þangað munum við fjalla um það þar eins og við gerðum með fjarskiptalögin á sínum tíma. Þar verður farið yfir málið á sama hátt og við höfum gert í samgöngunefnd hingað til, kallað eftir umsögnum og öðru. Ég vona að í þessu frumvarpi séu ekkert annað en góðar breytingar miðað við þær tæknibreytingar sem hafa átt sér stað og allt að því tæknibylting.

Það er margt athyglisvert í frumvarpinu eins og t.d. það sem kemur fram í 7. gr. þar sem festa á í lög að hægt verði að fá upplýsingar um staðsetningu á uppruna neyðarsímtala eins og þarna er kveðið á um. Það er auðvitað mjög mikilvægt og verður til mikilla hagsbóta fyrir alla notendur og almenning. Við höfum dæmi um að það hafi skilað sér vel. Við höfum líka dæmi um það að staðsetningar á símum hafi jafnvel orðið til þess að upplýsa glæpi. Það hefur að sjálfsögðu verið gert eftir dómsuppkvaðningu um að fylgjast megi með því. Hérna er kveðið á um staðsetningu á uppruna neyðarsímtala og hvernig það er gert og bundið í lög en hingað til hefur það verið gert með samningi á milli aðila eins og hér hefur komið fram.

Einnig er fjallað töluvert mikið um það slæma við alla þá byltingu og nýjungar sem hafa orðið, sama hvort það er tölvupóstur, SMS- eða MMS-skilaboð, þ.e. þegar hlaðið er á notendur því sem stundum er kallað ruslpóstur og ruslskilaboð. Þótt vafalaust séu margir tilbúnir til að fá skilaboð í gemsana sína, fá SMS-skilaboð með auglýsingum og öðru slíku, eru aðrir sem ekki eru hrifnir af slíku og til þess er einfaldlega merkingin í símaskrá, sama hvort hún er í pappírsformi eða rafrænu formi, að menn virði merkingarnar og þau skilaboð sem þar koma fram um að fólk vilji ekki láta hlaða á sig alls konar skilaboðum, sama hvort þau eru í tölvupósti eða rafrænum skilaboðum.

Virðulegi forseti. Ég held að ekki þurfi að orðlengja þetta meira við 1. umr. Eins og fram hefur komið fer málið til samgöngunefndar og ég er viss um að það verður tekið fljótt og vel fyrir og rætt þar. Ég vona, án þess að ég sé búinn að kemba í gegnum allt málið, að þetta sé gott frumvarp sem verði, eins og megintilgangurinn segir til um, til að auka öryggi í fjarskiptum, auka neytendavernd og styrkja ákvæði laganna sem fjalla um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins.

[14:46]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að grípa boltann þar sem hv. þm. Kristján Möller sleppti honum. Ég vonast einnig til að þetta frumvarp færi málin til betri vegar. Vissulega má laga ýmislegt í fjarskiptunum, að ég tali ekki um mismunandi aðgang landsmanna að þeim en það umræðuefni verður að bíða betri tíma. Það er sorglegt dæmi sem bæði skólar, heimili og atvinnurekendur mega sætta sig við enn um stund.

Ég er ekki viss um að ég hafi tekið rétt eftir en held þó að hæstv. samgönguráðherra hafi sagt að Póst- og fjarskiptastofnun skyldi setja reglur varðandi ráðstafanir til að stuðla að bættri vernd, virkni og gæðum IP-fjarskiptaþjónustu sem fjallað er um í 6. gr. Hafi hæstv. ráðherra ekki verið að tala um þá grein þá ætla ég að láta í ljós þá skoðun mína að ástæða sé til að kveða skýrt á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli setja reglur um slíkar ráðstafanir. Það sem upp er talið í 6. gr. og fellur undir þetta ákvæði eru mjög mikilvægt atriði. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að það sé það sem ráðherra talaði um.

Ég er almennt þeirrar skoðunar að orða eigi lög þannig að allur almenningur geti skilið þau án aðstoðar sérfræðinga. Ég tel ekki að svo sé í þessu tilfelli. Mig rennir í grun hvað átt er við í 9. gr. en þrátt fyrir að ég lesi skýringarnar með greininni get ég ekki verið viss um hvað átt er við, t.d. með hlítingu við tiltekna staðla. Ég reikna með að átt sé við að ljóst eigi að vera hversu nákvæmlega eigi að fara eftir eða nálgast einhverja staðla. En það er ekki skýrt í lagatextanum þannig að venjuleg manneskja sem er ekki sérstaklega inni í tölvumáli skilji það. Ég er alveg viss um að hægt væri að gera þetta betur. Þjónustan við almenning er stöðugt að aukast og stöðugt að verða mikilvægari. Jafnframt verður mikilvægara að almenningur skilji rétt sinn og geti leitað sér upplýsinga um hann í lagabókstaf og reglugerðum. Ég tel að skýra þurfi þetta betur í textanum eða lagagreininni sjálfri.

Mér finnst dálítið furðulegt orðalag í c-lið 2. málsgreinar, þar sem talað er um raunlæga vernd almennra fjarskiptaneta. Ég efast ekki um að tölvumenn skilji þetta og sérfræðingar en ég er ekki viss um hvað við er átt. Þetta verður rætt í samgöngunefnd. Ég vona að sérfræðingar ráðuneytisins komi með tillögur að breytingum, þ.e. á orðalagi sem við í nefndinni ráðum ekki við sjálf þar sem við erum ekki tölvusérfræðingar.

Við munum örugglega geta sammælst um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli setja ráðstafanir til að stuðla að bættri vernd virkni og gæðum IP-fjarskiptaþjóustu en í 6. gr. er aðeins talað um heimild til að setja reglur.

[14:51]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir undirtektir við frumvarpið. Ég vildi koma örlítið inn á það sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir velti fyrir sér varðandi 6. gr. frumvarpsins um gæði þjónustu. Breytingin sem þar er gert ráð fyrir á 41. gr. gildandi laga er sú að fjarskiptafyrirtæki skuli viðhafa ráðstafanir til að stuðla að bættri vernd, virkni og gæðum IP-fjarskiptaþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um slíkar ráðstafanir þar um o.s.frv. Ég vísa til þess sem kemur fram í lagatextanum. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni þannig að það er mikilvægt að stofnunin setji skýrar og ákveðnar reglur um þetta og þess vegna er hert á þessu ákvæði í gildandi lögum.

Á þessum harðsnúna samkeppnismarkaði, sem fjarskiptamarkaðurinn er orðinn, þarf að halda fyrirtækjunum við efnið. Um þau þurfa að gilda skýr ákvæði í lögum. Þess vegna er skerpt á því sem fyrir er í lögunum.

Varðandi nýyrðin í textanum sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir vakti athygli á, eins og segir í 47. gr. um öryggi, þagnarskyldu og fleira, þar sem talað er um hlítingu við tiltekna staðla. Þarna er hið yndislega orðafar í íslensku sem reynt er að fella að tækniorðum. Í þessu tilviki snýst það um að viðkomandi skuli hlíta tilteknum stöðlum. Ég held að það væri fróðlegt fyrir samgöngunefnd að fá gagnorða og góða íslenskufræðinga til að líta á þetta. Tækniorðasafnið er orðið býsna gott hjá okkur en allt sem snýr að regluverkinu þarf hins vegar að skiljast. Þess vegna er mikilvægt að nefndin fari yfir þetta og fái góðar skýringar á þessu. En fyrir mér er þetta skiljanlegt enda eru fjarskiptalögin búin að fara nokkrar hringferðir í gegnum þingið. Ég hef þurft að leggja töluvert mikið á mig til að kynna mér allan þann texta og ég held að hann sé allur að batna.

Virðulegi forseti. Ég held að fleira hafi ekki komið fram í ræðum hv. þingmanna. Ég þakka fyrir undirtektir þeirra og vænti þess að samgöngunefnd fari vandlega yfir málið. Það er mikilvægt fyrir okkur, í ljósi umræðunnar upp á síðkastið, um netið og aðgang að því og það sem flæðir um netið, að tryggja öryggið á þeim vettvangi.

[14:55]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Einmitt vegna þess að tölvu- og tæknimálið er flókið þá tel ég að færa eigi það yfir á skiljanlega íslensku öllum almenningi, í því sem heitir skýringartexti með lögunum. Það tel ég ekki að hafi verið gert nægilega

vel í því tilfelli sem ég tilgreindi áðan. En mér heyrðist hæstv. ráðherra ekki endilega vera á því að kveða þyrfti á um það í 6. gr. að Póst- og fjarskiptastofnun skyldi setja reglur um ráðstafanir sem fjarskiptafyrirtækin eiga að viðhafa heldur verði það sett í þeirra hendur hvernig reglurnar skuli vera, a.m.k. í fyrstu atrennu.

Hæstv. ráðherra talaði um að þetta væri harðsnúinn markaður. Einmitt þess vegna tel ég að Póst- og fjarskiptastofnun eigi að setja reglur. Ég tel ekki nóg að hafa í lögunum heimildarákvæði til að vernda neytandann. Á þessum harðsnúna markaði tíðkast mikil gylliboð sem neytandanum er ekki auðvelt að sjá í gegnum. Mér finnst að Póst- og fjarskiptastofnun eigi að sjá til þess að fyrirtækin hlíti reglum sem geri hinum almenna neytanda, sem hefur ekki sérstaka innsýn í tæknimálið, auðvelt að átta sig á hvað er verið að selja viðkomandi.

[14:57]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í ræðu minni þá fer ekki á milli mála að samkvæmt frumvarpinu segir í 6. gr.:

„Fjarskiptafyrirtæki skulu viðhafa ráðstafanir til að stuðla að bættri vernd, virkni og gæðum IP-fjarskiptaþjónustu.“

Fjarskiptafyrirtækjum er enginn afsláttur gefinn af því í lagatextanum. Síðan er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að setja reglur um slíkar ráðstafanir þar sem nánar yrði mælt fyrir um það sem greint er frá í stafliðum a–g, sem ég ætla ekki að lesa upp. En áherslan er alveg skýr hvað varðar breytingarnar sem við gerum núna, að fjarskiptafyrirtækin skulu gera ráðstafanir. Það er aðalatriði málsins. Það er síðan sett í vald Póst- og fjarskiptastofnunar sem hefur eftirlit með þessum markaði hvernig og hvort skerpa skuli þær reglur sem hér um ræðir. En af minni hálfu fer ekki á milli mála að við ætlumst til þess að fjarskiptafyrirtækin standi sig.

[14:59]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Málið er einmitt að það er sett í hendur fjarskiptafyrirtækjanna í fyrstu atrennu að meta það hvað sé nægileg vernd, virkni og gæði IP-þjónustunnar fyrir viðskiptavininn. Mín skoðun er hins vegar að Póst- og fjarskiptastofnun eigi strax að gera mat á því hversu góð verndin, virknin og gæðin eigi að vera, einmitt vegna þess hversu flókið málið er. Það verður því ekki jafnauðvelt að gera leiðréttingar þegar fram í sækir, hvorki fyrir fyrirtæki né einstaklinga.

Ég hef í höndum dæmi um fjarskiptafyrirtæki sem hefur kvartað til Samkeppnisstofnunar vegna dráttar á afgreiðslu kærumála. Annað kærumálið orðið yfir þúsund daga gamalt. Það segir sig sjálft að ef ekki eru í lögum góð og skýr fyrirmæli til að vernda viðskiptavininn, einstaklinginn, þá er þeim mun meiri hætta á að einhvers staðar sé pottur brotinn. Hjá Póst- og fjarskiptastofnun starfa sérfræðingar sem eiga að vinna fyrir almenning. Þeir eiga að starfa fyrir almenning frá fyrstu hendi, ekki einungis vera í einhverjum eftirlitsmálum heldur setja reglurnar frá upphafi.

[15:01]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Þetta mál er þarft og nauðsynlegt auðvitað að skýrar, ákveðnar og afmarkaðar reglur séu bæði fyrir símafyrirtækin til að starfa eftir og ekki síður fyrir viðskiptavinina svo að þeir geti verið í góðri trú um að sú þjónusta sem keypt er sé veitt og þar sé öryggi sem viðheldur persónuvernd og því sem eðlilegt er. Hér segir: „Bann við að komið sé fyrir hugbúnaði í endabúnaði notanda án samþykkis þeirra. Notendur almennrar tal- og farsímaþjónustu sem liðar í markaðssetningu virði bannmerkt símanúmer í símaskrám.“ Og fleiri atriði eru þarna tekin.

Ég get líka tekið undir að það er nauðsynlegt að íslensk tunga sé aðgengileg við lagasetninguna þannig að hinn almenni notandi sem hyggst fletta upp í lagatextanum skilji réttarstöðu sína.

Allt er þetta mál í góðum farvegi og verður væntanlega unnið vel og í góðri samvinnu við hv. samgöngunefnd. Ég efa ekki að við munum kalla til okkar fulltrúa hjá Póst- og fjarskiptastofnun og vinna þá enn betur að þessu máli ef nefndarmönnum sýnist sem þarna þurfi að hnykkja á, einkum þar sem lýtur að öryggisþáttum viðskiptavina símafyrirtækjanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vegalög, 1. umr.*

Stjfrv., 437. mál (heildarlög). — Þskj. 548.

[15:03]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til nýrra vegalaga. Það var samið af nefnd sem skipuð var af samgönguráðherra þann 17. janúar 2006 í því skyni að endurskoða vegalögin, nr. 45/1994, og skila niðurstöðum í formi frumvarps til nýrra vegalaga.

Aðdragandi að þessari endurskoðun vegalaganna er nokkuð lengri, frá árinu 2003 þegar samgönguráðherra skipaði vinnuhóp til að fara yfir gildandi vegalög. Í áfangaskýrslu vinnuhópsins sem skilaði í nóvember 2003 er lagt til að heildarendurskoðun vegalaga fari fram frekar en breytingar á einstökum ákvæðum þeirra. Í skýrslunni eru rakin ýmis sjónarmið um þá þætti sem taka mætti til skoðunar við endurskoðun laganna. Við samningu frumvarpsins sem hér er kynnt var horft til þeirrar áfangaskýrslu.

Í nefndinni sem skipuð var til að endurskoða vegalögin áttu sæti 11 nefndarmenn víðs vegar að úr þjóðfélaginu. Má þar nefna alþingismenn, bæjarfulltrúa, fulltrúa Vegagerðarinnar, Umferðarstofu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins. Einnig störfuðu með nefndinni starfsmenn Vegagerðarinnar og samgönguráðuneytisins.

Niðurstaða þessa nefndarstarfs var tillaga að frumvarpi til nýrra vegalaga sem nefndin skilaði með bréfi til mín þann 11. október 2006. Við samningu frumvarpsins hafði nefndin hliðsjón af áðurnefndri áfangaskýrslu og var lögð áhersla á að skoða stjórnskipulag og verkaskiptingu með hliðsjón af kröfum um aðskilnað stjórnsýslu og þjónustu.

Nefndin skoðaði einnig uppbyggingu laganna með það fyrir augum að hafa meiri aðskilnað milli ákvæða um Vegagerðina og ákvæða um veghaldið. Einnig skoðaði nefndin flokkun vega, skipulagsmál og samskipti Vegagerðar og sveitarfélaga.

Við endurskoðun frumvarpsins var sérstaklega litið til umferðaröryggismála og aukinna krafna á því sviði sem og umhverfismála, svo sem hljóðvistar í þéttbýli með hliðsjón af kostnaðar- og verkaskiptingu milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna.

Í frumvarpi því sem nefndin lagði til er m.a. nýr flokkur vega, sveitarfélagavegir, sem tekur yfir alla vegi sem samkvæmt gildandi lögum eru safnvegir auk hluta þeirra vega sem kallast tengivegir. Lagði nefndin til tilflutning á veghaldi þessara vega til sveitarfélaga. Samhliða var lagt til að sveitarfélögin fengju úthlutað fé af mörkuðum tekjustofnum þeirra til vegagerðar og að gerð yrði grein fyrir heildarfjárveitingu þeirra í vegáætlun. Var jafnframt gert ráð fyrir að þetta ætti sér hæfilegan aðdraganda og því kveðið á um í bráðabirgðaákvæði samkvæmt tillögunum að þetta ákvæði taki ekki gildi fyrr en árið 2009 og að yfirfærslan gæti tekið allt að tvö ár frá þeim tíma eða allt til ársins 2011.

Ekki náðist hins vegar samstaða innan nefndarinnar um þetta atriði frumvarpsins og skiluðu þrír nefndarmenn séráliti þar sem fram kom að þeir teldu ótímabært að færa verkefni á sviði vegamála frá ríki til sveitarfélaga þar sem það mál væri enn órætt á vettvangi sveitarfélaganna. Í séráliti er tekið fram að ekki sé lagst gegn þessari hugmynd en til að svo megi verða þurfi að kynna málið betur fyrir sveitarstjórnarmönnum, einnig verði fjármögnun að liggja ljósari fyrir og vera betur tryggð en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eftir að nefndin hafði skilað áliti sínu fór fram áframhaldandi vinna við frumvarpsdrögin hjá starfsmönnum samgönguráðuneytis og Vegagerðarinnar og voru m.a. athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins unnar á þeim vettvangi.

Vegna framangreinds sérálits þriggja nefndarmanna var ákveðið að hverfa frá tillögunni um tilfærslu veghalds til sveitarfélaganna. Ég taldi ekki skynsamlegt að ganga gegn sjónarmiðum fulltrúa sveitarfélaganna og féll þess vegna frá þeim hugmyndum sem uppi voru. Í staðinn er lagt til að Vegagerðinni sé heimilt að fela sveitarstjórn veghald ákveðinna vega innan sveitarfélagsins, svokallaðra héraðsvega, sem er einn undirflokkur þjóðvega, ef þess væri óskað af hálfu sveitarstjórna á viðkomandi stað. Er jafnframt lagt til að eigi slíkur tilflutningur veghalds sér stað renni fjárveitingar sem ætlaðar eru til þessara vega óskertar til sveitarfélagsins sem tekur að sér veghaldið. Með þessu var verið að koma til móts við þau sveitarfélög sem óska eftir því að taka að sér veghald innan sveitarfélagamarkanna.

Eftir að frumvarpið var kynnt í ríkisstjórn voru gerðar tvær breytingar á því vegna athugasemda frá umhverfisráðuneytinu. Um er að ræða breytingar á 2. mgr. 7. gr., en þar er fjallað um heimild Vegagerðarinnar til að gera vegaskrá yfir aðra vegi en þjóðvegi. Breytingin á ákvæðinu felst í því að svokallaðir vegir og vegslóðar breytist í vegi í náttúru Íslands.

Einnig var gerð breyting á 41. gr., um að við lagningu og viðhald vega skuli þess gætt að valda ekki meiri áhrifum á umhverfi og samfélagi en nauðsynlegt er. Að ábendingu umhverfisráðuneytisins var tekin út tilvísun til samfélagsins þar sem tilvísun til umhverfis taki jafnframt til samfélagsins í heild en að öðru leyti er ákvæðið óbreytt.

Greinargerð með frumvarpinu var jafnframt breytt til samræmis við þær ábendingar sem komu frá umhverfisráðuneytinu.

Að auki voru gerðar tvær breytingar vegna ábendinga úr landbúnaðarráðuneyti. Snýr önnur þeirra að ákvæði um bann við lausagöngu búfjár en í frumvarpstillögunni var bannið útvíkkað til þjóðvega. Í gildandi lögum nær það til stofnvega og tengivega sem eru flokkaðir innan þjóðvega. Var þá horfið frá þeirri útvíkkun þannig að það er áfram látið ná eingöngu til þessara tveggja vegflokka.

Hin breytingin varðar eignarnámsheimildina þar sem í frumvarpsdrögunum hafði verið horfið frá því að ráðherra gæti heimilað eignarnám vegna hvers konar einkavega og stíga eins og heimilt er samkvæmt gildandi lögum. Nauðsynlegt var talið að hafa slíka heimild áfram í lögunum og var henni því bætt við vegna eignarnámsheimildar í 37. gr. frumvarpsins. Greinargerð með frumvarpinu var einnig breytt til samræmis við þessar breytingar. Ég tel ástæðu til að geta þessa vegna þess að hér er um mikilsverð atriði að ræða.

Í frumvarpinu, eins og það er hér lagt fram, er að finna ýmis nýmæli og eru þau helstu eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til það nýmæli að kveða sérstaklega á um hlutverk Vegagerðarinnar. Í gildandi vegalögum segir að Vegagerðin sé veghaldari þjóðvega. Að öðru leyti er hlutverk stofnunarinnar ekki skilgreint sérstaklega, heldur er það að finna í einstökum ákvæðum á víð og dreif í löggjöfinni.

Hjá vegalaganefndinni kom til skoðunar hvort ástæða væri til að gera breytingar á skipan laga um Vegagerðina og hlutverk hennar. Kom þar tvennt til greina, annars vegar að sett yrðu sérstök lög um stofnunina og hlutverk hennar eða kveða á um þetta í vegalögum. Nefndin ákvað að taka síðari kostinn og er því hér í frumvarpinu lagt til það nýmæli að kveðið er á um hlutverk Vegagerðarinnar í sérstöku ákvæði 5. gr.

Það er þó ekki um tæmandi talningu að ræða, heldur eru einungis helstu verkefni stofnunarinnar tilgreind og gert ráð fyrir að nánar megi útfæra þau með reglugerð. Með þessu er ekki verið að leggja til neinar róttækar breytingar á hlutverki Vegagerðarinnar eins og það er nú. Hlutverk hennar verður áfram framkvæmd vegamála og veghald, aðstoð við mótun stefnu stjórnvalda í samgöngumálum, umsjón og eftirlit með útboðum almenningssamgangna sem njóta ríkisstyrkja og framkvæmd er varða leyfisskylda starfsemi sem Vegagerðinni er falin lögum samkvæmt.

Þær breytingar sem verða á hlutverki stofnunarinnar endurspeglast fyrst og fremst í ákvæðum frumvarpsins almennt þar sem mikil áhersla er lögð á umferðaröryggissjónarmið og er Vegagerðinni falið ákveðið hlutverk er það varðar enda heyra umhverfisöryggismál undir samgönguráðuneytið.

Þá er rétt að nefna það nýmæli að Vegagerðinni er fengin heimild til að taka þátt í stofnun félags sem tekur að sér

að sinna verkefnum sem stofnuninni eru falin. Þetta er í takt við þá þróun að verkefni opinberra stofnana eru að flytjast í æ ríkara mæli í hendur þriðja aðila og því rétt að þessi heimild sé fyrir hendi alveg skýr og klár.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar er varða flokkun vega. Þær breytingar sem lagðar eru til miða að því að flokkun vega sé skýrari og heildstæðari en í gildandi lögum og er megináherslan lögð á samfellt vegakerfi alls landsins.

Meðal helstu breytinga er lagt til að vegakerfi landsins skiptist í fjóra meginflokka, þjóðvegi, sveitarfélagavegi, einkavegi og almenna stíga. Þjóðvegum er síðan skipt upp í fjóra undirflokka, stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Almennir stígar skiptast í reiðstíga annars vegar og hjólreiða- og göngustíga hins vegar. Þessar breytingar eiga að gera flokkun vega skýrari og heildstæðari en er í gildandi lögum. Er megináherslan á samfellt vegakerfi landsins og verður með þessu til samfellt flokkað vegakerfi sem nær til allra þéttbýlisstaða og byggðra bóla utan þéttbýlis auk þeirra flugvalla og hafna sem eru mikilvægar fyrir flutninga- og ferðaþjónustu.

Meðal helstu nýmæla annarra er nýr vegflokkur sem kallast sveitarfélagavegir og nýr undirflokkur þjóðvega sem eru héraðsvegirnir. Sveitarfélagavegir eru vegir í þéttbýli sem eru í umsjón sveitarfélaga og kallast samkvæmt gildandi lögum almennir vegir. Auk þess munu teljast til þess vegflokks nokkrir vegir sem í dag eru stofn- eða tengivegir.

Héraðsvegir eru þjóðvegir og teljast til þeirra vegir sem samkvæmt gildandi lögum eru hluti af tengivegum en auk þess er heimilt að fella þar undir vegi að stórum sumarbústaðahverfum. Það er nýmæli.

Þá er lagt til það nýmæli varðandi einkavegi að kveðið er á um eignarhald þeirra og er gert ráð fyrir að slíkir vegir geti einnig verið í eigu opinberra aðila.

Einnig er það nýmæli að skýrar er kveðið á um stöðu almennra stíga og að þeir séu hluti af vegakerfi landsins. Til almennra stíga teljast göngu-, hjólreiða- og reiðstígar sem ætlaðir eru til almennrar umferðar en tilgangur þess er m.a. að stuðla að auknu öryggi óvarinnar umferðar.

Í þriðja lagi eru gerðar breytingar er varða veghald vega. Er þar fyrst að nefna að ákvæðum um veghald er skipað í sérstakan kafla um veghald en svo er ekki í gildandi lögum. Þykir skýrara að hafa á einum stað ákvæði þar sem skýrt er kveðið á um veghaldið sjálft, skyldur veghaldara og með hvaða hætti haft sé eftirlit með veghaldi og úrræði ef út af er brugðið.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem skýra eiga ábyrgð og forræði á veghaldi. Sú meginregla gildir áfram að veghald er í höndum þess sem telst eigandi eða umsjónaraðili vegar. Er skýrt kveðið á um hver er veghaldari viðkomandi vegflokks og þá meginskyldu hans að bera ábyrgð á veghaldinu en ekkert sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum. Í samræmi við áherslur frumvarpsins um öryggi umferðar og að umferð eigi greiða og góða leið er lagt til að veghaldara beri að gæta umferðaröryggis- og umhverfissjónarmiða eins og mögulegt er við veghaldið. Jafnframt er áréttað að taka skuli tillit til náttúru og minjaverndar veghaldsins og er það í samræmi við kröfur tímans um verndun náttúrunnar. Gildir þetta um alla veghaldara en hver það er ræðst af flokkun vega. Þannig hefur Vegagerðin veghald þjóðvega, sveitarfélögin veghald sveitarfélagavega og eigendur einkavega veghald þeirra. Áfram er gert ráð fyrir að vegamálastjóri hafi heimild til að framselja veghald einstakra kafla þjóðvega til þriðja aðila og honum er þar með heimilt að gera samninga um einkaframkvæmd — og vil ég sérstaklega árétta það — tiltekinna vegamannvirkja eins og nánar er ákveðið í samgönguáætlun. Sérstaklega er kveðið á um heimild vegamálastjóra til að fela sveitarstjórn að taka að sér veghald allra héraðsvega innan síns sveitarfélags og er með því verið að koma til móts við þau sveitarfélög sem hafa óskað eftir að hafa forræði á slíku eins og fyrr var getið um.

Í kafla frumvarpsins um veghaldið er einnig kveðið á um eftirlit með veghaldi annarra vega en þjóðvega sem kostaðir eru af fé ríkisins og ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar. Vegagerðin hefur fengið það hlutverk enda verður að telja stofnunina best til þess fallna þar sem hún hefur með höndum veghald allra þjóðvega landsins. Hér er rétt að benda á það nýmæli að kveðið er á um að eftirlit með veghaldi Vegagerðarinnar sé á vegum sjálfstæðrar deildar innan stofnunarinnar sem heyri beint undir vegamálastjóra. Eftirlit er með því aðskilið frá öðrum þáttum í starfsemi Vegagerðarinnar og er í samræmi við kröfur um innra eftirlit í nútímastjórnsýslu.

Í fjórða lagi, virðulegi forseti, er lögð til heimild til gjaldtöku af umferð. Mikilvægt nýmæli er að finna í frumvarpinu sem snýr að gjaldtöku af umferð en ekkert slíkt er í gildandi vegalögum. Er lagt til að kveðið verði á um almenna heimild til gjaldtöku af umferð um þjóðvegi þannig að ekki sé þörf á að afla sérstakrar lagaheimildar hverju sinni til einstakra framkvæmda, eins og nú er, eins og var gert vegna Hvalfjarðarganga, samanber lög nr. 45/1990. Það skal tekið fram að hér er ekki verið að setja opna gjaldtökuheimild til handa veghaldara til að ákveða sjálfur að framkvæmd skuli fjármögnuð með gjaldi af umferð. Til að fá heimild til gjaldtöku þarf að gera tillögur um slíkt í samgönguáætlun og fá samþykki Alþingis hverju sinni. Er með þessu gert ráð fyrir að fjallað verði um alla þætti fjármögnunar þjóðvega innan ramma samgönguáætlunar.

Sú gjaldtaka sem um er að ræða er annars vegar veggjald, sem er gjald fyrir notkun tiltekins vegar í tiltekinn tíma í tiltekið skipti. Má sem dæmi um það nefna gjaldtöku í Hvalfjarðargöngum. Hins vegar er notkunargjald sem er greitt fyrir notkun, t.d. mælt eftir eknum kílómetrum, tíma dags og vegna stærðar ökutækis. Gjaldtökuheimildir þessar eru sniðnar að meginreglum tilskipunar nr. 1999/62/EB eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 2006/38/EB og eiga sömu sjónarmið við um gjaldtökuheimildir. Má þar nefna þá meginreglu að óheimilt er að raska jafnræði þeirra sem nota vegamannvirkin og ekki er heimilt að innheimta samhliða veggjald og notkunargjald af sama vegkaflanum.

Í fimmta lagi eru lögð til ýmis nýmæli er varða kostnaðarskiptingu vegna aðgerða til að draga úr áhrifum umferðarhávaða í næsta nágrenni þjóðvega í þéttbýli. Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða enda er umferðarhávaði vaxandi vandamál, einkum í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu, og hafa álitaefni risið um það hver beri ábyrgð á aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að uppfylla kröfur laga og reglugerða um umferðarhávaða. Í frumvarpinu eru lögð til ýmis ný-

mæli sem eiga að fara bil beggja og vera nokkurs konar málamiðlun milli mismunandi sjónarmiða um skiptingu kostnaðar við mannvirkjagerð sem er nauðsynleg til að skýla byggð fyrir umferðarhávaða. Er ákvæðum þessum ætlað að stuðla að sátt um skiptingu þess kostnaðar milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga og má í stórum dráttum segja að skiptingin byggi á því hvort nauðsyn hávaðavarna verði rakin til aðgerða við vegi eða skipulag byggðarinnar.

Til að skýra þetta nánar má taka sem dæmi að ef nýr vegur er lagður um byggð sem fyrir er má segja að nauðsyn hávaðavarna verði rakin beinlínis til vegarins og því eðlilegt að veghaldarinn kosti þær. Þegar hins vegar er nauðsynlegt að grípa til hávaðavarna vegna byggðar sem skipulögð er að vegi sem fyrir er eða hefur verið ákveðin í skipulagi er eðlilegt að sveitarfélagið sem ber ábyrgð á skipulaginu kosti varnirnar. Má því segja að frumvarpið geri ráð yfir þeirri meginreglu að saman fari ábyrgð á kostnaði og forræði á skipulagi.

Eins og áður hefur verið rakið er frumvarp þetta mjög litað af sjónarmiðum um umferðaröryggi og greiða og góða leið umferðar. Því þykir rétt að hafa ákvæði um skiptingu kostnaðar vegna nauðsynlegra aðgerða sem grípa þarf til þegar tryggja þarf umferðaröryggi, sérstaklega vegna fyrirsjáanlegrar aukningar umferðar samhliða skipulagi byggðar og einnig ef umferð eykst umfram það sem áður hefur verið gert ráð fyrir í umferðarspám.

Í sjötta lagi er lagt til það nýmæli að heimila að veita fé til almennra stíga af fjárveitingum til vegagerðar. Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að veita fé til reiðstíga af vegáætlun en ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til annars konar stíga. Í frumvarpinu er lagt til að þessi heimild nái einnig til annarra almennra stíga, þ.e. göngu- og hjólreiðastíga sem liggja meðfram þjóðvegum og opnir eru almenningi til frjálsrar umferðar. Þetta er nýmæli og mikil endurbót því að hér er tekið tillit til umferðaröryggis þar sem umferð um stíga fer alls ekki saman við hina miklu umferð bifreiða, sérstaklega á vegunum í kringum Reykjavík.

Í sjöunda lagi eru lögð til nýmæli er varða málsmeðferð sem ber að viðhafa við eignarnám. Í frumvarpinu eru ákvæði um eignarnámsheimild Vegagerðarinnar löguð að réttarþróun en ekki eru gerðar neinar efnislegar breytingar á eignarnámsheimildinni sem slíkri. Breytingarnar eru fyrst og fremst þær að kveðið er á um ákveðna málsmeðferð sem Vegagerðinni ber að viðhafa við eignarnám en slík ákvæði skortir í gildandi vegalögum. Þetta er fyrst og fremst til þess að auka réttaröryggi borgaranna sem eignarnám beinist að og stuðla að vönduðum undirbúningi eignarnámsákvarðana og málsmeðferð allri. Eins og í gildandi lögum er Vegagerðinni falin eignarnámsheimild vegna lands undir þjóðvegi en samþykki þess ráðherra sem fer með vegamál þarf fyrir eignarnámi undir einkavegi og almenna stíga.

Í áttunda lagi eru lögð til nýmæli er varða skipulag, hönnun, lagningu og viðhald vega og öryggi umferðar. Samráð skipulagsyfirvalda við Vegagerðina og aðkoma stofnunarinnar að skipulagsgerð er mjög mikilvæg en gildandi vegalög kveða ekki sérstaklega á um þetta nema að hafa beri samráð við Vegagerðina við ákvörðun um legu veglína á skipulag. Í frumvarpinu er því lagt til að hlutverk Vegagerðarinnar hvað varðar aðkomu að skipulagi verði skýrt þannig að ekki leiki vafi á hlutverki stofnunarinnar. Er ákvæðum þessum ætlað að stuðla að enn betra samstarfi Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda við að tryggja greiða og örugga umferð.

Kröfur vegna ástands þjóðvegakerfisins og flutningsgetu þess, öryggis umferðar og tillitssemi gagnvart umhverfi hafa farið sífellt vaxandi en ákvæði núgildandi laga eru fáorð um þetta efni. Undanfarna áratugi hafa hins vegar orðið stórstígar framfarir á þjóðvegakerfinu og er óhætt að tala um byltingu í því sambandi. Því er lagt til með frumvarpi þessu að kveða á um með hvaða hætti auknum kröfum til veghaldara verði fundinn lagalegur rammi og er með því stefnt að auknu öryggi vegfarenda og gæðum vegamannvirkjanna. Kveðið er á um þau meginatriði sem taka skuli mið af við lagningu og viðhald vega og gert ráð fyrir að setja megi reglur um lágmarkskröfur til vega sem almenningur á aðgang að og að veghaldari beri ábyrgð á að þær kröfur séu uppfylltar.

Einn af mikilvægustu þáttunum í endurskoðun vegalaganna er öryggi umferðar og þarfnast ákvæði gildandi laga um það endurskoðunar í samræmi við þá áherslu sem nú er lögð á mikilvægi aukins umferðaröryggis. Því eru lagðar til breytingar sem stuðla að aukinni áherslu á umferðaröryggismál við framkvæmd vegamála. Má þar sérstaklega nefna heimild til ráðherra um að setja reglur um svokallaða umferðaröryggisstjórnun en í því felst m.a. að gera umferðaröryggismat á öryggisþáttum nýrra vega, umferðaröryggisrýni sem felst í rýni hönnunargagna á mismunandi stigum hönnunar, lagfæring svokallaðra svartbletta í umferðinni og umferðaröryggisúttekt. Mikið af þessu er þegar unnið hjá Vegagerðinni en rétt þykir að þessi skylda komi skýrt fram í lögum, ekki síst vegna almennra krafna um aukið umferðaröryggi.

Að lokum er rétt að geta þess að lagt er til það nýmæli að heimila Vegagerðinni að taka þátt í kostnaði við undirgöng fyrir búfé. Það markmið að auka umferðaröryggi er einnig lagt til grundvallar því nýmæli frumvarpsins að kveðið er skýrt á um heimild fyrir Vegagerðina til að taka þátt í kostnaði við gerð undirganga fyrir búfé. Víða háttar svo til að reka þarf búfé yfir vegi þar sem umferð er mikil og umferðarhraði er einnig mikill. Verði frumvarpið að lögum verður Vegagerðinni heimilt að bregðast við með því að taka þátt í kostnaði við gerð undirganga undir viðkomandi vegi í samstarfi við landeigendur hverju sinni. Gerð ganga af þessu tagi hefur verið reynd og má ætla að ágæt reynsla sé af þeim þar sem á hefur reynt til þessa. Ekki er vafi á að auka má öryggi með gerð undirganga undir veg en allnokkur kostnaður getur verið af því og má ætla að frumvarpið geti stuðlað að fjölgun slíkra ganga undir umferðarmestu vegi.

Hér hefur stuttlega verið gerð grein fyrir helstu nýmælum frumvarpsins, virðulegur forseti, og breytingum frá gildandi vegalögum. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri en legg áherslu á að um mikilvæga löggjöf er að ræða hvað allt veghald varðar þar sem tekið er mið af umferðaröryggi og að umferð eigi greiða og góða leið hvar sem því verður við komið auk þess sem gætt sé að áhrifum á samfélagið í heild. Eru þetta allt sjónarmið sem skipta okkur miklu máli og því mikilvægt að settur verði ákveðinn lagarammi um

þetta sem hægt er að vinna eftir.

Virðulegur forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[15:28]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Andsvar mitt snýr eiginlega að því að fá frá hæstv. samgönguráðherra, áður en hér kemur til almennrar umræðu, nánari umfjöllun um e-lið 5. gr. sem fjallar um umsjón með rannsóknum og þróun á sviði vegamála annars vegar, og þá líka með tilliti til 41. gr. VIII. kafla, þar sem segir almennt:

„Við lagningu og viðhald vega skal þess gætt að ekki sé valdið meiri áhrifum á umhverfi en nauðsynlegt er til að unnt sé að ná markmiðum vegalagningarinnar á sem hagkvæmastan hátt og þannig að öryggi umferðar verði sem mest."

Hæstv. forseti. Í nýlegu svari sem ég fékk við fyrirspurn um viðhald á vegum sem lengst af hafa gengið undir nafninu ó-vegirnir, Óshlíð, Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúli, kom fram að viðhald á Óshlíð var náttúrlega allt að tífalt það sem var á hinum vegunum sem lagðir höfðu verið, að vísu kannski ekki alveg nákvæmlega samanburðarhæft tímabil, en þegar tekið er tillit til þess hverju menn voru að reyna að ná með lagfæringum á Óshlíð, með vegkápum, lagfæringu vegarins og öðru slíku, þá er greinilegt að viðhald á þeim vegi keyrir fram úr öllu sem menn gerðu kannski ráð fyrir. Sérstaklega er áberandi að hönnun annarra vega sem leystu þessa ó-vegi af hólmi hefur tekist þannig að viðhald þar er miklu minna.

Þess vegna spyr ég og óska eftir nánari umfjöllun frá hæstv. ráðherra hvort ekki (Forseti hringir.) sé nú þegar uppi sú staða að auka þurfi rannsóknir á vegagerð og veghaldi.

[15:31]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það fari ekkert á milli mála að rannsóknir á sviði vegagerðar eru mjög mikilvægar. Þess vegna er sérstakt ákvæði um að tilteknum hundraðshluta af útgjöldum til vegamála sé varið til rannsókna og í þessu frumvarpi er verið að auka það. Ég get tekið undir að það er nauðsynlegt.

En á hitt er að líta að viðhald einstakra vegkafla segir út af fyrir sig kannski ekkert til um það hvort þurfi að gera meira á þeim tilteknu köflum en verið hefur. Aðalatriðið er að ég tel að þetta frumvarp komi einmitt til móts við þau sjónarmið að við þurfum að auka rannsóknir og þróun og líka eftirlit.

Þess vegna er sérstaklega fjallað um vegrýni og skoðun bæði hvað varðar hönnun og að sjálfsögðu framkvæmdir og viðhald og annað er snýr að allri þeirri þjónustu.

Ég get því bara tekið undir með hv. þingmanni að við þurfum að leggja mjög mikið í þróunar- og rannsóknakostnað í þessari mannvirkjagerð og ég vænti þess að eiga drjúga stuðningsmenn í þeim efnum í liði Frjálslyndra.

[15:33]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, hæstv. samgönguráðherra getur örugglega treyst því að hann á dygga stuðningsmenn fyrir bættu vegakerfi á landinu í röðum okkar í Frjálslynda flokknum.

Það sem mér finnst hins vegar mjög áhugavert í svarinu sem ég vitnaði til er hversu staðreyndirnar tala því máli að lítið viðhald er í jarðgöngum. Má þar bæði horfa á viðhaldskostnaðinn í Hvalfjarðargöngum en það eru þau jarðgöng sem eru mest ekin hér á landi. Viðhaldskostnaðurinn í þeim á tímabilinu frá 1998 til 2005 er 175 milljónir en er hins vegar í Vestfjarðagöngum, á tímabilinu frá 1997 til 2005, 82 milljónir eða 10% af veghaldinu á Óshlíð, að vísu er á lengra tímabili, en þar var verið að reyna að gera þann veg öruggan.

Ég vek á þessu athygli og ég veit að hæstv. samgönguráðherra hefur örugglega skoðað þessar tölur líka. Mér finnst sú staða greinilega vera komin upp að Vegagerðin verður að fara að meta það af miklu meiri kostgæfni til framtíðar varðandi vegstæði á Íslandi hvaða leiðir eru valdar með tilliti til þess hver kostnaðurinn verður á lengra tímabili.

Ég fæ ekki annað lesið út úr þessu en það sé mjög áhugaverður kostur að nýta sér jarðgöng þar sem því verður við komið þar sem greinilegt virðist vera að sá stöðugi hiti sem er í jarðgöngum, engin úrkoma, enginn saltburður o.s.frv., gerir það að verkum að viðhald á slitlagi virðist vera miklu, miklu minna en á þjóðvegum eða akstursleiðum með sambærilegri umferð sem er ofan jarðar og þarf að mæta breytilegu veðurfari og þar að auki saltburði.

[15:35]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú erum við eiginlega komin út í umræður um samgönguáætlun sem ég bíð spenntur eftir að fá tækifæri til þess að taka þátt í og hafa framsögu um.

Varðandi rannsóknaþróun vil ég vekja athygli hv. þingmanns á 23. gr. frumvarpsins sem við erum að fjalla hér um, en í skýringu við þá grein segir, með leyfi forseta:

„Í gildandi vegalögum er kveðið á um að a.m.k. einum hundraðshluta af mörkuðum tekjum til vegagerðar skuli varið til rannsókna á sviði vega- og gatnagerðar. Mikilvægi þess að unnið sé að rannsóknum og framþróun á þessu sviði er síst minna nú en var við gildistöku þeirra laga. Er því lagt til að þessi starfsemi verði efld enn frekar" — þetta er hin pólitíska stefnumótun af minni hálfu — „með því að hækka framlagið í 1,5% af mörkuðum tekjustofnum. Jafnframt er lagt til að felld verði niður bein tilvísun í áður gildandi lög um fjáröflun til vegagerðar."

Hér getur hv. þingmaður áttað sig á því hver áherslan er af minni hálfu og af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Áherslan er á að auka rannsóknir og þróun um 50% frá því sem verið hefur á undanförnum árum. Ég tel því að við séum á hárréttri leið og vonandi leiða þær rannsóknir m.a. til þess og sýna fram á að við getum búið til betri vegi.

Ég er alveg sannfærður um að allar rannsóknir sýna fram á að við þurfum að velja vegstæði mjög vandlega. En

það er ekki alltaf alveg gefið að það eigi að vera jarðgöng. Við getum búið til góða vegi undir berum himni en við þurfum hins vegar að velja skynsamlega kosti.

[15:37]

**Kristján L. Möller:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til vegalaga sem hæstv. samgönguráðherra hefur fylgt úr hlaði sem á að koma í staðinn fyrir vegalög nr. 45/1994.

Eins og fram kom í flutningi hæstv. ráðherra var frekar farin sú leið að búa til ný vegalög heldur en lagfæra þau og stagbæta þau sem fyrir eru. Held ég að það sé alveg hárrétt ákvörðun.

Mér sýnist, virðulegi forseti, við fyrstu yfirferð á þessu frumvarpi að hér sé verið að vinna gott verk. Mér sýnist líka að það sé meðal annars vegna þess að hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir því að skipa töluvert stóran hóp manna og kvenna sem fór yfir þessi vegalög og var falið að vinna þá vinnu sem við sjáum hér í þessu frumvarpi. Ég held að þetta sé til mikillar eftirbreytni og mætti gera oftar. Það stytti kannski umræður á Alþingi og við sæjum betri frumvörp fyrir vikið. Ég segi fyrir mitt leyti að ég hef átt þess kost að fylgjast með vinnu þessarar nefndar í gegnum einn hv. alþingismann og félaga minn Einar Má Sigurðarson sem sat í þessum hóp og vann við þetta. Síðan förum við í samgöngunefnd auðvitað yfir frumvarpið.

Ég ítreka það sem ég segi að við fyrstu yfirferð sýnist mér hér hafa verið farin tvímælalaust rétt leið til að koma með ný lög enda hefur margt breyst frá 1994 þegar gömlu vegalögin voru sett, eins og til dæmis það að umferðaröryggismál skuli vera komin til samgönguráðuneytis sem auðvitað var líka alveg hárrétt. Þau eiga þar heima. Er í raun og veru furðulegt hvað það var seint sem þau færðust frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú við 1. umr. að fara yfir nokkra þætti þessa frumvarps. Það getur vel verið að það blandist eitthvað inn í, eins og hæstv. samgönguráðherra sagði áðan, tilhlökkun við að ræða samgönguáætlun sem að mér skilst verði lögð fram hér vikunni. Ef stjórnarflokkarnir klára málið frá sér nú í vikunni þá verður þetta vonandi lagt fram fljótlega þannig að við komumst sem fyrst í að ræða þessa miklu áætlun. Það hefði verið betra ef samgönguáætlunin hefði verið komin fram fyrr og við hefðum haft meiri og betri tíma til að fara í gegnum hana vegna þess að ég hygg að það verði dálítið skiptar skoðanir um hana og margir munu kalla eftir breytingum á henni eða einhverju nýju inn og öðru slíku, ég tala nú ekki um vegna þess að við erum að gera þetta á kosningavetri. Það verður því mikið farið í gegnum þetta. En það helgast auðvitað líka af því að þörfin er mjög brýn og mikil.

Virðulegi forseti. Hér í V. kaflanum er strax fjallað um vegáætlun og fjármögnun vega. Þar er fjallað um það hvernig fjár til vegamála skuli aflað. Þá kemur upp í huga minn svar sem ég fékk við fyrirspurn sem ég lagði fram á Alþingi fyrir tveimur árum síðan um skiptingu á skatttekjum ríkissjóðs af annars vegar umferð og hins vegar bílainnflutningi. Þar kom fram að heildarskatttekjur af bílanotkun og umferð voru 47 eða 48 milljarðar kr. En þá runnu aðeins — og ég segi: aðeins — um 14 milljarðar til Vegagerðarinnar, Vegagerðarinnar allrar, þar með talið reksturs, nýbygginga, viðhalds o.s.frv. Ég hef áður sagt það og segi það enn einu sinni að við þetta er auðvitað ekki hægt að búa. Það vantar miklu meira fé inn í samgönguáætlunina, í vegaáætlun, til þess að koma til móts við hina miklu umferð, breikka vegi, styrkja vegi, gera sums staðar bara kannski í fyrsta skipti nothæfa vegi til ýmissa staða og byggja jarðgöng, breikka brýr o.s.frv. Vegna hinnar miklu fjölgunar bíla undanfarin ár hér á landi er ljóst að framkvæmdir í samgöngumálum og vegamálum hafa ekki haldið í við þessa miklu umferð. Hér á höfuðborgarsvæðinu eru umferðarstíflur, teppur, á mestu annatímum dagsins, á morgnana og kvöldin þegar fólk er að fara til vinnu og frá vinnu. Þar getur verið um óþolandi langar biðraðir og umferðarteppur að ræða. En svo aftur víðast hvar og á mörgum stöðum úti á landi er spurningin hvort menn komist yfir höfuð bara á milli staða. Get ég þá nefnt mitt kjördæmi og hef oft tekið dæmi af norðausturhorni landsins þar sem vegir eru þannig að í raun ættu þeir að tilheyra samgönguminjasafni en ekki nútímavegum sem við viljum hafa árið 2006–2007.

Virðulegi forseti. Ég er að endursegja það sem við í Samfylkingunni höfum sagt og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hefur sagt á fjölmörgum fundum í landsbyggðarkjördæmunum þremur í fundaherferð sinni sem stendur nú yfir. Fyrstu umferð lauk í gærkvöldi á fundi á Egilsstöðum þar sem formaður Samfylkingarinnar boðar og segir frá þeirri stefnu sem Samfylkingin vill hafa fyrir komandi ár, þ.e. að stórauka þurfi fé til vegamála, til vegaframkvæmda, hér á landi og það eigi að fara í sérstakt samgönguátak, töluvert mikið átak. Hún hefur svo sýnt okkur fram á það og lýst hennar sýn og okkar sýn á þetta kerfi, á þessar framkvæmdir til næstu jafnvel átta ára.

Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að horfa það langt fram í tímann vegna þess að stundum eru byggðar upp væntingar á ákveðnum landsvæðum eins og með jarðgöng eða lagfæringar á vegum sem ekki standast. En stundum væri hægt að koma til móts við þarfir íbúanna með tímasettri áætlun sem mundi þá standast og væri hægt að fara eftir. En þá er ég, virðulegi forseti, að vitna til þess að við höfum séð frá hæstv. ríkisstjórn miklar og góðar áætlanir um framkvæmdir í vegamálum og það er svo skrýtið að hæstu fjárveitingarnar áttu sér stað fyrir árin 1999 og 2003. Hvers vegna nefni ég þessi tvö ár, virðulegi forseti? Jú, þetta voru kosningaárin, kosningar til Alþingis. (**Samgrh.:** Þú þarft ekki að vera hissa á því.) Nei. Ég tek eftir því að hv. samgönguráðherra kallar hér fram í segir að ég skuli ekki vera hissa á því. Nei, það er nefnilega þannig að menn þurfa ekki að vera hissa á því. En maður er hissa á því að það hefur ekki verið staðið við þetta. (**Samgrh.:** Um þetta var kosið.) Það var ekki kosið um það, virðulegi forseti, að það skyldu svo vegaframkvæmdir skornar niður um 2 milljarða á hverju ári eftir að búið var að kjósa. (**Gripið fram í:** Áform ...) Skorið var niður um 2 milljarða á ári. Ég tek eftir því og fagna því sérstaklega ef hæstv. samgönguráðherra vill ræða þessi mál vegna þess að það er vissulega gott, 2 milljarðar í niðurskurð þrjú ár í röð eða 6 milljarðar á því kjörtímabili sem nú er að ljúka.

Virðulegi forseti. Nú er ég kominn út í samgönguáætl-

unina sem kemur vonandi sem fyrst en við erum hér kannski að fá smjörþefinn af því sem þar kemur.

Ég er ákaflega ánægður með það og stoltur yfir því sem formaður Samfylkingarinnar hefur verið að segja frá á fundum okkar þar sem hún hefur lagt höfuðáherslu á það að meginþættir í nýrri byggðastefnu, í byggðaátaki séu samgöngumál, menntamál og atvinnumál. Hún hefur útskýrt það á þann hátt sem þar hefur komið fram á fundum og hefur fengið ákaflega jákvæðar og góðar viðtökur hjá öllum þeim fjölda fundarmanna sem mætt hafa á þessa níu fundi sem lokið er.

Virðulegi forseti. Nokkur nýmæli eru í þessum vegalögum og ég hika ekki við að halda því fram að í 17. gr. sé kannski merkilegasta nýmælið þar sem opnað er fyrir að hægt sé að fara í vegaframkvæmdir miðað við vegaáætlun í einkaframkvæmd, að það þurfi sem sagt ekki endilega að fara þá leið sem hefur verið farin hingað til í þeirri einkaframkvæmd sem við tölum nú mest um, Hvalfjarðargöngin, þ.e. að menn þurfi að takast á um það hér á Alþingi og semja um það sérlög heldur sé hægt að fara með það í gegnum samgönguáætlun ef menn vilja fara þessa leið.

Ég hika ekki við að segja að ég held að þetta nýmæli eigi alveg tvímælalaust rétt á sér í vegalög. Ég er hlynntur því að þessi leið verði skoðuð, þ.e. einkaframkvæmdarleiðin. Ég get kannski komið að því síðar eða í umræðu um samgönguáætlun að þessa leið beri að skoða þó svo að ekki sé hægt að fullyrða að hún sé alltaf hagkvæmasta leiðin og best. Oft og tíðum getur það líka verið gott að sjálfsögðu að gera það fyrir eigið fé ríkissjóðs sem líka hefur miklu betri lánskjör en fyrirtæki. En við höfum hins vegar séð áætlanir þar sem hafa verið sýndir útreikningar um að þetta þurfi ekki endilega að vera miklu dýrara en annað.

Nú er rætt um einkaframkvæmd við tvöföldun á Suðurlandsvegi og það er líka í raun rætt um einkaframkvæmd á Vaðlaheiðargöngum. Fyrirtæki fyrir norðan, Greið leið, hefur unnið þar undirbúningsvinnu ákaflega faglega. Það er sem sagt tilbúið eiginlega til ákvarðanatöku. Eitt af því sem við bíðum ákaflega spennt yfir í samgönguáætlun hæstv. ríkisstjórnar er hvað verði um framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng eða verður það yfir höfuð sett inn á þann hátt og þetta fyrirtæki og sveitarstjórnarmenn og aðrir fyrir norðan hafa lagt upp með, þ.e. að þetta komi strax í samgönguáætlun og heimild verði veitt til þess að hefja framkvæmdir sem allra fyrst. Það tengist svo öðru máli sem hefur oft verið rætt og verður þá væntanlega líka í samgönguáætlun, þ.e. hvort hægt sé að gera þetta saman á það hagkvæman og góðan hátt að um leið og Vaðlaheiðargöng eru gerð þá sé Akureyrarflugvöllur lengdur. En ég ætla nú ekki að fara frekar út í það, virðulegi forseti, í einstökum þáttum.

Í 17. gr. er líka fjallað um möguleika á að taka notkunargjöld í gegnum svokallaða GPS-tækni. Þessu fagna ég alveg sérstaklega sem hér er sett inn vegna þess að ég hef áður á hinu háa Alþingi rætt um þann möguleika að rukka gjöld, áður fyrir þungaskatt, núverandi olíugjald, með GPS-tækni. Ég hef spurt um það og sagt að ég telji alveg fullkomlega koma til greina að GPS-tækni verði til dæmis notuð til þess að taka gjöld af flutningastarfsemi á vegum landsins. Því vil ég hér spyrja hæstv. samgönguráðherra út í það sem hann getur svarað í sinni seinni ræðu, hvort hann telji koma til greina að nota GPS-tæknina, að byrja og þróa og fylgjast með og skoða það að nota þessa tækni við að rukka inn í staðinn fyrir olíugjöld af flutningabílum og koma þannig til móts við þá sem kvarta mikið yfir háum flutningskostnaði. Það má nota þetta á þann hátt sem kemur þá líka inn á vegaviðhald og minnkar slit á vegum, til dæmis ef sett verður inn ákvæði um að flutningabílar geti kannski keyrt með 50 eða 75% afslætti ef keyrt er á næturnar. Ég held að þetta sé hugmynd sem full ástæða er til að skoða ákaflega vel. Þá dreifum við umferðinni betur og það er líka sannað að vegslit er minna þegar vegir eru kaldari. Þess vegna fagna ég því sem hér er hreyft í athugasemdum um greinina, skýringum með greinunum, til dæmis 17. gr., að hægt sé að taka svokallað notkunargjald með GPS-staðsetningartæki. Og það sem ég nefndi hér með flutningabílana gæti komið til móts við þá miklu kröfu að lækka flutningskostnaðinn. Áður hef ég að minnsta kosti einu sinni, kannski tvisvar rætt um það á hinu háa Alþingi og þá skattheimtu sem á sér stað af þessari starfsemi og íþyngir mjög lífi fólks úti á landi og atvinnurekstri úti á landi og er í raun samkeppnishindrun fyrir atvinnurekstur á landsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Tíminn líður hratt í þessari fyrri ræðu minni. Ég var að ræða um 17. gr., um gjaldtökuheimildina sem þarf að vera inni, hvort sem það er með veggjöldum eða notkunargjöldum, ef út í einkaframkvæmd verður farið. Hér er talað um hina ýmsu vegi og ég vil segja um tengivegina og héraðsvegina að sá vegflokkur hefur fengið langminnst fé af samgönguáætlun undanfarinna ára. Þar þarf að gefa í.

Varðandi ferjurnar sem fjallað er um í 22. gr. og eiga að sjálfsögðu heima í samgönguáætlun, þá er rétt að minna á það að þegar ferjurnar fóru til Vegagerðarinnar í samgönguáætlun, áður vegáætlun, fylgdi tekjustofn ekki með. Hann var ekki aukinn í samræmi við kostnaðinn. Hið sama á við auðvitað um flugið sem við höfum líka talað um.

Varðandi VI. kaflann þar sem er talað um skipulag og veghelgunarsvæði þá sé ég ekki alveg og hef ekki alveg kynnt mér það hvort þarna sé um mikla breytingu að ræða. Þó er fjallað um að óski sveitarstjórn eftir að önnur leið verði valin en Vegagerðin leggur til að þá megi rukka sveitarfélagið um þann aukna kostnað. Ég hygg að þetta verði nú dæmi sem komi mjög upp þegar verður rætt um framtíðarlegu og hvernig Sundabrautin skuli liggja, hvort hún verður lögð yfir um Sundin með göngum eða á annan hátt.

En varðandi skipulag þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra út í það hvort sé hér einhver breyting á þannig að Vegagerðin hafi meira vald og jafnvel dálítið vald fram yfir viðkomandi sveitarfélög um það hvernig vegir skuli liggja að þjóðvegum. Upp í huga mér kemur núna framkvæmd uppi í Borgarnesi varðandi nýbyggingu verslunarhúsnæðis á svæði sem ég kann nú ekki alveg að segja hvað heitir. Ég veit að hæstv. samgönguráðherra kann að nefna það betur. En mér hefur fundist þar vera vegtenging sett inn á þjóðveginn sem er beinlínis stórhættuleg, þ.e. að taka þetta þannig inn á veginn sem raun ber vitni. Þarna eru búin til gatnamót þar sem verið er að koma úr verslun sem er mjög vinsæl og mikið farið í. Mér finnst þarna hafa verið gerð tenging sem geti skapað allt of mikla hættu. Að mig minnir

hef ég heyrt einhvern tímann talað um að Vegagerðin ætti ekkert marga möguleika á að fá þessu breytt. Þess vegna spyr ég hæstv. samgönguráðherra hvort hér í þessu frumvarpi sé tekið eitthvað öðruvísi á því máli þannig að Vegagerðin geti komið inn með sérstaklega hugsun um umferðaröryggi.

Virðulegi forseti. Ég skil vel að sveitarfélagið Borgarbyggð hafi viljað stuðla að því að þessi verslun kæmi á svæðið og uppbyggingu á þessu svæði og meðal annars hjá Sparisjóði Mýrasýslu. En það er svolítið umhugsunarvert hvernig vegtengingin er þarna við þjóðveginn.

Þá er ég kominn yfir í VII. kafla um þá réttarþróun sem hæstv. ráðherra fjallaði um, um eignarnám og bráðabirgðaafnot lands. Ég tek eftir því og ég fagna því líka að þarna sé sett inn í lögin að landeigendur séu skyldugir til að veita Vegagerðinni heimild til að fara um land til undirbúnings og skoðunar á vegstæðum. Ég held að það sé mikilvægt að setja þetta þarna inn. Það eru líka sett þarna inn meðalhófsákvæði um að menn skuli ganga varlega um svæðið sem farið er um. Ég tel að þetta sé ákaflega mikilvægt og kannski mikilvægar nú en oft áður vegna þess að svo virðist vera, virðulegi forseti, að með kaupum ýmissa aðila sem ekki beint kannski búa á jörðum heldur kaupa jarðir, safna jafnvel jörðum eins og sumir gera, þá horfir fólk orðið öðruvísi á þetta en áður fyrr þegar menn fögnuðu því að Vegagerðin kom og lagði góða og fína vegi.

Virðulegi forseti. Dæmi er um það frá Norðausturlandi að svona ferli tekur óralangan tíma. Í raun hefur Vegagerðin ekki verið undirbúin undir þann langa tíma og langa kæruferli og allt það sem er hægt að setja upp varðandi þessi atriði. Ég fagna þess vegna að þetta skuli vera sett þarna inn. Ég fagna líka vegna þess að ákvæðið á ekki að vera þannig að hægt sé að ganga að yfir allt hvernig sem Vegagerðin vill. Þarna er svona meðalhófsregla sett fram og vona ég að sátt verði um þann þátt sem þarna er settur inn.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki getað farið yfir allt frumvarpið eins og ég hefði viljað í ræðutíma mínum sem nú er á enda. Ég segi eingöngu að ég held að hér sé stigið gott skref. Hér er hið besta mál að koma fram. (Forseti hringir.) Ég segi að það verður tilhlökkunarefni að vinna þetta mál ásamt öðrum í samgöngunefnd þó ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að fundum (Forseti hringir.) samgöngunefndar muni fjölga mjög núna næstu missiri.

[15:57]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er skoðun mín að ásamt menntamálum og endurreisn atvinnulífs víðast hvar á landsbyggðinni séu samgöngumál og þá einkum og sér í lagi vegamálin sá málaflokkur sem skiptir landsmenn alla og sérstaklega *íbúa á vissum svæðum landsins mestu máli*. Það fer ekki hjá því að manni verði hugsað til íbúa Vestfjarða sérstaklega og norðaustursvæðisins að hluta til þegar vegamál ber á góma því að slíkt ófremdarástand hefur verið og er og verður fyrirsjáanlega enn þá um langa hríð í samgöngumálum á þeim svæðum.

Það er hárrétt sem kom fram áðan í máli fyrri ræðumanns að stórlega hefur verið dregið saman í fyrirætluðum samgöngubótum á landinu undanfarin þrjú ár og það hefur sérstaklega komið hart niður á þeim landsvæðum sem ég nefndi áðan, Vestfjörðum ekki síst, þar sem menn eru enn þá að keyra á malarvegum, komast ekki inn á svæðið nema um malarvegi. Fólk er að keyra á stórhættulegum vegum þar sem það getur búist við grjóti ofan á bílana sína hvenær sem er ársins eða snjóflóðum í þannig veðri og vegirnir eru rétt rúmlega einbreiðir.

Við ræðum frumvarp til vegalaga og fáum vonandi fljótlega í hendurnar vegáætlun eða samgönguáætlun því að þetta eru hvort tveggja þingmál sem skipta landsmenn höfuðmáli og við þurfum að fá góðan tíma til að ræða þessi mál.

Þegar við skoðum vegáætlun er nokkuð ljóst að þetta snertir eiginlega þrjá flokka fyrir utan ríkið, það eru þrír hagsmunaaðilar. Það eru sveitarfélögin, landeigendur og einstaklingar. Ef maður horfir um öxl á samskipti ríkisins og þessara aðila er eiginlega óhjákvæmilegt að komast að þeirri niðurstöðu að það halli alltaf á mótaðila ríkisins í þessum efnum. Við sjáum líka tóninn í bókun fulltrúa sveitarfélaganna í endurskoðunarnefnd sem ráðherra kynnti áðan. Þeir eru að sjálfsögðu fullir tortryggni vegna viðskipta sinna við ríkið og benda á það í bókun sinni, að fyrir utan það að þetta mál er með öllu órætt á vettvangi sveitarfélaganna, þ.e. að færa vegi innan sveitarfélaga í þeirra hendur, þá kemur auðvitað upp viðvörun vegna fjárhagslegra samskipta ríkis og sveitarfélaga sem sveitarfélögin hafa nú ekki góða reynslu af, eins og við vitum sem hér erum og við þingmenn stjórnarandstöðunnar viðurkennum, þó að stjórnarþingmenn viðurkenni það auðvitað seint.

Í 17. gr. þessa lagafrumvarps er talað um gjaldtöku. Ekki fer hjá því að manni detti í hug Hvalfjarðargöngin sem ákveðinn hluti landsmanna er látinn borga með ferð sinni um þau og verður aldrei of oft bent á hversu mikil ósanngirni felst í því gagnvart þessum hluta landsmanna og þá sérstaklega þeim sem þurfa vegna búsetu sinnar og vinnu sitt hvorum megin við göngin að eiga oft leið þar um. Eins og við vitum er mikill fjöldi fólks sem býr á Akranesi og í sveitunum þar í kring sem sækir vinnu og skóla til Reykjavíkur og er látinn borga framkvæmdina á þessum göngum. Þetta er vissulega hlutur sem fólk undirgekkst á sínum tíma með vísan í það að það átti um aðra leið að velja þó að sú leið væri í rauninni aðeins teóretísk vegna þess að þó að fólki sé boðið að keyra um Hvalfjörð í staðinn fyrir að borga í göngin þá er það auðvitað ekki valkostur þegar til kastanna kemur.

Núna aftur á móti er búið að gera ýmislegt og annað stendur fyrir dyrum þar sem fólk hefur valkosti. Þá er ég að tala um ný jarðgöng fyrir austan þar sem fólk hefur kost á annarri leið en þarf ekki að borga í göngin, Fáskrúðsfjarðargöngin. Einnig stendur fyrir dyrum að byggja 7–8 milljarða kr. göng á Norðurlandi eystra, milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, en ekki er reiknað með að fólk borgi í göngin. Það er því auðvitað algjörlega óásættanlegt að hæstv. samgönguráðherra skuli enn þá þrjóskast við að koma því réttlætismáli í höfn að landsmenn geti keyrt um göngin án þess að verða að borga í þau, jafnvel stórfé, eins og þeir þurfa að gera sem ekki eru með áskrift. Hver einstök ferð kostar þúsund krónur. Maður getur séð það í hendi sér t.d. hvílík

hindrun þetta gjald er fyrir ferðaþjónustu. Ef fólki dytti nú í hug t.d. að sækja ágætt veitingahús á Skaganum þá á það líka kost á veitingahúsi fyrir austan fjall, sem er ágætt, en það munar þegar 2 þús. kr. á matarreikningnum þegar upp er staðið vegna gjaldanna í göngin. Það veitingahús má vera miklu betra á Skaganum til að það verði ofan á. (Gripið fram í.)

Þetta er, þrátt fyrir að hæstv. ráðherra geri grín að þessu, ekkert gamanmál, þetta er nefnilega háalvarlegt mál, hæstv. ráðherra. En ég á svo sem satt að segja ekki von á að hæstv. ráðherra geri bragarbót á þessu máli fyrir lok starfsferils síns. Hann hefur fengið mjög mörg tækifæri til þess og það er stöðugt verið að minna hann á þörfina á að þetta verði lagfært, einkum og sér í lagi af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, þingmanni Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi en hæstv. ráðherra hefur lengst af látið sem málin séu í athugun og við vitum nú hvernig sú athugun hefur farið, hún leiðir ekki til neinnar niðurstöðu.

Ég verð að segja, frú forseti, að ég hef ákveðnar áhyggjur af örlögum landeigenda í viðskiptum við ríkið. Í frumvarpinu er kveðið á um bætur og kveðið er á um uppsetningu girðinga meðfram vegum og um eignarnámsrétt o.s.frv. Þetta er allt saman ágætt en þegar maður fer að skoða málin geta komið upp dæmi sem eru mjög óhagstæð fyrir landeigendur þegar til lengri tíma er litið.

Ég ætla að nefna dæmi þar sem frekar lítilli bújörð hefur verið skipt í fimm búta af Vegagerð ríkisins. Nú hefur Vegagerðin væntanlega séð til þess að girða hvern og einn bút af meðfram vegunum sem fara þvers og kruss í gegnum þessa jörð en síðan er það bóndans að sjá um viðhald á þeim girðingum öllum. Hann fær væntanlega bætur í eitt skipti fyrir það óhagræði sem af þessu hlýst og hann fær uppsetta girðingu einu sinni en síðan má hann kosta viðhald á þeim girðingum um aldur og ævi.

Þó að okkur þéttbýlisbúunum finnist það gott og gilt að gerðir séu nýir og góðir vegir, sem beinastir og stystir og allt það, er afar mikilvægt líka að Vegagerðin gæti að því hvernig hún fer með eignir manna. Skoðun mín er sú að landeigendur hafi oftar en ekki borið skarðan hlut frá borði í viðskiptum sínum við Vegagerðina og það sama er að segja um einstaklinga. Ég veit ekki til þess að eitt einasta dæmi finnist þar sem einstaklingar hafi unnið lögsókn gegn ríkinu því að ef málið hefur verið vafasamt lendir það alltaf endanlega á verktakanum, ef það lendir ekki á einstaklingnum sjálfum.

Við erum að tala um ákaflega mikilvægan þátt í lífi landsmanna, þ.e. Vegagerðina. Ég á von á að það verði margir þingmenn sem eigi eftir að lúslesa frumvarpið með tilliti til umbjóðenda sinna og til framtíðar. Eins og ég sagði áðan er þetta eitt það almikilvægasta sem við höfum með höndum á Alþingi, að skipuleggja samgöngubætur og þar er virkilega verk að vinna sem verður að fara í á næstu árum. Ég held reyndar að fleiri og fleiri séu að verða sér þess meðvitaðir, m.a. Samtök verslunar og þjónustu sem hélt málþing fyrr í vetur um forkastanlegt ástand á vegum landsins, en ekkert tillit hefur verið tekið til þess í framkvæmdaáætlunum ríkisins eða fjárveitingum til vegabóta hvernig umferð og þunginn á vegunum hefur aukist þannig að vegfarendur eru orðnir í stórkostlegri lífshættu í umferðinni þegar út á þjóðvegina er komið.

[16:10]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða um þetta mál í heild. Þetta er mikið frumvarp og nefndarmenn munu örugglega fara vel í gegnum það og fá um það umsagnir frá þeim aðilum sem líklegastir eru til þess, sem bæði vilja hafa áhrif á það sem í lögunum verður og hafa kannski mesta hagsmuni af því sem hér er. En það eru auðvitað allir landsmenn sem hafa mikla hagsmuni af vegagerð í landinu og nýta hana og greiða reikninginn.

Þá er ég kominn að því sem ég ætlaði að nefna fyrst sem er að það þarf að sinna þeim málum miklu betur en gert hefur verið. Samfylkingin hefur verið með digrar yfirlýsingar um að vilja standa að því að gera stórátak í vegagerð í landinu og það er sannarlega tími til kominn.

Það hafa oft verið gefnar slíkar yfirlýsingar af samgönguyfirvöldum á undanförnum árum. En það má segja að það hafi verið regla að slíkar fyrirætlanir hafa síðan skroppið saman þegar hefur farið að líða eitthvað á það kjörtímabil sem þær áttu við.

Ég tel að það sé kominn tími til þess að Íslendingar fái nothæft vegakerfi um allt land. Til þess þarf stórátak. Við höfum sem sagt dagað uppi í einhvers konar undarlegri hugsun sem hefur falist í því að horfa aftur í tímann til kerruslóðanna og ónýtra vega og litið á það sem einhver afrek að búa til þá ófullkomnu vegi sem liggja um landið en duga engan veginn fyrir þá umferð sem nú er.

Þarna þarf nýja hugsun og meiri kjark en hefur verið sýndur á undanförnum árum. Ég vona sannarlega að Samfylkingin fái tækifæri til þess að sýna hvað hún vill og ætlar sér í þeim efnum.

Ég ætla að nefna sérstaklega 17. gr. sem m.a. hv. síðasti ræðumaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, fór vel yfir en ég vil bæta svolítið við. Hér er fjallað um gjaldtöku af umferð. Það er ýmislegt sem menn þurfa að hafa í huga hvað það varðar. Meðal annars er rætt um að taka megi gjöld af jarðgöngum og hér stendur, með leyfi forseta:

„Gjaldtöku má ekki haga með þeim hætti að raski jafnræði þeirra sem nota mannvirkin."

Þetta virðist vísa til þess að það eigi einungis að gilda jafnræði milli þeirra sem nota viðkomandi mannvirki en það eigi ekki að vera neitt jafnræði milli fólksins í landinu. Við höfum ein jarðgöng sem er innheimt gjald fyrir. Það vill svo til að þau eru af einni af þremur aðalleiðum til höfuðborgarinnar. Eins og það kosti nú ekki eitthvað að byggja upp vegi á hinum tveimur aðalleiðunum.

Hvers vegna skyldu þeir sem koma norðan eða vestan og ætla norður eða vestur, eiga að borga fyrir aðganginn að höfuðborginni eða því að fara frá henni en ekki þeir sem fara á Reykjanes eða austur fyrir fjall?

Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra, sem eftir mikla umræður um Sundabraut á fyrri hluta þessa kjörtímabils, féll frá því að það ætti að innheimta veggjald af Sundabrautinni og skipti yfir í skuggagjöldin, hvað hann segir um yfirlýsingu Spalar, sem rekur Hvalfjarðargöngin, um að hann ætli að nota lækkun á virðisaukaskattinum til að safna upp í næstu framkvæmd í Hvalfjarðargöngunum. Það er

auðvitað ótækt að menn skuli ætla þennan veg til slíks.

Hæstv. ráðherra hefur ítrekað verið spurður eftir þessu máli á undanförnum árum og loksins þegar lækkun virðisaukaskattsins komst til framkvæmda þá héldu allir að það mundi verða til þess að lækka verð í göngin. En nú liggur fyrir þessi yfirlýsing Spalar um að safna þeim fjármunum upp í nýja framkvæmd vegna stækkunar Hvalfjarðarganga.

Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Er hann búinn að skipta um skoðun? Var það ekki þannig að hæstv. ráðherra ætlaði að beita sér fyrir því að slíkar aðferðir yrðu ekki notaðar? Ég tel ástæðu til þess að fá skýr svör um þetta efni.

Þetta snýst nefnilega ekki einungis um að það að fólk sem býr á þessu svæði þurfi að borga fyrir að fá að fara þessa leið. Gjöld sem koma niður með svona mismunandi hætti eins og þessi gjöld, hafa áhrif á byggðina, á þróun byggðar. Það skyldi nú ekki vera, að það að á undanförnum árum hefur fjölgað miklu meira, hefur orðið miklu meiri þróun í byggð fyrir austan fjall en uppi í Borgarfirði, hafi haft eitthvað með það að gera að það er dýrara að ferðast hérna á milli? Það skyldi nú ekki vera. Því hvar eiga menn eiginlega leita skýringanna á því að þróun byggðar hefur orðið miklu hraðari og miklu meiri fólksfjölgun fyrir austan fjall en uppi í Borgarfirði?

Uppi í Borgarfirði eru tveir háskólar sem hafa verið að springa út og uppi í Hvalfirði, á sama svæði, eru stærstu fyrirtæki sem rekin eru í nágrenni höfuðborgarinnar, járnblendiverksmiðjan og álverið. Samt sem áður fjölgar fólkinu miklu hraðar á Suðurlandi. Hvernig stendur á því? Ég held að það sé dálítil ástæða til þess að skoða þetta í samhengi við þróun byggðar. Hvers vegna gengur svona vel á Suðurlandi? Hvers vegna fjölgar fólkinu svona hratt þar? Ég held að það geti hafi verulega áhrif að fólk skuli þurfa að borga fyrir að fara í gegnum Hvalfjarðargöngin.

Það eru ekki bara þeir sem búa á þessu svæði sem greiða þetta. Þetta er líka skattur á Vestfirðinga og Norðlendinga og aðra þá sem þurfa að fara vestur eða norður til Akureyrar.

Það er líka annað atriði sem ég vil benda nefndarmönnum sérstaklega á að skoða. Hér segir: „Óheimilt er að leggja á samtímis veggjald og notkunargjald fyrir notkun tiltekins mannvirkis."

Þetta væri nú fínt ef þetta stæði bara eitt og sér. En það er annað sem stendur fyrir aftan: „Heimilt er þó að leggja á gjald fyrir notkun jarðganga og brúa samhliða notkunargjaldi á aðlæga vegi." Þýðir þetta ekki að menn geti t.d. innheimt veggjald af Hvalfjarðargöngum? Jú, það hefur nefnilega verið gert á undanförnum árum.

Þeir sem hafa borgað 100% gjald í Hvalfjarðargöngin munu greiða þau eins og þau eru í dag, algerlega upp, þ.e. umferðin í gegnum göngin borgar þau upp, þeir hafa ekki bara borgað það gjald, þeir hafa líka borgað veggjaldið sitt í gegnum göngin. Er þetta eðlilegt? Ég tel það ekki vera eðlilegt. Það er viðurkennt að á öðrum svæðum, t.d. ef lagður yrði vegur yfir hálendið og innheimt veggjald af, þar eigi ekki að fara með tvöfalda gjaldtöku eins og gert hefur verið í Hvalfjarðargöngunum. Af hverju leiðir það ekki til þess að menn viðurkenni líka að það eigi að fella niður veggjald í gegnum Hvalfjarðargöngin og aðlægum vegspotta þar?

Mér finnst ástæða til þess að menn velti þessu fyrir sér sérstaklega ef það er nú hugmyndin að fara að innheimta víðar einhvers konar veggjald af mannvirkjum, að gjaldtakan verði ekki tvöföld.

Málið er einfalt. Ríkissjóður gæti einfaldlega skilað veggjaldinu til Spalar í Hvalfirði og Spölur lækkað veggjaldið á móti þannig að ekki væri verið að innheimta bæði gjaldið í gegnum göngin og líka veggjaldið af þeim sem nota göngin. Þetta er óeðlileg gjaldtaka. Ég er ekki að halda því fram að hún sé gríðarlega mikil, en hún er samt þó nokkur og ástæða til þess að ríkið gefi gaum að því hvort sanngjarnlega sé að hlutunum farið. Ég ætla ekki að ræða meira um þetta, ég vildi koma þessu til nefndarmanna, til umhugsunar, að fara yfir þetta mál.

Mig langar líka að ræða um 22. gr. Þar er að mínu viti mikilvæg breyting á ferðinni og ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli hafa beitt sér fyrir því að halda uppi ferjusiglingum af öðrum ástæðum en þeim sem menn hafa fram að þessu talið að ættu að liggja til grundvallar, þ.e. vegna mikilvægrar ferðaþjónustu. Siglingarnar eru sérstaklega ofarlega í huga mínum vegna þess að þær eru líka öryggismál fyrir svæðið. Við vitum að það getur orðið snjóþungt og erfið færð á vetrum á sunnanverðum Vestfjörðum, en siglingar um Breiðafjörð tengja það svæði. Og þótt þær vegabætur sem þar stendur til að gera komist í framkvæmd þá vitum við ekki enn þá hvort þær leysi samgöngumál þar að fullu. Þess vegna er ástæða til þess að fagna því að þarna skuli vera opnað fyrir möguleikana til þess að halda slíkri þjónustu áfram.

Mig langar svo að nefna 28. gr. þar sem er talað um vegi og skipulag og hlut Vegagerðarinnar að því að koma að skipulagi. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar."

Ég vek athygli á þessari grein vegna þess að það er eins og Vegagerðin sé ekki endilega nógu mikill áhrifavaldur í þessum efnum stundum. Ég hef þá sérstaklega í huga veginn um Grunnafjörð, sem kallaður er um Grunnafjörð, en er þó vegur sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir framan Grunnafjörð.

Þegar fjallað var um þennan veg í skipulagi hreppanna sunnan Skarðsheiðar, þá var gert ráð fyrir honum. Skipulagsstofnun og/eða Umhverfisstofnun gerðu athugasemdir við þær skipulagshugmyndir, umhverfisráðherra sendi inn athugasemdir við þær. Í þeim athugasemdum var greinilega stuðst við hugmyndir sem alls ekki voru raunverulega hugmyndir Vegagerðarinnar um það sem stóð til að gera.

Í umsögnum Skipulagsstofnunar, sem hæstv. umhverfisráðherra á svo auðvitað að staðfesta, þ.e. skipulagið sjálft, var gengið út frá því að aðalleiðin á þjóðvegi 1 yrði áfram í kringum Grunnafjörð eins og hún er núna. En að vegurinn sem Borgnesingar og Akurnesingar vilja fá, til að tengja saman Akranes og Borgarnes og að verði jafnframt aðalleiðin á þjóðvegi 1, það yrði sem sagt ekki aðalleiðin. Á þessum forsendum voru athugasemdir Skipulagsstofnunar, þær voru hugsaðar til þess að koma í veg fyrir þessar fyrirætlanir.

Þarna þarf auðvitað að grípa í taumana og sjá til þess að gerður verði samanburður á þessum tveimur leiðum. Þessi leið styttir þjóðveg 1 að vísu ekki mikið, um einn og hálfan

kílómetra eða svo, en þetta er miklu betri leið en sú sem nú er farin og hún styttir leiðina milli tveggja byggðarlaga mjög mikið. Hún styttir leiðina milli Akraness og Borgarness líklega um átta eða níu kílómetra og er betri leið að mörgu leyti en sú sem er farin núna.

Það sem er eðlilegt að fara fram á í þessu sambandi er að gerður verði samanburður á þessum tveimur leiðum, að gert verði umhverfismat og á grundvelli slíks umhverfismats verði tekin ákvörðun.

Ég fyrir mitt leyti efast ekki um að leiðin fyrir framan fjörðinn er miklu betri þegar horft er til náttúrunnar. Þetta er Ramsarsvæði og allur flutningur og umferð um þennan veg er auðvitað hættuvaldur. Mengunarslys geta orðið á þeirri leið. En ef vegurinn liggur fyrir framan fjörðinn þá er þeirri hættu afstýrt. Fyrir nú utan hagræðið sem er af því að láta veginn liggja þar sem heimamenn hafa viljað að hann lægi.

Svo er annað sem ég vil nefna og hef oft gert áður, en ég sé ástæðu til þess að segja það enn einu sinni að hér vantar að lagðar séu fram skipulagshugmyndir til lengri tíma en menn hafa gert fram að þessu. Það þarf skipulagshugmyndir til svona 40 ára til þess að unnið sé að skipulagi með framtíðarmarkmið í huga og ekki verði skipulagsslys eins og við höfum horft upp á. Menn þurfa að ákveða hvar jarðgöng eigi að liggja í framtíðinni og hvar miklar umferðaræðar eigi að vera til lengri framtíðar litið.

Ef slíkt framtíðarskipulag hefði legið fyrir þegar menn tóku ákvörðun um að gera göng til Siglufjarðar eins og nú er verið að bora, þá er ég sannfærður um að þau göng hefðu aldrei legið þar. Vegna þess að þá hefði legið fyrir hvar menn ætla að gera göng í gegnum Tröllaskaga því ég efast ekki um að allir hljóti að sjá að menn munu ekki keyra upp í milli 500 og 600 metra hæð til Akureyrar í framtíðinni. Auðvitað koma jarðgöng sem tengja saman Skagafjörð og Eyjafjörð. Ef það hefði legið fyrir hvar þau göng ættu að vera þá tel ég að þau hefðu legið nálægt Hólum. Þá hefði niðurstaðan augljóslega verið sú að menn hefðu gert göng út í Fljót frá Siglufirði. Þau göng yrðu ekki nema fjögurra kílómetra löng. Nú er verið að leggja 11 kílómetra göng til að tengja þessi svæði.

Ég tel að þetta sé sönnun fyrir því að þarna hafi orðið skipulagsmistök vegna þess að menn horfa ekki nógu langt fram í tímann. Það er auðvitað of seint að tala um það í þessu máli sérstaklega en þetta er kannski dæmi til að minna okkur á að það þarf á svona framtíðarhugsun að halda í vegamálum. Þar hefur Vegagerðin mikið hlutverk og hún þarf að vera skipulagsyfirvöldum til ráðuneytis og það þarf auðvitað samstarf milli þessara aðila sem verður þá til þess að færri skipulagsslys verða í framtíðinni en til þessa.

Ég ætla svo sem ekki að hafa ræðu mína lengri enda er tími minn víst fokinn frá mér. Ég vildi fyrst og fremst koma því sem ég hef sagt á framfæri og svo vildi ég fylgja því eftir að fá að vita hvað hæstv. ráðherra hyggst fyrir hvað varðar veggjöld á leiðinni til og frá hans kjördæmi. Að hann segi þeim kjósendum sem búa báðum megin við og nota þessa tengileið til borgarinnar að og frá, hvað hann ætlast fyrir í þessum efnum. Því það er ástæða til að spyrja núna þegar það liggur fyrir að stefnt er að því að halda áfram gjaldtöku á þeirri leið.

[16:30]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að fara í andsvör við hv. þingmenn í þessari umræðu (**Gripið fram í:** Þú leggur ekki í það.) en vegna þess að hv. þingmaður veittist alveg sérstaklega að samgönguráðherra fyrir gjaldtöku í Hvalfjarðargöngunum þá tel ég mig knúinn til þess að fara í örfáum orðum yfir upphaf þess máls og sá veldur miklu sem upphafinu veldur. (**ÖS:** Ekki horfa á mig.) Hv. þm. Jóhann Ársælsson var í Alþýðubandalaginu árið 1990. Þá var gerður samningur, reyndar í janúar árið 1991, milli þáverandi samgönguráðherra og þingmanns Alþýðubandalagsins, Steingríms J. Sigfússonar, uppáskrifaður af ráðherra fjármála, Ólafi Ragnari Grímssyni, þar sem gerður er samningur milli Spalar og þáverandi samgönguráðherra um að grafa jarðgöngin. Þeir fengu heimild til að taka þetta gjald og að það væri innheimt í 25 ár og það skyldi vera 14% arður af uppfærðu hlutafé félagsins á hverjum tíma sem var alveg einsdæmi þá. (Gripið fram í.) Síðan var þessi samningur sem þáverandi fjármálaráðherra, Ólafur Ragnar Grímsson, og þáverandi samgönguráðherra, Steingrímur J. Sigfússon gerðu staðfestur með sérstakri þingsályktunartillögu 18. mars 1991. Í framhaldi af því var hv. þm. Jóhann Ársælsson heilt kjörtímabil fram til 1995 á Alþingi og ég man aldrei eftir því að hann hafi gert athugasemdir við þennan samning sem er grundvöllur að gjaldtöku í Hvalfjarðargöngunum.

[16:32]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stundum finnst mönnum þægilegt að forða sér inn í fortíðina. Þetta er ekki það sem málið snýst um í dag. (**Samgrh.:** Þeir gáfu upp boltann.) Við vissum að við þyrftum að greiða þessi gjöld árum saman og höfum gert það sem höfum nýtt þennan veg. Það sem við viljum fá að vita í dag er hvort hugmyndin sé að menn haldi því áfram og hvort það sé sanngjarnt. Er það skynsamlegt? Ég held að svörin við þessu séu í öllum tilfellum nei. Það er auðvitað hæstv. ráðherra að svara því hvað hann vill gera í næstu framtíð hvað þessa hluti varðar og hvort hann er búinn að skipta um skoðun, því að þegar rætt var um Sundabrautina fyrr á kjörtímabilinu skipti hæstv. ráðherra yfir í skuggagjöldin. Nú svarar hann því ekki hvort hann sé sammála þeim í Speli að fara að undirbúa það að innheimta gjöld fyrir stækkun Hvalfjarðarganganna til að framlengja það ástand sem er og sem gerir upp á milli byggðarlaga í landinu. Þó svo að þessi göng hafi verið gerð á sínum tíma er þá ekki nóg að hafa innheimt fyrir alla þá framkvæmd og borgað hana í topp þegar það er búið? Er það ekki nóg? Ég tel að það sé ástæða til að hæstv. ráðherra svari þessu. Hann gerði það ekki í því andsvari sem við hlýddum á áðan.

[16:34]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvar mitt var vegna þess að hv. þingmaður talaði eins og honum væri algerlega ókunnugt um hvers vegna Hvalfjarðargöngin voru grafin eða hvernig

sú framkvæmd var grundvölluð. Það er alveg nauðsynlegt að minna hv. þingmann á það. Hins vegar blasir við núna að gjaldið mun lækka með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun á virðisaukaskatti. Virðisaukaskatturinn mun lækka úr 14% í 7% 1. mars og þar með mun gjaldið í göngin lækka sem nemur þeim virðisaukaskatti eftir þeim ákvörðunum sem stjórn Spalar tekur hvað varðar gjaldtökuna. Það er á valdi hennar.

Hins vegar er alveg ljóst að þessi samningur var grundvöllur að því að tekin voru lán til þessarar framkvæmdar, það voru gerðir lánasamningar sem stjórn Spalar getur ekki hlaupið frá og innheimta gjaldsins er til að greiða niður þessi lán. Það liggur alveg ljóst fyrir og það eiga allir að vita mjög vel. Ég veit að þeim ágætu stjórnarmönnum og forsvarsmönnum Spalar sem stóðu fyrir þessari mikilvægu og stórkostlegu framkvæmd er alveg ljóst hver ábyrgð þeirra er við að endurgreiða lánin á grundvelli þeirra lánasamninga sem gerðir voru. Það er verkefni sem verður að sjálfsögðu að vinna og gjaldið stendur undir þeirri endurgreiðslu.

Um frekari gjaldtöku liggur ekkert fyrir. Við erum að fjalla um ný vegalög sem skapa möguleika á einkaframkvæmdum, skapa möguleika á nýrri aðferð við gjaldtöku, að leggja niður þungaskattinn (Forseti hringir.) og olíugjaldið en taka upp annars konar mælingu sem hv. þm. Kristján Möller tók (Forseti hringir.) alveg sérstaklega undir að ætti viðhafa.

[16:36]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum. Ég áleit að hæstv. ráðherra mundi svara því mjög skýrt hvað hann vildi gera í framhaldinu, hvort hann væri sammála þeirri ákvörðun Spalar að menn fari að safna upp fjármunum til að fara í eðlilegar viðbótarframkvæmdir eða hvort hæstv. ráðherra hugsi sér að hafa áhrif á hvaða fyrirætlanir menn hafi þarna og standi við það sem hann sagði fyrr á kjörtímabilinu að hann vildi frekar að tekin yrðu upp skuggagjöld heldur en að farið yrði í að innheimta meiri veggjöld á þessari leið. Ég tel reyndar að ríkið geti tekið upp annan hátt, ef það vill og það er mjög eðlilegt að ríkið geri það, en þarna er á og tekið á sig þær skuldir sem þarna eru, geri málið upp. Full ástæða er til að skoða þá leið úr því sem komið er og af því að til stendur að gera þessi mannvirki enn afkastameiri en þau eru og miklu fyrr en menn reiknuðu með. Það þarf auðvitað að endurskoða málin þegar svo er komið. Hins vegar er algerlega ólíðandi að af þremur aðalleiðum til borgarinnar borgi menn fyrir eina þeirra. Hæstv. ráðherra hlýtur að sjá að það er mjög ósanngjarnt og menn verða að taka á því máli.

Hæstv. ráðherra sagði það blasa við að gjöldin yrðu lækkuð. Yfirlýsingar Spalar benda ekki til þess. Spölur ætlar að fara að safna í sjóð og spurningin er ... (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra fær tækifæri til að svara þessum spurningum síðar úr því að hann gerði það ekki núna en ég vænti þess varla úr því að hann lét hjá líða að koma með svörin núna.

[16:38]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að fylgjast með þessari umræðu sem segja má að einskorðist af því einu að almennt séu þingmenn mjög ánægðir með þetta framtak hæstv. samgönguráðherra sem er framlagning þessa frumvarps til vegalaga, sem er náttúrlega gjörbylting og breyting á þeim lögum sem nú eru í gildi. Það var vissulega tímabært að endurskoða vegalögin með tilliti til nútímans og þeirrar miklu umferðar sem við höfum upplifað á síðustu árum sem kemur kannski fyrst og fremst til vegna þess að hér á landi hefur ríkt mikið góðæri og menn hafa því getað veitt sér þann munað að kaupa fleiri bifreiðar. En eins og fram hefur komið er bifreiðaeign Íslendinga með því mesta sem gerist miðað íbúafjölda og það má kannski segja að við höfum ekki haldið vöku okkar nægilega hvað varðar uppbyggingu vega.

Menn hafa verið að blanda nokkuð saman 12 ára áætlun um samgöngumál og þessu ágæta frumvarpi og það er kannski ekki óeðlilegt í sjálfu sér. Það sem er líka merkilegt við hana er að þar hefur hæstv. samgönguráðherra lagt fram samræmda samgönguáætlun í flugi, á sjó og á landi og það passar auðvitað mjög vel við nútímann og er eðlilegt að horft sé til þess.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller um heimild til gjaldtöku af umferð sem hér er lögð til og þá tækni sem fram undan er og tæknimöguleika sem menn hafa til að leggja af þungaskatt og kílómetragjald eða olíugjald og taka upp þá tækni sem felst í GPS-tækjum, þá er auðvitað eðlilegt að líta til framtíðar hvað það áhrærir.

Rætt hefur verið um að varúðarbjöllur sveitarfélagsmanna hefðu hringt þegar þeir unnu með nefndinni. Ég átti þess kost að sitja í þeirri ágætu nefnd. Þeir töldu að hafa yrði allan vara á gagnvart ríkinu vegna greiðslu sem fylgja mundi þeirri framkvæmd sem færð yrði yfir á sveitarfélögin ef samningar tækjust um það. Það má kannski segja að sporin hræði þar þegar litið er til fortíðar. Hitt er annað mál að ég varð ekki var við annað en að sveitarstjórnarmenn litu björtum augum til þeirra breytinga sem hér er verið að gera og þeirra spora sem hér er verið að stíga til framtíðar. Það er alveg ljóst og var margrætt í nefndinni að fullur hugur er á því að ganga fram í þessu máli með það að leiðarljósi að taki sveitarfélögin að sér framkvæmd þeirra mála sem nú voru sett á bið fylgi auðvitað fjármagn með henni. Þarna var þó opnuð önnur leið sem felst í því að Vegagerðin getur samið við sveitarfélögin um að taka að sér verk og þá fylgir ákveðin greiðsla þegar þau mál eru afgreidd.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði mikið mál úr greiðslum í Hvalfjarðargöng sem snertir náttúrlega samgönguáætlunina. Hæstv. samgönguráðherra rifjaði upp fortíð þess máls og það var bara af hinu góða. Hitt er annað mál, og ég held að það hafi blundað meðal þjóðarinnar, að það er alveg ljóst að í Hvalfjarðargöng hefði ekki verið ráðist ef þessi samningur hefði ekki legið fyrir. Mér finnst það því skjóta nokkuð skökku við þegar menn koma í dag og segja að nú séu aðrir tímar og að samningurinn og það sem menn vildu á þeim tíma sé bara allt í plati. Ég tel að þetta hafi verið mikið framfaraspor og það hafi verið framsýnir menn sem stofnuðu fyrirtækið Spöl og lögðu í þetta ævintýri.

Ótrúlega margir fræðimenn og fræðingar á verkfræðisviði lögðust mjög gegn þessu máli, höfðu allt á hornum sér og töldu kjark úr mönnum við að ráðast í þessa framkvæmd.

Síðan gerði hv. þingmaður íbúðabyggð að umræðuefni og hvernig hún hefði þróast og taldi að íbúðabyggð á Suðurlandi hefði aukist vegna Hvalfjarðarganganna. Það er merkilegt að slíkur heiðursþingmaður skuli ekki líta um öxl og gera sér grein fyrir því að í uppsveitum Borgarfjarðar og jafnvel norður í land hefur orðið gjörbreyting á verðmætamati lóða og jarða með tilkomu Hvalfjarðarganganna.

Ég tel ákvæðið um heimild til að taka gjald vegna umferðar af hinu góða. Við vorum alveg sannfærð um það sem sátum í nefndinni að það gæti leitt til enn hraðari uppbyggingar vega og yrði mikil samgöngubót sem er auðvitað forsenda byggðar.

Virðulegi forseti. Ég veit að tekið verður vel á þessu máli í samgöngunefnd þar sem ég á sæti og ef marka má hvernig þingmenn hafa tekið undir frumvarpið þá er ég sannfærður um að það fær góða umfjöllun og góða afgreiðslu út úr nefndinni.

[16:45]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi 1. umr. þessa máls koma inn á nokkur atriði í frumvarpi til vegalaga. Ég vil lýsa því yfir að mér finnst mjög margt vera jákvætt í því og tímabært hafi verið orðið að endurskoða vegalögin. Frumvarpið er að mörgu leyti mun skýrara og fært til nútímahorfs frá þeim lögum sem við búum við í dag.

Ég hef, hæstv. forseti, í þrígang lagt fram frumvarp til laga um breytingu á núgildandi vegalögum og um er að ræða tvö atriði sem lúta að öryggismálum. Annars vegar hef ég lagt nokkrum sinnum fram þingsályktunartillögu um rásir fyrir búfé, að inn í vegalögin komi sérstakt ákvæði um að Vegagerðinni eða þeim aðilum sem eru í vegagerð sé heimilt að setja niður rásir sem nú heita í frumvarpinu göng fyrir búfé. Ljóst er að mikil slysahætta skapast á fjölförnum vegum þar sem stórbúum hefur fækkað og það er orðið, því miður, nokkuð algengt að reka þurfi búfénað yfir þjóðvegi og fjölfarna vegi. Mér til mikillar ánægju sé ég að þetta er komið núna inn í það frumvarp sem við hér fjöllum um.

Eins hef ég lagt fram frumvarp um þann öryggisþátt að líta strax til hönnunar þjóðvega. Með leyfi hæstv. forseta vil ég fá að lesa upp þá breytingartillögu sem ég lagði fram við núgildandi 8. gr. en hún er svohljóðandi:

„Við gerð þjóðvega og við verulegar endurbætur á þjóðvegum skal farið að viðurkenndum öryggisstöðlum og þess gætt að vegirnir verði svo öruggir í notkun sem best verður á kosið að teknu tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni.“

Þessi breytingartillaga mín sem er við 8. gr. núgildandi laga mundi falla mjög vel að 47. gr. í IX. kafla frumvarpsins, um ákvæði um öryggi vega og umferðar, sem ég tel vera til mikilla bóta en væri að mínu mati eðlilegra að kveða sterkar að orði en gert er greininni. Í greinargerðinni er ítarlegar farið yfir það sem að baki stendur en ég tel að réttara sé og hnykki á því betur að setja þessi ákvæði beint inn í greinina.

En hvað varðar ákvæði um öryggi vega og umferðar á í frumvarpinu að taka tillit til þess að gert verði umferðaröryggismat á öryggisþáttum nýrra vega, að gerð verði umferðaröryggisrýni, sem felst í rýni hönnunargagna á mismunandi stigum hönnunar, og gerð verði umferðaröryggisúttekt. Þetta er því allt til bóta, hæstv. forseti. Ég vil nefna þetta því ég tel að þetta eigi að vera ákveðnara í lagagreininni. Ég gerði tillögu um að í sjálfum lagatextanum verði kveðið á um að við gerð vegáætlunar skuli tekið mið af vegrýni út frá öryggissjónarmiðum. Það skiptir einmitt máli þegar verið er að skipuleggja og undirbúa legu og framkvæmdir að þá verði það ekki síst út frá öryggissjónarmiðum sem vegarstæði verður valið og hönnun gerð.

Margt kemur til þegar verið er að hanna vegi og umferðarmannvirki, t.d. snertir það leguna út frá landinu og umhverfissjónarmiðum, öryggi og einnig út frá kostnaði. Því miður, hæstv. forseti, er það oft svo að þegar þetta allt er tekið saman hefur ekki síst verið litið á kostnaðarþáttinn og hann hugsanlega oft verið látinn ráða þegar valið hefur verið og öryggginu þá aðeins vikið til hliðar. Það sama má segja hvað varðar fjármagn til vegamála í dag, að mjög víða vantar vegrið og annan öryggisbúnað svo þjóðvegir okkar verði öruggari. Þarna skortir fé. Vegagerðin hefur, að ég tel, kortlagt mjög vel þá staði sem þyrfti að bæta hvað þetta varðar en hefur ekki haft fjármagn í þennan lið.

Það er margt skýrara í þessu lagafrumvarpi og það gleður mig einnig, hæstv. forseti, að sjá að í 10. gr. er búið að taka inn ákvæði um göngu- og hjólreiðastíga, að þeir flokkist nú með almenn um stígum en ekki eingöngu reiðstígar eins og hefur verið. Þetta hefur verið baráttumál okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur í nokkur skipti lagt fram þingmál hvað varðar það að setja göngu- og hjólreiðastíga í vegalög og hafa þá möguleika að ferðast á þann hátt, ekki eingöngu akandi, og ég þakka það að þetta ákvæði sé komið inn. Þá er það næsta, þ.e. að nóg framkvæmdafé sé svo hægt verði að fara í kortlagningu og forgangsröðun. Að mínu mati á að forgangsraða út frá þéttbýliskjörnum, tengja þá, eins og gert hefur verið á höfuðborgarsvæðinu, og það á að halda á áfram og fara milli þéttbýliskjarna hringinn í kringum landið. Stórt verkefni er fyrir höndum og skiptir máli að skipuleggja þetta strax og ganga síðan markvisst í verkið.

Í 14. gr., sem er undir yfirskriftinni framsal veghalds þjóðvega, er komið inn á þann þátt að vegamálastjóra sé heimilt að fela sveitarstjórn veghald héraðsvega innan sveitarfélagsins óski viðkomandi sveitarfélag eftir því. Ég tel mjög mikilvægt að það sé þá að ósk sveitarfélaganna. Safnvegir og tengivegir hafa setið mjög á hakanum og gera þarf stórátak víða um land til að koma þeim yfir á 21. öldina. Það verður átak að fara í endurbyggingu og lagfæringu á slíkum vegum svo sómi sé að. Ef þeim málaflokki hefði verið komið yfir á sveitarfélögin hefði það verið mjög alvarlegt, að mínu mati, en hugsanlega telja efnameiri sveitarfélög eða þau sem telja að þau séu svo aftarlega á listanum og hafi setið svo á hakanum, að það eina sem dugi sé að fara í framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna, en þá verður það að vera á þeirra forsendum og tryggt sé að þeim verði greitt eins og samkomulag næst um um kostnað.

Síðan kemur að 17. gr., sem ég tel að töluvert muni verða rædd í samgöngunefnd og eins þegar frumvarpið

kemur til 2. umr., en það er gjaldtaka af umferð. Við höfum eingöngu þekkt gjaldtökuna frá Hvalfjarðargöngunum. Á sínum tíma rúmaðist sú mikla framkvæmd engan veginn innan fjárlagarammans eða möguleika þess að fara samkvæmt hefðbundnu leiðum í þá framkvæmd, en ég man svo vel eftir öðrum rökum sem voru látin gilda og þau eru — ég tel að þau séu alveg jafngild í dag — að það sé valkvætt. Hægt er að keyra áfram Hvalfjörðinn. Þetta er ekki eina leiðin vestur eða norður, hægt er að fara Hvalfjörðinn. Það er sem sé valkvætt og það tel ég að eigi að hafa í huga ef farið er í áframhaldandi einkaframkvæmdir, að valkvæðar leiðir séu fyrir hendi, ég tel að það séu alveg jafngild rök eins og mörg önnur til að réttlæta það að fara ekki samkvæmt hefðbundnu fyrirkomulagi, eins og við höfum stundað nýframkvæmdir og vegagerð fram til þessa, þetta sé ekki þannig að menn verði að keyra þær leiðir sem gjald er tekin fyrir.

Ég tel að við eigum að stíga varlega í þessa átt. Einkaframkvæmdin er dýrari, það eru arðsemiskröfur af slíkum framkvæmdum sem eru ekki hjá Vegagerðinni. Slíkar framkvæmdir eru einnig dýrari vegna þess að það eru óhagstæðari lán og lánskjör, nema þá ef ríkissjóður ætlar sér að vera með einhverja baktryggingu. Ef slík vinnubrögð yrðu tekin upp er mjög líklegt að auðveldara verði að ganga á svig við gildandi vegáætlun eins og kom fram rétt fyrir jólin þegar mönnum hljóp kapp í kinn við að lofa betri vegtengingu á milli höfuðborgarinnar og austur að Selfossi eftir Suðurlandsvegi. Það virtist vera hægt að lofa tvöföldun vegarins þar sem þessi framkvæmd yrði einkaframkvæmd og þar af leiðandi kæmi hún varla hingað inn á okkar borð eða mundi ekki íþyngja ríkissjóði. Ég held að slík hugsun, að fara í einkaframkvæmd og hafa það algengari framkvæmdir en verið hefur fram til þessa, muni leiða eitt og annað í ljós sem væri betra að við skoðuðum og héldum okkur við vegáætlun og hagkvæmari leiðir en einkaframkvæmdarleiðina.

Hvað varðar 8. gr., um ferjur, finnst mér mjög jákvætt að slíkt ákvæði sé komið þarna inn. Ég man eftir þeim ferðum sem ég fór um skerjagarðinn út frá Gautaborg og eins í Stokkhólmi, að hægt var að fara í ferju þar og borga eins og í strætó. Við búum ekki við slíkar aðstæður en þó eru staðir þar sem eyjar eru í byggð og þurfa íbúar ýmist að nota flug eða ferjur og mikilvægt að hafa þetta ákvæði inni. Í mörgum tilfellum er þetta hluti af almenningssamgöngum og hugsanlega gætum við komið þeim betur á en er í dag.

Hvað varðar 28. gr. finnst mér að mörgu leyti að þau lög sem lúta að mati á umhverfisáhrifum séu þannig að þegar kemur að vegagerð er miðað við ákveðna vegalengd sem boðin er út til framkvæmda eða farið er í. Ég tel að nokkurrar tregðu gæti við að setja framkvæmdir í mat á umhverfisáhrifum. Til lengri tíma litið tel ég að við græðum öll á því þegar menn eru farnir að slípast í að vinna samkvæmt þessu, að finna bestu og heppilegustu leiðina til vegagerðar með mati á umhverfisáhrifum. Ég tel að stuðla eigi frekar að því að framkvæmdir séu settar í mat á umhverfisáhrifum. Það muni jafnframt á margan hátt spara okkur bæði fjármuni og eins átök ef gerð er langtímaáætlun, t.d. hvað varðar svæðisskipulög. Þegar svæðisskipulögin eru unnin séu meginlínurnar dregnar þannig að íbúar svæðanna geti komið þar að og á því stigi raunar verði tekist á um hvar meginlínurnar eigi að vera, hvar stofnbrautirnar eigi að liggja, samanber átökin á Vestfjörðum núna. Að mínu mati hefði átt að vera búið að afgreiða vegarstæðið fyrir vestan með gerð svæðisskipulags en ekki þegar kemur að því að leggja veginn svo fólk fái betri heildarsýn og sjái þá hvað fram undan er.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði aðeins að nefna nokkur atriði og ætlaði ekki að vera með langa ræðu en teygst hefur úr tímanum. Ég vona að samgöngunefnd hafi tíma til að fara vel yfir frumvarpið en mér finnst miður að samgönguáætlun skuli ekki vera komin fram. Ég hafði vonast eftir samgönguáætlun í upphafi þings svo nægur tími væri til að fara yfir áætlunina. Hún er enn ókomin en ég er sannfærð um að um þá áætlun eigi eftir að verða miklar umræður, bæði í nefndinni og eins í salnum. Mér finnst miður að hún skuli ekki liggja frammi nú þegar.

[17:05]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég held að frumvarpið sem hér er lagt fram sé þokkalegt að flestu leyti. Ég hef ekki mjög miklar athugasemdir við það á fyrsta stigi þótt kannski kunni að koma í ljós við nánari yfirlestur og yfirlegu í nefnd að eitt og annað megi athuga.

Í 14. gr. er vikið að því að vegamálastjóra sé heimilt að fela sveitarfélagi viðhald héraðsvega innan sveitarfélags óski sveitarfélag eftir því. Þessi heimild er opnuð og ekkert nema gott um það að segja.

Mig langar hins vegar aðallega að gera að umræðuefni, hæstv. forseti, 17. gr. og hugsunina í henni varðandi gjaldtöku og útfærslu á gjaldtökuheimildum. Út af fyrir sig tel ég mjög eðlilegt að opnað verði á notkunargjaldið. Ég tel að það sé áhugaverður kostur til að taka inn tekjur af notkun þjóðvega. Það er talið mjög mismunandi hversu einstök farartæki slíta þjóðvegum eða nota þá mikið. En ég tek eftir því að í 17. gr., í skýringum við hana, er eingöngu hugsað fyrir því að um gjaldtöku verði að ræða, hvernig eigi að útfæra gjaldtöku af notkun þjóðvega eða vegarkafla. Eðlilega er bent á að það sé hægt að gera með GSP-tækni, staðsetningartækni og auðvitað þarf að mæla umferð á vegum og vegarköflum á viðkomandi farartæki, aksturstíma þess.

Ég tel að þessi útfærsla sé mjög áhugaverður kostur fyrir framtíðina. Það væri náttúrlega áhugavert ef þau gjöld sem við höfum núna, t.d. þungaskattur og annað, gætu að hluta til eða öllu leyti verið innheimt eftir þessari aðferð, þ.e. eftir því hver ekur, hvernig og á hvers konar farartæki. En þá verða menn líka að leggjast í fagvinnu við að reyna að meta hvernig eigi að haga gjaldtöku miðað við gerð ökutækis, þunga þess, tíðni ferða o.s.frv. Það hlýtur að vera hugsunin. Ég geri a.m.k. ráð fyrir því að samgönguráðuneytið fylgi þeirri stefnu að þannig verði tekið á þessu í framtíðinni, að miða við þessa tækni.

Ég vil varpa einni hugmynd inn í umræðuna sem alls ekki kemur fram í þessari grein sem þó hefði virkilega verið möguleiki á, hæstv. forseti. Þ.e. að það þarf ekki endilega að útfæra þetta sem gjaldtöku. Það er líka hægt að útfæra þetta sem endurgreiðslu, hæstv. samgönguráðherra. Ég bendi á að þegar menn eru farnir að mæla umferð um vegi eftir ástandi vega, eftir vegarköflum, gerð veganna og

þyngd farartækis, þá er þetta líka orðin endurgreiðsla. Hér er eingöngu talað um þáttinn sem snýr að gjaldtökunni en ekki hugað að því að jafna megi flutningskostnað um landið með því að hugsa þetta sem endurgreiðsluaðferð, þ.e. að þau farartæki eða þeir landshlutar sem búa við slæmt vegakerfi, þar sem umferðinni er ekki boðið upp á neitt sambærilegt við betri vegi í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eða á bestu þjóðvegum í dag. Ég nefni t.d. ýmsar nýjar leiðir sem hafa verið opnaðar á undanförnum árum, t.d. Vatnaleið, sem er einhver best lagði vegur sem maður hefur séð, af fjallvegum, þótt honum væri mótmælt á sínum tíma. Þar er um að ræða afar góðar og öruggar akstursleiðir.

Snúa mætti þessari hugsun við. Í 17. gr. á bls. 25 er talað um notkunargjaldið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þykir rétt að gera ráð fyrir þessari gjaldtöku í vegalögum en ekki liggur fyrir hvort né heldur hvenær búast má við beitingu hennar."

Síðan hefði ég viljað bæta inn þeirri hugsun, mér finnst að það hefði átt að standa í greinargerðinni, hæstv. forseti: „Þykir rétt að gera ráð fyrir þessari gjaldtöku eða endurgreiðslu ...", hæstv. forseti, í vegalögum með það að markmiði að endurgreiða til þeirra sem aka lengstu flutningsleiðirnar með tilliti til þess vegakerfis sem mönnum er boðið upp á. Þessari hugsun held ég að menn eigi að koma inn í lagagreinina vegna þess að útfærslan og tæknin býður upp á að mæla vegalengdir, mæla ferð farartækjanna miðað við gerð þeirra og þunga væntanlega. Við getum skilgreint hvort um er að ræða flutningabíla með aftanívagni o.s.frv. eða hvort við erum að tala um annars konar flutningabíla á þjóðvegum landsins. Þá opnast möguleiki til þess, þar sem menn búa við versta vegakerfið, að í staðinn fyrir gjaldtöku umfram bensíngjöld og olíugjöld þá væri hægt að meta það til endurgreiðslu ef þeir þyrftu enn að keyra um vegi sem engan veginn eru sambærilegir við það sem aðrir eiga að venjast.

Þetta vildi ég benda á, hæstv. forseti. Ég tel að hugsunin megi ekki bara vera í þá átt að gjaldtakan verði í forgangi heldur eigi þetta líka að geta orðið til að jafna aðstöðu þeirra sem eru að keyra á þjóðvegum, eftir því hversu góða þjónustu þeim hefur verið veitt með nýbyggingu vega. Einnig vil ég beina þeirri hugsun inn í umræðuna hvort það mætti ekki einnig hugsa fyrir því að þau farartæki sem sleppa því að aka þjóðvegi landsins á stórum köflum með því að fara í ferju eigi ekki alveg eins rétt á endurgjaldi fyrir það. Ég held að menn verði að hugsa þetta í báðar áttir. Það er vissulega hægt að nota þetta sem gjaldtöku en einnig til endurgreiðslu og jafna þannig aðstöðu þeirra manna og landshluta sem búa við verst vegakerfi á landinu þótt framtíðin muni væntanlega gefa flestum landsmönnum kost á að búa við þjóðvegi með bundnu slitlagi, lagða eftir nútímastöðlum með lágmarkshalla og eðlilegri breidd.

Þessu vildi ég koma að í umræðunni. Þar sem ég á sæti í samgöngunefnd geti ég tekið þetta upp í nefndinni og reifað skoðanir mínar. Ég held að hugsa megi þetta á þennan veg eins og það að hér sé eingöngu lagt upp í gjaldtökuþáttinn þótt ég telji að notkunargjöld geti verið fyllilega eðlileg og mun eðlilegri heldur en sum þau gjöld sem við tökum af umferðinni í dag, t.d. þungaskatt sem kemur mjög óréttlátlega niður eftir vegalengdum á landinu, eftir ástandi þjóðvega o.s.frv. Ég beini þessu inn í umræðuna og vænti þess að hæstv. samgönguráðherra hafi meðtekið þessa hugmynd mína og tjái sig e.t.v. eitthvað um hana á eftir. Þetta gæti verið sanngirnismál a.m.k. meðan þjóðvegir landsins eru eins og þeir eru á sumum landsvæðum. Því er ekki saman að jafna hvort við erum að tala um þjóðvegi á Suður- og Vesturlandi eða þjóðvegi á Vestfjörðum og á norðausturhorni landsins.

[17:15]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir alveg sérstaklega góðar undirtektir við það frumvarp sem ég hef hér mælt fyrir, frumvarp til nýrra vegalaga. Það er vissulega uppörvandi fyrir mig sem samgönguráðherra að heyra hversu góðan skilning þingmenn hafa á málinu í heild sinni og þeim meginbreytingum sem hér er verið að gera á gildandi lögum. Hins vegar er, eins og liggur í hlutarins eðli, bent á ýmislegt sem þarf að skoða. Ég tel að það sé í fyllsta máta eðlilegt og í samræmi við vinnulag okkar í þinginu að samgöngunefndin fari mjög vandlega yfir þau atriði. Ég ætla að gera að umtalsefni nokkra þætti af þeim ábendingum sem hafa komið fram hjá hv. þingmönnum.

Ég er alveg sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller að við þurfum að gera stórátak í vegamálum. Þessi lagabreyting er mikilvægur lykill að þeirri aðgerð. Vonandi tekst okkur fljótlega að komast inn í umræður um samgönguáætlunina en heimildin í þessu frumvarpi gefur okkur tækifæri til þess að fela einkaaðilum veghaldið. Sú breyting er byggð á reynslunni sem við höfum úr Hvalfjarðargöngunum og þetta er geysilega mikilvæg breyting til að komast inn í þá leið sem hefur verið tengd einkaframkvæmdum í vegagerð.

Vegagerðin er góð stofnun og henni hefur tekist afskaplega vel að sinna uppbyggingu og þjónustu og rekstri á vegakerfinu en þróunin hefur orðið sú hjá okkur að við höfum farið inn á þá braut að efna til einkaframkvæmda. Hvalfjarðargöngin eru dæmi um slíkt. Ráðstefnu- og tónlistarhúsið er mjög stórt og mikið dæmi um þessa einkaframkvæmdarleið. Sveitarfélögin hafa verið að fara þá leið o.s.frv. þannig að hér erum við að marka og móta nýja stefnu.

Á grundvelli 17. gr. frumvarpsins þar sem við erum að leggja á ráðin um nýtt form innheimtuafnota af vegakerfinu spurðist hv. þm. Kristján L. Möller fyrir um það hvort nota mætti það til að innheimta vegskatta, þá í tengslum við hugmyndir um gjaldtöku af umferðinni. Allt er þetta hægt. Það er spurning um ákvörðun Alþingis og tillögur frá ríkisstjórninni hvernig við högum þessari gjaldtöku af umferðinni. Ef við tökum upp þetta kerfi sem byggist á GSM-símasamböndum og fjarskiptatækninni er ýmislegt hægt en aðalatriðið er að taka ákvörðun um það eftir hvaða leiðum við innheimtum fyrir notkunina á vegakerfinu. Ég er ekki með neinar tillögur uppi í þessu samhengi um að auka á beina gjaldtöku af tilteknum vegarköflum eða vegamannvirkjum. Það hefur komið aðeins til tals að fara hina svokölluðu skuggagjaldsleið. Ef hún væri notuð væri þetta kerfi sem lagt er upp með í 17. gr. alveg upplagt en þetta er næsti fasi í þessari umræðu í raun og veru. Fyrst er að

skapa þennan ramma, skapa þessa möguleika, þessa heimild, og síðan er þá spurningin um hvernig við notum þetta.

Nokkuð var rætt um 28. gr. þar sem fjallað er um vegi og skipulag. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vegir skulu lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun eins og nánar er kveðið á um í lögum um skipulag og í lögum þessum."

Þarna komum við náttúrlega að alveg geysilega umfangsmiklu og flóknu máli sem er samstarf Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Þarna er lögð sú meginlína að vegirnir skuli lagðir í samræmi við gildandi skipulag og þar koma sveitarfélögin að sem lykilaðilar. Sveitarfélögin fara með skipulagsvaldið og ráða mjög miklu um þær útfærslur en hins vegar hefur Vegagerðin samkvæmt gildandi lögum heilmikil áhrif á það hvernig vegir eru lagðir og hvernig tengt er inn á þá. Hv. þm. Kristján L. Möller vakti sérstaka athygli á gatnamótum á hringveginum, m.a. í þéttbýli. Mér er vel ljóst að Vegagerðin hefur það sem meginstefnu að hafa gatnamót sem fæst, nota hringtorg og tengingar inn á meginleiðirnar og tengja síðan með hliðarvegum til þess að fækka gatnamótum. Þetta er meginlínan. Þarna þarf samstarf sveitarfélaganna annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar og við höfum allar heimildir til þess en hér er skerpt á þessum ákvæðum öllum og reynt að læra af reynslunni. Ég held að hér sé alls ekki farið offari um það að Vegagerðin hafi óeðlilegar heimildir. Þetta byggist allt meira og minna á samkomulagi. Hins vegar er þetta fræga ákvæði 28. gr. þessara heildarlaga að ef leggja þarf veg eftir sérstökum óskum sveitarfélaganna eru heimildir til þess að sveitarfélögin greiði þann kostnað. Þessu hefur ekki verið beitt. Sveitarfélögin hafa ekki verið mikið í því að taka slíkar skipulagsákvarðanir en engu að síður eru þess dæmi. Það hefur þá yfirleitt verið í góðu samstarfi við Vegagerðina og sættir hafa náðst um það. Það er ekkert í þessu frumvarpi og það kom ekkert fram í umræðunum sem bendir til þess að þingmenn telji of langt gengið í heimildum Vegagerðarinnar gagnvart sveitarfélögunum.

Hér var nokkuð rætt um girðingarmálin. Samkvæmt 51. og 52. gr. og í X. kaflanum raunar er fjallað um girðingar og göng fyrir búfé en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Veghaldara er heimilt að girða meðfram vegum sínum, m.a. til að tryggja öryggi umferðar ..."

Þetta er geysilega mikilvægt atriði. Það er nýmæli að heimila uppsetningu á göngum fyrir búfé sem er mjög mikilvægt öryggisatriði. Ég tel að það sem fram kom í umræðum hv. þingmanna sé gott tilefni til þess að nefndin fari yfir þetta með Vegagerðinni annars vegar og hins vegar fulltrúum Bændasamtakanna sem hafa lýst skoðunum sínum á þessu. Komið hafa fram óskir frá einstökum landeigendum um að bæta hér enn frekar úr, en það eru heimildir í 52. gr. til þess bæði að kosta girðingar og viðhald þeirra en þarna ræður för það fjármagn sem við höfum til ráðstöfunar. Það þarf auðvitað að gæta hófs í því öllu. Ég tel að það sé ágætt og í rauninni nauðsynlegt að nefndin fari rækilega yfir X. kaflann með þeim aðilum sem að þessu koma.

Aðeins varðandi það sem kom fram, og það hefði mátt tengjast umfjöllun um 17. gr. og gjaldtökur og fleira, hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um að gjaldtakan í Hvalfjarðargöngunum hafi haft áhrif á þróun umferðar eða byggðar. Staðreyndin er sú að það er mikil aukning í umferð vestur á land um Hvalfjörðinn. Mun meiri aukning hefur orðið á umferðinni þar á tilteknum tíma og eftir að jarðgöngin komu en í umferðinni austur fyrir fjall. Það er ekkert sem bendir til þess að gjaldtakan hamli eða dragi úr eða komi í veg fyrir umferð eða vöxt hennar, enda er þar um að ræða tvo kosti. Hvalfjörðurinn er vel fær og þar er góður vegur. Þetta vildi ég sérstaklega nefna hér út af því sem kom fram.

Hvað varðar það sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um 28. gr. og ákvæði skipulagslaga og það að hugsanlegur vegur um Grunnafjörð fengi sérstaka umfjöllun vil ég bara vekja athygli á því að hugmyndir um veg yfir Grunnafjörðinn milli Akraness og Borgarbyggðarsvæðisins fela í sér mjög mikla styttingu og væri mikil bragarbót. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að við eigum að huga að því. En þar stendur hnífurinn í þeirri kúnni að skipulagsyfirvöld og forsvarsmenn umhverfismála hafa algerlega lagst gegn öllum hugmyndum um að þvera þann fjörð. Áður en vegagerð á því svæði gæti orðið að veruleika þarf að ná samkomulagi milli sveitarfélaganna og umhverfis- og skipulagsyfirvalda og síðan Vegagerðar þannig að ég vísa til þess.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson mælti fram þá ágætu og gullvægu setningu að að mestu leyti væri þetta frumvarp þakkarvert, og ég er ánægður með það, en hann vakti athygli á því sem snýr að 17. gr. frumvarpsins, að e.t.v. mætti nýta tæknina og innheimtumöguleika til að dreifa styrkjum vegna flutninga til tiltekinna byggða, einkum þá jaðarbyggða sem ættu í erfiðleikum og inn á svæði þar sem vegir eru ófullnægjandi. Þetta er athyglisverð ábending og ég tel að við þurfum að huga að þeim möguleikum öllum en hins vegar sitjum við uppi með það að regluverkið um stuðning við einstaka flutningaaðila er snúið og svokallaður ólögmætur ríkisstuðningur er nokkuð sem stjórnvöld eiga ekki auðvelt með að komast upp með, ef svo mætti segja. Ef þessi tækni verður engu að síður tekin upp er sá möguleiki til staðar þótt ég sé ekki að mæla með því sérstaklega.

Virðulegur forseti. Ég held að það sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi sé eitt af því sem samgöngunefndin þarf að líta til í yfirferð sinni en að öðru leyti þakka ég enn og aftur fyrir góðar undirtektir undir frumvarpið og vænti þess að nefndin fjalli rækilega um það.

[17:30]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins varðandi það sem ég spurði hæstv. ráðherra um í ræðu minni og hann fjallaði um núna, 28. gr. gagnvart skipulagslögunum. (Gripið fram í.) Þó að ég taki þetta dæmi úr Borgarnesi þar sem tvenn gatnamót voru gerð á hringveginn við það skipulag sem þar var gert og við þær fyllingar sem þar voru gerðar, væntanlega vestan við þjóðveginn ef ég er ekki of áttavilltur þarna, til að byggja upp verslunarhúsnæði og þjónustumiðstöðvar, fjölfarnar leiðir — ég man bara ekki nákvæmlega hvar það var, hvort það var á fundi í samgöngunefnd eða annars staðar, þar sem ég ræddi þetta við fulltrúa Vegagerðarinnar — og kom þar auðvitað fram að hagsmunir Vegagerðarinnar og bæjarfélagsins við þessi gatnamót voru ólíkir.

Þar sem þetta skarast svo mikið sem raun ber vitni, annars vegar hagsmunir sveitarfélagsins og hins vegar hagsmunir Vegagerðarinnar, og alveg sérstaklega með tilliti til umferðaröryggis, vil ég taka skýrt fram að á þessum fjölfarna vegi þegar maður kemur til Borgarness eru þetta gatnamót sem menn smeygja sér inn á ótt og títt. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort honum finnist eðlilegt að þetta sé á þann hátt sem þarna er. Ég geri mér alveg grein fyrir skipulagslögunum og að endanlegt val er alltaf hjá sveitarfélögunum eins og kemur fram í athugasemd með þessari grein, en hefur verið rætt um þörfina á að skoða hvort hagsmunir Vegagerðarinnar og almennings gagnvart umferðaröryggi verði teknir jafnvel fram yfir hagsmuni viðkomandi sveitarfélags í þessu tilfelli?

[17:33]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta verður allt að vega saman, sérstaklega þarf auðvitað að gæta að öllu sem snýr að umferðaröryggismálum, og uppbygging vegakerfisins í samstarfi við sveitarfélögin þarf að vera á þeim nótum að við höfum öryggisþættina í fyrirrúmi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við stöndum þannig að verki og ég efast ekki um að allir aðilar eru tilbúnir til þess og vilja gera það.

Það er hins vegar alveg ljóst að það er dálítið breytt veröld í þessu öllu saman á vettvangi samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar þegar umferðaröryggismálin öll eru á einni hendi. Vegagerðin þarf að huga að skipulagsmálum og uppbyggingu vegakerfisins með það svo rækilega í huga að umferðaröryggismálin séu þar ofarlega, og í rauninni efst, á blaði.

Við þurfum að huga að þessu og við meðferð nefndarinnar held ég að hv. þingmaður ætti að tefla þessu sterkt fram.

[17:34]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka svo vel undir þetta sjónarmið sem ég hef fært hér fram.

Eins og hér hefur komið fram segir í umsögn um 28. gr., með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn fer með skipulagsvaldið og hefur í slíkum tilvikum heimild til að ganga gegn tillögum Vegagerðarinnar."

Það er akkúrat sá punktur sem hæstv. ráðherra fjallaði um, þ.e. umferðaröryggismál sem mér finnst að í þessu tilfelli ættu jafnvel að fá forgang. Þar ættu umferðaröryggismálin jafnvel að ganga framar skipulagsvaldinu sem sveitarstjórn hefur gagnvart þessu. Það kann að vera ódýrara og hagkvæmara — ég ætla kannski ekki að hafa það hagkvæmara — fyrir viðkomandi sveitarfélag að fara þá leið sem það vill fara í skipulagsmálum til að tengja sig að þjóðvegi en miklu verra í umferðarlegu tilliti og á umferðaröryggissvæðum. Miðað við skipulagslögin er greinilega endanlegt val hjá sveitarfélaginu en Vegagerðin á að borga, og Vegagerðin og hæstv. samgönguráðherra og aðrir sem eiga að bera ábyrgð á umferðaröyggismálum verða að lúta í lægra haldi fyrir þessum sjónarmiðum.

Þetta finnst mér mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að komi fram. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka undir það og vegna þess að hér eru velflestir fulltrúar samgöngunefndar, þar á meðal formaður samgöngunefndar, tek ég fram að ég held að við þurfum að taka þetta sérstaklega vel upp og ræða við Vegagerðina um málið. Þó að ég sé ekki mikið fyrir að ganga á hagsmuni sveitarfélaga og taki frekar til varnar fyrir sveitarfélög gagnvart stóra bróður, ríkisvaldinu, held ég að þarna sé bara það mikil nauðsyn vegna umferðaröryggismála að vegagerðar- og umferðaröryggissjónarmiðin þurfi að fá að verða ofan á og yfirsterkari öðrum atriðum.

[17:36]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er kannski nokkur vorkunn en yfirleitt hef ég litið svo til að í langflestum tilvikum séu sveitarstjórnarmenn vel til þess fallnir að fara með mikið vald og þar á meðal skipulagsvald. En stundum er það ekki á þann veg og það verða deilur á milli sveitarstjórnar og þeirra sem ráða skipulagsmálunum og Vegagerðarinnar. Þá getur komið til ágreinings og í einhverjum tilvikum hefur Vegagerðin kært úrskurði og niðurstöður sem lúta að legu vegar. Frægasta dæmið, alveg spánnýtt, er að Vegagerðin kærði úrskurð skipulagsyfirvalda þar sem lagst var gegn því að þvera firði í Gufudalssveitinni. Hvers vegna var það? Jú, vegna þess að það var alveg skýrt mat þeirra sem komu að þessu þá, m.a. Vegagerðarinnar, að þarna væru umferðaröryggishagsmunir geysilega mikilvægir og þess vegna ætti fremur að fara með ströndinni og þvera firði en að setja vegina yfir hálsa og skapa hættulega vegarkafla með mjög bröttum brekkum.

Ég tek undir það að umferðaröryggismálin eru geysilega mikilvæg þegar við erum að leggja á ráðin um skipulag vegakerfisins og uppbyggingu þess og þess vegna þarf Vegagerðin að hafa býsna sterka stöðu gagnvart skipulagsyfirvöldum til að geta fengið framgengt áformum um betri (Forseti hringir.) og öruggari vegi.

[17:38]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að halda því fram í þessum ræðustól að ég þekki alla króka og kima í reglugerðum Evrópusambandsins að því er varðar útfærslu á gjaldtöku eða ekki gjaldtöku, endurgreiðslu eða ekki endurgreiðslu. Hitt hlýtur mér að þykja nokkuð ljóst, hæstv. forseti, að út frá almennum sanngirnissjónarmiðum hljóti að mega setja sams konar gjald á sams konar vegum á sams konar ökutæki og þar af leiðandi hljóti að mega endurgreiða sams konar gjald eða kostnað á sams konar vegum og sams konar ökutæki. Þetta vildi ég bara sagt hafa út af því sem hæstv. ráðherra sagði áðan en ég þakka fyrir undirtektir hans við því að alveg megi hugsa til þess að útfæra þetta með þeim hætti sem ég benti á. Ég held að það væri áhugavert ef þessi tækni yrði innleidd við gjaldtöku hér á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 53. mál (barnabætur). — Þskj. 53.
[17:40]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt, með síðari breytingum. Þetta er mál á þskj. 53 og flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Efni þessa frumvarps er tvíþætt, tvö efnisatriði. Tilgangur frumvarpsins er að bæta barnabótakerfið með það að markmiði að draga verulega úr þeirri gífurlegu skerðingu sem er til staðar en tekjutengdar barnabætur skertust á síðasta ári, eða byrjuðu að skerðast, við um 77 þús. kr. tekjur hjá einstæðu foreldri og um 155 þús. kr. samanlagðar tekjur hjóna eða sambúðaraðila.

Þetta tekjuviðmið hækkaði eitthvað um síðustu áramót sem ég mun koma inn á síðar og það var fyrir tilstilli og kröfu verkalýðshreyfingarinnar í tengslum við kjarasamninga.

Í síðara efnisatriði þessa frumvarps er stigið veigamikið skref í þá átt að hækka aldursmörk ótekjutengdra barnabóta sem eru nú einungis greiddar að 7 ára aldri barns.

Í þessu frumvarpi er lagt til að skerðingarmörkin verði miðuð við lágmarkstekjutryggingu í dagvinnu. Óskertar barnabætur yrðu þá greiddar einstæðum foreldrum með tekjur að 125 þús. kr. á mánuði, þ.e. 1,5 millj. kr. í árstekjur, og hjón með tekjur að 250 þús. kr. á mánuði, þ.e. 3 millj. kr. í árstekjur, fengju einnig óskertar barnabætur.

Hér er verulega verið að rýmka tekjumörkin en það er auðvitað til skammar hvað þau hafa verið lág á umliðnum árum, ekki nema 77 þús. kr. á síðasta ári eins og ég nefndi og er verið að hækka hér upp í 125 þús. kr., en síðan voru það 155 þús. hjá hjónum en hér er verið að hækka þau upp í 250 þús. þannig að hjón með tekjur að 250 þús. fá óskertar barnabætur, þ.e. við 3 millj. kr. árstekjur byrja þær að skerðast.

Með þessari breytingu mundu um 31,3% einstæðra foreldra og 10,5% hjóna fá óskertar bætur af heildarfjölda þeirra sem fá barnabætur. Til samanburðar má geta þess að á árinu 2003 fengu 11,3% einstæðra foreldra óskertar barnabætur en yrðu með þessari breytingu 31,3%. Sá fjöldi einstæðra foreldra sem fengi óskertar barnabætur mundi því þrefaldast. Á árinu 2003 fengu 3% hjóna óskertar barnabætur en með þessari breytingu mundi fjöldinn ríflega þrefaldast og fara í 10,5%.

Það yrði til þess að einstæðum foreldrum og hjónum sem fá óskertar barnabætur fjölgaði um 2 þús. í hvorum hópi og að fjöldi barna sem óskertar barnabætur næðu til yrði um 4.700.

Eins og heyra má af þessu er hér um að ræða verulegar breytingar. Það er þó vert að geta þess að á árinu 2007, eins og ég nefndi, ákvað ríkisstjórnin í tengslum við kjarasamninga á síðasta ári að draga nokkuð úr tekjutengingu bóta. Engu að síður er miðað áfram við mjög lágar tekjur, 92 þús. um síðustu áramót og þá byrja barnabætur að skerðast hjá einstæðu foreldri, voru 77 þús. og eftir breytinguna núna um áramótin byrjar skerðingin hjá hjónum við 185 þús. í stað 155 þús.

Hér er verið að gera verulegar breytingar og rýmkun á þessi tekjuviðmiði sem mun breyta mjög stöðu barnafjölskyldna ef á þetta verður fallist. Hér er ekki um háar fjárhæðir að ræða, miðað við 125 þús. hjá einstæðum foreldrum og 250 þús. hjá hjónum, en samt er breytingin veruleg frá því sem verið hefur eins og ég gat um.

Af því að við ræddum í gær um barnafátækt segir það sig sjálft að ef ríkisstjórnin meinar eitthvað með því að vilja fara í aðgerðir til að bæta stöðu barnafjölskyldna er þetta auðvitað leiðin, að breyta verulega tekjuviðmiði, virðulegi forseti, á skerðingarmörkunum og einnig að hækka aldurinn hjá þeim sem fá greiddar ótekjutengdar barnabætur.

Hlutur ótekjutengdra barnabóta af heildargreiðslu sem allir foreldrar barna fá, óháð tekjum, var um 56% á árinu 1995 þegar núverandi ríkisstjórn tók við en var komið niður í um 20% árið 2005. Hluti ótekjutengdra barnabóta sem allir fá hefur sem sagt minnkað verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar, þ.e. úr 56% í 20%.

Árið 1995 voru greiddar ótekjutengdar barnabætur til allra barna að 16 ára aldri en nú eru þær einungis greiddar til barna að 7 ára aldri. Þetta er veruleg breyting sem kom raunverulega í valdatíð þessarar ríkisstjórnar í upphafi, að hætta að greiða ótekjutengdar barnabætur til allra barna að 16 ára aldri.

Ég býst við að ekkert land sé hægt að finna sem greiðir eins lágar barnabætur og hér er gert og skerðingin er örugglega hvergi eins mikil og hérna. Þær eru raunverulega alls staðar ótekjutengdar og greiddar í flestum tilvikum börnum að 16 eða 18 ára aldri. Þar er um raunverulegar barnabætur að ræða, virðulegi forseti, en í höndum þessarar ríkisstjórnar hafa barnabæturnar orðið að láglaunabótum.

Með þessu frumvarpi er annað efnisatriði þar sem stigið er fyrsta skrefið í að hækka aldursviðmið sem er lagt til grundvallar greiðslu ótekjutengdra barnabóta. Ótekjutengdar barnabætur eru greiddar með börnum frá 0 til 6 ára aldurs en þær falla niður við 7 ára aldur barns. Í þessu frumvarpi er lagt til að ótekjutengdar barnabætur greiðist einnig með börnum 7 til 9 ára eða að 10 ára aldri barns sem er áfangi á þeirri leið að hækka enn frekar ótekjutengdar barnabætur. En við hljótum að stefna að því að greiða ótekjutengdar barnabætur með öllum börnum að 18 ára aldri.

Þegar miðað var við að ótekjutengdar barnabætur næðu til allra barna að 7 ára aldri var miðað við leikskólaaldurinn og til að mæta kostnaði af leikskóladvöl eða dagvistun. Það var undirliggjandi markmið með því að greiða ótekjutengdar barnabætur til allra að 7 ára aldri barns.

Hæstv. ráðherrum ætti þó að vera kunnugt um að af dvöl barna í grunnskólum hlýst ekkert minni kostnaður fyrir fjölskylduna en af leikskóladvöl. Hefur það verið reiknað út að áætla má að það sé ekki undir 240 þús. á skólaönninni ef með eru teknar íþróttir, tónlistarnám, heitar máltíðir o.s.frv. Þess vegna eru engin rök fyrir því, virðulegi forseti, að hætta greiðslum ótekjutengdra barnabóta við 7 ára aldur.

Nú eru greiddar ótekjutengdar barnabætur með 29.575 börnum að 7 ára aldri en með þeirri breytingu að hækka

aldursviðmiðið og bæta við börnum frá 7 til 9 ára aldri, þ.e. að 10 ára aldri, yrði greitt með 42.567 börnum, þ.e. um 13 þús. fleiri en nú er. Það munar sannarlega um þetta, virðulegi forseti, til viðbótar við rýmkun á skerðingum. Ég hef látið reikna út hver heildarkostnaður er við þessar tvær breytingar og hann er um 1,6 milljarðar kr.

Virðulegi forseti. Mig undrar stundum hvernig stjórnarliðar hafa kjark til að koma hér upp í ræðustól, berja sér á brjóst og tala um að barnabætur hafi aukist, eins og var gert hér í ræðustól í gær í umræðunni um fátækt barna. Þá var kallað úr ræðustóli af stjórnarliðum sem komu upp, fleiri en einum og fleiri en tveimur, að barnabætur hefðu hækkað um 50%, virðulegi forseti.

Hver er staðreyndin í þessu máli? Ég hef látið reikna þetta allt saman út. Staðreyndin er sú að barnabætur skertust frá 1995 til 2005 um 10.450 millj., um liðlega einn milljarð á hverju einasta ári frá því að þessi ríkisstjórn tók við. Barnabætur hafa hækkað frá 1995 um 14% meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 41%. Þetta eru staðreyndir málsins og liggja fyrir reiknaðar út af hagfræðingi, barnabæturnar hafi verið skertar um liðlega einn milljarð á hverju ári frá því að þessi ríkisstjórn tók við. Þær hafa hækkað um 14% frá 1995 og vísitala neysluverðs um 41%.

Hvaðan fá þeir núna þessa 50% hækkun sem þeir tala um? Það er mjög mikilvægt að fólk átti sig á því og láti ekki glepjast af þessum tölum sem stjórnarliðar setja fram.

Hækkunin sem er komin núna milli áranna 2006 og 2007 er veruleg en hún er það bara á milli þessara tveggja ára. Það var verkalýðshreyfingin sem knúði fram þessa hækkun í tengslum við kjarasamninga. Þannig hækkuðu framlög til barnabóta úr ríkissjóði úr 6,8 milljörðum í 8,5 milljarða. Þetta er bara hækkun á milli áranna um 50%. Stjórnarliðar kjósa að gleyma öllum árunum frá 1995 til 2005 þar sem þeir skertu barnabætur um 10 milljarða og núna á kosningaári, örfáum mánuðum fyrir kosningar, eru þeir knúnir til þess af verkalýðshreyfingunni að hækka lítillega barnabætur og skila til baka kannski 1,5–2 milljörðum af þessum 10,5 sem þeir hafa skert barnabætur um á þessum tveim kjörtímabilum. Þetta eru staðreyndir málsins.

Ef við bara tökum barnabætur, hvernig þær voru sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, voru þær alveg til ársins 1996 yfir 1% af landsframleiðslu en fóru niður í 0,5%, þ.e. lækkuðu um helming af landsframleiðslu eftir að þessi ríkisstjórn tók við. Jafnvel núna, þó að verulega sé búið að hækka barnabæturnar milli þessara ára eins og ég nefndi, eru barnabæturnar einungis 0,72% af vergri landsframleiðslu.

Þetta eru staðreyndir málsins og væri auðvitað freistandi að taka hér fyrir vaxtabæturnar af því að ég er með útreikning um það líka hvað þær hafa verið skertar í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, virðulegi forseti, að bæði barnabætur og vaxtabætur skipta gífurlega miklu máli fyrir fjölskyldurnar í landinu, ekki síst fyrir ungbarnafjölskyldur sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið. Þessi ríkisstjórn hefur hvað eftir annað leyft sér að koma aftan að fólki, skerða vaxtabæturnar og kippa grundvellinum undan öllum greiðsluáætlunum fólks. Fólk gerir auðvitað greiðsluáætlanir þegar það fer út í að kaupa sér íbúð og reiknar með vaxtabótunum og síðan sker þessi ríkisstjórn þær niður ár eftir ár. Hið sama gerist með barnabæturnar sem fólk treystir á. Þær hafa verið skornar svo harkalega niður sem raun ber vitni.

Árið 1995 var miklu meira varið af fjármagni til barnabóta. Það var greitt með öllum börnum að 16 ára aldri en þá var miklu minna úr að spila hjá ríkissjóði en er í dag. Voru ekki nefndir 160 milljarðar sem ríkissjóður hefur meira núna en hann hafði fyrir nokkrum árum, áður en þessi ríkisstjórn komst til valda? 160 milljörðum meira hafa þeir úr að spila. Samt hafa þeir farið þannig með barna- og vaxtabæturnar.

Staðreyndin er sú, virðulegi forseti, að hvert sem litið er sjáum við þessa miklu gliðnun sem er í öryggisneti velferðarkerfisins sem er raunverulega við það að bresta víða vegna þess að ríkisstjórnin hefur séð til þess á þessum árum að velferðarkerfið drabbast niður og er orðið hreint ölmusukerfi að mínu viti. Það er svo þrælteljutengt, fátæktargildrurnar svo miklar að það er með ólíkindum.

Þannig skilur ríkisstjórnin við. Við skulum vona að þjóðin beri gæfu til að kjósa ekki þessa sömu ríkisstjórn yfir sig aftur til þess að hægt verði að fara að vinda sér í það þarfa verk að bæta fyrir misgjörðir ríkisstjórnarinnar og hvernig hún hefur lamað allt velferðarkerfið. Barnabæturnar eru kannski gleggsta dæmið um það.

Ég nefndi að í flestum löndum miðast greiðslur barnabóta við 18 ára aldurinn. Í tengslum við síðustu kjarasamninga hækkaði ríkisstjórnin aldurinn hjá þeim sem hafa tekjutengdar barnabætur, rétt að undirstrika það, úr 16 í 18 ára aldur. En ríkisstjórnin hefur ekki fallist á að hreyfa við aldursviðmiði varðandi ótekjutengdar barnabætur þótt full rök séu fyrir því eins og ég fór inn á í máli mínu vegna ýmiss kostnaðar sem fellur á heimilin vegna grunnskóla barna eins og ég hef hér lýst.

Í stuttu máli eru barnabætur í Danmörku hvorki tekjutengdar né skattskyldar og greiðast með öllum börnum 18 og yngri. Í Noregi eru barnabætur skattfrjálsar og án tekjutengingar og greiðast með öllum börnum 16 ára og yngri. Í Svíþjóð greiðast barnabætur vegna allra barna 16 ára og yngri. Barnabætur til barnmargra fjölskyldna eru hærri þegar börnin verða þrjú eða fleiri. Þær eru skattfrjálsar og án tekjutengingar. Þetta er alls staðar svona, virðulegi forseti, án tekjutengingar nema hér er þetta þrælteljutengt.

Það er ekki einu sinni að ríkisstjórnin skammist til þess að láta þó ekki skerðinguna byrja t.d. fyrr en við lágmarkslaun. Nei, hún fer neðar en það og hefur gert allar götur síðan stjórnin tók við. Að þetta skuli hafa verið 77 þús. kr. hjá einstæðu foreldri, sem er töluvert langt undir lágmarkslaunum, er hrein svívirða, virðulegi forseti.

Í Finnlandi greiðast barnabætur til 17 ára aldurs og fer fjárhæð bótanna eftir fjölda barna í hverri fjölskyldu. Bæturnar eru skattfrjálsar og án tekjutengingar. Eins og alls staðar.

Í aðildarríkjum OECD eru barnabætur án tekjutengingar í öllum löndum nema í Ástralíu, á Grikklandi, Ítalíu, Kanada, Portúgal og Spáni, auk Íslands. Þannig er þetta, virðulegi forseti. Aldursmörkin eru 16 eða 18 ár og skiptingin nokkuð jöfn.

Ég held að allir sjái að með því að bæta barnabótakerfið

eru bætt verulega kjör barnafjölskyldunnar sem er veigamikill þáttur í því velferðarkerfi sem við jafnaðarmenn viljum búa landsmönnum. Við viljum ekki, eins og þessi ríkisstjórn hefur gert, færa þjóðina frá þessu norræna velferðarsamfélagi sem við höfum búið við lengst af.

Ríkisstjórnin er á góðri leið, alveg sama hvert litið er, með að færa okkur nær hinu bandarísku módeli. Það er hægt að taka fleira. Það er mjög freistandi, virðulegi forseti, þegar við erum að ræða velferðarkerfið að fara yfir það hvernig búið er að fara með skattkerfið, að hjá níu af hverjum 10 heimilum í landinu hefur skattbyrðin verið aukin en ekki hjá þeim sem mest hafa, hjá fjármagnseigendunum sem hafa milljarða og tugi milljarða á milli handanna, hundruð milljarða. Samt er þetta fólkið sem er hlíft við að borga nefskatt til Ríkisútvarpsins, hlíft við því að borga 6 þús. kr. í Framkvæmdasjóð aldraðra. Það er eitthvað að, virðulegi forseti, í samfélagi okkar þegar málin geta gengið svona fyrir sig.

Innst inni held ég að ríkisstjórnin skammist sín svolítið fyrir þetta, sérstaklega þegar við fórum hér yfir nefskattinn hjá RÚV, hvernig fjármagnseigendurnir sleppa þúsundum saman við að borga þennan nefskatt meðan honum er klínt á barnmargar fjölskyldur, kannski skatt upp á 60–65%. Á meðan sleppa þeir sem eru með tugmilljarðana.

Það er eitthvað að í samfélaginu, virðulegi forseti, þegar við komum að þessum skattamálum. Skattleysismörkin sem verkalýðshreyfingunni tókst að hífa upp úr 79 þús. í 90 þús. kr. í tengslum við síðustu kjarasamninga ættu að vera 137 þús. kr. í dag, og væru það ef ríkisstjórnin hefði ekki skert þau eins og raun ber vitni. Hún byrjaði á því, það var hennar fyrsta verk þegar hún komst til valda að skerða skattleysismörkin. Með því að skerða skattleysismörkin svona gífurlega hefur hún fengið inn í ríkissjóð einhvers staðar á milli 35 og 40 milljarða kr., virðulegi forseti, með því að hafa þetta af láglaunafólki, halda skattleysismörkunum í 79 þús. kr. eða hvað það nú var. Með því fékk ríkisstjórnin inn í kassann 35–40 milljarða — og hvernig hefur hún notað þá, virðulegi forseti? Hún hefur notað þá til að hygla fjármagnseigendunum sérstaklega, vera með tilfærslur úr skattkerfinu frá þeim tekjulægstu, frá fátæka fólkinu, til þess að geta hyglað aftur meira fjármagnseigendum og þeim sem vita ekki aura sinna tal. Ég spyr nú: Er ekki kominn tími til að skipta um ríkisstjórn?

Ég hef lokið við að mæla fyrir þessu máli, virðulegi forseti. Ég hafði vonast til þess að geta mælt fyrir því fyrr. Þetta er eitt þeirra mála sem Samfylkingin setti í forgang í upphafi þessa þings, mál sem Samfylkingin mun setja á oddinn í komandi kosningum. Ég er alveg viss um að velferðarkerfið verður ein af þungamiðjunum í þessari kosningabaráttu, þá ekki síst barnabótakerfið og hvað það hefur verið leikið grátt í höndum þessarar ríkisstjórnar.

Ég vona sannarlega að þetta mál fari til umsagnar en ég geri mér ekki miklar vonir um það, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin sem markvisst hefur grafið undan velferðarkerfinu á umliðnum árum fallist á að þetta mál komi til eðlilegrar meðferðar aftur inn í þingið og að þingmenn fái að greiða atkvæði um það.

Ég ítreka að þetta er eitt af brýnustu málunum til þess að koma okkur upp úr fátæktargildrunum, til þess að minnka þann fjölda fólks sem býr við fátækt hér á landi sem við fórum í gegnum í gær, kannski 18–20 þús. manns og þar af um 5 þús. börn sem búa við mikla fátækt. Hér hef ég mælt fyrir leið til þess að rétta hlut þessa fólks og ég veit með vissu að komist Samfylkingin í ríkisstjórn verður eitt af forgangsmálunum sem við munum setja á oddinn til að bæta stöðu barnafólks.

[18:02]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að fagna því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum. Ég ætla jafnframt að taka undir hennar ræðu hér. Með frumvarpinu fylgir mjög svo góð og ítarleg greinargerð og tilgangurinn eins og um er rætt er til þess að bæta verulega barnabótakerfið og draga úr skerðingu sem er til staðar vegna tekjutengingar. Auk þess er verið að stíga hér stórt skref í að hækka aldursmörk ótekjutengdra barnabóta sem, eins og kemur hér fram, eru nú einungis greiddar að sjö ára aldri.

Ekki er hægt að ræða um þetta frumvarp öðruvísi en að minnast sérstaklega á hversu miklu þetta skiptir fyrir einstæða foreldra. Í greinargerðinni kemur fram að við þessar breytingar mundu 31,3% einstæðra foreldra fá óskertar bætur.

Hér fór fram í gær umræða, frú forseti, um fátækt barna þegar við ræddum skýrslu um fátækt barna á Íslandi. Þá sagði ég meðal annars að ein orsök þess að börn á Íslandi lifa við fátækt sé að þau búa hjá einstæðu foreldri. Það hefur komið fram hér um þetta frumvarp að ef barnabætur yrðu hækkaðar þá mundi það hafa gífurlega góð áhrif á hag einstæðra foreldra og þar af leiðandi á hag fátækra barna. En eins og kom fram í umræðunni í gær eru tæplega 4.700 börn samkvæmt skýrslu hæstv. forsætisráðherra talin búa við fátækt á Íslandi.

Jafnframt kom fram í skýrslu frá forsætisráðherra sem var skilað hér inn á 130. þingi um fátækt almennt að starfshópur sem vann að þeirri skýrslu lagði sérstaklega til endurskoðun á barnabótakerfinu sem tæki til að styðja betur við fátækar barnafjölskyldur. Jafnframt kom í þeirri skýrslu fram að barnabætur eru verulega lægri hér en almennt gengur og gerist í Evrópu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa miklu lengri tölu en ítreka að hér er afskaplega þarft frumvarp á ferðinni sem við í Frjálslynda flokknum styðjum að sjálfsögðu og vonumst til þess að það fái þinglega meðferð og komist hér í gegn því að það getur varla verið, herra forseti, að Ísland sé velferðarþjóðfélag ef tæplega 5.000 börn lifa við fátækt.

[18:06]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég hef löngun til að koma hér aðeins stutt í ræðustól til þess að lýsa yfir ánægju minni með þetta mál sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fram og mælt fyrir af skörungsskap. Margar mjög góðar og gagnlegar upplýsingar komu fram í máli hennar og koma fram í greinargerð með frumvarpinu, upplýsingar sem eru þess virði að haldið sé á lofti. Ég tel nauðsynlegt að hrakin séu þau ósannindi sem stjórnarliðar fóru hér með í umræðunni í

gær um fátækt barna þegar þeir berja sér á brjóst og segjast hafa verið að hækka barnabætur. Í máli hv. þingmanns kemur fram að hækkunin er eingöngu núna á milli áranna 2006 og 2007. Mér þykir það alvarlegt á hvern hátt stjórnarliðar leyfðu sér í umræðunni í gær að skrumskæla veruleikann og bregðast ekki við þeim staðreyndum sem hv. þingmaður hefur lagt fyrir okkur.

Það er alvarlegt þegar við horfum á þessar tölur að barnabæturnar skuli skerðast við 77 þús. kr. þegar lágmarkslaun eru komin í alla vega á milli 90 og 100 þús. kr. (Gripið fram í.) 125 þús. kr. Þá er það náttúrlega sýnu alvarlegra að barnabæturnar hjá einstæðum foreldrum skuli byrja að skerðast við þessi lágu mörk. Fullyrðingar þess efnis að ekkert land greiði jafnlágar barnabætur og Íslendingar og að hvergi séu jafnharkalegar tekjutengingar eru líka alvarlegar. Ég þekki það af reynslu minni að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fer vel ofan í sín mál og hennar greinargerðir eru góðar og vel ígrundaðar. Ég tel því að hér séu alvarlegar yfirlýsingar á ferðinni sem þessi ríkisstjórn verður auðvitað að bregðast við. Hún verður að svara í einhverju því sem kemur fram því að fullyrðingar þeirra eru afhjúpaðar með þeim staðreyndum sem hér eru upp taldar og studdar rökum.

Heildarkostnaðurinn við þessa breytingu yrði 1,6 milljarðar kr. Það er ekki há upphæð þegar hlustað er á fréttir þessa dagana um gróða bankanna. Landsbankinn græddi 40 milljarða eftir skatta á síðasta ári. Kaupþing græddi 82 milljarða eftir skatta á síðasta ári og Glitnir græddi einhverja tugi milljarða líka.

Ég spyr því: Hvaða ábyrgð er þessi ríkisstjórn að flýja þegar hún leyfir sér að veigra sér við því að hækka barnabæturnar sem þessu nemur? Það er ekki forsvaranlegt að flýja undan þeirri áskorun sem kemur fram í þessu þingmáli.

Ég vil bara ítreka að ég lýsi yfir stuðningi við þetta mál. Þetta er eitt af brýnu málunum til þess að velferðarkerfið okkar geti staðið undir nafni. Ég veit að þetta kemur til með að verða áberandi í málflutningi stjórnarandstöðunnar í kosningabaráttunni og ég trúi ekki öðru en að við náum eyrum þjóðarinnar.

Að lokum svara ég spurningu hv. þingmanns sem hún lagði fram hér við lok síns máls þegar hún spurði hvort ekki væri kominn tími til að losna við þessa ríkisstjórn. Hæstv. forseti. Mitt svar er: Jú, það er kominn tími til að losna við þessa ríkisstjórn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almenn hegningarlög o.fl., 1. umr.*

Frv. KolH o.fl., 39. mál (mansal, fórnarlambavernd). — Þskj. 39.

[18:10]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á þrennum lögum. Þetta er frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

Hér er um að ræða mál sem ég hef lagt fram áður ásamt hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það var á 130. löggjafarþingi og svo aftur á 131. löggjafarþingi sem ég lagði fram mál af svipuðum toga. Ég endurflyt það nokkuð breytt vegna athugasemda sem komu fram í umsögnum sem bárust um málið, sem ég vil taka fram að voru allar afar jákvæðar í garð þeirra prinsippa sem mælt er fyrir og sett eru fram.

Breytingarnar sem ég gerði á frumvarpinu á milli þinga eru annars vegar lagatæknilegar en hins vegar efnislegar. Að þessu sinni legg ég til að þrennum lögum verði breytt en áður var frumvarpið lagt fram sem frumvarp til sérlaga um fórnarlambavernd og raunar einnig um vitnavernd. En í þetta sinn hef ég horfið frá því að fjalla um vitnavernd í frumvarpinu. Það fjallar einungis um fórnarlambavernd. Ákvæði um vitnavernd eru í lögum um meðferð opinberra mála og þeir sem kæmu til með að njóta fórnarlambaverndar samkvæmt lagafrumvarpinu, ef að lögum verður, kæmu einnig til með að njóta vitnaverndar samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Það er því óþarfi að hafa það í þessu frumvarpi líka.

Þessu frumvarpi er ætlað að festa í lög vernd til handa fórnarlömbum mansals. Það er í samræmi við skuldbindingar aðildarríkjasamnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri fjölþjóðlegri glæpastarfsemi. Sá samningur var undirritaður fyrir Íslands hönd þann 13. desember árið 2000 og það er skammarlegt að þurfa að segja frá því að hann bíður enn fullgildingar. Þó hefur dómsmálaráðherra verið spurður um þennan samning í þingsal. Í gögnum dómsmálaráðuneytisins, m.a. í skýrslu starfshóps dómsmálaráðuneytisins sem fjallaði um vændi og mansal fyrir einu og hálfu ári, eru viljayfirlýsingar um að samningurinn verði fullgiltur. Hann hefur enn ekki verið fullgiltur og það væri ekki úr vegi að fá rök hæstv. dómsmálaráðherra fyrir því. Hvað dvelur orminn langa í þessum efnum?

Við þennan samning voru gerðir tveir viðaukar. Öðrum þeirra var ætlað að taka sérstaklega á mansali, ekki síst sölu kvenna og barna, og sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem honum var ætlað að tryggja þolendum slíkra glæpa vernd og aðstoð. Það er mikilvægt ákvæði í þessum samningi. Það ákvæði er kveikjan að þessu frumvarpi. Það er skylda okkar samkvæmt samningnum að tryggja ekki einasta að gera allt sem í okkar valdi stendur til að reyna að koma í veg fyrir sölu barna og kvenna á milli landa heldur líka að tryggja vernd þeirra ef þau uppgötvast og eru ólöglega í viðkomandi löndum.

Í samningum eru líka afgerandi ákvæði um skyldur stjórnvalda og um á hvern hátt þessi aðstoð skuli veitt. Aðstoðin er í samræmi við meginreglur samningsins og viðaukinn, raunar samningurinn allur, er kenndur við Palermó á Sikiley en þar var hann undirritaður og hann er kallaður Palermó-samningurinn.

Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum úr skýrslum Sameinuðu þjóðanna um mansal má gera ráð fyrir að hundruð þúsunda karla og kvenna og barna séu árlega seld á milli landa vítt og breitt um heiminn. Til skamms tíma

töldu menn að þetta fólk væri viljugir þátttakendur í hinu ólöglega athæfi, fólk sem sjálfviljugt flýði fátækt og eymd í heimalöndum sínum í von um að eitthvað skárra væri í boði á hinum ríku Vesturlöndum. En hin síðari ár hafa nýjar hliðar á þessari ólöglegu og óhugnanlegu starfsemi orðið meira áberandi, þ.e. sú starfsemi sem tengist hinum svokallaða kynlífsmarkaði og klámiðnaði á Vesturlöndum. Í slíkum tilfellum er oft um nauðung að ræða. Ofbeldi og hótunum er beitt til að beygja fórnarlömbin undir vilja þeirra sem stunda mansal. Oft hefst för fórnarlambanna með samþykki og skipuleggjendur lofa þeim gulli og grænum skógum á áfangastað. Fólk greiðir jafnvel háar upphæðir fyrir flutninginn sem oft á sér stað við óviðunandi aðstæður. Fólkið endar svo oftar en ekki í nauðungarvinnu, í vændi eða sem þátttakendur í ólöglegu athæfi í móttökulandinu.

Talið er að í Bandaríkjunum einum saman stundi 100.000 ólöglegir innflytjendur vændi og í skýrslu Sameinuðu þjóðanna, Global Report on Crime and Justice, er talið að 40.000–50.000 tælenskar konur, ólöglegir innflytjendur, stundi vændi í Japan. Það ríkir mikil óvissa um hversu margir ólöglegir innflytjendur starfa við vændi í Evrópulöndunum, en í skýrslum Sameinuðu þjóðanna er þó talað um að þeir skipti hundruðum þúsunda. Tveir þriðju hlutar munu koma frá Austur-Evrópu og einn þriðji frá þróunarlöndum í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Af þessu sést að vandamálið er alþjóðlegt og, virðulegi forseti, það vex hratt.

Konur sem seldar eru til kynlífsþrælkunar lenda oft í grófu ofbeldi og er jafnvel nauðgað hvað eftir annað áður en sala frá einum aðila til annars á sér stað. Ótal dæmi eru til um hroðalega meðferð þeirra og ekki er óalgengt að þær séu látnar þjóna vændiskúnnum upp í 18 klukkustundir á dag, alla daga vikunnar. Þær eru í flestum tilfellum algerlega háðar kúgurum sínum, oft eigendum vændishúsa. Þær eru oftast án vegabréfs í landi sem þær vita ef til vill ekki hvað heitir og eru neyddar til að láta af hendi stærstan hluta þeirra peninga sem kúnnarnir greiða fyrir vændið, enda eru þær sagðar þurfa að endurgreiða háar fúlgur fyrir fargjald, húsaleigu og fæði. Konunum er haldið innilokuðum á vændishúsum eða þeim er ekið milli kúnna af hinum svokölluðu „eigendum" sínum.

Venjulega eru þær fluttar ört á milli landa og staða til að tryggja að þær geti ekki myndað tengsl við vændiskúnna, því að slíkt gæti orðið til þess að einhverjir tækju það upp hjá sér að vilja bjarga þeim. Þær eru varaðar við að leita til lögreglu, heilbrigðisyfirvalda eða samtaka sem aðstoða fólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi. Reyni þær slíkt kallar það á grófar líkamsmeiðingar, líkamlegar refsingar, barsmíðar og nauðganir eða hótanir um að eitthvað komi fyrir fjölskyldur þeirra í heimalöndunum. Allt gerir þetta yfirvöldum erfitt fyrir að ná til fórnarlamba mansals.

Skilgreining mansals, samkvæmt 3. gr. Palermó-viðaukans, er sú skilgreining sem ég legg til grundvallar í frumvarpi mínu. Hún er svohljóðandi, virðulegi forseti, eins og kemur fram í 5. gr. frumvarpsins:

„„Mansal" merkir að fólk sé fengið, flutt, framselt, hýst eða við því tekið, með valdi eða hótun um valdbeitingu eða með annars konar nauðung, með mannráni, svikum, blekkingu, valdníðslu eða misnotkun á varnarleysi þess, eða ef látið er af hendi eða tekið við fé eða öðrum gæðum til þess að fá fram samþykki við því að einstaklingur öðlist vald yfir öðrum einstaklingi í hagnýtingarskyni. Hagnýting tekur, í það minnsta, til hagnýtingar á vændi annarra eða annarrar kynferðislegrar hagnýtingar, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælahalds eða athæfis sem svipar til þrælahalds, ánauðar eða líffæranáms. Samþykki þess sem er fórnarlamb mansals við hagnýtingu af þeim toga sem lýst er hér að ofan skiptir engu máli í tilvikum þar sem einhverjum þeim aðferðum sem lýst er hér að ofan hefur verið beitt. Tilkvaðning, flutningur, framsal, hýsing eða viðtaka á barni í hagnýtingarskyni telst vera „mansal", jafnvel þótt ekki sé beitt neinum þeim aðferðum sem lýst er hér að ofan. „Barn" merkir einstakling undir átján ára aldri."

Þessi skilgreining er lögð til grundvallar í þessu frumvarpi enda staðfest af þeim sem undirrituðu Palermósamninginn á sínum tíma árið 2000. Þessi lagasetning yrði í samræmi við tilskipanir Evrópuráðsins og hef ég í greinargerð sett niður ákveðinn kafla sem gerir ráð fyrir þeim tilskipunum sem Evrópuráðið hefur sett fram í þessum efnum. Það er ákveðinn samningur sem Evrópuráðið hefur gert um aðgerðir gegn mansali sem var undirritaður 16. maí 2005. Hann fjallar ekki síst um verndun fórnarlamba mansals og ráðstafanir til að standa vörð um mannréttindi þeirra, sem er eitt af meginmarkmiðum þessa frumvarps.

Í greinargerðinni get ég einnig um aðgerðir í Evrópu, á hvern hátt Evrópulöndin hafa beitt ákvæðum Palermósamningsins og tilmælum Evrópuráðsins til að reyna að ná utan um þessi erfiðu mál. Það sem er kannski merkilegast við þetta frumvarp og það hvernig ég legg það fram er að vitnisburður gegn grunuðum glæpamanni þarf ekki endilega að vera skilyrði þess að fórnarlamb njóti verndar í því landi sem viðkomandi uppgötvast eða kemst í hendur á yfirvöldum.

Rökin fyrir fórnarlamba- og vitnavernd í tengslum við mansal eru í fyrsta lagi mannúðarsjónarmið. Mannréttindi þess fólks sem lendir í klóm nútímaþrælasala hafa verið brotin. Það hefur verið niðurlægt og oft hefur það verið beitt grófu ofbeldi. Til að það geti endurheimt mannlega reisn og orðið virkir borgarar í samfélaginu þarf það stuðning. Í öðru lagi má nefna þau rök að með því að fá fórnarlömbin til samvinnu við yfirvöld megi auka líkurnar á að lögreglu takist að koma upp um þá glæpamenn sem stunda ólöglegan innflutning eða sölu á fólki. Í því frumvarpi sem hér er flutt er samvinna fórnarlambsins við viðkomandi yfirvöld, um að vitna gegn hinum brotlegu, ekki gerð að skilyrði fyrir dvalarleyfi eða þeirri aðstoð sem skylt yrði að veita fórnarlömbunum samkvæmt frumvarpinu, heldur er lögð áhersla á að líkur aukist á því að fórnarlambið vitni gegn hinum brotlegu fái það dvalarleyfi og félagslega og réttarfarslega aðstoð.

Ef ekki er í lögum heimild til sérstaks dvalarleyfis fyrir fórnarlömbin er yfirvöldum nauðugur einn kostur að senda þau úr landi. Það hlýtur að ganga gegn mannúðarsjónarmiðum þar sem það leiðir óhjákvæmilega til þess að þau lendi aftur í klóm glæpamannanna og hörmungarnar haldi áfram. Samstarf yfirvalda og fórnarlambs getur verið með því móti að fórnarlambið gefi upplýsingar um grunaða ein-

staklinga, leggi fram ákæru eða beri vitni fyrir dómi, en gera verður ráð fyrir því að fórnarlömbin geti verið svo hart leikin af kúgurum sínum að slíkt sé óhugsandi. Því er það ekki gert að skilyrði í þessu frumvarpi.

Í greinargerðinni er almennur kafli um mannréttindi og mannúðarsjónarmið og svo hef ég sett fram athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Þar eru nánar skilgreind þau markmið sem ég tel að þurfi að vera til staðar ef við eigum að standa við skuldbindingar okkar samkvæmt Palermó-samningnum og samkvæmt þeim tilmælum sem við höfum fengið frá Evrópuráðinu.

Mig langar til í lok ræðu minnar, hæstv. forseti, að fara örfáum orðum um þau viðbrögð hæstv. dómsmálaráðherra sem ég átti orðastað við á miðvikudaginn í fyrirspurnatíma. Ég ræddi þá við hann um aðgerðaráætlun sem ríkisstjórninni er í sjálfu sér skylt að setja fram, aðgerðaráætlun sem miði að því að stemma stigu við mansali. Slík aðgerðaráætlun ætti að vera hluti af markvissum aðgerðum stjórnvalda á Norðurlöndunum til þess að uppræta þessa glæpi.

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra taldi ekki mikilvægt að sinna þessu verkefni og taldi ekki þurfa að setja saman aðgerðaráætlun af þessu tagi. Ég er hæstv. dómsmálaráðherra hjartanlega ósammála í því máli og vísa því á bug að á Íslandi sé nægilega mikið gert til að koma í veg fyrir að glæpaklíkur á borð við þær sem selja konur og börn á milli landa í kynlífsiðnað fái starfað á Íslandi eða að þær fái ekki að koma til landsins með fórnarlömb sín. Ég tel nú þegar nægilega margar vísbendingar um að hingað komi nú þegar konur sem þannig er ástatt um, fórnarlamb mansals. Ég tel að yfirvöld þurfi að hrista hér af sé slyðruorðið. Hæstv. ríkisstjórn þarf að setja fram aðgerðaráætlun gegn mansali. Við þurfum að fullgilda Palermó-samninginn og liður í öllum þeim aðgerðum gæti verið að samþykkja það frumvarp sem ég hef mælt fyrir.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:24]

**Útbýting:**

Grímseyjarferja, 539. mál, fsp. KLM, þskj. 808.

Samgöngubætur á Vestfjörðum, 537. mál, fsp. AKG, þskj. 806.

Samkeppnisrekstur og virðisaukaskattur, 540. mál, fsp. JóhS, þskj. 809.

Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, 541. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 810.

Styrkir AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi, 426. mál, svar sjútvrh., þskj. 791.

Þjóðarátak gegn lélegri umgengni við landið, 538. mál, fsp. KolH, þskj. 807.

Út af dagskrá voru tekin 13.–20. mál.

Fundi slitið kl. 18:25.

---

# 63. FUNDUR

miðvikudaginn 31. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til iðnaðarráðherra:*

1. Vaxtarsamningur Vestfjarða, fsp. LRM, 528. mál, þskj. 797.

*Til viðskiptaráðherra:*

2. Bættir innheimtuhættir, fsp. JóhS, 482. mál, þskj. 734.

*Til umhverfisráðherra:*

3. Lagabreytingar sem fullgilding Árósasamningsins hefði í för með sér, fsp. MÁ, 203. mál, þskj. 204.

4. Reglur um aflífun og flutning búfjár, fsp. SigurjÞ, 250. mál, þskj. 253.

5. Loftslagsmál, fsp. HHj, 293. mál, þskj. 306.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

6. Dragnótaveiðar, fsp. JÁ, 399. mál, þskj. 443.

7. Sæðisbundin fiskveiðistjórn, fsp. SigurjÞ, 401. mál, þskj. 447.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Bandalagi íslenskra listamanna.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Ákvæði íslenskra laga um hreinsun á strandstað.

[13:30]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Nú hefur flutningaskipið Wilson Muuga legið í Hvalsnesfjöru í rúmlega fimm vikur og framtíð flaksins ekki öllum ljós og reyndar nokkuð langt frá því. Ástæðan er sú m.a. að eigendur Wilsons telja sér ekki skylt vegna mistaka í lagasetningu að greiða meira en 74 millj. kr. fyrir hreinsun á strandstað, sem er náttúrlega fjarri þeim kostnaði sem til fellur við það að fjarlægja Wilson. Eigendur telja sig í fullum rétti til að binda sig við þessa fjárhæð samkvæmt ákvæðum siglingalaga sem virðist hafa gleymst að uppfæra til raunveruleikans um kostnað við slíkt slys sem strandið á Wilson Muuga er. Nýja takmörkunarfjárhæð vantar og hefur vantað í áratug og fyrir gáleysi hefur það ekki verið uppfært. Því stendur eftir: Hvað kostar að ljúka við að hreinsa strandstað og hver á að borga?

Síðan er meginmálið þetta: Á meðan það er ekki leitt til lykta er umhverfisslys í uppsiglingu. Það vofir yfir á meðan Wilson er í fjörunni. Því er nær að spyrja hvað það mundi kosta íslenska náttúru ef slíkt gerðist vegna óljósra laga og seinagangs stjórnvalda. Lausnina er að hluta að finna í ákvæði um bótatakmörkunarrétt þess sem ber ábyrgð, sem er mun strangari t.d. í norskum lögum og þarf að breyta gagngert í íslenskum siglingalögum frá 1985, sem og lög-

um um verndun hafs og stranda og þá þarf skýra ábyrgð útgerðar annars vegar og tryggingafélags hins vegar. Þá koma einnig inn í þetta lög um verndun hafs og stranda sem kveða á um að eiganda sé skylt að fjarlægja skip á strandstað hálfu ári frá strandi.

Meginmálið er að leiða þarf til lykta hvað kostar að fjarlægja Wilson Muuga, hver ber ábyrgð og hvenær það verður gert. Þá þarf að samræma siglingalög og lög um verndun hafs og stranda til að fyrirbyggja svona uppákomur. Auk þess og það sem mestu máli skiptir er að endurskoða siglingaleiðina um Ísland þar sem umferð hefur aukist gífurlega, háskasiglingar stórra flutningaskipa við landið hafa aukist mjög mikið, skilgreina þarf sjóveg á að minnsta kosti þremur stöðum, við Reyðarfjörð, Reykjanes og fyrir Horn, út fyrir 30 sjómílur að talið er. Það er gerbreytt landslag í siglingu stórra skipa og slík slys vofa yfir. Því þarf að taka verulega á í þessu máli og samræma aðgerðir og að sjálfsögðu að ná flakinu af Wilson Muuga sem fyrst úr Hvalsnesfjöru.

[13:32]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson vekur hér máls á Wilson Muuga og afstöðu útgerðar eða tryggingafélags skipsins. Rétt er vegna orða hv. þingmanns að taka fram að hvort sem það er eigandi skipsins eða tryggingafélag, þá geta menn gengið lengra en lagaleg skylda býður þeim, ef menn ætla á annað borð að byggja á siglingalögunum. En lagalega skyldan, skyldan til aðgerða og útgjalda er í 20. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar segir ótvírætt að eiganda skips beri að fjarlægja strandað skip sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir strand. Með þeim sex mánaða fresti er tryggt nægjanlegt svigrúm með tilliti til veðurfars og annarra aðstæðna.

Ég hef líka haft á orði að á eigendum skipsins hvíli siðferðileg skylda gagnvart umhverfinu og viðkvæmri náttúru umhverfis strandstaðinn, sem er m.a. á náttúruminjaskrá, og til viðbótar lagalegri og siðferðilegri skyldu er líka vert að árétta samfélagslega skyldu, ábyrgð eiganda flaksins gagnvart nærsamfélaginu. Ljóst er að sveitarstjórnir á umræddu svæði og íbúar umhverfis strandstaðinn hafa lagt mikla áherslu á þetta og taka ekki annað í mál en flakið verði fjarlægt.

Hins vegar má segja sem svo þegar verið er að velta upp hugsanlegu misræmi á milli laga, eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson gerir, er ljóst að við byggjum á þessu ákvæði í 20. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda. Það er auðvitað ekki mitt hlutverk og ekki staður né stund í þingsal Alþingis að flytja þetta mál og ef á reynir verður tekist á um lagaleg álitaefni á öðrum vettvangi.

[13:35]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ekki er óeðlilegt þó að umræður séu um það þegar tiltekin mengunarógn steðjar að náttúru okkar, ekki síst við strendur landsins og í hafinu. Því er eðlilegt að hv. þingmenn velti fyrir sér hvað sé fram undan í vörnum og aðgerðum til að varna frekari skaða vegna strandsins við Sandgerði.

Ég vil hins vegar hvetja hv. þingmenn til að leggjast ekki eindregið á sveif með þeim útgerðarmönnum eða tryggingafélögum sem reyna með öllum tiltækum ráðum að víkja sér undan ábyrgð. Við þekkjum það frá Víkartindsslysinu, þá skapaðist þar mjög skýr afstaða útgerðarfélagsins sem áttaði sig á þeirri skyldu sinni að fjarlægja og kosta allar aðgerðir til að koma í veg fyrir frekara tjón við ströndina.

Hvað varðar þetta tiltekna mál og vísun til laga þar um er það sameiginleg niðurstaða okkar í samgönguráðuneyti og umhverfisráðuneyti, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra umhverfismála, að lögin um verndun hafs og stranda eru sú löggjöf sem á að taka á skyldum útgerða og tryggingafélaga þegar strand verður. Við höfum því ekki gefið neinn afslátt af þeirri kröfu sem lögin um verndun hafs og stranda gera ráð fyrir og að sjálfsögðu var sú lagasetning afgreidd frá Alþingi til að tryggja okkur fyrir slysum og óhöppum við ströndina eins og þarna er um að ræða.

[13:37]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að taka þetta mál upp. Ég vil beina spurningu minni til hæstv. samgönguráðherra vegna þess að hann hefur sagt í fréttum sem skýringu á því þegar um það var rætt að fyrir átta árum skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að móta reglur um siglingar á þeirri leið sem hér er gerð að umtalsefni, þá kom það fram í svari hæstv. ráðherra að skipafélögin hafi komið í veg fyrir að farið væri að þeim ráðleggingum sem þar voru lagðar fram. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra. Er það endilega vilji skipafélaganna sem ræður hér algerlega för? Gæti ekki verið að vilji og áhugi hæstv. samgönguráðherra og siglingayfirvalda ætti að ráða för hvaða leið væri farin en ekki beinlínis hagsmunaaðilar, í þessu tilfelli skipafélögin? Hvernig stendur á því að þetta hefur ekki verið gert? Fyrir átta árum var skipuð nefnd og ekkert hefur komið út úr henni. Hæstv. ráðherra talar um afslátt á kröfum. Ég held að það sé mikill afsláttur á kröfum að afgreiða þetta á þann hátt að skipafélögin geti neitað þessu og hafa verið á móti þessu, og þar með sé það hátturinn.

Einnig vil ég spyrja hæstv. samgönguráðherra út í það sem líka hefur verið fjallað um í fréttum, að hefðu 11 ára gamlir viðaukar við alþjóðasáttmála verið innleiddir hér á landi hvað þetta varðar, hefði ábyrgðarhlutinn sem hér er gerður að umtalsefni ekki verið 70 milljónir heldur 200 milljónir. Hvernig stendur á því, virðulegi forseti, að þessir 11 ára gömlu viðaukar sem talað er um í fréttum hafa ekki verið innleiddir í lög og reglugerðir hjá okkur?

[13:39]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er fullkomlega eðlilegt að taka þessi mál til umræðu, þ.e. siglingar við landið. Á forsíðu Fréttablaðsins í morgun er aðalfréttin einmitt um glæfrasiglingar stórra flutningaskipa við Ísland og sagt að þær séu algengar. Þá vil ég vitna til þeirrar skýrslu sem hv. þm. Kristján L. Möller nefndi, þar sem hvatt er til þess að tekið verði á þessu og sigling stórra skipa verði bönnuð svona nærri landinu.

Í Fréttablaðinu í dag nefnir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, dæmi um tvö erlend flutningaskip sem hafi á síðustu vikum sýnt mjög mikla glæfrasiglingu við landið: „Það mætti halda að annað skipið hefði ekki verið með sjókort. Það mátti ekkert bregða út af, þá hefðu þeir farið upp í klettana.“ Og hann nefnir nöfnin á þessum stóru skipum, Danica White og Wilson Brake.

Ég spyr hæstv. samgönguráðherra: Ætlar hann að taka á þessu máli, taka á því að banna siglingar svona nálægt landi? Því að þetta er náttúrlega stórlegur skaði og mjög alvarleg umhverfisslys geta orðið ef skipin fara upp í klettana eða stranda.

Georg Lárusson segir að viðbragðstími þyrluáhafnar sé 30 mínútur og flugið taki álíka langan tíma og þessi skip væru því löngu komin upp í klettana við þær aðstæður sem voru þegar skipin sigldu á umræddum tíma. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað ætlar hann að gera í málinu? Ætlar hann að taka á þessu? Ætlar hann að fara að þeim ráðum sem gefin voru í þeirri skýrslu sem nefnd var áðan? Í umræðunum um Wilson Muuga var einmitt vísað til skýrslunnar og aðgerðaleysis stjórnvalda í kjölfar hennar.

[13:41]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Mér finnst vandræðagangur á hæstv. ráðherrum þegar kemur að því að svara spurningum varðandi Wilson Muuga sem nú liggur í Gerðarkotsfjöru á Hvalsnesi. Ég ætla ekki að fara yfir þá sögu hvernig stendur á því að skipið endar þarna uppi í fjöru og öllu því sem fylgt hefur. En vandræðagangurinn sem ég er að tala um er sá að hæstv. ráðherrar báðir segjast trúa því og treysta að 20. gr. laga um verndun hafs og stranda muni verða til þess að eigendur skipsins og tryggingafélag þess þurfi að bera kostnað af því að fjarlægja það (Gripið fram í.) og eigi að fjarlægja það áður en sex mánuðir eru liðnir frá strandinu.

Við höfum heyrt í fréttum að eigendur og tryggingafélag telja sig ekki þurfa að greiða nema um 70 millj. kr. fyrir hreinsun og að láta fjarlæga flakið. Það getur vel verið að hæstv. ráðherrar hafi rétt fyrir sér að 20. gr. í lögum um verndun hafs og strandar sé nægjanleg. En hversu lengi á að standa í því að rífast um hver eigi að gera hvað og hver eigi að greiða? Á að láta skipið liggja þarna í Gerðarkotsfjörunni á meðan, mánuðum eða jafnvel árum saman sem málaferli gætu tekið í sambandi við þetta?

Það sem mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um er: Munu stjórnvöld þá sjá um að það sem fram kemur í 20. gr., að fjarlægja eigi svona skip úr fjöru innan sex mánaða, að það verði gert og lögin þannig uppfyllt og leita þá réttar ríkisins gagnvart eigendum og tryggingafélögum þannig að þeir sem þarna búa og hafa skipið í fjörunni beint fyrir framan hús sín og þeir sem eru í forsvari fyrir sveitarfélög geti treyst því að ríkið axli til að byrja með þá ábyrgð að fjarlægja skipið og síðan geti ríkið rifist í mörg ár við eigendur og tryggingafélög um að hver eigi að greiða?

[13:43]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Vert er að ræða þessi mál ekki eingöngu út frá siglingaleiðum, þ.e. þau mál er varða öryggi stranda og mengunarvarnir, heldur líka út frá þeim mannskap sem stjórnar umræddum skipum. Það er staðreynd að á mörgum þessara skipa eru erlendir sjómenn, það er nánast ekki eitt einasta flutningaskip skráð í landinu, nema þá Herjólfur. Þetta er í rauninni afleiðing af stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur verið sú að gera fyrirtækjum sem reka þessi skip ekki jafnt undir höfði og í samkeppnisrekstri erlendis, t.d. á Norðurlöndunum. Skattareglunum er ekki breytt. Að vísu eru á sumum þessara skipa „íslensku skipafélaganna“ innlendir yfirmenn en meðan ekki eru íslenskar áhafnir verður engin endurnýjum á þeim yfirmönnum sem stjórna skipunum. Einn þátturinn í þessu er sá þegar verið er að horfa til öryggis hafs og stranda, að þeir sem stjórna þessum skipum séu staðkunnugir og þekki aðstæður þegar siglt er um viðkomandi svæði en ekki að horfa eingöngu til siglingaleiðanna sjálfra. Menntunin hjá þessum mönnum og reynslan af því að sigla á norðurslóðum skiptir ekki síður máli en að vera að merkja siglingaleiðir inn á kort. Og eitt af því sem ríkisstjórnin sem nú situr að völdum hefur ekki hirt um er menntun sjómanna og þetta er komið í algert óefni. Þennan hlut þarf ekki síður að skoða en að horfa eingöngu á hvaða leiðir skipin fara, herra forseti.

[13:45]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Þegar Víkartindur strandaði hér við land kom í ljós þegar menn skoðuðu aðdragandann og fylgdust reyndar með honum, að íslensk stjórnvöld höfðu ekki möguleika á að grípa inn í. Landhelgisgæslan gat ekki tekið yfir málið vegna þess að lagagrundvöll skorti til þess.

Nú er sá lagagrundvöllur fyrir hendi en auðvitað hefði það mál átt að ýta við mönnum líka að skoða þyrfti hér önnur mál. Fyrrverandi samgönguráðherra hafði sett af stað nefnd til að skoða siglingaleiðir og sjá til þess að skip færu leiðir sem væru sem öruggastar. Hæstv. núverandi samgönguráðherra hefur setið í átta ár án þess að til nokkurra framkvæmda komi í framhaldi af því sem fyrri samgönguráðherra gerði.

Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni hverslags sofandaháttur er í gangi hvað þessa hluti varðar. Búið er að ræða árum saman um siglingar stórra skipa fram hjá Íslandi sem séu að skella á og munu gríðarlega stór skip fara hér fram hjá. Þau mega nánast sigla við strendur landsins. Önnur lönd, t.d. Noregur, hafa nú þegar sett reglur um hver fjarlægðin eigi að vera og haft hana það ríflega að hægt sé að grípa til aðgerða ef bilanir verða í þessum skipum eða eitthvað kemur upp á. Ekki er hægt að bíða lengur eftir því að hér taki menn slíkar ákvarðanir. Ég hvet hæstv. samgönguráðherra til að fara ofan í skúffurnar hjá sér, draga upp það sem þar er og koma málum fram ef þarf að setja lög um það á Alþingi. Menn geti skoðað þá lagasmíð sem þarf til að hægt sé að ná tökum á þessum málum.

Verið er að smíða varðskip fyrir Íslendinga. Gert er ráð fyrir (Forseti hringir.) að það eigi að geta tekið á svona málum, þ.e. að draga gríðarlega stór skip frá landi ef á þarf að halda. (Forseti hringir.) En hvar verða slík skip staðsett?

[13:48]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég tek undir það og er þeirrar skoðunar að að sjálfsögðu eigi að láta reyna til hins ýtrasta á ákvæði laga hvað varðar ábyrgð aðila í þessu máli. Ef þau lög reynast ekki nógu haldgóð í þessum efnum þurfum við að fara yfir það og endurskoða þau.

Norðmenn hafa hert verulega á sínum reglum, eins og m.a. ákveðnar íslenskar útgerðir þekkja að gefnu tilefni. Þar gilda mun strangari reglur en áður var um siglingar með ströndum sem og um beina gegnumferð í lögsögu þeirra. Það eru hlutir sem við þurfum að taka til skoðunar, þ.e. hvað við getum á grundvelli þjóðarréttarins gengið langt t.d. í því að beina gegnumferð frá ströndum landsins, þó það sé utan 12 mílna, en grunnreglan í þjóðarrétti er jú sú að menn hafa heimild til frjálsrar gegnumferðar utan 12 mílna.

En á móti koma ákvæði sem skylda strandríki til að venda lögsögu sína og auðlindir, ákvæði Alþjóðahafréttarsáttmálans og ákvæði í alþjóðlegum siglingarétti sem má grípa til í þessu sambandi. Ég held því að full þörf sé á að fara yfir þessi mál í heild sinni.

Mér er ekki alveg ljós hver munurinn er á glæfrasiglingu og venjulegri siglingu, þ.e. ef menn fara að lögum. Ég held að við ættum ekki að gera aðra að sökudólgum en þá sem raunverulega bera ábyrgð, þ.e. íslensk stjórnvöld, svo fremi sem ekki sé sýnt fram á að menn hafi brotið í bága við lög og reglur og farið út fyrir viðurkenndar siglingaleiðir. Þá er ekki mikið við þá að sakast. Það er þá okkar að hafa ekki gripið til ráðstafana og verið betur á verði í þessum efnum.

En það er að minnsta kosti alveg ljóst að það er margt sem kallar á að yfir þessi mál sé farið. Annars vegar þróun sem orðin er í flotanum og hvernig skip eru mönnuð í dag, og ekki síður hitt að hér á að fara í stórauknum mæli að flytja gríðarstóra farma af gasi og olíu fram hjá landinu og full ástæða til að taka þau mál föstum tökum.

[13:50]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Kjarni málsins er sá að annars vegar bera stjórnvöld ábyrgð á því að koma flakinu af Wilson Muuga úr fjörunni hið fyrsta og koma í veg fyrir að alvarlegra slys skapist en orðið hefur nú þegar og beita öllum þeim ráðum sem til eru til að það verði gert hið allra fyrsta. Hins vegar ber að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til þess að varna því að miklu tíðari og stóraukin umferð stórra fraktskip fram hjá Íslandi leiði til þess að hér verði enn þá alvarlegri og enn þá stærri slys á borð við strandið sem hér um ræðir.

Rétt til samanburðar borgar tryggingarfélag fraktskipsins Server, sem strandaði við Noreg með alvarlegum afleiðingum fyrir nokkrum vikum, allan kostnað við hreinsun og björgun á meðan skyldur tryggingafélags Wilson Muuga eru fjarri því að vera í nokkurri nálægð við það. Þetta er sérstaklega ankannalegt miðað við hvað íslensku og norsku siglingalögin eru annars lík, og strand Server var miklu alvarlegra en Wilson Muuga.

En meginmálið er að stjórnvöld axli pólitíska ábyrgð á málinu, tryggi það að flakið af skipinu verði fjarlægt úr fjörunni og komi í veg fyrir að alvarleg slys á borð við þetta gerist með því að færa siglingaleiðina á tilteknum stöðum út fyrir það sem þarf að gera. Nefnt er sérstaklega út fyrir Reykjanes, út fyrir Reyðarfjörð og fyrir Hornstrandir. Það eru fyrirbyggjandi aðgerðir sem stjórnvöld eiga að grípa til nú þegar.

Pólitíska ábyrgðin er skýr, hún er þeirra og því er ástæða til að skora á hæstv. ráðherra samgöngu- og umhverfismála til að samræma þessa löggjöf, breyta lögunum í þessa veru og tryggja að flakið af Wilson Muuga verði fjarlægt úr fjörunni hið fyrsta og komið í veg fyrir að þar skapist alvarlegt umhverfisslys.

[13:52]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Mér finnst hv. þingmenn tala ansi glannalega um þetta mál, ég verð að segja eins og er. Ég minni þá á að lög eru sett á Alþingi og þingmenn hafa náttúrlega sömu möguleika og ráðherrar til að flytja breytingartillögur við gildandi lög. Ábyrgðin er því víða. [Hlátur í þingsal.]

Hins vegar er alveg ljóst að við settum hér lög árið 2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Það er mat okkar ráðherranna, og ekkert eigi að fara á milli mála með það að ekki eigi að gefa undir fótinn með það eða gefa afslátt af þeirri ábyrgð sem hvílir á eigendum skipsins. Ef hv. þingmenn halda einhverju öðru fram er það mjög athyglisvert. Það er enginn afsláttur af okkar hálfu gefinn hvað það varðar.

Hins vegar að sjálfsögðu (Gripið fram í.) — þið skuluð bara, hv. þingmenn, lesa ræðurnar sem voru fluttar hér áðan. (Forseti hringir.) Ábyrgðin er auðvitað hjá þeim sem reka skipin og láta þau sigla hér við strendurnar. Ef fram fer einhver glæfrasigling, eins og hér er talað um, þá er það mjög alvarlegt. Að sjálfsögðu á að taka á því.

Skipafélögin, það verður að segja hverja sögu eins og er, eru og hafa verið að reyna að fría sig ábyrgð, m.a. með því að skrá skipin annars staðar en hér, hafa áhafnir skráðar á þessi skip sem eru ekki Íslendingar þannig að þar liggur mikil ábyrgð. Að sjálfsögðu munum við fara yfir þetta mál. Við erum að því.

Í samgönguráðuneytinu er unnið að því í góðu samstarfi við umhverfisráðuneytið að endurskoða þá löggjöf sem þarf að endurskoða. En aðalatriðið er að í landinu gilda lög um varnir gegn mengun hafs og stranda og það er á grundvelli þeirrar löggjafar sem við eigum að sækja rétt okkar (Forseti hringir.) en ekki gefa eitthvað annað í skyn. (Forseti hringir.)

[13:54]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Bara örstutt, herra forseti. Það kom fram í umræðunni áðan að þegar Víkartindur strandaði hefði ekki verið skýr lagaheimild í lögum fyrir skyldu á eigandann að fjarlægja skipið. Í því tilviki brást eigandi eða vátryggingarfélag skipsins við og gerði betur en lagaákvæðin stóðu til og þar var mjög vel að öllu staðið.

Í kjölfarið var ráðist í það hér á Alþingi að breyta þeim

lögum og taka skýrt fram að sú skylda hvílir á eiganda skips að fjarlægja flak af strandstað. Auðvitað er það þannig að við byggjum á þessu ótvíræða ákvæði í lögunum um varnir gegn mengun hafs og stranda, eins og hefur komið fram í máli hv. samgönguráðherra.

Það vill svo til vegna, m.a. veðuraðstæðna, að það þótti nauðsynlegt við þá lagasetningu að gefa sex mánaða frest fyrir eiganda skipsins að standa að því og nú er beðið eftir því annars vegar að eigandi skipsins ráðist í að greiða þann kostnað sem hefur hlotist af eftirliti og aðgerðum Umhverfisstofnunar til að koma í veg fyrir bráðamengun á staðnum og jafnframt að þeir leggi fram áætlun um hvernig þeir ætli að standa að aðgerðum, þ.e. áhættumat gagnvart umhverfistjóni og þeir leggi það fram við Umhverfisstofnun.

Þetta er staðan í málinu núna og ég sé enga ástæðu til, herra forseti, að fara eitthvað að velta vöngum yfir því í ræðustóli Alþingis, að ef menn ekki bregðast við eins og lögin kveða skýrt á um að þeir eigi að gera, hvað eigi þá að gera. Þetta er það sem við byggjum á. Þetta eru lögin sem Alþingi hefur sett og skyldan er ótvíræð.

***Um fundarstjórn.***

Fyrirspurnir á dagskrá.

[13:56]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að bæta neinu í þá umræðu sem var áðan þó ég hefði gjarnan viljað leiðrétta eitt, tvö atriði. En ég vil spyrja hæstv. forseta út í það hvort hann geti upplýst þingheim um af hverju eingöngu sjö fyrirspurnir eru á dagskrá í dag þegar um 60–70 bíða svars á hinu háa Alþingi.

Er það vegna þess að svörin eru ekki tilbúin eða er það vegna þess að ekki eru nógu margir ráðherrar á landinu til að taka þær fyrirspurnir sem liggja fyrir?

Á íþróttasíðum, sem Íslendingar lesa mjög mikið nú upp á síðkastið af frækilegri frammistöðu íslenska landsliðsins í Þýskalandi, gátum við líka lesið það í gær að ráðherrum fjölgi mjög á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi. Er það m.a. ástæðan fyrir því að við getum ekki tekið fleiri fyrirspurnir fyrir í dag, virðulegi forseti?

[13:57]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Forseti getur upplýst að ætlunin var að taka fyrir fleiri fyrirspurnir á þessum degi og hefði verið æskilegt, því að margar bíða. En það eru fjarvistir, bæði ráðherra og fyrirspyrjenda, sem valda því að ekki er hægt að taka fleiri. Það er auðvitað ekki gott mál, en svona er staðan.

[13:58]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Fróðlegt væri að vita og sjálfsagt að forseti gefi upplýsingar um hvaða ráðherrar eru fjarri. Í hvaða erindum þeir eru og hvaða fyrirspurnum þeir gætu hafa verið að svara.

60–70, sagði hv. þm. Kristján Möller áðan, að fyrirspurnirnar væru að tölu sem bíða. Sumar þeirra, m.a. frá mér, eru frá því í október í fyrra, frá fyrsta mánuði þingsins og hefur ekki enn verið svarað. Þetta á við um munnlegar fyrirspurnir en til eru líka skriflegar fyrirspurnir sem ekki hefur verið svarað. Kannski eru ráðherrarnir að dunda við það á milli leikja í útlöndum að svara þeim.

Þetta er aldeilis fráleit frammistaða af ráðherra hálfu á meðan það er þannig hér á þinginu, að í a.m.k. annarri þeirri nefnd sem ég sit í, menntamálanefnd, er verið að knýja menn mjög til verka.

Þar hefur það gerst í dag og í gær að þrjú þingmál eru send til umsagnar og umsagnaraðilar eiga að fá viku til verksins til að umsagnir séu tilbúnar í tæka tíð fyrir nefndardaga, fimmtudaginn og föstudaginn í næstu viku, 8. og 9. febrúar. Þeir eiga að fá viku. Þetta eru flókin mál. Eitt þeirra er mál Kennaraháskólans. Annað er um grundvallarbreytingar á námsgagnagerð fyrir grunnskóla. Það þriðja er umdeilt frumvarp um æskulýðsmál sem var að vísu flutt í fyrra en komst þá ekki úr nefndinni.

Það liggur svo á að afgreiða frumvörp þessara sömu ráðherra, sem ekki eru hér staddir, að það á að gefa fræðimönnum, rannsóknastofnunum, félagasamtökum o.s.frv. viku, eina viku til að skila umsögnum.

Maður hlýtur að spyrja úr því að taka þarf svona mikið á á Alþingi Íslendinga, það er svona bráðnauðsynlegt að gera þetta fyrir vorið, af hverju eru þá ekki hæstv. ráðherrar hér að hjálpa til við þau verk? Af hverju eru þeir ekki að greiða fyrir þingstörfum í staðinn fyrir að vera í erindum sem sum hver að minnsta kosti virðast ekki mjög brýn?

Ég verð að segja með mennta-, vísinda-, æskulýðs- og íþróttaráðherra, mér finnst alveg eðlilegt að hún sé viðstödd að einhverju leyti þegar miklir atburðir verða á sviði hennar erlendis.

En ég sá ekki betur í leiknum í gær en að þar væri stödd líka hæstv. utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir. (**Gripið fram í:** Það voru milliríkjadeilur.) Kannski var það (Forseti hringir.) milliríkjadeila eins og þingmaður segir hér í salnum, en þá verða þær nú nokkuð margar og miklar ferðir sem utanríkisráðherra þarf að fara ef hún ætlar að vera viðstödd allar milliríkjadeilur af þessu tagi sem fara fram á hverju ári.

[14:01]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Forseti vill taka fram að ég hef ekki í þessum stól núna upplýsingar um fjarveru ráðherra (**Gripið fram í:** Nú?) en það er auðvelt að afla þeirra því að þær liggja hér fyrir. Ég vil eigi að síður halda því til haga að ráðherrar er önnur hliðin á þessum teningi, hin hliðin er þingmenn og ég vil taka það fram að bæði ráðherrar og þingmenn eru fjarverandi sem veldur því að ekki er hægt að taka fleiri fyrirspurnir fyrir. Það er sjálfsagt að skoða hvað veldur en ég mundi þá láta þá athugun ganga yfir alla sem fjarverandi eru.

[14:02]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er oft þannig á mannamótum að þeir eru skammaðir sem eru mættir því að ekki er hægt að ná til þeirra sem ekki eru viðstaddir. Það á kannski við í þessu tilviki.

Hér eru a.m.k. mættir tveir ráðherrar og mér skilst að sá hinn þriðji sé einhvers staðar í húsinu eða ínáanlegur þannig að þá vantar níu ráðherra ef ég hef þessa tölu rétta. Mér finnast það ekki vera miklar heimtur því að við erum að tala um að ráðherrum er skylt að svara fyrirspurnum. Þeim er skylt að vera hér og þeim er skylt að svara fyrirspurnum þingmanna. Miðað við þá áætlun sem liggur fyrir um starfslok þingsins eru u.þ.b. sex vikur eftir af þinginu og þar af er eitthvað af nefndadögum þannig að fyrirspurnadagar eru sennilega ekki margir í þessari áætlun, tveir til fjórir, einhvers staðar á þessu bili og um 70 fyrirspurnum er enn ósvarað, virðulegi forseti.

Mér þætti ágætt, virðulegi forseti, ef við fengjum kannski einhverjar betri skýringar á þessum litlu heimtum hæstv. ráðherra en hér hafa komið fram og í annan stað að við yrðum upplýst um áætlaðan fjölda fyrirspurnadaga fram að starfslokum í vor. Ég held að það væri gott að þetta lægi fyrir því að það er alveg fráleitt að 1/4 ráðherra sé mættur þegar verið er að leggja fram fyrirspurnir, jafnvel þó að íþróttaáhuginn sé mikill.

[14:04]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Ég vil upplýsa það að eftir því sem næst verður komist eru fimm fyrirspurnadagar eftir og það er nauðsynlegt að nýta þá sem allra best.

[14:04]

**Birgir Ármannsson:**

Hæstv. forseti. Ég held að það sé rétt að samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu bíði 56 fyrirspurnir munnlegs svars. Það var að sjálfsögðu ætlunin þegar vikuáætlun var gerð og þegar unnið var að því að skipuleggja dagskrá þessa fundar í dag að unnt yrði að taka mun fleiri fyrirspurnir til afgreiðslu hér og var eftir því leitað bæði hjá fyrirspyrjendum og ráðherrum hverjir ættu þess kost að vera viðstaddir. Niðurstaðan varð sú að ekki reyndist unnt að taka fleiri fyrirspurnir á dagskrá í dag. Eins og hæstv. forseti hefur getið um við umræðuna eru forföll bæði hjá ráðherrum og fyrirspyrjendum þannig að það verður auðvitað að hafa jafnvægi í þeirri umræðu.

Það liggur fyrir að ráðherrum ber skylda til þess að svara fyrirspurnum og enginn deilir um að fyrir því er gert ráð í þingsköpum. Eftir því starfar auðvitað stjórn þingsins, að reyna að koma því í kring. Hins vegar er rétt að hafa það í huga líka, vegna ummæla sem hér féllu áðan um lélegar heimtur á ráðherrabekkjunum, að í fyrirspurnatíma er ekki mætingarskylda með sama hætti og á aðra þingfundi þannig að það er ekki venja að hér mæti aðrir ráðherrar en þeir sem eru komnir til þess að svara fyrirspurnum.

Hins vegar mundi ég mælast til þess, vegna þess að forseti hefur gefið skýringar hér við umræðuna á því að ekki gefst kostur á að svara fleiri fyrirspurnum í dag, að við leyfðum þeim fyrirspurnum að komast að sem hér eru á dagskrá þannig að við getum þá einbeitt okkur að þeim. Athugasemdir eru komnar fram og ætti að vera óþarfi að framlengja umræðuna frekar að þessu leyti.

[14:07]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að brýna hæstv. forseta til þess að tryggja það að áferðin á þingstörfum fram á vor verði með þeim hætti að við getum staðið keik og talið hana vera okkur til sóma. Það er alveg ljóst að það er m.a. í verkahring hæstv. forseta að tryggja það að ríkisstjórnin setji fram einhvers konar forgangsröðun mála hérna fyrir vorið og það er ekki seinna vænna að sú forgangsröðun liggi fyrir. Það gerir hún ekki í dag þannig að það verður að tryggja það að þinginu sé stjórnað hérna með sæmilegri meðvitund um það hver áherslumál ríkisstjórnarinnar í þessum efnum munu verða en, eins og ég segi, það liggur ekki fyrir í dag.

Síðan finnst mér líka mikilvægt að hæstv. forseti átti sig á því að ráðherrar draga hér lappirnar aftur og aftur í því að skila svörum við skriflegum fyrirspurnum. Skemmst er að minnast þeirrar rimmu sem hér stóð vegna Ríkisútvarpsmálsins fyrir skemmstu þegar hæstv. menntamálaráðherra dró fram úr hófi að koma með svar við brýnni fyrirspurn í því máli. Nú vill svo til að sú sem hér stendur á enn inni tvö skrifleg svör frá hæstv. menntamálaráðherra sem hún samkvæmt þingsköpum hefur 10 virka daga til að svara. Hér er um að ræða fyrirspurnir sem varða tónlistarskóla og tónlistarnám í landinu, fyrirspurnir sem lagðar voru fram og dreift var í sölum Alþingis 23. nóvember. Enn eru ekki komin svör. Það er í verkahring forseta Alþingis að halda utan um það að þingstörfin geti gengið með þeim hætti sem þingsköp gera ráð fyrir og í þessu tilliti þarf að brýna ráðherrana, og svipan sem við höfum á ráðherra hvað þetta varðar er forseti þingsins. Við sem hér tölum treystum því að þessum skilaboðum héðan verði komið til skila til þeirra ráðherra sem í hlut eiga, hér verði reynt að halda uppi þingstörfum af dampi og að það verði þá í verkahring ráðherranna, ekki síður en almennra þingmanna, að greiða fyrir þingstörfum.

[14:09]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Ég vil taka það fram að ég er þeirrar skoðunar að þingmenn og ráðherrar eigi að láta þingstörfin ganga fyrir en auðvitað geta verið önnur lögmæt skyldustörf. Að öllu jöfnu og ekki síst núna þegar fer að líða á þingið vil ég beina því til allra sem hér eiga sæti að láta þingið sitja fyrir.

Varðandi fyrirspurnirnar er sjálfsagt mál að halda pressunni í því. Mér er það kunnugt frá því að ég sat í ríkisstjórn að skrifstofa þingsins hafði oft samband við ráðuneytin út af þessu einmitt. Það er sjálfsagt að gera það og taka við þeim ábendingum.

[14:10]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Vegna orða sem féllu hér áðan frá einum af þeim sem sitja í forsætisnefnd og gegna á stundum því starfi að stjórna hér fundum, hv. þm. Birgi Ármannssyni, vildi ég leiðrétta hann hvað það varðar að það er rétt að það er ekki mætingarskylda hjá þingmönnum í fyrirspurnatíma.

Hins vegar átta ég mig ekki á því hvernig fyrirspurna-

tímar geta farið fram ef ráðherrar túlka þetta á þann veg að þeim sé ekki skylt að mæta, eins og mátti ráða af orðum hv. þingmanns. Ráðherrum er skylt að svara fyrirspurnum. Þess vegna finnast mér þær röksemdir sem hér hafa komið fram af hálfu þeirra sem hafa tekið til máls, röksemdir í þá veru að vegna fjarveru þingmanna hafi ekki verið hægt að koma að fleiri fyrirspurnum, mega sín lítils. Vel má vera að það sé ekki hægt en þá væri líka ágætt að við yrðum upplýst um það ef einhverjir ráðherrar hafa ekki komist á vettvang eða ekki þurft að koma vegna þess að fyrirspyrjendur voru ekki tiltækir á staðnum þegar átti að bera fyrirspurnirnar upp. Það væri ágætt að vita þetta því að það er mikilvægt í þessu samhengi að hér bendi ekki hver á annan. Við verðum einfaldlega að horfa á þá staðreynd að það er einungis 1/4 af ráðherranna mættur til þess að svara fyrirspurnum. Það er staðreynd og sú ásýnd þingsins er algerlega óásættanleg, virðulegi forseti.

## *Lagabreytingar sem fullgilding Árósasamningsins hefði í för með sér.*

Fsp. MÁ, 203. mál. — Þskj. 204.

[14:13]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Árósasamningurinn er einn af merkilegustu alþjóðasamningum á okkar tímum. Hann sameinar mannréttindi og umhverfismál, leggur sérstaka áherslu á rétt almennings til heilbrigðs umhverfis, leggur áherslu á að tryggja verndun þess og að leiða verði í lög sjálfbæra þróun. Hann leggur áherslu á rétt almennings til þátttöku í ákvörðunum um umhverfismál, um aðgang hans að upplýsingum og réttlátri málsmeðferð.

Saga þessa máls hér á landi er einkennileg og lýsir undarlegum ágreiningi eða a.m.k. töfum innan stjórnkerfisins og að því er virðist milli stjórnarflokkanna. Það er kunnara en frá þurfi að segja þeim sem eitthvað hafa fylgst með að nú eru sex ár síðan þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, lagði fram frumvarp um staðfestingu Árósasamningsins, sem gerður var 1998 og við skrifuðum undir þá, og það kom fram að að mati umhverfisráðuneytisins kallaði fullgilding samningsins ekki á neinar lagabreytingar hér á landi. Þessu var svo breytt í október sama ár, 2001, í ljósi álits réttarfarsnefndar á málinu að svo væri ekki. Utanríkisráðuneytið átti þá að halda áfram athugunum og hafa samráð við umhverfisráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið samkvæmt því sem sami Halldór Ásgrímsson sagði í svari við fyrirspurn Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur, þáverandi hv. þingmanns, um þetta. Sama ár í desember var málið komið í athugun hjá þessum ráðuneytum öllum, þrjú ráðuneyti höfðu þetta mál til athugunar. Málið var enn til athugunar í utanríkisráðuneytinu 2. febrúar árið 2002 og kæmi í ljós á næstu vikum hver afdrif þess yrðu. Ári og átta dögum síðar sagði þáverandi utanríkisráðherra að samningurinn biði væntanlega umfjöllunar næstu ríkisstjórnar sem tæki við völdum eftir kosningar. Það var 2003 en umhverfisráðherra nýrrar ríkisstjórnar vatt sér ekki í það fyrr en í febrúar 2005 að skipa nefnd frá öllum ráðuneytum sem áttu að kanna málið. Nokkrum sinnum hefur verið spurt um árangur þeirrar nefndar og í síðasta svari umhverfisráðherra, sem var sá sem sat á undan þeim sem nú er og séu þeir allir hæstvirtir, kom fram að árangurs væri að vænta að loknu sumri 2006, sem er liðið fyrir nokkru, og þá yrði árangur þessa nefndarstarfs tryggður.

Nú bíð ég eftir því, forseti, að hinn ágæti núverandi hæstv. umhverfisráðherra skýri okkur frá því að þessi nefnd hafi lokið störfum og að nú verði flutt frumvarp um staðfestingu þessa samnings.

[14:16]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason spyr mig hvað líði störfum nefndar sem umhverfisráðherra hafi skipað í febrúar 2005 til að gera úttekt á þeim lagabreytingum sem fullgilding Árósasamningsins frá 1998 hefur í för með sér.

Því er til að svara að nefnd sem var falið það verkefni að fara yfir ákvæði Árósasamningsins, frá 25. júní 1988, um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum skilaði skýrslu sinni til umhverfisráðherra í lok september sl. eða nánar tiltekið 28 september. Nefnd þessi var skipuð af þáverandi umhverfisráðherra, Sigríði Önnu Þórðardóttur, á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá því í nóvember 2004. Í nefndinni áttu sæti auk fulltrúa umhverfisráðuneytisins, fulltrúar sjávarútvegsráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Hef ég þá talið upp þau ráðuneyti sem áttu fulltrúa í nefndinni.

Hlutverk þessarar nefndar var að greina efni Árósasamningins, m.a. hvaða opinberar leyfisveitingar falla undir samninginn samkvæmt gildissviði hans. Þá var nefndinni ætlað að fara yfir hvaða breytingar þurfi að gera á lögum ef Ísland fullgildir Árósasamninginn. Nefndinni var að þessu sinni ekki falið að gera tillögur að lagafrumvörpum heldur meta hvaða skuldbindingar fullgilding Árósasamningsins mundi kalla yfir íslensk stjórnvöld. Ekki hefur verið tekin afstaða til þessarar skýrslu en hún hefur hins vegar hefur verið kynnt í ríkisstjórninni. Sú nefnd sem hér hefur verið margnefnd gerði ítarlega greiningu á því hvaða ákvæði íslenskra laga ákvæði Árósasamningsins gætu haft áhrif á. Fulltrúar þeirra ráðuneyta sem áttu sæti í nefndinni fóru í þessu skyni yfir alla þá löggjöf sem heyrir undir ráðuneyti þeirra og auk þess leitaði nefndin eftir upplýsingum frá samgönguráðuneytinu og forsætisráðuneytinu. Hvað varðar fyrstu tvær stoðir Árósasamningsins sem varða aðgang að upplýsingum um umhverfismál og rétt til þátttöku í ákvörðunum um umhverfismál, þá er það niðurstaða nefndarinnar að lög um upplýsingarétt um umhverfismál, nr. 23/2006, lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, ásamt síðari breytingum, og lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, kveði með fullnægjandi hætti á um þau réttindi og uppfylli því kröfur samningsins að því leyti.

Hvað varðar þriðju stoð Árósasamningsins sem fjallar um svonefndan aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum þá er það niðurstaða nefndarinnar að íslensk lög uppfylli að meginstefnu til ekki kröfur samningsins og því þurfi að gera breytingar á lögum komi til fullgildingar hans.

Það skal þó tekið fram að framkvæmdarleyfi sveitarstjórna vegna matsskyldra framkvæmda uppfylla kröfur Árósasamningsins að þessu leyti eftir breytingar sem gerðar voru á lögum um mat á umhverfisáhrifum vorið 2005. Samkvæmt samningnum skal almenningur sem málið varðar, eins og segir í samningnum, hafa aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum eða óháðum úrskurðaraðilum innan stjórnsýslunnar vegna útgáfu leyfa til framkvæmda sem hafi geta umtalsverð umhverfisáhrif eða ef stjórnvald vanrækir að krefjast leyfis fyrir tiltekinni starfsemi þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Leyfi vegna framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum og heyra undir iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, forsætisráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Umhverfisverndarsamtök sem uppfylla skilyrði samkvæmt landsrétti skulu ávallt teljast falla undir hugtakið almenningur sem málið varðar og njóta þannig kæruréttar samkvæmt samningnum án þess að þurfa að sýna fram á lögvarða hagsmuni.

Að mati nefndarinnar kallar fullgilding Árósasamningsins á eftirfarandi breytingar á íslenskum lögum: Tryggja þarf að unnt sé að leggja ákvarðanir um útgáfu leyfa vegna matsskyldra framkvæmda fyrir dómstóla eða óháða úrskurðaraðila til endurskoðunar og að umhverfisverndarsamtök geti átt aðild að slíkum málum. Í því sambandi er unnt að velja á milli tveggja leiða, annars vegar stjórnsýsluleiðar og hins vegar dómstólaleiðar. Jafnframt þyrfti að breyta ákvæðum um aðild að kröfu um lögbann þannig að umhverfiverndarsamtök geti átt aðild að slíkri kröfu. Enn fremur þyrfti að huga að sérákvæðum um skilyrði lögbannstryggingar í málum vegna leyfisveitingar fyrir matsskyldar framkvæmdir þannig að hún væri felld niður eða fjárhæð þeirra skyldutakmarka.

[14:21]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þetta er hið versta mál fyrir ríkisstjórnina því að hún hefur gerst sek um ákveðið sleifarlag í þessum efnum sem hv. þm. Mörður Árnason lýsti í ræðu sinni. Ég held að krafan til hæstv. umhverfisráðherra sé auðvitað sú að hún opinberi þá skýrslu sem við erum að heyra núna að búið sé að kynna í ríkisstjórninni, skýrslu nefndar sem hóf störf í febrúar 2005.

Í öðru lagi ber að geta þess við þessa umræðu að ríkisstjórnin hefur meðvitað á undanförnum árum þrengt rétt fólks til að gera athugasemdir við stjórnsýsluna, þ.e. þrengt aðkomu fólks og girt fyrir möguleika einstaklinga á því að eiga aðild að málum. Búið er að þrengja skilyrði til gjafsóknar fyrir einstaklinga sem eru beinlínis sett til að koma í veg fyrir að einstaklingar geti höfðað mál gegn stjórnvöldum í erfiðum umhverfisverndarmálum. Sama má segja um þessa skilgreiningu á umhverfsverndarsamtökum sem hefur verið mótmælt. (Forseti hringir.) Þarna hefur ríkisstjórnin sýnt sleifarlag og það er þakkarvert að hv. þm. Mörður Árnason skuli hreyfa þessu máli hér.

[14:22]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Í ljós kemur að nefndin lauk störfum nógu snemma til að skila áliti sínu 28. september árið 2006 áður en þing kom saman. Ég man ekki hvenær fyrirspurn minni var útbýtt í þinginu, ég hygg að að hafi verið í síðari hluta október og umhverfisráðherra var reiðubúinn að svara henni, reyndar ekki í dag heldur fyrir viku þegar ég átti óhægt með að hlýða á svarið. Mér þykir sem, eigum við ekki að orða það kurteislega, hæstv. ráðherra hafi kannski ekki legið mikið á að svara þessari fyrirspurn eða gera uppvíst um niðurstöðu nefndarinnar.

Um skýrsluna vil ég segja að ég fer fram á það við hæstv. umhverfisráðherra að hún afhendi mér skýrsluna og reikna með því að hún liggi í hólfinu mínu á neðri hæðinni fyrir vikulokin. Skýrslan virðist vera hin merkasta og það sem við höfum fengið að heyra úr henni boðar auðvitað merkilegar réttarbætur, miklar réttarbætur fyrir almenning í umhverfismálum á Íslandi. Lokaspurningin er auðvitað sú: Hvernig líður undirbúningi lagabreytinganna og hvenær væntir hæstv. umhverfisráðherra þess að annað frumvarp komi frá utanríkisráðherra, eins og árið 2001, um staðfestingu Árósasamningsins?

[14:24]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Hvað varðar aðgang að þeirri skýrslu sem skilað var til umhverfisráðherra 28. september sl. þá veit ég ekki betur en að hún liggi inni á heimasíðu ráðuneytisins. Því fer fjarri að þessari skýrslu eða vitneskju um hana eða hvað hún inniheldur hafi verið haldið frá einum eða neinum sem sýnir því máli áhuga.

Það er rétt að halda til haga niðurstöðu þessarar skýrslu. Hlutverk nefndarinnar var að greina efnið og jafnframt hvaða opinberar leyfisveitingar falla undir Árósasamninginn. Það er listað upp og flokkað eftir ráðuneytum. Fljótlega eftir að skýrslan kom út var hún kynnt í ríkisstjórninni. Í nefndinni sátu fulltrúar þeirra ráðuneyta sem ég hef þegar talið upp og það er eðlilegt að á vettvangi hvers og eins þeirra ráðuneyta sé málið skoðað nánar út frá verksviði þess.

Eins og ég gat um í upphafi var meginniðurstaða nefndarinnar sú varðandi fyrstu tvær stoðir Árósasamningsins, sem varða aðgang að upplýsingum um umhverfismál og réttinn til að taka þátt í ákvarðanatöku, að kveðið sé á fullnægjandi hátt á um réttindi og skyldur sem að þessum tveimur stoðum lúta. Það er einungis þriðja stoðin sem stendur út af borðinu. Er til athugunar í viðkomandi ráðuneytum og umhverfisráðuneytinu hvora leiðina sé vert að fara, annars vegar stjórnsýsluleiðina en í henni felst að breyta þarf ákvæðum þeirra laga sem skýrslan telur upp og heyra undir þau ráðuneyti sem ég hef þegar talið upp, eða dómstólaleiðina sem er hin leiðin sem nefndin (Forseti hringir.) bendir á og á að tryggja þeim aðgang að dómstólunum sem taldir eru eiga þessa hagsmuni.

[14:27]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason)** *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég fer fram á það að forseti rannsaki hvernig á því stendur að fyrirspurn um störf nefndar sem lögð er fram í október er ekki svarað fyrr en í janúar. Við skulum segja um miðjan janúar til að taka tillit til þess að vika leið frá

því að hæstv. umhverfisráðherra var tilbúin með svarið og þangað til hún svaraði en þannig stóð á að nefndin hafði þegar lokið störfum þegar fyrirspurnin var lögð fram. Ég tel að forseti þurfi að kanna hvort um sé að ræða einhver vandræði í starfsemi ráðuneytisins, hjá skrifstofu ráðherra eða hvort um það sé að ræða að ráðherra hafi ekki getað verið viðstödd þá miðvikudaga sem um er að ræða frá því í október og til janúarmánaðar þess sem nú er að ljúka. Eða er einhver önnur ástæða? Mér finnst satt að segja að hér sé komið dæmi um mikinn vandræðagang af því tagi sem við ræddum áðan í umræðu um fundarstjórn forseta. Mér finnst alveg fráleitt að hæstv. umhverfisráðherra skuli ekki hafa getað svarað þessu fyrr þegar nefndin hafði lokið störfum áður en fyrirspurnin er sett fram.

(**Forseti** (JónK): Forseti mun taka þessa beiðni þingmannsins til skoðunar.)

Umræðu lokið.

## *Reglur um aflífun og flutning búfjár.*

Fsp. SigurjÞ, 250. mál. — Þskj. 253.

[14:29]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Herra forseti. Ég ætla að bera upp spurningu til hæstv. umhverfisráðherra sem hljóðar svo: Hvað líður endurskoðun reglna um aflífun og flutning búfjár sem eru frá árunum 1957 og 1958? Þess ber að geta að það er ekki mikil endurnýjun í gerð þessara reglna vegna þess að reglurnar frá árinu 1957 sem eru gefnar út af menntamálaráðherra tóku við af reglum frá árinu 1923 en við sitjum hér uppi með reglur sem eru að stofni til frá árinu 1957. Það er alveg með ólíkindum, sérstaklega þegar gripið er niður í 2. gr. þessara reglna sem segir að alifugla skuli deyða með því að hálshöggva þá með beittri öxi eða með skotvopni. Þetta eru reglurnar. Ég er alveg gáttaður á þessu, sérstaklega í ljósi þess að það er búið að beina fyrirspurnum til hæstv. landbúnaðarráðherra varðandi þetta efni, hvort endurskoðun fari fram á þessum reglum og hvað tefji. Mér finnst að það þurfi að koma fram því að það er ekki hægt að búa við þetta öllu lengur.

En hæstv. landbúnaðarráðherra var af einhverjum framsóknarmanni sem ég man ekki hvað heitir sagður vera svona eins og landvættur. Mér finnst hann vera miklu frekar reglugerðavættur. Það virðist eins og hann sé að vernda reglugerðir. Einhvern tíma var þeim hrāða sem er á vinnunni í landbúnaðarráðuneytinu líkt við hrāða snigilsins, en þetta er orðinn hraði steingervingsins. Það er alveg með ólíkindum en þetta er alvörumál, herra forseti, vegna þess að það er búið að fækka sláturhúsum um allt land og sauðfé er keyrt um langan veg, af öllum Vestfjörðum og jafnvel úr Breiðdalsvík í Skagafjörðinn. Reglurnar eru frá 1958. Það er ekki hægt að búa við þetta.

Í umræðum á Alþingi fyrir um þremur árum sagði hæstv. landbúnaðarráðherra að það væri gott samstarf við þáverandi umhverfisráðherra. Mig langar að spyrja nú þá sem gegnir starfinu hvort samstarfið sé orðið eitthvað verra. Þessar reglur heyra undir hæstv. umhverfisráðherra en augljóst er að ráðherrarnir eiga að hafa eitthvert samstarf um þennan málaflokk, dýraverndina, og nú er það svo að sú sem gegnir starfi umhverfisráðherra hefur gefið sig út fyrir að vera mikill hvalavinur, ef ég skil hana rétt, og ég spyr þá hvort sauðfé njóti ekki sömu náðar fyrir augum hæstv. ráðherra og hvalirnir sem hún lýsti yfir á haustdögum að hún hefði vissar efasemdir um að ætti að drepa. Mér finnst með ólíkindum að (Forseti hringir.) ekki sé hægt að ganga frá þessum reglum.

[14:32]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson spyr hvað líði endurskoðun reglna um aflífun og flutning búfjár. Önnur reglugerðin er frá árinu 1957 en hin 1958. Það er unnið á vegum umhverfisráðuneytisins að endurskoðun þessara tveggja reglugerða og það var stofnuð nefnd til að vinna að þeirri endurskoðun. Ég tek undir með hv. þingmanni að þessar reglugerðir eru taldar bæði úreltar og ekki í takt við tímann og við endurskoðunina var gert ráð fyrir að tekið yrði mið af annars vegar reynslu liðinna ára og hliðstæðum reglum í löndum Evrópusambandsins hins vegar. Í nefndinni sitja auk fulltrúa umhverfisráðuneytisins fulltrúar tilnefndir af Umhverfisstofnun og síðan fulltrúar úr því ráðuneyti sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson, fyrirspyrjandi, nefndi hér öðrum fremur sem er landbúnaðarráðuneytið.

Nefndin hefur lokið vinnu við endurskoðun annarrar reglugerðarinnar, þeirrar sem er frá 1957 og er um slátrun búfjár. Nefndin tók í störfum sínum mið af reynslu liðinna ára og hliðstæðum reglum Evrópusambandsins eins og var markmiðið með starfinu. Nefndin hefur sent drög að þessari reglugerð til umsagnar til um þriggja tuga aðila og hefur fengið viðbrögð frá þeim aðilum. Í þessari nefnd áttu sér stað miklar umræður um eftirlit með framfylgd reglugerðarinnar svo og um þvingunarúrræði og viðurlög. Þetta var helst og mest rætt innan nefndarinnar. Einnig hefur verið rætt sérstaklega um hvernig æskilegt væri að skipta verkum milli umhverfisráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins hvað þetta varðar. Viðræður hafa átt sér stað milli þessara tveggja ráðuneyta og það má segja að niðurstöðu úr þeim viðræðum sé að vænta fljótlega.

Það er ljóst að ef breyta á verkaskiptingu milli þessara tveggja ráðuneyta hvað þessar reglugerðir varðar þarf líka að ráðast í breytingu á lögum um dýravernd sem eru frá 1994. Nefndin vinnur enn að endurskoðun hinnar reglugerðarinnar um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum og sú vinna er langt komin, það er reglugerðin frá 1958, og nefndin hefur í vinnu sinni tekið mið af reglum Evrópusambandsins um velferð dýra í flutningum. Nefndin gerir ráð fyrir að senda drög að reglugerð á næstu vikum til fjölda hagsmunaaðila til umsagnar og það er áætlað að þessi nefnd ljúki síðan endanlega störfum sínum á næstu vikum.

[14:35]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er aldeilis tímabært að vekja máls á þeim reglum sem kastljósinu hefur hér verið beint að. Mig

langar bara í þessu sambandi til að minna hæstv. umhverfisráðherra á að Umhverfisstofnun hefur oftar en einu sinni undanfarin ár gert athugasemd við það við þingmenn í starfi þingnefnda þegar fjárlög hafa farið hér í gegn að það skorti fjármuni í þennan málaflokk, dýraverndina. Hæstv. ráðherra umhverfismála hefur þarna ákveðnum skyldum að gegna, að standa vörð um þennan málaflokk, velferð búfjár og meðferð þess. Það verður að segja hæstv. ráðherra það til hróss að hún hefur nefnt þennan málaflokk en það sýnir þetta dæmi svo að ekki verður um villst að þarna er verulega mikið verk sem þarf að vinna og hæstv. ráðherra þarf að bretta upp ermarnar og sjá til þess að þeir (Forseti hringir.) sem starfa að þessum málum bretti einnig upp ermar þannig að þessum málum verði kippt í liðinn og fjármunir fylgi inn í málaflokkinn um dýravernd.

[14:36]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því að í gangi skuli vera vinna við það að endurskoða þessar reglur en ég vil ekki láta hjá líða að hvetja til þess að í þeim verði tekið tillit til heilbrigðis sláturfjár og að vandlega verði skoðaðir flutningar sláturfjár á milli hólfa vegna sauðfjárveikivarna. Það er veruleg áhætta fólgin í þessum flutningum eins og þeir hafa verið framkvæmdir á undanförnum árum. Auk þess eru girðingar sem eru milli þessara hólfa vanræktar og ég tel að þetta sé mál sem menn þurfi að horfa á í samhengi líka fyrir utan auðvitað meðferð þessara skepna sem hér um ræðir. Það er ekki hægt að skilja við þetta mál öðruvísi en að menn hafi farið yfir það í samhengi.

[14:37]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Herra forseti. Ég held að öllum ætti að vera ljóst að þetta er mál sem á að leysa en ekki velta á undan sér. Þetta er einmitt mál sem menn hafa velt á undan sér vegna þess að ráðuneytin deila um það hvorum megin hryggjar það eigi að liggja, hvort landbúnaðarráðherra eigi að hafa þennan málaflokk eða hæstv. umhverfisráðherra sem við erum að spyrja út úr. Þetta sýnir hvað þessi ríkisstjórn er gamaldags, að láta svona mál þvælast ár eftir ár og þingmenn koma hér ár eftir ár — eða reyndar eru þrjú ár síðan — og spyrja út í sömu málin. Og ekkert gerist. Þetta er stórfurðulegt.

Ríkisstjórnin ber þunga ábyrgð á þessum málaflokki vegna þess að eins og ég minntist á hefur hún unnið skipulega að því að fækka sláturhúsum með því að nota einhverja ríkishagræðingu þar sem sláturhúsum er jafnvel lokað í heilu landsfjórðungunum, svo sem á Vestfjörðum, og síðan eru þau fjölmörg í Norðvesturkjördæmi þaðan sem ég kem. Það er alveg stórundarlegt að horfa upp á þetta.

Ég vona sannarlega að hæstv. umhverfisráðherra láti verkin tala í þetta skiptið þótt ég efist um það, því miður. Það er alveg stórundarlegt, ef maður bara horfir á sögu þessa máls, að ekki skuli vera hægt að leysa svona einföld mál. Báðir þessir ráðherrar sem þessi málaflokkur heyrir undir tilheyra sama flokknum en samt sem áður reynir hvort um sig að toga þetta litla mál til sín, hvoru megin eftirlitið eigi að vera. Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra gangi frá þessu máli.

[14:39]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Sigurjóni Þórðarsyni fyrir þessa ágætu fyrirspurn og jafnframt hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir ábendingu hans inn í umræðuna. Ég vil þó halda því til haga vegna orða hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að það er ekki vegna skorts á fjármunum sem endurskoðun þessara reglugerða hefur ekki tekist. Ég hef ekki enn orðið vör við að menn bæru fyrir sig skort á fjármunum inn í þennan málaflokk, dýravernd, ekki frekar en annað sem menn tala um að þeir gætu notað meira fjármagn í. Það er þó sjálfsagt að huga að því hvar það er statt ef sú er raunin.

Það hljómar einkennilega að heyra hér nefndar reglugerðir sem eru gott eldri en meðalaldur þingmanna í þessum sal er, tel ég allt ént, og reglugerðir sem eiga rætur sínar að rekja til 1957 og 1958 hljóma mjög sérkennilega miðað við hraða lagaþróunarinnar og fjölda reglugerða.

Varðandi þó það sem hv. fyrirspyrjandi nefndi hér varðandi fækkun sláturhúsa vegna hagræðingar er ljóst að við þurfum í öllum tilvikum að koma því þannig fyrir að forsvaranlega sé að málum staðið í þessum málaflokki en jafnframt að reglurnar séu ekki svo flóknar að það leiði til hækkunar matarverðs. Það er ákveðið bil þarna á milli og við þurfum að finna það skynsamlega fyrirkomulag sem tryggir okkur hvort tveggja, að eftirlitið, dýraverndin, sé fullnægjandi og jafnframt að það skili sér ekki í hærra verði til neytenda.

Umræðu lokið.

## *Loftslagsmál.*

Fsp. HHj, 293. mál. — Þskj. 306.

[14:42]

**Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):**

Virðulegur forseti. Það hefði einhvern tíma þurft að segja okkur Íslendingum það tvisvar að hlýindi yrðu okkar helsta áhyggjuefni en þannig er það nú á tímum. Stærsta verkefni alþjóðasamfélagsins, sú mesta ógn sem við stöndum frammi fyrir er hin hnattræna hlýnun og þess vegna hafa menn verið að leita ráða sameiginlega og á alþjóðavettvangi og hver í sínu landi til að fást við það verkefni og leita lausna sem gætu dregið úr þeirri miklu mengun sem hefur stórfelld neikvæð áhrif fyrir heimsbyggðina alla og er nú svo komið að þrátt fyrir að ýmsar efasemdaraddir hafi, fyrir ekki mörgum árum, hljómað um hina hnattrænu hlýnun þá eru þær efasemdaraddir nú allar hljóðnaðar og almennt viðurkennt að loftslagsbreytingarnar í heiminum eru eitthvert mest aðkallandi og brýnasta viðfangsefni okkar.

Þróaðar þjóðir, samstarfsþjóðir okkar hafa hver af annarri markað sér stefnu í þeim efnum og við höfum líka gert alþjóðlegan samning, Kyoto-samninginn sem lýtur að loftslagsmálum á tímabilinu 2008–2012. En þjóðir eins og Norðmenn og Svíar, ríkjasambönd eins og Evrópusam-

bandið, ríki eins og Kalifornía og flest ríki að ég held á Vesturlöndum nú orðið, hafa sett sér stefnu í loftslagsmálum og markmið um það hvernig þær hyggist draga úr loftslagsmengun á komandi árum og áratugum. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé hver sé stefna ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum, hvaða markmið ríkisstjórnin hefur sett sér um að draga úr loftslagsmengun á næstu árum og áratugum.

Ég hef þannig bent á að í Kaliforníu hefur ríkisstjórinn, Arnold Schwarzenegger, sett að markmiði að þar verði dregið úr mengun um 50% fyrir árið 2050. Evrópusambandið hefur nýverið gefið það út að það hyggist draga úr mengun um 20% fyrir árið 2020 og sé tilbúið til að ráðast í 30% samdrátt ef önnur iðnríki koma með. Það er þess vegna eðlilegt að hæstv. umhverfisráðherra sé spurður hver sé afstaða ríkisstjórnar Íslands til þeirrar yfirlýsingar Evrópusambandsins og hvort Ísland sé tilbúið til að ganga jafnlangt í því að draga úr mengun og Evrópusambandið hefur lagt til. Sömuleiðis er eðlilegt að spyrja ráðherrann hvernig hann hyggist tryggja að mengun hér, eftir 2008–2012 vegna íslenska ákvæðisins, fari ekki yfir 1,6 milljón tonna að meðaltali en samkvæmt fyrirliggjandi stóriðjuáformum virðist það vera að mengun þá um áramótin verði komin fram úr þeim heimildum sem gilda á því tímabili. (Forseti hringir.) Einnig vil ég spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort það sé stefna ríkisstjórnarinnar að sækja auknar mengunarheimildir í framhaldsviðræðum um næstu áfanga í Kyoto-samningnum.

[14:45]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar spyr mig um loftslagsmál og hann spyr stórt, hver sé stefna ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Meðal almennra orða er rétt að taka undir það með hv. þingmanni að flestar efasemdaraddir hafa þagnað og æ fleiri viðurkenna að loftslagsbreytingar af manna völdum sé hnattrænn vandi sem við leysum aðeins með sameiginlegu átaki ríkja heims og Ísland vinnur með öðrum ríkjum að því að draga úr loftslagsbreytingum innan ramma loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunarinnar. Stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunarinnar var samþykkt í ríkisstjórn árið 2002 og er sú stefna sem stjórnvöld enn þá vinna eftir. Þessi stefnumörkun var m.a. kynnt hér í tengslum við staðfestingu Kyoto-bókunarinnar.

En íslensk stjórnvöld hafa einnig lagt fram sjónarmið í upphafi nýrra samningaviðræðna um bætta framkvæmd loftslagssamningsins og framhald og endurskoðun Kyoto-bókunarinnar. Þar kemur m.a. fram að Ísland telur alþjóðlega samvinnu nauðsynlega til að takast á við loftslagsvandann og að þróuð ríki eigi áfram að vera leiðandi í þeirri baráttu en þá hljóti einnig að þurfa að horfa til og skoða leiðir til að beina efnahagsþróun ört vaxandi þróunarríkja inn á loftslagsvænni brautir.

Meðal þessara sjónarmiða Íslendinga er líka að það eigi að leita leiða til að auka ábyrgð fyrirtækja og atvinnulífsins til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og það segir sig sjálft að slíkt er nauðsynlegt í heimi hnattvæðingar. En auk þessa eru upplýsingar um stefnumörkun Íslands og framkvæmd á ákvæðum loftslagssamningsins að finna í nýjustu skýrslu Íslands til skrifstofu samningsins sem var skilað fyrr á þessu ári og ég hef gert ráðstafanir til þess að fyrirspyrjandi fái öll þessi gögn í hendur og að þau verði þingheimi aðgengileg. Stefna ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er skýr og skjalfest og aðgengileg þeim sem vilja kynna sér hana en mér sýnist ég hafa tíma, herra forseti, til að nýta þetta tækifæri til að fjalla aðeins nánar um framkvæmd stefnunnar til að gefa hv. þingmanni heldur fyllra svar og um leið finnst mér rétt að upplýsa að samráðsnefnd átta ráðuneyta í loftslagsmálum er nú að leggja lokahönd á uppfærða stefnu sem fer síðan fyrir ríkisstjórn. Þessi nýja stefna er framhald stefnunnar frá 2002 og fer því vel á því að stikla á stóru varðandi framkvæmd hennar nú og kynna svo nýju stefnuna sem ég vona að verði innan skamms.

Það má segja að flestir þættir loftslagsstefnunnar frá 2002 hafi komið til framkvæmda með einhverjum hætti og ég ætla að nefna nokkur atriði í því samhengi. Í fyrsta lagi nýtt olíugjaldskerfi sem kom til framkvæmda í júlí 2005 og sú löggjöf breytti fyrirkomulagi við skattlagningu á dísiloloíu og á að leiða til þess að hlutur lítilla dísilbifreiða í bílaflotanum mun aukast og þannig draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í umferðinni. Nýjar tölur benda til þess að þetta sé að gerast.

Vörugjöld hafa verið felld niður af loftslagsvænum ökutækjum, svo sem rafbílum og vetnisbílum, og lækkuð á svokölluðum tvíorkubílum eða tvinnbílum. Í loftslagsstefnunni eru sett mjög ströng viðmiðunarmörk um losun flúorkolefna frá álverum sem eru innan við þriðjungur af meðallosun þessara efna á heimsvísu, miðað við framleitt tonn á áli. Bæði álverin sem nú starfa á Íslandi hafa náð þeim viðmiðunarmörkum og ef orkuþátturinn er tekinn með þá er óhætt að fullyrða að losun gróðurhúsalofttegunda og tonn af framleiddu áli á Íslandi er með því allægsta sem þekkist í heimi ef ekki hið lægsta.

Þá vil ég nefna sérstakt átak stjórnvalda um aukna bindingu kolefnis úr andrúmslofti með landgræðslu og skógrækt sem tókst vel. Það hefur tekist vel og hefur skilað sér í aukinni bindingu og jafnframt skilað sér í betri vísindalegri þekkingu á bindingaraðferðum. Í þessu samhengi má líka nefna aðgerðir eins og söfnun og notkun metangass á vegum Sorpu og stuðning stjórnvalda við verkefni á sviði vetnistækni. Það má segja að stefna Íslands og framkvæmd hennar sé vel kynnt á alþjóðavettvangi og alþjóðasamtök hafa séð ástæðu til að veita Íslandi viðurkenningu fyrir árangur í loftslagsmálum. Á ellefta aðildarríkjaþingi samningsins í Montreal árið 2005 var Ísland eitt af þremur ríkjum sem var veitt viðurkenning af samtökunum The Climate Group og það var einkum fyrir þrjú atriði: hátt hlutfall endurnýjanlegra orkulinda í orkubúskapnum, átak til að binda kolefni með landgræðslu og skógrækt og loks fyrir nýsköpunarverkefni á sviði vetnistækni.

[14:50]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst hver stefna núverandi ríkisstjórnar í loftslagsmálum er. Hún er í öllu falli allt annað en tryggja að það verði dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Hún fjallar öll um það að gera einhverjar

tæknilegar úrlausnir, finna einhverjar tæknilegar úrlausnir fyrir samgöngurnar eins og auka hlut dísilbíla í umferðinni, eins og að binda $CO_2$ í skógi og annað slíkt en þessa ríkisstjórn vantar áætlun um það á hvern hátt eigi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ríkisstjórnin er að gera eitthvað allt annað. Hún er að tryggja að hér sé komið upp álbræðslu og er komin svo langt fram úr skuldbindingum okkar varðandi Kyoto-sáttmálann árið 2012 að það er óruggt að þangað þarf að sækja gríðarlegar umframheimildir og um það hefur hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson gefið yfirlýsingar hér og ég heyri ekki á hæstv. umhverfisráðherra að sú stefna hafi eitthvað breyst.

[14:51]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. umhverfisráðherra forðaðist að tala um raunverulega aðalmálið. Það eru ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og stefnan, sem í framkvæmd felst í því að vísa því til sveitarfélaganna í landinu hvort hér verði byggðar nýjar álbræðslur. Nú er að fara fram kosning í Hafnarfirði um það hvort eigi að byggja upp álbræðslu þar. Sveitarfélagið á Reykjanesi hefur tekið ákvörðun um að það eigi að byggja álbræðslu þar. Það eru engin tæki í höndum stjórnvalda til að stjórna því eins er, hvort af þessum bræðslum verður eða þeirri þriðju, norður í landi. Er þetta ekki stefnan í raun og veru? Ég held að það sé ekki hægt að orða hana betur en þetta. Hún er fólgin í því að vísa því til Hafnarfjarðar en ekki taka ákvörðun um það á Alþingi hvernig eigi að framkvæma hana.

[14:53]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hæstv. umhverfisráðherra bíða tvær fyrirspurnir frá þeim sem hér stendur um það hvernig eigi að halda sig við íslenska ákvæðið svokallaða í ljósi þeirra áforma sem nú eru uppi og lýsa auðvitað best stefnu ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Nú eru fjögur álver í pípunum og hæstv. umhverfisráðherra ræddi ekki um eitt einasta þeirra áðan eða það hvað þau losa mikið.

Annað gott dæmi um loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar er kannski sú frétt í blöðum í dag að vetnisstrætóarnir sem keyrt hafa um götur Reykjavíkur séu nú á leiðinni á safn.

[14:54]

**Kjartan Ólafsson:**

Herra forseti. Mig langar að koma örlítið inn í þessa umræðu. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda Helga Hjörvar fyrir þessa fyrirspurn og jafnframt vil ég þakka umhverfisráðherra fyrir innlegg hennar í umræðuna, mér finnst það vera við hæfi sem hér hefur komið fram. Mér finnst hins vegar umræðan ekki vera nóg á hnattrænum nótum. Við erum nefnilega ekki þau einu sem um þessi mál fjöllum. Við áttum þess kost að vera seinni partinn á mánudaginn á lítilli ráðstefnu á vegum Norðurlandaráðs þar sem var verið að ræða vandamálið í nágrannalöndunum okkar, þar nota menn eldsneyti svo sem kol, gas, olíu og eru að fara að byggja upp kjarnorkuver til að fullnægja orkuþörf sinni. Mér finnst að við eigum að líta það sem hér er verið að gera svolítið jákvæðum augum og þær aðstæður sem hér eru og hvernig við getum haldið áfram að nota náttúruauðlindir okkar til að byggja upp þetta land.

[14:55]

**Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svörin eins langt og þau og stefnan nær, þ.e. til 2012. En það er auðvitað allt of skammt í málefni eins og loftslagsmálum. En það er fagnaðarefni að það sé unnið að mótun langtímastefnu ríkisstjórnarinnar.

En hæstv. umhverfisráðherra verður að svara lykilspurningunum í þessu stærsta máli sem heimurinn glímir við. Evrópa hefur lýst því yfir að hún sé tilbúin til að ráðast í 20–30% samdrátt á næstu 13 árum í mengun. Til þess að ná þeim árangri dugir ekki að fjölga dísilbílum eða veita tollaafslátt af rafmagnsbílum, virðulegur forseti. Til að ná slíkum árangri þarf að grípa til verulegra aðgerða og það fljótt. Þess vegna er spurt: Er ríkisstjórn Íslands tilbúin til þess að ráðast á næsta áratug í verulegan samdrátt í mengun á Íslandi eins og Evrópa hefur kallað eftir eða ætlar ríkisstjórn Íslands að vera bara á línu George Bush og tala um mögulegar tæknilausnir í framtíðinni en halda áfram að menga og menga hér heima? Umhverfisráðherra verður líka að svara því hvort ríkisstjórn Íslands, fyrir utan þetta atriði, ætli að sækja í stóriðjunni auknar heimildir til mengunar eftir 2012. Það er grundvallarspurning sem ráðherrann verður að svara og ef ekki þá verður ráðherrann að svara því miðað við fyrirliggjandi stóriðjuáform, hvernig hæstv. ráðherra ætlar að tryggja það að losun hér árið 2013 sé ekki komin fram yfir 1,6 millj. tonna því að augljóslega verður hún það að óbreyttu.

[14:57]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Hv. þingmaður spyr: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum? Ég hef í fyrra svari mínu gert honum grein fyrir því hverjir eru megindrættirnir í þeirri stefnu. Það er alveg hárrétt að það er sjálfsagt að ríkið setji sér til lengri tíma töluleg markmið með þennan hnattræna vanda, prósentutölu um það hvar þeir ætli að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Evrópusambandið kastar fram tölu en það hefur ekki nokkra þýðingu að setja fram slíkt markmið nema menn ætli jafnframt að átta sig á því hvernig markmiðinu verði náð, þannig að annað kemur ekki í veg fyrir hitt. Menn setja sér ekki bara markmið en greina síðan ekki frá leiðunum hvernig þeir ætli sér að ná þeim, við þurfum öll að taka þátt í þessu. Ég var að gera grein fyrir hvernig við höfum unnið að þessari stefnu og jafnframt að við höfum náð árangri með þeim leiðum sem við höfum verið að vinna eftir. Gagnvart spurningunni hver stefnan sé tel ég mig hafa svarað henni til fulls og ég gerði grein fyrir því hvernig hún hefur verið útfærð og hvaða árangur hefur náðst með henni.

Ég sagði jafnframt í fyrra svari mínu, herra forseti, að ný og uppfærð stefna væri handan við hornið og ég geri ráð fyrir því að ræða hana, þ.e. stefnu ríkisstjórnarinnar, mjög fljótlega á þessum vettvangi við fyrirspyrjanda og aðra sem láta sig þessi mál varða. Þar komi fram markmið sem stefnt verður að á ákveðnu árabili fyrir og eftir Kyoto-

skuldbindingartímabilið.

Svo vil ég loks, herra forseti, taka undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Kjartans Ólafssonar. Þau tilteknu mál sem hér eru til umræðu eru hnattrænn vandi en ef maður fylgist með umræðum um orkubúskapinn almennt, úti um allan heim, í löndunum sem standa okkur nær, í Bretlandi, á Norðurlöndunum, hjá Finnum, þá eru menn að tala um að þeir ætli að afla sér orku með kjarnorku, vegna þessa vanda. Það er eitthvað sem margir mega ekki heyra minnst á í umræðunni um umhverfismál í víðara samhengi. Aðstaða okkar er mjög sérstök.

Umræðu lokið.

## *Dragnótaveiðar.*

Fsp. JÁ, 399. mál. — Þskj. 443.

[14:59]

**Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):**

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra um hvaða sjónarmið séu lögð til grundvallar banni og/eða takmörkunum á dragnótaveiðum. Ég óskaði eftir upplýsingum um ástæður fyrir alfriðun svæða, árstíðabundnum takmörkunum, mismunandi takmörkunum á stærð fiskiskipa og mismunandi kröfum um samsetningu afla.

Það hafa verið átök um dragnótaveiðar frá því ég man eftir mér. Það er mjög eðlilegt vegna þess að þessar veiðar fara fram á grunnslóð og býsna oft á heimamiðum nærliggjandi fiskiþorpa og bæja sem þróuðust á sínum tíma vegna þeirra möguleika sem næstliggjandi fiskimið gáfu til veiða. Þær hafa alltaf þau áhrif að aðrar veiðar þýðir lítið að reyna á þeirri fiskislóð. Það má eiginlega segja að dragnótabátarnir fái einkarétt til að veiða á bleyðunum sínum.

Nú stendur meðal annars styr um veiðar í Skagafirði. Í ágætri grein sem Steinar Skarphéðinsson skrifar nú um áramótin undir fyrirsögninni Sjávarútvegsráðherra hunsar óskir Skagfirðinga kallar hann veiðarnar sjóræningjaveiðar á grunnslóð og segir að eftir standi auðnin ein. Frá Hafrannsóknastofnun kemur þó alltaf sama staðlaða svarið: Engin fiskifræðileg rök eru fyrir því að banna dragnótaveiðar. Sammála henni er Níels Ársælsson sjómaður sem segir í grein frá síðasta hausti að veiðislóð dragnótarinnar sé eins og frjór akur bóndans sem yrkir landið af alúð og dugnaði. Dragnótin er stórkostleg líkt og ástargyðjan Venus, hljómur hennar og yndisþokki ægifagur, segir sá ágæti skrifari.

En er þetta rétt? Þróun þessara veiða hefur orðið mikil. Einu sinni voru hér veiðar með landnót. Ummerkin um landnótina má enn sjá í Skarðsvík á Snæfellsnesi svo ég taki dæmi. Þetta var bannað. Voru engin fiskifræðileg rök fyrir því? Áður voru einungis litlir bátar með afllitlar vélar við þessar veiðar og kasthringurinn var lítill. Nú eru stórir bátar á þessum veiðiskap og kasthringurinn gríðarlega stór, allt að 7 km.

Átök um veiðarnar hafa oft verið mikil og þegar þau urðu um Faxaflóann á sínum tíma þá komust menn að þeirri niðurstöðu að þar mættu skipin einungis vera 22 metrar á lengd og hlutfall þorsks í veiðunum má þar ekki fara yfir 15% en stundum reyndar 30%. Því er ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra: Ef það eru engin fiskifræðileg rök eru rökin þá ekki atvinnupólitísk og hver eru þá viðhorf og hver er stefna ráðherrans? Hvað leggur hann til grundvallar afstöðu sinni? Í ljósi þessa alls saman spyr ég: Hver eru áhrif heimamanna, annars vegar útgerðarmanna og hins vegar sveitarstjórnarmanna á ákvarðanir ráðuneytisins (Forseti hringir.) um takmarkanir á dragnótaveiðum?

[15:03]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðvesturkjördæmis hefur lagt fyrir mig þrjár fyrirspurnir um dragnótaveiðar. Fyrsta spurningin er:

Hvaða sjónarmið eru lögð til grundvallar banni og/eða takmörkunum á dragnótaveiðum?

Svarið er þetta: Í 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, segir að dragnótaveiðar séu heimilar á þeim svæðum þar sem fiskiskipum eru heimilar togveiðar samkvæmt greininni. Síðan segir meðal annars í 6. gr. sömu laga, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt að leyfa veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Aðeins er heimilt að veita leyfi skipum styttri en 42 metrar, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500, en ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur í því skyni að stuðla að hagkvæmri nýtingu fiskstofna, að teknu tilliti til veiða með öðrum veiðarfærum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað dragnótaveiðar. Þá getur ráðherra, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið að dragnótaveiðar á ákveðnu svæði miðist við nýtingu ákveðinnar fisktegundar."

Í reglugerð nr. 788/2006 um dragnótaveiðar og í veiðileyfum einstakra skipa er kveðið nánar á um framkvæmd laganna. Þetta er svar við fyrstu spurningunni.

Önnur spurningin lýtur að áhrifum heimamanna, annars vegar útgerðarmanna og hins vegar sveitarstjórnarmanna, á ákvarðanir ráðuneytisins um takmarkanir á dragnótaveiðum.

Svar mitt er þetta: Það hefur ekki verið ágreiningslaust hvar og hvenær eigi að heimila dragnótaveiðar eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson vakti réttilega athygli á. Þetta er ekki ný deila. Hún hefur staðið lengi og ég spái því að hún muni standa lengi um hríð. Eins og áður sagði þá tekur ráðherra ákvörðun um skipan dragnótaveiða innan togveiðilína. Það er reynt að gera slíkt í samráði við útgerðarmenn, sjómenn, á viðkomandi svæði og oft hafa sveitarstjórnir líka haft milligöngu í málinu. Við sjáum það núna til dæmis að í þeirri umræðu sem hefur staðið um dragnótamálin þá hafa sveitarstjórnirnar verið mjög í forgrunni. Þær hafa lagt fram tillögur í þessum efnum þannig að við erum meðal annars að taka afstöðu til tillagna þessara sveitarstjórna.

Það má líka segja að ákvarðanir í þessum málum hvíli sjaldnast á beinum verndunarsjónarmiðum einum og sér heldur er reynt að finna á því lausn með tilliti til skiptingar veiðisvæða milli veiðarfæra og nýtingar þeirra fiskstofna sem einkum fást við dragnót. Þess vegna má til sanns vegar færa að það sé rétt sem hv. þingmaður sagði áðan að þetta getur líka verið byggðapólitísk ákvörðun. Við gerum það líka þannig að við skiptum hafsvæðinu niður þannig að menn hafa einungis heimild til að stunda veiðar með dragnót á tilteknum svæðum en ekki öðrum innan tiltekins fiskveiðiárs. Þetta hefur verið gert til þess meðal annars að reyna að koma til móts við óskir heimamanna sem hafa fundið að því að menn voru að flakka á milli með skip sín og stunda dragnótaveiðar vítt og breitt í kringum landið sem olli heilmiklum átökum eins og allir vita.

Það er hins vegar aðeins við dragnótaveiðar í Faxaflóa sem menn gerðu kröfu til þess að dragnótin sé aðeins notuð til veiða á tilteknum fisktegundum. Þá sérreglu má rekja til þess að þegar dragnótaveiðar voru heimilaðar á ný í Faxaflóa á sínum tíma þá var það gert með því skilyrði að bolfiskur færi ekki yfir tiltekin mörk og sú regla hefur haldist síðan. Við höfum hins vegar verið að taka upp þessar stærðartakmarkanir víðar. Þessar stærðartakmarkanir gilda til dæmis fyrir Vestfjörðum. Þær gilda fyrir Austfjörðum og þær gilda, að ég hygg, nokkuð víðar þannig að við höfum auðvitað verið að þróa þessa stýringu meira í þessa átt eins og hv. þingmaður vakti athygli á.

Þriðju spurningunni sem hv. þingmaður gerði grein fyrir vil ég svara með þessum hætti: Sjávarútvegsráðuneytinu barst áskorun frá mörgum íbúum við Skagafjörð um að banna dragnótaveiðar á Skagafirði. Þessi ákvörðun var studd af sveitarstjórnarmönnum í Skagafirði. Sjávarútvegsráðuneytið brást þannig við að banna dragnótaveiðar á Málmeyjarsundi og fyrir því færði ég ákveðin rök. Ég taldi að það væru fiskverndarfræðileg rök fyrir því og meðal annars gerði ég það eftir ábendingum heimamanna, ekki síst smábátasjómanna sem töldu að það mundi geta skipt allnokkru máli. Þessari ákvörðun vildi sveitarstjórnin ekki una þó að það kæmi fram í sjálfu sér ánægja með það að þetta skref yrði stigið og ítrekaði óskir sínar um bann við dragnótaveiðum á Skagafirði og nú innan línu sem dregin yrði úr Ásnefi vestan fjarðarins í norðurenda Þórðarhöfða að austanverðu. Þessar óskir höfum við haft til athugunar. Þessum óskum eins og öðrum óskum varðandi dragnótamálin var reyndar vísað til sérstakrar nefndar sem starfar á vegum sjávarútvegsráðuneytisins og skipuð er fulltrúum allra hagsmunaaðila. Ég hef lýst því yfir að ég vilji sjálfur taka afstöðu til þessa máls innan skamms og mun gera það þrátt fyrir að ég hafi komið því í þennan farveg og þrátt fyrir að Hafrannsóknastofnun hafi ekki mælt með því að þessar veiðar yrðu bannaðar. Tíðinda af þessu er vonandi að vænta innan ekki mjög langs tíma.

[15:08]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Þessi umræða er mjög erfið fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra vegna þess að það eru engin rök sem hann getur lagt á borðið eða rannsóknir eða einhver málefnalegur rökstuðningur. Það eina sem hægt er að gera er að lesa eins hratt og hæstv. ráðherra getur upp úr lögum og reglum. En það er fátt um veigamikil rök í þessari umræðu. Það er miður. Þetta er kannski lýsandi fyrir þá stöðu sem stjórn fiskveiða er í á Íslandi, þ.e. menn reyna að forðast þessa umræðu, reyna að flækja þetta í einhvern lagabókstaf í stað þess að svara þessum einföldu spurningum með einhverjum rökum eða málefnalegum hætti. (Gripið fram í.) Það er miður í þessari umræðu, frú forseti, að ekki sé hægt að ganga hér hreint til verks og bara svara þessum spurningum betur en gert er.

[15:09]

**Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):**

Hæstv. forseti. Það kemur skýrt fram í því sem hæstv. ráðherra segir að rökin sem menn hafa fyrir stjórn dragnótaveiðanna snúast ekki um fiskifræði vegna þess að Hafrannsóknastofnun hefur sagt að þetta hafi ekkert með fiskifræði að gera. Maður verður þó hugsi yfir því þegar maður hefur séð hvernig steinbíturinn hringar sig utan um hrognin sín á sandbleyðunum. Það hefur verið sýnt í sjónvarpi þannig að fólk hefur séð hvernig það er. Skyldi nú ekki dragnót geta haft áhrif á búsvæði steinbíts að minnsta kosti á hrygningartímanum? En hvað um það.

Okkur þingmönnum hafa borist ályktanir frá þeim aðilum sem hæstv. ráðherra nefndi, Skagfirðingum, og þeir vilja að línan verði dregin úr Ásnefi að vestan og í Þórðarhöfða að austan. Við höfum líka séð áskoranir frá þeim sem búa við Húnaflóann sem vilja að þar verði bannað að veiða innan línu sem verði dregin úr Kálfshamarsvita á Skaga í Gjögurvita á Ströndum og Strandamenn vilja þetta líka. Ég tel að hæstv. ráðherra þurfi að horfast í augu við að þetta er byggðamál, að þetta er atvinnumál byggðanna á þessum svæðum sem hér eru á ferðinni úr því að menn vilja ekki meina að nein fiskifræði sé í þessu.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan að hann spáði deilum um þetta mál áfram. Af hverju skyldu þær deilur spretta? Þær geta aldrei sprottið af neinu öðru en því að annars vegar séu það heimamenn sem vilji friða sín fiskimið og fá að nýta þau með þeim hætti sem þeir telja sér henta og að hins vegar séu útgerðarmenn sem vilji fara þangað sem þá lystir til þess að veiða á mismunandi stórum skipum. En með hvorum ætlar hæstv. sjávarútvegsráðherra þá að standa? Ég tel að (Gripið fram í.) það sé engin spurning hvar menn eigi að standa í þessu máli.

[15:11]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson fann að því að ég væri að vitna til laga og reglugerða þegar ég svaraði spurningum sem lúta einmitt að lögum og reglugerðum. (Gripið fram í.) Það er ekki þannig að sjávarútvegsráðherra hafi sjálfdæmi í öllum hlutum. Hann verður auðvitað að styðjast við lög og reglugerðir sem betur fer. (Gripið fram í.) Þess vegna þegar verið er að spyrja um forsendur fyrir ákvörðunum ráðherrans þá verður hann að vitna til laga og reglna Það er bara þannig og ég vona að þeir sem eru þingmenn og eru að setja lög séu ekki að finna að því að þannig sé staðið að málum.

Hv. þingmaður vitnaði til þess sem ég hef áður sagt, að

ég spái því að áfram verði deilur um veiðarfæri. Það byggi ég bara á gamalli reynslu, hv. þingmaður, og ég hygg að hv. þingmaður sé kannski ekki alveg ósammála mér um þetta. Það er einfaldlega þannig að þetta eru álitamál. Þarna greinir menn á. Hv. þingmaður vitnaði í kunnan sjósóknara, Níels Ársælsson sem er umdeildur maður á margan hátt. En hann hefur óneitanlega gríðarlega mikla reynslu af dragnót. Hann hefur þetta ýtrasta sjónarmið. Svo þekkjum við þá sem telja að dragnótin sé bölvaldur alltaf og alls staðar.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé vel hægt að koma á svona veiðarfærastýringu. Ég held að það verði stóra verkefnið okkar á margan hátt á komandi árum vegna þess að mjög margt annað sem við höfum verið að ræða er ekki rætt af jafnmiklum ákafa og offorsi. Ég held að þetta sé mjög spennandi viðfangsefni, að þetta sé viðfangsefni sem við eigum að fást við.

Ég vil ekki ljúka umræðunni þannig að menn skilji það svo að ég telji að það geti ekki einhvern tíma gilt fiskifræðileg rök þegar við ræðum þessi veiðarfæri. Þvert á móti held ég að fiskifræðileg rök geti oft átt við. En í þessu tiltekna tilviki sem snýr að Skagafirði þá taldi Hafrannsóknastofnun að ekki giltu sérstök fiskifræðileg rök þar.

Við erum að beita svona veiðarfærastýringum heilmikið. Af því að hv. þingmaður nefndi steinbítinn og hrygningarsvæðið þá er eins og hann veit núna búið að setja í reglugerðir ákvæði sem fela í sér heilmikla friðun á steinbítnum einmitt á hrygningartímanum. Það var líka mjög umdeilt (Forseti hringir.) meðal sjómanna sjálfra. Þar réðu hagsmunir gríðarlega miklu og þá verða menn síðan að klippa á og (Forseti hringir.) taka af skarið og oft er það pólitísk ákvörðun.

Umræðu lokið.

## *Svæðisbundin fiskveiðistjórn.*

Fsp. SigurjÞ, 401. mál. — Þskj. 447.

[15:14]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Við búum við algerlega misheppnaða stjórn fiskveiða. Gögn Hafrannsóknastofnunar segja einfaldlega að aflinn núna sé helmingi minni en fyrir daga þessa kerfis. Þetta er því algerlega misheppnað kerfi. Þetta byggir á því að hafsvæðið hér sé í rauninni einn og sami stofninn, horft sé á þetta eins og eitt mengi og það sé sama hvaðan fiskur er tekinn, að það dregst frá heildaraflanum. Síðan spá menn fyrir um afla næsta árs. Hún er venjulega birt í skýrslu á vordögum. Þetta er svona álíka vitlaust, frú forseti, og að menn mundu áætla t.d. uppskeru úr öllum kartöflugörðum ársins að vori til. Þó er það að mörgu leyti nærtækara vegna þess að menn geta þá a.m.k. séð það fyrir út frá því hversu mikið útsæðið er. Svo má lengi telja. Þetta er eins og að áætla hve mikil berjauppskera verði næstu tíu árin ef við byggjum berjamóa upp hér og þar um landið. Þetta kerfi hefur algerlega misheppnast.

Samt sem áður hefur núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra haldið algeru dauðahaldi í þetta kerfi vegna þess að hann veit sem er að ef opnast glufur í því getur það hrunið yfir menn. Samt sem áður stangast þetta algerlega á við viðtekna vistfræði, sérstaklega í ljósi þess að þorskstofninn er ekki eins og eitt mengi heldur eru staðbundnir stofnar víðast hvar. Menn geta velt því fyrir sér ef allar aflaheimildir fara í burtu, t.d. úr Grímsey eða Bakkafirði, hvort menn hætti að nýta þau mið. Það gæti orðið miðað við þá stjórn sem nú ríkir. En það er svo einkennilegt að innbyrðis stangast þau rök á sem eru notuð við stjórn fiskveiða, t.d. í sambandi við svæðalokanir. Þá er verið að loka ákveðnum svæðum og það stangast á við að þetta sé eitt mengi og að engu máli skipti hvar fiskurinn er tekinn. En ef út í það er farið er miklu nærtækara að stjórna fiskveiðum á Austfjörðum saman með fiskveiðum í Færeyjum. Það er miklu styttra þar á milli en að hafa þetta sem eitt kerfi og stjórna því með heildarafla með því sem tekið er út af Vestfjörðunum. Þetta er svo vitlaust og þetta er búið að valda svo miklu tjóni fyrir byggðir landsins að maður furðar sig á því að hæstv. ráðherra sem kemur frá byggð sem hefur farið (Forseti hringir.) gríðarlega illa út úr þessu kerfi skuli ekki vilja opna á einhverjar breytingar.

[15:17]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég held að við hv. þingmaður getum þó verið sammála um eitt og það er að ekki er árangursríkt eða líklegt til árangurs við fiskveiðistjórn eða uppbyggingu fiskstofna, að stjórna því bara með einu eða sér aflamarki, þ.e. heildaraflamarki, alveg burt séð frá því við hvaða fiskveiðistjórnaraðferð við búum, hvort sem það er aflamark eða sóknarmark. Það þarf mjög margt annað að koma til. Þetta er, held ég, flestum löngu orðið ljóst.

Ef við förum aðeins yfir það hvernig við stöndum að fiskveiðistjórn okkar, þá gefum út heildaraflamark sem síðan er deilt niður á tiltekin skip en síðan eru þau skip líka látin lúta alls konar annarri stjórn. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði áðan. Það er ekki bara þannig að menn segi að það sé sama hvar og hvernig veiðarnar fari fram. Við erum með alls konar aðrar reglur sem banna togveiðar við tilteknar aðstæður, banna tiltekna gerð af togveiðarfærum, við erum með hrygningarstopp o.s.frv. Það er hluti af þeirri svæðisbundnu fiskveiðistjórn sem hv. þingmaður var að kalla eftir. Ég held að ef við skoðum þetta nokkuð vel sjáum við að hin svæðisbundna fiskveiðistjórn er mun meiri en margan grunar í upphafi. Ef við skoðum t.d. þau miklu bönn og þær miklu takmarkanir sem við höfum, t.d. í togveiðum hér við land, blasir ansi skrautleg mynd við okkur. Kort sem menn geta séð af þessu sýnir okkur þetta svart á hvítu.

Hv. þingmaður vék einnig að öðru. Hann velti fyrir sér, eins og hefur þegar komið fram í fréttum, hvort um fleiri en einn þorskstofn sé að ræða. Og þá verður að játa að málið verður töluvert flóknara. Tillögur Hafrannsóknastofnunar hafa ávallt miðast að því að stjórna beri fiskveiðum hér við land eins og um einn þorskstofn væri að ræða. Verði breyting á þeirri afstöðu hlýtur að koma til þess að þorskveiðum verði stjórnað meira með tilliti til þess sem um fleiri staðbundna stofna væri að ræða.

Ég reyni þá að svara frekar þessari spurningu með

skírskotun til þess en ekki þeirra vangaveltna minna áðan um svæðisbundna fiskveiðistjórn að öðru leyti. Auðvitað þarf að velta því fyrir sér hver eigi að vera markmið stjórnar, hvort svæðisbundin stjórn sé eftirsóknarverð í fiskveiðistjórnarlegu og fiskverndarlegu tilliti varðandi uppbyggingu þorskstofnsins, hversu framkvæmanleg hún er. Fyrsta atriðið sem ég nefndi hlýtur þó fyrst og fremst að horfa til þess hvort líkur væru á að við næðum markvissari nýtingu og verndun og þá umfram allt uppbyggingu þorskstofnsins.

Eins snertir svæðisbundin stjórn lokun svæða til verndunar á fiskungviði eða viðkvæmum búsvæðum, einkum á hafsbotni, eins og ég fór yfir, en það er aftur á móti önnur og lengri saga. Lengi hefur verið vitað að þorskur hrygnir víða umhverfis landið og einnig að hann dreifist mjög mikið eftir hrygningu. Þetta kemur m.a. fram í ritum Bjarna Sæmundssonar frá upphafi síðustu aldar og í nýlegum rannsóknum, bæði Hafrannsóknastofnunar og Háskóla Íslands. Jafnframt hafa slíkar rannsóknir gefið vísbendingar um erfðafræðilegar afmarkaðar hrygningareiningar þorsksins. Merkingartilraunir hafa aftur á móti sýnt fram á að þorskur gengur víða og blandast saman utan hrygningarsvæða. Á veiðislóð utan hrygningartíma er veitt úr mörgum hrygningareiningum og því erfitt að beina veiðum að ákveðnum þætti. Af þeim sökum er næsta ómögulegt að stjórna veiðum úr einstökum hrygningarstofnum eða hrygningareiningum, nema ef veiðar væru eingöngu stundaðar á hrygningartíma, vegna þess að það er einfaldlega þannig að þó að þetta séu margir stofnar blandast þeir eftir hrygningartímann. Það mætti hins vegar vernda ákveðnar mikilvægar hrygningareiningar, ef það væri það sem við vildum stefna að í þessu sambandi, með auknum svæðalokunum yfir hrygningartímann. Mér fannst að verið væri að kalla eftir því að hluta til í umræðunni áðan, að því gefnu að samhliða væri verið að draga úr heildarsókn þannig að sóknin aukist þá ekki á öðrum hrygningarsvæðum rétt á meðan. Ein ákvörðun hefur auðvitað áhrif á aðra og þegar við ætlum að reyna að ná árangri í því að draga úr veiðum á hrygningartíma er það enginn sérstakur árangur ef við síðan flytjum hann til milli svæða.

Það er auðvitað ljóst mál að aukin vitneskja með frekari rannsóknum á líffræði, atferli og vistfræði þorsks við Ísland mun varpa frekara ljósi á mikilvægi staðbundinna hrygningareininga í nýliðun þorsks og hvernig taka megi tillit til þeirra við fiskveiðistjórnina. Að mínu mati er þetta ákaflega athyglisvert og áhugavert mál og er verið að rannsaka það miklu meira en áður. Bæði er verið að skoða erfðamengi þorskstofna, ekki bara með tilliti til þess hvar þeir eru, heldur líka á hvaða dýpi þeir veiðast og þar á meðal hafa slíkar rannsóknir verið framkvæmdar á vegum Einars Árnasonar í Háskóla Íslands. Þetta eru allt saman mjög áhugaverðir hlutir sem gera hins vegar fiskveiðistjórnina örugglega ekki auðveldari nema síður væri.

[15:22]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Þetta er merkileg umræða og hún þarf virkilega að fara fram. Þær hugmyndir manna eru nefnilega alltaf að breytast sem hafa verið uppi á undanförnum árum um þessi mál. Fyrir árið 1990 var það skoðun Hafrannsóknastofnunar að það skipti ekki öllu máli hve stór hrygningarstofninn væri við landið. Breyting varð í kringum 1990 á þeirri afstöðu. Núna hafa menn bundið sig við tiltekna aflareglu. Ef þessi aflaregla er miðuð við það að einungis einn þorskstofn sé við landið, hljóta menn að fara að velta henni mikið fyrir sér þegar í ljós koma á hverju ári nýjar og nýjar ættkvíslir þorska, og hvort ofveiðin hljóti þá ekki að koma niður á þessum mismunandi ættkvíslum þannig að þær verði veiddar niður í eitthvert lágmark, sem er hættulegt. Menn þurfa að fara yfir þessa hluti alla aftur út frá þeirri afstöðu og (Forseti hringir.) sjónarmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar fram að þessu.

[15:23]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessi svör. En ég verð að benda hæstv. ráðherra á að í því starfi sem hann ætlar að fara í, að byggja upp þorskstofninn, hvað sem það nú er, er vert að hafa í huga að ekkert samband er á milli stærðar hrygningarstofns og mikillar nýliðunar. Aldrei hefur verið sýnt fram á það. Síðan eigum við ekki að flækja þessa umræðu allt of mikið, þetta er ekki flókið, með því að velta erfðafræðinni fyrir sér, DNA eða einhverju slíku. Þetta snýst um fiskimið og á ákveðnum fiskimiðum er ákveðinn hópur fiska. Hvort þeir eru sambærilegir að uppruna og svoleiðis skiptir ekki máli. En ætlum við að nýta þessi fiskimið eða ætlum við bara að nýta þau fiskimið sem eru togaramið? Um það snýst spurningin. Ætlum við að hætta að nýta fiskimiðin í Bakkaflóa eins og hætt er við með núverandi fiskveiðistjórn, þar sem þessu er stjórnað eins og um einn pott væri að ræða? Þetta er ekki einn pottur. Þetta eru margir pottar og það er einfaldlega óskynsamlegt að hætta að nýta fiskimiðin hringinn í kringum landið og líta á þetta eins og eitt mengi.

Þetta hefur gengið mjög langt, þessi kerfislægi hugsanagangur hjá núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra og forverum hans. Það hefur gengið svo langt að jafnvel á Kópaskeri hefur fermingarbarni verið bannað að leggja línu í fjöruna fyrir fisk vegna þess að þá væri það að veiða úr einhverjum sameiginlegum potti og mögulega raska lífríkinu. Þetta er með ólíkindum að fólk skuli vera að halda í svona kerfi sem stangast algerlega á við alla skynsemi, halda því áfram árið 2007, þegar reynslan hefur sýnt að það hefur ekki skilað neinu nema tjóni og í löndunum (Forseti hringir.) í kringum okkur er sama sagan.

[15:25]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Nú verð ég að segja hv. 10. þingmanni Norðvesturkjördæmis til hróss að hann hefur aðeins létt lund mína og gert mér aðeins hugarhægara vegna þess að hann sagði að þessi mál væru ekki jafnflókin og ég ímyndaði mér. Ég verð að játa að þetta greiðir mér aðeins leið í þessum erfiða málaflokki sem mér hefur fundist fiskveiðistjórnin satt að segja vera, vegna þess að uppi eru mjög mörg sjónarmið. Mér hefur fundist afskaplega flókið að velta þessum hlutum öllum fyrir mér, bæði þegar ég ræði við vísindamenn og þá sem starfa í þessari grein. Þess vegna hefur mér stundum fundist erfitt að sjá skóginn fyrir

trjánum því það er dálítið erfitt að fóta sig þegar maður er búinn að fá mjög mikið af upplýsingum sem eru kannski ekki alveg augljósar fyrir manni.

Að öðru leyti vil ég segja að það er að vísu alveg rétt hjá hv. þingmanni að deila má um þetta samband milli stærðar hrygningarstofns og nýliðunar, en það hefur verið álit íslenskra fiskifræðinga að þegar hrygningarstofninn er kominn niður í ákveðið lágmark fari það klárlega að hafa áhrif á nýliðun. Það er áhyggjuefni sem mjög margir, a.m.k. fiskifræðingar, hafa um stöðu hrygningarstofns okkar núna, þ.e. að hann sé kominn niður í það lágmark að það sé farið að hafa neikvæð áhrif á nýliðunina.

Ég hef ekki áhyggjur af því, eins og hv. þingmaður sagði áðan, að við séum að komast í þá stöðu að við séum að hætta að nota tiltekin fiskimið. Ég held að þvert á móti sé sóknarmáttur flota okkar svo mikill að það sé ekkert sem bendir til þess. Umræðan sem við tókum áðan t.d. um dragnótina er einmitt dæmi um að menn hafa áhyggjur af því að verið sé að sækja inn á þessi hefðbundnu heimamið af bátum utan svæðisins, vegna þess að þeir eru auðvitað að leita sér að bleyðum sem gefa sem mest fiskirí. Við sjáum línuaflann, sem hv. þingmaður nefndi áðan. Hvergi nokkurs staðar hefur orðið jafnmikill vöxtur í nokkrum veiðum og einmitt í línuveiðum, svo mikill vöxtur raunar að ýmsir hafa talið ástæðu til að hafa áhyggjur af því, ég hef þær í sjálfu sér ekki. Ég hef því ekki þær sömu áhyggjur (Forseti hringir.) og hv. þingmaður að við séum að vannýta einhvern hluta af fiskimiðunum vegna fiskveiðistjórnarinnar en það er ýmislegt annað sem hægt væri að tala um í sambandi við fiskveiðistjórnina.

Umræðu lokið.

## *Vaxtarsamningur Vestfjarða.*

Fsp. LRM, 528. mál. — Þskj. 797.

[15:28]

**Fyrirspyrjandi (Lilja Rafney Magnúsdóttir):**

Virðulegi forseti. Nýlega var lögð fram skýrsla Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagvöxt landshluta 1998–2004. Þar komu fram tölulegar staðreyndir sem eru íbúum Vestfjarða og Norðurlands vestra mikið áhyggjuefni og hljóta að vekja stjórnvöld af þyrnirósarsvefni varðandi stöðu atvinnu- og byggðamála þessara svæða. Á Vestfjörðum var dauft yfir atvinnulífinu á tímabilinu, framleiðsla dróst saman á þremur af þeim sex árum sem skoðuð eru og öll árin nema tvö er vöxtur minni en að meðaltali á landinu öllu. Árið 1999 dragast fiskveiðar saman um fjórðung á Vestfjörðum og samdráttur er einnig í vinnslu. Árið 2001 rétta veiðar heldur úr kútnum en veiðar og vinnsla dragast saman aftur árin 2002 og 2003.

Svipaða sögu er að segja um Norðurland vestra. Í fjögur ár af sex dregst framleiðslan saman og fiskvinnsla einnig. Hagvöxtur í þessum landshlutum var því enginn og neikvæður um 6,6% en á sama tíma var hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu 39%. Nýskráning hlutafélaga og einkahlutafélaga hefur dregist saman í þessum landshlutum. Þessar staðreyndir vekja ótta íbúa þessara landshluta um áframhaldandi þróun í sömu átt ef ekki verður brugðist við af fullum þunga af hálfu stjórnvalda. Fjölgun íbúa mun halda áfram þar sem hagvöxtur er og þensla. Íbúum mun að sama skapi fækka þar sem hagvöxtur er neikvæður

Íbúar þessara landsvæða halda eflaust áfram að flytja þangað sem tekjumöguleikarnir eru meiri og hagvöxtur mikill eins og á höfuðborgarsvæðinu. Stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi og þensla sem fylgt hefur í kjölfarið, valdið verðbólgu og háu vaxtastigi, bitnar mjög á þessum landshlutum. Þar er ekki hægt að mæta skuldaaukningu heimila og verðlagshækkunum með hærri markaðslaunum. Þau eru ekki til staðar í neikvæðum hagvexti. Einnig hefur sjávarútvegurinn liðið fyrir stóriðjustefnu stjórnvalda. Miklar vonir eru því bundnar við vaxtarsamning Vestfjarða og framkvæmd hans. Ég vil bera upp eftirfarandi fyrirspurn í þremur liðum til hæstv. iðnaðarráðherra:

1. Hvað líður framkvæmd einstakra þátta í vaxtarsamningi Vestfjarða og liggja fyrir upplýsingar um hvaða árangri samningurinn hefur skilað frá upphafi?

2. Hve miklir fjármunir hafa verið veittir til einstakra verkefna sem tilheyra samningnum og til samningsins í heild?

3. Hefur ríkisstjórnin áform um að bregðast við þeim neikvæða hagvexti sem verið hefur á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra að undanförnu og upplýst hefur verið um, og þá hvernig?

[15:31]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir spyr um framkvæmd vaxtarsamnings fyrir Vestfirði og tengd málefni.

Svar við fyrstu spurningu hv. þingmanns: Áætlað er að ráðist verði í mat á árangri vaxtarsamnings Vestfjarða á næsta ári. Framkvæmd vaxtarsamnings Vestfjarða má skipta í tvennt. Annars vegar eru verkefni sem tengjast þremur klösum sem upphaflega voru skilgreindir sem megináherslur samningsins. Þeir eru sjávarútvegsklasi, menntaog rannsóknarklasi og menningar- og ferðaþjónustuklasi. Hins vegar eru einstök verkefni sem verkefnastjórn um byggðaáætlun fyrir Vestfirði skilgreindi á sínum tíma og finna má í skýrslu um vaxtarsamning Vestfjarða.

Verkefni sem tengjast sjávarútvegsklasa eru:

1. Mat á kostnaði við land- og sjóflutninga og greining forsendna þess að hefja vikulegar strandsiglingar milli Reykjavíkur og Vestfjarða.

2. Gæðamál fiskiðnaðar og uppbygging ímyndar vestfirskra fyrirtækja og tengsl þessa við ímynd Vestfjarða sem nútímalegs samfélags.

3. Samræming á stefnu og vinnubrögðum sjávarútvegsfyrirtækja í endurmenntun og mannauðsstjórnun með það að markmiði að efla stolt og virðingu starfsmanna fyrir starfi sínu.

4. Mat á hagkvæmni þess að stofna til formlegs samstarfs um sameiginleg innkaup á aðföngum.

5. Mat á nauðsyn vöruþróunar og nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum.

Verkefni sem tengjast mennta- og rannsóknarklasa eru:

1. Uppbygging þjóðtrúarstofu á Ströndum.

2. Námskeið í sýningargerð sem haldið var á Hrafnseyri.

3. Allmörg verkefni eru í undirbúningi, þ.e. gerð kynningarefnis um rannsóknir í sjávarútvegi á Vestfjörðum, markaðssetning Vestfjarða sem heimildarmyndasvæðis, efling fjarkennslu á Vestfjörðum, meistaranám fyrir iðnaðarmenn, háskóli unga fólksins, íslenska sem annað nám og dreifð nám í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði.

Verkefni sem tengjast menningar- og ferðaþjónustuklasanum eru:

1. Vöruþróun í ferðaþjónustu.

2. Hagvöxtur á heimaslóð, í samráði við Útflutningsráð Íslands.

3. Samstarfsverkefni einleikarahátíðarinnar Act Alone og tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið.

4. Mat á tækifærum í tengslum við fuglaskoðun.

5. Mat á tækifærum sem felast í þróun minjagripa sem byggja á sérkennum landshlutans.

Auk þessa mælti verkefnastjórn um byggðaáætlun fyrir Vestfirði sérstaklega með allmörgum verkefnum sem eru utan klasa.

Svar við annarri spurningu hv. þingmanns:

Bein framlög til vaxtarsamningsins frá gildistíma hans, 2005–2008, eru alls 112 millj. kr., auk iðnaðarráðuneytis, sem greiðir 75 millj., og Ísafjarðarbæjar skiptist það á milli 8 félaga og fyrirtækja á Vestfjörðum. Að auki eru framlög frá sex félögum og stofnunum í formi vinnuframlags metin jafngilda 28 millj. á samningstímanum. Heildarframlög eru því 140 millj. kr. Á árinu 2006 voru 7,1 millj. kr. veittar til einstakra verkefna auk þess sem vinnuframlag að upphæð 5 millj. kr. var veitt í formi sérfræðivinnu.

Svar við þriðju spurningu hv. þingmanns:

Eins og fram kemur í riti Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, Hagvöxtur landshluta 1998–2004, hefur hagvöxtur í Norðvesturkjördæmi almennt verið lítill sem enginn. Að mati Byggðastofnunar má rekja ástæður þessa fyrst og fremst til þess að atvinnulífið byggist á frumframleiðslugreinum umfram það sem gerist á öðrum svæðum. Efling menntunar og atvinnuþróun með nýsköpun í starfandi fyrirtækjum og stofnun nýrra fyrirtækja á grunni þekkingar hefur því verið leiðarljós stjórnvalda. Lögð er áhersla á eflingu háskólanáms á Ísafirði í tengslum við uppbyggingu þekkingarsetursins. Enn fremur hafa opinberar stofnanir og störf á vegum opinberra stofnana verið flutt inn á svæðið á undanförnum árum.

Öllum er kunnugt um að íbúar vestra telja sanngjarnt og eðlilegt að á komandi missirum verði sérstaklega hugað að vaxtar- og atvinnuþróunarverkefnum í þessum landshluta. Um aðgerðir stjórnvalda er fyrst og fremst að nefna framkvæmd vaxtarsamnings Vestfjarða og þær viðræður sem staðið hafa að undanförnu um vaxtarsamning fyrir Norðurland vestra. Ég tek því undir orð hv. þingmanna og íbúa um áhyggjur af þeirri þróun sem orðið hefur.

[15:36]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Um vaxtarsamning Vestfjarða má segja að hann er eins og sandkorn í stundaglasi. Hann gerir sitt gagn í rétta átt en er svo lítill að einn og sér markar hann engin spor og breytir engri þróun. Þróunin á því tímabili sem Byggðastofnun tók til athugunar er lýsandi fyrir það að menn hafa reynt að bregðast við því sem menn vissu að mundi gerast með einu sandkorni.

Hagvöxtur á mann á þessum landshlutum hefur verið núll í Norðurlandi vestra en aðeins 5% á Vestfjörðum meðan hann hefur verið 27% á höfuðborgarsvæðinu. Þetta þýðir að munurinn á tekjum fyrir aðalstarf á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra hefur vaxið frá því sem var. Tekjur á höfuðborgarsvæðinu eru í dag 27% hærri fyrir ársstarf en á Vestfjörðum. Þetta er aðalástæðan fyrir þróuninni, virðulegi forseti, mismunandi lífskjör sem fara versnandi.

[15:37]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Í sjálfu sér er vaxtarsamningur Vestfjarða ágætur sem slíkur. En ég ætla að taka undir með þeim sem talaði á undan mér. Þetta er lítið á móti þeim öflum sem Framsóknarflokkurinn hefur sett af stað til að eyða byggð á Vestfjörðum. Ég verð að segja það og tala hreint út.

Það má segja að fiskveiðistjórnarkerfið grafi undan þessum byggðum. Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram frumvarp sem strax mundi snúa þróuninni við ef samþykkt yrði.

Í fyrsta lagi á að gefa handfæraveiðar frjálsar. En það eru aðrir þættir sem þarf að bæta, t.d. samgöngur. Hverjar voru efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar? Þær voru að blása af samgöngubætur í þessum landsfjórðungi, sem stendur hvað verst. Það var alveg með ólíkindum. Í þessu birtist stefna stjórnvalda og í raun hefur formaður Framsóknarflokksins, hæstv. byggðamálaráðherra, birt stefnu sína í riti Borgfirðinga árið 2004, sem ber nafnið Borgríkið. Ég hvet framsóknarmenn til að skoða þá grein.

(**Forseti** (SAÞ): Forseti áminnir þingmenn um að gæta að ræðutíma samkvæmt þingsköpum.)

[15:39]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Svar hæstv. ráðherra var ágæt kynning á þessum samningi sem er í sjálfu sér ágætur. En hann mun draga skammt til að breyta ástandinu á þessum svæðum. Eyðibyggðastefnan hefur gengið sinn gang á undanförnum árum og komið verst niður á þeim svæðum sem veikust eru fyrir. Það er t.d. auðveldast að ná veiðiheimildum frá fyrirtækjum á veikum stöðum og í veikri stöðu. Meðan sjávarútvegurinn átti við erfiðleika að etja notuðu öflugri staðir tækifærið til að ná veiðiheimildum af þessu svæði. Þannig er það enn.

Meðan fólkið í þessum sjávarútvegsbyggðum fær ekki að nýta auðlindina sem skóp þær þá mun þetta halda áfram.

[15:40]

**Fyrirspyrjandi (Lilja Rafney Magnúsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir svörin og þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni.

Ljóst er að strax þarf að grípa til róttækra og raunhæfra aðgerða í þessum landshlutum svo koma megi í veg fyrir áframhaldandi fólksflótta og samdrátt í atvinnulífinu. Bæj-

aryfirvöld í Ísafjarðarbæ gerðu sína eigin byggðaáætlun sem vaxtasamningur Vestfjarða byggist á. Ótal góðar hugmyndir koma þar fram sem efla mundu búsetuskilyrði en fjármagn skortir til að unnt sé að hrinda þeim hraðar í framkvæmd.

Bæjarráð Blönduóss hefur lýst áhyggjum sínum yfir stöðu mála á Norðurlandi vestra og neikvæðum hagvexti þar samkvæmt skýrslu um hagvöxt landshluta. Það skorar á stjórnvöld að grípa til raunhæfra aðgerða og að vaxtasamningur á því svæði verði efldur enn frekar.

Fjórðungssamband Vestfjarða hefur kallað eftir hraðari samgöngubótum þar sem landshlutinn hefur setið eftir miðað við aðra. Það kom því úr hörðustu átt að fresta ætti vegaframkvæmdum í þessum landshluta, þar sem samdráttur ríkti vegna þenslu í þjóðfélaginu annars staðar. Fram hefur komið að framlög til atvinnuþróunarfélaga hafi í raun lækkað en Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða er ætlað að sjá um framkvæmd vaxtarsamnings Vestfjarða. Atvinnuþróunarfélögum er ætlað að vera hornsteinar í atvinnuþróun á sínu svæði.

Ég vil brýna hæstv. iðnaðarráðherra til pólitískra aðgerða í byggðamálum þar sem landsbyggðin á undir högg að sækja og hrun getur orðið á veikustu svæðum ef ekkert er að gert. Hrinda þarf í framkvæmd raunhæfri uppbyggingu í þessum landshlutum þar sem íbúar bíða óþreyjufullir eftir aðgerðum. Efna þarf loforð forvera hæstv. iðnaðarráðherra í formannsstól Framsóknarflokksins. Halldór Ásgrímsson lýsti því yfir sem forsætisráðherra að röðin væri komin að þessum landshlutum sem sannarlega hefðu dregist aftur úr í byggðaþróun og löngu væri orðið tímabært að athafnir fylgdu orðum stjórnmálamanna og þeir létu verkin tala.

[15:42]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég held að þótt margt megi segja um vaxtarsamningana þá séu þeir meira en sandkorn eitt. En auðvitað eru þeir einir og sér ekki til að fylla út í þá mynd af þróuninni sem allir vilja sjá.

Ég er sammála þeim orðum sem hér var vitnað til, sem Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra lét sér um munn fara, um málefni þessa landshluta. Ég tek undir þau.

Ég tek ekki undir vafasamar ályktanir og sumar fráleitar sem hér hafa komið í þessari annars ágætu umræðu. En ég vísa til þess að fyrst um sinn eru meginverkefnin á vegum stjórnvalda framkvæmd vaxtarsamningsins fyrir Vestfirði og undirbúningur og gerð sambærilegs vaxtarsamnings fyrir Norðurland vestra. En ég tek heils hugar undir áhyggjur og hvatningarorð sem hér hafa fallið hjá hv. þingmönnum og komið hafa frá sveitarstjórnarmönnum og íbúum svæðisins.

Umræðu lokið.

## *Bættir innheimtuhættir.*

Fsp. JóhS, 482. mál. — Þskj. 734.

[15:43]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Mjög hefur verið kallað eftir því, m.a. af Neytendasamtökunum, að sett verði í lög ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. um góða innheimtuhætti. Markmiðið með slíkum lögum er að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara af innheimtuaðgerðum.

Fyrrverandi viðskiptaráðherra Finnur Ingólfsson flutti frumvarp til innheimtulaga á 123. þingi fyrir um 10 árum en þá strandaði málið á ágreiningi milli stjórnarflokkanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Á síðastliðnum árum hefur sú sem hér stendur ítrekað flutt sambærileg frumvörp með þó nokkrum breytingum frá því það var lagt fram af fyrrverandi viðskiptaráðherra og að teknu tilliti til umsagna frá umsagnaraðilum við meðferð málsins á þingi.

Innheimtulög eru vel þekkt hjá flestum nágrannaþjóðum okkar, m.a. á Norðurlöndum, en ekki hefur enn tekist að setja slík lög hér á landi vegna ágreinings milli stjórnarflokkanna enda er staða skuldara hér afar veik og innheimtuaðilar geta hagað sér frjálslega við gjaldtöku af þeim sem lenda í fjárhagserfiðleikum og vanskilum.

Í frumvarpi viðskiptaráðherra sem ekki náði fram að ganga fyrir 10 árum var kveðið á um heimild viðskiptaráðherra til að kveða á um í reglugerð hámark innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Með því var stefnt að því að skapa hjá innheimtuaðilum almennt, þar á meðal lögmönnum, viðskiptabönkum og sparisjóðum, virkt aðhald við innheimtu peningakrafna. Ástæða er til að nefna að Samkeppnisstofnun gerði á árinu 1997 athugasemdir við fyrirkomulag og innheimtu lögmanna og taldi að verja þyrfti fólk sem enga samningsstöðu hefur gagnvart lánardrottnum. Þennan slag sem stóð fyrir 10 árum milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna unnu sjálfstæðismenn því árið 1998, ári eftir að frumvarp þáverandi viðskiptaráðherra var lagt fram 1997, en þá var samþykkt ákvæði í lögum um lögmenn þess efnis að dómsmálaráðherra skuli gefa út leiðbeiningar að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands, um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að krefjast úr hendi skuldara. Eftir því sem ég best veit hafa aldrei verið settar slíkar leiðbeinandi reglur af hálfu dómsmálaráðherra. Þetta fyrirkomulag tel ég að sé afar óhagstætt neytendum og skuldurum almennt auk þess sem verulega má bæta innheimtuhætti til hagsbóta fyrir skuldara. Þess vegna er nú spurt:

1. Telur ráðherra að bæta þurfi stöðu skuldara gagnvart innheimtuaðilum og hver er ástæða þess að ekki hafa verið sett innheimtulög hér á landi?

2. Hver er skoðun ráðherra á því að lögmenn geti einhliða ákveðið gjaldskrár sínar og hvað hefur verið gert af hálfu ráðuneytisins til að koma til móts við sjónarmið Samkeppnisstofnunar sem gagnrýnt hefur þessa tilhögun?

3. Telur ráðherra það ekki heppilegri tilhögun að viðskiptaráðherra ákveði hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, t.d. þóknunar sem heimilt er að krefja skuldara um, m.a. í ljósi athugasemda Samkeppnisstofnunar?

4. Má vænta þess að ráðherra beiti sér fyrir löggjöf sem

festi í sessi góða innheimtuhætti, m.a. með setningu innheimtulaga?

[15:46]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur borið upp fyrirspurn um bætta innheimtuhætti og varpar þar fram fjórum spurningum. Sem svar við fyrstu spurningu þingmannsins má nefna að á 122. og 123. löggjafarþingi lagði þáverandi viðskiptaráðherra fram frumvarp til innheimtulaga. Frumvarpið var einkum byggt á norskum lögum en einnig tekið tillit til laga í Svíþjóð og lagafrumvarps sem þá var í vinnslu í Danmörku. Kveðið var á um heimild til handa viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámark innheimtukostnaðar.

Þá var gert ráð fyrir í frumvarpinu að sérstök viðvörun væri send skuldara áður en gripið væri til kostnaðarsamra innheimtuaðgerða. Ýmsar athugasemdir voru gerðar við frumvarpið. Meðal annars lýsti Lögmannafélag Íslands sig andsnúið því. Vegna viðbragða efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis náði frumvarpið ekki fram að ganga. Ég tel þörf á að skoða að nýju hvort setja eigi innheimtulöggjöf til að treysta stöðu skuldara gagnvart innheimtuaðilum.

Sem svar við 2. spurningu þingmannsins vil ég taka fram að samkeppnisyfirvöld hafa fjallað nokkrum sinnum um mál er tengjast gjaldskrám og gjaldtöku lögmanna. Þannig synjaði þáverandi Samkeppnisráð Lögmannafélagi Íslands um undanþágu til að gefa út gjaldskrá í febrúar 1994 sem tæki m.a. á þóknun í innheimtumálum. Röksemdir fyrir synjuninni voru m.a. þær að leiðbeinandi reglur vegna þess málskostnaðar sem erindið tæki til væru til þess fallnar að hafa áhrif á aðrar gjaldskrár lögmanna og kostnaðartengdar breytingar á þeim. Með því mundu reglurnar sem sótt var um undanþágu fyrir fremur geta dregið úr verðsamkeppni milli lögmanna en aukið hana.

Á árinu 1997 komust samkeppnisyfirvöld að þeirri niðurstöðu að beiting stjórnar Lögmannafélags Íslands á gjaldskrá félagsins við meðferð úrskurðarvalds síns bryti gegn samkeppnislögum. Á árinu 2004 komst Samkeppnisráð loks að þeirri niðurstöðu að um ólögmætt samráð hefði verið að ræða innan Lögmannafélags Íslands þar sem félagið hefði gert og kynnt kostnaðargrunn um rekstrarkostnað lögmannsstofa. Samkeppnisyfirvöld hafa því ítrekað gert athugasemdir við að lögmenn hefðu með sér samráð um gjaldtöku og gjaldskrá. Því er það á nokkrum misskilningi byggt að segja að samkeppnisyfirvöld hafi gagnrýnt þá tilhögun að lögmenn ákvarði einhliða þóknun sína. Samkeppnisyfirvöld hafa með ákvörðunum sínum stuðlað að því að lögmenn ákvarði gjald sitt einhliða en ekki með samráði sín í millum þar sem samráðið leiðir til samkeppnishamla á viðkomandi markaði.

Hvað varðar viðbrögð þingmannsins um viðbrögð ráðuneytisins þá er því til að svara að ráðuneytið hefur ekkert gert til að framfylgja ákvörðunum samkeppnisyfirvalda enda hefur Lögmannafélagið viðurkennt brot sín og látið af þeirri starfsemi sem gagnrýnd var af hálfu samkeppnisyfirvalda.

Sem svar við þriðju spurningu þingmannsins vil ég nefna að ég get tekið undir þau sjónarmið samkeppnisyfirvalda um að einhliða ákvörðun Lögmannafélags Íslands eða eftir atvikum hins opinbera um gjald lögmanna vegna innheimtu geti haft áhrif á gjaldskrá þeirra að öðru leyti, þ.e. á þeim markaði þar sem þeir eiga að keppa um verð. Þannig geti slíkar aðgerðir verið áfram samkeppnishamlandi. Hins vegar tel ég ástæðu til að skoða hvort hægt sé að tryggja réttarstöðu skuldara án þess að það valdi samkeppnishamlandi áhrifum á gjaldtöku lögmanna að öðru leyti.

Vegna fjórðu spurningar þingmannsins tek ég fram að ég er þeirrar skoðunar að skoða þurfi hvort setja eigi löggjöf til að tryggja réttarstöðu skuldara gagnvart innheimtuaðilum eins og áður hefur komið fram. Ég tel einsýnt að ekki verði tími til að leggja fram frumvarp til innheimtulaga á yfirstandandi þingi en ég tel rétt að vinna að þessu máli, að þessum markmiðum.

[15:51]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn um innheimtuhætti frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og þakka ágæt svör hæstv. ráðherra. Ég tel að löngu sé tímabært að setja lög um innheimtu eins og t.d. Neytendasamtökin hafa óskað eftir. Það er víst nógu erfitt fyrir fólk að lenda í stöðu skuldara þótt það síðan sé ekki háð geðþóttaákvörðunum lögfræðinga hversu háar innheimtukröfur lenda á skuldaranum. En það er athyglisvert að heyra, frú forseti, hvernig fór fyrir frumvarpinu um innheimtu á Alþingi fyrir 10 árum og ég tel nokkuð ljóst að Lögfræðingafélag Íslands hefur mjög góð tök í Sjálfstæðisflokknum.

[15:52]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að fagna því að fyrirspurnir mínar hver á fætur annarri til hæstv. viðskiptaráðherra hafa þau áhrif að hæstv. viðskiptaráðherra bregst þannig við að hann telur málið þess eðlis að það þurfi að grípa til aðgerða og skoða lagasetningar í þeim efnum. Ég nefni lög um greiðsluaðlögun sem hæstv. ráðherra ætlar að setja í gang núna rétt fyrir kosningar, en þótt ég hafi kallað eftir slíkri löggjöf í 10 ár þá er það fyrst núna, rétt fyrir kosningar sem það er gert. Það er auðvitað ekki við núverandi viðskiptaráðherra að sakast alveg í því efni vegna þess að hann hefur ekki setið lengi í stól ráðherra. Sama kemur upp úr kafinu varðandi löggjöf um bætta innheimtuþætti sem ég hef kallað eftir í mörg ár og reyndar fyrrverandi viðskiptaráðherra á undan mér eins og ég nefndi og það er núna rétt fyrir kosningar sem hæstv. ráðherra telur líka ástæðu til að skoða það mál, að það þurfi að treysta stöðu skuldara og bæta hér innheimtuhætti. Þetta er auðvitað afar gott, virðulegi forseti, en ég vildi óska þess að þetta hefði verið gert fyrr þannig að við værum með löggjöf um bætta innheimtuhætti vegna þess að það ástand sem nú er er óviðunandi eins og reyndar hæstv. fyrrverandi viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir sagði, að þetta væri í óviðunandi farvegi.

En varðandi það að málið sé nú í því horfi sem Samkeppnisstofnun vill þá finnst mér það afar sérstakt vegna þess að það eru í gildi lög um að dómsmálaráðherra eigi að

setja út leiðbeinandi reglur varðandi gjaldskrá lögmanna og hún hefur ekki verið sett. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það, og það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að málið hafi ekki náð fram að ganga á sínum tíma vegna viðbragða efnahags- og viðskiptanefndar. Það var vegna ágreinings milli stjórnarflokkanna í því máli

[15:54]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Í rauninni kem ég aðeins til að endurtaka það að ég fagna þessari fyrirspurn. Ég tel þetta mikilsvert mál. Eins og kom fram í orðum mínum sé ég ekki alveg fyrir hvaða leið við finnum til að tryggja réttarstöðu skuldarans án þess að lenda í athugasemdum frá Samkeppnisstofnun eins og orðið hefur. Við verðum að finna þarna aðra leið sem tryggir þetta sama markmið. Og ég mun fela embættismönnum að byrja að vinna að því.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 15:55.

---

# 64. FUNDUR

fimmtudaginn 1. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Lokafjárlög 2005, stjfrv., 440. mál, þskj. 562. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjarskipti, stjfrv., 436. mál, þskj. 547. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Vegalög, stjfrv., 437. mál, þskj. 548. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tekjuskattur, frv., 53. mál, þskj. 53. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Almenn hegningarlög o.fl., frv., 39. mál, þskj. 39. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 432. mál, þskj. 520. — 1. umr.
7. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 459. mál, þskj. 624. — 1. umr.
8. Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
9. Sala áfengis og tóbaks, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
10. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
11. Aukin þjónusta við ungbarnafjölskyldur, þáltill., 73. mál, þskj. 73. — Fyrri umr.
12. Heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.
13. Textun, frv., 30. mál, þskj. 30. — 1. umr.
14. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.
15. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 42. mál, þskj. 42. — Fyrri umr.
16. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.
17. Almannatryggingar, frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
18. Stjórn fiskveiða, frv., 40. mál, þskj. 40. — 1. umr.
19. Trjáræktarsetur sjávarbyggða, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Fyrri umr.
20. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
21. Sveitarstjórnarlög, frv., 75. mál, þskj. 75. — 1. umr.
22. Rannsóknir og sjálfbær nýting jarðhitasvæða, þáltill., 368. mál, þskj. 400. — Fyrri umr.
23. Afnám stimpilgjalda, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Fyrri umr.
24. Vegagerð um Stórasand, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Fyrri umr.
25. Skilgreining á háskólastigi, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
26. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, þáltill., 80. mál, þskj. 80. — Fyrri umr.
27. Strandsiglingar, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
28. Umferðarlög, frv., 178. mál, þskj. 178. — 1. umr.
29. Tekjuskattur, frv., 90. mál, þskj. 90. — 1. umr.
30. Fjárreiður ríkisins, frv., 52. mál, þskj. 52. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

***Tilkynning um dagskrá.***

[10:30]

**Forseti (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Að loknum atkvæðagreiðslum um fimm fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um leigu á aflaheimildum. Málshefjandi er hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson verður til andsvara. Umræðan stendur í hálfa klukkustund.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Uppsagnir fangavarða – samgönguáætlun.

[10:30]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Mér finnst nauðsynlegt að geta hér í nokkrum orðum þess ástands sem komið er upp í fangelsismálum okkar með uppsögnum fangavarða. Þótt hæstv. dómsmálaráðherra sé ekki viðstaddur langar mig til að brýna aðeins okkur sjálf, löggjafarsamkunduna, og fjárlaganefnd Alþingis vegna þessa vanda sem við horfum núna fram á. Þegar nær helmingur allra fangavarða í landinu hefur sagt upp störfum vegna lélegra kjara og óviðunandi vinnuaðstæðna verðum við að skoða í eigin barm. Við vitum af sleifarlaginu sem hefur viðgengist í fangelsismálum og við heyrðum á forstjóra Fangelsismálastofnunar í gær í sjónvarpinu að þrátt fyrir mjög eljusama vinnu hjá stofnuninni við stefnumörkunina nýju hafa fjármunir ekki fylgt þeim hugmyndum sem þar hafa verið til staðar. Þó að framkvæmdir séu að hefjast á Kvíabryggju núna og þó að framkvæmdir hafi staðið yfir á Litla-Hrauni er sleifarlagið varðandi úrlausn fangelsismála á Reykjavíkursvæðinu óviðunandi. Þar er við okkur að sakast sem höfum ekki sett þá fjármuni í þennan málaflokk sem nauðsynlegir hafa verið. Ríkisstjórnin hefur dregið lappirnar og þarf að hysja upp um sig í þessum efnum til að tryggja að ástand mála batni.

Við vitum öll — eða kannski vitum við það ekki — við hvaða aðstæður fangaverðir starfa. Þarna er stétt sem við leggjum gríðarlega ábyrgð á, fólk sem glímir við undirmönnun, býr við mikla áhættu í starfi og gríðarlegt áreiti, bæði líkamlegt og andlegt. Þessu fólki finnst ekki nægilegur stuðningur við sín mikilvægu störf þegar það gerist sem gerst hefur að það hefur dregist svo mikið sem raun ber vitni aftur úr viðmiðunarstéttum sínum sem eru lögreglumenn og tollverðir. Þetta er spurning um stefnumörkun í fjármálum. Við höfum ekki staðið okkar plikt, og ríkisstjórnin ekki, í þessum efnum. Það er við hana að sakast. (Forseti hringir.) Við þurfum að breyta um kúrs.

[10:33]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég vildi nota tækifærið og spyrja hæstv. samgönguráðherra nokkurs. Samkvæmt fréttum síðustu daga, í ríkissjónvarpinu í gærkvöldi, á Stöð 2 á laugardaginn, stendur til samkvæmt drögum að samgönguáætlun sem nú eru rædd í stjórnarflokkunum að fara hina svokölluðu 2+1 leið á Suðurlandsvegi. Síðan verði fjórðu akrein bætt við síðar á næstu átta árum og þar með verði einhvers konar tvöföldun lokið að mati samgönguyfirvalda þannig að hin umdeilda 2+1 leið verði farin og skilið milli akreina með vír eða vegriði á milli og það verði hin svokallaða tvöföldun að mati hæstv. ráðherra.

Þetta var að hluta borið til baka síðar í fréttum í gær, þótt það hafi ekki verið gert um helgina, og því er ástæða til að skora á hæstv. samgönguráðherra að skera úr um hvað hið rétta er í málinu. Verði farin hin svokallaða 2+1 leið, eins og fréttir herma að lagt sé til í samgönguáætlun, þó að með loðnu orðalagi og einhvers konar blekkingum eigi að tala um tvöföldun þar sem eigi að bæta fjórðu akrein við 2+1 framkvæmdina löngu seinna, er málið í uppnámi. Sveitarfélagið Ölfus neitar að taka það inn á skipulag sitt og það er líka þvert á fyrri yfirlýsingar hæstv. samgönguráðherra í málinu í desember þar sem hann tók þá undir að það yrði að fara að stífri kröfu um að tvöfalda veginn alla leið.

Því má bæta við að einn hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins lýsti því yfir í Fréttablaðinu í janúar, hv. þm. Kjartan Ólafsson, að hann ætlaði í stríð við samgönguráðherra gengi það ekki eftir að vegurinn yrði tvöfaldaður tafarlaust án þess að fyrst yrði farið í 2+1 framkvæmd. Það eru stríðsyfirlýsingar í Sjálfstæðisflokknum við að fara 2+1 leiðina. Hana á að fara samkvæmt fréttum úr drögum að samgönguáætlun sem nú liggja hjá stjórnarflokkunum og því hlýtur hæstv. samgönguráðherra að svara því skýrt og skorinort hvora leiðina eigi að fara. Á að fara einhverja blekkingarleið 2+1 og bæta fjórðu akrein við síðar og vír á milli eða á að tvöfalda leiðina eins og krafa er um að gert verði og er það eina sem samstaða er (Forseti hringir.) um meðal t.d. sveitarfélaga?

[10:35]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Margar þingræður hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar og sérstaklega Samfylkingarinnar hefjast á „Eins og fréttir herma". Síðan búa menn til í kringum það tilefni til umræðu hér undir liðnum um störf þingsins. Þetta er afskaplega sérkennilegur málflutningur. Væri ekki rétt fyrir hv. þingmann að bíða eftir plagginu og lesa í þingskjölum hvaða tillögur er verið að gera (Gripið fram í.) frekar en að koma hér upp með jöfnu millibili og ræða um hönnun vega? Að vísu ber svo vel í veiði að ég er sérstaklega menntaður í því að hanna vegi þannig að ég get vel tekið þá umræðu en ég tel að það sé ekki tímabært eða eðlilegt að ég gefi út yfirlýsingar hér um veghönnun.

Þingsályktunartillaga um 12 ára og fjögurra ára samgönguáætlanir berst á borð þingmanna á næstunni og það er alger óþarfi fyrir hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson að gera hverja tilraunina á fætur annarri til að gera mig tortryggilegan í því sem snýr að Suðurlandsvegi. Ég mun leggja áherslu á það eins og ég hef gert að sá vegur verði byggður upp hratt og vel og eins öruggur og nokkur kostur er. Ég veit alveg hvað til míns friðar heyrir í þeim efnum. (Gripið fram í.) Ég held að hv. þingmenn eigi bara að bíða rólegir, fá þingskjölin á borðið og nýta þá afl sitt til umfjöllunar. Það stendur ekki til að ganga með nokkrum hætti á rétt Sunnlendinga í þeim efnum sem varða vegamál.

Það blasir nokkuð við hvernig þetta verður ef það er niðurstaða tiltekinna sveitarstjórna að þær ætli sér að taka ákvörðun um hönnunarforsendur vega (Forseti hringir.) í gegnum sitt svæði.

[10:37]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í tilefni af orðum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur tek ég fram að að mínu viti er mjög alvarlegt ástand komið upp í fangelsismálum ef helmingur fangavarða hefur sagt upp störfum. Hitt er annað mál að kannski hefði verið ástæða til að ræða það þegar dómsmálaráðherra er viðstaddur þannig að umræðan gæti farið fram á þeim

forsendum að hér ræddu menn málið í einhverri alvöru. Þess vegna hvet ég hv. þingmann frekar til að biðja um utandagskrárumræða eða leggja fram þingmál hvað þetta varðar. Þá gæti eðlileg umræða farið fram um málefnið. Ég dreg ekkert úr því að auðvitað er þetta alvarlegt ástand ef svona mun fara.

Hún nefndi einnig kjarasamninga og þar erum við með umræðu sem kemur auðvitað upp aftur og aftur en á ekkert sérstaklega vel heima hér. Kjarasamningar eru í höndum stéttarfélaga og viðsemjenda þeirra og eiga heima á þeim vettvangi. Ég held að við bætum ekkert úr með því að ræða þá hér, við höfum ekki forsendur til að meta það á þessu stigi. Hún nefndi að fangaverðir hefðu dregist aftur úr. Það má vel vera en það er þá málefni stéttarfélagsins og viðsemjenda þess.

[10:39]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Hér er verið að ræða tvö athyglisverð mál. Varðandi málefni fangavarða snýst þetta um miklu meira en kjarasamninga, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir. Þetta snýst líka um aðbúnað. Það sem gerðist t.d. núna á Akureyri þegar menn sluppu þar út úr fangelsinu var einfaldlega af því að þar er einungis einn fangavörður á vakt. Fangelsi á tveimur hæðum, afplánunarfangar á annarri og gæsluvarðhaldsfangar á hinni. Þar að auki þarf vakthafandi fangavörður að fara með fangana út úr fangelsinu ef svo ber undir. Þar af leiðandi er stundum enginn fangavörður á vakt. Þetta snýst um miklu meira en bara kjarasamninga. Þetta snýst um aðbúnað (**ArnbS:** ... ræða ...) fangavarða líka. Það snýst um hversu fáir þeir eru.

Varðandi Suðurlandsveg, frú forseti, þá sannast hér enn og aftur ægivald ráðherranna. Hér gengu menn um sveitir í prófkjöri, t.d. framsóknarmanna fyrir stuttu með hæstv. landbúnaðarráðherra Guðna Ágústsson fremstan í broddi fylkingar, þar sem þeir lofuðu Suðurlandsvegi 2+2. Hvers vegna skyldi það vera að samgönguáætlunin hafi ekki komið fram fyrir það prófkjör? Er það algjör tilviljun? (Gripið fram í.) Er það algjör tilviljun, frú forseti? (**SKK:** Af hverju hefur þú skyndilega áhuga á þessu?) Af hverju? Hefur þú aldrei áhyggjur af því, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, að þessi vegur sé dauðagildra? Hefur þú engar áhyggjur af því? Ertu ekki kominn með bílprófið aftur, eða hvað?

(**Forseti** (SAÞ)**:** Forseti vill taka það fram að ekki skal ávarpa þingmenn í 2. persónu. Þar að auki er ekki ætlast til að samtöl séu stunduð á milli ræðumanns og þingmanna í salnum.)

[10:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég held að það sé ekki ástæða fyrir samgönguráðherra til að kveinka sér undan því þó að samgöngumál séu rædd á þinginu. Ráðherra á eina auðvelda leið út úr því að menn byggi í þeim efnum á fréttaflutningi fjölmiðla og hún er sú að koma samgönguáætlun til þingsins á eðlilegum tíma. Það er kominn febrúar, það á að klára þing fyrir miðjan mars og samt bólar ekki enn á áætluninni á borðum þingmanna. Þetta er auðvitað engin frammistaða, það verður að segjast eins og er. Ella væri hægt að ræða þetta á grundvelli þeirra staðreynda sem þar munu birtast.

Varðandi ástandið í fangelsismálum tek ég bara undir að það er full þörf á því að taka það hér upp á þingi. Það þarf ekki alltaf að gera það til þess að draga ráðherra fram á völlinn. Alþingi sjálft varðar þetta mál, og nefndir eins og fjárlaganefnd og allsherjarnefnd hafa að sjálfsögðu vissa frumkvæðisskyldu þegar ófremdarástand kemur upp í málaflokki af þessu tagi. Það er neðan við allar hellur hvernig staðið er að þessu hér, bæði hvað varðar húsnæðismálin þar sem búið er við algerlega óbrúklegt húsnæði og fangar geta jafnvel hleypt sér út sjálfir ef svo ber undir eins og dæmin sanna og síðan er málaflokkurinn í fjársvelti. Það er undirmönnun og það er ekki hægt að borga fangavörðum þannig laun að þeir tolli í starfi.

Það er alveg sama hvar borið er niður, þetta er engin frammistaða. Og ráðherrarnir eru svo kannski ekki endilega réttu mennirnir til að ræða þetta við vegna þess að þeir standa sig ekki betur en raun ber vitni. Þá verður Alþingi að taka málið í sínar hendur og skoða bæði faglega og fjárhagslega hvernig eigi að takast á við þessi mál. Svona getur þetta ekki gengið. Ég skora á þær þingnefndir sem hér eiga í hlut að funda um málið, kalla til sín málsaðila og vita hvort ekki er hægt að ná þessu úr höndum ráðherranna sem greinilega gera ekki skyldu sína að gera þarna á bragarbót.

[10:43]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Það er orðin löng umræða um þessi fangelsismál. Það má næstum líkja henni við vandræði Náttúrugripastofnunar. Það er búið að tala áratugum saman um að byggja yfir þá starfsemi en það gerist ekkert í því. Fangarnir hlaupa út og inn, þeir eru vistaðir á stofnunum og eru svo ekki heima þegar að er gáð. Það er ýmislegt sem þarf að fara yfir í þessum málum alveg greinilega og ég er sannfærður um að hluti af óánægju fangavarða tengist einmitt aðstöðuleysinu og vandamálunum sem fylgja því að sinna störfunum. Hér er auðvitað ástæðan fyrir því, Alþingi hefur ekki tryggt að eðlilega sé staðið að þessum málum. Aðstaðan er svo slæm að það virðist þurfa alveg sérstaka fanga til þess að fá fram endurbætur eins og sannaðist á Kvíabryggju þegar þar voru endurnýjuð rúmin til að liggja í.

Síðan langar mig aðeins að bæta við umræðuna um þessa samgönguáætlun, eða vegáætlun sem hefur verið boðuð af hæstv. ráðherra. Hann hefur sagt að hún sé að koma á næstunni alveg frá því í haust. Nú er byrjaður febrúar og enn segir hæstv. ráðherra að það sé von á vegáætlun á næstunni. Þetta er gjörsamlega óviðunandi og maður hlýtur að velta fyrir sér hvað í ósköpunum sé að gerast. Hvers konar vandræðagangur er á hæstv. samgönguráðherra? Er allt upp í loft í stjórnarflokkunum um það hvað á að gera, hvort 2+1 eru sama sem fjórir eða hvað eiginlega eigi að gerast í sambandi við þau mál sem tekist er á um í samgönguáætlun? Auðvitað þarf þingið að fá (Forseti hringir.) þessa áætlun í hendur strax.

[10:46]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Seinagangurinn í framlagningu samgönguáætlunar er ámælisverður út af fyrir sig og fráleitur,

hann skapar þá spennu sem er í umræðunum um samgöngumál af því að fréttir leka út um að átök séu innan stjórnarflokkanna um einstök verkefni. Fréttir fara út um það, í hinum og þessum fjölmiðlum að sjálfsögðu, að samgönguáætlun sé dögum saman í þingflokkum stjórnarflokkanna og þar liggi fyrir að svíkja eigi gefin fyrirheit um 2+2 veg austur fyrir fjall, fara 2+1 veg og í sambandi við það með einhverjum undarlegum skollaleik að kalla það tvöföldun á tíu árum.

Þetta er undansláttur í málinu og flótti hæstv. ráðherra á bak við það að dögum og vikum saman, viku eftir viku, megi ekki ræða samgöngumál á Alþingi Íslendinga af því að hann sé alveg að koma með samgönguáætlun. Er ekki kominn tími til að þeim skollaleik linni og hæstv. ráðherra svari skýrt og skorinort fyrir málaflokk sinn og þau meginverkefni sem deilt er um í þeim málaflokki? Þetta snýst um umferðaröryggismál, alvarlegt ástand á vegum landsins. Sunnlendingar og þeir sem berjast fyrir tvöföldun vegar austur fyrir fjall hafa hafnað því að fara eigi svokallaða 2+1 leið afdráttarlaust. Þar er samstaða sveitarfélaga og þingmanna sem hafa lýst yfir stríði á hendur samgönguráðherra. Það er stríðsástand í Sjálfstæðisflokknum í samgöngumálum ef þær yfirlýsingar hv. þm. Kjartans Ólafssonar frá því fyrr í janúar ganga eftir, sem engin ástæða er til að efast um, þá á samgönguráðherra í stríði við sinn eigin samflokksmann. (Gripið fram í.) Fjöldinn allur af sunnlenskum þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum er órofa á bak við það að 2+1 lausnin sé bráðabirgðalausn sem verði dýrari þegar upp verður staðið, þá leið komi ekki til greina að fara. Það á að fara 2+2 leiðina, og þeirri einföldu spurningu var beint til hæstv. ráðherra hvort hann gæti ekki skorið úr um hvað hann leggi til í samgönguáætlun (Forseti hringir.) að gera eigi í þessum málum.

[10:48]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Varðandi málefnin eða ástandið í fangelsismálum er alveg ljóst að það tengist ástandinu í meðferðarmálum almennt. Eða hvað halda hv. þingmenn að orsaki það hversu margir fangar eru vistaðir á meðferðarstofnunum sem rekin eru af sjálfstæðum félagasamtökum sem ekki þurfa að standa undir sömu kröfum og fangelsi eða t.d. sjúkrahús? Á það hefur verið bent hér, og svo þegar til á að taka eru fangarnir kannski ekki heima. Þetta er grafalvarlegt. Þetta eru meðferðarheimili sem eiga eðli málsins samkvæmt erfitt með að standa undir sömu fagkröfum eða menntunarkröfum og fangaverðir þurfa að standa undir.

Það er alveg ljóst að það er fjárskortur Fangelsismálastofnunar sem öðru fremur orsakar þetta ástand. Það er kannski þetta syndróm ríkisstjórnarinnar að svelta opinberar stofnanir sem við er að glíma í þessum efnum. Fangelsismálastofnun hefur þurft að þola fjársvelti og það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og fjárlaganefndar hvernig farið hefur í þeim efnum. Ég hef verið að orða það hér að þessu þurfi að kippa í liðinn. Í tilfelli Fangelsismálastofnunar þarf að breyta stefnunni. Það er verkefnið fram undan og núverandi ríkisstjórn ber ábyrgðina.

[10:49]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hélt sínu striki eins og fyrri daginn og virtist ekki hafa heyrt neitt af því sem sagt var um það efni sem hann hóf umræðu um undir liðnum um störf þingsins.

Það er stöðugt verið að ræða hér um samgöngumál, næstum í hverjum einasta fyrirspurnatíma er fjallað um einhverja þætti samgöngumála. Það er eðlilegt vegna þess að þau eru svo mikilvæg í samfélagi okkar.

Ég minni hv. þingmenn á og undirbý þá undir umræðuna um samgönguáætlunina sem verður væntanlega umfangsmikil, að hún snýst um meira en Suðurlandsveg. Samgönguáætlun fjallar um flugmál, flugöryggismál, hafnamál, siglingar og siglingaöryggismál og um vegamál og umferðaröryggismál. Af mörgu er að taka og þetta er mjög stórt verkefni, ekki síst vegna þess að núna í fyrsta skipti verður samgönguáætlunin lögð fyrir þingið eftir að hún hefur hlotið þá umfjöllun sem lög um umhverfismat áætlana gerir ráð fyrir. Það kallar á miklu meiri vinnu, miklu meiri undirbúningsvinnu en nokkru sinni áður hefur verið. Umhverfismatsskýrsla verður að fylgja með og það verður að vera búið að fjalla um þau verkefni sem eru fyrirsjáanleg næstu 12 árin í umhverfismatsskýrslu. Við erum að vinna með allt öðrum hætti að þessu, við erum að taka meira tillit til umhverfismála en nokkru sinni hefur verið gert áður og sennilega er Ísland fyrsta ríkið í Evrópu sem fjallar um heildstæða samgönguáætlun fyrir landið allt með umhverfismat (Forseti hringir.) unnið til fullnustu um leið. Ég bið (Forseti hringir.) hv. þingmenn að hugsa um fleira en Suðurlandsveginn.

## *Umræður utan dagskrár.*

Leiga aflaheimilda.

[10:56]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hlutskipti hæstv. sjávarútvegsráðherra er hálfömurlegt. Hann kemur úr byggðarlagi sem er hart leikið af kvótakerfinu í sjávarútvegi sem skilar nú helmingi minni afla en fyrir daga þess. Það hefur verið við lýði í rúm 20 ár. Í gegnum árin hefur hann vissulega gagnrýnt kerfið en rödd hans hefur verið hjáróma nema rétt fyrir kosningar, þá hefur hann byrst sig og lofað því að kerfinu yrði breytt. En eftir kosningar hefur hann jafnoft svikið það loforð og jafnvel breytt kerfinu til hins verra.

Einn daginn breyttist gagnrýnandi vonlauss fiskveiðistjórnarkerfis í sjávarútvegsráðherra lands og sjávar og þá urðu skilaboðin einfaldlega þau að kvótakerfið væri gott, um það væri sátt og nákvæmlega engu þyrfti að breyta.

Kvótakerfið er mesta óréttlætismál Íslandssögunnar. Það hefur valdið þjóðinni stórtjóni, byggðaröskun og gríðarlegri sóun verðmæta. Einn angi þessa ömurlega kerfis er afarkjör sem kvótalausir útgerðarmenn búa við. Þeir þurfa að leigja til sín réttinn til þess að fá að nýta sameign þjóðarinnar en fyrir hann þarf að greiða um 70% af verðmæti aflans nú um stundir. Verðið fyrir að leigja 1 kíló af þorski er um 180 kr. fyrir hvert kíló en meðalverð á mörkuðum er nú 270 kr./kg.

Þegar búið er að greiða markaðskostnað sitja eftir um 70 kr./kg.

Ég spyr því hæstv. sjávarútvegsráðherra: Telur hann að slíkt dæmi gangi upp?

Það eru duglegir Íslendingar sem þurfa að lifa við þetta óréttlæti sem ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hefur skammtað þeim. Í vikunni sem leið fékk ég bréf frá eiginkonu kvótalauss útgerðarmanns á landsbyggðinni og tel ég mjög upplýsandi að grípa niður bréfið, með leyfi forseta:

„Eins og staðan er í dag er ekki hægt að komast af þurfi maður að leigja til sín allar heimildir. Það er bara spurning um hversu miklar eignir maður á til að veðsetja — áður en maður fer lóðrétt á hausinn. Því það gerum við öll að lokum. Kvótaleigan er svo há að rétt fiskast fyrir mannakaupi því það er jú hlutfall af aflanum. Aldrei er afgangur til kvótakaupa því olíuverð er einnig hátt. Gott má kallast að geta staðið á sléttu. Bátasjómenn eru deyjandi stétt, hvort það er með vilja gert eða ekki. (Best að þið í borginni farið að byggja undir okkur „hin kvótalausu" blokkir því það er miklu betra að vera á kerfinu í Reykjavík en kvótalaus útgerðarmaður.)"

Svo virðist sem aðstæður þessa fólks komi Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki ekki hót við og er það lýsandi dæmi um veruleikafirringu þeirra flokka. Mér finnst rétt að spyrja hæstv. ráðherra og, jú, einnig framsóknarmenn ef þeir mæta til umræðunnar, hvort þeim þyki þetta kerfi réttlætanlegt, hvort hægt sé að verja það kerfi sem þessu fólki er boðið upp á. Svar okkar í Frjálslynda flokknum er einfaldlega: Nei, það er ekki hægt að bjóða upp á þetta.

Fram kom á Alþingi í fyrrahaust að úr vösum þessara leiguliða renna gríðarlega háar upphæðir. Á síðasta fiskveiðiári var slegið á að um 10.000 milljónir rynnu úr vösum þessa fólks. Þær greiðslur renna út úr greininni. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hvert telur ráðherra að þessar tekjur af sameign þjóðarinnar renni? Hlýtur há leiga ekki að skerða hagsmuni útgerðarinnar og þess fólks sem vinnur við greinina? Svar okkar í Frjálslynda flokknum er: Jú, auðvitað gerir það það. Kerfið skerðir bæði hagsmuni útgerðarinnar til lengri tíma litið og ekki síður fólksins sem vinnur í greininni.

Kerfið þarf að breytast og það mun breytast þar sem þessi vitleysa getur ekki gengið lengur. Skuldir útgerðarinnar hafa á síðustu tíu árum margfaldast, þær hafa þrefaldast og ekki hafa tekjur útgerðarinnar aukist. Skuldirnar hafa runnið út úr greininni, það er ekki nokkur hagræðing að umræddu kerfi og ég spyr: Ætlar hæstv. sjávarútvegsráðherra að halda áfram að bjóða landsbyggðinni upp á slíkt kerfi? Það er ekki sæmandi að halda þessu áfram fyrir okkur á Alþingi, að bjóða vinnandi (Forseti hringir.) fólki upp á þessi afarkjör.

[11:01]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður fór nokkrum orðum um þær aðgangstakmarkanir sem eru á fiskveiðistjórnarkerfi okkar. Í fiskveiðistjórnarkerfum þar sem það liggur fyrir að við erum að taka úr takmarkaðri auðlind þurfa að ríkja ákveðnar aðgangstakmarkanir. Hv. þingmaður hefur t.d. lagt til í þeim málatilbúnaði sem ég hef lesið frá hans eigin flokki að til staðar verði aðgangstakmarkanir í formi þess að menn fái einstaklingsbundin veiðileyfi. Hann leggur líka til að í stað þess að hafa einstaklingsbundið aflamarkskerfi (Gripið fram í.) verði sá réttur færður yfir í einstaklingsbundið sóknarmarkskerfi. Hv. þingmaður talar líka fyrir því þegar hann er á landsfundum síns flokks og þegar hann er að, eða a.m.k. ætti að vera að því, kynna stefnu síns flokks væri hann að tala fyrir einstaklingsbundnum rétti sem byggðist á aðgangstakmörkunum.

Ég tel mjög mikilvægt að draga þetta fram vegna þess að þetta snertir þann kjarna máls sem hv. þingmaður talaði hér um. Það er alveg rétt að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er einstaklingsbundið aflamarkskerfi og það byggir á aðgangstakmörkunum. Þær aðgangstakmarkanir eru fyrst og fremst bundnar við kvótann.

Það er líka alveg ljóst mál að ef við værum ekki með einhverjar heimildir til framsals á aflaheimildum, hvort sem er aflamarki eða aflahlutdeildum, mundi það þrengja möguleika manna til hagræðingar til þess að draga úr tilkostnaði. Það mundi líka gera það að verkum að útgerðin yrði öll ósveigjanlegri og þetta kerfi sömuleiðis og er held ég þó flestum ljóst að það kerfi sem við búum við í dag er ekkert endilega mjög sveigjanlegt. Þetta er ekkert endilega eingöngu niðurstaða okkar Íslendinga, þetta er niðurstaða þeirra þjóða sem hafa byggt upp fiskveiðistjórnarkerfi með það fyrir augum að þar sé alvörufiskveiðistjórn, þar sé alvörusjávarútvegur. Færeyjar eru t.d. gott dæmi um það að menn hafa framsal með einhverjum hætti.

Hv. þingmaður spurði mig um réttlæti þessa framsalskerfis. Það hefur oft komið til tals að þrengja framsalið. Ef við skoðum þessi mál í einhverju samhengi blasir það við að þróunin hefur verið sú að framsalið hefur verið að þrengjast. Það hefur m.a. gerst og byggst á niðurstöðu í samningum sjómanna og útvegsmanna að framsalið hefur þrengst og það eru ýmsar takmarkanir á því, svo sem sú regla að menn verði að veiða 50% af þeim aflaheimildum sem þeir hafa. Það er líka kveðið á um það að menn geti ekki framselt yfir á báta meira en það sem talið er að þeir geti veitt og þar fram eftir götunum.

Við höfum síðan þróað og prófað ýmsar leiðir. Á sínum tíma tóku menn upp það sem kallað var kvótaþing. Það var hins vegar afar óvinsælt og menn töldu að það mundi ekki leiða til meira réttlætis, af því að hv. þingmaður spurði um það, og þá var ákveðið að falla frá því.

Varðandi aðra spurninguna, hv. þingmaður spyr mig hvert ég telji að tekjur af kvótaleigu á milli óskyldra aðila renni og hvort há leiga hljóti ekki að skerða hagsmuni útgerðar og sjómanna. Það er auðvitað ljóst mál varðandi þetta að tekjurnar af leiguframsalinu hljóta að renna til þeirra sem eru að leigja frá sér, það þarf í sjálfu sér ekkert að hafa mjög mörg orð um það.

Það sem ég held að þessi spurning hljóti þá að snúast um er hvort með óeðlilegum hætti sé verið að láta sjómenn taka þátt í kvótaleigu. Við vitum að það er bannað, bæði með lögum og samkvæmt kjarasamningum. Ég hef hins vegar haft ástæðu til að ætla að þarna vantaði talsvert mikið á eftirfylgnina, það væri ekki nægjanlega vel fylgst með því hvort það væri nægilega tryggt að sjómenn tækju ekki þátt í

kvótaleigunni. Ég setti þess vegna niður nefnd í desember til að fara yfir þessi mál, skoða það sérstaklega hvort ástæða væri til þess að herða á þeim. Mér sýnist full ástæða til þess að herða á þessu, auka eftirlitið til að koma í veg fyrir að þessi háa kvótaleiga lendi með einhverjum hætti á herðum sjómanna. Vonandi líta tillögur í því sambandi dagsins ljós innan tíðar.

Í þriðja lagi spyr hv. þingmaður mig hvort ég telji að hið háa leiguverð sem hann fór yfir í ræðu sinni áðan gangi upp. Ég skal segja bara frá mínum sjónarhóli, mér finnst þetta leiguverð vera út úr öllu korti, mér finnst það ekki vera í samhengi við aðstæður á markaði, mér finnst það ekki vera í samhengi við það að sjómönnum er bannað að taka þátt í kvótaleigunni og mér finnst þess vegna mjög undarleg verðlagning sem hefur átt sér stað á kvótaleigunni. Það er hins vegar alveg augljóst mál og það sjáum við að kvótaleigan ræðst m.a. af gengisþróuninni og stöðu útgerðanna. Þetta eru frjáls viðskipti þeirra sem kaupa og þeirra sem selja, þeirra sem leigja frá sér og þeirra sem leigja til sín. Ef það er tryggt að ekki sé með neinum óréttmætum hætti staðið að slíkum samningum á kostnaðurinn auðvitað ekki að lenda á herðum sjómanna eða starfsfólks í sjávarútvegi.

Ég ítreka að ég held að þessi umræða sé gagnleg. (Forseti hringir.) Það er hins vegar mjög mikilvægt að menn skoði hana í réttu samhengi.

[11:06]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Hér er rætt um leigu aflaheimilda. Hæstv. ráðherra talaði um að umræðan væri gagnleg en það kom ekkert fram í ræðu hans hvað hann ætlast fyrir í málunum. Það liggja fyrir sameiginlegar ályktanir frá LÍÚ og samtökum sjómanna um að það eigi að draga úr möguleikum manna til að flytja aflaheimildir á milli skipa með þessum hætti. Hæstv. ráðherra virðist ekkert vera að gera í því máli.

Hvers vegna ekki?

Ég tel að það sé vegna þess að hæstv. ráðherra er orðinn algjörlega haldinn af þessu kvótakerfi, finnst það svo fínt að það megi engu breyta. Það er jú sett niður nefnd en það hafa svo margar nefndir starfað og ekkert komið út úr því. Við stöndum alltaf frammi fyrir því sama, það er komið í veg fyrir nýliðun í greininni, nýliðar komast bara ekki að vegna þessa gríðarlega kvótaverðs, bæði á leigu aflaheimilda og sölu þeirra.

Það eru auðvitað möguleikar til að breyta þessu ef hæstv. ráðherra vill gera það. En hann heldur í eignarhaldsfyrirkomulagið eins fast og hann getur. Það er hægt að breyta þessu með þeim hætti að þeir sem eru að veiða fái aflaheimildir til sín til framtíðar með einhverjum hætti. Það er t.d. hægt að taka upp þá einföldu reglu, án þess að breyta nokkru öðru, að úthluta samkvæmt þriggja ára veiðireynslu alltaf til flotans. Þá mundu þeir sem leigja til sín aflaheimildir eignast eitt tonnið af þeim þremur sem þeir fá í hendur og þannig færðust aflaheimildirnar til þeirra sem nýta þær. Auðvitað væri þetta stýring út úr því fyrirkomulagi sem hefur búið til aukabúgrein hjá ýmsum fyrirtækjum í þessu landi, þ.e. að kaupa aflaheimildir á uppsprengdu verði og láta þá sem leigja til sín (Forseti hringir.) aflaheimildir borga brúsann.

[11:09]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Þessi umræða var boðuð um leigu veiðiheimilda og ég ætla að halda mig við þann þátt málsins fremur en að ræða fiskveiðistjórnarmál almennt.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að kvótaleiga sé miklum mun hæpnari og umdeilanlegri ráðstöfun í kerfinu en jafnvel sjálft varanlegt framsal veiðiheimilda og mætti þó ýmislegt um það mál segja. Ástæðan er einfaldlega sú að í mínum huga er veiðirétturinn afnotaréttur og það liggur í hlutarins eðli að það er afar hæpið að afnotarétt geti menn fénýtt með því að láta aðra nota hann. Ef þetta er afnotaréttur í grunninn nota menn hann annaðhvort sjálfir eða hann er ekki notaður.

Verðið er komið upp úr öllu valdi og það hefur mjög háskalegar hliðarverkanir. Það er t.d. ekki mikill hvati fyrir hendi til þess að koma með annað að landi en allra verðmætasta fiskinn ef menn þurfa að borga 170 kr. á kílóið fyrir að fá að veiða hann, nema þá að um löglegan meðafla sé að ræða. Fleira mætti nefna í þeim dúr.

Leigumöguleikinn og samþjöppun veiðiheimilda er nátengt. Þeir aðilar sem sópa að sér veiðiheimildum hafa alltaf þann örugga útveg að leigja þær frá sér ef þeir þurfa ekki á þeim öllum að halda sjálfir og láta aðra afskrifa fjárfestinguna. Þetta tvennt hangir líka saman. Ég held að það verði að fara að skoða af verulegri alvöru að taka á þessum þætti málsins og ég sé þar kannski aðallega tvær leiðir mögulegar, ósköp einfaldlega þá að hækka verulega nýtingarkvöðina, að menn verði að langmestu leyti að nýta sínar úthlutuðu veiðiheimildir eða sinn afnotarétt sjálfir, eða hins vegar, sem er skylt því sem síðasti ræðumaður var að tala um, að einhver svolítill hluti af því sem menn leigja frá sér á hverjum tíma komi ekki til varanlegrar úthlutunar til þeirra á næsta fiskveiðiári. Það verði einfaldlega aðeins skert það sem menn fá þá endurúthlutað af hlutdeild á næsta ári og (Forseti hringir.) hinn skerti hluti gangi til einhvers konar endurráðstöfunar. Í því sambandi kæmi ýmislegt til greina.

[11:11]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Umfang leigu veiðiheimilda er orðið mjög mikið. Á árinu 2005 var áætlað aflaverðmæti um 70 milljarðar kr., andvirði leigðs kvóta er a.m.k. 10 milljarðar kr. ef ekki meira. Á síðasta fiskveiðiári voru flutt um 60 þús. tonn af þorski á milli óskyldra aðila og hafi það allt verið leigukvóti, sem er líklegt, á því verði sem er í dag er það eitt og sér ekki minna en 10 þús. millj. kr.

Hin hliðin á málinu er að þetta er umtalsverður kostnaðarliður hjá þeim sem gera út á þeim forsendum að aflað sé veiðiheimilda á markaði. Venjulegur línubátur sem veiðir um tveggja kílóa fisk fær um 240 kr. fyrir kílóið en þarf að borga um 120 kr. í leigu fyrir að fá að veiða kílóið. Ég hef enga trú á því að breytingar á kerfinu leiði til þess að þetta hverfi. Ég tel að leiga veiðiheimilda sé komin til að vera og þá snýst málið fyrst og fremst um það hvaða reglur eigi að

gilda um viðskiptin og hverjir eigi að eiga viðskipti. Er eðlilegt að aðili geti leigt frá sér eða selt það sem hann á ekki, er eðlilegt að aðili sem hefur undir höndum veiðiheimild til að veiða sjálfur geti gert sér hana að féþúfu af óskyldum aðila en eigandinn, þjóðin, fái ekki neitt að ráði fyrir þessa eign?

Það er óeðlilegt.

Þess vegna er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar það ákvæði að setja í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins að fiskimiðin séu sameign íslensku þjóðarinnar. Ég hlýt að spyrja: Eru ráðherrar í þessari ríkisstjórn slíkir bandingjar LÍÚ að þeir heykjast á því (Forseti hringir.) að efna ákvæði stjórnarsáttmálans?

[11:13]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Kvótakerfið eins og það hefur þróast hefur því miður orðið að byggðaröskunarkerfi. Það sjáum við á hinum miklu tilfærslum í aflaheimildum, bæði í gegnum hið fasta sölukerfi kvótans og einnig í leigukerfinu. Það eru til byggðir á Vestfjörðum sem leigja til sín kvóta fyrir sennilega yfir 100 millj. á ári.

Hingað til hefur ekki verið mikið um aðra grunnatvinnu að ræða á Vestfjörðum en einmitt sjávarútveginn sem hefur byggt upp þær byggðir. Sú hefur reyndin verið víða á landinu. Tilfærslukerfið, sem annars vegar á sér stað í gegnum aflasöluna, aflamarkið, og hins vegar leigukerfið eru hins vegar þannig upp sett að það er ekki nokkur leið að átta sig á því hvar byggðin heldur velli og hvar aflaheimildirnar verða til staðar áfram fyrir atvinnurétt fólksins. Ætli Akureyrardæmið sé ekki nýjasta dæmið um það, þ.e. ef við minnumst ekki á norðausturhornið sem á sennilega ekki lengur veiðirétt eftir örfáa daga heldur eru það Grandi og Vestmannaeyjar sem eiga veiðiréttinn á norðausturhorni landsins.

Veiðiskylduna er auðvitað hægt að setja upp, hækka hana, og það er einnig hægt að setja inn þá reglu að þeir sem fá til sín veiðiheimildir öðlist veiðirétt út á það sem þeir veiða og hafa fengið frá öðrum. Það eru til fjölmargar leiðir til þess að lagfæra kerfið eins og það er en ríkisstjórnin hefur ekki haft nokkurn vilja til þess að gera það. Þess vegna er einfaldlega fram undan að takast á við hvernig þetta kerfi hefur þróast og gjörbreyta því að mínu mati, hæstv. forseti.

[11:15]

**Guðjón Hjörleifsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir þessa umræðu. Það er eðlilegt í umræðu um leigu aflaheimilda að ræða jafnframt um framsalið svo og veiðiskylduna. Ég tel að markaðurinn stjórni að hluta leiguverði á aflaheimildum. Þegar aflaheimildir í ýsu voru auknar lækkaði leiguverð á ýsu. Þegar aflaheimildir í þorski voru minnkaðar hækkaði leiguverðið.

Einnig hefur orðið töluverð umræða um veiðiskylduna sem í dag er 50%. Það má lengi deila um hver þessi prósenta á að vera. Það er mikilvægt í rekstri útgerða, bæði stórra og smárra, að geta haft tegundatilfærslu í rekstrinum.

Í dag er verið að leigja 1 kíló af þorski á móti 5,5 kílóum af karfa. Þorskur er með ígildi 1 en karfi 0,69. Þá er einnig þannig farið þegar útgerðarmaður leigir frá sér, annaðhvort með jöfnum skiptum í peningum eða gerir viðskiptin með jöfnum skiptum. Ef hann leigir 1 kíló af þorski fær hann 5,5 kíló af karfa. Hann hefur þá leigt til sín 3,8 þorskígildi. Ef tegundatilfærsla væri ekki til staðar mundi sviptingum veiðileyfa fjölga töluvert. Hvað mundi gerast ef við færðum veiðiskipin upp í 75%? Úthlutaðar veiðiheimildir í þorski hafa minnkað töluvert. Leiguverð af þeim 25% sem eftir stæðu af þorski hækkaði það mikið að þeir sem eru með litlar aflaheimildir og hafa verið duglegir að leigja aflaheimildir hafa ekki svigrúm til að reka útgerð sína. Ég er þess fullviss að útvegsbændur eru ekki á móti því að hækka veiðiskylduna en teldu mikilvægt að hægt væri að hafa tegundatilfærslu milli skipa hjá sama fyrirtæki. Ég hef meiri áhyggjur af þeim sem eru í krókaaflamarkskerfinu svo og þeim byggðum þar sem aflaheimildir hafa minnkað.

Ég vil líka benda á að bátar í krókaaflamarkskerfinu leigja til sín mikið af ýsu úr stóra kerfinu. Ég fullyrði að krókaaflamarksbátarnir leigja til sín mikla ýsu vegna þess að þeir hagnast á leigunni. Þrengri skorður á framsali munu því vafalítið hafa mikil áhrif á krókaaflamarksbátana.

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn Frjálslynda flokksins þurfa jafnframt að svara hvernig þeir sjái að breytingar sem þeir tala oft fyrir hafi áhrif á sjávarpláss og útgerðir sem starfa í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Það er samt ekkert óeðlilegt að frjálslyndir reyni að fá utandagskrárumræðu um ýmis mál til að dreifa athygli frá sínum eigin vandamálum. Ég beini því til þeirra í vinsemd, (Forseti hringir.) hæstv. forseti, að taka nú upp kvótakerfi í sínum flokki, ekki með kynjakvóta heldur kvennakvóta. (Forseti hringir.) Eftir það munuð þið sennilega sjá meiri frið í ykkar flokki, nákvæmlega eins og er að gerast í sjávarútveginum þar sem friður og sátt eru aldrei meiri en nú.

[11:18]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Stjórnarliðar verða að fara að opna augun fyrir stöðu þeirra sem leigja til sín aflaheimildir. Maður hlustar á hæstv. sjávarútvegsráðherra og eins á hv. formann sjávarútvegsnefndar tala eins og þeir átti sig ekki á raunveruleika þeirra sem gera út og þurfa að leigja til sín aflaheimildir. Hæstv. ráðherra virðist alltaf horfa á málin frá sjónarhóli kvótahafanna og spurning hvort ekki sé rétt að minna hæstv. ráðherra á að hann er sjávarútvegsráðherra en ekki kvótahafaráðherra. Er þar mikill munur á.

Leigumarkaðurinn með aflaheimildir er ekki frjáls markaður, eins og hæstv. ráðherra sagði. Hæstv. ráðherra sagði: Þetta eru frjáls viðskipti milli aðila. Við hljótum að spyrja hvort hæstv. ráðherra sé algjörlega blindur á það hvað er að gerast. Leigumarkaðurinn er fákeppnismarkaður og hann er samráðsmarkaður. Í raun og veru er um nauðamarkað að ræða. Þeir sem þurfa að leigja til sín aflaheimildir hafa ekki um neitt frjálst val að ræða. Þeir eru neyddir til að beygja sig undir það verð sem kvótahöfunum hverju sinni dettur í hug að setja upp og það eru engir samningar um verð á þessum markaði. Verðið er einhliða ákveðið af hálfu kvótahafanna og þeir sem þurfa að leigja hann til sín verða að beygja sig undir það leiguverð sem hinum sem

eiga eða hafa dettur í hug að setja upp.

Ég er sannfærður um að í öllum öðrum viðskiptum væri Samkeppniseftirlitið komið í þetta mál og farið að velta fyrir sér hvernig stendur á því að verðmyndun á svona miklum og stórum markaði eins og hér er um að ræða er með þeim hætti sem raun ber vitni. Það vita allir sem fylgjast með sjávarútvegi að það er ekki hægt að leigja til sín afla á því verði sem verið er að leigja til sín í dag ef fylgja á reglum sem um veiðar gilda. Ef hæstv. ráðherra fylgdi reglunum eftir mundi leiguverð lækka ef farið væri í það að fylgjast betur með hvernig gengið er um auðlindina. Ég held að hæstv. ráðherra, eins og ég sagði áðan, verði að fara að opna augun (Forseti hringir.) og ákveða að hann sé hæstv. sjávarútvegsráðherra en ekki kvótahafaráðherra.

[11:20]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að menn verði að fara að huga að löggjöfinni í þessum efnum á þá lund að hér sé um viðskipti að ræða og setja reglur um það á þeim grunni og út frá samkeppnislögum. Það er eðlilegt að líta svo á að viðskipti af þessu tagi falli undir viðskiptaráðuneytið fremur en sjávarútvegsráðuneytið. Ég held að það hamli mjög þróuninni í þessu efni hversu sterk tök kvótaeigendur hafa á sjávarútvegsmálum á Íslandi í gegnum stjórnmálaflokkana. Það er greinilegt að þau tök leiða til sérhagsmuna sem eru hafðir í öndvegi og almannahagsmunum er ýtt til hliðar.

Einstakir kvótahafar geta á hverju ári haft út úr því að nýta ekki þær heimildir sem þeir fá afhentar frá ríkinu á hverju ári fyrir 2 kr. á kíló eða jafnvel minna að eigin geðþótta. Fyrirtæki eins og Brim, óskabarn Akureyringa — eða hvað? — getur leigt frá sér 3–4 þús. tonn af þorski og tekið í vasa eigendanna 500, 600, 700 millj. kr. Af þessum peningum þarf ekki að borga nein útgjöld, engin mannalaun, engum fyrirtækjum, engin gjöld í bæjarsjóð. Þetta eru bara peningar í vasann hjá hluthöfunum. Þeir bera engar skyldur, ekki við byggðarlagið þar sem til veiðiheimildanna var stofnað og þeirra aflað með vinnu þess fólks sem þar býr. Þeir hafa engar skyldur við það og þeir flytja bara til Hafnarfjarðar, virðulegi forseti. Ég held að menn þurfi að gera uppskurð á þessu og menn þurfi að viðurkenna það að þessi auðlind er, eins og orkuauðlindin, eign þjóðarinnar. Arðinum af henni á að dreifa til þeirra sem hann skópu.

[11:22]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það var svo sem ekki við miklu að búast. Maður er búinn að heyra þessa ræðu hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra áður. Svörin voru ekki merkileg. Það er eins og honum komi þetta fólk bara ekkert við, fólkið sem þarf að leigja til sín aflaheimildir. Það er ekki neitt svigrúm til þess að gæta að hag þessa fólks en fyrir þá sem hafa yfir aflaheimildunum að ráða er alls konar sveigjanleiki. Það er hægt að leigja 50% annað hvert ár og allt hitt árið. Það er hægt að breyta þorski í einhverja aðra tegund og ég veit ekki hvað.

Svo eru menn að tala um að það séu einhverjar takmarkanir. Það eru engar takmarkanir. Það er hægt að fara í svokallaða Kínaleigu. Það er hægt að fara allar leiðir. Þeim sem hafa yfir kvótanum að ráða eru allar leiðir færar. En það þarf ekkert að kanna hvort sjómenn taki þátt í þessari kvótaleigu. Menn verða bara að líta á þær tölur sem hafa komið fram í umræðunni. 1/5 af tekjum sjávarútvegsins fer í að greiða þessa leigu, þ.e. 1/5 af tekjum botnfisksaflans. Það eru 10 milljarðar og þessir peningar fara út úr greininni. Það þarf ekkert að kanna þetta. Þetta er augljóst.

Hæstv. ráðherra ræddi að einhverju leyti um tillögu Frjálslynda flokksins. Ég get lofað honum því að við komum fram með mjög skýrar tillögur, einmitt fyrir þá aðila sem leigja til sín aflaheimildir til að fá að nýta sameiginlega auðlind. Við munum gera það fyrir næstu kosningar og hagur þeirra mun verða miklu bjartari eftir að við tökum hér við völdum ef okkur tekst það en til þess að breyta þessu kerfi þarf að hrinda þessari ríkisstjórn í burtu. Það eru hreinar línur. Fólk er búið að sjá það að loforð hæstv. ráðherra fyrir kosningar og efndir eftir kosningar fara ekki saman.

[11:24]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu sem hefur á margan hátt verið upplýsandi. Það sem mér hefur heyrst skína í gegn er mikil krafa um að þrengja verulega framsalið í kerfinu (**SigurjÞ:** Nei.) sem er út af fyrir sig athyglisverð skoðun vegna þess að það hefði líka önnur áhrif, m.a. á þá sem eru núna að leigja til sín, þau byggðarlög sem eru að leigja til sín o.s.frv.

Ég hef verið skammaður fyrir það í þessari umræðu að ég sé allt of handgenginn Landssambandi íslenskra útvegsmanna og sé einhver kvótamálaráðherra í stað þess að vera sjávarútvegsráðherra. Á sama tíma er ég líka gagnrýndur fyrir það að hafa ekki tekið undir tillögur frá LÍÚ um að þrengja framsalið í leiguviðskiptunum. Ástæður fyrir því að ég hef ekki viljað gera það eru ýmsar. Ég hef t.d. talið að það gæti haft neikvæð áhrif á þá sem lakar standa í sjávarútveginum, á þá sem eru t.d. háðir því að leigja til sín einhverjar aflaheimildir. Það gæti haft neikvæð áhrif á ýmis byggðarlög. En það er ljóst mál að frá sjónarhóli þeirra sem hafa mikla kvóta mundi það ekki miklu breyta þótt aukin yrði þessi veiðiskylda upp í 75%. Það er alveg ljóst mál að þeir aðilar stæðu alveg jafnkeikir eftir. Það mundi hins vegar hafa áhrif á ýmsa aðra, m.a. einstaklingsútgerðina og smábátaútgerðina. Það mundi líka draga úr aðgangsmöguleikum manna inn í þetta kerfi og er þó ljóst að þeir aðgangsmöguleikar eru ekki mjög miklir í dag. Það má hins vegar alltaf deila um hvort þetta eigi að vera 50% eða 75%. Það er einhver tala sem menn þurfa að komast niður á en ég hef verið talsmaður þess að til staðar væri heilmikil veiðiskylda vegna þess að ég hef talið það eðlilegt. Ég tel þó að menn verði a.m.k. að gæta að því þegar við ræðum einhverjar breytingar í þessu sambandi að það komi ekki niður á þeim sem síst skyldi.

Út af því sem talað hefur verið um umfang þessara leiguviðskipta vil ég aðeins segja að ég held að samkvæmt þeim tölum sem við höfum um þessi mál sé það mjög ofmetið. Þarna er verið að taka inn í geymslu, reikna tvöfalt eða þrefalt hin raunverulegu leiguviðskipti (Forseti hringir.) en þetta þarf hins vegar (Gripið fram í.) að skýra til að

(Forseti hringir.) Þessar upplýsingar liggi betur fyrir.

### *Stjórn fiskveiða, 1. umr.*

Stjfrv., 432. mál (fristundaveiðar). — Þskj. 520.

[11:27]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 520, 432. máli, en þar er um að ræða breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sem lýtur að því að kveða með skýrum hætti á um að það teljist veiðar í atvinnuskyni en ekki tómstundaveiðar þegar eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til fiskveiða. Það er meginregla samkvæmt íslenskum fiskveiðilögum að bátar þurfa að hafa nægjanlegan kvóta fyrir þeim afla sem þeir fá í kvótabundnum tegundum. Einu undantekningarnar frá þeirri meginreglu eru þær að heimilt er að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu og þá er sjávarútvegsráðherra enn fremur heimilt að ákveða að afli sem fæst á tilteknum opinberum sjóstangveiðimótum teljist ekki til aflamarks enda sé hann einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið. Nokkuð er um að aðilar sem eiga eða gera út báta bjóði þeim sem þess óska og gjald greiða fyrir að fara með bátunum í sjóferðir, m.a. til að renna fyrir fisk eða þá að nýta bátana til fiskveiða, jafnvel án þess að fulltrúi útgerðar sé um borð. Áhugi á slíkum fiskveiðum virðist fara vaxandi, einkum meðal erlendra sportveiðimanna og er ástæða til að ætla og sannarlega vona að atvinnustarfsemi af þessum toga aukist umtalsvert á komandi árum.

Stundum eru þessir bátar einungis nýttir til fiskveiða en í öðrum tilvikum eru veiðar aðeins einn þáttur í þeirri afþreyingu sem boðið er upp á. Hvað sem því líður eru umræddir bátar nýttir í atvinnuskyni og eru fiskveiðar þáttur í þeirri nýtingu. Það er þess vegna eðlilegt og sanngjarnt að sömu grundvallarreglur gildi um þessa báta og eiga við um aðra báta sem eru nýttir í atvinnuskyni til fiskveiða, einkum hvað varðar þá kröfu að þeir hafi nægjanlegan kvóta fyrir kvótabundnum afla. Að sjálfsögðu fæst mismikill afli við veiðar umræddra báta en þar sem það eru yfirleitt ferðamenn, erlendir og innlendir, sem veiðarnar stunda eru þeir sjaldnast í góðri aðstöðu til að taka aflann með sér og neyta hans sjálfir. Því getur verið heppilegt og hagkvæmt fyrir þá, en þó sérstaklega fyrir hlutaðeigandi útgerð, að geta selt aflann eða fénýtt hann á annan hátt.

Ef þetta frumvarp verður að lögum þurfa allir bátar sem eru nýttir með umræddum hætti að hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og nægjanlegar aflaheimildir fyrir kvótabundnum afla. Heimilt verður að selja afla sem fæst við þessar veiðar en afla sem fæst við tómstundaveiðar er hins vegar óheimilt að selja. Gert er ráð fyrir að almennar reglur sem gilda um veiðar í atvinnuskyni eigi við um veiðar umræddra báta en þó er nauðsynlegt að ráðherra verði heimilt að setja sérstakar reglur um tiltekin atriði, svo sem varðandi skyldur skipstjóra og skýrsluskil. Það helgast af því að þær aðferðir sem eru hagkvæmastar og almennt eru viðhafðar við útgerð þessara báta og menn þekkja geta verið nokkuð frábrugðnar því sem tíðkast við rekstur annarra atvinnubáta og það er eðlilegt að tekið verði tillit til þess eftir því sem unnt er og lög leyfa.

Virðulegi forseti. Þessu frumvarpi er ætlað að taka af allan vafa um að það teljist vera veiðar í atvinnuskyni í skilningi fiskveiðilaga þegar eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til fiskveiða. Það þýðir eins og fyrr sagði að sömu grundvallarreglur gilda um veiðar þessara báta og annarra báta sem eru nýttir í atvinnuskyni til fiskveiða. Með því er nauðsynlegs jafnræðis gætt og jafnframt skýrt hvaða kröfur eru gerðar að þessu leyti til þeirra sem gera umræddra báta út eða hyggjast hefja slíkan atvinnurekstur. Þetta er mikilvægt til þess að þeir sem í hlut eiga geti lagað sig að þeim kröfum og tekið tillit til þeirra við rekstur báta sinna og í þeim áætlunum sem þeir gera í sambandi við hann. Ég vonast því til að frumvarpið fái hér framgang og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og umfjöllunar hjá hv. sjávarútvegsnefnd.

[11:30]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort verið sé með þessu frumvarpi að leggja stein í götu þeirra sem eru að reyna að hasla sér völl í ferðamannaiðnaði einmitt í þeim byggðarlögum sem hafa farið illa út úr kvótakerfinu. Verður þetta ekki til þess að loka þeirri leið líka? Þá verður mér hugsað til staðar eins og Tálknafjarðar þar sem menn eru að reyna að skapa sér atvinnu hvað varðar veiðar fyrir ferðamenn.

Mér sýnist að með þessu frumvarpi sé verið að setja þetta inn í það alræmda kerfi sem við erum búin að fara svo oft í gegnum hér og hefur engu skilað. Væri ekki réttara fyrir hæstv. ráðherra að leita leiða út úr þessu og minnka reglugerðafarganið sem hefur gengið svo langt að meira að segja fermingarbörnum er bannað að leggja línu í fjöru? Það kom bréf frá hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála um að það mætti ekki. Nú á að banna fleira en að leggja línu í fjöru fyrir norðan vegna þess að það gæti að einhverju leyti raskað kerfinu sem hæstv. ráðherra er svo annt um, það virðist líka eiga að koma í veg fyrir að þeir sem hafa farið illa út úr því kerfi geti komið sér áfram í ferðamennskunni.

Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvað hann telji þetta vera mikið magn og hvað þrýsti á að setja þetta inn í lög og reglur íslenska lýðveldisins og vera með svona fargan.

Þetta er náttúrlega í takt við annað sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir, að leggja enn meiri atvinnuhöft á landsbyggðina og þar virðist ekkert mega gera.

[11:32]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hv. þingmanni að verið sé að reyna að leggja stein í götu þeirra byggðarlaga eða fyrirtækja sem eru að hasla sér völl með sérstökum hætti eins og við þekkjum.

Slík fyrirtæki eru t.d. starfandi í Súðavík og Tálknafirði og það liggur fyrir að fyrirtæki af þessum toga munu hasla sér völl miklu víðar. Þá kemur auðvitað upp sú staða að

þetta eru bátar sem veiða umtalsverðan afla, þetta eru ekki hefðbundnar tómstundaveiðar sem menn hafa verið að stunda og hafa verið af allt annarri stærðargráðu.

Það er ekki verið að leggja stein í götu þessara fyrirtækja, þvert á móti er verið að opna þeim leið. Því þegar slík mál koma upp sem hér um ræðir getur verið um umtalsverðan afla að ræða, m.a. það sem útlendingar veiða, menn sem koma hingað til lands til að njóta þess. Ég veit að hv. þingmanni líður ekki vel þegar ég nefni það orð, útlendingar, en þegar þeir koma hingað til lands sem ferðamenn og vilja fá að njóta þess að veiða hér liggur auðvitað fyrir að þeir geta ekki tekið með sér aflann úr landi af ýmsum ástæðum. Þá liggur beinast við að menn vilji reyna að selja þennan fisk og fénýta hann. Ef ekki liggur alveg fyrir að búið sé að setja skýr lög um hvaða heimildir þessir bátar hafa, erum við að leggja stein í götu þessara útgerða og þessarar atvinnustarfsemi.

Það sem verið er að gera hér er að opna þessari atvinnustarfsemi leið, gera henni kleift að selja og fénýta þennan afla til að þessi atvinnugrein geti síðan notið góðs af þeim tekjum sem þarna eru. Þetta hefur verið framkvæmt þannig, bæði á Tálknafirði og Súðavík, að menn hafa notað byggðakvóta að hluta til í þetta sem er reyndar ágætishugmynd, vegna þess að það er mjög í anda þeirrar hugsunar að nýta byggðakvóta til að efla nýja atvinnustarfsemi. Hér er einfaldlega verið að styðja við bakið á þeirri viðleitni að geta búið sér til tekjur í nýrri atvinnugrein (Forseti hringir.) á sviði ferðaþjónustu.

[11:35]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er greinilegt að hæstv. sjávarútvegsráðherra kemst ekki út úr því að hugsa í kerfinu sínu. Það er ótrúlegt að verða vitni að því að Sjálfstæðisflokkurinn sé að leggja hér stein í götu þeirra sem eru að reyna að bjarga sér eftir að búið er að taka af þeim veiðiréttinn. Ef þeir geta mögulega leigt hann fyrir gríðarháa upphæð, eins og komið hefur fram í umræðunni, þá er það í lagi en við heyrðum það í umræðunni fyrr í dag að sá rekstur er nú ekki vænlegur. Fólk reynir því ýmislegt fyrir sér. Það er að fara út í ferðamannaþjónustu en hæstv. sjávarútvegsráðherra vill girða fyrir það líka og koma þessu inn í þetta ljóta kerfi sem hefur nákvæmlega engu skilað.

Væri það ekki leið fyrir Sjálfstæðisflokkinn að reyna aðeins að hugsa hvort ekki sé hægt að auka frelsið eins og við í Frjálslynda flokknum viljum gera? Við viljum auka frelsið, að tína ekkert til hvort litlir koppar séu að renna með færi í fjörðum landsins. Það er alveg fáránlegt að halda að þessar litlu trillur, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að setja á enn meiri höft, valdi því að einhverju leyti að fiskstofnar gefi ekki af sér fyrir þjóðarbúið eins og til er ætlast. Þetta er fáheyrð vitleysa.

Maður furðar sig á að Sjálfstæðisflokkurinn skuli koma með enn eitt frumvarpið í stað þess að leita leiða út úr þessu kerfi eins og við í Frjálslynda flokknum gerum. Menn koma hér og reyna að réttlæta það að höft séu sett á þessa atvinnugrein vegna þess að verið sé að þjóna útlendingum og segja að það séu einhver vandræði.

Það er undarlegt að verða vitni að þessu. (Gripið fram í.) Ég sé að hv. formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins (Forseti hringir.) er skemmt yfir þessum atvinnuhöftum sem verið er að leggja á landsbyggðina.

[11:37]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er oft þannig þegar maður reynir að svara hv. þingmanni að þá er eins og hann setji eyrnatappa í eyrun til að koma örugglega í veg fyrir að hann heyri það sem maður er að segja.

Ég vakti einfaldlega athygli á því að hér væri að hefjast mjög merkileg og mikilvæg atvinnustarfsemi sem (**Gripið fram í:** Og í kvóta.) byggir á því að selja ferðamönnum aðgang að því að veiða á Íslandsmiðum. Þarna er um atvinnustarfsemi að ræða og það er alveg ljóst að við verðum að setja lög í kringum hana til að auðvelda vöxt og uppbyggingu þeirrar atvinnustarfsemi. Hluti af því sem er grundvöllur þessarar atvinnustarfsemi er að menn geti haft tekjur af því sem verið er að veiða. Þetta gengur auðvitað út á það. Þess vegna þarf að gera ráð fyrir því í lögunum að þessi atvinnustarfsemi sé til staðar og að sú atvinnustarfsemi geti fénýtt tekjurnar af því að veiða fisk. Hvað er óeðlilegt við það? Mér finnst mjög eðlilegt að við reynum að gera það og reynum að opna þessari nýju atvinnustarfsemi leið.

Það sem að baki þessa frumvarps liggur er einfaldlega að þegar þessi atvinnustarfsemi er komin af stað eins og nú er, verðum við komin með klár lög þannig að enginn ágreiningur verði. Ef allt gengur eftir og óskir og vonir manna rætast og hugmyndir og spár um það sem þarna gerist, þá getur verið um að ræða talsvert mikinn afla sem verið er að draga úr sjónum sem gerir það að verkum að þessi fyrirtæki fara að hafa alvörutekjur.

Er eitthvað óeðlilegt við það að þessi fyrirtæki sem eru að veiða fisk, (Gripið fram í.) selja fisk, lúti þá nákvæmlega sambærilegum reglum og önnur atvinnustarfsemi? Vegna þess að við viljum nefnilega, öfugt við það sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson vill, laða að t.d. útlendinga og leyfa þeim að njóta þess að fiska hérna, hafa af því skemmtun og afþreyingu, og að (Forseti hringir.) fyrirtæki í ferðaþjónustu geti haft af því tekjur. Þetta er ekki flóknara en það.

[11:39]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Á dagskrá þingsins í dag eru tvö frumvörp til laga um breytingar á lögum nr. 116/2006, eða lögunum um stjórn fiskveiða. Ég átta mig ekki alveg á af hverju komið er með tvö frumvörp á sama degi um breytingu á sömu lögum, hvort ekki hefði verið skynsamlegra að setja þessar tvær breytingar sem um er að ræða í eitt frumvarp í stað þess að hafa þær í sitt hvoru lagafrumvarpinu.

Við þekkjum það nú í öllum stöðugleikanum í sjávarútvegi að sífellt er verið að breyta þessum lögum og maður hefur ekki lengur tölu á því hversu oft þeim er breytt á hverju einasta þingi. (Gripið fram í.) Oftast er það þannig að það er eitthvað í umhverfinu, viðskiptaumhverfinu eða lífríkinu eða einhverju slíku, sem kallar á að breyta lögunum að mati hæstv. sjávarútvegsráðherra. Því veltir maður fyrir sér þegar koma fram tvö frumvörp um breytingar á

þessum lögum á sama degi hvaða vá sé fyrir dyrum.

Það frumvarp sem við fjöllum um nú er lítið og skrýtið, leyfi ég mér að segja. Hæstv. ráðherra virðist vera órótt yfir því að tómstundabátar séu notaðir í einhverjum mæli til að draga fisk úr sjó og það sé svo mikill fiskur sem dreginn sé úr sjónum með þessum hætti að koma þurfi þessum tómstundabátum inn í kvótakerfið. Því það að gera skylt að skrá bát sem bát sem veiðir í atvinnuskyni þýðir einfaldlega að verið er að koma viðkomandi bát inn í kvótakerfið.

Getur verið að kvótahöfunum sé orðið eitthvað órótt yfir því að einhverjir smábátar séu að draga bein úr sjó á því ákvæði laganna sem heimilar mönnum tómstundaveiðar til eigin nota?

Hæstv. ráðherra sagði áðan að það væri orðin mikil atvinnustarfsemi fólgin í því að túristar kæmu hingað til að draga fisk á sjóstöng, þetta væri orðinn talsvert mikill afli og því þyrfti að grípa til þeirra ráðstafana sem hér eru lagðar til. Hæstv. ráðherra gekk svo langt að segja að til að þessi atvinnugrein gæti þróast, sem við höfum séð vera að vaxa, sérstaklega á Vestfjörðum, þ.e. að túristar komi hingað til lands að renna fyrir fisk með sjóstöng, væri alveg nauðsynlegt að gera þessa breytingu.

Ég get ómögulega skilið af hverju hæstv. ráðherra þykir það nauðsynlegt, því að þeir sem stunda þessa atvinnu eða þeir sem standa fyrir þessari nýju atvinnusköpun á Vestfjörðum hafa hingað til ekki vera að kalla á það sjálfir, eftir því sem ég best veit, að þeir séu skikkaðir í kvóta til að geta haldið áfram að byggja upp atvinnugrein sína. Í dag geta þessir menn ákveðið að þeir ætli sér inn í kvóta. Það er ekkert mál fyrir menn sem eru í þessari atvinnugrein og eru í vandræðum vegna þess að svo mikill fiskur dregst á land að þeir verða að selja hann. Það er ekkert mál fyrir þá að breyta starfsemi sinni í þá veru að bátarnir séu með veiðileyfi í atvinnuskyni. Það er þá val fyrir þá en með því frumvarpi sem hæstv. ráðherra er nú að leggja fram er verið að svipta þessa aðila því vali. Það er verið að segja að allir sem stunda veiðar á þennan hátt, þó á sjóstöng sé, skuli inn í kvótakerfið. Það sé alveg stórhættulegt hversu mikill afli sé dreginn á land á þessum bátum og þess vegna þurfi að koma þeim inn í kvótakerfið.

Ég veit ekki hvort forráðamenn LÍÚ eða kvótahafar hafa áhyggjur af því að þetta sé hið nýja sóknarkerfi. Að þetta gæti þróast út í að þessir bátar, þessir rosalega öflugu bátar með fullt af sjóstöngum hangandi út af síðunni fari að veiða frjálst og óheft að það yrði til skaða fyrir kvótakerfið og líf-ríkið. Ég deili ekki þessari sýn hvorki með forráðamönnum LÍÚ né hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Væri ekki nær að setja ákveðnar reglur um að þeim bátum sem stunda slíka ferðamennsku sé heimilt að koma með eitthvert ákveðið magn á hverja stöng á dag í land? Eða að gera þetta á svipaðan hátt og gert er í laxveiðinni í dag, að það sé ákveðin skylda að veiða á grunnu vatni og sleppa að einhverju leyti fiski, vegna þess að þetta snýst um skemmtunina hjá erlendum ferðamönnum við að veiða fiskinn en ekki það að bera í kassavís fisk úr landi til að nota síðan heima síðar.

Með því að horfa á þetta á þennan hátt gefst mönnum tækifæri til að þróa þessa nýju atvinnustarfsemi eins og þeir vilja. Menn hafa þá þetta val. Vilja menn stunda hana með þeim hætti sem hæstv. ráðherra er að skylda þá til hér eða vilja þeir stunda hana með því að nýta ákvæðið um tómstundaveiðar?

Hversu langt á að ganga? Hvað þýðir það að útgerð eða eiganda báts sé ekki heimilt að taka við greiðslu fyrir að bátur sé notaður nema að vera með hann skráðan sem atvinnubát?

Maður veltir þessu fyrir sér af því að ég á lítinn tómstundabát sjálfur sem ég hef gaman af að renna á út í Faxaflóa og ná mér í örfá kíló af fiski sem ég borða sjálfur. Ef ég tek kunningja mína með mér og þeir draga fisk til eigin nota af mínum bát og taka síðan þátt í olíukostnaði, þýðir það að ég sé farinn að taka fjármuni af þriðja aðila fyrir að fá að nýta bátinn til fiskveiða? Þýðir það að ég þyrfti í því tilviki að gerast kvótamaður og skrá bátinn sem atvinnutæki og leigja aflaheimildir til að kunningjar gætu fengið að koma með á sjó á góðum degi og draga sér nokkur kíló af ýsu úr sjó? Eða að þeir megi alls ekki leggja sitt til olíukostnaðar við ferðina? Hversu langt ætlar hæstv. ráðherra að ganga í þessu skyni? Eins og frumvarpið er lagt upp sýnist mér að algjört bann sé lagt við því að fiskur sé dreginn úr sjó og einhverjir fjármunir komi til bátsins í staðinn og því verður hæstv. ráðherra að svara hversu langt hann ætlar að ganga.

Í 1. gr. segir að ráðherra geti með reglugerð sett sérstakar reglur um veiðar og afla, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra, tilkynningar og skýrsluskil. Ég verð að segja eins og er, frú forseti, að þegar ég las í gegnum athugasemdir við frumvarpið áttaði ég mig ekki alveg á af hverju er orðin þörf á að setja sérstakar reglur um veiðar og afla ef þetta á að falla inn í kvótakerfið og sérstakar reglur hvað varðar skyldur skipstjóra, tilkynningar og skýrsluskil. Annaðhvort eru menn skipstjórar á bát og báturinn stundar veiðar í atvinnuskyni og fellur þá undir þær reglur sem gilda í dag, eða menn eru það ekki. Er verið að búa þarna til eitthvert millistig á einhvers konar semi-atvinnuskipstjóra? Eða hvað gengur ráðherranum til með því að vilja hafa heimild til að setja reglugerð þar sem einhverjar sérstakar reglur eru settar um þessar veiðar sem í næstu málsgrein lagagreinarinnar er gert ráð fyrir að falli undir allar almennar reglur sem um þetta gilda?

Þetta hlýtur líka að þýða að bátar sem hafa verið úreltir, svokallaðir úreldingarbátar sem notaðir eru víða sem tómstundabátar og jafnvel getur verið að slíkir bátar séu notaðir í dag til að fara út með erlenda ferðamenn sem stunda sjóstöng, séu algerlega teknir til hliðar því það er óheimilt að skrá úreldingarbáta til veiða í atvinnuskyni og þeir geta ekki leigt til sín kvóta eða keypt til sín kvóta.

Ráðherranum er kannski kunnugt um hvort einhverjir slíkir bátar eru umferð í þessari ferðamennsku eða veiðum erlendra ferðamanna og þætti mér vænt um ef hann gæti upplýst okkur um það.

Við í sjávarútvegsnefnd eigum að sjálfsögðu eftir að fara yfir málið og ég held að þar sé fullt af spurningum sem þarf að svara. Í fljótu bragði sýnist mér þegar maður les í gegnum frumvarpið að það sé lagt fram vegna þess að einhverjum er órótt yfir því að það sé að myndast einhver ný gloppa eða glufa í fiskveiðum Íslendinga og að menn geti farið í gegnum þá glufu og veitt verulegt magn.

Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti svarað því hvort það sé ástæðan. Er ástæðan sú að menn óttist að þarna *sé glufa eða fleygur í kvótakerfinu sem óprúttnir* aðilar mundu fara að nýta til að veiða í stórum stíl?

Þessu skylt að litlu leyti en þó ekki alveg er að finna í 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Þar er talað um að heimilt sé án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu, það má stunda þessar veiðar með handfærum án þess að vera með sjálfvirknibúnað eða rafmagn og eingöngu nota þennan afla til eigin nota.

Það hlýtur að þýða, ef menn eru komnir inn í þetta almenna kerfi, að þeir fari þá að veiða eins og hver annar á milli þess sem þeir leigja báta sína fyrir sjóstöng, því það þekkja allir sem eiga báta að það er talsvert dýrara að vera með bát skráðan í atvinnuleyfi en í tómstund. Þeir sem það þurfa að gera, verði frumvarpið að lögum, verða þá að fá eitthvað fyrir bátana að gera á milli þess sem verið er að nota þá til veiða með sjóstöng. Það þýðir væntanlega aukna ásókn í leigukvóta og þá gleðjast að sjálfsögðu kvótahafarnir sem hafa hingað til getað sett upp verð. Þeir munu ekki þurfa að óttast að það verði ekki einhverjir viðskiptavinir sem geti leigt af þeim kvóta, því að þeim mun fjölga með þessu frumvarpi, verði það að lögum.

Í 6. gr. er heimild til ráðherra að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða krókaaflamarks og veiðidagar ekki til sóknardaga, meðan það kerfi var, enda sé aflinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið. Þetta þýðir einfaldlega að þeir sem stunda sjóstangaveiði sem sport á Íslandi og skipuleggja þessi mót, mega samkvæmt þessari grein selja aflann sem kemur í bátana á *sjóstangaveiðimóti til að standa straum af kostnaði við* mótshaldið.

Hvað er í sjálfu sér öðruvísi við það að bátar sem stunda veiðar í atvinnuskyni og eru notaðir í þessa sjóstangaveiði fái að veiða án þess að kvóti komi á móti?

Gott væri ef hæstv. ráðherra gæti útskýrt fyrir mér hver sé munurinn á þessu tvennu þó að ég viti að sjóstangaveiðimótin eru sport. En fyrir þá sem eiga bátana og fyrir þá sem leggja til bátana, þetta eru atvinnutæki og bátarnir eru notaðir sem slíkir, þá kemur þetta endurgjald fyrir og leyft er að selja aflann án þess að kvóti hafi komið á móti.

Ég ætla ekki að eyða lengri tíma í þetta mál núna því að við förum yfir það í sjávarútvegsnefnd. Eins og ég sagði í upphafi finnst mér frumvarpið bæði lítið og skrýtið. Ég held að það sé engin önnur skýring á því af hverju hæstv. ráðherra er svona órótt en að vá sé fyrir dyrum og að kvótaeigendur óttist að þetta muni verða notað sem smuga til að brjótast bakdyramegin í veiðar, en ég trúi því ekki að þeir sem skoða þetta í alvöru óttist slíkt.

Það verður alltaf að hafa í huga þegar frumvörp eru lögð fram og breyta á lögum hvaða áhrif það hefur á þá sem stunda nýsköpun og nýjar atvinnugreinar eins og verið er að gera á Vestfjörðum í dag og virðist ganga mjög vel. Ég er sannfærður um að það sem hér er verið að gera er íþyngjandi fyrir þessi fyrirtæki. Það er ekki, eins og hæstv. ráðherra gaf í skyn, verið að gera þeim lífið auðveldara með þessum lögum heldur hljóta þau að verða íþyngjandi.

[11:54]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp er lagt fram til þess að koma með frekari tillögur um það hvaða löggjöf eigi að vera utan um siglingar og veiðar ferðamanna, innlendra sem erlendra. Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt að fella þessa þróun undir löggjöf um atvinnustarfsemi og sérstaklega um stjórn fiskveiða eða sjávarútveg vegna þeirra ströngu laga sem *gilda um þá atvinnustarfsemi*, ekki hvað síst vegna þess að réttindi sem menn þurfa að afla sér, sem á annað borð er gert skylt að starfa innan kerfisins, liggja ekki á lausu, ríkið hefur þau ekki tiltæk fyrir þá sem gert er skylt að starfa eftir þeim reglum heldur verða menn að afla sér þeirra á einkamarkaði af þeim sem hafa þau í dag, þegar þeim sýnist, á því verði sem þeim sýnist. Þróun í þeirri atvinnugrein sem frumvarpið tekur á eru því settar ákaflega þröngar skorður, en það er rekstur og útleiga á bátum sem eru fyrst og fremst skemmtibátar fyrir fólk sem er í fríum og nýtur náttúrunnar og útiveru en er ekki í atvinnustarfsemi. Það er grundvöllurinn fyrir því að það er verið að þróa eitt afbrigði eða nýja tegund af ferðaþjónustu og ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt að fella umgjörð um hana undir löggjöf um stjórn fiskveiða. Meðal annars vegna þess sem fram hefur komið áður í umræðunni að það er mikill kostnaðarmunur á starfseminni eftir því hvort hún fellur undir þá atvinnu og þau skilyrði sem mönnum er gert að uppfylla þar eða sem tómstunda- eða ferðaþjónusta.

Það er líka munur á því hvaða réttindi og skyldur menn þurfa að uppfylla til þess að stjórna þessum bátum. Ég vara við því að menn fari að negla þennan vaxtarbrodd í ferðaþjónustu undir löggjöfina um stjórn fiskveiða. Það er sjálfsagt að skoða *málið í þingnefnd* og fá fram skýringar ráðherra á því hvers vegna hann leggur þetta til en ég held að nefndin verði að skoða mjög vandlega sjónarmið þeirra sem eru í þessari atvinnugrein og möguleika á að atvinnugreinin þurfi að þróast áfram og verða öflugri frá því sem nú er þannig að þetta verði sannkallaður vaxtarbroddur en ekki vaxtarbroddur sem verði kæfður í fæðingu vegna einhverrar þráar eða þarfar til þess að loka möguleikum manna til að fara á sjó öðruvísi en eftir þeim reglum sem menn hafa sett sér um veiðar í atvinnuskyni.

Ég held að það sé eðlilegast að líta á umgjörð fyrir þessa starfsemi út frá hinu sjónarmiðinu, að þetta séu tómstundaveiðar eða tómstundastarfsemi, því að það er mjög mismunandi hvaða veiðar falla undir í þessum tilvikum, það fer eftir þeim mönnum sem eru um borð hverju sinni. Sumir vilja ekki veiða neitt, aðrir hafa gaman af að veiða nokkra fiska og enn aðrir hafa gaman af því að veiða marga fiska og flaka þá og taka þá með sér heim. Ég held að hið eðlilega í þessu sé að setja reglur um tómstundaveiðarnar, kannski frekari reglur um þær en við höfum í dag. Það er út af fyrir sig rétt að ef það verður mikill vöxtur í þessu og nokkur þúsund manns á ári hverju stunda þetta, að fara til sjós á bátum sem þeir eiga ekki sjálfir og sumir veiða og þá geta menn auðvitað veitt töluvert magn. Ef menn veiða mikið er eðlilegt að menn setji einhverjar reglur um það og væntanlega er skynsamlegast að setja þá reglur um eitthvert visst magn á mann eða eitthvað slíkt, hugsanlega reglur um veiðarfæri sem menn mega nota. Mér finnst t.d. heldur

þröngt að afmarka það bara við handsnúnar handfærarúllur, ég held að menn verði að gefa mönnum kost á að nota sjóstöng sem dæmi eða jafnvel eitthvert þróaðra veiðarfæri, en að takmarkanir verði settar um það magn sem menn megi draga úr sjó og gera sér mat úr.

Það er hugsanlegt að það þurfi að gefa fyrirtækjum sem standa fyrir sjóstangveiðikeppni einhverja möguleika á að selja aflann en ég hélt að það væri búið að leysa það mál í ráðuneytinu þannig að ég á ekki von á að það sé neitt vandamál, ég held að það liggi fyrir sæmileg niðurstaða í þeim efnum.

Ég vara því heldur við því að fara inn á þessar brautir. Ég held að það eigi frekar að nálgast málið út frá ferðaþjónustunni eða tómstundagamninu og setja þá nauðsynlegar reglur út frá þeim sjónarmiðum fremur en að negla menn inn í kvótakerfið og gera menn bundna af þeim frumskógi af lögum og reglum sem þar gilda.

[12:02]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson fór svo vel yfir þetta mál að ég get tekið undir ræðu hans í heilu lagi. Mig langar samt til að bæta örlitlu við í umræðuna.

Ég vil spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hverjir hafi kallað eftir þeim ráðstöfunum sem hæstv. ráðherra er að beita sér fyrir. Var það ferðaþjónustan? Ég hef ekki trú á að það hafi verið ferðaþjónustan. Mér er hins vegar alveg kunnugt um að hjá LÍÚ hefur mönnum alltaf verið illa við þessar frjálsu veiðar til eigin nota sem leyfðar eru á Íslandi í dag og þeim þótti það hið versta mál að það skyldi vera haft inni í fiskveiðistjórnarlögunum að menn gætu farið og veitt sér í soðið.

Ég held þess vegna að hæstv. ráðherra, sem segist ekki vera þjónn LÍÚ, sé að framkvæma það sem þeir hafa óskað eftir og taka með einhverjum hætti á þessum málum. Hann klæðir þetta í þann búning að verið sé að opna mönnum leið. Það er engin ný leið opnuð fyrir menn með þessum hætti. Þetta er bara þannig að menn geta ákveðið þetta sjálfir, ef þeir vilja gera út með einhverjum hætti eða veiða meira en þeir geta nýtt til eigin nota eða þeir sem fara til sjós á bátunum þeirra, þá verða þeir að horfast í augu við það að verða að fara inn í gamla kerfið sem er í gangi til að geta selt fisk á markaði. Leiðin sem hæstv. ráðherra er að tala um að opna er galopin. Það er því ástæða til að halda að hæstv. ráðherra telji, og hann ætti þá að upplýsa það hér, að verið sé að svindla, fara á bak við á einhvern hátt, selja á svörtum markaði eða eitthvað svoleiðis og hann ætli að girða fyrir það. Hæstv. ráðherra hefur ekki fært það fram til umræðunnar, a.m.k. ekki enn þá.

Síðan fylgja þessu fjölmörg vandamál. Hvað með allt eftirlitið sem nú þarf að setja upp? Hvernig ætla menn t.d. að fylgjast með því hvort hv. þm. Jón Gunnarsson tekur einhvern aur upp í olíuna, eins og hann nefndi áðan? Eða á þetta kannski að vera þannig að eigi menn bát skuli þeir bara fara einir á sjó og megi ekki taka með sér kunningja til að fara á veiðar? Ég tel enga þörf á því frumvarpi sem hér liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Engin?) Ég tel reyndar að hæstv. ráðherra hafi komist svo að orði í lok ræðu sinnar þegar hann mælti fyrir frumvarpinu að hann vonaðist til þess að málið fengi framgang í þinginu, hann geri sér grein fyrir því að það sé ekki endilega víst að menn fallist á málið en að hann hafi af þjónkun við útgerðarauðvaldið í landinu viljað flytja málið af því að það sé búið að sarga um þetta nógu lengi og hann hafi viljað gera eitthvað fyrir það.

Ég sé engin rök fyrir því að gera þessa breytingu. Það er nóg að fylgja eftir þeim reglum sem eru í gangi hvað þessa hluti varðar, því að ef menn ganga löglega um garða er engin þörf á þessari lagasetningu.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta vegna þess að ég tel málið þarflaust. Ég treysti því að hv. formaður sjávarútvegsnefndar bregði ekki vana sínum og fari ekki að halda marga fundi um svona ónýt mál og við getum bara verið rólegir með að leyfa þessu máli að daga uppi eins og svona mál eiga að gera á Alþingi sem engin þörf er á.

Ég vil ljúka máli mínu um þetta frumvarp með því að taka undir það sem hv. þm. Jón Gunnarsson sagði og biðja hæstv. ráðherra að skýra nákvæmlega hvað hann á við með síðari hluta þessarar greinar sem hér er lagt til að sett verði í lögin:

„Um veiðar og afla fer samkvæmt gildandi reglum um veiðar í atvinnuskyni. Ráðherra getur þó með reglugerð sett sérstakar reglur um veiðar og afla, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra, tilkynningar og skýrsluskil."

Er tilgangurinn með frumvarpinu að hluta til sá að reyna að búa til reglur sem eru eitthvað öðruvísi ef menn ætla að fara þá leið sem hér er til staðar, að menn þurfi þá ekki að skila skýrslum eða færa afladagbækur með sama hætti og aðrir? Hvað vill hæstv. ráðherra hafa öðruvísi ef hann ætlar að setja reglugerð samkvæmt þessari grein? Það væri gagnlegt að fá að vita það nákvæmlega, því að ef þetta verður á einhvern hátt öðruvísi en í hinu kerfinu gæti hugsanlega verið að opnast ný glufa í kerfinu sem gæti undið upp á sig ef það yrði með einhverju móti hagstæðara að gera út í því eða á einhvern hátt léttara að hefja útgerð með því að hafa ferðamann hjá sér um borð þegar maður fer til veiða.

[12:06]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Þetta mál er ekki stórt í sniðum en það er afar athyglisvert. Það er hárrétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, það kunna að opnast ýmsar glufur verði málið samþykkt, sem ég vona að alls ekki verði.

Ég sé það t.d. í hendi mér, sérstaklega ef menn ætla að setja einhverjar hliðarreglur og alls konar öðruvísi reglur í kringum þetta, að þá komi upp alveg nýr ferðamannaiðnaður sem gæti heitið „ráðinn ferðamaður á atvinnubát í sportveiðum". Hann fengi að dvelja í svona þrjár vikur um borð og þar með væru menn komnir með alveg sérstakar reglur við útfærsluna á þessu — og gengur nú hæstv. ráðherra, vinur minn, í salinn.

Ef mönnum tekst að þróa þetta, að ráða ferðamenn til að vera á bátum þegar farið verður að veiða eftir þessari reglu, þá spyr ég: Hefur hæstv. ráðherra hugsað sér að þróa þessa aðferð á öðrum vígstöðvum, t.d. við lundaveiðar? Að ráða þar sérstaklega erlenda ferðamenn til að fara með í hópa svo menn geti sett þær inn í eitthvert kerfi? (**JÁ:** Þá þurfa menn ekki veiðikort.) Ég er ekki að tala um veiðikort, það eru bara mannleg mistök og ekki hægt að skamma hæstv.

ráðherra fyrir það. Það sem ég er einfaldlega að segja með þessum orðum, sem eru í svolitlu gríni sögð en þó í fullri alvöru, að við megum ekki þróa þessar reglur þannig að við vitum ekki hvar við ætlum að enda með þær. Við megum ekki lenda inn í einhverju ferli með þessar nýju atvinnugreinar sem menn eru að þróa í ferðamannaþjónustu í tómstundaveiðum eða hálfgerðum sportveiðum sem ferðamenn hafa sótt í, eins og það sem kallað hefur verið á Vestfjörðum „fjordfishing" eða annan slíkan veiðiskap sem við stundum hér á landi vegna þess að ef menn fara af stað með þetta hygg ég að huga þurfi að ýmsum reglum sem snúa að réttarstöðu fólks og hvernig standa skal að því.

Ég er viss um að um leið og menn gera það sem hér er verið að leggja til, þó að því sé haldið fram að þetta geti orðið til þess að menn eigi auðveldara með að fara í þessa starfsemi vegna þess að þeir geti farið að taka til sín aflaheimildir úr kerfunum, þá kemur náttúrlega leiguverðið og söluverðið á kvótanum strax inn í þann reikning. Halda menn að mikill áhugi verði á því innan mjög skamms tíma þegar verðgildið á kvótanum, eins vitlaust og það er orðið, er komið inn í þessa atvinnustarfsemi og menn eiga að fara að borga fyrir það í gegnum veiðileyfin?

Ég hef aðeins séð hvernig þetta hefur verið að gera sig vestur á fjörðum. Það er mjög áhugavert eins og t.d. í Súðavík þar sem leigðir eru út litlir bátar, þetta er nánast eins og bílaleiga, menn leigja bátinn án skipstjóra, fara til fiskveiða með sjóstöng og koma með aflann að landi og hafa síðan sérstaka aðstöðu til að flaka aflann eða hantera hann fyrir sig og sína. Ég hef litið svo á að hægt væri að þróa þann þátt miklu meira, t.d. að byggja upp betri aðstöðu fyrir ferðamenn sem koma til landsins og veiða svolítið af fiski og hantera hann, kenna þeim að fara betur með hann og nýta hann. Ég tel þetta vera ákveðna kynningarstarfsemi. Það mætti líka kenna þeim ákveðnar verkunaraðferðir sem þeir kunna ekki í dag, eins og að flaka fisk og þurrka hann síðan í harðfisk fyrir þá á tiltölulega stuttum tíma og þeir gætu tekið hann með sér sem slíkan að hluta, ef þeir vilja. Þannig gætum við smátt og smátt kynnt aldagamla verkunaraðferð sem mönnum hefur kannski ekkert endilega verið ljós í öðrum löndum en er þó samt sem áður víða þekkt í hinum eldri veiðisamfélögum Norður-Skandinavíu hvað þetta varðar.

Ég lít ekki svo á, hæstv. forseti, eins og ég held að hæstv. ráðherra hafi orðað það áðan, að með því fyrirkomulagi sem hér er verið að leggja til hefðu útlendingar vaxandi skemmtun af því að stunda fiskveiðar. Ég held að um leið og menn geri þetta komi kvótaverðið inn í, það verður ekki hjá því komist. Þetta verður til að hefta þá starfsemi sem hefur verið að þróast og ég lít svo á að þessi nýja atvinnustarfsemi eigi að fá að þróast áfram frjálst og óháð þeim kvótareglum sem við höfum verið með. Hæstv. ráðherra benti á að sveitarfélögin gætu m.a. notað byggðakvóta í þessu sambandi. Þá kemur auðvitað upp krafan um að byggðirnar fái nánast allar byggðakvóta, því að þær hljóta að eiga að sitja við sama borð í þróun nýrra atvinnugreina. Varla á að hafa það misjafnt, varla á það að tengjast því að menn hafi misst kvóta úr byggð á undanförnum árum að þeir geti ekki fengið að þróa nýjar atvinnugreinar. Menn mega ekki hengja þetta í það, ég held að menn hljóti að átta sig á því þegar þeir setja það í slíkt samhengi.

Að mínu viti getum við ekki sett svona höft á þessa atvinnugrein eins og hér er lagt til. Ég tel varhugavert að fara þá leið og þetta eigi að fá að þróast áfram og menn eigi að finna þessu þann farveg sem áhugaverðastur er. Við getum ekki stefnt þessu í það að verðlag á nýtingu þessarar atvinnustarfsemi fari úr böndunum með því að tengjast kvótakerfinu og verði þar af leiðandi mikil höft á framþróun þessarar greinar. Ég dreg mjög í efa að útlendingar hafi af því meiri skemmtun þó að verðið á þessum veiðiheimildum fari upp í samræmi við veiðiheimildir í kvótakerfinu. Ég held að það gerist ekki.

Ég tel að það geti verið mikil landkynning af þessu, m.a. af því að kenna fólki að verka þann fisk sem það vill taka með sér úr landi. Meginreglan hefur hingað til verið sú að menn mættu taka með sér þann fisk sem þeir veiddu án þess að um vélvæddar veiðar væri að ræða, með handvirkum búnaði, sjóstöng eða þess vegna handfærarúllum með gamla laginu. Reyndar tel ég að þær reglur hafi verið of takmarkaðar og fæ ekki séð hvers vegna menn megi t.d. ekki veiða skarkola í net ef þeir hafa sérstakan áhuga á að veiða skarkola í soðið. Hákarl er ekki í kvóta sem betur fer og háfurinn ekki heldur enn þá og ekki lóskatan. Það eru örfáar virðulegar fisktegundir sem ekki hafa ratað inn í kvótakerfið, sennilega fyrir einhver mistök. (**Gripið fram í:** Það má ekki leggja línu ...) Það má leggja línu fyrir allar tegundir sem ekki eru inni í kvótakerfinu. (Gripið fram í.) Þetta veit hv. þingmaður mætavel, ég þarf nú ekki að uppfræða hv. þm. Jóhann Ársælsson um það eða telur hæstv. forseti að ég þurfi að halda fyrirlestur um þetta? (Gripið fram í.)

*Hæstv. forseti.* Um leið og við förum þá leið sem hér er verið að leggja til, að gera þetta að atvinnustarfsemi sem tengist kvótakerfinu, erum við komin í ákveðið far sem ég held að ekki verði aftur snúið með. Þá kemur að sjálfsögðu upp krafa um að settir verði skipstjórar með vélavarðarréttindi um borð í þessa báta og þá er þetta orðið eins konar hluti af kvótakerfinu. Það verður mjög margt sem þarf að athuga, ég tel t.d. að atvinnuveiðar innan kvótakerfisins geti ekki verið undanþegnar skýrslugjöf. Menn verða að staldra aðeins við í þessu.

Við skulum leyfa okkur það, hæstv. sjávarútvegsráðherra, þrátt fyrir kröfu LÍÚ um að allar hugsanlegar fisktegundir lendi í kvótakerfinu og öll hugsanleg atvinnustarfsemi sem tengist fiskveiðum með einhverjum hætti fari inn í kvótakerfið sem þeir ætla að eiga í framtíðinni sem sína einkaeign, að hafa eitthvað utan við það og leyfa nýrri atvinnustarfsemi og nýrri hugsun að þróast án þess að það eigi heima inni í hinu hefðbundna kvótakerfi eða veiðikerfi smábátanna.

Ég tel að hugsunin í þessu eigi að vera sú að þeir sem veiða þennan afla megi nýta hann til eigin nota eins og verið hefur og að erlendir ferðamenn sem stunda veiðar á slíkum bátum megi taka með sér aflann, bæði heim til sín eða þeirra dvalarstaða sem þeir dvelja á hér á landi, því að þeir dvelja yfirleitt í tvær vikur við þessar veiðar, þeir eyða í þetta hluta af sínu sumarfríi og þetta er yfirleitt sérstakt áhugamál þess fólks sem kemur til þessara veiða. Það er ekki spurning að þessari nýju atvinnustarfsemi fylgir mikil

landkynning og í rauninni mikil kynning á því hvernig við stundum sjávarútveg. Við megum ekki setja þessu of stíf höft, við eigum að leyfa þessu að þróast. Þetta er jákvæður þáttur í því að fólk skilji hversu miklu það skiptir okkur Íslendinga að nýta lífríkið á réttan hátt, þar með talið hvali og önnur dýr. Við megum því ekki setja þessu of mikil höft. Við eigum hins vegar að nota okkur þetta til þess að fólk átti sig á að þjóðin hefur lifað á sjávarútvegi um aldir og þó að nýjar atvinnugreinar hasli sér völl og sjávarútvegurinn sé þar af leiðandi með minni hlutfallsleg verðmæti í útflutningstekjunum en áður sé sjávarútvegurinn samt sem áður geysilega mikilvæg undirstaða byggðar í landinu.

Við tókum um það örlítið til umræðu áðan í tengslum við leigu á aflaheimildum hvaða áhrif kvótakerfið hefði haft á byggðirnar. Ég ætla ekki að blanda því sérstaklega inn í þessa umræðu vegna þess að ég lít svo á að það sem við erum að ræða hér sé í raun og veru framtíð nýrrar atvinnugreinar, nýrrar atvinnusköpunar, sem vissulega tengist því að taka eitthvað úr lífríki sjávar en það er nú svo að þar étur hver annan og það nær alveg frá hinum smæsta titti og upp í 40, 50 tonna langreiði. Við þurfum ekki að hafa sömu áhyggjur og LÍÚ-handhafarnir að aflaheimildum, að allt sem tekið er úr sjónum sé tekið af tittunum þeirra. Það er ekki svo. Það er engin ástæða til að sameinast þeim í grátkórnum um að einkaréttur þeirra sé þá ekki alveg í hendi ef slík atvinnustarfsemi fái að þróast sem við erum að ræða hér.

Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti, og ég mælist til þess að menn fari mjög varlega í að setja þessi höft á þróun nýrrar atvinnugreinar. Þar hafa engin slík slys orðið og ég sé ekki fyrir mér að þau verði í þessari atvinnugrein þó að hún fái að þróast dálítið frjálst á næstu árum. Það verður nægur tími til að setja henni stífari reglur síðar. Ég tek vissulega undir það að þetta er hluti af atvinnustarfsemi sem heyrir að stórum hluta undir ferðamál og kemur örlítið inn í nýtingu á heildaraflaheimildum en hefur engin teljandi áhrif á það hvernig uppbygging fiskstofna tekst til hér á landi ef miðað er við þær stjóstangaveiðar sem hingað til hafa verið stundaðar.

Fiskur sem bítur á krók gerir það vegna þess að hann er að leita að æti. Því hefur oft verið haldið fram varðandi líffræðilega nýtingu fiskstofna að það skipti verulegu máli hvort menn veiddu fisk með veiðarfærum sem hann tekur vegna þess að hann sé að leita sér að æti og leiti þar af leiðandi á mið þar sem hann tekur viðbót úr lífríkinu sér til viðurværis eða hvort menn veiddu fisk sem væri fullur af æti og væri ekki sérstaklega að leita eftir að nýta sér næsta einstakling. Afránið er auðvitað þekkt í þorskstofninum, menn vita að sá stærri étur þann minni og koll af kolli og oft hafa fiskimenn séð tveggja, þriggja kílóa fisk inni í þeim stærstu og jafnvel annan minni inni í þeim þegar að er gáð o.s.frv. Lífríkið sjálft er auðvitað stærsti afræninginn á fiskstofnana, það er staðreynd. Menn geta alveg reiknað það út að það sem við veiðum er brot af því sem þorskstofninn étur af sjálfum sér. Menn geta sett upp það einfalda reikningsdæmi með því að reikna út hvað 800 þús. tonna veiðistofn étur af sjálfum sér ef hann æti aðeins einn fisk sem væri hálft kíló á hverjum degi sér til viðurværis. Menn ættu að reikna það út og vita hvað þeir fengju út úr því. Það hleypur á stórum tölum, stærri tölum en við veiðum.

Að mínu viti er ýmislegt í allri umræðunni um kvótakerfið og nýtingu lífríkisins á misskilningi byggt og þess vegna hef ég tekið heils hugar undir þá stefnu sem sjávarútvegsráðherra hefur haft um að við eigum að nýta lífríkið allt, sjávarspendýr sem annað, vegna þess að það er hluti af þeirri keðju sem við erum að reyna að vinna í og vinna með en ráðum tiltölulega litlu um. Hins vegar er ekki ástæða til að auka á ójafnvægið þar með því að nýta ekki úr keðjunni það sem eðlilegt er að taka með líffræðilegum forsendum. Þar er ég á algjörlega öndverðum meiði við svokallaða umhverfissinna sem virðast alls ekki skilja þessa umræðu. Menn geta talið grös og fjólur en þegar á að reyna að reikna út sjávarlífríkið þá er eins og allt standi í hinum fróðustu mönnum. Það er bara svoleiðis. Þetta veit ég að sjávarútvegsráðherra veit jafn vel og ég.

Þetta eru varnaðarorð til hæstv. sjávarútvegsráðherra um að fara varlega vegna þess að ég vil sjá þann vaxtarbrodd þróast óhindraðan sem hefur verið að þróast í þessum veiðum og að menn finni þennan farveg. Ég hvet til þess að samhliða þessum veiðum og nýtingu aflans fari fram aukin kynning á íslenskum sjávarútvegi, fólki verði kennt að nýta aflann eins og hann kemur að landi, fólki verði kennt að nýta allar afurðir fisksins, ekki bara flökin heldur fleira, og fólk fái skilning á því að það eru verðmæti í öllum fiskinum. Þetta gæti hjálpað okkur mikið í rökræðunni almennt í nágrannalöndum okkar um það hvernig nýta eigi lífríkið og hvernig eðlilegt sé að nýta það, hæstv. forseti.

[12:25]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Við ræddum í morgun um hlutskipti hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hvað það væri ömurlegt að koma frá byggð sem hefði farið mjög illa úr kvótakerfinu og þar sem ekki hefði allt gengið sem skyldi. Hæstv. sjávarútvegsráðherra virðist ekki geta hugsað út fyrir kvótakerfið. Það sem er kannski sárast og furðulegast að horfa upp á er að fyrir hverja einustu kosningar hefur hann lofað að breyta kerfinu. En hvað hefur gerst? Hann hefur alltaf breytt því til hins verra og reynt að festa það æ betur í sessi. Það sem er líka mjög vafasamt og ég vil segja óheiðarlegt af hæstv. sjávarútvegsráðherra er að fyrir síðustu kosningar ætlaði hann einum stjórnmálaflokki að vilja eyðileggja sóknardagakerfið og skrifaði um það á heimasíðu sinni. Hvað gerðist? Eftir kosningar tók hann sjálfur upp á því að setja trillurnar í kvóta. En hann lætur það ekki nægja heldur kemur hann núna með einhverja skemmtibáta í kvótakerfið.

Því eru engin takmörk sett sem Sjálfstæðisflokkurinn tekur upp á. Það er eins og ekki sé hægt að hugsa sér stjórn fiskveiða án þess að vera með þennan kvóta sem engu hefur skilað þjóðinni nema tjóni. Það er undarlegt að horfa upp á hæstv. ráðherra í umræðunni um þessi mál og svo þegar hann kemur og reynir að rökstyðja mál sitt og maður segist ekki skilja það sem hann hafi fram að færa, m.a. vegna þess að hann vitnar í reglur sem hann setur sjálfur, það eru rökin fyrir vitleysunni, þá sakar hann menn um að skilja ekki rökin. En það er algjörlega óskiljanlegt hvers vegna halda eigi áfram með kerfi sem gengur ekki upp. Og í stað þess að leggja málefnaleg rök í umræðuna segir hann að menn séu

með tappa í eyrunum. Maður fer að spá í framhaldinu hvað sé á milli eyrna manna sem tala með þessum hætti. Að vitna í reglur sem þeir setja sjálfir og í lög sem hafa ekki gengið upp og finna eitthvert réttlæti í því að fara að setja minnstu trillurnar í kvóta en lætur sér það ekki nægja heldur fer í skemmtibátana líka og leggur stein í götu þeirrar atvinnugreinar sem er verið að byggja upp. Það er búið að svipta þessi byggðarlög réttinum til að sækja sjóinn. Menn hafa reynt að bjarga sér, leigja til sín aflaheimildir, eins og ég minntist á, og vitnaði til útgerðarmanns á Norðurlandi sem sagði að það væri ekki gæfulegt að ætla að vinna í því kerfi sem stjórnarflokkarnir hafa skammtað þeim og valið var að halda áfram að reyna að þrauka og steypa sér í enn meiri skuldir eða þá að hætta þessu, flytja í blokk í Reykjavík, eins og útgerðarmaðurinn orðaði það, og skilja eftir verðlausa eign. Þetta er byggðastefnan. Þetta er stefna hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ekki nóg með að hann hafi sett skemmtibátana í kvóta heldur hafa stjórnarflokkarnir líka verið í því að svipta bændur réttinum til að nýta eignarlönd sín.

Við höfum farið í gegnum það að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa í raun svipt bændur útræðisréttinum og líka réttinum til að nýta það land sem þeir eiga svo sannarlega út í sjó. Þetta gengur svo langt, eins og ég hef minnst á áður í ræðum mínum, að meira að segja er ólögráða börnum bannað að leggja línu í fjörur landsins vegna þess að það getur raskað kvótakerfinu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur alltaf sagt fyrir hverjar einustu kosningar að hann vilji breyta. Síðan hafa efndirnar verið þær að verið er að gera vont kerfi enn verra. Þetta er mjög alvarlegt sérstaklega í ljósi þess að kerfið gengur ekki upp líffræðilega. Ljóst er að fiskimið eru staðbundin og það eru aðrir þættir en veiðar mannsins sem ráða því hver afkoma, vöxtur og viðgangur fiskstofna er, m.a. að hvalir og fuglar himinsins taka 10–20 sinnum meira en við tökum úr hafinu af sjávarfangi. Síðan þegar menn hafa þær staðreyndir fyrir framan sig er farið að kroppa í örlitla smugu og reynt að loka henni, reynt að loka því þegar fólk er að reyna að bjarga sér bara vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn er kvótaflokkur. Það á að vernda kerfið. Þeim er nákvæmlega sama um fólkið, eins og fram kom í umræðunni í dag. Þótt fólkið fari með 70% af tekjum sínum í að borga leigu til einhverra sem eru handhafar auðlinda þjóðarinnar, eins og kerfið er nú skipað, þá er þeim nákvæmlega sama og alveg sama um réttlæti í þessu og maður furðar sig á því hvað á að ganga langt.

Það verður að segja eins og er að hæstv. sjávarútvegsráðherra getur verið slungínn stjórnmálamaður þótt hann sé ekki réttlátur, hann er mjög óréttlátur og hann er mjög vondur við byggðarlögin. Það sér fólk ef það lítur yfir tölur um mannfjölda á Vestfjörðum og víðar, að hann reynir að dreifa athyglinni frá óstjórninni hér heima með því að fara að ræða fiskveiðistjórn fyrir utan 200 mílurnar og reynir að beina athyglinni að einhverjum sjóræningjaveiðum á alþjóðlegu hafsvæði. Ég hefði talið miklu nær að hæstv. sjávarútvegsráðherra beindi athygli sinni að því að leysa úr þeim vandamálum sem uppi eru, m.a. hvað kjör sjómanna hafa versnað og það er engin spurning um það að þeir þurfi að taka þátt í kvótaleigu. Ef það heitir ekki kvótaleiga er til annars konar kerfi sem er sambærilegt, að fiskur er seldur í föstum samningum sem eru langt undir markaðsverði. Það er í rauninni annar angi af kerfinu, að í stað þess að leigan svokallaða skerði tekjur þeirra er markaðsvirði fisksins miklu hærra en það raunverulega verðmæti sem hlutur sjómannsins er reiknaður út frá. Þetta er það kerfi sem Sjálfstæðisflokkurinn býður upp á. Maður er gáttaður á þessu.

Þegar við í Frjálslynda flokknum leggjum fram tillögur til þess að aflétta þessari ofstjórn sem hefur engu skilað, nákvæmlega engu, er jafnvel reynt að snúa út úr þeim eins og hæstv. ráðherra reyndi að verjast í dag. Hvað er svarið hjá Sjálfstæðisflokknum? Það er meira og stærra eftirlitskerfi til að reyna að halda öllum innan marka þessa ömurlega kerfis og passa upp á að ekki verði farið að einhverju leyti á svig við það. Upphæðin sem fer í að fylgjast með sjómönnum landsins er farin að nálgast einn milljarð. Þetta fer að slaga upp í þá upphæð sem fer í að reka ríkislögreglustjóraembættið. Maður veltir fyrir sér hvort þetta séu áherslurnar hjá Sjálfstæðisflokknum að fylgjast svo með sjómönnum landsins, það fer miklu meiri kraftur í þetta en að fylgjast með öllum samkeppnisbrotum og efnahagsbrotum þjóðarinnar. En það er ástæða fyrir þessu, það er vegna þess að LÍÚ er inn undir hjá kvótaflokknum, Sjálfstæðisflokknum, og stjórnar honum nánast. Frumvarpið snýr akkúrat ekkert að hag almenning. Það er verið að leggja stein í götu þeirra sem ætla að bjarga sér. Ef konan sem ég nefndi í ræðu minni í utandagskrárumræðu í dag ætlaði að fara út úr þessum erfiða rekstri og fara í annan rekstur, ferðamannaþjónustuna, þá er henni gert að leigja aflaheimildir mjög dýru verði. Það er enginn afsláttur á því, hvað þá ef hún ætlaði að kaupa sér kvóta. Það er því alveg ljóst að frumvarpið er ekki til bóta fyrir þennan atvinnuveg, langt í frá.

Reiknikúnstirnar sem kerfið er byggt upp á gengur ekki upp. Hrefnan ein tekur talsvert meira magn en allur afli Íslendinga af Íslandsmiðum. Í staðinn fyrir að slaka á þessum reglum, slaka á eftirlitskostnaðinum og nota peningana í eitthvað þarfara, t.d. til rannsókna, þá er með frumvarpinu reynt að herða snöruna utan um byggðirnar og lagður steinn í götu þeirra. Þetta er fáheyrt og mjög ósmekklegt hjá hæstv. ráðherra vegna þess að fyrir síðustu kosningar ætlaði hann Samfylkingunni að leggja af sóknardagakerfið. Síðan sitjum við uppi með það að það er hæstv. ráðherra sem er ekki einungis búinn að leggja af sóknardagakerfið heldur er hann líka að setja skemmtibáta og túrisma í þetta kerfi sitt. Þetta er alveg stórundarlegt. Kerfi sem hefur reynst afar illa en það má ekki hnika því.

Maður veltir fyrir sér framtíð kerfisins, framtíð sjávarútvegs á Íslandi þegar menn hafa í raun girt fyrir alla nýliðun. Það sést t.d. best á aðsókn í skóla sem sinna menntun á sviði sjávarútvegs. Það er ekki einungis að dregið hafi úr aðsókn heldur hefur Sjálfstæðisflokkurinn líka lagt af skóla sem eru í þessari atvinnugrein, t.d. eins og Fiskvinnsluskólann. Ég lýsi furðu yfir þessari stefnu og forgangsröðun hjá hæstv. ráðherra sem kemur af landsbyggðinni, að koma með enn eitt frumvarpið sem heftir atvinnugreinina í stað þess að auka frelsið. Mér finnst svo ömurlegt að verða vitni að þessu að það væri fróðlegt að heyra viðbrögð hv. formanns sjávarútvegsnefndar, Guðjóns Hjörleifssonar, við frumvarpinu, hvort honum ofbjóði ekki þau vinnubrögð

sem hér er boðið upp á. Það væri mjög þarft að fá það í umræðuna hvort þetta sé endilega það sem við þurfum til þess að komast út úr ógöngunum sem sjávarútvegurinn er vissulega í.

Við vitum að skuldir sjávarútvegsins nálgast 300 milljarða ísl. kr. og afli upp úr sjó er í kringum 70. Þetta eru gríðarháar upphæðir. Heildarútflutningur sjávarafurða er eitthvað í kringum 130 milljarða. Það sem sjávarútvegurinn skuldar er því margföld ársvelta greinarinnar. Í hverju eru eignir hennar fólgnar? Ekki í nýjum skipum eða nýjum atvinnutækjum. Það er sjaldnast. Það er mögulega í uppsjávargreininni en ekki hvað varðar flotann því hann er að mestu orðinn gamall. Helsti bisnessinn og helsti arðurinn í greininni er að leigja frá sér. Segja má að leiguliðinn sé arðsamasti tekjuliður stórútgerðarinnar í landinu. Nú virðist eins og búið sé að mergsjúga leiguliðana. Það hefur komið fram í umræðunni og hæstv. sjávarútvegsráðherra viðurkennir það, að það á að koma ferðaþjónustunni í þetta og fara að mergsjúga hana líka með því að láta hana taka þátt í leigunni. Hvað verður næst hjá Sjálfstæðisflokknum? Hvað á að leigja næst, hvaða gæði? Maður spyr sig, sérstaklega í ljósi þess að kerfið hefur ekki skilað neinu, það hefur skilað okkur tjóni en samt er haldið áfram með það. En til að dreifa athyglinni fara menn í ýmsar æfingar, eins og áður segir, fara í að stjórna fiskveiðum í úthöfunum. Ég tel að hæstv. ráðherra ætti miklu frekar að líta sér nær því verkefnin eru svo sannarlega nær, herra forseti.

[12:40]

**Guðjón Hjörleifsson:**

Virðulegi forseti. Við erum að ræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þar sem veiðar í atvinnuskyni eru skilgreindar enn betur.

Viðaukinn sem settur verður í lögin miðast við að það teljist til veiða í atvinnuskyni ef eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða.

Hér er einungis verið að skerpa á og taka af allan vafa sem verið hefur um hvað teljist veiðar í atvinnuskyni. Það er eðlilegt að eigandi eða útgerð báts sem tekur gjald af þeim sem stunda veiðar á bát þurfi að hafa leyfi til að veiða í atvinnuskyni og nægilegar aflaheimildir í þeim kvótabundnu tegundum sem þeir veiða og hafa tekjur af.

Samkvæmt 6. gr. laganna um stjórn fiskveiða er heimilt „án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt".

Það verður engin breyting á þessu samkvæmt frumvarpinu. Við horfum til mikilla breytinga og jákvæðrar sóknar fyrir ferðaþjónustuna en það þarf samt sem áður að samrýmast því fiskveiðistjórnarkerfi sem við erum í. Núverandi fiskveiðistjórnarkerfi miðast við að hafa yfirsýn yfir þann afla sem veiddur er og stjórna fiskveiðum.

Virðulegi forseti. Það er jákvætt hjá þeim einstaklingum sem hafa bætt við einum möguleika enn til að gera Ísland að spennandi ferðamannalandi. Sumir erlendra gesta koma nær eingöngu til landsins til að fara á handfæraveiðar eða veiða á stöng sér til afþreyingar. Þarna eru mikil sóknarfæri og viðbúið að afli muni aukast töluvert.

Þetta eru ekki stórar veiðitölur í dag en þær eru að aukast og hvað sem öðru líður er ljóst að umræddir bátar eru nýttir í atvinnuskyni og eru fiskveiðar þáttur í þeirri nýtingu. Þeir sem stunda þessi viðskipti hljóta að meta það hvort hagkvæmara sé að gera út bátinn sinn eða tengja útgerð sína ferðaþjónustu. Ég fagna þeim frumkvöðlum sem koma inn í þennan valmöguleika fyrir ferðamanninn.

Í frumvarpinu er sjávarútvegsráðherra einnig heimilt að setja sérstakar reglur um þessa báta hvað varðar skyldur skipstjóra og tilkynningar og skýrsluskil til stjórnvalda varðandi veiðar og afla en þess eru dæmi að þessir bátar hafa farið til veiða án þess um borð sé skipstjóri. Það er því nauðsynlegt að hafa þessa heimild til staðar.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson kvartaði áðan yfir því að ekki hefði verið haldinn fundur í sjávarútvegsnefnd. Örugglega eru fleiri nefndarmenn búnir að kvarta. Ég held að skýringin á því að ekki er komið frumvarp fyrir nefndina sé sú að hér var málþóf í RÚV-frumvarpinu í 10–12 daga sem var stjórnað af Samfylkingunni. Ég er búinn að bíða spenntur eftir að fá að taka inn þetta frumvarp og fleiri. Ég veit að Jóhann Ársælsson mun hliðra til og við munum halda eins marga fundi og þarf í sjávarútvegsnefnd til að ljúka þeim málum sem verða tekin fyrir nefndina.

[12:43]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að sjálfstæðismenn halda gríðarlega mikið upp á þetta kvótakerfi sitt. Þeir virðast lifa í þeirri trú að það verði meira spennandi fyrir ferðamanninn að fá að veiða fiskinn ef hann er innan kvótakerfisins.

Ég er ekkert viss um að svo sé, herra forseti. Ég held að það sé ekkert meira spennandi. En það er greinilegt að sjálfstæðismenn halda að það verði miklu meira spennandi ef það er hægt að hafa þetta innan kerfisins.

Mig langar að spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndarinnar hvort ekki sé hægt að beita einhverjum öðrum aðferðum, t.d. að hafa frjálsar veiðar einn kílómetra frá landi til að aflétta þessum eftirlitskostnaði. Þessir bátar fara trúlega ekki með ferðamennina mjög mikið út á rúmsjó. Þá þyrfti ekki að fara að mæla upp úr bátunum kvölds og morgna þegar þeir koma að landi heldur væri kannski hægt að fylgjast með að þeir væru þá bara á ákveðnum slóðum og aflétta þessum eftirlitskostnaði.

Ef það er ekki vilji til þess, ætla menn þá að auka eftirlitskostnað? Hann hlýtur að vaxa ef þessi ferðaþjónusta verður jafnblómleg og -spennandi og menn halda. Það er greinilegt að hv. þingmaður heldur að það trekki mjög að veiða innan kvóta, og ég spyr: Mun eftirlitskostnaðurinn ekki vaxa af þessu ef þetta verður svona spennandi og bátarnir svo margir?

[12:45]

**Guðjón Hjörleifsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, frjálslyndir reyna allt til að brjóta kerfið upp og nú er það kílómetrinn frá landi sem ætti að veiða á. Við erum bara komin með alvörukerfi sem við ætlum að stjórna og ég tel að ferðamaðurinn sem kemur til lands að veiða viti ekkert hvort hann veiðir í kvótakerfi eða

ekki. Það er rekstraraðilinn, aðilinn sem stjórnar fyrirtækinu, sem ákveður hvað þetta kostar. Ég hef mikla trú á því að þetta séu menn sem hafi efni á að borga mönnum vel fyrir og menn haldi áfram í þessu þrátt fyrir þetta frumvarp.

Eftirlitskerfið verður ekkert meira, þetta er sami bátur og hefur stundað veiðar, bara með öðrum hætti, í atvinnuskyni, og fer að veiða með ferðamanninn. Það er engin fjölgun þar og ég á ekki von á því að eftirlitskerfið þurfi að aukast út af þessu frumvarpi.

[12:46]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hafa hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar verið þekktir fyrir mikinn áhuga á lundaveiðum. Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hv. þingmanni hvort hann telji að lundaveiðin í Eyjum yrði t.d. meira spennandi ef hún yrði sett í kvóta. Svo er að heyra hér sem þetta sé alvörukerfi og hafi skilað gríðarlega miklu og geri jafnvel veiðarnar enn þá meira spennandi.

Ég vil aðeins ræða þessa trú hv. þingmanns á því að þetta sé alvörukerfi. Hvað á hann við? Á hann við að þetta sé alvarlegt kerfi vegna þess að það hefur komið byggðum landsins mjög illa, m.a. Vestmannaeyjum? Þetta hefur komið byggðunum afar illa, því verður ekkert á móti mælt. Hvað á hann við þegar hann segir að þetta sé alvörukerfi?

Ég segi að þetta kerfi hafi skaðað þjóðina alveg gríðarlega mikið og valdið sóun, brottkasti, og svo talar maðurinn hér, hv. þingmaður, eins og þetta sé eitthvað „alvöru" og að við eigum að halda í þetta. Þetta er fáránlegt kerfi sem hefur hvergi gengið upp. Hver er uppbyggingin í því? Við veiðum helmingi minna af þorski en við gerðum fyrir daga kerfisins.

Að segja það hér að þetta sé alvörukerfi er með ólíkindum. Það má vera, ég ætla ekkert að draga það í efa, að hv. þingmanni þyki meira spennandi að vera í kvótaveiðum. Þá væri fróðlegt að heyra hvort hann vildi taka það upp við annan veiðiskap einnig.

[12:48]

**Guðjón Hjörleifsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi lundaveiðina, hvort það væri meira spennandi að setja hana í kvóta, get ég upplýst hv. þm. Sigurjón Þórðarson um það að lundaveiðin er á sóknardögum frá 1. júlí til 15. ágúst (Gripið fram í.) þannig að þá veiðir maður alveg eins og maður getur. Stofninn er mjög stór svo að ekki þurfum við að hafa áhyggjur af honum. Það eru um 6 milljónir lunda í Vestmannaeyjum.

Þetta kerfi er orðið viðurkennt á heimsvísu og margir dást að okkur fyrir að hafa stjórn á fiskveiðunum, það er alveg ljóst — (Gripið fram í.) talandi um Vestmannaeyjar — að Eyjamönnum vegnar vel. Þeir hafa starfað lengi í þessu kerfi og það er það mikið að gerast núna hjá okkur að það er að fjölga töluvert í flotanum. Þrjú eða fjögur skip eru í smíðum erlendis þannig að það er töluverð fjölgun frá því sem verið hefur.

Ég hef mikla trú á því að við eigum að festa þetta kerfi í sessi og taka á öllum málum. Þetta er dæmigert mál sem var ágreiningur um og ekkert óeðlilegt en við munum taka umræðu um það í nefndinni.

Ég veit að hv. þm. Jóhann Ársælsson mun hjálpa mér að koma þessu máli í gegn með því að mæta alltaf á fundi eins og hann hefur gert og halda fundi hvenær sem við þurfum.

[12:49]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var að velta fyrir mér hvort hv. þingmaður hefði skoðað þetta mál vel vegna þess að hann er þegar tekinn að mæla mjög fyrir því áður en það er tekið til skoðunar í nefndinni, þ.e. hvort hann hafi t.d. velt því fyrir sér hvort það muni breyta einhverju hjá þeim sem verða skyldaðir til að fara inn í kvótafyrirkomulagið. Nú er það þannig að sjómenn mega taka í soðið í túrnum sínum. Ég veit að á frystitogurunum taka menn gjarnan með sér einn kassa af flökum í land. Gæti það ekki verið þannig að menn tækju með sér í land í soðið eins og þeir hafa áður gert, það sem þeir geta notað til eigin neyslu, þannig að þetta mundi þá ekki breyta að því leyti til miklu?

Það mun þó breyta því að viðkomandi aðili verður að fara með bátinn sinn inn í kerfið og borga allt sem því viðkemur, fara undir allar reglurnar sem eru í gangi, skila veiðiskýrslum o.s.frv. Þannig er verið að leggja hömlur á viðkomandi starfsemi, jafnvel þótt hún breytist ekki að öllu leyti.

Ég held líka — ja, ég vil svara því sem hv. þingmaður spurði um, hvort ég muni ekki vinna að málinu í nefndinni. Jú, jú, auðvitað mun ég mæta á fundi nefndarinnar og taka þátt í að afgreiða mál en það er athyglisvert að hv. þingmaður er með þessu að draga athyglina að því að hann telur enga ástæðu til að afgreiða þau mál sem liggja fyrir nefndinni núna. Ég fagna því auðvitað að sjá að hann hafi séð að þau ættu ekki öll erindi í gegnum þetta þing.

[12:51]

**Guðjón Hjörleifsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson segir, menn mega taka með sér í soðið. Ég tel að það sé allt mjög eðlilegt en það þarf náttúrlega að vera innan marka.

Við vitum að þarna er verið að byggja upp atvinnugrein og þarna eru sóknarfæri og miklir möguleikar. Ég held að við verðum bara að ræða hreint um þetta. Það þurfa allir að starfa í þessu kerfi og menn þurfa að vera með heimildir til að veiða. Við getum ekki haft neinar undanþágur frá því. Þetta mál finnst mér bara vera mjög einfalt gagnvart því kerfi sem við erum í í dag.

[12:52]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að hnotabítast við hv. formann nefndarinnar um málið núna vegna þess að það getur bara sett stífni í það. Hann hefur alveg átt það til að taka tillit til þess þegar skynsamleg rök hafa komið fram fyrir því að mál séu vitlaus og eigi ekki að afgreiðast út úr nefndinni. Ég ætla ekki að spilla því ef við getum komist að samkomulagi um það í framhaldinu.

Ég held að það sé alveg ástæða til að skoða þetta mál mjög vandlega. Þarna eru á ferðinni hlutir sem geta valdið verulegum vandræðum fyrir þá sem eru að reyna að bjarga

sér í ferðaþjónustunni og geta líka aukið vandræði fólks sem hefur haft gaman af því að fara til sjós, veiða í soðið, fara út á sjó með kunningjum sínum og vinum. Ég hef ekki séð að það hafi skapað nein sérstök vandamál.

Þeir einu sem virðast missa svefn yfir því eru á skrifstofu LÍÚ. Þeir hafa verið valdamiklir í þessu samfélagi og mig grunar að ekki komi afdráttarlaust svar frá hæstv. sjávarútvegsráðherra hér á eftir um að ferðaþjónustan hafi kallað eftir þessari lagasetningu, að hún hafi beðið um að þessi leið yrði opnuð til að halda áfram þeirri þjónustu sem þarna er bryddað upp á. Mig grunar að það sé alls ekki þannig.

Þess vegna held ég að það sé full ástæða fyrir formann nefndarinnar til að velta þessu máli vel fyrir sér. Við erum sannarlega tilbúnir til að fara saman með honum yfir þetta og skoða það vandlega og niðurstaðan verður væntanlega sú að þetta mál líti ekki dagsins ljós með þeim hætti sem það er hér lagt fram.

[12:54]

**Guðjón Hjörleifsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil meina að við værum langt komnir með að vinna þessi mál hefði umræðan um RÚV ekki tekið svona langan tíma. Það verður mikið starf í nefndum alveg til 15. mars.

Við höfum oft tekist á í sjávarútvegsnefnd en við höfum líka oft náð sameiginlegri lendingu. Það eru virkilega öflugir menn í nefndinni og við munum fara yfir þetta mál. Það getur vel verið að við komumst að sameiginlegri niðurstöðu eins og við höfum gert í mörgum málum í nefndinni.

[12:54]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Í umræðunni um þetta mál kom fram að það væri nauðsynlegt að festa þessa skemmtibáta í þessu kerfi til festa „alvörukerfið" í sessi. Það mátti skilja af orðum hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar að þetta kerfi væri alvörukerfi og ekki nóg með það, heldur væri það líka viðurkennt á heimsvísu.

Nú skulum við aðeins velta fyrir okkur hverjir hafi viðurkennt þetta kerfi. Það eru m.a. þeir sem hefur verið boðið hingað til lands af Hafró og orðið jafnvel uppvísir að svindli í vísindaheiminum. Einn þeirra er Ransom Myers sem kom hingað og átti hluta að vinnu við skýrslu þar sem allir fiskstofnar heimsins voru sagðir mundu nánast þurrkast út árið 2048. Þetta er einn af þeim sem hefur „viðurkennt þetta íslenska kerfi" og verið boðið hingað sérstaklega.

Við skulum aðeins velta fyrir okkur hvar kvótakerfi hafa gengið upp. Frá því að þessi kerfi voru tekin í notkun hér við Norður-Atlantshafið hefur botnfisksafli alls staðar dregist saman. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að þetta kerfi byggir á líffræði sem gengur þvert á viðtekin lögmál vistfræðinnar.

Það hefur komið fram og verið viðurkennt hér, m.a. af hæstv. sjávarútvegsráðherra, að það er ekkert samband á milli nýliðunar og hrygningarstofns. Það er líka staðreynd að afrán mannsins af t.d. þorskstofninum er miklum mun minna en afrán annarra tegunda og jafnvel þorsksins sjálfs, sjálfsráns hans.

Svo segir hv. þingmaður að þetta sé viðurkennt á alþjóðavísu. Það má miklu frekar segja að það hafi sannast að þar sem þetta kerfi hefur verið reynt hafi það ekki gengið eftir.

Til eru staðir þar sem menn nota ekki þetta kerfi, að stjórna fyrir fram hvað kemur upp úr hafinu, m.a. Færeyjar. Þar er sóknardagakerfið sem hv. þm. Guðjón Hjörleifsson dásamaði í Vestmannaeyjum þegar hann var að ræða um lundann. Það gafst afskaplega vel, lundastofninn í Eyjum er góður. Samt sem áður má ekki yfirfæra það kerfi á aðrar tegundir í náttúrunni vegna þess að þetta er „alvörukerfi". Hvað er svona alvöru við það? Það er einfaldlega það að hægt er að leigja úr því. Þetta snýst allt um kvóta. Þetta er bara svona peningakerfi. Þetta snýst ekkert um það að byggja upp þorskstofninn.

Engin rök hafa verið borin hér inn í umræðuna þar sem menn hafa getað bent á að þetta kerfi hafi gefist vel til að byggja upp þjóðarhag. Menn reyna að forðast alla umræðu um kerfið með því að drepa henni á dreif, tala jafnvel um stjórn fiskveiða fyrir utan 200 mílurnar og fara í ýmsar æfingar.

En það er ekki bara í Færeyjum sem menn hafa reynt annars konar stýringu. Það er víða annars staðar þar sem menn hafa ekki farið eftir þeim heildarafla sem hefur verið gefinn út. Og þar er enn þá að fiskast, og jafnmikið og áður. Það má benda á að það er ekki einungis hér fyrir austan okkur, heldur líka fyrir norðan, í Barentshafinu, þar sem veidd eru 100 þús. og jafnvel 200 þús. tonn árlega umfram ráðlagða veiði.

Hvað gerist? Það gerist ekki neitt. Það koma aflahrotur og síðan dregur úr afla þannig að þetta gengur svona sitt á hvað. Það er augljóst að það sem við tökum úr hafinu skiptir ekki öllu máli. Það sem skiptir öllu máli fyrir þá flokka sem ráða hér er að halda kerfinu, peningakerfinu, jafnvel þótt það þýði að heimabæir þeirra leggist í eyði, hvort sem það eru Vestmannaeyjar eða Bolungarvík. Það er nákvæmlega sama. Og þeim er nákvæmlega sama þó að sjómenn á þessum stöðum þurfi að borga 70% af aflaverðmætinu í leigu. Þeim er nákvæmlega sama um það. Það er bara verið að passa kerfið. Ef það kemur skemmtibátur á líka að setja hann inn í kerfið. Þetta snýst allt um það.

Það er með ólíkindum að þessir menn séu hér sem fulltrúar þjóðarinnar. Það eru fulltrúar kvótans sem tala hér. Það er varla hægt að hafa hér málefnalegar viðræður við þá, þegar maður reynir það hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra þann háttinn á að reyna að buna út úr sér eins hratt og hann getur einhverjum lagabókstöfum. Ef það dugar honum ekki les hann upp úr reglugerðum sem hann er nýbúinn að setja sjálfur. Það eru rökin sem hann færir inn í umræðuna en ekkert annað.

Kerfið hefur gengið illa. Það hefur valdið sárindum og búseturöskun og það særir réttlætiskennd þjóðarinnar — en ekki Sjálfstæðisflokksins. Hvernig stendur á því? (**JGunn:** Það er ekki réttlætiskennd þar.) Það er rétt að spyrja að því, herra forseti, hvort þar þrífist réttlætiskennd eða hvort mönnum sé alveg sama þótt eignir fólks í t.d. Vestmannaeyjum séu gerðar verðlausar. Fasteignaverð hefur víða lækkað út af þessu kerfi. Það er engin nýliðun. Það kemst enginn inn í atvinnugreinina — og er Sjálfstæðisflokknum

nákvæmlega sama um þetta?

Það sem sjálfstæðismenn óttast um er hagur kvótans og kannski lánastofnana. Ég ætla að ráðleggja sjálfstæðismönnum að slaka aðeins á varðandi það, þeir geta aðeins gefið eftir. Það er hægt að sleppa þessu frumvarpi. Það er ekki lífsins nauðsynlegt að setja þessa minnstu báta inn í þetta vonda kerfi. Það er vel hægt að komast af án þess. Það mun ekki raska ró bankastjóranna sem höluðu í hagnað 160 milljarða á síðasta ári.

Það er borð fyrir báru að breyta þessu kerfi. Við þurfum ekkert að óttast. Það eru svo mörg tækifæri í því. Það eru bara svo mörg tækifæri í því að minnka sóunina og ná miklu meira út úr auðlindinni en það er eins og að sjálfstæðismenn óttist þessar breytingar.

Við í Frjálslynda flokknum lítum með bjartsýni til þess að fá að takast á við það verkefni að breyta þessu kerfi. Það er spennandi. Það er að mörgu leyti auðvelt líka að breyta því og ég er sannfærður um að það verður betra fyrir alla sem starfa í atvinnugreininni, hvort sem þeir vinna hjá Samherja, Guðmundi Kristjánssyni eða trilluútgerðinni fyrir norðan sem þarf að leigja til sín aflaheimildir, það er miklu betra að starfa í grein þar sem sátt og friður ríkir. Það hefði ég talið. Það eru svo miklu meiri tækifæri.

Það er bara vont fyrir þá sem hugsa um að selja sig út úr greininni. Ég held að það sé komið á það stig núna að það sé búið að veðsetja þetta allt í topp. Menn verða að fara að leita leiða til að komast út úr þessu. Þegar 300 milljarðar eru komnir í veðsetningu og megnið af þeim er í aflaheimildum hljóta menn að sjá að þeir eru búnir að mjólka þetta eins og hægt er. Það er ekki hægt að ná miklu meira út úr þessu.

Að vísu er verið að leita hér að matarholum í túrismanum en kannski er ekki hægt að mjatla mikið inn með þessu frumvarpi fyrir vinina í LÍÚ. Við eigum miklu frekar að reyna að fá LÍÚ með okkur í lið til að breyta þessu. Það þarf að breyta þessu. Þetta kerfi gengur ekki upp. Það þýðir ekkert að vera alltaf með einhvern fýlusvip framan í þjóðina og bjóða upp á þetta óréttlæti í stað þess að bjóða upp á tækifæri til að komast út úr þessu. Þetta gengur ekki svona lengur.

Kannski er vert að spyrja hv. þingmann: Hvers vegna er greinin svona skuldug ef það er svona mikið halað inn, 10 milljarðar á ári í einhverja kvótaleigu? Hvað verður um þessa peninga? Hefur hv. þm. Guðjón Hjörleifsson áhyggjur af því? Nei, eflaust hefur hann það ekki.

Ég skora hér í lokin á hv. þingmann að velta fyrir sér hvert þessir fjármunir fari. Nýtast þeir sjávarútveginum eða nýtast þeir honum ekki? Er hægt að fara út úr greininni? Hvers vegna er greinin svona gríðarlega skuldug ef aðilar innan hennar fá 10 milljarða í tekjur af leigu aflaheimilda?

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er lokið. Það væri vert að ræða þetta lengur, eitt mikilvægasta mál síðari tíma (Forseti hringir.) og reyna að tína fram einhver rök hér frá hæstv. sjávarútvegsráðherra, málefnaleg rök fyrir því að (Forseti hringir.) setja skemmtibáta í kvótakerfið.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:05]

***Lokafjárlög 2005, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 562.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

***Fjarskipti, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 436. mál (öryggi í fjarskiptum og aukin neytendavernd). — Þskj. 547.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Vegalög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 437. mál (heildarlög). — Þskj. 548.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Tekjuskattur, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 53. mál (barnabætur). — Þskj. 53.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Almenn hegningarlög o.fl., frh. 1. umr.***

Frv. KolH o.fl., 39. mál (mansal, fórnarlambavernd). — Þskj. 39.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Um fundarstjórn.***

Mæting í atkvæðagreiðslur. [13:41]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég vildi einfaldlega vekja athygli á því að það hlýtur að heyra undir fundarstjórn forseta að reyna

að sjá til þess að nægilega sé mætt í atkvæðagreiðslur. Það vill svo til að á ráðherrabekkjunum voru þrír. Ég veit ekki annað en ráðherrar eigi líka að mæta til atkvæðagreiðslu ef á þarf að halda og vil bara vekja athygli á því að það eru ekki stjórnarflokkarnir sem eru að koma málum hér í gegn, hæstv. forseti.

[13:41]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti getur upplýst að í atkvæðagreiðslu tóku þátt 18 þingmenn stjórnarflokka og 15 þingmenn stjórnarandstöðuflokka. Það er nokkurn veginn í hlutföllum við skiptingu í þinginu.

## *Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 432. mál (frístundaveiðar). — Þskj. 520.

[13:41]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Málið sem við höfum rætt um í morgun er um það hvort setja eigi sérstök höft á nýja atvinnugrein, þá atvinnugrein sem margir hafa bundið vonir við, þ.e. að leyfa takmarkaðar fiskveiðar við land í verkefni sem hefur verið kallað fjarðaveiðar. Staðið hefur til að fá sérstaklega erlenda túrista til að koma hingað til veiða á minni skipum. Þetta hefur verið skipulagt sem átaksverkefni frá nokkrum byggðum, m.a. á Vestfjörðum og auðvitað hafa fleiri byggðir haft hug á því að koma inn í verkefnið.

Nú er verið að leggja það sérstaklega til að sá afli sem kemur á slík skip tilheyri kvótakerfinu og menn þurfi að fá aflaheimildir fyrir því. Ég vakti athygli á því í morgun, hæstv. forseti, að ég teldi óeðlilegt að setja þessi höft á þróun hinnar nýju atvinnugreinar sem yrði henni ekki til framdráttar.

Ég vil í lokaræðu minni spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra beinnar spurningar um það: Hvaðan er krafan komin um að svo verði gert sem hér er lagt til? Er hún komin frá LÍÚ, Samtökum ferðaþjónustunnar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga eða hvaðan er hún komin? Er þetta alfarið hugmyndasmíð fólks í sjávarútvegsráðuneytinu að leggja þetta til?

Ég tel sem sagt að hér sé því miður verið að vega að nýrri atvinnugrein og setja hana í ákveðin höft og bönd sem munu leiða til þess að kvótaverðið og kvótaleigan, sem við ræddum í morgun, muni fara beint í þessa atvinnugrein og hefta hana. Ég hef ekki trú á að erlendir ferðamenn hafi sérstakan áhuga á því að fara að leggja út fyrir leigu og kvótaverði í íslenskum sjávarútvegi. En það hlýtur að verða svo ef menn ætla að gera þetta út með einhverjum hagnaði og hafa einhvern arð af þeirri atvinnustarfsemi, að þá verða menn að fara með kostnaðinn út í gjaldtökuna á ferðamönnunum sem í þetta sækja ef á að vera hægt að reka þetta.

Ég vara þess vegna mjög við því, hæstv. forseti, að umrædd leið verði farin. Nóg er nú samt í kvótakerfinu þar sem búið er að tína inn nánast hverja einustu fisktegund í kvótakerfið og varla hefur útbreiðsla fisktegunda með hlýnandi sjó hér við land haft við að verða vaxandi afli án þess að rokið væri til og fisktegundin sett í kvótakerfið. Má þar nefna skötuselinn sem veiddist eingöngu við suðurströndina fyrir örfáum árum en veiðist nú vítt og breitt við strendur landsins eftir að sjór hlýnaði.

Hæstv. forseti. Engin ástæða er til þess að mínu viti, líffræðileg eða efnahagsleg, að setja atvinnugreininni sérstök höft með því móti sem hér er verið að leggja til. Ég tel að það muni ekki auka ferðamannastrauminn og ég tel að það muni ekki auka atvinnusköpun í kringum þennan iðnað að gera þetta á þennan hátt. Ég tel að hér sé rangt að staðið að fara þá leið og beinlínis er verið að leggja stein í götu þróunar atvinnugreinarinnar. Menn frá fjöldamörgum byggðum hafa hugleitt hvort hægt væri að stofna til slíks atvinnurekstrar í byggðarlögum sínum og hafa auðvitað horft til þess að veiðar á sjóstöng hafa hingað til ekki verið taldar kvótaskyldar og fólki hefur verið heimilt að nýta þann afla sem það veiðir sér til framfærslu, þ.e. fólk hefur mátt nýta aflann fyrir sig, vini sína og ættingja. Fólk hefur líka mátt láta verka fyrir sig fiskinn eða verkað hann sjálft og gengið þannig frá honum að hann sé flutningshæfur frystur eða í öðru formi til að taka hann með sér erlendis þegar um erlenda ferðamenn er að ræða.

Ég tel að með því að fara þá leið sem lögð er til í frumvarpinu munum við setja af stað þróun sem við sjáum alls ekki fyrir endann á. Ég held að það væri mjög æskilegt ef greinin fengi að þróast áfram eins og hún hefur verið að þróast á undanförnum tveimur árum, ætli það sé mikið meira síðan þetta fór að verða mjög bitastæður þáttur í byggðum eins og Súðavík og Tálknafirði, svo dæmi sé tekið.

Ég vil einnig vekja athygli á því, hæstv. forseti, að sumir bátar sem gerðir eru út til hvalaskoðunar hafa líka leyft gestum sínum að stunda takmarkaðar sjóstangaveiðar í hvalaskoðunarferðum. Útsýnisferðir til sjós hafa ekki verið tengdar kvótakerfinu hingað til með neinum hætti en þarna væri verið að tengja þær að hluta til í kvótakerfið. Þeir bátar sem hingað til hafa fyrst og fremst verið ferðamannabátar og útsýnisbátar, þó að einhvers staðar hafi verið stungið niður sjóstöng í hluta ferðarinnar, hafa ekki tilheyrt neinu sem heitir kvótakerfi eða takmörkunarkerfi eins og við þekkjum það í sjávarútveginum. Þess vegna held ég að mjög varhugavert sé að fara umræddа leið.

Ég hvet til þess að málið verði skoðað miklu nánar. Rætt verði við samtök í ferðaþjónustu og einnig þá sem hafa verið að gera út svokallaða útsýnisbáta til hvalaskoðunar eins og víða hefur verið. Við Vestmannaeyjar eru t.d. útsýnisferðir með björgum. Sama á við um Vestfirði þar sem ferðamannabátar hafa siglt og mönnum hefur ekki verið meinað að stinga niður sjóstöng. Það er afar vandasamt að draga þá línu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra ætlar að draga um hvenær sjóstöng er atvinnutæki og hvenær hún er það ekki. Ég hvet til þess, hæstv. forseti, og beini þeim orðum alveg sérstaklega til hæstv. sjávarútvegsráðherra og formanns sjávarútvegsnefndar, að menn staldri verulega við og skoði málið af mikilli kostgæfni vegna þess að það þjónar ekki tilgangi að setja höft á atvinnugrein sem er í þróun.

Hver voru helstu rökin fyrir því að setja fiskveiðar í kvótakerfið? Þau voru að byggja upp fiskstofnana. Það hefur ekki tekist. Þau voru að efla trausta atvinnu og byggð í

landinu. Það hefur ekki tekist. Menn hljóta væntanlega að geta verið sammála um að þar er mikil brotalöm á. Samkeppnin hefur verið mikil í kerfinu. Kvótar safnast á fáar hendur og arðsamasti eigandi fiskveiðiauðlindarinnar — hver er arðsamastur fyrir þá sem eiga fiskveiðiauðlindina og hafa hana á sinni hendi? Leiguliðinn. Leiguliðinn sem greiðir 160–180 kr. fyrir hvert einasta kíló áður en hann fer á sjó. Hann er arðsamasti aðilinn fyrir þá sem aflaheimildirnar hafa og fyrir þá sem hafa veð í aflaheimildunum, bankanum. Á þessu vildi ég vekja athygli og ég tel að þetta geti staðið atvinnugreininni mjög fyrir þrifum og að ekki sé rétt að fara þessa leið.

Svo er spurning út af fyrir sig sem ég ætla ekki að ræða sérstaklega um undir þessu atriði, hún er sú hvort allar þær fisktegundir sem við höfum verið að hamast við að tína í kvótakerfið eigi þar heima. Ég tel svo alls ekki vera. Það hefur verið algjört ofstjórnaræði og nánast verið farið að kröfu LÍÚ að pína hverja einustu tegund í kvótakerfið svo hún geti orðið að veðsetningu í bönkum landsins og lánastofnunum. Það er grunnurinn að því að alltaf er verið að reyna að fjölga fisktegundum í kvótakerfinu, að auka veðhæfnina. Hvert hefur það leitt okkur? Í hátt í 300 milljarða kr. skuld í sjávarútveginum þegar tekjurnar hafa nánast ekkert breyst, rokkað á 110–130 milljörðum á hverju einasta ári, þ.e. heildarútflutningstekjur sjávarútvegsins.

Nú er því kominn tími til að menn staldri við og haldi ekki því feigðarplani áfram sem hér er verið að leggja upp með. Ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða tillöguflutninginn (Gripið fram í.) og fara varlega í þá vegferð.

[13:51]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka kærlega fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og freista þess að svara þeim spurningum sem fyrir mig voru lagðar. Ég gerði í raun almenna grein fyrir tilgangi frumvarpsins í fyrstu ræðu minni og hef í sjálfu sér ekki mjög miklu við það að bæta, þó tvinnast auðvitað inn í þau svör sem ég reyni að gefa við þeim spurningum sem fyrir mig voru lagðar. Ég vona að þau skýri málið að einhverju leyti þó að ég geri í sjálfu sér engar kröfur til þess að menn verði mér endilega sammála.

Menn hafa mjög mikið spurt um það hverjir hafi kallað eftir lagasetningunni og reynt að færa fyrir því rök að það kynnu að vera hinir vondu útgerðarmenn sem hafi veiðiréttinn með höndum og vilji reyna að tryggja að ekki komi til nein veiði inn í landið sem ekki fari í gegnum veiðirétt þeirra. Það er ekki þannig. Sem betur fer hefur verið að eflast og verða til atvinnugrein sem var ekki til. Hún er á mörkum, getum við sagt, sjávarútvegs og ferðaþjónustu (**SigurjÞ:** Hver kallar eftir þessu?) — Virðulegi forseti. Það er þannig með hv. frammíkallanda að hann vill greinilega aldrei að ég svari spurningum. Ég ætla engu að síður að reyna að gera það án þess að ég þurfi endilega að lúta stöðugum frammíköllum hans. Við sjáum sem betur fer vaxa og dafna mjög athyglisverða atvinnugrein sem við getum sagt að sé á mörkum sjávarútvegs og ferðaþjónustu. Það skiptir ekki máli hvernig við flokkum þetta í rauninni. Ferðaþjónustan er ný og öðruvísi að því leyti að hún byggir á því að til staðar eru bátar í þeim byggðarlögum þar sem þessi atvinnurekstur hefur orðið til. Þeir bátar eru ekki undir stjórn íslenskra skipstjóra, heldur fá menn heimild til að sigla þeim, veiða og koma með aflann að landi.

Ég var viðstaddur þegar þessar hugmyndir voru fyrst ræddar og það fór ekkert á milli mála að menn báru þetta saman við atvinnurekstur í t.d. Noregi. Þá gerðu menn sér í hugarlund að hér yrði um að ræða lítinn afla sem menn mundu flaka fyrir sig og taka með sér heim o.s.frv. Það sem hefur hins vegar gerst og er auðvitað bara ánægjulegt og sýnir stöðuna við Ísland er að aflinn er mun meiri en það sem menn taka til sín til eigin neyslu. Þetta eru útlendingar í langflestum tilvikum. Það er takmörkunum háð hvað þeir geta tekið með sér af varningi vegna reglna flugfélaga. Eftir úthaldið er því til staðar heilmikill fiskur og þær ferðaþjónustuútgerðir sem þarna hafa orðið til eru þá með heilmikil verðmæti í höndunum. Þeim verðmætum vilja þær auðvitað koma í verð, gera sem mest úr þeim, búa sér til tekjur og selja aflann til vinnslu í fiskvinnslustöðvum.

Þá er alveg ljóst mál að hér er ekki um hefðbundna tómstundaveiði að ræða, eins og menn hafa mikið rætt um, heldur er um atvinnuveiði að ræða og menn leggja þá aflann í land til vinnslu og fénýta hann. Þá færir hann þeim tekjur sem standa síðan undir rekstrinum. Þegar menn fóru að skoða þetta kom á daginn að hinn lagalegi grundvöllur til starfseminnar sem hefur verið að slíta barnsskónum í eitt til tvö ár var mjög hæpinn. Við vorum á lagalega hálum ís varðandi þetta mál. Það var ekki þannig að stjórnvöld legðu stein í götu þessa atvinnuvegar. Öðru nær. Menn reyndu þvert á móti á grundvelli þeirra laga sem til staðar voru að teygja sig eins langt og hægt var til móts við þarfir atvinnugreinarinnar. Meðal annars var tekin sú ákvörðun að heimila þetta, að bátarnir mættu róa án þess að um borð væru lögskráðir skipstjórar með íslensk skipstjórnarréttindi. Þeim voru hins vegar settar ákveðnar skorður um hversu langt þeir mættu sigla o.s.frv. Á þeim grundvelli varð atvinnureksturinn til. Það sem þurfti hins vegar að gera til að atvinnureksturinn gæti gengið áfram var að setja upp einhvers konar fyrirkomulag, að bátarnir gætu síðan fénýtt afla sinn, selt hann, og voru þá auðvitað komnir í samkeppni við aðrar útgerðir, smáar sem stórar, aðra sjómenn ekki síður. Þess vegna er ekkert óeðlilegt þegar við horfum á þetta — og þetta eru auðvitað atvinnuveiðar — að atvinnureksturinn falli þá undir atvinnuveiðar með einhverjum hætti. Frumvarpið gengur út á það.

Frumvarpið hefur þann yfirlýsta tilgang eins og sá sem flutt hefur frumvarpið hefur margoft sagt, sá sem hér stendur, að reyna að opna atvinnugreininni leið til að skapa sér tekjur. Það er ekkert annað sem býr að baki frumvarpinu. Það eru engar annarlegar hvatir. Menn spyrja: Er einhverjum órótt yfir þessari nýju glufu? Óttast menn að þetta sé mikið magn? Ég vona sannast sagna að þetta verði mikið magn. Ég vona að atvinnureksturinn verði blómlegur. Ég hef fulla trú á því, miðað við það sem menn segja sem hafa starfað í þessum atvinnurekstri, að það séu heilmiklir möguleikar í þessu. Við sjáum ekki fyrir endann á þessu en það eru heilmiklir möguleikar að mati þeirra manna sem fást við þessa hluti. Mér er því ekki órótt yfir þessu. Öðru nær. Með frumvarpinu freista ég þess einmitt að festa at-

vinnugreinina í sessi, gera hana betur í stakk búna til að gera það sem hún á að gera. (**JÁ:** Báðu þeir um það?) Þetta er ekki um það sem ég held að hv. 5. þm. Norðvest. hafi sagt áðan, að ég hefði sagt að þetta yrði meira spennandi við að fara inn í kvóta. Það er ekki það sem fyrir mér vakir og held að það sé dálítill útúrsnúningur hjá mínum góða félaga og vini. Þetta hefur ekkert með það að gera. Ég er einfaldlega að segja að ég tel að þessi atvinnugrein geti orðið mjög spennandi, sé öllu heldur þegar mjög spennandi og á margan hátt mjög áhugaverð.

Hér hefur líka verið spurt um ákvæði í frumvarpinu þar sem segir: „Ráðherra getur þó með reglugerð sett sérstakar reglur um veiðar og afla, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra, tilkynningar og skýrsluskil.“ Menn hafa velt fyrir sér hvaða nýmæli sé á ferðinni. Það er alveg rétt að þetta gæti verið nýmæli vegna þess að hér er um að ræða atvinnugrein sem byggir á dálítið öðrum prinsippum en hefðbundin útgerð. Það eru ekki skráðir skipstjórar um borð. Þeir menn sem róa eru farnir eftir viku. Hins vegar eru í gildandi lögum um stjórn fiskveiða, um umgengni nytjastofna sjávar og í öðrum lögum tiltekin ákvæði sem lúta að ábyrgð skipstjóra. Það er alveg augljóst mál að staðan er öðruvísi. Það er ekki með sama hætti og skipstjóri sem ráðinn er til heillar vertíðar eða eitthvað þess háttar. Þess vegna þarf að hafa um þetta sérstakar reglur. Ábyrgðin verður þá væntanlega meiri á herðum ferðaþjónustuútgerðarinnar hvað ýmsa hluti varðar.

Ég er ekki í stakk búinn til að segja á þessari stundu nákvæmlega til um hvaða skýrslur um verður að ræða. Það er ekki hugmyndin að fara að búa til eitthvert skýrslufjall í tengslum við þetta, en almennar upplýsingar sem taldar eru *nauðsynlegar ýmissa hluta vegna*, m.a. *vegna* öryggis manna, verða að vera til staðar. Einhver verður að vera ábyrgur fyrir því að þær berist. Við erum að tala um atvinnuveg sem við gerum okkur í hugarlund að geti verið stundaður af einhverjum þúsundum manna á sumrin á Íslandi, frá vori til hausts. Einhverjar upplýsingar þurfum við að hafa, þótt ekki nema væri vegna þess að við vildum kannski hafa einhverjar upplýsingar og hugmyndir um fiskigöngur á grunnslóð o.s.frv. Það er ekkert ankannalegt við það. Einhvers staðar þarf að vera einhver ábyrgð fyrir því að þetta sé til staðar. Það er ekki verið að fara fram hjá neinum. Það er ekki verið að gera neitt óeðlilegt. Það er einfaldlega verið að setja þetta ákvæði vegna þess að það háttar öðruvísi til um útgerð þessa báta en almenna útgerð í landinu.

Menn hafa dálítið velt fyrir sér líka hvort hér sé verið að reyna að koma í veg fyrir tómstundaveiði, að hv. þm. Jón Gunnarsson geti farið með stöngina sína með vinum sínum út á sjó eins og hann hefur gert og nýtt hana eins og hann hefur gert. Það er ekkert í frumvarpinu sem á að koma í veg fyrir það. Það er ekki verið að reyna með nokkrum hætti að raska núverandi ástandi tómstundaveiðanna. Nákvæmlega hið sama er með hvalaskoðunarbátana, ef hluti af því að reyna að skoða hvali er jafnframt að leyfa mönnum að renna fyrir með sjóstöng í einhverjum mæli sé ég ekki hvernig frumvarpið ætti að hafa nein áhrif á það. Það er einfaldlega verið að koma alveg nýrri atvinnugrein inn í lagaumhverfi sem gerir henni kleift að búa sér til tekjur. Þeir báðu auðvitað fyrst og fremst um að séð yrði til þess að þeir gætu fénýtt afla sinn, gætu haft þessar tekjur. Þeir menn sem töluðu við mig lögðu svo sem ekki til neinar útfærslur, enda er það ekki þannig sem lagafrumvarp verða til.

Ég varð ekki var við þann mikla þrýsting sem menn ímynduðu sér að hefði komið frá LÍÚ. Ég kannast ekki við hann. Ég get hins vegar ekki neitað því að stöku sjómenn og stöku útgerðarmenn hafa talað um þessi mál við mig. Það eru til sjómenn sem hafa fundið að því að til staðar sé heimild fyrir þessa menn til að róa á þessum bátum án þess að hafa hefðbundin skipstjórnarréttindi. Það liggur alveg fyrir. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmenn hafi heyrt slíkar viðbárur. Því er ekki að neita að til eru þeir sjómenn, t.d. trillusjómenn, sem hafa sagt það óeðlilegt að menn rói á sama sjó og aðrir þurfi að skaffa kvóta en hinir ekki. Ég lít ekki á þetta sem þrýsting. Þetta eru bara sjónarmið í umræðunni. Það er alveg rétt að í dag er þetta ekki mikill afli. Ég hef ekki í höndunum hvað það getur verið en það er ekki neitt sem breytir neinu stóru.

Við skulum hins vegar vona að það geti orðið talsverður afli á þessum bátum. Við skulum vona að þetta verði alvöruatvinnugrein sem þróist skemmtilega. Það er alveg rétt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði, það getur verið vandasamt að draga þessa línu. Við reynum það með þessari nálgun. Við veltum fyrir okkur ýmsum hlutum í þessu sambandi en það var mat mitt að alls staðar rækist maður á vegg sem ekki væri hægt að komast hjá nema að fara þá leið sem hér er talað um.

Ég nefndi það líka áðan, af því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði um afstöðuna til atvinnugreinarinnar, að *ég tel að stjórnvöld hafi með margvíslegum hætti reynt að* koma til móts við atvinnugreinina, m.a. með hinum ívilnandi reglum varðandi réttindi þeirra sem stýra þessum bátum. Við höfum reynt að bregðast þannig við af því að lögin væru ekki skýr að túlka þau frekar í hag þessum nýja vaxtarbroddi. Ég nefndi áðan með byggðakvótann, að það væru út af fyrir sig engin brot á jafnræðisreglu þótt menn í einstökum byggðarlögum nýttu byggðakvótann sinn. Mér finnst það einmitt þvert á móti vera í anda byggðakvótahugsunarinnar að búa til nýja atvinnustarfsemi ef menn kjósa að nota hluta af byggðakvótanum í það. Mér finnst það ekkert athugunarvert nema síður sé. Mér finnst þetta vera að mörgu leyti spennandi og þetta gæti orðið hluti af þeirri nýliðun og öllu því sem við höfum oft talað um að þurfi að fara út í.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ræddi ýmsa möguleika á því hvernig hægt væri að fara með aflann. Það er alveg rétt að það eru ýmsir möguleikar í þessu sem ég held að hann gæti komið með hugmyndir um, en ég held fyrst og fremst að það fólk sem mun starfa í atvinnugreininni muni reyna að finna leið til að hámarka tekjur sínar. Reynslan er sú, miðað við upplýsingar mínar, að í stað þess að menn geri að afla sínum sjálfir með því að flaka hann blóðga þeir hann bara, komi þeir með hann að landi, hann er síðan ísaður og seldur í fiskvinnslustöðvar sem sjá um að flaka hann og vinna. Þannig verður nýtingin best. Þeir sem koma hingað til að veiða kunna ekki allir að flaka almennilega. Reynslan frá Noregi er t.d. sú að umgengnin um fiskinn

hefur oft og tíðum verið alveg hörmuleg, nýtingin mjög léleg og afurðirnar slakar, en með því að selja hann í fiskvinnsluhúsin er einfaldlega tryggt að meðferðin á aflanum verði miklu betri. Þetta er að þróast í þá átt.

Auðvitað er það rétt sem ýmsir hv. þingmenn hafa bent á að ef það á að stjórna þessu gætu komið til aðrar leiðir. Menn gætu verið með hugmyndir um að setja hámark á stöng, hámark á mann, hámark á dag eða hámark á bát. Þetta er allt saman til, en mun allt saman leiða til þess með einhverjum hætti að takmarka magnið. Þessi leið er hér valin til að það sé í hendi hvers og eins hvað hann fiskar og leyfa mönnum sem eru kannski áhugasamir og kappsamir að fiska, fiska þá meira og gefa þessum fyrirtækjum sem eru sprotafyrirtæki, ný fyrirtæki sem þurfa á því að halda að fá auknar tekjur, möguleika á að auka tekjur sínar með því að selja aflann.

Þá er þetta orðinn atvinnuvegur en ekki tómstundaveiði. Það finnst mér vera stóra málið í þessu. Við erum að tala um starfsemi sem er ekki tómstundastarfsemi, sem er ekki fólgin í því að hv. 10. þm. Suðurk. fari út á Faxaflóa og veiði einn og sér eða með vinum sínum, hvort sem þeir borga saman olíuna eða ekki. Ég held að það sé frekar þannig að vilji hv. þingmaður auka þennan atvinnurekstur eigum við sem setjum lögin fremur að auðvelda honum það þannig að hann geti þá selt fiskinn, komið honum í verð og búið sér þannig til verðmæti sem ég veit að hann er náttúrlega manna færastur í, menntaður fiskvinnslumaður og kann allar aðferðir í þeim efnum.

Virðulegi forseti. Ég vildi ekki fara að blanda mér í almennar umræður um sjávarútvegsmál af þessu tilefni nú, ég vildi aðeins fara yfir þær spurningar og meginálitaefni sem mér fannst koma fram. Kjarni málsins er einfaldlega sá að hér er að verða til ný atvinnugrein sem við viljum að eflist og við viljum búa til tækifæri fyrir hana til að búa sér til meiri tekjur. Þess vegna viðurkennum við að þetta er atvinnugrein, þetta eru ekki tómstundir og þess vegna viljum við búa í hendur henni öll þau tæki sem hún þarf til þess.

[14:07]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls mótmæla einu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði. Hann sagði að við hefðum verið að tala um hina vondu útgerðarmenn. Ég hef ekki tekið eftir því í umræðunni að einhver væri að tala um vonda útgerðarmenn, hins vegar erum við að tala um útgerðarmenn sem hafa fengið sérstakar heimildir umfram aðra, verulega umfram aðra, út á það að vera útgerðarmenn, og þær heimildir hafa verið settar með lögum á Alþingi. Það er þaðan sem heimildir manna í íslensku þjóðfélagi koma til þess að vinna í atvinnugreinum. Ég held að það sé ekki hægt að tala um vonda eða góða útgerðarmenn, við getum bara talað um útgerðarmenn sem vinna eftir þessum lögum og afleiðingarnar af lögunum eru þær sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni. Það er málið varðandi samþjöppun aflaheimilda og allt það.

Hæstv. ráðherra vék að því hvað menn mættu veiða til að taka með sér úr landi og hafa utan kvóta og svoleiðis með handvirkum veiðarfærum. Ég spyr: Er hæstv. ráðherra með hugleiðingar um að setja einhverja kílóatakmörkun á það hvað erlendir ferðamenn megi veiða miðað við það sem þeir komast með í flugvélum?

Hæstv. ráðherra talaði einnig um fiskigöngur á grunnslóð og að það væri áhugavert að sjá þær. Ég tek alveg undir það og ég tel reyndar að við höfum eyðilagt það talsvert mikið með því að taka sóknarmarkið af. En ég spyr þá: Ætlar ráðherrann að setja reglur um takmarkað farsvið þessara báta eða sérstök veiðisvæði og afmörkuð þannig að menn hafi nákvæmt yfirlit yfir hvar aflinn er tekinn, er það fyrirhugað?

Að lokum spyr ég um jafnræðisregluna. Íslenskur ferðamaður sem á ekki bát má væntanlega fara með einhverjum kunningja sínum og veiða. Hann virðist ekki mega fara á leigubát. Íslenskur ferðamaður sem á bát og dregur hann á eftir sér á bílnum sínum, hann má fara og veiða á veiðarfæri sem hann dregur. Síðan kemur íslenskur maður sem á bát, hefur á honum handvirka rúllu, hann má líka fara að veiða.

Erum við ekki að komin út í eitthvert fúafen, hæstv. ráðherra, með það hvernig við ætlum að fara í þetta?

[14:09]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki hugmyndin með þessu frumvarpi að takmarka það hvað einstakur ferðamaður getur veitt. Ef hann er duglegur að veiða, er fiskinn og kann þetta allt saman og er heppinn þá getur hann auðvitað veitt meira en í einhverju öðru tilviki.

Mér finnst ekki eðlilegt að vera að kvótasetja þetta svona niður á einstaka kalla eða einstakt veiðarfæri. Þess vegna er miklu eðlilegra að reyna að nálgast þetta svona, að mínu mati a.m.k. Það er einfaldlega þannig að eins og við vitum þá gilda hjá flugfélögunum ákveðnar reglur um hámarksþyngd sem menn mega fara með með sér og ég veit að það er það sem hefur verið að stoppa það af hvað erlendir ferðamenn hafa tekið með sér af fiski, ég held að það séu 20 kg af flökum sem þeir hafa verið að fara með með sér og það hefur þá takmarkast af því og síðan eru til ýmsar sögur um það.

Varðandi það hvort farsvið umræddra báta verði takmarkað þá er kveðið á um slíkt í öðrum lögum. Ef ég man þetta rétt þá er gert ráð fyrir því í þeirri reglugerð sem var gefin út varðandi réttindi þeirra manna sem veiða á þessum bátum, þá er farsvið þeirra takmarkað, þannig að ég veit ekki til þess að neinar breytingar standi fyrir dyrum með það.

Varðandi jafnræðisregluna þá er það auðvitað þannig að þetta er alveg óháð því á hvaða bát menn róa, það ræðst ekkert af því. Málið snýst um það þegar menn fara að fénýta aflann, fara að búa sér til verðmæti úr honum með því að selja hann, hvort sem aflans hefur verið aflað á bát sem menn eiga sjálfir eða á bát sem þeir eiga ekki, það er einfaldlega þannig að þá verða til tekjur og þá fara menn að lúta sömu reglum og útgerðarmenn, hvort sem það væru útgerðarmenn stórs báts að smábáts, hvort sem menn væru sjómenn á litlum bát eða á stórum bát. Skilin eru bara dregin um þetta alveg eins og er í gildandi lögum. (Gripið fram í.) Þetta snýst bara um það að annaðhvort eru menn á tómstundaveiðum eða menn eru ekki á tómstundaveiðum og ef

menn fara að fénýta aflann þá gilda um það einfaldar reglur sem allir þekkja.

[14:11]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er þetta með fénýtinguna. Íslenskur ferðamaður sem á ekki bát og fer með kunningja sínum, hann veiðir fisk og notar hann fyrir fjölskyldu sína og honum er það heimilt. Íslenskur ferðamaður sem á bát og ferðast með hann um landið, hann getur farið að veiða og tekið afla sem hann nýtir fyrir sig og fjölskyldu sína. Í hvorugu tilvikinu er magnið takmarkað.

Íslenskur maður sem á bát, er ekki á ferðalagi heldur á bara bát í höfn, hann getur farið að veiða á sínum eigin bát og veitt. Ég spyr: Hvernig ætlar ráðherrann að draga þessa línu þegar um það er að ræða að menn fara út á báta sem eru gerðir út til sportveiða og veiða eins og hinir mennirnir og menn ætla að taka bara aflann með sér og nota hann til eigin nota? Ætlarðu þá að láta þá samt sem áður vera inni í kvótakerfinu?

[14:12]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég nefndi áðan þá snýst þetta um það þegar menn eru farnir að gera sér atvinnu úr því að stunda slíkar veiðar. Þá taka einfaldlega við önnur ákvæði laganna sem eru þessi ákvæði um atvinnuveiðar.

Grundvöllurinn að frumvarpinu er einfaldlega sá að það er verið að reyna að draga skil, vegna þess að það er ljóst mál að það er að vaxa úr grasi atvinnuvegur sem byggir á því að selja mönnum aðgang að bátunum, leyfa þeim að fara á sjó, fiska aflann og ef um er að ræða svo mikinn afla að menn torga honum ekki sjálfir og vilja hafa af honum tekjur þá er það í þessu tilviki fyrirtækið, eins og t.d. þetta fyrirtæki fyrir vestan, Fjord fishing, og önnur fyrirtæki sem eru líka að fara af stað sem hafa þá möguleikann á því, eru þá í raun og veru orðin bara útgerðarfyrirtæki sem selja aflann og með menn í vinnu undir sérstökum kringumstæðum, sem eru að selja aflann og búa sér til úr honum tekjur.

Hér er því auðvitað um að ræða ... (**SigurjÞ:** Meiri háttar vandamál að búa sér til tekjur.) vandamálið er nefnilega ekki að búa til tekjur, vandamálið er fyrst og fremst það að búa til aðstæður svo að menn geti búið sér til tekjur. (Forseti hringir.) Og það er ekkert óeðlilegt við það að þessar útgerðir séu þess vegna með sambærilegum hætti eins og önnur trilluútgerð í landinu.

[14:14]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Málin eru nú aðeins að skýrast með svörum hæstv. sjávarútvegsráðherra. Mér skildist helst á honum að það væru þessir útgerðarmenn eða þeir sem væru að reka stangveiðibátana á Vestfjörðum sem væru í bölvuðu basli með það að útlendingarnir fiskuðu svo mikið að það væri fiskur afgangs sem þeir vildu geta selt í fiskvinnslustöðvarnar fyrir vestan.

Ég spyr: Hvert er vandamálið? Í dag geta þessir menn skráð bátana á atvinnuveiðar, menn geta bara leigt sér kvóta á móti þessum fiski, það þarf ekkert að breyta lögum til þess. Nema tilgangurinn sé sá sem mér sýnist orðið einna helst á svörum hæstv. ráðherra, að það þurfi að búa til nýjan flokk báta á atvinnuveiðum, sérsniðinn flokk báta á atvinnuveiðum sem hægt er að sníða akkúrat að þörfum þessara ferðaþjónustufyrirtækja, þ.e. undanþágubátar frá ýmsum ákvæðum sem aðrir bátar á atvinnuveiðum þurfa að uppfylla.

Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti svarað því hvort það sé tilgangurinn með þessari lagasetningu vegna þess að í dag er ekkert vandamál fyrir þá sem eru með þessa báta að fara einfaldlega með bátana inn í atvinnukerfið, leigja á þá aflaheimildir á móti þeim fiski sem þeir vilja selja. Það þarf enga lagabreytingu til þess. Er þá ekki nóg að það standi eftir seinni hluti 1. gr. um að ráðherra geti með reglugerð sett sérstakar reglur fyrir þessa báta? Enda sýnist mér það vera tilgangurinn en ekki sá að það þurfi sérstaklega að setja ákvæði um að þessir bátar fari inn í sömu reglur og bátar sem veiða í atvinnuskyni.

Enda eftir svörum hæstv. ráðherra á ekki að gera það, það eiga að gilda aðrar reglur um skipstjóra, það eiga að gilda aðrar reglur um skráningar, það eiga að gilda aðrar reglur um tilkynningu, væntanlega aðrar reglur um skoðanastofur, aðrar reglur um Fiskistofu o.s.frv., o.s.frv. Þess vegna held ég að hæstv. ráðherra skuldi okkur svör við því hvort þetta sé megintilgangur frumvarpsins.

[14:16]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að megintilgangur þessa frumvarps er að koma fótum undir nýja atvinnugrein. Það er þannig í dag að við getum sagt að hún standi á vissan hátt á brauðfótum svo ég haldi áfram líkingunni, vegna þess að hún er, má segja, svolítið á milli skips og bryggju. Hér er ekki um að ræða hefðbundar tómstundaveiðar eins og hv. þingmaður stundar. Ekki er heldur um að ræða hefðbundnar atvinnuveiðar sem gerðar eru margs konar kröfur til, m.a. um skráningu mannskaps með t.d. skipstjórnarréttindi o.s.frv. Verið er að opna leið fyrir báta sem sérstaklega háttar til um. Þess vegna er sú aðferð valin að reyna að opna á það að við búum til sérstakan flokk skipa og möguleika á því að þessir bátar geti lotið ákveðnum reglum sem atvinnutæki sem þeir sannarlega eru, þeir eru auðvitað atvinnutæki. Við vitum hins vegar að forsendan fyrir því að það takist er að aðgangurinn að þessum bátum sé seldur. Mannskapurinn um borð er ekki endilega menn með skipstjórnarréttindi, þarna er ekki endilega um að ræða menn með vélstjórnarréttindi. Hins vegar lúta þessir bátar kröfum Siglingastofnunar um öryggi og þess háttar sem ég kann ekki skil á og kveðið er á um í öðrum lögum og reglugerðum en undir mig heyra. Þeir þurfa líka að uppfylla ákveðin skilyrði frá Fiskistofu um meðferð afla, því að hér er um að ræða afla sem á að selja til vinnslu í viðurkenndum fiskvinnsluhúsum og síðan til útflutnings eða sölu innan lands. Þessar reglur þurfa því að vera klárar.

Ef hv. þingmaður vill frekar fara þá leið sem hann er að tala um óttast ég samt sem áður að það gæti leitt til þess að þetta yrði þyngra í vöfum. Kjarni málsins er bara sá að

menn eru að reyna að búa til umhverfi fyrir atvinnugrein sem ekki hefur verið til staðar á Íslandi áður.

[14:18]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Um leið og þessir bátar eru komnir með leyfi til veiða í atvinnuskyni, mega þeir gera allt sem aðrir bátar mega gera sem veiða í atvinnuskyni. Þeir mega nota sömu veiðarfæri og þeir bátar gera, þeir mega nota handfærarúllur sem ganga fyrir rafmagni og þeir mega gera allt sem bátar sem veiða í atvinnuskyni mega gera.

Ætlar hæstv. ráðherra að opna fyrir það að hægt verði að gera út báta í atvinnuskyni með hvers konar veiðarfærum sem leyfð eru á slíkum bátum og með skipstjórum sem ekki hafa réttindi? Er hæstv. ráðherra að opna fyrir það að hægt verði að fara út að veiða á þessum bátum án þess að uppfylla lágmarksskilyrði sem í gildi eru gagnvart íslenskum aðilum sem vilja stunda sjó? Á að fara að búa til sérstakar reglur fyrir útlendinga sem hingað koma um að þeir megi veiða í atvinnuskyni án þess að uppfylla lágmarksskilyrði sem við Íslendingar þurfum að uppfylla? Eða hvað er hæstv. ráðherra að leggja til? Gerir hann sér grein fyrir því til hvers þetta getur leitt? Er jafnvel verið að mismuna hér íbúum Íslands og EES-svæða?

[14:19]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í dag hef ég setið undir gagnrýni um að ég væri að leggja stein í götu þessarar atvinnugreinar en nú sýnist mér hv. þingmaður vera búinn að finna út úr því að það sem fyrir mér vaki sé kannski frekar hitt að búa til sérreglur fyrir þennan atvinnuveg sem séu miklu rýmri en fyrir annan atvinnurekstur sem stundar fiskveiðar.

Það vakir ekki fyrir mér að opna hér aðrar leiðir en þær sem við höfum verið að horfa á. Þetta er atvinnurekstur sem byggir á því að menn fara út með rúllu og sjóstöng, eða hvort heldur er, og veiða. Þeir koma með aflann að landi og geta selt hann. Þeir eru síðan háðir ákveðnum reglum sem ég fór yfir áðan. Það er hins vegar ljóst að þeir eru líka undanþegnir ákveðnum reglum eins og ég nefndi varðandi skráningu áhafna o.s.frv. Það er gert vitandi vits vegna þess að það er ein forsendan fyrir því að hægt sé að stunda þennan atvinnurekstur.

Ég er hvorki að leggja stein í götu þessarar atvinnugreinar né að umbuna henni með óeðlilegum hætti eins og hv. þingmaðurýjaði að að gæti falist í lögunum. Þurfi að skýra þetta eitthvað betur (Forseti hringir.) gera menn það í meðförum þingsins.

[14:20]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé öllum orðið ljóst, nema kannski innvígðum og innmúruðum sjálfstæðismönnum, að hér er verið að leggja höft á nýja atvinnugrein. Það er gert með fagurgala um að verið sé að gefa slíkum atvinnufyrirtækjum kost á að fénýta afla.

Við skulum athuga hvað felst í frumvarpinu í raun og veru. Í því felst að verið er að setja þessa báta inn í það leigubrask og sölukerfi sem við höfum verið að ræða í dag, sem þýðir með öðrum orðum að verið er að gera 70% af aflaverðmætinu upptæk. Það er verið að færa þau til þeirra sem ráða yfir kvótanum, en auðvitað á þjóðin kvótann. Verið er að tryggja það með þessu frumvarpi að menn gjaldi keisaranum það sem keisarans er eða kvótaeigandanum það sem kvótaeigandans er. Málið snýst um þetta. Það snýst ekkert um að verið sé að opna einhverja leið eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra segir. Hann hefur áður verið með fagurgala fyrir kosningar um að breyta eigi kerfinu til batnaðar en það hefur síðan verið svikið eftir kosningar.

Hér heyrum við talað um að það sé verið að greiða leið fyrir sprotafyrirtæki til að geta fénýtt afla. Það er ekki satt, það er verið að leggja höft á þessa atvinnugrein. Því verður ekkert á móti mælt. Sagan hræðir.

[14:22]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég kem upp í seinni ræðu minni í þessu máli af því að enn eru nokkur atriði óljós eftir andsvör og svör hæstv. sjávarútvegsráðherra sem voru með þeim hætti að ég held að rétt sé að velta málunum aðeins betur fyrir sér úr ræðupúltinu.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að það teljist veiðar í atvinnuskyni ef eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða og hér hefur verið farið yfir hvað þetta þýðir. Nú vill svo til að í 4. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða er skilgreining á því hvað eru veiðar í atvinnuskyni. Þar segir í 4. gr., með leyfi forseta:

„Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi."

Forsendan er sem sagt sú að til að geta stundað veiðar í atvinnuskyni þarf að gefa út almennt veiðileyfi. Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, annars vegar veiðileyfi með aflamarki, þ.e. í hinu hefðbundna stóra kvótakerfi, og hins vegar veiðileyfi með krókaaflamarki. Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis. Með öðrum orðum, þegar búið er að setja þessa báta sem um ræðir inn í veiðar í atvinnuskyni fá þeir almennt veiðileyfi og annaðhvort fá þeir veiðileyfi í stóra kerfinu eða í krókaaflamarkskerfinu sem fleiri sækja væntanlega í. Það þýðir þá um leið samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða að þegar bátur er kominn með almennt veiðileyfi til að veiða eftir þeim lögum verður erfitt fyrir ráðherra að ætla að setja sérstakar skorður við því að bátur með almennt veiðileyfi megi veiða með rafmagnsrúllum svo dæmi sé tekið.

Í raun er ráðherra með boðuðum aðlögunarákvæðum sínum eða undanþágum fyrir þessa báta að segja okkur að slíkir bátar muni geta stundað almennar veiðar á almennum veiðileyfum í krókaaflamarki hér á landi án þess að hafa um borð skipstjóra með pungapróf eða 30 tonna réttindi.

Ég held að embættismenn í sjávarútvegsráðuneytinu eða hverjir það voru sem skrifuðu þetta frumvarp hafi kannski ekki hugsað þetta mál alla leið vegna þess að um leið og veittar eru ákveðnar undanþágur vegna einhverra sérstakra aðstæðna — en samt á að fella menn inn í hið almenna kerfi — lenda menn bara í tómu basli og vandræðum.

Sjávarútvegsnefnd þarf að skoða alveg sérstaklega hvað þetta getur þýtt og til hvers það getur leitt þegar þessir bátar eru skikkaðir í það að skilgreina sínar veiðar sem atvinnuveiðar. Það þýðir að þeir munu fá almennt veiðileyfi eftir

laganna hljóðan annaðhvort í aflamarkinu eða krókaaflahámarkinu. Um það gilda lög og reglur og það er undarlegt ef ráðherra getur með reglugerð ákveðið að einhver hópur manna sem kemur utan frá eða uppfyllir einhver ákveðin skilyrði geti stundað þessa atvinnustarfsemi á Íslandi með lakari réttindi eða engin en Íslendingar sem ætla að stunda sömu iðju verða að hafa til þess full réttindi, fullt nám í skóla.

Ég er ekki viss um að menn hafi velt þessu fyrir sér alla leið en full ástæða er til þess. Ég kom upp í seinni ræðu mína til að hnykkja á þessum punkti, því að ég sé ekki betur ef maður les í gegnum lögin um stjórn fiskveiða en að þessir bátar hljóti að hafa sömu réttindi og aðrir í almennu veiðileyfi. Það hlýtur að verða mjög erfitt fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra að fara að setja einhverjar ákveðnar sérreglur og þurfa síðan að skilgreina á milli þess hver megi vera í hvaða hólfi og hver megi gera hvað og hver ekki. Ég er hræddur um að það geti orðið höfuðverkur fyrir umboðsmann Alþingis að skera úr ágreiningi sem gæti komið upp í því sambandi. Þetta eru atriði sem við í sjávarútvegsnefnd hljótum að skoða sérstaklega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Stjórn fiskveiða, 1. umr.*

Stjfrv., 459. mál (úthlutun byggðakvóta). — Þskj. 624.

[14:27]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Frumvarpið er á þskj. 624 sem er 459. mál.

Nánar tiltekið er frumvarpinu ætlað að skýra reglur og framkvæmd við úthlutun svonefnds byggðakvóta, þ.e. aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, en auk þess er í frumvarpinu kveðið á um að úthlutun tiltekinna annarra aflaheimilda verði hætt og gert ráð fyrir tilteknum aðlögunartíma vegna þess.

Í gildandi lögum hefur sjávarútvegsráðherra verið veitt vald til úthlutunar byggðakvótans en í framkvæmd verið byggt á því að ráðherra hefur sett reglugerðir um úthlutunina fyrir hvert fiskveiðiár. Í þeim reglugerðum hefur sú leið verið valin að gefa sveitarstjórnum kost á að gera annars vegar tillögur til ráðuneytisins að reglum um úthlutun aflaheimilda í viðkomandi byggðarlögum og hins vegar, að fengnum umsóknum, tillögur að skiptingu aflaheimildanna milli fiskiskipa innan byggðarlaganna. Um tillögur að úthlutunarreglum hefur verið tekið fram í reglugerðunum að féllist ráðuneytið á reglurnar staðfesti það þær og birti. Þá hefur einnig verið mælt svo fyrir að eftir það bæri sveitarstjórnum að kynna reglurnar og gefa útgerðum fiskiskipa kost á að sækja um aflaheimildir. Að loknum umsóknarfresti hefur sveitarstjórn síðan gert tillögur til ráðuneytisins um endanlega skiptingu aflaheimilda milli fiskiskipa sem hefur staðfest úthlutanir og tilkynnt til Fiskistofu. Ef ráðuneytið hefur ekki fallist á endanlegar tillögur sveitarstjórnar um skiptingu aflaheimildanna hefur það falið Fiskistofu að skipta þeim milli einstakra skipa samkvæmt fyrirmælum í reglugerðinni. Á grundvelli reglugerðanna hefur ráðuneytið síðan staðfest auglýsingar um tillögur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af úthlutun byggðakvóta samkvæmt framangreindu og vegna athugasemda sem m.a. hafa borist frá umboðsmanni Alþingis er hins vegar tímabært að endurskoða þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið.

Helstu efnisbreytingar sem lagðar eru til að gerðar verði á greininni með frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Sveitarstjórnir annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til einstakra fiskiskipa og senda tilkynningar þar um til Fiskistofu. Ástæður þess að umrædd breyting er lögð til eru þær að ætla má að hjá sveitarfélögunum sé fyrir hendi besta hugsanlega þekking á þeim aðstæðum sem ætlað er að mæta með byggðakvótanum á hverjum stað og hverjum tíma.

2. Almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga eru þau sömu og samkvæmt núgildandi lögum að öðru leyti en því að fellt er niður ákvæði um að við ákvörðun um úthlutun aflaheimilda samkvæmt b-lið beri að hafa samráð við Byggðastofnun. Hins vegar er gert ráð fyrir að Byggðastofnun fái fulltrúa í úrskurðarnefnd á kærustigi samkvæmt frumvarpinu. Áfram er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um hvað kemur í hlut einstakra byggðarlaga og miðað við að þar verði að finna skilgreiningu og skiptingu landsins í byggðarlög, auk viðmiðunar- og útreikningsreglna um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaganna.

3. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að úthluta byggðakvóta samkvæmt b-lið ákvæðisins til allt að þriggja ára í senn og er sú breyting lögð til þar sem það er talið líklegra til að stuðla að uppbyggingu í byggðarlögunum heldur en ef einungis væri heimilt að úthluta kvótanum til eins árs í senn.

4. Gert er ráð fyrir að skylt verði að landa og setja til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur þeim aflaheimildum sem úthlutað er samkvæmt greininni enda fari þar fram vinnsla botnfisks. Rök fyrir þessu skilyrði eru þau að tryggja eins og unnt er að afli sem veiðist á grundvelli aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt lögunum komi til löndunar og vinnslu þar sem þörf er til að efla atvinnulíf í byggðarlögunum og er það í samræmi við þá hagsmuni sem byggðakvótanum er ætlað að styrkja.

5. Í samræmi við meginreglur fiskveiðistjórnarlaga er miðað við að aflaheimildum verði úthlutað til fiskiskipa en gert er ráð fyrir að ráðherra kveði í reglugerð á um almenn grundvallarskilyrði sem uppfylla þarf fyrir úthlutun til fiskiskipa innan byggðarlaga. Jafnframt er gert ráð fyrir að þau skilyrði verði samræmd fyrir allt landið, m.a. um gerð, stærð, skráningarstað, skráningartíma og eignarhald skipa, löndun og vinnslu afla á grundvelli úthlutaðra aflaheimilda og heimilisfesti útgerðaraðila. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um framkvæmd úthlutunar, brottfall aflaheimilda, framsal og skipti aflaheimilda o.fl. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð kveðið svo á að unnt sé samkvæmt tillögum sveitarstjórna að setja tiltekin

skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda til viðbótar þeim skilyrðum sem ráðherra setur fyrir allt landið enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum aðstæðum.

6. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir tilkynni Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda til einstakra fiskiskipa en hún annast skráningu aflaheimilda samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða.

7. Þá er lagt til að framsal aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt frumvarpinu verði bannað og er það í samræmi við þann tilgang með úthlutun þeirra að tryggja hagsmuni byggðarlags. Þó er lagt til að heimilt verði að skipta á úthlutuðum aflaheimildum yfir í aflaheimildir í öðrum tegundum enda sé um sama magn að ræða í þorskígildum talið.

8. Þá er gert ráð fyrir kæruheimild til sérstakrar þriggja manna úrskurðarnefndar sem skipuð verður af sjávarútvegsráðherra en auk fulltrúa sjávarútvegsráðherra er gert ráð fyrir að í nefndina verði tilnefndir aðilar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnun. Sérstakur kærufrestur er í frumvarpinu sem er skemmri en hinn almenni kærufrestur í 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, svo og frestur fyrir nefndina til að afgreiða málin en stefnt er að því að afgreiðslu þeirra verði lokið svo fljótt sem unnt er þannig að sem fyrst liggi fyrir endanleg niðurstaða um hvernig aflaheimildirnar skiptast. Þar sem úrskurðarnefndin er hliðsett ráðherra verða úrskurðir nefndarinnar ekki kærðir til sjávarútvegsráðherra. Hins vegar verður að sjálfsögðu heimilt að bera þá undir dómstóla. Rök fyrir skipan sérstakrar úrskurðarnefndar í þessu tilviki eru svipuð og gerð hefur verið grein fyrir um að fela sveitarstjórnum úthlutun byggðakvótans. Úthlutun hans er ætlað að styrkja og efla útgerð og fiskvinnslu í sjávarbyggðum og er því talið rétt að úrskurðarvald á kærustigi um úthlutun hans sé á hendi fjölskipaðs stjórnvalds sem ætla má að sé skipað aðilum með víðtæka þekkingu á þeim hagsmunum og aðstæðum sem byggðakvótanum er ætlað að mæta. Gert er ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra setji reglur um starfshætti nefndarinnar en að öðru leyti verður gert ráð fyrir að hún beri sjálf ábyrgð á að fylgt verði reglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og almennum reglum stjórnsýsluréttar við meðferð einstakra mála.

Loks er lagt til að lögfest verði tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem bæði fela í sér tiltekinn aðlögunartíma, þ.e. annars vegar vegna brottfalls 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta vegna áfalla sem hafa orðið vegna þess að aflamarki hefur ekki verið úthlutað í innfjarðarækju og hörpudiski, og hins vegar vegna þess að útrunninn er gildistími ákvæðis um úthlutun sérstakra aflaheimilda til að bæta upp skerðingu á úthlutun Byggðastofnunar til sveitarfélaga sem höfðu lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXVI með eldri lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, en það gilti með tilteknum skerðingum til loka fiskveiðiársins 2005/2006.

Á fylgiskjali með frumvarpi þessu er að finna kostnaðarumsögn um frumvarpið og læt ég nægja að vísa í það. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frumvarpinu.

Hæstv. forseti. Frumvarpi þessu er ætlað að einfalda og skýra reglur og framkvæmd við úthlutun byggðakvóta auk þess sem lagt er til að felld verði brott tiltekin sérákvæði um úthlutun tiltekinna aflaheimilda sem ekki er lengur talin þörf á. Einnig vænti ég þess að það feli í sér lausn á tilteknum vandamálum sem upp hafa komið í framkvæmd við úthlutun þessara aflaheimilda. Í ljósi þess að þetta frumvarp varðar mikilvæga hagsmuni um allt landið vænti ég þess að um það geti tekist samkomulag og það fái vandaða meðferð í nefnd þingsins eins og vænta má.

Ég geri mér hins vegar mætavel grein fyrir því að mál sem snúa að byggðakvótum eru kannski ekkert mjög líkleg til þess að leiða til einnar niðurstöðu, þar eru auðvitað gríðarlega mörg álitamál uppi. Hér er hins vegar um að ræða úthlutun á tiltölulega takmörkuðum aflaheimildum. Ég hygg að aflaheimildir, ef við tökum það sem hlutfall af ýsu og þorski til línuívilnunar á byggðakvóta, séu innan við 5% af heildarúthlutuninni þannig að hér er auðvitað ekki um að ræða mjög háar tölur en geta skipt miklu máli.

Það er líka alveg ljóst mál, þegar maður hefur farið yfir þessa hluti, að framkvæmd þessara byggðakvóta hefur auðvitað verið með ýmsum hætti þó að góður hugur hafi ætíð verið á bak við og við sjáum að í ýmsum byggðarlögum sem hafa fengið þessa byggðakvóta hefur tekist mjög vel til. Það hefur tekist ágætlega að byggja upp atvinnulíf að nýju og í öðrum byggðarlögum sem hafa kannski fengið álíka miklar heimildir hefur hins vegar tekist miklu verr.

Við vitum líka að umboðsmaður Alþingis hefur komið með ákveðnar athugasemdir og ábendingar og það er ekki síst með hliðsjón af þeim ábendingum og athugasemdum sem þetta frumvarp er sett fram, m.a. þar sem lögð er áhersla á samræmdar reglur sem gildi fyrir öll sveitarfélög og svigrúm sveitarfélaga að því leytinu sé gert minna en áður að menn hafa ekki alveg sama möguleikann á að búa til sérreglur fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Með þessu frumvarpi er auðvitað reynt að koma til móts við þetta sjónarmið umboðsmanns Alþingis um að það þurfi að gilda ákveðnar almennar reglur sem öll sveitarfélög verða að lúta.

Við vitum líka að hluti af því að reyna að fá til liðs við okkur öfluga útgerðarmenn og fiskverkendur er að menn hafi einhverja meiri vissu fyrir framan sig en hefur gilt í kringum byggðakvótana fram að þessu. Við þekkjum góð dæmi í gömlum byggðakvótum Byggðastofnunar þar sem úthlutað var til fimm ára þar sem vel tókst til vegna þess að þá höfðu menn vissu aðeins fram í tímann og gátu gert sínar ráðstafanir og skuldbindingar á grundvelli þess. Þess vegna er þess m.a. freistað að opna á möguleikann á því að úthluta til lengri tíma. Hér eru nefnd þrjú ár en auðvitað er það ekki nein töfratala og er auðvitað hlutur sem menn hljóta svona að velta fyrir sér frekar.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjávarútvegsnefndar.

[14:38]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra eftirfarandi spurninga vegna þess að ég held að það sé gott fyrir framhald umræðunnar að fá svörin.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja hvað veldur því að hæstv. ráð-

herra kom með þetta mál núna þegar liðið er svona mjög á þetta fiskveiðiár og ekki farið að úthluta byggðakvótum. Lá ekki meira á en þetta að koma þeim fyrir með þeim hætti sem þurfti?

Í öðru lagi: Hér er talað um að heimilt verði að úthluta þessum kvótum til þriggja ára vegna uppbyggingar. Telur ráðherra ekki að það eigi við nánast í öllum tilfellum að það skipti máli fyrir uppbyggingu á svæði sem á í vanda af þessu tagi að hægt sé að hugsa það til lengri tíma þannig að það eigi þá við víðast hvar eða næstum alltaf?

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er gert ráð fyrir og stefnir hæstv. ráðherra að nýta möguleika 10. gr. að fullu til byggðakvótaúthlutunar?

Í fjórða lagi langar mig að spyrja um sveitarfélögin og möguleika þeirra til þess að gera hlutina. Mér finnst af lestri frumvarpsins að ýmislegt geti bent til þess að hæstv. ráðherra ætli að ráða öllu en skilja sveitarfélögin eftir í því að gera óvinsælu hlutina, þ.e. að úthluta þessu. Ég spyr: Mega sveitarfélögin nýta sér möguleikana sem best hafa tekist, þ.e. að bjóða út þessar veiðiheimildir í samstarfi við útgerðarmenn með þeim hætti að þau geti aukið þá möguleika sem koma út úr þeim byggðakvóta sem þau fá í hendurnar? Eða er þetta kannski bara fjarvistarsönnun hæstv. ráðherra frá óvinsælu hlutunum? Hann hefur sett á (Forseti hringir.) stofn nefnd sem síðan á að afgreiða málið líka.

[14:40]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af hverju er þetta frumvarp lagt fram núna? Það var reyndar lagt fram fyrir jólin en vegna þess að þá var auðvitað liðið á þann þingtíma og því ekki hægt að koma því á dagskrá þá og við vitum hvað síðan hefur gerst eftir áramótin. Þetta mál var í undirbúningi í sjávarútvegsráðuneytinu, m.a. eftir athugasemdir og álit umboðsmanns og það var einfaldlega lagt fram þegar það var tilbúið.

Það má vel vera að þetta þróist þannig eins og hv. þingmaður sagði, að það verði meiri áhugi á því að úthlutanirnar verði til lengri tíma. Það kæmi mér ekki á óvart vegna þess að ég held að það séu himinhrópandi rök fyrir því að það sé skynsamlegra. Það verður auðvitað tíminn dálítið að leiða í ljós en við vorum einfaldlega að opna þennan möguleika með frumvarpinu, ekki að neyða menn inn í þennan farveg. Að því leytinu má segja sem svo að við séum ekki að reyna að njörva alla hluti niður.

Hvort ég vilji nýta möguleika 10. gr. að fullu þá hef ég í sjálfu sér ekki haft uppi neinar hugmyndir um stefnubreytingu í þeim efnum. Þessi 12 þúsund tonn sem við höfum haft hafa verið nýtt eins og þar segir, að vísu höfum við reyndar talið línuívilnun með í því en ég hef ekki haft nein sérstök áform um breytingu á þessu.

Varðandi það hvort sveitarfélögin nýta sér möguleika. Já, auðvitað verða sveitarfélögin að fá að nýta sér alla þá möguleika sem þau hafa innan þessa ramma. En það sem kom fram í áliti umboðsmanns Alþingis laut mjög mikið að því að það væri nauðsynlegt að við settum almennar skýrar reglur sem öll sveitarfélög yrðu að lúta. Sem dæmi má nefna skráningartíma báta, þ.e. hvaða bátar kæmu til álita til úthlutunar á byggðakvóta, að þeir yrðu að vera skráðir á sama tíma í öllum sveitarfélögum. Það eru þessir hlutir sem við þurfum að setja í reglurnar. Það er ekki verið að fælast eða að reyna að forðast einhverjar óvinsælar ákvarðanir, það er eingöngu verið að segja til um frekari útfærslu á reglunum að betra sé að fengist sé við þær heima fyrir þar sem staðarþekkingin er mest.

[14:42]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég held að sé ákaflega mikilvægt hvað varðar sveitarfélögin og meðferð þeirra á þessu máli er að það sé alveg á hreinu að þau fái til sín möguleikann á því að ráðstafa þessum kvóta með sem hagkvæmustum hætti fyrir sig. Almennar reglur um þetta efni geta verið trafali hvað það varðar ef hæstv. ráðherra hefur það í huga að hamla möguleikunum t.d. á því að sveitarfélögin geti boðið þennan kvóta út.

Ég vil endilega að hæstv. ráðherra svari því alveg skýrt hvort hann telji að það samrýmist þeim hugmyndum sem hann hefur um að setja reglur að sveitarfélögin geti gert þetta. Mér finnst af lestri frumvarpsins að það sé ekki alveg hægt að átta sig á því vegna þess að þar er talað um að hæstv. ráðherra ætli að setja reglur um framsalið og allt sem viðkemur hlutunum, það eigi hins vegar að vera hlutverk sveitarfélaganna að úthluta og nefndarinnar að taka við kærunum, þannig að hæstv. ráðherra er þá orðinn stikkfrí og óvinsældirnar lenda annars staðar.

[14:43]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vakir ekki fyrir þeim sem flytja þetta frumvarp að hamla möguleikum sveitarfélaga, það er í sjálfu sér ekkert verið að reyna að skerða þá möguleika sem sveitarfélögin hafa haft í þeim reglum sem nú eru í gildi að öðru leyti en því að tekið er tillit til ábendinga umboðsmanns Alþingis sem segir að nauðsynlegt sé varðandi úthlutun þessara veiðiheimilda að það þurfi að vera a.m.k. að einhverju leyti samræmdar reglur. Ég nefndi sem dæmi skráningu skipa. Það er ýmislegt annað þess háttar sem menn þurfa að taka tillit til sem umboðsmaður telur að sé nauðsynlegt að sé eins hvar sem slík úthlutun eigi sér stað. Það eru þessir hlutir sem við þurfum að setja skýrar reglur um. Það er síðan kveðið á um það í frumvarpinu að t.d. megi ekki framselja þennan byggðakvóta. Eins er mjög skýrt að aflanum skuli landað til vinnslu í byggðarlögunum svo fremi sem vinnslustöð sé til staðar.

[14:44]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nokkrar stuttar spurningar í andsvari til hæstv. sjávarútvegsráðherra, kannski til að reyna að liðka fyrir umræðunni á eftir, að þá sé ekki verið að fara fram með langar ræður um hluti sem liggja kannski alveg ljóst fyrir.

Hæstv. ráðherra sagði að þetta væri svo sem ekki stórt mál, byggðakvóti upp á 12 þúsund tonn og línuívilnanir. Það vill nú svo til að þessi 12 þúsund tonna byggðakvóti, ef hann væri á hinum frjálsa og hamingjusama leigumarkaði

sem við ræddum fyrr í dag, þá sýnist mér verðmæti hans vera í kringum 2 milljarða kr. Það hefur orðið mikil umræða í þjóðfélaginu um 3 milljarða kr. sauðfjársamning og mér sýnist þær stærðir sem hér eru til umræðu kannski ekki svo langt frá því.

Mig langar að hnykkja aðeins á þessu með 12 þúsund tonnin og að hæstv. ráðherra svari því kannski skýrar: Þýðir þetta að 12 þúsund tonn fari í byggðakvóta? Bara klippt og skorið og klárt að allar þessar heimildir verði nýttar sem byggðakvóti en fari ekki til úthlutunar til þeirra aflamarksskipa sem eiga aflamark.

Annað sem mig langar að spyrja um varðar það að ráðherra setji með reglugerð — þessar reglugerðir fara nú svolítið í taugarnar á mér, hve þær eru orðnar viðamiklar — ákvæði um skilgreiningu á byggðarlögum samkvæmt 1. gr. Í 1. gr. segir að það megi ráðstafa þessu þannig til stuðnings byggðarlögum og síðan er einhver skýring á því en svo á ráðherra að skilgreina í reglugerð hvað byggðarlag þýðir. Getur hæstv. ráðherra sagt okkur í stuttu máli til að reyna að flýta fyrir umræðunni, hvað þýðir þetta í raun? Hvað er byggðarlag samkvæmt því sem hann er að hugsa í þessu sambandi?

[14:46]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég nefndi áðan að þetta væri kannski ekki stórmál í þeim skilningi var ég að vísa til þess að þær byggðakvótaheimildir sem hér er um að ræða og við höfum verið að úthluta, og þá tek ég bæði til byggðakvótans sjálfs og línuívilnunarinnar, svara til þess samkvæmt útreikningum okkar að vera innan við 5% af úthlutuðum aflaheimildum í þorski og ýsu á síðustu þremur árum. Það var þetta sem ég átti við vegna þess að mér hefur stundum fundist að þeir sem gagnrýna byggðakvótann, m.a. útgerðarmenn, hafi verið að gera úlfalda úr mýflugu. Þetta eru ekki það stórar heimildir að þær trufli alla útgerð í landinu. Hins vegar er alveg rétt að þetta skiptir máli og þar sem vel tekst til getur þetta skipt gríðarlega miklu máli og dæmin sanna það.

Fara öll 12.000 tonnin í byggðakvóta? Heimildin er sú, og ég ræð þessu auðvitað aðeins þann tíma sem ég sit sem sjávarútvegsráðherra, að allt að 12.000 tonn fari í hann. Hugmynd mín hefur eingöngu verið sú að vera með svipað umfang og við höfum verið með í dag, þannig að við verðum með sambærilegt til línuívilnunar og við verðum með svipað umfang til byggðarlaganna og síðan svipað umfang vegna rækju- og skelfisksbrests. Á bak við þetta frumvarp liggur ekki nein sérstök hugsun um að breyta þessum stærðarhlutföllum sérstaklega.

Varðandi það hvernig byggðarlög verða skilgreind. Þau verða skilgreind með nákvæmlega sama hætti og gert hefur verið núna. Ég kann ekki abstrakt hvernig skilgreiningin er frá orði til orðs. En þarna er ekki átt við sveitarfélög, þannig að það sé alveg skýrt. Við erum að tala um einstök byggðarlög. Þau geta verið mörg innan sama sveitarfélagsins. Þetta er gert til að koma til móts við minni byggðarlögin. Gert er ráð fyrir að byggðarlög sem fara yfir 1.500 íbúa eigi ekki lengur rétt á byggðakvóta. Síðan má auðvitað hugsa sér hvort það verði látið fjara smám saman út svo þau verði ekki fyrir miklu höggi við það eitt að fara í 1.501 íbúa. (Forseti hringir.) Þetta er svona grundvöllurinn í þessu.

[14:48]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þetta flýtir óneitanlega aðeins fyrir aðeins fyrir umræðunni á eftir. Ég man ekki í fljótu bragði nákvæmlega hve mikið fór á síðasta fiskveiðiári í byggðakvótaúthlutun. Ef hæstv. ráðherra man það betur en ég hvað fór í það sem við köllum byggðakvóta væri gott að fá þá tölu inn í umræðuna.

Þau nýmæli eru í 1. gr. að verið er að henda Byggðastofnun út úr þessu ferli. Byggðastofnun hefur verið ansi nálægt þessum byggðakvótum hingað til en nú er verið að henda Byggðastofnun út úr ferlinu, hún fær reyndar fulltrúa í úrskurðarnefnd. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað kemur til? Af hverju velja menn að henda Byggðastofnun út úr þessu ferli?

[14:49]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Byggðastofnun hefur ekki haft mjög mikla aðkomu að þessu. Hún hefur verið til ráðuneytis, eða samráðs eins og ég held að það sé orðað í gildandi lögum, en í raun og veru hefur þessi úthlutun að langmestu leyti verið á hendi sjávarútvegsráðuneytisins. Það er að vísu þannig að í gildandi lögum hafði verið hluti af þeim byggðakvótum sem var úthlutað í gegnum Byggðastofnun. Þeir voru smám saman að deyja út og eins og fram kemur í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það verði ákveðið sólarlagsákvæði þannig að í rauninni er aðeins verið að framlengja þann pott sem Byggðastofnun hefur haft til umráða. En aðkoma Byggðastofnunar er fyrst og fremst hugsuð þannig að hún hafi aðild að þessari úrskurðarnefnd. Að öðru leyti byggist úthlutun til einstakra byggðarlaga á gagnsæjum efnislegum reglum sem verða auðvitað kynntar og er sjálfsagður hlutur að séu uppi á yfirborðinu.

Varðandi byggðakvótann sjálfan þá er hann um 3.000 tonn af þorski, 1.700 tonn af ýsu og 1.300 tonn af ufsa og eitthvað lítilræði af steinbít sem (Forseti hringir.) koma sérstaklega í byggðakvótann einan og sér og þá er ég ekki að tala um jöfnunarbætur vegna rækju og skeljar.

[14:51]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér enn stjórn fiskveiða. Það er rétt að rifja upp markmið laganna sem koma fram í 1. gr., ef ég man rétt. Í fyrsta lagi að byggja upp fiskstofnana, og við vitum hvernig það hefur gengið, og í öðru lagi að tryggja byggð í landinu.

Ég vil spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra vegna þess hve kerfið hefur leikið byggðir landsins illa — við getum t.d. tekið Bíldudal þar sem ítrekað hefur verið lofað, m.a. af núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, að rétta hag þess byggðarlags sem hefur farið mjög illa út úr þessu kerfi — hvort ekki sé rétt að auka jafnvel þennan pott. Þó svo að við

í Frjálslynda flokknum höfum ekki mikla trú á því að stýra fiskveiðum með kvótum höfum við verið jákvæðir gagnvart þessum byggðakvóta vegna þess að þetta hefur verið eina vörn byggðarlaga sem hafa farið illa út úr kvótakerfinu.

Mér finnst menn ekki hafa nýtt þessa lagaheimild og ég skil í rauninni ekki hvers vegna þessi pottur er ekki stærri en 12.000 tonn, vegna þess að höggvin hafa verið djúp skörð í byggðir landsins með þessum lögum. Markmið laganna hefur ekki náðst. Ég hefði viljað fá betri rökstuðning fyrir þessum 12.000 tonnum sem eru innan við 5% af heildarbotnfisksaflanum. Til þess að markmið laganna náist ætti þessi pottur að vera stærri. Það væri fróðlegt að fá að heyra viðhorf hæstv. ráðherra til þessa efnis.

[14:53]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að í langflestum tilvikum sé hægt að gera heilmikið gagn með þessum 12.000 þorskígildistonnum sem þarna er um að ræða. Eins og ég nefndi í ræðu minni áðan eru ýmis dæmi um að tekist hafi mjög vel til.

Þegar þetta er skoðað sérstaklega og farið er mjög vel yfir söguna í sambandi við byggðakvótann sjáum við að ýmis byggðarlög hafa fengið ágætan byggðakvóta í gegnum tíðina án þess að það hafi borið tilætlaðan árangur. Við sjáum því að þetta snýst ekki eingöngu um þessar heimildir. Svo sjáum við aftur á móti aðrar byggðir sem hafa jafnvel fengið minni heimildir en tekist að gera sér meiri verðmæti úr því. Þá þurfum við auðvitað að velta því fyrir okkur hvað við getum gert til að reyna að nýta þessar aflaheimildir sem allra best.

Ég er út af fyrir sig alveg sammála hv. þingmanni sem kemur kannski ekki mjög oft fyrir, eða a.m.k. er hann ekki oft sammála mér. Það sem ég sagði áðan var að ég vakti athygli á því að þessi 5% eru auðvitað ekki það sem ruggar eða hvolfir þessum bát varðandi fiskveiðistjórnarkerfið. Þess vegna finnst mér umræðan stundum dálítið ósanngjörn gagnvart byggðakvótanum, jafnumdeildur og hann nú er, þegar menn tala um að hann valdi einhverri meiri háttar tilfærslu eða skekki samkeppnisstöðu o.s.frv. Það finnst mér ákaflega ósanngjarnt ef maður skoðar þetta í því ljósi.

Það sem ég vildi einfaldlega segja er að ég tel að þarna séum við með tæki sem við eigum að geta spilað vel úr. Hér er um að ræða fiskveiðirétt sem við erum að nota, vegna þess að það er alveg rétt sem við vitum öll að það hefur orðið mikil tilfærsla frá ýmsum byggðarlögum milli byggðarlaga á landsbyggðinni og við erum að reyna að nýta þessi tonn.

Ég tel hins vegar, svo ég svari hv. þingmanni skýrt, að ég sé ekki að gera tillögu um að auka umfang þessa byggðakvóta. Ég er hins vegar að reyna að gera tillögu um að nýta hann betur en gert hefur verið.

[14:54]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er markmið þessa kerfis að byggja upp fiskstofnana en það hefur bara alls ekki gengið. Ég vil vekja athygli á því að menn ættu að vera óhræddir við að veita byggðarlögum sem misst hafa aflaheimildir byggðakvóta. Við getum tekið dæmi eins og Grímsey. Ef þessar aflaheimildir hverfa úr eynni og verða fluttar suður eru fiskimiðin þar ekkert nýtt. Þess vegna gæti það farið vel saman til að ná út úr auðlindinni og stækka pottinn fyrir okkur öll, þjóðarauðinn, að veita einmitt þessu byggðarlagi heimild. Menn eiga að vera jákvæðir í garð þessa verkfæris.

Ég hefði auðvitað viljað hafa allt önnur verkfæri. Við getum tekið Bíldudal sem dæmi. Í stað þess að rétta þeim einhver kíló sem þeir mega ná upp úr hafinu, fyrir fram ákveðið magn, væri miklu nær að veita Bílddælingum rétt til að nýta Arnarfjörðinn, gefa þeim einfaldlega rétt til þess í stað þess að skammta þeim einhvern kvóta upp á örfá tonn, 20–60 tonn, sem síðan er slegist um. Mér finnst miklu eðlilegra að veita þessu byggðarlagi réttinn til að nýta fjörðinn í stað þess að fara í einhverjar æfingar sem rúmast kannski innan kerfisins, eins og að gefa þorskinum að éta og fanga hann síðan svo hann éti ekki rækjuna, að veita þorpinu einfaldlega rétt til að nýta þá auðlind sem Arnarfjörðurinn er eins og íbúunum þykir henta best. Mér finnst það miklu eðlilegra en að fara í þessar æfingar og veita einhverja tugi eða jafnvel 100 tonn til Bíldudals. Ég held að það næðist miklu skynsamlegri nýting út úr því.

[14:57]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem við erum að gera með byggðakvótum er að afhenda þessum byggðarlögum fiskveiðirétt alveg eins og hv. þingmaður var að kalla eftir. Ef þetta frumvarp verður að lögum er mjög líklegt að staður eins og Bíldudalur, sem hefur orðið fyrir miklu áfalli, eigi þar með rétt á verulega auknum fiskveiðirétti frá því sem hann hefur í dag. Ég fullyrði líka að það sem gert er ráð fyrir og gerð er grein fyrir í þessu frumvarpi, sem er sú hugmynd að gefa mönnum fiskveiðirétt á grundvelli byggðakvóta til lengri tíma en eins árs í senn, þ.e. til þriggja ára eins og lagt er til í frumvarpinu, er m.a. forsendan fyrir viðreisn staðar eins Bíldudals, því að það er ekki aðeins þannig að menn geti horft til eins árs í senn, menn verða að geta horft lengra fram í tímann. Þetta snýst ekki bara um að hafa réttinn til að veiða, þetta er líka spurning um að menn geti nýtt hann með sem bestum og hagkvæmustum hætti og búið sér til mikil verðmæti úr honum. Verið er að reyna að nálgast þetta með frumvarpinu, þó að ég viti að hv. þingmaður vilji fara aðrar leiðir.

Aðeins varðandi Grímsey. Það voru auðvitað blikur á lofti í Grímsey í haust. Það fór sem betur fer á annan veg en menn óttuðust um tíma. Hins vegar er alveg ljóst að við slíkar aðstæður hefði byggðakvótinn virkað vegna þess að hann gerir ráð fyrir því, hann byggir á tilteknu mati, kerfi, sem deilir út byggðakvótunum í samræmi við tilteknar forsendur þar sem kvótaþróunin er m.a. er lögð til grundvallar. Ef um er að ræða að byggðarlag missi aflaheimildir, fiskveiðirétt, fær það byggðakvóta en hins vegar vinnur það gegn þeim sem hafa verið að afla sér viðbótaraflaheimilda. Það er auðvitað eitt af því sem er gagnrýnt við þennan byggðakvóta en þá verða menn að hafa í huga að eðli hans er að koma til móts við veikari byggðir.

[14:59]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er að mörgu að hyggja í því frumvarpi sem nú er til umræðu, ekki síður en í hinu sem rætt var fyrr í dag. Það fyrsta sem ég vildi vekja athygli á er að línuívilnunin er til viðbótar við ákvæði frumvarpsins. Frumvarpið ákveður 10. gr. gildandi laga og kveður á um byggðakvóta allt að 12 þúsund þorskígildi, en línuívilnunin er í 11. gr. gildandi laga sem ekki er lagt til að verði breytt og hún er 3.375 lestir af óslægðum þorski á hverju fiskveiðiári auk þess sem ráðherra hefur heimild til þess að ákvarða hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuívilnunar. Til viðbótar 12 þúsund tonnunum og 3.375 lestunum er síðan ótilgreint magn í ýsu og þorski sem getur bæst við. Þetta samanlagt getum við sagt að séu varnaraðgerðirnar til þess að bregðast við áhrifum af framsalinu í kvótakerfinu. Þannig að til þess að ekki verði neinn misskilningur uppi um það þá er línuívilnunin sjálfstæð grein og er til viðbótar við þessi 12 þúsund.

Þá kannski að meginmálinu. Það að menn hafa talið nauðsynlegt að bregðast við áhrifum framsalsins segir auðvitað líka að það hefur verið niðurstaða Alþingis að framsalið sé ósanngjarnt, að framsalið sé í eðli sínu það áhrifamikið eins og það hefur verið, í raun og veru án nokkurra takmarkana, að það sé ósanngjarnt. Það hefur verið fallist á að það væri sanngjarnt að bregðast við því með þeim hætti sem ákveðið hefur verið hverju sinni í lögum.

Ég held að það sé mikilvægt að menn átti sig á því að það er hið almenna viðhorf að gildandi framsal sé ósanngjarnt þannig að við getum ekki haldið því fram að það sé afstaða Alþingis að framsalið sé gallalaust og óumdeilt. Þvert á móti, það er niðurstaða þingsins að framsalið sé gallað og ósanngjarnt og það sé bæði rétt og skylt fyrir Alþingi að bregðast við því. Þetta er mikilvægt að hafa sem útgangspunkt í umræðunni vegna þess að það segir okkur að vandinn sem menn eru að bregðast við er framsalið sjálft og þess vegna eiga menn að mínu viti kannski áður en farið verður lengra í að ákvarða um viðbrögðin við vandanum að ræða um vandann sjálfan, hvort ekki sé hægt að taka á honum, finna lagfæringar sem séu þess eðlis að þörfin fyrir sértækar aðgerðir til að bæta úr slæmum áhrifum framsalsins verði minni.

Ég held að menn eigi að skoða það. Ég held að fyrst að menn hafa komið sér saman um að framsalið sé ósanngjarnt, eins og það er samkvæmt lögunum, þá sé eðlilegt að skoða reglurnar sem gilda um framsalið sjálft, hinar almennu reglur, fremur en að skoða sértækar aðgerðir til að bregðast við hinum almennu reglum.

Ef við skoðum hvaða skorður eru á framsalinu þá er svarið mjög einfalt: Það eru engar skorður. Það má framselja allt aflamark á milli staða, milli útgerða hvenær sem er, hvert sem er og sama gildir um hlutdeildina. Það eru engar skorður um framsalið.

Þá segi ég, virðulegi forseti. Það er skynsamlegast að leita að lausnum í framsalsreglunum. Getur ekki verið rétt að menn setji skorður við því hversu mikið megi framselja og hvenær og hvert? Í þeim texta sem ráðherra leggur fyrir þingið um byggðakvótann kemur fram að gert er ráð fyrir því að í byggðakvótanum verði settar framsalsskorður, að sveitarstjórnir geti ákveðið að setja ákvæði um löndunarskyldu og vinnsluskyldu á fiskinum innan byggðarlagsins þar sem veiðiheimildirnar eru, þar sem þeim er ráðstafað.

Segir þetta okkur ekki dálítið, að ef menn telja rétt að bregðast við með því að setja kvaðir á þá sem fá þennan kvóta, að þeir verði að veiða hann frá þessum stað, þeir verði að landa honum á þessum stað og þeir verði að vinna hann á þessum stað? Segir það okkur ekki að við ættum að skoða hvort það sé ekki rétt að setja sambærilegar kvaðir sem almenna reglu inn í framsalið? Ég segi jú, virðulegi forseti, við eigum auðvitað að skoða það. Og nú vil ég ganga lengra og segja: Við eigum auðvitað að gera það.

Á sínum tíma komu þær tillögur fram hér í þingsölum að það mætti aldrei framselja út úr byggðarlagi nema einn þriðja af kvótanum sem útgerð réði yfir, tveir þriðju hlutar yrðu alltaf að vera vistaðir og þeim ráðstafað innan byggðarlagsins. Ef það hefði verið reglan þá hefði ekki orðið þessi mikli tilflutningur á milli staða eða við skulum segja öllu heldur þessi mikli ójafni tilflutningur milli staða, því að tilflutningurinn skiptir ekki máli ef hann er nokkurn veginn jafn í heildina tekið, þá er kannski engin ástæða til að vera að setja skorður við því. Vandinn hefur orðið vegna ójafns tilflutnings þar sem stærstur hluti kvótans hefur farið frá einstökum byggðarlögum en sáralítið komið í staðinn.

Ef menn hefðu sett slíka reglu á sínum tíma hefðum við ekki séð þau vandamál sem hafa orðið, eins og t.d. árið 1999 á Vestfjörðum þegar fiskveiðar drógust saman um einn fjórða, um heilan fjórðung á einu ári. Það er ekki lítill samdráttur á landsvæði þar sem fiskveiðar eru stærsta atvinnugreinin. Láti menn nú sér detta í hug áhrifin á atvinnulíf annars staðar, t.d. á Akureyri eða í Reykjavík, ef stærsta atvinnugreinin í þeim byggðarlögum mundi dragast saman um einn fjórða á heilu ári. Við sjáum auðvitað afleiðingarnar eins og á Vestfjörðum, fólksfækkunin á því svæði, bara á síðustu tólf árum, hefur verið 21%. Það er vegna þess að störfum hefur fækkað, það er ekki þannig að fólkið fari og svo komi störfin á eftir, heldur fara störfin og tekjurnar fyrst, svo fer fólkið. Þetta eru eiginlega bara hamfarir, virðulegi forseti, svona feiknarlegar breytingar í búsetu á heilu landsvæði. Ég held að ég geti leyft mér að fullyrða að menn finna ekki dæmi í nokkru landi í Evrópu á síðustu 50 árum um aðrar eins hreyfingar á fólki á jafnskömmum tíma, sem auðvitað segir það að þó að menn hafi viðurkennt að það þyrfti að bregðast við áhrifum framsalsins þá hefur það verið svo lítið, það hefur ekki náðst að spyrna við fótum betur en þetta.

Ég held því að við eigum að setja skorður inn í framsalið sem almenna reglu og því betur sem það er útfært því minni þörf er á sértækum úrræðum í formi byggðakvóta, af því að ég held að löggjöf sé betri ef hún er leyst sem mest með almennum reglum og sem minnst með sértækum reglum.

Í öðru lagi vil ég árétta að viðbrögðin, 12 þúsund þorskígildi, og það er alveg rétt hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra, þetta hefur skipt máli. Það eru dæmi um staði þar sem byggðakvótinn hefur skipt máli, hann hefur styrkt atvinnulíf, þess vegna ber ekki að tala þannig um málið að þetta sé gagnslaust. Hins vegar er ekki hægt að draga fjöður yfir það að þetta er lítið, 12 þúsund þorskígildi eru ekki nema

3% af útgefnum fiskveiðiheimildum á hverju ári, sem eru svona um 400 þúsund þorskígildi. Þetta er því lítið sem hlutfall af heildinni og þetta er líka lítið sem hlutfall af framsalinu.

Ég er hér með töflu um framsal síðustu ára. Flutningur aflamarks, t.d. á síðustu þremur fiskveiðiárum, hefur í þorski verið frá 88 þúsundum til 94 þúsunda tonna. Milli óskyldra aðila, ef við tökum frá flutning á milli skipa í eigu skyldra aðila þá voru þetta á síðasta fiskveiðiári 60 þúsund tonn í þorski og 45 þúsund tonn í ýsu, 30 þúsund tonn í ufsa, 25 þúsund tonn í karfa, framsalið er því um 180 þúsund tonn milli óskyldra aðila. Ég veit ekki hvað það eru mörg þorskígildi, ég er ekki með tölur yfir það, ég mundi giska á svona 100 þúsund þorskígildi sem bara aflamarksflutningurinn varð á síðasta fiskveiðiári og 12 þúsund af 100 þúsund eru 12%.

Til viðbótar við það verðum við að bæta flutningum vegna aflahlutdeildar og hún er samkvæmt töflu sem ég er með yfir síðustu fimm fiskveiðiár í þorski um 20% á ári, um 20% af hlutdeildinni í þorski flyst á milli fiskiskipa. Ef við gefum okkur það — og þetta er bara forsenda sem ég gef mér, ég hef ekki upplýsingar til að meta hversu nálægt raunveruleikanum hún er — að helmingurinn af þessu sé á milli óskyldra aðila, þá eru það 10% og 10% í þorski eru 20 þúsund tonn á hverju ári sem flytjast á milli óskyldra aðila til viðbótar við þau 60 þúsund sem ég rakti áðan þannig að flutningurinn er kominn upp í 80 þúsund tonn bara í þorskinum einum og sér ef ég reyni að meta framsalið í aflamarkinu og hlutdeildinni saman.

Ef við leggjum saman, skoðum hvað framsalið er að gera mikið og hvað byggðakvótinn er stórt hlutfall af hreyfingunni þá er byggðakvótinn mjög lítið hlutfall af hreyfingunni. Þess vegna vegur hann eðlilega lítið á móti áhrifunum af breytingunni, það gefur augaleið að ef mikið er flutt til og lítið er sett inn til að bæta úr þá verða áhrifin auðvitað mikil.

Ef við viljum því gera betur en tölur sem hafa leitt af framsalinu um íbúaþróun og atvinnuumsvif í sjávarplássum landsins bera með sér þá verðum við annaðhvort að auka byggðakvótann verulega eða að setja inn í almennu framsalsreglurnar takmarkanir sem tryggja það að umsvifin, útgerðin, löndunin og vinnslan séu að vissu marki alltaf á ákveðnu atvinnusvæði og flytjist ekkert út fyrir það. Það útilokar ekki að það geti verið breytingar á eignarhaldi þannig að það geti verið eitt fyrirtæki sem eigi veiðiheimildirnar á mörgum stöðum en þau verða þá að reka starfsemina á þeim stöðum, a.m.k. að því marki sem mundi verða kveðið á um í þessum framsalsreglum.

Ég sé líka fyrir mér einn möguleika. Ef menn vilja ekki setja takmarkanir í framsalið, ef menn vilja ekki bæta við í byggðakvótanum þannig að hann geti betur spornað við fæti við áhrifum framsalsins, hann mætti líklega ekki vera undir 10–15% af útgefnum veiðiheimildum, þá þyrfti hann að vera í ráðstöfunum í formi byggðakvóta eða til þess að þetta væri eitthvert umtalsvert hlutfall af hreyfingunni á ári hverju. Ef menn vilja hvorugt gera þá held ég að það sé ekki önnur leið en að reyna að markaðsvæða þessi viðskipti með veiðiheimildirnar, láta ríkið annast útleiguna á þeim og taka inn tekjurnar og nota tekjurnar til atvinnuuppbyggingar í byggðarlögum landsins eftir útdeilingu sem tæki mið af umsvifum í sjávarútvegi á einhverju tilteknu árabili rétt eins og menn notuðu tiltekið árabil til að ákvarða upphafsúthlutun kvótans. Þá mundu peningar renna inn í plássin sem yrðu notaðir til atvinnumála, uppbyggingar annaðhvort í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum til mótvægis við breytingar í sjávarútvegi.

Þetta held ég að séu í stórum dráttum þær leiðir sem menn geta farið og ég hallast að þeirri leiðinni sem er almennust, ég held að það sé besta leiðin og ég hallast að því að horfa frekar til takmarkana á framsali í almennum reglum en með sértækum aðgerðum. Auðvitað geta menn blandað þessu saman, sett að vissu marki takmarkanir á framsalið í almennum reglum og haft að auki úrræði í formi byggðakvóta til viðbótar og hlutföllin þarna á milli yrðu auðvitað að endurspeglast af því hversu miklar takmarkanir menn settu inn í almennu reglurnar, því minni takmarkanir í almennu reglunum þeim mun meiri þörf á stærri hlutdeild inn í sértæku úrræðin í formi byggðakvóta og á móti að því meiri takmarkanir sem menn setja á framsalið þá verður minni þörf á úrræðum eins og byggðakvóta. Ég held að menn ættu að setja þetta niður fyrir sér á þennan hátt í almennu löggjöfinni, virðulegi forseti.

Að lokum vil ég svo fjalla aðeins meira um það sem ég nefndi, þ.e. að framsal á heimildunum væri fyrst og fremst ráðstafað eftir einhverjum viðskiptalegum forsendum sem ríkið stæði fyrir og leigði út heimildir til lengri eða skemmri tíma og tæki inn tekjur af því. Það má líka hugsa sér að veiðiheimildunum yrði skipt þannig að ríkið hefði þær ekki allar undir höndum heldur hefðu einstök sveitarfélög, skulum við segja, sinn hlut af þeim sem þau gætu síðan leigt út og fénýtt. Við vitum hvernig við nýtum aðra auðlind, þ.e. landið, þar hafa menn viðurkennt afnotarétt þeirra sem hafa nýtt tiltekið land eða afrétt um árabil, að þeir eiga rétt til nýtingar umfram aðra sem ekki hafa nýtt það, þó að þeir eigi kannski ekki eignarrétt. Auðvitað á sama að gilda um fiskimið. Fiskimið undan ströndum landsins hafa verið nýtt í gegnum aldirnar af fólki sem býr þar við. Mér finnst eðlilegt og sanngjarnt að það myndi nokkurs konar nýtingarrétt með sambærilegum hætti og fólk til sveita sem hefur nýtt tiltekinn afrétt, það fólk á þar áfram tiltekinn rétt umfram aðra. Ég held að menn verði að fara að hugsa ráðstöfun auðlinda lands og sjávar út frá sömu meginreglunum og menn styðjast við t.d. varðandi land og orku.

Þá held ég að ég láti þetta duga, virðulegi forseti. Það má auðvitað segja margt fleira um þetta mál en ég hef kosið að tala almennt um málið en ekki um einstök útfærsluatriði í því. Það er gert ráð fyrir því í þingsköpum að þingmenn leitist við að fjalla um stóru drættina í svona málum við 1. umr. og taki síðan einstakar greinar frumvarpsins eða útfærsluatriði til umfjöllunar eftir þinglega meðferð þegar málið kemur til 2. umr.

Byggðakvóti er í eðli sínu ríkisstyrkur og það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar að þegar allt er dregið saman er þetta frumvarp um árlegan tveggja milljarða kr. ríkisstyrk.

[15:19]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Úthlutun á svokölluðum byggðakvóta er alltaf erfið og kallar oft og tíðum á miklar deilur og sárindi vegna þess hvernig þessum takmörkuðu gæðum er úthlutað eins og oft vill verða þegar verið er að úthluta takmörkuðum gæðum, ég tala ekki um þegar settar eru sérstakar eða sértækar reglur sem eru kannski mismunandi eftir byggðarlögum eða þeim sem njóta úthlutunar byggðakvóta.

Mér sýnist, ef við förum yfir frumvarp það sem hér liggur fyrir, að verið sé að reyna að bregðast að einhverju leyti við þeim óánægjuröddum sem heyrst hafa með úthlutun á byggðakvóta og kannski ekki síður er verið að reyna að bregðast við athugasemdum sem hafa komið frá umboðsmanni Alþingis á úthlutun þessara gæða.

Að sjálfsögðu er ekki komið að því að þetta verði staðreynd fyrir byggðarlög í vanda. Væntanlega er búið að úthluta eftir eldri reglum fyrir fiskveiðiárið 2006/2007. Við erum því að tala um að samkvæmt þessu lagafrumvarpi yrði úthlutað þá á fiskveiðiárinu 2007/2008 eða frá 1. september næstkomandi. Jafnvel þótt frumvarpið verði gert að lögum fljótlega held ég að þau komi ekki til með að hafa áhrif fyrr en kemur að fiskveiðiáramótum sem eru 31. ágúst eða 1. september á þessu ári.

Úthlutun eins og þessi á verðmætum sem skipta verulegu máli, sama hvernig á þau er litið, hvort við lítum á heildarverðmæti þeirra gæða sem verið er að úthluta upp á 2 milljarða króna á ári, ef við horfum til leigumarkaðarins eins og hann hefur verið undanfarið, þá eru það ekki litlir fjármunir. Þetta skiptir miklu máli fyrir þá aðila sem fá úthlutun því verið er að reyna að úthluta byggðakvóta til aðila sem orðið hafa fyrir einhvers konar áföllum eða byggðarlögin orðið fyrir einhverjum áföllum. Það munar miklu að fá forgjöf í formi byggðakvóta til að koma sér af stað því þá þarf ekki að leigja hann á þessum frjálsa og hamingjusama leigumarkaði sem er á Íslandi.

Ef staðreyndin verður sú að farið verður að úthluta byggðakvóta til þriggja ára í senn í stað þess að úthluta honum til eins árs er í raun ein einstök ákvörðun sem tekin er um úthlutun á 12.000 tonnum jafngildi verðmæta upp á 6 milljarða kr. á núverandi leiguverði. Það eru ekki lítil verðmæti þegar verið er að úthluta þeim í einu lagi í eitt skipti á þriggja ára fresti. Svona til gamans, ef við miðum við verð á aflahlutdeildum í dag í varanlegu aflamarki, ætli við séum ekki að tala um, þótt mönnum þyki þessi pakki lítill, verðmæti upp á yfir 20 milljarða kr. sem eign. Ríkið er því með þann pakka í höndunum og notar hann til jöfnunar, ef við getum orðað það sem svo, eða til að aðstoða sveitarfélög sem orðið hafa fyrir áföllum.

Það er í raun ekkert í frumvarpinu sem segir að úthluta skuli 12.000 tonnum í byggðakvóta. Það var heldur ekki í lögunum eins og þau standa í dag, en í þeim er sagt að ráðherra skuli hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið, sem hann getur ráðstafað þannig. Síðan kemur skilgreining á því hvernig hann getur ráðstafað þeim.

Í frumvarpstextanum er þessu orðalagi breytt og ég var satt að segja að vona þegar ég fór í gegnum þetta, að tilgangurinn væri sá að negla frekar niður en orðið er, að þetta skuli fara í þessa ráðstöfun, en svo er ekki. Í stað þess að sagt sé að ráðherra geti ráðstafað þessu á ákveðinn hátt þá heitir það núna í 1. gr. frumvarpsins sem við ræðum, að honum sé heimilt að ráðstafa þessu til byggðarlaga.

Í hvorugum textanum er skylda og ég held satt að segja að það sé hlutur sem væri kannski rétt að velta fyrir sér, að ekki sé verið að rífast um að þetta sé potturinn sem menn ætla að nota í jöfnunaraðferðir og þetta sé potturinn sem menn ætla að nota til útdeilingar til að mæta vanda á mismunandi stöðum og það sé hreint og klárt kveðið um það í lögum að það skuli nota þetta eða ákveðið hlutfall af heildaraflaheimildum í þessu skyni. En ég á eftir að fara betur yfir það. Ég var að glugga í tölur hjá hæstv. ráðherra áðan í skýrslu um hversu mikið hefði verið úthlutað af þessum byggðakvóta. Mér sýndist í fljótu bragði að það væri kannski innan við helmingurinn af þeim 12.000 tonnum sem hefðu farið í því skyni. Það er því til lítils í sjálfu sér að vera að taka frá svona pott í því skyni ef hann er síðan nýttur að hálfu eða kannski minna en það.

Hæstv. ráðherra svaraði því í andsvörum að Byggðastofnun hefði verið meira svona til ráðgjafar en beinn aðili að því að úthluta kvótum. Það er alveg rétt að hinir svokölluðu Byggðastofnunarkvótar fóru minnkandi og áttu að detta út en verið er að framlengja þá kannski aðeins að einhverju leyti með þessu frumvarpi.

En ég held þó að mikilvægt sé að Byggðastofnun, sem á að hafa puttana á púlsinum á því sem er að gerast hér og þar vítt og breitt um landið, verði þá kannski aðeins nær þessu en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ég held að það skipti líka miklu máli hvernig skilgreiningin verður á því hvaða byggðarlög það eru sem koma til greina til úthlutunar. Hvort eigi að miða þar við höfðafjölda upp á 1.500 íbúa eða hvort einhverjir aðrir hlutir eiga að skipta máli. Ég held að það sé eiginlega ekki hægt að ætla að fara að binda sig við einhvern ákveðinn fjölda vegna þess að byggðarlög, þó þau séu orðin stærri en 1.500, geta orðið fyrir verulegum áföllum þegar ein stór útgerð, svo ég tali ekki um að tveir stórir útgerðaraðilar sem hafa verið kannski hryggurinn í atvinnulífi á stað sem er yfir 1.500 íbúa, ákveða að framselja kvóta sinn eða flytja hann í burtu. Það getur ekki síður orðið mikið högg í byggðarlögum þó þau telji fleiri íbúa en 1.500.

Nýmælin í frumvarpinu, eins og hæstv. ráðherra kom fram með í framsögu sinni, eru að sveitarstjórnum er ætlað meira hlutverk en áður. Ég verð þó að segja að ákveðinn efi er í mínum huga þegar ég les í gegnum frumvarpstextann að það sé í raun svo, einfaldlega vegna þess að sagt er að sveitarstjórnir annist úthlutun aflaheimilda sem komi í hlut einstakra byggðarlaga, til einstakra fiskiskipa og sendi tilkynningu þar um til Fiskistofu. En svo segir síðar í textanum að það sé ráðherra sem algjörlega ráði þessu. Ráðherra á að setja reglugerð um almenn samræmd skilyrði fyrir allt landið um úthlutun þessara aflaheimilda til fiskiskipa. Almenn samræmd skilyrði fyrir allt landið þýðir að sömu reglur gilda fyrir alla. Um hvað ætlar hæstv. ráðherra að setja reglugerð? Jú, hann ætlar að setja reglugerð um stærð skipanna sem koma til greina, gerð þeirra, skráningarstaðinn, á hvaða skráningartíma eignarhald skipa kemur og heimilisfesti á útgerðaraðilanum. Hann ætlar að setja reglur

um löndun og vinnslu afla á grundvelli úthlutaðra aflaheimilda, reglur um framkvæmd úthlutunar, sem væntanlega er það sem sveitarfélögin eiga að fá í sinn hlut. Hann ætlar að setja reglur um brottfall aflaheimilda, framsal og skipti á aflaheimildum.

Í raun og veru segir hæstv. ráðherra að sveitarstjórnirnar fái meira vald til að úthluta byggðakvóta en á hinn bóginn ætlar ráðherrann sér að setja reglur um allt með hvaða hætti sveitarfélögin megi úthluta. Ég sé því ekki annað en að sveitarfélögin séu bara verkfæri í hendi hæstv. sjávarútvegsráðherra og hann geti ráðið því nánast algjörlega hvernig úthlutun á byggðakvóta verður.

Talað er um að ef vera á með samræmd skilyrði fyrir allt landið þá verði að mæta athugasemdum sem umboðsmaður Alþingis gerði við fyrri úthlutanir. En mér sýnist samt sem áður í frumvarpstextanum að verið sé að reyna að komast fram hjá því að einhverju leyti líka vegna þess að talað er um að setja almenn samræmd skilyrði fyrir allt landið en um leið er settur fyrirvari. Þar segir að ráðherra geti ákveðið samkvæmt tillögum sveitarstjórnar að sett verði tiltekin viðbótarskilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda til fiskiskipa í einstökum byggðarlögum. Í rauninni gilda almennar reglur sem eru afar víðtækar um alla hluti en hins vegar á að vera hægt að bæta við viðbótarskilyrðum, hvernig sem þau eru hugsuð. Því er verið að skilja eftir ákveðið svigrúm til geðþóttaákvarðana, sýnist mér, eins og kannski hefur verið gagnrýnt svolítið með úthlutun á byggðakvóta hingað til.

Annað sem kemur fram í frumvarpinu er að setja á á laggirnar sérstaka úrskurðarnefnd þar sem sjávarútvegsráðherra skipar þrjá aðila til fjögurra ára. Í nefndinni verði þrír aðilar, einn frá sjávarútvegsráðuneyti, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Byggðastofnun. Þetta verði úrskurðarnefnd sem eigi að úrskurða um kærur þar sem einhver kærir úthlutun sveitarstjórna á byggðakvóta. Verið er að reyna að stytta kærufrestinn eins mikið og hægt er og kærufrestur til úrskurðarnefndar á að vera tvær vikur frá tilkynningu sveitarstjórnar um úthlutun. Nefndin á að reyna að klára að leggja fram úrskurð sinn innan tveggja mánaða frá því að kæra kemur fram.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé réttur skilningur hjá mér að komi fram kæra þá fresti kæran úthlutun. Ef aðili kærir til úrskurðarnefndar úthlutun sem sveitarfélag hefur gert hljóti kæran að fresta þeirri úthlutun þangað til úrskurður nefndarinnar liggur fyrir.

Annað sem mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um og tengist kannski ekki beint þessu máli og þó gerir það það. Við ræddum fyrir stuttu frumvarp um viðurlög þar sem við ræddum um sviptingu á veiðileyfum, sviptingu á vigtunarleyfum og slíku. Þar lögðum við fulltrúar í stjórnarandstöðunni talsverða áherslu á að sett yrði á laggirnar úrskurðarnefnd. Ef menn vildu kæra sviptingar á veiðileyfi eða vigtunarleyfi lögðum við til að sett yrði á laggirnar sérstök úrskurðarnefnd þar sem slíkar kærur eru teknar fyrir en þær yrðu ekki kærðar til sjávarútvegsráðuneytisins beint sem væri, má segja, yfirmaður eða hliðstætt Fiskistofu sem hefði ákveðið að svipta menn veiðileyfi eða vigtunarleyfi. En hæstv. ráðherra sá því allt til foráttu að setja á laggirnar slíka úrskurðarnefnd í því tilviki. Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað hefur breyst fyrst nú er hægt að setja á laggirnar úrskurðarnefnd sem á að geta tekið til tillagna eða úrskurðar stjórnvalds á sveitarstjórnarstigi? En hann vildi ekki taka þátt í því með okkur að þeir sem yrðu fyrir sviptingu veiðileyfa eða vigtunarleyfa gætu skotið slíkum ákvörðunum til úrskurðarnefndar.

Ég held menn hljóti að fara yfir frumvarpið í sjávarútvegsnefnd með fránum augum því við höfum oft og tíðum lent í því, sérstaklega með byggðakvótann, að mjög mismunandi skoðanir eru uppi um hvort vera eigi til byggðakvóti og eins með hvaða hætti honum er úthlutað. Það er eðlilegt því hér erum við að tala um, eins og ég sagði áðan, það mikil verðmæti að auðvitað væri undarlegt ef allir væru sammála um hvernig ætti að útdeila þeim. Við hljótum því að gefa okkur ákveðinn tíma í þetta. Því miður er stuttur tími þar til þingi lýkur en með góðum vilja ætti að vera hægt að koma málinu alla leið í gegnum sjávarútvegsnefnd.

Mér barst til eyrna að sveitarstjórnir væru búnar að fá frumvarpið í hendur. Því langar mig að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort hann, í ljósi þess hve lítill tími er eftir af þinginu, hafi ákveðið að senda frumvarpið til kynningar eða jafnvel umsagna til sveitarstjórna áður en það væri tekið fyrir í 1. umr. og áður en sjávarútvegsnefnd hefði tekið það fyrir og ákveðið að senda það út til umsagna, eins og þingsköp gera ráð fyrir og verklag á þinginu er. Það kom mér á óvart þegar ég heyrði að einstök sveitarfélög eða bæjarstjórar voru komnir með frumvarpið hendur.

Annað sem mig langar að spyrja um er ákvæði sem bannar framsal aflaheimilda með öllu sem úthlutað er samkvæmt þessari grein. Ég hélt satt að segja að það hefði verið bannað í lögunum eins og þau eru en þegar ég fór í lögin og skoðaði þau sá ég einmitt að það var ekkert ákvæði í lögunum sjálfum sem bannaði framsal á byggðakvótum. Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort mikið hafi verið um sóðaskap í kringum byggðakvótann. Hvort þessi sérteknu gæði sem ríkið var að úthluta til einstakra útgerða — hvort mikið hafi verið um að útgerðir hafi leigt frá sér byggðakvótann eða framselt hann einhverjum öðrum. Fyrst þetta kemur núna inn í lagagreinina veltir maður því óneitanlega fyrir sér hvort mikill sóðaskapur hafi verið í gangi í kringum þetta samkvæmt lögunum eins og þau eru núna.

Mig langar einnig að spyrja hæstv. ráðherra um eitt enn áður en tíma mínum lýkur. Það er um ákvarðanir og hlutverk sveitarstjórna. Mega sveitarstjórnir, t.d. að áliti hæstv. ráðherra, eftir að frumvarp þetta yrði óbreytt að lögum, kalla eftir því að þeir sem fengju úthlutað byggðakvóta yrðu að leggja kvóta á móti eins og við höfum heyrt um hjá sveitarstjórnum hingað til í úthlutun? Má að einhverju leyti taka þennan byggðakvóta og bjóða hann út innan byggðarlag þannig að þeir sem bjóða best eða leggja mest á móti séu í betri stöðu að fá byggðakvóta en aðrir? Eða hvað er það sem sveitarstjórnir mega gera þegar þær eru að velta fyrir sér úthlutun? Verða þær að fara í einu og öllu að reglugerð ráðherra eins og hún verður, mjög ítarleg um alla hluti? Eða mun hver einasta sveitarstjórn geta óskað eftir viðbótarskilyrðum eða sérákvæðum? Hyggst ráðherra ætla sér að verða við þeim? Og þá er framhaldsspurning í því sambandi: Er úthlutun byggðakvóta ekki aftur komin til skoðunar hjá umboðsmanni Alþingis sem leggur að sjálf-

sögðu áherslu á að reglur séu almennar og skilyrði séu samræmd fyrir landið allt? Er ekki í raun verið að opna fyrir það, eins og textinn er í frumvarpinu, að áfram verði sérreglur um úthlutanir og reglur um úthlutanir gætu orðið mjög mismunandi milli sveitarfélaga eins og þær reyndar hafa verið undanfarin ár, því að margar aðferðir hafa verið nýttar og notaðar við að úthluta byggðakvótanum hingað til?

Þriggja ára reglan um að úthluta byggðakvóta í þrjú ár er afar skynsamleg ef menn ætla að annað borð að úthluta byggðakvóta. Nýir aðilar eða aðilar sem orðið hafa fyrir áföllum og ætla að reyna að byggja upp atvinnu í heimabyggð geta ekkert gert eingöngu með loforðum um kvóta í eitt ár, eitt fiskveiðiár. Það er alveg sama hversu sterkir þeir eru eða hversu miklar hugmyndir þeir hafa. Það fer enginn að leggja út í miklar fjárfestingar eða hætta miklum fjármunum eingöngu með loforðum um byggðakvóta í eitt ár og einhverjar óljósar hugmyndir um hvort honum verði úthlutað á árunum þar á eftir og með það jafnvel hangandi yfir sér að reglum verði breytt og engin leið sé til þess að treysta á það að leggi menn nú alvörufjármuni í að byggja upp atvinnulíf á stöðum sem orðið hafa fyrir áfalli, sitji þeir ekki uppi eftir eitt ár jafnvel verr settir en þeir voru þegar þeir fóru af stað vegna þess að þeir fengu eingöngu byggðakvóta úthlutað í eitt ár.

Ég held að þau nýmæli sem skipta mestu máli í þessu sé spurningin um að byggðakvóti sem á að koma að einhverjum notum — að hægt verði að skrifa undir skuldbindandi yfirlýsingu af hálfu hæstv. ráðherra um að fyrirtæki eða byggðarlag geti treyst því að sá byggðakvóti sem verið er að úthluta á þeim tíma sé til úthlutunar í þrjú ár. Ég held að þetta muni gjörbylta grundvelli fyrir þá sem reyna á einhvern hátt að byggja upp atvinnu sem byggir á byggðakvóta. Mikið átak er fyrir aðila að hefja fiskvinnslu á stað þar sem fiskvinnsla hefur dottið niður og munar öllu að geta fengið kvóta sem er þetta mikils virði til að ná sér í viðbótarkvóta sem verður til þess að menn geta byggt upp atvinnu aftur á stöðum þar sem atvinna hefur horfið einhverra hluta vegna, annaðhvort vegna þess að fiskstofnar hafa látið á sjá, einstaka tegundir hafa látið undan síga eða vegna þess að menn hafa lent í hremmingum í rekstri og ekki náð að reka fyrirtæki sín.

[15:39]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða frumvarp hæstv. sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun á aflaheimildum samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga, um stjórn fiskveiða, svokallað ákvæði um að úthluta megi aflaheimildum til byggða sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti, til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda svo sem samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.

Og b-liður, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og skerðingin hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.“

Þetta er meginefni frumvarpsins, hæstv. forseti.

Ákvæðið sem við erum að ræða er í raun hálfgert viðurlagaákvæði fiskveiðistjórnarlaganna, þ.e. þessu ákvæði er ætlað að bregðast við vanda sem kemur upp í byggðarlögum þaðan sem aflaheimildir hafa farið og þar sem atvinnuástand hefur versnað, byggðarlögum sem eru háð veiðum og vinnslu á botnfiski og þurfa sérstaklega á því að halda til þess að viðhalda þar byggð eða til þess að koma viðhaldi í byggðarlögum til góða vegna þess að ákveðnar skerðingar hafa átt sér stað sem hafa veruleg áhrif á atvinnuástandið. Við þekkjum þessar aðferðir. Þær hafa verið notaðar á undanförnum árum, til dæmis varðandi algjört hrun í rækjuveiðum, hrun í skelfiskveiðum o.s.frv. þó að þær reglur hafi reyndar verið mismunandi svolítið eftir landsvæðum. Jafnvel er hægt að benda á að í sumum byggðarlögum hafa menn ekki notið jafnræðis að fullu eins og varðandi skelfiskveiðar svo ég nefni til dæmis samanburð á milli Arnarfjarðar og Breiðafjarðar. Í Arnarfirði kom upp svokölluð kadmínmengun. Eigi að síður duttu veiðarnar niður og höfðu áhrif á atvinnuástandið.

Eins og ég sagði í upphafi máls, hæstv. forseti, þá er þetta viðurlagaákvæði, þ.e. um að taka frá ákveðnar aflaheimildir til að úthluta til þess að hafa áhrif á það ástand sem skapast þegar útgerðarmenn hafa ráðstafað afla úr byggðum og þær sitja eftir kvótalausar eða ef aflabrestur hefur orðið á tegundum öðrum sem hafa ráðið miklu um atvinnu í viðkomandi byggðarlögum, rækjuútgerðarstöðum og -vinnslustöðum og þar sem hörpudiskur er mikilvægur svo eitthvað sé nefnt.

Hér er lagt til að 12.000 lestir í þorskígildum verði notaðar í þetta og verður að segjast alveg eins og er að þessi pottur hefði gjarnan mátt vera stærri ef við ætlum raunverulega að nota hann sem úrræði til þess að takast á við vanda í mörgum byggðum sem hafa orðið fyrir skakkaföllum eftir að hafa misst frá sér veiðiréttinn við sölu aflaheimilda úr byggð eða flutning útgerðarfélaga frá byggðarlagi þannig að aflaheimildirnar hafi þaðan horfið, vegna samþjöppunar í útgerðarrekstri o.s.frv.

Hæstv. forseti. Ég lít svo á að vegna þess hvernig kvótakerfið er uppbyggt þá skipti mestu máli fyrir hinar dreifðu byggðir sem háðar eru botnfiskvinnslunni og reyna að komast af með því að halda uppi vinnslu í botnfiskveiðum eða að reyna að efla þær á nýjan leik, að úthlutunin á þessum pottum sé að sem mestu leyti í þorski. Hvers vegna segi ég þetta, hæstv. forseti? Það er vegna þess að útgerðum hefur alltaf gengið best að skipta út þorski. Það hefur alltaf verið auðveldast að skipta út þorski og fá þá aðrar tegundir sem byggðarlög eða vinnslustöðvar hafa sérhæft sig í. Þess vegna verð ég að benda á að þessi pottur er í fyrsta lagi allt of lítill til þess að taka á þeim vandamálum sem hafa fylgt kvótakerfinu, þó að hann sé viðurkenning á því að þessi vandi sé til staðar og kvótakerfið hafi valdið þessari byggðaröskun og tilflutningi á atvinnutækifærum eins og við þekkjum öll vítt og breitt um landið, mismunandi eftir árum og tímabilum. Það er staðreynd að tilflutningur aflaheimildanna hefur tekið atvinnu svo til algjörlega frá einum stað og fært hann eitthvert annað. Um þetta eru miklar deilur í þjóðfélaginu og nýjustu deilurnar eru sennilega norður á Akureyri þar sem Akureyringar horfa á tilflutning afla-

heimilda frá Akureyri til Reykjavíkur. Enginn veit hver framtíð Akureyringa verður í því. Þóttu þeir nú sterkir í kvótakerfinu fyrir nokkrum árum og fáir á Akureyri leiddu hugann að því að þetta ætti eftir yfir þá að ganga. En svona er nú það. Það sem helst hann varast vann varð að koma yfir hann, og það er innbyggt í kvótakerfið.

Það er spurning hvort menn geti einskorðað þetta við hinar minni sjávarbyggðir þó það sé gert hér. En það er auðvitað fyrst og fremst gert vegna þess að potturinn er það lítill. Hann er það lítill að ef tilflutningur verður á verulegum aflaheimildum eins og gerðist á Vestfjörðum fyrir nokkrum árum síðan — fleiri þúsund tonna færðust burtu með sölu eins fyrirtækis — þá ræður byggðapotturinn illa við það. Þá er ég ekki að gera lítið úr því að hann hafi ekki víða komið að gagni. Ég er ekkert að gera lítið úr því miðað við þær heimildir sem hafa verið til staðar. En þar sem ríkisstjórnin núverandi er svo áformuð um að festa þetta kerfi í sessi með öllum tiltækum ráðum en samt með viðleitni til að bregðast við þá bendi á að þessi pottur er of lítill til að bregðast við þeim vanda sem vissulega getur komið upp í byggðarlögum sem missa frá sér veiðiheimildirnar.

Ég held að þetta sé til bóta, hæstv. forseti, meðan menn hafa þetta gallaða fiskveiðistjórnarkerfi þó ég vænti þess að eftir næstu alþingiskosningar náist samstaða í nýrri ríkisstjórn um að taka verulega á við að lagfæra það og gera á því verulegar breytingar. Það er mín trú að stjórnarandstaðan muni sameiginlega vilja takast á við það, þó ég geri mér grein fyrir því að ekki er einfalt að snúa ofan af kerfi sem er búið að vera í 20 ár. Menn verða að stíga þau skref eftir einhverjum ákveðnum mörkuðum leiðum. Það er ekki tilgangur neins í landinu væntanlega að setja útgerðir á hausinn við tilfærslur á aflaheimildum eða eyðileggja ákveðna staði þó það sé innbyggt í þetta kvótakerfi að eyðileggja atvinnu á ákveðnum stöðum. Það er beinlínis innbyggt. Þess vegna eru menn með þennan viðlagapott upp á 12.000 þorskígildistonn.

Hæstv. forseti. Fagna ég því nú að hv. þm. Halldór Blöndal er hér í salnum. Ég benti á það áðan hvað gæti komið fyrir Akureyri, þ.e. að þaðan flyttust burtu verulegar aflaheimildir og eins og lögin um byggðapottinn, viðlagapottinn sem ég kalla svo, eru uppsett bæði með tilliti til íbúafjölda og þess að við erum hér aðeins að tala um 12.000 þorskígildistonn þá mundu þau illa duga til að bregðast við ástandi sem þar kæmi upp, ef svo færi, hæstv. forseti, að það yrði varanleg staða að aflaheimildirnar færu frá Akureyri sem núna hafa verið fluttar með skipum til Reykjavíkur. Ég bendi á þetta og ég hygg að hv. þm. Jón Gunnarsson hafi einnig bent á það hér áðan að þetta atriði þyrfti að skoða.

Hæstv. forseti. Ef menn ætla virkilega að hafa tök á því að bregðast við þeim vanda sem víða er að koma upp og getur komið upp þá þyrftu þeir að mínu mati að tala um sennilega 30.000 tonn af þorski. Það er reyndar sami pottur og Davíð Oddsson fann norður á Akureyri fyrir síðustu kosningar að fiskifræðingum óspurðum. Þeir höfðu ekki komið auga á að hann væri til í sjónum en fundu hann eftir að Davíð fann hann. Þá fundu þeir hann alveg eins og skot, fiskifræðingar á Hafrannsóknastofnun. Ákaflega merkileg vísindi voru þar stunduð. Þá var hægt að bæta þessu við, þ.e. eftir að hæstv. þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson sagði norður á Akureyri að bæta mætti við 30.000 tonnum. (Gripið fram í.) Það var auðvitað kosningatrikk. Það vita allir. Nákvæmlega, það var kosningatrikk. (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokkurinn hefur sjaldan búið til annað eins kosningatrikk og þetta sem búið var til af hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, norður á Akureyri með 30.000 tonna pottinum í þorski og þegar hann hoppaði einnig inn á línuívilnunina sem frægt var. Ég hugsa að þessi tvö trikk meðal annars hafi orðið til þess að bjarga ríkisstjórninni frá falli ásamt auðvitað því að atkvæði framsóknarmanna nýttust í Reykjavík nánast upp á eitt atkvæði þegar Árni Magnússon komst einn í Reykjavíkurkjördæmi norður, svo ég bara rifji það örlítið upp.

En það er nú kannski ekki efni þessa máls sem við erum að ræða, enda er nóg efni um að ræða í þessu frumvarpi. Innbyggt í þetta kvótakerfi er leiga og sala aflaheimilda. Það er algerlega ljóst að eins og þetta kerfi hefur þróast á undanförnum árum er það orðið yfirburðakerfi fyrir ákveðinn hóp útgerðarmanna. Þann hóp útgerðarmanna sem hafði í upphafi mestar aflaheimildirnar eða hefur tekist á tímabilinu að bæta smátt og smátt við sig aflaheimildum þannig að þeir séu orðnir það stórir í dag að þá munar ekki mikið um leggja út 2.000 krónur fyrir kílóið á varanlegum aflaheimildum, eins og gerist núna í aflamarkskerfinu, 2.000 krónur á kílóið.

Menn geta sem sagt tekið viðbótaraflaheimildir frá einhverjum minni aðila, kannski 200–300 tonn af þorski, á þessu verði, 2.000 krónur kílóið óveitt og óséð í hafinu við Ísland, í sinn viðbótarpott. Hvað gera þeir svo sem þetta gera? Jú, þeir leigja þessar aflaheimildir út. Þeir leigja þær út mörg, mörg ár. Þeir nýta þær ekki fyrir útgerð sína heldur láta þann aðila sem ég benti á í morgun að væri arðsamasta uppfinning kvótakerfisins fyrir þá sem kvótaaflaheimildirnar hafa og fyrir bankana sem taka veðsetningar við að lána út á aflaheimildir, þ.e. leiguliðinn. Vistarbandið hið nýja. Leiguliðinn sem greiðir 170–180 kr. til útgerðaraðilans eða kvótaréttarhafans vegna óveidds fisks í sjónum áður en hann fer að veiða. Það er hann sem stendur undir því og hefur reyndar lítið út úr því en hangir á horriminni í nokkur ár og gefst þá venjulega upp eftir sex, átta ár sem leiguliði. Það er hann sem er arðsamasta fjárfesting útgerðarmannsins í dag og bankans.

Hvers vegna segi ég þetta? Jú, vegna þess að útgerðaraðili sem á kannski 4–5 þús. tonn af þorski í heimildum sínum, stór útgerðaraðili, tekur til sín kannski 100 tonn frá einhverjum minni aðila, kaupir hann upp og kaupir á 200 kr. kílóið. Sagt var áðan að á síðasta ári hefðu 60.000 tonn af þorski verið leyfð, hvorki meira né minna og þar af 20.000 tonn farið á milli manna í varanlegri sölu.

Ég er að benda á aðferðina sem er viðhöfð til að borga niður þessa fjárfestingu sem þeir stóru ráða aðallega við, að kaupa til sín varanlegar aflaheimildir á 2.000 kr. kílóið óveitt og óséð. Það er gert með því að menn setja þetta á leigumarkaðinn, ætla sér ekki að veiða þetta í nokkur ár. Og ef þeir ætla að fá þennan pening allan til baka með leigukerfinu þurfa þessir aðilar sennilega að leigja aflaheimildirnar í 15–18 ár til að fá fjárfestinguna alla til baka. Bara með því að leigja þær. Hafa yfirtekið þær með láni frá

bankanum, skuldsett sjávarútveginn — þess vegna eru skuldir sjávarútvegsins alltaf að vaxa í heildina talið — og tekið lán fyrir því að borga 2.000 kr. á varanlegt þorskígildiskíló í sjónum, leigja það svo í 15–18 ár. Ef þeir leigja þetta í 18 ár á 170 kr. kílóið er þeir búnir að ná inn 3.060 kr. fyrir kílóið sem þeir keyptu á 2.000 kall. Þar með er þeir nokkurn veginn búnir að standa undir því að hafa tekið þetta peningalán ef þeir hafa borgað 5% vexti af þeim allan tímann og afborganir. Þá er þeir sem sagt búnir að kvitta þetta út á 18 árum, sýnist mér, gróft reiknað. Þetta er auðvitað spá og háð því að kvótakerfið haldi áfram, sem vonandi verður ekki og verðið sé á þessu róli um 170 kr. Það er nú sennilega orðið hærra, um 180 kr.

Þetta geta þeir gert sem eru orðnir stórir fyrir í greininni. Vegna þess að þeir geta verið að bæta við sig ákveðnum hluta án þess að þurfa beinlínis að leggja í að veiða hann. Með því að setja hann á leigumarkaðinn þá þarf engu að skipta úr leigunni. Sjómenn fá ekki neitt. Fiskvinnslufólkið fær ekki neitt. Þetta eru peningar sem renna beint í vasann frá leiguliðanum, manninum sem er kominn með hið nýja vistarband, rennur í vasa þess sem hefur heimildirnar og hann greiðir auðvitað sínum banka lánið og vexti af láninu til baka á mörgum árum. Þannig er þetta hægt. Minni útgerðaraðilar sem eiga kannski 100 tonn geta hugsanlega verið hjakkast við að bæta við sig kannski 5 tonnum á ári eða eitthvað svoleiðis, ef þeir ætla að gera þetta með sama lagi og hinir.

Það er því algerlega ljóst, hæstv. forseti, og ég bendi á það í þessari umræðu, að sá byggðapottur sem hér er verið að tala um er of lítill til að takast á við það vandamál sem er innbyggt í kvótakerfið. Hann er bara of lítill til þess. Samt sem áður tel ég að þessi byggðakvóti sé til bóta og mun ekki leggjast gegn því að þau atriði séu lagfærð sem ég tel að geti verið til bóta miðað við núverandi kerfi, en það þýðir ekki loforð mitt við að viðhalda þessu kerfi. Það skal vera alveg á hreinu. Svona er það, hæstv. forseti, og þess vegna er það svo að inn í kerfið í heild sinni er innbyggð samþjöppun. Samþjöppun á hendur þeim stóru. Það er ekki við þá að sakast og það er ekki svo að við sem höfum verið að mæla athugasemdir við útfærsluna á kvótakerfinu höfum verið að tala um vonda útgerðarmenn, eins og hér var sagt af sjávarútvegsráðherra í morgun.

Við erum að tala um þá útgerðarmenn sem vinna eftir þeim vondu lögum sem ríkisstjórnin hefur fest í sessi. Mönnum er ætlað að vinna eftir þessu. Ef við Guðjón Hjörleifsson værum báðir á fullu í útgerð værum við líka að vinna eftir þessum lögum, hæstv. forseti. Þannig er það. Það eru nefnilega sömu umferðarlög fyrir alla Íslendinga og sömu kvótalög fyrir alla Íslendinga. Menn þurfa því að sitja uppi með það. Þess vegna spila menn á reglurnar eins og þær eru. Það er innbyggt í kvótakerfið að hafa yfirburðastöðu fyrir þá stóru. Þeir geta bara stækkað. Þeir minni minnka og hverfa út úr greininni og gerast leiguliðar.

Við það að fá alltaf inn nýja og nýja leiguliða á nokkurra ára fresti þá viðhalda menn arðsömustu eigninni í sjávarútvegi, sem er leiguliðinn. Vistarbandsmaðurinn sem greiðir þeim sem forgjöfina fengu endalausan arð af vinnu sinni. Endalausan arð. Þetta er hið nýja vistarband sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa komið á í þessari atvinnugrein hér á landi.

Það verður aldrei af þeim tekið að þeir flokkar eru vistarbandsflokkar eins og þetta er uppsett. Það verður aldrei af þeim tekið. Þeir hafa búið til hið nýja vistarband og munu sitja uppi með það að þannig er það. Skiptir engu máli hvaða trúarbrögð menn hafa í Sjálfstæðisflokki eða Framsóknarflokki, eða hvaðan þeir eru af landinu. Þetta er staðreyndin sem menn sitja uppi með.

Nú er ég að hugsa um, hæstv. forseti, að labba til vinar míns og fá mér í nefið.

[15:58]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa umræðu sem hefur verið ekkert mjög löng, hófleg að lengd, en ákaflega efnisleg að mínu mati. Hér hefur verið farið vítt og breitt yfir sviðið og eins og nefnt var í upphafi væri tilefni til þess í 1. umr. um svona mál að ræða þau nokkuð vítt og breitt. Það er auðvitað sjálfsagður hlutur. Ég nefndi það í framsöguræðu minni að ég vænti þess að menn gætu komist að sameiginlegri niðurstöðu um þetta mál vegna þess að tilgangurinn með frumvarpinu hefur í sjálfu sér ekki verið vefengdur og mér hefur heyrst í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar að almennt væru menn þeirrar skoðunar að það ættu að vera til staðar einhver úrræði — menn getur greint á um hversu mikil — sem gætu tekið á þeim vanda sem kemur upp þegar veiðirétturinn hverfur úr byggðarlagi af einhverjum ástæðum. Hitt er það að þetta eru umdeild mál og þess vegna sjálfsagt að fara yfir frumvarpið eins og sjávarútvegsnefnd er vön að gera við þau frumvörp sem fyrir hana eru lögð. Fróðlegt verður að heyra þau viðbrögð sem koma frá einstökum hagsmunaaðilum. Sum þeirra eru náttúrlega mjög fyrirsjáanleg eins og við vitum og í sjálfu sér kannski ekki við neinum stórtíðindum að búast þar.

Hv. þm. Jón Gunnarsson lagði fyrir mig í þessari umræðu allnokkrar spurningar sem ég ætla að freista þess að svara. Hann velti fyrir sér hvort búið væri í raun að úthluta byggðakvótanum fyrir þetta fiskveiðiár. Það er búið að afmarka þann ramma, það er búið að taka ákvörðun um það með reglugerð hversu mikill hluti af aflakvótanum á þessu ári fer til einstakra hluta eins og línuívilnunar, byggðakvóta, kvóta vegna rækju- og skelfisksbrests, en í sjálfu sér er ekki búið að úthluta kvótanum til einstakra byggðarlaga. Það verður að bíða niðurstöðu þessa frumvarps því að það er ekkert ólíklegt að það kunni að leiða til einhverra breytinga á forsendum.

Eins og menn vita höfum við byggt þetta á mjög efnislegum atriðum. Það er lögð til grundvallar tiltekin þróun í kvóta og ýmsum öðrum þáttum sem í raun og veru búa til tölur um það hvað fer til hvers byggðarlags í byggðakvótum. Ég hef ekki orðið var við að mikill ágreiningur hafi ríkt um það mál í sjálfu sér, menn hafa ekki beinlínis fundið að þessari aðferð, enda hefur hún verið að þróast í gegnum tíðina, það er síðan frekar eitthvað annað sem menn hefur greint á um.

Hv. þingmaður velti aðeins fyrir sér hvort það ætti að kveða á um stærð byggðarlaga. Það er auðvitað eitt af því sem er umdeilt en markmiðið með þessum byggðakvótum hefur m.a. verið það að reyna að koma sérstaklega til móts

við hin minni byggðarlög. Það hefur einmitt verið kveðið á um það í lögunum að tala um hin minni byggðarlög og þá hefur í reglugerð verið reynt að skilgreina hver væru hin minni byggðarlög. Af hverju ætli það sé? Jú, auðvitað er það vegna þess að við erum hér að útdeila takmörkuðum heimildum og við erum þá að reyna að koma þeim til þeirra staða sem við ætlum að hafi minnstu viðreisnarmöguleika ef þeir verða fyrir því að missa kvótaheimildir sínar.

Við sjáum, ef við tökum bara dálítið öfgafullt dæmi, að ef Reykjavík stæði frammi fyrir því að héðan væru seld 2 eða 5 þús. þorskígildistonn væri það auðvitað slæmt fyrir þá sem hefðu starfað hjá þeim útgerðum e.t.v. en það mundi væntanlega ekki hafa mikil áhrif á atvinnu- og efnahagsstöðu byggðarlagsins í heild. Það er verið að reyna að koma sem mestu af þessum heimildum inn á veikustu byggðarlögin með skírskotun til þess að eftir því sem þau eru stærri er atvinnulífið fjölbreyttara og atvinnutækifærin þá fleiri og þess vegna er ástæða til að mínu mati að hafa ákvæðið um stærð byggðarlaga.

Hv. þingmaður velti líka fyrir sér hvort verið væri að auka eða minnka vald sveitarstjórna. Kannski er svarið ekki alveg einhlítt. Eins og ég nefndi í ræðu minni áðan liggur m.a. álit umboðsmanns Alþingis til grundvallar þessu frumvarpi. Það álit var býsna afdráttarlaust. Það fól í sér að það yrðu að liggja fyrir samræmdar reglur þar sem kveðið væri á um tiltekna hluti. Eitt af því sem umboðsmaður lagði mikla áherslu á í áliti sínu var að tímasetning yrði t.d. að liggja fyrir nákvæmlega, hvaða bátar gætu komið til greina. Það væri ekki hægt að miða við skrásetningu 1. september hjá einum bát, 1. nóvember hjá öðrum, 1. mars e.t.v. í þriðja sveitarfélaginu, heldur yrðu svona hlutir allir að liggja algjörlega fyrir.

Það er líka reynt með þessum lögum að setja frumvarpið fram þannig það sé alveg ljóst mál að þessi byggðakvóti, sem er takmarkaðar en hins vegar verðmætar heimildir, geti skipt miklu máli, komi að sem mestum notum. Þess vegna er t.d. þetta ákvæði um að menn hafi ekki heimild til að framselja frá sér kvóta, þennan byggðakvóta, og þess vegna eru hér uppi ákvæði sem fela það í sér að menn skuli landa þessu til vinnslu í byggðarlögunum sínum, svo fremi sem byggðarlagið sé með fiskvinnslu. Það geta auðvitað verið dæmi um annað, og ég þekki t.d. að í Árneshreppi á Ströndum sem hefur fengið byggðakvóta er ekki fiskvinnsla. Við ætlum samt ekki að koma í veg fyrir að slíkt byggðarlag geti fengið byggðakvóta, hann getur nýst að öðru leyti.

Hv. þingmaður velti fyrir sér hvort þetta ákvæði varðandi löndunarskylduna og framsalsbannið væri vísbending um að við teldum að þar hefðu verið einhver ljót mál, sóðaskapur í kringum byggðakvótann, eins og ég held að hv. þingmaður hafi orðað þetta. Við þekkjum dæmi um að útgerðir sem fengu byggðakvóta hafi leigt hann frá sér. Það er auðvitað óþolandi. Það er mjög eðlilegt þegar um er að ræða úthlutun undir sérstöku sjónarhorni, eins og þessi úthlutun er, að gerðar séu sérstakar kröfur til manna sem fá þessar heimildir. Það er ósköp eðlilegt að Alþingi, sem tekur þessa ákvörðun, segi jafnframt: Því fylgja tilteknar skyldur að menn fái þennan rétt vegna þess að þetta eru ekki bætur sem eru hugsaðar til einstakra útgerða, þetta eru bætur sem eru hugsaðar til viðreisnar og atvinnuuppbyggingar í tilteknum byggðarlögum sem uppfylla síðan skilyrðin. Það er það sem þetta gengur út á. Það er svo mikilvægt að menn átti sig einmitt á þessum kjarna málsins. Ef við værum ekki með þetta svona mundum við auðvitað úthluta þessu allt öðruvísi, þá fengju útgerðarmenn sem yrðu fyrir skerðingum en ekki byggðarlög sem yrðu fyrir skerðingum.

Hv. þingmaður spurði mig líka hvort við værum ekki að búa til eitthvert handahófskennt, matskennt vald sveitarstjórnanna með því að hafa sérstakt ákvæði þar sem þeim væri gefið tækifæri til þess að koma með viðbótarskilyrði. Það er ekki hugsunin. Hins vegar er það þannig að við þekkjum að aðstæður geta verið mjög sérstakar. Við töldum ekki skynsamlegt meðan við undirbjuggum þessi mál, og ég taldi það ekki skynsamlegt, að girða algjörlega fyrir það að menn hefðu einhverja möguleika til að bregðast við ef aðstæðurnar væru mjög sérstakar. Ég ætla hins vegar að segja það og mér finnst vel athugandi fyrir sjávarútvegsnefnd að velta því fyrir sér hvort þarna megi herða dálítið á skrúfunum því að ég er alveg sammála því að við megum ekki opna leiðir á einhverja handahófskennda hluti því að það býður hættunni heim og það býður mikilli ósanngirni heim.

Hv. þingmaður spurði mig líka hvort það að menn kærðu til kærunefndarinnar frestaði úthlutun. Það er þannig. Þess vegna er kærufresturinn m.a. hafður skemmri í þessu ferli en almennt er tíðkað. Við viljum auðvitað greiða fyrir því að menn viti strax stöðu sína. Ef menn finna að og kæra fyrir hönd sjálfra sín hefur það áhrif á heildarúthlutunina til viðkomandi byggðarlags þannig að það er óhjákvæmilegt að kæran fresti úthlutuninni.

Af hverju er kærunefnd í þessu en ekki einhverju öðru? Ástæðan er einföld, ja, kannski ekki alveg einföld, en hún er svona: Þetta mál er dálítið sérstakt. Þetta er mál sem er í fyrsta lagi fiskveiðistjórnarlegs eðlis, í öðru lagi byggðalegs eðlis og í þriðja lagi lýtur það að málefnum sveitarstjórnanna. Mitt mat var því það að ekki væri skynsamlegt að kæruúrskurðarvaldið væri eingöngu hjá sjávarútvegsráðherranum þó að ég telji almennt talað að við eigum að fækka kærunefndum og frekar að færa þetta vald til ráðuneytanna — eins og hefur reyndar verið stefnan og ég held að flestir hafi nú verið sammála um — en mér finnst þetta mál vera dálítið sérstakt vegna þess að þetta hefur þessa þríheilögu skyldu, þ.e. byggðalega, sveitarstjórnarlega og fiskveiðistjórnarlega.

Hv. þingmaður spurði mig hvort sveitarstjórnir hefðu verið búnar að fá þetta frumvarp í hendur. Það er alveg á hreinu að þetta frumvarp fór bara sína leið inn í þingflokka ríkisstjórnarflokkanna og eftir að það var afgreitt þaðan var það lagt fram hér á Alþingi. Þá var það hins vegar orðið opinbert plagg og það var strax í desember. Mér er ekki kunnugt um að við höfum með neinum skipulögðum hætti sent frumvarpið, það er hins vegar ekkert ólíklegt að einhver hafi óskað eftir því í ráðuneytinu og þá hafi verið við því brugðist með því að senda tilteknum sveitarstjórnum frumvarpið hafi verið eftir því leitað. En þetta er auðvitað orðið opinbert plagg sem menn nálgast á neti Alþingis þannig að ég held að það sé ekkert að því í sjálfu sér.

Hv. þingmaður spurði líka hvort sveitarstjórnir mættu gera kröfu um að menn legðu kvóta á móti. Ég sé ekkert að

því. Ég sé ekki neitt sem gæti verið í hugsanlegum reglugerðum ráðuneytisins sem ætti að koma í veg fyrir slíka kvöð. Mér fyndist ekkert óeðlilegt að menn settu einhverjar svona kvaðir á menn sem fá byggðakvótann til að tryggja að það verði eitthvert margfeldi þannig að það verði eitthvað meira úr honum. Mér finnst a.m.k. alveg sjálfsagt að það rými sé til staðar en varðandi útboð held ég að það sé kannski aðeins flóknara. Ég vil ekki svara því neitt mjög ákveðið.

Að öðru leyti vil ég segja almennt um spurningu hv. þingmanns, sem var í lokin, um hvaða svigrúm væri þá til útfærslu: Svigrúmið verður bundið í fyrsta lagi af lögunum. Það eru ákveðnir hlutir sem við erum að negla niður miklu fastar núna eins og t.d. framsalsmálið umfram það sem við vorum með áður. Við erum að gera það varðandi löndunarskylduna og við munum gera það varðandi ýmsa þætti sem nefndir eru sem reglugerðarheimild og það er ætlun mín að kynna þessa reglugerð fyrir sjávarútvegsnefnd áður en málinu verður lokið þannig að menn hafi það þá í huga. Ég er almennt talað þeirrar skoðunar að það sé betra í svona málum að við getum neglt niður hlutina í lagasetninguna. Sumt er hins vegar þess eðlis að það krefst reglugerða en ég er almennt þeirrar skoðunar að það sé betra að hafa svona hluti í lögum.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér þarf ég ekki að auka miklu við þessa ræðu. Ég ítreka að mér fannst umræðan vera efnisleg. Þær spurningar sem hv. þm. Jón Gunnarsson lagði fyrir mig, þó að þær væru býsna margar, voru eðlilegar og til þess fallnar þá að greiða fyrir meðferð málsins í þingnefndinni. Það er af hinu góða.

Síðan vil ég bara ítreka að ég vænti þess, og veit, að þetta mál mun fá góða efnislega umfjöllun í þingnefndinni. Það verður fróðlegt að heyra viðbrögð ýmissa hagsmunaaðila. Ég þykist vita að sum þeirra séu nokkuð fyrirsjáanleg, þetta eru að því leytinu gamlir kunningjar. Eitt vil ég segja, ég held að það skipti mjög miklu máli að þetta mál verði afgreitt fyrir vorið. Það er ákveðin óvissa sem skapaðist í fyrsta lagi við athugasemdir og álit umboðsmannsins sem er mjög mikilvægt fyrir okkur að eyða og í öðru lagi er þessu frumvarpi ætlað að reyna að gera þennan byggðakvóta markvissari. Það er það sem er undirliggjandi og það er það sem liggur á bak við þetta frumvarp og ekkert annað. Til þess að nýta þessar heimildir sem best skiptir þess vegna að mínu mati miklu máli að við ljúkum þessari lagagerð með þeim breytingum sem sjávarútvegsnefnd mun telja eðlilegar, og Alþingi líka, til þess að ljúka óvissunni. Það er alveg rétt að það er liðið á þetta fiskveiðiár og það er bagalegt að vera í þeirri stöðu að geta ekki farið að úthluta byggðakvótum og líka vegna þessa ákvæðis sem ég er algjörlega sammála hv. 10. þingmanni Suðurk. að einna mestu máli í þessu skiptir þetta ákvæði um úthlutun til lengri tíma. Það held ég að muni geta tryggt það, eða stuðlað að því öllu heldur, að við munum fá meira af alvöruútgerðarmönnum, öflugum, og heimaaðilum sem vilja taka þátt í því að byggja upp byggðarlag sitt. Við höfum allt of mörg dæmi um það að menn hafa komið þarna til að hafa einnar nætur gaman af byggðakvótanum yfir eitt ár eða svo og horfið svo á burtu og þá höfum við ekki náð þeim árangri sem við ætluðum. Þetta væri hins vegar til þess fallið að stuðla að því að menn gætu séð eitthvað aðeins fram fyrir tærnar á sér, nóg er óvissan samt í sjávarútveginum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:12]

**Útbýting:**

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 542. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 812.

Vernd samgönguminja, 543. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 813.

## *Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, fyrri umr.*

Þáltill. GAK og JÁ, 25. mál. — Þskj. 25.

[16:12]

**Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Jóhann Ársælsson.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2008.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði."

Svofelld greinargerð fylgir þessari tillögu, hæstv. forseti:

Lagalegar forsendur.

a. Kröfur EES-samnings um virka samkeppni á markaði.

Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland er bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna." Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er

nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum."

Fullvíst má telja að viðskiptalegt umhverfi verslunar með óunninn fisk hér á landi fullnægir ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.

b. Íslensk samkeppnislög.

Þingsályktunartillaga þessi á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga, nr. 44/2005, og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum."

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar" — eins og ég tel að gerist í sjávarútveginum með úthlutun aflaheimilda — og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar."

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

Óviðunandi ástand er á innlendum fiskkaupamarkaði, hæstv. forseti.

Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótruflaðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil starfað uppboðsmarkaðir fyrir ferskfisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá ríkir mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð.

Enda þótt sá fiskur sem kemur til sölu á íslenskum fiskmörkuðum seljist að öllu jöfnu á mjög háu verði ríkir samt sem áður mikill fiskskortur á mörkuðunum. Í stað þess að selja fiskinn hæstbjóðanda leita útgerðir í auknum mæli eftir svokölluðum „beinum viðskiptum". Þá er samið um fast verð á fiskinum sem er langt undir ríkjandi verði á mörkuðum, oftast aðeins um helmingur eða jafnvel minna.

Ástæðurnar fyrir slíkum viðskiptum er að finna í ákvæðum gildandi laga um fiskveiðistjórn sem heimila frjálst framsal aflaheimilda án þess að slíku framsali séu settar nægilegar skorður og enn mun framsalið og þessi viðskipti aukast með kvótasetningu smábátaflotans. — Sem var framkvæmd á smábátaflotanum. Þar höfum við séð breytingarnar og tilfærsluna.

Þessi „beinu viðskipti" verða vegna þess að útgerð viðkomandi fiskiskips sér sér hag í því að leggja aflann upp hjá fiskverkanda með þeim skilmálum að hluti aflaverðmætis greiðist með peningum en hinn hlutinn með því að fiskverkandi kaupi veiðiheimildir á viðkomandi skip, eða leggi þær fram og fénýti á þennan hátt, hafi hann yfir slíkum heimildum að ráða. — Um þetta tókum við m.a. umræðu áðan, hæstv. forseti, að því er varðar leiguheimildir og hvernig verðmyndunin er á kvótanum og ætla ég ekki að endurtaka það í þessari umræðu þar sem fyrri umræðu er í raun og veru nýlokið. — Aflahlutur áhafnar miðast síðan aðeins við þann hlutann sem greiddur er með peningum og sama máli gegnir um lögboðin gjöld, svo sem hafnargjöld. Raunverðið á fiski í þessum viðskiptum, þegar allt er talið, er hins vegar í fullu samræmi við ríkjandi verð á fiskmörkuðum á sama tíma.

„Viðskipti" milli útgerðar og fiskvinnslu í eigu sama aðila eru að því leyti sama marki brennd og viðskipti milli óskyldra aðila að viðmiðunarverðið á fiskinum til hlutaskipta er a.m.k. að mestu leyti úr öllum tengslum við ríkjandi markaðsverð. — Þetta sjáum við, hæstv. forseti, mjög vel þegar við fáum að sjá uppgjör hjá fyrirtækjum sem reka bæði útgerð og fiskvinnslu og verðmynda ekki í gegnum fiskmarkaðinn. Þá er verðið í raun allt annað til þeirra sjómanna sem þar starfa en viðgengst á fiskmarkaðnum í óskyldum viðskiptum milli aðila og þar sem verðmyndunin byggist á framboði og eftirspurn og sölu og kaupum viðkomandi aðila.

Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist. — Það sjáum við, hæstv. forseti, vel í þeirri verðmyndun sem á sér stað hér á landi í dag.

Við teljum, hæstv. forseti, að þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast með því að hér yrði verðmyndun almennt um fiskmarkaði. Við teljum að taka eigi upp þennan aðskilnað. Þá fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf, málið ætti að vera flestum kunnugt sem koma að sjávarútvegi eða fylgjast með í sjávarútvegi.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, eins og áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng

reynsla annarra þjóða af virkri samkeppni sem árangursríkustu leiðinni til eðlilegra viðskiptahátta talar skýru máli. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina hér á landi. Þess vegna er tillaga þessi endurflutt einu sinni enn, en hefur verið flutt hér oft áður, hæstv. forseti.

Tilefni þess að flytja tillöguna á þingi ár eftir ár er auðvitað það að hér ríkir ekki eðlileg samkeppni milli aðila. Eðlileg samkeppni ríkir ekki á milli þeirra aðila sem kaupa allan sinn afla á fiskmarkaði, tengjast ekki útgerð og eru að vinna sinn afla og selja í samkeppni við aðra aðila sem tengjast útgerð og geta ráðið verðmyndun fisksins inn til fyrirtækisins. Allir sanngjarnir menn hljóta að sjá að um mjög stórt mál er að ræða, þ.e. hér er stefnumarkandi mál um það hvernig viðskipti eigi að gerast í sjávarútvegi með ferskfisk til land vinnslunnar.

Þingsályktunartillagan er um að skipuð verði nefnd til að semja lagafrumvarp um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar, sem falli þá að núgildandi samkeppnislögum. Við getum ekki fullyrt um það nákvæmlega, ef tillagan yrði samþykkt, hvernig slíkt frumvarp mundi líta út þegar það kæmi til meðferðar í hv. þingi. En meginmarkmið þess þyrfti auðvitað að vera, hæstv. forseti, að hér kæmust á betri og eðlilegri viðskiptahættir með allt sjávarfang en nú eiga sér stað. Við vitum vel, hæstv. forseti, að stærstu útgerðaraðilarnir, sem jafnframt reka fiskvinnslur, hafa yfirburðastöðu í þessu kerfi að mörgu leyti. Yfir það hef ég farið í ræðum um önnur sjávarútvegsmál sem hæstv. sjávarútvegsráðherra mælti fyrir á undan þessu máli og ætla þess vegna ekki að endurtaka það hér þar sem svo stutt er á milli umræðna. (**Sjútvrh.:** Það er stutt í handboltann.) Það mun einnig vera stutt í handboltann, upplýsir hæstv. sjávarútvegsráðherra, og það hefði auðvitað verið rétt að spyrja hæstv. forseta hvort þingmenn njóti ekki jafnræðis á við aðra landsmenn um að fá að horfa á handboltaleik en það virðist ekki vera. Hér er beitt harðræði við stjórn. (**MÁ:** Hvar eru ráðherrarnir?) Það er aðeins einn ráðherra í salnum og hann sennilega þjáist með okkur sem erum að missa af handboltanum, en við erum nú að ræða þjóðþrifamál og víkjumst auðvitað ekki undan því að sinna skyldum okkar í þeim efnum.

Ég held að menn hljóti að spyrja sig að því hvort það sé neikvætt fyrir íslenskt þjóðarbú ef fiskverð almennt leitar þess jafnvægis að nálgast markaðsverð, eins og það er raunverulega á ferskfiskmarkaði. Ég held að það hljóti að vera jákvætt fyrir íslenskt þjóðarbú. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum og jafnvel áratugum. Sum fiskvinnslufyrirtæki hafa starfað án útgerðar í áratug eða meira og þau hafa verið að kaupa allan sinn fisk á fiskmarkaði á verulega hærra verði en fiskvinnslan sem er í beinum viðskiptum með eigin útgerð hefur gert. Þetta vita menn mætavel og menn vita einnig að einmitt þau fyrirtæki, minni fyrirtæki sem hafa verið að leita að nýjum markaðstækifærum og hafa verið að kaupa á hæsta verði, hafa verið að finna nýja markaði sem gefið hafa þjóðinni hærra fiskverð en ella hefði verið. Síðan hefur það iðulega gerst að stærri fyrirtækin hafa komið þar á eftir og jafnvel reynt að leggja undir sig þá fiskkaupasamninga sem minni fyrirtæki hafa gert og fundið leiðir inn á í krafti þess að þau hefðu aðgang að kvóta og aðgang að hráefni og gætu tryggt það, en hin yrðu að sitja við það borð að þurfa að keppa á samkeppnismarkaðnum.

Það er vissulega svo, hæstv. forseti, að fiskvinnslan hefur breyst mikið á undanförnum árum. Áður fyrr, ef við förum kannski 15–20 ár aftur í tímann, var svo til allur fiskur á Íslandi annaðhvort frystur, saltaður eða hertur. Í dag er mikið af fiskinum unnið ferskt. Ferskur fiskur sem fluttur er úr landi er kældur niður með sérstökum hætti og oft vakúmpakkaður og fluttur út í sérstökum kössum sem viðhalda kælingunni. Kælitæknin er ekkert annað en geymsluaðferð með nákvæmlega sama hætti og frystingin var áður eina geymsluaðferðin. Það er einfaldlega þannig, hæstv. forseti, að á mörkuðum heimsins vill fólk frekar ferskan fisk ef það fær hann í því formi að hann sé ferskur og góður. Þess vegna er það svo að ferskfiskmarkaðirnir borga alla jafnan hærra verð og það hlýtur að vera það sem þjóðin sækist eftir, það hlýtur að vera það sem sjávarútvegurinn sækist eftir og það hlýtur að vera það sem hæstv. sjávarútvegsráðherra vill stefna að, að þannig náum við sem bestu verði fyrir allan afla.

[16:27]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Við erum að ræða þingsályktun frá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni í Frjálslynda flokknum og Jóhanni Ársælssyni í Samfylkingunni um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Í tillögunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.“

Komið hefur fram að tillagan hefur verið lögð fram nokkrum sinnum áður, eða sex sinnum, þetta er í sjöunda sinn sem hún kemur fram. Hún hefur fengið umræðu í sjávarútvegsnefnd en því miður, frú forseti, hefur hún ávallt verið svæfð þar. Umhugsunarvert er að meiri hluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks skuli í raun ár eftir ár sjá sig knúinn til þess að svæfa þingsályktunartillöguna. Meiri hlutinn vill greinilega ekki þær breytingar í sjávarútvegi sem tillagan gerir ráð fyrir og þeir vilja ekki einu sinni ræða þær hugmyndir, enda sést það hér í þingsal, frú forseti, að ekki er einn einasti þingmaður úr liði Sjálfstæðisflokks eða Framsóknarflokks kominn til að hlusta á umræðurnar.

Í samkeppnislögum segir m.a., með leyfi forseta:

„Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.“

Er þetta ákvæði virt? Nei. Þrátt fyrir að þetta ákvæði sé í samkeppnislögunum á það ekki að vefjast fyrir nokkrum manni að þeir sem hafa fengið úthlutað aflaheimildum og eru jafnframt með fiskvinnslu nýta sér aflaréttinn í verðmyndunarþættinum þannig að viðskiptin eru með öðrum hætti en eðlilegt getur talist.

Varðandi fiskmarkaði sést að þegar selt er beint til fiskkaupenda í beinum viðskiptum sem eiga sér stað milli fyrirtækja sem bæði eru með útgerð og fiskvinnslu og lúta

þannig ákvæðum að þau geta verðlagt aflann sjálf með samningum við sjómenn, þá sést að verðið er mun lægra en ef fiskurinn er seldur á innlendum fiskmörkuðum.

Frú forseti. Það er rétt að minna á þau viðskipti þar sem þeir sem hafa fengið úthlutað kvóta gera samninga við útgerðir sem eru kvótalitlar eða jafnvel kvótalausar og leggja upp hjá fiskvinnslufyrirtækjunum. Sem sagt, kvótinn er notaður til að draga til sín viðskipti og þetta er að sjálfsögðu brot á samkeppnislögum. Veiðarnar á Íslandsmiðum eru leyfisbundnar, útgerðin er stunduð í skjóli opinbers einkaleyfis. Þess vegna eigum við að gera þá kröfu á þá sem nýta þessar sameiginlegu auðlindir þjóðarinnar að reksturinn sé gegnsær, að hann sé opinn og gegnsær, eins og kemur fram í þingsályktunartillögunni. Það á að vera fjárhagslegur aðskilnaður milli reksturs á útgerð og reksturs á fiskvinnslu, og út á það gengur akkúrat þessi þingsályktunartillaga.

Þetta þykja, frú forseti, mjög eðlilegar kröfur í öðrum atvinnugreinum. Með aðskilnaði væri hægt að sjá hvort þeir sem kaupa fisk af mörkuðum séu í raun að keppa jafnfætis, að þeir séu í raun að keppa á jafnréttisgrunni við þá sem kaupa fisk af eigin útgerð.

Frú forseti. Þegar farið er yfir umsagnir sem voru sendar sjávarútvegsnefnd á fyrri sex þingum vegna þingsályktunartillögunnar kemur í ljós að tillagan á víða mikið fylgi, t.d. meðal samtaka sjómanna. Hitt kemur manni ekki á óvart að samtök eins og LÍÚ skuli leggjast gegn henni og tala jafnframt eins og að með þessari tillögu muni fiskveiðar Íslendinga hreinlega leggjast í rúst. Þannig tala einungis varðhundar kvótakerfisins, þeir hinir sömu sem bera ábyrgð á afleiðingum kvótakerfisins sem var, því miður, sett á með lögum 16. desember 1983, þeir hinir sömu sem bera ábyrgð á auðsöfnun á fárra hendur, hruni byggða, söun verðmæta og svo mætti lengi telja, hv. þm. Kjartan Ólafsson. Það kemur að því að Sjálfstæðisflokkurinn mun gjalda fyrir það óréttlæti sem kvótakerfið er og ég hef grun um, frú forseti, að styttra sé í það en margan grunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sala áfengis og tóbaks, 1. umr.*

Frv. GÞÞ o.fl., 26. mál (sala léttvíns og bjórs). — Þskj. 26.

[16:33]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):**

Virðulegi forseti. Það má færa rök fyrir því að ekki sé vel farið með tímann að ræða þetta mál, jafnmikilvægt og það er, á sama tíma og Íslendingar eru að spila mikilvægan leik í heimsmeistaramótinu í handknattleik, en svo ber að vera. (Gripið fram í.) Við verðum að láta vinnuna hafa forgang, eins og hv. þingmaður kallar hér fram í.

Þetta mál tengist breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks og þeir sem flytja það ásamt undirrituðum eru hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Einar Már Sigurðarson, Katrín Júlíusdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnar Örlygsson, Ásta Möller og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Í stuttu máli gengur frumvarpið út á það að nútímavæða þá verslunarhætti sem hér er um að ræða. Eins og menn þekkja erum við í þeirri sérkennilegu stöðu að vera með ríkiseinokunarverslun á ákveðnum tegundum. Þetta á sér nokkra sögu, í rauninni er hún frá bannárunum og þeim tíma þegar menn treystu því og trúðu að höft og einokun ríkisins væru allra meina bót. Ótrúlegustu vörur voru undir einokun ríkisvaldsins og sem betur fer hafa menn á flestum sviðum, nema kannski þessu, horfið frá því. Það sér auðvitað hver maður að ef við hefðum horfið frá þessu fyrr mundi ekki hvarfla að nokkrum einasta manni að breyta því aftur í fyrra horf, enda veit ég ekki til þess að nokkur maður sé baráttumaður fyrir því að fá ríkiseinokunarsölu á hinum ýmsu hlutum sem voru undir ríkiseinokun áður fyrr. Sá sem hér stendur getur haft rangt fyrir sér, kannski eru einhverjir hérna í salnum sem eru í alvöru fylgjandi slíku, og ég býst fastlega við að þeir aðilar séu þá mjög til vinstri í stjórnmálum. Það verður bara mjög gaman að skiptast á skoðunum við slíkt afturhald. Ef slíkir aðilar eru á svæðinu gefa þeir sig vonandi fram.

Eins og ég nefndi var hér einkaleyfi á síldarsölu, einkaleyfi á viðtækjum og auðvitað einkaréttur til útvarpsreksturs. Síðan voru höft og einokun á sölu bifreiða og símtækja. Það er ekki lengra síðan en svona 15 ár að ríkið var með einokun á því að flytja inn eldspýtur. Það voru alls konar hlutir með svona sérkennilegar reglur og höft eins og — ég man ekki þá tíð en mér skilst að einhvern tíma hafi þurft að hafa sérstakar verslanir sem seldu mjólk. Ef menn fara í haftaárin geta þeir fundið allt milli himins og jarðar, og ekki til eftirbreytni. Ég vona að enginn þingmaður vilji fara aftur í slíkt.

Hvað sem því líður erum við með svolítið sérkennilegt fyrirkomulag hér á landi hvað þessa hluti varðar vegna þess að ríkið hefur framselt leyfi sitt eða samið við einkaaðila um að selja þessar vörur víðs vegar um landið. Mér sýnist — ég held að ég geti fullyrt að ef menn fara út á landsbyggðina sé almenna reglan sú að þar er ekki ríkisverslun heldur er um að ræða verslun í höndum einkaaðila. Mér sýnist það almenna reglan. Ég keyri stundum austur fyrir fjall og get nefnt staði eins og Hveragerði, Selfoss, ég held bæði Hellu og Hvolsvöll, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustur, ég held að þetta séu allt saman staðir þar sem ÁTVR-verslanir, þ.e. verslanir með þessa vöru, eru inni í bensínstöðvum eða öðru slíku rými. Að vísu fæ ég hér upplýsingar frá þingmanni kjördæmisins um að slíkt sé ekki á Selfossi og ég trúi alveg þingmanninum þegar hann segir það. Það hlýtur að vera rétt hjá honum enda þekkir hann örugglega mjög vel til þar.

Engin rök hef ég heyrt sem mæla með því að ríkið standi í þessu. Ef menn hafa áhyggjur eins og margir hafa — og sem er sjálfsagt að hafa — af útbreiðslu þessarar vöru sem svo sannarlega er um margt sérstök og viðkvæmari en margt annað og sérstaklega mikilvægt að fari ekki til ungmenna undir aldri er að sjálfsögðu hægt að koma í veg fyrir slíkt án þess að verslunin sé ríkisrekin. Það er þekkt frá öðrum löndum, og einkaaðilar höndla t.d. með sígarettur

og annað slíkt en þurfa að framfylgja þar ströngum reglum sem ég held að flestir ef ekki allir séu sammála að eigi algjörlega rétt á sér.

Mörg rök mæla hins vegar með þessu, eins og ég hef verið að nefna og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Ein eru þau að eðli máls samkvæmt er þetta svona, einkaaðilum er treyst fyrir þessu. Það er einn einkaaðili með slíka verslun á höfuðborgarsvæðinu, nánar tiltekið í Kópavogi, og svo fjölmargir aðilar víðs vegar um landsbyggðina. Ýmist er salan inni í bensínstöðvum eða matvöruverslunum og ýmsum verslunum, og haldið þar sér. Ef menn vilja hafa þann háttinn á að hafa þetta út af fyrir sig og þess vegna með sérstakan afgreiðslutíma er sjálfsagt að koma slíku fyrir í lögum um þetta. Það er vel þekkt annars staðar.

Í öðru lagi er aðilum eins og verslunarmiðstöðvum og byggðarlögum mismunað eftir staðsetningu útibúanna. Það er nokkuð magnað þegar skoðuð er heimasíða ÁTVR — ég held að það sé mjög mikill metnaður í starfsfólki ÁTVR, þar setji menn markið hátt og bjóði upp á ýmsa þjónustu, veisluþjónustu, vínsmökkunarþjónustu, vínsmökkunarnámskeið í samvinnu við aðra aðila og það er sérstakt markmið fyrirtækisins að kenna Íslendingum góða vínmenningu. Það skiptir hins vegar máli fyrir bæði verslunarmiðstöð og byggðarlög hvort þau bjóða upp á þessa þjónustu. Við þekktum það áður þegar útibúin voru færri að þetta var gríðarlega mikið hagsmunamál og mikið slegist um þetta. Kannski héldu menn að þessi tíð væri liðin en svo er því miður ekki. Það er vel þekkt í mínu kjördæmi, þ.e. ég lít á Reykjavík sem mitt kjördæmi þó að það sé nánar tiltekið Reykjavík suður, að þar var — (**ÞBack:** Höfuðborgarsvæðið.) (Gripið fram í.) Ég held mig við Reykjavík en jú, jú, ég get alveg tekið höfuðborgarsvæðið og landið allt ef út í það er farið — þar kom einmitt upp staða þar sem eigendur og hagsmunaaðilar í einni verslunarmiðstöð í Reykjavík voru ósáttir við að ÁTVR væri tekin út úr þeirri verslunarmiðstöð og sett inn í blómabúð. Það segir sig sjálft að þetta skaðar samkeppnishæfni þeirrar verslunarmiðstöðvar, það er alveg deginum ljósara. Aðilar þar voru mjög ósáttir við þetta. Síðan urðu þeir enn ósáttari þegar í ljós kom hvað átti að koma í staðinn, en það er annað mál. Hér ræður ríkið hreinlega og hefur áhrif á samkeppnisstöðu verslunarmiðstöðva. Síðan er auðvitað spurningin af hverju við bindum milljarðana sem eru í þessu ríkisfyrirtæki, þessari ríkisverslun. Það er erfitt að sjá rökin fyrir því.

Þetta frumvarp er hins vegar mjög hógvært skref. Það gerir ráð fyrir því að fleiri aðilum verði heimilt að selja léttvín og bjór í verslunum. Það liggur alveg fyrir og er auðvitað engin spurning að þetta mál verður að veruleika einhvern tímann, það er bara spurning hvenær það gerist. Ef einhver hefur þá vantrú á íslenskri þjóð að hún geti ekki höndlað það að verslunarhættir með þessa vöru séu sambærilegir og í þeim löndum sem við berum okkur saman við hljóta þeir hinir sömu að hafa áhyggjur af ferðum Íslendinga til útlanda. Þar lendum við bara í þessu, virðulegi forseti, í flestum löndum sem maður fer til að það eru öðruvísi viðskiptahættir með þessa vöru en er hér.

Reyndar er það svo að við Íslendingar höfum smátt og smátt fikrað okkur í átt til frelsis með mjög góðum árangri. Við höfum sem betur fer lagt hugmyndum um ríkissölu og ríkiseinokun á mjög mörgum sviðum. Þetta er eitt af þeim sviðum sem við erum bara ekki búin að fara með alla leið. Sá sem hér stendur er, eins og held ég flestir ef ekki allir, algjörlega meðvitaður um að það er ekki sama hvernig farið er með þessa vöru. Við verðum að hafa aðgát og sannarlega styrkja forvarnir og sömuleiðis gera þær ráðstafanir sem þarf til að koma í veg fyrir að ungmenni, ég tala nú ekki um börn, geti komist í þessa vöru. Aðgát skal höfð þegar um er að ræða áfengi, sama hvort það er létt eða sterkt. Það tengist því ekkert hvort við þurfum að hafa sérstaka ríkiseinokunarverslun sem höndlar bara með þetta og það sér hver maður. Enda er staðan sú, eins og ég nefndi, virðulegi forseti, að margir einkaaðilar höndla með þetta, þ.e. í smásölunni, ég tala nú ekki um þegar komið er að öðru sem tengist þessu.

Þetta frumvarp, virðulegi forseti, er flutt núna í fjórða sinn. Það er breiður hópur á bak við það úr öllum þingflokkum nema Vinstri grænum og að vísu frá frjálslyndum en síðast þegar ég vissi höfðu hins vegar þingmenn Frjálslynda flokksins lýst yfir stuðningi við það. Það er vonandi að það komist í nefnd og menn geti rætt þetta málefnalega þar og vonandi svo hér í þingsal.

[16:46]

**Þuríður Backman** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður Guðlaugur Þór Þórðarson lýsti því yfir að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væri andvígur þessu frumvarpi. Það er alveg rétt.

En ég vil spyrja hv. þingmann út í það sem fram kom í máli hans varðandi samkeppnisstöðu mismunandi verslunarmiðstöðva, eftir því hvort þær hafa áfengisútsölu eða ekki. Samanber þá sem hann nefndi, þegar áfengis- og tóbaksverslun ríkisins tók útsölustað úr einni slíkri miðstöð og setti yfir í nærliggjandi blómaverslun. Það hafði áhrif á samkeppnisstöðu þeirrar verslunarmiðstöðvar.

Telur hann að áhugi sé hjá matvöruverslunum og öðrum slíkum á að fá léttvín og bjór inn í verslanir? Hvers vegna? Telur hann að það muni hafa áhrif á verð á öðrum vörum þegar hægt er að draga fólk inn af þessum ástæðum?

Ég spyr hann einnig hvort hann sé ánægður með þá þróun sem orðið hefur í sparnaðaraðgerðum ÁTVR, þ.e. að koma sölustöðum úr sérstökum verslunum sem áður voru yfir í matvöruverslanir eða aðrar þær verslanir sem tiltækar eru á hverjum stað, með mismikilli eða lítilli ánægju íbúanna. Í því sambandi mætti nefna Hveragerði þar sem þess var óskað að fá útsölustað í verslunarmiðstöð en í stað þess var útsölu komið á bensínstöð. Er hv. þingmaður ánægður með þá þróun sem orðið hefur hjá ÁTVR fram að þessu?

[16:49]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir þessar fyrirspurnir. Ég held að það hafi sýnt sig að fleiri aðilar hafa áhuga á að selja þessa vöru og örugglega matvöruverslanir og aðrir þeir sem telja sig geta komið henni á framfæri með góðu móti.

Ég get ekki alveg séð hvernig það mundi tengjast verði á öðrum vörum. Hugmyndin með verslunarmiðstöð er sú að

hafa sem mesta þjónustu á einum stað vegna þess að við erum öll að keppa um tímann og þurfum ekki að þeytast mikið. Það gæti líka talist umhverfismál, sem ég veit að eru hv. þingmanni hugleikin, að fólk þurfi ekki að keyra mikið á milli staða. Það er gott að gera keyrt sem minnst og mengað sem minnst ef út í það er farið. Og þótt ég segi það í gamansömum tón þá er það ekki bara gamanmál heldur snýr það einnig að alvarlegri málum.

Varðandi þróunina þá finnst mér í sjálfu sér ekki óeðlilegt að ÁTVR fari slíka leið frekar en að gera langtímasamning með leiguhúsnæði og setja upp ríkisverslanir á hverjum einasta stað.

Hv. þingmaður nefndi Hveragerði, þar sem menn tókust mjög á um þetta. Þar tókust menn á um þá hagsmuni. Þar var verslunarkjarni sem hafði áhuga á að fá þetta til að styrkja starfsemi sína. Farið var í útboð á þessu, ef ég man rétt, og bensínstöð sem hlaut hnossið. Þar hafa menn væntanlega séð hag sinn í því.

Ég sé ekki réttlætisrökin í því að láta suma fá slíka verslun en ekki aðra og nefndi Mjóddina en kannski er dæmið frá Hveragerði ágætt líka.

[16:51]

**Þuríður Backman** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Guðlaugur Þór Þórðarson nefnir ýmis rök fyrir máli sínu út frá hagsmunum verslunarinnar og í því ljósi er frumvarpið skiljanlegt. Mér fannst vanta í rök hans og þeirra sem horfa á þetta út frá þægindum, að geta gripið með sér léttvín eða bjór um leið og keypt er í matinn, þar sem það yrði hægt í öllum matvöruverslunum, því það yrði þannig, önnur rök en út frá hagsmunum verslunarinnar.

Ég sé ekki að það muni miklu fyrir fólk á höfuðborgarsvæðinu að fara í sérverslun ÁTVR í verslunarmiðstöðvum, sem eru orðnar verslunarmáti fólks í dag, þyrpingar verslana saman. Kaupmaðurinn á horninu er horfinn. Út um land eru útsölustaðir ÁTVR settir í þéttbýliskjarnana. Þótt fólk fari um aðrar dyr til að kaupa áfengi, léttvín og bjór, fremur en að kaupa það í matvöruverslunum finnst mér ekki að menn þurfi að telja þau skref. Áfengisverslanir eru ekki settar eitthvert úti í sveit og þarf ekki að keyra langar leiðir í þær. Þær eru yfirleitt skammt frá eða inni í þessum verslunarmiðstöðvum.

En ef við hugsum þessi mál í víðara samhengi, ekki eingöngu út frá hagsmunum verslunareigenda og út frá hinum fáu skrefum sem þarf að ganga á milli verslana, þá spyr ég hv. þingmann að því, hvort hann meti ekki nokkurs þær ábendingar, þær rannsóknir og leiðbeiningar til allra (Forseti hringir.) þjóða að takmarka aðgengi að áfengi og selja áfengi í sérstökum verslunum til að draga úr þeirri vá sem áfengið er.

[16:53]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mótmæli því að ég sé kominn sérstaklega til gæta hagsmuna verslunarinnar. Það er auðvitað ekki svo. Það er bara einfaldlega alrangt hjá þingmanninum að þetta snúist aðeins um nokkur skref fyrir neytendur. Því fer víðs fjarri. Ég býðst til að taka þann ágæta hv. þm. Þuríði Backman, við getum byrjað í mínu kjördæmi Reykjavík, og fara með henni um svæðið. Við gætum þess vegna farið um höfuðborgarsvæðið. Ég get nefnt dæmi úr mínu hverfi. Ég bý í Grafarvogi og maður þarf að fara um langan veg ef maður býr í ákveðnum hluta hverfisins til að kaupa sér þessa vöru. Svo einfalt er það.

Menn hafa auðvitað rætt um þetta endalausa skutl fram og til baka. Það hefur verið talið sérstakt markmið af mörgum ástæðum að reyna að minnka það. Það er ekkert unnið með því að fólk þurfi að hafa mikið fyrir því að versla. Nákvæmlega ekki neitt.

Þá komum við að rannsóknunum, virðulegi forseti. Á Íslandi höfum við verið svo lánsöm að stunda rannsóknir ár eftir ár sem kallast ungt fólk og núna er komin ný rannsókn sem hefur skoðað það hvað greinir á milli. Hvaða hlutir skipta mestu máli til að halda unga fólkinu, ungmennunum okkar, frá áfengis- og vímuefnanotkun?

Þar vega nokkrir þættir langhæst. Í fyrsta lagi er það samveran með fjölskyldunni. Síðan að viðkomandi ungmenni sé í heilbrigðum tómstundum og sérstaklega íþróttum. Það er vísindalega sannað að minni líkur eru á því að þau börn sem stunda slíkt lendi í ógöngum. En síðan koma inn atriði eins og jafningjahópurinn og annað slíkt. Þar kemur mjög margt inn í.

Ég man þá tíð þegar höft voru meiri og minna aðgengi að áfengi. Menn voru að panta það með rútum og hvað það nú var. Ég man ekki eftir því að hér væri (Forseti hringir.) falleg áfengismenning. Það er ekki mín minning.

[16:55]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir þetta frumvarp. Það er tímabært að endurskoða ríkissölu á áfengi. Mér líst ekki illa á það. En það sem ég velti fyrir mér þessum mörkum um 22% og hvers vegna menn bara leyfi þetta ekki alfarið? Hvers vegna þessi mörk eru dregin til þess að menn sitji uppi með ríkiseinokun á sterku áfengi? Hvernig lítur það út?

En það er annað mál sem ég tel jafnvel stærra í þessu samhengi, þ.e. verðlagið og skattheimtan af áfengi sem er að vísu fjallað um í greinargerðinni. Það kemur efni þessa frumvarps ekki við eftir því sem ég best sé en ég tel verðlagið komið svolítið úr takti við það sem gerist í nágrannaríkjunum.

Ef við ætlum að byggja upp ferðaþjónustu er ekki hægt að selja mat eða áfengi á miklu hærra verði en gerist annars staðar. Menn ætla að taka á hárri verðlagningu með lækkun matarskatts. En ég tel að það verði einnig að líta til þessa þáttar. Ef skattheimtan er kannski stærsti hlutinn af verði vörunnar, væri þá ekki vert að breyta innheimtu þessa gjalds, t.d. að innheimta gjaldið eftir að varan hefur verið seld, t.d. á veitingahúsum?

Veitingahús sem ætlar að bjóða upp á dýr vín þarf að hafa lager og lagerinn felst kannski fyrst og fremst í því að hafa greitt skatta til ríkisins. Þeir eru kannski 80% af verðinu. Lagerinn felst í því að vera búinn að greiða fyrir fram skatta.

[16:57]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson kemur inn á punkt sem mjög eðlilegt er að velta fyrir sér, þ.e. varðandi prósentuna og hvað verði um sterkara áfengi. Það yrði væntanlega selt með svipuðum hætti og núna. Væntanlega mundi ÁTVR semja um aðstöðu líkt og gert er núna um sölu á sterkara víni. En þetta er málefnaleg athugasemd sem sjálfsagt er að ræða. Þetta er gert til þess að stíga styttri skref í einu og ná betri sátt, að leggja málið fram með þessum þætti. En þetta er svo sannarlega nokkuð sem sjálfsagt er að fara yfir.

Varðandi hinn punktinn sem hv. þingmaður nefndi, þ.e. áfengisgjöldin, þá er það ekkert leyndarmál að þau eru mjög há miðað við það sem gerist í öðrum löndum. Þó má segja ríkisvaldinu, þ.e. ríkisstjórnum undanfarinna ára, til hróss að gjaldið hefur ekki hækkað í mörg ár. Raunlækkunin er mikil og munurinn hefur minnkað. Hann var mun meiri og þá fyrst og fremst á léttvíni og bjór. Gjaldið hefur eitthvað hækkað á sterku vínunum.

Umgengni um áfengi hefur líka breyst afskaplega mikið á undanförnum árum og áratugum. Tölur sýna að menn hafa farið úr sterkum drykkjum yfir í léttari vín sem ég tel jákvæða þróun og augljóst að menn nota vín meira með mat o.s.frv.

Það sem hv. þingmaður nefndi er rakið svolítið í greinargerðinni. Ég held að vísu að þar séu tveggja ára gamlar tölur sem kunna að hafa breyst, en það væri frekar til batnaðar fyrir Íslendinga. En þetta eru allt saman málefnalegar athugasemdir frá hv. þingmanni og ég þakka honum fyrir þær.

[17:00]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þetta mál er flutt hér í fjórða sinn eins og hv. framsögumaður og höfuðflytjandi málsins nefndi, raunar kannski í fimmta sinn og síðan mætti bæta við málum Vilhjálms Egilssonar á síðasta kjörtímabili sem fræg voru fyrir hillumetrareikning. Og kannski má fleira telja saman.

Það er svolítið sérkennilegt við þetta mál að þetta eru tvö mál í einu. Annað kemur fram í frumvarpinu sjálfu en hitt aðeins í lok eins kafla greinargerðar, en er af hálfu flutningsmanna tengt með einhverjum hætti. Mér þykir það sérkennilegt og kem kannski betur að því síðar en ég hefði talið að menn ættu annaðhvort að leggja fram einhvers konar heildarstefnu sína, þessir 14 þingmenn í áfengisverslunarheilbrigðismálum, eða þá að halda sig við einn part.

Ég tel sjálfur koma mjög vel til greina að minnka skattheimtu á áfengi. Ég tel ástæðu raunar til þess að lækka áfengisverð að einhverju marki. Viðmiðun er harla auðveld fyrir okkur sem erum sennilega með nokkurn veginn það hæsta í heimi. Við gætum miðað við norræna svæðið þar sem áfengi er mjög dýrt miðað við önnur svæði, það væri sennilega áfangi sem væri skynsamlegt að miða á hvað sem síðar yrði.

Menn nefna að sjálfsögðu ferðaþjónustuna. Menn nefna það líka að þetta gæti minnkað hvata til smygls og bruggsölu. Ég tel að viðvaranir um það að lækkað verð auki áfengisvandann séu vissulega áheyriverðar en lítils háttar lækkun á áfengisverði mundi þó ekki valda neinum straumhvörfum í því efni.

Hins vegar vakna ýmsar spurningar um meginefni tillögunnar, hið raunverulega efni frumvarpsins. Ég ætla að fjalla betur um það á eftir og verja ræðu minni í það efni.

Eins og ég segi hefur þetta verið flutt þrisvar áður, fyrst held ég án athugasemdarinnar um áfengisgjaldið en ég man það ekki gjörla. Tvisvar hefur þetta náð 1. umr. en þó aðeins einu sinni fengið umsagnir og hingað til hafa eingöngu flutningsmenn tekið þátt í umræðu. Ég er sem sé fyrsti maðurinn sem tek þátt í umræðunum með ræðu, annar en flutningsmaður, og þeir hafa verið samtals tveir. Það er kannski kominn tími til að ræða þetta mál almennilega á þinginu.

Umsagnirnar voru reyndar örfáar þótt beiðni væri send út á nokkurn fjölda. Það komu umsagnir á þinginu 2004–2005 frá sex samtökum eða stofnunum, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, Verslunarráði sem nú heitir Viðskiptaráð og Samtökum ferðaþjónustunnar. Allar þessar umsagnir voru frekar jákvæðar, bæði á hugmyndafræðilegum forsendum og hagsmunatengdum. Samtök ferðaþjónustunnar höfðu raunar einkum áhuga á áfengisgjaldinu, eðli málsins samkvæmt. Síðan kom umsögn frá Lýðheilsustöð sem lagðist gegn báðum efnisþáttum frumvarpsins og væri auðvitað þess virði að flytja hér í heild sinni vegna þess að þar er lagt upp í almenna umræðu um áfengismálin. Lýðheilsustöð þrengir sér ekki niður í hillumetrana eða ÍSAT-staðalinn sem hér er rætt um. Og loks er umsögn frá ÁTVR þar sem gefnar eru einkar hagnýtar upplýsingar um tæknileg efni.

Ég ætla fyrst að ræða um 22%-markið. Ég spyr ósköp einfaldlega: Af hverju miða menn við 22%? Nú veit ég að í fleiri þingmálum er miðað við þessi 22%, m.a. einu sem mitt nafn er á. Ég skammast mín ekkert fyrir það. Ég er samt kannski ekki alveg sáttur við þetta mark. Það er frumvarp um að áfengisaldur verði miðaður við 18 ár og ég flyt það, ekki vegna þess að ég telji brýnt að þessir tveir árgangar bætist við, heldur vegna þess að ég tel að það eigi að vera ákveðin mörk sem við höldum okkur við með fullorðinsaldur og þá eigi borgararnir að fá þau réttindi sem því fylgja, þar á meðal þessi. Þar var þó við það miðað að ungt fólk fengi þessi réttindi í tveimur pörtum, annars vegar 18 ára og hins vegar 20 ára, og þar er miðað við þessi 22%.

Auðveldast er auðvitað að spyrja með Verslunarráðinu af hverju allt skrefið sé ekki stigið í einu. Verslunarráðið segir í bréfi sínu frá 18. apríl 2005 þetta, með leyfi forseta:

„Með ofangreindu frumvarpi yrði vissulega stigið skref í rétta átt að mati ráðsins þótt Verslunarráð telji að fara megi einfaldari leiðir í þessum efnum. Þannig hefur það verið skoðun Verslunarráðs í áratugi að ekkert mæli með einkaleyfi ríkisins til smásölu áfengis. Á það jafnt við um sölu á svokölluðu sterku áfengi og léttvíni.“

Ég spyr: Af hverju flytja ekki þessir ágætu flutningsmenn frumvarp sem er í samræmi við þessi sjónarmið? Er þetta millivegur, málamiðlun, eða er í raun verið að tala um allt áfengi?

Hv. 1. flutningsmaður talaði hér áðan um að andstæðingar frumvarpsins hefðu vantrú á íslenskri þjóð. Vantrú á íslenskri þjóð er það sem einkennir andstæðinga þessa frumvarps, eða athugasemdamenn um það. Það er auðvelt

að snúa þessu upp á flutningsmanninn sjálfan og spyrja af hverju hann hafi þá vantrú á íslenskri þjóð að hún megi kaupa vín undir 22% í sjoppum en yfir 22% aðeins á sérstökum útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Frumvarpsflytjendur og höfundar frumvarpsins tala auðvitað um bjór og léttvín og skipta áfengi þar með í þrennt, bjór, létt vín og sterkt vín, sem er sirka umræða frá því að maður var í gagnfræðaskóla. Í umsögn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er hins vegar talað um þessa skiptingu þannig að, ætli það séu ekki tölur frá 2004, þetta sterka vín, vín yfir 22%, nemi 4,4% af því magni sem ÁTVR dreifir. Þá voru 45 búðir. Niðurstaða í umsögn ÁTVR þá var að ef salan í ÁTVR er bundin víni, eða réttara sagt að allir aðrir megi selja allt vín nema sterkt, sé ekki forsenda til rekstrar nema á einni eða tveimur vínbúðum.

Í frumvarpinu er vissulega gert ráð fyrir að ÁTVR geti selt allt vín áfram og kannski er ætlast til þess að það taki að sér sölusvæði utan hagkvæmnismarka kaupmanna þótt á það sé ekki minnst. En Höskuldur Jónsson, hinn virti embættismaður, þáverandi forstjóri ÁTVR, minnir á það í umsögn sinni að ÁTVR hafi gefist upp á innflutningi þótt hann sé löglegur eða hafi verið, og sé væntanlega enn, vegna þeirra krafna sem aðrir innflytjendur gerðu um jafna stöðu og um að ÁTVR ræki ekki samkeppni á því sviði, fullkomlega eðlilegar kröfur að mínu viti, en þeir sem sé hættu við það og hann segir ósköp einfaldlega að hið sama mundi smám saman gerast í smásölunni. Smásalar mundu auðvitað leggjast gegn því að ÁTVR væri með samkeppni á sölusvæði þeirra með þá vöru sem þeir selja. Ég tek undir að ef málum væri skipað með þessum hætti væri fullkomlega eðlilegt hjá smásölum að gera þessar athugasemdir og hrekja ÁTVR út af sínu svæði með pólitískum leikjum í gegnum þingið eða ráðherra, með tilstyrk Samkeppniseftirlitsins eða með evrópskum úrskurðum.

Niðurstaða ÁTVR, sem er kannski ekki nefnd mjög greinilega, er auðvitað sú að í framtíðinni yrði áfengi yfir 22% aðeins selt í einni eða tveimur búðum á landinu og þær búðir yrðu að sjálfsögðu á höfuðborgarsvæðinu. Ég bendi hv. þm. Kjartani Ólafssyni á að þær búðir yrðu að sjálfsögðu á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða ÁTVR, þótt hún sé ekki sögð af forstjóra þess ríkisfyrirtækis, er sú að það sé svo lítið skref í þessu frumvarpi að það sé í raun og veru um það að leggja Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins niður.

Það eru rök með því og það eru líka rök á móti því. En af hverju er það frumvarp ekki flutt? Af hverju er flutt hér gervifrumvarp, felufrumvarp, frumvarp sem segist vera að gera einhverjar litlar breytingar en er í raun og veru að boða stórt skref í þessu máli? Ég segi aftur: Það eru rök með því en það eru líka rök á móti því og sjálfsagt að við ræðum þau í þessum sal og samfélaginu öllu. En það leggst lítið fyrir þessa 14 kappa að flytja hér frumvarp um það í dularbúningi.

Við skulum aðeins huga betur að 22% og skoða hvaða vébönd eru utan um þetta mál. Það er best að firra strax misskilningi sem stundum kemur upp í áfengisumræðu. Ég tel að bjór sé eðlilegur á landinu. Ég var ekki á þingi þegar greidd voru atkvæði um hann en ef ég hefði verið það hefði ég greitt atkvæði með þeirri breytingu. Ég er áhugamaður um vín, sem við köllum hér létt vín, en það er fleira undir en þetta tvennt. Sérrí og púrtvín eru að styrkleika 17–19%. Það er sem sé vín sem mundi falla undir þessa sölu. Annað vín af svipuðu tagi, Martini og fleira því líkt, er undir 22%. Líkjörar sem ýmsir framleiðendur rétta nú mjög að kaupendum eru 20–22%, undir þessum mörkum, mjög margir líkjörar. Gömlu líkjörarnir, þessir klassísku, Grand Marnier og Drambuie, eru vissulega um 40% eða í kringum það en hneigðin er núna sú að framleiða líkjör við þessi mörk og undir þeim, 22%. Baileys sem margir kannast við og er drukkið á indælum kvöldum er einkum fyrir kvennamarkaðinn. Það er ekki annað en viskí sem blandað er í rjóma. Það er af þessum áfengisstyrkleika þannig að nefnd séu dæmi. Vöruþróun og markaðssókn sterkvínsframleiðenda gengur í þessa átt.

Þetta er gott út af fyrir sig með líkjörana. En það er skrýtið að í þessum fínu athugasemdum þingmannanna 14, fulltrúa frelsisins, skuli ekkert vera minnst á það nýjasta á þessum markaði, þ.e. gosvínið eða sódapoppið sem er helsta nýjungin á markaði fyrir ungt fólk, jafnvel unglinga. Það er líka vöruþróun sterkvínsframleiðenda og ákaflega eðlileg frá þeirra sjónarmiði, sterkt vín blandað með gosi. Þetta er ekki meiri nýjung en svo að við Íslendingar þekkjum þetta öðrum betur, sérstaklega þeir sem voru uppi eða a.m.k. komnir á baraldur fyrir bjórleyfið. Þetta eru ósköp einfaldlega sterkir drykkir blandaðir með gosi eða ávaxtasafa og henta vel á Íslandi þar sem æskulýðurinn drekkur meira gos en nokkurs staðar annars staðar í heiminum og getur síðan skipt yfir í gos af öðru tagi, gosvínið. Þetta er markaðslega snjallt.

Aðallega er þetta af tvennu tagi, annars vegar Baccardi-fyrirtækið sem selur í þessum gosflöskum romm með ávaxtabragði af ýmsu tagi og hins vegar Smirnoff-fyrirtækið sem selur vodka blandað í sítrónu og eitthvað fleira sem ég man ekki hvað er og hef ekki kynnt mér vel. Fyrir nokkrum árum var Campari-sóda selt í einhverjum svona umbúðum og er sem sé framleiðsluvara á Ítalíu. Menn kaupa það með þessum hætti en Campari mundi teljast til sterkra drykkja eitt sér.

Það er mjög mikið fjör í þessum geira á markaðnum og mér skilst að næstu árin megi búast við stórauknu framboði á þessu, sérstaklega hér á Íslandi, að fleiri fyrirtæki fari þessa slóð. Þetta er sem sé undir 22% mörkunum og við þurfum ekki annað en að blanda sterkt vín til helminga, það er yfirleitt 40–45%, og út úr því kemur 20–22,5%.

Það er rétt að hafa þá þrennt í þessu dæmi, bjór, létt vín og gosvín. Í raun og veru er þetta, með nýja laginu eða gamla laginu, ein helsta aðferðin við að drekka sterkt vín. Aðrar aðferðir eru hins vegar þannig að þær yrðu bundnar við ÁTVR, að drekka vín eitt og sér eins og margir drekka viskí eða þá að drekka vín sem snafs eða skot eitt sér eða með bjór sem mjög er algengt um þessar mundir. Maður spyr eiginlega: Hvers eiga unnendur þessara aðferða tveggja að gjalda miðað við þá þriðju, að kaupa þetta tilbúið í gosflöskum?

Þetta er ekki jafneinfalt og menn láta vera í þessu frumvarpi og afhugasemdum við það. Það er í raun og veru ekki mikið áfengi eftir sem ÁTVR ætti að selja miðað við þessa þróun.

Það er svo sérstök áhersla til að vekja athygli á því, forseti, að hv. 1. flutningsmaður talaði áðan um það að þetta væri í raun og veru þegar komið, þetta væri þannig að einkaaðilar seldu vín og þetta munaði engu, þetta væri svona bara formleg leiðrétting. (Gripið fram í.) Það er skrýtið að heyra það frá flutningsmanni vegna þess að hann hefur fengið þessi sex álit sem er tiltölulega auðvelt að renna í gegnum. Ég gerði það á innan við hálftíma í morgun og staldraði þar á meðal við álitið frá Höskuldi Jónssyni, forstjóra ÁTVR, það sem hann skrifar undir, þar sem hann mótmælir sérstaklega þessari staðhæfingu og tekur fram í töluverðum kafla sem ég les kannski síðar að svo sé alls ekki. Hann segir að ÁTVR sé formlegur leigutaki að öllu húsnæði þegar rekstur fer fram með einhverju samstarfi við aðra en ÁTVR, allar innréttingar þar séu eign ÁTVR, allt bókhald annist ÁTVR, ÁTVR fái allt andvirði sölu samtímis inn á reikninga sína þegar um kort er að ræða. Verslunarstjórinn er alltaf starfsmaður ÁTVR og háður lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og þeim fyrirmælum sem starfsmönnum eru sett um allt sérefni þannig að þessi staðhæfing er einfaldlega, við skulum orða það kurteislega, ekki nákvæm hjá flutningsmanninum.

Ég á lítinn tíma eftir hér en það þarf að ræða líkurnar á að eftirlit með aldri kaupenda haldi, og seljenda reyndar líka því að þeir eiga að vera yfir 20 ára samkvæmt frumvarpinu. Það þarf að ræða hvaða kröfur á að gera til sölustaðanna og auðvitað er rétt að vekja athygli á ýmsum rökum með þessum breytingum. Ég tek ekki í sjálfu sér afstöðu til þeirra að þessu sinni, með breytingum í átt að þeim sem lagðar eru til í þessu frumvarpi. Þær eru vissulega fyrir hendi. Þær voru nefndar hér, t.d. breytt vínmenning. Það má segja að fjölgun vínveitingastaða hafi þegar gert aðgengi talsvert. Það má líka nefna eins og hér var rætt áðan í andsvörum um samkeppnisstöðu verslunarmiðstöðva og annarra verslunarkjarna eftir því hvort þar er ÁTVR-búð eða ekki.

Ég held hins vegar almennt að það sé galli að menn ráðist í tillögugerð af þessu tagi á forsendum hugmyndafræði, eins og mér sýnist eiga við um marga af þessum 14 þingmönnum, eða á forsendum hagsmuna, menn séu hér að reka hagsmuni hluta af verslunarfyrirtækjunum í landinu. Eða þá sem sumir virðast vera að gera, a.m.k. meðfram, að ganga í augun á tilteknum kjósendahópum, ungu fólki væntanlega, að fara fram undir meintum merkjum frelsis. Þeir ræða málin eins og þetta sé einhver frelsisbarátta sem hér fer fram um áfengið. Ég held að menn verði að tala í samhengi í þessum efnum. Ég óska eftir því samhengi. Ég óska eftir að flutningsmennirnar 14 geri grein fyrir afstöðu sinni til vínauglýsinga. Í umsögn ÁTVR er m.a. bent á að það sé hætt við enn aukinni auglýsingamennsku núna þegar það eru ekki bara hagsmunir heildsalanna sem skipta máli, heldur hagsmunir einstakra smásala.

Ég vil að þeir lýsi afstöðu sinni til áfengiskaupaaldurs. Ég vil að þeir skýri okkur frá afstöðu sinni til annarra fíkni- og vímuefna en til áfengis, auðvitað tóbaksins annars vegar en hins vegar líka vímuefna sem nú eru ólögleg. Eða hafa þeir vantrú á íslenskri þjóð? Hafa þeir vantrú á íslenskri þjóð við að velja sér vímu- og fíkniefni? Hvers lags eiginlega samræmi er þetta?

Ég óska eftir því að þeir taki afstöðu til athugasemda frá Lýðheilsustöð sem ég hef ekki rætt hér mikið. Hún gerir t.d. þá athugasemd að í áfengismálum ættum við að lækka leyfilega áfengisprósentu við akstur úr 0,5 prómillum í 0,1–0,2 eða jafnvel niður í 0,0. Við þurfum að ræða þessi mál í samhengi og við þurfum að ræða þá fjóra þætti sem viðurkennt er að hafi áhrif á áfengisdrykkju og áfengisvanda, aðgengi, verð, aldursmörk og auglýsingar. Það þýðir ekki að taka einn þátt út úr þessu og berjast fyrir honum sem einhvers konar sjálfstæðis- og frelsisbaráttu fyrir ungt fólk. Það gengur ekki.

[17:20]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Það er gott að ræða þessi mál. Ég verð að vísu að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á hvert hv. þingmaður var að fara ef þingmaðurinn var í fullri alvöru að fara fram á að þeir fjórtán flutningsmenn sem flyttu málið gætu bara ekki gengið í það nema að taka allt það sem tengist áfengismálum, hugsanlegt og óhugsanlegt, bara það sem menn hafa hugmyndaflug til, í tengslum við þetta. Ef menn gerðu það ekki þýddi ekkert að koma fram með þetta mál. Mér fannst hv. þingmaður undir lokin tala með þeim hætti.

Gátu menn þá ekki leyft sér bjórinn vegna þess að hann var tekinn einn og sér fyrir en ekki allt það sem hv. þingmaður nefndi? Voru það alveg gríðarleg mistök af því menn tóku þetta ekki fyrir allt saman í einu? Ég held að rétt sé að hv. þingmaður svari því.

Það hlýtur að vera rétt sem hv. þingmaður hélt fram að það þýddi ekkert annað en að ræða allt sem honum dytti í hug sem tengdist þessu í tengslum við frumvarpið. Þá væri það ómark og væri ekki mark á takandi. Þá hlýtur það nákvæmlega sama að hafa átt við þegar menn leyfðu bjórinn.

Það er ekki í fyrsta skipti sem ég fæ þá spurningu, þegar ég hef flutt þetta mál, hvort ég sé fylgjandi ólöglegum fíkniefnum. Því fer víðs fjarri og ég hef aldrei verið fylgjandi því.

Ég nefndi að treysta ætti íslenskri þjóð, ég nefndi það í tengslum við að þessir viðskiptahættir eru öðruvísi í mörgum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Þannig er það. Það þekkir hv. þingmaður, enda hefur hann farið til útlanda. En ég veit ekki betur en Íslendingum sé bara ágætlega treystandi til þess að dvelja þar um lengri eða skemmri tíma. Ég veit ekki betur en menn hafi gert það og komið heilir heim. Það er það sem sá sem hér stendur var að vísa í.

[17:22]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég er nú ekki að óska eftir annarri bjórumræðu sem stóð held ég í 20 eða 30 ár með síendurteknum frumvörpum á þinginu. En þar var svo sannarlega farið í gegnum áfengismálin frá a til ö. Það var gert.

Ég tel að þeir sem samþykktu bjórinn að lokum hafi gert það vitandi vits og vitað nokkurn veginn hvað þeir voru að gera, enda voru ýmsar hliðarráðstafanir í tengslum við það gerðar. Vegna þess að umræðunni var stýrt þannig. Það var ekki látið eins og eitthvert smámál væri á ferðinni heldur var þetta liður í umræðu um áfengisvandamálin en ekki ein-

hverja tiltekna hagsmuni úti í bæ.

Ég skal hlífa flutningsmanni, hinum eina sem hér er staddur, við fráleitum beiðnum um afstöðu til tiltekinna mála. Ég nefni bara fjögur, sem sé fyrir utan það aðgengi sem hér stendur til að auka, þá nefni ég verð, aldursmörk og auglýsingar. Hver er afstaða hans til þessara þriggja hluta? Hann hefur þegar lýst því yfir að hann vantreysti íslenskri þjóð til að velja sér sjálf önnur vímuefni en áfengi og tóbak. Hann hefur sem sé vantrú á íslenskri þjóð með það.

En ég vil fá að vita um afstöðu hans til þessara þátta hinna. Hvaða hugmyndir gerir hann sér? Hann nefnir áfengisgjaldið í frumvarpi sínu. Hvaða hugmyndir gerir hann sér um áfengisverð hér á landi? Hvað telur hann um aldursmörk við áfengiskaup? Hver er afstaða hans til þeirra ólöglegu auglýsinga sem nú eru farnar af stað og þess þrýstings sem aukin smásala á vegum einkaaðila mundi skapa á frekari auglýsingar á áfengi, sterku áfengi, bjór, léttvíni og gosvíni?

[17:24]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er svolítið sérstakt. Fyrst byrjar hv. þingmaður að fara yfir hvað það sé sérstakt að í greinargerðinni sé farið inn á fleira en það sem tengist frumvarpinu. Það sé nú ekki lítið sérstakt. Hvað menn séu eiginlega að gera og það sé ekkert samhengi í þessu. Hv. þingmaður benti réttilega á að þar er fjallað um áfengisgjaldið.

Hv. þingmanni fannst í upphafi ræðu sinnar að þetta væri fyrir neðan hellur, algjörlega fyrir neðan allar hellur hvernig mönnum dytti þetta í hug. Af því svo sannarlega væri ekkert í frumvarpinu sem tengdist áfengisgjaldinu.

Nú veit ég að Samfylkingin skiptir oft um skoðun, en hv. þingmaður tók u-beygju í ræðunni og nú fer hann fram á að ekki sé hægt að ræða þetta mál nema menn svari öllu öðru sem honum finnst tengjast áfengismálum.

Hv. þingmaður fór sjálfur yfir það hvað fram kemur varðandi áfengisgjaldið í greinargerðinni. Hann gerði það, virðulegi forseti. Fór ágætlega yfir það. Ég skil því ekki hvað hv. þingmaður er að koma hingað og spyrja síðan í kjölfarið þar sem hann byrjaði í ræðunni að fara yfir það. Nefndi ágætishluti eins og þá að skynsamlegt væri hugsanlega að færa þetta yfir á svipað stig og er á Norðurlöndunum og þá væntanlega til lækkunar, en líklega er ekki verið að tala um Noreg því Norðmenn eru með hærri áfengisgjöld en Íslendingar. En svo er það að vísu nokkuð misjafnt annars staðar á norrænu löndunum hvernig þetta er.

Það er ekkert sem bendir til þess, ef við tölum um auglýsingar, að ef menn mundu breyta þessu á þeim stöðum þar sem á eftir að breyta, að meiri þrýstingur yrði á auglýsingar. Það er mikill þrýstingur á auglýsingar. Við höfum fundið fyrir því. Það má færa rök fyrir því að fara eigi yfir þessi auglýsingamál og hin svokölluðu kostunarmál mjög gaumgæfilega. Það er alveg efni í sérumræðu en það tengist ekki þessu (Forseti hringir.) máli.

[17:26]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, flutningsmaður málsins, er greinilega kominn á flótta. Hann er farinn að draga stjórnmálaflokkana inn í málið, stjórnmálaflokkur minn á að vera með tilteknum hætti.

Nú ætti ég kannski að eyða öllum þessum tíma sem ég hef í að lýsa stjórnmálaflokki hans á móti til að umræðan verði algjörlega marklaus. Það sem ég ósköp einfaldlega bað hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson um að gera var að lýsa í stuttu máli í andsvari, eða í ræðu á eftir, afstöðu sinni til áfengismálanna almennt.

Ég nefndi fjögur atriði. Þar á meðal var verðið, aðgengismálin í stærri pakka en hér eru nefnd, auglýsingarnar og áfengiskaupaaldurinn.

Ég legg áherslu á að þegar menn flytja svona tillögu, einn maður eða fjórtán, verða þeir að gefa okkur heildarmyndina og einn punktur af heildarmyndinni er sá hvaða afstöðu menn hafa til ólöglegra vímu- og fíkniefna. Því maður sem kemur hér og segir að það sé vantrú á íslenskri þjóð að spyrja spurninga um áfengisvandann, sem á þessa sömu þjóð hefur herjað í 11 aldir, verður líka að gera grein fyrir því hvers vegna hann hefur þá sannfæringu að þjóðin þoli ekki að standa frammi fyrir öðrum vímuefnum. Ég er ekki að boða það hér að opna eigi fyrir þau, enda er það ekki gert í nágrannalöndunum. En ég tel að í grundvallaratriðum verði menn að standa klárir á þessu, ekki síst þegar þeir sveifla í kringum sig frelsisfánanum af því sjálfsöryggi, að ég segi ekki þótta, sem 1. flutningsmaðurinn af þeim fjórtán hefur gert hér í dag.

[17:28]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil við 1. umr. þessa máls fá að segja nokkur orð um önnur atriði en þau sem snúa að hagsmunum neytenda varðandi aðgengi og verðlag á víni. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða varðandi sölu áfengis og tóbaks. Við höfum, eins og fram kom í máli hv. þingmanns, rætt frumvarp af svipuðum toga áður án þess að það hafi verið afgreitt hér af þinginu.

Hæstv. forseti. Mín ósk og von til handa íslensku þjóðinni er að örlög þessa frumvarps verði þau sömu og fyrri frumvarpa, að það verði ekki afgreitt á þessu þingi og ekki á næstunni. Mér virðist sem ýmislegt sé að gerast í þjóðfélaginu, bæði hjá ungu fólki og fullorðnu, sem ætti að vekja okkur til umhugsunar og að fara að ráðum Lýðheilsustöðvar, landlæknisembættisins o.fl., sem eiga að gefa Alþingi leiðbeiningar til að móta stefnu í áfengis og fíknivarnamálum. Við á hinu háa Alþingi höfum mótað okkur heilbrigðisáætlun til næstu ára og erum langt frá því að ná þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Því miður hefur það gerst hratt á fáum árum að frekar hefur sigið á ógæfuhliðina hjá okkur hvað varðar drykkju hjá ungu fólki, þá sérstaklega hvað varðar bjór og svokallaða áfenga gosdrykki.

Bjór er í dag vímugjafi unga fólksins. Unglingar eiga ekki að hafa aðgengi að bjór en tíðarandinn virðist líta svo á að bjór sé varla áfengi, áfenga gosið sé það alls ekki og því miður er aðgangur unglinga að þessum drykkjum allt of greiður. Þrátt fyrir að áfengur bjór, léttvín og þetta gos sé selt í sérverslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þar sem opinberir starfsmenn, 20 ára og eldri, afgreiða og fólk

undir 20 árum á ekki að geta keypt þá er staðan þessi. Við getum því rétt ímyndað okkur hver þrýstingurinn verður á afgreiðslufólk, starfsmenn verslana, sem í dag eru að stórum hluta, sérstaklega í stórverslunum, unglingar. Menn geta reynt að ímyndað sér hvernig verður með afgreiðslu í þessum verslunum. Það þekkjum við af sölu tóbaksins, sem ekki má selja undir 18 ára, en því miður er reykingar þekktar hjá börnum alveg niður í fermingaraldur. Einhver selur og einhver kaupir og þótt við viljum bera fullt traust til fullorðins fólks, barna og unglinga, þá er staðan þessi. Leiðbeiningarnar eru þær að gera allt sem við getum til að færa hlutina í sama horf og við höfðum, ekki eins og það er í heldur eins og það var.

ÁTVR hefur breytt um sölumáta frá því að að hafa útsölustaði eingöngu í sérverslunum yfir útsölustaði sem að vísu eru afmarkaðir en eru inni í öðrum verslunum. Þetta eru útsölustaðir ÁTVR en ekki eins í sérverslunum eins og verið hefur. Þar eru starfsmenn ÁTVR. En ég vil segja fyrir mitt leyti, herra forseti, að ég hefði viljað sjá allt aðra þróun hjá ÁTVR. Ég hefði viljað sjá fleiri útsölustaði ÁTVR á þeirra eigin vegum, metnaðarfulla staði þar sem væri úrval af vínum og vínmenning og afgreiðsla í verslunum eins og við sjáum í sumum verslunum ÁTVR, þar sem farið er með vín sem gæðadrykki fremur en að selja bjór í kassavís eins og virðist sums staðar gert. Ég hefði viljað sjá meiri metnað í útsölu ÁTVR, bæði með fleiri útsölustöðum og meiri metnaði í vörutegundum og öðru slíku. Ég vil að hér á landi og sem víðast sé góð vínmenning. Ég hef ekki á móti áfengi sé það drukkið í hófi af fullorðnu fólki. Ég vil að við gerum allt til að stuðla að því að draga úr áfengisneyslu barna og unglinga og að hvetja ekki til áfengisneyslu, á léttvíni og bjór, til fullorðins fólks.

Sú aðferð sem hér er lögð til verður til ills. Við þurfum ekki að gera tilraunir á íslenskri þjóð, þetta er þekkt, þessar leiðir hafa verið farnar og áður verið slakað á reglum. Það er hægt að fara í samanburðarrannsóknir og skoða t.d. Svíþjóð þar sem útsölustöðum var breytt í ákveðnum sveitarfélögum. Þar var hægt að gera samanburðarrannsóknir. Þar sem slakað var á og vínið fór í verslanir stórjókst salan, ekki bara á bjór og léttvíni heldur einnig á sterkari drykkjum. Það að byrja að drekka bjór og léttvín sem hluta af máltíð eða að neyta þess daglega leiðir til aukinnar drykkju og neyslu sterkari drykkja. Áfengismagnið eykst og styrkleikinn einnig. Hugmyndafræði frumvarpsins sem getur verið góð á pappírnum dugir ekki þegar kemur að raunveruleikanum.

Þótt við viljum treysta fólki og einhverju okkar þyki þægilegt að grípa með sér bjórkippuna eða hvítvínsflöskuna eða hvaða áfengi sem er undir 22% þá tel ég að okkur beri að huga að heildinni og þá sérstaklega að börnum og unglingum.

Hvað varðar landsbyggðina er ég sannfærð um að ábendingar ÁTVR eru réttar. Ef þessi leið yrði einhvern tímann farin þá hefðum við ekki útsölustaði ÁTVR úti á landi líkt og er í dag. Þá munu þær verslanir lenda í samkeppni við smávöruverslanir á viðkomandi stað, þetta verður spurning um samkeppni og samkeppnisaðstöðu. Það er enginn rekstrargrundvöllur fyrir því að ÁTVR sé eingöngu með sterk vín í verslunum úti um landið. Þá erum við að tala um verri þjónustu fyrir landsbyggðina en er þó í dag og vil ég sjá hana miklu betri og metnaðarfyllri en hún þó er.

Varðandi matvöruverslanir og skilgreiningu á matvöruverslun: Hvað er matvöruverslun? Eru þetta kaupfélögin, Hagkaup og Bónus eða bensínstöðvarnar sem eru orðnar að hálfu leyti matvöruverslanir líka? Áfengi undir 22% verður þá mjög víða og útstilling á vörunni verður frekar söluhvetjandi en hitt. Það er augljóst að þrýstingurinn á að auglýsa vöruna verður meiri en er í dag. Ekki aðeins innflytjendur verða með þrýsting heldur líka smásöluaðilarnir sem taka gróða sinn og vilja þar af leiðandi fá meiri sölu. Þar með verður enn meiri þrýstingur á það en er í dag að auglýsa vöruna. Þó brjóta menn auglýsingabann á víni á hverjum einasta degi og oft á dag. Það er okkur til háborinnar skammar að geta ekki komið í veg fyrir að farið sé í kringum lögin.

Hvað varðar 20 ára aldurstakmarkið er það eitt af því sem er í leiðbeiningum til allra þjóða, að halda sem hæstu aldurstakmarki. Það er munur á 16 ára, 18 ára og 20 ára og ég tel að við eigum áfram að halda í 20 ára aldurstakmark þótt ekki sé um það fjallað í þessu frumvarpi en þetta hangir allt saman.

Hæstv. forseti. Mig langaði til aðeins að vitna í skýrslu sem heitir Áfengi, engin venjuleg neysluvara. Það er alveg rétt. Rétt eins og tóbakið er þetta engin venjuleg neysluvara. Þróunin í heiminum er sú að Evrópa er farin að skera sig úr hvað varðar aukning á sölu og neyslu áfengis. Sjúkdómarnir láta ekki á sér standa því að samfara aukinni neyslu eykst stórlega álag á heilbrigðiskerfi í Evrópu. Það gerir það líka hér á Íslandi því að áfengi hefur áhrif á alla líkamsstarfsemi og leiðir til mjög alvarlegra líkamlegra og andlegra veikinda.

Í þessari skýrslu, sem vitnað er í umsögn frá Lýðheilsustöð um samsvarandi frumvarp frá apríl 2005, segir með vísan til rannsókna sem gerðar hafa verið, með leyfi hæstv. forseta:

„Almennt séð er það mjög áhrifamikið ráð að stjórna aðgengi og stýra notkun áfengis. Þar sem þessi aðferð er víðfeðm og kostnaðarlítil er hægt að gera sér vonir um mikinn árangur við að draga úr skaða af völdum áfengis. Flestar aðgerðir gegn ölvunarakstri fengu einnig góða einkunn fyrir árangur. Þessar aðferðir eru ekki eingöngu vel staðfestar með rannsóknum heldur virðast þær gera gagn í flestum löndum en eru jafnframt frekar einfaldar í framkvæmd og auðvelt að viðhalda þeim."

Síðar eru talin upp þau atriði sem bestum árangri skila, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi tíu atriði standa upp úr þegar móta skal áfengisstefnu:

aldurstakmarkanir við áfengiskaup,
ríkiseinkasala áfengis,
takmarkanir á sölutímum og söludögum,
takmarkaður fjöldi sölustaða,
áfengisskattar,
lög um leyfilegt magn áfengis í blóði ökumanna,
eftirlit með ölvunarakstri,
ökuleyfissvipting við ölvunarakstri,
ökuleyfi með skertum réttindum handa nýjum ökumönnum,

stutt úrræði handa fólki sem drekkur mikið og er í áhættuhópi.“

Í beinu framhaldi segir, með leyfi forseta:

„Áfengisstefnan getur verið virk bæði innan sveitarfélaga og í landinu öllu. Á hvoru sviðinu sem er má beina stefnunni að almenningi í samfélaginu, að ofneytendum sem hætt er við að leiðist út í áfengissýki og að þeim sem þegar hafa þróað áfengissýki. Áfengisstefna getur ekki staðið ein og sér og óháð heldur þarf hún að styðjast við önnur úrræði. Ólík stuðningsráð og úrræði, sem vinna að sameiginlegum markmiðum, eru líklegri til að skila árangri en eitt eða fá úrræði. *Til að fá sem mest út úr áfengisstefnunni þarf að nota alhliða íhlutun eða úrræði til að ná sem best utan um málefnið.*

Þetta þýðir að nú eigum við meiri möguleika en nokkru sinni fyrr á að setja fram áfengisstefnu sem þjónar samfélaginu og byggja þá stefnu á traustum rannsóknum. Nú er stefnumótun í þessum málaflokki of sjaldan byggð á niðurstöðum rannsókna og of oft skortir á að stefnumótun bæti upp vanþekkingu og úrræði sem ekki skila árangri. Vegna þess að áfengi er engin venjuleg neysluvara á almenningur *rétt á að áfengisstefna sé vel ígrunduð og unnin af vandvirkni.*“

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um málið. Ég tel að við þurfum að hafa heildarsýn á málið. Okkur er vel kunnugt um vandamál SÁÁ og rekstur stöðvarinnar á Vogi. Á borð okkar bæði í fjárlaganefnd og inn á Alþingi hafa komið athugasemdir um vandamál sem tengjast ölvunarakstri. Stórslys í umferðinni, hraðakstur, ofbeldi o.fl. á rætur sínar að rekja til ofneyslu áfengis. Heilbrigðiskerfi okkar er íþyngt af bæði sjúkdómum og afleiðingum slysa. *Ég tel því að þau fáu skref sem við þurfum að ganga til að* komast í sérverslanir ÁTVR til að kaupa vín eigi ekki að verða til þess að gera þurfi tilraunir á því hvort Íslendingum sé treystandi til að vera ábyrgir í áfengiskaupum. Ég held að við séum ósköp venjuleg þjóð, eins og aðrir menn í Evrópu og á Norðurlöndunum. Við eigum að læra af reynslu þeirra og taka mið af þeim ábendingum sem við höfum fengið.

[17:45]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var athyglisvert sem hv. þingmaður las þarna upp, sem er væntanlega stefna hv. þingmanns í þessu máli, þegar kæmi að aðgengi að áfengi, og var þá að vísa í skýrslu sem heitir eitthvað á þá leið að áfengi sé engin venjuleg vara, ef ég man rétt. Þar las hv. þingmaður m.a. upp að það ætti að hafa fáa sölustaði. Er það ekki rétt, hv. þingmaður? (**ÞBack:** Hvatt til þess.) Hvatt til þess, sem er væntanlega skoðun hv. þingmanns, því að hv. þingmaður var rétt áður búin að ... (Gripið fram í.) Heldur hvað? (**ÞBack:** Ekki fáa sölustaði; ekki í öllum matvöruverslunum.) Nei. Ég gat ekki annað heyrt (Forseti hringir.) en að hér væri talað um fáa sölustaði, virðulegi forseti, af því að hv. þingmaður hafði rétt áður talað um að hún teldi að ÁTVR ætti að fjölga sölustöðum sínum um landsbyggðina. Hér er hv. þingmaður því væntanlega komin í mótsögn við sjálfa sig.

Á sama hátt hefur hv. þingmaður ekki lesið frumvarpið vegna þess að hún talar um þá hættu sem skapist ef þetta fer í matvöruverslanir og allar verslanir þar sem *ungt fólk muni* afgreiða það.

Í b-lið 10. gr. stendur skýrt, með leyfi forseta:

„Starfsmenn sem afgreiða áfengi mega ekki vera yngri en 20 ára.“

Síðan er það nákvæmlega tilgreint að það eru ýmsar verslanir, m.a. verslanir sem hv. þingmaður nefndi, sjoppur og vídeóleigur og annað slíkt, þar sem ekki á að vera heimilt að selja þessa vöru samkvæmt frumvarpinu. (**MÁ:** En á bensínstöðvum samt.) Hv. þingmaður kallar: Bensínstöðvar. *Það er akkúrat eins og gert er í dag.*

Mér finnst sjálfsagt að fá gagnrýni á þetta frumvarp (Forseti hringir.) en það er betra að menn séu búnir að lesa það.

[17:47]

**Þuríður Backman** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var að lesa upp úr skýrslu sem Lýðheilsustöð gaf út, „Áfengi, engin venjuleg neysluvara“. Það er alveg sama hvort ég les upp úr þeirri skýrslu, tilmælum Alþjóðaheilbrigðisstofnunar eða öðru, *þetta eru þær leiðbeiningar* sem koma, að takmarka sölustaði og hafa söluna í ríkisrekinni áfengissölu, það eru leiðbeiningarnar.

Það er mikill munur á því í mínum huga, hæstv. forseti, hvort við erum með góða þjónustu ÁTVR, þ.e. sölustaði, metnaðarfulla sölustaði úti um land — þá er ég að tala um verslanir — eða hvort við erum með áfengi að 22% í öllum matvöruverslunum og bensínstöðvum úti um allt land. Þetta er mismunur á aðgengi, mikill mismunur. Ég vil bæta þjónustu ÁTVR frá því sem hún er í dag og eins úti um land, en *þar er mjög mikið kvartað yfir þeim* sölustöðum þar sem ÁTVR hefur neyðst til að koma sér inn í aðrar verslanir og er með takmarkað úrval. Það finnst mér miður, að fólk geti ekki verslað úti um land og haft meiri fjölbreytni í vöruteg undum. En það er mikill munur á því hvort ÁTVR rekur eina góða verslun í þorpi, eða hvort salan er í matvöruverslunum, sjoppum og bensínstöðvum á staðnum. Þetta er mismunandi aðgengi.

Hvað varðar 20 ára aldurinn. Vissulega er sagt í frumvarpinu að starfsmenn sem afgreiði áfengi megi ekki vera yngri en 20 ára. En þetta á einnig við um tóbakið, þar er aldurinn 18 ára og samt sem áður er það nú þannig að unglingar alveg niður í fermingaraldur reykja.

[17:49]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á þessum málflutningi. Í annan stað segir hv. þingmaður að það eigi að hafa færri sölustaði, takmarka sölustaði, og hinn að það eigi að fjölga þeim mjög úti á landsbyggðinni, nota bene, ekki í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu, en að á landsbyggðinni eigi að bæta þjónustuna og fjölga sölustöðum með meira úrval. Á sama hátt segir hv. þingmaður, sem ég er að vísu ósammála henni um, að tíðarandinn sé að sjálfsagt þyki að börn og ungmenni fái aðgang að bjór og áfengum gosdrykkjum. Þvert á móti upplifi ég miklar áhyggjur foreldra með börn og ungmenni á viðkvæmum aldri og að menn hafi miklar áhyggjur af þessum málum. Ég finn ekki

fyrir þessum tíðaranda, ég vona að það sé ekki rétt að það sé sjálfsagt að ungmenni geti gengið í þetta.

Þetta gengur ekki alveg upp. En ef við vísum í skýrsluna sem hv. þingmaður las úr — og þar er ég ekki sammála hv. þingmanni að það eigi að fjölga sölustöðum og bæta vöruúrvalið og bæta þjónustuna úti á landi, ekki í Reykjavík, heldur úti á landi, en ég er sammála því sem kemur fram í skýrslunni — og ef menn fara alla leið þá erum við komin í það far sem var hér á landi fyrir nokkrum árum eða kannski áratugum. Ég get ekki séð að það ástand hafi verið til fyrirmyndar, því miður.

Ég ætla ekki að gera lítið úr áfengisvandanum, það hvarflar ekki að mér. Það þekkja það allir Íslendingar og það þekkist alls staðar í heiminum að það er alvarlegt vandamál og erfitt að taka á. En ég hef ekki trú á því, m.a. vegna þess að ég hef upplifað það, að slík höft og takmarkað aðgengi hafi skilað þeim árangri sem til var ætlast.

[17:51]

**Þuríður Backman** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér var tíðrætt um landsbyggðina af því að mér hefur fundist vera meira kvartað þar, sem eðlilegt er, yfir því að ekki skuli vera útsölustaðir ÁTVR í hverju þorpi og það er oft um langan veg að fara og þætti nú sumum höfuðborgarbúunum töluverð vegalengd að fara 50–75 km til þess að fara og kaupa sér áfengi. Eðlilega talaði ég því frekar um landsbyggðina og ég hefði viljað sjá metnaðarfulla áætlun hjá ÁTVR um að koma upp sölustöðum í hverjum þéttbýliskjarna eða því sem næst hverjum þéttbýliskjarna þannig að þetta væri hluti af þjónustu ÁTVR. Ég hafði ekki höfuðborgarsvæðið svo í huga en eftir ábendingu hv. þingmanns er ég alveg sannfærð um að það megi líka kortleggja svæðið hérna og skoða hvort ekki sé ástæða til að setja upp fleiri sölustaði á höfuðborgarsvæðinu, en ég hef ekki skoðað það.

Enn og aftur, það er mikill munur á því hvort það er sérverslun með áfengi eða hvort það er aðgengi í hverri einustu matvöruverslun sem er í landinu, því að það verður þannig og eins á bensínstöðvum, það verður meiri hvati. Það er ágóði að þessu, það er ágóði fyrir smásöluverslunina. Það dregur að, þetta veldur aukinni sölu, þetta verður hvati til söluaukningar og því miður er reynslan sú að þetta veldur aukinni drykkju og þá hjá börnum og unglingum. Þetta vil ég forðast.

[17:54]

**Kjartan Ólafsson:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um ýmis lög er varða áfengi og tóbak. Það eru margar hliðar á því máli og í umræðunni sem hefur staðið yfir um nokkurn tíma hafa ýmsir efnispunktar komið fram, t.d. prósentan sem lögin eiga að ná yfir, 22% áfengismagn. Það hefur verið rætt um einkasölu eða frjálsa verslun með vöruna, framboð og margt fleira, svo sem auglýsingar, aldur o.s.frv.

Þessir þættir eru allir mjög mismunandi eftir löndum. Ef við berum okkur saman við nágrannalönd okkar má segja að í Danmörku og Þýskalandi sé mikið frjálsræði hvað þessa þætti varðar. Svo eigum við nágrannalönd eins og t.d. Noreg, Svíþjóð og Kanada þar sem málin eru með öðrum hætti.

Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson nefndi í upphafsræðu sinni að þetta væri hógvært skref til hagsbóta og til framfara. En það er nú þannig að þegar fram á veginn skal halda kann að vera skynsamlegt að taka hógvær skref en það getur líka verið skynsamlegt að taka skrefin kröftuglega og það er einmitt það sem mig langar að fjalla aðeins um hvað þetta frumvarp varðar. Ef skrefið er of hógvært á maður á hættu að detta í bæjarlækinn þannig að þá er kannski betra að taka skrefið svolítið rösklegar. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður fór yfir söguna og það er alveg rétt sem hann nefndi, bannárin og allt sem þeim fylgdi með heimabruggi og tilheyrandi og eru til af því margar góðar sögur. Mig langar einmitt að rekja aðeins söguna, frú forseti, til að menn átti sig á því sem er kannski svolítið í nútímanum en lengra frá bannárunum. Þannig háttaði til fyrir ekki svo mörgum árum að Áfengisverslunin var með nokkra útsölustaði í Reykjavík og nánast örfáa úti á landi, mjög fáa. Hvað mitt kjördæmi áhrærir og á Suðurlandi var enginn útsölustaður og það var auðvitað ekki góð þjónusta, alls ekki, hvorki fyrir íbúana eða ferðafólk. Það er einmitt það sem mig langar svolítið að fara inn á í þessari umræðu, það er vinkill ferðaþjónustunnar, bæði innlendra og erlendra ferðamanna.

Sem sé, áður en útsölustaðir urðu til var þetta mjög erfitt. Menn voru að fá áfengi sent með pósti, það voru flutningabílar og það voru vinir og kunningjar og ýmsar aðferðir sem menn höfðu til að útvega sér þennan varning. Nú hins vegar hin síðari ár hefur ÁTVR stórbætt bæði þjónustu og framboð, með rýmri opnunartíma og miklu fleiri útsölustöðum. Af því að hv. þingmaður nefndi í framsöguræðu sinni nokkra staði á Suðurlandi þá eru höfuðstöðvar áfengisverslunarinnar á Selfossi og síðan eru útsölustaðir í Þorlákshöfn, í Hveragerði og svo austur um, í Rangárvallasýslu og Vík og á Kirkjubæjarklaustri eins og hv. flutningsmaður nefndi. Þjónustan og aðgengið fyrir heimamenn, fyrir ferðaaðila, bæði innlenda og erlenda, er orðin tiltölulega góð sem er auðvitað mjög eðlilegt og samfara því sem er að gerast í samfélaginu.

Það sem mig langar að spyrja um og reyna að fá svör við er eftirfarandi: Ég óttast svolítið, frú forseti, að þegar drykkir sem eru yfir 22% verða eftir í áfengisverslunum ÁTVR, en þeir drykkir sem eru léttari eða veikari í áfengismagni og verða seldir í verslunum, þá muni ríkisverslunin ekki geta haldið úti þessum útsölustöðum á landsbyggðinni, það verði alls ekki arðbært. Ég tel að það sé alls ekki eðlilegt að það verði haldið uppi útsölustöðum sem ekki standa undir sér. Þá stöndum við uppi með það að þjónustan, aðgengið verður verra en það er núna. Það hefur verið mjög gott eins og ég hef komið inn á, á landsbyggðinni undangengin ár og þá er spurningin þessi: Er ekki nær að taka skrefið allt og heimila þeim verslunum sem vilja að versla með allar tegundir áfengis og sleppa ákvæðinu í frumvarpinu um 22% og hoppa bara yfir bæjarlækinn í einu skrefi? Þá yrði a.m.k. aðgengi og framboð miklu rýmra og það yrði með sterkum drykkjum. Hv. þm. Mörður Árnason nefndi áðan ýmsa drykki sem ég kann nú ekki að nefna alla aftur sem eru sterkari en 22%. Þeir drykkir mundu þá auðvitað fara inn í verslanirnar og þá yrði aðgengi almennings, heimamanna, ferðamanna, erlendra sem innlendra, mjög

hliðstætt því sem er núna.

Þess vegna held ég að við þyrftum að fá nokkuð góða úttekt á því hvað ÁTVR treystir sér til að hafa mörg útibú opin á landsbyggðinni ef þeir missa þá veltu og þann ábata sem er af sterku drykkjunum. Ég óttast að þeir muni loka verslunum sínum og þá er betra að fara ekki af stað nema því aðeins að við tökum skrefið til fulls og hoppum alveg yfir í þessu máli.

Þetta er svona í stuttu og einföldu máli það sem ég vildi koma á framfæri í ræðu minni og vildi gjarnan að kæmi fram í málinu þegar þetta frumvarp er enn og aftur lagt fram og að þessi hugmyndafræði mætti verða til þess að málið yrði skoðað frá þessum vinkli í nefndinni.

[18:01]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kjartani Ólafssyni fyrir ræðuna. Ef ég skil hann rétt var hann með tvær spurningar. Hann spurði í fyrsta lagi hvort ÁTVR geti ekki haldið uppi því þjónustustigi sem það er með núna ef frumvarpið næði fram að ganga.

Skemmst er frá því að segja að ef forsvarsmenn þeirra verslana hafa áhuga á að hafa hlutina með sambærilegum hætti og gert hefur verið fram til þessa, og þá fyrst og fremst úti á landi, — að vísu skilst mér að í einni verslun hér á höfuðborgarsvæðinu, í Kópavogi, sé eitthvað aðeins öðruvísi módel en á verslunum úti um landið — þá geta menn í sjálfu sér gert það með sterka áfengið áfram. Það er í sjálfu sér ekkert sem mælir gegn því. Það er nú kannski kosturinn við þá vöru, ef þannig má að orði komast, að geymsluþol hennar er mjög mikið. Viðkomandi verslanir geta því geymt vöruna í mörg ár án þess að hún skemmist nokkurn skapaðan hlut. Jafnvel má færa rök fyrir því að hún batni, í það minnsta léttu vínin. En þó að við séum að tala um sterku vínin líka þá skemmast þau í það minnsta ekki eins og þekkt er orðið og ákveðnar áfengistegundir sterkra drykkja batna með árunum.

Síðan kom hv. þingmaður inn á það hvort binda ætti það við 22%. Það er sjálfsagt og eðlilegt að menn skoði það í nefndinni. Nú vill svo vel til að flutningsmenn leggja til að þessu frumvarpi verði vísað til allsherjarnefndar og gott ef hv. þm. Kjartan Ólafsson er ekki í allsherjarnefnd. Ég efast því ekki um að þar muni menn fara vel yfir þennan þátt mála. Það er bara sjálfsagt og eðlilegt. Ég er ekki að mæla gegn því, alls ekki.

[18:03]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)**:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði bara að segja nokkur orð í lokin. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir ágætisumræðu. Það er af sem áður var. Það hefur verið allt að því einmanalegt hér í salnum þegar ég hef flutt þetta frumvarp fram til þessa. Ég hef verið hér með sjálfum mér og starfsmanni þingsins og forseta. (Gripið fram í.) En hver svo sem ástæðan er þá var þetta í það minnsta mun fjörlegra og bara prýðileg umræða. Það er gott og eðlilegt í málum eins og þessum sem og öðrum að menn skiptist á skoðunum og skoði alla þætti. Mér finnst hins vegar ekkert hafa komið fram í þessum umræðum sem hefur gefið flutningsmönnum tilefni til að taka u-beygju í þessu máli.

Það er auðvitað ýmislegt í þessu þó svo að menn hafi rætt þetta mjög mikið. Hv. þm. Mörður Árnason spurði af hverju hlutirnir væru með einum hætti en ekki öðrum. Það var að sjálfsögðu ákveðin málamiðlun. Það eru 14 hv. þingmenn á bak við þessa tillögu. Það var búið að ræða þetta mjög mikið og ég tel að vandað hafi verið til verksins. Ég vísa t.d. í 10. gr. Menn reyndu að halda þar fyrir utan ýmissi verslun þar sem erfitt yrði að framfylgja reglunum, reglum sem okkur finnst sjálfsagt að viðhafa í þessu. Mikið vald er að vísu flutt til sveitarfélaganna um reglur hvað varðar verslanir í hverju sveitarfélagi. Ég held að það sé eðlilegt sjónarmið. Ég tel eðlilegt að íbúar í hverju sveitarfélagi hafi um það að segja hvernig þessum málum er háttað.

Á sama tíma er gert ráð fyrir að afgreiðslutími skuli ekki vera lengur en til átta á kvöldin og það er í samræmi við það sem verið hefur hjá ÁTVR. Að vísu held ég að einhvern tíma hafi ÁTVR haft opið til níu í einni verslun hér á höfuðborgarsvæðinu. Það kann þó að vera að mig misminni. Á sama hátt er hér gert ráð fyrir að starfsmenn sem afgreiða áfengi megi ekki vera yngri en 20 ára. Ég held að það sé sjálfsögð varúðarráðstöfun. Ef áhugi er fyrir því geta menn með lögum, og ef við göngum þannig frá varðandi reglugerð og heimildir sveitarfélaganna, sett strangari skilyrði um þessa hluti.

Ég hef aldrei gert lítið úr þeim vanda sem fylgir misnotkun áfengis. Ég held að það hvarfli ekki að nokkrum einasta manni að gera það. Það eru hins vegar ýmsar hættur í okkar þjóðfélagi. Svo öllu sé til haga haldið þá benda menn réttilega á að áfengi getur verið hættulegt, en samt sem áður ku rauðvín vera hollt. Ég held að það sé óumdeilt. Ég er enginn sérfræðingur á því sviði, ég hef bara svo oft séð fréttir um það. Það liggur fyrir ef ég skil það rétt. En ég er ekki að hvetja einn né neinn til þess að drekka meira áfengi, það er ekki með neinum hætti ætlun flutningsmanna. Það er hins vegar eðlilegt að hafa reglur um hvernig menn höndla þessa vöru. Það er ekkert óeðlilegt að við berum okkur saman við lönd í nágrenninu, lönd sem Íslendingar hafa búið í.

Ég hef aldrei notað skoðanakannanir sem rök og geri það heldur ekki núna — mér finnst eðlilegra að menn noti önnur og málefnalegri rök fyrir sínu máli. Það vekur þó athygli að þeim mun yngra sem fólk er því hlynntara er það þessari leið. Ég held að ein ástæðan fyrir því sé sú að yngra fólkið hefur kynnst þessu í öðrum löndum. Það er vant þessu frá öðrum löndum. Við höfum að sjálfsögðu breytt þessum hlutum mjög mikið hér, eins og hefur verið nefnt. Í rauninni hefur sala á þessari vöru breyst stórlega á síðasta áratug og áratugum. Við vorum með alveg gríðarleg höft hvað þetta varðar. Hv. þm. Kjartan Ólafsson lýsti því hvernig þetta var fyrir nokkrum árum þegar þrjár til fjórar verslanir voru í Reykjavík og engin á Suðurlandi, ekki ein á Suðurlandi. Því miður var það nú ekki svo þegar staðan var þannig að við værum laus við það böl sem áfengisvandanum fylgdi. Í rauninni má færa rök fyrir því að margt hafi færst til betri vegar eftir að menn fóru að setja þessa verslun í nútímalegra horf.

Hv. þm. Þuríður Backman vísaði hér á Svíþjóð og

nefndi samanburðarrannsóknir — sem ég þekki nú ekki — milli sveitarfélaga. Menn eru svo sannarlega með ríkiseinokunarsölu þar og kom nú upp frægt dæmi. Ég held að það hafi leitt til handtöku og fangelsunar ýmissa manna — það nær yfir sænsku ríkiseinokunarsöluna sem var einmitt að misnota aðstöðu sína. En það er svo sem engin ástæða til þess að fara yfir þá sögu hér.

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari góðu umræðu. Það er gott að menn takist á um þetta. Ég efaðist ekkert um að svo yrði. Það er alveg rétt að aðgát skal höfð í þessu. Við þurfum svo sem að hafa aðgát í mörgu þegar kemur að heilsu þjóðarinnar og vanda okkur í forvörnum á þessu sviði svo og mörgu öðru. Það er hætta hvað varðar áfengis- og vímuefnanotkun. Það er líka hætta hvað varðar hreyfingarleysi og offitu. Við eigum að taka þessa hluti alvarlega og reyna að vinna gegn með öllum þeim ráðum sem við teljum eðlileg. Reyndar er það svo að hreyfingarleysi og offita er orðið stærsta heilbrigðisvandamál heimsins, las ég einhvers staðar um daginn. Ég las líka um það að af þessum fimm milljörðum sem búa á jörðinni sé einn milljarður of þungur en 800 milljónir búa við þá skelfilegu stöðu að hafa of lítið að borða.

Það tengist nú ekki þessu máli beint en það er nú ánægjulegt að vera kominn hér til þess að spjalla um þetta. Eftir því sem ég best veit þá erum við hvort eð er búin að missa af leiknum þannig að við höfum ekkert annað að gera en fara enn betur yfir þetta. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir góða umræðu um þetta mál. (Gripið fram í.)

[18:12]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að umræðan hafi verið þörf. Árangurinn hefur hins vegar verið í ýmsar áttir. Það er ákaflega ánægjulegt að hv. 1. flutningsmaður málsins skuli ekki lengur halda því fram að áfengi sé eins og hver önnur vara — sem hefur einkennt málflutning hans og skoðanabræðra hans í þessum efnum — og gerir sér grein fyrir því að hér er um heilbrigðisvanda að ræða, að einhverju leyti að minnsta kosti.

Á hinn bóginn hefur hann svo skýrt málin fyrir okkur með því að taka undir það með hv. þm. Kjartani Ólafssyni að með frumvarpinu sé verið að leggja ÁTVR niður — að það sé eðlilegt framhald af frumvarpinu að það sé gert og að nefndin eigi sem sagt að gera það þó að hann hafi ekki treyst sér sjálfur til þess að flytja hreinlega frumvarp um það efni.

Í þriðja lagi tel ég að annað hafi gerst í þessari umræðu. Í þessu máli hafa verið einhver rök um brennivín yfir 22% og brennivín undir 22%, en þau eru ekki gild hér. Ég tel að ég hafi sýnt fram á það með rökum sem ekki hafa verið hrakin að ekki er um það að ræða að hægt sé að skipta hlutunum í bjór og létt vín annars vegar sem einhvers konar gott áfengi og hins vegar í vonda áfengið sem er sterka vínið. Fyrir utan vinsældakafla um að lækka verð á áfengi með skattalækkun — ekki í frumvarpinu heldur í athugasemdunum — þá sem sé vantar enn samhengið við aðra þætti í umræðu um áfengi, um áfengisvanda, um kjör og hagi æskulýðs og um slysahættu og dauðaógn sem staðfestist meðal annars af hinu algenga vandamáli að menn keyra hér allt of mikið ölvaðir (Forseti hringir.) og sýna ekki rétta hegðun undir stýri.

[18:14]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er enn ekki búinn að átta mig á því hvort hv. þm. Mörður Árnason er fylgjandi þessu máli eða gegn því, eða hvernig það mál stendur. Ég er nokkuð spenntur. Ég fylgist grannt með ræðum hans og það virðist vera nokkur sveifla í því. Kannski getur einhver annar, sem þekkir þau mál betur, skýrt það út fyrir mér hver skoðun hv. þingmanns er hvað þetta varðar. En honum ber ekkert að upplýsa það frekar en hann vill hvort hann er fylgjandi frumvarpinu eða ekki.

Ég held að vísu að í frumvarpinu komi fram að flutningsmenn telja að aðgát skuli höfð. Ég fór yfir 10. gr. sérstaklega þar sem farið er yfir það. Ég veit ekki hvort það er réttmætt að halda því fram að flutningsmenn hafi talað með öðrum hætti. Ég get einungis vísað í fyrri ræður mínar í tengslum við þessi mál. Ég hef aldrei nokkurn tíma gert lítið úr áfengisvandanum og mun aldrei gera.

Þessar bollaleggingar um að leggja niður ÁTVR eða ekki, ég átta mig ekkert á þeim. Mér heyrist að hv. þm. Merði Árnasyni sé mjög umhugað um að halda í þá ríkisstofnun. Þá er það bara allt í lagi, ég geri engar athugasemdir við það. Það er ekki gert ráð fyrir að leggja niður ÁTVR með þessu frumvarpi. Mér finnst nú stóra málið í þessu að við færum viðskiptahættina í átt til nútímans. Ég man ekki til þess að neinn sem hefur tekið þátt í þessari umræðu hafi talað um að léttvín og bjór væru sérstaklega gott áfengi en aðrar tegundir slæmt áfengi. Ég held að enginn hafi farið út í slíka flokkun. En menn hafa verið að stíga smærri skref í þessum málum og það er það sem menn leggja til hér.

[18:16]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Í 1. umr. um mál sem koma á Alþingi á að ræða almennt og það er það sem ég er að gera. Ég er ekki meðal flutningsmanna frumvarpsins og skulda engum skýringu á því hvorki fram né aftur og ekki heldur um afstöðu mína til þess. Ég skal gera hana kunnuga og opinbera í lok 2. umr. um málið. Hins vegar ber frumvarpsflytjendum að skýra fyrir okkur alla þættina og ég hef spurt út í nokkra. Komið hefur í ljós og því er ekki mótmælt, að hér sé um það að ræða að leggja Áfengis- og tóbaksverslunina niður og afnema ríkiseinkasölu á áfengi.

Gott og vel. Við skulum ræða það, en þá á það líka að koma skýrt fram. Ég fagna því sem árangri af 1. umr. að því skuli vera ómótmælt. Ég fagna því líka sem árangri að 22%-talan hefur ekkert gildi. Það er ekki verið að útiloka hin svokölluðu sterku vín, sem menn kölluðu í gamla daga og vissu vel við hvað var átt, því sérstakar vínblöndur sterkra vína eru seldar. Eina sem er ekki selt er sterkt vín í því formi að það er hreint annaðhvort eitt sér eða í svokölluðum snöfsum eða skotum sem við þekkjum, ég og hv. flutningsmaður.

Ég tel það líka árangur að 1. flutningsmaður er hættur að tala um vantrú á íslenskri þjóð og beita þeim rökum að

hér sé um eitthvert mál í framhaldi nánast af sjálfstæðisbaráttunni og mannréttindayfirlýsingunni í Frakklandi eða Bandaríkjunum að ræða. Heldur sé um að ræða part af viðtækri umræðu sem við verðum að hafa á þinginu og annars staðar vissulega um lýðréttindi en einnig um þann vanda sem neysla áfengis og vímuefna skapar fyrir fjölskyldur, einstaklinga og samfélag.

[18:18]

**Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að sá sem hér stendur sé fylgjandi því að leggja niður ÁTVR, en frumvarpið gengur ekki út á það. Ég get alveg viðurkennt það að ég hef engan áhuga á að halda úti ríkisverslun og hef flutt frumvarp um það og líka varðandi t.d. Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég held að það þurfi ekki að koma neinum á óvart að sá sem hér stendur sé ekki fylgjandi því að ríkið standi í verslunarrekstri. Er það einhver stórfrétt? Það er hins vegar ekkert um það í frumvarpinu. Það liggur alveg fyrir, hreint og klárt. Frumvarpið gengur ekki út á það að leggja niður ÁTVR, en ef ég fengi að ráða öllu héldi ég ekki úti ÁTVR. Ég mundi finna aðrar leiðir til þess að sinna því. Svo einfalt er það.

Ég skil ekki þetta hjal varðandi 22% markið, hvað viðkomandi hv. þingmaður telur sig hafa náð fram með því. Fyrir liggur að það er ákveðin skilgreining sem er til staðar. Menn geta rætt það fram og til baka hvort prósentan eigi að vera einhver önnur en þetta er sú prósenta sem er lögð til í frumvarpinu.

Varðandi röksemdirnar um vantrú á íslenskri þjóð þá hef ég bent á þá mótsögn og geri það enn, að það sé svolítið sérstakt þegar menn halda í fullri alvöru að Íslendingar geti ekki umgengist þetta nema í gegnum ríkisverslun. Ef þeir hafa þá vantrú að það sé eina leiðin til þess að menn geri það með því að versla í gegnum ríkisverslun eins og var hér með bíla og eldspýtur og hvað þetta var hér áður, að þá hljóta menn náttúrlega að hafa gríðarlegar áhyggjur þegar Íslendingar fara eftirlitslausir til útlanda. Það hlýtur að vera algjörlega skelfilegt. Þeir fara jafnvel til útlanda án þess að opinber starfsmaður fylgi þeim. Þeir geta lent í því að koma í verslun þar sem enginn opinber starfsmaður er og geta keypt sér léttvínsflösku. Þetta hlýtur að vera mikið áhyggjuefni fyrir þá aðila sem (Forseti hringir.) hafa þessa skoðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:20]

**Útbýting:**

Fagháskólar, 549. mál, fsp. SÞorg, þskj. 818.

Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi, 546. mál, fsp. SÞorg, þskj. 815.

Skattlagning tekna af hugverkum, 547. mál, fsp. MÁ, þskj. 816.

Tekjur af olíu- og kílómetragjaldi, 346. mál, svar fjmrh., þskj. 820.

Vegalög, 544. mál, frv. ÞBack, þskj. 814.

## *Aukin þjónusta við ungbarnafjölskyldur, fyrri umr.*

Þáltill. JóhS o.fl., 73. mál. — Þskj. 73.

[18:21]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)**:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að flytja hér tillögu til þingsályktunar um aukna þjónustu við ungbarnafjölskyldur, á þskj. 73. Þær tillögur flyt ég ásamt hv. þingmönnum Ástu R. Jóhannesdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Valdimari L. Friðrikssyni.

Ég held að það sé alveg ljóst að brýnasta hagsmunamál ungbarnafjölskyldna er að ríki og sveitarfélög vinni að frekari framþróun á uppbyggingu dagvistarúrræða á vegum sveitarfélaga annars vegar og lengra fæðingarorlofi hins vegar. Út á það gengur tillagan.

Tillögugreinin orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga að láta kanna hvernig auka megi þjónustu við ungbarnafjölskyldur frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn kemst á leikskóla. Sérstaklega verði kannaður kostnaður við að lengja fæðingarorlof í áföngum um sex mánuði og að börn komist á leikskóla við 15 mánaða aldur. Skýrsla með kostnaðaráætlun og tillögur um framkvæmd verkefnis verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi 2007.“

Skoðun okkar flutningsmanna er að það sé afar mikilvægt að bæði ríki og sveitarfélög taki sameiginlega upp samvinnu um markmið og leiðir til þess að náð verði heildarsýn og samfellu í þjónustu við ungbarnafjölskyldur þar sem stefnt verði að því í áföngum að brúa það bil sem myndast hefur frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast á leikskóla.

Staðan nú er sú að margir foreldrar eiga í miklum vandræðum með að brúa bilið fyrir dagvistun barna sinna þegar þeir fara aftur á vinnumarkað að loknu fæðingarorlofi, en fæðingarorlof er nú samtals níu mánuðir hjá hjónum og sambýlisfólki en sex mánuðir hjá einstæðum foreldrum. Í stærstu sveitarfélögunum er algengast að börn fái pláss á leikskóla 18 mánaða gömul, þannig að þarna þarf að brúa níu mánaða bil hjá hjónum og sambýlisfólki og 12 mánaða bil hjá einstæðum foreldrum. Það er alveg ljóst að þjónusta dagmæðra við þennan aldurshóp og niðurgreiðsla sveitarfélaga á greiðslum foreldra til dagmæðra hefur vissulega veitt foreldrum ómetanlega aðstoð. Engu að síður er það mat flutningsmanna að huga eigi að framtíðarskipulagi þessara mála, sem felast ætti í samvinnu ríkis og sveitarfélaga til að koma til móts við þarfir ungbarnafjölskyldna á tímabilinu sem ég nefndi. Það tekur til þess að ríkið skoði í fyrsta lagi að lengja fæðingarorlof í áföngum um sex mánuði, þannig að það verði samtals 15 mánuðir, og í öðru lagi að börn komist fyrr á leikskóla, ekki við 18 mánaða aldur heldur við 15 mánaða aldur, þ.e. þegar fæðingarorlofi lyki.

Ég held að allir geti tekið undir það að með fæðingarorlofslögunum var stigið stórt skref í málefnum fjölskyldunnar og til að auka jafnrétti milli kynjanna. Jafnvel þótt heimilt sé að veita launalaust leyfi ef foreldrar kjósa að vera lengur með nýfæddu barni sínu en fæðingarorlofslög leyfa, þá hafa fæstir foreldrar efni á því að hverfa af vinnumark-

aði strax þegar fæðingarorlofi lýkur. Í lögunum er ekki gert ráð fyrir að foreldraorlofi fylgi réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofssjóði né að gert sé ráð fyrir að starfsmaður haldi launum meðan á foreldraorlofi stendur. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið kannað kerfisbundið hve mikið þessi heimild er nýtt en allt bendir til þess að um tiltölulega fá tilfelli sé að ræða, þar sem heimildinni fylgja ekki greiðslur af neinu tagi.

Mig langar, virðulegi forseti, að fara nokkrum orðum um fæðingarorlofslögin. Eins góð og þau voru í upphafi þegar þau voru sett er staðreyndin sú að ríkisstjórnarflokkarnir hafa farið út í lagabreytingar á fæðingarorlofslögunum sem allar hafa verið skref aftur á bak í þeirri framsýni sem var þó í löggjöfinni. Margir foreldrar hafa lent í þeim gildrum sem eru í lagaákvæðinu í fæðingarorlofslögunum. Það er staðreynd að fæðingarorlof er ekki núna 80% af launum eins og kveðið er á um í lögunum vegna þess að viðmiðunartímabilinu var breytt af hálfu ríkisstjórnarinnar, þannig að í stað þess að miða við 12 síðustu mánuði fyrir töku fæðingarorlofs er talað um, að mig minnir, að það sé tveggja ára tímabil sem á að leggja til grundvallar fæðingarorlofi. Þetta hefur orðið til þess að fæðingarorlofsgreiðslurnar eru komnar niður í 72–74% af launum en ekki 80%.

Þetta höfum við farið yfir í þinginu. Þetta bentum við þingmenn Samfylkingarinnar og stjórnarandstöðunnar á þegar ríkisstjórnin knúði í gegn þessa breytingu til þess að spara peninga sem færu í fæðingarorlof. Ég er sannfærð um það að eftir því sem tímar líða, ef þessu verður ekki breytt, og ég býst við að það sé þegar farið að eiga sér stað í framkvæmd, að karlar muni í minna mæli en áður taka fæðingarorlof, ef þetta verður raunin að með viðmiðunartímabilinu séum við komin niður í kannski 72–74% af launum sem fólk fær greitt sem fer í fæðingarorlof. Það hlýtur að vera fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar sem tekur við að loknum kosningum að breyta þessu fyrirkomulagi í fæðingarorlofslögunum.

Fleiri gallar eru að koma í ljós á fæðingarorlofslögunum eins og nýlegur dómur umboðsmanns Alþingis kvað á um, en það var kvartað til hans að til grundvallar að fá greiðslur úr sjóðnum verði foreldrar að sýna fram á tveggja ára tekjur. Kvartað var til umboðsmanns yfir því að í framkvæmd væru lögin þannig ef að stutt bil væri á milli fæðingu barna í sömu fjölskyldu væru greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði lagðar til grundvallar þannig að vegna síðari barns tækju greiðslur einungis mið af 80% af 80% fæðingarorlofi úr Fæðingarorlofssjóðnum.

Þetta er auðvitað alveg fráleitt, virðulegi forseti. Umboðsmaður Alþingis telur að þarna séu lög brotin og er málið nú til meðferðar hjá félagsmálaráðherra og sennilega er úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofs að skoða það. Þetta er eitt af því sem verður að breyta og svona lagfæring verður að mínu viti að fara í gegn áður en þingið fer heim í vor.

Fleiri gallar hafa komið fram á fæðingarorlofslögunum eins og það að umönnunarbætur samrýmdust ekki fæðingarorlofslögunum. Eftir að sú sem hér stendur og fleiri hafa hamrað á því aftur og aftur úr þessum ræðustól að þetta væri óréttlæti, þetta væru samrýmanlegar greiðslur vegna þess að umönnunargreiðslur væru allt öðruvísi hugsaðar en fæðingarorlofsgreiðslur féllst félagsmálaráðherra loks á það með okkur að þetta væri óréttlátt og hefur nú verið leiðrétt á þessu þingi.

Fleira má nefna í sambandi við fæðingarorlofslögin sem þarf að skoða. Það er t.d. mjög mikið óréttlæti í því að orlofsréttur fólks sem tekur fæðingarorlof skerðist þann tíma sem fólk er í fæðingarorlofi. Þá fær það ekki greitt orlof. Annað er uppi á teningnum hjá opinberum starfsmönnum sem fá orlof greitt. Það er algjörlega óskert þrátt fyrir töku á fæðingarorlofi. Þetta höfum við margbent á úr þessum ræðustóli en hefur ekki náð fram að ganga. Ég held að ástæða sé til þess að halda þessu til haga þegar við ræðum hér hugmynd sem sett er fram í tillögu til þingsályktunar um að farið verði að huga að því að lengja fæðingarorlofið í 15 mánuði.

Ég vil svo í lokin, virðulegi forseti, áður en ég lýk máli mínu benda á það sem við ræddum raunverulega fyrr á þessu þingi þegar við fjölluðum um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem lagt var til af hálfu ríkisstjórnarinnar að heimgreiðslur svokallaðar væru skattfrjálsar. En með heimgreiðslum er verið að greiða fólki sem kýs að vera heima jafnvel þó það eigi kost á leikskólaplássi eða dagmæðragæslu, þá er verið að greiða þeim greiðslur sem var ákveðið af hálfu stjórnarflokkanna að yrðu skattfrjálsar og nokkur sveitarfélög hafa tekið upp. Um er að ræða mjög lágar greiðslur, eða um 30 þús. kr. á mánuði, og svona lágar greiðslur eru auðvitað ekki til þess fallnar að foreldrar geti verið lengur heima með börnum sínum. Við bentum á það að hér væri um að ræða stefnubreytingu á sviði jafnréttismála og þetta gæti leitt til þess að allri framþróun á fæðingarorlofslöggjöfinni mundi seinka. Það er ástæða til þess að halda því til haga að það er ástæða til þess að hafa af þessu verulegar áhyggjur.

Virðulegi forseti. Mikilvægt er að bæði ríki og sveitarfélög fari sameiginlega yfir þá kosti sem fyrir hendi eru í málinu og meti kostnaðaráhrif þeirra og kannski fleiri sem upp á borðið kæmu um það hvernig auka megi þjónustu við ungbarnafjölskyldur og brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og leikskólavist tekur við. Bent er á tvær leiðir í því sambandi en fleiri gætu samhliða komið til greina, eins og að styrkja og efla dagmæðrakerfið. Auk þess að huga að lengra fæðingarorlofi er brýnt að skoða þá annmarka sem upp hafa komið á núverandi fæðingarorlofslögum en um það hafa þingmenn Samfylkingarinnar flutt sérstakt þingmál.

Sumir af þeim annmörkum og göllum sem hafa komið fram á fæðingarorlofslöggjöfinni þola enga bið og verður að leiðrétta á þessu þingi, eins og það lögbrot sem umboðsmaður Alþingis hefur bent á, að þegar stutt er á milli barneigna séu fæðingarorlofsgreiðslurnar sem eru ekki nema 80% og reyndar einungis 72–74%, eins og ég ræddi um áðan, af tekjum lagðar til grundvallar. Það er auðvitað ófært og ég hvet til þess að því verði breytt áður en þing fer heim.

Ég vona að tillagan fái góða umfjöllun í þeirri nefnd sem fær hana til meðferðar. Ég tel rétt að vísa tillögunni til félagsmálanefndar og leyfi mér að gera það hér með, virðulegi forseti, að vísa henni til síðari umr. og hv. félagsmálanefndar.

[18:34]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Við erum að ræða hér tillögu til þingsályktunar um aukna þjónustu við ungbarnafjölskyldur sem ég er meðflutningsmaður að. Hér er verið að tala um, eins og komið hefur nokkuð skýrt fram í máli hv. framsögumanns, 1. flutningsmanns, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að kanna sérstaklega kostnað og möguleika á að lengja fæðingarorlofið í áföngum um sex mánuði og kanna möguleikana á að börn komist á leikskóla við fimmtán mánaða aldur.

Fæðingarorlofið hefur þótt mjög jákvætt og notið mikils lofs, bæði hér á hinu háa Alþingi og úti í þjóðfélaginu, en það þarf að sjálfsögðu að endurskoða í þeim tilgangi að bæta það.

Eins og kemur fram í greinargerð er staðan þannig í dag að margir foreldrar eiga í vandræðum með að brúa bilið í dagvistun barna sinna þegar þau fara aftur út á vinnumarkaðinn að loknu fæðingarorlofi. Þetta er því spurning um að bæta hag beggja aðila, heimilanna og vinnumarkaðarins. Þetta er ekki síst mikið jafnréttismál þar sem líklegt er að vandamálið við að brúa þetta bil milli fæðingarorlofs og dagvistunar komi frekar niður á móður en föður.

Það er mat flutningsmanna að huga eigi núna strax að framtíðarskipan þessara mála og þá að sjálfsögðu í samráði milli ríkis og sveitarfélaga. Þar eru menn að undirbúa framtíðina til að koma til móts við þarfir ungbarnafjölskyldna.

Eins og skýrt hefur komið fram oft áður var stigið mjög stórt skref í málefnum fjölskyldunnar þegar fæðingarorlofslögin voru tekin upp, þá ekki síður til að auka jafnrétti kynjanna. Það hefur tekist eins og alþjóð veit að auka afskipti feðra af uppeldi barna og þessi fæðingarorlofslög eiga stóran þátt í því.

Nokkur sveitarfélög eru farin að huga að þessum málum eins og þingsályktunartillagan segir til um. Það má segja að þau séu jafnvel komin fram úr ríkinu. Ég tel að tillagan tryggi meira valfrelsi hjá báðum foreldrum, bæði varðandi umönnun og vinnumarkaðinn. Það væri æskilegt að félagsmálanefnd og ráðherra mundu skoða þessi mál betur áður en einstök sveitarfélög rjúka fram úr ríkinu. Ég held að þessi tillaga hljóti auðveldlega að fá brautargengi bæði í félagsmálanefnd og hér í þinginu, og óska þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið, fyrri umr.*

Þáltill. SJS o.fl., 19. mál. — Þskj. 19.

[18:39]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson. Þetta er 19. mál þessa þings.

Tillögugreinin er á þá leið að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera vandað, óháð og gagnsætt þjóðhagslegt mat á arðsemi og heildaráhrifum þess á efnahagslegan stöðugleika og framvindu íslensks þjóðarbúskapar að ráðist verði í frekari stóriðju- og virkjanafjárfestingar. Leitað verði til hóps sérfræðinga, jafnt innlendra sem erlendra, með breiðan faglegan bakgrunn til að stýra verkefninu, og leiðbeiningar Efnahags- og framfarastofnunarinnar hafðar til hliðsjónar. Einnig verði haft samráð við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um tilhögun verksins. Niðurstöður vinnunnar verði lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu sem komi þar til umræðu.

Eins og tillaga þessi ber með sér er það satt þótt ótrúlegt sé að engin eiginleg þjóðhagsleg greining hefur farið fram á áhrifum stóriðju- og virkjanafjárfestinga fyrir heildarhagsmuni íslenska þjóðarbúsins. Stjórnvöld sjálf hafa lagt lauslegt mat á líkleg hagvaxtaráhrif einstakra framkvæmda og þá oftast borið þau saman við þann tilbúna eða fræðilega valkost að ekkert annað gerðist eða kæmi í staðinn. Þetta er þeim mun undarlegra sem öllum er ljóst, a.m.k. nú í ljósi fenginnar og dýrkeyptrar reynslu frá árunum 2002–2006, að slíkar risaframkvæmdir með tilheyrandi innstreymi fjármagns og væntingaáhrifum hafa geysileg ruðningsáhrif í för með sér í efnahags- og atvinnulífinu. Það er algerlega borðleggjandi að útreikningar sem byggjast á að bæta hagvaxtaráhrifum stóriðjuframkvæmda við sem hreinni viðbót án þess að reikna með neinum frádráttarliðum á móti vegna fórnarkostnaðar annars atvinnulífs, aukinnar verðbólgu, meiri óstöðugleika o.s.frv. eru byggðir á sandi.

Nú er það þannig, virðulegi forseti, að á undirbúningsstigi eru a.m.k. þrjú risavaxin álvers- og virkjanaverkefni í viðbót, þ.e. stækkun álversins í Straumsvík um framleiðslugetu upp á lítil 280 þús. tonn, úr 180 þús. tonnum í 460 þús. tonn, álver í Helguvík, eða væntanlega fyrri áfangi að álveri í Helguvík, upp á 250 þús. tonna framleiðslugetu og álver við Húsavík af sömu stærð. Fleiri áform eru reyndar uppi eins og hér hefur komið fram í umræðum á Alþingi um álgarða og jafnvel lítið álver við Þorlákshöfn. Fyrirtækið Norsk Hydro hefur kynnt áform sín um að setja sig inn í röðina og að það hafi áhuga á að reisa að minnsta kosti 600 þús. tonna álver á Íslandi. Fyrirtækið hefur ákveðið að stofna umboðsskrifstofu hér sem á að sjá um fjárfestingar og markaðssetningu þessa norska stórfyrirtækis á Íslandi, Grænlandi og í Kanada. Vitað er um áhuga rússneska risans Rusals, og jafnvel fleiri renna hýru auga til landsins enda fer miklum sögum af vinskap núverandi ráðamanna við álrisana og hversu bóngóðir þeir séu og greiðviknir á allan hátt, ekki síst í því að skapa þeim ódýra orku.

Þessar stóriðjufjárfestingar einar sem ég hér nefni til sögunnar, þessi þrjú verkefni, eru samtals áætlaðar upp á 430 milljarða kr., þ.e. nálægt 35% af áætlaðri landsframleiðslu þessa árs.

Ef við tökum til samanburðar fjárfestingarnar í yfirstandandi stóriðju- og virkjanahrinu á Austurlandi og á Suðvesturlandi voru þær upp á um 300 milljarða kr., nálægt 25% af vergri landsframleiðslu. Þetta er sem sagt nærri 1,5 sinnum meira sem gæti þá komið inn í hagkerfið á kannski eilítið lengra tímabili, 4–8 árum í staðinn fyrir 4–5.

Nú er það svo að efasemdir um arðsemi stóriðjufjárfestinganna sem slíkra, svo að maður tali ekki um efasemdir um þjóðhagslega arðsemi þessa þegar þjóðarbúið í heild er

skoðað, fara mjög vaxandi. Arðsemi verkefnanna er náttúrlega fyrst og fremst háð því að viðunandi orkuverð fáist en það er eins og kunnugt er mjög lágt, svo lágt að það verður að halda því leyndu.

Landsvirkjun veitir ekki upplýsingar í reikningum sínum um ávöxtun eigin fjár eigenda sinna og burðast þeir við að halda orkuverðinu leyndu eins og kunnugt er. Á þetta benda erlendar sérfræðistofnanir og matsstofnanir, að þetta geri mönnum erfitt um vik að leggja mat á það hvort þetta sé skynsamlegt.

Enn fremur hefur verið á það bent að engin tilraun er gerð til að meta umhverfislegan fórnarkostnað, ekki er gerð tilraun til að áætla hæfilegt endurgjald fyrir nýtingu náttúruauðlindanna, ekkert mat er lagt á áhættuna fyrir hagkerfið og líkur á kostnaðinum sem aðrir aðilar í þjóðarbúskapnum, ekki síst fjölskyldurnar í landinu, taka á sig vegna hugsanlega meiri óstöðugleika.

Þá hefur verið sýnt fram á, m.a. af fleiri en einum innlendum greiningaraðila, og á hið sama er bent í skýrslum alþjóðlegra matsstofnana eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðs OECD, að nettóvirðisauki stóriðjustarfseminnar fyrir hagkerfið er tiltölulega lítill. Það er sökum þess að innlendir kostnaðarþættir vega ekki þungt, þeir eru innan við þriðjungur og jafnvel ekki nema fjórðungur af veltu fyrirtækjanna þegar um er að ræða erlendan eiganda þannig að arðurinn til erlendra höfuðstöðva fyrirtækisins renni úr landi.

Skuldabyrðin vegna fjárfestinga í stóriðjuuppbyggingunni vegur hins vegar mjög þungt í þjóðarbúskapnum, er t.d. á góðri leið með að verða hluti af því sem er að fella lánshæfismat Íslands. Þar með verður það að kostnaði sem aðrir aðilar taka á sig, skuldugir aðilar, önnur fyrirtæki og heimilin í landinu.

Staðreyndin er sem sagt sú að engin tilraun hefur verið gerð til þess að meta þjóðhagsleg heildaráhrif og þjóðhagslega heildararðsemi þessara fjárfestinga fyrir þjóðarbúið.

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur í skýrslum sínum um íslenskt efnahagslíf ítrekað bent á nauðsyn þess að reyna að meta á breiðum grunni og með gagnsærri hagkvæmnisgreiningu, því sem þeir kalla á enskunni „cost benefit framework", hvort frekari stóriðju- og virkjanaverkefni séu hagkvæm fyrir landið og hvort í þau sé skynsamlegt að ráðast yfir höfuð, og í öllu falli hvernig ætti þá að reyna að standa að því að tímasetja þau miðað við hagsveifluna og dreifa þeim á langan tíma.

Samhliða þessari tillögu flytjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tillögu sem við höfum áður gert um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Þar er gert ráð fyrir því að stöðvaðar verði allar frekari stóriðjuframkvæmdir um nokkurt árabil og hagkerfinu gefinn kostur á að jafna sig og náttúru landsins gefin grið á meðan. Þannig ber að skoða þessar tvær tillögur í samhengi. (Gripið fram í.) Nei, ég vísa bara til hinnar tillögunnar sem er á þskj. 14, búið að mæla fyrir og er komin til nefndar.

Svo að ég vitni aðeins áfram, virðulegi forseti, í skýrslur OECD, því að stundum virðist sannleikurinn þurfa að koma að utan — þar er þá ekki á ferðinni einhver áróður frá Vinstri grænum — þá segja þeir t.d. að þegar litið sé til meðallangs tíma muni tímasetning frekari stórfjárfestinga í ál- og orkugeiranum skera úr um, einfaldlega skera úr um, hvort stöðugleiki náist í efnahagslífinu. Og segja síðan:

Nú er útlit fyrir að vinna hefjist á nýjum verkefnum áður en jafnvægi í efnahagslífinu, (e. adjustment), sem tekið var að hilla undir, náist til fullnustu.

Þeir vara sem sagt við því í skýrslu sinni síðsumars að nú þegar stefni í, ef allt fer sem horfir, að framkvæmdir hefjist áður en hagkerfið nái að jafna sig, það muni leiða til þess að eftirspurn aukist fyrr, verðbólguspár muni haldast háar, það muni gera stefnumótun í peningamálum erfiðari, og erfiðara um vik að tryggja stöðugleika, og enn fremur muni aukin eftirspurn hafa í för með sér óhagstæðari fjármagnsjöfnuð, þ.e. á mannamáli aukinn viðskiptahalla, á nýjan leik. Gengi krónunnar muni taka að styrkjast og þó að þannig dragi úr verðbólgunni tímabundið muni það íþyngja öðrum greinum í atvinnulífinu o.s.frv.

Þeir OECD-menn fara síðan rækilega yfir það sem þeir hafa fengið upplýsingar um hvað varðar stærðargráðu framkvæmdanna sem eru í pípunum. Athyglisvert er að kannski hefur ekki áður birst opinberlega betri kortlagning á því fyrir utan þá það sem hefur komið fram í þingmálum og þingræðum okkar vinstri grænna. Svo undarlegt sem það er hafa íslensk stjórnvöld t.d. verið ákaflega feimin við að gangast við því að í undirbúningi væru þessi þrjú stóru verkefni samhliða.

Fyrir rúmu ári spurði ég þáverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hvort ríkisstjórnin hefði í hyggju að hleypa þessu öllu af stað samtímis. Hann sagði að það dytti engum manni í hug. Það dytti engum manni í hug að það gæti gerst. En veruleikinn er sá að þetta er allt saman keyrt áfram á fullu. Hver og einn aðilinn telur sig vera í góðri trú um að svo fljótt sem hann er tilbúinn með sín plön geti hann sett græna ljósið á og hafið framkvæmdir.

OECD bendir á að þetta séu engu að síður þannig verkefni að yfirvöldum sé fært að búa svo um hnútana að stjórna því hvort þau fari af stað og þá að minnsta kosti hvenær þar eð þessi verkefni þarfnist samþykkis ríkisstjórnar og stuðnings þings og vegna þess að þjónustufyrirtæki í almenningseign yrðu að veita rafmagn til verkefnanna.

Auðvitað. Þetta er leyfisbundin starfsemi og það eru opinber fyrirtæki sem mundu selja þeim rafmagnið og þá fyrst og fremst Landsvirkjun. Að sjálfsögðu er hægt að hafa stjórn á þessu ef pólitískur vilji er til þess.

Ég vil svo að lokum leggja áherslu á, og styðjast þar við framsetningu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, hvert verkefnið er sem þarf að ráðast í. Það er með ólíkindum í raun þegar maður veltir fyrir sér hve mikið er í húfi að þetta skuli ekki hafa verið gert, að vönduð, breið, gagnsæ, óháð þjóðhagsleg úttekt á arðsemi þess fyrir þjóðarbúið að ráðast í þessari framkvæmdir hafi ekki verið gerð.

Hvað segja þeir t.d. um þetta, OECD-menn? Þeir segja á einum stað í skýrslu sinni sem ég lét þýða kafla úr í sumar eða haust því að ég sá hana hvergi í íslensku máli — undarlegt nokkuð að það virðist ekki hafa verið þýddur nema mjög lítill útdráttur úr skýrslunni — og vísa í sínar fyrri úttektir þar sem þeir hafa lagt þetta til, með leyfi forseta:

„Eins og stungið var upp á í síðustu úttekt ætti að meta frekari aukningu orkufreks iðnaðar á breiðum grunni með gagnsærri hagkvæmnisgreiningu (cost benefit framework)

þar sem teknir eru til greina þættir eins og hæfilegt endurgjald fyrir nýtingu náttúruauðlinda, umhverfisáhrifin og áhættan og áhrifin á hagkerfið og framvindu þess. Hingað til hefur slík víðtæk úttekt, sem mundi gera mögulegt að meta hvort verkefnin eru hagkvæm fyrir landið og í þau eigi að ráðast, ekki verið gerð ..."

Svo mörg eru þau orð. Hingað til hefur slík víðtæk úttekt, sem mundi gera mögulegt að meta hvort verkefnin eru hagkvæm fyrir landið og í þau eigi að ráðast, ekki verið gerð.

Efnahags- og framfarastofnunin segir ósköp einfaldlega: Það liggur bara alls ekki fyrir af því að það hefur ekki verið kannað hvort það sé skynsamlegt út frá þjóðarhag Íslendinga að ráðast í þessi verkefni. Erum við kannski að fórna meiri hagsmunum fyrir minni? Erum við að baka okkur meira tjón í öðru atvinnulífi og þróunarmöguleikum á öðrum sviðum, öllu öðru útflutnings- og samkeppnislífi en það sem nemur ávinningunum af þessum fjárfestingum? Munum þá eftir því hversu lítil hlutfallslega nettóarðsemisáhrifin eru fyrir hagkerfið, hversu lítill hluti af veltunni í þessum fyrirtækjum endar inni í íslenska hagkerfinu af því að byggt er svo mikið á dýrum, erlendum aðföngum og arðurinn til erlendra eigenda rennur aftur úr landi.

Ef við bætum svo við þetta fórnarkostnaðinum gagnvart umhverfinu fer þá ekki dálítið að dökkna dæmið? Hverjir ætla að koma hér upp, minnugir reynslunnar af undangengnum fjórum árum og þess dýrkeypta herkostnaðar sem annað atvinnulíf og heimilin í landinu urðu að bera vegna ójafnvægisins, verðbólgunnar og vaxandi erlendra skulda og segja að ekki sé þörf á því að fara yfir þetta með faglegum og skipulegum hætti?

Ég hefði gaman af að heyra slíkar ræður ef þær verða einhverjar fluttar en legg nú til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til (Forseti hringir.) síðari umr. og efnahags- og viðskiptanefndar. Ég hygg að það sé eðlilegra, frú forseti, að tillagan gangi þangað en til iðnaðarnefndar.

[18:54]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er ansi athyglisverð þingsályktunartillaga sem hér er borin fram. Kannski væri ástæða til að fara ítarlegar yfir hana en í stuttu andsvari. Allt það sem viðkemur þessari tillögu er mjög hnattrænt. Ég vil m.a. benda á umhverfisþáttinn losun koltvísýrings. Ég minni þar á fund sem við hv. þingmaður áttum á Norðurlandaráðsþingi fyrir stuttu þar sem Norðurlöndin fóru yfir koltvísýringsmál sín, þar sem fyrst og fremst um er að ræða brennslu á olíu, kolum og gasi. Nú ræða menn helst um kjarnorku.

Mig hefði langað að koma inn á úttektina sem hér er talað um. En hún þyrfti að ná allt til ársins þegar ákveðið var að byggja Búrfellsvirkjun og Straumsvíkurverksmiðjuna. Ég vildi spyrja hv. þingmann og flutningsmann, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, hvort ekki væri eðlilegt að úttektin næði til þess tíma er Alþýðubandalagið sáluga sem barðist sem mest á móti byggingu Búrfellsvirkjunar sá helst þau úrræði í atvinnumálum Íslendinga að við færum að sjóða niður síld í dósum og senda til Rússlands.

Það væri gaman að þetta yrði nú borið saman og sjá hvort þjóðinni hefði vegnað betur með þann iðnað fremur en að fara út í álbræðslu og byggingu Búrfellsvirkjunar. Það er löngu vitað að við hefðum aldrei getað á þeim tíma byggt þá virkjun nema álverksmiðjan í Straumsvík hefði komið til.

Þá langar mig að benda þingmanninum á það, sem kom fram reyndar í hans málflutningi, að uppi eru áform og athuganir meðal fleiri (Forseti hringir.) aðila á að byggja áltæknigarð í Þorlákshöfn (Forseti hringir.) þar sem fyrst og fremst yrði um úrvinnslu á áli að ræða.

[18:56]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er hvenær sem er tilbúinn til umræðna um hnattræn loftslagsáhrif og stöðu Íslands í því samhengi. Ég treysti mér alveg í umræður um það, þar á meðal að hrekja þann fáfengilega málflutning að Ísland geti með því að eyðileggja náttúru sína lagt eitthvað stórfenglegt af mörkum til umhverfismála hnattrænt. Ætli það sé ekki alveg gagnstætt, að við þurfum að gæta vel að þeim náttúrugersemum sem við höfum að annast um og gæta að í þágu alls mannkyns.

Varðandi losunarþáttinn er það reyndar þannig að öll þau lönd sem eru innan Kyoto-samningsins þurfa að kaupa losunarkvóta á móti nýrri iðnaðarstarfsemi. Þessi nettóáhrif eru alls ekki eins og margir vilja vera láta. Það er aðeins ef verksmiðjur eru byggðar í þróunarríkjum eða hjá umhverfissóðunum, Bandaríkjamönnum og Áströlum, sem dæmið getur litið öðruvísi út.

Varðandi Ísland hefur það reyndar verið þannig, vegna íslensku undanþágunnar, að losun verksmiðjanna er viðbót en það þarf ekki að kaupa kvóta út á móti losun verksmiðjunnar hér, öfugt við það sem væri í Evrópu eða Kanada, vegna þess að íslenska undanþágan er enn ekki fullnýtt. Það er hún að vísu að verða.

Varðandi það hvort arðsemisúttekt eigi að ganga aftur í tímann, allt til Búrfellsvirkjunar og Straumsvíkur, þá voru þær framkvæmdir að sjálfsögðu við allt aðrar og ósambærilegar aðstæður í hagkerfi okkar, þegar það var algjörlega lokað og reyndar á þrengingartímum eins og bent hefur verið á. Þensluáhrif og ruðningsáhrif voru ekki með sambærilegum hætti og á við í nútímanum. Það sem OECD er að benda á og við flytjum tillögu um er fyrst og fremst að menn stoppi núna og geri, þótt seint sé, þá hagkvæmnisúttekt sem aldrei hefur verið gerð.

Það getur verið sagnfræðilega fróðlegt að líta á þetta aftur í tímann en miklu meira máli skiptir þó að menn ani ekki áfram í blindni án þess að reyna að átta sig á því hvort einhver (Forseti hringir.) þjóðhagsleg glóra sé í þessu.

[18:58]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hv. þingmaður vill skoða dæmið aftur í tímann og fara yfir söguna í heild. Á hverjum tíma, sama hvenær það er, sem við byggjum virkjanir eða gerum eitthvað stórt er alltaf sama aldan á móti. Vinstri öfl í samfélaginu hafa alltaf verið á móti stórframkvæmdum. Ég man vel umræðuna um Búrfell og Straumsvík. Þá var bara verið að fórna öllu, landi, þjóð,

fjárhag og sjálfstæði. Það er hægt að finna þetta, þetta er allt til.

Það sem ég vildi hins vegar spyrja hv. þingmann um eru þessi afleiddu störf, hátækniiðnaðinn sem hefur orðið til, öll sú menntun og verkfræðiþekking sem hefur orðið til í landinu og er í útrás núna, einmitt vegna þess að við höfum byggt upp virkjanir og stóriðju. Það er þáttur sem við verðum að gefa gaum, að fjölmörg störf sem krefjast mikillar menntunar, hálaunastörf sem hafa orðið til í samfélaginu vegna þess arna. Þess vegna eru m.a. þeir sem eru í forsvari fyrir áltæknigarð í Þorlákshöfn að leita leiða við úrvinnslu þannig að við séum ekki bara í hráefnisframleiðslu fyrir önnur iðnríki hvað þennan málm varðar heldur í úrvinnslu til að ná meiri verðmætasköpun inn í landið, meiri hátækni og hærri launum. Það er það sem stefnt er að með þeirri starfsemi.

[19:00]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég leiði hjá mér tal hv. þingmanns um áherslur vinstri manna í þessum efnum á umliðnum áratugum eða liðnum öldum. Hv. þingmaður má leika sér eins og hann vill með það og halda því fram að allt hafi verið vitlaust sem allir aðrir hafa sagt og gert nema sjálfstæðismenn. Það er auðvitað feiknarlega málefnalegt og uppbyggilegt að ræða hlutina þannig.

Ef hann vill ræða um Búrfell og Straumsvík þá kann ég þá sögu býsna vel. Ég veit t.d. mjög vel að raforkuverðið sem samið var um í byrjun var svo hörmulega lágt að það var ítrekað við að setja Landsvirkjun á hausinn. Það varð að hækka raforkuverðið til almennra nota í landinu í tvígang á *áttunda áratugnum til að Landsvirkjun færi ekki á hausinn.* Það var ekki fyrr en fyrirtækið var staðið að svindli, staðið að því að snuða Íslendinga um skatttekjur og raforkuverð með hækkun í hafi, með því að hóta málsókn, því að draga þá fyrir dóm í New York, að tókst að hækka raforkuverðið þannig að Landsvirkjun færi að ná endum saman. Ég kann þessa sögu nokkuð vel. Ég tel að þeir sem andæfðu samningnum á dögum viðreisnarstjórnarinnar hafi haft býsna mikið til síns mál. En auðvitað var allt rétt sem viðreisnarstjórnin gerði þegar sjálfstæðismenn eða Morgunblaðið ræða málið. Það þarf náttúrlega ekki að ræða það, þar á meðal líka að færa ekki út landhelgina og guð má vita hvað.

Varðandi afleidd störf í hátækniiðnaði er fróðlegt að ræða það. Á það bendir m.a. Efnahags- og framfarastofnunin. Þurfum við ekki að athuga fórnar- og ruðningskostnaðinn sem annað atvinnulíf ber? Það er væntanlega þannig, því miður, að það eru meiri líkur á að þessar risavöxnu fjárfestingar, með þensluáhrifum sínum í hagkerfinu, spennu á vinnumarkaði, óhagstæðum rekstrarskilyrðum í formi hás gengis, vaxta o.s.frv., flæmi fleiri hátæknistörf úr landi en verða til vegna þeirra. Það er ósköp einfaldlega þannig, eða hefur hv. þingmaður ekki heyrt um þau fyrirtæki sem hafa flúið land í hátækni- og upplýsingageiranum vegna þess að rekstrarskilyrði þeirra voru mjög bágborin á árunum 2002–2006? Það rekja menn beint til þensluáhrifa sem stóriðjufjárfestingar (Forseti hringir.) og vissulega reyndar fleiri þættir leiddu yfir okkur.

[19:03]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum að ræða hér ágæta tillögu til þingsályktunar frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Ég get ekki séð tillögunni allt til foráttu eins og sá eini þingmaður sjálfstæðismanna sem hefur séð ástæðu til að taka þátt í umræðunni.

Í tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera vandað, óháð og gagnsætt þjóðhagslegt mat á arðsemi og heildaráhrifum þess á efnahagslegan stöðugleika og framvindu íslensks þjóðarbúskapar að ráðist verði í frekari stóriðju- og virkjanafjárfestingar.“

Ég held að miðað við síðustu missiri hljóti svona athugun að teljast ósköp eðlileg. Það er engin launung að farið hefur verið offari í þessum málum, í að setja á stofn stórar álverksmiðjur. Menn velta því fyrir sér hver ráði í raun förinni og hraðanum. Hvar er hinn raunverulegi byrjunarreitur? Er hann á Alþingi, hjá ráðherrum, hjá Landsvirkjun eða erlendum fyrirtækjum?

Þar með er ekki sagt að ég sé á móti framkvæmdum eins og t.d. á Reyðarfirði. Hins vegar erum við í Frjálslynda flokknum sammála um að tími sé kominn til að menn fari sér hægar og skoði vangaveltur um stóriðju með tilliti til þenslu og, eins og hér hefur komið fram, með tilliti til arðsemi fyrir þjóðina alla en ekki tiltekna einstaklinga eða fyrirtæki.

Jafnframt þarf að skoða þetta út frá skynsemi og umhverfisaðstæðum. Öllum ætti að vera ljóst að á síðustu missirum hafa komið fram auknar kröfur um að líta meira til umhverfisins og náttúrunnar þegar farið er út í stórar virkjanir og byggingar á orkufrekum fyrirtækjum.

Ég tel þessa þingsályktunartillögu mjög eðlilega, að hér fari fram vandað og óháð mat á þjóðhagslegri hagkvæmni áður en farið verði út í frekari stóriðju- og virkjunarfjárfestingar.

[19:06]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir undirtektirnar og ræðu hans. Ég vildi bæta því við frá mínu brjósti, sem ég kom ekki inn á í ræðu minni, að ég held að tíðarandinn í samfélaginu sé orðinn mjög breyttur í þessum efnum. Ég er fullviss um að ef almenningur í landinu fengi að láta í ljós álit sitt, t.d. á einfaldri tillögu af þessu tagi, hvort ekki væri a.m.k. rétt að gera þetta áður en menn héldu lengra áfram, þá mundu 80–90% þjóðarinnar mundi segja: jú, að sjálfsögðu. Flestir mundu náttúrlega spyrja í forundran: Hefur þetta virkilega ekki verið gert? En það er veruleikinn.

Ég efast ekkert um það að úti í samfélaginu er mjög almennur stuðningur við að a.m.k. þetta sé gert áður en lengra er haldið. Efasemdir manna hafa um þessa stefnu hafa vaxið mjög mikið. Það er nánast hægt að kalla það mikla vitundarvakningu með þjóðinni. Kannski hafa umhverfisáhrifin, þær myndir sem hafa birst þjóðinni af þeim fórnum sem þar hafa verið færðar eða stendur til að færa, haft mest áhrif.

Ég held þó að fleiri og fleiri séu hugsi yfir þessu orðið vegna áhrifanna almennt á þjóðarbúskapinn og efnahagslíf-

ið. Ég minni t.d. á að einn af bankastjórum stærstu bankanna sagði nákvæmlega það í viðtali fyrir fáeinum dögum, kannski viku síðan, að sennilega væri hyggilegt að staldra við í þessum stóriðjuframkvæmdum og skoða hvort það sé rétt tímasetning að fara út í það núna.

Það er því margt í þessu sem væri þarft að skoða. Ef niðurstaðan, eins og OECD bendir sérstaklega á, yrði að leyfa frekari fjárfestingar af þessu tagi á komandi árum þá væri tímasetningin a.m.k. vönduð, reynt að finna tímabil í hagsveiflunni sem geri að verkum að viðráðanlegt sé (Forseti hringir.) að ráðast í framkvæmdir án þess að allt fari um koll.

[19:08]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon erum nokkuð sammála um þetta mál. Ég ítreka að mér finnst mjög miklu máli skipta að leiða til lykta hver og hvað eigi í raun að ráða. Hvar er sjálfur byrjunarreiturinn? Á hann ekki, þegar um slíkar stórframkvæmdir er að ræða sem hafa gífurleg áhrif á hagsveiflu og allt þjóðfélagið, að vera hér á Alþingi? Hvar er hann? (Gripið fram í.) Hjá erlendum fyrirtækjum? Hvar hefur hann verið? (Gripið fram í.) Hvað er búið að semja um mörg álver á bak við tjöldin án þess að það hafi komið inn á þing, mörg álver og margar stækkanir líka, hv. þm. Kjartan Ólafsson? Því miður virðist það vera þannig, án þess að ég sé að mótmæla því að menn reisi álver á tilteknum stöðum. En ég tel að byrjunarreiturinn ætti að vera á Alþingi. Menn þurfa að skoða þetta út frá fleiri þáttum en arðsemi eins einstaks fyrirtækis eða áhuga eins ákveðins stjórnmálaflokks.

[19:09]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mjög góður punktur sem hv. þingmaður nefndi. Hvar á upphafspunktur þessa máls að vera? Hvar á valdið að liggja? Hver á að taka ákvörðun um hluti eins og tímasetningu þessara framkvæmda eða hvort í þær er ráðist á annað borð?

Ríkisstjórnin reynir að vísa af sér ábyrgð út í bæ. Hæstv. iðnaðarráðherra boðaði afturvirka stefnubreytingu eins og frægt varð og aðhlátursefni um allt land í sumar, að síðan 2003 eða 2004 hefði ekki verið rekin nein virk stóriðjustefna heldur væri það í valdi sveitarfélaga og orkufyrirtækja. En þannig er það ekki eins og m.a. sérfræðingar Efnahags- og framfarastofnunarinnar benda á er þetta leyfisskyld starfsemi og þarf að útvega orku til hennar og það gera opinber fyrirtæki.

Veruleikinn er hins vegar sá að það vald sem formlega séð er í höndum stjórnvalda, var í öllu falli a.m.k. til 2004 og er enn, hefur bara verið framselt út í bæ, einfaldlega vegna þess að álfyrirtækin hafa komið og pantað sér bæði stað og tíma. Menn fara jafnvel til útlanda til þess að fá fréttir af því hvar þau vilji vera. Voru ekki ráðamenn þjóðarinnar með iðnaðarráðherra í broddi fylkingar kallaðir til New York til þess að taka við þeim erkibiskupsboðskap hvar Alcoa vildi bera niður?

Tímasetningin er líka í valdi stórfyrirtækjanna. Gallinn er sá að stjórnvöld hafa ekki sett neina fyrirvara inn í ferlið. Auðvitað ættu að vera fyrirvarar í ferlinu sem segðu: Jú, þið megið undirbúa þetta og rannsaka ef mönnum sýnist svo en við verðum að áskilja okkur rétt til að meta, ef eða þegar þar að kemur, hvort aðstæður séu fyrir hendi í hagkerfinu til að hleypa fjárfestingum af stað. Allt annað er galskapur, t.d. að reyna að skilja ástandið í hagkerfinu ef 430 milljarða fjárfestingu yrði hleypt af stað á einu til tveimur missirum. Lokið mun einfaldlega fjúka af pottinum. Það er erfitt að sjá annað. (Forseti hringir.) Stjórnvöld hafa engan veginn staðið nógu vel að þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Textun, 1. umr.*

Frv. GAK o.fl., 30. mál (sjónvarp, kvikmyndir o.fl.). — Þskj. 30.

[19:12]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um textun, fyrir hönd flutningsmannanna hv. þingmanna Guðjóns A. Kristjánssonar, Sigurjóns Þórðarsonar, Kolbrúnar Halldórsdóttur, Guðrúnar Ögmundsdóttur, Björgvins G. Sigurðssonar og Katrínar Júlíusdóttur.

Í 1. gr. segir:

„Markmið laga þessara er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum og afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn.“

Í 2. gr. varðandi gildissvið segir:

„Eftirtöldum aðilum er skylt að texta allt efni sem þeir í atvinnuskyni senda út, framleiða eða dreifa:

1. sjónvarpsstöðvum sem hafa leyfi til sjónvarpsútsendinga samkvæmt útvarpslögum,

2. framleiðendum íslensks auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefnis, ...

3. framleiðendum íslenskra kvikmynda, ...

4. öðrum aðilum sem dreifa hér á landi kvikmyndum og auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefni, hvort sem efnið er til sölu eða leigu.“

Í 3. gr. frumvarpsins segir um textun efnis m.a.:

„Allt efni sem aðilar skv. 2. gr. senda út, framleiða eða dreifa skal textað með íslenskum texta óháð því á hvaða tungumáli efnið er.“

Í 4. gr. frumvarpsins um aðlögunartíma kemur m.a. fram:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal aðilum sem falla undir lög þessi veittur fimm ára aðlögunartími frá gildistöku laganna til að uppfylla kröfur um textun efnis til samræmis við markmið 1. gr.“

Nánar er svo getið um aðlögunartímann hversu langur hann skal vera í ákveðnum tilfellum og jafnframt segir:

„Á meðan á aðlögunartíma stendur er aðilum skv. 2. gr. heimilt að sækja um styrk til uppbyggingar á nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiðingar nýrrar tækni til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Textunarsjóður annast styrkveitingar samkvæmt þessari grein.“

Í 5. gr. er kveðið á um Textunarsjóð þar sem segir m.a.:

„Stofnaður skal Textunarsjóður sem hafi það að markmiði að styrkja aðila skv. 2. gr. til að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiða nýja tækni við textun efnis sem þeir senda út, framleiða eða dreifa.

Styrkir sem Textunarsjóður veitir eru óafturkræfir og geta numið allt að 80% af stofnkostnaði búnaðar.“

Gert er ráð fyrir að Textunarsjóður verði lagður niður þegar aðlögunartíma er lokið.

Í 7. gr. um gildistöku er reiknað með að lögin taki þegar gildi.

Ég ætla að drepa aðeins niður í greinargerðina, með leyfi forseta:

„Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að heyrnarskertir og heyrnarlausir njóti þeirra mannréttinda að geta notið frétta-, upplýsinga-, fræðslu-, kynningar-, auglýsinga- og afþreyingarefnis til jafns við þá sem heyra. Einungis hluti þess efnis sem sent er út á sjónvarpsstöðvum eða aðgengilegt er á myndböndum og stafrænu formi er með íslenskum texta ef tungumálið er íslenska. Flestar erlendar kvikmyndir og erlent sjónvarpsefni er með íslenskum texta til að almenningur geti notið þess til fulls og þykir það sjálfsagt og eðlilegt. Heyrnarskertir og heyrnarlausir fá ekki notið þessa sjónvarpsefnis, kvikmynda eða myndbanda nema það sé textað.“

Í greinargerðinni kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er talið að um 25 þúsund manns séu meira og minna heyrnarskertir að einhverju leyti þannig að þeir nái ekki að heyra efni sjónvarpsins.

Jafnframt kemur fram að talið er að textun stuðli að bættri lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga og annarra sem eru í lestrarnámi eða eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þá er líka tekið fram að textun sé mikilvægur stuðningur við nýbúa sem eru að læra málið.

Einnig er rétt að geta þess að fram hefur komið, m.a. á Norðurlöndum, að fólk missir eitthvað af heyrninni um þrítugt en aldursviðmið var áður um fimmtugt. Það er farið að færast niður í aldri hvenær menn byrja að missa heyrn. Ein af ástæðunum sem er talin vera fyrir því er að unglingar verða stöðugt fyrir meira hávaðaáreiti sem gerir það að verkum að heyrnin skerðist fyrr á ævinni en áður. Það er sem sagt talið að heyrnin byrji að skerðast um þrítugt en ekki fimmtugt eins og áður var. Textun er ekki einungis fyrir heyrnarlausa heldur og einnig fyrir heyrnarskerta og gæti þess vegna átt við hvern sem er þegar fram í sækir.

Textun á efni er engin nýlunda í heiminum. Í greinargerðinni eru nefnd nokkur lönd sem hafa tekið mjög vel á þessum málum og sett lög er varða textun á sjónvarpsefni. Sem dæmi má nefna að í Austurríki er textinn um 170 klukkustundir á mánuði. Í Danmörku 189 klukkustundir, Spáni 446 klukkustundir, Sviss 240 klukkustundir og Þýskalandi 387 klukkustundir á mánuði. Í Englandi er 80% af öllu efni á BBC, ITV og C4 textað. Þegar fyrrnefnd lönd eru skoðuð og hversu gífurlega mikill hluti af sjónvarpsefni þar er textaður, er eðlilegt að fólk velti því fyrir sér hvers vegna þetta sé ekki komið hér á landi, þ.e. að íslenskt sjónvarpsefni sé textað með íslenskum texta fyrir þá sem ekki eru heyrandi.

Úti í heimi hefur það gerst að með tímanum festist textun einfaldlega í sessi og þykir hún á mörgum stöðum eðlilegur hlutur í dag. En það hefur því miður ekki þótt hér, að minnsta kosti ekki enn. Það er umhugsunarefni, miðað við þá hagsæld sem menn segja að ríki á Íslandi, að yfirvöld skuli ekki hafa séð sér fært hingað til að taka upp lög, eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir varðandi textun. Hins vegar má líka velta því upp hvers vegna menn hafi ekki lagt slíkt fram mun fyrr.

En að lokum, það er óþarfi að hafa langt mál um þetta, herra forseti. Frumvarpið er mjög skýrt og því fylgir mjög góð greinargerð. Ég ítreka markmiðin í þessu frumvarpi til laga um textun, að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum og afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn. Hér er að sjálfsögðu um mikið jafnréttismál að ræða og ég vænti þess að frumvarpið fái skjóta afgreiðslu.

[19:22]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil í nokkrum orðum lýsa yfir stuðningi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs við þetta frumvarp til laga um textun. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er meðflutningsmaður að málinu. Þetta er þverpólitískt *mál og væri mikil bót að því ef þetta yrði eitt af þeim málum* sem Alþingi afgreiðir í vor.

Textun er ekki eingöngu fyrir heyrnarlausa, hún er ekki síður fyrir heyrnarskerta. Mikill fjöldi fullorðins fólks nýtur ekki til fulls dagskrárefnis og jafnvel þó að talað sé á íslensku. Textun er því ekki eingöngu fyrir erlend tungumál heldur fyrir íslenskt mál þannig að heyrnarlausir og heyrnarskertir geti notið þess sama og þeir sem eru heyrandi. *Þetta er réttlætismál. Þetta er jafnréttismál og væri okkur til* sóma ef við afgreiddum frumvarpið á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almannatryggingar, 1. umr.*

Frv. ÞBack og ÖJ, 54. mál (tannlækningar barna og ellilífeyrisþega). — Þskj. 54.

[19:23]

**Flm. (Þuríður Backman):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993. Meðflutningsmaður með mér er hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Það er mér ánægjuefni að geta mælt fyrir frumvarpinu í dag þar sem ljóst er að samkvæmt kynningu á nýrri skýrslu Lýðheilsustöðvar sem fram fór í gær um tannheilsu íslenskra barna og unglinga ætti að vera lýðum ljóst að nauðsynlegt er að bregðast við versnandi tannheilsu barna og unglinga á Íslandi.

Hæstv. heilbrigðisráðherra lét þess getið eftir kynninguna að full ástæða væri til að bregðast við og að fyrstu skref gætu hugsanlega verið að sinna ákveðnum aldurshópum barna og unglinga og að þeir fengju sérstaka þjónustu hjá tannlæknum og Tryggingastofnun. Það er af hinu góða.

Dregið hefur úr stuðningi við barnafjölskyldur vegna tannlæknaþjónustu, þ.e. niðurgreiðslu Tryggingastofnunar á kostnaði við tannviðgerðir og tannréttingar barna bæði hvað varðar hlutfall greiðslu og ekki síður vegna þess að frá því 1998 hafa ekki verið endurnýjaðir samningar við tannlæknastéttina þannig að sú gjaldskrá sem ákveðin er hefur ekki haldið í við verðhækkanir, verðlag hjá tannlæknum. Endurgreiðslan sem hlutfall af kostnaði hefur því farið sífellt minnkandi og það er alveg ljóst að versnandi tannheilsa barna og unglinga er að hluta til vegna þess að foreldrar hafa margir hverjir ekki efni á að sinna tannheilsu barna sinna eins og vera skyldi og vilji væri til þar sem kostnaðurinn er hreinlega of mikill.

Ég vil áður en ég kynni frumvarpið segja frá helstu niðurstöðum könnunarinnar, með leyfi forseta. Beðið var nokkuð eftir nýrri könnun því að könnun á tannheilsu barna og unglinga hafði ekki verið gerð síðan 1996 en það var alveg ljóst eftir viðtöl við tannlækna og það sem þeir höfðu látið frá sér heyra í kringum síðustu aldamót, að tannlæknar sögðust verða varir við að það væri breyting hvað varðaði tannheilsu barna og þeir yrðu varir við að fjölskyldur mættu ekki með börn sín til tannlæknis og eins að þau börn sem kæmu væru með meiri skemmdir og verri en áður. Könnunin sem nú var gerð staðfesti þann grun tannlækna, að hvort tveggja hafi verið rétt, að bæði hafi tannheilsan versnað og að nokkuð stór hluti barna fari ekki til tannlæknis.

Helstu niðurstöður í skýrslunni eru, með leyfi forseta:

„Í norrænum samanburði lætur nærri að íslensk börn og ungmenni séu að meðaltali með tvöfalt fleiri skemmdar tennur en samanburðarhópar í Svíþjóð (2005) og er staðan verri en á hinum Norðurlöndunum. Hjá 12 ára barni á Íslandi eru að meðaltali rúmlega 2 fullorðinstennur skemmdar og þarfnast viðgerðar eða hafa þegar verið fylltar. Meira er um skemmdir hjá stelpum en strákum. Hjá verst setta hópnum (33%) eru tæplega 5 tennur skemmdar." — Þetta er hjá 12 ára börnum. — „Hjá 15 ára unglingi eru að meðaltali rúmlega 4 fullorðinstennur skemmdar og þarfnast viðgerðar eða hafa þegar verið fylltar. Hjá verst setta hópnum (33%) eru að meðaltali 9 tennur skemmdar.

Glerungseyðing greinist í einhverri fullorðinstönn hjá 15% 12 ára barna og hjá 30% 15 ára unglinga. Tíðni tannskemmda fer vaxandi og áhyggjuefni hversu algengt það er að ekki er gert við tannskemmdir. Um 17% barna og ungmenna (4–18 ára) mæta ekki í reglubundið eftirlit hjá tannlækni. Fæst börn koma til tannlæknis á Vestfjörðum — flest í Skagafirði. TR greiðir umtalsvert minna vegna forvarna í tannheilbrigðismálum barna nú en árið 1998."

Lokaskýrslan er í vinnslu hjá Lýðheilsustöð og ég vil árétta það sem ég held að ég hafi nefnt áður, að það er mikilvægt að fjármagn fáist til Lýðheilsustöðvar, Háskóla Íslands og þeirra sem staðið hafa að könnuninni en framkvæmd rannsóknar og fjármögnun var á ábyrgð Lýðheilsustöðvar, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Miðstöðvar tannverndar í faglegri samvinnu við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Þeir aðilar þurfa auðvitað að fá fjármagn til þess að geta stundað þessar rannsóknir með reglubundnum hætti svo hægt sé að bregðast við og grípa inn í þar sem nauðsyn krefur. Uppi eru hugmyndir um að breyta eftirliti eða fara meira í forvarnir. Það er annað mál sem ég ætla ekki að fara nánar út í núna en frekari rannsóknir gætu verið frekari grunnur að breyttum áherslum ef út í það yrði farið.

Ég vil þá kynna frumvarpið en það er breyting á lögum um almannatryggingar eins og þær eru núna, þ.e. við 37. gr. sem segir svo, með leyfi forseta:

„Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt samningum, sbr. 39. gr. Takist ekki samningar skv. 39. gr. er ráðherra heimilt að setja gjaldskrá. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 20 ára og yngri, 100 % kostnaðar.

2. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 100% kostnaðar.

3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta ekki tekjutryggingar," — sem sé hafa einhverjar tekjur — „75% kostnaðar. Fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannplanta gilda sérstakar reglur sem ráðherra setur. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur."

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. og aftur á 132. löggjafarþingi lítið breytt og er nú endurflutt. Á 131. löggjafarþingi var gerð breyting á 37. gr. laga um almannatryggingar og við flutningsmenn fögnum auknum réttindum en hins vegar teljum við brýnt og eðlilegt að hlutfall greiðsluþátttöku sjúkratrygginga komi fram í lögum en ekki í reglugerð eins og fyrirkomulagið er nú. Að mínu mati eiga reglurnar að vera samsvarandi reglum í almannatryggingum um greiðslur lífeyrisgreiðslna, að vera bundið í lagatextanum hversu há endurgreiðslan eigi að vera o.s.frv. Ég tel að það eigi að vera alveg ljóst í textanum varðandi rétt til endurgreiðslu vegna tannlækninga, að það eigi ekki að vera hægt að hræra í þessu með breytingum á reglugerðum og draga úr réttindum eins og gert hefur verið.

Í frumvarpinu er lagt til að Tryggingastofnun ríkisins greiði fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna 20 ára og yngri, svo og fyrir almennar tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega. Kveðið verði á um form reikninga fyrir tannlæknaþjónustu í samningum við tannlækna eða gjaldskrá. Það er mikilvægt. Kostnaðarhlutdeild fjölskyldna hefur hækkað m.a. vegna þess að samningar hafa ekki tekist og það tel ég að sé mikill ljóður á okkar heilbrigðiskerfi að semja ekki við tannlækna og hækka gjaldskrá Tryggingastofnunar sem yrði í einhverju samræmi við það sem gildir á markaðnum þannig að endurgreiðslan sé í einhverju hlutfalli rétt við það sem meðaltannlæknir tekur fyrir almenna tannlæknaþjónustu.

Frá því að fyrri frumvörp voru lögð fram hefur greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins aukist og er það vissulega mikilvægt. Á 130. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram tillögu til þingsályktunar um tannvernd barna og unglinga. Í henni var lagt til að tannvernd barna og unglinga til 18 ára aldurs yrði efld og sérstök tannvernd ákveðinna aldurshópa yrði hluti ungbarnaverndar og skólaheilsugæslu. Lagt var til að greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almennar tannlækningar barna

og unglinga að 18 ára aldri yrði 90%.

Ef ég hef skilið orð hæstv. heilbrigðisráðherra rétt, hennar fyrstu hugmyndir um það hvernig bregðast eigi við versnandi tannheilsu barna og unglinga, er þetta eitthvað í þá átt að taka út ákveðna aldurshópa og koma þeim í tannvernd. Hvort hæstv. ráðherra hefur þá hugmynd að láta þá aldurshópa vera hina sömu og fylgja þeim aldurshópum sem fara í skólaheilsugæsluna veit ég ekki, en mín hugmynd var sú að með því að hafa sömu aldurshópana gæti þetta verið hluti skólaheilsugæslunnar, að foreldrar væru minntir á rétt þeirra, að þegar barnið væri þetta gamalt ætti það rétt á að fara til tannlæknis og hvetja og minna foreldra á að nýta sér það.

Ég tel að það þurfi hreinlega að ganga lengra. Þingsályktunartillögu okkar var vísað til umfjöllunar í heilbrigðis- og tryggingaefnd. Umsagnir um tillöguna voru í heild jákvæðar. Í þeim kom fram að nauðsynlegt væri talið að bæta tannheilbrigðiskerfið og auka greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins. Hins vegar þótti sú skipan sem tillagan gerði ráð fyrir nokkuð flókin í framkvæmd. Með hliðsjón af þeirri athugasemd er hér lögð fram einfaldari útfærsla og að Tryggingastofnun ríkisins greiði að fullu almennar tannlækningar fyrir 20 ára og yngri. Hugsanlega þykir mörgum nokkuð vel í lagt en með þessu erum við að bera okkur saman við það sem best gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Ég tel að við eigum að gera það. Við erum efnuð þjóð og við eigum að huga að þessum þætti eins og öðrum sem lúta að forvörnum. Það að huga vel að tannheilsu barna og unglinga er nokkuð sem skilar sér út allt lífið, það er kostnaður sem skilar sér til baka. Ég tel því að það að fara að dæmi þeirra þjóða sem best gera sé fjárfesting til lengri tíma.

Hvað varðar tannheilbrigði aldraða er ljóst að staða þeirra hefur breyst mikið á undanförnum árum. Það eru ekki margir áratugir liðnir síðan það þótti allt að því eðlilegt að börn fengju falskar tennur í fermingargjöf. Þau börn eru orðin fullorðin í dag og mörg hver með lausa góma. Sem betur fer halda æ fleiri sínum tönnum og er annt um að halda þeim, en halda þeim ekki öllum og það er mjög kostnaðarsamt að fá úrbætur og festingar fyrir tannparta eða ísettar tennur. Það er því allt of mörgum ofviða að standa straum af slíkum aðgerðum þó að þær séu miklu betri en að fara út í þá aðgerð að láta rífa þær tennur sem þó eru heilar og fá lausa góma. Því miður gera það margir einfaldlega vegna þess að það er ódýrari leið. Það er ekki forsvaranlegt. Því leggjum við mikla áherslu á það að elli- og örorkulífeyrisþegar, sem njóta tekjutryggingar, fái endurgreiddan 100% kostnaðar við almennar tannlækningar en þegar komi að gullfyllingum, krónum og brúm og tannplöntum gildi aftur á móti sérstakar reglur sem ráðherra setur.

Hægt væri að hafa um þetta mörg orð en ég tel að með þeirri skýrslu sem var kynnt í gær og verður vonandi í fréttum og í umfjöllun eitthvað áfram átti fólk sig á því hver þróunin hefur verið. Fjölskyldur og einstaklingar finna það á eigin buddu hvað það er miklu dýrara að fara til tannlæknis og sinna þeim þætti vel. Það þarf því ekki að benda fólki á það en það þarf að finna leiðir til þess að stunda hér eðlilega tannheilbrigðisþjónustu. Ég held að það verði ekki gert nema að ganga eins langt og um getur í frumvarpinu og þá erum við ekki að ganga neitt lengra en Norðurlöndin gera.

Ég vil þó aðeins af þessu tilefni fá að nefna forvarnir því að fyrir utan tannátu er annar sjúkdómur sem gætir sérstaklega hjá unglingum. Það er glerjungsáta og glerjungseyðing sem stafar aðallega af gosdrykkjaþambi eða af kolsýrðum drykkjum. Þá leyfir maður sér að segja „gosdrykkjaþambi" því að það er alveg ótrúlega mikil drykkja á kolsýrðum drykkjum hjá mörgum unglingum. Þetta er nýr sjúkdómur hjá unglingum sem hefur varanlegar skemmdir í för með sér. Því er mjög mikilvægt að fræðsla um skaðsemi kolsýrðra drykkja sé þekkt og hvatt sé til vatnsdrykkju. Það verður líka að segjast að gosdrykkir eru mjög ódýrir hér á landi og eiga eftir að lækka við breytingu á virðisaukaskatti á matvælum. Það má því vera verulega á varðbergi ef breytingin á virðisaukaskattinum verður til þess að það verður veruleg lækkun á gosdrykkjum því að gosdrykkjaþambið hefur það alvarleg áhrif á tennurnar að það hefur mikinn kostnað í för með sér. Þeir sem hafa þar að auki ekki efni á að fara til tannlæknis munu ekki bíða þess bætur það sem eftir er ævinnar því að þeir munu missa tennur sínar.

Þetta er þáttur sem fæstir unglingar gera sér grein fyrir. Áhrifin koma fram síðar og koma þá niður á heilbrigðisþjónustunni og heilbrigðisútgjöldunum en glerungseyðing er algengur sjúkdómur hjá unglingum. Það þarf því að stórbæta aðkomu Tryggingastofnunar ríkisins, almannatrygginga, greiðsluþátttöku þeirra. Ég hvet hæstv. heilbrigðisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra, Tryggingastofnun og tannlækna að ganga frá nýjum samningi milli tannlækna, Tryggingastofnunar og ráðuneytis þannig að gjaldskráin verði nær raunverulegum töxtum en þeir eru í dag.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en óska eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Trjáræktarsetur sjávarbyggða, fyrri umr.*

Þáltill. GHj o.fl., 51. mál. — Þskj. 51.

[19:45]

**Flm. (Guðjón Hjörleifsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um trjáræktarsetur sjávarbyggða. Meðflutningsmenn eru Dríía Hjartardóttir, Jón Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Lúðvík Bergvinsson.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að stofnun trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum sem hafi það markmið að rannsaka særoks- og loftslagsbreytingar á trjágróðri og trjárækt á eyjum í Norður-Atlantshafi, einkum Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Grænlandi.

Í greinargerð segir:

Trjágróður veitir skjól, lífsfyllingu og er mikilvægur hluti aðlaðandi umhverfis. Meiri hluti íbúa á eyjum Norður-

Atlantshafs býr nærri sjó og á Íslandi eru 82% þjóðarinnar búsett á stöðum þar sem særok spillir trjágróðri.

Trjá- og skógræktarskilyrði eru erfið í kaldtempraða beltinu á eyjum Norður-Atlantshafs og er þó mikill áhugi á trjárækt á Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum og Suðureyjum og nokkur á Suður-Grænlandi. Svöl sumur með meðalhita júlímánaðar undir 14°C og stormasamir vetur einkenna veðurfarið og eru aðalástæður erfiðra trjáræktarskilyrða. Á Grænlandi er þurr, heitur og stundum langvarandi hnjúkaþeyr á vetrum einnig verulegt vandamál. Hnjúkaþeyr að vetri er minna vandamál annars staðar við Norður-Atlantshaf þótt skemmda af hans völdum verði einnig vart hér á landi.

Trjá- og skógræktarskilyrði á eyjum við Norður-Atlantshaf eru ólík því sem er á meginlandi Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku. Þar munar mest um áhrif særoksins en einnig ólíkan jarðveg og hitafar. Erlend ræktunarþekking hefur því reynst ótraust veganesti á Íslandi og öðrum eyjum með svalt úthafsloftslag. Að Íslandi undanskildu eru eyjar og strandsvæði við Norður-Atlantshaf á jaðri stærri ríkja og ríkjaheilda. Sértæk vandamál dreifðra byggða á jaðarsvæði fá lítið vægi í rannsóknum samanborið við viðfangsefni í þungamiðju svæðisins. Þekking á áhrifum særoks á trjágróður virðist skýrt dæmi um þennan áherslumun því að fram á allra síðustu ár var særok vart talið mikilvægur umhverfisþáttur fyrir tré og skóga við Norður-Atlantshaf.

Utan Íslands er skóg- og trjárækt nærri skógarmörkum yfirleitt jaðarviðfangsefni. Í þessu felst mikilvæg sérstaða, tækifæri og e.t.v. forustuskylda. Kaldtempraða beltið á eyjum við Norður-Atlantshaf er strjálbýlt. Samanlagður íbúafjöldi er tæplega hálf milljón (470.000 manns). Þar af eru Íslendingar nærri tveir þriðju mannfjöldans (64%). Á Grænlandi búa um 56.000 (12%), í Færeyjum 45.000 (10%), Hjaltlandi 22.000 (5%), Orkneyjum 19.000 (4%) og Suðureyjum 27.000 (6%). Engu að síður er mikil þörf á rannsóknum og upplýsingum sem hæfa aðstæðum fólks þar. En Norður-Atlantshafssvæðið er vítt, langt milli byggða og flest byggðarlög fámenn. Á Íslandi eru á þriðja tug skógfræðinga og nokkur hópur manna sem sinnir rannsóknum sem tengjast trjám, skógum og skógrækt. Í Færeyjum er einn skógfræðingur með verkstjóra sér við hlið. Á Grænlandi er enginn skógfræðingur en garðyrkjumaður sér um trjáræktartilraunir, svipað er ástatt á Hjaltlandi. Á Orkneyjum og ytri Suðureyjum eru nokkrir tilraunareitir sem sinnt er frá meginlandi Skotlands.

Mikil samlegðaráhrif yrðu af trjáræktarsetri sem greiddi fyrir upplýsingastreymi og rannsóknasamstarfi í trjá- og skógrækt milli eyþjóða við Norður-Atlantshaf. Með því móti verður margt mögulegt sem hver og einn getur ekki áorkað einn. Samstarf við vísindamenn og stofnanir utan svæðisins yrði einnig auðveldara en áður.

Vestmannaeyjar eru heppilegasta heimili trjáræktarseturs vegna aðstæðna og þeirra rannsókna sem þegar hafa farið þar fram. Árið 1989 hófust þar tilraunir með það markmið að finna heppilegan trjágróður fyrir strandsvæði á Íslandi. Sex árum síðar efldist sú vinna mjög þegar hrundið var af stað með tilstyrk Íslandsbanka rannsóknarátaki til að skýra orsakir trjáskaða í Vestmannaeyjum og gera tilraunir með ræktunaraðferðir sem gögnuðust í saltálagi. Á sama tíma hóf Mógilsá – rannsóknastöð skógræktar tilraunir með mismunandi víði- og asparklóna á Heimaey. Rannsóknir á saltálagi voru einkaframtak en skjótt tókst mjög gott og farsælt samstarf við Mógilsá. Rannsóknir á saltálagi urðu doktorsverkefni Þorbergs Hjalta Jónssonar við Sænska landbúnaðarháskólann í Alnarp á Skáni og síðar einnig mastersverkefni Margrétar Lilju Magnúsdóttur við Háskóla Íslands. Rannsóknirnar hafa staðið óslitið frá 1995 og mynda nú traustan þekkingargrunn á þessu sviði.

Á Heimaey eru ákjósanleg skilyrði til rannsókna á vexti og þroska trjágróðurs við sjó. Þar er mikil og löng reynsla af trjárækt og á Stórhöfða er ein besta veðurstöð landsins með m.a. mælingar á saltstyrk í lofti auk venjulegra athugana. Stöðin er einnig vel þekkt í veðurfræðirannsóknum, einkum á sviði storma og særoks. Í Vestmannaeyjum er allstórt og samheldið samfélag og því er bæði mannafli og nauðsynleg þjónusta á staðnum. Í bænum eru bæði grunn- og framhaldsskólar og því möguleikar á gagnvirkum tengslum við skólastarf. Rannsóknastofnanir eru í bænum, m.a. setur Háskóla Íslands og Náttúrustofa.

Áhersluþættir í starfsemi trjáræktarseturs sjávarbyggða. Helstu áhersluþættir í starfsemi trjáræktarsetursins ættu að vera:

1. spálíkan fyrir áhrif særoks á trjágróður,
2. tilraunir með arfgerðir og aðferðir fyrir trjárækt í sjávarbyggðum,
3. rannsóknir á áhrifum særoks og loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi við Norður-Atlantshaf, einkum náttúruleg birki- og víðivistkerfi,
4. rannsóknir á orsökum saltskemmda og eðli særokspols hjá trjágróðri,
5. tilraunir með hagkvæmar aðferðir til að koma upp skógi á berangri,
6. miðlun þekkingar á trjá- og skógrækt við Norður-Atlantshaf.

Samband veðurþátta og saltskemmda er flókið þannig að margir þættir þurfa að koma saman til að valda trjáskemmdum. Meðaltöl lykilveðurþátta segja lítið um horfur á særoksskemmdum og það skiptir einnig miklu máli hvenær ársins saltstormarnir geisa. Því er oftast öðru kennt um trjáskemmdirnar. Líkan er forsenda þess að meta þátt særoks í vexti og þrifum trjágróðurs hér á landi og til að finna leiðir til að sneiða hjá saltskemmdum. Tengsl særoks og saltskemmda á trjágróðri hafa verið rannsökuð í Vestmannaeyjum frá árinu 1995. Á grundvelli þessara rannsókna er gerð saltálagslíkans langt komin. Líkanið spáir áhrifum særoks á hæðarvöxt, vaxtarlag (hlykki) og framleiðni trjánna (laufflöt) út frá stærð og eiginleikum trjánna, veðurþáttum og fjarlægð frá hafi. Gagnsemi þess er einkum eftirfarandi:

1. Með líkaninu má meta þátt særoks í trjá- og skógræktarskilyrðum. Líkanið getur nýst við mat á landi til skógræktar og kortlagningu ræktunarskilyrða.
2. Líkanið má nota við leiðbeiningar til trjá- og skógræktenda. Það mætti til dæmis hafa sem þátt í veðurspám. Veðurstofan gæti með hjálp líkansins gefið út saltálagsspár. Veðurstofan gæti varað garð- og skógræktendur á ákveðnum svæðum við aðsteðjandi saltskemmdaveðrum og á áliðnum vetri lýst horfum á saltskemmdum í einstökum

byggðarlögum og landsvæðum.

3. Líkanið er forsenda virkra kynbóta fyrir særoksskaða. Það dregur fram lykilþætti í særoksþoli og með því má sjá fyrir líklegan árangur af kynbótum fyrir einstaka þætti.

4. Líkanið er einnig forsenda frekari skilnings á særoksskaða á trjágróðri þar sem með því má segja til um líkleg áhrif særoks á tilraunatré. Frávik frá þeirri forsögn eru lykillinn að dýpri skilningi á eðli særoksskaða á trjám og runnum. Líkanið er einnig nauðsynlegt við rannsóknir á áhrifum særoks á náttúruleg birkiskóglendi. En vísbendingar eru um að særok eigi verulegan þátt í kjarrvexti birkis um sunnan- og vestanvert landið.

5. Spár um loftslagsbreytingar gefa til kynna að vetrarstormar kunni að verða hvassari á Norður-Atlantshafi og að braut fárviðranna færist norðar og austar. Líkanið gæti reynst mikilvægt við að meta áhrif loftslagsbreytinga á vöxt og viðgang trjáa og skóga. Í því felast einnig sóknarfæri í alþjóðlegu vísindasamstarfi þar sem áhrif breytts vindafars á trjágróður er nánast órannsakað fræðasvið.

6. Særok er mikilvægur þáttur í umhverfi fólks á eyjum og strandsvæðum víða um heim. Líkanið veitir því tækifæri til meira samstarfs við eyþjóðir og strandbyggðir við Norður-Atlantshaf og víðar.

Líkan af áhrifum særoks á trjágróður er algerlega nýtt viðfangsefni og engar heimildir finnast um líkan sem spáir saltskemmdum á trjágróðri vegna særoks að vetri né sumri. Líkanið hefur því mikið nýjungargildi auk fræðilegs og hagnýts gildis.

Mikil þörf er fyrir harðgerðan trjágróður sem hæfir ræktun í sjávarbyggðum. Til að ná árangri þarf að leita að og prófa tegundir og afbrigði trjáa og runna til ræktunar í sjávarbyggðum og kynbæta efnilegar tegundir. Prófanir á mismunandi efnivið af alaskaösp og víði sýna að verulegur breytileiki er í særoksþoli. Með kynbótum á víðitegundum mætti að öllum líkindum fá fram tiltölulega fljótt saltþolin og stórvaxin víðiafbrigði sem gætu veitt nægilegt skjól fyrir annan gróður og garða. Árið 1994 var fyrsta ræktunartilraunin sett niður í Hornafirði þar sem sérstaklega voru prófaðar ræktunaraðferðir sem hæfa strandsvæðum. Ári síðar var byrjað á tilraunum í Vestmannaeyjum sem haldið hefur verið áfram til þessa dags. Þessar tilraunir hafa þegar skilað verulegum árangri í bættum vexti og afkomu trjágróðurs.

Saltmengun í jarðvegi er eitt erfiðasta viðfangsefni í ræktun og matvælaframleiðslu í heiminum. Þetta vandamál þjakar einkum í þurrkalöndum í Asíu, Afríku og Ástralíu. Saltálag á vaxandi plöntur er mikið rannsakað viðfangsefni en snúið þar sem í vaxandi plöntum er erfitt er að henda reiður á orsökum og afleiðingum. Framfarir í ræktun og sérstaklega kynbótum hafa því ekki verið í samræmi við fyrirhöfn. Í rannsóknum á saltálagi í Vestmannaeyjum hafa komið fram mikilvægar vísbendingar um lykilþætti í lífeðlisfræði saltálags í plöntum. Þær sýna að með því að skoða áhrif seltu í trjám sem eru að vakna af vetrardvala má komast hjá sumum af þeim flækjum sem hamlað hafa framförum í saltþolsrannsóknum. Þannig benda þær til þess að gera megi lífefnafræðilegar og erfðatæknilegar rannsóknir á saltþoli markvissari en nú. Í þessu felast möguleikar á víðtæku samstarfi við erlenda fræðimenn og stofnanir sem fást við saltálag og ræktun í söltu umhverfi.

Plöntur bregðast á líkan hátt við margs konar álagi svo sem af salti, þurrki og kulda. Úr rannsóknunum á særoksþoli trjágróðurs í Vestmannaeyjum spratt ný nálgun við skógrækt á berangri. Árið 2002 var myndaður rannsóknarhópur um það erfiða viðfangsefni að finna hagkvæmar leiðir til að koma skógi og þá einkum birki upp á söndum og vikrum í Þjórsárdal og nágrenni Heklu. Hugmyndin að baki verkefninu var að búa plönturnar þannig út að dygði þeim til að komast af við hin erfiðustu kjör án frekari aðhlynningar. Verkefnið var kallað „nestun skógarplantna". Leiðirnar að þessu marki voru sóttar í nýjustu þekkingu í plöntulífeðlisfræði og önnur svið sem tengjast skógrækt og skógarvistfræði. Rannsóknarhópurinn var nokkurs konar grasrótarhreyfing doktors- og mastersnema úr ólíkum áttum. Tilraunir hópsins hafa þegar skilað miklum árangri, svo miklum að réttlæti örugglega allan kostnað við tilraunirnar ef ekki margfaldlega ævistarf allra sem þar hafa komið að verki. Tveir þættir rannsóknanna standa þegar upp úr. Með nýrri nálgun við áburðargjöf má fá sama árangur með 1/50 af áburðarmagni og það með verulega minni tilkostnaði við áburðargjöf. Enn áhugaverðari eru niðurstöður með hleðslu plantna með „glycine betaine" en það er efni sem sumar saltþolnar plöntur mynda sér til varnar. Efnið er tiltölulega ódýr aukaafurð við sykurfamleiðslu úr sykurrófum en sykurrófan er ein þeirra tegunda sem mynda efnið. Á þurrum vikrum jók glycine betaine hleðsla líflíkur plantna verulega og bætti einnig vöxt. Hleðslan er nokkurs konar „líftrygging" fyrir plönturnar. Sem dæmi má taka að í miklum hita og þurrki í ágúst 2004 skrælnuðu tilraunasvæðin á vikrunum í Þjórsárdal. Um helmingur tilraunaplantnanna drapst nema glycine betaine meðferðir þar sem lifunin var um og yfir 80%. Tilraunahópurinn hefur verið í sambandi við erlenda sérfræðinga á sviði skóggræðslu og einnig glycine betaine. Tilraunirnar í Þjórsárdal munu vera einu skógræktartilraunir í heiminum með þetta efni. Kostnaður við skógrækt er í beinu hlutfalli við lifun plantna eftir gróðursetningu. Glycine betaine hleðsla er einföld og ódýr og niðurstöðurnar hafa því verulega efnahagslega þýðingu og opna leiðir í alþjóðlegt rannsóknasamstarf. Þessar rannsóknir hafa ekki haft neinn samastað en tengjast náið særoksrannsóknum.

Trjáræktarsetri sjávarbyggða er ætlað að verða samstarfsvettvangur sérfræðinga á sviði trjáræktar við Norður-Atlantshaf. Það á einnig að verða þekkingarveita um trjá- og skógrækt. Auk venjubundinnar miðlunar er aflvél þekkingarveitunnar tölvulíkan sem leiðbeinir um val tegunda í trjárækt. Líkanið er þannig að hver sem hefur netaðgang getur sótt sérsniðnar tillögur um tegundir og arfgerðir fyrir sinn ræktunarstað. Tillögunum fylgja spár um vöxt, kalhættu, laufgun, blómgun, aldinmyndun og lauffall trjá- og runnategunda ásamt upplýsingum um útlit, svo sem lauflit, lit blóma, aldina og haustlit, auk mynda af plöntunum og margvíslegra annarra upplýsinga um þær. Þetta leiðbeiningarkerfi hefur verið lengi í undirbúningi en er fyrst nú tæknilega fýsilegt. Þekkingarkerfið er afturvirkt og sjálfbætandi.

Verkefni trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum, aðaláherslur:

1. Gera líkan af saltákomu og áhrifum særoks á trjágróður til að:

a. spá fyrir um vöxt, skemmdir og vaxtarlag trjáa,

b. meta langtímagildi nýrra aðferða og arfgerða,

c. skýra áhrif loftslagsbreytinga á vöxt, skemmdir og vaxtarlag trjágróðurs.

2. leita arfgerða (tegunda og afbrigða) og aðferða fyrir trjárækt í sjávarbyggðum við Norður-Atlantshaf með því að:

a. leita að og prófa tré, runna og arfgerðir þeirra,

b. kynbæta tré og runna til að standast særok og skilyrði við sjó með áherslu á víðitegundir,

c. þróa aðferðir fyrir ræktun á strandsvæðum.

3. Rannsaka áhrif særoks og loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi við Norður-Atlantshaf með áherslu á náttúruleg birki- og víðivistkerfi.

4. Rannsaka lífeðlis- og lífefnafræðilegar orsakir saltskemmda og eðli særoksþols hjá trjágróðri.

5. Þróa hagkvæmar aðferðir til að koma upp skógi á berangri.

6. Miðla þekkingu á trjá- og skógrækt á eyjum í kaldtempruðu loftslagi við Norður- Atlantshaf og tengja saman sérfræðinga og áhugamenn á þessu svæði.

*Starfsáherslur á fyrsta ári.*

1. Koma á samstarfi innan lands og erlendis um viðfangsefni setursins og undirbúa sameiginlegar umsóknir til að fjármagna samstarfsverkefnin.

2. Koma upp tilraunagarði og ná samstarfi við Grasagarðinn í Laugardal og Lystigarðinn á Akureyri um samræmda og sameiginlega skráningu á þrifum trjágróðurs.

3. Koma upp heimasíðu setursins með upplýsingum um starfsemina, tengsl særoks og trjágróðurs og sívirku spálíkani sem reiknar særoksálag.

4. Birta niðurstöður fyrirliggjandi rannsókna á áhrifum særoks á trjágróður. Birting niðurstaðnanna er forsenda alþjóðlegs samstarfs um rannsóknir á þessu sviði.

Virðulegi forseti. Ég hef stiklað á stóru og hef ekki farið yfir alla þætti í greinargerðinni. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þingsályktunartillögunni vísað til síðari umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Rannsóknir og sjálfbær nýting jarðhitasvæða, fyrri umr.*

Þáltill. ÁI o.fl., 368. mál. — Þskj. 400.

[20:00]

**Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða sem samin er og lögð fram af einum af okkar öflugu varaþingmönnum hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Álfheiði Ingadóttur. Ég flyt tillöguna með henni ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Jóni Bjarnasyni.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir því að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir þingið tillögur sínar um hvernig lágmarka megi umhverfisáhrif ef ráðist er í rannsóknir og nýtingu jarðhitasvæða. Í tillögunni er gert ráð fyrir að m.a. komi fram:

1. Hvernig lágmarka megi umhverfisáhrif af rannsóknum á jarðhitasvæðum vegna hugsanlegrar nýtingar.

2. Hvernig lágmarka megi röskun umhverfis á undirbúnings- og vinnslustigi á svæðum þar sem leyfi hafa verið veitt.

3. Hvaða mælikvarða beri að leggja á sjálfbærni við nýtingu jarðhitasvæða.

Svo gerir tillagan ráð fyrir því að tillagan sem gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin leggi fyrir þingið verði, ásamt hugmyndum um æskilegar lagabætur og reglur til að ná fram settum markmiðum, kynntar Alþingi Íslendinga fyrir 1. mars 2007.

Það er eðlilegt að sú dagsetning verði færð aftar ef okkur lánast að fá tillöguna afgreidda úr nefnd þar sem nokkuð hefur dregist að fá tækifæri til að mæla fyrir tillögunni.

Markmið tillögunnar er að Alþingi fái til skoðunar tillögur framkvæmdarvaldsins um hvernig lágmarka megi umhverfisröskun við nýtingu jarðhita og hvernig hagnýta megi jarðhitasvæði með sjálfbærum hætti. Kveikjan að *henni má ég segja að sé komin af orkuþingi sem haldið var* fyrr í vetur en þar var fjallað á nokkuð yfirgripsmikinn hátt um þessi mál. Greinargerð tillögunnar fylgja tvær greinar sem birtust í voldugu riti sem gefið var út á orkuþingi og ég mun gera frekari grein fyrir síðar í máli mínu.

Undanfarið hafa umræður um óafturkræf umhverfisáhrif stórra vatnsaflsvirkjana orðið til þess að menn hafa í auknum mæli beint sjónum að jarðvarmavirkjunum með þá von í brjósti að slíkar virkjanir skilji ekki eftir eins alvarleg sár í viðkvæmri náttúru landsins og vatnsaflsvirkjanirnar. *Umhverfisáhrifin sem blasa við á Hellisheiði í tengslum við* framkvæmdir við Hellisheiðarvirkjun, og við höfum séð í sjónvarpsfréttum síðustu daga, benda þó ekki til annars en að töluvert rask fylgi slíkum virkjunum. Þá hafa sjónir manna beinst í auknum mæli að því hvort ná megi meiri orku út úr háhitasvæðunum með nýrri tækni, svokölluðum djúpborunum. Þessi sjónarmið komu afar skýrt fram á téðu orkuþingi sem Samorka gekkst fyrir þar sem möguleg raforkuframleiðsla með jarðvarmavirkjunum fékk sérstaka athygli. Nokkuð ber á því sjónarmiði að um þær geti náðst *meiri sátt en nú ríkir um stórar vatnsaflsvirkjanir* á borð við Kárahnjúkavirkjun.

Í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma var megináhersla lögð á mögulegar vatnsaflsvirkjanir og því er aðeins búið að meta gróflega lítinn hluta mögulegra orkuöflunarkosta í jarðvarma. Þær jarðvarmavirkjanir sem þó komust á blað í fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar virðast fremur sakleysislegar að því er varðar áhrif þeirra á náttúru og umhverfi, með þeim fyrirvara þó að ekki lá fullnægjandi þekking og reynsla að baki matinu á þeim, enda skortir tilfinnanlega rannsóknir á lífríki háhitasvæða.

Umhverfisáhrif af jarðvarmavirkjunum eru þó þekkt að ýmsu leyti og vitað að svæðin eru viðkvæm og lengi að ná sér hafi þeim verið raskað. Þar sem vinnsla er hafin á háhitasvæðum blasa við borplön, stórvaxin háspennumöstur og -línur, haugsvæði, slóðar og þéttriðin net uppbyggðra vega og vatnsröra. Umgengni og frágangi framkvæmdarað-

ila er í ýmsum tilfellum ábótavant og alkunna er að fyrstu rannsóknir, sýnataka og tilraunaboranir spilla ásýnd svæðanna umtalsvert. Til marks um þetta má nefna að í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn orkufyrirtækja um rannsóknarleyfi í Brennisteinsfjöllum segir m.a., með leyfi forseta:

„Eftir jarðhitarannsóknir, eins og fyrirhugaðar eru í Brennisteinsfjöllum, verður svæðið ekki lengur ósnortið og forsendur fyrir frekari vernd þess breyttar að sama skapi. Rannsóknarleyfi jafngildir því stefnumörkun um framtíðarnýtingu."

Um umgengni og mannvirkjagerð á jarðhitasvæðum gilda almenn ákvæði náttúruverndarlaga, og njóta heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður, 100 fermetrar að stærð eða stærri, sérstakrar verndar. Framkvæmdir við jarðhitavirkjanir fara fram að undangengnu umhverfismati. Oft er þó vikið frá upphaflegri hönnun og leyfum hvað varðar efnistöku, haugsvæði og vegagerð, og stysta og ódýrasta leiðin valin. Eftirliti með frágangi er gjarnan ábótavant. Þannig valda framkvæmdaraðilar oft óþarfaraski á jarðmyndunum, gróðri og ásýnd jarðhitasvæða, sem hindrar síðari tíma nýtingu svæðanna til ferðamennsku eða annarrar náttúruvænni nýtingar.

Stóru orkufyrirtækin, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja, hafa að undanförnu att kappi um rannsóknar- og nýtingarleyfi á flestum ef ekki öllum háhitasvæðum landsins. Þetta kemur vel fram í nýútkominni skýrslu auðlindanefndar, „Framtíðarsýn um nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls", sem kynnt var í október 2006. Menn bíða í ofvæni eftir því að sjá frumvarp sem byggir á tillögum þessarar nefndar. Það mun vera í farvatninu þó að einhverjir hnökrar virðist hafa komið á framgang þess máls innan þingflokka ríkisstjórnarinnar. Í skýrslu þessari er birt tafla yfir útgefin rannsóknarleyfi á jarðhitasvæðum og taldar upp þær umsóknir um rannsóknarleyfi sem iðnaðarráðuneytinu hafa borist: Í greinargerð með tillögu þessari sem ég hér mæli fyrir er vitnað sérstaklega til þessarar skýrslu og birt tafla um útgefin rannsóknarleyfi fyrir jarðhita eins og sú útgáfa stóð í ágúst 2006. Mér er ekki kunnugt um að hún hafi breyst síðan. Ég veit ekki betur en að allt sé í frosti í iðnaðarráðuneytinu hvað það varðar að ekki sé verið að gefa út ný leyfi til rannsókna fyrr en lagasetning á grundvelli tillagna auðlindanefndarinnar er komin í gegnum Alþingi.

Svo kemur sömuleiðis fram í skýrslunni „Framtíðarsýn um nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls" að hjá iðnaðarráðuneytinu bíði nú afgreiðslu 21 umsókn um rannsóknarleyfi vegna jarðhita og vatnsafls á 15 svæðum en þar af eru um 12 umsóknir vegna jarðhita og níu vegna vatnsafls. Þar kemur fram að svæðin sem um er að ræða vegna jarðhita eru Brennisteinsfjöll, Fremri-Námar, Gjástykki, Grændalur, Kelduhverfi, Kerlingarfjöll, Krýsuvík og Torfajökulssvæði.

Ásókn orkufyrirtækjanna í þessi rannsóknarleyfi á nýjum og viðkvæmum háhitasvæðum veldur, a.m.k. okkur sem aðhyllumst náttúruvernd og beitum okkur gegn þeim stóriðjuáformum sem uppi eru, áhyggjum þar sem við blasir eyðilegging á ásýnd og landslagi þar sem rannsóknarleyfi hafa verið veitt eins og t.d. á Reykjanesi og Hellisheiði. Hafa ber í huga að rannsóknarleyfi eru ekki nýtingarleyfi og veita því enga heimild fyrir fullvinnslu orku á viðkomandi svæði. Hins vegar segir það sig sjálft að þegar búið er að raska svæði að hluta með rannsóknum er erfiðara að koma í veg fyrir nýtingu í ljósi þess að svæðinu hefur þegar verið raskað með rannsóknunum. Tilhneigingin er því sú að ef búið er að hleypa rannsóknaraðilum inn, búið að gera borplön og bora tilraunaholur er svo einfalt mál að segja: Já, auðvitað verðum við að halda áfram og það verður bara að gefa nýtingarleyfi, það er hvort sem er búið að raska svæðinu.

Það skiptir öllu máli í þessu tilliti að ekki sé farið inn á ný svæði nema gildar ástæður séu til. Og hverjar væru þær gildu ástæður? Í mínum huga almannahagsmunir en ekki hagsmunir orkufyrirtækja eða stóriðjufyrirtækjanna, sannarlega ekki. Við hvetjum til að hér verði farið með gát í einu og öllu og það er brýnt að reglur um lágmörkun umhverfisáhrifa á jarðhitasvæðum liggi fyrir áður en farið verður að úthluta nýjum rannsóknarleyfum á grundvelli tillagna auðlindanefndarinnar. Ég minni á fyrirvara þeirrar sem hér stendur við skýrslu auðlindanefndarinnar sem lýtur m.a. að því að niðurstöður úr rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma séu afar gallaðar og ekki til að byggja á neinar endanlegar niðurstöður í þessum efnum.

Ég er komin að kafla um sjálfbæra nýtingu í þessari greinargerð sem er kannski sá síðasti sem ég fer yfir í þessari ræðu þar sem tími minn fer að styttast. Þar kemur fram að reglurnar þurfi einnig að taka til umgengni og vinnulags við nýtingu, rekstur og viðhald jarðvarmavirkjana á háhitasvæðum þannig að vinnsluleyfi jafngildi ekki eyðileggingu á náttúru svæðanna. Slíkt er líka óþarft með nútímatækni og -samgöngum svo sem áður er nefnt þannig að ekki er þörf á uppbyggðum vegum að og frá háspennumöstrum vegna viðhalds þar sem viðgerða á þeim er helst þörf yfir háveturinn þegar notast má við snjóbíla og vélsleða. Það er sem sagt grundvallaratriði í okkar huga sem flytjum þessa tillögu að þegar jarðhitinn er nýttur verði sú nýting sjálfbær. Það er ekki einfalt mál eins og kemur fram í greinum þeim sem hér eru birtar sem fylgiskjöl með tillögunni.

Fyrri greinin er eftir Sveinbjörn Björnsson og heitir „Orkugeta jarðhita". Hún byggir á erindi sem flutt var á orkuþingi 2006 og fjallar Sveinbjörn þar á afar greinargóðan, aðgengilegan og skiljanlegan hátt um orkugetu háhitasvæðanna. Hann fjallar um stærð helstu háhitasvæða og orkugetu þeirra, víðáttu háviðnámskjarna og tæknilega vinnanlegt afl á helstu háhitasvæðunum og virkjanir sem þegar eru komnar á háhitasvæðin, varmaforða háhitasvæðanna og varmaforða í miðrein gosbeltanna. Allt er þetta afar fróðlegt aflestrar en í lokin kemur Sveinbjörn inn á sjálfbæra nýtingu og það hversu miklir möguleikar eru á því að svæðin endurnýi sig. Í greininni kemur fram að ef ekki er unnt að nýta afgangsvarmann sem til fellur við uppdælingu frá raforkuframleiðslunni til húshitunar eða iðnaðar er æskilegt að honum sé skilað aftur niður í varmageyminn.

Sveinbjörn segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi hjálpar niðurdæling afgangsvatns til að halda uppi þrýstingi í jarðhitakerfinu og viðhalda afli í vinnsluholum, auk þess minnkar hún hættu á innrás kaldara vatns frá umhverfi. Varminn í afgangsvatninu bætir einnig fyrir þann varma sem burt var numinn þótt honum sé skilað

við lægri hita en þegar hann var tekinn. Í þriðja lagi dregur niðurdæling úr umhverfisspjöllum á landi af völdum afgangsvatnsins, þótt það hafi stundum nýst til baða eins og í Svartsengi og við Námafjall.

Þar sem vinnsla jarðhita felur jafnan í sér varmanám sem er hraðara en endurnýjun varmans með varmaleiðingu eða aðstreymi vatns og gufu, getur vinnslan ekki talist sjálfbær nema hlé séu gerð á henni til þess að leyfa jarðhitakerfinu að jafna sig eftir varmanámið."

Virðulegi forseti. Þetta finnst mér afar athyglisverð niðurstaða hjá Sveinbirni, að vinnslan geti ekki talist sjálfbær nema gerð séu hlé á henni til þess að leyfa jarðhitakerfinu að jafna sig. Sveinbjörn bendir á að betur sé fjallað um þetta í annarri grein sem birtist líka í riti orkuþingsins. Sú er eftir Guðna Axelsson, reyndar Sveinbjörn líka og Valgarð Stefánsson og er einnig birt sem fylgiskjal með tillögu þessari. Meginniðurstaða hennar er að hagkvæmast muni að auka vinnsluna í þrepum en reynist hún of ágeng þurfi að hvíla jarðhitakerfið í álíka eða nokkru lengri tíma en vinnslan hefur staðið. Dæmi um vinnslutíma væri 30 ár en hvíld í 30–50 ár. Ef ágeng vinnsla er stunduð lengi í byrjun getur hún leitt til þess að orkugeta kerfisins til lengdar verði minni en það jafnvægi sem næðist með hæfilegum tímabilum vinnslu og hvíldar. Einnig þarf að huga að endurheimt fyrri landgæða þegar hlé er gert á vinnslu eða henni hætt. Um hana má vísa til fyrirmynda hjá olíuiðnaði og þeirra skilyrða sem hann verður að hlíta um frágang og niðurrif mannvirkja að nýtingu lokinni.

Þetta er afar athyglisverð niðurstaða sem þessir færu vísindamenn okkar komast að í þeim greinum sem fylgja hér með þessari tillögu og ég hvet áhugasama endilega til að kynna sér. Ef raunin er að raforkuvinnsla á jarðvarma sé ekki sjálfbær nema á þann hátt að kerfin séu hvíld reglulega — við erum að tala um kannski 300 ára tímabil sem lagt er mat á og ef vinnslan er ágeng eins og hún hefur verið í þeim kerfum sem við höfum nú þegar hafið vinnslu á er talið eðlilegt að jarðhitakerfin þurfi að hvíla sig í 30–50 ár ef búið er að vinna orkuna í 30–50 ár þar á undan. Þetta er ferli sem vísindamennirnir gera grein fyrir í þessum greinum og það segir mér aðeins eitt: Vinnsla raforku úr jarðvarma er eitthvað sem við eigum að fara afar sparlega með og alls ekki spandera á stóriðju.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. iðnaðarnefndar til frekari umfjöllunar og síðan síðari umr. Mér þætti líka fengur að því og bendi iðnaðarnefnd kannski á það hér í þessari umræðu að fá umsögn um þetta mál hjá umhverfisnefnd Alþingis. Ég tel að þetta sé dæmi um mál sem þessar nefndir hafa báðar á verksviði sínu og því væri fengur að því að báðar nefndirnar fjölluðu um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umferðarlög, 1. umr.*

Frv. VF o.fl., 178. mál (bifreiðastæði fatlaðra). — Þskj. 178.

[20:16]

**Flm. (Valdimar L. Friðriksson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þingmenn Helgi Hjörvar, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jón Gunnarsson og Katrín Júlíusdóttir.

Frumvarpið gengur út á það að setja skýrt í lög heimild til þess að sekta ófatlaða einstaklinga sem leggja í bílastæði sérmerkt fötluðum. Frumvarpið er í fjórum greinum.

Í 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 28. gr. laganna:

a. Orðin „eða bifreiðir fatlaðra, og" í h-lið falla brott.

b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: á merktu stæði fyrir bifreiðir fatlaðra."

Síðan koma breytingar, tilfærslur á liðum sem nauðsynlegt er að gera og í 4. gr. segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég flutti frumvarpið áður á 132. löggjafarþingi en þá náði það ekki afgreiðslu.

Bifreiðastæði merkt fötluðum eru þeim einstaklingum afar mikilvæg til að geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu og verið sjálfbjarga í daglegu lífi. Reglugerð nr. 369/2000, um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, með síðari breytingum, tekur mið af sambærilegum reglum hjá EES-löndunum. Hér á landi er verulega ábótavant að reglur um nefnd stæði fatlaðra séu virtar af ökumönnum og oft lagt í þessi stæði þó P-stæðiskort hreyfihamlaðra sé ekki til staðar í bifreið. Það er því rík ástæða til að skapa úrræði í umferðarlögum sem hvetja til þess að nefnd stæði komi réttum einstaklingum að gagni. Með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á 108. gr. umferðarlaga og kveðið á um að leggja megi á gjald ef bifreið er lagt í stæði sem er merkt fötluðum, þ.e. að sekta megi þá ófötluðu einstaklinga sem misnota bifreiðastæði sem eru sérmerkt fötluðum.

Í 2. mgr. 100. gr. laganna kemur fram að ekki skuli refsað fyrir þau brot sem greint er frá í 108. gr. nema stöðvun og lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum í umferðinni. Lagt er til að þessu verði breytt þannig að refsað verði fyrir brot sem tilgreind eru í 1. mgr. 108. gr. nema þau sem kveðið er á um í a-lið ákvæðisins, þ.e. þegar lagt er í stæði sem ekki eru sérstaklega merkt á þann hátt eða þegar lagt er á gangstétt.

Herra forseti. Miðað við mikinn fjölda svokallaðra P-stæðiskorta fyrir fatlaða sem eru gefin út er um nokkur hundruð einstaklinga að ræða sem þurfa og hafa fullan rétt á að nýta sér þessi sérmerktu bílastæði. Þau bílastæði eru mjög mikilvægur þáttur í að bæta möguleika hreyfihamlaðs fólks til þátttöku í samfélaginu og að skapa þeim jöfn tækifæri. Að mínu mati ber okkur skylda til þess á hinu háa Alþingi að leggja okkar af mörkum til að vernda þennan rétt

þeirra til að hafa þau stæði fyrir sig og setja til þess skýr ákvæði í lögum.

Það er því miður þannig í okkar þjóðfélagi og eflaust víðar, að ófatlaðir einstaklingar misnota oft þessi stæði. Þess vegna legg ég það til og líka af því að það gætir víða misskilnings í þjóðfélaginu að það sé sektarákvæði til í lögum, en það er það því miður ekki. Að mínu mati er því nauðsynlegt að hafa sektarákvæði og lögreglan metur síðan hversu há sektin skuli vera. Ég er að tala um í dag nokkra tugi þúsunda, 30–40 þús., ef ófatlaður einstaklingur leggur í sérmerkt bílastæði. Það ætti alla vega að verða til þess að viðkomandi geri það ekki aftur. Sektin er því ekki hugsuð sem tekjur í ríkiskassann heldur fyrst og fremst sem fælingarmáttur til að reyna að tryggja það að fatlaðir hafi þann aðgang að sérmerktu bílastæðunum sem þeim ber.

Þegar maður ræðir við þá einstaklinga sem hafa yfir að ráða hinum svokölluðu P-stæðiskortum þá kvarta þeir gjarnan undan því að á ákveðnum álagstímum í þjóðfélaginu, t.d. seinni partinn á föstudögum, laugardögum og nálægt hátíðum sé mjög algengt að ófatlaðir misnoti þessi bílastæði við verslanir og jafnframt á virkum dögum við þjónustustofnanir, en gera sér ekki grein fyrir því að í leiðinni eru þeir að takmarka aðgang fatlaðra að þeim verslunum, fyrirtækjum og stofnunum, því það getur skipt miklu máli að fatlaður einstaklingur þurfi ekki að ganga við hækjur eða keyra í hjólastól langar vegalengdir til að komast á ákveðinn stað. Það er einmitt grunnástæðan fyrir því að þessi stæði eru yfirleitt á besta stað, til þess að auðvelda viðkomandi einstaklingi að fara og nýta sér þá þjónustu sem hann á jafnan rétt á og allir aðrir. Það er því miður brotalöm í þjóðfélagi okkar og það er ástæðan fyrir því að ég kem fram með frumvarp til laga til að breyta, til þess að heimila lögreglu alveg skýrt að sekta ófatlaða einstaklinga sem leggja í bílastæði sérmerkt fötluðum.

Það er kannski rétt að nefna það líka í leiðinni að það er væntanlegt frumvarp til laga um mannvirki og skipulagslög. Ég tel að þar beri okkur skylda til að setja skýrari ákvæði en nú eru um aðgengi allra að mannvirkjum, byggingum, umhverfi o.s.frv. Þetta miðar allt að því að skapa hreyfihömluðum raunveruleg tækifæri til að komast um í samfélaginu, t.d. vegna sjálfstæðrar búsetu, menntunar og atvinnu. Þeir eiga að sjálfsögðu að eiga jafna möguleika og allir aðrir þjóðfélagsþegnar. Því er afar mikilvægt að aðgengi sé eins og best verður á kosið annars vegar og hins vegar að þeir geti haft í friði hin svokölluðu sérmerktu bláu bílastæði sem eru eingöngu ætluð fötluðum og þeim sem hafa í bifreiðinni sérstakt P-stæðiskort.

Herra forseti. Ég vona að frumvarpið fái skjóta afgreiðslu og geti orðið að lögum strax í vor.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, 1. umr.***

Frv. KHG, 37. mál (yfirstjórn hafrannsókna, heildaraflamark). — Þskj. 37.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10., 14.–16., 18., 21., 23.–27. og 29.–30. mál.

Fundi slitið kl. 20:26.

---

# 65. FUNDUR

mánudaginn 5. febr.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 432. mál, þskj. 520. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 459. mál, þskj. 624. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Sala áfengis og tóbaks, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Aukin þjónusta við ungbarnafjölskyldur, þáltill., 73. mál, þskj. 73. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Textun, frv., 30. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Almannatryggingar, frv., 54. mál, þskj. 54. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Trjáræktarsetur sjávarbyggða, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 37. mál, þskj. 37. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Rannsóknir og sjálfbær nýting jarðhitasvæða, þáltill., 368. mál, þskj. 400. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Umferðarlög, frv., 178. mál, þskj. 178. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

14. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 443. mál, þskj. 566. — 1. umr.
15. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 430. mál, þskj. 518. — Fyrri umr.
16. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 449. mál, þskj. 577. — Fyrri umr.
17. Siglingavernd, stjfrv., 238. mál, þskj. 241, nál. 794, brtt. 795. — 2. umr.
18. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 530. mál, þskj. 799. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[15:04]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Borist hefur bréf frá 5. þm. Reykv. n., Helga Hjörvar, dagsett 1. febrúar sl. sem hljóðar svo:

„Þar sem ég verð í fæðingarorlofi á næstunni, sbr. 12. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum, og sæki ekki þingfundi óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Reykv. n., Ellert B. Schram, fyrrverandi ritstjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Ellert B. Schram hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[15:05]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Um kl. fjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um leynisamninga með varnarsamningnum 1951. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, verður til andsvara.

Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í klukkustund.

[15:05]

**Útbýting:**

Aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu, 548. mál, fsp. HHj, þskj. 817.

Fátækt barna og stuðningur við barnafjölskyldur, 545. mál, fsp. HHj, þskj. 824.

Tekjuskattur, 550. mál, frv. SJS, þskj. 821.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. þingskapa.*

*Stefna í loftslagsmálum.*

[15:06]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Að undanförnu hafa farið fram heilmiklar umræður um loftslagsmál í kjölfar niðurstöðu frá loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna sem kynnt var í París fyrir helgina. Í þeirri umræðu sem fram hefur farið hefur mjög verið kallað eftir pólitískri forustu í loftslagsmálum, og það verður að segjast eins og er, virðulegur forseti, að manni virðist nokkuð skorta upp á hana í hæstv. ríkisstjórn.

Samfylkingin á í þingskjölum tvær tillögur, tvö mál, sem komu fram strax í haust og lúta að loftslagsmálum. Hvorugt þeirra mála hefur komist á dagskrá þingsins og til umræðu. Annað þeirra lýtur að tillögum okkar um fagra Ísland, en þar er tekið sérstaklega á því að gera þurfi langtímaáætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og hitt þingmálið er um mikilvægi þess að Alþingi taki ákvörðun um hvernig íslenska ákvæðið samkvæmt Kyotobókuninni verði notað.

Eins og ég sagði er kallað eftir pólitískri forustu af hálfu ríkisstjórna heims og mörg ríki Norðurlanda og Evrópusambandið hafa lýst því yfir að stefna eigi að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 30% fram til 2020. Breska ríkisstjórnin segir um 60% til ársins 2050.

Hæstv. forsætisráðherra fer með pólitíska forustu í ríkisstjórninni en hann hefur ekki tjáð sig um þessi mál enn þá svo mér sé kunnugt. Ég hlýt að spyrja hæstv. forseta hver afstaða hans sé. Á hvern hátt hyggst hann beita sér í þessum málum meðan hann er í forustu fyrir ríkisstjórninni? Hvert verður samningsumboð þeirrar samninganefndar sem fer til Balí í haust til að fjalla um þessi mál. Mun það verða samningsmarkmið okkar að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda um 30% fram til 2020 eða mun áfram verða gert út á sérstöðu okkar og reynt að ná í viðbótarkvóta eins og helst hefur mátt skilja, jafnvel á hæstv. umhverfisráðherra, í þeirri fjölmiðlaumræðu sem farið hefur fram?

[15:08]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem hv. þingmaður vitnaði til er að sjálfsögðu mjög merkileg og efni hennar er grafalvarlegt. Skýrslan staðfestir, þó hún sé aðeins fyrsti hluti af nokkrum sem eiga að koma fram á næstunni í verkefni þessarar nefndar Sameinuðu þjóðanna, að hlýnun loftslags er ekki bara staðreynd heldur bendir allt til þess að það sé a.m.k. að hluta til af mannavöldum. Þess vegna er brýnt að þjóðir heims taki sig saman og sporni við fótum.

Hins vegar er jákvætt í skýrslunni að fram kemur að ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á Golfstraumnum eins og sumir höfðu óttast. Þar eru auðvitað miklir hagsmunir Íslands í húfi að ekki verði breyting þar á en sumir höfðu spáð því fyrir nokkru síðan að vegna þessara loftslagsbreytinga yrði Ísland umlukið hafís áður en mjög langt um liði. Sem betur fer er það ekki líklegt.

Stærsti vandinn í þessu er að sjálfsögðu notkun elds-

neytis og annarra efna sem kalla fram losun á koldíoxíði en besta lausnin frá sjónarhóli alheimsins er að nýta sem mest og best endurnýjanlega orku eins og við Íslendingar höfum í miklum mæli. Það er rangt að gera því skóna að eitthvað af því sem hér er að gerast sé með einhverjum hætti Íslendingum að kenna. Þvert á móti höfum við lagt okkar af mörkum til að draga úr mengun og auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa og það sem við getum jafnframt gert er að flytja út tækni og þekkingu til annarra til að nýta sér þá tækni.

[15:11]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Eitthvað hefur forsætisráðherra tekið þetta skakkt í sig því ég var ekki uppi með neinar ásakanir af einu eða neinu tagi. Ég spurði einfaldlega um hvernig forustu hann ætlaði að veita í þessum málaflokki sem forustumaður í ríkisstjórninni, hvort hann ætlaði að taka undir með Evrópuþjóðum og Norðurlandaþjóðum og þess vegna flokksbræðrum sínum, t.d. Cameron í Bretlandi, norska flokknum og umhverfisráðherra Danmerkur, í þá veru að draga eigi úr þessum 30% fram til 2020 eða hvort Íslendingar ætluðu aftur að fara fram með þeim hætti að gera út á sérstöðu sína og krefjast þess að þeir fái einhverja sérmeðferð í þessum málum. Um þetta spurði ég og ekki annað.

Ég tók líka eftir því í Fréttablaðinu í dag að sagt er að 45 ríki hafi lýst yfir stuðningi við að komið verði á fót alþjóðlegri stofnun sem hafi tæki til að beita refsiúrræðum gagnvart þeim þjóðum sem ekki undirgangast þær kröfur sem alþjóðasamfélagið gerir. Ég sá að Ísland er ekki meðal þeirra þjóða. Hvernig stendur á því að við tökum ekki þátt í slíku starfi?

[15:12]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Slíkri spurningu sem hér var varpað fram af hv. þingmanni verður að sjálfsögðu ekki svarað í óundirbúinni fyrirspurn.

En varðandi málið í heild sinni er Ísland þannig í sveit sett að það mun ekki skerast úr leik þegar kemur að því að ná samstöðu milli þjóða um losun gróðurhúsalofttegunda og það er bara misskilningur ef menn halda að Íslendingar hafi gengið öðrum framar í að menga umhverfi sitt eins og stundum er haldið fram eða skilja mætti á ákveðnum aðilum innan þings og utan. (Gripið fram í.) Það sem skiptir máli er að þjóðir heims taki höndum saman um að taka á þessum vanda og ekki mun standa á íslensku ríkisstjórninni í að vera með í því.

[15:13]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Mér finnst merkilegt að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki getað svarað þessu í óundirbúinni fyrirspurn. Þetta er búið að vera í umræðunni, ekki bara undanfarna daga heldur hefur legið fyrir frá 1995 að hverju stefndi í þessu efni. Þjóðarleiðtogar um allan heim hafa verið að tjá sig um þessi mál, Chirac Frakklandsforseti, Blair, forsætisráðherra Breta, Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, en forsætisráðherra Íslands hefur ekki gert upp hug sinn um hvert hann vilji stefna í þessum málum þar sem alþjóðasamfélagið er núna að taka höndum saman um að stefna að því að draga úr um 30%. Það eru sem sagt Bush og Geir Haarde sem standa eftir eins og saltstólpar í þessu máli og geta ekki tekið afstöðu til málsins meðan allir aðrir geta gert það.

[15:14]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Þessi málflutningur auðvitað dæmir sig sjálfur. Það er leiðinlegt ef þetta var tilgangurinn með því að þjófstarta utandagskrárumræðu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur farið fram á til að ná fram (**Gripið fram í:** Kaffibandalaginu ...) (Gripið fram í.) í kaffibrandaralaginu einhverju skoti á ríkisstjórnina á þessum grundvelli.

Ég endurtek eingöngu það að íslenska ríkisstjórnin og vonandi við öll, Alþingi allt, mun koma fram af fyllstu ábyrgð í þessu máli. Sendinefnd okkar á þeirri ráðstefnu sem þingmaðurinn gat um mun koma þangað upprétt. Við stöndum vel að vígi, við höfum gert okkar til að draga úr mengun í heiminum. Við viljum hjálpa öðrum til að þeir geti líka gert það og ég held að hvorki hv. fyrirspyrjandi né aðrir þingmenn þurfi að hafa einhverjar sérstakar áhyggjur af því að Íslandi standi ekki sína plikt í þessu máli.

*Málefni Byrgisins og ráðherraábyrgð.*

[15:15]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Frá því að sjónvarpsþátturinn Kompás á Stöð 2 vakti í desember máls á málefni Byrgisins hafa verið miklar umræður í þjóðfélaginu um hver beri ábyrgð. Við höfum séð nokkra ráðherra víkja sér undan málinu, neita að tjá sig, benda á aðra, benda á formann fjárlaganefndar o.s.frv.

Á fundi félagsmálanefndar 31. janúar sl. kom fram hjá starfsmanni félagsmálaráðuneytisins að árið 2003 hafi starfsmenn bent ráðherra á að það þyrfti að skoða málefni og styrkveitingar til Byrgisins en það var ekki pólitískur vilji til að taka á málinu.

Þá erum við komin aftur að ráðherranum, frú forseti. Fyrir fimm árum kom það skýrt fram á minnisblaði á ríkisstjórnarfundi að rekstur Byrgisins væri slæmur, fjármálastjórn slæm, skammtímaskuldir miklar, bókhaldsóreiða o.s.frv. Í lögum um ráðherraábyrgð frá 19. febrúar 1963 segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Ráðherra má krefja ábyrgðar samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá ...“

Jafnframt segir í 7. gr., með leyfi forseta:

„Ráðherra sá, er ábyrgð ber á embættisathöfn samkvæmt greinunum hér á undan, verður einnig sóttur til ábyrgðar fyrir athafnir undirmanna sinna ...“

Í 11. gr. segir:

„Brot gegn lögum þessum varða, eftir málavöxtum, embættismissi“ o.s.frv.

Í ljósi þessa vil ég fá að spyrja hér hæstv. forsætisráðherra: Hver ber að hans mati ábyrgð á mistökum í þessu máli? Telur hæstv. forsætisráðherra að félagsmálaráðherra eigi að segja af sér vegna Byrgismálsins?

[15:17]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Auðvitað á núverandi félagsmálaráðherra ekki að segja af sér út af þessu máli. Það er hann í krafti embættis síns sem hefur beitt sér fyrir því að það var farið yfir þetta mál með þeim hætti sem nauðsynlegt var eftir að það fyrst kom upp.

Auðvitað, hv. þingmaður og virðulegi forseti, var víða pottur brotinn í þessu máli, því miður. En viljum við þá ekki rifja aðeins upp hverjir það voru sem hvöttu kannski helst til þess að meiri og meiri fjármunir yrðu settir til Byrgisins? (**Gripið fram í:** Hverjir voru það?) Af hverju lesa menn ekki þingtíðindin fyrir t.d. afgreiðslu fjárlaga 2003? (Gripið fram í.) Hvaða þingmenn voru það, já? (**Gripið fram í:** Hverjir voru það?) Í stjórnarandstöðu og stjórn —

(**Forseti** (RG)**:** Forseti krefst þess að það sé hljóð í salnum.) (**Gripið fram í:** ... stjórnarandstöðunnar.)

Ég sagði það ekki, hv. þingmaður, ég sagði í stjórnarandstöðu og stjórn. Og ég held að stjórnarandstöðuþingmennirnir ættu sérstaklega að lesa sín eigin ummæli um þetta (**Gripið fram í:** Af hverju ...?) og þær heitstrengingar sem uppi voru hafðar af þeirra hálfu varðandi þetta mál, eins og reyndar ýmis önnur mál í kringum afgreiðslu fjárlaga. (Gripið fram í.)

Málið varðandi Byrgið er því miður orðið að hneykslismáli. Það er fjárhagslegt hneykslismál en það er líka hneykslismál hvað varðar mannlega þætti í þessari starfsemi. Þetta mál er allt til rannsóknar og athugunar hjá réttum aðilum og vonandi kemur hið sanna í ljós varðandi alla þætti þessa máls. Framkvæmdin á þessum fjárveitingum til Byrgisins var að sjálfsögðu í viðkomandi fagráðuneyti. Þar virðist hafa verið pottur brotinn hvað varðar eftirlit. Hvort það er einhverjum einstökum manni að kenna vil ég auðvitað ekki dæma um.

En ef menn vilja beita lögum um ráðherraábyrgð hér er það nú nokkuð seint gert. Þeir félagsmálaráðherrar sem komu að þessu máli eru nú báðir hættir og tel ég reyndar mjög úr stíl (Forseti hringir.) og fjarri lagi að þessi ákvæði laganna hefðu átt við um embættisfærslur þeirra í málinu.

[15:19]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég var einfaldlega að reyna að fá sýn hæstv. forsætisráðherra á þessi lög um ráðherraábyrgð. Úr því að það er ekki hæstv. félagsmálaráðherra, og hér hefur forsætisráðherra fært rök fyrir því, segir jafnframt í 5. gr. í lögum um ráðherraábyrgð:

„Sé um að ræða embættisathöfn í ríkisráði eða á ráðherrafundi, sbr. 16. og 17. gr. stjórnarskrárinnar, bera allir viðstaddir ráðherrar, sem með ráðum, fortölum, atkvæði eða á annan hátt hafa stuðlað að þeirri athöfn, ábyrgð á henni."

Ég skil það þannig að allir þeir sem voru á þessum fundi fyrir fimm árum þegar málið kom á dagskrá beri þar af leiðandi ábyrgð og ég ítreka enn þá 11. gr.:

„Brot gegn lögum þessum varða, eftir málavöxtum, embættismissi ..."

Þá hlýt ég að spyrja hæstv. forsætisráðherra, úr því að hann er búinn að vísa þessu frá félagsmálaráðherra: Ber ekki hæstv. forsætisráðherra ábyrgð á málinu? Er það þá ekki hans að segja af sér?

[15:20]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Hér eru á ferðinni mjög nýstárlegar kenningar um túlkun laganna um ráðherraábyrgð. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þá túlkun.

[15:20]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég las bara einfaldlega úr lögunum og spurði um túlkun ráðherrans enda er hann löglærður en ekki ég. (**Gripið fram í:** Reyndar ekki.) Jæja, en ég skil það þannig að eftir þessu og 5. gr. beri í raun og veru hæstv. forsætisráðherra ábyrgð. Það er að sjálfsögðu það sem hann vildi ekki svara.

Varðandi það sem forsætisráðherra svaraði áðan um stjórnarandstöðuna — þær ákvarðanir sem stjórnarandstaðan tók á sínum tíma tók hún að hluta til vegna þess að hún var leynd gögnum. Það er akkúrat það sem ég er að tala um. Þessi gögn komu fyrir á fundi ráðherra sem m.a. hæstv. núverandi forsætisráðherra sat. Af hverju ber hann ekki ábyrgð í málinu? Samkvæmt þessum lögum, eins og ég skil þau, ber hæstv. forsætisráðherra ábyrgð. Ef hann ætlar að firra félagsmálaráðherra vegna örra stólaskipta hjá Framsóknarflokknum hlýtur það að vera sjálfur forsætisráðherra sem ber ábyrgð og á þess vegna að segja af sér.

*Bæklingur um málefni aldraða.*

[15:21]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur staðfest opinberlega að hún hafi notað fé úr Framkvæmdasjóði aldraða til að borga fyrir bækling sinn um nýja sýn og áherslur ráðherrans í öldrunarmálum og í útsendingu á þeim bæklingi, fé úr sjóði sem allir landsmenn, hver og einn, greiða í nefskatt, á sjöunda þúsund kr. á ári, til að byggja upp hjúkrunarheimili og stofnanir fyrir aldraða.

Við vitum alveg hvernig ástandið er í þeim málum. Féð hefur ekki skilað sér í uppbyggingu nema að hluta. Mörg hundruð manns eru á biðlistum og engin ný hjúkrunarpláss bættust við allt árið 2006. Peningar úr sjóðnum hafa farið í annað, í rekstur og ýmsa styrki eins og t.d. þennan glansbækling hér og útsendingu á honum.

Ég get ekki séð að ráðherra hafi nokkra heimild til að taka peninga úr sjóðnum í svona verkefni fyrir sjálfa sig. Sjóðurinn á að fara í uppbyggingu og í að efla öldrunarþjónustu. Ég get ekki séð að svona bæklingur uppfylli slík skilyrði. Þetta er persónulegur bæklingur þar sem ráðherra talar í 1. persónu um hvað hún ætlar að gera. Hún á núna eftir þrjá mánuði á valdastóli.

Þetta er loforðabæklingur og í honum er hvergi sagt hvernig ástandið er. Ég ætla að nefna dæmi úr þessum bæklingi, t.d. 1. kaflanum. Þar segir að ráðherra muni nú þegar hefja endurskoðun á lögum um málefni aldraðra. Hún skipaði nefnd þegar bæklingurinn kom, rúmlega hálfu ári fyrir kosningar, og nefndin hefur aldrei verið kölluð saman.

Hún lofar líka fleiri hjúkrunarrýmum, en þeim hefur ekki fjölgað neitt eins og ég sagði. Við lestur þessa bæklings hljómar hann eins og dæmigerður kosningabæklingur um það hvað ráðherra hyggst gera á næstu árum, þ.e. eftir kosningar. Ég spyr. Hversu lengi hafa ráðherrar heilbrigðismála notað Framkvæmdasjóð aldraðra (Forseti hringir.) í eigin þágu, sem sitt eigið ráðstöfunarfé? Hve mikið hafa þeir tekið úr þessum sjóði á þann hátt?

[15:24]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hér er nú um dæmalaust mál að ræða. Þetta er stormur í vatnsglasi. Það er búið að kalla eftir stefnumótun í öldrunarmálum um langt skeið og hún hefur verið unnin. Það er skylt að upplýsa um þá stefnumótun sem við erum að vinna eftir.

Þar kemur fram hvaða þjónustu við veitum og hvaða þjónustu við ætlum að leggja áherslu á gagnvart öldrunarmálunum á næstu missirum. Það er eðlilegt að koma því á framfæri í upplýsingariti við þá sem eiga að njóta þjónustunnar, þennan hagsmunahóp, og fagaðila.

Það er rangt sem hér kom fram að ekkert væri búið að gera. Það er búið að gera mjög mikið sem kemur fram í þessu upplýsingariti enda var það gefið út síðasta sumar.

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra er alveg ljóst að við höfum fullar heimildir til að koma þessum upplýsingum á framfæri. En í lögunum stendur, með leyfi forseta:

„Framkvæmdasjóður aldraðra skal stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt."

Það kemur líka fram í hvað fjármagnið á að fara og þar segir að það geti farið til „annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu". Það hafa verið svokölluð þróunarverkefni, rannsóknir og að koma upplýsingum á framfæri svo að eitthvað sé nefnt.

Það er alveg skýrt að það er heimilt að veita fé úr sjóðnum til annarra verkefna en byggingar öldrunarstofnana enda mjög mikilvægt að geta veitt styrki, t.d. til þróunarverkefna, rannsóknarverkefna og til að koma upplýsingum á framfæri til að efla öldrunarþjónustuna um allt land.

Þetta er allt í eðlilegum farvegi og alveg fráleitt að tala hér um að þetta sé persónulegt mál. Ég vil í krafti þess að vera ráðherra koma upplýsingum á framfæri og tel það mikilvægt.

Árin 1981–1992 var fé úr sjóðnum sett í uppbyggingu. Frá 1992 hefur samkvæmt lögum fé verið sett í rekstur en við höfum náð samkomulagi við aldraða um að á næstu tveimur árum fari rekstrarféð í uppbyggingu. Það verður samt áfram heimilt að veita fé til annarra verkefna sem stuðlað geta að uppbyggingu. (Gripið fram í.)

[15:27]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra svaraði mér því ekki hversu mikla peninga ráðherrar hafi tekið úr sjóðnum til sérstakrar kynningarstarfsemi fyrir sjálfa sig.

Þetta er ekki upplýsingarit. Þetta er loforðalisti um það hvað hæstv. ráðherra ætlar að gera á næstu árum. Á næstu þremur árum ætlar hæstv. ráðherra að gera þetta og á næstu tveimur árum hitt. Þannig er þessi bæklingur. Þetta er ekki almennt upplýsingarit. Ég get ekki séð að peningar úr sjóðnum eigi að greiða slíkt rit.

Hann á að greiða uppbyggingu og eflingu öldrunarþjónustu og um það snýst ekki þessi bæklingur. Ég spyr: Hversu miklir peningar hafa farið í þetta? Ég minni á það að hæstv. ráðherra er með á fjárlögum ráðstöfunarfé upp á 8 millj. á ári. Þeir peningar hafa stundum verið notaðir í svona bæklinga og það hefur verið mjög umdeilt. En að taka peninga úr Framkvæmdasjóði aldraðra í svona bækling, svona glansbækling — (Forseti hringir.) Hversu miklir peningar, hæstv. ráðherra?

[15:28]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hér er einmitt um að ræða stefnumörkun og upplýsingar um þá stefnumörkun. Auðvitað er það sett fram til að efla öldrunarþjónustuna. Það blasir bara við. Þetta er sett fram í þágu aldraðra. Það er verið að koma á framfæri stefnumótun okkar.

Þegar búið er að vinna heildstæða stefnumótun, m.a. með því að ræða við hagsmunahópa eldri borgara — þetta er í takt við þær hugsanir og hugsjónir sem þeir hafa sem eru í þessum hagsmunahópi — tel ég mjög mikilvægt og eðlilegt að koma henni á framfæri. Það eru fullar heimildir til þess í gegnum sjóðinn, eins og lögin gera ráð fyrir.

Ég get bent á ýmislegt sem sjóðurinn hefur styrkt. Það eru alls kyns rannsóknir, útgáfa á upplýsingum og annað sem getur eflt öldrunarþjónustu. Sjóðurinn fer ekki bara í uppbyggingu á rýmum og í rekstur. Hann fer í meira. Hann hefur víðtækara hlutverk.

[15:29]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er stefnumótun ráðherrans persónulega rétt fyrir kosningar, nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Allur bæklingurinn gengur út á: Ég ætla að gera o.s.frv.

Ég óska hér eftir því að fá upplýsingar frá hæstv. ráðherra um þá styrki sem hafa farið úr sjóðnum, sundurliðað, hverjir hafa fengið þessa styrki og í hvað þeir hafa farið.

Það virðist vera mjög erfitt að fá upplýsingar um þá styrki sem fara úr sjóðnum. Í fyrravetur óskaði ég eftir sundurliðuðum upplýsingum og ég fékk svar á síðasta degi þingsins. Þegar verið var að slíta þinginu var þeim hent hér á borðið. Annars vegar var mjög erfitt að fá þessar upplýsingar, þær fundust ekki af því að þær voru einhvers staðar í geymslu, og hins vegar er búið að eyða upplýsingum um þá styrki sem komu úr sjóðnum. Það kemur fram í því svari sem ég fékk á síðasta degi þingsins í fyrra.

Ég óska eftir því frá hæstv. ráðherra að ég fái hér í (Forseti hringir.) vikunni sundurliðað svar um það hvaða styrkir hafi farið úr þessum sjóði og (Forseti hringir.) til hverra.

[15:30]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Það er svo fráleitt að tala um þessar upplýsingar og það að koma þeim á framfæri með þessum hætti að ég átta mig ekki á því hvað hv. þingmaður er að fara. Þetta upplýsingarit var gefið út síðasta sumar og þá var búið að vinna að stefnumótun í langan tíma. Þetta er stefnumótun sem byrjaði að gerjast áður en ég kom í ráðuneytið þannig að bæklingurinn er afrakstur margra ára vinnu, og ekki bara vinnu ráðuneytisins heldur líka vinnu sem hefur farið fram hjá hagsmunasamtökum.

Ég veit að hv. þingmaður hefur fengið sundurliðanir á þessum fjármunum mörg ár aftur í tímann. Ég get alveg lesið upp úr henni ef viðkomandi þingmaður vill. Ég á reyndar bara 10 sekúndur eftir í það en ég get tekið af handahófi árið 1999, þá fær félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Stefán Ólafsson, 700 þús. kr. í styrk. Öldrunarþjónusta Reykjavíkurborgar 1,5 millj. Ég tek 2003 af handahófi, Sólvellir, dvalarheimili, 2 millj. (Forseti hringir.) Svona er hægt að telja upp mjög lengi. Þetta liggur á borðum (Forseti hringir.) þingmanna af því að þetta eru opinber svör til þingmannsins og hafa komið fram áður.

*Skýrsla Hagstofunnar um tekjudreifingu.*

[15:32]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Á síðustu missirum og árum hefur umræða um fátækt og tekjudreifingu í samfélaginu verið afar fyrirferðarmikil í íslenskri pólitík. Nánast stöðugt koma fram fullyrðingar frá stjórnmálamönnum og háskólamönnum ýmsum um stóraukna misskiptingu og ójöfnuð á Íslandi sem haldið er fram að sé meiri hér á landi en annars staðar í hinum vestræna heimi. Fram til þessa hafa fjölmiðlar verið sérstaklega áhugasamir um að koma fullyrðingum um aukna fátækt og misskiptingu á framfæri við þjóðina og að mínu mati hefur verið dregin upp dökk mynd af stöðu þessara mála hér á landi, dekkri mynd en ástæða virðist til. Því finnst mér ástæða til að vekja athygli á mjög merkilegum niðurstöðum nýútkominnar skýrslu Hagstofu Íslands um lágtekjumörk og tekjudreifingu árin 2003 og 2004, niðurstöðum sem eru gjörólíkar þeirri mynd sem dregin hefur verið upp af stöðu þessara mála upp á síðkastið, einkum af hálfu Stefáns Ólafssonar prófessors.

Í skýrslunni er greint frá lífskjararannsókn sem er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins sem einnig nær til EFTA-landanna. Í sem einföldustu máli leiðir skýrslan í ljós að tekjuskipting á Íslandi er mun jafnari en í flestum ríkjum Evrópu. Ísland er með öðrum orðum í fremstu röð á þessu sviði. Þessar niðurstöður eru stórmerkilegar, ekki síst þegar litið er til þess að þær byggja á samræmdri aðferðafræði Evrópusambandsins.

Það hefur hins vegar vakið athygli mína hversu lítið hefur farið fyrir fréttaflutningi hérlendis af þessum merkilegu niðurstöðum Hagstofunnar. Ekki hafa fjölmiðlar beinlínis þagað þegar menn hafa kynnt þveröfugar niðurstöður sínar um sama efni. Því finnst mér ástæða til að spyrja hæstv. forsætisráðherra hver viðbrögð hans séu við niðurstöðum skýrslu Hagstofu Íslands (**ÖS:** Af hverju spyrðu ekki ...?) því að ég fæ ekki betur séð, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, en að í þessari skýrslu séu rökin slegin fullkomlega úr höndum þeirra sem stöðugt eru tilbúnir til að ráðast á ríkisstjórnina fyrir að auka ójöfnuð í samfélaginu.

[15:34]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Hér er vakin athygli á merkilegri skýrslu sem Hagstofa Íslands gaf út á föstudaginn. Hagstofan hefur að undanförnu tekið þátt í samræmdri lífskjarakönnun sem Evrópusambandið hefur beitt sér fyrir. Þar er beitt samræmdum aðferðum til að komast að niðurstöðu. Þrír mælikvarðar eru skoðaðir. (Gripið fram í.)

Það er í fyrsta lagi það sem kallað er í skýrslunni lágtekjumörk en fyrir neðan þau mörk er sá hópur fólks sem talinn er vera í þeirri áhættu að geta lent í fátækt. Það er ekki endilega víst að allir séu fátækir þar, líka vegna þess að ekki er tekið tillit til eigna, en þessi lágtekjumörk sýna að 9,7% af Íslendingum eru fyrir neðan þau. Aðeins eitt ríki í Evrópu stendur betur að vígi hvað þetta varðar, Svíþjóð.

Annar mælikvarðinn er samanburður á því hvað efsti fimmtungurinn í tekjum hefur mikið umfram lægsta fimmtunginn. Það reynist vera á Íslandi 3,5 sinnum hærri tekjur. Aðeins örfá ríki í Evrópu eru með hagstæðari niðurstöður hvað þetta varðar. Það er ekki jafnari tekjuskipting í öðrum löndum nema á 2–3 stöðum í Evrópu.

Loks er vikið að hinum margumræddu Gini-stuðli sem m.a. hefur verið kallað eftir upplýsingum um á Alþingi. Gini-stuðullinn er ekki fullkominn mælikvarði, hann er á margan hátt ófullkominn sem slíkur, en samkvæmt honum, svo langt sem það nær, standa Íslendingar líka afskaplega vel að vígi hvað tekjudreifinguna varðar. Það er athyglisvert að draga þetta fram hér því að þetta er einmitt mælikvarði sem margir hafa notað að undanförnu til að fara með rangt mál og leiða fólk á villigötur í samanburði um tekjur og jöfnuð hér á landi.

[15:36]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég get tekið undir það sem hæstv. forsætisráðherra sagði um þetta mál og taldi mikilvægt að heyra viðbrögð hæstv. forsætisráðherra við svona merkilegum niðurstöðum. Sannarlega eru þær stórmerkilegar. En það er heldur dapurlegt að heyra að þegar út kemur skýrsla sem byggir á samevrópskri aðferðafræði og leiðir í ljós að ýmsir háskólamenn og stjórnmálamenn hafa rangt fyrir sér skuli hv. þingmenn kalla þessa umræðu okkar hæstv. forsætisráðherra merkilegt leikrit. (Gripið fram í.) Það sem er mikilvægt í þessu er, og sá er kjarni málsins sem væri óskandi að menn vildu ræða, að skýrslan leiðir í ljós að tekjuskipting á Íslandi er mun jafnari en í flestum öðrum ríkjum Evrópu. (Forseti hringir.) Það verður fróðlegt að sjá hvernig hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir o.fl. munu bregðast við þessum tíðindum.

[15:38]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegur forseti. Ég gat þess að samkvæmt þessum niðurstöðum væru 9,7% Íslendinga undir lágtekjumörkun-

um og eiga það á hættu að verða skilgreind fátæk sem væri með því allra lægsta í Evrópu. Hér er miðað við aðferðafræði Evrópusambandsins. Ef miðað er við aðferðafræði OECD sem nokkuð hefur verið til umræðu og notuð til viðmiðunar, eins og t.d. í skýrslunni um fátækt barna sem við ræddum hér um daginn og miðar við 50% af miðgildi í lægri helmingi tekjurófsins, kemur á daginn að það eru ekki 9,7% sem eru innan þessara marka heldur 5,3%. Fátæktin er sem sagt með öðrum orðum enn minni ef miðað er við aðferðafræði OECD.

Þetta segir okkur náttúrlega að það er hægt að mæla þessa hluti með ýmsum hætti. Aðalniðurstaðan stendur þó óbreytt og hún er sú að Íslendingar standa afar vel að vígi og öðrum þjóðum betur hvað þetta varðar.

## *Um fundarstjórn.*

Fyrirspurnir til ráðherra.

[15:39]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil gera mjög alvarlegar athugasemdir við fundarstjórn forseta, ekki bara það að engin fyrirspurn skuli hafa verið heimiluð frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs heldur fyrst og fremst á hvaða forsendum það gerist.

Fyrsta fyrirspurnin sem hæstv. forseti leyfir varðar loftslagsbreytingar, nýútkomna skýrslu um það efni og viðbrögð íslenskra stjórnvalda við henni. Fyrir liggur beiðni um utandagskrárumræðu um nákvæmlega þetta efni og á fundi með þessum sama hæstv. forseta þingsins var um hana fjallað. Engu að síður er þessi fyrirspurn leyfð fyrst og verður það á kostnað okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem eigum sitthvað vantalað við hæstv. samgönguráðherra Sturlu Böðvarsson sem ég tel að sé að fara á bak við þingið varðandi vegaframkvæmdir á hálendinu. Það er mál sem kallar á umræðu í þinginu en ég vildi fyrst og fremst, hæstv. forseti, gera athugasemdir við þessa fundarstjórn.

[15:40]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Forseti vill upplýsa að heiti utandagskrárumræðu og heiti þeirrar fyrirspurnar sem lögð var hér fram gaf forseta ekkert tilefni til þess að neita þingmanni um fyrirspurn. Auk þess verður forseti að upplýsa að fyrsta fyrirspurn frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði kom svo seint fram að forseti gat ekki tekið hana inn í þennan hóp ef þingmaðurinn er að gagnrýna það að hafa ekki komið hér að fyrirspurn frá flokknum.

[15:41]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég ætla ekki að skipta mér af því hvað Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill spyrja um í þinginu en hins vegar verð ég að gera þá athugasemd við fundarstjórn forseta að að mínu viti eiga ekki heima undir þeim lið sem hér fór fram áðan í störfum þingsins, óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra, svona leikrit eins og sett var upp á milli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar og hæstv. forsætisráðherra (Gripið fram í.) þar sem orðsvörin voru svo vandlega undirbúin að jafnvel fremstu leikstjórar hér á þinginu hefðu verið stoltir af. Ég verð að segja eins og hv. þingmaður —

**(Forseti** (RG)**:** Forseti óskar eftir því að þingmenn hafi hljóð í salnum.)

Ég verð að segja, af því hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði um framkvæmdir á hálendinu, að það var einmitt ein af þeim fyrirspurnum sem hér var lögð fram, óundirbúin, til samgönguráðherra, um framkvæmdir á hálendinu, nefnilega um þær fréttir að hæstv. samgönguráðherra hefði tekið því vel að fyrirtæki eitt hér á landi byðist til þess að leggja veg og eiga hann síðan um aldur og ævi sem er ný stefna í samgöngumálum á Íslandi. Ég vil segja að úr því að sú fyrirspurn varð að víkja fyrir leikriti Sjálfstæðisflokksins í umræðunni áðan óska ég úr þessum stóli eftir því að fá að heyja utandagskrárumræðu við hæstv. samgönguráðherra um þetta mál.

[15:43]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Forseti upplýsir að farið var með fyrirspurnir með hefðbundnum hætti og forseti getur ekki ritskoðað það með hvaða hætti þingmenn bera fram fyrirspurnir sínar.

[15:43]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Athugasemd mín er undir liðnum um fundarstjórn forseta. Eftir því sem ég hef komist næst er fyrirspurnum ekki raðað eftir þeirri röð sem þær berast til forseta þingsins (**Gripið fram í:** Hvað þá?) heldur gilda iðulega önnur sjónarmið, svo sem jafnræði milli flokka og annað af því tagi. Ég vil upplýsa þingið um að þessi fyrirspurn barst ekki seint, hún barst skömmu eftir að þingflokksfundir hófust nú eftir hádegi.

Ég ítreka óánægju mína og mótmæli við fundarstjórn forseta.

[15:44]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í tilefni af þeim orðum sem féllu hér varðandi fundarstjórn forseta og um þær fyrirspurnir sem hér hafa komið fram var fullkomlega eðlilegt að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson óskaði eftir að beina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra vegna þeirrar stórmerkilegu skýrslu sem kom frá Hagstofunni á föstudaginn. Ég held að hv. þingmenn, hæstv. forseti, ættu ekki að gera lítið úr sjálfum sér með því að kalla það starf og þær umræður sem fara fram í þinginu leikrit. Það er bara ekki við hæfi og ég óska eftir því, hæstv. forseti, að sérstaklega verði rætt við þingmanninn um að nota ekki slíkt orðalag um þau eðlilegu þingstörf, þær eðlilegu fyrirspurnir sem koma fram í þinginu.

[15:45]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Auðvitað var ekkert óeðlilegt við það að ég varpaði fram spurningu, mikilvægri spurningu, og ræddi hér mikilvæg mál um tekjudreifingu á Íslandi við hæstv. forsætisráðherra. Það er ekki hægt að halda því fram að slík

umræða sé eitthvert leikrit. Þetta eru mikilvæg mál sem við þurfum að ræða í þjóðþinginu og það gerði ég og hæstv. forsætisráðherra.

Ég vil benda hæstv. forseta á að komin er upp alvarleg staða í þinginu sem upplýst er hér fyrir alþjóð, að átt hefur sér stað mikill klofningur í stjórnarandstöðunni. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru nú komnir í hár saman og farnir að rífast yfir því hver hafi forgang á því að ræða um loftslagsmálin. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andsnúin því að Samfylkingin ræði þau mál í þinginu og kvartar undan því. Ég held að ráð væri, frú forseti, að þú mundir fresta fundi svo að stjórnarandstaðan gæti fengið sér tíu dropa af kaffi og ráðið ráðum sínum vegna þess að það er alveg ljóst af þessari umræðu að hún er ekki jafnsameinuð og menn úr stjórnarandstöðuflokkunum vilja vera láta. (Gripið fram í.)

[15:46]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur málfrelsi eins og aðrir. Það getur vel verið að hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur finnist að ekki eigi að kalla framgöngu þess þingmanns leikrit hérna áðan en ég held að ég og formaður þingflokks sjálfstæðismanna getum þó verið sammála um að hann lék þetta mjög vel.

Frú forseti. Ég kem hér upp vegna þess að hv. þingmaður spurði — eftir að hafa leikið til enda hlutverk sitt — svo sem út í tómið: Hvað segja nú hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar? Frú forseti. Við eigum ekki kost á því að svara þeirri spurningu í umræðu sem er lokuð með þessum hætti.

Fyrst að Sjálfstæðisflokkurinn hefur hins vegar óskað eftir því að fá fram afstöðu Samfylkingarinnar til tekjuskiptingar og tekjudreifingar á Íslandi vil ég verða við þeim óskum hv. þingmanns sem talaði fyrir Sjálfstæðisflokkinn (Gripið fram í.) og lýsa því yfir að ég óska eftir að þessi mál verði tekin til umræðu utan dagskrár svo fljótt sem auðið verður.

Síðan vil ég líka upplýsa hv. þingmann, sem virtist vera að fetta fingur út í að þingmenn Samfylkingarinnar væru að ræða um loftslagsmál, að formaður Samfylkingarinnar hefur lagt fram tvö þingmál sem beinlínis varða losun þeirra skaðlegu lofttegunda. Það er því fullkomlega eðlilegt að hún fyrir hönd síns flokks, sem hefur haft frumkvæði um tillöguflutning á vissum sviðum þess málaflokks í þinginu, inni forsætisráðherra eftir því vegna þess að hann hefur til þessa, eins og hv. þingmaður og allur flokkur hans, skilað auðu í loftslagsmálum. Það er því fullkomlega eðlilegt að með þessu móti sé ákveðin verkaskipting með stjórnarandstöðunni ef maður vill líta á það þannig, að Samfylkingin gangi eftir því að sá flokkur sem hefur þagað þunnu hljóði svari.

Svo vona ég að hv. þingmaður taki með mér þátt í umræðu við hæstv. umhverfisráðherra um viðhorf Framsóknarflokksins til þess máls. Ég veit að þar mun hann líka sýna jafnfrábæran leik og áðan.

[15:49]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þingsköp heimila hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að koma hingað í stólinn við ýmis tækifæri. Við það verður að una því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur verið kjörinn á þing.

Rétt er hins vegar, forseti, að Arnbjörgu Sveinsdóttur, hv. þingmanni og formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins, sem er með ábendingar um hvað forseti skuli benda einstökum mönnum á, sé bent á að halda agavaldi yfir sínu fólki í þingflokki Sjálfstæðisflokksins og vera ekki að skipta sér af öðrum á þinginu. Það leikrit, sá skopleikur sem hér fór fram áðan þar sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fór með þjálfaðar spurningar fyrir hæstv. forsætisráðherra sem hæstv. forsætisráðherra síðan svaraði með þjálfuðum hætti undir leikstjórn Arnbjargar Sveinsdóttur, vona ég, var hins vegar ekki þinginu til sóma, sérstaklega vegna þess að formið leyfir ekki þátttöku annarra eins og fram kom áðan, í þessum umræðum og er því til lítils fyrir hv. þingmann og honum til skammar að hrópa hér út í salinn: Hvað segir þessi, hvað segir hinn? vegna þess að hann kemst ekki að í umræðunni.

Ég vildi benda á þetta um leið og ég ítreka að þessi liður á dagskránni er auðvitað fyrst og fremst til þess að ráðherrar svari fyrir þau mál sem þingmenn vilja heyra um en ekki til þess að fram fari umræður sem eiga betur heima í þingflokksherbergjum og hinum reykfylltu bakherbergjum Sjálfstæðisflokksins hér og annars staðar, og ekki lítil leikrit sem stjórnarliðar setja upp sjálfum sér til ánægju, hressingar og aukavinnu.

[15:51]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég verð að segja í ljósi þess sem fram kom hjá síðasta hv. þingmanni um að ég hefði orðið mér til skammar í umræðum um tekjudreifingu á Íslandi, að það eru ummæli sem ég hefði talið að hæstv. forseti ætti að gera athugasemdir við og biðja hv. þingmann um að gæta orða sinna, vegna þess að ég tel að hvorki hafi verið efni né ástæður til þess fyrir hv. þingmann að láta slík orð falla.

Það sem ég var að gera í umræðunni í óundirbúnum fyrirspurnum var að ég ræddi um nýja skýrslu Hagstofu Íslands þar sem fjallað er um lágtekjumörk og tekjudreifingu á Íslandi árin 2003 og 2004. Þar kemur fram að tekjuskipting á Íslandi er mun jafnari en í flestum öðrum ríkjum Evrópu. Þetta eru mjög merkileg tíðindi og þau eru líka mikilvæg.

En stjórnarandstöðuflokkarnir og þar á meðal hv. þm. Mörður Árnason getur ekki hlustað á sannleikann og hann þolir ekki að heyra að þær ræður sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa haldið um þessi mál eru rangar. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður þolir ekki að heyra að tekjuskipting á Íslandi er mun jafnari en í flestum öðrum ríkjum Evrópu. Og þegar einhver þingmaður vogar sér að nefna það í ræðu í þinginu er það kallað leikrit. Það er kallað leikrit þegar þingmaður kemur hérna upp í þjóðþinginu til að fara yfir fátækt og tekjudreifingu á Íslandi. Ja, heyr á endemi.

Frú forseti. Ég ætla ekki að gera frekari athugasemdir við fundi þína.

[15:53]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem það gerist að stjórnarandstaðan rýkur upp til handa og fóta þegar stjórnarliðar spyrja ríkisstjórnina eða ráðherra hennar einhverra spurninga undir þessum dagskrárlið. Ég man varla nokkurn tíma eftir því raunar á þessu kjörtímabili að það hafi ekki einmitt gerst, að þegar stjórnarliðar koma hér upp, spyrja eðlilegra spurninga, að stjórnarandstaðan kveðji sér ekki hljóðs eftir að umræðu lýkur til að gagnrýna það stjórnarliðar skuli leyfa sér að tala undir þessum dagskrárlið.

Ég hef marglesið þingsköpin og ég hef hvergi komið auga á að þessi dagskrárliður sé sérstaklega hannaður til þess að stjórnarandstaðan ein fái að einoka hann og koma í veg fyrir að stjórnarliðar tali.

Hv. þm. Mörður Árnason talaði áðan og sagði að það væri nú að vísu svo að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefði hér málfrelsi og við það yrði að una, að við það yrði að una að þingmaðurinn hefði málfrelsi. Það er nú bara þannig að það er stjórnarskrárvarinn réttur, það er ekki þannig að menn eigi sérstaklega við þetta að una.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vakti athygli á máli sem var afskaplega athyglisvert. Síðan gerðist það í kjölfarið að hv. þm. Ögmundur Jónasson fann að því að formaður Samfylkingarinnar hefði verið að reyna að stelast inn í mál sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs *hefðu flutt. Og þetta var auðvitað orðið svolítið vandræðalegt* og þá var rokið upp til þess að setja af stað leikrit af hálfu hv. þm. Marðar Árnasonar til að draga athygli frá því að Vinstri grænir væru að gagnrýna formann Samfylkingarinnar og Samfylkinguna fyrir það að reyna að flýta sér fram fyrir röðina í umræðum um mál sem er vissulega eðlilegt mál, sem eru loftslagsbreytingarnar.

Málið er einfaldlega þetta: Það er eðlilegt, það er stjórnarskrárvarinn réttur þingmanna, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, að kveðja sér hljóðs á Alþingi. Í þingsköpum er kveðið á um að þingmenn hafi rétt til þess að spyrja spurninga og ekki er verið sérstaklega að tala um í því sambandi að það sé stjórnarandstaðan eingöngu. Það eru ekki síður stjórnarliðar sem hafa fullkominn rétt til þess að vekja athygli á máli.

Reyndar er mjög sérkennilegt að það skuli ekki hafa verið stjórnarandstaðan sem vekti athygli á því þegar birtast athyglisverðar upplýsingar sem styðjast við aðferðafræði Evrópusambandsins um hvernig eigi að bera saman tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Það er kannski til marks um að sumir eru á flótta frá þessu Evrópusambandsdekri sínu.

[15:56]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Mér finnst áhyggjuefni þegar hæstv. ráðherra kemur hér og misskilur allan málflutning stjórnarandstöðunnar sem var að vekja máls á því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kallar eftir viðbrögðum okkar og við erum að útskýra það að við komumst ekki að til þess að skýra afstöðu okkar. En við höfum beðið um það í stjórnarandstöðunni að fá að ræða þetta mál. Ég hef sent m.a. tölvuskeyti til hæstv. forseta þingsins um að málið verði tekið á dagskrá og fróðlegt væri að heyra hvort stjórnarliðar hafa eitthvað á móti því. Þeir virðast nefnilega hafa á móti því. Þeir tala undir þessum lið þar sem stjórnarandstaðan kemst ekki að, það er það sem þeir gera, þeir forðast þetta.

Hvers vegna? Þeir hafa farið illa út úr umræðu síðustu daga, þeir hafa farið illa út úr því að réttlæta það ástand sem hér ríkir, að um 7% barna búi við fátækt. Fólki finnst þetta ástand vera ónauðsynlegt og fólk vill breyta þessu. En Sjálfstæðisflokkurinn vill viðhalda þessu og meira að segja þegar verið er að setja reglur og lög, svo sem skattalög, þá hefur hann ítrekað neitað að upplýsa hvað skattbreytingarnar hafa haft í för með sér, hvaða breytingar það muni hafa á tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki hirt um að svara þeim spurningum sem hann hefur verið spurður hér hvað eftir annað, hann hefur neitað að svara þeim. Og ekki er að sjá að framsóknarmönnum sé annt um það hvort þær skattbreytingar hafi valdið aukinni tekjuskiptingu. (Gripið fram í.) Já, ég sé að hæstv. ráðherra létti.

Það er nefnilega svo að ágætur prófessor í Háskóla Íslands hefur komist að því að kannski hafa greidd laun ekki svo mjög breyst, heldur hefur ríkisstjórnin með breytingum á skattkerfinu valdið því að það sem eftir situr í vasa hvers og eins, því hefur verið misskipt, vegna þess að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fer alltaf dýpra og dýpra ofan í vasa þeirra með lágu launin (**Gripið fram í:** Lestu Hagstofuskýrsluna.) en alltaf minna og ... (Gripið *fram í.*) *Það eru einfaldlega staðreyndir.*

(**Forseti** (RG)**:** Það er mjög mikilvægt að þeir sem kveðja sér hljóðs um fundarstjórn forseta ræði fundarstjórn forseta og að aðrir þingmenn hafi hljóð í salnum.)

Frú forseti. Það er greinilegt að þeim er órótt, stjórnarliðum, [Hlátur í þingsal.] undir þessari ræðu og rétt að áminna þá, þannig að maður hafi nú orðið hér. En mér finnst rétt að geta þess að umræða þurfi að fara fram um þetta mikilvæga mál, þá misskiptingu sem ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hefur staðið fyrir vegna þess að greinilegt er að stofnanir sem eru undir stjórn hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) eru komnar hér með skýrslur til að rugla umræðuna [Hlátur í þingsal.] og mér finnst einfaldlega rétt að (Forseti hringir.) við ræðum það málefnalega, frú forseti.

[15:59]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra er yfirleitt stilltastur manna í þessum sölum og sá sem er hvað jafnlyndastur þegar gefur á skútu ríkisstjórnarinnar. Æsingurinn sem í honum var hérna áðan, frú forseti, endurspeglar kannski þá staðreynd að í síðustu könnunum síðustu þriggja mánaða hefur ríkisstjórnin verið skítfallin. (**Gripið fram í:** Er Samfylkingin í sókn?) [Hlátur í þingsal.]

Nú hefur það komið fram af hálfu hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins að þeir hafa eindreginn vilja til þess að fá að ræða við stjórnarandstöðuna um viðhorf þeirra til tekjudreifingar landsmanna. Ég tel, frú forseti, að það eigi að verða við óskum þeirra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Það er alveg sjálfsagt að stjórnarandstaðan skiptist á skoðunum við þá um þetta málefni.

Nú vill svo til að á morgun var fyrirhuguð utandagskrárumræða um tiltekið efni og af sérstökum ástæðum mun hún falla niður. Ég vil því óska sérstaklega eftir því fyrir hönd okkar í stjórnarandstöðunni að á morgun verði gefinn tími til þess að ræða hér utan dagskrár um þetta efni, tekjudreifingu Íslendinga eins og hún hefur þróast síðustu árin undir ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokksins. Ef Sjálfstæðisflokkurinn þorir ekki í þá umræðu strax á morgun þá vitum við hverjir það eru sem hér komu einungis til þess að standa á leiksviði og fara með lærðan texta. Og, frú forseti, stóðu sig það vel að líkast til gætu þeir unnið leiklistarverðlaun Íslands á næsta ári. (**Gripið fram í:** Edduna?)

[16:01]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Um fundarstjórn forseta er svo sem allt gott að segja nema það að ég held að ástæða væri fyrir þingheim í tilefni af orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að fá úr því skorið hvort kaffibandalagið er endanlega hrunið á loftslagsmálunum eins og hefur komið fram í umræðunum í dag. Það hlýtur að vera spurning dagsins: Er eitthvað eftir af þessu, hæstv. forseti, góða kaffibandalagi? Spyrjum þeirrar spurningar. (Gripið fram í.)

***Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 432. mál (frístundaveiðar). — Þskj. 520.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 459. mál (úthlutun byggðakvóta). — Þskj. 624.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GAK og JÁ, 25. mál. — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Sala áfengis og tóbaks, frh. 1. umr.***

Frv. GÞÞ o.fl., 26. mál (sala léttvíns og bjórs). — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Aukin þjónusta við ungbarnafjölskyldur, frh. fyrri umr.***

Þáltill. JóhS o.fl., 73. mál. — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

***Heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJS o.fl., 19. mál. — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Textun, frh. 1. umr.***

Frv. GAK o.fl., 30. mál (sjónvarp, kvikmyndir o.fl.). — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Almannatryggingar, frh. 1. umr.***

Frv. ÞBack og ÖJ, 54. mál (tannlækningar barna og ellilífeyrisþega). — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Trjáræktarsetur sjávarbyggða, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GHj o.fl., 51. mál. — Þskj. 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

***Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.***

Frv. KHG, 37. mál (yfirstjórn hafrannsókna, heildaraflamark). — Þskj. 37.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Rannsóknir og sjálfbær nýting jarðhitasvæða, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÁI o.fl., 368. mál. — Þskj. 400.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Umferðarlög, frh. 1. umr.***

Frv. VF o.fl., 178. mál (bifreiðastæði fatlaðra). — Þskj. 178.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***

Leynisamningar með varnarsamningnum 1951.

[16:09]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Nú hefst áður boðuð utandagskrárumræða um leynisamninga með varnarsamningnum 1951. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa en samkomulag er um að hún standi í eina klukkustund og ræðutími skiptist jafnt milli þingflokka, 12 mínútur á flokk. Umferðir verða þrjár, sex mínútur í fyrstu umferð, fjórar mínútur í annarri umferð og tvær mínútur í þriðju umferð en heimilt verður að flytja tíma á milli umferða.

Röð þingflokkanna verður þessi í öllum umferðum: Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur, Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og Frjálslyndi flokkurinn. Í þriðju umferð tala þó málshefjandi og utanríkisráðherra í lok umræðunnar fyrir hönd sinna flokka.

[16:10]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Koma bandarísks hers til Íslands á vordögum 1951 var ákaflega umdeildur atburður. Þá gengu menn þvert á svardaga um að á Íslandi skyldi aldrei vera erlendur her á friðartímum. Alþingi var ekki kallað saman í tengslum við gerð herverndarsamningsins og kom fyrst að því máli í október haustið eftir.

Atburðarásin var á þá leið að 5. maí er skrifað á laun undir samninginn og aðfaranótt 7. maí kemur herinn til landsins og það er fyrst á þeim degi sem þjóðin fær að vita með fréttatilkynningu að erlendur her sé kominn í landið. Herverndarsamningnum var gefin lagastoð með bráðabirgðalögum 24. maí og það er fyrst í október sem Alþingi tekur hann til umfjöllunar.

Þetta var nógu slæmt þótt ekki bættist það við sem nú liggur fyrir, að á bak við herverndarsamninginn voru gerðir leynisamningar sem Alþingi og þjóð voru leynd í meira en hálfa öld að því er best verður séð eingöngu af pólitískum ástæðum. Með öðrum orðum var samið um allt annað á bak við tjöldin og gengið mun lengra í afsali og kvöðum á íslenskt land og landhelgi, og íslenskum lögum og íslenskri stjórnskipan var vikið lengra til hliðar með leynisamningum en gert er í svokölluðum varnarsamningi sjálfum.

Þetta er grafalvarlegur gjörningur, það hljóta allir að sjá þegar af þessari ástæðu gengið er með öllu fram hjá Alþingi og röngum upplýsingum haldið að þjóðinni um þessi mál í meira en hálfa öld. Samráð við utanríkismálanefnd Alþingis er að sjálfsögðu algjörlega hunsað sem og Alþingi sjálft og það má í raun segja að Alþingi sé haft að fífli í öll þessi ár svo ekki sé nú talað um að ákvæðin um eðlilegt samráð um þessa hluti eru þar af leiðandi margbrotin. Öllu alvarlegra er þó að í leyniviðaukunum er fólgið beint afsal og beinar kvaðir á íslenskt land og íslenskt yfirráðasvæði, og stjórnskipan og lögum er vikið til hliðar. Í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Forseti lýðveldisins“ — þ.e. les utanríkisráðherra — „gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.“

Slíkt samþykki Alþingis kom aldrei til og liggur ekki enn fyrir varðandi þessa samninga sem voru endurnýjaðir 29. september í haust að langmestu leyti. Því er óhjákvæmilegt að spyrja ýmissa spurninga, virðulegur forseti, um stöðu þessara viðauka, stjórnskipulega, lagalega og þjóðréttarlega, og gjörninginn sem fór fram 7. maí 1951 og 29. september 2006. (**HBl:** 25. júlí ...)

Ég spyr þar af leiðandi í fyrsta lagi: Hverju sætir að utanríkismálanefnd Alþingis og þjóðin voru áfram leynd tilvist leyniviðaukanna þegar ríkisstjórnin kynnti niðurstöður viðræðna við Bandaríkjamenn um fyrirkomulag brottfarar hersins síðasta haust? Þessu þyrftu helst bæði hæstv. utan-

ríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra að svara.

Í öðru lagi: Hvernig samrýmist undirritun þáverandi utanríkisráðherra, Bjarna Benediktssonar, 8. maí 1951 og núverandi utanríkisráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, 29. september 2006 undir leyniviðaukana annars vegar og framlengingu ýmissa ákvæða þeirra hins vegar og án undangengins samráðs við utanríkismálanefnd Alþingis og án fyrirvara um samþykki Alþingis a) 21. gr. stjórnarskrárinnar sem bannar afsal eða að kvaðir séu lagðar á land eða landhelgi, sem og að breytingar séu gerðar á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til, b) ákvæðum 24. gr. laga um þingsköp Alþingis sem mæla fyrir um skyldur ríkisstjórnar um samráð við utanríkismálanefnd.

Í þriðja lagi: Hvaða stjórnskipulega stöðu, þjóðréttarlegt eða lagalegt gildi telur ráðherra að leyniviðaukarnir hafi í dag og hafi haft í gegnum tíðina í ljósi þess að þeir eru gerðir án samráðs við, hvað þá að fengnu samþykki Alþingis, án þess að eiga sér stoð í sérstökum lögum og verandi, að því er best verður séð, í andstöðu við 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Í fjórða lagi: Hvaða lagastoð hefur 2. og 3. málsl. 1. mgr. sérstaks fylgiskjals nr. 4 þar sem Bandaríkjamönnum er lofað því að „réttum íslenskum yfirvöldum" verði gefin fyrirmæli um að afsala lögsögu í brotamálum og framselja bandaríska liðsmenn eða skyldulið þeirra þótt þeir hafi verið handteknir vegna brota sem beri undir íslenska lögsögu? Hversu oft hefur þessu ákvæði verið beitt og hafa hin réttu íslensku yfirvöld, þ.e. væntanlega lögregluyfirvöld, ætíð hlýtt slíkum fyrirmælum og farið þannig að því er virðist á svig við lög?

Í fimmta lagi: Hvaða áhrif hefur 8. gr. almenna viðaukans um að Bandaríkjamönnum sé ekki skylt að afhenda samningssvæði í sama ástandi og þau voru upphaflega haft á þá mengun sem hersetan skilur eftir sig og á möguleika landeigenda, sveitarfélaga og fleiri aðila til að ná rétti sínum í viðeigandi tilvikum?

Í sjötta lagi: Hvernig samrýmast ákvæði 2. gr. viðbætis um almenna flugstarfsemi, um rétt Bandaríkjamanna til að taka í sínar hendur á þeim tímabilum sem þeir telja nauðsynlegt fulla stjórn og ábyrgð á almennri flugstarfsemi, þar á meðal lendingum og aðflugsstjórn og flugþjónustu á Keflavíkurflugvelli? Hvernig samrýmast þessi ákvæði stjórnskipan og lagaákvæðum á sviði flugmála?

[16:17]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að efna til þessarar umræðu sem ég tel að sé eðlileg og þörf, en sem kunnugt er var leynd aflétt af öllum viðaukum varnarsamningsins þann 18. janúar sl. og þeir gerðir opinberir. Áður hafði einungis viðbætir um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna á Íslandi og eignir þeirra verið gerður opinbert skjal með varnarsamningnum en öll önnur fylgiskjöl voru flokkuð sem trúnaðarmál. Alls eru þetta átta skjöl sem fjalla m.a. um afnotarétt Bandaríkjanna af landsvæðum, kostnaðarábyrgð þeirra, eignarhald á mannvirkjum og skil á varnarsvæðum. Einnig eru ákvæði um undanþágu frá sköttum, almenna flugstarfsemi og mælingar vegna kortagerðar, almenna starfsemi, fjölda í herliði Bandaríkjanna og lögsögu yfir varnarliðsmönnum.

Í viðræðunum við Bandaríkin á síðasta ári voru þessi fylgiskjöl til umræðu og gerðar voru á þeim þær breytingar sem nauðsynlegar voru miðað við breyttar aðstæður. Af Íslands hálfu var ekkert því til fyrirstöðu að þessari leynd væri aflétt þegar að lokinni undirritun 29. september sl. en skrifræði í Bandaríkjunum varð þessi valdandi að endanleg afgreiðsla fékkst ekki í Washington fyrr en 11. janúar sl.

Ég tel í sjálfu sér ekki þjóna miklum tilgangi að ræða það í dag hvers vegna þessi skjöl voru upphaflega flokkuð sem trúnaðarmál eða hvers vegna þessari leynd var ekki aflétt fyrr. Hins vegar er augljóst að aðstæður á Íslandi við gerð varnarsamningsins voru allt aðrar en þær eru nú. Varnarsamningurinn var líklega umdeildasti tvíhliða samningur sem Ísland hefur gert en tveimur árum áður höfðu átt sér stað uppþot á Austurvelli þegar Alþingi samþykkti aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þannig varpar spegilmynd samtímans ekki endilega sanngjörnu ljósi á fortíðina.

Hvað varðar þau ákvæði í viðaukunum sem hafa verið hvað mest í umræðunni — og þá er ég að tala um 8. gr. almenna viðbætisins um skil svæða og 2. gr. viðbætis um almenna flugstarfsemi — er ljóst að íslenska viðræðunefndin var nokkuð bundin af áður gerðum samningum, m.a. hvað hreinsun svæða snerti.

Ýmislegt náðist hins vegar fram í skilasamningnum við Bandaríkin, til að mynda fékk íslenska ríkið öll bandarísk mannvirki á varnarsvæðinu án endurgjalds. Hér er um að ræða verðmæti sem nema milljörðum. Þá er ákvæði í skilasamningnum þess efnis að komi í ljós ófyrirséð alvarleg mengun á næstu fjórum árum muni Ísland og Bandaríkin hafa samráð og samstarf um viðbrögð. Líkurnar á að slíkt komi upp eru hins vegar taldar afar litlar enda umfang og eðli mengunar á svæðinu þekkt.

Hvað varðar aðgengi að landinu á ófriðartímum verðum við að hafa í huga þá skuldbindingu sem Bandaríkjamenn hafa undirgengist, þ.e. að verja Ísland gegn utanaðkomandi vá. Þetta er ekki lítil skuldbinding og ekki óeðlilegt að henni verði að fylgja ákveðið svigrúm til athafna. Hins vegar yrði reyndin ávallt sú að íslensk og bandarísk stjórnvöld mundu hafa samráð um slíkt aðgengi og yfirtöku, t.d. á stjórnun flugumferðar. Slíkt er eðli samninga á milli fullvalda þjóða og bandamanna.

Í sérstöku fylgiskjali, nr. 4, er fjallað um framkvæmd þeirra tilvika þegar Ísland og Bandaríkjamenn eiga bæði lögsögu í máli þar sem varnarliðsmaður hefur brotið af sér. Skjalið inniheldur yfirlýsingu af Íslands hálfu þar sem því er lýst að ríkisstjórn Íslands óski ekki eftir því að fara með lögsögu í slíkum málum nema þegar um sé að ræða mál sem hafi sérstaka þýðingu fyrir Ísland. Í ljósi þess að þetta skjal hefur nú verið gert opinbert, sýnist mér nærtækast að íslensk stjórnvöld móti og setji reglur um það hvaða mál teljist hafa sérstaka þýðingu fyrir Ísland og að efni slíkra reglna verði komið á framfæri við bandarísk yfirvöld.

Það er eðlilegt að spurt sé hvort reynt hafi verið til þrautar að fá leyniviðaukunum breytt í samningaviðræðunum við Bandaríkjamenn á síðasta ári og svarið er eftirfarandi:

Gerðar voru þær breytingar á viðaukunum sem eðlilegar voru í ljósi þess að fastri viðveru bandarísks herliðs væri að

ljúka. Hvað skil á svæðum varðar má ljóst vera að áherslur á umhverfismál árið 1951 voru allt aðrar og minni en í dag. Ákvæði í viðaukunum ber þess merki og sem fyrr greinir munu Íslendingar og Bandaríkjamenn taka sameiginlega á alvarlegri mengun ef upp kemur. Ég hef hins vegar sagt að ég hefði gjarnan viljað sjá meiri skuldbindingu af hálfu Bandaríkjanna hvað hreinsun svæða varðar, en svona eru samningar. Ýtrustu kröfur Bandaríkjamanna náðu heldur ekki fram að ganga í þessum samningi.

[16:23]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hæstv. utanríkisráðherra á hrós skilið fyrir að hafa flutt hérna heiðarlega og ærlega ræðu. Ég gat ekki betur heyrt á máli hæstv. ráðherra en hún hafi reynt af fremsta megni að svara ærlega þeim spurningum sem fyrir hana voru lagðar.

Það er ákaflega merkilegt að hæstv. ráðherra lýsir því hér yfir að sökum hins leynilega viðauka um skil á varnarsvæðum frá 1951 hafi hendur Íslendinga verið bundnar við samningana núna í haust. Hæstv. ráðherra segir það undanbragðalaust að hún hefði viljað sjá skýrari ákvæði um skuldbindingar Bandaríkjamanna varðandi skil á svæðunum. Að þessu leyti er alveg ljóst að það er himinn og haf milli viðhorfa hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra í þessum efnum. Hæstv. forsætisráðherra lýsti því yfir síðast fyrir örfáum dögum að hann teldi að skilasamningarnir frá því í haust hefðu verið fullnægjandi. Nú liggur það fyrir að hæstv. utanríkisráðherra er annarrar skoðunar og hún segir það jafnframt alveg klárt og kvitt að hendur Íslendinga hafi verið bundnar með löglausum leynisamningum frá árinu 1951. Það skiptir ákaflega miklu máli í þessari umræðu.

Hæstv. ráðherra á líka hrós skilið fyrir að hafa viljað aflétta pukri og leynd sem hún segir að vísu að hafi aðallega verið karlapukur í reykfylltum bakherbergjum. Ef svo er að hæstv. ráðherra vilji losna við pukrið, spyr ég hana jafnheiðarlega og -ærlega og hún hefur svarað hér: Af hverju er þá ekki stjórnarandstöðunni sem situr undir trúnaði í utanríkismálanefnd leyft að sjá það sem er undirstaðan undir varnarsamkomulaginu frá því í haust, þ.e. varnaráætlunina sem Bandaríkjamenn gerðu? Er það ekki pukur sem er fordæmanlegt? Er kvennapukur eitthvað betra en karlapukrið, jafnvel þótt það sé pukur framsóknarkvenna? Ég held ekki. Mig langar til að hæstv. ráðherra svari mér þessu.

Það sem mér finnst alvarlegast í þessum samningi er ákvæðið í leyniviðaukanum um einhliða rétt varnarliðsins til að taka yfir stjórn flugmála í landinu. Samkvæmt 2. gr. leyniviðbætisins um almenna flugstarfsemi er bandarískum stjórnvöldum heimilt og ég vitna, með leyfi forseta: „að svo miklu leyti sem herþörf krefur að þeirra dómi að taka í sínar hendur fulla stjórn og ábyrgð á almennri flugstarfsemi".

Þarna var ég að vitna til hins gamla viðauka. Það sem ég tel vera fordæmanlegt er að í hinum nýja leyniviðauka ríkisstjórnarinnar frá því í haust er þessi heimild enn þá inni þó að greininni hafi að sönnu verið lítillega breytt. Þar segir að *Bandaríkjamenn geti, ég tel að það segi alveg skýrt* þó að það hafi að vísu ekki verið þýtt yfir á íslensku en eins og ég skil það tel ég að í þeim texta segi alveg skýrt að Bandaríkjamenn geti einhliða ákveðið að taka að fullu yfir stjórn og ábyrgð á borgaralegu flugi til og frá Íslandi.

Þetta er satt að segja alveg ótrúlegt. Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki með fullnægjandi hætti getað svarað spurningunni um hvort þetta stangist ekki á við lög og stjórnarskrá. Hann hefur að vísu verið uppi með nokkuð almennt þus um að þetta sé náttúrlega samningur tveggja fullvalda ríkja og um þetta verði samið. Hæstv. utanríkisráðherra reyndi að skýra þetta áðan á sömu lund. Samningsskuldbindingin hljóðar ekki upp á það. Samkvæmt henni er valdið Bandaríkjanna og reynsla okkar af samskiptum við Bandaríkin allt frá árinu 2000 segir okkur skýrt að Bandaríkin túlka svona ákvæði eftir orðanna hljóðan.

Þetta samningsákvæði stenst ekki íslensk lög að mínu viti. Hvergi í íslenskum lögum er gert ráð fyrir að erlent ríki geti tekið yfir stjórn borgaralegs flugs í landinu. Ég tel að þetta sé á mjög gráu svæði gagnvart stjórnarskránni og ég get ekki annað en tekið undir með málshefjanda að mér finnst að skoða þurfi mjög rækilega hvort þetta sé ekki beinlínis brot á stjórnarskránni.

Það sama gildir, herra forseti, um það sem varðar framsal á refsilögsögu til Bandaríkjanna líka. Í hinum opinbera lögfesta viðbæti frá árinu 1955 er tekið fram með nokkuð skýrum hætti um rétt íslenskra stjórnvalda til lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna vegna brota sem þeir kunna hugsanlega að fremja hér á landi. Í hinum leynilega tæknilega viðauka nr. 4 afsala íslensk stjórnvöld sér hins vegar réttinum til lögsögu nema um sé að tefla sakir sem hafa sérstaka þýðingu fyrir Ísland og ekki er hægt að skilja þann viðauka öðruvísi en að réttum íslenskum yfirvöldum, eins og bent var á fyrr í umræðunni, séu þá gefin fyrirmæli og leiðbeiningar um að framselja liðsmenn varnarliðsins, sem hafa brotið innan og gegn refsilögsögu íslenska ríkisins, í hendur Bandaríkjamanna.

Nú er það svo, frú forseti, að opinberi viðaukinn hefur lagagildi í landinu en núna er upplýst að stjórnvöld hafi samið í leynisamningum um að aðrar reglur gildi um framsal varnarliðsmanna en lögfestar eru á Íslandi. Það þýðir ekkert annað en að í reynd er búið að framselja refsilögsögu til erlends ríkis. Ef liðsmaður Bandaríkjanna er hér á heræfingu og brýtur af sér, stendur enn þessi löglausa samningsskuldbinding íslenskra stjórnvalda.

Ég spyr báða þá hæstv. ráðherra sem hér eru staddir: Hvernig ætla íslensk stjórnvöld að tryggja efndir þessara skuldbindinga þegar íslensk lög hljóða skýrlega upp á annað? Herra forseti. Ég tel að þetta hljóti að fara mjög nálægt því að brjóta stjórnarskrána.

[16:29]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegur forseti. Það er vissulega eðlilegt að þetta mál sé rætt í sölum Alþingis. Málið er í raun og veru tvískipt, annars vegar er um að ræða það sem stendur í þessum viðaukum, efni þeirra, og hins vegar þá staðreynd að þeir voru ekki birtir á sínum tíma. Hvort tveggja skiptir máli.

Ég tel að efni þessara viðauka sé í ljósi þess samnings sem við gerðum við Bandaríkjamenn 1951 í flestum atriðum eðlilegt og til samræmis við það sem annars staðar hef-

ur tíðkast í samningum Bandaríkjamanna og annarra þjóða þar sem verið hafa herstöðvar.

Sú staðreynd að þessir viðaukar skyldu ekki birtir á sínum tíma endurspeglar það ástand sem hér ríkti og þann tíðaranda sem uppi var árið 1951 og fráleitt að gera því skóna að núverandi ríkisstjórn eða ábyrgðarmenn í landinu 56 árum síðar geti borið ábyrgð á því að þessir viðaukar voru ekki birtir.

Það verður að hafa það í huga, virðulegi forseti, að allt fyrirkomulag varna í ríkjum Atlantshafsbandalagsins á tímum kalda stríðsins hvíldi á þeirri meginforsendu að haldið skyldi uppi traustum og trúverðugum vörnum gegn innrás Varsjárbandalagsins. Ógnin sem blasti við lýðræðisríkjunum var augljós og stefna allra viðkomandi ríkisstjórna um víðtækan varnarviðbúnað með sameiginlegri yfirstjórn og samhæfðum aðgerðum naut almenns skilnings vestan hafs og austan.

Það er í umhverfi þessarar miklu spennu sem Íslendingar stíga það gæfuspor að gera tvíhliða varnarsamning við Bandaríkin 1951. Samningurinn sjálfur er einfaldur um skyldur og kvaðir á grundvelli 5. gr. Atlantshafssáttmálans en styrkir mjög samningsbundið samstarf í NATO um öryggi Íslands.

Frekari útfærslur vegna viðveru bandarísks herliðs á Íslandi er að finna í þessum viðaukum sem nú hafa verið birtir. Þau ákvæði ber auðvitað að skoða í réttu sögulegu samhengi, nú þegar allar aðstæður eru gjörbreyttar. Hin upphaflega ógn er sem betur fer ekki lengur til staðar og bandaríska varnarliðið er farið héðan.

Þegar rætt er um tilurð varnarsamningsins frá 1951 ber að hafa það í huga að aðdragandinn að gerð hans var mjög stuttur og viðaukarnir undirritaðir skömmu síðar. Segja má að þeir hafi verið nánari útfærsla á einstökum þáttum samningsins og varðað ýmis hagnýt atriði sem eru forsenda eðlilegrar starfsemi herliðs á landsvæði annars bandalagsríkis. Að mestu leyti má segja að þessir viðaukar séu ígildi þess sem í áranna rás varð eins konar net tvíhliða og marghliða samnings á milli NATO-ríkja um stöðu erlends herliðs í gistiríki.

Mér er ekki ljóst nú á árinu 2007 af hverju íslensk og bandarísk stjórnvöld töldu fyrir 56 árum nauðsynlegt að halda þessum viðaukum leyndum en eins og endranær þegar fjallað er um löngu liðna atburði verður að gæta að tíðarandanum og aðstæðum. Séð frá sjónarhóli samtíma okkar og með hliðsjón af viðteknum viðbúnaði víðast hvar í heiminum er ekkert í viðaukunum að mínum dómi sem þarf að halda leyndu. En það hefur augljóslega horft öðruvísi við þeim sem stóðu að gerð varnarsamningsins og á þeim tíma var að sjálfsögðu engum kunnugt um að það yrði nauðsynlegt að hafa erlent varnarlið í landinu í marga áratugi.

Þrátt fyrir dvöl hlutfallslega fjölmenns herliðs á Íslandi í síðari heimsstyrjöld var íslensk stjórnsýsla sjö árum eftir lýðveldisstofnun óvön samskiptum við herafla á friðartímum, ólíkt því sem tíðkaðist í nágrannaríkjunum sem höfðu eigin her og mörg hver erlendar herstöðvar.

Það sem kann að hafa verið íslenskum almenningi framandi þótti bandamönnum okkar sjálfsagt og eðlilegt og í raun forsenda þess að hægt væri að verja landið. Hnökralaus framkvæmd varnarsamningsins og sú gæfa að aldrei kom til stríðsátaka olli því að mjög lítið reyndi á þessa viðauka og í sumum tilvikum aldrei. Nú, eftir að varnarliðið er farið héðan, er auðvitað stór hluti þeirra úreltur.

Það má leiða líkur að því að hugsanleg endurskoðun og birting hafi ekki orðið forgangsatriði í seinni tíð vegna þess að ekki hafði á þessi atriði reynt í nokkrum mæli. En í tengslum við gerð samningsins um brottför varnarliðsins og skil á tilteknum varnarsvæðum í fyrrahaust sömdu íslensk og bandarísk stjórnvöld um gerð breytinga á umræddum viðaukum eins og hæstv. utanríkisráðherra gat um. Þær breytingar byggjast á varnarsamningnum sem er auðvitað tvíhliða milliríkjasamningur sem virðir fullveldi beggja ríkja en breytingarnar fólust m.a. í því að setja inn skýrari fyrirvara um samþykki íslenskra stjórnvalda við framkvæmdinni þar sem þess var talin þörf.

Við lok þessara viðræðna um varnarsamstarfið síðasta haust urðu báðir aðilar sammála um að aflétta leynd af viðaukunum sem gerðir voru 1951 og þeim sem nú eru í gildi. Af Íslands hálfu var lögð á það áhersla að þetta yrði gert þá strax, um leið og samkomulagið var kynnt, en bandarískar reglur sem fela í sér tímafreka málsmeðferð ollu því að endanleg afgreiðsla bandarískra stjórnvalda fékkst ekki fyrr en 11. janúar.

Það er ljóst að við brottför varnarliðsins minnka líkurnar á framkvæmd þessara viðauka jafnvel enn meir. Engu að síður er með tilliti til varnarsamningsins og aðildarinnar að NATO nauðsynlegt að bandalagsríki okkar viti nákvæmlega réttarstöðu herliðs sem þau kunna einhvern tímann í framtíðinni að senda til Íslands.

[16:35]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að taka upp þessa umræðu hér. Hún er að stórum hluta nauðsynleg. Eitt af því sem að sjálfsögðu heyrir upp á núverandi ríkisstjórn er að hafa ekki létt leyndinni fyrr. Það hefði t.d. verið hægt að gera það í upphafi þessa kjörtímabils fyrir þremur árum, þar af leiðandi áður en herinn ákvað endanlega að fara og áður en gerðir voru hér nýir samningar, svokallaðir skilasamningar.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur farið mjög vel yfir söguna. Það sem mig langar að vekja athygli á og koma með spurningar um, herra forseti, er þessi nýi skilasamningur sem var gerður 29. september. Sá samningur vekur upp ýmsar spurningar og maður veltir líka fyrir sér hvort kannski hangi einhverjir aðrir samningar þar í, einhverjir viðaukar sem við höfum ekki fengið að sjá. Í þessum samningi sem er á ensku segir m.a. í 4. gr., með leyfi forseta:

„Iceland and the United States shall jointly recommend to NATO that Iceland assume host nation responsibility for all NATO-funded facilities in Iceland as soon as possible after the return of agreed areas."

Ég er að velta fyrir mér, herra forseti, hvað felist nákvæmlega í þessu ákvæði. Hvaða verk eru það sem Íslendingar eru að taka hér að sér? Hverjir koma til með að sinna þeim? Ef ég skil þetta rétt er hér um hernaðarverk að ræða, og eru það kannski einhverjir sérstakir íslenskir hermenn? Er verið að þjálfa einhvers staðar hermenn til þess? Von-

andi eru skýringar á þessu öllu, herra forseti.

Í sömu grein kemur jafnframt fram, með leyfi forseta: „... that Iceland assume user nation responsibility ...“

Aftur spyr ég: Hvaða ákvæði eru þetta? Hvaða notendur er hér verið að tala um nákvæmlega? Hvaða þjóðir eru þetta? Hvað erum við að kalla yfir okkur með þessum samningi?

Ég hef ekki fengið aðgang að íslenskri þýðingu á þessum samningi en það er oft þannig, herra forseti, að þegar maður ber saman íslenska þýðingu og enskan texta er ekki alltaf rétt með farið þannig að ég legg til að menn fari vandlega yfir upprunalega textann.

Áfram segir í 4. gr. í þessum skilasamningi:

„Iceland shall accept all responsibility relating to use, operation, preservation and maintenance.“

Enn spyr ég, herra forseti: Hvað er það sem Ísland hefur tekið að sér að starfrækja? Á að verja með vopnum öll hernaðarmannvirki á Keflavíkurflugvelli? Hverjir munu þá sjá um það? Hvaða stofnun er það? Er verið að búa til einhverja nýja stofnun? Kannski hvílir einhver leynd yfir henni, ég veit það ekki. Ég bara spyr. Ég hef ekki séð, herra forseti, neitt um þetta í t.d. fjárlögum eða fjáraukalögum. Síðan segir hér áfram í 5. gr., með leyfi forseta:

„The United States shall retain the communication facility at Grindavík as an agreed area and be responsible for the continued maintenance and operation of the facility.“

Ég spyr eftir að hafa lesið þetta á frábærri ensku, herra forseti: Er herinn hérna enn þá? Um hverja er verið að tala þarna? Er eitthvað eftir af heraflanum þarna við Grindavík? Hverjir eiga að sinna þessu? Ég hélt að allur herinn hefði farið héðan í lok september. Svo virðist ekki vera. Ég spyr, herra forseti: Hvað erum við að kalla yfir okkur með þessum nýja skilasamningi? Mér finnst þetta ekki nógu skýrt en væntanlega hefur hæstv. utanríkisráðherra skýringar á reiðum höndum eða þá að menn verða kallaðir fyrir utanríkismálanefnd til að fara yfir.

Síðan kannski rétt í lokin af því að ég vil halda mig meira við nútímann og sérstaklega þennan samning þar sem ég hef leitað eftir nokkrum svörum — nú hefur undanfarið verið talað um að gerðir hafi verið samningar við grannþjóðir okkar, Norðmenn og Dani, varðandi varnir landsins og ég velti fyrir mér á hvaða stig það sé komið. Er það rétt sem menn geta sér til um, að Danir og Norðmenn séu fyrst og fremst að hugsa um sjálfa sig og hvort þá standi til að sett verði upp flotastöð fyrir Norðmenn í Hvalfirði?

Þetta hefur verið svolítið í umræðunni og ég velti fyrir mér hvort þetta sé skilyrðið því væntanlega eru Norðmenn og Danir ekki að hugsa um Íslendinga fyrst og fremst. Þeir eru að sjálfsögðu að hugsa um það, herra forseti, að vernda olíuauðlindir sínar sem eru á hafi úti.

[16:41]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það vekur athygli að talsmenn bæði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks reyna að réttlæta leynisamningana frá því um miðja síðustu öld með ljósi tíðarandans.

Hæstv. utanríkisráðherra Valgerður Sverrisdóttir segir ekki þjóna miklum tilgangi að horfa inn í fortíðina í þessum efnum. Við verðum að hafa í huga að uppþot hafi orðið og að ef til vill varpi þessi leynisamningur ekki sanngjörnu ljósi á fortíðina.

Það gerði ræða hæstv. utanríkisráðherra ekki heldur. Það var ekki einvörðungu svo að efnt hefði verið til mótmæla á Austurvelli þegar Ísland var dregið inn í NATO, heldur höfðu einstaklingar úr verkalýðshreyfingu og stjórnmálum verið teknir fyrir. Símar þeirra höfðu verið hleraðir ólöglega. Það hefur nú verið upplýst. Þeir voru dregnir fyrir dóm. Þeir voru sviptir æru sinni. Þeir voru sviptir kosningarrétti. Þeir voru sviptir mannréttindum. Þessa saknaði ég í ræðu hæstv. utanríkisráðherra.

Síðan er annað með fortíðina. Auðvitað eigum við að fá fram það sem er satt og rétt í þeim efnum en einnig vegna þess að fortíðin lifir enn. Hún lifir í persónum, pólitík og vinnubrögðum.

Þar horfi ég ekki einvörðungu á leynimakkið í kringum Íraksstríðið. Nei, ég er að horfa til þeirrar staðreyndar að síðasta haust eru leynisamningurinn og leyniviðaukarnir enn samþykktir af hálfu þess utanríkisráðherra sem nú situr á valdastóli íslenskum.

Þá vil ég geta þess þegar sagt er og staðhæft, sennilega réttilega af hálfu hæstv. utanríkisráðherra, að um sé að ræða einn umdeildasta samning í sögu Íslendinga, einn umdeildasta samning fyrr og síðar, að þeim mun meiri rök séu fyrir því að upplýsa þjóðina um hvað þarna var raunverulega um að ræða. (**Utanrrh.:** Er ég ekki að því?) Við erum að tala um leynisamninga. Við erum að tala um baksamninga. Á bak við hvern átti að fara? Og á bak við hvern var farið? Það var farið á bak við íslenska þjóð. Frá henni var upplýsingunum haldið.

Nú veit ég ekki hvort framsóknarmenn eru meira gefnir fyrir reyktóbak en annað fólk. Þegar hæstv. ráðherra talar um að um þetta hafi verið makkað í reykmettuðum bakherbergjum er það staðreynd að það eru ráðherrar Framsóknarflokksins sem flestum öðrum fremur hafa setið á stóli utanríkisráðherra Íslands. Í að minnsta kosti tvo áratugi höfðu þeir tækifæri til að upplýsa um þessa samninga. Sannast sagna, hæstv. forseti, finnst mér skjóta skökku við þegar við heyrum núverandi hæstv. utanríkisráðherra tala um að hún sé á móti leynimakki eftir allt leynimakkið með erlendum fjölþjóðlegum árhringjum á undanförnum árum.

Hæstv. forseti. Það sem við þurfum nú að fá upplýst er á hvern hátt samningurinn stríddi, og hefur allt fram á þennan dag strítt, gegn íslenskum lögum og gegn stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

[16:45]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Fyrir tveimur áratugum tók ég sæti í þingmannasamtökum Norður-Atlantshafsríkjanna. Fundir þar fóru yfirleitt þannig fram á þeim árum að áhrifamenn á hernaðar- og stjórnmálasviði fluttu erindi og messuðu yfir fulltrúum þeirra 19 þjóða sem áttu aðild að NATO á þeim tíma um hættuna sem stafaði af Sovétríkjunum. Síðan fóru menn heim af þessum fundum og talað var um það þegar ég var búinn að vera þarna í u.þ.b. tvö ár að það væri kannski hugsanlegt að senda þingmannasendinefndir til Búlgaríu til

skrafs og ráðagerða.

Það varð hlé á setu minni í þessum samtökum á árunum 1987–1991 en þá kom ég aftur þar inn. Þá var allt breytt. Rússarnir voru komnir inn í samtökin með málfrelsi og tillögurétt, sestir við borðið ásamt fulltrúum allra þeirra þjóða sem voru á þeim tíma að losa sig úr tengslum við Sovétríkin.

Ég segi þetta hér til að vekja athygli á því andrúmslofti sem varð í kjölfar þeirra miklu átaka sem dundu yfir Evrópu á öldinni sem leið og leiddu til kalda stríðsins sem var ógnarjafnvægi á spjótsoddum og varðstaða um skiptingu Evrópu innan áhrifasvæðis stórveldanna. Þessi tími er liðinn en timburmenn hans, ef svo má að orði komast, eru að koma í ljós. Umræðan hefur einkennst af slíku undanfarið. Hún hefur snúist um símahleranir og í dag snýst hún um þá viðaukasamninga sem gerðir voru við Bandaríkjamenn árið 1951 og voru ekki birtir þá. Utanríkisráðherra hefur nú tekið þá réttu og skynsamlegu ákvörðun að birta þessa samninga og það er í samræmi við opna stjórnsýslu nútímans.

Ákvörðunin um að birta ekki þessa samninga á sínum tíma helgaðist af ógnarandrúmslofti, tortryggni og vantrausti sem ríkti á þessum árum. Menn héldu að sér ákvörðunum í varnarmálum og vildu einfaldlega ekki að upplýsingar í smáatriðum um fyrirkomulag þessara mála lægju á borði andstæðinganna. Það má endalaust deila um það hvort ástæða hefði verið til á sínum tíma að birta meira úr þessum samningum eða birta þá en það er mjög auðvelt að setjast í dómarasæti eftir á í þessum efnum. Andrúmsloftið sem ríkti á árum síðari heimsstyrjaldarinnar og eftirstríðsárunum var þannig að erfitt er fyrir okkur nútímafólk að ímynda okkur það ástand. Bakgrunnurinn fyrir þessu andrúmslofti voru skelfileg átök, stríðsaðgerðir, kúgun og blóðsúthellingar og þetta var gjörningaveður.

Það sem máli skiptir nú er að málið hefur verið opnað og herinn er farinn vegna þess að það er friður í þessum heimshluta. Það er hinn stóri árangur (**Gripið fram í:** Framsóknarflokksins?) af þeim samningum sem gerðir voru á sínum tíma. Ég hef mikla sannfæringu fyrir því. Það sem skiptir máli er að halda á þessum málum með eðlilegum hætti í samræmi við nútímastjórnsýslu og það er það sem hæstv. utanríkisráðherra hefur forustu um að gera um þessar mundir.

[16:49]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að fá þessa umræðu um leyniviðauka varnarsamningsins inn á hið háa Alþingi. Þó verð ég að segja að svörin hafa a.m.k. hingað til í umræðunni verið frekar rýr í roðinu og þó að segja megi að þau hafi kannski komið frá hjartanu mættu þau vera efnismeiri.

Ég er ekki sammála þeim sem hér hafa sagt að það sé mjög erfitt að skilja hvað mönnum hafi gengið til árið 1951 með því að halda viðaukunum leyndum. Ég hygg að í ljósi aðstæðna þá og í ljósi þess hvað gerðist við Alþingishúsið 30. mars 1949 hafi menn séð það í hendi sér að ef slíkir viðaukar væru gerðir opinberir gæti ýmislegt gerst í samfélaginu, af því að eins og við vitum öll klauf þessi samningur þjóðina í herðar niður í afstöðu sinni til hans. Auðvitað vissu menn að þeir voru á hálum ís með því að semja með þeim hætti sem gert var. Það voru engir aukvisar sem stóðu að þessum samningum.

Fólk hefur komið hér upp og sagt að erfitt sé að skilja andrúmsloftið sem þá var og andrúmsloft kaldastríðsáranna og hef ég á þeim tæpu átta árum sem ég hef setið á hinu háa Alþingi oft orðið vör við að það eimir vel eftir af andrúmslofti kaldastríðsáranna í þessum sal og kannski meira hér en nokkurs staðar annars staðar í samfélaginu.

Herra forseti. Málið varðar efnislega aðallega afnotarétt-inn og skilin á varnarsvæðunum, lögsöguna yfir varnarliðsmönnunum og hugsanlega yfirtöku á almennri flugstarfsemi.

Í 8. gr. eins viðaukans sem nú hefur verið gerður opinber segir, með leyfi forseta:

„Eigi er Bandaríkjunum skylt að afhenda Íslandi samningssvæðin við lok samnings þessa í sama ástandi sem þau voru í er Bandaríkin fengu þau til afnota. Þó skulu Bandaríkin við brottför af samningssvæðunum, eftir því sem við verður komið, flytja burtu úrgangsefni, eyða þeim eða á annan hátt að ganga frá þeim.“

Þetta varpar nýju ljósi á þær samningaviðræður sem hér fóru fram á síðasta ári og við vissum að væru yfirvofandi á undanförnum árum. Þetta varpar mjög skýru ljósi á þá stöðu sem mann þó grunaði að ríkisstjórn Íslands væri í í þessum samningaviðræðum en hún hefur náttúrlega verið enn verri en nokkur gat ímyndað sér. Þó datt þessu fólki aldrei í hug að deila þessari stöðu með öðrum hv. alþingismönnum í trúnaði í hv. utanríkismálanefnd eins og kannski hefði verið kostur í stöðunni. Þeim kom það greinilega aldrei til hugar.

Hvað varðar lögsöguna yfir varnarliðsmönnum og öðru slíku vitum við að svokallað hnífsstungumál vakti athygli almennings á því hvað væri í raun innifalið í þessum samningum og þá varð að aflétta leyndinni á þeim hluta. Hvað varðar almenna flugstarfsemi og hugsanlega yfirtöku á henni þá verð ég að segja eins og er, herra forseti, að mér er enn ekki ljóst hvar það mál er statt miðað við þá samninga sem gerðir voru í haust, svokallaða framhaldssamninga við varnarsamninginn. Mér er ekki enn ljóst hvar það er statt. Ég hef hins vegar lesið það í fréttum og haft eftir prófessor við Háskóla Íslands — þó að það falli ekki í góðan jarðveg á hinu háa Alþingi að vitna í prófessora við Háskóla Íslands ætla ég samt að gera það — að fyrir einhverjum árum hafi verið reynt að taka það upp að frumkvæði íslenskra stjórnvalda. Ég vil fá að vita hver reyndi það og hvers vegna og hvað það þýði í raun í þessu ferli.

Í raun réttri vakna fleiri spurningar í þessu máli en maður fær svör við í svona stuttri umræðu. Hins vegar vil ég að lokum þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir að hafa ákveðið að létta leyndinni af þessum viðaukum. Það er hins vegar algjörlega óskiljanlegt hvers vegna það var ekki gert miklu, miklu fyrr, og þegar menn stæra sig af því að vera ekki að pukrast þá vona ég, hæstv. forseti, að það eigi líka við um önnur málefni sem eru til umfjöllunar í ríkisstjórninni.

[16:54]

**Halldór Blöndal:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir að

hafa haft frumkvæði að því að þessir samningar yrðu birtir og utanríkisráðherra fyrir að hafa séð um þá framkvæmd (Gripið fram í.) — er það nú enn einu sinni ritstjóri Þjóðviljans sem hlær? — að þessi viðaukar skuli birtir og eins og fram kemur eru þeir eðlilegir og ekkert í þeim kemur á óvart. Varnarsamningurinn var gerður við þau skilyrði að Berlín var ógnað með samgöngubanni, þjóðir Norðurlanda óttuðust, og það með réttu, innrás Sovétríkjanna og við sem höfum hitt m.a. forustumenn t.d. í Eystrasaltslöndunum vitum hvað það hefði þýtt og það er ekkert til að hlæja að. Það voru miklar viðsjár í veröldinni, utanríkismálanefnd var ekki kölluð saman á þessum tíma og enginn trúnaður þar inni eins og við vitum.

Það er verið að tala um mikla leynd. Sjálfstæðisflokkurinn hafði utanríkisráðherra 1951–1953 og síðan aftur 1983–1987, þannig að ef menn telja að utanríkisráðherrar hafi brugðist þá munu þeir vera í öðrum flokkum.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að hinn 25. júlí 1989 þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat í ríkisstjórn og einn helsti stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar var hv. þm. Ögmundur Jónasson, voru gerðir þrír samningar við varnarliðið. Fyrsti samningurinn varðaði vatnsveitu á Miðnesheiði vegna þess að vatnsveitan þar var menguð og þess vegna var nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin þar og varnarliðið að fá hreint vatn og gerður var sérstakur samningur um að varnarliðið skyldi leggja fram fé til þessa samnings og hafa aðgang að honum.

Í öðru lagi var gerður samningur um umhverfismál sem dró heldur úr þeim skuldbindingum sem Bandaríkjamenn höfðu áður gert og í þriðja lagi, herra forseti, var gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar og varnarliðsins um ljósleiðaravæðingu hér á landi. Yfirmaður ljósleiðaravæðingar á þeim tíma var Steingrímur J. Sigfússon. Bandaríkin skyldu leggja fram að hámarki 22,5 millj. dollara til þessarar ljósleiðaravæðingar.

Nú skyldi maður spyrja eins og þessir hv. þingmenn tala: Hvenær koma allir þessir þrír samningar fyrir utanríkismálanefnd? Voru þetta leynisamningar? Getur það verið, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon? Svo stendur á að rétt áður en þessir samningar voru gerðir var fundur í utanríkismálanefnd, eða hinn 10. júlí, og þar var sérstaklega farið fram á það að utanríkisráðherra, sem á þeim tíma var Jón Baldvin Hannibalsson, skyldi fara yfir starfsemi varnarliðsins í utanríkismálanefnd. Þetta var 10. júlí 1989.

Næsti fundur í utanríkismálanefnd var haldinn 20. júlí, ekki er minnst á varnarliðið þar. Síðan var haldinn fundur 30. ágúst, rúmlega mánuði eftir að þeir þrír samningar eru gerðir sem varða varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Ekki orð um það í utanríkismálanefnd. Þessir samningar voru aldrei lagðir fram í utanríkismálanefnd. Svo er maður sem sat í ríkisstjórn á þessum tíma, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, maður sem bar stjórnskipulega ábyrgð á ljósleiðaravæðingu landsins sem samgönguráðherra, að standa hér upp og væna aðra menn um einhverja leynisamninga. Ja, honum ferst, segi ég, hæstv. forseti. Staðreyndin er sú að það var eðlilega staðið að varnarmálum á sínum tíma og nauðsynlegt fyrir Íslendinga að hafa varnir og sjálfsagt að utanríkismálanefnd fái að fylgjast með í utanríkismálum.

[16:59]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Það er vissulega lofsvert að hæstv. utanríkisráðherra eða hæstv. forsætisráðherra skuli hafa tekið þá ákvörðun að aflétta leynd af þeim viðaukum sem voru gerðir þegar varnarsamningur Íslendinga við Bandaríkjamenn var undirritaður árið 1951. Það er náttúrlega alveg rétt sem komið hefur fram í málflutningi til að mynda hæstv. forsætisráðherra en líka hv. þm. Halldórs Blöndals að það voru viðsjárverðir tímar í heiminum þegar þetta var gert og ég held að við verðum að skoða þessa þætti með söguna í huga og þær aðstæður sem ríktu í heiminum þegar þessir atburðir áttu sér stað. Þar fyrir utan nenni ég í sjálfu sér ekki að dvelja svo mikið við hinar sögulegu forsendur þessara hluta eða fortíðina, þetta liggur langt inni í fortíðinni, við erum að tala um rúmlega hálfa öld. Ég hygg að það hafi aldrei verið vænlegt til velgengni í pólitík að fara inn í framtíðina starandi í baksýnisspegilinn þó að sagan sé að vissu leyti góð sem viðmiðunarpunktur varðandi þær ákvarðanir sem við tökum í nútímanum þegar við erum að marka okkur stefnu inn í framtíðina.

Hitt vildi ég segja, virðulegi forseti, að sá samningur sem nú liggur fyrir hlýtur að vekja upp margar áleitnar spurningar. Hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson fór yfir það í ræðu sinni áðan þar sem hann bendir á ýmsar greinar þess samnings sem hæstv. utanríkisráðherra undirritaði nýlega við Bandaríkjamenn. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði það líka með réttu og benti einmitt á ákvæði stjórnarskrárinnar. Mér finnst, virðulegi forseti, að þetta veki kannski upp þær spurningar sem við ættum að vera að ræða hér í dag, þ.e. hvaða samkomulag er í raun og veru í gildi við Bandaríkjamenn núna. Hvað felst í þeim orðum sem koma fram í samningnum eins og hann lítur út í dag? Það ætti að sjálfsögðu að vera eðlileg og sanngjörn krafa að þetta mál yrði tekið fyrir á fundum hjá hv. utanríkismálanefnd þar sem alþingismönnum þjóðarinnar yrði gefinn kostur á því að spyrja t.d. embættismenn og aðra hvað felst í enskum hugtökum eins og „host nation responsibility“, „user nation responsibility“, „responsibility relating to use, operation, preservation and maintenance“. Hvað felst í þessum hugtökum í þessum samningi? Hvaða túlkun eða skilningur hefur verið lagður í þennan samning af hálfu þeirra sem sáu um þessa samningsgerð fyrir Íslands hönd? Hvaða túlkun hefur til að mynda verið lögð í þetta af hálfu Bandaríkjamanna? Hvað þýða þessi ákvæði ef í harðbakkann slær?

Ég held að þetta séu spurningar sem Alþingi hlýtur að eiga kröfu á að fá svör við. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því hvað felst í núgildandi samningi við Bandaríkjamenn þannig að við vitum hvernig þessi samningur verður túlkaður ef í harðbakkann slær, ef Bandaríkjamenn kjósa t.d. að snúa hingað aftur með herlið. Það er náttúrlega ekkert annað en barnaskapur að ætla að Bandaríkjamenn fari hér um af fyllstu kurteisi, ef svo má að orði komast, að þeir muni ekki túlka þennan samning út í ystu æsar til hagsbóta fyrir þann stríðsrekstur sem hugsanlega yrði í gangi við þær aðstæður sem ríktu þegar Bandaríkjamenn kysu að snúa hingað aftur á nýjan leik. Það er barnaskapur að ætla sér annað en að þeir geri það.

Ég held líka að það sé barnaskapur að ætla að enda þótt friðvænlegt ástand sé núna í Norðurhöfum, í okkar heimshluta, geti ekki dregið til ófriðar á nýjan leik. Að sjálfsögðu er hætta á því að slíkt gerist og það getur gerst á tiltölulega skömmum tíma, sagan, saga undanfarinna ára í heiminum, ætti að segja okkur meira en mörg orð um það, virðulegi forseti.

[17:03]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Herra forseti. Einn stjórnmálaflokkur á þingi kemur í veg fyrir að upplýsingar berist til þjóðarinnar. Það er Sjálfstæðisflokkurinn. Ekki má rannsaka símhleranir af óháðri rannsóknarnefnd og ekki má greina frá nýrri leynilegri varnaráætlun í samstarfi við bandarísk stjórnvöld. Þetta kemur ekkert tíðaranda kalda stríðsins við eins og hæstv. forsætisráðherra segir í umræðunni.

Í umræðum um málið kemur fram afar sérkennilegur skilningur hæstv. forsætisráðherra á orðinu „einhliða". Hvernig geta orðin „einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar" þýtt sameiginleg ákvörðun tveggja þjóða, en það er víst skilningur íslenskra stjórnvalda? Á góðri íslensku þýðir þetta að einfaldlega er verið að þvæla um málið og slá ryki í augu þjóðarinnar.

Það er augljóst hverjum kjósanda að Sjálfstæðisflokknum hefur mistekist herfilega í varnarmálum þjóðarinnar. Það bætist á listann yfir önnur mistök ríkisstjórnarinnar svo sem í hagstjórninni, fátæktinni, öldrunarmálum og jafnvel í jafnréttismálunum hvað varðar kynbundinn launamun. Allt þetta skrifast á Sjálfstæðisflokkinn, herra forseti.

[17:04]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið athyglisverð umræða, að síðustu ræðu undanskilinni. Það er full ástæða til að fara yfir þetta mál eins og gert hefur verið í dag. Það má auðvitað ekki gleyma því að þrír stjórnmálaflokkar, allan þann tíma sem varnarsamningurinn var í gildi, hafa borið ábyrgð á framkvæmd hans. Hvaða flokkar eru það nú? Framsóknarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn gamli, sem lifir að einhverju leyti í Samfylkingunni. (Gripið fram í.) Þessi 56 ár, virðulegi forseti, var Alþýðuflokkurinn með utanríkisráðuneytið í 24 ár og Framsóknarflokkurinn í 24 ár. (Gripið fram í.) Ef hv. þingmaður vill kvarta yfir því að meðan hann sem ráðherra fékk ekki upplýsingar um eitthvað í þessu efni og hefur ekki vitað um leynisamningana eða það sem í þeim stendur þá legg ég til að hann tali um það þegar hann sem ráðherra hafði ekki upplýsingar um þetta mál við fyrrverandi utanríkisráðherra sem annaðist þetta mál. (Gripið fram í.)

Sama er að segja um hv. þm. (Forseti hringir.) Steingrím J. Sigfússon sem var samgönguráðherra hér í ríkisstjórn. Þeir eiga að kvarta undan þessu við mennina sem sátu með þeim í ríkisstjórn. (**SJS:** Það er rétt.) Já, það er rétt. Það er nefnilega þannig. (**SJS:** Þeir hefðu mátt segja manni meira.) Þeir hefðu mátt segja manni meira, það er nefnilega það.

Hins vegar er það þannig að þetta mál var ekki kynnt utanríkismálanefnd 27. september, svo ég svari spurningu þingmannsins frá því áðan, vegna þess að Bandaríkjamenn áttu eftir að ganga frá formsatriðum til að (Gripið fram í.) gera (**Gripið fram í:** Voru kosningar í nánd?) þetta birtingarhæft. Við ákváðum að verða við því. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Það er rangt, hv. þingmaður, eins og næstum því allt sem þú hefur látið út úr þér í þessum sal í dag.

[17:07]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Jæja, menn fara nú að gerast glaðir í þessum umræðum. Það væri ágætt út af fyrir sig ef við værum ekki að ræða grafalvarlegt mál. Alvarleikinn í þessu máli er fyrst og fremst sá að við upplifum það enn um sinn að fá ekki að vita um þá samninga sem gerðir hafa verið. Hæstv. utanríkisráðherra sagði, þegar hún upplýsti að hún teldi ástæðu til að aflétta leynd af þessum gömlu samningum ásamt því að málefni fortíðarinnar verði gerð upp og leynd aflétt: En að sjálfsögðu er ekki hægt að upplýsa allt er varðar varnir landsins.

Ég spyr hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra: Er það virkilega svo að áfram fái utanríkismálanefnd Alþingis ekki upplýsingar um hvað fer fram? Erum við virkilega að ræða þessi mál undir þeim formerkjum að utanríkismálanefnd fái ekki réttar upplýsingar, trúnaðarnefnd Alþingis? Það er ekki hægt að ráða annað í þá umræðu sem hér hefur farið fram en að svo sé.

Það er náttúrlega ákaflega dapurlegt, hæstv. forseti, þegar menn upplýsa núna um eitthvað sem gerðist fyrir 50 árum og batt okkur ýmsum böndum sem við höfðum ekki hugmynd um, íslenska þjóðin, eins og að herinn gæti yfirtekið allt og stöðvað allt almennt flug frá landinu, að herinn gæti tekið ákveðin landsvæði undir sína stjórn o.s.frv., eins og kemur fram í þessum viðaukum, að herinn geti mætt hér og kortlagt haf og land og skoðað farartæki án þess að Íslendingar hafi hugmynd um það.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra að lokum: Eru svona vinnubrögð enn viðhöfð? (Forseti hringir.) Af hverju er utanríkismálanefnd ekki upplýst um þetta í trúnaði?

[17:09]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það verð ég að segja að það er beinlínis grátbroslegt að hlusta á hv. þm. Halldór Blöndal reyna að fjalla um þessi mál, svo alvarleg sem þau eru og varða lög og stjórnarskrá landsins, með þeim hætti sem hann gerði áðan. Hann lagði til að mynda að jöfnu þessa leynisamninga og þennan gjörning og samning um byggingu vatnsbóls á Suðurnesjum, sem var gerður fyrir opnum tjöldum milli sveitarfélaga á Suðurnesjum, hersins og með aðild Varnarmálaskrifstofunnar, fjallað um í fjölmiðlum og aldrei var neitt leyndarmál. Sá samningur kom aldrei fyrir ríkisstjórn. Það veit hv. þm. Halldór Blöndal og það er ekki merkilegur málflutningur að reyna að gengisfella þann sem hér stendur með slíkum aðferðum.

Í öðru lagi, varðandi það sem hæstv. forsætisráðherra segir, að lesa þurfi í leyndina sem þarna var viðhöfð í ljósi tíðarandans. Já, við skulum gera það. Er það þá ekki augljóst hverjum manni að ástæðan er pólitísk? Flokkarnir sem gengu á bak orða sinna frá 1949 um að hér skyldi aldrei

sitja her á friðartímum þorðu ekki að bæta því við komu hersins að segja þjóðinni satt og rétt frá því hvernig var samið um réttindi hans. Svo langt var gengið í afsali á íslensku fullveldi og íslenskri lögsögu að sennilega hefði orðið uppreisn í landinu ef leynisamningarnir hefðu verið opinberir.

Hið alvarlega er einnig að þessi lögbrot, stjórnarskrárbrot, eru að því er best verður séð í fullu gildi enn í dag. Það sem þarf að fara í næst er að fá á hreint: Hvaða stöðu hafa viðaukarnir núna? (Gripið fram í.) Ætlar hæstv. utanríkisráðherra að flytja frumvarp um að afla þeim lagastoðar þótt seint sé eftir rúmlega hálfa öld eða er nóg að birta þá í Lögbirtingablaðinu? Er hægt að ýta lögum um flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og loftferðir til hliðar með samningi úti í bæ við erlendan ráðherra sem hefur enga lagastoð? Er hægt að ýta íslenskri refsilöggjöf, hlutverki lögreglu og ákæruvalds til hliðar (Forseti hringir.) með samningi af þessu tagi sem hefur enga lagastoð, brýtur gegn stjórnarskrá o.s.frv.?

Við þessum spurningum mínum komu því miður engin svör. Þeirra verður þá að afla (Forseti hringir.) með einhverjum öðrum aðferðum. En að öðru leyti, virðulegur forseti, þakka ég fyrir umræðuna.

[17:11]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spyr hvort gerð og undirritun umræddra leyniviðauka standist ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar. Það er vissulega álitaefni sem eðlilegt er að ræða, ekki síst í ljósi þess að skammt er síðan leynd var aflétt af þeim. Ég kýs að fjölyrða ekki um þetta atriði enda er það fyrst og fremst lögfræðilegt álitaefni. Ég vil þó benda á það að þessir leyniviðaukar voru undirritaðir fyrir hönd Íslands af þáverandi utanríkisráðherra, Bjarna Benediktssyni, sem var á þeim tíma einn virtasti og færasti stjórnlagafræðingur þjóðarinnar.

Hv. þingmaður spyr um stjórnskipulegt gildi þessara leyniviðauka. Ég vísa í því sambandi til þess sem ég nefndi áðan varðandi túlkun á 21. gr. stjórnarskrárinnar. Ég vil jafnframt leggja áherslu á að varnarsamningnum hefur verið framfylgt af íslenskum stjórnvöldum í rúma hálfa öld og utanríkisráðherra hvers tíma virt viðaukana og lagt efni þeirra til grundvallar í samskiptum við varnarliðið og framkvæmd varnarsamningsins.

Hv. þingmaður spyr um þjóðréttarlegt gildi leyniviðaukanna. Því er fljótsvarað. Leyniviðaukarnir eru hluti af varnarsamningnum og þar af leiðandi hluti af gildandi þjóðréttarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna.

Hv. þingmaður spyr hversu oft sérstöku ákvæði fylgiskjals IV hafi verið beitt. Þetta ákvæði hefur gilt í samskiptum milli ríkjanna frá gerð varnarsamningsins og ég get ekki svarað um það hversu oft því hefur verið beitt.

Hv. þingmaður spyr um stöðu ákvæðis 2. gr. viðaukans um almenna flugstarfsemi gagnvart gildandi lögum og alþjóðasamningum. Því er til að svara að gerð var breyting á þessu ákvæði í samningi um breytingar á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá september 2006.

Hér má ekki gleyma því að hlutverk Keflavíkurflugvallar hefur ávallt verið tvíþætt. Annars vegar gegnir Keflavíkurflugvöllur lykilhlutverki í vörnum landsins (Forseti hringir.) og hins vegar er flugvöllurinn miðstöð alþjóðlegra flugsamgangna til og frá Íslandi.

## *Íslenska friðargæslan, 1. umr.*

Stjfrv., 443. mál (heildarlög). — Þskj. 566.

[17:14]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Íslensk friðargæsla hefur verið starfrækt um alllangt skeið en upphaflega hófst þátttaka um 1950 með störfum íslenskra lögreglumanna á vegum Sameinuðu þjóðanna í Palestínu. Í lok ársins 2000 skilaði starfshópur, sem ríkisstjórnin skipaði, tillögum um aukna þátttöku Íslands í friðargæslu á vegum alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að. Skýrslan varð grunnurinn að því að íslenska friðargæslan var sett á fót innan utanríkisráðuneytisins og hafist var handa um að auka þátttöku Íslands í alþjóðlegum friðargæsluverkefnum. Þessi þróun samræmist þeirri stefnu íslenskra stjórnvalda að Íslendingar taki í meira mæli á sig ábyrgð gagnvart umheiminum og alþjóðasamfélaginu. Síðastliðið ár störfuðu að jafnaði 26 Íslendingar erlendis á hverjum tíma að friðargæsluverkefnum. Verkefnin voru í Afganistan, Írak, Sri Lanka og á Balkanskaga.

Meginþorri friðargæsluliða starfar að endurreisnar- og uppbyggingarstarfi á átakasvæðum innan vébanda alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að, eins og Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópusambandsins, auk norræna eftirlitsverkefnisins á Sri Lanka. Síðastliðinn áratug hafa á annað hundrað Íslendinga starfað að friðargæslu erlendis við fjölbreytt störf. Þetta eru sérfræðingar úr ólíkum hópum og starfsstéttum, svo sem lögreglumenn, hjúkrunarfræðingar, verkfræðingar, fjölmiðlafólk, flugumferðarstjórar og slökkviliðsmenn, svo örfáar stéttir séu nefndar.

Hæstv. forseti. Markmiðið með lagafrumvarpi þessu er að renna styrkari stoðum undir þátttöku Íslands í friðargæslu á alþjóðavettvangi og kveða skýrt á í lögum um ýmis atriði sem til þeirrar starfsemi heyra, m.a. réttarstöðu friðargæsluliða, ábyrgð þeirra, réttindi og skyldur. Rétt er að vekja athygli á því að frá umboðsmanni Alþingis hafa borist ábendingar um að rétt sé að setja sérstök lög um þessa starfsemi og frumvarp um sama efni var lagt fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Við gerð frumvarpsins var m.a. höfð til hliðsjónar löggjöf um friðargæslu í öðrum norrænum ríkjum, en þar sem löggjöf um friðargæslu annars staðar á Norðurlöndum tekur almennt mið af því að þar er starfræktur her eiga sérsjónarmið við um margt varðandi íslenska friðargæslu.

Í haust kynnti ég í hv. utanríkismálanefnd breytingar á stefnumörkun og verkefnavali í íslensku friðargæslunni, m.a. með það að leiðarljósi að nýta betur sérþekkingu og hæfni íslenskra friðargæsluliða í verkefnum sem snúa að borgaralegum störfum og auka möguleika á áhrifum og þátttöku kvenna á þeim mikilvæga starfsvettvangi. Það er í samræmi við stefnu okkar og áherslur innan Sameinuðu þjóðanna. Í tengslum við þessar áherslur má einnig nefna

að innan utanríkisráðuneytisins er nú unnið að aðgerðaáætlun um framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325/2000 sem varðar konur, stríð og frið. Ég hef lagt á það áherslu í tengslum við þessa stefnumörkun að einnig verði aukið verulega upplýsingastreymi og samráð við utanríkismálanefnd um ný verkefni sem friðargæslan tekur sér fyrir hendur og meiri háttar breytingar sem gerðar eru á þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Ég tel að vel hafi tekist til í haust að hafa slíkt samráð og í frumvarpinu nú er sérstaklega vísað til slíks samráðs.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. utanríkismálanefndar.

[17:19]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Hæstv. forseti. Það er auðvitað löngu tímabært að frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu komi fyrir hið háa Alþingi og verði lögfest. Nú hefur íslensk friðargæsla starfað í u.þ.b. tólf ár með einhverjum hætti þó að hún hafi ekki verið formlega stofnuð fyrr en 2001 og kannski svolítið dæmigert fyrir vinnubrögð okkar Íslendinga að lagasetningin kemur síðust í hinu langa ferli við að koma á friðargæslu sem starfar erlendis á okkar vegum.

Mig langar við 1. umr. til að benda á nokkur atriði í frumvarpinu sem hafa breyst frá því frumvarpi sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi. Ég tek eftir því, forseti, að í 2. gr. frumvarpsins er ekki lengur kveðið á með sama hætti um notkun einkennisbúninga og tignargráða.

Það segir, með leyfi forseta, í því frumvarpi sem nú liggur fyrir:

„Íslenskir friðargæsluliðar skulu bera einkennisklæðnað þar sem við á, með hliðsjón af skipulagi og eðli þess verkefnis sem sinnt er. Jafnframt skal utanríkisráðuneytið ákveða þeim tignargráðu innan skipulags viðkomandi alþjóðastofnunar þegar þörf krefur."

Hér er um þó nokkra breytingu að ræða.

Í fyrra frumvarpi sem var á dagskrá á síðasta þingi sagði, með leyfi forseta:

„Íslenskir friðargæsluliðar skulu klæðast einkennisbúningum og bera tignargráður ef skipulag viðkomandi alþjóðastofnana krefst þess."

Ég tel a.m.k. í fljótu bragði að um sé að ræða breytingu til bóta. Ég velti því þó fyrir mér, forseti, hvað valdi því að enn þurfi að tala um tignargráður. Nú hefur hæstv. utanríkisráðherra í raun sagt mjög skýrum orðum að hún vilji færa friðargæslustörfin inn á þau svið sem t.d. ekki krefjist vopnaburðar og færa þau frekar inn á þau svið sem styðjast ekki við vopnaburð. Ég er ráðherranum algjörlega sammála um þá breytingu og við í Samfylkingunni höfum kallað eftir henni margoft á undanförnum árum og þess vegna spyr ég mig hvers vegna hæstv. ráðherra noti ekki tækifærið og stígi skrefið til fulls og leggi til að þau friðargæsluverkefni sem Íslendingar taki þátt í í framtíðinni verði þess eðlis að ekki þurfi að nota vopn við þau störf. Þurfa ljósmæður að bera vopn? vil ég spyrja. Eigum við að halda áfram á þeirri braut, forseti, ellegar bara stíga af henni og setja kúrsinn á verkefni sem við kunnum og við ráðum við?

Í 7. gr. frumvarpsins er rætt um þagmælsku eða trúnað. Henni hefur einnig verið breytt frá því frumvarpi sem við sáum í fyrra. Mig langar til að inna hæstv. ráðherra eftir því hvað valdi breytingunum, hvað liggi þar að baki, því hér virðist vera um nokkra efnislega breytingu að ræða.

Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra, af því að hér segir að íslenskir friðargæsluliðar skuli gangast undir siðareglur, og það er auðvitað mjög þarft, þær siðareglur hafa víst verið í bígerð ansi lengi, en liggja þær fyrir? Ef svo er, væri þá ekki rétt að hafa þær a.m.k. sem viðauka með frumvarpinu þannig að þær liggi fyrir í skjölum Alþingis?

Annað í fljótu bragði, forseti, hnýt ég ekki um í fyrstu yfirferð — jú, eitt í viðbót. 5. gr. varðar íslenska refsilögsögu yfir íslenskum friðargæsluliðum. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta ákvæði, eins og það er í frumvarpinu, sé í samræmi við Alþjóðasakamáladómstólinn eða þær reglur sem þar eru settar og við erum aðilar að og hvort þetta séu þá sömu ákvæði og sömu reglur og eiga við um hermenn sem taka þátt í friðargæslustörfum fyrir önnur ríki.

Þetta eru spurningar mínar, forseti, við 1. umr. málsins. Við munum að sjálfsögðu fara mjög vandlega yfir það í utanríkismálanefnd, leita eftir umsögnum og annað slíkt, en ég mæli því ekki mót að auðvitað er full þörf á að setja lög um starfsemi íslensku friðargæslunnar nú sex eða sjö árum eftir að hún var stofnuð formlega.

[17:24]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég ætla að byrja nákvæmlega á sama atriði og hv. síðasti ræðumaður endaði á. Einn aðalgallinn við frumvarpið er sá að það kemur a.m.k. fimm, sex árum of seint fram. Það er auðvitað margt sem maður hugleiðir þegar maður sér m.a. ákvæði sem þarft er og sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa í löggjöf af þessu tagi, og margt er kveðið á um í þessu frumvarpi, hversu glæfralegt það er í raun búið að vera allan þennan tíma að vera með þetta starfsfólk erlendis, jafnvel á átakasvæðum, án þess að nokkur lagastoð væri fyrir starfseminni.

Ég minnist þess frá upphafsárum þessarar starfsemi að ég spurði bæði í utanríkismálanefnd og eins í fyrirspurnum á Alþingi um jafnsjálfsagða hluti og ráðningarkjör, réttarstöðu og tryggingamál. Til dæmis þegar íslenskir friðargæsluliðar fóru að bera vopn í fyrsta sinn á erlendri grundu spurði ég að því hvort samið væri við þá sérstaklega vegna þess. Hvort þeir væru tryggðir með sérstökum hætti vegna áhættunnar, sem auðvitað er augljóslega allt önnur og meiri þegar um vopnaburð á átakasvæðum er að ræða en í borgaralegu starfi eins og þetta var áður. Svarið var nei. Ég óttast helst að svarið hafi bara verið það af því að menn hafi ekkert verið búnir að hugsa út í þetta. Farið var í þessi verkefni og fólk sent inn á ný svæði við nýjar aðstæður og það vopnað án þess að menn hafi í raun og veru hugsað neitt fyrir því sem þessu gæti fylgt.

Alvarlegast var auðvitað og er, að því marki sem það er enn við lýði, að mörkin gerðust mjög óljós á milli þess sem er borgaraleg starfsemi og hernaðarleg. Ég hef áður gagnrýnt það mjög harkalega og geri í sjálfu sér enn vegna þess að afstaða mín og míns flokks er sú að við Íslendingar eigum ekki að taka þátt í öðru en hreinum borgaralegum verk-

efnum. Við eigum ekkert erindi inn í verkefni sem eru í eðli sínu og í grunninn meira og minna hernaðarleg. Það eru næg verkefni annars staðar og það er næg þörf fyrir krafta okkar og fjármuni, og miklu meira en það, sem við getum lagt af mörkum í verkefnum sem ekki kalla á þessa sambúð við hernaðartengda starfsemi, vopnaburð og annað af því tagi. Þar eigum við og megum svo sannarlega láta til okkar taka. Það er vissulega fagnaðarefni að nú hefur verið uppi viss viðleitni til að mýkja ásýnd þessa starfs og senda breiðari hóp til starfa við fjölbreyttari verkefni og meira mannúðartengd verkefni. Því fagna ég.

Verkefnin af því tagi, guð minn góður, þau æpa á okkur úti um allan heim. Það þarf ekki sérstök átakasvæði eða fyrrum átakasvæði til þar sem Bandaríkjamenn hafa verið að taka til hendinni en þangað hafa menn helst verið að senda fólk að undanförnu, eins og kunnugt er, til að reyna að koma einhverju tauti við mál og byggja upp þar sem búið er að sprengja allt í tætlur og allt er í rjúkandi rúst, eins og á Balkanskaga, í Afganistan og ætli Írak verði svo ekki fljótlega fyrir valinu.

Ég ætla rétt að tæpa á gagnrýni minni á frumvarpið efnislega í örstuttu máli nú vegna þess að þetta er 1. umræða málsins og mér gefst kostur á því m.a. í utanríkismálanefnd að ræða betur um það. Ég hefði viljað snúa áherslum við í 1. gr. frumvarpsins og byrja á d- og e-lið, ef ekki beinlínis fella a-, b- og c-lið brott, og að verkefni borgaralegra sérfræðinga sem stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði og mannúðar- og neyðaraðstoð við flóttafólk og fórnarlömb átaka náttúruhamfara væru upphafsliðirnir. Það væri útgangspunkturinn, á þetta væri lögð höfuðáhersla, og í raun að breyta a.m.k. orðalagi stafliða a, b og c þannig. Það mætti strax breyta ásýnd málsins með því að segja í 1. málslið 1. gr. að utanríkisráðuneytinu sé heimilt að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu og senda fólk til starfa við borgaraleg friðargæsluverkefni í því skyni o.s.frv. Að skjóta bara þarna inn orðinu borgaralegur og þá er það algerlega í gadda slegið að við erum að tala um það sem á erlendum málum er kallað „civil". Við erum að tala um borgaralega starfsemi og við höldum henni skýrt aðgreindri frá öllu hernaðarlegu, enda erum við ekki með hermenn sem betur fer og ætlum ekki að vera með hermenn nema þá einstöku menn sem hefur lítið orðið ágengt með það hugsjónamál sitt að stofna her. Þannig ætlum við að halda því en við viljum leggja okkar af mörkum á þann hátt sem okkur er tamt og eðlilegt, þ.e. að senda starfsfólk, fagfólk á mismunandi sviðum, til borgaralegra verkefna erlendis.

Sama gildir þar af leiðandi um 2. gr. og klæðaburðinn. Mér finnst í rauninni að það ætti að henda því atriði út, nema menn vilji sauma einhverja sérstaka skólabúninga á allt það fólk sem starfar undir formerkjum friðargæslunnar. Hér eru enn leifar af því að dulbúa þetta fólk sem hálfgerða hermenn þótt kannski sé búið að draga úr áherslunni á stríðurnar með því að tala þarna um einkennisklæðnað þar sem við á, með hliðsjón af skipulagi og eðli þess verkefnis sem sinnt er. Það er greinilega verið að bjóða upp á þann graut að blanda þessu starfi saman við hernaðarlega starfsemi, að senda menn inn í heri og jafnvel að íslenskir starfsmenn, erindrekar, sendimenn í þessu tilviki, beri yfirmannatitla hernaðarlegs eðlis og séu jafnvel ofurstar eins og var á Kabúl-flugvelli og gott ef ekki í Pristina í Kosovo líka. Aðspurt var svo svarað að menn fengju skalann lánaðan frá NATO þegar ég spurði á hvaða grundvelli tigninni væri útdeilt til Íslendinganna, hvort til væri í íslenska stjórnkerfinu einhver skali yfir það hvenær flugumferðarstjórar ættu að vera lautinantar eða ofurstar eða hvað annað. Nei, hann var fenginn að láni frá NATO. Menn sem eru menntaðir í því að stjórna flugvélum, friðsamlegri flugumferð uppi í loftinu, voru því allt í einu orðnir ofurstar og lautinantar og hvað það nú var.

Þetta sýnir hvers konar rugl þetta er. Aðalatriðið er auðvitað að við erum ekki með fólk sem hefur hlotið þjálfun til að bera vopn. Hið sorglega í málinu í heild sinni er það að friðargæslu í heiminum er sinnt af fólki sem er fyrst og fremst atvinnumenn í því að heyja stríð. Það er ekki öðrum til að dreifa vegna þess að alþjóðastofnanir á þessu sviði hafa ekki fengið stuðning alþjóðasamfélagsins til að koma sér upp sínum eigin sérþjálfuðu sveitum. Hvorki Sameinuðu þjóðirnar né stofnunin um öryggi og samvinnu í Evrópu eiga á að skipa sínum eigin sveitum. Þær verða því að reiða sig á að fá lánaða menn úr herjum þjóðríkja sem ekki hafa í grunninn fengið þjálfun til að sinna slíkum verkefnum.

Sumar þjóðir leggja að vísu mikið upp úr þessu starfi og þjálfa hermenn sína talsvert í því. Þar má nefna bæði Norðurlandaþjóðirnar og Indverja, sem eru geysilega stórir í friðargæslu í heiminum og veita sínu fólki umtalsverða skólun og þjálfun í því. Það á ekki við um ýmsa aðra. Bandarískir hermenn eru t.d. yfirleitt ekki með neina sérstaka þjálfun í því að gæta friðar heldur fyrst og fremst í því að heyja stríð og hafa auðvitað aðallega fengið æfingu í því að heyja stríð undanfarin ár eins og kunnugt er.

Þetta er ein brotalömin í þessu fyrirkomulagi. Auðvitað þyrfti að þjálfa upp sveitir sérhæfðs fólks með þekkingu á menningu og siðum og aðstæðum í viðkomandi heimshlutum sem væri sérþjálfað í að gæta friðar og reyna að koma á friði en ekki í grunninn menntað í því að bera vopn og drepa fólk.

Ég tek undir spurningar hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur varðandi 5. gr. Á mig leituðu sömu hugsanir. Hvernig standa íslenskir friðargæsluliðar að þessu leyti að vígi gagnvart lögsögu Alþjóðastríðsglæpadómstólsins í Haag, eða heyra þeir ekki undir hann? Þar skiptir aftur máli og hlýtur að skipta miklu máli hvernig starfsemi þessi er flokkuð lagalega. Er þetta borgaraleg starfsemi þannig að hér sé ekki um að ræða hermenn heldur borgaralega starfsmenn og hvernig snýr þá refsirétturinn að þeim? Njóta þeir þar af leiðandi ekki verndar sem stríðsfangar ef þeir væru teknir sem slíkir á ófriðartímum á einhverjum svæðum, heldur væru þeir borgarar? Þetta eru lagaleg og lagatæknileg atriði sem þarf að fara vel yfir.

Hvað varðar 6. gr. þá held ég að það sé ákaflega vandasamt að búa um þá hluti sem þar er verið að fjalla um. Að sjálfsögðu viljum við að íslenskir friðargæsluliðar sem lenda í erfiðum aðstæðum fái sanngjarna meðhöndlun ef þeim verða á brot. Ef þeir verða t.d. fyrir því að verða manni eða mönnum að bana, bera vopn og lenda í slíkum aðstæðum, viljum við að sjálfsögðu að þeir fái sanngjarna

málsmeðhöndlun og að brot þeirra séu dæmd á sanngjarnan hátt í ljósi þeirra aðstæðna sem viðkomandi mætti eða var staddur í. En við viljum að sjálfsögðu ekki gefa það á nokkurn hátt í skyn að við ætlum að létta eitthvað ábyrgð af mönnum eftir sem áður. Það verður að vera kristalklárt að ekki standi til að auka eitthvað olnbogarými manna við aðstæður af því tagi. Þess vegna er það orðalag mjög vandasamt þar sem segir: „Þegar metið er hvort íslenskur friðargæsluliði" o.s.frv. „skal, honum til málsbóta, sérstaklega litið til þess hvort aðstæður hafi verið hættulegar eða til þess fallnar að vekja með honum óöryggi eða ugg og aðstæðna að öðru leyti."

Þetta er mjög vandasamt orðalag, herra forseti. Hvert er verið að fara þarna? Verður þá a.m.k. ekki að vera algerlega jafnklárt að á mönnum hvíli við þessar aðstæður algerlega ótvíræðar skyldur til að uppfylla öll ákvæði mannúðarlaga, mannréttindasamninga, samninga sem varða meðferð óbreyttra borgara á stríðstímum, vernd óbreyttra borgara á stríðstímum sem og réttindi stríðsfanga?

Ég hefði viljað sjá að í 7. gr. væri ekki bara talað um þjóðréttarlegar reglur sem Ísland sé skuldbundið af. Mér er að vísu ljóst að í athugasemd við 7. gr. er það skýrt út m.a. sem alþjóðlegir samningar um mannréttindi og mannúð. (Gripið fram í.) Þá á það bara að standa þarna svo það sé jafnljóst að menn séu bundnir af slíkum ákvæðum og þau helstu talin upp, þannig að þetta gefi ekki tilefni til neinna vangaveltna af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Það hvarflar ekki annað að mér en að mönnum gangi gott til, að það sé góður hugur á bak við orðalag frumvarpsins, en það þarf að fara mjög vandlega yfir þetta, því að ekki má það henda að Ísland setji sér löggjöf sem er að einhverju leyti umdeilanleg að þessu leyti.

Í 12. gr. er kveðið á um það að íslenskir friðargæsluliðar skuli vera líf-, sjúkra- og slysatryggðir á meðan ráðningarsamningur við þá er í gildi — og þó fyrr hefði verið og skárra væri það. Ég veit að vísu að þeir hafa verið það upp að vissu marki, en ég hef ástæðu til að ætla það, miðað við fyrri afskipti mín af þessum málum, að menn hafi ekki verið búnir að hugsa þá hluti alveg til enda og róa fyrir hverja vík í þeim málum þegar þessi starfsemi fór fyrst af stað, þó að hún eigi sér auðvitað langa forsögu í mjög afmörkuðum mæli. Það er ekkert nýtt að íslenskir starfsmenn hjálparstofnana og samtaka fari til starfa erlendis og í einhverjum mæli á vegum stjórnvalda, en frá því að friðargæslan sem slík var stofnuð, án laga þó en varð að sjálfstæðri einingu innan utanríkisráðuneytisins, og sérstaklega frá og með því að Íslendingar fóru beinlínis að fara sem hópur til starfa á átakasvæðum og bera vopn er náttúrlega algerlega ljóst að huga þarf að mjög vel að þessum hlutum.

Virðulegi forseti. Í þessu frumvarpi eru, þó að það sé ekkert óskaplega mikið að vöxtum, allmörg atriði sem þarf að athuga vel. Ég er mjög hlynntur því að reynt verði að ljúka afgreiðslu þess og lögfesta það ef kostur er vegna þess að það er auðvitað nauðsynlegt að þessi starfsemi hvíli á traustum lagagrunni. En þá vil ég líka gjarnan sjá að á það reyni hvort ekki sé mögulegt að ná samstöðu um tilteknar breytingar á málinu. Þar teldi ég veigamest að taka af allan vafa um að starfsemi okkar og öll okkar þátttaka á þessu sviði verði á borgaralegum grunni. Reyndar bæti ég þá að lokum einu við, ég vil alveg tvímælalaust sjá koma inn í almenn ákvæði 1. gr. frumvarpsins einn staflið í viðbót þó að einhverjir af hinum dyttu þá út. Það vantar þarna inn að hægt sé að senda íslenska friðargæsluliða eða íslenskt friðaruppbyggingarlið til fyrirbyggjandi aðgerða.

Að sjálfsögðu eiga að vera þarna fyrirbyggjandi aðgerðir. Hvað er átt við með fyrirbyggjandi aðgerðum? Þar er átt við að takist um það samkomulag geti sérhæfðir starfsmenn, gjarnan á vegum einhverra stofnana eins og Sameinuðu þjóðanna eða stofnunarinnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, farið og reynt að aðstoða heimamenn á svæðum þar sem ófriðlega horfir en ekki þar sem er orðið stríð. Hvers vegna í ósköpunum skyldu menn ekki reyna að nota í þessu tilviki hugsunarhátt brunavarnanna en ekki bara hugsunarhátt slökkviliðsins? Það sem hefur verið að þróast talsvert í umræðu um þessi mál á alþjóðavettvangi að undanförnu er að færa verði til áherslurnar, það verði að reyna að aðstoða íbúa og þjóðir á svæðum þar sem greinilega er setið á púðurtunnu.

Hvers vegna í ósköpunum reyndu menn ekki á Balkanskaganum, í Kosovo, að nota tímann frá því að Júgóslavía leystist upp og fram til 1995 eða 1997, eða hvað það nú var þegar allt fór í bál og brand, með því að senda aðstoð í formi sérþjálfaðs fólks, í formi starfsmanna og fagfólks sem skortur var á á viðkomandi svæði, svo sem lækna, hjúkrunarfólk, lögregluþjóna og aðra slíka, og í formi fjárhagslegs stuðnings til að byggja upp stjórnsýslu og réttarfar til að reyna að fyrirbyggja að allt færi í bál og brand? Það sem menn mundu kalla upp á skandinavísku, og mikið hefur verið rætt í Norðurlandaráði þar sem ræðumaður starfar nú, „civil och förebyggande insatser" eða „civil och förebyggande åtgärder".

Ég held að við Íslendingar ættum að sjálfsögðu að reyna að vera í fararbroddi þessarar hugsunar í heiminum því að við munum seint skakka leikinn ef meiri háttar styrjaldarátök brjótast út. Við gætum kannski lagt okkar af mörkum með því að vera lýðræðisþjóð, smáþjóð sem enginn tortryggir og boðið aðstoð á svæðum þar sem er óstöðugleiki, þar sem hætta er á að átök brjótist út.

Menn hafa oft séð slíkar aðstæður fyrir mörgum árum áður, talað um að þar gæti allt farið í vitleysu en ekkert er gert. Auðvitað er oft erfitt að nálgast það vegna fullveldis og sjálfstæðis ríkja sem vilja kannski ekki þiggja aðstoð eða hleypa erlendum aðilum inn í landið við slíkar aðstæður. Ef maður horfir á þetta hreint praktískt og veltir fyrir sér hvernig hægt væri að reyna að stuðla að friðvænlegri heimi þá er í mínum huga enginn vafi á því að það verður að breyta aðferðafræðinni í grundvallaratriðum. Oft og tíðum snýst þetta um að gefa kúguðum og langþjáðum og hrjáðum hópum von. Von um betra líf, von um að friðurinn geti fært þeim betra líf en ekki stríð. Von sem gerir þeim kleift að komast að þeirri niðurstöðu að þeir þurfi ekki að grípa til vopna, heldur sé stuðningur í boði og skilningur alþjóðasamfélagsins á þörfum viðkomandi til að byggja sig upp, til að bæta sín lífskjör, til að styrkja innviði viðkomandi samfélags o.s.frv.

Þetta fellur allt undir friðsamlega, borgaralega og fyrirbyggjandi nálgun eða hugsun í þessum efnum. Það þarf að umskrifa þetta frumvarp þó nokkuð til að byggja inn í það

þessa hugsun. Ég er alveg tilbúinn til að bjóða fram aðstoð mína í þeim efnum ef hún verður þegin, þó að ég hafi ýmislegt að gera núna á vormánuðum. Í öllu falli er ég þeirrar skoðunar að bæta mætti verulega þetta frumvarp með ekki mjög miklum efnisbreytingum í þessa veru. Vonandi getur orðið góð sátt um það að áherslur Íslands eigi að liggja á þessu sviði. Ekki skal standa á þeim sem hér stendur að leggja því lið að verði svo þá sé því jafnframt fylgt eftir með stórauknum fjármunum og miklu myndarlegra framlagi af Íslands hálfu á þessi svið.

[17:44]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu. Umræðan fer eðlilega víða enda snertir þetta utanríkismálin á breiðum grunni og það má segja að íslenska friðargæslan *standi á merkum tímamótum þegar þetta frumvarp er lagt* fram. Hún hefur starfað í u.þ.b. fimm ár í þeirri mynd sem við þekkjum hana í dag þó að hún hafi verið starfandi frá 1994 og að á þeim tíma hafi um 100 Íslendingar unnið á erlendum vettvangi sem friðargæsluliðar.

Þetta frumvarp er afrakstur vinnu hæstv. utanríkisráðherra sem hún ræddi í hv. utanríkismálanefnd núna í október, um miðjan október að mig minnir, þar sem við áttum umræður um friðargæsluna og hvert hún stefndi. Það sem mér finnst kannski mikilvægast í þessu er að það náist þessi breiða sátt um friðargæsluna sem almennt hefur verið en þarf kannski að nást enn frekar. Ég held að það frumvarp sem liggur hér fyrir þinginu sé til þess fallið að menn nái enn breiðari sátt.

Í frumvarpinu er sérstaklega kveðið á um þetta víðtæka samráð og samvinnu með utanríkismálanefnd um áherslur í vali á verkefnum og ég held að það sé mjög til góðs. Reyndar frá því að ég kom inn í utanríkismálanefnd í haust, hef svo sem ekki lengri reynslu en það, hefur mér fundist núverandi hæstv. utanríkisráðherra leggja sig fram við mikið samráð og samvinnu við nefndina. Ég held að það sé mjög jákvætt.

Þetta frumvarp er efnismikið og ég ætla ekki að fara yfir hverja grein en í nefndinni sjálfri munum við að sjálfsögðu fara ítarlega yfir það, fá til okkar gesti, óska eftir umsögnum þar til bærra aðila og eiga væntanlega samræður innan nefndarinnar og við gesti hennar um efni frumvarpsins. Ég vildi bara í þessum umræðum hér, herra forseti, nota tækifærið og fagna sérstaklega þessum breyttu áherslum núverandi hæstv. utanríkisráðherra sem hefur verið að mýkja ásýnd friðargæslunnar með verkefnavali sínu og auka starfsemi hennar á borgaralega sviðinu.

Eins og fram hefur komið í máli ráðherra er áherslunni sérstaklega beint að fjórum sviðum, þ.e. löggæslu og réttarfari, flugmálum og flugmálastjórn, fjölmiðlum og upplýsingamálum og heilbrigðismálum. Það var einmitt í anda slíkra verkefna eins og kynnt voru á haustmánuðum þar sem íslensk ljósmóðir og íslenskur hjúkrunarfræðingur fóru til Afganistans og stóðu fyrir fæðingarnámskeiði sem maður sér fyrir sér sem áframhaldandi verkefni. Ég fagna því mjög. Við höfum á Íslandi á að skipa miklu fagfólki á ýmsum sviðum sem við eigum að notfæra okkur að getur sótt út á þessum sviðum eins og öðrum. Útrásin getur verið af ýmsum toga og við eigum að nýta okkur þetta vel menntaða og reynslumikla fagfólk á öllum sviðum og þar með höfum við margt að leggja til á vettvangi alþjóðasamstarfsins.

Við berum heilmikla ábyrgð í samfélagi þjóðanna og í ljósi þeirrar almennu velferðar sem við höfum skapað okkur á Íslandi verðum við að taka þátt í alþjóðasamstarfi á þeim grunni og auðvitað skapar það okkur líka sérstöðu að við erum herlaust land og viljum vera það áfram. Á þeim grunni hljótum við að reka þessa friðargæslu.

Ég fagna því, herra forseti, að fram sé komið þetta frumvarp til laga sem við ræðum hér og tökum nú til efnislegrar og þinglegrar meðferðar og ég heiti því að við í hv. utanríkismálanefnd munum leggja okkar af mörkum til að afgreiða þetta frumvarp eins fljótt og hægt er.

[17:49]

***Össur Skarphéðinsson:***

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að gera þá játningu að ég hef aldrei fullkomlega sæst við íslensku friðargæsluna eftir atvikið í Chicken Street í Kabúl. Jafnan þegar friðargæslan er nefnd kemur upp í huga mér mynd af íslenskum, ungum, vöskum karlmönnum sem koma heim og fá móttöku eins og um hetjur væri að ræða og á brjósti sér báru áletrunina „Shit happens!". Þetta er myndin sem gerir það að verkum að ég á óskaplega erfitt með að sættast á það hlutverk sem íslenska friðargæslan, a.m.k. á þeim tíma, tókst á hendur. Eins og reynslan sýndi var hún ekkert undir það búin, hvorki andlega né í ljósi þeirrar þjálfunar sem menn höfðu þá fengið.

Ég vil líka segja það núna — ég sagði það ekki þá af því að þetta voru viðkvæm augnablik — að mér fannst það dálítið ömurlegt þegar íslenskir ráðamenn ræddu þann atburð sem gerðist þar, þar sem ljóst var að ekki hafði verið fyllilega farið að reglum, og þökkuðu almættinu fyrir það — eins og ég gerði líka — að enginn Íslendingur hlaut skaða af eða beið bana. Enginn minntist þá, a.m.k. ekki af opinberri hálfu, á þá staðreynd að 12 ára afgönsk stúlka dó. Bandarísk blaðakona hlaut líka veruleg meiðsl.

Ég segi þetta, frú forseti, til að undirstrika það að ég er hjartanlega sammála hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur og Steingrími J. Sigfússyni, og vonandi hæstv. ráðherra, um að Íslendingar eiga að leggja áherslu á þau störf sem þeir kunna. Íslendingar eru vopnlaus þjóð og þeir eru ekki vanir að fara með vopn og byssur. Af því stafar 6. gr. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að malda gegn áðan. Þar er sérstaklega gert ráð fyrir þeim möguleika að þeir sem starfa á átakasvæðum og bera vopn kunni við vissar aðstæður að bregðast við með óviðurkvæmilegum hætti sökum reynsluleysis, beinlínis vegna þess að okkur skortir her- og vopnahefð sem aðrar þjóðir hafa.

Þetta vildi ég sagt hafa um þetta. Ég er algjörlega sammála því sem hefur komið fram í starfi núverandi hæstv. utanríkisráðherra varðandi breyttar áherslur hjá friðargæslunni. Ég tel, eins og fram hefur komið hjá mönnum í dag sem hafa tekið þátt í þessari umræðu, að við eigum fyrst og fremst að leggja áherslu á borgaraleg hjálparstörf, mannúðarstörf, eins og hæstv. ráðherra hefur gert með því að senda

ljósmæður og starfsfólk úr heilbrigðisgeiranum. Það kunnum við og það eigum við að gera, það er lofsvert hjá ráðherranum að hafa gert það. Það var allt annar bragur á viðhorfum hennar til þess starfs en forvera hennar. Fyrir það ber a.m.k. að þakka Framsóknarflokknum. Ég segi það, herra forseti, af því að það er ekki mjög oft sem ég hrósa honum. (**Utanrrh.:** Gerist það?) Það gerist ítrekað, kannski er það vegna þess að sá sem hér stendur er tekinn að reskjast og hníga að aldri sem á grönum má sjá og hugsanlega meyrna. Hugsanlega er það líka vegna þess að hann má í rauninni ekkert aumt sjá.

Að því er varðaði þennan lið sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði að umræðuefni og tók mönnum vara fyrir að samþykkja þá er ég algjörlega ósammála honum. Ég held að hluti af öryggistryggingunni sem þeir Íslendingar sem sinna starfi á vegum friðargæslunnar eigi að njóta sé einmitt lög af þessu tagi, þ.e. lög sem taka af allan vafa um það að ef Íslendingar asnast til að senda vopnaða menn á svæði sem eru þess eðlis að þeir ráða ekki við stöðuna og grípa með óviðurkvæmilegum hætti til ráða sem kunna að hafa miska í för með sér vegna þess að, svo að maður segi það á hreinni íslensku, þeir fara á taugum eða hafa ekki hina köldu rökhyggju og dómgreind til þess að bregðast við slíku, þá verðum við að bera afleiðingarnar af því.

Það vekur aðra spurningu hjá mér, herra forseti. Ef slíkt gerist eins og segir í 6. gr. að Íslendingur grípur við tilteknar aðstæður til aðgerða sem gera það að verkum að hann verður einhverjum að bana eða veldur lemstran og aðgerðir hans eru að dómi íslenskra stjórnvalda þess eðlis að hann hafi farið út fyrir þá grein hegningarlaganna sem sérstaklega er þar vísað til en í ljósi aðstæðna beri ekki að refsa honum fyrir það, hvað þá með þann sem hann kann að hafa valdið miska? Ef íslenskir dómstólar komast beinlínis að þeirri niðurstöðu að íslenskur maður hafi brugðist rangt við en það beri að taka tillit til aðstæðnanna en eftir liggja í valnum einhverjir liðnir eða lemstraðir, hver er þá ábyrgð íslenskra stjórnvalda?

Ég velti þessu upp, herra forseti, vegna þess að í frumvarpinu er réttilega tekið rösklega á með ákvæðum um líf- og slysatryggingu handa þeim sem starfa fyrir okkur, hvort heldur það er á starfstíma eða utan hans. Þá kem ég aftur að upphafi máls míns. Það lá alveg fyrir að a.m.k. Íslendingar báru vissa móralska ábyrgð á því sem henti þessa litlu afgönsku stúlku sem varð að umræðuefni í fjölmiðlum. Bárum við þá enga efnislega eða siðferðilega ábyrgð gagnvart þeirri fjölskyldu? Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra ef hún getur svarað mér því: Greiddu Íslendingar með einhverjum hætti einhvers konar bætur fyrir það sem þar gerðist? Það vissu allir að það gerðist vegna þess að ekki var farið að settum reglum þó að við sem sátum þá í utanríkismálanefnd gerðum ekki mikið úr því.

Ég talaði sjálfur við menn sem voru á vettvangi í Afganistan og það var alveg ljóst í mínum huga eftir að þeim samtölum var lokið að pottur var brotinn varðandi eftirlit með starfsháttum þeirrar sveitar. Nú skil ég það svo hjá hæstv. ráðherra að áherslan sé töluvert önnur. Við munum vonandi í framtíðinni leggja miklu meiri áherslu á ýmiss konar hjálparstörf sem tengjast heilbrigðismálum og ég hef þegar lýst ánægju minni með það.

Það er eitt til viðbótar sem tengist þessu, herra forseti, sem mig langar að ræða. Það eru upplýsingar sem hafa komið fram á síðustu vikum um nýja eftirlits- eða greiningardeild á vegum ráðuneytisins. Ég spyr út í þetta vegna þess að ég innti hæstv. ráðherra þegar hún kom til fundar við utanríkismálanefnd eftir ýmsum þáttum sem tengjast þessu. Ég spurði hana m.a. út í kostnað og ég skildi það þá svo að hæstv. ráðherra hefði svarað mér með þeim hætti að sem svaraði eitt stöðugildi væri tengt þessari nýju greiningardeild. Í fréttum hefur hins vegar komið fram að það megi álíta að stöðugildin sem þetta varða séu þrjú til fjögur.

Nú vil ég í fyrsta lagi segja að ég dreg mjög í efa að það sé rétt að hafa slíka deild í utanríkisráðuneytinu og aðgreinda frá hinni nýju greiningardeild sem lögreglan er að starfrækja samkvæmt lögum sem samþykkt voru í fyrra. Ég geri mér grein fyrir að viðfangsefni lögreglunnar eru alls óskyld þeim sem eru að sinna þessu starfi fyrir utanríkisráðuneytið. Ég held að samt sem áður sé starfið eðlisskylt og ætti því að heyra saman.

Ég velti líka fyrir mér þörfinni á slíkri þjónustu. Jú, hún er fyrir hendi ef við sendum fólk sem starfar sem sérstakar sveitir eins og segja má um þá friðargæslusveit sem ég vísaði til í upphafi máls míns, sem starfaði sem ein heild og réð sér meira og minna sjálf en lauslega tengd við heri eða hjálparsveitir annarra þjóða. Ef um það er hins vegar að ræða að ráðuneytið fer inn á þá braut að nota ekki Íslendinga til slíkra starfa heldur fyrst og fremst þessara hefðbundnu borgaralegu hjálparstarfa er alveg ljóst að mínu mati að í fyrsta lagi er minni þörf á því greiningarstarfi sem þessari deild er ætlað að vinna og í öðru lagi finnst mér einboðið að slíkir starfsmann starfi sem hluti af stærri heild eins og reyndar í dag þar sem friðargæsluliðar okkar hafa verið innan norskra sveita og sveita Eystrasaltslandanna.

Þá spyr ég hins vegar sjálfan mig: Ef við erum partur af stærri erlendri liðsheild er alveg ljóst að þjóðirnar sem fara þar með forustu hljóta að vinna áhættugreiningar gagnvart viðkomandi svæðum. Hver er þá þörfin á því fyrir okkur að hafa deild hér heima í utanríkisráðuneytinu, þar sem kannski þrír til fjórir — það er töluvert á okkar íslenska mælikvarða — starfa? Er ekki um tvíverknað að ræða? Eru þeir ekki að greina áhættu á svæðum sem fyrir liggur að t.d. norska heröryggisþjónustan og hugsanlega þær sem starfa í Eystrasaltslöndunum, Lettlandi í þessu tilviki, hafa þegar gert? Er þetta ekki hreinn óþarfi, herra forseti? Það er spurning sem ég varpa til hæstv. utanríkisráðherra.

Mig langar þá líka til að spyrja hana að endingu hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að sú greiningardeild sé fyrst og fremst til til þess að sinna þörfum friðargæslunnar erlendis. Er kostnaðurinn við hana t.d. færður á reikning friðargæslunnar og tekinn með þegar við veltum upp þeim kostnaðartölum sem því tengjast? Þetta vildi ég gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra en í sjálfu sér get ég alveg látið mér nægja að verða mér úti um þessi svör í utanríkismálanefnd eða síðar hér í umræðunni ef hæstv. ráðherra hefur ekki svör við þessu á takteinum.

[18:00]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hefur

verið mjög jákvæð að mínu mati. Eðlilega hafa ýmsar spurningar komið upp. Við setjum lög í fyrsta skipti um íslenska friðargæslu og þarf að vanda til verksins. Ég treysti hv. utanríkismálanefnd ákaflega vel til þess að halda vel á því máli og lýsi ánægju með það að mér heyrist vilji fyrir því að koma því svo fyrir að þetta frumvarp geti orðið að lögum á vorþingi.

Hv. þingmenn hafa velt fyrir sér ýmsum atriðum, eins og skiljanlegt er. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er að velta fyrir sér 1. gr. og þeim liðum sem þar eru upp taldir, sem eru grundvallaratriði í þessum lögum og þessu frumvarpi. Hann vildi gjarnan sjá nýjan lið þar inni sem fjallaði sérstaklega um friðargæsluliða sem færu til fyrirbyggjandi aðgerða. *Auðvitað er hægt að velta því fyrir sér í nefndinni* hvort það sé nægilega vel tekið á því máli en að mínu mati tekur c-liður allvel á því sem hann fór yfir, en ég vil líka taka það fram að það er kannski ekki alltaf einfalt að koma því þannig fyrir að það sé heimilað í viðkomandi landi þar sem ríkir ófriður eða ófriður er í uppsiglingu að fá heimild til þess að senda þangað friðargæsluliða. Þetta er því áreiðanlega ekki einfalt sem hann er sérstaklega að velta fyrir sér en engu að síður full ástæða til þess að fjalla um það sérstaklega í nefndinni.

Af því að það er búið að tala mikið um þetta, borgaraleg starfsemi og ekki borgaraleg starfsemi, þá erum við náttúrlega fyrst og fremst að tala um borgaralega starfsemi og borgaraleg verkefni. Áherslurnar eru á slík verkefni en í einhverjum tilfellum, þótt um borgaraleg verkefni sé að ræða, þá eru þau innan hernaðarlegs kerfis. Það kemur til af því að við störfum með alþjóðastofnunum að þessum málum og gætum engan veginn staðið í því ein. Það held ég að allir sjái. Við erum hluti af stærra verkefni, stærri hópi sem starfar á svæðum þar sem uppbygging á sér stað. Við tökum þátt í uppbyggingarstarfsemi, að reyna að byggja upp þjóðfélög sem hafa lent í hörmungum.

Spurt var um siðareglur. Þær eru í vinnslu og full ástæða til þess að halda utanríkismálanefnd upplýstri um gang mála hvað það varðar. *Í raun þótt hv. þingmenn hafi talað* um að við höfum í rauninni ekki starfað samkvæmt lögum fram að þessu þá hafa starfsmannalögin gilt. En eins og umboðsmaður benti á þarf að skýra miklu nánar þau ákvæði sem varða friðargæsluliðana. Það leggjum við okkur fram um að gera í þessu frumvarpi. Þar mætti nefna þagnarskylduna og meiri samræmingu við lög um opinbera starfsmenn.

Mig langar sérstaklega til að nefna mál sem er viðkvæmt. Það varðar vopn og búninga. Innan alþjóðlegs liðs getur verið þörf á að klæðast einkennisbúningum. Það má sem dæmi nefna að sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar og bráðalið sem starfar með þeim í Líbanon klæðast búningum Landhelgisgæslunnar þar. Hjúkrunarfræðingar sem störfuðu í Kósóvó á sínum tíma klæddust búningum þegar þeir störfuðu með breskum sveitum þar. Friðargæsluliðar á Sri Lanka eiga að vera í skyrtum merktum SLMM, Sri Lanka Monitoring Mission, og aka um á samsvarandi merktum bílum. Starfsmenn sem sjá um rekstrarmál á Kabúl-flugvelli, m.a. um að halda opnum flugbrautum í snjóþyngslum, vinna að skrifstofustörfum o.fl., gegna þar stöðum innan ákveðins kerfis, alþjóðakerfis, ISAF, sem fjöldi þjóða tekur þátt í. Þeim ber að klæðast einkennisbúningum og hafa óhlaðna skammbyssu á sér öllum stundum.

Þetta eru einfaldlega alþjóðlegar öryggisreglur sem við stöndum frammi fyrir. Ég segi við sjálfa mig að mér finnst það mikilvægt það sem við höfum getað lagt til málanna í sambandi við flugvallastjórn. Nú er rætt um að Íslendingar verði í forustu fyrir yfirfærslu á flugvellinum í Kabúl. Ég tel það svo mikilvægt að við eigum ekki að hrökkva frá. Það er mín skoðun.

Mig langar líka að koma inn á tignargráðurnar. En innan allra kerfa sem kalla á að boðvald sé skýrt eru einhvers konar tignargráður. Dæmi um þetta eru innan lögreglu, stjórnkerfisins og innan fyrirtækja. Innan Atlantshafsbandalagsins eru t.d. notaðar tignargráður sem tilheyra hernaði. Til að friðargæsluliðar geti gegnt þeim störfum innan kerfisins sem Ísland hefur tekið að sér að sinna verða þeir að hafa ákveðna tign til að geta haft umsjón með og stýrt öðrum starfsmönnum, verktökum og öðrum sem innan kerfisins vinna. Einu gildir hvort friðargæsluliðar starfa sem fjölmiðlafulltrúar, bráðatæknar eða flugumsjónarmenn, allt kallar þetta á ákveðna stöðu innan ákveðins kerfis. Við erum hluti af því kerfi og þurfum að undirgangast þær reglur, sem ég tel ekki stóra málið. Stóra málið hlýtur að vera að geta orðið að liði og hjálpað til þar sem ástand er eins erfitt og alvarlegt og það er í þeim löndum þar sem við störfum.

*Varðandi réttarstöðu friðargæsluliða ef eitthvað ber út af* þá höfum við því miður þá reynslu að friðargæsluliðar okkar hafa orðið fyrir árás og borið skaða af. Það er rík áhersla lögð á að tryggingar og utanumhald mála sé fast og tryggt og frumvarpið sem hérna liggur fyrir er hluti af því ferli. Með þessu frumvarpi verður meiri festa varðandi réttindi og skyldur og heimildir til að festa enn frekar í gildi reglur um réttarstöðu eins og þarf til.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi Kjúklingastræti. Er ekki rétt að tala um það mál þannig að þar höfum við lært af reynslunni? Við höfum breytt áherslum eftir að það gerðist og ég tel að það sé aðalatriðið. Auðvitað hefur þetta *tímabil sem friðargæsluliðar okkar hafa starfað verið að* mörgu leyti reynsluríkt og skipt máli í sambandi við frumvarpið sem hér liggur fyrir. Við höfum ekki lent í alvarlegum meiðslum með friðargæsluliða okkar en eins og kom fram hjá hv. þingmanni varð mikið og alvarlegt óhapp í Kjúklingastræti þegar okkar menn voru þar staddir. Að mínu mati verður því ekki haldið fram að við berum ábyrgð á því óhappi og því hræðilega slysi. Engu að síður voru okkar menn þar þegar sprenging varð.

Um greiningardeildina getum við rætt betur í hv. utanríkismálanefnd. Við erum ekki búin að móta þetta til framtíðar en ég held líka að greiningardeild sé ekki rétta orðið yfir þessa starfsemi. *Ég held að hún sé mikilvæg. Hún er* með þeim hætti að við höfum tækifæri til að meta sjálfstætt ástand mála, t.d. á þeim svæðum þar sem við förum með friðargæsluliða. Hvort kostnaðurinn, þegar hann hefur verið greindur frá lögreglustjóraembættinu, færist yfir á friðargæsluna tel ég raunar ekki að verði. En það er margt í mótun sem full ástæða er að fjalla um við nefndina þegar tækifæri gefst.

Ég held að önnur atriði séu fyrst og fremst þannig að þau megi ræða í nefndinni. Ég endurtek að ég er þakklát

fyrir undirtektirnar og tel að við Íslendingar fikrum okkur áfram með mikilvægt mál. Við getum gert virkilega mikið gagn, það er ég algjörlega sannfærð um, í þessu borgaralega starfi sem við tökum þátt í og það er mikils metið þar sem við höfum tekið þátt. Íslendingar hafa staðið sig vel. Þeir eru þannig innrættir að vilja takast á við ögrandi verkefni. Þarna hefur kraftmikið fólk verið að störfum og yfirleitt allt sem ég þekki til er þar til fyrirmyndar.

[18:12]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef íslenskir friðargæsluliðar starfa innan alþjóðlegra stofnana eins og Sameinuðu þjóðanna eða Atlantshafsbandalagsins hljóta þær stofnanir að leggja sjálfstætt áhættumat á starf á viðkomandi svæðum. Ég reyndi að koma því að í ræðu minni áðan og það er þess vegna sem ég hef efasemdir um að það sé nauðsynlegt að halda úti sérstakri sjálfstæðri greiningardeild, eða hvað ráðherrann kýs að kalla það, hér á landi. Það er eitthvað sem við getum skoðað betur í utanríkismálanefnd. Ég læt alla vega hæstv. ráðherra njóta þess réttar að reyna að sannfæra mig í þeim efnum eða hennar starfsmenn.

Ég geri mér enga sérstaka rellu yfir því hvort íslenskir starfsmenn í þessum verkefnum erlendis séu í búningum eða beri titla. Ekki heldur hvort þeir hafi skotfæralausar byssur tómar í hulstri sér við síðu. En er það ekki svo að íslenskir friðargæsluliðar hafa borið það sem má kalla þungvopn? Þeir hafa verið með hríðskotabyssur og slíkan búnað.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort íslenskir menn séu enn þá undir slíkum vopnum. Mig langar sömuleiðis að spyrja hana hvort það sé svo að í þeim tilvikum séu til reglur um með hvaða hætti eigi að þjálfa þá. Í þriðja lagi: Hvar fá þeir þá þjálfun? Í fjórða lagi: Er hæstv. ráðherra fullkomlega sannfærð um að þeir sem fara til átakasvæða og þurfa að bera slík von séu nægilega þjálfaðir og hafi þá reynslu til að bera sem þarf til að geta brugðist við þeim aðstæðum sem þar koma upp? Þetta vil ég síðan nota til þess að leggja enn frekar áherslu á það að við eigum að sinna (Forseti hringir.) annars konar störfum en svo að við þurfum að bera vopn, a.m.k. af slíku tagi.

[18:14]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar þá starfsemi sem fram fór í svokallaðri greiningardeild eru upplýsingar fengnar að verulegu leyti frá Atlantshafsbandalaginu en ekki eingöngu þó. Ég nefni sem dæmi að í Sri Lanka, þegar við tókum ákvörðun um að halda áfram þar og fjölga í liði okkar, þá skipti máli að fá upplýsingar frá lögreglustjóraembættinu í Keflavík.

Hv. þingmaður spyr um þjálfun almennt en spurði fyrst um vopnaburð. Svokölluð jeppateymi hafa verið rekin með þeim hætti að friðargæsluliðar hafa borið riffla. En eins og hv. þingmaður veit erum við á leiðinni út með þá starfsemi og það held ég að hljóti nú að vera nokkuð táknrænt um þær áherslubreytingar sem eiga sér stað.

Ýmiss konar þjálfun getur átt sér stað áður en friðargæsluliðar taka til starfa. Á Sri Lanka eru þeir sendir á námskeið um sprengjur og hættur á þeim og fá ýmiss konar þjálfun. Það hefur einnig verið hluti af þjálfun friðargæsluliða að fá umfjöllun um kynjasjónarmið í friðargæslu sem ég hef lagt áherslu á.

Þegar friðargæsluliðar bera skotvopn, eins og raunin er að hluta til í Afganistan, þá hefur það undanfarin ár verið með þeim hætti að þjálfun hefur farið fram hjá norska hernum, bæði varðandi notkun og meðferð skotvopna. Það eru þó nokkuð öflug námskeið (Forseti hringir.) og öflug þjálfun.

[18:17]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ræðu sinni áðan sagði hæstv. utanríkisráðherra að Íslendingar hefðu lært af reynslunni frá Chicken Street. Mig langar að spyrja ráðherrann: Hvað höfum við lært af þeirri reynslu?

[18:17]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum lært að breyta áherslum. Það hafa átt sér stað breytingar á starfsemi friðargæslunnar síðan þessi atburður átti sér stað. Ég held því fram og segi það hreint út að eitt af því sem gerði það að verkum að áherslubreytingarnar áttu sér stað hafi verið sá atburður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.*

Stjtill., 430. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 518.

[18:18]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)**:

Hæstv. forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34.

Í tillögunni er gerð grein fyrir efni ákvörðunarinnar og er ákvörðunin prentuð sem fylgiskjal með tillögunni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Tilskipun 2004/109 mælir fyrir um samræmingu reglna um birtingu reglulegra og viðvarandi upplýsinga um útgefendur verðbréfa sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað. Tilskipunin gerir ráð fyrir lágmarkssamræmingu ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu hvað varðar upplýsingagjöfina en einstökum ríkjum er þó heimilt að gera strangari kröfur.

Þær reglulegu upplýsingar sem útgefanda ber að gera opinberar samkvæmt tilskipuninni eru ársskýrsla, hálfsársuppgjör og skýrsla framkvæmdastjórnar. Viðvarandi upplýsingaskylda hvílir á útgefanda um breytingar á yfirráðum

yfir verulegum eignarhluta og atkvæðisrétti. Að auki setur tilskipunin reglur um hvaða upplýsingar skuli vera aðgengilegar hluthöfum útgefenda verðbréfa sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað. Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar í viðskiptaráðuneytinu.

Ég legg til, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.*

Stjtill., 449. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 577.

[18:20]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/41 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri. Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er ákvörðunin prentuð sem fylgiskjal með tillögunni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Tilskipun 2003/41 fjallar um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri, þ.e. þær stofnanir eða aðila sem heimild hafa til að taka við iðgjöldum til öflunar lífeyris, ávaxta þau og greiða út lífeyri til rétthafa.

Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að hagkvæmum fjárfestingum og tryggri ávöxtun, tryggja réttindi sjóðfélaga og annarra rétthafa. Einnig að gera stofnunum af þessu tagi fært að bjóða þjónustu yfir landamæri innan ESB, stuðla að faglegri stjórnun, tryggja samkeppni, koma á gagnkvæmri viðurkenningu eftirlitsaðila innan ESB, skapa forsendur fyrir öflugri innri markaði fyrir lífeyrissparnað og gera SSL þannig betur kleift að nýta kosti innri markaðar ESB og evrunnar. Gengið er út frá því að forræði einstakra ríkja hvað varðar fyrirkomulag lífeyrismála sé ekki skert hvað varðar þann þátt sem lýtur að félags- og vinnuréttarlöggjöf. Það nær m.a. til skyldubundins framlags til lífeyrissjóða sem og mögulegrar skylduaðildar að sjóðum.

Í 2. gr. tilskipunarinnar er fjallað um undanþágur frá gildissviði hennar. Gegnumstreymissjóðir, þ.e. sjóðir sem eru ekki sjóðmyndaðir falla ekki undir tilskipunina. Lífeyrissjóðir sem falla undir reglugerð 1408/71 og 574/72 eru sömuleiðis undanþegnir tilskipuninni.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir á fyrrgreindu reglugerðinni og falla íslenskir lífeyrissjóðir þar af leiðandi ekki undir ákvæði tilskipunarinnar. Slíkir sjóðir gætu þó verið stofnaðir hér á landi og má t.d. nefna að rætt er um mikilvægi tilskipunarinnar fyrir íslenskt efnahagslíf í skýrslu sem nefnd forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi gaf út nýlega. Fjármálaráðuneytið vinnur að innleiðingu tilskipunarinnar og er stefnt að því að frumvarp þess efnis verði lagt fram nú á vorþingi.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Siglingavernd, 2. umr.*

Stjfrv., 238. mál (EES-reglur). — Þskj. 241, nál. 794, brtt. 795.

[18:23]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd. Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið nokkra aðila á sinn fund. Jafnframt hafa þó nokkrar umsagnir um málið borist til nefndarinnar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, í því skyni að innleiða í íslenskan rétt tilteknar gerðir Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Um er að ræða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnavernd. Helstu breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru m.a. að gildissvið laganna er útvíkkað þannig að lögin taka nú einnig til farþegaskipa og flutningaskipa í innanlandssiglingum auk útgerða. Einnig er lagt til að Siglingastofnun Íslands geri áhættumat vegna siglinga innan íslensku efnahagslögsögunnar og Siglingaverndaráætlun Íslands. Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að auka við heimildir Siglingastofnunar Íslands til að annast eftirlit með framkvæmd laganna. Siglingastofnun yrði m.a. heimill aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjölum, eftir því sem telja má nauðsynlegt vegna eftirlitsins. Siglingastofnun hefði jafnframt heimildir til að bregðast við brotum á reglum um siglingavernd, t.d. með því að leggja farbann á skip. Þá eru lagðar til breytingar á gjaldtöku vegna innheimtu siglingaverndargjalds en í stað skylduákvæða er nú kveðið á um heimildarákvæði til töku gjalda.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 1. málsl. d-liðar 3. gr., 2. mgr. b-liðar 4. gr., 1. málsl. 3. mgr. b-liðar 4. gr. og 4. mgr. b-liðar 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til orðalagsbreytingar til að gæta samræmis við önnur ákvæði í núgildandi lögum um siglingavernd, nr. 50/2004.

2. Lagt er til að í 2. málsl. d-liðar 3. gr. frumvarpsins komi fram að fulltrúum Siglingastofnunar sé í þágu eftirlits með framkvæmd laganna heimill aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjölum, eftir því sem telja má nauðsynlegt vegna eftirlitsins, án

undangengins dómsúrskurðar. Með þessum hætti eru tekin af öll tvímæli um að Siglingastofnun þurfi ekki að afla dómsúrskurðar áður en stofnunin grípur til aðgerða á grundvelli ákvæðisins. Þetta fyrirkomulag uppfyllir skilyrði 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um heimilar takmarkanir á friðhelgi einkalífs.

3. Lagt er til að í 3. mgr. b-liðar 4. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að farbann fari að ákvæðum laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003. Í lögum um eftirlit með skipum er að finna ítarlegar málsmeðferðarreglur um farbann. Í lögunum er m.a. kveðið á um hverjir geti sett á farbann, tilkynningu um farbann, brottfall farbanns o.s.frv. Í þessu sambandi ber enn fremur að nefna að í 27. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, er tekið fram að um farbann fari að ákvæðum laga um eftirlit með skipum. Eðlilegt þykir að samræmdar reglur gildi að þessu leyti á sviði siglingamála.

4. Lagt er til að í 5. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að Siglingastofnun Íslands skuli hafa samráð við hafnaryfirvöld áður en stofnunin takmarkar aðgang að höfnum og hafnarsvæðum, umferð um þær og dvöl skipa í þeim, og bannar umgengni eða dvöl á slíkum svæðum. Eðlilegt þykir að Siglingastofnun hafi samráð við hlutaðeigandi hafnaryfirvöld áður en stofnunin grípur til slíkra íþyngjandi aðgerða. Í þessu sambandi ber hins vegar að hafa í huga að endanleg ákvörðun um aðgerðir skv. 5. gr. frumvarpsins er komin undir Siglingastofnun og geta hafnaryfirvöld því ekki komið í veg fyrir að gripið verði til aðgerða á grundvelli ákvæðisins. Heimild Siglingastofnunar skv. 5. gr. frumvarpsins gildir þegar talið er nauðsynlegt að grípa til framangreindra aðgerða vegna siglingaverndar. Þegar vástig er hækkað í höfnum eða skipum ákveður ríkislögreglustjóri hins vegar hvenær hann tekur við stjórn aðgerða samkvæmt verndaráætlun og almennum lögum um lögregluaðgerðir, sbr. 5. mgr. 4. gr. núgildandi laga um siglingavernd, nr. 50/2004. Rétt þykir að árétta að í slíkum tilvikum þarf ríkislögreglustjóri ekki að hafa samráð við viðkomandi hafnaryfirvöld.

5. Lagt er til að tilgreint verði nánar í 10. gr. frumvarpsins hvaða háttsemi sé refsiverð samkvæmt lögunum. Slík útfærsla er í samræmi við meginreglu refsiréttar um skýra og vel skilgreinda verknaðarlýsingu refsiákvæða. Þá er lagt til að fyrirsögn 10. gr. frumvarpsins verði breytt úr „viðurlög“ í „refsingar“, enda teljast sektir og fangelsi til refsinga í merkingu refsiréttar en ekki til viðurlaga.

6. Lagt er til að refsing fyrir brot á 7. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu verði í samræmi við refsiramma 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um þagnarskyldu.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaþingmaður Jóns Bjarnasonar áheyrnarfulltrúa nefndarinnar, er samþykk áliti þessu. Hv. þingmenn Guðjón A. Kristjánsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali. Undir nefndarálitið rita, auk þess sem hér stendur, hv. þingmenn Hjálmar Árnason, Kristján L. Möller, Guðjón Hjörleifsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Jón Kristjánsson. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

[18:31]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég tel að það frumvarp sem við ræðum sé að langmestu leyti eðlilegar lagfæringar á lögum og nauðsynlegt sé að lagfæra það sem hér er lagt til til samræmis við framkvæmdina að mörgu leyti, eins og varðandi siglingavernd og annað slíkt er snýr að höfnum og hafnarsvæðum.

Einnig er lagt til að Siglingastofnun Íslands geri áhættumat vegna siglinga innan íslensku efnahagslögsögunnar, og siglingaverndaráætlun. Þetta er verk sem nauðsynlegt er að taka á og vænti ég þess, hæstv. forseti, að það takist vel. Það þarf að gera áhættumat vegna siglinga innan efnahagslögsögunnar. Við sjáum það alltaf betur og betur að ekki er vanþörf á að hugað sé að því og þarf sú umræða að vera mjög vönduð. Ekki er alveg sjálfgefið að í því felist aukið öryggi t.d. að færa skip í öllum tilvikum langt frá landi. Það geta verið þannig siglingaleiðir að það sé ekki. En af sjálfu leiðir og verkið þarf að vinna og hafa nefndir reyndar verið í gangi um það á undanförnum árum.

Ég vek athygli á þessu, hæstv. forseti, að nauðsynlegt er að þau verk verði unnin skipulega og þeim hraðað. En margar ástæður kunna að vera fyrir því hvernig menn marka siglingaleiðir og áhættumat siglinga innan íslensku efnahagslögsögunnar.

[18:34]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég kem aðallega upp til að óska hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, formanni samgöngunefndar, til hamingju með að hafa sýnt það í verki að hann tekur rökum.

Hér er verið að fjalla um breytingar á lögum um siglingavernd. Þetta eru ekki ýkja gömul lög. Eins og hv. formaður samgöngunefndar man eftir flutti núverandi formaður þingflokks Samfylkingarinnar fjölda ræðna gegn þeim lögum og gegn því frumvarpi á sínum tíma. Ástæðan var sú að í hverri einustu grein, að minnsta kosti eftir mínu roskna minni, var verið að taka upp ný og ný gjöld. Ég varaði hv. þm. Guðmund Hallvarðsson einstaklega drengilega við því að feta þá slóð. Á þeim tíma brást hann ekki vel við þeim ábendingum mínum og viðvörunarorðum og satt að segja kom mér það á óvart hversu daufleg viðbrögð hins hv. formanns samgöngunefndar, sem yfirleitt er þó endranær með skynsamari mönnum hér í þessum sal, voru við málinu.

Nú sé ég hins vegar að hann batnar með aldrinum eins og gott vín, því hér er að minnsta kosti verið í einu efni að stíga til baka frá því gjaldtökuæði sem var í hinum upprunalegu lögum. Hv. formaður samgöngunefndar er í fylkingarbrjósti nefndarinnar þegar hún sameinast um það að draga úr möguleikum á gjaldheimtu vegna innheimtu siglingaverndargjalds, þ.e. verið er að lina aðeins ákvæðið. Verið er að setja inn heimildarákvæði í stað þess að það var áður, muni ég rétt, fortakslaust kveðið á um slíka gjaldtöku.

Hugsanlega mundu fleiri ræður af minni hálfu leiða til þess að framkoma siglingamálayfirvalda og hæstv. samgönguráðherra og jafnvel formanns samgöngunefndar gagnvart sæfarendum mundi mildast nokkuð. Ég ætla þó ekki að hafa ræður mínar fleiri um þetta.

Hins vegar langar mig til að benda á að með frumvarpinu er verið að leggja til að Siglingastofnun Íslands geri áhættumat vegna siglinga innan íslensku efnahagslögsögunnar. Maður skyldi nú ætla, frú forseti, að slíkt mat hefði verið gert fyrir langa löngu. Ekki síst í ljósi umræðna síðustu daga þegar fram hefur komið að starfsmenn Siglingastofnunar sem fara með eftirlit með öryggi sæfarenda hafa margsinnis, að því er fram hefur komið, lagt á það áherslu við þar til bær pólitísk yfirvöld að slíkt mat verði gert. Þeir hafa sagt alveg skýrt að þeir telji það ósvinnu að hleypa stórum erlendum flutningaskipum svo nálægt landi sem raun ber vitni og hefur nú leitt til þess að eitt þeirra liggur strandað við Suðurnesin. Enginn vill gangast við ábyrgðinni á að fjarlægja það eða greiða af því kostnaðinn.

Það sem ég vildi sérstaklega draga fram gagnvart mínum góða vini, hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, er: Hvers vegna er verið að taka þetta upp? Jú, vegna þess að við verðum að gera það. Það er Evrópusambandið, sem vekur ugg, skelfingu og titring í taugakerfi hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sem fortakslaust fyrirskipar Íslendingum að gera það.

Þess vegna, frú forseti, erum við m.a. að taka upp þetta tímabæra ákvæði í lög sem beinlínis fyrirskipar Siglingastofnun að gera slíkt mat. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að þetta er enn eitt dæmið um hversu margt gott kemur frá Evrópusambandinu. Þarna er verið að reka íslensk yfirvöld bókstaflega til þess að ráðast í að grípa til ákveðinnar verndaráætlunar gagnvart sæfarendum við Ísland.

Það voru ekki íslensk samgönguyfirvöld sem höfðu frumkvæðið að því. Það var Evrópusambandið. Gott ef það var ekki Evrópusambandið líka sem leggur þær kvaðir á herðar okkur, sæþjóðinni, að búa til sérstaka siglingaverndaráætlun. Maður skyldi nú ætla að stjórnmálaflokkur sem hefur árum saman farið með samgönguráðuneytið, jafnvel svo lengi sem elstu menn muna, allar götur að minnsta kosti frá 1991, hefði gert reka að því að gera þetta. Nei, það þurfti að berja bumbur í Brussel til að þessir menn vöknuðu.

[18:39]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er að vísu verið að tala um tvennt af hálfu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Annars vegar þá siglingavernd sem felst í að gæta skipa og öryggis í höfnum, hins vegar siglingavernd varðandi siglingu kaupskipa með ströndum fram.

Þannig vill til, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að árið 1996 flutti sá er hér stendur þingsályktunartillögu um afmarkaðar siglingaleiðir skipa. Hvað sagði sú þingsályktunartillaga? Að farið yrði í að marka ákveðnar siglingaleiðir kaupskipanna og jafnframt að kaupskipum sem kæmu hingað erlendis frá væri bannað að dæla úr ballesttönkum, hvort sem það væru botntankar eða ballesttankar. Því við höfum dæmi um að skip voru jafnvel að koma eftir 22–23 sólarhringa siglingu frá Ástralíu með sjó í ballesttönkum þaðan og dældu svo úr tönkum í höfn hér í Straumsvík.

Menn muna það líklega að þegar kær vinkona hv. þingmanns, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, opnaði Elliðaárnar árið 1994, geisaði mikil kýlapest í Elliðaánum. Hvers vegna skyldi það hafa verið? Gæti ekki verið að í Sundahöfninni hefðu skip legið sem voru að dæla úr ballesttönkum?

Sá er hér stendur fór sem stýrimaður til Bandaríkjanna fyrir nokkrum árum á kaupskipi. Þar var tilkynnt af strandgæslunni að í ákveðinni fjarlægð frá landi væri bannað að dæla úr ballest. Hvers vegna? Jú, vegna þess að mengaður getur sjórinn orðið skaðlegur.

Það var einmitt það sem ég hugsaði um þegar ég flutti þá þingsályktunartillögu, sem var samþykkt, um afmarkaðar siglingaleiðir. Þegar skip komu frá Evrópu byrjuðu þau á því að sigla beinustu leið að suðurströndinni og svo meðfram henni allri (Forseti hringir.) á milli lands og Eyja, yfir Selvogsbanka, sem er uppeldisstöð þorsksins og fleiri stofna. Því miður hefur sú nefnd (Forseti hringir.) sem sett var á laggirnar ekki skilað áliti enn þá.

[18:41]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður þarf ekki að minna mig á þá tillögu. Ég man ekki betur en ég hafi fagnandi greitt atkvæði með henni. Ég hef, eins og hv. þingmaður, undrast það í umræðu síðustu daga hver afdrif þeirrar nefndar urðu.

En hv. þingmaður hefur heldur betur bent á að hæstv. samgönguráðherra fari ekki einu sinni eftir samþykktum Alþingis. Í hvaða flokki er þessi hæstv. samgönguráðherra? Jú, í sama flokki og hv. þingmaður. Það hefðu átt að vera hæg heimatökin að taka í lurginn á þeim ráðherra og reyna að knýja hann til þess, sem er hans æðsta skylda, þ.e. að fara að samþykktum Alþingis.

Þetta, frú forseti, kannski bendir á þá staðreynd sem ég hef stundum leyft mér að halda fram í kaffisalnum, en aldrei úr ræðustóli áður, að hugsanlega er það vitlaus maður sem er í embætti samgönguráðherra. Hugsanlega hefði átt að skipta á þeim tveimur og láta núverandi hæstv. ráðherra sjá um að stýra samgöngunefnd en hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, stýrimaður með meiru, hefði auðvitað átt að vera samgönguráðherra. Þá er líklegt að staðan væri kannski önnur en hún er núna. Það er jafnvel hugsanlegt að sá einbeitti vilji sem kom fram í þingsályktunartillögunni, sem samþykkt var frá þingmanninum á sínum tíma, hefði leitt til þess að áætlun hefði verið gerð og henni hrint í framkvæmd og þá gæti vel verið að Wilson Muuga lægi ekki núna að drabbast niður upp við kletta suðurstrandarinnar. Það er hugsanlegt.

[18:43]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði nefnilega í fyrri ræðu sinni um að ríkisstjórnin hefði ekkert gert í þessum málum. Og þegar hann kom svo í andsvar við mig aftur þá vissi hann allt um þá þingsályktunartillögu sem var samþykkt. (Gripið fram í.) Stjórnarsinnar hafa verið að vinna í þessu máli.

En það best ég veit um störf nefndarinnar þá var einkum tvennt sem menn voru ósáttir við. Það var að setja þessar afmörkuðu siglingaleiðir, sem þýddi það að skip væru alltaf í ákveðinni fjarlægð frá landi, en það kallar á eitt vandamál. Það er sjálf Reykjanesröstin. Hana þekkir hv. þm. Össur

Skarphéðinsson vel frá því hann var háseti á fiskiskipum. Það er mál manna og þekkja þeir sem sjómennsku hafa stundað, að í vondum veðrum er nauðsynlegt öryggisins vegna að fara sem allra næst landi, sérstaklega í Reykjanesröstinni.

En allt um það. Auðvitað hefði átt að vera búið að afgreiða þetta mál. En eftir því sem ég kemst næst hefur Siglingastofnun unnið mjög að athugun á sjólagi með ströndum fram og einkum við Reykjanes og gert ákveðnar tillögur um afmarkaðar siglingaleiðir. Hins vegar hafa hagsmunaaðilar í nefndinni, Landhelgisgæslan átti fulltrúa í nefndinni, en það voru aðrir, það voru hagsmunaaðilar kaupskipa og olíuskipa sem lögðust á störf nefndarinnar og þess vegna hefur ekkert frá henni komið, því miður.

Það er mjög leitt til þess að vita, eins og lýðræðislega er nú unnið af hinu háa Alþingi þegar verið er að leita eftir sem bestu samstarfi við aðila í mörgum hagsmunahópum, að þeir skuli geta haft þau áhrif að svona gagnmerkt mál, eins og (Forseti hringir.) afmarkaðar siglingaleiðir skipa meðfram ströndum landsins, skuli ekki hafa náð fram að ganga.

[18:45]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni. Þetta var mjög merkilegt sem hann sagði. Í fyrsta lagi staðfesti hann það sem ég hafði sagt í ræðu minni áðan að auðvitað hafa samgönguyfirvöld, þá tala ég um hin pólitísku, legið á liði sínu. Það kemur alveg skýrt fram og hv. þingmaður staðfestir það bókstaflega talað, hinn pólitíski ráðherra, hæstv. samgönguráðherra, hefur ekki haft dug í sér til að knýja þetta mál til lykta, þ.e. að láta framkvæma það sem samþykkt var af þinginu af hálfu hv. þingmanns.

Í öðru lagi staðfestir hv. þingmaður af hverju niðurstaðan var þessi. Jú. Hann segir það svart á hvítu að hagsmunaaðilar hafi verið í nefndinni sem lögðust gegn því að farið yrði að því sem ég veit, eins og hv. þingmaður, að var tillaga Landhelgisgæslunnar, þ.e. að jafnaði yrðu siglingaleiðir 50 sjómílur, held ég, frá ströndum, með ákveðnum undantekningum eftir sjólaginu. Og þeir komast bara upp með það. Hv. formaður samgöngunefndar staðfestir það að hæstv. samgönguráðherra sé svo aumur að hann leggist á hnén kylliflatur fyrir fyrirtækjum sem ekki tíma að taka á sig þann kostnað sem það felur í sér að sigla utar og fjær. Það kostar meira. Öryggið kostar.

En það er alveg ljóst samkvæmt því sem formaður samgöngunefndar segir að hæstv. ráðherra, og þar með Sjálfstæðisflokkurinn, ber auðvitað ábyrgð á því að ekki var ráðist í þetta. Er hugsanlegt að það kynni að hafa leitt til þess að ekki fór allt of vel? Hugsanlega ekki í dæminu af Wilson Muuga, en hugsanlega.

En í öllu falli er alveg ljóst hver vilji Landhelgisgæslunnar er, en ekki er farið að honum. Þó eru það þeir sem þekkja þetta best og bera öryggið mest fyrir brjósti. Það er dálítið dapurleg einkunn sem hæstv. samgönguráðherra fær hér hjá formanni samgöngunefndar.

[18:47]

**Kristján L. Möller:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar, hefur farið ágætlega yfir og ekki þarf miklu að bæta við það nefndarálit og þær breytingartillögur sem við í samgöngunefnd flytjum hvað þetta varðar og jafnframt hefur verið farið ágætlega yfir það af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni líka.

Eins og hér hefur komið fram er verið að innleiða í íslenskan rétt tilteknar gerðir Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Þetta er ákveði sem eykur mjög öryggi skipa og öryggi hafnaraðstöðu.

Eins og kemur fram í nefndarálitinu er lagt til að Siglingastofnun Íslands geri áhættumat vegna siglinga innan íslensku efnahagslögsögunnar og Siglingaverndaráætlun Íslands. Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að auka við heimildir Siglingastofnunar Íslands til að annast eftirlit með framkvæmd laganna, þess vegna að beita farbanni ef þörf krefur.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan er ég á nefndarálitinu án fyrirvara. Styð þær breytingar sem settar eru fram, og ágætlega var unnið í samgöngunefnd.

En vegna þess sem hér hefur verið rætt um er alveg hárrétt að vitnað hefur verið í þá þingsályktunartillögu sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson flutti hér og var samþykkt. Hún var líka til umræðu ekki alls fyrir löngu á Alþingi í sambandi við strand Wilson Muuga við suðurströndina og má alveg taka undir það sem hér hefur komið fram. Það er náttúrlega ámælisvert að hæstv. samgönguráðherra og samgönguráðuneytið skuli ekki hafa gert meira í því máli hvað það varðar. Fram hefur komið að átta ár eru liðin síðan taka átti á þessum málum og ganga í það, en það kom skýrt fram að vegna andstöðu skipafélaganna hafi þessu ekki verið breytt, þ.e. að afmarka siglingaleiðir skipa og færa þær fjær landi.

Rætt hefur verið um Wilson Muuga sem liggur uppi í fjöru. Deilt er um hver eigi að borga björgun, hver eigi að fjarlægja flakið og hvað eigi að gera. Má ég líka, virðulegi forseti, nefna strand sem kostaði mikið, Víkartind, sem að vísu var með bilaða vél en rak upp í fjöru. En það má alveg spyrja sig að því hvað hefði gerst hefði það skip verið skyldað til að vera fjær landi þegar vélin bilaði og spurning um hvort það hefði getað kastað akkerum eða tekist hefði betur til að halda skipinu frá strandi. Ég held að rétt sé að það komi fram og vonandi er það þá þannig að þetta verði til þess að gengið verði í það sem allra fyrst að finna og afmarka þær siglingaleiðir til að koma í veg fyrir fleiri svona slys, eins og hér hafa átt sér stað og gerð hafa verið að umtalsefni.

Jafnframt, virðulegi forseti, af því ég nefndi Wilson Muuga, strandaðan uppi í fjöru, tökum við líka eftir því að verið er að ræða um þær bætur sem skipafélagið á að greiða sem rétt duga fyrir því sem gert var til að forða mengunarslysi, eða 70 milljónir. Það hefur líka komið fram, virðulegi forseti, að einhver handvömm er í tilskipunum eða ákvörðunum sem hafa verið gefnar út sem hefur gert það að verkum að við höfum ekki breytt þessu hjá okkur. Menn hafa

talað um að ef við hefðum breytt því hefði þetta verið að minnsta kosti 200 millj. kr.

Í þessu sambandi er tekið dæmi af Norðmönnum sem gerðu breytingar hjá sér eftir að fiskveiðiskipið Guðrún Gísladóttir strandaði við Norður-Noreg, þá var þessu breytt hjá þeim.

En ég held að full ástæða sé til, virðulegi forseti, þó svo að það sé ekki inni í þessu lagafrumvarpi, að hvetja til þess að þetta verði gert sem allra fyrst.

Má ég svo rétt í lokin minnast á umfjöllun Fréttablaðsins sem hefur síðustu einn eða tvo daga verið að fjalla um hættuleg skip sem eru á ferðinni í kringum okkur sem er auðvitað mjög alvarlegt mál ef ekki verður hægt að koma þeim lengra frá landinu, ef svo má að orði komast.

[18:52]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hárrétt sem hv. þm. Kristján L. Möller kom inn á og einmitt síðustu orð hans þar sem hann vitnar til Fréttablaðsins. Þar kom fram í morgun fullyrðing frá Landhelgisgæslunni um glæfrasiglingu tveggja stórra fraktskipa sem hafi siglt hér með ströndum fram.

Það sem kannski er merkilegast í fréttinni og alvarlegast er að Landhelgisgæslan ætlar ekkert að aðhafast vegna þess að hún segir að málin séu í höndum Siglingastofnunar. Þetta er kannski eitt málið af mörgum sem tengjast of mörgum aðilum vegna eftirlitsþáttarins, þ.e. samgönguráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Þetta eru mál sem þarf virkilega að taka á. Enda sagði ég í þingsályktunartillögunni minni að taka ætti af skarið um hver hefði vald til þess að stöðva skip ef sama kæmi upp á eins og með Víkartind, þar sem skipstjórinn sjálfur ákvað það hvort þeir tækju dráttartaug frá björgunarskipi eða ekki. Það fór sem fór. Ég tel því tvímælalaust að við eigum að hafa vald yfir þeim skipum sem eru innan efnahagslögsögunnar.

Í annan stað tel ég líka að Landhelgisgæslan hefði ekki átt að bíða eftir einhverju frumkvæði Siglingastofnunar í þessu heldur taka frumkvæðið sjálf þegar ljóst var að allt upp í 40.000 tonna skip sigldi með ströndum fram uppi í harða grjóti og með mengandi farm.

Ég ræði þetta mál í fullri alvöru í nauðsyn þess að á þessu verði tekið. Það þýðir ekkert að vera að horfa á einhverjar pólitískar línur í þessu. Þetta er grafalvarlegt mál.

Siglingalög, (Forseti hringir.) og við endurskoðun þeirra síðast 1985 sá enginn þau ósköp fyrir sem hér eru að gerast með auknum siglingum innan efnahagslögsögu okkar.

[18:54]

**Kristján L. Möller:**

Frú forseti. Það er svo sem engu við þetta að bæta. Sem betur fer er ekki um beint pólitískt deiluefni að ræða hvað skuli gera heldur hvenær og hver eigi að gera það.

Eins og komið hefur fram í umræðum á þinginu er mjög ámælisvert hvernig við höfum séð málið þróast gagnvart Wilson Muuga. Það var sannarlega flækjuþáttur í málinu. Eins og hv. þingmaður nefndi áðan getur þetta heyrt undir þrjú ráðuneyti, samgönguráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Þess vegna geta stundum komið upp svona mál.

Hv. þingmaður tók einmitt dæmi sem ég ræddi lítillega um. Það var um Víkartind þegar skipstjóri Víkartinds neitaði að taka við, eins og hv. þingmaður sagði, tauginni frá Landhelgisgæslunni og ætlaði að freista þess að þeir sem voru niðri í vél mundu koma vélinni í gang. En það tókst ekki og því fór sem fór. Þarna hefði auðvitað þurft að vera heimild í lögum til að grípa betur inn í. Vonandi verða breytingar á næstunni.

En í þessum stuttu andsvörum okkar hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, formanns samgöngunefndar — hvað segir þá hinn pólitíski samgönguráðherra yfir þessum málum og yfir því sem við höfum verið að sjá bæði gagnvart Wilson Muuga og siglingaleiðunum og þessari glæfrasiglingu skipa sem eru í kringum okkur og við erum að lesa um? Og því sem hv. þingmaður nefndi líka, ef vil vill eru allir að bíða hver eftir öðrum, Siglingastofnun og Landhelgisgæslan. Hvað er rætt um frá hendi hæstv. samgönguráðherra? Megum við eiga von á því að þetta komi inn til Alþingis áður en þingið fer heim? Eða er það kannski þannig, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að hv. samgöngunefnd verður að taka þetta upp?

[18:57]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get kannski ekki alveg flutt mál hæstv. samgönguráðherra í þessu sambandi en ég heyrði það hins vegar á honum að þetta mál er í alvarlegri skoðun í samgönguráðuneytinu og væntanlega verður tekið á þessu innan ekki langs tíma.

Það er líka annað sem ég vil minnast á, af því að talað er um þetta skip sem strandaði hér, Wilson Muuga, sem ég botna bara ekkert í. Ég hef ekki orðið var við að fram hafi farið alvörusjópróf. Hvað varð um skipstjórann? Hvað varð af áhöfninni? Það er eins og þeim hafi verið klappað á bakið og sagt: Heyrið þið kallar mínir, farið þið bara til ykkar heima og gerið þetta aldrei aftur.

Ég átta mig ekki alveg á hvernig og hvers vegna ábyrgð skipstjóra er ekki meiri en raun ber vitni. Ef þetta hefði gerst annars staðar er ég hræddur um að einhver hefði verið settur í farbann þar til endanleg niðurstaða lægi ljós fyrir, vegna þess að þetta strand er með slíkum eindæmum að manni dettur helst í hug að þessi skipstjóri eða stjórnendur skipsins hafi bara keypt sér pappíra, kunni ekki neitt í siglingafræði.

Þetta er miklu alvarlegra mál ef við stöndum líka frammi fyrir því að siglingafræði erlendra sjómanna sem sigla hér með ströndum fram er ekki merkilegri en þetta og umrætt strand sýnir okkur í hnotskurn.

Þá er ekki annað að gera en taka upp af miklum krafti hert eftirlit og drífa í að það séu ákveðnar afmarkaðar siglingaleiðir. Svo verður eftirlitið auðvitað að vera í samræmi við það, bæði landhelgisgæslan á sjó og í flugi til að fylgjast með þessum skipum.

[18:59]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það var nú einmitt m.a. þetta strand sem

ég ætlaði að taka hér til umræðu því að svo margir höfðu farið inn á þá braut að vitna í strand þessa flutningaskips hjá Sandgerði eða við Stafnes. Það er náttúrlega íhugunarefni út af fyrir sig að það skuli geta verið þannig að menn hafi það sem afsökun að sjálfstýringin slái út og þá sigli menn bara beint upp á land á fullri ferð. Þetta er náttúrlega með slíkum ólíkindum að maður fær því varla trúað að slík rök séu borin fram fyrir ferð skipsins og endalokum þess. Það er nú venjulega þannig að það er hægt að grípa í handstýrið ef menn eru á annað borð á vaktinni en það virðist sem enginn hafi verið á vaktinni í þessu skipi miðað við þær lýsingar sem maður hefur fengið af þessu. En ég tek undir það með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að ég hef ekki orðið var við að það væri upplýst um sjópróf eftir þetta strand þannig að það auðvitað vekur furðu.

Það sem ég hins vegar vildi gera að aðalumræðuefni hér í stuttri ræðu, hæstv. forseti, er að það er orðið afar nauðsynlegt að fara að marka siglingaleiðir skipa umhverfis Ísland. Það hefur auðvitað alltaf verið nauðsynlegt vegna þess að þó að menn tali oftast nær um að það séu svokölluð tankflutningaskip, þ.e. gasskip eða olíuskip sem séu hættulegust þá eru flutningaskip sem flytja oft tugi gáma með alls konar kemískum efnum og eiturefnum sem geta verið mjög miklir mengunarvaldar ef þau komast í sjó.

Það er algjörlega rétt sem hér hefur verið bent á að siglingaleiðir mjög margra skipa með suðurströnd landsins eru þannig að stefnan er sett frá Evrópu upp að suðausturhorni landsins og síðan siglt vestur með ströndinni. Þar er auðvitað verið að sigla yfir öll okkar helstu fiskimið og uppeldisslóðir, hrygningarsvæði, og þar af leiðandi getur slys á því svæði valdið mjög mikilli röskun á lífríkinu við Ísland fyrir utan náttúrulega mengunarhættu og ýmsar aðrar afleiðingar.

En auðvitað er vandasamt að marka siglingaleiðir. Þó að vissulega megi kannski marka siglingaleiðir hér sunnan lands eitthvað dýpra og jafnvel utan við allar eyjar Vestmannaeyja þá þarf samt að velja siglingaleið fyrir Reykjanes og það er auðvitað talsverð spurning sem ég held að allir siglingafróðir menn velti fyrir sér og ég hugsa að við höfum báðir gert það, ég og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, það er siglingaleiðin í gegnum Röstina. Það kann vel að vera hægt að færa fyrir því rök að skynsamlegra sé að fara Röstina en að fara dýpra við ákveðnar aðstæður. Menn skulu ekki gleyma því að Reykjaneshryggurinn og sker og boðar eru þarna út eftir og sjólag ekki endilega betra fjær landinu en nær, fyrir utan það að það er yfirleitt mjög sterkur straumur í Röstinni. Ef siglingu skips sem fer í gegnum Röstina er rétt hagað þá tekur það kannski ekki mjög langan tíma þó að menn þurfi að fara nálægt landi rétt á meðan þeir fara yfir Röstina. Það er hins vegar val á siglingaleiðinni að Röstinni og hins vegar norður eða suður úr henni eftir atvikum sem menn ættu virkilega að taka til umfjöllunar og skoðunar.

Síðan eru skip að verða æ djúpristari og það hefur nýlega verið upplýst t.d. af Landhelgisgæslunni að sést hafi til skipa sigla yfir Syðragrunn í Faxaflóa í veðuraðstæðum sem flestallir sem þekkja til mundu ekki láta sér detta í hug að sigla þar yfir. Þá skulum við ekki gleyma því að skipatraffíkin upp í Hvalfjörð — ef menn fara fyrir Garðskagann, ætli siglingaleiðin liggi ekki svona nokkurn veginn yfir ef menn setja beina leið á Hvalfjörðinn. Það er eins og menn hugleiði þetta ekki og þegar djúprista fullhlaðinna skipa er kannski 14, 15 metrar eða jafnvel meira þá sjá menn auðvitað hvers konar fíflaáhættu er verið taka með því að sigla yfir þessi grunn í vondum veðrum og það er hreint ótrúlegt að það skuli geta gerst.

Þetta segir okkur auðvitað að það er orðið mjög nauðsynlegt að marka siglingaleiðir og setja þeim ákveðnar reglur þó svo að ég telji að það þurfi að vanda sig mjög vel þegar við tölum um Reykjanesröstina sjálfa. Það er ekki sjálfgefið að við fáum aukið öryggi út úr því að færa skipin utar eða fara mjög djúpt fyrir Röstina. Það er þá miklu frekar að menn sigli ekki of nærri landinu norður með eða austur um þegar þeir eru búnir að fara fyrir Röstina, því að flestir hafa nú svona — eða maður skyldi a.m.k. ætla það að flestir hefðu mjög vakandi auga á sér og sínu skipi þegar þeir fara í gegnum Reykjanesröstina. Ég hugsa að fáir sigli þar í gegn án þess að standa vaktina sína. Þó kann það að vera því að þetta strand við Stafnes er í raun og veru alveg furðulegt þegar maður hugleiðir að menn skuli geta farið þar bara beint upp út af engu öðru en því að sjálfstýringin virðist hafa slegið út. Það er í raun og veru alveg makalaust að það skuli geta gerst.

Það þarf auðvitað að marka margar fleiri siglingaleiðir heim í land og við þurfum líka að fara að huga að sérstökum siglingaleiðum fyrir hin stærri skip sem sigla fram hjá landinu, sérstaklega kannski stórum tankskipum sem sigla með olíu eða gas. Því miður er það svo, þó að væntanlega munum við fá nýtt varðskip sem hefur miklu meira togafl en þau varðskip sem við höfum í dag, að við erum ekki með neina dráttarbáta hér á landi sem ráða við þessi stóru skip við vondar aðstæður, slík viðbrögð eru bara ekki til. Við værum kannski að tala um svipaðan dráttarbát og dró skip af strandstað við suðurströndina ef við ætluðum virkilega að ráða við 300 þúsund tonna skip þunglestað af t.d. olíu. Þó að við höfum séð Wilson Muuga fara upp í fjöru við Stafnes þá blessunarlega hefur ekki fylgt því mikil mengun hingað til og vonandi erum við komin fram hjá því með því m.a. að ná olíunni úr skipinu, þó að það eigi auðvitað eftir að hreinsa fjöruna og væntanleg skera skipið niður í brotajárn.

Fólk gæti ímyndað sér hvað mundi ske t.d. ef svo illa færi að 200–300 þús. tonna olíuskip ræki upp á strandabrekana á Hornströndum, ef það kæmi upp alvarleg vélarbilun og skipið ræki þar upp á og ekkert yrði við neitt ráðið. Við eigum nefnilega engin sérstök skip sem ráða við það að draga svona skip, varla tæk til að halda þeim upp í veður og vind þó svo að menn kæmu öflugum taugum á milli, sem eru kannski ekkert til staðar almennt í skipum í dag nema þá kannski helst í varðskipunum því að þarna er um gríðarlegt átak að ræða. Man ég ekki rétt að togaflið í dráttarbátnum sem dró skipið út af suðurströndinni hafi verið 280 togtonn? (Gripið fram í.) Já, nýja varðskipið okkar er með 100. Við erum nefnilega að tala um það að við höfum ekki nein tæki til að bregðast við svona aðstæðum og þess vegna er svo nauðsynlegt að fara að marka siglingaleiðir sem liggja þá langt undan landinu, sérstaklega fyrir hin stærri skip, til þess að það sé þó einhver tími til þess að bregðast

við. Þannig að ef um vélarbilun væri að ræða þá væri annaðhvort hægt að bregðast við henni með því að gera við eða þá að nægur tími væri til þess að einhver skip gætu komið að til aðstoðar. Ég býð ekki í það, hæstv. forseti, hvað mundi ske við norðurströnd landsins ef 200–300 þús. tonn af olíu færu þar í hafið og ræki upp á strandirnar og síðan austur með öllu Norðurlandi en þannig er nú straumakerfið.

Við höfum engan veginn hugleitt þetta nægjanlega vel og þess vegna vek ég athygli á því að það sem hér er verið að tala um, þ.e. að gera leiðir fyrir áhættumat og siglingar innan lögsögunnar er orðið mjög brýnt mál. En þá verðum við líka að átta okkur á því að við verðum að hafa tæki sem ráða við það ástand sem getur skapast. Það höfum við ekki í dag, hæstv. forseti, og þess vegna er kannski enn þá nauðsynlegra að við förum að marka einhverjar siglingaleiðir sem gætu þó gefið okkur tækifæri til þess að bregðast við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:09]

**Útbýting:**

Nauðasamningar samkvæmt lögum um tekjuskatt, 554. mál, fsp. RG, þskj. 826.

Þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum, 553. mál, þáltill. LRM o.fl., þskj. 825.

## *Tæknifrjóvgun, 1. umr.*

Stjfrv., 530. mál (stofnfrumurannsóknir). — Þskj. 799.

[19:10]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er lagt til að veittar verði tilteknar heimildir til að nota svonefnda umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna og jafnframt að heimilt verði í undantekningartilvikum að framkvæma kjarnaflutning, þ.e. einræktun í læknisfræðilegum tilgangi. Að baki þessum tillögum liggja veigamikil læknisfræðileg og þekkingarfræðileg rök sem nánar verða rakin hér á eftir.

Við setningu laga um þetta efni er óhjákvæmilegt að líta til þeirrar sérstöðu sem fósturvísar óneitanlega hafa vegna eðlis þeirra og eiginleika en almennt er litið svo á að fósturvísar hafi siðferðilega stöðu umfram önnur lífsýni sem notuð eru til rannsókna. Við lagasetningu um þetta efni verður því að taka afstöðu til þess hvort og þá í hvaða tilvikum réttlætanlegt sé að raska þeirri siðfræðilegu stöðu sem hér um ræðir. Eru ákvæði frumvarpsins grundvölluð á slíku hagsmunamati og við það miðuð að ekki séu veittar ríkari heimildir til notkunar fósturvísa eða til að framkvæma kjarnaflutning en nauðsynlegar og forsvaranlegar þykja til að ná þeim læknisfræðilegu og þekkingarfræðilegu markmiðum sem að er stefnt.

Frumvarpið er samið af nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í október 2005 til að fjalla um nýtingu stofnfrumna til rannsókna og lækninga og semja drög að frumvarpi til laga um stofnfrumurannsóknir. Nefndin var skipuð sérfræðingum á sviði læknisfræði, líffræði, siðfræði og lögfræði og skilaði hún niðurstöðum sínum til mín í júní sl. í frumvarpsformi. Frumvarpsdrögin voru í framhaldi af því send fjölmörgum aðilum til umsagnar og voru þær umsagnir sem bárust almennt mjög jákvæðar.

Eins og áður segir felast tvær meginbreytingar í frumvarpinu. Annars vegar er lagt til að heimilt verði, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að nota svonefnda umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna. Við framkvæmd glasafrjóvgunar í æxlunarskyni eru að jafnaði búnir til fleiri fósturvísar en nýtast í því skyni. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að með því að búa til fleiri fósturvísa aukast líkurnar á því að til verði lífvænlegur fósturvísir til uppsetningar í leg konunnar. Þeir fósturvísar sem ekki eru valdir til uppsetningar en þykja þó lífvænlegir eru hins vegar að jafnaði geymdir í allt að fimm ár til hugsanlegrar notkunar síðar í samræmi við ákvæði laganna. Í þessu felst að löggjafinn hefur nú þegar tekið þá afstöðu að þeir hagsmunir sem í því eru fólgnir að aðstoða fólk við að eignast börn réttlæti að fósturvísar séu búnir til jafnvel þótt vitað sé að þeir muni ekki allir nýtast í þeim tilgangi.

Eins og áður segir er heimilt samkvæmt gildandi reglum að geyma fósturvísa sem búnir eru til vegna tæknifrjóvgunar í allt að fimm ár. Að þeim tíma liðnum er hins vegar skylt að eyða ónotuðum fósturvísum. Þeir fósturvísar sem þannig ganga af eru nefndir „umframfósturvísar“ í frumvarpinu og eru rannsóknarheimildir í frumvarpinu bundnar við þá. Gerir frumvarpið ráð fyrir því að í stað þess að eyða umframfósturvísum verði heimilt, með samþykki beggja kynfrumugjafa og vísindasiðanefndar, að ráðstafa þeim til rannsóknaraðila sem hafa fengið sérstakt leyfi til að nota umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna. Á hinn bóginn verður hér eftir sem hingað til með öllu óheimilt að búa til fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir. Frá siðfræðilegu sjónarhorni skiptir það máli þegar réttmæti þess að nota umframfósturvísa til rannsókna er metið að þeir hafi ekki gagngert verið búnir til í rannsóknarskyni heldur verði þeir til í tengslum við glasafrjóvgunarmeðferð sem framkvæmd er í þeim tilgangi að hjálpa fólki að eignast barn. Hér stendur valið einungis um að umframfósturvísum verði annaðhvort eytt eða þeir notaðir til að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að seinni kosturinn væri betri að því gefnu að gjafar þeirra kynfrumna sem fósturvísirinn er myndaður úr hefðu veitt upplýst samþykki sitt fyrir slíkri notkun. Sá kostur hefur því orðið ofan á í frumvarpinu. Samkvæmt núgildandi lögum er óheimilt að rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eftir að frumrákin kemur fram. Myndun frumráka er fyrsti vottur af myndun taugakerfis hjá fósturvísi og á sér að jafnaði stað á 14. degi fósturþroska. Sú staðreynd að þetta tímamark er miðað við framangreindan áfanga í þroskaferli fósturvísis leiðir til þeirrar ályktunar að við setningu laga um tæknifrjóvgun árið 1996 hafi verið litið svo á að þá verði sú breyting á fósturvísi sem geri það að verkum að ekki þyki

lengur forsvaranlegt að rækta hann utan líkamans eða gera á honum rannsóknir. Ljóst er því að núgildandi bann við ræktun og rannsóknir á fósturvísum eftir að þessu tímamarki er náð byggist einkum á sjónarmiðum um sterkari siðferðilega stöðu fósturvísa eftir að myndun taugakerfis hefst. Verður því að leggja til grundvallar að það hafi verið afstaða löggjafans við setningu laganna að fósturvísar öðlist aðra og sterkari siðferðilega stöðu eftir að framangreindu tímamarki er náð. Frumvarpið felur ekki í sér breytt mat að þessu leyti. Verða hinar nýju rannsóknarheimildir sem gerð er tillaga um í frumvarpinu því einungis notaðar til rannsókna á fósturvísum innan umræddra tímamarka eða áður en myndun taugakerfis hefst.

Auk heimilda til notkunar umframfósturvísa er í frumvarpinu lagt til að heimilt verði í undantekningartilvikum að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði. Með kjarnaflutningi í frumvarpinu er átt við þá aðgerð þegar kjarni úr eggfrumu konu er fjarlægður og í hans stað komið fyrir kjarna úr líkamsfrumu. Með kjarnaflutningi af þessu tagi verður til fruma sem hefur sambærilega eiginleika og frjóvguð eggfruma eða fósturvísir. Sá grundvallarmunur er þó á að eggfruma sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hefur einungis erfðaefni úr einum einstaklingi á meðan frjóvguð eggfruma, þ.e. fósturvísir, hefur ávallt erfðaefni úr tveimur einstaklingum.

Heimild til kjarnaflutnings samkvæmt frumvarpinu er takmörkuð við þau tilvik þar sem ekki er talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti. Byggir þessi takmörkun á áðurgreindu sjónarmiði um að ekki skuli ganga lengra í þessu efni en nauðsynlegt er til að ná markmiðum um betri meðhöndlun sjúkdóma og öflun þekkingar í líf- og læknisfræði. Samkvæmt frumvarpinu verður einungis heimilt að framkvæma kjarnaflutning á rannsóknarstofum sem fengið hafa leyfi ráðherra til að stunda slíkar rannsóknir. Þá er jafnframt í hverju tilviki gerð krafa um samþykki eggfrumugjafa, þess einstaklings sem erfðaefnið stafar frá, og vísindasiðanefndar.

Það er samdóma álit flestra vísindamanna að kjarnaflutningur í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur hafi mikilvæga kosti frá læknisfræðilegu sjónarmiði, einkum vegna þess að með kjarnaflutningi er unnt að tryggja fullt vefjasamræmi stofnfrumna við þá einstaklinga sem þarfnast lækninga. Þá er talið að stofnfrumur úr eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á geti veitt vísindamönnum mikilvæga innsýn í sameindalíffræði ýmissa erfðasjúkdóma. Það er á grundvelli þessara mikilvægu hagsmuna sem heimildir til kjarnaflutnings í frumvarpinu eru byggðar. Í engu er hins vegar hvikað frá banni núgildandi laga við einræktun í æxlunartilgangi, þ.e. í þeim tilgangi að einrækta manneskju, en um slíkt bann er ríkt samstaða meðal þjóða heims enda felur slík einræktun í sér afar mörg og flókin siðfræðileg vandamál auk þess sem fá rök liggja til grundvallar því að styðja nauðsyn hennar eða gagnsemi fyrir einstaklinga eða samfélög. Þá hefur Ísland nú þegar undirgengist alþjóðlega sáttmála þar sem skýrlega er kveðið á um bann við einræktun manna. Í þessu sambandi er í frumvarpinu m.a. kveðið skýrt á um að það sé óheimilt á öllum stigum að koma eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á fyrir í legi konu. Þá gerir frumvarpið jafnframt ráð fyrir því að sama regla gildi um eggfrumur sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á og gildir um frjóvgaðar eggfrumur, þ.e. að óheimilt verður að rækta þær lengur en í 14 daga eða þar til frumrákin kemur fram.

Vísindamenn hafa í auknum mæli gert sér grein fyrir því að með rannsóknum á stofnfrumum er mögulegt að auka þekkingu okkar á samsetningu einstakra líkamsvefja og skilningi á því hvað fer úrskeiðis við upphaf og framþróun ýmissa sjúkdóma. Víst er talið að aukin þekking á þessu sviði muni nýtast við að skilgreina ferli sjúkdóma og þar með auka líkur á að hægt verði að bregðast við þeim fyrr og með markvissari hætti. Þá eru, eins og áður segir, miklar væntingar um að mögulegt verði að nýta stofnfrumur úr fósturvísum og eggfrumur sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á við læknismeðferð ýmissa sjúkdóma. Þannig hefur nýlega verið sýnt fram á það í dýralíkömum að þessar frumur geta læknað eða dregið úr sjúkdómseinkennum sjúkdóma sem engin lækning er til við í dag. Má þar nefna sykursýki, vöðvarýrnun, hjartadrep og parkinsonsjúkdóminn. Þrátt fyrir þetta eru rannsóknir enn það skammt á veg komnar að ekki er unnt að fullyrða nokkuð um það hvort og þá í hversu miklum mæli stofnfrumur úr fósturvísum muni gagnast við sjúkdómsmeðferð á mönnum en auk framangreindra sjúkdóma hafa vísindamenn beint sjónum sínum að sjúklingum með tauga- og mænuskaða, MS-sjúkdóminn, MND-sjúkdóminn og krabbamein. Þó að enn sé óvíst hvort unnt verði að nota stofnfrumur úr fósturvísum til beinna lækninga eru vísindamenn sammála um að stofnfrumur úr fósturvísum séu og eigi eftir að reynast mikilvægar við lyfjaprófanir og til að auka skilning á uppruna og eðli ýmissa sjúkdóma sem síðar getur orðið grundvöllur nýrra meðferðarúrræða.

Á Íslandi eru stofnfrumurannsóknir vaxandi þó að enn séum við töluvert á eftir þeim þjóðum sem fremst standa í þessum efnum. Hafa rannsóknir hér á landi fyrst og fremst beinst að rannsóknum á vefjastofnfrumum, þ.e. stofnfrumur sem finna má í einstökum vefjum líkamans, m.a. í beinmerg og blóði. Þessar rannsóknir hafa vakið ýmsar spurningar er varða eðlilegan þroska þessara vefja en einnig hafa spurningar vaknað er varða afbrigðilegan þroska vefja, t.d. vegna krabbameinsmyndunar. Þá má geta þess að á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hafa stofnfrumur úr blóði sjúklinga verið notaðar til stofnfrumuígræðslu. Þessar ígræðslur hafa nú verið stundaðar í um tvö ár og gengið mjög vel. Þá hafa íslenskir vísindamenn nýlega fengið stofnfrumulínu frá Bandaríkjunum til rannsókna og er það fyrsta rannsóknarverkefnið hér á landi þar sem notaðar eru stofnfrumur úr fósturvísum. Einnig hafa íslenskir vísindamenn verið í góðu samstarfi við marga af fremstu vísindamönnum heimsins á sviði stofnfrumurannsókna.

Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð allítarleg grein fyrir stöðu og þróun löggjafar á þessu sviði í öðrum löndum, einkum Norðurlöndunum og í Evrópu. Í ljósi þess vaxandi skilnings sem er á mikilvægi stofnfrumurannsókna með tilliti til mögulegra framfara í læknisfræði og lyfjaþró-

un og þeim árangri sem þegar hefur náðst er óhætt að fullyrða að þróunin hefur á undanförnum árum fremur verið í átt til aukins frjálsræðis. Það lýsir sér í því að æ fleiri ríki kjósa nú að heimila notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna að einhverju marki og þeim ríkjum fjölgar jafnframt sem heimila kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi. Mikilvægt er að Alþingi og heilbrigðisyfirvöld fylgist vel með þessari þróun og skapi vísindarannsóknum af þessu tagi hér á landi þá lagaumgjörð sem nauðsynleg er og forsvaranleg getur talist, annars vegar með hliðsjón af þeim læknisfræðilegu og þekkingarfræðilegu hagsmunum sem í húfi eru og hins vegar með hliðsjón af þeim siðferðilegu álitaefnum sem uppi eru og þeim siðferðilegu grundvallargildum sem halda ber í heiðri við framkvæmd stofnfrumurannsókna. Við samningu þessa frumvarps hefur eftir fremsta megni verið reynt að feta hinn gullna meðalveg í þessum efnum.

Virðulegur forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. heilbrigðis- og tryggingamálanefndar og til 2. umr.

[19:24]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni merkilegt mál sem ástæða er til að fagna. Ef það verður að lögum mun það koma okkur á bekk með þjóðum sem reyna að nýta sem best möguleika í framþróun á sviði læknavísinda og lyfjarannsókna. Frumvarpinu fylgir fróðleg og upplýsandi greinargerð um stöðu málsins, löggjöf í öðrum löndum, siðferðileg álitamál, hvernig þessum málum hefur reitt af í hinum ýmsu löndum og á hvaða vegi þau eru. Það er allt mjög gagnlegt fyrir þá umræðu sem hér fer fram.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við fjöllum um þetta mál hér á Alþingi. Það var sennilega fyrir þremur árum að ég lagði fram tillögu til þingsályktunar um nýtingu og geymslu stofnfrumna í fósturvísum til rannsókna og lækninga. Að þeirri tillögu stóðu þingmenn úr öllum flokkum. Um það var þverpólitísk samstaða að rétt væri að taka á þessu máli. Í langan tíma þar áður hafði víða um heim verið rætt um notkun stofnfrumna úr fósturvísum manna í læknisfræðilegum tilgangi og fór sú umræða fram á vettvangi siðfræði, vísinda, trúar og stjórnmála. Hér á landi hafði nánast engin umræða farið fram um þessa hluti og var kallað eftir henni úr vísindaheiminum og raunar kvartað yfir því að Alþingi fjallaði ekki um málið með líkum hætti og gerðist í öðrum þjóðþingum. Það var aðdragandi þess að ég lagði málið fram.

Mig langar aðeins að rifja upp meðferð málsins hér á þingi, virðulegi forseti. Tillagan fól í sér að skipa nefnd sem átti að gera úttekt á kostum þess og göllum, út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði, að heimila nýtingu og geymslu stofnfrumna úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum. Í þessa nefnd átti að skipa fulltrúa bæði úr heilbrigðisstétt og úr vísindaheiminum, úr hópi presta, frá háskólum, frá Landspítala, frá Krabbameinsfélaginu o.s.frv. Niðurstöður nefndarinnar, þar sem fram áttu að koma skýrt skilgreindir kostir og gallar á málinu ásamt tillögum að frekari málsmeðferð, átti að leggja fyrir Alþingi.

Í nefndinni sem fjallaði um þetta mál fyrir þremur árum var alveg bærilegur hljómgrunnur fyrir þessu máli og umsagnir sem bárust voru allar mjög jákvæðar. En það var kvartað yfir því í heilbrigðisnefnd — ég hafði spurnir af því þegar málið var fyrst lagt fram — að greinargerðin með því væri allt of jákvæð og það þyrfti líka að gera betur grein fyrir göllum og siðferðilegum álitamálum. Úr því bætti ég á 132. þingi þegar ég lagði þetta fram vegna þess að mér var í mun að málið næði fram að ganga. Þótt þessi greinargerð sé mjög ítarleg sé ég ekki að mjög miklu plássi sé varið í að fara yfir álitamálin, siðfræðileg álitamál og gallana út frá læknisfræðilegu og siðfræðilegu sjónarmiði, sem þó var kallað eftir hér í þinginu.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Liggur það fyrir að nefndin sem skoðaði þetta mál hafi farið yfir þessi álitaefni skipulega, kosti og galla? Taldi ráðherra með tilliti til forsögu þessa máls á þingi enga ástæðu til þess að leggja slíka greinargerð fyrir þingið áður en ráðist var í lagafrumvarp eins og hæstv. ráðherra mælti fyrir? Ég spyr að þessu með tilliti til forsögu málsins og þeirrar umræðu sem um það varð hér á þingi. Hæstv. þáverandi heilbrigðisráðherra vissi að ég hafði lagfært mína greinargerð með tilliti til athugasemda hér og hafði ekki við þær neinar athugasemdir. En samt kom sú yfirlýsing frá honum að hann mundi skipa þessa nefnd í málið. Um þetta spyr ég. Ég held það væri ágætt að fá það fram með tilliti til þeirrar umræðu sem væntanlega á eftir að fara fram hér í þinginu og í heilbrigðisnefnd um þetta mál.

Ég sé að í frumvarpinu er umsögn um frumvarpið um tæknifrjóvgun frá fjárlagaskrifstofu. Þar segir að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum. Þetta er nú það atriði sem ég hef mestan áhuga á að spyrja hæstv. ráðherra um. Var ekki farið yfir það af hálfu nefndarinnar sem fjallaði um þetta mál hvort ekki þyrftu einhverjir fjármunir að fylgja ef heimilað yrði að fara út í þessar rannsóknir? Eftir því sem ég kynnti mér málið áður en ég lagði það fram var alveg ljóst að það kostaði töluverða fjármuni að framfylgja ákvæðum frumvarpsins. Það er allt of mikið um það hér í þinginu að sett eru fram frumvörp sem hafa fín markmið að leiðarljósi en síðan reynist erfitt að framkvæma þau af því að fjármagnið vantar. Það er brýnt að við fáum þetta fram og ráðherra svari því hvort það hafi sérstaklega verið skoðað af hálfu nefndarinnar eða hálfu ráðuneytisins. Ef það hefur ekki verið gert óska ég eftir því að ráðherra beiti sér fyrir því að þeirra upplýsinga verði aflað svo við vitum hvaða kostnaður fylgir þessu.

Það er alveg ljóst að miklar vonir eru bundnar við þetta mál, það er að hægt sé að ná ýmsum árangri í því að nýta stofnfrumur til rannsókna á sjúkdómum, til lyfjaþróunar og til lækninga á alvarlegum sjúkdómum í náinni framtíð. Þess ber þó að geta að þótt miklar vonir séu bundnar við notkun á þessum stofnfrumum til lækninga þá er alveg óvíst í hve miklum mæli þær koma til með að gagnast sjúklingum með ólæknandi sjúkdóma. Vissulega er hér bent á að hugsanlega sé hægt að nýta stofnfrumurnar til lækninga. Vísindamenn hafa beint sjónum að sjúkdómum á borð við alzheimer, sykursýki, mænuskaða, parkinsonsveiki og mögulega lækningu á þeim.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra og þeim sem hafa unnið þetta mál — og reyndar lagði ég áherslu á það í málflutningi mínum hér fyrir tveim til þrem árum — að farið sé varlega í þessu efni með þeirri leið sem hér er lögð til. Í ákvæðum í frumvarpinu er miðað við og vísað í ákvæði í þingsályktunartillögunni sem ég og fleiri þingmenn fluttu á sínum tíma. En málið einskorðast við það að rannsóknir vísindamanna á stofnfrumum úr fósturvísum miði fyrst og fremst að því að hægt verði, með upplýstu samþykki kynfrumugjafa, að nýta umframfósturvísa sem verða til við glasafrjóvganir. Nú er það svo að umframfósturvísar eru geymdir í frysti í fimm ár og óski kynfrumugjafar ekki eftir að nýta þá til glasafrjóvgunarmeðferðar innan þess tíma er þeim eytt. Hér er raunverulega verið að gera þá breytingu á að í stað þess að fleygja þeim megi nýta þá í því skyni sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessi mál. Lögin um tæknifrjóvganir eru frá árinu 1996 og banna hvers konar rannsóknir og tilraunaaðgerðir á fósturvísum manna ef þær eru ekki liður í glasafrjóvgunarmeðferð eða greiningu arfgengra sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum. Sú löggjöf var sett tveimur árum áður en tekist hafði að einangra stofnfrumur úr fósturvísum manna, en það gerðist í fyrsta skipti árið 1998. Fullt tilefni er því til að skoða þessa löggjöf að nýju í ljósi framþróunar á þessu sviði.

Íslenskir vísindamenn sem hafa unnið að rannsóknum á stofnfrumum í einhvern tíma — og þá einkum vefjasértækum stofnfrumum, en ekki er siðfræðilegur ágreiningur um notkun þeirra — hafa unnið mjög gott verk við þær aðstæður sem þeir hafa haft, bæði í Blóðbankanum og hjá Krabbameinsfélaginu svo dæmi sé tekið.

Vísindaheimurinn kallar eftir því að lögum verði breytt í þá veru að gera vísindamenn betur í stakk búna til að leggja sitt af mörkum í framþróun á sviði læknavísinda og lyfjarannsókna eins og vonir eru bundnar við að stofnfrumurnar geri. Ég fagna því ef Alþingi tekur þannig á þeim málum að okkar íslensku vísindamönnum verði búin aðstaða sambærileg við það sem gerist víða annars staðar.

Ég tók eftir því, virðulegi forseti, að samkvæmt frétt í bresku dagblaði nú í janúar þá er víða í heiminum í gangi spennandi rannsóknarvinna á hugsanlegri notkun stofnfrumna við meðferð alvarlegra sjúkdóma. Þar er því til dæmis haldið fram að í framtíðinni geti það orðið fastur liður að frysta blóð úr naflastreng nýfæddra barna til notkunar í hugsanlegum veikindum þeirra síðar. Sú aðferð gæti reyndar líka gagnast fullorðnu fólki. Sem dæmi má nefna að í Bretlandi hefur þegar verið settur á stofn að minnsta kosti einn einkarekinn ónæmiskerfisbanki. Í þann banka geta einstaklingar sem búa við góða heilsu lagt inn fryst, hvít blóðkorn sem unnin hafa verið úr þeirra eigin blóði í þeirri von að ef þeir veikjast af alvarlegum sjúkdómi síðar á lífsleiðinni verði hægt að nýta heilbrigt blóð úr þeim sjálfum sem lið í meðferðinni.

Þetta er vissulega spennandi framtíðarsýn þótt á henni séu ýmsar hliðar. En þess ber þó að geta, og kom einmitt fram í umræddri frétt, að þessi aðferð er tiltölulega ný af nálinni og er enn í þróun. En heilbrigð, hvít blóðkorn virðast geymast vel við lágt hitastig, að minnsta kosti í nokkur ár, og í Bandaríkjunum er þegar farið að prófa að nýta þau við meðferð ákveðinna tegunda af krabbameini. Fjárhagshliðin er svo annað mál. Það kostar sitt að eiga innstæðu af eigin blóði ef svo má orða það. Þó má ekki gleyma því að það gæti sparað heilbrigðiskerfinu og þjóðfélaginu fjármuni síðar í minni lyfjakostnaði og styttri fjarveru fólks frá vinnumarkaði vegna veikinda.

Það kom fram í fréttinni að í breska ónæmiskerfisbankanum er upphafskostnaður við að einangra hvítu blóðkornin og frysta þau um 400 sterlingspund. Fólk greiðir síðan bankanum mánaðarlega fyrir geymslukostnaðinn og er sú upphæð nú um 12 sterlingspund. Þetta virðist vera mjög fjarlægt en engu að síður er þetta eitthvað sem menn eru farnir að skoða og velta fyrir sér.

Ég taldi ástæðu til að rifja upp forsögu þessa máls hér á þingi vegna þess að um þetta hafði ekki verið fjallað hér áður. Við ræddum þetta ítarlega bæði hér í þingsal og í heilbrigðis- og trygginganefnd á sínum tíma þótt niðurstaðan hafi orðið sú að heilbrigðisráðherra kaus að setja nefnd í málið án atbeina þingsins. Ég hefði haldið að betra hefði verið að þingið hefði samþykkt þessa tillögu og farið hefði verið í málið með þeim hætti sem þingmenn úr öllum flokkum lögðu til, að við fengjum skýrslu, sem lögð yrði fyrir þingið, um skýrt skilgreinda kosti og galla ásamt tillögum um frekari málsmeðferð.

En málið er komið í þennan búning. Ég fagna því að við séum komin þetta langt þó ég hefði gjarnan viljað kynna mér frekar báðar hliðar á málinu. Ég hef frekar verið að skoða kostina þó að ég hafi vissulega líka farið yfir gallana. Ég hefði viljað fá skýrslu til þingsins frá þeim sem best til þekkja þannig að allar hliðar málsins væru uppi þegar þingið tekur afstöðu í því.

Því spyr ég ráðherrann og ítreka það: Var slík úttekt og könnun gerð? Liggur fyrir einhver skýrsla um það sem þingið gæti fengið? Og síðast en ekki síst spyr ég um kostnaðinn við þetta. Hvers vegna er því haldið fram í frumvarpinu að þetta kosti ekki neitt eftir að þetta hefur verið samþykkt? Það er alveg ljóst að öll framþróun í læknavísindum — sú rannsóknavinna og það sem á eftir að fara í gang í kjölfarið á samþykkt þessa frumvarps ef að lögum verður — kostar töluverða fjármuni. Ég er ekki að segja að það séu fjármunir sem við eigum að sjá eftir ef þeir skila okkur þeim ávinningi sem vonir standa til. En þá á heldur ekki að vera að blekkja þingið með því að leggja fram frumvarp með ákvæði frá fjárlagaskrifstofu um að þetta kosti ekki neitt.

Ég held að það sé hvorki gott fyrir þingið né fjárveitingavaldið að afgreiða málið frá sér í þeim búningi og fá svo síðar upplýsingar um að allt hefði þetta kostað upphæðir sem menn hefðu ekki gert sér grein fyrir. Ég óska eftir svari hæstv. ráðherra við þessu. Ég mun, virðulegi forseti, að öðru leyti gera eins og ég get til að greiða fyrir framgangi málsins á þingi.

[19:40]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við fjöllum um frumvarp til laga um breytingu á lögum frá 1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum. Það er tímabært að taka fyrir lög um tækni-

frjóvgun því að, eins og hér hefur komið fram, voru lögin sett til að svara kalli tímans þegar tæknin hafði náð svo langt að hægt var að beita tæknifrjóvgun hér á landi. Lagaumgjörðin gerði árið 1996 ekki ráð fyrir þessum möguleika og því varð að setja lagaramma um tæknina.

Nokkru síðar eða tveimur árum síðar varð frekari framþróun þegar hægt var að einangra stofnfrumur úr fósturvísum. Þá upphófst nýr kafli og jafnframt var kallað eftir áframhaldandi breytingum á lagaramma til að hægt væri að nýta fósturvísa til stofnfrumurannsókna eins og vísindasamfélagið vissi að var mögulegt og menn voru farnir að stunda.

Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir frumkvæði hennar í þessu máli. Í tvígang hefur hv. þingmaður haft frumkvæði að því að leggja fram þingsályktunartillögu um rannsóknir á fósturvísum, að Alþingi skipaði nefnd til þess að fara vel yfir öll álitamál í þessum efnum og koma svo með tillögur í framhaldi af því um hvaða lagarammi skuli vera utan um þessa nýju tækni, um rannsóknir á fósturvísum og aðra vísindavinnu sem því tengist.

Oft er það svo, hæstv. forseti, að við sem einstaklingar og þjóð köllum eftir tækniframförum og lækningu á sjúkdómum sem í dag teljast ólæknandi og vísindin hafa ekki neina meðferð við. En stundum, eins og í þessu tilfelli, er tæknin komin fram úr okkur, bæði sem einstaklingum og sem þjóð. Möguleikarnir eru meiri en þjóðin kann að vera tilbúin til að taka við eða tileinka sér. Ég held að þetta sé eitt af þeim málum sem við þurfum að skoða vandlega. Það vekur siðferðilegar spurningar og í því verður að taka tillit til siðferðilegra gilda auk þess sem taka verður tillit til trúarlegra sjónarmiða.

Hæstv. ráðherra skipaði breiða og mannmarga nefnd til að koma að gerð frumvarpsins. Leitað hefur verið til margra aðila og umsagnir borist úr ýmsum áttum, m.a. frá sjúklingafélögum og trúfélögum. Ég tel að þrátt fyrir góða og ítarlega greinargerð með þessu frumvarpi, bæði útskýringar á því hvaða rannsóknir eigi að gera þá verði að kynna efnið á mannamáli þannig að almenningur skilji hvað rannsóknir á fósturvísum eru. Hvað eru stofnfrumur? Hvað eru vefjastofnfrumur? Hvað eru stofnfrumurannsóknir í raun og hvað er ekki heimilt að gera? Einræktun er t.d. algjörlega bönnuð með þessu frumvarpi.

Eftir sem áður fleygir tækninni fram. Samkvæmt fréttum frá því í janúar, ég hef ekki kafað sérstaklega í þær fréttir, hefur vísindamönnum tekist að nota frumur úr naflastreng nýbura og eins frumur úr legvatni, sem kemur við fæðingu, í sama tilgangi. Þar kunna að opnast enn frekari möguleikar á nýtingu á frumum án þess að það stangist á við þau siðferðilegu gildi sem nýting fósturvísa þykir gera. Við þurfum að skoða það við afgreiðslu málsins og fá staðfestingu á að slíkar frumur gætu gegnt þessu hlutverki.

Hæstv. forseti. Ég hvet til þess að í heilbrigðis- og trygginganefnd fari fram vönduð vinna. Hafi sú skýrsla sem kallað var eftir í þingsályktunartillögum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur ekki verið unnin þá þarf sú vinna að fara fram í heilbrigðis- og trygginganefnd. Þar verður að skoða siðferðileg og trúarleg sjónarmið sem ég tel að taka verði tillit til. Í máli sem þessu þarf að fara fram umræða úti í samfélaginu svo að fólk sé sátt við afgreiðslu málsins og sátt við það sem vísindasamfélagið vinnur að. Öll viljum við stuðla að möguleikum íslenskra vísindamanna til að stunda rannsóknir og finna hugsanlega leiðir til lækningar á erfiðum sjúkdómum, jafnvel banvænum sjúkdómum í dag. Eins viljum við aukna möguleika til lyfjafræðilegrar þróunar.

Við þurfum að finna þá leið sem Alþingi og þjóðin er sátt við en fara með gát.

[19:48]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum, eins og fram er komið. Ég vil í byrjun fagna því — eins og aðrir hv. þingmenn hafa reyndar gert — að frumvarpið sé komið fram. Það er rétt að aðdragandinn er langur, m.a. í því sem gerst hefur í vísindaheiminum og læknavísindunum. Hér heima hefur umræðan þróast mjög og er það ekki síst fyrir tilstilli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hefur tekið málið upp á þingi eins og hún kom inn á í máli sínu hér áðan.

Ég vona að frumvarpið stuðli að aukinni umræðu, og þá ekki síst meðal almennings, um þessi mál, bæði um þá möguleika sem felast í þessari framþróun læknavísindanna en líka um þau siðferðilegu álitamál sem koma upp og taka þarf á. Ég veit að heilmikil umræða hefur átt sér stað í vísindaheiminum og einhver umræða á vettvangi stjórnmálanna. Málið hefur jú komið til umræðu og meðferðar hér á þingi.

Þróunin varð sú — og þekki ég málið ágætlega þar sem ég var á þeim tíma aðstoðarmaður þáv. hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jóns Kristjánssonar, — að ráðherra ákvað að setja á stofn nefnd og hafði þar til hliðsjónar þingsályktunartillögu sem rædd hafði verið hér á þingi og tekin fyrir í hv. heilbrigðis- og trygginganefnd. Eins og sést í góðri greinargerð frumvarpsins sem nú liggur fyrir fékkst einvala lið fólks í nefndina. Þekking af þessu tagi er ekki víða í samfélaginu en með skipun nefndarinnar held ég að náðst hafi að draga saman sérfræðinga á sviði vísinda, læknavísinda og annarra sviða sem málið snertir. Þá skiptir ekki síður máli að að málinu komu fulltrúi Prestafélagsins, guðfræðingur eða prestur, og einnig siðfræðingur. Ég held því að náðst hafi ágætt jafnvægi í því sem alltaf er uppi þegar við ræðum stofnfrumurannsóknir og möguleika á því sviði, það eru þessi siðferðilegu álitamál sem aðrir hv. þingmenn hafa komið inn á.

Ég tel að frumvarpið sé afar góð lending í þessu mikilvæga máli. Það er mikilvægt að Íslendingar hafi sömu möguleika og aðrar þjóðir til að halda áfram á þessari vegferð á sviði læknavísindanna og á sviði rannsókna af þessu tagi sem gefa mörgum sjúklingahópum von um lækningu. Auðvitað er margt óljóst enn og á næstu árum munu örugglega verða mikil þáttaskil. En þó eru mörg jákvæð teikn á lofti og það er í þeim anda sem þetta frumvarp er lagt fram, það felur í sér varfærin skref sem eru mjög til þess gerð að hægt sé að ná um það víðtækri sátt.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er með frumvarpinu lagt til að veittar verði tilteknar heimildir til að nota svonefnda umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna og að

jafnframt verði í undantekningartilvikum heimilt að framkvæma kjarnaflutning, þ.e. einræktun, í læknisfræðilegum tilgangi. Frumvarpið er samið af nefnd, eins og fram er komið, sem skipuð var af hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Vil ég aðeins ræða þá málsmeðferð. Ég tel að hæstv. ráðherra og nefndin hafi lagt sig fram um að skapa umræðu í samfélaginu. Þegar nefndin hafði lokið vandaðri vinnu og skilað ráðherra drögum að frumvarpi og skýrslu birti hæstv. ráðherra skýrsluna á heimasíðu ráðuneytisins. Hann gaf þar með öllum tækifæri til að skoða efni skýrslunnar og frumvarpið og sendi það jafnframt sérstaklega völdum aðilum til umsagnar svo að þeir hinir sömu gætu haft áhrif á efni þess. Að yfirferð þeirra umsagna lokinni og eftir nánari yfirferð í ráðuneytinu kom frumvarpið hingað til þingsins. Því hefur heilmikið verið lagt af mörkum til að reyna að vekja upp umræðu í samfélaginu, en eins og ég sagði áðan hófst sú umræða fyrir nokkrum árum þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði sitt af mörkum hér á þingi, og beina sjónum að því sem er að gerast í nágrannalöndunum og í hinum stóra heimi.

Í fyrsta lagi er sem sagt verið að leggja til að heimilt verði, að skilyrðum uppfylltum, að nota svonefnda umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna. Segja má að löggjafinn hafi nú þegar, eins og hæstv. ráðherra kom inn á í máli sínu, tekið afstöðu þess efnis að þeir hagsmunir sem í því eru fólgnir að aðstoða fólk við að eignast börn réttlæti að fósturvísar séu búnir til, jafnvel þótt vitað sé að þeir muni ekki allir nýtast í þeim tilgangi.

Í öðru lagi erum við að tala um að heimilt verði í undantekningartilvikum að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til svokallaðar stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði. Jafnframt kemur skýrt fram að í engu sé verið að kvika frá banni núgildandi laga um einræktun í æxlunartilgangi, þ.e. í þeim tilgangi að einrækta manneskju. En um slíkt bann er að ræða og er rík samstaða meðal þjóða enda felur einræktun í sér afar mörg og flókin siðfræðileg vandamál auk þess sem fá rök styðja nauðsyn hennar eða gagnsemi fyrir einstaklinga eða samfélag. Ísland hefur undirgengist alþjóðlegan sáttmála þar sem skýrlega er kveðið á um bann við einræktun manna og mér finnst mikilvægt að það komi hér fram.

Eins og fram hefur komið í máli annarra hv. þingmanna eru stofnfrumurannsóknir vaxandi, ekki einungis á erlendum vettvangi heldur einnig hérlendis. Það gerir okkur kleift, að ég held, að stíga stór skref á þessum vettvangi. Landspítali – háskólasjúkrahús er nú þegar að nota svokallaðar stofnfrumuígræðslur og hafa þær verið stundaðar í um tvö ár og gengið vel. Í greinargerð með frumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir þróun löggjafar á þessu sviði í öðrum löndum. Þarf ég svo sem ekki að endurtaka það. Mér finnst frumvarpið vel unnið og einnig greinargerðin sem fylgir með. Það er auðvitað mikilvægt að við fylgjumst með því sem er að gerast í kringum okkur. Nú er það verkefni hv. heilbrigðis- og trygginganefndar að fara rækilega yfir málið og hefur heilmargt komið fram í máli þingmanna. Almennt finnst mér ég heyra að menn séu spenntir fyrir þessu frumvarpi og fagni því reyndar að það sé komið fram. Ég tek undir það og við í hv. heilbrigðis- og trygginganefnd munum að sjálfsögðu fara yfir málið, kalla til okkar gesti, óska umsagna og vinna málið eins vel og okkur er unnt. Mun ég gera mitt til þess að málið nái fram að ganga.

[19:56]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum, afskaplega merkilegt frumvarp um merkilegt mál og mjög nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt að ræða þetta mál vel og ég skil vel vísindamenn og lækna sem sjá í þessu mikla möguleika til rannsókna og lækninga. Ég ætla þó fyrst og fremst að fara yfir á hina hliðina, þ.e. að vara við því sem getur gerst. Mér finnst eðlilegt að menn skoði þá hlið ekki síður.

Við glasafrjóvgun er konan látin taka inn hormóna þannig að mörg egg koma niður í einu. Þau eru tínd upp og síðan eru þau blönduð sæði og til verða eftir atvikum ein, tvær eða allt upp í sex, sjö frumur sem eru frjóvgaðar. Þá kemur fyrsta skrefið, sem ég hef alltaf haft miklar efasemdir um, að úr þessum frumuhópi eru valdar sex eða sjö frumur sem allar, hver um sig, hafa full einkenni einstaklings. Kynið liggur fyrir í viðkomandi frumu, hvort það er karl eða kona, háraliturinn, augnliturinn, hæðin og greindin jafnvel — allir þeir eiginleikar sem við erfum eru í hverri frumu fyrir sig. Hver þeirra getur orðið einstaklingur að níu mánuðum liðnum ef hún fær til þess aðstæður. Sá sem stendur í glasafrjóvguninni velur, eins og bóndi í undaneldi, tvær til þrjár frumur úr — ég hef haft miklar efasemdir um þetta en menn verða auðvitað að gera eitthvað — og hann velur að sjálfsögðu lífvænlegustu frumuklasana.

Frumunum er síðan plantað í leg konunnar og þar verða til einn, tveir eða þrír einstaklingar, stundum verða það fjölburar eins og við þekkjum. Stundum gerist ekki neitt, en þeir hafa þá alla vega fengið sjens. Hinir fengu ekki sjens sem voru skildir eftir og heita eftir það umframfósturvísar. Þá má nota í ýmsum tilgangi, t.d. til þess að rækta upp og gera á þeim tilraunir o.s.frv. Reyndar eru sett á það tímamörk hvað megi gera það lengi.

Mér finnst þetta allt snerta þessa spurningu: Hvenær verður maðurinn til? Ég hef ekki fengið svar við því enn þá hvenær hann verður til. Hvenær er ákveðinn frumuklasi maður og hvenær ekki? Er það þegar hann festist í legið? Það gæti verið ágætisskilgreining. Er það eftir tólf vikur eins og nú er við fóstureyðingar? Það finnst mér slæm skilgreining. Er það þegar hann fæðist eins og sum trúarbrögð gera ráð fyrir eða á meðan hann hefur ekki neytt matar eins og miðað var við um útburð barna í ásatrú? Þetta varðar skilgreiningar á því hvenær maður verður maður og sjálfum finnst mér eiginlega bara tvær skilgreiningar koma til greina. Það er við samrunann, þá er kominn einstaklingur — ef mannlegu valdi er beitt til að hjálpa honum verður hann að manni ef honum er plantað í leg. Hins vegar mætti líka notast við þá skilgreiningu að maður verði til þegar fruman hefur fest í legvegginn.

Hættan við þetta er — við getum t.d. tekið einn af þessum frumuklösum og skipt honum í tvennt og þá eru komnir eineggja tvíburar. Við getum geymt annan þeirra, enginn vandi. Þegar það eru komnar átta frumur er enginn vandi að

skipta þeim í tvennt og þá erum við komin með eineggja tvíbura. Við getum geymt annan þeirra og ef eitthvað kemur fyrir einstaklinginn síðar á ævinni erum við með varahluti í hann, tvíburabróður hans eða tvíburasystur eftir því hvort það er karl eða kona, því að náttúrlega er það sama kynið.

Við getum gert annað — upp koma alls konar siðferðileg vandamál. Við gætum tekið þennan fósturvísi og sett í barn móðurinnar og þá er amman orðin systir. Menn geta velt fyrir sér siðferðilegum vandamálum. Í Ástralíu kom upp það vandamál fyrir nokkrum árum að hjón fórust í flugslysi, moldrík, og höfðu skilið eftir sig erfðavísa í frysti. Og nú var spurningin: Ef þessir erfðavísar hefðu verið settir í leg einhverrar konu væru þá til orðnir moldríkir erfingjar? (Gripið fram í.) Já, já, en ég er bara að velta upp þeim vandamálum sem geta komið upp og eiga að koma inn í þessa umræðu.

Frumvarpið tekur ágætlega á þessu mörgu hverju og leysir sumt en ekki allt. Til dæmis er möguleikinn á því að hafa kjarnaflutning. Við kjarnaflutning verður til eineggja tvíburi þess sem á kjarnann sem fluttur er í stofnfrumuna. Það er eineggja tvíburi og má nota hann til að framleiða t.d. lifur eða nef, eða nánast hvað sem er, þegar vísindin verða komin nógu langt — þau eru ekki komin nógu langt enn þá en þau munu örugglega komast svo langt, þannig að ég er sem sagt einungis að benda á það sem getur komið upp.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en ég vænti þess að hv. heilbrigðis- og tryggingaefnd, sem fær þetta mál til umsagnar, fari mjög vendilega yfir það. Ég á sæti í þeirri nefnd þannig að ég mun taka þessa umræðu upp þar. Ég vænti þess að hún verði góð og að menn skoði bæði kosti læknisfræðinnar annars vegar, kosti þess að lækna fólk af alzheimer o.s.frv. og ákafann í það, og hins vegar gallana sem geta komið upp siðferðilega ef við förum yfir einhver mörk.

Þeim sem áhuga hafa á þessum málum ráðlegg ég að lesa bók sem kom út fyrir jólin og heitir: Á ég að gæta systur minnar? Þar er einmitt tekið á mjög athyglisverðan hátt á því þegar barn sem greinist með mikla sjúkdóma — ef foreldrarnir taka ákvörðun um að eignast einstofna barn, eins og barnið sem varð veikt, til að nota í varahluti.

[20:03]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ástæða til að halda því til haga þegar hv. þingmaður hefur hér talað að afstaða þessa hv. þingmanns til tillögu til þingsályktunar um nýtingu og geymslu stofnfrumna úr fósturvísum fyrir tveimur árum varð til þess að það mál náði ekki fram að ganga í þinginu. Það voru allir í nefndinni sammála um framgang þess máls, eftir því sem ég best veit, nema hv. þingmaður. Ég býst við að afstaða hans hafi orðið til þess að tillagan náði ekki fram að ganga.

Sú tillaga fól einungis í sér að það átti að gera úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu og geymslu stofnfrumna úr fósturvísum og síðan átti að leggja fyrir þingið niðurstöðurnar um kostina og gallana þar sem fram áttu að koma skýrt skilgreindir kostir og gallar á málinu ásamt tillögum um frekari málsmeðferð. Á grundvelli þess, þegar slík umfjöllun hefði farið fram um kostina og gallana, m.a. ýmis álitamál, átti að liggja fyrir hvernig frekari málsmeðferð yrði og þar á meðal þá flutningur á frumvarpi.

Nú kaus hæstv. ráðherra, þegar þetta mál náði ekki fram að ganga, að leggja bara beint fram frumvarp um þetta mál, að það skyldi farið í þetta verkefni. Þingið hefur enga sérstaka skýrslu um kosti og galla eins og við kölluðum eftir nema það sem fram kemur í þessari greinargerð. Þess vegna fýsir mig að vita hvort hv. þingmaður sjái nú ekki eftir því að hafa ekki fallist á þessa tillögu sem flestir hér í þinginu vildu á sínum tíma samþykkja — aðrir en hv. þingmaður sem hefði þá fengið skýrslu um kostina og gallana frekar en fullbúið frumvarp til að taka afstöðu til. Mér þætti mjög fróðlegt að vita hvort hv. þingmaður samþykkti þetta mál í þingflokki sínum og hvort hann hyggist styðja framgang þessa máls á þinginu.

[20:06]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki eftir því að hafa stöðvað þessa þingsályktunartillögu hafi ég haft það vald, ég vissi bara ekki af þessu valdi. (Gripið fram í.) Í þeirri þingsályktunartillögu var aðallega talað um kostina. Og mér fannst fara lítið fyrir umræðu um gallana eða siðferðileg álitamál og þess vegna vildi ég fá breytingu á þeirri tillögu þannig að jöfnum höndum yrði talað um kosti og galla. Í þessu frumvarpi til laga er afskaplega ítarlega farið í siðferðilegu vandamálin. Það má segja að öll greinargerðin sé meira og minna umfjöllun um siðferðilegu vandamálin og það er ég bara afskaplega ánægður með.

Svo vil ég benda hv. þingmanni á það að hér eru lögð fram frumvörp og þau fara til nefnda — til hvers? Til umfjöllunar. Nefndin á að fjalla um frumvarpið, hún á að fara í gegnum kosti og galla og gera á því breytingar ef á þarf að halda. Það er ekkert endanlegt sem kemur frá ráðherra, alls ekki. Ef það er eitthvað í þessu frumvarpi sem þarf að laga gerir nefndin það að sjálfsögðu ef henni sýnist svo og hún telur ástæðu til þannig að það er ekkert endanlegt sem kemur frá ráðherra.

Ég samþykkti þetta í mínum þingflokki með því fororði að þetta yrði skoðað að sjálfsögðu í nefndinni eins og öll önnur mál. (Gripið fram í.) Ég tel að það sé tekið það ítarlega á siðferðilegu vandamálunum í greinargerðinni að það er allt annað en þessi þingsályktunartillaga sem var ekkert annað en eintómur ljómi yfir árangri læknisfræðinnar og hvað vísindamennirnir hefðu það gott með því að leika sér með stofnfrumur.

[20:07]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hv. þingmaður orðinn bara jákvæðari fyrir þessu máli en hann var á síðustu þingum og skil ég ekki alveg hvað hefur breytt afstöðu hans til málsins. Ég veit ekki hvort hann hefur lesið greinargerðina sem var lögð fram á 132. löggjafarþingi með þessari tillögu til þingsályktunar þar sem sannarlega var farið yfir bæði kostina og gallana í málinu. Ef það hefði ekki verið nægjanlega mikið gert, að fara yfir kostina og gallana í þessari þings-

ályktun, gerði þingsályktunartillagan ekki neitt annað en að kalla eftir greinargerð um kosti og galla þess að fara þá leið að kanna nýtingu og geymslu stofnfrumna og fósturvísa til rannsókna og lækninga. Það var allt og sumt.

Þess vegna bjóst ég varla við því að hv. þingmaður yrði svona jákvæður fyrir frumvarpinu eins og virðist vera í þessum ræðustól hér. Guð láti gott á að vita, að hann fari þá ekki að þvælast mikið fyrir málinu í þingnefndinni. En hv. þingmaður hefur ekki lýst því hér hvað breytti afstöðu hans þegar hann kynnti sér þetta frumvarp. Hann hefur væntanlega farið yfir öll ákvæðin í því og efnisatriði og hann getur ekki einu sinni upplýst það hér hvort hann muni styðja málið óbreytt ef það skyldi verða afgreitt þannig úr þingnefndinni. Það var það sem mig fýsti að vita, virðulegi forseti, meðan við værum með málið hér við 1. umr.

[20:09]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann ekki við orðalag eins og „þvælast fyrir", ég bara kann ekki við það. Menn geta haft efasemdir um mál, menn mega hafa það og menn eiga að hafa það.

Til hvers höfum við þrjár umræður á Alþingi? Til hvers vísum við málum til nefnda? Hvers vegna senda nefndir mál til umsagnar? Það er til að fá dýpri skilning á þeim. Ég ætla mér ekkert að taka afstöðu hér og nú og geta afgreitt frumvarpið sem lög í kvöld, það stendur ekki til. Ég ætla mér að hlusta á þessa aðila alla saman, lækna jafnt sem siðfræðinga, og vísindamenn jafnt sem heimspekinga, áður en ég met hvort við séum að fara út á hála braut. Ég hef dálitlar efasemdir um stofnfrumur sem eru með frumuflutningi, ég hef dálitlar efasemdir um þær. Menn segja reyndar að það séu ekki lífvænlegar frumur en hvað gerist ef þær skyldu vera lífvænlegar? Ég vil fá skýringu á því. Það er ýmislegt sem er óskýrt enn þá. Til þess erum við að ræða málið. Það er ekki venjan að menn afgreiði mál sem lög eftir eina umræðu. Það er bara ekki til þess ætlast. Alþingi starfar sem umræðuvettvangur og ég ætla mér að taka afstöðu þegar allt málið liggur fyrir.

Mér finnst jákvætt við þetta frumvarp hve mikið er tekið á neikvæðu hlutunum og ég var á sínum tíma sammála þingsályktunartillögunni ef henni hefði verið breytt þannig að meira hefði verið rætt um efasemdirnar og siðferðilegu vandamálin. En þar var bara eða að mestu leyti talað um læknisfræðilegu kostina og hvað vísindamenn Íslendinga hefðu það þá gott ef þetta yrði samþykkt.

[20:11]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu umræður sem orðið hafa um þetta mikilvæga mál en því tengjast mörg álitamál eins og hér hefur komið fram. Til mín hefur verið beint spurningum auk þess sem ég vil koma eilítið inn á þessi álitamál sem fram hafa komið í starfi nefndarinnar.

Varðandi það hvort farið hafi verið skipulega yfir kosti og galla og það hvort leggja þurfi sérstaka greinargerð hvað það varðar fyrir þingið, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um áðan, þá fór nefndin að eigin mati vel yfir siðferðileg álitamál. Það kemur mjög vel fram í greinargerðinni með frumvarpinu í kafla V. á bls. 10–12 og að hluta til á bls. 13. Þar er sérstakur kafli sem heitir Siðferðileg álitaefni, sem varðar kjarnaflutning og notkun fósturvísa til að búa stofnfrumulínur. Þetta er mjög ítarlegur kafli þar siðfræðilegum álitamálum er velt upp þannig að nefndin fór skipulega yfir það.

Nefndin fékk líka umsagnir frá aðilum sem gefa sig út fyrir að vera sérfræðingar á þessu sviði og fór yfir þær umsagnir. Þar voru umsagnir frá Siðmennt, frá vísindasiðanefnd og frá Siðfræðistofnun. Einnig komu athugasemdir frá trúarlegum samtökum sem velta þessu fyrir sér varðandi siðfræðina. Um þetta er ítarlega fjallað í greinargerðinni eins og fram kom hjá hv. þm. Pétri Blöndal og hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur. Ég tel að þessum siðfræðilegu álitamálum hafi verið gerð góð skil á báða bóga. Þetta eru álitamál og það skal viðurkennt en þetta er niðurstaðan.

Varðandi fjármunina þá kemur fram í kostnaðarmatinu að ekki er talið að frumvarpið hafi í för með sér aukinn kostnað eins og það kemur fyrir augu þingmanna. Það er gert ráð fyrir því að vísindasiðanefnd geti gefið út leyfi til að stunda þessar rannsóknir. Erfitt er að áætla hve mörg slík leyfi verða gefin út. Þau verða líklega ekki mörg en þó er erfitt að áætla það. Því er ekki séð að telja þurfi þau útgjöld til í kostnaðarmatinu þannig að ég tel kostnaðarmatið eðlilegt.

Varðandi rannsóknirnar sjálfar verða þær fjármagnaðar með þeim hætti sem rannsóknir eru fjármagnaðar í dag. Menn sækja sér styrki á margvíslegan hátt, bæði erlendis og innan lands. Þannig er ekki tekið á því beint í þessu frumvarpi.

Varðandi ræðuna sem hv. þm. Pétur Blöndal hélt áðan þá vil ég fagna henni sérstaklega. Að vísu fannst mér sumt í henni svolítið óskýrt, eins og þetta með glasafrjóvgunina, að velja þyrfti úr fósturvísunum sem væru margir, að maður veldi suma og aðra ekki ... (**PHB:** Þetta er gert.) Þetta er gert.

Ég held, þó að ég viti það ekki, að hv. þingmaður sé ekki á móti glasafrjóvgunum. Glasafrjóvganir bara bera þetta með sér eðli málsins samkvæmt. Menn telja rétt að bjóða upp á glasafrjóvganir og eðli málsins samkvæmt felst það í að menn velja einhverja fósturvísa úr í upphafi og geta síðan notað síðar þá sem eftir eru, ef þeir vilja og þurfa. Þetta eru staðreyndir sem þeir sem styðja glasafrjóvgun hljóta að samþykkja.

Hv. þingmaður kom einnig inn í umræðuna um hvenær maðurinn yrði til. Um það hafa borist athugasemdir frá ýmsum trúarsamtökum sem hafa sent inn umsagnir. Er það við samruna eggs og sæðisfrumu eða er það þegar fósturvísir festist í legi? Hv. þingmaður gerði nú ekki grein fyrir því hvort hann teldi vera rétt en alla vega, ef hv. þingmaður telur að það verði þegar fósturvísir festist í legi, þá mætti faktískt gera þessar rannsóknir. Þá hlýtur viðkomandi þingmaður að styðja að rannsóknirnar séu gerðar af því að þær eru gerðar á fósturvísum utan legs. Meira að segja væri hægt að rökstyðja það að viðkomandi þingmaður mundi þá vilja að fósturvísar yrðu framleiddir til að gera rannsóknir, þeir færu hvort eð er aldrei í leg konu og væru því ekki maður. En þetta eru kannski meira vangaveltur.

Ég tek undir að búið er að fara ítarlega yfir kosti og galla. Mig langar að stikla á stóru út af umræðunni um sið-

ferðileg álitamál til að taka þá póla sem virðast takast á í umræðunni. Í greinargerð frá Hvítasunnukirkjunni segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Hvítasunnukirkjan telur að líf einstaklings hefjist við getnað og eigi því rétt á að líf hans sé verndað. Fósturvísir er í þeim skilningi einstaklingur, manneskja sem á rétt á því að líf hennar sé verndað á sama hátt og fóstur eða nýfætt barn enda er ljóst að líffræðileg og siðferðileg rök eru til staðar sem styðja slíkt."

Þetta er þeirra skoðun, að líf verði til við getnað og síðar í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Hvítasunnukirkjan getur ekki samþykkt að fósturvísar séu nýttir í rannsóknir, hverju nafni sem þær kunna að nefnast. Eins og fram kemur að framan eru fósturvísar einstaklingar, manneskjur. Fósturvísar eiga ekki að fá minni rétt á að líf þeirra sé verndað en fóstur eða nýfætt barn. Tilraunir á fósturvísum jafngilda tilraunum á fóstrum, nýfæddum börnum eða manneskjum sem síðan eru afgreidd að tilraun lokinni með aflífun."

Þessi hópur er greinilega algjörlega á móti frumvarpinu. Hið sama kemur fram í Kirkju Jesú Krists, hinna síðari daga heilögu, Reykjavíkurgrein. Þar kemur fram sama sjónarmið, að afstaða þeirra er í stuttu máli sú að í veigamiklum atriðum eru þau andvíg þeim breytingum sem lagðar eru til á núgildandi lögum. Hér segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Eins og fram kemur í greinargerðinni veita núgildandi lög heimild til þess að búa til fósturvísa með glasafrjóvgunaraðferð, einungis sé það gert í æxlunartilgangi. Löggjafinn hefur til þessa talið að af siðferðisástæðum ætti að láta þar við sitja og ekki leyft þá hluti sem í frumvarpsdrögunum er lagt til að leyfðir verði. Við teljum þá afstöðu rétta og að ekki megi víkja frá henni."

Þetta eru sjónarmiðin sem koma frá þessum aðilum en þá vil ég draga fram sjónarmið frá öðrum og grípa niður í greinargerð hér frá Siðmennt, sem er félag siðrænna húmanista á Íslandi. Þar segir að Siðmennt styðji það sem heimilað er í umræddu lagafrumvarpi á grundvelli upplýsts samþykkis þátttakenda og þess að það hafi ekki í för með sér óþarfaþjáningar.

Í umsögn þeirra kemur einnig fram, þetta er allt aðgengilegt fyrir þingið:

„Siðmennt telur að sú afstaða margra að stofnfrumur eða fósturvísar hafi sérstakt siðferðilegt gildi umfram flest annað sé af persónulegum og oft trúarlegum toga. Um leið og Siðmennt telur afar mikilvægt að borin sé virðing fyrir rétti ólíkra félaga til að koma skoðunum sínum á framfæri í þessu máli telur félagið enn mikilvægara að komist sé að niðurstöðu sem byggð er á raunsæi og nútímalegu siðferðismati á því hvað sé leyfilegt í vísindarannsóknum. Nútímalegt siðferðismat byggir m.a. á því að vega og meta hin ólíku siðferðislegu verðmæti sem finna má í hverju máli og láta þann kost ráða sem skilar mestum verðmætum eða hamingju til sem flestra án þess að valda óásættanlegum skaða. Nútímalegt siðferði byggist einnig á því að gæta samræmis í siðareglum í hvívetna."

Hér er hvatt til að vega jákvæða hagsmuni þyngra en þessi siðferðilegu gildi gagnvart fósturvísi. Í umsögn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Siðfræðistofnun fagnar því að starfshópur hafi verið settur á laggirnar til að fjalla um það hvort leyfa eigi stofnfrumurannsóknir hér á landi og hve langt megi ganga í þeim efnum. Ljóst er að mjög faglega hefur verið staðið að samningu þessara laga. Með þeim fylgir ítarleg greinargerð þar sem er að finna góðan rökstuðning fyrir fyrirhuguðum breytingum auk þess að vera mjög upplýsandi fyrir stöðu þessara mála í heiminum."

Siðfræðistofnun skilar því áliti að greinargerðin sem fylgir sé ítarleg og rökstuðningur góður. Að lokum, virðulegur forseti, vil ég taka upp úr umsögn vísindasiðanefndar, úr almennum athugasemdum hjá þeim, með leyfi forseta:

„Vísindasiðanefnd fagnar því að heimildir til stofnfrumurannsókna verði skilgreindar í íslenskum lögum. Stofnfrumurannsóknir eru vaxandi rannsóknarsvið. Vegna sérstöðu þessara rannsókna er mikilvægt að skýrar reglur gildi um þær án þess að skerða frelsi til að stunda rannsóknir þar sem viðurkenndur er siðfræðilegur grundvöllur vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Vísindasiðanefnd gerir ekki efnislegar athugasemdir við þær heimildir sem veittar verða til stofnfrumurannsókna.

Í athugasemdum við drögin er í ítarlegu máli gerð grein fyrir markmiðum lagabreytinganna og þær bornar saman við lög og reglur annars staðar í heiminum, einkum á Norðurlöndunum. Enn fremur eru rakin vísindaleg sjónarmið er liggja að baki frumvarpsdrögunum. Loks er gerð grein fyrir siðfræðilegum álitaefnum. Gerð er grein fyrir áliti siðanefndar Evrópusambandsins þar sem m.a. eru áréttuð þau grundvallargildi sem hafa ber að leiðarljósi við stofnfrumurannsóknir."

Ég tel að nefndin hafi vandað vel til verka og farið yfir þessi siðferðilegu álitamál sem þingmenn hafa talsvert gert að umræðuefni. Ég skil það mjög vel. Þetta eru flókin mál, þau eru viðkvæm. Menn eiga að ganga varlega um þennan málaflokk en menn einnig að hafa í huga hve mörgum er hugsanlega hægt að hjálpa þessum rannsóknum, hvað þær geta linað þjáningar þeirra sem fá sjúkdóma. Það ber að vega þá hagsmuni á móti.

Niðurstaðan er sú að leyfa að nota svokallaða umframfósturvísa í rannsóknir í stað þess að farga þeim og nýta ekki í neitt. Það er annar meginstólpinn í þessu frumvarpi. Hinn stólpinn er að leyfa kjarnaflutning undir mjög ströngum skilyrðum.

Virðulegur forseti. Ég fagna þessari umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil sérstaklega fagna ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals sem ég heyrði að hefur velt þessu mikið fyrir sér. Hann telur að hér sé búið að gera vel grein fyrir kostunum og líka göllunum, þ.e. siðfræðilegum álitamálum sem hljóta að koma uppi í málum af þessu tagi. Ég er mjög bjartsýn á að þetta mál nái fram að ganga og tel það brýnt og eðlilegt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:25.

# 66. FUNDUR

þriðjudaginn 6. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 443. mál, þskj. 566. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 430. mál, þskj. 518. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 449. mál, þskj. 577. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Siglingavernd, stjfrv., 238. mál, þskj. 241, nál. 794, brtt. 795. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 530. mál, þskj. 799. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 591. — 1. umr.
7. Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, stjfrv., 541. mál, þskj. 810. — 1. umr.
8. Bókmenntasjóður, stjfrv., 513. mál, þskj. 776. — 1. umr.
9. Rammaáætlun um náttúruvernd, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Fyrri umr.
10. Strandsiglingar, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
11. Stjórn fiskveiða, frv., 40. mál, þskj. 40. — 1. umr.
12. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.
13. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
14. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.
15. Áfengislög, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.
16. Virðisaukaskattur, frv., 45. mál, þskj. 45. — 1. umr.
17. Vegagerð um Stórasand, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Fyrri umr.
18. Skilgreining á háskólastigi, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
19. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.
20. Gjaldfrjáls leikskóli, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
21. Afnám stimpilgjalda, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Fyrri umr.
22. Tekjuskattur, frv., 90. mál, þskj. 90. — 1. umr.
23. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 42. mál, þskj. 42. — Fyrri umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Úttekt á upptökuheimilum.

[13:31]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins að höfðu samráði við félagsmálaráðherra en ég setti mig í samband við hann í gærkvöldi eftir að hafa horft á Kastljóssþátt þar sem fjallað var um meðferð ungra drengja á Breiðavíkurheimilinu á 7. áratugnum. Fjallað var um sama mál í Kastljósi á fimmtudaginn í síðustu viku. Ég vil koma þökkum til Kastljóssfólksins fyrir það hversu vel það hefur tekið á þessu máli og vakið okkur til vitundar um það hvernig farið var með ung börn sem send voru á ýmis upptökuheimili á árunum eftir stríð og kannski allt fram á 9. áratuginn. Við höfum líka nýverið heyrt fréttir af því hvernig farið var með heyrnarlaus börn sem voru í Heyrnleysingjaskólanum.

Mér fannst því ástæða til þess, virðulegi forseti, að ræða um það við félagsmálaráðherra hvort ekki væri ástæða til þess að stjórnvöld létu vinna úttekt á þessum málum, safna gögnum um slíkar stofnanir sem reknar voru, taka viðtöl við fólk sem þar var vistað og reyna að komast til botns í því hvernig að þessum börnum var búið. Það er skoðun mín að við verðum að takast á við þann fortíðardraug sem þarna hefur verið vakinn upp. Þarna voru ung börn send fyrir atbeina opinberra aðila í útlegð, ef svo má segja, og ofurseld andrúmslofti ofbeldis og níðingsverka. Samfélagið á þessu fólki skuld að gjalda og ég vil óska eftir því við hæstv. félagsmálaráðherra að hann beiti sér fyrir úttekt á þessum málum.

[13:34]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi. Í gær urðum við vitni að átakanlegum viðtölum í Kastljóssþætti um vistheimilið í Breiðavík sem starfrækt var af hálfu opinberra aðila frá vorinu 1952 og langt fram á 8. áratug síðustu aldar.

Ríkisstjórnin fjallaði um málið á fundi sínum í morgun og þar var samhljómur um að mikilvægt væri að rannsaka þau gögn og upplýsingar sem fyrir liggja um starfsemina í Breiðavík. Við verðum að skoða þessi mál í samhengi við aðra starfsemi á þessum tíma og fara yfir það hvað við getum lært af því sem þarna gerðist. Það er mikilvægt, virðulegi forseti.

Sá vitnisburður og samhljómur sem nú hefur komið fram um starfshætti vistheimilisins er nýr af nálinni. Hann ber að taka mjög alvarlega og krefst þess að mínu mati að farið sé mjög ítarlega yfir málið áður en teknar eru endanlegar ákvarðanir um næstu skref. Ég tel m.a. rétt að líta til þess hvernig stjórnvöld í öðrum löndum hafa nálgast hliðstæð mál og í félagsmálaráðuneytinu er nú þegar verið að fara yfir þau mál. Ég legg áherslu á að stjórnvöld axli fulla ábyrgð og rannsaki málið til hlítar og að því er nú þegar unnið innan Stjórnarráðsins. Vitneskja um starfsemina hefur vissulega legið fyrir lengi, m.a. í kjölfar rannsóknar Gísla H. Guðjónssonar réttarsálfræðings sem unnin var árið 1975. Þar koma fram alvarlegar upplýsingar og eins er vitnað til þeirra í handriti að sögu barnaverndar á Íslandi sem nú er unnið að.

Ég fullyrði það að við munum vinna hratt og örugglega að því að þetta mál verði sett í vandaðan farveg. Nauðsynlegt er að upplýsa málið vegna þeirra sem kunna að hafa sætt ómannúðlegri meðferð á stofnunum ríkisins og jafnframt vegna þeirra sem störfuðu í þágu ríkisins en hafa ekkert til sakar unnið. Ég legg áherslu á það í þessari umræðu, virðulegi forseti.

[13:36]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir að taka þetta mál upp. Ég held að allir sem horfðu á umræddan þátt í gær og jafnframt í síðustu viku og lásu DV um helgina séu mjög slegnir. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða og þvílíka meðferð á börnum sem sennilega ekki nokkru foreldri bauð í grun, því að þessi börn sem eru fullorðin í dag áttu auðvitað foreldra og börn þeirra voru sett þarna í góðri trú á sínum tíma. Þær lýsingar sem komið hafa fram og sá níðingsskapur sem þessi hópur hefur orðið fyrir er yfirgengilegur. Við erum að tala um 100 börn, börn hafa aldrei verið sakhæf en samt leit þetta út eins og fangelsi.

Þess vegna finnst mér afar mikilvægt, og ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir það, að tekið sé mjög faglega á þessu máli, því að við þurfum auðvitað að gera opinbera rannsókn á því eins og Norðmenn og Svíar gerðu. Þetta hefur verið að koma fram alls staðar því að það var hugmyndafræði þeirra tíma að senda vandræðabörn í sveit, en það voru ekki aðeins vandræðabörn sem þarna voru á okkar vegum, þetta voru barnaverndarmál þar sem foreldrarnir áttu í vandræðum en ekki blessuð börnin. Þarna ægði öllu saman og úrræðin voru kannski fá. Ég held að það sé afar brýnt að við skoðum hvernig bæði Norðmenn og Svíar hafa farið að. Þar er búið að dæma mjög stórum hópi fólks um fimmtugt bætur vegna þess að þetta er fólk sem missti af lífinu, missti af menntun, missti af öllum tækifærum og er kannski hreinlega brotið, eins og við sáum mjög greinilega í þættinum í gær.

Við sjáum að við þurfum að skoða fortíðina þegar við athugum af hverju þessum einstaklingum vegnar ekki eins vel og öðrum. Við skulum hafa virðingu fyrir manneskjunni í fyrirrúmi í þessum málum.

[13:38]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að flesta hafi sett hljóða sem horfðu á umfjöllun Kastljóssins í gærkvöldi og líka fyrir helgi um þetta skelfilega mál. Ég fagna því að sjálfsögðu að hæstv. félagsmálaráðherra ætli að taka á þessum málum og ég vona svo innilega að þessi mál verði könnuð ofan í kjölinn, ekki bara þetta tiltekna heimili heldur hugsanlega einnig aðrar stofnanir. Við munum öll eftir því sem kom fram varðandi Heyrnleysingjaskólann og þar fram eftir götunum.

Ég hygg að það sé einnig mikilvægt að við skoðum á hvern hátt við getum komið til móts við það fólk sem hefur lent í þessum skelfilegu aðstæðum. Það hlýtur að vakna spurning um það, virðulegur forseti, hver sé í raun ábyrgðin og hvort ekki sé full ástæða til að þetta fólk fái einhverja aðstoð. Málið virðist hafa legið í þagnargildi í allt of mörg ár. Þá vakna líka spurningar um það hvort ríkið sé ekki hugsanlega bótaskylt í þessum málum. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli því þegar hlustað er á frásagnir þessa fólks, sem komið er á fullorðinsaldur í dag, hefur margt af því gengið í gegnum miklar hremmingar, komið skaddað á sálinni frá þessu, ef svo má segja.

Ég held að þetta veki okkur líka öll til umhugsunar um að hugsanlega geti eitthvað slíkt viðgengist enn þann dag í dag, virðulegi forseti. Þegar ég var að vafra á netinu í morgun til að kynna mér málið betur rakst ég á bloggfærslu hjá Salvöru Gissurardóttur og mig langar að lesa hana upp að lokum, með leyfi forseta:

„Ég vona samt að sú stund komi ekki í framtíðinni að ég og aðrir sem stöndum nærri börnum sem eiga erfitt með að fóta sig þurfum að horfast í augu við fortíðina og finna sök okkar.“ (Forseti hringir.)

Við skulum hafa þetta í huga.

[13:40]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég tek sannarlega undir það með málshefjanda, formanni Samfylkingarinnar, að það eru aldeilis hörmulegar upplýsingar sem hafa verið að koma fram að undanförnu um aðbúnað barna á stöðum eins og á heimilinu í Breiðavík og svipaða sögu má reyndar segja af atburðum í Heyrnleysingjaskólanum.

Þó að það sé sársaukafullt að horfast í augu við það að slíkar atburðir hafi gerst í samfélagi okkar á nýliðnum árum og áratugum verður engu að síður að gera það. Það sem mestu máli skiptir er að gera allt sem í hugsanlegu mannlegu valdi stendur til að reyna að hindra að slíkir hlutir endurtaki sig, að slíkir hlutir eigi sér stað, og þá kemur að því sem við þurfum að fara yfir: Hvaða faglegar kröfur eru gerðar til þeirra sem hafa með höndum gæslu barna og ungmenna við aðstæður af þessu tagi, sem hafa til þess stuðning og fjárstuðning að setja á fót heimili fyrir fólk og komast í aðstæður af þessu tagi? Hvaða eftirlitskerfi hefur hið opinbera til að reyna að fyrirbyggja eða fylgjast með því að menn misfari ekki með stöðu sína í slíkum tilvikum?

Loks hljótum við að taka það til skoðunar, eins og nefnt hefur verið í umræðunni, að fylgja fordæmi annars staðar frá og greiða þolendunum bætur þótt seint sé en auðvitað er

ljóst að það verður aldrei bætt með fjármunum það tjón sem orðið hefur ef fólk hefur verið rænt lífshamingju sinni. Það er engu að síður táknrænn viðleitnisvottur af hálfu samfélagsins til að koma til móts við þá sem það hefur brugðist, því að auðvitað er það það sem hefur gerst að hið opinbera, samfélagið, hefur brugðist þessum einstaklingum.

[13:43]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að lýsa yfir vilja á að rannsaka málið. Þessi Kastljóssþáttur var nú þannig að maður leitaði þó nokkuð oft ástæðna til að fara fram, ná sér í kaffibolla eða eitthvað slíkt, því að það var mjög erfitt að horfa á hann.

Það er eitt í þessu sem mig langar til minnast sérstaklega á varðandi þessa umræðu og það er kynferðislega ofbeldið sem þarna fór fram. Menn hafa oft rætt um hegningar á þinginu, að þyngja hegningar og meðferðir o.s.frv. Þarna kemur enn og aftur í ljós hve kynferðislegt ofbeldi er afdrifaríkt, margir kalla það andlegt morð, hversu illa það fólk fer út úr því sem lendir í slíku í æsku og hversu oft það leiðist síðan á villigötur þegar fram líða stundir. Því miður er það oft undirrótin að því að fólk leiðist í alls konar óreglu, fikniefnaneyslu o.s.frv. Þetta er stóralvarlegt mál, kynferðislegt ofbeldi á stóran þátt í því að skaða fólk að eilífu. Það er að sjálfsögðu okkar mál að taka á þessu í framtíðinni og læra af því. Ég tek undir það að nauðsynlegt er að athuga hvort slíkt geti mögulega þrifist á öðrum stöðum. Því miður er það svo, t.d. á barna- og unglingageðdeild, að kynferðislegt ofbeldi er mjög oft ástæða þess að börn þurfa að sækja þangað í meðferð.

[13:44]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég þakka félagsmálaráðherra fyrir að taka vel í ósk mína um að þessi mál verði rannsökuð, að aflað verði gagna um slík heimili sem hér voru rekin og tekin viðtöl við þá sem þar voru vistaðir. Ég vissi það raunar eftir samtal mitt við hann í gærkvöldi að hann mundi taka þessu vel og ég vona að gengið verði hratt og vel í þetta verk og fengnir til þess faglegir aðilar.

Eins og kom fram í þessum þáttum upplifðu þessir ungu drengir, sem voru allt frá 7–8 ára aldri, mikla vanlíðan, þeir upplifðu stöðugar hótanir og niðurlægingu, þeir upplifðu að þeir væru sviptir sjálfsvirðingu sinni og æru, og eins og einn þeirra sagði að hann hefði aldrei fengið hana aftur. Ég endurtek það að mér finnst við eiga þessum mönnum og öðrum sem fyrir þessu hafa orðið á slíkum heimilum skuld að gjalda og að taka verði strax á þessum málum. Við getum leitað í smiðju til annarra þjóða um hvernig að slíkum málum hefur verið staðið. Norðmenn gerðu slíka úttekt á árunum 2003–2004 og sú úttekt leiddi m.a. í ljós að á slíkum heimilum í Bergen hafði þriðji hver vistmaður orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af einhverju tagi. Miðað við þær frásagnir sem við heyrðum í gær er ekki fjarri að áætla að svo hafi einnig verið í Breiðavík á þessum árum þó að ég sé ekki þess umkomin frekar en aðrir að fullyrða þar um.

Ég ítreka ósk mína, virðulegur forseti, um að þessi rannsókn verði gerð og að það verði ákveðið hið allra fyrsta og staðið verði þannig að málum að við getum með einhverjum hætti bætt þann mikla miska sem þeir einstaklingar urðu fyrir sem þarna voru vistaðir og að þeir upplifi það þá ekki núna, eins og þeir gerðu á þeim árum, að þeir séu aleinir í heiminum.

***Íslenska friðargæslan, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 443. mál (heildarlög). — Þskj. 566.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 430. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 518.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 449. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 577.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Siglingavernd, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 238. mál (EES-reglur). — Þskj. 241, nál. 794, brtt. 795.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 795,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 795,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 795,3 samþ. með 40 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
6.–9. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 795,4 (ný 10. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
11.–12. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

***Tæknifrjóvgun, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 530. mál (stofnfrumurannsóknir). — Þskj. 799.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, 1. umr.***

Stjfrv., 450. mál (EES-reglur). — Þskj. 591.

[13:53]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Hinn 6. desember 2005 samþykkti Alþingi þingsályktun um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004, frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins nr. 2003/72/EB frá 22. júlí 2003, um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Með frumvarpi þessu, sem samið er af Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst, er lagt til að sett verði lög til innleiðingar á efni tilskipunarinnar.

Við smíði frumvarpsins var í öllum meginatriðum fylgt ákvæðum tilskipunarinnar. Þá voru lög um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, nr. 27/2004, einnig höfð til hliðsjónar sem og frumvarp til þeirra laga, enda ákvæði tilskipunarinnar sem liggur þeim að baki að miklu leyti sambærileg við ákvæði tilskipunarinnar frá 2003. Loks voru höfð til hliðsjónar dönsk lög um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Í fyrrgreindri tilskipun frá 2003 eru settar fram reglur til að vernda rétt starfsmanna evrópskra samvinnufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi evrópska samvinnufélagsins sem þeir starfa hjá. Ákvæðum tilskipunarinnar er ætlað að tryggja að venjur um aðild starfsmanna hjá aðilum sem taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun evrópska samvinnufélagsins. Vegna margbreytilegra reglna og venja sem fyrir hendi eru í aðildarríkjunum um það hvernig fulltrúar starfsmanna koma að ákvarðanatöku í samvinnufélögum mælir tilskipunin hins vegar ekki fyrir um eina evrópska fyrirmynd að aðild starfsmanna fyrir öll evrópsk samvinnufélög. Tilskipunin leggur hins vegar þá skyldu á aðildarríki að tryggja ákveðna málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð á fjölþjóðlegum grundvelli í öllum tilvikum þegar evrópsk samvinnufélög eru stofnuð frá grunni, ef stærð þeirra gefur tilefni til þess, miðað við fjölda starfa.

Frumvarp þetta tengist lögum um evrópsk samvinnufélög, nr. 92/2006, sem samþykkt voru á Alþingi 2. júní 2006.

Innleiðing tilskipunarinnar frá 2003 kallar á lagabreytingar hér á landi til viðbótar við þær reglur sem þegar hafa verið lögfestar varðandi evrópsk samvinnufélög. Með frumvarpi þessu er lagt til að settar verði meginreglur til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar. Þannig verði réttur starfsmanna evrópskra samvinnufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi evrópskra samvinnufélaga sem þeir vinna hjá tryggður sem og að gildandi reglur hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun evrópska samvinnufélagsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um að þegar ákveðið hefur verið að stofna evrópsk samvinnufélög skuli framkvæmdastjórnir eða stjórnir þeirra lögaðila sem taka þátt í stofnun þess gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna um tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu. Sérstök samninganefnd er í forsvari fyrir starfsmenn þeirra aðila sem taka þátt í þeim viðræðum. Við myndun nefndarinnar skal meðal annars tryggja að nefndarmenn séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá lögaðilunum, sem taka þátt, hlutaðeigandi dótturfyrirtækjum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í slíkri samninganefnd séu kosnir af trúnaðarmönnum innan fyrirtækja, en starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem taki þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina. Séu engir trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Í frumvarpinu er kveðið á um að þegar ákveðið hefur verið að stofna evrópsk samvinnufélög skuli framkvæmdastjórnir eða stjórnir þeirra lögaðila sem taka þátt í stofnun þess gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna um tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu. Sérstök samninganefnd er í forsvari fyrir starfsmenn þeirra aðila sem taka þátt í þeim viðræðum. Við myndun nefndarinnar skal meðal annars tryggja að nefndarmenn séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá lögaðilunum, sem taka þátt, hlutaðeigandi dótturfyrirtækjum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í slíkri samninganefnd séu kosnir af trúnaðarmönnum innan fyrirtækja, en starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem taki þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina. Séu engir trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði sem er ætlað að tryggja rétt fulltrúa starfsmanna í samninganefndinni til að fá upplýsingar um þau fyrirtæki sem standa að stofnun evrópsks samvinnufélags og áform þeirra er varða starfsemi félagsins. Einnig er kveðið á um rétt sérstöku samninganefndarinnar til að kalla eftir sérfræðiaðstoð og bera þau félög sem taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags allan kostnað af starfi nefndarinnar. Markmið samningaviðræðna er að ná samkomulagi um aðild starfsmanna að evrópsku samvinnufélagi, þ.e. varðandi rétt fulltrúa starfsmanna til upplýsinga, samráðs og þátttöku.

Verði aðilarnir ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tiltekinni tilhögun á þátttöku skal í samkomulagi þeirra einnig kveðið á um inntak þeirrar tilhögunar.

Samningaviðræður geta að hámarki staðið yfir í eitt ár. Aðilar geta ákveðið að slíta viðræðum. Náist ekki að ljúka viðræðum með samningi taka gildi tilteknar reglur um aðild starfsmanna sem eru í III. kafla frumvarpsins.

Ákvæði IV. kafla frumvarpsins fjalla um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum sem eru stofnuð af einstaklingum eingöngu eða af einum lögaðila og einstaklingum. Er þá miðað við að starfsmenn séu færri en 50 eða starfi hjá evrópsku samvinnufélagi í aðeins einu aðildarríki. Í þeim tilvikum skulu innan evrópska samvinnufélagsins sjálfs gilda ákvæði aðildarríkis þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Innan dótturfyrirtækja evrópska samvinnufélagsins og starfsstöðva skulu aftur á móti gilda þau ákvæði þess aðildarríkis þar sem þau eru staðsett. Ef heildarstarfsmannafjöldi evrópskra samvinnufélaga sem stofnuð eru með þessum hætti er a.m.k. 50 manns í a.m.k. tveimur aðildarríkjum getur hins vegar tiltekið hlutfall starfsmanna farið fram á að ákvæði II. og III. kafla frumvarpsins skuli gilda um aðild starfsmanna, eftir því sem við getur átt.

Í V. kafla er fjallað um rétt starfsmanna evrópsks samvinnufélags og/eða fulltrúa þeirra til þátttöku í félagsfundum eða í svæða- eða deildarfundum og til að greiða þar atkvæði. Loks geymir VI. kafli frumvarpsins ýmis ákvæði, svo sem um vernd fulltrúa starfsmanna, þagnarskyldu, meðferð ágreiningsmála, tengsl frumvarpsins við ákvæði annarra laga og heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um efni frumvarpsins í reglugerð.

Ákvæði frumvarpsins gilda eingöngu um evrópsk samvinnufélög og hefur það engin áhrif á rétt starfsmanna annarra fyrirtækja til upplýsinga og samráðs. Í þeim tilvikum þegar starfandi félag umbreytist eða verður hluti af evrópsku samvinnufélagi er meginreglan hins vegar sú að þær sérreglur sem kveðið er á um í frumvarpinu, eða byggjast á samkomulagi aðila, ganga framar ákvæðum annarra laga er varða þátttöku starfsmanna, að því leyti sem annað er ekki tekið fram. Þetta felur meðal annars í sér að þar sem nú eru starfandi evrópsk samstarfsráð innan fyrirtækis, sbr. lög nr. 61/1999, gilda ákvæði þeirra laga almennt ekki um evrópsk samvinnufélög eða dótturfélög þess. Sama máli gildir um reglur einstakra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins um þátttöku starfsmanna.

Að lokum vil ég taka fram að það er eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins að viðhalda þátttökurétti starfsmanna í þeim tilvikum þegar hann var fyrir hendi fyrir stofnun félagsins, þótt í undantekningartilvikum sé heimilt að semja um brottfall hans. Ákvæðin leiða því fyrst og fremst til þess að þátttökurétturinn byggist eftirleiðis á samkomulagi sem fulltrúar starfsmanna og evrópska samvinnufélagsins eða stofnenda þess gera með sér, eða, í þeim tilvikum þegar samningaviðræður leiða ekki til þess að gert sé samkomulag, á ákvæðum III. kafla frumvarpsins.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[14:02]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er að reyna að átta mig á þessu frumvarpi. Mér þætti gott að fá leiðsögn hæstv. ráðherra hér til að fá nánari skýringar á frumvarpinu, til dæmis á því hvaða félög hér um ræðir og hvaða praktísku úrræði þetta frumvarp heimili, hvað í rauninni kalli á þetta og hvernig hann sjái fyrir sér að það reyni á frumvarpið sem við stefnum að því að gera að lögum, sýnist mér.

[14:03]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fór inn á það í ræðu minni. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður (**SigurjÞ:** Jú, jú.) náði að hlusta á það vegna (**SigurjÞ:** Ég vil fá nánari skýringu.) hávaðans sem var í salnum. Hér er um að ræða frumvarp sem gerir ráð fyrir því að færa í lög tilskipun varðandi Evrópska efnahagssvæðið samkvæmt þingsályktunartillögu sem Alþingi hefur þegar samþykkt. Hér er um að ræða evrópsk samvinnufélög sem starfa á Evrópska efnahagssvæðinu í fleiri en einu landi. Hvað það varðar hvað muni reyna á þetta hér þá get ég ekki svarað því. Það er nokkuð sem verður bara að skýrast í framtíðinni. Ég hef ekki upplýsingar um það á þessari stundu hvernig þessi lög munu nákvæmlega virka hvað varðar Ísland.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, 1. umr.*

Stjfrv., 541. mál (heildarlög). — Þskj. 810.

[14:04]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Forsaga málsins er sú að í júní síðastliðnum skipaði þáverandi félagsmálaráðherra starfshóp til að fara yfir málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins, auk fulltrúa félagsmálaráðuneytisins.

Þar sem um yfirgripsmikinn málaflokk er að ræða er starfshópurinn enn að störfum. Hlutverk hans er að fara yfir stöðu útlendinga sem starfa hér á landi, þar á meðal þeirra er starfa á grundvelli þjónusturéttarins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en mikilvægt er að fjölgun erlendra fyrirtækja og útlendinga sem starfa hér á landi raski ekki þeim reglum og samskiptahefðum sem hafa mótast á íslenskum vinnumarkaði.

Eitt af því sem starfshópurinn telur mikilvægt er að styrkja stoðir ríkjandi vinnumarkaðskerfis til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði, þar á meðal að því er varðar erlend

fyrirtæki sem senda starfsmenn sína tímabundið hingað til lands í tengslum að veita þjónustu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Fram til þessa hafa lög nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja gilt um starfsmenn slíkra fyrirtækja. Samstaða náðist innan starfshópsins um nauðsyn þess að breyta þeim lögum en þegar upp var staðið þóttu breytingarnar vera það umfangsmiklar að rétt væri að leggja fram frumvarp til nýrra laga sem jafnframt mundu fella úr gildi lög nr. 54/2001.

Lagt er til að heiti nýju laganna verði í samræmi við þær breytingar á lögum 54/2001 sem lagðar eru til með frumvarpinu en lög nr. 54/2001 hafa aðallega gilt um starfskjör starfsmanna erlendra fyrirtækja sem eru sendir tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu, en lagt er til með frumvarpi þessu að nýju lögin komi jafnframt til með að gilda um skyldur fyrirtækjanna til að veita íslenskum stjórnvöldum tilteknar upplýsingar varðandi starfsemi sína hér á landi. Þykir því eðlilegra að það komi fram í heiti laganna að þau eigi einnig við um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem veita þjónustu á Íslandi, en mikilvægt þykir jafnframt að undirstrika að lögin fjalli sérstaklega um starfskjör starfsmanna þeirra eins og lög nr. 54/2001 hafa gert fram til þessa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að erlend fyrirtæki sem hafa staðfestu í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðrum EFTA-ríkjum eða Færeyjum og ætla á grundvelli þeirra milliríkjasamninga sem ég nefndi áður að senda starfsmenn í tengslum við veitingu þjónustu hér á landi lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skuli veita Vinnumálastofnun tilteknar upplýsingar um starfsemi sína hér á landi. Er miðað við að upplýsingarnar séu veittar eigi síðar en átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti. Þó er lagt til að fyrirtæki sem senda starfsmenn sína hingað til lands til að veita þjónustu hér í fjórar vikur eða skemur á hverjum tólf mánuðum verði undanskilin framangreindri upplýsingaskyldu enda feli þjónustan í sér sérhæfða samsetningu, uppsetningu, eftirlit eða viðgerð tækja. Enn fremur er fyrirtækjum sem veita þjónustu hér á landi samtals lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum gert að hafa hér sérstakan fulltrúa sem kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins gagnvart stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins, en gert er ráð fyrir að þessi skylda hvíli á fyrirtækjum sem að jafnaði hafa sex eða fleiri starfsmenn á sínum vegum hér á landi.

Í frumvarpinu er lögð sú skylda á notendafyrirtæki hér á landi að þau gangi úr skugga um að erlend fyrirtæki sem þau hafa gert samninga við um veitingu þjónustu og falla undir gildissvið laganna hafi veitt Vinnumálastofnun þær grunnupplýsingar sem þeim ber að veita samkvæmt frumvarpinu en tilkynni að öðrum kosti um starfsemi þeirra til stofnunarinnar. Markmið þessa er að tryggja enn frekar en nú er að íslensk stjórnvöld hafi yfirsýn yfir þá starfsemi sem fyrir hendi er á íslenskum vinnumarkaði en Vinnumálastofnun er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þá er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins komi til viðbótar gildandi lögum um starfsmannaleigur og gildi þannig einnig um starfsemi erlendra starfsmannaleigna hér á landi líkt og lög nr. 54/2001 hafa gert fram að þessu. Jafnframt þótti mikilvægt að leggja til nauðsynlegar breytingar á lögunum um starfsmannaleigur til samræmis við almennan tilgang þessa frumvarps.

Hæstv. forseti. Megintilgangur frumvarpsins er að veita íslenskum stjórnvöldum betri yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja hér á landi sem og fjölda erlendra starfsmanna er starfa hjá slíkum fyrirtækjum. Enn fremur er markmiðið að unnt sé að viðhalda því eftirliti sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði með að ákvæði laga og kjarasamninga séu virt svo treysta megi stöðu starfsmanna sem sendir eru tímabundið hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu. Þykir efni frumvarpsins jafnframt vera til þess fallið að stuðla að því að útlendingar sem koma hingað tímabundið á vegum erlendra fyrirtækja dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um þessa útlendinga verði til.

Eins og fram hefur komið gerir frumvarpið ráð fyrir að Vinnumálastofnun hafi eftirlit með framkvæmd laganna, meðal annars með því að kalla eftir upplýsingum frá fyrirtæki í þágu eftirlits enda hafi stofnuninni borist rökstudd kvörtun um að fyrirtækið hafi brotið gegn ákvæðum laganna. Fari fyrirtæki ekki að fyrirmælum Vinnumálastofnunar þess efnis að fara að lögunum innan þess frests sem stofnunin veitir getur stofnunin krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi þangað til úrbætur hafa verið gerðar. Að auki er Vinnumálastofnun gert skylt að afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein og á viðkomandi svæði afrit af ráðningarsamningi starfsmanns óski stéttarfélagið eftir því og fyrir liggur grunur um brot á gildandi kjarasamningi. Er tilgangurinn með þessu ákvæði enn hinn sami, þ.e. að viðhalda því eftirliti sem hefð er um að gildi á íslenskum vinnumarkaði. Framangreind atriði eru að mínu mati lykillinn að því að tryggja starfsfólki sem kemur hingað til lands eðlileg starfskjör í samræmi við íslensk lög, reglugerðir og kjarasamninga og stuðla þannig að heilbrigðri og eðlilegri samkeppni meðal atvinnurekenda um þau verkefni sem inna þarf af hendi í samfélaginu.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[14:12]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir framlagningu þessa máls og rifja upp að þegar við á síðastliðnu þingi fjölluðum um frumvarp um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, var það grundvallaratriði í huga okkar samfylkingarmanna að raunar þyrfti að ljúka tveimur verkefnum áður en sú löggjöf yrði sett. Við settum því fram tillögu, sem var felld, um að ákvæðin um frjálsa för launafólks tæki ekki gildi fyrr en um síðustu áramót eða sjö mánuðum síðar en ætlað var vegna þess að við töldum brýnt að tvennt kæmi til áður en slík

löggjöf yrði sett, þ.e. að mótuð yrði stefna í málefnum innflytjenda og síðan að settar yrðu fram aðgerðir til að styrkja vinnumarkaðskerfið til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt, eins og kemur fram í nefndaráliti félagsmálanefndar, lögðum við áherslu á að kannað yrði hvaða leiðir væru færar til að auka upplýsingagjöf og aðstoð við erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði.

Við lögðum áherslu á að þetta yrði tilbúið í nóvembermánuði síðastliðnum en eitthvað hefur það tafist og lít ég svo á að það frumvarp sem verið er að kynna af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra sé einmitt til þess að koma til móts við það sem við lögðum til, þ.e. að styrkja vinnumarkaðskerfið til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Áður en ég fer yfir frumvarpið vil ég spyrja hæstv. ráðherra um fyrra atriðið sem við lögðum áherslu á. Það er mál sem við ræddum fyrir nokkrum dögum á þinginu, þ.e. um stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda. Ég vil minna á að við lögðum mikla áherslu á að stefnumótun í málefnum innflytjenda fengi þinglega meðferð og færi til umfjöllunar og afgreiðslu í félagsmálanefnd og þingið fengi að taka afstöðu til þeirra tillagna sem þar eru settar fram og eftir atvikum koma með breytingar á þeirri stefnumótun.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, meðan við fjöllum um þetta mál, hvort hann geti upplýst okkur í umræðunni hvort tekin hafi verið afstaða til þess af hálfu hæstv. ráðherra, og þá eftir atvikum ríkisstjórnarinnar, að málið um stefnumótun í málefnum innflytjenda verði lagt fram á þingi til efnislegrar meðferðar.

Varðandi það mál sem hér liggur fyrir sýnist mér, eins og ég hef haft tök á að kynna mér frumvarpið, að um sé að ræða mál sem hægt er að vænta mikils af. Ef ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður, verður framfylgt eins og þau eru fram sett má vænta þess að hér sé á ferðinni afar framsækin löggjöf á vinnumarkaðssviðinu sem ástæða er til að fagna, því hún gefur vonir um að skipulega eigi að taka á þessum málum.

Hlutverk nefndarinnar, sem fór yfir málið með aðilum vinnumarkaðarins, var að fara yfir stöðu útlendinga sem starfa hér á landi. Lögð var áhersla á að fjölgun erlendra fyrirtækja sem hér starfa raski ekki reglum og samskiptahefðum sem hafa mótast á íslenskum vinnumarkaði. Það er náttúrlega grundvallaratriði, virðulegi forseti, að vera þeirra útlendinga sem hingað koma til að starfa verði ekki til þess að rýra réttindi og kjör Íslendinga á vinnumarkaðnum vegna þess að þau réttindi sem íslensk verkalýðshreyfing hefur sótt, hvort sem það er í aðbúnaði, kjörum eða öðru, voru ekki fengin með neinum auðveldum hætti.

Auðvitað hlýtur verkalýðshreyfingin og við sem tölum máli verkafólks á þingi að reyna að tryggja það eins og kostur er að erlent starfsfólk sem kemur hingað til að vinna verði ekki til þess að raska réttindum og kjörum þessa fólks, sem er grundvallaratriði.

Nefndin átti að skoða hvort ástæða væri til að styrkja vinnumarkaðskerfið sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði, m.a. ítarlegar reglur um tilkynningarskyldu þjónustuveitenda sem koma með starfsmenn sína hingað til landsins.

Mér sýnist að svar nefndarinnar sem vann þetta mál hafi verið afdráttarlaust já, að nauðsynlegt væri að styrkja vinnumarkaðskerfið og það er það sem við sjáum í frumvarpinu. Einnig átti nefndin að skoða hvernig hægt væri að bæta framkvæmdina innan stjórnkerfisins til að tryggja að útlendingar sem hér dvelja starfi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um útlendinga sem hér vinna liggi fyrir á hverjum tíma.

Niðurstaðan er sem sagt sú, sem við fjöllum um hér, að styrkja stoðir núgildandi vinnumarkaðskerfis, og er það vel. En það sem þó er ástæða til að skoða er, og ég vil spyrja hæstv. ráðherra um ef hann er einhvers staðar nálægur. — Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hlýðir á mál mitt eða ekki.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti mun strax gera ráðstafanir til þess að kanna hvort ráðherrann er hér í hliðarherbergjum og ef svo er ekki að kanna hvort ráðherrann getur komið og hlýtt á ræðu þingmannsins.)

Mér er vandi á höndum, virðulegi forseti, vegna þess að ég ætlaði að beina fyrirspurn til hæstv. ráðherra sem hefur af einhverjum ástæðum horfið úr salnum.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti óskar eftir og leitar eftir því að hæstv. ráðherra komi í þingsal og hlýði á ræðu þingmannsins.)

Ég veit að hæstv. ráðherra er önnum kafinn en hann er hér að fylgja úr hlaði mikilvægu máli sem við þingmenn hefðum áhuga á að ráðherrann fylgdi úr hlaði alla leið, líka meðan við erum í ræðustóli að ræða málið vegna þess að það er ýmislegt sem við viljum spyrja hæstv. ráðherra um og mikilvægt að hann geti tekið það niður.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að mér sýndist ákvæði frumvarpsins vera mjög jákvæð og til þess fallin að styrkja stoðir vinnumarkaðskerfisins. En það sem ég tel þó ástæðu til að skoða og hef nokkrar áhyggjur af er hvort eftirlitsstofnanir séu í stakk búnar til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru sett með frumvarpinu. Hvernig er t.d. Vinnumálastofnun í stakk búin til að fylgja málunum eftir í samráði og samstarfi við verkalýðshreyfinguna og samtök atvinnurekenda? Þá er ég að spyrja um á hve traustum stoðum þetta stendur fjárhagslega. Einnig er mikilvægt að reglur og framkvæmd varðandi uppbyggingu og skráningu erlendra þjónustufyrirtækja og erlendra starfsmanna sem hingað koma verði gerðar gegnsærri og skilvirkari og stjórnsýslan einfölduð.

Ég sé í frumvarpinu, í áliti fjárlagaskrifstofu, að ekki er gert ráð fyrir miklum fjármunum fyrir Vinnumálastofnun til að framfylgja ákvæðum þessa lagafrumvarps. Ekki er nóg að setja falleg ákvæði á blað í löggjöf ef erfitt er að framfylgja þeim, t.d. vegna peningaskorts. Hér er gert ráð fyrir að frumvarpið muni leiða til 7,5 millj. kr. útgjaldaaukningar hjá Vinnumálastofnun sem rúmist innan fjárlagaramma stofnunarinnar, er hér sagt.

Ég vil spyrja hvort forstöðumaður Vinnumálastofnunar sé sammála því að 7,5 millj. kr. dugi til að framkvæma ákvæði frumvarpsins og hvort þær 7,5 millj. kr., sem hér er sagt að þetta kosti, rúmist innan ramma núgildandi fjárlaga hjá Vinnumálastofnun. Þetta vildi ég spyrja hæstv. ráðherra um.

Síðan vildi ég, virðulegi forseti, spyrja nokkuð út í það sem kemur fram í frumvarpinu og vil vitna til þess sem fram kemur í athugasemdum með því, sem mér fannst hæstv. ráðherra ekki fara nægjanlega inn á. Í frumvarpinu kemur fram að markmiðið sé að unnt verði að viðhalda því eftirliti sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði með að ákvæði laga og kjarasamninga séu virt svo treysta megi stöðu starfsmanna sem sendir eru tímabundið hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu. Hvernig á að gera þetta, hæstv. forseti? Ég spyr hæstv. ráðherra um það.

Ég hef reyndar ekki farið alveg ítarlega frá orði til orðs yfir einstakar greinar í frumvarpinu en ég gat ekki séð hvernig á að hrinda þessu í framkvæmd. Nú hlýtur ráðherrann að þekkja þetta út og inn. Því spyr ég hann hvernig eigi að gera það.

Í athugasemdum með frumvarpinu er verið að ræða um skyldur fyrirtækja til að veita íslenskum stjórnvöldum tilteknar upplýsingar varðandi starfsemi sína hér á landi. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þykir því eðlilegra að það komi fram í heiti laganna að þau eigi einnig við um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem veita þjónustu á Íslandi ...“

Hverju er verið að breyta um skyldur fyrirtækja til að veita íslenskum stjórnvöldum tilteknar upplýsingar? Þetta er nokkuð sem við fórum yfir þegar við ræddum frumvarp um starfsmannaleigur og hef ég hug á að hæstv. ráðherra lýsi því nokkuð nánar en fram kom í ræðu hans áðan.

Hér stendur einnig, með leyfi forseta:

„Enn fremur er fyrirtækjum sem veita þjónustu hér á landi samtals lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum gert að hafa hér sérstakan fulltrúa sem kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins gagnvart stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins, en gert er ráð fyrir að þessi skylda hvíli á fyrirtækjum sem að jafnaði hafa sex eða fleiri starfsmenn á sínum vegum hér á landi.“

Það er ábyggilega mjög þarft að slíkt sé og eykur möguleikana á að hægt sé að halda utan um mál með þeim hætti að ekki sé verið að ganga á réttindi erlends starfsfólks né það að undirboð tíðkist sem rýri kjör innlends starfsfólks. Ég spyr: Hvernig á að framkvæma þetta og hver á að borga fyrir þennan sérstaka fulltrúa sem þarna er verið að tiltaka?

Þetta ætla ég að láta nægja varðandi spurningar um efni frumvarpsins en ég fæ tækifæri til að fjalla um það í félagsmálanefnd því málinu verður væntanlega vísað þangað.

Ég vil þó spyrjast fyrir um eitt, virðulegi forseti, að í þessari löggjöf er verið að taka á viðbótarákvæði sem eiga að tengjast lögunum um starfsmannaleigur, ef ég skil málið rétt, og er langur kafli í lok frumvarpsins um ákvæði sem styrkja eiga lög um starfsmannaleigur. Ég spyr, hæstv. forseti, á því hlýtur að vera einhver eðlileg skýring. Hvers vegna eru þau ákvæði ekki sett inn í lögin um starfsmannaleigur? Hvers vegna er þetta sett hér við? Ef menn vilja kynna sér ákvæði laga um starfsmannaleigur, þá eru þau ekki öll í þeim lögum heldur er að finna ýmis ákvæði sem tengjast starfsmannaleigum í þessu frumvarpi, þ.e. frumvarpi um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna þau ákvæði sem hér er fjallað um og snerta starfsmannaleigurnar hafi þá ekki farið inn í lögin um starfsmannaleigur. Vera má að á því sé eðlileg skýring, en engu að síður vil ég spyrja um það.

Ég vil einnig minnast á að þegar við fjölluðum um frumvarpið um starfsmannaleigur var töluverður ágreiningur um það mál. Við töldum að málið væri ekki þannig vaxið að hægt væri að treysta því að ekki yrði um undirboð á vinnumarkaði að ræða. Við í Samfylkingunni fluttum þá undir forustu Össurar Skarphéðinssonar breytingartillögu við það frumvarp um að notendafyrirtæki beri ábyrgð á því að allir sem hjá þeim starfa njóti launa og annarra starfskjara þrátt fyrir að starfssamband viðkomandi starfsmanns og notendafyrirtækis sé byggt á milligöngu starfsmannaleigu. Verkalýðshreyfingin eða margir þar voru óánægðir með að slíkt ákvæði væri ekki í lögum. Þar sem ég hef ekki haft tök á að fara alveg ítarlega ofan í þetta mál langar mig að spyrja hvort einhver breyting sé á þessu varðandi þetta ákvæði frumvarpsins. Er verið að leggja einhverjar skyldur á notendafyrirtækin um ábyrgð þeirra á því að allir sem hjá þeim starfa njóti launa og annarra sambærilegra starfskjara eins og hér eru á vinnumarkaðnum? Mér finnst afar mikilvægt að þetta komi fram og hvort einhver breyting sé hérna á.

Ég vil líka spyrja hvort algjört samkomulag hafi verið um þetta mál og ákvæði þess milli aðila vinnumarkaðarins, þ.e. verkalýðshreyfingarinnar og samtaka atvinnurekenda. Voru einhver ákvæði sem stóðu þar út af sem verkalýðshreyfingin vildi ná fram inn í þetta frumvarp, sem ekki náðist samstaða um, og ef svo er, hvaða ákvæði voru það þá? Ég held að mikilvægt sé fyrir umfjöllun félagsmálanefndar um málið að það liggi fyrir.

Síðan langar mig að spyrja ráðherra um tvennt í viðbót. Á þessu þingi fjölluðum við um lög um lögheimili. Þar vorum m.a. að fjalla um vandamálin sem tengdust fastri búsetu í atvinnuhúsnæði en mikil umræða hafði farið fram, eins og ráðherra veit, á síðari hluta síðasta árs um að útlendingar sem hér á landi starfa byggju við óviðunandi aðstæður í atvinnuhúsnæði. Ég man ekki betur en að afgreiðsla nefndarinnar hafi verið sú að leggja áherslu á að áður en við ljúkum þingi yrði sett ákvæði í lög sem tryggði viðunandi stöðu varðandi búsetu útlendinga, sem í miklum mæli hafði komið í ljós að byggju við óviðunandi aðstæður í atvinnuhúsnæði.

Mig minnir að sú nefnd sem ráðherra skipaði fyrir jólin og átti að fara ofan í þetta hafi átt að skila einhverri niðurstöðu fyrir janúarlok. Ég vil spyrja: Hvar er það starf statt? Megum við vænta þess að frumvarp verði fljótlega lagt fyrir þingið um þetta efni, sem ég og margir fleiri höfum áhyggjur af og vonandi ráðherra líka, þannig að við getum séð það þegar við fjöllum um frumvarpið hvað um það verður?

Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði, þar sem ég er að leita eftir ýmsum tölulegum upplýsingum sem snerta vinnumarkaðinn og erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði. Ég hef áhyggjur af því að við séum illa sett varðandi tölulegar upplýsingar og upplýsingagjöf um stöðu þessa fólks á vinnu-

markaði sem er nú orðið um 15–16 þúsund, ef ég veit rétt. Ég hefði talið mikilvægt að meðan við erum að fjalla um málið í nefndinni fengjum við þetta svar frá hæstv. ráðherra sem fyrst, af því ég held að það gæti skipt máli í umfjöllun nefndarinnar og spyr hvað líði því svari.

Ég spyr m.a. um hvenær tilvik koma upp árið 2005 annars vegar og 2006 hins vegar, þar sem launakjör og aðbúnaður erlendra ríkisborgara var ekki í samræmi við íslenska löggjöf og kjarasamninga á vinnumarkaði. Ég held að afar fróðlegt sé að vita hvort t.d. ákvæðin um starfsmannaleigur, sem átti nú að endurskoða eftir tvö ár, ég held að liðið sé meira en ár síðan þau voru sett, hvort þau hafi skilað tilskildum árangri eins og við vonuðumst til og að því lýtur t.d. einn liður í þeirri fyrirspurn til ráðherrans sem hann hefur ekki enn svarað.

Ég held líka að afar mikilvægt sé að ráðherrann geti svarað þeirri spurningu hvernig fylgst er með því að í útboðum verktaka séu launakjör erlendra ríkisborgara, sem starfa á vegum þeirra, í samræmi við íslenska löggjöf og kjarasamninga á vinnumarkaði. Ég hef heyrt óþægilega mikið um að í gegnum verktaka séu launakjör ekki í samræmi við kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði. Það sé falið í útboðunum. Ég hef heyrt óþægilega mikið um það og ég spyr ráðherrann hvort hann eða ráðuneyti hans, eða Vinnumálastofnun hafi eitthvað orðið vör við slíkt eða gert sérstakar ráðstafanir til að kynna sér það.

Ég ætla að láta þetta nægja, virðulegi forseti, enda er tíma mínum að ljúka. Ég hef tök á að ræða þetta mál í félagsmálanefnd. En það mundi greiða mjög fyrir framgangi málsins ef hæstv. ráðherra hefði svör við þeim spurningum sem ég hef lagt fram. Það er grundvallaratriði í þessu og öðrum málum sem tengjast erlendum starfsmönnum sem hingað koma á vinnumarkaðinn til að starfa í skemmri eða lengri tíma, að við búum betur að erlendu starfsfólki á vinnumarkaði og tryggjum, sem er grundvallaratriði, að ekki sé um undirboð að ræða, hvorki í kjörum né aðbúnaði hjá því fólki vegna þess að við tryggjum starfsfólk á vinnumarkaðnum með því að búa þannig um hnútana í allri löggjöf.

[14:31]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um þetta þingmál í 1. umr. Við eigum eftir að fá það til umfjöllunar í félagsmálanefnd og munum þar fara rækilega yfir það. Reyndar er það sprottið upp úr samstarfi verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda en starfshópur var skipaður í fyrravor til þess að fjalla um þetta efni.

Viðfangsefnið er mjög mikilvægt. Á Íslandi eru nú starfandi um 17 þús. launamenn af erlendum uppruna, um 9% af vinnumarkaðnum. Þessir erlendu launamenn hafa komið hingað á mismunandi forsendum, í mismunandi farvegi ef svo má segja. Í fyrsta lagi hafa þeir komið hingað til starfa á vegum starfsmannaleigna. Í annan stað hafa þeir komið einfaldlega á grundvelli samninga um hið Evrópska efnahagssvæði sem eiga að tryggja frítt flæði vinnuaflsins. Við minnumst þeirra deilna sem risu hér í fyrravor um hvort við ættum enn að beita fyrirvörum gagnvart nýaðildarríkjum Evrópusambandsins en fyrirvararnir voru í því fólgnir að launafólk frá þessum ríkjum fengi ekki aðgang til jafns við launafólk frá öðrum svæðum hins Evrópska efnahagssvæðis. Það varð að ráði að framlengja ekki þessa fyrirvara en jafnframt var því heitið að menn mundu freista þess að styrkja þau lög og þau úrræði sem eru fyrir hendi á íslenskum vinnumarkaði með það fyrir augum að tryggja að launafólkið nyti þeirra lágmarkssamninga sem eru í gildi á Íslandi. Samkvæmt íslenskum lögum ber að fylgja a.m.k. lágmarkssamningum.

Þriðji farvegurinn fyrir fólk sem vill koma hingað til lands er þegar starfsmenn erlendra fyrirtækja koma hingað og sinna verkefnum til lengri eða skemmri tíma. Þetta frumvarp fjallar um þá starfsmenn. Þetta tengist umræðunni um þjónustutilskipun Evrópusambandsins en eins og menn kann að reka minni til var eitt umdeildasta ákvæðið í þjónustutilskipuninni einmitt þess efnis eða a.m.k. í upprunalegum texta var gert ráð fyrir því að starfsmenn erlendra fyrirtækja gætu flust á milli landa á þeim kjörum sem voru við lýði í upprunalandinu, svokölluð upprunalandsregla. Þetta tókst að kveða niður og breyta þessu ákvæði í þjónustutilskipuninni og var það sigur hinnar evrópsku verkalýðshreyfingar að ná því fram.

Þetta frumvarp miðar að því að strengja þessi net með því að kveða skýrt á um það í lögum að lágmarkssamningar skuli gilda og ýmis lágmarksréttindi sem kveðið er á um í lögum, svo sem varðandi lög um orlof, fæðingarorlof og þar fram eftir götunum. Það er einnig vísað til laga um starfskjör launafólks frá 1980 þar sem kveðið er á um lágmarkslaun, vinnutíma, lágmarkshvíldartíma og fleira. Ég ætla ekki að fara að telja þetta allt saman upp en þetta er meginhugsunin að baki lögunum. Ég vil minna á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ítrekað lagt fram frumvörp á undanförnum missirum sem lúta að því að styrkja réttarstöðu launafólks sem hingað er komið í atvinnuleit.

Menn hafa staðnæmst nokkuð við þessar reglur, opnanir og girðingar sem hafa verið hér um íslenska vinnumarkaðinn en gleymt kannski aðalatriðinu sem er sú mikla eftirspurn sem hér er eftir erlendu vinnuafli. Það er hún sem ræður því að hingað til lands hefur komið fólk í stríðum straumi. Þar tel ég að Íslendingar kunni að fara of geyst á stundum með því að þenja efnahagskerfið til hins ýtrasta, ráðast í mjög mannfrekar framkvæmdir á sama tíma í stað þess að fara hægar og jafnar í hlutina. Það held ég að sé hyggilegra þegar til langs tíma er litið því að þótt við höfum næg atvinnutækifæri eins og sakir standa getur svo farið að hér verði skyndilegur samdráttur og þá er erfiðara ef hingað er margt fólk komið sem treystir á atvinnu til frambúðar. Þetta snýr eiginlega að efnahagsstefnu stjórnvalda en hinn þátturinn sem við eigum að sjálfsögðu að beina sjónum okkar að er það sem þetta frumvarp stefnir að, þ.e. að treysta réttarstöðu launafólksins sem kemur hingað til lands.

Ég lýsi ánægju minni yfir því að þetta frumvarp skuli vera komið fram og ég tel mjög mikilvægt að það nái fram að ganga á þessu þingi. Ég hef að sjálfsögðu alla fyrirvara á um ábendingar sem fram kunna að koma til breytingar á frumvarpinu en ég tel að það hafi verið eðlilega og vel að verki staðið að kalla til aðila vinnumarkaðar, bæði á almennum vinnumarkaði og innan almannaþjónustunnar, svo

og stjórnsýslunnar til þess að smíða frumvarpið. Síðan er hitt, að sjá til þess að þau lög sem hér verða sett nái fram að ganga, að þeim verði raunverulega fylgt eftir.

[14:40]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið hingað til Íslands. Ég fagna þessu frumvarpi, það má segja að þetta sé rökrétt framhald af því frumvarpi sem var samþykkt í fyrra um starfsmannaleigur en við í stjórnarandstöðunni gerðum þó á þeim tíma ýmsar athugasemdir við það. Ég sé hér m.a. að þó að breytingartillagan varðandi starfsmannaleigur sem við gerðum þá hafi ekki náð fram að ganga er hún komin að mestu leyti inn í lið inn starfskjör í 4. gr. frumvarpsins.

Breytingartillagan var á sínum tíma, með leyfi forseta:

„Notendafyrirtæki bera ábyrgð á því að allir sem hjá þeim starfa njóti launa og annarra starfskjara sem fullnægi áskilnaði 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þrátt fyrir að starfssamband viðkomandi starfsmanns og notendafyrirtækis sé byggt á milligöngu starfsmannaleigu."

Fyrsti liður í 4. gr. um starfskjör er mjög svipaður og nær væntanlega yfir þetta þannig að það verður að segjast að það er jákvætt. Hins vegar varðandi skyldutryggingu lífeyrisréttinda held ég að einhver brögð séu að því að starfsmenn sem vinna hér tímabundið geti í framtíðinni ekki tekið út öll sín lífeyrisréttindi. Mig langar að biðja hæstv. félagsmálaráðherra að líta aðeins á það hvort þetta frumvarp dugi til þess að tryggja að starfsmaður sem starfar hér tímabundið geti í framtíðinni örugglega tekið út lífeyrisréttindi sín, þ.e. það sem hann hefur lagt inn. Þetta er kannski ekki nógu vel skýrt hjá mér en ég hef heyrt af brotalöm í þessum efnum, að erlendum starfsmönnum séu ekki tryggð lífeyrisréttindi sín í framtíðinni.

Hér er hvergi minnst á húsnæði. Mörgum fyndist eflaust að þar væru menn komnir niður í smáatriði en ég hefði haldið að einhver ákvæði varðandi það húsnæði sem starfsmannaleigur bjóða starfsfólki sínu upp á, sama hversu lengi þeir stoppa hér, hvort það eru fjórir mánuðir til að reisa sumarbústað eða hvað, þyrftu að vera í frumvarpinu og þá væntanlega lögum til lengri tíma litið, t.d. í liðnum um starfskjör. Við höfum reynslu frá Kárahnjúkum af lélegu húsnæði sem erlendu starfsfólki hefur verið boðið upp á og auk þess vitum við af iðnaðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem erlendir starfsmenn hafa þurft að búa í. Ég velti fyrir mér hvort ekki hefði verið rétt að taka sérstaklega inn ákvæði varðandi húsnæði fyrir erlenda starfsmenn á vegum starfsmannaleigna.

Í fyrirspurnatíma í haust þegar ég lagði fyrirspurn fyrir félagsmálaráðherra um starfsmannaleigur og reynslu af þeim lögum kom fram að þau hefðu verið farin að virka. Jafnframt spurði ég hvort gengið væri eftir því að erlendir starfsmenn kæmu með nægileg gögn fyrir viðurkenningu á menntun sinni. Menn hafa verið að grínast með það að menn séu jafnvel gjörsamlega ófaglærðir en gefi sig hér út fyrir að vera fullnuma iðnaðarmenn. Það er brotalöm á því að þess sé krafist og ég hefði talið eðlilegt að Vinnumálastofnun krefðist þess af starfsmannaleigum og notendafyrirtækjum að þessi gögn lægju fyrir, þ.e. að erlendur starfsmaður sem ætlar t.d. að vinna sem fullnuma trésmiður sé með gögn sem staðfesta það að hann hafi full réttindi í þessari iðn, þótt ekki sé nema öryggisins vegna.

Um 21. gr., um skyldur notendafyrirtækis, er rétt að nefna hér að einmitt skyldur og ábyrgð notendafyrirtækja komu sérstaklega mikið til tals við umræður um starfsmannalögin og fannst okkur í stjórnarandstöðunni ekki nógu fast að orði kveðið. Hér er talað um að starfsmannaleiga skuli láta Vinnumálastofnun í té þær upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg til að geta framfylgt þessum lögum, þjónustusamningum, ráðningarsamningum o.s.frv. Það væri fróðlegt að vita hjá hæstv. félagsmálaráðherra hvernig staðan er í dag, hver sé reynslan af lögum um starfsmannaleigur, hvernig Vinnumálastofnun hafi gengið að fylgja þeim eftir og ná tökum á starfsmannaleigum, á fjölda, umsvifum o.s.frv. og hvort þurft hafi að beita viðurlögum til að ná hreinlega gögnum af starfsmannaleigum. Eins og er í þessu frumvarpi er hér heimiluð tímabundin stöðvun á starfsemi, og það er af einhverri ástæðu sem menn setja þá grein hér inn. Ég velti fyrir mér hver staðan sé í dag, hafa menn þurft að grípa til aðgerða gagnvart starfsmannaleigum eða hefur Vinnumálastofnun reynst auðvelt að ná í öll gögn sem hún telur sig eiga rétt á að fá frá starfsmannaleigum?

Að venju, frú forseti, fylgir fylgiskjal frá fjármálaráðuneyti. Eins og áður hefur komið fram í umræðunni veltir maður fyrir sér hvað sé að marka þegar fjármálaráðuneytið talar um einungis 7,5 millj. kr. aukaútgjöld vegna þessara laga. Nú höfum við sett nokkur lög sem tengjast Vinnumálastofnun síðustu missirin og það er áberandi að fylgiskjal kemur eins og bara viðtekin venja frá fjármálaráðuneytinu um að þegar þessi lög séu komin á þýði þau engin aukin útgjöld. Það hljómar eins og Vinnumálastofnun geti í raun endalaust tekið við verkefnum. Ég leyfi mér að efast um að það standist að þetta rúmist innan ramma fjárlaga stofnunarinnar. Það er mjög gott og jákvætt sem menn hafa verið að gera, að senda fleiri verkefni yfir á Vinnumálastofnun og koma þeim þar á einn stað og ég efast ekki um að þar séu verkin vel unnin, en getur Vinnumálastofnun endalaust tekið við verkefnum án þess að það þýði aukinn kostnað? Ég tala nú ekki um þegar við erum að tala um starfsemi sem tengist hátt í 17 þús. erlendum starfsmönnum sem við að sjálfsögðu viljum öll gera vel við. Ég efast um að þær fjárhæðir sem eru nefndar hér varðandi útgjaldaauka séu réttar og það væri ágætt að fá að heyra aðeins meira frá hæstv. félagsmálaráðherra varðandi það.

Ég ætla að láta þetta duga í umræðunni að svo komnu máli, frú forseti, en við eigum að sjálfsögðu eftir að taka þetta vel fyrir í félagsmálanefnd.

[14:50]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að fagna því að þetta frumvarp er komið fram. Ég tel að reyndar hefði þurft að huga að þessum málum miklu fyrr en það þýðir ekkert að fjargviðrast yfir því. Það er mjög nauðsynlegt að menn hugi að því að standa vörð um kjör og atvinnuöryggi fólks á ís-

lenskum vinnumarkaði. Auðvitað steðjar ógn að þessum kjörum vegna innflutnings á vinnuafli, hvort sem það er tímabundið eða til lengri tíma. Það er að mörgu að hyggja í þessu.

Það sem ég óska eftir að nefndin skoði vandlega er nauðsyn þess að safna gögnum um menntun og starfsreynslu þeirra starfsmanna sem koma hingað til tímabundinna starfa eða til lengri tíma, ekki bara í því augnamiði að sjá til þess að menn hafi tilskilin réttindi eins og sá ræðumaður talaði um sem hér var næstur á undan mér, heldur líka til þess að reyna að sjá til þess að undirboð á vinnumarkaðnum fari ekki fram með þeim hætti að fólk sem hefur menntun og starfsreynslu í tilteknum greinum vinni þar á lágmarkslaunum eins og greidd eru jafnvel fyrir störf sem krefjast engrar menntunar. Þá á ég við að það er rökstuddur grunur um að menn séu ráðnir hingað sem verkamenn, t.d. í byggingariðnaði, sem eru alvanir byggingaframkvæmdum og með réttindi sem smiðir eða jafnvel meiri menntun en það, svo að ég nefni bara dæmi.

Þetta grefur undan möguleikum til að halda uppi góðum starfskjörum á þessum markaði og er alveg sérstök ástæða til að huga að því að vinna gegn því að slíkt gerist. Það verður ekki gert nema með því að upplýsingar um menntun og starfsreynslu viðkomandi aðila séu fyrir hendi.

Einnig tel ég að fylgjast þurfi mjög vel með þeirri undanþágu sem er í 9. gr. frumvarpsins, um þjónustu sem felur í sér sérhæfða vinnu við uppsetningu á tækjum og öðru slíku, ef þetta á allt saman að virka. Ég hef áhyggjur af því að það sé mjög erfitt, það sé mikið verkefni að ætla að fylgjast með þessari starfsemi allri, bæði þeirri sem fjallað er um í 8. gr. og ég nefndi hér áðan og líka þar sem um er að ræða undanþágu.

Ég ætla að ljúka máli mínu með því að spyrja hve langt verði hægt að ganga í þessu eftirliti. Eru t.d. útboð á Evrópska efnahagssvæðinu sem fara fram samkvæmt þeim reglum sem þar gilda? Gilda þá þau atriði sem hér eru í frumvarpinu um þá starfsemi alla? Munu t.d. starfsmenn sem eru núna að vinna að jarðgangagerð í Héðinsfirði falla undir þessi ákvæði, eða önnur starfsemi sem boðin er út samkvæmt reglum um útboð á Evrópska efnahagssvæðinu?

Ég ætla ekki að hafa þetta meira. Erindi mitt var fyrst og fremst að óska eftir því að nefndin hugaði vel að upplýsingasöfnuninni um menntun og starfsreynslu starfsmanna sem hingað koma.

[14:54]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál er hér komið fram og kemur nú til umræðu. Þetta er eitt af þeim málum sem þarf að ræða í sambandi við vinnumarkaðsmálin almennt og fjölda erlendra starfsmanna hér á landi, kjör þeirra og aðkomu að íslenskum vinnumarkaði ásamt því hvernig starfsemi starfsmannaleigna tengist, hvernig þær starfa hér og eru með starfsmenn á íslenska vinnumarkaðnum.

Það er fjölmargt sem þarf að skoða í þessu sambandi og mér finnst að í þessu frumvarpi sem félagsmálaráðherra hefur kynnt sé reynt að taka á mjög mörgu. Við góða yfirferð í félagsmálanefnd kemur vonandi í ljós hvernig tekst að lagfæra frumvarpið ef á þarf að halda og einnig þarf að upplýsa ýmislegt betur en gert er í þessari 1. umr.

Ég tel að að mörgu leyti sé hér verið að vinna þarft og gott verk og ber að þakka það þótt undirbúningur þess hafi tekið eitthvað lengri tíma en til stóð. Þessi mál eru ekki alveg einföld eins og umræðan mun væntanlega leiða í ljós þegar frumvarpið kemur til baka úr nefnd eftir að hafa fengið þar vandaða og góða yfirferð.

Íslenskur vinnumarkaður og verkalýðshreyfingin hér á landi hefur á undanförnum árum og áratugum reynt að festa niður kjör sín og semja um þau. Þess vegna er mönnum auðvitað ekki par sama um það ef svo hagar til hér á landi vegna mikil framboðs á erlendu vinnuafli að hér verði ef til vill með einhverjum hætti vegið að markaðskjörunum. Ég tel að það frumvarp sem hér er lagt fram sé liður í því að koma í veg fyrir að það gerist. Ég tel að það sé góður áfangi á þeirri leið sem við þurfum að fara í allri þeirri umræðu er varðar innflytjendur og vinnumarkaðinn. Við þurfum að vanda okkur við þetta, Íslendingar, vegna þess að við hljótum að geta lært af öðrum þjóðum, eða hvað? Við hljótum öll að vera fær til þess og eigum ekki endalaust að þurfa að reka okkur á það sama og aðrir hafa rekið sig á, heldur reyna að læra af því sem aðrir hafa rekið sig á og taka á því.

Mér sýnist að að mörgu leyti sé tekið hér á ýmsum málum sem snúa að réttindum þeirra erlendu starfsmanna sem hingað koma og vinna á vegum starfsmannaleigna. Það er verið að tryggja í frumvarpinu mikið af réttindum er varða starfskjör þeirra, gera það skýrt að þau falli undir þau lög sem almennt gilda hér á vinnumarkaði eins og varðandi starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, slysatryggingar og margt fleira, orlof, lágmarkslaun og annað slíkt.

Ég tel að þetta frumvarp sé ágætt og eigi bara að reyna að vinna út frá því eins og við best getum. Við leggjum okkur fram um það og reynum að tryggja að ekki sé opnað á það með neinum hætti að það fólk sem vinnur hér á landi sem starfsmenn starfsmannaleigna vinni að því með starfsemi sinni hér að draga niður íslensk launakjör eða veikja markaðslaunakerfið eins og menn hafa sagt að gæti orðið.

Maður hefur fengið mjög mörg dæmi í eyrað í umræðunni um að erlendir starfsmenn starfi hér á algjörlega stríðuðum lágmarkstöxtum og að frá launum þeirra sé dreginn kostnaður vegna aðbúnaðar, húsnæðis og annars slíks. Það er auðvitað mikið áhyggjuefni.

Í frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„... skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar eigi síðar en átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti."

Síðan er talið upp hvaða upplýsingar skuli veita. Það er auðvitað mjög æskilegt og nauðsynlegt að þær upplýsingar sem beðið er um séu veittar eins og hér er talað um og ég beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hann telji að Vinnumálastofnun sem á að fá hér mesta hlutverkið held ég, eins og þetta er uppsett, sé í færum til þess. Getur Vinnumálastofnun náð yfir þetta mál með þessu umfangi? Þarf að styrkja sérstaklega Vinnumálastofnun eða þarf Vinnumálastofnun að taka upp sérstakt samstarf við verkalýðsfélög til að efla það að þessar upplýsingar komi fram? Hvernig gætu verkalýðsfélög t.d. komið að því, miðað við

það frumvarp sem hér er til umræðu, að vinna með Vinnumálastofnun að því að upplýsingar komi fram og að fyrirtæki sé hér ekki með einhverja gervistarfsemi? Það er hægt að starfa hér í fjórar vikur, sýnist mér. Það þarf að huga sérstaklega að því.

Það hefur verið talað um að útlendingar byggju við óviðunandi aðstöðu hérlendis af ýmsum ástæðum og að laun væru jafnvel falin innan útboðs. Þetta eru allt hlutir sem er verið að reyna að koma að í þessu frumvarpi og ég vænti þess að við nánari yfirferð í hv. nefnd komist menn að þeirri niðurstöðu að hér sé nægjanlega utan um saumað, hæstv. forseti.

Það er líka nauðsynlegt að reyna að ná utan um það hvað verður gert ef fyrirtækið gefur ekki þessar upplýsingar, og ég spyr að því: Hvernig bregðumst við við því? Þessar upplýsingar á að veita innan átta daga. Það þarf mjög virkt eftirlit til að fylgja þessu eftir þannig að það dragist ekki úr hömlu að fá fram upplýsingar o.s.frv.

Ég held hins vegar að í megindráttum sé búið að setja hér upp frumvarp sem eigi að geta gagnast okkur vel við það að halda uppi því sem við viljum kalla eðlilegt vinnumarkaðsumhverfi þar sem erlendar starfsmannaleigur vega ekki að því markaðslaunakerfi sem verkalýðshreyfingin hefur unnið að að koma á í gegnum kjarasamninga sína og réttindabaráttu í mörg ár og áratugi. Það væri mjög slæmt ef afleiðingin af miklum fjölda fólks hér á landi yrði sú að markaðslaunakerfið færi að víkja. Þá er mjög hætt við því, hæstv. forseti, að það byrji mikil neikvæðni gagnvart þeim starfsmönnum sem eru hér á landi og eru ráðnir til þeirra starfa sem við þurfum á að halda.

Menn þurfa að þræða þennan gullna meðalveg, ég geri mér grein fyrir því. Ég hef hins vegar sagt, hæstv. forseti, að ég tel að það verði með öllum tiltækum ráðum að vernda markaðslaunakerfið og tryggja með einhverjum hætti að hér starfi menn á þeim kjörum sem samið er um í landinu og mér sýnist hér akkúrat verið að marka það, m.a. í 4. gr. um starfskjör þar sem vitnað er til allra þeirra laga sem íslenskir starfsmenn vinna eftir.

Hér er einnig tekið á slysatryggingum o.s.frv. í 7. gr. Við höfum því miður heyrt dæmi um fólk sem hefur unnið hér og slasast og er einhvern veginn á milli vita, þ.e. dæmi virðast hafa komið upp þar sem fólk er ekki tryggt og nánast enginn ber á því ábyrgð. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi heyrt um slík dæmi, m.a. uppi á Akranesi og víðar. Þetta er mál sem við þurfum að taka á.

Síðan held ég að það sé nauðsynlegt, hæstv. forseti, að upplýsa um rétt þessa fólks. Eru þetta iðnaðarmenn og hvaða réttindi hafa þeir þá, járnsmiðir, rafvirkjar o.s.frv.? Það verður að gera kröfu um slík réttindi og að þau liggi fyrir þannig að m.a. sérsambönd eins og Rafiðnaðarsambandið geti fylgst með því hvort erlendir starfsmenn hér séu með þau réttindi sem þeir eiga að hafa til að vinna við raflagnir o.s.frv.

Það er mikið mál, hæstv. forseti, að við stöndum bæði vörð um réttindi manna sem hafa menntað sig til ákveðinna starfa sem og um almenn starfskjör á vinnumarkaði og aðbúnað þess fólks sem hingað kemur.

Við höfum bent á það nokkrum sinnum í umræðunni í Frjálslynda flokknum að á síðasta ári hefðu komið mörg þúsund manns inn á íslenska vinnumarkaðinn, og við höfum spurt af því tilefni: Hvað telja menn að mikið af viðbótarvinnuafli geti komið inn á íslenskan vinnumarkað á hverju ári, t.d. næstu þrjú árin? Gera menn ráð fyrir því að vinnumarkaðurinn þoli 8–10 þús. manns á hverju ári, á þessu ári og næsta o.s.frv.? Ég dreg það mjög í efa, hæstv. forseti, nema hér fari af stað eitthvert ægilegt þenslukerfi í viðbót í verklegum framkvæmdum.

Eins og við sjáum í þessum lagaramma öðlast menn ákveðin réttindi við að dvelja hér. Eftir að þessir erlendu starfsmenn hafa kynnst landi og þjóð geta þeir auðvitað, ef þeim líkar svo, tekið ákvörðun um að setjast hér að. Það hefði verið fróðlegt, hæstv. forseti, að félagsmálaráðuneytið eða Vinnumálastofnun gerði á því könnun meðal erlendra starfsmanna sem hér hafa dvalið t.d. lengur en hálft ár eða 10 mánuði hvað þeir hygðust fyrir um framtíð sína. Hyggjast þeir taka sér hér bólfestu til lengri tíma, jafnvel setjast hér að það sem eftir er þeirra ævi og stefna til þess að verða í framtíðinni íslenskir ríkisborgarar? Við þurfum auðvitað að reyna að átta okkur á því eftir föngum hversu margt erlent fólk hyggst setjast hér að og hvernig fjölskylduhagir þess þá eru. Ef hingað koma erlendir starfsmenn og fá maka sína og börn eftir 6–8 mánuði og hyggjast dveljast hér, er þá hægt að átta sig á því með einhverjum hætti hversu mikill fjöldi það væri og hvernig við tækjum á því, m.a. í íslenska skólakerfinu?

Þetta tengist því að menn koma hingað til að starfa. Gildir þá einu af hvoru kyninu þeir eru, hvort um er að ræða karla eða konur. Fólk finnur hér starfskjör sem það telur betra en í heimalandi sínu og vill kannski festa búsetu sína í nokkur ár eða jafnvel áratugi. Ég þekki margt fólk sem hefur valið það að vinna hér árum og áratugum saman, en ætlar svo þegar það kemst á lífeyrisaldurinn að búa í sínu fyrra heimalandi en er þá búið að vera hér meira og minna í 20–30 ár sem starfsmenn og hálfbúandi hér í landinu. Sumir fjárfesta í húsnæði og aðrir eru í leiguhúsnæði allan tímann, jafnvel áratugi.

Hæstv. forseti. Ég tel að við séum að ræða mál sem getur orðið til mikilla bóta miðað við það ástand sem er og gæti orðið hér áfram á vinnumarkaði ef ekkert er aðhafst. Ég lýsi stuðningi mínum við það að leggja okkar af mörkum í Frjálslynda flokknum við að vinna þetta mál.

[15:10]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Ég vil fyrir það fyrsta lýsa því yfir að ég fagna því að þetta frumvarp skuli loks komið fram. Ég hygg að umræða undanfarinna mánaða hafi leitt í ljós að mikil og rík þörf hafi verið á því að lög og reglur um vinnumarkaðinn yrðu skýrð og jafnvel hert, sérstaklega hvað varðar erlenda starfsmenn sem eru komnir hingað til lands.

Við í Frjálslynda flokknum höfum verið mjög framarlega í þessari umræðu nú um margra mánaða skeið. Það má segja að umræðan hafi farið á fulla ferð þegar lögin um svokallaða frjálsa för launafólks voru samþykkt frá hinu háa Alþingi í lok apríl sl. Þau lög tóku gildi 1. maí sl. og þá

þegar vöruðum við mjög sterklega við því að leyfð yrði frjáls för launafólks frá svokölluðum nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins — ein tíu ríki ef ég man rétt, öll frekar fátæk ríki í Austur-Evrópu sem gengu í Evrópusambandið árið 2008. Við hefðum viljað nýta okkur það ákvæði í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að frjálsri för launafólks frá þessum löndum yrði frestað a.m.k. til 2009 eða 2011. Þannig hefði okkur Íslendingum, íslenskum stjórnvöldum og íslensku þjóðfélagi, gefist tími til að búa okkur undir það sem augljóslega mundi gerast. Hér var þensluástand en í mörgum af þessum löndum mikið atvinnuleysi. Við vissum það af reynslunni frá nágrannalöndunum, sem höfðu opnað landamæri sín strax árið 2008, til að mynda Stóra-Bretland, að ef við Íslendingar mundum velja þessa leið, þ.e. að opna alveg fyrir frjálsa för, yrði hætt við því að hingað mundi streyma mikill fjöldi útlendinga. Við í Frjálslynda flokknum höfðum strax uppi miklar efasemdir um að íslenskt þjóðfélag væri hreinlega búið undir þetta.

Ég hygg, virðulegi forseti, að reynslan hafi sýnt að við höfðum rétt fyrir okkur. Íslensk stjórnvöld og íslenskt þjóðfélag voru ekki búin undir þetta, því miður. Það hefur að mörgu leyti skapað bagalegt ástand. Það hefur greinilega komið fram í umræðunni og í fjölmiðlum nú í vetur að víða er ástandið óviðunandi. Við getum litið á launamálin. Við getum litið á búsetumál þeirra sem hingað eru komnir. Við getum litið á ýmis mál varðandi félagslegu hliðina, til að mynda menntamál, jafnvel heilbrigðismál og annað þar fram eftir götunum.

Ég held, frú forseti, að allir sem skoða þetta með opnum huga hljóti að sjá að það er mjög mikið til í þessu. Við í Frjálslynda flokknum höfum að sjálfsögðu haft miklar áhyggjur af því hvaða áhrif þetta mundi hafa á launakjör hér á Íslandi, hvaða áhrif þetta mundi hafa til að mynda á markaðslaunakerfið sem hefur verið byggt á Íslandi.

Þannig er málum háttað á Íslandi að við erum með samninga við launþega en þeir samningar eru þannig gerðir að lágmarkslaunin eru lág. Síðan bætist annað við lágmarkslaunin, yfirvinna, óborguð yfirvinna, önnur fríðindi og annað þar fram eftir götunum, sem gerir það að verkum að launin eru hærri en lesa má um í töxtum. Þetta er það kerfi sem hefur verið byggt upp á Íslandi. Þegar allt í einu kemur mikill fjöldi af fólki sem er reiðubúið að vinna í hinum ýmsu starfsgreinum á strípuðum lágmarkstöxtum, eða jafnvel undir þeim, er náttúrlega hætta á ferð. Það skapar eðlilega mjög mikla spennu og að sjálfsögðu óánægju meðal þeirra sem fyrir eru á íslenskum launamarkaði, ekki bara óánægju meðal Íslendinga heldur líka óánægju þeirra útlendinga sem þegar eru komnir hingað og hafa dvalið hér um nokkurt skeið. Að sjálfsögðu verða þeir líka óánægðir ef þeir standa frammi fyrir því að til þeirra kemur atvinnurekandi og segir: „Þú átt ekki lengur að fá 1.000 kr. á tímann, þú átt að fá 850 kr. á tímann. Ég er kominn með manneskju sem er reiðubúin að vinna á strípuðum lágmarkstaxta. Ef þú ert ekki reiðubúinn að samþykkja þetta getur þú bara farið og fundið þér vinnu annars staðar. Ég ætla að gera þetta svona.“ Við höfum heyrt dæmi um að þetta hafi einmitt verið að gerast. Það skapar auðvitað óánægju og spennu og vandamál í þjóðfélaginu. Það er bara þannig. Það er þetta sem við í Frjálslynda flokknum höfum haft mestar áhyggjur af og það er þetta sem við höfum verið að benda á í málflutningi okkar.

Nú er það því miður þannig að harkalega hefur verið snúið út úr því sem við höfum verið að segja, mjög harkalega og oft með ósvífnum hætti, t.d. af okkar pólitísku andstæðingum sem vita náttúrlega upp á sig skömmina. Þeir óttast þessa umræðu, þeir vita að þeir brugðust að verulegu leyti í vor. Þeir áttu ekki að segja já við frjálsri för launafólks frá 1. maí sl., þeir áttu að segja nei eins og við gerðum í Frjálslynda flokknum, bæði stjórnarandstöðuflokkarnir, Samfylking og Vinstri grænir, en að sjálfsögðu líka Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur. Það hefði í sjálfu sér verið ágætistæki til þess að slá á þenslu sem er nauðsynlegt miðað við þær efnahagsaðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu. Um leið hefðum við getað opnað á að íslenskt fólk, sem í dag situr heima og getur ekki verið á vinnumarkaði vegna óréttlátra skattareglna og annarra laga sem hafa verið sett í þessum sal, gæti verið á vinnumarkaði þó að það ynni bara hlutastörf.

Við sjáum það til að mynda í verslun og þjónustu, þar hafa laun lækkað eða ekki fylgt launaþróun í öðrum atvinnugreinum. Það hefur verið bent á það — mig minnir að einn af bönkunum hafi verið að benda á það hér um daginn í fréttabréfum eða greiningarskýrslum. Laun í verslun og þjónustu og laun í byggingariðnaði hafa alls ekki fylgt launaþróun í öðrum atvinnugreinum á Íslandi. Það er bara þannig.

Virðulegi forseti. Ég talaði aðeins um vinnumarkaðinn og hvernig það hefði farið. Ég er hér með tímaritið Ísafold. Þar er grein um þetta. Í þessu nýjasta hefti Ísafoldar kemur fram hvernig brotið er á starfskjörum erlendra verkamanna. Þar skrifar erlendur verkamaður eða launþegi sem hefur fengið vinnu hjá íslensku fyrirtæki eins konar dagbók — og þetta er nýskeð, þetta er frá því nú í janúar. Hann lýsir því, maður af pólskum uppruna, hver raunveruleikinn er hjá þeim erlendu starfsmönnum sem hingað koma. Það kemur fram að skráningu er ábótavant, það kemur fram að launasamningar virðast ekki standast. Það kemur fram að fólkið er látið greiða fyrir gistingu, fólkið er látið greiða fyrir fæði langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Fólk er látið greiða fyrir fæði þó að það eigi rétt á því að fá ókeypis fæði miðað við þau skilyrði sem það starfar við. Þetta er mjög athyglisverð lesning og ég hygg að hún segi ansi margt um það hvernig ástandið er.

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér er komið fram hefði að sjálfsögðu mátt koma fyrr. Ég vænti þess að þetta frumvarp muni að einhverju leyti leiða til þess að ráðin verði bót á málum. Í því er kveðið á um ákveðna eftirlitsskyldu ef svo má segja. Vinnumálastofnun fær á hendur skyldur varðandi eftirlit. Það má spyrja hæstv. félagsmálaráðherra þeirrar spurningar hvort ekki hefði verið eðlilegra að stéttarfélögin fengju beina aðild að því að sjá til að mynda ráðningarsamninga eða þjónustusamninga, að það þyrfti ekki að fara í gegnum Vinnumálastofnun. Mér þætti vænt um að fá að heyra það, virðulegi forseti, frá hæstv. ráðherra hvernig á því stendur að þetta er ekki fært beint í hendurnar á verkalýðsfélögunum. Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á það í málflutningi okkar að við teljum

mikilvægt að verkalýðsfélögin fái heimildir til að fylgjast með því að ekki sé verið að brjóta á þessu fólki og við teljum að verkalýðsfélögin sjálf séu best fær um að sjá um þetta.

Mig langar, virðulegi forseti, aðeins til að koma inn á stjórnmálaályktun Frjálslynda flokksins sem var samþykkt á landsþingi fyrir viku. Mig langar að lesa hana upp svo að hlutirnir séu á hreinu því að þetta er ályktun flokksins sem var samþykkt fyrir örfáum dögum. Fjórði kaflinn, um málefni innflytjenda, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frjálslyndi flokkurinn metur mikils vinnuframlag erlends fólks við uppbyggingarstarf í íslensku samfélagi síðustu missirin. Margt af þessu fólki mun dvelja hér langdvölum og ber samfélaginu skylda til að veita því stuðning og hjálp til aðlagast íslensku samfélagi, m.a. með íslenskukennslu.

Frjálslyndi flokkurinn telur afar nauðsynlegt að stjórnvöld hafi fullt eftirlit með komu erlends verkafólks inn á vinnumarkaðinn og tryggi að réttur þess sé virtur og aðbúnaður mannsæmandi.

Flokkurinn telur að fólk sem hingað kemur eigi að geta notað sína menntun og fagþekkingu á innlendum vinnumarkaði, enda sé fullgildum skírteinum framvísað.

Frjálslyndi flokkurinn mun þó beita sér fyrir að undanþága sú, sem samið var um í EES-samningnum, varðandi innflutning verkafólks frá aðildarlöndum EES, verði nýtt og innflutningur takmarkaður, í samræmi við ákvörðun íslenskra stjórnvalda. Yfirvöld verða á öllum tímum að hafa stjórn á því hverjir og hve margir innflytjendur koma til landsins. Jafnframt ber öllum, sem sækja hér um dvalarleyfi, að skuldbinda sig til að hlíta íslenskum lögum og stjórnarskrá.

Frjálslyndi flokkurinn varaði á Alþingi við afleiðingum þess að nýta ekki undanþáguákvæði um frjálst streymi fólks frá nýju aðildarlöndum Evrópusambandsins til landsins. Ríkisstjórnin neitaði að hlusta á þau varnaðarorð sem þingmenn Frjálslynda flokksins höfðu uppi, auk þess sem ríkisstjórnin vanrækti að marka stefnu í málefnum innflytjenda. Ekkert gerðist í þessum málum fyrr en Frjálslyndi flokkurinn hóf umræður um innflytjendamál sl. haust.

Íslenskt þjóðfélag er að breytast í fjölmenningarþjóðfélag og er afar mikilvægt að nýir borgarar aðlagist samfélaginu og kynnist menningu þjóðarinnar og tungu."

Þetta var stjórnmálaályktun Frjálslynda flokksins sem var samþykkt á Hótel Loftleiðum fyrir viku.

Ég hygg að frumvarpið, virðulegi forseti, sem hér liggur fyrir, frumvarp um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, sé a.m.k. gott skref eða ég vona það. Ég segi það með þeim fyrirvara að það á eftir að fjalla um þetta frumvarp í félagsmálanefnd þar sem ég sit, en ég hygg að þetta frumvarp sé gott skref í rétta átt til þess að tryggja að réttindi séu ekki brotin á því fólki sem hingað kemur, að verkalýðsfélögin eða yfirvöld, til að mynda Vinnumálastofnun, fái í hendur tæki til að fylgjast með því að ekki sé verið að brjóta réttindi á þessu fólki. Þannig getum við beitt okkur fyrir því að okkur takist að viðhalda markaðslaunakerfinu á Íslandi sem hefur verið byggt upp í mörg ár. Sé þetta skref í þá átt tel ég að þetta sé hið besta mál og hlýt náttúrlega að fagna því. Ég segi þó enn og aftur að frumvarpið hefði mátt koma fram miklu fyrr. Ég minni líka á að nýleg stefnumótun stjórnvalda um málefni innflytjenda hefði að sjálfsögðu líka mátt koma miklu fyrr. Okkur í félagsmálanefnd var lofað því að hún skyldi verða tilbúin fyrir 1. október sl. Hún var fyrst að koma fram núna fyrir örfáum dögum.

Ég vona að hæstv. félagsmálaráðherra taki gildar óskir okkar í stjórnarandstöðunni um það að við fáum að ræða þessa stefnumótun á Alþingi, að hæstv. félagsmálaráðherra leggi það helst fyrir þingið, til að mynda í formi skýrslu, þannig að hér geti farið fram sómasamlegar umræður um þá stefnumótun. Sú stefnumótun er að sjálfsögðu ekki fullkomin. Hún vekur upp ýmsar spurningar, sérstaklega varðandi útfærslu, kostnað og annað þar fram eftir götunum. Ég hygg að það væri mikill akkur í því fyrir hið háa Alþingi að fá að ræða þá stefnumótun í almennilegum umræðum og fá til þess góðan tíma.

Virðulegi forseti. Ég hef fylgt þessu frumvarpi aðeins úr hlaði. Ég reikna með því að það verði núna sent til félagsmálanefndar. Ég mun að sjálfsögðu fylgjast með afdrifum þess þar, bíð spenntur eftir því að fá að sjá umsagnir frá verkalýðshreyfingunni. Ég vona að þær umsagnir verði kannski aðeins meira í takt hver við aðra en var í vor þegar frumvarpið um frjálst flæði var samþykkt. Þá vöruðu ótal verkalýðsfélög allt í kringum landið mjög sterklega við því að frjálst flæði vinnuafls frá þessum nýju löndum Evrópusambandsins yrði heimilað, en Alþýðusamband Íslands, af einhverjum ótrúlegum orsökum sem ég kann ekki að nefna og tel ekki vera hlutverk mitt að reyna það, ákvað að horfa fram hjá öllum þeim umsögnum og gaf grænt ljós á að það mál yrði samþykkt.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið ræðu minni um þetta mál að þessu sinni.

[15:24]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi koma á framfæri leiðréttingu við hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson þegar hann fullyrðir að Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi brugðist í þessum málaflokki og vísar þar til þess þegar vinnumarkaðurinn var opnaður 1. maí á síðasta ári, þ.e. afnumin voru frestunarákvæði sem giltu gagnvart vinnuafli frá hinum nýju Evrópusambandsríkjum. Staðreynd málsins er sú að þessir tveir flokkar, að frumkvæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, lögðu til að frestunarákvæðið yrði framlengt til síðustu áramóta og að á þeim tíma yrði gengið frá því ágæta frumvarpi sem hér liggur fyrir þinginu, og í annan stað að fyrir lægi stefna í málefnum innflytjenda, stefna sem nú er í burðarliðnum. Við hefðum viljað að hún hefði verið komin fram fyrr og fengi þinglega meðferð.

Eitt vil ég segja: Þetta mál snýst ekki um girðingar og múra. Hinir 17 þúsund erlendu starfsmenn sem eru að störfum á Íslandi í dag væru hér hvað sem gert hefði verið síðastliðið vor. Þetta snýst allt um þenslu og eftirspurn í íslensku hagkerfi eftir þessu sama launafólki. Það er mergurinn málsins. Það sem vakti fyrir Alþýðusambandi Íslands, hygg ég, og þeim sem lögðu til að frestunarákvæðin yrðu felld brott úr lögum, var að mikilvægast væri að taka neð-

anjarðarkerfið upp á yfirborðið, sem m.a. er stefnt að með þessu frumvarpi. Það sem skiptir raunverulega máli er að við förum upp úr jörðinni með þessi mál og það hygg ég að vakað hafi fyrir Alþýðusambandi Íslands.

[15:27]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get skýrt mál mitt aðeins betur þegar ég sagði að flokkarnir hefðu brugðist. Ég tel að miðað við þær aðstæður sem ríktu í vor hefðum við átt að halda áfram með það kerfi sem við vorum með þar sem gefin voru út atvinnuleyfi og dvalarleyfi og við höfðum nokkurn veginn stjórn á því hverjir komu inn í landið. Það var þetta sem ég var að reyna að segja í vor þegar við ræddum þessi mál í félagsmálanefnd. Ég taldi það miklu vænlegra vegna þess að ég bjóst við að þróunin yrði með þeim hætti sem hún síðar varð.

Ég er ekkert endilega viss um að hér séu 17 þúsund manns, þeir gætu verið fleiri. Við höfum heyrt að skráningu sé jafnvel oft og tíðum töluvert ábótavant varðandi það hversu margir eru komnir inn í landið. Að sjálfsögðu tek ég undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að við þurfum að fá þetta upp á yfirborðið og Frjálslyndi flokkurinn er að sjálfsögðu reiðubúinn til að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. Við þurfum að koma þessum hlutum í fastar skorður. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að það sem hefur skapað þetta ástand er í raun og veru þenslan. Ég tel að þetta hafi allt saman hafist með Kárahnjúkum. Þetta byrjaði allt með Kárahnjúkum. Þá hófst þetta geggjaða þensluástand sem verið hefur í þjóðfélaginu allar götur síðan. Þá komust atvinnurekendur upp á lagið með það eða fundu út að tiltölulega auðvelt væri fyrir þá að skaffa ódýrt vinnuafl erlendis frá og flytja það inn í landið í stríðum straumum, eins og þeir hafa því miður gert, og jafnvel hafi þeim þá dottið í hug leið til að brjóta á þessu fólki.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki hafa svona ástand á íslenskum vinnumarkaði. Mér finnst það ekki vera okkur til framdráttar. Það er okkur ekki til sóma heldur sem þjóð að við séum með þannig ástand á vinnumarkaði að verið sé að brjóta á fólki sem hingað er komið með réttu til að vinna, og allt í lagi með það, og að í leiðinni sé verið að grafa undan því markaðslaunakerfi sem við höfum byggt upp á Íslandi og er náttúrlega undirstaða velferðarkerfisins á Íslandi.

[15:29]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði í ræðu minni áðan að erlent starfsfólk kemur til starfa á þrennum forsendum eða eftir þrennum leiðum. Í fyrsta lagi á vegum erlendra fyrirtækja, eins og þetta frumvarp fjallar um, í öðru lagi í gegnum EES-samninginn um frjálst flæði vinnuafls og í þriðja lagi á vegum starfsmannaleigna. Ég held að það fólk og nákvæmlega það fólk sem er að störfum hér á landi nú hefði komið, hvað sem hefði liðið öllum girðingum síðastliðið vor, til starfa á Íslandi í gegnum starfsmannaleigur.

Það kerfi eða fyrirkomulag sem við höfum orði vitni að á Íslandi á undanförnum mánuðum og missirum — þó að engan veginn sé hægt að alhæfa um allar starfsmannaleigur, það er ekki hægt, sumar geta verið ágætar en víða er pottur brotinn — er það allra versta. Ég held að það sem mestu máli skiptir sé að fá þessi mál algerlega upp á yfirborðið, aðgang að kjarasamningum, og fá síðan fest í lög eins og hér afdráttarlaus ákvæði um að lágmarkskjarasamningar skuli gilda á Íslandi um alla, hvaða leið sem þeir koma til landsins, og lágmarkstryggingar og lágmarksréttindi sem samið hefur verið um á íslenskum launamarkaði eða fest í lög til varnar launafólki.

Hvað varðar þensluna og eftirspurnina erum við fullkomlega sammála, ég og hv. þingmaður.

[15:31]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson segir að þeir sem hingað eru komnir hefðu örugglega komið hvort eð er og það hefði verið betra að hafa þetta eins og ákveðið var frekar en að þetta flæði hefði komið inn til landsins í gegnum starfsmannaleigur. Ég er ekki alveg sammála því. Ég held að við hefðum frekar átt að halda okkur við þær takmarkanir sem voru í gildi fyrir 1. maí. Þannig hefðum við haft í höndunum einhver tæki til að skrá fólk inn í landið, ef svo má segja, til að fylgjast með því hverjir væru komnir hingað. Þá hefði verið hægt að fylgja þeim betur eftir. Ég held að það hefði verið vænlegra.

Það má vel vera að það sé alveg rétt að fjöldinn hefði verið jafnmikill sem hingað hefði komið. Það hefur náttúrlega verið eftirspurn eftir vinnuafli miðað við þær aðstæður sem hafa ríkt í þjóðfélaginu. Það má vel vera. En ég tel að við hefðum haft tæki til að fylgja þessu betur eftir, hafa uppi betra eftirlit ef við hefðum gert það. Jafnframt hefðum við átt að setja hert lög, eins og til að mynda þau lög sem við ræðum hér í dag, og jafnvel önnur lög, varðandi starfsmannaleigur og annað þar fram eftir götunum. Við hefðum átt að veita verkalýðsfélögunum heimildir til að fara inn í fyrirtækin og fá að sjá kjarasamninga, launaseðla og önnur gögn sem varða kjör þessa fólks, jafnvel að verkalýðsfélögin hefðu fengið heimildir til að fylgjast grannt með því hverjar væru búsetuaðstæður fólks af erlendum uppruna sem kemur hingað til að starfa.

Það var opnað fyrir gáttirnar án þess að lagastoðirnar væru fyrir hendi. Það vorum við að reyna að benda á í vor. Við bentum á að þjóðfélagið væri ekki tilbúið. Það er það sem við höfum verið að benda á, það er það sem hefur verið rauði þráðurinn í öllum málflutningi Frjálslynda flokksins. En málflutningur okkar hefur verið afbakaður allrosalega oft og tíðum og snúið út úr honum með alls kyns upphrópunum og hreinum ósannindum.

Hitt vil ég svo líka segja, sem ég gleymdi að minnast á í fyrra andsvari mínu: Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði, ef ég man rétt, að Vinstri grænir hefðu lagt fram mörg þingmál um réttindi erlendra starfsmanna á Íslandi. Samfylkingin hefur líka gert það. Mér er fullkunnugt um það. Þessir tveir flokkar eiga fullan heiður skilið fyrir það, ég ætla ekki að draga neitt úr því. En mér finnst að þeir hefðu átt að bregðast öðruvísi við í vor þegar við í Frjálslynda flokknum vorum að hrópa.

[15:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að mér finnst ekki sanngjarnt af hv. þingmanni að koma í ræðustól og tala um að Samfylkingin og Vinstri grænir hafi brugðist í þessu efni. Hv. þingmaður hefur þá ekki fylgst með. Það er ekki sanngjarnt að hann komi hér, berji sér á brjóst og segi að það séu Frjálslyndir einir sem hafi haft áhyggjur af streymi fólks hingað til landsins. Hv. þingmaður var í félagsmálanefnd og hann vissi hvaða áherslu við lögðum þar, bæði um frestunina, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi, um að mótuð yrði stefna í málefnum innflytjenda, opnað verði fyrir flæði fólks hingað til landsins og að það mál sem við erum að fjalla um hér hefði orðið að lögum áður en opnað yrði fyrir innstreymi fólks. Þetta var okkar innlegg í málið. Og ég vil leyfa mér að minna hv. þingmann á að sá sem var kannski fyrstur til að færa þetta mál inn í þingsali fyrir fimm árum var Össur nokkur Skarphéðinsson, hv. þingmaður, sem lagði fram þingmál um að mótuð yrði stefna í málefnum innflytjenda. Við höfum því sannarlega haft áhyggjur af þessu og fundist vanta ákveðinn lagaramma til að við getum tekið vel á móti þessu fólki.

Hv. þingmaður nefnir líka að hann skilji ekki verkalýðshreyfinguna, af hverju hún hafi stutt þessa opnun í maí sl. Það kom skýrt í ljós í nefndarstarfinu af hverju ASÍ studdi þetta mál, kemur meira að segja fram í nefndarálitinu. Þar segir að með þessari opnun muni atvinnurekendur síður þurfa að nýta sér þjónustu starfsmannaleigna og því ætti frumvarpið að ýta undir beinar ráðningar milli atvinnurekanda og launamanns. Með öðrum orðum var verið að koma í veg fyrir félagsleg undirboð sem við vissum að viðgengust í gegnum starfsmannaleigurnar. Ég er sannfærð um, miðað við stöðu atvinnumála eins og hún var og hefur verið á undanförnum mánuðum, að jafnvel þó að við hefðum farið þá leið sem Frjálslyndir lögðu til, þ.e. að fresta því í tvö ár að taka á móti þessu fólki, hefði það komið í stríðum straumum í gegnum starfsmannaleigurnar — og ekki í minna mæli en gerðist áður en við nýttum þessa frestun.

[15:35]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var á fundum félagsmálanefndar þegar þetta mál var rætt á sínum tíma alveg eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Ég man vel, og ég hygg að hún muni það jafn vel og ég, á hvaða æðibunugangi málið var afgreitt í gegnum nefndina. Ef ég man rétt var mælt fyrir þessu máli í vor eitthvað í kringum 20. apríl. Það var afgreitt úr nefndinni viku síðar og var orðið að lögum þá. Einn, tveir, þrír og málið búið eða hvað? Það lá svo mikið á að við fengum ekki að kalla á fund nefndarinnar verkalýðsforingja víðs vegar að af landinu sem allir höfðu skilað inn mjög gagnrýnum umsögnum um löggjöfina um frjálsa för launafólks. Ég hygg að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir muni mætavel eftir þeim umsögnum. Við fórum yfir þær allar, lásum þær hverja og eina, og þær voru allar í hróplegri andstöðu við niðurstöðu ASÍ. Það er bara þannig. Þetta er allt saman til skjalfest.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bendir á. Stjórnarandstaðan fékk það þó í gegn að loforð yrði gefið af hálfu ríkisstjórnarinnar þess efnis að stefna skyldi liggja fyrir 1. október. Stjórnarandstaðan, þ.e. Samfylking og Vinstri grænir, fór fram á að þessu yrði frestað a.m.k. fram að áramótum. Við í Frjálslynda flokknum tókum fyrir það fyrsta þá afstöðu að ekki væri hægt að treysta því að ríkisstjórnin stæði við gefin loforð. Það kom á daginn að það var heldur ekki hægt að treysta því. Þessi stefnumótun var fyrst núna að koma fram, hálfu ári eftir að hún átti að vera tilbúin.

Það var talað um frestun fram að áramótum. Ég hygg að það hefði verið allt of stuttur tími til þess að gera þær nauðsynlegu breytingar og fara út í þann undirbúning sem þurft hefði. Við tókum hreinlega þá afstöðu í vor að vera á móti málinu, mótmæla því hástöfum og segja að við hefðum frekar átt að fara fram á frest til 2009 og 2011 og síðan einhenda okkur í þá vinnu sem svo augljóslega blasti við að við yrðum að fara í.

[15:38]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg fallist á það með hv. þingmanni að það var mikill hraði á þessu máli í gegnum þingið og í málsmeðferðinni í félagsmálanefnd. En mér finnst það ekki réttlæta að hv. þingmaður standi hér og segi að við í Samfylkingunni og Vinstri grænum höfum brugðist í þessu efni. Það er ekki okkar hvenær þetta mál var lagt fram og á hvaða hraða ríkisstjórnin knúði það í gegn. Við vorum fyrst og fremst með ábendingar um það sem við töldum að betur mætti fara eins og ég sagði. Frjálslyndir segja ávallt: „Við vildum þessa frestun í tvö ár.“ En það er grundvallaratriði í þessu máli að miðað við atvinnuástandið er ég sannfærð um að útlendingar hefðu komið hingað í jafnmiklum mæli inn á vinnumarkaðinn og þá í gegnum starfsmannaleigurnar, sem er miklu lakari kostur. Nú eru gerðir beinir samningar milli atvinnurekanda og launamanns en þá hefðu samningar og undirboð verið falin í gegnum starfsmannaleigurnar. Það er mergurinn málsins.

Til að halda því til haga sem var grundvallaratriði í okkar huga þegar lögin um starfsmannaleigurnar voru sett — og það var það sem verkalýðshreyfingin var að gagnrýna um land allt — vil ég minna á að við vildum fá inn ákvæði um að notendafyrirtæki beri ábyrgð á því að allir sem hjá þeim starfa njóti launa og annarra starfskjara þrátt fyrir að starfssamband viðkomandi starfsmanns og notendafyrirtækis sé byggt á milligöngu starfsmannaleigu. Það var grundvallaratriði. Um það fluttum við í Samfylkingunni tillögu og hún var felld. Við höfum því svo sannarlega í allri meðferð málsins í gegnum þingið reynt að reisa þær girðingar sem nauðsynlegar eru til þess að aðlögun útlendinga á íslenskum vinnumarkaði geti verið með sem bestum hætti og við lærum af reynslu annarra þjóða þar sem þau mál hafa farið miður.

[15:40]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og sá sem hér stendur hafa ólíka sýn á það hvað hefði verið hægt að gera í vor þegar verið var að keyra

þessi lög í gegnum þingið á methraða. Það verður þá bara svo að vera. Ég tel að stjórnarandstöðuflokkarnir hefðu átt að sameinast um að reyna að þvinga ríkisstjórnina til að koma með nýtt frumvarp á lokadögum apríl sl., frumvarp þar sem farið — eða réttara sagt þetta er ekki nema ákveðin orðalagsbreyting í ákveðnum lagatexta, ég er ekki einu sinni viss um að þetta þurfi að fara fyrir Alþingi. Jú, sennilega þarf það að gera það. En þessi litla breyting hefði verið gerð á lögum um útlendinga, ef ég man rétt, þar sem við höfðum farið fram á frestun til 2009 eða 2011. Þetta er sú hernaðaraætlun sem stjórnarandstaðan hefði átt að leggja upp með. Þetta var mín skoðun í vor og skoðun okkar í Frjálslynda flokknum í vor og er enn. En þetta var ekki gert og við sjáum að ríkisstjórnin hefur átt í miklum vandræðum með að efna þau loforð sem hún þó reyndi að gefa stjórnarandstöðunni á þessum vordögum. Það er bara þannig, þetta er búið og gert. Þessi lög tóku gildi og núna stöndum við frammi fyrir mjög miklum félagslegum áskorunum, t.d. á vinnumarkaði, á launamarkaði, varðandi menntakerfið og hugsanlega heilbrigðiskerfið líka. Við vitum ekki alveg hvernig við ætlum að leysa þetta. Ég vona að hæstv. félagsmálaráðherra geti svarað þinginu einhverju um það þegar hann mælir — ég vona að hann geri það — fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar sem nú liggur þó fyrir í þessum málum. Þegar maður les yfir þá stefnumótun vakna mjög margar áleitnar spurningar um það hvernig við ætlum að fara að því að útfæra þá þætti sem þar eru nefndir, eins og varðandi menntamálin, hvernig við eigum að skipta hlutverkum milli sveitarfélaga og ríkis og annað þar fram eftir götunum.

En enn og aftur: Ég vona svo sannarlega að það frumvarp sem hér liggur fyrir sé þó a.m.k. skref í rétta átt. Ég mun leggja mig allan fram í þeirri vinnu sem bíður okkar í félagsmálanefnd.

[15:42]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð til að varpa ljósi á það sem gerðist hér sl. vor. Það er alveg rétt, sem hér hefur verið minnt á, að þá var samþykkt frumvarp eða lagabreyting í talsverðum flýti. Ástæðan var sú að frumvarp ríkisstjórnarinnar var mjög seint fram komið og það var alveg undir lok aprílmánaðar að við vorum að fjalla um þetta í þinginu. Ef ekkert frumvarp hefði verið samþykkt í lok apríl 2006 hefði vinnumarkaðurinn opnast algerlega vegna þess að um var að ræða fyrirvara sem festur hafði verið í lög við stækkun Evrópusambandsins vorið 2004. Sá fyrirvari gilti í tvö ár. Ef ekkert hefði verið að gert hefði vinnumarkaðurinn opnast að fullu. Þessi fyrirvari tók til tíu ríkja, strangt til tekið átta vegna þess að Kýpur og Malta voru strax undanþegin þessum fyrirvara. Eftir stóðu þá átta ríki. Enn eru fyrirvarar gagnvart þessum átta ríkjum. Þeir fyrirvarar lúta að því að allt starfsfólk sem kemur frá þessum ríkjum ber að skrá og tilkynna til Vinnumálastofnunar og öll viðleitni frá þessum tíma hefur gengið út á að sjá til þess að sú skráning sé eins og vera ber. Út á þetta hefur starf verkalýðshreyfingar og stjórnvalda gengið, að færa það sem var neðan jarðar upp á yfirborðið og inn í traustari skráningu en ella hefði verið. Það gilda aðrar reglur um starfsfólk frá þessum ríkjum en um starfsfólk annars staðar en í Evrópusambandinu þannig að vinnumarkaðurinn er ekki að öllu leyti, eins og ég skil það, opinn gagnvart þessu starfsfólki.

Það sem mér finnst skipta meginmáli, og ég vildi ítreka það í lokaorðum mínum, er tvennt: Í fyrsta lagi að við búum við stefnu í málefnum innflytjenda sem við teljum viðhlítandi og sátt er um í samfélaginu og tryggir réttindi og kjör aðkomufólks til Íslands.

Í annan stað er það mín skoðun að við séum að kalla á allt of margt fólk til landsins á of skömmum tíma með því þenja atvinnukerfið. Ég er sammála því sem hér kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að þetta hófst með Kárahnjúkavirkjun og stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar hefur kynt undir þessa stefnu. Síðan hefur þetta hlaðið utan á sig og alls staðar er boginn spenntur til hins ýtrasta. Þá verðum við sem búum við lítið hagkerfi, við erum ekki ýkjafjölmenn þjóð, að gæta að því sem hugsanlega á eftir kemur. Við höfum áður upplifað mikla þenslu í íslensku hagkerfi. Við þurfum ekki að fara lengra aftur en til ársins 1987. Þá var mikil þensla og mikil eftirspurn eftir vinnuafli á íslenskum atvinnumarkaði. Síðan rennur upp árið 1988, 1989, 1990, 1991 og það dregur saman og hér verður mesta atvinnuleysi sem orðið hefur á Íslandi frá lokum seinna stríðs. Þetta eru hlutir sem geta að sjálfsögðu hent aftur og þá reynir á allar stoðir okkar velferðarsamfélags. Það reynir á Atvinnuleysistryggingasjóð. Það reynir á almannatryggingakerfið. Það reynir á alla innviði samfélagsins. Þess vegna ber okkur að sýna aðgát og hyggindi þegar við skipuleggjum efnahagskerfi okkar og hvað við tökum okkur fyrir hendur þar. Hér beini ég mjög þungum ásökunum í garð stjórnvalda sem hafa þanið hagkerfið til hins ýtrasta og halda áfram eins og brennuvargar, kveikja bara í næsta bálkesti; næsta álver, næsta stóriðjuver, næstu virkjanir, næstu stórframkvæmdir. Þetta er mergurinn málsins. Þarna er að finna rót vandans. Hana er því miður að finna í Stjórnarráði Íslands í þeirri efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt og ýmsir aðilar aðrir í íslensku atvinnulífi.

[15:48]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að mörgu leyti mjög sammála greiningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Það er kannski eitt atriði sem ég annaðhvort skil öðruvísi en hv. þingmaður eða við höfum ekki sömu sýn á.

Með því að nýta okkur ekki fyrirvarann síðastliðið vor eða framlengja hann til áramóta, eins og hv. þingmaður vildi leggja til, höfðum við ekki lengur vald á því að stýra flæði fólks inn í landið. Erlent fólk gat komið til landsins og ég hef haft spurnir af því, af því að ég þekki sæmilega til, að fólk kemur til landsins með ferðatöskuna sína og ákveður að leita sér að vinnu, hefur meira að segja verið á puttaferðalagi frá Austfjörðum til Reykjavíkur til að leita sér að vinnu.

Hin hliðin á þessu máli, sem er alveg rétt og hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að áðan, eru starfsmannaleigurnar. Það er akkúrat eins og hann lýsti því. Það var auðvitað hætta á því að við fengjum flóð í gegnum starfsmannaleigurnar en við opnunina gátum við ekki lengur haft yfirsýn yfir hvaða fólk kom hingað á eigin vegum og gat ráðið sig

til vinnu. Það hefur auðvitað verið að gerast.

Ég vil líka segja í lok þessarar stuttu athugasemdar minnar að það gekk orðið mjög vel hjá Vinnumálastofnun að afgreiða atvinnuleyfi fyrir 1. maí á síðastliðnu vori. Við sjáum það bara á afgreiðslu leyfanna að það gekk virkilega hratt þó að við værum með þessa galla.

[15:50]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega erfitt að átta sig á því hvað hefði gerst ef. (**GAK:** Ég er að tala um það.) Já, en mín skoðun er sú eða mín tilfinning er sú að hið sama hefði gerst, sama fólkið væri hér að störfum hvað sem gert hefði verið 1. maí. Hitt breyttist að eftirlitið með erlendu launafólki, og nú eftir samþykkt þessara laga með starfsfólki sem starfar hjá erlendum fyrirtækjum, er og verður sífellt betra og það er þetta sem ég held að skipti sköpum. Við bjuggum við það ófremdarástand að fólk var að koma hingað á vegum starfsmannaleigna og það gerist enn og er ekki í öllum tilvikum slæmt en í allt of mörgum tilvikum er það slæmt. Ég held að það sem meginmáli skipti sé aðkoma verkalýðshreyfingarinnar að samningum og eftirlit hennar, eftirlit Vinnumálastofnunar, skráning, samstaða í þjóðfélaginu um að sjá til þess að farið sé að kjarasamningum, lögum og reglum. Þetta skiptir meginmáli, en hvað varðar múrana og girðingarnar þá skulum við ekki gleyma því að við Íslendingar viljum geta komist annað til að leita starfa. Við viljum ákveðna gagnkvæmni þarna. Þess vegna er meginmálið að við fylgjum efnahagsstefnu sem er skynsamleg, sem er hyggileg, og að við spennum bogann ekki of hátt eins og við erum að gera núna með aðkomu allt of margs fólks á allt of skömmum tíma. Ég óttast að með þessari stefnu kunni að bresta einhverjir þættir í innviðum okkar ágæta velferðarsamfélags. Það er þetta sem ég óttast ef við sýnum ekki gát. Það eigum við tvímælalaust að gera.

[15:52]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þessar áhyggjur hv. þingmanns í lokin. Við erum auðvitað búin að fá mikinn fjölda fólks inn í landið og það mun reyna á velferðarkerfi okkar. Það mun reyna á Atvinnuleysistryggingasjóð o.s.frv. ef atvinna dregst snögglega saman hér á landi. Það eru því margar hliðar á þessu máli.

Hitt er alveg ljóst, hæstv. forseti, að það sem við vorum einfaldlega að ræða í vor, í Frjálslynda flokknum, var hvort við ættum að nota okkur þennan fyrirvara til 2009. Við vorum ekki að leggja til „lok, lok og læs“ á það að fólk kæmi inn í landið. Við lögðum eingöngu til að við hefðum sömu yfirsýn og okkur sýndist Vinnumálastofnun vera farin að hafa, því að a.m.k. eins og ég sá á upplýsingum frá Vinnumálastofnun, þó að ég sé ekki með þær tölur fyrir framan mig, var afgreiðsla á fólki af erlendu bergi brotnu hröð inn í landið fyrir 1. maí, þó að það hafi kannski orðið óðruvísi og breyst meira eftir 1. maí.

[15:54]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þegar allt kemur til alls séu menn ekki ýkja ósammála í þessum málum. Það skiptir mestu máli fyrir íslenskt samfélag og fyrir sameiginlega hagsmuni okkar sem þjóðar að okkur takist að mynda breiða samstöðu um þessi mál, bæði varðandi stefnu í málefnum aðkomufólks til Íslands, málefnum innflytjenda, og einnig hitt að íslenskir kjarasamningar og lög og reglur sem gilda um réttindi íslensks launafólks séu virt og gildi einnig gagnvart aðkomufólki .

[15:55]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)**:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna um þetta frumvarp, því er almennt vel tekið í þessari umræðu og það er að sjálfsögðu vel. Þetta mál er eitt af fjölmörgum málum sem hefur verið unnið að og er unnið að sem snerta erlent vinnuafl og innflytjendur almennt og það er ekki síst til þess fallið að treysta innviði vinnumarkaðarins og viðhalda eðli hans sem er auðvitað mikilvægt.

Það er góð samstaða um þetta mál meðal aðila vinnumarkaðarins og þeirra sem komu að gerð frumvarpsins. Það er mjög mikilvægt og treystir málið að sjálfsögðu. Mér er ekki kunnugt um, af því að spurt var um það áðan, atriði í því sem ágreiningur var um. Hins vegar hygg ég að það hafi kannski verið mismunandi skoðanir á einhverjum atriðum en það sem skiptir meginmáli er að mjög góð samstaða er um málið meðal aðila vinnumarkaðarins og að hér er verið að færa ýmis mál til betra horfs en verið hefur og byggir það m.a. á fenginni reynslu.

Ég ætla að reyna að svara einhverjum af þeim spurningum sem til mín var beint í umræðunni. Rætt var um stöðu Vinnumálastofnunar, hvort hún hefði burði til að taka við þeim verkefnum sem frumvarpið felur i sér. Vinnumálastofnun er í raun þegar byrjuð að móta verklag vegna þessa frumvarps og þar nýtur stofnunin þess að hafa áður mótað verklag vegna framkvæmdar laganna um starfsmannaleigur á síðasta ári og í þessu tilfelli verður um svipað fyrirkomulag að ræða. Það er mat manna að fjárveitingar sem liggja fyrir eigi að nægja stofnuninni til að standa undir þessum verkefnum.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til mín nokkrum spurningum sem ég ætla að leitast við að svara eftir bestu getu.

Fyrst um eftirlitsþáttinn, um að skylda fyrirtækin til að veita upplýsingar. Þá eru menn að velta fyrir sér hverju er verið að breyta í sambandi við skyldur erlendra fyrirtækja til að veita upplýsingar. Því er til að svara að hér er verið að skýra skyldur fyrirtækjanna til að veita upplýsingar um ráðningarkjör og fleira en fram að þessu hefur sá þáttur ekki verið nógu skýr, það er verið að leitast við að skýra það með þessu frumvarpi.

Spurt var um fulltrúa fyrirtækja hér á landi, hvernig eigi að framkvæma það og hver beri kostnaðinn. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að það sé mál viðkomandi fyrirtækja að sjá til þess að fulltrúar þeirra séu hér og að viðkomandi fyrirtæki beri kostnað af því.

Þá velti hv. þingmaður fyrir sér lögunum um starfsmannaleigur, hvers vegna þetta ákvæði fari ekki inn í lög um starfsmannaleigur. Því er til að svara að í 21. gr. frumvarpsins er einmitt kveðið á um ákveðnar breytingar á lög-

um um starfsmannaleigur. Ég vísa til þess í þessu sambandi.

Varðandi undirboð þá var því velt upp hvort verið væri að leggja skyldur á notendafyrirtæki til að tryggja að útsendir starfsmenn njóti eðlilegra kjara. Í frumvarpinu er fyrst og fremst verið að beina spjótunum, ef við getum orðað það svo, að þjónustufyrirtækjunum sjálfum, um að þau veiti þær upplýsingar sem kveðið er á um í frumvarpinu að þau skuli veita.

Síðan var fjallað um búsetumál útlendinga sem minnst var á í nokkrum ræðum. Þetta er mál sem við þekkjum og var rætt á síðasta ári. Ég skipaði starfshóp í lok síðasta árs til að fara sérstaklega yfir þau mál og markmiðið var að hann lyki störfum í lok janúar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er starfshópurinn u.þ.b. að ljúka störfum og ég vænti þess að það verði sem allra fyrst því að þetta er mikilvægt mál. Mér skilst að starfshópurinn muni leggja til einhverjar breytingar á lögum um lögheimili, þó að ég hafi ekki fengið þær tillögur í hendur og get ég því ekki fjallað um þær frekar á þessari stundu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði í fyrirspurn sem hún hefði lagt fyrir félagsmálaráðherra um erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði og velti því upp hvort við værum nógu vel stödd varðandi tölulegar upplýsingar um þau mál. Ég held að það sé margt til í því að við þurfum að bæta þar úr. Það er að sjálfsögðu eitt af þeim verkefnum sem fyrir okkur liggja en ég vonast til að svarið komi sem allra fyrst og mun athuga það mál eftir að þessari umræðu lýkur. En ljóst er að þetta frumvarp mun hjálpa okkur til að halda utan um þær upplýsingar sem við erum að fjalla um hér.

Síðan velti hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir einnig fyrir sér hvernig eftirliti með kjörum starfsmanna er háttað þegar um útboðsmál er að ræða, og það kom fram í fleiri ræðum, hygg ég. Hún spurði einnig hvort við hefðum orðið vör við einhvern misbrest á þessu og hvernig brugðist hafi verið við. Vinnumálastofnun hefur eflt mjög samstarf við verkalýðshreyfinguna og Vinnueftirlitið. Mér skilst að hafi menn orðið varir við einhver slík mál hafi Vinnumálastofnun leitast við að bregðast við þeim með þeim tækjum sem stofnunin hefur í lögum og reglum en markmið þessa frumvarps er að styrkja það.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson velti upp nokkrum málum. Ég hygg að ég hafi svarað nokkrum þeirra þegar, en hann velti m.a. fyrir sér hvað gerðist ef fyrirtæki veita ekki þær upplýsingar sem þeim ber. Sem svar við því vísa ég í 15. gr. frumvarpsins þar sem fram koma ákveðin viðurlagaákvæði er það varðar og ætla ég ekki að lesa það upp sérstaklega.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson velti fyrir sér af hverju verkalýðsfélög fá ekki heimild til eftirlits og aðgangs að ráðningarsamningum. Ég hygg að það megi segja að hér sé um að ræða samkomulagsmál aðila vinnumarkaðarins hvort slíkt ætti að vera við lýði en í þessu frumvarpi er samkomulag aðila vinnumarkaðarins um eftirlit og hvernig því skuli vera háttað og full samstaða um það.

Loks var fjallað um stefnu ríkisstjórnarinnar í aðlögun innflytjenda, hvernig Alþingi ætti að koma að umræðu um það. Ég hef lýst því yfir að að sjálfsögðu eigi að leggja þetta mál upp til umræðu á Alþingi og ég vænti þess að fá tækifæri til þess sem fyrst. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson nefndi t.d. þann kost að leggja málið fram sem skýrslu til umræðu. Það kemur vel til greina en í hvaða formi sem málið verður þá vænti ég þess að við fáum tækifæri til að ræða þessi mikilvægu mál, innflytjendamálin, sem fyrst á Alþingi.

[16:03]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú hefur hæstv. félagsmálaráðherra hlýtt hér á athugasemdir þingmanna og umræður um málefni erlends fólks á vinnumarkaðnum. Það hafa fleiri gert og orðið vitni að málflutningi okkar í Frjálslynda flokknum. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti tekið undir þau orð samþingmanns síns úr Framsóknarflokknum, hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur, þar sem hún sakar hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson um hatur á útlendingum og að ala á andúð og segir að það hafi komið greinilega fram í ræðu á landsþingi Frjálslynda flokksins. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti tekið undir þessi orð og fundið þeim einhvern stað í ræðu hans eða fundið þeim einhvern stað í þeirri umræðu sem hefur farið fram hér. Það væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. ráðherra getur tekið undir þessi orð hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur. Ef hann gerir það væri sjálfsagt að hann tilgreindi einhver dæmi um hatur eða andúð Frjálslynda flokksins í garð fólks af erlendu bergi brotnu. Ef ekki, þá eru þetta bara ómerkilegar dylgjur hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur.

[16:05]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki alveg hvað hv. þingmaður er að vísa í. Ég hef ekki séð eða heyrt það sem hann er að tala um þannig að ég vildi gjarnan fá að skoða það áður en ég er krafinn svara um eitthvað slíkt.

[16:05]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur mér á óvart að hæstv. ráðherra hafi ekki kynnt sér þetta vegna þess að hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir er talsmaður Framsóknarflokksins í þessum málaflokki, en hún sagði eftirfarandi í pistli í síðdegisútvarpi Rásar 2 í Ríkisútvarpinu, með leyfi forseta:

„Um síðustu helgi stigu frjálslyndir skrefi lengra í andúð sinni, þeir hættu að daðra við andúð á útlendingum og ákváðu að ganga alla leið. Það kom greinilega fram í setningarræðu Guðjóns Arnars, formanns flokksins, sem talaði á þann veg að auka og ala á ótta fólksins í landinu við fólkið sem hingað kemur í atvinnuleit."

Mig langar að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort hann geti tekið undir þessi orð. Ef hann getur það finnst mér að Framsóknarflokkurinn eigi að finna þeim einhvern stað í þeirri ræðu sem formaður Frjálslynda flokksins flutti. Ef ekki, þá eru þetta einfaldlega dylgjur og það er þetta nefnilega, þetta eru dylgjur. Ég efast um að hæstv. ráðherra geti fundið þessum orðum hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur einhvern stað í þeirri orðræðu sem fram fór á þingi Frjálslynda flokksins. Ef hann gerir það ekki eru þetta bara dylgjur og ég efast um að hæstv. ráðherra treysti sér í þessa umræðu.

[16:07]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er nokkuð berskjaldaður í þessu máli því eins og ég sagði þá hef ég ekki séð eða heyrt það sem hv. þingmaður vitnaði í og ég skal líka viðurkenna það og bið þar með ágætan vin minn, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson velvirðingar á því. Ég hef heldur ekki lesið ræðu hans enn þá, þannig að ég er svolítið á reiki í því hvernig ég á að svara þessu.

[16:08]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

*Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. félagsmálaráðherra* fyrir svör hans. Hann svaraði að mörgu leyti ágætlega en ég vil þó hnykkja á tveimur til þremur atriðum í viðbót sem voru óskýr í svörum ráðherra.

Nú veit hæstv. félagsmálaráðherra að ég hef margítrekað að fá það fram hjá hæstv. ráðherra að hann leggi fram á Alþingi stefnumótun í málefnum innflytjenda þannig að félagsmálanefnd geti fjallað um hana og hún farið til efnislegrar umfjöllunar og atkvæðagreiðslu í þinginu og við getum gert á henni þær breytingar sem við teljum til bóta. Mér kom það þess vegna mjög á óvart að bæði hæstv. ráðherra er enn óviss hvernig hann ætlar að leggja fram þessa stefnumótun og að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hafi tekið undir það að það væri allt í lagi að ræða þetta í einhverri umræðu um skýrslu frá ráðherra. Það er tvennt ólíkt að ræða skýrslu eða að málið, þ.e. stefnumótunin komi til efnislegrar umfjöllunar í félagsmálanefnd þar sem við tökum afstöðu til hennar, greiðum atkvæði um hana og betrumbætum hana ef þurfa þykir. Ég minni á að hjá félagsmálanefnd liggur fyrir tillaga frá Samfylkingunni um stefnumótun í þessum málum og þá þarf að skoða þessa stefnumótun líka í tengslum við þá tillögu sem liggur fyrir félagsmálanefnd þannig að ég bið ráðherrann um skýrari svör.

Síðan spyr ég ráðherrann: Hvenær er það nákvæmlega sem við megum vænta þess að fá inn í þingið breytingar á lögunum um lögheimili til að hægt sé að taka á því vandamáli sem uppi er núna og tengist fastri búsetu í atvinnuhúsnæði? Það hefur komið fram að það fólk sem býr í atvinnuhúsnæði býr þar við allsófullnægjandi aðstæður. Það má ekki gerast að við fáum þetta til umfjöllunar á síðustu dögum þingsins og getum því ekki fjallað um þetta með eðlilegum hætti.

Ég vil einnig spyrja hv. þingmann frekar út í breytingar á lögunum um starfsmannaleigur og geri það í síðara andsvari mínu.

[16:10]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst varðandi búsetumálin og það allt saman þá svaraði ég því til áðan að eftir því sem ég kemst næst er starfshópurinn sem var skipaður í lok desember alveg um það bil að ljúka störfum. Mér skilst að það sé meiningin að fulltrúar hans komi jafnvel fyrir félagsmálanefnd í vikunni til að gera grein fyrir stöðu málsins, þannig að ég vona að það verði úr.

Varðandi stefnu ríkisstjórnarinnar um innflytjendamál þá hef ég sagt að mér þykir eðlilegt að þau mál verði rætt á Alþingi. Ég veit að við erum ekki sammála um það ég og hv. þingmaður með hvaða hætti það á að vera, en ég vænti þess að við fáum þá umræðu sem allra fyrst og ég hef frekar hallast að því að sú umræða eigi að verða umræða um skýrslu frekar en þingsályktun. En við erum ekki sammála um þetta og það verður bara að leysa úr því.

[16:11]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Ég vil bara ítreka það, hæstv. forseti, að mér þykir það fullkomlega óeðlilegt og niðurlæging við þingið ef þingið fær ekki að fjalla með eðlilegum hætti um stefnumótun í málefnum útlendinga og taka afstöðu til hennar, greiða atkvæði um hana og gera á henni breytingar. Það er auðvitað allt, allt annað en að ráðherra komi og lesi upp þessa stefnumótun sem við vitum nákvæmlega hvernig er, síðan verður umræða um hana í hálftíma eða klukkutíma og það er allt og sumt sem Alþingi fær að segja um þetta mál sem er stórt mál og hvernig á því verður tekið, mér finnst þetta ófært, að Alþingi fái ekki að fjalla um þetta mál, senda það út til umsagnar, þannig að aðilar sem málið varðar og hafa skoðanir á því fái að segja álit sitt á stefnumörkuninni, leggja til breytingar og gera athugasemdir sem þingið eftir atvikum tekur tillit til og verður þá tekist á um í atkvæðagreiðslunni. Og ég vona að fleiri þingmenn taki undir það með mér að það er ekki hægt að bjóða þinginu upp á einungis klukkutímaumræður, þar sem ráðherra les upp sína skýrslu og menn gera athugasemdir við hana án þess að takast á um þetta í atkvæðagreiðslu eða við meðferð málsins í félagsmálanefnd.

Ég vil líka segja varðandi starfsmannaleigurnar að mér finnst mjög sérkennilegt hvernig þetta er sett upp í frumvarpinu, þetta kemur sem síðasta málsgrein í því án þess að þess sé nokkuð getið í heiti frumvarpsins að verið sé að breyta lögum um starfsmannaleigur. Ég efast um að það standist tæknilega að setja þetta upp með þessum hætti og það munum við skoða í nefndinni en efnislega vil ég spyrja ráðherrann hvort í þeim breytingum sem hér á að gera á lögum um starfsmannaleigur felist það ákvæði sem við lögðum alla áherslu á að yrði sett inn í frumvarpið. Það er ákvæðið um að notendafyrirtækið beri ábyrgð á því að allir sem hjá þeim starfa njóti launa og annarra starfskjara þrátt fyrir að starfssamband viðkomandi starfsmanns og notendafyrirtækis sé byggt á milligöngu starfsmannaleigna. Þetta er grundvallaratriði ef starfsmannaleigulögin eiga að virka og ég spyr hvort tekið sé á því í frumvarpinu.

[16:13]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eftir því sem ég kemst næst þá er þetta ekki með þeim hætti sem hv. þingmaður nefndi. Það er hins vegar gert ráð fyrir að skattayfirvöld hafi leiðir til þess að fá þessar upplýsingar. Að öðru leyti held ég að mjög gott sé að um þetta atriði verði fjallað í félagsmálanefnd þar sem sérfræðingar munu koma og fara yfir þetta atriði.

[16:14]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Umræðan um málefni útlendinga á sér margar hliðar. Þeim var velt upp á landsþingi Frjálslynda flokksins. Þar voru þessi mál rædd frá ýmsum hliðum. Þessi umræða er greinilega mjög viðkvæm. Hún er mjög viðkvæm fyrir Framsóknarflokkinn sem kennir sig við gildi sem ég man nú ekki hvað heita, eitthvert nýyrði hjá formanninum, gott ef það var ekki þjóðhyggja. Ég vona að hæstv. félagsmálaráðherra geti upplýst í hverju þjóðhyggjan felst.

Stefna Framsóknarflokksins í þessum málaflokki virðist vera að úthrópa alla málefnalega umræðu og sverta hana. Einhverjum kann að finnast það sérstakt að ég skuli finna að því við framsóknarmenn. Þá á ég við hörundsára framsóknarmenn sem hefur sviðið undan ýmsum aðfinnslum mínum þegar ég hef bent á gjörðir þeirra og fyrrum formanns Framsóknarflokksins, Halldórs Ásgrímssonar, þegar hann sölsaði undir sig ríkiseignir, m.a. Búnaðarbankann. Mörgum hefur fundist sá sem hér talar fara yfir strikið þegar ég hef sagt að hann hafi selt bankann fjölskyldu sinni og nánum samstarfsmönnum. Ég sé að hæstv. félagsmálaráðherra er nokkuð órótt og lítur á klukkuna þegar ég fer í gegnum þessar staðreyndir. Ég held að framsóknarmenn ættu að líta í eigin barm þegar þeir sverta umræðu á landsþingi Frjálslynda flokksins. Ég held að fáir þingmenn hafi hagað sér jafndólgslega hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir gerði í pistli í Ríkisútvarpinu, gagnvart samþingmanni sínum Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Ég ætla að grípa niður í pistil hv. þingmanns þar sem hún segir:

„Um síðustu helgi stigu frjálslyndir skrefi lengra í andúð sinni, þeir hættu að daðra við andúð á útlendingum og ákváðu að ganga alla leið. Það kom greinilega fram í setningarræðu Guðjóns Arnars, formanns flokksins, sem talaði á þann veg að auka og ala á ótta fólksins í landinu við fólkið sem hingað kemur í atvinnuleit. Ég ætla ekki að endurtaka hér ógeðfelldan boðskap formanns frjálslyndra en láta nægja að segja að þar komu fram viðhorf sem þær þúsundir Íslendinga sem flytja tímabundið til útlanda til náms og starfs þurfa sem betur fer ekki að mæta hjá öðrum þjóðum."

Ég tel að þjóðin eigi einfaldlega heimtingu á að fá að heyra hjá hæstv. félagsmálaráðherra hvort hann geti tekið undir þessi orð. Gerir hann það, frú forseti? Það væri fróðlegt að heyra hvort hann getur tekið undir þessi orð. Hann sagði í umræðunni að hann hefði ekki kynnt sér ræðuna. Maður hefði haldið að hann hefði kynnt sér þá ræðu. Talsmaður hans í þessari umræðu hafði aldrei heyrt annað eins líkt og hún dylgjaði um. Hæstv. félagsmálaráðherra forðast þessa umræðu og reynir að koma sér hjá henni.

Mér finnst að þjóðin eigi heimtingu á að vita hvort ráðherra geti tekið undir þessi orð. Er hægt að finna þessu stað í ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, formanns Frjálslynda flokksins? Ég get ekki fundið þann málflutning. Mér finnst að flokkur sem hefur kveinkað sér undan orðræðu, m.a. undan orðum mínum, verði að geta rökstutt orð sín að að einhverju leyti. Ég hef rökstutt orð mín og farið nákvæmlega yfir það þegar menn hafa kvartað undan því að ég hafi gengið nærri fyrrum formanni Framsóknarflokksins, Halldóri Ásgrímssyni. Þá hef ég bara rakið þau gögn sem liggja fyrir og lagt þau fram í umræðunni. Hvað hefur gerst? Framsóknarmenn hafa hrakist undan.

Nú kveður við annan tón. Nú fara framsóknarmenn í Ríkisútvarpið með dylgjur og geta síðan ekki staðið við orð sín. Þessar dylgjur hafa einnig verið í þingsölum. Í kjölfar þess að þingi Frjálslynda flokksins lauk ræddi hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson eitthvað um þessi mál en fór frekar halloka úr þeirri umræðu.

Ég tel rétt að fara rækilega í gegnum umræðuna. Það hefur verið lagt út á versta veg að formaðurinn skuli hafa minnst á að fylgjast bæri með smitsjúkdómum. Í sóttvarnalögum kemur fram að fylgjast beri með smitsjúkdómum. Það á að fylgjast með berklum. Það er einfaldlega skylda stjórnvalda. Ef þetta misbýður hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur svo að hún telji sig vera í fullum rétti til að vera með dylgjur og svívirðingar um fólk í Ríkisútvarpinu þá finnst mér að framsóknarmenn ættu að finna þeirri orðræðu einhvern stað. Umræðuna um berklana má m.a. finna í grein í blaði SÍBS þar sem Helgi Hróðmarsson læknir fer rækilega í gegnum málið og minnir stjórnvöld á skyldu sína í þessum efnum. Mér ótrúlegt þegar fólk fer svona fram af í umræðunni.

Ég vonast til þess að framsóknarmenn svari fyrir þennan pistil hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur. Það væri sómi að því að hæstv. ráðherra gerði það og ræddi hvort hægt væri að finna þeim orðum stað í ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, að hann hafi gengið of langt. Pistill Sæunnar Stefánsdóttur keyrir algerlega um þverbak. Það segir alla söguna um hvað hæft er í orðum hv. þingmanns að þeir framsóknarmenn sem hér eru treysta sér ekki til að ræða þessa hluti ... (**MÁ:** Það er nú enginn.) Hæstv. félagsmálaráðherra situr í hliðarherbergi og treystir sér ekki til að ræða þetta. Það er einfaldlega svo.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma en hér er greinilega um viðkvæmt mál að ræða sem framsóknarmenn reyna að afvegaleiða. Þessi umræða og þær þjóðfélagsbreytingar sem eiga sér stað á Íslandi eiga allt annað skilið en þvílíkan málflutning sem hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir viðhafði á Rás 2 fyrr í vikunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Bókmenntasjóður, 1. umr.*

Stjfrv., 513. mál (heildarlög). — Þskj. 776.

[16:23]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um bókmenntasjóð og fleira. Í þessu frumvarpi er lagt til að stofnaður verði bókmenntasjóður sem taki í raun við hlutverki þriggja sjóða, þ.e. Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og þýðingarsjóðs. Síðan er einnig lagt til að fella það hlutverk sem Bókasafnssjóð höfunda gegnir í III. kafla laganna, sem heitir Greiðslur fyrir afnot af bókasöfnum. Ég ætla að gera grein fyrir, frú forseti, hlutverki þeirra þriggja sjóða sem ég nefndi í upphafi áður en ég fer í einstök efnis-

atriði og kafla frumvarpsins.

Menningarsjóður, síðar Bókaútgáfa menningarsjóðs, var settur á stofn með lögum um menningarsjóð og menntamálaráð, nr. 50/1957. Í 1. gr. laganna var hlutverki sjóðsins lýst þannig að honum væri ætlað að styðja við íslenska menningu með því að efla listir og vísindi. Lög um menningarsjóð og menntamálaráð voru síðan leyst af hólmi með gildandi lögum, með nýjum lögum um Menningarsjóð, nr. 79/1993. Hlutverk hans er að styrkja útgáfu vandaðra bókmenntaverka á íslenskri tungu, einkum fræðirit, handbækur, orðabækur og menningarsöguleg rit samanber 1. gr. þessara laga.

Þýðingarsjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 35/1981, hefur verið nýttur til að styrkja þýðingu vandaðra erlendra bóka á íslensku og Bókmenntakynningarsjóður var stofnaður árið 1982. Hann gegnir því hlutverki að kynna íslenskar bókmenntir erlendis og greiða fyrir útgáfu með þýðingarstyrkjum og með þátttöku Íslands í erlendum menningarviðburðum og alþjóðlegum samskiptum á sviði bókmennta.

Bókmenntakynningarsjóður veitir einnig þýðendum íslenskra bókmennta ferðastyrki til að heimsækja Ísland og íslenskum rithöfundum ferðastyrki til að kynna verk sín erlendis. Bókasafnssjóður höfunda hefur greitt höfundum fyrir afnot af bókum þeirra á bókasöfnum. Lög um sjóðinn eru frá 1997 en rætur hans má rekja til Rithöfundasjóðs Íslands sem starfaði samkvæmt 11. gr. laga um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976.

Nú gilda lög um Bókasafnssjóð höfunda frá árinu 1997. Úthlutað er til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa vegna notkunar bóka þeirra í bókasöfnum. Skilyrði úthlutunar eru að bækur hafi verið gefnar út á íslensku eða þýddar á íslensku samanber 3. gr. laganna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella hlutverk Bókasafnssjóðs höfunda undir lög um bókmenntasjóð og fleira eins og nánar er lýst í III. kafla frumvarpsins.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að það fé sem varið hefur verið samkvæmt fjárlögum til bókmennta úr nokkrum sjóðum og á vegum menntamálaráðuneytisins renni í bókmenntasjóð. Í fjárlögum 2007 eru bókmenntasjóði ætlaðar 37,3 millj. kr. en til viðbótar ætti fjárlagaliður 02-983-1.11, Styrkir til útgáfumála, 14 millj. kr., einnig að renna í bókmenntasjóðinn. Samkvæmt fjárlögum 2007 renna 24,6 millj. kr. til Bókasafnssjóðs höfunda.

Ég mun nú, frú forseti, gera nánari grein fyrir einstökum ákvæðum frumvarpsins.

I. kafli snertir markmið frumvarpsins og yfirstjórnina en þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og búa íslenskri bókmenningu hagstæð skilyrði.“

Síðan segir: „Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna er varða bókmenntir samkvæmt lögum þessum.“ — Þetta er í samræmi við 7. tölul. 10. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, þar sem segir að menntamálaráðuneytið fari með mál er varða menningarstarfsemi hvers konar, stuðning við hana og kynningu innan lands og utan.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um bókmenntasjóð en hlutverk bókmenntasjóðs er að efla íslenskar bókmenntir og útgáfu bóka á íslenskri tungu eins og nánar kemur fram í 1. mgr. 2. gr. í stafliðum a–d. Bókmenntasjóði er ætlað að veita styrki til útgáfu frumsaminna íslenskra skáldverka auk fræðirita á íslensku eða erlendum málum svo fremi þau efli íslenska menningu. Bókmenntasjóður lánar útgefendum eða styrkir þá til útgáfu á vönduðum erlendum bókverkum á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita. Í c-lið er síðan fjallað um það hlutverk Bókmenntakynningarsjóðs að greiða fyrir aukinni kynningu og útgáfu á verkum íslenskra höfunda um allan heim. Í d-lið er skapað svigrúm til að stjórn bókmenntasjóðs geti sinnt ýmsum verkefnum sem upp kunna að koma og falla undir verksvið hennar.

Í 3. gr. laganna er fjallað um skipan stjórnar bókmenntasjóðs. Gerð er tillaga um fimm manna stjórn verði skipuð til þriggja ára í senn þannig að Rithöfundasamband Íslands tilnefni tvo fulltrúa í stjórnina. Þá er lagt til að Félag íslenskra bókaútgefenda tilnefni einn fulltrúa. Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna tilnefni einn fulltrúa í sjóðstjórn og ráðherra skipi formann án tilnefningar. Stjórn bókmenntasjóðs ákveður árlega skiptingu fjárveitinga sjóðsins á milli viðfangsefna samkvæmt stefnu sjóðsins sem mótuð er til þriggja ára í senn og úthlutar úr sjóðnum. Ráðherra kemur því ekki að einstökum úthlutunum og styrkveitingar verða ekki kærðar til ráðherra. Ráðherra hefur hins vegar áhrif með útgáfu reglugerða, með samþykki stefnu stjórnar og með vali á formanni sem er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Gert er ráð fyrir því að ráðherra geti falið stjórn bókmenntasjóðs að semja við til þess bæran aðila um að reka t.d. skrifstofu til að annast umsýslu með verkefnum sjóðsins.

Í III. kafla er eins og ég gat um áðan rætt um greiðslu fyrir afnot af bókasöfnum, þ.e. til höfunda vegna notkunar bóka þeirra á bókasöfnum, annars vegar vegna útlána bókanna og hins vegar vegna afnota bóka á lestrarsölum bókasafna. Hér er lögð til sú breyting að réttur til úthlutunar sé bundinn við höfunda bóka sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins en skilyrði gildandi laga um að bækur hafi verið gefnar út eða þýddar á íslensku falli brott. Breytingin er til komin vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA en í ágúst 2006 kynnti ESA þá bráðabirgðaniðurstöðu stofnunarinnar að lögin um Bókasafnssjóð höfunda eins og þau eru núna væru andstæð 4. gr. EES-samningsins og 1. mgr. eða 5. gr. tilskipunar ráðsins um leiguútlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarrétti á sviði hugmyndaréttar. — Hér eftir ætla ég einfaldlega að nefna það tilskipunina. — Sú niðurstaða var rökstudd því að hvers konar óbein mismunun á grundvelli ríkisfangs innan EES-svæðisins sem leiddi til sömu niðurstöðu og bein mismunun fæli í sér brot gegn 4. gr. samningsins.

Í svari íslenskra stjórnvalda við framangreindu bréfi ESA frá október 2006 var ekki fallist á framangreinda ályktun en þar sem líta mætti svo á að núverandi fyrirkomulag kynni að fela í sér óbeina mismunun á grundvelli ríkisfangs mundu íslensk stjórnvöld huga að því að fella brott tungumálaskilyrði laga um Bókasafnssjóð höfunda. Sú breyting sem hér er lögð til hefur þegar verið kynnt ESA á fundi embættismanna í Brussel 9. janúar síðastliðinn og

telur ESA að breytingin sé til þess fallin að leiðrétta framangreinda mismunun gagnvart erlendum EES-ríkisborgurum.

Í 2. mgr. 4. gr. eru taldir upp þeir sem rétt eiga til úthlutunar. Rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein eiga rithöfundar, þýðendur, myndhöfundar og tónskáld, auk annarra einstaklinga sem átt hafa þátt í ritun bóka, enda sé framlag þeirra skráð hjá Landskerfi bókasafna eða á annan sannanlegan hátt. Það er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi við umsóknir og skráningu hjá Landskerfi bókasafna sem verður nánar útfært í reglum settum á grundvelli 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Í tilefni af athugasemdum ESA er sú breyting lögð til að hlutur þýðenda erlendra bóka verði aukinn úr einum þriðja af fullri úthlutun í tvo þriðju, á móti einum þriðja til erlends EES-rithöfundar. Ástæða þykir til að taka fram að réttur til úthlutunar fyrir afnot verka á bókasöfnum er persónulegur réttur sem er aðeins bundinn við rétthafa sjálfan. Í því felst árétting á því markmiði 4. og 5. gr. frumvarpsins að afmarka fjárstuðning vegna notkunar verka á bókasöfnum við lifandi höfunda og nána afkomendur þeirra. Hafi rétthafi framselt höfundarétt að verki á hann enga kröfu á úthlutun vegna notkunar þess á bókasöfnum.

Í 3. mgr. er fjallað um úthlutun til erfingja rétthafa og er þar stuðst við sömu reglur og gilt hafa samkvæmt 4. gr. laga nr. 33/1997.

Í 5. gr. er lagt til að þriggja manna úthlutunarnefnd annist úthlutun vegna afnota verka á bókasöfnum. Einn er tilnefndur af Hagþenki og annar af Rithöfundasambandi Íslands auk hins þriðja, sem er formaður, sem menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Hér er um að ræða fækkun miðað við fimm manna stjórn sem annast úthlutun úr Bókasafnssjóði höfunda.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji reglur um lágmarksúthlutun til rétthafa en hámark gildandi laga verði afnumið. Á verðlagi október 2006 er lágmarkið 1.496 kr. og hámarkið 452.924 kr. Ákvarðanir um úthlutun til rétthafa sæta ekki stjórnsýslukæru til æðra stjórnvalds og er sú tilhögun í samræmi við 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Hér er einnig lagt til að tekin verði upp heimild fyrir menntamálaráðherra til að fela úthlutunarnefnd að semja við þar til bæra aðila til að annast umsýslu á umsóknum og greiðslum samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar.

Frú forseti. Ég hef gert grein fyrir þessu frumvarpi, sem snertir bókmenntasjóð og fleira. Því er m.a. ætlað að gera regluverkið um bókmenntirnar skýrara, vonandi skilvirkara og markvissara en verið hefur. Við höfum rætt þetta við hlutaðeigandi aðila og átt ágætissamstarf við þá. Ljóst er að allir hafa metnað til að halda áfram að kynna enn frekar okkar góðu bókmenntir. Ég vona að fyrsta skrefið í þá átt verði að skipuleggja þetta regluverk. Til þess er þetta frumvarp fallið.

Ég legg til, frú forseti, að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni 1. umr.

[16:34]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hér er um að ræða tvö frumvörp í einu. Annars vegar eru búnar til nýjar eða endurnýjaðar reglur um það sem nú heitir Bókasafnssjóður höfunda, með ábendingum aðallega frá Evrópu og nokkrum öðrum breytingum. Ég ætla ekki að ræða það frekar, við skoðum það í menntamálanefnd.

Hins vegar er um að ræða sameiningu þriggja smárra sjóða, Menningarsjóðs, Bókmenntakynningarsjóðs og þýðingarsjóðs, og um þetta allt saman eru höfð þau orð í 1. gr. frumvarpsins að markmið laganna sé „að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og búa íslenskri bókmenningu hagstæð skilyrði.“ Það má segja um þessa grein að það er stórt orð Hákot.

Það er tillaga höfunda og útgefenda og hefur verið að sameina þessa þrjá örsjóði til þess að nýta betur fé og minnka umsýslu. Í tilkynningu sem kom frá menntamálaráðherra um daginn var talað um að í þeim sjóði mundu að lokum verða 50 milljónir. Ég var spurður um þetta, hvernig á þessu stæði, og ég fann ekki þessar 50 milljónir heldur fann ég aðeins 37,3 milljónir sem er 800 þús. kr. minna en sem núna rennur til þessara þriggja sjóða og þess liðar sem bætt er þar við. En með vandlegum lestri má auðvitað segja að hægt sé að finna þeim 50 milljónum stað, að vísu ekki á árinu 2007, því ári sem á að samþykkja frumvarpið og því ári sem núverandi ráðherra lifir á og hugsanlega ekki lengur sem ráðherra. Hér er sem sé setning í greinargerðinni, með leyfi forseta, sem er svona: „Til viðbótar ætti fjárlagaliður 02-983-1.11 Styrkir til útgáfumála, 14 millj. kr., einnig að renna í bókmenntasjóðinn.“ Ég endurtek í endursögn: Til viðbótar ætti þessi fjárlagaliður einnig að renna í bókmenntasjóðinn, hvernig sem liðir renna í sjóð.

Um þetta er það að segja að sá styrkur til útgáfumála eða þeir styrkir til útgáfumála sem þessu nema á árinu 2007 hafa þegar runnið til útgáfumála og var það verkefni fjárlaganefndar og menntamálanefndar í haust að dreifa til ýmissa útgáfumála. Ég veit ekki betur en þeir hafi allir farið til þeirra, a.m.k. fóru þeir úr menntamálanefnd þar sem ég sit, mjög vandlega til útgáfumála. Hér er um undarlegt orðalag að ræða sem er skrýtið að túlka og sérstaklega skrýtið að setja fram þannig að um 50 milljónir séu á ferðinni og láta að því liggja að sett hafi verið aukið fé til þessara mála, sem alls ekki er raunin, því það hefur verið minnkað. Hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, lagði til með fjárlögunum að framlög til bókmenntastyrkja til að efla útgáfu á Íslandi yrðu minnkuð um u.þ.b. 800 þús. kr. eða næstum milljón ef maður tekur þennan lið með sem um var rætt.

Ætli það sé ekki skynsamlegt hjá höfundum og útgefendum að sameina þessa þrjá sjóði. Þeir eru smáir og með því að sameina þá kann að vera hægt að nýta betur það örlitla minnkandi fé sem látið er til þeirra renna og minnka umsýsluna eða umsýslukostnaðinn þar með. Hins vegar er áberandi að hér er óðruvísi að farið en með tónlistarsjóð, sem við urðum sammála um að stofna um daginn og er eitt af hreystiverkum menntamálaráðherra að hafa gengist fyrir, því hann var ekki einungis stofnaður á svipaðan hátt heldur strax bætt við hann fé og síðan í öðrum umgangi þannig að þeirri sjóðstofnun hefur verið vel tekið og líklegt er að sá sjóður efli tónlistarstarf á Íslandi og kynningu tónlistar erlendis.

Nú verður að taka fram, forseti, að eiginlegir styrkir fyrir útgáfumál og sérstaklega í ljósi þessara digru orða í 1. gr.

frumvarpsins, eiginlegir styrkir til útgáfumála af opinberri hálfu eru sennilega hvergi lægri á Norðurlöndum en hér. Þar er auðvitað undanskilinn launasjóður rithöfunda og fræðihöfunda sem er staðið nokkuð þokkalega að, enda er það ekki styrkur til útgáfumála nema í mjög óbeinum skilningi. Það er full ástæða til að efla þennan stuðning á litlu málsvæði sem ætlar sér mikil afrek í framtíðinni eins og í fortíð, og ástæða til að fara yfir það, úr því að það er ekki gert í athugasemdum við frumvarpið, hverjir þessir óeiginlegu styrkir eru til útgáfumála, því að í öllum ráðuneytunum, um allt kerfið er í raun verið að styrkja ýmsa útgáfu. Við könnumst við það úr fjárlögunum að styrkt er útgáfa á iðnsögu og tónlistarsögu sem fellur beint undir menntamálaráðuneytið. Fornritafélagið fær frá forsætisráðuneytinu 14 eða 15 millj. kr. til að gefa út biskupasögur, sem þeir eru að gefa út núna. Þannig mætti telja áfram og er sjálfsagt að fá yfirlit um það í nefndinni. Það má minna á Gjöf Jóns Sigurðssonar og ýmsa aðra sjóði, hygg ég, sem eru á beinum vegum ríkisins. Þegar þetta allt er talið kynnu því að vera, sagði mér glöggur bókamaður, um 100–120 millj. kr. sem renna frá ríkisvaldinu til útgáfumála, ef farið er í gegnum ráðuneytin, þó einungis 37,3 milljónir eða 50 sé hér um að ræða.

Munurinn er sá að í þessu ráðuneytakerfi eru engar umsóknir, þar talar maður við mann. Þar hefur verið byggt upp eins konar opinbert bókaútgáfukerfi til hliðar við markaðinn, eins konar ríkisútgáfa og þetta þarf auðvitað að fara í gegnum. Ég tek fram að ég er ekki að lasta þau verkefni sem styrkt eru með þeim hætti. Ýmis þeirra eru alveg ágæt, önnur þyrfti kannski að fara að skoða. En ef verið er að samræma styrki til útgáfumála og ef meiningin er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og búa íslenskum bókmenntum hagstæð skilyrði, eins og stendur í 1. gr., hefði verið metnaðarfyllra að geta um þennan þátt líka sem sennilega er, eins og þessi bókamaður sagði mér, jafnstór í peningum og sá sjóður sem hér er um að ræða.

Ég held að það sé rétt stefna í frumvarpinu, þó ekki sé gengið nema lítið skref, sú sama og er um tónlistarsjóð, að færa sjálfa úthlutun fjárins úr höndum ráðherra annars vegar og þingnefnda hins vegar yfir í faglegar stofnanir eins og hægt er, þar sem fagmenn meta það umfram stjórnmálamenn eða vini hvernig á að úthluta fénu og eftir hvaða stefnu það er gert.

Ég vil einnig segja að Alþingi þarf auðvitað að hafa svigrúm í sambandi við þennan fjárlagalið til að fylla upp í göt og koma í veg fyrir slys. Þess vegna er ekki rétt að taka alla þá styrki til útgáfumála, 14 millj. kr., sem hér er um að ræða og ætlast til að þeir renni í þennan sjóð og verður sennilega ekki að veruleika hvað sem ráðherra vill. Þá er ósagt og skal sagt hér að mörg einkennileg dæmi eru um fjárveitingar héðan frá Alþingi til bókaútgáfu. Sumar fjárveitingarnar eru á vegum einstakra ráðamanna á þingi eða í ríkisstjórn án þess að nokkur hafi komið þar nærri sem faglegt vit hefur á. Það er því ekki gott að halda slíku áfram en ef við komum okkur upp skilgreiningu á verksviði Alþingis í þessum málum og látum afgreiðsluna vera í menntamálanefnd en ekki í fjárlaganefnd, þar sem geðþóttaákvarðanir eru tíðar í þessum efnum, þá tel ég að rétt sé að halda þessu svigrúmi.

Um þetta frumvarp er það að segja, ef einhver væri hér til að hlusta, t.d. hæstv. menntamálaráðherra, að það er byggt á tillögum starfshóps menntamálaráðherra sem skipaður var árið 2005, stendur í frumvarpinu. Lykilþátturinn í þeirri setningu eru orðin „m.a.“ þ.e. „m.a. byggt á tillögum starfshóps menntamálaráðherra sem skipaður var árið 2005 til að gera tillögur um breytingar á skipulagi sjóða er styrkja bókmenntir og bókaútgáfu svo og kynningar“ — í fleirtölu af einhverjum ástæðum — „á íslenskum bókmenntum erlendis.“

Ekkert frekar er sagt af starfi nefndarinnar en það veður sem ég hef haft af því er að vissulega hafi verið talað um þessa sameiningu en talað hafi verið um mun meira fé í þennan sameiginlega sjóð. Talað hefur verið um að stjórn sjóðsins yrði einhvers konar ráð sem færi þá með eins konar ráðgjafarhlutverk en ekki bara sjóðstjórn sem úthlutar og ekki má kæra. Það er auðvitað klárt að gagnsæi þarf að vera við slíka úthlutun, það þurfa að vera einhverjar meginreglur sem úthlutað er eftir og þörf væri á því að úr því að sjóðstjórnin tekur yfir allt þetta svið og er valdamikil, þá móti hún einhvers konar stefnu sem menn geta séð að úthlutað er eftir.

Þar var líka, að því er mér skilst, talað um þá hugmynd sem nokkuð lengi hefur verið uppi að til verði einhvers konar bókmenntaskrifstofa, eða hvað á að kalla hana, sem taki við hlutverki bókmenntakynningarstofu, heiti hún það, og fengi aukið hlutverk sem opinber umsýslu- og samskiptaaðili, svo hrannað sé upp nútímamáli, um bókmenntir, útgáfu og höfunda. Það stendur sjálfsagt ekki á því að menntamálanefnd fái tillögur þessa starfshóps í heilu lagi vegna þess að þá getum við skoðað hvernig þær voru og hver munurinn er á þeim og frumvarpinu. Ég bið líka um að menntamálaráðherra skýri af hverju ekki er farið eftir þeim tillögum sem mér skilst að hafi komið frá nefndinni.

Ég vil segja að lokum eða á undan blálokum að það er frjálsleg lagaumgjörð um þennan sjóð í frumvarpinu núna, sumir mundu segja losaraleg. Það eru engar reglur sem eiga að fylgja frá Alþingi um sjóðinn, nema sú að nú má styrkja útgáfu á öðrum tungum en íslensku og ég verð að viðurkenna að ég er ekki algerlega sannfærður um þá reglu eða tilbúinn að hleypa henni í gegn án þess að hún verði skilgreind betur. Það er ekkert um íslensku í sjóðnum, ekkert er um það sem menn hafa rætt undanfarin ár, eftir að Menningarsjóðurinn gamli lagðist niður sem útgáfufyrirtæki, að ástæða sé til að stofna orðabókarsjóð eða íslenskusjóð til að styrkja sérstaklega útgáfu orðabóka og hjálpargagna um íslensku og íslensku í tengslum við önnur tungumál, við tvímálaorðabækur og hjálpargögn ýmis.

Það er klárt að slíkt verkefni hefur reynst ákaflega erfitt á íslenskum bókamarkaði, útgáfumarkaði. Einstök forlög ráða varla við þetta og um það eru erfið og sorgleg dæmi hvernig forlög hafa farið út úr stórvirkjum á þessu sviði. Og það er kannski ástæðan fyrir því að sums staðar verður maður var við eftirsjá eftir gamla Menningarsjóðnum sem ekki var búist við þegar hann var lagður niður.

Sjóðstjórn þarf að skapa jafnvægi og ákveðna festu í úthlutunum sínum en hún þarf líka að geta mótað starf sitt eftir kröfum tímans og almennri menningarstefnu í landinu, m.a. og kannski einkum þeirri sem ríkisstjórn á að móta á

hverjum tíma og menntamálaráðherra fylgir fram, sem við höfum því miður ekki séð mikið af, a.m.k. ekki á blaði eða í skilgreiningum hingað til. Um þetta vantar allt í frumvarpið. Sjóðstjórnin ræður í rauninni sjálf meira og minna hvað hún gerir. Ég er ekki alveg reiðubúinn að fallast á það án þess að það sé skýrt fyrir mér hvers vegna það er haft svona.

Forseti. Sennilega er skynsamlegt að fella saman þessa þrjá örsjóði, sem er í raun og veru eina efnisatriðið í frumvarpinu fyrir utan bókasafnamálin. Hver þeirra er upp á 10 milljónir og þeir eru auðvitað of smáir til að halda þeim áfram.

Því miður virðist hafa verið kastað til höndum við þetta verk, kannski af því að nú þurfa ráðherrar að klára sín mál fyrir vorið og þurfa að hafa eitthvað til að geta sveiflað í átökunum fram undan. Ekki eru nýtt, hvorki með skipulagi né fjármagni, þau sóknarfæri sem liggja í endurskipulagningu af þessu tagi. Það kemur skýrast fram í fjármálunum eins og ég nefndi áðan, að tannfé nýja sjóðsins er lækkun heildarframlaga um 800 þús. kr.

Hér er á ferð í heildina heldur ómerkilegur málatilbúnaður um mál sem verðskuldar miklu vandaðri vinnu og miklu meiri reisn og metnað, en ég get lofað þingheimi því fyrir mitt leyti og míns flokks að frumvarpið verður athugað vandlega og ítarlega í menntamálanefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Rammaáætlun um náttúruvernd, fyrri umr.*

Þáltill. ISG o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

[16:49]

**Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):**

Virðulegur forseti. Fyrir þinginu liggur þingmálaþrenna frá þingflokki Samfylkingarinnar sem við lögðum fram í þinginu þegar í haust og hefði að sjálfsögðu átt að koma hér öll til umræðu en það er fyrst nú sem mælt er fyrir fyrsta málinu af þremur í þessari umræðu. Þessi þingmál miða að því að ná utan um þá brotakenndu virkjana- og stóriðjustefnu sem nú er við lýði.

En hvaða þrjú mál eru þetta? Það er í fyrsta lagi sú rammaáætlun um náttúruvernd sem ég tala hér fyrir. Síðan er það í öðru lagi breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu en þar er lagt til að iðnaðarráðherra verði gert skylt að bera það undir Alþingi þegar veitt eru rannsóknar- og nýtingarleyfi vegna virkjana. Í þriðja lagi er um að ræða tillögu til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem lagt er til að umhverfisráðherra verði að leita samþykkis Alþingis fyrir nýtingu íslenska ákvæðisins samkvæmt Kyoto-bókuninni.

Eins og ég sagði er þetta tilraun okkar til að ná utan um þessa brotakenndu virkjana- og stóriðjustefnu sem nú er rekin og þennan málaflokk sem einkennist nú mjög af stjórnleysi vegna aðgerða eða eftir atvikum aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar. Með þessum þingmálum viljum við freista þess að ná tökum á þessum málaflokki.

Það stjórnleysi sem ríkir í málaflokknum er nokkuð merkilegt, virðulegur forseti, vegna þess að eins og allir vita hefur hæstv. iðnaðarráðherra sagt að tímabili virkrar stóriðjustefnu sé lokið og nú sé málið í höndum kaupenda og seljenda raforku, þ.e. í höndum álfyrirtækja og orkufyrirtækja og svo sveitarfélaga. Hvað þýðir þetta í raun? Hvað þýðir það að tímabili virkrar stóriðjustefnu sé lokið? Það þýðir einfaldlega að stjórnvöld hafa afsalað sér ábyrgð á málaflokknum. Eins einkennilega og það hljómar hafa stjórnvöld ákveðið að fela álfyrirtækjunum og orkufyrirtækjunum stefnumótunina í þessum málaflokki. Venjulega er það þannig að stjórnvöld marka stefnuna. Síðan geta þau eftir atvikum falið einkaaðilum framkvæmd stefnu sem byggir á mjög skýrt afmörkuðum lögum og reglum en nú er þessu alveg öfugt farið. Stjórnvöldin hafa afsalað sér stefnumótunarvaldinu í hendurnar á þessum aðilum úti á markaðnum en síðan eru það jafnvel fyrirtæki í eigu hins opinbera sem framfylgja jafnframt þeirri stefnumótun sem þar á sér stað. Það er búið að hafa algjör endaskipti á þessum hlutum, virðulegur forseti, og þess vegna er það algjört ábyrgðarleysi af hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórninni allri þegar hún segir að tímabili virkrar stóriðjustefnu sé lokið og henni komi þetta ekki lengur við. Það er algjört ábyrgðarleysi á mjög mikilvægum málaflokki sem hefur afgerandi áhrif á efnahagslíf okkar, umhverfi og framtíð. Það er mjög mikilvægt, virðulegur forseti, einmitt vegna þess hvernig þessum málum er fyrir komið að núna verði tekið í taumana og það verði reynt að ná utan um málaflokkinn og beita þeim stjórntækjum sem við höfum til þess.

Samfylkingin hefur farið í gríðarlega mikla umræðu á undanförnum missirum og árum í þessum málaflokkum í öllu sem lýtur að auðlindanýtingu og umhverfisvernd. Þessi þingsályktun og tvö frumvörp sem ég minntist á áðan eru afurð þeirrar umræðu og stefnumótunar og ég fullyrði, virðulegur forseti, að enginn þingflokkur hefur verið eins iðinn við að leita lausna í þessum málaflokki og Samfylkingin hefur verið. Við höfum ekki bara skoðanir á málaflokknum heldur höfum við litið á það sem skyldu okkar að benda á færar leiðir til að takast á við hann. Við kynntum í sumar tillögur okkar sem við kölluðum Fagra Ísland, og Fagra Ísland er í rauninni áætlun um hvernig eigi að takast á við þennan málaflokk.

Ég sagði, virðulegur forseti, að það væri mikilvægt að taka í taumana og ég tel að til þess að við getum náð utan um þetta og tekið raunverulega í taumana þurfi að fresta þeim stóriðjuframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á næstu árum og þar vísa ég auðvitað til áforma um stækkun í Straumsvík og álver í Helguvík.

Fyrir því eru ýmsar ástæður, virðulegur forseti. Í fyrsta lagi eru engar efnahagslegar aðstæður sem réttlæta þessi áform núna. Menn réttlættu áform í stóriðjumálum á árum áður með bágu atvinnuástandi. Sú er ekki raunin núna. Þvert á móti er mikil þensla, ekki síst á suðvesturhorninu og við höfum nýlega séð tölur um að hún hafi á sex ára tímabili verið 39%, þó bara fram til 1998. Ég er viss um að ef við hefðum tekið það lengra, árabilið frá 1998–2004, hefðum við séð hærri tölur. Á sama tíma sjáum við neikvæðan hagvöxt á Norðvesturlandi og Vestfjörðum sem nemur 6%. Það er mikil þensla á suðvesturhorninu, henni fylgja háir vextir og verðbólga og hvort tveggja dregur mátt

úr landsbyggðinni og bitnar ekki síst á heimilunum í landinu. Það er því skoðun okkar í Samfylkingunni að það sé nauðsynlegt við þessar aðstæður að kæla hagkerfið og koma hér á jafnvægi, þannig vaxtastigi, koma verðbólgunni niður á það stig að hér geti byggst upp með eðlilegum hætti og að aðstæður séu þá í þágu atvinnulífsins almennt og heimilanna í landinu.

Í öðru lagi kalla þessar stóriðjuframkvæmdir á suðvesturhorninu á virkjanir á svæðum sem ekki hafa enn verið metin út frá náttúruverndarsjónarmiði. Bendir allt til þess að verulega verði gengið á ýmis náttúrugæði af þessum sökum. Þá kemur rammaáætlunin til sem ég tala hér fyrir.

Í þriðja lagi blasir við að verði fram haldið sem horfir verði allir okkar helstu virkjanakostir nýttir í þágu áliðnaðarins sem er mengandi stóriðja og stefnir nú þegar fram úr þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem við undirgengumst með Kyoto-bókuninni. Það hefur verið tekið saman, virðulegur forseti, m.a. af Merði Árnasyni og má finna það á heimasíðu hans að bara stækkunin í Straumsvík stefnir fram úr íslenska stóriðjuákvæðinu sem svo hefur verið kallað samkvæmt Kyoto-samningnum. Losun frá verksmiðjunum á Grundartanga, Reyðarfirði og svo í Straumsvík nemur 1.642 þús. tonnum á ári sem er 42 þús. tonnum meira en stóriðjuákvæðið leyfir. Bara með stækkuninni í Straumsvík, til viðbótar því sem þegar er komið, er stefnt fram úr Kyoto-bókuninni og íslenska ákvæðinu.

Núna liggja fyrir, virðulegur forseti, og þess vegna er enn mikilvægara en ella að taka í taumana, umsóknir um rannsóknarleyfi á 16 stöðum á landinu með það fyrir augum að kanna virkjanakosti á þessum stöðum. Þetta rennir enn stoðum undir mikilvægi þess að menn taki í taumana, nýti þau tæki sem þeir hafa og fresti þeim áformum öllum sem uppi eru núna um þessi álver á suðvesturhorninu.

Eins og ég sagði mæli ég fyrir einum þætti þessa máls sem er tillagan um rammaáætlun á sviði náttúruverndar. Þetta er einn liður málsins en kannski sá mikilvægasti vegna þess að þarna erum við að takast á við það verkefni að tryggja rétt náttúruverndar í skipulagi og við landnýtingu og tryggja nú þegar vernd ákveðinna svæða sem við teljum að geti verið í hættu ef svo heldur áfram. Inni í tillögum okkar um Fagra Ísland voru líka tillögur um að gera langtímaáætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og síðast en ekki síst tillaga um að auka áhrif almennings og réttarstöðu í umfjöllun um umhverfismál.

Tillagan sem ég mæli fyrir, sem er rammaáætlun um náttúruvernd, felur það í sér að umhverfisráðherra verði falin gerð slíkrar rammaáætlunar fyrir landið allt og í þessari áætlun komi fram tillögur um skipulag verndarsvæða og áætlun um virka verndun þeirra. Við erum þeirrar skoðunar að lagastoð náttúruverndar sé veikburða og að mikilvægum rannsóknum á verðmætum náttúrusvæðum sé mjög ábótavant, umsjón með rannsóknum sé ekki alltaf í höndum réttra aðila og heildarsýn yfir náttúrusvæði okkar skorti. Það má segja að á undanförnum árum hafi náttúra Íslands átt í vök að verjast og við þessar aðstæður er hætta á því, virðulegur forseti, að þjóðin glati um alla framtíð verðmætum náttúruperlum sem ekki eru einasta mikilvægar í sjálfu sér, heldur einnig fyrir menninguna, sjálfsmynd þjóðarinnar og ímynd landsins. Með gerð rammaáætlunar um náttúruvernd verður vonandi loks hægt að ljúka öflun nauðsynlegra grunngagna til að hægt sé að leggja mat á verndargildi svæða á landinu öllu en mjög hefur skort á þessi gögn.

Ég var að glugga, virðulegur forseti, í rannsóknaáætlun sem Náttúrufræðistofnun gerði vegna áætlana um jarðvarmavirkjanir. Þau gerðu þar áætlun um fimm ára rannsóknarverkefni og töldu sig þurfa til þess um 20 millj. á ári. Virðulegur forseti. Til þess að gera þetta, til að ljúka þessari rannsóknaáætlun erum við að tala þarna um 100 millj. kr. og ef við hugsum til þeirra miklu fjármuna sem m.a. hefur á undanförnum árum verið varið í markaðssetningu og ýmislegt sem tengist stóriðjuframkvæmdum eru þetta auðvitað ekki miklir fjármunir og hefði þurft að vera hægt að vinna þetta á skemmri tíma.

Í rammaáætlun um náttúruvernd teljum við að eðlilegt væri að skipta náttúrusvæðum í þrjá meginflokka eftir verndargildi. Í fyrsta lagi væri svæði þar sem talið er hafið yfir allan vafa að vernd er nauðsynleg í samræmi við alþjóðlega matskvarða sem lagaðir hafa verið að íslenskum aðstæðum og slík svæði þyrfti að friða lögum samkvæmt. Þetta mætti, virðulegur forseti, kalla virka vernd. Annar flokkur svæða nyti síðan sérstakrar verndar sem kalla mætti biðvernd. Það eru svæði sem þarf að rannsaka betur og/eða talið er að komi til annarrar nýtingar að heild eða hluta. Þriðji flokkurinn nyti lágmarksverndar núverandi lagaramma. Á þeim svæðum gæfist eftir aðstæðum kostur á ýmissi annarri nýtingu en verndarnotkun og tillagan sem lýst er hér er ekki ólík vatnsfallalögum Norðmanna.

Markmið þessarar rammaáætlunar um náttúruvernd er auðvitað að ná sátt um þau svæði sem njóta skuli verndar en um leið skýrast línur um hvar ráðast megi í framkvæmdir. Þannig kallast þessi tillaga á við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem verið hefur í vinnslu á vegum iðnaðarráðherra í allnokkur ár en á auðvitað eftir að koma til kasta þingsins og þingmenn eiga eftir að taka afstöðu til þeirrar forgangsröðunar sem í þeirri rammaáætlun var.

Framkvæmdir í náttúru landsins valda oft og tíðum óafturkræfum spjöllum en það gerir verndun hins vegar ekki. Því er rammaáætlun um náttúruvernd ætlað að vera stefnumótandi grundvallarskjal við gerð landskipulags og aðalskipulags á sveitarstjórnarstigi. Það er mikilvægt, virðulegur forseti, að slíkt grunngagn sé til þegar m.a. sveitarfélögin vinna að aðalskipulagi sínu þannig að ekki sé undir hælinn lagt hvaða meðhöndlun mikilvæg náttúrusvæði fá í aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga. Áætluninni eins og við leggjum hana upp er ætlað að vera grundvöllur sátta og samstöðu um verndun og nýtingu íslenskrar náttúru. En til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að þangað til niðurstöður áætlunar liggi fyrir verði allar umsóknir um rannsóknar- og nýtingarleyfi til virkjanaframkvæmda háðar samþykki Alþingis og það er þingmál númer tvö sem ég nefndi áðan. Síðan teljum við líka mikilvægt eins og ég nefndi áðan og er okkar þriðja þingmál að ákvörðunarvald um nýtingu losunarheimilda samkvæmt íslenska ákvæðinu svokallaða í Kyoto-bókuninni verði einnig fært til Alþingis. Þarna náum við tökum með þríþættum hætti, þ.e. rammaáætlunin, að færa rannsóknar- og nýtingarleyfin til Alþingis og í þriðja lagi að færa ákvörðun um nýtingu á íslenska

ákvæðinu einnig til Alþingis. En til þess að við getum náð utan um þetta, virðulegur forseti, er algjör forsenda að þeim stóriðjuframkvæmdum sem nú eru fyrirhugaðar í Straumsvík og Helguvík verði frestað á næstu árum.

[17:04]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég er mjög sammála orðum síðasta ræðumanns og flutningsmanns þessarar tillögu, að eigi menn að takast á við þessa hluti af einhverri alvöru verður auðvitað að byrja á því að stöðva stóriðjufárið sem hér hefur geisað og á að geisa sem aldrei fyrr á næstu árum, 5–8 árum og jafnvel lengur ef ekkert verður að gert. Það höfum við reyndar lagt til í nokkur ár. Við höfum flutt tillögur um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og í þeirri tillögu hefur einmitt hrygglengjan verið sú, þó það sé efnahagsleg nálgun kannski ekki síður en umhverfisleg, að gefin verði út formleg yfirlýsing af hálfu opinberra aðila um að þeir muni hvorki stuðla að né veita leyfi fyrir frekari stórvirkjunum né uppbyggingu meiri orkufrekrar stóriðju en þegar er í byggingu a.m.k. til ársloka 2012, höfum við sagt. Á meðan verði áherslan lögð frekar á smærri iðnaðarkosti og tíminn notaður til að ljúka þeirri undirstöðuvinnu sem ekki hefur verið unnin af hálfu okkar Íslendinga, þ.e. ljúka gerð og staðfestingu eftir atvikum með lagastoð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og öðru því sem þarf að koma í búning í þessum málum, þar með talið því sem hér er komið inn á í sambandi við losunarmálin og síðan náttúruverndarmálin sem slík. Ég tel að það sé góðra gjalda vert að bera saman þá nálgun sem flutt er í þessu þingmáli um rammaáætlun um náttúruvernd. Þó ber þess vissulega að geta að í gildi eru náttúruverndarlög og þar er fjallað um náttúruverndaráætlun og á að heita svo að hún sé í gildi og ætlunin sé að reyna að framkvæma hana. Vandinn er hins vegar sá að það miðar ósköp lítið. Í sjálfu sér eru lagaákvæðin um náttúruverndaráætlun, eins og þau birtast í lögum nr. 44/1999, ágæt ef metnaðarfullur vilji stendur á bak við lögin til að láta hlutina gerast.

Umhverfisstofnun hefur það hlutverk, samkvæmt k-lið 6. gr., að undirbúa og afla gagna vegna náttúruverndaráætlunar, samanber 65. gr., og þar er Náttúrufræðistofnun Íslands ætlað stórt hlutverk að sjálfsögðu. En þá þarf líka að búa að þeim stofnunum þannig að þær hafi fjármuni og mannafla til að vinna verkefni sín.

Náttúruverndaráætlunin, samkvæmt VIII. kafla náttúruverndarlaganna sem fjallar um náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá, hljóðar á þá leið að umhverfisráðherra skuli ekki sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna slíka áætlun fyrir landið allt og leggja hana fyrir Alþingi. Í þeirri náttúruverndaráætlun skulu vera samkvæmt 66. gr. sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem ástæða þykir til að friðlýsa. Svo er löng upptalning á alls kyns náttúrulegum fyrirbærum og menningarlegum og sögulegum minjum o.s.frv. Þetta er allt saman góðra gjalda vert og núgildandi náttúruverndaráætlun sem er, ef ég man rétt er til 2008, tiltók 14 svæði sem ætti að friðlýsa á tímanum. Ef ég veit rétt hefur aðeins eitt þeirra enn þá verið friðlýst, Guðlaugstungur. Milli 70 og 80 svæði voru listuð upp í þessari náttúruverndaráætlun en eins og áður sagði komust aðeins 14 inn á listann yfir þau sem átti að friðlýsa og þar af hefur aðeins eitt farið í gegn. Við sjáum öll í hendi okkar að nú þegar langt er liðið á áætlunartímann er ekki verið að standa þarna að málum með nægilegum metnaði. Var þó þessi náttúruverndaráætlun gagnrýnd fyrir það að sneiða hjá viðkvæmustu málunum, fara svolítið eins og köttur í kringum heitan graut, þ.e. miðhálendið og vinjarnar þar, hverjum er hótað af virkjanaáformum voru að miklu leyti undanskilin en svæðin sem fengu náð fyrir augum ráðherra og ríkisstjórnar voru fyrst og fremst nær byggð.

Allt þetta ber auðvitað að hafa í huga þegar við ræðum þessi mál. Það er svo sannarlega þörf á að taka betur til hendinni og eigum við ekki að vona að næsta umhverfisráðherra, í hvers konar ríkisstjórn sem það nú verður, vonandi góðri, verði meira úr verki en þeim sem farið hafa með þetta að undanförnu. Þetta hefur bókstaflega ekkert verið að ganga og það er sorglegt. Auðvitað er það líka á röngum stað að iðnaðarráðherra skuli hafa forræði á rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það á að vera hjá Umhverfisstofnun.

Mörg og brýn verk gætu fallið hér undir. Ég vil ekki láta gleymast vatnsverndarþáttinn og minni þar á tillögu sem þingmenn allra flokka hafa flutt á Alþingi í tvö ár, um friðlýsingu stærsta vatnsfallsins sem eftir er ósnortið í landi með óbreyttum rennslisháttum, þ.e. Jökulsár á Fjöllum með öllum hennar þverám. Það eitt og sér væri stór áfangi í náttúruverndarmálum í landinu ef sú tillaga fengi loksins náð fyrir augum þeirra sem stjórna verkum á þingi, en svo undarlega vill til að þrátt fyrir mikla samstöðu, jákvæðar umsagnir o.s.frv., hefur tillagan alltaf setið föst í umhverfisnefnd Alþingis þó að þverpólitísk samstaða virðist blasa við í málinu. Það er ekki í lagi, virðulegi forseti, að hlutirnir skuli dankast þannig.

Það er eins og ég sagði áðan alger forsenda þess að einhver vinnufriður skapist um þessi mál, að breytt verði um kúrs í stóriðjumálunum. Þau áform sem hér eru listuð upp í tillögunni taka til stækkunar í Straumsvík, taka til áforma um byggingu þess sem margir telja aðeins vera fyrri helminginn af fullvöxnu álveri í Helguvík, aðeins vera fyrri helminginn af fullvöxnu álveri við Húsavík og jafnvel í viðbót áform um álgarð og álver í Þorlákshöfn. Ef þetta á allt að verða að veruleika á næstu 5–8 árum, þá er þetta auðvitað tómt mál, þá er þetta brandari, og flestöllum meiri háttar virkjunarkostum ógnað í landinu sem eitthvað að ráði hafa verið rannsakaðir. Það er þá að verða teljandi á fingrum annarrar handar þau vatnsföll og þau háhitasvæði sem menn eru ekki farnir að bera víurnar í. Það verður auðvitað eins og hver annar brandari að ætla að fara að koma saman einhverri rammaáætlun eða gera einhverja stóra hluti í þessum efnum árin 2012–2015 þegar meira og minna verður búið að virkja allt sem hægt er að virkja.

Við erum á afdrifaríkum tímamótum í þessum efnum og þess vegna er það mjög gott að menn safni liði sem allra mest í því að gera þessi mál upp, leggja þau fyrir með skýrum hætti í kosningunum í vor og að þjóðin geti sent skýr skilaboð um það: Vill hún óbreytta siglingu í þessum efnum eða vill hún það stóriðjubindindi, stóriðjustopp sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum barist fyrir?

Ég tel þessa tillögu sem meira og minna sama eðlis, að það feli í raun og veru í sér stefnumótun af hálfu Samfylkingarinnar um að nú verði látið staðar numið og ekki teknar ákvarðanir um frekari stóriðjuframkvæmdir heldur tíminn notaður næstu árin til að taka rækilega til hendinni í náttúruverndarmálum.

[17:13]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni ágæta ræðu. Það sem vakti athygli mína í henni var umfjöllunin um náttúruverndaráætlun vegna þess að við gerð tillögu okkar fjölluðum við auðvitað töluvert um náttúruverndaráætlun. Það er rétt hjá þingmanninum að sú fyrsta er í gangi núna, frá 2004–2008. Hún gerir ráð fyrir 14 nýjum friðlýstum svæðum og það er aðeins eitt af þeim sem komist hefur í gagnið. Þó má ekki gleyma Vatnajökulsverkefninu sem af sérstökum ástæðum er núna í gangi og við skulum fagna.

Við undirbúning þessarar náttúruverndaráætlunar var þetta þannig að Umhverfisstofnun var með 75 svæði í tillögugerð sinni og Náttúrufræðistofnun með annað eins eða heldur meira, að mig minnir. Af nógu er að taka. En náttúruverndaráætlun er vissulega ekki brúkleg til þess sem við erum að hugsa með þessari tillögu, heldur þurfum við, eins og staðan er núna, að gera einmitt rammaáætlun sem skiptir náttúrusvæðum á landinu í þrjá flokka, eins og hv. flutningsmaður lýsti áðan. Að því loknu er hægt að nota náttúruverndaráætlunina sem verkfæri við að skapa virka vernd um ákveðin svæði og breyta svæðum sem fyrst eru í biðvernd í virka vernd. Náttúruverndaráætlun er ekkert annað en stuðningur þingsins við áform umhverfisráðherra hverju sinni um friðlýsingar.

Hins vegar er alveg ljóst að rammaáætlun um náttúruvernd sem við leggjum hér til mundi auðvitað fylgja tilteknir lagarammi um þau svæði sem út úr henni kæmu sem væri þá undirstaða náttúruverndaráætlunar á því kjörtímabili og hinu næsta. Þetta vildi ég segja um muninn á þessu tvennu.

[17:15]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef ekki miklar athugasemdir eða svör fram að færa við útlistunum hv. þingmanns. Það er alveg ljóst að menn verða að hafa á hreinu og aðgreina það hver nálgunin er í mismunandi vinnu á þessum sviðum. Náttúruverndaráætlunin samkvæmt náttúruverndarlögum er auðvitað hrein verndaráætlun. Hún horfir eingöngu á verndargildi og verðmæti viðkomandi svæða og leggur til eftir atvikum vernd á grundvelli þess. Rammaáætlunin um nýtingu vatnsafls og jarðvarma tekur hins vegar verndargildið og sérkenni svæðanna sem einn þátt af nokkrum sem eru vegnir saman á móti nýtingargildi og hagkvæmni þess að virkja eða nýta viðkomandi svæði o.s.frv.

Báðir þættirnir eru á sinn hátt mjög gildir og þurfa að vera til staðar. Í hinum besta heimi allra heima höfum við allar þessar upplýsingar og allan þennan samanburð í höndunum. Við höfum hreina óblandaða verndarhagsmuni, mat á svæðum og verndargildi þeirra út frá sérstöðu, einkennum og hversu mikilvægir þeir eru í anda náttúruverndarlaganna en við höfum auðvitað líka listun á nýtingarmöguleikum og virkjunum þar á meðal til þess að hægt sé að taka einhverjar vitrænar ákvarðanir um þessa hluti. Það getum við í raun og veru ekki í dag.

Hið sorglega í málinu er í ljósi alls þess sem hefur verið að gerast og er mögulega fram undan, ef ekki tekst að afstýra því, að okkur skortir í raun grundvöllinn til að taka þessar ákvarðanir. Hann er ekki til staðar. Það hafa meira að segja stjórnvöld viðurkennt með vinnunni sem er hins vegar ekki unnin, að klára rammaáætlun og fylgja fram náttúruverndaráætlun.

[17:17]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég veit að við erum ekki ósammála um þetta, ég og hv. ræðumaður. Til glöggvunar verður þó að taka fram að það er einmitt í rammaáætlun um náttúruvernd sem fram á að fara þetta mat á forsendum náttúruverndarinnar. Þess vegna hefur henni verið valið þetta nafn, rammaáætlun um náttúruvernd. Það lýsir ágætlega tilganginum en er auðvitað líka áminning um það að til eru aðrar rammaáætlanir og þar á meðal rammaáætlanir sem nú eru í gangi en þar eru aðeins þau landsvæði metin þar sem virkjun kemur til greina, jarðhitavirkjun eða vatnsaflsvirkjun, og önnur ekki tekin með.

Segja má að sú rammaáætlun fari um landið með sitt mat og meti það fyrst og fremst á forsendum þessara tilteknu framkvæmda og spyrji að því: Hvar mæla náttúruverndarrök á móti? Svo hefur verið komist að ýmsum ágætum niðurstöðum og það eru ákveðnir gallar á þeirri aðferðafræði sem við rekjum lítillega í plagginu, en við ætlum rammaáætluninni að fara öfugt að og spyrja: Hvaða náttúruverndarforsendur mæla með vernd á þessu svæði umfram verndina á öðru svæði? Það eru þær forsendur sem við þurfum að byggja á og hv. þingmaður talaði um. Þess vegna erum við væntanlega sammála, ég og hv. þingmaður, um gagnið af rammaáætluninni sem síðan byggist auðvitað á tilteknum rannsóknum sem okkur vantar enn þá töluvert í þó að ýmislegt sé komið, þar á meðal í vinnunni að rammaáætlun um orkustefnu.

[17:19]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Frú forseti. Þau orðaskipti sem hér áttu sér stað eru grundvöllurinn í málinu. Meðan rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er hugsuð sem tæki til að meta virkjanakosti út frá forsendum þannig nýtingar vill Samfylkingin snúa dæminu við og meta landið og náttúruna út frá gildi náttúrunnar sjálfrar. Það á ekki að vera þannig, virðulegi forseti, að unnt sé að aflétta t.d. friðlýsingu til að virkja.

Jafnaðarmenn telja að náttúra Íslands sé sameign þjóðarinnar sem hverri kynslóð hafi verið fengin til skynsamlegrar nýtingar og að okkur sé skylt að afhenda næstu kynslóðum náttúru landsins jafnverðmæta og við fengum hana í hendur. Jafnframt berum við Íslendingar ábyrgð á sérstökum náttúruverðmætum landsins gagnvart öllu mannkyni. Við skulum muna það í umfjöllun um hvaða leiðir við eigum að fara til þess að vernda landið okkar, að Evrópa er nær öll orðin meira eða minna manngerð og að ásælni manna eykst stöðugt í að komast á vit ósnortinnar náttúru

og að óbyggðir Íslands eru ómetanleg auðlind í dag. Þess vegna höfum við sagt að verndun náttúrunnar sé ein tegund nýtingar og sú sem sennilega skilar mestum verðmætum á endanum. Náttúra Íslands er einn meginþátturinn í ímynd landsins og okkur finnst skipta miklu að sú ímynd bíði ekki hnekki.

Við segjum líka að í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar sé tímabært að Íslendingar skipti um gír og tryggi jafnræði atvinnugreina og byggi skipulega upp atvinnulíf framtíðarinnar þar sem náttúrugæði landsins eru nýtt með sjálfbærum hætti. Þetta hefur framsögumaður, formaður Samfylkingarinnar, farið mjög vel yfir í umræðunni.

Ég hlýt líka að nefna það af því að við tölum um hvað á að gerast í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar, að það þýðir ekkert lengur að mínu mati að ræða það eða dvelja við það hvort hefði átt að virkja á Kárahnjúkum eða ekki. Það er búið og gert og það sem skiptir máli í dag er að læra af ákvörðunum, læra af vinnulagi og breyta vinnubrögðum þar sem þess er þörf. Það er það sem við í Samfylkingunni leggjum til grundvallar. Við höfum m.a. bent á tillögur okkar sem gera ráð fyrir uppbyggingu á allt öðru sviði, eins og átaki við rannsóknir og verndaraðgerðir með rammaáætlun um náttúruvernd og þau einstöku svæði sem hér hefur verið farið yfir.

Mér finnst líka áhugavert að við stöldrum aðeins við það, af því að við segjum stundum að við eigum að huga að því sem skiptir máli og skila því sem verðmætt er til barna og barnabarna, hvort þau geti metið hvort það hafi verið rétt eða rangt af okkur að virkja það sem við höfum virkjað eða hvort við höfum gengið of langt. Ég efast um það ef við horfum langt í framtíðina vegna þess að ef við þekkjum ekki hverju er fórnað höfum við beinlínis ekki vit á hvort það hefði átt að skilja landið eftir ósnortið.

Þess vegna vil ég nefna dæmi af því að ég fer oft bæði um Fljótshlíðina, Emstrurnar og í Þórsmörkina og hef stundum tekið þátt í að ræða það hvernig það hefði verið ef á einhverjum tíma hefði verið byggð stífla ofarlega í Markarfljótinu löngu áður en Þórsmörk varð að draumaveröld fjöldans og gersemum landsvæðisins í Þórsmörk hefði þannig verið drekkt áður en við kynntumst henni. Slík aðgerð hefði e.t.v. ekki verið gagnrýnd nema af örfáum ef hún hefði gerst á þeim tíma þegar fáir þekktu. Í dag dettur engum í hug að nýta það vatnsmagn sem byltist fram í Markarfljóti með þeim afleiðingum að Þórsmörk yrði ógnað. Hvað er ég að segja með þessu? Ég er að segja að þekking skapar viðhorf, þekking fjöldans var af mjög skornum skammti þegar Kárahnjúkavirkjun var ákveðin. Bætt hefur verið úr því og ég vil taka það fram hér af því að sumir hnýta í Ómar Ragnarsson varðandi það hvað hann hefur lagt mikla alúð og ákefð í að kynna almenningi undraveröld óbyggðanna, að það er samt e.t.v. fyrir gerðir hans sem nær allir þekkja núna óbyggðasvæðin norðan Vatnajökuls.

Ég dreg þetta fram hér til að undirstrika að Samfylkingin vill með því þingmáli sem hún setur fram setja náttúruna í öndvegi og reyna eins og unnt er að tryggja að aldrei í framtíðinni verði tekin óupplýst ákvörðun um nýtingu og breytingu á landsvæði sem á í raun vernd skilið. Þetta er stóra verkefnið okkar, að það sé svo góð þekking á náttúrunni að við föllum aldrei í þá gryfju að vaða áfram, eins og oft hefur verið gert því miður fram að þessu, í verkefni af því að þau hafa gefið gull í aðra hönd og verið litið á málin með skammtímahagsmuni í huga.

Ég hlýt líka að minna á af því að við í Samfylkingunni erum með þessum málum að leggja til að héðan í frá verði unnið út frá þekkingu og á grundvelli náttúru landsins, að Samfylkingin hefur í mörg ár, ár eftir ár, flutt tillögur á Alþingi um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúruverndarkorta. Þau eru alger forsenda þess að unnt sé að meta landið, meta viðkvæma náttúru og að hægt sé að þróa aðferðir til að skrá, flokka, meta og vakta náttúruna og skapa þannig grunn fyrir skynsamlegri landnotkun. Samfylkingin er því ekki í fyrsta sinn að flytja mál sem skiptir verulegu máli upp á góð vinnubrögð heldur er Samfylkingin að ganga skrefinu lengra en nokkur flokkur áður og setja náttúruna fullkomlega í öndvegi í allri ákvarðanatöku.

[17:28]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég vona að umræðan um gerð rammaáætlunar um náttúruvernd verði upphaf að umræðu sem standi fram að kosningum um þau málefni sem hér er verið að ræða einfaldlega vegna þess að það er fyrir löngu kominn tími til þess að stjórnmálamenn taki ábyrgð á gerðum sínum hvað varðar náttúruvernd og nýtingu náttúrugæða í landinu.

Segja má að stefnan sem hafi ríkt hér hafi verið: Fyrstur kemur, fyrstur fær, þegar um nýtingu á auðlindum í okkar landi hefur verið að ræða. Ákvarðanatakan hefur meira og minna farið fram sem afleiðing af einhverjum hugmyndum um nýtingu. Það hefur ekki legið fyrir áætlun eins og hér er lagt til, því miður, og ekki bara það, heldur hafa stjórnvöld vísvitandi viðhaldið þessu fyrirkomulagi. Það hefur kostað töluverð átök í Alþingi að fá stjórnvöld til að reyna að gera einhverja bragarbót t.d. á því hvernig valið er á milli aðila sem sækjast eftir því að nýta auðlindirnar. Það kemur til umræðu síðar það þingmál sem varð til vegna nefndar sem Samfylkingin hafði fram á síðasta þingi að yrði stofnuð og var kölluð auðlindanefnd. Ég ætla ekki að ræða það mál hér. En hér er tillaga sem setur okkur það verkefni að gera áætlun um það hvað við viljum friða. Hún þarf ekki að taka yfir allt því að við getum auðvitað að hluta til notað biðvernd. Við þurfum ekki að rannsaka til hlítar öll landsvæði ef við friðum þau með þannig hætti að ekkert megi gera þar þangað til rannsóknir hafa farið fram. Þetta skiptir mjög miklu máli vegna þess að margt af því sem þarf að rannsaka mun auðvitað taka langan tíma.

Hin óábyrgu stjórnvöld sem hafa verið hér við völd á undanförnum árum virðast daufheyrast enn við þeim aðvörunum sem þau hafa fengið. Ég verð að segja að það er leiðinlegt að þurfa að ræða málin undir formerkjunum hér. Iðnaðarráðherra sem tók við formennsku í Framsóknarflokknum kynnti það á síðasta vori að stóriðjustefnunni væri í raun lokið, en hvernig lauk henni þá? Með því að gefa stóriðjuna frjálsa. Það er á valdi Alcoa, Alcan eða Norðuráls hvort ráðist verður í stórframkvæmdir á sviði framleiðslu á áli. Nú standa Hafnfirðingar frammi fyrir því að kjósa um það um leið og þeir ákveða skipulag sitt hvort það verði af framkvæmdinni. Hvar liggur ábyrgðin á því að stefnt skuli

vera að því að fara í framkvæmdina? Hún liggur ekki hjá Hafnfirðingum. Það er ekki hægt að kasta þeirri ábyrgð til sveitarfélaga í landinu að taka ákvörðun um það t.d. hvað gera eigi við kvótann sem Íslendingar fengu í sinn hlut í loftslagsmálum, þegar maður stendur líka frammi fyrir því að stjórnvöld hafa engar reglur sett um það hvernig úthluta beri þeim kvótum. Þar af leiðandi eru fyrirtækin sem stefna að því að fara í meiri álframleiðslu í þeirri stöðu að þau gætu mjög líklega, og iðnaðurinn í landinu hefur lýst því yfir á fundi sem ég var áheyrandi að í fyrra að þeir mundu eiga bótarétt á hendur ríkisvaldinu ef slíkar reglur yrðu settar á framkvæmdir sem menn hefðu tekið ákvarðanir um að fara í.

Ég vil endilega koma á framfæri leiðréttingu vegna umfjöllunar í Ríkisútvarpinu á laugardaginn var þar sem umhverfisráðherra var í viðtali. Í framhaldi af því var skýr yfirlýsing frá fréttamanninum sem fjallaði um málið, að ef stóriðjan færi að framleiða meira en íslenska ákvæðinu næmi væri það á ábyrgð stóriðjufyrirtækjanna. Það er ekki þannig. Þetta er frjálst fyrir þá og íslenska ríkið ber alla ábyrgð á frelsinu. Þó að frelsið sé yndislegt þá er það ekki með þessum hætti. Þetta er óábyrg stefna. Þetta er stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar og ég tel að það sé kominn tími til að menn fari að svara fyrir þá stefnu. Hæstv. forsætisráðherra hefur neitað að fara upp í ræðustól til að útskýra sína stefnu hvað þetta varðar. Iðnaðarráðherra heldur því fram sem ég hef verið að hafa eftir honum alveg hiklaust að stóriðjustefnunni sé lokið. En henni hefur lokið með þeim hætti að hún er gefin frjáls.

Ég verð að segja alveg eins og er að það er löngu kominn tími til að menn taki á þessu með ábyrgum hætti eins og hér er lagt til. Hér er lagt til að tekið verði á þessu með heildstæðum hætti. Annars vegar verði áætlunin sett af stað sem hér er til umræðu og hins vegar verði gerðar ráðstafanir sem færa ábyrgðina til Alþingis af nýjum ákvörðunum í stóriðjumálum. Auðvitað er ekki hægt að komast alla leið í málinu núna eftir að stjórnvöld hafa stefnt í slíkt óefni sem nú er uppi öðruvísi en að gera hlutina eins og við leggjum til. En við fáum ekki einu sinni viðbrögð frá hv. Alþingi frá þeim sem bera ábyrgð á þeirri stefnu sem er uppi. Þeir sitja ekki í salnum. Þeir hafa engan áhuga á að útskýra hvað sé fram undan í þessum málum.

Ég held að þjóðin þurfi að fara að taka býsna vel eftir þessu einfaldlega vegna þess að ábyrgðarleysið sem er uppi í þessum málum er ekki stefnuleysi, það er stefna. Það er stefna sem hefur verið rekin fram á þennan dag og ekkert sem bendir til þess að menn ætli að beygja af þeirri leið fyrr en búið verður að byggja þau álver sem eru á teikniborðinu.

[17:35]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu þingmál Samfylkingarinnar sem flutt er í framhaldi af stefnu okkar í umhverfismálum, Fagra Ísland, sem hefur verið gefin út í glæsilegum bæklingi. Undir heitinu Fagra Ísland eru tillögur Samfylkingarinnar um að styrkja stöðu náttúru- og umhverfisverndar á Íslandi. Í inngangi að þessum bæklingi segir:

„Jafnaðarmenn telja að náttúra Íslands sé sameign þjóðarinnar sem hverri kynslóð hafi verið fengin til skynsamlegrar nýtingar. Okkur sem nú lifum er skylt að afhenda næstu kynslóðum náttúru landsins jafnverðmæta og við fengum hana í hendur. Jafnframt berum við Íslendingar ábyrgð á sérstökum náttúruverðmætum landsins gagnvart öllu mannkyni.“

Þetta er grundvallarstefið í stefnu okkar í Fagra Íslandi. Við leggjum til, eins og félagar mínir sem hafa talað á undan mér hafa sagt, að farið verði í að rannsaka landið, kortleggja verðmæt svæði og tryggja verndun þeirra. Eftir þá vinnu yrði hægt að ráðast í framkvæmdir utan þeirra svæða.

Við höfum í tillögum okkar þegar tiltekið ákveðin svæði sem við viljum tryggja friðun á. Þau eru Skjálfandafljót, jökulárnar í Skagafirði, Torfajökulssvæðið, Kerlingarfjöll, Brennisteinsfjöll og Grændalur.

Auk þess höfum við lagt til, sem kom fram í umræðunni um Vatnajökulsþjóðgarð, þingmáli umhverfisráðherra sem nú er til umfjöllunar í umhverfisnefnd þar sem ég á sæti, að Vatnajökulsþjóðgarður verði stækkaður enn frekar og feli m.a. í sér Langasjó og einnig vatnasvið Jökulsár á Fjöllum.

Mig langar að gera annað atriði að umtalsefni sem einnig heyrir undir stefnu okkar, þ.e. það sem snýr að losun gróðurhúsalofttegunda. Eins og menn hafa tekið eftir sem hafa fylgst með umræðunni um umhverfismál á undanförnum dögum, vikum og mánuðum þá er eitt stærsta umhverfismálið í dag losun gróðurhúsalofttegunda og áhrifin af þeim á heiminn í heild, m.a. á veðurfarið. Á fundum Norðurlandaráðs í síðustu viku var einmitt fjallað um þessi mál. Þar hélt erindi Bogi Hansen sem fékk umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs á Norðurlandaráðsþinginu í haust. Hann er færeyskur prófessor sem hefur rannsakað áhrif loftslagsbreytinga á heiminn og einnig áhrif þeirra á Norðurlöndin. Bogi sagði á þessum fundum að við yrðum öll að grípa til okkar ráða. Allir bera ábyrgð, sérstaklega við sem lifum í ríkari hluta veraldarinnar.

Við á Íslandi munum ekki sleppa við áhrifin þótt við séum með hreinustu orkuna í húsahitun og rafmagnsframleiðslu. Þetta mun bitna á okkur eins og öðrum. Við verðum auðvitað að leggja eitthvað af mörkum og á því er tekið í tillögum okkar, hvernig við getum lagt okkar af mörkum. Hvað getum við gert til að minnka áhrifin sem sífellt hlýnandi loftslag hefur á líf okkar og veðurfar í heiminum? Ég var svo heppin að fá að sitja eina kvöldstund og ræða þessi mál við Boga Hansen og hann sagði að ef hann ætti að gefa okkur ráð þá ættum við að lækka alla skatta á tvinnbifreiðar, sem nota rafmagn og bensín, það hefði mest áhrif. Það er í raun í sama anda eins og ungliðarnir á Norðurlandaráðsþinginu lögðu til. Þeir sögðu að orkusparnaður væri áhrifaríkastur gegn loftslagsbreytingum. Þessar bifreiðar sem Boga var tíðrætt um eyða helmingi minna af bensíni en aðrar bifreiðar og útblástur minnkar til muna.

Hann talaði einnig um fiskiskipaflotann. Það kemur einnig fram í okkar tillögum. Til eru ýmsar leiðir til þess að minnka útblástur í íslensku atvinnulífi. Þar vil ég nefna fyrirtækið Marorku sem hefur með nýsköpun og mikilli vinnu útbúið sparnaðarkerfi fyrir skip. Þeir selja þann búnað víða í heiminum í skipaflota ýmissa þjóða, t.d. Kanadamanna. Við ættum að fara þá leið. Þetta gæti dregið verulega úr útblæstri Íslendinga ef við tækjum slíkt upp í skipaflota okk-

ar. En það stendur einmitt til að slíkt sparnaðarkerfi frá Marorku verði í nýja landhelgisskipinu sem verið er að útbúa fyrir okkur.

Þetta eru dæmi um það sem við höfum rætt um varðandi útblástur og ábyrgð okkar á honum. Auðvitað mun það hafa áhrif á Íslandi ef ekki verður dregið úr þessum áhrifum. Sjávarborð mun hækka og veðrabrigði aukast. Bogi benti á það í fyrirlestri sínum í síðustu viku að búast mætti við því að með auknum þurrkum, m.a. í Afríku og víðar í heiminum, þá færu af stað miklir þjóðflutningar. Fólk af heitu svæðunum mun koma í stríðum straumum norður á bóginn þar sem er bærilegra að draga fram lífið. Hann sagði að ef ekki yrði gripið til einhverra ráða þá færu af stað mestu flutningar fólks milli svæða sem nokkurn tíma hefðu átt sér stað í heiminum.

Ég vildi nefna þetta í tengslum við umræðuna um Fagra Ísland. Hluti af þeim aðgerðum sem við verðum að grípa til er skattlagning á eldsneyti. Hvernig við skattleggjum sparneytnar bifreiðar og svo framvegis.

[17:44]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar tillögu ásamt þeim sem hafa talað á undan mér nema hv. annar ræðumaður í umræðunni. Ég ætla ekki að segja mikið annað en þeir hafa sagt, þeim hefur mælst vel og hafa komið fram með flesta þætti í þessu máli sem þurfa að koma fram.

Ég vil líka þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir þátttöku í umræðunni en hann er sá eini sem hefur talað í henni úr öðrum flokkum. Það vekur auðvitað strax athygli að stjórnarflokkarnir skila auðu í umræðu um þetta mál. Formaður umhverfisnefndar, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, sem einnig er formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og situr þar með báðum megin borðs og öllum megin í umræðum um náttúruvernd og orkunot, er ekki staddur hér og tekur ekki þátt í þessari umræðu þó að hann hafi farið ýmsum orðum um þessa tillögu áður í samfélaginu. Það gera heldur ekki aðrir í umhverfisnefnd eða þeir aðrir sem hafa annars staðar sýnt nokkurn áhuga á stefnu Samfylkingarinnar í umhverfis- og iðjumálum.

Ég ætla aðeins að fara yfir helstu þætti í þingmáli okkar. Það er auðvitað þannig þegar litið er á íslenska náttúru og þau þáttaskil sem nú eru að verða, bæði í umgengni við hana og umhugsun um hana, að menn taka eftir því að lagarammi um náttúruvernd er út af fyrir sig ágætur eins og m.a. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti í ræðu sinni. Náttúruverndarlögin eru mjög sæmileg eftir síðustu endurskoðun þótt þau megi bæta og hugsunin að baki náttúruverndaráætlun er nútímaleg og mjög þörf. Framkvæmdin er hins vegar í handaskolum og styrkja þarf stöðu náttúru- og umhverfisverndar á Íslandi, m.a. í skipulagsmálum og landnýtingarmálum. Ef þau væru komin í lag væri hægt að láta þann lagaramma sem fyrir er um náttúruverndina ganga. Þetta er sagt með nokkuð bírókratískum hætti um það að við stöndum frammi fyrir mikilli hættu gagnvart íslenskri náttúru þar sem stjórnvöld geta, hvað sem lögum um náttúruvernd líður, haldið áfram að nýta hana með þeim hætti að ekkert verður eftir af henni, að hún eyðileggst og skemmist, en gróðinn af nýtingunni er oftar en ekki til skamms tíma, a.m.k. ef við tölum í kynslóðum.

Það þarf sérstaklega á okkar tímum að rétta hlut náttúruverndar á Íslandi gagnvart hagsmunum stóriðju. Það er ekki vegna þess að hagsmunir stóriðju séu í sjálfu sér vondir, það er auðvitað ekki svo heldur hafa þeir gengið óþyrmilega á hagsmuni náttúruverndar, ef ég má nota þau orð, gengið á náttúruna að því leyti að óafturkræft er og ekki í samræmi við þá sjálfbæru stefnu sem okkur er skylt að hafa uppi núna, sem þeirri kynslóð sem nú lifir er skyldara að hugsa um en nokkrum öðrum kynslóðum sem búið hafa á landinu. Við þurfum í þessu samhengi að búa til nýjar leikreglur í samræmi við verðmæti náttúrunnar sem við vitum nú meira um en áður og getum betur metið en áður og í samræmi við tilfinningar þjóðarinnar til landsins, því að tilfinningar í þessu samhengi ber að virða og þær eiga að sjálfsögðu að vera ein af undirstöðunum í því hvernig menn móta umgengni, varðveislu, vernd og nýtingu náttúrunnar.

Þegar við í Samfylkingunni gengum að þessu verki gerðum við það auðvitað í tengslum við jafnaðarstefnuna. Við höfum, eins og aðrir ræðumenn hafa hér sagt, myndað okkur þrjár grundvallarforsendur. Í fyrsta lagi þá forsendu að þjóðin eigi saman náttúru Íslands. Í öðru lagi þá forsendu að kynslóðirnar verði ekki greindar í sundur að þessu leyti, að okkar kynslóð eða kynslóðum sé skylt að afhenda næstu kynslóðum náttúru landsins jafnverðmæta og við fengum hana í hendur og nýting náttúrunnar verði að taka mið af því. Í þriðja lagi þá hugsun jafnaðarmanna að við Íslendingar eigum ekki Ísland. Við erum hins vegar gæslumenn Íslands, við erum ábyrgðarmenn landsins og við berum ábyrgð á sérstökum náttúruverðmætum Íslands gagnvart öllu mannkyni.

Á þessum grunni gengum við síðan til þessarar stefnumótunar, til rammaáætlunarinnar, með tillögu um frestun á framkvæmdum, stóriðjuframkvæmdum, bæði virkjunarframkvæmdum og einstökum öðrum framkvæmdum á náttúrusvæðum sem ekki hafa verið skoðuð, m.a. vegaframkvæmdum sem hér eru nokkuð umrædd, og síðan til annarra hluta stefnunnar um Fagra Ísland sem er áætlun um loftslagsmál og sem er stefna um aukin áhrif almennings og bætta réttarstöðu hans í umhverfismálum, að ógleymdum tillögum okkar um níu sérstök svæði eða náttúrustaði sem við viljum láta vernda strax og þarf litla rannsókn um. Eins og menn vita eru þau svæði Langisjór og allt vatnasvið Jökulsár á Fjöllum sem við leggjum til að verði lagt inn í Vatnajökulsþjóðgarð og fylgir því miður ekki þeim tillögum sem núna eru uppi um hann, og tillaga um að stækka friðlandið í Þjórsárverum og um að tryggja friðun Skjálfandafljóts, jökulánna í Skagafirði, Torfajökulssvæðisins, Kerlingarfjalla, Brennisteinsfjalla og Grændals.

Þetta er í ákaflega stuttu máli kjarninn í tillögum okkar í þessu efni, sú sátt sem við berum fram til sigurs á þinginu og í kosningabaráttunni í vor og viljum skapa um bandalag almennings og stjórnmálaafla sem breytt geti stöðunni náttúruvernd og tilfinningum þjóðarinnar í hag af ráðherrabekkjunum í næstu ríkisstjórn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, fyrri umr.*

Þáltill. GHall o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

[17:52]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég flyt tillögu til þingsályktunar um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis. Þetta er í sjötta sinn sem málið er flutt. Sú breyting hefur þó orðið á að fyrst þegar málið var flutt var ég einn á þingsályktunartillögunni en nú háttar svo til að þingmenn sem með mér eru á þessu máli eru orðnir 30 og að mér meðtöldum er það 31 þingmaður sem flytur þessa þingsályktunartillögu.

Flutningsmenn eru auk mín: Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller, Birkir Jón Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón Ólafur Jónsson, Guðjón Arnar Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnar Örlygsson, Helgi Hjörvar, Hjálmar Árnason, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján L. Möller, Magnús Þór Hafsteinsson, Mörður Árnason, Sigurður Kári Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Ögmundur Jónasson og Össur Skarphéðinsson.

Mér þykir rétt, virðulegi forseti, að geta þess að ekki var leitað til fleiri þingmanna í ljósi þess að í forsætisnefnd sitja sjö alþingismenn og kannski óeðlilegt að leita til þeirra og þá ekki heldur til ráðherranna. Í greinargerð sem fylgir þessari tillögu um að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga segir svo:

„Við setningu Alþingis, 131. löggjafarþings, 1. október 2004, vakti athygli alþingismanna hve vel hefur til tekist með lagfæringu, lýsingu og endurbætur á þingsal. Glæsilegt form og nálgun þess sem í upphafi var byggt er öllum þeim sem að komu til sóma.

En hvernig má það vera að innan veggja Alþingis, hvar rætt er um eflingu, vegsemd og gildi þingsins í íslensku þjóðlífi, skuli þjóðfáni vor ekki hafinn til vegs og virðingar?

„Fáninn er tákn fullveldis vors. Fáninn er ímynd þeirra hugsjóna sem þjóð vor á fegurstar. Hvert stórverk, sem unnið er af oss, eykur veg fánans, hvort sem það er unnið á höfunum, í baráttunni við brim og úfnar öldur eða á sviði framkvæmdanna eða í vísindum og fögrum listum. Því göfugri sem þjóð vor er því göfugri verður fáni vor. Vegur hans og frami er frægð þjóðar vorrar." (Úr ræðu Sigurðar Eggerz fjármálaráðherra sem gegndi störfum forsætisráðherra 1. desember 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki.)

Í tengslum við heimsóknir þjóðhöfðingja hingað til lands hafa birst fréttamyndir í sjónvarpi frá viðkomandi landi og þingi þar sem að öllu jöfnu er áberandi þjóðfáni landsins við forsæti eða ræðustól.

Þess var minnst 17. júní, á þjóðhátíðardegi Íslendinga, að 19. júní ætti hinn fagri íslenski fáni 90 ára afmæli. Hinn 1. júlí sl. voru 124 ár liðin frá því að Alþingi var sett í fyrsta sinn í Alþingishúsinu. Íslendingar státa sig af elsta löggjafarþingi veraldar, eru stoltir af þjóðfána sínum sem í 90 ár hefur af stjórnendum Alþingis þess tíma ekki verið talinn gegn og gildur innan veggja Alþingis.

Með lögum nr. 67/1998, um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, voru heimildir til að nýta þjóðfánann rýmkaðar. Var það m.a. gert til að aflétta ofverndun íslenska þjóðfánans og stuðla að því að gera hann sýnilegri.

Alla daga þá Alþingi starfar eru beinar útsendingar sjónvarps frá þingsal og verður ekki annað sagt en að mikil blæbrigði yrðu á sjónvarpsmynd og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól.

Flutningsmenn telja það mjög við hæfi að þjóðfáni Íslendinga skipi veglegan sess í þingsal Alþingis. Það yrði hinu háa Alþingi til sóma, sem og þjóðfána vorum til vegs og virðingar."

Virðulegi forseti. Ég gat um það áðan að þetta væri í sjötta sinn sem þessi þingsályktunartillaga væri flutt. Mér þykir þá líka rétt að geta þess að í nokkurn tíma hefur mál þetta fengið umfjöllun í forsætisnefnd og vildi ég aðeins geta nokkurra dagsetninga og ártala máli mínu til stuðnings varðandi umfjöllun fánamálsins í forsætisnefnd.

13. mars árið 2000. Erindi Guðmundar Hallvarðssonar. Lagt fram erindi Guðmundar Hallvarðssonar alþingismanns, dags. 8. mars sl., þar sem gerð er tillaga um að þjóðfána verði komið fyrir í þingsal að baki forsetastóli eða til hliðar við hann. Ákveðið að forsætisnefndarmenn kanni hvort aðstæður í þingsal geri mögulegt að hafa fánann í salnum.

20. mars árið 2000. Að loknum fundi gengu forsætisnefndarmenn í þingsal til að kanna hvort aðstæður væru til þess að koma þjóðfánanum fyrir að baki forsetastóli eða til hliðar við hann, samanber fundargerð 13. mars.

8. júní 2000. Fáninn í þingsal. Lögð fram drög að svari við bréfi Guðmundar Hallvarðssonar alþingismanns, dags. 8. mars sl., þar sem lagt er til að þjóðfána Íslendinga verði komið fyrir við hliðina eða nærri forsetastóli í þingsal, samanber fundargerð forsætisnefndar 13. mars sl. Afgreiðslu málsins frestað.

13. nóvember 2000. Þjóðfáni í þingsal. Rætt um nýlega tillögu til þingsályktunar um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis. Samþykkt að óska eftir því að Gunnar Ingibergsson leggi fyrir forsætisnefnd hugmyndir um hvernig mætti koma þjóðfánanum fyrir í þingsal ef af því yrði.

23. apríl 2001. Erindi frá allsherjarnefnd. Lagt fram erindi frá allsherjarnefnd, dags. 23. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðfána Íslendinga í þingsal, 198. mál þessa þings. Samþykkt var að skýra allsherjarnefnd frá því að forsætisnefnd veiti ekki umsögn um einstök þingmál samkvæmt beiðni þingnefnda.

Virðulegi forseti. Ég sýndi það með myndrænum hætti fyrir nokkru síðan hversu einfalt væri að koma þjóðfánanum fyrir. Eflaust muna þingmenn eftir því að þá var gert ráð fyrir að þjóðfáninn yrði nánast á bak við ritara sem er mér á hægri hönd og yrði á nánast lóðréttri stöng en ekki með þeim hætti eins og margir hverjir hafa haldið fram í ræðum og riti og jafnvel fyrrverandi forseti Alþingis talaði um það að ekki sé við hæfi að íslenski þjóðfáninn sé notaður eins og veggpunt eða gardínur í þingsalnum.

Það eru margir, virðulegi forseti, utan Alþingis sem hafa fylgst með þessu máli og verið mjög undrandi á hinum

dræmu undirtektum stjórnenda þingsins hvað þetta mál varðar. Einn heiðursmaður sendi ljóð frá sér 17. júní 2002, Pétur Sigurgeirsson biskup, og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa það hér:

Sem friðarbogi í skýjum skín
hér skartar Íslands fáni.
Þitt geislar útlit – ásýnd þín,
eins og sól og máni.

Fáninn blár sem himinn – haf
með hvítt og rautt krossmerkið.
En jöklum með og eldum af
vort eyland skóp Guðsverkið.

Þjóðartákn er það til sanns
– að því vér skulum hyggja –
á kristnum gildum Guðs og manns
er gott að mega byggja.

Ein er fánans ferð ei löng
en fer þó hugsvið þegna
í hálfa eða heila stöng
er hafinn upp þess vegna.

Íslands fáni Alþingis
þar æðst með ráð er vandi,
forsjón þings til fulltingis
fyrir þjóð og landi.

Í musterum og menntasal,
á miðum – landsbyggð yfir,
yst við strönd og innst í dal
eins þar fáninn lifir.

Hér á þökk Jón Sigurðsson,
sómi landsins er hann.
Frelsið kom, hans framtak – von
– er fánans mótar viljann.

Ó, vernda Drottinn borg og byggð,
bæði loft og sæinn.
Þín eilífð varir, elska og tryggð,
þú Alfaðir gafst daginn.

Þetta ljóð er eftir Pétur Sigurgeirsson biskup en hann hefur sýnt þessu máli sérstakan áhuga. Það hafa fleiri líka gert. Ekki fyrir löngu, og í nokkur skipti, hefur Pétur nokkur Kristjánsson skrifað athugasemdir um meðferð þjóðfánans og jafnframt undrað sig á því hvers vegna þjóðfáninn væri ekki meira nýttur af hinu opinbera og hvers vegna hann væri ekki hér í þingsal. Það er athyglisvert að vita af því líka að þegar þessi heiðursmaður, Pétur Kristjánsson, hefur sent athugasemdir til ýmissa opinberra stofnana um hvernig fara skuli með þjóðfánann hefur verið fátt um svör.

Mér er minnisstætt opið bréf sem hann sendi til forsetaembættisins þar sem hann benti á að lög þjóðfánans væru þess eðlis að frá áhorfanda séð að ræðustól eigi þjóðfáninn lögum samkvæmt að vera á hægri hönd þess sem talar, þ.e. á vinstri hönd séð frá þeim sem horfir á ræðupúlt. Ár eftir ár er öfugt farið með þetta hjá forsetaembættinu. Fáninn á Bessastöðum er alltaf vinstra megin við ræðupúltið. Hvernig í ósköpunum má það vera að æðsta embætti þjóðarinnar skuli ekki fara eftir þeim lögum sem forsetaembættið staðfesti á sínum tíma? Það segir kannski svolítið um það áhugaleysi sem verið hefur um þetta mál til skamms tíma varðandi þjóðfánann í þingsal. Það er náttúrlega sérstakt líka þegar litið er til þess að aðilar úti í bæ, skólafólk og gestir af götunni, erlendir aðilar, leggja í ört vaxandi mæli leið sína hingað í þinghúsið. Ég er með tölur um það og t.d. árið 2005 komu hér 7 þúsund gestir. Ég heyri það líka að það undrar marga að þjóðfáni Íslendinga skuli ekki vera hér innan dyra.

Jafnframt er það líka mjög sérstakt í öll þessi ár, eins og þjóðhátíðin á Þingvöllum 1944 beindist mjög að þjóðfána Íslendinga, dagskráin í ræðum og riti og söng, að menn skyldu þá ekki hafa tekið ákvörðun um að finna þjóðfánanum stað í þingsal.

Virðulegi forseti. Tími minn er senn á enda. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og allsherjarnefndar. Ég óska þess jafnframt, virðulegi forseti, að allsherjarnefnd sendi forsætisnefnd málið til umsagnar.

[18:07]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kýs að koma í andsvar við ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar fyrst og fremst til að hrósa honum fyrir þrautseigju. Hann hefur flutt þetta mál aftur og aftur og hefur hvergi látið deigan síga. Ég skil hann mjög vel. Fáninn er tákn fullveldis, hann er fallegur og hann er mikilvægur og ekkert er hátíðlegra en að sjá hann blakta við hún þegar svo ber undir. Hann mundi sóma sér vel í þingsal.

Ég tek eftir að 31 þingmaður flytur málið og að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur fengið jafnmarga þingmenn úr sínum eigin flokki, Sjálfstæðisflokknum, og úr Samfylkingunni til að flytja málið með sér. Það eru níu samfylkingarþingmenn og níu sjálfstæðisþingmenn sem flytja málið með honum, auk annarra. Ég staldraði við þetta.

Það er nú þannig að lengi er von á einum og ekki síst í atkvæðagreiðslu má búast við að einhverjir fleiri leggi þingmanni lið. Nú er þingmaðurinn í þeirri stöðu sem við svo oft höfum lent í í stjórnarandstöðunni og þingmenn allir, að þingmenn meiri hlutans kalla eftir því aftur og aftur í umdeildum málum að réttur þeirra sé að fá að ganga til atkvæða um mál sín, að nú sé mál að linni umræðu af því að það liggi alveg ljóst fyrir að meiri hluti sé fyrir málinu og gengið skuli til atkvæða.

Mér datt í hug, af því að vilji er allt sem þarf í þessu máli, að hann eigi að brýna sína menn og gera kröfu um að málið fái að koma til atkvæða á Alþingi, þannig að út verði kljáð áður en hann sjálfur hverfur af Alþingi nú á vordögum.

[18:09]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góð og hlý orð í minn garð. Það er rétt sem þingmaðurinn kom inn á, að slíkur er fjöldi meðflutningsmanna í málinu að hægt ætti að vera um vik. En ég ætlaði og reyndi á síðasta þingi

að beita smáfortölum og fá flýtimeðferð á málinu og óskaði eftir að það yrði ekki sent til nefndar en það stangast náttúrlega á við þingsköp. Ég trúi hins vegar ekki öðru en málið nái fram að ganga og því muni ljúka með vilja meiri hluta alþingismanna, þótt nokkuð sé skammt til þingloka. Ég hef þá óbilandi trú að nú séu menn að átta sig á hvað þjóðfáninn er okkur mikils virði.

Tóku þingmenn eftir því t.d. í nýlokinni heimsmeistarakeppni í Þýskalandi, hvað öllum þótti sjálfsagt og eðlilegt að veifa þjóðfánunum og mikið bar á íslenska fánanum? Ég held því að það sé bara góð vakning meðal almennings um notkun þjóðfánans. Búið er að rýmka reglurnar þannig að nú geta fyrirtæki notað fánann á umbúðir sínar eða vörumerki og ég tel að full ástæða sé til að skerpa og brýna á þessu.

Ég held að ég fari með rétt mál að ekki eru mörg ríkisfyrirtæki á Íslandi sem nota þjóðfánann og hafa hann að húni fyrir framan fyrirtæki sín. Það er Flugmálastjórn Íslands, hún hefur gert það (Forseti hringir.) og líklega er Landhelgisgæslan búin að taka þann sið upp líka.

[18:11]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Heimsmeistaramótið, þjóðfáninn, þjóðsöngurinn, meira að segja sjáum við íþróttamennina okkar syngja þjóðsönginn þegar við sitjum límd við tækin til að fylgjast með afrekum þeirra.

En þingmenn eru, því miður, mjög vanir því að mál þeirra, hversu góð sem þau eru, fari til nefndar og komi ekki úr henni aftur. Það eru því örlög þingmanna að leggja vinnu í góð mál, flytja þau en síðan festast þau í möppum í nefndinni og koma ekki til baka. Mér er til efs að það eigi að vera þannig með mál sem flutt er og snýr gersamlega að þinginu sjálfu. Mér er það til efs að ríkisstjórnarmeirihluti eigi að fá að ráða því í nefnd að mál af þessum toga sé lokað þar inni. Mér fyndist því mjög eðlilegt að málið væri tekið upp út frá þeirri forsendu til umræðu í nefndinni. Ég geri ráð fyrir að þetta mál sé í allsherjarnefnd. Meiri hlutinn ræður í öllum nefndum. Meiri hlutinn tekur pólitíska ákvörðun í þeim málum sem við flytjum. Stjórnarmeirihlutinn vill ekki að mál þingmanna, sérstaklega ekki stjórnarandstöðuþingmanna, séu samþykkt af því að þeir vilja eiga sína pólitík sjálfir.

En þetta er mál sem snýr að vilja þingmanna varðandi Alþingi sjálft og ég set stórt spurningarmerki við að hægt sé að loka það inni í möppu í allsherjarnefnd.

[18:13]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er náttúrlega við nokkuð ramman reip að draga í þessu máli. Í fyrsta lagi. Í febrúar 2004 birtist heljarmikil frétt um það í Morgunblaðinu að forsætisnefnd Alþingis hefði beðið um að laga og yfirfara íslenska skjaldarmerkið. Þegar viðkomandi aðilar höfðu lokið verki sínu dró Alþingi í marga mánuði að greiða kostnaðinn, greiða það sem Alþingi hafði beðið um af því að annar forseti var kominn hér í stólinn og hann var á móti þeirri vinnu sem var framkvæmd. Það er náttúrlega skömm að því að svona skuli hafa vera staðið að verki.

Í annan stað gat ég þess líka að ekki eru allir sáttir við þessa þingsályktunartillögu en mér finnst mjög ósanngjarnt og óbilgjarnt að menn skuli koma fram í fjölmiðlum, eins og hæstv. fyrrverandi forseti Alþingis, Halldór Blöndal, og segja í viðtali í febrúar 2004, með leyfi forseta:

„Það er rétt, að tillaga hefur verið lögð fram á Alþingi um að koma fánanum fyrir í þingsalnum. Reynt hefur verið að útfæra þá hugmynd en ekki tekist að minni hyggju. Við Íslendingar erum ekki vanir því að nota fánann til daglegs brúks með því að stilla honum upp úti í horni eða sem glugga- eða veggtjöld.“ — Sem glugga- eða veggtjöld.

Þetta er slík vanvirða við flutningsmenn þingsályktunartillögunnar að engu tali tekur. Ég hef ekki fleiri orð um það, virðulegi forseti.

[18:15]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég á stutt og einfalt erindi í stólinn og það er að lýsa stuðningi við þetta mál með þeim rökum sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur tínt fram og það kemur svo sem ekki á óvart því ég er einn flutningsmanna. Ég vil segja það hér að með sama hætti og króna Kristjáns IX. minnir okkur á upphaf þessa húss og löggjafarþings þess og áður ráðgjafarþings sem stofnað var í Reykjavík 1845 og 1874 þá er viðeigandi að í þingsalnum séu tvær táknmyndir, annars vegar Jóns Sigurðssonar forseta, sem enn er helsta hetja í sögu þingsins, og hins vegar íslenski þjóðfáninn, fáni íslenska lýðveldisins sem hér var stofnað á Alþingi.

Ég tek undir þær óskir sem hafa komið fram um að málið gangi til síðari umræðu og ég tel að allsherjarnefnd sé torvelt að neita þeirri ósk þegar flutningsmaður er 31 og einn þingmaður til, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, bættist við í umræðunum áðan. Hér er því hreinn meiri hluti Alþingis sem annaðhvort flytur málið eða styður það án flutnings. Það hlýtur að verða til þess að málið kemur til síðari umræðu og verður væntanlega samþykkt. Það væri líka verðskuldaður heiður þeim sem flutt hefur málið fimm sinnum og nú í sjötta sinn en er á leiðinni út af þingi, er að ljúka þingstörfum og verður harmfari þeim sem hér hafa setið með honum. Svo er, forseti, að guð einn mun ráða hvar við dönsum næstu jól en ef þetta verður ekki samþykkt á þessu þingi þá heiti ég því, ef ég fæ nokkru ráðið, að málið verði til lykta leitt þótt síðar verði.

[18:18]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er svona hálfgildingsandsvar. Ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni hversu mikil og einlæg samstaða þetta er, mynd af Jóni Sigurðssyni, okkar leiðandi ljósi í þingsal, þá er það eðlilegt að þjóðfáninn sé þar líka svo órofin tengsl sem þarna eru á milli og segir eiginlega allt sem segja þarf um sjálfstæðisbaráttu okkar.

[18:19]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta þingmál er stutt og skýrt, ein setning: Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga. Ég er einn flutningsmanna tillögunnar en eins og komið hefur fram fer fyrir okkur 31 þingmanni hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson. Ég vil gera röksemdir hans

að mínum og segja, að með því að setja þjóðfánann í þingsalinn þá sýnum við honum tilhlýðilega virðingu og ekki aðeins það heldur einnig þeirri hugsjón sem hann er tákn fyrir. Íslenski þjóðfáninn er tákn fullveldis þjóðarinnar og hann er tákn hugsjónarinnar um frjálst og óháð Ísland.

Innan þingsins eru margir áhugamenn um þetta mál eins og komið hefur fram og utan þings einnig eins og hv. 1. flutningsmaður Guðmundur Hallvarðsson gat um í framsöguræðu sinni. Hann nefndi þar sérstaklega Pétur Kristjánsson og ég vil einnig nefna nafn hans og mikla baráttu fyrir hönd íslenska fánans, að farið sé með hann samkvæmt settum reglum.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri en hvet til þess að þetta mál verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að fyrir því er meiri hluti í þinginu.

[18:21]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Þessi þingsályktunartillaga um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis er ekki ný. Hún hefur verið lögð fram áður og mælt fyrir henni af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Ég tel hiklaust að hér sé mjög gott mál á ferðinni. Allur þingflokkur Frjálslynda flokksins styður málið. Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar eru 31. Og ég vil taka undir lokaorð hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Ögmundar Jónassonar, þar sem hann lagði til að þetta mál yrði afgreitt héðan frá hinu háa Alþingi og fengi samþykki, að sjálfsögðu.

Ég held að það færi mjög vel á því að við hefðum þjóðfána okkar í salnum og við hefðum hann við hliðina á sæti virðulegs forseta Alþingis, það færi mjög vel á því. Mér finnst það hreinlega vanta að við höfum þetta sameiningartákn þjóðarinnar einmitt á áberandi stað í þingsalnum og það yrði bæði smekklegt og undirstrikaði jafnframt einingu þjóðarinnar og um leið að hér er um að ræða Alþingi Íslendinga. Ég vil mælast til þess að þetta mál verði afgreitt nú á þinginu, sem er síðasta þing fyrir kosningar, og að við sem nú sitjum á þingi færðum þjóðinni þessa ákvörðun að gjöf við lok þingstarfa í vor þannig að við getum hafið nýtt kjörtímabil aftur að hausti þar sem þjóðfáni okkar Íslendinga yrði hafinn til vegs og virðingar í sölum Alþingis. Ég lýsi því enn og aftur: Allur þingflokkur Frjálslynda flokksins styður málið heils hugar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Áfengislög, 1. umr.*

Frv. ÖJ o.fl., 44. mál (auglýsingar). — Þskj. 44.

[18:24]

**Flm. (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Ég tala fyrir frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum, en ásamt mér flytja þetta mál hv. þm. Mörður Árnason, Þuríður Backman, Dagný Jónsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson og Jón Kristjánsson.

Þetta mál hefur áður komið fyrir þingið en ekki fengið afgreiðslu og er því lagt fram að nýju. Í íslenskum lögum er bann við auglýsingum á áfengi og einstökum áfengistegundum en eins og menn þekkja er hvort tveggja að menn hafa fundið göt í lögunum sem þeir hafa nýtt sér og einnig er á hitt að líta að lög þessi eru brotin án þess að menn séu að nýta sér einhverjar sérstakar smugur í lögunum. Og það er að mínu mati komið til vegna þess að lögin eru að sumu leyti óskýr. Menn fóru að nýta sér smugurnar sem þar er að finna og þegar ekki var fundið að því eða menn látnir sæta ábyrgð þá færðu menn sig upp á skaftið og brutu lögin.

Með þessu frumvarpi erum við að leggja til að farin verði svipuð leið og Norðmenn fóru, þeir breyttu orðalagi sinna laga þannig að þeir lokuðu öllum smugum. En eins og menn þekkja er bjór hér auglýstur sem bjór en einhvers staðar í auglýsingunni er að finna agnarsmáa stafi sem segja að ekki sé um áfengan drykk að ræða. Og með þessu frumvarpi, ég ætla ekki að fara í hinar lagatæknilegu hliðar málsins en hugsunin er sú að ef menn eru á annað borð með áfengan drykk þá verði hann greinilega aðgreindur hinum óáfenga. Út á það gengur þetta frumvarp. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til skýrslu sem kom út á vegum ríkislögreglustjóra á árinu 2001 og þar var þetta ein sú leið sem nefnd var til að stoppa upp í íslensku lögin.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð, það er óþarfi. Ég held að það sé mjög skaðlegt að vera með lög sem ekki er farið eftir, sem ekki er hlýtt og ég hef oft undrað mig á ábyrgðarleysi bæði framleiðenda og söluaðila sérstaklega bjórs og reyndar annarra áfengra drykkja líka, að þeir skuli ekki vera reiðubúnir að virða landslögin. Eins má sæta furðu að íslenskir fjölmiðlar sjái ekki sóma sinn í að koma í veg fyrir að síður þeirra eða skjárinn sé notaður til þess að koma á framfæri ólöglegum auglýsingum eða a.m.k. auglýsingum sem eru á mjög gráu svæði og það á ekkert síður við ríkissjónvarpið en aðrar sjónvarpsstöðvar og það á við um dagblöðin flest, þó skal ég ekki fullyrða um það efni.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þetta mál fari til, að öllum líkindum efnahags- og viðskiptanefndar til umfjöllunar og komi síðan til atkvæðagreiðslu fyrir þinglok. Það er óþolandi að mál af þessu tagi sé látið velkjast í þinginu árum saman án þess að þingið fái tækifæri til að segja hug sinn. Nú er komið að því að afgreiða þetta mál.

[18:29]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum, og er þarft og gott mál. Í 20. gr. áfengislaganna segir svo, með leyfi forseta:

„Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.“

Ég hef áður komið í ræðustól, ég man ekki hvort það var af þessu tilefni en ég minnist þess að ég hef komið í ræðustól vegna fyrirspurna sem Mörður Árnason hefur lagt fram varðandi þessar auglýsingar. Þar innti þingmaðurinn dómsmálaráðherra eftir því hvort ekki ætti að bregðast við því þegar menn væru að auglýsa áfengi með svo augljósum hætti en feldu sig á bak við það að þeir væru kannski ekki að auglýsa áfengi í þeim skilningi orðsins heldur einhvers konar óáfenga drykki eða drykki með litlu áfengismagni.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að það hefur oft farið í taugarnar á mér að sjá svona auglýsingar. Það er svo augljóst að verið er að fara í kringum lögin, menn dansa á línunni og ég tel að þeir séu að fara yfir línuna með þessum auglýsingum. Það er nefnilega þannig að það eru lög í þessu landi. Lagabókstafurinn er alveg skýr og ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt að við á hinu háa Alþingi veitum það aðhald að hér sé farið að lögum.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hafa Norðmenn tekið á þessu þannig að menn geta ekki auglýst vöru með þessum hætti, þ.e. látið í veðri vaka að þeir séu að auglýsa léttöl eða pilsner en eru í raun og veru að auglýsa bjór. Ég tel að þetta sé ágætt mál og ég styð þetta frumvarp þó að ég sé ekki flutningsmaður þess þá styð ég það vegna þess að ég tel hreinlega ótækt að þetta sé látið líðast. Það er líka þannig að þegar menn fara að brjóta lögin með þessum hætti þá færa þeir sig sífellt upp á skaftið með hverju árinu sem líður og það leiðir náttúrlega til þess að sá lagabókstafur sem við höfum í áfengislögunum — og það er alveg auðséð af orðanna hljóðan í lögunum hvað hefur vakað fyrir löggjafarvaldinu á þeim tíma þegar lögin voru sett — það er alveg augljóst að það er verið að brjóta þessi lög. Ég tel því að það væri gott mál að þetta frumvarp yrði afgreitt þannig að það yrði tekið á þessu.

Hins vegar er annað mál hvort það eigi að leyfa áfengisauglýsingar yfir höfuð eða ekki. Ég tel að það eigi ekki að leyfa áfengisauglýsingar. Ég tel að fyrirkomulagið eins og það er núna sé ágætt en ég tel einnig, eins og reynslan hefur sýnt, að það sé kominn tími til að tekið verði á þessu tiltekna vandamáli, virðulegi forseti.

[18:32]

**Flm. (Ögmundur Jónasson):**

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að þakka hinar góðu undirtektir við málið. Ég tek undir með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni í þeirri afstöðu hans að lög eiga að gilda. Ég er sammála honum um að það eigi að banna áfengisauglýsingar enda væri ég ekki flutningsmaður að málinu ella. Ég held að það sé framtíðin líka. Menn tala stundum um þetta sem einhvers konar gamaldags viðhorf. Það er það þvert á móti. Hið gagnstæða er uppi. Þetta er það sem mun verða í framtíðinni, að því er ég hygg. Fremur vildi ég að menn kæmu fram og leyfðu auglýsingar á áfengi og við hefðum þá hreinar línur og farið væri eftir þeim lögum sem eiga að gilda í landinu. Það væri skömminni skárra en það ástand sem við búum við nú að lögin eru ekki virt. Það er slæmt ástand.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vegagerð um Stórasand, fyrri umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 59. mál. — Þskj. 59.

[18:34]

**Flm. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Þegar þessi tillaga var fyrst lögð fram þá vakti fyrir mér og öðrum flutningsmönnum að finna leiðir til að stytta leiðina milli Reykjavíkur og Akureyrar og var á þeim tíma að okkar mati skynsamlegast að fara Stórasand. Síðan hefur komið í ljós að sú framkvæmd hefur mætt mikilli andstöðu. M.a. hafa, eins og ég skil það, ýmsir á Vesturlandi og sérstaklega í Húnavatnssýslum lagst gegn þeirri vegagerð, en nú er aftur komið upp að mikill stuðningur er við að leggja veg yfir Kjöl samkvæmt stöðlum Evrópusambandsins sem ég tel mjög góðan kost í staðinn fyrir Stórasand. Verður þá að sjá til síðar hvort ráðist verði í þá leið en ýmsir í Húnavatnssýslum og Borgarfirði hafa áhuga á því auðvitað að leggja veg úr Borgarfirði yfir í Miðfjörð, yfir Arnarvatnsheiði svo menn geti komist þá leið.

Ég sá ástæðu til þess að málið yrði tekið á dagskrá til að vekja athygli á því hversu vel og myndarlega hefur verið staðið að stofnun hlutafélags um að byggja upp veg yfir Kjöl. Ástæðan er auðvitað sú að slíkur vegur styttir leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um 47 km ef farið er um Selfoss og ég hygg 57 km ef farið er um Þingvelli. Ef við hugsum um þá sem búa á Selfossi þá styttir það leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um 140 km. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða. Á Suðurlandi búa um 25 þús. manns. Þar eru kannski að jafnaði 10 þús. manns í sumarbústöðum. Búast má við því að þetta fólk muni sækja norður eftir þessari leið á fallegum sumardögum til að lyfta sér upp.

Það hefur auðvitað verið gamall draumur bæði Norðlendinga og Sunnlendinga að geta haft sem greiðastar samgöngur sín á milli. Þetta er ekki nýtt af nálinni, þetta hefur alla tíð verið. Rökstuðningurinn með Kjalvegi fremur en Stórasandi er einmitt sá að með því er hægt að tengja þessa landshluta saman með fastari og betri hætti en áður. Ég vil, frú forseti, vekja athygli á því að einnig hafa komið upp raddir um að skynsamlegra og kannski brýnna sé að vegurinn liggi um Sprengisand en um Kjöl. Það má auðvitað velta vöngum yfir því en eins og mál standa nú er niðurstaðan sú að Norðlendingar og Sunnlendingar hafa tekið höndum saman um stofnun hlutafélags til að reisa þennan veg. Kostnaður er viðráðanlegur og ég geri ráð fyrir að hinn venjulegi Íslendingur muni fagna því að menn skuli leita allra leiða til þess að auðvelda umferð um hálendið og milli landshluta og landsfjórðunga.

Það er mikill misskilningur ef menn halda því fram að það skemmi hálendið að það sé vel vegað. Einmitt hinir niðurgröfnu vegir og leiðinlegu vegir valda því að menn fara oft út af veginum, mynda nýjar slóðir og þar fram eftir götunum auk þess sem mikil hætta stafar af vegfarendum sem um þá vegi fara. Ég hlýt, frú forseti, að vekja athygli á þeirri umræðu sem er í þjóðfélaginu nú og endurspeglast m.a. í Morgunblaðinu.

Ég sé í Morgunblaðinu í dag á bls. 25 undarlega grein eftir Þórólf Matthíasson, prófessor í hagfræði við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Hann talar þar um að ég

muni vera einn af stjórnarmönnum Norðurvegar. Betur að satt væri. Ég hefði gaman af að vinna að því að úr þessum áformum geti orðið en styð eins og ég framast má að úr þessu rætist. Hann talar um að þegar Héðinsfjarðargöng voru til umræðu hafi fengist þær upplýsingar að uppbyggður vegur um Lágheiði mundi líklega verða lokaður 10–14 daga á ári. Þetta er alls ekki rétt. Uppbyggður vegur um Lágheiði yrði lengur lokaður eins og prófessorinn getur gengið úr skugga um ef hann les þær skýrslur sem til eru um þetta hjá Vegagerðinni. Reistar voru þar snjóstikur og snjóalög könnuð ár eftir ár og talað við heimamenn. Hér fer því prófessorinn mjög villur vegar, en ég geri ráð fyrir að hann ætti að geta leitað eftir þeim upplýsingum hjá Vegagerðinni en ég þurfi ekki að vera milliliður milli hans og Vegagerðarinnar. En það er misskilningur hjá honum ef hann heldur að það fari eftir hæð vegar hver snjóþunginn er.

Fljótin og Lágheiði er mjög fræg fyrir mikil snjóþyngsli vegna þeirrar miklu úrkomu sem þar er. Við getum borið Lágheiði saman við t.d. Hárekstaðaleið. Lágheiði er 409 m, Hárekstaðaleið kannski rétt um 600 m þar sem hæst er, t.d. í Vegaskarði eru 500 og í Langadal við Svartfell 600. Það er mikill misskilningur ef hann heldur að Hárekstaðaleið sé lokuð fleiri daga á ári, svo er ekki. Það heyrir til undantekninga ef sú leið er ekki fær og þess vegna engin rök í málinu. Úrkoman ræður þessu. Það getur hvesst á Hárekstaðaleið eins og á öðrum heiðum. Það getur líka hvesst undir Esjunni, Hafnarfjalli og víðar svo það er ekki einsdæmi. Ég hygg að ekki þurfi að óttast það að á Kjalvegi séu einhver snjóþyngsli samanborið við á Lágheiði. Ég hygg að prófessorinn geti gengið úr skugga um það ef hann vinnur að því með þeim vísindalegu vinnubrögðum sem ætlast er til að prófessorar vinni eftir.

Það vekur mikla athygli mína að hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, skuli sjá ástæðu til að lýsa yfir miklum efasemdum um hugmyndir um Kjalveg. Hann lýsir líka miklum efasemdum um álver við Húsavík. Ég veit ekki hvort hann gerir sér grein fyrir því hversu mikla þýðingu þetta hefur fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi og raunar líka á Suðurlandi að vegtengingin milli Norður- og Suðurlands komi. Mér er sagt að um 90% af ferðamönnum sem komi til landsins komi að Gullfossi. Þá verður greið leið norður. Ýmsir sækjast eftir að heimsækja Mývatn og Dettifoss. Þá er greið leið suður. Ef við Íslendingar ætlum á annað borð að styrkja ferðaþjónustu þannig að hún geti nýst vel í dreifbýli og úti á landi eiga landshlutarnir að vinna saman. Satt að segja er ömurlegt þegar menn í þessum sal reyna að beita sér gegn því að góðar samgöngur séu á milli landshluta og -fjórðunga. Það er mjög undarleg árátta hjá sumum að geta aldrei litið sé fjær en þurfa ævinlega að horfa niður fyrir tærnar á sér. Auðvitað er það svo hér á landi sem annars staðar að menn sækjast eftir að fá að kynnast náttúru landsins. Í þjóðgörðum erlendis — ég hef ekki farið víða en ég hef þó komið í þjóðgarða erlendis — þar leggja menn upp úr því að snyrtilega sé um landið gengið og þar eru góðir vegir með bundnu slitlagi, auðveldir yfirferðar sem eru auðvitað kjarni málsins. Þess vegna hlýt ég að láta í ljósi undrun mína yfir því þegar menn lýsa yfir andstöðu við þennan veg.

Hið sama má raunar segja um hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur. Hún situr í samgöngunefnd fyrir Samfylkinguna og er þingmaður Skagfjarðar. Ég get ekki séð í Morgunblaðinu í dag að hún sé jákvæð gagnvart þessari vegagerð sem vekur mikla furðu. Það yrði ekki ónýtt fyrir þá sem standa að verslun, þjónustu og ferðaþjónustu í Skagafirði að fá þessa beinu tengingu við Suðurland. Hvernig í ósköpunum gæti á því staðið að þingmenn Skagfirðinga yrðu andstæðir þessari vegagerð? Mér hafa raunar sagt stjórnarmenn í Greiðri leið að hæstv. samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, sé vegagerðinni hlynntur og vilji styðja hana. Ég vona að það sé rétt. Ég hef það ekki eftir hæstv. ráðherra, hann getur þá leiðrétt það ef rangt er með farið en ég skil það svo.

Nú er það einnig í Morgunblaðinu í dag að Bergur Sigurðsson lýsir yfir miklum efasemdum einnig um réttmæti þess að þar verði lagður vegur eftir stöðlum Evrópusambandsins. Með leyfi forseta, segir hann:

„Við erum ekki á móti malbikinu sem slíku. [ ... ] Vel lagður, malbikaður ferðamannavegur þarf ekki að valda sama raski og uppbyggð hraðbraut þvert yfir landið.“

Þurfa ferðamenn sem fara um hálendið ekki á góðum vegi að halda, uppbyggðum vegi? Getur ekki með litlum fyrirvara snjóað á hálendinu? Ætli Landverndin þekki ekki dæmi þess og hafi ekki kynnt sér ferðalög enn þann dag í dag á stöðum sem uppbyggðir eru hvernig fyrir fólki fer ef á annað borð brestur á hríð, stórviðri, og þarf ekki svo mikið til að koma. Auðvitað á að vanda til vegagerðar um hálendið og auðvitað eiga þeir vegir að vera upphleyptir.

Þetta viðhorf minnir raunar á þá erfiðleika sem við Norðlendingar eigum í varðandi vegagerð frá hringveginum niður að Dettifossi. Við höfðum náð því fram að sá vegur yrði boðinn út fyrir nær einu og hálfu ári. Unnið var að því að velja veginum stað í nánu samráði og samstarfi við Umhverfisstofnun og vissi Vegagerð ekki annað en þar væri allt með felldu og þeir væru sammála þeirri veglínu sem valin var. Síðan varð annað uppi á teningnum og Umhverfisstofnun lagðist gegn þeirri veglínu. Nú er svo komið að vegurinn dregst sennilega í tvö ár vegna þess að opinberar stofnanir eru að leika sér að málinu, þ.e. Umhverfisstofnun, Landgræðslan og Skipulagsstofnun. Heimamenn verða að bíða á meðan eftir því að fá veg niður að Dettifossi. Það er eins og hinum opinberu starfsmönnum sé ekki kunnugt um að Kísiliðjan var lögð niður fyrir nokkrum árum þannig að sá rekstur sem var bakfiskur í atvinnulífinu í Mývatnssveit lagðist niður, annar kom ekki í staðinn og menn hafa verið að efla sig m.a. á sviði ferðaþjónustunnar. Auðvitað tapar þetta fólk, þessir einstaklingar í Mývatnssveit, fyrir norðan og ýmsir aðrir fjármunum þegar þeir komast ekki leiðar sinnar að þessari miklu gersemi, Dettifossi, öflugasta og kraftmesta fossi í Evrópu en fjöldi manna kemur til Íslands á hverju ári m.a. vegna þess að þá langar til að koma að þessum fossi.

Þetta er annað mál sem rétt er að huga að. Ég vil þess vegna beina því til samgöngunefndar þegar hún fær málið til meðferðar að kynna sér sérstaklega skipulagsmál og annað það er varðar fjallvegi og með hvaða hætti einstakar opinberar stofnanir geta tafið fyrir nauðsynlegum framkvæmdum sem Alþingi hefur ákveðið og er ráðist í að

frumkvæði heimamanna og með fullri sátt heima fyrir. Maður hlýtur að bera kvíðboga fyrir þessu.

Ég óska ekki eftir því að tillagan verði samþykkt en á hinn bóginn óska ég eftir því að í tengslum við tillöguna kynni samgöngunefnd sér sérstaklega þær hugmyndir sem standa á bak við Kjalveg og skipulagsmál á hálendi Íslands.

[18:49]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var athyglisvert að hv. þingmaður lauk ræðu sinni á því að upplýsa að hann óskaði ekki eftir því að tillagan yrði samþykkt. Það er ekki oft að maður heyri það í ræðustól Alþingis þegar menn hafa lagt fram tillögu, jafnvel oftar en einu sinni.

Hv. þingmaður hefur lagt þessa tillögu fram eins og áður, um að gerður verði vegur um Stórasand. Nú liggur fyrir tillaga um að Kjalvegur verði byggður upp. Hv. þingmaður nefndi einnig að leiðin um Sprengisand gæti verið vænleg. Ég spyr hv. þingmann hvort samanburður á þessum möguleikum sé ekki nauðsynlegur og að kanna, ef þeir yrðu allir nýttir, tveir af þremur eða hvernig sem það yrði. Hv. þingmaður er fyrrverandi. samgönguráðherra og það hefur ekki, svo ég viti til en hv. þingmaður upplýsir það þá, farið fram samanburður og skoðun á í hvaða röð menn eigi að ráðast í þessar framkvæmdir.

Það má ekki taka orð mín svo að ég lýsi mig á móti leiðinni sem hér er verið að ræða, þ.e. leiðinni um því hv. þingmaður virðist nú vera búinn að skipta um skoðun og vilji nú frekar fara Kjöl en Stórasand. Ég sé ástæðu til að koma því að að þeir sem vilja skoða þessi mál áður en þessar ákvarðanir eru teknar, eins og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir lýsti í Morgunblaðinu í dag, þýðir ekki að viðkomandi séu á móti þeim framkvæmdum.

[18:52]

**Flm. (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hlutafélagið Greið leið var stofnað varð niðurstaða þeirra sú að skynsamlegra væri að fara í Kjalveg en Stórasand af þeim sökum að meiri sátt var um það á Norðvesturlandi. Auðvitað hlýt ég að beygja mig fyrir því. Það er ástæðan fyrir því að ég tel sjálfsagt að ráðast í þennan veg enda liggur það fyrir að Kjalvegur er hluti af grunnnetinu þegar við tölum um vegagerð í landinu. Þar yrði fylgt eftir þeirri stefnu sem Alþingi hefur þegar markað. Ég veit að hv. þingmanni er þetta fullkunnugt því hann er mikill áhugamaður um samgöngumál og skilur þarfir ferðaþjónustunnar.

Á hinn bóginn hygg ég að hv. þingmanni sé jafnkunnugt og mér um að bæði Borgfirðingar og Vestur-Húnvetningar hafa áhuga á að koma vegi yfir Arnarvatnsheiði og Hallmundarhraun, sem kemur þessu máli ekki við og er allt annar handleggur. Þegar við erum að tala um Sprengisand erum við auðvitað að tala um hvort Mývatnssvæðið eigi að tengjast beint Suðurlandi. Ýmsir í ferðaþjónustu hafa áhuga á því eins og ég hygg að hv. þingmaður viti vel. En eins og málin standa nú liggur beinast við að leggja áherslu á Kjalveg. Uppbygging þess vegar er byrjuð. Það er mikil samstaða um þennan veg, bæði á Suðurlandi og Norðurlandi og við eigum sem þingmenn að beygja okkur fyrir vilja sveitarfélaganna og vilja fólks í heimabyggð.

[18:54]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það sem hv. þingmaður sagði einmitt vera rökstuðningur fyrir því að menn skoði allar leiðir um hálendið og geri sér grein fyrir því að hverju skuli stefnt í framtíðinni. Annað er óráð og það á ekki að vera háttur þingmanna að beygja sig fyrir niðurstöðum einhverra sem vilja ráðast í framkvæmdir hafi þeir ekki gert fullnægjandi athugun á því sem um er að ræða. Ég tel að það hafi alls ekki verið gert en hins vegar að miklar líkur séu á að skynsamlegt sé að vinna að því að gera veginn um Kjöl greiðfæran. Það er ekki búið að svara spurningunni um hvort menn vilji í raun að hann verði þungaflutningavegur eða ekki. Það verður auðvitað að liggja klárt fyrir. Ég geri fastlega ráð fyrir því að þeir sem hafa áhuga á að byggja þann veg upp, þeir einkaaðilar sem um er að ræða, vilji að þungaflutningar fari um þann veg.

Svo eru margar leiðir eins og hv. þingmaður nefndi sem væri ástæða til að gera betri vegi um. Þar nefni ég t.d. veginn um Uxahryggi sem tengir Suðurland og Vesturland og styttir mikið leiðina þar á milli. Áhugi Sunnlendinga á að koma þeim vegi í betra horf hefur verið undarlega lítill en sá vegur gefur ferðamönnum gríðarlega möguleika á að taka hring um Gullfoss- og Geysissvæðið og Borgarfjörðinn líka. Þetta þarf allt að skoða en samt að gera með þeim hætti að við getum verið viss um að finna réttu niðurstöðurnar.

[18:56]

**Flm. (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hafa löngum verið skiptar skoðanir um á hvaða vegi eigi að byrja en við höfum aldrei fallist á að hætta að leggja vegi og þessar úrtölur hv. þingmanns koma mér mikið á óvart. Greið leið er ekki á móti því að lagður verði góður vegur um Uxahryggi. Af hverju er ekki bara stofnuð Vesturleið, hlutafélag um að leggja góðan veg um Uxahryggi? Það er enginn á móti því. Það er sjálfsagt mál.

En hlutafélagið sem ég er að tala um er að ræða um góðan uppbyggðan veg yfir Kjöl sem standist staðla Evrópusambandsins. Það er oft svo í þessum sal að þeir á vinstri vængnum vilja hafa vit fyrir fólki. Margir á vinstri vængnum, m.a. í sama flokki og hv. þingmaður, lögðust gegn Hárekssstaðaleið og töldu að hún yrði ekki fær yfir veturinn. Um það heyrðust mjög neikvæðar raddir og úrtöluraddir þegar greið leið var lögð milli Norðurlands og Austurlands. En eins og ég sagði í ræðu minni áðan er vegurinn yfirleitt fær, þótt þessi fjallvegur komist upp í nærri 600 metra. Hann er nánast alltaf fær rétt eins og vegir niðri í byggð en auðvitað koma stöku sinnum ofviðri og stórhríð á landinu sem valda því að ekki er fært milli húsa. Það getur alltaf komið fyrir á Íslandi.

Hér er ekki verið að tala um að tefja fyrir öðrum framkvæmdum. Hér er ekki talað um að snúast gegn því að aðrir vegir séu lagðir. Ef hv. þingmaður hefur dug og döngun í sér til að stofna hlutafélag um að leggja veg um Uxahryggi skal ég vera fyrsti maður til að láta góð orð falla um það.

[18:58]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Nú ræðum við vegamál og hálendisvegi og það er ánægjulegt að verða vitni að því að hv. þm. Halldór Blöndal skuli halda uppi þessari umræðu í framhaldi af umræðu sem var í morgun í Útvarpi Sögu en þar var forstjóri Bónuss, Jóhannes Jónsson, einmitt að ræða þessa möguleika, hvernig leggja ætti vegi í framtíðinni. Ég get ekki betur heyrt en að hv. þingmaður sé hér að halda áfram með þá umræðu sem fram fór í Útvarpi Sögu og rekur hér erindi fyrir þessu máli og það er gaman að sjá hvað þessir menn geta verið samstiga í þessu máli og eflaust í fleiri málum.

Það er rétt að hafa í huga þegar við ræðum vegamál að þá er auðvitað rétt að skoða hvar við ætlum að leggja vegi og hvar við ætlum að hafa áherslurnar í framtíðinni. Mér finnst réttmætt að skoða þessar leiðir ef þær verða ekki til þess að taka vegafé af annars staðar. Mér finnst það ekki vera forgangsatriði fyrir opinbert fé að fara þessa leið og það segi ég vegna þess að ástand vega víða núna býður ekki upp á að farnar séu nýjar leiðir. Vegir eru víða varasamar og illfærir. Ég fékk nýlega símtal frá ágætri konu í Vatnsdalnum þar sem hún sagði að vegurinn frá bænum Bakka og út í kaupstaðinn væri illfær. Ég spyr: Eigum við ekki að tryggja að fólk geti komist heim til sín áður en við förum í nýjar leiðir um hálendið? Ég fæ ekki séð betur en að við eigum einmitt að leggja áherslu á þokkalegar samgöngur til allra staða og ef menn ætla að fara í þessar leiðir, hvort sem það er hv. þm. Halldór Blöndal eða Jóhannes Jónsson í Bónus sem vilja það, verði það a.m.k. ekki til þess að skerða það fé sem fer til vegamála.

Við verðum að líta til þess að hér er um alvörumál að ræða. Á síðasta ári var oft rætt um alvarleg slys, jafnvel banaslys á þjóðvegunum. Við í Frjálslynda flokknum leggjum aðaláherslu á að gerð verði gangskör að því að bæta umferðaröryggi á vegum landsins. Það á að vera fyrsta verkefni okkar að fækka banaslysum, fækka einbreiðum brúm. Þangað eigum við fyrst og fremst að horfa og einnig á það að fólk komist heim til sín, hvort heldur það er Didda á Bakka í Vatnsdal eða fólk sem þarf að komast vestur á firði eða í vinnuna á milli staða eins og frá Akranesi til Reykjavíkur. Þetta eiga að vera forgangsverkefni, umferðaröryggið og að fólk komist í raun og veru á milli staða.

Síðan er vert að skoða þessar hugmyndir þeirra Jóhannesar Jónssonar og hv. þm. Halldórs Blöndals að fara yfir hálendið, skoða þær leiðir og að það verði tryggt að það verði ekki til þess að skerða vegafé. Ef við lítum á útgjöld til vegamála á síðustu árum, hvernig núverandi ríkisstjórn hefur hegðað sér, þá kemur berlega í ljós að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur stutt með ráðum og dáð, hefur hegðað sér með mjög óábyrgum hætti þegar kemur að útgjöldum til vegamála. Útgjöldin eru ekki til langs tíma, þó svo að sú þingsályktunartillaga sem við ræðum hér sé að mörgu leyti framsýn, það er alls ekki að sjá í verkum ríkisstjórnarinnar vegna þess að þar er bara horft til næstu kosninga.

Það er athyglisvert þegar skoðuð eru útgjöld ríkisins til vegamála, sem upplýsingaþjónusta Alþingis tók saman fyrir mig, að það er ákveðinn taktur í þeim. Á kosningaári eru útgjöldin til vegamála 4,5% af útgjöldum ríkisins en eftir kosningar dregur jafnt og þétt úr þannig að árið eftir, 2004, eru þau 3,8%, 2005 eru þau 3%, 2006 eru reyndar tvær tölur, 2,8% og 2,3%, og það er vegna þess að þá voru ákveðnar aðgerðir í gangi hjá ríkisstjórninni til að berjast við þenslu sem stóðu yfir tvær, þrjár vikur, svokölluð Haardeáætlun sem stóð ekki lengi. En á árinu 2007 eru breyttir tímar, þá er skyndilega slegið í og ríkisstjórnin boðar aukin útgjöld til vegamála. Verk ríkisstjórnarinnar eru þannig að það er alltaf dregið úr en svo þegar kemur að kosningum þá er gefið í.

Það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að reyna að sporna við þessu að einhverju leyti og horfa eitthvað fram á veginn en ég er á því að hér sé kannski horft eilítið of langt fram á veginn, miðað við það ástand sem blasir núna við á vegum landsins, eins og t.d. hjá fólkinu í Vatnsdal sem kemst varla heim til sín nema á jeppum. Þetta á ekki að þurfa að vera svona. Þegar maður horfir upp á umferðarhnúta, fólk sem þarf að fara ofan úr Breiðholti í vinnu að morgni til og það kemur hálka eða snjór þá tekur slík ferð kannski þrjú korter. Við verðum að líta á forgangsverkefnin sem eru auðvitað þau að fólk komist á milli staða og svo umferðaröryggið. Svo mega verkefni sem þetta gerast í framtíðinni, verkefni sem eru í sjálfu sér góðra gjalda verð ef þau skerða ekki þau verkefni sem ég nefndi fyrst, þ.e. umferðaröryggi og að tryggja greiðar samgöngur.

Ég læt hér ræðu minni lokið um þessa ágætu þingsályktunartillögu hv. þingmanns.

[19:06]

**Flm. (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að við Jóhannes Jónsson í Bónus eru samherjar í þessu máli. Ég sat fund Greiðrar leiðar á milli þeirra Eiðs Gunnlaugssonar í Kjarnafæði og Jóhannesar Jónssonar eins og sjá má í Morgunblaðinu frá þeim tíma. Það er alveg laukrétt hjá hv. þingmanni að þessir tveir atvinnurekendur sem þurfa á því að halda að flytja mikið af vörum milli Reykjavíkur og Akureyrar eru áhugasamir um það að stytta leiðina sem eðlilegt er því að það lækkar auðvitað vöruverð, auk þess sem það dregur úr útblæstri. Þess vegna hljóta allir þeir sem vilja hugsa um umhverfismál, loftslagsbreytingar og annað þvílíkt að fagna því að hægt sé að stytta leiðina.

Að öðru leyti vil ég segja við hv. þingmann að samkvæmt fjárlögum, samkvæmt vega... — það heitir víst samgönguáætlun nú en hét áður vegalög, má sjá að byrjað er að leggja bundið slitlag á Kjalveg frá Gullfossi sem borgað hefur verið af almennu vegafé, eins og hv. þingmanni er kunnugt sem hefur aflað sér sérstakra upplýsinga um þetta mál. Hér er verið að ræða um að setja Kjalveg í einkaframkvæmd og það er rétt hjá hv. þingmanni að það gefur til kynna að menn vilji horfa fram á veginn. Ég er þakklátur fyrir þau jákvæðu ummæli sem fólust í ræðu hv. þingmanns varðandi einkaframkvæmd því að auðvitað er rétt hjá hv. þingmanni að ekki yrði farið í þennan veg eins og nú standa sakir nema fjár sé sérstaklega til hans aflað. Það er af þeim sökum sem Greið leið var stofnuð til þess að allur sá miklu fjöldi sem á leið suður og norður geti stytt leiðina og komist þannig með auðveldari og ódýrari hætti en nú er.

[19:08]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég kann ekki við að það sem ég var að segja um þessi mál sé meðhöndlað með þeim hætti sem hv. þm. Halldór Blöndal gerði, að ég hafi verið með úrtölur hvað varðar vegamál. Ég held hins vegar að rétt sé að rifja það upp að sjálfstæðismenn hafa setið í samgönguráðuneytinu býsna mörg undanfarin ár. Hv. þingmaður var samgönguráðherra í ríkisstjórninni fyrr meir og nú situr annar ráðherra á eftir honum úr Sjálfstæðisflokknum líka. Hvað höfum við um þessi mál? Við höfum enga áætlun um hálendisvegi. Ekki hefur verið gerð nein könnun eða skoðun á því hvernig standa eigi að þeim málum. Auðvitað hlýtur það að koma til umræðu þegar kemur að því að menn vilja fara í framkvæmdir á þessum leiðum um hálendið. Hv. þingmaður hefur sjálfur flutt áður þá tillögu sem hann fer ekki fram á að verði samþykkt núna vegna þess að Jóhannes í Bónus og aðrir slíkir vilja fara aðra leið og hv. þingmaður er tilbúinn að hoppa á þá leið.

Mér finnst það vera fyrir neðan virðingu hv. þingmanns að flokka menn í hægri/vinstri eftir því hvaða afstöðu þeir hafa til vegamála. Ég hef aldrei séð hvernig hægt er að gera það. Ég veit ekki betur en að þingmenn landsbyggðarinnar hafi yfirleitt staðið saman í einstökum kjördæmum um að raða niður þeim leiðum sem helst þarf að taka á á hverjum tíma og ég kann ekki skil á því að þar hafi verið barist mjög um. Það kann að vera að svo hafi verið í kjördæmi hv. þingmanns en það hefur ekki verið í þeim kjördæmum sem ég hef verið þingmaður fyrir.

Ég vil líka færa það hér í tal að það kom fram hjá þeim sem tala fyrir þessari leið að þeir vilji fá þennan veg til eilífðareignar, selja aðgang um alla framtíð yfir þessa leið, og það hlýtur að þurfa að skoðast hvort menn vilja gera slíka hluti. Mér skilst að hæstv. samgönguráðherra hafi lýst því yfir að hann telji það ekki góðan kost og vilji heldur halda sig við þá leið sem farin var þegar Spölur gerði göngin undir Hvalfjörð þar sem fyrirtækinu var gefin tiltekinn tími til einkaleyfis á þeirri leið. Ég tel það vera algert úrslitaatriði gagnvart einkaframkvæmd á vegum að þannig sé að málum staðið að þetta sé ekki gert til mjög langs tíma heldur verði tíminn valinn út frá umfangi málsins og eðlileg tímamörk sett þar um og slík framkvæmd verði að lokum hluti af þjóðvegakerfi landsins eins og aðrir vegir.

Það er líka annað sem menn þurfa að velta fyrir sér í sambandi við Kjalveg og er skylt þessu. Það er að röksemdin fyrir gjaldtöku í Hvalfirði var á sínum tíma sú að menn gætu valið á milli þess að fara göngin eða aka fyrir Hvalfjörð. Þegar þeir sem ekið hafa Kjöl á undanförnum árum standa frammi fyrir læstu hliði á leiðinni, hvaða leið eiga þeir þá að velja? Ég sé ekki að þeir hafi um aðra leið að velja og þar með er komin einokun á ferðir á þessu svæði sem ekki hefur verið áður. Auðvitað þarf að ræða það mál. Þó að ég sé ekki að halda því fram með því sem ég er að segja að þessi leið sé útilokuð þá er a.m.k. lágmark að menn fari vandlega yfir hvernig þeir rökstyðja það að veita aðilum einkaleyfi á því að hleypa mönnum yfir landið eins og það felur í sér að gera þetta að einkavegi sem hér um ræðir.

Ég tel að það sé fyrir löngu kominn tími til að samgönguráðherra hysji upp um sig og taki á þessum málum, sjái til þess að þessar leiðir verði bornar saman og þær skoðaðar og að það liggi þá fyrir einhverjar hugmyndir um hvað sé skynsamlegt að gera á hálendinu í vegagerð, að það sé gert í samræmi við umhverfið og með fullri virðingu fyrir því. Ég ætla að bæta við að mér finnst ástæðulaust að vera með einhvern orðhengilshátt vegna slíkra orða sem eru af sama tagi og ég er hér að færa fram, eins og hv. þingmaður gerði vegna orða sem birtust í Morgunblaðinu eftir hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur. Mér finnst að svona umræða eigi að geta verið algerlega á skynsamlegum nótum þar sem menn skiptast á skoðunum og skoða hvort ekki þurfi að fara fram nánari skoðun á þessu máli eins og ég hef verið að lýsa. Ég tel það nauðsynlegt. Það kann vel að vera að ekki þurfi mikla yfirlegu yfir veginum yfir Kjöl. Ég hef ekki trú á að það verði miklar deilur í landinu um að þann veg eigi að gera betri en hann er en geri mér samt grein fyrir að það eru ekki allir á sömu skoðun og ég hvað það varðar. Við verðum að gefa fólkinu í landinu tækifæri til að hlusta á rök með og á móti því hve langt eigi að ganga í þessari vegagerð og sýna einnig fram á að gerð hafi verið sú skoðun á þessum málum að þar sé hugsað af skynsemi til lengri framtíðar.

[19:14]

**Flm. (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á það sem ég áður sagði að hér er einungis verið að tala um það að tengja tvo landsfjórðunga. Samkvæmt þeim vegalögum sem nú eru í nefnd liggur það fyrir að slík einkaframkvæmd eins og hér er verið að tala um skuli ekki um alla framtíð vera í eigu þess félags sem stofnað er um framkvæmdina. Þetta var einmitt einn af þeim ásteytingarsteinum sem upp komu í sambandi við Hvalfjarðargöngin að ég taldi, og ríkisstjórnin, að samningarnir hefðu verið of rúmir sem gerðir voru í tíð vinstri stjórnarinnar við Spöl um þá jarðgangagerð, að við styttum þann tíma og takmörkuðum möguleika Spalar hf. til að reka veginn áfram eftir að allur kostnaður hefði verið greiddur. Í samræmi við þá stefnu sem ég markaði þá og þá nýju samninga sem á þeim tíma voru gerðir við Spöl er ég að sjálfsögðu þeirrar skoðunar að vegir eins og Kjalvegur eigi síðan að ganga til ríkisins. Það er líka sú hugsun sem er á bak við jarðgöng undir Vaðlaheiði. Svo það sé alveg skýrt og þarf ekki að snúa út úr því.

Ég ítreka það sem ég sagði áður að þegar ráðist er í vegaframkvæmd eins og þessa er auðvitað nauðsynlegt að skipulag liggi fyrir og síðan eru það sveitarfélögin sem gefa framkvæmdarleyfi. Þetta mál yrði því í höndum sveitarfélaganna. Ég vona að hv. þingmaður fari ekki að leggjast gegn vilja Skagfirðinga eða Sunnlendinga í þessu sambandi.

[19:16]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ætli sé ekki styttra á milli okkar í skoðunum en hv. þingmaður vildi vera láta í fyrri ræðum sínum? Við erum auðvitað sammála um að ef farið er í einkaframkvæmdir eigi að standa að þeim með svipuðum hætti og gert var í Hvalfirði. En það er líka hægt að læra af samningunum sem gerðir voru um Hvalfjarðargöngin, t.d. að standa betur að málum hvað varðar fjármögnun en þar var

gert. Þetta er einhver dýrasta framkvæmd sem um getur í Íslandssögunni vegna fjármögnunarinnar. Óhætt er að segja að hægt hefði verið að framkvæma það verkefni fyrir miklu lægri gjöld en menn hafa borgað, einfaldlega vegna þess að fjármögnunin fór fram með okurlánum, og þeir sem lánuðu fé til þeirrar framkvæmdar hafa aldrei grætt á öðru eins. Þetta þarf auðvitað að hafa í huga líka þegar verið er að hugsa um þessa hluti.

Ég endurtek hitt sem ég sagði áðan að ég tel að ekki sé frambærilegt frá yfirstjórn samgöngumála í landinu að hafa ekki látið skoða heildstætt það sem menn hugsa sér að gera í framtíðinni með vegum um hálendið og óbyggðirnar. Við þurfum einfaldlega að skoða þau mál vandlega og sjá til þess að allt sem þar er gert sé gert í sem mestu samræmi við náttúruna og í sátt við hana og unnið verði að sátt við það fólk sem vill vernda náttúruna svo við getum verið stolt af þeim vegum og framkvæmdum sem farið verður í á hálendinu.

[19:19]

**Flm. (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Ég sé ástæðu, herra forseti, til að taka það fram að auðvitað verður að gæta að náttúruverndarsjónarmiðum og umhverfinu og ganga vel um landið. Sú stefna var tekin upp meðan ég var samgönguráðherra og getur hv. þingmaður horft til Hárekksstaðaleiðar í því sambandi. Sá vegur er þannig lagður að hann er ekki ýttur upp eins og venja var hér áður fyrr, svo það sé alveg ljóst. Þegar verið er að tala um nýjan veg yfir Kjöl er auðvitað verið að tala um að ganga vel um landið, opna tvær námur, hygg ég, og sækja þangað efni í veginn.

Ég vil líka, herra forseti, að það sé alveg skýrt frá minni hálfu að ferðamenn eiga rétt á jafngóðum vegi og aðrir. Ef við leggjum veg um landið er nauðsynlegt, þegar um grunnnetið er að ræða, að allir bílar geti um þann veg farið. Hann verður að vera með fullri breidd, átta og hálfur metri helst, vegna þess að þeir fólksflutningabílar sem nú eru notaðir í ferðaþjónustu eru mjög frekir til vegarins og getur verið háskalegt að mæta þeim þegar svo ber undir.

En ég tek undir með hv. þingmanni að við höfum ekki staðið okkur nógu vel varðandi endurbætur á vegum landsins í tengslum við öryggismál og er beinast að benda á veginn milli Reykjavíkur og Akureyrar í því sambandi. Ég mun leggja áherslu á að í þeirri samgönguáætlun sem nú verður lögð fram verði verulegt fé til að eyða á milli Reykjavíkur og Akureyrar, styrkja alla þá kafla sem nauðsynlegt er að styrkja til að þeir hafi fullan burð og einnig til að við getum gert áætlun um það á mjög skömmum tíma að breikka veginn þannig að hann verði átta og hálfur metri alla leiðina, en því miður er hann sums staðar á þeirri leið ekki nema sex og hálfur metri.

[19:21]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg óhætt að taka undir með hv. þingmanni að gerbreyting hefur orðið á því hvernig Vegagerðin stendur að vegaframkvæmdum í landinu og yfirleitt held ég að hægt sé að segja að það sé til hreinnar fyrirmyndar hvernig að málum er staðið í dag. Vissulega var ástæða til að breyta um verklag í því en þar held ég að mönnum hafi tekist prýðilega upp.

Við stöndum frammi fyrir því að vegir landsins eru ófullnægjandi og við höfum ekki áttað okkur nógu fljótt á því að samgöngurnar hefðu þurft að þróast miklu hraðar en raun ber vitni. Ég segi svo af því að hv. þingmaður nefndi samgönguáætlunina, það leyniplagg sem við þingmenn höfum ekki fengið að sjá en eigum víst að fá að sjá núna og skoða, það er ágætt. Búið er að lofa okkur að ýmislegt sé í því plaggi og því kominn tími til að við getum farið að fjalla um það.

En það hefur verið mikil hörmungarsaga hjá hæstv. samgönguráðherra. Hann virðist hafa verið í algerum vandræðum með að koma samgönguáætluninni í gegnum þingflokka stjórnarflokkanna og einstaka þingmenn hljóta að bera einhverja ábyrgð á því hvernig á því stendur, eða að hæstv. ráðherra hafi komið með svona vont plagg í hendur stjórnarflokkanna að ekki hafi verið hægt að ná samkomulagi um það fram á þennan dag. Það ber auðvitað að harma, því það hefði þurft að hafa þetta plagg alveg frá því í haust í höndum þingmanna svo menn geti skoðað það vandlega því hér er á ferðinni alveg gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir byggðir landsins, fyrir landsins íbúa alla.

[19:23]

**Kjartan Ólafsson:**

Herra forseti. Hér er verið að ræða þingsályktunartillögu um hálendisveg um Stórasand. Mér finnst tilhlýðilegt að koma aðeins inn í þá umræðu.

Fyrst vil ég segja að mér finnst afar eðlilegt að við ræðum það hvort ekki sé rétt nú á þeim tímum sem við ræðum samgöngumál að tala einmitt um aðrar samgöngur en bara með ströndum landsins. Við þekkjum það að við erum eyja í Atlantshafi og við höfum fyrst og fremst átt okkar samgöngur fyrr á öldum með skipum við aðrar þjóðir. Síðan urðu samgöngurnar með ströndinni. En til eru gamlar þjóðleiðir sem voru nýttar og á sumum landshlutum eru þær enn þá nýttar sem þjóðleiðir, eins og vegurinn yfir Hellisheiði, um Svínahraun og Hellisheiði. Þar er myndarlegur og greiðfær vegur í dag sem þarf að vísu að bæta.

Síðan er það gömul þjóðleið sem menn þekkja og hún er um Kjöl sem tengir saman Suður- og Norðurland. Þetta er þjóðleið sem er sennilega um 1100 ára gömul sem menn fóru bæði gangandi og ríðandi og menn gera enn þann dag í dag. Á þeirri leið er í dag niðurgrafinn malarvegur með tilheyrandi beygjum og hlykkjum og ekki lagður með nútímaökutæki í huga, heldur var miðað við þann farm sem þá var verið að flytja á þeirri leið. En ég held að full ástæða sé til þess, hæstv. forseti, um leið og við ræðum þingsályktunartillöguna um Stórasand, að ræða svolítið um þá gömlu leið því að nú eru hugmyndir uppi að leggja veg yfir Kjöl sem mundi liggja frá Gullfossi og niður í Skagafjörð að Silfrastöðum. Þannig mundi sá vegur tengja saman byggðirnar á Norðurlandi, þ.e. Eyjafjarðarsvæði, og með fyrirhuguðum Vaðlaheiðargöngum, sem munu koma, nær hann austur í Mývatnssveit og að Húsavík og með tilkomu álvers þar mun aukning umferðar verða mikil á þeirri leið. Vegur að norðanverðu tengist náttúrlega í Skagafjörðinn og við þær byggðir. Síðan er tengingin að sunnanverðu í Árnesþing, niður í gegnum hinar ýmsu leiðir sem liggja í Árnesþingi. Þannig verður til lítill hringvegur sem er vestur um land og

svo aftur um Kjöl og síðan hin leiðin sem er austanmegin og þannig verða tveir hringir á landinu.

Sú framkvæmd sem menn hafa verið að undirbúa og kynna varðandi Kjöl gerir ráð fyrir að verða í svokallaðri einkaframkvæmd sem við þekkjum í dag, eins og gert var þegar göngin um Hvalfjörð voru grafin. Fyrirtækið Spölur gerði það og samþykkt voru sérstök lög á Alþingi um það verk.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um vegalög þar sem gert er ráð fyrr að hægt sé að semja beint við samgönguyfirvöld um slíkar einkaframkvæmdir. Það er einmitt með það í huga sem hópur fyrirtækja, stofnana, sveitarfélaga og einstaklinga hafa lagt fram hugmyndir og fengið til liðs við sig rannsóknardeild Háskólans á Akureyri, sem hefur gert umferðarspá sem lítur mjög vel út hvað þessa framkvæmd varðar. Rannsóknardeildin við Háskólann á Akureyri hefur jafnframt gert ákveðna úttekt á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að leggja veg milli Suður- og Norðurlands um Kjöl. Þær niðurstöður sem þar virðast liggja fyrir eru mjög jákvæðar. Ég tel því að við eigum klárlega að halda áfram þeirri skoðun hvort ekki sé rétt að fara í framkvæmd hálendisvega á Íslandi. Þá er ég fyrst og fremst með í huga veginn yfir Kjöl. Þar þekkjum við býsna vel hvernig veðurfar er, býsna vel, segi ég, og hvernig snjóalög eru og það helgast m.a. af þeim veðurathugunarstöðvum sem eru á þeirri leið, ekki síst þeirri veðurathugunarstöð sem er á Hveravöllum, en hún er búin að vera þar nokkuð lengi á vegum Veðurstofu Íslands. En augljóst er að mikill áhugi er, bæði norðan- og sunnan heiða, með að þessi veglagning geti orðið að veruleika. Menn sjá gríðarleg atvinnutækifæri beggja vegna vegarins, sérstaklega hvað varðar ferðaþjónustuna og þess vegna held ég að enn brýnna sé að við skoðum þetta af fullri alvöru.

Í nýlega samþykktri byggðaáætlun, sem samþykkt var í fyrravor á Alþingi, kemur fram að einn af árangursríkustu þáttunum sem við höfum áhrif á varðandi byggðamálin eru annars vegar menntamál, aðgengi að menntun og svo samgöngumálin. Hér er um að ræða mikla samgöngubót og ég held að við eigum, herra forseti, að huga verulega að umræddri leið, jafnframt því að skoða aðrar leiðir kunni þær að vera betri, annars vegar fjárhagslega eða hagkvæmari á einhvern annan hátt. Þess vegna finnst mér alveg eðlilegt að menn skoði þá þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir og fullkomlega eðlilegt að þessi mál séu skoðuð samhliða, ekki síst fyrir þann mikla áhuga sem liggur beggja vegna þessa vegar sem ég hef hér nefnt, sem liggur ekki á þeim sama stað og Stórasandsleiðin. Ég tel fullkomlega eðlilegt að við skoðum þessar leiðir og sjáum hvort við náum ekki saman um hvaða leið best er að fara.

[19:30]

**Flm. (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætir nokkurs misskilnings hjá hv. þingmanni sennilega vegna þess að hann var að hraða sér í þinghúsið og heyrði ekki ræðu mína en ég hef mælt með leiðinni um Kjalveg og óska sérstaklega eftir að samgöngunefnd taki til athugunar hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að greiðlega gangi að ráðast í framkvæmdir en ég óska ekki eftir því að tillagan um Stórasand verði samþykkt.

[19:31]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þingmenn þurfum að sinna mörgu og þá er eðlilegt að upp geti komið slíkur misskilningur en ég fagna þessum orðum hv. þm. Halldórs Blöndals og vænti þess og vona að við eigum góða samleið og getum unnið landshlutum okkar til heilla hvað þetta varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Afnám stimpilgjalda, fyrri umr.*

Þáltill. SigurjÞ o.fl., 50. mál. — Þskj. 50.

[19:32]

**Flm. (Sigurjón Þórðarson)**:

Herra forseti. Hér er um að ræða gríðarlega mikilvæga þingsályktunartillögu sem felur í sér að fjármálaráðherra hætti að leggja stimpilgjöld á landsmenn. Í þingsályktunartillögunni er mælt með því að það verði gert í áföngum en mín vegna mætti og í rauninni væri þarft að hraða sér í þetta verk. Ég legg áherslu á að hafa þetta í áföngum í þingsályktunartillögunni til að gefa stjórnarliðum kost á því að taka undir tillöguna þannig að með samþykkt hennar muni það ekki raska einu né neinu varðandi fjárhag eða fjárhagsplön íslenska ríkisins.

Þetta er gríðarlega mikilvægt mál fyrir þjóðina. Stimpilgjöldin greiðast mestmegnis af einstaklingum og minni fyrirtækjum og heimilin í landinu skulda nú, samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands, um 1.270 milljarða íslenskra króna þannig að það munar um allt sem verður til þess að lækka bankakostnað heimilanna. Fólki hér í salnum hefur orðið tíðrætt um háan matarkostnað en hann hefur hríðlækkað sem hlutfall af útgjöldum heimilanna þó svo matarverð sé mjög hátt á Íslandi í samanburði við önnur lönd sem við berum okkur saman við.

Þetta mál skiptir gríðarlega miklu máli, þ.e. að afnema stimpilgjöldin. Það hefur komið fram í þeim skýrslum sem hafa verið gerðar um kostnað heimilanna að þau kjör sem heimilunum er boðið upp á í bönkum landsins eru lök og skýrslunum sem ég vil minnast á ber nákvæmlega saman um það. Það er annars vegar skýrsla Samkeppniseftirlitsins sem kom út í ágúst á síðasta ári og hins vegar skýrsla Neytendasamtakanna sem kom út haustið 2005. Þessum skýrslum ber alveg saman um að íslenskir neytendur búa við bæði meiri vaxtamun en annars staðar á Norðurlöndunum, lántökugjöld og annar kostnaður er hærri en hjá nágrannalöndunum og síðan er sérstakt upptökugjald eða flutningsgjald á milli banka og þar á ofan eru stimpilgjöldin. En síðastnefndu þættirnir verða til þess að íslenskir neytendur eru bundnir á þann bás sem þeir eru komnir á í þeim banka sem þeir skipta við ef þeir á annað borð skulda háar fjárhæðir.

Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni þá skulda íslenskir neytendur gríðarlega háar upphæðir, það eru um 5 millj. kr. á mann að jafnaði. Þess vegna er ekki mjög þægilegt fyrir íslenska neytendur að fara á milli banka því þá þurfa þeir að greiða þennan sérkennilega skatt sem eru stimpilgjöldin og þar á ofan eru uppgreiðslugjöldin. Það þarf að afleggja

þetta til þess að Íslendingar búi við sömu kjör og nágrannaþjóðirnar. Þetta ástand er í rauninni ekki boðlegt og íslenskir neytendur ættu að ýta á eftir að þetta verði gert. En það er svo einkennilegt með þessa skattheimtu, ég hef heyrt fólk úr öllum flokkum segja að þetta gangi ekki upp, stimpilgjöldin séu í raun skattlagning sem komi í veg fyrir samkeppni. Slíkar raddir hafa þó lítið heyrst úr Sjálfstæðisflokknum enda hefur Sjálfstæðisflokkurinn ráðið fjármálaráðuneytinu um árabil og í raun einnig forsætisráðuneytinu með stuttu hléi Framsóknarflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur því í rauninni ráðið efnahagsstjórninni með þeim árangri sem nú blasir við, þ.e. há verðbólga og slæm kjör fyrir íslenska neytendur sem þurfa að greiða fyrir lánin háu verði.

Það er mjög þarft að aflétta stimpilgjöldunum þannig að íslenskir neytendur geti farið á milli bankastofnana. Það ástand sem ríkir núna er að samkeppni bankanna er nær eingöngu um fólk sem er að komast á fermingaraldur. Það er mögulega verið að auglýsa eftir börnum að koma með sparibaukana sína í bankana og síðan er auglýst eftir fermingarbörnum og svo eru það menntaskólakrakkar. Um síðastnefnda hópinn ríkir hörð samkeppni, jafnvel slagsmál inni í nemendafélögum með ýmis konar tilboðum og mikið auglýsingastríð í gangi. En fyrir þá neytendur sem eru í raun og veru komnir á krókinn ríkir ekki samkeppni. Maður sér sjaldan að bankar séu að bjóða almenningi, t.d. heimilum sem skulda kannski 25–30 millj. kr., að þeim séu boðin betri kjör með endurfjármögnun. En það má sjá að verið að bjóða námsmönnum einhverja betri yfirdráttarvexti. Þetta er kannski lýsandi ástand fyrir stöðu mála að þeir sem skulda mikið og greiða mikið í bankana, háan bankakostnað, það er engin samkeppni um þá. En væri þessu gjaldi aflétt og síðan uppgreiðslugjaldinu, þá mundi það án efa hleypa nýju lífi í samkeppni og lækka bankakostnað heimilanna. Það er enginn vafi í mínum augum hvað það varðar.

Það er annað sem er rétt að vekja máls á í þessari umræðu um háan bankakostnað heimilanna. Ný neyslukönnun Hagstofunnar bendir til þess að æ stærri hluti af kostnaði heimilanna fari í banka- og fjármálastarfsemi og maður veltir fyrir sér hvers vegna það sé. Ef einkavæðingin eða einkavinavæðingin sem staðið var fyrir skömmu fyrir síðustu kosningar hefði skilað ávinningi fyrir almenna neytendur þá hefði þessi kostnaður átt að lækka en ekki hækka. Hann hefur hins vegar hækkað gríðarmikið. Á sama tíma hefur gróði bankanna hækkað mjög mikið, síðustu tölur sem ég heyrði voru um 160 milljarðar kr. sem er gríðarhá upphæð. Þetta svarar til nálega helmings af útgjöldum ríkisins á þessu ári. Hér er því um háar upphæðir að ræða og það er vert að spyrja sig hvort ekki sé komið þvílíkt ójafnvægi í þessa hluti bæði hvað það varðar sem bankarnir taka til sín í gjöldum og síðan í vaxtamun, sem er meiri hér en annars staðar, að menn verði að gera eitthvað. Er ekki kominn tími til að ábyrg stjórnvöld taki á þessum málum?

Þær skuldir sem ég nefndi í upphafi, 1.270 milljarðar sem íslensk heimili skulda, eru mjög háar upphæðir. Til þess að setja þetta í samhengi eru það liðlega þreföld útgjöld ríkisins. Þetta er náttúrlega gríðarhá upphæð og það er sú upphæð sem vextirnir eru að tikka og sá gríðarlegi kostnaður sem leggst á, þannig að við verðum að leita allra leiða til að lækka þennan kostnað og það er ekki síður mikilvægt að leggja áherslu að ná honum niður í stað þess að líta nær eingöngu til hás matarverðs. Í svipinn man ég ekki eftir nema einum sjálfstæðismanni sem hefur einhverju sinni minnst á að það þurfi að taka á þessu og afnema stimpilgjöldin og gott ef það var ekki í prófkjörsbaráttu. En eftir að þeirri baráttu var lokið þá hefur ekkert spurst til áhuga umræðds þingmanns á þessu máli og ekki er að sjá að umræddur þingmaður hafi séð sér fært að taka þátt í þessari umræðu, þegar er verið að taka á þessu kosningamáli sem átti að vera til að fleyta honum áfram í prófkjöri sjálfstæðismanna. Þetta sýnir kannski það viljaleysi sem er hjá núverandi stjórnvöldum. En ég hef tekið eftir því að í stjórnarandstöðuflokknum hafa menn skilning á þessu og við í Frjálslynda flokknum sjáum að þetta verður að breytast, það verður að hætta að skattleggja fólk fyrir að ætla að leita sér betri kjara.

Ef við setjum þetta dæmi upp hvað varðar önnur viðskipti, t.d. olíuviðskipti og samkeppni, og það er nú vert að ræða þau, og bankaviðskipti, ef við förum yfir málið og staðan væri sú hjá heimilum að ef þau þyrftu að skuldbinda sig til að kaupa bensín hjá ákveðnu fyrirtæki, t.d. Olíufélaginu kannski 3–4 ár fram í tímann eða jafnvel 25 ár en ætluðu síðan að leita betri kjara og fara yfir til Skeljungs þá þyrfti að greiða kannski 1% af heildarupphæð bensínkaupa næstu 10 árin. Það sjá allir að það er einfaldlega sanngirnismál að aflétta þessari skattlagningu, eins og kemur fram í þingsályktunartillögunni. Það mundi hleypa nýju lífi í bankamarkaðinn og sömuleiðis ef uppgreiðslugjöldin yrðu afnumin þá yrði það til þess að þeir sem skulduðu háar upphæðir og væru ábyrgir greiðendur yrðu eftirsóttir og fengju tilboð frá bönkum og lánastofnunum. Auglýsingarnar beindust því ekki eingöngu að fermingarbörnunum og menntaskólakrökkunum heldur fyrst og fremst að þeim sem skulda mikið og eru ábyrgir greiðendur.

Þessi þingsályktunartillaga skiptir verulega miklu máli og það verður fróðlegt að sjá þær umsagnir sem koma úr efnahags- og viðskiptanefnd en ég ætlast til þess að efnahags- og viðskiptanefnd taki þetta mál til umsagnar og vísa því hér með til hennar. Það verður fróðlegt að sjá hvaða umsagnir koma og ég tel að vænta megi mjög jákvæðrar umsagnar frá Neytendasamtökunum en því miður er ég ekkert endilega viss um að það komi svo jákvæðar umsagnir frá banka- og fjármálastofnunum eða að þær leggi mikið kapp á þetta mál. Það er eins og menn vilji hafa þetta eins og þetta er á þeim bæjum en þó vonast ég til þess að þetta mál fái brautargengi. Það er ekkert vit í því að bankar sem hafa verið að fara inn í svokallað samkeppnisumhverfi ætlist til þess að allir neytendur séu bundnir inn í einhverja einokun í ákveðinni stofnun. Það fer einfaldlega ekki saman.

En ég er sannfærður um að þetta má muni ná í gegn og þeim mun fyrr því betra fyrir íslenska neytendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10.–11., 13.–14., 16., 18.–20. og 22.–23. mál.

Fundi slitið kl. 19:49.

---

# 67. FUNDUR

miðvikudaginn 7. febr.,
kl. 12 á hádegi.

**Dagskrá:**

1. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 591. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, stjfrv., 541. mál, þskj. 810. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Bókmenntasjóður, stjfrv., 513. mál, þskj. 776. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Rammaáætlun um náttúruvernd, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Áfengislög, frv., 44. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vegagerð um Stórasand, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Afnám stimpilgjalda, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Málefni Frjálslynda flokksins.

[11:59]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að koma hér upp undir liðnum um störf þingsins og ræða nokkuð um málefni Frjálslynda flokksins. (**GÓJ:** Er vanþörf á því?) Það er ekki vanþörf á því, hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, enda tók hv. þingmaður málið upp fyrir rúmri viku í hv. þingi.

Stjórnmálaflokkar reyna auðvitað að koma fram stefnumálum sínum og færa rök fyrir sínu máli, m.a. á Alþingi, en stundum ber það við að sérstaklega er tekist á í umræðum um stefnumál sem snúa að flokkum úti í bæ og það gerði hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir á Ríkisútvarpinu í sérstökum pistli sem hún tileinkaði svo til algjörlega Frjálslynda flokknum. Það sem ég hef við það að athuga, hæstv. forseti, er að þar finnst mér hallað réttu máli. Með tilliti til þess að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson tók þessi mál upp fyrir viku á Alþingi og ég ræddi þau að sjálfsögðu þá við hv. þingmann í þingsal finnst mér ástæða til að vekja á því athygli að hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir viðhefur í þættinum þau ummæli, með leyfi forseta, að Frjálslyndi flokkurinn sé jafnvel að flagga „stefnu mannfyrirlitningar og haturs“ og hún lætur að því liggja að boðskapur sá sem ég flutti í ræðu á landsfundi hafi verið það ógeðfelldur að það sé ekki einu sinni hægt að vitna í hann. Ég er hér með ræðuna mína, (Forseti hringir.) hæstv. forseti, og get gefið hv. þingmanni afrit af þessum kafla sem hún sagðist sérstaklega hafa áhyggjur af (Forseti hringir.) en ég vænti þess að meiri heiðarleika gæti í málflutningi hennar framvegis.

[12:02]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir að vekja athygli á pistli mínum sem var fluttur í fyrradag í síðdegisútvarpi Ríkisútvarpsins. Þar reifaði ég þær áhyggjur mínar sem ég hef gert áður, bæði á vettvangi þingsins sem og í málflutningi mínum á heimasíðu og víðar, af því sem ég hef viljað kalla daður frjálslyndra við stefnu sem við höfum hingað til verið laus við í íslenskum stjórnmálum, stefnu sem elur á ótta og andúð í garð þess harðduglega fólks sem hingað kemur og tekur þátt í íslensku efnahagslífi og vinnumarkaði. Ég hef jú lesið ræðu formanns frjálslyndra sem hann flutti á landsþinginu og þar fannst mér hann staðfesta einmitt það sem ég hef hingað til viljað kalla daður í þessum efnum þar sem ýjað er að því að kanna þurfi sakaferil þeirra aðila sem hingað sækja og þar sem ýjað er að því að kanna þurfi sérstaklega heilsufar þeirra útlendinga sem hingað sækja.

Við Íslendingar sem förum utan — það er nú þannig að það eru tugir Íslendinga sem sækja á hverju ári út, bæði til náms og starfs — höfum hingað til verið laus við að svona sé farið með okkar fólk. Ég get því ekki séð að við eigum að taka upp eitthvert slíkt hátterni hér á landi. Það er einungis þetta sem ég ýjaði að og ég stend við það að mér finnst þessi málflutningur frjálslyndra ekki vera þeim til framdráttar og ég yrði fyrst til að fagna því ef þeir hyrfu af þessari braut þar sem ýmislegt er gefið í skyn gagnvart því harðduglega fólki sem hingað sækir. Við eigum frekar að sameinast um að taka vel á þessum málum. Ríkisstjórnin hefur kynnt innflytjendastefnu sína og tel ég það vera merkilegt plagg sem við eigum að vinna eftir. Ég held að það sé þverpólitískur vilji og samstaða um að við eigum frekar að taka á í þessum málum og standa saman en ýja að þessum málum (Forseti hringir.) sem mér finnst vera gert í málflutningi frjálslyndra.

[12:04]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Í upphafsorðum mínum um málefni innflytjenda í ræðunni á landsfundi sagði ég eftirfarandi:

„Frjálslyndi flokkurinn leggur ríka áherslu á að fólki af erlendu bergi brotið sem flyst hingað til lands verði gert kleift að finna sér hlutverk og aðlagast íslensku samfélagi. Tryggja þarf að ekki verði brotið á því fólki og því verði sýnd full virðing og réttindi virt."

Ég vænti þess að þessi inngangur kaflans marki það sem ég sagði síðar í honum. Varðandi hins vegar það sem hv. þingmaður vék að um berkla vil ég vekja athygli, hæstv. forseti, á fréttabréfi frá farsóttafréttum landlæknisembættisins frá því í desember sl. þar sem sagt er:

„Það er rík ástæða til að fylgjast með berklasmiti meðal innflytjenda til Íslands."

Þetta er ekki sagt að ástæðulausu. Það er vegna þess að það er mikið nýgengi í berklum í Austur-Evrópu og nú er frjáls för fólks yfir til Evrópu þó að við höfum sett takmörkun á Rúmeníu og Búlgaríu. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af þessu og ég var ekki að benda á neitt annað en að tilefni væri til að fylgjast með þessu. Það var ekki í neinum illum tilgangi gert. Það er einfaldlega nauðsynlegt og ég undrast að það skuli sérstaklega gert að umræðuefni hjá Framsóknarflokknum að maður hafi minnst á það að eðlilegt væri að hér færu fram eðlilegar sóttvarnir og eftirlit með nýgengi sjúkdóma sem eru taldir hættulegir.

Ég veit ekki alveg hvert Framsóknarflokkurinn ætlar að reyna að fara í þessari umræðu. Ég held að hann sé að fara í fjósið og þurfi þá að moka flórinn eftir sjálfan sig ef hann ætlar að halda svona áfram í tómri vitleysu. (Gripið fram í.) Ég held að þú ættir að kynna þér bara hvað læknar eru að segja um þetta mál ef menn halda að þessi eina setning um að fylgjast með berklasmiti hafi verið eitthvað stórhættulegt eða endurspegli andúð í garð útlendinga. Það vill svo til að Íslendingar geta líka smitast af berklum á ferðum erlendis.

(**Forseti** (RG)**:** Ég minni þingmenn á að ávarpa ekki aðra þingmenn beint.)

[12:06]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég hef sjaldan orðið vitni að jafnómerkilegum málflutningi og hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir gerði sig seka um. Þetta er alvörumál, hv. þingmaður Hjálmar Árnason. Það er alvörumál þegar fólk dylgjar á opinberum vettvangi, flytur dylgjurnar í Ríkisútvarpi, útvarpi allra landsmanna, færir engin rök fyrir orðum sínum og vitnar ekki í neitt þessum ásökunum til staðfestingar. Mér finnst það alvarlegt.

Hér kemur hv. þingmaður og segir að rætt hafi verið um sjúkdóma. Ég vil þá spyrja hv. þingmann hvort hún telji það vera staðfestingu á einhverju útlendingahatri hæstv. heilbrigðisráðherra að hafa sett reglugerð um það að fylgjast eigi með berklum þeirra sem koma til landsins. Telur hv. þingmaður það vera staðfestingu á einhverju útlendingahatri framkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðisstofnunar að hann telji það verkefni sem eigi að fylgjast með? Ég efast um það, en þegar við í Frjálslynda flokknum förum í þessa umræðu og gerum það málefnalega ætla og skrætla framsóknarmenn og reyna að útmála þessa umræðu sem vonda. Það er vegna þess að þeir treysta sér ekki í hana. Þeir treysta sér ekki í þessa umræðu, hafa slæma samvisku og reyna þess vegna að slá hana út af borðinu með svo ómerkilegum málflutningi og dylgjum sem ég tel að verði hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur til ævarandi skammar. Ég bjóst við því að hv. þingmaður mundi bara koma í ræðustól og biðjast afsökunar.

[12:08]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég heyrði ekki þetta útvarpserindi á Rás 2 sem talað er um en mér var bent á þetta síðdegis í gær og að þetta erindi væri þá þegar komið á heimasíðu hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur sem er einnig formaður innflytjendaráðs og fyrrverandi aðstoðarmaður félagsmálaráðherra. Ég verð að segja að mér brá verulega í brún þegar ég las það sem hún hafði sagt. Hún er að tala um að við í Frjálslynda flokknum flöggum m.a. stefnu mannfyrirlitningar og haturs og aukum og ölum á ótta fólks í landinu við fólkið sem kemur hingað í atvinnuleit. Ógeðfelldur boðskapur, segir hún, og annað þar fram eftir götunum.

Ég skora bara á hv. þingmann að færa rök fyrir því að þessar staðhæfingar hennar standist. Hún á að hafa mikla þekkingu á þessum málaflokki, hún á að vera vel inni í umræðunni. Henni hefur verið treyst fyrir miklum ábyrgðarstörfum, m.a. sem formanni innflytjendaráðs. Hún hefur komið að stefnumótun ríkisstjórnarinnar varðandi málefni innflytjenda. Ég held að hún hljóti að geta komið hingað í ræðustól og flutt málefnaleg rök fyrir því að það standist sem hún heldur fram, að Frjálslyndi flokkurinn ali hér á mannfyrirlitningu og hatri í þjóðfélaginu.

Mér finnst þetta særandi ummæli. Með þessum hætti reyna þingmenn Framsóknarflokksins nánast að lýsa okkur, þingmönnum Frjálslynda flokksins, sem villidýrum, að við aðhyllumst einhvers konar stjórnmálaskoðanir sem eru með því viðbjóðslegasta sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir í sögu sinni. Mér finnst þetta ómaklegt. Við höfum ekki gert neitt nema benda á staðreyndir, við höfum talað af skynsemi í þessu máli. Formaður Frjálslynda flokksins sagði ekkert í ræðu sinni sem ekki mátti segja. Hann benti á hluti sem við eigum að skoða og taka inn í umræðuna. Það er bara skylda okkar allra sem erum hér kosin sem fulltrúar þjóðarinnar að ræða þessi mál opinskátt og af hreinskilni. Læknar hafa bent á það, til að mynda er hér grein eftir Helga Hróðmarsson í SÍBS-blaðinu. Helgi Hróðmarsson segir, með leyfi forseta:

„Af um 30 þúsund innflytjendum hér á landi (Forseti hringir.) hefur um þriðjungur eða 10 þúsund manns berklabakteríuna í sér. Berklar eru vágestur sem við útrýmdum héðan frá Íslandi." — Er ekki sjálfsagt að við ræðum þessi mál. Hvað er að þessari umræðu?

[12:11]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Nú vantar bara að fjórði þingmaðurinn í þingflokki Frjálslynda flokksins komi hér upp og þá eru allir í þingflokknum búnir að tala um þetta mál sem sýnir að það er kannski óvenjumikil viðkvæmni í gangi, eða hvað?

Gæti það kannski tengst því eitthvað hver útkoma ykkar í skoðanakönnunum varð í Blaðinu í gær (Gripið fram í.) sem einmitt sýnir (**Gripið fram í:** ... ógeðfellt í ræðu ...) að þessi málflutningur ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (RG)**:** Gefa þingmanninum hljóð.)

... nær ekki eyrum meiri hluta þjóðarinnar sem finnst einmitt þetta hafa verið daður og jaðra við þá stefnu sem ég hef rakið hér? Það þarf ekki annað en að líta til þess að næstum helmingur þeirra fyrirspurna sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur lagt hér fram það sem af er þessum vetri hefur snúið að útlendingum og að því sem ég hef viljað kalla daður við þá ógeðfelldu stefnu sem ég nefni hér í ræðu minni. (Gripið fram í.) Ýjað að því og spurt út í sakaferil, út í heilsufar og þess háttar. Það er það sem ég sagði í ræðu minni og hef sagt hingað til. (Gripið fram í.) Ég þarf ekki annað en að taka upp orð fyrrverandi ritara flokksins sem sagði eftir þennan landsfund eða flokksþing ykkar sem haldið var um daginn. Sjálfur ritari flokksins sem hefur borið ábyrgð á stefnumörkun ykkar taldi sig vera að reyna að (**GAK:** Hún taldi ...) rétta af kúrsinn í málflutningi þingmanna sinna. Hún sagði sjálf að hún teldi að þessi málflutningur og þessi nýja stefna sem flokkurinn væri búinn að taka upp gerði flokkinn holdsveikan, holdsveikan í mögulegu stjórnarsamstarfi við aðra flokka. Ég ýjaði að því í þessum pistli mínum og ég tók það upp í pistli mínum hvort hinir stjórnarandstöðuflokkarnir sæju sér fært að koma þessum aðilum til valda í samfélaginu þannig að þessi sjónarmið yrðu uppi í stefnu innflytjenda. (Gripið fram í.) Ég vona að svo sé ekki. Mér sýnist sem frjálslyndir séu á miklum hlaupum burtu frá þessari stefnu sinni með ræðum sínum í dag. Ég yrði fyrst til að fagna því ef við yrðum sammála og hættum þessu málflutningi. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (RG)**:** Ég bið þingmenn að virða tímamörk og aðra þingmenn í salnum að gefa ræðumanni hljóð.)

[12:13]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Í byrjun síðustu viku gerði ég að umtalsefni landsþing Frjálslynda flokksins og orð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um útlendinga sem hingað vilja koma. Ég fagna því að nú, 10 dögum síðar, hafi hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og aðrir þingmenn Frjálslynda flokksins áttað sig á því hvað ég var þá að tala um.

Ég benti þá á að mér líkaði illa þegar menn vildu velja útlendinga inn í landið á grundvelli m.a. sjúkdóma og sakaferils. Þetta kom allt fram í síðustu viku. Nú eru hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og aðrir þingmenn Frjálslynda flokksins að átta sig á því að þessi stefna Frjálslynda flokksins fellur bara ekki í kramið. Þessi stefna fellur ekki í kramið hjá þjóðinni eins og nýbirt skoðanakönnun sýnir. Þjóðin hefur hafnað hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, Guðjóni Arnari Kristjánssyni og Sigurjóni Þórðarsyni. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir. (**Gripið fram í:** ... nema þér. ...) Það er auðvitað mjög gott, hæstv. forseti, þegar hv. þingmenn Frjálslynda flokksins vekja athygli á jafngóðum pistlum þingmanna Framsóknarflokksins og hv. þingmaður Sæunn Stefánsdóttir flutti í Ríkisútvarpinu í fyrradag og hefur nú birt á heimasíðu sinni.

Það er ástæða til að ítreka það, hæstv. forseti, og vekja athygli á heimasíðu hv. þingmanns, saeunn.is, þar sem menn geta hlustað á þennan pistil og lesið til að fræðast betur. Stóra spurningin er hins vegar þessi: Hvað ætla hinir stjórnarandstöðuflokkarnir að gera? Hvað ætla þeir að ganga langt til að koma Frjálslynda flokknum í stjórn og hrinda þessari stefnu í framkvæmd?

[12:15]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að Frjálslyndir hafa verið að nokkru leyti svona eins máls flokkur. Fyrst var það fiskur og nú eru það útlendingar. (**Gripið fram í:** Frjálslyndir.) Það er mjög merkilegt þegar maður lítur til orðsins frjálslyndi, að þá er nú ekkert sem er líkt með því að vera frjálslyndur og stunda þá stefnu og þá orðræðu sem Frjálslyndir stunda í dag. Það er algerlega ljóst að verið er að ota því að í umræðunni að útlendingar sem hingað komi séu eitthvað veikir. Það er sett mjög framarlega í orðræðuna.

Ég get sagt við hv. þingmenn að sóttvarnir á Íslandi eru í ágætisfarvegi undir mjög góðri yfirstjórn Haraldar Briems sóttvarnalæknis. Við skoðum þá sem koma hingað til lands ef við teljum þörf á að skoða, það er gert alls staðar. Við skoðum m.a. fólk frá ákveðnum löndum þar sem við vitum að berklar eru útbreiddir (Gripið fram í.) til að hægt sé að taka á því og hjálpa því fólki. (**Gripið fram í:** Nákvæmlega.) En við erum ekki að ota því að í umræðunni til þess að tortryggja útlendinga almennt. Það finnst mér vera ljótur leikur og það hafa Frjálslyndir gert. Ég tel að sá boðskapur sé ógeðfelldur, að ota þessu að í umræðunni.

Við erum með fólk af erlendu bergi brotið á um 10% af vinnumarkaði okkar. Mjög mikilvægt að þetta fólk hafi getað komið hingað og getað aðstoðað okkur. Sumt af því fólki verða góðir Íslendingar og munu aldrei fara héðan burt. Ég tel að við eigum að koma vel fram við fólkið sem kemur hingað til þess að aðstoða okkur og vera ekki að ota því að að það geti verið eitthvað veikara en annað fólk. Við tökum á því með eðlilegum hætti. Ég tel að formaður innflytjendaráðs, Sæunn Stefánsdóttir, hv. þingmaður, hafi gert rétt með því að benda á þetta í umræðunni og þetta sér reyndar þjóðin öll. (Gripið fram í.) Þessi pistill var hörkupólitískur og nú erum við að ræða hörkupólitík hérna. Það er mjög mikilvægt að við stígum ekki feilspor varðandi útlendingamálin á Íslandi og það sem Frjálslyndir eru að gera í þeirri (Forseti hringir.) orðræðu er mjög alvarlegt að mínu mati.

[12:18]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Mig langar að vitna aðeins í þennan fræga pistil sem hv. þingmaður og ritari Framsóknarflokksins flutti í Ríkisútvarpinu. Hér segir hún m.a. með leyfi forseta:

„Um síðustu helgi stigu Frjálslyndir skrefi lengra í andúð sinni, þeir hættu að daðra við andúð á útlendingum og ákváðu að ganga alla leið — það kom greinilega fram í setningarræðu Guðjóns Arnars, formanns flokksins, sem talaði á þann veg að auka og ala á ótta fólksins í landinu við fólkið sem hingað kemur í atvinnuleit. Ég ætla ekki að endurtaka hér ógeðfelldan boðskap formanns Frjálslyndra ...“

Hér hefur hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir ekki fært nein rök fyrir þessu í pistli sínum. Það var ekkert ógeðfellt í þeim flutningi. Þetta er náttúrlega fyrst og fremst tilraun Framsóknarflokksins sem er vegna áralangrar spillingar að þurrkast hreinlega út. Þetta er tilraun til að draga athyglina frá því.

Varðandi málefni útlendinga eigum við að sjálfsögðu að leyfa málefnalega umræðu. Það er það sem stendur í hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur að Frjálslyndi flokkurinn hefur þorað það.

Varðandi sakaskrá. Gerir hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir sér grein fyrir því að nú þegar er farið að handtaka á Keflavíkurflugvelli þekkta hryðjuverkamenn? (**SæS:** Það er einmitt þessi málflutningur.) Þú vilt fá sem sagt þekkta hryðjuverkamenn inn í landið? Þú vilt kannski bjóða þeim heim til þín? (Forseti hringir.)

***Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 450. mál (EES-reglur). — Þskj. 591.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 541. mál (heildarlög). — Þskj. 810.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Bókmenntasjóður, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 513. mál (heildarlög). — Þskj. 776.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Rammaáætlun um náttúruvernd, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ISG o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:22]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GHall o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:23]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Áfengislög, frh. 1. umr.***

Frv. ÖJ o.fl., 44. mál (auglýsingar). — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Vegagerð um Stórasand, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HBl o.fl., 59. mál. — Þskj. 59.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:24]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Afnám stimpilgjalda, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SigurjÞ o.fl., 50. mál. — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:24]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 12:25.

# 68. FUNDUR

miðvikudaginn 7. febr.,
að loknum 67. fundi.

**Dagskrá:**

*Til forsætisráðherra:*

1. Afnot af Ráðherrabústaðnum, fsp. MÁ, 488. mál, þskj. 740.

*Til utanríkisráðherra:*

2. Varnarsvæði á Miðnesheiði, fsp. BjörgvS, 526. mál, þskj. 793.

3. Alþjóðlegt bann við dauðarefsingum, fsp. BjörgvS, 533. mál, þskj. 802.

*Til samgönguráðherra:*

4. Þjóðvegur á Akranesi, fsp. MÞH, 242. mál, þskj. 245.

5. Strætisvagnaferðir milli Akraness og Reykjavíkur, fsp. MÞH, 244. mál, þskj. 247.

*Til félagsmálaráðherra:*

6. Búsetumál geðfatlaðra í Reykjavík, fsp. ÁRJ, 284. mál, þskj. 297.

7. Stuðningsforeldrar, fsp. ÁRJ, 306. mál, þskj. 323.

8. Eftirlit með gasbúnaði í hjólhýsum, fsp. SigurjÞ, 344. mál, þskj. 373.

9. Jafnréttisumsögn með stjórnarfrumvörpum, fsp. MÁ, 487. mál, þskj. 739.

10. Fæðingarorlof, fsp. JóhS, 527. mál, þskj. 796.

*Til heilbrigðisráðherra:*

11. Reiknilíkan heilbrigðisstofnana, fsp. MF, 163. mál, þskj. 163.

12. Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fsp. MF, 164. mál, þskj. 164.

13. Rekstur heilbrigðisstofnunar Suðurlands, fsp. MF, 165. mál, þskj. 165.

14. Áhrif gengisþróunar á rekstrarafkomu heilbrigðisstofnana, fsp. MF, 166. mál, þskj. 166.

15. Rekstur dvalar- og hjúkrunarrýma, fsp. SigurjÞ, 315. mál, þskj. 337.

16. Heilsufar erlendra ríkisborgara, fsp. MÞH, 445. mál, þskj. 573.

17. Afsláttarkort vegna lækniskostnaðar, fsp. ÁRJ, 483. mál, þskj. 735.

*Til umhverfisráðherra:*

18. Rannsóknir á sjófuglum, fsp. MÞH, 254. mál, þskj. 257.

*Til menntamálaráðherra:*

19. Aðgangur að háskólum, fsp. BjörgvS, 146. mál, þskj. 146.

20. Nám langveikra ungmenna o.fl., fsp. MF, 334. mál, þskj. 357.

21. Skólavist erlendra barna, fsp. MÞH, 446. mál, þskj. 574.

22. Samningar um rannsóknafé til háskóla, fsp. SJS, 493. mál, þskj. 745.

23. Tónlistarþróunarmiðstöðin, fsp. VF, 494. mál, þskj. 746.

24. Fagháskólar, fsp. SÞorg, 549. mál, þskj. 818.

## *Afnot af Ráðherrabústaðnum.*

Fsp. MÁ, 488. mál. — Þskj. 740.

[12:26]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Svo bar til að laugardaginn 30. september birti Fréttablaðið á forsíðu mynd af þingmönnum Framsóknarflokksins sem voru staddir í Ráðherrabústaðnum. Sá texti fylgdi með að þeir væru þar að heiðra í nafni þingflokksins fyrrverandi ráðherra. Við þetta er auðvitað engar athugasemdir að gera. Það var huggulegt af þingflokki að heiðra fyrrverandi ráðherra, og séu þeir sem oftast heiðraðir.

Það vakti hins vegar athygli mína að þingflokkurinn var samankominn í Ráðherrabústaðnum en ég vissi ekki að þar væru sérstök tengsl á milli. Eftir að upplýsingar um það voru óljósar í blöðum lagði ég fram fyrirspurn 10. október til forsætisráðherra um ráðstöfun Ráðherrabústaðarins, og fékk svar við henni 1. nóvember.

Þar kom fram að afnot af bústaðnum eru eingöngu heimil að fengnu leyfi forsætisráðuneytisins og líka að ráðuneytum eru heimil afnot með því skilyrði að ráðherra haldi gestaboð eða fundi, annars ekki, sem sé ekki þannig að ráðuneytisstjóri geti pantað Ráðherrabústaðinn fyrir starf í ráðuneytinu. Það verður að vera ráðherra.

Í þriðja lagi kom fram að ráðuneytin greiða ekki sérstaklega fyrir afnot af bústaðnum enda gert ráð fyrir að þar sé ráðherra í embættiserindum hverju sinni og afnot af bústaðnum eru *því á sameiginlegum reikningi ríkisstjórnarinnar* og greiðist í forsætisráðuneytinu.

Af þessu spunnust líka tíðindi, þó ekki mjög upplýsandi af hálfu þingflokks Framsóknarflokksins. Þess vegna fæ ég nú það svar við fyrirspurn sem ég lagði fram fyrir nokkru um hvaða ráðherra voru heimiluð afnot af Ráðherrabústaðnum að kvöldi föstudagsins 29. september 2006, sem hér mun hafa verið um að ræða samkvæmt frétt blaðsins.

Og síðan hvort ráðherra telji eðlilegt að ráðherra haldi fundi eða gestaboð í Ráðherrabústaðnum á vegum aðila utan Stjórnarráðsins, t.d. þingflokks?

[12:28]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ráðherrabústaðurinn var umrætt kvöld 29. september síðastliðinn bókaður af landbúnaðar- og viðskiptaráðherra sameiginlega. Þetta svarar fyrri lið spurningarinnar.

Um það hvort eðlilegt sé að ráðherra veiti aðilum utan Stjórnarráðsins afnot af Ráðherrabústaðnum er því til að svara að yfirleitt er það ekki eðlilegt eða rétt. En þegar í hlut á maður sem hefur verið forsætisráðherra og ráðherra í ríkisstjórn Íslands í 19 ár og þegar hálf ríkisstjórnin stendur fyrir slíku boði, formlega séð í nafni landbúnaðarráðherra og viðskiptaráðherra, þá er ekkert við það að athuga að mínum dómi.

[12:29]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Mörður Árnason er mikill áhugamaður um Ráðherrabústaðinn. Eftir þá kveðjuveislu sem Halldóri Ásgrímssyni var haldið í Ráðherrabústaðnum spurði hv. þingmaður ítrekað, ýmist í fjölmiðlum eða hér, hver hefði borgað brúsann og því var svarað. Það var þingflokkur Framsóknarflokksins. Nú spyr hann um það hverjir hafi haft ráðstöfunarrétt og hefur fengið svar við því. Ég tek undir það með hæstv. forsætisráðherra að ekki er óeðlilegt að fyrrum forsætisráðherra og ráðherra til hátt í 30 ára skuli haldið kveðjuhóf.

En mig langar til að spyrja hinn áhugasama þingmann hvort hann telji þetta öðruvísi en þegar fyrrum foringi hans Lúðvík Jósepsson var kvaddur í Ráðherrabústaðnum í ráðherratíð Ólafs Ragnars Grímssonar. Ég veit ekki betur en hv. þm. Mörður Árnason hafi þá verið aðstoðarmaður eða upplýsingafulltrúi. Og nú spyr ég hann: Hver borgaði þann brúsa þegar fyrrum formaður Alþýðubandalagsins var kvaddur í ráðherratíð, ef þannig má að orði komast, hv. þm. Marðar Árnasonar?

[12:30]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason rifjar það upp, það mun hafa verið fyrir 18 árum, að haldið hafi verið boð í Ráðherrabústaðnum. Já, það mun vera rétt hjá honum. Ég var þá að vísu ekki í starfi hjá ráðuneyti öfugt við það sem hv. þingmaður heldur fram og þarf að bæta upplýsingaþjónustu Framsóknarflokksins mjög í þessu máli.

Ráðherra hefur væntanlega pantað bústaðinn það kvöld og gekkst við því öfugt við þá ráðherra sem hér eru til umræðu, hæstv. landbúnaðarráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra. (**Gripið fram í:** Hver borgaði?) Ráðherra hélt þá veislu og hún er borguð á vegum ráðherra væntanlega, en spyrjið ríkisendurskoðanda um það.

Hér er seilst nokkuð langt. Hér er seilst aftur í Lúðvík Jósepsson og Ólaf Ragnar Grímsson. Munurinn á þessu máli og hinu er einfaldlega þessi: Þingflokkur Framsóknarflokksins hélt þetta boð, eða hvað? Það ætti kannski að rannsaka þá reikninga. Það er landbúnaðarráðherra, varaformaður Framsóknarflokksins, og viðskiptaráðherra, sem er ekki einu sinni í þingflokknum því hann er ekki á þingi, sem pantaði þetta í nafni þingflokksins. Framsóknarflokkurinn er farinn að haga sér eins og fimmtánda ráðuneytið.

Ég skil vel feimni hæstv. forsætisráðherra við að gera það sem honum ber, að taka fram fyrir hendurnar á Framsóknarflokknum í málinu. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (RG)**:** Viljið þið gefa þingmanni hljóð.)

Það er auðvitað furðulegt og léleg skýring á því að þingflokkur sem hefur hálfa ríkisstjórn innanborðs hafi meira leyfi en aðrir þingflokkar til að halda fundi á opinberum stöðum þar sem forsætisráðherra ber að vernda og varðveita.

Ömurlegast er þó þetta hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni sem ber ábyrgð á málinu, er formaður (Forseti hringir.) þess þingflokks sem lítur á sjálfan sig sem fimmtánda ráðuneytið, að sönnu er ömurlegast hjá honum að hann þurfi að teygja sig (Forseti hringir.) 18 ár aftur í tímann og hafa ekki einu sinni aflað sér (Forseti hringir.) almennilegra upplýsinga um málið. Enda er þingmaðurinn á förum.

Umræðu lokið.

## *Varnarsvæði á Miðnesheiði.*

Fsp. BjörgvS, 526. mál. — Þskj. 793.

[12:33]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini þessari fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra:

„1. Er til skýrsla hjá ráðuneytinu um mögulega nýtingu varnarsvæðisins á Miðnesheiði og ástand mannvirkja þar og, ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður hennar um mögulega nýtingu svæðisins?

2. Hefur ráðherra upplýsingar um hvenær nýting mannvirkja á varnarsvæðinu hefst og hver hún verður?"

Það blasir við að yfirgefið varnarsvæðið á Miðnesheiðinni býður upp á gífurlega mörg tækifæri til atvinnu- og þjónustuuppbyggingar á Suðurnesjum, gríðarleg tækifæri og einstök. Þar skiptir langmestu máli að nota tímann vel. Herinn fór í september og frá því í byrjun október hefur þorpið staðið autt. Það er mat allra þeirra sem hafa komið að vinnu við endurnýta yfirgefin hernaðarmannvirki að öllu máli skipti að gera það eins hratt og kostur er. Það hefur dregist. Það er að sjálfsögðu vinna í gangi, Þróunarfélagið hefur auglýst eftir hugmyndum o.s.frv. Það skiptir mjög miklu máli að hæstv. ráðherra gangi þannig fram í málinu að nýting hefjist hið fyrsta.

Fyrst og fremst er um að ræða atvinnu og þjónustu hvers konar. Það liggur fyrir að íbúðirnar verða ekki settar á almennan markað enda mundi húsnæðisverð á svæðinu væntanlega hríðfalla eða hrynja. Margar hugmyndir hafa heyrst um notkun á þorpinu sem þekkingarþorpi, hugvitsstarfsemi hvers konar, skólastofnanir hafa heyrst nefndar í því sambandi. Runólfur Ágústsson, fyrrverandi rektor á Bifröst, hefur heyrst nefndur í sambandi við mögulega skólauppbyggingu á svæðinu. Því hefur verið fleygt að það sé upplagt að hluti af deild, t.d. jarðvísindadeild, verði flutt þarna upp eftir o.s.frv. Og þá að sjálfsögðu flugsækin þjónusta af hvaða tagi sem er. Það verða til yfir 100 störf á ári hjá flugstöðinni nú þegar og fyrirsjáanlegt er að störfum fjölgi mjög og þjónusta aukist þar í kring þannig að tækifærin blasa við.

Við þurfum að nýta tækifærin. Þetta er einstakt tækifæri til að byggja upp kraftmikið og fjölbreytt atvinnulíf fyrir fólk með ólíka menntun á þessu svæði. Sprotarnir eru fjöldamargir til að byggja upp fjölbreytt störf fyrir bæði langskólagengið fólk og fólk með skemmri skólagöngu. Þau tækifæri þurfum við að nýta og ganga mjög hratt til verka. Fríverslunarsvæði hefur verið nefnt, vörur yrðu fluttar inn á svæðið án tolla og skatta frá einum stað og sóttar á öðrum stað, íhlutir fluttir inn og settir saman, uppskipunarhöfn. Hugmyndirnar eru gífurlega margar. Það skiptir máli að vinna hratt og örugglega úr þeim og því beini ég þessum fyrirspurnum til hæstv. utanríkisráðherra.

[12:36]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Svokölluðu varnarsvæði á Miðnesheiði var skipt upp eftir brottför varnarliðsins með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin, um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, sem samþykkt voru frá Alþingi 9. desember sl.

Svæðinu er þrískipt. Í fyrsta lagi er svæði afmarkað fyrir starfsemi alþjóðaflugvallarins, flugverndarsvæði, sem heyrir enn sem komið er undir utanríkisráðuneytið, en að störfum er nefnd á vegum utanríkisráðuneytis og samgönguráðuneytis sem vinnur að tillögum um yfirfærslu á stjórnsýslu til samræmis við það sem tíðkast annars staðar í landinu. Gert er ráð fyrir að tillögurnar verði tilbúnar ekki síðar en undir lok þessa mánaðar eins og raunar er kveðið á um í áðurnefndum lögum.

Þá er sérstaklega afmarkað öryggissvæði þar sem fyrir er aðstaða vegna varna landsins og heyrir undir utanríkisráðuneytið. Mannvirki á því svæði, sem mörg hver eru í eigu Atlantshafsbandalagsins, verða notuð fyrir varnartengda starfsemi eins og æfingar en ein slík er einmitt fyrirhuguð á haustmánuðum.

Í þriðja lagi nefni ég starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. en forsætisráðuneytið fer með hlutafé þess. Langstærstur hluti bygginga varnarliðsins er á því svæði. Ég geri ráð fyrir að einkum sé verið að vísa til þess í fyrirspurninni enda eru það fyrst og síðast byggingar sem fyrirhugað er að koma í almenna, borgaralega nýtingu. Þetta svæði var með auglýsingu forsætisráðuneytisins, nr. 38/2007, dags. 16. jan. sl., tekið til borgaralegra nota og telst því ekki lengur varnarsvæði.

Í utanríkisráðuneytinu er ekki til skýrsla um ástand og mögulega nýtingu svæðisins. Það er verkefni Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., á grundvelli þjónustusamnings við fjármálaráðuneytið, að leiða þróun og skipulag þess með það að markmiði að fasteignir og svæðið sjálft komist hið fyrsta í arðbær borgaraleg not í sátt við nærliggjandi samfélög. Mér er kunnugt um að starf Þróunarfélagsins fer vel af stað og fjölmargar hugmyndir hafa borist félaginu á liðnum vikum og mánuðum.

Að lokum má nefna að varnarsvæði er enn þá skilgreint við Grindavík en það er eftir sem áður undir stjórn og á ábyrgð bandarískra hermálayfirvalda.

[12:39]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég tel að sú leið sem valin var varðandi nýtingu varnarsvæðisins hafi verið sú rétta. Þá erum við að tala um þann hluta sem þróunarfélagið fékk, ekki um öryggissvæðið vegna flugumferðar. Ég teldi að það hefði verið lakari kostur ef sú vinna hefði verið sett yfir á eitthvert ráðuneyti eða á herðar þingsins. Það er eðlilegt að fela hana Þróunarfélagi, eins og gert var, með aðkomu þeirra ráðuneyta sem við eiga og sveitarfélaganna suður frá. Það er óhætt að segja að þetta þróunarfélag fari mjög vel af stað. Þeir hafa auglýst hressilega, þeir hafa kallað eftir hugmyndum. Mér er kunnugt um að á annað hundrað hugmyndir hafa þegar komið inn til þeirra og er nú verið að vinna úr þeim. Ég hygg að menn sjái ekkert annað en tækifæri fyrir svæðið með þeim breytingum sem orðið hafa við það að varnarliðið fór og í þeim miklu mannvirkjum (Forseti hringir.) sem íslenska ríkið á núna og hyggst ráðstafa.

[12:40]

**Gunnar Örlygsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda, Björgvini G. Sigurðssyni, fyrir að vekja athygli á þeirri þróun sem er að eiga sér stað á varnarsvæðinu á Miðnesheiði. Það kom í ljós í svari hæstv. ráðherra að skýrsla um þessi mál er ekki til að svo stöddu. Ég tel rétt að benda hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni á þá staðreynd að hið nýstofnaða þróunarfélag hefur opnað heimasíðu um starfsemina og virðist í alla staði vera mjög aðgengilegt félag. Upplýsingar eru líklega mjög auðsóttar og þar af leiðandi hægt að beina fyrirspurnum beint til félagsins.

Ég vil líka vekja athygli á orðum hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um að það sé mikilvægt að vinna þetta mál hratt. Hér vil ég staldra örlítið við, virðulegur forseti. Það er staðreynd að ekki er atvinnuleysi á þessu fyrrum varnarsvæði og um er að ræða mjög mikilvægt atvinnusvæði til langrar framtíðar. Ég tel því rétt að menn flýti sér hægt í að skipuleggja svæðið og ákveða (Forseti hringir.) endanlega hvað taki við.

[12:42]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Hér er hreyft góðu máli, sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson spyr hæstv. utanríkisráðherra út í, þ.e. um notkun á varnarsvæðinu á Miðnesheiði. Ég held að stigin hafi verið ágætisskref með stofnun þróunarfélagsins sem þar er að taka við. Ég tek undir það sem hv. þingmaður sagði að ótal tækifæri eru til til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum eftir að herinn fór úr landi. Þar má nefna ótal dæmi eins og hv. þingmaður gerði. Í mín eyru hefur verið nefnt hvort ekki væri ástæða til að athuga það að Háskólinn í Reykjavík flytti í Reykjanesbæ. Hann færi þá inn á svæði þar sem allt er til staðar til skólahalds, svo sem íþróttaaðstaða, sundlaug, námsmannaíbúðir og ég veit ekki hvað.

Virðulegi forseti. Ótal fleiri dæmi eru til en allra sísti kosturinn er sá sem bæjarstjórinn í Reykjanesbæ berst hvað mest fyrir núna, þ.e. bygging álvers í Helguvík. Ég held að það sé það allra vitlausasta sem gert yrði á Suðurnesjum. Ég er algjörlega andvígur því að álveri verði plantað niður á sömu lóð og stálverksmiðja og ótal önnur fyrirtæki eiga að koma á.

[12:43]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu. Það er ljóst að ekki hefur farið fram á vegum hæstv. ráðherra nein úttekt á ástandi og mögulegum notum af svæðinu heldur hefur það alfarið verið falið þróunarfélaginu og gott og vel. Það er nú samt bagalegt, það hefði verið heppilegt að það færi fram heildstæð úttekt sem lægi hér fyrir. Ég ítreka að það þarf að ganga mjög örugglega til verks. Þó að atvinnuleysi sé ekki himinhátt á svæðinu er það samt yfir landsmeðaltali, eitthvað um 3%. Það er ekki einungis það sem rekur á eftir, það þarf að koma mannvirkjunum hið fyrsta í

not, arðbær borgaraleg not eins og hæstv. ráðherra sagði hér áðan.

Þar hljótum við sérstaklega að horfa til háskólastarfsemi af einhverju tagi sem væri mjög heppileg á þessu svæði. Einn hv. þingmaður nefndi hér áðan að flytja Háskólann í Reykjavík eins og hann legði sig og breyta honum í Háskólann í Reykjanesbæ. Það er í sjálfu sér ágætishugmynd ef hún fær góðar undirtektir skólastjórnenda og forráðamanna þar.

Það blasir alla vega við að í þessum yfirgefnu hernaðarmannvirkjum á Miðnesheiði felast gífurlega mörg tækifæri til einstakrar sóknar. Dyr opnuðust að nýjum tímum fyrir þetta svæði þegar herinn fór og allar þessar byggingar urðu þarna eftir. Það er engin spurning að nýta þarf þau tækifæri eins og kostur er hið allra fyrsta. Þess vegna hefði verið fróðlegt að heyra þó ekki væri nema viðhorf og framtíðarsýn hæstv. utanríkisráðherra í þessum efnum. Þó svo að formlega sé framkvæmdin á könnu Þróunarfélagsins er ekki þar með sagt að ríkisstjórn Íslands hafi afsalað sér hinni pólitísku ábyrgð á málinu og seinagangur eða tafir á framvindunni séu einhverjum öðrum að kenna. Þess vegna hefði verið fróðlegt að heyra (Forseti hringir.) framtíðarsýn ráðherrans í þessu máli.

[12:45]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju með þann jákvæða tón sem hefur verið í þessari umræðu. Það er ánægjulegt að hv. þingmenn skuli fyrst og fremst tala um tækifæri en ekki vandamál því samfara að varnarliðið er farið og að þarna séu miklar og verðmætar byggingar sem alla vega þessa stundina eru ekki í mikilli notkun. Það eru framtíðarmarkmið okkar að koma þessum byggingum í not og við sjáum ýmsa möguleika í þeim efnum.

Ég veit að hv. þingmaður hefur mikið álit á ríkisstjórninni og telur að hún hefði átt að láta vinna heildstæða úttekt á þessum byggingum öllum. Við kusum að fara þá leið að fela stjórn Þróunarfélagsins að halda utan um málið. Ég veit að það er komið heilmikið af hugmyndum og mikið starf hefur verið unnið af hálfu stjórnar Þróunarfélagsins. Ég er bjartsýn á að hægt verði að spila skynsamlega úr þessum hlutum en legg áherslu á að það er betra að vanda sig því að tækifærin eru svo margvísleg.

Hvað varðar mína sýn hef ég látið það koma fram á stórum fundi á Reykjanesi með sveitarstjórnarmönnum hvernig ég get að einhverju leyti séð þetta fyrir mér. Þá lagði ég mjög mikla áherslu á starfsemi sem er tengd alþjóðaflugvellinum. Það er óvanalegt að alþjóðaflugvöllur hafi svo mikið rými og þessi flugvöllur hefur og hafi með því svo mörg og mikilvæg tækifæri. Sú starfsemi sem þarna mun verða í framtíðinni mun áreiðanlega að verulegu leyti tengjast tækifærum sem snúa að flugrekstri. Þar fyrir utan, eins og hv. þingmaður nefndi og fleiri, eru möguleikar á sviði menntamála og fjölda annarra mála.

Umræðu lokið.

## *Alþjóðlegt bann við dauðarefsingum.*

Fsp. BjörgvS, 533. mál. — Þskj. 802.

[12:48]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Árið 2005 voru 2.100 manns tekin af lífi í 21 landi. Á sama ári voru 5.200 manns dæmd til dauða í 53 löndum. Þess má geta að nú er talið að um 20.000 manns í veröldinni allri bíði þess að verða tekin af lífi í kjölfar þess að hafa verið dæmd til dauða. Þess má geta að um 94% af aftökunum fara fram í fjórum löndum: Kína, Íran, Sádi-Arabíu og Bandaríkjunum. Árið 2005 eru opinberu tölurnar um aftökur í Kína t.d. 1.770 en Amnesty International heldur því fram að þær aftökur gætu í raun verið margfalt fleiri, reyndar allt að 8.000.

Þetta er hörmuleg staða, virðulegi forseti, þar sem dauðarefsingar ættu að sjálfsögðu að heyra löngu liðinni og myrkri tíð, villimennsku fortíðar þar sem misþyrmingar og óréttlæti viðgengust fyrir mörgum öldum síðan. Slíkar refsingar eru hrein tímaskekkja og í andstöðu við réttarríkið að mínu mati.

Umræðan um réttmæti dauðarefsinga hefur farið sem eldur í sinu eftir aftökuna á Saddam Hussein fyrir nokkru. Þeim viðbjóðslega atburði var að sjálfsögðu sjónvarpað um allan heim. Hann flaug inn á netið á leifturstundu og vakti upp þessa umræðu. Ban Ki-moon nýr framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna leggur m.a. til að aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna beiti sér fyrir alþjóðlegu banni við dauðarefsingum. Að sjálfsögðu vil ég nota tækifærið og óska eftir því að íslensk stjórnvöld leggi nýjum framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna lið í að berjast fyrir þessu mesta mannréttindamáli okkar tíma, að setja alþjóðlegt bann við dauðarefsingum. Þær eru andstyggilegar og í hreinni andstöðu við nútímalegt réttarríki, lýðræði og mannréttindi.

Þá má geta þess að forsætisráðherra Ítalíu, sem þar fer fyrir vinstri stjórn, Romano Prodi, hefur lagt til alþjóðlegt bann við dauðarefsingum og mun beita sér sérstaklega fyrir slíku banni.

Að lokum, áður en ég beini fyrirspurn minni til hæstv. ráðherra vitna ég í forustugrein Morgunblaðsins frá því fyrr í haust þegar Morgunblaðið segir, með leyfi forseta:

„Íslensk stjórnvöld eiga að leggja sitt af mörkum í baráttunni fyrir því að dauðarefsingin verði einnig gerð útlæg annars staðar í heiminum.“

Ég tek heils hugar undir það um leið og ég beini fyrirspurn minni til hæstv. ráðherra:

„Hefur ráðherra beitt sér fyrir alþjóðlegu banni við dauðarefsingum? Er í undirbúningi að vinna slíku banni fylgis á alþjóðavísu? Hefur ráðuneytið lýst sig fylgjandi slíku banni?“

[12:51]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Hér er hreyft stóru máli. Eins og hv. þingmanni er kunnugt um eru íslensk stjórnvöld fylgjandi afnámi dauðarefsinga og Ísland á aðild að þremur alþjóðasamningum sem kveða á um slíkt. Viðbótarbókun nr. 2 við samninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi svo og viðbótarbókanir nr. 6 og 13 við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í samræmi við þessa stefnu hafa íslensk stjórnvöld til margra ára, ekki síst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna en einnig annars staðar á alþjóðavettvangi, talað fyrir afnámi dauðarefsinga og átt aðild að fjölmörgum samþykktum sem kveða á um slíkt bann. Nýr aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna á allan stuðning okkar í þeirri baráttu sem hann hefur hafið á þessu sviði.

Sem betur fer hefur talsvert áunnist í baráttunni gegn dauðarefsingum þótt enn sé langt í land. Árið 1997 höfðu einungis 16 ríki afnumið dauðarefsingu en í dag eru þau 88 talsins. 11 ríki til viðbótar hafa afnumið dauðarefsingu *nema að um stríðsglæpi sé að ræða* og þá hafa 29 ríki til viðbótar haldið dauðarefsingum inni í lögum en ekki viðhaft síðastliðin 10 ár eða lengur. Er talið að í þeim ríkjum hafi slíkar refsingar verið aflagðar. Samanlagt hafa 128 ríki aflagt dauðarefsingu með einum eða öðrum hætti. Ég vil að lokum segja að íslensk stjórnvöld munu áfram tala fyrir afnámi dauðarefsinga á alþjóðavettvangi.

[12:53]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þetta var ágæt ræða hjá hæstv. ráðherra. Hún talar sem fulltrúi ríkis þar sem ekki hafa verið dauðarefsingar í næstum tvær aldir og þar sem dauðarefsingar voru afnumdar árið 1928, ef ég man rétt eða a.m.k. á þriðja áratugnum. Hún talar almennt um þetta að við séum heldur á móti dauðarefsingum og höfum skrifað undir hina og þessa samninga í því efni.

En umræðan um dauðarefsingar hefur kviknað í kjölfar dauðadóms yfir Saddam Hussein sem hér var minnst á áður. Það er athyglisvert að hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnin sem hún situr í hefur ekkert sagt um það mál, t.d. ekki tekið undir með Romano Prodi. Hæstv. utanríkisráðherra hefur reyndar sagt að þótt íslensk stjórnvöld séu almennt á móti dauðarefsingum þá hafi þessi karl átt það skilið og ekkert að því að finna því að sinn sé siður í landi hverju, ef ég má túlka ummæli ráðherrans nokkuð frjálslega. (Forseti hringir.) Við þetta verður illa unað, forseti, og væri betra að fá góð svör (Forseti hringir.) frá ráðherranum í þeirri umræðu sem nú stendur yfir.

[12:55]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Frú forseti. Kjarni málsins er sá að ég óska eftir því að íslensk stjórnvöld, með hæstv. utanríkisráðherra í broddi fylkingar, beiti sér af alefli fyrir því að sett verði alþjóðlegt bann við dauðarefsingum, að þeirri yfirlýsingu frá nýjum framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, verði lagt lið þar sem hann óskaði eftir því að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna legðu á alþjóðlegt bann við dauðarefsingum.

Aftakan á Saddam Hussein var ein af líklega 2.000 til 3.000, jafnvel 4.000 aftökum í heiminum á því ári. Það var ógeðslegur atburður sem minnti okkur á þá viðbjóðslegu grimmd sem felst í að dæma fólk til dauða. Það er grimmd sem á aldrei rétt á sér og þess vegna skora ég á hæstv. ráðherra að taka málið upp á alþjóðavettvangi og beita sér af fullum krafti fyrir því, um leið og íslensk stjórnvöld, þótt þau hafi stutt innrásina í Írak á sínum tíma, fordæmi aftökuna á Saddam Hussein, til marks um að íslensk stjórnvöld muni aldrei una því sem nútímalegt réttarríki að svo forneskjulegum og ómanneskjulegum aðferðum verði beitt til að refsa. Þær eru í hreinni andstöðu við mannréttindi, lýðræði og fyrirkomulag réttarríkisins í dag.

Ég skora á hæstv. utanríkisráðherra að beita sér af fullum krafti í málinu, taka málið upp á vettvangi ríkisstjórnarinnar og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og gerast fánaberi í þessu mikla mannréttindamáli á alþjóðavettvangi. Það þarf að leggja dauðarefsingar af og þær ættu að heyra sögunni til.

[12:57]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að ég tel ekki nokkurn ágreining í þessum þingsal um málefnið. Mér er ekki kunnugt um að nokkur þingmaður haldi því fram að dauðarefsingar eigi rétt á sér. Stefna íslenskra stjórnvalda er skýr í þessum efnum. Það lét ég líka koma fram í tengslum við aftökuna á Saddam Hussein. Ég er hrædd um að hv. þm. Mörður Árnason fari ekki með rétt mál þegar hann heldur því fram að *ég hafi sagt í tengslum* við þann atburð að þessi karl hafi átt þetta skilið. Ég óttast að hv. þingmaður fari með rangt mál. Ég kannast ekki við að hafa látið þessi orð falla.

Ég sagði að þessi aftaka væri lögleg samkvæmt íröskum lögum en engu að síður fordæmdi íslenska ríkisstjórnin þennan atburð. Það er aðalatriðið. Ég vil bara endurtaka það sem ég sagði áðan, að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, á allan okkar stuðning í þeirri baráttu sem nú er fram undan af hans hálfu og rödd Íslands á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur einungis verið í þá átt að fordæma dauðarefsingar. Þannig mun það verða áfram.

Umræðu lokið.

## *Þjóðvegur á Akranesi.*

Fsp. MÞH, 242. mál. — Þskj. 245.

[12:59]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Það er orðið nokkuð um liðið síðan ég sendi inn þessa fyrirspurn, ég hygg að það hafi verið í haust, og hún hefur ekki komist á dagskrá af ýmsum ástæðum. Það er hvorki við þingið né hæstv. ráðherra að sakast í þeim efnum, kannski frekar það að sá sem hér stendur hefur verið fjarverandi þegar hægt hefur verið að taka þetta mál fyrir en nú er loks komið að því.

Þessi fyrirspurn mín til hæstv. samgönguráðherra hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður undirbúningi framkvæmda við nýjan þjóðveg (Þjóðbraut) inn í þéttbýli á Akranesi?“

Þetta er tiltölulega stuttur vegarkafli sem gert er ráð fyrir að verði innkoma af þjóðvegi inn í bæjarfélagið á Akranesi. Akranes hefur verið í mjög örum vexti undanfarin missiri. Í morgun bárust okkur þær gleðifréttir að fjöldi Akurnesinga væri nú kominn upp í 6 þús. Það fæddist barn í

gær á Akranesi þannig að þessi múr hefur verið rofinn og það eru mikil gleðitíðindi.

Öllum þessum vexti og framkvæmdum fylgja náttúrlega þarfir fyrir að gera ákveðnar breytingar í skipulagi og öðru, m.a. hvað varðar innkeyrsluna í bæjarfélagið. Þjóðbrautin er tiltölulega stuttur vegarkafli sem liggur inn í bæjarfélagið, gamall vegur sem hefur verið áratugum saman, leifar af gömlum þjóðvegi ef svo má segja. Nú stendur til að setja þarna hringtorg og gera þetta að almennilegum vegi, innkeyrslu inn í bæinn. Beggja vegna við þennan veg hafa verið framkvæmdir undanfarin missiri, íbúahverfi hefur verið og er að rísa sunnan megin við veginn en norðan megin við hann er síðan verið að reisa verslunarhúsnæði og annað. Ástandið eins og þetta er núna er í raun orðið mjög slæmt því að við sjáum það náttúrlega fyrir okkur, við Akurnesingar — ég sem stend hér er Akurnesingur og bý á Akranesi — að verði þetta ekki klárað muni það skapa mjög mikil óþægindi fyrir íbúa, m.a. í þessu íbúahverfi sem er að rísa. Þetta mun líka skapa hættur, vegurinn er mjög slæmur, malarvegur eins og hann er í dag, og honum hefur kannski ekki verið haldið við sem skyldi einmitt vegna þess að yfirvöld, bæði bæjaryfirvöld á Akranesi og samgönguyfirvöld í landinu, hafa séð fram á að þarna yrðu gerðar almennilegar umbætur og byggður upp almennilegur vegur með öllu sem því fylgir.

Það er eins og að þessi mál séu núna í einhvers konar sjálfheldu þó að tíminn líði hratt og kröfurnar verði sífellt háværari og meiri um að farið verði í að klára þetta. Þetta er í sjálfu sér ekki mikið verk. Þetta er ástæðan fyrir því að ég taldi rétt að leggja fram þessa fyrirspurn og hún er enn í fullu gildi, þ.e. hvað líði nú undirbúningi framkvæmda við þennan nýja þjóðveg inn í þéttbýli á Akranesi.

[13:02]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda spyr hann: Hvað líður undirbúningi framkvæmda við nýjan þjóðveg inn í þéttbýli á Akranesi?

Eftir ósk Akranesbæjar og í samkomulagi við Vegagerðina var tekin ákvörðun um að tengja og leggja þjóðveginn að hafnarsvæði Akraneskaupstaðar og tengja það þjóðvegakerfinu eftir nýrri leið með því að leggja nýjan hluta af þjóðveginum í gegnum byggðina og færa þannig frá meginviðskipta- og verslunarsvæðinu þá umferð sem fer um þjóðbrautina og niður á hafnarsvæðin og meginatvinnusvæðin. Það varð niðurstaða í samráði við þingmenn kjördæmisins að þjóðbrautin færðist með þessum hætti.

Undirbúningur þessa verkefnis hefur verið í gangi, hönnun verksins og gerð útboðslýsinga er að mestu lokið þannig að það ætti ekki að þurfa að líða langur tími þangað til hægt verður að fara í framkvæmdir. Hins vegar hafa bæjaryfirvöld óskað eftir því og boðið upp á það að ganga til samninga við Vegagerðina um þessa framkvæmd vegna þess að framkvæmdin er ekki með fjárveitingu á gildandi samgönguáætlun. Það er unnið að því að ná niðurstöðu og samkomulagi um hvernig þessari framkvæmd verður hagað eins og alvanalegt er og ég á ekki von á öðru en að það takist að koma þessari framkvæmd af stað mjög fljótlega eftir að samkomulag hefur náðst á milli Vegagerðarinnar og bæjaryfirvalda þar um.

Ég þakka því bara hv. þingmanni fyrir að leggja fram þessa fyrirspurn þannig að tækifæri fáist til að gera grein fyrir þessu. Ég hef lagt áherslu á það að þessu verki mætti ljúka, koma því af stað á þessum vetri þannig að það hafi ekki óæskileg áhrif á þá uppbyggingu og framvindu sem hefur orðið á þessu nýja athafnasvæði. Í þessu umhverfi rísa núna hús nánast í hverri viku.

En aðalatriðið, og ástæðan fyrir þessari breytingu, er hins vegar að beina meginþungaumferðinni eftir annarri braut en hefur verið í gegnum tíðina.

[13:05]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því ef þetta mál hefur nú komist á það stig að það sé að fara að komast til framkvæmda. Það hefur liðið dálítið langur tími. Það stendur t.d. þannig á núna að þessi vegur er eina leiðin inn í bæinn þarna megin. Þetta er malarvegur, ekki nema nokkur hundruð metra langur spotti sem um er að ræða og í raun og veru styttist þá sú leið sem ríkið hefur ábyrgð á til hafnarinnar frá þeirri leið sem áður var. Til framtíðar held ég að þetta hafi í sjálfu sér verið góður samningur fyrir ríkið.

Ég vil koma því að að ég tel að auðvitað eigi að vera tvær viðurkenndar leiðir til bæjanna þar sem þeirra er virkilega þörf, annars vegar fyrir flutninga til hafna og svæða þar sem iðnaður er stundaður (Forseti hringir.) og hins vegar kannski vegur sem liggur beint inn í miðju bæjanna.

[13:07]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði, ég held að það sé algjörlega rétt hugsun og eigi jafnt við um Akranes og aðra staði að helstu flutningsleiðir séu ekki jafnframt þær akstursleiðir sem liggja inn í bæjarkjarnana. Það mættu gjarnan vera fleiri en ein akstursleið inn í bæjarkjarnann. Ég held að þetta sé mjög þörf ábending og á náttúrlega við á fleiri stöðum en Akranesi.

Ég vil hins vegar spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort við getum skilið svar hans þannig að gengið verði til samninga við Vegagerðina innan örfárra vikna þannig að framkvæmdir hefjist þegar í vor, t.d. í aprílmánuði eða eitthvað slíkt. Eigum við að skilja svar hæstv. samgönguráðherra með þeim hætti?

[13:08]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svarið. Við vitum þá að það er undirbúningur í gangi, hönnun og útboði að mestu lokið, ekki fjárveiting á gildandi áætlun, unnið að málinu. Gott og vel.

Ég hefði þó viljað heyra, virðulegi forseti, nánar og nákvæmar frá hæstv. samgönguráðherra hvenær hann sæi fyrir sér að hægt yrði að fara í þessa framkvæmd. Það er mjög aðkallandi fyrir Akurnesinga að fá það á hreint hvenær farið verður í þessa framkvæmd og hvenær henni verði lokið. Þetta er farið að þvælast fyrir, orðinn svona hálfgerður flöskuháls eða hindrun og orðið mjög alvarlegt mál að þessum vegarkafla, þó að hann sé ekki langur, skuli ekki

vera lokið, að þarna sé ekki lagt á slitlag. Þarna verður rykmengun og önnur óþægindi. Eins og ég sagði áðan, þarna er verið að byggja dýrt og mikið verslunarhúsnæði, það er verið að byggja dýr og stór hús, blokkir, fjölbýlishús, einbýlishús og annað þar fram eftir götunum og fleiri byggingar rísa þarna bráðum og þetta er orðið mjög óþægilegt.

Þetta skapar líka óþægindi fyrir þá sem ráða málum á Akranesi sem núna er meiri hluti Frjálslynda flokksins og Sjálfstæðisflokksins. Eins og hæstv. samgönguráðherra benti á er hugmyndin með þessu öllu saman sú að búa til tengingu frá hafnarsvæðinu í gegnum bæinn þannig að þungaflutningar gætu farið þar fram um og annað þar fram eftir götunum. Við höfum hugmyndir um að efla til að mynda hlutverk Akraneshafnar sem fiskihafnar, og Faxaflóahafnir hafa lýst því mjög ákveðið yfir að fiskihöfn verði byggð upp á Akranesi í framtíðinni. Það á að setja fiskmarkaðinn í nýtt hús, það er mikið í gangi, en flutningaleiðirnar inn í og út úr bænum eru alls ekki viðunandi eins og staðan er í dag.

Ég vil því nota tækifærið, virðulegi forseti, og heita á hæstv. samgönguráðherra (Forseti hringir.) að svara því hér og nú hvenær hann sjái fyrir sér að hægt verði að hefja þessar framkvæmdir.

[13:10]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Allt er það rétt sem hér hefur komið fram, þetta er nauðsynleg framkvæmd og mun breyta heilmiklu um umferðarþunga í gegnum bæinn. Vegna fyrirspurnarinnar vil ég bara undirstrika það sem ég sagði áðan, ég tel að þessi framkvæmd eigi að fara af stað í vetur, eða vor eftir því sem fært verður á grundvelli samkomulags milli bæjaryfirvalda og Vegagerðarinnar. Ég á ekki von á öðru en að það takist þannig að þingmenn Norðvesturkjördæmisins þurfa að fara yfir það að sjálfsögðu í tengslum við afgreiðslu samgönguáætlunarinnar (Forseti hringir.) og þá á ekki að vera eftir neinu að bíða að þetta verk geti klárast á þessu ári.

Umræðu lokið.

## *Strætisvagnaferðir milli Akraness og Reykjavíkur.*

Fsp. MÞH, 244. mál. — Þskj. 247.

[13:12]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég kem hér öðru sinni með fyrirspurn sem ég vil leggja fyrir hæstv. samgönguráðherra. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Telur ráðherra ásættanlegt að strætisvagnar fari milli Akraness og Reykjavíkur fullskipaðir fólki þannig að farþegar standi jafnvel í vögnunum á leiðinni?“

Ég vil taka það skýrt fram í upphafi máls míns að með þessari fyrirspurn er ég hvorki að kasta neinni rýrð á það fyrirtæki sem hefur stundað rekstur strætisvagna milli Akraness og Reykjavíkur né þá sem hafa starfað við þann rekstur, m.a. sem bílstjórar, alls ekki. Það fólk hefur allt saman staðið sig ákaflega vel á öllum sviðum, bara svo að það sé alveg á hreinu.

Hins vegar taldi ég rétt að vekja athygli á þessu í þingsölum vegna þess að við vitum að samkvæmt lögum er ekkert sem bannar að fólk standi í strætisvögnum. Þessar ferðir eru á milli Akraness og Reykjavíkur um þjóðvegakerfi landsins og eftir því sem ég best veit er þetta hreinlega skilgreint bara sem strætisvagn og það er ekkert sem bannar að fólk standi í vögnunum á leiðinni. Ég vildi vekja athygli á þessu.

Ég tel að það sé augljós slysahætta þegar fólk stendur í strætisvögnum sem keyra fjölfarinn þjóðveg eins og Vesturlandsveginn milli Akraness og Reykjavíkur sem oft og tíðum hefur reynst varasamur, bæði með tilliti til veðurs og umferðar. Vagnarnir eru náttúrlega á töluverðum hraða eins og hraði umferðarinnar bara er um þennan veg. Þarna gæti farið illa ef eitthvað bæri út af.

Við vitum að í sumum tilfellum og sérstaklega þegar umferðin er mikil eða farþegar margir stendur fólk í vögnunum á þessari leið og þess vegna taldi ég, eins og ég sagði áðan, rétt að bera fram þessa fyrirspurn, þ.e. hvort ráðherra telji ásættanlegt að strætisvagnar fari þarna á milli fullskipaðir fólki þannig að farþegar standi jafnvel í vögnum á leiðinni. Er ekki tímabært fyrir okkur sem störfum á löggjafarþinginu að hugleiða hvort ráðlegt sé að setja lagabókstaf sem hreinlega bannar að fólk standi í strætisvögnum sem fara um hluta af þjóðvegakerfi landsmanna?

[13:14]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Ég svara henni á þann veg að í fyrsta lagi tel ég með öllu óásættanlegt að ekki sé gætt fyllsta öryggis í strætisvögnum og áætlunarbílum sem eru í akstri til að þjóna á vettvangi almenningssamgangna. Það þarf að leggja ríka áherslu á það og það vil ég gera.

En aðeins út af þessari fyrirspurn er rétt að gera nokkra grein fyrir þeirri starfsemi sem þarna er á ferðinni. Áður voru gefin út sérleyfi til fólksflutninga, m.a. sérleyfi frá Reykjavík til Akraness, Borgarness og vestur um land, og sérleyfishafi sá um þessa flutninga. Bæjaryfirvöld á Akranesi lögðu ríka áherslu á að gerður yrði samningur um sérleyfi og veittur styrkur til að halda úti sérleyfi á milli Reykjavíkur og Akraness beint, þá án viðkomu eða án þess að vagnarnir legðu leið sína lengra vestur eftir. Á þetta var fallist og gerður var samningur á milli Akranesbæjar og Vegagerðarinnar þar sem Vegagerðin veitir styrk til þessarar starfsemi með svipuðum hætti og hefði verið, og var gert áður, inn í sérleyfisstarfsemina. Núna er það þannig að Akraneskaupstaður hefur gert samning við Strætó sem er síðan með verktaka, hópferðafyrirtækið Teit, sem sinnir þessari þjónustu. Þetta hefur gefist afskaplega vel og er vinsælt en sem endurtekið svar við fyrirspurn hv. þingmanns leggur Vegagerðin áherslu á og gerir ráð fyrir því að flutningunum sé í öllu sinnt í samræmi við lög og reglur þar um þannig að farþegum sé ekki hætta búin í þeim farartækjum sem þeir eru fluttir í. Það er sú áhersla sem ég vil leggja alveg sérstaklega.

Að öðru leyti vil ég segja að þessi samningur hefur gefist afskaplega vel og er Vegagerðinni, bæjaryfirvöldum og Strætó til sóma. Hann hefur ýtt undir almenningssamgöngur á milli Reykjavíkur og Akranessvæðisins þannig að ég held að þetta hafi tekist býsna vel. Þess vegna þarf að sinna öryggisþáttunum alveg sérstaklega.

[13:17]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Það er nefnilega full ástæða til að gefa þessu gaum. Ef menn líta svo á að hægt sé að flytja fólk töluvert langar vegalengdir standandi í strætisvögnum þurfa menn aldeilis að fara yfir þá hluti. Það er auðvitað stórhættulegt að svo sé gert. Við þurfum ekki að fara langt aftur í tímann til að rifja upp þegar fólksflutningabíll valt við Akrafjallið. Þar höfðu menn ekki spennt á sig beltin — það voru belti í þeim bíl — og þar urðu slys á mönnum vegna þessa. Auðvitað er ekki boðlegt gagnvart öryggi að fólk standi í vögnum af þessu tagi. Það verður einfaldlega að líta þannig á að til að öryggis sé gætt þurfi bílbelti. Ef það þarf að breyta einhverjum reglum hvað þetta varðar er full ástæða til þess að menn gefi því gaum. Ég hvet til þess.

[13:19]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svarið. Það er alveg rétt sem kom fram í máli hans að þessi samgöngumáti á milli Akraness og Reykjavíkur hefur gefist afskaplega vel. Það er ekki langt síðan byrjað var á þessu. Möguleikarnir opnuðust náttúrlega með tilkomu Hvalfjarðarganga en þetta hefur gengið mjög vel sem af er og er vinsælt meðal fólks að nota almenningssamgöngur til að fara á milli Akraness og Reykjavíkur. Þá er líka þess heldur brýnt að þeir sem bera ábyrgð í þessum málum haldi vöku sinni og fylgist með því að þetta sé gert með sómasamlegum hætti.

Mér er kunnugt um að meiri hlutinn sem nú er á Akranesi, meiri hluti frjálslyndra og sjálfstæðismanna, hefur verið með þessi mál í skoðun. Það er verið að athuga hvort ekki sé hægt að hliðra til í ferðum þannig að sérstaklega á morgnana þegar umferðin er sem mest og farþegarnir sem flestir verði ferðum á milli fjölgað þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að fólk standi í vögnunum á milli Akraness og Reykjavíkur. Þetta er náttúrlega mjög slæmt fyrir farþegana en við megum heldur ekki gleyma bílstjórunum því að þetta hlýtur að valda bílstjórunum meira álagi en ella. Þeir hafa náttúrlega öryggi farþega sinna í huga og það bitnar á þeim ef illa fer sem við skulum vona að gerist alls ekki.

Ég vona bara að þessi fyrirspurn veki fólk til umhugsunar, ekki bara um þessar ferðir heldur einnig aðrar ferðir. Ég vona að hæstv. ráðherra hugleiði það, og við öll, þingmenn, hvort ekki sé tími til kominn að endurskoða löggjöfina með tilliti til þessa. Við verðum þá að setja strangari reglur varðandi aðbúnað farþega í strætisvögnum sem fara um þjóðvegakerfi landsins í þeim tilfellum þar sem það á við þannig að við getum aukið öryggi farþeganna. Það hlýtur ávallt að vera í fyrirrúmi, virðulegi forseti, og ég vona að (Forseti hringir.) þessi litla fyrirspurn mín sé upphafið að því að hér verði endurskoðaðar reglur og öryggið bætt enn frekar.

[13:21]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég vil bara undirstrika alveg sérstaklega að auðvitað þarf að gæta alls öryggis í þessum fólksflutningum á vegum Strætós. Það getur ekki verið ásættanlegt að á sama tíma og við rekum á vegum Umferðarstofu mikinn og harðan áróður fyrir því að beltin séu spennt séu farþegar standandi í almenningssamgöngutækjum á þjóðveginum þar sem hámarkshraði er eins og við þekkjum. Ég vil bara að það komi skýrt fram af minni hálfu, eins og ég gat um, að Vegagerðin ætlast að sjálfsögðu til þess að alls öryggis sé gætt í þessum fólksflutningum sem eru styrktir af almannafé. Ég trúi ekki öðru en að fullur vilji sé til þess af hálfu flutningafyrirtækisins enda er mikil umferðaröryggisvakning í landinu og ég þekki það að sum fólksflutningafyrirtæki leggja metnað sinn í að sinna öryggis- og umhverfisþáttum. Fyrirtæki hafa verið verðlaunuð fyrir það þannig að ég vona svo sannarlega að það sé horft mjög til þess á þessari leið.

Að öðru leyti þakka ég fyrir þessa fyrirspurn. Hún vekur líka athygli á mjög merkilegu framtaki og mjög merkilegu samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Akraneskaupstaðar, Strætós og samgönguráðuneytisins sem varðar þá leið sem við þurfum að fara í því að auka almenningssamgöngurnar í landinu.

Umræðu lokið.

## *Búsetumál geðfatlaðra í Reykjavík.*

Fsp. ÁRJ, 284. mál. — Þskj. 297.

[13:23]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn sem ég lagði fram á þinginu í október um stöðuna í búsetumálum geðfatlaðra í Reykjavík frá því að Síminn var seldur og ákveðið að 1 milljarður færi til búsetumála geðfatlaðra. Það var mjög góð ákvörðun að mínu mati og það er búið að halda nokkra blaðamannafundi til að kynna ýmislegt í þeim efnum. Í haust var einn slíkur blaðamannafundur þar sem kynnt var mikil og fín vinna í málaflokknum. Þegar maður fer hins vegar að skoða hvað hefur verið að gerast í uppbyggingu — það er búið að tala mikið og blása í lúðra — hefur minna sést af framkvæmdum, þá sérstaklega í Reykjavík. Ég hef fylgst náið með þessu málum þar sem ég er í hópi aðstandenda geðsjúkra. Þar var í haust kynnt staða mála, fulltrúar komu úr félagsmálaráðuneytinu en ýmsir aðstandendur könnuðust ekki við að þær framkvæmdir sem þar voru kynntar væru nokkuð farnar af stað. Þar má m.a. nefna 12 manna sambýli á Flókagötunni sem átti að lagfæra samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem ráðherra hefur kynnt.

Það eru tvö ár síðan fólkinu sem býr á Flókagötunni var lofað að það fengi sérstakar íbúðir. Ekkert er farið að gerast

í þeim málum enn þá. Ég hef spurst fyrir um þetta og síðast fékk ég 12. desember tölvupóst um það að endurbætur t.d. á Flókagötunni ættu að hefjast um áramótin. Nú er 7. febrúar og það er ekkert farið að gera enn þá þannig að ég spyr hæstv. ráðherra þar sem málið virðist hafa gengið óskaplega hægt en hugurinn er góður:

1. Hver er staðan í búsetumálum geðfatlaðra í Reykjavík?

2. Hvenær má búast við að búið verði að lagfæra húsnæðið á Flókagötu í samræmi við nýju hugmyndafræðina sem ráðherra kynnti 9. október sl.? Ég nefndi það áðan.

3. Hversu mörg búsetuúrræði verða tekin í notkun á þessu ári og árlega næstu þrjú ár?

4. Hve margir geðfatlaðir bíða nú eftir að komast í sjálfstæða búsetu í Reykjavík og hvar eru þeir sem nú bíða?

5. Hversu margir þeirra búa nú á stofnunum, og þá hvaða stofnunum, og hve margir bíða í heimahúsum?

Það virðist sem sagt allt hafa gengið mjög hægt í þessum málum og ég spyr hæstv. ráðherra hvenær hann búist við að búið verði að ráða bót á þessu og hve margir bíða eftir úrræðum í Reykjavík.

[13:26]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál hér upp. Mikil breyting hefur orðið á viðhorfum til geðfatlaðra meðborgara okkar sem leiðir af aukinni þekkingu á eðli og umfangi geðsjúkdóma. Ráðuneytið telur að búseta utan stofnana en með stuðningi og aðstoð geti tryggt stöðugleika og öryggi sem stuðlað getur að jafnvægi í heilsufari og dregið úr endurinnlögnum. Hagsmunasamtök geðsjúkra og geðfatlaðra og fagfólk á þessu sviði eru sammála um að þjónusta við geðfatlaða skuli í auknum mæli eiga sér stað úti í samfélaginu en ekki á hefðbundnum sjúkrahúsum.

Á fyrri hluta ársins 2005 ákvað þáverandi félagsmálaráðherra í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að gerð yrði heildarúttekt á þörfum geðfatlaðra fyrir búsetu og stoðþjónustu af ýmsu tagi. Á grundvelli þessara upplýsinga ákvað ríkisstjórnin að gera sérstakt átak í málefnum geðfatlaðra með því að verja 1.500 millj. kr. á árunum 2006–2010 til stofnkostnaðar vegna búsetu og ýmissa stoðúrræða og um 850 millj. kr. til rekstrar. Jafnframt var sérstökum starfshópi undir formennsku Dagnýjar Jónsdóttur alþingismanns falið að móta stefnu í málefnum þessa hóps. Stefna og framkvæmdaáætlun vegna átaksins var kynnt í október sl. Við stefnumótunina hafði starfshópurinn náið samráð við hagsmunasamtök geðfatlaðra, aðstandendur þeirra og sérfræðinga á þessu sviði.

Árangurinn af starfi á grundvelli stefnunnar er að koma í ljós. Keypt hefur verið húsnæði við Lindargötu og Skipholt í Reykjavík með samtals 11 íbúðum auk aðstöðu fyrir starfsmenn. Við Flókagötu verða íbúðir fyrir 11 manns þegar gagngerum endurbótum á þeim húsum lýkur síðar á árinu. Margir húsnæðiskostir eru til skoðunar í Reykjavík og leitað hefur verið samstarfs við Reykjavíkurborg um úthlutun lóða til verkefnisins. Liður í átaki í þjónustu við geðfatlað fólk er verkefni samkvæmt tveimur samningum sem gengið var frá í lok síðasta árs. Annars vegar er um að ræða samstarf við velferðarsvið Reykjavíkurborgar um stofnun og rekstur heimilis fyrir heimilislausa Reykvíkinga. Hins vegar er um að ræða samning sem undirritaður var í desember sl. við AE starfsendurhæfingu um mat á þjónustu við geðfatlað fólk og átak í ráðgjöf og fræðslu. Við upplýsingaöflun fyrir matið verður nýtt svokölluð nsn-aðferð, þ.e. notandi spyr notanda sem gefur notendum þjónustunnar kost á að miðla af reynslu sinni og taka þátt í að móta þjónustuna.

Þá vil ég geta þess að nú standa yfir viðræður við AE starfsendurhæfingu og Klúbbinn Geysi um að koma að uppbyggingu og ráðgjöf vegna dagvistunarúrræða. Fyrirhugað er að teknar verði upp viðræður við fleiri aðila um uppbyggingu dagvistunarúrræða fyrir geðfatlaða. Í september á síðasta ári yfirtók félagsmálaráðuneytið af Landspítala – háskólasjúkrahúsi þjónustu við íbúa á Flókagötu. Nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu munu hefjast nú í febrúar og gert er ráð fyrir því að þessum breytingum ljúki undir árslok 2007. Í stefnumótunarskýrslu sem ég kynnti í október sl. er að finna sundurliðun nýrra úrræða í búsetumálum geðfatlaðra. Í framkvæmdaáætlun stefnunnar kemur fram að gert er ráð fyrir að íbúar í sértækri búsetuþjónustu samkvæmt átakinu verði á árunum 2006 og 2007 samtals 73. Á árinu 2008 verði þeir 37, 27 árið 2009 og 24 árið 2010.

Miðað við stöðuna í dag verður ekki annað séð en að þessi áætlun muni standast hvað varðar yfirstandandi ár. Mörg verkefni eru í vinnslu og nokkuð öruggt er að 68 manns munu fá tilboð í nýja búsetu en þeir gætu orðið 85 ef allt gengur fram sem unnið er að. Áætlanir varðandi árin 2008–2010 kunna að breytast í samræmi við breytingar á högum þeirra sem um ræðir. Samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra í Reykjavík óska 73 geðfatlaðir einstaklingar eftir búsetu. Gert er ráð fyrir því að þessi hópur fái úrlausn á vegum framkvæmdaáætlunar ráðuneytisins. Að auki fá úrlausn 7 einstaklingar sem nú njóta búsetuþjónustu og bíða eftir annarri búsetu. Framkvæmdaáætlun félagsmálaráðuneytisins gerir ráð fyrir því að á árunum 2006–2007 fái 35 einstaklingar í Reykjavík tilboð um sértæk búsetuúrræði. Á árinu 2008 verða þeir 15. Sami fjöldi bætist við á árinu 2009 og á síðasta ári verkefnisins verða þeir 19. Allmörg mismunandi úrræði eru þegar í farvatninu. Eins og staðan er í dag munu 32 fá tilboð um nýja búsetu árið 2007 en þeir gætu orðið 43 ef allt gengur eftir sem unnið er að.

Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins dvelja nú á geðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss 25 einstaklingar, á vernduðum heimilum 19 og 7 einstaklingar eru í þjónustuúrræðum á vegum eða tengdum svæðisskrifstofunni í Reykjavík. Í heimahúsum búa 29 einstaklingar og flest bendir til þess að þessi hópur fái búsetuþjónustu innan ramma átaksverkefnis félagsmálaráðuneytisins.

[13:32]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ráðherra fór hér yfir áætlanir fyrir næstu ár. Við skulum muna að þetta er fimm ára verkefni og þó að við hefðum viljað sjá allar þessar íbúðir komast til framkvæmda strax þá virkar það því miður ekki þannig. Fasteignamarkaðurinn hér á höfuðborgarsvæðinu var erfið-

ur framan af en er nú farinn að vinna betur með okkur. Það er kannski stærsta ástæðan fyrir því að landsbyggðin hefur komið svo sterkt inn í þetta verkefni. Annar punktur í þessu er sá að við verðum að geta mannað allar stöður í kringum íbúðirnar.

Það er þó mikilvægast að við byggjum uppbygginguna á þeirri hugmyndafræði sem við kynntum í haust og að baki henni er mjög mikil vinna. Ég vil nota tækifærið og þakka hlý orð hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur varðandi þessa stefnumótun. Varðandi Flókagötuna ætla ég að verða fyrst til þess að viðurkenna að breytingarnar þar hafa ekki gengið eins og skyldi og tökum við það að sjálfsögðu á okkur. Nú horfir til betri vegar og það er fullur vilji til þess að klára hana sem fyrst. Ég veit að það er allt í fullum gangi en ég vildi koma þessu að hér.

[13:33]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og ég þakka athugasemdir hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur. Það verður að segjast eins og er, og það hefur verið viðurkennt hér, að þetta hefur gengið óskaplega hægt og sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem hafa fylgst með þessum málum hafa séð að á landsbyggðinni hafa hlutirnir gengið miklu hraðar fyrir sig eins og hefur verið viðurkennt í þessari umræðu.

Ég er hjartanlega sammála stefnumótuninni sem hefur farið fram hjá ráðuneytinu og ég fagna virkilega samningnum við AE-starfsendurhæfingu. Ég tel það allt vera í góða átt. En það er ekki viðunandi að hátt í hundrað manns bíði eftir úrræðum, sjötíu og eitthvað manns bíði eftir úrræðum og þar af hátt í þrjátíu á stofnun, jafnvel uppi á Landspítala. Auðvitað verður þetta að ganga mun hraðar og það er ekki viðunandi að höfuðborgarsvæðið og Reykjavík sitji eftir þó svo að fasteignamarkaðurinn sé erfiðari hér. Það hefur ríkt óvissa og það hefur ríkt uppnám á heimilum eins og á Flókagötunni þar sem búið er að lofa fólki fyrir löngu, fyrir tveimur árum, að bót verði ráðin á högum þess. Það verður að standa við loforð þegar þau eru gefin svona viðkvæmum hópum.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra áður en ég lýk ræðu minni: Hvernig verður háttað eignarhaldinu á þeim húsum sem keypt eru? Eru þau í eigu ríkisins, er það Öryrkjabandalagið eða hverjir eiga þetta húsnæði sem er verið að kaupa? Það þarf að upplýsa hér hvernig eignarhaldinu er háttað.

Að lokum, virðulegi forseti, óska ég eftir því að menn reyni nú að hraða sér. Það er ekki langur tími eftir hjá hæstv. ráðherra í ráðuneytinu og það er búið að lofa fólki því að þetta gerist mun fyrr en raunin hefur orðið. Ég hvet hæstv. ráðherra til að drífa í því að koma þessum málum í gott horf, að leysa vanda fólksins á Flókagötunni og allra þeirra sem bíða eftir úrræðum, sem eru allt of margir. Þetta er viðkvæmur hópur og hann á ekki að þurfa að líða fyrir það að bíða eftir úrræðum sem er búið að lofa fyrir löngu.

[13:36]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu og þann hug sem fram kemur til þeirrar framkvæmdaáætlunar sem við vinnum eftir. Ég get tekið undir að það er óæskilegt að fólk bíði eftir úrræðum, ég held að við séum öll sammála um það, en það er unnið eftir þessari framkvæmdaáætlun. Það er auðvitað ekki gott ef við náum ekki að halda taktinum samkvæmt henni, það er bara þannig. Að sjálfsögðu er það markmið okkar allra, sem vinnum að þessu, að okkur takist að fylgja áætluninni þannig að hún standist.

Þetta er fimm ára verkefni og við sem vinnum að þessu höfum orðið vör við mjög jákvæðan hug allra þeirra sem málið snertir. Það er mjög góður skilningur almennt gagnvart því að hlutirnir taka þennan tíma. Þetta fór af stað á síðasta ári og fólk hefur skilning á því. En ég skil vel óþreyju þeirra sem bíða langan tíma eftir úrræðum, það er eðlilegt. Við viljum sannarlega að hlutirnir gangi fljótt og vel fyrir sig og í takti við það sem lagt hefur verið upp með.

Varðandi eignarhald á íbúðunum er það mismunandi. Það er t.d. gert ráð fyrir því að í einhverjum tilvikum sé það Framkvæmdasjóður Öryrkjabandalagsins sem sé eigandi, í öðrum tilvikum ríkið o.s.frv. Það fer eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni. Þegar húsnæði er keypt er skýrt tekið fram í þinglýsingu til hverra nota það er ætlað.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka málið upp og gefa okkur kost á að ræða það. Þetta er mikilvægt og gott mál og það er ánægjulegt að fá að taka þátt í því að hrinda því í framkvæmd. Ég vona að okkur takist að láta framkvæmdaáætlunina standast. Það er markmið okkar allra.

Umræðu lokið.

## *Stuðningsforeldrar.*

Fsp. ÁRJ, 306. mál. — Þskj. 323.

[13:38]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég legg fyrirspurn fyrir hæstv. félagsmálaráðherra um stuðningsforeldra. Það er mjög mikilvægt úrræði sem við eigum hér í samfélaginu að geta fengið stuðningsforeldra til þess að taka við börnum sem af einhverjum ástæðum geta ekki verið heima hjá sér öllum stundum. Bæði eru hér úrræði sem félagsmálastofnanir hafa á sínum snærum og svo einnig Svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra.

Þessa dagana, þegar við erum að ræða hve mikilvægt það er að vel sé búið að börnum sem eru send frá heimilum sínum á heimili annarra, er mikilvægt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. félagsmálaráðherra hvaða skilyrði stuðningsforeldrar þurfi að uppfylla. Það kom mér nefnilega á óvart þegar kona nokkur kom að máli við mig og sagði mér að hún þyrfti ekki að uppfylla nein skilyrði þegar hún tæki að sér fatlað barn sem stuðningsforeldri. Hún hafði áður verið stuðningsforeldri fyrir Félagsmálastofnun þar sem kröfur voru mjög harðar um heilbrigðisvottorð, ég veit ekki hvort það var sakavottorð líka, og heimilið var skoðað. Þau þurftu að uppfylla mjög ákveðin skilyrði til þess að geta verið stuðningsforeldrar fyrir börn frá Félagsmálastofnun.

Þegar hún ákvað að verða stuðningsforeldri fyrir fatlað barn var aftur á móti ekki óskað eftir neinu. Hún orðaði það þannig við mig: „Það var bara eins og ég væri að fara að vinna í sjoppu, það var ekki beðið um neitt sérstakt". Þessi kona er búin að vera stuðningsforeldri fyrir fatlað barn í þrjú ár og það hefur einu sinni verið komið heim til hennar og það var þegar endurnýja þurfti samninginn við hana.

Þetta vakti furðu mína og undrun og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

„1. Hvaða skilyrði þurfa þeir sem gerast stuðningsforeldrar að uppfylla?

2. Hvernig er eftirliti með stuðningsforeldrum háttað? Fer það fram reglulega?

3. Hvernig er greiðslum til stuðningsforeldra háttað, hversu háar eru þær og hvað er innifalið í þeim? Er litið á greiðslurnar sem laun eða kostnað við barnið? Eru þær skattlagðar eins og hverjar aðrar tekjur?"

Ég veit að fólk er ekki að taka að sér börn til þess að hafa af því einhvern hagnað en það er engu að síður fullkomlega eðlilegt að fá þessar upplýsingar hér.

Mig langar til að bæta við einni lítilli spurningu áður en tíma mínum lýkur og spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé rétt að menn geti sett upp sumarbúðir fyrir börn án þess (Forseti hringir.) að fá sérstakt leyfi.

[13:41]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Í lögum um málefni fatlaðra er ákvæði þess efnis að fjölskyldur fatlaðra skuli eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur.

Um stuðningsfjölskyldur er jafnframt fjallað í reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995. Hlutverk stuðningsfjölskyldu er samkvæmt reglugerðinni að taka fatlað barn í sólarhringsvistun í skamman tíma og er miðað við einn til fimm sólarhringa í mánuði. Starfsfólk svæðisskrifstofa málefna fatlaðra sér um að útvega stuðningsfjölskyldur í samvinnu við foreldra fatlaðra barna. Oft er um að ræða ættingja, vandamenn eða vini sem taka að sér að vera stuðningsfjölskyldur en í öðrum tilvikum getur verið um vandalausar fjölskyldur að ræða. Svæðisskrifstofur sjá um að gera skriflega samninga við hlutaðeigandi aðila.

Við val á stuðningsfjölskyldu skal svæðisskrifstofa kanna vandlega heimilishagi og aðstæður stuðningsfjölskyldna í þeim tilgangi að meta hæfni og möguleika viðkomandi til að sinna hlutverki sínu, enda er gerð krafa um að aðstæður stuðningsfjölskyldunnar hæfi hinu fatlaða barni. Við valið getur svæðisskrifstofa óskað eftir því að stuðningsforeldrar framvísi læknisvottorði og sakavottorði. Svæðisskrifstofu er enn fremur heimilt að fara fram á að eldvarnareftirlit sveitarfélags athugi ástand rafmagns og útgönguleiðir á heimili stuðningsfjölskyldunnar.

Svör þjónustuveitenda sem leitað var til, þ.e. svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra og þeirra sveitarfélaga sem hafa tekið að sér málefni fatlaðra á sínu starfsvæði samkvæmt þjónustusamningi, bera með sér að því sé vel fylgt eftir að öllum ofangreindum skilyrðum sé fullnægt og aðgengi sé kannað ef um hreyfihamlað barn er að ræða.

Samkvæmt áðurnefndri reglugerð er svæðisskrifstofum falið að veita stuðningsfjölskyldum fræðslu, ráðgjöf og stuðning og hafa eftirlit með starfsemi þeirra. Framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa málefna fatlaðra hafa sett sér vinnureglur í þessu sambandi og í svörum þeirra sem annast þjónustuna kom eftirfarandi fram:

Algengast er að gerður sé tímabundinn samningur til þriggja mánaða við stuðningsfjölskyldur og hann síðan framlengdur um 6–12 mánuði í senn ef allt gengur að óskum. Eftirlit er því m.a. fólgið í því hvernig til tekst á þriggja mánaða reynslutímanum. Það er misjafnt hve oft þjónustuaðili heimsækir stuðningsfjölskyldu eða á sameiginlega fundi með stuðningsfjölskyldu og foreldrum. Algengast er að það sé gert á 6–12 mánaða fresti eftir að reynslutímabili lýkur. Í raun eru samskipti mun tíðari með sambandi sem haft er símleiðis, t.d. þegar stuðningsfjölskyldan óskar faglegrar ráðgjafar eða upplýsinga. Umtalsverður hluti eftirlitsins felst í því að foreldrar fylgjast með því hvernig barninu líður hjá stuðningsfjölskyldunni, þ.e. hvernig það bregst við því að fara þangað og hvernig því líður þegar það kemur heim aftur. Samskipti eru umtalsverð á þeim tíma sem barnið dvelur hjá stuðningsfjölskyldunni, foreldrar eru að jafnaði í reglulegu sambandi við þjónustuaðila varðandi ráðgjöf og stuðning og eiga þannig auðvelt með að koma athugasemdum eða ábendingum á framfæri ef einhverjar eru.

Varðandi greiðslur skal upplýst að ríkissjóður greiðir verktakagreiðslur til stuðningsfjölskyldna og er þjónustan foreldrum hins fatlaða að kostnaðarlausu. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru stigskiptar eftir fötlun og umönnunarþörf barnsins. Greiðslur fyrir börn í 1. flokki, sem eru algjörlega háð öðrum við athafnir daglegs lífs, eru 12.600 kr. fyrir sólarhringsþjónustu. Greiðslur fyrir börn í 2. flokki, sem þurfa verulega aðstoð við athafnir daglegs lífs og gæslu, eru 9.700 kr. fyrir sólarhringsþjónustu. Greiðslur fyrir börn í 3. flokki, sem þurfa minni aðstoð en samkvæmt fyrrnefndum flokkum en þurfa eftirlit við athafnir daglegs lífs, eru 7.400 kr. fyrir sólarhringsþjónustu. Heimilt er í undantekningartilvikum að semja um dvöl hjá stuðningsfjölskyldu hluta úr sólarhring. Um greiðslu fyrir þjónustuna er greitt tímakaup, 780 kr. fyrir hverja klukkustund. Fjárhæðir þessar koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til launaþróunar.

Greiðslurnar eiga fyrst og fremst að koma til móts við beinan og óbeinan kostað stuðningsfjölskyldunnar við að taka fatlað barn í sólarhringsvistun í skamman tíma. Að einhverju leyti er þó um greiðslu vegna umönnunar- og gæsluþarfar barnsins að ræða. Litið er á hluta greiðslunnar sem greiðslu vegna kostnaðar við að taka fatlað barn í sólarhringsvistun eins og fram kemur við skoðun á skattalegri meðferð greiðslnanna.

Sérreglur gilda um skattlagningu greiðslna til stuðningsfjölskyldna. Samkvæmt leiðbeiningum ríkisskattstjóra með skattframtali einstaklinga vegna síðasta skattframtals kemur fram að greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna teljist að fullu til skattskyldra tekna en á móti má færa til frádráttar beinan kostnað vegna umönnunar og dvalar barnanna enda sé lögð fram sundurliðun um sannanlegan kostnað. Í stað sannanlegs fæðiskostnaðar er þó heimilt að færa fæðisfrádrátt. Frádrátturinn var 90 kr. fyrir hvern morgun-

verð eða síðdegishressingu og 200 kr. fyrir hvern hádegis- eða kvöldverð. Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, föndurvara, bóka og þess háttar má færa 25% af tekjum ef um dagvistun er að ræða en 20% ef um sólarhringsvistun er að ræða. Kostnað sem leiðir af sérþörfum barnsins vegna fötlunar má færa til frádráttar auk fyrrnefnds frádráttar enda sé gerð sérstök grein fyrir honum. (Forseti hringir.) Gera skal grein fyrir greiðslum á frádrætti frá þeim á séryfirliti sem fylgja skal skattframtalinu.

[13:47]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir þessi svör en ég vil gagnrýna það að ekki skuli vera sömu kröfur til stuðningsforeldra sem eru með fötluð börn í vist og til þeirra stuðningsforeldra sem taka börn á vegum Félagsmálastofnunar. Þó heimilt sé að óska eftir að heilbrigðisvottorði eða sakavottorði sé skilað þurfa að vera ákveðnar reglur um það og sambærilegar reglur. Ég held að fötluð börn séu ekki síður viðkvæm fyrir því ef þau lenda á heimilum sem eru kannski ekki alveg eins og við var búist. Það þarf auðvitað að fylgjast með þessum heimilum alveg eins og heimilum sem börn á vegum Félagsmálastofnunar eru send til.

Varðandi fræðsluráðgjöf veit ég til þess að foreldrum, sem tóku fatlað barn og hafa verið með það í þrjú ár, hefur ekki verið boðið upp á nein námskeið eða neitt í þá veru. Þau þekktu lítið til þeirrar fötlunar sem þetta barn, sem þau eru með og hafa verið með reglulega, var haldið. Því er greinilega þarna pottur brotinn að einhverju leyti. Tryggja þarf að fólk fái námskeið, það fái leiðbeiningar í þeim efnum sem snúa að fötlun þess barns sem það er með og það þarf að tryggja eftirlit. Nú er ég ekki að segja að það sé ekki allt í lagi hjá flestum þessum foreldrum, en engu að síður þarf eftirlit og virkt eftirlit. Það hefur sýnt sig í umræðum undanfarna daga að það sakar aldrei að vera með frekar meira eftirlit en minna þegar börn eiga í hlut, sem eru mjög viðkvæm fyrir því ef gengið er eitthvað á þeirra hlut.

En ég vil þakka ráðherra og spyrja (Forseti hringir.) aftur, af því að ég held að hann hafi ekki heyrt síðustu spurningu mína: Er það rétt að ekki þurfi leyfi (Forseti hringir.) til að setja upp sumarbúðir fyrir fötluð börn, hvort allir geti gert það án þess að fá nokkurt leyfi til þess?

[13:49]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu okkar tveggja um þetta mál og ýmislegt sem kom fram í ræðu hv. þingmanns. Auðvitað er það svo að eftirlit og annað á að vera í lagi og eftir þeim upplýsingum sem ég hef að minnsta kosti, virðist ekki annað vera en að svo sé. En dæmið sem hér er nefnt, ég verð að viðurkenna að ég þekki það ekki en mun láta kanna það sérstaklega og eins hvað varðar fræðsluþáttinn. Ég mun að ábendingu hv. þingmanns láta kanna það mál frekar, en ég hef að minnsta kosti ekki orðið var við annað eftir því sem ég hef grennslast fyrir um en að þessi mál séu í því standi sem við viljum hafa þau. En auðvitað er hárrétt að við þurfum að fylgjast vel með og gæta þess að allir þessir hlutir séu í þeim farvegi sem þeir eiga að vera og við teljum að eðlilegt sé.

Ég þakka umræðuna og hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina.

Umræðu lokið.

## *Jafnréttisumsögn með stjórnarfrumvörpum.*

Fsp. MÁ, 487. mál. — Þskj. 739.

[13:51]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum frá 1998 og 2004 er minnst á jafnréttisumsagnir með stjórnarfrumvörpum. Samþykkt Alþingis um slíkar umsagnir er sem sé orðin níu ára gömul eða verður það 28. maí á þessu ári. Það virðist hafa verið erfitt við að fást að koma þessu á eða gera sér grein fyrir hvernig þetta ætti að vera, þó að það hafi verið ráðherra sjálfur sem flutti tillöguna um þetta, því hann flytur þingsályktunartillögu sína í samræmi við jafnréttislögin. Þegar þetta kom næst á dagskrá þingsins árið 2001 þegar gerð var grein fyrir framgangi og árangri af framkvæmdaáætluninni í jafnréttismálum fyrir það tímabil, kom í ljós að samstarfshópur hafði verið settur niður úr nokkrum ráðuneytum til að athuga þessi mál. Hann hefur nú verið að störfum í a.m.k. sex ár.

Árið 2002 kom þetta aftur til umræðu og þá kom í ljós að samstarfshópurinn hafði ásett sér að fara í tilraunaverkefni í þessum efnum, að gera sem sé einhverjar tilraunir með jafnréttisumsagnir við einhver stjórnarfrumvörp. Ég hef ekki orðið var við þau tilraunaverkefni í störfum þingsins síðan, en tilraunaverkefnið hefur sem sé verið í gangi í fimm ár.

Árið 2004 þegar þetta kom síðast til umræðu í þinginu, af einhverju viti að minnsta kosti, gat ráðherra þess — það eru nú mismunandi ráðherrar eftir árum eins og gengur í félagsmálaráðuneytinu — að í forsætisráðuneytinu væri verið að undirbúa gátlista til að hjálpa til við tilraunaverkefnið sem samstarfshópurinn ákvað að standa fyrir um þessa jafnréttisumsögn. Þetta er orðin löng saga, níu, sex, fimm og þriggja ára. Kannski er þess að vænta að núverandi hæstv. félagsmálaráðherra geti sagt af þessu einhverjar nánari sögur en þeir aðrir ráðherrar sem hér hafa kynnt þingmönnum jafnréttisumsögnina.

Aðeins í viðbót við þá fyrirspurn sem lögð er fram vil ég spyrja ráðherrann að því með hvaða hætti honum þyki ráðlegast að koma þessu fyrir. Við erum með umsagnir frá fjármálaráðuneytinu og fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um stjórnarfrumvörp. Það er gert í krafti gamallar ríkisstjórnarsamþykktar og við erum líka með umsagnir um sum (Forseti hringir.) stjórnarfrumvörp, sérstök, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með sérstökum samningi ráðuneyta (Forseti hringir.) og sveitarfélagasambandsins, og ég vil spyrja hvernig þessu er fyrir komið. Gott væri að vita hvort ráðherrann hefur skoðanir á því.

[13:54]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Mörður Árnason hefur beint til mín fyrirspurn varðandi undirbúning að jafnréttisumsögnum sem fylgi stjórnarfrumvörpum.

Í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum frá árunum 1998 og 2004 er það markmið sett að samstarfshópur þriggja ráðuneyta kynni sér jafnréttisumsagnir með stjórnarfrumvörpum á öðrum Norðurlöndum og í framhaldi af því verði stofnað til tilraunaverkefnis þar sem gefnar verða jafnréttisumsagnir um nokkur stjórnarfrumvörp frá þremur ráðuneytum. Þetta skyldi gert í því augnamiði að koma á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna. Því var slegið föstu að starfshópurinn mundi semja gátlista í þessu skyni, eins og reyndar hv. þingmaður rakti áðan.

Samstarfshópur þriggja ráðuneyta var skipaður en verkefnið þótti skarast nokkuð við verkefni forsætisráðuneytisins um útgáfu gátlista til jafnréttismats á lagafrumvörpum og opinberri stefnumótun. Það var því ákveðið að bíða eftir útgáfu þessa gátlista. Við endurmat á verkefninu þótti ekki ástæða til að halda því áfram heldur hvetja ráðuneytið til að nýta sér jafnréttisgátlistann við gerð frumvarpa og aðra opinbera stefnumótun. Enn fremur lagði félagsmálaráðuneytið til að samþætting kynja og jafnréttissjónarmiða verði eitt af þeim atriðum sem stjórnvöldum ber að líta til við endurskoðun laga og reglugerða undir verkefninu Einfaldara Ísland.

Í samræmi við framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árið 1998–2001 skipaði forsætisráðherra í nóvember 2000 nefnd til að fjalla um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun. Í skýrslu nefndarinnar er m.a. að finna tillögu að jafnréttisgátlista sem lagður var til grundvallar í samvinnu forsætisráðuneytisins og Jafnréttisstofu við nánari útfærslu verkefnisins. Ákveðið var að stytta listann og færa efnið í samfelldara mál. Gátlistinn hefur að geyma fjóra meginþætti sem fela í sér spurningar ásamt skýringum. Þegar sá sem vinnur að stefnumótun í hvaða formi sem er hefur farið yfir listann er gert ráð fyrir að fengist hafi nokkuð skýr mynd af stöðu jafnréttismála í þeim málaflokki sem væntanleg stefnumótun tekur til.

Auk gátlistans hefur verið sett upp sjálfsmat á rafrænu formi til frekari stuðnings fyrir þá sem koma að vinnu við stefnumótun í samræmi við kynja- og jafnréttissjónarmið. Jafnréttisgátlistinn verður jafnframt gefinn út í formi bæklings. Á baki hans verður enn fremur vísað til frekari upplýsinga um jafnréttismál á rafrænu formi. Bæklinginn sjálfan verður unnt að nálgast á rafrænu formi ásamt sjálfsmatinu á vefsíðu forsætisráðuneytisins. Gátlistanum verður sérstaklega dreift til ráðuneytanna, Alþingis, stofnana og sveitarfélaga. Einnig verði þess óskað að ráðuneytin og sveitarfélögin sendi eintak af listanum til allra nefnda, ráða og stjórna á þeirra vegum sem vinna beint eða óbeint að opinberri stefnumótun.

Rétt er að árétta að gátlisti er nytsamlegt tæki fyrir Alþingi, ráðuneyti, sveitarstjórnir, stofnanir, fyrirtæki, nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga til að tryggja að jafnréttissjónarmiða verði gætt við stefnumótunarvinnu en tæki til að auka jafnrétti eiga að vera aðgengileg stjórnendum á öllum sviðum samfélagsins. Gátlisti af þessu tagi var eitt af þeim tækjum sem nefnd um hlut kvenna í opinberri stefnumótun lagði til.

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um það að mikilvægt er að stjórnvöld og þeir sem koma að stefnumótun og smíði laga og reglugerða hafi jafnréttissjónarmið til hliðsjónar í störfum sínum. Á það vil ég leggja mikla áherslu og hef trú á að umræddur gátlisti verði þar raunverulegt tæki til breytinga.

Virðulegi forseti. Ég hef þá svarað þeirri fyrirspurn sem hv. þm. lagði fyrir mig.

[13:58]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn frá hv. þm. Merði Árnasyni og það er vissulega þörf á þeirri fyrirspurn vegna þess að mörg ár eru síðan það átti að vera komið til framkvæmda hjá ráðherrum að láta jafnréttisumsagnir fylgja frumvörpum og hvaða áhrif mál sem þeir leggja fram á hinum ýmsu sviðum hafa á stöðu kynjanna. Ég man ekki eftir einni einustu slíkri umsögn. Mér heyrist nú á hæstv. ráðherra að lofað sé bót og betrun, en satt að segja miðað við fyrri reynslu hefur maður litla trú á að nokkuð verði framkvæmt í því efni. Þetta er sama og með fjölskylduráðið sem á að vera ráðuneytum og ráðherrum til aðhalds og trausts að því er varðar málefni fjölskyldnanna. Ég held að fjölskylduráð hafi ævinlega verið hunsað og sjaldnast leitað til þess með ráð að því er varðar stjórnarfrumvörp eða umsagnir um stjórnarfrumvörp.

Ég vil líka spyrja ráðherrann, af því að síðast þegar við samþykktum jafnréttisáætlun var lögð á það áhersla af félagsmálanefnd, sem fór yfir það mál um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, að ráðherrarnir yrðu sendir allir sem einn á námskeið í jafnréttismálum, ég vil spyrja hvort slíkt námskeið hafi farið fram.

[13:59]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Mér kemur á óvart hvernig hæstv. ráðherra svarar þessu. Þannig er að samþykkt hefur verið ályktun að frumkvæði félagsmálaráðherra sem þá var. Í henni segir, hún gildir frá árinu 2004–2008, að félagsmálaráðherra muni sjá til þess að komið verði á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna. Jafnréttisumsögn verði gerð. Það var ekkert talað um gátlista. Nú talar ráðherrann um að gátlistinn sem kynntur var árið 2004 sem verkfæri í þessu skyni sé að vísu væntanlegur á rafrænu formi og í bæklingi og sé nú í prentun eða að komast í prentun, en það var ekki samþykkt neitt um gátlista. Alþingi hefur aldrei samþykkt nokkurn skapaðan hlut um gátlista og lætur sér ekki nægja það, forseti, að hæstv. félagsmálaráðherra komi með einhvern lista þar sem á að exa við einhverjar tölur.

Það sem Alþingi samþykkti árið 1998 og árið 2004 var að félagsmálaráðherra kæmi á jafnréttisumsögn um stjórnarfrumvörp. Hvar er sú jafnréttisumsögn? Það er því miður ekki nóg að mæta hér með gátlista. Það sem ráðuneytin eiga að gera og undir stjórn hæstv. félagsmálaráðherra samkvæmt ályktun Alþingis, fyrst frá 1998 og síðan frá 2004,

er að undirbúa jafnréttisumsögn. Ef félagsmálaráðherra vill — og alls konar nefndir sem hann hefur skipað eða hann styðst við og hafa unnið örugglega gott starf, ég veit að þær hafa gert það sumar — leggja til að aðferðir ráðuneytismanna séu þær að viðhafa gátlista, þá er það bara gott og blessað. En þingið bað ekki um það. Þingið bað um jafnréttisumsögn og ég tel með þeim öðrum sem um þetta hafa fjallað, að slík umsögn gæti gert mikið gagn í jafnréttismálum. Ég skil ekki hvers vegna níu ár eru liðin (Forseti hringir.) hjá félagsmálaráðherrum, þremur eða fjórum eða hvað þeir eru margir, (Forseti hringir.) án þess að þetta hafi verið gert.

[14:02]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég hef engu við það að bæta sem ég fór yfir í svari mínu áðan öðru en því að ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál hér upp og öðrum sem tóku þátt.

Hér var spurt hvort ég eða ráðherrar hefðum farið á námskeið í jafnréttismálum. Ég get ekki svarað því að öðru leyti en þannig að ég hef ekki farið á neitt afmarkað námskeið í jafnréttismálum. Ég hef hins vegar tekið þátt í umræðum um jafnréttismál ansi lengi, (Gripið fram í.) verið í félagsmálanefnd þingsins o.s.frv. þar sem mikið hefur verið fjallað um jafnréttismál. Ég hef lært mikið af því. Ég get hins vegar ekki svarað fyrir aðra ráðherra.

Umræðu lokið.

## *Fæðingarorlof.*

Fsp. JóhS, 527. mál. — Þskj. 796.

[14:03]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Nýlega kom fram að umboðsmaður Alþingis telji að ekki eigi að leggja greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til grundvallar þegar heildartekjur við fæðingarorlof eru reiknaðar út eins og gerst hefur þegar stutt er á milli fæðinga barna í fjölskyldu. Hvetur umboðsmaður til að reglugerð byggð á lögum um fæðingarorlof verði breytt því að hún hafi ekki stoð í lögum hvað þetta ákvæði varðar.

Þessi framkvæmd á fæðingarorlofslögunum skerðir verulega fæðingarorlofsgreiðslur þeirra sem í þessu lenda. Nóg er nú að hafa lengt viðmiðunartímabilið sem tekjur í fæðingarorlofi miðast við þó að ekki sé gengið enn lengra á grundvelli reglugerðar sem ekki hefur stoð í lögum. Það er fráleit túlkun að leggja fæðingaorlofsgreiðslur til grundvallar greiðslum ef tvö börn í fjölskyldu fæðast með stuttu millibili þannig að einungis sé miðað við 80% af tekjum stóran hluta tímabilsins eins og gert er við greiðslur í fæðingarorlofi, 80% af fæðingarorlofsgreiðslunum. Þannig getur munað verulega, í mörgum tilvikum nokkrum tugum þúsunda og í sumum tilvikum, hjá þeim sem hæstar hafa tekjurnar og fara í hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi, 480 þús., getur munað hátt í 300 þús. kr. á fæðingarorlofstímabilinu að fara í þessar reikningskúnstir sem ekki byggja á lögum eins og nú hefur komið í ljós.

Í þeirri fyrirspurn sem hér er lögð fram er spurt hvort ráðherra ætli að beita sér fyrir breytingu á þeirri framkvæmd á fæðingarorlofslögunum sem lýtur að því tekjuviðmiði sem lagt er til grundvallar fæðingarorlofsgreiðslum. Staðreyndin er sú, eins og við bentum á þegar félagsmálaráðherra beitti sér fyrir að lengja viðmiðunartímabilið sem greiðslur til fæðingarorlofs eru grundvallaðar á, úr því að miða það við 12 mánuði og lengja í 24 mánuði, að það varð til þess að greiðslur í fæðingarorlofi skertust verulega. Frá því að sú breyting var gerð eru fæðingargreiðslurnar ekki 80% af launum, heldur hafa þær dregist saman og viðmiðið er raunverulega komið niður í það að fæðingarorlofsgreiðslur eru 72–74% af launum. Við þessu vöruðum við þegar þessi breyting var gerð fyrir nokkrum árum.

Það er full ástæða til að ætla að þessi breyting geti orðið til þess að feður, sem iðulega eru með hærri laun, treysti sér ekki til að taka fæðingarorlof þegar skerðingin er orðin svona mikil. Almennt er því spurt hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir breytingu á því tekjuviðmiði sem lagt er til grundvallar fæðingarorlofsgreiðslum en sérstaklega er þó spurt um þá framkvæmd að fyrri fæðingarorlofsgreiðslur séu lagðar til grundvallar í tekjuviðmiði eins og umboðsmaður Alþingis hefur úrskurðað að gangi gegn lögunum.

Verði fallist á þessa niðurstöðu umboðsmanns Alþingis spyr ég: Geta þeir vænst þess að fá þessa ólögmætu skerðingu greidda til baka sem hafa orðið fyrir skerðingu vegna þessara ólöglegu framkvæmda? Ég hef tekið eftir að ráðherra hefur í sjálfu sér tekið undir álit umboðsmanns og það er því einfalt mál fyrir hæstv. ráðherra að breyta reglugerðinni. Ég sé ekki að þetta mál sé þess eðlis að það þurfi að fara fyrir úrskurðarnefnd fæðingarorlofsgreiðslna og ég hvet ráðherra til að (Forseti hringir.) vinda sér í að breyta reglugerðinni.

[14:06]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvort ég hyggist beita mér fyrir breytingu á þeirri framkvæmd fæðingarorlofslaga er lýtur að tekjuviðmiði sem lagt er til grundvallar fæðingarorlofsgreiðslum. Sérstaklega er spurt um þá framkvæmd að fyrri fæðingarorlofsgreiðslur eru lagðar til grundvallar í tekjuviðmiði og um álit umboðsmanns þar að lútandi.

Ég svara spurningu hv. þingmanns með mikilli ánægju játandi. Ég vil upplýsa hv. þingmann og þingheim fyrst um það að ég hef þegar afnumið þá framkvæmd að fyrri fæðingarorlofsgreiðslur séu lagðar til grundvallar í tekjuviðmiði þegar annað barn fæðist. Ég hef undirritað breytingu á reglugerð nr. 1056/2004, um greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, og sent hana til birtingar í Stjórnartíðindum.

Ég hef skoðað þetta álitaefni og fleiri atriði sem hafa komið upp í umfjöllun um fæðingarorlofslöggjöfina og falið sérstökum vinnuhópi að fara yfir þau mál. Sá vinnuhópur var sammála áliti umboðsmanns Alþingis sem hv. þingmaður vísar til og styður þá breytingu sem ég hef nú þegar gert. Hópurinn fer nú yfir ýmis önnur atriði sem upp hafa komið í umræðu um framkvæmd þessara laga. Þá ligg-

ur fyrir að úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála mun nú fara yfir þau mál sem þegar hefur verið úrskurðað um í málum þegar tvö börn hafa fæðst með stuttu millibili, sem eru u.þ.b. fimm talsins. Jafnframt þarf að fara ítarlega yfir önnur tilvik sem hér falla undir en ekki hafa verið kærð til úrskurðarnefndarinnar. Jafnframt eru sérfræðingar nú að fara yfir hvort og þá hvernig megi styrkja með jákvæðum hætti í lögunum þessa breytingu þannig að skilningur löggjafans komi skýrt fram í lögunum.

Ég vil að lokum geta þess að þær breytingar sem Alþingi hefur samþykkt á fæðingarorlofslögunum, bæði að því er varðar tekjutengdar greiðslur og sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs, eru afar vel heppnaðar. Að minni hyggju er hér dæmi um vel heppnaða löggjöf sem okkur ber vissulega að tryggja að sé vel framkvæmd. Löggjöfin hefur vakið athygli víða erlendis og mér er kunnugt um að hún hafi þegar haft áhrif á mótun löggjafar í öðrum löndum. Þetta er því fyrirmyndarlöggjöf í bókstaflegri merkingu þess orðs, þetta leyfi ég mér að minna hv. alþingismenn á.

Þá vil ég að lokum segja það við hv. þingmenn, í gamni en þó í nokkurri alvöru, að mér hefur verið sagt að ég stýri barneignum hér á landi með því að styðja þá framkvæmd sem hefur verið við lýði og ég er nú að breyta. Ég hef ekki viljað taka undir þau orð en þetta sýnir að mikil getur verið ábyrgð okkar ráðherranna. Ég vænti þess að með þessari breytingu hafi ég stuðlað að auknum barneignum hér á landi og fátt er mikilvægara þegar við lítum til uppbyggingar þjóðfélaga og samfélaga. Um það getum við öll verið sammála. Þjóðfélög um allan heim leita nú allra leiða til að snúa við þróun í fækkun barneigna. Við Íslendingar höfum hins vegar getað snúið þróuninni við og ýmislegt bendir til þess að ný löggjöf um fæðingarorlof hafi haft jákvæð áhrif. Sé svo er það ánægjuleg staðreynd fyrir alla hv. þingmenn sem samþykktu gildandi löggjöf á þessu sviði á sínum tíma.

[14:10]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra sem hér er komin fram, að hann hefur þegar breytt reglugerð þannig að framvegis verði fæðingarorlofsgreiðslur ekki lagðar til grundvallar þegar heildartekjur í fæðingarorlofi eru reiknaðar út eins og gerst hefur þegar stutt er á milli fæðinga barna. Þessari reglugerð hefur þegar verið breytt þannig að þetta mun ekki ske eftirleiðis.

Þá spyr ég um þá sem þegar hafa lent í þessu vegna þess að þetta er hreinlega ólöglegt og liggur fyrir hjá umboðsmanni Alþingis að þetta standist ekki lög. Foreldrar fimm barna hafa lent í því að þessu ólöglega ákvæði hafi verið beitt og ég spyr ráðherrann hvort þeim verði ekki bættur sá skaði sem þau hafa orðið fyrir þegar fyrir liggur, og ráðherra hefur viðurkennt það með breytingu á reglugerðinni, að brotið hafi verið gegn lögum. Verða þeim ekki bættar upp þessar skertu greiðslur sem leiddu af því að fyrri fæðingarorlofsgreiðslur voru lagðar til grundvallar, að fæðingarorlof viðkomandi skertist þarna um a.m.k. tugi þúsunda kr.? Það tel ég afar brýnt að verði gert.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki almennt að það eigi að breyta þessu viðmiðunartímabili. Þetta hefur leitt til verulegrar skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum þannig að það er miðað við 72–74% núna en ekki 80% eins og lagt var upp með í fæðingarorlofslögunum. Ég er alveg viss um að hæstv. ráðherra mun stuðla að því, og er það vel, að hér muni fjölga barneignum ef hann fer þá leið að breyta þessu almenna viðmiðunartímabili sem fjöldi manns hefur gagnrýnt og er mjög óréttlátt.

[14:12]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hlýleg orð í minn garð í framhaldi af þessum gjörningi sem ég upplýsti um áðan. Hvað varðar þau mál sem hafa verið í gangi fram til þessa og hv. þingmaður spurði um er úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála að fara yfir þau mál sem úrskurðað hefur verið í fram til þessa, eins og ég fór yfir í svari mínu, og einnig verður farið yfir þau mál önnur sem ekki voru kærð. (**JóhS:** Með það í huga að bæta stöðu þeirra?) Já, með í huga þá breytingu sem nú hefur verið gerð, og að í framhaldi af áliti umboðsmanns gildi jafnræði hvað það varðar. Ég veit að sú vinna er komin í fullan gang.

Hvað varðar breytinguna á viðmiðunartímabilinu ætla ég ekki að vera með yfirlýsingar um hana hér. Ég tel mjög varhugavert að vera með miklar yfirlýsingar um þessi mál, en eins og ég sagði í fyrri ræðu minni hef ég og við fengið ýmsar ábendingar um þessi mál og athugasemdir sem við erum að fara yfir. Ég skipaði sérstakan starfshóp í desember til að taka það að sér að fara yfir allar þessar ábendingar, sú vinna er bara í gangi og ég get ekkert sagt til um það í raun og veru hvað muni koma út úr henni. Mér finnst meira en sjálfsagt að farið sé yfir þau mál og bara eðlileg stjórnsýsla að taka við athugasemdum sem berast varðandi framkvæmd laga, meta þær og fjalla um þær.

Umræðu lokið.

## *Reiknilíkan heilbrigðisstofnana.*

Fsp. MF, 163. mál. — Þskj. 163.

[14:14]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi verið á nýliðnu ári sem heilbrigðisyfirvöld tilkynntu stjórnendum heilbrigðisstofnana að tekið yrði upp reiknilíkan fyrir þessar stofnanir. Það var ekki um það að ræða við gerð þessa reiknilíkans að samráð eða samvinna hefði verið höfð við þá sem koma að rekstri stofnananna heldur, að því er virðist, einhliða ákvörðun stjórnvalda eins og svo algengt er. Auðvitað er gott fyrir stjórnendur og eftirlitsaðila með rekstri heilbrigðisstofnana að vita hvað sé á bak við fjárheimildir hverju sinni og hvort raunverulegur vilji sé til staðar hjá stjórnvöldum að farið sé að lögum um heilbrigðisþjónustu eða réttindum sjúklinga og í reiknilíkani hlýtur að felast ákvörðun um hver eigi að sinna hvaða verkefni og hvar í heilbrigðisþjónustunni. Ég dreg hins vegar í efa að hægt sé að fella allar heilbrigðisstofnanir á sviði heilsugæslu á landinu undir eina gerð líkans án þess að þar sé um mismunandi breytur að ræða. Svæðin sem heilsugæslan starfar á eru afar

misjöfn, til dæmis landfræðilega hvað varðar samgöngur, dreifingu íbúa og jafnvel aldurssamsetningu fólks á ákveðnum stöðum innan heilbrigðissvæða.

Annað atriði getur haft afgerandi áhrif í rekstri þessara stofnana en það eru sumarbústaðir og/eða frístundabyggðir. Það er afar misjafnt hversu fjölmenn frístundabyggð er á hverju svæði, allt frá því að þar séu hundruð einstaklinga til þess að þúsundir nýrra íbúa flytji tímabundið inn á heilsugæslusvæðið hverja helgi allt árið. Þessir frístundaíbúar á heilsugæslusvæðunum þurfa sitt öryggi í heilbrigðisþjónustu þó að þeir hafi ekki lögheimili á svæðinu og að sjálfsögðu er þeim ekki neitað um þjónustu þegar þörf er á þó að ekki sé gert ráð fyrir því í fjárframlögum til viðkomandi stofnunar að hún veiti þjónustuna. Það er nauðsynlegt að fyrir liggi heildaráttekt á fjölda íbúa frístundabyggða á hverju heilsugæslusvæði og að tekið sé tillit til þess þegar sett er upp reiknilíkan fyrir heilbrigðisstofnanir þessara svæða og annarra þátta sem geta haft afgerandi áhrif á rekstur þessara stofnana eins og samgangna, dreifingar íbúa og eins frítökurétts lækna, svo eitthvað sé nú nefnt.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvernig eru einstakir veigamiklir þættir sem hafa áhrif á rekstur heilbrigðisstofnana, t.d. fjölmennar frístundabyggðir í umdæmi þeirra, teknir inn í reiknilíkan stofnananna?

2. Hefur verið gerð úttekt á fólksfjölda í frístundabyggð á þjónustusvæði hverrar heilbrigðisstofnunar og hlutfalli þeirra í veittri þjónustu viðkomandi stofnunar?

3. Munu heilbrigðisstofnanir fá leiðrétt rekstrarframlög undangenginna 2–5 ára í samræmi við niðurstöður reiknilíkansins?

[14:17]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég fagna sérstaklega þessari fyrirspurn sem lýtur að reiknilíkaninu af því að ég tel að það sé mjög mikilvægt tæki til að gæta réttlætis í útdeilingu fjármuna.

Í fyrsta lagi er hér spurt hvernig einstakir veigamiklir þættir sem hafa áhrif á rekstur heilbrigðisstofnana, t.d. fjölmennar frístundabyggðir í umdæmi þeirra, eru teknir inn í reiknilíkan stofnananna.

Því er til að svara að fjárveitingar til reksturs heilsugæslustöðva hafa verið endurskoðaðar og sérstakt reiknilíkan útbúið til að meta fjárþörf einstakra heilsugæslustöðva og/eða heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana. Lagt var upp með að líkanið yrði einfalt í framsetningu en tæki þó í ákveðnum tilvikum tillit til séraðstæðna stofnana. Við mat á fjölda ársverka tekur líkanið meðal annars tillit til fjölda íbúa á starfssvæði hverrar heilsugæslustöðvar auk þess sem tekið er tillit til ákveðinna séraðstæðna eða sérþátta.

Meðal þeirra atriða sem reiknilíkanið tekur mið af eru meðal annars hvort stofnunin starfrækir fleiri heilsugæslustöðvar en eina eða heilsugæslusel, víðfeðmi starfssvæðisins, samgöngur, sjúkraflutningar, áherslur í heimahjúkrun, sumarhúsabyggð, framhaldsskólar og aðrir staðhættir.

Varðandi aðra spurninguna er því til að svara að samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á því að leita til læknis eða til þeirrar heilsugæslustöðvar eða læknismóttöku sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni, leita sér læknishjálpar sem sagt þangað. Vegna aukins hreyfanleika vinnuafls er eðlilegt að sjúklingar leiti eftir grunnþjónustu heilsugæslunnar þar sem hún er næst enda er heilsugæslan fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Í ráðuneytinu hefur verið kannað hjá einstökum stofnunum ráðuneytisins hve margir einstaklingar á viðkomandi svæði eiga lögheimili utan umdæma stöðvanna og leita eftir þjónustu þeirra.

Eins og fram kom í svari mínu við fyrstu spurningu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur tekur reiknilíkanið tillit til aukins álags á einstaka heilsugæslustöðvum þar sem frístundabyggðir eru. Ég get nefnt sem dæmi að á Suðurlandi var bætt við hálfu stöðugildi á Heilbrigðisstofnun Suðurlands vegna frístundabyggðarinnar sérstaklega, þ.e. á Heilsugæslustöðinni á Selfossi þar sem hálfri læknastöðu var bætt við.

Varðandi þriðju spurningu hv. þingmanns þá er því til að svara að í fjárlögum ársins 2007 er hækkun fjárveitinga hjá heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum sem eru með of lágar fjárveitingar samkvæmt reiknilíkaninu. Í þeim tilvikum þar sem umtalsverður munur er á fjárheimildum og niðurstöðu reiknilíkansins voru niðurstöður reiknilíkansins látnar ná til nokkurra fyrri ára til að leiðrétta rekstrarframlag til þessara stofnana. Þannig var í fjáraukalögum 2006, á síðasta ári, horft til nokkurra fyrri ára og sem dæmi þá var sett inn í fjáraukann 144,7 millj. kr. til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands einungis vegna reiknilíkansins. Þarna er verið að greiða niður halla fyrri ára. Það er sem sagt viðurkennt með reiknilíkaninu að það var, má segja, eins og oft er nú sagt í umræðunni, rangt gefið í upphafi. Stofnunin átti að fá meira þannig að það var tekið tillit til þess í fjáraukanum. Í fjárlögunum 2007 var bætt í grunninn hjá nokkrum heilbrigðisstofnunum vegna reiknilíkansins. Ég get tilgreint að til dæmis á Heilbrigðisstofnun Suðurlands var bætt í grunninn 37,5 millj. kr. vegna reiknilíkansins. Reiknilíkanið sýndi að það vantaði 37,8 millj. kr. Þarna vantar 300 þús. kr. upp á. Reiknilíkanið er því að skila sér með afturvirkum hætti til stofnananna þannig að það er búið að taka og höggva verulega á þá hala sem mynduðust og svo er verið að setja inn í grunninn til framtíðar. Reiknilíkanið sýnir að sumar stofnanir hafa verið að fá of mikið en aðrar of lítið.

Það er almennt mjög mikil ánægja hjá stjórnendum þessara stofnana með reiknilíkanið. Auðvitað þarf að breyta því í tímans rás. En einhvers staðar verður að byrja og miðað við hvernig þetta er núna þá hefur almennt tekist mjög vel til. Ég tel að við eigum að reikna út eftir svona líkönum en ekki eftir því hverjir gala hæst á fjármagn af því að það er ekkert réttlæti sem felst í því.

[14:22]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það á ekki að afgreiða fjárlög þannig að þeir sem gala hæst fái mest. En það hefur stundum viljað brenna við að einstaka fjárveiting hafi farið með þeim hætti frá Alþingi. Ég fagna því að þetta reiknilíkan kemur á leiðréttum rekstrargrunni þessara stofnana sem hafa í mörg ár barist í bökk-

um bara við það að reyna að sinna þeirri þjónustu sem þau eiga að gera lögum samkvæmt.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að það væru einhver dæmi þess að stofnanir hefðu fengið of mikið. Ég beini þeirri spurningu þá til hæstv. ráðherra hvernig það var leiðrétt og hvernig rekstur þeirra stofnana hafi komið út á undanförnum árum. Ef reiknilíkanið sýnir að viðkomandi stofnun hafi fengið í einhver ár of háar fjárhæðir miðað við þá þjónustu sem hún á að veita hafa þær þá safnast saman? Eiga einhverjar af þessum stofnunum þá uppsafnað fjármagn sem þær geta fært á milli ára?

Mér er vel kunnugt um að reiknilíkanið skilaði inn á Heilbrigðisstofnun Suðurlands verulegum úrbótum sem fengust bæði á fjáraukalögum og eins núna í fjárlögum. En mig fýsir að vita: Eru komur þeirra einstaklinga sem eru í frístundabyggð eða sumarbústaðabyggð og sækja sér þjónustu til heilbrigðisstofnana skráðar? Hefur verið haldið utan um það þannig að það sé um raunhæfa úrlausn að ræða eða eru þetta ágiskanir? Er þetta mat ráðuneytis á því hversu margir eru hugsanlega í sumarbústaðabyggð á svæði heilbrigðisstofnana eða hefur á undanförnum árum og í aðdraganda þess að svona reiknilíkan er gert — því að það hlýtur að þurfa að vanda til verka — hefur þá verið haldin sérstök skrá yfir þjónustu við þessa einstaklinga?

[14:24]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Eins og fram kom hjá mér áðan þá hefur verið kannað hjá einstaka stofnunum ráðuneytisins hve margir einstaklingar sem eiga lögheimili utan umdæma stöðvanna leita eftir þjónustu þeirra. Þetta hefur því verið kannað hjá einstaka stofnunum. Ég get ekki svarað því skothelt hér hvort þetta sé skráð með algjörlega reglubundnum hætti hjá öllum. Ég þekki það ekki nógu vel til þess að svara því beint hérna. En reiknilíkanið tekur tillit til aukins álags á einstaka heilsugæslustöðvar þar sem frístundabyggðir eru. Það er sem sagt innbyggt í reiknilíkaninu. Það hefur skilað sér sem sagt í hálfri stöðu á Suðurlandi af því að þar er svo stór frístundabyggð. Það er líka mjög stór frístundabyggð, svo ég taki sem dæmi, hérna uppi í Borgarfirðinum.

Varðandi hina fyrirspurnina sem kom hér fram hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur um reiknilíkanið sem sýnir að sumar stofnanir hafi fengið of háar fjárveitingar og aðrar hafi fengið of lágar fjárveitingar þá er það þannig að við höfum ekki getað með réttu staðið á neinum grunni í orðræðunni við þessar stofnanir. Sumar hafa sagt að þær fái of lítið. Aðrar hafa sagt að þær fái miklu minna en næsta stofnun í næsta nágrenni o.s.frv. Menn hafa verið að bera sig saman. En með reiknilíkaninu getum við bara með mjög einföldum hætti rætt þetta við stofnanirnar af því að við höfum eitthvað til þess að miða við.

Þær stofnanir sem hafa fengið of há framlög miðað við reiknilíkanið fá aðlögunartíma til þess að draga saman í rekstrinum, aðlaga reksturinn að því sem er eðlilegt. Það eru dæmi um slíkar stofnanir sem þurfa að fara í gegnum það. Það er auðvitað ekkert mjög þægilegt en menn verða að gera það af því að það á að vera hægt að bera saman stofnanirnar og það á að vera eitthvert réttlæti í útdeilingu fjármuna.

Umræðu lokið.

## *Heilbrigðisstofnun Suðurlands.*

Fsp. MF, 164. mál. — Þskj. 164.

[14:26]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Nú er sá tími liðinn sem íbúar á Suðurlandi og þingmenn gerðu sér von um að sagan sem virtist vera endalaus tæki enda. Það átti að vígja og taka í notkun viðbyggingu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Þar var um að ræða tveggja hæða viðbyggingu sem á að hýsa hjúkrunardeild fyrir aldraða sem nú er rekin í gamalli byggingu sem hýsti Sjúkrahús Suðurlands hér á árum áður, þ.e. Ljósheimar, en einnig átti viðbyggingin að hýsa aðra starfsemi stofnunarinnar sem býr við þröngan kost.

Það vita allir sem til þekkja að aðstæður aldraðra sjúklinga og starfsfólks á Ljósheimum eru fyrir neðan allar hellur. Það liggur fyrir að ár eftir ár hefur Heilbrigðiseftirlitið á Suðurlandi gert athugasemdir við húsnæðið og aðbúnað sjúklinga og starfsmanna. Það sama á við um vinnu og brunavarnir. Litlar endurbætur hafa verið gerðar enda hafa ekki fengist fjárveitingar til þess verkefnis. Vísað var til þess í fyrstu að fyrirhugað væri að byggja við sjúkrahúsið deild fyrir þá sem dvelja á Ljósheimum en nú seinna árið að verið væri að byggja deild.

Vegna mikillar þarfar á fjölgun hjúkrunarrýma fyrir aldraða á Suðurlandi var tekin ákvörðun um að bæta þriðju hæðinni við bygginguna. Vegna þessarar ákvörðunar stöðvuðust framkvæmdir óhóflega lengi meðan á hönnunarvinnu stóð. Í upphafi þegar framkvæmdirnar hófust var því lýst yfir að í byrjun febrúar 2007 yrði byggingin tekin í notkun, aldraðir sjúklingar færðir frá Ljósheimum og heilsugæslan, sem einnig býr við óviðunandi vinnuaðstæður, fengi betra rými og fleiri þættir í húsnæðismálum þessarar mikilvægu starfsemi yrðu færðir til betri vegar.

Þessi tími er liðinn og nú viljum við, hæstv. ráðherra, fá tímaáætlanir fyrir þessar framkvæmdir, tímaáætlun sem stenst.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvenær eru áætluð verklok einstakra verkáfanga viðbyggingar við heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi?

2. Hvenær má vænta að hægt verði að taka í notkun húsnæði fyrir þá einstaklinga sem nú dvelja á hjúkrunardeildinni Ljósheimum á Selfossi?

3. Hver er áætluð þörf fyrir hjúkrunarpláss fyrir aldraða og langlegusjúklinga á svæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á næstu fimm árum?

4. Hvaða áform eru uppi um áframhaldandi byggingu hjúkrunarheimila á svæðinu?

[14:29]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Varðandi fyrstu spurningu hv. þm.

Margrétar Frímannsdóttur, þá er því til að svara að framkvæmdir við viðbyggingu við sjúkrahúsið á Selfossi voru boðnar út í október 2004 og átti þeim að ljúka 1. febrúar síðastliðinn.

Þá var áformað að viðbyggingin yrði tvær hæðir og kjallari. Á neðri hæðinni var fyrirhugað að yrði heilsugæslustöð en á efri hæðinni átti að vera hjúkrunarheimili með 26 vistrýmum þar af 14 í tveggja manna herbergjum. Útboðsverkið tók til alls frágangs hússins að utan og innréttinga á efri hæð þess, það er hjúkrunarheimilinu.

Um áramótin 2005–2006 kom fram tillaga um byggingu þriðju hæðar á viðbygginguna og stækka þar með hjúkrunarheimilið auk þess sem eingöngu yrðu eins manns herbergi í viðbyggingunni, en það er sá stíll sem við vinnum eftir núna, að byggja ný eins manns rými en ekki tveggja manna herbergi.

Fljótlega eftir áramót voru framkvæmdir við húsið stöðvaðar meðan verið var að komast að niðurstöðu um hvort ráðist skyldi í þessa viðbót eða ekki enda var uppsteypu annarrar hæðar þá lokið og ekki unnt að halda verkinu áfram fyrr en framhald yrði ákveðið.

Í mars var tekin ákvörðun um að ráðast í byggingu þeirrar hæðar, m.a. til að koma því þannig fyrir að þetta yrðu eins manns herbergi og tók þá við hönnun hæðarinnar.

Hinn 20. september síðastliðinn lágu fyrir hönnunargögn, samningsdrög við verktaka og heimild til framkvæmda og hófust byggingarframkvæmdir þá að nýju. Við þessa stækkun hússins verða samtals 40 rými í eins manns herbergjum á báðum hæðum hjúkrunarheimilisins. Unnt verður að opna á milli samliggjandi herbergja á fjórum stöðum á hvorri hæð þannig að allt að átta hjón eða sambýlisfólk gætu fengið slíka aðstöðu ef þess þarf.

Umsaminn skiladagur á verkinu er nú 1. október 2007. Stefnt er að því að ljúka innréttingu hinnar hæðar hjúkrunarheimilisins svo fljótt sem unnt er og helst á þessu ári eða fyrir mitt næsta ár.

Miðað við núverandi fjárveitingar til nýbygginga á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og önnur verk sem verið er að vinna er ekki unnt að reikna með að framkvæmdir við innréttingu húsnæðis heilsugæslunnar hefjist fyrr en 2009 eða 2010, og þeim ljúki það ár nema það komi til aukið fjármagn.

Varðandi aðra spurningu hv. þingmanns er því til að svara að eins og áður sagði verður framkvæmdum við aðra hæð hjúkrunardeildar lokið 1. október 2007, og verður þá unnt að flytja vistmenn af Ljósheimum í þau 20 rými sem þá verða til. Seinni hæðin verður vonandi fullgerð fáum mánuðum síðar.

Í þriðja lagi er spurt hver sé áætluð þörf fyrir hjúkrunarpláss fyrir aldraða og langlegusjúklinga á svæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á næstu fimm árum. Eins og fram hefur komið er unnið að framkvæmdum við Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi þar sem samtals verða 40 hjúkrunarrými sem áætlað er að verði öll komin í notkun í lok næsta árs. Fjöldi hjúkrunarrýma á svæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands svarar nú til þess að 8,27 hjúkrunarrými séu á hverja 100 íbúa sem eru 67 ára og eldri. En landsmeðaltalið er 8,13.

Þegar nýju hjúkrunarrýmin á Selfossi verða tilbúin fer hlutfallið í 9,13 rými á hverja 100 íbúa 67 ára og eldri. Það verður þá komið yfir landsmeðaltalið. Að mati ráðuneytisins er ekki þörf fyrir fleiri hjúkrunarrými á svæðinu á næstu fimm árum nema eitthvað stórfenglegt eigi sér stað í tilflutningum fólks sem maður getur svo sem aldrei alveg útilokað

Í fjórða lagi spyr hv. þingmaður hvaða áform séu um áframhaldandi byggingu hjúkrunarheimila á svæðinu. Því er til að svara að nýlega kynnti ég áætlun um uppbyggingu hjúkrunarrýma til ársins 2010. Samkvæmt þeirri áætlun verður áhersla á að byggja upp rými þar sem brýnust þörf er. Þau rými eru m.a. á Suðurlandi, þ.e. á Selfossi. Þar var úthlutað 20 nýjum rýmum, m.a. til þess að fara í þriðju hæðina á hjúkrunarheimilinu. Við höfum því þau rými til ráðstöfunar en ég get ekki svarað því hvað verður eftir að því tímabili lýkur.

Í pípunum núna er að klára það verk sem hafið er. Verkið hefur að vissu leyti tafist en það er m.a. vegna þess að ákveðið var má segja í miðjum klíðum að bæta hæð ofan á. Það var gert vegna þess að við vildum ekki halda áfram með þau plön sem voru á borðinu um að hafa tvo í herbergi heldur bjóða öllum upp á eins manns herbergi.

Ég held að þessi töf hafi verið af hinu góða. Ég held að byggingin verði miklu betri fyrir vikið og betur verði hlúð að vistmönnunum þar sem um einstaklingsrými verður að ræða.

[14:34]

**Kjartan Ólafsson:**

Frú forseti. Ég þakka hv. málshefjanda Margréti Frímannsdóttur fyrir að fara yfir þetta mál. Það er okkur mjög hollt. Það sem ég vildi segja er að það hefur verið afskaplega ánægjulegt að hafa verið þátttakandi í því að koma þeirri hugmynd á framfæri og í framkvæmd að þriðja hæðin skyldi byggð ofan á sjúkrahúsið eða við þá viðbyggingu sem nú er í gangi.

Það er rétt sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur upplýst að tafir hafa orðið sökum þess en ég held að það sé ekki stóra málið heldur að hæðirnar, önnur og þriðja hæð, verði látnar fylgjast að og verði teknar í notkun samhliða. Þó að það þýði eins eða tveggja mánaða bið þá held ég að meira sé um vert að semja strax við þann verktaka sem er í því verki þannig að báðar hæðirnar geti opnað samtímis. Því og þá aðeins getum við flutt þá vistmenn sem eru á Ljósheimum (Forseti hringir.) því þeir eru fleiri en komast fyrir á einni hæð.

[14:35]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó ég harmi þær tafir sem verða á fullri nýtingu þessa húss. Þeir sem vinna á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands búa við afar þröngan kost. Ég hugsa að Vinnueftirlitið og Heilbrigðiseftirlitið gætu varla fallist á þær aðstæður sem þar eru þó um heilbrigðisstofnun sé að ræða.

Þegar hæstv. ráðherra segir að hlutfall rýma á íbúa svæðisins stefni í að verða hærra að meðaltali en gerist annars staða, þá bendi ég á að það hefur a.m.k. viljað brenna við í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem hafa verið að

taka út þennan fjölda rýma sem eru fyrir Sunnlendinga, að taldar eru með stofnanir t.d. á Stokkseyri og í Hveragerði, þar sem er að langstærstum hluta um að ræða fólk sem kemur af öðrum svæðum. Þau rými eru talin og sett inn í meðaltalið fyrir íbúa á Suðurlandi. Telur hæstv. ráðherra það réttlætanlegt?

Staðan núna er sú að a.m.k. tveir ef ekki þrír, fjórir einstaklingar frá Hveragerði hafa verið fluttir hreppaflutningum og eru núna á stofnun fyrir aldraða austur á Klaustri og mjög öldruðum aðstandendum er gert að sinna sínu fólki og keyra 200 kílómetra hvora leið til að geta farið í heimsókn til ástvina og við erum að tala um aldrað fólk. Þetta er ástandið á Suðurlandi í dag. Ég tel að ekki eigi að bjóða öldruðum upp á slíkt og að fara þurfi í verulegar úrbætur nú þegar og flýta framkvæmdum þannig að öll rýmin á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi verði tekin í notkun í haust og hægt sé að búa öldruðum þær aðstæður að þegar þeir leggist inn á slíkar stofnanir (Forseti hringir.) séu þeir nálægt aðstandendum sínum.

[14:37]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hafa orðið tafir á verkinu. En ég heyri svona almennt talað að þær tafir hafi verið til góðs. Það var betra að tefja verkið og byggja þá einstaklingsrými og bæta hæð ofan á en að klára verkið eins og upphaflega var áætlað.

En þegar menn taka nýjar ákvarðanir í miðju verki kostar það auðvitað ákveðinn tíma að beina verkinu í þann farveg. Þetta kostaði nýjar teikningar og það þurfti að skoða alls kyns skilmála varðandi útboð og annað, hvað væri hægt að gera þegar verk er hafið, búið að taka útboði o.s.frv. Það er því frekar flókið að standa svona að verki.

En mér fannst það mikilvægt að fara í það að breyta verkinu til þess að bjóða upp á einstaklingsherbergi. Þetta er hús sem á að standa til langs tíma og nútíminn krefst þess að sem flestir verði í einstaklingsherbergi. Það er mikilvægt fram undan hjá heilbrigðisyfirvöldum og sveitarfélögum að endurnýja gömul rými sem eru mjög víða fjölbýli.

Varðandi hlutföll aldraðra á stofnunum er ljóst að hlutfall aldraðra á stofnunum á Íslandi er hærra en hlutfall aldraðra á stofnunum í nágrannaríkjunum. Það er eitthvað sem ég tel brýnt að allir hv. þingmenn hafi í huga, að við erum búin að byggja upp ágætlega af rýmum. Þó eru biðlistar og við ætlum að byggja meira. Við ætlum ekki að byggja mikið meira en ætlum samt að byggja aðeins meira.

Það sem þarf að gera er að auka heimahjúkrun. Það er til háborinnar skammar, ég ætla að leyfa mér að segja það í þessum ræðustól, það er til háborinnar skammar, að mínu mati, að yfir helmingur sveitarfélaga hefur dregið úr félagslegri heimaþjónustu til aldraðra. Það sýnir skýrsla Ríkisendurskoðunar sem kom út fyrir ekki löngu síðan. Mér finnst það til háborinnar skammar að sveitarfélögin hafi verið að draga úr þessu og tel að þau verði að standa (Forseti hringir.) sig betur svo við getum þjónað betur heima.

Umræðu lokið.

## *Rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.*

Fsp. MF, 165. mál. — Þskj. 165.

[14:40]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Segja má að allar þessar fjórar fyrirspurnir sem hafa legið hérna síðan í október tengist. En það var þannig að fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, tók á sínum tíma þá ákvörðun að sameina allar heilsugæslustöðvar á Suðurlandi undir einn hatt, Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Segja má að sú ákvörðun hafi ekki verið tekin í samráði við starfsfólk heilsugæslustöðvanna eða sveitarstjórnir heldur tilkynnt að svona ætti þetta að vera.

Skoðanir heimamanna á þessu fyrirkomulagi voru skiptar. Til dæmis mótmælti bæjarstjórn sveitarfélagsins Ölfuss þessari ákvörðun harðlega og óskaði eftir að yfirtaka rekstur heilsugæslustöðvarinnar þar en þeirri beiðni þeirra var held ég aldrei svarað.

Eftir að þessi ákvörðun lá fyrir má segja að heimamenn ásamt stjórnendum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands hafi lagst á eitt um að vel tækist til og það hafi gengið eftir þó auðvitað sé starfið enn í þróun og einhverjir hnökrar enn til staðar.

Ég held að við sem fylgdust með þeirri sameiningu ásamt þeim sem stýra rekstrinum og starfa við Heilbrigðisstofnun Suðurlands hafi talið að þannig yrði gengið frá málum að ef um uppsafnaðan rekstrarhalla væri að ræða við sameininguna yrði hann leiðréttur og stofnunin hæfi ekki starfsemi með halla upp á 10 millj. kr.

Sú varð þó raunin og hefur Heilbrigðisstofnun Suðurlands þurft að glíma við hallarekstur vegna þessa frá upphafi. Sameining heilsugæslunnar á Suðurlandi mun örugglega skila sér í hagræðingu þegar til lengri tíma er litið, en hún kostar einnig sitt. Þó sumar þeirra heilsugæslustöðva sem sameinaðar voru væru reknar réttu megin við núllið var ekki svo með allar.

Í heildina var um hallarekstur að ræða sem nam um tugum milljóna króna. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur verið leiðréttur sá rekstrarhalli sem var til staðar þegar heilsugæslustöðvar á Suðurlandi voru sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Suðurlands?

Hve mikill var rekstrarhallinn á núvirði? Ef hann var ekki bættur, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að það verði gert?

[14:42]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni áðan að bæði spurningar og svör bera það með sér að liðið hefur svolítill tími síðan fyrirspurnirnar komu fram.

Hvort búið sé að leiðrétta rekstrarhallann sem var til staðar þegar heilsugæslustöðvar á Suðurlandi voru sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Suðurlands er því til að svara að Heilbrigðisstofnun Suðurlands varð til 1. september 2004 þegar sameinaðar voru heilbrigðisstofnanir á Selfossi og heilsugæslustöðvarnar á Kirkjubæjarklaustri, Vík í Mýrdal, Rangárþingi, Laugarási, Hveragerði og Þorlákshöfn.

Við sameiningu var höfuðstóll Heilbrigðisstofnunar

Suðurlands neikvæður um 19,6 millj. kr. Rekstrarhalli heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi var 21,8 millj. kr., en rekstrarstaða heilsugæslustöðvanna í heild var jákvæð um 2,2 millj. kr. Staða einstakra heilsugæslustöðva var frá því að vera neikvæð um 5,9 millj. kr. þar sem hallinn var mestur til þess að vera jákvæð um 9,3 millj. kr.

Rekstrarhallinn var ekki bættur við sameininguna og var beðið með ákvörðun um frekari fjárveitingar til stofnunarinnar vegna vinnu við gerð reiknilíkans ráðuneytisins um fjárveitingar til heilsusgæslustöðva og heilbrigðisstofnana sem við vorum einmitt að ræða í fyrirspurn rétt áðan.

Þá er spurt: „Hve mikill var rekstrarhallinn á núvirði? Ef hann var ekki bættur, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að það verði gert?

Rekstrarhalli stofnana við sameiningu var 19,6 millj. kr. eins og áður sagði, eða 21,9 millj. kr. á núvirði. Rekstrargrunnur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands reyndist lægri en niðurstaða reiknilíkans ráðuneytisins um fjárveitingar til heilsugæslu og heilbrigðisstofnana sagði til um, þ.e. reiknilíkanið sýndi að stofnunin átti að fá meira fjármagn. Í fjárlögum ársins 2007 voru á grundvelli reiknilíkansins fjárveitingar hækkaðar um 37,5 millj. eins og sagði í fyrra svari. Og í fjáraukalögum voru settar til stofnunarinnar 144, 7 milljónir vegna uppsafnaðs rekstrarhalla.

Eftir að búið var að sameina stofnanirnar og reiknilíkanið varð til, er bæði búið að greiða upphæðir upp á tæplega 145 millj. kr. upp í uppsafnaðan halla sem var að sjálfsögðu m.a. vegna þess að stofnanirnar, sumar þeirra, voru að fá of lítið, aðrar fengu aðeins of mikið á svæðinu, en í heildina of lítið. Búið er að leiðrétta það með þessu framlagi.

Síðan er búið að setja inn í grunninn 37,5 millj. kr. en reiknilíkanið segir að það vanti 37,8 millj. kr. Það er því komið til móts við reiknilíkanið þó muni þarna 300 þús. kr. sem ég tel að sé nú óþarfi að eltast beint við. Reiknilíkanið er að skila því til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að hún fær hærri fjárveitingar. Það er í samræmi við réttlætið að mínu mati.

Það eru fleiri stofnanir sem fá hærri fjárveitingar. Ég get nefnt Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, St. Jósefsspítala, hægt er að nefna Hólmavík og fleiri staði, Heilbrigðisstofnun Austurlands. Þetta eru allt stofnanir sem hafa sagt við heilbrigðisyfirvöld í gegnum langan tíma, þar sem þær hafa verið fyrir hendi, að það hafi verið vitlaust gefið. Þær hafi fengið of lítið. Það var bara rétt hjá þeim. En að sama skapi skal halda því til haga að aðrar stofnanir hafi fengið of mikið. Þær komu aldrei og sögðu við heilbrigðisyfirvöld, við fáum of mikið, við viljum gjarnan fá aðeins minna. Það hefur ekki verið sagt.

En við þurfum á næstu árum að leiðrétta það líka til að allir fari eftir reiknilíkaninu. Ég tel að þetta reiknilíkan sé stórkostlegt tæki. Það veldur því að við útdeilum fjármagni eftir réttlæti og rökum en ekki eftir þrýstingi hvorki einstakra stjórnenda á stofnunum né þingmanna eða annarra, sveitarstjórnarmanna o.s.frv.

Ég er mjög ánægð hvað við erum komin langt með reiknilíkanið og hvað forstöðumenn eru í heildina ánægðir með það. Auðvitað eru einhverjir hnökrar á því og við þurfum að skoða þá hnökra betur. En almennt eru allir aðilar ánægðir með að við skulum vera með stjórntæki sem sýnir réttlæti í þessu málum.

[14:47]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram hjá stjórnendum þessarar stofnunar, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, á undanförnum mánuðum og árum á fundum með þingmönnum að rekstrarhallinn var hærri en þær tölur sem hæstv. ráðherra kemur hér með. Kannski er um mismunandi reikniaðferðir að ræða, t.d. sölu á húsnæði í Laugarási og e.t.v. tekur ráðuneytið það inn í til að laga rekstrartölur. Þær hafa sýnt sig vera hærri. Það er mikill halli þegar við höfum skoðað þetta með stjórnendum þessarar mikilvægu stofnunar í Suðurkjördæmi. Burt séð frá þessum tæpu 150 millj. sem eru á fjáraukalögum fyrir 2006 og þeirri hækkun sem fæst á fjárlögum er niðurstaðan samt sem áður núna sú að þessi stofnun býr við 70 millj. kr. halla. Uppsafnaður rekstrarhalli um þessi áramót er 70 millj. Einhvers staðar skeikar einhverju í þeim leiðréttingum sem þessi stofnun á að fá og telur sig þurfa að fá til að geta haldið uppi eðlilegum rekstri á því mjög svo stóra svæði sem um er að ræða og Heilbrigðisstofnun Suðurlands nær yfir.

Þetta er auðvitað hluti af því sem við ræddum áðan varðandi reiknilíkanið þar sem ákveðnar úrbætur fengust og hálf staða til að taka við þeirri þjónustu sem þarf að veita vegna frístundabyggðar. Þúsundir, líklega um 15 þúsund manns, flytja um hverja helgi búferlum á svæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, búa þar um helgar og nýta þá þjónustu sem til staðar er hjá stofnuninni. Þessi stofnun er undirmönnuð. Það þarf meira en hálft stöðugildi læknis til að geta sinnt þessari auknu þörf en það þarf líka að laga vinnuaðstæðurnar fyrir heilsugæsluna eins og við komum inn á áðan, sérstaklega á Selfossi í þessari nýju byggingu sem er að rísa og átti að taka í notkun 1. febrúar sl.

Rekstrarhalli Heilbrigðisstofnunar Suðurlands er núna um 70 millj. (Forseti hringir.) og það er bara mjög mikið fyrir ekki stærri stofnun.

[14:50]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég tel að þjónustan sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands veitir sé mjög góð. Þar voru fyrir stuttu margar stofnanir sameinaðar í eina og slík sameining varð líka nýlega á Austurlandi þannig að nú erum við með tvær stórar heilbrigðisstofnanir, Heilbrigðisstofnun Austurlands annars vegar og Heilbrigðisstofnun Suðurlands hins vegar. Að auki er umræða um að sameina víðar á landsbyggðinni. Ég tel að það verði gert í framtíðinni með einhverjum hætti þó að margir vilji fara varlega í þá vegferð.

Ég tel að þjónustan á svæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sé góð og að sú stofnun njóti mjög góðs af reiknilíkaninu sem hefur skilað henni hærri fjármunum inn í rekstrurinn, bæði í formi þess að skera niður hluta af hallanum, tæpar 145 millj. kr., og svo koma inn í grunninn 37 millj. eða svo á yfirstandandi ári sem verða inni í grunninum áfram. Auðvitað verður áfram unnið með reiknilíkanið í fjárlagagerðinni fyrir 2008 og menn munu þróa það á næstu árum.

Reiknilíkanið hefur að mínu mati skilað mjög áhuga-

verðum tölum og það sýnir sig að í fjárlögunum núna fyrir árið 2007 hefur rekstrargrunnur heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana hækkað um 150 millj. kr. samanlagt og það er hægt að skipta því niður á stofnanir. Ég ætla ekki að gera það í þessu stutta svari hér. Í fjáraukalögum á síðasta ári fengu stofnanir framlög sem annars vegar námu 200 millj. kr. vegna greiðsluhalla þeirra og hins vegar 520 millj. kr. vegna uppsafnaðs rekstrarvanda eða alls um 720 millj. kr. Líkanið hefur skilað heilbrigðisþjónustunni almennt að mínu mati háum upphæðum og það var eðlilegt að koma til móts við þessar stofnanir í fjárlagagerðinni núna, bæði með fjáraukalögunum og í sjálfri fjárlagagerðinni af því að þær (Forseti hringir.) gátu ekki borið þennan mikla halla sem var búinn að hlaðast upp. Nú er hins vegar búið að gera mikið átak í að klippa þessa hala af.

Umræðu lokið.

[14:52]

**Útbýting:**

Fólksfækkun í byggðum landsins, 562. mál, fsp. KLM, þskj. 837.

Hækkun raforkugjalda, 563. mál, fsp. KLM, þskj. 838.

Kærur í nauðgunarmálum, 556. mál, fsp. VF, þskj. 831.

Málefni aldraðra, 559. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 834.

Málefni aldraðra, 560. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 835.

Meginreglur umhverfisréttar, 566. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 842.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 536. mál, svar dómsmrh., þskj. 819.

Starfsemi Samkeppniseftirlitsins, 564. mál, fsp. AKG, þskj. 839.

Stuðningur Íslendinga við hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna, 565. mál, fsp. SJS, þskj. 840.

Vetnisrannsóknir og eldsneyti, 557. mál, fsp. VF, þskj. 832.

Virðisaukaskattur, 558. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 833.

## *Áhrif gengisþróunar á rekstrarafkomu heilbrigðisstofnana.*

Fsp. MF, 166. mál. — Þskj. 166.

[14:54]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Hæstv. forseti. Þetta er síðasta fyrirspurnin í þessu tveggja manna tali okkar hæstv. ráðherra um rekstur heilbrigðisstofnana. Ég tek undir þau orð sem hér hafa komið fram að Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur veitt afburðaþjónustu.

Þessi fyrirspurn er eins og hinar lögð fram í október og ber þess merki.

Á hverju ári þegar líða tekur að hausti upphefst umræðan um rekstrarvanda heilbrigðisstofnana, oft á þeim forsendum að um sé að ræða óstjórn, óráðsíu með þá fjármuni sem fást á fjárlögum hvers árs til að reka þessar stofnanir. Beint og óbeint liggja stjórnendur stofnana undir ámæli stjórnvalda, jafnvel hv. þingmanna, vegna þessa. Umræðan tekur aldrei mið af því hlutverki sem heilbrigðisstofnun er ætlað að sinna samkvæmt lögum, kannski ekki nema von þar sem sjaldan er tekið fullt tillit til lögbundinna verkefna ríkisstofnana við ákvörðun fjárlaga fyrir hvert ár og auðveldara að kenna stjórnendum um en óábyrgri ákvarðanatöku þeirra sem fara með framkvæmda- og fjárveitingavaldið.

Það hlýtur oft að vera erfitt fyrir stjórnendur heilbrigðisstofnana að standa frammi fyrir því að ákveða hvort stofnun vinni í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu og virði rétt sjúklinga til bestu fáanlegu heilbrigðisþjónustu sem tök eru á að veita hverju sinni eða fjárlög sem eru svo knöpp að ógerningur er að stofnunin geti staðið við sitt án þess að eyða umfram ákveðin framlög ríkisins til verkefna hennar. En það eru aðrir þættir en veitt þjónusta sem geta og hafa áhrif á rekstur heilbrigðisstofnana, þættir sem stjórnendur þeirra ráða engan veginn við eins og t.d. ákvarðanir stjórnvalda í efnahagsmálum og ýmsir aðrir þættir.

Á síðasta rekstrarári heyrðum við að gengisþróun hefði haft veruleg áhrif á rekstur heilbrigðisstofnana. Ef ekki kæmi til leiðréttingar þyrfti annaðhvort að draga verulega úr þjónustu eða búa við rekstrarhalla, jafnvel hvort tveggja. Áhrif gengisþróunar á rekstur heilbrigðisstofnana á ekki að leggja á herðar stjórnenda þeirra eða láta bitna á þjónustu við sjúklinga, það er ekki réttlætanlegt. Því spyr ég:

Hver voru áhrif gengisþróunar á rekstrarafkomu heilbrigðisstofnana á Suðurlandi og Suðurnesjum árið 2005 og það sem af er 2006? Það er sem sagt liðið. Á hvern hátt hyggst ráðuneytið bregðast við áhrifum gengisþróunar á rekstur heilbrigðisstofnana?

[14:56]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hér er spurt: Hver voru áhrif gengisþróunar á rekstrarafkomu heilbrigðisstofnana á Suðurlandi og Suðurnesjum árið 2005 og það sem af er 2006? Á hvern hátt hyggst ráðuneytið bregðast við áhrifum gengisþróunar á rekstur heilbrigðisstofnana?

Því er til að svara að gengisþróun var rekstri ríkisstofnana hagstæð um nokkurt skeið en á árunum 2005 og 2006 voru áhrifin óhagstæð. Fjármálaráðuneytið reiknar áhrif verðlags á rekstrargrunn allra ríkisstofnana og þar með talin áhrif gengisþróunar. Sé það mat fjármálaráðuneytisins að bregðast þurfi við áhrifum gengisþróunar á ríkisreksturinn er það gert með því að endurmeta verðlagsþróunina fyrir allar stofnanir, jafnt heilbrigðisstofnanir sem aðrar ríkisstofnanir. Gengið hefur áhrif á verðlagsþróunina en árlega eru fjárlög hvers árs reiknuð miðað við áætlað verðlag næsta árs og jafnframt tekið tillit til þróunar verðlags liðins árs. Þannig reiknast verðlagsbætur sem hækka rekstrargrunn stofnana. Gengisbreytingar einar út af fyrir sig hafa ekki verið bættar sérstaklega en eru hluti af verðlagsþróuninni og eru þannig bættar þegar þær eru óhagstæðar og hækka verðlag, en lækka verðlag þegar þær eru hagstæðar.

Varðandi þessi gengismál almennt voru áhrifin neikvæð á síðasta ári og að hluta til á árinu þar á undan. Ég get nefnt sem dæmi að þetta sló mest út að sjálfsögðu á stærri stofnunum þar sem hæstu upphæðirnar eru nýttar. Þetta varð t.d. til þess að á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi snerist

eiginlega við sú staða sem þar var, m.a. út af gengisþróuninni. Sjúkrahúsið hafði rekið sig á svipuðum upphæðum um nokkurt skeið en þar skapaðist talsverður halli á síðasta ári eins og hjá öðrum stofnunum. Gengisþróunin var alls staðar neikvæð, en ég dreg hér fram sérstaklega Landspítalann og við komum til móts við þetta, og ekki bara þetta heldur var ýmislegt annað líka sem við skoðuðum, m.a. með því að setja milljarð inn í fjáraukalögin á Landspítala – háskólasjúkrahús og svo setja annan milljarð í grunninn á yfirstandandi ári. Þetta fjármagn á m.a. að dekka þessi neikvæðu áhrif sem gengisþróunin hafði.

*Þrátt fyrir að við höfum reynt að styrkja Landspítalann* með þessum fjármunum stefnir í að fjárhagsstaðan þar verði erfið. Ég hef átt viðræður við forustumenn Landspítalans þar sem það er alveg ljóst að það þarf að halda mjög vel á spilunum þrátt fyrir þessa innspýtingu. Ég tel að við höfum komið ágætlega til móts við þessi neikvæðu áhrif af gengisþróuninni með því bæði að setja inn í fjáraukalög og grunninn hjá Landspítalanum sem og hjá öðrum stofnunum. Ég get þá vísað til fyrri svara minna gagnvart öðrum stofnunum. Ég get þakkað fjárlaganefnd fyrir þá vinnu sem hún *fór í gegnum. Fjárlaganefndin tók til greina óskir um að* taka hala af heilbrigðisstofnunum og bæta inn í grunn þeirra. Hún tók myndarlegar á því en oft áður þannig að það er búið að laga verulega til varðandi fjárhagsrekstur heilbrigðisstofnana á landinu almennt og ekki bara þessara hefðbundnu heilsugæslustofnana, heilsugæslu og sjúkrahúsa, heldur líka hjá hjúkrunar- og öldrunarheimilum. Fjárlaganefnd fór í mikla vinnu í þessu og ég get nýtt tækifærið hér og þakkað henni fyrir það.

[15:01]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin í heild sinni við þeim fjórum fyrirspurnum sem hún hefur nú svarað.

Ég get tekið undir það að vissulega hefur verið tekið á til að leiðrétta grunninn og var löngu kominn tími til. En eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, þó að ég væri ekki að spyrja sérstaklega um LSH, þá held ég að öllum hafi verið það kunnugt og það hefur reyndar verið tekið rækilega fyrir áður í fjárlagaumræðunni að rekstrarhalli Landspítala – háskólasjúkrahúss, var m.a. vegna neikvæðra áhrifa gengisþróunar á síðasta ári settur milljarður í fjáraukalögin og milljarður inn í grunninn. Ég get hins vegar ekki fallist á að sú leiðrétting sem fékkst í gegnum reiknilíkanið feli í sér leiðréttingu á þeim halla sem safnast hefur upp hjá stofnunum eins og Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sem ég spurði sérstaklega um, og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, vegna þess að þessar stofnanir hafa ekki fengið framlög til að sinna lögbundnum verkefnum og síðan er þarna líka neikvæður gengismunur sem hefur haft veruleg áhrif á reksturinn á síðasta ári. Það er kannski hluti af skýringunni á því að Heilbrigðisstofnun Suðurlands býr við 70 millj. kr. halla núna, þrátt fyrir þær leiðréttingar sem hafa fengist. Það segir manni að einhvers staðar er pottur brotinn og það verður að taka enn frekar á og kannski ekki hvað síst þegar neikvæð áhrif gengisþróunar eru svona afgerandi á rekstur heilbrigðisstofnana eins og þau voru á síðasta ári. Það er útilokað að leggja það á herðar stjórnenda að mæta því þegar um svona mikinn mun er að ræða, vegna þess að það getur ekki bitnað á neinu öðru en þeirri þjónustu sem á að veita sjúklingum og það getum við undir engum kringumstæðum réttlætt. Það mun bara verða til þess að hallinn eykst og safnast upp. Það verður að taka sérstaklega á þessum 70 millj. halla hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands svo hún geti sinnt verkefnum sínum, a.m.k. þeim þætti sem er vegna neikvæðrar gengisþróunar á síðasta ári.

Virðulegi forseti. Enn og aftur, ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem ég hef fengið en minni á að ég fékk ekki svör *við því hvort ráðherra telur það ásættanlegt* að aldraðir séu fluttir hreppaflutningum 200 kílómetra og skildir að frá aðstandendum sínum vegna plássleysis í öldrunarþjónustu á Suðurlandi.

[15:04]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Varðandi gengisþróunina þá var það svo að um tíma var hún hagstæð stofnununum, þ.e. þær höfðu úr meiru að spila út af gengisþróuninni, en síðan varð *hún neikvæð um tíma. Auðvitað er erfitt að búa við það í* rekstri að vita ekki alveg hvernig gengið sveiflast en þetta gengur yfir allar ríkisstofnanir, ekki aðeins þær sem sinna heilbrigðisþjónustu. Við höfum komið til móts við þessa stöðu eins og okkur hefur verið unnt en áfram er halli á einhverjum stofnunum eins og svo oft áður en það var gert mjög mikið átak í fjárlagagerðinni í haust við að skera niður hallana, mjög myndarlegt átak. Fyrir það vil ég þakka þinginu sérstaklega sem auðvitað afgreiðir fjárlög hverju sinni.

*Varðandi aldraða og vistunarmál þeirra þá tel ég að á* Suðurlandi séu margar mjög öflugar öldrunarstofnanir sem sinna öldruðum með glæsilegum hætti. Ég veit að hv. þingmaður þekkir það líka mjög vel. Ég get nefnt sérstaklega stofnanir sem ég hef nýlega heimsótt, bæði á Kirkjubæjarklaustri og Hvolsvelli. Nýlegar glæsilegar stofnanir þar sem rýmin eru stór og mjög vel búið að fólki. Nú er verið að byggja á Selfossi ný rými og þar mun bráðlega verða tekin í notkun mjög glæsileg stofnun þar sem við getum hlúð betur að öldruðum en verið hefur. Auðvitað viljum við bjóða upp á þjónustu sem næst þeim stað sem sá aldraði býr, það er meginstefnan, en ég ítreka það sem kom fram fyrr í dag að við eigum sinna heimaþjónustunni meira. Fólk á að vera lengur heima hjá sér. Aldraðir sækjast eftir því. Þeir vilja helst vera heima eins lengi og fært er en þá þarf að auka þjónustuna heima. Við erum að auka hana hjá heimahjúkruninni sem er á ábyrgð ríkisins en helmingur sveitarfélaga hefur dregið úr félagslegri heimaþjónustu til aldraðra og ég tel að sveitarfélögin verði að standa sig betur að þessu leyti. Sum eru að gera góða hluti og hafa aukið þjónustuna en meira en helmingur þeirra hefur minnkað hana og það er grafalvarlegt mál að mínu mati.

Umræðu lokið.

## *Heilsufar erlendra ríkisborgara.*

Fsp. MÞH, 445. mál. — Þskj. 573.

[15:07]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um athuganir á heilsufari erlendra ríkisborgara. Spurning mín er svohljóðandi:

Eru gerðar einhverjar athuganir á heilsufari erlendra ríkisborgara sem koma hingað til lands til dvalar um lengri tíma? Ef svo er, hvaða athuganir eru gerðar?

Mér leikur hugur á að fá að vita þetta vegna þess að ég hygg að það sé bæði sjálfsagt og eðlilegt að grennslast sé fyrir um það á þessum vettvangi, á hinu háa Alþingi, hvernig þessum málum er háttað. Ég hef verið að skoða þessi mál og ég mælist til þess að hæstv heilbrigðisráðherra geri það einnig, fari til að mynda á leitarvélar helstu fjölmiðla í löndunum í kringum okkur og slái inn orðinu „tuberkulosis" og lesi þá fréttir t.d. í norskum fjölmiðlum en líka í breskum fjölmiðlum um einmitt vágestinn berkla sem er sjúkdómur sem okkur Íslendingum tókst sem betur fer að útrýma á sínum tíma. Þar kemur m.a. fram að berklar eru því miður vandamál í löndum til að mynda í Evrópu, í Norðvestur-Rússlandi og Austur-Evrópu. Komið hafa fram tilfelli af berklum þar sem bakterían hefur myndað ónæmi gegn ýmsum lyfjum sem eru notuð í baráttunni við þennan sjúkdóm. Þetta eru staðreyndir sem blasa við okkur. Það er alveg óþarfi fyrir Framsóknarflokkinn að ætla að reyna að snúa út úr umræðunni og tala um að spurningar varðandi þessar staðreyndir snúist um mannfyrirlitningu eða hatur á fólki. Það er náttúrlega alveg út í hött.

Ég vil líka benda á grein, sem birt var í SÍBS-blaðinu, nýjasta tölublaði, eftir Helga Hróðmarsson þar sem segir m.a., með leyfi forseta: „Af um 30 þúsund innflytjendum hér á landi hafa um þriðjungur eða 10 þúsund manns berklabakteríuna í sér."

Ég reikna með því að þetta sé satt, a.m.k. stendur þetta í blaði SÍBS og SÍBS eru mjög merk samtök sem ég vona að hæstv. heilbrigðisráðherra kannist við, samtök sem á sínum tíma voru stofnuð til að berjast við þennan mikla vágest. Mér þætti áhugavert að fá að heyra eitthvað vitrænt frá hæstv. ráðherra um það hvað gert er í þessum efnum. Ég get t.d. bent á að víða í nágrannalöndunum eru reglur um að fólk skuli fara í skoðun til að mynda í Noregi og um það getur hæstv. ráðherra fræðst á Aftenposten.no að allir innflytjendur til Noregs þurfa að undirgangast nákvæma læknisskoðun og sérstaklega próf gegn berklum. Í Bandaríkjunum þarf fólk að skila inn bæði hreinu heilbrigðisvottorði og hreinu sakavottorði þegar það sækir um búsetu- og atvinnuleyfi í því landi og það land hefur oft verið talið mikið fyrirmyndarríki af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr, en það verður spennandi að heyra nokkur orð frá hæstv. ráðherra um þessi mál.

[15:10]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur beint til mín þeirri fyrirspurn hvort gerðar séu einhverjar athuganir á heilsufari erlendra ríkisborgara sem koma hingað til lands um lengri tíma. Sé svo, óskar þingmaðurinn upplýsinga um hvaða athuganir séu gerðar.

Því er til að svara að um langt árabil hefur heilbrigðiseftirlit með dvalarleyfisumsækjendum verið í samræmi við tilmæli heilbrigðisyfirvalda um læknisrannsókn. Áður fyrr var ekki nein lagastoð fyrir slíkum kerfisbundnum rannsóknum. Því voru sett þau ákvæði í sóttvarnalög árið 2000 að ef sóttvarnalæknir teldi hættu á að næmar sóttir sem ógnað gætu almannaheill bærist til landsins gæti hann beint tilmælum til ráðherra um að setja reglugerð um að þeir sem koma til landsins og talin var hætta á að bæru með sér slíkar sóttir skyldu sæta læknisrannsókn. Um framvísun heilbrigðisvottorðs vegna dvalar- og atvinnuleyfis er fjallað í reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 339/2005, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003. Ekki er þar sérstaklega tilgreint hvaða kröfur eru gerðar til slíks heilbrigðisvottorðs.

Ef slíkar kröfur eru gerðar er mikilvægt að hafa í huga að fólk með erlent ríkisfang kemur til landsins af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi getur verið um að ræða ferðamenn sem hafa heimild til að vera hér á landi í allt að þrjá mánuði. Undir venjulegum kringumstæðum eru engar kröfur gerðar um að þeir framvísi heilbrigðisvottorði, enda tíminn sem þeir dvelja hér á landi það stuttur að líkurnar eru litlar á því að þeir ógni heilsu manna.

Í öðru lagi getur verið um að ræða fólk sem kemur hingað til náms eða tímabundinna starfa og hyggst dvelja lengur en þrjá mánuði. Samkvæmt áðurnefndum lögum og reglum þurfa þessir einstaklingar að framvísa heilbrigðisvottorði vegna umsóknar um dvalarleyfi ef viðkomandi kemur frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins. Hið opinbera gerir kröfur til þess að þessir einstaklingar séu ekki haldnir bráðsmitandi sjúkdómum sem ógnað geta heilsu manna. Sóttvarnalæknir hefur birt sérstakar verklagsreglur um læknisrannsókn þeirra sem koma til starfa tímabundið. Miðast þær við að almennt heilsufar er kannað jafnframt því að kannað er hvort viðkomandi er haldinn smitandi berklum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að vinnuveitandi getur gert kröfur um að tilteknum viðbótarskilyrðum sé fullnægt við læknisrannsókn vegna heilbrigðisvottorðs vegna atvinnu.

Í þriðja lagi eru þeir sem sækja um dvalarleyfi með framtíðarbúsetu hér á landi í huga. Þá er mikilvægt að horfa til alvarlegra smitsjúkdóma en ekki einungis bráðsmitandi sjúkdóma. Ástæðan fyrir þessu er sú að eftir því sem dvalist er lengur í landinu aukast líkurnar á smitun til annarra. Þeir smitsjúkdómar sem sérstök ástæða er til að fylgjast með um þessar mundir hjá fólki sem flyst til landsins er HIV-smit, lifrarbólga B og berklar. Einnig get ég upplýst að í undirbúningi er reglugerð um sóttvarnaráðstafanir þar sem verklag við læknisrannsókn vegna dvalar- og atvinnuleyfis er nánar skýrt. Einnig er í reglugerðinni fjallað um greiðsluhlutdeild og tryggingar sem tengjast þessum rannsóknum. Þar er tekið mið af sóttvörnum og skulu þær fylgja verklagsreglum sóttvarnalæknis.

Heilbrigðisvottorð sem dvalarleyfisumsækjendur þurfa að leggja fram hér á landi eru því annars vegar kröfur opinberra aðila og hins vegar kröfur vinnuveitenda þegar sótt er um atvinnuleyfi vegna sérstakra aðstæðna á vinnustað. Op-

inberar kröfur um slík heilbrigðisvottorð eru gerðar í samræmi við reglugerð um útlendinga og í lögum um atvinnuréttindi útlendinga fyrst og fremst í því augnamiði að tryggja að sá sem hyggur á búsetu hér á landi, hvort sem það er tímabundið eða til langframa, sé ekki haldinn smitsjúkdómi sem ógnað geti almannaheill. Eftir atvikum er einnig heimilt að gera kröfu um læknisrannsókn vegna aðsteðjandi heilsufarsógna og skiptir þá ekki máli af hvaða þjóðerni viðkomandi er.

Ástæða er til að benda á að læknisrannsókn á dvalarleyfisumsækjendum við komu til landsins gagnast öllum. Innflytjendur fá tækifæri til að njóta lækninga og meðferðar og tækifæri skapast til að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma hér á landi. Það er þó ekki síður mikilvægt að benda á að þetta er fyrsta tengingin við íslenska heilbrigðisþjónustu. Það er afar mikilvægt að nýta þetta tækifæri til að upplýsa um heilbrigðisþjónustuna og sjá til þess að farsæl og eðlileg samskipti skapist til frambúðar við hana. Um þessar mundir er verið að vinna að nánari útfærslu þessa þáttar, t.d. með upplýsingabæklingum á erlendum tungumálum og með bættri túlkaþjónustu.

Virðulegi forseti. Þegar öllu er á botninn hvolft er góð heilbrigðisþjónusta og heilsugæsla það sem skiptir máli fyrir alla þá sem búa hér á landi. Ég tel að þessi mál séu í eðlilegum farvegi og vil benda á að þó að hér hafi verið nefndar tölur um hve hátt hlutfall útlendinga beri berklabakteríuna í sér er ekki þar með sagt að menn séu smitandi þó að þeir beri bakteríuna í sér og það er til lækning við þessum sjúkdómi. Ég tel því að engin sérstök hætta sé hér á ferðum og ber fullt traust til sóttvarnalæknis sem hefur yfirumsjón með þessum málum.

[15:15]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra telur að ekki sé nein hætta á ferðum en ég held samt sem áður að full ástæða sé til þess að við höldum vöku okkar. Af einhverjum ástæðum hefur Helgi Hróðmarsson skrifað grein í SÍBS-blaðið, í 1. tbl. í janúar 2007, grein sem heitir nákvæmlega: „Berklarnir, höldum vöku okkar." Ég hvet hæstv. heilbrigðisráðherra til að ná sér í þetta blað og lesa þá grein.

Hæstv. heilbrigðisráðherra svaraði fyrirspurn minni að nokkru leyti en ég heyrði ekki betur en svarið snerist að miklu leyti um þá sem sæktu hér um dvalar- og atvinnuleyfi. Þá spyr ég aftur: Hvað með þá sem hingað koma til að mynda frá aðildarlöndum Evrópusambandsins, löndum sem gengu í Evrópusambandið árið 2004? Mörg þeirra landa eru í Austur-Evrópu þar sem við vitum að aukinn fjöldi tilfella hefur komið upp af þessum sjúkdómi og það hafa komið upp tilfelli fjölónæmra afbrigða af berklum. Hvað með þá sem koma hingað núna frá þessum löndum eftir að frjáls för launafólks var heimiluð? Er eitthvert skipulegt starf í gangi hvað þá einstaklinga varðar sem koma hingað til lands? Mér þætti vænt um að fá nánari útlistanir á því.

Síðan vona ég, virðulegi forseti, að fyrirspurn mín muni þó a.m.k. — og þá er til einhvers unnið — skerpa á árvekni heilbrigðisyfirvalda í þessum málum því ég held að það sé mjög mikilvægt að við höldum vöku okkar eins og Helgi Hróðmarsson bendir á í grein sinni, að við sofnum ekki á verðinum. Við höfum náð mikilsverðum árangri í heilbrigðismálum á Íslandi, við höfum náð mikilsverðum árangri í baráttu okkar við erfiða og hættulega sjúkdóma og að sjálfsögðu viljum við halda þeirri stöðu núna og (Forseti hringir.) ef þessi fyrirspurn mín leiðir til þess þá er náttúrlega til einhvers unnið.

[15:18]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Við gerum próf á hluta þeirra sem koma hingað til lands og það eru til listar yfir þau lönd sem þar eru tilgreind og hv. þingmaður getur sjálfsagt fengið þann lista, ég hugsa að hann sé á netinu.

Ég vil hins vegar benda á, vegna þessarar umræðu, að við höfum ekki séð neinar hækkaðar tölur í þeim sjúkdómaflokkum sem hér hafa komið til umræðu í tengslum við auknar komur útlendinga til landsins. Það hefur ekkert sýnt sig í raunveruleikanum að við höfum lent í einhverjum áföllum vegna komu útlendinga, alls ekki. Við höfum ekki séð aukna tíðni á neinum sjúkdómum sem tengjast komu þessara aðila.

Ég vil líka benda á að Íslendingar eru mjög duglegir að ferðast til útlanda sjálfir, ferðast til margra landa þar sem alls kyns sjúkdómar geisa. Menn skulu því vara sig á þessari umræðu. Ég tek hins vegar undir það að menn eiga auðvitað að halda vöku sinni og við getum rætt þetta en ég vara við því að þingmenn velti sér upp úr tölum eins og hér var gert, væntanlega með það fyrir augum að reyna að koma einhverjum stimpli á þá útlendinga sem hingað koma, að þeir séu eitthvað hættulegri okkur en aðrir. (Forseti hringir.) Ég vara við þeirri umræðu af því að ég tel að íslenska heilbrigðiskerfið sé það sterkt og í það góðum málum undir forustu Haraldar Briems sóttvarnalæknis að við þurfum ekki að hafa umræðuna á þessum nótum, alls ekki. Við höldum vöku okkar. Við höfum ekki séð neinar hækkaðar tölur í þessum sjúkdómahópum og við skoðum þá sem við teljum að sé ástæða til að skoða. Það þarf því ekki að vera að (Forseti hringir.) ota þessum tölum að fólki til þess að skapa neikvætt andrúmsloft.

[15:20]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson)** *(ber af sér sakir)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta mjög ómakleg og óþolandi ummæli af hálfu hæstv. heilbrigðisráðherra að þetta efni sé tekið til umræðu í þingsölum og verið að ásaka mig um að ég sé með því að reyna að skapa neikvæða umræðu eða koma óorði á fólk, jafnvel að ég sé að ala á einhverri mannfyrirlitningu eða hatri í garð tiltekins fólks.

Við erum hér að ræða hluti sem eru hreinlega staðreyndir. Ég tel það vera skyldu mína, hæstv. heilbrigðisráðherra, að taka upp mál í þinginu sem varða almannaheill í landinu, sama hvort hæstv. heilbrigðisráðherra þykir það við hæfi eða ekki. Ég er kjörinn hingað á þing, kjörinn fulltrúi af kjósendum í landinu og það er mitt hlutverk að gæta hagsmuna þeirra. Ég mun ekkert hvika frá því, hæstv. heilbrigðisráðherra. Það er bara eðlilegt og sjálfsagt að þessir hlutir séu ræddir.

Ég flutti mjög málefnalega inngangsræðu, benti á staðreyndir máli mínu til stuðnings og þess vegna þykir mér það mjög ómaklegt og ósanngjarnt að hæstv. heilbrigðisráðherra skuli þá nota tækifærið í einhverjum pólitískum hráskinnaleik til að koma óorði á þingflokk Frjálslynda flokksins, eins og við heyrðum reyndar ritara Framsóknarflokksins gera á Rás 2 í Ríkisútvarpinu í gær. Þetta leiðir ekki til neins, þetta er ósanngjarnt og ég vísa þessu hreinlega út í hafsauga.

[15:22]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(ber af sér sakir)*:

Virðulegur forseti. Ég vil halda því til haga þegar ég ber hér af mér sakir líka gagnvart hv. þingmanni, að ræða formanns frjálslyndra og umræðan sem átti sér stað á landsþingi frjálslyndra fór ekki fram hjá neinum. Hún var óvinsamleg í garð útlendinga og þeir sem hlustuðu á það fundu það og gátu heyrt það á þeirri ræðu og á þeirri orðræðu sem hefur komið frá frjálslyndum um þessi mál upp á síðkastið.

Ég tel það vera skyldu mína sem heilbrigðisráðherra að benda á að við höfum ekki séð aukna tíðni sjúkdóma hér á landi þó að hingað hafi komið útlendingar. Það tel ég vera skyldu mína. Ég tel eðlilegt að ég bendi á það af því að orðræðan er þannig frá hendi frjálslyndra og frá hendi hv. þm. Magnúsar Þórs að reyna að skapa einhvern neikvæðan hjúp um þá útlendinga sem hingað koma, t.d. með því að draga það fram sérstaklega hve hátt hlutfall þeirra hefur berklasmit. Ég tel að það sé verið að ota þessum upplýsingum að fólki með óréttmætum hætti og leyfi mér að svara því, hæstv. forseti.

[15:23]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson)** *(ber af sér sakir)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra nefnir ræðu formanns Frjálslynda flokksins máli sínu til stuðnings og talar um umræður sem hafi farið fram á landsþingi Frjálslynda flokksins. Ég tel að áður en hæstv. heilbrigðisráðherra, sem á sæti í ríkisstjórn Íslands, kemur með svona fullyrðingar hér á hinu háa Alþingi þá sé það lágmarkskrafa að hæstv. ráðherra færi einhver rök máli sínu til stuðnings. Mér þætti vænt um að heyra hvort hæstv. heilbrigðisráðherra hafi virkilega lesið ræðu formanns Frjálslynda flokksins (Gripið fram í.) og mér þætti vænt um að heyra hvort hæstv. heilbrigðisráðherra hafi heyrt einhverjar umræður af landsþingi Frjálslynda flokksins um málefni innflytjenda. Þær fóru nefnilega ekki fram. Það var lesin upp stjórnmálaályktun, hún var samþykkt, það fóru ekki fram opnar umræður. Formaðurinn flutti ræðu, fjallaði þar um þennan mikilvæga málaflokk. Það er hægt að lesa stjórnmálaályktun Frjálslynda flokksins á vefsíðu Frjálslynda flokksins xf.is. Það er líka hægt að lesa ræðu formannsins á vef Frjálslynda flokksins xf.is.

Ég held að það hljóti að vera lágmarkskrafa að fyrrverandi ritari Framsóknarflokksins og núverandi ritari Framsóknarflokksins, núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra komi í ræðustól og færi rök fyrir máli sínu, bendi efnislega á hvað það var í stjórnmálaályktun Frjálslynda flokksins sem var svona skelfilegt, hvað það var í ræðu formanns Frjálslynda flokksins sem var svona skelfilegt, í staðinn fyrir að koma hér aftur og aftur og kasta í kringum sig einhverjum innistæðulausum fullyrðingum sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum.

Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur ekki gert það. Hún kastar í kringum sig einhverjum ákveðnum frösum, einhverjum smjörklípum á Frjálslynda flokkinn en ef fólk les ræðu formanns Frjálslynda flokksins, ef fólk les stjórnmálaályktun Frjálslynda flokksins um málefni innflytjenda og ég gerði það hér á Alþingi í gær — ég vona að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi hlustað á þá umræðu þó að ég efist reyndar stórlega um það — þá kemur það bara fram þar þegar fólk les þann texta og kynnir sér þessi mál að það var ekki verið að segja neitt ljótt, (Gripið fram í.) það var ekki verið að segja neitt neikvætt. Það var ekki verið að ala á mannfyrirlitningu, það var ekki verið að ala á hatri, það var ekki verið að gera út á neina andúð.

Það var bara verið að benda á að við þyrftum að ræða tiltekin mál í þjóðfélaginu og enn og aftur ítreka ég það að við í þingflokki Frjálslynda flokksins teljum það hreinlega skyldu okkar að taka þessi mál til umræðu, til efnislegrar og málefnalegrar umræðu í þjóðfélaginu og líka hér á hinu háa Alþingi. Það er skylda okkar. Hvort þingmenn Framsóknarflokksins og ráðherrar Framsóknarflokksins telji það hins vegar ekki falla undir sín skyldustörf þá skal það vera svo, það er þá bara þeirra vandamál sem þeir hljóta að eiga við kjósendur. En það skal alveg vera á hreinu, við í Frjálslynda flokknum erum óhrædd að taka þessi mál upp eins og önnur mál í þjóðfélaginu og ræða þau opinskátt og af hreinskilni. Þeir sem vilja kynna sér það sem hefur verið sagt, til að mynda á landsþingi Frjálslynda flokksins, geta gert það á heimasíðu flokksins. Við höfum ekkert að skammast okkar fyrir þar, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Umræðu lokið.

## *Afsláttarkort vegna lækniskostnaðar.*

Fsp. ÁRJ, 483. mál. — Þskj. 735.

[15:27]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir)**:

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrir fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um afsláttarkort vegna lækniskostnaðar. Þetta er ekki í fyrsta skipti og ekki í annað skipti sem ég ræði þessi mál, ég er að spyrja út í breytingar á fyrirkomulagi til þess að auðvelda fólki, þá aðallega sjúklingum náttúrlega, að njóta þeirra kjara sem afsláttarkortin bera með sér.

Ég spyr hæstv. ráðherra:

1. Hvaða aðgerða er þörf svo að afsláttarkort vegna lækniskostnaðar berist fólki sjálfkrafa þegar hámarksgreiðslum er náð?

2. Hvenær mun Tryggingastofnun ríkisins taka upp slíkt kerfi þannig að fólk þurfi ekki að halda til haga öllum kvittunum og bera sig eftir kortunum?

3. Hefur verið veitt fé til að koma slíku kerfi á og hvað

mun það kosta Tryggingastofnun, Landspítala – háskólasjúkrahús, heilsugæsluna og aðra, og þá hverja?

Mig langar til að bæta við einni spurningu, fjórða lið: Hvenær gerir hæstv. ráðherra ráð fyrir að hætt verði að miða við almanaksárið eins og það er í dag, en frekar miðað við tólf mánaða tímabil eins og er víða annars staðar í heilbrigðiskerfinu þar sem ekki er miðað við almanaksárið?

Ég lagði sams konar fyrirspurn fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra sem þá sat í ráðuneytinu fyrir einu og hálfu ári og þá sagði hann að rafrænar upplýsingar og sjálfkrafa afgreiðslu afsláttarkortsins yrði komið á um næstu áramót, þ.e. fyrir rúmu ári síðan. Það er sem sagt rúmt ár síðan þetta átti að vera komið á.

Núna um áramótin tilkynnti Tryggingastofnun ríkisins að kortin kæmu sjálfkrafa en aðeins þegar greitt hefði verið fyrir þjónustu sérfræðilækna. Það er bara brot af þeim greiðslum sem veita réttinn fyrir afsláttakortinu, þ.e. það komi ekki fyrir greiðslu þegar farið var á heilsugæslustöðina, á göngudeildina, eða á bráðadeildina o.s.frv. Greiðsla fyrir þjónustu sérfræðilækna er því bara brot af þeim greiðslum sem veita réttinn til afsláttarkortsins. Áfram þurfa menn að safna kvittunum, fara til Tryggingastofnunar og fá kortin þar.

Það var talað um það fyrir rúmu ári, þegar ég ræddi þessi mál síðast, að Tryggingastofnun þyrfti 21 milljón til að koma þessu á og sú fjárveiting ætti að koma. Nú var mér sagt hjá Tryggingastofnun ríkisins þegar ekki var staðið við þau orð og ekki var hægt að koma með sjálfkrafa-kortin fyrir ári, að stofnunin hefði ekki fengið umrædda fjárveitingu og því hefði ekki verið hægt að standa betur við þetta en fram hefur komið. Því bið ég hæstv. ráðherra að svara þeim fyrirspurnum (Forseti hringir.) sem ég hef beint til hennar.

[15:30]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Spurt er hvaða aðgerða sé þörf svo að afsláttarkort vegna lækniskostnaðar berist fólki þegar hámarksgreiðslum er náð. Því er til að svara að til þess að tryggt sé að allir fái afsláttarkort þegar hámarksgreiðslu er náð þyrfti stofnuninni að berast upplýsingar frá öllum sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, sjálfstætt starfandi heimilis- og sérfræðilæknum og einkareknum rannsókna- og röntgenstöðvum um greiðslur sjúklinga. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni er ekki nóg að fá þær bara frá sérfræðilæknunum.

Það skipulag sem nú er í mótun hjá Tryggingastofnun ríkisins við útgáfu afsláttarkorta byggist á því að flestir sérfræðilæknar senda núorðið reikninga sína til Tryggingastofnunar á rafrænu formi. Á grunni þeirra upplýsinga er nú sjálfkrafa útbúið afsláttarkort þegar hámarksgreiðslu einstaklings á yfirstandandi almanaksári er náð. Reikningar vegna komugjalda í heilsugæslu og á sjúkrahúsum hafa til þessa ekki verið sendir til Tryggingastofnunar einfaldlega vegna þess stofnunin tekur ekki þátt í greiðslu þess kostnaðar svo það er eðlilegt, en auðvitað viljum við breyta því.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að því að koma á samskiptum með reikningsupplýsingar einstaklinga frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi til Tryggingastofnunar þannig að stofnunin hefði upplýsingar um útgjöld þeirra vegna læknisþjónustu á Landspítalanum. Áður en reikningur yrði gerður á LSH yrði send inn fyrirspurn í tölvukerfi Tryggingastofnunar um tryggingalega stöðu einstaklingsins. Svarið segir svo til um hvort einstaklingur sé sjúkratryggður, bótaþegi eða hvort hann á rétt á afslætti. Í byrjun verða samskipti Landspítalans og Tryggingastofnunar eingöngu með reikninga úr Sögukerfi spítalans en það eru um 70% allra reikninga vegna sjúklinga á Landspítalanum. Áformað er að þau samskipti verði komin í gagnið í kringum 1. mars 2007. Það verður því núna bráðlega. Reikningar sem þá standa eftir eru úr öðrum upplýsinga- og rekstrarkerfum.

Unnið er að gerð áætlunar um rafræna sendingu þessara upplýsinga til Tryggingastofnunar og mun hún liggja fyrir á næstu vikum. Undirbúningsvinna stendur einnig yfir vegna sams konar samskipta heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við Tryggingastofnun ríkisins. Þar verður nýtt sú vinna sem hefur farið fram í þróun rafrænna samskipta á milli Landspítalans og Tryggingastofnunar.

Gert er ráð fyrir að þegar Landspítalinn og heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins verða komin með rafræn samskipti við Tryggingastofnun verði tiltölulega einfalt mál að taka upp sams konar samskipti milli Tryggingastofnunar og annarra heilbrigðisstofnana landsins þannig að þá geta menn farið að elta þá sem fyrr hafa farið fram. Ein meginforsenda þess er þó að öruggar samskiptaleiðir verði til staðar og er nú þegar unnið að uppsetningu sérstakrar heilbrigðisgáttar sem kemur til með að leysa flest rafræn samskipti innan heilbrigðiskerfisins.

Í öðru lagi er spurt hvenær Tryggingastofnun ríkisins muni taka upp slíkt kerfi þannig að fólk þurfi ekki að halda til haga öllum kvittunum og bera sig eftir kostunum. Tæknilega ætti að vera hægt að taka þetta greiðslukerfi í fulla notkun í lok þessa árs eða í síðasta lagi fyrir mitt ár 2008. Mikið hagræði verður af þessu breytta fyrirkomulagi. Ekki síst verður ávinningur fyrir einstaklinga mikil þar sem þeir þurfa þá ekki lengur að halda öllum reikningum sínum til haga og sækja afsláttarkort til Tryggingastofnunar þegar viðmiðunarupphæðinni er náð. Afsláttarkortið væri hægt að senda til viðkomandi þegar hámarksupphæð er náð eða einfaldlega að fletta upp í fjárhagsstöðunni fyrir hvern og einn við komu á heilbrigðisstofnun. Fyrir stofnanir eins og Landspítalann og heilsugæsluna felst hagræðið einkum í því að nú verður fyrir hendi fullvissa um tryggingalega stöðu sjúklings og hægt verður að taka gjald samkvæmt því.

Í þriðja lagi er spurt hvort veitt hafi verið fé til að koma slíku kerfi á og hvað það mundi kosta Tryggingastofnun, Landspítala – háskólasjúkrahús, heilsugæsluna og aðra, og þá hverja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gerir ráð fyrir fjárveitingu til verkefna á sviði upplýsingatæknimála ár hvert til sinna málaflokka. Stofnanirnar hafa kostað þessar breytingar á tölvukerfum sínum innan eigin fjárveitinga og stofnanirnar munu fá umtalsvert hagræði af þessu nýja kerfi. Til dæmis er um talsverðan vinnusparnað að ræða fyrir Tryggingastofnun ríkisins vegna þess að vinna við útgáfu afsláttarkortanna einfaldast og leiðréttingar vegna

rangra greiðslna ættu að minnka verulega. Það er hins vegar ljóst að kostnaður einstakra stofnana við að senda þessar upplýsingar til Tryggingastofnunar er misjafn og fer m.a. eftir því hvaða tölvukerfi er í notkun á hverjum stað. Slíkt verður að sjálfsögðu að meta í hverju tilviki hver sá kostnaður er.

[15:35]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir þessi svör. Hér kemur fram að sjálfkrafa afgreiðsla á afsláttarkortunum verður ekki komin í gagnið fyrr en tveimur árum síðar en hæstv. heilbrigðisráðherra tilkynnti um fyrir rúmu ári, tveimur árum seinna. Auðvitað er rétt að það er mikið hagræði í því að fólk fái afsláttarkortin sjálfkrafa og þá vegna alls kostnaðar sem veita rétt til þeirra.

Mjög margir geta ekki borið sig eftir þeim. Margir geta ekki safnað kvittunum vegna sjúkdóma, vegna fötlunar o.s.frv. Það er mjög mikið réttlætismál að koma þessu á sem fyrst og ég vonast til að þetta geti orðið fyrr en um næstu áramót, þ.e. eftir ár héðan í frá. Þó svo að 1. mars geti menn fengið sjálfkrafa öll útgjöldin frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi eða 70% þeirra, dugar það heldur ekki til eins og við vitum. Ekkert frekar en að fá bara sjálfkrafa upplýsingarnar og kortin vegna sérfræðiþjónustunnar. Það þarf allar upplýsingarnar til að fólk geti fengið þessi kort sjálfkrafa. Það er alveg ljóst.

Ég hvet til þess að farið verði fljótt í að gangast fyrir þessu. Ég spyr hæstv. ráðherra eins og ég gerði áðan og fékk ekki svar við, enda var það ekki í skriflegu fyrirspurninni: Hvenær má gera ráð fyrir að hætt verði að miða við almanaksárið? Ég er með dæmi sem mér barst í gær um fullorðna konu sem var búin að vera mikið hjá læknum í desember og fór svo til læknis í janúar og hélt að hún væri komin með afsláttarkort en þá þurfti hún að byrja að safna upp á nýtt frá 1. janúar. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvenær getum við miðað (Forseti hringir.) við tólf mánuði eins og t.d. sjúkraþjálfarar gera og ýmsir fleiri í kerfinu?

[15:37]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér kom fram að ekki dugir að einungis Landspítalinn fari inn í kerfið, það þurfa allir að vera í því. Ég vil minna á í þessari orðræðu að réttur inn er fyrir hendi, alveg skýr. Menn geta því nýtt sér þennan rétt. Auðvitað er hagræði að því að þurfa ekki að halda reikningunum saman sjálfur og ná í kortið. Það eru aukaþægindi að nýta sér réttinn sem við erum að ræða hér og við ætlum að reyna að koma á.

Maður vill auðvitað gjarnan nota nútímatækni. Þetta er ekki mikið mál ef tölvukerfin eru þannig útbúin að þau senda frá sér upplýsingarnar og þær safnast á einn stað í Tryggingastofnun ríkisins, þannig að stofnunin geti séð hvenær hámarksgreiðslunni er náð og hvenær menn eiga rétt á afsláttarkortinu. Það er alveg skýrt að rétturinn er til staðar og menn geta nýtt sér hann og það verður auðvitað áfram en þetta léttir lífið. Þetta verður þægilegra fyrir sjúklingana sem nota þjónustuna.

Hvað varðar spurninguna um almanaksárið þá get ég ekki svarað því hér og nú nákvæmlega hvenær það verður unnt. Þetta eru mál sem við höfum verið að skoða í ráðuneytinu. Það eru væntingar um að þessu verði breytt. Ég skil vel þá sem hafa lent í miklum kostnaði við lok árs og í byrjun næsta árs og detta þarna á milli, þá skiptist greiðslan á tvö ár en ekki á eitt ár eða tólf mánuði. Ég get ekki svarað því hér og nú hvernig við munum koma því fyrir í framtíðinni. Væntanlega þarf lagabreytingu til þó að ég viti það ekki alveg en ég get ekki svarað því að þessari stundu, (Forseti hringir.) enda var þetta ekki heldur í fyrirspurninni.

Umræðu lokið.

## *Rannsóknir á sjófuglum.*

Fsp. MÞH, 254. mál. — Þskj. 257.

[15:40]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra um rannsóknir á sjófuglum. Þannig er mál með vexti að ég hef haft nokkrar áhyggjur af ástandi sjófuglastofna umhverfis landið nokkur undanfarin missiri. Við höfum séð að lífríkið er ekki alveg eins og það á að sér að vera, ef svo má segja. Við höfum séð að fuglarnir eiga víða í vandræðum með æti um sumartímann, sjófuglarnir og einnig krían, sem að vissu leyti er sjófugl líka, a.m.k. finnur hún fæðu sína í hafinu.

Það er augljóst að eitthvað hefur verið að, e.t.v. fæðuskortur. Það er mjög óvenjulegt þegar kríuvarp misferst víða um land. Það er líka óvenjulegt að sjá máva á beit á túnum og umferðareyjum og inni í görðum hjá fólki margar vikur á sumri hverju. Það er óvenjulegt að sjá varp misfarast hjá fuglategundum og að ungadauði sé mikill og annað þar fram eftir götunum.

Við höfum rætt þessi mál áður á hinu háa Alþingi. Fram hafa komið fyrirspurnir, bæði frá þeim sem hér stendur og einnig frá öðrum þingmönnum, varðandi þessi mál þar sem við þingmenn höfum verið að reyna að brydda upp á umræðu og nálgast hana frá ýmsum sjónarhornum vegna þess það hafa náttúrlega fleiri en sá sem hér stendur tekið eftir því að ástandið er óvenjulegt.

Fyrirspurn mín snýr sérstaklega að Vestmannaeyjum sem eru eitt af dýrustu djásnunum í náttúru Íslands. Fuglalíf er þar mikið eins og við vitum og stórfengleg náttúra og fegurð hvert sem litið er. Fuglarnir í Vestmannaeyjum skipta miklu máli, bæði sem búsílag og líka sem augnayndi. Þess vegna fýsir mig að vita hjá hæstv. umhverfisráðherra hvaða rannsóknir hafi verið gerðar undanfarin fimm ár á ástandi og lífsháttum sjófugla sem verpa í Vestmannaeyjum og hvort hæstv. ráðherra hyggist beita sér fyrir auknum rannsóknum á þessum fuglastofnum og þá hvaða.

Auðvitað hafa verið gerðar rannsóknir þarna í gegnum árin. Ég vil nota tækifærið til að minnast sérstaklega á þær miklu athuganir og víðtæku merkingar sem Óskar vitavörður í Stórhöfða hefur staðið fyrir. Hann hefur skilað miklu og drjúgu verki og á fullan heiður skilinn fyrir það. Mér

þætti vænt um að fá fleiri og nánari upplýsingar um þetta frá hæstv. ráðherra.

[15:43]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spyr mig um rannsóknir sem gerðar hafi verið undanfarin fimm ár á lífsháttum og ástandi sjófugla sem verpa í Vestmannaeyjum.

Margvíslegar rannsóknir sem tengjast sjófuglum í Vestmannaeyjum hafa farið fram á þessu tímabili, undanförnum fimm árum 2001–2006. Alls verpa um 15 tegundir sjófugla í Vestmannaeyjum og hafa rannsóknir beinst að öllum þessum tegundum í mismiklum mæli þó. Þrátt fyrir það vantar enn mikið upp á að nægjanleg þekking sé fyrir hendi á mikilvægum tegundum á borð við fýl, lunda og aðra svartfugla.

Þá er lítið vitað um þær tegundir sem eru að mestu á ferli í rökkri, þ.e. skrofu- og sæsvölutegundirnar tvær, stormsvölu og sjósvölu, en helstu rannsóknarverkefni á þessu tímabili eru heildarmat á fjölda sjófugla í Vestmannaeyjum sem hófst 2006 og er hluti af heildarmati á fjölda sjófugla í landinu.

Þetta verkefni er unnið í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunar. Þá má nefna rannsóknir á fæðu og viðkomu ritu í Vestmannaeyjum, eftirlit með pysjum og áhrif kanína á lundabyggðir í Heimaey. Rannsóknir á fæðu lunda og lundapysja og varpárangur lunda.

Ýmsir aðilar hafa sinnt þessum rannsóknum, svo sem Náttúrustofa Suðurlands í Vestmannaeyjum, Rannsóknasetrið í Vestmannaeyjum, og hluti þessara verkefna hefur verið unninn sem nemendaverkefni nemenda Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri í samvinnu við framantalda aðila.

Hv. þingmaður spyr líka hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir auknum rannsóknum á þessum fuglastofnum og þá hvaða rannsóknum. Því er til að svara að umhverfisráðuneytið hefur þegar komið á samstarfi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunar um auknar rannsóknir á ástandi og þróun sjófuglastofna umhverfis landið. Þá má nefna að einn af þremur styrkjum sem veittir voru í byrjun síðasta árs úr svokölluðum veiðikortasjóði, sem starfar samkvæmt lögum frá 1994, um villt dýr, var veittur til rannsókna á íslenskum sjófuglastofnum.

Að mínu mati er rétt að bíða þess að sjá hvað fyrstu niðurstöður þeirra rannsókna sem þegar eru hafnar sýna áður en ákveðið verður að ráðast í nýjar rannsóknir. Komi í ljós að efla þurfi þessar rannsóknir, breyta áherslum í þeim eða rannsaka aðra þætti sem snerta stofna sjófugla við landið, er ég tilbúin til að skoða það þegar þar að kemur.

Mér finnst rétt, frú forseti, í þessu samhengi að geta þess jafnframt að hnignun sjófuglastofna við Norður-Atlantshaf hefur ítrekað verið rætt á fundum umhverfisráðherra Norðurlandanna og á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar hefur verið unnið að samræmingu gagnagrunna yfir sjófuglabyggðir í norrænum löndum, því að þetta er áhyggjuefni víðar en hjá okkur á Íslandi. Norrænn hópur vísindamanna, sem unnið hefur frá því í árslok 2002, skilaði ítarlegum tillögum um vöktun sjófuglabyggða og um samræmda skráningu upplýsinga. Í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Kaupmannahöfn síðastliðið haust ályktuðu umhverfisráðherrar um hnignun stofna norrænna sjófugla og þar var heitið frekari samvinnu og aðgerðum til að komast að orsökum fækkunar sjófugla og sjófugladauða.

Að endingu finnst mér rétt, frú forseti, að nefna það hér og minna á það að fyrirhugað er að halda ráðstefnu á vettvangi norræns samstarfs, vettvangi samstarfs Norrænu umhverfisráðherranna, einhvern tímann um mitt þetta ár þar sem vísindamenn munu bera saman bækur sínar um þessi rannsóknarefni.

[15:47]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Mér finnst eðlilegt að þessu máli sé hreyft. Það eru ákveðin teikn á lofti varðandi fæðu fyrir sjófugla. Við þurfum að fylgjast vel með og kanna það í náttúrunni. Þetta er vísbending um breytingar í náttúrunni.

Eitt af því sem ég hef tekið eftir, af því að ég hef verið þeirrar gleði aðnjótandi að fara í eggjatöku í Akrafjalli síðustu 37 árin, er að fyrstu árin réð svartbakurinn þar algerlega ríkjum, þ.e. 90% svartbakur og 10% sílamáfur, sem er helmingi minni fugl. En það hefur gersamlega breyst. Nú er hending ef menn sjá stærri fuglinn, þ.e. svartbakinn. Minni fuglinn hefur algerlega tekið yfir þetta varpsvæði og þar að auki hefur varpið minnkað, sérstaklega á síðustu 6–7 árum þannig að það eru einhverjar breytingar í gangi.

[15:48]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svörin. Ég hef kynnt mér það að einhverjar rannsóknir hafa farið fram. Þær hafa samt verið frekar gloppóttar. Þó eru teikn á lofti um að menn hyggist taka sér tak í þessum efnum enda er það útbreitt — ég vona að það sé líka þannig hjá ríkisstjórnarflokkunum — að margir hafa áhyggjur af þeirri þróun sem orðið hefur undanfarin ár.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra benti á að enn vantar mikið upp á. Ég hefði viljað nota seinni ræðu mína í þessari umræðu til að hvetja hæstv. umhverfisráðherra til að beita sér fyrir því að rannsóknir á sjófuglum yrðu stórefldar, fuglum sem hafa lífsviðurværi af því sem hafið gefur. Ég held að í gegnum vistfræðirannsóknir megi að mörgu leyti vakta umhverfið og komast að áhugaverðum niðurstöðum sem gætu hjálpað okkur í ákvarðanatöku. Við vitum að lífríkið umhverfis landið hefur verið að breytast. Við vitum að sjórinn hefur verið að hlýna og andrúmsloftið hefur verið að hlýna. Við erum að fara inn í hlýskeið, af hvaða orsökum sem það er. Það er náttúrlega umdeilanlegt þótt margt bendi til þess að þar eigi mannskepnan mikinn og alvarlegan hlut að máli.

Ég hefði viljað gera að tillögu minni að rannsóknir á sjófuglum, til að mynda í Vestmannaeyjum þar sem er mikið af þessum fuglum og að mörgu leyti góðar aðstæður til að stunda rannsóknir, yrðu stórlega efldar, fjölgað stöðugildum og hreinlega byggð upp rannsókna- eða vísindamiðstöð. Ég veit að nú þegar eru þar rannsóknir fyrir en þar yrði byggð upp enn frekar rannsókna- og vísindamiðstöð til umhverfisvöktunar, sérstaklega til rannsókna á lífríkinu

með tilliti til vistfræði. Þar koma að sjálfsögðu sjófuglarnir mjög sterkir inn.

Umræðu lokið.

[15:51]

**Útbýting:**

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 561. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 836.

Símhleranir og eftirgrennslana-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar, 521. mál, svar dómsmrh., þskj. 841.

[Fundarhlé. — 15:51]

[18:00]

**Útbýting:**

Greiðslur úr almannatryggingakerfinu, 567. mál, fsp. MF, þskj. 843.

Norræna ráðherranefndin 2006, 569. mál, skýrsla samstrh., þskj. 845.

Orkuöflun til álvera, 468. mál, svar iðnrh., þskj. 811.

Starfstengdir eftirlaunasjóðir, 568. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 844.

## *Aðgangur að háskólum.*

Fsp. BjörgvS, 146. mál. — Þskj. 146.

[18:00]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra:

Hve mörgum sem sóttu um skólavist í fyrrahaust, árið 2006, var vísað frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Háskólanum á Hólum og Kennaraháskóla Íslands, sundurliðað eftir deildum og skorum? Hve margir fengu ekki inngöngu í einkareknu háskólana, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst? Liggur fyrir hve margir umsækjendur fengu hvergi vist í háskóla?

Þetta eru mjög mikilvægar upplýsingar sem ég bið um, virðulegi forseti, og nauðsynlegar til að átta sig á stöðu háskólamenntunarinnar hér á landi. Úti um allan hinn vestræna heim hefur á síðustu árum og áratugum streymt í háskólana fólk á öllum aldri, fólk sem hafði ekki tækifæri til lengri skólagöngu þegar það var á hefðbundnum skólaaldri eða unglingsárum og snýr aftur í skólana, fær sig metið inn eða hefur klárað stúdentspróf o.s.frv. Þá fer að sjálfsögðu hærra hlutfall af hverjum árgangi í háskóla en áður. Eins hefur háskólunum hér fjölgað töluvert þó að til standi að sameina aftur nú.

Menntunarstig á Íslandi er töluvert miklu lægra en annars staðar á Norðurlöndum og því mikilvægt að efla háskólamenntun eins og kostur er, bæði með staðbundnu námi og að sjálfsögðu fjarnámi eins og hefur rutt sér mjög til rúms víða um landið gegnum fræðslunetin og fullorðinsfræðsluna sem stofnað var til víða um land. Það þróast annars vegar sem fullorðinsfræðsla og endurmenntun og hins vegar sem fjarnámsmiðstöðvar háskólanáms og er óendanlega mikilvægt fyrir byggðirnar, hefur opnað hundruðum ef ekki þúsundum Íslendinga á síðustu árum tækifæri til að mennta sig frekar í heimabyggð sinni án þess að taka sig upp og flytja til Reykjavíkur eða annað og gefur þannig ný tækifæri til menntunar.

Vegna fjárhagserfiðleika og fjársveltis Háskóla Íslands hætti háskólinn fyrir nokkrum missirum að veita undanþágur þeim sem ekki voru með stúdentspróf við hefðbundna inngöngu í skólann. Var þetta notað sem nokkurs konar fjöldatakmörkun þar sem skólinn barðist að mörgu leyti í bökkum. Það er að mínu mati afleit þróun þar sem við eigum að sjálfsögðu að raunfærnismeta fólk inn þótt það hafi ekki hefðbundið stúdentspróf. Við þurfum samræmt yfirlit yfir hve margir á hverju ári fá ekki vistun í neinum skóla því að það hefur verið aðall Háskóla Íslands í gegnum tíðina að taka við öllum sem hafa tilskilin réttindi.

[18:03]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda, það er mikilvægt að við höfum samræmt yfirlit og við höfum einmitt á undanförnum árum lagt okkur fram um það í menntamálaráðuneytinu að fá sem besta yfirsýn yfir aðsókn að skólakerfinu. Við höfum núna samræmt kerfið í framhaldsskólunum og það hefur gefið góða raun, sérstaklega varðandi stýringuna á því hvernig hægt er að haga innrituninni og það sama erum við að reyna að gera núna varðandi háskólastigið.

Varðandi fyrstu spurninguna, um hve mörgum sem sóttu um skólavist í haust var vísað frá þeim háskólum sem hv. þingmaður taldi upp, sundurliðað eftir deildum og skorum, er rétt að taka fram að í fyrravor var tekin sú ákvörðun að safna á markvissan hátt upplýsingum um ásókn í háskólanám á Íslandi eins og ég gat um áðan. Var byggt á þeirri vinnu sem nú þegar hefur verið unnin í samráði við háskólana í menntamálaráðuneytinu og kemur fram í skýrslunum „Rafrænn flutningur gagna milli kerfa í menntageiranum. Aðferðir, notkun IMS Enterprise staðalsins og samskiptareglur“ og „Nemendaskráning og staðlað námsstjórnarkerfi í háskólanum“. Var ljóst að háskólar á Íslandi væru þá í stakk búnir til að skila upplýsingum um umsóknir nema til náms á rafrænu formi til ráðuneytisins. Voru háskólarnir beðnir um að senda inn upplýsingar um umsóknir fyrir skólaárið 2006–2007 og var þeim upplýsingum safnað í gagnagrunn sem mun síðan auðvelda mjög yfirsýn yfir aðsókn um háskólanám. Við úrvinnslu gagnanna kom ýmislegt í ljós, svo sem misræmi í því hvernig nemendur skrá inn upplýsingar á rafrænu eyðublöðin og einnig hvaða upplýsingum er safnað um hvern nemanda. Niðurstaða þessa verkefnis verður síðan gefin út sem skýrsla á næstunni.

Markmið mitt með þessu verkefni var einkum að fá heildaryfirsýn, eins og ég gat um áðan, yfir fjölda umsókna þannig að greina megi raunverulega eftirspurn eftir háskólanámi eftir skólum, deildum og námsgreinum. Ég hef talið mjög mikilvægt að ráðuneytið hafi slíkar upplýsingar tiltækar, m.a. til að sjá hvernig háskólastigið í heild kemur

raunverulega til móts við þarfir nemenda og óskir þeirra um leið líka gagnvart atvinnulífinu.

Hvað varðar spurningu hv. þingmanns vil ég geta þess að Háskóli Íslands vísaði frá sex umsóknum og það er vert að geta þess að umsóknir og einstaklingar eru ekki endilega það sama. Eins og ég segi á eftir geta verið margar umsóknir á bak við einn einstakling. Tveimur umsækjendum var vísað frá í hugvísindadeild, einum í lagadeild, einum í lyfjafræði, einum í læknisfræði og einum í verkfræði þar sem umsækjendur uppfylltu ekki kröfur settar fram í HÍ varðandi umsækjendurna. Háskólinn á Akureyri vísaði frá 134 þar sem umsækjendur uppfylltu ekki inntökuskilyrði eða umsóknir voru ógildar vegna formgalla. Skiptust frávísanirnar á eftirfarandi hátt: Í félagsvísinda- og lagadeild 26, í heilbrigðisdeild var níu vísað frá, í kennaradeild 70 umsóknum og í viðskipta- og raunvísindadeild 29. Í Kennaraháskólanum var 563 vísað frá vegna þess að deildir voru fullsetnar. Var þá valið eftir styrk umsókna samkvæmt umsóknarreglum Kennaraháskólans.

Upplýsingar um aðsókn að Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Háskólanum á Hólum þarf að sækja sérstaklega til landbúnaðarráðuneytisins því að enn sem komið er heyra ekki þessir háskólar undir menntamálaráðuneytið.

Varðandi inntöku í einkareknu háskólana er það að segja að við Háskólann í Reykjavík voru það 383 sem ekki var boðin skólavist. Ástæður þess að einstaklingum var ekki boðin skólavist voru samkvæmt svörum frá Háskólanum í Reykjavík þær að deildir væru fullsetnar í fyrsta lagi og ekki heimild fyrir fleiri nemendagildum og þá valið inn eftir því hverjir uppfylltu inntökuskilyrðin best, í öðru lagi uppfylltu umsækjendur ekki inntökuskilyrði eins og stúdentspróf eða önnur skilyrði sem eru sett fram af hálfu skólans og í þriðja lagi skiluðu umsækjendur einfaldlega ekki fylgigögnum eða gengu ekki frá umsóknum á fullnægjandi átt. Við Bifröst var 275 umsækjendum ekki boðin skólavist af sömu ástæðum og komu fram hjá Háskólanum í Reykjavík.

Varðandi þriðju spurninguna er hægt að segja að með því að bera saman upplýsingar um umsækjendur í háskólanámi í nefndum skólum og þær upplýsingar sem háskólarnir hafa látið ráðuneytinu í té kemur í ljós að af þeim 7.025 umsóknum sem liggja fyrir hafa 2.002 ekki fengið inni í neinum háskólanna. Enn og aftur ítreka ég að fjöldi umsókna er ekki sá sami og fjöldi umsækjenda. Við yfirferð gagnanna frá skólunum kemur í ljós misbrestur í þeim gögnum sem skólarnir fengu í hendur frá nemendum og einnig misræmi á milli skóla hvað varðar úrvinnslu og skilgreiningu á því hvað er umsókn. Ég tel eitt af verkefnum okkar í ráðuneytinu vera að reyna að samræma þessar upplýsingar.

Sumir skólar vísuðu frá umsóknum sem ekki voru fullunnar, aðrir vísuðu frá einstaklingum sem skiluðu ekki inn gögnum o.s.frv. Ef gögnin frá skólunum eru skoðuð nánar sést að hópur nemenda skilaði inn fleiri en einni umsókn. Samtals skilaði t.d. 781 umsækjandi inn 1.733 umsóknum og nokkur dæmi eru um einstaklinga sem skiluðu fleiri umsóknum, allt upp í sjö í ólíkar deildir innan skóla.

Við nánari athugun á þessum 2.002 umsóknum kemur í ljós að í 1.751 umsókn var sótt um nám á háskólastigi sem þýðir að 251 umsókn var skilað inn um nám sem ekki telst á háskólastigi og fékk því ekki inni. Þar af voru 439 ekki með stúdentspróf samkvæmt gögnum frá háskólanum en 1.312 voru það.

Ég vona, frú forseti, að hægt verði (Forseti hringir.) að vinna frekar úr þessum upplýsingum til að móta enn betur stefnuna (Forseti hringir.) um eftirspurn og framboð á námi á háskólastigi.

[18:09]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir mjög athyglisverðar upplýsingar og samantekt. Ef ég heyrði rétt voru umsóknir eitthvað yfir 7 þús. samanlagt þannig að yfir 5 þús. voru afgreiddar jákvætt og ef lesið er rétt úr tölunum hafi 2.002 ekki verið inni og það er spurning hversu margir nemendur eru á bak við þá tölu. Sjálfsagt má geta sér til um það með einhverjum líkindareikningi þeirra sem betur til þekkja en þessar upplýsingar eru eins og ég sagði í fyrri ræðu minni mjög mikilvægar og gagnlegar til að kortleggja eftirspurnina og þörfina á háskólamenntun. Eftirspurnin er sem betur fer mjög mikil og framboð á háskólanámi af öllu tagi hefur aukist mikið á síðustu árum, áratugum ef við lítum 10, 20, 30 ár aftur í tímann. Sérstaklega þarf að huga til framtíðar að fyrirkomulagi háskólamenntunar úti á landi. Nýráðinn rektor á Bifröst talaði um að koma upp neti háskólastofnana um landið. Það þarf að gera með einhverjum skynsamlegum hætti, að ekki sé verið að stofna hverja háskólastofnunina nýja á fætur annarri en það er að sjálfsögðu alvarlegt mál ef á annað þúsund manns hafa ekki fengið inni í neinum háskóla sem kallar á endurskoðun á framboði háskólamenntunar og eins samræmingu á því hvers konar nám það er sem þessi hópur sækist sérstaklega eftir.

Þá er það að mínu mati líka alvarlegt mál að svo stórum hópi, 434 sem eru ekki með stúdentspróf, skuli vera vísað frá af því að það á að vera þáttur í háskólamenntakerfi okkar að raunfærnismeta fólk sem hefur aðra (Forseti hringir.) lífsreynslu en hefðbundið stúdentspróf.

[18:11]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni varðandi síðasta atriðið. Þessi undanþága er í lögum til að henni sé beitt en þá sparlega og við vitum að t.d. Háskólinn á Akureyri hefur beitt þessari heimild með almennt jákvæðum árangri.

Það er rétt sem kom fram í fyrri ræðu hv. þingmanns. Alls staðar um hinn vestræna heim er mikil aðsókn að háskólanámi. Hún hefur reyndar verið hlutfallslega langmest á Íslandi enda þurftum við að sækja á, við vitum að við þurftum að fjölga háskólanemum. Um leið er hæsta krafan í dag í hinum vestræna heimi gæðakröfur og gæðastaðall. Ég hef verið að fara yfir umsóknir í öðrum löndum, nágrannalöndum sem við viljum bera okkur saman við. Ég get nefnt Svíþjóð, þar eru tveir umsækjendur um hverja eina námsstöðu. Sama í hvaða námsgrein er eru tveir umsækjendur á móti einum sem síðan kemst inn. Við erum líklega það land

sem tekur hlutfallslega inn flesta nemendur miðað við umsóknir. Við erum með opnasta háskólakerfið, og það er gott Við ætluðum okkur að greiða aðganginn að háskólanámi, við ætluðum að reyna að færa menntunina, við erum að gera það t.d. á framhaldsskólastigi. Ég bendi hv. þingmanni á framhaldsskóladeildina á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar erum við að reyna að tengja landshluta sem er í erfiðum tengingum við aðra landshluta út frá samgöngum inn í námskerfið með því að tengja hann við framhaldsskólann á norðanverðu Snæfellsnesi.

Það sama erum við að gera við háskólanámið. Ég tel mikilvægt að við eflum aðgengi enn frekar að háskólanámi, ekki með því að stofna formlega háskóla víðs vegar um landið heldur miklu frekar að nýta þá þekkingu sem er fyrir í starfandi háskólum. Ég fagna sérstaklega áherslum nýráðins rektors á Bifröst, að reyna að efla fjarnámið og dreifmenntunina frá skólanum til að teygja anga sína nær fólkinu í landinu sem er víðs vegar dreift um það til þess, frú forseti, að auka aðgengið að háskólanámi þannig að sem flestir geti notið þeirra tækifæra sem skólakerfið býður upp á og um leið notið eigin mannkosta.

Umræðu lokið.

## *Nám langveikra ungmenna o.fl..*

Fsp. MF, 334. mál. — Þskj. 357.

[18:14]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Fyrr í vetur vorum heimsóttum við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vinnustaðinn Landspítala – háskólasjúkrahús. Starfsmenn vöktu athygli okkar á ýmsu því sem betur mætti fara í samskiptum heilbrigðisyfirvalda og stjórnenda starfsfólks LSH og réttindamálum sjúklinga. Þau mál falla yfirleitt ekki undir yfirstjórn menntamála en þannig er því þó farið með eitt mikilvægt mál sem snertir þjónustu við sjúklinga á heilbrigðisstofnunum.

Flest börn á grunnskólaaldri sem eiga við langvarandi erfiða sjúkdóma að stríða eða hafa slasast illa og þurfa að dvelja langdvölum á sjúkrahúsum, og/eða endurhæfingarstofnunum, eiga rétt á kennslu á meðan á sjúkradvöl stendur. Grunnskólinn er á forræði sveitarfélaganna og samningar hafa verið gerðir við ákveðna skóla á grunnskólastigi og er kennslunni sinnt undir þeirra stjórn. Þannig er þetta með börn og unglinga á grunnskólaaldri sem dvelja á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, að reynt er að sinna kennslu þeirra.

Hið sama gildir ekki um ungmenni sem lokið hafa grunnskóla og eru að hefja eða hafa þegar hafið nám í framhaldsskóla þegar þau veikjast eða verða fyrir slysi og þurfa að dvelja langdvölum á sjúkrahúsi eða í endurhæfingu. Kennarar sem sinna grunnskólakennslu hafa eftir getu og tíma reynt að sinna þeim hópi en eftir því sem mér skilst eru engir samningar í gildi þar um. Rekstur framhaldsskólanna er á ábyrgð ríkisins og það er nauðsynlegt að tryggja að ungt fólk á framhaldsskólaaldri eigi möguleika á kennslu eða aðstoð við fjarnám ef dvalið er langan tíma á sjúkrahúsi eða endurhæfingarstofnun.

Þess eru dæmi að ungmenni hafi hætt skólagöngu vegna veikinda vegna þess að kennsla eða aðstoð við nám var ekki til staðar meðan á veikindum og/eða endurhæfingu stóð. Alvarleg veikindi, slys eða varanleg örorka setja mark sitt á þá sem hlut eiga að máli. Þeir eiga ekki orku eftir til að berjast fyrir réttindum sem í raun ættu að vera sjálfsögð. Oft er erfitt að hefja daglegt líf í samfélaginu eða í skóla eftir að veikindum lýkur.

Möguleikar til náms meðan á legu á sjúkrastofnun stendur er öflug endurhæfing og mikilvægt að framhaldsskólarnir hafi úrræði til að koma til móts við þá nemendur sem geta ekki sótt skóla tímabundið vegna slyss eða veikinda. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir skipulögðu framhaldsskólanámi inni á sjúkra- og/eða endurhæfingarstofnunum fyrir langveik ungmenni eða ungmenni sem þurfa af öðrum ástæðum, t.d. vegna slysa, að dvelja langdvölum á sjúkrahúsum eða í endurhæfingu?

[18:16]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn sem mikilvægt er að komi fram. Hún dregur líka fram það mikilsverða starf sem þingmenn inna af hendi með vinnustaðaheimsóknum. Slíkar heimsóknir draga oft fram mál sem eru brýn og nauðsynleg en fara ekki hátt en auðvelt getur verið að laga innan stjórnkerfisins þegar þörf krefur. Hv. fyrirspyrjandi spyr:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir skipulögðu framhaldsskólanámi inni á sjúkra- og/eða endurhæfingarstofnunum fyrir langveik ungmenni eða ungmenni sem þurfa af öðrum ástæðum, t.d. vegna slysa, að dvelja langdvölum á sjúkrahúsum eða í endurhæfingu?"

Langveikir nemendur sækja rétt sinn til þjónustu til 19. gr. laga um framhaldsskóla. Samkvæmt 1. málsgrein þeirrar greinar og líka aðalnámskrár skal veita fötluðum nemendum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu „fatlaðir" sem kemur fram í 2. gr. laga um málefni fatlaðra frá 1992, kennslu og sérstakan stuðning í námi, þar með talið sérfræðilega aðstoð og nauðsynlegan aðbúnað eftir því sem þörf krefur. Í sömu lagagrein er mælt fyrir um að fatlaðir nemendur skuli stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er. Í 2. mgr. 19. gr. kemur fram að menntamálaráðherra geti heimilað stofnun sérstakra deilda við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur.

Við síðustu endurskoðun á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla frá árinu 2004 var staða langveikra nemenda sérstaklega styrkt. Framhaldsskólum ber að greina frá þjónustu við langveik ungmenni í skólanámskrá viðkomandi skóla, hvaða þjónustu þeir bjóða langveikum ungmennum. Fjarnám er einnig algengt á framhaldsskólastigi og hentar vel til að veita langveikum ungmennum þjónustu. Ekki eru áform um skipulagt framhaldsskólanám við sjúkra- og endurhæfingarstofnanir heldur er nám langveikra nemenda skipulagt í náinni samvinnu viðkomandi nemenda og skóla. Skólarnir eru mismunandi og fjölbreyttir og bjóða upp á mismunandi nám. Þannig viljum við líka hafa það.

Ráðuneytið lítur svo á að það sé skylda framhaldsskólanna að mennta langveika nemendur eins og aðra nemendur. Það er alveg skýrt af okkur hálfu. En nám á framhaldsskólastigi er mjög fjölbreytilegt og því verður að skipuleggja nám hvers nemanda með tilliti til þarfa hans og stöðu. Það er náttúrlega mjög mismunandi almennt í samfélaginu og oft og tíðum fjölbreyttara hjá langveikum nemum sem þurfa að dvelja langdvölum á sjúkrahúsum. Þess vegna er mikilvægt fyrir skólana að geta aðlagað námið, ekki hafa eina miðstýrða námskrá fyrir þá heldur aðlaga námið þannig að það verði einstaklingsmiðað og sniðið að þörfum langveikra barna sem eru misjafnlega í stakk búin fyrir námið.

Þá eiga nemendur sem falla undir skilgreiningu 19. gr. framhaldsskólalaganna rétt á námi við framhaldsskóla í allt að fjögur ár. Fyrir þessa nemendur eru sérstakar námsbrautir starfandi við 16 framhaldsskóla auk þess sem hluti þeirra stundar nám við aðrar námsbrautir skólanna. Á þessu skólaári, frú forseti, stunda tæplega 300 fatlaðir nemendur nám við framhaldsskóla víðs vegar um landið.

Ég vil, í framhaldi af því sem kom fram áðan út af annarri fyrirspurn, segja að það er mikilvægt að tryggja aðgang allra að skólakerfinu, hvort sem við erum að tala um háskólanám eða framhaldsskólanám, ég tala nú ekki um leikskóla eða grunnskóla. Að sjálfsögðu gildir hið sama um nemendur og ungmenni á sjúkrahúsum og aðra í samfélaginu. Við erum að vinna að því og við vonumst til að gera það sem við getum, sinna þörfum þeirra eftir bestu getu. En það er mikilvægt að fara yfir þessa hluti. Þess vegna vil ég sérstaklega þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn.

[18:21]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þann áhuga sem hún sýnir þessu máli. Eftir að hafa rætt við kennara sem sjá um menntun á grunnskólastigi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi skoðaði ég þær lagagreinar sem eiga að snúa að þeim sem eru langveikir, hafa orðið fyrir slysi og eru langtímum saman í endurhæfingu eða á sjúkrastofnunum.

Okkur var bent á að orðið hefði ákveðið brottfall, sem við höfum orðið vör við. Það átti sérstaklega við hjá þeim sem eru að hefja framhaldsskólanám, hafa ekki fest sig í námi og eru ef til vill það veik að þau geta ekki upp á sitt eindæmi komið á samvinnu á milli viðkomandi skóla eða skipulagt námið. Jafnvel er um það að ræða að þar séu einstaklingar utan af landi sem koma til Reykjavíkur og eru hér vegna langvarandi veikinda. Meðferðin fer oftast fram í höfuðborginni.

Það hefur lent í verkahring grunnskólakennaranna að reyna að veita þeim einhverja þjónustu. Þau töluðu um að koma þyrfti starfinu í betra form og kalla eftir skýrslum frá framhaldsskólunum þannig að þeir uppfylli sitt hlutverk og fylgist með því að einstaklingar, hvort sem er hér á höfuðborgarsvæðinu eða þeir sem koma utan af landi, fái þá menntun sem þeir hafa þegar skráð sig í eða ætla að stunda. Þarna er misbrestur á þjónustunni. Þetta er ekki stór hópur en samt þarf að sinna honum. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. ráðherra hafi leitt hugann að þessari þörf og treysti því að gerðar verði ákveðnar úrbætur, þótt ekki væri annað en að kalla eftir því að framhaldsskólarnir sinni þeim einstaklingum sem koma af þeirra svæðum.

[18:23]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég tel ástæðu til að fara vel yfir þessi mál. Ég velti því líka fyrir mér, í ljósi orða hv. þingmanns, hvort efla megi enn frekar náms- og starfsráðgjöfina á grunnskólastiginu sem menn hafa verið að benda á, til að tengja framhaldsskólann betur við grunnskólann og byggja þær brýr sem á þarf að halda. Þetta á að sjálfsögðu líka að gilda um þau ungmenni sem lenda í veikindum.

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að fara yfir þetta. Ég mun hugsanlega kalla eftir upplýsingum frá framhaldsskólum um hvernig þessum málum er sinnt en almennt séð er réttarstaðan skýr. Menn hafa sín réttindi. Stefnan er skýr. Við viljum efla og auka aðganga allra að skólakerfinu. Það gildir um alla í samfélaginu, hvar sem þeir eru staddir hverju sinni.

Umræðu lokið.

## *Skólavist erlendra barna.*

Fsp. MÞH, 446. mál. — Þskj. 574.

[18:24]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um skólavist erlendra barna. Hún er svohljóðandi:

1. Hafa yfirvöld kannað með einhverjum hætti hvort erlendir ríkisborgarar sem komið hafa hingað til dvalar um lengri tíma hyggist setjast hér að með fjölskyldum sínum?

2. Hefur verið reynt að kanna hve mörg börn erlendra foreldra munu þurfa skólavist næsta haust? Ef svo er, hve mörg erlend börn telja menntayfirvöld að þurfi skólavist?

Virðulegi forseti. Mig langar að fara í stuttu máli yfir hvaða hugsun liggur að baki þessum spurningum. Við könnumst öll við að í fyrra urðu nokkur vandræði, ekki mikil en samt nokkur, vegna þess að erlend skólabörn, börn af erlendum uppruna, gátu ekki fengið kennitölu og því voru vandkvæði á að þau gætu hafið skólavist síðasta haust þegar skólar voru að hefjast. Þetta gerðist úti á landi.

Við vitum að hingað til lands hafa komið margir erlendir borgarar. Við vitum líka, þegar við skoðum tölurnar, t.d. gögn frá Hagstofunni og hæstv. félagsmálaráðherra, að stór hluti, um það bil tveir þriðju af þeim sem hingað eru komnir eru karlmenn. Þetta eru karlmenn á besta aldri ef svo má segja. Þeir eiga væntanlega margir fjölskyldur í heimalöndum sínum. Ég hygg að margir þeirra a.m.k. íhugi, eftir að hafa verið hér í einhvern tíma, hvort ekki sé rétt að fjölskyldur þeirra komi hingað eftir þeim, eiginkonur og börn. Þar af leiðandi fór ég að velta þessu fyrir mér.

Þetta atvik sem varð í haust, varðandi börnin sem fengu ekki kennitölur, vakti mig til umhugsunar um þessi mál.

Síðan, þegar ég fór að skoða tölur og gögn yfir þá sem voru komnir hingað, fór ég áfram að velta málinu fyrir mér. Ég tel mikilvægt að íslensk stjórnvöld reyni að kortleggja þetta eins mikið og hægt er. Að sjálfsögðu er það erfitt og á vissan hátt nokkur óvissa tengd þessu en ég tel mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld reyni a.m.k. að einhverju leyti að gera sér grein fyrir því, ekki bara ríkisstjórnin heldur einnig sveitarfélögin því sveitarfélögin hafa grunnskólann á sínu forræði og leikskólana einnig, hversu mörg börn mundu hugsanlega koma hingað til lands næsta sumar þannig að við getum þá undirbúið okkur og gert ráðstafanir. Að sjálfsögðu viljum við tryggja eftir fremsta megni, ég vona það a.m.k., að þessi börn fái almennilega menntun og aðra þjónustu og að við getum tryggt að vel verði haldið utan um þau. Ég held að það hljóti að vera markmið okkar allar, virðulegi forseti.

[18:28]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Spurningin frá hv. þingmanni er tvíþætt. Í fyrsta lagi spyr hann:

„Hafa yfirvöld kannað með einhverjum hætti hvort erlendir ríkisborgarar sem komið hafa hingað til dvalar um lengri tíma hyggist setjast hér að með fjölskyldum sínum?"

Það er rétt að taka fram að félagsmálaráðuneytið fer með velferðar- og fjölskyldumálin samkvæmt reglugerð og lögum um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum. En innflytjendaráð er skipað af félagsmálaráðherra. Það hefur það meginverkefni að fjalla um helstu atriði er snerta aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar fer dóms- og kirkjumálaráðuneytið með málefni útlendinga önnur en atvinnuréttindi. Menntamálaráðuneytið hefur ekki haft frumkvæði að því að kanna sérstaklega kerfisbundið framtíðaráform þeirra einstaklinga af erlendum uppruna sem búsettir eru hér á landi. Ráðuneytinu er heldur ekki kunnugt um að slíkar spurningar séu lagðar fyrir þá Íslendinga sem eiga aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði.

Þá er komið að þeirri spurningu sem ég tel sérstaklega snerta menntamálaráðuneytið. Þar spyr hv. þingmaður:

„Hefur verið reynt að kanna hve mörg börn erlendra foreldra munu þurfa skólavist næsta haust? Ef svo er, hve mörg erlend börn telja menntayfirvöld að þurfi skólavist?"

Samkvæmt 1. gr. laga um grunnskóla frá 1995 er sveitarfélögunum skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögunum. Í þeim segir einnig að öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri sé skylt að sækja skóla þótt frá því megi veita undanþágu ef sérstök skilyrði eru fyrir hendi. Almennt hefur verið við að miðað að skólaskylda sé bundin við lögheimilisskráningu í viðkomandi sveitarfélagi. Ætla verður að börn erlendra foreldra á skólaskyldualdri sem búsett eru hér á landi hafi þegar hafið skólagöngu. Innritun í framhaldsskóla fer á hinn bóginn almennt fram á sumrin. Ekki liggur fyrir hve margir einstaklingar með erlent ríkisfang munu leita eftir skólavist í framhaldsskóla næsta haust.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað mjög hér á landi undanfarin ár. Hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúum í heild var 6% hinn 1. desember 2006 samanborið við 4,6% á árinu áður. Rétt er að hafa í huga að nokkur óvissa er um skráningu útlendinga í flutningum til og frá landinu. Þannig getur dregist að einstaklingar sem fá dvalarleyfi séu skráðir í íbúaskrá og að sama skapi geta liðið nokkrir mánuðir þar til einstaklingar sem flytjast af landi brott eru felldir út af íbúaskrá.

Einnig ber að hafa í huga að erlendum ríkisborgurum sem fengið hafa íslenskt ríkisfang hefur fjölgað ört undanfarin ár. Árið 2005 voru þeir 726 samanborið við 161 árið 1991. Mest var fjölgunin 2003–2004 en þá fjölgaði einstaklingum sem öðluðust íslenskt ríkisfang úr 462 í 671.

Fjölgun erlendra ríkisborgara er mjög hröð en athygli vekur — ég vil vekja athygli hv. þingmanns á þessu — að hlutfallslega eru afar fá börn í hópi þeirra sem flytjast hingað til lands. Einungis 2,4% einstaklinga á aldrinum 0–19 ára höfðu erlent ríkisfang hinn 1. desember síðastliðinn samanborið við 2,2% á árinu áður. Þar er fækkun sem skiptist þannig milli skólastiga að fjöldi leikskólabarna var 695 eða 2,8% allra leikskólabarna, fjöldi grunnskólabarna var 969 eða 2,2% allra grunnskólabarna og fjöldi unglinga fram að skólastigi 471 eða 2,6% allra unglinga í framhaldsskólum landsins.

Það er rétt að hafa í huga að börn sem eiga eitt íslenskt foreldri og eitt erlent eru almennt ekki í þessum tölum. Tölur um börn sem tala annað móðurmál en íslensku má síðan finna á vef Hagstofu Íslands.

Það er rétt að taka fram, út af kveikjunni að þessari fyrirspurn hv. þingmanns, að ég tek undir það að börn útlendinga sem koma hingað til lands eiga rétt á að ganga í íslenska skóla. Kerfisbundin vandamál, sem auðvelt er að leysa, eiga ekki að hindra sveitarfélögin í að börnin komist í skóla. Þau eiga ekki að vera nein hindrun. Sveitarfélögin hafa ákveðið svigrúm. Þetta eru í raun þau vandamál sem hafa komið upp. Þau eru tímabundin og vara skamma stund. Fyrst og fremst verðum við að hafa hagsmuni barnanna í huga og hagsmunir barnanna eru að sjálfsögðu að ganga í skóla og mennta sig. Það veitir þeim aukin tækifæri.

[18:32]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðherra í því að fyrst og fremst eru það hagsmunir barnanna sem við eigum að hafa í huga. Það er kannski einmitt þess vegna sem ég legg fram þessa fyrirspurn.

Hæstv. ráðherra talaði um að sumt af því sem kom fram í fyrri spurningu minni heyrði undir önnur ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, eða dómsmálaráðuneyti. Ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því. En með þeirri spurningu vildi ég einmitt draga það fram að sennilega líta íslensk stjórnvöld ekki nógu heildstætt á þessi mál. Kannski er kerfið að þvælast of mikið fyrir okkur, þ.e. þetta heyrir undir þetta ráðuneyti, hitt heyrir undir hitt ráðuneytið og svo kemur þriðja ráðuneytið og það á að sjá um þennan pakka. Síðan höfum við aftur sveitarfélögin sem eru kannski fjórði parturinn í þessu, því að skólarnir eru náttúrlega á þeirra forræði, bæði leikskólar og grunnskólar.

Ég held að við ættum að reyna að rífa niður þær girðingar sem við höfum í kerfinu vegna þess að ég held að það sé að torvelda okkur mjög að geta tekið almennilega á málum eins og því sem ég hef verið að reyna að draga fram í fyrirspurn minni.

Við skulum athuga það, og ég held að við ættum að hafa það mjög í huga, að alltaf er verið að tala um að við þurfum að læra af reynslu nágrannaþjóðanna varðandi innflytjendur, hvernig þetta hefur verið í nágrannalöndunum. Ég hef aðeins skoðað það. Þangað komu einstaklingar, t.d. til Danmerkur, fengu vinnu og settust þar að, og voru kannski nokkur missiri. Svo kom næsta bylgja og það voru aðstandendur. Skyldmenni, makar eða börn, jafnvel önnur ættmenni og þá kannski skall á hin raunverulega bylgja.

Ég held að íslensk stjórnvöld verði að gera sér grein fyrir þessu og þá jafnframt að hjálpa til. Því ég held að það geti orðið mjög erfitt fyrir sveitarfélögin að ætla að leysa þessi mál eingöngu. Ég held að ríkisvaldið þurfi að koma þar til líka. Við höfum nýlega (Forseti hringir.) stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Hún er svolítið óskýr en það er (Forseti hringir.) kannski skref í rétta átt. En þetta eru mál sem við þurfum virkilega að skoða, virðulegi forseti.

[18:35]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég get ekki tekið undir með hv. þingmanni að stefnan sé óskýr. Sú stefnumörkun sem kemur frá félagsmálaráðherra og er stefna ríkisstjórnarinnar í innflytjendamálum og málefnum útlendinga, er nefnilega mjög skýr. Hún er einmitt til þess fallin að brjóta niður þá hugsanlegu múra sem kunna að hafa verið á milli embætta eða stofnana í hinu opinbera kerfi, því unnið hefur verið þvert á allt stjórnkerfið varðandi mótun skýrslunnar og tillagnanna frá innflytjendaráði.

Ég vil geta þess að ég átti þar fulltrúa sem tók virkan þátt í undirbúningi að mótun innflytjendastefnunnar, sem er nú til umræðu í samfélaginu. Það er því verið að gera ýmsa hluti. Ég tek heils hugar undir með hv. þingmanni að við eigum að líta til annarra þjóða, læra af reynslu þeirra og mistökum en líka af þeim hlutum sem eru vel gerðir.

Við erum að gera stórfellt átak í að efla íslenskukunnáttu útlendinga. Ég tel að við eigum að gera ríkar kröfur til útlendinga sem hingað koma og vilja setjast hér að hvað varðar íslenskukunnáttu og þekkingu. Við eigum ekki að slaka á þeim kröfum. Það er ekki út af neinni óbilgirni sem það er sagt, heldur miklu frekar erum við að líta til reynslu annarra þjóða, t.d. Hollendinga, ef það er gert mun aðlögunin verða miklu betri að íslensku samfélagi, vegna þess að við viljum að allir verði fullgildir þegnar sem hér vilja lifa og búa.

Umræðu lokið.

## *Samningar um rannsóknafé til háskóla.*

Fsp. SJS, 493. mál. — Þskj. 745.

[18:37]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Frú forseti. Hinn 11. janúar síðastliðinn gerðist sá gleðilegi atburður í Háskóla Íslands að hæstv. menntamálaráðherra og rektor Háskóla Íslands undirrituðu samning um kennslu og rannsóknir við háskólann fyrir árabilið 2007–2011. Í þeim samningi er heitið verulega auknu fjármagni til rannsókna, einkum við skólann, sérstaklega á árabilinu 2008–2011.

Framlög til skólans munu hafa hækkað um 300 millj. kr. á yfirstandandi ári í tengslum við þennan samning eða sem undanfari samningsins, en eiga síðan að hækka um 640 millj. kr. árlega á tímabilinu 2008–2011 og hafi þá hækkað um tæpa 3 milljarða í lok samningstímans.

Þetta er að sjálfsögðu eðlilega mikið fagnaðarefni fyrir háskólann og háskólastigið í landinu þó svo að hitt sé rétt að hafa í huga að góðverkin eiga aðallega að koma til framkvæmda á næsta kjörtímabili. Það kemur í hlut þeirra sem þurfa að koma saman fjárlögum á Alþingi á komandi árum að efna samninginn að sjálfsögðu, en engu að síður er það langþráð að betur sé búið að háskólanum í þessum efnum.

Ég hef þess vegna leyft mér að spyrja hvort ekki megi vænta þess, og í raun meira en að vænta þess, hvort ekki megi algerlega treysta því að aðrir opinberir háskólar, einkum þá Háskólinn á Akureyri, og vísa ég í því sambandi til áforma ráðherra um að sameina Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, sem munu þá renna saman inn í þennan samning. En þá stendur eftir einn opinber háskóli, Háskólinn á Akureyri, og við hljótum að treysta því að hann fái sambærilega meðferð.

Ekki er síður brýnt að Háskólinn á Akureyri búi við góð kjör að þessu leyti, vegna þess að hann er staðsettur þar sem raun ber vitni og þarf á öllum sínum styrk að halda til þess að vera samkeppnisfær og geta boðið hæfum starfsmönnum sams konar möguleika hvað varðar aðgang að rannsóknafé og faglegan metnað.

Staða mála er þannig við Háskólann á Akureyri að hann hefur vissulega fengið nokkra viðbótarfjármuni, bæði á fjáraukalögum og á fjárlögum yfirstandandi árs sem að hluta til eru eyrnamerktir rannsóknum. En það er enginn langtímasamningur í gildi um rannsóknir sambærilegur þeim sem nú hafa verið gerður við Háskóla Íslands, og í raun eingöngu viðauki sem tekur til þessa árs.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. menntamálaráðherra einfaldrar spurningar og vonast eftir góðu svari: Er þess að vænta að Háskólinn á Akureyri fái á næstunni sams konar samning um aukið fé til rannsókna og Háskóli Íslands fékk á dögunum?

[18:40]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég vil í upphafi sérstaklega þakka hv. fyrirspyrjanda hlý orð í garð þess samnings sem ég gerði við Háskóla Íslands og í rauninni spyrja hann í kjölfarið hvort hann væri að reyna að halda því fram að það væri annarra

að uppfylla, hvort ég hefði ekki átt að gera þennan samning. Í fyrsta lagi náttúrlega buðu lögin upp á það. Ég varð að gera þennan samning. Þá spyr ég. Átti ég að hafa hann til þriggja ára, eða fjögurra eða fimm ára, eða bara að sleppa því að gera samninginn?

Það lá alveg ljóst fyrir að við þurftum að gera þennan samning og mjög mikil vinna, undirbúningsvinna hafði átt sér stað til að ná þeim samningi. Við vorum búin að gera og báðum um að framkvæmdar yrðu miklar úttektir á rannsóknar- og gæðastarfi innan Háskólans. Við fengum erlenda aðila til að fara mjög gaumgæfilega yfir öll mál. Það einsetti ég mér strax þegar ég tók við embætti menntamálaráðherra, að fara vel yfir málefni Háskóla Íslands til að geta áttað mig enn betur á hvernig best væri að haga samningum og viðskiptum við Háskóla Íslands.

Síðan rann samningurinn sem var í gildi út núna um áramótin og það var einboðið að gera nýjan samning við Háskóla Íslands. Ég hef undirstrikað að þýðingarmikið er með þeim samningi að ítreka mikilvægi Háskóla Íslands, ekki bara í íslensku háskólasamfélagi, heldur líka út á við. Við viljum stefna að því að eiga hér háskóla í fremstu röð. Ég tel að við höfum háskóla sem hefur alla burði til þess að gera það, ekki eingöngu Háskóla Íslands, heldur erum við að sjá marga aðra góða hluti gerða í öðrum háskólastofnunum á sérsviði þeirra, en gerðar hafa verið miklar kröfur til Háskóla Íslands. Þetta er alhliða skóli. Við gerum miklar kröfur varðandi menningararfinn, íslenskuna sem honum ber að viðhalda og efla. Ég get líka nefnt heilbrigðisvísindi þar sem við erum í fremstu röð o.s.frv.

Það er rétt að núna er í gildi samningur við Háskólann á Akureyri. Hv. fyrirspyrjandi spyr eftirfarandi spurningar:

„Er þess að vænta að Háskólinn á Akureyri fái á næstunni sams konar samning um aukið fé til rannsókna og Háskóli Íslands fékk á dögunum?"

Með sérstökum viðauka við kennslu- og rannsóknarsamning milli ráðuneytisins og Háskólans á Akureyri, sem undirritaður var hinn 6. desember síðastliðinn, er staðfest hækkun framlaga til Háskólans á Akureyri sem ákveðið var í fjárlögum 2007.

Rétt er að draga það fram að framlagið til Háskólans á Akureyri hækkaði um 70 millj. kr. Þá er ég eingöngu að tala um rannsóknirnar, sem miðað var við í frumvarpi til fjárlaga 2007. Hlutfallslega er, ef hægt er að fara í slíka samanburðarfræði, um mun meiri hækkun að ræða til Háskólans á Akureyri en ákveðið var til Háskóla Íslands. Gildir einu hvort saman eru borin fjárlög áranna 2006 og 2007 eða frumvarp til fjárlaga árið 2006, og síðan endanleg útgáfa af fjárlögunum 2007.

Hlutfallslega er hækkunin til Háskólans á Akureyri til rannsókna meiri en til Háskóla Íslands ef við miðum við nemendaígildin. En samkvæmt ákvæðum laga um háskóla gerir menntamálaráðherra, eins og ég gat um áðan, samning um kennslu og rannsóknir við háskólann frá þremur til fimm ára, þ.e. þriggja til fimm ára í senn, sem heimilt er síðan að endurskoða á samningstímanum.

Viðauki við gildandi samning við Háskólann á Akureyri gildir út þetta ár. Við erum þegar búin að sammælast um það, ég og yfirstjórn Háskólans á Akureyri, að viðræður um gerð nýs samnings gætu hafist á næsta hausti og nýr samningur verði að sjálfsögðu undirritaður áður en þetta ár er úti.

Ég tek heils hugar undir með hv. þingmanni og fyrirspyrjanda, Steingrími J. Sigfússyni, að afar mikilvægt er að haldið verði áfram að hlú að Háskólanum á Akureyri. Hann er burðarás í menntamálum okkar fyrir norðan og það hefur algerlega sýnt sig að hann hefur skipt sköpum varðandi atvinnu, menningarlíf og menntalíf á því svæði sem hann er staðsettur. Við munum því halda áfram að efla háskólann. Rétt er að geta þess að frá t.d. árinu 2000, miðað við fjárlagaárið í ár, hefur aukning í nemendaígildum á fjárlögunum verið um 180%, miðað við árið í ár.

Framlög til háskólans frá árinu 2000–2006, miðað við verðlag hvers árs, hefur aukist hjá Háskólanum á Akureyri um tæplega 160%. Við erum því að efla háskólann. Það skiptir okkur miklu máli að það verði gert áfram. Það er mikið fagnaðarefni að okkur hefur tekist sérstaklega að auka við rannsóknarhlutfallið. Það er sérstakt áhersluмál sem hefur verið af hálfu yfirstjórnar Háskólans á Akureyri og að sjálfsögðu munum við fara mjög vel yfir þau málefni þegar verður farið í viðræður við háskólann.

[18:45]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Frú forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Ég hefði kannski viljað hafa þau bara einfaldari og styttri. Eitt jú hefði dugað mér, það megi bara ósköp einfaldlega treysta því að Háskólinn á Akureyri fái sams konar samning að breyttu breytanda að sjálfsögðu, auðvitað miðað við stærðarhlutföll og aðstöðu að einhverju leyti. Það sem verður að hafa í huga í sambandi við allan samanburð á tölum fyrir Háskólann á Akureyri er að hann hefur verið í mjög örri uppbyggingu. Hann stóð mun lakar að vígi framan af hvað varðaði fjármagn til rannsókna. Það var í sjálfu sér kannski eðlilegt og ekki endilega sanngjarnt að bera ungan eða nýjan háskóla í uppbyggingu saman við rótgróna stofnun eins og Háskóla Ísland. En Háskólanum á Akureyri er ákaflega mikilvægt að fá sams konar meðhöndlun og styrkingu hvað varðar rannsóknaþáttinn ekki síður en fjárveitingar til kennslu og annarrar starfsemi vegna þess að sjálfsögðu að metnaður manna þar stendur til að verða alvöruakademía, fullgild akademía á þeim sviðum sem Háskólinn á Akureyri markar sér bás.

Ég endurtek að það er gífurlega mikilvægt að háskólinn hafi fast land undir fótum í þessum efnum þannig að hann geti lagað að sér hæft starfsfólk og tapi ekki í samkeppninni. Mér segja háskólamenn nú þegar, að það beri á því að eftir hinn nýja samning við Háskóla Íslands hafi skapast spenningur og eftirvænting um það sem þar sé fram undan og frekar tilhneiging til að menn séu að snúa sér aftur þangað, jafnvel hæfir menn sem aðrir háskólar og Háskólinn á Akureyri þar á meðal, höfðu verið að reyna að laða til sín.

Varðandi samninginn við Háskóla Íslands, að sjálfsögðu átti hæstv. ráðherra að gera samning eins og lög gera ráð fyrir. Ég var fremur að benda á að það væri orðið dálítið kvöldsett á þessu kjörtímabili í embættisferli ráðherrans þegar samningurinn var loksins gerður (**Menntmrh.:** Ég man ekki ...) og Háskóli Íslands hefur kvartað undan því að fá ekki betri meðhöndlun og betri fyrirgreiðslu að undan-

förnu og þetta breytir auðvitað ekki því eðli máls að það eru fjárveitingar á fjárlögum komandi ára sem ráða síðan hinni efnislegu niðurstöðu.

[18:47]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni enda eru mýmörg dæmi um að ríkisvaldinu beri að gera samninga við viðkomandi stofnanir eða aðila og þeim ber síðan að fylgja eftir enda verða viðkomandi stofnanir að geta haft eitthvert svigrúm fram í tímann til að skipuleggja starf sitt, bæði fjármögnun og innra starf í ljósi þess samnings sem þau starfa eftir hverju sinni.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni áðan að það hafa verið vaxtarverkir hjá Háskólanum á Akureyri. Hann hefur þanist út hlutfallslega hraðar en aðrir háskólar á landinu. En það er alveg ljóst að við munum halda áfram og það hefur líka þurft pólitískan vilja til að leyfa það að halda áfram. Við vildum fjölga háskólanemum, ekki bara sunnan heiða heldur líka fyrir norðan og það skiptir okkur máli, ekki eingöngu út frá byggðalegu tilliti heldur ekki síst út frá menntapólitísku sjónarmiði að byggja upp öfluga menntastofnun fyrir norðan. Ég lít ekki á Háskólann á Akureyri út frá byggðapólitík, ég vil ekki gera það af því að ég vil líta á Háskólann á Akureyri sem öfluga menntastofnun sem skiptir miklu máli fyrir íslenskt samfélag. Þess vegna segi ég af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vildi fá einfalt svar: Ég mun beita mér fyrir því að Háskólinn á Akureyri fái áfram það svigrúm, svigrúm til að hann geti talið sig sem fullgilda akademíu eins og hv. þingmaður orðaði það. Að Háskólinn á Akureyri geti haldið áfram að vaxa á því sviði sem hann er sterkur, líka í nemendaígildum en ekki síður í rannsóknum. Við höfum verið að vinna að því og hlutfallslega er þessi aukning núna til rannsókna í Háskólanum á Akureyri miklu meiri en þekkist til annarra háskóla, eins og ég gat um áðan til Háskóla Íslands á þessu fjárlagaári, þannig að ég held að ráðamenn geti borið höfuðið hátt og haldið áfram að sigla á vit nýrra ævintýra og tækifæra.

Umræðu lokið.

## *Tónlistarþróunarmiðstöðin.*

Fsp. VF, 494. mál. — Þskj. 746.

[18:49]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Frú forseti. Við alþingismenn fáum fjöldann allan af boðum um að mæta á fundi og ráðstefnur og ýmiss konar uppákomur. Í janúar barst okkur tölvupóstur með boði á tónleika sem báru heitið Járn í járn. Þessir tónleikar voru haldnir í þeim tilgangi að vekja athygli á starfsemi Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar. Ég fór og kynnti mér þessa starfsemi, hitti frumkvöðlana og nokkrar hljómsveitir. Ég verð að viðurkenna að ég var mjög hrifinn af því sem ég sá og heyrði og ákvað því að hreyfa við þessu máli í dag. Þarna fær ungt hæfileikafólk á tónlistarsviðinu tækifæri til að vaxa og þroskast við tómstundaiðju sína undir eftirliti og handleiðslu umsjónarmanna. Gróskan í íslenskri tónlist er ekki tilviljun heldur afrakstur ötuls starfs frumkvöðla.

Tónlistarþróunarmiðstöðin er við Hólmaslóð í Reykjavík. Þar eru 15 æfingarými og þar æfa nú um 50 hljómsveitir. Flestar eru þær skipaðar ungu fólki og þarna eru þau undir eftirliti í húsnæði sem er vaktað og meðferð áfengis og vímuefna er bönnuð.

Tónlistarþróunarmiðstöðin er byggð upp að sænskri fyrirmynd. Þar opnuðu einkaaðilar æfingahúsnæði fyrir um 15 árum. Fljótlega varð allt fullt og yfirvöld félags- og tómstundamála borgarinnar og sænska ríkið sáu sér hag í að koma að rekstri húsnæðisins vegna þess félags- og forvarnargildis sem það hafði. Í Svíþjóð eru menn á einu máli um að þetta æfingahúsnæði og önnur sem spruttu upp í kjölfarið séu vagga sænskrar nýsköpunar í tónlist.

Gróskan í íslenskri tónlist sem kristallast á Airwavestónlistarhátíð ár hvert er ekki tilviljun heldur uppskera ötuls starfs frumkvöðla og sá tónlistarmaður sem okkur er kannski efst í huga í dag hlaut einmitt eldskírn sína hér á landi hjá Tónlistarþróunarmiðstöðinni. Hér er ég að tala um Elísabetu Lovísu sem gengur undir listamannsnafninu Lay Low.

Frú forseti. Nú er staðan þannig að framtíð Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar er óljós vegna fjárskorts. Rekstrarkostnaður er um 20 millj. á ári og félagsmenn, sem eru um 750, greiða um 11,5 millj. á ári í félagsgjöld og húsaleigu. Ég fæ ekki betur séð en að Tónlistarþróunarmiðstöðin sinni góðu starfi í þágu tónlistar og að þar þrífist jafnframt góður og uppbyggjandi félagsskapur fyrir ungt fólk. Í ljósi alls þessa og til að fá umræðu um málið spyr ég hæstv. menntamálaráðherra:

1. Hvernig kemur ráðuneytið að starfsemi Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar?

2. Veitir ráðuneytið miðstöðinni fjárhagslegan stuðning? Ef svo er ekki, hefur ráðherra fyrirætlanir um að veita henni slíkan stuðning?

[18:52]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Hv. þm. Valdimar L. Friðriksson spyr eftirfarandi spurninga, í fyrsta lagi:

„Hvernig kemur ráðuneytið að starfsemi Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar?“

Tónlistarþróunarmiðstöðin eða TÞM sem rekin er í Reykjavík býður upp á listsköpunar- og æfingaraðstöðu fyrir hljómsveitir og tónlistarmenn og þar er tónleikasalur. Þar er einnig að finna leiklistarsal þar sem leikfélög æfa og setja upp leiksýningar. Aldur iðkenda er frá 14 ára til 50 ára en kjarninn er á aldrinum 15–25 ára.

Tónlistarþróunarmiðstöðin hefur unnið að því samhliða að stofna til samstarfs með tónlistarskólum þannig að æfingaaðstaða skólanna færist að hluta til yfir á miðstöðina þar sem skólarnir geta ekki að öllu leyti sinnt æfingum sökum aðstöðuskorts, opnunartíma og hávaða. Aðstandendur Tónlistarþróunarmiðstöðvar hafa leitað til ráðuneytisins um fjárhagslegan stuðning til starfsemi miðstöðvarinnar. Árið 2002 var óskað eftir því að ríkið keypti 10 millj. kr. eignar-

hlut í húsnæði fyrir Tónlistarþróunarmiðstöðina sem áætlað var að kostaði 50 millj. kr.

Á árunum 2004 og 2005 leitaði miðstöðin eftir rekstrarstyrk frá ráðuneytinu. Þessum erindum var synjað þar sem ráðuneytið hafði ekki fjárveitingar til slíks. Ráðuneytið hefur mótað þá stefnu að óráðstafaðar fjárveitingar á fjárlögum ár hvert til ráðuneytisins verði fremur varið til einstakra verkefnastyrkja en til reksturs ýmiss konar starfsemi á sviði lista, æskulýðsstarfs og íþrótta sem sveitarfélög eiga frekar að styðja rekstrarlega við, kjósi þau svo hverju sinni.

Í öðru lagi spyr hv. þingmaður:

„Veitir ráðuneytið miðstöðinni fjárhagslegan stuðning? Ef svo er ekki, hefur ráðherra fyrirætlanir um að veita henni slíkan stuðning?"

Ráðuneytið hefur í tvígang veitt Tónlistarþróunarmiðstöðinni verkefnastyrki, annars vegar úr tónlistarsjóði til tónleika á vegum miðstöðvarinnar upp á 300 þús. kr. á árinu 2005 og hins vegar 450 þús. kr. á árinu 2006. Tónlistarþróunarmiðstöðin getur eins og aðrir sem starfa á sviði tónlistar sótt um styrki tónlistarsjóðs til verkefna sem falla að verksviði sjóðsins og samrýmast úthlutunarreglum hans. Tónlistarráð fjallar um umsóknir, metur þær á grundvelli úthlutunarreglna sem allir eiga að þekkja og gerir tillögu um úthlutun til ráðuneytisins.

Eins og er hefur ráðuneytið ekki fyrirætlun um fjárstuðning til Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar umfram það sem fyrr greinir í svari mínu.

Umræðu lokið.

## *Fagháskólar.*

Fsp. SÞorg, 549. mál. — Þskj. 818.

[18:55]

**Fyrirspyrjandi (Sigurrós Þorgrímsdóttir):**

Virðulegi forseti. Á Íslandi starfa öflugir rannsóknarháskólar sem er ætlað að vera í senn rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun. Metnaður innan háskólanna er mikill og stefna þeir að því að verða meðal þeirra bestu í heimi. Kennarar hafa ákveðna rannsóknarskyldu jafnhliða kennslu í öllum námsgreinum en fyrst er lagður traustur fræðilegur grunnur áður en námið hneigist að þjálfun til sérhæfðs starfs eða rannsókna. Þessi mikli fræðilegi grunnur er ekki nauðsynlegur í öllu námi á háskólastigi og margir nemendur vilja fyrst og fremst halda áfram menntun í fagnámi að loknu starfsnámi.

Hér á landi væri hægt að bjóða upp á fagnám á háskólastigi að loknu starfs- eða verknámi með því að heimila verkmenntaskólum og fjölbrautaskólum að bjóða upp á sérhæft nám í faggreinasviði sínu að loknu stúdentsprófi, sveinsprófi og öðrum skyldum starfsgreinabrautum að uppfylltu ákveðnu lágmarki, þar sem lögð væri minni áhersla á fræðilegan grunn og rannsóknir en beinist að verkmenntun og þjálfun til starfa. Slíkir skólar mundu sérhæfa sig í þeirri verkmenntun sem fyrir er í skólanum og að því námi sem þörf er fyrir á viðkomandi landsvæði. Fagháskólinn væri þá í sama húsnæði og framhaldsskólinn og nýtti sér húsnæðið og kennslukrafta sem þegar eru fyrir í framhaldsskólunum.

Ef horft er til Finnlands sem þykir í dag standa framarlega á flestum sviðum menntamála stundar um einn þriðji nemenda nám í rannsóknarháskólum og tveir þriðju í fagháskólum eða öðrum háskólum sem bjóða upp á skemmri verkmenntun. Markmið Finna er að auka gæði og virðingu fyrir verk- og fagmenntun og styrkja almenna verkþekkingu. Þannig má hljóta þjálfun til sérhæfðra starfa og tengja nám þörfum atvinnulífsins.

Menntamálaráðherra skipaði sl. vor starfsnámsnefnd sem skilaði skýrslu með ýmsum tillögum um úrbætur í starfsnámi. Þar komu m.a. fram hugmyndir um fagháskóla og í tillögunum er gert ráð fyrir að fagháskólinn verði sjálfstætt skólastig í framhaldi af framhaldsskólunum með áherslu á þarfir atvinnulífsins.

Virðulegi forseti. Því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra hvort fyrirhugað sé að heimila framhaldsskólunum að setja á stofn nám á fagháskólastigi í náinni framtíð.

[18:58]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn um fagháskólastigið eins og það er stundum kallað. Málefni háskólastigsins á Íslandi hafa verið mikið í deiglunni undanfarin ár eins og menn vita og þekkja. Háskólastúdentum hefur sem betur fer fjölgað mjög mikið, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi. Til dæmis liggur núna fyrir Alþingi frumvarp um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans og ég tel það einmitt bera gróskunni í háskólasamfélaginu vitni.

Í fyrra var sett ný og framsækin rammalöggjöf um háskólastigið. Á grundvelli þeirra laga hafa verið settar reglur um viðurkenningarferla námsframboða við háskólana en þær fela m.a. í sér að einstakir háskólar þurfa að sækja um viðurkenningu á námskrám sínum á einhverju þeirra sex fræðasviða sem skilgreind eru í fyrrnefndum reglum. En óháðar nefndir sem verða að mestu eða öllu leyti skipaðar erlendum sérfræðingum munu síðan meta umsóknirnar. Meginmarkmið þessara nýmæla í háskólalöggjöfinni er að tryggja gæði í háskólamenntun á Íslandi. Það er verið að auka gæðakröfurnar til háskólanna.

Eins og kunnugt er tökum við Íslendingar fullan þátt í svokölluðu Bologna-ferli um samræmingu á skipulagi háskólanáms í Evrópu sem er m.a. ætlað að auðvelda flæði háskólastúdenta milli háskóla og landa í Evrópu. Fyrir rúmu ári síðan skipaði ég nefnd til að kanna hvernig mætti stuðla að aukinni aðsókn að starfsnámi eins og hv. þingmaður kom inn á, einfalda skipulag námsins, sem ég álít vera mikilvægt, og tryggja fjölbreytt framboð, sveigjanleika og samfellu í skólastarfi og bæta tengsl starfsmanna á framhaldsskólastigi við grunnskólastigið annars vegar og háskólastigið hins vegar. Nefndin var skipuð fulltrúum frá framhaldsskólunum og samtökum kennara, atvinnulífs og launþega. Nefndin skilaði mér tillögum sl. sumar sem við höfum rætt nokkrum sinnum í þessum sal og meðal tillagna nefndarinnar var jafngilding bóknáms og starfsnáms til stúdentsprófs og að skilgreint verði svokallað fagháskólastig, eins og það er kallað í skýrslunni.

Rök nefndarinnar fyrir fagháskólastiginu voru m.a. þau að þrátt fyrir mjög vaxandi ásókn í háskólanám væri skortur á námsframboði í starfstengdu námi að loknu starfsnámi á framhaldsskólastigi eða að loknu stúdentsprófi. Vísir að slíku námi var þó fyrir hendi, t.d. í námi heilbrigðisstétta, í leiðsögunámi, námi í margmiðlun og sjávarútvegsnámi. Ég held að við verðum að taka einmitt þessar ábendingar nefndarinnar mjög til athugunar.

Nokkuð er um að íslenskir nemendur sæki framhaldsnám í verk- og tæknigreinum erlendis enda hefur í nágrannalöndunum þróast fjöldinn allur af námsbrautum í starfstengdum greinum fyrir þá sem lokið hafa starfsnámi í framhaldsskóla. Einnig er rétt að nefna í þessu sambandi meistaranám iðnaðarmanna sem stundað er að loknu sveinsprófi. Það nám er sannarlega í efri mörkum þess að teljast framhaldsskólanám.

Fyrir rétt rúmu ári undirritaði ég samkomulag við formann Kennarasambands Íslands um að vinna sameiginlega að betra skólakerfi með heildarendurskoðun á námi og breyttri námsskipan skólastiganna. Fjölmargir starfshópar og nefndir hafa unnið að því verkefni, m.a. er nú unnið samtímis að endurskoðun laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Starf þessara hópa og nefnda er nú á lokastigi en of snemmt er að segja til um niðurstöður þess, þar á meðal hvað varðar málefni svokallaðs fagháskólastigs. Ég tek þó heils hugar undir að mikilvægt er að bjóða erlendis upp á fjölbreyttari leiðir til náms á sviði verk- og tæknimennta að loknu hefðbundnu starfsnámi. Það er afar mikilvægt að við aukum þau tækifæri.

Ljóst er hins vegar, frú forseti, að nýsett rammalöggjöf um háskóla setur mjög skýrar kröfur um námsgráður á háskólastigi og hæfniskröfur til kennara á háskólastigi. Það eru mjög stífar kröfur hvað þetta atriði varðar. Sé vilji til þess að heimila framhaldsskólum að bjóða upp á háskólanám þá er óhjákvæmilegt að hafa þetta í huga og velta fyrir sér hvort viðbótarnám eftir lok framhaldsskóla eigi að flokka sem háskólanám og þá gildir nýja rammalöggjöfin með þessar miklu kröfur eða að það verði túlkað sem viðbótarnám eftir framhaldsskóla sem veitir síðan tiltekin réttindi. Slíkt nám kallar mögulega á sérstaka löggjöf eða breytingu á framhaldsskólalögum en líkt og ég gat um áðan er unnið að endurskoðun þeirra laga og það má velta því fyrir sér hvort sú nefnd eigi að líta sérstaklega til þessa atriðis sem tengist fagháskólastiginu, þ.e. hvort framhaldsskólanefndin eigi sérstaklega að fara yfir það.

Ég tel mikilvægt að ef skólar ætla að kalla sig háskóla þá verði gerðar til þeirra sömu kröfur og við gerum til háskóla almennt í samfélaginu því það skiptir miklu að við höldum okkur við þær alþjóðlegu skuldbindingar eða alþjóðlegu kröfur sem gerðar eru til háskólasamfélagsins og þess vegna er afar brýnt fyrir okkur að meta það hvernig það þjóni þeim tilgangi að efla starfsnám eftir að framhaldsskólanámi lýkur, hvernig við förum best að því að gera það með því að tengja það háskólanum eða veita framhaldsskólanum enn betri tækifæri til að sinna því.

[19:03]

**Fyrirspyrjandi (Sigurrós Þorgrímsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra greinargóð svör. Ég er mjög stolt af því hvað hún hefur staðið sig vel í sambandi við framhaldsskóla- og þá ekki síður háskólamenntun hér í landinu. Mér finnst það mjög virðingarvert. Þess vegna trúi ég því að átak verði gert í að efla verknámið og iðnnámið. Ég treysti því. Ég hef séð hvernig hæstv. menntamálaráðherra vinnur í sambandi við háskólanámið og framhaldsskólana og ég trúi því að iðnnámið verði eflt verulega.

[19:04]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er algjörlega nauðsynlegt að við höldum áfram að efla iðnnámið og starfsnámið á framhaldsskólastigi. Það er algjörlega nauðsynlegt fyrir okkur og þess vegna erum við að vinna áfram eftir þeim tillögum sem koma fram í starfsnámsskýrslunni. Þær eru í rauninni leiðarljós þeirra sem eru að vinna í öllum þeim hópum sem ég gat um áðan og byggjast á því samkomulagi sem við gerðum við Kennarasamband Íslands, svonefndum Tíu skrefum. Að mörgu er að hyggja hvað það varðar.

Hins vegar er líka ljóst, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á, og talsmenn atvinnulífsins hafa líka bent á, að þarfir atvinnulífsins eru þær að efla starfsmenntun til viðbótar þeirri starfsmenntun sem er veitt í framhaldsskólunum. Þegar fólk er búið að ljúka framhaldsskólanámi á starfsnámssviði eða á iðnmenntasviði, verknámssviði, á það að geta fengið aukin tækifæri til að efla þá verkkunnáttu. Við þurfum að huga að því hvaða leiðir eru færar en ég segi enn og aftur: Ef við ætlum að fara að tala um þetta á háskólastigi vara ég við því að gefa einhvern afslátt á þeirra kröfum. Ég tel það mikilvægt fyrir námið sem slíkt að við gerum ýtrustu kröfur, þær kröfur sem við erum með til staðar í gegnum háskólalöggjöfina varðandi allt háskólanám. Það er til hagsbóta. Miklir hagsmunir eru fólgnir í því fyrir íslenskt samfélag að vera stíf á þeim gæðakröfum sem þar koma fram um leið og við verðum að finna leiðir til þess að sinna þörfum atvinnulífsins. Atvinnulífið kallar á þennan hóp. Hann vantar í dag.

[19:05]

**Útbýting:**

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 498. mál, svar dómsmrh., þskj. 828.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 15. mál.

Fundi slitið kl. 19:06.

# 69. FUNDUR

mánudaginn 12. febr.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Siglingavernd, stjfrv., 238. mál, þskj. 829. — 3. umr.
2. Virðisaukaskattur, stjfrv., 558. mál, þskj. 833. — 1. umr.
3. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 561. mál, þskj. 836. — 1. umr.
4. Starfstengdir eftirlaunasjóðir, stjfrv., 568. mál, þskj. 844. — 1. umr.
5. Strandsiglingar, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
6. Stjórn fiskveiða, frv., 40. mál, þskj. 40. — 1. umr.
7. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
8. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.
9. Virðisaukaskattur, frv., 45. mál, þskj. 45. — 1. umr.
10. Skilgreining á háskólastigi, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
11. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.
12. Gjaldfrjáls leikskóli, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
13. Tekjuskattur, frv., 90. mál, þskj. 90. — 1. umr.
14. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 42. mál, þskj. 42. — Fyrri umr.
15. Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Fyrri umr.
16. Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, þáltill., 77. mál, þskj. 77. — Fyrri umr.
17. Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, þáltill., 78. mál, þskj. 78. — Fyrri umr.
18. Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, þáltill., 83. mál, þskj. 83. — Fyrri umr.
19. Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, þáltill., 84. mál, þskj. 84. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.

### *Mannabreytingar í nefndum.*

[15:01]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks Framsóknarflokksins, Hjálmari Árnasyni, um mannabreytingar í nefndum:

„Þingflokkur framsóknarmanna hefur ákveðið í samræmi við 16. gr. þingskapa að Jón Kristjánsson taki sæti Kristins H. Gunnarssonar í landbúnaðarnefnd, að Hjálmar Árnason taki sæti hans í sjávarútvegsnefnd og Guðjón Ólafur Jónsson í umhverfisnefnd. Enn fremur að Dagný Jónsdóttir taki sæti Kristins H. Gunnarssonar í Íslandsdeild Evrópuráðsins og Hjálmar Árnason taki sæti hans sem varamaður í Íslandsdeild ÖSE.“

### *Tilkynning um úrsögn úr þingflokki.*

[15:01]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 7. þm. Norðvesturkjördæmis, Kristni H. Gunnarssyni:

„Það tilkynnist hér með að ég hef í dag sagt mig úr þingflokki framsóknarmanna.

Virðingarfyllst,
Kristinn H. Gunnarsson,
7. þm. Norðvesturkjördæmis.“

### *Varamaður tekur þingsæti.*

[15:02]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur bréf um forföll þingmanns frá Arnbjörgu Sveinsdóttur, þingflokksformanni sjálfstæðismanna, dagsett í dag, 12. febrúar, sem hljóðar svo:

„Þar sem Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv. n., er veikur og getur ekki sótt þingfundi óska ég eftir því með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður, Katrín Fjeldsted, taki sæti hans á Alþingi á meðan.“

Katrín Fjeldsted hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[15:02]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Áður en gengið verður til dagskrár núna á eftir fer fram umræða utan dagskrár um niðurstöðu loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:03]

**Útbýting:**

Evrópuráðsþingið 2006, 551. mál, skýrsla ÍÞER, þskj. 822.

Húsnæðismál opinberra stofnana, 405. mál, svar fjmrh., þskj. 827.

Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, 574. mál, stjtill. samgrh., þskj. 852.

Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, 575. mál, stjtill. samgrh., þskj. 853.

Siglingavernd, 238. mál, þskj. 829.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, 570. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 846.

Vísitala neysluverðs, 576. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 854.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Málefni Byrgisins.

[15:04]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að varpa nokkrum spurningum til hæstv. forsætisráðherra um málefni Byrgisins. Þau hafa mjög verið til umræðu á síðustu vikum og það sem hefur einkennt þá umræðu er að allir handhafar framkvæmdarvaldsins hafa verið á hröðum flótta undan ábyrgð í málinu svo að séð hefur undir iljarnar í hvert skipti sem það ber á góma. Það ber enginn ábyrgð á málinu samkvæmt því sem þeir segja. Það hefur ekkert gerst í því nema vegna sterkra viðbragða fjölmiðla og vegna harðrar gagnrýni stjórnarandstöðunnar.

Hver ber ábyrgð á því að Byrgið virðist hafa verið eftirlitslaust, bæði hvað fjármál varðar og starfsemi? Hver ber ábyrgð á því að ríkisstjórnin virðist hafa hunsað tilmæli vinnuhóps þriggja ráðuneyta árið 2002 um að stöðvaðar yrðu fjárveitingar til Byrgisins þangað til búið væri að koma á ábyrgri fjármálastjórn og eftirliti? Hver ber ábyrgð á því að kerfið brást fullkomlega þegar virtur geðlæknir varaði skriflega við þeim alvarlegu brotum sem talið er að hafi átt sér stað innan Byrgisins og sum vörðuðu við hegningarlög?

Í gær var hæstv. forsætisráðherra spurður að þessu í Silfri Egils. Í þeim þætti hafði hæstv. forsætisráðherra uppi ummæli um fórnarlömbin sem eru þess eðlis að þau dæma sig sjálf og ég ætla ekki að gera þau að umræðuefni hér. Forsætisráðherra fór hins vegar í nákvæmlega sama far og aðrir ráðherrar. Hann skaut sér og ríkisstjórninni undan ábyrgð.

En hæstv. forsætisráðherra fann aðra sökudólga. Hann sagði að menn hefðu skapað pólitíska histeríu og á honum var ekki hægt að skilja annað en þar hefði verið fyrst og fremst um að ræða Stöð 2, fyrrverandi embættismann, og stjórnarandstöðuna. Það er í annað sinn, frú forseti, sem hæstv. ráðherra reynir að klína þessu máli á stjórnarandstöðuna. Er það sem sagt þannig að hæstv. forsætisráðherra telji að þeir sem ekki fengu neinar upplýsingar um hvað var að gerast beri ábyrgðina en ekki ríkisstjórnin sem var vöruð við af lækni og vinnuhópi þriggja ráðuneyta? Ég vil því fá hreint borð í þessu máli og ég spyr hæstv. forsætisráðherra í sölum þingsins: Hver ber ábyrgðina á öllum þeim mistökum og öllu því sem fór úrskeiðis í Byrginu? Er það hann og ríkisstjórn hans eða er það einhver annar?

[15:06]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Þetta hörmungarmál sem tengist Byrginu er vissulega margþætt. Hv. ræðumaður nefndi til virtan geðlækni sem hafði skrifað landlæknisembættinu bréf árið 2002. Ég veit ekki betur en embættið hafi beðið þann mann afsökunar á því að honum var ekki svarað. Ég kann ekki frekari svör hvað það atriði varðar.

Það sem er aðalatriðið núna er að leysa úr vanda þess fólks sem áður voru skjólstæðingar Byrgisins. Byrgið sem sjálfseignarstofnun og rekstraraðili að Efri-Brú er ekki til lengur. Ríkið mun væntanlega selja eignirnar þar. En það er fólk sem þar var skjólstæðingar sem þarf að hugsa um og hlúa að, ekki síst þær konur sem nefnt hefur verið að hafi orðið barnshafandi í kringum dvöl sína í Byrginu. Nú er reyndar ekki víst að það hafi endilega orðið meðan þær völdu í Byrginu, það eru komnar nýjar upplýsingar að hluta til fram um það, en það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að þær og aðrir skjólstæðingar fái aðstoð, aðhlynningu og umhyggju og það mun verða gert. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að geðsvið Landspítalans standi þessu fólki opið. Móttökudeildin á spítalanum stendur þeim opin og það mun verða myndað sérstakt teymi sérfræðinga til að annast þennan hóp. Þetta er aðalatriðið í augnablikinu.

Hvað varðar fortíðina þá veit ég að hv. þm. Össur Skarphéðinsson kannast við það að hér á Alþingi voru háværar raddir um að veita bæri meiri fjármuni til Byrgisins. Það þarf ekki annað en skoða umræður á Alþingi fyrir fjárlög 2003, 2004 og 2005 til að komast að raun um hvernig sú krafa var. Þá var fallist á að láta umtalsverða fjármuni til Byrgisins, eins og allir vita, á þeim grundvelli.

[15:08]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Hér er um mikið hörmungarmál að ræða og hefur verið mjög talað um skýrslu frá 2002 sem plagg í þessu máli. Ég vil fara með niðurstöðuna í skýrslunni sem sýnir hvað menn voru blekktir á sínum tíma af þessu máli. Hér segir, með leyfi forseta:

„Byrgið þjónar þörf í þjóðfélaginu og mikilvægt er að starfsemin sé færð til félags- eða heilbrigðisráðuneytis og þannig gert kleift með styrkjum og að uppfylltum skilyrðum um fjármálastjórn að sinna aðstoð við þá áfengis- og vímuefnaneytendur sem verst eru settir. Þróttur og þrautseigja hefur einkennt framgang starfsmanna Byrgisins og er slíkt bæði virðingarvert og aðdáunarvert.“

Þetta stendur í skýrslunni og það er gott að vera vitur eftir á. Hins vegar hafa menn axlað ábyrgð í málinu. Allir sem komu að því voru blekktir. Við vorum blekkt sem fórum með stjórn á þeim tíma og stjórnarandstaðan var einnig blekkt. Þeir sem töluðu fyrir málinu voru blekktir.

Málið er allt mikið hörmungarmál en nú er aðalatriðið, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði áðan, að taka á því. Félagsmálaráðherra hefur gert það. Hann skrifaði Ríkisendurskoðun um málið áður en þessi hörmungartilvik komu í dagsins ljós og greiðslur til Byrgisins voru stöðvaðar. Nú er aðalatriðið að hjálpa skjólstæðingum Byrgisins til þess að takast á við lífið. Það skiptir mestu máli.

Það sem stendur upp úr í þessu er að allir sem hlut eiga að máli voru blekktir og það skiptir mestu máli að takast á við þær afleiðingar.

[15:11]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Það sem er alvarlegast í þessu máli er að fólk sem á við þau vandamál og þá erfiðleika að stríða, sem við erum að fjalla um, og var vistað eða sett til meðferðar í Byrginu skuli ekki hafa fastari og öruggari meðferð og ábyrgð af samfélagsins hálfu. Að við, ríkisstjórnin, Alþingi, skulum velja þann kost að bjóða út eða kaupa aðra til að annast slíka þjónustu eftirlitslítið eins og raun ber vitni. Það er hið daprasta. Ég heyri ekki enn minnst á að breyta eigi því fyrirkomulagi, að við öxlum hina samfélagslegu ábyrgð á meðborgurum okkar í þessu tilviki undanbragðalaust, ekki bara á því fólki sem hefur dvalið í Byrginu heldur líka því fólki sem nú á í hliðstæðum vanda og mun eiga í hliðstæðum vanda. Við eigum að axla ábyrgð á slíkri starfsemi en ekki vera að bjóða hana út til einstaklinga, fyrirtækja eða einkaaðila. (**EOK:** ... tillögu um að láta enn þá meiri peninga ...) Það er alveg hárrétt hjá Einari Oddi Kristjánssyni, varaformanni fjárlaganefndar og þingmanni Sjálfstæðisflokksins.

En ég er hér með heila skýrslu (**Sjútvrh.:** Lestu ræðurnar þínar.) (**Gripið fram í:** ... sem þú ert búinn að segja um þetta mál ...) sem var leynd fjárlaganefnd. Það má vel vera að varaformaður fjárlaganefndar hafi fengið vitneskju um hana (Gripið fram í.) en það er ekki rétt, — frú forseti, viltu þagga niðri í honum — að fjárlaganefnd hafi vitað um þetta og það er hið daprasta að meira að segja forsætisráðherra reynir opinberlega að koma sökinni yfir á stjórnarandstöðuna, að hún hafi barist fyrir fjármagni til þessa verkefnis. Það er rétt, til málaflokksins, en við bárum ekki ábyrgð á þeim leyniskýrslum, skýrslum sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra tóku þá ákvörðun að birta ekki fjárlaganefnd, frú forseti, og það er alvara málsins.

[15:13]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti biður hv. þingmenn um að gefa ræðumönnum hljóð í umræðunum.

[15:13]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir að handhafar framkvæmdarvaldsins séu á stöðugum flótta undan málinu. Þetta er alveg ótrúleg ummæli ekki síst í ljósi þess að hæstv. félagsmálaráðherra sendi einmitt ríkisendurskoðanda erindi og bað um að hann færi yfir málefni Byrgisins áður en fjölmiðlaumfjöllun hófst.

Hv. þm. Jón Bjarnason veifar hér skýrslu. Ég veit ekki betur en hæstv. þáverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hafi svarað fyrirspurn á hinu háa Alþingi um þá skýrslu í nóvember árið 2002 og þá vissu allir af skýrslunni. Því furða ég mig á þessum málflutningi, virðulegi forseti.

En ég vil taka undir með hæstv. forsætisráðherra að nú liggur á að hugsa um og hlúa að fyrrum skjólstæðingum Byrgisins. Nákvæmlega sú hugsun var uppi á borðinu í félagsmálanefnd á fundi á föstudag. Hæstv. forsætisráðherra sagði áðan að mynda ætti sérstakt teymi til að hjálpa þeim einstaklingum og er það alveg í takt við bókun félagsmálanefndar frá þeim fundi, en að þeirri bókun stóðu allir fulltrúar eða nefndarmenn í félagsmálanefnd. Mig langar að vitna, með leyfi forseta, í þá bókun:

„Félagsmálanefnd Alþingis hefur farið yfir málefni Byrgisins og vill í framhaldi af þeirri umfjöllun skora á ríkisstjórnina að grípa þegar til eftirfarandi aðgerða: Landlæknisembætti verði strax falið að mynda starfshóp sem skipaður verði þremur fulltrúum starfsfólks á geðheilbrigðissviði. Starfshópnum verði falið að ræða við fyrrum skjólstæðinga Byrgisins og tryggja að þeim verði tafarlaust veitt sú aðstoð sem þurfa þykir innan heilbrigðis- og félagslega kerfisins. Sömuleiðis að þeir njóti allra þeirra réttinda sem lög um réttindi sjúklinga kveða á um. Mikilvægt er að starfshópurinn vinni hratt og hafi að leiðarljósi öryggi og velferð þeirra einstaklinga sem í hlut eiga."

Virðulegi forseti. Mikilvægt er að leiða hið sanna í ljós í málinu og huga að stöðu fyrrum skjólstæðinga Byrgisins. Það er enginn á flótta undan ábyrgð í málinu.

[15:15]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Aumingja vesalings ríkisstjórnin, hún var blekkt. Hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra var blekktur, ríkisstjórnin öll var blekkt og hæstv. forsætisráðherra var blekktur. Það er vörnin í þessu máli.

Frú forseti. Liggur það ekki alveg fyrir að stofnun sem starfaði undir fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra fékk bréf þar sem hún var vöruð við því að það væri verið að beita stúlkur allt niður í 15 ára gamlar ofbeldi á þessari stofnun? Hver ber hina formlegu ábyrgð á því að því bréfi virðist ekki hafa verið komið á framfæri til réttra aðila? Hver ber ábyrgð á því að skýrslu þriggja vinnuhópa sem skrifuðu tilmæli í minnisblaði sem barst inn á borð til hæstv. ríkisstjórnar var stungið undir stól? Hver ber ábyrgð á því að hv. fjárlaganefnd fékk ekki að sjá þær aðfinnslur sem menn höfðu sett fram um fjármálaóreiðuna í Byrginu?

Svo kemur hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra og segir: Við vorum blekkt.

Þeir voru ekki blekktir sem fengu bréfið frá geðlækninum. Þeir voru ekki blekktir sem fengu (Gripið fram í.) skýrsluna frá vinnuhópi þriggja ráðuneyta. Það þýðir ekkert fyrir hv. þingmenn Framsóknarflokksins að vera að gaspra hérna fram í. Það vita allir hverjir eru upphafsmenn þessa máls. Það var Framsóknarflokkurinn og það var hann sem fór með heilbrigðisráðuneytið, það var hann sem fór með félagsmálaráðuneytið og það er hann sem ber hina faglegu ábyrgð á þessu máli.

Það sem stendur líka upp úr er það að hæstv. forsætisráðherra kom hingað og hann hafði ekki í sér réttlætistaugina til þess að segja við fórnarlömbin að þær hefðu verið beittar ranglæti. Auðvitað er það fyrsta skrefið til þess að bæta úr að viðurkenna það og gera síðan allt sem hægt er til þess að bæta þeirra hlut. Menn verða að hunskast til þess að sjá hvað þeir hafa gert af sér og þeir eiga að biðjast afsökunar á svona.

[15:17]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Mikið hefur verið rætt um ábyrgð í

tengslum við svokölluð Byrgismál. Ég vil í fyrsta lagi segja að mér líkar afskaplega illa að menn séu að nota sér eymd fólks sér til framdráttar á hinu pólitíska sviði eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Mér finnst það lítilmannlegt af hv. þingmanni og honum til lítils sóma.

Hver ber ábyrgð? Hver ber svo ábyrgðina? Það er auðvitað fyrst og fremst fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins sem ber ábyrgð. Hann ber þá ábyrgð að hafa misfarið með fé, það eru a.m.k. sterkar grunsemdir um það, og sömuleiðis að hafa misfarið með fólk sem er miklu verra. Þetta er sami forstöðumaðurinn og hefur haft þingmenn stjórnarandstöðunnar hér í vasanum og teymt þá eins og hunda í bandi með svipuna á lofti til þess að láta þá reka erindi sín í þingsölum.

Hver er ábyrgð hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar sem gengið hafa erinda þessa manns í þingsölum? (**SJS:** Hvaða djöfulsins ...?) Hvernig ætla þeir að axla ábyrgð? (Gripið fram í.) Hvernig ætlar hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon að axla ábyrgð með öðrum hætti en að blóta hér í þingsölum sem hann er þekktur fyrir? (**SJS:** Hvernig ætlar Framsóknarflokkurinn að axla ábyrgð?) (Gripið fram í.) Hvað hafa hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar flutt margar ræður, flutt margar tillögur um auknar fjárveitingar til Byrgisins? (Gripið fram í.) Ég er hér með bunka af ræðum og bunka af tillögum frá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar þar sem þeir leggja til að enn meira fé verði dælt til Byrgisins. Væri nú ekki ráð fyrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að líta í eigin barm og spyrja sjálfa sig: Hvernig get ég axlað ábyrgð á þessum mistökum mínum hér á þinginu?

[15:20]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Tilefni þessarar umræðu er ummæli hæstv. forsætisráðherra í sjónvarpsviðtali í gær þar sem hann segir að myndast hafi ákveðin pólitísk hystería í tengslum við málefni Byrgisins. Er svo að skilja að hann vilji þar með skella skuldinni á stjórnarandstöðuna fyrir þá óreiðu sem var í Byrginu og hvernig ríkisvaldið brást gagnvart almenningi í þessari stofnun.

Ég hef aldrei farið dult með það að ég var í hópi þeirra sem hvöttu til fjárútláta til Byrgisins úr þessum ræðustól á sínum tíma. Ég sagði jafnframt að ég þekkti ekki rækilega til málefna þessarar stofnunar. Menn geta hins vegar kallað það histeríu að hafa þungar áhyggjur af málefnum heimilislauss fólks og vilja skjótar úrbætur í því efni. Það sem málið hins vegar snýst um í þessum þingsal hér og nú og í umfjöllun Alþingis er hvernig hafi verið farið með þær skýrslur og þau varnaðarorð sem bárust inn til stjórnsýslunnar og þar með ríkisstjórnarinnar þar sem fjárveitingavaldið var varað við því sem þarna var að gerast.

Mér finnst það svolítið ódýrt í þessu máli að ætla að skella skuld á stjórnarandstöðuna en ég hef margoft látið það koma fram í ræðu og riti um þetta málefni að undanförnu að ég var í hópi þeirra sem hafði trú á því að það væri verið að sinna málum á (Forseti hringir.) viðunandi hátt í þessari stofnun. Síðan hefur annað komið í ljós og það átti ríkisstjórnin að vita á sínum tíma (Forseti hringir.) af lestri þeirra plagga sem komu inn á hennar borð. Þar liggur ábyrgðin.

[15:22]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Þetta mál snýst í sjálfu sér um tvennt, annars vegar hvernig við grípum til aðgerða vegna þeirrar stöðu sem nú er uppi gagnvart því fólki sem á um sárt að binda eftir það sem upp hefur komið hjá Byrginu og það sem þar hefur gerst, og hins vegar hvernig stjórnvöld hafa haldið á þessu máli undanfarin ár. Þetta eru þau atriði sem þarf að takast á við og ég fagna því að félagsmálanefnd og fleiri hafa komist að þeirri niðurstöðu að hvetja til að gripið verði strax til bráðaaðgerða gagnvart þessu fólki. Það er ákaflega mikilvægt í þessari umræðu.

Hins vegar hafa menn horft til baka og spurt: Hvernig gat þetta allt saman átt sér stað án þess að stjórnvöld tækju eftir eða nokkurt eftirlit ætti sér stað? Heilbrigðisráðherra hefur skilað skýrslu til þingsins um að þarna fari fram afeitrun. Hér er um það að ræða að félagsmálaráðherra hefur haft eftirlit með fjármagni sem var veitt til þessa og í þriðja lagi er hér um það að ræða að undirstofnanir dómsmálaráðuneytisins fólu Byrginu að vista fanga. Hér er um það að ræða að Byrgið varð nokkurs konar dvalarheimili fyrir heimilislaust fólk, sjúkrahús að einhverju leyti og fangelsi að einhverju leyti þannig að hér er um stórmál að ræða og hvernig á því hefur verið haldið.

Spurningin er: Hvernig stóð á því að eftirlitið var í molum? Hver ber ábyrgð á því? Það er sú spurning sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson reisti hér eðlilega. Ég vil greina frá því og hef gert það áður reyndar að það kom fram í félagsmálanefnd að starfsmenn ráðuneytisins vildu upplýsa þingið um þessa stöðu en það var ekki pólitískur vilji til að upplýsa um það að fjárhagsstaða Byrgisins væri í molum. Þetta eru staðreyndir (Forseti hringir.) sem hafa komið fram í félagsmálanefnd og (Forseti hringir.) það er mikilvægt að þetta liggi fyrir þegar stjórnarandstaðan er sökuð um að hún beri ábyrgð (Forseti hringir.) á þessu tiltekna máli. Þetta er kjarni málsins, virðulegur forseti.

[15:25]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þegar maður er búinn að hlusta á þessar ræður hér er maður afskaplega feginn að hér eru ráðherrar í ríkisstjórn sem nálgast erfið mál eins og þessi af skynsemi og yfirvegun.

Það koma upp mál, hvort sem er á vettvangi þingsins eða sveitarstjórna, sem eru mjög erfið. Í þessu tilfelli eru mörg fórnarlömb sem urðu mjög illa úti. Þá hafa allir kjörnir fulltrúar val. Þeir geta ákveðið að reyna að gera sér pólitískt mat úr hlutunum eða þeir geta gert hitt, sem ég tel vera skynsamlegra allra hluta vegna, að nálgast svona viðkvæm mál með ákveðinni virðingu og bera virðingu fyrir þessu fólki og þessum fórnarlömbum.

Sem betur fer höfum við hér forustumenn og ráðherra sem hafa gert það. Það er vel. Ég vona að sú umræða sem hér fer fram í framhaldinu, hvort sem það er í þessari umræðu eða nánustu framtíð, í málum sem eru jafnviðkvæm og raun ber vitni taki fleiri sér þessa forustumenn þjóðarinnar til fyrirmyndar.

Frjáls félagasamtök hafa unnið stórkostlegt starf í meðferðarmálum. Við getum nefnt SÁÁ, Vímulausa æsku og ýmis önnur samtök. Við höfum treyst þeim vegna þess að þau eru traustsins verð. Hér er ákveðinn harmleikur á ferðinni og ég held, virðulegi forseti, að hv. þingmenn ættu að hafa það í huga þegar þeir ræða þessi mál í þessum sal.

***Um fundarstjórn.***

Frammíköll.

[15:27]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta til að kvarta undan því að þurfa að sæta því að hlusta á blótsyrðagusur af hálfu hv. þm. Steingríms Jóhanns Sigfússonar á meðan ég flyt ræður hér á þinginu. Ég kvarta ekki yfir því að menn kalli hér fram í í ræðum mínum en ég er alinn upp í kristnum sið og kann því illa að menn blóti hér sýknt og heilagt.

Þetta er í annað skipti, hæstv. forseti, sem ég verð vitni að því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon stendur hér og æpir blótsyrði yfir þingsalinn. Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forseta að hann taki á þessu máli, annaðhvort úr ræðustóli eða með hv. þingmanni í einrúmi.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill nú segja það að almennt ber hv. þingmönnum að gæta að orðbragði hér í þingsalnum.)

[15:28]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég geri athugasemd við þá fundarstjórn hæstv. forseta að við úr þingflokki frjálslyndra fengum ekki að taka til máls í umræðunni áðan. Ég geri mér grein fyrir því að tíminn er takmarkaður en það hefði sjálfsagt verið hægt að hagræða því svo að einn af þingmönnum Frjálslynda flokksins hefði fengið að taka til máls og ég geri athugasemd við þessa fundarstjórn forseta.

[15:29]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Um þetta vill forseti segja að sú regla gildir í þessari umræðu að þingmenn eru teknir á mælendaskrá í þeirri röð sem þeir biðja um orðið, og því miður er það svo að ekki komast allir þingmenn að í þessari umræðu þar sem samkvæmt þingsköpum er aðeins gert ráð fyrir 20 mínútum. Þetta hyggur forseti að hv. þingmönnum sé fullkunnugt um.

[15:29]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir að mér sé heimilt að tjá mig hér undir liðnum um fundarstjórn forseta með svipuðum hætti og ræðumenn á undan mér hafa gert þó að í því máli sem ég þarf að taka hér upp sé ekki beint við forseta að sakast. En ég hlýt eitthvað að mega verja hendur mínar úr því að forseti hefur það umburðarlyndi gagnvart öðrum ræðumönnum að leyfa þeim að ráðast á mig sérstaklega persónulega undir því yfirskini að þeir séu að ræða fundarstjórn forseta, eins og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson gerði áðan.

Það er má segja einkenni á þeim sem hafa vondan málstað að verja og sérstaklega ef þá skortir kjark til viðbótar til að gangast við því sem á dagskrá er að þeir reyna að forðast að ræða efni málsins. (Gripið fram í.) Við urðum hér mjög vör við það að talsmenn stjórnarliðsins lögðu ekki í umræður um stjórnskipulega og lagalega ábyrgð ráðherra á málefnum sem undir þá heyra heldur fóru út í þann fáfengilega málflutning að reyna að kenna stjórnarandstöðunni um. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður á að ræða um fundarstjórn forseta.)

Já, já, ég er að því með sama hætti og aðrir hafa gert hér á undan mér.

Málflutningurinn dæmir sig sjálfur og það er ekkert við því að gera nema að vísa honum til föðurhúsanna, málflutningi af því tagi sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hafði hér í frammi.

Það kann vel að vera, virðulegur forseti, að það hendi mig stundum að tuldra blótsyrði, ég viðurkenni þann ósið upp á mig. Ég tel hann ekki stórvægilegan. Á mínum heimaslóðum, svona í bænda- og sjómannasamfélagi, gerist það vissulega að þegar fýkur í menn missa þeir út úr sér blótsyrði. Ég veit að það er auðvitað leiður siður en ég tel hann nú ekki stóralvarlegan. Ég tel ekki að það eigi að valda mönnum mikilli hugarangist, jafnvel þó að þeir séu aldir upp í kristilegu siðgæði og sýni það iðulega í ræðustóli eins og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson (**Gripið fram í:** Þú þekkir það nú.) sem ber hér mannkærleikann á borð umfram alla aðra menn eins og kunnugt er.

Virðulegi forseti. Mér finnst bara yfir höfuð ákaflega dapurlegt að umræður um þessi sorglegu en um leið mjög alvarlegu mál sem hér hefur borið á góma skuli þurfa að lenda í hremmingum málflutnings af þessu tagi. Annars vegar eiga í hlut djúpstæðir mannlegir harmleikir en hins vegar auðvitað grafalvarlegir pólitískir atburðir sem lúta að ábyrgð ráðherra og vanrækslu ráðherra í starfi. Það er nefnilega þannig, virðulegur forseti, að samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð (Forseti hringir.) eru aðgerðaleysi, vanræksla og skortur (Forseti hringir.) á frumkvæði jafnalvarleg afbrot og bein brot.

Ég hlýt, frú forseti, að mega tjá mig eitthvað um þetta málefnalega eins og aðrir hafa leyft sér á undan mér. Ég hlýt að mega verja hendur mínar. Ég get beðið um orðið til að bera af mér sakir ef forseta finnst það betra.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður hafði tækifæri til að ræða þetta mál undir liðnum um störf þingsins.)

Ég komst ekki að og það var á mig ráðist á eftir umræðunni í umræðu undir liðnum um fundarstjórn forseta.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður er kominn út í efnislega umræðu um málið. Honum ber að halda sig við að ræða um fundarstjórn forseta.)

Eru árásir á stjórnarandstöðuna ekki efnisleg umræða, frú forseti, af því tagi sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson fór hér með áðan? (**Gripið fram í:** Er hann að kvarta yfir því?) Ég er ófeiminn við (Forseti hringir.) rökræður, hv. þingmaður.

***Umræður utan dagskrár.***

Niðurstöður loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna.

[15:33]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Nú fer fram áður boðuð utandagskrárumræða um niðurstöður loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. umhverfisráðherra Jónína Bjartmarz verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:33]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Í niðurstöðum 4. matsskýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar er kveðið mun fastar að orði en áður hefur verið gert um að það séu athafnir mannsins, þ.e. útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna mannlegra athafna, sem séu valdar að þeirri hlýnun veðráttu og loftslagsbreytingum sem við stöndum frammi fyrir. Í síðustu skýrslu, skýrslu nr. 4, segir að það sé mjög líklegt að þessar breytingar, sú mikla hlýnun sem nú er mæld og staðreynd, sé af völdum útstreymis gróðurhúsalofttegunda vegna mannlegra athafna og að einungis sé hægt að skýra breytingarnar með vísan til þeirra. Það þýðir með öðrum orðum á máli tölfræðinnar að það séu yfir 90% líkur á að ekkert annað geti skýrt þessar breytingar en losun gróðurhúsalofttegunda af völdum mannlegra athafna.

Mat á hlýnun fer hækkandi með hverri skýrslu. Í skýrslu nr. 2 á árinu 1995 var þannig talið líklegt að hlýnunin á þessari öld, þ.e. 21. öldinni, yrði á bilinu 1–3,5 gráður. Í þriðju skýrslunni sem kom árið 2001 var búið að rýmka þessi mörk og líklegast var talið að þetta lægi á bilinu 1,4–5,8 gráður. Nú í 4. skýrslu loftslagsmilliríkjanefndarinnar er talið að þetta hitabil sé á bilinu 1,1 og upp í 6,4 gráður. Af þessu sést hversu gríðarlega alvarlegir hlutir eru á ferð. Síðan nægir að vísa til þeirra vísbendinga sem hrannast upp um hraðari bráðnun jökla en áður hefur verið ljós um hækkun á sjávarborði og mikla röskun á vistkerfum o.s.frv. Staða alþjóðlegrar viðleitni til að koma böndum á þessa hluti er sú að í hönd fer fyrsta tímabil Kyotobókunarinnar, árin 2008–2012, og viðræður um framlengingu þeirra skuldbindinga sem þar eru og ætlunin er, og vel að merkja ríkin hafa heitið því að ganga til viðræðna um slíkar framtíðarskuldbindingar, að grípa til frekari ráðstafana í framhaldinu. Ísland fékk eins og allir vita óvenjuvægilega meðhöndlun í Kyoto-bókuninni, heimild til almennrar losunar um 10% umfram það sem var 1990, og síðan kom til sögunnar hið fræga íslenska sérákvæði eða undanþága upp á 1,6 millj. tonna koltvísýringslosunar á ári á þessu sama tímabili eða 8 millj. tonna koltvísýrings alls.

Það virðist samt engu að síður ekki nóg og áform ríkisstjórnarinnar um að leyfa uppbyggingu stóriðju sem fer út fyrir þessi mörk og sprengir þau blasa við. Ég vil því spyrja hæstv. umhverfisráðherra í þessu samhengi í fyrsta lagi: Hvernig metur ráðherra niðurstöður skýrslunnar og hvaða áhrif er hún líkleg til að hafa að mati ráðherrans á þróun mála á alþjóðavettvangi, ekki síst á kröfur um róttækari aðgerðir til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda? Ég vísa t.d. til þróunar mála innan Evrópusambandsins þar sem menn ræða nú um 30% niðurskurð losunar fyrir 2020.

En það er einnig óhjákvæmilegt að spyrja um áform ríkisstjórnarinnar hér heima. Spyrja ríkisstjórn Íslands að því, þá sem enn situr, hvort það sé alveg sama hversu alvarlegar niðurstöður hrannast upp um afleiðingar gróðurhúsamengunarinnar, loftmengunarinnar, að ekkert fái haggað áformum ríkisstjórnarinnar um gríðarlega viðbótaruppbyggingu mengandi stóriðju hér á landi. Því spyr ég í öðru lagi: Hyggst ríkisstjórnin endurmeta áform um frekari uppbyggingu mengandi stóriðju á Íslandi í ljósi niðurstöðu skýrslunnar? Og það er ærin ástæða að spurt sé því að við þekkjum þau áform sem fyrir liggja um þrjú ef ekki fjögur viðbótarálversverkefni á komandi árum, stækkun eða nýbyggingar.

Í þriðja lagi spyr ég: Hvaða áhrif sér ráðherrann fyrir sér að niðurstaða skýrslunnar muni hafa á afstöðu íslenskra stjórnvalda í viðræðum um framhald Kyoto-ferlisins eftir 2012? Ég spyr m.a. í ljósi þess að á heimasíðu umhverfisráðuneytisins kemur skýrt fram að þar á bæ gera menn ráð fyrir að losunin fari út fyrir tilskilin mörk en það eigi þá að vísu að vera á ábyrgð stórfyrirtækjanna. Þannig stendur á heimasíðu ráðuneytisins um frumvarp það sem ráðherra kynnti í ríkisstjórn að það komi ekki í veg fyrir að losun stóriðju á Íslandi verði umfram heimildirnar. Sama sagði hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra og núverandi utanríkisráðherra í útvarpsviðtali 24. janúar sl. og gaf sterklega í skyn að sótt yrði um viðbótarundanþágur umfram þau 1,6 millj. tonn á ári sem núgildandi ákvæði felur í sér.

[15:39]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég tel að niðurstöður 4. skýrslu vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna marki ákveðin tímamót í loftslagsumræðunni á þann hátt að aldrei hafa vísindamenn talað jafnafdráttarlaust um að loftslagsbreytingar eigi sér stað og að athafnir mannsins séu þar helsta orsökin. Niðurstöður þessarar skýrslu setja aukinn þrýsting á ríki heims að herða aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Hlýnun andrúmsloftsins er hnattrænt vandamál og það kallar á sameiginlegt átak ríkja heims.

Hvað Ísland varðar erum við virk í alþjóðlegri baráttu gegn loftslagsbreytingum. Við erum aðilar að Kyotobókuninni og við munum standa við skuldbindingar okkar þar. Í gildi er stefnumörkun innan lands frá 2002 um aðgerðir og við höfum unnið eftir henni og framkvæmt öll helstu ákvæði þeirrar stefnumörkunar. Þar hefur margt gott verið gert en við getum gert betur og við eigum að gera betur.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um stóriðju á Íslandi í sambandi við loftslagsmálin og hv. þingmaður, málshefjandi þessarar umræðu, spyr hvort endurmeta eigi áform um stóriðju í ljósi niðurstöðu skýrslunnar. Stóriðja á Íslandi er umdeilt mál, ekki síst vegna náttúruverndar, og gæta þarf að áhrifum hennar bæði á náttúru og samfélag. Hins vegar er ekkert í skýrslunni sem kallar sérstaklega á breytingar hvað það varðar eins og ég mun koma að.

Við höfum sérstakar heimildir í Kyoto-bókuninni fyrir

stóriðju á grundvelli þess að hún nýtir endurnýjanlegar orkulindir og dregur þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda hnattrænt. Spár benda til þess að við verðum innan þeirra marka sem Íslandi eru sett en ég hef engu að síður kynnt í ríkisstjórn og geri ráð fyrir að mæla fyrir á Alþingi á næstu dögum frumvarpi sem miðar að því að tryggja að losun frá hugsanlegum nýjum stóriðjuverkefnum verði ekki til þess að Ísland fari fram yfir heimildir sínar.

Í spurningu hv. þingmanns felst að stóriðja á Íslandi sé hluti af loftslagsvanda heimsins. Hér þurfa menn að hugsa skýrt og forðast að blanda saman ólíkum hlutum. Stóriðja hefur áhrif á náttúru landsins, bæði iðjuver og virkjanir, og henni fylgir mengun af völdum svifryks og annarra efna. Þegar hins vegar kemur að loftslagsmálum er það svo að losun gróðurhúsalofttegunda frá álframleiðslu er nær hvergi minni en hér á landi. Þetta er hv. málshefjanda, frú forseti, jafnkunnugt um og mér. Losun á framleitt tonn af áli er hvergi lægra vegna þess að notaðir eru endurnýjanlegir orkugjafar við raforkuna og vegna þess að við setjum mjög strangar kröfur á losun gróðurhúsalofttegunda frá iðnferlum. Þetta er einföld staðreynd. Það er viðurkennt af öðrum þjóðum að nýting endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi er jákvæð út frá loftslagsmálum, hinum hnattræna vanda, og það er þess vegna sem við fengum sérstakar heimildir í Kyoto-bókuninni varðandi losun frá stóriðju sem nýtir endurnýjanlegar orkulindir. Hitt er svo annað mál hvað við viljum ganga langt til að nýta okkur vatnsafl og jarðvarma á kostnað náttúruverndar.

Á Alþingi verður á næstu dögum rætt frumvarp sem fjallar um vernd og nýtingu orkuauðlinda Íslands og er byggt á vinnu nefndar sem í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka. Þar er farvegur sáttar á milli sjónarmiða, nýtingar og verndunar. Það er heldur ekki sjálfsagt að sú orka sem við ætlum að nýta á annað borð fari öll til álframleiðslu, við hljótum að vilja nota hana til fjölbreyttari nota, m.a. við framleiðslu rafmagns eða vetnis á bíla og skipaflota landsmanna í framtíðinni. Ef eingöngu væri litið til hins hnattræna loftslagsvanda er það hins vegar svo að nýting okkar endurnýjanlegu orkulinda, hvort heldur hún er til áliðnaðar eða annars, er ekki hluti af vandanum heldur hluti af lausninni. Þetta er staðreynd hvort sem menn eru með eða á móti stóriðju og virkjunum af öðrum ástæðum.

Niðurstaða skýrslunnar hefur þau áhrif á afstöðu íslenskra stjórnvalda í alþjóðlegum samningaviðræðum að hún styrkir okkur í þeirri trú að hnattrænt átak í minnkun losunar sé eitt brýnasta hagsmunamál mannkyns. Ég legg mikla áherslu á hnattræna lausn því að án hennar verkefnið afar torsótt. Að henni þurfa Bandaríkin að koma og að henni þurfa stóru þróunarríkin eins og Kína og Indland einnig að koma, þar sem losunin er mest í heiminum, þótt iðnvæddu ríkin eigi áfram að vera í fararbroddi. Það er nefnilega svo, frú forseti, að ef eingöngu eru settar strangar kröfur á lítinn hóp ríkja er hætt við að starfsemin flytji sig einfaldlega burt þaðan til staða þar sem engar kröfur eru gerðar og þá er hinn hnattræni vandi sá sami eða jafnvel meiri.

[15:44]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegi forseti. Ég hjó ekki eftir því í ræðu hæstv. umhverfisráðherra að hún svaraði þeim spurningum sem beint var til ráðherrans, m.a. um þau markmið sem íslensk stjórnvöld settu sér á alþjóðavettvangi um niðurskurð gróðurhúsalofttegunda. Eins og komið hefur fram í þinginu í umræðum mínum við forsætisráðherra nýverið og svo aftur í dag hafa bæði Evrópusambandslöndin og Norðurlöndin sett sér það mark að skera þetta niður um 30% til 2020 og Blair, forsætisráðherra Bretlands, hefur lýst því yfir að Bretar hyggist skera þetta niður um 60% til ársins 2050. Ríkisstjórn Íslands hefur enga stefnu í þessum málum.

Ásetningsbrot þessarar ríkisstjórnar eru ekki verst. Ég gef mér að henni gangi oftast nokkuð gott til þó að henni séu mjög mislagðar hendur, bæði í stefnumótun og framkvæmd. Það eru vanrækslusyndirnar, virðulegi forseti, það er kæruleysið og sofandaháttur inn sem fylgir langri valdasetu sem er verst og það kemur m.a. fram í virkjana-, stóriðju- og loftslagsmálunum. Það er skortur á stefnu á ýmsum sviðum, það er slæleg eftirfylgni og lítið eftirlit. Við höfum heyrt í umræðunni talað um Byrgismálið, það hefur verið talað um þjóðlendumálin. Öll þessi mál einkennast af þessu, af kæruleysi og sofandahætti, ýmist í stefnumótun, eftirfylgni eða eftirliti.

Virðulegur forseti. Þegar talað var fyrir Kyoto-bókuninni á þingi var boðuð lagasetning um framkvæmd hennar. Núna fimm árum síðar er verið að boða lög um takmörkun gróðurhúsalofttegunda vegna stóriðju, fimm árum eftir að kynnt var af umhverfisráðherra í þinginu að setja þyrfti þau lög. Hvað dvelur orminn langa? Af hverju þurfti fimm ára meðgöngutíma til að gera þetta? Það er, virðulegur forseti, að verða um seinan vegna þess að hér hefur verið mikið kapphlaup, það hefur verið fyrstur kemur, fyrstur fær, og kvótinn samkvæmt Kyoto-bókuninni er uppurinn og gott það.

[15:46]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Frú forseti. Umræða og viðbrögð við loftslagsbreytingum af mannavöldum hafa lengi verið í brennidepli í alþjóðlegri umræðu. Í nýrri loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna er hnykkt enn frekar á fyrri niðurstöðum um hraða þeirra breytinga. Engin þjóð getur skorast undan ábyrgð, brýnasta úrlausnarefnið nú er að ná Bandaríkjunum og Ástralíu, sem ekki eru aðilar að Kyoto, að samningaborðinu ásamt stóru þróunarlöndunum, Kína og Indlandi.

Þegar staða Íslands er borin saman við aðrar þjóðir er ljóst að við erum öfundsverð og við verðum ekki í neinum vandræðum með að standa við okkar skuldbindingar. Flestar aðrar þjóðir eiga í miklum erfiðleikum með að standa við sitt svo sem margar Evrópusambandsþjóðir og þar með talið Norðurlandaþjóðirnar Finnar og Danir, af því að það var nefnt áðan af hv. síðasta ræðumanni.

Eitt af lykilhugtökum í umræðunni um loftslagsmál er endurnýjanleg orka. Það er nú bara einu sinni svo að Íslendingar eru heimsmeistarar í nýtingu endurnýjanlegrar orku, bæði jarðvarma og vatnsafls. Engin önnur þjóð kemst með tærnar þar sem við höfum hælana í þeim efnum. Það

skiptir auðvitað öllu máli fyrir okkur Íslendinga að nýta náttúruauðlindir okkar skynsamlega, taka ákvarðanir á okkar forsendum í samræmi við hugsjónir sjálfbærrar þróunar um verndun umhverfisins, efnahagsvöxt og félagslega þróun og skoða málin heildstætt, hvar á að friða og hvar á að virkja. Við þurfum að byggja allar okkar ákvarðanir á bestu fáanlegu þekkingu og upplýstri umræðu. Brýnt er að ljúka vinnu við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, stórefla rannsóknir á náttúru landsins og móta langtímastefnu í þessum efnum. Okkur liggur ekkert á, orkuverð kemur bara til með að hækka. Það eru mörg tækifæri fyrir okkur Íslendinga og við eigum áfram að halda (Forseti hringir.) þannig á spöðunum að við verðum forustuþjóð í umhverfismálum.

[15:48]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nú ekki lengur neinn vafi á því að jörðin er að hitna þó nokkuð og það er heldur ekki mikill vafi á því að það er að verulegum hluta til a.m.k. af mannavöldum.

Ég veit ekki hvort þingmenn sáu kvikmynd Als Gores, fyrrverandi forsetaframbjóðanda Bandaríkjanna, myndina „Óþægilegur sannleikur". Það var nokkuð merkileg lífsreynsla að sjá þá mynd og ég hvet þá þingmenn sem ekki hafa séð hana að verða sér úti um hana og skoða hana. Hún ætti að vekja alla til umhugsunar um þessi mál. Það eru mjög sterkar vísbendingar um að sökudólgurinn í þessu öllu saman sé einmitt mannskepnan.

Þetta leiðir svo aftur hugann að því hver hlutur okkar Íslendinga eigi að vera í þessu öllu saman. Það er alveg rétt að við Íslendingar búum að vissu leyti við mjög góð skilyrði hvað varðar orku og orkuöflun, við höfum verið mjög dugleg að nýta þá orku sem við höfum á Íslandi, þau gríðarlegu auðæfi sem við höfum í formi vatnsafls og jarðhita, ekki vegna þess að við höfum verið svo umhverfisvæn eða umhverfislega sinnuð heldur kannski vegna þess að við höfum séð efnahagslegan ávinning í því að nýta okkar eigin auðlindir okkur til hagsbóta og kannski ekki nema gott eitt um það að segja svo framarlega sem hófs er gætt.

Á hinn veginn höfum við kannski ekki verið til mjög mikillar fyrirmyndar til að mynda hvað varðar brennslu á kolvetnasamböndum, þ.e. á eldsneyti. Fiskiskipaflotinn okkar er til að mynda keyrður áfram að mjög stórum hluta af stórum skipum með mjög stórar vélar og við stundum veiðiaðferðir þar sem mikilli olíu er brennt og mengunin af þeim sökum hlýtur að vera umtalsverð. Þarna gætum við að sjálfsögðu tekið okkur tak, við gætum líka endurskoðað fleiri hluti, t.d. bílaflota landsmanna og þannig mætti áfram telja. En það er rétt sem komið hefur fram, það skortir mjög á framtíðarsýn (Forseti hringir.) ríkisstjórnarinnar í þessum málum og stefnumótun.

[15:51]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Niðurstöður 4. skýrslu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eru mjög alvarlegar. Nú er óumdeilanlegt að þær breytingar sem eru að verða á gufuhvolfinu og í sjónum, þ.e. hitun sjávarins, eru af mannavöldum. Það þýðir ekki að bíða og sjá til, við þurfum að bregðast við nú þegar og við eigum að taka undir með öðrum þjóðum, setja fram markvissa áætlun um að draga þegar úr gróðurhúsaútblæstri hér á landi og setja okkur þau markmið, 20%, 30% innan fárra ára. Þetta hafa ábyrgar þjóðir gert. Því miður virðist sem ríkisstjórn Íslands telji nægjanlegt að halda okkur innan við íslenska ákvæðið þó að það sé ljóst að með allri þeirri stóriðju sem á að fara í og hleypa af stokkunum á næstu árum þá munum við sprengja þann kvóta sem við fengum sérstaklega til þess að geta verið með stóriðju á Íslandi. Þetta er alvarlegt mál og við þurfum að horfa á þetta í samhengi og það þýðir ekki að flagga þeirri fögru og góðu ímynd eins og ríkisstjórnin gerir, ég segi undir fölsku flaggi, að hér sé hreint loft, að við séum með stóriðju sem mengar lítið vegna þess að við erum með vistvæna orku, því að við erum með sameiginlegan gufuhjúp, lofthjúp. Við berum sameiginlega ábyrgð og þau fyrirtæki sem hafa verið hér í áliðnaði og ætla sér að byggja upp á Íslandi eru ekki öllsömul með verksmiðjur þar sem raforkuframleiðslan er með kolum. Það eru líka fyrirtæki sem eru með raforkuframleiðslu úr vatnsorku eins og við (Forseti hringir.) og eru bara að færa sig til vegna útsölumarkaðar íslenska ríkisins á raforku til þessarar mengandi stóriðju.

[15:53]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það er rétt að vekja athygli á þeim meginniðurstöðum sem fram koma í loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna. Í fyrsta lagi er talið líklegast að hitastig muni hækka um 1,8–4 gráður til loka aldarinnar og að sjávarborð hækki um 28–43 sentímetra.

Það sem skiptir okkur Íslendinga mestu máli varðandi loftslagsbreytingar eru hugsanlegar breytingar á hafstraumum. Niðurstaða sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna er sú að það sé líklegt að það dragi úr styrk golfstraumsins en það er hins vegar sem betur fer ólíklegt að hann stöðvist. Það má því draga þá ályktun af skýrslunni að það sé líklegast að það hlýni nokkuð á Íslandi á þessari öld vegna loftslagsbreytinga.

Við Íslendingar höfum nokkra sérstöðu eins og fram hefur komið, m.a. eru 99% af allri rafmagnsframleiðslu á Íslandi til komin vegna vatnsorku og jarðvarma. Það eru enn fremur um 70% af heildarorkuframleiðslu okkar Íslendinga.

Ég vil geta þess að samkvæmt Kyoto-bókuninni var okkur heimilt að losa 10% meira á fyrsta losunartímabilinu 2008–2012 en var árið 1990. Því til viðbótar höfum við samkvæmt 14. samþykkt 7. aðildarríkjaþings rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar heimild til þess að losa allt að 1,6 milljón tonna, sem er um 60% aukning frá 1990 til viðbótar við þau 10% sem við fengum með Kyoto-bókuninni. Ég vek hins vegar athygli á því að þetta gildir eingöngu fyrir fyrsta losunartímabilið, þess vegna þurfa menn að fara að huga að því hvað gerist að því loknu.

[15:55]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Stjórnmálamenn um víða veröld vita

nú að afleiðingar loftslagsbreytinganna eru geigvænlegar. Allir óháðir vísindamenn telja að breytingarnar séu af mannavöldum. Hér heima höfum við vitað að hlýnunin er tvisvar til þrisvar sinnum meiri á norðurslóð en annars staðar í heiminum frá því að skýrsla Norðurskautsráðsins var kynnt árið 2004.

Loftslagsbreytingarnar verða ekki stöðvaðar en það er hægt að hægja á þeim. Tíminn til athafna er núna strax en ekki eftir 20–30 ár því að þá verða vandamálin stærri og kostnaður við þau meiri, segir umhverfisverðlaunahafi Norðurlandaráðs, Bogi Hansen.

Staðreyndirnar blasa við. Meðalhiti á Norðurlöndum *mun hækka um 2–3 gráður.* Ís og snjór bráðnar og nú er norðurskautsísinn tveim milljónum ferkílómetra minni en fyrir 30 árum. Sjávarborð mun að óbreyttu hækka um 20–70 sentímetra. Þetta er ófögur framtíðarsýn, hún varðar fólk og hún er mannanna verk.

Stefna ríkisstjórnarinnar í virkjunar-, stóriðju- og loftslagsmálum er að hafa ekki stefnu, vísa frá sér ábyrgð. Samfylkingin hefur kynnt nýja atvinnulífið, stefnu sem fellur að stefnumörkun flokksins um Fagra Ísland þar sem mat á náttúrunni er lagt til grundvallar öllum ákvörðunum um nýtingu.

Umhverfisráðherrann sagði ekki orð um hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda í svari sínu áðan. Stóru spurningunni hvort Ísland ætlar að skipa sér í framvarðarsveit þegar kemur að vinnu við nýja alþjóðasamninga *eftir að Kyoto-bókuninni sleppir árið 2012 er enn ósvarað.*

[15:58]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir þessa umræðu, ég hafði beðið um hana sjálfur en hann var aðeins sneggri til. Það er alveg rétt sem hefur komið fram að hér er um alvarleg tíðindi að ræða en það er mjög mikilvægt að við höldum til haga réttum upplýsingum og mér fannst eins og hv. þingmaður hafi kannski gleymt því að fara yfir þá sérstöðu sem við Íslendingar höfum, en eins og fram hefur komið eru 72% af orkugjöfum okkar endurnýjanlegir. Sambærilegt hlutfall í heiminum er 10–15%.

Hvað þýðir þetta ef menn ætla að ná einhverjum árangri í heiminum í að minnka útstreymi $CO_2$? Þá verða menn að *fara sambærilegar leiðir við þær sem Íslendingar hafa farið.* Enda trúi ég ekki öðru en bæði hv. þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hafi vitað þetta þar sem þeir hafa nú beitt sér fyrir stóriðju og t.d. að fyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur færi út í stóriðju sem hún hafði ekki gert fram til þessa. Þetta er ágætlega rakið í Stern-skýrslunni þar sem Ísland er sérstaklega tekið sem dæmi um vonarglætu, þ.e. ef menn haldi áfram uppbyggingu á orkufrekum iðnaði þá sé það gert með þeim hætti sem við höfum gert hér.

Bara svo að menn setji þetta í eitthvert samhengi, vegna þess að þetta var ekki sjálfgefið, en ef við hefðum ekki vistvæna orkugjafa eins og hitaveitu og rafveitu þá væru hér ekki í útstreymi 3 milljónir tonna af $CO_2$, heldur 18 milljónir tonna, þ.e. ef við notuðum kol. Þetta auðvitað skiptir máli.

Það skiptir hins vegar máli í þessu tilliti á þessum stutta tíma að við ræðum hvað við ætlum að gera til að minnka útstreymi okkar enn frekar og setja markið hærra. Það er ánægjulegt til þess að vita að t.d. hafa vörugjöld á vistvænum bifreiðum verið lækkuð og ég veit til þess að fjármálaráðherra er að undirbúa vinnu til þess að umhverfisflokka bifreiðir til þess að festa það enn frekar í sessi. Við þurfum auðvitað að auka tækninýjungar og sömuleiðis bindingu á $CO_2$ og þetta er eitthvað sem menn eru að vinna að, (Forseti hringir.) ekki bara á vegum hins opinbera heldur vonandi líka (Forseti hringir.) hjá fyrirtækjum því að hér þurfa allir að leggjast á árarnar.

[16:00]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Flestir vísindamenn eru nú orðnir sammála um að sú mengun sem á sér stað sé af mannavöldum og fáir treysta sér heldur í dag til þess að mótmæla því að það sé staðreynd enda ekki ástæða til, fyrir því hafa verið færð mörg rök. Hlýnunin er talin vera meiri á norður- og heimskautasvæðunum en t.d. við miðbaug og er það auðvitað eitthvað sem við Íslendingar þurfum að huga að. Grænlandsjökull er einnig talinn rýrna hraðar en áður var talið.

Það ánægjulega kannski í þessari upptalningu er að ekki eru taldar líkur á meiri háttar röskun á straumakerfi heimshafanna á þessari öld. Það er vísu svolítið nýtt því að sumir hafa haldið því fram einmitt að innan tiltölulega fárra ára eða áratuga gæti orðið veruleg breyting á straumakerfi hafanna. Ef þetta er marktæk niðurstaða er það vísbending fyrir okkur um að við þurfum ef til vill ekki að hafa eins miklar áhyggjur af straumakerfinu og ella væri.

Ég vil hins vegar benda á það, hæstv. forseti, að Íslendingar geta lagt margt af mörkum í þessu efni varðandi mengun lofthjúpsins. Við höfum sérþekkingu á jarðhitanýtingu, við búum þar yfir mikilli tækni. Við erum búin að stunda þá atvinnugrein að nýta orku jarðar í mörg ár og áratugi. Við getum flutt þessa orkuþekkingu út í auknum mæli og kynnt hana öðrum þjóðum og stuðlað að því að aðrar þjóðir geti nýtt slíka orku hjá sér. Það mun eitt og sér þýða að það dregur úr brennslu jarðefnaeldsneytis sem mun draga úr mengun lofthjúpsins. Ég tel að þarna sé verk fyrir okkur að vinna og stjórnvöld ættu að setja fram tillögur um hvernig þau geti ýtt undir slíka þróun og útflutning á reynslu okkar frá Íslandi.

[16:02]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau valda vonbrigðum en koma vissulega ekki á óvart. Það hefur áður legið fyrir að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir eru ónæmir fyrir þeim alvarlegu niðurstöðum sem þarna eru á ferðinni og ekkert bendir til að til standi að slá á stóriðjustefnuna, ekkert. Þvert á móti er gefið í skyn að losun muni sprengja undanþágumörkin og verða miklu meiri en þeim samrýmist í lok tímabilsins árið 2012.

Spurningin er ekki bara að þetta tímabil, 2008–2012, 1,6 milljónir tonna á ári, samkvæmt undanþágunni, samtals 8 milljónir tonna, að það haldi. Spurningin er: Hvernig verður staðan undir lok tímabilsins og hvað með framhaldið? Viðræður um framhaldið eiga að ráðast á tímabilinu frá og með

deginum í dag, árið 2007 og vera lokið 2009, þannig að þriggja ára aðlögunartími gefist að því sem á að taka við frá og með 2012. Hvert á að verða erindi Íslands inn í þær viðræður ef öll sú stóriðja fer hér í gang á næstu árum sem nú er verið að undirbúa? Þá verður undanþágan kolsprungin og Ísland í engum færum til að halda sig innan þeirra marka.

Það að afgreiða málin á þann hátt eins og hæstv. ráðherra og ríkisstjórn gerir, að ríkisstjórnin ætli að sjá um að þetta sé í lagi og ef fyrirtækin auki losun umfram það sé það á þeirra ábyrgð. Gengur það upp? Er hér ekki um þjóðréttarlega skuldbindingu að ræða? Er hægt að vísa ábyrgðinni af því hvar Ísland í heild sinni stendur í þessu samhengi einungis yfir á fyrirtæki, yfir á einkaaðila? Er þetta ekki þjóðréttarskuldbinding sem hér á við? Ég hefði haldið það.

Varðandi hið almenna ákvæði telur ráðherra að við stöndum þar vel að vígi, séum virkir þátttakendur í Kyoto. En hvað með losunina miðað við 1990, og þó hún megi aukast um 10%, ef öll þau flúorkolefni sem bætast við í nýrri stóriðju og ekki flokkast undir undanþáguna heldur undir almennu ákvæðin, koma til sögunnar? Verður það þá ekki sprungið líka?

[16:04]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því í þessum ræðustól að vísa alfarið á bug sem röngum öllum staðhæfingum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um ætlun ríkisstjórnarinnar og stóriðjustefnu hennar. (Gripið fram í.) Við stöndum vel í loftslagsmálum, frú forseti, og hvergi er hærra hlutfall endurnýjanlegra orkulinda. Við stöndum vel að vígi gagnvart Kyoto-skuldbindingunni okkar og hér hefur margt gott verið gert í samræmi við stefnu stjórnvalda frá 2002.

Skýrsla IPCC brýnir okkur til dáða um að gera betur og við ætlum að gera betur. Ég mun kynna á næstunni stefnu í loftslagsmálum þar sem verður— og þetta tek ég fram, frú forseti, í tilefni af orðum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur — sérstaklega tekið á því hvernig við ætlum áfram að skipa okkur í framvarðarsveit í loftslagsmálum og hvernig við ætlum að axla ábyrgð okkar í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Að öðru leyti vil ég taka undir það sem hv. þm. Þuríður Backman lagði áherslu á áðan, að þetta er sameiginleg ábyrgð. Það þýðir að þetta er hnattrænn vandi. Það þýðir líka að stóriðja á Íslandi er ekki hluti af loftslagsvandanum. Stóriðja á Íslandi er hluti af lausninni vegna endurnýjanlegra orkugjafa okkar. Þingmenn mega ekki blanda saman óskyldum hlutum, andstöðu sinni við að auðlindir okkar séu nýttar til að framleiða rafmagn og stóriðju, við þann vanda sem er hnattrænn vegna þess að við erum hluti af lausninni, ekki hluti af vandanum.

Varðandi losunarfrumvarpið, sem mælt verður fyrir á þingi mjög fljótlega, er rétt að taka fram að því er ætlað að setja losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju takmörk fyrir tímabilið 2008–2012 þannig að þeir sem eru (Forseti hringir.) áhugamenn um byggingu og rekstur álvera geta reiknað með og vita þá með hverju þeir geta reiknað og með hverju þeir geta ekki reiknað í áformum sínum.

## *Virðisaukaskattur, 1. umr.*

Stjfrv., 558. mál (afreikningshlutföll og uppgjörstímabil). — Þskj. 833.

[16:07]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Í fyrsta lagi eru lagðar til tvær tæknilegar breytingar sem nauðsynlegar eru vegna breytingar á lægra skattþrepi virðisaukaskatts úr 14% í 7%, sem lögfest var með lögum nr. 175/2006 og tekur gildi 1. mars næstkomandi.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að heimild til að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð verði afnumin. Þessi heimild var upphaflega sett til að draga úr áhrifum fjárbindinga við yfirfærsluna á söluskattskerfi í virðisaukaskattskerfi. Þessi skilamáti þjónar nú aðeins örfáum gjaldendum eða nánar tiltekið fjórum aðilum í janúar 2007. Þau valda allmiklum flækjum, bæði við almenna framkvæmd og við þróun rafrænnar þjónustu auk þess sem uppfærslur og breytingar á tölvukerfum eru flóknari en ella. Er því lagt til að heimildin verði felld úr gildi.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 1. umr.*

Stjfrv., 561. mál (ríkisstarfsmenn hjá alþjóðlegum stofnunum). — Þskj. 836.

[16:09]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

Með frumvarpinu eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar á lögum um lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga í tilefni af samkomulagi Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Samkomulagið var undirritað í Stokkhólmi 1. júní 2001 og öðlaðist gildi 1. mars 2002, samanber auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 38 frá 31. desember 2001. Samkomulagið leysir af hólmi eldra samkomulag Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 18. desember 1973 og felur í sér samhæfingu lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna, einkum á eftirfarandi sviðum:

Við útreikning lífeyrisréttinda sem byggjast á lengd starfstíma eða sambærilegum tímaskilyrðum sé litið til samsvarandi starfstíma í öðru norrænu landi.

Ríkisstarfsmaður geti, í því landi sem starfslok verða, virkjað þau lífeyrisréttindi sem hann hefur öðlast í öðru norrænu landi frá sama tíma, en þau verði þá oft fyrir skerðingu sem er mismunandi eftir reglum hvers lands.

Mat á heilsufari við fyrri ráðningu í starf verði almennt

lagt til grundvallar við útreikning lífeyris samkvæmt lífeyrisreglum annars norræns lands.

Úrskurður um örorkulífeyri í einu landi sé lagður til grundvallar við útborgun örorkulífeyris í öðru norrænu landi.

Í einstökum vafamálum sem upp kunna að koma um framkvæmd samkomulagsins er gert ráð fyrir að löndin hafi samráð áður en máli er ráðið til lykta.

Jafnframt gerir samkomulagið ráð fyrir því að ákveðin samhæfing og samvinna eigi sér stað milli Norðurlandanna um útreikning og útborgun lífeyris fyrir þá ríkisstarfsmenn sem í hlut eiga.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að starfsmönnum alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, verði að uppfylltum vissum skilyrðum veittur réttur til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins á meðan starfstími þeirra erlendis stendur.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu lögð til lækkun á viðbótarframlagi sveitarfélaga vegna lífeyrisiðgjalds kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Er breytingin lögð til þar sem með lögum nr. 167/2006, um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, hækkaði mótframlag í B-deild sjóðsins úr 6% í 8%. Að óbreyttu hækkar því heildariðgjaldið vegna kennara úr 15,5% í 17,5% en það var ekki ætlunin. Er því sú breyting sem hér er lögð til nauðsynleg til að koma í veg fyrir að útgjöld sveitarfélaga hækki vegna hækkaðs mótframlags í B-deild sjóðsins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að afloknni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Starfstengdir eftirlaunasjóðir, 1. umr.*

Stjfrv., 568. mál (EES-reglur). — Þskj. 844. [16:12]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um starfstengda eftirlaunasjóði.

Með frumvarpinu er kveðið á um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, frá 3. júní 2003, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun. Tilskipunin nær til lögaðila sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu eftirlaunaréttinda, starfa á sjóðsmynduðum grunni og eru aðskildir frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Frá þessu almenna gildissviði eru hins vegar mikilvægar undantekningar sem kveðið er á um í tilskipuninni.

Sú mikilvægasta er að lífeyrissjóðir sem falla undir reglugerð EBE nr. 1408/71 eru undanþegnir tilskipuninni. Íslensku lífeyrissjóðirnir hafa verið skilgreindir á þann hátt að þeir falli undir reglugerð EBE nr. 1408/71 og falla þeir því almennt ekki undir ákvæði tilskipunarinnar. Á það við um skyldubundin framlög til íslensku lífeyrissjóðanna. Taki viðkomandi lífeyrissjóðir hins vegar jafnframt við iðgjöldum sem ekki eru skyldubundin kunna slík framlög að falla undir ákvæði tilskipunarinnar, að því tilskildu að þau séu starfstengd og valkvæð.

Einstaklingsbundinn viðbótarlífeyrissparnaður, samkvæmt II. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, fellur ekki undir tilskipunina þar sem hann er byggður á ákvörðun einstaklings en er ekki starfstengdur í skilningi tilskipunarinnar.

Með frumvarpinu er við innleiðingu tilskipunarinnar, út frá uppbyggingu íslenska lífeyrissjóðakerfisins og reglugerðar EBE nr. 1408/71, því litið svo á að starfstengdir eftirlaunasjóðir í skilningi tilskipunarinnar séu sjálfstæðar einingar og valkostur til hliðar við hina venjubundnu íslensku lífeyrissjóði og lagarammi þeirra afmarkaður út frá því. Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt frumvarpinu eftirlit með starfstengdum eftirlaunasjóðum og meginreglur laga nr. 129/1997 eiga við um slíka sjóði, nema sérstaklega sé kveðið á um annað. Benda má á að sérstakar fjárfestingarreglur gilda fyrir umrædda sjóði sem eru frjálslegri en þær fjárfestingarreglur sem kveðið er á um í almennu lífeyrissjóðalögunum.

Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem tekur af öll tvímæli um skattlagningu greiðslna í og úr starfstengdum eftirlaunasjóðum sem og skattlagningu sjóðanna sem slíkra.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að afloknni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórn fiskveiða, 1. umr.*

Frv. GAK o.fl., 40. mál (veiðiréttur). — Þskj. 40. [16:15]

**Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

1. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

„Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara laga er öllum þeim íslenskum ríkisborgurum sem hafa tilskilin réttindi til skipstjórnar og vélstjórnar, ef þess er krafist vegna stærðar vélar viðkomandi báts, að stunda fiskveiðar á eigin bát með tveimur sjálfvirkum handfærarúllum. Báturinn skal vera undir 30 brúttórúmlestum að stærð og uppfylla skilyrði um sjálfvirka tilkynningarskyldu. Báturinn skal hafa viðurkennt haffæri. Á hverjum bát mega vera tveir menn í áhöfn og er hámarksfjöldi sjálfvirkra rúlla þá fjórar rúllur á tvo menn. Að fimm árum loknum skal skoðuð reynslan af þessum veiðum með tilliti til þess hvort setja eigi viðbótartakmarkanir sem taki eingöngu til veiðisvæða bátanna og fjölda veiðidaga.

Veiðar þessara báta eru ekki reiknaðar til aflamarks og hafa ekki áhrif á heildarúthlutun aflamarks til annarra fiskiskipa.“

2. gr. er að lög þessi öðlist þegar gildi.

Það fylgir svofelld greinargerð, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta var áður lagt fram á 132. löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Það hefur löngum verið réttur Íslendinga við sjávarsíðuna að fá að róa til fiskjar og útróðrajarðir voru líklegri til þess að brauðfæða fólkið og gefa tekjur en þær jarðir sem illa lágu við fiskislóð. Útróðraréttur var metinn sem verðmæti í jörðum og talinn til hlunninda. Í gömlum lögum var öllum tryggður veiðiréttur í fjörðum og flóum. Þannig orðað að rétt ættu menn til fiskveiði sinnar nema síldveiði sem öllum væri heimilt að stunda hvar sem væri. Landsmenn áttu þannig allir tryggan forgang til botnfiskveiða næst sínum byggðum. Með þessu frumvarpi verður þeim sem rétt hafa til þess að stjórna skipum veittur þessi veiðiréttur á nýjan leik."

Hæstv. forseti. Í lögum um stjórn fiskveiða eru enn þá inni nokkur viðlagaákvæði við þeirri framkvæmd laganna sem felst í því að atvinnurétturinn getur færst burtu nánast fyrirvaralaust þegar handhafi veiðiréttarins ákveður svo, hvort sem það er gert með leiguframsali svokölluðu, leigu á aflamarkinu eða varanlegri framsölu og afhendingu á aflahlutdeildinni. Við þessu hefur verið reynt að bregðast í lögum um stjórn fiskveiða, þ.e. því mikla óvissuástandi sem fylgir lögunum af því að þau eru svona úr garði gerð, með því að hafa sérstakt viðlagaákvæði um byggðapotta svokallaða sem hafa verið settir á af ýmsum tilefnum. Þeir hafa m.a. verið settir á vegna aflabrests í sjávarbyggðum sem hafa misst frá sér hefðbundinn veiðirétt vegna þess að veiðar hafa lagst af t.d. á hörpuskel eða innfjarðarrækju — sem var veiðiskapur sem víða var stundaður í fjörðum frá Breiðafirði og norður og austur um og hélt víða uppi atvinnu í hinum minni byggðarlögum — bæði vegna veiðanna og eins vegna vinnslu rækjunnar. Sama átti við um hörpuskel í Breiðafirði og reyndar víðar á árum áður.

Við þessu hefur verið brugðist með sérstöku viðlagaákvæði, auk þess sem tekin er frá sérstök 12 þúsund tonna heimild í lögum um stjórn fiskveiða til þess að úthluta til byggða þar sem atvinnubrestur hefur af einhverjum orsökum orðið — vegna þess að aflaheimildir hafa farið úr byggð eða aðrar ófyrirsjáanlegar orsakir hafa orðið til þess að atvinna hefur hrunið í viðkomandi byggðarlagi. Þetta eru einu viðbrögðin sem mönnum eru heimil í hinum ýmsu dreifðu sjávarbyggðum að því er varðar lögin um stjórn fiskveiða. Ég hef því kosið að kalla þessa byggðapotta viðlagaákvæði — viðlagaákvæði til að bregðast við því sem upp kemur vegna þess að löggjöfin er eins og hún er. Það er sem sagt verið að reyna að útdeila atvinnurétti til byggða sem hafa misst hann frá sér af áðurnefndum orsökum.

Það litla frumvarp sem hér er lagt til er viðbót að því leyti til að hér er mönnum gert heimilt að stunda veiðar á eigin skipi — ég ítreka það, hæstv. forseti, á skipi sem menn eiga sjálfir — sem eru undir 30 brúttórúmlestum og að hámarki með fjórar handfærarúllur, tveir menn eða tvær rúllur á einn mann. Hér er sem sagt verið að opna ákvæði sem ekki þarf að sækja um til sjávarútvegsráðuneytisins heldur er mönnum þá heimilt að reyna að bjarga sér undir þessari þó takmörkuðu reglu um það að stunda atvinnu sína við fiskveiðar í byggðum sem þá jafnvel hefðu misst frá sér heimildir samkvæmt hinu svokallaða aflamarkskerfi sem við vinnum eftir, kvótakerfinu, vegna þess að einhver annar hafi framselt atvinnuréttinn burt úr byggðarlaginu.

Við þingmenn Frjálslynda flokksins, sem höfum flutt þetta mál hér á hv. Alþingi, teljum að um sé að ræða ákveðin réttindi sem verið er að fá því fólki sem býr við sjávarsíðuna, hefur til þess tilskilin réttindi að stunda fiskveiðar — þ.e. skipstjórnarréttindi, vélstjórnarréttindi — uppfyllir það skilyrði að hafa eignarhald á bát sem má nota til þessara veiða — þó ekki stærri en 30 brúttórúmlestir — bát sem hefur viðurkennt haffæri og uppfyllir sjálfvirka tilkynningaskyldu o.s.frv. og að sjálfsögðu önnur þau lög og reglur sem gilda um veiðar.

Hér er sem sagt um takmörkuð réttindi að ræða, hæstv. forseti, en samt opnun frá því sem nú gildir í þessari atvinnugrein. Við mælum með því, þingmenn Frjálslynda flokksins, sem flytjum þetta mál, að það fái fljóta og góða afgreiðslu í sjávarútvegsnefnd enda er þar verið að fjalla um mál eins og byggðakvótann og sportveiðar, svokallaðar túristaveiðar, og útfærslu á reglum er varða byggðakvótann einmitt með því markmiði að reyna að tryggja atvinnu í byggðunum. Hér er um að ræða einn þátt í því að reyna að opna á möguleika fyrir fólk í sjávarbyggðum til þess að stunda veiðar, óháð því hvort menn hafi selt eða leigt aflaheimildirnar frá byggðinni. Það er sem sagt verið að auka réttarstöðu þess fólks sem býr í sjávarbyggðunum umfram það sem núverandi lög heimila. Ég hvet eindregið til þess, hæstv. forseti, að þingmenn skoði þetta með jákvæðum huga ásamt þeim lagfæringum sem verið er að gera núna á byggðakvótanum, sem er í raun og veru eina viðlagaákvæðið sem eftir er í lögunum um stjórn fiskveiða sem, eins og allir vita, geta valdið því að atvinnuréttur hverfur úr byggð á einni nóttu. Því miður eru lögin þannig úr garði gerð og nægir hjónaskilnaður til. Ef fólk ætlar að skipta atvinnuréttinum, eða krefst þess að atvinnurétturinn skiptist, er það oft niðurstaðan að menn neyðast til að selja. Verðmætið á óveiddum fiski í sjónum er það hátt að mjög fáir ná að leysa til sín slíkan uppskiptarétt ef það skiptir tugum eða jafnvel hundruðum milljóna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Staðbundnir fjölmiðlar, fyrri umr.*

Þáltill. DJ o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[16:24]

**Flm. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla. Ásamt mér eru flutningsmenn hv. þingmenn Birkir J. Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Sæunn Stefánsdóttir, Sigurjón Þórðarson og Þuríður Backman.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd er athugi stöðu staðbundinna fjölmiðla og rekstrarumhverfi þeirra og skili skýrslu. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir þróun markaðarins undanfarin ár og, ef þurfa

þykir, komið með tillögur um beinar eða óbeinar aðgerðir sem ríkisstjórn og Alþingi gætu gripið til í því skyni að efla rekstrargrundvöll staðbundinna fjölmiðla.“

Þessi tillaga hefur verið flutt tvisvar áður og hlotið góðar undirtektir, alla vega við 1. umr. Það liggja fyrir umsagnir í þessu máli og þær eru jákvæðar og ég vona að við náum að klára málið í þetta skipti.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að hafa um þetta mjög langt mál. Ég vil þó geta þess að til að mynda ein leið til þess að standa vörð um þessa fjölmiðla eru ríkisstyrkir. Það kemur t.d. fram í tilmælum Evrópuráðsins að ríki hugi að því hvort ástæða sé til að veita prentmiðlum og útvarpsmiðlum sérstakan fjárstuðning, einkum svæðisbundnum miðlum. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða skuli miðað við að stuðningur af þessu tagi sé byggður á hlutlægum sjónarmiðum, á grundvelli gegnsærra reglna og málsmeðferðar, sem sæti ytra eftirliti. Ákvarðanir af þessum toga sæti jafnframt reglubundinni endurskoðun til að komast hjá því að þær ýti undir samþjöppun eða óeðlilegan ábata þeirra sem njóta opinbers stuðnings. Nefndin gerði þó ekki tillögu um að þessi leið yrði farin, þ.e. fjölmiðlanefndin.

Sameining sveitarfélaga leiðir til þess að þörf íbúa eykst fyrir staðbundna fjölmiðlun sem í senn veitir upplýsingar um verkefni stjórnvalda og er vettvangur opinberrar umræðu um málefni hvers sveitarfélags. Í lok greinargerðar kemur þó fram að nefndin eigi að skila skýrslu eigi síðar en 1. mars 2007 og eðlilega þyrfti að breyta þeirri dagsetningu.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það að umræður sem hafa orðið hér í áðurnefnd tvö skipti, þegar þessi tillaga hefur verið flutt, hafa verið mjög jákvæðar. Ég vil þakka þingmönnum fyrir það. Umsagnir, sem liggja fyrir, eru einnig jákvæðar. Ég ítreka þá von mína að við náum að afgreiða tillöguna á þessu þingi.

[16:27]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég er glaður yfir því að þessi tillaga er komin aftur á dagskrá Alþingis og næst að ljúka 1. umr. og koma henni til nefndar aftur. Ég er einn af meðflutningsmönnum á þessari tillögu ásamt þingmönnum úr öllum fimm flokkunum sem eiga fulltrúa á Alþingi. Ég var mjög eindreginn stuðningsmaður þess þegar hv. þm. Dagný Jónsdóttir fór af stað með þessa tillögu, að mig minnir í upphafi kjörtímabilsins.

Það væri mikið fagnaðarefni ef tillagan fengi fram að ganga því að hún kveður á um að við felum menntamálaráðherra og Alþingi að skipa nefnd sem athugi stöðu staðbundinna fjölmiðla. Það er ekki verið að leggja neinar aðrar skyldur á herðar hæstv. menntamálaráðherra eða framkvæmdarvaldinu en að gera úttekt á stöðu og rekstrarumhverfi staðbundinna fjölmiðla. Um það hljótum við að geta náð sátt. Það ætti að geta orðið eitt af síðustu verkum þessa kjörtímabils að koma þeirri vinnu í gang þannig að ný ríkisstjórn í vor og nýtt Alþingi næsta haust geti unnið út frá því og sett einhvers konar reglur út frá því og nefndin skili síðan skýrslu til Alþingis. Þetta er ekki pólitískt átakamál, það er þverpólitísk sátt um að ráðast í þessa úttekt á stöðu staðbundinna fjölmiðla og rekstrargrunn þeirra. Við hljótum því að beita okkur fyrir því að tillagan fari alla leið núna og Alþingi samþykki þessa tillögu til þingsályktunar.

Þetta er nefnilega einn angi íslenskrar fjölmiðlunar sem, eins og segir í greinargerðinni, varð út undan í hinni miklu umræðu um íslenska fjölmiðlun sem hefur átt sér stað á síðustu árum — skilaði sér fyrst í hinum gríðarlega umdeildu fjölmiðlalögum árið 2004 og aftur í vinnuhópi á vegum menntamálaráðherra. Út úr þeirri vinnu komu drög að lagafrumvarpi, sem nú er búið að ræða í 1. umr. á Alþingi og er hjá menntamálanefnd. Hvað sem um það verður þá hefur aldrei verið tekið sérstaklega utan um staðbundnu miðlana sem skipta mjög miklu máli.

Ég var einmitt að velta því fyrir mér um daginn, þegar ég var að hlusta á svæðisútvarp Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, sem útvarpar alla virka daga frá 17.30 til 18.00 — þar er verið að segja fréttir af ýmsu mannlífstengdu, hvort sem það eru brunar eða framkvæmdir eða menningarsamkomur eða skólastarfsemi og annað, sem mundi aldrei rata inn í landsmiðlana einfaldlega af því að þar er ekki rými og pláss fyrir það. Þeir miðlar sinna landinu öllu og þurfa að vera mjög „selektífir“ eins og þar stendur. Þarna er verið að fjalla um nærumhverfið og það er það besta við öflugan, staðbundinn fjölmiðil, sem er góður og sinnir sínu hlutverki af natni og nákvæmni en er ekki hlutdrægur eða pólitískur, að hann eflir samstöðu fólksins á svæðinu. Þannig hafa langflestir þessara fjölmiðla þróast, þetta eru ekki flokkspólitískir miðlar heldur reknir á forsendum svæðanna og efla samstöðu svæðanna. Þeir búa til eins konar hjarta í samfélaginu og þeir bæta búsetuskilyrði, þeir gera þau skemmtilegri. Þetta er miðill sem verður að svolítilli þungamiðju í bæjarlífinu og lífinu í hverju sveitarfélagi.

Starfsemi þeirra er náttúrlega mjög ólík. Það hefur orðið algengara að blöðum sé dreift frítt inn á hvert heimili, önnur eru í áskrift og sölu. Ástandið er mjög breytilegt. Á mínu svæði, Suðurkjördæmi, eru óvenjumargir öflugir fjölmiðlar. Í Vestmannaeyjum einum eru tvö blöð gefin út, í þessu rúmlega fjögur þúsund manna samfélagi koma tvö blöð út, Vaktin og Fréttir. Uppi á Suðurlandi er það Glugginn, Sunnlenska, Dagskráin og á Suðurnesjunum Víkurfréttir. Þetta eru allt mjög ólíkir miðlar en eiga það sameiginlegt að vera metnaðarfullir, staðbundnir fjölmiðlar sem sinna hlutverki sínu af miklum krafti. Ég held að það skipti máli að fara yfir stöðuna og kanna með hvaða hætti við getum bætt rekstrarumhverfi hinna staðbundnu fjölmiðla, hvort sem það er í gegnum einhvers konar ívilnanir hvað varðar dreifingu á blöðunum eða með öðrum hætti. Það eru margar leiðir til en fyrst er að gera þessa úttekt.

Ég er alveg viss um að eitt af því sem skiptir máli til að efla enn þá frekar mannlíf á landsbyggðinni er að tryggja að þessir fjölmiðlar — ég hef verið að telja upp úr stólnum þá fjölmiðla sem ég þekki best af því að ég nota þá í hverri einustu viku. Ég skrifa sjálfur greinar í þá og ég les þá mér til upplýsingar. Þarna fæ ég upplýsingar um mannlífið á mínu heimasvæði sem ég fengi ekki annars staðar, það væri sjálfsagt erfitt að afla þeirra, þær kæmu aldrei fram. Þessir fjölmiðlar gegna mjög mikilvægu hlutverki. Það er sjálfsagt að gera þessa úttekt. Alþingi hlýtur að geta sammælst um að samþykkja þessa þingsályktunartillögu sem kveður ekki

á um annað en þetta. Svo getum við unnið út frá því næsta haust og bætt rekstrarumhverfi miðlanna, hvort sem það mundi þýða að við tækjum upp einhverjar ívilnanir í sambandi við dreifingu á blöðunum eða færum aðrar leiðir til að bæta rekstrarumhverfi þeirra.

[16:32]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér er um að ræða mikilvægt mál sem ég er flutningsmaður að og vil leggja áherslu á, ásamt því góða fólki sem flytur það með mér. Það er umhugsunarefni að það eru aðallega þingmenn af landsbyggðinni sem flytja þetta frumvarp. En staðbundnir fjölmiðlar eru einnig hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil t.d. nefna blöð eins og Vesturbæjarblaðið og Breiðholtsblaðið, sem skipta miklu máli fyrir viðkomandi hverfi.

Einnig má nefna útvarpsstöðvar, svo sem Útvarp Sögu sem næst ekki um allt land. Ég vil líka nefna útvarpsstöð sem ég hlusta oft á og þykir vænt um sem hefur átt erfitt uppdráttar — ég vona að það rætist úr hvað það rekstrarumhverfi varðar — en það er Útvarp Kántrýbær sem er mjög mikilvægt útvarp. Ég verð að segja að það er verið að leggja pening í að styrkja hina og þessa starfsemi, hin og þessi söfn. Mér finnst að menn ættu ekki síður að líta til staðbundins útvarps sem Útvarp Kántrýbær er.

Nú hefur Ríkisútvarpið yfir miklu dreifikerfi að ráða. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort þessi fjölmiðlaflóra, þessi lággróður, hvort Ríkisútvarpið ætti ekki einmitt að varpa þessu út víðar. Ég vil t.d. nefna Útvarp Sögu. Þar fer fram mikil þjóðfélagsumræða sem virðist að einhverju leyti fara í taugarnar á sumum. Þá vil ég nefna hæstv. dómsmálaráðherra sem getur ekki setið á sér og skrifar um þessa útvarpsstöð með mjög neikvæðum hætti. Það er eitt af því sem við þyrftum að ræða hér í þinginu, hvernig hæstv. dómsmálaráðherra skrifar um þessa útvarpsstöð. En það er sérstakt, einmitt með þau skrif hæstv. dómsmálaráðherra, að hann hefur ekki hlustað á útvarpsstöðina sjálfur. Hann hefur það eftir einhverjum mönnum sem hann hefur talað við, að þar fari eitthvað fram sem eigi helst ekki að berast með öldum ljósvakans.

En ég er einmitt á því að sú umræða sem t.d. fer fram á Útvarpi Sögu mætti heyrast víðar. Það væri þá ekki endilega hlutverk ríkisins að vera með eina eða tvær útvarpsrásir heldur einnig að dreifa efni frá öðrum aðilum sem eru í rekstri. Ég vil t.d. nefna Kántrýbæ og ágæta stöð eins og Omega. Hvers vegna ekki að dreifa þeim á öldum ljósvakans þannig að fleiri gætu notið þeirra útsendinga en akkúrat það dreifingarsvæði sem stöðvarnar ná til?

Mér finnst að það eigi að horfa á þetta mikilvæga mál í víðu samhengi, það er að verða mikil breyting. Við sjáum það t.d. að fjölmiðill sem er rekinn á netinu nær orðið um allt land. Frá því sjónarhorni skoðast hann ekki sem staðbundinn þó svo honum sé kannski ætlað að fjalla að megninu til um atburði á ákveðnu svæði. Má þar t.d. nefna skagafjordur.com sem fjallar um atburði í Skagafirði eða fólk sem tengist firðinum með einhverjum hætti. Fleiri fjölmiðla má nefna sem eru kannski staðbundnir, eins og Skarpur, en ná út um allan heim.

Það er vert að fara yfir þessi mál og því finnst mér að þessi ágæta þingsályktunartillaga, sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir er 1. flutningsmaður að, eigi svo sannarlega að fá brautargengi hér á hinu háa Alþingi.

[16:37]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það er lofsvert að velta fyrir sér staðbundnum fjölmiðlum. Ég held reyndar að fjölmiðill sé í eðli sínu staðbundinn. Það er vondur fjölmiðill sem ekki er staðbundinn. Það er spurning hins vegar við hvaða stað hann á. Sumir fjölmiðlar eiga við minnstu staði, m.a. þeir sem hér hefur verið rætt um. Aðrir eiga við sinn stað, sumir við heiminn allan en eru staðbundnir engu að síður.

Hér mun einkum átt við hina fyrrnefndu. Ekki ætla ég að vera á móti því að gerð sé úttekt á þessari stöðu. Ég sakna þess hins vegar að þessi tillaga skuli ekki beina þeirri úttekt í neina átt. Ég sé ekki hér í greinargerð eða í flutningsræðum að menn hafi bent á neina þá átt sem þessi úttekt á að fara í, hvernig hægt sé að rétta við stöðu hinna minnstu fjölmiðla á hinum minnstu stöðum, ef menn eru að tala um það.

Ég hef t.d. ekki miklar áhyggjur af fjölmiðlum á borð við skagafjordur.com eða fjölmiðlum Norðurslóðar og Dalvíkurblaðanna. Slíkur fjölmiðill er á netinu og hefur þess vegna rofið staðarböndin. Ég hef ekki miklar áhyggjur af útvörpum, sem menn eru hér að tala um, vegna þess að innan fárra ára verður komið hér stafrænt kerfi. Með reglunum um flutningsskyldu og flutningsrétt verður málum þannig fyrir komið að allar þær stöðvar eiga að heyrast um allt land. Má minnast furðulélegra viðtakna sem frumvarp mitt um það efni fékk hér í fyrra. En nú er komið annað frumvarp og hver veit nema þessi hluti þess verði að veruleika fyrr eða síðar, um flutningsrétt og flutningsskyldu. Við eigum þá eftir staðbundna fjölmiðla á pappír, þ.e. vikublöðin eða tímaritin sem koma út á ákveðnum stöðum. Það er rétt að minna á að þau koma ekki bara út á hinni svokölluðu landsbyggð heldur koma þau út í kaupstöðunum hér suðvestanlands. Í mínu kjördæmi, Reykjavík, koma út slík blöð. Vesturbæjarblaðið, Breiðholtsblaðið má nefna. Þegar menn líta á þá hluti þá njóta þau blöð þeirrar ívilnunar sem t.d. dagblöð njóta núna, að á þeim er mjög takmarkaður virðisaukaskattur af hinu lægra tagi þegar nýjar reglur um hann ganga í garð í næsta mánuði.

Erum við þá einkum að tala hér um dreifingu, forseti? Er það þannig? Þá kemur að því hvernig á að styðja þessi blöð í því skyni. Það verður auðvitað erfitt vegna þess að lítill munur getur verið á svokölluðum staðbundnum fjölmiðli og síðan fréttabréfum félaga og samtaka af ýmsu tagi. Eins og við öll vitum hefur starfsemi þeirra versnað að því leyti nú á síðasta áratug, vil ég segja, vegna hækkaðra dreifingargjalda. Þar hefur að vísu samgönguleiðin netið komið á móti. En ég hygg að það sé einkum þetta sem við erum þá að tala um.

Þá langar mig að vita hvort flutningsmönnum finnist það koma til greina að það séu sem sé beinar niðurgreiðslur sem ríkið sjái um á þennan hátt því ekki er lengur um það að ræða að ríkið geti boðið afslátt í gegnum fyrirtæki sitt. Það mundi verða stöðvað á samkeppnisforsendum.

Eða hvað annað eru menn að tala um í þessu ágæta

dæmi þannig að einhverjar hugmyndir fylgi þá þessum vilja um úttekt á staðbundnum fjölmiðlum og rekstrarumhverfi þeirra?

Ég vil taka fram að ég deili áhuga og áhyggjum flutningsmanna af þessum miðlum sem margir eru hinir ágætustu og geta skapað ákveðinn kjarna og ákveðinn vettvang í sínu samfélagi.

[16:43]

**Flm. (Dagný Jónsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir innlegg hans í umræðuna. Ég get tekið undir hugleiðingar hans. Virðulegur þingmaður kom inn á það að hann deili með okkur flutningsmönnum áhyggjum af stöðu hinna staðbundnu fjölmiðla. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður kom inn á hér að það á við um allt landið. Það á líka við hér um höfuðborgarsvæðið.

Hugsunin á bak við þetta mál er fyrst og fremst sú að þessum fjölmiðlum hefur fækkað mjög mikið. Og ég viðurkenni það nú reyndar að ég er þá ekki síður að horfa til landsbyggðarinnar. Þar á meðal hafa menn borið sig mjög aumlega undan hærri póstburðargjöldum og öllu því sem hv. þingmaður kom inn á hér áðan. Það íþyngir líka félagasamtökum.

En ég skal viðurkenna að ég er ekki með beinar tillögur enda er í þessari þingsályktunartillögu kveðið á um að þessi nefnd skuli þá koma með tillögur um beinar eða óbeinar aðgerðir. Það liggur beinast við að þetta séu slíkir styrkir varðandi þá útbreiðslu þessara blaða. Margir miðlar hafa brugðist við með því að setja starfsemi sína á netið. En það er ekki það sama. Ég mundi ekki vilja horfa upp á að öflugir fjölmiðlar, eins og hér var getið um, Skarpur á Húsavík eða Sunnlenska o.fl., mundu hætta að prenta sín eintök.

Þetta atriði stendur upp úr að mínu mati. En kannski getur líka verið að það komi einhverjar fleiri tillögur frá þessari ágætu nefnd sem ég bind nú miklar vonir við að verði stofnuð og komi með góðar úrbætur.

[16:45]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Hér með er það staðfest að flutningsmenn þessarar tillögu eru í raun og veru að leggja til styrki til tiltekinna fjölmiðla, staðbundinna, bæði á landsbyggðinni og í Reykjavík og í nágrannasveitum Reykjavíkur.

Það er gott að heyra það, því þá er það mjög skýrt hvað menn vilja með þessari tillögu og það er hægt að ræða hana í nefndum Alþingis og í samfélaginu sem slíka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:45]

**Útbýting:**

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 573. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 851.

Breyting á XIX. viðauka við EES-samninginn, 572. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 850.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 571. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 849.

Siglingavernd, 238. mál, brtt. GHall, þskj. 858.

## *Skilgreining á háskólastigi, fyrri umr.*

Þáltill. HjÁ og DJ, 32. mál. — Þskj. 32.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.*

Frv. BjörgvS o.fl., 72. mál (fyrirframgreiðsla lána, ábyrgðarmenn o.fl.). — Þskj. 72.

[16:46]

**Flm. (Björgvin G. Sigurðsson)**:

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga, um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum. Við leggjum hér til, hópur samfylkingarþingmanna, nokkrar mjög mikilvægar breytingar á Lánasjóði íslenskra námsmanna, þeim merka sjóði sem hefur það hlutverk að tryggja jöfn tækifæri til menntunar á háskólastigi. Sjóðurinn hefur staðið sig frábærlega vel sem slíkur í áranna rás og hefur alltaf verið staðinn um hann pólitískur vörður þar sem hann hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Það þekkja allir þeir sem hafa farið í háskólanám, og reyndar iðnnám líka eftir að grunndeild lýkur, hve það er mikilvægt pólitískt jöfnunartæki að búa að slíkum lánasjóði sem tryggir öllum aðgang að námi, burtséð frá því hvernig efnaleg staða er hverju sinni.

Þær breytingar sem við leggjum hér til helstar eru að ef námsmaður lýkur lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, breytist 30% af upphæð námslánsins í námsstyrk. Styrkurinn verði skattfrjáls og óháður tekjum viðkomandi námsmanns. Þannig að ljúki námsmaður námi sínu á tilskildum tíma, ljúki þriggja ára námi á ekki lengri tíma en t.d. þremur og hálfu ári o.s.frv., þá breytast 30% af teknu láni í námsstyrk. Þetta ýtir mjög á eftir því að fólk ljúki námi á réttum tíma og hefur ýmis jákvæð hliðaráhrif á starfsemi sjóðsins o.s.frv. Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll, verður ekki um styrkveitingu að ræða. Stjórn sjóðsins sker í vafatilvikum úr um hvort námsmaður telst hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

Þetta er sú stærsta einstaka breyting sem við leggjum til í frumvarpi til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Væri mikil bót ef þetta næði fram að ganga. Sérstaklega þar sem oft er um verulegar lántökur að ræða. Háskólaflóran hefur tekið miklum breytingum. Nokkur þúsund Íslendingar fara á hverju ári í svokallaða einkarekna háskóla eða sjálfstætt starfandi háskóla, eins og Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst o.s.frv. Þessir nemendur taka, fyrir utan framfærslulánin, skólagjaldalán þannig að lántaka þeirra er margfalt hærri en þeirra sem taka eingöngu lán fyrir framfærslunni í opinberu skólunum. Þetta er því mikið réttlætismál fyrir þennan hóp, sem er að leita sér frekari menntunar, fer svo út í samfélagið að nýta menntun sína, koma sér upp fjölskyldu og þaki yfir höfuðið og allt það.

Við þekkjum það öll að þetta er sá hópur sem lendir oft í tímabundnum fjárhagserfiðleikum. Hefur kannski ágætistekjur en gífurleg útgjöld. Ég held að þessi breyting, að 30% af lánunum yrðu að styrk, mundi skipta mjög miklu máli í þessu tilfelli. Þetta er hér í kafla laganna um námslán og námsstyrki.

Þá leggjum við til nokkrar aðrar breytingar sem Samfylkingin, og ýmsir þingmenn í okkar röðum, hefur lengi barist fyrir og lýtur að hinni svokölluðu ábyrgðarmannakröfu.

Við leggjum það til í breytingum í 2. gr.:

„Námsmaður, sem fær lán úr sjóðnum, skal undirrita skuldabréf við lántöku og ber hann ábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess. Ekki skal krafist ábyrgðarmanns á námslán."

Þetta er grundvallarbreyting sem við viljum kalla fram og tryggja með lagabreytingu. Þess eru dæmi að fólk hafi ekki getað tekið námslán af því að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmanni. Ábyrgðarmannahefðin, bæði í bönkum og lánastofnunum, á að sjálfsögðu að heyra til liðinni tíð. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur ítrekað flutt lagafrumvörp um að leggja af ábyrgðarmannakerfið, ef svo má kalla það.

Hvað varðar starfsemi námslánanna alveg sérstaklega þá er það að mínu mati fráleit krafa að krefjast ábyrgðarmanns á námslánum. Það gefur augaleið að sá hópur fólks sem leggur það á sig að stunda háskólanám í mörg ár kappkostar að greiða upp lánin sín þó að ekki sé ábyrgðarmaður á þeim — ábyrgðarmaður sem er þá einhvers konar svipa á að fólk borgi upp lánin þannig að þau lendi ekki á ábekingi síðar. Það eru örfá jaðartilvik sem kæmu upp, að fólk gæti ekki greitt lánið. Það má líka að sjálfsögðu leita annarra leiða, sem sagt í sjálfsskuldarábyrgð viðkomandi, þ.e. að hann beri ábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu. Að mínu mati þarf ekki aðrar ábyrgðir og það er mikið réttlætismál að leggja ábyrgðarmannakröfu á námslán af.

Þetta er hin meginbreytingin sem við leggjum til. Það er sem sagt að 30% af teknu láni breytist í námsstyrk að námslokum, að því tilskildu að fyrir fram skilgreindum markmiðum hafi verið náð, og síðan að ábyrgðarmannakrafan á námslán verði afnumin. Stjórn sjóðsins sér svo um það mál. En við leggjum líka til aðra breytingu, sem er kærkomin og þörf, en það er að námslán verði greidd fyrir fram fyrir hvern mánuð. Ekki eftir á eins og þekkist núna. Fyrirframgreiðsla væri til mikils hagræðis fyrir námsmanninn og við leggjum til að við 4. mgr. bætist nýr liður svohljóðandi:

„Eðlileg námsframvinda í námsgrein miðast við reglur í þeim skóla þar sem nám er stundað."

Síðan kemur setningin við 5.–7. mgr., um að ekki skuli krafist ábyrgðarmanns.

Þá leggjum við að lokum til í 4. gr. eftirfarandi breytingar á 9. gr. laganna:

„a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól og verðbætur.

b. 2. mgr. fellur brott."

Með frumvarpinu leggjum við til grundvallarbreytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Við leggjum til að námslán verði ávallt greidd fyrir fram fyrir hvern mánuð og að krafan um ábyrgðarmenn á lánum verði felld brott úr lögunum enda samræmist hún ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Ábyrgðarmannakrafan brýtur þvert gegn því grundvallarmarkmiði sjóðsins að tryggja jafnrétti til náms á Íslandi, óháð efnahag og efnalegri stöðu námsmanna. Vitað er um mörg dæmi þess að ungt fólk hafi orðið að hverfa frá fyrirætlunum um nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað kröfum um ábyrgðarmann sem sjóðurinn tekur gildan. Hver námsmaður á að okkar mati sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslum námslána sinna og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður síðan hvaða skilyrðum lántakandi þarf að fullnægja.

Eins og áður sagði eru aðrar breytingar þær helstar að þegar námsmaður hefur lokið lokaprófum á tilskildum tíma eða framvísað vottorði um lögmætar tafir á námi, breytast 30% af upphæðinni sem hann hefur tekið að láni í óendurkræfan styrk. Styrkurinn yrði hvorki tekjutengdur né skattlagður.

Þessar breytingar taka mið af því sem best hefur reynst öðrum Norðurlandaþjóðum, þjóðum sem standa okkur mun framar í félagslegu réttlæti á flestum sviðum. Breytingarnar taka t.d. mið af reglum í Svíþjóð þar sem 34,5% af upphæð sem námsmaður fær til ráðstöfunar á námstíma verða hreinn styrkur sé miðað við fullt nám, eða um það bil 7.200 sænskar krónur.

Annars staðar á Norðurlöndunum eru námsstyrkir ekki bundnir við námslok. En hér leggjum við það til sem skilyrði fyrir styrkveitingu. Það hefur þær jákvæðu breytingar í för með sér að fleiri ljúka námi fyrr, á réttum tíma ef svo má segja. Það er augljóst hagræði að því í skólakerfinu að hver námsmaður kappkosti að ljúka námi eins hratt og hægt er. Það gefur augaleið og því viljum við nota styrklánafyrirkomulagið sem námslokahvata.

Þá er nauðsynlegt að hluti af endurgreiðslu námslána verði frádráttarbær frá skatti og munum við flytja um það sérstakt þingmál. Við lögðum fram sérstakar tillögur um það fyrir tæpum fjórum árum í aðdraganda alþingiskosninganna árið 2003, og munum við kynna það síðar. Allir flokkarnir lögðu fram einhverja útgáfu af því að endurgreiðsla námslána væri að hluta frádráttarbær frá skatti og rak BHM mjög mikinn áróður fyrir því að þetta yrði tekið upp í stefnuskrá flokkanna.

Að lokum skal þess getið að hér er lagt til að heimilt verði að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi þar sem slíkt nám fer nú fram við tiltekna skóla. Þá leggjum við til að Lánasjóður íslenskra námsmanna veiti lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms erlendis. Samkvæmt 2. gr. laganna er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu nefnds liðar, að þeir stundi sérnám. Hér er lagt til að lögfest verði í 2. gr. laganna að heimilt verði að veita lán til sérnáms sem er undirbúningur að námi í Listaháskóla. Það er mikil réttlætisbreyting og hefur það í för með sér að mun fleiri, sem hafa á því áhuga, sæki sér nám í Listaháskóla ef þeir geta fengið námslán fyrir undirbúningsnámi sínu að skólanum.

Hér er því um að ræða nokkrar grundvallarbreytingar á

lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem gerir sjóðnum kleift að rækja hlutverk sitt enn betur. Að standa enn þá betur undir því að vera jöfnunarsjóður sem tryggir jafnrétti til náms til framtíðar. Það hefur sjóðurinn gert með ágætum árangri áratugum saman. En þessar breytingar eru réttlætisbreytingar, afnám ábyrgðarmannakröfunnar og að hluti lána breytist í styrk hafi námslokum verið náð á tilskildum tíma.

[16:59]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að fá að leggja nokkur orð í belg í þessari umræðu. Það er ánægjulegt að ræða hér um Lánasjóð íslenskra námsmanna á 19 ára afmælisdegi Röskvu. En ég á að það sameiginlegt með hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni að hafa verið í þeim félagsskap — og við erum í honum, mér skilst að maður sé þar að eilífu. Það er félagsskapur og afl sem hefur staðið mjög vörð um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Um það hefur líka verið samstaða meðal allra flokka að Lánasjóður íslenskra námsmanna sé öflugur og þjóni markmiðum sínum — en menn deila stundum um leiðir.

Mig langaði, virðulegi forseti, að koma örstutt inn á tvö atriði. Í fyrsta lagi varðandi ábyrgðarmannakerfið. Ég flutti hér mál um að fella það niður. Í kjölfarið urðu þær breytingar að aðstandendur námsmanna geta nú keypt sig frá þessum ábyrgðum með mjög litlum tilkostnaði hjá bönkunum. Ég held að það skref bankanna hafi verið gríðarlega jákvætt. Ég verð ekki vör við annað en að um það ríki mikil ánægja og sátt og þessi mál eru nánast horfin, þ.e. þessi erfiðu mál. Ég man vel eftir því þegar ég starfaði á réttindaskrifstofu stúdentaráðs þegar þangað var að koma fólk sem ekki gat hafið nám út af þessari kvöð. Þannig að ég verð að viðurkenna að hafa kannski horfið frá þessari baráttu þar sem mál voru komin í þann farveg.

En síðan var það hitt atriðið sem ég vildi koma inn á, þ.e. að ef námsmaður lýkur lokaprófum á tilskildum tíma breytist 30% lánanna í styrk. Það er alltaf ágætt að hafa svipu á námsmönnum, segir sá námsmaður sem hér stendur sem hefur haft sitt nám lengi útistandandi. Við í Framsóknarflokknum höfum haft það á stefnuskrá að skoða kosti og galla þess að taka upp styrkjakerfi hjá lánasjóðnum. Þegar farið var út í þá vinnu að lækka endurgreiðslubyrði námslána var þess getið í lokatillögum nefndarinnar að lánasjóðurinn færi í að skoða þessa hluti. Það er ástæða til að athuga hvernig sú skoðun hefur gengið og hvort eitthvað er að gerast í þeim málum því ég held að það sé mikið þjóðþrifamál að fara út á þessa braut. Við höfum reyndar ekki haft nákvæmlega þessa útfærslu, eins og ég sagði áðan erum við ekki alltaf sammála um leiðir þó að við séum sammála um markmið.

En ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka fyrir þessa tillögu. Hún er gott innlegg í þá umræðu að efla enn frekar Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem við höfum öll að markmiði, og við tökum á móti henni í menntamálanefnd.

[17:02]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér er áhugavert frumvarp sem er vert að ræða mjög gaumgæfilega. Ég get tekið heils hugar undir að það eigi að hætta með þessi ábyrgðarmannakerfi á námslánin en síðan finnst mér þessi 30% afsláttur á námslánunum eitthvað sem við þurfum að ræða og fara í gegnum. **(Gripið fram í:** Eru frjálslyndir á móti því?) Frjálslyndir eru með því að lánasjóðnum verði tryggð framtíð og þess vegna er vert að spyrja sig: Hvað er mikill kostnaður við þennan 30% afslátt? Þegar komið er með tillögur sem munu eflaust skerða tekjur lánasjóðsins væri áhugavert að fá fram hversu mikið það kostar. Mér finnst það mjög áhugaverð spurning.

Hins vegar er annað sem blasir við. Ef við ætlum að tryggja jafnrétti til náms þarf að líta til þessara hækkuðu skólagjalda. Við verðum vitni að því að í háskólunum er jafnvel tekinn fjórðungur úr milljón fyrir önnina í skólagjöld, þá 500 þús. kr. á ári. Ég er á því að við ættum kannski fyrst að velta fyrir okkur hvort þessi hækkuðu skólagjöld séu ekki eitthvað sem yfirvöld menntamála eigi að sporna við áður en bornar eru upp tillögur sem mögulega geta kippt grundvellinum undan lánasjóðnum. Þess vegna væri fróðlegt að fá að heyra hvað þetta gæti kostað.

Við í Frjálslynda flokknum erum alls ekkert mótfallnir því að veittir séu styrkir. En áður en menn ræða í alvöru svona tillögur væri fróðlegt að fá að heyra um kostnaðinn við þessa styrkveitingu. Ef það á að veita styrki til náms er alveg spurning hvort þetta sé rétta leiðin eða hvort samfélagið eigi þá að veita ákveðna styrki til að efla vissa menntun í landinu, t.d. hvetja til iðnmenntunar ef við sjáum fram á að það þurfi að fjölga fólki í iðngreinum eða þá að veita styrki til tækninám sérstaklega en kannski að sporna við þeirri þróun að þeir sem hyggja á nám í tæknigreinum þurfi nú skyndilega að greiða há skólagjöld sem þeir þurftu ekki fyrir örfáum árum. Það er rétt að fara í gegnum það hvernig þessi mál eru að þróast og hvort þessar reglur og sú þróun sem hefur verið á undanförnum árum hafi í rauninni verið jákvæð.

Ég er ekkert viss um að þessi háu skólagjöld upp á 250 þús. kr. á önnina séu eftirsóknarverð leið. Þetta skapar önnur vandamál, þ.e. að þeir skólar sem er ekki heimilt að leggja á þessi skólagjöld telja sig að einhverju leyti dragast aftur úr í samkeppninni við þá sem geta lagt á skólagjöld. Þetta mál þarf vissulega að ræða og fara rækilega í gegnum, sérstaklega vegna þess að innan úr Samfylkingunni hafa heyrst raddir sem vilja jafnvel opna á skólagjöld. Þá er spurningin hvort ekki sé rétt að halda aftur af þeim í stað þess að koma með nýja jöfnun í styrkveitingum sem er erfitt að átta sig á hvort í rauninni verði til góðs þegar fram í sækir.

Ég vil endilega taka undir 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um að taka á ábyrgðarmannakerfinu sem mér finnst að í rauninni ætti að vera horfið fyrir nokkru.

[17:07]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur góða heyrn og hann hefur numið það að innan úr Samfylkingunni — að hans sögn — hafi komið raddir um að opna á skólagjöld. Þá er nú rétt að upplýsa hv. þingmann um það hvernig við teljum hentast að haga þeim málum.

Við erum þeirrar skoðunar að það eigi að vera gjaldfrjáls menntaleið alveg frá fyrstu stigum leikskóla til loka

háskólaprófs. Hins vegar teljum við að menn eigi að hafa val. Ef einhverjir vilja verða sér úti um menntun utan hins opinbera háskólakerfis, sem ég var hér að lýsa, og fara í það sem kalla má einkarekna háskóla eins og Bifröst, HR og fleiri háskóla þar sem eru skólagjöld á samfélagið að létta þeim þá leið með því að bjóða upp á námslán fyrir skólagjöldum. Endranær fara menn í slíkt nám til þess að verða sér úti um ríkari ævitekjur.

Til að það geti lukkast verða menn að geta notfært sér námið til þess að hækka tekjur sínar. Það eru ekki allir sem geta gert það, t.d. ekki þeir sem búa við mikla ómegð og eru einstæðir foreldrar eða hugsanlega fatlaðir sem búa við fimm sinnum hærra atvinnuleysisstig en aðrir. Þessum hópum teljum við að eigi ekki að bægja frá því að notfæra sér þennan valkost og þess vegna verði að taka sérstaklega tillit til þeirra með því að veita námsstyrki í þessum tilvikum. Þetta er það sem við höfum sagt.

Í grundvallaratriðum á ríkið sem sagt að bjóða upp á gjaldfría námsleið frá fyrstu stigum leikskóla til lokastigs háskóla. Utan þess ef menn kjósa sjálfir að velja sér annað nám þar sem eru skólagjöld á ríkið að hlaupa undir bagga með námslánum. Það þýðir ekki að við séum að ýta undir skólagjöld, þvert á móti erum við að tryggja eina opinbera leið sem er án skólagjalda.

[17:10]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef við höfum trú á að menntun verði þjóðfélaginu til góðs er ég þeirrar skoðunar að við eigum ekki að leggja stein í götu þeirra sem ætla að sækja sér menntun. Það sem kom fram hér í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar er að fólk geti þá sótt sér menntun utan hins hefðbundna skólakerfis, þ.e. í umræddum einkaskólum.

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn brugðust vegna þess að þeir settu tækninám inn í einkaskóla þannig að ef fólk ætlar að læra tæknigreinar verður það að fara í einkaskóla og greiða jafnvel há skólagjöld. Það er þróun sem er rétt að sporna við og ræða.

Hvað varðar það hvernig við styrkjum þessa skóla er rétt að skoða það að hluti af námsláninu er styrkur. Námslánið greiðist ekki upp með fullum kostnaði þannig að lánasjóðurinn þarf eflaust að fjármagna sig með einhverjum lánum en endurlána síðan vaxtalaust. Það er hægt að líta á þetta kerfi sem ákveðinn kostnað og ég verð að segja að mér finnst þetta stórfurðuleg þróun eða afturför, þ.e. að leggja á há skólagjöld í skólum og síðan þurfa nemar að fjármagna þau með lánum sem eru síðan aftur styrkur frá ríkinu.

Ég hefði talið hreinlegast, frú forseti, að þessum skólum væri bara gert kleift að haga starfsemi sinni án þess að þurfa að seilast djúpt í vasa nemenda, sérstaklega þeirra sem ætla að sækja sér menntun í tæknigreinum. Þá hefði ég talið að þjóðfélag sem ætlar að stefna fram á við í menntasókn ætti einmitt að greiða leið fyrir ungt fólk í þessa menntun, frú forseti.

[17:12]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að sá háttur sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft á er afturför, þ.e. að menn þurfi að greiða töluvert meira núna fyrir nám þó að það sé falið undir öðrum heitum en áður. Gegn því gætum við sameinast um að berjast.

Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það sé mjög mikilvægt að gefa fólki frelsi til að velja. Það er eitt af grunngildum Samfylkingarinnar. Fólk á þess vegna að hafa val um það ef það kýs að verða sér úti um menntun annars staðar en t.d. á Íslandi og nema í öðrum löndum. Ríkið á hins vegar að bjóða upp á fullgildar námsleiðir á sem flestum námsbrautum innan lands. Menn hafa þá val um það hvort þeir fara þangað og stunda ókeypis nám. Hinn kosturinn er þá sá að fara utan, eins og ég nefndi, eða að fara í einhverja aðra af þeim háskólum sem hafa verið settir upp utan vébanda ríkisins en með framlögum frá því. Ef námsmaðurinn nýtir sér frelsið til að velja slíkt nám eigum við eigi að síður að ýta undir með honum með því að veita honum lán fyrir skólagjöldunum.

Af hverju er hægt að réttlæta það, frú forseti? Með því sem hv. þingmaður sagði hérna áðan, það skiptir samfélagið miklu að hækka menntastigið. Við eigum að koma upp sem flestum háskólum og sem mestum skólum sem víðast á landinu og gera allt sem við getum til að auka menntunarstig þjóðarinnar. Þetta er einn liður til þess og það er brýn nauður sem rekur á það einmitt núna þegar við erum að dragast aftur úr að ýmsu leyti í menntamálum í samanburði við nágrannaþjóðir undir forustu hins gagnmerka Framsóknarflokks ásamt Sjálfstæðisflokknum. Ég held að ég og hv. þingmaður gætum orðið sammála um þetta.

[17:14]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, það er mjög mikilvægt að hafa val. En það virðist sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn séu einhvern veginn mjög á móti því, vilji alls ekki hafa val. Þeir hafa t.d. lagt niður nám í vissum greinum. Ég bendi hér á að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn lögðu m.a. niður fiskvinnsluskóla á Dalvík og í Hafnarfirði. Það má ekki vera menntun í þessum greinum hjá þessum flokkum.

Yfir helmingurinn af vöruútflutningi þjóðarinnar kemur einmitt úr sjávarútveginum en þessir flokkar hafa lagt niður menntun í þessum greinum. Á sama tíma hafa Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn séð ástæðu til að mennta lögfræðinga í fjórum skólum á landinu. Þetta er alveg stórundarlegt. Þeir sjá kannski að það eigi að vera val í þessum greinum en koma í veg fyrir nám í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Það er vegna þess að umræðan um sjávarútvegsmál, kvótann, er erfið fyrir þessa flokka, þeir forðast hana og leggja meira að segja niður nám í þessum greinum og leggja af útvarpsþætti sem fjalla um þau mál hjá Ríkisútvarpinu. Auðlindin var lögð niður bara vegna þess að framsóknarmenn þoldu ekki umræðuna um sjávarútvegsmál, hvað þá sjálfstæðismenn. Það er átakanlegt.

Það er mikilvægt að hafa val, það er mjög mikilvægt fyrir Íslendinga að bjóða upp á fjölbreytta menntun sem er í tengslum við atvinnugreinar landsmanna og stuðla að því að fólk sé menntað í tæknigreinum, bæði í sjávarútvegi og

öðrum þáttum þjóðlífsins. Það skiptir öllu máli, frú forseti.

[17:16]

**Útbýting:**

Ferjusiglingar, 555. mál, þáltill. HjÁ og BJJ, þskj. 830.

Lánatryggingarsjóður kvenna, 578. mál, fsp. AKG, þskj. 860.

Norræni blaðamannaskólinn, 577. mál, fsp. MÁ, þskj. 859.

Stuðningur við atvinnurekstur kvenna, 579. mál, fsp. AKG, þskj. 861.

[17:16]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson er 1. flutningsmaður að. Ég vil í byrjun fagna því að við ræðum um þennan mikilvæga sjóð, Lánasjóð íslenskra námsmanna. Eflaust hefði umræða um hann átt erindi fyrr í vetur vegna þess að eins og komið hefur fram í umræðunni gegnir hann mikilvægu hlutverki í menntakerfi okkar með því að hann tryggir jafnrétti til náms sem okkur öllum er hugleikið. Ég held að eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir kom inn á hafi okkur tekist að halda þverpólitískri samstöðu um meginmarkmið með rekstri sjóðsins þótt auðvitað sé alltaf áherslumunur á stefnu flokkanna.

Mér finnst þetta athyglisvert frumvarp. Mig langar að gera örstutt grein fyrir þeirri skoðun minni að ég get tekið undir nokkuð af því sem hér kemur fram. Í aðdraganda síðustu kosninga 2003 ræddu ungir framsóknarmenn mikið um Lánasjóð íslenskra námsmanna, enda er það eitt brýnasta hagsmunamál stúdenta og ungs fólks í námi. Í málefnaundirbúningi þeirra fyrir flokksþingið sem markaði stefnu okkar framsóknarmanna í menntamálum fyrir síðustu alþingiskosningar var m.a. að skoða ætti sérstaklega Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þar stóðu tvö atriði upp úr, annars vegar að lækka endurgreiðslubyrði námsmanna og koma henni niður í 3,75% , eins og hún var áður en Viðeyjarstjórnin margfræga breytti því hlutfalli. Okkur hefur aftur tekist að ná hlutfallinu aftur í 3,75% á þessu kjörtímabili. En hitt atriðið laut að því sem kemur fram í þessu frumvarpi, þ.e. að setja meiri hvata í kerfið, þ.e. að hafa þann hvata í kerfinu að ljúki menn námi á tilskildum tíma breytist hluti af lánum þess í styrk. Útfærslan var ekki nákvæm fyrir að öðru leyti en því að þar var rætt um 25–30% hlutfall.

Í viðræðum stjórnarflokkanna sem nú mynda ríkisstjórn, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, varð niðurstaðan sú að inn í stjórnarsáttmálann rataði ákvæðið sem sneri að því að lækka endurgreiðslubyrði námslánanna. Okkur hefur tekist að koma því í framkvæmd á þessu kjörtímabili. En síðarnefnda atriðið stóð utan sáttmálans. Ég hef síðan þá, ásamt fleiri framsóknarmönnum, þar á meðal hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, haldið þessu á lofti. Við verðum klárlega að stefna að þessu og þess vegna er umræðan í dag góð og þetta frumkvæði hv. þm Björgvins G. Sigurðssonar.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson ræddi þetta áðan, m.a. í andsvörum. En eins og staðan er í dag, ef við skoðum viðskiptavini eða lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna, þá er kerfið þannig að við styrkjum þá mest sem fara í lengsta námið, sem njóta lána í lengstan tíma. Þeir sem taka BS- eða BA-námið, fara síðan í masterinn og jafnvel í doktorinn. Ef staðan er skoðuð, þá greiðir ríki þeirra nám mest niður hlutfallslega. Þess vegna er ekki óeðlilegt að skoða hvernig megi breyta þeirri forgangsröð. Meginhópurinn er fólk sem fer einungis í BA- eða BS-nám þótt það sé alltaf að breytast með hækkandi menntunarstigi þjóðarinnar. Við þurfum auðvitað á því að halda en þessi hópur greiðir hraðast upp lán sín og hann greiðir þau nánast öll til baka. Þess vegna finnast mér rök fyrir því að skoða þetta sérstaklega.

Annað sem mér finnst mikilvægt í umræðum um lánasjóðinn er framfærslugrunnurinn sjálfur, upphæðirnar sem lánin byggjast á. Reynsla mín af í stúdentapólitíkinni, líkt og annarra hv. þingmanna sem hér hafa tekið til máls er auðvitað sú að það er eilífðarbarátta að finna út hve há lánin eiga að vera. Þess vegna er það gleðiefni að nú hafi stjórn LÍN sett af stað vinnu sem miðar að því að skoða framfærslugrunninn. Eins og við vitum byggir hann enn á grunni sem reiknaður var út árið 1995. Síðan voru tekin 80% af þeim grunni og við það skyldu námslánin miðast, þetta hefur síðan uppfærst ár frá ári eftir því hvernig hefur samist milli fulltrúa stúdenta og meiri hlutans í stjórn LÍN. Þetta er afar mikilvægt atriði. Ég vil halda því til haga. Þingið verður að fylgjast með framvindu þessa máls en sjóðurinn er byrjaður að skoða sérstaklega hver grunnurinn er sem ég held að sé mjög brýnt mál.

Ég vildi ljúka máli mínu með því að nefna að auðvitað er brýnt að við höldum Lánasjóði íslenskra námsmanna, rekstri hans og tilvist, til haga. Áfram þarf að gera sjóðnum kleift að stuðla að þessu mikilvæga jafnrétti til náms sem við viljum hafa og framsóknarmenn hafa reynt að standa vörð um. Það er auðvitað þannig að háskólaumhverfið hefur breyst ótrúlega á síðustu 5–10 árum þrátt fyrir þau orð sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson lét falla í ræðu sinni á undan mér. Hann talaði um að verið væri að minnka fjölbreytnina í náminu. Það getur átt við um það mál sem hann nefndi, um fiskvinnsluskóla og ég verð að játa að ég þekki það því miður ekki nógu vel. En ég vil benda á að við höfum mun fjölbreyttara nám í boði, tekið upp nýja háskóla eins og við þekkjum svo vel, Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst. Það hefur orðið háskólabylting á undanförnum árum sem er gleðilegt.

Nemum hefur fjölgað svo á háskólastiginu að það jafnast eflaust á við heimsmet. Ég hef reyndar lagt fyrirspurn, sem ég er ekki búin að fá svar við, til hæstv. menntamálaráðherra til að fá betri yfirsýn yfir þróunina á háskólastiginu undanfarin 5–10 ár. Ég bíð eftir að fá svar við henni en eins og við vitum öll sem fylgst höfum með þessari þróun hefur orðið gerbylting þar á. Við eigum auðvitað áfram að stuðla að menntasókn okkar. Hún á ekki einungis að vera á háskólastiginu heldur og á framhaldsskólastiginu og í verk- og tæknimenntun, og á framhaldsskólastiginu og háskólastiginu. Ég held að við hv. þingmenn getum sammælst um að sækja þurfi lengra fram á þeim vettvangi.

[17:24]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. fór í gegnum jafnrétti til náms og

mikilvægi lánasjóðsins. Mig langaði að spyrja hv. þingmann hvort hún væri fylgjandi þeirri þróun sem orðið hefur, gífurlegri hækkun á skólagjöldum, yfir hálfa milljón á ári. Hvert er viðhorf Framsóknarflokksins til þess?

[17:25]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að gefa mér færi á að fara yfir stefnu Framsóknarflokksins varðandi skólagjöld, en stefnan er skýr. Við höfum ekki viljað taka upp skólagjöld á háskólastigi í grunnnámi. Við höfum innan okkar raða helst rætt um framhaldsstigið, þ.e. masters- eða doktorsnám en ekki hafa verið neinar samþykktir gerðar þar að lútandi innan okkar flokks.

Ég er þeirrar skoðunar að hið opinbera eigi að bjóða upp á fjölbreytt úrval háskólanáms án skólagjalda til þess að allir eigi þess kost á að geta sótt nám vegna þess að það er einfaldlega arðbært fyrir þjóðina.

Nú hefur þróunin verið sú að háskólum hefur fjölgað sem taka skólagjöld. Við höfum mætt þeirri þróun eins og hv. þingmaður þekkir með því að Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur lánað fyrir skólagjöldunum. En stúdentar hafa val um að sækja sér nám annaðhvort í þeim ríkisreknu háskólum sem eru og greiða þá ekki skólagjöld eða sækja nám til háskóla sem ekki eru ríkisreknir en njóta að sjálfsögðu stuðnings ríkisins og taka samhliða skólagjöld. Það er auðvitað heilmikil umræða að ræða um samkeppnisstöðu ríkisreknu háskólanna á við þá sem geta tekið skólagjöld. En það er önnur umræða.

Þetta er alveg skýrt. Það er mikilvægt að fólk hafi þetta val og það sé fyrir hendi eins og er í dag.

[17:27]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lagði einfalda spurningu fyrir hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur og hún kaus að svara út og suður. Það er náttúrlega miður. En hið rétta í málinu er að lagt hefur verið niður nám sem ekki er hægt að sækja á vegum ríkisins og flytja inn í einkarekna háskóla. Þar með hefur Framsóknarflokkurinn ákveðið að leggja stein í götu þeirra sem hyggjast leggja stund á tækninám.

Það er líka rétt að rifja upp fyrir hv. þingmanni að hún fór í gegnum það að þeir sem færu í lengra nám fengju aukinn styrk í gegnum lánasjóðinn frá ríkinu. Hún nefndi það í fyrri ræðu sinni. En það má þá líka segja að þeir sem þurfa að greiða hærri skólagjöld fái hærri styrk í gegnum lánasjóðinn. Ég hef velt því fyrir mér hvort þetta sé í raun stefna Framsóknarflokksins, þ.e. að styrkja þessa einkareknu skóla umfram ríkisreknu háskólana með því að fara í ríkissjóð með viðkomu í vasa nemenda. Það virðist raunin ef marka má ræðu hv. þingmanns.

En það kemur mér svo sem ekki á óvart að framsóknarmenn kynni sér lítið eða forðist umræðu um fiskvinnslunám. Það er eins og það megi ekki ræða sjávarútvegsmál, þá sést undir iljar þingmanna Framsóknarflokksins og þeir hafa ekki kynnt sér þetta. Þetta kemur þeim ekkert við, virðist vera. En þetta skiptir miklu máli fyrir þjóðarhag. Rúmur helmingur af vöruútflutningi landsmanna kemur úr þessari grein og forráðamenn sjávarútvegsins hafa lýst yfir áhyggjum af stöðu mála en þær áhyggjur virðast ekki vera hjá framsóknarmönnum. Áhyggjur framsóknarmanna eru af því að þurfa að ræða sjávarútvegsmál. Það finnst þeim vont.

[17:29]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður hlustaði á svar mitt áðan. Mér heyrðist það ekki á svörum hans. Það er alls ekki þannig að Framsóknarflokkurinn forðist umræðu um sjávarútvegsmál. Ef það er eitthvað á okkar vettvangi eða í okkar orðræðu almennt í stjórnmálum sem við höfum rætt um þá hafa það verið sjávarútvegsmálin. Það þekkir hv. þingmaður vel.

Mér fannst reyndar af þeirri tillögu sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson setti fram fyrr, um hvernig ætti að fara að því að styrkja þá sem fara í langt nám í skóla sem tækju skólagjöld, að hann legði frekar til að samkeppnisstaða ríkisreknu skólanna á við skóla sem taka skólagjöld væri enn frekar skert meðan ég hef verið þeirrar skoðunar að leita leiða til að rétta af samkeppnisstöðu ríkisreknu skólanna, enda hafa þeir ekki sömu tækifæri og þeir sem rukka skólagjöld til að hafa tekjur.

Þetta er auðvitað (**SigurjÞ:** Ertu fylgjandi þessum háu skólagjöldum eða ekki?) umræða sem við verðum að taka. Ég er þeirrar skoðunar eins og ég sagði í ræðu minni áðan að mikilvægt væri að fólk hefði þetta val. Ég er ekki þeirrar skoðunar að Alþingi okkar Íslendinga geti ákveðið hver skólagjöldin eigi að vera í skólum sem hafa heimild til að rukka skólagjöld. Við höfum aftur á móti Lánasjóð ísl. námsmanna sem tryggir þeim sem kjósa að fara í þá skóla val og geta greitt það niður, eins og við vitum að fyrirkomulagið er. Við höfum ríkisrekna háskóla sem standa öllum opnir. Til hliðar við þá starfa skólar sem þiggja skólagjöld og hafa sannarlega hleypt lífi í háskólaumhverfi okkar. Við eigum að fagna því frekar en hitt. Samkeppnin hefur styrkt ríkisrekna háskóla okkar. Ég held að við eigum að ræða um að styrkja áfram Lánasjóð íslenskra námsmanna enda hlýtur það að vera grundvallaratriði til að jafna aðgang allra að háskólanámi. Það er okkar verkefni.

[17:31]

**Flm. (Björgvin G. Sigurðsson)**:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þá fjörugu umræðu sem hefur átt sér stað í sölum Alþingis um menntamál og um háskólastigið. Lánasjóður íslenskra námsmanna stendur náttúrlega á bak við alla háskólamenntun þannig að það er eðlilegt og gott að í framhaldi af því komi upp umræður um ýmis álitaefni á háskólastiginu.

Fram fóru harkalegar umræður í þinginu fyrir tveimur árum þegar tekin var ákvörðun um að leggja niður Tækniháskóla Íslands og fella saman við Háskólann í Reykjavík. Gagnrýni okkar í Samfylkingunni byggðist einkum á því að þar með yrði tæknimenntun á háskólastigi ekki aðgengileg nema í gegnum einkarekinn háskóla með greiðslu skólagjalda. Ég held að það hefði verið farsælla skref að byggja upp tækninám í Háskóla Íslands þannig að þar væri einnig gjaldfrjáls menntaleið, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallaði það, í tækninámi eins og öðru. Það er ákveðin

hindrun að nám sé einungis til staðar í einkareknum háskóla gegn greiðslu skólagjalda. Ég tel að öll flóra grunnnámsins eigi að vera til staðar í opinberum háskólum. En svo er það að sjálfsögðu jákvæð viðbót og hið besta mál þegar einkareknir háskólar auka námsframboð.

Það er hins vegar þekkt að sett sé ákveðið þak á skólagjaldaheimildir. Í Bretlandi er sett þak á slíkar heimildir, þ.e. þrjú þúsund pund á ári. Í því eru farnar ýmsar leiðir en sérstaklega af því að það er ekki þak á því hvað lánasjóðurinn lánar mikið fyrir skólagjöldum og helmingur af lánum lánasjóðsins er einhvers konar niðurgreiðsla nú þegar. Því væri ekki óeðlilegt að setja eitthvert þak á skólagjaldaheimildir hinna einkareknu háskóla með tilliti til þess.

Ég er viss um að það væri jákvætt að stíga skref í átt að auknum námsstyrkjum. Það á að sjálfsögðu einnig við um verk-, iðn- og listnám. Lánasjóðurinn er ekki bara að lána fyrir háskólamenntun, hann lánar einnig fyrir verknámi eftir grunndeild. Styrkirnir væru námshvati og til að efla það nám ekki síður en háskólanámið og ég tek undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni með að við þurfum sérstaklega að efla iðnnám og tæknínám. Ég hef nokkrum sinnum flutt um það tillögur á þinginu, um átak til að efla verk- og listnám í framhaldsskólunum. Ég held að það sé kannski eitt mikilvægasta verkefni menntakerfisins í dag. Mestu skiptir að vinna í þessu.

Ég lét meta það í fyrra eða hittiðfyrra hver kostnaðurinn af þessum breytingum yrði. Ég mun að sjálfsögðu kalla eftir slíkum upplýsingum aftur frá Lánasjóði íslenskra námsmanna í umsagnaferlinu, þ.e. hvert sé áætlað kostnaðarmat í dag við að 30% lána breytist í styrk. Það er ótrúlega lítill kostnaður á bak við það af því að í dag niðurgreiðum við mest fyrir þá sem lengst eru í námi, ef svo má segja. Það eru því margir þættir sem gera það að verkum að það sparast mikið um leið og þetta kostar peninga. Þetta er hins vegar besta fjárfestingin, þ.e. í bættri og aukinni menntun. Þess vegna leggjum við til að sú grundvallarbreyting verði gerð á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna að 30% af upphæð námsláns verði styrkur ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma og auk þess verði ekki krafist ábyrgðarmanna á námsláni. Þá yrðu námslán greidd út fyrir fram eða samhliða en ekki eftir á.

Ég þakka þá jákvæðu og skemmtilegu umræðu sem fram hefur farið í dag um háskólastigið. Við þurfum að leiða þar margt til lykta. Vaknað hafa áleitnar spurningar um margt sem þessu tengist og það er jákvætt og gott. Ég þakka fyrir undirtektirnar og það er gott að heyra að vilji er fyrir því að skoða þessa leið í mörgum flokkum. Ég fagna því að sjálfsögðu og við sjáum hvernig málinu reiðir af í menntamálanefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur, 1. umr.*

Frv. SKK o.fl., 90. mál (birting skattskrár). — Þskj. 90.

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

## *Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, fyrri umr.*

Þáltill. DJ o.fl., 42. mál. — Þskj. 42.

[17:37]

**Flm. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Ásamt mér eru flutningsmenn hv. þingmenn Sæunn Stefánsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir.

Tillagan hljóðar svo, virðulegi forseti:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem kanni gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Nefndin kanni sérstaklega ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla, hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- eða starfsval og hvaða hugmyndir grunnskólanemendur hafi um framhaldsnám og störf að námi loknu. Jafnframt geri nefndin samanburð á náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum, svo og árangri ráðgjafar og annarra úrræða gegn brottfalli.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður nefndarinnar, þar á meðal tillögum um aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar ef niðurstöður hníga í þá átt, fyrir 15. nóvember 2007.“

Hæstv. umhverfisráðherra Jónína Bjartmarz hefur tvisvar áður flutt þetta mál. Ég tók við af henni og ætla að halda því á lofti enda um mjög mikilvægt mál að ræða. Í greinargerðinni er farið nánar yfir efnisatriði varðandi þetta mál. Útgangspunkturinn er sá að brottfall nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi er vandamál. Það er allt of mikið. Hér er farið yfir rannsóknir og stöðuna í löndunum í kringum okkur. Í niðurstöðunni segir að í allri umræðu hér á landi um mikið brottfall sé ástæða til að gefa gaum að aðferðum í náms- og starfsráðgjöf sem beinist að því:

„... að vísa veginn um flókið upplýsingaumhverfi öllum þeim sem eru núverandi eða væntanlegir þátttakendur í skólakerfi og/eða atvinnulífi. Ljóst er að brottfall nemenda og skortur á úrræðum fyrir þann hóp sem hættir námi kostar einstaklingana mikið persónulega, fjárhagslega og félagslega, auk þess sem það hefur í för með sér kostnað fyrir skólakerfið og þjóðfélagið allt. Skilvirkar leiðir í náms- og starfsráðgjöf eru ein af forsendum þess að fólk geti eflt færni sína til að stunda nám og starf farsællega. Ljóst er að náms- og starfsráðgjöf á grunn- og framhaldsskólastigi þarf að efla á Íslandi.“

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur farið fram tvisvar áður og málið hefur ekki náð fram að ganga. Það er endurflutt í þriðja skipti óbreytt. Það er von mín að það verði afgreitt sem þingsályktun frá Alþingi.

[17:40]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Við ræðum um tillögu til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Fyrsti flutningsmaður tillögunnar, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, gerði grein fyrir henni en ég vildi fyrst og fremst árétta og ítreka að ég vona að þingsályktunartillagan nái fram að ganga, fái þinglega meðferð og afgreiðslu. Þetta er sannarlega viðfangsefni og vandamál sem við verðum að takast á við, þ.e. brottfall úr framhaldsskólum. Ýmislegt hefur verið unnið á þessum vettvangi en ég held að þessi þingsályktunartillaga og sú nefnd sem hér er lögð til ætti að kanna sérstaklega gildi og gagn þess að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í grunn- og framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval, eins og það er orðað í þingsályktunartillögunni. Þetta er úrræði sem hefur sannað sig. Í dag má finna víða í menntakerfinu náms- og starfsráðgjafa sem vinna þarft og gott starf en kallað hefur verið eftir því að þeir fái skýrari lagaramma og grundvöll víðar í kerfinu. Ég held að slík nefnd gæti lagt heilmikið af mörkum.

Það er verðugt verkefni að minnka brottfall úr framhaldsskólunum. Það var merkilegt sem fram kom í vinnu nefndar sem skipuð var af hæstv. menntamálaráðherra fyrir tveimur árum, sem kom með tillögur um verk- og tæknimámið, að margir velja bóknámið en enda síðar í verk- og tækniháminu. Það sýnir að þar hefði náms- og starfsráðgjöf getað breytt einhverju. Menn gætu kannski fyrr fundið sinn stað í menntakerfinu þar sem þeir fá notið sín og nýta reynslu sína til að þroskast og þróast í skólanum og menntun.

Ég vona eins og ég sagði, frú forseti, að þessi tillaga nái fram að ganga. Ég held að hér sé sannarlega um þarft og brýnt mál að ræða.

[17:43]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Hér er um að ræða mjög gott mál og mikilvægt af því að brottfall eða ótímabær námslok, eða hvað sem það er kallað í skólakerfinu okkar, er verulegt vandamál. Það er ástæða til, ekki bara að hafa áhyggjur af því, heldur til að grípa til markvissra aðgerða gegn því.

Ég hef nokkrum sinnum flutt tillögu um að efla sérstaklega verk- og listnám og fjölga styttri starfsnámsbrautum í framhaldsskólunum, m.a. til að minnka brottfall, ekki af því að það sé eitthvað léttara nám en bóknámið heldur af því að það mundi ábyggilega verða til þess að fleiri færu í verknám en bóknám og fleiri af þeim sem hætta í bóknáminu án þess að klára það af því þeir hafa ekki áhuga á því eða telja það ekki eiga sérstaklega við sig.

Og ef sama hlutfall námsmanna og ungmenna á Íslandi færi í bóknám annars vegar og verknám hins vegar eins og er á Norðurlöndunum og í flestum Evrópulöndum, þá færu miklu, miklu fleiri hér í einhvers konar verknám og mundu þar af leiðandi líklega klára nám sitt.

En hér kemur fram að hátt í 40% íslenskra ungmenna ljúka ekki námi í framhaldsskóla áður en námslokum er náð, heldur hætta áður en formlegri skólagöngu í framhaldsskólunum er lokið. Það er að sjálfsögðu allt of hátt hlutfall, bæði fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið og hægt að leita margra leiða til að sporna gegn því. Það er ekki nokkur einasta spurning.

Þær leiðir sem eru langfarsælastar að fara strax í upphafi eru náms- og starfsráðgjöf. Við þingmennirnir fimm sem flytjum þetta mál, úr þremur flokkum, Framsóknarflokki, Samfylkingu og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, leggjum til að skipuleg aðstoð innan skólakerfisins sem kemur nemendum til hjálpar og er í höndum kennara-, náms- og starfsráðgjafa, verði stóraukin. Og sérstaklega með tilliti til þess að náms- og starfsráðgjöf er mjög nýleg grein innan skólakerfisins. Hún er í rauninni rétt að skjóta þar rótum, auðvitað mismikið eftir skólastigum en er held ég af mörgum mjög vanmetin grein.

Ég held að það skipti gífurlega miklu máli að auka náms- og starfsráðgjöf verulega í skólunum að því þar er upphafsreiturinn sem námsmaðurinn er staddur á þegar hann velur sér brautina sem hann fer inn á í framhaldsskóla, í 9. eða 10. bekk í grunnskólanum. Það val er gífurlega afdrifaríkt fyrir alla framtíð námsmannsins eins og gefur augaleið.

Nemandi sem eftir góða náms- og starfsráðgjöf sæi að hann hefði t.d. brennandi áhuga á einhverju listnámi og sæi að það væri auðvelt fyrir hann að halda því námi áfram síðar í háskóla þótt hann hefði ekki lokið formlegu stúdentsprófi o.s.frv., hann færi þá strax í nám sem hentaði honum og hann hefði mjög mikinn áhuga á. En fengi hann ekki neina eða litla náms- og starfsráðgjöf, færi á einhverja bóknámsbraut svona „af því bara“ þá hætti hann náminu sennilega fljótlega einfaldlega vegna þess að honum hundleiddist námið, hann hefði engan áhuga á því, sæi engan framtíðartilgang með því, byðist síðan spennandi tilboð um vinnu þar sem hann fengi góð laun og þá er leiðin til baka oft svolítið vandrötuð og margir sem koma aldrei til baka.

Það komu fréttir af brottfalli nemenda í framhaldsskólum í síðustu viku þar sem sérstaklega var tekið til þess að brottfall nemenda í framhaldsskólum t.d. á Suðurnesjum væri mikið. Þar var talað um að yfir 50%, ég held hátt í 60% karlkyns nemenda á aldrinum 16 ára til tvítugs hættu áður en þeir lykju námi.

Það er náttúrlega gríðarlega há tala þegar sex af hverjum tíu í árgangi karlkyns nemenda hættir áður en hann lýkur einhverju formlegu námi í skólanum af því að auðvitað nýtist námið nemandanum ekki nema að litlum hluta ef hann lýkur ekki formlegri gráðu, útskrifast annaðhvort með sveinspróf eða stúdentspróf eða einhver önnur réttindi. Þá fyrst nýtist námið fullkomlega og leiðin til frekari menntunar seinna verður greið.

En í allri umræðunni um hið mikla brottfall hér á landi leggjum við flutningsmenn tillögunnar áherslu á að það verði að gefa gaum að aðferðum í náms- og starfsráðgjöf sem beinast að því að vísa veginn um flókið upplýsingaumhverfi, öllum þeim sem eru núverandi eða væntanlegir þátt-

takendur í skólakerfi eða atvinnulífi.

Að okkar mati er ljóst að brottfall nemenda og skortur á úrræðum fyrir þann hóp sem hættir námi kostar einstaklinga persónulega, fjárhagslega og félagslega, og hefur að sjálfsögðu í för með sér kostnað fyrir skólakerfið en kannski miklu frekar fyrir einstaklinginn sjálfan seinna meir í lífinu þegar það þrengir að starfsmöguleikum hans seinna á lífsleiðinni að hafa ekki tekjumöguleika og einfaldlega leiðir til að lifa farsælu og góðu lífi, að hafa ekki lokið skóla á sínum tíma. Í raun og veru ætti að vera jafnsjálfsagt að ungmenni séu í skólum til 18–19 ára aldurs eins og það var einu sinni, að klára grunnskólann.

Þannig held ég að þróunin verði. Við höfum lagt mikla áherslu á að auka verulega samfelluna á milli allra skólastiga, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og þannig fjölgi þeim sem ljúka t.d. stúdentsprófi fyrr og yngri en normið var og er enn þá, um tvítugt. Þeim fjölgi verulega af því samfellan og skilin á milli verða miklu minni en er í dag.

Þau skörpu skil sem nú eru á milli skólastiganna eru að mínu mati algjörlega úrelt. Þeim eigum við að kappkosta að eyða. Ég er sannfærður um að það er langbest t.d. að sveitarfélögin í landinu reki framhaldsskólann líka. Einnig að þau reki leikskólann sem við munum ræða á eftir, gjaldfrjálsan leikskóla, grunnskólann og þá framhaldsskólann.

Þannig væri miklu auðveldara að ná fram samfellu á milli skólastiga, eyða skilunum á milli og þar með held ég að það væri unnin áfangi í því að draga úr ótímabærum námslokum eða brottfalli úr skólunum og efla verulega náms- og starfsráðgjöf.

Rétt að lokum í þessu samhengi, af því það tengist þessu beint, þá var í fyrra fjallað töluvert um afdrif lesblindra og skrifblindra barna í skólakerfinu sem er oft ansi nöturleg og grimm. Þau mál rak á fjörur okkar sem eru í menntamálanefnd Alþingis út af framgöngu föður barns með alvarlega lesblindu. Við fjölluðum um málið á nokkrum fundum nefndarinnar.

Það þarf að sjálfsögðu að gæta sérstaklega að þeim nemendum sem eiga við alvarlega námserfiðleika að stríða, með náms- og starfsráðgjöf og utanumhaldi á öllum skólastigunum en sérstaklega í fyrstu bekkjum grunnskóla því lesblinda, dyslexía, er skilgreind af mörgum sem ein tegund fötlunar. Svo alvarlega háir þetta einstaklingum að það þarf að taka miklu þéttar utan um þá nemendur sem eiga erfiðara með nám, t.d. vegna dyslexíu, en einnig af mörgum öðrum ástæðum, t.d. félagslegum.

Ég held að efling náms- og starfsráðgjafar bæði í grunn- og framhaldsskólum mundi skipta gífurlega miklu máli til að draga úr brottfalli til að bæta aðstæður allra nemenda og ekki síst þeirra sem eiga undir högg að sækja í skólakerfinu.

[17:51]

**Útbýting:**

Fíkniefnahundar, 580. mál, fsp. MÞH, þskj. 862.

Skattamál einkahlutafélaga 2003–2005, 583. mál, fsp. EBS, þskj. 865.

Styrkir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, 582. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 864.

Undirbúningur jafnréttisumsagnar með stjórnarfrumvörpum, 581. mál, fsp. MÁ, þskj. 863.

[17:52]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Frú forseti. Mig langar rétt aðeins að koma og lýsa ánægju minni með þetta frumvarp sem hér liggur fyrir um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.

Ég tel reyndar að það sé alveg sérstaklega mikilvægt að efla náms- og starfsráðgjöf í grunnskólunum. Því ég held að nemendur á því stigi séu oft að velja sér leið á framhaldsskólastigi án þess að vita í rauninni hvað þeir eru að velja og hverju þeir eru að hafna.

Ég held að við eigum ekkert endilega að vera að horfa á þetta úrræði sem úrræði gegn brottfalli, þó að það sé vissulega mjög mikilvægt heldur er þetta mjög mikilvægt fyrir heill persónunnar sjálfrar sem í hlut á, að hún komist á þá braut sem henni hentar best og raunverulegur áhugi hennar og hæfni liggur.

Nú er það svo að ýmsir framhaldsskólar og grunnskólar sem nálægt þeim liggja hafa tekið upp samstarf sín á milli um að kynna ýmsar greinar verknáms sem valfag. Þannig geta nemendur í grunnskólum sótt tíma í framhaldsskólunum í ýmsum verknámsgreinum, fengið leiðsögn og unnið við alvöruhluti. Þar sem ég þekki til hefur þetta reynst ákaflega vel. Þetta hefur orðið til þess að nemendum á verknámsstigi hefur fjölgað ár frá ári og reyndar líka orðið til þess að nemendur sem grunnskólinn hefur ekki haft miklar væntingar til sem námsmanna hafa komið út sem afburðafagmenn á sínu sviði.

Það er auðvitað enginn sem getur sagt til um það hvort viðkomandi einstaklingur hefði ratað inn á rétta braut ef hann hefði ekki fengið þessa kynningu sem þarna á í hlut. En líkurnar á því að viðkomandi einstaklingur rati á rétta braut aukast auðvitað með því að hann fái kynningu. Mér finnst þetta því ákaflega jákvætt mál. Þar að auki er það þjóðhagslega hagkvæmt fyrir okkur að kynna sem best iðn- og verknám fyrir nemendum á grunnskóla- og framhaldsskólastigi vegna þess að það vantar stöðugt í samfélag okkar menn og konur í þær starfsgreinar.

Ég held að einn þáttur þessa máls gæti líka verið sá að stúlkur/konur færu meira í verknám og kannski ekki alveg þessa hefðbundnu skiptingu sem við höfum séð og sjáum enn í dag, ef þær fengju kynningu og raunverulega lýsingu og sýn á það hvað í þessu námi og í starfsgreinum felst.

En því miður er það þannig að val kynjanna á námsgreinum er mjög hefðbundið enn þá. Stúlkur velja t.d. í mjög litlum mæli rafvirkjun, sem hentar þó að miklu leyti mjög vel fyrir konur. Margt sem rafvirkjar eiga að gera er fínleg vinna, vel launuð og allt það. Þannig að ég held að þetta sé á allan hátt hið besta mál og lýsi stuðningi mínum við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Gjaldfrjáls leikskóli, fyrri umr.*

Þáltill. SJS o.fl., 49. mál. — Þskj. 49.

[17:57]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla. Þetta er á þingskjali 49 og er 49. mál þessa þings. Tillögumenn eða flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um sameiginlegt átak þeirra og ríkisins um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum. Nefndin verði skipuð fulltrúum allra þingflokka og fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Félagi leikskólakennara auk formanns sem félagsmálaráðherra skipi án tilnefningar.“

Hér er um að ræða endurflutning á tillögu sem birst hefur áður á þremur síðustu þingum en ekki orðið útrædd í neitt skiptið. Tillagan er að stofni til upp úr stefnumótun sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótaði á árunum 2002–2003 og gerði að sérstöku baráttumáli sínu í alþingiskosningunum það ár, þ.e. 2003, um að hafin yrði barátta fyrir því eða farið yrði í aðgerðir til þess að gera leikskóladvöl í landinu gjaldfrjálsa.

Efni greinargerðar tillögunnar var uppfært ítarlega síðasta haust og er vísað í aðalatriðum til þeirra upplýsinga þó vissulega megi reikna með að talsverðar breytingar hafi orðið á síðan þá, sérstaklega með tilkomu nýrra sveitarstjórna síðasta vor. Þá var aflað upplýsinga um stöðu þessara mála hjá sveitarfélögunum. Þingflokkur okkar skrifaði öllum sveitarfélögum í landinu, sem mörg hver og flest brugðust vel við og sendu inn upplýsingar um stöðu mála, hvort áform væru um að auka gjaldfrelsi eða gefa leikskólann alveg gjaldfrjálsan og hvar á vegi þau væru þá stödd.

Í ljós kom að hreyfing er á þessu máli hjá fjölmörgum sveitarfélögum í landinu og a.m.k. eitt þeirra hefur eða hafði þá þegar stigið skrefið til fulls og ákveðið að gera leikskólann gjaldfrjálsan, það var Súðavíkurhreppur. Allmörg í viðbót hafa tekið umtalsverð skref í þessa átt. Þannig er í allmörgum sveitarfélögum orðið um gjaldfrelsi að ræða fyrir síðasta ár í leikskóla, a.m.k. svo nemur sex tímum, u.þ.b. það sem talið er að þurfi að halda úti til þess að unnt sé að uppfylla með fullnægjandi hætti viðfangsefnum samkvæmt námskrá leikskóla og mörg sveitarfélög eru með í undirbúningi eða hafa þegar tekið skref í átt til frekara gjaldfrelsis þannig að einhver tímafjöldi á ári hverju komi til sögunnar.

Fróðlegt verður að fara yfir það t.d. þegar áform birtast á þessu ári á grundvelli fyrstu fjárhagsáætlunar nýkjörinna sveitarstjórna sem væntanlega fela í sér gjaldskrárbreytingar og breytta tilhögun þessara mála, t.d. næsta haust þegar nýtt skólaár hefst, hvar þessi mál verða þá á vegi stödd.

Rökin fyrir þessu máli eru margvísleg. Þau nærtækustu eru að alllangt er um liðið síðan leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið og starfsheitið leikskólakennari var tekið upp. Ef við horfum á málin frá þeim bæjardyrum eru auðvitað engin sérstök rök til þess að foreldrar borgi dýrum dómum fyrir fyrsta skólastigið en þeirri gjaldtöku ljúki svo þegar kemur upp á næsta skólastig þar fyrir ofan, þ.e. upp í grunnskólann. Að vísu er það nú svo, því miður, að talsvert vantar upp á að grunnskólanám sé gjaldfrjálst, ýmiss konar kostnaði hefur þar verið velt yfir á foreldra á undanförnum árum og fjölmargar af þeim umbótum í grunnskólastarfi sem menn hafa lengi barist fyrir hafa birst í formi þess að foreldrum er ætlað að taka talsverðan þátt í kostnaðinum.

Þetta er mikið jafnréttis- og jafnaðarmál. Enginn vafi er á því að niðurfelling leikskólagjalda, sem er auðvitað gríðarleg kjarabót fyrir fjölskyldur með ung börn, felur líka í sér mikla jöfnun á aðstöðu því að gjaldtakan, útgjöldin eru tilfinnanlegust fyrir tekjulágar barnafjölskyldur. Einnig má líka velta því fyrir sér hvort þetta sé ekki sérstaklega brýnt í ljósi þess mikla fjölda fólks af erlendum uppruna sem hér hefur sest að á undanförnum árum og mikilvægt að börn þessa fólks eigi skilyrðislaust kost á því að fá þjálfun í grunnskóla og vera þar í þroskandi umhverfi, a.m.k. einhvern hluta dagsins, umgangast önnur börn, taka út sinn málþroska að einhverju leyti í því umhverfi o.s.frv. Ég held að það sé tvímælalaust mjög jákvætt innlegg í allt sem lýtur að aðlögun eða samhæfingu fólks af erlendum uppruna sem hingað er flutt. Við vitum og að baki liggja ákveðnar kannanir að tilhneiging er til þess að slíkar fjölskyldur láti sig frekar muna um eða hafi síður ráð á þeim kostnaði sem leikskóladvölinni er samfara og meiri tilhneigingar gæti þar af leiðandi til þess að börn slíkra fjölskyldna séu heima og fara þá á mis við það þroskandi umhverfi sem á að vera og ég fullyrði að sé almennt í leikskólum okkar þar sem er unnið yfir höfuð metnaðarfullt og gríðarlega mikilvægt starf að sjálfsögðu.

Varðandi tekjustofna og kostnað er alveg ljóst að sveitarfélögin ráða mörg hver mjög illa við það að bæta á sig útgjöldum af þessum sökum og þess vegna hefur okkar nálgun frá byrjun gert ráð fyrir því að um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga sé að ræða og að ríkið komi til móts við sveitarfélögin með annars vegar tekjustofnum eða auknum fjárveitingum og/eða með því að létta af sveitarfélögunum kostnaði á móti þannig að ekki verði um umtalsverðan kostnaðarauka hjá sveitarfélögunum að ræða. Sveitarfélögin vörðu tæpum 12 milljörðum kr. til dagvistunarmála á árinu 2004 og á móti því komu tekjur vegna leikskólagjalda upp á um 3,3 milljarða kr. eða um 28%. Þessar hlutfallstölur eru væntanlega nálægt lagi enn þann dag í dag þó að upphæðirnar hafi auðvitað hækkað. Þar af leiðandi er ljóst að þetta snýst um að sveitarfélögunum sé gert kleift með tekjustofni eða fjárveitingu eða þá að öðrum verkefnum sé létt af þeim sem nemur um það bil þeim upphæðum. Þar höfum við bent á húsaleigubætur og þann kost að ríkið taki þær alfarið yfir. Það hefur einnig þann kost að þá er hægt að sameina húsaleigubætur og vaxtabætur í skattkerfinu og það höfum við lengi lagt til að yrði gert og tekin upp samræmd húsnæðisframlög. Útgjöld sveitarfélaga vegna húsaleigubóta voru komin yfir 1,5 milljarða á árinu 2005 og ekki ólíklegt að þau séu af stærðargráðunni 1.700–2.000 milljónir eins og stendur þannig að eftir stæðu þá kannski 1,3–1,6 milljarðar kr. sem sveitarfélögunum þyrfti að bæta

upp í formi beinna tekna ættu þau að koma út á sléttu og miðað við að ríkið yfirtaki greiðslu húsaleigubóta.

Ljóst er að dæmið er vissulega flóknara en þetta því að réttur til gjaldfrjálsrar leikskóladvalar og skyldur sveitarfélaga til að fullnægja eftirspurn þurfa að haldast í hendur og það yrði því að gera ráð fyrir nokkrum stofnkostnaði hjá a.m.k. einhverjum hluta sveitarfélaganna til að þau gætu mætt aukinni eftirspurn. Engin ástæða er til að draga dul á að um aukin útgjöld gæti þar með orðið að ræða en á móti kæmi meiri þjónusta á þessu sviði og jafnari réttur allra til þess að börn þeirra nytu þess að eiga kost á leikskóladvöl. Þetta er að okkar dómi mikið réttlætis- og sanngirnismál. Þetta er mikilvægt félagslegt og menntunarlegt framfaramál og ástæða til að ætla að slíkum aðgerðum gæti einnig fylgt þjóðhagslegt hagræði sem kæmi fram á öðrum sviðum svo sem í aukinni framleiðni og samkeppnishæfni í atvinnulífinu þó langveigamest sé að okkar mati það réttlæti sem fólgið er í jafnari lífskjörum og breytingum í átt til fjölskylduvænna samfélags sem þetta tvímælalaust er liður í. Ekki veitir nú af að einhvers staðar miði í rétta átt í þeim efnum að treysta undirstöður samábyrgs velferðarsamfélags í landinu en við höfum séð allt of lítið af slíkum hlutum á undanförnum árum.

Auk þess er það auðvitað svo að full ástæða er til að ríki og sveitarfélög ræði sín mál og reyni að koma þeim samskiptum í betra horf en þau hafa verið. Afkoma sveitarfélaganna er algjörlega óviðunandi margra hverra og miðar síst í rétta átt í þeim efnum. Þannig er t.d. ljóst að útil og meðalstór þéttbýlissveitarfélög á landsbyggðinni búa mörg hver við gjörsamlega óviðunandi afkomu, eiga varla fyrir rekstri, hvað þá nokkrum fjárfestingum og víða hefur blóðugur niðurskurðarhnífurinn verið skilinn eftir í höndum forsvarsmanna sveitarfélaganna þegar eftirlitsnefnd um fjármál þeirra hefur farið um og yfirleitt er lausnarorðið eitt og hið sama, að skera niður bráðnauðsynlega félagslega þjónustu sem er auðvitað það síста sem þau sveitarfélög þurfa á að halda ef þau eiga að vera samkeppnisfær um þjónustu fyrir sína íbúa og geta keppt um búsetu fólks.

Ég vísa svo að öðru leyti, virðulegur forseti, til þeirra fylgiskjala sem tillögunni fylgja og rökstuðnings okkar og málflutnings í hennar þágu á undanförnum árum. Við munum halda þessu baráttumáli áfram og hvergi láta deigan síga í því þangað til fullur sigur er í höfn. Það varð gríðarleg vitundarvakning í málinu í tengslum við sveitarstjórnarkosningarnar á síðasta vori og almennt luku flestir frambjóðendur lofsorði á það, á stefnumótun í þessa veru og virtist ekki skipta öllu máli úr hvaða stjórnmálaflokkum þeir komu. Gríðarleg viðhorfsbreyting var því orðin bara á þeim árum sem liðin voru frá árunum 2002, 2003 þegar við vorum fyrst að reyna að koma þessu máli á dagskrá og fengum satt best að segja merkilega litlar undirtektir í byrjun. En núna vildu frambjóðendur flestra flokka Lilju kveðið hafa og töluðu um mikilvægi þess að stefna á breytingar í þessa veru og er það auðvitað vel.

Verkefnunum er þar með ekki lokið. Ég minni aftur á og ítreka það sem ég sagði um gjaldtöku í grunnskólanum. Hún er býsna tilfinnanleg orðin á mörgum sviðum. Þar má t.d. nefna að ekki skuli hafa tekist að koma á skólamáltíðum án endurgjalds, sem er mikið réttlætismál og hefur einnig sterka félagslega skírskotun og skírskotun til þess að jafna aðstöðu og að tryggja þeim sem einmitt mest þurfa á að halda að slík þjónusta sé í boði og hún sé öllum aðgengileg og öllum viðráðanleg, þ.e. að efnahagslegar ástæður valdi því ekki að sum börn fara þess á mis að fá hollan og nærandi mat í leikskóla og grunnskóla.

Með vísan til þessa, virðulegur forseti, læt ég máli mínu lokið og legg til að tillögunni verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og félagsmálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:10]

**Útbýting:**

Bólusetningar gegn leghálskrabbameini, 585. mál, fsp. SæS, þskj. 867.

Fjárskuldbindingar ráðherra fyrir hönd ríkisins, 584. mál, fsp. LB, þskj. 866.

Fóðurkostnaður í loðdýrabúum, 586. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 868.

## *Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, fyrri umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 69. mál. — Þskj. 69.

[18:10]

**Flm. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Þessi tillaga er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins sem samþykkt var á ársfundi þess í sumar, 21. ágúst 2006, sem haldinn var í Þórshöfn.

Ályktunin ráðsins hljóðar svo:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að gera með sér samkomulag um að löndin skiptist á ræðismönnum. Löndin eru hvött til að koma sér upp sameiginlegum ræðismannsskrifstofum."

Flutningsmenn ásamt mér eru fulltrúar Íslands í Vestnorræna ráðinu, hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson.

Löng hefð er fyrir jákvæðu og víðtæku samstarfi vestnorrænna þjóða. Þær eru okkar næstu nágrannar og vináttutengslin eru náin. Jafnframt hefur verið nokkuð algengt að íbúar hafi flust milli landanna, starfað þar og búið.

Tengsl og samstarf landanna vex stöðugt að umfangi og vilji er í löndunum til að styrkja það enn frekar. Vestnorræna ráðið hefur árum saman unnið að því að efla tengslin og auka samstarf milli stjórnvalda landanna, íbúanna, atvinnulífs og vinnumarkaðar.

Ríki stofna oft ræðismannsskrifstofur og sendiráð í löndum sem þau tengjast nánum böndum, hafa víðtækt samstarf eða viðskipti við. Vestnorræna ráðið álítur að til þess að efla slík tengsl sé afar mikilvægt að löndin komi á fót launuðum ræðismannsskrifstofum, sem hafi diplómatíska stöðu, eða viðskiptafulltrúum hvert í annars löndum. Það mun auðvelda fólki að flytja milli landanna og starfa þar. Sömuleiðis mundi það efla möguleika vestnorræns atvinnulífs til að efla starfsemi sína landanna á milli. Síðast

en ekki síst yrði það liður í að tryggja borgurum Vestur-Norðurlanda réttindi og hagsmuni ef þeir flytjast milli landanna.

Það er nú afráðið að íslenska ræðismannsskrifstofan verður opnuð í byrjun apríl í Færeyjum og í framhaldi af því verður unnið að því að koma á samsvarandi samstarfi milli okkar og Grænlands. Ég tel eigi að síður rétt, frú forseti, að tillagan fái hér þinglega afgreiðslu og legg til að henni verði vísað til utanríkismálanefndar.

[18:13]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er aldeilis ágætt fyrir okkur að samþykkja þá þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu þegar búið er að ákveða að framkvæma í það minnsta helminginn af því sem hún fjallar um, þ.e. að opna ræðismannsskrifstofu í Færeyjum og á Grænlandi.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði áðan úr þessum ræðustóli að samstarf, samvinna og vinátta á milli þessara þriggja þjóða er mikil um langa hríð og sameiginlegir hagsmunir okkar eru líka mjög ríkir. Við búum, þessar þrjár þjóðir, við Norður-Atlantshafið, eigum sameiginlega fiskstofna og höfum mikilla hagsmuna að gæta í þeim efnum. Við höfum mikla hagsmuni af því að umhverfismálum í heimshluta okkar sé vel sinnt og um þetta allt saman hefur Vestnorræna ráðið reyndar ítrekað ályktað og haldið ráðstefnur um.

Margir Grænlendingar búa í Færeyjum, nokkrir Íslendingar á Grænlandi og enn fleiri í Færeyjum og Færeyingar búa margir á Grænlandi og Íslandi. Tengslin á milli Grænlands og Íslands eru afar löng eins og við vitum. Ræðismannsskrifstofa í þessum löndum tveim styrkir auðvitað stöðu þeirra landa í hinum löndunum en það auðveldar líka samstarf á öðrum sviðum, t.d. ferðamennsku, sem verður fjallað um á eftir í annarri tillögu og svona getur maður haldið áfram að telja upp. Það er best að vera ekki að tala mikið um ferðamálin úr því að þau koma til umræðu á eftir.

En ég vona að þetta gangi glatt í gegn, frú forseti, og er allt saman hið jákvæðasta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, fyrri umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 77. mál. — Þskj. 77.

[18:16]

**Flm. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Þessi þingsályktunartillaga er flutt af okkur alþingismönnum sem eigum sæti í Vestnorræna ráðinu, sem eru ásamt mér hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson. Þessi tillaga er flutt á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins frá í sumar, svohljóðandi:

Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að auka og efla samvinnu og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum. Skorað er á löndin að halda námsstefnu eða ráðstefnu fyrir vestnorrænar heilbrigðisstéttir um málið.

Eins og við vitum eru reykingar eitt erfiðasta heilsuvandamál sem nú er við að kljást á Norðurlöndum og einnig á Vestur-Norðurlöndum. Eins og kunnugt er valda reykingar mörgum sjúkdómum og leiða í versta falli til ótímabærs dauða. Á Vesturlöndum er eining um að brýna nauðsyn beri til að berjast gegn reykingum og til að ná því fram má m.a. koma í veg fyrir að ungmenni byrji að reykja og reyna að fá fólk sem þegar reykir til að hætta. Það tekst aðeins með markvissum aðgerðum. Takist að draga úr fjölda þeirra sem reykja mun draga úr sjúkdómum sem tengjast reykingum, langlífi verður meira og heilsa betri. Við bætist efnahagslegur ávinningur, bæði fyrir Vestur-Norðurlönd og vestnorræn heimili. Það verður efnahagslegur ávinningur fyrir löndin að færri hafa þörf fyrir meðferð vegna sjúkdóma sem tengjast reykingum og sparnaður fyrir heimilin er að sjálfsögðu mjög verulegur ef menn hætta að reykja eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á með mjög táknrænum hætti.

Vestur-Norðurlönd hafa lengi haft hefð fyrir góðri og víðtækri samvinnu. Við leggjum áherslu á að löndin sameinist í þessari baráttu og miðli hvert öðru reynslu sinni og baráttuaðferðum. Eins og ég sagði áður eru reykingar mikið vandamál í þessum löndum þremur, Færeyjum, Íslandi og Grænlandi. Á heilbrigðisráðstefnu Vestnorræna ráðsins árið 2003 kom fram að reykingar eru eitt mesta heilsuvandamálið á Grænlandi. Þær eru og of útbreiddar í Færeyjum og á Íslandi.

Hér hefur tekist á síðustu 20 árum að draga nokkuð úr reykingum. Árið 1985 reyktu 40% Íslendinga á aldrinum 18–69 ára, en árið 2005 var hlutfallið komið niður í 21% sem er verulegur ávinningur. Beitt hefur verið upplýsingaherferð um reykingar og afleiðingar þeirra þar sem fléttað hefur verið saman jákvæðum reyklausum fyrirmyndum og vítum til varnaðar auk þess sem reykingar hafa verið bannaðar á mörgum opinberum stöðum, t.d. í öllum opinberum byggingum. Vestnorræna ráðið skorar á heilbrigðisráðherra Vestur-Norðurlanda að auka og efla samstarf sitt í baráttunni gegn reykingum, bæði með því að skiptast á upplýsingum og miðla af reynslu sinni. Ráðið hvetur til þess að gerð verði grein fyrir því hvaða aðferðir hafi skilað bestum árangri í baráttunni gegn reykingum, enn fremur til þess að löndin þrjú haldi námstefnu eða ráðstefnu með fólki úr heilbrigðisstéttum sem vinnur við varnir gegn reykingum þar sem það deilir með sér reynslu, læri hvert af annars baráttuaðferðum og miðli upplýsingum.

Frú forseti. Ég legg til að þessari tillögu verði vísað til utanríkismálanefndar.

[18:20]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Sú ráðstefna sem vitnað er til í greinargerð með þessari þingsályktunartillögu var fyrsti fundurinn sem ég sótti sem fulltrúi Íslands í Vestnorræna ráðinu og var haldinn í Illullisat og fjallaði um heilbrigðismál í hinum vestnorrænu löndum. Þar kom fram að á Grænlandi reyktu 80% 14 ára og eldri og að reykingar væru stærsta heilsufarsvandamálið þar. Við vitum að reykingar eru mjög

útbreiddar líka í Færeyjum. Ég man ekki hve hátt hlutfall þar reykti, gott ef það var ekki eitthvað um 50%.

Það er alkunna að á Íslandi hefur náðst mjög mikill og góður árangur í reykingavörnum og mér finnst alveg einhlítt að þegar við búum yfir góðri reynslu og þekkingu reynum við að miðla henni til nágranna okkar. Við eigum samt eitthvað í land því að enn þá reykir 21% af 18–69 ára á Íslandi. Við svo sem sjáum að þegar slakað er á áróðrinum gegn reykingum er tilhneiging til þess að reykingar aukist. Við þurfum auðvitað að vera vel á verði og halda áfram áróðri og fræðslu gegn reykingum.

Mér er það mjög minnisstætt þegar heilbrigðisstéttirnar lýstu öllum sjúkdómunum á Grænlandi sem mátti rekja beint til reykinga þannig að eiginlega er þessi ráðstefna sem haldin var í Illullisat uppsprettan að því að þessi tillaga er komin fram. Þannig á það auðvitað að vera, ef við verðum þess áskynja að við getum hjálpast að við að bæta úr einhverjum þætti í löndunum okkar nýtum við okkur þá þekkingu og dreifum henni. Ég vona að þessi tillaga fái góðar viðtökur í utanríkismálanefnd. Þetta er samstarf sem ætti ekki að vera mjög kostnaðarsamt. Þetta er spurning um kennslu í aðferðafræði og miðlun þekkingar í því hvernig fólk ber sig að hér og í hinum löndunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, fyrri umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 78. mál. — Þskj. 78.

[18:23]

**Flm. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Þessi tillaga er flutt af okkur sem eigum sæti í Vestnorræna ráðinu, ásamt mér hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Hjálmari Árnasyni, Sigurrós Þorgrímsdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Sigurjóni Þórðarsyni. Þessi tillaga er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins frá í sumar, svohljóðandi:

Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að tekin verði upp kennsla í grunnskólum um sögu, þjóðfélagsgerð, menningu og tungumál vestnorrænna nágrannalanda og verði kennslan fastur liður í námskrá á mismunandi og viðeigandi aldursstigum. Löndin eru hvött til að útbúa sameiginlegt kennsluefni á öllum málunum þremur í þessum tilgangi.

Þessi þrjú lönd, Ísland, Færeyjar og Grænland, eiga auðvitað margt sameiginlegt varðandi sögu, menningu og þjóðfélagsgerð og raunar vegna legu þeirra eru einnig atvinnuhættir að mörgu leyti svipaðir og hagsmunir þjóðanna mjög nátengdir. Af þeim sökum er þýðingarmikið að við lærum að þekkja hvert annað og skilja þau sjónarmið sem liggja á bak við byggð í hverju landi og þess vegna teljum við það mjög gagnlegt ef íbúarnir í þessum löndum kynnast menningu og sögu þjóðanna, ég tala ekki um ef árangur næðist í því að við Íslendingar lærðum grænlensku og færeysku og gagnkvæmt, að Grænlendingar kynnu okkar tungumál og auðvitað Færeyingar sem raunar ná tökum á íslensku furðu fljótt. Eins og nú standa sakir er grátlega lítið um kennslu og fróðleik um þessar grannbyggðir okkar og með þessari tillögu viljum við reyna að breyta því.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Það er mjög þroskandi fyrir unglinga og börn að læra í grundvallaratriðum um uppbyggingu grænlensku, sögulega þróun þess tungumáls og lifnaðarhætti á Grænlandi. Hið sama á raunar við um Færeyjar en saga Færeyja hefur um árhundruð verið mjög samtvinnuð, sérstaklega okkar Íslendinga og raunar Grænlendinga einnig.

Ég legg til, frú forseti, að málið gangi til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, fyrri umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 83. mál. — Þskj. 83.

[18:27]

**Flm. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Þessi tillaga er flutt á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins frá í sumar og að henni stöndum við sem í Vestnorræna ráðinu sitjum, hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson. Ályktun Vestnorræna ráðsins er svohljóðandi:

Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að ræða möguleikann á því að löndin geri með sér samkomulag um að útvíkka fríverslunarsamninginn sem Færeyjar og Ísland hafa gert með sér (Hoyvíkur-samninginn).

Löng hefð er fyrir nánu og víðtæku samstarfi vestnorrænna þjóða. Vestur-Norðurlönd ná yfir gríðarstórt land og hafsvæði, en þjóðirnar sem þær byggja eru fámennar. Fríverslunarsvæði eyjanna í Norður-Atlantshafi kæmi sér mjög vel fyrir viðkomandi lönd og þar með fyrir íbúa þeirra. Fríverslunarsamningurinn sem Færeyingar og Íslendingar hafa gert með sér tryggir ekki einungis frjálsa vöruverslun milli landanna, heldur veitir hann borgurum landanna næstum sömu réttindi í báðum löndunum á sviðum eins og heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu og þátttöku í sveitarstjórnarkosningum. Markmiðið með samningnum er að fjarlægja eftir því sem kostur er þær landamærahindranir sem nú eru milli þjóðanna. Það er einkum mikilvægt fyrir smáþjóðir eins og vestnorrænar þjóðir að standa saman og styðja hver aðra, jafnframt því að hafa árangursríkt og gott samstarf. Fríverslunarsamningurinn getur átt þátt í því. Hann mun stuðla að því að hið nána og jákvæða samstarf sem þessi lönd hafa átt öldum saman haldi áfram. Jafnframt munu vestnorrænir fríverslunarsamningar að líkindum hafa í för með sér að Færeyingar og Grænlendingar verði ekki jafnháðir Dönum fjárhagslega og nú.

Vestnorræna ráðið álítur afar brýnt að ríkisstjórnir landanna athugi samninginn vel og ræði um leið möguleikana á að Grænland geti átt aðild að honum. Útvíkkun fríverslun-

arsamningsins mun stækka talsvert heimamarkað landanna þriggja og hafa í för með sér enn fleiri viðskipti og atvinnutækifæri en nú er. Fríverslunarsamningurinn sem nær til allra Vestur-Norðurlanda mun auk þess treysta enn betur vináttutengsl okkar. Með Hoyvíkursamningnum hefur í raun orðið til færeyskt-íslenskt efnahagssvæði. Vestnorræna ráðið telur afar brýnt að Grænland verði einnig aðili að Hoyvíkursamningnum og þannig verði til vestnorrænt efnahagssvæði. Í Hoyvíkursamningnum er grein sem gerir ráð fyrir því að fleiri aðilar konungsveldisins Danmerkur geti fengið hlutdeild í samningnum. Vestnorræna ráðið hvetur ríkisstjórnir Vestur-Norðurlanda til að kanna möguleikana á því að notfæra sér þessa grein og hefja eins fljótt og hægt er viðræður um möguleikana á aðild Grænlands að samningnum.

Ég legg til, frú forseti, að málinu verði vísað til utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, fyrri umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 84. mál. — Þskj. 84.

[18:30]

**Flm. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er flutt af okkur þingmönnum í Vestnorræna ráðinu, hv. þingmönnum Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Hjálmari Árnasyni, Sigurrósu Þorgrímsdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Sigurjóni Þórðarsyni.

Ályktun Vestnorræna ráðsins er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Vestnorræna ráðið beinir þeim tilmælum til landstjórnar Færeyja, landstjórnar Grænlands og ríkisstjórnar Íslands að þær móti sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd sem svæði. Ráðið beinir þeim tilmælum til stjórnvalda landanna að hin sameiginlega stefna feli meðal annars í sér að sameiginleg markaðssetning Vestur-Norðurlanda sem ferðamannasvæðis verði efld. Vestnorræna ráðið mælist jafnframt til að stjórnir landanna geri áætlun um aukið samstarf um ferðamálamenntun á Vestur-Norðurlöndum.

Á ferðamálaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Maniitsoq 6.–9. júní 2006 ríkti mikill einhugur meðal þátttakenda um að Vestur-Norðurlönd ættu eftir megni að vinna saman að því að auka fjölda ferðamanna í löndunum. Jafnframt var eining um að mikilvægt væri að skilgreina á hvaða sviðum ferðamála væri hagkvæmt fyrir löndin að vinna saman.

Sameiginleg stefna vestnorrænu landanna í ferðamálum mun tryggja aukna athygli alþjóðlegra ferðamálafrömuða og stuðla að því að tryggja að markaðshlutdeild Vestur-Norðurlanda í ferðamálum minnki ekki heldur vaxi. Vestur-Norðurlönd geta boðið ferðamönnum upp á margs konar einstæða upplifun sem ekki er að finna annars staðar í heiminum, en nauðsynlegt er að Vestur-Norðurlönd komi því á framfæri við umheiminn hvað þau hafa að bjóða ferðamönnum framtíðarinnar.

Vestnorræna ráðið álítur mikilvægt að einn liður í sameiginlegri vestnorrænni stefnu og markaðssetningu í ferðamálum verði samstarf um menntun starfsfólks í ferðaþjónustu, m.a. með því að gefa því kost á því að sækja sér menntun gegnum fjarkennslu. Ráðið álítur að slík samvinna tryggi starfsfólki í vestnorrænni ferðaþjónustu bestu skilyrði í daglegu starfi sem kostur er á.

Löng hefð er fyrir samvinnu Vestur-Norðurlanda. Löndin geta haft hag af því að miðla hvert öðru af reynslu sinni í ferðaþjónustu.“

Það er löng hefð fyrir samvinnu milli Vestur-Norðurlanda á sviði ferðaþjónustu. Löndin geta haft hag af því og ég veit ekki betur en mikill vilji sé til þess að halda því samstarfi áfram í Vestnorden Travel Mart. Ég vil rifja það upp að það eru sennilega ein þrettán ár síðan að við tókum upp með skipulegum hætti nánara samstarf en áður á sviði ferðaþjónustu, annars vegar á milli okkar Íslendinga og Grænlendinga og ári síðar milli okkar og Færeyinga.

Ég var samgönguráðherra á þeim tíma og þá lögðum við einnig mikla áherslu á að ungt fólk, bæði frá Grænlandi og Færeyjum, gæti komið til Íslands til að kynna sér hvernig við stæðum að ferðaþjónustu hér heima og einnig til að afla sér menntunar á því sviði. Ég hygg að sú starfsemi hafi gefið mjög góða raun. Ég vil leggja til, frú forseti, að þessari tillögu verði vísað til utanríkisnefndar.

[18:34]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér ákaflega mikilvægt mál, þ.e. samstarf Vestnorrænu ríkjanna á sviði ferðamála. Við getum unnið saman þótt við séum líka í vissri samkeppni. Við getum miðlað hvert öðru, t.d. í menntamálum. Það var eitt af því sem var rætt á ráðstefnunni í Maniitsoq í Grænlandi í sumar sem leið, hvernig hægt væri að efla menntun í ferðaþjónustu í þessum þremur löndum.

Nú vill svo til að við Íslendingar höfum upp á að bjóða allgóða menntunarmöguleika á þessu sviði. Ákveðið var að stefna að því þá strax að koma á samvinnu milli landanna um menntun í ferðamálum og mér er kunnugt um að það starf er hafið nú þegar. Er ákaflega ánægjulegt að vita til þess.

Það er mjög mikilvægt að þessi lönd standi þétt saman að því að skipuleggja ákveðna þætti í ferðamálunum og reyna að koma á úrbótum á vissum sviðum. Má þar nefna samgöngumálin en ekki hefur gengið nógu vel að greiða leiðir milli landanna, m.a., hygg ég, fyrir afskipti Dana. Það er ekki einungis mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna heldur líka fyrir það sem var til umræðu hér á undan, verslun og viðskipti, t.d. þjónustu við sjúka og aðra — þjónustu sem við getum mjög vel veitt hér á Íslandi og jafnframt í Færeyjum.

Við erum því að tala um ákaflega mikilvægt mál fyrir löndin öll. Ég held að löndin þrjú muni öll hagnast á samstarfi.

[18:37]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og líka gríðarlega mikil tækifæri fyrir þjóðirnar þrjár. Ef þær ná að vinna saman er ég sannfærður um að þær geta allar

hagnast gríðarlega.

Grænland er land tækifæranna. Þar er gríðarlega mikil náttúrufegurð sem Íslendingar geta hagnýtt sér. Ef góður samningur næst, um loftferðir milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja, er ég sannfærður um að Ísland geti orðið miðstöð fyrir ferðamennsku í þessum heimshluta.

Við getum einnig miðlað þessum þjóðum með ýmsum öðrum hætti. Ég vil nefna hér menntamálin. Við höfum verið að fikra okkur áfram hvað varðar menntun á sviði ferðamennsku. Þar hefur Háskólinn á Hólum unnið gott starf. Mér skilst að verið sé að leggja drög að samstarfi Hólaskóla og ferðamálayfirvalda á Grænlandi. Eflaust mætti nota það samstarf til að tryggja enn frekari ávinning og samstarf þjóðanna.

Eftir að hafa komið til Grænlands er ég algjörlega sannfærður um að það er land sem dregur ferðamenn að sér, rétt eins og Ísland og Færeyjar. Þar eru gríðarlega mörg ónýtt tækifæri. Hér eru sannarlega mikil tækifæri og við eigum að gera okkur far um að vera í samstarfi með þessum þjóðum til að nýta þau í framtíðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 5. og 8.–9. mál.

Fundi slitið kl. 18:40.

---

# 70. FUNDUR

þriðjudaginn 13. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Ríkisútvarpsins ohf. til eins árs, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. sbr. ákv. til brb. III í lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.
2. Virðisaukaskattur, stjfrv., 558. mál, þskj. 833. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 561. mál, þskj. 836. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Starfstengdir eftirlaunasjóðir, stjfrv., 568. mál, þskj. 844. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórn fiskveiða, frv., 40. mál, þskj. 40. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Skilgreining á háskólastigi, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 72. mál, þskj. 72. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Gjaldfrjáls leikskóli, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 42. mál, þskj. 42. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, þáltill., 77. mál, þskj. 77. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, þáltill., 78. mál, þskj. 78. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, þáltill., 83. mál, þskj. 83. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, þáltill., 84. mál, þskj. 84. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 542. mál, þskj. 812. — 1. umr.
17. Meginreglur umhverfisréttar, stjfrv., 566. mál, þskj. 842. — 1. umr.
18. Siglingavernd, stjfrv., 238. mál, þskj. 829, brtt. 858. — 3. umr.
19. Strandsiglingar, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
20. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.
21. Tekjuskattur, frv., 90. mál, þskj. 90. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.

### *Afturköllun þingmáls.*

[13:30]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti tilkynnir að frumvarp um virðisaukaskatt, 45. mál á þskj. 45, frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni og fleirum er kallað aftur.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[13:30]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill geta þess að að loknum 15 fyrstu dagskrármálunum hefst umræða utan dagskrár um samkeppnisstöðu Vestmannaeyja og landsbyggðarinnar. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

***Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Ríkisútvarpsins ohf. til eins árs, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. sbr. ákv. til brb. III í lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Ómar Benediktsson (A),
Jón Ásgeir Sigurðsson (B),
Kristín Edwald (A),
Svanhildur Kaaber (B),
Páll Magnússon (A).

*Varamenn:*
Signý Ormarsdóttir (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Sigurður Aðils Guðmundsson (A),
Kjartan Eggertsson (B),
Árelía Eydís Guðmundsdóttir (A).

***Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 558. mál (afreikningshlutföll og uppgjörstímabil). — Þskj. 833.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 561. mál (ríkisstarfsmenn hjá alþjóðlegum stofnunum). — Þskj. 836.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Starfstengdir eftirlaunasjóðir, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 568. mál (EES-reglur). — Þskj. 844.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.***

Frv. GAK o.fl., 40. mál (veiðiréttur). — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Staðbundnir fjölmiðlar, frh. fyrri umr.***

Þáltill. DJ o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Skilgreining á háskólastigi, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HjÁ og DJ, 32. mál. — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.***

Frv. BjörgvS o.fl., 72. mál (fyrirframgreiðsla lána, ábyrgðarmenn o.fl.). — Þskj. 72.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Gjaldfrjáls leikskóli, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJS o.fl., 49. mál. — Þskj. 49.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

***Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. DJ o.fl., 42. mál. — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HBl o.fl., 69. mál. — Þskj. 69.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HBl o.fl., 77. mál. — Þskj. 77.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HBl o.fl., 78. mál. — Þskj. 78.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HBl o.fl., 83. mál. — Þskj. 83.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HBl o.fl., 84. mál. — Þskj. 84.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***

Samkeppnisstaða Vestmannaeyja og landsbyggðarinnar.

[13:40]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir því að hér fari fram umræða um byggðamál sem ekki hefur farið mikið fyrir í umræðum á þingi, a.m.k. ekki í vetur, þó að mikil þörf hafi verið fyrir hana. Það gleymist stundum í umræðu um byggðamál að geysileg verðmæti eru í því fólgin að landið sé í byggð og það eru mikil verðmæti sem tapast eftir því sem byggð í landinu dregst saman. Stjórnvöld hafa stóru hlutverki að gegna í þessum málum til að tryggja að byggðir geti þróast á eðlilegan hátt. Að sjálfsögðu hafa stjórnvöld það ekki ein í hendi sér hvernig byggðir þróast en það skiptir miklu máli hvaða ákvarðanir eru teknar, hvernig þær eru teknar og hvaða markmið eru sett. Undanfarin missiri hefur fólki á landsbyggðinni fækkað verulega. Það á rætur sínar að rekja til margvíslegra þátta sem verða ekki tæmdir hér í stuttri umræðu en það er alveg ljóst að sumt er af manna völdum, annað ekki, sumt vegna ákvarðana stjórnvalda og annað ekki. Má taka sem dæmi að þó að þessi umræða fari kannski ekki út í sjávarútveg einan og sér fækkaði á árabilinu 1998–2004 störfum í sjávarútvegi í Vestmannaeyjum um tæplega 50%, á þessum sex árum, þ.e. sú hagræðing sem hefur hlotist af núverandi kerfi bitnar af miklum þunga á þessum byggðarlögum. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hvaða áhrif svona breytingar hafa í för með sér.

Það er einnig ljóst að byggðamál hafa ekki verið í neinum forgangi hjá ríkisstjórninni og einkum hvað varðar samgöngumál þar sem sáralitlir fjármunir hafa verið settir í þann málaflokk. Tekjur af samgöngum almennt og bifreiðum og ökutækjum slaga hátt í 50 milljarða á ári en framlög hafa verið þetta 11–12 milljarðar til allra vegamála í landinu. Menn sjá að þetta hefur ekki verið í miklum forgangi.

Virðulegi forseti. Ég kem sérstaklega upp til að ræða stöðu Vestmannaeyja sem hafa ekki farið varhluta af þessari þróun frekar en önnur byggðarlög. Það má taka sem dæmi að á undanförnum 15 árum hefur íbúum í Vestmannaeyjum fækkað úr 5 þús. í 4 þús. og mér er til efs að nokkurt byggðarlag hafi misst svo stóran hluta af íbúum sínum eða svona háa íbúatölu.

Margt kemur til. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að samgöngur hafa ekki þróast á eðlilegan hátt á undanförnum árum og þótt ýmislegt hafi verið gert varðandi Herjólf og endurbætur á fjölgun ferða o.s.frv. er ljóst að fargjöld og annað þess háttar og aflagning strandflutninga hefur leitt til þess að Herjólfur getur ekki lengur sinnt þeim verkefnum sem hann þarf að sinna. Má taka sem dæmi að sú tæplega 11% fargjaldahækkun sem varð um daginn mun auka kostnað á öllum aðföngum til Eyja og fara langt með að uppræta þann ávinning sem Vestmannaeyingar kynnu að hafa af lækkun virðisaukaskatts um næstu mánaðamót. Það er ekkert minna, virðulegi forseti, sem þetta kann að hafa í för með sér. Það er mjög mikilvægt að fá viðhorf stjórnvalda til þess að Vestmannaeyingar greiði sama gjald fyrir ferð sína um þennan þjóðveg og aðrir Íslendingar gera þegar þeir aka þjóðvegi í landinu.

Í annan stað urðu Eyjamenn fyrir miklu áfalli um daginn þegar skipalyftan í Vestmannaeyjum hrundi en hún var byggð upp í samstarfi ríkis og bæjar fyrir 25 árum þar sem ríkið lagði til 60% og bærinn 40%. Nú liggur fyrir, virðulegi forseti, að það þarf að endurbæta þessa lyftu og það er ekkert því til fyrirstöðu að ráðist verði í þessar endurbætur nema fjármagn að komi frá stjórnvöldum til þess í sama mæli og þegar lagt var af stað í upphafi að byggja upp lyftuna. Hér er um að ræða verkefni sem án efa kostar á bilinu 300–500 millj. Það er ljóst að bærinn mun ekki gera þetta einn. Það er einnig ljóst að fyrir liggja úrskurðir frá Samkeppnisstofnun þess efnis að ekkert sé því til fyrirstöðu að ríkið leggi þessa fjármuni í þetta verkefni, svo framarlega sem rekstur lyftunnar verði boðinn út.

Því hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að bera upp

nokkrar spurningar við hæstv. byggðamálaráðherra um þessi málefni. Ég hef komið þeim til hans skriflega og þar sem tíma mínum er lokið reikna ég með að hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) muni fara yfir þær.

[13:45]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hefja þessa umræðu. Það er vissulega ástæða til að ræða um stöðu, horfur og þróun byggðar og atvinnulífs og menningarlífs úti á landsbyggðinni.

Umræðan snýr auðvitað að verulegu leyti að opinberum framlögum, opinberum aðgerðum á þessu sviði. Það er ástæða til að taka það fram, eins og menn reyndar vita, að framlög í því skyni koma víða fram í fjárlögunum, bæði í byggðaáætlun, samgönguáætlun og undir liðum einstakra ráðuneyta og hafa vaxið myndarlega á undanförnum árum.

Vestmannaeyjar hafa að sjálfsögðu skýra sérstöðu meðal þéttbýlisstaða og byggðarlaga, landshættir skapa þeim ótvíræða sérstöðu í öllu sem lýtur að flutningum og samgöngum. Framfarir í vegamálum, samgöngumálum annars staðar, hafa þar af leiðandi áhrif á stöðu Vestmannaeyja og Vestmannaeyinga. Að sumu leyti má segja að byggðin þar hafi fyrir vikið staðið hallari fæti en áður hefur verið og þetta bitnar sjálfsagt á samfélaginu þar.

Í þessu ljósi geta allir skilið það að Vestmannaeyingar lýsi óánægju sinni þegar sérstakar truflanir verða á flugsamgöngum eða sjóflutningum og þegar gjaldskrárhækkanir verða. Sjóflutningar til Vestmannaeyja eru nú niðurgreiddir og það er viðleitni til þess að koma til móts við þessa sérstöðu og virða það, eins og kemur fram í einni spurningu hv. þingmanns, að það sé sem líkast því sem er þegar um þjóðveg er að ræða en að sönnu verða þar alltaf mjög mörg álitamál.

Samgöngurnar eru auðvitað lykilþáttur í lífsbaráttu, menningarlífi og þjóðlífi Eyjamanna. Það þarf að auka flugsamgöngurnar, tryggja þær sem allra best, jafnt í mannflutningum sem í vöruflutningum, bæði beint til og frá Reykjavík. Einnig gegnir Bakkavöllur sjálfsagt mjög mikilvægu og jafnvel vaxandi hlutverki.

Af hálfu Eyjamanna hefur því oft verið lýst hversu mikil þörf er fyrir nýtt og hraðskreiðara og stærra flutningaskip en þeir hafa haft um skeið til þessa. Þetta er auðvitað eitthvert mikilvægasta málið sem Vestmannaeyingar hafa vakið athygli á að undanförnu og kemur líka fram í einni spurningu hv. þingmanns.

Ríkisstjórnin hefur margsinnis rætt þetta mál að undanförnu og ég fullvissa menn um að innan hennar er mikill skilningur á þessum óskum og þörfum. Rétt er og að hafa það í huga að athuganir eiga sér stað á hugsanlegum framtíðarmannvirkjum á Bakkafjöru gegnt Heimaey en niðurstöður þeirra liggja hins vegar ekki fyrir enn sem komið er.

Það er verið að endurskoða hafnalög, hef ég heimildir um, og þar á meðal er fjallað um ákvæði um skipalyftumannvirki og upptökumannvirki og ég geri ráð fyrir því að hafi erindi borist — sem ég veit ekki um og hafði ekki tök á að kynna mér fyrir þessa umræðu því að ég vissi ekki um spurningarnar fyrr en í hádeginu — til Byggðastofnunar treysti ég því að um það verði fjallað þar á eðlilegan og málefnalegan hátt. En ég minni á að það eru mjög sterkar reglur og takmarkanir og skorður sem settar eru við opinberum stuðningi í reglum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hv. þingmaður nefndi það í ræðu sinni að hefðbundnar atvinnugreinar í Eyjum hefðu fækkað starfsliði eins og verða vill og menn þekkja í hagræðingu og tækniþróun og þá leggjum við aukna áherslu á nýsköpun sem komi í staðinn.

Iðnaðarráðuneytið sem fer með byggðamál telur mikilvægt að unnið verði í byggðarlögunum á grundvelli vaxtarsamninga til að efla og styrkja byggðir og atvinnulíf.

Vaxtarsamningar eru ekki aðeins sameiginleg fjárframlög ríkissjóðs, sveitarfélaga og fyrirtækja til sameiginlegra skilgreindra verkefna, heldur byggist vaxtarsamningur umfram allt á því að forsjá og forusta fer til heimamanna.

Í nýlegum vaxtarsamningi sem Vestmannaeyingar eiga aðild að eru talin upp fjöldamörg mikilvæg verkefni til eflingar og styrkingar byggð og atvinnulífi í Vestmannaeyjum en tímans vegna get ég ekki talið þau upp að sinni.

[13:50]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég tek mjög undir þau orð hv. þingmanns og málshefjanda hér, Lúðvíks Bergvinssonar, þegar hann sagði að byggðir og búseta væru í sjálfu sér auðlegð. Byggð og búseta um land allt er auðlegð sem við þurfum að standa vörð um og hefur hallað á í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Hann vakti athygli á stöðu Vestmannaeyja sérstaklega, samkeppnisstöðu þeirra og því hvað þær eru háðar nánast eingöngu sjóflutningum, bæði á fólki, bílum og vörum.

Einmitt nýverið voru þessi gjöld hækkuð. Er ekki Herjólfur hluti af samgöngukerfi landsmanna? Á að refsa fólki fyrir að búa í Vestmannaeyjum og láta það greiða hærri kostnað vegna flutninga ferða til og frá landi?

Nei, Herjólfur á að vera hluti af samgöngukerfi þjóðarinnar. Það á að kosta íbúa Vestmannaeyja jafnmikið að fara með honum eins og að aka eftir þjóðvegi, og jafnvel minna því að ekki er aukið hagræði að því. Það er hin samfélagslega ábyrgð.

Svör ríkisstjórnarinnar eru þau að einkavæða enn þá fleiri vegi, taka upp gjaldtöku á enn þá fleiri vegum til þess að mismuna. Númer eitt er að gera þjóðveginn til Vestmannaeyja hliðstæðan öðrum þjóðvegum í landinu.

Ég er hér með Bændablaðið, frú forseti. Hér er annar vegur sem þessi ríkisstjórn hefur íþyngt landsmönnum með, stórhækkun á raforkuverði, (Forseti hringir.) það er á svo margan hátt sem íbúum landsbyggðarinnar er íþyngt með stjórnvaldsaðgerðum, frú forseti. Því miður.

[13:52]

**Guðjón Hjörleifsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir að hefja þessa umræðu. Þegar rætt er um samkeppnishæfi Vestmannaeyja og landsbyggðar er ljóst að landfræðileg sérstaða Eyjanna hefur mikil áhrif, þar með talið á samgöngur.

Bættar samgöngur eru stærsta hagsmunamál landsbyggðarinnar. Stærsta vandamál Eyjamanna í dag er að þjóðvegurinn okkar, Herjólfur, annar ekki eftirspurn með

flutning á bifreiðum og vörugámum yfir sumartímann. Við þessu þarf að bregðast strax.

Við þekkjum það sem búum í eyjasamfélagi að það kostar sitt að búa þar. Það þarf að endurskoða gjaldskrármál farþega svo og vöruflutninga en ljóst er að smáiðnaður þrífst ekki í Eyjum vegna mikils flutningskostnaðar. Stjórnin þarf að marka samræmda stefnu í fargjaldamálum þeirra sem hafa ekki þann valkost að komast akandi frá heimabæ sínum.

Við Eyjamenn fögnum líka og þökkum fyrir það sem vel hefur verið gert. Aldrei hefur verið gert eins mikið í samgöngumálum og á þessu kjörtímabili. Má þar nefna tvær ferðir Herjólfs daglega, niðurgreiðslur á áætlunarflugi þar sem Flugfélag Íslands hefur sinnt okkur af stakri prýði sem og nýja flugstöð á Bakka með nýjum og stærri bílastæðum og stærra flugplani svo og klæðningu Bakkavegar.

Í fjögurra ára samgönguáætlun er gert ráð fyrir 4,9 milljörðum í uppbyggingu ferjulægis í Bakkafjöru með tengdum mannvirkjum ásamt uppgræðslu og vegtengingu á nýju skipi sem tekur 250 farþega og 45–50 bíla.

Í lok mars mun liggja fyrir lokaúttekt á valkostum Bakkafjöru. Það þarf samt að taka tillit til þess að ef eitthvað nýtt kemur upp varðandi jarðgangagerð þarf að skoða það sérstaklega. Það stendur til að bjóða út flugleiðina Reykjavík/Vestmannaeyjar og er það enn ein styrking við samfélag okkar.

Vaxtarsamningur Vestmannaeyja hefur nú verið undirritaður. Hugmyndafræðin á bak við hann felur í sér nýja nálgun til að efla atvinnulífið. Þessi nýja aðferð er öðrum fremur fólgin í klasauppbyggingu þar sem sameining stjórnana fyrirtækja og einstaklinga er styrkt og efld.

Stækkandi floti Eyjamanna, nýsmíði þriggja skipa í Póllandi og ný skipakoma til Eyja, sýna mikinn stórhug og það er ljóst að Eyjamenn ætla að áfram að tryggja það að Vestmannaeyjar verði stærsta verstöð landsins.

Virðulegi forseti. Hvar liggur mismununin í samkeppnishæfi? Númer eitt er að auka flutningsgetu sjóleiðina yfir sumartímann og númer tvö að endurskoða gjaldskrármál. Þetta eru forgangsmálin í dag.

[13:54]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég fagna því nú mjög að hæstv. byggðamálaráðherra skuli hafa lýst því yfir í ræðu sinni áðan að Vestmannaeyjar hefðu skýra sérstöðu. Ég hef ekki áður heyrt ráðherra í ríkisstjórn Íslands lýsa því yfir á þessu kjörtímabili að Vestmannaeyjar hefðu skýra sérstöðu þannig að þessi yfirlýsing ein og sér er að sjálfsögðu fagnaðarefni.

Hér hefur verið komið inn á ýmsa þætti eins og samgöngur, skipalyftuna og annað sem skiptir Vestmannaeyjar miklu máli. Tölum aðeins um skipalyftuna. Mér finnst umræðan um hana alveg með ólíkindum. Hvers vegna í ósköpunum virðist vera nánast bannað að gera við það sem bilar úti í Vestmannaeyjum? Hvernig í ósköpunum stendur á því að menn fela sig á bak við eitthvert yfirvald frá Brussel, skjóta sér á bak við einhver hafnalög í þessu tilfelli? Hvernig í ósköpunum stendur á því að ekki er hægt að fara í þetta verk og gera við skipalyftuna? Þetta er alveg óskiljanlegt.

Kostnaðurinn við ferðir milli lands og Eyja er óásættanlegur. Við fögnum því að sjálfsögðu að gerðar hafa verið endurbætur í flugsamgöngum en það þarf nýjan Herjólf. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að útvega nýtt skip? Það er þá alltaf hægt að selja það aftur, er það ekki? Þarf þetta að vera svona ofboðslega flókið og erfitt? Ég segi nei, þetta þarf ekki að vera svona flókið og erfitt. Alls ekki.

Lítum á flugið. Flugið er gott, að sjálfsögðu er það það. Flugið milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja er gott. En hvernig stendur á því að samkeppnisstaða Flugfélags Vestmannaeyja og Flugfélags Íslands er með þeim hætti sem við sjáum í dag? Af hverju er flug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja niðurgreitt meðan Flugfélag Vestmannaeyja með sinn glæsilega og góða rekstur þarf algjörlega að bjarga sér sjálft?

Stjórnvöld verða að fara að sýna því skilning að Vestmannaeyjar hafa mikla sérstöðu. Sérstaða Vestmannaeyja kallar á sértækar lausnir. Það þarf að gera átak í stöðu Vestmannaeyja. Vestmannaeyjar skipta okkur öll, íslenska þjóð, mjög miklu máli, (Forseti hringir.) samfélagið þar. Og það er algjörlega ólíðandi að hafa þurft að horfa upp á það á undanförnum árum hvernig ríkisstjórnin hefur látið sjávarbyggðir þessa lands drabbast niður, virðulegi forseti.

[13:57]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Meginhlutverk okkar sem stjórnmálamanna er að tryggja sambærileg búsetuskilyrði um Ísland allt, skapa fólkinu jöfn tækifæri til búsetu. Til að gera Vestmannaeyjar sem við ræðum hér um í dag að samkeppnishæfum búsetukosti fyrir ungt fólk þarf ýmislegt að laga. Eins og hv. flutningsmaður, upphafsmaður umræðunnar hér í dag, benti á hefur íbúum í Vestmannaeyjum fækkað um 1 þús. manns á 10 árum. Það má kalla það nánast byggðahrun þegar 1 þús. manns af 5 þús. flytja í burtu og við verðum að grípa til bráðra aðgerða til að finna framtíðarlausn í samgöngumálum á milli lands og Vestmannaeyja.

Einungis með róttækum samgöngubótum milli lands og Eyja gerum við Vestmannaeyjar að samkeppnishæfum búsetukosti fyrir ungt fólk í dag. Þar koma fjórir kostir fyrst og fremst til greina. Það er nýr Herjólfur strax sem slær á bráðasta vandann, stórlækkun á ferjugjaldinu sem gerir það sambærilegt við að aka bíl um aðra þjóðvegi landsins, höfn í Bakkafjöru og göng á milli lands og Eyja.

Ný samgönguáætlun leit dagsins ljós í vikunni og verður rædd hér á fimmtudaginn. Þar er gert ráð fyrir 5 milljarða framkvæmd í Bakkafjöru sem framtíðarlausn á samgöngumálum milli lands og Eyja. Þá hlýtur að þurfa að spyrja hæstv. ráðherra byggðamála þessarar spurningar: Þýðir það að gangakosturinn sé úr sögunni? Enn hefur ekki verið farið í þær rannsóknir sem útiloka göng á milli lands og Eyja eða leiða til lykta hvaða leið skuli farin.

Að mínu mati á ekki að ákveða höfnina í Bakkafjöru fyrr en hitt hefur verið rannsakað til hlítar. Þess vegna hlýtur hæstv. byggðamálaráðherra að þurfa að svara skýrt hér í dag með hæstv. samgönguráðherra sér við hlið þessari spurningu: Eru þetta endalok gangahugmyndanna? Er ekki vitlegra að ráðast í rannsóknir á möguleikum gangagerðar áður en tekin er ákvörðun um byggingu hafnar í Bakka-

fjöru? Þetta er framtíðarlausn og til baka verður ekki snúið úr því (Forseti hringir.) þegar sú framkvæmd er hafin.

[13:59]

**Hjálmar Árnason:**

Virðulegi forseti. Í rauninni fjallar sú umræða sem hér fer fram um skyldur ríkisvaldsins gagnvart samfélaginu og þegnum þess. Í þeirri umræðu er jafnræðisreglan gjarnan hinn undirliggjandi tónn, jafnræðisreglan gagnvart þegnum og atvinnustarfsemi.

Það eru auðvitað kostir og gallar við að búa á hverjum stað. Það er ekki bara kostnaður sem fólk horfir á heldur líka hin almennu lífsgæði í samfélaginu á hverjum stað, streita, afþreying, atvinnumöguleikar og þar fram eftir götunum eða hinn mikli fjölbreytileiki sem einkennir samfélag okkar.

Það er líka ljóst að það er ekki ríkisvaldið sem mun eitt og sér halda uppi byggð á einstökum stöðum. Frumkvæðiskrafturinn hlýtur alltaf að koma að koma fyrst og fremst frá heimamönnum en ríkið getur stuðlað að byggð. Þannig má halda því fram að ríkisvaldið sé stærsti vinnuveitandinn á höfuðborgarsvæðinu með allar sínar stofnanir staðsettar þar og ver til þeirra milljörðum króna ár hvert og heldur úti mörgum þúsundum starfa.

Snar þáttur hins vegar í lífsgæðum fólks og þjónustu er möguleikinn á að ferðast. Þar eru aðstæður ólíkar. Eyjasamfélög hafa sérstöðu í þeim efnum. Þannig verða t.d. Vestmannaeyingar á sumrin að sæta lagi til að komast ferða sinna á eigin bílum. Ef við berum saman ferðakostnað fimm manna fjölskyldu, annars vegar frá Norðurlandi eða Vesturlandi til þess að fara suður og hins vegar frá Vestmannaeyjum, er alveg ljóst að kostnaður hinna síðarnefndu er allverulega hærri.

Þar brýtur á jafnræðinu og því er ekki óeðlilegt að endurskoða gjaldtöku með ferjum þar sem er heilsársbyggð. Því hefur verið haldið fram að lágmarkskrafa sé sú að ferðakostnaður verði sambærilegur fyrir eyjasamfélögin og aðra á landinu og ég vek athygli á því að fyrir þinginu liggur einmitt þingsályktunartillaga þess efnis. Vænti ég af umræðunni að hún fái góðan stuðning í þinginu og verði vonandi samþykkt áður en þingið fer heim í vor.

[14:01]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er full þörf á því að halda hæstv. ríkisstjórn við efnið í byggðamálum og því er þessi umræða sem sérstaklega snýr að hagsmunum Vestmannaeyja þörf. Vestmannaeyjar hafa vissulega umtalsverða sérstöðu sem langstærsta eyjasamfélagið við Ísland og ólíku saman að jafna hvað stærðir snertir þar sem eru Grímsey, Hrísey og önnur byggð eyjasamfélög, en að sumu leyti og öðru leyti má segja að Vestmannaeyjar eigi margt sameiginlegt með t.d. Vestfjörðum og norðausturhorni landsins hvað varðar langar og dýrar flutningsleiðir, flutningskostnað og áhrif þess á mannlífið að búa við torveldar samgöngur og mikinn kostnað.

Hæstv. ríkisstjórn hefur staðið sig með endemum illa hvað varðar það að efna loforð og fyrirheit um aðgerðir sem lúta að flutnings- og ferðakostnaði í landinu. Það er sama hvort við tölum um fyrirheitin um að lækka flutningskostnað eða þann ferðakostnað sem menn verða að taka á sig t.d. á landsbyggðinni þegar þeir leita læknishjálpar á höfuðborgarsvæðinu. Það er þörf fyrir að samræma gjaldtöku og hafa hana hóflega miðað við aðstæður af því tagi sem Vestmannaeyingar og aðrir eyjarskeggjar byggja og bera það saman við það sem sanngjarnt er gagnvart þeim sem hafa óheftan aðgang að vegakerfinu. Þá verður auðvitað að taka annað óhagræði og óþægindi og tímatöf með í reikninginn þannig að gjaldtaka þarna verður að vera mjög hófleg og Herjólfur er vegur Vestmannaeyinga rétt eins og Sæfari er vegur Grímseyinga. Skipið er búið að þjóna í meira en 12 ár og er búið að gera það vel. Það var að vísu vannýtt lengi vegna þess að áætlun var alls ekki jafntíð og hún hefði þurft að vera en nú er kominn tími á að huga að endurnýjun þess og það ber að sjálfsögðu að gera.

Allt hangir þetta auðvitað saman. Fjárhagur og aðstaða sveitarfélagsins, aðstæður hins almenna atvinnulífs, aðgerðir á sviði byggðamála og jöfnunaraðgerðir. Þessi ríkisstjórn, frú forseti, hefur haft 12 ár til að gera eitthvað af viti í byggðamálum. Það hefur látið á sér standa. Nú held ég að sé fullreynt.

[14:03]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Við erum að ræða samkeppnisstöðu landsbyggðarinnar og Vestmannaeyja og þá snýst það alltaf um það að hver staður og hvert samfélag nýti landkosti sína og sérstöðu. (**Gripið fram í:** Og sína ráðherra.) Það er auðvitað óumdeilanlegt að Vestmannaeyjar hafa sérstöðu og það er einkennilegt að það skuli verða sérstakt umræðuefni hjá hv. þingmönnum að slíkt sé viðurkennt. Vestmannaeyjar hafa nýtt sérstöðu sína hvað höfuðatvinnuveginn varðar afskaplega vel í langan tíma og standa þar mjög sterkt eins og öll dæmi sýna. Hins vegar er það þannig að þjóðfélagið breytist mjög hratt og höfuðatvinnuvegirnir eru ekki sömu burðarásarnir og þeir voru áður og þess vegna þurfum við að styðja við það nýja sem er að gerast í þjóðfélaginu.

Úti á landsbyggðinni er það auðvitað grundvallaratriði að þjónusta hins opinbera sé sterk og að hún veiti íbúunum það öryggi sem þeir þurfa og þá möguleika sem sérstaklega unga kynslóðin þarf á að halda. Það þarf líka fjölbreytni og hluti af fjölbreytninni er að hið opinbera gæti að því þegar valinn er staður fyrir opinber störf að það sé á landsbyggðinni, í eins réttum hlutföllum og mögulegt er. Það hefur verið gert í Vestmannaeyjum að undanförnu, sérstaklega í tengslum við höfuðatvinnuveginn, sjávarútveginn, þar eru starfandi nýendurnýjuð útibú úr sjávarútveginum og ný útibú.

Síðan eru það samgöngurnar. Við sáum í gær samgönguáætlun upp á 103 milljarða kr. sem ættu virkilega að hjálpa til mjög víða á landinu.

Eitt mál var sérstaklega nefnt hérna, það var skipalyftan í Vestmannaeyjum eins og þar væri um eitthvert vandamál að ræða. Vandamálið sem þar er um að ræða er að undanfarin ár hefur ekki verið gert ráð fyrir því að upptökumannvirkin væru styrkt en í dag var tekin út úr nefnd breytingartillaga við frumvarp til hafnalaga sem einmitt gerir ráð fyrir því að hægt sé, frú forseti, að fara í þá aðgerð að styrkja skipalyftuna í Vestmannaeyjum.

[14:06]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér fer fram mjög mikilvæg umræða, umræða um byggð í landinu en það er staðreynd og það segja einfaldlega mannfjöldatölur að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur raskað byggð í landinu. Og þá hafa hæstv. ráðherrar Framsóknarflokksins ekki gengið síður hart fram en ráðherrar Sjálfstæðisflokksins. Ég vil nefna formann Framsóknarflokksins sem hefur ritað sérstaka grein þar sem hann segir að það sé stefna flokksins að reisa hér borgríki. Þetta er einfaldlega stefna Framsóknarflokksins sem við sjáum hér í tölum.

Það hefur einnig verið um það rætt og fyrrum hæstv. byggðamálaráðherra hefur haldið því fram að það að breyta því kerfi sem er undirstaða byggðar í landinu, þ.e. sjávarútvegskerfinu, sé eins og að föndra við byggðirnar. Því kerfi sem í rauninni er að eyða byggð í landinu hefur ekki mátt raska og hæstv. utanríkisráðherra líkti því við föndur þegar hún gegndi starfi byggðamálaráðherra. En það þarf að breyta þessu kerfi ef byggð á að vera á Íslandi. Það blasir við öllum. Þetta kerfi hefur ekki skilað neinu. Við veiðum minna en við gerðum fyrir daga þess. Það sýna einfaldlega aflatölur og hvers vegna erum við að halda þessu kerfi áfram? Það eru engin rök fyrir því, ekki nokkur. Menn tala um hagræðingu. Hvar er hagræðingin? Hún birtist ekki í verðmætasköpun þessa útvegs því að tölurnar sýna það að tekjur af sjávarútvegi hafa ekkert vaxið, ekki neitt þrátt fyrir, frú forseti, að við búum við eitt hæsta fiskverð sem sögur fara af. Þannig að ef við ætlum að búa í öllu landinu þá verður að breyta þessu kerfi, það má öllum vera ljóst. Annað er algert aukaatriði og ég vil líkja því einfaldlega við föndur.

[14:08]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og tekið undir þau sjónarmið sem ég setti fram í upphafi hennar. En kjarninn í því af hverju ég tek þetta upp núna er kannski ekki endilega hvað verður eftir nokkur ár eða hvernig menn ætla að takast á við framtíðina heldur einfaldlega að takast á við þau mál sem núna hvíla mjög á byggðinni.

Vandamálum Vestmannaeyja má skipta í tvennt, annars vegar er um að ræða akút-vandamál sem verður að grípa inn í strax og hins vegar vandamál sem þarfnast langtímalausna. Fögur orð eru góð meðan þau eru sögð en það verða að fylgja efndir. Í þessu tiltekna máli liggur fyrir að ef það á að vera hægt að lækka gjaldskrá Herjólfs þá verða að koma aukin framlög úr ríkissjóði. Það eru bara þau sem telja. Það er eftir þeim sem verður beðið. Það er það sem er verið að kalla eftir og við þurfum að sjá það núna strax. Það er ekki eftir neinu að bíða í þessum efnum og það er það sem við viljum sjá.

Í annan stað gerðist það að skipalyftan í Vestmannaeyjum hrundi. Þar starfa tugir manna sem hugsanlega missa vinnuna. Hér kemur hæstv. fjármálaráðherra og segir að tiltekin verkefni séu ekki styrkhæf. Hér er ekki um það að ræða. Hér er um það að ræða að endurbyggja það sem bilaði, að laga það sem bilaði. Það er það sem er kjarni málsins og ef einhverjar reglur banna að gera við það sem misferst þá eru þær alveg fráleitar. Jafnvel þó svo menn setji þessi rök fram þá er ágætt að vinna eftir hinni svokölluðu Marco Polo-áætlun ESB sem kveður á um heimildir til að styrkja sérstaklega slík tilvik eins og hér um ræðir þannig að það breytir engu. En niðurstaðan er sú sama, við viljum sjá framlög í þetta verkefni strax, við viljum fá efndir á bak við þessi fallegu orð og ef það gengur eftir þá held ég að þessi umræða sé að skila góðum árangri.

[14:10]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég veit að það er ekki til neins að elta ólar við misskilning hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar á grein sem ég skrifaði í framhaldi af fræðsluerindi sem ég flutti í Borgarnesi fyrir nokkrum árum. (**SigurjÞ:** Þú getur reynt það.) Ég held því ekki fram að þetta sé ásetningsbrot af hans hálfu en ég lýsi mikilli meðlíðun vegna skilningsleysis.

Það er mjög mikilvægt í byggðamálum að stefnt sé að jafnræði þegnanna og í öðru lagi að stefnt sé að því að laða fram sem virkast frumkvæði heimamanna sjálfra. Á báðum þessum sviðum ber ríkisvaldið mjög þungar og miklar skyldur. Um það er ekki deilt og það hefur komið fram í þessari umræðu að hér er víðtæk samstaða um það almennt talað og ég fagna því.

Eins og ég sagði áðan þá er í athugun að efna í kaup á nýju skipi. Gjaldskrá er að sjálfsögðu stöðugt í endurskoðun og athugun og hér hafa komið fram mikilvæg sjónarmið einmitt í því efni með tilvísun kostnaðar við akstur á þjóðvegi.

Ég nefndi það líka áðan að stuðningur við skipalyftur er í athugun og það kom frekar fram hjá hæstv. fjármálaráðherra. Ég endurtek líka að það eru rannsóknir í gangi um Bakkafjöru og aðstöðu þar en niðurstöður þar eru ekki komnar. Framlög til byggða og byggðamála hafa verið aukin að undanförnu eins og ég nefndi líka áðan og mér finnst ástæða til að nefna það til að vekja athygli á því, að það eru mjög mörg metnaðarfull verkefni talin upp í nýlegum vaxtarsamningi Vestmannaeyja og Suðurlands sem snerta sérstaklega Vestmannaeyjar. Það fer alls ekki á milli mála að sú leið sem ríkisstjórnin hefur markað að gera þetta í vaxandi mæli í formi vaxtarsamninga, laðar fram framtak, frumkvæði og forustu heimamanna og er mjög vænleg leið til árangurs.

## *Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 1. umr.*

Stjfrv., 542. mál (gildissvið laganna, fyrirkomulag rannsókna o.fl.). — Þskj. 812.

[14:13]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseta hefur borist svohljóðandi bréf frá Ögmundi Jónassyni, formanni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskar eftir því, sbr. 3. mgr. 55. gr. þingskapa, að ræðutími við 1. umr. 16. dagskrármálsins, Rannsóknir og nýting á

auðlindum í jörðu, verði tvöfaldaður vegna mikilvægis málsins.“

[14:13]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum. Þetta er 542. mál þingsins á þingskjali 812.

Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum samið af nefnd sem iðnaðarráðherra skipaði í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem Alþingi samþykkti 1. febrúar 2006. Áður hafði þáverandi iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, ítrekað gert tillögu um skipan nefndar í sama skyni og var á það fallist með tillögu meiri hluta iðnaðarnefndar.

Í bráðabirgðaákvæðinu sem ég nefndi er kveðið á um að iðnaðarráðherra skuli skipa sérstaka nefnd sem geri tillögu um það með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laganna og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndin var, í samræmi við bráðabirgðaákvæðið, skipuð fulltrúum allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi, þremur fulltrúum frá Samorku og tveimur fulltrúum tilnefndum af iðnaðarráðherra. Nefndin skilaði tillögum sínum í skýrsluformi þann 11. október 2006. Eins og fyrr var nefnt er frumvarpið samið af nefndinni en þó hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar í kjölfar yfirferðar yfir það í iðnaðarráðuneyti og að ósk landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

Ef frumvarp þetta verður óbreytt að lögum munu margvíslegar breytingarnar verða á gildandi rétti. Lögin munu hafa í för með sér breytta stjórnsýslu þar sem úthlutun leyfa til rannsókna og nýtingar færist frá iðnaðarráðherra til Orkustofnunar. Eðlilegt þykir að Orkustofnun hafi sem fagstofnun á sviði auðlinda- og orkumála leyfisveitinga- og eftirlitshlutverk og í frumvarpinu er einnig kveðið skýrar á um eftirlitshlutverk og úrræði stofnunarinnar. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar, sem teknar eru á grundvelli laganna, verður hægt að kæra til iðnaðarráðherra.

Lagt er til að gildissvið laganna verði víkkað þannig að lögin munu einnig ná til nýtingar á vatnsafli til raforkuframleiðslu auk jarðhita.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að forræði yfir því hvort auðlindir í jörðu og vatnsafl í eignarlöndum verði rannsakað eða nýtt verður alfarið hjá viðkomandi fasteignareiganda og honum er heimilt að semja um rannsóknir og nýtingu við þá aðila sem hann helst kýs, þó að því gefnu að þeir uppfylli önnur lagaskilyrði og afli annarra tilskilinna leyfa. Í þjóðlendum og á ríkislandi þarf leyfi Orkustofnunar til rannsókna og nýtingar, sem og heimild þess handhafa ríkisvalds sem fer með forræði á viðkomandi svæði, þ.e. forsætisráðherra í þjóðlendum og landbúnaðarráðherra á ríkisjörðum.

Einnig er lagt til að lögfestar verði verklagsreglur um hvernig staðið skuli að afgreiðslu og vali milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á auðlindum í jörðu og vatnsafli til raforkuframleiðslu í þjóðlendum og landi í ríkiseigu. Auglýsa skal eftir umsóknum um leyfi til rannsóknar og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli á eignarlöndum ríkisins og í þjóðlendum og setja lágmarksskilyrði um fjárhagslegt bolmagn og þekkingu umsækjenda.

Að jafnaði verður skylt að taka gjald fyrir nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls í þjóðlendum og landi í ríkiseigu. Ef fleiri en einn sækja um leyfi skal hagkvæmasta tilboði tekið, en hagkvæmasta tilboð er það boð sem er hæst að fjárhæð og í bestu samræmi við þær forsendur sem settar hafa verið fram í gögnum, þar með talið með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Í ákvæðum til bráðabirgða er að finna tillögur er snúa að mörkun framtíðarstefnu um nýtingu og verndun auðlinda í jörðu og vatnsafls. Lagt er til að iðnaðarráðherra skipi starfshóp sem hafi það hlutverk að móta áætlun um nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls. Áætlunin mun sýna á hvaða svæðum verður heimilt að gefa út leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Umhverfisráðherra mun skipa sérstakan og sambærilegan starfshóp til að móta sérstaka verndaráætlun fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl. Verndaráætlunin mun sýna á hvaða svæðum ekki verður heimilt að gefa út leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Gert er ráð fyrir því að báðir starfshóparnir skili tillögum sínum til forsætisráðherra og hann muni skipa sérstakan starfshóp sem hafa mun það hlutverk að samræma tillögur beggja hópanna í eitt lagafrumvarp um verndar- og nýtingaráætlun sem lagt verði fram á haustþingi 2010.

Þar til verndar- og nýtingaráætlun hefur tekið gildi er heimilt, að aðgættum öðrum lagaskilyrðum, að veita nýtingarleyfi þeim rannsóknarleyfishöfum sem við gildistöku laga þessara hafa fengið útgefið rannsóknarleyfi með fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi. Þar til verndar- og nýtingaráætlun hefur tekið gildi verður jafnframt heimilt að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við vegna umhverfisverðmæta. Í umhverfisflokkum a og b í rammaáætluninni eru þeir hugsanlegu virkjunarkostir sem minnst umhverfisáhrif eru talin hafa. Þar til verndar- og nýtingaráætlunin hefur tekið gildi verður hins vegar ekki heimilt að veita ný leyfi til rannsóknar og nýtingar á öðrum kostum til raforkuöflunar nema að undangengnum rannsóknum og mati og með samþykki Alþingis.

Eins og fyrr hefur komið fram er frumvarp þetta samið af nefnd iðnaðarráðherra en þó hafa verið gerðar breytingar í kjölfar yfirferðar yfir frumvarpið í iðnaðarráðuneyti og að ósk landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

Í fyrsta lagi mun samkvæmt tillögu umhverfisráðuneytis gerð breyting á verklagi við gerð verndar- og nýtingaráætlunar. Starfshópurinn sem skipaður verður á grundvelli bráðabirgðaákvæðis I í frumvarpinu mun einungis hafa það hlutverk að móta áætlun um nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls, en í tillögu nefndarinnar var gert ráð fyrir að starfshópurinn mundi móta eina heildstæða verndar- og

nýtingaráætlun. Áætlunin um nýtinguna mun sýna á hvaða svæðum verður heimilt að gefa út leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Einnig hefur samsetningu starfshópsins verið breytt á þann hátt að nú er gert ráð fyrir að í starfshópnum verði auk fulltrúa allra þingflokka tveir fulltrúar iðnaðarráðuneytis, einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, tveir fulltrúar umhverfisráðuneytis, einn fulltrúi Samorku og einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, en í tillögu nefndarinnar var gert ráð fyrir að starfshópurinn yrði skipaður fulltrúum allra þingflokka, auk fulltrúa frá forsætisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Íslenskum orkurannsóknum, náttúruverndarsamtökum, Samorku og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Umhverfisráðherra mun hins vegar skipa sérstakan og sambærilegan starfshóp til að móta sérstaka verndaráætlun fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl. Verndaráætlunin mun sýna á hvaða svæðum ekki verður heimilt að gefa út leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Starfshóp umhverfisráðherra munu skipa fulltrúar allra þingflokka eins og í hinum hópnum, tveir fulltrúar umhverfisráðuneytis, einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, tveir fulltrúar iðnaðarráðuneytis, einn fulltrúi umhverfisverndarsamtaka og einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þessi breyting felur í sér að í stað þess að einn starfshópur undir forustu forsætisráðherra móti eina heildstæða verndar- og nýtingaráætlun munu þrír starfshópar sinna þessu verkefni. Iðnaðarráðuneyti mun stýra starfshópi sem móta mun áætlun um nýtingu og umhverfisráðuneyti mun stýra starfshópi sem móta mun áætlun um verndun. Gert er ráð fyrir að báðir starfshóparnir skili tillögum sínum til forsætisráðherra og hann skipi starfshóp sem hafa muni það hlutverk að samræma tillögur beggja hópanna í eitt lagafrumvarp sem lagt verði fram á haustþingi 2010.

Að ósk umhverfisráðuneytis hefur verið felld út skilgreining á meginreglum umhverfisréttar í 2. gr. Þess í stað mun umhverfisráðherra leggja fram frumvarp um meginreglur umhverfisréttar og er lagt til að vísað verði til ákvæða þess frumvarps í 14. gr. og í 15. gr. þess frumvarps sem hér er lagt fram. Í 14. gr. er einnig bætt inn ákvæði um að við veitingu nýtingarleyfa í eignarlöndum ríkisins og þjóðlendum skuli þess sérstaklega gætt að nýting endurnýjanlegra orkulinda sé sjálfbær.

Að beiðni landbúnaðarráðuneytis er lagt til að landbúnaðarráðuneyti fái fulltrúa í starfshópunum tveimur sem móta eiga nýtingaráætlun og verndaráætlun, samanber ákvæði til bráðabirgða I og II.

Í 3. gr. frumvarpsins hefur verið bætt við ákvæði um að leita skulu umsagnar umhverfisráðuneytis við veitingu rannsóknarleyfa og í 6. gr. er bætt við ákvæði um sambærilega umsagnarumleitan áður en nýtingarleyfi er veitt.

Bætt er við ákvæði um gjaldtöku fyrir eftirliti með framkvæmd laganna til að tryggja að fullnægjandi lagastoð sé fyrir slíkri gjaldtöku.

Í öðru lagi er að ósk umhverfisráðuneytis gerð sú breyting að skilgreining á meginreglum umhverfisréttar í 2. gr. er felld út úr frumvarpinu. Þess í stað mun umhverfisráðherra leggja fram frumvarp um meginreglur umhverfisréttar og er lagt til að vísað verði til ákvæða þess frumvarps í 14. gr. og í 15. gr. þess frumvarps sem hér er lagt fram. Í 14. gr. er einnig bætt inn ákvæði um að við veitingu nýtingarleyfa í eignarlöndum ríkisins og þjóðlendum skuli þess sérstaklega gætt að nýting endurnýjanlegra orkulinda sé sjálfbær.

Hæstv. forseti. Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum telur fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins að útgjöld Orkustofnunar muni aukast um 15 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008 vegna nýrra verkefna stofnunarinnar auk þess sem 10 millj. kr. tímabundinn kostnaður muni falla á árin 2008 og 2009 vegna starfshópa iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra sem móta eiga fyrrnefndar áætlanir um nýtingu og verndun auðlinda í jörðu og vatnsafls.

Hæstv. forseti. Samfélag okkar, hagkerfið og þjóðlífið allt, hvílir á þeirri forsendu að auðlindir lands og lagar séu nýttar af skynsemi, ráðdeild og virðingu. Nú sem fyrr stefna íslensk stjórnvöld að ábyrgri nýtingu náttúruauðlindanna með fullri aðgát og um leið er þetta stefna varúðar, virðingar og verndar. Ástæða er til að vekja athygli á því að með þessu frumvarpi verður það að skyldu að rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi verði boðin út og menn greiði gjald fyrir hvort leyfi um sig. Skylt verður einnig að menn greiði gjald fyrir nýtingu auðlindar í þjóðlendu eða í ríkisjarðeignum.

Auk þess geta aðilar eins og nú samið um gjald fyrir nýtingu auðlindar þegar um eignir einkaaðila er að tefla. Hér er þannig í raun um auðlindagjald á orkusviði um að ræða. Um það mál hafa lengi verið talsverðar umræður en þessi tilhögun í frumvarpinu er í almennu samræmi við tillögur auðlindanefndar sem starfaði undir forustu dr. Jóhannesar Nordals, fyrrverandi seðlabankastjóra, um síðastliðin aldamót. Einnig hafa forustumenn í íslenskum iðnaði rætt slíkar hugmyndir, m.a. Víglundur Þorsteinsson forstjóri fyrir nokkru. Erlendis er fengin athyglisverð reynsla á þessu sviði. Má þar nefna Alaskabúa sem mynda sérstakan auðlindasjóð í eigu landsmanna sem þeir nýta til þjóðþrifamála og endurgreiða jafnvel úr til almennings. Þetta kann að reynast mikilsvert framtíðarmálefni hér á landi líka.

Með frumvarpi þessu er leitast við að leggja grunn að sannkallaðri þjóðarsátt, sátt milli sjónarmiða verndar og nýtingar með skipan starfshópa sem móta eiga heildstæða verndar- og nýtingaráætlun fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl á Íslandi. Eins og fyrr hefur komið fram er gert ráð fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin verði mótuð í samráði við alla helstu hagsmunaaðila og á þann hátt er einnig leitast við að stuðla að víðtækri sátt meðal þjóðarinnar um þessi mikilvægu málefni.

Hæstv. forseti. Ég veit að ég þarf ekki að fjölyrða um hversu mikilvægt það mál er sem hér er til umræðu. Hér eru mörkuð mikilvæg tímamót og tekin stefna til framtíðar að víðtækri þjóðarsátt um málefni sem snertir alla þjóðina og farsæld hennar.

Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og iðnaðarnefndar og umhverfisnefndar.

[14:29]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er á þeirri skoðun að hér sé mikilsvert mál á ferðinni. En hæstv. iðnaðarráðherra viðhafði orðin „víðtæk þjóðarsátt“ um málið og talaði um það eins og málið væri lausn á öllum þeim vandamálum sem þjóðin hefði rætt í sambandi við orkunýtingu og náttúruvernd á undanförnum missirum. Það er of langt gengið. Hér var að störfum nefnd sem skilaði þessari tillögu. Hún hafði afmarkað hlutverk og gat ekki tekið á þeim málum sem þegar voru í pípunum, eins og sagt er. Í tillögunni er því ekki fólgin lausn á hinum stóru ákvörðunum sem varða stóriðju í landinu eða aðra slíka hluti. Þess vegna geta menn ekki talað um hana sem víðtæka þjóðarsátt nema með málinu fylgi eitthvað meira.

Svo langar mig líka að upplýsa hæstv. iðnaðarráðherra um það, af því að hann orðaði það þannig að hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra hefði ítrekað flutt tillögur um nefnd af því tagi sem þarna starfaði, að það er ekki rétt. Hæstv. iðnaðarráðherra flutti einu sinni slíka tillögu. Hún fylgdi máli sem var um auðlindir í jörðu. Það mál náði ekki fram að ganga en iðnaðarnefnd flutti þá tillögu um þessa nefndarskipan.

Hæstv. iðnaðarráðherra tók það frumvarp sem iðnaðarnefnd flutti þá en kippti út úr því tillögunni um að skipa þessa nefnd. Það þurfti miklar umræður á Alþingi sem voru kallaðar málþóf til að ná því fram að þessi nefnd yrði skipuð. Það er þess vegna ástæða til að upplýsa hæstv. iðnaðarráðherra um málið en hann hefur (Forseti hringir.) auðvitað ekki fylgst með því á þeim tíma.

[14:31]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra í þessu sambandi út í það sem kemur fram í bókun fulltrúa Samfylkingarinnar í umræddri nefnd Jóhanns Ársælssonar, þar sem segir að nefndin hafi ekki talið það á sínu verksviði að leggja til úrlausnir á því ófremdarástandi sem ríkir gagnvart áformum um nýjar stóriðjuframkvæmdir í landinu.

Óhætt er að tala um að nú ríki orðið verulegt ófremdarástand í því, þar sem hægt er að hefja framkvæmdir og undirbúning framkvæmda án aðkomu stjórnvalda. Þar skiptir að sjálfsögðu meginmáli að Alþingi búi til verkfæri til að taka þetta til sín þannig að samþykki Alþingis verði að liggja til grundvallar og það verði á valdi og ábyrgð Alþingis hvort, hvar og hvenær ráðist verði í slíkar stórframkvæmdir. Þetta er algjört grundvallaratriði.

Það er fráleit staða sem komin er upp út af frágangi ríkisstjórnarinnar og frægt er hvernig hæstv. iðnaðarráðherra hefur vísað frá sér allri ábyrgð á stóriðjumálum. Stóriðjustefnan er dauð, segir ráðherrann. Þetta er málefni sveitarfélaga og orkufyrirtækja, það er náttúrlega glapræði hvernig er fram gengið í þessum málum. Til að greiða úr þessu ófremdarástandi verður Alþingi að taka þetta vald til sín. Það verður að liggja fyrir sérstakt samþykki Alþingis fyrir hverri einustu framkvæmd. Þess vegna spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra um þetta grundvallaratriði, hvort ekki þurfi að huga að því í leiðinni og við setjum þau lög sem við erum að ræða núna.

[14:33]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með vísan til þess að ákvarðanir eru teknar enn sem komið er á grundvelli fyrsta áfanga rammaáætlunar tel ég að aðild stjórnvalda geti verið næg að þessu.

Hins vegar voru sett ný lög árið 2003 sem marka þau tímamót að byrjað er að byggja upp opinn, eftir því sem getur verið við íslenskar aðstæður, orkumarkað. Þá færist frumkvæði og forsjá í þeim málum yfir til sveitarfélaga, yfir til fyrirtækjanna og fjárfesta sem um er að ræða, vissulega er það rétt.

Hins vegar er í fjölmörgum atriðum sem samningar þurfa til að koma þar sem stjórnvöld hafa áhrif. Í frumvarpinu sem hér er talað um, bæði í megintexta þess og í bráðabirgðaákvæðunum, er gert alveg sérstaklega ráð fyrir því að ekkert fari fram sem ekki er í fyrsta áfanga rammaáætlunar og ef vikið er frá því verði að koma til alveg sérstakt samþykki Alþingis.

[14:34]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé einfaldlega ekki nægjanlegt í þeirri stöðu sem uppi er í dag. Það frumkvæði og allur sá framgangsmáti sem er í gangi núna vegna fyrirhugaðra stóriðju- og virkjanaframkvæmda takmarkast að sjálfsögðu af því sem kalla má íslenska og kallað er íslenska ákvæðið í samkomulagi um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar. Þess vegna, þó ekki væri nema út af því, þarf og á að liggja fyrir sérstakt samþykki Alþingis fyrir hverri einustu framkvæmd.

Að hinu leytinu má að sjálfsögðu færa efnahagsleg rök fyrir því að auðvitað eigum við að fresta öllum stóriðjuframkvæmdum á meðan rammaáætlun er unnin og meðan þessi mál liggja ekki almennilega fyrir, og meðan þetta ófremdarástand er uppi í stóriðju- og virkjanamálum eins og við sjáum núna, gífurleg mótmæli við fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum í neðri hluta Þjórsár, sem kallaður er. Það verður einfaldlega að staldra við núna, búa til þessa rammaáætlun og með bráðabirgðaákvæði tryggja að alltaf verði að liggja fyrir sérstakt samþykki Alþingis fyrir hverri einustu framkvæmd. Það er ábyrgðarleysi af stjórnvöldum að búa ekki þannig um hnúta að svo sé, þ.e. að alltaf þurfi samþykki Alþingis. Það er fráleitt út í hvaða ógöngur og hvaða óefni stjórnvöld hafa stefnt þessum málum og það er fullkomið ábyrgðarleysi hvort sem litið er til efnahagslegra raka eða umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða.

Það er algert ábyrgðarleysi hvernig íslenska ríkisstjórnin hefur teflt sveitarfélögunum í landinu í blint kapphlaup um þessi mál, það fer allt eftir vilja orkufyrirtækjanna þar að auki. Það er ábyrgðarleysi af stjórnvöldum að greiða ekki úr þessu máli með því að taka til og samþykkja bráðabirgðaákvæði sem tryggir að alltaf þurfi að liggja fyrir sérstakt samþykki Alþingis.

Ég inni hæstv. iðnaðarráðherra eftir þessu, en eftir því sem hann svaraði hér áðan, þá er einfaldlega ekki nógu langt (Forseti hringir.) gengið.

[14:36]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Það er stefna ríkisstjórn-

arinnar að vinna áfram að því að þroska markað á sviði orkumála og reyna að vinna að því að hér verði bær fyrirtæki sem starfi á þeim markaði.

Við teljum að það sé fullnægjandi eftirlit stjórnsýslunnar, umhverfisráðuneytisins, Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar og það sé mjög eðlilegt og æskilegt að nærsamfélögin, sveitarfélögin, hafi aðkomu að þessum málum. Við vitum að miklar umræður eru í Hafnarfirði og á Suðurlandi. Í raun og veru er það mjög ánægjulegt og æskilegt að upplýstar umræður séu einmitt í nærsamfélögunum um þá kosti sem um er að velja í atvinnuþróun og atvinnusköpun.

Síðan er mjög eðlilegt að íbúarnir á þeim svæðum fái tækifæri til að láta vilja sinn koma í ljós, koma fram á lýðræðislegan hátt eða í sveitarstjórnunum eftir því sem það er ákveðið á hverjum stað. Það er mjög eðlilegt að þeir hafi virkileg og raunveruleg áhrif á framvindu mála.

[14:38]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Sú vinna sem hæstv. ríkisstjórn var knúin til að vinna í þessu máli, með niðurstöðu sem varðar þingið, fyrir um ári síðan var góðra gjalda verð. Afrakstur þess starfs gefur að líta í þessari hvítbók, um framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafli.

Þar er á margan hátt um góða vinnu að ræða og ágæta kortlagningu á aðstæðum þó niðurstöðunum sé að hluta til verulega ábótavant og þá sérstaklega því að ekki tókst samkomulag um hvernig farið verði með þessi mál næstu árin. Og í raun er stærstu ágreiningsmálunum og deilumálunum skotið á frest og þeim öllum pakkað inn í nefndarstarf á komandi árum.

Tvennt vil ég gera strax að umtalsefni hér í upphafi varðandi málflutning hæstv. ráðherra áðan. Það fyrra er að tala um að með frumvarpinu, og því sem það boðar í sjálfu sér, sé komin á þjóðarsátt um orku- og virkjanamál og stóriðjumál í landinu. Það er eitthvert hrikalegasta öfugmæli sem menn hafa lengi misst út úr sér.

Það er fjarri öllu lagi að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra geti misnotað þetta góða hugtak, þjóðarsátt, á þennan hátt því þetta er ekkert annað en hrein misnotkun eða afbökun á því hugtaki. Vegna þess að þetta frumvarp, þó að lögum verði, breytir engu um það sem fram undan er næstu árin, stoppar ekki neitt af því sem er pípunum. Auðvelt er að sýna fram á það og ég mun gera það rækilega á eftir.

Hæstv. ráðherra varð nú frægur, ég vil ekki segja að endemum, í sumar fyrir að boða afturvirka stefnubreytingu Framsóknarflokksins í stóriðjumálum. Það hefði í rauninni orðið stefnubreyting árið 2004 en enginn hafði tekið eftir því fyrr en ráðherrann tilkynnti það í sumar. Það má þá alveg segja að með svipuðum hætti sé hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, að boða framvirka þjóðarsátt. Í viðskiptalífinu eru til hugtök sem heita framvirkir samningar. Þetta er þá einhvers konar framvirk þjóðarsátt, þ.e. tilboð um skárri skipan þessara mála að þrem, fjórum, fimm árum liðnum. Það er ekki þjóðarsátt við þjóðina eins og deilurnar standa í dag.

Hitt er þó nauðsynlegt að taka strax fram og það er að frumvarpið hefur tekið miklum breytingum og alvarlegum breytingum frá því sem nefndin gekk frá í tillögu sinni. Mér fannst hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra skauta ansi létt yfir það í framsöguræðu sinni, að gera heiðarlega grein fyrir því hvernig ríkisstjórnin er í frumvörpum sínum að útvatna þó það sem nefndin varð sammála um í starfi sínu og skilað var í október 2006.

Af hverju er það bara ekki heiðarlega viðurkennt að ríkisstjórnin hafnar því að setja þessi mál í einn sáttafarveg í einum starfshópi með fullgildri aðild allra málsaðila? Klýfur þetta upp í tvennt og helmingur málsins, nýtingarþátturinn, og starfshópur þar að lútandi, án þátttöku umhverfisverndarsamtaka heyrir undir iðnaðarráðherra. En afganginn fær svo umhverfisráðherra að hafa í sérstökum starfshópi hjá sér.

Þegar þessir tveir hópar hafa komið sér saman, hvor í sínu lagi, og út úr þeim er t.d. búið að skutla með öllu bæði Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun, hvað tekur þá við? Er það þá þverpólitísk og þverfagleg vinna? Nei. Þá er þriggja manna nefnd þriggja ráðuneyta án nokkurrar aðkomu þingflokka, án nokkurrar aðkomu umhverfisverndarsamtaka eða fagstofnana, sem á að skrúfa þetta saman í anda gömlu hrossakaupanna og helmingaskiptanna, sem þá verða að vísu sem betur fer aflögð og þeir fjarri góðu gamni sem helst ástunda þau, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur. En það breytir ekki ásetningnum, að hann er þessi.

Þetta er grundvallarfráhvarf frá niðurstöðum starfshópsins sem lagði til í skýrslu sinni, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, sem lesa má um, virðulegi forseti, á viðeigandi síðum, á blaðsíðu 88 í skýrslunni, að einn, breiður starfshópur, skipaður fulltrúum allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi, jafnframt fulltrúa forsætisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis, fulltrúa frá Umhverfisstofnun og fulltrúa frá Náttúrufræðistofnun, auk Orkustofnunar, Íslenskra orkurannsókna, fulltrúa frá náttúruverndarsamtökum, Samorku og Sambandi sveitarfélaga og undir forustu forsætisráðuneytisins. Auðvitað er þetta í grundvallaratriðum ólíkari nálgun en sú að kljúfa þetta upp og til baka og setja afdrifaríkustu þætti málsins aftur á forræði iðnaðarráðuneytisins og henda út úr því starfi fulltrúum umhverfisverndarsamtaka og fagstofnunum á því sviði.

Hér er því algjörlega ólíku saman að jafna og frumvarp ríkisstjórnarinnar er að þessu leyti algjör útvötnun og í raun er hafnað þeirri niðurstöðu sem þó var þrátt fyrir allt saumuð saman með miklum erfiðleikum í nefndarstarfinu. Auðvitað er verið að gefa því þar með langt nef. Verið er að gefa hinu þverpólitíska og hinu þverfaglega innihaldi starfsins langt nef með slíkum vinnubrögðum.

Ég tel það líka mikinn ágalla að í 2. gr. frumvarpsins um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu skuli vanta meginreglur umhverfisréttarins. Það kemur ekki í staðinn fyrir að þær séu þar þó að hæstv. umhverfisráðherra flytji annað og sjálfstætt frumvarp og á tveimur stöðum í frumvarpi iðnaðarráðherra standi til að vitna yfir í þau sérlög. En þá þarf líka að hafa í huga hvernig það er gert. Það er í fyrra tilvikinu í 14. gr. frumvarpsins, og snýr þá aðeins að nýtingarleyfum í eignarlöndum ríkis og þjóðlendum. Og í seinna tilvikinu með loðnu orðalagi í 15. gr.,

sem breytir 18. gr. gildandi laga um rannsóknar- og nýtingarleyfi. Þetta er að sjálfsögðu ekki jafngilt og starfshópurinn lagði til í sínu frumvarpi, en þar skyldi koma, á milli skilgreiningar á því hvað væru jarðefni og hvað væri nýting á auðlind, eftirfarandi skilgreining um meginreglur umhverfisréttar, reglan um sjálfbæra þróun, meginreglan um samþættingu, reglan um fyrirbyggjandi aðgerðir, varúðarreglan, greiðslureglan og reglan um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn um 2. gr., í frumvarpi starfshópsins, voru þessar reglur rækilega útlistaðar og rökstuddar ítarlega á allt annan hátt en gert er með þessari fátæklegu vísun í frumvarpi iðnaðarráðherra. Þarna er líka verið að útþynna málið því miður og það kemur á engan hátt í staðinn fyrir það sem starfshópurinn hafði ætlað sér í þessum efnum. Hafa verður í huga, sérstaklega ef menn setja á þjóðarsáttarræður, að ekki náðist sameiginleg niðurstaða um afdrifaríkasta þátt málsins. Það er ekki bara ágreiningur sem fyrir liggur opinberlega um það sem er fram undan á næstu árum og ekki kemur inn í þetta mál vegna þegar útgefinna leyfa og þeirra réttinda sem orkufyrirtækin hafa með höndum. Það náðist heldur ekki samstaða um hvernig farið verður með málin á meðan vinnunni vindur fram, fram til ársins 2010 eða 2012, eða hvað það nú verður, vegna þess að það var ágreiningur um ákvæði til bráðabirgða II, sem var í frumvarpsdrögum starfshópsins, nú ákvæði til bráðabirgða III í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Það var mjög alvarlegur ágreiningur þar sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs studdi ekki það ákvæði og vísar þar til stefnu okkar, um að stöðva beri allar frekari virkjanir og stórframkvæmdir þangað til þessi nýi grunnur er kominn.

Það blasir við að allt tal um þjóðarsátt í þessu samhengi verður beinlínis hlægilegt — og þó ekki einu sinni því þetta er ekki hlægilegt mál, þetta er grafalvarlegt mál. Allt tal um að keyra áfram öll þau áform um virkjanir og álvæðingu sem nú er í pípunum, þrjú til fjögur verkefni, og bjóða svo upp á einhverja þjóðarsátt það þarf auðvitað ekki að ræða það — og ganga jafnvel til viðbótar lengra á millibilstímanum og úthluta enn frekari leiðum á umdeildum svæðum en þeim sem nú eru í höndum orkufyrirtækjanna. Upp á það er boðið í ákvæði til bráðabirgða III með frumvarpinu. Til viðbótar öllum þeim ríkulegu heimildum til virkjana, bæði í vatnsafli og jarðvarma, sem orkufyrirtækin hafa í höndum, og ætla sér að nota í þau stóriðjuverkefni sem verið er að undirbúa á fullu á þremur til fjórum stöðum á landinu, er jafnvel gefið undir fótinn með frekari leyfi. Að vísu er þar vitnað í bráðabirgðaniðurstöður rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Kem ég þá að þeim alvarlega þætti málsins hvernig ríkisstjórninni — sem hefur haft þá vinnu ofan í skúffu í iðnaðarráðuneytinu og ekkert gert með hana nú í mörg ár — hentar allt í einu að draga hana upp þegar á henni þarf að halda til að ýta stóriðjustefnunni áfram. Þá muna þeir eftir þessu hérna, þegar þeir geta þvælt útgáfu frekari rannsóknar- og nýtingarleyfa fyrir virkjanir inn í myndina. Og hvernig nota þeir það þá? Þá er allt í einu farið að taka mark á því sem ekkert hefur verið gert með hingað til.

Muna menn hvaða virkjun kom verst út úr 1. áfanga niðurstöðunnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma? Muna menn hvaða virkjun það var? Kárahnjúkavirkjun. Hún var sú versta að viðbættri Jökulsá á Fjöllum og virkjun í Þjórsárverum. En hún er nú risin. Þannig var virðing ríkisstjórnarinnar þá fyrir þessari vinnu. Það voru tíndar út úr henni þær virkjanir sem orkufyrirtækjunum hentaði að hefjast handa um í miðju vinnuferlinu. Það er alveg stóralvarlegt og ámælisvert af vönduðum manni, eins og ég veit að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra vill vera, að vitna með þessum hætti í frumvarpi sínu fyrirvaralaust í þessar niðurstöður. Það gerir höfundum þeirra ekki rétt til. Það er ósanngjarnt vegna þeirra fyrirvara sem þeir sjálfir settu við vinnu sína. Og lítum nú aðeins á það hvað er sagt áður en kemur að flokkun virkjunarkostanna í þá meginflokka, a, b, c, d og e, sem skýrslan byggist á.

Þeir segja, og er ég þá auðvitað að bera saman og skoða samhengi bráðabirgðaákvæðis III í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, þar sem talað er um að einungis sé heimilt að veita leyfi á svæðum sem eru í flokki a eða flokki b, og ekki hafa komið sérstakar athugasemdir eða mótmæli við. Gott og vel.

En á hvaða grunni stendur sú flokkun að mati höfundanna sjálfra á skýrslu í bráðabirgðaniðurstöðum eða 1. áfanga rammaáætlunar? Förum aðeins yfir það. Það segir í inngangi um meginniðurstöður 1. áfanga — fyrst er fjallað um markmið rammaáætlunar og síðan segir, með leyfi forseta:

„Á grundvelli mats faghópa hefur verkefnisstjórnin í 1. áfanga flokkað 35 virkjunarhugmyndir í fimm flokka (a til e) eftir umhverfisáhrifum, aðra fimm eftir heildarhagnaði og fimm eftir arðsemi."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Um þessa flokkun eru gerðir fyrirvarar vegna takmarkaðra gagna, einkum um umhverfisáhrif, en einnig um heildarhagnað og arðsemi, þar sem frumáætlanir um tilhögun eru skammt á veg komnar."

Þetta er býsna mikið sagt. Um flokkunina sjálfa eru gerðir fyrirvarar vegna takmarkaðra gagna, einkum um umhverfisáhrif. En nú á að gera þetta að sjálfum grundvelli, fyrirvaralausum grundvelli, ákvörðunartökunnar á millibilstímanum. Höfundum þessarar skýrslu er gert rangt til með því að nota niðurstöður þeirra svona. Það er ekki sanngjarnt gagnvart vísindamönnum, sem setja niðurstöður sínar fram með klárum, skýrum og fræðilegum fyrirvörum, að taka þær og meðhöndla þær á þennan hátt. Allir sem hafa einhverja lágmarksnasasjón af siðareglum í vísindasamfélaginu vita þetta.

Síðan er einnig sagt, með leyfi forseta:

„Í flokk a með minnstum umhverfisáhrifum falla 15 virkjanir með samanlagða orkugetu um 11.200 gígavattstundir á ári. Tvær þeirra eru vatnsaflsvirkjanir en hinar jarðvarmavirkjanir. Arðsemi þessara virkjunarkosta er í meðallagi (flokkur c á skala a til e)."

Svo segir, með leyfi forseta:

„Gögn skortir til að greina á milli jarðvarmavirkjana um arðsemi og heildarhagnað." — Gögn skortir.

Og enn fremur segir, í ábendingum um framhald vinnu við rammaáætlun, með leyfi forseta:

„Með þessum niðurstöðum hefur verkefnisstjórn náð því markmiði sem henni var falið að leggja grundvöll að 1.

áfanga í forgangsröðun virkjunarkosta. Hafa verður þó í huga að þekking á virkjunarkostum sem teknir voru til skoðunar er í mörgum tilvikum ekki fullnægjandi. Þannig sýnir yfirlit um stöðu þekkingar að í 10 tilvikum er þekkingarstigið metið í flokk c (á skala a–c)."

Það er í minnsta flokki, það er á lægsta þekkingarstigi. Það er á skala c, það er í flokki c á skala a–c. Það er í þriðja og lægsta upplýsinga- eða þekkingarflokknum.

Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Það er því mikilvægt að afla frekari þekkingar um þessa virkjunarkosti og endurmeta þá. Þá eru fjölmargar virkjunarhugmyndir sem enn hafa ekki verið kannaðar en nauðsynlegt er að taka inn í myndina til að fá heildstætt yfirlit yfir möguleika til orkuöflunar með vatnsafli og jarðvarma. Í 6. kafla skýrslunnar er að finna tillögur um hvernig megi halda vinnu við þetta verkefni áfram."

Mér finnst með algerum endemum að þessir fyrirvarar, þessi skýra staða málsins eins og hún er af hálfu höfundanna, skuli ekki vera virtir og að nú allt í einu henti ríkisstjórninni — sem hefur haft þessa rammaáætlunarvinnu afvelta ofan í skúffu í fullkominni útideyfu í mörg ár og ekkert með hana gert — að draga hana upp. Við höfum gagnrýnt það hér á þingi, talsmenn Vinstri grænna, ár eftir ár að þessari vinnu skuli ekki vera hraðað. Við höfum reyndar lagt til, sem eðlilegt er, að hún færist á forræði umhverfisráðuneytisins. Hún á ekki heima hjá iðnaðarráðherra, enda hafa menn greinilega engan áhuga á því þar á bæ, hvorki núverandi og hvað þá fyrrverandi iðnaðarráðherra virðast hafa nokkurn minnsta áhuga á því að þessu miði fram. Það blasir við. Aðgerðarleysið og dugnaðarleysið getur ekki verið svo rosalegt að ef einhver raunverulegur áhugi hefði verið til staðar væru málin ekki jafnilla stödd og raun ber vitni. En nú á að taka þetta og nota þetta svona.

Þetta finnst mér, virðulegur forseti, alls ekki ganga, alls ekki í lagi. Ég mótmæli því þar af leiðandi að hér sé til staðar sá grunnur, faglegi og ótvíræði grunnur, sem hægt sé að byggja á með þeim hætti sem ætlunin er á millibilstímanum. Hann er ekki til staðar.

Viðhorf okkar, Vinstri grænna, í þessum efnum liggja skýr fyrir. Við viljum að það verði stoppað. Við viljum að engin frekari leyfi og engar frekari heimildir verði gefnar út en þær sem til staðar eru og engum framkvæmdum, sem aftur verður snúið með, verði hleypt lengra en þær eru komnar í dag. Á þeim tíma sem líður þangað til nýr grundvöllur þessara mála næst — sem að mörgu leyti skal viðurkennt að gæti fólgist í þessari nálgun fengju menn frið til þess að vinna þannig — þá verði jafnframt útgefin rannsóknarleyfi látin sæta þeim takmörkunum að ekki verði farið inn á ný svæði, ekki verði farið og borað á nýjum stöðum innan svæða sem leyfi hafa verið veitt fyrir, eingöngu lokið þeim rannsóknarverkefnum sem beinlínis eru í gangi.

Á þetta er að sjálfsögðu hægt að fá orkufyrirtækin til að fallast ef það er hluti af heildarstefnumörkun og heildarsamskiptum aðila. Telji þau sig verða fyrir óþægindum af þessum sökum eða hafa lagt út kostnað sem þau fái þá ekki endurkræfan má bæta þeim það? Ríkið getur að sjálfsögðu yfirtekið rannsóknir og eignast þá niðurstöðurnar í leiðinni. Það eru margar leiðir færar til að innleiða slíkt stopp þangað til málin eru komin á nýjan grunn. Veruleikinn er sá að það er miklu meira en nóg af þegar útgefnum virkjunarheimildum í höndum stjórnvalda. Það er alvara málsins sem kemur í raun ekkert við þetta, nema það er hyggilegt að menn hafi meðvitund um það til hvers hluta orkuforðans í landinu þetta gæti tekið ef allt fer á versta veg. Fjörutíu prósenta.

Það er nefnilega þannig, og það stendur í skýrslu starfshópsins svart á hvítu og þjóðarsáttarmenn ættu að lesa það, byrja á því, fletta upp á bls. 42, ef minni mitt svíkur ekki, hvað þar er sagt um virkjunarhugmyndir vegna fyrirhugaðrar stóriðju. Hvað er sagt þar? Þar er sagt, með leyfi:

„Heildarraforkunotkun hérlendis var um 9 teravattstundir árið 2005 og verður um 16 teravattstundir árið 2008, þegar nýtt álver Alcoa Fjarðaáls hefur tekið til starfa að fullu. Ef framangreind áform um ný álver í Helguvík og á Húsavík og stækkun álversins í Straumsvík verða að veruleika þá má áætla að árleg heildarnotkun verði orðin um 29 teravattstundir að loknum þeim framkvæmdum. Orkumálastjóri hefur áætlað að heildarorkugeta þeirra innlendu orkulinda sem hagkvæmt sé að virkja með tilliti til umhverfisáhrifa sé um 50 teravattstundir á ári og því verður búið að virkja tæplega 60% af heildarorkugetu landsins í jarðvarma og vatnsafli í umhverfisflokkum a–c í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma ef ráðist verður í þær þrjár stóriðjuframkvæmdir sem nefndar eru hér að framan."

Þetta er alvara málsins. Öll þessi plön geta gengið fram, óháð því sem hér er undir í frumvarpinu og tæp 60% af orkuforðanum væru þá búin, bundin á útsöluverði til áratuga í samningum við erlend álfyrirtæki.

Þjóðarsáttin ætti þá að snúast um það sem eftir væri. Eru það kostirnir? Já, það eru kostirnir. Það er það sem verið er að bjóða upp á. Auðvitað sér hvert mannsbarn í gegnum þetta, herra forseti. Það dugar ekki hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, það dugar ekki ríkisstjórninni, að reyna að bjarga sér í land nokkrum vikum fyrir kosningar með sýndarmennsku af þessu tagi. Átökin núna snúast ekki um þetta. Þau snúast um það hvort öllum þessum stóriðjuverkefnum verður sturtað inn í landið á næstu missirum og það stendur ekkert annað til, að því er virðist, af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Þetta frumvarp er potemkintjöld. Þau hafa ekkert gildi vegna þess sem á bak við þau er, ekkert gildi ef ríkisstjórnin heldur áfram siglingu sinni. Með öðrum orðum, *þetta frumvarp stoppar ekki stækkun álversins í Straumsvík* upp í 460 þús. tonna ársframleiðslu. Þetta frumvarp stoppar ekki fyrri helming af álveri í Helguvík með 250 þús. tonna framleiðslugetu. Þetta frumvarp stoppar ekki fyrri helming af álveri við Húsavík með 250 þús. tonna framleiðslugetu. Þetta stoppar ekki einu sinni álverið í Þorlákshöfn sem er það fjórða á listanum, að vísu lítið í byrjun en þeir kæmu þó fætinum milli stafs og hurðar ef þeir fengju að byggja þar 60 þús. tonna álver.

Orku í allt þetta geta orkufyrirtækin skaffað úr þeim svæðum sem þau hafa leyfi til að athafna sig á nú þegar, og það sem kynni upp á að vanta mætti sækja í bráðabirgðaákvæði III ef það væri í höndum ríkisstjórnar af því tagi sem við sitjum enn uppi með. Þetta mundi ekki stoppa neitt fyrr en í fyrsta lagi eftir árið 2012. Þannig er það nú, svo að menn hafi það algerlega á hreinu. Það er pólitíkin, það eru kosningarnar í vor sem verða að ráða úrslitum í þessum

efnum. Það er ekki boðið upp á annað hér af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Það er ástæða til að minnast þess líka að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki einu sinni látið það hagga áformum sínum sem nú liggur fyrir af hálfu alþjóðavísindasamfélagsins í formi 4. skýrslu milliríkjanefndar loftslagshóps Sameinuðu þjóðanna sem við ræddum á Alþingi í gær. Auðvitað var það ljóst hverjum manni sem hlýddi á svör ráðherra að engin stefnubreyting hefur orðið hjá ríkisstjórninni, ekki nokkur. Hún er jafnákveðin í því nú og hún var þegar hún var undir forsæti Halldórs Ásgrímssonar 6. febrúar 2006 og hann sagði í umræðum á Alþingi, hæstv. þáverandi forsætisráðherra, með leyfi forseta:

„Það liggur fyrir að við höfum heimild til að byggja stóriðju sem samsvarar 1.600 þús. tonnum af $CO_2$. Það ákvæði gildir til 2012. Hvað tekur við eftir 2012 vitum við ekki. Ég hef svarað því mjög skýrt að við hljótum að gera þá kröfu áfram að geta nýtt okkar endurnýjanlegu auðlindir og tekið þátt í því að minnka mengun í heiminum með því að framleiða rafmagn með vistvænum hætti á Íslandi. Það vil ég að sé alveg skýrt," sagði þáverandi forsætisráðherra og bætti svo við:

„Ég veit að sjálfsagt telja margir hér inni að einhverjar frekari kröfur af okkar hálfu í þeim efnum verði hlegnar út af borðinu ..." og lauk svo ræðu sinni með því að segja: „En sú mun verða krafa núverandi ríkisstjórnar."

Getur þetta skýrara verið? Hefur hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde dregið þetta til baka? Ég hef ekki heyrt það. Hefur formaður Framsóknarflokksins dregið þetta til baka? Hefur orðið stefnubreyting að þessu leyti frá því að Halldór Ásgrímsson stóð í þessum ræðustóli fyrir rétt rúmu ári og sagði alveg skýrt að stefna ríkisstjórnar hans væri sú að sækja ríkari heimildir en þau 1.600 þús. tonn af $CO_2$ sem íslenska undanþáguákvæðið hljóðar upp á? Ég hef ekki orðið var við það að þessi ríkisstjórn hafi á nokkurn hátt breytt um stefnu. Hún keyrir stóriðjustefnuna áfram á fullum krafti, er samningsbundinn þátttakandi að undirbúningi um byggingu fyrri helmings af álveri í Helguvík og fyrri helmings af álveri við Húsavík og hefur veitt öll tilskilin leyfi fyrir stækkun í Straumsvík. Forsætisráðherra hefur gengið fram og hvatt Hafnfirðinga til að samþykkja stækkun í Straumsvík. Ég veit ekki hvort Framsókn hefur gefið út um það alveg sérstaka yfirlýsingu en ég yrði afar undrandi, ég þyrfti að halda mér í stólinn ef eitthvað annað kæmi upp úr framsóknarmönnum en það að þeir vilji auðvitað stækka í Straumsvík. Þeir hafa ævinlega viljað alla stóriðju sem í boði er, hvar sem hún er, þannig að það væru alveg meiri háttar tíðindi ef eitthvað annað stæði til af þeirra hálfu. Þeir kunna að vera í einhverjum bögglingi með þetta á Suðurlandi en þeir hafa svo sem lent í vandræðum út af fleiru þar.

Nei, meðan málin standa svona, frú forseti, meðan það er eingöngu orðið í valdi eftir atvikum Hafnfirðinga og Sunnlendinga að reyna að koma í veg fyrir stóriðjustækkunina í Straumsvík, meðan það er þannig að ríkisstjórnin er sjálf þátttakandi í undirbúningi álvera á Suðurnesjum og við Húsavík, meðan forustumenn í stjórnarliðinu, þingmenn þeirra í kjördæminu, eru að undirbúa álver við Þorlákshöfn, meðan það er óbreytt stefna ríkisstjórnarinnar að sækja um frekari mengunarundanþágur fyrir Ísland — eigum við að taka mark á einhverju þjóðarsáttarhjali? Nei. Það skal vera alveg á hreinu að þetta er ekki tilboð um sátt um einn eða neinn hlut, enda ekki þannig að henni staðið. Þjóðarsáttin var merkt fyrirbæri á sínum tíma og hefur skilað þessu þjóðarbúi og þjóðinni miklu. Hún var mjög víðtækt samkomulag aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórnar, bændasamtaka og fleiri aðila og mjög margir komu að því borði og lögðu sitt af mörkum. Sú ágæta þjóðarsátt skilaði Íslendingum þeim mikla árangri að verðbólgudraugurinn var kveðinn niður og við sáum í fyrsta skipti um langt árabil eins stafs tölu í verðbólgu haustið 1990. En við skulum minnast þess að ýmsir færðu fórnir í þágu þeirra aðgerða, og tölum af virðingu um það og þá dugmiklu menn, forustumenn aðila vinnumarkaðarins sem auðvitað eiga mikinn heiður skilið fyrir þann kjark sem þeir sýndu á sínum tíma. Ég mun síðastur manna tala af þeim þann heiður sem þeir eiga, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur J. Guðmundsson og fleiri góðir menn.

En það tókst víðtækt samstarf fleiri aðila. Það var raunveruleg þjóðarsátt og hún skilaði miklum árangri en þetta er það ekki. Það er heldur aumleg sýndarmennska að kalla leikrit af þessu tagi, eða leiktjöld, einhverja slíka tilraun. Þjóðarsátt að mínu mati getur aðeins falist í einu, að við gerum ekkert frekar en það sem orðið er til að auka ófriðinn í landinu um þessi mál, (Gripið fram í.) að við aðhöfumst ekki neitt það til frekari ófriðar en orðið er, hv. þm. Jón Kristjánsson. Það er nóg komið.

Það er nefnilega þannig að átökin um stóriðjuálvæðingarstefnuna eru á góðri leið með að verða djúpstæðasta ágreiningsmál með þessari þjóð sem klýfur hana alveg í herðar niður. Það er þannig, veruleikinn er sá. Menn eru bæði blindir og heyrnarlausir gagnvart hinni almennu umræðu ef þeir skynja ekki ölduna í þjóðfélaginu, ef þeir skynja ekki t.d. viðhorfsbreytinguna á skömmum tíma í Hafnarfirði og í sveitum Suðurlands. Það er bara ekki lengur gjaldgengt að segja að það verði að virkja til að fara með rafmagnið í burtu og selja það í stækkun álvers í Hafnarfirði. Menn bara segja: Nei, takk. Það er engin þörf á þessu. Það þarf ekki að færa þessar fórnir. Það er mikil hugarfarsbreyting. Það verða geysileg tímamót í þessari baráttu ef Hafnfirðingar fella stækkun álversins í Straumsvík. Það verða söguleg tímamót og í kjölfarið mun mikil skriða fylgja vegna þess að þá hefur það gerst sem er vonum seinna, að almenningur í landinu rísi upp gegn þessari stefnu og gegn óvitrum stjórnvöldum sem hafa þjösnast áfram og ekki hlustað á eitt eða neitt.

Þá hefur það líka gerst að menn rísa upp gegn ofríki orkuiðnaðarins sem veður núna áfram og býður út hönnun á mannvirkjum á landi einkaaðila sem eru á móti því að leggja landið til. Er í lagi að menn hegði sér þannig? Hvar er hæstv. fjármálaráðherra? Er hann ekki að fara í framboð á Suðurlandi? Vill hann kannski svara því hérna hvort hann skrifi upp á framferði Landsvirkjunar að þessu leyti? Er það þannig að þessi framganga Landsvirkjunar njóti fulls stuðnings eigandans sem fyrir hönd þjóðarinnar er því miður ríkisstjórnin? Það væri fróðlegt að heyra frá frambjóðanda sjálfstæðismanna á Suðurlandi, hæstv. fjármálaráðherra, um þetta efni.

Svo er það auðvitað þannig, virðulegur forseti, að ég

gæti haldið aðra eins ræðu og rúmlega það um nauðsyn þess að setja hér punktinn við í bili af efnahagslegum og félagslegum ástæðum í landinu, ekki bara af umhverfisástæðum. En ég tek þær fyrst og nota meginhluta ræðutíma míns í þær vegna þess að þar verður mestur skaðinn og hann er því miður óafturhverfur í verulegum mæli. Ef við eyðileggjum náttúrugersemar og land sem aldrei verður endurheimt verður það ekki með fé bætt, afsökunum eða neinum öðrum hætti. Efnahagsleg skakkaföll verðum við þá að taka frekar á okkur eins og hvert annað hundsbit þótt það blasi við hverjum manni að það er efnahagslegt óráð að hella frekari stóriðjuframkvæmdum inn í hagkerfið á næstu missirum. Það er glapræði — það sér það hvert mannsbarn — við þær aðstæður að við erum að glíma við þenslu, viðskiptahalla, verðbólgu og okurháa vexti. Er það það sem við þurfum, að hella meiri olíu á eldinn? Kynda undir kötlunum? Hvað segir fyrrverandi seðlabankastjóri sem skrifaði undir álit Seðlabankans í ársfjórðungsskýrslum hans aftur og aftur og varaði ríkisstjórnina við? Hafa orðið einhver hamskipti hér, herra forseti? Hvar er núna hinn grandvari og varkári maður, þáverandi seðlabankastjóri sem á höfundarrétt að varnaðarorðum Seðlabankans, hvað það verði erfitt fyrir íslenska hagkerfið að taka inn á sig alla þá fjárfestingu sem verður fólgin í Kárahnjúkavirkjun, Reyðaráli og stækkun á Grundartanga með tilheyrandi virkjunum? En hvað eru menn að tala um? Menn eru að tala um 1,5–2 sinnum meira á nokkrum árum en núverandi framkvæmdir eru. Álversverkefnin þrjú, stækkun í Straumsvík með virkjunum, fyrri helmingur í Helguvík með virkjunum og fyrri helmingur í Húsavík með virkjunum, eru upp á 430–450 milljarða kr. Það er hátt í hálf landsframleiðsla eins árs sem kæmi þarna kannski inn í hagkerfið þótt það dreifðist á 5–7 ár, þótt það dreifðist á eilítið lengri tíma en núverandi framkvæmdahrina hefur staðið. Seðlabankinn sagði 2003 og 2004 að ekkert vestrænt hagkerfi með fljótandi gengi og opnar fjármagnshreyfingar hefði þurft að glíma við aðstæður af því tagi sem í vændum væru á Íslandi með svona gríðarlegri innspýtingu í hagkerfið sem næmi einum þriðja af landsframleiðslu heils árs á fáeinum missirum. Þetta var rétt hjá Seðlabankanum. Þetta var rétt hjá bankastjórunum sem þá skrifuðu undir skýrsluna.

En hvað ætla þeir að segja núna ef á að dæla hérna inn 1,5–2 sinnum þeim fjárfestingum á kannski lítið eitt lengri tíma? Það verður heldur betur að ræsa út slökkviliðið og búa það tækjum ef ekki á bara bókstaflega að kvikna í íslenska hagkerfinu. Hvernig er vinnumarkaðurinn í stakk búinn til að takast á við þessar aðstæður? Eru ekki 16 þús. manns af erlendum uppruna án íslensks ríkisfangs á vinnumarkaðnum í augnablikinu? Er mikið af Íslendingum á lausu til að vinna í þessum verkefnum? Er þetta fyrir þá? Nei. Þessar framkvæmdir munu fyrst og fremst hafa áhrif við Gulafljót og á Gdansk-svæðinu ef ráðist verður í þær. Íslenskur vinnumarkaður er þegar yfirspenntur og ræður ekkert við frekari innspýtingu af þessum toga þannig að efnahagslega er ekki síður ástæða til að þjóðin taki í taumana í vor og setji af þá húskarla sem hafa hegðað sér svona, sem hafa ráðsmennskast svona. Þetta gengur ekki. Við getum ekki bætt nýrri hringferð með tilheyrandi viðskiptahalla á erlendri skuldasöfnun ofan á það sem fyrir er. Með hreinar erlendar skuldir sem eru orðnar 150% af landsframleiðslu er ekki orðið mikið borð fyrir báru. Er ekki verið að lækka lánshæfismat Íslands þessa mánuðina? Er það ekki rétt, herra forseti? Mig minnir það. Og halda menn að það bæti úr skák ef menn boða nýja tíma og enn þá svakalegri í þessum efnum en þá sem á undan eru gengnir? Það er vissulega þannig að það rofar heldur til í augnablikinu að sumu leyti og maður bindur vissar vonir við að eitthvað meiri stöðugleiki gæti verið í vændum ef menn hella ekki að nýju olíu á eldinn. Ríkisstjórnin flýtur meðvitundarlaus áfram og afsakar sig með fáfengilegum hætti eins og þeim að þetta sé ekki lengur í hennar höndum, að leyfisskyld starfsemi sem byggir á ríkisábyrgðum og lánum sé ekki lengur hennar mál, það séu bara sveitarfélögin og orkufyrirtækin. Það er undarlegt.

Er það sjálfgefið að menn veiti ríkisábyrgðir á lán Landsvirkjunar bara eins og fara gerist? Er búið að færa þá ákvörðun út í bæ? Nei, hún er hér á Alþingi. Er þetta ekki leyfisskyld starfsemi, bæði samkvæmt gildandi lögum og því sem hér á að verða? Auðvitað þarf ekki að reyna að segja nokkrum manni svona draugasögur í björtu. Efnahags- og framfarastofnunin bendir á það í sinni skýrslu að stjórnvöld hafi öll tök á því að stýra þessu ef þau vilja og segir að þau eigi að gera það og spyr aftur og aftur í hverri skýrslunni á fætur annarri í forundran: Hvert ætla Íslandsmenn með þessi mál? Af hverju er ekki í það minnsta gerð vönduð gagnsæ þjóðhagsleg arðsemisúttekt á því hvort það sé hagstætt fyrir íslenska þjóðarbúið að halda áfram á þeirri braut? Efasemdir skýrsluhöfundanna leyna sér ekki, einfaldlega vegna þess að þeir efast mjög um arðsemi þessara fjárfestinga fyrir þjóðarbúið þegar tekið er tillit til hinna neikvæðu ruðningsáhrifa. Við erum að hrekja önnur fyrirtæki úr landi. Við erum að laska rekstrarstöðu og undirstöðu hins almenna atvinnulífs. Útflutnings- og samkeppnisgreinar hafa gengið í gegnum langan táradal vegna hins háa raungengis, hárra vaxta, verðbólgu og misvægis í þjóðarbúskapnum. Þau hafa ekki mikið úthald í 5–8 ár í viðbót ef það er það sem á að bjóða þeim upp á.

Það er sama hvar við komum að þessu máli. Það er engin glóra í að halda svona áfram. Það verður að nást fram í vor það stóriðjustopp sem við höfum barist fyrir mörg missiri og flutt um tillögur á Alþingi. Það er fyrst og fremst einn aðili sem getur stigið í bremsuna, það er þjóðin í maímánuði næstkomandi og ég hef þá trú að hún muni gera það.

[15:18]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður fór mikinn eins og hann hefur oft gert áður í umræðu um stóriðjumál. Ég undrast dálítið að hv. þingmaður skuli gera það í þessari umræðu vegna þess að hann og vinstri grænir hafa meira og minna lýst stuðningi við þær virkjanir sem verið er að tala um að fara í núna í tengslum við þær framkvæmdir sem eru í umræðunni.

Hv. þingmaður sagði í þinginu í fyrra — ég dró það eiginlega upp úr honum, ég vildi fá hann til að segja mér frá einhverjum framkvæmdum og einhverjum virkjanafram-

kvæmdum sem hann gæti stutt — með leyfi forseta:

„Neðri virkjanirnar í Þjórsá eru mjög hagkvæmar vegna þess að þær nýta alla miðlunina sem fyrir er ofar í Þjórsársvæðinu. Núpavirkjun og síðan Urriðafossvirkjun eru að vísu ekki án umhverfisfórna. Það þarf vissulega að fara vel yfir það, en að breyttu breytanda eru þær mjög eðlilegur virkjunarkostur áður en menn ráðast í ný og óröskuð svæði."

Að auki segir hv. þingmaður að fullnýta þurfi Nesjavallasvæðið.

Í sambandi við Straumsvík er verið að tala um að fara í þessar virkjanir í neðri Þjórsá. Auk þess er verið að tala um að fara í framkvæmdir á Hengilssvæðinu og Nesjavallasvæðinu. Hv. þingmaður lýsti því yfir að hann teldi það eðlilegt og vinstri grænir í borgarstjórn vildu fara í þær framkvæmdir.

Hvað varðar Bakka við Húsavík þá hefur hv. þingmaður sagt við heimamenn að ef nýta eigi jarðvarmann sé mjög til skoðunar að styðja þær framkvæmdir.

Varðandi Helguvík er verið að tala um (Forseti hringir.) jarðgufu, Hengilssvæði og Nesjavelli sem hv. þingmaður er búinn að lýsa stuðningi við.

[15:20]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög ánægður með að hæstv. ráðherra vitni í orð mín og sérstaklega ef hún vitnar í þau í heild sinni. Ég man alveg nákvæmlega þessa umræðu og skoðanir mínar hafa ekkert breyst í þeim efnum. Hæstv. ráðherra hefði þá átt að sjá sóma sinn í að bæta því við sem fylgdi í afstöðu minni að það væri að sjálfsögðu þá og því aðeins að við værum sátt við þá ráðstöfun orkunnar sem í hlut ætti og þá er það auðvitað þannig að sumir virkjunarkostir eru betri en aðrir. Það er ekkert launungarmál að ég tel virkjunarkosti í neðri Þjórsá betri en t.d. þá að ráðast inn á, eins og ég sagði, ósnortin svæði eins og Langasjó.

Ég var einmitt að draga upp þessa flokkun og benda á að það væri mikill munur á því hvort menn fullnýta jarðvarmasvæði sem þegar er búið að raska, eins og Kröflu og Nesjavelli, hvort menn virkja í vatnsfalli sem er þegar búið að miðla, sem er þegar búið að taka af sína náttúrulegu rennslishætti. Ég sló nákvæmlega þá fyrirvara sem rétt og skylt er að gera gagnvart hverjum og einum kosti og ég sagði að virkjunarkostir í neðri Þjórsá séu síður en svo án fórna. Það hef ég allan tímann vitað og þekki mætavel af miklu nábýli m.a. við þá.

Hæstv. ráðherra skorar engin mörk með þessu. Þetta er í fullkomnu samræmi við þær áherslur sem við höfum haft. Það er engin þörf á þessum fórnum nú. Við erum algerlega ósammála þeirri ráðstöfun orkunnar sem í hlut á og þar af leiðandi er andstaða okkar algerlega ómenguð við þessar framkvæmdir, fullkomlega.

[15:22]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja alveg sérstaka athygli á þessu, hv. þingmaður styður í raun þessar framkvæmdir í neðri Þjórsá. Ef hann hefði mætt á fundinn í Árnesi hefði hann ekki fengið að tala þar því aðeins þeir sem voru á móti framkvæmdunum fengu að tala. Hv. þingmaður hefði ekki fengið orðið á þeim fundi.

Hann hefur haft stór orð um að upplýsingar vanti í sambandi við ákveðna virkjunarkosti í rammaáætlun og það er rétt að svo er. Þar erum við að tala um kosti c, sem er ekkert verið að tala um að fara í á næstunni og sennilega aldrei. Við erum að tala um kosti c sem eru t.d. Háuhverir, Brennisteinsfjöll, Reykjadalur, Reykjadalir austari, Jökulsá á Fjöllum, Markarfljótsvirkjun o.s.frv. Frumvarp hæstv. ráðherra gengur út á að aðeins kostir a og b verði til umræðu þar til lokið er við gerð rammaáætlunar.

Þetta er meira og minna sýndarmennska hjá hv. þingmanni þegar hann kemur upp og fer mikinn svo klukkustundum skiptir.

[15:23]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að ég hefði dregið upp alveg skýra mynd af því hver staða þessa máls er og hvers konar sýndarmennska einmitt málatilbúnaður Framsóknarflokksins og ríkisstjórnarinnar er í þessum efnum, að reyna að tala um einhverja þjóðarsátt þegar ljóst er að öll stóriðjuáformin sem eru í pípunum geta gengið í gegn óháð því sem hér er verið að tala um. Það er bara staðreynd sem hæstv. ráðherrar og hæstv. ráðherra geta ekkert komist hjá.

Svo hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra hafi það alveg á hreinu er ég algerlega andvígur því að ráðist verði nú í virkjanirnar í neðri Þjórsá, (Gripið fram í.) algerlega andvígur því þó að ... (**Utanrrh.:** Er það ný skoðun?) Nei, það er sama skoðun og ég hef haft á því máli lengi, þó að þær virkjanir séu að mínu mati skárri en þær verstu sem hægt er að ráðast í í landinu. Auðvitað er það skárra ef maður reynir að raða þessu upp með svipuðum hætti og rammaáætlun er ætlað að gera. Það er skárra en að eyðileggja Langasjó og fara inn á ósnortið svæði þar. (Gripið fram í.) Það er skárra en að fara í Þjórsárver, það er skárra en að fara í Jökulsá á Fjöllum, Kerlingarfjöll eða Torfajökulssvæðið. Það er vissulega hægt að hugsa sér verri virkjunarkosti og ég var að segja það þarna, að þeir væru betri en sumir aðrir. Það er staðreynd sem ekki verður horft fram hjá að búið er að miðla Þjórsá að verulegu leyti, það stendur reyndar til að gera betur ef Landsvirkjun fær að fara í Þjórsárver.

Þetta stendur ósköp einfaldlega svona og ég hefði með mikilli ánægju talað gegn þessu á fundinum í Árnesi ef ég hefði átt kost á því að vera þar, ég var því miður norður í landi (**Utanrrh.:** ... skipt um skoðun?) en var þar a.m.k. í huganum. Nei, ég hef ekki skipt um skoðun. Ég skal bara fara rækilega yfir þetta með hæstv. ráðherra, þetta er svona. Er ekki hægt að leyfa orðunum að standa eins og þau eru sögð og í því samhengi sem þau eru sögð? Ég var einfaldlega að fjalla um það að virkjunarkostirnir eru misslæmir og þessir eru vissulega ekki þeir verstu, það hef ég aldrei sagt. (Gripið fram í.) Ég hygg að andstaðan á Suðurlandi sé ekki síður við það að fólk sér enga ástæðu til að færa þessar fórnir nú og við núverandi aðstæður í þágu þeirrar ráðstöfunar orkunnar sem ríkisstjórnin ætlast til. Það þýðir ekki endilega að allir séu jafnharðákveðnir (Forseti hringir.) í

því að vera á móti þessum virkjunum við hvaða aðstæður sem er. Ég þekki marga slíka.

[15:26]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að Samfylkingin fagnar frumvarpi því sem hér er til umræðu vegna þess að Samfylkingin vill leita sátta um skýra farvegi fyrir náttúruvernd og skynsamlega nýtingu náttúrugæða. Þess vegna knúðum við það fram að sú nefnd sem samdi frumvarpið yrði sett til starfa. Það kostaði ítrekuð átök á Alþingi en að lokum náðist það eftir það sem sumir þingmenn hafa leyft sér kalla málþóf, en var málefnaleg umræða og gagnrýni á fáránlegt fyrirkomulag geðþóttaákvarðana og ábyrgðarleysis gagnvart náttúru landsins, meðferð auðlinda í þjóðareign og vali á aðilum til að nýta verðmætin.

Það hefur hins vegar vakið athygli landsmanna að Framsóknarflokkurinn hefur kynnt þetta mál sem víðtæka þjóðarsátt um nýtingu auðlinda og verndun náttúru. Slík lýsing er auðvitað fjarri sanni. Það sem hér er á ferð er mikilvægur hluti af heildarlausn til framtíðar, en frumvarpið dugar engan veginn til að ná tökum á ástandinu sem uppi er núna. Samfylkingin hefur hins vegar lagt fram tillögur sínar um rammaáætlun um náttúruvernd og fylgifrumvarp með henni sem dugar til að stjórnvöld geti tekið ábyrgð á og náð tökum á þessum málum í heild. Skoðun okkar er að það eigi að vera eitt af helstu markmiðum stjórnvalda á hverjum tíma að vernda náttúrugæði og nýta skynsamlegar auðlindir í sátt við náttúruna og þjóðina sem byggir landið.

Sitjandi ríkisstjórn hefur lengi brugðist því hlutverki og þrátt fyrir harkalega gagnrýni og kröfur um skynsamlega stefnumörkun og skýra farvegi fyrir þessum gríðarlega mikilvægu málum hefur hún móast við fram að þessu og viðhaldið ógagnsæju fyrirkomulagi, hentistefnu og stjórnsýslulegu sukki. Í stað skýrra reglna sem byggjast á stefnumörkun um náttúruvernd og nýtingu náttúrugæða og jafnræðis þegnanna til að nýta þau, hefur ríkt fyrirkomulag ráðstjórnar og ráðherravalds. Við þekkjum það af sögu síðustu ára hvernig málin hafa þar gengið til.

Þetta ástand hefur lengi verið uppspretta ósættis um verndun náttúru og nýtingu auðlinda. Stjórnvöld hafa í raun stungið tillögum auðlindanefndar frá árinu 2000 undir stól. Sama er að segja um niðurstöður rammaáætlunar um vatnsafl og jarðvarma frá árinu 2003. Sú staðreynd segir allt sem segja þarf um þann vilja sem núverandi stjórnvöld hafa haft fram að þessu til að viðhalda ógagnsæi og handstýrðu valdi í höndum sér.

Samfylkingin hefur beitt sér af alefli fyrir því að af þessari braut verði snúið og leitað sátta um skýra farvegi fyrir náttúruvernd og skynsamlega nýtingu náttúrugæða. Sú barátta bar þann árangur á síðasta þingi að nefnd sem undirbjó þetta mál var sett til starfa. Ég átti sæti í þeirri nefnd og vil segja um starf nefndarinnar, að í henni tókst mjög gott samstarf og einhugur um að líta á verkefnið sem hluta af heildarlausn til framtíðar á málefnum sem tengjast nýtingu náttúrugæða, hvort sem sú nýting felst í algerri friðun eða annarri nýtingu.

Nefndin skilaði niðurstöðum í haust og nú hefur hæstv. iðnaðarráðherra vonum seinna flutt frumvarp sem nefndin samdi en þó hafa breytingar verið gerðar á því og kem ég að þeim síðar.

Ég sé alveg sérstaka ástæðu til að leggja áherslu á að nefndin hafði skilgreint og takmarkað hlutverk en til að ná tökum á þessum málum þarf auðvitað heildstæða lausn. Samfylkingin hefur með þingsályktunartillögu sinni um rammaáætlun um náttúruvernd og fylgifrumvörpum með henni, sem ég nefndi áðan, markað slíka heildarstefnu. Með samþykkt þeirra mála tekur Alþingi fulla stjórn og ábyrgð á því hvort, hvar og hvenær verður ráðist í framkvæmdir, ef það er niðurstaða að virkja stórt eða auka stóriðju í landinu. Samfylkingin hefur jafnframt lýst því yfir að slíkum áformum eigi að fresta þar til rammaáætlun um náttúruvernd liggur fyrir.

Í frumvarpinu felst mikilvæg stefnubreyting og stefnumörkun til betri vegar. Í stefnubreytingunni felst fyrirheit um að í framtíðinni verði tekið heildstætt á náttúruvernd og nýtingu náttúrugæða. Stefnubreytingin byggir bæði á niðurstöðum auðlindanefndar frá árinu 2000 og rammaáætlun um vatnsafl og jarðvarma. Nái frumvarpið fram að ganga leysast mörg af þeim helstu vandamálum í framtíðinni sem nú ríkja á sviði verndunar og nýtingar náttúrugæða.

Í fyrsta lagi verður til farvegur framtíðarstefnu þar sem hægt er að meta og ákveða hvort landsvæði og auðlindir skuli nýtt með verndun eða með orkuvinnslu, námustarfsemi eða annarri nýtingu. Í öðru lagi gildir, á meðan þessi stefnumótun fer fram, afmarkaður rammi byggður á fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, öllu heldur á hluta af þeirri stefnumörkun sem þar er gerð, utan um þær leyfisveitingar til rannsókna og nýtinga á auðlinda sem lögin ná til.

Um þetta vil ég segja að ég gerði fyrirvara við þetta í minni bókun. Ég tel að Alþingi verði að fjalla um rammaáætlunina, þann hluta hennar sem hér er gert ráð fyrir að notaður verði til viðmiðunar og afstaða verði tekin til þess hvaða virkjanakostir eigi þarna að vera.

Í þessu sambandi minni ég á í fyrsta lagi að í rammaáætluninni um orkunýtingu er fjallað um tiltekin virkjunaráform. Þar eru sjálf landsvæðin eða náttúrufyrirbrigðin ekki metin á eigin forsendum, þó vissulega gefi umhverfisgildin vísbendingu um verðmæti náttúru á einstökum svæðum.

Rétt er einnig að minna á að Alþingi hefur ekki fjallað um niðurstöður rammaáætlunarinnar, eins og ég sagði áðan, og hlýtur því að fjalla um þennan hluta sem ég nefndi. Í frumvarpinu felst hins vegar að Alþingi staðfesti allar ákvarðanir þeirrar langtímastefnu, ég endurtek það, langtímastefnu um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls sem mótuð verður.

Það væri ekki í samræmi við það sem nefndin leggur til ef ekki yrði farið yfir rammaáætlun um náttúruvernd að því leyti sem talað er um að láta hana gilda á þeim tíma sem líður þangað til að búið er að fara yfir þessi mál, eins og hér er lagt til.

Ég vil sérstaklega taka fram að þó nú séu einungis liðin þrjú ár frá því að verkefnisstjórn fyrsta áfanga rammaáætlunar um vatnsafl og jarðvarma lauk störfum geta verið áhöld um hvort einstök svæði eða auðlindir í a- og b-hluta hennar eigi að vera til ráðstöfunar til rannsókna og nýtingar á meðan fyrrnefnd stefnumörkun á sér stað. Það var ekki á

færi nefndarinnar að meta þetta. Alþingi verður að taka ábyrgð á því núna við umfjöllun málsins.

Ljóst er af þessu að fara verður afar varlega við úthlutun leyfa á grundvelli rammaáætlunarinnar. Þess vegna er eðlilegt að Alþingi meti hvort einstakir kostir a- og b-hluta umhverfisflokkanna njóti biðverndar til viðbótar þeim sem nefndin leggur til að verði útilokaður með almennum og hlutlægum hætti.

Hér vil ég nefna sem dæmi umdeilda virkjunarkosti sem eru í a- og b-hluta rammaáætlunar, Innstadal og Villinganesvirkjun. Þá má líka nefna að ef þessi tillaga hefði verið samþykkt áður en menn tóku ákvörðun um Kárahnjúkavirkjun hefði hún aldrei verið byggð. Því hér er miðað við a- og b-hluta rammaáætlunar og að frádregnum þeim kostum sem gerðar eru athugasemdir við vegna umhverfisáhrifa, en umrædd virkjun, Kárahnjúkavirkjun, lenti hvorki í a- né b-hluta. Hún lenti ekki í c-hluta, ekki í d, heldur í e-hluta. Það sjá því allir hvernig hefði farið fyrir þeim kosti ef menn hefðu verið búnir að samþykkja það sem stendur í frumvarpinu og tillögum sem því fylgja.

Í þessu sambandi vil ég taka fram, þó það eigi nú að vera sjálfsagt, að þó að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að ekki sé hreyft við rannsóknar- og nýtingarleyfum sem þegar hafa verið veitt, var ekki af minni hálfu eða flokks míns tekin nein afstaða til þeirra framkvæmda sem þau kunna að leiða til. Enda hefur Samfylkingin flutt frumvarp þar sem ábyrgðin er flutt til Alþingis, ákvörðunarvaldið um stóriðju er flutt til Alþingis, ásamt nýjum ákvörðunum um rannsóknir og nýtingu þar til rammaáætlun um náttúruvernd hefur hlotið staðfestingu Alþingis.

Við í Samfylkingunni segjum að heildstæða stefnumörkun þurfi í þessum efnum. Það frumvarp sem hér er til umræðu getur ágætlega verið hluti af þeirri heildstæðu stefnumörkun. En að slá ryki í augu þjóðarinnar með því að halda því fram að hér sé verið að klára málin með einhverri þjóðarsátt um þau umdeildu og gríðarlega mikilvægu málefni sem hér er verið að tala um er auðvitað ábyrgðarlaust og ekkert annað en keilusláttur.

Í þriðja lagi felast í frumvarpinu skýrar reglur um þá stjórnsýslu sem snýr að leyfisveitingu til rannsókna og nýtingar náttúrugæða. Sérstaklega er fjallað um auðlindir í almannaeigu og þá stjórnsýslu sem um þær eiga að gilda. Hún verður opin og gagnsæ og byggð á jafnræði þegna landsins til nýtingar auðlinda í þjóðlendum og í ríkiseigu. Sú tillaga hlýtur að teljast fordæmi fyrir meðferð annarra auðlinda í þjóðareign í framtíðinni.

Ég vil, hæstv. forseti, vitna í 13. gr. frumvarpsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að jafnaði er skylt að taka gjald fyrir nýtingu auðlindar í eignarlandi í eigu ríkisins og í þjóðlendu. Við leyfisveitingu semur forsætisráðherra um endurgjald vegna auðlindanýtingar í þjóðlendum en landbúnaðarráðherra vegna auðlindanýtingar á jörðum í eigu ríkisins, að höfðu samráði við Orkustofnun."

Þarna segir skýrt og klárt, skal semja um endurgjald. Þær reglur sem nefndin leggur til að gildi um þetta eru allar byggðar á því að þar sé réttindum komið með opnum og hlutlægum hætti í hendur þeirra sem ætla að nýta og fá tækifæri til þess. Þarna verði jafnræðis gætt og þarna verði verðmætanna gætt fyrir hönd ríkisins, fyrir hönd þjóðarinnar. Auðvitað með sama hætti og einstaklingar gæta sinna hagsmuna þegar þeir eru að selja, leigja eða nýta réttindi sem þeir eiga og vilja fá verðmæti fyrir, sem vissulega er breytilegt á hverjum tíma.

Ég tel að þarna sé vegvísir sem menn geti ekki litið fram hjá í framtíðinni og hljóti að leggja til grundvallar öðrum ákvörðunum um auðlindanýtingu, þótt þær séu ekki undir þeim lögum sem hér er verið að leggja til að verði sett. Þetta frumvarp er afrakstur af sameiginlegri stefnumörkun. Það er fagnaðarefni og ætti að geta verið þessi mikilvægi vegvísir sem ég talaði um. Það er þó ástæða til að kvarta yfir því að hæstv. iðnaðarráðherra skyldi taka þetta frumvarp og gera á því breytingar. Ég tel að mjög varasamt hafi verið að gera það, einfaldlega vegna þess að sú nefnd sem sett var upp hafði hlutverk sáttanefndar hvað þau málefni varðar sem hún hafði með að gera.

Það var hins vegar vegna togstreitu milli iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis sem upp kom eftir að nefndin hafði skilað af sér sem sú niðurstaða sem hér birtist varð og segir sína sögu um hvernig kaupin gerast á eyrinni í Stjórnarráðinu. Ég tel að vel hefði verið hægt að fara þá leið sem nefndin komst að niðurstöðu um. Ég tel að hæstv. iðnaðarráðherra hefði ekki átt að taka það upp hjá sjálfum sér að gera slíkar breytingar. Ef þær eiga eða áttu að verða var eðlilegt að þær yrðu gerðar hér á hv. Alþingi.

Umboð nefndarinnar sem samdi frumvarpið var bundið við þau náttúrugæði og auðlindir sem lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu ná til. Nefndarmenn gátu því ekki gert víðtækari tillögur. Þó taldi nefndin skyldu sína að miða tillögurnar við að þær gætu verið hluti af alhliða stefnumörkun. En þær ná af þessum ástæðum einungis til auðlinda í jörðu og vatnsafls og afmarkast við 115 metra frá stórstraumsfjöru við strendur landsins og við vatnsafl á yfirborði þess. Nefndin gerði af þeim ástæðum sem ég nefndi ekki tillögur um meðferð neinna annarra náttúrugæða og auðlinda.

Þess vegna er það verkefni Alþingis að bæta úr þessu með þeim hætti að heildstæð stefnumörkun um vernd og nýtingu allra náttúrugæða verði til á grundvelli skilgreindra rannsókna. Eðlilegur hluti slíkrar heildarstefnu er fyrirliggjandi fyrsti hluti rammaáætlunar um vatnsafl og jarðvarma og væntanlegur annar hluti hennar. Tillaga Samfylkingarinnar um rammaáætlun um náttúruvernd í stefnumótun flokksins um Fagra Ísland, verður að mínu mati mikilvægur hluti af slíkri stefnumörkun. Í henni segir, með leyfi forseta, undir fyrirsögninni:

„Tryggja rétt náttúruverndar í skipulagi og við landnýtingu.

Gera „Rammaáætlun um náttúruvernd" sem nái til allra náttúrusvæða landsins. Þar komi fram tillögur um skipan verndarsvæða og áætlun um það hvernig verndun þeirra skuli háttað. Tryggðar verði fjárveitingar til helstu grunnrannsókna á náttúrufari landsins á næstu missirum þannig að áætlunin geti legið fyrir á komandi kjörtímabili.

Að rammaáætlunin verði lögð til grundvallar við gerð hugsanlegs landsskipulags og aðalskipulags sveitarfélaga.

Að ákvörðunum um frekari stóriðjuframkvæmdir verði frestað þangað til fyrir liggur nauðsynleg heildarsýn yfir

verðmæt náttúrusvæði Íslands og verndun þeirra hefur verið tryggð.

Að heimild til að veita rannsóknar- og nýtingarleyfi vegna virkjunaráforma verði færð úr höndum iðnaðarráðherra til Alþingis á meðan unnið er að gerð áætlunarinnar. Ákvörðunarvald um nýtingu losunarheimilda samkvæmt „íslenska ákvæðinu" í Kyoto-bókuninni verði einnig fært til Alþingis."

Þetta þýðir nákvæmlega það sem ég sagði áðan, að Samfylkingin telur að heildarstefnumótun þurfi í þessum efnum og er með þær tillögur fyrirliggjandi á hv. Alþingi.

Nefndin sem samdi þetta frumvarp taldi það ekki á sínu verksviði að leggja til úrlausnir á því ófremdarástandi sem nú ríkir gagnvart áformum um nýjar stóriðjuframkvæmdir í landinu sem hægt er að hefja að óbreyttu án aðkomu stjórnvalda. Til að sátt geti ríkt á þeim tíma sem stefnumörkunin tekur til, verður Alþingi að smíða sér verkfæri sem duga til að í sölum þess verði tekin full ábyrgð á því, hvort, hvar og hvenær verði ráðist í stóriðjuframkvæmdir í landinu.

Þetta hefði maður nú talið að allir ættu að skilja. Það virðast allir skilja þetta nema hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutinn á Alþingi. Hæstv. ríkisstjórn heldur því fram að engin stóriðjustefna sé í gangi. Hæstv. ríkisstjórn virðist bara ætla að vera áhorfandi að þeirri framtíð sem stóriðjufyrirtækin vilja sjá í landinu. Ekki hafa neina skoðun á því. Enga stefnu um hvenær, hvar eða hvort eigi að reisa iðjuver í landinu. Það á bara að vera uppi einhver allsherjar, fyrstur kemur, fyrstur fær aðferð. Kjörbúð með endalausum vörum handa þeim aðilum.

Ég vil segja, hæstv. forseti, um þetta mál í heildina séð að það er mikilvægt að menn skilji um hvað það snýst og að menn átti sig vel á því að einungis hluti af þeim vandamálum sem hafa verið í umræðunni er leystur með frumvarpinu sem hér er lagt fram. Þetta frumvarp er mikilvægt og það er full ástæða til þess að leggja áherslu á þau mál sem hér er tekið á og hefði þurft að taka á fyrir mörgum árum en um þessi málefni hafa verið átök árum saman.

Það hefur ekki verið vansalaust fyrir stjórnvöld í landinu að það fyrirkomulag skuli hafa verið uppi við leyfisveitingar hvað varðar rannsóknir og nýtingu auðlinda í landinu, að því hefur verið handstýrt og háð geðþóttavaldi ráðherra hverjir hafa fengið leyfin í hendur. Það hefur ekki verið vansalaust að ekki skuli hafa verið komið á eðlilegu verðmati á þeim náttúrugæðum og orkulindum sem hafa verið settar í hendur á fyrirtækjum.

Það hefur heldur ekki verið eðlilegt að það hafi ekki farið fram heildarmat á þeim náttúrugæðum sem fórnað er í hverju tilfelli. Það hefur auðvitað verið fáránlegt að menn skuli ekki einu sinni hafa farið yfir þó þær rannsóknir og undirbúning sem hefur falist í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og lagt það til grundvallar ákvörðunum sínum. Ekkert af þessu hefur verið í neinu horfi sem hægt hefur verið að sætta sig við.

En í þessu frumvarpi er verið að taka á þessum málum. Og ég tel að menn verði að eiga það sem þeir eiga en þeir eigi ekki að skreyta sig með þeim fjöðrum sem þeir eiga ekki.

Hér er ríkisstjórnin að bregðast við áralangri gagnrýni og koma til móts við sjónarmið sem eru eðlileg um það hvernig fara skuli með þessi mál. Ég tel ekki ástæðu til þess að hún sé óskaplega hreykin af því að hafa þvælst svona lengi fyrir því að tekið hafi verið á þessum málum eða að menn mæti í fjölmiðla til þess að auglýsa að komin sé þjóðarsátt um þessi mál vegna þess að þeir hafi nú vitkast og gefið eftir hvað hluta málsins varðaði.

Það dæmir sig sjálft. Ég vona sannarlega að sú umræða sem fer fram í dag leiði fólk í sannleikann um það hvernig þetta mál stendur. Það dregur ekkert úr gildi þessa frumvarps þó að það sé hluti af slíkri heildarlausn. Það er mikilvægur hluti heildarlausnar en það leysir ekki þau stóru vandamál sem eru uppi.

Og menn þurfa að horfa yfir málið með svipuðum hætti og Samfylkingin hefur gert með tillöguflutningi sínum og verða að horfast í augu við það að ef menn vilja í raun og veru vilja ná fram heildstæðri þjóðarsátt um þessi málefni þá hlýtur hún að felast í því að menn klári málið í heild. Að menn komi þessu í þann farveg sem hér er verið að tala um, eins og Samfylkingin hefur lagt til, þ.e. með rammaáætlun um náttúruvernd, og að á þeim biðtíma sem verður þangað til þá verði fjallað um þessi málefni með eðlilegum hætti og það verði í gildi reglur sem hægt er að sætta sig við.

Þær reglur hljóta að verða að vera þær að Alþingi beri ábyrgðina á því hvort, hvar og hvenær verður ráðist í stóriðju í landinu. Það verði til stefna sem fólkið getur séð skýrt og klárt hjá þeim stjórnmálaflokkum sem vilja fá að ráða því hversu langt menn ætla að ganga hvað þetta varðar. Þeir svari ekki út og suður, vísi því ekki til Hafnarfjarðar eða Húsavíkur, heldur standi í lappirnar og segi sjálfir hvað þeir ætla að gera. Og þannig verði framtíðin klár í þessu efni, pólitískt.

Það er auðvitað niðurlægjandi fyrir pólitíska umræðu í landinu að menn skuli ekki getað talað skýrt um þá hluti sem hér eru á ferðinni. Svo mikilvægir eru þeir. En það höfum við mátt þola í umræðum á undanförnum árum og í þeim hafa menn þumbast við og lítið viljað segja og viljað halda málunum í því horfi sem þau hafa verið. En þær umræður hafa þó meðal annars orðið til þess að þetta frumvarp er loksins orðið til.

Ég ætla mér ekki að hafa ræðu mína lengri núna. Ég tel að það sé ágætt að fá fram góða umræðu. Ég tel ekki ástæðu til að vera með lengri umræðu um þetta málefni. Ég mun örugglega taka til máls aftur og halda seinni ræðu mína þegar ég hef hlýtt á ræður þeirra sem ætla að tala á eftir. En þetta er mikilvægt mál.

Að lokum endurtek ég það enn einu sinni: Það er einungis hluti af þeim vandamálum sem Alþingi Íslendinga þarf að leysa núna, í þessum mikilvægu málum sem hér eru til umræðu.

[15:51]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. Jóhann Ársælsson er sammála mér um að þetta frumvarp sem snertir nýtingu auðlinda í jörðu varðar ekki bara sjálfa nýtinguna. Það varðar líka mögulega náttúruvernd á þessum svæðum. Að því leyti er um að ræða frumvarp sem snertir umhverfismál að verulegu leyti.

Tilefni þess að ég segi þetta eru athugasemdir hv. þing-

manns við þær breytingar sem voru gerðar á frumvarpinu eftir að nefndin skilaði af sér. Það var nefnilega þannig að þegar nefndin var skipuð á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins þá sátu einungis í henni þingmenn stjórnarflokkanna og síðan fulltrúar Samorku og annarra orkufyrirtækja.

Það var engin aðkoma, hvorki umhverfisráðuneytisins né stofnana umhverfisráðuneytisins, að nefndarvinnunni. Umhverfisráðuneytið og stofnanir þess sáu hvorki frumvarpið né skýrsluna fyrr en eftir að nefndin hafði skilað skýrslu sinni og frumvarpinu eins og það lá þá fyrir. Umhverfisráðuneytið kom ekki að þeirri vinnu öðruvísi en til að veita upplýsingar.

Mér fannst mjög eðlilegt að umhverfisráðuneytið færi yfir frumvarpið út frá því forræði sem umhverfisráðuneytið á að hafa, m.a. á náttúruvernd og náttúruverndaráætlun og skoðaði hvernig tilætlunin samkvæmt frumvarpinu um eina og sömu nýtingar- og verndaráætlunina ætti að koma við það forræði umhverfisráðuneytisins.

Það var mat manna í ráðuneyti mínu að það gengi ekki að ráðuneytið hefði enga aðkomu að þessari sameiginlegu verndar- og nýtingaráætlun undir forsætisráðuneytinu heldur yrði forræðið á náttúruverndinni, náttúruverndarhlutanum að vera á höndum umhverfisráðuneytisins.

Þetta var því gert í mjög góðu samstarfi þessara tveggja ráðuneyta, þ.e. sú breyting sem var gerð að skipta nefndinni upp í tvennt, og þær tvær áætlanir sem bráðabirgðaákvæðin ganga út á og verða lagðar til forsætisráðherra sem skilar frumvarpi, þær eiga að vera nákvæmlega jafnréttháar. Það er til að styrkja náttúruverndina sem lagt er af stað með en ekki til að veikja hana.

[15:54]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að svona var að þessum málum staðið. Það kann vel að vera að það hefði átt að gera það öðruvísi. En það breyttist auðvitað ekki, það var engin aðkoma umhverfisráðuneytisins fyrr en eftir að tillögur nefndarinnar lágu fyrir.

Ég endurtek það sem ég sagði í ræðu minni að ég tel að það hefði verið meiri ástæða til þess að Alþingi hefði fjallað um þessa breytingu hér, og það mun auðvitað gera það, en að hæstv. iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra gerðu þær breytingar áður en frumvarpið kom í hendur Alþingis, einfaldlega vegna þess að nefndin var stofnuð sem pólitísk sáttanefnd um þau verkefni sem hún fékk í hendurnar, þau afmörkuðu verkefni og það var eðlilegt að þeim yrði skilað til Alþingis eins og þau komu frá nefndinni.

Reyndar hlustaði ég á hæstv. iðnaðarráðherra segja það einu sinni eftir að þessi niðurstaða kom fram að hann ætlaði ekki að breyta stafkrók í þessu máli. En hann hefur greinilega skipt um skoðun hvað það varðar.

[15:55]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Mér finnst rétt, herra forseti, að halda því til haga, sérstaklega gagnvart þeim málsvara náttúruverndar sem hv. þm. Jóhann Ársælsson er, að nefndinni var falið samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu að gera áætlun um auðlindanýtingu. Ekki áætlun um náttúruvernd.

Að því leyti fór nefndin að vissu marki út fyrir verksvið sitt án þess að hún væri samhliða víkkuð og fulltrúar umhverfisráðuneytisins eða stofnana umhverfisráðuneytisins væru teknir inn í þá vinnu, þannig að beggja hliða í því máli væri jafnvel gætt.

Ég tel að þetta hafi verið verulega til bóta fyrir frumvarpið. Mér finnst líka vert af þessu tilefni að láta þess getið að þær breytingar sem voru gerðar voru bornar undir alla nefndarmenn, fulltrúa allra flokka sem áttu sæti í nefndinni sem skilaði skýrslunni og upprunalega frumvarpinu.

Annað sem breyttist líka eftir að nefndin kom fram með þetta frumvarp var að á það var bent að í meðförum nefndarinnar hafði umsagnarréttur umhverfisráðuneytisins bæði varðandi veitingu rannsóknaleyfa og nýtingarleyfa dottið út. Þetta fannst okkur bagalegt og töldum að þetta hefði verið yfirsjón hjá nefndarmönnum og þetta er eitt af því sem nú kemur fram með nýju frumvarpi sem ekki fannst í frumvarpinu eins og það kom frá nefndinni sjálfri.

Ég er næsta viss um að hv. þm. Jóhann Ársælsson er sammála mér í því að það sé til bóta gagnvart frumvarpinu, að haldið sé í umsagnarrétt umhverfisráðuneytisins sem leitaði til undirstofnana sinna, Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar áður en umsagnir voru veittar, þannig að þeim sjónarmiðum náttúruverndar sé ávallt haldið til haga áður en leyfin eru veitt, hvort sem er rannsóknaleyfi eða nýtingarleyfi frá iðnaðarráðuneytinu.

[15:57]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bara þannig að það er ekki hægt að taka afstöðu til nýtingar náttúruauðlinda á Íslandi öðruvísi en að hafa náttúruauðlindir í huga og náttúruverndina líka. Þetta eru óaðskiljanlegir hlutar við nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi.

Þess vegna gat nefndin ekki fjallað um nýtingu náttúruauðlinda öðruvísi en með náttúruvernd í huga og sú ákvörðun nefndarinnar að líta á verkefni sitt með þeim augum að það yrði að vera hluti af heildarlausn til framtíðar hafði auðvitað í för með sér að menn urðu að horfa til náttúruverndar.

Með orðum mínum í dag er ég ekki að setja mig upp á móti hugmyndum um breytingar og bætur á því sem nefndin gerði. Allt má bæta. Ég geri alveg ráð fyrir því að Alþingi muni líka skoða þetta mál með það fyrir augum að bæta.

Í nefndinni taldi ég að það væri einmitt hlutverk Alþingis að fara yfir þetta mál og bæta því við sem þarf. Því það þarf vissulega að bæta við þær lausnir sem hér eru.

Það er alveg rétt að okkur sem vorum í nefndinni, a.m.k. mér, voru kynntar hugmyndir um að breyta frumvarpinu. Ég mælti ekkert með því að því yrði breytt. Ég hlustaði á hugmyndirnar sem komu fram um breytingar en nefndin kom aldrei saman til að fjalla um þær. Ég tel að þær ættu algerlega heima og að geta náð fram að ganga í meðförum Alþingis ekki síður en með því að breyta frumvarpinu eða flytja tvö frumvörp eins og niðurstaðan hefur orðið og skal láta útrætt um það.

[15:59]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég hyggst fyrir hönd okkar samfylkingarmanna taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, ítreka nokkuð af því sem hann hefur sagt og ræða það frekar og hugsanlega dýpra en hann komst til í yfirgripsmikilli ræðu sinni um þetta frumvarp. Það má kannski segja að það sé þrenns konar eða ferns konar. Það fjallar um það sem það átti að gera samkvæmt tillögu sem hér var samþykkt og ég man ekki betur en að hæstv. umhverfisráðherra hafi samþykkt með mikilli gleði og ánægju þrátt fyrir þær athugasemdir sem hún gerir núna við hana. Gleði okkar hins vegar var heldur minni þó að við höfum getað bjargað ýmsu frá upphaflegum ákvörðunum eða meiningum eða áformum iðnaðarráðherra á þeim tíma, hæstv. enn þá, um val milli fyrirtækja við framkvæmdir. Um það hefur Jóhann Ársælsson þegar fjallað.

Í öðru lagi fjallar það um framtíðarskipan og þá einkum við orkuvinnslu. Það verður að segja að það eru á margan hátt jákvæðar tillögur og koma að hluta til á móts við tillögur okkar samfylkingarmanna sem við höfum þegar borið fram um svokallaða rammaáætlun um náttúruvernd.

Í þriðja lagi fjallar þetta frumvarp um tilhögun rannsókna og nýtingar, þ.e. um virkjanir á tímanum fram til 2010 og í raun og veru langt fram á annan áratug aldarinnar þótt miðað sé við að framkvæmdir hefjist eða leyfi fáist í síðasta lagi á árinu 2010. Það er skemmst frá því að segja að við gerum miklar athugasemdir við þessar tillögur, erum ósammála þeim í megindráttum eins og sjá má af fyrirvara hv. þm. Jóhanns Ársælssonar í þeirri nefnd sem smíðaði hina fyrri gerð þessa frumvarps.

Í fjórða lagi er með þessu frumvarpi tekin ákvörðun um að breyta engu um forræði yfir þessum málum, það verður áfram hjá iðnaðarráðherra og undirstofnun iðnaðarráðuneytisins, Orkustofnun. Þótt umhverfisráðherra hafi náð ofurlitlum en lofsverðum árangri við að halda í hluta af því landi sem umhverfisráðuneytið á nú að gæta að er það enn þá svo að iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun eru þær stofnanir sem ráða hér landsins gögnum og gæðum að þessu leytinu, og staðfestir þá almennu stefnu ríkisstjórnar þeirrar sem í landinu situr að þegar eitthvað kemur upp sem snertir orkuöflun og orkunýtingu skuli aðrir hagsmunir víkja og að álit iðnaðarráðuneytisins, Orkustofnunar og hagsmunaaðila sem þetta ráðuneyti og Orkustofnun eru í tengslum við eigi að skoða fyrst og síðan annarra.

Í mjög stuttu máli segjum við í þessu frumvarpi já við ýmsum fyrirvörum við þá langtímaskipan sem hér er sýnd en nei við hinum stórfelldu framkvæmdum sem frumvarpið gerir ráð fyrir næstu 5–10 árin, já við þeim hluta sem rímar við tillögur okkar um rammaáætlun um náttúruvernd en nei við tillögum um fyrirvaralausar framkvæmdir samkvæmt leyfum sem hafa verið veitt og við tillögum um að Orkustofnun hleypi í gegn á forsendum sem ekki eru ljósar öllum a-kostum samkvæmt rammaáætluninni um orkunýtingu og þeim b-kostum sem ekki hafa verið gerðar sérstakar athugasemdir við. Við segjum nei við þessum hluta frumvarpsins.

Þá verð ég að segja, forseti, að það er sérkennilegt að hæstv. iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra skuli kynna þetta frumvarp sem einhvers konar þjóðarsátt. Það verður að skoða þá kynningu, þann skáldskap sem hafður var í frammi á blaðamannafundi um þetta efni og hefur hljómað hér síðustu daga auðvitað í því ljósi að nú eru aðeins þrír mánuðir til kosninga og staða hins sameiginlega stjórnmálaflokks þessara tveggja ráðherra er afar bágborin samkvæmt þeim veðurhorfum sem einar eru til frásagnar um þá stöðu. Það sem hæstv. ráðherrar hafa valið er að setja upp grímu rétt fyrir kosningarnar, nota þessa sameiginlegu vinnu sem hrósverð er í sjálfu sér til að setja upp grímu rétt fyrir kosningarnar og reyna þar með að hylja og fela þann mikla þátt sem þeir eiga í því að þessi ríkisstjórn er frá 1995 einhver helsti umhverfisspillir íslenskrar náttúru. Þótt menn megi passa sig á stórkarlalegum samlíkingum er hægt að bera verk hennar og það sem fram hefur farið í skjóli hennar gagnvart íslenskri náttúru saman við ýmis helstu hallæri af manna völdum eða náttúruafla í sögu landsins. Það að þetta er ekki þjóðarsátt sést best á fyrirvörum sem Jóhann Ársælsson hefur gert í bókun sinni í nefndarstarfinu og á fyrirvörum annarra, m.a. fulltrúa VG sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði til hér áður, og það sést líka vel á viðbrögðum bæði Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands sem eru andstæð þessu frumvarpi ef túlkaðar eru yfirlýsingar forustumanna þeirra og hafna því fullkomlega að þetta frumvarp snúist á nokkurn hátt um þjóðarsátt um virkjanir og náttúruvernd.

Um framtíðarskipanina er það að segja í heild sinni að hún líkist tillögum okkar samfylkingarmanna um rammaáætlun um náttúruvernd sem við lögðum fram með öðrum brýnum tillögum um umhverfismál undir samheitinu „Fagra Ísland“.

Við vildum í því efni í fyrsta lagi slá á frest öllum framkvæmdaáformum á náttúrusvæðum, þeim sem mögulegt er að slá á frest, þeim sem ekki eru hafnar eða í startholum þannig að ekki sé hægt að stöðva þær, bæði virkjanaáformum og öðrum framkvæmdaáformum á meðan unnið væri að rammaáætlun um náttúruvernd með rannsóknum og sérstöku mati, en þeirri rammaáætlun — sem heitir það auðvitað eftir annarri rammaáætlun — á að ljúka með því að náttúrusvæðum á Íslandi verður í stórum dráttum skipt í þrennt. Í fyrsta lagi koma verndarsvæði af ýmsu tagi sem sum fá lagavernd strax á Alþingi en önnur koma inn í verndarheildina í áföngum með náttúruverndaráætlunum. Í öðru lagi koma svæði sem nytu svokallaðrar biðverndar, sem við höfum kallað, þar sem framkvæmdir eru ekki leyfðar eða hafðar í lágmarki þangað til sérstökum rannsóknum lýkur eða leyst eru hver þau vandamál sem hamla því að strax sé hægt að flokka þessi svæði. Í þriðja lagi koma svo þau svæði sem njóta lágmarksverndar núverandi lagaramma en verða auðvitað viðfangsefni þeirra sem hyggja á nýtingu af öðru tagi en vernd, t.d. orkunýtingu, og er eðlilegt viðfangsefni rammaáætlunar af því tagi sem nú er í gangi um orkunýtingu, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það eru þau svæði sem hér eru í þriðja lagi nefnd.

Svo að það sé ljóst að við erum ekki að finna upp hjólið í þessu höfum við auðvitað leitað fanga. Meðal fyrirmynda okkar er sú skipan sem kemur ágætlega fram í skýrslu nefndarinnar góðu og er höfð í Noregi um vatnasvið þar en þessi þrískipting er einmitt hliðstæð þeirri sem þar er við-

höfð í ám og vötnum eða vatnsfallslögum þeirra í Noregi sem var niðurstaða þeirra og eins konar þjóðarsátt eftir langvinnt stríð í marga áratugi. Voru þeir þó svo heppnir að hafa aðeins eina auðlind við að glíma í þessu efni, nefnilega vatnsföllin, en ekki a.m.k. tvær eins og við þar sem enginn jarðhiti er í því gamla granítlandi forfeðra okkar.

Smákafli um þá rammaáætlun sem ég minnti á og í gangi er, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Rétt er að menn geri sér grein fyrir því, eins og Jóhann Ársælsson rakti reyndar ágætlega, að þar eru einungis orkusvæði tekin til skoðunar. Þessi orkusvæði eru einungis metin út frá einstökum virkjunaráformum. Matið breytist þess vegna frá einstökum virkjunarkostum til annarra virkjunarkosta þannig að það mat sem menn lesa út úr einstökum svæðum í töflum þeirrar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á aðeins við þær forsendur sem menn gáfu sér þar. Það á við um gæði svæðisins — umhverfisgæði er ég hér einkum að tala um — út frá tilteknum virkjunarkosti. Ef þeim virkjunarkosti er breytt breytist líka matið. Þess vegna er ekki hægt að draga rammaáætlunina fram sem raunverulegt mat á náttúrugæðum eða náttúrufari svæðisins, heldur eingöngu hægt að bera saman einstaka virkjunarkosti út frá þessari áætlun.

Þessi aðferðafræði rammaáætlunarinnar og sjálft eðli hennar krefst þess að hún sé í stöðugum gangi, sem hún er ekki. Þegar menn tala um fyrsta áfanga þessarar rammaáætlunar eiga menn við þá skýrslu sem hér hefur verið veifað úr ræðustól en ekkert hefur verið unnið í henni síðan hún var gefin út sem var að ég hygg árið 2003. Nú er í gangi svokallaður annar áfangi en það er ekki framhald þess mats sem fór fram í fyrsta áfanganum, heldur eru þar nýir virkjunarkostir teknir til mats en hinir gömlu eru látnir bíða og reyndar er það svo að sumir af þeim eru þegar úreltir og með aðra er það þannig að hætt er við þá og komnar hugmyndir um aðrar virkjanir á öðrum stöðum. Þess vegna er rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma óheppileg viðmiðun þannig að kurteislega sé talað í þessu frumvarpi og niðurstöðum þeirrar nefndar sem það samdi að verulegu leyti.

Í frumvarpinu er vissulega gert ráð fyrir tveimur nefndum og ég tel að það sé betri tilhögun en var í nefndarskýrslunni upphaflegu — og get m.a. þakkað umhverfisráðherra fyrir afskipti sín af því — gert ráð fyrir tveimur nefndum, annars vegar nefnd iðnaðarráðherra sem á að búa til nýtingaráætlun svokallaða og hins vegar nefnd umhverfisráðherra sem á að búa til verndaráætlun. Manni dettur helst í hug að önnur eigi að útbúa sína áætlun á grunni arðsemis- og hagkvæmnismats svipað því sem er í rammaáætlun um orkunýtingu en hin þá væntanlega á grunni umhverfisþáttanna, en þessu fylgir reyndar í frumvarpinu og afhugasemdum um það engin leiðbeining, engar forsendur um það hvað á að gerast.

Formúleringin er sú, forseti, um þetta starf að þarna eigi að finna út, með leyfi forseta, „á hvaða svæðum Íslands nýting auðlinda í jörðu og vatnsafls verður heimil". Það er það sem nefnd iðnaðarráðherra á að finna út.

Hins vegar á nefnd umhverfisráðherra að finna út, með leyfi forseta, „á hvaða svæðum Íslands" slík nýting á auðlindum og vatnsafli „verður ekki heimil".

Ég verð að viðurkenna með mitt takmarkaða gáfnafar að ég skil þetta ekki. Ég skil ekki þær forsendur sem þessar nefndir eiga að starfa eftir og ég held, aftur með fyrirvara um eigin gáfur, að það sé ósköp einfaldlega ekki búið að finna það út. Iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra hafa ekki fundið það út eða starfsmenn þeirra eða þá að iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra eru ekki sammála um hvaða forsendur þetta eru.

Þess verður svo að geta að þriðja nefndin, nefnd forsætisráðherra, sem á að skipa einum manni frá hverjum ráðherra af þessum þremur og engum að utan og engum frá stjórnarandstöðunni sem þá verður vonandi önnur en nú — þær forsendur eru alls ekki nefndar og engin leiðbeining um það hvernig sú nefnd á að fara að því að steypa þessum áætlunum saman, enda ákaflega hæpið að gera það. Það er meginmunurinn á þessari vegferð og tillögum okkar um svipaða hluti í því sem við köllum rammaáætlun um náttúruvernd að hjá okkur er náttúruverndin í forgangi. Hjá Samfylkingunni er náttúruverndin í forgangi. Fyrst verður sköpuð rammaáætlun um náttúruvernd með rannsóknum, með mati, með því að fara yfir allt landið og meta svæði í þessa þrjá flokka sem ég nefndi áðan. Síðan kemur nýtingaráætlun um þau svæði sem ekki njóta sérstakrar verndar og þær nýtingaráætlanir gera ekki bara ráð fyrir orkunýtingu, heldur líka ráð fyrir framkvæmdum við samgöngur, ferðamennsku, landbúnað. Þær saman birtast síðan í landsskipulagi og aðalskipulögum sveitarfélaganna.

Í frumvarpinu er vissulega tekið tillit til náttúruverndar, það er rétt að viðurkenna það strax og hrósa því að því leyti sem því er hrósandi. En náttúruverndartillitinu er teflt beinlínis gegn orkunýtingarhagsmununum á einhvers konar jafnræðisgrundvelli þar sem hér er ein nefnd og þar er önnur. Þessi jafnræðisgrundvöllur hefur reyndar þýtt það hingað til í sögu þessarar ríkisstjórnar og reyndar í lengri sögu, allt frá því um 1970 — en þá má segja að hinir nýrri tímar hafi hafist í þessum efnum — að framkvæmdin vinnur en náttúran tapar. Ég er hræddur um að ef núverandi ríkisstjórn situr áfram verði það áfram þannig að nefnd iðnaðarráðherra hefur rétt fyrir sér en að niðurstöður nefndar umhverfisráðherra verði látnar víkja. Þess vegna eru okkar tillögur ósköp einfaldlega betri, þær eru sannari tillögur gagnvart þjóðarhug, gagnvart landinu sem við eigum að virða og höfum fengið að láni um okkar ævitíma en eigum ekki til að skemma og eyðileggja þannig að næstu kynslóðir sitji uppi með land sem hinar fyrri mundu ekki kannast við.

Áður en ég lýk þessum þætti vil ég nefna að í frumvarpinu er að sjálfsögðu ýmislegt annað jákvætt, t.d. ákvæðið um gjaldtöku, sem er merkilegt skref að auðlindagjaldskipan eins og við jafnaðarmenn höfum lengi barist fyrir. Sú gjaldtaka á að vísu aðeins við um þjóðlendur og ríkisjarðir vegna þess að ríkisstjórninni sem hér hefur setið frá 1995 hefur tekist að koma því þannig fyrir og haft það að meginstefnu að það land annað en sem sérstaklega er í eigu ríkisins með einhverjum hætti, þjóðarinnar viljum við meina, sé fyrirvaralaus eign sem þjóðinni kemur ekki við, sem m.a. nær inn að miðju jarðar eins og við vitum. Við þetta geri ég athugasemd og fyrirvara eins og minn flokkur hefur áður gert.

Þá komum við að tímanum fram til ársins 2010 og við

það ártal er rétt að gera strax þá athugasemd að það er ekki það ártal sem hér gildir, heldur er um það að ræða að forsætisráðherra á að flytja hér þingmál haustið 2010 samkvæmt þessu frumvarpi. Þær framkvæmdir sem hafa verið leyfðar áður halda áfram þannig að við erum að tala hér um framkvæmdir sem standa langt fram á annan áratug aldarinnar ef framkvæmdatíminn er tekinn með.

Um 2010 er það líka að segja að ég man satt að segja ekki eftir því að ártal af þessu tagi hafi staðist, jafnvel þó að það væri fest í lög. Bara nýlegt dæmi er t.d. að við settum af stað nefnd í fyrravor og ætluðum henni ákveðinn tíma, fram að áramótum, til að rannsaka leynigögn úr sögu kalda stríðsins fram til um 1990. Hún átti að skila fyrir áramót en hún skilaði sem sé um daginn og það er ekki í eina skiptið sem nefndir hafa skilað seint. Það er líklegt að þetta verði ekki 2010, það er líklegt að hér verði fyrst tvöfalt nefndastarf og það dragist og tefjist og síðan komi þriðja nefndin sem hefur greinilega mjög mikið að gera því að það á eftir að skapa henni forsendur og grundvöll til starfa sem ekki er í frumvarpinu eins og ég rakti áðan. Þess vegna er líklegt að það taki mun lengri tíma. Það er auðvitað ekki aðalathugasemdin sem hér er gerð því að röskir menn gætu kannski lokið þessu af ef raunverulegur áhugi væri fyrir hendi.

Hitt er svo annað hvernig þetta á að vera á þessum tíma, til 2010, 2015 eða 2020. Eins og við lesum eiga í fyrsta lagi allar þær framkvæmdir sem núna eru í pípunum að koma út úr þeim og verða að raunveruleika hér á landi. Í öðru lagi á að gefa þeim sem hafa rannsóknarleyfi nýtingarleyfi ef þeir hafa fengið fyrirheit um forgang að því. Hér er um það að ræða eins og rakið var ágætlega m.a. í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að stór hluti af því sem nú er í bígerð að virkja verður virkjað. Mikill hluti þeirra framkvæmda sem orkufyrirtækin hyggja nú á kemst í framkvæmd hvað sem þessu frumvarpi líður. Það er þannig að enginn stöðvar í raun og veru þá sem þegar eru farnir af stað með leyfi samkvæmt þessu frumvarpi. Það er rétt að gera sér fullkomlega grein fyrir því að hér er engin lausn veitt á þeim málum sem ríkisstjórnin hefur sjálf komið í uppnám og síðan dregið sig frá að hafa nokkurt vald yfir, m.a. í formlegum yfirlýsingum hæstv. iðnaðarráðherra.

Síðan kemur að því að þangað til þessi verndar- og nýtingaráætlun hefur tekið gildi, sú sem á að koma út úr nefnd forsætisráðherra, á Orkustofnun að geta veitt leyfi í umhverfisflokki a og b í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Eins og ég sagði um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hér áður er rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hún er ekki um náttúruvernd, hún fjallar ekki um náttúruvernd. Með þeirri aðferð sem þar er upp tekin, því verkfæri, á að finna út hvaða virkjunarkostir er skástir gagnvart umhverfi og bestir miðað við arðsemi og hagkvæmni af þeim sem virkjunarmenn hafa lagt til. Þessi rammaáætlun miðast við einstakar tillögur sem breytast og þegar þær breytast breytist matið líka.

Það má segja í öðru lagi að þessi rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er mikil smíð en þar þarf líka að skoða betur aðferðafræðina, viðmiðanir þar hafa reynst of þröngar. Menn hafa kvartað yfir því og skýrsluhöfundar sjálfir viðurkennt að hvað varðar víðerni og landslag séu viðmiðanirnar ekki nægar, matið taki ekki nægilegt tillit til þessara parta og síðan hefur komið í ljós að aðferðafræðin getur verið ónákvæm á einstökum sviðum. Til dæmis er skortur á dýralífi talinn neikvæður þáttur í mati á umhverfi og hann er það auðvitað alla jafna en það er eitt af því sem dregur niður Langasjó, sem ekki þarf neitt mat til að sjá hvað er merkilegur, ekki þarf neina vísindamenn til þess að skynja hversu mikil náttúruauðæfi eru fólgin í Langasjó. Þessi breyta dregur hann hins vegar niður vegna þess að það er enginn fiskur í sjónum eða var ekki til skamms tíma. Sá fiskur sem þar er er ónáttúrulegur að því leyti að honum var sleppt í sjóinn og vona flestir að hann drepist þar. Þessi skortur á dýralífi í Langasjó er jákvæður þáttur á því svæði vegna þess að það gerir sjóinn miklu merkilegra náttúrufyrirbrigði eins og náttúrufræðingar lýsa, eitt af fáum vötnum af sínu tagi þar sem enginn fiskur er og þar með verður skordýralíf og líf annarra skepna í þessu vatni allt annað, fjölbreyttara og auðugra en í flestum öðrum vötnum á Íslandi.

Í þriðja lagi, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti ágætlega á, hefur rammaáætluninni um nýtingu vatnsafls og jarðvarma aldrei verið komið til þingsins. Hún hefur nánast aldrei fengist rædd á Alþingi Íslendinga. Við höfum kvartað, stjórnarandstæðingar úr Samfylkingunni, úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og úr Frjálslynda flokknum, yfir því að það skuli aldrei eiga að gera neitt með þessa rammaáætlun. Fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra, núverandi utanríkisráðherra, var fræg að því að draga lappirnar fram og aftur við þessa rammaáætlun, vilja ekki viðurkenna þau verðmæti, dýrmæti sem í henni fælust. Hún lýsti því yfir þegar hinn svokallaði fyrsti áfangi kom, sem var enginn áfangi en það orðalag mun hafa orðið til af hennar völdum, að hann ætti að vera til skoðunar og vera uppi í skáp hjá orkufyrirtækjunum þegar þau væru að líta á hugsanlega kosti en neitaði því með öllu að þetta tæki nokkurt gildi hér á þinginu eða fengi nokkurt lagagildi eða tilvísanagildi, hvað þá að Alþingi fengi að fjalla um þessa rammaáætlun með einhverjum formlegum hætti.

Umhverfisflokkur a, nú skulum við skoða það, hvaða virkjanir eru þar, hvaða svæði eru þar nefnd? Þar eru vissulega ýmsar virkjanir sem til greina koma og sumar eru farnar af stað. Afstaða til annarra hefur breyst á mjög stuttum tíma og er ástæða til að skoða það á ný. Ég nefni Ölkelduháls sem er rétt kominn til umræðu og vonandi ekki enn til framkvæmda. Ég nefni Innstadal sem veruleg andstaða er við hjá þeim á höfuðborgarsvæðinu sem þekkja þá miklu náttúruperlu. Ég er svo heppinn að gera það og tek undir það að þar á ekki að virkja nema verulega reki í nauðir. Innstidalur er hér í a-flokki samt, hann lendir þar í matinu. Hólmsárvirkjun er á viðkvæmum stað á landinu og það má nefna að gögn eru ófullnægjandi í samfellu við Krýsuvík, jafnvel þó að þar sé komið rannsóknarleyfi. Í Þverárdal eru gögn líka ófullnægjandi, og í Austurengjum við Krýsuvík má lesa hér úr skýrslunni að gæði gagna eins og það heitir eru ekki upp á marga fiska. Hágöngusvæðið er líka að gögnum til ófullnægjandi. Gagnaeinkunn Sandfells og Þverárdals er CCC, Austurengja BCC, Hágöngusvæðis BCB. Ég bara spyr, kannski ekki hæstv. iðnaðarráðherra

vegna þess að honum er auðvitað alveg sama en hæstv. umhverfisráðherra: Er það hægt að við á Alþingi samþykkjum að það megi virkja á svæði þar sem gæði gagna eru samkvæmt rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma CCC? Er það ábyrg afstaða árið 2007 að stjórnvöld leyfi sér að fara fram á það við þingið að slíkar virkjanir renni í gegn með gagnagæði upp á CCC? Það er bara ósköp einfaldlega ekki nútímaleg hugsun, forseti, og erfitt að sætta sig við það.

Umhverfisflokkur b, ja, það er ekki alveg ljóst hvað þar er átt við vegna þess að hann er þó háður því — og má hrósa nefndinni fyrir að setja þó þann fyrirvara og þau skilyrði — að því einungis veiti Orkustofnun leyfi til virkjunar þar að ekki séu sérstakar athugasemdir gerðar við umhverfismál á því svæði. Þá er rétt að spyrja, vegna þess að þetta eru ekki mjög margir staðir, níu staðir — iðnaðarráðherra eða umhverfisráðherra hljóta að geta svarað því með þessa níu staði, ég fer ekki fram á að þau svari neinu um a-staði nema um einstaka parta. Gerðar eru athugasemdir við fjögur af þeim níu virkjunarsvæðum sem þar eru nefnd. Það eru umhverfisathugasemdir við Skaftárveitu, það er Langisjór. Það eru umhverfisathugasemdir við Skaftárvirkjun, við Kröflu – Leirhnjúk og Brennisteinsfjöll. Eru þá ekki þessir fjórir staðir undanþegnir þessu leyfi sem Orkustofnun fær? Ég vil gjarnan fá svar við því: Eru þeir það? Skaftárveita, Skaftárvirkjun, Krafla – Leirhnjúkur og Brennisteinsfjöll. Það er einfalt að svara þessu, bara segja: Já, þeir eru það. Þá er þetta mjög dýrmætt hvað sem öðru líður í þessu frumvarpi.

Í héraði og um landið allt er deilt þessar vikur og mánuði um tvo staði í viðbót, Villinganesvirkjun, þótt leyfi hafi þar fengist, og um Urriðafoss. Þá eru komnir sex af þessum níu stöðum í umhverfisflokki b. Um tvo í viðbót má svo segja það að þó að Hrafnabjargavirkjun og Fljótshnjúksvirkjun séu hér nefndar í umhverfisflokki b vantar einmitt þetta um víðernin og samhengið. Þær ætti að meta í því ljósi að þarna er verið að virkja í Skjálfandafljóti, sjálfu Skjálfandafljóti, lengsta fljóti landsins að því er við teljum sem erum með einhverjum hætti tengd Þingeyjarsýslum. Það rennur svo lengi undir jökli, sjáið þið, ef þið hafið ekki vitað það. Þar er um virkjanir að ræða í því fljóti sem er auðvitað í sjálfu sér mjög merkilegt og er sem sé eitt af þeim fljótum sem ekkert hefur verið virkjað í enn þá. Fyrsta virkjunin í því fljóti þýðir að það fljót er þá horfið úr þeim hópi og bara sú röksemd hlýtur að færa hana úr þessum flokki b í aðra flokka.

Það er eðlilegast í staðinn fyrir þá vitleysu að láta Orkustofnun grauta hér fram og aftur í umhverfisflokkum a og b að slá á frest virkjunaráformum meðan þetta starf fer fram, meðan rammaáætlun um náttúruvernd er búin til samkvæmt tillögum okkar í Samfylkingunni, eða þetta þrefalda nefndarstarf fer fram sem er þó skárra en ekkert. Þetta eru tillögur okkar í málinu, að slá virkjunaráformum á frest. Þetta eru tillögur Landverndar í málinu, komu fram í hádeginu í dag, slá virkjunaráformum á frest. Þeir nefna fimm ár hjá Landvernd.

Þetta eru líka tillögur hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur úr umræðunum hér í gær, að því er mér heyrðist. Það liggur ekkert á, sagði Sigríður Anna Þórðardóttir, fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra. Hún stóð sig vel í umhverfisráðuneytinu þó að hún hafi þurft að láta undan meiri hlutanum í þessari ríkisstjórn í ýmsum efnum. Hún sagði þetta hér í gær: Það liggur ekkert á og orkuverð er að hækka. Það er ekkert sem pínir okkur til að taka ákvörðun um frekari virkjunarframkvæmdir með tilheyrandi umhverfisspjöllum, sagði hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hér í gær.

Einstakar undantekningar kunna að vera á þessu, ekki skal því neitað. Þá er það lágmark, eins og við samfylkingarmenn höfum lagt til í tillögum sem liggja fyrir þinginu, að á þessum umþóttunartíma komi sérhvert leyfi hingað í þingið, sérhvert leyfi sé háð samþykki Alþingis. Hver undantekning frá virkjunarhléinu á þessum tíma meðan rammaáætlunin er að verða til, rammaáætlun um náttúruvernd, fái sérstaka umfjöllun hér á þinginu og komist þar með í opna umræðu í samfélaginu öllu, meðal þjóðarinnar, þar sem öll gögn liggja á borðinu, ekki lokað af í iðnaðarráðuneytinu eða Orkustofnun eins og meiningin er með þessu frumvarpi. Það komi fram frumvarp eða þingsályktunartillaga um hvert slíkt mál.

Forseti. Það er margt fleira sem þarf að ræða í tengslum við þetta frumvarp og verður gert, bæði hér í umræðunni og í þeirri nefnd sem þetta fær til umfjöllunar. Eins og ég minntist á áðan er stjórnskipanin sjálf með þeim fráleita hætti að vera hjá iðnaðarráðuneyti og Orkustofnun, sem eiga að fjalla um náttúruverðmæti á Íslandi, en ekki umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun eins og eðlilegt væri á okkar nýju öld. Það er líka annað sem ég minntist á, það er alveg óljóst um afdrif málsins í höndum forsætisráðherranefndarinnar og engar forsendur sem við höfum fyrir því starfi, og ýmislegt fleira. Lengi mætti ræða um gjaldamálin, gjaldtökuna, og þarf auðvitað að gera þó að það verði ekki í þessari ræðu.

Ég vil að lokum endurtaka þau meginatriði mín og flokks míns úr ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að heildarafstaða okkar í þessu frumvarpi er sú að við gerum fyrirvara um frumburðarrétt náttúruverndar, um stjórnskipan um gæslu og nýtingu náttúrunnar og ýmis fleiri atriði. Við tökum undir þá framtíðarskipan sem við höfum hér átt þátt í að byggja upp þótt við teljum að ýmislegt vanti í hana og vísum á tillögur okkar í þeim efnum í þeim atriðum. Við segjum nei, nei við þeim áformum hjá hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. umhverfisráðherra um framkvæmdir, um virkjanir næstu 5–10 ár. Við þurfum allt annað en það að hér séu náttúruverðmætin lögð undir í þessu tafli, og á þessum grunni skapast auðvitað engin þjóðarsátt svokölluð. Þær yfirlýsingar eru eingöngu blekkingarleikur hæstv. ráðherranna rétt fyrir kosningar og liður í sameiginlegri kosningabaráttu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

[16:35]

**Útbýting:**

Málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss, 380. mál, svar heilbrrh., þskj. 870.

[16:36]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Félagar mínir, hv. þm. Jóhann Ársælsson og hv. þm. Mörður Árnason, úr Samfylkingunni hafa gert afstöðu okkar ágæt skil í þessari umræðu og hafa kom-

ið inn á meginþætti sem skipta máli í svo mikilvægri umræðu sem við erum að taka hér í dag.

Ég ætla að leyfa mér að segja, virðulegi forseti, að loksins kemur þessi skýrsla, Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, til umræðu á Alþingi. Þetta er góð skýrsla, þ.e. það var gott verk að fenginn var hópur til að vinna að skýrslunni. Að vísu var slæmt að alltaf var talað um hana sem fyrsta áfanga og umræðan um skýrsluna var þannig að það mátti gefa sér að þetta væri svona fyrsta mat og svo ætti eftir að vinna meira með þá kosti sem þar lægju fyrir. Ég var ein þeirra sem héldu alltaf að haldið yrði áfram með þetta verk og það sem mér þótti ábótavant í þeim virkjunarkostum sem þarna voru taldir upp og raðað í flokka var að eftir ætti að koma önnur betri skýrsla um sömu kosti svo við fengjum að sjá að búið væri að vinna ný gögn þannig að ljóst væri að eitthvað, sem hafði verið metið sem hugsanlega góðan virkjunarkost, væri það nú kannski ekki af því búið væri að fara betur í málið.

En staðreyndin er sú, og það er mikilvægt að það komi fram, að þetta er raunveruleg skýrsla, rammaáætlun um þá kosti sem hér eru nefndir. Ætlunin var ekki að fara betur ofan í þetta og skýra það sem ábótavant var. Þetta er rammaáætlun um þessa virkjunarkosti og næsti áfangi, eins og Mörður Árnason, félagi minn nefndi, er um nýja virkjunarkosti, aðra kosti, aðrar ár eða önnur jarðhitasvæði.

Ég ætla líka að leggja áherslu á það, eins og félagar mínir, að ekkert gagn er í svona áætlun ef hún kemur ekki fyrir þingið, Alþingi sjálft og það leggi mat á að búið sé að sortera þarna, búið að skoða og við sammála um að virkjunarkostirnir skuli vera af því vægi sem þar er getið. Það er galli skýrslunnar að hún fékk ekki þetta vægi. Hún fékk ekkert mat á hinu háa Alþingi. Það frumvarp sem við erum að ræða gerir þar með tilvísun í þessa skýrslu þannig að ef niðurstaðan yrði með meirihlutavaldi, eins og oft gerist á Alþingi, eftir nefndarskoðun sú hin sama og frumvarpið gerir ráð fyrir, þá er í rauninni orðin til niðurstaða um virkjunarkosti samkvæmt skýrslunni.

Menn verða að gera sér grein fyrir þessu vegna þess að það er gífurlega stórt mál í þessari umræðu. Ef nefndin ber gæfu til að fara ofan í málið með þeim hætti sem félagar mínir hafa komið með ábendingar um, þá mundi sú niðurstaða sem nefndin kæmist að líka raska niðurstöðu þessarar skýrslu. Þess vegna, virðulegi forseti, erum við núna loksins að ræða þessa rammaáætlun sem löngu hefði átt að vera búið gera.

Annað vil ég jafnframt nefna. Gífurlegur skortur er á grunngögnum og náttúrufarskortum til að fara í vinnu sem þarf að fara í varðandi náttúru Íslands. Ef við ætlum að taka höndum saman og segja: Ekki fleiri ofurvirkjanir, ekki taka fleiri ár sem kalla á að við fórnum merkilegum vatnsföllum. Tökum höndum saman um hvað við gætum hugsað okkur að gera og hvað við erum ákveðin í að ekki skuli hróflað við, þá vantar, fyrir utan það sem við horfum á og þykjumst þekkja af því við metum það sem náttúrufegurð, náttúrufarskort og grunngögn.

Það er til vansa fyrir framkvæmdarvaldið og Alþingi að seint og illa hefur gengið að skaffa fjármagn til að vinna slík kort. Samfylkingin hefur árlega flutt tillögur á Alþingi um að slíkra gagna sé aflað og flutt þingsályktunartillögu um að afla grunngagna um náttúru Íslands og gerð náttúrufarskorta. Sú tillaga hefur auðvitað ekki fengist samþykkt, jafngóð og hún er, af því að hún kemur frá stjórnarandstöðuflokki. Hún hefur hverju sinni mátt bara dvelja í möppu í nefnd og verið svo flutt aftur.

Hins vegar höfum við tekið þetta mál fyrir í umhverfisnefnd og ég ætla að hrósa umhverfisnefnd fyrir að á síðustu tveimur árum höfum við í fjárlagatillögum umhverfisnefndar gert tillögu um að fjármagn yrði veitt af takmörkuðu ráðstöfunarfé þeirra nefndar í gerð náttúrufarskorta. Þetta er frumkvæði sem hefur komið frá Alþingi sjálfu, frá því fólki í umhverfisnefnd sem hafði skilning á því, þótt hún bæri ekki gæfu til að afgreiða tillögu okkar úr nefnd, að þarna yrði eitthvað að gera. Þetta má líta á sem staðfestingu umhverfisnefndar á því að þess sé þörf sem tillaga okkar hefur verið um. Það er mikilvægt að þetta komi fram við umræðuna, virðulegi forseti.

Svo vil ég líka geta þess, og endurtaka það sem hér hefur komið fram hjá okkur þingmönnum Samfylkingarinnar, að Samfylkingin hefur sett fram stefnumörkun um Fagra Ísland. Hún hefur verið flutt sem þingmál hér, í síðustu viku var rætt um að gera skuli rammaáætlun um náttúruvernd, sem er hliðstæðan við þá skýrslu sem við erum að ræða óbeint, og sem fengi þá staðfestingu Alþingis. Hún er hluti af stefnumörkun um Fagra Ísland þar sem segir líka að fresta skuli virkjunarframkvæmdum meðan þessi rammaáætlun um náttúruvernd er unnin.

Þegar við ákveðum að setja náttúruna í forgang og vinna rammaáætlun um náttúruvernd átta menn sig strax á því að það muni skorta gögn. Að þekkingu skortir til að vinna hana með þeirri sæmd sem við ætlumst til að hún sé unnin.

Tillaga okkar fellur ágætlega að því að í nokkur ár hefur verið of mikil þensla. Það þarf að bregðast við henni. Venjulegt fólk hefur í dag ákveðið að rísa upp og bregðast við. Á undanförnum árum hefur fólk farið í fjárfestingar og trúað boðskap ríkisstjórnar um að óhætt sé að búa til áætlanir, stækka við sig eða fara í nýtt húsnæði. Fólk hefur tekið þau lán sem hafa verið í boði og trúað því að málefni fjölskyldunnar yrðu sett í öndvegi. En nú er verið að hegna því með stanslausri verðbólgu. Lánin hækka hratt. Á dögunum kom til mín maður og sagði: Lánið okkar hjónanna hefur hækkað um eina og hálfa milljón frá því í fyrra. Við tökum því ekki þegjandi lengur. Við sættum okkur ekki við þessa stjórnsýslu lengur. Við sættum okkur ekki við þetta.

Ef stjórnarliðið er undrandi á að ríkisstjórnin sé fallin í skoðanakönnun eftir skoðanakönnun þá ætti það að staldra við og sjá fólkið sem hefur offjárfest og verður fyrir barðinu á þenslunni, eða réttara sagt: Sú fjárfesting sem var skynsamleg miðað við tekjur fjölskyldunnar á sínum tíma er offjárfesting vegna þenslunnar sem ríkisstjórnin tekur ekki á. Tillaga okkar um frestun virkjunarframkvæmda og það að setja náttúruna í forgang fellur vel að því ástandi sem ríkisstjórnin hefur búið til. Hún fellur líka að tillögu okkar um „Nýja atvinnulífið", tillögu um nýja atvinnustefnu og átak varðandi sprota- og tæknigeirann í þessu landi.

Við í Samfylkingunni höfum horft á þessi mál heildrænt hvað atvinnulífið varðar. Við þorum að treysta á mannauðinn í þessu landi, staldra við með virkjunarframkvæmdir og

setja náttúruna í öndvegi. Það má segja að þetta haldist í hendur í tillögum okkar.

Ég ætla að leyfa mér að skoða fyrst og fremst ákvæði til bráðabirgða III. Ég tek fram í leiðinni, af því ég ætla að einbeita mér að umræðunni um bráðabirgðaákvæðið, varðandi ákvæði sem liggja fyrir í frumvörpum hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. umhverfisráðherra, að pólitíska málið er frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra. Þess vegna förum við fyrst og fremst í umræðu um það hér í dag en það reynist vera umhverfismál af því það snertir svo sterkt umhverfið og þingmál umhverfisráðherra.

Hv. þm. Mörður Árnason vitnaði áðan í orð fyrrverandi umhverfisráðherra, hv. þm. Sigríðar Önnur Þórðardóttur, þegar hún sagði brýnt að ljúka vinnu við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hún sagði jafnframt að stórefla þyrfti rannsóknir á náttúru landsins og allar ákvarðanir um virkjanir þyrftu að byggja á bestu fáanlegu þekkingu og upplýstri umræðu. Ekkert liggur á, sagði Sigríður Anna í utandagskrárumræðunni í gær. Orkuverð á áfram eftir að hækka. Inntak ræðu hennar var að ekkert mundi hlaupa frá okkur. Það er þetta sem við höfum líka sagt. Það verður að ljúka vinnunni við rammaáætlunina vegna þess að gagnagerðinni þar er ábótavant. Einkunnagjöfin um gagnaöflun segir okkur hverju er ábótavant og hvar nægileg gögn liggja fyrir. Það þarf að stórefla rannsóknir og ákvarðanir um virkjanir þurfa að byggja á bestu fáanlegri þekkingu og upplýstri umræðu,

Ég hlýt að nefna það að upplýst umræða og besta fáanlega þekking var ekki til staðar varðandi Kárahnjúkavirkjun. Hv. þm. Jóhann Ársælsson fór yfir það áðan varðandi virkjunarkostina og gögnin sem lágu fyrir í rammaáætlun og út frá því hefðum við ekki farið í Kárahnjúkavirkjunina. Gögnunum var mjög ábótavant. Mér finnst líka gott að heyra þingmann úr stjórnarliðinu tala um upplýsta umræðu. Frá því að vinna að virkjun við Kárahnjúka hófst hefur komið í ljós að ekki höfðu komið fram nægilega skýrar upplýsingar í umræðunni fyrir fram. Umræðan fór fram eftir á, hin upplýsta umræða varð til síðar.

Ég hafði hugsað mér, virðulegi forseti, að fjalla um gæði gagna í skýrslunni, í rammaáætlun um virkjunarkosti. En hv. þm. Mörður Árnason tók það ómak af mér. Ég ætla bara að nefna tvennt í því sambandi. Mér virðist sem búið sé að sækja um rannsóknarleyfi á sex stöðum sem nefndir eru í viðauka við rammaáætlun, þ.e. eftir því sem ég sé af skýrslunni. Leyfin gætu verið fleiri vegna þess að iðnaðarráðuneytið er ekki að upplýsa okkur á Alþingi um það hverju sinni sem þeim berst erindi eða bréf með ósk um rannsóknarleyfi.

Ég bið hæstv. iðnaðarráðherra að upplýsa okkur um hverjir og hve margir hafi sótt um rannsóknarleyfi og hve mörg hafi verið veitt. Ég tel að búið sé að veita rannsóknarleyfi, sé bara litið á virkjunarkostina sem gefnir eru upp í töflum undir flokknum umhverfisáhrif, í Tröllladyngju við Krýsuvík. Þessi virkjunarkostur er t.d. bara með B í flokknum varðandi gagnaöflun. Mér virðist líka búið að veita rannsóknarleyfi í Sandfelli við Krýsuvík. Þar eru gæði gagna ekki hærri en C. Það ætti náttúrlega ekki að fara inn á svæði eins og Krýsuvíkursvæðið með gögn í C-flokki á bak við sig.

T.d. varðandi Ölkelduháls sem hér hefur verið nefndur þá er gagnaöflun þar í gæðaflokki B og D. Það er athyglisvert að Ölkelduháls fær einkunnina D hvað varðar gæði gagna varðandi útivist. Nú er litið svo á að þetta svæði sé mjög verðmætt útivistarsvæði. Það fær einkunnina D hvað varðar gæði gagna um útivist á jafnmikilvægu svæði.

Þetta verður að skoða vandlega í þessum fyrsta áfanga af rammaáætlun um virkjunarkosti. Alls staðar þar sem gæði gagna eru undir hefði átt að halda áfram að vinna að gagnagerð. Þegar tekin væri ákvörðun lægi algerlega fyrir hver gæði gagnanna væru. Mér er sagt að það kosti um 120 millj. kr. eða sem nemur verði einnar tilraunaborholu að klára að rannsaka verndargildi háhitasvæðanna. Að það sé um það bil verðmæti einnar tilraunaborholu að klára að rannsaka verndargildi háhitasvæðanna.

Það er líka athyglisvert, og það er umhugsunarefni, og þá ætla ég að taka það fram að fáa menn þekki ég vandaðri að virðingu sinni og vinnubrögðum en Þorkel Helgason, forstjóra Orkustofnunar. Það er Orkustofnun sem veitir fé til að kanna verndargildi. En það eru bara sjaldan peningar til þeirra verka.

Þess vegna er það umhugsunarefni að sá sem á að sjá um orkuöflun, vera vakandi yfir öllum orkukostum og möguleikum til orkuvinnslu, til að skaffa orku til þeirra verka sem ríkisstjórnin biður um, á ekki að vera sá aðili sem veitir fé til að leita að verndargildinu. Það á að vera í höndum annarra. Mér finnst að sá kostur ætti að vera hjá umhverfisráðuneytinu. Þetta höfum við t.d. aldrei rætt hér svo ég muni. Hef ég þó bæði tekið þátt í og hlustað á umræður af þessum toga á Alþingi. Þetta ætti ekki að eiga sér stað. Ég veit ekki hverju ég á að líkja þessu við, en hagsmunaaðili á að veita fé til að kanna hvort það er eitthvað sem brýtur gegn hagsmunum sem hann á að varðveita. Þetta verðum við að skoða. Þetta þarf að skoða ef menn vilja vinna vel.

Félagar mínir hafa sagt: Það verður ekki sátt um að halda áfram og fara í verkefni eða virkjanir á öllum þeim stöðum sem eru merktir A og þeim sem ekki eru athugasemdir við í kosti B. En ég vil gjarnan heyra hæstv. iðnaðarráðherra segja. Hvernig er litið á kosti merkta B sem eru með athugasemd? Sums staðar í skýrslunni er talað um ábendingu vegna náttúrufegurðar, t.d. varðandi Skaftárveitu. Þar er Langisjór. Þar er ábending um mikla náttúrufegurð. En ég geri mér ekki grein fyrir því hvort ráðuneytið mundi líta á það sem athugasemd við virkjanakost. Mig vantar upplýsingar um það.

Þetta eru þau meginatriði sem ég vildi nefna til viðbótar því sem félagar mínir hafa komið inn á í þessari umræðu. Ég ætla ekki að lengja hana með því að endurtaka neitt af því. Hins vegar vil ég enda á því að nefna hve fádæma góð tillaga Samfylkingarinnar er um rammaáætlun um náttúruvernd. Samkvæmt henni yrði umhverfisráðherra falin gerð rammaáætlunar um náttúruvernd sem nái til landsins alls. Markmið áætlunarinnar verði að skapa samstöðu og sátt um náttúruvernd á Íslandi.

Í áætluninni komi fram tillögur um skipulag verndarsvæða og áætlun um virka verndun þeirra með lögum þar sem það á við og nýtingu sem samræmist náttúruvernd. Áætlunin verði lögð til grundvallar við aðalskipulag og

hugsanlegt landskipulag. Umhverfisráðherra leggi tillögur til þingsályktunar um rammaáætlun um náttúruvernd fyrir Alþingi eigi síðar en veturinn 2009–2010.

Við höfum hugsað okkur að fram að því verði öðrum virkjunarframkvæmdum slegið á frest til að tryggja að náttúran verði í öndvegi við þær ákvarðanir sem verða teknar. Ég vil enda á þeim orðum, á örstuttri umfjöllun um tillögu Samfylkingarinnar í þessum efnum.

[16:58]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Stjórnarfrumvarp það sem við erum að ræða hér er flutt af iðnaðarráðherra og snertir nýtingu á auðlindum í jörðu bæði hvað varðar sjálfa nýtinguna og eins mögulega náttúruvernd á þessum svæðum. Eins og ég sagði fyrr í umræðunum í dag er að þessu leytinu um að ræða frumvarp sem snertir umhverfismál að verulegu leyti. Þetta frumvarp er, eins og komið hefur fram, afrakstur af starfi nefndar sem iðnaðarráðherra skipaði í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 5/2006 og að öðru leyti er það árangur af samstarfi iðnaðarráðuneytisins annars vegar og umhverfisráðuneytisins hins vegar í tengslum við verndarþáttinn, þ.e. að því sem að umhverfinu snýr eins og hefur komið fram í umræðunni, með vísan til þeirra breytinga sem voru gerðar á frumvarpinu eins og nefndin sem vann megindrögin að frumvarpinu skilaði því af sér.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur í framsögu sinni gert ítarlega grein fyrir helstu breytingum og nýmælum sem í frumvarpinu felast og ég ætla ekki að endurtaka neitt af því. Ég vil hins vegar, frú forseti, fjalla sérstaklega um þá þætti frumvarpsins sem lúta að vernd umhverfisins en það eru bráðabirgðaákvæði II og III. Það er annars vegar bráðabirgðaákvæði II um starfshóp sem umhverfisráðherra skipar til að gera tillögu um á hvaða svæðum nýting á auðlindum í jörðu og vatnsafli verður ekki heimil og hins vegar á ákvæði bráðabirgða III sem tekur á því millibilsástandi sem mun ríkja þar til verndar- og nýtingaráætlun hefur verið afgreidd sem lög á Alþingi en eins og hefur komið fram er stefnt að því að leggja frumvarp fram á Alþingi í síðasta lagi í upphafi þings 2010.

Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða skal umhverfisráðherra skipa starfshóp með þátttöku allra þingflokka og viðkomandi ráðuneyta og stofnana auk umhverfisverndarsamtaka og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfshópurinn skal eigi síðar en 1. janúar 2010 skila tillögum sínum til forsætisráðherra. Þær eiga að vera um mótaða verndaráætlun til framtíðar sem tekur til svæða þar sem möguleikar eru til nýtingar auðlinda í jörðu og vatnsafls. Markmiðið með þessu er að gera tillögur um á hvaða svæðum Íslands nýting á auðlindum í jörðu og vatnsafli verður ekki heimil vegna ríkra hagsmuna náttúruverndar á því svæði sem um ræðir. Þetta mun tvímælalaust styrkja náttúruvernd og ég vænti þess að við munum sjá þess stað þegar í nýrri náttúruverndaráætlun sem umhverfisráðherra mun leggja fyrir Alþingi árið 2008.

Ég vil í þessu samhengi jafnframt benda á að með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var tekin ákvörðun um náttúruvernd á fjölmörgum svæðum sem búa yfir auðlindum í jörðu og einhverjum möguleikum til orkunýtingar en þar voru einfaldlega hagsmunir náttúruverndar og útivistar taldir vega mun þyngra en nýtingarkostir. Í þessu samhengi vil ég, frú forseti, nefna Jökulsá á Fjöllum en um hana var sérstaklega rætt í umræðum um frumvarp til laga um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í ákvæði til bráðabirgða III er sérstaklega tekið á stöðu svokallaðrar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma en verkefnisstjórn fyrsta áfanga skilaði tillögum sínum í lok árs 2003 þar sem umhverfiskostir voru flokkaðir í fimm flokka, a, b, c, d og e með hliðsjón af umhverfisverðmætum.

Verkefnisstjórn annars áfanga rammaáætlunar hóf störf árið 2005 og henni er ætlað að vinna að tilteknum rannsóknum þar sem m.a. er lögð sérstök áhersla á jarðhitasvæðin. Verkefnisstjórn annars áfanga hefur sérstaklega beint sjónum sínum að umhverfisþáttum í störfum sínum og nú eru starfandi tveir stýrihópar á vegum verkefnisstjórnar þar sem annar metur verndargildi landslags og hinn verndargildi háhitasvæða.

Í 2. mgr. í ákvæði III til bráðabirgða kemur fram að þar til verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi sé eingöngu heimilt að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og einungis þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við vegna umhverfisverðmæta.

Með þessu er verið að lögfesta niðurstöður verkefnisstjórnar rammaáætlunar I fram til ársins 2011 sem ég tel mjög mikilvægt og mér finnst ástæða til að fagna sérstaklega. Með því hefur þá verið aflétt þeirri óvissu sem oft hefur verið haft orð á, þ.e. um hvernig nota skuli niðurstöður verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Í þessu samhengi vil ég nefna í samræmi við áðurnefnda flokkun verkefnisstjórnar rammaáætlunar I að í niðurstöðum sínum lagði verkefnisstjórn áherslu á að þeir kostir sem féllu undir flokkana a, b og c yrðu skoðaðir sérstaklega áður en ráðist yrði í aðra kosti, þ.e. samkvæmt d og e og er þetta listað upp í niðurstöðum verkefnisstjórnarinnar. Í ákvæði III til bráðabirgða er gengið lengra því að þar er einungis lagt til að nýttir verði þeir kostir sem falla undir kost a og við kosti sem falla undir b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir vegna umhverfisverðmæta þannig að í þessu bráðabirgðaákvæði eru tillögur verkefnisstjórnarinnar þrengdar.

Samkvæmt 3. mgr. í ákvæði III til bráðabirgða er ekki heimilt að veita ný leyfi til rannsóknar og nýtingar á kostum sem ekki falla undir það sem ég hef þegar greint frá nema fyrir liggi rannsóknir og mat sambærilegt því sem liggur til grundvallar niðurstöðum rammaáætlunar og — mér finnst rétt að árétta það — að fengnu samþykki Alþingis. Það verður ekki gert nema Alþingi veiti samþykki sitt fyrir því. Í þessu tilviki er mikilvægt að benda á það starf sem nú fer fram á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunar II en því verki verður haldið áfram og niðurstöður verkefnisins, sem eiga að liggja fyrir síðla árs 2009, verða lagðar til grundvallar frekari stefnumörkun innan málaflokksins bæði í tengslum við störf hóps iðnaðarráðherra og eins í tengslum við störf hóps umhverfisráðherra að verndaraáætlun-

inni. Ég vil sérstaklega geta þess hér til þess að eyða allri óvissu um hlutverk rammaáætlunar II í tengslum við framhald verkefnisins. Þessi niðurstaða mun að mínu mati auka gildi þess verkefnis sem verkefnisstjórn rammaáætlunar II er að vinna að sem stendur og ýta undir það að verkefnisstjórninni verði gert kleift að ljúka starfi sínu á árinu 2009.

Mér finnst ástæða til, frú forseti, að fagna því sérstaklega hversu vel hefur tekist til við að finna þeim málum farveg sem falla undir lögin og ég tala hér um farveg og ekki síst verndarþáttinn. Ég tel að góð sátt ætti að geta náðst um þetta mál hér á Alþingi. Hv. þingmenn, m.a. Mörður Árnason og Jóhann Ársælsson, hafa gagnrýnt að haft hafi verið á orði að tillögur frumvarpsins fælu í sér þjóðarsátt, en frumvarpið hefur verið kynnt sem farvegur þjóðarsáttar. Hér er verið að tala um áætlanir sem gera á til næstu 25 ára og hlíti jafnvel endurskoðun á fjögurra ára fresti. Því álít ég að til framtíðar litið sé ekki ofsögum sagt að tala um farveg þjóðarsáttar.

Síðan vil ég, frú forseti, að öðru leyti vegna ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar og að hluta til ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, varðandi einkunnagjöf fyrir tiltekin svæði, árétta að flokkunin og einkunnagjöfin og það að heimilt er samkvæmt bráðabirgðaákvæðunum að veita einungis leyfi til rannsókna og nýtinga á þessum tilteknu svæðum þýðir ekki endilega að það sé sjálfgefið að sjálfkrafa leyfisveitingar fylgi því ákvæði. Það er háð öllum frekari skoðunum og mati. Þá kemur m.a. til kasta umhverfisráðuneytisins vegna þeirrar lagaskyldu sem hvílir á iðnaðarráðuneytinu áður en slík leyfi eru gefin út að leita umsagnar þess ráðuneytis. Af því að Brennisteinsfjöll, sem falla í flokk b, voru sérstaklega nefnd áðan þá vil ég tiltaka það að umsókn Hitaveitu Suðurnesja um rannsóknarleyfi fyrir orkuöflun í Brennisteinsfjöllum var svarað sl. sumar. Í því tilviki lagðist umhverfisráðuneytið gegn því að veitt yrði leyfi til rannsókna og nýtingar jarðhita í Brennisteinsfjöllum. Og umsókn Hitaveitu Suðurnesja um rannsóknarleyfi fyrir orkuöflun í Krýsuvík og Tröllladyngju var svarað í september á sl. ári og í því tilviki kvaðst umhverfisráðuneytið ekki geta tekið afstöðu til rannsókna á svæðinu fyrr en svæðið hefði verið afmarkað betur, minnkað og borunarstæðið tilgreint. Jafnframt var bent á að jarðeðlisfræðilegum rannsóknum sem ekki spilla landi verði lokið áður en ákvörðun er tekin um að áhrifameiri aðferðum verði beitt.

Hvað varðar Hellisheiðar- og Hengilssvæðið þá sótti Orkuveita Reykjavíkur um stækkun staðarmarka og rannsóknarleyfi ásamt forgangi að nýtingarleyfi á jarðhita á þeim svæðum og því var svarað sl. sumar. Í því tilviki óskaði umhverfisráðuneytið eftir að lagðar yrðu fram ítarlegri upplýsingar um málið áður en gefin yrði umsögn um það.

Sama gildir um Grændal. Þar lá fyrir umsókn Sunnlenskrar orku um rannsóknir á jarðhita og umhverfisráðuneytið óskaði í því tilviki eftir ítarlegri upplýsingum um rannsóknir og hvernig þær verði stundaðar án þess að svæðinu verði raskað.

Þarna hef ég nefnt, frú forseti, einhver af þeim svæðum sem hafa verið í umræðunni og falla ýmist undir a, b og einhver undir c eins og Grændalurinn. Ég legg áherslu á að þó að bráðabirgðaákvæðið sé orðað eins og hér segir þá þýðir það ekki sjálfkrafa leyfi til þessara aðila á þeim svæðum sem um ræðir.

Að öðru leyti vil ég segja, frú forseti, í þessu samhengi og um þennan farveg þjóðarsáttar sem ég tel þetta frumvarp vera og þær tillögur sem frumvarpið gerir með bráðabirgðaákvæðum um verndar- og nýtingaráætlun til lengri tíma litið, að ég tel að við eigum að fara okkur hægt. Og kannski sýna þær umsagnir sem ég nefndi áðan og málsmeðferðin það, að menn eru ekki að ana neitt í þessu samhengi. Við eigum að fara okkur hægt og við eigum ekki að rasa um ráð fram og þegar við erum að tala um landnýtingu og náttúrulegar auðlindir þá verðum við kannski fyrst og fremst og eigum að hafa í huga að náttúruverndin er ein tegund landnýtingar. Hún er ein tegund landnýtingar sem getur jafnframt skilað okkur arði. Það er ekki einungis orkunýtingin sem skilar okkur arði af náttúrulegum auðlindum. Hún getur jafnvel verið þjóðhagslega arðsamari en orkunýting, sérstaklega ef við lítum til ferðaþjónustu og ótvíræðrar sérstöðu náttúru Íslands á heimsvísu. Ég hef lagt mikla áherslu á það að við mat á verndun háhitasvæða verði unnið að öðrum áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og að þeirri vinnu verði lokið og sérstaklega horft til háhitasvæðanna út frá verndargildi þeirra.

Að öðru leyti vil ég taka undir það sem m.a. hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lagði áherslu á í ræðu sinni, ég hef gert það á öðrum vettvangi og get vel endurtekið það hér, að við þurfum að stórefla allar rannsóknir á náttúru landsins og við þurfum að byggja allar ákvarðanir, hvort sem um er að ræða virkjun eða nýtingu jarðhitans eða virkjun vatnsaflsins, á bestu fáanlegum vísindarannsóknum og upplýsingum sem völ er á. Þannig hefur verið unnið að þessum málum og ég vænti ekki annars en að samkvæmt því verði unnið áfram og í hvívetna. Þegar umhverfisráðuneytið gefur umsagnir sínar til iðnaðarráðuneytisins hvað varðar þessi leyfi þá er ávallt leitað umsagnar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og jafnframt er gluggað í niðurstöður rammaáætlunar að því leyti sem þær ná til og það eru þau gögn sem umhverfisráðuneytið byggir umsagnir sínar á.

[17:13]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög gott að heyra með hvaða hætti hæstv. umhverfisráðherra talar. Það er gott hljóð í umhverfisráðherranum í dag og eins og hv. þm. Samfylkingarinnar Jóhann Ársælsson hefur sagt geta þau mál sem hafa verið flutt hér í dag verið mjög fínn hluti af heildarlausn, en heildarlausnina vantar.

Í *bráðabirgðaákvæði III segir að þar til verndar- og nýtingaráætlun liggi fyrir sé heimilt*, að aðgættum öðrum lagaskilyrðum — og það eru engin lög í gildi sem afstýra því ef ríkisstjórnin gefur heimild til virkjana — að veita nýtingarleyfi þeim rannsóknarleyfishöfum sem hafa fengið útgefið rannsóknarleyfi með fyrirheit um forgang. Sömuleiðis verði að heimilt að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í flokki a og þeim kostum í flokki b sem ekki eru með sérstakar athugasemdir, og við fáum væntanlega að vita á eftir hverjir það eru.

Reynslan af viðhorfum ríkisstjórnarinnar til virkjana-

mála fram að þessu er ekki góð og þetta mál sem er komið fram nú og það hvernig umhverfisráðherra talar, eins og það verði kannski ekkert gert nema það sem allir eru sáttir við, við höfum eiginlega ekki tilefni til að trúa þessu, ekki ef núverandi ríkisstjórn verður áfram við völd — nema eitthvað meira komi út úr vinnu nefndar sem fjallar um þessi frumvörp heldur en það sem er handfast í dag.

[17:15]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir áréttaði þarna orðalag ákvæðisins. Því vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan að eins og ákvæðið er orðað, að einungis sé heimilt að veita leyfi þeim svæðum sem eru innan flokks a og b, þýðir ekki endilega sjálfkrafa að það sé skylda að veita leyfi á þessum stöðum. Ég gerði grein fyrir því áðan í ræðu minni hverjar umsagnir umhverfisráðuneytisins hafa verið gagnvart þeim virkjunarkostum. Ég veit ekki til þess að leyfisveitingar af hálfu iðnaðarráðuneytisins hafi á nokkurn hátt farið í bága við það.

Að öðru leyti vil ég segja um það sem veitt hefur verið leyfi fyrir að frumvarpið gerir ráð fyrir tiltekinni málsmeðferð. Hv. þm. Mörður Árnason sagði áðan að við neitum því að útgefin rannsóknar- og nýtingarleyfi verði nýtt. Nú kemur þetta frumvarp til umsagnar og meðferðar hjá umhverfisnefnd og við skulum sjá hvernig nefndin tekur á þessu. Þetta er sú tillaga sem kemur frá ráðuneytinu um hvernig þessum málum skuli háttað. Þarna takast vissulega á annars vegar hagsmunir náttúruverndar og hins vegar hagsmunir þeirra sem hafa fengið leyfi útgefin.

Ég árétta að ég veit ekki til þess að iðnaðarráðuneytið hafi gefið leyfi í bága við þær umsagnir sem umhverfisráðuneytið hefur veitt.

[17:16]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Framsóknarflokkurinn hefur verið ofboðslega virkjanaglaður. Alls staðar þar sem þingmenn hans hafa verið, hvort heldur það er í einkasamtölum eða opinberlega, hafa þeir talað um þessi mál nærri því með hnefann á lofti. Það er því ekkert skrýtið þótt við setjum spurningarmerki við þessar jákvæðu yfirlýsingar núna þegar textinn er ekki handfastari en þetta. Það hljómar líka vel þegar sagt er að við skulum við sjá hvaða umsögn umhverfisnefnd gefur. Þetta þýðir í raun að við skulum sjá til hvað stjórnarmeirihlutinn er tilbúinn að gera í umhverfisnefnd og í iðnaðarnefnd. Það er nú einu sinni hann sem ræður ferð.

Við erum þrír þingmenn Samfylkingarinnar sem tökum þátt í þessari umræðu til að leggja inn í hana það sem okkur finnst skipta máli af því nú þarf að breyta um stefnu. Við mundum vilja heyra hér að minnsta kosti tvo ráðherra segja: Gerum smáhlé áður en áfram er haldið.

[17:18]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég mun hafa tekið illa eftir í lok ræðu framsögumanns en ég fagna því að það skuli koma fram að fjalla eigi um málið í umhverfisnefnd. Ég taldi það vera iðnaðarnefnd en frá því hefur verið sagt að það verði í umhverfisnefnd. Ég fagna því alveg sérstaklega að um þetta mál skuli fjallað þar.

Til að auðvelda þá vinnu hef ég lagt hér fram spurningar til umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra hæstv. um það hvernig fara eigi með tiltekna kosti í umhverfisflokki a eins og það er kallað.

Síðan spurði ég sérstaklega um umhverfisflokk b. Ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnaðarráðherra hafi tekið að sér að svara þeim spurningum, alveg eins og spurningum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, og ég bíð þess þolinmóður og glaður.

Það sem ég vil hins vegar spyrja hæstv. umhverfisráðherra um í tilefni af ræðu hennar er þetta: Úr því þetta er allt svona gott og þarna er ekki um að ræða skilyrðislaust leyfi heldur aðeins heimild sem, að mínum skilningi og það verður þá leiðrétt, Orkustofnun hefur, reyndar með samráði við hina og þessa, er þá ekki rétt að það leyfi sé háð því skilyrði að Alþingi hafi samþykkt það í þingsályktunartillögu eða frumvarpi? Er þá ekki skynsamlegt að við sköpum þessa miklu sátt um framhald málsins með því að öll leyfi umfram þau sem þegar hafa verið veitt, og við skulum bara tala um það seinna í umhverfisnefnd, komi til Alþingis á sama hátt og við í Samfylkingunni höfum lagt til að verði? Er það ekki ágætisleið til að skapa farveg um sátt, ef ekki meðal þjóðarinnar þá a.m.k. á Alþingi?

[17:20]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að mér hafi ekki orðið fótaskortur á tungunni áðan þegar ég talaði um að nú kæmi þetta mál til meðferðar í umhverfisnefnd. Ég þóttist merkja það í niðurlagi framsögu hæstv. iðnaðarráðherra að hann talaði um að málið færi til meðferðar bæði í iðnaðarnefnd og í umhverfisnefnd. Þó að málið sé flutt af iðnaðarráðherra var gert ráð fyrir því vegna þess hve stór hluti þessa frumvarps eru umhverfismál að umhverfisnefnd þingsins fengi það jafnframt til meðferðar og inn á sitt borð.

Gert er ráð fyrir þrenns konar fyrirkomulagi í þessu frumvarpi. Í fyrsta hvernig tekið er á þeim svæðum sem raðast í a- og b-flokka. Í öðru lagi er talað um ný svæði og hvað þurfi að uppfylla til að Orkustofnun geti gefið þau leyfi út. Í þriðja lagi er talað um að mál þurfi að koma fyrir Alþingi.

Þetta er eins og niðurstaðan varð í þeirri nefnd sem allir flokkarnir áttu fulltrúa í. Svona liggur málið fyrir Alþingi og ég geri ráð fyrir að tekin verði afstaða til þessara leyfa í viðkomandi þingnefndum og allir kostir skoðaðir, m.a. hver staða þeirra sem fengið hafa útgefin rannsóknar- og nýtingarleyfi er gagnvart ríkisvaldinu.

[17:21]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég þurfti satt að segja ekki á því að halda að vera fræddur um það hvernig þetta lítur út í frumvarpinu, ég veit það. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra þó fyrir þá upplýsingu en ég saknaði svars við þeirri beinu spurningu sem ég lagði fyrir hana: Telur hún heppilegt að einstök leyfi í umhverfisflokki a og b, sem um er fjallað í bráðabirgðaákvæði III í þessu frumvarpi, komi fyrir Alþingi til

samþykktar? Spurning sem hægt er að svara já eða nei. Ég spurði um þetta og ekki um annað.

Ég fagna því hins vegar að við í umhverfisnefnd skulum fá að afgreiða þetta mál og heiti vönduðum vinnubrögðum og mikilli athygli við þá afgreiðslu. En þetta vil ég fá að heyra frá umhverfisráðherra, já eða nei við því: Telur hún þetta heppilegt eða telur hún að þetta eigi að vera meira á valdi Orkustofnunar og hugsanlega ráðuneytis hennar, í einhvers konar samráði við ráðuneyti hennar?

[17:22]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fyrst gera þá athugasemd að ég held að það gangi ekki samkvæmt þinghefðum að vísa máli til tveggja nefnda með jafngildum hætti heldur gengur málið til einnar nefndar sem hefur vinnu þess á forræði sínu en sendir það áfram til annarrar nefndar sem málið varðar. Það er að sjálfsögðu hárrétt í þessu tilviki.

Hæstv. umhverfisráðherra var hér með frekar mjúkan tón í ræðu sinni og þar kom margt ágætt fram en ég hlýt þó að gera athugasemdir við nokkur atriði.

Í fyrsta lagi að hér sé verið að lögfesta niðurstöður rammaáætlunar. Mér finnst ekki rétt að orða það þannig í ljósi þess hversu miklir fyrirvarar eru á þeim niðurstöðum af hálfu höfundanna. Það hefur auðvitað lengi stungið í augu að rammaáætlun hefði ekki traustari stöðu lagalega eða stjórnskipulega en aðalatriðið er að henni sé lokið, að vinnunni sé lokið þannig að fyrirvararnir geti horfið út úr niðurstöðunum. Þess vegna má umhverfisráðherra ekki tala með þannig að hér sé verið að lögfesta endanlega niðurstöður einhverrar rammaáætlunar.

Í öðru lagi verð ég að segja að það veldur mér vonbrigðum að hæstv. umhverfisráðherra skuli taka sér í munn þjóðarsáttarklisjuna í tengslum við þetta mál. Mér finnst það ekki við hæfi. Þessi framvirka þjóðarsáttarhugsun, sem ég tel að umræðan í dag hafi svo fullkomlega afhjúpað, er ekkert innlegg, ekkert tilboð til sátta gagnvart þeirri stöðu sem þessi mál hafa í núinu og þá eiga menn að hætta tali af þessu tagi.

Í þriðja lagi vil ég spyrja umhverfisráðherra sem hefur með meginreglur umhverfisréttarins að gera og þar er samþættingarhugsunin mjög sterk: Hvernig í ósköpunum stendur á því að ríkisstjórnin skuli engu að síður skipta vinnunni sem fram undan er í tvennt, í nýtingarþátt undir iðnaðarráðuneyti og náttúruverndarþátt undir umhverfisráðuneyti, og kasta í öðru tilvikinu út öllum fagstofnunum og náttúruverndarsamtökum? Það er þá aldeilis samþætting (Forseti hringir.) sem fólgin er í þeim vinnubrögðum.

[17:25]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fyrst víkja að athugasemd hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar varðandi þjóðarsáttina. Ég tók það fram að ég teldi að hér væri farvegur þjóðarsáttar. Ég vil líka minna hv. þingmann á að fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sat í umræddri nefnd og stendur að þessum niðurstöðum. Þó að hv. fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi lokið sinni vinnu og skrifað undir með ákveðinni bókun á einhverjum fyrirvörum er þetta farvegur þjóðarsáttar þótt einhverjum finnist ekki nógu langt gengið í því samhengi.

Hvað varðar meginreglurnar og gagnrýni hv. þingmanns í ræðu hans áðan á það hvernig frumvarpinu var breytt eftir að nefndin skilaði því af sér, ætla ég líka að halda því til haga, hv. þingmaður, að það var gert í fullu samráði við m.a. fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem sat í nefndinni. Ég held að betur fari á því að meginreglur umhverfisréttarins séu í sérstakri löggjöf, almennri löggjöf um meginreglur, en að þeirra sé einungis gætt og þær nefndar í einum, tveimur setningum í löggjöf sem lýtur að allt öðru. Ég minni hv. þingmann á að meginreglur umhverfisréttarins taka til annars og meira en eingöngu auðlindanýtingar. Þær taka til alls umhverfisréttarins og alls sem þar er undir.

[17:26]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg ljóst að fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs skrifar ekki undir og styður ekki útfærsluna í ákvæði til bráðabirgða II í nefndaráliti starfshópsins, nú ákvæði til bráðabirgða III í frumvarpinu. Það er auðvitað veigamikill þáttur þessa máls hvernig farið er með málin og þau undirbúin á millibilstímanum.

Í öðru lagi er farvegur til þjóðarsáttar skárra orð en þjóðarsátt, það er skárra orð. (Gripið fram í.) Ég varð nú ekki var við annað eftir blaðamannafund ráðherranna í gær og pólitískar útleggingar af þeirra hálfu á þessari stöðu en að verið væri að reyna að telja þjóðinni trú um að þetta væri eitthvert þjóðarsáttartilboð gagnvart því sem fram undan er á næstu mánuðum og missirum í þessu máli. Það er einfaldlega ekki svo.

Varðandi samþættinguna er lögtaka meginreglna umhverfisréttarins, Ríó-yfirlýsingarinnar, að sjálfsögðu löngu, löngu tímabær. Það breytir ekki hinu að samþættingarhugsunin tapast út úr ferlinu í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að vinna þetta aðskilið (Forseti hringir.) undir umhverfisráðuneyti annars vegar og iðnaðarráðuneyti hins vegar. Það var það sem ég var að gagnrýna, hæstv. ráðherra.

[17:27]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var greinilega ekki hér fyrr í dag þegar við áttum orðaskipti einmitt um þá vinnu sem fram fór í kjölfarið á því að nefndin skilaði skýrslu sinni. Þegar þessi nefnd var skipuð var nefnilega ekki tryggt að nokkur fulltrúi umhverfisráðuneytisins eða undirstofnana þess kæmi að þeirri vinnu. Nefndinni var falið að vinna að nýtingaráætlun. Hún ákvað síðan að það væri ekki hægt nema jafnframt væri unnin verndaráætlun. Það var gert án þess að nokkur fulltrúi ráðuneytisins kæmi að þeirri vinnu.

Mér finnst það skjóta afskaplega skökku við að þingmaður sem telur sig málsvara náttúruverndar og umhverfismála, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerir, gagnrýni að það sé ekki tryggt að náttúruverndarhluti þessarar vinnu sé á forræði umhverfisráðuneytisins. Það var leitast við að tryggja það og það var ekki gert á vettvangi ríkisstjórnarinnar heldur var það krafa og ósk frá umhverfisráðuneytinu

að forræði umhverfisráðuneytisins á náttúruvernd og náttúruverndaráætlun væri ekki frá því tekin, sem (Forseti hringir.) ég hefði haldið að hv. þingmaður fagnaði og styddi.

[17:29]

**Útbýting:**

Fríverslunarsamtök Evrópu 2006, 552. mál, skýrsla ÞEFTA, þskj. 823.

Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 591. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 876.

[17:29]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því aðeins að nálgast þetta mál út frá hlutverki umhverfisráðuneytisins í ákvörðunum sem lúta að rannsóknum og nýtingu auðlinda lands og sjávar. Ég vil minna á að ég hef nokkrum sinnum flutt á Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem felur í sér að flytja Hafrannsóknastofnun frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis með þeim rökum að auðlindir sjávar, sem menn eiga að sjálfsögðu að nýta, eigi að gera það undir forskrift umhverfismála en ekki atvinnumála þannig að umhverfisráðuneytið eigi að marka umgjörðina um nýtinguna, fara með rannsóknir, ákvörðun um friðun og ákvörðun um nýtingu, þ.e. ákvörðun um nýtingu einstakra fiskstofna um heildaraflamark. Síðan sjá atvinnuvegaráðuneytin um framkvæmdina á nýtingunni eftir lögum þar um.

Ég vil nálgast þetta frumvarp með sama hugarfari og felst í því frumvarpi og segja að mér finnst hlutskipti umhverfisráðuneytisins í þessu frumvarpi vera harla vesaldarlegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Það er í raun sett undir hæl iðnaðarráðuneytisins og þegar honum sleppir þá er það sett undir forsjá forsætisráðuneytisins, þannig að umhverfisráðuneytið er nokkurn veginn í annarri deild í Stjórnarráðinu í meðferð á þessum málum.

Það má t.d. sjá í 14. gr. frumvarpsins en þar segir, með leyfi forseta:

„Við veitingu nýtingarleyfa í eignarlöndum ríkisins og þjóðlendum skal þess sérstaklega gætt að tekið sé tillit til ákvæða laga um meginreglur umhverfisréttar."

Tekið tillit til, þ.e. að sá ráðherra sem fer með framkvæmdina á þessum lögum, sem er iðnaðarráðherra, á að taka tillit til þess sem stendur í lögum sem falla undir umhverfisráðherra. Hann á ekki endilega að fara eftir því, hann á að taka tillit til þess. Og hver er það sem ákveður hvenær tillit hefur verið tekið til þess sem stendur í lögum um umhverfisrétt? Jú, það er iðnaðarráðherra. Það er því iðnaðarráðherrann sem ákveður að hve miklu leyti hann tekur tillit til ákvæða laga um meginreglur umhverfisréttar. Með öðrum orðum, það er ekki umhverfisráðherra sem túlkar lögin um umhverfisrétt í þessu tilliti heldur iðnaðarráðherra.

Mér finnst hlutur umhverfisráðuneytisins í þessu ferli verða æðirýr þegar þess er gætt að auðvitað á umhverfisráðuneytið að vera fullmektugt ráðuneyti til jafns við önnur ráðuneyti, en þetta frumvarp setur umhverfisráðuneytið undir dóm iðnaðarráðuneytisins að þessu leytinu til. Reyndar get ég nefnt fleiri dæmi sem lýsa svipaðri stöðu.

Í fyrsta lagi á iðnaðarráðherra að skipa starfshóp sem á að gera tillögu um nýtingu eða á hvaða svæðum auðlindanýting verði heimiluð. Auðvitað er það umhverfisráðherra sem ætti ekki bara að gera tillögur um slíkt heldur ákveða slíkt. Það er a.m.k. mitt sjónarmið í málinu að ef við ætlum að nálgast þennan málaflokk og meðferð lands og reyndar sjávar sem umhverfismál þá eigum við að fela umhverfisráðuneytinu að taka þessar ákvarðanir að svo miklu leyti sem þær eru ekki teknar í lögum. Hérna er sem sé iðnaðarráðuneytinu, atvinnuvegaráðuneytinu falið að stjórna tillögugerð um það. Umhverfisráðuneytið stjórnar aðeins tillögugerð um það á hvaða svæðum nýting verði ekki heimiluð og hefur enga tryggingu fyrir því að farið verði eftir þeim tillögum því að þær eiga að fara til forsætisráðuneytisins og forsætisráðuneytið á síðan að hafa yfirstjórn á því að ákveða hvað um tillögurnar verði. Síðan koma þær til þingsins í formi frumvarps sem umhverfisráðherra hefur ekki nein tök á.

Mér finnst því staða umhverfisráðuneytisins sem þess aðila í stjórnsýslunni sem á að taka mótandi ákvarðanir í umhverfismálum vera afar bágborin svo ég kveði nú ekki fastar orði og reyndar endurspegla dálítið hlutverk umhverfisráðuneytisins á undanförnum árum þar sem hlutverk þess hefur fyrst og fremst verið það að ógilda úrskurði stofnana umhverfisráðuneytisins sem hafa hafnað tilteknum framkvæmdum vegna þess hversu mikil áhrif þær hafi á umhverfið. Það er auðvitað ekki merkilegt hlutverk ráðuneytis þegar helsta hlutverk þess á undanförnum árum hefur verið að ógilda slíka úrskurði og leyfa framkvæmdir sem hafa töluverð röskunaráhrif og mikil, það mikil að mati stofnana ráðuneytisins að þær hafa lagst gegn því. Ég held að það sé kominn tími til að breyta nálguninni til hlutverks umhverfisráðuneytisins frá því sem verið hefur og er lýsandi í þessu frumvarpi.

Í öðru lagi vil ég nefna að frumvarpið er í raun og veru, þrátt fyrir það sem í því stendur og má segja ýmislegt um og margt jákvætt, þá er það samt í meginatriðum frumvarp um að fresta stefnumörkun og fresta því að taka ákvarðanir sem geta komið í veg fyrir eða sett stífari bönd á þær stóriðjuframkvæmdir sem stjórnvöld hafa áhuga á að hrinda í framkvæmd á næstu árum. Það er kannski stærsti gallinn á þessu máli að það er í raun og veru sett að miklu leyti í hendur stjórnvalda að hrinda þessum ákvörðunum í framkvæmd með þeim reglum sem gilt hafa í megindráttum þannig að það eru ekki í raun og veru settar neinar nýjar reglur eða ákvæði sem breyta þeim áformum sem uppi eru.

Þannig eru t.d. engin ný ákvæði sem vernda Þjórsárver í frumvarpinu. Við vitum að stjórnvöld hafa verið mjög treg til að falla frá frekari áformum um virkjanir á því svæði, skulum við segja, og aðeins fengist til þess að lýsa yfir að þeim áformum hafi verið skotið á frest eða lögð til hliðar um tíma. Það hefur ekki fengist yfirlýsing um það frá ríkisstjórninni að menn hafi hætt við áformin og mér lýst þannig á að það muni ekki vera áform stjórnvalda að hætta við það, heldur sé fullur vilji ríkisstjórnarinnar til þess að fara í Norðlingaölduveitu en ríkisstjórnin hafi bara ekki hug á því að upplýsa um þann vilja sinn fyrr en eftir kosningar.

Þannig les ég út úr þeim yfirlýsingum sem komið hafa í þessu máli, bendi m.a. á að þingmál hefur legið fyrir í allan vetur um Þjórsárver sem ekki hefur fengist tekið fyrir í umhverfisnefnd, þannig að það hlýtur að lýsa þeirri afstöðu

ríkisstjórnarinnar að það eigi ekki að gera neitt hér á Alþingi, hvorki í lagasetningu né með þingsályktun, sem bindur hendur þeirra sem vilja ráðast í Norðlingaölduveitu. Það er auðvitað slæmt, það er slæmt að menn vilji hafa svo rúmar hendur eins og hefur verið rakið fyrr í umræðunni að áður en framtíðarstefnan verður í fyrsta lagi ákveðin og í öðru lagi lögfest þá geti menn hrint í framkvæmd öllum þeim stóriðjuáformum sem eru uppi á borðinu þessa mánuðina. Það er auðvitað ekki ásættanlegur frágangur á máli, það er ekki ásættanleg stefnumörkun, það er aðeins yfirvarp og þó að áformin sem menn lýsa að þeir hafi áhuga á að setja inn í framtíðarstefnuna séu að mörgu leyti áhugaverð og hægt að taka undir þau þá eru þau yfirvarp, það er hálfgerð blekking að tefla þessu fram vegna þess að það er verið að beina athyglinni frá því sem er raunveruleikinn, að menn geti haldið áfram að festa stóriðjuframkvæmdirnar sem eru á borðinu og hafa verið á undanförnum mánuðum. Það er það sem málið snýst um.

Ætlar núverandi ríkisstjórn að ganga frá því áður en kosið verður að festa stóriðjuframkvæmdir í Helguvík, Straumsvík, Húsavík og jafnvel Þorlákshöfn, þannig að þeir sem koma að málinu eftir næstu kosningar komi að hlutunum gerðum sem ekki verður hægt að rifta eða breyta nema með stórfelldum skaðabótum? Ég held að við verðum að fá yfirlýsingu frá ríkisstjórninni um hvað hún ætlast fyrir í þeim efnum vegna þess að þetta er fyrst og fremst ríkisstjórnarmál, þetta er ekki sveitarstjórnarmál. Það er mikil einföldun að halda því fram að einstakar sveitarstjórnir ráði því hvort ráðist verði í 400 milljarða kr. framkvæmdir á næstu fjórum, fimm árum eða jafnvel meiri. Það er pólitísk stefna sem er ráðin í Stjórnarráðinu og ekki annars staðar. Við því þurfum við að fá skýr svör, hvað ætlar ríkisstjórnin að ganga langt fyrir næstu kosningar? Menn geta svo rætt þetta frumvarp og afgreitt það eftir atvikum en það mun ekki breyta neinu um þær spurningar sem ég hef sett hér fram og reyndar fleiri hv. þingmenn á undan mér.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að ég er að mörgu leyti á því og hef stutt það að menn nýti auðlindir lands ekki síður en auðlindir sjávar og ég held að menn eigi að gera það áfram, en menn eiga auðvitað að gera það út frá því sjónarmiði að menn nýti landið með þeim hætti að þeir skili því af sér í svipuðu eða ekki lakara ásigkomulagi en menn tóku við því þannig að það sé ekki gengið á möguleika komandi kynslóða til að framfleyta sér og skapa sér lífskjör. En það á líka að gera það með því upplagi að menn reyni að nýta auðlindirnar með sem bestum hætti fyrir land og þjóð. Eitt er víst að Íslendingar hafa á undanförnum árum, að mínu viti, ekki gert það vegna þess að menn hafa boðið raforkuna á svo ódýrum kjörum og lágu verði að einsdæmi er í allri Evrópu. Það er staðreynd sem menn vita, að Íslendingar hafa boðið lægsta raforkuverð í allri Evrópu. Það komu fréttir um það á Bloomberg fréttastöðinni á síðasta ári að Íslendingar byðu verð sem væri 30% lægra en það sem byðist í Evrópu. Þær fréttir voru ekki staðfestar af íslenskum stjórnvöldum en ég varð heldur ekki var við að þær væru bornar til baka.

Ég hef setið ráðstefnu um orkumál erlendis þar sem fulltrúi Evrópusambandsins kom einmitt inn á þetta og sagði að þau fyrirtæki sem hefðu hug á því að ráðast í iðjuver sem þyrftu mikla raforku væru öll á leiðinni til Íslands vegna þess að þar væri boðið besta verðið. Ég spyr: Er það nú skynsamleg ráðstöfun orkuauðlindar Íslendinga að bjóða hana á niðursettu verði? Erum við að gera það besta fyrir land og þjóð að bjóða stórum fyrirtækjum þessar auðlindir á svo lágu verði að þjóðhagsleg arðsemi verður miklu minni en ella skyldi vera? Ég held að við höfum því miður stundað útsölustarfsemi á raforkunni á undanförnum árum og ég held því miður að raforkuverðið sem menn hafa samið um eða rætt um í þeim framkvæmdum sem eru á döfinni einkennist líka af þeirri verðlagningu að það sé allt of lágt.

Ég er að mörgu leyti sammála því sem kom fram fyrr í þessari viku hjá fyrrverandi umhverfisráðherra, Sigríði Önnu Þórðardóttur, að það væri skynsamlegt að bíða. Verðið gerir ekkert annað en að hækka og það að virkja ekki er ekki fórn heldur sparnaður eða ávinningur. Við höfum alveg efni á því að leyfa okkur að bíða eftir því að fá hærra verð eða að semja um hærra verð. Það er engin knýjandi nauðsyn á því að semja um lágt verð áfram. Það ríkir ekki sama ástand nú og árin 1993 og 1994 þegar samdráttur var í íslensku efnahagslífi. Þá var skiljanlegt að íslensk stjórnvöld legðu sig fram um að ná samningum um stóriðju til þess að koma aftur snúningi á íslenskt efnahagslíf, enda var það skynsamlegt við þær aðstæður. En það er ekkert skynsamlegt við þær aðstæður eins og við höfum búið við á síðustu árum að bæta í nýjum framkvæmdum ofan í þær sem eru fyrir eða eru að klárast, þegar afleiðingin af því verður eins og menn þekkja, verðbólga og þensla.

Íslensk heimili skulduðu um síðustu áramót um 1.300 millj. kr. Ríkisstjórnin setti sér í upphafi kjörtímabilsins það takmark í efnahagsmálum að verðbólgan færi ekki yfir 2,5% á ári. Hún hefur verið yfir þeim mörkum öll ár kjörtímabilsins vegna þess að menn hafa ráðist í of mikið í efnahagsmálum. Stóriðjumálin vega þar mjög þungt, ef ekki þyngst, en auðvitað líka ásamt útþenslu bankanna sem við þekkjum. Þess vegna hefur verðbólga verið meiri en menn settu sér, um 7–8% meiri. Og ef verðbólgan hefði haldist í þeim 2,5% sem stjórnin setti sér þá hefðu íslensk heimili skuldað hundruðum milljörðum minna um síðustu áramót en þau gerðu. Það er kostnaður íslenskra heimila af þessari efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem leiddi af sér verðbólguna umfram 2,5% og það leggst sem kostnaður á íslensk heimili.

Það er því ekki hægt að halda því fram að það sé bara gott að vera með þenslu og bara ávinningur að hafa mikinn snúning í íslensku efnahagslífi. Það fylgir nefnilega böggull skammrifi í þessu eins og öðru og sá böggull lendir á íslenskum heimilum í formi skulda og þær skuldir verða íslensk heimili að borga og af þeim skuldum verða íslensk heimili að borga vexti. Þetta eru háar fjárhæðir á hverju ári sem efnahagsstefnan hefur lagt á hvert og eitt íslenskt heimili vegna þess að menn réðu ekki við að halda efnahagslífinu í því horfi sem þeir settu sér, að hafa verðbólguna í 2,5% eða minna.

Menn verða að horfast í augu við afleiðingarnar af eigin stefnu og ríkisstjórnin verður að viðurkenna ábyrgð sína á þessu. Hún hlýtur að þurfa að svara íslenskum almenningi því hvað hún ætli að gera til að bæta mönnum þetta tjón.

Því þetta er tjón, þetta er skaði á íslensk heimili sem er afleiðing af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Að hafa allt of mikið undir í efnahagslífinu þýðir þensla, það þýðir verðbólga, það þýðir tjón fyrir íslenskan almenning. Ríkisstjórnin og ráðherrarnir verða að axla ábyrgð á því.

Það er ekki nóg að axla ábyrgð með því að segjast hætta að gera það sem gert var vitlaust. Menn verða líka að svara því hvernig þeir ætli að axla ábyrgð á því þeir gerðu vitlaust. Hvernig ætla menn að bæta íslenskum heimilum þessar skuldir, virðulegi forseti? 100 milljarðar hvíla á íslenskum heimilum vegna þessarar efnahagsstefnu. Hver á að borga það? Ætlar ríkisstjórnin að koma með eitthvað til að létta þessum skuldum af heimilunum? Um það er spurt. Um það verður spurt í næstu kosningum.

Því það verður ekki spurt hvað menn gátu gert mikið og hvað menn gátu selt rafmagnið á lágu verði. Það verður spurt hvernig ríkisstjórnin geti bætt almenningi það tjón sem hún olli honum.

Ég vil svo, virðulegi forseti, aðeins víkja að því sem er framtíðarmúsíkin og lýst var í kynningu á málinu á þann veg að það að taka upp auðlindagjald og stofna auðlindasjóð væri grundvöllur fyrir þjóðarsátt um nýtingu auðlindarinnar. Ég vil þó fyrst segja að ég sé hvergi í frumvarpinu orðin auðlindagjald eða auðlindasjóður. Þannig að það er ekkert í frumvarpinu sem festir þá framtíðarsýn sem lýst var. Ekki orð um það.

Hins vegar get ég tekið undir að það er leið til þess að ná sátt um nýtingu auðlinda, að arðurinn af nýtingunni renni til fleiri en fárra, skulum við segja. Þessi yfirlýsing er reyndar líka yfirlýsing um það að ekki sé sátt um nýtingu sjávarauðlindarinnar vegna þess að þar er ekkert auðlindagjald sem nær neinu máli. Það er bara aðhlátursefni að nefna það sem útgerðarmenn greiða ríkinu árlega fyrir veiðiheimildir og það getur ekki gengið að auðlindagjald í orkunni verði með svipuðum hætti og í sjávarútveginum. Það verður aldrei nein þjóðarsátt um það.

Til þess að það verði einhver sátt um þessi mál, sem ég held að sé gerlegt, þá þarf að gæta að tvennu. Í fyrsta lagi að arðinum sé dreift þannig að það megi heita sanngjarnt. Það þýðir að almenningur fær að njóta góðs af því. Það þýðir líka að þeir sem búa við auðlindirnar njóti þeirra sérstaklega.

Við heyrum það sjónarmið norðan úr Þingeyjarsýslu sem mér finnst réttmætt, þótt það sé ekki einhlítt, að þeir leggist gegn nýtingu varmans, jarðhitans, í Þingeyjarsýslu ef orkan er ekki nýtt til atvinnusköpunar í þeirra héraði. Mér finnst sterk rök fyrir því og mér finnst að nýting auðlinda eigi að taka mið af því að arðinum sé skipt á milli þess svæðis þar sem orkan eða auðlindin er og þjóðarinnar allrar. Menn þurfa að skipta þessu á milli aðila. Það sama á auðvitað við um fiskimiðin. Ef menn gæta að þessu og svo hinu að þeir sem nýta borgi verð sem er í einhverju samræmi við þær tekjur sem menn hafa af nýtingunni þá ná menn sátt í málinu.

Nýting sjávarauðlindarinnar skilar um 130–140 milljörðum á ári. Það er ekki gefið upp og ekki tekið saman af stjórnvöldum hversu mikið menn greiða fyrir réttindin þar en þá upphæð má nálgast með þeim upplýsingum sem fyrir liggja um leigu og kaup. Ég mundi áætla að þeir sem nýta fiskimiðin væru að borga um 30–50 milljarða árlega fyrir réttinn, af þeim 130–140 milljörðum sem nýtingin skilar.

Ef við skoðum orkuauðlindina höfum við ákveðin dæmi fyrir okkur sem segja okkur eða sýna að þarna er líka um að ræða verðmæti upp á 10 eða 100 milljarða kr. Landeigendur við Jökulsána þar sem Kárahnjúkavirkjunin sækir afl sitt hafa höfðað mál til að fá viðurkenndan rétt sinn til að fá arð af nýtingunni. Þeir vilja að réttindin verði metið á 60 milljarða kr. Þeir gera kröfur til þess ef ég man rétt, að fá 15% af árlegum tekjum virkjunarinnar í sinn hlut fyrir réttindin.

Lítil virkjun var gerð í Fjarðará í Seyðisfirði og samningur til nokkurra áratuga. Þar var samið um að sá sem átti réttindin fengi 7,5% af árlegum tekjum virkjunarinnar fyrir réttindin. Þar var veitt á upphafsárum samningstímabilsins mun lægra afnotagjald eða auðlindagjald. En eftir að því tímabili lauk þá greiða þeir sem fá að nýta réttindin 10% af brúttótekjum virkjunarinnar til rétthafa.

Af þessum tveimur dæmum sjáum við því að nýting orkuauðlindanna skilar gríðarlegum peningum þegar fram í sækir þegar menn verða búnir að nýta alla þá orku sem áformað er að beisla á næstunni. Þess vegna mun skipta miklu máli hvernig menn ætla að skipta þeim arði.

Á að gefa hann til þeirra fyrirtækja sem reisa iðjuverin í formi lágra verða á raforkunni eins og menn gera í dag? Eða á að taka eðlilegt verð miðað við það sem gerist í samkeppnislöndum okkar og taka arðinn inn og dreifa honum út með þeim hætti sem ég hef lýst?

Ef menn fara þá leið þá held ég að möguleiki sé á að ná þjóðarsátt um málið. En ég held að það verði aldrei þjóðarsátt um að selja raforku á afsláttarkjörum eins og menn hafa verið að gera á undanförnum árum, virðulegi forseti.

[17:55]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Þetta er að mörgu leyti merkilegt mál og býður upp á mjög víðtæka umræðu þegar menn vilja það við hafa. Ég held að það hafi verið hæstv. umhverfisráðherra sem sagði áðan eitthvað á þá leið að þetta gæti verið farvegur til þjóðarsáttar.

Það kann svo að vera, hæstv. forseti, að það geti verið rétt. En ég held að sú þjóðarsátt felist ekki eingöngu í málinu eins og það liggur hér fyrir. Það er þá miklu frekar að hún felist í því sem boðað er, eftir 2010, ef niðurstaða næst þá því stefnumörkun málsins er að stórum hluta eftir.

Eins og málin eru í dag að því er varðar nýtingu vatnsafls og jarðvarma, orkunýtinguna, þá er ríkisstjórnin núna að vísa málinu frá sér og vísa því til sveitarfélaganna og segja sem svo: Það eru heimamenn sem eiga að ákveða hversu stór orkuver verða reist og einkanlega þó hvernig orkan verður nýtt í hvers konar iðnaði og einnig í hversu stórum einingum. Því er núna vísað heim í héruð hvort menn stækki álver eða byggi ný, hversu stór þau verði og það er í raun og veru orkufyrirtækin sem reisa kröfuna um það hversu stórar einingar þau vilja reisa, t.d. í áliðnaði og ríkisstjórnin virðist ekki ætla að hafa á því neina sérstaka skoðun eða stefnu.

Það leiðir svo að því þegar menn gera samning upp á að reisa eitt stykki álver upp á 200–300 þús. tonn, að ég tali nú ekki um 300–400 þús., þá kemur að því að það þarf að ná í

orkuna og það er auðvitað það sem við upplifðum austur á fjörðum í sambandi við Kárahnjúkana.

Það vekur líka athygli á því, herra forseti, að eins og áhuginn virðist vera núna hjá stórfyrirtækjum mörgum hverjum, þá hlýtur það að vera m.a. vegna þess að við erum að selja orkuna á lágu verði. Ég fæ enga aðra skýringu á því að stórfyrirtæki úti í heimi vilja sækja hingað en að orkan fáist afhent hér á þeim kjörum sem fyrirtækin telji sér hagstæð og vafalaust horfa þeir líka á landið og þjóðina og ýmis fleiri atriði.

En fyrst og fremst held ég að það sé orkan og orkuverðið sem stórfyrirtækin sækjast eftir að ná langtímasamningum um og ég hygg að við séum að semja um orkuverð sem mætti örugglega vera hærra en það er í dag. Menn tala alltaf um þetta orkuverð eins og eitthvert leyndarmál þó að nánast allir viti að það liggur einhvers staðar á bilinu 29–30 mill. Það er varla neitt leyndarmál, það hefur verið upplýst hér á landi m.a. af mönnum sem tengjast fyrirtæki sem er að reisa starfsemi hér, þó að þeir hafi upplýst það í öðrum löndum. Orkuverð er jú tengt álverðinu á heimsmarkaði þannig að það sveiflast með því, ef álverðið lækkar þá lækkar orkuverðið o.s.frv.

Ég held reyndar að þessi feluleikur um orkuverið gagnvart íslensku þjóðinni sé, eins og sumir ráðherrar hafa sagt, barn síns tíma. Það er engin ástæða til að viðhalda honum, hæstv. iðnaðarráðherra. Ég held að við getum alveg talað um hlutina eins og þeir eru. Þetta eru samningar um það að við viljum jú nýta orkuna. Við erum vissulega að ræða um það hvernig við viljum nýta hana. Við tökumst á um það hvaða náttúruverndarsjónarmið og hvaða nýtingarsjónarmið eiga þar upp á borðið. Það er mjög eðlilegt, en náttúruverndarsjónarmiðin verða ríkjandi. Krafan um vernd náttúrunnar er harðari nú en var kannski fyrir áratugum. Það viðhorf speglast í þjóðfélaginu og reyndar með öðrum þjóðum og við verðum að taka vaxandi tillit til þess.

Eftir sem áður hljótum við sem þjóð að horfa til þess að nýta skynsamlega orkukosti og nýta orkuna, en um það þarf að nást sátt. Um það snýst það mál sem við ræðum hér efnislega, þ.e. hvort við stefnum með þessu frumvarpi í átt að þeirri sátt. Ég tel að hún náist ekki með frumvarpinu eins og það liggur fyrir hér. Ég hafna því heldur ekki, sem hæstv. umhverfisráðherra sagði áðan, að hér getur verið farvegur fyrir þjóðarsátt þó að það sé kannski ekki beint hægt að lesa það út úr frumvarpinu eins og það er núna. Ég hygg að flestallir sem starfa í stjórnmálum og hafa hag landsins í fyrirrúmi muni vilja ná sátt til framtíðar. Ég hygg að í öllum stjórnmálaflokkum sé vaxandi vilji til að ná slíkri sátt. Ég geri þess vegna ekki lítið úr því máli sem hér er lagt upp með þó að mér finnist ýmislegt skorta á í þeim efnum eins og málið er sett fram.

Það er jú þannig að eftir að tveir aðrir starfshópar hafa verið skipaðir, annars vegar á vegum iðnaðarráðuneytisins og hins vegar umhverfisráðuneytisins, má forsætisráðherra skipa nefnd til þess að vinna úr þeim tillögum sem lagt verður upp með. Samkvæmt stefnumótuninni á svo að birtast frumvarp sem lagt verður fyrir Alþingi í upphafi þings árið 2010.

Þannig segir í bráðabirgðaákvæði nr. IV, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra skal skipa þriggja manna starfshóp sem vinna skal frumvarp um verndar- og nýtingaráætlun sem byggist á tillögum starfshópa iðnaðar- og umhverfisráðuneyta. Í starfshópnum skulu eiga sæti einn fulltrúi frá umhverfisráðuneyti og einn frá iðnaðarráðuneyti. Fulltrúi forsætisráðuneytisins skal vera formaður starfshópsins.“

Það sem kemur út úr þessum starfshópum verður sem sagt lagt fyrir þessa þriggja manna nefnd og væntanlega eru menn að setja þetta í þann farveg til þess að ná frekari sátt en boðin er í frumvarpinu, hæstv. forseti.

Stóriðjustefna stjórnvalda er virk í verki þó að stjórnvöld segi sem svo að það sé á vegum sveitarfélaga að ákveða hvort byggja eigi nýja verksmiðju, nýtt álver, stækka það sem fyrir er eða hafna slíku. Ég get ekki annað en litið svo á að ríkisstjórnin, eins og hún hefur talað á undanförnum mánuðum og missirum, vilji reisa fleiri álver í landinu, vilji m.a. stækka álverið í Straumsvík, vilji m.a. reisa álver í Helguvík. Miðað við það sem ég sagði áðan um raforkuverðið finnst mér líka vera vilji til þess að við höldum áfram að selja raforkuna á lágu verði, verði sem er mjög eftirsóknarvert fyrir álfyrirtækin. Ekki er hægt að draga aðra ályktun af ásókn álfyrirtækja í að komast hingað til lands.

Það er mín skoðun, hæstv. forseti, að Alþingi eigi að ráða ferðinni. Alþingi á að ræða um og taka ákvörðun um hvaða stóriðjukosti við viljum leyfa, hversu stórar einingar við viljum leyfa og hvernig við viljum horfa til nýtingar á mengunarkvóta okkar í sambandi við orkufrekan iðnað. Við eigum að hafa þá yfirsýn hér á Alþingi að segja af eða á um framgang í orkumálum og varðandi stóriðjustefnuna. Það á að mínu viti að leita samþykkis Alþingis fyrir virkjunarkostum og ákvörðunum um frekari stóriðju, þ.e. hvar og hvenær verður byggt. Hér á Alþingi verður líka að ákveða stærðir þeirra eininga sem menn sækjast eftir að reisa, hvort sem það er í orkuverum, rennslisvirkjunum, virkjunum þar sem byggð eru uppistöðulón og stíflur til að safna upp vatni eða með nýtingu jarðvarmans. Menn gera sér vissulega vonir um að nýting jarðvarmans verði meiri í framtíðinni en við höfum kannski enn þá nýtingarmöguleika með svokölluðum djúpborunum — það hefur svo sem ekki verið leitt í ljós og þarf ítarlegri rannsóknir til.

Þar af leiðandi er mjög margt, hæstv. forseti, sem mælir með því að við förum okkur hægt nú um stundir, könnum m.a. þá kosti sem felast í djúpborunum og hvaða orku við gætum nýtt þar. Það kann að gjörbreyta myndinni hjá okkur á mati á orkunýtingu á landinu til framtíðar þegar niðurstöður úr þeim rannsóknum liggja fyrir. Þær eru svo sem ekki alveg í hendi á næstu árum en þær munu vissulega breyta ýmsu fyrir okkur í framtíðinni ef mál fara svo sem menn vonast eftir, að þar sé mikla orku að sækja og þar séu miklir möguleikar fyrir framtíðina.

Auk þess, hæstv. forseti, tel ég að orkuverð í heiminum muni einungis hækka. Það er því spurning hvort við eigum ekki að flýta okkur hægt. Við töpum sennilega ekki miklu á því að fara okkur hægt varðandi orkunýtinguna vegna þess að allar líkur eru á því að orkan verði verðmætari í framtíðinni en hún er núna.

Í bráðabirgðaákvæði I segir að markmið starfshóps, sem á að setja á laggirnar, sé að gera tillögur um á hvaða svæð-

um Íslands nýting á auðlindum í jörðu og vatnsafli verður heimil. Vissulega tek ég undir þá stefnumótun sem hér er lagt upp með en verð þó að ítreka að ég sé ekki að þetta sé alveg í hendi. En vissulega má horfa á þetta sem ákveðinn farveg til framtíðar.

Við hljótum líka, hæstv. forseti, þegar við ræðum almennt um orkunýtingu og nýtingu lands, að horfa til auðlindanýtingarinnar, auðlindagjalda eða auðlindasjóðs — hvernig svo sem menn vilja taka þau afgjöld. Í frumvarpinu segir eitthvað á þá leið að ríkið skuli í framtíðinni fá greiðslu fyrir nýtingu í þjóðlendum, ef ég man rétt, annars vegar og á ríkisjörðum hins vegar. Síðan eru það einkaaðilar sem hafa með notkun á jarðnæði og orku að gera sem er í þeirra einkaeigu. Ég tel að sú stefnumörkun sé að þessu leyti jákvæð. Við þurfum hins vegar að marka því alveg ákveðna stefnu til framtíðar að landið okkar og orkan er sameign þjóðarinnar, alla vega það sem ekki er í eignarböndum einkaaðila, og við eigum eðlilega að taka fyrir það afgjald. Orkufyrirtækin eiga ekki að fá þessa aðstöðu ókeypis. Það verður þá að endurspeglast í hækkuðu orkuverði til þeirra sem vilja kaupa, til þeirra sem vilja nýta land og orku. Í því sambandi verðum við að meta þau náttúrugæði sem e.t.v. fara til spillis og verðleggja þau á einhvern hátt. Það er mjög sjaldan hægt að nýta orku, hvort sem það er jarðvarmi eða vatnsföll, án þess að breyta með einhverjum hætti landinu, vatnsföllum eða því umhverfi sem orkunýtingin fer fram á. Þetta er alltaf mat á milli kosta. Eins og ég gat um hér í upphafi máls míns fá náttúruverndarsjónarmiðin sífellt meira vægi í umræðunni og það er eðlilegt og sjálfsagt að við tökum í vaxandi mæli tillit til þess.

Við getum ekki sett okkur á þann bás að setja okkur reglur um að við munum ekki nýta orkuna til framtíðar en við þurfum vissulega að forgangsraða mjög skynsamlega. Það hefur að hluta til verið gert með svokallaðri umhverfisflokkun, flokkun a, b, c, og á því getum við byggt á væntanlegri vegferð til framtíðar í þessum málum.

Hér segir líka, hæstv. forseti, í bráðabirgðaákvæði nr. III, með leyfi forseta:

„Þar til verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi er heimilt, að aðgættum öðrum lagaskilyrðum, að veita nýtingarleyfi þeim rannsóknarleyfishöfum sem við gildistöku laga þessara hafa fengið útgefið rannsóknarleyfi með fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi.“

Þá spyr maður: Það er búið að lofa ýmsu. Hversu bindandi eru þau fyrir íslensku þjóðina og stjórnvöld, þau loforð sem hafa verið gefin að því leyti til varðandi rannsóknir og nýtingu?

Í þessu bráðabirgðaákvæði segir einnig:

„Þar til verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi er heimilt að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við vegna umhverfisverðmæta.“

Þetta er því allt talsvert opið, hæstv. forseti. Málið fer að sjálfsögðu til iðnaðarnefndar, vænti ég, og einnig til umhverfisnefndar og verður væntanlega farið vel yfir það. Ég held hins vegar að nefndin, sem m.a. var sett á laggirnar til að vinna að undirbúningi þessa frumvarps, hafi verið ágætur áfangi. Hér er byggt á tillögum hennar að talsverðu leyti þó að einnig séu boðaðar breytingar við þær niðurstöður enda er enginn texti svo fullkominn að ekki megi breyta honum og laga hann.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að það mál sem við ræðum hér geti orðið til sáttar við frekari vinnu hér í hv. Alþingi og í nefndum þingsins. Þó að við séum ekki endilega sammála um þau markmið sem hér eru sett á blað hljótum við öll að leita í átt til sáttar.

[18:15]

**Katrín Fjeldsted:**

Herra forseti. Þetta hafa verið áhugaverðar umræður um frumvarp til laga um breytingu á lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og búið er að fara yfir mörg þau atriði sem skipta sköpum.

Mig langar samt að leggja orð í belg því það eru ýmsir þættir sem ég vil gjarnan undirstrika. Eitt af því er þessi þjóðarsátt sem hæstv. iðnaðarráðherra minntist á í upphafi.

Ég er mjög hlynnt því að ná þjóðarsátt um þetta stóra mál. Um öll virkjunarmál og náttúruvernd á Íslandi þarf að ríkja þjóðarsátt. Ég lít svo á að frumvarp ráðherrans sé með besta vilja hans meint þannig. En það eru vissir ágallar. Sumir hafa verið nefndir í dag en ég ætla að fara yfir það sem mér þykir vanta upp á til þess að um frumvarpið geti orðið sátt. Með því að breyta frumvarpinu smávegis væri það hægt.

Í frumvarpinu er vitnað í niðurstöður fyrsta áfanga rammaáætlunar. Sá áfangi var gefinn út í skýrslu sem kom út í nóvember 2003; rúm þrjú ár eru síðan skýrslan kom út. Hún byggði á vinnu sem var samkvæmt verklýsingu frá iðnaðarráðherra þess tíma, dags. 8. mars 1999. Rannsóknirnar og vinnan hljóta auðvitað að kallast barn síns tíma. Ég veit ekki annað en að það mikið hafi breyst í viðhorfum manna, sérstaklega í umhverfismálum, að það hljóti að hafa einhver áhrif á niðurstöður sem þar voru settar fram.

En annar áfangi rammaáætlunarinnar fór af stað í september 2004. Þarna glataðist að vísu talsverður tími, en frá september 2004 hefur verið unnið að öðrum áfanga og á að ljúka honum, eftir því sem sagt er, árið 2009. Ég veit að þær rannsóknir sem gerðar verða þurfa sinn tíma og það er áreiðanlega erfitt fyrir þá vísindamenn sem leggja vinnu til grundvallar öðrum áfanga að vera undir tímapressu með að skila þeim niðurstöðum. Það eru almenn sannindi um vísindavinnu. Viðfangsefni annars áfanga er ekki einungis að undirbúa nýjar virkjunarhugmyndir, eins og sagt var áðan, heldur er viðfangsefnið einnig að endurbæta þau gögn sem stuðst var við í fyrsta áfanga um marga virkjunarkosti og þær aðferðir sem beitt var við mat.

Ég verð því að segja að mér finnst hæpið að leggja fyrsta áfanga rammaáætlunar fram sem undirstöðu nýrra laga, a.m.k. finnst mér eðlilegt að endurskoðun eigi sér stað áður og þá aftur með það í huga að hægt sé að byggja undir þjóðarsátt. Því vönduð vinnubrögð eru það eina sem sómir okkur hér á hv. Alþingi og byggja þarf á bestu fáanlegri þekkingu. Sem sagt, viðfangsefnið í öðrum áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er að endur-

bæta gögnin sem stuðst var við, en að auki fara í nýja virkjunarkosti.

Ég er þeirrar skoðunar að engin þjóðarsátt náist um þetta mál nema að núverandi virkjunaráformum sé slegið á frest. Af hverju segi ég það? Það er nú svo að almenningur er oft seinn til. Teknar hafa verið ákvarðanir sem uppgötvast kannski oft of seint. Almenningur áttar sig á alvöru máls eftir því sem löggjafinn segir eða stjórnvöld segja, of seint. Þetta þekkjum við í öllum stjórnvaldsákvörðunum, almenningur kannski áttar sig síðar og stendur frammi fyrir gerðum hlut.

Almannarómur á Íslandi er breyttur. Hann hefur breyst verulega á síðustu árum, þó við tökum ekki nema síðustu fimm ár. Það er komin ný tóntegund. Það er ekki að ástæðulausu að 15.000 manns gengu með Ómari Ragnarssyni niður Laugaveg. Það er ekki að ástæðulausu að Andri Snær Magnason hefur selt 20.000 eintök af bókinni sinni. Það er af því að fólk er orðið meðvitað um umhverfismál, vill taka þátt í þeim og vill skipta sér af því sem gert er á landinu.

Í þeirri umræðu eru virkjanir í fyrirrúmi. Fólk spyr, til hvers er verið að virkja? Fyrir hvað eigum við að fórna landinu? Erum við í erfiðleikum í þjóðarbúskap okkar? Er hjá okkur hallæri? Þurfum við að skera niður mjólkurkúna? Þurfum við að fórna einhverju sem er óafturkræft af því að ástandið hjá okkur er svo erfitt? Auðvitað er það ekki þannig. Því er alveg þveröfugt farið. Við höfum verið með of mikla þenslu á undanförnum árum og við höfum sjálf skapað megnið af þeirri þenslu með virkjunum og þeim framkvæmdum sem ráðist hefur verið í.

Þjórsárver eru gott dæmi og hefur verið minnst aðeins á þau hérna, þ.e. Norðlingaölduveitu, og að fyrir liggi þingmál sem ekki hafi fengist rætt í umhverfisnefnd sem lýtur að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Ég vil taka fram að sú tillaga er byggð á tillögu sama efnis sem ég flutti á síðasta kjörtímabili.

Þjórsárver hafa verið í brennidepli undanfarna daga eftir fund sem haldinn var austur í Gnúpverjahreppi í fyrradag. Ljóst er að mikil andstaða er risin upp gegn þeim áformum. Það eru efasemdir um að fórna náttúrugæðum undir virkjanir. En almenningur spyr líka, af hverju ál og af hverju erum við að setja öll eggin í sömu körfuna? Því það var jú það sem lagt var upp með þegar farið var að byggja álver á Íslandi. Þá var sagt: Við erum með öll eggin í sömu körfunni, sú karfa var þá sjávarútvegur. Við þurfum að fjölga eggjunum í körfunni og fá okkur fleiri körfur. Þannig komu áleggin inn.

Það var athyglisverð grein í Morgunblaðinu 11. febrúar eftir Guðfinn Jakobsson, þar sem hann ræðir einmitt um þetta, ál eða ekki ál. Þegar maður les greinina áttar maður sig á því hversu mikið mann vantar af upplýsingum. Maður reynir að kynna sér umræðuna úti í heimi, les um ál og iðnað á netinu og í Newsweek og í hinum og þessum miðlum. En fyrrnefndur maður hefur farið í gegnum skýrslur báxítumhverfissamtakanna á Jamaíku. Allt í einu sér maður þetta álmál í alveg nýju ljósi. Ég hef alltaf vitað að áliðnaðurinn á Íslandi byggir á hráefni sem við eigum ekki til og þurfum að flytja inn og afraksturinn fer út í heim og það erum ekki við sem njótum gróðans af honum fyrir sölu.

En báxítið sem ál er unnið úr, hvaðan kemur það? Það er jarðvegur, það er leir sem er nefndur báxít. Hann kemur aðallega frá Ástralíu en einnig frá eyjunni Jamaíku. Jamaíka er eyja í Karíbahafinu. Hún er ekki nema einn tíundi af flatarmáli Íslands, skógi vaxin eyja. Þar búa tvær milljónir manna. Fyrirtækin sem stunda námagröft á Jamaíku, segir þessi greinarhöfundur, heita Alcoa, Kaiser og Alcan. Til þess að komast að hráefninu, segir hann, er skógurinn skafinn burt en báxítgröftur er ein helsta orsök skógareyðingar á Jamaíka.

Guðfinnur Jakobsson segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Námurnar valda ryk- og hávaðamengun, vegir að námunum opna ósnortin svæði fyrir skógarhöggi og rányrkju, fíngert ryk fýkur frá verksmiðjunum yfir byggðir og það skolast út í sjó við útskipun og spillir m.a. kóralrifjum.

Súrálsvinnsla er einhver sóðalegasti iðnaður sem fyrirfinnst. Báxítinu er mokað inn í súrálsverksmiðjur þar sem það er skolað upp úr vítissóda, en eftir situr fíngert hvítt duft, súrál. Fyrir hvert tonn af súráli sem þannig fellur til myndast tvö tonn af rauðri drullu. Auk skógareyðingar og gríðarlegrar orkuþarfar er rauða leðjan langstærsta vandamálið sem fylgir álvinnslunni. Leðjan er menguð af vítissóda, hábasísk og baneitruð. Leðjunni er safnað í lón og tjarnir en efnin seytla út í umhverfið og menga grunnvatn, stöðuvötn og drykkjarvatn. Fyrir milljón tonn af framleiddu áli verða til um það bil fjórar milljónir tonna af rauðri leðju."

Ég ætla leyfa mér aðeins að vitna meira í grein þessa höfundar, með leyfi forseta:

„Í hvað fer svo öll álframleiðslan? Okkur er sagt að flugvélaiðnaðurinn noti mikið ál, en einungis 5% álframleiðslu heimsins fer í flugvélasmíði, en koltrefjaefni eru í sívaxandi mæli að taka þar við, t.d. er ál einungis 20% af heildarþyngd nýjustu farþegaþotu Boeing-verksmiðjanna. Stór hluti álframleiðslunnar fer í umbúðir. Tölur sem ég hef fundið eru þó nokkuð á reiki, en þær hljóða upp á að allt frá 20% upp í 75% heildarálframleiðslunnar séu notuð í umbúðir. Dósir undir gosdrykki og bjór, álbakkar undir matvæli, álpappír utan um sælgæti og ýmis matvæli o.s.frv. Ál er auðvelt að endurvinna, litla orku þarf til að bræða það upp aftur, en einungis sáralítill hluti umbúða er endurunninn, megnið fer bara á haugana."

Ég man eftir því að hafa lesið frekar nýlega sagt frá því að ef Bandaríkjamenn endurynnu allt það ál sem notað er í umbúðir, sérstaklega dósir utan af drykkjum, væri það nóg til endurnýja flugvélaflota þeirra. Það kostar sem sagt sáralítið að endurvinna ál en menn henda því í ruslið.

Ég segi þetta til að skýra að almannarómur, ekki bara á Íslandi, heldur annars staðar í heiminum talar í annarri tóntegund en áður af því að fólk er að kynnast og fá upplýsingar. Upplýsingar af þessu tagi er hægt að nálgast auðveldar í dag en áður og þær hafa breytt hugsanagangi margra.

Ef við lítum á það sem segir í niðurstöðum fyrsta áfanga rammaáætlunar, þá segir um orkufyrirtækin hér á landi, og ég vitna í þetta, með leyfi forseta.

„Oft hafa þessir aðilar lagt í ærinn kostnað við að útfæra og meta virkjunarhugmyndir áður en í ljós kom að veruleg

andstaða var gegn framkvæmdum vegna óæskilegra umhverfisáhrifa þeirra."

Svolítið síðar segir:

„Orkufyrirtækin og Orkustofnun geta því við ákvörðun um rannsóknir á einstökum virkjunarkostum nýtt sér niðurstöður rammaáætlunar með því að velja vænlega kosti sem litlar líkur eru á að valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum né deilum."

Það er sem sagt keppikefli að valda ekki deilum og það er keppikefli að ekki sé andstaða við þær framkvæmdir sem við förum í.

Þess vegna segi ég: Þar sem ljóst er að andstaða er fyrir hendi í okkar góða þjóðfélagi og hún fer vaxandi þá vil ég beina því til hæstv. iðnaðarráðherra að taka mark á þeim röddum og að undantekningarákvæðin sem eru í þriðja bráðabirgðaákvæðinu með frumvarpinu verði ekki látin standa svona. Þar er nefnilega verið að heimila þeim sem hafa verið með rannsóknarleyfi að fá nýtingarleyfi áður en vinnunni er lokið, þeirri vísindavinnu sem við viljum byggja á. Þar er líka verið að heimila að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi.

Ég fullyrði að um þetta muni aldrei nást nein sátt. Ég held að þetta kosti áframhaldandi óvinafagnað og af því að ég er friðarins manneskja vil ég beina því til ráðherrans og til nefndanna, sem taka þetta til umfjöllunar, að slá öllum frekari framkvæmdum á frest. Ég ætla ekki að segja að setja þær á ís, af því að við hækkandi hitastig í heiminum bráðnar ís. Þess vegna dugar heldur ekki að setja Þjórsárver á ís. Það þarf bara að álykta um þau og stækka það friðland.

En vinnan eins og hún er fyrirhuguð í þessu frumvarpi finnst mér að mörgu leyti góð, annars vegar starfshópur iðnaðarráðherra, ágætlega samsettur og sambærilegur hópur umhverfisráðherra. En ég hef áhyggjur af þriðja hópnum því hann á að vinna frumvarp um verndar- og nýtingaráætlun sem byggist á tillögum starfshópanna. En hvað ef þeir eru algerlega ósammála, sem gæti orðið? Fræðilega mögulegt og kannski frekar líklegt. Hvernig á sú nefnd eða sá hópur að fara að því að semja frumvarp, ef svo fer?

Ég held að með því að breyta þessu, þ.e. að fella út þessi undanþáguákvæði og ákveða að ekki verði farið í frekari framkvæmdir, geti náðst þjóðarsátt um þetta mál.

Nýja verkefnisstjórnin á ekki að skila fyrr en árið 2009. Starfshópar ráðuneytanna og starfshópurinn sem á að reyna að samræma tillögur þeirra, sú vinna á að leggjast fyrir í upphafi þings 2010–2011. Tíminn líður hratt, það er komið fram á árið 2007. Ég held að við getum, þessi efnaða þjóð, leyft okkur að bíða, af því að vönduð vinnubrögð eru það eina sem sæmir okkur. Við verðum að fara að venja okkur á að náttúran njóti vafans. Hún hefur ekki gert það nægilega hingað til og ég held að almenningur á Íslandi sætti sig ekki lengur við það.

[18:35]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða af því að þingmaðurinn kom inn á það að spilla náttúru. Okkur er oftast efst í huga okkar eigin náttúra þegar við ræðum þessi mál. Það er mjög algengt að stjórnarliðar tali um að umdeildar virkjanir til að skaffa orku til að vinna ál séu lausn en ekki vandamál af því að okkar orka sé svo hrein en t.d. orka framleidd með kolum sé svo spillandi úti í heimi að við eigum að horfa á þetta hnattrænt. Stundum þegar ég hlusta á þessa þingmenn held ég að þeim finnist það bara í lagi að í málflutningi þeirra felist að það megi virkja hverja einustu sprænu og allan jarðvarma sem finnst hér á landi af því að þá séum við að afstýra því að einhvers staðar úti í heimi verði hugsanlega framleidd orka fyrir álver með kolaorku. Reyndar væri hægt að bæta því við að með sama hætti gæti einhver önnur þjóð farið inn á mjög viðkvæmt, umdeilt svæði til að vinna gas — þó að öllum öðrum þjóðum fyndist að þetta ætti ekki að gera — af því að gasið valdi minni útblæstri en t.d. kol með alveg sömu rökum.

Við tölum aldrei um það hér hvaða náttúruspjöll verða við vinnslu báxíts. Ég minnist þess ekki í allri þeirri umræðu sem ég hef hlustað á hér á Alþingi um þessi mál og með náttúruna að leiðarljósi að við tölum um þetta. Nú kemur þessi ágæta frásögn frá Jamaíku. Ég þakka fyrir þessa frásögn hér og upplýsingar og spyr: Veit þingmaðurinn í hvaða fleiri löndum er verið að vinna þetta efni og hve miklum skaða það veldur? Það er bara hollt fyrir okkur að taka þetta með í umræðuna um málið.

[18:37]

**Katrín Fjeldsted** *(andsvar)*:

Ég þakka fyrir þessa spurningu. Það eru aðallega Ástralía og Jamaíka þar sem báxít er unnið, eftir því sem ég best veit. Lýsingin sem ég gaf hér er fyrst og fremst bundin við eyjuna Jamaíku og ég var svo sem ekki með upplýsingar víðar að en tók þetta úr frásögn Guðfinns Jakobssonar sem birtist í Morgunblaðinu í fyrradag. Mér fannst þetta afskaplega áhugavert því að maður hafði hugsað um báxít og Ástralíu, jú, jú, og það verður að flytja súrál með skipum yfir hálfan hnöttinn til að vinna ál úr því á Íslandi en umhverfisspjöllin eru greinilega mikil.

Þegar talað er um að okkar orka sé svo hrein verðum við að líta á það að við erum bara dropi í hafið. Jafnvel þótt öll orka Íslands væri virkjuð mundi hún rétt nægja til að lýsa upp og kynda eina stórborg úti í heimi, ekki meira. Við þurfum því að vera vandfýsin og velja í hvað við ætlum að setja okkar orku. Hún er ekki endalaus, hún er dropi í hafið.

[18:38]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar og þakka þingmanninum alveg sérlega ágæta ræðu. Ég deili reyndar þeim skoðunum sem hv. þm. Katrín Fjeldsted setti fram hér varðandi okkar eigið land. Við í Samfylkingunni viljum líka að núna verði gert hlé á framkvæmdum meðan verið er að vinna öðruvísi áætlanir með náttúruna í forgangi og að leiðarljósi. Það eru þannig tillögur sem við í Samfylkingunni höfum sett fram þannig að í þessu máli, eins og hún hefur sett það fram, erum við mjög sammála. Að öðru leyti þakka ég henni fyrir þessar upplýsingar og þá ágætu sýn sem hún kom með á málið.

[18:39]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu, að-

eins örfá orð sem spruttu aðallega í framhaldi af orðaskiptum mínum og hæstv. umhverfisráðherra hér áðan. Ég vil fyrst nota tækifærið og taka undir þakkir til hv. þm. Katrínar Fjeldsted og segja að það væri nú munur ef fleiri úr stjórnarherbúðunum fjölluðu um þessi mál á þeim nótum sem hv. þingmaður gerir.

Varðandi báxítið og þann enda mætti segja margar hryllingssögur af því, m.a. eins og hér var rakið frá Jamaíku og það er nú ekki allt par fallegt heldur sem gerist í aðalupprunalandi báxítsins og súrálsframleiðslunnar, Ástralíu, þó að þar sé meira landrými og sumpart aðrar aðstæður. Má ég þá líka minna á að áform stóðu til þess að reisa súrálsverksmiðju á Íslandi og það oftar en einu sinni. Það var t.d. bollalagt um það að reisa súrálsverksmiðju við Húsavík og vinna þar eina milljón tonna af súráli og afkasta tveimur milljónum tonna af rauðum leir og koma honum fyrir einhvers staðar í nágrenni við þann fallega bæ. Sem betur fer eru slík áform aflögð en þau voru svo sannarlega uppi og mönnum var dauðans alvara og ræddu um þetta sem álitlegan kost.

Varðandi stjórnsýsluþátt umhverfismála vil ég gera hér þá athugasemd að hæstv. umhverfisráðherra þarf ekki að brýna mig og okkur vinstri græn til dáða í þeim efnum. Það er þá rétt að halda til haga því að einmitt nefndarmaður okkar í nefnd iðnaðarráðherra gerir sterkan fyrirvara í séráliti sínu um stjórnsýsluþátt umhverfismála og gagnrýnir hvernig honum er fyrir komið í þessari vinnu, bendir á það að við höfum barist fyrir því að stjórnsýslufyrirkomulagi umhverfismála verði breytt í grundvallaratriðum, það þurfi að efla umhverfisráðuneytið sem meginstjórnstöð auðlindarannsókna og auðlindameðferðar til sjós og lands. Ráðuneytið þarf að fá hliðstæða stöðu í stjórnkerfinu og fjármálaráðuneytið og þannig verði markaður skýr grundvöllur fyrir valdsvið og forræði umhverfisráðuneytisins hvað varðar rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þær færist frá iðnaðarráðuneyti og eftir atvikum öðrum atvinnuvegaráðuneytum til umhverfisráðuneytis, þar með talin t.d. forusta um gerð rammaáætlunar.

Í því ljósi setti hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, fulltrúi okkar í nefndinni, það inn í sinn fyrirvara að það væri ávinningur í því fólginn að forræði vinnunnar í framhaldinu færðist frá iðnaðarráðuneytinu til forsætisráðuneytisins því að það væri þó a.m.k. hlutlaust í þessu samhengi. Mér finnst skylt að hæstv. umhverfisráðherra hafi það í huga, okkar afstaða liggur alveg skýr fyrir í þessum efnum og við þurfum engin frýjunarorð í sambandi við það.

Varðandi málið síðan í heild sinni er það ósköp einfalt. Það verður engin þjóðarsátt um vettlingatök af þessu tagi. Það eina sem getur orðið einhver sátt um er algjört stopp, frysting og a.m.k. að ekkert verði gert frekar í þessum málum fyrr en bak kosningum. Það er lýðræðisleg krafa að þessi fúna ríkisstjórn á síðustu metrum lífs síns fari ekki að taka einhverjar ákvarðanir sem þvælist fyrir mönnum að loknum kosningum. Það er strax innlegg í þetta mál ef ríkisstjórnin heitir því, það er líka lýðræðisleg krafa þegar fram undan er vonandi nýr meiri hluti á Alþingi sem kemur til með að setja þessi mál í annan og betri farveg. Þá erum við að tala um eitthvað sem getur skipt máli í aðdraganda kosninganna en það er algerlega ónýtur málatilbúnaður hjá ríkisstjórninni að þessi ósköp dugi henni eitthvað til þess að fá þjóðina til að fyrirgefa sér í þessum efnum.

[18:43]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu sem hefur verið mjög ítarleg og skilmerkileg og að langmestu leyti stóryrðalaus og málefnaleg. Ég hef sannfærst um það við þessa umræðu, þrátt fyrir það sem nokkrir hv. þingmenn hafa sagt, að þetta frumvarp markar leið til þjóðarsáttar. Umræðan, sem hér hefur farið fram, er fyrst og fremst um næstu fjögur ár, þ.e. millibilstímabilið, undirbúningstímabilið, en hér hefur hins vegar fjarskalega lítið verið rætt um það meginatriði frumvarpsins sem er heildaráætlun sem taki gildi með samþykkt Alþingis á árinu 2010. Ég tek undir það sem sagt hefur verið, að við þurfum að halda rannsóknum áfram og auka þær og er m.a. gert ráð fyrir því í frumvarpinu eins og kom fram í framsöguræðu minni um mat fjármálaráðuneytisins á kostnaðarþáttum við frumvarpið.

Í umræðunum hefur hæstv. umhverfisráðherra svarað spurningum um breytingar sem gerðar voru frá upphaflegri mynd frá þeirri nefnd sem vann frumvarpið, þ.e. að mynda tvo hópa í stað eins og síðan um meginreglur umhverfisréttarins. Og ég vísa til þess sem hún sagði um það.

Það voru mistök mín, að ég bað ekki um orðið á réttum tíma, til að svara fyrirspurnum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, og því er til að svara að eldra rannsóknarleyfi er útgefið fyrir Ölkelduháls og fyrir Tröllladyngju en síðastliðið haust var gefið út rannsóknarleyfi fyrir Sandfell, byggt á nýrri gagnaöflun. Hún spurði líka um þá staði í b-flokki umhverfisáhrifa sem gerðar hefðu verið athugasemdir við. Því er til að svara að það er Skaftárveita og Skaftárvirkjun, Brennisteinsfjöll, og síðan var gerð athugasemd við Villinganesvirkjun vegna ferðamennsku og ferðaþjónustu, en um þá virkjun er eldra leyfi heimilað af Alþingi. Þá eru í b-flokki eftir Krafla – Leirhnúkur, Urriðafossvirkjun, Þeistareykir, Hrafnabjargavirkjun a og Fljótshnúksvirkjun, sem ekki hefur verið gerð athugasemd við.

Um meginefni umræðunnar hér í dag er það að segja að frumvarpið gerir ráð fyrir því að lögmætar fyrri ákvarðanir, sem teknar hafa verið og hafa fullt gildi, haldi gildi sínu svo sem eðlilegt er. Í annan stað er rammaáætlunin lögð til grundvallar, bæði fyrsti áfangi hennar eins og hann er, en alveg sérstaklega að halda áfram að vinna á þeim grundvelli. Sannleikurinn er sá að þessi rammaáætlun, svo skammt sem hún er komin, er ákaflega vönduð vinna. Ég leyfi mér að vitna til þess sem hópurinn sem samdi frumvarpið segir. Á blaðsíðu 77 í frumvarpsútgáfunni segir, með leyfi forseta:

„Líta má á niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar sem grunn fyrir mat á frumáætlunum virkjana, með hliðsjón af nýtingar- og verndunarsjónarmiðum, þar sem þær gefa vísbendingar um umhverfisáhrif mismunandi virkjunarkosta, en jafnframt kemur þar fram hvaða kostir geti verið fjárhagslega vænlegir. Með vinnu að rammaáætlun hefur að auki myndast mikilvægt gagnasafn um rannsóknir og náttúrufarsaðstæður virkjunarkosta sem kemur að miklu gagni þegar hugað er að frekari rannsóknum, nýtingu eða vernd-

un." — Síðan er fjallað áfram um þetta í neðanmálsgrein.

Ég held þess vegna — og sérstaklega með tilliti til þess að þau orð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði um þetta efni, um að það vanti gögn, miðist fyrst og fremst við flokkana d og e, c og aðallega þó d og e — að rammaáætlunin haldi fyllilega gildi sínu sem grunnur undir frekari rannsóknir og grunnur undir ákvarðanir. Líka hvað snertir magn og gæði gagna.

Hér hefur nokkuð verið talað um verð á raforku og ýmsar efasemdir komið fram í því efni. Það er mikilvægt að hafa í huga að verðið er tengt við endanlegt afurðaverð og hefur þess vegna gjarnan reynst hærra, eins og menn geta séð með því að bera saman ársskýrslur viðkomandi fyrirtækja, reynst hærra en ætla mætti beint af samningum.

Það er alveg ljóst að ef ásókn vex í raforku á Íslandi mun verðið hækka. Það er alveg ljóst. Hingað komu til mín norskir aðilar síðastliðið haust og voru að spyrjast fyrir um þetta vegna þess að það fréttist í Noregi að iðnfyrirtæki þar ætluðu að fara að hverfa til Íslands til þess að eltast við ódýrt rafmagn. Ég tjáði þeim að þeir yrðu snarlega fyrir vonbrigðum vegna þess að við vaxandi ásókn þá hækkar að sjálfsögðu verðið.

Við getum ekki séð fyrir um langa framtíð. Ég vara við því að menn treysti á það að fresta til þess að fá hærra verð. Það lítur þannig út núna en það getur breyst á skömmum tíma. Ég vara líka við því viðhorfi að fara að fresta eða slá af allar þær lögmætu ákvarðanir sem teknar hafa verið eða fara að vefengja fyrri hluta rammaáætlunarinnar í því skyni að ekkert verði gert í fjögur ár. Sannleikurinn er sá að vindarnir breytast undur hratt í efnahags- og atvinnumálum. Þó að nú sé þensla, og hafi verið að undanförnu, er alls ekki víst að svo verði næstu þrjú, fjögur, fimm árin. Þessi verkefni taka líka hvert um sig miklu meira en þrjú, fjögur ár í framkvæmd. Við verðum líka að hafa það í huga.

Jafnframt er þess að geta að ekki er búið að staðfesta þau verkefni sem við erum að tala um. Enn er mjög mikil óvissa uppi um marga þætti. Það eru umræður í sveitarfélögunum. Við höfum talað um það í þessari umræðu og fyrr í dag. Mjög marga þætti á eftir að fjalla um í einstökum atriðum áður en þær fyrirætlanir sem mest er talað um komast til framkvæmda. Fjögur ár eru satt að segja undur skammur tími og það er hættulegt í atvinnu- og efnahagsmálum og hagstjórn að vera með einhvers konar stopp/start-stefnu. Það er mjög hættulegt.

Það er miklu betra og skynsamlegra að halda sig við vandaða rammaáætlun, halda sig við ströng skilyrði, vinna vel að þessum hlutum með vandaðri stjórnsýslu og fylgja þeim ábendingum sem koma frá umhverfisráðuneyti og öðrum aðilum, frekar en að hlaupa í einhverju hræðslufáti út í start/stopp eða stopp/start-viðbrögð í efnahagsmálum. Ég vara við því.

Hér voru aðeins í umræðunni nefndar þær reglur sem gilda um verkaskiptingu ráðuneytanna. Auðvitað fjallar þetta frumvarp ekki um verkaskiptingu ráðuneytanna. Það eru lög um stjórnarráð Íslands. Það kemur vel til greina að breytingar verði á verkaskiptingu milli iðnaðarráðuneytis eða atvinnuvegaráðuneytis og umhverfisráðuneytis í þessum efnum. En það er framtíðarmál.

Það hefur líka töluvert verið talað um efnahagsstefnu og þenslu. Það var vitað, og því var lýst yfir fyrir fram af ríkisstjórninni, að við stórframkvæmdirnar á Austurlandi yrði þensla. Sannleikurinn er hins vegar sá að þenslan af þeim varð minni en menn höfðu ætlað og mætti fara um það mörgum orðum hverjar ástæður þess voru. Það var hins vegar innrás viðskiptabankanna á fasteignalánamarkaðinn sem olli þeirri þenslu sem við höfum verið að takast á við nú á síðustu missirum og það er nauðsynlegt að hafa í huga.

Ég vil taka undir þau orð sem aðrir hafa haft hér, að þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir hennar ágætu ræðu og fyrir þær prýðilegu upplýsingar sem hún kom fram með. Mér voru þær að vísu kunnar að miklu leyti eins og mörgum fleirum en þær áttu erindi í umræðuna. Ég vil taka fram að ég er sammála hv. þm. Katrínu Fjeldsted um það. Við eigum ekki að stefna að því að hafa öll okkar egg í sömu körfu. Við höfðum það einu sinni í þorski og síld og við eigum ekki að stefna að því að það verði allt í alúmíníum. Það er ekki skynsamlegt. Ég tel að við eigum að stefna að áframhaldandi vexti þekkingarsamfélags með vísindum og tækni og hátekjustörfum. Hluti af þeirri mynd er orkufrekur iðnaður en aðeins hluti, aðeins takmarkaður hluti.

Eins og fram hefur komið höfum við gert mjög miklar breytingar á stjórnsýslu þessara mála samkvæmt lögum sem sett voru árið 2003. Á grundvelli þeirra er ekki lengur rekin virk leitarstefna eftir fjárfestum og eftir tækifærum eins og gert var meðan Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar starfaði og iðnaðarráðuneytið vann mikið að þessum efnum. Hins vegar hefur ríkisvaldið verið að reyna að móta almenn viðskiptaleg viðhorf og rekstrarviðhorf á þessum markaði eins og öðrum. Það er erfitt vegna þess að þessi markaður er að mörgu leyti mjög sérstakur.

Það er nauðsynlegt að hafa í huga að ríkisvaldið kemur víða að ákvörðunum á þessu sviði. Það eru rannsóknarleyfi, það eru nýtingarleyfi og það eru rekstrarleyfi sem frumvarpið fjallar m.a. um. En það eru margs konar samningar og aðkoma sem verður síðan í undirbúningi verkefna. Það er rétt að hafa það í huga um þau verkefni sem hér hefur verið talað um, þau þrjú eða fjögur verkefni sem hér hefur verið talað um að séu á döfinni. Ég endurtek það sem ég sagði áðan. Það eru ákaflega margir þættir í þeim sem á eftir að staðfesta, eftir að ákveða og eftir að tímasetja.

Í þeim skilningi er alveg óþarfi að vera með stopp/start-stefnu eða start/stopp-stefnu á næstu árum. Ég vil sérstaklega taka fram, og taka undir það sem kom fram í umræðunni, að þessi fyrirtæki eru mjög viðkvæm fyrir andstöðu, viðkvæm fyrir því þegar almenn andstaða kemur fram í þeim samfélögum sem þau ætla að starfa í.

Það er ljóst af þessari umræðu að ágreiningurinn er fyrst og fremst um undirbúningstímabilið, um þessi fjögur ár. Ég skil umræðuna á þann veg að í öllum aðalatriðum sé boðuð þjóðarsátt, víðtæk sátt um það tímabil sem þar kemur á eftir og ítreka ég þó það sem ég hef áður sagt við fjölmiðla: Auðvitað verða alltaf deilur um einstök verkefni og einstaka staði eins og gengur í frjálsu þjóðfélagi og er ekkert um það segja. Það er eðlilegt og gott að umræðan sé upplýst og málefnaleg.

Á þessu tímabili er rammaáætlunin hins vegar lögð til grundvallar. Þau verkefni sem hljóta einkunnina a í um-

hverfismati eða b án neikvæðra athugasemda og ef eitthvert annað verkefni verður á döfinni verða að koma til sérstakar rannsóknir, sérstakt sambærilegt mat og samþykki Alþingis.

Hér var talað um jafnræði nýtingar og verndar. Ég held að í framtíðinni verði það svo að verndunarsjónarmiðin fái vaxandi vægi. Ég held að við munum sjá þá þróun verða á komandi árum. Þá á ég m.a. við það að verndunarsjónarmiðin hafa, eins og líka hefur komið fram í umræðunni hjá hæstv. umhverfisráðherra, í sér fólgna mjög mikilvæga nýtingarhlið, þar sem er útivist, þar sem er að njóta fagurrar náttúru, þar sem er ferðaþjónusta o.s.frv. Reyndar getur ferðaþjónusta líka verið traðk og manni ber að taka það fram. En ég held að í ljósi þessa og í ljósi margra annarra mikilvægra sjónarmiða muni verndunarsjónarmiðin öðlast aukið vægi.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir okkur að stefna á þeim grundvelli sem þetta frumvarp leggur að þeirri víðtæku þjóðarsátt sem greinilega getur orðið að liðnu því undirbúningstímabili sem ég var að rekja áðan, og í þeim skilningi var það í rauninni snjallyrði að tala um framvirka þjóðarsátt. Ég læt máli mínu lokið með því að láta í ljós þá von að þau orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar verði áhrínsorð.

[18:58]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega á móti þeim sjónarmiðum sem hæstv. ráðherra hefur sett hér fram um að þetta frumvarp feli í sér þjóðarsátt. Ég tel þvert á móti að hæstv. ráðherra sé að bregðast friðarskyldu sinni sem stjórnvald. Hann er hér á síðustu vikum ríkisstjórnar, sem er kolfallin í skoðanakönnunum, að leggja fram mál sem bindur hendur næstu ríkisstjórnar til að minnsta kosti fjögurra ára.

Það verður aldrei nein þjóðarsátt um þetta mál nema því fylgi að hann fresti öllum þeim stóriðjuframkvæmdum sem nú eru á döfinni. Þjóðin hefur verið undirlögð af deilum um einmitt þau stóriðjuáform sem nú eru helst uppi. Þess vegna er það einungis það að gera stóriðjuhlé sem getur leitt til sáttar um þessi mál.

Mér finnst undarlegt af hæstv. ráðherra að koma hér og tala eins og í þessu felist eitthvert tilboð um sátt af hans hálfu. Það getur aldrei verið viðunandi tilboð um sátt, sem ég mundi fegins hendi taka, nema því fylgi að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir friði í samfélaginu um þessi mál.

Þetta er það umdeildasta sem nú er uppi og það er ekki hægt að bjóða upp á regluverk sem bindur hendur næstu ríkisstjórnar með þeim hætti að þingið fái ekki ráðrúm til þess að taka í sínar hendur þessi mál öll. Það hefði orðið að fylgja þessu til þess að nokkur sátt yrði um það.

Hæstv. ráðherra bendir á þá augljósu staðreynd að fjögur ár er undraskammur tími. En ég vil upplýsa hann um það að þrír mánuðir er miklu skemmri tími. Hvað er að því að láta nú nótt sem nemur og fresta þeim stóriðjuframkvæmdum sem eru á döfinni til að ná sátt um þetta og láta nýja ríkisstjórn ráðast í þetta? Hæstv. ráðherra talar um start/stopp eða stopp/start-stefnu. Hvernig væri að hann mundi íhuga að taka upp stopp/stopp-stefnu?

[19:00]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég varaði og vara enn einlæglega við stopp/start- og start/stopp-stefnu. Ég veit að ég þarf ekkert að segja þá um stopp/stopp-stefnu.

[19:00]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst svarið snubbótt sem hæstv. ráðherra gaf síðasta ræðumanni vegna þess að auðvitað eru þau vandamál sem uppi eru ekki leyst með þessu frumvarpi. Og mér þykir það vont ef hæstv. ráðherra ætlar að klúðra því góða sem er í frumvarpinu með því að vilja ekki standa að því að sjá til þess að framhaldið, sem þarf að vera, komi til líka. Auðvitað á ríkisstjórnin að segja fólkinu í landinu hvað hún vill. Hún hefur ekki gert það. Hæstv. ráðherra lætur það liggja úti í veðrinu hver framtíðin er. Og hvernig er það veður? Það er þannig að orkufyrirtækin ráða því hvar þau ráðast í framkvæmdir. Það er þannig að kosið er um það í Hafnarfirði hvort næsta stóra álver verður byggt upp á Íslandi. Það er þannig að í Keflavík er búið að taka ákvörðun um að það sem er þarnæst í röðinni verði þar, eða fyrst í röðinni ef Hafnfirðingar fella.

Hæstv. ríkisstjórn hefur enga stefnu í málinu. Hún hefur engan ramma þótt hæstv. ráðherra hafi talað um að einhver rammi eigi að vera utan um þessi mál, þá er hann enginn. Hæstv. ráðherra verður að gera betur.

Ef hann ætlar að standa við stóru orðin um sátt við þjóðina þá er það hægt en til þess þarf vilja ríkisvaldsins, ríkisstjórnarinnar. Þannig ættu menn að fara inn í næstu kosningar að menn viti það a.m.k. nákvæmlega hvernig sú stefna á að vera sem er fram undan. Hvað eru menn að kjósa yfir sig í kosningunum? (**Gripið fram í:** Liggur það ekki nokkuð ljóst fyrir?) Hæstv. ráðherra verður að tala skýrar í þessum málum, annars verður ekki ályktað öðruvísi en að stóriðjan á Íslandi sé frjáls fyrir þá sem vilja.

[19:03]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem kemur fram í frumvarpinu, sem var niðurstaða þess starfshóps sem vann undirbúningsvinnuna að því, að fylgja fyrri lögmætum ákvörðunum, fylgja hæstu einkunnaflokkum í rammaáætlun sem grunni og starfa þannig áfram á þessu millibilstímabili, fjögurra ára tímabili. En ég endurtek að eftir er að taka fjöldamargar ákvarðanir. Flest í þessum verkefnum sem við erum að tala um er óstaðfest, er háð samþykki, staðfestingum og skipulagsvinnu í sveitarfélögum, a.m.k. á einum stað með allsherjaratkvæðagreiðslu. Ég veit ekki hvernig verður á öðrum stöðum. Það er því engin ástæða til að hlaupa upp í hræðslufár út af því.

[19:03]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru í sjálfu sér ekki til lögmætar ákvarðanir fyrir rammaáætlun. Verið er að leggja það til núna að rammaáætlun fari til umfjöllunar á Alþingi. Ég býst við að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir að menn verða þá að taka þann hluta rammaáætlunar sem gert er ráð

fyrir að verði notaður á þessu millibilsástandi og skoða hann. Þar eru ýmis spurningarmerki uppi og það er ekki hægt að líta þannig á að einhver niðurstaða sé þar, Alþingi verður að taka þessa ákvörðun.

Ég verð að segja alveg eins og er að það virðist skína út úr því sem hæstv. ráðherra segir að engan bilbug sé á honum að finna, að hafa þessa stefnu frjálsa fyrir þá sem vilja fara í slíkar framkvæmdir inni í framtíðinni, en vill samt ekki lýsa því yfir hver sú stefna er í raun og veru. Ríkisstjórnin virðist ætla að hafa þetta svona í lausu lofti. Ég vara menn við í þessu. Og vegna þess að hæstv. ráðherra hefur talað þannig (Forseti hringir.) að hann vilji tryggja þessu máli framgang þá verður hann að gera betur (Forseti hringir.) ef það á að vera hægt.

[19:05]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það og endurtaka að það er stefna ríkisstjórnarinnar að reyna eftir því sem unnt er að tryggja almenn og opin viðskiptaskilyrði á þessum markaði eins og í atvinnulífi og viðskiptalífi yfirleitt. Við gerum okkur hins vegar fulla grein fyrir því að þessi orkumarkaður hefur ýmis sérkenni og einkenni. Við erum lítið samfélag úti í hafi sem veldur því að alltaf verða miklar takmarkanir á þeim markaði og það verður að sjálfsögðu að bregðast við því og ganga þannig frá að vegna markaðsbresta sé hlutverk opinberra stofnana og eftirlitsstofnana alveg sérstaklega sterkt. Gert er ráð fyrir því að Orkustofnun leiki hér mjög mikilvægt hlutverk.

Ég deili ekki þeirri skoðun hv. þingmanns að við séum að gera ráð fyrir allt of miklu frelsi. Ég lít þvert á móti svo á að það séu mjög rammar skorður á þessum markaði settar og gert sé ráð fyrir mjög virkri aðild eftirlitsstofnana ríkisins og aðhaldi bæði af þeirra hálfu og af hálfu sveitarfélaganna á þeim markaði og tel að það sé nauðsynlegt.

[19:06]

**Útbýting:**

Leiðbeiningarreglur varðandi uppsagnir starfsmanna, 495. mál, svar félmrh., þskj. 848.

Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 588. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 873.

[Fundarhlé. — 19:08]

[19:41]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hæstv. flutningsmanni þessa frumvarps er mjög í mun að geta komið einhverju sáttarorði á þá smíð sem hér liggur fyrir. Það er ekki nema sanngjarnt að ítreka það að að baki frumvarpinu er starf nefndar sem skipuð var m.a. fulltrúum úr öllum þingflokkum og sú nefnd náði málamiðlun sem vísar eða getur vísað fram á veg í þessu máli. Við höfðum tekið framtíðarkaflanum í þessu frumvarpi jákvætt og í sjálfu sér ber að fagna því að fulltrúar ríkisstjórnarinnar, stjórnarflokkanna, skuli hafa þorað að stíga þetta skref sem í honum felst.

Það er hins vegar fullsnemmt að kalla þennan framtíðarkafla einan og sér þjóðarsátt eða farveg fyrir þjóðarsátt eða framvirka þjóðarsátt eða hvaða orðahröngl sem menn vilja nota og inniber orðið þjóðarsátt. Það er vegna þess, forseti, að náttúruvernd hefur ekki verið sett í öndvegi í þessum kafla frumvarpsins. Það eru vissulega þrjár nefndir sem eiga að fjalla um málið og koma upp einhverju sem á að heita verndar- og nýtingaráætlun, en skipulagið er þannig að það er alveg óljóst á hvaða forsendum þessar nefndir eiga að vinna, eins og ég rakti í fyrri ræðu, og hefur ekki verið skýrt fyrir mér þrátt fyrir óskir um það, og það er fullkomlega forsendulaust sem sett er fram hugmyndin um nefnd forsætisráðherra, umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra sem síðan eigi að vinna úr þessari nefnd það frumvarp eða þingmál sem hér á að leggja fyrir haustið 2010. Um þetta er út í bláinn, eða úti í blánum má kannski segja, um þetta mál vitum við ekki meira en saman er raðað með þeim bókstöfum sem í frumvarpinu eru. Myndin er vissulega fríðari sem þar með er upp dregin en sú sem fyrir lá áður en þessi skýrsla og síðan þetta frumvarp var sett fram.

Það er svo í öðru lagi úrdráttarefni þeim sem aðhyllast náttúruvernd og vilja ná raunverulegri þjóðarsátt um skynsamlega nýtingu, þar á meðal með vernd á þeim landsvæðum sem hér um ræðir, að allt er þetta á forsendum orkunýtingarinnar. Það nefndarstarf sem hér á að fara fram á aðeins að taka til þeirra svæða sem koma til greina vegna orkunýtingar á sama hátt og rammaáætlunin um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem hér hefur verið rómuð og á það skilið á sinn hátt en það starf var sett af stað einungis á forsendum orkunýtingar. Þar er ekki fjallað um önnur svæði og það er svo mikið á forsendum orkunýtingar, eins og ég skal tyggja hér enn einu sinni, að þar er fjallað um einstök virkjunaráform. Það er ekki fjallað um virkjunarsvæði heldur einstök virkjunaráform og hvernig þau geti komið út í nokkrum pörtum og þar á meðal er sem sé umhverfisverndarparturinn.

Vegna þessa er ekki líklegt að þjóðarsátt með nokkrum hætti geti skapast um þennan hluta þessa frumvarps. Leið til þess hefði hins vegar verið, forseti, að marka í frumvarpinu skýran inngang að þessu tímabili þannig að næstu fjögur ár, fimm eða tíu eða hvað sem þau nú í raun og veru verða mörg væri vakað yfir náttúruverðmætum og náttúrugæðum og búið þannig um hnúta að framkvæmdir á náttúrusvæðum væru sem allra minnstar og ekki nema þær sem þegar er búið að hrinda af stað í reynd eða undirbúa með þeim hætti að ekki er ástæða til að stöðva þær, og búa þá svo um hnútana enn fremur að aðrar framkvæmdir verði ekki settar af stað nema með samþykki Alþingis. Af hverju samþykki Alþingis frekar en samþykki iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra eða réttara sagt Orkustofnunar í samráði við umhverfisráðherra og undir yfirstjórn iðnaðarráðherra eðli málsins samkvæmt? Jú, ekki einungis vegna þess að framkvæmdarvaldið hefur sýnt þá hneigð að vera ákaflega orkusinnað og finnast mjög lítið til um hagsmuni náttúrunnar á undanförnum árum sem hér væri gott og snjallt að rekja í lengra máli. Það má minna t.d. á samskipti hæstv. umhverfisráðherra sem nú gegnir öðru miklu embætti úr sama flokki og sá hæstv. iðnaðarráðherra sem hér situr, samskipti hennar við Skipulagsstofnun vegna Kárahnjúkavirkjunar sem dæmi um það að þegar til stykkisins kemur er það náttúran sem víkur og framkvæmdirnar sem vinna.

Það er hins vegar ekki gert og það verður að benda hæstv. iðnaðarráðherra á það vegna hinnar glaðbeittu ræðu sem hann hélt hérna áðan að við það eru gerðir sterkir fyrirvarar í bókunum tveggja af þeim sem sátu í þeirri nefnd sem þetta frumvarp samdi eða fyrstu gerð þess. Þeir fyrirvarar koma annars vegar frá fulltrúa Samfylkingarinnar og hins vegar fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs þannig að þetta vissu menn fyrir. Það er ekki að koma upp á núna að þetta sé rætt eins og ýjað hefur verið að í umræðunni í dag.

Ástæðan fyrir því að hér er efast um að það skapist sú framvirka þjóðarsátt eða sú ímyndaða þjóðarsátt sem hefur verið kynnt á blaðamannafundum er auðvitað m.a. sú að menn spyrja sig: Hvað verður eftir þegar þessi inngangstími, umþóttunartími eða hvað við eigum að kalla hann er liðinn, þessi skömmu fjögur ár sem hæstv. iðnaðarráðherra talaði hér um? Hvað verður eftir þegar sú virkjanastarfsemi sem nú er í gangi hefur aukist nánast um 100%, eða 150% ef þau áform ganga eftir sem nú er mætt með hlýju og velvild af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnar þeirrar sem hann situr í?

Það er rétt hjá hæstv. iðnaðarráðherra að það er líklegt að verndarsjónarmiðum aukist fylgi á næstu árum. Það er engin furða vegna þess að þær framkvæmdir sem um er að ræða beinast að náttúruverðmætum, dýrmætum náttúruverðmætum sem eru af skornum skammti á Íslandi. Það ætti rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma ein sér að geta sýnt þeim ráðherrum sem hér eru staddir eða ættu að vera staddir.

Þriðja — eða fjórða — ástæðan fyrir því að mönnum bregður nokkuð þegar talað er um þjóðarsátt í þessu máli á þessum skamma tíma fyrir kosningar eru þau áform sem fram koma í hinni stóriðjustefnulausu ríkisstjórn þegar litið er á afstöðu hennar í loftslagsmálum. Hvernig eru þau? Jú, þau eru þannig að ríkisstjórnin hefur í raun lýst því yfir núna með fréttatilkynningu sinni um frumvarp umhverfisráðherra sem kynnt var 6. febrúar — hefur að vísu ekki borist þinginu eða verið birt af einhverjum ástæðum, sem er sérkapítuli í vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar, þó að nú sé kominn 13. febrúar — að íslenska ákvæðið skipti í raun og veru engu máli, hið fræga íslenska ákvæði í samræmi við Kyoto-samninginn. Menn muni halda sig formlega innan þessa ákvæðis en ef þau álver sem hér verða reist eða stækkuð í framtíðinni þurfi á meiri orku að halda geti þau útvegað hana sjálf með því að kaupa hana að utan og setja hana þá væntanlega í almenna kvótann þannig að þetta verði að lokum þannig að menn haldi sig formlega innan ákvæðisins og Íslendingar sjálfir þurfi ekki með beinum hætti að kaupa þennan kvóta fyrir álverin — en álverin eiga að rísa. Hvað loftslagið varðar segir ríkisstjórnin: Loftslagsmálin eiga ekki að stoppa álversuppbygginguna hér á næstu árum. Þetta jafngildir yfirlýsingu um það að öll þessi áform geti af hálfu ríkisstjórnarinnar farið í gegn. Það þarf að framleiða orku fyrir öll þessi álver. Það jafngildir því að hér þarf að framkvæma í virkjunarmálum og það jafngildir því að allar þær virkjunarhugmyndir sem núna eru uppi á borðinu og fleiri til verða að veruleika ef ríkisstjórnin sem nú situr hefur sitt fram, bæði þau virkjunaráform sem nú er einhvers konar leyfi fyrir, þau virkjunaráform sem eru í gangi með rannsóknarleyfi og fyrirheit um nýtingarleyfi og líka töluverður hluti af þeim virkjunaráformum sem hér eru kölluð virkjanir a og virkjanir b samkvæmt rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Ég hef spurt og fengið lítil svör um það hvernig hátti til með þau áform. Að vísu er hróss vert að hæstv. iðnaðarráðherra hefur nefnt, að ég held, að fjögur virkjunaráform í b-hlutanum komi ekki til greina, ég skil það svo að þau komi ekki til greina vegna þeirra athugasemda sem gerðar eru um þau áform í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, en í raun og veru standa meira og minna allar hinar virkjanirnar eftir í því dæmi. Það er athyglisvert að hæstv. umhverfisráðherra, sem nú er komin í salinn, brást þannig við fyrirspurn minni áðan þegar ég spurði um afstöðu umhverfisráðherrans til þess að Alþingi fengi að ákveða sjálft um þessar virkjanir samkvæmt atvikum hverju sinni að svar hennar var það að sitja á sínum stóli og koma ekki í það andsvar sem var fullkomlega rökrétt, fullkomlega eðlilegt, fullkomlega stælalaust. En þá bara settist hæstv. umhverfisráðherra og horfði út í loftið. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur heldur ekki svarað þessum spurningum og ég á ekki von á að það hafi nokkuð upp á sig að spyrja hann þeirra. Mér sýnist það ekki af svörum hans við fyrirspurnum annarra um svipuð efni.

Það er ekki ástæða til trúnaðar þegar litið er yfir þessa sögu, þegar umhverfisráðherra segir um stóriðju að hún sé ekki vandamál í kringum loftslagið heldur hluti af lausninni — það er haft eftir umhverfisráðherra, hluti af lausninni — sem væntanlega þýðir að umhverfisráðherra býður Ísland fram til lausnar á hinum hnattræna loftslagsvanda með því að fá hingað meiri og meiri stóriðju. Ég ætla ekki í þessari ræðu og undir þessum dagskrárlið um þetta frumvarp að leggja neitt fram í þau orðaskipti og þær umræður sem hér urðu áðan um það að hve miklu leyti þetta væri skynsamlegt hjá ráðherranum, að hve miklu leyti það væri okkar að leggja fram einhvers konar fórn í þágu vandans í heiminum. Ég tel að heimurinn óski ekki eftir slíkri fórn af okkar hálfu, ef ég má þó segja það. Ég hef ekki orðið var við neina ósk af hálfu heimsbyggðarinnar um að við eyðileggjum náttúru okkar, skemmum hana og spillum — sem talin er einstæð af hálfu allra sem hana þekkja — til að leysa ofurlítið af þeim gríðarlegu vandamálum sem hér stafa af loftslagi. En umhverfisráðherra sem sé gerir alveg eins og iðnaðarráðherrann, telur með sínum hætti að við eigum að taka stóriðju út fyrir sviga í þessu og það þýðir auðvitað að umhverfisráðherra hlýtur að vera að boða hérna fleiri virkjanir.

Það skortir líka alla stefnu frá umhverfisráðherranum í loftslagsmálum að öðru leyti. Það er rétt að bæta því við af því að ráðherrann er að fara að flytja hérna frumvarp um meginreglur umhverfisréttar á eftir. Það er rétt að hafa það í nesti að stundum er ætlast til þess að menn standi við, eða a.m.k. skýri, þau orð sem þeir bera fram til samþykktar fyrir aðra.

Þetta vildi ég segja hér, þótt þessi ræða hefði mátt vera skipulegri, til að benda mönnum á að þetta frumvarp fer í tvær áttir, einkum tvær áttir. Nú sleppi ég þeim kafla sem lýtur að vali fyrirtækja og þeim kafla þess sem lýtur að auðlindagjaldi og gjaldtöku sem við höfum lítið rætt hér. Af

því sést kannski ekki mikið í frumvarpinu og er e.t.v. aðallega í lúðrablæstri hæstv. iðnaðarráðherra til að bæta fyrir fyrri syndir síns flokks í þessu efni.

Frumvarpið fer í tvær áttir. Annars vegar er um að ræða lítið skref, vonandi í rétta átt, en það er sú framtíðarsýn sem hér er dregin upp með þeim fyrirvörum sem ég hef við hana gert, að enginn veit til hvers þetta leiðir í raun og veru og að þetta starf fer fram fyrst og fremst á forsendum orkunýtingarinnar. Hitt skrefið er skref aftur á bak, er í raun og veru skref aftur á bak næstu fjögur til tíu ár vegna þess að í frumvarpinu felst staðfesting á þeim virkjunaráformum sem nú eru uppi og í því felst það að Orkustofnun á að fá að leyfa — það getur vel verið að hæstv. umhverfisráðherra verði spurður ef hann er úr Framsóknarflokknum — ótal margar aðrar virkjanir án þess að nokkuð sé sýnt um það hverju það leyfi er háð, virkjanir sem nú eru merktar að gögnum til með b-um og c-um í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þess vegna getur þetta frumvarp eitt og sér ekki orðið til nokkurs konar þjóðarsáttar eða til nokkurs konar vinskapar á þessu sviði nema menn vendi kvæði sínu í kross, skýri annaðhvort núna í þessari umræðu eða meðan nefndarstarfið fer fram eða í næstu umræðum þær forsendur sem framtíðarstarfið byggist eða á að byggjast á og breyti um línu hvað varðar næstu verkefni. Ég er ekki að tala um hér að það sé eitthvert stopp/stopp, ég er ósköp einfaldlega að fara fram á það sem við höfum lagt til í Samfylkingunni og er ósköp einfalt, að ný verkefni af þessum toga séu háð samþykki Alþingis, að Alþingi samþykki eða hafni þeim leyfisbeiðnum eða -veitingum sem koma inn á þeim tíma sem líður þangað til almennileg verndar- og nýtingaráætlun verður til, hvort sem hún fer fram undir merkjum þessa frumvarps eða þingmáls okkar samfylkingarmanna um rammaáætlun um náttúruvernd.

[20:00]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil bæta við fáeinum orðum um þetta mál. Í dag var spurt hvort málið þvældist fyrir. Ég hafði hugsað mér að svara þeirri spurningu neitandi. Nefndin sem samdi frumvarpið og undirbjó það hafði það fyrir augum að þetta gæti orðið hluti af framtíðarfyrirkomulagi hvað þessi málefni varðar. Ég tel reyndar að ef menn horfa á málið sem slíkt þá eigi það ekki að þvælast fyrir með neinum hætti. Við umræðuna í dag hef ég hins vegar svolítið farið að efast um að ekki geti komið upp slík afstaða til málsins, einfaldlega vegna þess að mér hefur fundist hæstv. iðnaðarráðherra tala þannig, að hann tengi það stefnunni sem ríkisstjórnin rekur í stóriðjumálum.

Ef afstaðan til málsins er sú að stefnan verði óbreytt og til viðbótar komi það sem verið hefur í fréttum af stefnu ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, ef svo má að orði komast, þá verð ég að segja að mér líst ekki vel á þetta. Séu þær fréttir réttar er stefna ríkisstjórnarinnar, eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur lýst henni og fjallað hefur verið um í fréttum, fólgin í því að algjörlega frjáls aðgangur verði að því að framleiða ál, t.d. til stóriðju á Íslandi, ef menn fá keypt til þess rafmagn og uppfylla þau skilyrði sem gert er ráð fyrir með almennum reglum og lögum. Ríkisstjórnin sem slík virðist ekki hafa neina stefnu um hvar eða hvenær slíkar stórvirkjanir og álver verða reist í framtíðinni.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur ítrekað komið upp í umræðunni í dag og staðfest að þetta sé hin raunverulega stefna. Ef hann lítur á hana sem hluta af málinu sem við ræðum um þá verð ég að segja að mér líst ekki vel á það.

Ég færði til bókar um leið og nefndin skilaði af sér afstöðu mína og ég taldi skýrt að gera þyrfti aðrar ráðstafanir samhliða því að samþykkja þetta frumvarp á Alþingi. Þær ráðstafanir eru fólgnar í að taka til Alþingis ábyrgðina á að ákveða það hvar, hvort og hvenær verður ráðist í stórvirkjanir á Íslandi og sjá til þess að ekki verði hleypt af stað verkefnum nema að Alþingi beri ábyrgð á því.

Til að stefnan geti orðið heildstæð hvað þessi mál varðar þá verða menn að taka á þessum vanda. Þetta er vandinn sem brennur á fólki í landinu núna og það að gera veg hinum megin við fjallið er bara ekki nóg. Hæstv. iðnaðarráðherra verður að gera betur. Ég hef skilið hæstv. iðnaðarráðherra þannig að hann einlæglega vilji að þessi farvegur verði í framtíðinni til þjóðarsáttar. En það fer enginn eftir þeim farvegi fyrr en hann er kominn yfir þetta fjall. Ef hæstv. iðnaðarráðherra telur að fólkið í landinu vilji taka þessa stefnu þá verð ég að efast um það sem ég hef þó haldið fram að þessu, að Framsóknarflokkurinn rétti nokkurn skapaðan hlut úr kútnum fram að kosningum.

Mig langar til að ræða um nokkur atriði í viðbót en vildi þó klára að tala um það sem hæstv. iðnaðarráðherra talaði um, þ.e. víðtæka þjóðarsátt um nýtingu auðlinda. Hún verður ekki til nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem ég hef lýst. Ég bið hæstv. iðnaðarráðherra að velta þessum málum vel fyrir sér áður en áfram er haldið. Ég held að þetta séu það stór mál. Mér finnst niðurstaða nefndarinnar skipta gríðarlega miklu máli fyrir meðferð auðlinda, ekki bara vegna stórra virkjana og uppbyggingu stóriðju á næstunni heldur líka fyrir meðferð auðlinda í framtíðinni.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur lýst því yfir að hann vilji jafnvel stofna einhvers konar auðlindasjóð um þá fjármuni sem koma inn þegar farið verði að beita þeim reglum sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Ég er honum sammála um það. Að það þarf auðvitað að gera það. Það er m.a. verkefni sem menn hafa ekki unnið að varðandi þjóðlendur, þ.e. hvernig eigi að koma fyrir fjármunum vegna nýtingar þjóðlendna. Síðan koma til hin stóru mál hvað varðar nýtingu þeirra orkulinda og þjóðlendna sem ríkið byggir á.

Auðvitað kemur nýting sjávarauðlindanna líka inn í það. Mín skoðun er sú að það sem þessi nefnd var að vinna að og leit á sem hluta af framtíðarheildarstefnumörkun ættu menn að ræða um að útfæra á allar aðrar auðlindir sem ríkið ræður yfir. Þá er ég að tala um auðlindir á og undir hafsbotni. Auðlindir sjávarins. Um þær þurfa að gilda sambærilegar reglur. Það er mjög eðlilegt að líta á það sem eitt verkefni sem vinna þarf að. Þetta gæti verið fyrsta skrefið til þess. En það verður varla ef menn tengja þetta stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar núna og spilla þannig framhaldi málsins.

Hæstv. umhverfisráðherra lýsti því yfir að fram undan væri að lögfesta rammaáætlunina um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ég er algjörlega sammála henni um það og tel að Alþingi þurfi þess vegna að fjalla um rammaáætlunina í bæði iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd þingsins. Þann hluta

rammaáætlunarinnar sem menn ætla að miða við í þessi máli.

Það er ekki hægt að staðfesta bara tillögur nefndarinnar í því heldur hlýtur að hvíla sú skylda á Alþingi að fara í þennan hluta rammaáætlunarinnar og skoða einstök virkjunaráform. Nefndin leggur í þessu frumvarpi til að gerðar séu faglegar kröfur um rannsóknir og það liggi fyrir skoðun á hverju máli fyrir sig með eðlilegum hætti. Hluti af verkefnum í a- og b-hluta rammaáætlunar eru með ófullnægjandi rannsóknir á bak við sig. Menn hljóta að þurfa að skoða hvort þeir virkjunarkostir eigi að teljast með. Menn hljóta líka að þurfa að skoða hvort breyting hafi orðið á afstöðu manna til einstakra verkefna og fara yfir það með fagfólki sem hefur fengist við þessi mál.

Þetta er verkefni sem nefndirnar þurfa að vinna að og því er miður að þetta mál skuli vera svo seint á ferðinni. Það er sannarlega ekki langur tími fram undan að þinglokum til að ljúka umfjöllun um það ef það tekst þá, eftir brösuga byrjun á Alþingi.

Í frumvarpinu er m.a. fjallað um eignarnám vegna virkjunarframkvæmda og breytingu á reglum hvað varðar land í einkaeigu. Það er fallið frá því fyrirkomulagi, miðað við þetta frumvarp, að það sé alfarið á vegum hins opinbera að ákveða hvernig farið sé með virkjunarleyfi og ráðstöfun þeirra í löndum í einkaeigu. Fallist er á að það sé í raun ákvörðunarvald landeigandans hverjum hann felur að rannsaka þessa auðlind þótt hann þurfi að fara eftir þeim reglum sem um önnur lönd gilda og líka falla undir framtíðarskipan hvað varðar að raða þessum löndum í nýtingu eða verndun.

Allir sem eiga lönd, hvort sem það er ríkið, hvort sem það er þjóðlenda, eða einstaklingar, þurfa að lúta sömu reglum hvað þetta varðar. Þetta kann að þýða að í einhverjum tilfellum þyki einstaklingum sem eiga lönd á sig hallað og þeir telji að með því að viðkomandi lönd séu vernduð þá eigi þeir einhverjar kröfur á ríkið. Menn verða auðvitað að svara því. Þetta er samt eðlileg niðurstaða.

En þetta hlýtur að hafa í för með sér, ef menn ætla sér að fara í eignarnám vegna virkjunarframkvæmda, að það geti ekki gengið fram nema almannahagsmunir séu þar á bak við. Það er staða sem ekki hefur komið upp varðandi þessi mál á undanförnum árum. Það hefur þótt sjálfsagt að fara í eignarnám vegna Landsvirkjunar ef hún hefur þurft á því að halda en í framtíðinni verður það ekki svo.

Ég get ekki ímyndað mér að almannahagsmunir Íslendinga séu taldir felast í að t.d. Landsvirkjun fái að virkja einhvers staðar vegna álversframkvæmda. Ég held að menn þurfi að horfa á málin öðruvísi í framtíðinni.

Mig langar að ræða aðeins meira um framtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar og loftslagsmálin, einfaldlega vegna þess að *ríkisstjórnin virðist telja það sjálfsagt mál. Meira að* segja hæstv. umhverfisráðherra hefur lýst því yfir að það að framleiða ál á Íslandi sé hluti af lausninni en ekki vandanum. Við eigum nú í alþjóðlegum samskiptum um þessi mál og Íslendingar fengu undanþáguákvæði og eru sem óðast að búa sig undir að fylla gjörsamlega upp í það. Ef Hafnfirðingar samþykkja stækkunina í Straumsvík þá er búið að fylla í íslenska ákvæðið verði það óbreytt eftir árið 2012. Ég held að ekki þurfi að þræta um það lengur. Þannig standa málin.

Þetta hefur líklega eitthvað ýtt við ríkisstjórninni. Það er líklega þess vegna sem hún tók upp loftslagsstefnuna, að það væri lágmarkið að vísa því sem út af stæði á fyrirtækið svo ekki þyrfti að skaffa þeim loftslagsheimildir, kaupa heimildir úti í heimi fyrir losunina. Vegna þess að svoleiðis eru reglurnar núna og hafa verið. Á undanförnum missirum hafa reglurnar verið þannig. Ég hef kallað eftir því að menn taki á þeim. Mér skilst að það eigi að taka á þeim núna. Það er ekki búið að dreifa neinu slíku þingmáli og ég hef ekki séð það. Látum það vera en lítum svo á að við ætlum þá leið, að fara til samninga við aðrar þjóðir um loftslagsvandamálin með því að Íslendingar bjóðist til þess að halda áfram að fjölga álverum á Íslandi vegna þess að það sé hluti af lausninni en ekki vandanum. Halda menn virkilega að það verði ekki fleiri með lausnina á vandanum? Halda menn að þeir sem framleiða ál með gasi hafi ekki sömu rök og Íslendingar, minni mengun en vegna kolabrennslunnar? Ég er hræddur um að æðimargir telji sig geta tekið þátt í að leysa vandann eigi þau rök að duga.

Svo vaknar spurningin: Getum við gert landi okkar slíkt? Erum við Íslendingar tilbúnir að taka þessa byrði á okkur? Að fórna stórum landsvæðum og stöðum í stóriðju vegna þess að við ætlum að leysa loftslagsvandann? Ég hef ekki verið á þeirri skoðun.

Ég studdi Kárahnjúkavirkjun og þori alveg að segja það upphátt. Ég taldi ástæðu til að fara í þær framkvæmdir. Ég taldi að ekki lægju fyrir þannig upplýsingar um það mál að þar yrði verri virkjun en þær sem við höfum verið í. Ég hafði þau rök í málinu að með virkjuninni við Kárahnjúka væri sambærilegt afl við að virkja á öllu Þjórsár- og Tungnaársvæðinu og með miklu minni umhverfisáhrifum en þar eru.

Ég bið menn bara að horfa á kort og velta því fyrir sér. Ég segi það fyrir mig að ég vil frekar bera ábyrgð á Kárahnjúkavirkjun en virkjunum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu sem raða sér bráðum frá hafi til allra fjalla. Þetta hefur ekki vaxið mönnum í augum fyrr en núna þegar á að virkja á sléttunum fyrir neðan fjallið. Þetta eru m.a. rök mín hvað þetta varðar. Ég tel hins vegar hæpið að Íslendingar eigi að breyta fleiri landsvæðum í stóriðnaðarsvæði. Mér hefur fundist betra að menn stækkuðu þau álver sem fyrir hendi eru en að þeir fjölguðu svæðum þar sem ál er framleitt.

Ásýnd Íslands verður því verri sem víðar verður ráðist í slíkar framkvæmdir. Ég held að menn þurfi að huga að þessu. Auðvitað spyrja menn: Bíddu, viltu þá ekki að menn stækki í Hafnarfirði? Ef menn ætla að halda áfram á þeirri braut finnst mér það út frá þessum rökum allt í lagi. En það er auðvitað Hafnfirðinga að ákveða hvort menn vilji stækka þar. Það átti hins vegar að vera stjórnvalda að ákveða fyrr *hvort fara ætti í slíkar framkvæmdir. Það á ekki að vísa því* til sveitarfélaga í landinu hvort þær vilja fara í svona framkvæmdir heldur einungis því hvort þeir vilji hafa hana hjá sér. Þar eiga þeir að hafa skipulagsvaldið. Menn krefjast þess af Hafnfirðingum að þeir taki afstöðu til mála út frá einhverjum loftslagsrökum, vitandi að ef þeir segja nei þá fer næsta álver til Helguvíkur. Hvernig á að rökræða við fólk í Hafnarfirði um þessi mál? Ég bara spyr.

Ef ríkisstjórnin gæti hins vegar sagt að hverju væri stefnt þá væri það gott. Þar virðist bíllinn fullkomlega

bremsulaus. Hann á bara að halda áfram á meðan brekkan dugar. En meðan svo er þá er eiginlega ekki nokkur leið að rökræða málið. Mér finnst að hæstv. iðnaðarráðherra þurfi að líta í eigin barm. Framtíðin sem Íslendingar sjá fyrir sér er sú sem ég hef lýst, að allir sem vilja koma hingað, setja upp álver og uppfylla almenn skilyrði um umhverfismat og annað slíkt, og geta fengið einhvers staðar keypt rafmagn, fái leyfi til að gera þá hluti. Aðra stefnu hefur ríkisstjórnin ekki.

Samfylkingin hefur lýst því yfir að hún vilji að menn doki við. Er það óskapleg fórn að doka við, hugsa svolítið sinn gang og fara yfir þessi mál á meðan sá tími líður sem um er rætt í þessu frumvarpi? Meðan menn fara yfir það hvernig framtíðin á að vera í nýtingu orkulinda og verndun náttúru? Við höfum alveg tíma til þess. Við erum ekki að tapa neinu. Ég tel að hlusta eigi á það sem fólkið í landinu segir. Mér finnst að ríkisstjórnin eigi að skoða hug sinn í málinu.

[20:21]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég tel að það sé allsendis út í hött hjá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að halda því fram að þetta frumvarp feli í sér þjóðarsátt. Það er hugsanlegt að í því sé að finna meginlínur sem við ákveðnar aðstæður gætu leitt til sáttar um það hvernig fara á með þessi mál í framtíðinni. En hann hefur enga innstæðu fyrir því að koma hingað og halda því fram að hann sé með þessu frumvarpi að leysa þá miklu deilu sem hefur staðið um umhverfisvernd og stóriðju, deilu sem hefur rifið samfélagið á hol núna síðustu missiri. Það skortir algjörlega að hæstv. ráðherra rétti fram raunverulega sáttahönd og segi að samhliða þessu frumvarpi og þeim tillögum sem þar koma fram um meðferð mála í framtíðinni verði gert hlé á stóriðju. Þangað til hann gerir það er ekki hægt að segja að nokkur hönd sé til þess að taka í. Þetta vil ég nú segja algjörlega skýrt.

Ég er þeirrar skoðunar, svo að ég tali nú bara hreint út úr mínum poka, herra forseti, að Framsóknarflokkurinn sé hér með erfiðismunum að reyna að bæta fyrir syndir fortíðarinnar. Hann er að reyna að friðþægja fyrir þann stóriðjuofsa sem flokkurinn hefur sýnt. Því miður hefur hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ekki verið með mýkstu eða mildustu útgáfuna af því sem ég kalla stóriðjuofsa Framsóknarflokksins. Mér er það minnisstætt að þegar hæstv. ráðherra tók við embætti í sumar gaf hann út yfirlýsingar sem nánast gengu samtímis í tvær þveröfugar áttir, annars vegar að nú ætti að láta af stóriðjustefnunni en hins vegar virtist hann gefa fullkomin veiðileyfi á þær orkulindir sem voru í landinu. Þannig talaði hann á þeim tíma.

Þetta er að vísu framför, það sem fram kemur í þessu frumvarpi, og mér finnst sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafi svolítið séð að sér. Það breytir ekki hinu, að í reynd er hann að segja að með þessu frumvarpi séu menn að taka ákvörðun um það hvað eigi að gera í framtíðinni eftir árið 2012 — menn hafa kallað það hér framvirka þjóðarsátt — en á hinn vænginn er hann að segja alveg skýrt að það sé í lagi af ríkisstjórnarinnar hálfu og af hálfu Framsóknarflokksins að menn ráðist í þær stóriðjur sem hann segir að lögmætar ákvarðanir hafi þegar verið teknar um. Ef hæstv. ráðherra vill reyna að ná einhverri sátt hefði hann á þessari stundu beitt sér fyrir því að gerður yrði stóriðjufrestur í fimm ár.

Ég vek sérstaka eftirtekt hæstv. forseta, sem er greindur þingmaður, á þeirri staðreynd að skammur tími er til kosninga. Þetta er það mál sem sennilega verður harðast tekist á um í kosningunum. Hvað er þá að því að þjóðin fái að kjósa um það? Hvað er að því að þjóðin fái að kjósa um það með hvaða hætti á að fara með þessi mál? Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra vill taka þennan möguleika frá þjóðinni með því að binda hendur hennar og kjörinna fulltrúa hennar á Alþingi með því að koma í gegn þessum lögum sem fela það í reynd í sér, eins og ég túlka mál hæstv. ráðherra, að það sé fullkomlega eðlilegt að menn haldi áfram á þessari braut og ráðist í þau orkuver sem þarf til þess að koma upp a.m.k. þeim tveimur stóriðjuverum sem nánast eru á borðinu.

Svo kemur hæstv. ráðherra, og það eru margar þverstæður í málflutningi hans, og segir að það sé hvort eð er ekki búið að slá neitt í gadda, allir endar séu enn óhnýttir og þess vegna sé í sjálfu sér ekki hægt að halda því fram að hér eigi að fara að ráðast í byggingu tveggja eða þriggja stóriðjuvera. En ef það er staðreynd, ef málin eru eins og hann lýsir þeim — ég leyfi mér reyndar að draga það í efa — hvaða nauður rekur þá hæstv. ráðherra til að koma þessu í gegn núna? Ef það er ekkert sem rekur á eftir því, hvers vegna þarf að gera það núna nánast korteri fyrir kosningar? Mér finnst röksemdir af hálfu ráðherrans fyrir því vera mjög veikar. Það er ekkert að því að hæstv. ráðherra leggi hér fram frumvarp og sýni vilja ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar eins og hún vill sjá þessi mál þróast ef hún heldur áfram eftir kosningar. En það er ekki í anda lýðræðis og það er ekki lýðræðislegt, eins og hæstv. ráðherra sagði í sjónvarpinu fyrr í kvöld, að taka þessa ákvörðun núna. Það er heldur ekki í þágu almannahagsmuna. Almannahagsmunir krefjast þess að af hálfu stjórnvalda sé reynt að ná friði og sátt í samfélaginu. Ekkert mál hefur reynst stjórnmálunum jafnerfitt á síðasta hálfa áratugnum og þetta tiltekna mál. Eitt annað mál hefur komist í hálfkvisti við það, þ.e. fjölmiðlamálið, en ekkert hefur stungið þjóðina eins inn að beini og deilurnar um þetta mál. Ég veit það sjálfur sem þátttakandi í þeim.

Ég segi eins og sá ræðumaður sem talaði hér á undan mér: Ég greiddi atkvæði með Kárahnjúkavirkjun á sínum tíma, ekki grátandi á þeim tíma, en þá var það sagt af okkar hálfu að þetta yrði síðasta framkvæmdin af þessum toga sem menn réðust í um langa hríð. Við lögðum í þeim anda, Samfylkingin, fram tillögur um það áður en þing hóf störf í haust að nú yrði gert fimm ára hlé á stóriðjuframkvæmdum. Ég sé mér til mikillar ánægju að hér á þessum degi í umræðunum hafa fulltrúar tveggja stjórnmálaflokka tekið undir það. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði það alveg klárt og kvitt að allt annað væri að taka á því máli sem hæstv. ráðherra flytur hér ef því fylgdi skýr yfirlýsing um fimm ára stóriðjustopp. Hv. þm. Katrín Fjeldsted talaði á sömu lund hafi ég skilið mál hennar rétt hér áðan.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé óhjákvæmilegt ef menn eiga að samþykkja svona frumvarp að samhliða verði gefin út sú yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar að til að ná sátt í

málinu meðal þjóðarinnar hætti menn við þau áform sem eru uppi um að reisa álver í Helguvík og stækka álverið í Straumsvík. Ef það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að það séu hvort eð er ekkert annað en hugmyndir enn þá — og það eigi eftir að ganga frá mjög mikilvægum málum áður en hægt sé að segja að það mál sé komið á stig ákvarðanatöku — þá er honum það útlátalaust, þá er það ríkisstjórninni útlátalaust.

Hæstv. ráðherra hefur líka og ríkisstjórnin öll talað um að staða hagsveiflunnar, framkvæmda og fjárfestinga í samfélaginu, sé þess eðlis að ekki sé þörf á þessu til að halda þeim hraða í hagkerfinu sem mætti telja æskilegt til að halda uppi tekjustreymi og velsæld. Hæstv. ráðherra hefur margoft sagt þetta. Ríkisstjórnin hefur sagt þetta. Hún er að þessu leytinu til sammála ýmsum helstu forustumönnum greiningardeildar bankanna sem hafa sagt það fullum fetum að breytingar á ýmsum þáttum hagkerfanna og fjárfestingarfyrirtækja séu þess eðlis að það þurfi enga stóriðju til að halda hagvexti í því horfi að til velsældar leiði í samfélaginu. Ég vísa t.d. til áramótagreinar í Viðskiptablaðinu af hálfu allra greiningardeilda bankanna. Það er ekki efnahagsleg nauður sem rekur okkur til þessa.

Hitt er svo annað að ein af þverstæðunum í máli hæstv. ráðherra og í máli hans í fjölmiðlum síðar, eftir að ræðum sleppti hér fyrir matarhlé, var að hann benti á þá staðreynd að skjótt skipuðust veður í lofti. Hann virtist ekki hafa meiri trú á efnahagsstjórninni og stöðu efnahagsmála nú um stundir en svo að hann sagði að hér gæti vel eftir einhver missiri eða ár, fyrr en nokkurn uggði, verið komin upp staða þar sem þyrfti innspýtingu af því tagi inn í hagkerfið. Það er hins vegar allt annað en það sem ríkisstjórnin hefur verið að halda fram og það er líka í ósamræmi við það sem aðrir óháðir fjármálasérfræðingar utan stjórnsýslunnar hafa verið að segja.

Mér þótti líka kenna þverstæðu í máli hæstv. ráðherra þegar hann sem gamall seðlabankastjóri, sem hefur átt þátt í skýrslum sem hafa útmálað og uppteiknað hin svokölluðu ruðningsáhrif þenslunnar sem stafar af stóriðju hvað skýrast, þegar hann sagði í máli sínu að þetta væri nauðsynlegur partur af atvinnustefnu sem m.a. ætti að leggja áherslu á sprotafyrirtæki og hátækni. Við vitum að þó að þessir hlutir séu í eðli sínu ekki andstæðir hvorum öðrum, þessir þættir atvinnulífs og hagkerfis, þá er það samt sem áður staðreynd að staða hátækni í dag er miklu verri en menn gerðu sér grein fyrir þegar þeir fóru að taka það saman núna fyrir sprotaþingið sem haldið var á dögunum. Í ljós kemur um sprotana svokölluðu að það hefur dregið úr umfangi þeirra og þeim hefur fækkað. Þeir eru að flytjast til útlanda og ástæðan er ákaflega einföld, það er vegna þess að nú er það að gerast sem lýst var að kynni að henda í skýrslum hæstv. iðnaðarráðherra þegar hann var seðlabankastjóri, þ.e. ruðningsáhrifin af þenslunni eru að kæfa þessi kímblöð atvinnugreinar framtíðarinnar.

Herra forseti. Þó að ég sé og flokkur minn að eðli til ekki mjög sjálfhælinn vil ég samt sem áður benda hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra á að við í Samfylkingunni höfum nokkuð til okkar máls þegar við tölum um sprotafyrirtæki og hátækni, því að þær tillögur sem við fluttum einmitt á sprotaþingi fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar fengu jú dágóða meðferð þeirra sem þar sátu. Ég tala því af paldri nokkurrar þekkingar á þessu sviði fyrir hönd þingflokks míns.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að við þær aðstæður sem núna ríkja í íslensku samfélagi eigi menn að stíga á bremsurnar. Menn eiga að taka upp þá stefnu sem hæstv. ráðherra vill forðast og kalla mætti stopp/stopp-stefnuna í staðinn fyrir start/stopp-stefnu hans, sem hann lýsti hérna áðan og vildi reyndar ekki heldur. Ég tel að í fyrsta lagi sé nauðsynlegt, vegna þess að við Íslendingar höfum einfaldlega farið ógætilega varðandi umgengni við náttúruna á síðustu árum, að við tökum okkur á í þeim efnum og gerum bragarbót. Ég held að almennur samhljómur sé að skapast fyrir þeirri stefnu sem Samfylkingin og fleiri aðilar hafa talað fyrir, að menn eigi núna að nálgast þessa deilu frá sjónarhóli náttúruverndar en ekki stóriðju.

Við vorum áður með rammaáætlanir um stóriðju og flestir flokkar, kannski ekki allir, tóku þátt í því. Síðan hefur andrúmsloftið einfaldlega breyst, viðhorfin hafa breyst og það er greinilega ríkur vilji meðal þjóðarinnar til að staldra við og nálgast þetta núna frá hinum vængnum, frá sjónarhóli náttúruverndar, ekki frá sjónarhóli virkjana og virkjunaráforma, og það er það sem við eigum að gera. Það er algjörlega nauðsynlegt áður en lengra er haldið, m.a. til að skapa sátt, að við förum yfir landið af kostgæfni og flokkum frá þau svæði sem við teljum að séu svo dýrmæt að ekki megi snerta þau til að skerða ekki þá arfleifð sem við látum af höndum renna til kynslóða framtíðarinnar. Þetta er fyrsta ástæðan fyrir því að ég tel að slá eigi allri stóriðju á frest.

Önnur ástæða er líka sú að efnahagslífið er í því horfi að engin þörf er á þeirri tegund af fjárfestingarinnspýtingu inn í hagkerfið til að halda því gangandi, það er í góðum vexti. Gerðar hafa verið kerfisbreytingar á íslensku samfélagi, stjórnsýslu og efnahagslífi sem hefur leitt til þess að hér hafa komið upp allt annars konar atvinnugreinar en við gátum séð fyrir, fyrir kannski tíu, tólf árum þegar við vorum að reyna að spá í með hvaða hætti Alþingi gæti lagt ramma og grundvöll að nýjum atvinnugreinum. Menn geta deilt um sumar þær kerfisbreytingar. En það er alveg ljóst að í fyrsta lagi lagði samþykkt okkar á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu grundvöll fyrir nýja útrás og nýja auðsköpun í íslensku samfélagi. Það ásamt umdeildu kvótakerfi og líka umdeildri einkavæðingu bankanna hefur síðan gefið möguleika til að nýta þá útrásarmöguleika sem sköpuðust með Evrópska efnahagssvæðinu, ekki síst frelsi í flutningi fjármagns og vinnuafls. Þetta gerir það að verkum að við erum að nýta framleiðsluþættina í samfélaginu miklu betur en nokkurn gat órað fyrir áður.

Efnahagsástandið er þess eðlis að við höfum vel efni því að slaka á í þessu máli og reyna að ná raunverulegri sátt. Ég deili ekki með hæstv. ráðherra þeim efa sem gægðist fram í máli hans um traustleika grunnsins sem efnahagur landsins stendur á, því ekki er hægt að kalla það annað en efasemdir hjá hæstv. ráðherra þegar hann lætur í öðru orðinu skína í að hugsanlegt sé að við þurfum stóriðju til þess að taka á einhverjum efnahagsörðugleikum sem kunna að koma upp í tiltölulega náinni framtíð. Öðruvísi var ekki hægt að skilja hæstv. ráðherra nema hann vilji bæði hafa axlabönd og belti

á efnahagslífinu. Ég trúi því að þegar samtök atvinnurekenda — maður, einn af okkar fyrrum samstarfsmönnum, eins og Vilhjálmur Egilsson á annan vænginn og á hinn vænginn forustumenn í Alþýðusambandi Íslands, eru sammála um að fjárfestingar íslenskra fyrirtækja í grunngerð samfélagsins ásamt fjárfestingum stjórnvalda í sömu grunngerð hafi leitt til þess ásamt ýmsum kerfisbreytingum að fyrirsjáanlegur sé hagvöxtur sem er meiri en nægur til að sjá til þess að hér verði velsæld og að ríkinu verði ekki féskylt varðandi rekstur sinn.

Í þriðja lagi vil ég nefna það sem eru rök fyrir því að fallast á það sem ég kalla sátt af hálfu stjórnarandstöðunnar og hefur komið fram í máli allra þriggja stjórnarandstöðuflokkanna í kvöld varðandi stóriðjufrest, að hæstv. ráðherra hefur allra manna best útmálað það í ræðum sínum að það er svo skammt komið að hans mati varðandi framkvæmdir þessara stóriðjuvera sem nú eru umdeildastar að það væri allt í lagi þess vegna að slá þeim eingöngu á frest. Það er ekkert sem bendir til að það verði til þess að við missum einhverja fiska af okkar öngli.

Hæstv. ráðherra lýsti því vel í máli sínu fyrr á þessum degi að nú væri ekki lengur með virkum hætti verið að leita að fjárfestum í stóriðju og orkunýtingu á Íslandi einfaldlega vegna þess að nóg framboð er af slíku og hæstv. ráðherra sagði að eftirspurnin eftir íslenskri orku væri orðin slík að ekki væri annað fyrirsjáanlegt en af völdum markaðslögmálanna mundi verð á henni ekki geta annað en hækkað.

Ég vil taka það alveg skýrt fram, af því mér fannst á máli hæstv. ráðherra að hann hefði skilið einn af þingmönnum Samfylkingarinnar þannig að við værum að mæla fyrir stóriðjufrestun til að geta hugsanlega fengið meira verð fyrir orkuna síðar, að það er ekki svo. Við erum að gera þetta fyrst og fremst af tvenns konar ástæðum. Í fyrsta lagi að skapa þá sátt sem okkur sem stjórnmálamönnum er samfélagsleg skylda að reyna að ná og hins vegar erum við í fullri einlægni að reyna að slá skjaldborg um ákveðin náttúruverðmæti. Þegar ég nefni þetta orð er sjálfsagt að rifja það upp að mál þessu skylt sem mjög hefur verið umdeilt, þ.e. Norðlingaölduveita, er bara í biðstöðu. Það mál sem við slógumst gegn og var lofað ákveðinni lausn á sem ekki stóðst af hálfu Framsóknarflokksins þá. Ekki er búið að slá það alveg út af borðinu og enn þann dag í dag er hægt í gögnum frá iðnaðarráðuneytinu, sem ekki hafa verið til baka dregin, að sjá vilja til þess að ráðast í margar nýjar stórvirkjanir, m.a. innan þeirra svæða sem eiga að falla undir Vatnajökulsþjóðgarð, sem hæstv. ráðherra er að reyna að fá þingið til að fallast á hér á þessu þingi. (**Gripið fram í:** Gengur vonandi ekki illa.)

Það er hugsanlegt, herra forseti, að ef hæstv. umhverfisráðherra kemur fram af meiri kurteisi við þingið og svarar t.d. þeim spurningum sem til hennar er beint af áhugamönnum, t.d. um loftslagsmál, þá gæti henni gengið betur að ná málum sínum í gegnum þingið. (Gripið fram í.) Það er einfaldlega þannig, herra forseti, eins og við vitum báðir, að það þarf alltaf tvo til að stíga vals og það er einfaldlega svo eins og reynslan sýnir — og gæti hæstv. umhverfisráðherra skoðað feril hæstv. menntamálaráðherra til að sannreyna það — að þegar menn koma fram af fruntaskap og leiðindum gagnvart þinginu er því alltaf með einhverjum hætti svarað kannski ekki alveg á sömu lund, en menn uppskera í þeim efnum eins og þeir sá. Ég af fullkominni einlægni og mildu hjarta ræð hæstv. umhverfisráðherra til að sýna þinginu meiri kurteisi en hún hefur gert t.d. í dag ef hún vill fá mál í gegn.

Herra forseti. Það er eitt mál annað sem mig langar að drepa á áður en ég lýk ræðu minni, það er eignarnám og heimild ríkisins til eignarnáms. Töluvert er á því tekið í frumvarpinu en hér hafa skapast umræður almennt um rétt ríkisins til eignarnáms á landi sem er sett undir stórvirkjanir. Ég verð að segja að ég hef aldrei skoðað það mál frá því sjónarhorni sem það hefur verið skoðað í út frá þeim virkjunum sem hafa verið til umræðu í neðri hluta Þjórsár. Þar finnst mér, herra forseti, eins og verið sé að ganga mjög alvarlega, jafnvel með mun alvarlegri hætti að eignarrétti manna á jörðum og landi en ég hafði skilið áður. Í því tilviki sem ég er að vísa til er um að ræða land — ef menn létu markaðslögmálin ráða og leyfðu þeim sem vildu kaupa og bjóða í það landsvæði, hugsanlega til að bjarga því frá virkjunum, mundi markaðslögmálið væntanlega leiða til þess að verðmætið sem jarðeigandinn á væri miklu, miklu meira. Ég held að það sé eitt af því sem við þurfum að skoða í umræðunni án þess að það tengist beint þessu frumvarpi. Ég vildi nefna þetta vegna þess að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur sett þetta viðhorf fram og fleiri. Einn af þeim mönnum sem með nokkru stolti kallar sig hægri grænan og hugsanlega mun sitja hér á meðal okkar að kosningum loknum, Illugi Gunnarsson, hefur sett fram svipuð viðhorf. Yngri kynslóðir stjórnmálamanna eru því að nálgast þetta með nýjum hætti, sem ég fagna og ég held, af því að ég er markaðssinni eins og hæstv. forseti, að þetta sé eitt af því sem hæstv. umhverfisráðherra, ríkisstjórnin og við öll ættum í framtíðinni að skoða svolítið.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, herra forseti, en þetta er afstaða mín. Það er fráleit óskhyggja af hálfu hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að telja að þetta frumvarp geti leitt til þjóðarsáttar í deilunni um stóriðjuna. Í öðru lagi er ég þeirrar skoðunar að hann hafi sjálfur fært rök að því að ekkert efnahagslega mikilvægt gerist ef hann tekur sáttaboði stjórnarandstöðunnar um fimm ára frestun á stóriðjuframkvæmdum. Þetta er það sem mér finnst skipta mestu máli í þessu. Ef hæstv. ráðherra vill ná sátt, eins og mér hefur á stundum fundist hann tala í þá veru, er honum það í hendi með því að fara þessa leið. Ég fæ ekki séð, eins og hann hefur talað sjálfur, að það kosti neinar efnahagslegar fórnir, en hann gæti hins vegar með þeim hætti brúað þá gjá sem hefur verið að myndast millum ríkisstjórnarinnar og stórs hluta þjóðarinnar. Ég sé ekki, herra forseti, að þeim deilum sé með nokkrum hætti að slota. Sárin sem Kárahnjúkavirkjun skildi eftir sig og ég hélt að mundi gróa yfir eru ekki að gróa vegna þess að sífellt koma fram ný tilefni, alltaf sjáum við nýjar og nýjar birtingarmyndir þess sem ég kalla stóriðjuofsa. Og þegar menn tala kæruleysislega um þrenn til fern stóriðjuver, eins og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur gert og hæstv. forsætisráðherra, þá er ekki nema von að mönnum hlaupi kapp í kinn. Þau harkalegu viðbrögð sem við höfum verið að sjá við ýmiss konar virkjunaráformum síðustu vikur og mánuði stafa af því að ríkisstjórnin hefur talað mjög óvarlega í þessum efnum.

Ríkisstjórnin les ekki samfélagið rétt en hún hefur eina skyldu umfram aðrar, það er sú skylda að halda friðinn í samfélaginu. Hún er ekki að ræka þá skyldu eða standa undir henni fyrr en hún tekur þessu kostaboði, sem mér finnst vera, um stóriðjuhlé.

Nú hefur það gerst að formaður Vinstri grænna hefur í ræðum í dag tekið undir þetta. Einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins hefur tekið undir þetta. Við í Samfylkingunni lýstum þessu strax í haust. Það kostar ríkisstjórnina ekkert að verða við því. Það er ekkert annað en friðþæging, það er vilji Framsóknarflokksins sem finnur það í hjarta sér, sér það í skoðanakönnunum að hann hefur syndgað gagnvart samvisku þjóðarinnar, sem gerir það að verkum að hann vill reyna að troða frumvarpinu í gegn sem einhvers konar þjóðarsátt. Það getur aldrei orðið.

[20:45]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka margt í þessari síðustu ræðu hv. þingmanns, sem var að mörgu leyti skemmtilegir orðfimleikar. Því í annarri hvorri setningu hrósaði hann mér og í hinni setningunni lastaði hann mig og ég vil þakka honum fyrir fyrri setningarnar sem ég nefndi.

Hann nefndi, ekki án ánægju, tillögur flokks síns á sprotaþingi. Um sumar þeirra getur hann lesið í framsöguræðu minni á sama sprotaþingi þannig að þær eru ekki allar nýjar. Ég vil sérstaklega þakka honum fyrir það sem hann sagði um þær breytingar sem orðið hafa í samfélaginu á síðustu árum.

Ég vil ítreka það sem áður hefur komið fram í þessari umræðu, að í frumvarpinu er ekki um það að ræða að knúin sé fram eða borin sé fram einhver stóriðjustefna. Það er ekki verið að ýta á hraða eða pressa neitt í þeim efnum. Hins vegar er stuðst við lögmætar fyrri ákvarðanir og bestu flokkun í fyrsta áfanga rammaáætlunar.

Menn spyrja mikið um stefnu ríkisstjórnarinnar og ég verð fyrir þeim vonbrigðum að í þeim spurningum er alltaf verið að spyrja um einhvers konar ráðstjórnarstefnu, einhvers konar samþjappaða stefnu ríkisins, einhvers konar forustustefnu og ríkisstefnu. En með m.a. atkvæðum samfylkingarmanna var ákveðið með lögum árið 2003 að breyta stjórnsýslunni á þessu sviði og reyna að laga það sem allra mest eftir því sem atvik leyfa að almennum viðskipta- og atvinnuskilmálum í þjóðfélaginu. Það var heillaspor og það ræður að sjálfsögðu töluverðu um viðbrögð okkar, stefnu og málflutning.

Ég held að það sé alvarlegt fyrir almenning, og ég held að ég verði að lýsa vonbrigðum mínum með það, að það kemur greinilega fram að menn trúa því að hér eigi að taka upp stopp/start-stefnu eða start/stopp-stefnu. Ég tala nú ekki um þegar það afbrigði kemur hér upp sem er stopp/stopp.

Ég var ekki að lýsa neinu vantrausti á íslenska hagkerfið eða íslenskt atvinnulíf. Ég held því fram að yfirleitt sé óheppilegt í hagstjórn í öllum hagkerfum að aðhyllast og framfylgja start/stopp-stefnu. Það að vera stöðugt að rykkja atvinnulífinu, ríkisfjármálum o.s.frv. í gír og úr veldur alvarlegum hiksta í hagkerfinu og getur haft mjög alvarlegar afleiðingar. Ég tel að það sé mjög háskalegt ef slíkt yrði tekið upp hér. Ég tel að almenningur eigi að taka vel eftir því sem hv. stjórnarandstæðingar hafa sagt um þetta í dag því það boðar ekki góðar tíðir ef þeir komast til valda.

Í því frumvarpi sem hér er til umræðu er boðuð hófsöm málamiðlun og skynsemi með þeim römmu skorðum sem eru í væntanlegri heildaráætlun og eru nú þegar í fyrsta áfanga rammaáætlunar. Þannig verður þetta, að því er ég ætla og vona, framvirk þjóðarsátt.

[20:49]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra kallar það ráðstjórn sem hér hefur viðgengist á undanförnum áratugum, að ríkisstjórn Íslands hefur með virkum hætti skipt sér af því hvernig virkjunarmálum er háttað með fyrirtæki sínu Landsvirkjun sem ég hélt að væri enn þá í eigu ríkisins — meiri eigu nú en áður var og á hendi hæstv. iðnaðarráðherra — og með því að laða hingað sem flest stóriðjuver. Ég tel að þetta sé að mörgu leyti rétt hjá ráðherranum. Þetta sé ráðstjórn, sérstaklega þegar henni er beitt yfir höfuðið á íbúum landsins, á innbyggjurum hér á okkar vesölu eyju.

En það frelsi sem hæstv. iðnaðarráðherra hyggst núna beita sér fyrir, og telur að komið sé á og hafi verið komið á áður en hann kom í iðnaðarráðuneytið, hvað gengur það langt? Kemur ríkisstjórninni það ekkert við hve mikið ál er framleitt hér? Hvað það er mikill hluti af framleiðslu þjóðarbúsins? Kemur ríkisstjórninni það ekkert við framvegis og á ekki að koma það við hversu margar ár eru virkjaðar eða hvernig orkuframleiðslu er háttað? Á ríkisstjórn Íslands, ríkisstjórn hans eða annarra, ekki að hafa neina stefnu í þessu eða ekki að hafa álit á því, á hún ekki að hafa neitt um það að segja?

Það má minna á að fyrrverandi iðnaðarráðherra lét hafa það eftir sér hér að þegar framleiðslutalan væri komin í milljón tonn af áli á ári væri hugsanlegt að við ættum að staldra við. Hefur núverandi hæstv. iðnaðarráðherra gefið þá stefnu upp á bátinn eða hefur hann einhverja aðra tölu í huga um æskilegt hámark álframleiðslu á ári?

[20:51]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því er til að svara að vissulega kemur ríkið víða að ferli þessara mála og mun gera áfram, eins og reyndar kom fram í fyrri ræðu minni í dag. Það veitir rannsóknarleyfi. Það veitir nýtingarleyfi, starfsleyfi. Það þarf að taka þátt í margs konar fyrirgreiðslu, upplýsingamiðlun og samningagerð að sjálfsögðu. Meðal annars er það vegna þess að fyrirtæki sem eiga í hlut leita eftir því þegar mál eru í undirbúningi og þegar mál eru komin á rekspöl. Vissulega er aðkoma ríkisins og ríkisvaldsins í skipulagsyfirvöldum, Umhverfisstofnun og fleiri slíkum stofnunum, eins og greinilega kemur fram í frumvarpinu sem hér er til umræðu.

En það er hins vegar alveg rétt, og ég ítreka það líka sem ég sagði áður, að við höfum gert ráð fyrir því að nálgast almenn viðskiptaleg sjónarmið og viðskiptalegt umhverfi á þessu sviði eins og öðrum í þjóðfélaginu. Ég vísa um það að öðru leyti til ágætra ummæla hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hér áðan.

Þar koma þá til fjárfestarnir, fyrirtækin sjálf, jarðeigend-

ur þar sem um einkaeignir er að ræða og sveitarstjórnir eins og frægt er í landinu einmitt þessa dagana.

[20:53]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það er rétt, bæði hjá hæstv. iðnaðarráðherra og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að hér hefur margt breyst í atvinnulífinu og umgerð þess á síðustu árum og áratugum. Það á sér margar forsendur, m.a. inngönguna í hið Evrópska efnahagssvæði og ýmsar þær athafnir gagnvart markaðnum sem við höfum meira og minna öll hér á þinginu staðið fyrir undanfarið.

Hins vegar er það þannig að þegar sótt er í þá orku sem hér er föl á spottprís, svo ég noti venjulegt íslenskt mál, þá er það ekki þannig að menn leggi niður stóriðjustefnuna þó að ríkisstjórnin hætti að hafa bein afskipti af því að laða hingað stóriðjufyrirtæki. Það er auðvitað ekki þannig.

Stóriðjustefna hæstv. ríkisstjórnar kom ágætlega fram í fyrri ræðu iðnaðarráðherra þar sem hannýjaði að því að það þyrfti að vera möguleiki á því að nota stóriðjuna sem einhvers konar innspýtingu í atvinnulífið, sem einhvers konar adrenalín eða amfetamín eða heróín í atvinnulífið þegar færi að dala aftur. Ef það er ekki stóriðjustefna þá veit ég ekki hvað stóriðjustefna er.

[20:54]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég vil leggja á það áherslu að orkufrekur iðnaður á nokkru hlutverki að gegna í hagkerfi framtíðarinnar. Það er skynsamlegt að hafa möguleika á því sviði í huga þegar um er að ræða mismunandi stig hagsveiflunnar.

En ég ítreka það sem ég sagði áður, hann hefur aðeins tilteknu hlutverki að gegna í miklu fjölbreytilegra, miklu blómlegra atvinnulífi sem einkennist miklu fremur af smáfyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum.

[20:55]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sagði í ræðu sinni áðan að hann vonaðist til þess að þjóðin hefði hlustað á þessar ræður því að það boðaði ekki gott ef menn með þessi viðhorf kæmust til valda. Nú skal ég trúa hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrir þeim leyndu hugsunum mínum að ég held að þessir menn komist til valda. Ég vil þess vegna upplýsa hann um það, ef hann verður ekki þáttur af þeirri deilingu valda sem verður eftir næstu kosningar, að sú stefna sem Samfylkingin hefur lagt fram — sem ég heyri ekki betur en að stjórnarandstaðan öll deili — tekur þvert á móti á öllum þeim málum sem við höfum verið að ræða. Við erum að leggja það til að réttur náttúruverndar verði tryggður í allri skipulagningu á landi. Við erum að leggja það til að gert verði sérstakt átak til að draga úr losun skaðlegra gróðurhúsalofttegunda og við erum að leggja það til að verndun tiltekinna svæða, sem við höfum nefnt alveg sérstaklega, verði tryggð.

Við erum ekki að segja það, við í Samfylkingunni, að við séum í prinsippinu á móti stóriðju sem framleiðsluformi. Við erum einungis að segja að við teljum að á þessu stigi sé nauðsynlegt að slá á frest allri stóriðju. Við erum að segja að þann tíma sem fresturinn varir eigum við að nota til að gera rammaáætlun um náttúruvernd. Þegar því skeiði lýkur og þegar sú vinna liggur fyrir getum við, á grundvelli þeirra gagna sem þá liggja fyrir, hugsanlega tekið ákvörðun um það hvort við ætlum að ráðast í einhverja stóriðju.

Í þessu felst líka að ekki er verið að fresta sérstaklega þeim tilteknu stóriðjuáformum sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og ríkisstjórnin virðist bera fyrir brjósti. Við erum ekki að segja að það sé algjörlega í gadda slegið að þegar frestinum ljúki verði þráðurinn tekinn upp aftur. Við munum hins vegar taka slíkar ákvarðanir á grundvelli þessarar rammaáætlunar um náttúruvernd og hið sama gildir um aðrar framkvæmdir, eins og t.d. Kjalveg eða vegagerð yfir hálendið.

Rammaáætlun af þessu tagi er algjör grundvöllur þess að við tökum frekari ákvarðanir sem geti leitt til einhverra óafturkræfra náttúruspjalla. En ég ligg ekkert á því að ég er þeirrar skoðunar að það eigi t.d. alls ekki að ráðast í stækkun stóriðjuversins í Straumsvík. Það byggist ekki á viðhorfum mínum til stóriðju heldur er ég einfaldlega þeirrar skoðunar að slíkur atvinnurekstur eigi ekki til frambúðar heima inni í miðjum bæ. Það svæði sem Straumsvík er á, eða álverið, verður innan skamms komið inn í miðjan bæ, er það eiginlega nú þegar. Þetta er sjónarmið sem mjög margir deila sem að öðrum kosti eru ekkert endilega á móti stóriðju sem framleiðsluaðferð. Ég hef þetta viðhorf og ég held að mjög margir, líka í því sem eftir lifir af flokki hæstv. ráðherra og í stjórnarliðinu, séu þessarar skoðunar Ég spái því að Hafnfirðingar muni leysa þetta vandamál fyrir mig og hæstv. ráðherra.

Í mál iðnaðar- og viðskiptaráðherra hér í dag finnst mér algjörlega skorta að hann sýni fram á nauðsyn þess að ákveða þetta mál núna. Það eru einungis þrír mánuðir til kosninga. Ef þetta mál á að verða til þess að skapa einhvers konar þjóðarsátt, af hverju leyfir hann þá ekki þjóðinni að kveða upp sinn dóm um það hvort í þessu felist sátt í kosningum? Er það ekki lýðræðisleg aðferð? Ég hefði talið það, herra forseti. Það er heldur ekki að finna neitt í máli hæstv. ráðherra sem bendir til þess að brýn efnahagsleg nauðsyn reki á eftir því að menn kasti burt þeim sáttamöguleika sem hér hefur verið nefndur, þ.e. stóriðjufrestinum. Hvaða útlát eru fólgin í því af hálfu ríkisstjórnarinnar? Það er hugsanlegt að á þessum fimm árum hefði ella verið ráðist í einhvers konar stóriðjuframkvæmdir en hæstv. ráðherra hefur málað það sterkari litum en nokkur annar í ræðum sínum í dag, að eftir því sem hann segir eru engar slíkar ákvarðanir uppi. Menn eru einungis að tala um það en hann segir sjálfur að langt sé í land með að einhverjar ákvarðanir verði teknar um það. Er hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að staða efnahagslífsins á Íslandi sé þannig að óhjákvæmilegt sé að ráðast í stórframkvæmdir af þessu tagi? Ef svo er þá er hann algjörlega ósammála t.d. hæstv. forsætisráðherra sem hefur talað á allt aðra lund.

Ástæðan fyrir hinum miklu deilum, sem hafa verið í samfélaginu, er sú staðreynd að fólk hefur það mjög sterklega á tilfinningunni að ekkert lát sé á stóriðjuofsanum. Á sl. vori, áður en hæstv. ráðherra steig í ríkisstjórn og tók við núverandi embætti, var Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. ut-

anríkisráðherra, í þeim stóli sem hann vermir í Stjórnarráðinu í dag. Hún talaði um það hátt og í hljóði að nauðsynlegt væri fyrir efnahagslífið að fá stóriðjuver, hún tiltók þrjá staði og hún sagði að það væri rúm fyrir þá alla. Þessu til viðbótar hafa ýmsir, sem tengjast stjórnmálaflokkum ríkisstjórnarinnar, nefnt tvo aðra kosti. Það er rætt fullum fetum í erlendum stórblöðum, sem eru að fjalla um stóriðju og deilur um stóriðju á Íslandi, að greinilega séu uppi tveir aðrir kostir fyrir utan þá þrjá sem hæstv. ráðherra segir nú að séu ekki nema rétt í augsýn.

Er þá nema von að menn vilji stinga við fótum og segja: Hingað og ekki lengra? Menn óttast að þau áform, sem þarna meira en glittir í, leiði til þess að ráðist verði með harkalegum hætti á náttúru Íslands. Menn vilja einfaldlega ekki láta það yfir sig ganga. Það er ástæðan fyrir hinum harkalega núningi sem hefur vaknað og það er t.d. ástæðan fyrir hinum harkalegu viðbrögðum við þeim virkjunum sem eru fyrirhugaðar í neðri hluta Þjórsár. Mönnum er einfaldlega ofboðið og það er fyrst og fremst Framsóknarflokkurinn sem hefur ofboðið fólki með málflutningi sínum. Það er fyrst og fremst hann sem hefur talað með þeim hætti að fólk hefur ærna ástæðu til að gruna að ríkisstjórn sem yrði áfram skipuð þeim tveimur flokkum sem nú sitja við völd mundi láta slag standa og ráðast í þessar framkvæmdir.

Hvað þýðir það fyrir aðrar atvinnugreinar? Það hefur enginn lýst því betur en hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra, þegar hann var seðlabankastjóri, hversu illilega og grimmúðlega ruðningsáhrifin hafa leikið um aðra hluta atvinnulífsins á Íslandi. Sprotafyrirtækin stráfelld, þau sem voru hér að vaxa upp úr moldinni fyrir nokkrum árum og við töldum að yrðu að nokkrum árum liðnum að tiltölulega traustum og gildum meiðum, þau eru kyrkingslegur gróður í dag, þau eru að flýja til útlanda. Þau fyrirtæki eru að taka til fótanna undan þenslustefnunni sem birtist í stóriðjuofsa ríkisstjórnarinnar. Það er þetta sem menn óttast.

Við þurfum eins og allar aðrar þjóðir að leggja grunn að atvinnulífi framtíðarinnar. Hæstv. ráðherra sagði það hér í einni af fyrri ræðum sínum í dag að við ættum ekki að setja öll eggin í eina körfu. Það er það sem ríkisstjórnin virðist eigi að síður vera að gera með áherslu sinni á stóriðjuna. Við sjáum að á meðan aðrar þjóðir, sérstaklega vina- og frændþjóðir á Norðurlöndunum, eru að leggja mikla fjárfestingu í þekkingarframleiðslu og í hátækni er íslenska ríkisstjórnin á annað borð að tala um að það væri jákvætt að efla þær greinar atvinnulífsins en á hitt borðið er hún að grípa til aðgerða sem leiða hér til áframhaldandi þenslu, hávaxtastefnu, mikillar verðbólgu, óstöðugleika varðandi gengi krónunnar — og allt saman leiðir þetta til þess að mjög erfitt er fyrir þau sprotafyrirtæki sem við höfðum viljað gera að hinum sterku meiðum atvinnulífsins í framtíðinni að brjótast upp úr moldinni. Þetta er fórnarkostnaðurinn. Menn horfa líka til þess þegar þeir með miklum óvilja skoða þessi stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar.

Ef menn vilja sátt í málinu þá fresta þeir stóriðjuframkvæmdum, þá ráðast þeir í þessa rammaáætlun. Mig langar að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra — ég veit að hann hefur ekki tök á því að halda fleiri ræður en hann getur svarað mér í andsvari: Telur hann að nauðsynlegt sé fyrir hagkerfið og vöxt þess á næstu fimm árum að ráðist verði í stækkun álvers í Straumsvík og/eða álver í Helguvík? Þetta fýsir mig að vita. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti, ef hann hefur tíma til þess, gefið mér rökin fyrir því. Af hverju er ekki í lagi að reyna að ná sáttum og friði í samfélaginu í kringum þetta mál með því einfaldlega að fresta stóriðjuframkvæmdum?

[21:05]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður fer að ýmsu leyti með verulegar ýkjur í máli sínu. Rétt er það að stefna Samfylkingarinnar, sem hún kallar náttúruverndaráætlun, er líka lánaðar fjaðrir, m.a. úr því nefndarstarfi sem liggur til grundvallar frumvarpinu sem hér er til umræðu.

Í því frumvarpi eru ekki nýjar ákvarðanir varðandi þetta fjögurra ára tímabil sem er fram undan heldur er þvert á móti vísað í fyrri lögmætar ákvarðanir og síðan eru rammar skorður settar í a- og b-flokki fyrsta áfanga rammaáætlunar, eins og oft hefur komið fram. Tilboð það sem hv. þingmaður er að veifa er óaðgengilegt vegna þess að það er hin hættulega stopp/stopp-stefna.

[21:06]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér líkar nú heldur illa við þjófsorðið sem hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra ber á okkur í Samfylkingunni. Ég get alveg trúað honum fyrir því að ég skrifaði sjálfur frá orði til orðs þær tillögur um hátækni sem lagðar voru fram á sprotaþingi og eins og hæstv. ráðherra man fengu 1., 2. og 3. verðlaun þeirra sem þar tóku þátt. Ég viðurkenni það alveg, herra forseti, að auðvitað leitaði ég fanga víða í þeim gögnum sem komu frá Samtökum iðnaðarins og lágu fyrir um það en ég minnist þess ekki að hafa leitað í smiðju til Framsóknarflokksins vegna þess að þar var ekkert um það mál að finna. Þar var bara gamla, gráa, svarta stóriðjuofsann að finna, svo einfalt var það nú.

Stefnan sem kennd er við „Fagra Ísland", og Samfylkingin hefur lagt fram, var skrifuð löngu áður en þetta frumvarp kom fram. Eins og hæstv. ráðherra getur séð, ef hann nennir að hafa fyrir því að lesa þá þingsályktunartillögu, er hún í meginatriðum gjörólík því sem kemur fram í frumvarpinu sem hér liggur til umræðu. Það vildi ég nú segja, herra forseti, aðeins til þess að hreinsa það mannorð sem hæstv. ráðherra er að reyna að flekka hjá Samfylkingunni. Að öðru leyti er mér alveg sama um það hvað hann segir um það hvaðan það kemur. Staðreyndin er einfaldlega sú að við vitum það öll að í stjórnmálum er ákaflega erfitt að fá fríska og nýjar hugmyndir en það kemur fyrir að einstaka flokkar fá þær þó að þess kannski gæti ekki hjá Framsóknarflokknum nú um stundir.

Hitt er athyglisvert að hæstv. ráðherra svaraði engu varðandi þær spurningar sem ég bar fram. Hann sagði hins vegar: Sáttaboð er ekki ásættanlegt vegna þess að það er hættulegt. Hvað er hættulegt? spyr ég hæstv. ráðherra. Hvað er hættulegt við það að fresta stóriðjuframkvæmdum um fimm ár?

[21:08]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði ekki að þessi stefna Samfylkingarinnar væri tekin úr því frumvarpi sem hér er til umræðu heldur úr þeim nefndarstörfum sem liggja því til grundvallar.

Ég endurtek hins vegar það sem ég hef áður sagt: Það sem er hættulegt er þessi stopp/stopp-stefna því að hún er mjög varhugaverð og mun hafa mjög vond áhrif á Íslandi eins og annars staðar.

[21:09]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri mjög skemmtilegt til tilbreytingar ef hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra mundi nú svara einhverjum af þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar.

Hann kom hér með fullyrðingu og hún var svona: Það er ekki hægt að taka tilboði um sættir sem felast í því að slá stóriðjuframkvæmdum á frest um fimm ár af því að það er hættulegt. Ég spurði hann: Hvað er hættulegt við það? Svar hans var: Það er hættulegt.

Hver eru rökin fyrir því? Hvað er það sem er hættulegt við það? Hæstv. ráðherra gaf engin svör við því. Nú hefur hann talað sig dauðan hér í þessum þingsal — þó að ég voni að hann lifi að öðru leyti mjög löngu og góðu lífi hér eftir — og það veldur því að ég fæ ekki svarið við þessu. (**Gripið fram í:** Þú ert búinn að fá það áður.) Ég hef ekki fengið það áður, herra forseti, ég hef reynt að efna til málefnalegrar umræðu við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra um það sem er grundvallardeilan í þessu máli, sem er þessi: Hví ekki að slá stóriðjuframkvæmdum á frest og reyna að ná sátt meðal þjóðarinnar? En hæstv. ráðherra hefur engin rök. Hann kemur gersamlega klæðlaus til umræðunnar að því er rökin varðar. (Gripið fram í.) Við höfum sýnt fram á að hæstv. viðskiptaráðherra hefur manna best greint frá því að það er ekki þörf á stóriðju til að halda uppi hagvexti. Í annan stað hefur hann sagt að engin hætta sé á að við hrindum frá okkur einhverjum stórfyrirtækjum sem vilja fjárfesta í iðnaði af þessu tagi hér á landi vegna þess að þau standi í röðum. Hvað er það þá sem er hættulegt?

Það er ekkert hættulegt við þetta, þetta er einungis friðþæging Framsóknarflokksins fyrir skelfilegar fyrndir sem hafa birst þjóðinni í óbilandi og grimmúðlegum stóriðjuofsa flokksins. Og hann hefur birst flokknum í því að fylgið hefur tæst í burtu eins og strá í vindi.

[21:11]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)**:

Herra forseti. Ég sá mig tilneydda að svara orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í minn garð. Hann kann því illa sjálfur, eftir því sem hann kallar, að vera þjófkenndur. Ég kann illa við að vera sökuð um ókurteisi í þingsal. Ég tel mig ekki hafa unnið til þess í tilsvörum mínum í dag eða í nokkurri ræðu. Ég óska eftir að hv. þingmaður dragi það til baka að ég hafi sýnt ókurteisi.

En niðurstaða mín eftir umræðuna í dag er sú að stóriðjustefnan sé eingöngu til í kollinum á stjórnarandstöðunni. Það hefur margkomið fram í umræðunni í dag að ríkisstjórnin rekur ekki stóriðjustefnu. Nú spyr Össur Skarphéðinsson hæstv. iðnaðarráðherra hvað því sé til fyrirstöðu að við segjum stopp næstu fimm árin? Hæstv. iðnaðarráðherra er búinn að svara því og hvaða afleiðingar það hefur.

En mig langar að bera aðeins niður í skýrslu nefndarinnar, sem m.a. hv. þm. Jóhann Ársælsson átti sæti í en þar veltu menn fyrir sér hvernig ætti að taka á ákveðnu millibilsástandi. Í frumvarpinu segir að á Íslandi gildi atvinnufrelsi, þ.e. að einstaklingum og lögaðilum er heimilt að gera það sem ekki er bannað í lögum. Því er hægt að sjá fyrir sér að unnt sé að reisa stóriðjuver án þess að Alþingi komi að því. Það er fyrirkomulag sem stjórnarandstaðan stóð að hér á sínum tíma þegar voru gerðar breytingar á raforkulögum og öðrum lögum á því sviði. Þetta var fært frá Alþingi og leyfisveitingin til iðnaðarráðherra.

En á bls. 72 í athugasemdum með frumvarpinu segir að unnt sé að reisa stóriðjuver án þess að Alþingi komi að því. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Alþingi gæti sett sérlög sem með almennum hætti takmörkuðu heimildir til að reisa stóriðju, ...“

Það verður ekki öðruvísi gert. Forræðið er ekki á höndum ríkisvaldsins í þessum málum með þeim breytingum sem gerðar voru á stjórnskipulagi raforkumála. Forræðið og stóriðjustefnan liggja þá hjá sveitarfélögunum, ekki hjá ríkisvaldinu. Fram kom hjá Jóhanni Ársælssyni í fyrri ræðu hans, eða hvort það var í andsvari fyrr í dag, að það eigi ekki að vísa þessu viðfangsefni til sveitarfélaganna. Skipulagsvaldið liggur hjá sveitarfélögunum, m.a. í Hafnarfirði þar sem tekin hefur verið ákvörðun um það af flokksbróður hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að íbúarnir fái að velja um þetta.

Annars staðar í öðrum sveitarfélögum, hvort sem það varðar Helguvík eða Húsavík, þá hafa íbúarnir í gegnum skipulagsferlið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Og ef íbúar í sveitarfélögunum eru svo andvígir því hver á sínum stað, hver reiknar með að það rísi álver, að sveitarstjórnirnar ráðist í það? Það hefur verið ákveðið að hafa atkvæðagreiðslu í Hafnarfirði til að fá skorið úr því hvort það er meiri hluti fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Ekki veit ég hvað menn ætla að gera á Húsavík en varla ráðast þeir í virkjun og stóriðju í andstöðu við íbúa sveitarfélagsins.

Hv. þingmaður sagði að ekki ætti að vísa þessu til sveitarfélaga. En það kemur af sjálfu sér, þar sem skipulagsvaldið liggur þar, fyrir utan þessa sérstöku ákvörðun bæjarstjórnar í Hafnarfirði að fela meiri hluta íbúa að taka ákvörðun um það.

Þetta var ekki auðvelt viðfangsefni sem hin ágæta auðlindanefnd stóð frammi fyrir. Það kemur fram hér í athugasemdum með frumvarpinu á bls. 71 að í nefndinni hafi komið til umræðu ýmiss konar hugmyndir sem spönnuðu allt frá því að allar leyfisveitingar yrðu frystar og ekki gefin út frekari leyfi þangað til að framtíðarstefnan hefði verið lögfest (Gripið fram í.) yfir í að halda áfram útgáfu leyfa með óbreyttum hætti í samræmi við gildandi lög.

Svo koma ýmis millistig líka til skoðunar í þessu nefndarstarfi með tilliti til þess hvar lagaskil skyldu vera. Það liggur fyrir og kemur fram í athugasemdunum með frumvarpinu að þá lá fyrir nefndinni að í ágúst 2006 voru í gildi sjö rannsóknarleyfi vegna jarðhita, en tvö þeirra leyfa eru

sérstaklega vegna hitaveitu. Í athugasemdum í skýrslu nefndarinnar er síðan gerð grein fyrir hver þessi rannsóknarleyfi eru.

Þar segir að nefndin telji óhjákvæmilegt, með tilliti til lagaskilyrða og réttmætra væntinga viðkomandi leyfishafa, að á þeim svæðum verði heimilt að halda áfram með rannsóknir og framkvæmdir í samræmi við gildandi lög. Framkvæmdaraðilar munu því sem fyrr þurfa að fá öll tilskilin leyfi og samþykki frá viðeigandi aðilum í ferlinu, t.d. fara í umhverfismat, fá samþykkt svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag, fá nýtingarleyfi, leyfi forsætisráðherra ef um er að ræða þjóðlendu, virkjanaleyfi, starfsleyfi fyrir virkjun, tímabundið starfsleyfi, framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi.

Það er ekki eins og þetta sé í hendi. Síðan segir auk þess í athugasemdunum að 21 umsókn um rannsóknarleyfi vegna jarðhita og vatnsafls bíði á 15 svæðum. Þar af eru 12 umsóknir vegna jarðhita og 9 umsóknir vegna vatnsafls. Í athugasemdunum er síðan gerð grein fyrir því hvaða svæði þetta eru.

Síðan segir, með leyfi forseta, orðrétt:

„Nefndin taldi mikilvægt að úrlausn hennar um þetta atriði væri almenn og byggð á hlutlægum og faglegum viðmiðum, en fæli ekki í sér sérstaka og klæðskerasaumaða lausn, sniðna að einstökum virkjunarkostum og/eða einstökum orkufyrirtækjum. Að öllu þessu gættu leggur nefndin til að heimilt verði að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a í fyrsta áfanga rammaáætlunar og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við á þeim forsendum að umhverfisverðmæti þeirra sé talið mikilvægt. Með þessu móti er brugðist við þeim lagalega áskilnaði sem vænta má að gerður verði og vikið er að hér að framan. Valið er almennt viðmið sem ekki er hægt að segja að bitni sérstaklega á einum aðila umfram aðra. Með þessari tillögu er mögulegri orkunýtingu á næstu árum sniðinn afar þröngur stakkur. Það er því óhjákvæmilegt að unnt verði að bregðast við ófyrirséðum atvikum."

Ég vil árétta það að m.a. að þessum orðum í þessari skýrslu stendur hv. þm. Jóhann Ársælsson og að þeim sjónarmiðum sem þarna eru reifuð. Áfram segir í athugasemdunum, með leyfi forseta:

„Því er lagt til að með samþykki Alþingis verði hægt að gefa út frekari leyfi til rannsókna og nýtingar á svæðum sem ekki tilheyra fyrirvaralausum kostum í umhverfisflokkum a og b í fyrsta áfanga rammaáætlunar en þó ekki fyrr en að loknu sambærilegum rannsóknum og mati sem niðurstöður rammaáætlunar byggjast á.

Um skilyrði fyrir veitingu leyfa til rannsókna og/eða nýtingar sem sótt hefur verið um fyrir gildistöku lagabreytingar þessarar en ekki hafa verið afgreidd á því tímamarki skal farið í samræmi við lög nr. 57/1998 með þeim breytingum sem leiðir af tillögum nefndarinnar.

Það eru óhjákvæmileg tengsl milli þessa álitaefnis og þeirrar umræðu og áforma sem nú eru uppi um stóriðju á næstu árum. Skiptar skoðanir voru um það innan nefndarinnar hvort löggjöf um auðlindir og auðlindanýtingu væri vettvangur til að stýra og/eða hafa áhrif á þau áform eða hvort slíkt ætti að gera á vettvangi annarrar löggjafar, samanber áform um löggjöf um losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda sem og þá staðreynd að í fyrri tilvikum hafa einstök stóriðjuáform ávallt kallað á sérstaka löggjöf þar að lútandi. Í slíkri löggjöf hefur verið kveðið á um viðamiklar undanþágur frá lögum, t.d. lögum um einkahlutafélög, lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, lögum um brunatryggingar, lögum um viðlagatryggingu, lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi og lögum um vörugjald. Einnig hafa verið sett viðamikil sérákvæði um skatta og sérreglur um reikningsskil. Taki ríkið á sig fjárhagslegar skuldbindingar í tengslum við slíka stóriðju verður það heldur ekki gert nema með lagasetningu, samanber áskilnað 40. og 41. gr. stjórnarskrár."

Þá kem ég að því, herra forseti, sem svarar kannski þeirri spurningu sem beint var að hæstv. iðnaðarráðherra og ég nefndi í upphafi máls míns, um hvort hægt væri að setja stóriðjustopp fyrirvaralaust með ákvörðun ráðherra. Í athugasemdunum segir áfram, með leyfi forseta:

„Á Íslandi gildir hins vegar athafnafrelsi, þ.e. einstaklingum og lögaðilum er heimilt að gera það sem ekki er bannað í lögum. Því er hægt að sjá það fyrir sér að unnt sé að reisa stóriðjuver án þess að Alþingi komi að því. Alþingi gæti sett sérlög sem með almennum hætti takmörkuðu heimildir til að reisa stóriðju, ..."

Öðruvísi sé ég ekki að hægt sé að koma á stóriðjustoppi. Mér fannst vert í þessari umræðu, herra forseti, að minna hv. þm. Jóhann Ársælsson á það – en hann hefur ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar innt hæstv. iðnaðarráðherra eftir afstöðu hans til þess að stoppa allar framkvæmdir í fimm ár, þar til lokið væri vinnu við nýtinguna – að þetta er sú niðurstaða, sú umræða sem fram fór um hvað hægt væri og hvað ekki þar til heildaráætlanir, annars vegar um verndun og hins vegar um nýtingu, koma til framkvæmda.

[21:23]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. umhverfisráðherra var að tala. Henni finnst greinilega engin ástæða til að neinar hömlur séu á uppbyggingu stóriðju út í það óendanlega, það eigi bara að gilda almennar reglur um atvinnufrelsi í landinu, alveg endalaust.

Það sem ég hef sagt um þessi mál er algjörlega í samræmi við afstöðu nefndarinnar. Samfylkingin hefur flutt lagafrumvarp til að taka á þessum málum með öðrum hætti, eins og hæstv. ráðherra fór yfir að þyrfti að gera og nefndin sagði. Auðvitað þurfa menn að sýna ábyrgð. Menn verða að sýna ábyrgð varðandi slíka hluti. Það á að gera í sölum Alþingis. Ég ætla ekki að þræta um það við hæstv. ráðherra að það þurfi að gera með lagasetningu, enda væri það undarlegt. Við höfum sjálf lagt fram lagafrumvarp í þessu skyni. Ég hélt að hæstv. ráðherra hefði orðið var við það.

Það þarf samþykki Alþingis fyrir því að breyta frá þessari stefnu. En það er eins og hæstv. ráðherrar Framsóknarflokksins vilji ekki skilja þetta. Það getur ekki verið að þeir skilji það ekki. Það hlýtur að hafa runnið upp fyrir hæstv. ráðherrum fyrir langalöngu að með því fyrirkomulagi sem núna gildir og þeir kalla atvinnufrelsi er stóriðju á Íslandi gefið algjört frelsi til að vaxa eins lengi og hægt er að fá kílóvatt til að framleiða ál.

[21:24]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Hv. þm. Jóhann Ársælsson leggur mér orð í munn. Það er fjarri því að ég telji að ekki eigi að setja stóriðju neinar hömlur en ég vísaði orðrétt í orðalag í skýrslu sem hv. þm. Jóhann Ársælsson stendur að. Ég er hins vegar á þeirri skoðun, og í góðu lagi að hún komi fram hér, að við eigum að fara okkur óskaplega varlega, bæði varðandi nýtingu auðlindarinnar og eins við uppbyggingu álvera. Mér segir svo hugur að öll þau áform sem uppi eru um stækkun og að reisa ný álver eigi ekki eftir að ganga jafn vel eftir.

Ef hugur almennings til uppbyggingar stóriðju er sá sem ég skynja í samfélaginu þá get ég ekki séð að þeir sveitarstjórnarmenn sem hafa verið áfram um þetta eigi eftir að fylgja áformum sínum eftir og ráðast í slíkar stórframkvæmdir. Ég sé ekki að þetta gangi eftir. Það er alveg ljóst að ég vil að þessu séu settar hömlur. Það eru hömlur í þeirri málsmeðferð sem leyfisveiting kalla á, m.a. með umsagnarrétti umhverfisráðuneytis sem eingöngu er byggð á náttúruverndar- og umhverfissjónarmiðum. Það hefur ekki verið farið í bága við það og það er virt. Við lítum þá til þeirra svæða sem ekki eru fullrannsökuð.

Ég er á því að við förum okkur óskaplega varlega og ég get tekið undir með fyrrverandi umhverfisráðherra. Orkan á bara eftir að hækka og það sem meira er, við þurfum einhvern tíma að taka ákvörðun um það hvert hagnaðurinn fer.

[21:26]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ljóst af þessu andsvari að hæstv. umhverfisráðherra vill ekki að stóriðjan vaxi út í hið óendanlega. En hún telur að það eigi ekki að taka í taumana með neinum hætti. Ábyrgðin eigi ekki að vera hér á Alþingi. Hvar í ósköpunum á hún að vera? Hafnfirðingar hafa bara skipulagsvaldið. Þeim er sagt hjá ríkisstjórninni að þetta sé frjálst. Hvers vegna ættu þeir að velta fyrir sér einhverjum loftslagsmálum eða einhverju slíku? Þeir taka auðvitað afstöðu út frá hagsmunum sínum.

Stóriðjustefnan er í gildi í augum fólks. Það er ekki hægt að kasta ábyrgð af þessu tagi á sveitarfélögin þegar um er að ræða svo gríðarlega mikilvæga hluti.

Það þýðir ekki heldur fyrir hæstv. umhverfisráðherra að biðjast fyrir og vona að það verði ekkert af þessu. Þannig gerast hlutirnir ekki. Menn verða að taka á (Forseti hringir.) þeim hér.

[21:27]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Stóriðjustefnan er í gildi í hugum fólks segir hv. þm. Jóhann Ársælsson og heldur því fram að það sé stjórnarliðinu á Alþingi að kenna, ríkisstjórninni að kenna. (**JÁ:** Nú, hvað auðvitað.) Ég veit ekki annað en að hann hafi gasprað mest um stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Hann telur að það megi ekki leggja það á Hafnfirðinga að taka afstöðu af því þeir trúi því að það sé stóriðjustefna. Hver annar á að taka ákvörðun um þetta en íbúar í Hafnarfirði?

Ég minni hv. þingmann á, af því að það varð breyting á þessu fyrirkomulagi, að Samfylkingin stóð að þeirri ákvörðun. (Gripið fram í.) Talsmaður Samfylkingarinnar á þeim tíma þegar raforkulögunum var breytt í þessa veru hafði sérstaklega orð á því í þeirri umræðu að kannski væri ekki séð fyrir endann á þessu. En hann studdi að valdið færi frá Alþingi og til ráðherra, þ.e. leyfisveitingarnar að þessu leyti.

Þingmönnum átti að vera alveg fullljóst hvað þeir voru að gera á þeim tíma. Það var verið að færa ákvörðunarvaldið (Forseti hringir.) um virkjanir og stóriðju til sveitarfélaganna.

[21:29]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé að það var ekki vanþörf á að gefa hæstv. umhverfisráðherra litla lexíu um mannasiði í fyrri ræðum mínum í kvöld. Af svari hennar áðan var ekki hægt að ráða annað en það að hún hefði heldur ekki lagt þá á sig að hlusta á þær ræður sem menn voru að flytja hér, m.a. með spurningum til hennar. Hún spurði mig, og reyndar krafðist þess að ég bæði sig afsökunar á því að hafa sagt það. En hún spurði hvers vegna ég segði að hún hefði sýnt þá ókurteisi að svara ekki spurningum sem til hennar var beint.

Hv. þm. Mörður Árnason beindi til hennar spurningu um hvort hún teldi ekki rétt að Alþingi tæki til sín þann rétt sem er í þessu frumvarpi, sem er hér til umræðu, er hjá ráðherra og varðar ákvörðun um virkjunarframkvæmdir í flokki a og b.

Hæstv. ráðherra þrumdi undir þeirri spurningu, lykilspurningu af hálfu þeirra sem vilja fá málefnalegri umræðu við stjórnarliðið. Hún svaraði því ekki. Það er ókurteisi, herra forseti, og satt að segja rakinn dónaskapur.

Hæstv. ráðherra spurði í hverju stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar fælist. Hún felst í því, herra forseti, að tala opinskátt um að minnsta kosti þrjú stóriðjuver: á Húsavík, í Helguvík, stækkun í Straumsvík, plús tvö önnur sem hafa verið rædd fullum fetum. Hæstv. utanríkisráðherra hefur talað fullum fetum um ýmsa aðra möguleika einnig. Það er stóriðjustefna. Það er stóriðjustefna að hika ekki við að ráðast í gríðarlegar framkvæmdir sem leiða til mikillar þenslu, sem leiða til ofurvaxta, til ofurverðbólgu og ryðja burtu sprotafyrirtækjum og hátækni og draga úr þrótti ferðaþjónustunnar. Það er stóriðjustefna.

Ég skil það hins vegar vel að hæstv. ráðherra viti ekki hvað í því felst. Stundum finnst mér að hún viti ekki að hún er umhverfisráðherra en ekki iðnaðarráðherra.

[21:31]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Mér finnst málflutningur, herra forseti, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar ekki standa traustum fótum, að stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar byggi á því hvernig fyrrverandi iðnaðarráðherra talar fyrir álverið hugsanlega í sínu kjördæmi. Er það stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar? Hvernig tala hv. samfylkingarmenn í Hafnarfirði? Hvernig tala samfylkingarmenn á Húsavík? Hvernig tala sveitarstjórnarmenn á Húsavík almennt, og í Hafnarfirði? Einstakir þingmenn geta haft sínar skoðanir á þessu og ég vísa í þessu tilviki á að formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörg Sólrún

Gísladóttir, hefur sagt að Hafnfirðingar eigi að fá að kjósa um þetta. Að vísu kiknaði hún í hnjánum nýlega og hélt því fram að kannski ætti hugsanlega að fresta því að taka ákvörðun. Hennar niðurstaða er sú að Hafnfirðingar eigi að fá að velja um þetta. Allir þeir sem hafa áhuga á stóriðju, (Gripið fram í.) eru þeir í forsvari fyrir stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar?

Það er gjörsamlega út í hött að reyna að sverja þetta af sér. Það er búið að reyna að telja þjóðinni trú um það ítrekað að ríkisstjórnin reki stóriðjustefnu. (Gripið fram í.) Svo heldur hv. þm. Jóhann Ársælsson því fram að fólk trúi því að það sé stóriðjustefna. Það er einfaldlega vegna þess að þingmenn eins og Jóhann Ársælsson halda því fram að svo sé. Það er kominn tími til að leiðrétta það. Ég held að fólkinu í þessum sveitarfélögum sé ljóst að hvað verður byggir mikið til á afstöðu þess. Þetta fólk hefur alla möguleika í þessum sveitarfélögum til að koma athugasemdum sínum á framfæri og ef það ekki vill stóriðju stoppar það stóriðju (**MÁ:** ... skipulagsmál.) um skipulagsmál og í gegnum allt það ferli sem fram undan er.

[21:33]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér talaði hæstv. umhverfisráðherra sem hefur lýst því yfir að hún sé að leggja fram stefnu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og þar er ekki einu sinni drepið á stóriðju, þar er ekki einu sinni tekið tillit til hennar í loftslagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar. Er hægt að hugsa sér nokkurn ráðherra sem er eins gagnsýrð og gegnsnýtuð á stóriðjustefnu og þann ráðherra sem svo talar? Ég held ekki, herra forseti.

Hér talaði líka ráðherrann sem hefur sagt að það sé lausn á alþjóðlegum vanda að flytja sem flest stóriðjuver hingað til Íslands til að draga úr mengun annars staðar. Með öðrum orðum, hún vegur ekki einu sinni þá hagsmuni sem felast í íslenskri náttúru af því að hún er að leysa vandann annars staðar. (Gripið fram í.) Þetta er þó umhverfisráðherrann sem ber hag náttúrunnar svo fyrir brjósti sér. Það er ekkert öðruvísi.

Ég verð satt að segja að minna hæstv. ráðherra aftur á það að hún er ekki iðnaðarráðherra, hún er umhverfisráðherra og hún á að bera hag náttúrunnar og umhverfisins fyrir brjósti, (Forseti hringir.) ekki þrönga flokkshagsmuni Framsóknarflokksins. Það er það sem hún ætti að velta svolítið fyrir sér, herra forseti. (Forseti hringir.) Ég veit að við erum sammála um það eins og svo margt annað sem varðar Framsóknarflokkinn.

[21:34]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo komið í þessari umræðu að ég man varla hvað það var sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi fyrst í stuttu andsvari sínu. Hann dregur mig kannski að landi með það.

Hv. þingmaður hélt því fram að ég væri að leggja fram stefnumörkun í loftslagsmálum (**ÖS:** Þú segir það í útvarpinu.) þar sem stóriðjan væri ekki nefnd. Hvernig dettur hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í hug að menn leggi fram stefnumörkun í loftslagsmálum þar sem ekki væri minnst á stóriðju? En ég heyrði hv. þingmann líka halda því fram á dögunum í þætti sem (Gripið fram í.) heitir Silfur Egils að í losunarfrumvarpinu væri ekki minnst á stóriðju. Þá ætla ég að leiðrétta það hér og nota tækifærið til að segja að stóriðja er eitt aðalviðfangsefni í stefnumörkun í loftslagsmálum og eina viðfangið (Gripið fram í.) í losunarfrumvarpinu um takmörkun á losunum. (Gripið fram í.) Síðan vil ég segja það, ef hv. þingmaður hættir að grípa fram í, að ég hef aldrei sagt að við ættum (Forseti hringir.) að taka á okkur einhverjar byrðar fyrir aðra, en hv. þingmaður getur ekki mælt á móti því að (Forseti hringir.) aukin notkun endurnýjanlegra orkugjafa dregur úr loftslagsvandamálum heimsins.

[21:36]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Hæstv. umhverfisráðherra hélt hér merkilega smáræðu og sagði að hún væri ekki fylgjandi hömlulausri stóriðjuuppbyggingu á Íslandi. Þetta var merkilegt vegna þess að þetta hefur aldrei heyrst áður frá hæstv. umhverfisráðherra.

Hvaða gerðir umhverfisráðherra benda til þess að hún fylgi fram þessari stefnu? Stuðningur hennar við þetta frumvarp bendir ekki til þess að hún fylgi fram þessari stefnu vegna þess að engar hömlur eru settar á vaxandi stóriðju í frumvarpinu sem enn er hér umræðuefni, og úr því að við vorum að tala um loftslagsmál er rétt að taka undir það með ráðherranum að vissulega er það einhver misskilningur hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ekki sé fjallað um stóriðju í loftslagsstefnunni. Ég er hér með eina opinbera gagnið sem til lestrar og kynningar er, þ.e. frétt á heimasíðu umhverfisráðuneytisins um þetta og þar er svo sannarlega minnst á stóriðju. Það er þannig að við eigum að halda okkur innan Kyoto-bókunarákvæðisins sem oft er kennt við Ísland með formlegum hætti en fari hins vegar svo, með leyfi forseta, stendur í fréttatilkynningunni „að atvinnurekstur losi meira magn koldíoxíðs en það fær úthlutað heimildum fyrir," — atvinnureksturinn með einhverjum hætti — „þarf fyrirtækið sjálft að afla sér viðbótarheimilda með fjármögnun skógræktar- eða landgræðsluverkefna" — sem eru ekki miklar heimildir — „eða öflun viðurkenndra heimilda erlendis frá. Frumvarpið kemur því ekki í veg fyrir losun frá stóriðju umfram heimildir Íslands," stendur hér. Svo er því bætt við að ríkisstjórnin þurfi að vísu ekki að borga þennan kostnað þannig að eina verkfærið sem hæstv. umhverfisráðherra hafði sem var það að geta búið til reglur og flutt þær á þingið sem gæti stöðvað stóriðjuna samkvæmt íslenska ákvæðinu eru ekki notaðar, heldur sagt: Komið þið, börnin mín, og í fangið á mér því að hér getið þið spúð eldi og eimyrju eins og (Forseti hringir.) ykkur sýnist.

[21:38]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég neyðist til og ætla að gera það af fyllstu kurteisi að leiðrétta að það plagg sem hv. þm. Mörður Árnason var að vísa í er ekki stefnumörkun stjórnvalda í loftslagsmálum heldur er þetta fréttatilkynning um meginefni frumvarps um losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju. (Gripið fram í.)

Þá vil ég segja að þetta frumvarp eins og segir í fréttatilkynningunni fjallar eingöngu um takmörkun á losun frá stóriðju en ekki eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hélt fram, að það taki ekkert til stóriðju. Það fjallar ekki um neitt annað. Þarna er kveðið á um reglur sem eiga að takmarka það og tryggja að við stöndum við þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar, reglurnar sem byggja á áætlun sem á að vinna í samráði við þessi fyrirtæki sem hafa áform um að reisa álver. Það á að gera áætlun á árinu 2008, það á að úthluta árlega ákveðnum heimildum og það kemur á daginn þegar farið er að vinna áætlunina hvort áform þessara fyrirtækja rúmist innan þeirra losunarheimilda sem við eigum. Ef við förum fram yfir þetta er það á kostnað heimilda eftir 2012, en ég tel það vera mjög takmarkandi að það er bara þetta árabil 2008–2012. Það er alger óvissa um hvað tekur við.

Það er eðlilegt að þeim sem hafa áform um að reisa álver með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda væri það ljóst, ekki síðar en núna, út frá hverju þeir geta gengið með fyrirætlunum um rekstur og hvar óvissan byrjar sem er 2012. Ég held að þetta sé verulega takmarkandi fyrir hvers konar áform um að reisa og reka álver á Íslandi til viðbótar þeim álverum sem þegar eru (Forseti hringir.) starfandi.

[21:40]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Með fullri kurteisi á þessi umræða kannski ekki heima í þessu stutta andsvari og ég vil segja það eitt um hana að ef fyrirtæki kaupa sér kvóta erlendis frá hljóta þau að setja hann í hinn almenna kvóta Íslendinga sem minnkar þá væntanlega umsvif Íslendinga til að nýta sér þessa kvóta. Þessir kvótar eru engan veginn óháðir því sem gerist í lok ársins 2012.

Það sem er hins vegar aðalmálið hérna er að hæstv. umhverfisráðherra ætlar sér að byggja upp stóriðju sem fer fram úr íslenska ákvæðinu í tengslum við Kyoto-bókunina. Hún notfærir sér þess vegna ekki eitt af mjög fáum tækjum sem við höfum til að hafa einhverjar hömlur á stóriðjuuppbyggingunni þau 4–10 ár sem hér um ræðir.

[21:41]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við eigum þess kost, vonandi fljótlega, að ræða frumvarp um takmörkun á losunarheimildum gróðurhúsalofttegunda og hafa til þess meiri tíma og svigrúm og ég fagna því, (**ÖS:** Er það komið fram?) en síðan langaði mig í lokin á þessum andsvörum að árétta það, af því að menn eru að tala um hömlulausa stóriðjustefnu, hömlulaus áform, að ég vil frekar tala fyrir því að við ráðumst hömlulaust í friðlýsingar náttúruverðmæta okkar, tala fyrir hömlulausri náttúruvernd. Það eru þeir hagsmunir sem ég vil standa vörð um í þessu samhengi og ástæðan fyrir því að ég tók þátt í þessari umræðu í dag er að hluti af því frumvarpi og þeim ákvæðum sem eru í þessu frumvarpi sem við höfum verið að ræða fjallar um verndaráætlun, vernd náttúruauðlindanna (Forseti hringir.) og á að vinna á forsendum og forræði umhverfisráðuneytisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Meginreglur umhverfisréttar, 1. umr.*

Stjfrv., 566. mál (heildarlög). — Þskj. 842.

[21:43]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um meginreglur umhverfisréttar sem er 566. mál á þskj. 842. Frumvarpinu er ætlað að auðvelda framkvæmd sjálfbærrar þróunar, sjálfbærrar nýtingar umhverfis og jafnframt að stuðla að samþættingu sjónarmiða um umhverfisvernd við önnur sjónarmið. Liður í því er að leggja til að nokkrar af helstu meginreglum umhverfisréttarins verði lögfestar. Reglurnar sem um ræðir eru reglurnar um samþættingu, fyrirbyggjandi aðgerðir, um lausn við upptöku, varúðarreglan og loks greiðslureglan. Tvívegis áður hafa verið lögð fyrir Alþingi frumvörp sem fjalla um meginreglur umhverfisréttar, á 117. löggjafarþingi 1993–1994 en þá var lagt fram frumvarp til laga um lögfestingu nokkurra meginreglna umhverfisréttar o.fl. og á 122. löggjafarþingi 1997–1998 var lagt fram frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar. Hvorugt þeirra frumvarpa varð lögum en frumvarpið sem ég mæli fyrir hefur að geyma flestar af meginreglunum sem voru í fyrri frumvörpum en það er þó með víðtækara gildissviði og skírskotun fyrst og fremst vegna meginreglunnar um samþættingu.

Markmið frumvarpsins sem ég ætla að gera nánari grein fyrir er að stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu umhverfis, auðvelda samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum ákvarðana sem varða umhverfið. Að öllu þessu er stefnt með hag núlifandi og komandi kynslóða að leiðarljósi. Til að vinna að þessu markmiði skal útfæra meginreglurnar nánar við setningu og framkvæmd laga og reglna sem áhrif hafa á umhverfið og beita þeim þegar undirbúnar og teknar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfi. Í þessu felst í fyrsta lagi að útfæra skal einstakar meginreglur í viðkomandi lögum og reglugerðum eins og við á hverju sinni og gera grein fyrir réttindum og skyldum einstaklinga og lögaðila svo og hlutverki stjórnvalda með tilliti til viðkomandi meginreglu. Jafnframt þurfa slíkar efnisreglur að innihalda viðmið svo ákvarðanir sem byggjast á þeim stuðli raunverulega að markmiði laganna. Þannig þurfa stjórnvöld á hverjum tíma að vera meðvituð um efni og tilgang þessara meginreglna þegar unnið er að undirbúningi lagafrumvarpa og reglugerða og láta þær endurspeglast í reglunum þannig að þær kveði skýrt á um skyldur og réttindi sem þær taka til og hafi því tilætluð áhrif.

Í öðru lagi ber að beita fyrrgreindum meginreglum þegar undirbúnar eru og teknar ákvarðanir sem hafa áhrif á umhverfi. Það fer eftir efni viðkomandi meginreglna hvort mögulegt er að beita þeim þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á umhverfi, þ.e. án þess að styðjast við tiltekið laga- eða reglugerðarákvæði þar sem viðkomandi meginregla hefur verið útfærð. Hins vegar er alltaf mögulegt að styðjast við einstakar meginreglur þegar ákvæði laga og reglugerða eru skýrð.

Þá vil ég gera grein fyrir efni þeirra meginreglna sem frumvarpið mælir fyrir. Reglan um samþættingu mælir fyrir um að samþætta skuli sjónarmið um umhverfisvernd við

önnur sjónarmið þegar undirbúnar og teknar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfið. Reglan um samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið er af mörgum talin kjarni sjálfbærrar þróunar og má það til sanns vegar færa. Meginreglan er ítrekuð og útfærð í mörgum nýlegum alþjóðlegum samningum sem varða umhverfisvernd. Sem dæmi má nefna að samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ber samningsaðilum að samþætta aðgerðir sem miða að loftslagsvernd við aðra opinbera stefnumörkun og áætlanagerð. Dæmi um útfærslu meginreglunnar um samþættingu er t.d. lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, en markmið þeirra er að stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð. Þetta er gert á þann hátt að metin eru umhverfisáhrif tiltekinna áætlana sem líklegt er að hafi í för með sér verulega umhverfisáhrif.

Í reglunni um fyrirbyggjandi aðgerðir felst að þegar teknar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfið skal eins og mögulegt er draga úr, minnka eða koma í veg fyrir áhrifin og að umhverfi skerðist að magni eða gæðum. Markmiðið sem býr í meginreglunni er að fyrirbyggja eða koma í veg fyrir að umhverfið verði fyrir varanlegri skerðingu sem ómögulegt eða óraunhæft er að bæta úr síðar. Að baki liggur vitneskja um óæskileg umhverfisáhrif verði ekki gripið til ákveðinna fyrirbyggjandi aðgerða og að þörf sé á ákveðnum verndaraðgerðum jafnvel þótt þær hafi í för með sér einhverjar takmarkanir á eignarráðum eða athafnafrelsi einstaklinga og lögaðila. Og það má segja í stórum dráttum, herra forseti, að íslenskur umhverfisréttur byggist á meginreglunni um að gripið skuli til fyrirbyggjandi aðgerða í því skyni að koma í veg fyrir að umhverfið verði fyrir tjóni eða skerðingu og í því tilviki vil ég benda sérstaklega á lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, í þessu sambandi. Reglan um lausn við upptöku segir að umhverfisvandamál skuli eins og kostur er leysa þar sem þau eiga upptök sín og forðast beri að færa þau til í umhverfinu. Meginreglan endurspeglast m.a. í kröfum sem settar eru um magn ýmissa mengandi efna sem heimilt er að sleppa í viðtaka og að nota skuli mengunarvarnabúnað í því skyni að takmarka mengun umhverfisins þar sem mengunin verður til eða á upptök sín. Varúðarreglan felur í sér að þegar hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum áhrifum á umhverfi og náttúruauðlindir skal skorti á vísindalegri fullvissu ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem geta komið í veg fyrir eða dregið úr áhrifum.

Dæmið um varúðarregluna í íslenskri löggjöf er að finna í 28. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, þar sem segir m.a. að þegar hætta er talin á að matvæli geti valdið alvarlegu heilsutjóni sé ráðherra heimilt að fyrirskipa nauðsynlegar varúðar- og varnaraðgerðir. Má segja að lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, byggi á þessari sömu varúðarreglu.

Að lokum er það greiðslureglan sem mælir fyrir um að í því skyni að tekið sé tillit til umhverfiskostnaðar skuli beita hagrænum stjórntækjum í samræmi við meginregluna um að sá sem mengar beri að jafnaði þann kostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum vegna mengunar. Að baki reglunni býr það sjónarmið að gera mengunarvald ábyrgari og meðvitaðri um ábyrgð sína sem er öðrum þræði samfélagsleg. Samtímis hvetur þessi nálgun mengunarvald til þess að þróa betri tækni og framleiðsluaðferðir og jafnar loks samkeppnisstöðu fyrirtækja sérstaklega á alþjóðlegum markaði. Í íslenskum rétti er að finna margs konar ákvæði þar sem þeim sem mengar eða ber ábyrgð á mengun er gert að standa straum af kostnaði vegna mengunarvarna og ég ætla að láta duga, herra forseti, að nefna hérna eitt dæmi sem er raunhæft á þessum tíma og þessu ári. Það er 16. gr. laga nr. 32/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, þar sem mengunarvaldur ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengun og skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu til að standa straum af kostnaði vegna bráðamengunartjóns.

Ávinningur þess að lögfesta meginreglur umhverfisréttarins er margþættur. Í fyrsta lagi verða í einum lagabálki nokkrar af mikilvægustu reglum umhverfisréttarins. Þetta auðveldar undirbúning og töku allra ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfi, þar með talið undirbúning nýrra löggjafa, reglugerða og ákvarðanatöku í einstökum tilvikum.

Í öðru lagi er leitast við að skýra meginreglurnar og gera grein fyrir helstu röksemdum sem að baki þeim búa. Jafnframt er í frumvarpinu gerð grein fyrir hvernig meginreglurnar hafa verið útfærðar og þeim beitt m.a. af dómstólum.

Í þriðja lagi verður auðveldara að vinna að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu umhverfis og einstakra þátta þess þar sem nokkrar af meginreglunum hafa beinlínis verið þróaðar með þessi markmið í huga.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið meginefni frumvarps um meginreglur umhverfisréttarins og ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar og 2. umr.

[21:52]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að lögfesta eigi í landinu þessar reglur og ætla ekki að fara í umræðu um þær sérstaklega en mig langar til að kynnast aðeins sjónarmiðum hæstv. umhverfisráðherra hvað varðar þessar meginreglur. Í fyrsta lagi langar mig að spyrja vegna 4. gr. þeirra en þar stendur: „Umhverfisvandamál skal eins og kostur er leysa þar sem þau eiga upptök sín.“ Hefur hæstv. ráðherra skoðun á því hve mikið megi flytja af losunarheimildum til Íslands svo það fari ekki að brjóta í bága við þessa reglu, þ.e. að umhverfisvandamál skuli eins og kostur er leysa þar sem þau eiga upptök sín?

Svo langar mig til að spyrja í sambandi við varúðarregluna nr. 5: „Þegar hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum áhrifum á umhverfi og náttúruauðlindir skal skorti á vísindalegri fullvissu ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem geta komið í veg fyrir áhrifin eða dregið úr þeim.“

Telur hæstv. ráðherra að þessar tvær reglur sem ég hef vitnað hérna til gangi saman með hinum mikla innflutningi á losunarheimildum?

Í þriðja lagi: „Í því skyni að tekið sé tillit til umhverfiskostnaðar skal beita hagrænum stjórntækjum í samræmi við meginregluna um að sá sem mengar beri að jafnaði þann kostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir eða draga úr

áhrifum vegna mengunar.“

Finnst hæstv. ráðherra að fríar losunarheimildir sem iðjuverin hafa fengið í áliðnaði á Íslandi gangi upp við þessa reglu og hafi gert?

[21:54]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir, en hv. þm. Jóhann Ársælsson byrjaði á því að spyrja um regluna um lausn við upptöku þar sem efnislega segir að umhverfisvandamál skuli þar sem kostur er leysa þar sem þau eiga upptök sín og forðast beri að færa þau til. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni að þessi meginregla endurspeglast m.a. í kröfum sem eru gerðar um magn á ýmsum mengandi efnum sem heimilt er að sleppa og að nota skuli mengunarvarnabúnað í því skyni að takmarka mengun umhverfisins. Ég nefndi engin dæmi um reglur í íslenskri löggjöf en ég tel að eitt skýrasta dæmið um þessa reglu í framkvæmd sé að finna í þeim starfsleyfum sem álverin og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga starfa eftir. Þar er byggt á þessu og við höfum náð stórkostlegum árangri með þeim ströngu kröfum sem við erum að gera til álveranna um tæknibúnað og það er nákvæmlega þessi hugsun, að umhverfismál eigi ekki að færast.

Að öðru leyti vil ég segja að þegar ég velti þessari reglu fyrir mér þá er mér hugsað til þeirra þjóða og þeirra ríkja sem eru ekki jafnrík og við af endurnýjanlegum orkugjöfum og þurfa m.a. að afla sér orku með kjarnorkunni. Sú framleiðsluleið er ört vaxandi í heiminum og það eru fleiri og fleiri ríki sem hafa áform um að framleiða raforku með kjarnorku. Það sem er hættulegast í því er þegar menn fara ekki þá leið eins og við þekkjum að grafa kjarnorkuúrgangi djúpt í jörðu til einhverra næstu þúsund ára heldur flytja hann í endurvinnslustöð. Ég tel að sú framkvæmd hjá kjarnorkuverum varðandi úrganginn sé m.a. í ósamræmi við umrædda reglu sem er gegnumgangandi í gegnum Evrópurétt-inn og á eins og aðrar í þessum reglum upptök sín í alþjóðlegum samningum sem við og aðrar þjóðir erum aðilar að.

[21:57]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ber þá að líta þannig á að ef búnaðurinn er nógu góður, miðað við það sem gerist í heiminum, þá sé hægt að flytja á einhvern stað í heiminum sem gæti t.d. verið Ísland, framleiðslu sem mengar mikið, alveg endalaust, ef búnaðurinn sem til þess er í lagi og uppfylltar eru reglur landsins sem slíks? Hefur hæstv. ráðherra enga skoðun á því að þessi regla eigi að hafa neina virkni hvað varðar heildarniðurstöðu af þeirri losun sem um er að ræða, að það séu engar hömlur á því?

Síðan er það greiðslureglan sem ég spurði um áðan og hæstv. ráðherra svaraði ekki. Telur hæstv. ráðherra að það sé í samræmi við greiðslureglunna að úthluta loftslagsútblæstri frítt til álveranna í landinu eins og gert hefur verið með íslenska ákvæðinu og allri losun fram að þessu eða telur hæstv. ráðherra að það þurfi að gera einhverjar breytingar á þeirri stefnu?

[21:58]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Ég er, herra forseti, að reyna að skilja til fulls spurningu frá hv. þingmanni. Annars vegar ræðir hv. þingmaður um regluna um lausn við upptöku og tengir það heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda, hvort hún komi í veg fyrir ... (**JÁ:** Hvort hægt sé að flytja endalaust inn heimildir.) Hvort hægt sé að flytja endalaust inn heimildir. Ég tel að þessi regla komi því í rauninni ekkert við og finnst nauðsynlegt vegna þessarar spurningar hv. þingmanns að árétta að annars vegar eru gerðar mjög strangar kröfur í starfsleyfum til ákveðinnar losunar flúorkolefnis frá álverum. Hins vegar þegar við erum að tala um losun gróðurhúsalofttegunda þá erum við að tala um hnattrænan vanda og það er það sem ég reyndi að leggja áherslu á og hef lagt áherslu á, að ef okkur tekst um allan heim að leysa af hólmi kol og olíu til framleiðslu á raforku og nýta meira af endurnýjanlegri orku hvar sem er í heiminum — og við höfum hugvitið og tæknina sem við getum flutt út og stuðlað að því á heimsvísu — þá er það það sem skiptir máli fyrir hnattræna stöðu mála gagnvart losun gróðurhúsalofttegunda og gagnvart loftslagsbreytingum. Ég tel ekki að þessi regla snerti það á einn eða annan hátt.

Síðan varðandi greiðslureglunna, að menn eigi að greiða fyrir, þá er það alveg ljóst að samkvæmt þessu frumvarpi um losun gróðurhúsalofttegundanna þá er gert ráð fyrir því að fari menn umfram þær heimildir sem Ísland hefur þá þurfi þeir að borga annaðhvort með kaupum á almennum losunarheimildum eða með því að fjárfesta í skógrækt og landgræðslu. En það segir sig líka sjálft að víða í heiminum er þetta orðinn markaður þar sem menn þurfa að borga fyrir losun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Siglingavernd, 3. umr.*

Stjfrv., 238. mál (EES-reglur). — Þskj. 829, brtt. 858.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 19.–21. mál.

Fundi slitið kl. 22:02.

# 71. FUNDUR

miðvikudaginn 14. febr.,
kl. 12 á hádegi.

**Dagskrá:**

*Til forsætisráðherra:*

1. Stuðningur Íslendinga við hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna, fsp. SJS, 565. mál, þskj. 840.

*Til félagsmálaráðherra:*

2. Eftirlit með gasbúnaði í hjólhýsum, fsp. SigurjÞ, 344. mál, þskj. 373.

*Til heilbrigðisráðherra:*

3. Rekstur dvalar- og hjúkrunarrýma, fsp. SigurjÞ, 315. mál, þskj. 337.

*Til menntamálaráðherra:*

4. Réttarstaða íslenskrar tungu og staða annarra tungumála í löggjöf og stjórnkerfi, fsp. MÁ, 267. mál, þskj. 276.

5. Starf trúfélaga í grunnskólum og framhaldsskólum, fsp. MÁ, 314. mál, þskj. 336.

6. Námstími til stúdentsprófs, fsp. BjörgvS, 491. mál, þskj. 743.

7. Kostnaður við dagskrárliði Ríkisútvarpsins, fsp. MÁ, 500. mál, þskj. 755.

8. Skattlagning tekna af hugverkum, fsp. MÁ, 547. mál, þskj. 816.

*Til umhverfisráðherra:*

9. Losun gróðurhúsalofttegunda, fsp. MÁ, 486. mál, þskj. 738.

10. Þjóðarátak gegn lélegri umgengni um landið, fsp. KolH, 538. mál, þskj. 807.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

11. Aflagning dagabátakerfisins, fsp. MÞH, 246. mál, þskj. 249.

12. Laun sjómanna og lífskjör á landsbyggðinni, fsp. SigurjÞ, 448. mál, þskj. 576.

*Til iðnaðarráðherra:*

13. Vetnisrannsóknir og eldsneyti, fsp. VF, 557. mál, þskj. 832.

14. Fólksfækkun í byggðum landsins, fsp. KLM, 562. mál, þskj. 837.

*Til landbúnaðarráðherra:*

15. Sameining Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins, fsp. BjörgvS, 393. mál, þskj. 437.

*Til samgönguráðherra:*

16. Farþegaflug milli Vestmannaeyja og lands, fsp. MÞH, 245. mál, þskj. 248.

17. Vegrið, fsp. MÞH, 292. mál, þskj. 305.

18. Aðgangur að háhraðanettengingu, fsp. BjörgvS, 508. mál, þskj. 768.

19. Samgöngubætur á Vestfjörðum, fsp. AKG, 537. mál, þskj. 806.

20. Grímseyjarferja, fsp. KLM, 539. mál, þskj. 808.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Málefni grunnskólakennara.

[11:59]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins í tilefni af því að augljóst er af atburðum og umræðum síðustu daga í skólasamfélaginu að mikil og vaxandi og djúpstæð undiralda er meðal grunnskólakennara. Hún er m.a. til komin vegna málaloka eftir síðasta verkfall sem endaði með lagasetningu ríkisstjórnar Íslands á verkfall kennara. Verkfallið varð til þess að gríðarlegur fjöldi skóladaga fór í súginn, sex vikna verkfall, 1,5 millj. skóladagar og nú blasir við út af umræðum í skólaasamfélaginu að það stefnir í óefni á nýjan leik. Það blasir við að skapast gæti alvarlegt ástand í grunnskólunum síðar á þessu ári. Það er alvarleg og vaxandi undiralda í skólunum sem stefnir starfi þeirra í uppnám vegna þess að margir kennarar hyggja á uppsagnir sem leitt gætu til fjöldauppsagna grunnskólakennara.

Þess vegna spyr ég hæstv. forsætisráðherra, þar sem hæstv. menntamálaráðherra gat ekki séð sér fært að vera við upphaf þingfundar, hvort ríkisstjórn Íslands, fagráðherra eða hann sjálfur, sem ber að sjálfsögðu ábyrgð á grunnskólamenntun og fræðslustarfi í landinu, hafi komið að þessu máli, og ekki síst af því að ábyrgð ríkisins er mikil í þessu máli vegna þess að fyrir tveimur árum setti ríkisstjórnin lög á grunnskólakennara, rak þá aftur til starfa, hundóánægða með kjör sín og hlutskipti. Sú óánægja hefur vaxið síðan og er nú orðin að djúpstæðri undiröldu í grunnskólasamfélaginu sem gæti leitt til þess að skólana skorti kennara út af fjöldauppsögnum þeirra. Það er hægt að koma í veg fyrir að þetta ástand skapist með pólitískum aðgerðum ef pólitískur vilji er til staðar. Pólitísk ábyrgð er klárlega hjá ríkisstjórninni. Hún ber ábyrgð á því að hafa rekið kennara aftur til vinnu með lagasetningu fyrir tveimur árum. Hún ber ábyrgð á þeirri alvarlegu undiröldu sem er í skólunum, þeirri óánægju sem er meðal (Forseti hringir.) grunnskólakennara. Því spyr ég hæstv. forsætisráðherra hvort ráðuneyti hans hafi komið að þessu máli með formlegum hætti.

[12:02]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmanni hlýtur að vera það kunnugt að launamál grunnskólakennara og kjarasamningar þeirra eru verkefni sveitarfélaganna og launanefndar þeirra.

[12:02]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er það verkefni sveitarfélaganna að sjá um það, launanefndar sveitarfélaganna. Þess vegna spurði ég hæstv. forsætisráðherra hvort hann sem forsætisráðherra eða einhver á hans vegum í ríkisstjórn Íslands hefði tekið utan um málið, kynnt sér það með formlegum hætti og farið yfir stöðuna með forustu kennara eða forustu launanefndar sveitarfélaganna. Þó svo að ríkisvaldið hafi komið verkefninu fyrir hjá sveitarfélögunum ber ríkisvaldið að sjálfsögðu ábyrgð á grunnskólamenntun barnanna, ber ábyrgð á því að grunnskólastarf sé í lagi og auð-

vitað á ríkisstjórn Íslands að koma að því að liðka til fyrir hlutunum þannig að ekki stefni í þann ófrið og það óefni sem gæti gerst í grunnskólum landsins.

Hæstv. forsætisráðherra hlýtur að hafa pólitískan metnað til að koma í veg fyrir það að kennarar segi upp í fjöldauppsögnum og grunnskólar landsins, margir hverjir, verði fyrir barðinu á því og þá skorti kennara m.a. vegna pólitísks viljaleysis hæstv. forsætisráðherra sem skýtur sér hér undan ábyrgð með því að vísa þessu máli alfarið á hendur sveitarfélaganna. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi kynnt sér málið með formlegum hætti, hvort til staðar sé pólitískur vilji hjá ríkisstjórn Íslands til að koma í veg fyrir fjöldauppsagnir kennara, til að koma að deilunni, til að liðka fyrir málum þannig að hægt sé að bægja því frá að fjöldi kennara gangi út úr skólunum strax í haust vegna þess að kjör þeirra eru óviðunandi. Það verður að sjálfsögðu að bæta kjör kennara og hefja starf kennara til vegs og virðingar og þar skipta launin miklu máli. Ábyrgð hæstv. forsætisráðherra í því máli er augljós þó svo að það sé launanefndarinnar að semja við kennarana.

Þess vegna spyr ég hæstv. forsætisráðherra að því aftur hvort hann eða fagráðherra hans hafi komið að því með formlegum hætti.

[12:04]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Það er fyllileg ástæða til að lýsa yfir áhyggjum vegna stöðu mála í samningum og viðræðum milli launanefndar sveitarfélaga og kennara en þar hefur samkvæmt nýjustu fréttum verið gert hlé á. Kjarasamningur kvað á um ákveðna launahækkun um síðustu áramót sem virðist ekki enn vera komin til framkvæmda og auk þess hafa ýmsar forsendur í kjarasamningi breyst. Það er því full ástæða til að lýsa áhyggjum yfir þeirri stöðu sem komin er upp ef þessar samningaviðræður hafa nú stöðvast.

Ég hvet ríkisstjórnina til að beita áhrifum sínum því þótt málið sé í höndum sveitarfélaganna, samningsaðildin annars vegar, þá er kennslan og starf grunnskólanna í sjálfu sér á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, ábyrgð menntamálaráðherra. Ég tek því undir að það er fyllileg ástæða til að ríkisstjórnin setji sig inn í málið og kanni hvernig hún geti stutt við það að kjarasamningar og samningar á milli sveitarfélaganna og kennara gangi með eðlilegum hætti fyrir sig og þar náist viðunandi og góð lausn á svo ekki sé verið að tefla í neina tvísýnu hvað það varðar. Við megum alls ekki við því. Ég hvet forsætisráðherra til að setja sig inn í málið og beita áhrifum sínum til að samningar haldi áfram og nái farsælum lyktum.

[12:06]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég undrast það áhugaleysi sem virðist ríkja hjá hæstv. ríkisstjórn í þessu alvarlega máli sem nú er að koma upp í menntakerfi landsins. Ég undrast það líka að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki hafa orðið var við það að í gær gengu hundruð kennara um götur Reykjavíkurborgar til að mótmæla þeirri kjarastefnu sem þeir hafa sætt.

Það liggur alveg ljóst fyrir að ef hæstv. ráðherra hefur ekki til þessa haft áhuga á að sinna þessu máli, eða ríkisstjórnin, að reyna að greiða fyrir því með aðkomu af einhverju tagi þó ekki væri nema bara með samráði og samtölum við kennara og þá sem eru aðilar að þessari deilu, þá er alla vega kominn tími til að ráðherra gefi sér tíma frá mikilvægum störfum í forsætisráðuneytinu til að kynna sér þetta. Ég segi þetta sérstaklega vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra virðist ekki hafa nokkurn áhuga á þessu máli. Óskað var eftir því að hún kæmi sem fagráðherra til að ræða við þingmenn í dag um þá stöðu sem nú er að koma upp en hún var önnum kafin. Hún átti að vera í einum af framhaldsskólum borgarinnar fram að hádegi en gaf til kynna gagnvart okkur þingmönnum sem vildum ræða þetta mál að því miður sæi hún sér ekki fært að koma fyrr en löngu síðar.

Þá er eðlilegt að það sé hæstv. forsætisráðherra sem svari fyrir ríkisstjórnina. Hann hefur komið hér og hann hefur skilað auðu og það ætlar þessi ríkisstjórn bersýnilega að gera. Hún skilar auðu í vor í þessum mikilvæga málaflokki og höfum við þó fengið að sjá það á síðustu árum hvert sinnuleysi hennar hefur leitt skólakerfið og hvað hún hefur kallað yfir menntunina í landinu með áhugaleysi sínu og með verkföllum á verkföllum ofan ár eftir ár.

[12:08]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er mikil einföldun hjá hæstv. forsætisráðherra að halda því fram að honum komi þetta mál ekki við, að þetta sé viðfangsefni sveitarfélaga og þar með komi honum málið ekki við. Hann hafði aðeins fimm eða sex orð um málið í ræðustól áður en hann snaraðist úr honum aftur svo mikið lá honum á að sýna fram á að þetta kæmi honum ekkert við. En auðvitað kemur þetta ríkisstjórninni við vegna þess að sveitarfélög eru ekki fjárhagslega sjálfstæð, þau ráða ekki sínum lagaramma eða ákvæðum sem skammta þeim tekjur. Ríkisstjórnin og ríkisvaldið þarf að gæta þess að sveitarfélögin hafi tekjur til að standa undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna og með þeim sóma sem þeim er ætlað gera það.

Má ég minna á að í síðustu viku mætti hæstv. forsætisráðherra á viðskiptaþing undir yfirskriftinni Best í heimi. Þar vildu menn vera bestir í heimi í því að borga litla sem enga skatta af miklum tekjum. Auðmenn Íslands mega ekki opna varirnar án þess að ríkisstjórnin kikni í hnjánum og boði skattalækkanir til að lækka þær léttu álögur sem á þeim eru í dag. Ekki er hægt að segja annað um fjármagnstekjuskattinn en að það séu hæfilegar álögur þegar menn borga 10% af tekjum en launamenn að jafnaði 25%. Best í heimi hjá hjá hæstv. forsætisráðherra var það að þeir sem borga 10% skatt af söluhagnaði á hlutabréfum eigi ekki að borga neitt. Það var 6 milljarða kr. ræða hjá ráðherranum sem hann afsalaði ríkinu í tekjum ef það gengur eftir. Hann hafði ekki nein orð um að skólinn ætti að vera bestur í heimi, að aðbúnaður barnanna ætti að vera sá besti í heimi. Engin orð höfum við heyrt um að þar eigi við kjörorðin Best í heimi, virðulegi forseti.

[12:10]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegi forseti. Ég held að allir séu sammála um það

og enginn hér inni eða annars staðar deili um það að það skiptir afskaplega miklu máli að skólastarf gangi vel fyrir sig og að mikilvægt sé að kjör kennara og annarra starfsmanna skólans séu eins best getur verið. Ég veit ekki til þess að um það hafi verið deilur. Það er hins vegar nokkuð athyglisvert að heyra hv. stjórnarandstæðinga segja hér hreint og klárt að það sé í rauninni ríkið sem eigi að sjá um þau mál sem við höfum talið vera málefni sveitarfélaganna fram til þessa. Það eru miklar fréttir því að ég veit ekki betur en menn hafi alla jafna talað á þá leið að það skipti máli að efla sveitarstjórnarstigið og sveitarfélögin eigi að ráða sínum málum. Það sem menn eru að segja hér er að svo eigi ekki að vera heldur eigi ríkisvaldið að sjá um þau mál sem hafa svo sannarlega verið málefni sveitarfélaganna fram til þessa.

Sá sem hér stendur hefur starfað á fleiri stöðum, m.a. í borgarstjórn Reykjavíkur þar sem var vinstri meiri hluti eins og menn muna. Ég man ekki eftir þessum áherslum þar, að minnka ætti völd sveitarfélaganna og færa þau yfir til ríkisins. En mér finnst gott að menn komi hreint og klárt fram og segi sínar skoðanir og það hafa hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar gert. (Gripið fram í.) Ekki er hægt að túlka þetta öðruvísi en sem vantraust á sveitarfélögin, það er ekki hægt að túlka það neitt öðruvísi. Það er auðvitað bara skoðun hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar og þeir eru frjálsir að hafa þá skoðun.

[12:12]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði að það væri gott að þingmenn stjórnarandstöðunnar hefðu skoðun á þessu máli. Það er hins vegar ákaflega slæmt að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hafði enga skoðun á þessu máli. Það virðist vera sem hann deili áhugaleysi hæstv. ríkisstjórnar á þeirri stöðu sem er að koma upp í grunnskólanum.

Það vill svo til, herra forseti, að hv. þingmaður ætti sem fyrrverandi borgarfulltrúi og núverandi þingmaður og stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, einn af þeim sem hafa af hennar hálfu verið í hvað mestum trúnaðarstörfum á sveitarfélagastiginu, að vita það að sú staða sem nú er komin upp og sá vandi sem hefur ríkt í grunnskólanum á síðustu árum stafar fyrst og fremst af því að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki látið sveitarfélögin fá nægt fjármagn, hún lét ekki nægilegt fjármagn fylgja því þegar grunnskólinn var færður yfir til þeirra. Það er hin blákalda staðreynd í þessu máli og það er það sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson ætti að vita og auðvitað veit hann það. Ef hann meinar það að honum sé málið kært eru heimatökin hæg. Það vill svo til að hv. þingmaður er enn þá áhrifamaður í borgarstjórn Reykjavíkur og það sem kennararnir voru að mótmæla í gær var ekki síst framkoma borgarstjórnar Reykjavíkur gagnvart þeim. Það er þess vegna sem við erum að reyna hér að fá ríkisstjórnina til að koma að þessu máli, til að koma vitinu fyrir sjálfstæðismennina í borgarstjórn Reykjavíkur. Það vill svo til eins og ég sagði að heimatökin eru hæg því að hér sitja hvor á sínum stólnum, ráðherrabekknum og í sæti hv. þingmanns, þeir tveir aðilar í Sjálfstæðisflokknum sem dyggast fylgja borgarstjóranum að málum. Ef þeir meina eitthvað með því að þeir vilji koma þessum málum í lag ættu þeir að sjá sóma sinn í því að kynna sér málin og beita ítökum sínum í borgarstjórn Reykjavíkur, ekki síst hv. fyrrverandi borgarfulltrúi.

[12:14]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er full ástæða til að ræða það að illa horfir með grunnskólahald í landinu ef ekki semst um sómasamleg kjör til handa kennurum og öðrum starfsmönnum skólanna. Skólahaldi verður ekki haldið uppi nema með hæfu starfsfólki, það er alveg augljóst mál.

Hæstv. ríkisstjórn er auðvitað ekki stikkfrí í því máli. Hún blandaði sér í deilurnar síðast. Hæstv. menntamálaráðherra er stjórnskipulegur og faglegur ábyrgðaraðili fyrir skólastarfið í landinu. Ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi gengur frá fjárlögum og markar sveitarfélögum tekjur með lagaramma og fjárveitingum. Auk þess er það svo að grunnskólahaldið í rekstri sveitarfélaganna er langstærsti einstaki útgjaldaliður þeirra. Mörg sveitarfélög setja um 40–60% af rekstrartekjum sínum beint í grunnskólann. Þessi liður er því afgerandi um stöðu þeirra og afkomu. Þar af leiðandi eru möguleikar þeirra til að stórhækka launin afar takmarkaðir nema það sé borð fyrir báru í rekstri þeirra eða ríkisvaldið sýni þörfum þeirra að þessu leyti skilning. Hvorugt virðist vera til staðar. Ríkisstjórnin hefur svelt sveitarfélögin um langt árabil og það er mikil meinsemd vegna þess að sveitarfélögin eru undirstöðuþáttur í velferðarsamfélagi okkar. Það er líka meinsemd í byggðalegu tilliti að sveitarfélögin eru vanmáttug og geta lítið gert. Hvernig sem á málið er litið varðar það auðvitað ríkisstjórnina og skeytingarleysi hennar um báða þætti málsins er ámælisvert.

Ég held að full þörf sé á því að taka þetta mál til ítarlegri umræðu þegar allir ábyrgðaraðilar þess, þar með talin hæstv. menntamálaráðherra, eru til staðar ef ekki rætist úr þessu á næstunni.

[12:16]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Mér finnst að hæstv. forsætisráðherra og þingmenn stjórnarflokkanna hafi umgengist þetta mál með nokkurri léttúð í þessari umræðu. Á undanförnum árum og áratugum höfum við mátt horfa upp á það að langtímum saman hafa skólar landsins verið lamaðir út af verkföllum og vinnudeilum. Á hverjum hefur það komið niður? Á nemendum. Hverjir bera ábyrgð á menntuninni í landinu? Það eru yfirvöld menntamála í landinu ásamt sveitarfélögunum. Það vill svo til að sömu yfirvöld skammta sveitarfélögunum það sem þau hafa til skiptanna og þau hafa ekki treyst sér til að semja um betri kjör við kennara en raun ber vitni.

Ríkisvaldið hefur hins vegar verið tilbúið til að hlaupa til og setja lög á vinnudeilur af þessu tagi. Hvernig í ósköpunum geta menn vísað þessari ábyrgð frá sér? Það er fráleitt og ég tel fulla ástæðu til þess að ríkisvaldið fylgist grannt með þessum samningaviðræðum og geri sveitarfélögum kleift að gera samninga sem eru eðlilegir og duga til að halda góðu fólki við störf í grunnskólum landsins og í öðrum skólum.

En það gerist auðvitað ekkert í því nema að viljinn sé fyrir hendi. Mér finnst hafa skinið í gegnum umræðuna að viljann skorti. Það er mjög vont. Ég tel að menn eigi að horfa í eigin barm og fara yfir þau mál út frá þeirri ábyrgð sem menn eiga að sýna þeim menntastofnunum sem hér er um að ræða, því fólki sem þar starfar, m.a. nemendum.

[12:18]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegi forseti. Ég held að það hvarfli ekki að nokkrum einasta hv. þingmanni eða öðrum landsmönnum að tala um þessi mál af léttúð. Ég veit ekki af hverju hv. þingmenn ætla hver öðrum það. Það er auðvitað ekki svo.

Það lá hins vegar alveg fyrir, a.m.k. í fyrri ræðum hv. þingmanna, að þeir töluðu um að hlutverk sveitarfélaganna fram til þessa ætti að færast yfir til ríkisins. Það var ekki hægt að skilja það öðruvísi.

Ég vek athygli á því að þegar síðast var samið var vinstri meiri hluti í langstærsta sveitarfélaginu, þegar síðustu deilur voru. Hér kom hv. þm. Össur Skarphéðinsson og sagði að þetta hefði verið skelfilegur samningur sem sveitarfélögin gerðu við ríkið með yfirfærslu grunnskólans, sem góð sátt var um. Sveitarstjórnarmenn og hv. þingmenn vildu færa aukin völd og sjálfstæði til sveitarfélaganna. (**BjörgvS:** Og tekjustofna.)

Hér kemur hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Ég held að hann sé sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þar hafi verið farið illa með sveitarfélögin. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson, sem síðast þegar ég vissi var í fjárlaganefnd fyrir Samfylkinguna og þeirra helsti sérfræðingur, talar þannig úr þessum stól að þetta hafi verið besti samningur sem sveitarfélögin hefðu gert við ríkisvaldið. (*Gripið fram í.*) Hv. þm. Mörður Árnason kallar að hann sé fjarstaddur.

Virðulegi forseti. Ég og hv. þm. Einar Már Sigurðarson höfum hvað eftir annað talað um þetta hér. (**BjörgvS:** Einar getur ekki svarað þér.) Hann þarf ekki að bera af sér sakir vegna þess hann er sammála þessu. Þetta eru hans orð. (*Gripið fram í.*) Virðulegi forseti. Nú er að verða mikil taugaveiklun í salnum. Það er kannski spurning hvort ég fái (Forseti hringir.) smátíma til þess að klára.

En virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Það er auðvelt að fletta upp á því sem Einar Már Sigurðarson, hv. þingmaður Samfylkingarinnar hefur sagt um þessi mál. (Forseti hringir.) Það er mjög einfalt. Það skulum við gera.

[12:21]

**Ellert B. Schram:**

Herra forseti. Það fer ekkert á milli mála, miðað við þann fjölda sem tók þátt í umræddri göngu í gær, að það stefnir í óefni meðal grunnskólakennara. Þar er bæld reiði og undirliggjandi óánægja með kjör. Ég held að reynslan hafi sýnt okkur að kennarar geti sannarlega haldið því fram að kjör þeirra séu léleg og ekki eftirsóknarverð.

Það er út af fyrir sig slæmt að hæstv. menntamálaráðherra sé ekki viðstaddur þessa umræðu með tilliti til mikilvægis hennar. En ég rifja það upp að í síðasta verkfalli sem stóð sex vikur sagði hæstv. menntamálaráðherra stöðugt að henni kæmi þetta mál ekki við. Hún vísaði því, eins og nú er gert, til sveitarfélaganna. Að endingu varð að setja lög til að stöðva verkfallið. Ríkisvaldið þurfti að bregðast við og axla ábyrgðina sem hvílir á menntamálaráðuneytinu undir slíkum kringumstæðum. Í ljós kom að það kom hæstv. menntamálaráðherra við hvernig þetta mál var meðhöndlað.

Þess vegna varð ég fyrir vonbrigðum með að hæstv. forsætisráðherra skuli endurtaka yfirlýsingar um að þetta mál sé þeim óviðkomandi. Þetta er raunverulegt vandamál, kjaramál, sem hlýtur að hafa mikil áhrif á menntastefnuna og starf grunnskóla í landinu.

## *Stuðningur Íslendinga við hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna.*

Fsp. SJS, 565. mál. — Þskj. 840.

[12:23]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Á alþjóðavettvangi þyngist mjög umræðan um að Bandaríkjastjórn undirbúi hernaðaraðgerðir gegn Íran. Enginn gerir lítið úr mikilvægi þess að Íranar fari að alþjóðalögum fyrir sitt leyti, virði ákvæði NPT-samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna og leyfi eftirliti í því sambandi.

Ég hygg að allar þjóðir nema Bandaríkin, þ.e. bandarísk stjórnvöld, vilji að þær deilur verði leystar með friðsamlegum aðferðum. Bandaríkjamenn safna herafla á Persaflóasvæðinu. Flugmóðurskipið John Steiner hefur bæst við Eisenhower sem þar var fyrir. Búið er að senda mikið af Patriot-flugskeytum á svæðið og fleiri heðbundnar stríðundirbúningsaðgerðir eru í gangi. Þar á meðal hefur Bush Bandaríkjaforseti *nýlega gefið út gamalkunnug fyrirmæli* um að hefja uppsöfnun olíubirgða ef ófriðvænlega horfi.

Samhliða hernaðaruppbyggingu við landamæri Írans gerist Bush Bandaríkjaforseti æ hvassyrtari í garð stjórnarinnar þar og mörgum þykir það allt saman minna óþægilega á aðdraganda Íraksstríðsins árið 2002–2003. Þótt það kunni að virðast fjarstæðukennt og óðs manns æði í ljósi ófara Bandaríkjamanna í Írak, að hefja nú undirbúning að því að ráðast á enn annað land í Miðausturlöndum, skyldi enginn gefa sér að Bush Bandaríkjaforseti og ný-fhaldsmennirnir sem mestu ráða á bak við hann séu af baki dottnir með sín plön um það.

Þótt loftárásir virðist líklegri en tilraun til innrásar í landið dregur það ekki úr alvöru málsins. Í því sambandi er talað um að beita sérstökum sprengjum, útbúnum til að granda neðanjarðarbyrgjum, búnum kjarnaoddum. Vitað er að Bandaríkjamenn eru með slíkar sprengjur í Miðausturlöndum og það sem verra er, þeir hafa líka selt Ísraelsmönnum slík vopn. Ein möguleg atburðarás er sú að Ísrael verði eins konar undirverktaki Bandaríkjamanna í að grípa þarna til hernaðaraðgerða.

Þá að afstöðu íslenskra stjórnvalda í þessu sambandi. Með vísan til þess hvernig sporin hræða frá því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, með þá í broddi fylkingar, fyrrverandi forsætisráðherra og Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, kúventi afstöðu Íslands og studdi ólögmætt árásarstríð gegn Írak, spyr ég nú:

Hafa Bandaríkjamenn leitað hófanna hjá ríkisstjórn Ís-

lands um svipaðan stuðning? Og ef svo er, hver verður þá afstaða ríkisstjórnarinnar?

Ég spyr einnig, að gefnu tilefni, hvort ríkisstjórnin hafi tekið til skoðunar að afturkalla loforð gefin Bandaríkjamönnum í aðdraganda innrásarinnar í Írak um (Forseti hringir.) atbeina í formi afnota af íslensku flugvöllum og lofthelgi.

[12:26]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um nein áform Bandaríkjamanna um innrás í Íran. Síðast 2. febrúar síðastliðinn lýsti varnarmálaráðherra Bandaríkjanna því yfir að það stæði ekki til.

Um þetta hafa engin erindi borist íslenskum stjórnvöldum, með ósk um stuðning eða fyrirgreiðslu hér á landi, hvorki formleg né óformleg. Þar sem ekkert slíkt hefur gerst og ekkert bendir til þess að svo verði þá hefur ríkisstjórnin ekki tekið afstöðu til slíks máls. Það er svarið við því. Þar með er fyrsta og öðrum lið spurningar þingmannsins svarað.

En auðvitað er það mikið áhyggjuefni hver þróunin er varðandi kjarnorkuáætlun Írans. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði hvað það varðar. Ýmis ríki beita sér fyrir diplómatískum lausnum í því efni, sérstaklega þrjú stór aðildarríki Evrópusambandsins. En hins vegar er það þannig að Íranar brjóta bæði NPT-samninginn, eins og þingmaðurinn sagði, og ganga gegn ályktunum öryggisráðsins.

Í ályktun öryggisráðsins nr. 1737 var forstjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar falið að skila skýrslu til ráðsins, að ég hygg fyrir lok þessa mánaðar. Þá mun væntanlega skýrast hvað framhaldið verður af hálfu Sameinuðu þjóðanna í þessu máli. Auðvitað hljóta allir að vona að hægt sé að komast að friðsamlegri niðurstöðu, að Íranar geti haldið áfram að þróa kjarnorkuna og nýta hana án þess að auðga úran með þeim hætti að hægt verði að smíða kjarnavopn.

Varðandi þriðju spurningu þingmannsins er því til að svara að sú heimild sem veitt var í mars 2003 til afnota af íslenskum flugvöllum og lofthelgi miðaðist að sjálfsögðu við aðgerðir sem þá voru í gangi gagnvart Írak. Sú heimild hefur ekki formlega verið afturkölluð, en hún á að sjálfsögðu ekki við lengur.

[12:29]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Stuðningur ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins við innrásina í Írak er einn daprasti atburðurinn í sögu íslenska lýðveldisins. Enn hafa forustumenn þessara flokka ekki beðið íslensku þjóðina afsökunar né heldur dregið þann stuðning til baka, eins og kom rækilega fram í máli forsætisráðherra áðan.

En daprara er þó að forsætisráðherra skuli segja að ekki sé búið að taka afstöðu til þess, komi beiðni um stuðning við innrásina í Íran verði hún gerð. Mér finnst, herra forseti, að forsætisráðherra og ríkisstjórnin ættu í fyrsta lagi að biðjast afsökunar á stuðningi sínum við innrásina í Írak sem var hrapalleg.

Í öðru lagi ætti ráðherra að taka fram að ekki komi til greina að styðja Bandaríkjamenn eða nokkra aðra til innrásar í annað land, hvort sem er í Íran eða önnur lönd. (Forseti hringir.) Sú yfirlýsing ætti að vera á hreinu. En í stað þess fáum við (Forseti hringir.) svona loðin orð og undanbrögð eins og hæstv. forsætisráðherra hafði í frammi.

[12:30]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Þegar ríkisstjórn Íslands lýsti yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og fylgisþjóða í Írak var það örugglega einn svartasti dagurinn í rúmlega 60 ára sögu íslenska lýðveldisins. Ég held að mjög margir ef ekki þorri landsmanna geti tekið undir það. Þess vegna voru það vægast sagt vonbrigði og ákaflega aumt svar hjá hæstv. forsætisráðherra að það liggi ekki fyrir að við mundum aldrei aftur endurtaka leikinn og gerast þátttakendur með beinum eða óbeinum hætti í innrásarstríði á hendur annarri þjóð. Það er alveg með ólíkindum að heyra þetta svar hjá hæstv. forsætisráðherra, að það geti vel verið að við mundum endurtaka leikinn og lýsa yfir stuðningi við innrás í Íran, Bandaríkjamenn hafa bara ekki óskað eftir því enn þá.

Að sjálfsögðu á það að liggja fyrir að við munum aldrei gera þetta aftur og þessi afdráttarlausu mistök muni aldrei endurtaka sig. Þess vegna er það líka furðulegt (Forseti hringir.) að heyra að enn sé stuðningurinn formlega í gildi.

[12:31]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Stuðningur Íslendinga við innrásina í Írak er enn í fullu gildi. Þessi stuðningsyfirlýsing er ótímabundin. Ég er með hana hérna fyrir framan mig, hún er enn þann dag í dag á vef Hvíta hússins í Washington og þarf engan stjarneðlisfræðing til að finna hana á netinu. Heimild er til að fljúga um íslenska lofthelgi, heimild er til afnota af Keflavíkurflugvelli og stuðningur er við að styðja svokallaða uppbyggingu í Írak eftir að stríðinu þar lýkur, en því stríði er hvergi lokið. Ísland er enn á lista með löndum eins og Albaníu, Aserbaídsjan, Kólumbíu, Dóminíska lýðveldinu, El Salvador, Erítreu, Eistlandi, Georgíu, Hondúras, Litháen, Lettlandi, Makedóníu, Mongólíu, Panama, Rúanda og Úkraínu. Þetta er enn allt saman í fullu gildi. Við getum svo kannski diskúterað það seinna hvort það sé nú þekkilegur félagsskapur að vera á lista með þessum þjóðum í þeim mjög svo vafasama og ég vil segja viðbjóðslega tilgangi.

Stríðið í Írak er í fullu gildi enn þá, það heldur áfram af fullum krafti og heimildin til Bandaríkjamanna (Forseti hringir.) er einnig í fullu gildi.

[12:33]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Mér er eins og mörgum öðrum Íslendingum þungt í brjósti og hef litið á stuðning okkar Íslendinga við innrás Bandaríkjahers inn í landhelgi og inn á land Íraks sem einn svartasta blett í sögu lýðveldis okkar. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með að hlusta á svar hæstv. forsætisráðherra varðandi þá spurningu hvort við ættum ekki að draga stuðning okkar til baka, hann taldi að hann væri ekki í gildi lengur. Stuðningurinn var veittur, hann er í gildi þar til við biðjum íslensku þjóðina afsökunar á því að

hafa látið draga okkur inn í það stríð sem enn stendur og því miður er enn þá og virðist vera fullur stuðningur við þau ríki sem taka þátt í (Forseti hringir.) í þessu stríði og að því er virðist í komandi styrjöldum á þessu svæði, eins og stuðningurinn við Ísrael.

[12:34]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin. Verð að vísu að lýsa sérstökum vonbrigðum með þau fyrir utan það fyrsta að ekkert erindi hafi borist frá bandarískum stjórnvöldum. En það að hæstv. ráðherra skuli ekki geta tekið hér af skarið og gefið um það hreina yfirlýsingu að ekki komi til greina af Íslands hálfu að ljá máls á því að ráðist verði með ólöglegum hætti á Íran og að Ísland muni aldrei leggja slíku lið, það veldur undrun og furðu.

Hvers vegna getur ekki hæstv. forsætisráðherra bara einfaldlega gefið út slíka yfirlýsingu hér og nú? Því miður virðast Bandaríkjamenn hafa takmarkaðan áhuga á diplómatískri lausn deilunnar. Þeir hafa ítrekað hafnað viðræðum við Írana. Það hafa að vísu Íranar líka gert á víxl og eru ólíkindatól eins og kunnugt er, en það er líka athyglisvert að hinu sögulega bréfi Mahmoud Ahmadinejads var hafnað á nokkrum klukkustundum af bandarískum stjórnvöldum í stað þess a.m.k. taka það til skoðunar.

Hér er það enn staðfest sem kom fram í orðaskiptum okkar hæstv. forsætisráðherra snemma á þessu þingi, að stuðningur ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks við stríðið í Írak er enn í fullu gildi. Atbeini Íslands stendur enn. Hæstv. forsætisráðherra reynir að vísu að koma sér hér út úr málinu með því að segja að hann eigi ekki við lengur. En ég veit ekki betur en átökin í Írak geisi enn og yfirlýsingin er ótímabundin og hefur ekki verið dregin til baka með formlegum hætti.

Þá fer maður að velta því fyrir sér: Það var mikið að gera með játningu núverandi formanns Framsóknarflokksins eða hitt þá heldur. Hún hefur ekki breytt miklu úr því að málið stendur algerlega óhreyft af hálfu ríkisstjórnar Íslands þrátt fyrir húsbóndaskiptin í Stjórnarráðinu og að nýir menn séu komnir þar við stjórnvölinn. Ja, hún ætlar að fylgja okkur lengi, arfleifð Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar í þessu máli.

[12:36]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Það gleymist gjarnan í umræðum um þetta mál að Alþingi samþykkti að veita 300 millj. kr. til uppbyggingar í kjölfar stríðsins í Írak og það var auðvitað mikilvægur þáttur í þeirri ákvörðun sem tekin var í tengslum við þetta mál.

Annars er það náttúrlega óviðeigandi að tala um þetta mál eins og Íslendingar séu beinir þátttakendur þarna í stríðsátökum. En spurning fyrirspyrjanda laut að öðru máli jafnframt, þ.e. Íran, og eins og ég sagði, það er ekkert sem bendir til þess — þrátt fyrir það sem fyrirspyrjandi sagði — að einhver hernaðarátök séu í uppsiglingu. Við höfum ekki tekið neina afstöðu til slíkra mála, ekki verið farið fram á það af nokkrum aðila, en auðvitað mun ríkisstjórnin fara yfir slíkt mál ef eitthvert erindi berst um það. En ég hef ekki tamið mér að svara fræðilegum spurningum af þessu tagi fyrir fram. (Gripið fram í.) Ég tel afar ólíklegt að til átaka komi og að til þeirra verði stofnað með einhverjum sambærilegum hætti og gert var í Íraksmálinu þar sem safnað var hópi ríkja saman til að taka þátt í því máli, þar á meðal Dönum og ýmsum Evrópuþjóðum, eins og okkur er kunnugt um.

Aðalatriðið í þessu er að reyna að stuðla að því að sú viðleitni sem Evrópuríkin hafa gengist fyrir, ekki síst kannski Þýskaland, til að reyna að ná friðsamlegri, diplómatískri niðurstöðu í þessu máli, heppnist. Þar er náttúrlega fyrst og fremst við hin ósveigjanlegu öfl í Íran að fást, sem virðast ekki ætla að taka neinum sönsum í þessu máli milli þess sem þau hóta því að þurrka Ísraelsríki út af kortinu.

Umræðu lokið.

## *Réttarstaða íslenskrar tungu og staða annarra tungumála í löggjöf og stjórnkerfi.*

Fsp. MÁ, 267. mál. — Þskj. 276.

[12:39]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Hér er spurt um afdrif þingsályktunartillögu um að athuga réttarstöðu íslenskrar tungu sem var útbýtt í þinginu 2. desember 2003. Að baki henni stóðu fimm þingmenn úr öllum flokkum ásamt mér, þeir hv. þingmenn Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Sigurjón Þórðarson. Tillagan vakti nokkra athygli í Alþingi og í samfélaginu, hlaut góðan byr og var samþykkt 26. maí 2004 að vísa henni til ríkisstjórnarinnar.

Í henni var fjallað — í símskeytastíl — um réttarstöðu íslenskunnar í löggjöf og stjórnkerfi hér á landi, rakið að í raun er ekki nema á fáeinum stöðum í löggjöfinni fjallað um íslensku og stöðu hennar. Það er t.d. ekkert sem býður þingmönnum að tala íslensku hér á þinginu, ég gæti talað hérna sanskrít án þess að forseti hefði í raun rétt til beinna afskipta af því. Þetta var kannski eðlilegt áður þegar íslenska var sjálfsögð í fullvalda og sjálfstæðu ríki en sú staða er nú breytt. Gagnvart löggjöfinni er þetta þannig að þegar eru til ákveðnir lagabálkar sem gilda á Íslandi en eru ekki þýddir á íslensku, eru á EES-tungum, og þeim fylgja ekki ákvæði um hvernig eigi að snúa sér gagnvart slíkum texta, t.d. ákvæði um skylda túlkun eða skýringar í stjórnkerfinu.

Þarna var líka rætt um það að gera íslensku að opinberu máli á Íslandi í stjórnarskránni, sem víða er í lögum í kringum okkur og má minnast Frakklands en þar stendur í stjórnarskránni að „La langue de la République est le français“, þó að ég vilji ekki hvetja til þess beinlínis að taka upp málpólitík Frakka undanfarnar aldir, enda aðstæður öðruvísi. Mörkuð eru önnur mál í EES-löggjöf og ýmsum alþjóðalögum og alþjóðlegu samstarfi okkar. Í tillögunni er líka fjallað um opinbera þjónustu sem þyrfti tryggilega að vera á íslensku en einnig um stöðu annarra tungumála, um alþjóðamálin, ensku og aðrar slíkar tungur, þýsku, frönsku,

spænsku, um stöðu nýbúatungumálanna í stjórnkerfinu, sem kominn er tími til að við íhugum, og í menntastofnunum og um táknmál heyrnarlausra sérstaklega sem móðurmáls þeirra sem ekki tala íslensku eins og við.

Vorið 2004 var samþykkt, eins og ég sagði, að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar og ég vil nota tækifærið og þakka einkum Gunnari I. Birgissyni, sem þá var formaður menntamálanefndar, fyrir hlýjan stuðning við málið en hann var einn af sköpurum þessara endalykta. Á sínum tíma var sagt við mig að þetta væri kurteisleg aðferð við að drepa málið. Ég taldi að svo væri ekki, málið væri það brýnt að ráðherrarnir, einkum hæstv. menntamálaráðherra sem væri sérstakur umsjónarmaður íslenskrar tungu, hlyti að taka það til athugunar. (Forseti hringir.) Þess vegna spyr ég þeirra spurninga sem raun ber vitni hér úr þessum stól.

[12:43]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Spurt er:

„1. Hefur ríkisstjórnin aðhafst til að styrkja réttarstöðu íslenskrar tungu eftir að Alþingi vísaði til hennar þingsályktunartillögu um það efni vorið 2004?"

Ekki hefur verið tekin sérstök ákvörðun um að taka meðferð þessarar þingsályktunartillögu fyrir, sem vísað er til í fyrirspurninni, á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Hins vegar hafa málefni íslenskrar tungu verið til umræðu á mörgum sviðum, m.a. í tengslum við undirbúning löggjafar og má þar benda m.a. á að í stjórnarskrárnefnd hefur komið til umræðu að setja í stjórnarskrá Íslands ákvæði um að íslenska sé ríkismál.

Einnig má nefna að dómsmálaráðherra hefur kynnt í ríkisstjórn frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga þar sem miðað er við að færni í íslensku skuli vera meðal skilyrða fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar.

Þá má nefna að í lögum um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sem tóku gildi 1. september síðastliðinn, eru ákvæði, eins og hv. þingmaður þekkir, sem varða íslenska tungu og segir þar m.a. að hlutverk Íslenskrar málnefndar sé að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögu til menntamálaráðherra, sem var nýmæli, um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu.

Gera má ráð fyrir að réttarstaða íslenskrar tungu verði síðan meðal þeirra atriða sem sérstaklega verði fjallað um í ályktun Íslenskrar málnefndar, þ.e. réttarstaðan sem slík.

Í öðru lagi er spurt:

„2. Hvaða ráðagerðir eru uppi af hálfu menntamálaráðherra um stöðu alþjóðatungna, norrænna mála og tungumála nýbúa og innflytjenda í löggjöf og stjórnkerfi?"

Eins og fram kemur í greinargerð með fyrrgreindri tillögu til þingsályktunar eru í sumum lögum ákvæði um að reglur, leiðbeiningar og margs konar upplýsingar skuli vera gefnar út á öðrum tilgreindum tungumálum auk íslensku. Þegar tilskipanir Evrópusambandsins eru færðar í íslensk lög er oft óhjákvæmilegt að setja slík ákvæði inn. Minnt er á að ríkisstjórnin hefur samþykkt tilslökun gagnvart birtingu á þýddum textum í Stjórnartíðindum. Ég tel rétt að hafa það þannig að meta verði í hverju tilviki hvort nauðsynlegt er að tryggja í lögum að efni sé birt á fleiri tungumálum en íslensku.

Eftir því sem fleiri útlendingar setjast að á Íslandi og taka virkan þátt í íslensku samfélagi er að mínu mati nauðsynlegt að taka tillit til þess á margvíslegan hátt. Til dæmis er brýnt að ýmsar upplýsingar um réttindi og skyldur borgaranna séu aðgengilegar á tungumálum nýbúa og innflytjenda. Þegar er til eitthvað af slíku efni á mismunandi tungumálum, en betur má ef duga skal. Mestu skiptir hins vegar að einstaklingar sem setjast hér að og eiga sér annað tungumál en íslensku séu hvattir og þeim auðveldað að tileinka sér íslenska tungu. Eins og hv. þingmaður þekkir hefur ríkisstjórnin samþykkt nýlega tillögur mínar og dóms- og félagsmálaráðherra í þeim efnum og framkvæmd þeirra tillagna er nú á fleygiferð og í undirbúningi í menntamálaráðuneytinu. Það er gert til að auðvelda aðgang innflytjenda að því að læra og öðlast ákveðna færni í íslensku, sem við þekkjum og vitum að er lykillinn að samfélagi okkar. Við eigum að leggja ríka áherslu á þann þátt og það erum við að gera.

Eftir því sem aðstæður leyfa er reynt að veita túlkaþjónustu vegna ákveðinna þátta í samskiptum skóla og heimila, nýbúa og innflytjenda og í heilbrigðiskerfinu. Skortur á túlkum og kostnaður hamlar þó oft að hægt sé að veita þá þjónustu sem er æskileg og stundum nauðsynleg. Ísland er aðili að norræna tungumálasáttmálanum en hann kveður á um rétt Norðurlandabúa um túlkun í tengslum við þjónustu á ákveðnum sviðum opinberrar stjórnsýslu.

Þess má einnig geta að menntamálaráðuneytið á aðild að mótun norrænnar málstefnu á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar og mun ráðuneytið fela m.a. Íslenskri málnefnd að fjalla um þau atriði sérstaklega sem snerta íslenska málstefnu.

[12:47]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það eru margar hættur sem steðja að lítilli tungu í því alþjóðlega samfélagi sem Ísland er nú þátttakandi í. Þess vegna skiptir miklu að stjórnvald hafi hverju sinni mjög skýra stefnu um íslenskt mál og fylgi henni eftir af röggsemi. Það er líka nauðsynlegt út af þeim breytingum sem hafa orðið á umhverfi íslenskunnar og okkar sem þjóðar að íslenskan hafi alveg skýra réttarstöðu sem opinbert mál okkar. Hv. þm. Mörður Árnason hefur lagt fram þingsályktunartillögu sem var vísað af Alþingi til ríkisstjórnarinnar þar sem lagt var til að stjórnarskráin tæki þetta upp með skýrum hætti. Sú tillaga var í framhaldi af samþykkt Alþingis send af hv. þingmanni til stjórnarskrárnefndar þar sem ég sit. Sömuleiðis hefur þeirri nefnd borist erindi frá Íslenskri málstöð þar sem tekið er undir þetta viðhorf. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða afstöðu hefur hún til þess að stjórnarskráin mæli skýrt fyrir um þetta?

[12:48]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Á þeim tíma sem liðinn er frá 26. maí 2004 kemur í ljós að ríkisstjórnin og hæstv. menntamálaráðherra hafa ekki litið á þessa þingsályktunartillögu og hafa auðvitað haft margt annað fyrir stafni. Svör ráðherrans við fyrri

spurningunni voru í þrennu lagi, í þriðja lagi að stofnuð hefði verið Stofnun Árna Magnússonar og þar héldi Íslensk málnefnd áfram störfum sínum. Ég veit að Íslensk málnefnd hefur einmitt áhuga á þessari þingsályktunartillögu en það virðist ekki hafa komist til skila til menntamálaráðherra enn þá.

Í öðru lagi að dómsmálaráðherra vildi skylda útlendinga til að læra íslensku, þ.e. þá sem sæktu hér um ríkisborgararétt. Það hefur verið rætt áður við dómsmálaráðherra, er ekki ný hugmynd en skiptir litlu máli um réttarstöðu íslenskrar tungu eða annarra tungumála.

Og í fyrsta lagi sem hún nefndi var það að stjórnarskrárnefnd hefði rætt þetta en eins og fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni var það ekki fyrir tilverknað ríkisstjórnarinnar eða menntamálaráðherra heldur fyrir tilverknað minn sem 1. flutningsmanns þessarar tillögu og síðan Íslenskrar málnefndar sem sendi sérstakt erindi til stjórnarskrárnefndar um að íhuga þetta. Síðan hefur ýmislegt verið þýtt og hinar frægu 100 millj. hafa verið settar í fréttatilkynningar. Það ber auðvitað að þakka en ég vil ljúka þessum orðum með því að mér þykir sýnt að þar sem ríkisstjórnin hefur ekkert gert við þá tillögu sem til hennar var vísað hljótum við að flytja hana aftur á þessu þingi. Ég óska eftir góðu samstarfi við menntamálaráðherra um að tillagan verði samþykkt á þinginu og komist svo til framkvæmda undir stjórn næsta menntamálaráðherra en ég hyggst sem sagt beina því næst til menntamálaráðherra sem áður var beint til forsætisráðherra í þessu efni.

[12:50]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að svara þeirri spurningu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson bar upp þegar hann hóf upp raust sína í þessari umræðu. Ég tek undir með honum að margar hættur steðja að tungumálum, litlum málsvæðum eins og segja má að Ísland sé og Íslendingar séu. Það er áríðandi að undirstrika mikilvægi íslenskunnar í þessu samfélagi.

Ég get tekið heils hugar undir með þingmanninum að ég tel mikilvægt og brýnt að stjórnarskrárnefnd taki þetta upp. Ég hef ekki setið fundi stjórnarskrárnefndar en mér skilst að menn hafi komið sér saman um ýmsa hluti þar. Ég held að þetta sé tillaga sem menn ættu að geta komið sér saman um því að það er mikilvægt að tryggja réttarstöðu íslenskrar tungu í íslensku samfélagi. Að setja þetta inn í stjórnarskrána held ég að væri afar vel til fundið og undirstrikaði þá mikilvægi bæði íslenskunnar en líka þá stefnu sem við erum að mínu mati öll sammála um í þessum þingsal, ekki bara sem erum hér nú, þetta fámenni hér, heldur við sem iðulega erum hér að störfum. (Gripið fram í.) Við munum fylkja okkur saman um það að reyna að tryggja þessa réttarstöðu íslenskunnar.

Ég vek hins vegar líka athygli á þeim mikilvægu og merkilegu breytingum sem áttu sér stað með sameiningu íslenskustofnananna fimm. Að sjálfsögðu var eitt meginmarkmið og það kom fram í umræðum um sameiningu (Gripið fram í.) á þeim stofnunum öllum í eina öfluga stofnun, að undirstrika mikilvægi íslenskunnar. Við höfum fulla trú á því að m.a. eitt af nýjum hlutverkum íslenskrar málverndar verði að taka á réttarstöðu íslenskrar tungu. Ég tel að hún sé og verði ráðgefandi fyrir stjórnvöld hverju sinni um hvert beri að stefna varðandi stöðu íslenskunnar í samfélaginu.

Umræðu lokið.

## *Starf trúfélaga í grunnskólum og framhaldsskólum.*

Fsp. MÁ, 314. mál. — Þskj. 336.

[12:53]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Það er rétt að taka fram í upphafi að þjóðkirkjan og önnur trúfélög hér á landi eru órjúfanlegur partur af þessu samfélagi og vinna margt þarfaverkið fyrir það auk þeirrar starfsemi og þeirra verka sem þeim eru einkum ætluð. Umræða um vinaleiðina svokölluðu hefur verið nokkuð rúmfrek í ýmsum fjölmiðlum að undanförnu og meðal þeirra sem hafa áhuga á þessu efni í skólum og trúfélögum. Hún varðar sem sé starf þjóðkirkjunnar í skólum með aðstöðu þar og kynningu og með, að því er mér skilst, nokkuð beinni þátttöku í sjálfu skólastarfinu. Þetta vekur spurningar, m.a. um eðlilega kynningu trúfélaga í skólunum og jafnræði trúarhópa gagnvart skólakerfinu og nemendum. Við vitum að þjóðkirkjan er stærsta trúfélagið og með sérstökum hætti vernduð í stjórnarskrá. Félögum í henni fækkar hins vegar að hlutfalli, annars vegar vegna þess að fleiri eru utan safnaða, kjósa ekki að vera í neinum söfnuði, og hins vegar vegna þess að fleiri eru í öðrum söfnuðum og það er áberandi að aukist hefur fjöldi þeirra sem eru í öðrum söfnuðum en kristnum söfnuðum. Það er kannski fyrst og fremst að rekja til þeirra fjölmenningartíma sem hér eru að renna upp en fæstir innflytjenda tilheyra hinni evangelísku lútersku kirkju í heiminum.

Þetta varðar líka stoðstarf í skólunum, hvaða starf sé eðlilegt að starfsmenn kirkjunnar vinni utan kirkju í hinu almenna skólakerfi, þessarar kirkju eða annarrar, og hvernig það fari saman við störf á vegum sálfræðinga, starfs- og námsráðgjafa eða félagsráðgjafa sem skólarnir eiga að útvega. Spurning vaknar um það hvort skólana skorti slíkt fólk þannig að þeir þiggi alla þá aðstoð sem í boði er þó að einkennileg mörk verði með því á milli hins borgaralega samfélags og einstakra trúarhópa.

Upplýsing er auðvitað til alls fyrst í þessu efni og þess vegna hef ég lagt fyrir menntamálaráðherra átta spurningar um vinaleiðina og annað starf trúfélaga í grunnskólum og framhaldsskólum og raunar leikskólum líka sem hæstv. menntamálaráðherra svarar hér á eftir.

[12:56]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég vil fyrst gera athugasemd til forsætisnefndar varðandi spurningar, þá er ég ekki að meina spurningarnar sem slíkar heldur að hér er um átta spurningar að

ræða og ég hef frekar takmarkaðan tíma. Lykilatriðið í fyrirspurnatíma er að reyna að koma svörunum skilmerkilega á framfæri til fyrirspyrjenda og þess vegna hefði verið æskilegra til að koma svörunum öllum til skila að þetta hefði verið bútað niður í fleiri fyrirspurnir. En gott og vel, ég ætla samt að reyna að klára þetta í fyrra fallinu.

Það sem fyrirspyrjandi nefnir svokallaða vinaleið er þjónusta sem stendur grunnskólanemendum til boða í þremur sveitarfélögum í samstarfi við þjóðkirkjuna. Þetta snertir fyrstu spurninguna. Þessi sveitarfélög eru Mosfellsbær, Garðabær og Álftanes. Þjónustan er valfrjáls og aðeins veitt í samráði við og með samþykki foreldra eða forráðamanna. Vinaleiðin hefur verið í boði í Mosfellsbænum síðustu sjö árin, en í Garðabæ og Álftanesi var ákveðið í haust að gera tilraun með verkefnið sem byggir á reynslunni frá Mosfellsbænum. Að sögn þeirra sem hana bjóða er vinaleið hugsuð sem stuðningur við nemendur í tilfinningalegum vanda og sem forvarnaúrræði. Þjónustan er boðin til viðbótar við lögbundna sérfræðiþjónustu grunnskólans og er hvorki skilgreind sem meðferðarúrræði né námsráðgjöf. Eins og ég sagði er þessi þjónusta veitt í samstarfi við kirkjuna og fer fram með stuðningsviðtölum við nemendur. Að sjálfsögðu geta nemendur sem eiga í tilfinningalegum vanda, námsvanda eða hafa orðið fyrir áföllum utan skólans leitað til fjölbreytts hóps sérfræðinga, eins og t.d. skólahjúkrunarfræðings, skólasálfræðings, félagsráðgjafa, námsráðgjafa og kennsluráðgjafa. Vinaleiðin kemur alls ekki í staðinn fyrir þjónustu þessara sérfræðinga.

Vinaleiðin var mótuð af sérkennara í Varmárskóla í Mosfellsbæ sem vígð er til djákna í Lágafellssókn og á því rætur innan skólans en þróaðist áfram síðan í samstarfi við kirkju og skólana í Mosfellsbæ. Djákninn kemur í skólana sex tíma á viku, býður nemendum viðtalsþjónustu og vinnur að forvörnum.

Í Garðabæ og Álftanesi átti sóknarprestur frumkvæðið og kynnti verkefnið eins og það er framkvæmt í Mosfellsbæ fyrir skólastjórum og fleira starfsfólki grunnskóla. Þrír grunnskólar í Garðabæ auk Álftanesskóla hafa ákveðið að þiggja boð sóknarprestsins um samstarf, veita aðstöðu innan skólanna og kynna verkefnið fyrir nemendum og foreldrum. Nemendum er boðinn stuðningur einn dag í viku í hverjum skóla í samráði við foreldra. Verkefnið bar þannig að með mismunandi hætti í umræddum sveitarfélögum.

Þegar spurt er „Hver kostar þetta starf?“ er svarið á þann veg að í Mosfellsbæ er starfið kostað af sveitarfélaginu en í Garðabæ og Álftanesi eru ýmsir aðilar sem koma að því að kosta það, þar á meðal þjóðkirkjan, héraðssjóður Kjalarnesprófastsdæmis, Bessastaðasókn, sveitarfélagið Álftanes og fleiri. Framlag Garðabæjar er aðstaða í húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Ég ætla að svara fyrirspurnum þrjú og fjögur saman. Menntamálaráðuneytinu er ekki kunnugt um að grunnskólar eða framhaldsskólar hafi boðið öðrum trúfélögum eða lífsskoðunarfélögum starfsaðstöðu eða að taka sér svipaða starfsemi og vinaleiðina. Ef skólunum bærist tilboð um slíka þjónustu yrði væntanlega tekin afstaða til þeirra hvers fyrir sig. Stjórnendur skólanna mundu meta hvort það samrýmdist starfsemi þeirra og væri æskileg viðbót við aðra þjónustu sem í boði er enda er þetta algjörlega í samræmi við lagaákvæði sem nú eru í gildi um að grunnskólarnir séu á forræði sveitarfélaganna.

Varðandi fimmtu spurninguna hef ég sagt að vinaleiðin kemur ekki í staðinn fyrir lögboðna sérfræði- og stoðþjónustu skólanna við nemendur og fjölskyldur þeirra. Það er fjölbreyttur hópur sérfræðinga sem starfar samkvæmt lögum á vegum sérfræðiþjónustu skóla og er nemendum vísað til þessara sérfræðinga eftir því hver er talinn geta veitt besta aðstoð í hverju tilviki.

Varðandi sjöttu spurningu hv. þingmanns: „Fylgjast sálfræðingar eða félagsráðgjafar á vegum skólanna, sveitarfélaganna eða ríkisins með þessu starfi í skólunum?“ eru sveitarstjórnir og skólanefndir í umboði þeirra sem hafa eftirlit með öllum sérfræðiþjónustuverkefnum eins og í öllu starfi sem unnið er í grunnskólum. Þessir aðilar fá í hendur skýrslur og starfsáætlanir grunnskólanna þar sem gerð er grein fyrir stoðþjónustu og sérverkefnum eins og vinaleiðinni.

Síðan ætla ég að svara spurningum sjö og átta saman. Þar er m.a. spurt hvort ráðherra þyki eðlilegt að aðeins eitt trú- eða lífsskoðunarfélag annist slík störf í opinberum skólum.

Þegar skólar taka ákvörðun um að nýta þjónustu félags, trúfélags í þessu tilviki, í þágu nemenda þarf skólinn að fara að fara að lögum og reglugerðum þar að lútandi. Menntamálaráðuneytið tekur hvorki sérstaka afstöðu til verkefnisins vinaleiðar né getur ráðuneytið lagt mat á gildi þess fyrir nemendur og foreldra eða forráðamenn. Ráðuneytið gætir þess hins vegar að sérfræðiþjónusta í grunnskólum uppfylli þær kröfur sem grunnskólalög gera til hennar, auk þess að við framkvæmd skólastarfs sé gætt jafnræðisreglu stjórnarskrár sem tryggir nemendum grunnskólans sem og öðrum þjóðfélagsþegnum að þeim sé ekki mismunað, m.a. á grundvelli trúarbragða. Þessi krafa hvílir að sjálfsögðu einnig á sveitarfélögunum. En í þessari umræðu má minna á sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna sem er varinn af stjórnarskránni eins og við þekkjum.

Sveitarfélög og skólarnir undir forustu skólastjórnenda eru samkvæmt grunnskólalögum ábyrg fyrir skólastarfinu og vega það og meta í samvinnu við foreldra eða forráðamenn nemenda. Það er skólastjórnenda að ákveða hvort þeir nýti sér þjónustu utanaðkomandi aðila, hvort þeir vilji skapa henni aðstöðu innan veggja skólans.

Ég á eitthvað (Forseti hringir.) eftir að svara þessari spurningu en undirstrika að það eru sveitarfélögin sem ákveða að bjóða upp á þessa þjónustu og hún er hvorki hluti af lögboðinni skyldu- né (Forseti hringir.) sérfræðiþjónustu skólanna.

[13:01]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. menntamálaráðherra er vinaleið þjóðkirkjunnar starfrækt í grunnskólum í þremur sveitarfélögum. Ég tel ástæðu til að fagna því framtaki þjóðkirkjunnar sérstaklega og legg á það áherslu að menn beiti sér fyrir frekari útbreiðslu þessa verkefnis í öðrum sveitarfélögum. Ég tel að þetta verkefni sé öðrum sveitarfélögum fordæmi.

Aðalatriðið er hins vegar að efla kristinfræðslu í grunn-

skólum enn frekar og starfsemi þjóðkirkjunnar og styðja við störf hennar, bæði innan og utan skóla.

[13:02]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Ég þakka menntamálaráðherra fyrir svörin og tek fram að hún hefði kannski getað leitað til mín um að haga þeim með öðrum hætti hefði hún viljað í staðinn fyrir að skamma forseta úr þessum stóli. Ég geri mér grein fyrir að það getur verið snúið að svara þessu en ég vildi hins vegar að það yrði gert rækilega og þakka fyrir þau svör sem þegar hafa komið fram.

Ég tel að menntamálaráðherra geti ekki með þessum hætti vísað frá sér ábyrgð á því sem gerist í grunnskólunum. Þeir eru reknir á opinberum vegum þótt sveitarfélögin hafi yfir þeim forræði og menntamálaráðherra ber fulla ábyrgð á starfsramma þeirra.

Þess vegna er það menntamálaráðherra að svara spurningum sem ég hef borið fram og birst hafa í umræðu undanfarið um jafnræði í skólum, um hvernig á að haga trúboði, kristinfræðslu eða fræðslu um önnur trúarbrögð í grunnskólum á opinberum vegum á tímum fjölmenningar og á þeim tímum að þjóðkirkjan hefur aðra stöðu í samfélaginu en áður var.

Menntamálaráðherra getur ekki kastað því yfir á sveitarfélögin að það sé alveg sama við hvaða samtök eða stofnanir þau hafi samstarf vegna þess að menntamálaráðherra er fulltrúi nemendanna og foreldra nemendanna gagnvart þessum sömu sveitarfélögum og rekstri þeirra. Það er hlutverk menntamálaráðherra.

Ég tel að þetta mál þurfi að skoða betur og ég vil spyrja menntamálaráðherra hvort hún ætli sér það, hvort eitthvert starf sé í gangi í menntamálaráðuneytinu í því efni. Ef ekki, þá hyggst ég taka það upp í menntamálanefnd og auðvitað án nokkurs æsings, en á grundvelli mannréttinda og vandlegrar íhugunar um það sem fram fer í skólum landsins sem eru einnig (Forseti hringir.) kjarnlægir í hinu borgaralega samfélagi okkar tíma.

[13:04]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég vil undirstrika að það er skylda hvers skóla að gera grein fyrir eðli þjónustu sem í boði er í tengslum við skólastarfið. Þetta er gert m.a. í skólanámskránni, sem er starfsáætlun skólans, og samkvæmt lögum á að leggja hana fyrir skólanefnd og foreldraráð líka til umsagnar ár hvert, þannig að foreldrar eiga að hafa aðgang að henni.

Ég vil líka undirstrika að í aðalnámskrá grunnskóla í kristinfræði, trúarbragðafræði og siðfræði eru skýr ákvæði um að í kennslu námsgreinarinnar felist ekki trúboð heldur fræðsla, þ.e. fræðsla um kristni, önnur trúarbrögð og siðfræði. Af því leiðir að vilji grunnskólar nýta sér þjónustu, eins og vinaleiðina, verður að sjálfsögðu að gæta þess að ekki sé um eiginlegt trúboð að ræða.

Í drögum að endurskoðaðri námskrá í kristinfræði, trúarbragðafræði og siðfræði, sem nú liggja fyrir á heimasíðu ráðuneytisins, er vægi trúarbragðafræði og siðfræði enn aukið frá fyrri námskrá sem var gefin út árið 1999.

En ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst skjóta skökku við að heyra að menntamálaráðuneytið eigi að grípa inn í og skipta sér af þeirri þjónustu sem sveitarfélög upp á eigið sjálfdæmi vilja bjóða upp á. Ef sveitarfélögin sem fara með forræði grunnskólanna — og svo virðist vera að það sé hugsanlega að verða stefna Samfylkingarinnar að ríkisvaldið eigi bara að taka yfir grunnskólana aftur, gott og vel, þá segja menn það bara hreint út. En hér er ekki um lögbundna skyldu að ræða. Hér er ekki um sérfræðiþjónustu að ræða varðandi vinaleiðina, heldur er þetta þjónusta sem sveitarfélögin sem slík vilja bjóða upp á og er meira og minna sjálfsákvörðunarréttur þeirra. (**Gripið fram í:** Það er ábyrgðarleysi.) Ef þau kjósa það þá gera þau það. Að sjálfsögðu er enginn að tala um ábyrgðarleysi. (Forseti hringir.) Við í menntamálaráðuneytinu höfum eftirlit með því að skólarnir fylgi aðalnámskrá, (Gripið fram í.) að skólarnir fylgi því að lögum sé framfylgt. En þjónustan sem tengist vinaleiðinni er þjónusta umfram það sem kveðið er á um í lögum og til þess hafa sveitarfélögin sjálfdæmi að ákveða.

Umræðu lokið.

## *Námstími til stúdentsprófs.*

Fsp. BjörgvS, 491. mál. — Þskj. 743.

[13:07]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvað líði fyrirætlunum hennar um styttingu námstíma til stúdentsprófs og hvenær sé gert ráð fyrir að slíkar tillögur komi fram.

Ástæðan fyrir því að ég spyr að þessu núna, þegar 90 dagar eru eftir af þessu kjörtímabili, er sú að tvisvar sinnum á þessu kjörtímabili komu fram skýrslur, tillögugerð Sjálfstæðisflokksins, um að stytta námstíma til stúdentsprófs um eitt ár.

Að mínu mati voru þetta pólitísk markmið um sparnað í skólakerfinu. Þetta hefði í för með sér harkalegan niðurskurð á námi í framhaldsskólum og gengisfellingu á stúdentsprófinu. Sem betur fer náðist sá áfangasigur fram fyrir réttu ári að hæstv. ráðherra var rekin til baka með þessar hörmulegu tillögur um niðurskurð í framhaldsskólakerfinu og náðist samkomulag ráðherra við Kennarasamband Íslands.

Síðar hér í þinginu sagði ráðherra að samt kæmi fram mál þann vetur sem tæki á því að stytta námstíma til stúdentsprófs og enn þá stæði til að stytta um ár eins og lagt var upp með bæði í Tómasartillögunum árið 2003, sem voru alveg skelfilegar, og tillögum hæstv. ráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, árið 2005, sem voru lítið betri þegar þær voru skoðaðar grannt.

Það pólitíska markmið að fjölga þeim sem útskrifast fyrr með stúdentspróf styður Samfylkingin heils hugar. Það verður gert með því að veita skólasamfélaginu svigrúm og frelsi, skólunum sjálfstæði til að þróast hver með sínum hætti með því að koma rekstrinum á framhaldsskólunum til

sveitarfélaganna, þannig að sveitarfélögin reki þrjú fyrstu skólastigin, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Samfellan verði því aukin á milli skólastiganna. Skilin á milli minnki og hverfi nánast þannig að þetta verði ein samfella frá leikskóla upp í gegnum framhaldsskóla og fleiri nemendur sem því valda og þeir sem það vilja taki stúdentsprófið fyrr, á tveimur til þremur árum en ekki fjórum eins og núna.

En við höfnum algerlega tillögum Sjálfstæðisflokksins um pólitíska niðurskurð um eitt ár sem að okkar mati eyðileggur stúdentsprófið að verulegu leyti og eru algerlega óboðlegar tillögur. Enda voru hæstv. ráðherrar menntamála Sjálfstæðisflokksins reknir til baka með slíkar tillögur tvisvar á einu kjörtímabili.

Þess vegna spyr ég hæstv. menntamálaráðherra hvað líði þessum tillögum nú. Er hættan fyrir framhaldsskólann liðin hjá? Hefur ráðherra endanlega hent þeim tillögum á pólitíska hauga? Eða vofir það enn þá yfir að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að skera niður og gengisfella íslenska framhaldsskólann með þeim hætti sem boðaður hefur verið? Er hættan liðin hjá? Koma slíkar tillögur fram á því kjörtímabili sem nú er að líða og einungis 90 dagar eftir? En við vitum að mörg frumvörp eiga enn eftir að verða að lögum. Er hættan liðin hjá? Fá kjósendur að kjósa núverandi ríkisstjórn í burtu í vor áður en hæstv. menntamálaráðherra kemur þessum afleitu tillögum fram?

[13:10]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fylgist alla jafna vel með umræðunni og hefur gert sér far um að standa sig ágætlega í umræðunni um menntamálin. Mér finnst nú engu að síður að hann hefði mátt fylgjast betur með, að það er umfangsmikil vinna í gangi, samstarf milli Kennarasambandsins og menntamálaráðuneytisins. Þegar um samstarf er að ræða þá bíða menn eftir tillögum.

Þeir hópar sem hafa verið starfandi á grundvelli þess samkomulags sem gert var á sínum tíma eru að skila inn. Og að sjálfsögðu munum við fara yfir þær tillögur og síðan mun koma í ljós hvort við náum því að leggja fram frumvörp. En ég mun fara yfir það á eftir.

Spurt er:

„Hvað líður fyrirætlunum um styttingu á námstíma til stúdentsprófs?"

Hugmyndir að fækka námsárum til stúdentsprófs hafa lengi verið á kreiki hérlendis. Nýjustu hugmyndirnar má rekja til nefndar um mótun menntastefnu sem skilaði skýrslu, eins og við vitum, árið 1994 og lagði grunn að lögum um grunnskóla árið 1995 og síðan framhaldsskóla árið 1996.

Nefndin lagði þá einnig til að námstími á bóknámsbrautum til stúdentsprófs yrði styttur úr fjórum árum í þrjú jafnframt því sem árlegur kennslutími í grunnskólum og framhaldsskólum yrði lengdur.

2. febrúar árið 2006 undirritaði ég samkomulag við stjórn Kennarasambands Íslands og stjórnir félaga Kennarasambands Íslands um tíu skref til sóknar í skólastarfi. Samkomulagið felur í sér mörg verkefni sem þörf er að vinna í sameiningu og sátt skólasamfélaginu til heilla og tekur í rauninni til fleiri verkefna en þess sem tengist breytingu á námstíma til stúdentsprófs.

Nánar tiltekið sammæltust kennarar og ég um að ráðast í tíu skilgreind verkefni sem unnin verða samhliða tillögum að breyttri námsskipan til stúdentsprófs, enda hagsmunir komandi kynslóða að það verkefni sé unnið á faglegan hátt til að tryggja áfram gæði náms.

Á grundvelli þessa tíu skrefa samkomulags hefur á liðnu ári verið unnið í fjölmörgum nefndum og starfshópum. Í nefndunum og starfshópnum sitja fulltrúar helstu hagsmunaaðila, kennara, skólastjórnenda, foreldra, sveitarfélaga, háskóla, atvinnulífs og menntamálaráðuneytisins. Alls starfa í hópunum nær 100 manns.

Starfshóparnir hafa m.a. fjallað um samfellu í skólastarfi, fjölbreytileika og sveigjanleika í námskrám framhaldsskóla, grunnskóla, um kennaramenntun og lögverndun starfsheita, um námsgögn og fjarnám, um starfsnám og verknám, um nemendur á almennri braut framhaldsskóla og um náms- og starfsráðgjöf í skólum. Það er ánægjuefni að finna að mikill samhljómur er um að menn vilja auka sveigjanleika á milli allra skólastiganna.

Flestir starfshóparnir og nefndir hafa nýverið skilað tillögum til mín og aðrir gera það væntanlega nú í febrúar. Í þessu sambandi er ástæða til að draga sérstaklega fram tillögur starfsnámsnefndar sem lauk störfum síðastliðið sumar.

Menn verða að hafa það í huga að ég hafði frumkvæði að því að skipa starfsnámsnefndina til að efla og auka viðgang starfsnámsins. Við gerðum okkur grein fyrir því þegar ég skipaði þá nefnd að þær tillögur mundu hugsanlega hafa áhrif á tillögurnar sem fyrir voru í ráðuneytinu. Við urðum hugsanlega að taka tillit til þess möguleika, sem kom á daginn. Í þeirri skýrslu er lögð áhersla á jafngildingu verknáms og bóknáms og eflingu starfsnáms í framhaldsskólum. Það er þessi nýja hugsun um eitt stúdentspróf.

Lagðar eru fram mjög róttækar hugmyndir um nýskipan framhaldsskólans og endurskilgreiningu stúdentsprófsins. Skólanum verði veitt frelsi til að skipuleggja og bjóða nám í samræmi við lokamarkmið námsins, þarfir nemenda og kröfur næsta viðtökuskólastigs eða atvinnulífsins.

Nemandi ljúki náminu á þeim tíma sem nauðsynlegur er með tilliti til þessara þátta. Námið miðist við inntak fremur en tíma. Tillögur starfsmanns nefndarinnar falla vel að vinnu í ráðuneytinu í tengslum við tíu skrefa samkomulagið og Kennarasambands Íslands og fá sérstaklega umfjöllun í þeirri vinnu allri. Það er afar mikilvægt að taka tillit til þeirra tillaga sem þar liggja fyrir. Það er gert á grundvelli þeirra nefnda sem eru að vinna m.a. að nýju frumvarpi um framhaldsskóla.

Á grundvelli þessarar viðamiklu vinnu starfa nú þrjár nefndir að endurskoðun laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og er þess vænst að drög að nýjum lagafrumvörpum liggi fyrir innan tíðar.

Þó nokkuð er síðan að fyrstu hugmyndir um fækkun námsára til stúdentsprófs komu fram. Slíkar hugmyndir byggja á þeim þjóðfélagsbreytingum sem orðið hafa hérlendis undanfarna áratugi og birtast m.a. í lengingu skólaársins. Við vitum að grunnskólinn er búinn að lengjast um

tvö ár, framhaldsskólinn um tæpt missiri.

Þessar hugmyndir verður þó ætíð að vega og meta á faglegan hátt og setja í stærra samhengi þannig að tryggðar séu umbætur í námsskipan og gæði í skólastarfi. Aukin samfella í námsefni á milli skólastiga og sveigjanleiki í skipulagi skólastarfs munu skapa nemendum fjölbreytta möguleika á að velja nám í samræmi við þarfir sínar og hæfileika og fleiri tækifæri til að ákvarða námshraðann í takt við hæfileika sína og áhuga.

Stytting námstímans er ekki markmið í sjálfu sér heldur mikilvægur valkostur nemenda á fjölbreyttum námsbrautum skólakerfisins í annars síbreytilegu þjóðfélagi, þ.e. við viljum hafa hér fjölbreytt skólakerfi sem tekur tillit til þarfa einstaklinganna hverju sinni og veitir þeim möguleika á að nýta tækifæri innan skólakerfisins.

[13:15]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Í bók sem ég átti aðild að fyrir um það bil 20 árum var málflutningur af þessu tagi kallaður tungufoss. Mér finnst koma til álita að forsætisnefnd skoði það hvort ekki er hægt að gefa hæstv. ráðherra sem hér talaði u.þ.b. tvöfaldan eða þrefaldan tíma í fyrirspurnum til að svara spurningum, því hún þarf mjög langt mál til að svara.

Spurt var: Er hættan liðin hjá? Svar menntamálaráðherra var já. Loftvarnarflauturnar sem gullu fyrir nokkrum missirum hljóma nú aftur með sinn slitrótta fagnaðarboðskap um að hættan sé liðin hjá í skólum landsins, sérstaklega framhaldsskólunum. Kennararnir, stjórnarandstaðan, almenningur, nemendur og foreldrar tóku völdin af hæstv. menntamálaráðherra og Sjálfstæðisflokknum. Hættan er liðin hjá.

[13:16]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég tek undir að þetta var býsna merkilegt svar hjá hæstv. ráðherra og í því fólust nokkur pólitísk tíðindi. Hæstv. ráðherra sagði: Það er ekki markmið í sjálfu sér að stytta námstímann. Það var nefnilega markmið í sjálfu sér. Tillögugerðirnar tvær sem áður höfðu fram komið voru pólitísk markmið um hreina styttingu um eitt ár, miðlæga styttingu um eitt ár á öllum íslensku skólunum, framhaldsskólunum sem útskrifa stúdenta. Það var því ekki hægt að túlka svar hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að hér væri um að ræða pólitísk endalok þeirra tillagna sem tvisvar hafa komið fram á þessu kjörtímabili um að stytta stúdentsprófið um eitt ár með þeim hætti sem þar var lagt til. Ráðherrann sagði einnig að innan tíðar kæmi fram frumvarp til laga sem byggðist á þessum tillögum.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Með tilliti til þess að ekki hafa allir hóparnir tíu skilað o.s.frv. og restin skili í febrúar, stefnir hæstv. menntamálaráðherra að því að frumvarp byggt á tillögunum komi fram á yfirstandandi þingi fyrir 15. mars? Hvað gerist eftir kosningar er engin leið að ráða í og það blasir nokkuð við að Sjálfstæðisflokkurinn verður ekki í næstu ríkisstjórn og því skiptir það máli hvort þetta komi fram á kjörtímabilinu. Þess vegna voru það merkileg pólitísk tíðindi að ráðherrann virðist slá af og boða endalok pólitísku niðurskurðartillagnanna um eitt ár. Og eins og ég sagði áðan og einnig hv. þm. Mörður Árnason, hættan virðist vera liðin hjá, hættan sem vofði yfir framhaldsskólunum í nokkur ár virðist vera liðin hjá og fullnaðarsigur unninn í málinu í bili og þess vegna er ágætt að hæstv. ráðherra noti mínúturnar hér á eftir til að staðfesta það hvenær ráðherrann stefni að því, óháð hópavinnunni, að málið komi inn á þing.

[13:19]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Ég ítreka að það er samstarf í gangi við Kennarasambandið og milli Kennarasambandsins og menntamálaráðuneytisins og að sjálfsögðu mun ég veita þeim hópi tækifæri til að skila vinnu sinni. Við munum síðan byggja frumvörpin sem væntanlega liggja fyrir innan tíðar á þeirri vinnu sem liggur fyrir á grundvelli þess samstarfs.

Ég geri mér vonir um það, þótt ég geti ekki fullyrt að svo verði, en ég bind miklar vonir við að hægt verði að leggja a.m.k. fram til umsagnar og umræðu frumvörp er tengjast breytingum á öllum skólastigunum, leikskólastigi, grunnskólastigi og framhaldsskólastigi. Þá getum við tekið umræðu, vísað til umsagnar eins og oft er gert um viðamikil mál, það tekur nokkurn tíma, oft á tíðum nokkur þing að fara í gegnum slíka umræðu.

En mér finnst samt einkennandi þetta gullfiskaminni hv. fyrirspyrjanda og þess sem kom hér upp inn á milli, hv. þm. Marðar Árnasonar, sem birtist í því að þeir muna t.d. ekki lengur kosningaloforð Samfylkingarinnar, sem þeir tilheyra nú a.m.k. enn um sinn, því það er alveg ljóst að það er aðeins einn flokkur sem hefur beinlínis sagt að það eigi að stytta námstíma til stúdentsprófs. Það er Samfylkingin og það gerði hún í þingkosningunum 2003, sem allir eiga að þekkja sem hafa fylgst með kosningunum.

Hins vegar er alveg ljóst að við verðum að taka tillit til þeirra breytinga sem hafa orðið á íslensku samfélagi. Við erum búin að lengja grunnskólann um tvö ár. Við erum búin að lengja framhaldsskólann um tæpt hálft ár. Við verðum taka tillit til krafna sem m.a. eru á alþjóðavettvangi, að íslenskt skólakerfi verði að vera samkeppnisfært við það besta. Við getum líka spurt okkur og það er ekki langt síðan hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom hérna upp og sagði: Við eigum að taka okkur Finna til fyrirmyndar. Gott og vel. Á öllum skólastigum þá, vænti ég. Ég vil geta þess að Finnar verja drjúgum skemmri tíma til að öðlast stúdentspróf en við Íslendingar. Þeir taka um 8.800 kennslustundir meðan við Íslendingar notum um 10.700. Aðalatriðið er að skapa sveigjanleika í skólastarfi, veita einstaklingunum möguleika á því að fara hraðar í gegnum skólakerfið ef þeir kjósa svo en líka að nota aðrar þær námsleiðir sem hugsanlega kunna að leiða til lengri námstíma. Við verðum að taka tillit til þarfa einstaklinganna.

Umræðu lokið.

## *Kostnaður við dagskrárliði Ríkisútvarpsins.*

Fsp. MÁ, 500. mál. — Þskj. 755.

[13:21]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Ég var áðan með tillögu um að lengja ræðutíma hæstv. menntamálaráðherra með breytingum á þingsköpum. En það kemur líka til álita, vegna þess að hæstv. ráðherra fellur einkar vel að hafa hið síðasta orð og gusa þar út úr sér ýmsum hálfsannleik og skáldskap sem ekki er hægt að svara eða leiðrétta, að hafa það þannig að menntamálaráðherra hafi alltaf síðasta orðið og tali bara ein í sinni umræðu og síðan tölum við hinir dauðlegir menn einhvers staðar annars staðar á öðrum tímum. Þannig geta samskiptin farið fram skriflega eða yfir fjarskiptakerfið.

Það sem ég ætlaði að spyrja um var svar Bjarna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra sjónvarpsins, í Fréttablaðinu 4. janúar við saklausri spurningu um hvað áramótaskaupið hefði kostnað, með leyfi forseta: „Kostnaður við skaupið er ekki gefinn upp enda viðskiptaleyndarmál og trúnaðarupplýsingar.“ Ég kannast við að það getur átt við í starfsemi fyrirtækis eins og Ríkisútvarpið er, fyrr og síðar, að ekki sé við hæfi að gefa upplýsingar um kostnað eða aðra þætti í rekstri fyrirtækisins meðan yfir standa samningaviðræður eða um aðrar viðkvæmar aðstæður er að ræða. Á hinn bóginn er sjálfsagt að þær upplýsingar liggi fyrir þegar því ástandi er lokið, sérstaklega og einkum þegar um er að ræða dýrustu og merkustu liði dagskrárinnar svo sem eins og þetta áramótaskaup, eða Evróvisjón-keppnina sem nú er í gangi með athygli og við skemmtan allrar þjóðarinnar, þegar einstakir dagskrárliðir taka mikið rúm í dagskránni, ég nefni heimsmeistarakeppni eða Evrópukeppni í ýmsum íþróttum eða almennar hátíðir á vegum þjóðarinnar eða annað það sem eðlilegt er að menn spyrji um og fái að vita. Í þessari fyrirspurn spyr ég líka um það hvenær þessi síður hafi verið tekinn upp og hver kostnaðurinn hafi verið við skaupið sem um er að ræða 2006, skaupið þar áður 2005 og skaupið þar áður 2004. Ég spyr þessara spurninga að því gefna tilefni að þegar leitað er á netinu með leitarorðinu, ég man ekki hvort það var „skaupið“ eða „áramótaskaupið“, þá blasir við í einum af fyrstu svörunum hver kostnaðurinn var við það árið 2003. Mig minnir að hann hafi verið 4 milljónir sem skiptir ekki máli hér en það er bein tilvitnun í fundargerð eða bein innsýn í fundargerð útvarpsráðs frá þeim tíma. Þannig að eitthvað hefur breyst eftir þann tíma og þess vegna er þessi kurteislega fyrirspurn borin fram til hæstv. menntamálaráðherra sem svarar henni af sínu ljúfa geði og einbeitta samstarfsvilja.

[13:24]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt:

„Af hverju neita stjórnendur Ríkisútvarpsins að gefa upp kostnað við mikilvæga og fjárfreka dagskrárliði, svo sem áramótaskaup, sbr. Fréttablaðið 4. janúar, bls. 50?“

Í tilefni af fyrirspurn hv. þingmanns leitaði ráðuneyti menntamála eftir svörum hjá Ríkisútvarpinu. RÚV vísar til þess að viðskiptahagsmunir ráði því að upplýsingar um kostnað við einstaka dagskrárliði séu trúnaðarmál. RÚV telur sér jafnframt ekki skylt að veita slíkar upplýsingar af samkeppnisástæðum.

Þá er einnig bent á að í samningum á milli RÚV og framleiðenda umræddra dagskrárliða er ákveðinn trúnaður um efni samninga, þar með talið um greiðslur. RÚV þarf því að afla samþykkis viðsemjenda áður en trúnaði verður aflétt um efni slíkra samninga. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort viðsemjendur RÚV séu tilbúnir að aflétta trúnaði um efni samninga um framleiðslu sjónvarpsefnis.

Í öðru lagi:

„Hvenær var þessi síður tekinn upp af hálfu Ríkisútvarpsins?“

Viðskiptaupplýsingar af þessu tagi hafa ekki verið gerðar opinberar á síðustu árum samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér frá Ríkisútvarpinu í tilefni af fyrirspurninni.

Í þriðja lagi er spurt:

„Hvað kostaði áramótaskaupið 2006? En 2005? En 2004?“

Það er rétt að undirstrika það að ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um kostnaðinn þar sem Ríkisútvarpið gefur hann ekki upp og vísar til viðskiptahagsmuna og trúnaðar eins og ég gat um áðan í tengslum við fyrstu spurningu hv. þingmanns.

[13:26]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Þetta var nokkuð einkennilegt svar hjá hæstv. menntamálaráðherra sem er haldin einhverri meinloku í þessu máli. Þetta pukur um kostnað er náttúrlega algerlega fráleitt. Að sjálfsögðu á þetta að liggja fyrir, að sjálfsögðu. Það er engin ástæða til að vera að pukrast með þetta mál. Hvernig stjórnvöld svara þessari sjálfsögðu fyrirspurn endurspeglar talsverðan pólitískan hroka sem felst í því að það komi engum við hvað gert er fyrir opinbert fé. Þetta er algerlega fráleit ástæða og ég skora á hæstv. menntamálaráðherra að endurskoða svar sitt og koma fram með þessar upplýsingar. Hvaða leyndarmál er þetta eiginlega? Þetta er opinbert fé og það skiptir skattgreiðendur máli og þá sem eru þvingaðir með lögum til að borga skylduáskrift að RÚV að vita hvað stærstu dagskrárliðirnir kosta. Það er algerlega sjálfsagt mál. Þetta eru upplýsingar sem eiga að liggja opnar öllum þeim sem þær vilja nálgast.

[13:27]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Mér kemur svar hæstv. menntamálaráðherra mjög á óvart. Mér kemur ekki á óvart að Bjarni Guðmundsson og félagar hans skuli reyna að rökstyðja mál sitt í svari til ráðherrans en mér kemur á óvart að ráðherrann axli ábyrgð á þessu svari og neiti að gefa fjölmiðlum annars vegar og þingmönnum hins vegar upplýsingar sem varða kostnað við stærstu dagskrárliði í Ríkisútvarpinu sem reyndar var ríkisstofnun á þeim tíma sem um er að ræða og er áfram fyrirtæki í eigu ríkisins, þ.e. í eigu þjóðarinnar. Það fé sem hér er verið að tala um er opinbert fé, almannafé og almenningur á heimtingu á því að fá að vita hvernig því er varið.

Eins og ég sagði áðan geta aðstæður verið þannig í rekstri að ekki sé heppilegt af ýmsum ástæðum að veita

ýmsum upplýsingum inn í samningsgerð eða gefa upp kostnað á viðkvæmum tímum. Það á ekki við hér og ég get lofað ráðherranum því að þessu máli verður fylgt eftir. Nú hefur Ríkisútvarpið breyst og hver veit nema það séu að því leyti góðar breytingar að það er hægt að knýja Ríkisútvarpið og ráðherrann til að gefa upp staðreyndir af þessu tagi vegna þess að hið opinbera hlutafélag tilheyrir ekki bara upplýsingalögum heldur er stjórn þess skylt að svara spurningum þingmanna á aðalfundum og ég vænti þess að menntamálaráðherra staðfesti það á eftir að með þeim hætti sé unnt að leita uppi þessar upplýsingar. Ég óska líka eftir því að menntamálaráðherra rökstyðji það með betra móti en hún hefur gert hingað til af hverju svona upplýsingar eiga að vera leyndarmál og pukursmál og hvaða upplýsingar yfir höfuð menntamálaráðherra og hennar menn í Ríkisútvarpinu eru reiðubúin að gefa upp um rekstur fyrirtækisins.

[13:29]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Herra forseti. Hér nota menn stór orð, orð eins og pukur og hroki og fleira. Ég ætla líka að leyfa mér að nota nokkuð stór orð því hér er einfaldlega um að ræða vanþekkingu hv. þingmanna á eðli þess starfs sem Ríkisútvarpið innir af hendi. Við getum ekki lokað augunum fyrir því (Gripið fram í.) að það er greinilegt að við höfum jafnvel þurft að ræða Ríkisútvarpið enn lengur því þeir hafa ekki enn þá náð tilgangi þess að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag. Hluti af því er að Ríkisútvarpið vinnur og starfar á samkeppnisforsendum og þarf að sinna ákveðnum skyldum og það er alveg ljóst að á grundvelli laga, á grundvelli núgildandi laga hefur Ríkisútvarpið heimild til að segja: Við gefum ekki upp þessar upplýsingar á grundvelli viðskiptahagsmuna. Það er ljóst. Það er enginn að fara bak við lögin. Og að tala um pukur það er fyrir neðan allar hellur og fyrir neðan virðingu þingmanna að ræða þetta á þessum forsendum. Mér finnst þetta frekar lýsa vanþekkingu á þeirri starfsemi sem Ríkisútvarpið þarf að inna og sinna innan síns ramma. Ég tek heils hugar undir með hv. þm. Merði Árnasyni og það er gott að hann bendi á það góða mál sem við samþykktum hér um daginn, Ríkisútvarpið ohf., sem m.a. veitir þingmönnum heimild og aðgang að því að koma fram og bera fram spurningar á hluthafafundum en síðan er hitt hvort hægt verði að svara þeim á grundvelli viðskiptahagsmuna. Við treystum einfaldlega stjórnendum Ríkisútvarpsins til þess að taka á þeim málum og svara þeim spurningum sem fyrir þá verða lagðar á slíkum fundum. En upplýsingarnar eru ljósar. Aðgangur almennings að slíkum upplýsingum er ljós og ekki síst í gegnum hluthafafundi sem verða haldnir í fyrirtækinu þegar fram líða stundir.

[13:31]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason)** *(ber af sér sakir)*:

Forseti. Að hæstv. menntamálaráðherra saki mig um vanþekkingu á málefnum Ríkisútvarpsins er ekki trúverðugt.

Umræðu lokið.

## *Skattlagning tekna af hugverkum.*

Fsp. MÁ, 547. mál. — Þskj. 816.

[13:32]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Bandalag íslenskra listamanna hefur nokkur undanfarin ár rætt hugmynd um breytingar á skattareglum fyrir listamenn og samþykkti 20. janúar sl. á fundi sínum — ég hygg að það hafi ekki verið í fyrsta sinn en það kann þó að vera — að fara fram á það eða bera það til sigurs og a.m.k. umræðu í samfélaginu að tekjur af hugverkum beri sama skatt og fjármagnstekjur, séu skattlagðar með þeim hætti. Fyrir þessari áhugaverðu tillögu eru færð þau rök að tekjur höfunda hugverka séu tvenns konar, annars vegar þær tekjur sem líkjast helst launum og fram koma sem beint andlag verka þegar þau eru keypt eða seld og hins vegar höfundarréttartekjur sem í raun og veru líkjast mest fjármagnstekjum og komi af þeim verkum sem þegar eru samin og hafi í raun og veru stöðu eignar hjá rétthafanum.

Þessi aðgreining er vissulega ekki alveg einföld en hugmyndasmiðir eða tillögumenn hafa ýmislegt til síns máls og það er áhugavert að ræða þetta í þaula. Þetta mætti auðvitað afmarka einfaldlega í tíma þannig að tekjur af hugverkum fyrstu, segjum, fimm árin séu flokkaðar sem laun en eftir það sem eignartekjur, tekjur af eigninni, sambærilegar við fjármagnstekjur og að sjálfsögðu þá alltaf þegar um er að ræða látinn höfund og aðra rétthafa en hann sjálfan.

Þetta mundi skipta miklu fyrir aðstæður hinna skapandi stétta eða þeirra sem við hljótum að hefja í hásæti a.m.k. þess hugtaks og mundi skipta miklu um menningar- og sköpunarstarf í samfélaginu. Ég kannast við það að auðvitað getur þetta valdið skatttæknilegum vanda en slíkur vandi má ekki verða til þess að loka af og hindra umræðu um góðar hugmyndir. Fyrst kemur meiningin og svo kemur skatturinn í þessu efni. Ég hlakka til að heyra hæstv. menntamálaráðherra svara fyrirspurninni og geri ráð fyrir að hún geri það jákvæðar en fjármálaráðherra og þeir sem hafa svarað (Forseti hringir.) erindi Bandalags íslenskra listamanna árið 2000 og í ársbyrjun 2007.

[13:35]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina enda um áhugavert álitaefni að ræða sem m.a. BÍL, Bandalag íslenskra listamanna, ályktaði um á aðalfundi sem haldinn var í Borgarnesi 20. janúar sl. Þar skoraði BÍL m.a. á stjórnvöld að viðurkenna hugverk sem eign er lyti sömu lögmálum og aðrar eignir á borð við húsnæði, hlutabréf og kvóta og bæri samkvæmt því 10% fjármagnstekjuskatt.

Vegna fyrirspurnarinnar vil ég engu að síður geta þess og minna á að skattamál eru, eins og menn þekkja, á verksviði fjármálaráðherra samkvæmt reglugerð um Stjórnarráðið og samkvæmt 10. gr. sömu reglugerðar eru menningarmál og þar með talinn höfundarréttur á könnu menntamálaráðherra.

Það er ljóst að skattheimta og tilhögun hennar snertir ótal mörg svið og málaflokka og mikilvægt er að slík um-

ræða fari fram á víðtækum grunni. Ég hlýt að sjálfsögðu að virða verkaskiptingu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og forræði fjármálaráðherra í skattamálum en skorast að sjálfsögðu ekki undan því að taka þátt í slíkri umræðu.

Á undanförnum missirum hefur sú þróun orðið að listamenn eru í auknum mæli farnir að lifa af síðari afnotum verka sem þeir hafa samið eða eiga eftir að semja. Ég tel því líklegt að BÍL vilji m.a. í tilefni af áðurnefndri ályktun bandalagsins fá umræðu um hugverkamál og skattheimtu þeim tengdum á árlegum samráðsfundi okkar, þ.e. ráðuneytisins og þeirra, en hann verður haldinn núna fimmtudaginn 15. febrúar nk., þ.e. á morgun. Vænti ég þess að á þeim vettvangi komi fram frekari röksemdir fyrir þessari ályktun sem gæti síðar hugsanlega orðið innlegg í frekari umræðu um þessi mál.

Ég vil líka upplýsa það hér að Samtónn og Stef funduðu, veit ég, með fjármálaráðherra og aðstoðarmönnum hans vegna þessa máls á sínum tíma, fyrir jól. Einnig var fundað út af lækkun, þau börðust fyrir því að lækkaður yrði virðisaukaskattur á geisladiskum sem við léðum máls á og eins og menn vita mun virðisaukaskattur á geisladiskum líka lækka eins og matarskatturinn 1. mars. nk.

Þetta er alltaf spurning um skattapólitík eins og við þekkjum. Hvernig skattkerfi viljum við hafa? Eigum við að hafa lága skattprósentu og reyna að hafa þá einfalt skattkerfi eða fjölga undanþágunum? Þetta verðum við að vega og meta í hverju tilviki fyrir sig. Ég veit að Írar reyndu á sínum tíma að bjóða höfundum að koma til landsins og greiða engan skatt en síðan var komið í veg fyrir það af hálfu Evrópusambandsins. Á grundvelli jafnræðisreglu bannaði það Írum þetta, og það er líklegt að þeir fari upp í 10% á næsta ári. Enn sem komið er, skilst mér, hefur ekkert land sett hugverkaréttindin undir þessa skilgreiningu varðandi það að hún sé eign, falli þá beint undir eignarskatt og þá skattprósentu sem þar er undir.

Ég tel þetta mikilvægt og vil enn og aftur þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka upp þetta mál. Þetta er spennandi umræða sem við getum tekið á grundvelli hugverkaréttar. Ég hlakka til þessa fundar sem við munum eiga núna með BÍL en ítreka að svona breytingar verðum við að taka á mjög víðtækum grunni, ekki taka bara fyrir eitt sérstakt mál. Ég hef áður svarað hér fyrirspurnum varðandi það hvort ekki eigi að undanþiggja enn frekar greiðslur, styrki og stuðning til menningarmála, íþróttamála og æskulýðsmála og ég hef sagt mig fylgjandi því. Engu að síður verðum við að hafa það hugfast að það er mikill akkur fólginn í því fyrir fyrirtækin í landinu að greiða lágan skatt. Við fáum meiri skatttekjur til ríkisins með því að fyrirtækin greiði lægri skattprósentu en þau gerðu hér á árum áður en um leið eykst líka, með lægri skatttekjuprósentu, svigrúm fyrirtækja til þess að efla stuðning sinn við margvíslega starfsemi eins og menningu, listir, íþróttir og æskulýðsstarfsemi.

[13:40]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Ég man ekki eftir að hafa lent í því áður að vera með fjórar fyrirspurnir nokkurn veginn í einfaldri röð til hæstv. menntamálaráðherra en það er óneitanlega mikil lífsreynsla og dágóð skemmtun að vera það. Svörin eru af því tagi að falla miklu frekar undir menninguna, og þá einkum skemmtigeira menningarinnar en undir stjórnmál.

Spurningu Björgvins G. Sigurðssonar sem skaust hér inn á milli þessara fjögurra var svarað á þeim fimm mínútum sem menntamálaráðherra hefur til ráðstöfunar til að svara fyrirspurnum. Allar þær fimm mínútur nýtti menntamálaráðherrann til að svara í löngu máli því sem hún hefði getað ákaflega einfaldlega svarað á einni sekúndu með já, nefnilega spurningunni: Hvenær linnir þessum ósköpum, er hættan liðin hjá? Hún átti bara að segja já.

Nú hefur hún tekið fimm mínútur í að svara spurningu minni um afstöðu menntamálaráðherra til þeirrar tillögu Bandalags íslenskra listamanna að tekjur af hugverkum beri sama skatt og fjármagnstekjur, tekið fimm mínútur í að svara þar sem í spilamáli er einfaldlega notað orðið „pass". Pass, segir menntamálaráðherra við þessu.

Mér þykir það leitt vegna þess að ég tel að hvað sem líður verksviði fjármálaráðherra sé menntamálaráðherra fullkomlega sjálfsagt og eðlilegt að hafa afstöðu í þessu efni og gera grein fyrir því hvaða kosti og galla hún sjái við hugmynd sem er um skattlagningu á mjög merkilegu sviði sem heyrir undir ráðuneytið sem hún stjórnar.

[13:42]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég kemst að sjálfsögðu ekki með tærnar þar sem hv. þingmaður hefur hælana varðandi íslenskukunnáttu enda er hv. þm. Mörður Árnason mikilhæfur íslenskumaður og í raun algjör snillingur á sínu sviði. Það vitum við náttúrlega öll sem hér erum og þó að maður sé oft og tíðum ekki sammála því innihaldi sem hann setur fram á snjallri íslensku er engu að síður oft gaman að hlusta á íslenskusnillinginn Mörð Árnason, hv. þingmann.

Varðandi það sem ég var að reyna að segja er það alveg ljóst að svona spurningu er ekki hægt að svara nema við tökum umræðu um skattkerfið á víðtækum grunni. Ég vil biðja hv. fyrirspyrjanda að hlusta og reyna að greina orð mín varðandi það, og það er mín skoðun að við eigum að hafa hér einfalt skattkerfi. Við eigum að hafa undanþágur sem fæstar og við eigum að hafa lága skattprósentu. Það þýðir að ef við ætlum að hafa lága skattprósentu verðum við að hafa færri undanþágur.

Þessar hugmyndir hjá Samtóni og Stefi eru allrar athygli verðar og ég er tilbúin að ræða þetta við listamennina og sjá hvaða hugmyndir og frekari rökstuðning þeir hafa fram að færa til að styðja við þann málflutning sinn að lægri skattprósenta verði tekin af hugverkaréttindum.

En ég er ekki reiðubúin til þess hér og nú að segja já við því að lækka skattprósentuna eða skatttekjurnar eða skattinnheimtuna á hugverkaréttindum því ég tel að við verðum að ræða þessi mál í samhengi og ekki pikka bara mál út úr skattumhverfinu sem eru til þess fallin hverju sinni og allir geta sammælst um að málin séu góð. Þessi mál eru til þess fallin að maður geti veitt þeim stuðning sinn en ég segi enn og aftur: Ég vil hafa hér lága skattprósentu og einfalt skattkerfi. Það þýðir færri undanþágur.

Umræðu lokið.

## *Losun gróðurhúsalofttegunda.*

Fsp. MÁ, 486. mál. — Þskj. 738.

[13:45]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Hinn 16. janúar lagði ég fram tvær fyrirspurnir til hæstv. umhverfisráðherra um loftslagsmál, til munnlegs svars, þá sem nú liggur fyrir um reglur um losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi frá stóriðju og öðrum uppsprettum og hins vegar bað ég um skriflegt svar við fyrirspurn sem var í fjórum liðum og nokkrum undirliðum. Það svar barst í dag en er reyndar því miður ekki enn þá búið að dreifa í þinginu.

Í því svari og í fréttatilkynningu um það frumvarp sem umhverfisráðherra ætlar að flytja kemur fram svar ráðherrans við þessari mánaðargömlu munnlegu fyrirspurn. Ráðherrann svarar hinni skriflegu fyrirspurn minni um það hver losun koltvísýrings verður þegar áform sem nú eru uppi um álver hafa gengið eftir. Þá er aðeins átt við þau álver sem þegar hafa starfað og hugsanlega stækkun Alcans í Hafnarfirði.

Svarið er að heildarlosunin er 1.710 þús. tonn á ári en kvótinn samkvæmt Kyoto er 1.600 þús. tonn á ári, þ.e. á síðasta árinu, árið 2012, verður staðan þannig að losunin er 1.710 þús. tonn að gefnum þessum forsendum en leyfið 1.600 þús. tonn.

Þetta ætlar ráðherrann að leysa með meðaltalsaðferðinni, leggja saman losunina á árunum 2008–2012, þau fimm ár, og deila í með fimm. Þetta er í fyrsta sinn sem umhverfisráðherra lýsir þessu yfir af þeim umhverfisráðherrum sem hafa setið í þessari ríkisstjórn. Það eru merkar fréttir vegna þess að hingað til hafa umhverfisráðherrar farið í kringum þetta eins og köttur í kringum heitan graut.

Þar að auki kemur óljóst fram í skriflega svarinu að formlega á að standa við Kyoto-samkomulagið með því að álverin annaðhvort rækti skóg, sem er góð hugmynd, eða kaupi kvóta sem er raunhæfari hugmynd, og kaupi hann inn í hinar almennu heimildir Íslendinga. Það þýðir að ef Íslendingar ná að draga saman losun gróðurhúsalofttegunda og leggja þar með lið baráttunni í heiminum gegn þeirri vá sem stafar af almennri hlýnun, sem er eitthvert mesta vandamál og úrlausnarefni samtímans og okkar kynslóða, fyllist hann aftur undir eins af kvóta álveranna.

Ég vil hafa þennan inngang að fyrirspurninni nákvæmlega svona og óska eftir að umhverfisráðherra haldi áfram að ræða þessi mál almennt í þeim dúr og skýri betur sitt skriflega svar sem fullt (Forseti hringir.) tilefni er til.

[13:48]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi Mörður Árnason spyr hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að settar verði reglur um losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi, annars vegar frá stóriðju og hins vegar frá öðrum uppsprettum.

Ég vil byrja á því að upplýsa að þann 6. febrúar sl. var frumvarp mitt um losun gróðurhúsalofttegunda samþykkt á fundi ríkisstjórnar. Því frumvarpi er ætlað að tryggja losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju hér á landi, að hún verði ekki meiri en skuldbindingar Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni leyfa og mun þannig skapa stjórnvöldum tæki til að takmarka losun koldíoxíðs frá stóriðju. Ég vonast til að Alþingi geti tekið málið til þinglegrar meðferðar sem fyrst og þá verður tækifæri til að ræða efni frumvarpsins ítarlega.

Hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda frá öðrum uppsprettum en stóriðju er ekki í bígerð nein sambærileg lagasetning hvað hana varðar. Það er hins vegar fyrirhugað að grípa til ýmissa aðgerða á grunni nýrrar stefnumörkunar stjórnvalda í loftslagsmálum sem ég geri ráð fyrir að kynna á allra næstu dögum.

Ég vil þó í þessu samhengi nefna að fyrirhugað er að skoða hvernig enn frekar megi koma á hagrænum hvötum til að nýta loftslagsvænt eldsneyti og kaupa loftslagsvæn ökutæki. Þegar hafa verið stigin skref í þá átt með niðurfellingu eða lækkun á gjöldum á vetnisbíla, rafmagnsbíla og önnur loftslagsvæn ökutæki og með upptöku olíugjalds í stað þungaskatts sem gerir það hagkvæmara en áður að reka dísilbíla sem valda minni losun koldíoxíðs en bensínbílar.

Í fyrri viku voru kynntar tillögur Vettvangs um vistvænt eldsneyti sem er undir formennsku iðnaðarráðuneytisins en fleiri ráðuneyti, þar á meðal umhverfisráðuneytið, eiga aðild að. Þar er m.a. lagt til að endurskoðaðar verði reglur um opinber gjöld af ökutækjum til að dregið verði úr notkun jarðefniseldsneytis í samgöngum og hliðstæðar tillögur munu koma fram í nýrri stefnumörkun í loftslagsmálum.

Margt fleira mætti nefna en ég held að það sé óþarft að hafa langt mál um slíkar aðgerðir í svari við fyrirspurn hv. þingmanns þar sem ég tel að fyrirspyrjandi hafi fyrst og fremst verið að spyrja um reglusetningu um takmörkun og losun en ekki allar aðgerðir sem gripið hefur verið til eða kann að verða gripið til í loftslagsmálum.

Ég hef nýlega svarað fyrirspurn hér á þinginu um stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum þar sem ég fór yfir þær margvíslegu aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til.

[13:51]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Í Kyoto-bókuninni sem var samþykkt í desember 1997 var samþykkt að Íslendingar fengju að losa 10% meira af koldíoxíði á fyrsta skuldbindingatímabili Kyoto-bókunarinnar sem er frá 2008 til 2012, þ.e. 10% umfram losun á viðmiðunarárinu 1990.

Þessu til viðbótar var samþykkt með svokölluðu íslenska ákvæði árið 2001 sem er 14. samþykkt 7. aðildarríkjaþings rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, að Íslendingar mættu losa 1,6 milljónir tonna til viðbótar vegna iðnaðarferla. Það tekur að vísu líka til Mónakós og Liechtensteins.

Það sem ég vil vekja athygli á í þessu sambandi er að sú heimild tekur eingöngu til fyrsta skuldbindingatímabilsins. (Forseti hringir.) Það sem ég hef áhyggjur af er hvernig íslensk stjórnvöld ætla að bregðast við eftir 2012.

[13:52]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Ég tek undir þessar áhyggjur. Það er einmitt málið hér og þess vegna er rétt að eyða nokkrum orðum í þessa meðaltalsleið. Vissulega er hægt að finna það út,

a.m.k. getur ólögfróður maður fundið það út að meðaltalsleiðinni væri hægt með nokkuð sterklegu skójárni að þrýsta inn í þessa tölu.

Hins vegar er spurning um hvar og hvernig við stöndum, ef ekki löglega þá siðlega, þegar árinu 2012 er lokið. Samkvæmt því skriflega svari — því að ráðherrann svarar engu í sínu munnlega svari nema því að hún hafi lagt fram frumvarp 6. febrúar í ríkisstjórninni sem ekki er komið í þingið og að hún ætli að kynna stefnumótunina í hinum málunum eftir nokkra daga og þess vegna sé ekki ástæða til að svara þingmanninum sem hér stendur — við hinni skriflegu fyrirspurn verður losunin árið 2012 1.710 þús. tonn. Þá er reiknað með aðeins þeim álverum sem nú eru að stækka og að sjálfsögðu Straumsvíkurálverinu — spurningin beindist að því — en ekki er reiknað með Húsavík, ekki með Helguvík, Þorlákshöfn eða því öðru sem menn láta sér detta í hug núna.

Staðan er þá sú að í lok árs 2012 standa Íslendingar uppi með þessa losun og enga umhugsun svo um það áfram hvað á að taka við. Enginn hefur hugmynd um það.

Það er ákaflega hæpin staða sem íslenskir stjórnmálamenn hafa á næstu fundum í þessu samstarfi. Þetta verður auðvitað ekki ákveðið árið 2012, heldur verður þetta ákveðið á næstu árum, árin 2008 og 2009, hvernig á að standa að þessu. Þeir sjálfir hafa í raun og veru sprengt alla ramma hvað sem hæpnum lagabókstaf líður. Ég vil gjarnan fá svör um það frá hæstv. umhverfisráðherra þannig að einhver svör veitist (Forseti hringir.) í máli hennar hér í dag.

[13:55]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég ætla að byrja á að vekja athygli á því að hv. þm. Mörður Árnason spurði um reglur, hvort ráðherra hygðist setja reglur um losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi.

Ég vísaði til reglna vegna stóriðjunnar til þessa frumvarps. Á þeim stutta tíma sem þessi dagskrárliður þingsins gerir ráð fyrir er ekki hægt að gera grein fyrir frumvarpinu, jafnvel þótt búið væri að dreifa því í þinginu. Þetta er ekki umræða um þetta frumvarp, hv. þingmaður spurði um reglurnar.

Það sem ég vil síðan árétta og taka undir með hv. þingmanni er að eftir 2012 er alveg óljóst hvaða losunarheimildir íslensk stjórnvöld muni hafa. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni líka, menn byrja ekki að ræða það 2012. Þess vegna hefur í þeim undirbúningi að viðræðum sem átt hefur sér stað öll áhersla verið lögð á það að viðræður hefjist þegar á yfirstandandi ári og eigi síðar en árið 2009.

Það er m.a. til þess að menn viti að hverju þeir ganga eftir að þessu fimm ára tímabili lýkur 2012. Frumvarpið sem ég hef þegar nefnt í þessari umræðu tekur einungis til losunarheimilda og reglna um úthlutun þessara losunarheimilda á tímabilinu 2008–2012 sem segir mikið um óvissuna sem tekur við að því tímabili loknu.

Umræðu lokið.

## *Þjóðarátak gegn lélegri umgengni um landið.*

Fsp. KolH, 538. mál. — Þskj. 807.

[13:56]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég ætla í þessari fyrirspurn minni að beina sjónum að Framsóknarflokknum og stefnu hans í umhverfismálum. Það væri í sjálfu sér forvitnilegt að skoða hana í víðu samhengi en ég hef ákveðið að takmarka fyrirspurn mína við ákveðið atriði í ályktun flokksþings Framsóknarflokksins frá árinu 2005 þar sem í kaflanum „Úrgangur og sorpmál" var kveðið á um að umhverfisráðuneytið þyrfti að standa fyrir þjóðarátaki gegn lélegri umgengni um landið og uppsöfnun úrgangs þar sem hann á ekki heima. Jafnframt segir í ályktuninni að nauðsynlegt sé að skerpa á heimildum yfirvalda til að gera ráðstafanir gagnvart aðilum sem sýna málinu skilningsleysi.

Í þessari sömu ályktun frá flokksþingi Framsóknarflokksins 2005 er svo fjallað um loftslagsmál sem er kannski forvitnilegt í samhengi við þá fyrirspurn sem var á dagskrá á undan þessari, þ.e. loftslagsmálin, en þar hefur Framsóknarflokkurinn númer 1, 2, og 3 á sinni stefnuskrá að minnka svifryksmengunina frá samgöngum og tryggja það að loftmengunarsáttmáli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar verði leiddur í lög á Íslandi.

Það er kannski útúrdúr frá því sem ég hér ræði. Mig langar til að fá svör frá hæstv. umhverfisráðherra við því á hvern hátt þessi stjórn umhverfisverndar undir forsæti Framsóknarflokksins hafi sinnt fyrrnefndri ályktun Framsóknarflokksins. Hefur umhverfisráðuneytið staðið fyrir þjóðarátaki gegn lélegri umgengni um landið og uppsöfnun úrgangs þar sem hann á ekki heima? Hefur umhverfisráðuneytið skerpt á heimildum yfirvalda til að gera ráðstafanir gagnvart aðilum sem sýna málinu skilningsleysi? Hvert er álit hæstv. umhverfisráðherra á ástandi þessara mála?

Við vitum að ríkisjarðir eru t.d. í umsjá þeirra sem hafa með þessi mál að gera á sviði ríkisstjórnarinnar. Það er sannarlega hægt að sinna þar málum að því er virðist betur en raun ber vitni. Rétt er að fá að heyra frá hæstv. umhverfisráðherra hvernig hún hefur sinnt t.d. þeim í þessu tilliti. Svo að lokum spyr ég hvaða tillögur hæstv. ráðherra hafi fram að færa til að ná fram úrbótum svo að um muni. Í mínum huga er ekkert annað en verulegt átak sem gera þarf í þessum málum. Ég sé þess ekki stað að slíkt hafi verið gert frá 2005 þannig að það verður forvitnilegt að heyra viðbrögð hæstv. ráðherra við þessari fyrirspurn.

[13:59]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessa ágætisfyrirspurn þar sem hún vekur m.a. máls á og vekur athygli á metnaðarfullri stefnu Framsóknarflokksins í umhverfismálum. Hv. þingmaður spyr sérstaklega um þjóðarátak gegn lélegri umgengni um landið og uppsöfnun úrgangs sem flokksþingið ályktaði um 2005 og eins þá ályktun að skerpt yrði á heimildum yfirvalda til að gera ráðstafanir gagnvart aðilum sem sýna málinu skilningsleysi.

Því er til að svara að í framhaldi af gerð landsáætlunar

um meðhöndlun úrgangs 2004–2016, sem Umhverfisstofnun gaf út 2004, hafa sveitarfélög eða byggðasamlög unnið svæðisbundna áætlun um meðhöndlun úrgangs hvert á sínu svæði. Landsáætlun á að vera vegvísir fyrir sveitarfélög sem fara með framkvæmd úrgangsmála hér á landi auk þess að vera til leiðbeiningar við svæðisbundna áætlanagerð. Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs skal gerð grein fyrir því hvernig ná megi markmiðum stjórnvalda. Allflest sveitarfélög á landinu hafa skilað inn svæðisáætlun eða eru að vinna í því fyrir utan sveitarfélögin á Vestfjörðum.

Úrvinnslusjóður hefur starfað frá 1. janúar 2002 og er úrvinnslugjald lagt á ýmsar vörur til að greiða fyrir endurnýtingu eða förgun þeirra þegar þær verða að úrgangi. Markvisst hefur verið unnið að því að koma ónýtum ökutækjum í endurnýtingu, lagt var úrvinnslugjald á ökutæki og hefur umhverfisráðuneytið lagt áherslu á að það kerfi sé skilvirkt. Í framhaldi af álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki hefur orðið stóraukning á innsöfnun í brotamálmi almennt. Þá hafa skil á hjólbörðum einnig aukist. Með aukinni starfsemi Úrvinnslusjóðs hafa sveitarfélög nú aðgang að þjónustuaðilum sem meðhöndla flokkaðan úrgang sé þess óskað og er sú þjónusta nú almennt nýtt af sveitarfélögum.

Á árinu 2006 var hafin innsöfnun á pappa- og plastumbúðum. Söfnun á heyrúlluplasti hefur aukist jafnt og þétt og var milli 70 og 80% selds landbúnaðarplasts safnað á síðasta ári. Gerður var samningur við LÍÚ um meðhöndlun veiðarfæra úr gerviefnum og er fyrsta árinu að ljúka og verður árangur og framhald skoðað á næstunni.

Verkefnið Veraldarvinir um hreinsun strandlengjunnar hófst á sl. ári og styrkti umhverfisráðuneytið verkefnið og á fulltrúa í stjórn þess. Um er að ræða sex ára verkefni þar sem sjálfboðaliðar koma að framkvæmdinni. Tilgangur verkefnisins er ekki einungis sá að hreinsa til heldur er áhersla líka lögð á að vekja fólk og fyrirtæki til umhugsunar um bætta umgengni við náttúru landsins.

Í átta ár hefur verið í gangi verkefni um Staðardagskrá 21 hér á landi. Starfið nær nú til um helmings sveitarfélaga í landinu og mikils meiri hluta landsmanna. Í undirbúningi er framlenging á þessu verkefni til þriggja ára og á síðustu tveimur árum hefur staðardagskrárstarf í fámennum sveitarfélögum verið eflt sérstaklega með sérstöku samkomulagi umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis innan ramma byggðaáætlunar. Staðardagskrárstarf er hluti af því að bæta umgengni við landið og meðhöndlun úrgangs.

Þá spyr hv. fyrirspyrjandi, Kolbrún Halldórsdóttir, að því hvert sé álit ráðherra á ástandi mála að þessu leyti víða um land, m.a. á ríkisjörðum. Ég fullvissa og fullyrði, og dæmi það eftir ferðum mínum um landið, þar sem ég gef þessu sérstakan gaum, að ástand þessara mála í sveitum landsins hefur verið að batna. En betur má ef duga skal. Úrgangur sem mest ber á í óreiðu í dreifbýli er aðallega til kominn vegna flutninga þar sem frágangur er ófullnægjandi, svo sem opnar kerrur, og vegna byggingarframkvæmda við orlofshús. Þar sem gámasvæði eru ekki vöktuð er hætta á að þangað sé farið með úrgang sem ekki á heima þar. Mörg sveitarfélög hafa fært gámasvæði nálægt áhaldahúsum og reka þau nú í tengslum við þau. Mikill árangur hefur náðst í því að safna saman landbúnaðarplasti og koma því til endurnýtingar. Góður árangur hefur náðst í því að hreinsa landið af gömlum tækjum og bifreiðum. Gámavellir eru komnir í flestöll sveitarfélög og upplýsingar og fræðsla um þessi mál hefur aukist verulega og það tel ég skipta miklu máli í þessu samhengi. Hvað ríkisjarðir varðar þá eru úrræði varðandi mál er varða lélega umgengni þar, eins og á öðrum jörðum, á hendi viðkomandi sveitarfélaga. Berist landbúnaðarráðuneytinu fregnir eða ábendingar um slæma umgengni á ríkisjörðum er gripið inn í til að koma málinu í réttan farveg.

Ég ætla svo að bíða seinni ræðutíma míns, frú forseti, til þess að svara spurningunni um hvað tillögur ráðherra hafi fram að færa til að ná fram úrbótum svo um muni.

[14:04]

**Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):**

Hæstv. forseti. Já, hæstv. umhverfisráðherra nýtir tíma sinn vel í að telja upp það sem gert hefur verið á vettvangi umhverfisráðuneytisins á síðustu missirum hvað það varðar að koma þessum málum í viðunandi horf. Vissulega er það rétt að svæðisáætlanir sveitarfélaganna eru í vinnslu og eiga að sjálfsögðu eftir að skila einhverju. Við sjáum þess einnig stað að úrvinnslugjald á bifreiðar er farið að skila árangri og tel ég að sveitarfélögin séu eftir fremsta megni að vinna ágætt starf í þessum efnum.

En hvar er þjóðarátak Framsóknarflokksins, þjóðarátakið sem samþykkt var á landsfundi flokksins 2005 að ætti að fara fram, þjóðarátakið sem átti að skera upp herör gegn lélegri umgengni um landið og uppsöfnuðum úrgangi þar sem hann ætti ekki heima? Framsóknarflokkurinn hefur ekki látið fara fram neitt sérstakt þjóðarátak í þessum efnum. Hann hefur ekki sinnt því hlutverki sem hann sjálfur setti á sínar eigin herðar að því marki sem mér fyndist að hann hefði átt að gera til þess að geta haldið því hér fram kinnroðalaust að stefna hans í umhverfismálum sé metnaðarfull.

Margt hefur auðvitað verið vel gert og það er tímanna tákn að nú eru stjórnmálaflokkarnir óðum að átta sig á því að það þýðir ekki að skila auðu í umhverfismálum, hvorki í hinu smáa né í hinu stóra, hvorki í loftslagsmálunum né heldur í málefnum er varða það að fegra og snyrta umhverfi okkar.

Hæstv. umhverfisráðherra ætti auðvitað að ganga fram fyrir skjöldu, efna til almennilegs þjóðarátaks þar sem unnið yrði hönd í hönd með frjálsum félagasamtökum og sveitarfélögum á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Það þarf líka að sjá til þess að sveitarfélögin hafi meira (Forseti hringir.) bolmagn til að framkvæma þessi mál en raun ber vitni. Þá hefði hæstv. ráðherra sterkan her til að sinna þessum málum í félagi við sig og Framsóknarflokkinn og Vinstri græna.

[14:07]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að taka fram að þessi ákveðni liður, í mjög metnaðarfullri stefnumörkun og í ályktunum Framsóknarflokksins í umhverfismálum almennt, er mjög lítill. Þar er margt annað mjög metnaðarfullt að finna.

Ég vil hins vegar árétta að ég held að hugsunin, þegar þessi ályktun var samþykkt á flokksþingi, hafi ekki verið sú að Framsóknarflokkurinn, undir sínum merkjum, blési í einhvern herlúður um það að nú færu allir út að safna rusli — það var ekki þjóðarátak í þeim skilningi. Ég ætla að með því að nota orðið „þjóðarátak" í ályktunum séu menn að leggja línuna um það hvar þeir vilji sjá áherslur í viðkomandi ráðuneyti.

Það má vera ljóst af fyrri ræðu minni, frú forseti, að við höfum komið víða við. Efnt hefur verið til samstarfs með landsáætlun við sveitarfélögin, við frjáls félagasamtök og ég held að þetta gerist langbest þannig að menn séu að leita sér að samstarfsaðilum en allir séu að vinna að sama markmiðinu.

Ég hafði orð á því í fyrri ræðu minni að ég þykist sjá mun. Ég tók sérstaklega eftir því þegar ég var á ferðinni í sumar í Norðvesturkjördæmi — og þá er ég ekki að halda því fram að það sé munur á milli kjördæma — að þar höfðu ákveðin sveitarfélög verið að taka saman í átaki, í samstarfi við þá aðila sem gátu flutt alls konar bílflök og drasl. Búið var að hrúga þessu upp og svo var beðið eftir því að þetta yrði flutt sem brotajárn í burtu. Ég sé mun, ég sé verulegan mun, en ég ætla ekki að ganga svo langt, frú forseti, að þakka það alfarið Framsóknarflokknum — og ég er viss um að Framsóknarflokkurinn og Vinstri grænir geta átt um þetta mjög gott samstarf.

Umræðu lokið.

## *Aflagning dagabátakerfisins.*

Fsp. MÞH, 246. mál. — Þskj. 249.

[14:09]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Hér í þessum sal árið 2004, nánar tiltekið í maí 2004, var tekin sú ákvörðun af meiri hluta þingmanna, að undirlagi fyrrv. hæstv. sjávarútvegsráðherra, Árna M. Mathiesens, að leggja af hið svokallaða dagakerfi smábáta. Þessi flokkur fiskiskipa landsmanna var í staðinn settur í kvóta. Þetta dagabátakerfi hafði verið við lýði í mörg ár. Við í þingflokki Frjálslynda flokksins lögðumst mjög eindregið gegn því að kerfið yrði lagt af því að við töldum að það hefði marga góða kosti í för með sér, ekki síst fyrir sjávarbyggðir landsins.

Það duldist náttúrlega engum sem fór um landið að þessum bátum fylgdi mikið líf og fjör og mikil vinna, sérstaklega yfir sumartímann en einnig á öðrum árstímum. Það var hægt að færa margar góðar röksemdir fyrir því að þessi atvinnurekstur styrkti mjög byggð í hinum minni sjávarbyggðum allt í kringum landið og þá kannski ekki síst í kjördæmi núv. hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einars Kristins Guðfinnssonar.

Það fór nú svo að því miður var þetta kerfi lagt af í staðinn fyrir að hlúð yrði að því og það þróað frekar. Í stað þess að setja um það skýrari reglur, sem var hægur vandi að gera þó að menn vilji nú reyna að snúa út úr því og koma sér undan því á einhverjum undarlegum flótta, hefði vel verið hægt að hlúa að þessu kerfi — ekki síst, virðulegi forseti, með tilliti til atvinnustigsins í hinum minni sjávarbyggðum landsins.

Ég held að flestir sem fylgjast með sjávarútvegi hafi gert sér grein fyrir því hver þróunin hefur orðið síðan þessi lög voru sett, síðan þessir svokölluðu dagabátar voru settir í kvóta. Gríðarleg samþjöppun hefur orðið í smábátakerfinu. Fjölmargir þessara báta hafa verið seldir, þeir hafa horfið úr rekstri, þeir eru ekki lengur þau atvinnuskapandi tæki sem þeir voru hér áður fyrr. Bátarnir hafa líka flust til, þeir hafa færst frá mörgum byggðum, margar byggðir hafa orðið að sjá á eftir bátum sínum, hafa orðið að sjá á eftir góðum viðskiptavinum sem komu kannski í heimsókn þegar vel gaf á nálægum miðum á vissum árstímum og annað þar fram eftir götunum. Ég hygg að hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson, geri sér fullvel grein fyrir því hvað ég er hér að tala um.

Fyrirspurn mín til hans hér í dag, virðulegi forseti, er þessi: Telur ráðherra að aflagning dagabátakerfisins árið 2004 hafi orðið sjávarbyggðum landsins til góðs?

[14:13]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir þessa spurningu sem auðvitað þarf að svara í nokkrum orðum.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni um það að dagabátakerfið var á margan hátt mjög áhugavert kerfi og skilaði heilmiklu. Ég er líka sammála hv. þingmanni um það að vel er hægt að stjórna með sóknartakmarkandi aðgerðum. Þegar við höfum í áranna rás staðið frammi fyrir því að fjalla um dagabátakerfið hefur oft verið rætt um það með hvaða hætti við gætum varið þetta kerfi með því að setja inn sóknartakmarkandi þætti. Þess vegna var auðvitað, og það var öllum ljóst, til að mynda á þeim tímum sem hv. þingmaður var að rifja upp, að valið stóð aldrei um það að verja það kerfi algjörlega óbreytt án sóknartakmarkandi þátta. Það var alltaf inni í myndinni, og það var líka rætt á vettvangi Landssambands smábátaeigenda, að setja inn í þetta sóknarstýrandi þætti sem mundu þá virka til þess að takmarka þann afla sem þessi bátaflokkur var að draga að landi. Menn getur greint á um það hversu mikið sóknartakmarkandi þeir þættir ættu að vera en alltaf var gengið út frá því að verið væri að reyna að hafa áhrif á það að lækka heildaraflann eða a.m.k. að koma í veg fyrir að hann ykist frá því sem hann hafði verið.

Þetta varð hins vegar ekki niðurstaðan og ég ætla út af fyrir sig ekkert að fara í þá sögu. Niðurstaðan varð sú að þessir bátar fóru inn í krókaflamarkskerfið og þess í stað var þeim færður fiskveiðiréttur í formi kvóta sem ekki mældist í dögum heldur í tonnum. Það er alveg ljóst að eins og við skoðum þessi mál fengu þessir bátar mjög verulegan veiðirétt, svo mikinn raunar að mjög margir urðu til þess að gagnrýna það að verið væri að ívilna þeim með einhverjum hætti. Ég tel að það hafi nú ekki verið þannig.

Hver hefur þróunin verið síðan? Það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði, færaaflinn hefur minnkað. Hann hefur minnkað verulega og hann hefur auðvitað minnkað mest í þeim byggðum þar sem hann var mjög mikill fyrir. Ástæð-

urnar eru ýmsar. Það er í fyrsta lagi aflagning dagakerfisins, það gefur augaleið. Í öðru lagi hefur verið minni afli á *grunnslóð í nágrenni margra þeirra staða sem nutu dagakerfisins* hvað mest.

Það er enginn vafi á því að línuívilnunin sem slík hefur líka haft þessi áhrif. Hún gaf línuveiðunum forskot sem aðrar veiðiaðferðir höfðu ekki. Við sjáum að línuívilnunin hefur m.a. haft áhrif á stöðu ýmissa annarra veiðarfæra, við sjáum að netaveiðarnar hafa dregist saman o.s.frv. þó að þar séu fleiri ástæður undirliggjandi. Síðast en ekki síst, eins og hv. þingmaður nefndi hér áðan, hafa orðið til öflugir línubátar og færaútgerðin stóðst þeim hreinlega ekki snúning. Við tókum ákvörðun áður að leyfa stækkun þessara báta upp í 15 tonn og möguleikar þeirra urðu einfaldlega meiri. Þetta var hins vegar gert til þess að koma til móts við sjónarmið byggðanna um það að geta haft öruggari hráefnisöflun og það hefur á margan hátt tekist í mjög mörgum þessara byggðarlaga. Færabátarnir róa á sumrin eins og allir vita. Það skipti miklu máli fyrir atvinnulífið á þeim tíma þó að misjafnt væri hversu mikið yrði eftir og færi til fiskvinnslu á þessum stöðum. Línubátarnir róa hins vegar allan ársins hring. Stóru bátarnir, sem hafa verið gerðir út, eru eins og vertíðarbátar að því leyti að þeir hafa skapað ótrúlega mikla vinnu, miklar tekjur. Við sjáum að þrátt fyrir að færaaflinn hafi dregist saman í mörgum þessara verstöðva hefur aukningin í línuveiðunum verið gífurlega mikil á þessum stöðum langflestum. Auðvitað eru undantekningar á báða vegu. Á norðanverðum Vestfjörðum — svo að ég taki þá sem dæmi af því að þar voru þessir færabátar með mikinn afla á sumrin — hefur þróunin orðið sú að línuaflinn hefur aukist gríðarlega á krókaflamarksbátunum. *Aflaheimildirnar hafa verið að færast yfir á þá báta* — það er alveg rétt sem hv. þingmaður nefndi í þessu sambandi — og sú aukning hefur í mörgum tilvikum orðið meiri á línuna en svarar minnkuninni í færaaflanum og þetta er þó afli sem veiðist allan ársins hring.

Ég átti satt best að segja von á því, þegar ég velti þessum málum fyrir mér í vetur, að tilflutningarnir á milli byggðarlaganna — af þeim ástæðum að færaaflinn hefur minnkað og línuaflinn hefur aukist — hefðu orðið meiri en raun ber vitni. Auðvitað eru þeir til staðar, ég neita því ekki, það er staðreynd, en tilflutningarnir eru samt minni en ég hugði.

Ég treysti mér ekki til þess að svara þessari spurningu eingöngu með einu orði. Ég vil samt sem áður segja að ég tel að sú þróun sem hefur orðið upp á síðkastið með auknum styrk smábátakerfisins hafi orðið hinum dreifðu byggðum til góðs. Ég sé til dæmis að línuívilnunin hefur verið að nýtast byggðum sem höfðu átt undir högg að sækja. En dreifingin, hin landfræðilega dreifing á línuívilnuninni, er þó meiri en ég bjóst við og það finnst mér mjög jákvætt.

[14:18]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það er alltaf jafnsérstakt að heyra hæstv. *sjávarútvegsráðherra færa rök fyrir máli sínu en hann sagði* hér að hann hafi haldið uppi vörn fyrir kerfið, handfærakerfið.

Ég bara spyr: Hverjum var hann að verjast? Var hann ekki að verjast sjálfum sér? Sótti hann ekki á sem fulltrúi LÍÚ að eyðileggja þetta kerfi? Ég man ekki betur en að það hafi einmitt verið hann sem vildi kollvarpa því kerfi. Þegar hann talar hér um að verja kerfið er hann að verjast sjálfum sér.

Það er náttúrlega með ólíkindum að verða vitni að slíkum málflutningi hjá sjávarútvegsráðherra. Við verðum að *gæta að því að þessi breyting hrundi af stað ferli sem ég vil* ekki kalla þróun heldur afturför fyrir margar byggðir. Byggðir sem byggðu á þessum handfæraafla, byggðir eins og t.d. Norðurfjörður á Ströndum. (Forseti hringir.) Það er alveg ótrúlegt að verða vitni að þessum málflutningi hæstv. ráðherra.

[14:19]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega ljóst að við það að dagakerfið var aflagt breyttist margt og mér finnst margs að sakna úr því kerfi.

Í fyrsta lagi var handfæraaflinn þannig að hann nýttist oft byggðum vítt og breitt um landið vegna þess að bátarnir fylgdu á eftir fiskigöngunum sem byrjuðu iðulega eins og t.d. fyrir vestan, í Breiðafirði, og svo austur um og enduðu á Norðurlandi og jafnvel Norðausturlandi.

Það sýndi líka talsvert fiskgengdina og það sýndi aflasamsetninguna fyrir utan það að mikið líf varð í þeim byggðum sem fengu þessa kerfis notið. Ég tel að það hafi verið mistök, hæstv. forseti, að fella þetta kerfi niður og það hafi í raun og veru skemmt fyrir okkur, bæði varðandi byggðirnar og eins upplýsingar um veiðina.

[14:20]

**Guðjón Hjörleifsson:**

Virðulegi forseti. Við erum að tala um það þegar við lokuðum dagabátakerfinu. Dagabátarnir voru að veiða frá 2.000 og upp í 12.000 tonn á ári og þarna var mikil óvissa.

Þegar málið var tekið fyrir og afgreitt á Alþingi voru eingöngu fulltrúar Frjálslynda flokksins á móti þessu, stjórnarandstaðan sat hjá en stjórnarliðar samþykktu þetta.

Það er eðlilegt við svona breytingar að fækkun verði í bátum. Menn sameina minni útgerðir og kaupa sér stærri báta. Það sem hefur breyst er að hlutastörfum hefur fækkað og fleiri eru farnir að gera út á ársgrundvelli. Ég tel það mjög gott og ég tel þessa breytingu mjög góða fyrir fiskveiðistjórnarkerfið. Ég vil einnig minna á að þorri þeirra sem störfuðu í dagabátakerfinu voru hlynntir þessari breytingu.

Virðulegi forseti. Við erum ekki einungis að tala um hagræðingu þarna, það er að gerast í öllum atvinnugreinum að menn eru að hagræða og sameina fyrirtæki. Þetta er bara sú þróun sem er að gerast. (**Gripið fram í:** Er ekki minni afli?)

[14:21]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Það eru greinilega mjög skiptar skoðanir um þetta mál þótt nokkur missiri séu liðin frá því að lögin voru samþykkt. Ég hygg að það verði áfram miklar deilur um það mál því að það skipti mjög miklu að við hög-

uðum útgerð frá þessum litlu sjávarbyggðum á þann hátt sem við gerðum.

Það er alveg rétt sem hæstv. sjávarútvegsráðherra benti á áðan. Það er vel hægt að stjórna flota af þessari gerð með sóknartakmörkunum. Það er vel hægt og á að gera það. Það er sannfæring mín að stýra eigi þessum hluta fiskiskipaflotans með þeim hætti.

Þessi hluti flotans mun aldrei ofveiða nokkurn skapaðan hlut. Það eru svo margir aðrir þættir sem hafa áhrif á rekstrinn, t.d. fiskgengd, veðurfar og annað, að ég hef í sjálfu sér ekki miklar áhyggjur af því að þessi floti muni ofveiða nokkurn skapaðan hlut, ég tala nú ekki um ef settar eru skýrar reglur um hversu mikið af veiðarfærum menn megi vera með í sjó á hverjum tíma, settar reglur um stærð báta og annað þar fram eftir götunum.

Við áttum að fara þessa leið árið 2004. Það hefði verið heillavænlegast, bæði fyrir sjávarútveginn og einnig fyrir sjávarbyggðirnar. Við verðum að muna það, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, að í sjávarútvegi, útræði, útgerð og þess háttar, er ekkert athugavert við það þótt þetta sé að einhverju leyti hlutastarf hjá fólki sem býr í þessum byggðum. Það er ekkert athugavert við það.

Þetta bara er partur af lífsmunstri þessarar þjóðar, þjóðar sem hefur búið í landinu í 1100 ár. Fólk sem býr úti á landi lifir af landsins gagni og gæðum. Það er bara þannig og þannig á það að vera í framtíðinni. Það er sannfæring mín. Ef við ætlum að byggja þetta land til framtíðar er mjög mikilvægt að við tryggjum að hinar dreifðu byggðir landsins hafi aðgang að náttúruauðlindum sínum og þar með talið fiskimiðunum. Það er algjört grundvallaratriði.

Ég vonast til að næsta ríkisstjórn sem tekur við í (Forseti hringir.) landinu, virðulegi forseti, muni sýna þessum þáttum miklu meiri skilning en við höfum séð undanfarin tólf ár.

[14:23]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei gert lítið úr jákvæðum áhrifum af dagabátakerfinu meðan það var við lýði. Ég hef aldrei gert það. Mér var alveg ljóst að það skipti máli fyrir þær byggðir þar sem þessir bátar voru að koma og landa.

Það var hins vegar veikleiki þess máls fyrir margar byggðir að þarna var um að ræða mjög tímabundna atvinnustarfsemi og hún skilaði sér ekki nema að mjög takmörkuðu leyti inn í fiskvinnslu á þessum stöðum. Það var veikleiki málsins og ef við reynum að ræða þessi mál í ró og næði og af sanngirni held ég að við sjáum það.

Við fundum það og finnum það að í sjávarbyggðum okkar er vaxandi krafa um að sjávarútvegurinn sé rekinn þannig að menn geti gengið út frá því, helst allan ársins hring, að hafa störf og viðurværi af honum og þetta sé um leið sjávarútvegur eða fiskveiðar sem tryggi fiskvinnslunni hráefni allan ársins hring.

Það var auðvitað vandinn við dagakerfið að það var ekki að skila því. Það sem við höfum séð í þróuninni síðustu árin er að vaxandi línuútgerð og vaxandi áhersla á útgerð stærri línubáta hefur haft þau áhrif að það hefur skilað fiskvinnslunni stöðugu hráefni. Það hefur líka gert það að verkum að við sjáum núna báta þar sem aðbúnaðurinn og möguleikar manna sem stunda þessar veiðar eru miklu betri en verið hefur.

Ég er alveg sammála því, og ég ítreka það og það hefur margoft komið fram hjá mér eftir að ég varð sjávarútvegsráðherra, ég er alveg sömu skoðunar og ég hef verið, að það er alveg hægt að stjórna fiskveiðum með sóknartakmörkunum. En þá verða menn líka að vera tilbúnir að horfast í augu við það að setja þarf við ákveðnar aðstæður einhverjar hamlandi aðgerðir eða hamlandi þætti inn í fiskveiðistjórnina sem gerir það að verkum að við drögum úr þegar þannig hentar.

Það var nákvæmlega það sem okkur tókst ekki að gera. Ég held að sú þróun sem við höfum séð sé alveg klár. Handfæraaflinn hefur minnkað, netaaflinn hefur minnkað en línuaflinn hefur stóraukist. Þessi aukning á línuafla skiptir auðvitað máli á jákvæðan hátt fyrir þessar byggðir hringinn í kringum landið, m.a. þær byggðir sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni.

Umræðu lokið.

## *Laun sjómanna og lífskjör á landsbyggðinni.*

Fsp. SigurjÞ, 448. mál. — Þskj. 576.

[14:26]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Í kjölfar umræðu á Alþingi um sjávarútvegsmál var hæstv. sjávarútvegsráðherra boðið í viðtal á útvarpsstöðinni Útvarp Saga. Þar fór hann mikinn og sagði m.a. í viðtali við Jóhann Hauksson, þann 7. desember sl., þegar hann færði rök fyrir því kerfi sem hefur nú lagt landsbyggðina meira og minna í rúst, því miður, a.m.k. höggvið djúp skörð í sjávarbyggðir landsins, að þetta kerfi hafi stuðlað að hærri launum sjómanna og betri lífskjörum á landsbyggðinni. Þess vegna langar mig að spyrja: Í hvaða gögn er hæstv. ráðherra að vísa? Hvað er hann að vísa í í þessu viðtali? Hvernig rökstyður hann þetta?

Nú sést vel ef skoðuð eru útsvör á landsbyggðinni, sérstaklega þar sem áhrifa sjávarútvegsins gætir mjög, að launakjör þar hafa dregist aftur úr kjörum fólks m.a. á höfuðborgarsvæðinu. Það væri því fróðlegt að fá að heyra einhver rök fyrir þessu hjá hæstv. ráðherra og einnig um hin bættu lífskjör sem þetta kerfi á að færa landsbyggðinni. Á hann við það þegar enginn annar getur hafið starfsemi í undirstöðuatvinnugrein byggðanna? Ég veit í rauninni ekki hvað hæstv. ráðherra á við með þessum málflutningi. Það væri fróðlegt ef hann vísaði í einhver gögn máli sínu til stuðnings. Ef ekki, þá er þetta einfaldlega ómerkilegt skvaldur í hæstv. ráðherra.

Því miður er það svo að hluti sjómanna þarf að leigja til sín aflaheimildir. Á Alþingi í haust var nefnd talan 10 milljarðar sem rynni út úr greininni í leiguviðskiptum. Færa má rök fyrir því að einn fimmti af heildartekjum sjávarútvegsins renni út úr honum og komi ekki til skipta sjómanna. Ég er miklu frekar á því að þetta kerfi hafi skaðað kjör sjómanna.

Síðan verður hæstv. ráðherra líka að muna eftir þeim

sjómönnum, sem margir hverjir eru á línubátunum sem hann vísaði til í umræðunni um fyrri fyrirspurn, sem hafa engan kjarasamning. Það er nefnilega svo að þeir sem eru á bátum sem eru undir 15 tonnum hafa engan kjarasamning. Þeir eru jafnvel verr settir en blaðburðarbörn á Íslandi hvað það varðar.

Maður undrar sig á því að hæstv. sjávarútvegsráðherra skuli í raun bera það á borð fyrir alþjóð að kjörum sjómanna sé borgið með þessu kerfi og hag byggðanna í landinu. Ég skora á hæstv. ráðherra að færa einhver rök fyrir þessum orðum sínum.

[14:29]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda því fram og hef aldrei haldið því fram að fiskveiðistjórnarkerfi okkar tryggi hag og kjör allra sem starfa í sjávarútvegi né allra sjávarútvegsbyggða. Það er langt frá því. Ég hef margoft sagt að það hefur á vissum stöðum haft neikvæð áhrif. Ég hef aldrei gert lítið úr því og alltaf viðurkennt það, m.a. í umræðu um daginn þegar við fjölluðum um byggðakvótamál.

Þegar við ræðum kaup og kjör í sjávarútvegi er rétt að reyna að styðjast við staðreyndir. Varðandi laun sjómanna, af því að það er vikið að þeim í þessari fyrirspurn, þá mótast þau og ráðast heilmikið af ytri aðstæðum. Þau ráðast m.a. af verðlagningu á fiski á erlendum mörkuðum vegna þess að hluti tekna sjómanna byggir á því. Það ræðst ekki síst af genginu. Áhrif gengisins eru mjög mikil, fyrst á þá sem flytja beint út og síðan hefur það áhrif á verðlagninguna á fiski. Núna er staðan eins og við vitum sú að verðlagning á fiski er í langflestum tegundum í hæstu hæðum. *Gengið hefur verið tiltölulega jákvætt en það hefur verið að* styrkjast nokkuð upp á síðkastið.

Þegar við skoðum þetta í samhengi, við skulum reyna að gera það af því að hv. þingmaður er að kalla eftir því, sjáum við t.d. að launaþróun í fiskvinnslu er þannig miðað við árin 1997–2006, tæplega tíu ára skeið þá er það einfaldlega þannig að þegar maður ber saman launavísitöluna í landinu og laun í fiskvinnslu þá hefur þetta nokkurn veginn fylgst að. Ef við skoðum þessar meðaltalstölur er það þannig. En auðvitað hafa ýmsar atvinnugreinar verið að hækka laun sín hraðar en nemur meðaltalinu en ef við skoðum þetta í samhengi við meðaltalið þá er það þannig.

Ef við skoðum síðan fiskverðið, við skulum taka þorskinn sérstaklega því hann hefur mest vægi, þá endurspeglast verð hans, hvort sem er í beinni sölu á innlendum mörkuðum, á erlendum mörkuðum eða landfrystum afurðum, í launum sjómanna. Fiskverð hefur hækkað á þessu ári, langt umfram það sem nemur launavísitölunni. Það er vegna þess að fiskverð á erlendum mörkuðum er hærra en áður og gengi krónunnar lægra en það var á árinu 2005. Það hefur þessi jákvæðu áhrif. Ég ætla ekki að þakka kvótakerfinu þetta. Ég segi einfaldlega að laun sjómanna og laun í sjávarútvegi ráðast af fjöldamörgum þáttum.

Hins vegar er það alveg rétt að gífurlegar breytingar hafa orðið í sjávarútvegi okkar, að hluta til vegna fiskveiðistjórnarkerfisins. Það er ljóst að það hefur stuðlað að tiltekinni þróun sem hér hefur oft verið gerð að umtalsefni. Tæknibreytingar hafa gert það að verkum að fólki fækkar í sjávarútvegi þannig að heildarumsvifin hafa minnkað. Við eigum að fagna þeirri þróun í sjálfu sér, að tæknibreytingarnar eigi sér stað í sjávarútvegi. Það hefur dregið úr yfirvinnu í fiskvinnslu í landi, það þekkjum við, og vitaskuld hefur það áhrif á heildarlaun fólks í fiskvinnslu.

Hv. þingmaður talaði um þátttöku í kvótakaupum sjómanna. Ég hef margoft gert það að umræðuefni og vonandi munu birtast innan tíðar tillögur um að taka á því máli. Það er að vísu mat forustumanna sjómanna að þátttaka í kvótakaupum sé minna vandamál en oft áður. Engu að síður er ljóst að við þurfum að herða á í þessu sambandi, herða eftirlitið og eftirfylgnina í þessum efnum. Ég hef margoft lýst mig reiðubúinn til þess.

Varðandi síðan hitt sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni í lokin þ.e. stöðu sjómanna sem starfa á krókamarksbátum, bátum innan við 12 tonn, að þá er það alveg rétt að þeir eru án kjarasamninga. Það er hins vegar ekki hlutverk stjórnvalda, allra síst sjávarútvegsráðherra, að skipta sér af því eða koma með beinum hætti að þeim kjarasamningum. Þar eiga auðvitað aðilar málsins að koma sér saman og auðvitað eiga að gilda í þessum efnum kjarasamningar. Slíkt er til staðar í einstökum byggðarlögum þar sem menn hafa komið sér saman um tilteknar lágmarksreglur. Vonandi tekst mönnum að gera slíka samninga víðar á landinu en það væri auðvitað fráleitt að við sem löggjafarþing færum að skipta okkur af þessu og hafa áhrif á þetta. Þetta eiga aðilar vinnumarkaðarins að klára sín á milli.

[14:34]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að *fjöldamargt hefur áhrif á launin. Heildarafli hvers* árs hefur t.d. mikil áhrif. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því að í botnfiskveiðunum er þorskurinn sennilega gefinn upp sem 40% af verðmætunum. Heildarafli af þorski hefur verið mjög lítill á undanförnum árum miðað við það sem áður var. Sá afli er kannski um það bil helmingur þess sem langtímaviðmið í þorskveiðum hefur gefið okkur til margra ára, a.m.k. fyrir daga kvótakerfis.

Síðan koma til kvótaverðið og kvótaleigan. Þetta spilar inn í kjör sjómanna því einhvers staðar eru þessir peningar teknir. Þetta er ekki starf sem gufar bara upp eða kemur engum við. Verðið lendir á sjómönnum víðast hvar. Ég hef stundum sagt að arðsamasta (Forseti hringir.) fjárfesting kauparéttarhafa sé í raun leiguliðinn (Forseti hringir.) sem borgar veiðiréttinn.

[14:36]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom í lok ræðu sinnar inn á að sennilega væri arðbærasta einingin í íslenskum sjávarútvegi í dag hinn svokallaði leiguliði. Ég held að það sé mikið til í því. Ég held að við ættum að hugleiða hvernig kvótakerfið hefur leitt til þess að landsbyggðin er víða hreinlega arðrænd, þ.e. svipt tekjum sínum með kvótaleigu sem er oft ekki annað en hreinn þjófnaður. Við segjum það bara hreint út.

Það er engin sanngirni í því að sjómenn og útgerðarmenn sem reyna að reka fyrirtæki sín skuli þurfa að greiða

kannski allt að 70% af aflaverðmætinu til einhvers sem er svo heppinn að fá einu sinni á ári sent heim til sín bréf frá Fiskistofu með kvótaúthlutun. Það engin sanngirni í þessu. Þetta er íslenskri þjóð og íslenskum sjávarútvegi til háborinnar skammar. Þetta er kannski mesta óréttlætið í kvótakerfinu, þessi bölvaða kvótaleiga.

[14:37]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér að vitna í sjávarútvegsráðherra. Hann sagði orðrétt: „En það sem er svolítið gaman við þetta kerfi er að það hefur þróast þannig að þetta er hins vegar arðvænlegt kerfi og er að skapa góð lífskjör úti á landsbyggðinni.“ (**Sjútvrh.:** Smábátakerfið.) Það er orðrétt, haft eftir hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hann skýrir þessi orð sín í fyrri ræðu sinni með því að fiskverð hafi hækkað í heiminum. Þetta kerfi kemur því ekkert við, hvað þá gengisþróun. Kerfið sem hann er að mæra hefur einmitt leitt til þess að milljarðar renna úr vösum sjómanna og tekjur hafa dregist saman á landsbyggðinni. Það er óumdeilt nema þá ... (Gripið fram í.) Ég sé að hæstv. sjávarútvegsráðherra (Gripið fram í.) er órótt undir þessu. En þetta eru staðreyndir málsins. Það er einnig staðreynd að stór hluti sjómanna er án kjarasamninga og það kemur honum ekki heldur við. Það er bara eitthvað sem fólk á við úti í bæ, aðilar þessa vinnumarkaðar. Þetta kemur honum ekkert við.

Ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra: Það er ekki alltaf sem hæstv. forsætisráðherra boðar skattalækkanir heldur boðaði hann sérstaka skattahækkun á sjómenn í upphafi kjörtímabilsins með því að leggja af sjómannaafsláttinn. Það væri fróðlegt að fá afstöðu hæstv. ráðherra til þeirra skattahækkana sem Sjálfstæðisflokkurinn boðaði þá.

Ég sé að tími minn er að renna út en að lokum er hér ágætisgrein í World Fishing sem ég vil benda hæstv. ráðherra á. Þar lýsir sérfræðingur Alþjóðastofnunar í landbúnaði og fiskveiðum hjá Sameinuðu þjóðunum kerfinu sem algerlega misheppnuðu.

[14:39]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Þegar tekist var á um hagsmuni smábátanna var uppi hörð gagnrýni á að fiskveiðiréttur smábátanna yrði aukinn. Margir héldu því fram að landsbyggðin og þær byggðir sem byggðu afkomu sína mest á smábátaútgerðinni væru með því dæmdar til fátæktar. Ég var í þessu útvarpsviðtali og hef síðan margoft haldið því fram að raunin hafi orðið allt önnur. Fiskveiðistjórnarkerfi smábátanna hefur reynst mjög verðmætt. Það hefur borgað til að mynda sjómönnum sem í því starfa í mörgum tilvikum a.m.k. góð laun, góð lífskjör. Ég hef margoft sagt það og viljað verja fiskveiðistjórnarkerfi smábátanna. Ég tel að það skipti miklu máli. Ég hef reynt að útskýra að það er ekki kerfi sem er dragbítur á lífskjör, öðru nær. Það hef ég margoft sagt.

Hv. þingmaður var áðan að hneykslast á því að við teldum það ekki okkar hlutverk sem stjórnvalds eða löggjafarvalds að hlutast til um kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna. Ég hélt að það væri almennt ekki skoðun í þjóðfélaginu að löggjafarsamkoman ætti að grípa þar inn í. Í gildi eru frjálsir kjarasamningar og það væri síðasta úrræðið að löggjafarsamkoman gripi inn í, þ.e. þegar sérstök neyð væri. Ég held að það séu mjög sérkennileg skilaboð, sem ég vona að séu ekki skilaboðin frá Frjálslynda flokknum, að taka samningsréttinn af útgerðarmönnum og sjómönnum smábátanna. Ég held að samningsrétturinn hljóti að eiga að vera þar.

Ég tek síðan undir það sem sagt var varðandi leiguna og þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Ég hef verið mjög gagnrýninn á það. Við eigum að taka á því. Það er óeðlilegt að sjómenn þurfi að taka þátt í kvótakaupum. Við eigum að reyna að skipa þeim málum þannig með lögum að reynt sé að koma í veg fyrir að það eigi sér stað.

Umræðu lokið.

[14:41]

**Útbýting:**

Hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum, 590. mál, fsp. GHall, þskj. 875.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju, 485. mál, svar umhvrh., þskj. 878.

Merkingar á erfðabreyttum matvælum, 589. mál, fsp. KJúl, þskj. 874.

## *Vetnisrannsóknir og eldsneyti.*

Fsp. VF, 557. mál. — Þskj. 832.

[14:42]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Frú forseti. Nú á tímum mikilla umræðna um alvarlegt ástand í heiminum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda er ástæða til að horfa til framtíðar. Vetni er orkuberi eða auðlind sem ef til vill á eftir að verða mikill framtíðarmöguleiki til vistvænna samgangna. Í vetnisrannsóknum hefur Ísland haft ákveðið frumkvæði en almenningi finnst eins og þau mál gangi frekar hægt. Spurningin er þá: Hvers vegna? Eru einhverjar tæknilegar ástæður fyrir því? Ég velti sem sagt fyrir mér stöðunni um þessar mundir og hvaða stefnu hæstv. iðnaðarráðherra hafi í þessu máli.

Það eru líka aðrir möguleikar varðandi eldsneyti. Núna liggur fyrir að við munum væntanlega hætta að urða sorp og menn fari að tala um sorp og lífrænan úrgang sem verðmæti. Kannanir hafa sýnt að það er mögulegt að vinna verulegt magn dísilolíu úr lífrænu sorpi eftir svokallaðri Fisher-Troops aðferð, en það er aðferð sem hefur verið notuð til að framleiða dísilolíu úr kolum. Þessi dísilolía er mun hreinni en hefðbundin olía og t.d. má nefna að við bruna í bifreiðum fylgir henni ekkert sót.

Varðandi þessar hugleiðingar velti ég fyrir mér stöðunni í vetnisrannsóknum um þessar mundir og hvert stefni. Ég spyr því einfaldlega:

1. Hver er staða vetnisrannsókna á Íslandi?

2. Telur ráðherra mögulegt að vetni verði orkugjafi í farartækjum innan 20 ára? Ef svo er, hyggst ráðherra greiða fyrir nauðsynlegum rannsóknum og uppbyggingu innviða til að slíkt geti orðið að veruleika?

3. Hefur ráðuneytið kannað möguleika á að nýta lífrænan afskurð (plöntur, gras o.fl.) og sorp til eldsneytisframleiðslu? Ef svo er, hver var niðurstaðan? Ef þetta hefur ekki verið kannað, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að það verði gert?

[14:45]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Svar við fyrstu spurningu: Vetnisrannsóknir hafa verið stundaðar við Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun, Háskólann á Akureyri og hjá fyrirtækjunum Íslensk nýorka og Varmaraf ehf. Í raun hefur myndast nokkurs konar verkaskipting á milli þeirra.

Í upphafi þessa árs lauk vetnisvagnaverkefninu og nýtt verkefni er tengist notkun vistvæns eldsneytis í fólksbílum er að hefjast. Hið nýja verkefni kallast Smart H2 sem er skammstöfun fyrir enskt heiti. Markmið þess er m.a. að koma af stað rekstri 20–30 vetnisbíla og setja vetnisljósavél um borð í ferðamannabát. Tilgangurinn er að afla gagna við raunverulegar aðstæður til að nýta í rannsóknir, hagkvæmnisathuganir og frekari notkunaráætlanir. Áætlað er að um 15–20 stöðugildi tengist beint rannsóknum og þróun á hagnýtingu vetnis og fer þeim fjölgandi. Samvinna við erlend fyrirtæki hefur skipt miklu máli í þessu sambandi, m.a. alþjóðleg stórfyrirtæki.

Annað svar: Bílaframleiðendur miða við að vetnisbílar fari á almennan markað á tímabilinu 2010–2015. Hins vegar mun vetnisbíllinn ekki verða samkeppnishæfur í verði við hefðbundna bíla fyrr en um 2015 að því er menn ætla, þegar samsvarandi fjöldaframleiðsla hefst og nú er á bensínbílum miðað við núgildandi áætlanir. Iðnaðarráðuneytið stefnir að því að semja við Vistorku um stuðning sem tryggja mun samfellu í vetnisverkefnum á Íslandi. Þessi vilji byggist á þeirri trú ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar að farartæki sem nýta vistvænt eldsneyti verði innan skamms raunverulegur valkostur gagnvart farartækjum sem nota jarðefnaeldsneyti. Á grundvelli þessa mundi ráðuneytið leggja fram allt að 225 milljónir á þremur árum en fjárveitingar til verkefnisins eru þó að sjálfsögðu háðar ákvörðun Alþingis um fjárlög hvers árs. Auk framlags stjórnvalda koma framlög frá erlendum samstarfsaðilum, innlendum orkufyrirtækjum og ýmsum öðrum aðilum.

Þriðja svar: Á vegum ráðuneytisins og Orkustofnunar hefur verið fylgst með þróun vistvæns eldsneytis í mörg ár og var m.a. ítarleg umfjöllun um það á orkuþingi sem haldið var í október sl. Einnig hefur starfað á vegum ráðuneytisins hópur sérfræðinga um vistvænt eldsneyti og gaf Orkustofnun nýlega út umfjöllun og tillögur hans í skýrslunni Stefna Íslendinga í eldsneytismálum einkabifreiða. Ein af megintillögum þessarar skýrslu lýtur að endurskoðun laga um opinber gjöld af ökutækjum sem miða að því að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum, og skýrt var frá fyrir nokkru.

Skýrslan dregur einnig fram stöðu þróunar farartækja er nota vistvæna orkugjafa. Auk vetnisbíla eru í þróun bifreiðar sem ganga fyrir rafmagni, etanóli, metanóli, metangasi, lífdísilolíu og fleira mætti nefna. Enn fremur eru í þróun fjöldrifsbílar sem eru búnir tvenns konar aflgjöfum. Þar á meðal eru svokallaðir tvinnbílar, þ.e. bílar sem bæði hafa rafhreyfla og bensín- eða dísilvél sem aflgjafa, og tengiltvinnbílar svonefndir sem stinga má í samband til að hlaða rafgeyma en ganga líka fyrir öðru eldsneyti.

Þótt vetnið hafi margvíslega kosti umfram aðra orkubera er engu að síður óvíst um yfirburði þess til lengri tíma litið. Því mun hið nýja þróunarverkefni sem ég nefndi áður, Smart H2, taka til úrvinnslu og mats rekstrar- og kostnaðarupplýsingar annarra farartækja sem nota vistvænt eldsneyti.

Allvíða er unnið að þróun vistvæns eldsneytis fyrir samgöngutæki. Lífmassafélagið vinnur að þróun vinnsluaðferðar til að framleiða etanól og lífmassa, m.a. úr grasi og lúpínu. Metan hf. stundar vinnslu og þróun metangass fyrir farartæki og nú eru um tíu ár liðin frá því að Sorpa hóf söfnun metans úr urðunarstað við Álftanes. Ráðuneytið og Orkustofnun hafa fylgst með starfsemi þeirra eins og annarra sem vinna að framgangi vistvæns eldsneytis.

Að lokum vil ég þakka hv. þingmanni fyrir þessar spurningar því að þær drepa á mjög mikilvægu málefni sem ástæða er til að dvelja við.

[14:49]

***Hjálmar Árnason:***

Frú forseti. Það er ástæða til að taka undir þakkir til hv. þingmanns fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli. Það er líka óhætt að segja að engin þjóð í veröldinni hafi stigið jafnróttæk skref í átt til vetnisvæðingar og við Íslendingar og það ánægjulega er að um það ríkir nokkuð þverpólitísk samstaða. Íslenska ríkisstjórnin er sú fyrsta í veröldinni sem lýsir því opinberlega yfir að hún vilji nýta vetni og vetnistækni sem stóran hluta af efnahagskerfi sínu. Hins vegar mun hraðinn á þessari þróun að sjálfsögðu ráðast af því hvað alþjóðasamfélagið gerir, ekki síst bílaframleiðendur, en í augnablikinu veðja þeir flestir á vetnistæknina sem framtíðartækni í samgöngum. Skipaverkefni eru að fara af stað, eins og hæstv. ráðherra nefndi hér áðan.

Íslendingar eru hins vegar að bjóða Ísland sem tilraunavettvang fyrir þessa nýju tækni enda landið upplagt til þess vegna smæðar sinnar, reynslu af vistvænum orkugjöfum og þar fram eftir götunum. Vonandi eigum við eftir að sjá þá sem fást við hinar nýju tilraunir á þessu sviði, hvort sem er vetni eða metan, (Forseti hringir.) sameinast í einum vettvangi.

[14:51]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér er um mikilvæga umræðu að ræða. Nefnt hefur verið að mikill hraði sé á þróun til vistvænnar orku fyrir bíla og farartæki en því miður virðist vera meiri hraði á þeirri þróun að nota olíu og bensín. Þar hefur orðið gríðarlegur vöxtur á umliðnum árum. Samhliða því að finna aðra orkugjafa þarf einnig að ræða um það að ná fram sparnaði á þeim farartækjum og tækjum sem eru í notkun. Það er ekki síður verkefni okkar en að finna nýja orkugjafa.

Ég var svo heppinn að vera boðið á ráðstefnu nú á dögunum þar sem einmitt var rætt um notkun metans. Það virðist vera mjög vænlegt til að nota á bíla, sérstaklega þá sem eru hér í Reykjavík. Miklir möguleikar eru á metanframleiðslu á öskuhaugunum hér en einungis er um 1% af þeim möguleikum nýtt. Það er um að gera (Forseti hringir.) að

hafa vakandi auga með þessari þróun.

[14:52]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Þetta er mjög áhugavert mál frá mörgum hliðum séð og horfir til framtíðar. Ég veit að hér er lítið þjóðfélag og, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason benti á, við getum með auðveldum hætti stundað þessar rannsóknir, við höfum allt til þess og m.a. í samvinnu við aðra.

Hins vegar er það nú svo að það þarf raforku til að framleiða vetni. Margir hafa bent á að í landi eins og Íslandi, með mikla raforkumöguleika, gæti verið áhugavert — án þess að ég sé neitt að gera lítið úr vetnisrannsóknum — að reyna að þróa frekari möguleika á notkun raforku í samgöngutækjum. Við þurfum einnig að (Forseti hringir.) huga sérstaklega að því, hæstv. forseti.

[14:53]

**Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):**

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnaðarráðherra ágæt svör og þeim sem hafa tekið þátt í umræðunni. Nýverið hefur okkur borist mjög neikvæð skýrsla varðandi gróðurhúsaáhrif í heiminum og því er virkilega ástæða til að ræða þessi mál og hraða þeim eins og kostur er. Ég tel líka rétt að skoða alla valmöguleika varðandi vistvæna og lífræna framleiðslu. Rétt er að benda á að í Bandaríkjunum er framleidd um ein milljón lítra af lífrænu bensíni eða etanóli og ESB hefur nú þegar sett af stað það ferli að bensín verði blandað etanóli.

Ég þakka fyrir umræðuna, frú forseti, og hvet ráðherra til að halda málinu gangandi.

[14:55]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég endurtek þakkir mínar til fyrirspyrjanda og annarra sem tekið hafa þátt í umræðunni um þetta mikilvæga mál.

Talið er að um 10% af nýtanlegri orku hérlendis nægi til þess að vinna vetni sem muni duga fyrir bílaflotann og skipaflotann þannig að þetta skiptir verulegu máli. Bílaflotinn og skipaflotinn valda sameiginlega um 2/3 af þeim mengunarútblæstri sem við erum að tala um.

Það er alveg rétt, sem hér kom líka fram í umræðunni, að á Íslandi eru sérstakar aðstæður sem gera landið eftirsóknarvert sem tilraunasvæði. Það er mjög mikilvægt að við notum þá aðstöðu, að við notum hana fyrir okkur sjálf, á þeim forsendum og út frá þeim markmiðum sem áður hafa komið fram, en líka í rauninni fyrir allan heiminn.

Umræðu lokið.

## *Farþegaflug milli Vestmannaeyja og lands.*

Fsp. MÞH, 245. mál. — Þskj. 248.

[14:57]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um farþegaflug milli Vestmannaeyja og lands. Spurning mín hljóðar svo, með leyfi forseta:

Hyggjast samgönguyfirvöld greiða niður allt farþegaflug milli Vestmannaeyja og lands?

Þannig er málum háttað að nú er flogið milli höfuðborgarsvæðisins og Vestmannaeyja og að sjálfsögðu til baka aftur. Það flug var tekið upp nýverið með stórum vélum og er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni. En þetta flug er niðurgreitt með verulegum fjárhæðum úr ríkissjóði.

En það er nú svo, virðulegi forseti, að það er ekki bara Flugfélag Íslands sem stendur fyrir flugrekstri milli Vestmannaeyja og lands.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vekur athygli á því að hæstv. ráðherra sem á að svara þessari fyrirspurn er ekki kominn í salinn og ég býst nú við að hv. þingmaður vilji gjarnan að hæstv. ráðherra hlýði á mál hans)

Já, forseti. Ég mætti ráðherra á ganginum þegar ég gekk í salinn, hann getur því varla verið langt undan.

(**Forseti** (JóhS): Ég skal ekki taka tíma hv. þingmanns, en við skulum aðeins hinkra eftir ráðherranum.)

Ég vík þá úr ræðustól en reikna með að ég fái að byrja aftur á núllpunkti hvað varðar tímasetningu þegar hæstv. ráðherra kemur í salinn. — Þar kemur hæstv. ráðherra.

Ég hygg að hæstv. ráðherra sé vel kunnugt um hvaða fyrirspurn ég ber upp, en hún er um farþegaflug milli Vestmannaeyja og lands. Ég var kominn aðeins á flug í þessum inngangi mínum. Þar var komið sögu að ég var farinn að tala um að það væri ekki bara Flugfélag Íslands sem stundaði farþegaflug milli Vestmannaeyja og lands, heldur eru þar líka aðrir flugrekstraraðilar.

Okkur er kunnugt um að flugið milli höfuðborgarsvæðisins og Vestmannaeyja og aftur til baka er niðurgreitt með verulegum fjárhæðum úr ríkissjóði. Ég vil í sjálfu sér ekki gera neinar athugasemdir við það.

Hins vegar eru fleiri flugrekstraraðilar eins og ég minntist á áðan í inngangi mínum. Ég nefni Flugfélag Vestmannaeyja sem hefur flogið um margra ára skeið milli Bakka og Eyja. Þar hefur verið mjög góður rekstur að því best er séð og að sjálfsögðu verið mjög gagnlegt fyrir samgöngur milli Vestmannaeyja og lands um nokkurra ára skeið.

Lagt hefur verið í verulegar fjárfestingar, til að mynda á Bakkaflugvelli. Flugbrautin þar hefur verið endurbætt mikið og reist ný flugstöð, vegabætur á Bakkavegi og annað þar fram eftir götunum. Ekki ætlum við að fara að lasta það, langt í frá.

Hins vegar leikur mér hugur á að vita hvort hæstv. samgönguráðherra og samgönguráðuneytið, ríkisstjórnin, hafi íhugað hvort það sé ekki hreinlega ósanngjarnt að þetta flug njóti ekki svipaðra ívilnana og það flug sem er á milli höfuðborgarsvæðisins og Vestmannaeyja.

[15:00]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr:

„Hyggjast samgönguyfirvöld greiða niður allt farþegaflug milli Vestmannaeyja og lands?"

Svar mitt er svohljóðandi: Í lok september síðastliðinn

ákváðu samgönguyfirvöld að bjóða út ríkisstyrkt áætlunarflug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja eftir að Landsflug ehf. hafði hætt áætlunarflugi á leiðinni.

Auk þess var ákveðið að gera skammtímasamning um flug á framangreindri leið með fjárhagslegum stuðningi. Vegagerðin gerði í kjölfarið samning við Flugfélag Ísland hf. til tíu mánaða um styrk til að fljúga þrettán áætlunarferðir á viku milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja.

Undirbúningur er hafinn á útboði á styrktu áætlunarflugi á flugleiðinni Reykjavík/Vestmannaeyjar. Að því búnu verður gerður samningur við þann bjóðanda sem lægst býður að því gefnu að hann uppfylli allar kröfur útboðsins. Áætlunarflug samkvæmt framangreindum samningi er það farþegaflug sem samgönguyfirvöld hyggjast greiða niður á flugleiðinni Reykjavík/Vestmannaeyjar.

Við þetta er því að bæta að íbúar og forsvarsmenn bæjarfélagsins í Vestmannaeyjum hafa lagt ríka áherslu á að tryggt og öflugt flug væri frá höfuðborginni til Vestmannaeyja og fögnuðu þeir mjög þessari ákvörðun og lýstu stuðningi við hana. Enda tel ég að mikilvægt sé fyrir byggðina í Vestmannaeyjum að gott samband sé við höfuðborgarsvæðið, gott samband milli Reykjavíkurflugvallar og Vestmannaeyjaflugvallar og það sé stöðugt og tryggt flug svo þjónustan sé sem best. Svar mitt er því það, að þetta er sá leggur, sú leið sem boðin hefur verið út og gert er ráð fyrir að styrkja.

[15:03]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Bara örstutt innlegg í umræðuna. Út af fyrir sig tel ég það mjög jákvætt að samið sé um flugleiðina milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja og hún styrkt til að halda megi uppi eðlilegum og öruggum samgöngum við höfuðstað landsins.

Það breytir hins vegar ekki því að það er annað flugfélag sem stundar flug upp á land, á Bakka. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. samgönguráðherra hvort þurfi ekki að líta til þeirrar samkeppni sem þarna er, hvort tveggja eru flugsamgöngur þó annar staðurinn sé vissulega höfuðborg landsins og þangað erum við að skipuleggja mörg flug og greiðum víða niður eða á nokkrum stöðum flugfargjöld. Þarna er um ákveðna samkeppni að ræða og væri eðlilegt að mínu viti að það yrði skoðað í samræmi (Forseti hringir.) við það.

[15:04]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér heyrðist að svar hans væri á þá leið að eina flugið milli lands og Eyja sem kæmi til greina að greiða niður væri flugið milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja.

Ég tek að sjálfsögðu undir það að mjög mikilvægt er að við tryggjum öflugt flug á þeirri leið. Ég get alveg tekið undir það að þarna á ríkið að eiga hlut að máli. Sérstaða Vestmannaeyja er með þeim hætti að ég held að mjög mikilvægt sé að ríkisvaldið standi sig einmitt vel varðandi það að halda uppi þeirri öflugu þjónustu. Það skiptir mjög miklu máli fyrir þá byggð.

Það hefur mjög mikið að segja til að mynda fyrir ýmsa verslun, þjónustu og ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum að fyrir hendi séu tryggar flugsamgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og Vestmannaeyja og flogið sé á stórum flugvélum þannig að hægt sé að tryggja að sem flestir komist með í hverri ferð fyrir sig. Þetta erum við væntanlega sammála um, ég og hæstv. samgönguráðherra.

Hitt er þó annað og það er að við verðum að tryggja að samkeppnisaðstaða sé jöfn. Mér finnst það ósanngjarnt, og ég held að það hljóti að stangast á við samkeppnislög, að flugfélögum sé mismunað á þennan hátt. Við megum ekki gleyma því að flugið á milli Vestmannaeyja og Bakka hefur einnig verið mjög mikilvægt og skipt mjög miklu máli. Þar hefur einkaframtakið verið í sinni fegurstu mynd, ef svo má segja. Þarna hefur lítið flugfélag stundað öflugan og góðan rekstur og staðið sig með miklum ágætum. En ég hygg að samkeppnisstaða þeirra hafi versnað mjög við að þetta flug var tekið upp aftur á nýjan leik.

Ég vildi því nota þetta tækifærið, virðulegi forseti, til að hvetja hæstv. samgönguráðherra til að jafna nú þennan aðstöðumun og sjá til þess að Flugfélag Vestmannaeyja njóti (Forseti hringir.) svipaðra kjara og Flugfélag Íslands.

[15:06]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég tel að hv. þingmenn verði að gæta hófs í kröfum sínum um ríkisstyrki. Það er af mörgu að taka og mörg er matarholan sem menn vilja komast í í þeim efnum.

Staðreyndin er hins vegar sú að á Bakkaflugvelli var byggð upp mjög góð aðstaða. Hún var fyrst og fremst byggð upp til þess að þar væri hægt að sinna leiguflugi, fyrirvaralausum flugferðum eins og hefur verið gert í gegnum tíðina með miklum ágætum.

Við stóðum hins vegar frammi fyrir því að flugfélagið sem flaug á milli höfuðborgarinnar og Vestmannaeyja hætti að fljúga vegna þess að þeir töldu að ekki væru viðskiptalegar forsendur fyrir slíku flugi.

Á svipuðum tíma, eða skömmu áður, var boðinn út reksturinn á Herjólfi þar sem ferðum var fjölgað mjög mikið. Samkeppni er sem sagt á milli Herjólfssiglinganna og flugsins.

Nú stöndum við frammi fyrir því þegar við höfum tekið ákvörðun um að styrkja flugið á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja og bjóða það út, að þá koma athugasemdir frá skipafélaginu sem gerir út Herjólf. Þeir gera kröfur á þeim nótum að þar sé um óeðlilegan stuðning að ræða. Ég tel því að ef farið yrði að styrkja einnig flug á milli Bakka og Eyja, séu þessar samgöngur í nokkru uppnámi.

Ég tel að við þurfum að vanda þarna valið og taka ákvarðanir um skynsamlegustu kostina og ég tel að (Forseti hringir.) skynsamlegustu kostirnir í ríkisstuðningi séu siglingarnar með Herjólfi og flug til höfuðborgarinnar.

Umræðu lokið.

***Vegrið.***

Fsp. MÞH, 292. mál. — Þskj. 305.

[15:09]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Önnur fyrirspurn mín til hæstv. samgönguráðherra í dag fjallar um svokölluð víravegrið. Spurningar mínar eru tvær og þær hljóða svo, með leyfi forseta:

Hafa samgönguyfirvöld einhver áform um að fjölga víravegriðum á þjóðvegum landsins og ef svo er, hver eru þau áform?

Síðari spurning mín er: Hvernig metur samgönguráðherra þá reynslu sem komin er af notkun þessara vegriða hér á landi?

Fyrir nokkrum missirum voru sett slík víravegrið á kafla vegarins yfir Hellisheiði og þessi víravegrið hafa, hvað eigum við að segja, sætt nokkurri gagnrýni og skoðanir fólks eru skiptar á því hvort rétt hafi verið að leysa málin á þann hátt eða ekki.

Bent hefur verið á, og maður veit það svo sem sjálfur af eigin reynslu, að það er svolítið óþægilegt að hafa þetta á miðjum veginum. Það er til að mynda mjög erfitt um vik að snúa við á annarri akreininni eða reyndar báðum, því vegurinn er í raun hólfaður niður, hólfaður í tvennt, ef svo má segja, skorinn langsum og hálfundarleg staða sem getur komið þarna upp. Ég veit það sjálfur af eigin reynslu.

Aðrir hafa bent á að slysahætta sé af slíkum víravegriðum. Fólki sem fer um til að mynda á mótorhjólum er mjög illa við þessi víravegrið. Ég hef mikinn skilning á því vegna þess að ég ferðast stundum um á slíku farartæki og það er mjög slæmt mál ef fólk missir stjórn á ökutækjum sínum og lendir utan í þessu. Þá getur það haft mjög alvarleg meiðsli í för með sér.

Virðulegi forseti. Ég kom hér upp bara til að forvitnast um hvort samgönguyfirvöld séu að skoða þessa tvo kosti víðar varðandi hugsanlegar lausnir á samgöngumálum landsmanna. Einnig væri fróðlegt að vita, virðulegi forseti, eða heyra hvernig hæstv. ráðherra metur þá reynslu sem komin er af notkun vegriða á Íslandi, t.d. hvort hann taki undir eitthvað af þeim gagnrýnisröddum sem komið hafa fram um þessi tilteknu víravegrið sem eru nú á Hellisheiði.

[15:12]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég hef haft orð á því áður að skemmtilegt er að fá tækifæri til þess að ræða í sölum Alþingis um hönnun vega. Hér er hver sérfræðingurinn af öðrum sem talar um þau málefni.

En spurt er: „Hafa samgönguyfirvöld einhver áform um að fjölga víravegriðum á þjóðvegum landsins og ef svo er, hver eru þau áform?“

Svar mitt er svohljóðandi: Vegagerðin hefur nýlega endurskoðað reglur um vegrið. Samkvæmt þeim reglum er vegriðsgerð valin með hliðsjón af styrkleikaflokki, vinnubreidd og slysahættu samkvæmt ÍST EN 1317-2.

Þróun víravegriða hefur verið mikil á síðari árum og er nú verið að framleiða víravegrið í sífellt hærri styrkleikaflokki. Víravegrið eru talin kostnaðarlega hagkvæm borið saman t.d. við bitavegrið í sambærilegum styrkleikaflokki.

Víravegrið dregur minna að sér snjó en aðrar vegriðsgerðir sem er víða kostur. Vegagerðin velur hagkvæmustu vegriðsgerðir hverju sinni sem uppfylla þær kröfur sem reglur Vegagerðarinnar gera ráð fyrir hverju sinni. Að þessu gefnu má ætla að notkun víravegriðs á vegakerfinu aukist á næstu árum.

Nýjar reglur um hvar skuli setja upp vegrið eru strangari en eldri reglur. Af því leiðir að þeim stöðum mun fjölga þar sem setja þarf upp vegrið til að uppfylla kröfur um það umferðaröryggi sem að er stefnt. Áætlanir eru um uppsetningu á víravegriðum í tengslum við endurbyggingu hringvegar þar sem það á við.

Í viðhaldi og lagfæringum á vegakerfinu er unnið eftir ákveðnu verklagi um lagfæringu slysastaða. Uppsetning vegriða er oft hluti af því verkefni. Áætlun um lagfæringu slysastaða er unnin á hverju ári.

Í annan stað er spurt: „Hvernig metur samgönguráðherra þá reynslu sem komin er af notkun þessara vegriða hér á landi?“

Svar mitt er svohljóðandi: Þar sem skammur tími er liðinn frá því Vegagerðin hóf að setja upp víravegrið er ekki hægt að fullyrða enn sem komið er hvernig þau muni reynast þegar til lengri tíma er litið.

Öll víravegrið hér á landi eru á 2+1 vegi. Sú reynsla sem Vegagerðin hefur af víravegriðum fram til þessa er í fullu samræmi við þær væntingar sem voru við þau bundin. Þessi gerð vegriða hefur víða reynst mjög vel. Má þar nefna sérstaklega lönd eins og Svíþjóð og Skotland.

Þessi gerð vegriða eru almennt talin mjög hagkvæm með tilliti til virkni og kostnaðar. Kostir sem Vegagerðin getur staðfest eru t.d. að snjókóf er minna við víravegriðin en við hefðbundin bitavegrið. Þá hafa þau ýmsa aðra kosti, ekki síst þann að þau skerða útsýni minna en önnur vegrið.

Fljótlegt er að gera við þessi vegrið og einnig að taka þau niður gerist þess þörf. Nokkrar ákeyrslur hafa orðið á víravegrið en það hafa í flestum tilfellum verið eignartjón eða minni háttar óhöpp. Samkvæmt upplýsingum okkar í ráðuneytinu er það einnig mat lögreglu að reynslan af víravegriði sé góð fram að þessu.

Atvik þar sem ætla má að slys á vélhjólamönnum verði hugsanlega vegna víravegriða eru hverfandi. Sé miðað við upplýsingar frá Svíþjóð þá er það svo. Upplýsingar frá Svíþjóð liggja fyrir frá 1999. Samkvæmt upplýsingum frá Noregi hafa engin slys orðið á vélhjólamönnum þar sem víravegrið koma við sögu. Á Íslandi hefur verið lagt kapp á að gera víravegriðin sem öruggust. Stólparnir hafa m.a. verið hafðir þannig að sem minnst hætta skapist af árekstrum við þá.

Að lokum er rétt að endurtaka að víravegrið eru hagkvæmasta gerð vegriða. Má með því að nota þau setja upp vegrið á fleiri stöðum en ella væri. Þannig má bjarga fleirum fyrir þá takmörkuðu fjármuni sem ætlaðir eru til vegamála hverju sinni.

Niðurstaðan er sú að þar sem það á við er þetta góður kostur, og er að þróast. En ljóst er að það svæði sem er með svokölluð víravegriði á Hellisheiðinni, segja má að það sé þróunarverkefni og liggur fyrir að vegur af þeirri gerð sem þar er þyrfti að vera breiðari þegar um er að ræða 2+1 veg.

[15:17]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Eitt mikilvægasta verkefnið í vegamálum er að skilja að aksturstefnurnar. Í væntanlega mörgum tilfellum eru 2+1 vegir með vegriði og víravegriði ákjósanlegur kostur en þau hafa verið umdeild. Vélhjóla- og bifhjólaeigendur hafa deilt á notkun þeirra sums staðar og það er ágætt að fá fram nokkuð ítarlegar upplýsingar, samantekt og samanburðarupplýsingar frá mörgum löndum um hið rétta í málinu.

2+1 vegirnir eru að sjálfsögðu ágætur kostur þegar umferðarþungi er tiltekinn og vegaxlir og bratti út af veginum er með þeim hætti að það uppfyllir umferðaröryggiskröfur. Vegurinn um Svínahraun, sem við ræðum í dag og er oft notaður til viðmiðunar um 2+1 veg og víravegrið, er einfaldlega allt of mjór eins og fram kemur í samgönguáætlun. Það voru ákveðin mistök gerð þar að því leytinu. Við verðum að læra af þeim og hafa vegina heppilegri, af því að aðskilnaður aksturssstefna skiptir svo gífurlega miklu máli og við verðum að finna bestu leiðina til þess. Auðvitað er besta leiðin 2+2, (Forseti hringir.) eyja eða bil en það á að sjálfsögðu ekki alls staðar við.

[15:18]

**Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég hefði þó viljað heyra aðeins skýrar hvað samgönguyfirvöld eru að hugsa varðandi víravegrið á öðrum stöðum. Hæstv. ráðherra sagði að ætlunin væri að setja upp slík vegrið þar sem það á við. Það hefði verið fróðlegt að fá að heyra nánar hvað menn eru að hugsa í þeim efnum. Mér heyrist á máli ráðherra að verið sé að skoða þetta á fleiri stöðum en í Svínahrauni og því held ég að fróðlegt væri að fá að heyra einhverjar hugmyndir um það.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra upplýsti um reynsluna af víravegriðinu í Svínahrauni eru það að sjálfsögðu jákvæðar fréttir að reynslan skuli hafa verið í samræmi við væntingar. Einnig að slys af völdum slíkra víravegriða hafi ekki verið alvarleg, a.m.k. enn sem komið er, og að reynslan frá nágrannalöndunum sýni að það hafi ekki orðið alvarleg slys til að mynda á bifhjólafólki í Noregi eða í Skotlandi, þó að ég hyggi, án þess að hafa kynnt mér það nánar, að þar séu aðstæður kannski að mörgu leyti með öðrum hætti en hér á landi. Við þyrftum að skoða það betur.

Það er alveg hárrétt sem hér kemur fram að vegurinn um Svínahraun er of mjór, hann hefði þurft að vera breiðari. Hann er óþægilega þröngur og að mörgu leyti skapar þetta óþægindi til að mynda í erfiðri færð og öðru þar fram eftir götunum. Þetta eru næstum því eins og járnbrautarteinar, það er mjög erfitt að snúa við ef eitthvað ber út af. Það er að sjálfsögðu mikill galli á því að velja þetta.

Ég tek náttúrlega undir það sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sagði áðan, að framtíðarlausnin ætti náttúrlega að vera 2+2 vegur. Hin mjög svo góða og jákvæða (Forseti hringir.) reynsla okkar af Reykjanesbrautinni ætti að færa okkur heim sanninn um það.

[15:20]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Það er nauðsynlegt að hv. þingmenn fái sem bestar upplýsingar um þessa hluti. Eitt af því sem nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir er það að hin svokölluðu víravegrið eru ekki eingöngu notuð til þess að aðskilja aksturstefnur heldur eru vegrið einnig þar sem bratt er fram af og háir kantar til þess að koma í veg fyrir alvarleg slys ef bílar aka út af. Þar hafa víravegriðin svokölluðu sannað gildi sitt þar sem er hætta á snjósöfnun og þar sem skafrenningur getur valdið vandræðum. Þau hafa síður safnað að sér snjó en þykku bitavegriðin.

Það er því á margt að líta í þessu. Ég held að það sé mjög gagnlegt að þingmenn velti þessu fyrir sér en aðalatriðið er auðvitað að hönnuðir veganna fái frið til þess að velja kosti byggða á rannsóknum og reynslu þeirra sem sinna hönnun vega og sjá um viðhald og þjónustu á vegakerfinu, því að ég held að líklegt sé að menn sem sinna vetrarþjónustu t.d. séu færari en venjulegir ökumenn sem fara um þjóðvegina um að meta hvar eigi að setja slík vegrið og hvernig þau eigi að vera, ég tala ekki um þá sem sinna hönnun og taka ákvarðanir um framkvæmdir. Ég treysti því vegagerðarmönnum og hönnuðum mjög vel til þess að velja hina réttu (Forseti hringir.) kosti á hverjum stað.

Umræðu lokið.

## *Aðgangur að háhraðanettengingu.*

Fsp. BjörgvS, 508. mál. — Þskj. 768.

[15:23]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég hef á undanförnum árum nokkrum sinnum tekið þetta málefni upp í þinginu um háhraðanettengingar í formi fyrirspurna og þingsályktunar um að Alþingi vísi því til ríkisstjórnar að tryggja að allir landsmenn hafi aðgang að háhraðanettengingu fyrir tilskilinn tíma. Ástæðan er einfaldlega sú að hér er um að ræða eitt af mikilvægustu málefnunum í dag. Þetta er eitt af mikilvægustu byggðarmálunum, fjarskiptamál. Auk aðgengis að menntun, heilbrigðisþjónustu og almennum samgöngum skipta fjarskiptin, GSM-samband og háhraðanettenging sköpum varðandi það hvort fólk ílengist á tilteknum stað úti á landi eða ekki. Aðgangur að háhraðaneti er algjört grundvallaratriði í dag. Það er að verða jafnsjálfsagt og aðgangur að síma, rafmagni, rennandi vatni o.s.frv. Þetta er sem sagt að verða hluti af grunnþjónustunni sem samfélagið þarf að tryggja.

Í svari samgönguráðherra við fyrirspurn minni fyrir tveimur árum kom fram að 22 þús. Íslendingar væru án háhraðanettengingar. Í svari ráðherra í vetur kom fram að þeir væru orðnir 5 þús. Ég held að það sé að einhverju leyti út af því að breytt var um skilgreiningu á því hvað væri háhraði, viðmiðið var lækkað þannig að takmarkaðri tenging teldist til háhraða. Allt um það, þá eru mörg svæði úti á landi þar sem ekki er háhraðanettenging, t.d. þar sem ég á heima

þannig að ég þekki málið mætavel. Nokkur einkafyrirtæki eins og eMax, Ábótinn og fleiri bjóða upp á örbylgjusamband sem er að sjálfsögðu ágætt og miklu skárra en símatengingin, en það jafnast á engan hátt á við háhraðanettenginguna.

Samgönguyfirvöld hafa að mér skilst borið því við að þau geti ekki farið inn á þessi svæði með niðurgreiddri háhraðaþjónustu af því að þarna ríki samkeppni. Þetta er engin samkeppni í reynd, örbylgjutengingar og alvöru háhraðanettengingar eru ekki sambærilegar. Við þurfum á sem allra skemmstum tíma að tryggja það að allir Íslendingar hafi aðgang að háhraðanettengingu. Þess vegna spyr ég: Hvenær er gert ráð fyrir að svo verði og hver er áætlaður kostnaður við að tryggja öllum landsmönnum slíka tengingu óháð búsetu?

Við verðum einfaldlega að ráðast í það verkefni að tryggja öllum Íslendingum háhraðanettengingu. Þetta er algjört grundvallarmál og eitt af stærstu málum kosninganna í vor, að mínu mati, að fá það fram að næsta ríkisstjórn sem tekur við eftir 12. maí haldi áfram með verkefnið og tryggi að þetta verði gert burt séð frá öllu öðru, að allir Íslendingar hafi háhraðanettengingu inni á sínu heimili. Það er verkefni stjórnvalda, þetta er einn af grunnþjónustuliðunum sem stjórnvöld eiga að tryggja jafnræði í. Það eru engin jöfn tækifæri eða jöfn búsetuskilyrði úti á landi á við höfuðborgina nema þetta sé tryggt.

[15:26]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Spurt er: „Hvenær er gert ráð fyrir að allir íbúar landsins hafi aðgang að háhraðanettengingu og hver er áætlaður kostnaður við að tryggja öllum landsmönnum slíka tengingu óháð búsetu?“

Svar mitt er svohljóðandi: Stjórn Fjarskiptasjóðs vinnur nú að því verkefni í samræmi við markmið fjarskiptaáætlunar sem Alþingi samþykkti að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingum.

Spurt er um það hvenær gert sé ráð fyrir að allir íbúar landsins hafi aðgang að háhraðatengingum. Fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að þeim hefur fækkað mjög mikið sem hafa ekki aðgang að háhraðatengingum, sem er auðvitað fagnaðarefni. Það er ekki vegna þess að viðmiðunum hefur verið breytt eða skilgreiningum um það hvað sé háhraði heldur hitt að þeim heimilum sem ekki hafa aðgang hefur fækkað.

Fjarskiptasjóður stefnir að því að auglýsa útboð á fyrri hluta ársins og að skrifað verði undir samninga um uppbyggingu háhraðatenginga á þeim stöðum þar sem hennar nýtur ekki við. Í framhaldi hefst síðan uppbyggingin. Á þessu stigi er erfitt að segja til um hve langan tíma það tekur að markaðsaðilar ljúki uppbyggingunni en stefnt er að því að það verði sem allra, allra fyrst.

Rétt er að undirstrika að ekki er fært að gefa upp nákvæmar tímasetningar. Við höfum lagt á það ríka áherslu, eins og fram kom í markmiðum fjarskiptaáætlunar, að þetta yrði á þessu ári þannig að við vitum að menn eru mjög ópreyjufullir. Hins vegar er tæknin að hjálpa okkur mjög mikið í þessu öllu saman. Nýr búnaður er að koma sem er öflugri og auðveldar þetta mikilvæga uppbyggingarverkefni.

Jafnframt er spurt hver sé áætlaður kostnaður við að tryggja öllum landsmönnum slíka tengingu óháð búsetu. Eins og áður sagði er undirbúningur við útboð í fullum gangi. Hluti af þeim undirbúningi er að vinna nákvæma kostnaðargreiningu. Hún liggur ekki fyrir enn þá og verður ekki birt fyrr en tilboð í verkefnið verða opnuð í framhaldi af útboði. Við viljum ekki sýna á spilin, það er ekki hyggjinna manna háttur að gefa fyrst upp áætlaðan kostnað og óska síðan eftir tilboðum. Við leggjum mjög mikið upp úr því að allar reglur séu gagnsæjar og aðgengilegt sé fyrir fjarskiptafyrirtækin að bjóða í uppbygginguna og ég á ekki von á öðru en að það gangi vel. Að vísu var verðið hærra en við bjuggumst við í fyrsta hluta útboðsins en nú eru fjarskiptafyrirtækin reynslunni ríkari og hafa undirbúið sig þannig að ég vona svo sannarlega að næsti áfangi verði ódýrari fyrir Fjarskiptasjóð þannig að það berist góð tilboð í þetta.

Aðeins almennt um verkefnið, þá vil ég undirstrika það að það var tímamótaákvörðun að samgönguráðherra legði fram sem stjórnartillögu fjarskiptaáætlun sem hlaut mjög góðar viðtökur og var samþykkt sem ályktun Alþingis. Eftir henni hefur verið unnið. Jafnframt var það tímamótaákvörðun að nýta hluta af söluandvirði Símans til þess að koma til móts við dreifbýlið sérstaklega varðandi uppbygginguna. Það gleymist stundum að þessi tækni, þessi þjónusta var ekki til staðar. Það er því fjarskiptaáætlunin sem er bæði að reka á eftir fjarskiptafyrirtækjunum til þess að byggja upp þjónustuna og einnig að tryggja þar sem markaðsbrestur verður að þjónustan verði að veruleika og það hillir undir að það verði innan skamms tíma.

[15:31]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það mun hafa verið á kynningarfundi á Vestfjörðum þar sem kynntur var annar áfangi þessarar áætlunar um háhraðanet á landinu sem var spurt hvenær væri talið að honum lyki. Því var ekki hægt að svara og jafnframt sagt að ekki væru til nægir peningar til að ljúka öðrum áfanga.

Þó að hæstv. ráðherra vilji ekkert láta uppi um áætlunarkostnað hlýtur samt að vera einhver hugmynd til um það hvað þarf mikið til þessa verks miðað við þær upplýsingar sem komu fram á fundinum. Og nú langar mig til að vita hve mikið vantar upp á, svona um það bil, til að ljúka þessu verki.

Svo var að heyra sem hæstv. ráðherra væri hissa á því að samstaða hefur verið góð um fjarskiptaáætlun en fjarskipti á landinu eru auðvitað hluti af grunnforsendum lífsins í dag og þess vegna er að sjálfsögðu almenn samstaða um að koma því í lag, og þótt fyrr hefði verið.

[15:32]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum og hæstv. ráðherra umræður og svör um þetta mikilvæga mál. Það liggur fyrir að það eigi að bjóða út þetta verkefni, að tryggja það að allir hafi aðgang að háhraðanettengingu. Mér finnst skipta mjög miklu máli að hæstv. ráðherra gefi ádrátt um það, nú er þessu kjörtímabili að ljúka, hvort við séum að tala um árið 2008 eða 2009. Ég held að við þurfum

að hraða þessu alveg gífurlega.

Hæstv. ráðherra talaði um markaðsbrestinn. Þangað sem hagnaðarvonin dregur samskiptafyrirtækin ekki til að bjóða upp á háhraðanettengingar þarf opinber afskipti. Þetta er partur af grunnþjónustunni að mínu mati, alveg skilyrðislaust.

Markaðsbresturinn elur af sér búsetubrest á þeim svæðum þar sem ekki er um að ræða háhraðatengingu. Íbúar þessara dreifðu byggða þurfa að vita — og þar skiptir hver einasti mánuður máli, það get ég fullyrt — hvort hilli undir það á þessu ári, á næsta ári eða ekki fyrr en á þarnæsta ári að hvert einasta heimili á landinu sem óskar þess hafi aðgang að háhraðanettengingu. Það skiptir gífurlegu máli. Þetta er pólitískt markmið. Síðan er það spurning hvort hæstv. ráðherra gefi upp kostnaðaráætlun á verkefninu eða ekki. Ég held að hann geti alveg áfallalaust gefið upp grófa kostnaðaráætlun um hvort við séum að ræða um þetta marga eða hitt marga milljarða. Gróf kostnaðaráætlun hlýtur að liggja fyrir án þess að skaða hagsmuni ríkisins út af útboðum. Ég skil það vel. Grófur kostnaður og eins pólitískt markmið hlýtur að liggja fyrir, pólitísk skuldbinding ríkisstjórnar Íslands um það hvenær hvert einasta heimili á Íslandi sem óskar eftir því hafi aðgang að háhraðanettengingu. Þetta skiptir gífurlega miklu máli skal ég fullyrða.

[15:34]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Það kom fram hjá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur að á kynningarfundi á Vestfjörðum hefðu verið gefnar upplýsingar sem ég hef ekki heyrt af þannig að ég get ekki svarað því. Ég var ekki viðstaddur. Það er hins vegar alveg ljóst að það er mjög mikil ánægja með það hjá dreifbýlisfólki að fá þessa bættu þjónustu, bæði á það við um uppbyggingu farsímaþjónustunnar og einnig háhraðatengingarnar.

Ég vil minna á það einnig að á vettvangi ríkisins er unnið að uppbyggingu svokallaðrar Tetra-þjónustu sem er einn þjónustuþátturinn í farsímaþjónustunni sem er fyrst og fremst fyrir lögreglu, almannavarnaþjónustu og björgunarsveitir. Það verður landsdekkandi og er unnið að því.

Hvað vantar mikið af fjármunum svo að ljúka megi öðrum áfanga? Ekki liggja á mínu borði neinar upplýsingar um að til þess vanti fjármuni. Hin pólitíska stefna, hið pólitíska markmið sem sett var fram í fjarskiptaáætluninni og við vinnum eftir var að ljúka þessari háhraðauppbyggingu á árinu 2007.

En það er alveg ljóst að það er mjög háð því hvenær hægt er að koma þessum útboðum á, m.a. vegna þess að það er verið að greina hvar markaðsbresturinn svokallaði er, hvar Fjarskiptasjóður má fara inn. Þess vegna hefur þetta dregist nokkuð og ég geri ráð fyrir því að m.a. af þeirri ástæðu verði það ekki fyrr en í ársbyrjun 2008 sem þessu (Forseti hringir.) verður lokið. Það er af eðlilegum ástæðum en ekki skorti á pólitískum markmiðum.

Umræðu lokið.

## *Samgöngubætur á Vestfjörðum.*

Fsp. AKG, 537. mál. — Þskj. 806.

[15:37]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er eru vegasamgöngur á Vestfjörðum í ótrúlegum ólestri enn þá árið 2007. Heill landshluti, Vestfirðirnir, býr við aðstæður sem löngu eru gleymdar á öðrum svæðum landsins nema ef vera skyldi á norðausturhorni þess.

Það er því ekki að ástæðulausu sem mikill áhugi er á samgöngumálum meðal Vestfirðinga og að upp er kominn áhugamannahópur um samgöngubætur, sennilega fleiri en einn hópur. Nýlega fengu þingmenn Norðvesturkjördæmis erindi frá hópi sem kallar sig Vini Vestfjarða. Þar eru settar fram hugmyndir um samgöngubætur sem fela það í sér að fara í göngum á milli Ísafjarðar og Kollafjarðar og stytta þannig leiðina milli Ísafjarðar og Reykjavíkur, jafnframt því sem hún yrði öll á láglendi. Gert er ráð fyrir samgöngum milli suður- og norðurhluta Vestfjarða um þessa leið að vetrinum til en yfir heiðarnar að sumarlagi.

Mér finnst hugmyndirnar athyglisverðar og full ástæða til að skoða þær með opnum huga, eins og sagt er í bréfi frá áhugahópnum, ásamt því að kanna vilja heimamanna í því hvaða leið þeir telji ákjósanlegasta. Það er held ég almennt vitað að hugur margra stefnir til þess að bæta samgöngur við Reykjavík áður en horft er til annarra átta.

Það er öryggismál að koma vegum sem mest niður á láglendi auk þess sem við styttum samgönguleiðir. Spurningin er hvernig við getum nálgast þessi markmið sem fyrst og á sem ódýrastan hátt.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðherra:

Hefur komið til álita að tengja norður- og suðurhluta Vestfjarða með jarðgöngum milli Ísafjarðar og Kollafjarðar í stað jarðganga undir Hrafnseyrarheiði?

Hver yrði munur á vegalengd í jarðgöngum ef leiðin Ísafjörður–Kollafjörður yrði valin í stað ganga undir Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði?

Hversu miklu lengri yrði leiðin milli Patreksfjarðar og Ísafjarðarbæjar með því móti en sú leið sem nú er fyrirhuguð yfir Dynjandisheiði og undir Hrafnseyrarheiði?

Hvað mundi sá kostur stytta mikið leiðina Ísafjarðarbær–Reykjavík?

Hvaða hlutar leiðarinnar:

a. Patreksfjörður–Reykjavík,

b. Ísafjörður–Reykjavík,

c. Patreksfjörður–Ísafjarðarbær,

yrðu í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli?

Hvaða hlutar áðurnefndra leiða yrðu í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli miðað við núverandi áætlanir í samgöngumálum Vestfjarða?

[15:39]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi var spurt: Hefur komið til álita að tengja norður- og suðurhluta Vestfjarða með jarðgöngum milli Ísafjarðar og Kollafjarðar í stað jarðganga undir Hrafnseyrarheiði?

Möguleika á jarðgöngum milli Ísafjarðar og Kollafjarð-

ar var getið í jarðgangaáætlun sem tekin var saman hjá Vegagerðinni árið 2000 og ég lagði fyrir þingið á sínum tíma. Sá kostur er ekki á dagskrá. Gert er ráð fyrir að jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar verði sú tenging sem tryggir samgöngur á milli suður- og norðurhluta Vestfjarða.

Í annan stað er spurt: Hver yrði munur á vegalengd í jarðgöngum ef leiðin Ísafjörður–Kollafjörður yrði valin í stað ganga undir Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði?

Jarðgöng undir Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði yrðu um 4 km lengri en göng milli Ísafjarðar og Kollafjarðar.

Í þriðja lagi er spurt: Hversu miklu lengri yrði leiðin milli Patreksfjarðar og Ísafjarðarbæjar með því móti en sú leið sem nú er fyrirhuguð yfir Dynjandisheiði og undir Hrafnseyrarheiði?

Leiðin um Kollafjarðargöng yrði um 155 km lengri en ef farið væri á milli þessara staða í jarðgöngum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í fjórða lagi er spurt: Hvað mundi sá kostur stytta mikið leiðina Ísafjarðarbær–Reykjavík?

Leiðin um Kollafjarðargöng yrði um 9 km styttri en núverandi leið um Vestfjarðaveg og 7 km styttri en leiðin um Djúpveg og fyrirhugaðan veg um Arnkötludal. Með jarðgöngum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar er leiðin um Vestfjarðaveg hins vegar 17 km styttri en leiðin um Kollafjarðargöng.

Í fimmta lagi er spurt: Hvaða hlutar leiðarinnar yrðu í yfir 200 metra hæð yfir sjávarmáli?

Hér er reiknað með Kollafjarðargöngum en öðru óbreyttu. Svar mitt er það að á leiðinni Patreksfjörður–Reykjavík yrðu vegkaflarnir Kleifaheiði, Klettsháls, Hjallaháls, Svínadalur og Brattabrekka í yfir 200 m hæð. Á leiðinni Ísafjörður–Reykjavík eru kaflarnir á Eyrarfjalli, Hjallahálsi, Svínadal og Bröttubrekku yfir 200 m. Á leiðinni Patreksfjörður–Ísafjarðarbær yrði vegkaflinn Kleifaheiði, Klettsháls og Eyrarfjall í yfir 200 m hæð.

Í sjötta lagi er síðan spurt: Hvaða hlutar áðurnefndra leiða yrðu í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli miðað við núverandi áætlanir í samgöngumálum Vestfjarða?

Hér er reiknað með Arnarfjarðargöngum og vegi yfir Djúp og Gufufjörð, vegi yfir Arnkötludal og Djúpveg um Vatnsfjörð yfir í Mjóafjörð. Þar yrðu á leiðinni Patreksfjörður–Reykjavík Kleifaheiði, Klettsháls, Svínadalur og Brattabrekka í yfir 200 m hæð. Ísafjörður–Reykjavík um Vestfjarðaveg, þar yrðu Gemlufallsheiði, Dynjandisheiði, Svínadalur og Brattabrekka yfir 200 m. Leiðin Ísafjörður–Reykjavík um Djúpveg, þar yrðu Steingrímsfjarðarheiðin, Arnkötludalur, Svínadalur og Brattabrekka yfir 200 m. Patreksfjörður–Ísafjarðarbær, þar yrði vegkaflinn á Mikladal, Hálfdán, Dynjandisheiði og Gemlufallsheiði yfir 200 m yfir sjó.

Þarna er góð lýsing á því við hvað er að etja á vegakerfi Vestfjarða, hver fjallvegurinn af öðrum. Þess vegna er í þeirri samgönguáætlun sem hér liggur fyrir þinginu lögð svo rík áhersla á uppbyggingu vegakerfisins á þessum svæðum.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég segja það, af því að það var nefnt af hv. fyrirspyrjanda að Vinir Vestfjarða hefðu skrifað erindi um það að falla frá jarðgangahugmyndum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og fara þess í stað í Ísafjörð–Kollafjörð, að ég er ekki viss um að mikill vinskapur felist í þeim áformum. Það er óskhyggja um eitthvað allt annað en það að tengja saman byggðirnar á norður- og suðurfjörðum sem ég tel að sé skynsamlegasti kosturinn.

Að lokum þakka ég hv. fyrirspyrjanda fyrir að gefa mér tækifæri til að fara yfir þetta. Svör mín tel ég að sýni svo að ekki fari á milli mála hversu mikilvægt það er að byggja upp vegakerfið á Vestfjörðum og ekki síst að leggja áherslu á tengingu suður- og norðurfjarða með jarðgöngum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

[15:45]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég er hjartanlega sammála hæstv. samgönguráðherra um það að svörin sem hann fór með rétt áðan sýna betur en margt annað við hvað er að etja í samgöngumálum á Vestfjörðum. Þar er land bæði vogskorið og fjöllótt þannig að dýrt er og erfitt að gera nútímalega vegi og Vestfirðingar hafa setið allt of lengi á hakanum og gera það enn þá. Við svo búið verður ekki unað. Ég er handviss um að ríkisstjórn sú sem Samfylkingin mun eiga sæti í eftir næstu kosningar mun taka á þessum málum af röggsemd.

Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að rík áhersla væri lögð á umbætur á Vestfjörðum. Ég verð að segja að mér sýnist ekki nóg gert. En ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og óska eftir því að hann fari mjög vel og gaumgæfilega yfir þessar hugmyndir með hópnum Vinum Vestfjarða því að ég tel að Vestfirðingar þurfi á allt öðru að halda en að vera ósammála um samgöngubætur.

Þeir þurfa að leggjast á eina sveif allir saman. Ef hæstv. ráðherra hefur sannfæringu fyrir því að sú leið sem hér er lögð til sé ekki sú rétta óska ég eftir því að hann færi rök fyrir máli sínu fyrir þeim hópi sem hefur sent okkur þingmönnum Norðvesturkjördæmis þetta erindi.

[15:46]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki annað en að vísa til samþykktar Fjórðungssambands Vestfjarða sem barst okkur þingmönnum í dag. Það fagnar samgönguáætluninni og þeim áformum sem í henni eru um vegabætur á Vestfjörðum, þar á meðal áformum um jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Það er nægilegur rökstuðningur fyrir mig.

Umræðu lokið.

## *Grímseyjarferja.*

Fsp. KLM, 539. mál. — Þskj. 808.

[15:47]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra sem er svohljóðandi:

1. Hvenær er áætlað að nýja Grímseyjarferjan verði tilbúin til notkunar, og hvenær átti hún að vera tilbúin samkvæmt útboði?

2. Hvert var kaupverð ferjunnar?

3. Hver var samningsupphæð vegna viðgerða samkvæmt útboði?

4. Hver verður heildarkostnaður ferjunnar að lokinni allri viðgerð?

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég legg þessa fyrirspurn fram er sú að fréttir hafa borist um að þarna gangi ekki allt eins og það átti að gera. Eins og mönnum er kunnugt um var í nóvember 2005 keypt gamalt skip frá Írlandi fyrir 100 millj. kr. og voru áætlaðar endurbætur upp á 150 millj. kr. Síðan gerist það að tíminn sem átti að fara í þessar viðgerðir verður miklu lengri en áætlað hafði verið.

Enn fremur berst okkur til eyrna, virðulegi forseti, að upphæðin sé að verða 350–400 millj. kr., þ.e. kaupverðið á gamla skipinu frá Írlandi og viðgerðin sem var áætluð samkvæmt útboðsgögnum um 100 millj. kr. Að minnsta kosti 50 millj. í viðbót hafa fallið til, og kannski eru ekki öll kurl komin til grafar hvað það varðar, og einnig hefur verið keyptur einhver aukabúnaður í skipið fyrir 50 millj. kr. Þannig að þetta fer að nálgast 350–400 millj. kr. þegar Grímseyjarferjan verður loks tilbúin hvenær sem það svo verður.

Virðulegi forseti. Mig langar að fá athygli hæstv. samgönguráðherra vegna þess að mér hefur líka borist það til eyrna úr þessum skipasmíðageira — mér er ákaflega illa við að bera fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra sem verið er að trufla þessa stundina. En ég vildi geta þess — það er innlegg í fyrirspurnina sem hæstv. ráðherra mun svara — að í skipasmíðageiranum hér á Íslandi er talað um að 29 metra langur togari í nýsmíði kosti 350–400 millj. kr., ekki meira, sem er svipuð upphæð og kaupverðið á þessari gömlu ferju frá Írlandi, plús útboð og plús allur sá aukakostnaður sem fellur til.

Nú er mér sagt að ekki sé mikill munur á að byggja lítinn togara eða ferju, það sé að sjálfsögðu munur á útbúnaði en kostnaðurinn sé svipaður. Virðulegi forseti. Ég vil bæta einni spurningu við fyrirspurn mína og spyrja (Forseti hringir.) hvort þarna sé ekki eitthvað mikið að og hvort eitthvað hafi ekki farið úrskeiðis við kaup og vinnu og viðgerð á þessari ferju.

[15:51]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr:

„Hvenær er áætlað að nýja Grímseyjarferjan verði tilbúin til notkunar og hvenær átti hún að vera tilbúin samkvæmt útboði?“

Samkvæmt endurskoðaðri verkáætlun verktaka, dagsettri 13. janúar sl., eru verklok nú áætluð 25. maí 2007. Samkvæmt upphaflegum samningi eftir útboð voru verklok áætluð 31. október 2006, þannig að ljóst er að mikil seinkun hefur orðið hjá skipasmíðastöðinni eða verktakanum. Það á sér margvíslegar skýringar sem ég hef ekki tök á að svara hér.

Í annan stað er spurt:

„Hvert var kaupverð ferjunnar?“

Ferjan var keypt í lok nóvember 2005 og eins og fram kom hjá hv. þingmanni var verð hennar um 102 millj. kr. á þáverandi gengi.

Í þriðja lagi:

„Hver var samningsupphæð vegna viðgerða samkvæmt útboði?“

Upphaflegt samningsverð eftir útboð til verktaka, sem annast endurbætur á ferjunni, var um 117 millj. kr. miðað við núverandi gengi. Auk þess var keyptur losunar- og lestunarbúnaður frá Noregi að upphæð um það bil 54 millj. kr. Samningsverð eftir útboð er því um það bil 171 millj. kr.

Í fjórða lagi:

„Hver verður heildarkostnaður ferjunnar að lokinni allri viðgerð?“

Áætlaður heildarkostnaður ferjunnar að loknum endurbótum er um 350 millj. kr., þ.e. kaupverð 102 millj. kr., endurbætur 238 millj. kr. auk kostnaðar við eftirlit.

Mismunur á upphaflegum kostnaði, alls 273 millj. kr., og endanlegum kostnaði, 350 millj. kr., skýrist fyrst og fremst af óskum Grímseyinga um breytingar á skipinu samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni sem hefur séð um þetta mál. En skipaverkfræðingur og eftirlitsaðilar hafa sinnt eftirliti og veitt ráðgjöf.

Ég held að ekki sé skynsamlegt að fullyrða mikið um verð á nýsmíði. Ég hef alla vega ekki upplýsingar um þann samanburð sem hv. þingmaður er með í höndunum. Ég vænti þess að mér berist liðsstyrkur frá hv. þingmönnum Norðausturkjördæmis við að koma þessari ferju í höfn. Það hefur satt að segja ekki borið mikið á áhuga þeirra á þessu máli.

[15:54]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta svar. Hann sagði að sá aukakostnaður sem til er kominn væri að megni til vegna óska Grímseyinga. Það er nýtt fyrir mér. Vafalaust hafa eyjarskeggjar haft ákveðna skoðun á hvernig hlutirnir ættu að vera.

Ég minni á það að haft er eftir oddvita sveitarstjórnar Grímseyjarhrepps, Brynjólfi Árnasyni, í Dagblaðinu ekki alls fyrir löngu, að þeir hafi alla tíð verið á móti því að kaupa þetta gamla skip. Ég held að þeir hafi nú fengið töluverð rök upp í hendurnar fyrir því að sennilega hafi það verið röng leið miðað við allan þann aukakostnað sem þarf til að gera skipið fært til þeirrar starfsemi sem það á að vera í, þ.e. að þjóna Grímseyingum og ferðafólki vel í framtíðinni.

Mér finnst full ástæða til að skoða þetta mál miklu betur. Eins og hér hefur komið fram eru þessi ferjumál á sviði Vegagerðarinnar. Þar vinnur vafalaust ágætisfólk. En ég hef verið að velta því fyrir mér hvort þar skorti fagþekkingu á ferjum og skipum. Ég tek skýrt fram að þær upplýsingar sem ég hef sett fram hef ég fengið frá aðilum í skipasmíðabransanum hér á Íslandi. Þeir segja að fullbúinn 29 metra togari kosti 350–400 millj. kr. tilbúinn til togveiða með öllum þeim tækjum sem þarf. Mér er líka sagt að ekki sé mjög mikill munur á stálinu sem notað er í skipið, hvort það er togari eða ferja. En ýmis annar búnaður kemur í ferjuna sem þá dettur út úr togaranum.

Virðulegi forseti. Ef þessar tölur eru réttar finnst mér ástæða til að læra af því. Ég spyr því hæstv. samgönguráðherra hvort ekki sé full ástæða til að kafa betur ofan í þetta

mál og sjá hvort (Forseti hringir.) einhver mistök hafi átt sér stað og hvað hafi farið úrskeiðis.

[15:56]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ekki gott þegar verk fara fram úr áætlun. Hv. þingmaður hafði efasemdir um að Vegagerðin stæði rétt að málum vegna skorts á verkþekkingu sem snýr að skipum.

Ég vil upplýsa að sú þekking er öll keypt frá ráðgjöfum. Vegagerðin hefur ekki starfsmenn sem eru sérfræðingar í skipasmíði. En sú þekking, eins og alsiða er, er sótt til sjálfstætt starfandi ráðgjafa. Ég vænti þess að það ágæta fólk sem í því verkefni er hafi sinnt því eftir bestu getu og bestu yfirsýn. Ég hef engar efasemdir um annað en að þeir ágætu menn hafi lagt sig fram um að vinna verk sitt vel.

Við þurfum vissulega að læra af allri reynslu. Ég nota hins vegar ekki Dagblaðið sem heimild þegar verið er að fjalla um svo mikilsverð mál sem hér er um að ræða.

Umræðu lokið.

## *Sameining Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins.*

Fsp. BjörgvS, 393. mál. — Þskj. 437.

[15:58]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Frú forseti. Ég býð hæstv. landbúnaðarráðherra velkominn heim úr frægri Kanaríeyjaferð þar sem hann fundaði á Klörubar með framsóknarmönnum í skugga skoðanakannana og annarra atburða hér heima, en gott að fá hann heim aftur.

Ég er með mikilsverða fyrirspurn til ráðherrans og spyr hann hvort unnið sé að sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Ef svo er, hvenær er stefnt að sameiningunni? Ég spurði hæstv. ráðherra að því fyrir tveimur árum hvort til stæði að sameina þær stofnanir og hvort undirbúningsvinna að slíkri sameiningu væri hafin þar sem stofnanirnar vinna að mjög svipuðum markmiðum og voru upphaflega ein og sama stofnunin og unnu eftir sömu lögum. Í þá sameiningu yrði að sjálfsögðu að fara á jafnréttisgrunni o.s.frv. og rökin fyrir því væru mjög mörg. Hæstv. ráðherra svaraði því þannig til að hann útilokaði ekki að til þeirrar sameiningar gæti komið og fara þyrfti rækilega yfir það mál, eins og hann orðaði það.

Því spyr ég hann að þessu núna undir lok kjörtímabilsins hvort þeirri vinnu hafi fleygt eitthvað fram. Hvort hafið sé einhvers konar undirbúnings- eða sameiningarferli af því að það mundi að mínu mati, ef vel tækist til, skila sér í skilvirkara og markvissara starfi beggja stofnana sem vinna að sömu markmiðum í grunninn sem er að græða upp landið og efla skógrækt í landinu. Nýjar og öflugar aðferðir kæmu til sögunnar, aukin kynning á kortum og mikilvægi skógræktar og landgræðslu og þekkingarflæði á milli þessara tveggja stofnana þar sem býr eftir áratugastarf mikil og verðmæt þekking á þessum málum sem skiptir okkur Íslendinga mjög miklu máli. Nýja stofnunin mundi þá t.d. hafa eftirlit með framkvæmdaraðilum á þessum sviðum og stunda rannsóknir og þróun samhliða því. Þetta yrði því mjög mikilvæg vísindastofnun í umhverfi okkar einnig þannig að ávinningurinn yrði mikill ef að vel tækist til og ef farið væri í samvinnuna á jafnréttisgrunni.

Landgræðslan er umfangsmikil starfsemi en starfsemi Skógræktarinnar er það ekki að sama skapi. Í raun hefur starfsemi hennar þynnst svolítið út að því leyti að mörg staðbundin skógræktarverkefni eru í gangi sem heyra ekki beint undir skógræktina. Ég held því að mikilvægt væri að stokka þetta upp, sameina stofnanirnar á jafnréttisgrunni og úr yrði mjög öflug vísinda-, rannsóknar- og landgræðslustofnun sem mundi þjóna okkur Íslendingum og jarðarbúum öllum mjög vel á tímum örra loftslagsbreytinga sem að sjálfsögðu hafa mikil áhrif líka á gróðureyðingu, minnkandi gróðurþekju jarðar o.s.frv. Þetta er mikið umhverfis- og landbótamál. Þess vegna inni ég hæstv. ráðherra eftir svörum í umræddu máli.

[16:01]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu um þessar miklu og góðu stofnanir sem Landgræðslan og Skógrækt ríkisins eru og þau verkefni sem þar hefur verið unnið að.

Hv. þingmaður spyr: „Er unnið að sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins? Ef svo er, hvenær er stefnt að sameiningunni?“

Ég vil strax í upphafi segja að engin ákvörðun hefur enn verið tekin um sameiningu og þess vegna er engin dagsetning til. Því er til að svara að í landbúnaðarráðuneytinu hefur á undanförnum árum verið unnið mikið í stofnanaumhverfi ráðuneytisins og í kjölfar þeirrar vinnu gerðar róttækar breytingar á mörgum stofnunum landbúnaðarráðuneytisins með það fyrir augum að einfalda og hagræða starfsemi þeirra. Rétt er að rifja upp að með lögum nr. 71/2004 voru Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Garðyrkjuskóli ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins sameinuð í eina stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands, sem starfar á nokkrum stöðum í landinu og er með aðalstöðvar sínar á Hvanneyri. Sömuleiðis var með lögum nr. 80/2005 sett á fót ný stofnun, Landbúnaðarstofnun, sem tók yfir starfsemi yfirdýralæknis, aðfangaeftirlits, plöntueftirlits, embætti kjötformanns og embætti veiðimálastjóra ásamt ýmsum verkefnum sem Bændasamtök Íslands höfðu haft með höndum. Landbúnaðarstofnun er með aðsetur á Selfossi þar sem ný og glæsileg aðstaða hennar var formlega tekin í notkun 26. október sl., eins og hv. þingmaður man. Mér er til efs að önnur ráðuneyti hafi unnið jafnmikið í sínu stofnanaumhverfi á síðustu árum eins landbúnaðarráðuneytið hefur gert til þess að hagræða og styrkja starfið.

Hvað varðar síðan hugmyndir um sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktar ríkisins hefur það mál verið í vinnslu í ráðuneytinu í langan tíma. Á það skal bent að sameining stofnananna hefur verið skoðuð af fyrirrennurum mínum í starfi, nokkrum landbúnaðarráðherrum. Niðurstaða hefur enn ekki fengist um að ákvörðun hafi verið tekin um sameiningu. Enginn vafi er á að margt er líkt með

starfsemi og hlutverki stofnananna, eins og hv. þingmaður kom inn á. Hlutverk þeirra hafa reyndar líka verið að breytast. Bændurnir ræktа skóginn í landshlutabundnum verkefnum, það voru verkefni ríkisins áður, og bændurnir eru landgræðslubændur. En það er jafnljóst að ýmislegt er það sem aðskilur hlutverk þeirra og störf.

Til að fá sem gleggsta mynd af stöðunni skipaði ég haustið 2005 nefnd þar sem í áttu sæti fulltrúar beggja stofnananna, auk rektors Landbúnaðarháskóla Íslands og fleiri aðila, sem höfðu það hlutverk að kanna hvort og þá með hvaða hætti sameina mætti stofnanirnar. Starfi nefndarinnar lauk ekki fyrr en vorið 2006 enda um að ræða viðamikið verkefni sem nefndin vann með ágætum. Nefndin bendir á kosti og jafnframt galla við sameiningu stofnananna og ljóst er að að mörgu þarf að hyggja áður en til sameiningar kemur. Rétt er að benda á að báðar stofnanirnar standa þjóðinni ákaflega nærri og skoðanakannanir hafa sem betur fer sýnt að báðar njóta mikilla vinsælda meðal þjóðarinnar. Sem dæmi má nefna að einstaklingar hafa einnig ánafnað á dánarbeði öllum eigum sínum til þessara ríkisstofnana til að vinna móður jörð mikið gagn sem einnig kann að þykja skrýtið þegar ríkið á í hlut en sýnir í raun hug landsmanna til starfa þessara fyrirtækja í 100 ár.

Báðar eru þessar stofnanir rótgrónar stofnanir sem fagna 100 ára afmæli um þessar mundir, enda upphaflega ein og sama stofnun sem þó þótti rétt að aðskilja í tvær. Báðar hafa þær skilað frábæru verki, þjóðskógar risið upp í öllum landshlutum opnir almenningi þar sem ótrúlegur fjöldi landsmanna nýtur nú útivistar við skóginn og vistkerfi hans og heilu sandsvæðin og hundruð kílómetra af rofabörðum hafa verið grædd upp og varnað því að heilu byggðarlögin hafi farið undir sand svo dæmi séu tekin úr starfseminni.

Niðurstaða mín er sú að gefa málinu enn frekari tíma vegna þess, og það vil ég árétta, að vanda verður allan undirbúning og vera viss um að sameining þeirra skili jafngóðum eða betri árangri en starfsemin gerir í dag. Það þarf að vanda allt í þessu sambandi og menn þurfa að ná samstöðu innan beggja fyrirtækjanna og ganga í verkið af heilum hug þegar búið er að baka það brauð. Ég segi við hv. þingmann að mér þótti, þegar þetta var ekki lengra komið hjá mér á haustþingi, erfitt að fara með það inn á svo stutt þing. Þessi verkefni eru því enn á dagskrá og bíða næsta þings.

[16:06]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir greinargott og prýðilegt svar og tek í sjálfu sér undir allt sem hann sagði um markmið stofnananna og hinnar nýju, nái hún fram að ganga. Bæði Landgræðslan og Skógrækt ríkisins hafa skilað mjög stórbrotnum árangri á Íslandi á þeim 100 árum sem þær hafa starfað með einum eða öðrum hætti. Þær hafa afskaplega jákvæða áru og jákvæða ímynd. Þarna blandast saman hugsjónastarfsemi, það besta úr íslenskum landbúnaði og svo margt annað kemur saman í þeim stofnunum þar sem það snertir við flestum ef ekki öllum Íslendingum mikilvægi þess að græða landið. Sé farið um sandana fyrir austan eða annars staðar blasir við öllum hvað þetta er mikilvægt og áríðandi verkefni. Markmiðið er að sjálfsögðu aðeins eitt, eins og hæstv. ráðherra sagði, að vanda þannig til verka að báðar stofnanirnar gangi heils hugar að verkinu og hinni nýju stofnun og það skili okkur í öllum markmiðum betri og markvissari starfsemi á þessum sviðum öllum.

Það eru þrjú ár síðan ég spurði hæstv. ráðherra um þetta og hann tók undir hið pólitíska markmið að sameina stofnanirnar, sem ég er nokkuð sannfærður um að við eigum að einbeita okkur að og setja af stað sameiningarferli sem við þurfum að gefa þann tíma sem þarf að taka. Fyrir liggur eftir þetta svar frá hæstv. ráðherra landbúnaðarmála að það verður ekki á þessu þingi eða þessu kjörtímabili. Það er ekki nema mánuður eftir af þinginu og 90 dagar eftir af kjörtímabilinu. Þetta bíður því nýs þings.

Umræðan hefur alla vega átt sér stað á Alþingi tvisvar eða þrisvar á kjörtímabilinu og liggur fyrir pólitískur vilji í a.m.k. þessum flokkum til að ráðast í verkefnið. Vonandi gengur ný ríkisstjórn að því verki á vori komanda og heldur því áfram.

[16:08]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni ræðuna á ný og það sem hann nefndi hér margt. Fyrir liggur að þetta er ekki einfalt verk. Hins vegar er alltaf slæmt þegar stofnanir búa við langtímaóvissu og umræðu eins og þessa. Það veldur oft óróa innan fyrirtækja, áhyggjum starfsfólks o.s.frv. Menn þurfa því auðvitað að komast að niðurstöðu um það.

Margt ber að hafa í huga sem hefur breyst, eins og hv. þingmaður kom inn á, bæði landshlutabundnu verkefnin og landgræðslubændurnir sem hafa tekið við framkvæmdarþætti á mörgum sviðum í landinu og er eðlilegt. Þess vegna eru þær stofnanir meira rannsóknastofnanir og eftirlitsstofnanir og gegna kannski enn þá stærra lykilhlutverki en áður til þess að gefa bæði ráðgjöf og fylgjast með landinu. Hlutverkið hefur breyst. Svo er náttúrlega kominn hinn stóri Landbúnaðarháskóli sem er í gríðarlegri þróun. Þar var ég staddur í morgun og mikill áhugi er á því námi, þar er akademía og vísindalegt umhverfi að verða og skólinn eflist með hverju missirinu. Þar eru stór og mikil áform. Þessir þrír aðilar komu að umræðunni og mikilvægt að flana ekki að því, eins og ég sagði.

Svo eru náttúrlega tilfinningar í þessu. Mikilvægustu staðir Skógræktarinnar eru hjartastaðurinn Hallormsstaður og Austurland, Gunnarsholt með sína sterku sögu og mikla starf sem þar hefur verið unnið. Það er því margs að gæta. Þessi fyrirtæki standa bæði sterkum fótum, vinna mikið og gott starf. Þau þurfa því ekki að óttast um vilja þings eða þjóðar en það er auðvitað mjög mikilvægt sem fyrst á næsta kjörtímabili að koma þessu í örugga höfn þannig að óvissu sé eytt og menn viti hvert stefnt er.

Umræðu lokið.

[16:10]

**Útbýting:**

Lokafjárlög 2005, 440. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 883; brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 884; brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 885.

Orkustofnun, 367. mál, nál. iðnn., þskj. 879; brtt. iðnn., þskj. 880.

Tæknisafn Íslands, 593. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 882.
Öryggisráðstafanir vegna barnaníðinga, 592. mál, fsp. JóhS, þskj. 881.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 16:12.

---

# 72. FUNDUR

fimmtudaginn 15. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Siglingavernd, stjfrv., 238. mál, þskj. 829, brtt. 858. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 542. mál, þskj. 812. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Meginreglur umhverfisréttar, stjfrv., 566. mál, þskj. 842. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, stjtill., 575. mál, þskj. 853. — Fyrri umr.
5. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, stjtill., 574. mál, þskj. 852. — Fyrri umr.
6. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, stjfrv., 588. mál, þskj. 873. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[10:32]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 9. þm. Norðaust., Birki J. Jónssyni, dagsett þann 14. febrúar sl.:

„Þar sem ég get ekki af persónulegum ástæðum sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 4. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Norðaust., Ólafur Níels Eiríksson vélvirki, taki sæti mitt á Alþingi á meðan en 1.–3. varamaður á listanum, Þórarinn E. Sveinsson, Katrín Ásgrímsdóttir og Svanhvít Aradóttir, eru forfölluð að þessu sinni."

Kjörbréf Ólafs Níelsar Eiríkssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Ólafur Níels Eiríksson, 9. þm. Norðaust., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:33]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Ólafur Níels Eiríksson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[10:34]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst nú að loknum atkvæðagreiðslum og er um skýrslu um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál Íslands 1945–1991. Málshefjandi er hv. þm. Bjarni Benediktsson. Hæstv. forsætisráðherra verður til andsvara.

Hin síðari hefst um kl. 1.30, að loknu hádegishléi, og er um rannsókn á bankakostnaði og samkeppnishindrunum. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. viðskiptaráðherra verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

[10:35]

**Útbýting:**

Aukatekjur ríkissjóðs, 358. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 886.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Ummæli þingmanns um útlendinga.

[10:35]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Á fimmtudag fyrir sléttri viku spannst hér umræða um málefni útlendinga í tilefni af gagnrýni hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur á hina ógeðfelldu innflytjendastefnu Frjálslynda flokksins. Ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu sem þó væri fullt tilefni til. Hins vegar vöktu sérstaka athygli í umræðunni yfirlýsingar hv. þm. Valdimars Leós Friðrikssonar um meintar handtökur þekktra hryðjuverkamanna á Keflavíkurflugvelli. Í umræðunum sagði hv. þingmaður m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Gerir hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir sér grein fyrir því að nú þegar er farið að handtaka á Keflavíkurflugvelli þekkta hryðjuverkamenn?" Síðan sagði hv. þingmaður: „Þú vilt fá sem sagt þekkta hryðjuverkamenn inn í landið? Þú vilt kannski bjóða þeim heim til þín?" Og beindi orðum sínum þar til hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur.

Þetta vakti að vonum athygli og leitaði fréttastofa sjónvarps skýringa hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli. Í fréttinni sagði m.a., með leyfi forseta:

„Og vegna þessara ummæla Valdimars er rétt að taka það fram að Jóhann Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, kannast ekki við að þekktir hryðjuverkamenn hafi verið handteknir á Keflavíkurflugvelli. Hann sagðist ekki

vita til hvers Valdimar Leó er að vísa í þessu sambandi.“

Hæstv. forseti. Ég efast ekki um að innan Frjálslynda flokksins séu menn með mikla sérfræðikunnáttu um þekkta hryðjuverkamenn og virðist sú þekking heldur fara vaxandi með hverjum degi. Þess vegna hef ég beðið í ofvæni í heila viku eftir því að hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson eða aðrir þingmenn Frjálslynda flokksins upplýsi bæði þing og þjóð um þá hryðjuverkamenn sem handteknir hafa verið á Keflavíkurflugvelli og svo leynt hefur farið að jafnvel yfirmaður lögreglumanna á vellinum, sjálfur lögreglustjórinn, hefur ekki hugmynd þar um. Þess vegna geri ég þá kröfu að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins skýri frá því hér og nú hvaða þekktu hryðjuverkamenn hafa verið handteknir á Keflavíkurflugvelli og hvenær.

[10:37]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson er veikur heima með flensu í dag en mér er ljúft og skylt að koma hér upp og útskýra nánar við hvað þingmaðurinn átti. (Gripið fram í.) Já. Það er nefnilega þannig að það hafa m.a. verið ítrekuð tilfelli þar sem menn hafa verið teknir á Keflavíkurflugvelli, líka á Seyðisfirði, með hráefni til stórkostlegrar framleiðslu á fíkniefnum. Hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson er þekktur að störfum sínum innan æskulýðs- og íþróttahreyfingarinnar og hann er, eins og við í Frjálslynda flokknum, mikill andstæðingur fíkniefnabölsins sem er ein mesta ógn sem steðjar að íslenskri æsku í dag.

Í íslenskri orðabók er orðið „hryðjuverk“ skilgreint sem ódæðisverk, manndráp og limlesting. Hvað er verksmiðjuframleiðsla og dreifing á fíkniefnum hér á landi annað en ódæðisverk, limlesting og jafnvel manndráp? Mér þætti vænt um að heyra það frá hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni hvort hann geti tekið undir það að framleiðsla og dreifing á *þessum efnum falli ekki undir þetta.*

Við getum alveg rifjað upp hvernig árið í fyrra var varðandi innflutning á fíkniefnum.

4. febrúar: Tveir Litháar handteknir á Keflavíkurflugvelli vegna smygls á 1,7 lítrum af amfetamínbasa. Þetta hefði dugað til að framleiða rúm 13 kg af amfetamíni.

26. febrúar: Lithái tekinn með 2 lítra af amfetamínbasa sem hefði dugað til að framleiða tæp 18 kg af amfetamíni.

6. júlí: Tveir Litháar teknir með 12 kg af amfetamíni sem fundust í bensíntanki bifreiðar sem kom með Norrænu.

3. apríl: 42 flöskur með fíkniefnum finnast í bensíntanki bifreiðar og að því máli átti aðkomu maður m.a. frá Hollandi.

Þetta átti hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson við og mér þætti gaman að heyra það hvort Framsóknarflokkurinn sé sammála því eða ekki hvort þessir menn séu hryðjuverkamenn eða eitthvað annað.

[10:39]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að draga úr þeirri ógn sem okkur Íslendingum stafar af innflutningi fíkniefna hvort sem er af völdum Íslendinga eða útlendinga. Hins vegar sagði hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson í ræðu sinni fyrir viku að farið væri að handtaka þekkta hryðjuverkamenn á Keflavíkurflugvelli. Menn vita auðvitað að samkvæmt íslenskri málvenju er þá ekki átt við fíkniefnasala eða innflytjendur fíkniefna. Útskýringar hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar eru því ekkert annað en aumir útúrsnúningar og ég held að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins ættu að sýna manndóm sinn í því að biðja bæði þing og þjóð afsökunar á ummælum hv. þm. Valdimars Leós Friðrikssonar og ekki hvað síst að biðja hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur afsökunar. Þetta er dæmi um málflutning sem Frjálslyndi flokkurinn viðhefur á hinu háa Alþingi og sýnir fram á það hversu ómarktækur og ómerkilegur málflutningur Frjálslynda flokksins er.

Ég lít svo á að þessi ummæli hv. þingmanns séu dæmd dauð og ómerk og hann sé ómerkingur orða sinna.

[10:41]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér tala hv. þingmenn Framsóknarflokksins um útúrsnúninga en ég hef orðið vitni að ekki einungis útúrsnúningum framsóknarmanna á orðræðu Frjálslynda flokksins heldur einfaldlega að farið sé rangt með. Mér finnst þetta vera alvarlegt hjá Framsóknarflokknum og það sýnir ef til vill í hvaða stöðu flokkurinn er þegar farið er t.d. rangt með hvað sagt hefur verið, og þá vitna ég til pistils hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur á Rás 2 þar sem hún úthrópar ræðu en finnur úthrópuninni engan stað t.d. í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, formanns Frjálslynda flokksins.

Í gær var ég staddur í Menntaskólanum við Sund og flutti þar ræðu og þar var vitnað í ræðu mína af stjórnarmanni í ungliðahreyfingu Framsóknarflokksins og þar var rangt farið með. Maður spyr sig: Hvað er að hjá Framsóknarflokknum? Er ekki hægt að taka málefnalega umræðu um þetta eða er verið að forðast önnur mál? Er t.d. verið að forðast þá stöðu sem er uppi í fíkniefnamálum þjóðarinnar sem Framsóknarflokkurinn ber ábyrgð á? Er verið að forðast umræðu um Byrgið með útúrsnúningum hvað eftir annað? Mér finnst átakanlegt að horfa upp á Framsóknarflokkinn sem hefur lofað betrun og bót í fíkniefnamálum þjóðarinnar, milljörðum, rétt fyrir kosningar og við stöndum uppi með ófremdarástand. (**GÓJ:** Þú ættir að biðjast afsökunar.) Mér dettur það ekki í hug, hv. þingmaður, að biðjast afsökunar á nokkru sem við höfum flutt, nokkurri ræðu, því að ég verð að segja það að við höfum verið með mjög málefnalega umræðu í þessu og m.a. flutt áfram þær áhyggjur sem verkalýðshreyfingin hefur haft af þessum málefnum en því miður reynir Framsóknarflokkurinn að úthrópa þá orðræðu.

[10:44]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Ég dáist að frjálslyndi Frjálslynda flokksins sem nær til allra sviða. Nú er nýjasta dæmið frjálslyndi í orðanotkun og er í sjálfu sér vel. Það er merkilegt að heyra hvernig hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson túlkar orðið „hryðjuverk“, ekki síst í því samhengi sem það var notað af því tilefni sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson tók það hér upp. Það var nefnilega verið að tala um hryðjuverkamenn sem er mjög alvarlegt. Það var mjög alvarleg

ásökun og mjög alvarlegar staðreyndir sem hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson hélt fram um að þekktir hryðjuverkamenn hefðu verið handteknir, þeir væru komnir til Íslands og gaf í skyn að það væri með vilja stjórnarþingmanna að svo væri. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt. Það var ekki verið að ræða um fíkniefni í þessu samhengi, ekki á nokkurn hátt.

Um það er enginn ágreiningur að þingheimur allur fordæmir fíkniefnainnflutning og fíkniefnanotkun þannig að þetta eru útúrsnúningar hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni hvernig hann fjallar eiginlega af galgopahætti um fíkniefni. Það er mjög alvarlegt að halda því fram að hingað séu komnir þekktir hryðjuverkamenn. Það kann vel að vera að þeir hafi fundist í greiningardeild Frjálslynda flokksins en hin löggiltu yfirvöld, sýslumaður og lögreglustjóri, kannast ekki við það. Þess vegna eiga hv. þingmenn Frjálslynda flokksins að draga þessi alvarlegu orð sín til baka og halda sig við málefni.

### *Siglingavernd, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 238. mál (EES-reglur). — Þskj. 829, brtt. 858.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]

Brtt. 858 samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, ÓlE, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EMS, GAK, GÞÞ, HBl, ISG, JóhS, JBjarn, KolH, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, SæS, VF, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 904).

### *Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 542. mál (gildissvið laganna, fyrirkomulag rannsókna o.fl.). — Þskj. 812.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

### *Meginreglur umhverfisréttar, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 566. mál (heildarlög). — Þskj. 842.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

### *Umræður utan dagskrár.*

Skýrsla um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál Íslands 1945–1991.

[10:48]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka fyrir að þessi umræða getur farið hér fram. Hér er um mikilvægt mál að ræða sem þingið hefur tekið ákvörðun um að unnið skuli að. Það var með þingsályktun 3. júní sl. sem þingið fól ríkisstjórninni að koma á fót nefnd til að kanna gögn í vörslu opinberra aðila er vörðuðu öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991. Skyldi nefndin gera tillögu um aðgang fræðimanna að gögnunum. Í lögum nr. 127/2006 var síðan kveðið á um frjálsan aðgang nefndarinnar að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem snerta öryggismál Íslands og skyldu opinberra starfsmanna til að svara öllum fyrirspurnum nefndarinnar óháð þagnarskyldu.

Skýrsla nefndarinnar liggur nú fyrir og er ástæða til að þakka fyrir það vandaða verk sem nefndin skilar af sér með skýrslunni. Tillaga nefndarinnar um stofnun öryggismálasafns er skynsamleg, og vafalaust að um hana tekst víðtæk sátt. Það er ljóst af niðurstöðum nefndarinnar að umfang þeirra skjala og gagna sem snerta öryggismál Íslands á umræddu tímabili er gríðarlegt, vel á annað þúsund hillumetra af gögnum er til að mynda að finna hjá utanríkisráðuneytinu og er áætlað að það taki nokkur ársverk að kanna og gera þau skjöl aðgengileg. Er þá ótalið það sem þegar er komið til vörslu hjá Þjóðskjalasafni en sem dæmi um umfangið og mögulegan kostnað er talið að það kunni að kosta allt að 20 milljónum að gera aðgengileg þau 45 vörubretti af gögnum sem afhent voru Þjóðskjalasafninu við einkavæðingu Pósts og síma.

Ég hygg að það sé óhætt að fullyrða að þegar þingmenn ræddu um mikilvægi þess að öll gögn sem vörðuðu innra og ytra öryggi landsins á kaldastríðsárunum yrðu gerð aðgengileg hafi engan órað fyrir því að um væri að ræða annað eins magn af skjölum. Nú, þegar því hefur verið svarað hvar gögnin er að finna og tillögur liggja fyrir um það hverjir skuli fá aðgang að þeim og með hvaða skilyrðum, þarf að ákveða hvernig við stöndum best að framkvæmd þess að gera skjölin og gögnin aðgengileg. Ég geng út frá því að hér á þinginu sé full samstaða um að tryggja fjármuni til verksins svo að umfang málsins eitt og sér verði ekki til þess að tefja frekari rannsókn skjalanna um of.

Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til að fagna því frumkvæði sem nefndin hefur tekið hvað varðar tillögur um aðgang annarra en fræðimanna að þeim gögnum sem hér er rætt um. Í skipunarbréfi nefndarinnar og ályktun Alþingis

var ekki fjallað um aðgang annarra en fræðimanna en það er óumdeilanlega mikils virði að nefndin skuli hafa séð mikilvægi þess að jafnframt lægju fyrir tillögur um upplýsingarétt aðila að upplýsingum um sig sjálfa sem og um upplýsingarétt almennings. Um bæði þessi svið hefur mikið verið rætt í tengslum við þessi mál og fer vel á því að reglur um rétt allra þessara aðila séu settar samtímis.

Hæstv. forseti. Skrif sagnfræðinga á síðasta ári um öryggisráðstafanir stjórnvalda á kaldastríðsárunum urðu tilefni mjög líflegra og á köflum afar skrautlegra umræðna hér á þinginu. Allur vafi um hugsanlega starfshætti stjórnvalda á umræddu tímabili og skipulag þessara mála var almennt túlkaður á versta veg af stjórnarandstöðunni. Dómsúrskurðir frá árunum 1949–1968 um hleranir á grundvelli innra öryggis landsins á kaldastríðsárunum voru taldir skýr sönnun umfangsmikillar pólitískrar hlerunarstarfsemi þar sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hefðu gegnt *lykilhlutverki og njósnað skipulega um andstæðinga sína.* Látið var að því liggja að umræddir dómsúrskurðir væru einungis toppurinn á ísjakanum, fleiri tilvik af sama meiði ættu eftir að finnast og gengið var út frá því sem vísu að hlerunarstarfsemi hlyti að hafa verið stunduð án dómsúrskurðar og það jafnvel fram að lokum kalda stríðsins, ef ekki lengur.

Nei, virðulegi forseti, með skýrslu nefndarinnar er raðað fyrstu púsluspilunum í þá mynd sem smám saman mun skýrast á næstu missirum eftir því sem frekar verður hægt að tryggja aðgengi að gögnum um þessi mál. Nú þegar liggur þó eftirfarandi fyrir varðandi hleranamálin:

Hleranir vegna innra öryggis landsins voru ekki stundaðar eftir árið 1968.

Engin dæmi eða aðrar sannanir hafa fundist um að hleranir hafi farið fram án undanfarandi dómsúrskurðar.

Framkvæmd hlerana var í afar föstum skorðum, og gögn sem urðu til við hleranir voru eingöngu notuð af lögreglu þar til þeim var eytt. Þetta kemur skýrt fram í skýrslu nefndarinnar.

Þessar upplýsingar hljóta að vera helstu æsingamönnum umræðunnar um hleranir á kaldastríðsárunum mikil vonbrigði því að stóryrði þeirra hafa enga stoð í raunveruleikanum.

[10:53]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. *málshefjanda um að skýrsla sú sem nú er til umræðu er* vandað og vel unnið verk sem hugsanlega getur orðið okkur fordæmi við úrlausn ýmissa annarra mála.

Síðasta vor urðu háværar umræður í þjóðfélaginu eftir umfjöllun um sagnfræðilega rannsókn á hlerunum á dögum kalda stríðsins og ýmsir létu að venju stór orð falla um símhleranir í pólitískum tilgangi. Var látið að því liggja að stjórnmálamenn og einstakir ráðamenn hefðu látið hlera pólitíska andstæðinga sína og hefðu jafnvel haft á sínum snærum sérstaka trúnaðarmenn hjá Pósti og síma sem hefðu haft aðgang að tæknibúnaði stofnunarinnar.

Í ljósi þessarar umræðu samþykkti Alþingi þingsályktun 3. júní sl. þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi á árunum 1945–1991, í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálsan aðgang fræðimanna að þeim. Með ályktun þessari var sú pólitíska stefna mörkuð að þessar upplýsingar skyldu gerðar fræðimönnum aðgengilegar, og þeirri nefnd sem skipuð var 22. júní sl. undir forustu Páls Hreinssonar, lagaprófessors og formanns Persónuverndar, falið að gera tillögur um hvernig staðið skyldi að því. Hefur nefndin nú skilað þeirri skýrslu sem hér er til umræðu sem ég tel, eins og ég áður sagði, mjög áhugaverða og vel unna. Sérstaklega finnast mér athuganir nefndarinnar sem lýst er í 2. kafla skýrslunnar merkilegar en þar er með skýrum og hnitmiðuðum hætti gerð grein fyrir því hvernig staðið var að símhlerunum. Annars vegar er þar um að ræða sex tilvik sem rakin eru í skýrslunni og leyfð voru á grundvelli dómsúrskurðar vegna öryggishagsmuna á tímabilinu 1949–1968 og hins vegar þau tilfelli sem átt hafa sér stað eftir 1968 og varða rannsóknir í sakamálum, einkum fíkniefnamálum.

Ég tel rétt að undirstrika að þær hleranir sem leyfðar voru vegna öryggishagsmuna eða innra öryggis ríkisins áttu sér stað á tímum sem ungt fólk í dag á erfitt með að skilja. Andrúmsloftið og tíðarandinn var allur annar en nú. Miðað við þær heimildir sem fyrir liggja verður ekki annað séð en að tilefni þeirra hlerana sem áttu sér stað á árunum 1949–1968 hafi eins og menn litu á það á þeim tíma byggst á upplýsingum sem lögregla taldi trúverðugar og skylt að bregðast við eins og t.d. í tengslum við ráðherrafund NATO 1968.

Við skulum ekki heldur gleyma því að Íslendingar báru ábyrgð á þeim fyrirsvarsmönnum erlendra ríkja og stofnana sem hingað til lands komu á þeim tíma sem hér um ræðir. Þá liggur fyrir og er óumdeilt að símhleranir voru ekki heimilaðar nema samkvæmt dómsúrskurði.

Ég vil enn og aftur árétta að menn verða að meta þessi mál í ljósi þeirra atburða sem átt höfðu sér stað á kaldastríðsárunum í Evrópu og víðar. Það er ekki aðeins eðlilegt að líta á hlutina með þessum hætti í dag heldur einnig sanngjarnt gagnvart því fólki sem á þessum tíma vann störf sín af trúmennsku og heiðarleika.

Ég vil jafnframt undirstrika það sem fram kemur í skýrslunni að það verður að teljast hafið yfir allan vafa að lögreglumenn gátu ekki á eigin spýtur, þ.e. án atbeina starfsmanna Pósts og síma, stundað símhleranir. Þá kemur það skýrt fram að verklag við framkvæmd þessara símhlerana var í föstum skorðum og með þeim hætti að óhugsandi *er að þær hafi getað átt sér stað í Landssímahúsinu án vitn*eskju yfirmanna. Þannig fóru dómsúrskurðir til póst- og símamálastjóra sem áritaði þá persónulega og fól tilteknum starfsmönnum sínum að sjá um tengingar til lögreglunnar. Ber öllum heimildarmönnum nefndarinnar saman um þetta. Þá kemur mér ekki annað í hug en að ætla að sterk fagvitund meðal símamanna hafi einkennt störf þeirra á þessum tíma eins og endranær og að þar hafi fagmennska verið höfð að leiðarljósi í einu og öllu.

Í skýrslu nefndarinnar er að finna gott yfirlit yfir þau gögn sem eru og kunna að vera til og varða öryggismál íslenska ríkisins. Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því að stofnuð verði deild við Þjóðskjalasafn Íslands sem nefnd hefur verið öryggismáladeild eða kaldastríðssafn. Ég tel

ekki ástæðu til þess að rekja hér þessar tillögur nefndarinnar í einstökum atriðum en geri ráð fyrir að hæstv. menntamálaráðherra muni gera grein fyrir þeim í því frumvarpi sem ætlunin er að leggja fram á grundvelli tillagna nefndarinnar von bráðar.

[10:58]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég vil segja strax í upphafi að ég tek undir allar tillögur kaldastríðsnefndarinnar. Ég tel hins vegar fráleitt að draga þá ályktun af skýrslu kaldastríðsnefndarinnar að hún sýni óyggjandi að engar eftirgrennslanir um pólitískar skoðanir hafi átt sér stað eftir 1968. Það kemur fram í skýrslunni að starfsmenn voru þjálfaðir í njósnastörfum hjá erlendum leyniþjónustum og fyrir slíka menn væri fráleitt óyfirstíganlegt að komast inn á símalínur miðað við þann tækniumbúnað sem skýrslan segir að hafi þurft til hlerana eftir 1970. Það er líka hreinn barnaskapur hjá hæstv. forsætisráðherra og öðrum að halda að slíkir menn, þjálfaðir njósnarar, hefðu upplýst kaldastríðsnefndina um ólögmætar hleranir nema refsiábyrgð væri líka aflétt.

Eini hlerunarbúnaður lögreglunnar var staðsettur í herbergjum Útlendingaeftirlitsins. Það vann ekki að sakamálum. Hvers vegna var hann þar ef hann var einungis notaður til hlerana í sakamálum? Þetta stríðir einfaldlega gegn almennri skynsemi. Skýrslan segir líka að hleranir á róttæklingum hafi snögghætt strax og eftirlitið flytur á Hverfisgötu og fær nýjan hlerunarbúnað. Meira að segja í heimsókn Rogers utanríkisráðherra Bandaríkjanna á hátindi Víetnamstríðsins var ekki hlerað en lögreglan var þó hvarvetna fyrir þar sem mótmælendur birtust. Þetta er heldur ekki trúverðugt.

Málið snýst líka um annars konar eftirlit. Böðvar Bragason lögreglustjóri upplýsir í Fréttablaðinu 7. nóvember að lögreglan sjái um að gefa út öryggisvottorð um þá sem eru á leið til starfa fyrir NATO. Það er óhugsandi að engin rannsókn liggi þar að baki og ef menn veita aðgang með þeim hætti að innstu leyndardómum NATO hljóta þeir líka að vera þess umkomnir að veita hann ekki. Og hvernig var háttað samskiptum stjórnvalda og leyniþjónustu Varnarliðsins? Voru þau engin eftir 1972? Það tel ég einfaldlega ótrúlegt.

Ég tel því algjörlega fráleitt að halda fram að kaldastríðsskýrslan hreinsi þetta mál, þvert á móti, eina leiðin til þess er norska leiðin, sakaruppgjöf þeirra sem að þessum málum hafa komið fram á okkar dag. Ekkert annað kemur til greina.

[11:00]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þær skýrslur sem við erum að ræða eru miklar að vöxtum en ég vek athygli á að hér er ekki um að ræða sagnfræðirannsókn. Hér er um að ræða tillögur um hvernig eigi að veita sagnfræðingum aðgang að upplýsingum. Hins vegar höfum við fengið að heyra í mönnum sem reyna að sveipa sig skikkju sagnfræðingsins og hvítþvo þá stjórnmálamenn og þá stjórnmálaflokka sem skipulögðu og lögðu blessun sína yfir njósnir og hleranir af pólitískum toga.

Fram kemur að búið er að eyða ýmsum mjög mikilvægum gögnum sem lúta að hlerunum og enn er á það að líta, þó ég telji starf þessarar nefndar hið besta að flestu leyti, að aðgangur almennings mætti vera opnari en gert er ráð fyrir hér. Ég vísa t.d. í bréf frá lögreglustjóranum í Reykjavík þar sem segir frá samræðum lögreglustjóra og utanríkisráðherra fyrr á tíð, árið 1959, þar sem rætt er um njósnir og hleranir og nafn nefnt í því samhengi, að ef viðkomandi er látinn þá getum við ekki fengið upplýsingar um þann mann sem þarna var hleraður fyrr en að 80 árum liðnum.

Síðan er því haldið fram að engar hleranir hafi verið án dómsúrskurðar. Þetta á enn eftir að kanna betur og ég vísa í það sem segir hér einnig, að enginn hafi verið ákærður eða handtekinn á grundvelli þeirra gagna sem aflað var með hlerunum. Ég spurði þegar þetta var kynnt á sínum tíma hvort menn væru að kveða upp úr um að þetta hefði t.d. ekki verið notað, þ.e. hleranir, í tengslum við réttarhöldin í kjölfar atburðanna í mars 1949 þar sem ljúgvitni voru borin fram til að hafa æruna og mannréttindi af einstaklingum sem höfðu tekið þátt í (Forseti hringir.) lýðræðislegri baráttu, þá var ég upplýstur um það að hér væri einvörðungu (Forseti hringir.) verið að vísa í samræður við (Forseti hringir.) þá sem þarna hefðu átt hlut að máli, engin endanleg niðurstaða. Og síðast, hæstv. forseti, verð ég að segja að þegar menn (Forseti hringir.) eru að leggja blessun sína yfir að hundelta lýðræðissinna (Forseti hringir.) sem komu hingað 1968 til að mótmæla herforingjastjórninni (Forseti hringir.) í Grikklandi þá sætir það (Forseti hringir.) furðu og (Forseti hringir.) það er hneyksli.

[11:03]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Hv. þingmönnum ber að virða ræðutíma. Hann er sá sami fyrir alla.

[11:03]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og fleiri taka undir að hér er um afskaplega vandaða skýrslu að ræða sem mikil vinna hvílir á bak við. Fyrir liggur að helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að hleranir varðandi öryggi ríkisins hafa átt sér stað á árunum 1949–1960 og það sem er kannski merkilegast að ávallt hafi verið kveðinn upp dómsúrskurður sem heimilaði hleranir áður en þær voru framkvæmdar. Og, eins og fram hefur komið, að lögregla gat ekki hlerað með þeim búnaði sem hún hafði án atbeina starfsmanna Pósts og síma.

Það er tvennt sem mér finnst merkilegast við skýrsluna. Í fyrsta lagi þær áhyggjur utanríkisráðherra í apríl 1959 að hann væri hleraður eða símar hans hleraðir. Í öðru lagi — og það sem mér fannst merkilegast er ekki það sem fram kemur í skýrslunni, heldur það sem fram kom á fundi nefndarmanna með forseta og formönnum þingflokka, sem ég sat fyrir hönd Framsóknarflokksins, að einhvers staðar í gögnum sem fylla 45 vörubretti og hafa að geyma gögn frá Pósti og síma hafa fundist vísbendingar um að alla úrskurði sem kveðnir hafa verið upp um hleranir sé að finna með áritun póst- og símamálastjóra. Ég tel að það séu stóru tíðindin í þessu máli og þess vegna legg ég áherslu á að því

verði hraðað að fara í gegnum þessi 45 vörubretti af gögnum.

Ég fagna svo hugmyndum nefndarinnar um stofnun sérstakrar deildar í Þjóðskjalasafninu um þessi mál og geri ráð fyrir að við getum rætt frekar um þau efnislega þegar það frumvarp kemur fram á þinginu.

[11:05]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Stjórnmál snúast um nútíðina og framtíðina en fortíðin er vissulega mikilvæg líka, sérstaklega til að læra af henni.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er á margan hátt mjög merkileg og margt áhugavert sem kemur fram í henni, bæði hvað varðar eftirlit með íslenskum borgurum en kannski ekki síst líka hvað varðar eftirlit með erlendum sendimönnum hér á landi. Þar er margt mjög áhugavert sem kemur fram, til að mynda það að fylgst var mjög grannt með sendimönnum frá Varsjárbandalagsríkjunum svokölluðu. Fundað var daglega í útlendingaeftirlitinu og farið yfir hvar þessir menn væru, hvað þeir væru að gera, hvert þeir væru að fara og annað fram eftir götunum.

Ég held að skýrslan, þó að hún sé á margan hátt mjög góð, segi okkur ekki alla söguna. Mjög margt er ósagt af þeirri merku sögu sem átti sér stað hér á landi á kaldastríðsárunum og ég er alveg sammála því sem kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar áðan, að við fáum þessi mál ekki á hreint nema við hreinlega afléttum sekt eða veitum þeim sakaruppgjöf sem hugsanlega hafa komið að þessum málum og mér finnst mjög mikilvægt að við gerum það. Mér finnst mjög mikilvægt fyrir okkur að okkur takist að kortleggja almennilega þessa sögu, *því að margt er afskaplega merkilegt* sem átti sér stað á þeim árum og ég held að við getum dregið af því mikinn lærdóm. Enn er mjög margt ókannað, fleiri kílómetrar, hillumetrar eru af skjölum sem ekki hafa verið skoðuð, rúmlega 40 bretti af skjölum frá Pósti og síma sem ekki hefur tekist að fara í gegnum. Ég vil gera það að tillögu minni, virðulegi forseti, að vinnu við að kanna þessi gögn verði hraðað og að öllum þeim sem áttu aðkomu að þessum málum og eru lifandi enn þann dag í dag verði hreinlega veitt sakaruppgjöf í því sem þeir hugsanlega hafa tekið þátt í (Forseti hringir.) þannig að við fáum kortlagða þessa atburði.

[11:08]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Um leið og ég lýsi ánægju minni með þá skýrslu sem hér liggur fyrir verð ég að segja að mér þykir þessi umræða og umræðutilefnið mjög athyglisvert því sú skýrsla sem liggur fyrir er í raun bara einhvers konar upphafskönnun, könnun á því sem fram hefur komið og tillögur um hvernig eigi að vinna málið áfram. Þess vegna þykir mér mjög athyglisvert að bæði hv. málshefjandi, Bjarni Benediktsson, og hæstv. forsætisráðherra skuli treysta sér til að draga jafnstórar ályktanir af því sem komið hefur fram og nánast gert tilraun til að slá striki yfir fortíðina og segja: Sjáið þið, þær ásakanir, sem haldið hefur verið fram, eiga ekki við rök að styðjast.

Kjarni málsins er vitaskuld sá að það á algerlega eftir að rannsaka þessi mál, það á eftir að fara yfir þessi gögn. Eins og hv. málshefjandi kom að áðan er þetta í kílómetravís sem á eftir að fara yfir og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson nefndi einnig að í brettavís megi finna gögn um símhleranir og úrskurði. Það á eftir að fara yfir öll þessi mál og það sem stendur upp úr í þessari umræðu er spurningin: Hvers vegna eru menn nú að reyna að slá striki yfir þessa sögu og draga stórar ályktanir í máli sem algerlega á eftir að skoða? Það er umhugsunarvert og á sama hátt er einnig umhugsunarvert þegar umræða sem þessi fer fram skuli henni vera beint til hæstv. forsætisráðherra í stað þess að beina henni að stjórnarandstöðunni sem væri miklu eðlilegra því umræðan snýst um að gera ummæli sagnfræðinga og stjórnmálamanna ótrúverðug og slá striki yfir einhverja sögu.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þessi umræða er afar athyglisverð og eftirtektarvert að menn skuli (Forseti hringir.) treysta sér til að draga jafnstórar ályktanir af jafnmiklu og nú liggur fyrir í þessu máli.

[11:10]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Starf nefndarinnar er góðra gjalda vert svo langt sem það nær, þ.e. hvað varðar aðgang að skjölum og því um líku sem í aðalatriðum á eftir að rannsaka, óhemjumikið magn gagna. Samtímis hefur hins vegar gengið ákaflega illa að fá stjórnvöld til að horfast í augu við ábyrgð sína og má ég minna á að hæstv. dómsmálaráðherra hefur ítrekað á Alþingi neitað að svara upplýsingum, neitað að upplýsa um þætti sem lúta að stofnunum undir honum, eins og útlendingaeftirlitið áður og lögreglu nú.

Þeim liggur mikið á, málshefjanda og forsætisráðherra, *að reyna að réttlæta símhleranir og pólitískar njósnir á tímum kalda stríðsins*. En er það ekki dapurlegt að í þessum sölum skuli þingmenn og hæstv. ráðherrar koma og réttlæta það í raun að einkasímar alþingismanna voru hleraðir vegna þess að verið var að gera landhelgissamning við Breta? Er það ekki ömurlegt að menn skuli ekki hafa meiri metnað en þann fyrir persónufrelsi, persónuvernd, lýðræðinu, þingræðinu og þeim störfum sem hér eru unnin, að menn leggist svo lágt að reyna að segja: Þetta var allt í lagi af því að það voru dómsúrskurðir? Auðvitað voru þetta hreinar pólitískar hleranir. En út undan stendur alveg sá þáttur sem ekki hefur verið ræddur hér og lýtur að spjaldskrárhaldi, lýtur að merkingum á pólitískum skoðunum manna inn í kartótek sem var notað og hvernig stjórnmálaflokkarnir með sínar skrár og stjórnvöld mötuðu leyniþjónustu Bandaríkjanna í sendiráðinu og leyniþjónustu hersins á Keflavíkurflugvelli um slíkar upplýsingar þannig að fólk með tilteknar stjórnmálaskoðanir væri ekki ráðið.

Þessu máli er hvergi nærri lokið, það er rétt að byrja og það sem þarf auðvitað að gera er að fara í tæmandi rannsókn á þessu og gera þennan kafla síðan upp heiðarlega og sómasamlega með svipuðum hætti og gert hefur verið í Noregi.

[11:12]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það er athyglisvert hvað þessi sagnfræði, rúmlega hálfrar aldar gömul snertir pólitíska kviku, við-

kvæma kviku hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Þeir koma hér upp og gera það að umtalsefni að stjórnarandstaðan hafi verið að leggja þessi mál út á versta veg. Um það kvartaði hæstv. forsætisráðherra, að lagt hafi verið út á versta veg.

Við skulum rifja upp þessa umræðu í vor. Þá voru einmitt stjórnarliðar dregnir inn í þessa vinnu og í rauninni píndir til að gera þessa skýrslu. Það eru staðreyndir málsins og meira að segja þurfti að pína hæstv. dómsmálaráðherra til að fara yfir þessi gömlu hlerunarmál þó svo alþjóð viti að hann sé einstakur áhugamaður um hleranir. Að vísu virðist vera sem hæstv. dómsmálaráðherra hafi líka séð þarna ákveðna gleði í þessu vegna þess að þá gat hann komist inn í tíma kalda stríðsins og rifjað upp þær stundir þar sem hann naut sín virkilega. Þetta er mjög merkilegt mál út frá því sjónarhorni hvað þetta snertir djúpt pólitíska kviku í stjórnarflokkunum sérstaklega. Og mér finnst þetta vera hið undarlegasta mál hvað hæstv. forsætisráðherra er kvartsár undan þessari umræðu, umræðu sem við ættum öll að vera þakklát fyrir að fá þessi gögn upp á yfirborðið.

[11:14]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil ítreka það sem ég áður tók fram að við höfum náð ákveðnum áfanga í málinu og ég verð að lýsa furðu minni á því að menn geri athugasemdir við að þessi umræða fari fram nú þegar skýrsla nefndarinnar liggur fyrir. (**SigurjÞ:** Það er vælutónn í þessu.) Það var ekki minna en svo að menn töluðu um í þessu samhengi að hér værum við að fjalla um mestu mannréttindabrot sem framin hefðu verið í lýðveldissögunni. Og nú þegar fram koma tillögur um með hvaða hætti við ætlum að tryggja aðgang að öllum upplýsingum sem geta varpað ljósi á hvernig hlutirnir gengu fyrir sig á kaldastríðstímanum, koma þingmenn sömu flokka hingað upp og segja: Ja, hvað eruð þið að tala um svona ómerkilegt mál? Ekki var hægt að skilja orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar öðruvísi en svo að honum þætti tilefni þessarar umræðu tiltölulega léttvægt.

Staðreyndin er sú og það er auðvitað merkilegt að nú þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir um hvernig við ætlum að tryggja aðgang að gögnunum, að það skuli vera jafnríkur samhljómur á þinginu meðal þeirra sem taka þátt í umræðunni og raun ber vitni. Það er auðvitað fagnaðarefni og ber góðum vinnubrögðum nefndarinnar gott vitni, vegna þess að ekki var annað að merkja á síðasta ári í umræðum um þetta sama mál en mikillar tortryggni gætti um með hvaða hætti stjórnvöld hygðust veita aðgang að þeim gögnum sem hér er rætt um.

Ég vil taka það fram að lokum, hæstv. forseti, að ég hef engar ályktanir dregið af þessari skýrslu. Ég hef einungis tínt saman upplýsingar sem er að finna í skýrslunni sem varða einkum hlerunarmálin, en eins og menn vita tók nefndin viðtöl við marga lykilmenn til að fá yfirsýn yfir það hvernig verklagið var við hleranir á kaldastríðsárunum og hvaða skjöl og önnur gögn gætu hafa orðið til á þeim tíma. (Forseti hringir.) Það eru bara upplýsingar um þau atriði sem ég hef tínt til.

[11:16]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Skýrslan sem hér er til umræðu dregur saman upplýsingar um hvernig að þessum málum var staðið og rekur nákvæmlega þau dæmi sem fyrirliggjandi eru um símhleranir á kaldastríðstímanum nákvæmlega eins og fyrir nefndina var lagt. Nefndin tekur svo auðvitað ekki afstöðu til þess í skýrslu sinni hvort einstök tilvik hafi verið réttmæt eða ekki, enda væri það fyrir utan verksvið hennar.

En margir halda sér hér við sitt gamla heygarðshorn. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði: Það er auðvitað fráleitt útilokað að þessir menn hefðu ekki getað, þó það standi ekki í skýrslunni, hlerað, hefðu ekki getað gert hitt og þetta. Hér hefur verið leitt fram með óyggjandi hætti hvernig að þessum málum var staðið. Og það er fráleitt að líkja þessu, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði, við ástandið í Noregi og tala um þessa norsku leið. Hérna var íslenska ríkið af veikum mætti að reyna að verja öryggishagsmuni sína og vernda erlenda ráðamenn sem hingað komu með þessum hætti m.a., en í Noregi voru starfandi þrjár stofnanir sem voru í fullu starfi með fjölda fólks í vinnu við að fylgjast með hinum og þessum, þar á meðal pólitískum andstæðingum. Þessu er ekki saman að jafna hv. þingmaður.

Það er líka út í hött að tala um sakaruppgjöf gagnvart atburðum sem síðast gerðust 1968. Það eru áreiðanlega engar ófyrndar sakir í þessu máli hvernig sem á það er litið. Auðvitað er það þannig, virðulegi forseti, að þegar talað er um að það séu vörubretti með upplýsingum frá Pósti og síma sem bíða meðferðar á Þjóðskjalasafninu, þá er það út í hött sem Lúðvík Bergvinsson sagði að það væru allt gögn um símhleranir. Þetta er skjalasafnið frá Pósti og síma í gegnum áraraðir. Margir eru að halda fram vafasömum hlutum, virðulegi forseti, en skýrslan er mjög mikilvægt gagn og nú verður opnaður aðgangur að öðrum pappírum og öðrum skjölum, eins og fram kemur í tillögu nefndarinnar.

## *Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, fyrri umr.*

Stjtill., 575. mál. — Þskj. 853.

[11:19]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er á milli þingflokkanna um lengd ræðutíma í umræðunni. Samgönguráðherra hefur 30 mínútur í hvort sinn og aðrir þingmenn 15 mínútur hver tvisvar sinnum.

[11:19]

**Kristján L. Möller** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins áður en umræða hefst um þessar tvær mikilvægu þingsályktunartillögur sem hér eru á dagskrá í dag spyrjast fyrir um eitt praktískt atriði sem getið er um í 63. gr. þingskapa, þ.e. að það sé leyfilegt ef flutningsmenn óska eftir að ræða saman svona tillögur eins og hér liggja fyrir sem eru keimlíkar og blandast alltaf saman. Hefur ekki ósk komið fram frá hæstv. samgöngu-

ráðherra um að þessar tvær þingsályktunartillögur verði ræddar saman að þessu sinni eins og gert hefur verið hingað til?

Virðulegi forseti. Ég tek líka eftir því að í umræddri grein er talað um að ef enginn þingmaður andmæli þessu geti forseti orðið við þessari ósk. Það getur ekki nema annaðhvort hafa gerst, að hæstv. samgönguráðherra hafi ekki óskað eftir að ræða þær saman eða að einhver þingmaður hafi andmælt því að þær yrðu ræddar saman. Ef svo er langar mig að vita hvaða þingmaður andmælti þessu.

[11:21]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Vegna þessara orða hv. þingmanns vill forseti láta þess getið að hann hugðist láta ræða báðar samgönguáætlanirnar saman en borist hafa mótmæli við því og mun forseti verða við þeim andmælum og láta ræða áætlanirnar hvora í sínu lagi. (**ÖS:** Þau hafa ekki komið fram hér í salnum.) Þetta er ekki í fyrsta skipti sem samgönguáætlanir eru ræddar í tvennu lagi. Flutningsmaður, hæstv. samgönguráðherra, hefur óskað eftir því að haga umræðum þannig að fyrri umræða um langtímaáætlun í samgöngumálum fari fram á undan fyrri umræðu um skammtímaáætlun í samgöngumálum og hyggst forseti verða við því.

Forseti vill enn fremur taka fram að það er algjör tilviljun að skammtímaáætlun í samgöngumálum er með lægra þingskjalsnúmer en langtímaáætlunin. Það helgast af því hvenær þingskjal kemur til skráningar.

[11:22]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel alveg eðlilegt að málin verði rædd með þessum hætti. Yfir það var farið á fundi þingflokksformanna í gær og orðið við því í samkomulagi okkar þingflokksformanna. Ég held að það sé ástæða til að hefja þessa umræðu nú þegar með þeim hætti sem forseti lagði upp með þegar hún kynnti dagskrá þingsins í dag.

[11:22]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég vil formlega fyrir hönd Samfylkingarinnar óska eftir því að þessi tvö mál verði rædd saman. Ég hef ekki heyrt nein mótmæli koma fram í þingsal frá þeim þingmönnum sem hér eru. Það er þá rétt að þau mótmæli komi fram. Ég hef ekki heyrt þau.

Ef þau verða ekki rædd saman vil ég í annan stað líka að þá verði það mál sem lýtur að hinni svokölluðu skemmri áætlun rætt á undan. Það er fullkomlega eðlilegt. Í þeirri áætlun er framkvæmdum skipt eftir árum. Í hinni síðari er einungis skipt í þrjá kafla og ekki skipt eftir árum.

Sömuleiðis eru tæknileg rök fyrir því, frú forseti, það mál hefur lægra númer og það er bæði hefð og venja hér að málum er skipað á dagskrá eftir því hvar þau eru í númeraröðinni, lægri málum er skipað á undan.

En fyrst og fremst kem ég hingað til að óska formlega eftir því fyrir hönd Samfylkingarinnar að þessi mál verði rædd saman og ég óska svo eftir því að ef svo er ekki upplýsi hæstv. forseti af hverju.

Enginn í þessum þingsal hefur mótmælt því. Verða menn ekki að koma í þingsal til að mótmæla því? Geta þeir sett einhvers konar beiðnir um það laumulega til hæstv. forseta án þess að það komi fram hverjir það eru? Ég óska eftir svörum við þessu, frú forseti.

[11:24]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill taka fram út af þessum orðum hv. þingmanns að hann telur fullvíst að hv. þingmaður muni eftir þeim viðræðum sem áttu sér stað á fundi forseta með þingflokksformönnum klukkan korter fyrir fjögur síðdegis í gær. (**KLM:** Ég var ekki þar.)

[11:24]

**Jóhann Ársælsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég undrast nokkuð þá nýbreytni sem hér á að verða. Það hefði verið eðlilegt að það hefði komið fram hvaða rök eru fyrir því að menn vilji frekar ræða þessi mál hvort í sínu lagi.

Ég held að flestir þingmenn hafi gert ráð fyrir því að þessi mál yrðu rædd hér saman og mér sýnist á öllu að umræðan um málið í heild muni fara fram við þá umræðu sem fer fram um hið fyrra mál.

Það er alveg sama hvort málið er rætt á undan hvað þetta varðar vegna þess að þingmenn horfa á þessi mál í heildina. Ég tek líka undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, það er mjög undarlegt að mótmælin komi ekki fram í þingsal og af hvaða ástæðum þau eru uppi. Að hæstv. forseti úrskurði um þetta mál vegna þess að einhverjir hafi komið til hans athugasemdum er mér ekki nóg vegna þess að þær athugasemdir hafa ekki komið fram í þingsal.

Mér finnst mjög eðlilegt þegar menn fara eftir þingsköpunum í þessu sambandi að það sé þá gert með þeim hætti að allir þingmenn geti fylgst með og viti hvers vegna menn vilja ekki hafa þann hátt á sem verið hefur fram að þessu.

[11:26]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti er nokkuð undrandi á þessum orðum hv. þingmanns sem er mjög þingreyndur. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem samgönguáætlanir eru ræddar í tvennu lagi, eins og hv. þingmanni mun kunnugt um þannig að hér er engin nýbreytni á ferðinni.

[11:26]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja að ég tel það eðlilega ráðstöfun að tvöfalda ræðutímann í þessari umræðu. Eftir að samgönguáætlun varð svo viðamikil sem raun ber vitni er ákaflega óeðlilegt að ætla þingmönnum að ræða samgönguáætlun, sem nær yfir vegamál, hafnamál og flugmál, á átta mínútum. Enn óeðlilegra er að ætla mönnum að ræða á átta mínútum þessar áætlanir tvær, fjögurra ára og tólf ára. Mér finnst eðlilegt að menn tvöfaldi ræðutímann og styð ákvörðun þar um.

Mér finnst í sjálfu sér ekkert athugavert við það að skipta umræðum í tvennt þannig að menn taki fjögurra ára umræðuna sér og tólf ára umræðuna sér. Ég sé ekki ástæðu

til að leggjast gegn því og ég hreyfi engum andmælum við áformum forseta um það efni að öðru leyti en því að þá er nauðsynlegt að ræða fjögurra ára áætlunina fyrst og síðan tólf ára áætlunina vegna þess að ef það er gert í þeirri röð sem forseti áformar er seinni umræðan í raun og veru óþörf. Umræðan um fjögurra ára áætlunina fer auðvitað fram undir umræðum tólf ára áætlunarinnar.

Við sjáum í skjölunum að allar tillögur um framkvæmdir næstu fjögurra ára eru líka í tillögunni um framkvæmdirnar næstu tólf ár þannig að það er ekki hægt að aðskilja þetta með þeim hætti.

Þess vegna held að það sé nauðsynlegt ef það á að þjóna einhverjum tilgangi að skipta umræðunni í tvennt að gera það með þeim hætti að snúa röðinni við frá því sem forseti áformar.

En ég held líka að það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, að upplýsa hver hreyfir andmælum við því að áætlanirnar verði ræddar saman. Andmæli verða ekki sett fram nema á þingfundi. Andmæli eru ekki sett fram í reykfylltum bakherbergjum svo að ég noti nú þekktan orðafrasa úr nýlegri stjórnmálaumræðu. Andmæli eru ekki sett fram í lokuðum herbergjum á fundum ótilgreindra aðila með forseta. Andmæli eru aðeins sett fram í þingsalnum á þingfundi rétt eins og þegar menn afgreiða mál til nefndar og forseti segir: Málið er afgreitt til þessarar og þessarar nefndar án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum. Andmælin verða að koma fram þar og þá en ekki á undan í lokuðum herbergjum, virðulegi forseti.

[11:29]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill taka það skýrt fram út af orðum hv. þingmanna hér að hann hélt fund með þingflokksformönnum klukkan korter fyrir fjögur síðdegis í gær þar sem samið var um fyrirkomulag á þessari umræðu. Þar komu ekki fram nein slík andmæli sem hér eru höfð uppi. Forseti tekur þetta skýrt fram.

[11:29]

**Hjálmar Árnason** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til að staðfesta orð hæstv. forseta og rifja það upp að á fundi korter fyrir fjögur í gær með formönnum allra þingflokka og forseta kom þetta mál til umræðu. Menn urðu sammála um að beina því í þann farveg sem hæstv. forseti leggur hér upp. Þess vegna skil ég ekki af hverju hv. þm. Össur Skarphéðinsson fer núna fram á að breyta því sem var samkomulag um í gær.

Varðandi ákvörðun forseta um að hafa þetta aðskilið, m.a. vegna tilmæla frá þingmanni, finnst mér það bara sýna að forseti hlustar á þingmenn, og slíkum athugasemdum geta menn komið á framfæri við forseta utan þingsalar og hafa gert. Það er hlutverk forseta að hlusta á vilja þingmanna og bregðast við.

Mér finnst skipta mestu máli í þessu að formenn þingflokka voru sammála um þá aðferð sem hér er lagt upp með og ég held að við ættum þess vegna að hætta að fjalla hér um tæknileg atriði og fara að ræða það sem er á dagskrá, samgönguáætlun sem hv. þingmenn hafa lengi beðið eftir að fá að ræða.

[11:31]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Rétt skal vera rétt. Á fundi formanna þingflokka með forseta Alþingis í gær stundarfjórðung í 16 gerði ég strax athugasemd við það að lengri áætlunin yrði rædd á undan. Ég sagði að ég teldi eðlilegra að hin skemmri yrði rædd á undan. (Gripið fram í.) Ég fór hins vegar með það mál inn í minn þingflokk, sagði að ég mundi ræða það. Þegar í ljós kom að það var mikill ágreiningur af hálfu þingflokks Samfylkingarinnar við þessa áætlun fór ég þegar af þingflokksfundi og átti sérstakan fund með bæði hæstv. samgönguráðherra og hæstv. forseta og tjáði þeim það. Ég tjáði þeim jafnframt að ef þetta yrði ofan á sem nú virðist raunin yrði því mótmælt í þingsal. Það finnst mér ekki vera aðalatriðið í dag.

Ég vil hins vegar að það komi alveg skýrt fram að á þeim fundi var það upplýst, og ég upplýsi það úr því að hæstv. forseti gerir það ekki, að hæstv. samgönguráðherra hafði óskað eftir því að umræðan yrði tekin saman um þessi tvö mál. Þar kom jafnframt fram að ekki var hægt að verða við því vegna þess að einn tiltekinn flokksbróðir hæstv. samgönguráðherra hafði lagst gegn því máli. Mér finnst alveg sjálfsagt að sá þingmaður njóti réttar síns eins og þingsköp leyfa honum en mér finnst hins vegar jafnsjálfsagt að það komi hér fram sem forseti hefur ekki upplýst hvaða þingmaður þetta var. Það var hv. þm. Halldór Blöndal, fyrrverandi samgönguráðherra. Ástæðan fyrir því að ekki var hægt að verða við þessari ósk hæstv. samgönguráðherra, ósk minni í dag fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar, er að sjálfsögðu sú staðreynd að það er logandi ágreiningur á milli hæstv. samgönguráðherra og fyrrverandi samgönguráðherra, hv. þm. Halldórs Blöndals. Það er ágreiningur í þingflokki Sjálfstæðisflokksins sem kemur í veg fyrir að menn geti rætt þetta með þessum hætti og ég tel sjálfsagt að þetta liggi fyrir um leið og menn ganga til þessarar umræðu með þeim hætti sem forseti hefur allt vald til að úrskurða um hvernig verði.

[11:34]

**Kristján L. Möller** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að þakka fyrir þær upplýsingar sem komið hafa fram um þetta mál, þ.e. hver það var sem andmælti því að þessi mál yrðu rædd saman. Ég lagði þessa spurningu fyrir hæstv. forseta sem gat ekki svarað henni. Það hefði flýtt mjög fyrir þingstörfum, að við kæmumst í að ræða málin, en ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að upplýsa okkur um að það hafi verið hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, sem er að vísu ekki í salnum og hefur ekki verið í morgun. Ég nýt þess heiðurs að sitja honum á hægri hönd og veit því að hann hefur verið fjarri. Hann andmælti því sem sagt að þetta yrði rætt saman vegna þess að það er greinilega ágreiningur innan Sjálfstæðisflokksins um þessa áætlun. Við höfum heyrt það áður að það er mikill ágreiningur milli þeirra fyrrverandi og núverandi hæstvirtra samgönguráðherra út af ýmsum málum. Það er bara ágætt að það komi fram. Ég taldi það nauðsynlegt, virðulegi forseti, vegna þess að mér finnst eðlilegt að það skráist inn í þingtíðindi að hv. 2. þm. Norðaust. Halldór Blöndal óskaði eftir

því, sem hann hefði að sjálfsögðu átt að gera á yfirstandandi þingfundi, þ.e. að mótmæla því að þetta yrði rætt saman. Þar með er það komið inn í ræður Alþingis og inn í það sem skráð er hér að skeður á fundum. Það er nauðsynlegt ef sagnfræðingar vilja þegar fram líða stundir, kannski í lok löngu áætlunarinnar 2018, spekúlera í því af hverju þessar áætlanir voru ekki ræddar saman og hver ágreiningurinn var milli hæstvirtra samgönguráðherra, fyrrverandi og núverandi.

[11:35]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni af þessari umræðu sem hér fer fram held ég að það sé rétt að geta þess að það hafði verið metið sem svo að hugsanlega ætti að ræða þessar áætlanir saman og samgönguráðherra hafði gert ráð fyrir því. Það kemur svo í ljós að menn hafa meiri áhuga á málinu en svo að þessi tími muni duga þrátt fyrir tvöfaldan ræðutíma. (Gripið fram í.) Þess vegna var auðvitað fallist á það þegar í ljós kom þessi mikli áhugi á málinu að ræða þau hvort í sínu lagi. Það er fullkomlega eðlilegt að ræða þá 12 ára áætlunina á undan vegna þess að hún er grundvöllur að því sem er síðan gert í fjögurra ára áætluninni. (**ÖS:** Er Halldór Blöndal sammála því?) Ég held að hv. þm. Halldór Blöndal sé fullkomlega sammála því og það er auðvitað ástæðan fyrir því að hann vill ræða þessar áætlanir hvora í sínu lagi. (**ÖS:** En hvar er hann?) Annars vegar er grundvöllurinn sem menn horfa á, áætlunin til lengri tíma, þetta langa plan sem menn hafa fyrir framan sig, og hins vegar hvernig menn útfæra það á þessum fjórum árum sem eru þá fyrst í röðinni. Ég held að það sé fullkomlega eðlilega að þessu staðið og lýsi því hversu mikinn áhuga menn hafa á samgöngumálum hér sem auðvitað er mikið hagsmunamál alls landsins, auðvitað ekki síst okkar sem á landsbyggðinni búum. Ég veit að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur ekki eins mikinn áhuga á samgöngumálum og við landsbyggðarþingmennirnir en við þurfum að fá að ræða þetta mjög ítarlega. Það er alveg fullkomlega eðlilegt, hv. þingmaður.

Af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson tilgreindi hvað hefði verið rætt á fundi þingflokksformanna með forseta segir minni mitt það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi spurst fyrir um hvort eðlilegt væri að ræða 12 ára áætlunina á undan og ég gat ekki merkt annað af orðum hans en að hann væri fullkomlega sáttur við þær skýringar sem fram komu á fundinum. Það var fallist á fyrirkomulagið af öllum þingflokksformönnum á fundi hvernig farið yrði með málið í þingsal í dag.

[11:38]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Nú er upplýst að athugasemdin hafi borist til forseta utan þingfundar og forseti tekur það gilt. Ég ætla ekki að gera neinn ágreining við forseta um það að hann samþykki að einstakir þingmenn geti komið athugasemdum sínum á framfæri við forseta símleiðis eða með öðrum hætti utan þingfunda. Ég geri ráð fyrir að forseti hafi gengið úr skugga um að sú aðferð samrýmist þingsköpum en mér finnst engu að síður að það verði að gera grein fyrir því í þingsalnum hver geri athugasemdina. Það er ekki boðlegt gagnvart okkur, hinum þingmönnunum, að einhver tillaga eða áform nái ekki fram að ganga vegna andmæla frá aðila sem haldið er leyndum fyrir þingheimi. Ég held að hæstv. forseti hljóti að skilja að þessi sjónarmið mín eru eðlileg. Það kom fram hjá forseta snemma í þessari umræðu að andmæli hefðu verið viðhöfð en forseti upplýsti ekki um hver hefði haft þau uppi og hefur ekki orðið við óskum um að upplýsa hver gerði athugasemd. Því vil ég halda til streitu, virðulegi forseti, og óska eftir því að forseti upplýsi úr ræðustól hver gerði athugasemd í þessu tilviki.

Ég sé ekki hvers vegna eigi að halda því leyndu fyrir þingmönnum. Er það vegna þess að það er til skaða fyrir þingmanninn sem gerir athugasemdina sem forseti heldur því leyndu? Ef svo er, er þá réttmætt að taka athugasemdina til greina? Er ekki rétt að ætlast til þess af þeim sem gerir athugasemd að hann standi við það og komi fram í dagsljósið sjálfur eða þá að forseti upplýsi það ef viðkomandi þingmaður kýs að gera það eftir öðrum leiðum en að vera í þingsalnum sjálfum? Ég fæ ekki séð að það þjóni hagsmunum þingsins að hlífa þingmanni við því (Gripið fram í.) að gera í heyranda hljóði upplýst að hann hafi gert athugasemd.

Ég spyr hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur: Hvaða annmarkar eru á því, ef satt er, að það sé upplýst að hv. þm. Halldór Blöndal hafi gert athugasemdina? (Gripið fram í.) Hvaða annmarkar eru á því? Ég sé ekki neina annmarka á því. Þess vegna get ég ekki fallist á að því sé haldið leyndu, virðulegi forseti.

[11:41]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir)**:

Forseti vill taka skýrt fram að hann er í fullum rétti í þessu máli og málsmeðferð. Það er auðvitað þannig við stjórn þingsins að forseti heldur reglulega fundi með þingflokksformönnum þar sem m.a. er samið um fyrirkomulag á umræðu sem þessari. Á þessum fundi í gær upplýsti ég um það að það væru andmæli við því að þessi tvö mál væru rædd saman og ég upplýsti jafnframt hver það væri sem hefði borið fram andmælin. Það nafn hefur komið hér fram í umræðunni. (**ÖS:** Af hverju kemur ekki Halldór Blöndal og stendur fyrir máli sínu?)

[11:42]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Hér fer fram mikil umræða um það hvernig þessi umræða skuli fara fram. Það er svo sem rétt að ræða það áður en hún hefst, fullseint eftir á, en ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að menn eigi ekki alveg að gleyma því sem undir er, þ.e. að hér eru samgönguáætlanir til annars vegar fjögurra og hins vegar 12 ára, þær eru viðamikið mál og ég lýsi fullum stuðningi við að nægur tími sé gefinn til að ræða þær. Ég verð að segja það sem mína skoðun að ég held að þó að þetta hefði verið rætt saman með tvöföldum ræðutíma hefði það verið fullknappt. Ég styð það algjörlega að þetta sé þá rætt í tvennu lagi og lýsi mig sammála hv. þm. Halldóri Blöndal sem hér hefur komið fram að muni vera upphafsmaður þess enda liggur honum væntanlega mikið á hjarta um málið, og út af fyrir sig gerir mér það líka.

Þá er bara eftir að velta fyrir sér hvort betra sé að ræða á undan fjögurra ára áætlunina eða rammann, 12 ára áætlunina. Ég hefði heldur hallast að því að betra hefði verið að ræða fjögurra ára áætlunina fyrst. Þá eru menn að ræða einstök verkefni og skiptingu fjármuna næstu fjögur árin en það tímabil gengur síðan inn í 12 ára vegáætlun og í raun og veru ganga tölurnar inn á fyrsta tímabili en útlistun þeirra er í hinu plagginu. Heldur er ég hallur undir að það hefði átt að snúa þessu við, virðulegur forseti, en það skiptir svo sem ekki öllu máli. Menn geta rætt almennu stefnumótunina fyrst, fjármunina sem til ráðstöfunar eru o.s.frv., en útfærslu þeirra í nánari atriðum og skiptingu á eftir. Það má vissulega færa rök fyrir hvoru tveggja. Svo held ég að það sé ágætt að þegar menn eru búnir að ræða það eins lengi og þá langar til hvernig eigi að ræða málin byrji menn svo á málinu sjálfu.

[11:44]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Fyrst af öllu vil ég geta þess vegna þeirra orða sem hér hafa fallið um að þingmenn hinna dreifðu byggða hefðu meiri áhuga á umferðarmálum eða samgöngumálum en þingmenn Reykjavíkur að ég vísa þeim orðum til föðurhúsanna. Þingmenn þéttbýlisins hafa ekki síður áhuga á samgöngumálum en þingmenn dreifbýlisins.

Í annan stað hafa menn verið að slá pólitískar keilur um það hvernig skuli farið með og eftir hvaða röð þetta mál skuli rætt en það er alveg ljóst að þessi tvö mál, samgönguáætlun fjögurra og 12 ára, verða ekki svo glögglega skilin í sundur. Ef, virðulegi forseti, fyrst á bara að ræða 12 ára áætlunina þarf forseti ábyggilega að berja oft í bjölluna því að ég er sannfærður um að þingmenn munu meira og minna blanda þessum tveimur málum saman og það er ekkert óeðlilegt. Í umræðum sem fara hér fram á eftir hljóta þessi tvö mál að verða saman undir að meira eða minna leyti.

[11:45]

**Lúðvík Bergvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að segja að ég geri ekki athugasemdir við úrskurð forseta um það hvernig þetta fari fram. Það sem þó hefur verið mjög athyglisvert í þessari umræðu hefur dregið mjög skýrt fram að það er verulegur ágreiningur innan ríkisstjórnarflokkanna (Gripið fram í.) um það hvernig þetta mál skuli rætt. Það er ljóst að áætlanirnar voru lengi í herbúðum þingflokka ríkisstjórnarflokkanna og sá ágreiningur kemur einmitt í ljós hér núna, m.a. taldi hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir þéttbýlismenn lítinn áhuga hafa á samgöngumálum sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson mótmælti. Hv. þm. Halldór Blöndal vill ræða áætlanirnar hvora í sínu lagi vegna þess að mönnum liggi mikið á hjarta og það er augljóst að það er mikill ágreiningur meðal ríkisstjórnarflokkanna um málið. Umræðan hefur dregið það fram og ég verð að segja, virðulegi forseti, að það er kannski kominn tími á að fara að hefja þessa umræðu til að við getum þá fengið það fram hvar ágreiningurinn liggur og hvort enn og aftur sé um ótrúverðuga áætlun að ræða eins og áætlanirnar hafa verið undanfarin ár.

[11:47]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018.

Nú sem fyrr eru gerðar miklar og vaxandi kröfur um hraðari uppbyggingu samgöngukerfisins eins og fjölmargar ályktanir frá sveitarstjórnum, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum bera vott um.

Í þingsályktunartillögunni sem hér er lögð fram er í annað sinn lögð fram heildstæð áætlun um rekstur og uppbyggingu samgangna sem tekur til allra samgöngugreina en aðalmarkmið hennar er aukin hagkvæmni og mikil uppbygging. Áætlunin tekur mið af þeim kröfum sem komið hafa á síðustu árum um bætt öryggi m.a. á þjóðvegakerfinu.

Með lögum um samgönguáætlun sem sett voru árið 2002 var öllu vinnulagi gerbreytt. Í samgönguáætlun fyrir tímabilið 2007–2018 er það nýmæli að nú fylgir umhverfismat áætluninni. Er það í samræmi við lög sem Alþingi samþykkti vorið 2006 um að umhverfismat skuli framvegis fylgja tilteknum skipulags- og framkvæmdaáætlunum. Matið var auglýst síðasta haust og almenningi, sveitarstjórnum og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sem farið var yfir áður en þingsályktunartillagan um samgönguáætlun var lögð fram.

Athygli er vakin á því að athugasemdir og svör vegna umhverfismatsskýrslunnar fylgja með í greinargerð með áætluninni. Með þessu er Ísland meðal fyrstu Evrópulanda til að leggja áherslu á umhverfismat með gerð sérstakrar umhverfismatsskýrslu vegna samgönguáætlunar. Áætlunin nær jafnframt til rekstrarútgjalda Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar, Flugstoða samkvæmt þjónustusamningi og Siglingastofnunar sem ekki var fjallað um í fyrri áætlunum. Mörkuð er stefna til framtíðar í samgöngumálum þar með talið í öryggismálum og tekið tillit til umhverfismála og byggðamála. Áætluninni er ætlað að stuðla að víðtæku samstarfi stofnana í samgönguráði, m.a. á sviði rannsókna.

Í samgönguáætluninni er sett fram stefna í samgöngumálum til næstu 12 ára auk þess sem gerð er grein fyrir almennum forsendum og spáð fyrir um þróun ýmissa lykilstærða. Í þingsályktunartillögunni sem hér er mælt fyrir eru eftirfarandi fimm meginmarkmið: Greiðari samgöngur, hagkvæmni við uppbyggingu og rekstur samgangna, umhverfislegar sjálfbærar samgöngur, öryggi í samgöngum og jákvæð byggðaþróun. Undir greiðari samgöngur falla flestar framkvæmdir við uppbyggingu og endurbætur samgöngukerfisins. Lögð er áhersla á að sköpuð verði skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til eða frá höfuðborgarsvæðinu hvert á land sem er innan þriggja klukkustunda í stað þriggja og hálfs í fyrri áætlun sem er breyting á sambærilegu markmiði í samgönguáætlun 2003–2014. Sett eru sérstök markmið um almenningssamgöngur í lofti, á sjó og á landi. Lögð er áhersla á að vegir verði með nægjanlegt burðarþol allt árið á svokölluðum flutningabrautum í grunnkerfinu, breidd þeirra verði nægjanleg og með bundnu slitlagi. Enn fremur verði lokið endurbyggingu allra helstu stofnleiða á landi og allar byggðir með meira en 100 íbúa verði tengdar vegakerfi með slitlagi og viðunandi burðarþoli.

Meðal leiða til að ná fram hagkvæmni við uppbyggingu

og rekstur samgangna er að nýta í auknum mæli kosti einkaframkvæmdar þar sem hún á við. Þannig yrðu markaðsöflin nýtt til viðbótar við það sem nú er gert með útboðum á flestum sviðum framkvæmda og rekstrar en það er hagstæðara.

Varðandi umhverfislegar sjálfbærar samgöngur er lögð áhersla á skattalegar aðgerðir til að hvetja til notkunar sparneytinna bíla og framtíðarsýnin er þróun samfélags sem notar eingöngu endurnýjanlega orkugjafa. Ástæða er til að vekja athygli á áherslunni á öryggi í samgöngum. Má nefna ríka áherslu á breikkun vega og aðskilnað akstursstefna á umferðarþyngstu þjóðvegum. Enn fremur skal nefnt að umferðaröryggisáætlun og áætlun um öryggi sjófarenda er hluti samgönguáætlunar.

Fimmta og síðasta markmiðið er nýtt inn í áætluninni og snýr að jákvæðri byggðaþróun en ljóst er að flest eða öll verkefni samgönguáætlunar á landsbyggðinni styðja það markmið.

Í samgönguáætlun þessari er áhersla fyrst og fremst lögð á uppbyggingu vegakerfisins. Þetta er í beinu framhaldi af stefnubreytingu sem gerð var með síðustu 12 ára samgönguáætlun þar sem litið var svo á að byggingu nýrra flugvalla og nýrra hafna væri lokið að mestu nema sérstakar aðstæður kölluðu á. Framkvæmdir í höfnum og á flugvöllum miðast við að bæta aðstöðu og bregðast við auknum kröfum og þróun á sviði flugs og siglinga. Í hinni nýju langtímaáætlun er sem fyrr skilgreint grunnnet eða burðarnet samgangna sem nær til samgöngugreinanna þriggja. Með grunnneti er átt við mannvirki sem mynda eðlilegt samfellt samgöngukerfi um landið allt. Umferðin er mest í grunnkerfinu og því er mikilvægt að það njóti forgangs. Í áætlun þessari er einnig unnið að því að bæta samgöngur fyrir ferðaþjónustuna með ýmsum aðgerðum og verður fjallað um sumar þeirra á eftir.

Heildarfjármagn til samgöngumála hefur stóraukist á undanförnum árum. Í samgönguáætlun 2007–2018 heldur þessi þróun áfram því enn eykst fjármagn til vegamála. Tillagan gerir ráð fyrir að rúmlega 381 milljarði kr. verði varið til samgöngumála næstu 12 árin. Þrátt fyrir þessa miklu fjármuni er ekki nægt fjármagn fyrir hendi til að uppfylla öll markmið í uppbyggingu vega fyrir fyrstu 12 árin. Fyrir liggur að enn vantar fé til vegagerðar sem nemur framkvæmdafé tveggja fjögurra ára tímabila eða um 80 milljörðum til að markmiðið náist. Eru það verkefni jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á landsbyggðinni sem bíða verða seinni tíma. Heildartekjur og framlög til samgönguáætlunar árin 2007–2018 verða 381,4 milljarðar kr. samkvæmt tillögunni eins og áður segir en þar af renna 324 milljarðar eða 85% til vegamála. Til samanburðar voru tekjur og gjöld í samgönguáætlun 2003–2014 samtals 237,4 milljarðar en þar af runnu 173,3 milljarðar eða 73% til vegamála. Miðað við hækkun vísitölu vegagerðar á milli áætlana er um að ræða 26% hækkun, raunhækkun áætlunar. Samanlagðar heildartekjur og gjöld samgönguáætlunar 2003–2014 voru 28,6% af vergri þjóðarframleiðslu ársins 2003. Sambærileg tala fyrir samgönguáætlun 2007–2018 er 29,5% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu ársins 2007. Ljóst er að framlög til vegagerðar eru nálægt því að aukast í takt við aukna þjóðarframleiðslu sem verður að teljast eðlilegt miðað við mikilvægi málaflokksins.

Sem hluti fjármagns til vegagerðar kemur frá söluandvirði Símans eða 15 milljarðar á fyrsta tímabili áætlunarinnar. Í áætluninni er gert ráð fyrir að nokkrar framkvæmdir og verkefni á sviði flugmála, siglingamála og vegamála verði fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun á áætlunartímabilinu. Um er að ræða viðamikla útgjaldaliði sem ekki verður ráðist í innan heildarramma samgönguáætlunar 2007–2018 miðað við markaða tekjustofna. Til vegagerðar er þannig gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun samtals að upphæð 45,3 milljarðar, mest á öðru tímabili áætlunarinnar. Til flugmála er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun að upphæð 4,3 milljarðar og til siglingamála 1,6 milljarðar.

Þau mikilvægu verkefni sem um ræðir eru bygging og rekstur samgöngumiðstöðvar í Reykjavík, sem hefur verið talin falla vel að einkaframkvæmd, bygging og rekstur Bakkafjöru, sem einnig er talin ákjósanleg einkaframkvæmd, svo og sérstakt átaksverkefni í uppbyggingu vel skilgreindra flutningabrauta, milli Reykjavíkur og Akureyrar annars vegar og milli Reykjavíkur og Markarfljóts hins vegar. Hér er ekki tekin bein afstaða til þess með hvaða hætti hið sérstaka átaksverkefni í vegagerð verði boðið út en þess í stað er vísað til álits nefndar sem ég skipaði um einkaframkvæmd í samgöngum. Með einkaframkvæmd er hér átt við að einkaaðilum verði falin samkvæmt samningi hönnun, framkvæmd, rekstur og fjármögnun tiltekinna verkefna sem almennt samkomulag er um að opinberir aðilar sinni í þágu almennings.

Sérstök fjáröflun, eins og það hugtak er sett fram í áætluninni, getur verið með ýmsum hætti. Þar getur verið um að ræða einkaframkvæmd sem byggist á fjáröflun með notendagjöldum eða samband af notendagjöldum, ríkisframlagi og framlagi einkaaðila. Þar getur einnig verið um að ræða hefðbundnar framkvæmdir sem byggðar eru á hefðbundnu útboði, en í þeim tilvikum byggist sérstök fjáröflun þá alfarið á sérstöku ríkisframlagi til lántöku sem felur í sér að ríkið greiðir framkvæmdina á lengri tíma en nú er venjan.

Fáar þjóðir verja jafnstórum hluta útgjalda sinna til vegamála og Íslendingar. Þessi staðreynd undirstrikar hina miklu þörf fyrir bættar vegasamgöngur. Meiri hluti fjárins fer til stofnkostnaðar, þ.e. til nýrra mannvirkja og undirstrikar enn hve margt er ógert í vegakerfinu. Aldrei má þó gleyma þeirri staðreynd að nauðsynlegt er að veita nægjanlegt fé til viðhalds þeirra eigna sem felast í vegakerfinu.

Því til viðbótar eru sívaxandi óskir um þjónustu við vegfarendur, eins og t.d. vetrar- og upplýsingaþjónustu, en sífellt fleiri íbúar landsins aka á milli búsetusvæða til vinnu sinnar og vilja þess vegna góða og örugga þjónustu á vegakerfinu.

Útgjöld til flugmála hafa aukist á undanförnum árum sem skýrist af auknum umsvifum alþjóðaflugþjónustunnar og er búist við áframhaldandi vexti hennar. Umsvif þjónustunnar eru m.a. fjármögnuð af yfirflugsgjöldum. Nýmæli í áætluninni er að Flugstoðum ohf. er falið með samningi að annast rekstur flugvalla og flugöryggisþjónustu auk framkvæmda við flugvelli.

Framkvæmdum hefur verið forgangsraðað þannig að á fyrsta tímabili verður lögð áhersla á að flugvellir í flokki I

uppfylli kröfur um aðflugsbúnað, flugvernd og öryggisvæði þar sem það er mögulegt. Á öðru og þriðja tímabili er stefnt að því að flugvellir í flokki I uppfylli kröfur til bygginga og flughlaða, og að flugvellir í flokki II uppfylli kröfur til bygginga, flugbrauta og hlaða þar sem því verður við komið. Einnig verður lögð áhersla á endurnýjun aðflugs- og flugleiðsögubúnaðar. Stærstu verkefni í flugmálum á áætlunartímabilinu eru bygging samgöngumiðstöðvar í Reykjavík, sem þjónar raunar fleiru en flugvellinum, og lenging Akureyrarflugvallar. Á öðru og þriðja tímabili verður metin þörfin fyrir lengingu Egilsstaðaflugvallar.

Mestu útgjöldin í siglingamálum eru til framkvæmda í höfnum. Áætlanir miða við gildandi hafnalög. Í áætluninni er miðað við að ríkið taki þátt í endurnýjun hafnarmannvirkja í fiskihöfnum á landsbyggðinni til að uppfylla þarfir sjávarútvegsins og mæta nýjum þörfum atvinnugreinarinnar. Reynslan hefur sýnt að kröfur til íslenskra hafna eru síbreytilegar og að þróun þeirra verður að haldast í hendur við þróun fiskiskipaflotans.

Langtímaáætlun um öryggi sjófarenda er fest í sessi og eru framlög til hennar aukin í 22 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að rannsóknir verði efldar með það að markmiði að auka öryggi sjófarenda og hámarka nýtingu fjármagns sem varið er til hafnarmannvirkja og sjóvarnagarða. Miðað er við að Siglingastofnun taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um öryggismál. Mikilvægt er að gæta hagsmuna Íslands þegar verið er að semja alþjóðlegar reglur og sjá til þess að reglurnar tryggi sem best öryggi sjófarenda og hæfi sem best íslenskum aðstæðum. Áætlunin gerir ráð fyrir auknu eftirliti með umferð skipa, siglingavernd og hafnarríkiseftirliti þar sem ætlað er að flutningar um hafnir nær tvöfaldist á tímabilinu og umferð stórra skipa umhverfis landið muni að sama skapi stóraukast.

Gert er ráð fyrir miklum framkvæmdum við nýja höfn í Bakkafjöru og smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju sem boðin yrði út sem einkaframkvæmd, ef sú verður niðurstaðan. Á síðasta áratug hefur magn landaðs sjávarfangs aukist um 15%. Ekki er gert ráð fyrir að landaður afli aukist frekar á áætlunartímabilinu. Vöruflutningar á milli landa hafa á sama tímabili aukist um 30% og má rekja 75% af þeirri aukningu til flutninga vegna stóriðju. Sjóflutningar milli hafna innan lands jukust jafnt og þétt fram á miðjan síðasta áratug en hafa dregist saman að undanförnu og strandsiglingar eru að mestu aflagðar nema olíuflutningar og annar sértækur varningur. Gert er ráð fyrir að flutningar um hafnir landsins aukist um 90% næstu 12 árin og má rekja það að stærstum hluta til fyrirsjáanlega aukinna flutninga vegna stóriðju.

Á næstu 12 árum verða helstu framkvæmdir í höfnum endurbygging hafnarmannvirkja, stofndýpkanir og gerð viðlegukanta með meira dýpi. Styrkir til hafnargerðar eru fyrst og fremst til að endurbæta og byggja ný viðlegumannvirki til að mæta þörfum fiskiskipaflotans.

Útgjöld til vegamála hafa hækkað á undanförnum árum og heldur sú þróun áfram samkvæmt þessari áætlun. Valda þar mestu sívaxandi kröfur um aukna þjónustu en Íslendingar eiga fleiri bíla að hlutfalli en flestar aðrar þjóðir. Er bílaeign nú nálægt 640 bílum á hverja þúsund íbúa. Viðhaldsþörf vega vex í hlutfalli við verðmæti vega svo og í hlutfalli við aukna umferð. Reynt er að mæta þeirri auknu þörf í samgönguáætluninni. Meiri hluti vegafjár fer til stofnkostnaðar og þá helst til framkvæmda í grunnneti en í því eru 13 flugvellir, 40 hafnir og um 5.200 km af vegakerfinu og þar af er fjárfestingarþörfin langmest í vegunum eins og fram hefur komið fyrr. Grunnnet vega fær þannig stóra sneið af kökunni en dugir þó ekki til. Engu að síður nást margir góðir áfangar á áætlunartímabilinu og verða nefndir nokkrir þeirra síðar.

Framkvæmdamarkmið vegamála eru m.a. að:

Byggja upp grunnnet stofn- og tengivega sem skilgreint er í samgönguáætlun með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi.

Endurbyggja og breikka einbreiða kafla með bundnu slitlagi með umferð yfir 400 bíla ÁDU (ÁrsDagsUmferð – meðalumferð á dag yfir árið) þar sem bundið slitlag var lagt á gamla vegarkafla án endurbóta og reynst hafa hættulegir, svo og kafla þar sem vegferill er ónothæfur.

Breikka vegi þar sem umferð er svo mikil að flutningsgeta og umferðaröryggi verða vandamál.

Grafa jarðgöng í samræmi við jarðgangaáætlun.

Útrýma einbreiðum brúm á vegum með yfir 200 bíla ÁDU.

Lagfæra vegi á hættulegum stöðum í samræmi við sérstaka áætlun í tengslum við umferðaröryggisáætlunina.

Hefja endurbætur á helstu landsvegum. Markmið endurbótanna sé að koma þessum vegum í „gott horf“ samkvæmt nánari skilgreiningu, en landsvegir eru m.a. hálendisvegirnir fjórir.

Girða meðfram vegum með umferð yfir 300 bíla ÁDU þannig að þar verði unnt að banna lausagöngu búfjár.

Byggja eða endurbæta vegi og brýr á höfuðborgarsvæðinu í þeim mæli að umferðarástand verði sem best.

Hér verða nefndir stærstu áfangar sem nást í vegagerð á áætlunartímabilinu. Lokið verður við veg um Hornafjarðarfljót, Lyngdalsheiði, Bræðratungu milli Reykholts og Flúða í Árnessýslu á fyrsta tímabili. Suðurlandsvegur milli Selfoss og Reykjavíkur verður breikkaður og aksturssstefnur aðskildar á fyrsta tímabili. Lokið verður við tvöföldun Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar, Vesturlandsvegur milli Reykjavíkur og Borgarness verður breikkaður og aksturssstefnur aðskildar á fyrsta og öðru tímabili. Á áætlunartímabilinu verða byggðakjarnar á Vestfjörðum tengdir við hringveginn með bundnu slitlagi. Hér er um gríðarlega stórt verkefni að ræða. Gerð verður brú á Djúpveg yfir Mjóafjörð og gerður vegur um Arnkötludal milli Króksfjarðar og Steingrímsfjarðar á fyrsta tímabili. Á þriðja tímabili verður lokið við gerð nýs vegar yfir Dynjandisheiði. Unnið verður að breikkun brúa á Norðvestur- og Norðausturkjördæmi á áætlunartímabilinu, þá verður byggð ný brú á Jökulsá á Fjöllum á öðru tímabili. Unnið verður að tengingu byggðakjarna á Norðausturlandi við hringveginn allt tímabilið og í lok tímans verður kominn vegur með bundnu slitlagi til þéttbýlisstaðanna í Norður-Þingeyjarsýslu en nokkru fyrr til Vopnafjarðar eða á fyrsta tímabili. Gerð verður ný brú yfir Lagarfljót á öðru tímabili.

Hér hefur aðeins verið minnst á nokkra stóra áfanga. Þess ber að geta að áætlaður kostnaður við sum þessara verkefna hefur aukist mikið frá því að langtímaáætlun í

vegagerð var sett fram. Þessu valda einkum meiri kröfur til þessara vega og einnig val á betri og dýrari lausnum en áður. Breidd þessara vega er aukin frá 6,5 metrum í 7,5 eða jafnvel 8,5 metra vegna aukins umferðarhraða á bundnu slitlagi.

Af öðrum stórum áföngum ber að nefna jarðgöng. Hér verður sú meginháttarbreyting að unnið verður samtímis að gerð tvennra jarðganga á hverju áætlunartímabili í stað einna. Þannig verður unnið að gerð jarðganga milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar annars vegar og um Óshlíð, milli Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar, hins vegar á fyrsta tímabili. Samtímis verður unnið að rannsóknum, hönnun og öðrum undirbúningi vegna jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og Eskifjarðar og Norðfjarðar. Norðfjarðargöng verða boðin út árið 2009 og Arnarfjarðargöng verða boðin út þannig að hefja megi framkvæmdir strax að lokum framkvæmdum við Óshlíðargöng. Á öðru og þriðja tímabili eru fyrirhuguð jarðgöng um Lónsheiði og önnur göng sem ekki hafa verið ákveðin hver verða.

Í samgönguáætlun er enn fremur gert ráð fyrir jarðgöngum undir Vaðlaheiði sem einkaframkvæmd. Er í því sambandi miðað við þær heimildir sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til nýrra vegalaga, samanber 17. gr. þess frumvarps. Vegna hugmynda um önnur jarðgöng er á áætlunartímabilinu gert ráð fyrir að unnið verði að frumrannsóknum og áætlunum vegna jarðganga á höfuðborgarsvæðinu, til Vopnafjarðar og á Miðausturlandi. Á höfuðborgarsvæðinu verður unnið að gerð Sundabrautar, mislægra gatnamóta, svo sem Kringlumýrarbrautar/Miklubrautar og mislægra gatnamóta á Reykjanesbraut, í Kópavogi, Garðabæ og í Hafnarfirði. Því er ljóst að lokið verður við mörg brýn verkefni er öll miða að því að greiða fyrir hinni miklu og sívaxandi umferð á höfuðborgarsvæðinu og jafnframt að stuðla að slysalausri umferð.

Það er von mín að með þessum áföngum og öðrum sem nást á tímabilinu munu samgöngur stórbatna víða um land. Í sumum tilvikum er um byltingu að ræða og veldur þar straumhvörfum aukin áhersla á jarðgangaframkvæmdir, en auk þess má ætla að umferðaröryggi aukist mjög verulega á umferðarþyngstu vegunum út frá höfuðborginni.

Hálendisvegir sem eru í umsjá Vegagerðarinnar teljast til landsvega og hefur þeim verið sinnt eftir því sem fjármagn hefur leyft á hverjum tíma. Í fyrstu samgönguáætlun 2003–2014 var það nýmæli að fjórir hálendisvegir, Kaldidalur, Kjölur, Sprengisandur og Fjallabaksleið nyrðri voru flokkaðir með vegum í grunnneti og þannig settir í forgang. Nú er sett það markmið að þeim vegum verði komið í allgott horf og þeir síðan lagðir bundnu slitlagi eftir atvikum. Ljóst er að ekki er sjálfgefið að allir þessir vegir verði eins úr garði gerðir en lengd þeirra er um 500 kílómetrar og kostnaður við að fullnægja markmiðum hefur verið metinn lauslega á 12–13 milljarða kr.

Við mat á umhverfisáhrifum samgönguáætlunar varð það niðurstaða sérfræðihóps að víðtæk almenn umræða þurfi að fara fram í þjóðfélaginu um nýtingu hálendisins áður en endanleg afstaða verður tekin um gerð hálendisveganna. Helstu fyrirvarar umhverfisskýrslunnar voru einmitt við hálendisvegina. Tryggð er lágmarksfjárveiting til að vinna þetta verkefni sem skiptir ferðaþjónustuna mjög miklu máli.

Verkefnum utan grunnnetsins verður sinnt áfram og reyndar mun betur en verið hefur. Í því sambandi má nefna að frá og með öðru ári á fyrsta tímabili eru fjárveitingar til tengivega hafna tvöfaldaðar í áætluninni og mun það leiða til verulegs átaks við endurbyggingu tengivega.

Virðulegur forseti. Tillaga þessi til þingsályktunar, sem ég hef mælt fyrir á grundvelli laga um samgönguáætlun, fela í sér mörg nýmæli en eru til marks um að með þeim framkvæmdum sem í þeim felast munu margir stórir áfangar nást. Í hnotskurn má segja þetta: Sett er fram heildstæð stefna og skýr markmið til næstu 12 ára í öllum greinum samgangna. Sett er fram metnaðarfull áætlun um ráðstöfun fjármuna til samgöngumála næstu 12 árin í þremur fjögurra ára tímabilum. Áætlunin gefur skýra og heildstæða sýn á samgöngumál og setur flugmál, siglingamál og vegamál í samhengi m.a. með því að skilgreina grunnnet samgangna. Vinnubrögð við áætlanagerð þessa hafa þegar stuðlað að stóraukinni samvinnu þeirra sem að samgöngumálum koma og þá ekki síst með samvinnu við notendur með samgönguþingi sem og með meiri og nánari samvinnu milli stofnana samgöngumála.

Með þeim áætlunum sem liggja fyrir Alþingi til afgreiðslu er hugsað stórt og hugsað er til framtíðar. Gert er ráð fyrir meiri og dýrari framkvæmdum en nokkru sinni fyrr og við gerum ráð fyrir að í lok áætlunartímabilsins fullnægi samgöngukerfi þjóðarinnar í öllum meginatriðum þegnum landsins. Með samgönguáætlun þessari er sannarlega stefnt að því að lyfta grettistaki í samgöngumálum þjóðarinnar.

Virðulegur forseti. Ég hef mælt fyrir þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir tímabilið 2007–2018. Ég legg til að tillögunni verði að lokinni umræðu vísað til síðari umr. og hv. samgöngunefndar.

[12:12]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú samgönguáætlun sem hæstv. samgönguráðherra hefur flutt fram er mikil vexti og hún snýst um mikla peninga. Mitt andsvar snýst um trúverðugleika þessarar samgönguáætlunar með vísan til þess sem gerst hefur áður að við höfum séð stórar og miklar tölur settar fram á kosningaárum eins og nú er, sem síðan hefur ekki verið staðið við og þær verið felldar niður.

Með tilliti til þess að hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, hefur sagt að pláss sé fyrir tvö eða þrjú álver, Straumsvík og Helguvík á næstu árum, þ.e. á sama tíma og áætlunin sem við erum að ræða, 2007–2010, þá er spurning mín til hæstv. ráðherra:

Ef framkvæmdir fara í gang í Straumsvík og Helguvík, mun þá vera hægt að treysta því að staðið verði við þessa samgönguáætlun fyrir sama tímabil eða verður framkvæmdum aftur frestað?

[12:13]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þjóðin þekkir það að ríkisstjórnin hefur lagt ríka áherslu á uppbyggingu í samfélaginu og lagt ríka áherslu á að efla efnahag okkar Íslendinga. Árangur og

afrakstur þessa mikilvæga starfs birtist í dag með því að við erum miklu betur í stakk búin en nokkru sinni fyrr til þess að takast á við það mikilvæga verkefni sem uppbygging samgöngukerfisins er.

Ég tel að það sé engin ástæða fyrir hv. þingmann til að efast um trúverðugleika. Við höfum tekið ákvarðanir alveg án þess að hika um frestun framkvæmda. Nú tel ég að samgöngumálin eigi að vera og verði í forgangi á þessu tímabili og ég tel að það sé í þágu þjóðarinnar.

[12:14]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég spyr er sú að þegar farið er tvö ár aftur í tímann í andsvar sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson átti við hæstv. samgönguráðherra, Sturlu Böðvarsson, en hv. þingmaður spurði hvort það væri skynsamlegt að hægja á framkvæmdum í samgöngumannvirkjum, þá svaraði núverandi hæstv. samgönguráðherra því að það væri eðlilegt að ríkisstjórnin hefði tekið tillit til uppbyggingar orkufreks iðnaðar og annars slíks, og því þyrfti með tilliti til efnahagslífsins að skera niður framkvæmdir. Sem ríkisstjórnin gerði svo eftirminnilega.

Þess vegna er spurt: Verður einhver munur á þeim orkufreka iðnaði sem ríkisstjórnin hyggst fara fram í núna, með Straumsvík eða Helguvík, ef af verður, með tilliti til efnda á þessari samgönguáætlun? Hver er munurinn á því sem hæstv. samgönguráðherra sagði fyrir tveimur árum og á því sem hæstv. samgönguráðherra segir núna um stóriðjuframkvæmdir og efndir samgönguáætlunar? Þá taldi hann eðlilegt að skera niður samgönguframkvæmdir vegna framkvæmda í stóriðju í svari við andsvari við hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Hvað hefur breyst?

[12:15]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og við þekkjum hafa verið í gangi á Austurlandi, í kjördæmi hv. þingmanns, stærstu og mestu framkvæmdir Íslandssögunnar. Ekki eru í augsýn nokkrar framkvæmdir á sviði stóriðju sem jafnast á við þær framkvæmdir sem hafa verið á Austurlandi.

Ég sé því ekki nokkra minnstu ástæðu, nema sú hætta væri yfirvofandi að Samfylkingin kæmist til valda, til að framkvæmdum í samgöngumálum yrði frestað. Engar efnahagslegar forsendur blasa við sem benda til þess að við ættum ekki að geta haldið þessari áætlun úti nema það að Samfylkingin auki áhrif sín í þjóðfélaginu.

[12:16]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sjálfstæðisflokkurinn er þekktur að einu umfram öllu öðru, þ.e. að svíkja loforð sín í samgöngumálum, svíkja stóru kosningaloforðin og nota samgönguáætlun sem kosningabrellu korteri fyrir kosningar; skera síðan allt heila bixið niður og svíkja stóru orðin, svíkja stóru verkefnin og það þekkjum við öll.

Ég spyr því hæstv. ráðherra sérstaklega um eitt stærsta loforðið hér, sem ég vona að sé ekki kosningabrella Sjálfstæðisflokksins, en það er að tvöfalda eigi Suðurlandsveg og reyndar Vesturlandsveg líka. Í áætluninni stendur ekki einu orði að tvöfalda eigi veginn heldur eigi að breikka og aðskilja akstursstefnur. Þetta er ákaflega loðin og losaraleg útfærsla. Ég spyr hæstv. samgönguráðherra: Á einu sinni enn að svíkja stærstu kosningaloforðin með losaralegu og loðnu orðavali? Af hverju stendur ekki skýrum stöfum í áætluninni að fara eigi í þessar framkvæmdir tveir plús tveir, þessar tvær meginleiðir eins og hæstv. ráðherra talar um og lætur túlka orð sín annars staðar?

[12:17]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg augljóst að hv. þingmaður hefur ekki kynnt sér áætlunina til fullnustu. Það kemur alveg skýrt fram að hann er afskaplega vel að sér um hvað kostar að endurbyggja Suðurlandsveginn. Það kemur fram í áætluninni. Það er gert ráð fyrir fjármunum inn í áætlunina á fyrstu tveimur tímabilunum til að tvöfalda Suðurlandsveg. Ef þingmaðurinn fer ofan í þetta áttar hann sig á því að hverju er stefnt í þeim efnum.

[12:18]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra um annað mál, sem er mjög stórt meginverkefni, en það er að hér er gert ráð fyrir að byggja höfn í Bakkafirði, verkefni líklega upp á 6–8 milljarða þegar upp er staðið. Hér er ekkert minnst á rannsóknir vegna gangagerðar til Vestmannaeyja, sem áætlað er að kosti 18–30 milljarða, allt eftir því hvernig á það er litið. Er það ekki óboðlegt að ganga þannig frá að hér sé verið að ákveða endanlega að fara eigi þennan samgöngukost sem varanlega framtíðarlausn í samgöngumálum Vestmannaeyja?

Er hæstv. samgönguráðherra að kveða upp dauðadóm yfir hugmyndunum um jarðgöng á milli lands og Eyja með því að minnast ekki orði á það í áætluninni og gera eingöngu ráð fyrir höfn í Bakkafjöru sem skuli lokið árið 2010? Þarf ekki fyrst að fara í jarðgangarannsóknir sem skera úr um það endanlega hvort göng séu mögulegur kostur tæknilega og fjárhagslega? Margir halda því fram að svo sé og enn er deilt um málið. Þurfum við ekki fyrst að ganga úr skugga um það, hæstv. ráðherra? Er hæstv. ráðherra að kveða upp dauðadóm yfir jarðgöngum til Eyja eða hvað gengur honum til með því að hér er ekkert minnst á hinn kostinn?

[12:19]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og hv. þingmaður þekkir voru samþykktar hér á Alþingi sérstakar fjárveitingar til rannsókna í Bakkafjöru, 200 millj. kr. Það var í samræmi við tillögur sem ég hafði lagt fram og voru byggðar á grunni tillagna sérstakrar nefndar sem fjallar um samgöngur við Eyjar. Fyrsti kostur þeirrar tillögu var að kanna Bakkafjöru. Algerlega er unnið eftir þeirri samþykkt. Alþingi samþykkti fjárveitingar til að fara í Bakkafjöru og kanna hvort sú leið er fær. Það mun liggja fyrir um miðjan marsmánuð og þá verður tekin ákvörðun um framhaldið. Allt bendir til þess að framkvæmdir séu mögulegar í Bakkafjöru og þá liggur fyrir samþykkt Alþingis, um að hefja hönnun og undirbún-

ing að framkvæmdum við Bakkafjöru. Spurningunni er því þegar svarað.

[12:20]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. samgönguráðherra er mikill brandarakarl. Hann lætur eins og hann sé alveg nýkominn í samgönguráðuneytið og nú skuli framtíðin blasa við. Hann leggur áherslu á stórframkvæmdir í vega- og samgöngumálum. Hvað hefur hæstv. samgönguráðherra setið lengi í samgönguráðuneytinu? (**Gripið fram í:** Of lengi.) Hann er kannski búinn að gleyma því. Ég veit að þjóðin er þeirrar skoðunar að hann sé búinn að sitja þar allt of lengi. Hann er búinn að sitja þar í átta ár. Og hvað hefur hann skorið niður vegáætlun oft og mikið öll þessi átta ár? Skar hann ekki niður vegáætlun sem gilti fyrir sl. þrjú til fjögur ár milli 6 og 7 milljarða kr.? Skar hann ekki niður núna það sérstaka fé sem var verið að grobba sig af að ætti að ráðstafa af söluandvirði Símans til vegaframkvæmda á árinu 2007? Skar hann það ekki niður um liðlega 2 milljarða kr.? Hvernig eigum við nú að trúa honum? Vill hann ekki fara yfir fortíð sína, frú forseti?

[12:21]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega til marks um það sem gæti orðið ef hv. þm. Jón Bjarnason hefði einhver áhrif að hann hugsar mest um niðurskurð. Hann talar minna um það sem við höfum verið að gera, þessar stórkostlegu framkvæmdir um allt land, m.a. í kjördæmi hv. þingmanns — Þverárfjallsvegur, vegur í Djúpið til Ísafjarðar, ákvarðanir um Arnkötludal o.s.frv. Það mætti halda að þingmaðurinn hafi ekki komið í kjördæmi sitt í háa herrans tíð.

Hv. þingmaður má gera athugasemdir við það að ég hafi mikinn metnað og hafi uppi stór orð um samgöngumál. Ef hann getur ekki fylgt mér í þeim áformum verður svo að vera. Ég hika hins vegar ekki við að leggja fram metnaðarfullar áætlanir og koma þeim í framkvæmd. (**Gripið fram í:** Hvað segir Halldór Blöndal um það?)

[12:22]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra bað mig ekki álits þegar hann frestaði vegaframkvæmdum á Vestfjörðum í sumar. Hæstv. ráðherra spurði mig ekki álits þegar hann skar niður framkvæmdir á símapeningum til vegaframkvæmda á árinu 2007 um liðlega 2 milljarða kr. Ég er á þeirri skoðun að þjóðin sé orðin fullsödd á hæstv. ráðherra og þessi átta ár séu nóg pína í samgöngumálum fyrir þjóðina.

Árið 2006 var slappasta ár um árabil í vegaframkvæmdum í landinu. En nú á að grípa til einkaframkvæmda. Bjóða út og afhenda fyrirtækjum og einstaklingum vegi til uppbyggingar og til að taka gjald af. Ég minni á skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem hæstv. ráðherra lét sjálfur vinna en fer ákaflega leynt með, þar sem varað er við þeirri aðferð að ana út í einkaframkvæmdir í vegamálum að óathuguðu máli. Þar er bent á að ríkið sé miklu öflugri og sterkari aðili til vegaframkvæmda en einhver blind trú á einkavæðingu sem nú á að bjarga lélegri frammistöðu ráðherrans í þeim efnum.

[12:23]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú er kominn upp alvarlegur klofningur í Vinstri grænum. Sem betur fer, og ég fagnaði því á sínum tíma, markaði þáverandi ráðherra samgöngumála, Steingrímur J. Sigfússon, línuna um einkaframkvæmdir. Hann fékk samþykkt lög og þingsályktunartillögu á Alþingi um að grafa Hvalfjarðargöngin og leyfa einkaaðila að sjá um þá framkvæmd og innheimta gjald af hverjum einasta sem fór um göngin. Steingrímur J. Sigfússon er upphafsmaður einkaframkvæmda á Íslandi og ég hef fagnað því.

[12:24]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Sjálfstæðisflokkurinn hefur stýrt samgönguráðuneytinu í 16 ár. Ef mig brestur ekki minni hefur hæstv. ráðherra, Sturla Böðvarsson, setið þar í tólf ár en ekki átta. (Gripið fram í.) Átta eru það, allt í lagi. En flokkurinn hans hefur stýrt því í 16 ár á einhverjum mestu uppgangs- og þenslutímum í íslensku efnahagslífi. Sú þensla hefur hins vegar ekki verið í samgöngumálum.

En nú skulum við horfa til framtíðar. Næstu tólf ár eru hér undir og meðal þess sem talað er um í áætluninni er jarðgangagerð. Það er gott og vel en eins og annað í tíð þessarar ríkisstjórnar á sú jarðgangagerð ekki að fara fram neins staðar annars staðar en í landsbyggðarkjördæmum þó það sé vitað að þörfin er einna mest á suðvesturhorninu. Það er búið að slá Öskjuhlíðargöngin út af borðinu. Þau eru ekki inni á áætlun næstu tólf ár, til 2018. Hverju sætir það, frú forseti? Hvernig getur samgönguráðherra, sem hyggst af alvöru gera áætlun til framtíðar, látið höfuðborgarsvæðið algerlega mæta afgangi og nú er ég bara að tala um jarðgöngin.

[12:25]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Forseti vill að þingmenn gefi ræðumönnum hljóð.

[12:26]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki rétt að ekki sé gert ráð fyrir jarðgöngum í áætluninni á höfuðborgarsvæðinu. Á þriðja tímabili áætlunarinnar er sérstök fjárveiting þar sem gert er ráð fyrir að jarðgöng komi í Öskjuhlíð. Með sama hætti er gert ráð fyrir þeim möguleika, ef hagkvæmt reynist, að jarðgöng verði á Sundabraut. Sundabrautin er eitt allra stærsta verkefnið í þessari áætlun þannig að það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að það sé þannig. Fyrir nú utan það, fyrir þá hv. þingmenn sem hafa tekið upp reiknivélina sína, er það svo, og það ættu þingmenn að heyra, að í þessari áætlun gengur hæsta hlutfallið, ef skipt er eftir kjördæmum, til höfuðborgarsvæðisins af heildarfjárveitingu til einstakra kjördæma. Það er m.a. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sundabraut og fyrirhugaðra jarðganga í Öskjuhlíð.

[12:27]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er vissulega rétt að í langtímaáætluninni

stendur að huga eigi að eða hugsanlega hefja undirbúning að Öskjuhlíðargöngum undir lok þessa tímabils, eftir áratug eða svo. Gott og vel.

En það er gott að hæstv. samgönguráðherra minntist á Sundabrautina af því að framtíð hennar er í algerri óvissu. Lengi hélt ég að það væru þeir sem stjórnuðu í Reykjavík sem þvældust fyrir ráðherranum í þeirri fyrirætlan allri, og oft lét hann í það skína í þingsölum. En nú er kominn meiri hluti þar sem er samgönguráðherra væntanlega þóknanlegur. Nú hefur sá meiri hluti reyndar tekið upp stefnu Samfylkingarinnar um að best sé að koma Sundabrautinni fyrir í jarðgöngum. Öll sú áætlun er í fullkominni óvissu hér. Ef ég hef skilið þetta plagg rétt mun Sundabraut enda uppi í Geldinganesi og enginn veit hvert hún fer þaðan. Á að leggja hana hálfa leið, frú forseti? Hvað ætlast samgönguráðherra fyrir um þá vegalagningu? Hvenær mun hún hefjast? Hvernig mun hún verða fjármögnuð? Og hvert eiga göngin að liggja? Hálfa leið kannski.

[12:28]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hélt að ég kæmist hjá því í dag að nefna R-listann en það er óhjákvæmilegt úr því að hv. þingmaður talar eins og hún gerir. Í áætluninni er gert ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við Sundabraut, fullfjármögnuð áætlun alla leið, ekki hálfa leið. Ástæðan fyrir því að við erum enn þá að vinna að undirbúningi vegna Sundabrautar er sú að fallið var frá því að leggja jarðgöng í umhverfismati á sínum tíma. Það var á vegum R-listans. Nú varð niðurstaðan hins vegar sú að skoða þann kost og það er verið að því. Ég vona að það geti orðið í góðu samstarfi við alla borgarfulltrúa í Reykjavík að taka ákvörðun þegar umhverfismatinu lýkur í haust því þetta er mikil vinna. Það kæmi mér ekki á óvart þótt niðurstaðan yrði sú að jarðgangakosturinn yrði valinn. Ný Sundabraut með jarðgöngum og síðan vegi og brú upp á Kjalarnes. Áætlunin gerir ráð fyrir þeim kosti.

[12:30]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Hér eru lagðar fram í þinginu tvær samgönguáætlanir, annars vegar til 12 ára og hins vegar til fjögurra ára, sem eru miklar að vöxtum og gera ráð fyrir verulega auknum framlögum til samgöngumála, bæði til lengri og skemmri tíma. Áður en ég fer efnislega frekar út í þetta mál vil ég vekja athygli á því að það er aðeins mánuður eftir af þinginu þegar langtímaáætlun í samgöngumálum er lögð fram og eins og ég sagði er hún mikil að vöxtum. Þær báðar samanlagt eru um 310 blaðsíður og þingmönnum eru gefnir tveir dagar til að skoða þessar áætlanir áður en þeir fara í umræður um þær í þingsal. Ég hlýt að gagnrýna þessi vinnubrögð hæstv. samgönguráðherra og ríkisstjórnar og hefði talið að áætlanirnar hefðu átt að koma fram fyrir áramót og hefðu átt að liggja fyrir þegar fjárlög ársins voru rædd og afgreidd þannig að hægt hefði verið að skoða framlög til vegamála á fjárlögum þessa árs í ljósi samgönguáætlunar. En, virðulegur forseti, sú varð ekki raunin og okkur gefast tveir dagar og 15 mínútur til að fara yfir þessar 310 blaðsíður sem hér eru undir og sjálfsagt búið að liggja lengi yfir í ráðuneytinu.

Ég sagði að áætlanirnar væru miklar að vöxtum og þær gera ráð fyrir verulega auknum framlögum til samgöngumála, bæði til lengri og skemmri tíma. Í heildina sýnist mér um að ræða langtímaáætlun upp á ríflega 380 milljarða og það er um 140 milljarða hækkun frá síðustu langtímaáætlun sem samþykkt var á þinginu 2003. Það varpar auðvitað ljósi á þau gríðarlegu verkefni sem bíða okkar í samgöngumálum og hversu langt við erum frá því að eiga nútímalegt samgöngukerfi í landinu. Ég tel mjög brýnt að ráðast í verulegar umbætur og ég tel raunar eitt stærsta fjárfestingarverkefni ríkisins á komandi árum að byggja upp samgöngukerfi landsmanna. Verkefnið er hins vegar risavaxið á mælikvarða opinberra framkvæmda og mikilvægt að skapa rými í hagkerfinu þannig að hægt verði að ráðast í það.

Það er ljóst að markaðir tekjustofnar til samgöngumála duga ekki til að standa undir þeim framkvæmdum sem ráðast þarf í. Annars vegar þurfa að koma veruleg framlög beint úr ríkissjóði á fjárlögum til að hægt verði að hrinda átakinu í framkvæmd og hins vegar þarf að leita nýrra leiða til að fjármagna einstakar framkvæmdir, m.a. í gegnum einkaframkvæmd þar sem það á við.

Ég tel ljóst af langtímaáætluninni og eins þeirri til næstu fjögurra ára að ríkisstjórnin sjái verulegt borð fyrir báru í fjárlögum komandi ára. Ef marka má langtímaáætlunina eru þarna um 40–50 milljarðar á hverju fjögurra ára tímabili sem eiga að koma úr ríkissjóði til samgöngumála. Það er mikilvægt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að vita í aðdraganda kosninga að svo mikið svigrúm sé í ríkisfjármálunum að það sé rými fyrir 40–50 milljarða á hverju fjögurra ára tímabili í vegaframkvæmdirnar bara einar og sér. Við munum auðvitað taka mið af því í vinnu okkar. Þetta varpar, eins og ég sagði, ljósi á það hversu mikið þetta verkefni er og ástæðan er auðvitað sú að það hefur verið vanrækt. Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með samgöngumálin í 16 ár og á þessum 16 árum hefur ekki verið haldið þannig á málum í samgöngukerfi okkar að við séum komin inn í nútímann í samgöngumálum. Það nægir að nefna í því sambandi, virðulegur forseti, að framlög til vegamála á milli áranna 2003 og 2006 voru t.d. skorin niður um 20% á sama tíma og tekjur af umferðinni jukust um 40%. Framlögin til viðhalds á vegum stóðu í stað á milli tveggja síðustu fjögurra ára áætlana þannig að hvorki hefur verið ráðist í þær fjárfestingar né þau viðhaldsverkefni sem hefði þurft.

Það eru mikilvæg verkefni alls staðar á landinu í þessum efnum enda allflestar stofnbrautir landsins byggðar um og upp úr 1980 og hönnun burðarlags þeirra miðaðist við að vegirnir mundu endast í um það bil 20 ár. Sá tími er nú víðast liðinn og umferð um vegina mun meiri og þyngri en gert var ráð fyrir. Eins og við vitum hafa flutningarnir færst í mjög auknum mæli út á vegina á undanförnum árum sem hefur auðvitað gert það enn brýnna að standa vel að viðhaldsverkum sem ekki hefur verið gert, samanber það sem ég sagði áðan.

Nú er svo komið að vegirnir þola ekki lengur umferðina sem á þeim er. Skert burðarþol, einbreiðar brýr og ónóg vegbreidd eru meðal þess sem skapa stöðuga hættu fyrir vegfarendur. Víða um landið kemst fólkið hvorki um innan svæða né frá svæðum til höfuðborgarinnar án þess að aka á malarvegum, svo sem á Vestfjörðum og Norðausturlandi,

og erfiðir fjallvegir hamla því að hægt sé að tengja saman byggðarlög um einn þjónustukjarna. Lengi hefur verið talað um það sem eina af mikilvægustu aðgerðunum í byggðamálum að byggja upp þjónustukjarna um landið en forsenda þess að þjónustukjarni geti byggst upp er að samgöngur til þessara kjarna séu greiðar. Í þessu sambandi nægir að minnast á það að norður- og suðurfirðir Vestfjarða eru t.d. sambandslausir mikinn hluta ársins. Meðan svo er er auðvitað borin von að Vestfirðir verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði og að Ísafjörður geti gegnt hlutverki sínu sem byggðakjarni á svæðinu.

Við hittum forustumenn sveitarfélaganna á Vestfjörðum á fundi í gær og þar kom m.a. fram að hringtengingu sem þeir leggja mikla áherslu á að verði lokið á næsta kjörtímabili verður ekki lokið á því tímabili og engin göng eru heldur á því tímabili milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar sem er auðvitað mikilvæg samgöngubót til að tengja saman þessi svæði.

Á Norðurlandi og Miðausturlandi hamla samgöngur líka gegn því að hægt sé að byggja upp samfelld byggðasvæði sem geta sameinast um mikilvægar þjónustustofnanir og atvinnuúrræði. Talað er um að Vaðlaheiðargöng fari í einkaframkvæmd og við skulum gefa okkur það en þau eru mjög mikilvæg til að tengja saman Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur, og göng á Miðausturlandi eru forsenda þess að mikil uppbygging á Eskifirði, Reyðarfirði og Egilsstöðum gagnist svæðinu öllu. Meðan Norðfjarðargöng eru ekki komin geta þjónustustofnanir á Norðfirði, svo sem sjúkrahús og framhaldsskóli, tæpast þjónað öllu svæðinu svo að dæmi sé tekið. Norðfjarðargöng eru ekki á næsta fjögurra ára tímabili, heldur tímabilinu þar á eftir.

Ég held líka að úr því að farið var í þessa miklu uppbyggingu á Miðausturlandi þyrfti fleira að fylgja með. Það er ekki hægt að dæma um hvort sú mikla aðgerð sem felst í uppbyggingu stóriðju álvera á Miðausturlandi tekst, það verður ekki hægt að dæma um það fyrr en á reynir og fyrr en menn sjá hvernig þetta svæði getur allt tengst innbyrðis.

Á höfuðborgarsvæðinu anna helstu stofnbrautir ekki þeirri miklu umferð sem hér er og er brýnt að ráðast í framkvæmdir á nýjum stofnbrautum sem fjölga leiðum til og frá höfuðborgarsvæðinu. Þar nægir að nefna Sundabraut og Öskjuhlíðargöng sem ekki eru á langtímaáætlun þó að hér séu einhverjir fjármunir ætlaðir til undirbúningsvinnu. Það er eitt en sjálf göngin eru alls ekki á langtímaáætlun til næstu 12 ára.

Tvöföldun Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar auk Reykjanesbrautar er gríðarlega mikilvægt mál og það verður að segja það eins og það er að bæði áætlunin sjálf og ummæli samgönguráðherra orka eins og vefrétt um þessi mál, þ.e. samgönguráðherra lætur liggja á milli hluta hvort hann er að tala um tvöföldun eða 2+1 á Suðurlandsvegi.

Í langtímaáætluninni segir, virðulegur forseti, að góðar samgöngur hafi verið meginforsenda framfara á undanförnum áratugum. Það má eins snúa þessu við og segja að skortur á góðum samgöngum hafi orsakað hnignun byggðarlaga og fólksfækkun víða um land. Fólk hefur einfaldlega gefist upp á að bíða eftir samgöngubótum og hvað sem öllum byggðaáætlunum stjórnvalda og góðum hugmyndum heimamanna um uppbyggingu líður eru svæði sem ekki eru vel tengd innbyrðis eða við höfuðborgarsvæði einfaldlega ekki samkeppnishæf þegar kemur að því að laða til sín fólk og fyrirtæki. Fólk vill nefnilega framför, ekki afturför. Fyrirtæki þurfa að vera trygg með að ná í aðföng og koma frá sér framleiðsluvörum á öruggan og skjótan hátt og fólk þarf að geta sótt í þá þjónustu á skjótan og öruggan hátt sem við öll gerum kröfu til í nútímasamfélagi. Órækasti vitnisburðurinn um þetta sem ég er að segja núna, að skortur á samgöngum hafi orsakað hnignun byggðarlaga og fólksfækkun, er að við sjáum að þar sem samgöngur eru verstar, á Vestfjörðum og Norðausturlandi, hefur einmitt fólksfækkunin verið mest og byggðunum blætt út.

Virðulegur forseti. Ég held að við þurfum að nálgast samgöngumálin á svolítið nýjan hátt. Við eigum að nálgast samgöngur sem velferðarmál, öryggismál, atvinnumál, umhverfismál og byggðamál og ég er þeirrar skoðunar að eitt af brýnustu velferðarverkefnum 21. aldar sé að byggja upp verulega góðar samgöngur. Ég held að það sé ágætt markmið sem birtist í þessari langtímaáætlun, að það eigi að vera þriggja klukkustunda ferð að jafnaði til höfuðborgarinnar og að fólk eigi ekki að þurfa að sækja nema eina klukkustund í þjónustu sem það þarf á að halda. Ég get tekið undir það sem markmið. En ég sé ekki alveg hvernig það markmið á að verða að veruleika samkvæmt þessari áætlun.

Virðulegur forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil bara rétt hlaupa hér á og hefði auðvitað þurft lengri tíma til þess. Það eru í fyrsta lagi almenningssamgöngur. Ég verð að játa að mér finnst heldur þunnur þrettándi í þessari áætlun allt sem lýtur að almenningssamgöngum og ég tek eftir því að það er búið að taka út eitt af markmiðum samgönguáætlunar frá síðustu áætlun sem samþykkt var hér 2003. Þá stóð að almenningssamgöngur í þéttbýli yrðu efldar. Nú er ekkert slíkt sem eitthvert meginmarkmið hér, heldur er talað um að taka upp samráð við sveitarfélögin um fyrirkomulag og kostnað við almenningssamgöngur í þéttbýli. Það lofar ekki góðu, virðulegur forseti. Við lögðum til í þinginu í vetur að felldir yrðu niður tollarnir af vögnunum sem keyptir yrðu til almenningssamgangna á þéttbýlisstöðum. Sú tillaga var felld þannig að ég fæ ekki séð að það sé nein meining með því sem hér er sagt, enda er það allt saman mjög óljóst.

Ég vil líka nefna það sem segir um loftmengun. Það er líka mjög óljóst. Það segir bara að loftmengun af völdum umferðar verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er og mið tekið af Evrópustöðlum. Þetta segir ekkert, virðulegur forseti. Til hvaða aðgerða á að grípa? Það er talað um að þvo göturnar. Það sögðu sjálfstæðismenn líka fyrir kosningar. Ég hef ekki orðið vör við að þeir þvoi sérstaklega göturnar í borginni eða að svifrykið hafi eitthvað minnkað. Þvert á móti. Það hefur jafnvel aldrei verið meira en það er núna.

Eitt af því sem talað hefur verið um sem aðgerð er að setja staðbundnar reglur um notkun á nagladekkjum. Mér er alveg ljóst að það er ekki hægt að setja almenna reglu fyrir landið allt vegna þess að víða um land verður fólk auðvitað að aka á nöglum. En það var líka eitt af því sem umhverfisnefnd Reykjavíkurborgar lagði til á sínum tíma, að settar yrðu slíkar staðbundnar reglur en það verður að vera lagastoð fyrir því. Hún er ekki til staðar og mér sýnist ekkert benda til þess að það eigi að gera neitt í því.

Hjólastígar, virðulegur forseti. Það er afskaplega lítið sem segir um þá hluti. Það segir bara: Stefnt skal að því að breyta vegalögum í þá átt að ríkinu verði heimilað að taka þátt í gerð hjóla- og göngustíga meðfram stofnbrautum í þéttbýli og meðfram umferðarmestu þjóðvegunum í dreifbýli til jafns við reiðvegi. Þetta er nokkuð sem menn eiga ekkert að stefna að. Menn eiga bara að segja að þeir ætli að gera þetta. Til þess hafa þeir framkvæmdarvaldið, að koma fram með mjög skýr markmið um hvað þeir ætla sér.

Tími minn er nú að verða búinn. Maður hefur ekki langan tíma til að ræða allt það mikla efni sem hér er undir en ég vil líka taka það fram að ég tel mikilvæga kröfu, og hún er orðuð aðeins í þessari áætlun, um að stofnbrautum í þéttbýli verði breytt þannig að ekki sé gerð sú krafa um rými í kringum slíkar stofnbrautir að þær taki til sín slíkt landflæmi sem raunin er í dag og gerir borgarumhverfið nánast óbyggilegt vegna þess að þær þurfa svo mikið helgunarrými. Ég tel mikilvægt að taka á því og eins hljóðvistarmálum sem varðar þetta.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég segja aðeins um samgöngumiðstöð sem 3 milljarðar kr. eru áætlaðir til við Reykjavíkurflugvöll. Ég tel viturlegra að leiða fyrst til lykta þá vinnu sem fer fram á vegum ráðuneytis og borgar um Reykjavíkurflugvöll og hefur það að markmiði að taka afstöðu til miðstöðvar innanlandsflugs í borginni. Það er mikilvægt að það verði gert hið fyrsta þannig að ekki verði ráðist í vanhugsaðar fjárfestingar sem ekki er líklegt að nýtist sem skyldi því að næg eru verkefnin samt sem við stöndum andspænis í samgöngumálum.

Virðulegur forseti. Ég er þeirrar skoðunar að auðvitað þurfi að ráðast í verulegar framkvæmdir í samgöngumálum og það verði verkefni nýrrar ríkisstjórnar að takast á við vanrækslusyndir ríkisstjórnarinnar á þessu sviði sem öðrum.

[12:45]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka þingmanni fyrir málefnalega ræðu. Ég heyri ekki betur en að skoðanir hennar falli í öllum aðalatriðum að þeim meginmarkmiðum sem ég set fram í þessari áætlun sem gerir ráð fyrir því að efla byggðirnar í landinu og bæta hag okkar með ódýrum og umhverfisvænum samgöngum.

Það voru nokkur atriði sem ég vildi nefna sérstaklega vegna þess sem kom fram. Í fyrsta lagi er í samgönguáætluninni sérstök fjárveiting upp á 800 millj. til þess að hefja framkvæmdir við jarðgöng við Öskjuhlíð á þriðja tímabili. Þetta er mál sem þarf langan aðdraganda og við teljum eðlilegt að það sé gert ráð fyrir því.

Í annan stað vil ég nefna að við gerum ráð fyrir því að bjóða út jarðgöngin til Neskaupstaðar á árinu 2009, sem sagt á fyrsta tímabili áætlunarinnar. Ég tek undir það með hv. þingmanni að það er geysilega mikilvæg framkvæmd til þess að styrkja atvinnusvæðið í kringum álverið og í Fjarðabyggðinni, þessari mjög svo vaxandi og blómlegu byggð sem nýtur nú ávaxtanna af ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu á þessu svæði.

Í þriðja lagi varðandi göng vil ég nefna það sérstaklega, eins og ég nefndi áður, að Sundagöngin eru hugsanlegur möguleiki. Sundabrautin er fullfjármögnuð í áætluninni. Það eru einir 20 milljarðar kr. í áætluninni þannig að valkostirnir verða fyrir hendi þegar búið er að taka ákvörðun um hvaða leið verður valin. Ég tek undir það með hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að það er verkefni með sama hætti og að tengja Norður- og Suðurfirði Vestfjarða sem við eigum að leggja ríka áherslu á og ég fagna afstöðu hennar til þeirra mála.

[12:47]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er í sjálfu sér ekki erfitt að sameinast um þau meginmarkmið í stórum dráttum sem birtast í þessari langtímaáætlun. Ég hygg að þingheimur allur geti í sjálfu sér gert það. Eitt er þó að hafa góð markmið og annað er síðan að gera þau að veruleika. Ríkisstjórnin hafði eflaust líka mjög góð markmið þegar hún lagði fram síðustu samgönguáætlun hér og Alþingi samþykkti hana. En það er ekki hægt að líta fram hjá því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft 16 ár til að vinna að þessum málum og ég geri alveg ráð fyrir því að samgönguráðherrum, bæði þeim sem nú situr og hinum fyrri, hafi gengið gott til og gjarnan viljað byggja upp samgöngur í landinu. En eins og alltaf er þegar menn hafa setið lengi ágerist andvaraleysið og sofandahátturinn með hverju tímabili sem líður. Það eru ekki ásetningssyndirnar sem eru verstar, heldur vanrækslusyndirnar og þær eru orðnar ansi miklar í þessum samgöngumálum.

Auðvitað hafa samgöngumálin, sérstaklega á síðasta kjörtímabili, liðið fyrir þær miklu framkvæmdir sem hér hafa verið bæði í virkjana- og stóriðjumálum. Þess er skemmst að minnast að á síðasta ári rankaði allt í einu ríkisstjórnin við sér og taldi nauðsynlegt að ráðast í einhverjar mótvægisaðgerðir eða slá á þensluna. Hvað gerði hún? Skar niður vegaframkvæmdir á Norðausturlandi og Vestfjörðum þar sem hagvöxtur hefur verið neikvæður um langt árabil, á sama tímabili og hann hefur verið líklega yfir 40% á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta eru vanrækslusyndirnar, virðulegi forseti, sem menn geta ekki komist fram hjá þó að þeir eflaust vilji vel og setji fram mjög jákvæð og ágæt markmið sem við getum sjálfsagt flest hver sameinast um.

[12:49]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé mikið öfugmæli hjá hv. þingmanni og formanni Samfylkingarinnar, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að andvaraleysi og sofandaháttur hafi ríkt í samgöngumálum. Á því tímabili sem við höfum fjallað um, m.a. því fjögurra ára tímabili sem við erum núna að endurskoða og svo leggja inn nýja áætlun um næstu 12 ár, höfum við fyrir okkur eitthvert mesta framkvæmdatímabil í sögunni í samgöngumálum. (Gripið fram í.) Ég veit ekki betur en að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi verið þátttakandi í því að hrinda af stað uppbyggingu í stóriðju. Það auðvitað blasti við öllum mönnum að þær umfangsmiklu framkvæmdir mundu hafa þau áhrif að við yrðum í þágu stöðugleikans að hægja á. Ég tók þátt í því sem samgönguráðherra að gera það, og þær ákvarðanir báru árangur. Núna er runninn upp nýr tími eftir þetta mikla

uppbyggingarskeið, tími þar sem við getum gert enn þá meira í samgöngumálum.

Aðeins varðandi það sem hv. þingmaður nefndi um hjóla- og göngustíga, hljóðvist o.fl. vil ég vísa til þess að við erum að breyta vegalögum þar sem einmitt er tekið á þessum málum. Þar er heimilað að taka m.a. göngustíga, undirgöng og hljóðvistaraðgerðir sérstaklega, það er skýrt kveðið á um þá þætti í vegalögum og við verðum að taka tillit til þess núna í endurskoðun samgönguáætlunarinnar að við kunnum að þurfa að taka meira tillit til hljóðvistaraðgerða inni í borginni og í sveitarfélögunum en við höfum áður þurft að gera. Á því er tekið með heimild í nýjum vegalögum sem vonandi verða samþykkt áður en þingið fer heim.

[12:51]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. samgönguráðherra sagði eins og rétt er að við hefðum á undanförnum árum verið í einu mesta framkvæmdatímabili sem hér hefur verið um langt skeið og að menn hefðu þurft að hægja á í nafni stöðugleikans. Það sagði hæstv. ráðherra, og að það hefðu þeir gert. Hann sagði líka að þessar aðgerðir hefðu borið árangur. Það er mikið öfugmæli, hæstv. ráðherra, að þær aðgerðir hafi borið árangur. Hér er auðvitað enginn stöðugleiki. Þessi niðurskurður á framkvæmdum um 4 milljarða á kjörtímabilinu í vegamálum í heildina og þessi niðurskurður um 1,1 milljarð á síðasta ári á Norðausturlandi og Norðvesturlandi var eins og kræsiber í helvíti, sú aðgerð, og kom bara niður á svæðum (**Gripið fram í:** Ekki gott ...) sem áttu enga aðild að þessari miklu uppbyggingu sem hér hefur verið, og hefur í rauninni verið að blæða út á undanförnum árum. Þarna báru menn niður.

Svo koma menn hér og segja: Það bar árangur. Jú, það bar þann árangur, ef menn vilja kalla það árangur, að þessi svæði búa enn við samgöngur sem eru engan veginn boðlegar í nútímasamfélagi.

Ráðherrann segir að nú renni upp nýr tími. Nýr tími rennur ekki upp ef menn ætla að halda áfram eins og boðað hefur verið af hálfu þessarar ríkisstjórnar í stóriðju- og virkjunarmálunum vegna þess að þó að Kárahnjúkavirkjun og álver á Austurlandi hafi verið stór aðgerð eru gríðarlegar framkvæmdir fram undan með stækkun á álverinu í Hafnarfirði, næstum þrefaldri, og uppbyggingu í Helguvík og þeim virkjunum sem því tengjast. Og það er aftur suðvesturhornið. Ekki verður það til hagsbóta fyrir þau byggðarlög sem hafa búið við neikvæðan hagvöxt á undanförnum árum og búa við versta samgöngukerfi í landinu.

Það er ekki að renna upp nýr tími ef þessi ríkisstjórn situr. Það þarf aðra ríkisstjórn til þess að hann renni upp.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:54]

[13:29]

**Útbýting:**

Störf á landsbyggðinni, 594. mál, fsp. BJJ, þskj. 891.
Störf á landsbyggðinni, 595. mál, fsp. BJJ, þskj. 892.
Störf á landsbyggðinni, 596. mál, fsp. BJJ, þskj. 893.
Störf á landsbyggðinni, 597. mál, fsp. BJJ, þskj. 894.
Störf á landsbyggðinni, 598. mál, fsp. BJJ, þskj. 895.
Störf á landsbyggðinni, 599. mál, fsp. BJJ, þskj. 896.
Störf á landsbyggðinni, 600. mál, fsp. BJJ, þskj. 897.
Störf á landsbyggðinni, 601. mál, fsp. BJJ, þskj. 898.
Störf á landsbyggðinni, 602. mál, fsp. BJJ, þskj. 899.
Störf á landsbyggðinni, 603. mál, fsp. BJJ, þskj. 900.
Störf á landsbyggðinni, 604. mál, fsp. BJJ, þskj. 901.
Störf á landsbyggðinni, 605. mál, fsp. BJJ, þskj. 902.
Störf á landsbyggðinni, 606. mál, fsp. BJJ, þskj. 903.
Þróunarsamvinna og þróunarhjálp, 417. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 847.

***Umræður utan dagskrár.***

Rannsókn á bankakostnaði og samkeppnishindrunum.

[13:29]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Þrjár viðamiklar skýrslur um banka- og lánamarkaðinn hér á landi og samanburð við hin Norðurlöndin kalla á nauðsyn þess að fram fari rannsókn á háum bankakostnaði og aðgangs- og samkeppnishindrunum á bankamarkaði. Okrið og græðgin í bankakerfinu er yfirgengilegt og hefur enn einu sinni birst þjóðinni í gífurlega háum þjónustugjöldum og vöxtum sem á síðasta ári námu 223 milljörðum króna og höfðu tvöfaldast frá árinu á undan.

Þetta er hvorki meira né minna en 80% af tekjum íslenska ríkisins á síðasta ári. Bankarnir hafa kverkatak á lántakendum og reyra þá í fjötra með því að setja þeim skilyrði um að vera í alls konar viðskiptum við þá til að fá hagstæð lán og ef viðkomandi ætlar að losa sig út úr viðskiptunum og greiða upp lánin eru þau sérstaklega skattlögð með háu uppgreiðslugjaldi.

Frá því að einkavæðing bankanna var innleidd árið 2003, þ.e. á fjórum árum, hafa þjónustutekjur bankanna hækkað um tæp 600%, og vaxtatekjur um 435%. Hagnaður bankanna hefur aukist úr rúmum 11 milljörðum í 165 milljarða, þ.e. um 1.416% frá einkavæðingunni. Full ástæða er til að láta líka fara fram rannsókn á sölu ríkisbankanna sem nánast voru gefnir bankakóngunum í krafti helmingaskiptareglu stjórnarflokkanna, sannarlega er um að ræða einkavinavæðingu, enda urðu nokkrir einkavinir stjórnarflokkanna milljarðamæringar af öllu saman. Og hvað græddu svo neytendur á þessu?

Vaxtaokrið er slíkt að vaxtamunur hefur aldrei verið hærri en eftir einkavæðinguna, um 13%, algengir vextir eru 17%, þ.e. 10% hærra en í nágrannalöndunum, og dráttarvextir hér hafa hækkað úr 17% í 25% meðan þeir eru t.d. 10% annars staðar á Norðurlöndunum.

Bankakostnaður, ýmis kostnaður, hefur frá einkavæðingunni vaxið um allt að 250% frá árinu 2002 og það í 18% verðbólgu. Kostnaður við hverja debetkortafærslu hefur aukist um 58% á þessum tíma, og greinilegt er þegar ýmis bankakostnaður er borinn saman milli bankanna að um augljósa samstillingu á verðlagningu er að ræða, ekki síst þegar

kemur að kostnaði við lánveitingar.

Í því sambandi verður að skoða greiðslukerfi bankanna og hvernig þeir nýta sameiginlegt tölvukerfi gegnum Reiknistofu bankanna og hlýtur það að vakna upp hvort sameiginleg starfræksla bankanna á henni sé ekki brot á samkeppnislögum og hvort að með þessu fyrirkomulagi þrífist ákveðinn samráðsvettvangur bankanna. Þarna koma forsvarsmenn bankanna allir að sama borði sem hlýtur að auðvelda þeim samstillingu og samráð um vexti og bankakostnað.

Samkeppniseftirlitið kallar á að þetta sé skoðað, en bankarnir hreyfa sig ekki í að breyta þessu. Ég spyr því ráðherrann hvort ekki sé ástæða til að setja lög til að brjóta upp sameiginlegt eignarhald bankanna á greiðslumiðlunarkerfinu, greiðslukortafyrirtækjum og notkun á sameiginlegu tölvukerfi gegnum Reiknistofu bankanna og að Reiknistofan verði færð undir Seðlabanka.

Full ástæða er líka til, í tengslum við þetta, að skoða hvort þeir misnoti markaðsráðandi stöðu sína í ljósi 11. gr. samkeppnislaga og hvort sameiginleg markaðsráðandi staða þeirra og ýmiss konar krosseignatengsl í skyldum og óskyldum rekstri brjóti ekki í bága við samkeppnislög.

Samkeppniseftirlitið hefur kallað eftir aðgerðum til að draga úr samþjöppun á bankamarkaði og minnka kostnað neytenda, m.a. niðurfellingu stimpilgjalda, afnámi uppgreiðslugjalda á lánum, bankarnir hætti að þvinga neytendur með skilyrtri þjónustu og að brotið verði upp sameiginlegt greiðslukerfi bankanna.

Ef ráðherra ætlar að hunsa þessar óskir Samkeppniseftirlits þegar fyrir liggur að neytendur eru hreinlega blóðmjólkaðir af bönkunum er ábyrgð ráðherrans mikil. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Telur hann ástæðu til að beina því til samkeppnisyfirvalda að fram fari rannsókn á háum bankakostnaði og samkeppnishindrunum á bankamarkaði og hvort ástæða sé til að setja skorður við bankaokrinu? Rannsaka ætti einnig hvort samráð eða samstilling eigi sér stað milli bankanna um vexti og þjónustugjöld. Líka þarf að rannsaka samkeppnishindranir með tilliti til þess hvort sameiginleg markaðsráðandi staða bankanna brjóti í bága við samkeppnislög. Jafnframt spyr ég hvort ráðherra sé reiðubúinn að beita sér fyrir lögum sem brjóti upp sameiginlegt eignarhald bankanna á greiðslukortafyrirtækjum og greiðslukerfi bankanna, t.d. með því að Reiknistofa bankanna verði alfarið færð undir Seðlabanka. Einnig spyr ég hvort ráðherra sé tilbúinn að beita sér fyrir afnámi stimpilgjalda og lækkun vanefndaálags vegna dráttarvaxta og að beina því til bankanna að fella niður eða draga úr uppgreiðslugjaldi til að auka virka samkeppni á bankamarkaði og draga úr kostnaði neytenda við bankakerfið.

[13:34]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hreyfa við mjög þörfu og mikilvægu máli. Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið eru sjálfstæðar stofnanir og óháðar pólitískum afskiptum. Viðskiptaráðherra hefur þannig enga slíka aðkomu að þeim að hann geti beint til þeirra tilmælum eða fyrirmælum, og reyndar treysti ég Samkeppniseftirlitinu til að sjá um að framfylgja samkeppnislögum. Nýleg athugun norrænna samkeppniseftirlita á viðskiptabönkum á Norðurlöndum fjallar einmitt um fyrirspurnarefni hv. þingmanns að hluta til. Þessi athugun kom í ágúst síðastliðnum og þar er margt kunnuglegt. Samkvæmt þeirri athugun er reyndar full ástæða til að vera vel á verði í þessum efnum varðandi starfsemi viðskiptabankanna. Samkeppniseftirlitið er einmitt um þessar mundir í tengslum við bankana út af þessum málum. Ég mun fylgjast með þessu áfanga fyrir áfanga framvegis sem hingað til enda þótt ég telji ekki ástæðu til lagainngripa á þessu stigi. (Gripið fram í.)

Samkeppniseftirlitið hefur ýmsa möguleika á því að fylgja ákvörðunum sínum eftir. Á Alþingi liggja nú einmitt frumvörp til laga um styrkingu og eflingu heimilda, bæði Samkeppniseftirlitsins og Fjármálaeftirlitsins, til að leggja á stjórnvaldssektir og fylgja málum betur eftir.

Það hefur reyndar tekið mörg ár að þróa hug- og vélbúnað vegna greiðslukerfisins. Mikill kostnaður er því samfara og ekki óeðlilegt að þeir sem hafa lagt í þann kostnað vilji fá hann endurgreiddan ef nýir aðilar hyggjast nýta sér fjárfestinguna. Í áðurnefndri norrænni athugun koma fram beinar ábendingar og beinar tillögur um þau atriði sem hv. þingmaður nefnir í spurningu sinni og það er reyndar í vinnslu á vegum Samkeppniseftirlitsins.

Ég mun áfram fylgjast með þessu en eins og ég sagði áðan tel ég ekki forsendur til inngripa með lagabreytingum á þessu stigi enn sem komið er.

Lög um stimpilgjöld heyra undir fjármálaráðherra. Á undanförnum árum hefur oft verið rætt um að álagning stimpilgjalda sé tímaskekkja. Fyrirtæki á fjármálamarkaði hafa bent á að álagning þeirra skekki samkeppnisstöðu og auki lánakostnað. Neytendur hafa bent á ósanngirni í því að þurfa að greiða stimpilgjöld við skuldbreytingu eða flutning láns. Ég tek undir það að full þörf er á að skoða það heildstætt hvort ekki beri að afnema þennan skatt.

Í lögum um vexti og verðtryggingu er mælt fyrir um það að Seðlabankinn ákveði og birti dráttarvexti. Dráttarvextir skiptast í grunn- og vanefndaálag sem kunnugt er. Þau ákvæði voru sett árið 2001. Ég tel alls ekki óeðlilegt að hugað verði að þeim ákvæðum og þau borin saman við sambærileg ákvæði í þeim ríkjum sem búa við svipaða þenslu og eftirspurn eftir lánsfé og hér er og skoðuð reynsla og þróun þeirra á síðustu árum.

Bankar afla fjár til útlána á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Lán þessi eru til skamms eða meðallangs tíma. Útlán banka eru hins vegar mörg til mun lengri tíma. Það er síðan verkefni útlána- og áhættustýringar hjá hverjum banka fyrir sig að tryggja að þeir eigi fyrir skuldbindingum sínum. Uppgreiðslugjöld eiga rætur í þessu. Fyrirspurn hv. þingmanns lýtur væntanlega að annarri hlið málsins, þ.e. að hlutverki uppgreiðslugjalda sem samkeppnishindrunar með því að hindra neytendur frá því að skipta um viðskiptabanka með auknum kostnaði. Í áðurnefndri samnorrænni könnun frá því í fyrra er einmitt bent á þetta og ýmis fleiri atriði sem telja verður samkeppnishindranir af hálfu viðskiptabankanna. Þessar ábendingar eru einnig til frekari vinnslu og skoðunar í Samkeppniseftirlitinu um þessar mundir.

Við munum áfram kappkosta að fylgjast með og undir-

búa eftir atvikum reglur eða lagafrumvörp eftir því sem þessum málum vindur fram, alveg sérstaklega ef það kemur í ljós sem hv. þingmaður nefndi, að viðskiptabankarnir séu tregir eða láti undir höfuð leggjast að bregðast við ábendingum Samkeppniseftirlitsins.

[13:39]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að efna til þessarar mikilvægu umræðu. *Ástæða er til að horfa til þess að á sama tíma og bankarnir* guma af meiri gróða, meiri hagnaði en dæmi eru um í Íslandssögunni hefur bankaokur á Íslandi aldrei verið meira en nú, hvort sem horft er til vaxta, vaxtamunar eða þjónustugjalda. Þá ber einnig að hafa í huga að af hagnaði bankanna er sennilega um helmingurinn af viðskiptum hér innan lands. Þessi hagnaður er á kostnað íslenskra neytenda. Hér erum við upplýst um það að hæstv. ríkisstjórn fylgist með gangi mála — en ætli ekkert að gera. Við höfum jú stofnanir, við höfum Samkeppniseftirlit og við höfum Fjármálaeftirlit, en þar er látið við sitja.

Þegar bankarnir voru einkavæddir — góðgjarnir menn tala gjarnan um að þeir hafi verið seldir á undirverði, þjóðin hefur fengið að sjá að þeir voru í reynd gefnir nýjum eigendum sem hafa makað krókinn á þeim og eru að fá geysileg völd yfir íslensku samfélagi, stýra orðið hluta af heilbrigðisþjónustunni, bankastjórar koma hér fram sem móðir Teresa, líkna og lækna, þeir eru farnir að stjórna menningar- og listalífi þjóðarinnar — var það ekki þetta sem átti að gera. Það átti ekki að efla auðvaldið á Íslandi, því að þetta er auðvald, vald auðsins, nei, það átti að færa neytendum hagsbætur *í lægri vöxtum og* (Forseti hringir.) *lægri* þjónustugjöldum. Og nú erum við að verða vitni að því að okrið hefur aldrei verið (Forseti hringir.) meira en nú.

[13:41]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Það ríkir fákeppni á bankamarkaði hér á landi. Markaðshlutdeild fjögurra stærstu bankanna er einna mest hér á landi af Norðurlöndunum, að Finnlandi undanskildu. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um samnorræna könnun um stöðu á viðskiptabankamarkaði sem birt var í ágúst á síðasta ári segir eftirfarandi um stöðu bankanna, með leyfi forseta:

„Frá samkeppnissjónarmiði virðast afkomutölur í greininni benda til þess að bankar geti boðið neytendum verulega betri kjör og samt skilað hagnaði. Með öðrum orðum gæti aukin samkeppni banka komið neytendum til góða með betri þjónustu á lægra verði.“

Svipuð skoðun kom fram hjá Guðjóni Rúnarssyni, forstöðumanni Samtaka fjármálafyrirtækja, en nýverið var haft eftir honum að það sem skili sér mest í vasa hinna almennu *neytenda sé aukinn fjöldi stórra og öflugra fjármálafyrirtækja* og aukin samkeppni á þessum markaði.

Flestir Íslendingar eru stoltir af íslensku bönkunum og árangri þeirra hérlendis og erlendis. Jafnframt tel ég að flestir Íslendingar geti tekið undir þá skoðun að einkavæðing bankanna hafi verið mikið heillaspor fyrir samfélag okkar og þjónusta þeirra hafi tekið stórstígum framförum. Á örfáum árum hafa bankarnir breytt tapi í ofurhagnað og munu þeir í ár skila 28 milljörðum króna í tekjuskatti til ríkisins sem er mikið stökk frá 12 milljörðum króna á síðasta ári og um 88 milljónum króna á árinu 1999.

Hins vegar er engum blöðum um það að fletta að fólki blöskra sérstaklega há þjónustugjöld og himinháir dráttarvextir og yfirdráttarvextir sem bankarnir bjóða einstaklingum og fjölskyldum landsins, en þjónustugjöldin eru almennt hærri hér en í Evrópulöndum. Þrátt fyrir góða afkomu bankanna virðast viðskiptavinir ekki fá að njóta þess. *Við hljótum að spyrja hvort bankastofnanir misnoti tryggð* viðskiptavina og við hljótum að spyrja í hve miklum mæli þeir beita samkeppnishindrunum til að koma í veg fyrir að þeir breyti um banka.

[13:43]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Sá böggull fylgir skammrifi þegar menn ráðast í einkavæðingu að ef ekki er samtímis gætt að því að einkavæðingin sé inni í samkeppnisumhverfi skapast þær aðstæður sem bankarnir hafa búið við á síðustu árum. Aðstæður þar sem fákeppni og einokunarskilyrði eru ríkjandi og aðstæður sem skapa þeim stöðu til að skammta sér tekjur í viðskiptum við viðskiptavini sína.

Við slíkar aðstæður er mjög mikilvægt að búa vel að samkeppnisstofnun sem á að fylgjast með aðilunum á markaði og ekki er uppörvandi fyrir þá sem hafa það hlutverk fyrir hönd ríkisins og þjóðarinnar að hafa hemil á bönkunum, að horfa upp á það dæmi sem menn hafa fyrir augunum, að þegar Samkeppnisstofnun réðist til atlögu við samráð olíufélaganna leiddi það til þess að stofnunin var *lögð niður og forstjórinn missti vinnuna. Það hlýtur* að vekja mönnum ugg sem starfa að þessum málum ef þeir geta átt von á því að stjórnvöld standi ekki við bakið á þeim í þeirri vinnu sem þeim er ætlað inna af hendi.

Skýrslur sýna, m.a. skýrsla Neytendasamtakanna, að raunvextir hér á landi eru 2–5% hærri en í tíu löndum Evrópu til samanburðar. Þar sem skuldsetning íslensku heimilanna er mjög mikil þýðir þetta að á hverju ári greiðir venjulegt íslenskt heimili frá 200 þús. kr. og upp í 500 þús. kr. meira í vexti af skuldum sínum en það mundi gera ef skuldirnar væru í einhverju Evrópulandanna sem tekin voru til viðmiðunar. Þetta er kostnaður íslensks almennings við skortinn á samkeppni hér á landi.

[13:46]

**Ellert B. Schram:**

Herra forseti. Ég fagna þessari tímabæru umræðu varðandi bankastarfsemi og samkeppnishindranir. Almenningur þarf að fá skýringar á þeim risavaxna hagnaði sem bankastarfsemi á Íslandi skilar af sér, að hve miklu leyti er þetta gróði sem hlýst af viðskiptum við óbreytta viðskiptavini *eða eru bankarnir að hagnast og maka krókinn með því að* fara ofan í vasa almennings í krafti, gjalda, þóknana, kostnaðar og/eða vaxta?

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins sem hér hefur verið vísað til er bent á fjölmörg atriði sem renna stoðum undir óeðlilegt ástand á bankamarkaði. Í þessu felast ekki ásakanir um refsiverða háttsemi en það er nauðsynlegt að samfé-

lagið sé meðvitað um þessa starfsemi og að bönkunum sé veitt aðhald þannig að hlutur neytenda sé ekki fyrir borð borinn.

Um leið og við fögnum auknu ríkidæmi og góðum rekstri banka og eigenda þeirra verðum við að horfast í augu við þá staðreynd að þjóðin er þolendur en ekki gerendur. Það er skylda alþingismanna að standa vörð um hagsmuni þessa fólks, setja lög og halda uppi eftirliti sem verndar borgarana gegn samkeppnisbrotum, okri og hvers konar misnotkun á völdum og aðstöðu. Það er til skammar að á sama tíma og beislinu er sleppt framan af fjármála- og bankastarfsemi skuli hvarvetna, hvert sem litið er sitja fólk sem í raun og veru ber á herðum sér þá kvöð að okrað sé á því og kreistur út úr því kostnaður eins, sem skapar arð annars. Við eigum að vera málsvarar þeirra sem búa við slík kjör og það er fullkomið ábyrgðarleysi ef hæstv. ráðherra lætur ekki hendur standa fram úr ermum í þessu máli.

[13:48]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hefja þessar umræður og hæstv. ráðherra Jóni Sigurðssyni fyrir svör hans. Eins og aðrir hafa komið inn á hafa bankarnir nýverið birt afkomutölur sínar og eins og kunnugt er er hagnaður fjögurra banka, Straums, Burðaráss, stóru viðskiptabankanna þriggja, Landsbanka, Glitnis og Kaupþings, samanlagður um 209 milljarðar kr. Til að setja þetta aðeins í samhengi er þetta um 50 milljörðum hærri fjárhæð en sem nemur útgjöldum alls heilbrigðis- og tryggingakerfis íslenska ríkisins.

Að sama skapi nemur tekjuskattur sem þessir fjórir bankar greiða í ríkissjóð vegna ársins 2006 um 35 milljörðum kr. Og auðvitað fögnum við því að íslenskum fyrirtækjum skuli ganga vel og þeim vegni vel og útrásin gangi svo vel sem raun ber vitni. Hagnaður fyrirtækjanna skilar sér í auknum tekjum til ríkissjóðs sem stendur svo undir stoðum samfélagsins, velferðarkerfinu og menntakerfinu.

Að sama skapi fylgir velgengninni mikil ábyrgð og að mínu mati bera fyrirtæki samfélagslega ábyrgð. Sum þeirra höndla hana vel en önnur verr. Ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að íslenskir neytendur njóti velgengni fyrirtækjanna betur en þeir gera í dag og afrakstur útrásarinnar skili sér í vasa neytendanna í formi lægri þjónustugjalda. Búið er að útbúa íslensku viðskiptalífi umhverfi sem gerir því kleift að blómstra og njóta ávaxtanna. Það er vel og það er öllu íslensku samfélagi mikilvægt. En gæta verður hófs og jafnvægis og nú er komið að íslenskum neytendum.

Ég er sammála 90% Íslendinga sem telja að það eigi að reka áfram sterkan Íbúðalánasjóð sem getur veitt bönkunum visst aðhald á íbúðalánamarkaði. Hann er nauðsynlegur og ég tel að veita þurfi Íbúðalánasjóði auknar heimildir til að geta keppt við viðskiptabankana og þar með stuðlað að aukinni samkeppni íslenskum fjölskyldum til hagsbóta. Við verðum að fara að stíga það skref að afnema stimpilgjöldin og fella niður eða draga úr uppgreiðslugjöldum bankanna sem hreinlega virka gegn samkeppni. Við verðum að fara að auka aftur lánshlutfall Íbúðalánasjóðs í 90% lán. Íbúðalánasjóður er rekinn á félagslegum forsendum án hagnaðarsjónarmiða sem skilað hefur fjölskyldum í landinu betri kjörum á íbúðalánum. Hann hefur verið (Forseti hringir.) það skjól sem bankarnir hafa ekki í öllum tilvikum getað veitt. (Forseti hringir.) Við framsóknarmenn munum standa vörð um Íbúðalánasjóð enda er hann neytendum mikilvægur.

[13:50]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Þegar ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins tók ákvörðun um að einkavæða og selja báða bankana samtímis vöruðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við því. Það væri þá a.m.k. nóg að einkavæða og selja annan en halda hinum í þjóðareign. Nei, þá urðu þeir að skipta jafnt. Framsóknarmenn urðu að fá einn fyrir sína menn og Sjálfstæðisflokkurinn hinn fyrir sína. Það voru ekki hagsmunir þjóðarinnar sem þar réðu.

Íbúðalánasjóður átti að fara sömu leið og við hér í þingsal munum hástemmdar yfirlýsingar fyrrverandi forsætisráðherra og formanns Framsóknarflokksins, Halldórs Ásgrímssonar, eða fyrrverandi viðskiptaráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, sem enn þá er hugmyndafræðingur flokksins, um að eitt brýnasta verkefnið fyrir fjármálalífið í landinu væri að einkavæða og selja Íbúðalánasjóð. Gegn þessu börðumst við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég man að Félag fasteignasala barðist mjög ötullega fyrir því að Íbúðalánasjóður fengi að halda velli og framsóknarmenn voru beygðir í málinu og þorðu ekki að einkavæða Íbúðalánasjóð en viljinn var svo sannarlega fyrir hendi eins og við munum í orðum fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, Halldórs Ásgrímssonar, bæði hér og annars staðar.

Já, það er virkileg þörf á að setja bönkunum og fjármálalífinu skorður þannig að hagsmunir almennings, hagsmunir fólksins í landinu, hagsmunir atvinnulífsins í landinu séu þar í forgangi, ekki bara hvernig bankarnir geti grætt á þeim heldur líka hvernig þeir geti þjónað þeim. Þetta held ég að sé það mikilvægasta sem við þurfum að berjast fyrir þegar við tökum við í ríkisstjórn, að rétta hag neytenda, almennings í landinu gagnvart bankakerfinu. (Gripið fram í.)

[13:53]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Á milli banka og neytenda er sérstakt trúnaðarsamband og sá trúnaður er eiginlega hvað mestur á Íslandi. Aðeins 1,7% íslenskra neytenda yfirgefa bankann sinn á ári. Þessi trúnaður minnir dálítið á hjónaband, endist kannski dálítið lengur.

Þetta er mjög hindrandi á samkeppni á milli bankanna, mjög, og spurning hvernig tekst að yfirvinna það. Þetta leiðir líka til þess að markaðssetning bankanna beinist að ungmennum vegna þess að þeir vita það að ef þeir ná sálinni ungri halda þeir henni mjög líklega alla ævi, sem verður til þess að þeir hella yfir ungdóminn skuldsetningum, sem ég tel vera ósiðlegt. Mér finnst yfirleitt að yfirdráttarlán og yfirdráttur til einstaklinga sé ósiðlegur vegna þess að yfirdráttur er í eðli sínu gjaldfallinn á hverju einasta augnabliki og er aðallega ætlaður fyrirtækjum en af einhverjum ástæðum hafa íslenskir bankar farið inn á þessa braut gagn-

vart einstaklingum.

Hér hefur töluvert mikið verið talað um hagnað. Ég gleðst yfir þessum hagnaði. Hann kemur aðallega erlendis frá og hann er aðallega vegna stórviðskipta í útrásinni. Við eigum að gleðjast yfir því að bankarnir séu að skutla miklum peningum til Íslands. Við þurfum jafnframt að gæta þess að búa þeim þannig umhverfi að þeir fari ekki til útlanda því að þeir eru allir orðnir alþjóðlegir, þeir eru ekki lengur íslenskir og menn þurfa að gera sér grein fyrir því. Það er hlutverk Alþingis að standa vörð um það að þessi alþjóðlegu fyrirtæki hafi höfuðstöðvar á Íslandi og búa þeim þannig umhverfi.

[13:54]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Íslensk heimili eru mjög skuldug, þau skulda um 1.300 milljarða kr. Ef það næst að lækka vexti heimilanna um 1% þá munar um það fyrir heimilin hvorki meira né minna en um 13 milljarða kr. þannig að hér er um gríðarlegt hagsmunamál fyrir íslensk heimili að ræða. Við þurfum í sjálfu sér ekkert að fara í miklar rannsóknir á stöðu þessara mála, það liggja fyrir tvær skýrslur, bæði skýrsla Neytendasamtakanna og skýrsla Samkeppniseftirlitsins sem eru sammála um það að bæði séu vextir hærri hér en í nágrannalöndunum og einnig kostnaður og síðan búa íslenskir neytendur við þá óáran að þurfa að greiða uppgreiðslugjald og stimpilgjöld ef þeir ætla að færa sig á milli viðskiptastofnana. Þetta er ekkert trúnaðarsamband sem þar skiptir öllu máli heldur kemur það einfaldlega við pyngju neytenda ef þeir ætla að skipta um lánastofnun, það er mergurinn málsins. Það er það sem þarf að taka á en ekki að fylgjast með, eins og Framsóknarflokkurinn segist ætla að gera og ætlar að athuga hvort það eigi að grípa til aðgerða. Það er löngu tímabært að taka á þessu máli, þetta skiptir afar miklu máli fyrir íslenska neytendur.

Það kemur einfaldlega fram í skýrslu sem kom út hjá Hagstofu Íslands að bankakostnaðurinn hefur vaxið gríðarlega. Hann hefur vaxið um tugi prósenta frá árinu 2002 til 2004 og 2003 til 2005. Það verður að grípa til aðgerða og ég held að íslenskir kjósendur ættu að gera sér grein fyrir því að ef þessu verður breytt þá verður að breyta um ríkisstjórn. Það kom berlega í ljós í máli formanns Framsóknarflokksins, hæstv. bankamálaráðherra, að hann er ekkert á þeim buxunum að fara að breyta einu né neinu. Hann ætlar ekkert að fara að beina einum né neinum tilmælum eitthvert til einhverra stofnana, en íslenskir neytendur þurfa svo sannarlega að fá bætt kjör sín á þessum markaði.

[13:57]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það er átakanlegt að heyra hvernig viðskiptaráðherra stillir sér með bönkunum en ekki neytendum. Það liggur fyrir að vextir hér og bankakostnaður er glæpsamlega hár. Það liggur fyrir að það hefur verið okrað á neytendum, það liggur fyrir að þjónustutekjur hafi hækkað um 600% á fjórum árum, það liggur fyrir að vextir hafi hækkað um 435% og ráðherrann hefur ekkert annað að segja við þetta fólk en að hann ætli að fylgjast með álengdar meðan neytendur eru blóðmjólkaðir.

Þetta gengur auðvitað ekki og ég kalla eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra svari því hvort hann sé ekki sammála mér um að það þurfi að fara fram rannsókn á þessu bankaokri sem hér hefur verið lýst og ráðherrann hefur ekki neitað. Það liggur fyrir í skýrslu Samkeppniseftirlitsins, sem ráðherrann vísaði í, frá ágúst sl., að tilmælum er beint til ríkisstjórnarinnar — til ríkisstjórnarinnar — ekki bara aðila á markaði að taka á þessum málum, m.a. vegna þess að staðan eins og hún er nú skaðar neytendur, hún skaðar neytendur, segir Samkeppniseftirlitið. Það liggur fyrir að bankarnir hafa ekkert gert með tilmæli og tillögur Samkeppniseftirlitsins. Þess vegna á hæstv. ráðherra að grípa inn í. Þess vegna á hann að beina því til bankanna að þeir fari að tillögum Samkeppniseftirlitsins og þess vegna á ráðherrann að setja löggjöf sem kemur í veg fyrir sameiginlegt eignarhald bankanna á greiðslukerfum bankanna og Reiknistofnun bankanna. Hún á að heyra undir Seðlabankann. Það mundi tryggja betri þjónustu við neytendur.

En ráðherrann ætlar ekkert að gera. Ég lýsi fullri ábyrgð á ráðherrann ef hann ætlar ekkert að gera í þessu máli meðan neytendur hafa verið blóðmjólkaðir svo árum skiptir frá því að einkavæðingin kom á. Einkavæðingin átti að tryggja betri hag neytenda, hún átti ekki bara að tryggja hag einkavina ríkisstjórnarinnar heldur neytenda allra og það hefur hún ekki gert. (Forseti hringir.) Ég segi við ráðherrann: Komdu í lið með okkur í Samfylkingunni. (Forseti hringir.) Burt með þetta bankaokur.

[13:59]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir mikil og öflug hvatningarorð. (**KLM:** Ætlar þú að koma?) Ráðherrann mun að sjálfsögðu fara að lögum frekar en óstaðfestum hvatningarorðum í þingsal.

Hér er verið að ræða mjög alvarlegt mál, ég tek undir það. Það drepur málinu algjörlega á dreif að ræða það í sömu andrá og skipulagsbreytingar og skipulagsþróun bankakerfisins að öðru leyti þegar ríkisbankarnir voru seldir. En ég staðfesti og ítreka ummæli hv. þingmanns hér áðan, Sæunnar Stefánsdóttur, um að framsóknarmenn telja að Íbúðalánasjóður hafi mjög mikilvægum félagslegum hlutverkum að gegna sem opinber stofnun og einkavæðing hans er ekki á dagskrá. (Gripið fram í.)

Nú er það að vísu svo að hagnaður bankanna stafar af ýmsu fleiru en viðskiptum viðskiptabanka við almenning og mjög mikill þáttur í þeim hagnaði mun vera fjölþjóðleg umsvif bankanna. En ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að það dregur ekki úr ábyrgð, samfélagslegri ábyrgð viðskiptabankanna að skila af hagnaði sínum til almennings og ég tek undir það sem hér var sagt um óeðlilega og hættulega háa vexti.

Ég minni á það sem ég sagði líka í frumræðu minni í þessari umræðu að fyrir Alþingi liggja tvö frumvörp, annað um breytingar á lögum sem varða Samkeppniseftirlitið, sem er einmitt til umræðu núna, til þess að skýra og herða ýmis ákvæði þar. (Gripið fram í.) Norrænu samkeppniseftirlitin gera það að tillögu sinni, sem er til athugunar, að breyta reglum um eignarhald á greiðslukerfum og greiðslukortafyrirtækjum og ég tek undir það hjá hv. þm. Jóhönnu Sig-

urðardóttur að það er í athugun. Einnig að stórátak verði gert í því að auðvelda fólki að skilja upplýsingar frá bönkunum, að (Forseti hringir.) nýta sér þessar upplýsingar og skipta um banka þannig að raunveruleg samkeppni eigi sér stað.

## *Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 575. mál. — Þskj. 853.

[14:02]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018. Hæstv. samgönguráðherra hefur mælt fyrir þessari áætlun og rakið helstu þætti hennar. Ég vil í upphafi máls míns gagnrýna þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við gerð hennar. Ef taka á slíka samgönguáætlun alvarlega ber að mínu viti að hafa miklu nánara samráð við þingið í forvinnunni. Það væri mun eðlilegra að m.a. fulltrúar allra þingflokka kæmu að undirbúningsvinnu hennar ef eitthvert mark á að vera takandi á henni. Samgöngumálin snerta grunnþætti alls samfélags okkar og eru því ekkert einkamál tímabundinnar ríkisstjórnar eða þeirra flokka sem að henni standa eins og þeir virðast upplifa. Þeir þykjast nokkuð góðir ef þeim tekst að hnoða áætluninni í gegnum eigin þingflokka og þá sé málið búið. Þetta eru ósæmileg vinnubrögð í svo alvarlegu og mikilvægu máli eins og hér er um að ræða og ég tel að þeim vinnubrögðum eigi að breyta.

Ég sagði í andsvari við hæstv. ráðherra í morgun þegar hann gumaði af áætluninni og öllu því sem átti að gera, sérstaklega eftir 2012 minnir mig, en þá var hann sérstaklega stórtækur í því sem átti að gera, að hann væri brandarakarl. Enda er ágætt að ráðherra sé með húmor og geri jafnvel grín að sjálfum sér, eins og hæstv. ráðherra gerði þegar hann mælti fyrir þessari áætlun.

Það er gríðarlega mikið sem á að gera á næstu árum, sérstaklega eftir 2012 eins og ég segi. Hæstv. núverandi samgönguráðherra er búinn að sitja í ráðuneytinu í átta ár. Þar áður var annar samgönguráðherra Sjálfstæðisflokksins. Ég held að ekki fari hjá því, hversu mjög sem hæstv. samgönguráðherra vill gleyma þeim árum sem hann hefur setið og hve mjög sem hann fyrirverður sig fyrir það sem ekki hefur verið staðið við á undanförnum árum, að það verði að skoða trúverðugleika þessarar ríkisstjórnar og ráðherra í því ljósi.

Fyrir síðustu kosningar, árið 2003, var líka lögð fram gríðarlega metnaðarfull samgönguáætlun, vegáætlun, og þá átti að gera mikla og stóra hluti. Menn vita að auðveldast er að komast að tilfinningum fólks, væntingum þess, í gegnum samgöngumálin, sérstaklega úti um land. Þess vegna urðu það gríðarleg vonbrigði þegar vegáætlun var skorin niður strax á fyrsta ári núverandi ríkisstjórnar eftir síðustu alþingiskosningar. Ég fer ekki út í það að tala um tímabilið áður sem var litlu skárra. Síðan hefur vegáætlunin sem kynnt var íbúum landsins í aðdraganda kosninga fyrir tæpum fjórum árum verið skorin niður á hverju ári. Niðurskurður á þessu fjögurra ára tímabili hefur numið 6–7 milljörðum króna, og ekki bara sá niðurskurður heldur einnig þeir fjármunir sem lofað var sérstaklega til vegaframkvæmda við sölu Símans. Fyrir íbúa landsins var sala Símans mjög sársaukafull aðgerð. Ég minnist þess að í skoðanakönnunum sem gerðar voru ítrekað var yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar andvígur sölunni. Það átti að reyna að lina sársaukann með því að bjóða eitt hér og annað þar. Eitt af því sem boðið var voru vegaframkvæmdir, verja átti ákveðinni upphæð af söluandvirðinu til vegaframkvæmda. Á hverju var svo byrjað? Jú, þegar þessi ákvörðun átti að koma til framkvæmda, ráðstöfun á fjármagni af sölu Símans til vegamála árið 2007, var byrjað á að skera niður. Hvar er skorið niður? Það var einmitt skorið niður fjármagn til þeirra landshluta þar sem vitað var að mest andstaða væri við sölu Símans og þar sem vitað var að einkavæðing og sala Símans mundi koma harðast niður. Raunin er sú að einkavæðing á almannaþjónustu kemur harðast niður á landsbyggðinni, langharðast. Við fjárlagaafgreiðslu í fyrrahaust var ákveðið að skera niður framlög til vegaframkvæmda sem bundin höfðu verið sölu Símans, m.a. á Norðausturlandi og Vestfjörðum.

Afrekaskrá hæstv. ráðherra hvað það varðar að standa við miklar yfirlýsingar í vegamálum er því miður ekki góð. Ofan í þetta allt saman, niðurskurðinn á undanförnum árum, var þessum sömu landshlutum, Vestfjörðum og Norðausturlandi, tilkynnt að vegaframkvæmdum á þessu ári yrði frestað þar vegna þenslu í samfélaginu, þenslu sem átti sér allt aðrar rætur en framkvæmdir í vegamálum. Þar standa nú þegar vegaframkvæmdir hvað verst hvað varðar þjónustumöguleika og alla umferð. Svo kemur ráðherra og kynnir nýja vegáætlun, ber sér á brjóst og segir: Nú ætla ég að fara að gera alla stóru hlutina sem ég hef vanrækt undanfarin ár. Batnandi mönnum er sannarlega best að lifa og ekki skal ég harma það ef ráðherra fer að standa betur við orð sín en reyndin hefur verið á unfanförnum árum. Það er samt miklu betra að verkin tali, en verkin hafa talað í framkvæmd samgönguáætlunar á undanförnum árum þar sem ekki hefur verið staðið við hlutina og í sjálfu sér er lítil von til þess að það breytist.

Ég vildi bara í upphafi leggja það til við ráðherrann að nota lágstemmdari orð þó að ég dragi ekki í efa áhuga hans persónulega á því að reyna að efla vegaframkvæmdir.

Hinn þátturinn sem hér er svo dreginn til er einkavæðing í vegaframkvæmdum. Skilin eru eftir heilu stórverkefnin sem ekkert er sagt um annað en að fjármögnun þeirra og framkvæmd verði háð annarri fjármögnun en hinni hefðbundnu í gegnum ríkissjóð eða tekjustofna Vegagerðarinnar. Þessar stórframkvæmdir eru bara látnar vera upp í loft og sagt að þær eigi að fara í einkaframkvæmd. Í vinnuskýrslu sem ég vísaði til áðan sem hæstv. samgönguráðherra lét Ríkisendurskoðun vinna um Hvalfjarðargöngin og Sundabrautina, um mat á kostum og göllum einkaframkvæmdar, er einmitt varað við því að taka fljótfærnislegar ákvarðanir um einkaframkvæmdir, ríkið sé miklu sterkari aðili til að fara í samgönguframkvæmdir, ríkið eigi möguleika á lánsfé á hagkvæmari kjörum en einkaaðilar, Vegagerðin búi yfir þeirri þekkingu sem þarf við vegagerð og áætlanir í þeim efnum o.s.frv. Fyrir utan þá grunnhugsun að

vegirnir eru einn af grunnalmannaþáttum samfélagsins, ein af þeim grunnstoðum samfélagsins sem á ekki að einkavæða. Við höfum fengið smjörþefinn af einkavæðingaráráttu samgönguráðherra, einkavæðingu á flugvöllunum og flugleiðsögn í landinu þar sem vaðið var út í að einkavæða flugleiðsögnina og flugvellina í landinu fyrir síðustu áramót. Ég held að þjóðin hafi engan áhuga á frekari einkaframkvæmdum eða einkavæðingu á þessum grunnþáttum íslensks samfélags.

Það er ósköp rýrt sem minnst er á hér varðandi ýmsa aðra þætti, t.d. strandsiglingar. Möguleikar á strandsiglingum eru ekki inni hér og mér þykir það skjóta nokkuð skökku við. Ég veit ekki annað en að Alþingi hafi einmitt lagt til að þeir þættir yrðu skoðaðir vandlega. Við fengum afhent bréf frá fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum á fundi með þeim í gær þar sem þeir lögðu þunga áherslu á að teknar yrðu upp strandsiglingar og að ríkið veitti þann stuðning sem þyrfti til að koma þeim af stað. Í þessari samgönguáætlun er algjörlega vikist undan umfjöllun um þetta. Varla er minnst á almenningssamgöngur nema í einni og hálfri línu, eða áætlunarferðir vítt og breitt um landið, það er ekki minnst mikið á þær. Ekki heldur flutningskostnaðinn sem hefði þó verið ástæða fyrir hæstv. ráðherra að koma inn á en sá kostnaður skiptir miklu máli. Ráðherra minntist á tímann sem það tæki að komast á milli staða og til næsta þéttbýlis, að sett skyldu mörk á hann. Gott og vel með það.

Ráðherra lét líka vinna fyrir 3–4 árum, minnir mig, skýrslu um flutningskostnað í landinu sem sýndi að hann hafði stórlega vaxið. Fyrir síðustu alþingiskosningar, 2003, man ég eftir mjög hástemmdum loforðum, sérstaklega frá Framsóknarflokknum, um jöfnun flutningskostnaðar. Það varð kosningamál. Það komu yfirlýsingar um að málið hefði verið tekið fyrir í ríkisstjórn, unnið væri að afgreiðslu þess en það sæti eitthvað fast í fjármálaráðuneytinu. Ekki veit ég til þess að fjármálaráðuneytið sé neitt sjálfstæður aðili í ríkisstjórn, heldur bara hluti af heildinni. Flutningskostnaður er að sliga samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu vítt og breitt um landið. Mér finnst þess vegna hæstv. ráðherra skauta nokkuð létt yfir með því að minnast ekki einu orði á þann þátt, hvernig eigi að ná honum niður, jafna hann o.s.frv.

Fleira má minnast á. Ég fékk t.d. bréf rétt áðan — af því að við vorum að tala um Vestfirði og Strandir, og Vestfirðir voru fyrsti landshlutinn þar sem skorið var niður þegar slá þurfti á þenslu í þjóðfélaginu hvað vegaframkvæmdir snertir — frá hreppsnefnd Kaldrananeshrepps þar sem bent er á að ekki sé gert ráð fyrir að bundnu slitlagi verði komið á veginn milli Drangsness og Hólmavíkur fyrr en 2011 eða 2014. Ég hef ekki náð að kanna þetta en ég hygg að nefndin hafi gert það. Ef satt er gengur það þvert á gefin loforð og yfirlýsingar um að kappkosta ætti að leggja góða vegi með bundnu slitlagi milli aðliggjandi þéttbýlisstaða, aðliggjandi byggðarlaga. Ég minnist þess að hafa heyrt þau orð frá hæstv. ráðherra fyrir nokkrum missirum. Svona gæti hagur hinna dreifbýlli svæða sjálfsagt víðar verið fyrir borð borinn í þessari áætlun.

Herra forseti. Þetta er heldur stuttur tími sem maður hefur til að fjalla um eins stórt mál og samgönguáætlun til svo langs tíma, en ég drap hér á nokkur atriði og nokkur grundvallaratriði (Forseti hringir.) sem ríkisstjórnin virðist hafa að leiðarljósi í aðdraganda næstu kosninga.

[14:17]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst vegna umfjöllunar hv. þingmanns um samráð. Farið er að lögum við undirbúning samgönguáætlunar. Þar er hvergi gert ráð fyrir því að stjórnarandstaðan eigi sérstakan fulltrúa í samgönguráði. Alþingi hefur samþykkt lög um gerð samgönguáætlunar og henni er algerlega fylgt eftir. Í aðdraganda þessa, að langtímaáætlunin var gerð og umhverfismatsskýrsla vegna langtímaáætlunar, var auglýst eftir athugasemdum. Ég minnist þess ekki að fulltrúar Vinstri grænna hafi gert athugasemdir eða komið með ábendingar gegnum þá leið sem var fær og gert ráð fyrir. Stjórnarandstaðan hafði þar fulla möguleika á að koma sjónarmiðum sínum að en gerði það ekki..

Hvað varðar almenningssamgöngur eru í samgönguáætluninni háar fjárhæðir til að sinna almenningssamgöngum. Ferjusiglingar, þingmenn þekkja það, styrkir til flugsins, styrkir til sérleyfishafa, þ.e. rútuferðunum milli landshluta. Allt er það stuðningur og skýr markmið okkar um þjónustu við almenningssamgöngur.

Umfjöllun um flutningskostnað okkar er fjarri lagi. Nánast allar aðgerðir okkar í uppbyggingu vegakerfisins, styttingleiða og endurbætur á vegakerfinu, snúast um að lækka flutningskostnað. Þingmaðurinn setur þetta því í mjög sérkennilegt samhengi. Ég ætla ekki að ræða frekar við hann um sérstakan áhuga hans á niðurskurði. Við erum að tala um framtíðina sem er vörðuð með samgönguáætluninni.

[14:20]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráð mitt til hæstv. samgönguráðherra er að tala mjög varlega um eigin frammistöðu og um hvernig staðið hafi verið við samgönguáætlun. Niðurskurðurinn er staðreynd þótt við vildum öll að hann hefði ekki orðið. Ég er sammála ráðherra um það og hygg að hann dauðsjái eftir því og skammist sín fyrir niðurskurð í vegamálum á undanförnum árum. Hins vegar held ég að þjóðin treysti ekki ráðherranum frekar til þess á næstu árum en hinum síðustu til að standa við þær áætlanir sem fram hafa verið lagðar. Ég vona þjóðarinnar vegna að tímabil núverandi samgönguráðherra líði undir lok í vor og nýr taki við.

Varðandi samráð, þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum, þá er þetta viðamikill málaflokkur sem lagður er fram á síðustu dögum þings, áætlun til margra ára og lifir vart tæpur mánuður af þingi. Stjórnarandstöðunni eða öðrum sem vildu koma að málinu varðandi þetta hafa ekki svo mikinn tíma til þess. Ég átel þessi vinnubrögð og tel að ráðherra hefði getað gert betur.

Hins vegar væri fróðlegt að heyra frá ráðherranum, eftir að skorið var niður vegna stóriðjuframkvæmda á síðastliðnum árum: Nú eru áfram miklar stóriðjuframkvæmdir fyrirhugaðar. Hvernig ætli það fari saman að leggja í stækkun álversins í Straumsvík og þrjár virkjanir í Þjórsá samtímis því að ætla að leggja fram stórfé í vegabætur á Suðurlandi? Ég sé ekki að neitt hafi breyst í þeim efnum frá því í fyrra

eða hittiðfyrra. Það kom fram hjá þeim efnahagssérfræðingum sem lögðu mat á fjárlagatillögur fyrir þetta ár og næstu ár að haldi ríkisstjórnin áfram stóriðjuæði sínu verður ekkert svigrúm til neins átaks í vegamálum. Það lögðu allir áherslu á og ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra skilji það.

[14:22]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Samgöngur, í víðu samhengi, mynda undirstöður í innviðum hvers þjóðfélags. Þegar sagan er rifjuð upp eða litið á landakortin, á hvar stórar og smáar borgir nágrannalandanna eru staðsettar, þá er ein undirstaða áberandi, þ.e. samgöngur. Gjarnan eru þar stórar og skipgengar ár sem skipta sköpum eða náttúrufar að öðru leyti. Án greiðra og góðra samgangna fær ekkert samfélag þrifist. Svo var það áður og svo er í dag og kröfurnar um þennan þátt aukast stöðugt.

Umbætur í samgöngum enda aldrei. Það koma ætíð nýjar kröfur jafnskjótt og áfanga er lokið. Það er sagt að þingmenn, einkum landsbyggðarþingmenn, fari af hjörunum ef vega- og samgöngumál ber á góma. Það kann vel að vera rétt. Breytingin hefur hins vegar orðið sú að í seinni tíð er málið jafnheitt á höfuðborgarsvæðinu. Það er bjargföst skoðun mín að nauðsyn sé að haga málum á þann veg að þjóðarsátt ríki um uppbyggingu í samgöngukerfinu. Gleymum því ekki að uppbygging samgangna í landinu, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni er í þágu allrar þjóðarinnar.

Mikið er mjúkur malbikaði spottinn, söng Ríó tríóið á dögunum og átti þá við vegakerfið í Kópavogsbæ. Mín kynslóð man þá tíð að malbikaðir spottar voru munaður. Ég var fyrir nokkru kominn með fast sæti á Alþingi þegar ég þurfti að sitja á fundum undir þrálátri gagnrýni um að 1 km vegar væri með bundnu slitlagi í Norður-Múlasýslu, sem er þó stór og víðfeðm sýsla. Þetta var spottinn í gegnum Fellabæ á Héraði. Saga síðustu áratuga er saga gríðarlegrar uppbyggingar í samgöngumálum. Því skulum við ekki gleyma.

Hins vegar er það svo að ljóðlína Davíðs Stefánssonar um vegagerð er mjög sönn:

> Er starfinu var lokið og leyst hin mikla þraut
> fannst lýðum öllum sjálfsagt að þarna væri braut.

Þetta voru orð að sönnu. Við höfum alltaf horft til framtíðar í samgöngumálum. Við höfum ekki horft aftur á bak og þess vegna hafa stórir sigrar unnist. Samgöngubætur ýta undir breytingar. Þær breyta samfélaginu, stytta leiðir milli manna, leiðir milli byggðarlaga, greiða aðgang að þjónustu og svo mætti lengi telja. En oft er það svo að þróun á sviðum atvinnumála, efnahagsmála og daglegs lífs krefjast breytinga í samgöngum. Orðið hafa gríðarlegar breytingar af slíku tagi síðustu áratugina og jafnvel á síðasta áratug. Ég vil nefna nokkrar:

Í fyrsta lagi hafa strandsiglingar lagst af og flutningar farið upp á land í kjölfarið. Fiskmarkaðir hafa risið og fiski er ekið landshornanna á milli til sölu og vinnslu. Það hefur í för með sér þunga umferð vöruflutningabíla með tengivagna á vegakerfi landsins.

Í öðru lagi hefur bílaeign landsmanna vaxið gríðarlega á undanförnum árum og umferðarþungi af þeim sökum. Það hefur einnig orðið sú breyting að menn sækja vinnu lengra en áður var, keyra tugi kílómetra til vinnu sinnar dag hvern. Breyttar og rýmkaðar snjómokstursreglur og vetrarviðhald gera þetta mögulegt þegar vetur ríkir. Bílarnir hafa breyst, orðið hraðskreiðari og öflugri og umferðin er orðin hættulegri af þeim sökum.

Í þriðja lagi hafa félagsleg samskipti þjóðarinnar yfir vetrartímann milli byggðarlaga aukist með hverju árinu. Samskipti sem voru örðug á fyrri árum meðan samgöngur voru verri.

Í fjórða lagi koma hingað um 330 þús. ferðamenn á ári og þeim fer hratt fjölgandi. Umtalsverður hópur þessa fólks fer í umferðina akandi.

Í fimmta lagi hefur höfuðborgarsvæðið þanist út og stækkað með mikilli mannfjölgun. Ásamt aukinni bílaeign hefur það gert það að verkum að umferð á annatímum í borginni er afar þung.

Í hafnarmálum hefur þróunin orðið sú að nokkrar hafnir standa upp úr með flutninga en geta ber þess að enn er höfnin lífæð hvers byggðarlags þar sem sjávarútvegur er stundaður, hvort sem höfnin er stór eða smá, þótt að munstrið varðandi vöruflutninga hafi breyst.

Í fluginu hefur orðið gríðarleg breyting. Flug til fjölmargra flugvalla hefur lagst af og nú er svo komið að aðeins er flogið til þriggja flugvalla hér á landi án opinberra styrkja. Allt setur þetta sitt mark á þá samgönguáætlun sem við ræðum núna.

Ég held að engum blandist hugur um að miklu fé er varið til vegamála samkvæmt þessari áætlun og þeim tveimur sem eru til umræðu í dag. Með því að leggja saman upphæðir tímabilið út komast menn í háar tölur. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að fjármagninu sé vel varið. Við verðum að hafa í huga að hér er um 12 ára áætlun að ræða.

Ég get ekki annað en minnst á staðhæfingar um niðurskurð í vegamálum á undanförnum árum. Sannleikurinn er sá, ef menn eru í tengslum við samfélagið, að á undanförnum árum hefur vegagerð verið á útopnu ef svo má segja. Svo mikil hefur vegagerðin verið að tæknimenn þjóðarinnar hafa varla haft við að undirbúa nýja vegi. Ég held því að við verðum að skoða fullyrðingar um niðurskurð síðustu ára í því ljósi.

Áætlunin felur í sér maga góða hluti. Ég er ánægður með hana í stórum dráttum en auðvitað eru í henni atriði sem ég vildi hafa öðruvísi eins og gengur. Ég á sæti í samgöngunefnd og á kost á að fjalla um áætlunina þar. Eigi að síður vildi ég drepa á nokkrum atriðum við 1. umr. málsins.

Varðandi flugmálin þá fagna ég áformum um lengingu flugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum og lagfæringu á aðstöðu í kringum þá velli. Hlutverk þessara flugvalla sem varavalla fyrir millilandaflugið hefur sannað sig auk þess að áætlunarflug er stundað milli landa frá báðum flugvöllum. Ég legg mikla áherslu á að lenging Egilsstaðaflugvallar verði athuguð og undirbúin í tengslum við breytingar á brúarstæði yfir Lagarfljót og nýja brú. Þessar aðgerðir þurfa að fylgjast að. Forsvarsmenn flugmála og Vegagerðin þurfa að vinna saman að því verkefni. Ég legg mikla áherslu á að það verði gert.

Í áætluninni er gert ráð fyrir aukningu fjármagns til tengivega. Því fagna ég. Þar er brýn þörf því auðvitað hefur

megináherslan verið lögð á stofnvegakerfið á undanförnum árum. Bæta þarf þessa vegi sem eru lífæðar sveitanna.

Í áætluninni eru einnig ríkuleg áform um jarðgangagerð. Ekkert felur í sér eins miklar breytingar á atvinnu- og þjónustusvæðum og slíkar framkvæmdir. Ég tel að mikilvægi jarðgangagerðar sé ætíð vanmetið því jarðgangagerð er í raun breyting á landsháttum og landslagi. Ég styð heils hugar stefnumörkun áætlunarinnar um að klippa af hættulega vegakafla um Óshlíð og Hvalnes og Þvottárskriður. Ný Oddsskarðsgöng þola ekki bið vegna þeirra þjóðfélagsbreytinga sem ég gat um fyrr í ræðu minni. Ný Oddsskarðsgöng eru reyndar vegur innan sveitar vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á Austurlandi.

Ég legg áherslu á að farið verði eins fljótt og unnt er, eins og talað er um í áætluninni, í undirbúning frekari jarðganga á Austurlandi, til Vopnafjarðar og á Miðausturlandi. Þetta eru mikil verkefni. En aðferðum og verkkunnáttu í jarðgangagerð hefur fleygt fram á undanförnum árum. Minna má á að fyrst árið 1987, ef ég man rétt, var gerð tillaga um jarðgöng milli Norðfjarðar, Seyðisfjarðar og Héraðs af nefnd undir stjórn fyrrverandi vegamálastjóra. Ég vil einnig leggja áherslu á þær viðræður sem áformaðar eru um jarðgöng undir Vaðlaheiði en þar er um einkaframkvæmd að ræða.

Ég vil nefna það núna að sá merki atburður verður væntanlega á þessu ári að á milli Akureyrar og Egilsstaða verður bundið slitlag alla leiðina í stað þessa kílómetra sem var þegar ég byrjaði á þingi. Þetta eru mikil tímamót. Þau haldast í hendur við að skrifað hefur verið undir samninga um skipaflutninga til Reyðarfjarðar, sem er jafnvel stærsti samningur af því tagi sem gerður hefur verið, felur í sér að Reyðarfjarðarhöfn verður næststærsta höfnin á landinu hvað flutninga snertir. Það er einboðið að með betra samgöngukerfi aukast flutningar frá höfninni, lengra en á Austfirði og upp á Hérað. Ég fagna því þessum áfanga. Þetta eru meiri tímamót en menn átta sig á í augnablikinu.

Ég vil einnig nefna að enn er hringvegurinn ekki allur lagður bundnu slitlagi. Á Austurlandi eru áform um sameiningar, rætt um sameiningu Djúpavogs og Fljótsdalshéraðs, Breiðdalsvíkur og Fjarðabyggðar. Yrði af sameiningu Djúpavogs og Fljótsdalshéraðs mundi aukast þrýstingur á að bæta veginn yfir Öxi, sem er 60 km stytting á leiðinni frá Egilsstöðum til Hornafjarðar. Til samanburðar eru uppi mikil áform um veglagningu við Kjöl til að stytta veginn frá Akureyri til Reykjavíkur um 47 km. 60 km stytting er ekkert smáræði. Það þarf að huga að þessum köflum og loka því sem eftir er af hringveginum. Ég legg mikla áherslu á það.

Ég legg mikla áherslu á að þar sem einbreiðar brýr eru á landinu þarf að bæta úr. Það er gríðarlegt öryggismál miðað við hraðari umferð á vegakerfi landsins. Hraðinn hefur aukist með betri bílum og meiri samgöngum. Það er líka einboðið vegna þessarar þungu umferðar á vegum landsins að það þarf að styrkja þá. Þessi áætlun felur í sér áform um að styrkja veginn frá Reykjavík til Akureyrar. Það er nauðsyn að gera það.

Minnst var á einkaframkvæmd og einkaframkvæmd á rétt á sér en það er nauðsynlegt að raða þeim vegum sem ætlunin er að taka í einkaframkvæmd í áætlun, hafa þá í vegáætlun eins og aðrar framkvæmdir. Við þurfum að festa hendur á því. Ég er þeirrar skoðunar að einkaframkvæmd eigi í flestum tilfellum rétt á sér sé réttlætanlegt að taka veggjald. En sé svo ekki finnst mér koma til greina að ríkið taki lán til vegaframkvæmda því einkaframkvæmd er náttúrlega lántaka ef ríkið eignast svo vegina, sem ég tel rétt og sjálfsagt miðað við það módel sem er hér varðandi Hvalfjarðargöngin. Ég legg áherslu á að í langtímaáætlun þurfi að fella vegi í einkaframkvæmd að þeim áætlunum sem fyrir eru.

Sá tími sem ég hef er liðinn við fyrri umr. Ég vildi koma þessum atriðum á framfæri. Hafa mætti langt mál um þá miklu pakka sem hér eru en ég á kost á að fjalla um málið í samgöngunefnd þegar það kemur þangað. Þá verður málið skoðað nánar.

[14:37]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni, þeim þingreynda manni, fyrir ræðu hans um samgöngumál. Hann hefur farið vel yfir þá áætlun sem hér liggur fyrir sem auðvitað er metnaðarfull og allir vona að gangi eftir þótt menn hafi misjafnar skoðanir á því hvort af verði, miðað við reynsluna.

Hv. þingmaður ræddi um frestun framkvæmda frá síðastliðnu sumri. Mér fannst hann fara dálítið létt yfir það og fannst það lítilvægt sem gert var í júní á síðastliðnu sumri þegar fjórir ráðherrar ríkisstjórnarinnar komu saman og ákváðu að skera niður vegaframkvæmdir en seinna þegar farið var að skoða þetta í samgöngunefnd kom í ljós að niðurskurður framkvæmdanna var upp á 1.150 millj. kr. á síðasta ári.

Hæstv. forsætisráðherra svaraði í fjölmiðlaviðtölum rétt á eftir, að þeir vissu ekki hvar framkvæmdirnar sem þeir voru að skera niður væru.

Síðan var það dregið fram af okkur sem börðust gegn þessu frá upphafi að þetta voru framkvæmdir sem voru á verst settu svæðum landsins hvað varðar aðbúnað vega, viðhald og vegi.

Þetta var, virðulegi forseti, m.a. í kjördæmi mínu og hv. þingmanns, leið eins og Hófaskarðsleiðin, Dettifossvegur og Arnórsstaðamúlinn, til að ljúka malbikinu á milli Akureyrar og Egilsstaða.

Mér fannst því hv. þingmaður tala frekar léttvægt um þetta vegna þess að umrædd frestun hafði alvarlegar afleiðingar í för með sér. Þetta seinkaði öllum ferlum. Við vorum m.a. á fundi ekki alls fyrir löngu þar sem ekki er hægt að fara í eignarnám á Hófaskarðsleið vegna þess að það var kominn vetur og snjór yfir, sem dæmi um hve alvarlegar afleiðingar þetta hafði.

Síðan var það staðfesting á því (Forseti hringir.) hvað þetta var vitlaust í raun og veru, að forsætisráðherra dró þetta til baka (Forseti hringir.) í stefnuræðu sinni þegar þing kom saman.

[14:40]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hv. 3. þm. Norðaust. nefnir frestun framkvæmda á síðastliðnu sumri. Það er alveg rétt að það var tekið fyrir útboð

opinberra framkvæmda um stuttan tíma á síðastliðnu sumri. Síðan var það bann fellt niður.

Þetta er auðvitað staðreynd og hv. þingmaður nefnir þarna nokkrar framkvæmdir. Allar þær framkvæmdir voru í undirbúningi. Engin þeirra var að fara af stað nema Skjöldólfsstaðafjallið. Það kann að hafa orðið einhver seinkun á því. En hún er ekki veruleg.

Ég hygg að þetta hafi engin áhrif á Dettifossveg og þetta eru allt saman framkvæmdir sem eru í undirbúningi og ekki tilbúnar. Ég held því að þetta bann hafi haft minni áhrif en ætlað var og seinkað minna en ætlað var.

En það er alveg rétt, þetta var tilraun til að slá á þenslu. Það hafa verið dregnar út úr þessum pakka einstakar framkvæmdir. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði engin þensla falist í því að fara í Hófaskarðsleiðina ef hún hefði verið tilbúin. En þetta var nú einu sinni almenn aðgerð í einum pakka og það er dálítið út í hött að vera að draga út einhverjar framkvæmdir úr því. Enda var þessi ákvörðun dregin til baka á haustdögum.

[14:42]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir svarið við andsvari mínu hvað þetta varðar vegna þess að mér finnst ég heyra tón sem ég get mjög vel sætt mig við, að hv. þingmaður var óánægður með það bann, hann notaði það orð, bann á þessa framkvæmd sem var tilraun til að slá á þenslu á svæði þar sem engin þensla var.

Þetta var auðvitað arfavitlaus aðgerð, flausturslega unnin og ráðherrarnir sem stóðu að henni, bæði fyrrverandi forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson og núverandi forsætisráðherra Geir H. Haarde, vissu í raun og veru ekkert hvað þeir voru að skera niður.

Sú staðreynd að 1.150 millj. kr. niðurskurður á svæði þar sem sennilega hefðu ekki meira en 300 millj. kr. komið til framkvæmda á síðasta ári var í mesta lagi nothæf sem brandari á árshátíð hagfræðinga.

Enda var það þannig að það hafði ekki mikið breyst í efnahagslífinu þegar hæstv. forsætisráðherra tjáði okkur í stefnuræðu sinni að það hefði dregið svo úr þenslu að nú væri hægt að taka þetta framkvæmdabann til baka.

En, virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hv. þingmann út í annað. Í yfirgripsmikilli og góðri ræðu sinni fjallaði hann um og lýsti yfir áhuga og ánægju með fyrirhugaða lengingu flugbrautanna á Akureyri og Egilsstöðum.

Nú höfum við barist saman fyrir þessu. Ég get sagt fyrir mitt leyti að ég er ekki ánægður með að lenging flugbrautar á Akureyri verði ekki lokið fyrr en á haustdögum 2009, eða flugvallarins á Egilsstöðum einhvern tíma á öðru eða jafnvel þriðja tímabili.

Þá vil ég geta þess líka — til að draga fram mikilvægi Akureyrarflugvallar vegna millilandaflugs, þar á meðal fraktflugs sem á að hefjast eftir nokkrar vikur — að það þarf líka að stækka flugstöðina. En um það er ekkert rætt.

Spurning mín til hv. þingmanns er þessi: Er hv. þingmaður virkilega ánægður með þær tímasetningar sem þarna eru inni miðað við hve brýn framkvæmd þetta er og miðað við það að þessar stuttu brautir eru beinlínis samkeppnishindrandi fyrir atvinnulífið á Akureyri og í Eyjafirði og á Egilsstöðum? (Forseti hringir.)

[14:44]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara í neina brandarakeppni við hv. þm. Kristján L. Möller. En varðandi flugvellina á Akureyri og Egilsstöðum þá var það einhvers staðar nefnt, ég held að hv. þingmaður hafi nefnt það, að ég er þingreyndur maður.

Mér finnst það skipta höfuðmáli að þessar framkvæmdir eru komnar inn og að þetta fari í gang og verði klárað. (**KLM:** Jafnvel þó að það verði ekki fyrr en 2018?) Það er nú ekki 2018, hv. þingmaður.

Það er ætlunin að klára framkvæmdirnar á Akureyri árið 2009, eins og kom fram. Þetta þarf auðvitað sinn undirbúning og ég legg á það áherslu, og það er í áætluninni, að bæta aðflugið að báðum flugvöllunum og að laga aðstöðuna í kringum þá. Það er náttúrlega miður með flugstöðina á Akureyri, hún þarf lagfæringar við.

Á Egilsstöðum legg ég áherslu á að þeim athugunum sem vantar til þess hægt verði að fara í að lengja brautina þar verði flýtt. Þetta er nú ósköp einföld mynd sem er dregin upp af þessu.

Auðvitað gæti ég sett fram kröfu um að gera þetta allt á morgun eða á þessu ári, en það er bara ekki raunhæft. Ég er ánægður með að þetta skuli vera komið á laggirnar, að það skuli vera farið í þetta. Og ég legg áherslu á að undirbúningur hefjist sem allra fyrst og verði sem allra markvissastur í þessum tímabæru aðgerðum í flugmálum á þessum tveimur völlum. Það er ætlunin að laga aðstöðuna í kringum þá á næstu árum mjög verulega og það er ég ánægður með.

[14:46]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gaman að hafa hv. þm. Jón Kristjánsson í ræðustól og hlusta á hann koma að þessum málum og eiga við hann orðaskipti. Í fyrsta lagi vil ég spyrja hv. þingmann. Hann vildi lítið gera úr niðurskurðinum á vegaframkvæmdum sem hefur átt sér stað á síðastliðnum árum til frestunar sem þá varð, hliðstætt við það sem hv. þm. Kristján Möller spurði um. Það er ekki aðeins niðurskurðurinn sem hefur átt sér stað á undanförnum fjórum árum heldur hafði frestunin, sem varð á síðasta sumri, gríðarleg sálræn áhrif af því að hún bitnaði fyrst og fremst á íbúum Vestfjarða og íbúum norðausturhornsins, sem voru búnir að bíða mjög eftir samgöngubótum og vera oft sviknir og ekki var staðið við þær væntingar sem þeim höfðu verið gefnar. Ég vil því spyrja hvort hv. þingmaður sé ekki ósáttur við að þessu hafi verið beitt.

Síðan gerist það aftur árið 2007 að ákveðið var að fresta fjármagni sem þó var búið að ákveða, samkvæmt lögum um ráðstöfun á söluandvirði Símans, að færi til vegaframkvæmda á Norðausturlandi og Vestfjörðum. Þó svo ekki hefði verið hægt að nota það til þeirra sérmerktu framkvæmda sem þar var um að tala vegna þess að þeim hafði öllum verið seinkað, þá voru þar fullt af verkefnum sem voru tilbúin og gátu tekið þessa peninga tímabundið ef ekki var hægt að verja því þannig. Þessir landshlutar hefðu því

fengið í sinn hlut þær væntingar sem gefnar voru við ráðstöfun á söluandvirði Landssímans, en þeir voru sviknir um það með þeim lögum sem sett voru um frestun framkvæmda á þessu ári.

[14:49]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek það sem ég sagði áðan. Þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar stóð í stuttan tíma. Ég tel að hún hafi ekki haft mikil áhrif á framgang framkvæmda en ef menn eru að draga einhverjar framkvæmdir út úr og segja: Þarna er engin þensla og þess vegna þarf ekki að gera þetta, þá geta verið alveg rök fyrir því.

En hins vegar verð ég þó að minna á að vegagerð er landsmál og markaðurinn í verktöku í vegagerð er landsmarkaður þar sem vegaframkvæmdirnar eru. Ríkisstjórnin hefur legið undir miklu ámæli, m.a. í þessum sal, fyrir þenslu og ég get alveg skilið að það væri á dagskrá hjá ríkisstjórninni á síðasta sumri að draga úr þenslu. Aftur á móti hef ég svo skoðun á því hvar þenslan er. Þenslan er ekki eingöngu vegna Kárahnjúkavirkjunar eins og Vinstri grænir hafa alltaf haldið fram. Þenslan er á höfuðborgarsvæðinu. Þenslan er ekki eingöngu vegna virkjunarframkvæmda á Austurlandi, eins og flokksbræður hv. þingmanns og hv. þingmaður hefur haldið fram. Þenslan er hér. Þetta var tilraun til að slá á vegaframkvæmdir og margs konar fleiri framkvæmdir sem voru í bígerð þá. En þetta er aðgerð sem er liðin og hafði ekki ýkjamikil áhrif, held ég.

[14:51]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandinn er sá að þessi tími er ekki liðinn. Vandinn er sá að haldi stefna ríkisstjórnarinnar áfram í stóriðjumálum vofir þessi ógn áfram yfir. Það er alveg rétt að ekki var eingöngu um að ræða framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun og Reyðarál heldur var framkvæmdum líka flýtt um meira en ár á Hellisheiði á sama tíma og virkjunarframkvæmdum og stækkun Norðuráls var líka flýtt um ár meðan vegaframkvæmdir voru skornar niður. (**KLM:** Með stuðningi Vinstri grænna.) Nei. (Gripið fram í.) Nei.

En talandi um einkaframkvæmdir þá fann ég vel að samvinnuhjarta og félagshyggjuhjarta hv. þm. Jóns Kristjánssonar sló þar sem hann sló varnagla við þeirri oftrú á einkaframkvæmdir í vegagerðinni og einmitt þann varnagla sem var alveg hárréttur að einkaframkvæmdin hefur nákvæmlega sömu þensluáhrif í þjóðfélaginu hvort sem vegaframkvæmdir eru í einkaframkvæmd eða á opinberum vettvangi.

Þess vegna spyr ég hv. þingmann. Ég hygg að við séum nokkuð sammála þótt hann reyni náttúrlega að verja einkavæðingaræði ríkisstjórnarinnar, en þá gerir hann það ekki sannfærandi. Í þingsályktunartillögunni segir, með leyfi forseta:

„Með einkaframkvæmd, sem byggist á veggjöldum, má auka tekjur til vegamála. Einkaframkvæmd er að mati nefndarinnar álitleg leið í samgönguframkvæmdum, ef hún að núvirði er ódýrari kostur en eiginframkvæmd, ...“ Takið eftir því. Og hann leggur líka áherslu á að ekki verði sett einkaframkvæmd einungis og svo eigi hún engin áhrif að hafa, nei. Það eru nákvæmlega sömu peningarnir á ferðinni, hvort sem um einkaframkvæmd eða ríkisframkvæmd er að ræða, í þjóðarbúskapnum. (Forseti hringir.) Og því aðeins sé ráðist í einkaframkvæmd að hún sé ódýrari kostur en eiginframkvæmd. Mér finnst það mjög mikilvægur punktur.

[14:53]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég átti við með einkaframkvæmd er að fella eigi inn í áætlunina framkvæmdir sem ætlunin er að fari í einkaframkvæmd, því að það er rétt að menn hafi þá heildaryfirlit. Ég á við það að menn eiga ekki að draga framkvæmdir fram fyrir á þeim forsendum að þær séu í einkaframkvæmd. Þær eiga að vera inni í áætlun eins og aðrar framkvæmdir.

Í sambandi við þensluna margumtöluðu þá kom hv. þingmaður að athyglisverðum punkti með Hellisheiðina. Það hafa engar deilur verið um Hellisheiðina, engar deilur hafa verið um stóriðjuframkvæmdir þar. Minn flokkur og hans og Samfylkingin unnu að því saman í borgarstjórn Reykjavíkur að koma þessu á laggirnar með samþykki Vinstri grænna, eins og hv. frammíkallari Kristján L. Möller sagði. (**GHall:** Og hafi þeir heiður og þökk fyrir.) (Gripið fram í.) Við unnum að því saman að koma þessu á laggirnar með þátttöku okkar í Orkuveitu Reykjavíkur. (Gripið fram í.) Vinstri grænir geta ekki þvegið af sér þessa stóriðjustefnu. Þarna var stóriðjustefnan. Það er ekki lengra í stóriðjustefnu Vinstri grænna en austur á Hellisheiði, það er 30 kílómetrar í hana. Málið er bara svona einfalt.

[14:55]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Þessi tillaga til þingsályktunar, um samgönguáætlun til næstu tólf ára, er viðamikil að vöxtum eins og skjalið ber með sér og innihaldið reyndar líka. Helstu stærðir í því eru að gert er ráð fyrir að á næstu tólf árum verði nærri því 400 milljörðum kr. varið til samgöngumála, til vega, hafna og flugmála. Það er aukning frá því sem var ákveðið í síðustu tólf ára áætlun um liðlega fjórðung að raungildi. Það kemur fram í skjalinu og í máli hæstv. ráðherra að um 80 milljarða kr. hafi vantað til að hægt hafi verið að sinna öllum brýnustu þörfum eða óskum sem dregnar voru saman í undirbúningi málsins. Menn ná því ekki utan um að fjármagna allar óskirnar á næstu tólf árum með þessari áætlun. Fjárhæðirnar eru, þrátt fyrir að tölurnar séu háar, ekki eins stórar og tilefni er til að ætla. Á hverju ári er ekki varið nema tæplega 2,5% af vergri landsframleiðslu til samgöngumála, til vegamála einna ekki nema um 2%.

Virðulegi forseti. Ég er reiðubúinn að gera hlé á máli mínu ef ég trufla hv. þingmenn sem eru hér á fundi úti í sal.

(**Forseti** (BÁ): Hv. þingmenn eru beðnir um að gefa ræðumanni tækifæri til þess að flytja mál sitt.)

Þakka þér fyrir, virðulegi forseti.

Fjárhæðirnar til samgöngumála eru kannski ekki jafnháar og ætla mætti af framsetningu í máli hæstv. ráðherra. Það er ekki mikið að setja um 2% af landsframleiðslu til samgöngumála í heild sinni á hverju ári.

Ég held að við ættum að endurskoða fjárhagslegu mark-

miðin. Þarfirnar í samgöngumálum hafa farið mjög vaxandi jafnvel þó að menn hafi á síðustu tveimur áratugum, skulum við segja, náð góðum áföngum. Umtalsverðar framfarir hafa orðið á sviði samgangna, komið hafa fram nýjar þarfir í kjölfar tækniframfara, í kjölfar aukinnar notkunar á bílum og annað slíkt og í kjölfar nýrrar tækni í fjarskiptaheiminum. Þannig að þarfirnar koma til. Ég held að þingið ætti að setja sér það markmið að ná betur utan um það að uppfylla þær þarfir á hæfilega löngum tíma. Mér finnst kannski helst að þessari áætlun — þó ég sé ekki að setja út á hana almennt, því að flest af því sem í henni er eru þarfar framkvæmdir. Deilur standa ekki um það hvort ráðast eigi í einstakar framkvæmdir heldur hvenær og í hvaða röð.

Ég hvet menn til að skoða þingsályktunartillöguna út frá því að uppfylla betur þarfirnar en gert er í áætluninni. Ég minni á að eign landsmanna, Landssíminn, var seld og fyrir hana fengust tæplega 67 milljarðar kr. Mér finnst eðlilegt að verja öllu andvirði þeirrar eignar til samgöngumála þannig að ríkið breyti einni eign í samgöngumálum í aðrar eignir í samgöngumálum. Það þýðir með öðrum orðum að fjármagn til þessarar áætlunar mundi aukast úr 15 milljörðum af þessum 67 sem varið er til áætlunarinnar upp í 67 milljarða, það mundi aukast um 52 milljarða kr.

Ég tel að menn ættu að setja sér það sem pólitískt markmið á næsta kjörtímabili að verja því fé sem fékkst fyrir sölu Landssímans til samgöngumála á næstu fjórum árum og bæta því við það fjármagn sem er í þessari tillögu. Það munar heldur betur um það að geta aukið fjármagnið um 50 milljarða kr. á næstu fjórum árum frá því sem gert er ráð fyrir. Ég held að það sé vel gerlegt. Ég held að það sé eðlilegt því að mínu viti var það ekki sérstaklega tilgangur landsmanna, með því að eiga, byggja upp, reka og síðar selja Landssímann, að safna bankainnstæðum. Þjóðareignin á að fara til þarfa þjóðarinnar á samgöngusviðinu og það er eðlilegast að nýta peningana í því skyni en ekki sem innstæðu í Seðlabankanum.

Í öðru lagi tel ég að það eigi að bæta í þessa áætlun því sem mér finnst standa út af í samgöngumálum og það eru fjarskiptin, netsamskiptin og símasamskiptin. Ég tel að ríkið eigi að hafa uppbyggingu þeirra þjóðvega með höndum, rétt eins og veganna sjálfra og gera ráð fyrir í áætlun sinni að byggja þar upp. Sú leið hefur verið valin að fela það í megindráttum einkaaðilum þannig að ríkið hefur þetta ekki á sinni könnu og semur ekki sérstaka áætlun um að byggja upp þessa þjóðvegi eins og hina. Ég tel það ekki skynsamlega niðurstöðu. Ég hef verið ósammála henni frá því að ákveðið var að selja Símann með grunnnetinu. Ég tel því að menn ættu að setja sér það sem pólitískt markmið að fjarskiptanetið verði hluti af grunnnetinu og ríkið hafi forgöngu um að byggja það upp og reka það, eitt sér eða í samstarfi við aðra.

Í þriðja lagi vil ég nefna, virðulegi forseti, að ég er tilbúinn til að standa að því að auka það fjármagn úr ríkissjóði sem menn setja á ári hverju til samgöngumála — 2% af vergri landsframleiðslu er ekki há fjárhæð. Ef hún er brotin niður í framkvæmdirnar einar og sér er fjárhæðin enn lægri. Okkur miðar hægt að vinna upp listann sem fram undan er af óunnum verkefnum vegna þess að við setjum lága fjárhæð á hverju ári til fjárfestinga, til uppbyggingar í vegakerfinu. Sú fjárhæð þarf að hækka verulega til að menn sæki fram á meiri hraða en gert er ráð fyrir. Ég er tilbúinn til að menn setji sér sem markmið að setja t.d. 3% af vergri landsframleiðslu á ári hverju til samgöngumála.

Ef menn gerðu það, ef það fjármagn sem fékkst af sölu Landssímans væri notað að fullu til samgöngumála, ef menn ykju árlegt framlag úr ríkissjóði eða af skattheimtu, það kemur svo sem í sama stað niður, — og ég vek athygli á því að skattheimta á umferðina er miklu meiri en það sem rennur til samgöngumála — upp í 3% af vergri landsframleiðslu næðu menn feiknalega góðum árangri á næstu árum. Ég hvet menn til að hugsa það í mikilli alvöru að gera þá breytingu á þessari samgönguáætlun sem ég er að tala um.

Ég vil svo, virðulegi forseti, staldra aðeins við ákvæði samgönguáætlunar um aðra fjáröflun. Ég er ekki algerlega andvígur því að menn skoði það að fjármagna einstakar framkvæmdir, sérstaklega þar sem umferð er mikil og þar sem gjaldtaka á umferðina yrði þar af leiðandi mjög lítil í hvert skipti af hverjum vegfaranda. Forsenda þess að ráðist verði í slíkar lausnir er að mínu viti að skattlagning og gjaldtaka af umferðinni verði miklu minni en nú er. Ég tel ekki forsvaranlegt að bæta sérstakri fjáröflun til viðbótar við þá skattlagningu sem nú er á umferðinni þar sem árlegar tekjur ríkissjóðs af bílum, bílaeign, bensínkaupum og öðru slíku er langt umfram það sem rennur til samgöngumála og er í raun og veru að mestu leyti almenn skattlagning. Á meðan skattlagningin er svona langt umfram það sem rennur til samgöngumála mundi ég ekki hvetja til þess að standa að annarri fjáröflun með þeim hætti. En almennt séð finnst mér ekki ástæða til að útiloka það að öllu leyti í náinni framtíð.

Virðulegi forseti. Svo ég nefni eina sérstaka framkvæmd, sem er samgöngumiðstöðin í Vatnsmýrinni, vil ég taka fram að ég er fylgjandi því að ráðist verði í hana. Ég sé hins vegar enga ástæðu til að hún verði fjármögnuð af einkaaðilum. Ég tel að ríkið eigi að byggja þessa byggingu sjálft, eiga hana og reka. Það er örugglega dýrara fyrir ríkið að láta aðra aðila fjármagna hana því ríkið fær betri vexti en nokkur annar í þessu þjóðfélagi. Ríkið hefur efnahagslega stöðu til að ráðast í svona litla framkvæmd. Ég held að það sé einfaldlega fjárhagslega óhagkvæmt að fela einkaaðilum að byggja, eiga og reka þessa framkvæmd sem yrði svo í meira og minna lagi annaðhvort velt yfir á ríkissjóð eða notendur þessara mannvirkja. En ég er samþykkur því að ráðast í þessa miðstöð og byggja upp Vatnsmýrina sem áframhaldandi miðstöð innanlandsflugs á Íslandi.

Þá vil ég, virðulegi forseti, hvetja þingmenn til að gæta hófs í ákvörðunum og kröfugerð um einstakar framkvæmdir. Þingmenn eiga að sjálfsögðu að fara fram á að framkvæmdir leysi þann vanda sem við er að glíma og að landsmenn fái þar góða lausn eða góðan veg. En það á ekki að gera kröfur til þess að verja meiru fé til slíkra mála en nauðsynlegt er. Ég tel að svo hafi t.d. verið gert í sambandi við Héðinsfjarðargöng. Kostnaðurinn við þá framkvæmd er að mínu viti tvisvar sinnum hærri en hann þurfti að vera. En jarðgöng frá Siglufirði í Fljót og uppbygging vegar á Lágheiði hefði verið mjög góð lausn fyrir staðinn og svæðið. Ávinningurinn af því að fara um Héðinsfjörð er hverfandi samanborið við þann kostnað sem menn leggja út fyrir því.

Í öðru lagi má nefna að kröfur um breiða vegi langt umfram það sem umferðin kallar á eru líka kröfur um að leggja út í dýrari lausnir en nauðsynlegt er. Þar má t.d. nefna lausnina um Reykjanesbrautina, sem er auðvitað glæsileg framkvæmd, en umferðarþunginn er ekki meiri en svo, miðað við almenna staðla, að 1+1 vegur dugar almennt og 1+2 vegur með aðskildum akreinum væri mjög góð lausn. Kostnaður við að ráðast í þá lausn sem varð niðurstaðan felur það í sér að fjármunir eru teknir úr öðrum verkefnum og það hægir á ýmsum þörfum endurbótum.

Ég vil einnig hvetja menn til að huga að Vesturlandsvegi og Suðurlandsbraut, að menn gæti hófs í kröfugerð um úrbætur þar. Menn eiga auðvitað að krefjast þess að öryggi verði bætt og akstursleiðir aðskildar og annað slíkt sem þarf til að ná ásættanlegu og góðu öryggi en það á ekki að mínu viti að ráðast í framkvæmdir umfram þörf í þeim efnum. Það er mikill munur á því hvort menn ráðast í 2+1 veg eða 2+2 veg. Það felast margir milljarðar í þeim umframkostnaði. Ráðist menn í það verður þeim fjármunum ekki ráðstafað til annarra brýnna verkefna sem bíða í samgöngumálum og munu þar af leiðandi þurfa að bíða árum saman.

Ég bendi t.d. á Suðurlandsveginn. Umferðin þar er um 6.000 bílar á sólarhring. Almennir staðlar segja að 1+1 vegur eigi að geta annað 10–12 þúsund bíla umferð á sólarhring. Og 1+2 vegur geti annað 15–20 þúsund bíla umferð á sólarhring eða þrisvar sinnum meira en nú er. Aðstæður eru vissulega sérstakar hér á landi. Það gerir það að verkum að menn þurfa að skoða lausnirnar í því ljósi. Það leiðir trúlega til þess að rétt er að hafa veginn breiðari en almennt mundi verða og aðskilja aksturstefnur. Þá eru slíkar lausnir góðar og miklu ódýrari en 2+2 vegur. Menn verða að minnsta kosti að hafa góð rök fyrir því að setja fram kröfur um margra milljarða kr. útgjöld umfram það sem þarf. Ef menn gæta þess í framkvæmdum getum við nýtt peningana betur og náð meiri árangri á fleiri stöðum.

Virðulegi forseti. Nú er tíma mínum lokið og átti ég þó býsna mikið eftir enn. Ég ætla aðeins að fara yfir efnahagsmálin. Kannski ég noti þessar örfáu sekúndur til að minna á að þessi áætlun þarf auðvitað að falla inn í almenna efnahagsstjórn landsmála. Ég sé hins vegar ekki, virðulegi forseti, hvernig á að vera hægt að samræma áform (Forseti hringir.) um 450 milljarða kr. framkvæmdir í stóriðjumálum og hin miklu samgönguáform sem ég minntist á áðan.

[15:10]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eitt og annað sem ég vildi ræða við hv. þingmann enda flutti hann alveg hreint glimrandi fína ræðu þar sem margt athyglisvert kom fram, t.d. það að frumforsenda þess að samgönguátakið sem lesa má út úr áætluninni gangi eftir sé að ekki verði farið í miklar stóriðjuframkvæmdir á þessu sama tímabili. Rökin sem hæstv. samgönguráðherra notaði fyrir 6 milljarða niðurskurði fyrir tveimur árum, frá kosningum 2003, voru þau að stóriðjuframkvæmdir væru svo miklar. Ég vildi því fá það skýrt fram hjá hv. þingmanni að það væri hans niðurstaða að svo væri, þ.e. að gera verði hlé á stóriðju eigi þessar framkvæmdir að ganga eftir. Ég held að það sé forsenda þess að það gangi eftir.

En það er svo sérkennilegt að eftir sextán ár í samgönguráðuneytinu, eftir átta ár hjá hæstv. samgönguráðherra í samgönguráðuneytinu, er núna hægt að birta hugmyndirnar um Nýja-Ísland í samgöngumálum. Eftir sextán ára sinnuleysi í samgöngumálum, sextán ára sögu svikinna loforða, þá er núna hægt að gera allt fyrir alla. Núna er hægt að boða hið Nýja-Ísland í samgöngumálum. Lesið Morgunblaðið í dag. Landið verður gjörbreytt gangi samgönguáætlunin eftir. Hún mun aldrei ganga eftir sitji Sjálfstæðisflokkurinn áfram önnur sextán ár. Það er hægt að fullyrða.

Enda er sagan af samgönguloforðunum þyrnum stráð, saga Sjálfstæðisflokksins. Það þarf ekki annað en að líta á Suðurstrandarveg og fjölmörg önnur tíu ára gömul loforð um sérstakar framkvæmdir sem aldrei gengu eftir og tekur önnur tíu ár héðan í frá að klára. En það var annar athyglisverður punktur í ræðu hv. þingmanns um útgjöld til vegamála um 3%. Ég ætlaði að benda á það, ég geri það í síðara andsvari mínu ef ég kemst aftur upp, hver þróunin hefur verið frá 1970. Það eru nefnilega mjög athyglisverðar tölur.

[15:13]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já. Eins og þetta blasir við mér næstu sjö árin, ef ég legg saman þá samgönguáætlun sem hér er til umræðu, árin 2007–2014, og síðan áform í stóriðjuuppbyggingu, sem ég álít að liggi nokkuð ljós fyrir af hálfu stjórnvalda, sé ég ekki hvernig þetta nær að ganga saman. Ég sé ekki að hægt verði að standa við samgönguáætlunina ef stóriðjuáformin ganga eftir á þeim hraða sem til stendur að verði á næstu árum.

Það eru framkvæmdir í virkjunum og iðjuverum upp á 450 milljarða kr. á næstu sjö árum. Í samgönguáætluninni eru framkvæmdir upp á 160 milljarða kr. sýnist mér á næstu sjö árum. Það einfaldlega gengur ekki saman miðað við jafnvægi í efnahagsmálum. Verði hvort tveggja keyrt af fullum þrótti verður útkoman einfaldlega verðbólga. Íslensk heimili eru þau skuldsettustu í heimi og þola ekki verðbólgu. Það kostar íslensk heimili milljarða á milljarða ofan á hverju einasta ári ef verðbólgan fer yfir þau mörk sem menn settu sér á sínum tíma, 2,5% á ári.

Menn geta ekki lagt það á almenning að bera byrðarnar af verðbólgunni. Því er eðlilegt að fresta eða raða niður framkvæmdum, hvort sem það er í samgöngu- eða stóriðjumálum, þannig að menn geti haldið jafnvægi í efnahagslífinu. Ég er út af fyrir sig sammála þeim sjónarmiðum, sem menn gripu til í sumar, að markmiðið um að halda verðbólgunni í skefjum sé ofar markmiðinu um einstakar framkvæmdir. Það má svo deila um það hvaða framkvæmdir urðu fyrir barðinu á frestuninni.

[15:15]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tekur undir þá skoðun Samfylkingarinnar að eigi samgönguátak af þessari stærðargráðu, eða einhverri sambærilegri, til að vinna upp vanrækslu síðustu 16 ára í samgöngumálum, að ganga eftir þá verði að velja aðra hvora leiðina, samgönguátakið eða stóriðjuna. Við höfum valið samgönguátakið og

við viljum stóriðjuhlé, frestun á framkvæmdum. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tekur undir það og ég er ánægður að heyra það. Leggi maður saman boðskap hæstv. samgönguráðherra annars vegar og hæstv. forsætisráðherra hins vegar, t.d. úr Silfri Egils um álverin þrjú sem öll eiga að koma, og samgönguátakið sem hér er lagt til og rætt um þá verður útkoman að sjálfsögðu óðaverðbólga og algert kaos í efnahagsmálum. Það vita allir að þetta gengur ekki upp. Hvor þarf að víkja, hæstv. samgönguráðherra, hæstv. forsætisráðherra? Auðvitað eru þetta bara kosningavíxlar og yfirboð sem er ekkert að marka og það er miður af því að hér er um grundvallarmál að ræða.

Ég ætlaði að nefna þróunina um útgjöld ríkis til vegamála. Það var nefnilega svo að árið 1970 í lok viðreisnartímans voru útgjöld til samgöngumála landsframleiðslu 2,75%. Þetta hrundi og minnkaði mjög og er núna 1,7%, hefur ekki nálgast þá tölu enn þá, og útgjöld til vegakerfisins eins voru 1,67% árið 1970, voru komin niður í 1,3% árið 2000, ekki nema 0,92% í fyrra, 1,3% núna þannig að þetta gefur glögga mynd af því hvað vanrækslan í samgöngumálum hefur verið gífurleg. Ef við lítum til útgjalda til samgöngumála og vegamála, hvors í sínu lagi eða samanlagt sem hlutfalls af landsframleiðslu, þá er vanrækslan svo mikil að það þarf að fara þá leið sem hv. þingmaður nefndi áðan, að vinna sig upp í það markmið að við náum 3% markmiðinu og höldum því og þá er hægt að fara að gera stóra hluti og vinna upp 16 ára vanrækslu sjálfstæðismanna í samgöngumálum.

[15:17]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ákveðið er að auka framlög til samgöngumála um sem svarar 1% af vergri landsframleiðslu þá eru það um það bil 10 milljarðar kr. á ári. Ef það fer allt til nýrra framkvæmda þá segir það sig sjálft að það er hægt að gera býsna mikið á einu kjörtímabili fyrir þá aukningu eina og sér. Menn kunna að spyrja: Er þetta ekki há fjárhæð og ofviða getu ríkissjóðs? Ég segi nei, virðulegi forseti, það er það ekki. Munum eftir ræðu hæstv. forsætisráðherra í síðustu viku á ráðstefnu viðskiptaþings undir yfirskriftinni Best í heimi. Það er auðvitað sjálfsagt að vera best í heimi fyrir bankana og best í heimi fyrir fjármagnseigendur en við eigum líka að vera best í heimi fyrir vegfarendur. Forsætisráðherra lagði það af mörkum til að vera áfram best í heimi fyrir fjármagnseigendur að leggja til að skattlagning af söluhagnaði af hlutabréfum yrði felld niður. Það kostar ríkissjóð á hverju ári um 6 milljarða kr. eða meira en helminginn af því sem yrði varið í þetta sérstaka samgönguátak með því að auka framlög til vegamála um 1% af vergri landsframleiðslu. Það eru því til nógir peningar, virðulegi forseti, til þessa málaflokks. Þetta snýst um forgangsröðun, þetta snýst um almenna hagsmuni gegn sérhagsmunum og þetta snýst um pólitískan vilja.

Ég held, virðulegi forseti, að stjórnarandstaðan þurfi að átta sig á styrk sínum. Hún getur tekið við ef hún vill. Stjórnarandstaðan hefur kraft og afl til þess að gera breytingar í vor og hrinda í framkvæmd almennri stefnumörkun þjóðinni til heilla.

[15:19]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta vil ég taka undir margt af því sem hv. þingmaður sagði í ágætri ræðu um þetta mál. Ég hygg að það sé ekki stór ágreiningsmunur á milli okkar hvað það varðar. Ég tók sérstaklega eftir því og fagnaði tali hans um stóriðjuhlé, á móti möguleikanum á stórátaki í samgöngumálum sem er það sama og formaður Samfylkingarinnar hefur verið að boða á fjölmörgum fundum úti um allt land. Ég tek sérstaklega undir það og fagna því að hv. þingmaður er á sömu skoðun og við hvað það varðar.

Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast við hv. þingmann út af jarðgöngum en engu að síður verð ég einu sinni enn, og ég vona að það sé í síðasta skiptið, að leiðrétta það sem hann segir um Héðinsfjarðargöng og þá legu sem þar er. Sú leið sem var valin er sú besta sem hægt var að fara. Það þarf enginn að efast um það að Siglfirðingar eða þeir sem búa á þessu svæði og hafa barist fyrir Héðinsfjarðargöngum hafi ekki horft á það að tengja Siglufjörð inn í Fljót og fara þá leið. Ókosturinn var sá að í Fljótum var farið upp í 300 meta hæð yfir sjávarmáli, með gangamunna þar, og þeir sem hafa verið í Fljótum í vondum veðrum og stundum ekki einu sinni séð rúðuþurrkurnar vita hvað vond veður eru þar og það var því ekki fýsileg leið. Þess vegna var sú leið valin sem farin var og hún var sú eina rétta. Og ég vænti þess að hv. þingmaður muni komast á þá skoðun og ég ætla að nota tækifærið og bjóða honum norður árið 2009 þegar við fögnum og opnum Héðinsfjarðargöng með þeirri leið sem valin var. Jafnframt ætla ég mjög að fagna þeirri leið sem valin var í Bolungarvík, þar sem var björgulegt lífið og er, að taka þá leið Ós – Skarfasker, fara þá leið sem eru 5 kílómetra göng í staðinn fyrir þær slaufur sem hugsaðar voru í byrjun inn í Óshlíðina eins og lagt var af stað með í byrjun. Og þar vorum við sammála, ég og hv. þingmaður, að það væri ófær leið, sú leið er betri sem hér er valin og ég spáði því strax að hún yrði valin og ég samfagna því. En ég vona að ég og hv. þingmaður séum orðnir sammála um þessi ástfóstur okkur.

[15:21]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Kristjáni Möller að það er mikil framför að áforma að ráðast í jarðgöng frá Ósi í Skarfasker í stað þeirra nálaraugna sem átti að sauma um hlíðarnar þrjár sem var auðvitað algerlega ófær leið þegar menn skoðuðu málið nánar en ég vek athygli á því hversu mikil breyting hefur orðið á viðhorfum til þeirra framkvæmda á innan við tveimur árum. Þegar ég spurðist fyrir um það vorið 2005, þá voru engin áform um jarðgangagerð um Óshlíð. Slík áform var ekki að finna á neinni áætlun, hvorki skammtíma- né langtímaáætlun en aðstæður breyttust einfaldlega og málið var tekið upp bæði hér og annars staðar og menn hafa ákveðið að taka þá framkvæmd inn sem ég er auðvitað afar sáttur við.

Þar hafa menn velt fyrir sér hvort ætti að ráðast í þá leið sem nú er búið að tilkynna að verði ofan á eða aðra leið sem liggur alla leið til Ísafjarðar, svokallaða Tungudalsleið sem ég held reyndar að sé sú langbesta en engu að síður er

hún dýrari og ég ætla ekki að leggjast í víking til að berjast fyrir henni umfram þá leið sem valin er vegna þess að Skarfaskersleiðin er mjög góð og ég tel ekki að við eigum að beita okkur til að velja dýrari lausnir en nauðsynlegt er. Við verðum að gæta hófs í kröfugerð í þessum efnum og það var það sem ég lagði áherslu á án þess að ég ætli neitt frekar að eiga orðastað við hv. þingmann um Héðinsfjarðargöng.

Ég vil aðeins leggja áherslu á það sem ég tel að sé aðalatriðið í því sem ég vil koma á framfæri og það er að hægt er að gera stórátak í samgöngumálum á næstu fjórum árum. Við höfum útlínurnar í því. Við eigum að gera tvennt til viðbótar. Við eigum í fyrsta lagi að ákveða að verja andvirði Landssímans að fullu til samgöngumála á næstu fjórum árum og í öðru lagi eigum við að setja okkur það markmið að fara í að 3% af vergri landsframleiðslu árlega á næsta kjörtímabili fari til samgöngumála.

[15:23]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sögulegar sættir hafa tekist. Hér var ekkert meira um andsvör varðandi Héðinsfjarðargöng milli mín og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þannig að það mál er lagt að baki okkar eins og gert var í hernum í gamla daga og ekki meira um að. Við erum sammála um stórátak í samgöngumálum sem boðað hefur verið og eins og ég orðaði það áðan og formaður Samfylkingarinnar fór með í fundaferð sinni um fjölmarga staði á landsbyggðinni í janúar og við erum líka sammála um þá niðurstöðu sem var valin vestur í Bolungarvík í staðinn fyrir Óshlíðina sem var orðin mjög hættuleg vegna grjóthruns og ýmissa þátta sem þar hafa breyst á nokkrum undanförnum árum. En sú ákvörðun og sú leið sem hefur verið valin er dýrari en slaufurnar þrjár sem fyrst var rætt um en fyrst var áætlaður milljarður í þetta, til að gera fyrstu slaufuna, þetta er því dýrari leið en margfalt betri og til framtíðar. Það er auðvitað það sem er verið að gera eins og ég nefndi með Héðinsfjarðargöng. Ég get tekið önnur dæmi um skammsýni, t.d. skilur enginn í raun og veru hvernig Oddsskarðsgöngum var valinn sá staður sem þau eru í, í 630 metra hæð yfir sjávarmáli, nema menn hafi verið að spara þar einhverjar örfáar krónur eða aura í stað þess að gera það strax sem hefði átt að gera, sem væri varanlegt til langrar, langrar framtíðar. Það er akkúrat það sem mér finnst að sé verið að gera hér og tek þess vegna þau tvö dæmi sem ég hef tekið, þ.e. Óshlíðargöng og Héðinsfjarðargöng. Þetta er sannarlega dýrara í byrjun og um háar fjárhæðir að ræða en þetta er lífsnauðsynlegt fyrir þá sem búa á svæðinu og fyrir svæðið í heild. Þetta er byggðastefna sem hefði að sjálfsögðu átt að vera komin fyrir lifandi löngu. En við skulum vona að við séum hætt að nota þessar smáskammtalækningar og bráðabirgðareddingar sem duga ekki um aldur og ævi.

[15:26]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki miklu við það að bæta sem fram hefur komið í máli mínu fram til þessa. Ég vil aðeins árétta það að menn eiga á þessum tímamótum að horfa hátt og hugsa langt fram í tímann og koma með tillögur og lausnir sem mæta þeim þörfum sem uppi eru í samgöngumálum. Þær eru vaxandi eins og sjá má á þessari áætlun sem er að mörgu leyti góð og hefur vaxið frá síðustu áætlun eins og komið hefur fram í máli hæstv. ráðherra og fleiri, en það vantar mikið upp á að áætlunin nái utan um þær þarfir sem fyrir liggja, eina 80 milljarða kom fram í máli hæstv. ráðherra.

Ég hygg og það eru mínar áherslur í þessu máli, að við eigum að setja fram hugmyndir sem mæta þeim óskum sem fyrir liggja, þeim þörfum sem fyrir liggja af því að það er ekki svo um neina framkvæmd sem er í áætluninni að maður telji hana óþarfa. Miklu fremur eru framkvæmdirnar þarfar og brýnar eins og jarðgangagerð á Austurlandi og Vestfjörðum og á þeim svæðum og reyndar fleirum skiptir tíminn máli. Því lengur sem menn eru að koma nauðsynlegum úrbótum fram því verra er það fyrir fólkið sem á við þær að búa. Því minna verður gagnið, þó að það verði auðvitað alltaf gagn að framkvæmdinni. Þess vegna legg ég áherslu á að við reynum að mæta þeim kröfum sem uppi eru og það tel ég að við getum gert með raunhæfum hætti á næsta kjörtímabili með því að bæta við þessa áætlun andvirði sölu Landssímans og árlegri hækkun sem svarar um 1% af landsframleiðslu til samgöngumála á næsta kjörtímabili og þá fáum við 80–90 milljarða kr. á því kjörtímabili umfram það sem er í þessari áætlun og getum mætt þeim óskum sem uppi eru.

[15:28]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018 og í henni er sett fram mjög heildstæð áætlun í samgöngumálum, heildaráætlun, samræmd samgönguáætlun, þar sem koma fram markmið stjórnvalda um það hvernig eigi að byggja upp samgöngukerfið til framtíðar.

Það hefur komið hér fram að Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í samgönguráðuneytinu í 16 ár (Gripið fram í.) og hefur tekist býsna vel upp við að byggja upp samgöngukerfið. Það getum við séð á svo óskaplega mörgum þáttum. Við þurfum eingöngu að horfa til þess hvernig ástandið var fyrir ekkert svo mjög mörgum árum, 16 árum, þegar Sjálfstæðisflokkurinn tók við, hvernig ástandið var þá og hvað hefur gjörbreyst, sú gjörbylting sem hefur orðið í vegamálum, flugsamgöngum og hafnamálum, ég tala nú ekki um hina nýju tíma sem felast í fjarskiptaáætlun sem reyndar er ekki hér til umræðu.

Í greinargerð með þessari áætlun koma fram mjög skemmtilegar tölur sem við getum velt fyrir okkur, að árið 1980 voru 359 km þjóðvega bundnir slitlagi en í árslok 2005 voru þeir 4.520. Sú bylting sem við höfum upplifað sem erum á miðjum aldri er náttúrlega algjörlega ótrúleg. Hv. þm. Jón Kristjánsson fór mjög skemmtilega í sinni ræðu yfir þær gífurlegu breytingar sem hafa orðið á ekki mjög löngum tíma.

Bílum hefur fjölgað um rúmlega 100 þús., þ.e. bílafjöldi hefur meira en tvöfaldast og nú eru bílarnir yfir 200 þús. Auðvitað hefur akstur á þjóðvegum utan þéttbýlis aukist verulega vegna þess einmitt að uppbygging vegakerfisins hefur gengið mjög vel. Á þessu árabili jókst akstur á þjóð-

vegum landsins um 250%, takk fyrir. Síðan er sú árlega aukning sem er farið að mæla nú um 3,4% á ári. Auðvitað er þörfin mikil fyrir áframhaldandi uppbyggingu. Kemur fram í máli þingmanna hér að væntingarnar eru miklar en þeim er svarað að stærstum hluta í langtímaáætlun, og skammtímaáætlun auðvitað líka. Menn setja sér mjög háleit markmið og munu uppfylla þau.

Bílaeign á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, 642 fólksbílar á hverja þúsund íbúa á Íslandi. Þetta er gífurlega mikið og það er talið að hver íbúi ferðist að meðaltali 43 km á dag þannig að eitthvað þarf nú undir, hæstv. forseti, í öllum þessum ferðalögum landans sem gera ekkert annað en að aukast, auk þess sem flutningaþörf eykst mjög mikið með því að dregið hefur mjög úr skipasamgöngum.

Ég vildi aðeins nefna þau markmið sem liggja á bak við 12 ára áætlunina, þau koma fram á bls. 29 í fimm tölusettum liðum og ég held að ég lesi þessi markmið upp, með leyfi forseta:

1. Markmið um greiðari samgöngur, þ.e. hreyfanleika í samgöngukerfinu.
2. Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.
3. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
4. Markmið um öryggi í samgöngum.
5. Markmið um jákvæða byggðaþróun.

Hæstv. forseti. Það sem ég vildi helst leggja áherslu á í máli mínu er hvað samgöngurnar skipta gífurlega miklu máli varðandi byggðaþróun. Góðar samgöngur eru meðal grundvallarforsendna fyrir öflugu atvinnulífi og kraftmiklu þjóðlífi og þess vegna geta gæði samgangna haft mjög afgerandi áhrif á bæði stærð atvinnu-, verslunar- og þjónustusvæða. Við vitum að stækkun markaðssvæða og þá auðvitað um leið samkeppnis- og búsetuskilyrða hefur mikil áhrif á byggðirnar og gæði búsetu fólks í landinu.

Ég þarf ekki að taka fram að bættar samgöngur eru gífurlega mikilvæg forsenda fyrir styrkingu landshluta og byggðakjarna. Þegar unnið er að sameiningu sveitarfélaga er þetta ein af grunnforsendunum sem menn leggja alltaf til grundvallar, að samgöngur séu bættar. Hér var einmitt nefnt í umræðunni að nú hefur komist til tals á Austfjörðum að Djúpivogur muni sameinast Fljótsdalshéraði, það er hugað að þeirri sameiningu, og það verður þá til þess að menn þurfa að huga enn frekar að uppbyggingu vegarins yfir Öxi (Gripið fram í.) sem mun skipta þar gífurlega miklu máli. Vegurinn yfir Öxi er orðinn mjög fjölfarinn og hefur mikil áhrif hvað varðar samgöngur á Austurlandi. Eins og við vitum er hann eingöngu landsvegur og til þess þarf að horfa hvernig bætt verður úr því og gerður almennilegur vegur yfir Öxi. Þar eru tæknileg vandamál sem þarf að leysa en með okkar góðu verkfræðingum og tæknimönnum er ég alveg sannfærð um að það tekst.

Þetta er það sem ég vildi segja um það að vegaframkvæmdir hafa þessi miklu áhrif á byggðamál. Ef við horfum bara til þess hversu mikið flutningar hafa flust upp á þjóðvegina sjáum við að leggja þarf í mjög miklar framkvæmdir til að styrkja vegakerfið til þess að taka við þeim flutningum. Ég mun koma að því síðar að þar geta jarðgöng líka leyst mjög mikil vandamál og sérstaklega eru þar Austfirðir og Vestfirðir undir þar sem er mjög fjöllótt landslag. Það hefur því mjög mikil áhrif fyrir flutningsaðila að þurfa ekki að klifra upp og yfir öll þau fjöll sem þar verða á vegi manna.

Undir markmið um byggðaþróun falla einnig framkvæmdir eða aðgerðir sem ekki geta talist mjög arðsamar á hagkvæmnismælikvarða en það verður samt að líta til þeirra framkvæmda til þess að skapa sem jafnasta stöðu landsmanna. Þegar reiknuð er út arðsemi ýmissa vegaframkvæmda er oft og tíðum ekki horft til allra þeirra þátta sem skipta mjög miklu máli varðandi búsetu fólks. Þar má alveg nefna félagslega þætti. Fólk þarf að geta komist á milli þéttbýlisstaða um sveitir landsins á þeim forsendum að þar er um félagslega þætti að ræða sem kannski verða ekki beint metnir til fjár. Slíkir þættir geta auðvitað stutt ákvarðanir sem tengjast markmiði um jákvæða byggðaþróun. Til þessara hluta verðum við að horfa og það er mjög mikilvægt að í þessari samgönguáætlun sé horft til þess að ná jafnvægi milli allra þessara ólíku sjónarmiða sem menn þurfa að horfa til þegar samgönguáætlun er samin.

Þegar horft er til flugmálanna, flugmálaáætlun er þáttur í samræmdri samgönguáætlun, eru mörg góð markmið þar undir. Ég vildi sérstaklega nefna flugbraut á Akureyrarflugvelli sem verður lengd um 460 m til að mæta þörfum flugvéla sem hafa ekki komist á loft fulllestaðar vegna aðstæðna í umhverfinu. Þar eru m.a. fjöll sem hindra það og þarf því að gera ráð fyrir sérstökum tæknibúnaði til að leysa það til skemmri tíma, en til lengri tíma þarf að lengja flugbrautina. Fjöll sunnan flugbrautarinnar hindra flugtak í átt til suðurs. Lággjaldaflugfélögin hafa tekið þær ákvarðanir að fljúga til Akureyrar og þá dugar lengd þessa flugvallar ekki eins og hún er núna og þess vegna er mjög mikilvægt að hér eru teknar ákvarðanir um að fara í lengingu til þess að allir geti flogið til Akureyrar, eins og menn hafa haft áætlanir um. Auðvitað hefur líka komið fram að hér er hugað að stækkun flugstöðvarinnar á Akureyrarflugvelli í tengslum við þetta nýja flug sem er þarna að verða til.

Það er sama vandamál á Egilsstaðaflugvelli, nú verður ráðist þar í stækkun flugstöðvarinnar. Hún er reyndar löngu orðin tímabær en ekki tókst síðasta sumar að ráðast í hana þrátt fyrir góðan vilja og fjármagn. Síðan er komið að því líka að það þarf að lengja Egilsstaðaflugvöll og væntanlega verður hann lengdur til suðurs, án þess að það sé fullkannað, en það þarf að gera í mikilli samvinnu milli Flugstoða, Vegagerðarinnar og Egilsstaðabæjar eða sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs vegna þeirra skipulagsmála og þess undirbúnings sem þarf að fara fram, ekki síst með tilliti til þess að til stendur að byggja nýja brú yfir Lagarfljótið og þess vegna þarf þetta að harmónera allt saman. Menn þurfa að sjá fyrir sér skipulag á þessu svæði til lengri tíma en það er einmitt gert ráð fyrir því að ný brú yfir Lagarfljótið verði byggð á þriðja tímabili áætlunarinnar.

Það er þetta sem ég vildi nefna í flugmálunum fyrir utan auðvitað samgöngumiðstöð í Reykjavík sem er orðin löngu tímabær. Gert er ráð fyrir að ráðist verði í hana mjög fljótlega og ég vona að fullur stuðningur verði í þingsölum við það að sú samgöngumiðstöð verði byggð upp þannig að við getum haft samgöngumálin innan borgarinnar í sæmilegum farvegi og að þegar menn hafi lent á flugvellinum í Reykjavík komist þeir sæmilega ferða sinna innan borgarinnar.

Ég sé að tíma mínum er að verða lokið og ég átti eftir að nefna hin gríðarlega merkilegu áform í jarðgangamálum og að öðru leyti þær miklu framkvæmdir sem nú standa fyrir dyrum í uppbyggingu veganna á norðausturhorninu (Forseti hringir.) og víðar sem við sjáum mjög mikla þörf fyrir.

[15:43]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fagnaðarefni að sjá stjórnarliða hér í umræðum um samgönguáætlun. Sérstakt áhyggjuefni hlýtur að vera fyrir okkur öll þetta annars algjöra áhugaleysi stjórnarliða sem speglast í mælendaskránni. Fyrir tveimur árum voru hér nokkuð fjörugar umræður um þessa áætlun, núna telst það til tíðinda að einn stjórnarliði, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, skuli skjótast inn í umræðuna. Það vekur athygli og ég skora á þingmennina að beita sér í þessu mikilvæga máli og taka þátt í umræðunni.

Hv. þingmaður nefndi að vegna flutninga á þjóðvegum yrðum við að styrkja vegina og bæta vegakerfið. Þær raddir hafa heyrst, eins og fram kom í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan, að það sé nóg að fara aðrar leiðir í breikkun, 2+1 vegi o.s.frv., ekki þurfi að fara í fulla fjórföldun eða 2+2 vegi á þessum þyngstu umferðaræðum eins og Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi.

Ég nefni það sem dæmi um mikilvægi þess að fara í tvöföldun veganna að umferð um Hellisheiði hefur aukist um nánast 100% á 10 árum, 10% á milli áranna 2005 og 2006. Sem dæmi má nefna að meðaldagsumferðin við Sandskeið er núna 8.200 bílar, um Geithála 9.500, undir Ingólfsfjalli á milli Selfoss og Hveragerðis 7.000 bílar á dag. Gangi þessi 10% aukning eftir næstu fjögur árin verður meðaldagsumferðin yfir Hellisheiði t.d. orðin 8.500 bílar, um Geithála 12.500, Sandskeið 10.000, Ingólfsfjall 9.200, en topparnir náttúrlega miklu meiri. Það er engin spurning í mínum huga að það þarf að ráðast í þá brýnu framkvæmd að tvöfalda veginn núna, það er varanleg samgöngulausn þar.

Ég vildi fá fram viðhorf hv. formanns þingflokks sjálfstæðismanna til þessa máls þar sem mjög misvísandi raddir hafa heyrst úr röðum stjórnarliða um mikilvægi þess að ráðast í þessa framkvæmd en ekki einhverja aðra og billegri leið.

[15:45]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan svara þessari spurningu sem snýr að miklum hagsmunum kjördæmis hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Hún snýr einnig að hagsmunum okkar Austfirðinga sem þurfum gjarnan að aka þessa leið. Mér skilst að umferðarsérfræðingar sem leitað hefur verið til erlendis telji að 2+1 vegur muni duga. En ég held að það komi skýrt fram í þessari áætlun að áform eru um að byggja 2+2 veg. Það sýnir þann stórhug sem er í áætluninni og vilja okkar til að horfa til lengri framtíðar.

Við sjáum þá aukningu sem þarna hefur orðið á umferðinni. Menn reikna með að hún muni bara aukast. Því teljum við fulla ástæðu til að ráðast í þennan veg með 2+2 aðferðinni eins og hæstv. samgönguráðherra leggur til í áætlun sinni.

[15:47]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það gleður mig að heyra að hv. þingmaður tekur undir það pólitíska markmið að tvöfalda veginn að öllu leyti. Ég ætlaði bara að hnykkja á því að umferðarþungi um Suðurlandsveg hefur aukist um 30% síðustu fjögur ár. Haldi hún áfram á næstu fjórum árum verður umferðin árið 2010: 12.500 um Geithála, 10.000 um Sandskeið o.s.frv. Umferðarþunginn er svo mikill á þessum vegi og aukningin svo ofboðslega hröð.

Menn sáu ekki fyrir, fyrri tíu árum, að umferð mundi aukast um 100% um Suðurlandsveg á einum áratug enda hefur svæðið byggst upp og fólk sækir þangað austur. Grundvöllur þess að stækka atvinnusvæðið, bæta búsetuskilyrðin og auka umferðaröryggið á þessum vegi þannig að banaslys heyri nánast eða alveg sögunni til er að fara í þessa framkvæmd. Pólitísk samstaða hefur náðst um málið og einhugur er um það á meðal sveitarstjórnarmanna. Þess vegna er ariðandi að kalla þetta fram.

Það stendur hvergi í áætluninni að fara eigi í 2+2 veg. Það stóð í drögunum 2+1, eins og fréttir bárust af úr þingflokkunum en því var breytt og setningin tekin út. Það má lesa út úr framlögunum sem áætluð eru á þessum tveimur, þremur tímabilum að fara eigi í 2+2. Ég vil bara fá það algjörlega skýrt fram við umræðuna að það sé vilji stjórnvalda að fara þá leið þannig að menn hlaupi ekki í eitthvert skálkaskjól síðar og segi að það hafi aldrei komið fram að fara ætti í þessa breikkun heldur 2+1 veg með vír á milli o.s.frv. Það skiptir einfaldlega öllu máli.

Ég vildi spyrja hv. þingmann um annað. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi að það ætti að vera eitt af pólitískum markmiðum okkar á næstu árum að ná því að 3% af vergri landsframleiðslu fari til samgöngumála í stað 1,9–2% núna. Tekur hv. þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins undir þetta markmið? Ég held að þetta skipti miklu máli og gæti orðið mjög ariðandi í pólitíkinni á næstunni.

[15:49]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að 2+2 vegur hafi komið skýrt fram í máli samgönguráðherra. Það kemur skýrt fram í áætluninni að stefnt sé að því. Einnig er stefnt að því að breikka vegi vestur og norður um land og gera þá öruggari. Þetta eru skynsamleg markmið og á að leggja í þessar framkvæmdir vegna umferðaröryggismála og ekki síður til að vegirnir geti borið þá umferð sem um þá fer.

Varðandi aukin framlög til vegamála þá get ég tekið undir þær hugmyndir. Ég tel að það væri gott markmið að stefna að því að auka þau framlög. En ég minni hins vegar á að aukning til vegamála hefur verið mjög mikil. Hæstv. samgönguráðherra fór vel yfir það í ræðu sinni hvernig því hefur verið háttað og hversu mikil aukning hefur orðið þar á síðustu árum undir stjórn sjálfstæðismanna.

Auk þessa hefur sérstök fjárveiting farið til vegamála vegna sölu Símans, með beinum framlögum úr ríkissjóði til vegamála og einnig til sérstakra framkvæmda í jarðgangamálum. Það sýnir að viljinn er mjög mikill til að gera vel í þessum málum enda sýnir það sig að slíkar framkvæmdir

hafa mjög góð áhrif á byggð og efnahagsmál í landinu.

[15:51]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Það má eiginlega segja að loksins komumst við í að ræða tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun. Annars vegar er tillaga fyrir árin 2007–2010, sem við ræðum síðar í dag, og hins vegar fyrir árin 2007–2018, sem er svokölluð langtímaáætlun. Þetta er í fyrsta skipti sem við endurskoðum 12 ára áætlun eftir að við breyttum lögum til að vinna að málunum eins og hér er gert.

Hér er farið með stórar og miklar tölur og sett fögur markmið í markmiðslýsingu og stefnumótun, hlutir sem ég held að allir geti tekið undir, t.d. að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur. Það á náttúrlega við um allt landið, bæði höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina, þótt þarfirnar séu ólíkar. Meðal annars er talað um að forgangsraða framkvæmdum og í tengslum við það verða kannski stundum deilur milli þingmanna á milli kjördæma o.s.frv.

Talað er um ferðatíma milli staða á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega á mestu álagstímum á morgnana og síðdegis, þegar fólk fer í og úr vinnu, með börn í skóla og allt annað slíkt. Þetta er gagnrýnt og ég tek undir það. Það er afleitt að fólk sitji langtímum saman í bílaröðum og bíði eftir að komast leiðar sinnar. Víða úti á landi er spurningin um hvort fólk kemst yfir höfuð milli staða vegna lélegra vega.

Markmiðslýsingin er góð. Vafalaust geta allir tekið undir hana en deilur geta orðið um hvernig þessu skuli skipt og hvenær. Það er eðlilegt að deilur verði um það vegna þess að þörfin er svo mikil, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem úti á landsbyggðinni. Við þurfum í raun að borga fyrir vanrækslu undanfarinna ára þar sem tiltölulega lítið fé hefur verið veitt til vegamála miðað við þær miklu þarfir sem þar eru. Nægir þar að nefna svar sem samgönguráðherra veitti við fyrirspurn minni ekki alls fyrir löngu. Þar kom fram að tekjur af ökutækjum sem hlutfall af landsframleiðslu hafa aukist frá árinu 1995 úr 3,7% í 4,8% miðað við bráðabirgðatölur 2005. Ég hygg að þetta hafi ekki breyst mikið og kannski fremur aukist.

Aftur á móti voru útgjöld til vegamála, til vegakerfisins, 0,92% umrætt ár. Þetta sýnir okkur svart á hvítu þá miklu skattheimtu af umferðinni, bifreiðanotkun og bílainnflutningi, sem rennur í ríkissjóð en í raun minnst til vegamála. Það sem hér hefur verið sagt um hina miklu umferð, bílaeignina o.s.frv. staðfestir það og hrópar á meiri framkvæmdir. Það munum við glíma við á næstunni. Svo ég færi þetta yfir í tölur var þetta þannig að árið 2005 voru bráðabirgðatölur yfir heildartekjur upp á tæpa 50 milljarða kr. af því sem ég var að tala um, bifreiðanotkun og bílainnflutning, ýmsir skattar eru lagðir á það. Á sama tíma runnu til vegagerðar rétt um 14 milljarðar kr. þar á meðal til rekstrar og annarra þátta.

Virðulegi forseti. Ég vildi láta þetta koma fram varðandi tekjuhliðina. Það eru sannarlega til peningar sem fara í almenna hít ríkissjóðs og núverandi ríkisstjórn hefur ekki verið dugleg við að auka þetta fé til samgöngumála, samanber niðurskurð undanfarin þrjú ár upp á 6 milljarða frá áætluninni og þeim áætlunum sem kynntar voru fyrir síðustu alþingiskosningar árið 2003.

Til að taka eitt dæmi um tekjur af umferðinni má geta þess sem ég hef oft rætt um, þ.e. þegar þungaskattskerfinu var breytt yfir í olíugjald. Búnar voru til ákveðnar tölur af seldum milljónum lítra af olíu og deilt í þungaskattinn. Út úr því kom að olíugjaldið ætti að vera 45 kr. Nú kemur í ljós að sala á olíulítrum með olíugjaldi er ekki 74 milljónir lítra heldur 125 milljónir lítra. Ég vek athygli á því að þær 50 milljónir lítra sem seljast umfram það sem áætlað var — mér þætti vænt um ef hæstv. samgönguráðherra hlustaði á mig vegna þess að ég mun spyrja út í það — að olíugjaldið af þeim gefur rúma 2 milljarða kr. í tekjur. Af þessum 2 milljörðum fara 410 milljónir í virðisaukaskatt og renna beint inn í ríkissjóð, bara vegna þessarar vanáætlunar sem annaðhvort var viljandi eða óviljandi þegar olíugjaldið var ákveðið. Þetta sýnir að ríkisstjórnin jók þar enn skatt af umferð.

Nú kann vel að vera, virðulegi forseti, að menn séu sammála um að hækka þá skatta. En þá verða þeir sennilega líka að vera sammála um að féð renni til að bæta vegakerfið á ýmsum stöðum á landinu. Þetta eru sláandi tölur og staðfesta það sem ég hef margoft haldið fram um hina miklu skattheimtu af umferð. Það er sannarlega af mörgu að taka í þessari áætlun en ég get sleppt mjög mörgu af því sem ég ætlaði að segja um hana vegna þess að minn ágæti formaður, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, gerði það mjög vel í fyrstu ræðu samfylkingarmanna um þessa tillögu. Hún talaði m.a. um að við vildum færa okkur í nútímalegt samgöngukerfi, fara í stærsta fjárfestingarverkefni ríkisins, þ.e. stórátak í vegagerð og að við þyrftum að skapa rými í hagkerfinu fyrir þær framkvæmdir.

Ef áform ríkisstjórnarinnar frá í sumar eða haust, sem eiga að standa fram til 2010 samkvæmt svari hæstv. iðnaðarráðherra við fyrirspurn minni varðandi álversframkvæmdir í Helguvík og Straumsvík. Þá er það vitað mál að ekki verður rúm fyrir allt þetta í hagkerfi okkar. Auk þessa eru væntanlega allir sammála um að við byggjum nýjan Landspítala fyrir hluta af símapeningunum og gefa okkur í raun þá þjóðargjöf. Ég get því í rauninni stytt mál mitt, virðulegi forseti, vegna þess hve hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fór vel yfir þetta mál, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem landsbyggðinni. Hún hefur verið viðstödd marga fundi í fundaröð okkar undir yfirskriftinni „Ein þjóð í einu landi – jöfn tækifæri“ og boðað stórátak í samgöngumálum sem kæmi í stað þeirra álversframkvæmda sem ríkisstjórnin boðar, þ.e. þreföldun í Straumsvík og framkvæmdir í Helguvík. Ég held að við þurfum að slá aðeins af hvað þetta varðar og gefa okkur tíma til að fara í þetta brýna verkefni sem er stórátak í samgöngumálum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

Virðulegi forseti. Í áætluninni kemur ýmislegt fram og um stærstan hluta þess eru allir sammála, svo sem um almenningssamgöngur sem hér er talað um. Ég er þeirrar skoðunar að ríkissjóður eigi að létta öllum álögum af almenningssamgöngum, hvort heldur það yrði af bílainnflutningi eða olíunni, til að auka slíkar samgöngur og menn eiga jafnvel að geta tekið það upp hér á höfuðborgarsvæðinu að strætisvagnaferðir verði fríar eins farið er að bjóða á Akureyri. Ég held að það yrði gott innlegg í það umferðar-

öngþveiti sem oft skapast á höfuðborgarsvæðinu, að almenningssamgöngur yrðu notaðar betur en gert er í dag.

Hér er líka minnst á flutninga á sjó og landi. Ég fagna því sem hér er sagt en ég get ekki fagnað aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, því að bregðast ekki við því máli sem þar um ræðir. Á bls. 36 og 38 í þessari samgönguáætlun er m.a. rætt um miklar álögur vegna strandsiglinga og flutninga og það er kannski hluti af því hvers vegna strandsiglingar hafa lagst af, að skattheimtan hefur sennilega verið of mikil og gert það að verkum að þetta fór eins og það fór. Því miður hafa siglingarnar lagst af og landflutningar aukist mikið við það. Við höfum undanfarin ár séð hvernig vegirnir slitna undan þessum mikla þunga. Við eigum eftir að sjá það enn betur á næstu árum, ef ekki verður brugðist við. Vegirnir sem ekki voru byggðir fyrir þennan mikla flutning, höfðu ekki burði fyrir hann, að maður tali nú ekki um breidd, eiga eftir að fara enn þá verr. Fjármagn til viðhalds og rekstrar mun því aukast mikið miðað við það sem gert er í dag. Ég hef verið á fundum þar sem Vegagerðin hefur kvartað yfir því að ekki sé veitt nægilegt fé til þjónustu, eins og vetrarþjónustu eða viðhalds vega. Það er mikilvægt að koma þessu að. Ég segi þetta í sömu andrá og ég ræði um tekjuöflun til vegagerðarinnar með sköttum af umferðinni eins og ég fór yfir.

Virðulegi forseti. Það er margt í þessari áætlun sem gaman væri að fara yfir en ég ætla að nota þær fjórar mínútur sem ég á eftir af fyrri ræðu minni til að fjalla um nokkur atriði í áætluninni sem mér finnst of seint farið í. Nefni ég þar t.d. lengingu Akureyrarflugvallar sem ekki á að vera lokið fyrr en árið 2009. Þar er ekkert fjallað um stækkun flugstöðvarinnar. Mér finnst árið 2009 of seint og hef kallað þessa stuttu braut samkeppnishindrun. Það er ekki hægt að nota hana. Má ég vekja athygli á því, virðulegi forseti, að fyrirtæki á Akureyri hafa nýlega stofnað félag sem ætlar að flytja út fisk með flugi beint frá Akureyri og niðurstaðan er sú að ef vélin ætlar fulllestuð af fraktinni, með um 15 tonn, þá er ekki hægt að fylla hana af eldsneyti. Þarf þess vegna að fljúga til Keflavíkur, lenda þar til að taka eldsneyti og fljúga til Evrópu. Þetta er auðvitað ekki annað en samkeppnishindrun. Það að ljúka þessum framkvæmdum ekki fyrr en 2009 er óásættanlegt. Því verður að flýta á einn eða annan hátt vegna þess að ríkið getur ekki komið upp með svona samkeppnishindranir fyrir atvinnulífið í landinu. Auðvitað má einnig nefna að fyrirhuguð lenging á Egilsstöðum kemur líka allt of seint.

Hæstv. samgönguráðherra hefur sagt að ætlunin sé að bjóða út Norðfjarðargöng árið 2009. Það tel ég líka of seint. Það er engu minni hætta fyrir umferð að fara Oddsskarð en Óshlíð. Oddsskarðsgöng liggja í 630 m hæð með allt að 14 gráðu halla. Lagfæringu leiðarinnar þarf að flýta, þetta þarf að gerast fyrr en árið 2009 með upphafsframkvæmdum árið 2010 og lok framkvæmda árið 2013. Ég hef áður sagt að vanrækslan, syndirnar frá umliðnum árum fara að segja til sín. Við höfum ekki gert nóg miðað við það sem þarf að gera.

Þá kem ég að því mikla og góða verki sem unnið hefur verið af fyrirtæki norður á Akureyri sem heitir Greið leið. Það hefur undirbúið á afar faglegan og skemmtilegan hátt byggingu Vaðlaheiðarganga. Ég fagna því að hér sé gert ráð fyrir að koma því verki í gang. Ég hef reyndar sagt það áður að ég held að það þurfi að fylgjast að, Vaðlaheiðargöng og lenging flugvallar, til að nýta það sem út úr göngunum kemur til lengingar flugvallarins.

Hér er jafnframt talað um athuganir á Austfjarðagöngum og göngum til Vopnafjarðar. Eðlilega er mikið talað um göng og sitt sýnist hverjum um þau. Það urðu mikil vonbrigði þegar tilboð í Héðinsfjarðargöng kom, sem var frávikstilboð um heilborun, um að nota hina stóru bora sem verið var að nota við Kárahnjúka, hve hátt það tilboð var miðað við heföbundna leið. Nú hef ég hins vegar fengið upplýsingar um það m.a. að bæjarstjórn Seyðisfjarðar vinni að því að skoða þetta betur og maður sé kominn til að skoða það verkefni betur að heilbora göng og skoða hvort það gæti ekki orðið til að lækka kostnað. Ég fagna því að það sé gert og held að við greiðum enn of há einingarverð í jarðgangagerð á Íslandi miðað við næstu nágranna okkar, Færeyinga.

Virðulegi forseti. Í þessari fyrstu 15 mínútna ræðu minni hef ég stiklað á ýmsu og eðlilega fjallað mest um vegagerðarkaflann í áætluninni. Ég mun koma að flugkaflanum á eftir og ræða frekar um einstök verkefni, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. En ég ítreka að markmiðið er gott. Ég treysti hins vegar ekki núverandi ríkisstjórn til að framfylgja því sem hér er sett fram og ef ríkisstjórnin ætlar að starta öllum þeim stóriðjuáformum sem ég hef gert að umtalsefni (Forseti hringir.) þá mun samgönguáætlun líða fyrir það. Ég er viss um að ég og hæstv. samgönguráðherra erum sammála um að það yrðu slæm býti.

[16:07]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég hef sagt áður í dag er ástæðan fyrir því að við teljum okkur geta sett fram svo metnaðarfulla samgönguáætlun núna sú atvinnuuppbygging sem við höfum staðið fyrir í landinu á undanförnum árum og sú efling efnahagslífsins sem hefur orðið. Við þurfum tekjur og við þurfum umsvif til að standa undir miklum fjárfestingum í samgöngumálum, það er alveg ljóst. Það skýtur því skökku við ef menn hafa alveg sérstakar áhyggjur af því að við höldum áfram uppbyggingu atvinnulífsins og styrkingu þess.

Framkvæmdirnar fyrir austan, Kárahnjúkavirkjun og álverið, eru auðvitað af þeirri stærðargráðu að það hlaut að finna fyrir því á vinnumarkaði á Íslandi. Þau áform um stækkun álvera eru ekki af sama tagi hvað það varðar. Ég held að það séu óþarfar áhyggjur sem hv. þingmaður hefur.

Ég ætla aðeins að nefna lengingu flugbrautar á Akureyri. Auðvitað er allt of seint að því verði ekki lokið fyrr en 2009. Framkvæmdir á borð við lengingu flugbrautar á Akureyri þarf að undirbúa. Það er afar sérkennilegt að hér séu uppi kröfur um lengingu flugbrautarinnar, sem ég hef sagt að sé hið besta mál, ef það á að vera á þeirri forsendu að fara eigi að fljúga með fisk á markað erlendis. Það er mjög sérkennilegt, því að þeir sem ætla að fara að gera það hafa ekki gert vart við sig. Ég hef ekki heyrt af því að nokkurt einasta erindi hafi borist hvorki til Flugmálastjórnar né samgönguráðuneytisins um að það eigi að fara að hefja

stórfelldan útflutning á fiski um flugvöllinn á Akureyri. Við verðum að hafa einhverjar traustari forsendur fyrir slíkum ákvörðunum en einhverjar sögusagnir um slíkt.

Ég mundi fagna því ef farið yrði að flytja út fisk um flugvöllinn á Akureyri en það eitt út af fyrir sig getur ekki verið meginástæðan, (Forseti hringir.) ekki síst þegar ekki hefur verið komið á framfæri óskum um það.

[16:09]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að enginn skoðanaágreiningur sé á milli mín og hæstv. ráðherra um atvinnuuppbyggingu og eflingu atvinnulífs. Það er auðvitað alltaf meginmarkmið. Spurningin er hins vegar: Hvað gerum við á næstu árum? Passar þetta inn í okkar litla efnahagslíf, þau áform sem m.a. hæstv. forsætisráðherra hefur sagt frá í Silfri Egils um áframhaldandi uppbyggingu í Straumsvík og Helguvík, sennilega framkvæmd upp á eina 300 milljarða kr., eins og iðnaðarráðherra segir í svari til mín að eigi að vera búin 2010, ásamt stórátaki í samgöngumálum? Nei, það passar ekki saman, virðulegi forseti. Ég vil velja stórátak í samgöngumálum.

Aðeins svo að því sem hæstv. ráðherra sagði um Akureyrarflugvöll. Mér kemur mjög á óvart það sem hæstv. ráðherra sagði, að hann hafi ekki frétt af þeim áformum að til standi að fara að fljúga beint frá Akureyri til Evrópu með fisk, 15 tonn í hverri ferð og jafnvel daglega, ferskan fisk, í staðinn fyrir að keyra hann í gámum hingað suður til Keflavíkur. Mér kemur það mjög á óvart ef hæstv. ráðherra hefur ekki frétt af því. Vel kann að vera að það hafi ekki verið tilkynnt formlega. Ég skal beita mér fyrir því, virðulegi forseti, að bréf frá þeim aðilum komi ekki seinna en í fyrramálið til hæstv. ráðherra ef það eitt vantar. Má ég þá spyrja, virðulegi forseti: Vill hæstv. ráðherra styðja okkur í því að flýta þeirri lengingu ef bréfið kemur um fyrirhugaðan fiskútflutning og þann mikla metnað sem fylgir þeim áformum fiskvinnslufyrirtækis og fjárfestingarfélags norður á Akureyri? Þetta eru ekki sögusagnir sem eru í gangi. Ég hef ekki fengið neitt bréf um það, mér hefur verið sagt frá því og ég hef lesið um það í fréttum.

Það atriði sem ég nefndi áðan, að ef flugvélin þarf að taka sig upp á Akureyri, fulllestuð af fiski til að nýta hagkvæmni ferðarinnar, en getur ekki haft fullt eldsneyti og þurfi að fljúga og lenda í Keflavík til að taka eldsneyti til að fljúga út, er auðvitað ekkert annað en samkeppnishindrun. (Forseti hringir.) Er hæstv. ráðherra ekki sammála mér í því?

[16:11]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Enn sem komið er er engin samkeppnishindrun á ferðinni. Í samgönguáætluninni gerum við ráð fyrir því að lengja flugbrautina á Akureyri. Slík framkvæmd tekur nokkurn tíma, bæði hvað varðar undirbúning og framkvæmdir. Það getur vel verið að það takist að ljúka þessu öllu fyrri hluta ársins 2009 og ég teldi að þá væri bara býsna vel að verki staðið.

Aðalatriði málsins er að ég hef markað þá stefnu í samgönguáætluninni að við eigum að búa svo um hnúta að flugvellirnir tveir sem eru varaflugvellir á Norður- og Austurlandi, þ.e. Egilsstaðaflugvöllur og Akureyrarflugvöllur, eigi að vera með flugbrautir, öryggisbúnað og aðflugsbúnað af þeirri gerð og stærð að hægt sé að sinna varaflugvallarhlutverkinu sem allra best. Ég tala nú ekki um ef við bætist að millilandaflug mundi aukast frá þeim flugvöllum og þannig skjóta enn sterkari stoðum undir þá fjárfestingu, sem ég tel hið besta mál og afar mikilvægt, bæði fyrir atvinnuvegina sem vilja fara út í beina flutninga og ekki síður fyrir ferðaþjónustuna sem hefur áhuga á að hafa þessa kosti um millilandaflug frá þessum flugvöllum.

Ég sé því ekki annað en að hv. þm. Kristján L. Möller sé að mæla fyrir sérstökum stuðningi við þá stefnu sem ég boða í samgönguáætluninni og (Forseti hringir.) ég hlýt að fagna því, en forsendurnar þurfa alltaf að vera klárar.

[16:13]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þessu andsvari hæstv. ráðherra sem snýr að Akureyrarflugvelli, að hann telji það ekki samkeppnishindrun fyrir sjávarútvegsfyrirtæki í Eyjafirði sem ætla að fljúga beint út með fiskinn í stað þess að trukka honum suður á næturnar og fara í flug í Keflavík, þá er það auðvitað samkeppnishindrun þegar það er ekki hægt að gera þetta. (**Samgrh.**: Það er ekki enn komið ...) Ja, þetta verður samkeppnishindrun núna eftir sirka einn og hálfan mánuð og hún spornar gegn því að þetta verði gert með þeim myndarbrag sem átti að gera og fyrir þá hagkvæmni fyrir fyrirtækjareksturinn á því svæði sem þetta á að vera.

Það tekur ekki mikinn tíma, virðulegi forseti, að undirbúa þessa lengingu, það er búið að vinna mikið í því. Ég segi einfaldlega: Haustið 2009 er allt of seint.

Aðeins vegna þess að við erum að ræða lengingu Akureyrarflugvallar, sem jafnframt er varaflugvöllur fyrir millilandaflug ásamt Egilsstaðaflugvelli og Reykjavíkurflugvelli, þá vil ég vekja athygli á því að svokallað varaflugvallargjald, sem er hugsað fyrir varaflugvellina sem farþegar sem fara úr landi greiða, og í innanlandsflugi, á að gefa á fyrsta tímabili 2.248 millj. kr. í varaflugvallargjald. Ef við flettum svo áfram og skoðum hvað á að gera í varaflugvöllunum, þá eru það ekki nema 707 milljónir sem fara í þá þrjá flugvelli á sama tíma. Þetta er enn eitt dæmið um þá skattheimtu sem á sér stað en peningunum ekki varið.

Virðulegi forseti. Þetta er til þess að skapa öryggi á flugvöllunum og gera þeim kleift að vera varaflugvellir. (**Samgrh.**: Það fer í rekstur líka.) Já, við erum að tala um rekstur líka. En þetta er bara skýrt dæmi um það að þar sem koma inn eyrnamerktir peningar í viðkomandi verkefni, eins og ég er hér að taka sem dæmi, rennur ekki til þeirra verkefna sem þeir eru ætlaðir til, þ.e. að skapa betri aðstöðu á varaflugvöllunum. Þetta er svipað dæmi og í sambandi við vegina og tekjur af vegáætlun (Forseti hringir.) sem við ræddum áðan. — Nú, þegar þessu andsvari er lokið tek ég eftir því að (Forseti hringir.) hæstv. samgönguráðherra veifar til mín og ég hygg (Forseti hringir.) að við getum þá fengið okkur kaffi og haldið áfram með þessa umræðu á eftir, virðulegi forseti.

(**Forseti** (SAÞ): Forseti beinir því til þingmanna að

halda reglur þingskapa um ræðutíma.)

[16:16]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að loksins, þótt seint sé, sé komin fram tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun. Ég hef lengi verið stuðningsmaður þess að samgöngumálin væru skoðuð heildstætt og saman og það er tvímælalaust framför í því fólgin að fjalla um þau öll með samræmdum og heildstæðum hætti.

Ég verð þó að játa að ég sakna þeirra vinnubragða sem áður voru viðhöfð, að leitað væri á undirbúningsstigum mála af þessu tagi eins mikillar pólitískrar samstöðu um hlutina og kostur er. Það er veruleg afturför í því fólgin að fulltrúar þingflokka skuli hvergi koma nálægt málinu, nema þá eftir atvikum að því marki sem þingmenn úr stjórnarherbúðunum fá að kíkja yfir öxlina á samgönguráðherra, fyrr en málið birtist á þingi. Það er mikil afturför frá þeim vinnubrögðum sem voru innleidd í árdaga áætlanagerðar af þessu tagi, en allt fram til 1991 unnu starfshópar skipaðir fulltrúum allra þingflokka að undirbúningi vegáætlana og langtímaáætlana.

Það er svolítið kaldhæðnislegt að þeir tveir stjórnmálamenn sem hafa farið með samgönguráðuneytið síðan, hv. þm. Halldór Blöndal og núverandi hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson, þekkja vel til sögunnar. Það vill nefnilega svo til að síðast þegar unnið var með þeim hætti að undirbúningi vegáætlunar og langtímaáætlunar, á árunum 1990 og 1991, var samkvæmt venju á miðju sumri 1990 skipaður starfshópur með fulltrúum allra þingflokka af þáverandi samgönguráðherra, reyndar þeim sem hér stendur. Í þeim hópi sátu fulltrúar allra þingflokka, þingmenn eins og Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Stefán Guðmundsson, Stefán Valgeirsson og Málmfríður Sigurðardóttir fyrir hönd þingflokka sinna og tveir fulltrúar fyrir þingflokk Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn taldi að hann þyrfti að fá fleiri fulltrúa en aðrir þingflokkar í nefndina því að hann væri svo stór. Það var látið eftir honum til þess að ekki rofnaði samstaðan um að allir þingflokkar ættu aðild að starfinu.

Hverjir skyldu hafa verið fulltrúar þingflokks Sjálfstæðisflokksins við að undirbúa vegáætlun og langtímaáætlun 1990–1991? Það voru hv. þm. Halldór Blöndal og bæjarstjórinn í Stykkishólmi sem hét þá Sturla Böðvarsson, núverandi hæstv. samgönguráðherra. Þessi hópur fékk það verkefni að undirbúa stefnumótun. Hann hélt fjölmarga fundi og fjallaði um innihald áætlananna, markmið, fjárhagsgrundvöll og enn fremur skiptingu fjár á helstu liði, viðhald, nýjar framkvæmdir og því um líkt. Með öðrum orðum lagði hann allan grunninn að áætluninni og lagði fram tillögur um skiptingu fjár. Eftir þeim var farið. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu að vísu fram bókun vegna þess að þeir töldu að þáverandi ráðherra og meiri hluti ætlaði að blanda sér of mikið í niðurstöður hópsins. Það var sem sagt ekki virt nógu vel hið þverpólitíska samráð. Öðruvísi mér áður brá.

Hvers vegna er skynsamlegt að vinna svona að hlutunum? Það er af tveimur ástæðum. Það er lýðræðislegt, það er í anda góðra hefða lýðræðis og þingræðis að menn reyni að leita pólitískrar samstöðu um það sem hægt er að hafa samstöðu um. Það er líka skynsamlegt fyrir málaflokkinn, að valda hann og tryggja honum pólitískan stuðning eins og kostur er. Það er afturför fyrir samgöngumálin að þau skuli ekki eiga sér bakland í öllum flokkum. (**Gripið fram í:** Það hlýtur að hafa valdið ...) Sérstaklega er það auðvitað kostulegt þegar við erum með í höndunum áætlanagerð til 12 ára, eða dettur einhverjum manni í hug að hæstv. núverandi samgönguráðherra verði þar næstu 12 árin? Ég er viss um að hann er ekki einu sinni svo bjartsýnn sjálfur, hvað þá nokkur annar maður í landinu, að trúa á það. Menn koma og fara. Meiri hlutar rísa og meiri hlutar falla og málaflokkurinn þarf að hafa traust bakland og stuðning.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að nefna það, frú forseti, að þetta er vegáætlun og langtímaáætlun á kosningavetri. Við vorum með aðra slíka síðast í höndunum á nákvæmlega sama tíma fyrir fjórum árum. Það var mjög falleg áætlun, hún var mjög feit í hinn endann, fjærendann, eins og þær eru stundum. Náttúrlega hefur ekki reynt á það hvað átti að gera á öðru og þriðja tímabili þeirrar áætlunar, en fyrstu fjögur árin hafa verið beinskorin. Á hverju einasta ári hefur vegáætlun síðan verið beinskorin um 1,5–2 milljarða kr. Er einhver ástæða til að ætla að þessi áætlun standist betur í höndunum á sama hæstv. ráðherra og sama meiri hlutanum? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, það er nefnilega engin ástæða til þess. Meginafsökunin hefur verið stóriðjuþenslan og hvað ætlar núverandi ríkisstjórn að gera ef hún fær einhverju ráðið? Sturta enn þá meiri stóriðjuframkvæmdum í hagkerfið en nokkru sinni fyrr. Miðað við reynsluna frá síðustu fjórum árum hlýtur að þurfa að skera enn þá meira niður í vegamálum á Vestfjörðum og Norðausturlandi til að vega upp á móti stóriðjuþenslunni þar sem ríkisstjórnin vill byggja álver og virkjanir.

Því miður er það þannig, frú forseti. Reynslan sýnir að það er takmarkað með þessa áætlanagerð að gera. Það er vont vegna þess að það er gott fyrir málaflokk af þessu tagi að þar ríki festa, að áætlanir standist og mönnum séu ekki gefin fyrirheit sem síðan eru svikin. Það er mjög vont að grafa undan tiltrú og trúnaði manna á hluti af þessu tagi. Það er ljótur leikur.

Í þriðja lagi verð ég að gagnrýna einkavæðingardekrið og einkaframkvæmdardekrið í skýrslunni. Í raun er stór hluti samgönguáætlunarinnar í lausu lofti. Stærstu og dýrustu loforðin sem menn voru ósparir á að gefa, t.d. úr þessum ræðustóli fyrir áramót við fjárlagaafgreiðsluna þannig að manni blöskraði, eru í lausu lofti. Það stendur bara sérstök fjármögnun. Þegar maður fer svo yfir það — hvað er það, sérstök fjáröflun? Þegar kemur að flugvöllunum, lengingu Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar, stendur: Sérstök fjáröflun. Svo fer maður í skýringar við það. Hvað þýðir það? Það er að vísu búið að fjalla hér mikið um gjaldtöku og markaðslausnir, en svo kemur að útlistunum á því hvað er sérstök fjáröflun í flugmálum. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að nokkrar framkvæmdir verði fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun. Þar getur verið um að ræða einkafjármögnun í einhverri mynd eða beina lántöku.“

Það er ekki hægt að hafa þetta opnara. Þetta er óútfylltur víxill. Þetta er algerlega í lausu lofti. „Hér er ekki tekin af-

staða til þess með hvaða hætti fjár verður aflað til þessara framkvæmda.“ Það er ekki einu sinni þannig að menn hafi afstöðu. Þeir segja bara einhver fjármögnun. Lenging Akureyrarflugvallar, fjármögnuð einhvern veginn. Lán, einkaframkvæmd, einhvern veginn. Ha. Skoðum það síðar. Er þetta mjög trúverðugt? Nei, ég held ekki.

Þegar við tökum vegamálin er það ekki lítið sem þar er lofað út á. Það eru 9,5 milljarðar á fyrsta tímabili sem eiga að renna í mörg af stóru verkefnunum sem m.a. samgönguráðherra hefur barið sér á brjóst yfir og lofað að hann væri að koma með. Færandi föðurhendi mönnum tvöföldun austur fyrir fjall eða eitthvað svoleiðis. Hvernig er svo fjármögnunin? Sérstök fjáröflun 9.500 millj. kr. á næstu fjórum árum. Á öðru tímabili, sem mest tekur í, eru þetta 23.800 millj. kr. sem eru í lausu lofti, bara einhver fjármögnun. (**Samgrh.:** Þú ert að fjalla um samgönguáætlun, ekki skatta...)

Þarna eru gefin fyrirheit um gríðarlega mikið framkvæmdastig umfram þá samgönguáætlun sem er innan ramma markaðra tekna og það er algerlega skrifað í skýin hvernig eigi að leysa þetta. Það er bara þannig. Út af fyrir sig er það skýrt. Það liggur fyrir, en þá skulu menn líka ræða þannig að þetta er eitthvað sem kannski eru vonir og væntingar um að verði hægt að gera en það er algerlega óleyst mál hvernig í það verður ráðist og hvernig aðstæður verða til þess. 12 þús. millj. á síðasta tímabilinu. Það er ekki lítið hlutfall, +/- einhverja milljarða sem í þetta eiga að fara á hverju fjögurra ára tímabili þar sem vegamálin eiga í hlut.

Varðandi einkaframkvæmdarþáttinn í þessu, og þá vísa ég líka til þess sem um það er í frumvarpi hæstv. ráðherra að nýjum vegalögum, verð ég að spyrja: Á hverju er byggt? Hver eru rökin fyrir því að daðra svona við einkaframkvæmdina? Eru einhver efnisleg rök sem eru sótt í skýrslur og gögn, kannanir á því hvort þetta sé hagkvæmt o.s.frv.? Er það sótt í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Hvalfjarðargöng og Sundabraut? Nei. Í skýrslunni er þessu meira og minna vísað frá. Niðurstöðurnar eru þær að þetta sé nokkurn veginn örugglega dýrara en að gera þetta með venjulegum hætti. Niðurstöðurnar eru þar líka þær að þegar um almenna vegagerð er að ræða eigi þetta í raun og veru ekki við. Þá sé í fyrsta lagi erfitt að koma við gjaldtöku, og skuggagjaldaleið sé í raun enn lakari kostur þannig að þó að þetta kunni að koma til álita við aðstæður af því tagi sem voru í Hvalfjarðargöngum, vissulega, þegar um algerlega sjálfstæð verkefni er að ræða af því tagi þar sem í boði er önnur leið og gjaldtakan getur borið mestallan eða allan kostnaðinn vegna þess að hún styttir leiðir o.s.frv., menn fá sparnað á móti, þá er það eitt og sér að skoða slíkt. En hér er gengið miklu lengra. Hér er daðrað við það að fara út í einkaframkvæmdir og jafnvel einkarekstur á almennum hlutum samgöngukerfisins. Það er bara allt annar hlutur og verður ekki studdur með neinum niðurstöðum í þeim skýrslum sem ég hef komist í.

Ég undrast það líka að hæstv. ráðherra skuli vitna í nýjustu skýrsluna með tilteknum hætti án þess að hún hafi verið gerð opinber. Hvar er skýrslan sem nefnd undir forustu Ingimundar Sigurpálssonar vann með þeim Halldóri Árnasyni og Stefáni Jóni Friðrikssyni? Af hverju er hún ekki afhent og gerð opinber? Ég hef ekki fengið hana. Ég er áhugamaður um þessi mál. Ég er þingmaður á Alþingi og ætla að fara að taka afstöðu til þessara hluta. Það er vitnað í hana með einhverjum almennum orðum hér án þess að hún sé birt. Hverjar eru m.a. niðurstöðurnar þar? Jú, þar segir að einkaframkvæmd sem byggist á veggjöldum sé að mati nefndarinnar álitleg leið í samgöngufamkvæmdum ef hún að núvirði er ódýrari kostur en eigin framkvæmd, ef hagkvæm leið til gjaldtöku er fyrir hendi og annar kostur er um leiðarval þegar sérstakri gjaldtöku er beitt. Verður það fyrir hendi ef meginumferðaræðarnar verða settar inn í þetta form? Nei. Verður það fyrir hendi ef einum aðila verður afhentur Kjölur og lokað með girðingum upp af veginum við hlið bæði norðan og sunnan? Það held ég varla. Menn verða því að reyna að tala skýrt um það hvað fyrir þeim vakir og hvað þeir ætla að gera.

Síðan verð ég að segja, frú forseti, að þótt margt sé ágætt í áætluninni, auðvitað — þarna eru fyrirheit um miklar framkvæmdir og ef þær ganga allar eftir mun að sjálfsögðu gerast heilmikið. Skárra væri það nú. Ekki vantar þarfirnar með stóraukinni umferð — þá eru líka í henni verulegir veikleikar sem ég harma. Ég tel að eftir atvikum sé flugmálaþátturinn ásættanlegur, að slepptu því að lenging Akureyrar- og Egilsstaðaflugvallar er í lausu lofti. Ég tel að hafnaþátturinn sé eftir atvikum ásættanlegur miðað við þann lagaramma sem þeirri starfsemi er nú búinn sem ég er að vísu ekki að öllu leyti sáttur við. En það eru verulegir veikleikar í vegahlutanum svo að ég minnist ekki á fjarskiptin sem ég hef tæpast tíma til hér.

Mér finnst of mikið vanta upp á að við náum á næstu árum þeim áföngum í almennri vegagerð sem enn standa út af. Það vantar upp á að klára hringveginn. Það vantar upp á að klára norðausturhornið og Vestfirði. Það vantar miklu meira fé í tengivegi. Það eru gríðarleg verkefni óunnin á ýmsum mikilvægum vegum sem liggja út frá stofnæðunum. Okkur miðar ekkert í þeim efnum, t.d. í hinum löngu dölum Norðurlands þar sem eru gríðarlangir en mikilvægir malarvegir sem þræða byggðakeðjuna saman. Hvernig eru þeir vegir? Þeir eru yfirleitt 40–60 ára gamlir malarvegir, sums staðar komnir niður fyrir yfirborðið í kring og náttúrlega ekki á nokkurn hátt gerðir fyrir þá þungaflutninga og umferð sem er í dag.

Ég verð líka að segja að það eru mér vonbrigði að t.d. jarðgöng undir Hellisheiði eystri skuli ekki komast inn í röðina. Ég hefði líka viljað sjá Norðfjarðargöng fara fyrr af stað svo að ég nefni örfáar framkvæmdir sem þarna hefðu að mínum dómi helst þurft að vera fyrr á ferð. Auðvitað veit ég þar með vel að til þess þarf fjármuni og mikla fjármuni, en veruleikinn sem blasir við íslensku samfélagi er bara sá að við þurfum að leggja vel til þessara mála næstu 10–15 árin af því að okkur hefur miðað miklu hægar að koma þessum hlutum í nútímahorf og koma öllum landsmönnum í nútímasamgöngur sem fyrir 20–30 árum stóð til að yrði búið núna, en er næstum jafnmörg ár fram undan og var þá. Auðvitað hafa nýjar þarfir skapast og aðstæður breyst og allt það, en þetta eru allt rök fyrir því að leggja miklu meira af mörkum (Forseti hringir.) til þessara verkefna.

[16:31]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir snöfurmannlega ræðu eins og hans var von og vísa. Aðeins vegna vinnubragða. Það er hárrétt að ég var í starfshópi sem vann 1990 að undirbúningi vegáætlunar þá. Breytingin á lögunum var m.a. byggð á þeirri reynslu sem ég upplifði í því starfi þar sem hópur stjórnmálamanna settist niður til að reyna að ná samkomulagi, þverpólitísku samkomulagi um landið allt, í þeim tilgangi að raða niður framkvæmdum í samgöngumálum. Reynsla mín var sú að þetta væri ekki skynsamlegur kostur heldur þyrftum við að vinna þetta fyrst og fremst á þeim forsendum að meta aðstæður, meta þörf, meta umferð, meta ástand vega o.s.frv. og vinna þetta þannig upp í hendurnar á stjórnmálamönnunum. Þess vegna fór ég þá leið að flytja frumvarp sem gerði ráð fyrir því að samræma áætlanir í hafna-, flug- og vegamálum og niðurstaðan er sú sem við höfum verið að vinna með núna síðustu árin. Ég tel að þetta sé skynsamlegri kostur en það fyrirkomulag sem áður var.

Einkavæðingardekur, sagði hv. þingmaður, sem stóð fremstur í flokki fyrir því að við fórum í einkaframkvæmd undir Hvalfjarðargöng, sem var mjög gott mál, og ég hef hælt hv. þingmanni fyrir að hafa haft forgöngu um innleiðingu einkaframkvæmdar í jarðgangagerð á Íslandi. Ég held að við eigum miklu meira sameiginlegt í því við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon en hið gagnstæða þannig að ég vil vekja athygli á þessu. Að síðustu eru stóraukin framlög samkvæmt áætluninni í tengivegi.

[16:34]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel ekki að pólitískt samráð um hlutina þurfi á nokkurn hátt að vera á kostnað þess að hönd í hönd og hlið við hlið sé unnið faglega við undirbúningsstarf að áætlunargerð og vinnu af þessu tagi. Ég tel það einmitt kost ef hægt er að hafa það þannig að menn vinni þetta hlið við hlið. Ef það væri hins vegar þannig að síðan stæði til að láta okkur stjórnmálamennina, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, taka við verkinu og setja okkar mark á það, þá væri það kannski atriði út af fyrir sig. En er líklegt að það standi til á örfáum vikum sem eftir eru að þingið taki sig til og geri einhverjar veigamiklar áherslubreytingar. Ég tek hæstv. ráðherra á orðinu ef þetta ber að skilja þannig, að þess megi vænta að vel verði tekið í hugmyndir okkar um breytingar í þessum efnum. En ætli veruleikinn sé ekki sá á mannamáli að búið sé að sjóða og hrossakaupa þetta saman í stjórnarherbúðunum, og fæðingin var víst býsna erfið síðustu dagana og vikurnar, og ekki standi til að hrófla mikið við því. Ætli Alþingi sé ekki ætlað að taka við pakkanum utan úr bæ eins og stundum áður, því miður. Ef vegáætlun kæmi að hausti og fyrir lægi að samgöngunefnd hefði hana til umfjöllunar í nokkra mánuði, færi rækilega yfir hana, skoðaði áherslur og eftir atvikum breytti hlutum þá gæti ég sagt sem svo: Við skoðum það vinnulag.

Hvað Hvalfjarðargöng varðar þá er ég mjög stoltur af því að hafa átt frumkvæði að þeim og hafa flutt fyrsta frumvarpið og skrifað undir samninginn um þau. Menn mundu ekki mikið eftir því, sjálfstæðismenn, þegar þeir voru að taka göngin í gagnið á sínum tíma. Þau höfðu dottið af himnum ofan í fangið á sjálfstæðismönnum, en það er önnur saga. Ég held að einkafjármögnun sérverkefnis geti vel komið til greina og að mínu mati er aðeins ein hliðstæða í því sem við erum nú að tala um, það eru Vaðlaheiðargöng.

[16:36]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég á ekki von á öðru en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon verði mikill stuðningsmaður minn þegar við förum í einkaframkvæmdina Vaðlaheiðargöng og mun þá birtast klofningurinn sem ég vakti athygli á innan Vinstri grænna. Jón Bjarnason talar algerlega gegn öllu sem heitir einkaframkvæmd og hefði væntanlega ekki greitt atkvæði með frumvarpinu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann var samgönguráðherra og flutti það lagafrumvarp um Hvalfjarðargöng. En hvað um það, við skulum ekki gera það að aðalatriði málsins.

Samráð um samgönguáætlanir fer að mínu mati fram allt heila kjörtímabilið. Hér eru fluttar þingsályktunartillögur og fyrirspurnir, skriflegar og munnlegar og óundirbúnar o.s.frv., um samgöngumál þannig að ég finn það mjög vel hverjar áherslur eru hjá þingmönnum í samgöngumálum eftir samráð og umræður í þingsal. Þannig að við komum að þessu með ýmsum hætti.

Ég hef að sjálfsögðu lagt mikið upp úr því að vinna vandlega að þessu og hvorki 2003 né 2005 og í raun og veru ekki heldur núna eru miklar efnislegar gagnrýnisraddir uppi um samgönguáætlunina. Fyrst og fremst er rætt um að við séum að láta of lítið fjármagn í þetta og að framkvæmdir séu ekki nógu snemma á áætlunartímabilinu, en um raunverulegu áherslurnar, hvort við eigum að fara í jarðgöng eða hvort við eigum að byggja upp vegina á einum eða öðrum stað, er ekki mikill ágreiningur. Ég heyri það ekki. Ágreiningurinn er, eins og ég sagði, um það að við látum of litla fjármuni í þessi mál.

[16:38]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get vel gert ágreining við þann þátt þessa máls, sem ég reyndar gerði í ræðu minni, að ég óttast að við séum ósköp einfaldlega að skammta of naumt til almennra vegagerðarverkefna. Mér finnst sá þáttur pínulítið eins og að verða útundan. Það er eins og menn gleymi því hve gríðarlega mikið er enn eftir í hinni almennu vegagerð, klára hringveginn, endurbyggja lélegustu kaflana á honum sem ekki þola núverandi þungaflutninga, sem auðvitað á að fara með út á sjó eins og kostur er, og svo að fara í þá malarvegi alla saman, tengivegi og kafla, sem sáralítið miðar með.

Varðandi einkafjármögnun, einkaframkvæmd þá er enginn ágreiningur um þau efni í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við lokum ekki á það að skoða hluti sem eru hliðstæðir við Hvalfjarðargöng. Hvalfjarðargöng eru ekki einkaframkvæmd. Þau eru í raun einkafjármögnuð framkvæmd sem verður hluti af almenna vegakerfinu um leið og hún er búin að borga sig upp. Það var algert skilyrði af minni hálfu og það gerði ég áhugamönnunum strax ljóst að þeir þyrftu ekki að eyða tíma sínum í marga fundi með mér ef annað ætti að vera upp á teningnum. Það var hins vegar

pólitískt þannig statt og það var efnislega líka þannig statt — þessi mikla stytting var ekki í vegáætlun og áhugasamir aðilar vildu drífa hana áfram. Menn sáu möguleikana á því að umferðin sjálf gæti borgað framkvæmdina upp. Því var einboðið að skoða það með alveg sama hætti og einboðið er að skoða Vaðlaheiðargöng með þeim kostum að umferðin borgi þann hluta kostnaðarins sem hún ræður við, leiðin styttist mikið og menn sleppa við erfiðan fjallveg, og framkvæmdin gangi síðan inn í hið almenna vegakerfi um leið og hún er búin að borga sig upp, þá verður það hliðstæða við Hvalfjarðargöngin sem ég á ekki í neinum vandræðum með að styðja. Það á ekkert skylt við hugmyndir um einkaframkvæmdir í almennri vegagerð með skuggagjöldum eða öðru slíku. Það er allt annar hlutur, það veit ég að hæstv. samgönguráðherra hlýtur að skilja.

[16:40]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafa verið í hálfgerðri hringferð í ræðu sinni og sérstaklega í andsvörum við hæstv. samgönguráðherra. Mig langar fyrst að nefna að hann fagnar miklu umfangi samgönguáætlunar. Hann vill gjarnan bæta í og auka við jarðgöng og fleiri framkvæmdir og gott um það en hann finnur mikið að því sem nefnt er í áætluninni „sérstök fjármögnun". Mig langar að spyrja hann: Vill hv. þingmaður að við aukum skatta á umferð eða vill hann að við aukum skatta almennt í samfélaginu til að bæta í hvað varðar nýframkvæmdir í samgöngumálum? Hvernig vill hv. þingmaður ná fjármunum til þessa mikilvæga málaflokks? Hann hefur talað um það bæði í og úr í ræðum sínum að einkaframkvæmd líkt og Spölur fór út í væri annars vegar ekki kostur en væri jafnvel ákjósanlegur kostur eins og með Vaðlaheiðargöng. Mig langar að fá að heyra nákvæmlega frá hv. þingmanni hvernig hann vill auka fjármuni til þessa málaflokks. Er það með skattahækkunum?

[16:42]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var fyrst og fremst að benda á að að þessu leyti er fjármögnun þeirra framkvæmda sem settar eru inn í áætlunina í lausu lofti. Það er óútkljáð mál, það er óútfyllt. Umferðin borgar miklu meira en nóg í ríkissjóð, miklu meira en nóga skatta til að standa undir öllum þessum framkvæmdum og miklu meira en það ef hún héldi hærri hlut til framkvæmda. Við vitum það öll. Umferðin skilar í opinberar tekjur alveg gríðarmiklum fjármunum en ríkið hirðir það að verulegu leyti. (**KÓ:** Viltu hækka skatta?) Já, svo spyr hv. þingmaður: Vill þingmaðurinn hækka skatta?

Hverjir halda menn nú að borgi að lokum þó að menn fari leið lántökunnar eða veggjaldanna? Er hv. þm. Kjartan Ólafsson að halda því fram að peningarnir komi einhvers staðar annars staðar frá? Heldur hann að skotið verði saman í útlöndum fyrir vegaframkvæmdum á Íslandi og peningarnir gefnir? Heldur hann að þeir komi af himnum? Nei, við skulum ekki vera svo einföld að ræða þetta á öðrum nótum en þeim að auðvitað borga vegfarendur, umferðin og/eða skattgreiðendur þetta að lokum og enginn annar. Spurningin er þar af leiðandi einfaldlega þessi: Er þetta skynsöm leið? Er þetta hagkvæm aðferð eða er hún kannski dýrari? Er hún kannski dýrari vegna þess að einkaaðilinn ætlar að hafa arð fyrir sitt stúss og draga hann í burtu? Það er niðurstaða skýrslu Ríkisendurskoðunar að langflest mæli með því að ríkið geri þetta bara beint. Það kemur vel til greina að taka lán til að flýta framkvæmdum og borga þau svo aftur. En það mun enginn borga þetta fyrir okkur, hv. þingmaður, það er algerlega á hreinu. Umferðin og/eða skattgreiðendur munu greiða þennan kostnað með einum eða öðrum hætti fyrr eða síðar. Allt tal um annað er eins og hvert annað rugl. Hv. þingmaður verður að finna einhverjar betri aðferðir en þessar ef hann ætlar að króa mig af í umræðunni.

[16:44]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst hv. þingmaður fara annan hring í þessari umferð. Auðvitað vitum við það hér á hinu háa Alþingi að það eru þegnar þessa lands sem borga það sem gert er. Það er alveg augljóst mál. En ég fékk ekki svar við því hvort hv. þingmaður vill fara lántökuleiðina sem gerir það að verkum að við dreifum þeim kostnaði sem til fellur á lengri tíma, og þá gildir einu hvort ríkið tekur lánið eða hvort það er gert með öðrum leiðum. Það kann líka að vera í alútboði, það er alþekkt meðal sveitarfélaganna gagnvart byggingum og nýframkvæmdum þannig að það er alveg inni í myndinni. En ég vil fá að heyra nákvæmlega hvað þingmaðurinn meinar. Hann talar úr og í og það kalla ég hringferð hans um þetta mál. Vill hann hækka skatta á þegnum þessa lands eða hækka skatta á umferðinni? Einhvers staðar frá verða peningarnir að koma. Eða vil hann fara í lántöku, eins og stendur í áætlun? Það kemur skýrlega fram í samgönguáætluninni að um sérstaka fjármögnun sé að ræða.

Hv. þingmaður kom inn á sjóflutninga áðan. Mig langar líka að spyrja hann hvort ekki sé æskilegt og sjálfsagt hjá okkur að huga að styttingu vega milli landshluta. Heldur hann að atvinnulífinu henti að flytja ferskan fisk með skipum hringinn í kringum landið? Hvernig á nútímaatvinnulíf, sem byggist á miklum hraða, ferskleika og minni vörulager vítt og breitt um landsbyggðina, að ganga upp ef við ætlum að fara út í sjóflutninga með þær vörur? Mig langar að fá að heyra örfá orð um það atriði.

[16:46]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit að hv. þingmaður er vel að sér um garðyrkju en hann má nú ekki tala eins og það sé eingöngu grænmeti með nokkurra daga geymsluþoli sem flutt er um landið. Ætli það sé endilega nauðsynlegt að flytja áburð, sement, steypustyrktarjárn, þungar vinnuvélar, gáma eða annað slíkt eftir vegum? Ætli reglubundnar strandsiglingar, kannski með tveimur viðkomum í viku, væru ekki fínar samgöngur með ströndinni, ég tala nú ekki um ef gjaldskráin væri hagstæð? (Gripið fram í.)

Veit hv. þingmaður hvers konar okur er orðið á flutningum á afskekktustu svæði landsins? Ég er ekki viss um að hv. þingmaður finni mikið fyrir því í Árborg. (**KÓ:** Eigum

við að taka upp Ríkisskip?) Ég skal ræða það við hv. þingmann við betra tækifæri. Ég er ekki endilega viss um að það þurfi að endurreisa Ríkisskip þó að ég haldi að það hafi verið afdrifarík mistök að slá þau af, a.m.k. tíu, fimmtán árum of snemma. Ég er ekki viss um að Halldór Blöndal fengi verðlaun í dag fyrir það afrek, eins og hann gerði á sínum tíma, þegar Heimdallur veitti honum frjálshyggjuverðalaunin fyrir að leggja niður Ríkisskip.

Nei, það má bjóða þessa þjónustu út. Það þyrfti ekki mikla meðgjöf. Það er alveg ljóst. Einkaaðilar hafa verið að skoða þetta og munar hársbreidd að þeir færu af stað ef þeir fengju vilyrði fyrir flutningum. Það er ekki stórt vandamál. Það verður eitt af því fyrsta sem ný ríkisstjórn gerir. Hér skal það loforð gefið og ég skal hundur heita ef ég stend ekki við það, verði ég í aðstöðu til þess, að eitt af því fyrsta sem ný ríkisstjórn gerir verður að undirbúa útboð á strandsiglingum.

Varðandi fjármögnun þessara hluta skulum við bara tala um þetta eins og þetta er, hv. þingmaður. Það hefur ekkert upp á sig að segja að menn séu að fara í hringi. Ég er að reyna að benda á að umferðin og/eða skattgreiðendur borga þessar framkvæmdir fyrr eða síðar með einum eða öðrum hætti, eins og Bessastaðabóndinn mundi segja. Lántaka er þá bara aðferð til að fresta því um sinn að umferðin og/eða skattgreiðendur borgi. Við skulum bara skoða stöðuna eins og hún er á hverjum tíma í þessu ljósi og þá er ekki um neitt að rífast.

[16:48]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Ef karlpeningurinn í þingsalnum gæti kannski gefið hljóð þá væri ...

(**Forseti** (ÞBack): Ég ætla að biðja þingmenn um að halda hliðarfundi í hliðarsölum en ekki inni í þingsal.)

Þá væri kannski hægt að hefja ræðuna, frú forseti, þakka þér fyrir.

Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þau efnisatriði að bæta sem félagar mínir í Samfylkingunni hafa gert að umtalsefni við þessa umræðu um langtímasamgönguáætlun til 2018. Ég tek skýrt fram að ég tek undir margt af því sem þau hafa sagt en vildi þó brydda eilítið öðrum fleti á þessari umræðu en verið hefur í umræðunni framan af degi a.m.k. Það er græna hliðin, frú forseti. Hún hefur sannarlega ekki snúið upp í þessari umræðu.

Það vill þannig til að síðustu 100 síðurnar í þingskjalinu sem hér er til umræðu, þingsályktunartillögunni um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, eru kannski það efnismesta og markverðasta sem í henni stendur. Það er umfjöllunin um umhverfismat áætlunarinnar. Vissulega er mjög gleðilegt að það skuli hafa farið fram og að sjálfsögðu er það nokkuð sem ætti að gera. En eins og með flest önnur mannanna verk er ekki sama hvernig það er gert, hvaða spurninga er spurt, hvernig þeim er svarað, hvernig þeim er fylgt eftir og hvernig þau tengjast síðan öðrum áætlunum, hvort sem þær heita náttúruverndaráætlun eða eru aðrar áætlanir á vegum stjórnvalda.

Áður en ég kem að því langar mig samt að nefna nokkur atriði í skjalinu sem hafa vakið áhuga minn og inna hæstv. ráðherra nánar eftir þeim. Eins og gert hefur verið að umræðuefni er á fyrsta tímabili áætlunarinnar gert ráð fyrir því að þrír milljarðar, ef ég les þetta rétt, verði settir í nýja samgöngumiðstöð í Reykjavík. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga að reist verði ný samgöngumiðstöð í Reykjavík en mig langar að vita hvers konar þarfagreining liggur að baki eða hvort hún hafi verið gerð fyrir þessa samgöngumiðstöð. Er málið komið svo langt, af því að ráðast á í þetta, að útboðsgögn séu tilbúin eða annað slíkt? Það skiptir auðvitað mjög miklu máli hvernig þetta mikla mannvirki lítur út, hvar það verður nákvæmlega staðsett og hvernig það tengist öðrum mannvirkjum, ekki síst vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu.

Ég spyr að þessu, frú forseti, vegna þess að á sama svæði á bráðlega að hefjast uppbygging Háskólans í Reykjavík, þ.e. við Öskjuhlíðina. Á sama svæði verður væntanlega gangamunni Öskjuhlíðarganganna þótt þau séu ekki á langtímaáætlun, eins og gert hefur verið að umræðuefni fyrr í dag nema að því leyti að hefja má undirbúning þeirra fyrir lok tímabilsins. Það er eftir tólf ár. Hefur það verið skoðað heildrænt eða almennt séð hvernig þetta allt á að spila saman og passa í Öskjuhlíðinni? Það skiptir miklu máli af því að það er ekki nóg að setja niður samgöngumiðstöð fyrir allar tegundir samgangna, líka almenningsvagna og rútur og þar fram eftir götunum, ef tengingarnar við hana í borginni eru ekki úthugsaðar. Ég vil mjög gjarnan fá svör við því hvernig þetta á að vera. Ég verð líka að segja að í ljósi þess að í þessari áætlun er í raun lögð mjög lítil áhersla á eflingu almenningssamgangna er spurning hvort ekki mætti taka eitthvað af þessum miklu fjármunum til að efla almenningssamgöngur, sem eiga þó að hafa miðstöð í samgöngumiðstöðinni. Það er til lítils að reisa þriggja milljarða samgöngumiðstöð ef almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu heyra sögunni til eftir tólf ár. Það þarf væntanlega að skoða allt málið í þessu samhengi, frú forseti.

Ég vil gjarnan fá að ræða annað efnisatriði í þessu samhengi, þ.e. það varðar stígagerðina. Á öllum þremur tímabilum þessarar langtímaáætlunar er gert ráð fyrir að 840 millj. kr. fari til uppbyggingar reiðvega og lagningar þeirra. Eins og við sem sitjum í hv. samgöngunefnd vitum er inni í frumvarpi til vegalaga, sem er nú til umfjöllunar, ákvæði um að veita heimild til að finna út hvernig best sé að fjármagna lagningu hjólreiðastíga og göngustíga. Mér finnst löngu tímabært, frú forseti, að göngustígunum og hjólreiðastígunum sé gert jafnhátt undir höfði ef ekki hærra undir höfði en reiðvegum. Það þarf að hugsa það mál algjörlega upp á nýtt. Það kemur fram, m.a. í athugasemdum við umhverfismatsáætlunina, að það sem fólk hefur talað um í góðri trú, að leggja eigi hjólareiðastíga og göngustíga meðfram stofnvegum, er ekki endilega æskilegast. Þar er líka mjög mikil mengun. Það er kannski ekki mikil heilsubót í því að hjóla eða ganga meðfram stofnvegum á höfuðborgarsvæðinu.

Það kemur m.a. fram í athugasemdum frá samtökum hjólreiðamanna að í raun þyrfti að hugsa málið upp á nýtt, sem á að gerast í langtímaáætlun, og fá nýja nálgun á hvernig við getum leyst það mál, hjólreiða- og göngustígakerfið, t.d. á suðvesturhorninu, þannig að það geti orðið valkostur, ferðamáti sem er raunverulegur valkostur fyrir fólkið sem hér býr. Ég hygg að ef slíkt kerfi væri gott

mundu fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu nýta sér það til ferða til og frá vinnu eða almennt til að komast á milli staða. Það þarf að skapa þau skilyrði að það sé hægt.

Mér finnst furðu sæta að ekki skuli í þessari áætlun gert ráð fyrir því að setja umtalsverða fjármuni í stígana, göngustíga og hjólreiðastíga. En frú forseti, þeir stígar eiga ekki endilega að liggja saman af því að við vitum það að þeir sem nota hjólreiðastígana og göngustígana eiga ekki alltaf samleið. En það er önnur umræða sem ég ætla ekki að fara út.

Eins og fram hefur komið í umræðunni og tekið er fram í þingsályktunartillögunni hefur umferð hér á landi aukist um hvorki meira né minna en 70% á árabilinu 1988–2004, það eru 16 ár, 70% vöxtur umferðar. Þetta er náttúrlega gríðarleg aukning og í raun meiri aukning en mann gat grunað að hafi orðið þótt maður vissi að hér væri einkabílaeign með því hæsta í heimi. Þegar við lítum til þess hvernig staðið hefur verið að uppbyggingu og viðhaldi vega, stofnvega og þjóðvega, er það ekki bara ljóst að það hefur setið á hakanum heldur hefur hin mikla umferð gert það að verkum að í raun hefði átt að sinna viðhaldinu mun betur en gert hefur verið. Við erum langt á eftir í því. Eins og menn hafa sagt í umræðunni í dag þá er vegakerfið í heild nokkrum áratugum á eftir í þróuninni. Það sinnir ekki þeim þörfum sem sinna þarf.

Mig langar einnig, frú forseti, að ræða um umhverfisþátt þessarar áætlunar. Hér er þriðja meginmarkmið áætlunarinnar, ef ég man það rétt. Það snýr að umhverfisþættinum og sagt að sjá eigi til þess að samgöngur séu í takti við sjálfbæra nýtingu umhverfisins, ef ég man þetta rétt. En í áætluninni sem slíkri, sem á að gilda til ársins 2018, í tólf ár, eru hvorki tímasett né tölusett markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum á landinu. Ég fæ ekki séð, eftir að hafa lesið flestar blaðsíður í þessari áætlun, að nokkurs staðar séu sett fram tímasett markmið og tölusett um hvernig stjórnvöld ætli að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Í raun endurspeglar þetta, frú forseti, afstöðu stjórnvalda almennt til þessa vandamáls, til hinnar miklu losunar gróðurhúsalofttegunda sem síðan leiðir til hlýnunar jarðar. Menn líta bara almennt svo á að ekkert þurfi að gera á Íslandi við að draga úr neinni losun.

Í tillögunni á bls. 159, með leyfi forseta, kemur fram að hlutdeild samgangna í heildarlosun koldíoxíðsígilda verði á þessu ári 39,8% en hlutdeild samgangna verði árið 2018 40,5%. Þetta er sama hlutfall, það verður engin minnkun. Það á ekki að gera neitt til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Allar aðrar samgöngur, a.m.k. hér á Vesturlöndum og í Evrópusambandinu, setja sér mjög metnaðarfull markmið um hvernig eigi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Ég veit að Íslendingar standa að mörgu leyti vel í þessum samanburði en hvað varðar bara samgöngur, fiskiflotann og bílaflotann, þá stöndum við ekki vel.

Það er ekki nóg að beina sjónum að marki sem er langt inni í langri framtíðinni. Enginn veit hvort við náum því markmiði að hægt verði að setja samgönguflotann á vetni. Það veit enginn hvernig það mun nýtast, hvort eða hvenær það verður. Upp mun renna árið 2018 ef þessi ríkisstjórn heldur velli, sem ég held að hún geri reyndar ekki. En ekkert hefur verið að gert í þessum málum. Þetta er umhugsunarefni ekki síst í því ljósi að þessi áætlun er náttúrlega víðtæk og tekur til allra þátta samgangna. Það er eiginlega með ólíkindum að ekki skuli sett inn í hana slíkt umhverfisverndarmarkmið.

Kannski er skýringin þessi: Þegar unnið var að umhverfismati á áætluninni, og þetta kemur hér fram í seinni hluta þingsályktunartillögunnar, þá var það ekki gert í samvinnu við Umhverfisstofnun. Ég fæ ekki alveg séð hvernig ráðuneytið vinnur að umhverfismati samgönguáætlunar án þess að að þeirri vinnu komi þeir sérfræðingar innan Umhverfisstofnunar sem mesta þekkingu hafa á því. Í athugasemdum Umhverfisstofnunar sem birtar eru á bls. 183 og 184 í þessu þingskjali, athugasemdum Umhverfisstofnunar við áætlunina eins og hún er sett fram af ráðuneytinu og þeim sem hana vinna fyrir hana segir, og hér er reyndar bara útdráttur úr umsögn Umhverfisstofnunar, sem segir, með leyfi forseta:

„Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram það mat stofnunarinnar að umhverfisskýrsla samgönguáætlunar sé ekki í samræmi við markmið laga um umhverfismat áætlana. Þau eru m.a. að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“

Kannski er það þess vegna að ekki er minnst einu orði á hvernig eigi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum, vegna þess að menn hafa ekki haft ráðslag við þá sem mesta þekkingu hafa á að ganga frá því í svona áætlunum. Auðvitað koma þá athugasemdirnar frá Umhverfisstofnun.

Ég veit ekki hvað ég á að halda um þau vinnubrögð að Umhverfisstofnun hafi ekki verið með í að vinna þessa áætlun og að gera á henni umhverfismat, í fyrsta sinn sem það er gert með almennilegum hætti. Ég velti því fyrir mér hvers vegna Umhverfisstofnun var haldið utan við þetta. Ég veit reyndar vel að hún heyrir ekki undir samgönguráðuneytið en það skiptir engu máli í þessu samhengi. Hafi menn ætlað að vinna þetta faglega, ná árangri þannig að menn settu umhverfismarkmið sem mark væri á takandi og skiptu einhverju máli hljóta menn í samgönguráðuneytinu að hafa vitað að eðlilegt væri að kalla til sérfræðinga á því sviði. Með fullri virðingu fyrir verkfræðingunum sem unnu umhverfismatið þá er þetta kannski ekki endilega þeirra sérfræðisvið. Ég held að það komi í ljós í þessari áætlun og ég vil endilega (Forseti hringir.) hvetja hv. þingmenn til að (Forseti hringir.) lúslesa síðustu 100 blaðsíðurnar í þessu skjali. Þær eru mjög merkilegar.

[17:04]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni afar málefnalega ræðu. Fyrst vil ég nefna að samgöngumiðstöð í Reykjavík var á sínum tíma undirbúin af starfshópi sem var settur á laggirnar í samstarfi borgarinnar, fyrrverandi meiri hluta hjá borginni, og ráðuneytisins. Þar varð ákveðin niðurstaða og þar var lagt mat á hvernig hlutirnir ættu að verða. Þar voru m.a. gerðar tillögur um hvernig samgöngumiðstöðin ætti að tengjast umferðaræðum borgarinnar, flugvellinum o.s.frv. Þess vegna er m.a. gert ráð fyrir að

hún sé við Hlíðarfótinn sem mun tengjast jarðgöngum suður á bóginn á borgarsvæðinu. Við gerum ráð fyrir að samgöngumiðstöðin tengi net strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna er þetta allt úthugsað og skilgreint eins og hv. þingmaður benti réttilega á að þurfi að gera. Við leggjum mikla áherslu á að þetta verði samgöngumiðstöð höfuðborgarsvæðisins og það er fullkomlega eðlilegt að um þetta sé spurt.

Lítil áhersla á almenningssamgöngur, það er ekki rétt. Í samgönguáætlun til tólf ára gerum við ráð fyrir að nota 4,5 milljarða í almenningssamgöngur á fyrsta tímabilinu — 4,5 milljarðar eru há upphæð. Við leggjum áherslu á stígagerð o.s.frv. en við getum ekki gert það nema að því marki sem lög heimila. Við erum að breyta, eins og hv. þingmaður veit, vegalögunum þar sem við tökum stígagerðina inn en þangað til verðum við að miða við gildandi lög. Ég tek undir að við eigum að leggja áherslu á að taka stígagerð, hjólreiðar, reiðvegi og þvíumlíkt inn í áætlanir okkar um uppbyggingu samgöngukerfisins.

[17:06]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Ég veit að starfshópurinn sem borgin átti aðild að skilaði tillögum um samgöngumiðstöð. Þetta mál þarf mjög ítarlega umfjöllun og ef ráðast á í þessar framkvæmdir — ýta hugmyndinni, eða réttara sagt hinum nauðsynlegu Öskjuhlíðargöngum, fram í tímann, auk þess sem það verður mjög mikil uppbygging á þessu svæði á næstu árum og áratugum — verður að huga mjög vel að tengingunum sem þarna eru.

Hvað varðar göngu- og hjólreiðarstíga þá er það rétt, fyrir því þarf að vera lagastoð. Það er mjög mikilvægt að í hv. samgöngunefnd skoðum við þetta saman, vegalögin sem nú eru til umfjöllunar og samgönguáætlunina, og reynum svo að finna á því lausn sem tekur mið af þeim athugasemdum sem fram hafa komið. Ég er hrædd um að við höfum ekki verið alveg á réttri leið í þessum málum fyrir utan það hvað göngu- og hjólreiðarstígarnir hafa verið afskiptir. Menn hafa þrefað um það hvernig ætti að fjármagna þá, ekki sett þá inn á skipulag og það hefur ekki verið í lögum að þá ætti að leggja. Þessu verður að breyta og við höfum tækifæri til að gera það núna.

Ég vil að lokum ítreka fyrirspurnir mínar til hæstv. ráðherra um það hvort ekki eigi að setja fram nein markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá bílum og skipum.

[17:08]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þau markmið sem við setjum okkur í samgönguáætluninni, um að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda, koma fram með þeim hætti að við stefnum að 20% minnkun á þessari losun á áætlunartímabilinu. Við ætlum að gera það með því m.a. að hafa áhrif með skattlagningu þannig að meira verði um dísilökutæki og svokallaða tvinnbíla. Við leggjum áherslu á að breytt skattlagning á umferðina, og hið sama á að gilda um siglingar, hvetji menn til að fjárfesta í vélum og ökutækjum sem losa minna af mengandi efnum. Þetta kemur skýrt fram í áætluninni og forsendunum fyrir henni. Tímasettu markmiðin eru þessi langtímamarkmið sem áætlunin felur í sér.

Við þurfum vissulega að huga vandlega að þessu. Það skiptir okkur miklu máli að við sýnum gott fordæmi og leggjum á ráðin um hvernig við getum dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda, ekki síst í samgöngugeiranum.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að umhverfisskýrslan sem hv. þingmaður vitnaði til er að mínu mati mikið tímamótaplagg. Hún skiptir miklu máli. Ég fann það í allri vinnu við undirbúninginn og það samráð sem fór fram í gegnum netið m.a. að það skilaði sér inn í gerð samgönguáætlunar. Ég tel því að hárrétt hafi verið hjá Alþingi að samþykkja þessi lög.

[17:10]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hafði lesið það í þessari tillögu einhvers staðar að markmiðið væri að árið 2018 gengju 20% farartækja fyrir vistvænu eldsneyti. Gott og vel. En það er ekki endilega það sama og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þó að það virki í þá átt, það er ekki það sama og að setja markmið um að draga úr losuninni.

Það kemur fram í umsögn um umhverfisáætlunina og ég ætla að leyfa mér að vitna til þeirra. Landvernd setur spurningarmerki á þessu stigi máls við það lokamarkmið að bíla- og fiskiskipaflotinn gangi fyrir vetni — sem er sem sagt lokamarkmið sett fram í áætluninni — og segir að margt sé óljóst um þróun vetnistækninnar. Nærtækara væri að setja sér lokamarkmið sem væri á þá leið að bílaflotinn og reyndar fiskiskipaflotinn líka verði knúinn af endurnýjanlegum orkugjöfum. Í ábendingu frá Reykjavíkurborg segir að mikilvægt sé að í samgönguáætlun sé lögð fram áætlun um hvernig dregið verði úr útblæstri koltvísýrings frá samgöngum á næstu árum.

Það þýðir einfaldlega að í samgönguáætlunina vantar tímasett og tölusett markmið um það hvernig draga eigi úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við getum ekki sett fram samgönguáætlun til tólf ára ef hún á að vera í takt við aðrar áætlanir, ef hún á að vera í takt við skuldbindingar okkar, alþjóðlegar skuldbindingar okkar eða aðrar þær skuldbindingar sem við eigum eftir að takast á herðar, t.d. á öðru skuldbindingartímabili Kyoto-samningsins sem mun renna upp árið 2013. Við getum ekki sett fram samgönguáætlun til tólf ára og samþykkt hana án þess að setja þessi markmið inn. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra, og ég veit að það verður um þetta fjallað í samgöngunefndinni, og okkur öll til að koma því þannig fyrir að metnaðarfull markmið verði sett inn í þessa áætlun.

[17:12]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér eitt stærsta málið til framtíðar á þessu þingi, þ.e. hvernig við leggjum línurnar fyrir framtíðina varðandi samgöngur á landinu.

Ætlunin er auðvitað að auka afkastagetu samgöngukerfisins í heild. Maður reynir því kannski fremur að halda sig við aðalstefnumótunina, kannski einkum þar sem hún er takmörkuð, m.a. með því að stytta vegalengdir og aksturstíma þannig að auðveldara verði fyrir alla að nýta þá þjón-

ustu sem landið býður upp á í heild sinni.

Í annan stað verðum við að huga að því að tryggja flugsamgöngur og ferjuleiðir þar sem þörf er á. Eins verður að skoða öflun tekna af umferð, m.a. út frá því að ef til vill verðum við í framtíðinni ekki með þungaskatt og bensíngjöld. Við höfum þá jafnvel tekjur af því að mæla akstursvegalengdir einstakra bíla, sérstaklega þá almenningssamgöngu- og flutningstækja. Ég sé það kannski ekki alveg fyrir mér að það verði notað við einkabílinn en það er mögulegt. Ég held að við hljótum að horfa til þess að nota GPS-tæknina til að mæla umferðarþunga stærri flutningstækja um þjóðvegi landsins og til að fá tekjur af þeirri umferð á þjóðvegum landsins, miðað við þyngd og stærð ökutækis og þunga, en farartækin slíta þjóðvegunum mismikið eftir þunga.

Í þriðja lagi mælum við akstur á þjóðvegunum með sömu tækni. Við gætum með GPS-tækninni einnig búið til afsláttarkerfi fyrir erfiðari leiðir, þar sem vegakerfið væri slakast. Akstursafslætti á lengstu ökuleiðunum því að hægt væri að láta gjaldtökuna virka í báðar áttir, bæði sem endurgreiðslu og gjald ef menn á annað borð mæla aksturinn, þungann og annað slíkt. Þar með er auðvitað komin aðferð til að huga að því hvernig megi hafa áhrif á flutningskostnað til svæða sem um lengstan veg eiga að fara við vöruflutninga og til að sækja þjónustu. Ég vildi benda á þetta í upphafi máls, hæstv. forseti. Hér erum við auðvitað að tala um eitthvað sem er svolítið í framtíðinni en þó ekki fjarlægt vegna þess að tæknin er til staðar.

Í fjórða lagi hef ég og flokkur minn þá stefnu að stytta beri vegalengdir, m.a. með gerð jarðganga. Við höfum þegar búið til ýmsar áætlanir um að stytta vegalengdir með þverun fjarða. Þau plön sem eru m.a. á Barðaströndinni munu hafa mikil áhrif á samgöngur til suðurhluta Vestfjarða þegar þær framkvæmdir komast í gagnið, varðandi þverun Gufufjarðar, Djúpafjarðar og Þorskafjarðar, svo dæmi sé tekið.

Ég minni á þetta, hæstv. forseti, vegna þess að það þótti fjarlægur draumur árið 1983 þegar menn voru að tala um að gera göng undir Breiðadals- og Botnsheiði fyrir vestan og þverun Dýrafjarðar og Gilsfjarðar. Menn sáu þetta fyrir sér en höfðu svo sem ekki á áætlun. Á þeim tíma töldu menn að jarðgangagerð á Íslandi væri afar erfið vegna þess hvernig berg væri hér á landi o.s.frv. Það er búið að afsanna það sem betur fer.

Við höfum nægja tækni til að setja í meiri forgang jarðgangagerð á þeim svæðum landsins, sérstaklega þar sem samgöngurnar eru enn þannig að þær teljast engan veginn viðunandi. Vegirnir eru enn þá malarvegir að hluta og þar að auki er um fjöllótt landslag að ræða eins og á Vestfjörðum, á norðausturhorni landsins og á Austfjörðum, tvímælalaust, og vissulega á það við víðar, þar sem hægt er að ná fram verulegri styttingu vegalengda og auknu umferðaröryggi. Við megum ekki gleyma því í þessari umræðu þegar við ræðum um jarðgangagerð, betri vegi og styttri vegalengdir, að þar með aukum við umferðaröryggi geysilega. Við erum ekki bara að stytta tímann, stytta vegalengdir og ferðatíma, við erum líka að auka umferðaröryggið mikið.

Í nýlegu svari hæstv. samgönguráðherra við fyrirspurn minni varðandi kostnað, viðhald og endurbætur á vegum, kemur greinilega fram að viðhald í Vestfjarðagöngum og Hvalfjarðargöngum var ekki mikið á því tímabili sem spurt var um. Spurt var um tímann frá því að Vestfjarðagöng voru tekin í notkun og út árið 2005 og hins vegar frá 1998 þegar Hvalfjarðargöng komust í notkun til ársins 2005.

Það fóru 82 millj. kr. í Vestfjarðagöng og 175,1 millj. í Hvalfjarðargöng, með allri þeirri umferð sem þar er. Það er mjög athyglisvert að í báðum þessum göngum sé nánast enn þá sama slitlagið og sett var á þegar þau voru opnuð, þrátt fyrir mikinn umferðarþunga eins og í Hvalfjarðargöngum og reyndar miklu meiri umferð í Vestfjarðagöngum heldur en menn höfðu nokkurn tímann reiknað með.

Til samanburðar getum við svo skoðað viðhaldið t.d. á Óshlíð þar sem menn völdu að leggja veg utan í fjallinu, sem menn viðurkenna núna að nær aldrei því öryggi sem menn sóttust eftir. Þar liggur fyrir ákvörðun um það að fara í jarðgangagerð. En í þann veg höfum við eytt tæpum 900 millj. kr. í viðhald og endurbætur frá því hann var tekinn í notkun. Þar eru náttúrlega vegskálarnir dýrastir en einnig hefur þurft að fara í margar aðrar aðgerðir til að reyna eftir fremsta megni að auka öryggi á Óshlíðinni sem því miður hefur ekki tekist og mun ekki takast að mati flestra. Þess vegna hefur verið ákveðið að ráðast í gerð Óshlíðarganga, sem ég fagna mjög.

Ég vil hins vegar benda á að fleiri svona vegstæði þarf að endurskoða. Þar má m.a. nefna Lónsheiði fyrir austan, sem er nú komin inn á þessa áætlun. Einnig má benda á Súðavíkurhlíð, þar sem er mikil snjóflóðatíðni. Til er skýrsla um það frá Vegagerðinni sem ég hef undir höndum. Snjóflóðahættа í Súðavíkurhlíðinni er afar mikil og ég tel að fullu umferðaröryggi verði ekki náð með öðru en að gera jarðgöng á milli Ísafjarðar og Álftafjarðarbotns. Ég held að það væri framtíðarlausnin í þessum málum og menn eigi að horfa til þess. Ég fer oft um þennan veg. Nú eru menn að grafa þar skápa og moka hlíðinni fram fyrir veginn o.s.frv. til að reyna eftir fremsta megni að auka umferðaröryggið vegna grjóthruns og snjóflóða. Það mun kannski lagast eitthvað og vonandi verða þar ekki alvarleg slys. En fullkomið umferðaröryggi, eins og við viljum hafa á þjóðvegum okkar, á okkar fjölförnustu leiðum, næst ekki með slíkum aðferðum. Það held ég að reynslan af Óshlíð sanni ótvírætt.

Það er fjöldamargt fram undan í vegagerð. Ég vil hvetja til þess, hæstv. forseti, frekar en þess sem lagt er upp með í þessari samgönguáætlun, að menn horfi í auknum mæli til að leysa framtíðardæmin með jarðgangagerð þar sem við á í fjöllóttu landslagi til að stytta vegalengdir á milli svæða.

Ég nefni t.d. göng frá Vopnafirði yfir á Hérað til að stytta vegalengdina og gera örugga akstursleið þar á milli allan ársins hring. Það má auðvitað minna á Vaðlaheiðargöng sem mundu vissulega stytta og auka öryggi út frá Akureyri. Mörg fleiri dæmi mætti nefna.

Ég minni hins vegar á tillögu okkar í Frjálslynda flokknum um að leggja áherslu á láglendisvegi þar sem stefnt verði á jarðgangagerð til að komast undir fjöllin í stað þess að fara yfir þau. Nú eru á áætlun göng úr Dýrafirði yfir í Arnarfjörð sem ég fagna að skuli komin á áætlun. En að mínu viti hefðu þau þurft að færast yfir á fyrsta tímabil.

Ég undrast svolítið að í jarðgangaáætlun, sem birtist í vegaáætlun til tólf ára, virðist sem við séum enn föst í þeirri

hugsun að eiginlega sé ekki hægt að gera tvenn jarðgöng í einu á Íslandi. Það virðist svo sem hæstv. samgönguráðherra, sé enn þá fastur í dyrunum á einum jarðgöngum í einu en komist ekki í að gera áætlun um að hefja tvenn jarðgöng á ári, markvissa áætlun með auknu fé inn í jarðgangahlutann. Þarna erum við að horfa á framtíðarlausnir, hæstv. forseti, með miklu umferðaröryggi og styttingu vegalengda. Ég hvet til þess að menn færi sig framar í þessari jarðgangaáætlun almennt og gangi í framkvæmdir hraðar en hér er gert ráð fyrir þannig að við sjáum fram á að á þessu tímabili til ársins 2018 förum við í fleiri verkefni en lagt er upp með í þessari áætlun, hæstv. forseti.

Aðeins að flugmálum. Þetta er allt of stuttur tími, hæstv. forseti, til að ræða þessi mál. Ég fagna því auðvitað að svo virðist sem Reykjavíkurflugvöllur sé að festa sig í sessi. Það er ekki hægt að lesa annað út úr þessum málum og því að menn ætli að gera sérstaka samgöngumiðstöð við Öskjuhlíðina, stefna þar að jarðgöngum o.s.frv. Þá hljóta menn að hugsa til þess að samspil verði milli samgangna innan Reykjavíkur, samgangna út á land og samgangna til Reykjavíkurflugvallar. Ég dreg þá ályktun og fagna því mjög að Reykjavíkurflugvöllur eigi að fá að vera áfram þar sem hann er. Enda er flugöryggið inn á Reykjavíkurflugvöll mjög mikið, 98–99% ef ég man rétt. Það mundi reyndar detta niður í 91% ef aðeins yrði lagt upp með eina flugbraut.

Ég minni líka aðra flugvelli sem ekki er gert mikið með í flugáætlun. Ég minni á flugvöllinn á Sauðárkróki, þar sem er 99% nýtingarhlutfall miðað við áætlun. Margir flugmenn hafa bent á að flugvöllurinn á Sauðárkróki væri vel fallinn sem varaflugvöllur, hvað þá ef upp á kæmu einhverjar sérstakar aðstæður. Það er bara einfaldlega vegna legu landsins í kringum Sauðárkrók og láglendis sem þar er að auðvelt er að gera þar varaflugvöll fyrir alla flugvelli á landinu.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, hve lítið er minnst á framkvæmdir á Sauðárkróksflugvelli. Ég held að það séu einhvers staðar settar 3 millj. kr. ef ég man rétt í flugvöllinn á Sauðárkróki.

Hæstv. forseti. Ég hyggst ræða betur síðar um samgönguáætlunina sem hér er í seinni ræðu minni. Ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann setji mig á mælendaskrá í annað sinn. Ég er rétt að komast í gang í þessu máli.

[17:27]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tvennt vil ég nefna sérstaklega. Í fyrsta lagi er það misskilningur hjá hv. þingmanni að það sé tregða af minni hálfu að ekki séu tvenn göng í gangi hverju sinni. Það er akkúrat það sem lagt er upp hér með í áætluninni að gera, tvenn göng, Héðinsfjarðargöngin og Bolungarvíkurgöngin, samtímis.

Í beinu framhaldi af Óshlíðargöngunum yrði farið í Arnarfjarðar/Dýrafjarðargöngin og á sama tíma unnið við göngin til Neskaupsstaðar. Inn í þetta gætu komið Vaðlaheiðargöng á forsendum einkaframkvæmdar. Þannig að þrenn jarðgöng gætu verið í smíðum á Íslandi alveg á næstunni.

Hitt hvað varðar flugvöllinn á Sauðárkróki þá er rétt að þar eru aðstæður góðar. En þar er, eins og með fleiri velli nærri höfuðborgarsvæðinu, að þeir hafa ekki nýst sem skyldi þrátt fyrir ágætar aðstæður. Þess vegna er ekki talin þörf á sérstökum framkvæmdum á flugvellinum á Sauðárkróki. Þar vantar fyrst og fremst meiri umferð. Aðstaðan þar er í góðu standi svo það er ekki talin ástæða til fjárfestinga þar.

[17:29]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef nú farið yfir textann í þessari þingsályktun. Ég kom auga á að á öðru tímabili er jafnvel hugsað fyrir því að hafist geti vinna við þrenn jarðgöng.

Ég hefði viljað sjá menn taka nokkra áfanga til viðbótar. Ég nefni göng úr Vopnafirði yfir á Hérað, sem er bráðnauðsynlegt til að tengja þau svæði saman og stytta verulega akstursleiðir yfir fjöllin og fá öruggar samgöngur á láglendi, hæstv. forseti.

Af Vestfjörðum nefni ég áherslur Vestfirðinga á hringtengingu Vestfjarða. Hringtengingu þar sem væru alvörusamgöngur innan fjórðungsins þar sem byggðirnar á suðurfjörðunum eru tengdar við norðurfirðina og samgöngur tryggar allan ársins hring. Við sjáum auðvitað að gert er ráð fyrir Dýrafjarðargöngum og fögnum því. En ég hefði líka viljað sjá áætlun um göng á eftir, Dýrafjarðargöngum úr Ísafjarðardjúpi og yfir á Barðaströndina, undir Kollafjarðarheiði, t.d. og ná þar láglendisvegi alla leið til Reykjavíkur sem vissulega er í boði ef rétt er að verkum staðið.

Ég tel að það sé aðeins tímaspursmál þar til menn sjá veginn frá Bjarkarlundi og yfir í Kollafjörð verða að veruleika, þ.e. með þverun fjarða, og þar til krafa fólksins um að komast þessa leið fær hljómgrunn hjá stjórnvöldum. Við skulum ekkert gleyma því. Það er hægt að rifja það upp síðar að umræðan um Óshlíðargöng fékk ekki mikinn hljómgrunn frá stjórnvöldum fyrir tveimur og hálfu ári. Við skulum bara minnast þess. Með auknum þrýstingi létu stjórnvöld undan. Það gerist þegar almenningur tekur sig saman og krefst lagfæringa svo ég minni á Keflavíkurveginn o.s.frv.

[17:31]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar á því að núna þegar samgönguáætlun var kynnt barst sérstök ályktun frá Fjórðungssambandi Vestfjarða þar sem fagnað var þeim áformum um samgöngubætur sem hún felur í sér. Þess vegna kemur mér þessi orðræða hv. þingmanns nokkuð á óvart satt að segja.

Jarðgöng úr Ísafirði yfir í Kollafjörð eru alveg þvert á þá stefnu sem forustumenn á Vestfjörðum hafa lagt, þ.e. að ljúka Djúpinu, byggja upp Arnkötludalsveginn, jarðgöng til Bolungarvíkur og síðan Arnarfjörður, Dýrafjörður og traust samgönguæð yfir Dynjandisheiði þannig að tenging væri á milli suður- og norðurfjarða. Ég tel því að samgönguáætlunin sé nákvæmlega í samræmi við þær óskir. Hvað framtíðin ber í skauti sér vil ég ekkert segja um á þessu stigi hvað varðar frekari jarðgöng en við verðum að gæta hófs og skapa ekki væntingar um hluti sem fyrirséð er að við munum ekki leggja í á næstunni. Þetta er nú það sem ég vildi geta um alveg sérstaklega.

Hvað varðar önnur jarðgöng, sem hv. þingmaður nefndi, þá er gert ráð fyrir að næstu skref verði rannsóknir á jarðgöngum austur á landi og síðan jarðgöng á höfuðborgarsvæðinu. Það vilja allir jarðgöng og betri vegi og það er hið ánægjulegasta mál. Ég fagna vissulega miklum stuðningi hv. þingmanna við þessa samgönguáætlun sem felur í sér (Forseti hringir.) mikilvægar breytingar á samgöngukerfinu á Íslandi.

[17:33]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tilkynni hæstv. samgönguráðherra að leið hófseminnar af minni hálfu er lokið. Það er einfaldlega svo að það þarf að gera átak í þessum málum. Það er ekki hægt að sætta sig við að menn komi hér og lofi öllu fögru, taki svo sex, sjö milljarða til baka á næstu þremur árum, komi svo aftur og lofi öllu fögru og taki svo aftur til baka, ef þeir sitja við völd, sem vonandi verður ekki.

Þetta verklag gengur ekki. Þetta er liðin tíð, hæstv. ráðherra. Ef hæstv. ráðherra vill gæta þess hófs að kippa alltaf til baka ákvörðunum sínum verður hann að vera einn um það. Ég ætla ekki að styðja hann í því, það er komið nóg af slíku.

Ég er með bréf frá bæjarstjórnum á Vestfjörðum um samgöngumál frá 2. febrúar 2007, ég veit ekki hvort ráðherrann hefur séð það. Þar segir að hraða þurfi framkvæmdum og auka fjármagn til málaflokksins á Vestfjörðum og ljúka hringtengingu Vestfjarða innan fjögurra ára. Ég hélt að hæstv. ráðherra væri það vel tengdur við a.m.k. suma sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum að hann fengi svona beint í æð.

Hæstv. forseti. Ekki verður undan því vikist lengur að taka á samgöngumálum þeirra landsfjórðunga, Vestfjarða og Norðausturlandsins, sem hafa setið eftir á undanförnum árum. Ég fagna því að loksins skuli vera komnar á útboðs- og verkstig framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi sem var frestað á síðasta ári. Ég fagna því líka að menn setji í áætlun að stytta eigi þar leiðir o.s.frv. Ég segi einfaldlega: Það koma nógar tekjur af samgöngum á Íslandi til þess að taka frekari og hraðari skref í samgöngumálum en gert hefur verið á undanförnum árum.

[17:35]

**Forseti (Þuríður Backman)**:

Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa forseta en ekki hver annan, eða beina orðum sínum beint til ráðherra.

[17:35]

**Útbýting:**

Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, 378. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 887; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 888.

Íslenska táknmálið, 607. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 905.

NATO-þingið 2006, 613. mál, skýrsla ÍNATO, þskj. 913.

[17:36]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir**:

Virðulegi forseti. Það er mikið fjármagn sem við erum að fjalla um í þessari samgönguáætlun, eða u.þ.b. 380 milljarðar kr. enda erum við að fjalla um langt tímabil eða til ársins 2018 og við erum líka að fjalla um málaflokk sem er alla jafna dýr, og á í raun að vera dýr. Það skiptir mjög miklu máli að vel sé staðið að þessum málaflokki. Nú er því jafnframt þannig háttað að við erum að fjalla um málaflokk sem hefur verið vanræktur árum saman. Það hefur vakið athygli mína að hver þingmaðurinn á fætur öðrum sem tekur þátt í umræðum hér í dag notar sama orðið, þ.e. „vanrækslusyndir", og það er nákvæmlega rétta orðið yfir það sem þessi tillaga til þingsályktunar sýnir, hún sýnir viðleitni til yfirbóta fyrir vanrækslusyndir.

Þá vaknar sú spurning hjá okkur sem um þetta fjöllum hvort hægt sé að treysta því sem ég kallaði hér áðan „viðleitni til yfirbóta". Því miður held ég að ekki sé hægt að treysta því hjá ríkisstjórninni sem nú situr að völdum. Þar höfum við bæði reynsluna til að styðjast við og líka raddir úr stjórnarflokkunum þar sem fram koma staðhæfingar sem fá ekki staðist. Á það hefur líka verið bent í umræðunni að það stenst ekki að setja jafnmikið fjármagn í samgöngubætur og boðað er að gert verði á næstu árum og fara jafnframt í stóriðjuframkvæmdir eins og líka hefur verið boðað að muni verða gert af ýmsum forustumönnum ríkisstjórnarinnar. Það stenst ekki. Jafnvel þótt ekki verði af stóriðjuframkvæmdum, sem ég vona svo sannarlega að ekki verði á næstu árum, held ég því miður að ekki sé hægt að treysta ríkisstjórninni til að standa vel að samgöngubótum á landinu. Ég tel reyndar engar líkur á því að þessi sama ríkisstjórn sitji að völdum eftir næstu kosningar og við þurfum því engar áhyggjur að hafa í því efni.

Það er engu að síður alvarlegt mál að hvað eftir annað skuli reynt að blekkja fólk í landinu á sama hátt hverjar kosningarnar á fætur öðrum eins og við höfum horft upp á og það í málaflokki sem snertir okkur svo mjög sem samgöngur gera. Samgöngur eru okkur nauðsynlegar, skipta sköpum fyrir öryggi vegfarenda, samkeppnishæfni byggðarlaga. Undanfarið hefur verið illa að málum staðið og er fólk í stórhættu á þjóðvegunum sem eru allir orðnir um eða yfir 20 ára gamlir en 20 ár eru endingartími vega. Loksins núna er búið að fastsetja jarðgöng til Bolungarvíkur á leið sem var til umræðu á sama tíma og vegur um Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúlinn. Það er löngu búið að ráða bót á fyrri tveimur vegunum en núna fyrst er verið að leggja drög að því að koma fólki í skjól sem á leið á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur og er reiknað með því að það verði klárt árið 2010.

Ég er hér með línurit yfir heildarakstur á þjóðvegunum á Íslandi frá því 1975–2005 yfir samtals ekna kílómetra. Ef maður lítur á þetta línurit frá árinu 1991, sem mun vera u.þ.b. það ár sem Sjálfstæðisflokkurinn tók um taumana í samgönguráðuneytinu, og til ársins 2005 sést að umferð hefur aukist úr einni milljón ekinna kílómetra rúmlega í tvær milljónir ekinna kílómetra, þ.e. eknum kílómetrum hefur fjölgað um nákvæmlega 100%.

*Við skulum hafa í huga að vegirnir eru allir orðnir um* eða yfir 20 ára gamlir. Ef við skoðum svo fjármagnið til viðhalds á þessu sama tímabili er árleg fjárhæð sem fer í viðhald nær sú sama allan þennan tíma. Ef við skoðum árlegt fjármagn til vegamála alls þá er það sama sagan, þ.e. fjárhæðin er u.þ.b. sú sama nema á kosningaárum. Á kosn-

ingaárum rýkur hún upp eins og ég sagði áðan. Það er einhvers konar rússíbanamynd sem við sjáum út úr þessu. Það er algjörlega ótækt að ekki skuli vera tekið meira tillit til þróunar en þetta línurit og þær tölur sem ég rakti áðan sýna.

Það er alveg augljóst að það eru þrjú svæði á landinu sem við þurfum að taka sérstakt tillit til þegar við fjöllum um samgöngumál. Það er höfuðborgarsvæðið, bæði innan svæðisins og tengingar við það, bæði suður og norður; það eru Vestfirðirnir og það er Austurland. Fyrir þá íbúa landsins alls sem fara um Hvalfjarðargöngin er það himinhrópandi óréttlæti eins og nú er háttað að þurfa að borga þar vegtoll, það er algjörlega óásættanlegt. En hæstv. ráðherra hefur skellt skollaeyrum við öllum áskorunum og öllum rökum og enn eiga þeir sem þar fara um að sitja uppi með það að borga gjald í þessi göng. Ekki nóg með það heldur er nú hafin vinna við undirbúning að nýjum göngum og sá grunur læðist að manni að það muni kannski verða til þess að greiðslutíminn verði enn framlengdur.

Ég ætla, með leyfi forseta, að fá að lesa upp úr ályktun frá Samfylkingarfélagi Borgarbyggðar sem lýsir vel því sem er í húfi, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það að ein akstursleið út úr höfuðborginni sé skattlögð sérstaklega umfram aðrar er hrópandi óréttlæti sem ekki á að líða lengur, enda brýtur það gegn jafnræðissjónarmiðum. Félagið fagnar nýgerðu samkomulagi Vegagerðarinnar og Spalar um að hefja undirbúning að tvöföldun ganganna. Umferðaröryggi og stóraukin umferð til og frá höfuðborgarsvæðinu veldur því að afar brýnt er að bæta helstu samgönguæðar í nágrenni Reykjavíkur. Það er hins vegar algjörlega ólíðandi að vegtollar séu á einni leiðinni á meðan hinar, þ.e. leiðin austur fyrir fjall og á Reykjanesið, séu gjaldfrjálsar. Það eru ekki aðeins sanngirnissjónarmið sem liggja að baki þessari ályktun heldur einnig sú staðreynd að tollurinn um Hvalfjarðargöngin virkar hamlandi bæði á ferðaþjónustu á Vesturlandi sem og atvinnusókn og er tollurinn í raun samkeppnishindrun fyrir byggðaþróun vestan ganganna."

Þetta segir allt sem segja þarf um þessi mál.

Það eru ekki bara íbúar í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið sem líða fyrir þetta heldur t.d. allir flutningsaðilar sem keyra norður, austur og vestur, þeir fara allir um þessi göng. Mér var fyrir stuttu sagt frá litlum flutningsaðila á Akranesi sem borgaði 19 milljónir á sjö, átta árum í toll, en þetta var fyrirtæki sem var með einn til tvo bíla í förum og það munar um minna í rekstri af því tagi.

Mörgum orðum hefur verið farið um ástandið á Vestfjörðum og ekki að ófyrirsynju. Þar er ástand á vegum og samgöngum líklega allra verst á landinu. Ekki er hægt að fara inn á svæðið án þess að keyra eftir malarvegum. Fólk er lífshættu, ekki bara í Óshlíðinni heldur líka á leiðinni milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Það kom mjög skýrt fram í svari við fyrirspurn frá mér fyrir stuttu að á hverju einasta ári á tíu ára tímabili slasast eða verða fyrir óhappi 16 manns og þar af eru tvö dauðaslys. Þetta eru tölur sem ber að hlusta á, hæstv. ráðherra, og taka tillit til.

Mörg brýn verkefni bíða okkar í samgöngumálum, ekki bara á Vestfjörðum, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu og þar í kring og á Austfjörðum heldur líka t.d. á Miðnorðurlandi. Minnst hefur verið á göngin úr Eyjafirði og austur, það þarf líka að gera göng á milli Eyjafjarðar og vestur. Ekki hefur verið minnst á göng á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar en það eru göng sem þurfa líka að komast á langtímaáætlun, hæstv. ráðherra. Það skiptir máli fyrir íbúa Skagafjarðar og Norðurlands vestra að þurfa að keyra yfir hæsta fjallveg á landinu sem er í notkun allt árið sem er Öxnadalsheiðin en hún er tæplega 600 m. Það munum við ekki vilja búa við til frambúðar.

Ég hef ekki nefnt flugvelli eða hafnir en ég vil nota tækifærið og taka hjartanlega undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni sem minntist á Sauðárkróksflugvöll. Ekki hefur verið horft á þann flugvöll og ekki metið til fulls hversu góður hann er, þ.e. aðstæðurnar við hann. Hann þarf að vera inni í myndinni og það þarf að halda honum við og hafa í huga að þarna eru einhverjar allra bestu aðstæður til flugs á landinu. Þegar göng verða komin á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar held ég að hann verði sjálfsagður kostur í flugsamgöngum fyrir Norðurland því að hann er miklu betri en Akureyrarflugvöllur í öllum umhverfisaðstæðum.

Það vakti athygli mína þegar ég var að skoða áætlunina, reyndar þá styttri, hversu margar frestanir eru á sjóvörnum. Það er 24 frestanir á sjóvörnum á milli ára sem eru teknar inn núna í þessari áætlun og þar af eru 16 frestanir í Norðvesturkjördæmi. Það vakti líka athygli mína að þessar frestanir eru allar nema tvær í litlum sveitarfélögum. Maður kemst ekki hjá að álykta að þau sveitarfélög kunni að vera það illa sett fjárhagslega að þau geti ekki staðið undir því mótframlagi sem þarf til þess að get staðið í sjóvörnum, sem er 1/8 hluti. Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru jú alkunn þar sem ríkið er stöðugt að færa kostnað yfir á sveitarfélögin og það sýnir sig á þessu sviði að sveitarfélögin geta ekki staðið í því sem þau þurfa að gera. Þau geta ekki sinnt jafnbráðnauðsynlegum framkvæmdum og sjóvarnir eru.

Samfylkingin mun standa fyrir því að efna það sem stendur í þessari áætlun þegar hún hefur tekið við taumunum eftir næstu kosningar og þegar hún verður búin að endurskoða og meta hlutina upp á nýtt. Það verður tilhlökkunarefni fyrir ýmsa landsmenn.

[17:51]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Sú samgönguáætlun sem við fjöllum um núna lítur að mörgu leyti vel út. Þar eru lögð drög að ágætri framtíðarsýn í samgöngumálum Íslendinga. En fyrsta spurningin hlýtur samt að vera um hversu trúverðugt plaggið sé í ljósi alls sem á undan er gengið, eins og ég hef bent á fyrr í dag, að eftir 16 ára stjórnarsetu Sjálfstæðisflokksins og átta ár hæstv. samgönguráðherra í samgönguráðuneytinu eigi allt í einu að gera allt fyrir alla. Þegar fjármagn til samgöngumála er borið saman milli ára kemur í ljós að á kosningaárum hækka þau yfirleitt gífurlega. Árið 2002 voru framlögin t.d. 13 milljarðar kr. Árið 2003 voru þau 17 milljarðar en árið 2004 voru þau skorin niður í 14 milljarða og 13,5 milljarða kr. árið 2005. Um leið og menn lýsa miklum fögnuði yfir því að Sjálfstæðisflokkurinn skuli rétt fyrir kosningar auglýsa stórátak í samgöngumálum eina ferðina enn hljótum við að spyrja hve trúverðugt það sé.

Hér eru miklir fjármunir eyrnamerktir samgöngumálum

langt inn í framtíðina. Stærstu verkefnin eru sett á sérstaka fjármögnunarliði, svokallaða einkaframkvæmdarliði. Þau samgöngumannvirki sem mest hefur verið rætt um síðustu vikur og mánuði er breikkun og tvöföldun vega út frá höfuðborginni, vestur og suður eða austur. Það er ekki spurning að gífurleg þörf er á öflugu samgönguátaki eftir 16 ára vanrækslu, eftir 16 ára stanslausa sögu svikinna loforða í samgöngumálum.

Sannarlega er þörf á samgönguátaki. En það blasir líka við að ekki verður ráðist í svo viðamikið átak í samgöngumálum um leið og við höldum áfram uppbyggingu stóriðju af sama offorsi og síðustu missiri. En eins og hæstv. forsætisráðherra sagði í sjónvarpsviðtali um síðastliðna helgi þá gerir hann ráð fyrir að þrjú álver verði reist á næstu árum, þ.e. árin 2007–2011. Það er stækkunin í Straumsvík, álver í Helguvík og álver á Húsavík.

Allir vita að efnahagslífið eitt og sér, fyrir utan náttúruverndarsjónarmiðin, leyfa aldrei slíkar framkvæmdir auk þeirra samgöngufjárfestinga sem hér eru lagðar til. Það þarf að velja á milli. Samfylkingin hefur talað skýrt í þessu máli. Við viljum gera hlé á stóriðjuframkvæmdum á meðan rammaáætlun um náttúruvernd er unnin og kæla hagkerfið þannig að ráðast megi í þær umfangsmiklu samgöngubætur sem rætt hefur verið um á undanförnum vikum. Við tökum undir þau markmið sem eru sett fram í þessari samgönguáætlun enda má segja að hún sé ágætisrammi um verkefnin á næstu tólf árunum. Þess vegna skiptir spurningin um trúverðugleikann svo miklu.

En 90 dögum áður en Sjálfstæðisflokkurinn mun að líkindum yfirgefa málaflokkinn eftir 16 ára umsýslu er allt í einu hægt að gera allt fyrir alla. Eftir 16 ára sögu svikinna loforða í samgöngumálum ætlar Sjálfstæðisflokkurinn, 90 dögum fyrir kosningar, að gera allt fyrir alla í samgöngumálum. Þetta verða menn að hafa í huga þegar við ræðum um trúverðugleika þessa plaggs af því að um innihaldið er að sjálfsögðu margt afskaplega jákvætt að segja.

Þessu tengist að nauðsynlegt er að skoða útgjöld ríkisins til vegamála síðustu árin og áratugina. Árið 1970 voru útgjöld til samgöngumála sem hlutfall af landsframleiðslu tæplega 2,8%, þ.e. 2,74%. Það fór niður í 1,9% árið 2005 og útgjöld til vegakerfisins minnkuðu töluvert meira, úr 1,7% árið 1970 niður í 0,9% árið 2005 þegar ríkisstjórnin skar niður atvinnubótatillögurnar og hinar miklu samgöngufjárfestingar Davíðs og Halldórs sem kynntar voru korteri fyrir kosningar árið 2003. Þess vegna hljóta að vakna efasemdir núna, 90 dögum fyrir kosningar, þegar fram kemur samgönguáætlun sem kallað hefur verið eftir. Það er löng hefð fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn efni ekki samgönguloforðin sem er svo auðvelt að gefa fyrir kosningar, sérstaklega þegar litið er til þess að á sama tíma lofar flokkurinn þremur nýjum álverum. Á nákvæmlega sama tíma á að ráðast á í stórar og miklar fjárfestingar í samgöngumálum á að byggja þrjú ný álver. Forsætisráðherra gaf hvergi eftir í því ef marka má hið dæmalausa viðtal við hæstv. forsætisráðherra í Silfri Egils á sunnudaginn var þótt lítið hafi sést af kappanum síðan.

Ég verð að nefna nokkur atriði varðandi stærstu framkvæmdirnar í áætluninni. Fyrir það fyrsta hef ég kallað eftir því að markvissari og skýrari tímasetningar verði á áætlunum um tvöföldun Suðurlandsvegar, og Vesturlandsvegar ef út í það er farið. Getur samgönguráðherra svarað því skýrt, af því að það hefur verið dregið í efa að raunverulegur pólitískur vilji sé á bak við þessar losaralegu og loðnu útfærslur á tvöföldun veganna.

Í fyrsta lagi segir hvergi að tvöfalda eigi veginn. Setningin um að fyrst ætti að fara í 2+1 veg var tekin út vegna deilna í þingflokkum stjórnarflokkanna. Þess vegna hlýtur samgönguráðherra hæstv. að svara því hér úr ræðustól Alþingis, eins skýrt og hægt er, að fara eigi þá leið, þ.e. 2+2 , og að ferlið verði farið í gang fyrir kosningar.

Hann svaraði því í viðtali við Morgunblaðið að hann vissi það ekki því samgönguáætlun kæmi ekki frá þinginu fyrr en 15. mars. Þá verða enn þá eftir tveir mánuðir til kosninga. Til að þetta sé trúverðug tillaga í samgönguáætlun þá verður hæstv. samgönguráðherra að gera grein fyrir því að ferlið fari af stað fyrir kosningar, þ.e. tvöföldunarferlið, að það komi ekki í ljós eftir kosningar að aldrei hafi staðið til að fara í 2+2 heldur verði haldið áfram með 2+1 eins og er búið að bjóða út hönnun á. Það stendur hvergi í áætluninni að fara eigi í 2+2. Það má bara túlka upphæðirnar með þeim hætti.

Hverju svarar hæstv samgönguráðherra því? Fer forvalið fram á næstu vikum þegar samgönguáætlun er komin út úr þinginu og áður en kjörtímabilið er á enda? Hvernig túlkar hann breikkunina svart á hvítu? Það þarf að liggja fyrir að ekki sé um að ræða kosningabrellu Sjálfstæðisflokksins, alkunna kosningabrellu í samgöngumálunum. Það verður að sjást að þetta sé raunveruleiki.

Annað sem ber að nefna, sem einnig er partur af vanrækslu síðustu 16 ára í samgöngumálum, eru samgöngurnar til Vestmannaeyja. Á 10 árum, á því tímabili sem ríkisstjórn þessara tveggja flokka hefur setið hefur Vestmannaeyingum fækkað úr 5 þúsund í 4 þúsund. Stærsta ástæðan fyrir því eru óboðlegar samgöngur milli lands og Vestmannaeyja. Þetta er eini kaupstaðurinn á landinu þar sem samgöngurnar eru einungis á sjó eða í lofti. Öllu máli skiptir að tryggja Vestmannaeyingum varanlegar og nútímalegar samgöngur. Þar koma nokkrir hlutir til greina, þ.e. nýr Herjólfur, eða jafnvel tvö skip sem sigla hvort á móti öðru til Þorlákshafnar, höfn í Bakkafjöru og göng á milli lands og eyja.

Enn hefur málið ekki verið leitt til lykta af samfélaginu í Vestmannaeyjum en áður en tekin er endanleg ákvörðun þurfa að fara fram rannsóknir af því að kostirnir eru allir gífurlega dýrir. Bakkafjara er 6–8 milljarðar kr. Göngin 20–30 milljarðar kr., rekstur Herjólfs á 30 árum er 20–25 milljarðar kr. Þetta eru gífurlegar upphæðir og aðeins einn kosturinn valinn að lokum. En áður en hann verður valinn þarf að mínu mati að rannsaka til hlítar möguleika á gangagerð, hvort það sé tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegt o.s.frv. Því er haldið fram af forustumönnum Ægisdyra og mörgum í Vestmannaeyjum sem vinna í málinu á fullu að það sé besti kosturinn og ekki eigi að fara aðrar leiðir.

Aðrir halda því fram að ná verði sátt um Bakkafjöruleiðina. Til að leiða þetta til lykta og ákveða hvaða leið við förum í framtíðarsamgöngum á milli lands og Vestmannaeyja þarf að ganga úr skugga um þetta með óyggjandi rannsóknum. Í samgönguáætluninni er ekkert fjallað um Vest-

mannaeyjagöng eða rannsóknir á þeim. En þar er sagt að fara eigi í Bakkafjöru og því skuli lokið fyrir árið 2010. Þetta verður að túlka sem dauðadóm yfir hugmyndinni um jarðgöng á milli lands og Vestmannaeyja. Hæstv. samgönguráðherra hlýtur að verða svara því skýrt hvert sé pólitískt stefnumið ríkisstjórnarinnar í því máli. Á að bíða með Bakkafjöru og höfn í Bakkafjöru þangað til rannsóknir hafa verið gerðar á möguleikum jarðganga á milli lands og Vestmannaeyja og tryggja fjármagn til þess? Eða markar þessi samgönguáætlun endalok hugmyndanna um göng á milli lands og Vestmannaeyja? Er þetta dauðadómur yfir þeirri hugmynd? Því hlýtur hæstv. samgönguráðherra að þurfa að svara skýrt á eftir. Mikill fjöldi fólks í Vestmannaeyjum, bæði þekktir athafnamenn úr Eyjum og margir aðrir, berjast fyrir því að það verði leitt til lykta með rannsóknum áður en tekin verður ákvörðun um annað. Samgönguáætlun er ákvörðun um höfn í Bakkafjöru.

Hæstv. ráðherra verður að koma skýrt fram með sjónarmið sín áður en samgöngunefnd hefst handa við að vinna að áætluninni í nefndinni. Þetta eru þeir kostir sem uppi eru. Það skiptir mjög miklu máli fyrir íbúa Vestmannaeyja og alla landsmenn að sjálfsögðu að þetta liggi fyrir. Óvissan er ómöguleg. Við verðum að fá þetta alveg skýrt fram í umræðunni.

Ég kom inn á það áðan að það er ánægjulegt að náðst hafi pólitískt sátt um það, bæði milli sveitarstjórnarmanna á Suðurlandi og Vesturlandi, að það eigi að tvöfalda þar helstu samgönguleiðir. Umferðin hefur aukist gífurlega um þessa vegi. Ég er með tölur yfir umferðarþungann á Suðurlandsvegi sem hefur aukist um 30% á síðustu fjórum árum, um 100% tæplega á síðustu 10 árum og 10% á milli áranna 2005 og 2006.

Haldi þessi aukning áfram sem full ástæða er til að ætla, miðað við þann ánægjulega uppgang í mörgum byggðum þar, fer umferðin á Hellisheiði úr 6.500 bíla meðaldagsumferð í 8.500 meðaldagsumferð árið 2010. Við Geithála úr 9.500 í 12.500 árið 2010. Við Ingólfsfjall, veginn á milli Hveragerðis og Selfoss, færi umferðin úr 7.000 bílum að meðaltali nú í 9.200 árið 2010.

Það blasir við að fullar forsendur eru fyrir því að fara þessa leið. Enda held ég að þegar upp er staðið sé mikið hagkvæmara að fara strax í 2+2 heldur en að bæta fjórðu akrein við 2+1 síðar. Um þetta er samstaða og þess vegna var það tekið út úr drögum að samgönguáætlun að fara ætti 2+1 leiðina. Það verður að túlka áætlunina til að fá út að fara eigi 2+2. Það verður að túlka tölurnar sem eru settar undir liðinn Sérstök fjármögnun þannig. Þar segir hvergi að það eigi að fara þessa leið.

En hæstv. ráðherra mun örugglega taka af öll tvímæli um það á eftir og eins um vafaatriði sem snúa að samgöngum milli lands og Vestmannaeyja, sem er eitt af stærstu verkefnum þjóðarinnar. Þetta er ekki bara ábati fyrir Vestmannaeyinga heldur og Íslendinga alla. Risastórt atvinnusvæði verður til o.s.frv. og gjörbreyting yrði á búsetuháttum í Vestmannaeyjum ef sú leið yrði farin að gera göng. En það er ekki hægt að taka ákvörðun um það fyrr en er búið að rannsaka að fullu hvort það sé tæknilega framkvæmanlegt og í öðru lagi hvort fjárhagslega mögulegt sé að ráðast í og réttlæta slíka fjárfestingu, að hún standi á pari við rekstur á Herjólfi á 30 árum, sem er um það bil líftími tveggja skipa upp á 20–24 milljarða kr. og hafnar í Bakkafjöru sem væri upp á 6–8 milljarða kr.

[18:06]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fróðlegt að heyra þegar hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fer með tölur um umferð og reiknar sig niður að þeirri niðurstöðu að það beri að hafa tilteknar hönnunarforsendur fyrir vegagerð á Íslandi.

Mér varð hugsað til sögunnar um Sölva Helgason sem reiknaði, að hann taldi sjálfur, barn í konu og hann var svo snjall að hann reiknaði annað svart en hitt hvítt.

Umræður um svona hluti á Alþingi eru auðvitað afar sérstakar. Við höfum til staðar upplýsingar um umferð eins og hún er, við höfum til staðar spádóm um umferðarþróun og við höfum sérfræðinga til að taka á þessum málum og gera tillögur um hvernig umferðarmannvirki eigi að vera.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að það hljóti að vera algert einsdæmi að þingmenn fjalli á þennan hátt um hönnun mannvirkja. Ég bíð bara eftir að hér hefjist umræða um burðarálag á byggingar á höfuðborgarsvæðinu og kröfur um styrkleika á súlum, bitum og veggjum sem snýst um öryggi íbúanna í húsunum. Við erum náttúrlega komin út á mjög háskalegar brautir, að mér finnst.

Hvað varðar samgöngurnar við Vestmannaeyjar vil ég minna á að við gerum ráð fyrir 700 millj. kr. á hverju einasta ári í stuðning við samgöngur til Vestmannaeyja. Ég tel því að lögð sé eðlilega mjög mikil áhersla á að tryggja sem bestar samgöngur við Eyjar, og endurtek að samkvæmt samgönguáætluninni og samkvæmt fjárlögum þessa árs höfum við gert ráð fyrir rannsóknum við Bakkafjöru.

[18:08]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var sérkennilegt svar. Hæstv. ráðherra svaraði því engu hvort ætti að fara í 2+2 eða 2+1 enn einu sinni, fór að býsnast yfir því að ekki mætti tala um hönnun mannvirkja. Það er spurning um umferðaröryggi hvaða leið er farin, hvort skilið sé á milli akreina o.s.frv. Það er ekki spurning um hönnun mannvirkja heldur spurning um rök og ástæður fyrir því að réttlætanlegt sé að tvöfalda vegi. Þess vegna ræðum við um umferðarþunga o.s.frv. Það er ekki spurning um hönnun og verkfræði. Þetta er allt spurning um umferðaröryggi og rökin fyrir því að ráðast í svo risavaxnar framkvæmdir. Þess vegna bað ég hann að svara því alveg skýrt og undanbragðalaust af sinni hálfu hvort ekki mætti örugglega túlka áætlunina svo að fara eigi í 2+2 eða hvort hann héldi sig enn við 2+1 af því hann talaði þannig áðan.

Hitt með Vestmannaeyjasamgöngurnar þá hlýtur svar ráðherra að vera þannig að þetta séu endalok hugmynda um jarðgöng á milli lands og Vestmannaeyja. Það sé pólitísk ákvörðun ríkisstjórnarinnar af því að ráðherra hefur nú réttlætt það að Alþingi eigi ekki að koma að gerð samgönguáætlunar, nema þá í samgöngunefnd síðar. Þetta sé ákvörðun ríkisstjórnarinnar um endalok og dauðadóm yfir jarðgangahugmynd og búið sé að ákveða að fara Bakkafjöruhafnarkostinn áður en hitt hefur verið leitt til lykta með rannsóknum.

Það eru töluverð tíðindi fyrir ansi marga, skal ég segja ykkur, ef það er niðurstaða ráðherra, ég gat ekki túlkað svar hans öðruvísi. Hann hlýtur að svara þessum tveimur spurningum mínum alveg skýrt án þess að vera með undanbrögð og útúrsnúninga sem skipta engu máli í þessu. Þetta er bara spurning um skýr svör við mjög skýrum spurningum.

[18:10]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kom hér fyrr í dag og veitti andsvar við ræðu minni um alveg nákvæmlega þetta sem hann var að tala um núna, þ.e. breidd umferðarmannvirkja á Suðurlandi.

Ég vísa til þess sem ég sagði þá og vísa til þess sem stendur í samgönguáætluninni. Hv. þingmaður getur því rifjað það upp og eftir atvikum flett því upp hvað ég sagði í svari mínu fyrr í dag og það fór ekkert á milli mála hvað ég sagði þar.

Hvað varðar vangaveltur hjá hv. þingmanni um hvað hafi staðið í vinnuskjölum sem stjórnarflokkarnir eru að fjalla um og nota það sem uppistöðu í ræðu hér í þinginu er algerlega með ólíkindum. Við erum að ræða þau skjöl sem liggja hér fyrir, samgönguáætlun. Mér finnst það vægast sagt ósmekklegt að láta að því liggja að hv. þingmaður hafi komist yfir einhver skjöl sem eru vinnuskjöl stjórnarflokkanna. Hver upplýsti hv. þingmann um það? (**Gripið fram í:** Íslenskir fjölmiðlar ... hæstv. ráðherra. ... kom fram í fjölmiðlum.) Það er mjög athyglisvert að hv. þingmaður skuli þá ekki hafa leitað upplýsinga, leitað eftir því að fá traustar heimildir. Það er mjög sérkennilegt að nota þetta sem meginuppistöðu í ræðu hér í þinginu.

En að öðru leyti, virðulegur forseti, vísa ég til þess sem ég sagði í andsvörum fyrr í dag hvaða forsendur liggja að baki við gerð Suðurlandsvegarins og það er alveg skýrt og klárt hvað það er.

[18:12]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Það sem er ósmekklegt í þessari umræðu, frú forseti, er sá pólitíski leikaraskapur sem hæstv. samgönguráðherra hefur hér uppi. Í staðinn fyrir að svara beinum spurningum um það sem stendur í samgönguáætlun þá er hann með undanbrögð, fúkyrði og útúrsnúninga, felur sig á bak við algjör aukaatriði í málinu. Hæstv. ráðherra svarar ekki beinum spurningum um hvort eigi að tvöfalda veginn austur fyrir fjall eða ekki. Eða hvort eigi að fara í höfn við Bakkafjöru eða jarðgangakostinn.

Engu af þessu kýs hann að svara nema með útúrsnúningum. Það er það sem er ósmekklegt þegar hæstv. ráðherra getur ekki komið í ræðustól Alþingis og svarað fyrir samgönguáætlun sína eins og honum sæmir að gera mjög skýrt og afdráttarlaust. Það er ósmekklegt og ákaflega dapurlegt við alla framgöngu hæstv. ráðherra í málinu.

Eftir sextán ára stanslausa svikagöngu Sjálfstæðisflokksins í samgöngumálum kemur hæstv. ráðherra allt í einu 90 dögum fyrir kosningar og lofar að gera allt fyrir alla þó hann vilji ekki einu sinni kannast við það að fullu og vísar í einhver loðin ummæli í öðrum og fyrri umræðum. Það sem er dapurlegt við umræðuna er framganga Sjálfstæðisflokksins í samgöngumálum gegnumsneitt síðustu sextán árin. Niðurskurður, aftur loforð á kosningaárum, niðurskurður aftur, hverju eiga kjósendur að treysta í þessum málum? Það hlýtur að verða spurt að því þegar þessar risavöxnu kosningaáætlanir eru lagðar fram núna, þegar Sjálfstæðisflokkurinn er, eins og allt bendir til, að yfirgefa Stjórnarráðið eftir sextán ára setu þar.

[18:14]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að ræða mikilvægt mál, tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018. Það er sannarlega ástæða til að gera slíkar áætlanir en ég tel reyndar að þegar verið er að ræða um samgöngur þurfi menn að hafa til grundvallar sýn til lengri tíma en tólf ára. Ég tel að hægt sé að færa góð rök fyrir því að gerð hafi verið afdrifarík mistök í ákvörðunum um samgöngubætur vegna þess að menn hafi ekki horft til lengri tíma. Ég ætla að nefna tvö dæmi um það.

Í fyrsta lagi ætla ég að nefna Héðinsfjarðargöngin, ég hef svo sem gert það áður. Þau eru dæmi um að ekki er horft langt fram í tímann. Ef á samgönguáætlun hefðu verið framtíðaráform um samgönguleiðir milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar hefði á þeirri áætlun verið gert ráð fyrir göngum á milli þessara svæða, ég er ekki í vafa um það. Í framtíðinni munu menn ekki keyra upp í nærri 600 m hæð á fjallvegi jafnvel þótt hlýnun andrúmsloftsins haldi eitthvað áfram. Þau göng væru þá staðsett með það í huga að tengja byggðirnar skynsamlega því að þau væru átak til þess að styrkja byggð í landinu. Menn hefðu þurft að skoða þingsályktunartillögu okkar, sem við höfum ítrekað lagt fram, um samanburð á því hvar þjóðvegur 1 ætti að liggja, hvort hann ætti að liggja á því svæði eða þeim stað sem gert er ráð fyrir að hann sé núna eða um Þverárfjallsveg í gegnum Sauðárkrók og í gegnum Tröllaskaga einhvers staðar nálægt Hólum — heimamenn hafa látið skoða þann möguleika og er það nákvæmlega jafnlöng leið og þjóðvegur 1 yrði eftir þær styttingar sem um er að ræða. Munurinn yrði hins vegar sá að þá lægi hann áfram í gegnum Blönduós, hann lægi nær Skagaströnd, hann lægi í gegnum Skagafjörð og þannig lægi hann nær öllum þéttbýlisstöðunum sem um er að ræða á svæðinu og tengdi byggðirnar miklu betur saman. Ef þetta hefði verið á kortinu hefðu menn aldrei farið í Héðinsfjarðargöng, þá hefðu menn tengt Siglufjörð út í Fljót. Það er bara þannig.

Ég ætla að nefna annað dæmi. Þingmenn Vestfjarða komust að þeirri niðurstöðu að rétt væri að fara norður, fara Ísafjarðardjúp og suður Strandir á sínum tíma. Ef menn hefðu horft svona 40 ár fram í tímann og velt fyrir sér hvernig væri nú best að tengja Vestfirði og þéttbýlið á Vestfjörðum suður á bóginn í átt til annarra mannabyggða, hvar hefðu menn þá farið? Auðvitað styttri leiðina að sunnanverðu og þá hefðu menn getað sparað sér gríðarlega fjármuni í því hvernig vegir hefðu verið lagðir um Ísafjarðardjúp og þær strjálu byggðir sem þar eru. Þetta er mín skoðun á málinu. Ég hef ekki neinn vísindalegan samanburð á því en það er einmitt það sem vantar. Það vantar að horft sé fram í tímann. Á áætlunum af þessu tagi á að vera framtíðarskipulag, landsskipulag þar sem menn horfa langt fram í

tímann. Þetta þarf að bæta og þó svo að þessar áætlanir séu til bóta frá því sem áður var þurfa menn að horfast í augu við að þær eru ekki nægilega góðar. Það þarf að skoða þær mjög vel með tilliti til þess.

Ég ætla að nefna eitt dæmi í viðbót. Ég tók þátt í því sjálfur sem þingmaður á þessu svæði að taka ákvarðanir um að leggja veg yfir Bröttubrekku. Ég tel að það hafi verið mistök. Það hefði átt að leggja jarðgöng í gegnum Bröttubrekku. Þetta er hættulegur vegur, þetta er sá vegur sem menn munu nýta á allra næstu árum sem aðaltengingu frá Vestfjörðum og því svæði sem er fyrir norðan Bröttubrekku. Við horfðum einfaldlega ekki nógu langt fram í tímann þegar sú ákvörðun var tekin og munurinn á því kostnaðarlega að leggja veg og gera göng var ekki svo óskaplega mikill.

Áætlanir af þessu tagi hafa vissulega mikið gildi en gildi þeirra hríðfellur ef menn fara ekki eftir þeim. Sú ríkisstjórn sem hefur setið hér á undanförnum árum hefur ekki virt þær áætlanir sem hafa verið gerðar. Ítrekað hefur verið gengið í að skera þær niður. Nú er svo komið að menn trúa ekki þessum áætlunum, menn líta á þær sem óskalista, lista til að fara með í kosningar. Þá fara þingmenn að slást um að koma öllum mögulegum hlutum inn á þennan óskalista. Þeir standa sig ekki í sínu kjördæmi ef þeir eru ekki með á óskalistanum allt sem fólk vill fá á svæðið. Þessi hugsunarháttur hefur því miður gengisfellt þessar áætlanir.

Ég hef hlustað á margar ræður hæstv. samgönguráðherra um afrek í vegamálum. Ég er nú farinn að þreytast býsna mikið á þeim, ég get sagt það alveg eins og er. Það er einfaldlega vegna þess að það viðmið sem hæstv. ráðherra hefur þegar hann heldur þessar ræður um afrekin í vegamálum er tekið langt aftan úr forneskju. Þetta eru svona kerruslóðaviðmið. Miðað er við samgöngurnar eins og þær voru þegar við munum fyrst eftir okkur, ég og hæstv. ráðherra. Það er ekki nútíminn að taka slík viðmið, hver einasti vegspotti verður að afreki ef við berum hann saman við kerruslóðana sem farnir voru þegar við vorum að alast upp á Snæfellsnesinu. Það er ekki nútíminn.

Sannleikurinn er sá að þótt settir hafi verið fjármunir eins og raun ber vitni í vegi landsins á undanförnum árum höfum við verið að dragast aftur úr miðað við þær auknu þarfir sem komið hafa fram á tímabilinu. Við erum verr staddir hvað varðar ástand vegakerfisins, ef það er skoðað í því samhengi hvað kostar að koma því í viðunandi horf, en við vorum fyrir 16 árum þegar Sjálfstæðisflokkurinn tók við stjórn þessara mála. Það er dapurlegt. Að öllu þessu samanlögðu hljóta menn að velta því fyrir sér hvort það sem stendur í þessari áætlun sé trúverðugt, þ.e. ef sömu aðilar og hafa haft ábyrgðina fram að þessu eiga að sjá um framkvæmdir.

Mér finnst hæstv. samgönguráðherra undirstrika það hvernig hann lítur sjálfur á viðskilnað sinn í viðtali sem er við hann í Morgunblaðinu í dag. Hæstv. samgönguráðherra birtist á miðopnu Morgunblaðsins, það er stór mynd af honum, fín mynd undir fyrirsögninni „Ísland verður gjörbreytt".

Frá hverju verður Ísland gjörbreytt? Það verður gjörbreytt frá því ástandi sem hæstv. ráðherra skildi við. Það er umhugsunarefni að hæstv. ráðherra skuli birtast í Morgunblaðinu undir slíkri yfirskrift. En þegar maður les viðtalið sannast það að hæstv. ráðherra hefur í raun og veru sagt hluti sem gefa fullkomlega ástæðu til að hafa fyrirsögnina á þennan veg.

Hæstv. ráðherra segir, með leyfi forseta:

„Ég er mjög hreykinn af því að hafa við gerð þessarar áætlunar fengið tækifæri til að marka nýja sýn á uppbyggingu samgöngukerfisins, sem er byggð á lögum um umhverfismat áætlana."

Hæstv. ráðherra er að vísa til þess að nýir tímar séu fram undan, ný sýn á samgöngumálin.

Á öðrum stað segir hæstv. ráðherra:

„Það er rétt að þetta er metnaðarfull áætlun og ástæðan er sú að atvinnulífið og almenningur í landinu kalla á betri samgöngur. Ég tel að við Íslendingar höfum ekki efni á því að verja ekki fjármunum í uppbyggingu samgöngukerfisins. Ég er þeirrar skoðunar að núna sé komið að því að setja mikla fjármuni í samgöngumálin og að önnur verkefni verði að bíða."

Þetta segir hæstv. samgönguráðherra og ég er sammála honum, en í þessu felst einmitt dómur um hans eigin verk.

Hæstv. ráðherra segir á öðrum stað:

„Núna tel ég að komið sé að því að uppbygging samgöngumannvirkjanna fái aukið rými og að hægja verði á öðrum framkvæmdum ef efnahagslífið krefst þess. Mér er það alveg ljóst að við verðum að gæta þess að stöðugleikinn haldist en ég lít svo á að bráðnauðsynlegt sé að hrinda þessari samgönguáætlun í framkvæmd vegna atvinnulífsins. Það er t.d. kvartað undan miklum flutningskostnaði. Ástæðan er sú að vegirnir þola ekki flutningabílana og við þurfum að grípa til þungatakmarkana. Þungir flutningabílar fara á milli landshluta með dagvörur sem ekki verður siglt með og þeir verða að sæta því að minnka magnið vegna öxulþungatakmarkana, sem leiðir til þess að einingaverðið í flutningunum hækkar. Það er algerlega óásættanlegt. Ég er því þeirrar skoðunar að atvinnulífið og almenningur í landinu þurfi á því að halda að við förum í þessar miklu framkvæmdir, sem eru í raun bylting í samgöngumálum."

Hæstv. ráðherra situr í stóli samgönguráðherra í landinu og hann er að ljúka 16. ári Sjálfstæðisflokksins við stjórn þessara mála. Hann boðar byltingu í samgöngumálum, það er ekkert minna. Hæstv. ráðherra telur þörf á byltingu í samgöngumálum til að koma þessum málum í viðunandi horf.

Ég er honum algjörlega sammála um það. En það hlýtur að vera afar dapurlegt fyrir hæstv. samgönguráðherra eftir að hafa setið átta ár í þessum ráðherrastóli — og eftir önnur átta ár þar á undan með hæstv. fyrrv. samgönguráðherra sem nú hefur tekið sæti hér í þingsalnum — að það þurfi bókstaflega byltingu í samgöngumálum til að koma þeim í viðunandi horf. (Gripið fram í.) Svona er nú ástandið eins og hæstv. samgönguráðherra lýsir því og ég verð að viðurkenna að ég er honum algerlega sammála.

Mér líst nokkuð vel á samgönguáætlunina sem slíka. Það er þó margt í henni sem ég er ekki algerlega sammála og mér finnst síður en svo að verið sé að ganga harðar fram en nauðsyn er á. Allir Íslendingar eiga kröfu á því að búa við viðunandi samgöngur en það er svo langt frá því að þannig sé í pottinn búið núna. En því miður eru engin fyrir-

heit um það í áætluninni að á því tímabili sem hún gildir náist viðunandi niðurstaða fyrir alla. Það eru mörg dæmi um það og ég geri ráð fyrir því að ég fari yfir einhver af þeim í síðari ræðu minni eða þá í umræðum um fjögurra ára áætlunina sem við ræðum á eftir.

Mig langar til að eyða þeim stutta tíma sem ég á eftir af þessari ræðu í að tala um sérmál sem eru veggjöld og einkaframkvæmd. Hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir því að hægt sé að grípa til þeirra aðferða. Áður en menn halda áfram á þeirri braut þarf að kanna vandlega hver áhrif slík gjaldtaka hefur á byggðaþróun. Full ástæða er til að ætla að gjaldtakan í Hvalfjarðargöngunum hafi haft gríðarleg áhrif á byggðaþróun vegna þess mismunar sem við sjáum á byggðaþróun annars vegar í Borgarfirði og hins vegar fyrir austan fjall. Mikil uppbygging hefur orðið fyrir austan fjall, miklu hraðari og meiri en í Borgarfirði. Á því eru ekki viðunandi skýringar vegna þess að í Borgarfirði eru að mörgu leyti sambærilegar aðstæður og fyrir austan, og þar fyrir utan höfum við stóriðjusvæðið á Grundartanga og tvo háskóla sem hafa vaxið mjög hratt á þessu tímabili. Engu af þessu er til að dreifa fyrir austan fjall. Samt hefur uppbyggingin þar orðið miklu hraðari. Ég tel að skýringanna sé að leita í því gjaldi sem fólk hefur orðið að borga fyrir að fá að fara í gegnum Hvalfjarðargöngin.

[18:29]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hans innlegg í umræðuna. Ég get að ýmsu leyti tekið undir það með honum að áætlanir af þessu tagi eru afar mikilvægar. Hann lagði áherslu á að gera þyrfti áætlanir lengra fram í tímann. Ýmsum finnst nú nóg að gert að gera áætlanir tólf ár fram í tímann en hvað um það. Lögin eru skýr, þau gera ráð fyrir þessari tímalengd.

Hv. þingmaður reyndi að gera áætlunina tortryggilega með því að hún væri einhver áfellisdómur yfir því sem ekki hefur verið gert í gegnum tíðina. Ég vil segja við hv. þingmann: Allt hefur sinn tíma. Ég tel t.d. að það hafi verið bylting á sínum tíma fyrir byggðirnar á Vesturlandi þegar Hvalfjarðargöngin voru grafin, það var algjör bylting. Það var bylting þegar vegurinn fyrir Hvalfjörð var lagður bundnu slitlagi. Þetta landsvæði varð allt annað og ákjósanlegra til búsetu með sama hætti og þegar vegurinn var lagður austur fyrir fjall með bundnu slitlagi alla leið austur á Hellu, það var bylting á þeim tíma. Með sama hætti má segja að bylting hafi orðið þegar ýmsir fjallvegir voru byggðir upp á sínum tíma. Allt hefur sinn tíma og við horfum fram á veginn.

Auðvitað höfum við ekki lokið allri uppbyggingu í samgöngumannvirkjum á Íslandi. Hverjum datt það í hug? Er þá bannað að gera áætlanir eða leggja á ráðin um næstu skref í uppbyggingu samgöngumannvirkja vegna þess að það hefði allt átt að vera búið? Hvers konar umræða er þetta eiginlega? Ég fagna því hins vegar að hv. þingmaður sagði (Forseti hringir.) að honum litist vel á áætlunina. Það er aðalatriði málsins.

[18:32]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aldeilis ekki bannað að gera áætlanir. Mér finnst það hið besta mál. Mér finnst hins vegar þurfa að liggja fyrir langtímasýn á aðalsamgönguæðar og stærstu samgöngumannvirki lengra fram í tímann. Það þarf ekki endilega að vera áætlun sem byggist á að setja í það fjármuni o.s.frv. en það þarf slíka sýn til að ekki verði slys. Ég tel að orðið hafi skipulagsslys af þeim ástæðum sem ég nefndi.

Allt hefur sinn tíma, sagði hæstv. ráðherra og fór að draga úr því sem hann hafði sagt, sennilega til að koma okkur í skilning um að það væri ekki alveg að marka þegar hann notaði orðið byltingu um þá framtíð sem hann sér fyrir sér í áætluninni. Það er út af fyrir sig í lagi.

Auðvitað hefur orðið mikil framþróun en ég hef reynt að koma því á framfæri að mönnum hefur ekki lánast að horfast í augu við að kröfurnar um betra samgöngukerfi hafa vaxið hraðar, þörfin vaxið hraðar, en framkvæmdirnar hafa staðið undir.

Hæstv. ráðherra nefndi Hvalfjarðargöngin sem eitt af byltingartilefnunum. Það er kannski rétt að rifja upp að hæstv. ráðherra var aldeilis ekki baráttumaður fyrir þeim á sínum tíma. Ég man ekki betur en að þegar hann var bæjarstjóri í Stykkishólmi hafi hann fundið ýmislegt þeim til foráttu og að menn eyddu fjármunum í Hvalfjarðargöng og annað ætti að koma á undan. Það er kannski ástæða til að halda því til haga úr því að það var nefnt.

[18:34]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nota tækifærið sem hér gefst til að leiðrétta þær rangfærslur sem hér voru hafðar í frammi. Ég var aldrei á móti því að Hvalfjarðargöng yrðu grafin, öðru nær. Ég var einlægur stuðningsmaður þeirra. Enda þótt Guðbjartur Hannesson, frambjóðandi Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi, leyfi sér að halda slíku fram í blaðagrein þá finnst mér einkennilegt að hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem var á þeim tíma samtíða mér í þinginu, skuli leyfa sér að halda því fram að ég sem bæjarstjóri í Stykkishólmi hafi verið á móti því að grafa göng undir Hvalfjörð. Það er fjarri öllu lagi. Ég vona sannarlega að hv. þingmaður dragi þessa yfirlýsingu til baka. Hún er röng.

[18:35]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eðlilega fóru fram umræður um gerð Hvalfjarðarganga og menn tókust á um þau á Vesturlandi á sínum tíma. Þær umræður fóru m.a. fram á fundum samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Þar höfðu menn ýmsar skoðanir á því hvort fara ætti í þessi göng. Ýmislegt var tínt til sem menn fundu því til foráttu. Ég man ekki betur en að gerðar hafi verið ályktanir sem voru ekki jákvæðar hvað þetta varðar. Ég held að ég muni það ekki rangt að hæstv. ráðherra hafi verið á þeim fundum.

[18:36]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Ég hygg að engum sem les samgönguáætlun

blandist hugur um í hvaða kjördæmi samgönguráðherra býr, sem kannski mætti segja að hafi verið staðfest áðan þegar Jóhann Ársælsson lýsti yfir ánægju sinni yfir plagginu. Því miður þýðir þetta að samkeppnisráð ber ekki sama traust og maður hafði gert sér vonir um.

Ég vil byrja á að víkja tali mínu að leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur. Ég var mikill áhugamaður um það, þegar ég var samgönguráðherra, að ljúka hringveginum. Í þeirri langtímaáætlun sem ég lagði fram 1998 var gert ráð fyrir að á öðru tímabili hennar yrði bæði lokið við hringveginn í Norðurárdal í Borgarfirði og eins í Skagafirði. Við vitum að unnið er að því að byggja hringveginn í Skagafirði, hann frestaðist að hluta til vegna deilna sem voru uppi milli sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar um veglínuna. En auðvitað hefði verið hægt að undirbúa þá framkvæmd betur og fyrr þannig að slíkur ágreiningur hefði ekki áhrif á verkhraðann. Ég fór einmitt þennan veg í Norðurárdal í gærkvöldi, í rigningu og myrkri, og mætti þar lest af þungaflutningabílum. Menn vita auðvitað hvernig það er.

Sömuleiðis getum við talað um Langadal. Á þessum hluta hringvegarins eru kaflar sem einungis eru 6,5 m á breidd og burður þessarar leiðar er ekki fullur, víða er vegurinn ekki nema 7,5 m, en auðvitað er vegurinn í þeim flokki vega sem á að vera 8,5 m. Ég vil af þeim ástæðum beina því til samgöngunefndar að hún athugi hvort ekki sé rétt að fram komi í nefndaráliti samgöngunefndar að styrkingum og endurbótum, þeim lið vegáætlunar, verði að verulegu leyti varið til að styrkja þessa leið á næstu árum þannig að vegurinn hafi hvarvetna fullan burð og einnig til þess að eyða þeim stöðum þar sem hann er ekki nema 6,5 m á breidd og fækka þeim stöðum þar sem hann er 7,5 m.

Ég hafði á sínum tíma mikinn áhuga á að stytta leiðina á milli Akureyrar og Reykjavíkur með því að vegur kæmi um Stórasand og var þá eftir atvikum hægt að stytta leiðina um 40–80 km. Þær tillögur fengu ekki hljómgrunn. Sumpart var það af byggðarlegum ástæðum, eins og sagt var. Húnvetningar voru hræddir um viðskiptin sem þeir hafa af hringveginum og sumpart vegna þess að náttúruverndarmenn, sérstaklega vinur minn, ritstjóri Morgunblaðsins, Styrmir Gunnarsson, fá alltaf svima þegar rætt er um að leggja góðan veg um hálendi Íslands. Í staðinn kom upp sú hugmynd að leggja veg um Kjöl. Samgönguráðherra sagðist ekki vilja leggja vegi um fjöll en var samt aðaldriffjöðrin í Þverárfjalli, sem er kannski þversum.

Nú er það svo að samgönguráðherra hefur haft forgöngu um að hefja lagningu bundins slitlags yfir Kjalveg. Það er ekki í þessari vegáætlun en í þeirri vegáætlun sem nú er í gildi er Kjalvegur sérstaklega merktur og fé veitt til að byggja þar upp veg samkvæmt stöðlum Evrópusambandsins með bundnu slitlagi frá Gullfossi og norður á bóginn. Auðvitað hefur samgönguráðherra í huga hagsmuni Húnvetninga og þeirra á Blönduósi af ferðaþjónustu og öðru slíku, sem er ekki nema gott um að segja. Vinir mínir í Greiðri leið sögðu mér fagnandi fyrir þremur vikum, að mig minnir, að þeir ættu tvo góða stuðningsmenn, Ómar Ragnarsson og samgönguráðherra. En nú hef ég lesið í blöðunum að þeim fækkar, stuðningsmönnunum.

Þegar svo er komið að ekki er við því að búast að hægt verði að stytta leiðina með því að fara Kjöl eða Stórasand, með því að fara upp á fjöllin sem hæstv. samgönguráðherra er á móti, þá blasir við að rétt er að leita annarra leiða. Ég mun gera það frekar að umræðuefni þegar við komum að langtímaáætlun í vegamálum. Af því að ég vík talinu að leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur er einsýnt að leggja fram áætlun um að fara úr Langadal yfir á Svínvetningabraut. Það styttir leiðina um 16–17 km og kostar um einn milljarð. Vegagerðin og samgönguráðherra hafa þrásinnis lagt fram plögg á Alþingi og í blöðum um að þetta sé hagkvæmasta styttingin á þessari leið. Ef maður veltir fyrir sér hvort einn milljarður sé mikið fé þá getum við rifjað upp að Þverárfjall kostaði kannski 3 milljarða, ég hef ekki flett því upp, og styttir leiðina um 25 eða 27 km en auðvitað er ekki jafnmikil umferð um Þverárfjall eins og milli Akureyrar og Reykjavíkur. Það er því augljóst að hagkvæmt er að fara í þessa framkvæmd. Ég styð samgönguráðherra heils hugar í því að ráðast í þessa styttingu hringvegarins. Ég er algjörlega sammála hæstv. samgönguráðherra um að það sé nauðsynlegt.

Ég heyrði áðan á skjön að hv. þm. Jóhann Ársælsson var að tala um að hann ætlaði að fara alla þéttbýlisstaði á Norðurlandi vestra til að komast frá Akureyri til Reykjavíkur. Sumir gætu hugsað sér að það væru svolitlir útúrdúrar en má vera að það sé sérstakt áhugamál Samfylkingarinnar að leggja niður verslun og þjónustu í Varmahlíð.

Af því að ég var að tala um hringveginn er best að ljúka því. Við vitum að einu malarkaflarnir sem eftir eru á hringveginum eru á Austurlandi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sýnt mikinn áhuga á að ljúka hringveginum og um það hafa verið gerðar ályktanir á landsfundum síðustu fimm eða sex skipti eða 10–12 ár. Við höfum sett okkur markmið í þeim efnum sem ekki hefur verið staðið við. Ég hef skoðað hversu miklu fé hafi verið varið til að fækka malarköflunum á Austurlandi og varð satt að segja fyrir miklum vonbrigðum. Ég hef að þessu leyti aðrar áherslur en hæstv. samgönguráðherra.

Þegar takmarkað fé er til samgöngumála, sem mætti vera alldrjúgt ef það ætti að vera nægilegt til að mæta öllum óskum, þá verða menn að velja og hafna og gera sér grein fyrir því hvar ástæða sé til að hafa þungann í verkefninu. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að vera metnaðarfyllri í því að ljúka hringveginum en þessi samgönguáætlun og langtímaáætlun í samgöngumálum bera með sér.

Áður en ég fer í einstaka vegi að öðru leyti, sem ég mun gera í síðari ræðu minni, vil ég víkja að því að við höfum lagt ríka og mjög mikla áherslu á að bæta og styrkja flugsamgöngur til Akureyrar og Egilsstaða. Til allrar hamingju hefur tekist að ná inn í sérstakri fjáröflun 570 millj. kr. á næstur tveimur árum, 2008 og 2009, til að lengja flugbraut og aðflugsbraut á Akureyrarflugvelli.

Ég las þetta kannski ekki nógu vel en ég athugaði hvort ég fyndi kafla um að nauðsynlegt væri að stækka flugstöðina á Akureyrarflugvelli en gat ekki fundið eitt einasta orð um að svo yrði gert næstu 12 árin. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt vegna þess að nú eru gerðar meiri kröfur en áður til aðbúnaðar í flugstöðvum og einnig til þess að ekki blandist saman farþegar í innanlandsflugi og farþegar í millilandaflugi. Af þeim sökum eru, bæði í Reykjavík og á Akureyri, margvísleg vandamál sem starfsmenn hins nýja

hlutafélags og starfsmenn flugfélaganna eru önnum kafnir við að reyna að leysa.

Mér hefur verið sagt að Akureyri sé á gráu svæði vegna flugstöðvarinnar. Ég vil beina því til samgöngunefndar að kynna sér sérstaklega þá hlið málsins og hvort ekki sé nauðsynlegt að setja sér skýr markmið í uppbyggingu þessarar þjónustu á Akureyrarflugvelli. Við sjáum að það hefur verið gert í Reykjavík með nýju flugstöðinni hér en um leið rifjast upp að radarinn á Akureyrarflugvelli er kominn til ára sinna og nýtt tæki af því tagi gæti kostað um 200 millj. kr. Þessi mál eru í athugun en nauðsynlegt er að hið opinbera, samgönguyfirvöld, marki stefnu varðandi Akureyrarflugvöll og taki einnig fastar á í sambandi við flugvöllinn á Egilsstöðum.

Í framhaldinu mætti nefna nauðsyn þess að færa inn í samgönguáætlun komi fjármagn til þess að mæta þörfum Egilsstaðakaupstaðar fyrir að færa hringveginn þar. Eins og við vitum stækkar sá bær mjög ört og færslan er nauðsynleg. Við vitum, í sambandi við yfirlýsingu samgönguráðherra um álverið í Straumsvík, að reglurnar eru orðnar frjálslegri en áður um það hver skuli vera hlutur ríkisins ef hringvegur eða stofnbrautir eru færðar til. Færsla Keflavíkurvegar mun kosta 1,6 milljarða ef til nýs álvers kemur og fyrir liggur yfirlýsing um að það verði greitt úr ríkissjóði. Með sama hætti er sjálfgert að greiða út ríkissjóði fyrir breytingar vegna færslu hringvegarins á Egilsstöðum.

[18:51]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður nefndi það sem ég var að segja í ræðu minni en ég hef haldið því fram að eðlilegt væri að menn gerðu samanburð á því hvar þjóðvegur 1 ætti að liggja um Skagafjörð á því svæði sem ég fór þar yfir. Ég benti á að þá mundi sá þjóðvegur liggja áfram í gegnum Blönduós. Hann lægi nær Skagaströnd en hann annars mundi gera, hann mundi liggja í gegnum Sauðárkrók, nær Hofsósi og Hólum. Hv. þingmaður hafði mestar áhyggjur af því að þá dytti verslun í Varmahlíð niður. Vissulega er það svo að lega þjóðvegarins hefur áhrif á möguleika til verslunar en hv. þingmaður virtist ekki hafa áhyggjur af því þegar hann krafðist þess að styttingin sem færir veginn frá Blönduósi yrði gerð sem allra fyrst. Mér finnst ástæða til að nefna þetta hér.

Hv. þingmaður kom því til skila með penum hætti að hann hefði orðið úti á Kili ásamt félaga sínum. Það hefur áður gerst að menn hafi orðið úti þar. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í fyrsta erindi Áfanga eftir Jón Helgason, en þar stendur:

Liðið er hátt á aðra öld;
enn mun þó reimt á Kili,
þar sem í snjónum bræðra beið
beisklegur aldurtili;
skuggar lyftast og líða um hjarn
líkt eins og mynd á þili;
hleypur svo einn með hærusekk,
hverfur í dimmu gili.

[18:53]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti.

Fer ég norður kaldan Kjöl,
kosta fárra átti völ.
Við mér taka vildi ei neinn,
var því nefndur Skugga-Sveinn.

Það er gaman að fara með skáldskap úr þessum stól. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir, ég hef velt því fyrir mér hvernig hægt sé að stytta leiðir. Og það var einmitt það sem fyrir þeim vakti á Sauðárkróki þegar þeir vildu fara Þverárfjall. Það styttir leiðina til Reykjavíkur um 25 eða 27 kílómetra ef minni mitt er rétt og leiðina til Skagastrandar verulega.

Á hinn bóginn man ég eftir því þegar þeir á Blönduósi voru að berjast fyrir höfn. Þá töldu þeir að svo oft væri vont veður á þessari leið frá Skagaströnd og sérstaklega nálægt Blönduósi og því væri nauðsynlegt að hafa höfn á báðum stöðunum. Ekki væri hægt að treysta á landleiðina. Menn geta verið slungnir við að leggja fram ýmis rök. Einmitt á þeim tíma bauðst ég til að beita mér fyrir Þverárfjallsvegi ef ekki yrði farið í höfn á Blönduósi en því var ekki tekið.

Hugmyndir um jarðgöng til Skagafjarðar eru fullflóknar til að maður skilji hvað að baki liggur. Auðvitað mundi þvílík tilraun ekki borga sig. Vegurinn yrði lengri þannig. Þessar hugmyndir eru líklega settar fram frekar til gamans en í alvöru.

[18:55]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessar hugmyndir eru ekki lagðar fram til gamans. Mér er full alvara með þeim. Ég tel að þau rök sem hv. þingmaður notaði til að ná því fram að farið var í Héðinsfjarðargöng eigi fullkomlega við um þau göng sem verið er að tala um til að tengja saman byggðir norðanlands.

Byggðin fyrir norðan þarf á því að halda að hafa góðar og greiðar samgöngur við Eyjafjarðarsvæðið. Akureyri verður ekki höfuðstaður Norðurlands nema þær samgöngur séu góðar og greiðar. Mér finnst það satt að segja svolítið undarlegt af hv. þm. Halldóri Blöndal, sem var aðalhvatamaðurinn að Héðinsfjarðargöngunum, að hann skuli ekki skilja rökin fyrir því að tengja þetta svæði við Akureyri sem við erum þarna að tala um. Mér finnst það undarlegt.

[18:56]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það voru ekki Akurnesingar sem börðust með mér fyrir göngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Það voru hins vegar menn sem sátu á Alþingi fyrir Norðurlandskjördæmi vestra. Ég hef svolítið gaman af því þegar sumir reyna að halda því fram að göngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, Héðinsfjarðargöng, séu fyrir allt Norðausturkjördæmi en ekki Norðvesturkjördæmi og það eigi því að hafa áhrif á hversu mikið fjármagn rennur til vegaframkvæmda á Norðausturlandi. Rökin eru þau að Héðinsfjarðargöng komi að meira gagni fyrir Austfirðinga, þá í Múlasýslum, en Skagfirðinga. En ætli það komi ekki í ljós að

Skagfirðingar eiga oft erindi um Héðinsfjarðargöng og ætli þau verði ekki mikil lyftistöng fyrir ferðaþjónustu á Norðausturlandi.

[18:57]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er einn af þeim sem hef beðið spenntur eftir því að hv. þingmaður, fyrrverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, komi í ræðustól og ræði um samgönguáætlun. Hann fór vel yfir þetta mál og ræddi m.a. áherslu sína sem samgönguráðherra um þjóðveg 1 o.s.frv. Hann fór vel yfir þessa mjóu vegi og lítinn burð og allt það. Allt er það hárrétt og ber að þakka hv. þingmanni þá umræðu. Eins og komið hefur fram eru vegirnir barn síns tíma og hafa skemmst mikið við að þungaflutningar hafa farið upp á land.

Það þarf mikla peninga á næstu árum til að styrkja þjóðveg 1, breikka og auka burð og hafa hann til þeirra miklu flutninga og fyrir þá miklu umferð sem þar fer um. Héðinsfjarðargöng hefur borið á góma og vil ég geta þess að ég átti sem forseti bæjarstjórnar á Siglufirði mjög gott samstarf við hv. þingmann meðan hann var samgönguráðherra út af því verki og ber að þakka fyrir það. Hann veitti góðan stuðning við það. Ég vildi spyrja hv. þingmann, þegar hann ræddi um flugsamgöngur og lengingu flugbrautar á Akureyri — mjög brýna aðgerð sem á ekki að vera búin fyrr en haustið 2009 — hvort hann sé sáttur við það verk. Hann ræddi um flugstöðina sem ekkert er að finna um í þessari samgönguáætlun, hana er mjög brýnt að stækka. Lenging á Egilsstaðaflugvelli getur þess vegna orðið 2018.

Er hv. þingmaður ánægður með þessar dagsetningar og hvað þetta tekur langan tíma? Ég spyr þá sérstaklega í ljósi þess sem ég hef rætt áður að ekki verður hægt að stunda fragtflug, sem á að hefjast á Akureyri eftir nokkrar vikur, nema fljúga til Keflavíkur og millilenda þar og taka eldsneyti til að halda áfram til Evrópu.

[18:59]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar við afgreiddum samgönguáætlun fyrir tveimur árum beitti ég mér mjög fyrir því að lenging flugbrautar á Akureyri kæmi inn þá en náði því ekki fram. Ég er mjög ánægður yfir því að hafa náð því fram nú að lengingin verði á árunum 2008 og 2009, og hygg raunar af viðtölum mínum við menn nyrðra að þeir séu líka ánægðir.

Áhyggjur okkar snúast á hinn bóginn aðallega um að nauðsynlegt er að stækka flugstöðina. Það kostar 200–300 millj. kr. eftir því hvernig það er hugsað. Síðan er spurning hvaða aðflugsbúnaði þurfi að koma upp. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef liggur það ekki endanlega fyrir hvaða tillögur eru um það. Eins og ég sagði beini ég því til samgöngunefndar að athuga sérstaklega það sem snýr að flugöryggi og þær kröfur sem nýjar gerðir Evrópusambandsins hafa gert og hafa m.a. valdið því að um skeið voru starfsmenn flugvallarins í Reykjavík hræddir um að stöðva yrði allt flug til Grænlands og Færeyja jafnvel nú á þessu vori Nauðsynlegt er að samgöngunefnd fari yfir það mál.

Hvað Egilsstaðaflugvöll varðar þá standa þær sakir þannig að þar liggur skipulag ekki fyrir þannig að það mál getur ekki komið upp fyrr en við endurskoðun samgönguáætlunar.

[19:01]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að því leytinu til erum við hv. þingmaður ósammála, ég er ekki ánægður með að framkvæmdum við lengingu flugbrautarinnar á Akureyri verði ekki lokið fyrr en 2009 eins og hv. þingmaður er. Hann lýsir sig ánægðan með það.

Þetta er samkeppnishindrun eins og þetta er í dag gagnvart fraktfluginu sem á að hefjast, það hefur áður verið rætt hér, og líka gagnvart farþegafluginu sem er verið að þróa, millilandafluginu, og er óþolandi að hún sé sett upp á vegum ríkisvaldsins eins og hér er gert.

Mig langar líka að spyrja hv. þingmann hvort hann sé ánægður með að ljúka hér störfum við það að Norðfjarðargöng sem eru ákaflega brýn, engu hættuminni leið en Óshlíðin, fari ekki í útboð fyrr en einhvern tímann árið 2009, væntanlega með framkvæmdum 2010 og þá verður verkinu ekki lokið fyrr en kringum 2013.

Ég tel algjörlega óásættanlegt að bíða svo lengi (Forseti hringir.) með þessi göng í 630 (Forseti hringir.) metra hæð og stórhættulegan veg. Er hv. þingmaður ánægður með þetta?

[19:03]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir er gert ráð fyrir því að til Akureyrarflugvallar fari á næsta ári 370 millj. kr., og 200 millj. árið 2009. Þetta er til lengingar flugbrautar og aðflugsbúnaðar.

Það getur vel verið að það komi í ljós, líka vegna þess að það eru frekari fjárveitingar til flugvallarins annars staðar, að það megi bjóða flugvöllinn út á hausti komanda. Ég hef ekki kynnt mér það. Hann verður þá kannski tilbúinn ári fyrr. Ég veit ekki hvernig þessi kostnaður leggst. En ég get ekki leynt því að ég er mjög ánægður yfir að hafa náð því að fjárveitingar til lengingar flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli eru hér inni. Ég mun koma að Norðfjarðargöngum í síðari ræðu minni.

[19:04]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal tók hér tvívegis Þverárfjallsveg sem dæmi um fjallveg sem ráðist hefur verið í nýlega og virkuðu orð hans á mig eins og honum hefði þótt það tiltölulega óþörf framkvæmd. Styttingin til Reykjavíkur sem með þessu fékkst er einn ávinningurinn, en annar og ekki síðri er samgangurinn sem fyrir vikið er orðinn á milli byggðarlaganna þriggja, Blönduóss, Skagastrandar og Sauðárkróks, og hinn sameiginlegi vinnumarkaður sem þar hefur skapast.

Umferðin um þennan veg er mun meiri en ætlað var í upphafi, svo miklu meiri að nú hefur verið tekin ákvörðun um að hafa þann hluta vegarins sem verið er að vinna að núna einum metra breiðari en þann fyrri sem lokið var við fyrir nokkru síðan.

Annað sem hv. þingmaður kom inn á eru malarkaflar á

hringveginum sem hann taldi eingöngu vera á Norðaustur- og Austurlandi og ég hygg að það sé rétt hjá hv. þingmanni. Hins vegar vil ég benda á þá ósanngirni sem felst í því að tala aðeins um hringveginn í þessu sambandi. Vestfirðirnir eru ekki inni á hringveginum, svo undarlegt sem það er, en þar eru aðalleiðir. Þær eru enn þá að talsverðum hluta malarvegir og töluvert í land að þeir komist í fullnægjandi horf. Það eru ekki bara Austfirðingar sem líða fyrir slælega framgöngu þessara ríkisstjórnarflokka í samgöngumálum síðustu 16 árin.

[19:06]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ég vakti athygli á var að teknir voru vegir af hringveginum og Norðurárdal í Skagafirði í Þverárfjall. Hringvegurinn um Norðurárdal í Skagafirði er einhver hættulegasti kaflinn á leiðinni nú. Góður vinur minn var þar fyrir skömmu og lenti í árekstri á einni brúnni þar og var hann með börnin sín aftur í. Þetta er alveg hryllilegur vegur. Maður hlýtur að mega tala um þennan veg án þess að Skagfirðingar hrökkvi í kút.

Við höfum lagt á það áherslu á Akureyri að stytta leiðina til Reykjavíkur og það verður gert með því að fara frá Langadal yfir á Svínvetningabraut. Þetta eru tillögur sem hafa verið unnar mjög í tíð núverandi hæstv. samgönguráðherra og ég álít nauðsynlegt að hrinda þeim í framkvæmd úr því að ekki kemur til greina að stytta leiðina með öðrum hætti. Ég held að við hljótum öll að vera sammála um það.

Þegar ég var samgönguráðherra mátust menn mikið á um það, Vopnfirðingar og Þingeyingar og svo Vestfirðingar, hvar væru lengstu malarkaflarnir. Ég hélt því fram að við ættum að byggja þetta upp samtímis. Af þeim sökum gerði ég Djúpveginn að stórverkefni en ekki vegina að Vopnafirði og í Norður-Þingeyjarsýslu.

Ef borið er saman nú er alveg augljóst að það er mjög skammt í að það verði komið bundið slitlag frá Ísafirði á hringveginn. Það eru 70 kílómetrar frá hringveginum niður á Vopnafjörð og allt malarvegur, og það er fjallvegur, eldgamall fjallvegur. Menn þurfa ekki að fara að byrja á svona barnalegum metingi í þingsölum.

[19:08]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef greinilega ekki talað nógu blíðum rómi til hv. þingmanns því að ég ætlaði mér á engan hátt að styggja hann og hrökk ekki neitt við undir ræðu hans.

Ég get aftur á móti tekið fyllilega undir öll þau orð sem hann viðhafði um ástand vegarins milli Reykjavíkur og Akureyrar og þá hættu sem er á veginum víða, ekki einungis í Norðurárdal í Skagafirði, heldur líka í Norðurárdal í Borgarfirði eins og hv. þingmaður kom inn á.

Ég vildi hins vegar nota tækifærið til að benda á það að Vestfirðingar keyra líka á malarvegi. Þessi ábending mín þýðir ekki að það sé betra fyrir Austfirðinga að keyra á malarvegi þó að fleiri landsmenn keyri á malarvegi. Bara alls ekki. Við eigum auðvitað öll rétt á því að komast á milli á bundnu slitlagi á aðalvegum landsins.

Þó að ekki sé langt í að Djúpvegur verði malbikaður er suðurleiðin frá suðurfjörðum Vestfjarða til (Forseti hringir.) Reykjavíkur enn þá í mjög slæmu ástandi.

[19:09]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að sleppa metingi um hvort nauðsynlegra sé að fá veg til Vopnafjarðar, Þórshafnar og Raufarhafnar eða Tálknafjarðar, Bíldudals og Patreksfjarðar. Fleira fólk býr við norðausturveg en á suðurfjörðunum. Það er alveg ljóst.

Vandinn við hringveginn á Austurlandi er ekki einungis sá að þar eru langir malarkaflar, heldur var bundið slitlag lagt á gamla veginn eins og hann kom fyrir, eins og var gert mjög á fyrri hluta 9. áratugarins.

Það eru mjög hættulegir vegir, bæði í Fáskrúðsfirði og víðar. Það er óhjákvæmilegt að setja sér markmið varðandi það hvernig hægt er að koma bundnu slitlagi á þessa vegi um Austurland. Að vísu er Fáskrúðsfjörður ekki hringvegur en það er mikil flutningaleið.

[19:10]

**Hjálmar Árnason:**

Virðulegi forseti. Hér hefur í allan dag staðið yfir mikil umræða um samgönguáætlun og má segja að ekkert hafi komið á óvart í þeirri umræðu. Hér nálgast hv. þingmenn auðvitað viðfangsefnið úr ólíkum áttum eftir því hvort þeir koma úr stjórn eða stjórnarandstöðu og síðan vilja menn gjarnan ræða sérstaklega sín kjördæmi svo sem endranær og er í sjálfu sér ekkert einkennilegt við það.

Það hefur hins vegar komið nokkuð á óvart hve neikvæður tónn hefur verið í ýmsum hv. þingmönnum í umræðunni en samt tel ég að skynja megi og lesa út úr þeim ræðum sem hafa verið haldnar að í rauninni er ekki mikill ágreiningur um markmiðin sem fram koma í samgönguáætluninni og kannski ekki heldur ágreiningur um að vilja sjá sumar framkvæmdir gerast hraðar og vilja sjá meiri fjármuni renna til samgöngumála. Það er e.t.v. enginn ágreiningur um það heldur. Eflaust vildu allir sjá meiri peninga í samgöngumálum enda samgöngumannvirki líklega þau mikilvægustu fyrir hverja byggð. En það sem kannski skiptir mestu máli í þessu er að skoða staðreyndir og skoða þá mynd sem við blasir í lok langtímaáætlunar, hvaða mynd við sjáum blasa við og getum teiknað upp árið 2018 þegar langtímaáætlunin rennur sitt skeið á enda miðað við þau metnaðarfullu markmið sem þar eru sett upp.

Þá er fyrst til að taka, virðulegi forseti, að á þessu tímabili er áætlað að leggja 381 milljarð kr. og það er rétt að endurtaka þessa tölu, 381 milljarð kr. í samgöngubætur á Íslandi. Það er óhætt að segja að þetta er Íslandsmet. Aldrei í sögu þjóðarinnar hefur jafnmiklum fjármunum verið varið til samgöngubóta og á þessu tímabili samkvæmt áætluninni og það sem er meira, ef allt gengur eftir, þá felst 30% raunaukning frá síðustu áætlun í þessum fjármunum. Það er í sjálfu sér ekkert smáræði enda mörg stór og metnaðarfull verk sem er verið að leggja í.

Áður en lengra er haldið vil ég þó aðeins velta þessum peningum, 381 milljarði kr., örlítið upp og tengja þetta aðeins við þá fjármögnun sem við höfum komið okkur upp varðandi samgöngumannvirkin og það er hin mikla skatt-

lagning á eldsneyti. Það er auðvitað umhugsunarefni fyrir okkur, annars vegar hversu í rauninni lítill hluti af þeirri skattlagningu rennur til þeirra verka sem þeim var ætlað að renna til, þ.e. til samgöngumannvirkja og síðan hins vegar ef það verður breyting á sem vonandi gerist, að við förum að sjá vistvæn ökutæki þá hlýtur þessi fjármögnun að koma til algerlegrar uppstokkunar og endurskoðunar enda er unnið að því í vinnuhópi á vegum nokkurra ráðuneyta.

En hvaða mynd er það sem við getum teiknað upp árið 2018 miðað við þau verkefni sem hér eru í gangi? Þá er þar fyrst til að taka að árin 2011–2012 verður komið varanlegt bundið slitlag á hringveginn og þarf ekki að fara í rauninni mörg ár aftur í tímann til að rifja upp hvernig ástand var á hringveginum þá og ef það gengur eftir að við verðum komin með malbik á hringveginum 2011–2012 þá er þar í rauninni um sögulegan og eiginlega byltingarkenndan atburð að ræða. Það er langþráð markmið sem er þar með að nást og er kannski tákn um þær stórkostlegu samgöngubætur sem hér hafa orðið á allra síðustu áratugum.

Við sjáum líka fyrir okkur strax á fyrsta tímabilinu að hringvegurinn, þ.e. kaflinn frá Reykjavík til Akureyrar, verður orðinn 8,5 metrar á breidd og hann verður endurbyggður þannig að hann þoli þá vaxandi og þungu umferð sem misþyrmir veginum í dag og það sem er meira, þá verðum við komin með tök á burðarþoli vega í ljósi þeirra miklu þungaflutninga sem við sjáum á vegum landsins og það er ekkert smáverkefni sem er verið að vinna með því og tengist auðvitað öryggi á leiðinni Reykjavík – Akureyri og með þeim breytingum sem verða á fyrsta tímabilinu þá eru það engar smábreytingar í átt til öryggis vegfarenda á þeirri fjölförnu leið.

Það er vert að minna á það, virðulegur forseti, að á rúmlega 10 árum hafa hátt í 300 einbreiðar brýr horfið og komnar almennilegar brýr í þeirra stað. Og þar að auki verða á næsta áratug eða rúmlega næsta áratug samkvæmt þessari samgönguáætlun nær allar einbreiðar brýr horfnar af helstu vegum landsins. Hver hefði trúað því bara fyrir 10 árum að við sæjum það gerast og við upplifðum það? Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvílíkt öryggisatriði það er að losna við allar helstu einbreiðar brýr. Auðvitað verða þær eftir á einhverjum minni vegum sem eru ekki mjög fjölfarnir og er eðlilegt í sjálfu sér.

Það er líka vert að draga það fram að það er mjög metnaðarfullt í þessari samgönguáætlun að allar meginleiðir til og frá Reykjavík verða komnar í tvöföldun. Það snertir auðvitað öryggismál mikið því eins og við vitum og ítrekað hefur komið fram í umræðum um samgöngumál m.a. í utandagskrárumræðum, þá er Vesturlandsvegur upp að Hvalfjarðargöngum líklega sá sem veldur mestum slysum í dag og síðan kemur Suðurlandsvegurinn og Reykjanesbrautin var svo í þriðja sæti og við sjáum þá að samkvæmt þessari áætlun verður búið, ef þannig má að orði komast, að kippa því máli í liðinn.

Ég vil mjög taka undir það sem hæstv. samgönguráðherra hefur nefnt og hefur komið til umræðu að við eigum alveg óhikað að leggja inn á nýjar brautir og skoða þessa skuggagjaldaleið svokölluðu algerlega óhikað. Við eigum að fara fram með sem flestum leiðum til að hraða vegagerð hér á landi og með skuggagjaldaleiðinni erum við ekki að einkavæða vegina heldur erum við að fara aðrar leiðir en hinar hefðbundnu. Þær eru í sjálfu sér ekkert óáþekkar þeim sem farnar voru við Hvalfjarðargöngin því að markmiðið er að að lokum muni ríkið eignast þessa vegi. Meðal annars hefur þessi umræða komið upp varðandi tvöföldun Hellisheiðar. Ég vil einmitt í því sambandi benda á að samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir verulegum upphæðum til þess að tvöfalda veginn á milli Selfoss og Reykjavíkur en verði hins vegar farin þessi skuggagjaldaleið þá hlýtur það fjármagn að losna því samkvæmt skuggagjaldaleiðinni á að greiða fyrir notkunina á 20, 30 eða 40 árum en ekki að greiða veginn upp á þeim stutta tíma sem gert er ráð fyrir í áætlun. Þá vilja sjálfsagt margir komast í þá fjármuni sem þá geta losnað.

Ef við lítum, virðulegi forseti, á göngin þá má segja að við séum að fara hina færeysku leið, að vísu ekki að búa til þverflautuna eins og Karlsey í Færeyjum er kölluð vegna margra ganga, en þar er í rauninni verið að boða byltingu. Ég nefni bara Sundabrautina, hugsanlega í göngum, ég nefni göngin undir Hlíðarfót við Öskjuhlíð, Arnarfjörð, Óshlíð, Héðinsfjarðargöng, Vaðlaheiði, göng undir Oddsskarð, Lónsheiði og í lok þessa tímabils, 2018, verða menn ekki bara farnir að aka um göng á þeim leiðum sem ég nefndi áðan heldur sjá menn hilla undir Hellisheiðargöng og göng á Miðausturlandi og vonandi undir Reynisfjall á Suðurlandi. Þetta er ekkert smáræði því við erum að tala um mynd sem við sjáum fyrir okkur 2018 og það er ekkert langt í það. Þetta er með örðum orðum hvað göng varðar alveg eins og með einbreiðar brýr eða veginn til Akureyrar eða leiðirnar til Reykjavíkur, þetta er byltingarkennt.

Þeir vegir sem oft hafa komið hér til umræðu eru annars vegar á Vestfjörðum og hins vegar á Norðausturhorninu. Það er farið í hressilegt og gott átak þar og ekki má gleyma því að samkvæmt áætlunum eftir 2007, ef ég man rétt, eru fjármunir til tengivega tvöfaldaðir og með því að tvöfalda fjárhæðir í tengivegi vitum við að við gætum verið að vinna afskaplega mikil og góð verk á því sviði. Ég hef aðeins skoðað það varðandi það kjördæmi sem ég þjóna fyrir, þ.e. Suðurkjördæmi, að þegar þeim stærstu vegabótum sem áætlaðar eru þar verður lokið og eins og fram kemur í samgönguáætlun þá er ég að tala um tvöföldun Reykjanesbrautar, Hellisheiðar, brú úr nýju vegarstæði hjá Hornarfjarðarfljóti og göngubrú yfir Hvítá og þar fram eftir götunum þá erum við búin að taka öll þau stærstu verkefni og þau mest fjárkrefjandi verkefni sem það kjördæmi kallar á og þá um leið skapast miklu meira svigrúm og andrými til að ráðast í minni framkvæmdir svo sem hina fjölmörgu safn- og tengivegi sem eru í Suðurkjördæmi þannig að þegar hinum stóru verkefnum er lokið innan ekki svo margra ára þá sér maður fyrir sér enn frekari og meiri hraða á safnvegum og tengivegum.

Ég vil aðeins á þeim stutta tíma sem eftir er víkja að Samgöngumiðstöðinni. Ég vil túlka það svo og vísa m.a. til ummæla borgarfulltrúa í Reykjavík að þó að samgöngumiðstöðinni sé valinn staður nærri Vatnsmýrinni þá er ekki með því verið að taka endanlega afstöðu til framtíðar Reykjavíkurflugvallar heldur eingöngu verið að koma þar fyrir samgöngumiðstöð enda þarf að vera samkomulag milli ríkisvalds og Reykjavíkurborgar um framtíð Reykja-

víkurflugvallar og það mál er í endurskoðun. Ég hins vegar lýsi sem persónulegri skoðun efasemdum um staðsetningu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni einfaldlega vegna þess að það kallar á svo mikla umferð í gegnum allan bæinn til að komast að eða frá Samgöngumiðstöðinni og ég tel að að ýmsu leyti mundi henta betur að hún væri frekar í útjaðri borgarinnar. Það er líka vert að draga upp þá mynd sem kemur fram í samgönguáætlun og ef tekið er mið af umferðarspá og við skoðum það sem ágætir sérfræðingar hafa kallað öxulinn frá Keflavík og að Samgöngumiðstöðinni, þá verður það líklega svona einn meginöxullinn í samgönguæðum okkar landsmanna og kemur það til af hinni stöðugt vaxandi flugumferð sem lendir á Keflavíkurflugvelli og síðan fylgir því að farþegar þurfi að komast að og frá Keflavíkurflugvelli og gjarnan til Reykjavíkur. Mannvirkin hljóta að taka mið af því og reyndar vil ég varpa því fram sem hefur komið fram í umræðu um hugsanleg göng frá Straumsvík og yfir í Vatnsmýrina til að létta af hinni miklu umferð í gegnum Hafnarfjörð, Garðabæ og Kópavog.

Virðulegur forseti. Þetta er svona rétt gróf mynd sem hægt er að draga upp árið 2018 ef fyrirliggjandi áætlanir ganga eftir og ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta glæsileg mynd. Þetta eykur öryggi á vegum landsins, þetta tengir saman byggðir og styrkir okkur sem samfélag í heild. Hér er verið að leggja út á nýjar brautir og hér er verið að leggja meira fé til samgöngumála en hefur nokkru sinni verið gert. Það er þess vegna ástæða til að fagna metnaðarfullri samgönguáætlun. Vissulega hefðu menn viljað sjá eitt og eitt verkefni ganga fyrr fyrir eða sjá örlitlar breytingar hver í sínu kjördæmi en Róm var ekki byggð á einni nóttu og það gildir einnig um samgöngumannvirki okkar en ég vil árétta það hvílíkar stökkbreytingar hafa orðið og hvílík bylting hefur orðið í samgöngumannvirkjum á Íslandi á síðustu áratugum. Þær eru í rauninni meiri en nokkurn hefði órað fyrir en hér er verið að stíga stærstu skref sem stigin hafa verið í samgöngubótum á Íslandi, hvorki meira né minna og þess vegna er það tilhlökkunarefni að fá að vinna við það í samgöngunefnd þegar áætlunin verður komin þangað.

[19:25]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. þingmanns að hann var svolítið hrifinn af þessum skuggagjöldum. Mig langar til að fræðast betur af hv. þingmanni hvaða kosti hann sér við þau. Þetta er sambærilegt við það að nota kreditkortið fyrir venjulegt fólk. Maður gerir það ekki ef maður á pening.

Ríkissjóður er eldsterkur um þessar mundir og ef maður ætlar að fara í langtímafjárfestingu sem einstaklingur þá reynir maður að leita að hagstæðum lánum. Maður notar ekki kreditkortið í það. Reynslusamningar með því lagi eru dýrir.

Hvernig stendur á því að hv. þingmaður er til í það og telur það svona áhugavert að fá einhverja aðra aðila til að fjármagna vegaframkvæmdir í framtíðinni, eftir 20, 30 eða 40 ár? Ég hef ekki fengið haldbær rök fyrir þessu vegna þess að mér hefur alltaf fundust að þau rök sem ég hef heyrt hafi verið rök þeirra sem eru blankir og þeirra sem hafa ekki möguleika á því að fá bestu fjármögnun. En það vill þannig til að ríkissjóður Íslands getur náð sér í fjármagn með eins góðum kjörum og hægt er að fá. Hvers vegna skyldu menn þá leita þeirra leiða að fá peninga með skuggagjöldum til framtíðarframkvæmda á vegum framtíðarinnar?

[19:26]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hefði haldið að engir hv. þingmenn skildu þetta betur en einmitt hv. þm. Jóhann Ársælsson, Skagamaðurinn sjálfur sem er mjög fylgjandi Hvalfjarðargöngum. Hvað gerðist með Hvalfjarðargöng? Við minnumst þess að ýmsir höfðu efasemdir um að fara þá leið að fela einkaaðilum að annast framkvæmdina, annast fjármögnunina og fengju síðan greitt til baka frá ríkinu og síðan mundi ríkið eignast mannvirkið. En þær svartsýnispár sem menn birtu reyndust ekki á rökum reistar og í ljós kom að menn lýstu yfir miklum stuðningi við framkvæmdina og ég hygg að menn séu sammála um það í dag, m.a. formaður Vinstri grænna sem lýsti yfir miklum stuðningi við framkvæmdina í Hvalfjarðargöngum og þá leið sem þar var valin.

Ég tel að skuggagjaldaleiðin sé af nákvæmlega sama toga. Það er tilraun til að prófa nýjar leiðir, til að leysa úr læðingi þá krafta sem búa í atvinnulífinu. Ég tel að við eigum að reyna það, við eigum að láta á það reyna af því að atvinnulífið hefur talið sig geta gert þetta hagkvæmara og skjótvirkara en hinar hefðbundnu leiðir og þá eigum við að kanna það til þrautar hvort framsýnir menn innan atvinnulífsins hafi burði til að standa við þau stóru orð. Ef það er til að flýta framkvæmdum, láta þær ganga hratt og örugglega fyrir sig þá eigum við að vera opin fyrir því.

[19:28]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Frammíkall hv. þm. Halldórs Blöndals um að skuggagjöld séu tóm vitleysa, ég get algerlega tekið undir það. Þó að við tölum um Hvalfjarðargöngin í þessu samhengi, þá bendi ég á að ríkisendurskoðandi skoðaði nú einmitt fjármögnun Hvalfjarðarganga og komst að þeirri niðurstöðu að það væri einhver dýrasta fjármögnun sem um getur. Ég er ekki hissa á því vegna þess að þeir sem lánuðu þar í hafa aldrei grætt á neinu meira.

Þess vegna á alls ekki að setja þetta í samhengi við það hvort einkaaðilar eru fengnir til að vinna verkefni. Auðvitað er hægt að fjármagna verkefnin úr ríkissjóði þó einkaaðilar séu fengnir til að vinna verkefnin. Þó það nú væri, um það er ekki deilan.

Það sem gerðist hins vegar þegar menn voru að fara í Hvalfjarðargöngin var að enga peninga eða stuðning af fjárhagslegu tagi var að hafa úr ríkissjóði. Eina leiðin til að fara í það verkefni var sú sem farin var. Því miður lentu menn í því að þurfa að fara gríðarlega dýra leið í fjármögnuninni en ef menn hefðu verið svolítið skynsamari á þeim tíma hefðu þeir veitt ríkisábyrgð til að leita eftir lánsfé til að fjármagna það verk og þá hefðu þau göng orðið miklu ódýrari en þau urðu í raun og veru. En það hefðu getað verið sömu aðilarnir sem unnu verkið, eða Spölur eins og hann gerði það.

Við erum því ekki að deila um hlut einkaaðila í slíkum

framkvæmdum heldur er fjármögnunin með skuggagjöldum það sem mig langar til að hlusta á betri rökstuðning fyrir en ég hef fengið hjá hv. þingmanni.

[19:30]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að ef leiðin sem farin var við gerð Hvalfjarðarganga hefði ekki verið farin, væru þau kannski hugsanlega ekki komin núna en þau hefðu dregist um nokkur ár, m.a. vegna þess að menn eru að togast á um fjármuni til einstakra verkefna, eins og við höfum heyrt af umræðunni í dag.

Ég ítreka að ég er þeirrar skoðunar að við eigum að skoða það sem hugsanlegan kost að fara þessa skuggagjaldaleið, athuga hvort aðilar úr atvinnulífinu geti boðið þetta með hagkvæmari hætti. Þeir fullyrða að svo sé. Við eigum ekki að slá á þær hendur. Við eigum að láta á það reyna, það er mjög auðvelt að gera það. Ef síðar kemur í ljós að þeir hafi ekki burði til að standa við sínar metnaðarfullu áætlanir þá eigum við hina leiðina eftir.

En takist mér hins vegar ekki að sannfæra hv. þm. Jóhann Ársælsson um þetta, þá vísa ég honum á hinn framsýna hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, þingmann Samfylkingarinnar, sem hefur einmitt lýst yfir sömu skoðun og ég hef gert, að við eigum óhikað að horfa til nýrra leiða til að leysa krafta úr læðingi og athuga hvort framsýnir og dugmiklir verktakar geti gert það á hagkvæmari hátt en við höfum farið í venjulegum leiðum. Og þá er til nokkurs unnið.

[19:32]

**Útbýting:**

Aðgengi og afþreying í þjóðgarðinum á Þingvöllum, 614. mál, fsp. GHall, þskj. 914.

Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 385. mál, nál. samgn., þskj. 906; brtt. samgn., þskj. 907.

Bótaskyldir atvinnusjúkdómar, 611. mál, fsp. GÓJ, þskj. 911.

Frágangur efnistökusvæða, 612. mál, fsp. GÓJ, þskj. 912.

Marco Polo áætlun Evrópusambandsins, 608. mál, fsp. AKG, þskj. 908.

Vegagerð í Hrútafjarðarbotni, 609. mál, fsp. AKG, þskj. 909.

VES-þingið 2006, 615. mál, skýrsla VES, þskj. 915.

[Fundarhlé. — 19:34]

[20:05]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram í dag mjög athyglisverð umræða um samgönguáætlun og margt athyglisvert hefur komið fram. Ég hlýddi á framsöguræðu hæstv. samgönguráðherra þar sem hann lýsti því fyrir þingi og þjóð að lögð væri fram mjög metnaðarfull samgönguáætlun til ársins 2018.

Ég hlýddi einnig á ræður þingmanna, m.a. ræðu hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur. Hún leiddi okkur aftur í tímann og rifjaði upp hvernig samgönguáætlanir tækju breytingum eftir því hvort kosningar væru í nánd eður ei. Þá kemur á daginn sú undarlega tilviljun, ef tilviljun skyldi vera, að á kosningaári gerast stjórnvöld jafnan mjög metnaðarfull. Þá eru súlurnar um fyrirheit fjárframlaga fram í tímann mjög háar (**Gripið fram í:** Sem aldrei fyrr.) og súlan nú er há sem aldrei fyrr. Síðan rakti hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir hvernig framlögin hefðu verið skert, frá því að síðasta stóra súla birtist fyrir kosningarnar 2003, um sex milljarða. Vegaféð, hið raunverulega framlag til vegamála, var skert um sex milljarða, að jafnaði um tvo milljarða á ári hverju. Þetta er nú allur metnaðurinn. Metnaðurinn er sem sé í því fólginn að sýnast frammi fyrir kjósendum en þegar á reynir, þegar að framkvæmdinni er komið, eru menn ekki eins stórir í sniðum. Þetta var það fyrsta sem ég staðnæmdist við.

Ég hlýddi einnig af athygli á sama hv. þingmann rekja þróun álags á vegakerfi landsins, hvernig það hefði verið að aukast á undanförnum árum og áratugum, en nú bregður svo við að fé til að halda þessu sama vegakerfi við hefur ekki aukist að sama skapi.

Fyrir nokkrum dögum birtist mjög athyglisverð fréttaskýring í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni „Allir flutningar út á þjóðveginn“. Þar er mynd af risastórum vöruflutningabifreiðum sem aka á vegi, og þetta er það sem hefur verið að gerast. Þungaflutningar hafa verið að færast út á vegina. Hvernig skyldi standa á því? Ekki er það í samræmi við væntingar leiðarahöfundar Morgunblaðsins sem hann skrifaði á árinu 1992 þegar Skipaútgerð ríkisins var lögð niður. Þá taldi hann að með því að leggja Skipaútgerð ríkisins niður og stuðla að samkeppni á þessu sviði væri björninn unninn. Hér mundi allt vaxa og dafna, hér yrði lífleg samkeppni fjölmargra skipafyrirtækja sem nýttu sér góða hafnaraðstöðu í byggðum á ströndinni.

Sú varð ekki þróunin. Í desembermánuði árið 2004 skýrði Eimskipafélag Íslands, dótturfélag Burðaráss, frá því að til stæði að hætta strandsiglingum í kringum Ísland. Það var reyndar sagt í sömu tilkynningu að afkoma fyrirtækisins væri bráðgóð, það væri bara meiri pening að hafa annars staðar, ekki síst í fjárfestingum erlendis. Þessi aðgerð, sögðu þeir Burðarássmenn, mundi skila 300–400 millj. kr. í svokallaðri hagræðingu eins og það var kallað. Það var hægt að segja upp 40–50 starfsmönnum, mikill áfangi, mikil hagræðing, mikil hryggð, og þar með voru strandsiglingar lagðar af. Að vísu er enn siglt á íslenskar hafnir og statistíkin gefur okkur að vissu leyti falska mynd vegna flutninga í álbræðsluna fyrir austan og í tengslum við framkvæmdirnar þar, þá stórvirkjun sem þar er verið að reisa. En með þessari ákvörðun Sjálfstæðisflokksins 1992, að leggja niður Skipaútgerð ríkisins (**Gripið fram í:** Og Alþýðuflokksins.) — og Alþýðuflokksins reyndar, það er rétt, það var í samstjórn þessara flokka. Það var reyndar Sjálfstæðisflokkurinn sem fór með samgöngumálin á þessum tíma. Ég minnist þess að þáverandi hæstv. samgönguráðherra hafði mörg orð um það hve mikla skattpeninga verið væri að spara almenningi með því að leggja Skipaútgerð ríkisins niður, það voru tíndir til reikningar sem sýndu fram á mikla niðurgreiðslu.

Hver er niðurgreiðslan þegar hún er komin í vegi sem eiga að anna þessum þungaflutningum? Ég man ekki betur en það hafi verið hv. formaður samgöngunefndar, Guð-

mundur Hallvarðsson, sem tíundaði, og hefur reyndar oft gert, hve mikið slit er á vegunum af völdum þungaflutninga. Ég minnist þess að hlýða á ræðu þar sem hann sagði að einn drekkhlaðinn þungabíll væri á við 25 til 30 þúsund fólksbíla, ef ég man rétt. Menn hafa spurt um þetta og viljað skoða þetta í margvíslegu ljósi, ekki bara út frá vegunum og kostnaði við þá heldur einnig út frá mengun.

Það var þess vegna sem hv. þm. Jón Bjarnason fór fyrir okkur í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að berjast fyrir því að strandsiglingar yrðu teknar upp að nýju við Ísland. Á hverju ári frá því að hann settist á Alþingi hefur hann flutt það þingmál. Ég spyr hæstv. samgönguráðherra: Er ekki komið að því að gera eitthvað róttækt í þessum málum? Við erum ekki endilega að leggja til að Skipaútgerð ríkisins verði sett á fót á nýjan leik. Það er ekkert sáluhjálparatriði þó að ekki eigi heldur að vera bannað að setja upp fyrirtæki í eigu almennings, ef það þjónar sameiginlegum hagsmunum þjóðarinnar. Þetta má gera með margvíslegum hætti. Við höfum heyrt um hugmyndir hjá tilteknum fyrirtækjum um strandsiglingar ef fjárhagslegur grundvöllur yrði skapaður fyrir slíku og þá væri það að sjálfsögðu ríkið sem kæmi þar við sögu.

Við skulum ekki gleyma því samhengi hlutanna sem ég rifja hér upp, að ríkið greiðir til samgöngumála milljarða á milljarða ofan í vegina. Og með því að færa landflutningana að hluta til að nýju út á sjó gætum við hugsanlega sparað mikið fé auk þess sem við værum að draga úr mengunaráhrifum af völdum þessara flutninga.

Ég bíð því eftir því að heyra hvort hæstv. samgönguráðherra er reiðubúinn að beita sé fyrir því í alvöru að hugað verði að þingmálinu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur borið fram á hverju ári undanfarin ár, um að fjármagn verði sett í strandsiglingar og við reynum að gera átak í því að færa þungaflutninga af landinu og á sjó út. Í því yrði mikið hagræði fólgið. Ég minnist þess að þegar við höfum rætt þetta hér í þinginu hafa menn úr öllum flokkum tekið undir þetta. Ég minnist þess að hafa hlýtt á hv. formann samgöngunefndar taka undir þessi sjónarmið og hagræðið sem af þessu gæti hlotist. Ég spyr hvort ekki sé ráð núna á síðustu metrum þessa kjörtímabils að við myndum þverpólitíska sátt um stórátak í þessum efnum.

Til þess að draga ekki úr þeirri alvöru sem býr að baki ætla ég að sinni ekki að fara út í að ræða annað hugðarefni mitt, sem er sameiginlegt áhugamál mitt og hæstv. samgönguráðherra en með öfugum formerkjum, þ.e. einkaframkvæmd í samgöngumálum. Það ætla ég að gera í seinni ræðu minni. En ég hefði mjög gaman af því að heyra viðhorf hæstv. samgönguráðherra og hv. formanns samgöngunefndar Alþingis, hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, við þeim hugmyndum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur hamrað á á undanförnum árum. Við höfum á hverju ári lagt fram þingmál og rækilegan og ítarlegan rökstuðning fyrir því að teknar verði að nýju upp strandsiglingar með stuðningi ríkisins.

[20:18]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefði svo sem verið ánægjulegt að fá tækifæri til þess í þessari lotu einnig að ræða við hv. þm. Ögmund Jónasson um einkaframkvæmdir í vegagerð, (**ÖJ:** Við gerum það bara á eftir.) sérstaklega með tilliti til þess að minn aðalpáfi í þeim efnum er fyrrverandi samgönguráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, hugmyndafræðingur hvað það varðar.

En hvað varðar strandsiglingar er það alveg rétt að í mörgum tilvikum hefði maður getað ímyndað sér að markaðurinn sæi sér hag í því að hafa einhvern hluta af flutningum á sjó, þ.e. að halda úti siglingum með þann varning sem þarf að flytja milli landshluta. Auðvitað er alltaf eitthvað flutt með ströndinni með skipum, það er alveg ljóst þó það séu ekki formlegar áætlunarsiglingar með ströndinni eins og var áður.

Það er ekkert launungarmál að ég hefði talið það æskilegt að boðið væri upp á siglingar með ströndinni. Það er spurning hvort við eigum að taka það upp aftur á þeim nótum að sérstakur ríkisstuðningur væri til strandsiglinga. Það er mjög flókið mál vegna þess að á hinu Evrópska efnahagssvæði eru vissulega vandkvæði að brjótast inn í samkeppnisumhverfi með ríkisstyrkjum og í dag er samkeppnisumhverfi hvað varðar landflutningana. Ef ríkið kæmi inn með sérstökum hætti yrði að gera það þannig að það bryti (Forseti hringir.) ekki í bága við þau lög og þær reglur sem í gildi eru. En það er ekkert launungarmál, svo ég endurtaki það, að ég tel að markaðurinn hefði átt að sinna þessu og ætti að gera það.

[20:20]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það taldi höfundur leiðara Morgunblaðsins haustið 1994 einnig, að markaðurinn mundi sinna þessu en hann gerði það ekki. Við búum ekki við strandsiglingar í dag fyrir bragðið vegna þess að markaðurinn fór einfaldlega til útlanda þar sem meira var að hafa upp úr annars konar viðskiptum og braski í sumum tilvikum. Þess vegna var farið annað.

Ýmsar leiðir eru til að taka á þessum málum. Ef menn vilja halda sig við markaðinn og markaðslausnir er vissulega hægt að stýra flutningunum með óbeinum hætti, t.d. með gjöldum á þungaflutningum á vegunum. Hægt er að gera það þannig óhagkvæmara að vera með þungaflutninga á vegum en nú er. Það er ein leið.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra vilji skoða þessi mál, ég skil orð hans svo. En því miður erum við búin að heyra slíkar ræður allt of oft og reyndar á hverju einasta ári en það er ekkert gert. Við erum að kalla eftir aðgerðum. (**HBl:** ... skatta á þungaflutningum?) Ég vil finna leiðir, ég er fyrst og fremst að tala fyrir því að ríkið styðji strandsiglingar við Ísland og styðji við beina þungaflutninga á sjó út og við drögum úr álagi á vegakerfi landsins með því móti. Þetta er nokkuð sem menn hafa talað fyrir og reyndar er þverpólitísk samstaða um að menn vilji skoða. Það hefur verið tekið vel í slíkar hugmyndir.

Síðan er eitt sem ég vil leiðrétta hjá hæstv. ráðherra. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er enginn frumkvöðull einkavæðingar (Forseti hringir.) eða einkaframkvæmda. Það er af og frá. Hann hefur talað manna harðast gegn slíku fyrirkomulagi.

[20:22]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hvet hv. þingmann til að kynna sér frumvarp sem flutt var árið 1990 um heimild til að grafa jarðgöng undir Hvalfjörð og láta greiða gjald fyrir afnot af þeim göngum, og kynna sér hvaða ráðherra stóð fyrir því. Hann hét Steingrímur J. Sigfússon.

Um strandsiglingarnar er það að segja, eins og ég sagði fyrr, að við erum í vandræðum með ríkisstuðninginn, við getum ekki brotið þær reglur. En ég tel og hef sagt það áður að við eigum að skoða alla hugsanlega möguleika sem gætu leitt til þess að við næðum þeim árangri að lækka flutningskostnaðinn í landinu. Við í samgönguráðuneytinu erum að skoða það núna, m.a. með viðræðum við skipafélög og fleiri aðila og í samstarfi við forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja, að leita leiða til að lækka flutningskostnað. Það verður hins vegar ekki gert með því að hækka skatta á landflutning vegna þess að stór hluti og mest af flutningum af höfuðborgarsvæðinu og út á land og til baka, allar afurðirnar sem fluttar eru og þurfa að fara um borð í flugvélar, ferskur fiskur o.s.frv., það væri mikið óheillaspor ef við færum að leggja sérstakan sektarskatt á þann flutning til að reyna að laða fram sjóflutninga. Það mundi hækka afurðaverð og það mundi hækka flutningskostnað á landinu í heild. Við eigum að finna leið til þess að sjóflutningar geti orðið arðbærari en þeir eru í dag í þágu þess að lækka flutningskostnaðinn. Ef okkur tekst það er björninn unninn, að ég tel.

[20:25]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að þessu leyti er ég ekki ósammála hæstv. ráðherra. Ég er ekki að tala fyrir því að skattar verði lagðir á þungaflutninga, ég er að segja að það sé ein leið. Fyrir þeirri leið hefur m.a. verið talað í ýmsum fjölmiðlum og ég leyfi mér aftur að vísa í leiðaraskrif Morgunblaðsins sem hefur viljað fara þá ... (Gripið fram í.) sem er mér hugleikin í blíðu og stríðu reyndar, því ég er að vitna í leiðara þar sem þessi mál hafa verið til umfjöllunar þar sem ég hef reyndar verið ósammála leiðarahöfundi. Við leggjum til aðra leið. Við erum að leggja til leið sem færir flutningskostnað almennt niður og við vekjum athygli á því að framlag til siglinga er sama eðlis, er sömu náttúru og framlög til vegagerðar. Það er nákvæmlega sami hluturinn. En það eru einhver trúarbragðaatriði, einhver kennisetning hjá hægri mönnum mörgum að kalla það niðurgreiðslu, það er niðurgreiðsla ef flutningarnir sjálfir eru styrktir. En hitt má gera, það má niðurgreiða og styðja landflutningana með vegagerð sem tekur við þungaumferðinni.

Aðeins til að leiðrétta þetta með flokksfélaga minn, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, þá er verið að vísa í frumvarp sem lýtur að Hvalfjarðargöngunum. Ég ætla bara að lesa eina litla setningu úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá síðasta vori og hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvalfjarðargöng geta hvorki talist hrein einkaframkvæmd í venjulegum skilningi þess orðs...“

Við erum að tala um allt aðra framkvæmd en ég þarf að skýra það aðeins betur út fyrir hæstv. ráðherra og bið því aftur um orðið í þessari umræðu þar sem ég mun fara sérstaklega í hugmyndir manna um einkaframkvæmd.

[20:27]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson beindi orðum til mín vegna orða sem ég hef áður látið frá mér fara varðandi þungaflutninga á landi. Það er rétt að fyrir liggur að slit á vegum er á við 30 þúsund bíla sem einn flutningabíll með 40 feta gám slítur. Þetta eru náttúrlega mismunandi tölur, fer eftir veðurfari, frosti, hláku, hlýnun o.s.frv.

Þannig háttar til að við erum með ríkisstyrkt innanlandsflug, við erum með ríkisstyrktar ferjur. Evrópusambandið hefur hvatt ríkið til að styrkja sjóflutninga á milli landa og ég spyr: Því ekki strandflutninga? Ég sé ekki að við færum mikið út úr kortinu með það. Hins vegar er ég ekki alveg sammála þeirri leið sem hv. þm. Ögmundur Jónasson talar um, þ.e. þetta sé í skattalegu formi. Ég teldi að hægt væri að finna þá leið að einhver ákveðinn styrkur væri frá ríkinu varðandi hvern gám eða miðað væri við einhvern gámafjölda og flutning á ári, og ef flutningar tækjust það vel yrði ríkisstyrkurinn jafnvel áfram. En hitt er annað að kostnaður við veghaldið mundi lækka ef við kæmum flutningunum út á sjó sem þýddi þá að það væri kannski status quo í fjárframlagi til samgöngumála. Þetta væri aðeins tilflutningur fjármagns.

Annað sem hér hefur komið fram varðandi þungaflutningana. Við erum ekki að tala um matvæli. Við skiljum það að fólk úti á landi vill auðvitað ekki fá matvælin til sín á síðasta söludegi vörunnar heldur miklu fyrr. Og svo eru einstakir hlutir sem bráðliggur á að senda út á land ef um er að ræða einhverja bilun í atvinnutækjum eða öðru. En ég held að full ástæða sé til að skoða þessa leið.

[20:29]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tillögu okkar til þingsályktunar leggjum við til að skoðað verði hvort hyggilegt væri að bjóða út siglingaleiðir. Það er hins vegar ekki meginmálið nákvæmlega hvernig við stöndum að þessu heldur að við náum markmiði okkar sem er að koma á strandsiglingum við Íslandsstrendur og færa flutninga, sérstaklega þungaflutninga, ég tek undir það, af landinu út á sjóinn. Það er meginmarkmiðið. Við tölum um að stefna verði mótuð og aðgerðaáætlun sett í því skyni og við erum að bjóða fram stuðning okkar við hugsanleg lagafrumvörp sem gengju í þá átt.

Við erum opin fyrir því að fara hugsanlega aðrar leiðir en þá sem við leggjum til. Við teljum hyggilegt að fara þessa leið, en við erum að sjálfsögðu einnig opin fyrir öðrum hugmyndum. Ég fagna því að hv. formaður samgöngunefndar taki vel í þær hugmyndir en við erum orðin svolítið þreytt á að heyra bara fögur orð en engar efndir.

[20:30]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Talað hefur verið hér nokkrum sinnum í dag um fögur fyrirheit og fögur orð. Við höfum þau varðandi landflutningana. En hvernig má þá vera, eins og ég hef áður getið um, að þá strandflutningar voru síðast með flutn-

ingaskipinu Jaxlinum og það lá ljóst fyrir að milli 30 og 40% ódýrara var að flytja með því skipi t.d. frosinn fisk og aðra vöru í gámum en að flytja vöruna landveginn brá svo við að framleiðendur þessara sjávarafurða og annars varnings í hinni dreifðu byggð notuðu ekki þessa ódýru flutningaleið? Þó að hv. þingmenn hafi góð áform um að ná til þessa flutningsforms, að flytja vöruna á sjó, þarf fleira að koma til en góður vilji Alþingis og einhver fjárstuðningur. Ef framleiðendur sjálfir eru ekki tilbúnir til að flytja vöruna með þessum hætti erum við illa sett. Við þekkjum öll í þinginu þennan mismun á flutningsmáta, á sjóleiðinni og landleiðinni. Flutningur á landi er nánast frá dyrum til dyra en flutningur á ströndina þýðir aftur á móti að varan er skilin eftir á bryggju og þá getur verið eftir talsverður kostnaður við að koma henni til eða frá framleiðanda.

Það eru margar hliðar á þessu máli sem þarf að skoða eins og hæstv. samgönguráðherra kom inn á áðan. Mér finnst hins vegar full ástæða til og ég tel við séum ekki að vaða villu og reyk með því að skoða þetta alvarlega í ljósi þess sem ég sagði áðan, að við erum með ríkisstyrkt flug til margra staða hér á landi, við erum með ríkisstyrktar ferjur. Evrópusambandið hvetur til ríkisstyrks (Forseti hringir.) til kaupskipaútgerðar. Ég held að við værum ekki að fara neina afbakaða leið ef þetta yrði reynt.

[20:33]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í grundvallaratriðum erum við sammála. Það skiptir meginmáli hvers vegna þessir flutningar lögðust af. Ég held að það sé alveg rétt sem hv. þingmaður segir, í sumum tilvikum eru landflutningarnir hagkvæmari fyrir þann sem nýtir sér þessa þjónustu, fær vöruna beint frá einum stað til annars, hún er komin strax og jafnvel þótt það sé eitthvað dýrara telja menn það þess virði. Annað kann að vera, að menn hafi ekki nýtt sér sjóflutningana sem skyldi vegna þess að ekki hafi verið boðið upp á nægilegar tíðar ferðir og nægilegt öryggi. Ég kann ekki svörin við þeim spurningum. Mergurinn málsins er náttúrlega sá að þeir aðilar — og þar hlýtur maður að horfa til þeirrar ábyrgðar sem hvílir á þeim fyrirtækjum sem sinna þessum hlutum — fóru úr landi vegna þess að þeir gátu grætt meira annars staðar. Það á við um Eimskipafélagið sem hætti að vera skipafélag og gerðist „group", ein grúppan enn.

Ég legg áherslu á að ég fagna þessum yfirlýsingum hv. þingmanns og tek undir það með honum að það á að vera hægt að styrkja sjóflutninga ekkert síður en aðra flutninga og aðra þætti í samgöngukerfinu eins og hann bendir á. Ég segi: Vindum okkur í verkin.

[20:35]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er alltaf nokkur spenningur fyrir umræðunni um samgönguáætlun í þinginu og ekki að ófyrirsynju því að hún er eitt af stærstu málum þess. Þegar við fáum langtímaáætlun til umfjöllunar, sem í þessu tilfelli á að gilda til 2018, erum við að taka þátt í og leggja hönd á plóg við stefnumótun til framtíðar. Það er eðli málsins samkvæmt spennandi verkefni. Það hlýtur að vera í hugum okkar alþingismanna gefandi verk að skoða stefnumörkunina til framtíðar, móta framtíðina og hanna hana. Það er stór og veigamikill þáttur í starfi stjórnmálamannanna. Við erum í stjórnmálum vegna þess að við höfum framtíðarsýn, vegna þess að við höfum hugsjónir og ákveðnar langanir varðandi framtíðina. Samgönguáætlunin er ein af þessum stóru og mikilvægu áætlunum sem hér eru gerðar og fara í gegnum veigamikla umræðu í þinginu, er ein af þeim grunnáætlunum sem við stýrum samfélagi okkar eftir.

Í þessu tilfelli erum við með samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018 á þykku og miklu þingskjali og eins og fram hefur komið í umræðunni er hér vikið að mörgum veigamiklum atriðum. Samgönguáætlunin leggur áherslu á fimm meginmarkmið eins og vikið hefur verið að. Fyrsta markmiðið, og maður skyldi ætla að raðað væri í forgangsröð út frá sjónarhóli hæstv. samgönguráðherra og þessarar ríkisstjórnar, er um greiðari samgöngur, þ.e. aukinn hreyfanleika í samgöngukerfinu almennt. Í annað sæti setja menn markmiðið um hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu samgangna, í þriðja sæti markmiðið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur, í það fjórða markmiðið um öryggi í samgöngum og í því fimmta er markmiðið um jákvæða byggðaþróun. Hér er um veigamikla þætti að ræða sem í samspili ættu að taka á öllum þáttum samgangna. Vandinn við að útfæra áætlun af þessu tagi er auðvitað sá að tryggja að enginn einn þáttur af þessum fimm verði öðrum yfirsterkari. Kúnstin er að tryggja jafnvægi á milli þessara þátta.

Ég hef ég ekki lesið þingskjalið frá orði til orðs en ég er búin að renna vel yfir það og þá fer ekki hjá því, kannski vegna áhuga míns og vegna þess hvernig við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði mörkum okkar framtíðarsýn og stefnumótun, að ég leita sérstaklega eftir því hvernig hæstv. samgönguráðherra og þessi samgönguáætlun gera ráð fyrir sjálfbærri þróun í samgöngum og hvernig ríkisstjórnin ætlar sér að tryggja að samgöngur hér geti þróast með sjálfbærari hætti en verið hefur á undanförnum árum. Þá kemur í ljós ákveðinn galli á gjöf Njarðar eða öllu heldur hve flókið er að innleiða þessa nýju hugmyndafræði. Í samgönguáætluninni er að mínu mati allt of mikið vægi á hagkvæmni hlutanna og það hvað sé hvetjandi út frá hinu peningalega og efnahagslega sjónarmiði. Það hefur meira vægi en hitt atriðið sem er að draga úr áhrifunum á umhverfið. Nú er ég ekki í sjálfu sér að segja að hér sé allt alvont, síður en svo, því að hér er í fyrsta skipti reynt að flétta þessa þætti saman og það viðurkennt að sjálfbær þróun er grundvöllurinn undir þau skref sem við þurfum að stíga í samgöngumálum í náinni framtíð alveg eins og í öllum öðrum málum í samfélaginu.

Þegar við ætlum að fara að feta braut sjálfbærrar þróunar verðum við að átta okkur á því að þessir þrír þættir sem hún er ofin saman úr, þ.e. sá efnahagslegi, umhverfislegi og samfélagslegi, verða allir að hafa nákvæmlega sama vægið, enginn má yfirskyggja annan. (**HBl:** Umhverfisvægið er nú mest.) Umhverfisvægið er nú mest, segir hv. þm. Halldór Blöndal. Já, já, það kann að vera að í mínum huga sé það mest en ég er að reyna eftir fremsta megni að taka hina þættina inn og láta þá vega að sama skapi þungt. Í öllu falli læt ég ekki hagkvæmnina ráða. Í samgönguáætluninni er vitnað á fleiri en einum stað til stefnumörkunar ríkisstjórn-

arinnar um sjálfbæra þróun fram til 2020 og í ritið sem við þingmenn þekkjum ágætlega, Velferð til framtíðar, en í því riti eru ákveðnar hugsanavillur í þessu efni og mér hefur fundist sem þær villur, þ.e. hve þungt hagkvæmniþátturinn vegur, elti ríkisstjórnina inn í þetta plagg.

Hér er verk að vinna í þessu efni, að tryggja að umhverfisþátturinn sé ekki í skugga hagkvæmniþáttarins. Ég skýri þetta kannski aðeins nánar með því að líta á þau atriði sem talin eru upp þegar menn gera grein fyrir markmiðinu um umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Í tillögutextanum á bls. 2 segir, með leyfi forseta:

„Stefnt skal að sjálfbærum samgöngum, en það merkir að

a. notkun á endurnýjanlegum auðlindum sé undir endurnýjunarhraða þeirra og

b. að ekki sé gengið hraðar á óendurnýjanlegar auðlindir en svo að mögulegt sé að þróa og skipta yfir í endurnýjanlegar auðlindir."

Svo kemur textinn í framhaldinu sem segir að markmiðið sé í samræmi við alþjóðlega stefnumörkun og það taki til þess að umhverfisáhrifum samgangna, hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka án þess að sérstaklega sé skilgreint hver þau séu. Það er getið um að draga þurfi úr losun gróðurhúsalofttegunda með minni notkun jarðefnaeldsneytis. Talað er um að stefnt skuli að því að samgöngutæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum auk orkusparandi aðgerða við farartæki sem eru og verða fyrir hendi í landinu eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þyki. Nú rekum við okkur á það að orka sem framleidd er af endurnýjanlegum orkugjöfum er orkan sem við viljum að taki við af jarðefnaeldsneytinu en þá verðum við líka að átta okkur á því að það er kannski ekki allt eins gott í þeim efnum heldur. Þar þurfum við að skoða gaumgæfilega hvað við erum að tala um.

Við sitjum á Alþingi Íslendinga sem fyrir tveimur árum felldi niður gjöld af pallbílum sem menn kaupa í auknum mæli til einkanota. Þessir bílar eru með gríðarlega aflmiklar vélar, skelfilega þungir og stórir bílar sem menn eru farnir að nota eins og jeppa. Þeir eru stærri en stóru jepparnir og við lækkuðum gjöld af þessum bifreiðum. Ég sem þingmaður flokks sem reynir að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og setur umhverfismálin í forgrunn hef rembst við að vinna þingmál í allan vetur þar sem ég hef reynt að afla upplýsinga úr fjármálaráðuneytinu, innan úr kerfinu, sem gera mér kleift að flytja þingmál þar sem við mundum vinda ofan af þessari vitleysu, þar sem við gætum tryggt að á stóru pallbílana yrðu lögð aftur full gjöld, vörugjald, tolla og bifreiðagjöld í samræmi við það hvað þeir eru neikvæðir út frá umhverfislegum sjónarmiðum. Það hefur ekki verið heiglum hent að ná þessum upplýsingum út úr kerfinu. Þó svo að fjármálaráðherra og fjármálaráðuneytið hafi yfir þessum upplýsingum að ráða og búi yfir þeim er staðan enn sú að pallbílarnir eru fluttir inn á þann hátt að menn geta mjög auðveldlega fengið þá ódýrari en eðlilegt gæti talist ef við ætlum í alvöru í vegferð til sjálfbærra samgangna.

Í tillögutextanum er talað um að markmiðin eigi að taka mið af Kyoto-sáttmálanum um losun gróðurhúsalofttegunda sem Ísland hefur staðfest. Mér þykir miður að sjá í þessari samgönguáætlun eingöngu talað um Kyoto-sáttmálann en ekki loftslagssamninginn. Samkvæmt Kyoto-bókuninni fengu Íslendingar endalausar heimildir umfram aðrar þjóðir til að losa gróðurhúsalofttegundir. Við vorum eina þjóðin sem fékk heimild til auka losun okkar um 10% miðað við viðmiðunarárið 1990 á sama tíma og krafa var sett á aðrar þjóðir um að draga úr losun. Við fengum aukningu. Þar að auki fengum við stóriðjuákvæðið upp á 1.600 þús. tonn frá stóriðju án þess að það kæmi inn í losunarbókhald þjóðarinnar.

Við erum að tala hér um Kyoto-sáttmálann sem mér finnst vera miður, við ættum að vera að tala um loftslagssamninginn. Samkvæmt loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna sem gerður var í Ríó 1992 erum við beinlínis skuldbundin til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en samkvæmt þeirri áætlun sem hér er til umfjöllunar er ekki annað að sjá en að menn þykist ætla að láta losunina frá bílaumferð verða minni en aukningu bifreiðanna. Menn tala eingöngu um það hér að það eigi að beita breyttri tækni, nýrri tækni, til að minnka losunina en það er ekki farið inn á þá braut sem ég hefði viljað sjá hér og ég tel vera meginstoðina í sjálfbærum samgöngum, þ.e. inn á braut öflugra almenningssamgangna og að auka veg hjólandi og gangandi vegfarenda í umferðinni. Þar finnst mér pottur brotinn hvað varðar þessa áætlun.

Hæstv. samgönguráðherra hefur lagt fram á Alþingi og mælt fyrir frumvarpi til vegalaga. Í 27. gr. þess frumvarps er fjallað um að heimilt sé í samgönguáætlun að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög. Þetta er nýmæli í stefnu núverandi ríkisstjórnar og, virðulegi forseti, ég fagna því og tel þetta að hluta til árangur af starfi sem hefur verið unnið hér í þingsölum, m.a. að mínu frumkvæði þar sem ég hef ár eftir ár flutt tillögu til þingsályktunar um að koma hjólreiðastígum inn í vegalög, skilgreina þá þar og auka veg þeirra til mikilla muna. Ásamt mér flytja þessa tillögu fulltrúar úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokknum og allir sem flytja tillöguna með mér eru úr umhverfisnefnd Alþingis. Ég hef talað fyrir tillögunni á einum þremur eða fjórum þingum og núna finnst mér eins og ég eygi ákveðinn árangur af þeirri baráttu með því að sjá hæstv. samgönguráðherra leggja fram vegalög þar sem gert er ráð fyrir að heimilt sé að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga. Ég fagna því að svo langt skuli komið þó að mér finnist að fara hefði mátt lengra út í að útfæra hugmyndina í frumvarpi til vegalaga. Svo sakna ég þess að þessi veigamikli þáttur hafi ekki meira rými í samgönguáætluninni því að þetta er eitt af meginatriðunum. Ef við ætlum í alvöru að stunda sjálfbærar samgöngur verðum við að auka hlut almenningssamgangna í umferðinni aftur. Við höfum dregið markvisst úr hlut almenningssamgangna þegar við skoðum samgöngur í dreifbýli, samgöngur milli þéttbýlisins á suðvesturhorninu og dreifbýlisins. Það eru allir hættir að taka rútuna norður, menn gera kröfur um að fá að skutlast yfir Kjöl og einhverja fjallvegi til að ferðin taki sem stystan tíma. Svo ferðast menn venjulega einn eða tveir í bílum og það engum venjulegum bílum, stórum bensínhákum sem

samrýmast ekki þeirri hugmyndafræði sem ríkisstjórnin lætur núna í veðri vaka að hún vilji taka upp.

Ríkisstjórnin verður að átta sig á því að ef við ætlum í alvöru að stíga þessi skref til sjálfbærra samgangna verðum við að vera sjálfum okkur samkvæm og viðurkenna að meginþættirnir í sjálfbærum samgöngum eru þeir að koma fleira fólki í færri ökutæki. Það gerum við með almenningsvögnum, með rútubílum, með því að auka veg hjólreiða og með því að ganga. Hæstv. samgönguráðherra á að vera kyndilberi í þessum efnum. Kyndillinn er við fótskör hans en hann á eftir að kveikja á honum og hefja hann til vegs, lyfta honum hátt á loft. Hann fengi okkur í Vinstri grænum öll í halarófuna og fullt af fólki sem bíður eftir því að ábyrgðarfull, stór og afdrifarík skref verði tekin í þessa veru. Ég brýni hæstv. samgönguráðherra til að ganga lengra en sú samgönguáætlun (Forseti hringir.) sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir.

[20:50]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki viss um að ég hafi neinn sérstakan áhuga á því að vera í einhverri halarófu á eftir Vinstri grænum. (Gripið fram í.) Ég vil hins vegar vekja athygli á því að í samgönguáætluninni er mikil áhersla lögð á almenningssamgöngur. Hafi þingmenn ekki tekið eftir því er ástæða til þess að þeir fari að gera það. Á fyrsta tímabili áætlunarinnar látum við 4,5 milljarða í ríkisstyrki til almenningssamgangna. Flutningar í flugi hafa verið að aukast. Við höfum stóraukið þjónustu ferjanna, ekki síst Herjólfs til Vestmannaeyja, og nú hefur það gerst eftir endurskipulagningu sérleyfanna í landinu að fólksflutningar með rútum eru að aukast. Ég get glatt hv. þingmenn með því.

Við erum því að leggja okkar af mörkum, m.a. með þeim áherslum sem eru í samgönguáætluninni og hafa verið í áherslum okkar í framkvæmd hvað þetta varðar. Ég tel að það sé af hinu góða að fólk nýti sér almenningssamgöngur þar sem þær eru aðgengilegar. Þess vegna legg ég svo ríka áherslu á að tryggja t.d. flugsamgöngur í landinu, og vænti þess að ég njóti stuðnings Vinstri grænna um það ekki síst þegar kemur að því að tryggja tiltekna flugvelli og festa þá í sessi.

[20:52]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað almenningssamgöngur varðar, sem hæstv. samgönguráðherra talar fyrir, er mest áhersla lögð á flugið samkvæmt því sem ég les úr áætluninni. Það er auðvitað eðlilegt. Við þurfum að komast á milli staða á skömmum tíma. Það er eðlilegt að í landi eins og okkar leggi fólk áherslu á að komast leiðar sinnar með flugi.

Ég tel hins vegar að almenningssamgöngur í vegakerfinu okkar þurfi að skoða betur. Í fljótu bragði sé ég ekki að menn séu að setja sér einhver tímasett markmið um það hvernig endurreisa eigi langferðabifreiðarnar t.d. Ég hef ekki rekist á hugmyndir t.d. um raflestir. Hvað segja menn um raflestir á milli staða á þéttbýlissvæðinu? Af hverju könnum við ekki möguleika á því að leggja raflest á höfuðborgarsvæðinu? (**Gripið fram í:** Þá þurfum við að virkja meira.) Þá þurfum við að virkja meira, segir hv. formaður samgöngunefndar. Þá skulum við líka ræða hvort ekki sé skynsamlegra að virkja til þess að setja á stofn raflestir frekar en að virkja fyrir mengandi og eimyrjuspúandi stóriðju. Þá værum við að tala um að nýta orkugjafa okkar á umhverfisvænan hátt. Þá værum við ekki í þeim tvískinnungi sem mér finnst núverandi ríkisstjórn svo oft lenda í.

Hún vill vel í orði kveðnu. Ég sé að ákveðin áform eru ný af nálinni hjá núverandi ríkisstjórn en það ristir ekki nægilega djúpt af því að menn átta sig ekki á grunnprinsippunum. Við verðum umfram allt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Við gerum það ekki nema auka hlut þeirra ökutækja sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum, t.d. eins og rafmagni, og með því að auka hlut gangandi og hjólandi í umferðinni og efla almenningssamgöngur til mikilla muna.

[20:54]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hjó sérstaklega eftir því að hv. þingmaður Vinstri grænna talaði um að það væri allt í lagi að fara í virkjanir ef orkan yrði nýtt til að framleiða t.d. rafmagn vegna rafmagnsfarartækja eða rafmagnsjárnbrautalesta eða hvað við köllum það. Það er merkilegt út af fyrir sig.

Í upphafi ræðu sinnar, þegar hún vitnaði í tillögu til þingsályktunar, las hún upp úr kafla 1.3, Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur, og vísaði í a og b-lið þeirrar greinar. Síðan varð lesturinn ekki lengri. Rétt er að benda hv. þingmanni á að á bls. 3 í þessari gagnmerku tillögu til þingsályktunar segir svo, með leyfi forseta, í b-lið:

„Skattlagning eignarhalds og notkunar bíla svo að neyslugrannir bílar, tvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er.“

Þarna er stigið verulegt spor í þessari framsæknu tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun. Það er því horft til margra átta hvað þetta varðar. Ég bendi líka á það sem fram hefur komið í umræðum að í fyrsta skipti er sérstaklega getið um göngustíga og hjólreiðastíga sem hv. þingmaður hefur oft talað um. Ég er sannfærður um að það er Vinstri grænum mikið fagnaðarefni. Mér sýnist því að það sé að verða alveg omvent við það sem þingmaðurinn sagði áðan, að líklega verði þau í halarófu á eftir Sjálfstæðisflokknum eftir að hafa lesið þingsályktunartillöguna vel.

[20:56]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, það er alveg rétt hjá hv. þingmanni, leiðirnar til aðgerða til að ná markmiðum um sjálfbærni í samgöngunum, það er mjög margt þar sem má taka undir. Ég fagna sannarlega, og gerði það í ræðu minni, þeirri áherslubreytingu sem er að verða í málflutningi samgönguráðherra varðandi hjólreiðastígana. Ég fagna því, og ég meina það af einlægni, að það er að verða breyting. Við verðum líka að tryggja að hún risti nægilega djúpt til að hægt sé að segja að við séum sjálfum okkur samkvæm.

Í textanum, sem hv. þingmaður vitnaði til, segir að í lok áætlunartímabilsins, 2018, verði notkun vistvæns eldsneytis

20% af heildarnotkun í samgöngum. En það segir ekkert um það að á næstu 10–20 árum verði dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum um 20 eða 30% eins og Evrópusambandið stefnir að. Evrópusambandið setur ýtrustu kröfur núna við 30% á næstu 20 árum sem þeir ætla að draga úr losun frá samgöngum. Hér er ekkert slíkt markmið. Við erum því ekki að stíga þau skref sem nágrannaþjóðir okkar eru að stíga þó svo að við séum að fikra okkur í áttina að þeim.

Ég fagna þeirri breytingu sem er komin á þennan pappír. Ég fagna þeim nýmælum sem hér eru frá fyrri samgönguáætlunum, en eins og ég segi: Við þurfum að gera betur, stíga stærri skref, tryggja að þau risti dýpra þannig að hægt sé að segja að við séum algerlega sjálfum okkur samkvæm.

[20:58]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mjög eðlilegt að svo sé haldið á málum sem þessi texti segir til um. Við þekkjum það á Alþingi að margar nefndir hafa verið settar á laggirnar, skilað af sér langri skýrslu og sagt að svona og svona skuli umhverfið verða eftir þetta mörg ár. Það hefur ekkert staðist. Eigum við að nefna t.d. skýrsluna um Vímulaust Ísland árið 2000. (Gripið fram í.) Fleiri skýrslur mætti taka til. Við höfum heilsufarsáætlun, heilbrigði barna varðandi tennur o.s.frv. Í þessari skýrslu er tekið á málunum á þann veg að þegar framvinda verður í áætlun samgönguráðherra mun það leiða til þess sem hér segir, þ.e. að keyptar verði bifreiðar sem menga minna.

Ég vil einnig geta þess, hv. þingmanni til ánægju, að umræddir göngu- og hjólreiðastígar munu leiða til þess að hv. samgöngunefnd mun skoða alvarlega þá þingsályktunartillögu sem hún hefur flutt um að auka hraða vélknúinna hjóla úr 15 km upp í 25.

[21:00]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að hv. formaður samgöngunefndar skuli muna eftir tillögu minni um að breyta umferðarlögum á þann veg að reiðhjól með hjálparmótor fái aukið svigrúm úr 15 km hámarkshraða upp í 25 km hámarkshraða. Ég held það gæti orðið veruleg búbót fyrir okkur hér á höfuðborgarsvæðinu ef við fengjum reiðhjól með litlum hjálparmótorum sem kæmust upp í 25 km hraða. Ég sé fyrir mér fjöldann allan, segjum bara, af eldri borgurum, fólki sem vill hreyfa sig en fer kannski ekki í líkamsræktarstöðvarnar á hverjum degi. Það gæti fengið sér svona reiðhjól með hjálparmótor og notað það til að fara upp brekkuna og svo hjólað að öðru leyti. Þetta fólk gæti þá lagt einkabílnum.

Ég held að Sjálfstæðisflokkurinn þurfi að fara að átta sig á því að við rekum ekki sjálfbærar samgöngur á Íslandi öðruvísi en að draga úr notkun einkabílsins. Sjálfstæðismenn þurfa að átta sig á því að þeir þurfa að þora segja: Drögum úr notkun einkabílsins. Fækkum einkabílum í umferð. (Gripið fram í.) Mér finnst það ekki endurspeglast í samgönguáætluninni. Hún gengur út á það að við notum öðruvísi einkabíla, þ.e. þá sem ganga fyrir vistvænni orkugjöfum.

Gott og vel. Það er skref í áttina. En þegar öllu er á botninn hvolft náum við ekki sjálfbæru samgöngumynstri nema við drögum verulega úr fjölda einkabíla. Við þurfum að þora að segja það. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (JónK): Ég ætla að biðja menn um að hafa hljóð í salnum.)

[21:02]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er kannski rétt að bæta aðeins í þessi orðaskipti sem var að ljúka núna. Hvorki hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir né hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson mundu eftir því að á haustdögum var flutt mál um það að gefa eftir sérstaka tolla og ýmsar álögur á innflutning á bílum sem nota aðra orkugjafa en bensín. Og hvað? Stjórnarandstaðan lagði til að það tímabil sem heimildin átti að ná til yrði lengt til þess að fólk sem var að kaupa sér bíla hefði tryggingu fyrir því að þetta gilti einhver ár fram í tímann. Svo koma menn og flytja samgönguáætlun og hreykja sér af einhverri stefnumótun. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson. Það var fellt af stjórnarliðum að móta stefnu næstu þrjú árin þannig að fólk gæti gengið að því sem vísu að þetta gilti einhvern tíma. Menn gætu sem sagt farið að kaupa sér rafmagnsbíl eða tvinnbíl og þess vegna endurnýjað hann eftir ár ef þeim líkaði hann vel, eða tvö ár. Ekki var tekið undir þessa stefnumótun stjórnarandstöðunnar þá, að lengja þetta tímabil. Ég vil minna á þetta af því menn voru að tala um að þeir væru að móta stefnu fyrir framtíðina varðandi mengunarmál. Menn þurfa að muna frá desember til loka febrúar hvað var gert í þessum sal.

Hæstv. forseti. Ég held nú seinni ræðu mína um þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018. Ég fór áður nokkrum orðum um að ég teldi að leggja ætti meiri áherslu á jarðgangagerð þar sem því yrði viðkomið, vegna þess að með gerð jarðganga værum við yfirleitt að velja leiðir sem yrðu til mikillar styttingar vegalengda á milli staða. Fyrir utan það að reynsla okkar af jarðgöngum, hvort sem það eru Hvalfjarðargöng, Ólafsfjarðargöng, Vestfjarðagöng, núna Almannaskarð, Strákagöng, Fáskrúðsfjarðargöng, er á einn veg. Þau eru mjög öruggar akstursleiðir. Þau skapa umferðaröryggi. Þau teppast ekki af snjó- eða skriðuföllum eða veðurfari. Leiðirnar að þeim gera það vissulega í sumum tilfellum. Þar eru Norðfjarðargöngin nærtækust enda í mjög mikilli hæð yfir sjó.

Það hefur verið sérstakt áhugamál okkar í Frjálslynda flokknum að menn tækju hraðari skref varðandi jarðgangaáætlun, settu fram verkþætti og gengju hraðar til þeirra verka að gera þau jarðgöng á Íslandi sem við þurfum að gera til að ná varanlegum samgöngubótum. Við höfum reynsluna. Við erum búin að sjá að viðhaldskostnaður í jarðgöngum, eins og Vestfjarðagöngum og Hvalfjarðargöngum, er ótrúlega lítill ef miðað er við aðra vegaspotta, t.d. Óshlíðina, þar sem viðhaldskostnaður er 900 millj. kr. á nokkrum árum. Þess má geta að viðhaldskostnaður í Vestfjarðagöngum — nú veit ég að hv. þm. Halldór Blöndal leggur við hlustirnar, við vorum saman við opnunina hér um árið — er 82 millj. kr. síðan þau voru opnuð.

Það er ekki verið að tala um neina smáaura, hæstv. forseti, þegar við veltum því fyrir okkur hvort lausnir eru hag-

kvæmar. Þegar búið er að gera slíkar leiðir, og það veit ég að Akureyringar eiga eftir að upplifa þegar þeir fá göngin undir Vaðlaheiði, finna menn líka að verið er að gjörbreyta samgöngum á viðkomandi landsvæðum, samskiptum fólks og öllu félagsstarfi, ég tala nú ekki um aðgengi að þjónustu. Slíkar samgöngubætur styrkja hinar dreifðu byggðir sem þá færast með örskotsshraða nær þéttbýlisstöðunum og menn eiga miklu betra með að nýta sér alla þjónustu.

Ég sagði það í fyrri ræðu minni í dag að vissulega væru nokkrir staðir á landinu sem þyrftu meira á þessu að halda en aðrir. Ég nefndi fjöllótt landslag Vestfjarða í því sambandi. Ég nefndi fjöllótt landslag Austfjarða. Norðausturhornið. Ég nefni Vaðlaheiði sem dæmi um framkvæmd sem örugglega mun skila miklum arði. Ég hef líka nefnt, og að því hefur beinlínis verið vikið í flutningi sérstaks máls um stefnu í láglendisvegum, sem Frjálslyndi flokkurinn hefur flutt þrjú ár í röð, að það væri afar góð leið til framtíðar litið að gera jarðgöng undir Kollafjarðarheiði í Djúpi og komast þannig á láglendisvegi frá norðurhluta Vestfjarða inn á hringveginn og til Reykjavíkur. (**Gripið fram í:** Hvaða ...) Það fer eftir því hversu vel menn nýta dalbotnana.

Í fyrsta lagi er það Múladalur sem á eftir að nýta. Síðan er hægt að nýta Austurárdal sem gengur inn úr Múladal og síðan er hægt að nota botninn á Fjarðarhornsdal á móti í Kollafirði. Ef það væri nýtt alveg að fullu, og við erum að tala um göng í 200–250 metra hæð yfir sjó, værum við sennilega að tala um fimm kílómetra göng. En þetta þurfa menn að rannsaka, bæði út frá jarð- og snjóalögum, hvar gangamunnar eiga að vera á svona svæði. En ég hygg að þegar menn sjá þverunina yfir Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð, og hina örstuttu akstursleið sem þá verður vestur í Kollafjörð, muni mörgum svíða í Djúpi, þegar þeir eru hinum megin við Kollafjarðarheiðina, komnir á láglendisvegi inn í botninn á Ísafjarðardjúpi en eiga þá eftir að keyra út allan Ísafjörð til að fara yfir Steingrímsfjarðarheiði og þá ef til vill vonandi, ef sú leið verður komin, að fara yfir Arnkötludal og aftur yfir í Dali í stað þess að geta jafnvel farið undir Kollafjarðarheiði á tiltölulega skömmum tíma. Við erum að tala um verulega styttingu.

En ég hef sagt, hæstv. forseti, að þetta kemur ekki til framkvæmda fyrr en búið er að tengja Dýrafjörð og Arnarfjörð með jarðgöngum. Það er alveg frumskilyrði að ná saman byggðinni á Vestfjörðum í eitt þjónustu- og samgöngusvæði. Menn verða að horfa á það sem markmið að klára það áður en menn fara að hugsa til annarra hluta. Þess vegna hefði ég gjarnan viljað sjá að byrjunin á Dýrafjarðargöngunum væri á tímabilinu 2007–2010, en ekki eftir 2011.

Þetta voru ábendingar um stefnuna almennt varðandi jarðgangagerð. Við skulum líka horfa til umferðaröryggis. Ég held að ég muni það rétt að ekkert alvarlegt slys hafi orðið í Hvalfjarðargöngunum. Ég held ég muni það líka rétt að ekkert alvarlegt slys hafi orðið í Vestfjarðagöngunum. Ég hygg að engin alvarleg slys hafi orðið í göngunum undir Almannaskarð og væntanlega verða þau ekki heldur í Fáskrúðsfjarðargöngum. Í tvíbreiðum göngum, sem væntanlega verða lögð í framtíðinni, þó það hafi ekki verið að öllu leyti í Vestfjarðagöngunum, hygg ég að við séum að bæta umferðaröryggið geysilega mikið.

Það er líka verið að draga úr viðhaldi miðað við það sem áður var. Við erum að stytta ferðatímann og við erum að minnka eldsneytisnotkun. Allt þetta fáum við með tengingu byggðanna. Ekki er vanþörf á því að fjöldamargar byggðir eiga undir högg að sækja. Í nýlegri samantekt um mannfjölda og byggðaþróun á Íslandi 1997–2006 er kort sem sýnir hin svörtu svæði. Hin svörtu svæði þar sem meira en 10% fækkun íbúa hefur átt sér stað á því tímabili. Það er norðausturhornið austan Akureyrar og alveg til Vopnafjarðar. Það er Norðvesturland, vestan Skagafjarðar. Það eru Vestfirðirnir nánast allir og Dalir og vestur á Snæfellsnes. Síðan er það austurhluti Suðurlands allt til Austfjarða, norður fyrir Breiðdalsvík að minnsta kosti.

Þetta er það sem við horfum á og við vitum það vel. Þó að ýmislegt annað hafi áhrif á byggðaþróun en góðar samgöngur hafa þær áhrif á viðhorf manna til hinna einstöku byggða. Það er einfaldlega þannig að almennt fækkar fólki í þessum byggðakjörnum nema á höfuðborgarsvæðinu og í nálægum byggðum, þ.e. frá Þjórsá og í Borgarfjörð, eins og segir í skýrslunni. Bent er á að vegna sérstakra aðstæðna á Austurlandi er í þremur sveitarfélögum, Fljótsdalshreppi, Fljótsdalshéraði og Fjarðabyggð, mikill fjöldi erlendra verkamanna um þessar mundir. Þeim mun væntanlega fækka allverulega þegar framkvæmdum lýkur þó vissulega muni eitthvað af því fólki sem hefur kynnst Íslandi vilja setjast hér að.

Þannig er það, hæstv. forseti. Hæstv. samgönguráðherra sagði í dag að ekki ætti að hefja framkvæmdir við jarðgöng hverja á eftir annarri heldur væru sumar af þessum framkvæmdum á sama tímabilinu. Það kann að vera rétt eins og þetta er uppsett hér í áætluninni, a.m.k. að því er varðar Austfirði. Gert er ráð fyrir að vinna við Norðfjarðargöng og Lónsheiðargöng geti hafist á sama tímabilinu, það er á tímabilinu 2011–2014. En ef maður hins vegar les viðtal við hæstv. samgönguráðherra í Morgunblaðinu í dag þá raðar hann, með leyfi forseta, þessu upp með eftirfarandi hætti:

„Að sögn Sturlu verður röð jarðgangagerðar á næstu árum þessi: Bolungarvíkurgöngin eru næst á dagskrá og í beinu framhaldi af Héðinsfjarðargöngum kemur að gerð jarðganga til Norðfjarðar. En þau verða boðin út árið 2009. Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar verða boðin út í beinu framhaldi af gerð jarðganga um Óshlíð. Þessi fjögur verkefni verða því í samfelldri röð og þar á eftir eru svo fyrirhuguð göng undir Lónsheiði."

Ef maður les í þessi orð er hugsun ráðherrans, hvernig svo sem hlutirnir eru settir fram í samgönguáætlun, sú að þessi útboð og vinnsla og verkþættir hefjist hver á eftir öðrum. Þetta eru hans eigin orð í viðtali við Morgunblaðið. Varla platar ráðherrann Morgunblaðið og varla hefur Morgunblaðið rangt eftir ráðherranum.

Síðan er vikið að Sundabraut, sem vissulega er nauðsynleg, og Vaðlaheiðargöngum. Einnig er minnst á göng undir Öskjuhlíð, sem ég ræddi örlítið um í dag í sambandi við samgöngumiðstöðina. En þannig er þetta.

Ég hefði talið, hæstv. forseti, út frá þeirri reynslu sem við búum að af jarðgöngum, að við ættum að hafa áfanga í gerð jarðganga hraðari. Aðrar þjóðir sem lifa í hálendi, Færeyingar, Norðmenn, völdu þessa leið til að leysa samgöngumálin. Við þurfum ekki endalaust að bíða eftir því að

læra af sjálfum okkur. Við getum horft á hvað aðrir hafa gert og hvernig þeir hafa leyst sín samgöngumál. Við höfum séð það af reynslunni af jarðgöngum hér á landi að þau eru tvímælalaust ein öruggasta leiðin fyrir utan að þau ná yfirleitt fram mestri styttingu á milli staða. Ég veit að ég þarf ekki að kenna þeim þingmönnum sem eru í salnum neitt um það, þeir þekkja það jafn vel og ég.

Ég ætlaði að ræða margt fleira. Ég ætlaði m.a. að víkja að strandsiglingunum. En það er nú með þennan blessaða tíma, hann æðir áfram. Við í Frjálslynda flokknum, sá er hér stendur og hv. þm. Sigurjón Þórðarson, höfum verið samflutningsmenn félaga okkar í Vinstri grænum um að styðja það að tekin verði upp sú aðferð að bjóða út ákveðnar leiðir með ríkisstyrk þar sem strandsiglingar verði hafnar á nýjan leik. Við leggjum þetta til til að minnka álagið á þjóðvegunum og reyna eftir fremsta megni að koma þeim flutningum sem ekki beinlínis þurfa að vera á vegakerfi landsins um borð í skipin á nýjan leik. Þá erum við helst að tala um ýmsa þungavöru o.s.frv. Maður er nú þegar farinn að sjá að farið er að keyra bensín og olíu eftir öllu þjóðvegakerfi landsins, frá Reykjavík og jafnvel til Vestfjarða, og sement er verið að keyra þá sömu leið.

Hæstv. forseti. Á þjóðvegunum er margt á ferðinni sem gæti verið um borð í skipum, og þyrfti ekki að kosta mikið að styrkja slíka flutninga og koma þeim á á nýjan leik. Það þarf samt að bjóða út einhverjar flutningsleiðir. Tíma mínum er lokið og lýk ég máli mínu í bili.

[21:17]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski tvennt sem vakti athygli mína fyrst og fremst í ræðu hv. þingmanns, annars vegar sú áhersla sem hv. þingmaður lagði á jarðgöng í fyrsta lagi frá Dýrafirði í Arnarfjörð og hins vegar úr Djúpi undir Kollafjörð. Hann hefur hér, ef ég man rétt, flutt sennilega þingsályktunartillögu frekar en fyrirspurn um jarðgöng úr Arnardal, má ég segja, til Súðavíkur og rökstuddi hana með því hversu hættulegur sá vegur væri. Jafnframt hafa verið fluttar hér tillögur og fyrirspurnir um jarðgöng undir Bröttubrekku. Það er greinilega ýmislegt eftir og veitir ekki af að veita mikla peninga til Vestfjarða til að koma þessu öllu í höfn svo að um það eruð þið sammála, þú og hæstv. samgönguráðherra, að mæta þurfi þessum miklu kröfum.

Auðvitað er það rétt hjá hv. þingmanni að jarðgöng eru mikil samgöngubót enda hef ég mjög verið gagnrýndur fyrir þá áherslu sem ég lagði á að halda Siglufirði í byggð.

Ég spyr hv. þingmann um Héðinsfjarðargöng, hvort hann hugsi sér að verja eins miklu fé og þarf til að strandflutningar hefjist á ný með skipum eða hefur hann hugsað sér að það verði að takmarka styrkinn miðað við einhverja viðmiðun sem hann hefur í huga.

[21:19]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gefið mál, hv. þm. Halldór Blöndal, að það verður að takmarka styrkinn og gefa upp einhverjar tölur miðað við ákveðna siglingaleið og svo ræðst það hverjir treysta sér til að reka útgerð skipa miðað við þær forsendur sem gefnar eru. Væntanlega þarf þetta reikningsdæmi að vera þannig að það sé líklegt að menn vilji sækja í þetta alveg eins og menn leita eftir samningum um flugleiðir þar sem flugsamgöngum þarf að halda við.

Varðandi það sem hv. þingmaður talaði um jarðgöng er það rétt, við í Frjálslynda flokknum höfum flutt tillögu til þingsályktunar um jarðgöng. Í greinargerð með tillögu okkar sem er á þskj. 15 er fyrirspurn hv. þingmanns svarað, með leyfi forseta.

„Öllum er ljóst eftir reynsluna af Vestfjarða- og Hvalfjarðargöngum hvaða hag menn hafa af svo öruggum þjóðvegum, styttri leiðum milli staða og landsvæða, sem og tíma- og eldsneytissparnaði sem fylgir varanlegum samgöngubótum sem endast í áratugi og aldir. Gefin var út áætlun um jarðgöng í janúar árið 2000 og lagt til að hún yrði endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Þar eru talin upp 24 jarðgangaverkefni. Þegar hefur verið unnið að gerð nýrra, góðra fjallvega um Klettsháls, Bröttubrekku og Vatnaleið (í stað leiðarinnar Staðarsveit – Kolgrafarfjörður) og lokið er gerð jarðganga undir Almannaskarð og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Svokölluð Héðinsfjarðargöng eru nú komin á framkvæmdastig og láglendisvegur verður lagður yfir Mjóafjörð í Djúpi um Reykjanes. Göng undir Eyrarfjall í Djúpi verða þar af leiðandi ekki á dagskrá."

Þetta svarar væntanlega fyrirspurn hv. þingmanns. Auðvitað erum við ekki að biðja um göng þar sem nýbúið er að leggja vegi.

[21:21]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi koma enn frekar inn á varðandi þessa langtímasamgönguáætlun, um sértækari atriði þó að þær grunnlínur og sú stefnumörkun sem verið er að taka í samgöngumálum í sjálfu sér þegar við fjöllum um þessa langtímaáætlum séu náttúrlega fyrst og fremst til umræðu.

Ég vil fyrst gera hér að umræðuefni hversu brýnt það er að ráðast í stórátak, raunverulegt stórátak í samgöngumálum í landinu. Samgöngur hafa verið sveltar. Þessi málaflokkur hefur verið sveltur miðað við þá gríðarlegu vaxandi þörf sem hefur stöðugt þrýst á varðandi samgöngur.

Ekki aðeins hefur litlu fjármagni verið varið til samgangna á síðustu árum heldur hafa samgöngur og vegaframkvæmdir verið notaðar til að skera niður og hagræða niðurstöðutölum í fjárlögum hjá þessari ríkisstjórn, einmitt gengið á samgöngurnar og þá ekki síst úti um land.

Allt hefur þetta verið gert ekki síst af þeim ástæðum að ríkisstjórnin hefur lagt ofuráherslu á stóriðju, álbræðslur og stórvirkjanir. Öllu skyldi nánast fórnað í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar fyrir þessi markmið ríkisstjórnarinnar. Nú síðast, eins og við höfum rifjað rækilega upp í dag, var á miðju sumri lýst yfir framkvæmdastoppi á vegaframkvæmdum víða um land til að mæta stóriðjuþenslunni sem var þó fyrirsjáanleg allan tímann.

Þess vegna er alveg ljóst að við ráðumst ekki í það stórátak sem þörf er á í vega- og samgöngumálum ef stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar heldur fram sem hún hefur gert til þessa.

Þær hugmyndir eru uppi að hér verði reist á allra næstu árum álver með tilheyrandi virkjunum á Húsavík, álver

með tilheyrandi stækkun í Straumsvík, álver í Helguvík. Menn tala um enn þá fleiri álver, en þessi þrjú álver eru á framkvæmdaborðinu og ríkisstjórnin hefur sagt að það sé hennar markmið að því verði fylgt eftir.

Við erum hér að tala um hundruð milljarða króna framkvæmdir á stuttum tíma. Við erum að tala um að fjárfestingar varðandi þessi þrjú álver geti numið á milli 400 og 500 milljörðum kr. Það gefur augaleið að það verður ekki pláss fyrir eitthvert stórátak í samgöngumálum ef þessi stefna ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga. Ekki bara eitt, tvö eða þrjú álver, það er ekkert pláss fyrir þessi álver í framkvæmdum á næstu árum ef við ætlum að ná því stórátaki sem við viljum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að gert verði í vegamálum.

Mér finnst ánægjulegt að heyra að fleiri flokkar eru orðnir sama sinnis. Hér koma orðið einstaka þingmenn Samfylkingarinnar sem hafa margir áður stutt stóriðjuframkvæmdirnar og lýsa því yfir að þeir styðji nú að minnsta kosti frestun á einhverri þessara framkvæmda til að rýma fyrir vegaframkvæmdum. Mér finnst það vera mjög mikið í áttina.

Þetta er hinn kaldi raunveruleiki fyrir utan hin ofboðslegu umhverfisáhrif. Álver á Bakka við Húsavík krefst ekki aðeins virkjana háhitasvæðanna á Þeistareykjum, heldur einnig virkjana í Skjálfandafljóti og Skagafirði. Það sagði forstöðumaður þess fyrirtækis að hann mundi ekki fara í gang með það fyrr en hann ætti möguleika á að stækka það álver í 400 þús. tonn. Það liggur alveg fyrir. Ef aðrir halda einhverju öðru fram eru þeir að blekkja sjálfa sig og aðra.

Þetta er hinn kaldi raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir og meðan ríkisstjórnin hér með forsætisráðherrann í broddi fylkingar talar fyrir óbreyttri stóriðjustefnu — við þekkjum Framsóknarflokkinn og ætlumst ekki til þess að Framsóknarflokkurinn bakki í stóriðjustefnunni. Hann hefur verið mjög afdráttarlaus í stóriðju- og virkjanastefnu á undanförnum árum og ekki er hægt að búast við að hann slái þar af — en forsætisráðherra Sjálfstæðisflokksins, þar sem stundum er boðað að einhverjir þingmenn innan þess flokks séu ekki jafneldheitir stuðningsmenn stóriðjustefnunnar og áður var, heldur sig samt fast við það, situr við sinn keip og hið sama gera aðrir forustumenn flokksins. Það verður ekki keyrt saman hér stórátak í samgöngumálum og stóriðju- og virkjanastefna ríkisstjórnarinnar. Það sér hvert heilvita mannsbarn. Aðrir væru að blekkja sjálfa sig sem þættust ekki sjá það.

Það er ánægjulegt að fleiri þingflokkar, fleiri þingmenn taki undir þetta að hluta eða öllu leyti, þessar áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég vona að það verði vaxandi stuðningur við þessi sjónarmið okkar þannig að heilu þingflokkarnir í öðrum stjórnmálaflokkum geti stutt okkur í þeim efnum.

Ég vil aðeins víkja að einkaframkvæmdunum og því sem við höfum áður verið að tala um vegna þeirra áforma. Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar þar sem hann varaði við oftrú á einkaframkvæmdum, það yrði að ætla sem sitt pláss í vegáætlun og það yrði að vera tryggt að hún væri hagkvæmari en önnur framkvæmd og vegirnir ættu að vera í eigu þjóðarinnar. Mér fannst koma fram mjög ágæt áhersla hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni og tek undir hana. Hins vegar er samgönguráðherra mun loðnari í sínum yfirlýsingum þegar hann fjallar hér um málið.

Varðandi Hvalfjarðargöngin voru þau á sínum tíma gerð við allt aðrar aðstæður en nú er. Þá var skortur á fjármagni og erfitt að ná í það. Þá var ekki þensla í samfélaginu í sjálfu sér. Sú leið var þá farin að fara í svokallaða einkaframkvæmd. Engu að síður mynduðu opinberir aðilar félag um þessa framkvæmd og innan einhvers skilgreinds tíma átti hún aftur að renna til þjóðarinnar. Við erum sammála um að þessi lántaka hafi verið afar óheppileg og mjög dýr.

En það á samt ekki að útiloka það að einhvern tímann hljóti að koma að því að ekki sé lengur réttlætanlegt að skattleggja fólk sem fer um Hvalfjarðargöngin. Það ætti ekki að vera lengur heimilt.

Svo sjáum við hér einhvers konar samþykkt um að fulltrúar Spalar og Vegagerðarinnar hafi verið að gera samkomulag um að Spölur taki að sér undirbúning að vegalagningu annars staðar, jafnvel nýjum göngum eða lagningu Sundabrautar, breikkun vega á Kjalarnesi o.s.frv. og það notað sem forsenda fyrir því að lækka ekki veggjaldið í gegnum Hvalfjarðargöngin.

Er nú sanngjarnt að þessi eina leið, önnur leið inn til Reykjavíkur, sé skattlögð? Þó að menn séu að tala um einkaframkvæmdir á veginum milli Reykjavíkur og Selfoss, sem ég er andvígur að eigi að vera í einkaframkvæmd ef ríkið á að leggja þann veg af þeim myndarskap sem það hefur fyllilega efni á og getur, er samt ekki ætlunin að taka sérstaka vegtolla. Ef það verður einkaframkvæmdarfyrirtæki er ætlunin að það fái fjármagn með öðrum hætti. Þess vegna eru engin rök fyrir því að mínu viti að halda áfram gjaldtökunni við Hvalfjarðargöngin. Rökin sem áður voru, að hægt væri að fara hringinn í kringum Hvalfjörð og þess vegna væru menn ekki nauðbeygðir til að fara í gegnum göngin, eru raunverulega ekki lengur til staðar. Þetta er samgönguleiðin.

Ég tel því að þegar tekin er ákvörðun um að vera með óbreytt veggjald hér til 2018 — í frétt frá 18. janúar sl. stendur að eigendur Spalar geri ráð fyrir óbreyttu veggjaldi til. 2018. Er það satt, hæstv. samgönguráðherra? Og hver samþykkir það? — sé það fullkomið sanngirnismál, fullkomin jafnræðiskrafa, að veggjöldin í Hvalfjarðargöngin verði lögð niður og að fólk geti ekið þau eins og aðra þjóðvegi landsins.

Ég held að við ættum að leggja sérstaka áherslu á það við afgreiðslu samgönguáætlunarinnar að tími veggjaldanna í gegnum Hvalfjarðargöngin sé í rauninni liðinn og viðurkenna og staðfesta að þetta er bara hluti af hinu almenna samgöngukerfi landsins og eigi ekki að vera skattlagt umfram annað.

Hér er ýmislegt fleira sem mætti minnast á. Ég hef flutt ítrekað tillögu um sérstakt átak í uppbyggingu á svokölluðum héraðsvegum eða sveitavegum, safn- og tengivegum, vegum sem liggja inn til dala og út til stranda. Þetta eru lífæðar byggða um land allt, þessir vegir. Þeir hafa svo sannarlega ekki fengið fjármagn til jafns við aðra vegi í landinu á undanförnum árum. En þetta skiptir alveg gríðarlega miklu máli fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu í byggðum landsins. Fólk þarf að aka börnum æ lengri veg til

skóla, fólk sækir vinnu til og frá bæjum og heimilum um lengri veg. Ferðaþjónustan, flutningar, allt þetta krefst betri vega. Ég held að það sé ekki ofsögum sagt að þau bréf sem einstakir þingmenn fá frá einstaklingum, heimilum, sveitarfélögum og félögum vítt og breitt um landið lúti ekki hvað síst að þessum vegum.

Þetta er ekki stór þrýstihópur. Þetta er ekki þrýstihópur sem getur fyllt heilt samkomuhús hvort sem er á Suðurnesjum eða annars staðar og beitt samgönguráðherra þannig þrýstingi að hann kikni undan. Nei, þetta eru íbúar dreifðir um allt land. Byggð og búsetu um land allt skiptir máli að þarna sé gert stórátak.

Vissulega er nokkuð bætt í þá vegáætlun sem hérna liggur fyrir. Samt er það allt of lítið miðað við þá gríðarlegu þörf sem hefur safnast upp varðandi þessa sveitavegi. Þó að viðleitni sé í þessari áætlun til að koma til móts við þörfina er hún allt of lítil. Þessi vegaflokkur, safn- og tengivegir, vegirnir inn til dala og út til stranda, hefur svo sannarlega verið sveltur á undanförnum árum. Ég mundi leggja hér til að enn betur yrði tekið á varðandi fjármagn til þessara vega vítt og breitt um sveitir landsins.

Það er fagnaðarefni með jarðgöngin um Óshlíð. Ég minni á að í þeim valkostum sem nú eru uppi var íbúunum ekki þökkuð krafan þegar þeir sögðu: Við viljum fá almennileg jarðgöng en ekki bara einhverja krákustíga inn í hlíðina, eins og ríkisstjórnin vildi. Þeir voru snupraðir fyrir þegar þeir söfnuðu undirskriftum og skoruðu á samgönguyfirvöld að taka á málinu með alvöru. Sú tillaga sem varð ofan á er kannski ekki hvað síst til komin vegna þrýstings íbúanna í Bolungarvík, Ísafirði og Súðavík. Ég spyr um göngin til Súðavíkur. Ég sé þau hvergi hér á áætlun. Það hefði verið eðlilegt að þau hefðu komið inn á áætlun líka þarna. (Forseti hringir.) Svo sannarlega er hægt að gera auknar samgöngubætur með jarðgöngum.

Frú forseti. (Forseti hringir.) Ég kemst ekki lengra að sinni.

[21:37]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hv. þm. Jóni Bjarnasyni að það var kannski hæpið á sínum tíma að fara Óshlíðina. En þegar verið var að ræða þetta upp úr 1980 og farið var í Óvegina, þ.e. vegirnir um Óshlíð, Ólafsfjarðarmúla og Ólafsvíkurenni, þá stóðu þingmenn Vestfirðinga frammi fyrir því hvort þeir gætu sætt sig við að fá jarðgöng á eftir Ólafsfirðingum sem voru innilokaðir á þeim tíma eða vildu vera á undan og fara Óshlíðina. Þeir tóku Óshlíðina fram yfir göng á þeim tíma. Síðan hefur mjög miklu fjármagni verið varið til að reyna að verja þann veg, eins og hv. þingmaður veit, og hvergi sparað fé. Það er því síður en svo að ekki hafi verið vel staðið að því að tryggja Bolvíkingum leiðina.

Hv. þingmaður fann mjög að því að veggjald skyldi tekið upp í Hvalfjarðargöngum. Það er út af fyrir sig sjónarmið sérstaklega með hliðsjón af því að sú aðferð var tekin upp fyrst af formanni Vinstri grænna, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Þegar ég settist í samgönguráðuneytið 1991 lá fyrir hjá Vegagerðinni nákvæm sundurgreining á því hvernig leggja ætti veggjald á menn sem ferðuðust á höfuðborgarsvæðinu, t.d. frá Seltjarnarnesi til Reykjavíkur. Þetta var auðvitað mjög fróðleg ritgerð en ég held að við höfum báðir gert okkur grein fyrir því, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að þetta væri ekki leiðin til lífsins en þetta voru vangaveltur um það hvernig rétt væri að leggja vegtolla á til þess að reyna að tryggja nægilegt fé til endurbóta á höfuðborgarsvæðinu því þjóðin var í sárum eftir vinstri stjórn.

[21:39]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hægt að snúa þessari setningu hv. þingmanns upp á að þjóðin sé í sárum eftir að sitja uppi með þessa hægri stjórn og hve lítið hefur verið gert í vegamálum. Það sem Alþingi samþykkti var svikið á næsta ári eða jafnvel innan árs. Það er því alveg tímabært að losna við svoleiðis ríkisstjórn.

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði um veginn um Óshlíð, en tækninni hefur fleygt fram og ég trúi því ekki að þingmaðurinn vilji að Óshlíðin standi eins og hún er nú. Ég vona að þingmaðurinn styðji það að göng séu gerð um Óshlíð því að hættuástandið er svo mikið að það er ekki hægt að verja veginn með fullnægjandi hætti, fjarri því, enda sýna öll slys að það er fyllileg ástæða til að þeim sé flýtt ef eitthvað er því þörfin er svo brýn.

Varðandi veggjaldið sem hv. þingmaður minntist á í Hvalfjarðargöngunum þá voru þau sjálfsagt réttlætanleg á sínum tíma. En það er engin ástæða til þess nú að ætla að fara að innheimta veggjald fyrir einhverjar aðrar framkvæmdir bara sisvona. Eða finnst hv. þingmanni allt í lagi að fara að innheimta veggjald í Hvalfjarðargöngum til þess að fjármagna Sundabraut eða veg um Kjalarnes eða einhver önnur göng? Nei, það er allt annað mál. Ég trúi því ekki að þingmaðurinn vilji fara að blanda þessu saman eða á þá að fara að innheimta veggjöld í Hvalfjarðargöngum til að standa undir Vaðlaheiðargöngum? Þetta er allt önnur framkvæmd sem á að fara að innheimta veggjald fyrir. Við skulum því athuga bæði sanngirnis- og jafnræðisreglu hvað þetta varðar þó að það hafi verið rök fyrir gjaldtökunni á sínum tíma.

[21:41]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé ástæðulaust að væna mig um það að ég hafi ekki viljað tryggja öryggi vegfarenda í Óshlíð. Ég brást mjög skjótt við þegar ábendingar voru gefnar um það að það þyrfti vegskála á Óshlíð og gat útvegað fé til þess fram hjá vegáætlun á sínum tíma. Það er því ekki hægt að brigsla mér um það að ég hafi ekki horft til þess.

Á hinn bóginn hef ég líka haft áhyggjur af því að ekki skuli komnar snjóflóðavarnir á Múlaveg hjá Sauðanesi, eins og hv. þingmaður veit og ég hef tekið upp á þinginu. Það er nú svo um jarðgöng og óskir manna, að þegar ég var samgönguráðherra 1991 lá fyrir vilji Vestfirðinga. Þeir voru reiðubúnir til að borga hærra bensínverð en aðrir á landinu ef þeir fengju jarðgöngin. Aldrei minntu þeir mig samt á það á minni tíð að þeir væru reiðubúnir til þess að fá sérstakan toll á bensínið, skatt á bensínið, enda held ég að hugur hafi ekki endilega fylgt máli. Hitt var lærdómsríkt, að á þeim tíma samþykkti þingflokkur Alþýðuflokks að

jarðgöngin skyldu ekki ná til Súgandafjarðar, eins og þið munið. Það mál var tekið upp á ríkisstjórnarfundi í maímánuði 1991 og með úrskurði þáverandi forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar, var ákveðið að göngin skyldu einnig liggja til Súgandafjarðar eins og ráðgert hafði verið.

[21:43]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ágætt hjá hv. þingmanni að rifja upp gangagerðina á Vestfjörðum, til Súgandafjarðar, Flateyrar og Þingeyrar og gott að rifja líka upp hvaða samgönguráðherra það var sem einmitt tók svo rækilega af skarið á sínum tíma þegar jarðgöngin voru gerð og batt saman hnútana þannig að ekki yrði aftur snúið. Það var þáverandi samgönguráðherra, Steingrímur J. Sigfússon.

Síðan hefur komið fullkomið gap, margra ára gap í jarðgangagerð á landinu. Hvalfjarðargöngin komu jú en þau voru með allt öðrum hætti. Þeirri jarðgangaáætlun sem þá var ætlað að fara í var skotið rækilega undir stól enda tala Vestfirðingar gjarnan um að helst mundi ganga í samgöngumálum Vestfirðinga ef þeir fengju Steingrím J. Sigfússon aftur sem samgönguráðherra. Það er ekki ... (**KLM:** Hann studdi einkaframkvæmd, hann var upphafsmaðurinn.) Vegna frammíkalls hv. þm. Kristjáns L. Möllers um einkaframkvæmd þá voru Hvalfjarðargöngin alveg sérstök framkvæmd. Opinberir aðilar stofnuðu félag um Hvalfjarðargöngin. (**Gripið fram í:** ... að þau enduðu í Noregi ef þið hefðuð verið með leyfi.) Hins vegar má vel vera að gömlum alþýðuflokksmönnum svíði eitthvað það sem hv. þm. Halldór Blöndal var að segja, að þingflokkur Alþýðuflokksins hafi lagst gegn því að vegurinn yrði lagður til Suðureyrar. Ég man það ekki og trúi því varla að nokkur Alþýðuflokkur hafi verið svo slæmur eða vitlaus. Það vita aðrir betur en ég. En það þarf að gera átak í samgöngumálunum, stórátak, og það verður ekki gert nema menn séu tilbúnir til að leggja töluvert á sig en geri ekki eins og núverandi ríkisstjórn hefur gert, að leggjast undir og það fyrsta sem skorið er niður eru vegaframkvæmdir ef einhverju á að (Forseti hringir.) hlífa.

[21:45]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018. Þá er rétt fyrst að reyna að gera sér grein fyrir hver sé tilgangurinn með því að gera samgönguáætlun til svo langs tíma.

Ef við horfum aftur til sögunnar blasir við að langtímaáætlun lá fyrir á árinu 1991, búið var að afgreiða hana úr fjárlaganefnd, hún var unnin í samráðshópi allra flokka sem m.a. ég og hæstv. samgönguráðherra sátum í. Ég var ósammála þeirri langtímaáætlun eins og hún lá fyrir. Ég varð síðan samgönguráðherra og auðvitað lagði ég þá langtímaáætlun til hliðar því að ég hafði aðrar áherslur en sá samgönguráðherra sem þá hafði setið.

Þegar ég lagði síðan fram langtímaáætlun árið 1998, sem var samin út frá nýjum viðhorfum sem upp komu í Vegagerðinni og það má segja að verkfræðingar Vegagerðarinnar réðu í höfuðdráttum útliti þeirrar áætlunar. Þeir voru höfundar að þeirri stefnu sem þá var tekin upp, eins og kom fram í framsöguræðu minni fyrir ályktuninni, vegna þess að þeir töldu á þeim tíma að þörf væri á nýjum áherslum í vegamálum. Þær áherslur byggðu m.a. á því að reyna að tryggja innan áætlunarinnar að allir þéttbýlisstaðir á Íslandi yrðu tengdir við hringveginn með bundnu slitlagi og að á þeim áætlunartíma yrði einnig lokið uppbyggingu hringvegarins.

Þegar ég síðan hætti kom nýr samgönguráðherra og hann hafði aðrar áherslur en ég í vega- og samgöngumálum, og auðvitað draga þær áætlanir sem síðan hafa verið gerðar dám af stefnu hans og er ekki neitt við því að segja. En ef við berum saman þessar áætlanir allar getum við lesið út úr þeim mismunandi áherslur umræddra manna og mismunandi sýn í samgöngumálum.

Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að samgönguráðherra leggi fram samgönguáætlun til langs tíma til viðmiðunar. Það er líka nauðsynlegt vegna þess að nú er lengri aðdragandi að framkvæmdum en áður var. Nú þarf að leggja umhverfismat á þær framkvæmdir sem menn ætla sér í. Strangari reglur eru um skipulag og ýmsa aðra þætti. Aðdragandinn er því miklu lengri en áður að framkvæmdunum. Það er af þeim sökum sem nauðsynlegt er að hafa áætlun til langs tíma. Ég hef m.a. velt því fyrir mér hvort ekki sé skynsamlegra að skammtímaáætlunin væri til sex ára frekar en fjögurra vegna þess langa aðdraganda sem er að einstökum framkvæmdum, eins og við getum séð víða um land nú og við höfum fundið mjög rækilega fyrir í Norðausturkjördæmi, bæði í Norðurárdal, í Skagafirði, að Dettifossvegi, Hólaheiði o.s.frv. En á hinn bóginn yrði síðan lögð fram önnur áætlun til lengri tíma sem yrði kynning á stefnu ráðherrans og ekki væri ætlast til að Alþingi afgreiddi sem vilja sinn og ályktun sína. Ég álít með öðrum orðum að ekki sé hægt að horfa á langtímaáætlun í vegamálum þeim augum að það sé heilagt skjal.

Þetta sáum við mjög glögglega nú. Það var skýrt tekið fram þegar síðasta langtímaáætlun var hér til meðferðar að þrenn jarðgöng væru sérstaklega til athugunar, þ.e. til Norðfjarðar, milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, og til Vopnafjarðar. Og sérstök áhersla var lögð á að rannsóknafé skyldi varið til að athuga þau jarðgöng. Síðan voru Vopnafjarðargöngin lögð á hilluna, lögð til hliðar, sparkað út í horn án þess að Alþingi kæmi þar að, í þeirri skýrslu sem fyrir liggur eða beiðni um umhverfismat á ákveðnum leiðum, sem auðvitað sýnir okkur að embættismenn og viðkomandi ráðherra hefur öll tök á því að breyta áherslum í langtímaáætlun án þess að þingið komi þar að. Þetta skulum við hafa í huga.

Ég vil í öðru lagi lýsa þeirri skoðun minni að ekki er raunhæft að hugsa sér sjóflutninga. Ég lét sérstaklega athuga það þegar ég var samgönguráðherra hvort möguleiki væri á því að reka slíka flutninga frá Akureyri austur um land til Vestmannaeyja og til baka aftur og þá út frá því gengið að það tæki skipið vikutíma, og það var engin glóra í því né öðrum áætlunum sem þá voru uppi. Á þeim tíma var Skipaútgerð ríkisins rekin með halla sem nam 1 milljón á dag.

Þegar við tölum um skuggagjöld og veggjöld þá er það um skuggagjöld að segja að slíkt var rækilega til athugunar fyrir 15–20 árum í öðrum löndum, í minni tíð. Þetta var að-

ferð til að ganga til þess að hægt væri að ná fé til vegagerðar fram hjá fjárlögum að taka lán hjá einstaklingum, fyrirtækjum eða sjóðum. Að ríkið feli slíkum aðilum að fjármagna vegi er dýrara en að ríkið sjálft taki lánin og þar fram eftir götunum. Þess vegna er þetta röng leið og hefur ekkert sér til ágætis. Á hinn bóginn eru vegir boðnir út, þannig að það er auðvitað einkaframkvæmd. Ef menn vilja fela einhverjum einstaklingum að reka vegi þá gott um það, en á hinn bóginn ef veggjöld eru þá horfir málið öðruvísi við vegna þess að þá greiða þeir fyrir veginn sem um hann fara.

Ég hafði áður lagt áherslu á hringveginn og ef menn á annað borð vilja taka mark á langtímaáætlun til ársins 2018 er óhjákvæmilegt að setja sér markmið í sambandi við hringveginn. Ég vil beina því til formanns samgöngunefndar sem ég sagði um þau efni en ekki láta það vera fljótandi eins og hér er.

Í annan stað vekur það athygli að við erum nú á Alþingi með til meðferðar Vatnajökulsþjóðgarð. Fyrir tveim eða fjórum árum, hygg ég, voru þjóðgarðsvegir teknir upp í samgönguáætlun vegna þess að sú var skoðun hæstv. samgönguráðherra að það ætti að liggja vegur með bundnu slitlagi um þjóðgarðinn, það var skoðun hans. Gott um það. Í skammtímaáætlun eru þjóðgarðsvegir, en einn þjóðgarðsvegurinn er skilinn eftir hálfkaraður, þjóðgarðsvegurinn frá hringvegi niður í Kelduhverfi með Jökulsá á Fjöllum. Eins og fjögurra ára samgönguáætlun lítur út vantar 200 milljónir upp á að fjármagnið dugi til vegarins frá hringvegi niður að Dettifossi og svo frá Kelduhverfi upp í Hljóðakletta. Þá er eftir vegurinn um Hólmatungur sem kostar 530 milljónir. Það vantar því 730 milljónir til að ljúka þjóðgarðinum.

Nú væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvort samgönguráðið missti áhuga á þjóðgarðinum allt í einu eftir að þjóðgarðsvegurinn var kominn fyrir jökul. Það er mjög undarlegt að hætta svona í hálfu kafi. Ég vil líka segja við formann samgöngunefndar: Við erum nú með Vatnajökulsþjóðgarð til meðhöndlunar hér í þinginu og það gengur nógu erfiðlega að ná því saman, ég tala nú ekki um eftir þjóðlendumálin, þó að menn komi ekki til móts við Þingeyinga með því að nægilegt fé sé undir þessum lið til að leggja veg frá Kelduhverfi upp í Hljóðakletta. Það getur þá beðið næstu áætlunar að brúa bilið frá Hljóðaklettum upp að Dettifossi.

Þetta svæði er eitthvert hið fegursta á landinu. Það er jökulsárhlaup á hverju ári, fólki fjölgar frá einu ári til annars sem þar hleypur. Ég man ekki hvort það voru þrjú þúsund manns sem tóku þátt í því síðast. Mjög fallegar gönguleiðir eru alla þessa leið. Og auðvitað er nauðsynlegt að fylgja þessu eftir og eins að þessi vegur komi inn í stofnvegakerfið — sem ég beini til formanns samgöngunefndar — eins og vegurinn um Öxi. Auðvitað er þetta sambærilegt við ýmsa aðra vegi eins og Lyngdalsheiði og þar fram eftir götunum. Það er nú svo um Norður-Þingeyjarsýslu stundum hér á Alþingi, eins og þetta sama svæði í Landnámu, að það er svo langt frá höfuðstöðvunum að enginn man eftir því og enginn veit raunar hverjir þar búa.

Ég vil líka segja, frú forseti, að það vekur athygli mína í langtímaáætluninni sem ég ekki skil, þ.e. þegar raðað er upp breikkun brúa. Nú vitum við að langflestar einbreiðar brýr á hringveginum eru á Austurlandi. En svo fer maður að skoða fjárveitingar til þessa verkefnis, að fækka einbreiðum brúm. Þá kemur í ljós að breikkun brúa á Suðurlandi á öðru og þriðja tímabili er 1.220 milljónir, í Norðvesturkjördæmi 1.010 milljónir en í Norðausturkjördæmi, þar sem brýrnar eru flestar, 450 milljónir. Það er ekki einu sinni helmingurinn af því sem er á Vesturlandi, hvað þá því sem er á Suðurlandi, og þó eru flestar brýrnar á Austurlandi, í Norðausturkjördæmi.

Ég held, formaður samgöngunefndar, að óhjákvæmilegt sé að nefndin athugi hvað liggi hér til grundvallar, hvernig á þessu stendur. Það sjá allir að ég mun ekki greiða atkvæði með þessu svona, nema fá einhvern verulegan rökstuðning fyrir því, það gæti ég ekki gert, ég held að það sé alveg ljóst.

Ég vil segja að lokum, frú forseti, um leið og ég legg áherslu á að samgönguáætlun til langs tíma verði að leggja fyrir þingið, en ég álít með öðrum orðum að endurskoða eigi þetta allt saman, skemmri áætlunin eigi að vera til sex ára o.s.frv. Það getur verið að það sé rangt, menn verða að ræða það, og ég tæki mikið mark á Vegagerðinni og Siglingastofnun í þeim efnum. En ég hygg að nauðsynlegt sé að áætlanir eins og þessar séu betur og meira ræddar meðan verið er að vinna að þeim við þá menn sem eru fulltrúar fólksins á svæðunum. Ég álít að samgönguráð eigi að ræða við þingmenn um þær áherslur sem þeir hafa til að víkka sjóndeildarhring sinn og gera sér betur grein fyrir því verkefni sem þeir eru að fást við. Auðvitað er það nauðsynlegt.

Það segir mín langa reynsla á Alþingi að um vegamál og samgöngumál er mestur friður og best niðurstaða þegar við leggjum saman. Ó-vegirnir voru unnir á þeim grundvelli, svo ég taki dæmi. Í raun og veru var pólitísk samstaða um þá nýbreytni sem Hvalfjarðargöngin voru. Ég álít því að það sé nauðsynlegt að breiðari grunnur sé á bak við þessar áætlanir en nú er.

[21:59]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get enn einu sinni þakkað hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir innlegg hans í umræðuna. Ég hlustaði með athygli á það sem hann sagði um Dettifossveg og það svæði. Ég verð að játa að ég var ekki eins vel inni í því eins og hann.

Ástæða mín fyrir stuttu andsvari nú var að spyrja hv. 2. þm. Norðausturkjördæmis og vin minn út í það hvort honum finnist það nægjanlegt að Norðfjarðargöng verði ekki tilbúin fyrr en 2013, ef áætlunin gengur fram.

[22:00]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef alltaf gert mér grein fyrir því, um svo fjárfrekar framkvæmdir sem jarðgöng eru, að erfitt er að ákveða að ráðast í göng með mjög löngum fyrirvara. Nú var það svo að við á Alþingi urðum sammála um að göng sem ekki voru nefnd fyrir fjórum árum, Bolungarvíkurgöngin, skyldu ganga fyrir og var það stutt þeim rökum að veðrátta hefði breyst og aðstæður svo að vegfarendur sem um veginn færu væru í bráðri hættu. Þar sem við getum einungis sett takmarkaða fjármuni í jarðgöng verð ég að una

þeirri niðurstöðu að Bolungarvíkurgöngin hafi verið látin ganga fyrir og ég hygg að um það sé breið samstaða á þinginu.

Á hinn bóginn er í mínum huga enginn vafi á því að Norðfjarðargöngin koma þar næst. Við getum rifjað það upp eins og hv. þingmaður veit, af því að hann er þingmaður þessa kjördæmis, að fyrir allnokkrum árum bilaði bremsa í mjólkurbíl uppi í brekkunum fyrir ofan Eskifjörð og bílstjóranum tókst að aka bremsulausum bíl niður í sjó án þess að skaða nokkurn mann, hvorki sjálfan sig né aðra, og þótti ganga kraftaverki næst. En ekki er alltaf hægt að treysta slíku og við vitum að vegurinn er háskalegur íbúum ef eitthvað kemur fyrir. Hann liggur fyrir ofan íbúðarbyggðina og göngin eru náttúrlega barn síns tíma og standast ekki neina staðla og engar kröfur sem gerðar eru í dag um þungaflutninga, hvað þá leið til sjúkrahúss eins og nú er komið.

[22:02]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að tekist hefur breið samstaða um göng til Bolungarvíkur, milli Hnífsdals og Bolungarvíkur, Óshlíðargöng eða hvað við munum kalla þau. Það var gert út af grjóthruni sem við höfðum fengið fregnir af og sumir sem hafa farið um þennan veg hafa orðið þess áskynja hvað hann er hættulegur. Sú niðurstaða náðist, sem kynnt var núna fyrir nokkrum dögum, að fara frá Ósi í Bolungarvík að Skarfaskeri. Það er gert í nafni þess að um stórhættulegan veg sé að ræða. Það sama á við um núverandi Oddsskarðsgöng, eins og hv. þingmaður gat um. Þar er vegurinn stórhættulegur og barn síns tíma. Það er eiginlega með ólíkindum hvernig mönnum hefur dottið í hug að búa til jarðgöng lengst uppi í fjalli í 630 metra hæð og vera með 12 til 14 gráðu halla upp að þeim með byggðina á Eskifirði beint fyrir neðan, hálku á vegunum og annað slíkt. Að maður tali ekki um göngin sjálf sem í er blindhæð þar sem vonlaust er að mætast. Oft og tíðum skapast þar mikið umferðaröngþveiti, ekki síst þegar stórir dráttarbílar fara þar um. Stundum verða vandræðin það mikil að lögreglu þarf til að leysa úr þeim hnút.

Ég tel allt of seint að opna ný Norðfjarðargöng árið 2013. Það þarf að finna leið til að ganga í það. Ef menn yrðu sammála um að fara frekar í stórátak í samgöngumálum í staðinn fyrir stórátak í stóriðju næstu tvö til fjögur árin hygg ég að við gætum sameinast um að flýta framkvæmdum, þ.e. Norðfjarðargöngum, þannig að þau megi opna fyrr.

[22:04]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég man ekki hvað tekur langan tíma að fara í gegnum fjallið. Má vera að það sé rétt sem hv. þingmaður segir. Ég yrði vissulega allra manna glaðastur ef tækist að flýta göngunum þó ekki væri nema um hálft ár, þó væri ekki nema um mánuð. Vel má hafa í huga að reyna að finna til þess leiðir. En ég get ekki verið svo falskur að reyna að slá mig til riddara og segja að ég sé ekki þakklátur fyrir að göngin skuli þó komin inn á fjögurra ára áætlun. Við vitum að fólk þarna býður í ofvæni og við vitum raunar líka að þegar við samþykktum það í ríkisstjórninni á sínum tíma að álver skyldi rísa við Reyðarfjörð var sú hugsun á bak við það að um eitt atvinnusvæði væri að ræða og íbúarnir treystu því. Þess vegna væru það svik við íbúana ef ekki yrði farið í þessi göng nú á eftir Siglufjarðargöngum og Bolungarvíkurgöngum. Ég man ekki til þess að nokkur maður héldi því fram á þeim tíma að Norðfjörður ætti að vera úti í horni. Þegar verið var að kynna erlendum fyrirtækjum vinnumarkaðinn og infrastrúktúrinn á þessu svæði var alltaf inni í myndinni að jarðgöng kæmu til Norðfjarðar. Við erum því ekki að gera neitt annað en að efna heit okkar við íbúana, við erum að styrkja byggðina og við erum að opna leiðina til sjúkrahússins. Eitrunin sem kom upp í sundlaugunum nú í vetur sýndi okkur að brýn þörf er á því.

[22:06]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Þó að við ræðum tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun frá 2007–2018 blandast inn í þá umræðu fjögurra ára áætlun sem við ætlum að ræða hér á eftir. Ég hef því ákveðið að tjá mig aðeins meira í þessari umferð sem styttir þá ræðutíma minn seinna í kvöld þegar við ræðum fjögurra ára áætlunina.

Mig langar aðeins að koma inn á nokkur atriði sem ég kom ekki að í fyrri ræðu minni. Ég gerði þar að umtalsefni tekjur og tekjustofna Vegagerðarinnar og fjallaði m.a. um að tekjur af ökutækjum sem hlutfall af landsframleiðslu hefðu aukist úr 3,7% árið 1995 í 4,8% árið 2005 samkvæmt bráðabirgðatölum en útgjöld til vegamála dregist saman frá 1970–1995. Þó að þau útgjöld hafi hækkað eitthvað meira hin síðari ár fer allt of lítið fé til vegamála miðað við þá miklu þörf sem er til staðar.

Það þarf að laga þá vegi sem byggðir voru fyrst. Hér hefur komið fram að þegar hv. þm. Jón Kristjánsson hóf þingferil var einn kílómetri lagður varanlegu slitlagi í kjördæmi hans, það var í gegnum Fellabæ. Það er töluvert meira núna. En við vitum líka að þeir vegir sem voru byggðir upp fyrst og sett á varanlegt slitlag voru e.t.v. byggðir af vanefnum, þeir eru mjóir og burðar ekki nægur. Okkur vantar miklu meira fé inn í þessa miklu áætlun vegna þess að þörfin er svo mikil. Bílaumferð hefur aukist um 250% utan þéttbýlis á 20 árum eins og hér hefur komið fram. Bílaeign landsmanna hefur aukist um 100 þúsund o.s.frv.

Eitt í viðbót vildi ég nefna hvað varðar tekjuhlið vegáætlunarinnar. Hún er eins og hún var í byrjun með bensíngjaldi og þungaskatti og þeim öðrum gjöldum sem renna til vegáætlunar. Það er eins. En það sem hefur gerst er að nokkrir nýir gjaldaliðir hafa komið inn á vegáætlun sem taka þá fé frá hinni eiginlegu vegagerð. Það kemur sennilega aðallega niður á nýbyggingu vega, þjónustu og viðhaldi vegna þess að ég hygg að yfirstjórnin sé svipuð og var. Hvað á ég við, virðulegi forseti? Jú, nærtækasta dæmið er að taka ferjur. Ferjur voru settar yfir á verk- og valdsvið Vegagerðarinnar fyrir nokkrum árum og það er m.a. þannig að — ef ég finn þetta í þessum gögnum hjá mér — framlag í ferjurnar eru miklar og háar tölur og kann nú að vera verra þegar maður ruglar saman þessum bókum öllum sem við erum að fjalla um en ég held að ég eigi að vera tiltölulega

fljótur að finna vegáætlunina til að nefna tölu í þessu sambandi. Hér kemur það yfirstrikað með gulu í þessari bók.

Árið 2007 fara 747 millj. kr. í ferjur og flóabáta. Þar af eru afborganir af ferjulánum til ríkissjóðs 274 millj. kr. Þetta kemur inn á vegáætlun og er kostnaður hjá Vegagerðinni en tekjur hafa ekki komið að sama skapi. Sama má segja um styrkhæft áætlunarflug sem boðið er út til nokkurra staða á landinu. Í það fara árið 2007 245 millj. kr. sem líka dregur niður það fé sem hægt er að hafa til vegagerðar. Síðasti þátturinn, ekki er langt síðan hann kom inn, er útboð á sérleyfi á landi og styrkir til þeirra almenningssamgangna um 190 millj. kr.

Virðulegi forseti. Þarna fara um 1.200–1.300 millj. kr. á ári án þess að Vegagerðin hafi fengið tekjur á móti. Að sama skapi hefur dregið úr framkvæmdafé Vegagerðarinnar sem því nemur frá því að þetta fór að fara á vegáætlun. Það nýjasta, sem sjálfsagt er að taka inn, eins og reiðvegi og reiðhjólavegi og göngustíga, dregur líka úr því fé en er engu að síður þarft verk.

Ég hef áður, virðulegi forseti, talað um olíugjaldið sem tók við af þungaskattinum. Það skeikaði 50 millj. lítra á milli þess sem fjármálaráðuneytið notaði til að búa til tölurnar á olíugjaldið og þess sem raunverulegt er. Það eru um 2 milljarðar kr. til ríkissjóðs og virðisaukaskattur af því er í kringum 410 millj. kr. og virðisaukaskattur á olíugjaldi er sennilega í kringum milljarður á ári sem rennur ekki til Vegagerðar heldur inn í ríkissjóð. Þetta vildi ég nefna vegna þess að það kemur fram í máli allra þingmanna og ráðherra, sem um málið hafa rætt, að sannarlega vantar meira fé til áætlunarinnar sérstaklega í vegamálum.

Virðulegi forseti. Ég ætla líka að gera tengivegi að umtalsefni. Árið 2007 er áætlað að verja í þá 640 millj. kr. sem er auðvitað allt of lítið miðað við það mikla og langa vegakerfi sem við búum við. Það er dálítið sérstakt hvað tengivegir hafa setið á hakanum, enda sjáum við þegar við förum um þá að ástand þeirra er ekki mjög beysið. Í umræddu svari hæstv. samgönguráðherra við ítarlegri fyrirspurn minni um vegamál — svo ég taki dæmi úr mínu kjördæmi þar sem ég þekki best til. Í Fljótsdalshéraði eru tengivegir 267 km eða 6,68% af öllum tengivegum landsins. Þingeyjarsveit er með 144 km og svona má lengi telja, Eyjafjarðarsveit o.fl. Ástand þessara vega er mjög slæmt. Sú upphæð sem fer í tengivegi hefur um langt skeið verið allt of lág og er það enn fyrir árið 2007. Ég ætla að taka ómakið af hæstv. samgönguráðherra og benda á að árið 2008 hækkar þessi upphæð um 400–500 millj. kr. og hækkar svo aftur árið þar á eftir. Vonandi gengur það eftir, ekki veitir af. Svipaða sögu má segja af safnvegunum. Í þann lið eru einungis settar 350 millj. kr. sem er allt of lítið vegna áratugavanrækslu Alþingis og ríkisstjórnar hvað þetta varðar.

Virðulegi forseti. Mikið er rætt um jarðgöng. Það er mjög athyglisvert sem verið er að ræða austur á fjörðum. Áhugamenn eru að ræða um það hvort hægt sé að heilbora göng og eru með hugmyndir um að gera það á annan og ódýrari hátt en gert hefur verið. Ég sagði fyrr í dag að það hefði valdið vonbrigðum hve frávikstilboðið sem kom í Héðinsfjarðargöng með heilborun var hátt. Manni fannst að sá möguleiki að heilbora göng á Íslandi væri eiginlega farinn fyrir bý með því útboði. En áhugasamir menn og miklir ofurhugar eru að skoða þessa þætti og mér finnst að gefa eigi því fullan gaum og skoða það mjög vel með þeim, gefa þeim færi á því að skoða þetta vel og sjá hvort við getum við næstu útboð fengið betri tilboð. Ég tel a.m.k. fulla ástæðu til að kanna betur hvort þessi framkvæmdamöguleiki er raunhæfur eða hvort hann er fjarlægur og ekki ódýrari en hefðbundin leið. Okkur liggur sannarlega á að fá betri tilboð í jarðgangagerð og lækka kostnað við þau.

Virðulegi forseti. Rétt í lokin. Strandsiglingar og flutningar á vegum. Sá sem hér stendur hefur margoft talað fyrir því á hinu háa Alþingi og flutt um það þingmál að nauðsynlegt sé að taka upp strandsiglingar á ný með eða án stuðnings ríkisins. Hæstv. samgönguráðherra hefur sagt í svari til mín að erfitt sé að gera það út frá samkeppnissjónarmiðum. Ég held að hægt sé að finna leið til þess ef áhugi er á. Það var því mikið ánægjuefni þegar Atlantsskip fór að auglýsa að þeir ætluðu að fara að sigla ströndina. Það voru jafnmikil vonbrigði þegar mátti lesa um það ekki alls fyrir löngu að óvíst væri hvort af því yrði vegna þess að ekki gengi vel að ná samningum við fyrirtæki um að taka flutninga að sér. Nú veit ég ekki hvort það er vegna þess að stóru flutningafyrirtækin taka mest að sér að flytja út eða vegna samninga við fyrirtækin, ég veit það ekki. Þetta þarf a.m.k. að skoða. Það gengur ekki að það standi til að flytja stálbita til hafnargerðar landleiðina frá Reykjavík til Akureyrar eins og hugmyndir voru um. Ágætur hafnarstjóri á Akureyri hefur barist fyrir því að siglt verði með það stál en hugmyndin var sú að keyra það norður. Við sjáum hvers konar vitleysu við erum komin út í ef við ætlum að fara að keyra efni landleiðina norður í land til að búa til höfn.

Virðulegi forseti. Rétt í lokin um þessa áætlun. Ég las á mbl.is í dag grein um viðtal við samgönguráðherra. Hann segir þar að það sé komið að öðrum að hægja á. Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Sturla segir í viðtali í Morgunblaðinu í dag að tímabært sé orðið að settir verði miklir fjármunir í samgöngumálin og að önnur verkefni verði að bíða. „Núna tel ég að komið sé að því að uppbygging samgöngumannvirkjanna fái aukið rými og að hægja verði á öðrum framkvæmdum ef þörf krefur í efnahagslífinu," segir Sturla og bætir við að ef á þurfi að halda verði aðrir að bíða með framkvæmdir í þágu stöðugleikans."

Sturla segir að tímabært sé orðið að settir verði miklir fjármunir í samgöngumál og önnur verkefni verði að bíða. Þessu er ég algerlega sammála. Þetta sagði formaður Samfylkingarinnar á fjölmörgum fundum á landsbyggðinni í janúar og boðar þar stórátak í samgöngumálum.

Virðulegi forseti. Ég hef sagt það áður að ef ég ætti tvo kosti mundi ég frekar velja þann kost að fara í stórátak í samgöngumálum en halda áfram með stóriðjuuppbyggingu næstu þrjú til fjögur ár með preföldun í Straumsvík eða álveri suður í Helguvík. Ég held við ættum að doka við eftir hið stóra og mikla átak fyrir austan, fara í stórátak í samgöngum ásamt ýmsum öðrum opinberum framkvæmdum. Ég nefni Landspítalann og tónlistarhúsið sem hér er verið að byggja ásamt ýmsum öðrum framkvæmdum sveitarfélaganna, aðallega á höfuðborgarsvæðinu. Það er betra, og þjóðin á það skilið, að fara í stórátak í samgöngumálum í staðinn fyrir stóriðju.

Virðulegi forseti. Ég er með þessu að taka undir þau orð samgönguráðherra, mér fannst hann hins vegar vera á annarri skoðun í dag, að ekki verði farið í hvort tveggja í senn, álversframkvæmdir fyrir sunnan upp á 300–400 milljarða og stórátak í samgöngumálum. Ef við náum báðir kjöri, ég og hæstv. samgönguráðherra, og verðum á næsta þingi hygg ég að oft eigi eftir að ræða um niðurskurð í vegamálum í nafni þess að draga úr þenslu eins og gert var í sumar og hefur oft verið gert áður.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki meira um þessa áætlun að segja í bili. Um margt erum við sammála en um ýmislegt ósammála. Það er eins og gengur og gerist með forgangsröðunina. Þær deilur skapast af því hve mikið bíður okkar, framkvæmdaþörfin er mikil. Það er svo margt sem ekki hefur verið gert á undanförnum árum. Allt of litlu fé hefur verið veitt til vegamála miðað við þarfir landsmanna.

[22:20]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins taka til máls aftur um samgönguáætlanir. Mér tókst ekki alveg að komast yfir það efni sem ég ætlaði að gera í fyrri ræðu minni og vildi nefna að auðvitað er þessi samræmda samgönguáætlun byggð upp á mörgum þáttum. Það eru flugmálin, það eru hafnarmálin og það eru vegamálin og auk þess er öryggisáætlunin komin inn í samræmda samgönguáætlun og auðvitað innifelur hún líka þjónustu á vegakerfinu, ýmiss konar þjónustu. Og af því að ég ferðast dálítið um vegi landsins ekki síst að vetri til þá veit ég hversu óskaplega góð upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar er sem er full ástæða til að nefna héðan úr ræðustóli og er eitt af þeim nýmælum sem hefur komið inn varðandi þjónustu Vegagerðarinnar á undanförnum árum.

Um hafnarmálin má segja að frá því að ég kom til þings hafi áherslurnar breyst töluvert, þ.e. að búið er að gera mjög mikið í hafnarmálum og víða má segja að þörfinni sé fullnægt að mestu leyti nema til viðhaldsframkvæmda. Til dæmis hefur á undanförnum árum verið byggð upp mjög öflug hafnaraðstaða á Vopnafirði, einnig á Þórshöfn og stóriðjuhöfn í Fjarðabyggð og stefnir vonandi í sama á Húsavík. Það eru því alltaf einhver slík mál sem eru undir en í rauninni hefur mikil sátt náðst um hafnarmálin og hafnaáætlun á undanförnum árum.

Varðandi vegaframkvæmdirnar vildi ég nefna það sem snýr að mínu kjördæmi, það sem við höfum lagt mikla áherslu á að yrði lokið á næstu árum og ég vil sérstaklega nefna norðausturveginn um Hófaskarð og til Raufarhafnar. Á þessu ári mun vonandi sjá fyrir endann á öllum deilum um hvar vegurinn eigi að liggja og úrskurð í þeim málum og þá munu vonandi fara af stað útboð á þeim vegi með mjög öflugum hætti og var í rauninni löngu kominn tími til vegna þess að fjármagn hefur verið til til þess vegar í nokkurn tíma en því miður ekki tekist að koma framkvæmdinni í gang.

Þarna er auðvitað um mjög stóra framkvæmd að ræða og það má jafnframt segja um veginn frá Vopnafirði upp á hringveginn að við vonumst til að sjá fyrir endann á þeirri framkvæmd á allra næstu árum.

Ég vildi aðeins fá að nefna, hæstv. forseti, að í samgönguáætluninni, langtímaáætluninni, eru geysilega mikil verkefni hvað varðar jarðgöng og þau hafa verið töluvert til umræðu og sú mikla þörf sem er fyrir slíkar framkvæmdir og við sjáum að það er rúm til að hefja þær með mun öflugri hætti en áður hefur verið. Áðan voru Oddsskarðsgöngin hin nýju nefnd, jarðgöngin á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, sem gert er ráð fyrir að verði hægt að bjóða út á árinu 2009 og að þeirri framkvæmd verði lokið á árinu 2012. Ég hef klárar upplýsingar um að ef tekst að bjóða framkvæmdina út á árinu 2009 þá verði hægt að ljúka henni á árinu 2012. Það fara tvö og hálft ár í framkvæmdir við göng af þessari stærð þannig að við munum sjá að þá verða þau komin til fullra nota.

Ég vildi einnig vekja sérstaka athygli á þeirri bókun sem fylgir í greinargerð vegna annarra framkvæmda, annarra jarðganga sem hugsuð eru í framhaldi af göngunum milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Í bókuninni kemur fram að vegna hugmynda um önnur jarðgöng á Miðausturlandi verði hægt að ráðast í rannsóknir og áætlunargerð á þessu áætlunartímabili og gert er ráð fyrir að hægt verði að ganga frá áætlunargerð og rannsóknum á fyrsta tímabili áætlunarinnar og eins varðandi jarðgöng á höfuðborgarsvæðinu og til Vopnafjarðar. Það er mjög mikilvægt að það komi fram í umræðunni að gert er ráð fyrir því að svona sé hægt að koma málum fyrir.

Síðan eru Lónsheiðargöngin sem við vitum að er mjög nauðsynleg framkvæmd og í rauninni verða vegamál um skriðurnar, Þvottár- og Hvalnesskriður, ekki leyst með góðu móti. Það er því algerlega nauðsynlegt ef horft er til lengri framtíðar að leysa þann vegarkafla með jarðgöngum undir Lónsheiði og gert er ráð fyrir þeirri framkvæmd á öðru tímabili áætlunarinnar.

Að síðustu vildi ég svo nefna jarðgöngin sem verða framkvæmd í einkaframkvæmd undir Vaðlaheiði. Það kemur fram í áætluninni með mjög skýrum hætti að gert er ráð fyrir að hægt verði að ljúka samningum við þá einkaaðila sem ætla að sjá um þá framkvæmd á þessu ári, árinu 2007. Ég ætla að fá að vitna í greinargerðina á bls. 108, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir jarðgöngum undir Vaðlaheiði sem einkaframkvæmd. Er í því sambandi miðað við þær heimildir sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til nýrra vegalaga, sbr. 17. gr. þess. Vegagerðinni verði falið strax á árinu 2007 að hefja viðræður við hagsmunaaðila. Þar verði fjallað um framkvæmdir, fjármögnun og þátt ríkisins í verkefninu.“

Enn fremur kemur fram í áætluninni að gert er ráð fyrir fjármagni til tengivega við jarðgöng undir Vaðlaheiði. Það kom aðeins fram í umræðunni áðan og menn hafa nefnt að vantað hafi fjármagn til tengivega. Því tel ég ástæðu til að nefna það sérstaklega að í rauninni er gert ráð fyrir að á næsta ári verði fjármagn til tengivega tvöfaldað frá því sem verið hefur og verður svo á næstu árum. Þannig að þrátt fyrir stór orð sem hafa fallið um þetta í umræðunni þá er hér verið að gera verulegt átak til að hægt sé að ráðast í slík stórverkefni í tengivegunum.

Hæstv. forseti. Ég vildi bara hnykkja á þessum atriðum vegna þess að þau stóryrði sem hér hafa fallið eru auðvitað ekki við hæfi en þegar hv. stjórnarandstaða er að fjalla um

vegáætlun þá er talað með miklum stóryrðum. Þess vegna vil ég segja og benda á það á móti að hér er um að ræða gífurlega mikið átak í vegamálum sérstaklega, og í öðrum samgöngumálum sem er full ástæða til að vekja athygli á. Satt að segja er margt af því sem hér hefur verið sagt um þetta alls ekki við hæfi.

Ég held að ég láti þessu lokið, hæstv. forseti, og ítreka að hér er um stórmerkar áætlanir að ræða.

[22:31]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda langa tölu að þessu sinni. *Ég ætla að spara málflutning minn þar til við tökum* til umræðu tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, menn hafa reyndar blandað umræðu um þessi tvö þingmál nokkuð saman, en ég mun ræða það mál eftir helgina. Þá mun ég fjalla um hugmyndir um einkaframkvæmd og þann misskilning sem uppi er hvað það snertir að annars vegar sé um að ræða þá áherslu að fara með vegagerð til einkaaðila og hins vegar að halda henni hjá hinu opinbera, hjá ríkinu. Þetta er mikill misskilningur.

Allflestar vegaframkvæmdir á Íslandi eru framkvæmdar af einkafyrirtækjum. Verk eru boðin út og hjá misstórum verktökum sem sinna mismunandi verkþáttum, þannig að það eru einkaaðilar sem koma að samgöngumálum og vegagerð á Íslandi að uppistöðu til. Það eru ekki ríkisfyrirtæki sem annast sjálfa framkvæmdina, það er umsjáin. Deilan sem nú geisar á milli þeirra sem vilja leið einkaframkvæmdar og að einkaaðilar fái leyfi til að byggja vegi og eiga þá til skamms eða langs tíma er annars vegar þessi og hins vegar er hinn hópurinn sem vill halda sig á hefðbundnu róli. Staðreyndin er sú að skýrslur sem hafa verið gerðar sem meta þessa tvo mismunandi kosti komast að þeirri niðurstöðu eða öllu heldur skýrsluhöfundar komast að þeirri niðurstöðu að einkaframkvæmd sé slæmur kostur fyrir greiðandann, fyrir skattborgarann. Allra verst sé það fyrirkomulag þegar farið er inn í eins konar skuggaframkvæmd, ég man nú ekki hvað það er kallað, þegar einkaaðili fær veginn til eignarafnota en ríkið, skattborgarinn borgar síðan á bak við tjöldin.

Hæstv. ráðherra hefur öðru hvoru í dag verið að minnast á Hvalfjarðargöngin í þessu efni og segir að þar hafi verið þverpólitísk samstaða að baki en ég vísa aftur í skýrslu Ríkisendurskoðunar hvað þau göng snertir þar sem segir að það sé ekki í reynd eiginleg einkaframkvæmd og auk þess, segir Ríkisendurskoðun í skýrslu sinni, að það sé ekki margt sem bendi til þess að einkaframkvæmdin sé heppileg fyrir skattborgarann, þvert á móti sé hún óhyggileg. Þetta eru þættir, hæstv. forseti, sem ég mun fjalla nánar um þegar við ræðum áætlunina hina smærri, þá sem tekur aðeins til áranna 2007–2010 en ég geri ráð fyrir að það verði gert í byrjun næstu viku.

[22:36]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Einhver lausung hefur komist á mælendaskrána, ég hélt ég væri alveg með góðan tíma til að ganga út að þinghúsinu, maður á mælendaskrá og annar í ræðustólnum á undan mér. En ég ákvað að biðja aftur um orðið vegna þess að ég taldi ástæðu til að nefna atriði sem ég hafði ekki tíma til að fara yfir í ræðu minni fyrr í dag og mér finnast mikilvæg.

Svo ég byrji á einhverju þá finnst mér ástæða til að fagna ýmsu sem er í áætluninni. Ég tel t.d. að ástæða sé til að fagna því að náðst hefur góð samstaða um lausn fyrir Bolvíkinga. Jarðgöngin þangað eru gríðarlega mikil bót og framtíðarlausn á samgöngumálum milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar og ber auðvitað að nefna það í umræðunni.

Þá langar mig til að fjalla pínulítið um veggjöldin líka vegna þess að ég hafði ekki tíma til að gera það á þann hátt sem *ég hefði viljað*. Ég tel að mikil nauðsyn sé á því — úr því að uppi eru hugmyndir um að nýta slíka tekjustofna í framtíðinni, a.m.k. virðist vera að hæstv. samgönguráðherra hafi áhuga á því — að það mál verði skoðað vandlega með þau vandamál í huga sem fylgja slíkri gjaldtöku. Það er alveg ljóst að þetta hefur áhrif á byggðirnar og þetta hefur áhrif á byggðaþróun í kringum þau samgöngumannvirki sem þannig eru fjármögnuð. Ég tel því að menn þurfi að skoða það vandlega og ég hvet til þess að gerð verði sérstök skoðun á byggðaþróun annars vegar í Borgarfirði og hins vegar fyrir austan fjall og borinn saman sá tími sem búið er að reka Hvalfjarðargöng. Þarna eru svæði sem eru sambærileg og það hefur orðið allt öðruvísi íbúaþróun og uppbyggingarþróun á þeim tveimur svæðum þann tíma sem Hvalfjarðargöng hafa verið rekin. Þess vegna tel ég ástæðu til að menn skoði sig vandlega um áður en haldið er áfram á þeirri braut sem þar er farin. Það er full ástæða til að skoða þessi mál vegna þess að greinilega eru uppi hugmyndir um að halda slíkri gjaldtöku áfram, jafnvel í Hvalfirði. Ýmsir aðilar virðast hafa þá skoðun að það sé bara allt í lagi að selja aðgang að höfuðborginni og frá henni á einni samgönguæðinni af þremur aðalæðum til og frá borginni. Þetta tel ég ekki koma til greina til framtíðar. Það er nógu mikið að gert að láta þá íbúa sem hafa borið uppi þann kostnað fram að þessu greiða það sem þeir hafa gert fram á þennan dag. Þarna verða menn að gá að sér að fara ekki út í öfgar því að það eru öfgar ef við förum að hafa áhrif á byggðaþróun með slíkum hætti.

Ég hef einhvern veginn ekki á tilfinningunni að mögulegt sé að beita slíkum gjaldtökum nema því aðeins að þær verði þá útfærðar með einhverjum almennum hætti, þar sem yrði þá farið inn í eitthvert allt annað umhverfi að innheimta gjald af samgöngumannvirkjum og þar sem víðs vegar kæmu inn einhvers konar greiðslur sem vegfarendur mundu greiða. Ég er ekki með tillögur um slíkt en ég tel að menn verði að fara mjög vandlega yfir þetta.

Mig langar til að nefna aðeins hugmyndirnar um Bakkafjöru og höfnina þar. Mér finnst að ekki hafi verið talað nógu jákvætt um þær hugmyndir. Ég er á þeirri skoðun að hvort sem menn horfa inn í framtíðina með það fyrir augum að einhvern tíma verði gerð göng til Vestmannaeyja eða ekki, sé sjálfsagt mál að ganga það til enda að skoða þessa Bakkafjöruhugmynd. Við getum alveg gefið okkur það strax og fyrir fram að það verði miklu betri samgöngur til Vestmannaeyja með því að gera höfn við Bakkafjöru og tengja Eyjarnar við land með ferju, eins og þar er gert ráð fyrir, heldur en þær samgöngur sem eru núna og jafnvel þó

að menn færu í að kaupa dýrt skip, nýjan Herjólf sem yrði enn þá dýrari en sá sem fyrir er. Þeir möguleikar sem höfn við Bakkafjöru gefa Vestmannaeyingum eru að mínu viti mjög góðir. Hægt væri að bjóða upp á ferju a.m.k. á tveggja tíma fresti, jafnvel á eins og hálfs tíma fresti milli lands og Eyja og möguleikarnir, ef tengingin til lands verður til þess að — ja, hún verður auðvitað til þess að þarna verður til eitt atvinnusvæði og þá væri hægt að bæta við annarri ferju og vera með ferðir á klukkutíma fresti milli lands og Eyja ef þörfin verður fyrir það. Ég tel að jafnvel þó að menn hugsi sér að fara í jarðgöng séu þessir möguleikar algjörlega sjálfsagðir á undan þeim jarðgöngum af því að þau eru svo langt inni í framtíðinni og Vestmannaeyingar þola ekki svona vondar samgöngur eins og þeir hafa þann tíma sem mun líða þangað til þeir hugsanlega fá slík jarðgöng.

Ég hef búið á Akranesi lengi og við höfðum Akraborgina. Hún gekk ekki nema á þriggja tíma fresti milli Akraness og Reykjavíkur. Það voru samt samgöngur sem við nýttum okkur fullkomlega og þó var klukkutíma sigling þar á milli. Hér erum við að tala um 35 mínútna siglingu. Síðan gleyma menn því kannski dálítið í umræðunni að sú tenging sem fæst þá upp á landið strax og þessi ferjuhöfn er komin, mun búa til eitt atvinnusvæði úr Vestmannaeyjum og nærliggjandi héruðum á Suðurlandi. Ég tel að það sé gríðarlega mikilvæg hugmynd sem þarna er á ferðinni og ég vona sannarlega að hún gangi eftir. Ég tel að fráleitt sé að halda því fram að það verði til þess að drepa hugmyndir um göng því að þessi framkvæmd er nú ekki dýrari en það, ef menn miða við þann kostnað sem er af því að reka Herjólf og ef menn þurfa að kaupa nýjan Herjólf til þess að reka, að þá fer nú að ganga töluvert á upphæðina sem það kostar að koma upp ferjuhöfn og ferjunni sem þar fylgir, sem er náttúrlega miklu, miklu ódýrari farkostur en nýr Herjólfur yrði. Mér finnst mikilvægt að koma þessu að í umræðunni.

Mig langar síðan til að ræða aðeins meira um framkvæmdir sem eru fram undan í Norðvesturkjördæmi og ég vil nefna að sumt er ekki í áætluninni sem þar ætti að vera. Mér finnst t.d. svolítil skömm að því að ekki skuli vera gert ráð fyrir að klára uppbyggðan veg á milli Hólmavíkur og Drangsness, að það skuli ekki vera í langtímaáætluninni. Ég verð að segja að í þeim byggðum sem eiga í slíkri vök að verjast eins og þar er reyndin, að þar er nauðsynlegt að hafa það sem hluta af byggðaátakinu að gera nothæfan veg á milli þessara byggðarlaga. Ég beini því til samgöngunefndar að skoða þennan hlut í störfum sínum vegna þess að það er ekki vansalaust að þetta skuli ekki vera í áætluninni og ég hvet til þess að menn skoði það með jákvæðu hugarfari.

Við fáum tækifæri til að halda áfram umræðum um samgönguáætlun við fjögurra ára áætlunina og þessi umræða núna er orðin býsna löng og ég veit að það er farið að fækka svolítið í þingsölum. Ég ætla því að geyma mér þær ræður sem ég hefði annars viljað halda eða halda svolítið lengri ræðu en þessa þangað til við ræðum um fjögurra ára áætlunina.

[22:46]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka hv. þingmönnum fyrir ágæta yfirferð og málefnalegar umræður í dag. Það er afar mikils virði fyrir okkur að farið sé rækilega yfir tólf ára áætlunina áður en hv. samgöngunefnd fær tækifæri til að fara yfir hana með hefðbundnum hætti.

Það sem stendur upp úr umræðunni, virðulegur forseti, er að það er mikill áhugi og mikil áhersla sem menn leggja á uppbyggingu samgöngukerfanna allra og það er auðvitað verkefnið. Þess vegna get ég ekki verið annað en ánægður með viðbrögðin þó að auðvitað séu mismunandi áherslur. Aðalatriðið er að samgönguáætlunin verði afgreidd frá þinginu þannig að stofnanir samgönguráðuneytisins geti farið að vinna á grundvelli hennar. Með þeim orðum lýk ég máli mínu í kvöld, virðulegur forseti, og vænti þess að fá sem fyrst tækifæri til að mæla fyrir fjögurra ára áætluninni hér í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–6. mál.

Fundi slitið kl. 22:48.

# 73. FUNDUR

mánudaginn 19. febr.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, stjtill., 575. mál, þskj. 853. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, stjtill., 574. mál, þskj. 852. — Fyrri umr.
4. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, stjfrv., 588. mál, þskj. 873. — 1. umr.
5. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 571. mál, þskj. 849. — Fyrri umr.
6. Breyting á XIX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 572. mál, þskj. 850. — Fyrri umr.
7. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 573. mál, þskj. 851. — Fyrri umr.
8. Málefni aldraðra, stjfrv., 559. mál, þskj. 834. — 1. umr.
9. Málefni aldraðra, stjfrv., 560. mál, þskj. 835. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.
Erindi frá bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[15:01]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur bréf um forföll þingmanns frá Gunnari Örlygssyni, hv. 10. þm. Suðvest., dagsett í dag, 15. febrúar, sem hljóðar svo:

„Þar sem ég verð í feðraorlofi næstu tvær vikur, samanber 12. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum, og sæki ekki þingfundi óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að varaþingmaður minn í Suðvesturkjördæmi, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Jafnframt vill forseti vekja athygli á því að settur hefur verið upp í þingsalnum sá búnaður sem hv. þingmaður þarf að nota við störf sín.

## *Tilkynning um inngöngu í þingflokk.*

[15:02]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 7. þm. Norðaust., Kristni H. Gunnarssyni:

„Það tilkynnist hér með að ég hef í dag gengið í þingflokk Frjálslynda flokksins."

## *Skipan embættismanna fastanefnda.*

[15:02]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um breytingu á skipun nefnda:

Jón Kristjánsson hefur verið kjörinn varaformaður landbúnaðarnefndar.

Guðjón Ólafur Jónsson hefur verið kjörinn varaformaður umhverfisnefndar.

[15:02]

**Útbýting:**

Lyf gegn blindu, 512. mál, svar heilbrrh., þskj. 856.

Meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis, 620. mál, skýrsla forsrh., þskj. 920.

Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, 621. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 921.

Tóbaksvarnir, 467. mál, svar heilbrrh., þskj. 855.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Ráðstefna klámframleiðenda.*

[15:04]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn til forsætisráðherra og spyr hvað ríkisstjórnin og ráðherrar hyggist gera eða hafi gert vegna þeirrar ráðstefnu sem hér er fyrirhuguð, eða hvataferðar skulum við segja sem hér er fyrirhuguð á næstunni á vegum samtaka eða aðila í klámiðnaðinum. Eins og ég sagði virðist vera um hvataferð að ræða og hvataferðir lúta að því að efla tengsl fólks í tilteknum fyrirtækjum og starfsgreinum og sameina, eins og þar stendur, skemmtun og starf. Þessar ferðir eiga með öðrum orðum að efla viðskiptatengsl og þróa ný viðskiptatækifæri. Klámiðnaðurinn er eins og við öll vitum órjúfanlega tengdur bæði vændi og mansali og þetta hvort tveggja eru hliðargreinar í klámiðnaðinum.

Klámiðnaðurinn er iðnaður sem við viljum ekki að festi rætur hér á landi. Ég held að við hljótum öll að vera sammála um það, virðulegur forseti, að þessi iðnaður brjóti gegn mannhelgi og kynfrelsi fólks. Þetta er með öðrum orðum mengandi iðnaður sem við kærum okkur ekki um hér á Íslandi. Þessi iðnaður elur á mannfyrirlitningu, eða kannski ættum við heldur að segja að hann ali ekki síst á kvenfyrirlitningu. Þessi iðnaður meiðir fólk.

Þegar um það er að ræða að 150 aðilar hyggjast koma hingað til lands í hvataferð snýst málið um siðræn viðhorf

og ekki lagatæknileg og þó að ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta viðfangsefni sé ekki alveg einfalt er það einu sinni þannig að þar sem er vilji, þar er vegur. Stígamót sendu bréf til þingmanna, borgarstjórnar, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, ríkislögreglustjóra og ríkisstjórnar Íslands og nú spyr ég hæstv. forsætisráðherra, af því að ég veit að þetta hefur verið rætt í ríkisstjórninni: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í þessu máli?

[15:06]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmann hvað það varðar að við viljum ekki að hinn svokallaði klámiðnaður nái fótfestu á Íslandi. Ég segi það fyrir mig, og tala þar áreiðanlega fyrir hönd annarra þingmanna og Íslendinga almennt, að ég hef óbeit á klámiðnaðinum og öllum afurðum hans. Flest venjulegt fólk hefur andstyggð á þeirri starfsemi sem honum tilheyrir, hvort sem það er vændi, mansal eða annað þess háttar, sérstaklega það sem snýr að illri notkun á börnum.

Nú er mér ekki ljóst hvort þeir aðilar sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni eru komnir hingað til lands til að stunda starfsemi af þessu tagi hér á landi. Mín persónulega skoðun sem ég var að lýsa og sem áreiðanlega flestir þingmenn deila getur hins vegar vart gefið tilefni til að hefta för þessa fólks nema ljóst sé að um ólöglegt athæfi af þess hálfu sé að ræða eða slíkt sé í uppsiglingu. Það er lögreglunnar að fást við slík mál og það hefur komið fram að lögreglan hefur tekið áskorun Stígamóta alvarlega og er með það mál til rannsóknar. Ég vænti þess að ef ólöglegt athæfi sannast með einhverjum hætti á þessa aðila eða áform um slíkt muni lögreglan grípa í taumana með viðeigandi hætti. Þannig er þetta mál vaxið eftir því sem ég best fæ séð, virðulegi forseti.

[15:07]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Eins og ég kom inn á áðan snýst þetta, held ég, ekki bara um persónulegar skoðanir okkar hvers fyrir sig heldur held ég að okkur öllum sé það ljóst að það stangast á við siðræn viðhorf okkar Íslendinga að þeir sem eru með skipulagða starfsemi í kringum klámiðnaðinn komi til Íslands í hvataferðir. Þegar skoðuð er heimasíða þessara aðila kemur í ljós að erindið er m.a. eins og segir, og nú vitna ég í þetta á ensku, með leyfi forseta, „... a chance to conduct business, meet new people and discuss business developments" o.s.frv. Hér er greinilega um viðskiptatækifæri að ræða af hálfu þessara aðila.

Því spyr ég forsætisráðherra aftur hvort ekki sé þá leið að koma þeim skilaboðum til þessara aðila að hingað séu þeir einfaldlega ekki velkomnir. Það er aldrei að vita þá hvernig tekið verður á móti þeim (Forseti hringir.) af íslenskum almenningi ef þeir leggja leið sína hingað í hvataferð.

[15:09]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér heimasíðu þessara aðila en ég geng út frá því að lögreglan á Íslandi muni tryggja það að íslenskum lögum verði framfylgt gagnvart þessum hópum jafnt sem öðrum sem hingað kunna að koma í annarlegum tilgangi.

*Einkavæðing Iðnskólans í Reykjavík.*

[15:09]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Frá því hefur verið greint í fréttum þessa dagana, bæði í gær og í dag, að til standi að einkavæða Iðnskólann í Reykjavík, undirbúningur að því sé á fullu og til standi að færa rekstur þess skóla til einkafélags sem verði í eigu atvinnurekenda, þ.e. eins og gert er ráð fyrir að hálfu í eigu Landssambands íslenskra útvegsmanna og að hálfu í eigu Samtaka iðnaðarins.

Með þessum áformum stendur til að einkavæða einn stærsta framhaldsskóla landsins, með um 2.200 nemendum, með um 120 fastráðnum kennurum auk fjölda annarra starfsmanna.

Í fréttum er greint frá því að þessi áform hafi verið kynnt starfsmönnum skólans aðeins fyrir nokkrum dögum en samt eigi einkavæðingin að koma til framkvæmda á þessu ári. Það hefur einnig komið fram í fréttum nú, m.a. í dag, að samtök kennara innan skólans hafi andmælt þessu afdráttarlaust. Ég spyr því hæstv. menntamálaráðherra um áformin um þessa einkavæðingu, hvaðan þau séu komin, á hvaða stigi þau séu og hver framvinda þessa máls verði af hálfu ráðherra. Er það t.d. rétt að tekin hafi verið ákvörðun um það nú þegar að segja öllu fólki upp miðað við 1. maí? Hver er staða þessara áforma um einkavæðingu skólans? Ætlar ráðherra sér að einkavæða Iðnskólann á síðustu dögunum áður en hún hverfur úr embætti menntamálaráðherra við næstu kosningar?

[15:11]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er rétt sem komið hefur fram, það eru einstakir aðilar sem hafa komið að máli við mig og kynnt hugmyndir sem tengjast hugsanlegri sameiningu Iðnskólans í Reykjavík, sem er einn stærsti framhaldsskólinn, við Fjöltækniskóla Íslands. Þetta eru til að mynda Samtök iðnaðarins og skólameistarar beggja skóla, og það er líka rétt að undirstrika að strax og ég heyrði af þessum áformum og hugmyndum — það er líka rétt að undirstrika að við erum enn að fara yfir þessar hugmyndir, þetta er enn á hugmyndastigi. Það er ekki komið að ákvarðanatöku — taldi ég rétt að kynna hugmyndirnar fyrir Kennarasambandi Íslands og gerði það strax við formann KÍ.

Það var haldinn fundur í Iðnskólanum í Reykjavík þar sem þessar hugmyndir voru reifaðar og ræddar, þá ekki síst með tilliti til þess að þaðan sem hugmyndin að þessu og frumkvæðið er komið, þ.e. hjá þeim sem standa að Fjöltækniskóla Íslands, hefur sagan sýnt okkur að einkavæðing hefur skilað afskaplega góðu inn í skólasamfélagið. Menn sem voru andsnúnir þeirri einkavæðingu á sínum tíma eru núna hlynntir henni og telja að það hafi verið farsælt skref í skólamálum að einkavæða Fjöltækniskóla Íslands. Menn hafa reynsluna og söguna til að styðjast við ef það á að fara í þessa sameiningu.

En það er rétt að undirstrika að það er ekki komið það langt að menn séu farnir að ræða um, eins og hv. þingmaður spurði um, uppsagnir o.fl. Málið er ekki komið á það stig. Við erum enn að fara yfir þessi mál í ráðuneytinu og að sjálfsögðu verður leiðarljósið — ég gat þess strax á mínum fyrsta fundi með viðmælendum mínum — í menntamálaráðuneytinu náttúrlega fyrst og fremst það að þessi sameining mundi þá stuðla að eflingu starfsmenntanámsins og iðnnámsins og það yrði skólasamfélaginu öllu til heilla. Að sjálfsögðu ber okkur skylda til að fara yfir allar góðar hugmyndir í þá veru.

[15:14]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra verður að tala skýrar. Hún talaði eins og að hugmyndir væru komnar utan úr bæ um einn stærsta framhaldsskóla landsins sem heyrir undir ráðherra og hún ber ábyrgð á. Mér finnst þetta kæruleysislegt. Það stendur líka í fréttinni, með leyfi forseta:

„Undirbúningur sameiningar skólanna hefur staðið yfir í allnokkurn tíma og er nú á lokastigi."

Hverju svarar hæstv. ráðherra? Er þetta mál sem ráðherra kemur ekkert við? Ég krefst þess að ráðherra svari því hvar þetta mál er statt af hálfu ráðherrans sem ber ábyrgð á því. Eru það áform ráðherrans að láta þessa einkavæðingu koma til framkvæmda í vor eins og fréttatilkynning frá þessum aðilum segir til um og ráðherra ætti að vera fullkunnugt um? Ráðherra verður að svara skýrt en viðhafa ekki svona undanbrögð.

[15:15]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er alveg skýrt af minni hálfu. Við erum að fara yfir þessar hugmyndir og þá m.a. hvernig hægt er að standa að hugsanlegri sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands. Við erum að fara yfir þær hugmyndir sem hafa verið reifaðar við okkur. Við höfum líka komið fram með ákveðnar hugmyndir af okkar hálfu um hvað hægt er að gera til að efla starfs- og iðnnám í landinu. Við vitum alveg og það hefur m.a. verið samhljómur innan þessa salar, að við viljum gera margt til að efla og styrkja stöðu starfsnáms á Íslandi. Hluti af því er að efla enn frekar tengsl atvinnulífsins við starfsnámið. Um það höfum við, ég og hv. þm. Jón Bjarnason, verið sammála. Þess vegna ber mér að sjálfsögðu skylda til þess að fara gaumgæfilega yfir þær hugmyndir sem nú eru á mínum borðum varðandi hugsanlega sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands.

Það er ekki komið að ákvarðanatöku því margt á eftir að skoða og huga betur að. Ég vil m.a. geta þess að í þessu sambandi hafa verið ræddar ýmsar hugmyndir í tengslum við svonefnda fagháskóla. Það mál þarf að skoða mun betur en gert hefur verið og við þurfum að fara m.a. yfir þau mál miklu betur til að hægt verði að taka ákvörðun í tengslum við þá sameiningu sem tengist framhaldsskólaumræðunni. En málið er ekki komið á það stig að hægt sé að taka ákvörðun hér og nú.

[15:16]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég veit ekki annað en þessi stærsti iðnskóli landsins, stærsti framhaldsskóli landsins, hafi gengið mjög vel. Aðalvandinn hefur verið fjárskortur, sem hefur einmitt verið eitt af vandamálunum hjá þessari ríkisstjórn, hve naumt fé hefur verið skammtað til starfsnámsins og það hefur komið hart niður á Iðnskólanum eins og öðrum.

Ég spyr ráðherrann: Ætlar ráðherra að láta þetta koma til framkvæmda nú í vor? Ætlar ráðherra að einkavæða Iðnskólann án þess að það komi til umræðu á þingi? Ráðherra verður að svara því hvort á að taka einn stærsta framhaldsskóla landsins og einkavæða hann bara af því að hæstv. ráðherra langar til að einkavæða skólann. Það verða að koma rök. Við krefjumst þess að málið komi inn á Alþingi og við ræðum það þar, en ráðherra fái ekki að ráðskast með stærsta framhaldsskóla landsins eins og hann sé hennar einkamál, frú forseti.

[15:17]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég held að þurfi ekki að vera neitt svona ofors í þessu máli. Það er alveg ljóst að búið er að kynna málið öllum hlutaðeigandi sem að málinu koma. Kennarasamband Íslands er vel með á nótunum og hefur fylgst með málinu og mun verða áfram upplýst um það. Það sama gildir að sjálfsögðu um starfsmenn Iðnskólans í Reykjavík. Það er ekki komið að því að taka ákvörðun í málinu. En á hinn bóginn er alveg ljóst að ég og hv. þingmaður erum á öndverðum meiði. Ég er alveg sannfærð um að einkarekstur í skólakerfinu hefur leitt til farsældar fyrir allt skólasamfélagið. Við erum með góð dæmi um það hvort sem það er Landakotsskóli, Ísaksskóli, Fjöltækniskóli Íslands eða aðrir skólar.

Hins vegar er leiðarljósið í menntamálaráðuneytinu það að við skoðum ekki sameiningu bara til að sameina. Slík sameining verður að hafa í för með sér eflingu viðkomandi skóla, eflingu viðkomandi námsgreina og ef svo er þá ber okkur að sjálfsögðu skylda til að skoða þær hugmyndir sem leitt geta til þess að starfsnámið, sem okkur er öllum umhugað um, verði sterkara og betra en áður. En við viljum fá atvinnulífið mun sterkara inn í skólasamfélagið en verið hefur fram til þessa.

*Þjónustusamningur við SÁÁ.*

[15:19]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Þjónustusamningur ríkisins við SÁÁ rann út í lok árs 2005. Fram hefur komið í fjölmiðlum að töluverður halli er á rekstri SÁÁ sem mun leiða af sér niðurskurð á þjónustu við áfengis- og vímuefnasjúklinga eða þá jafnvel gjaldþrot á starfseminni allri.

Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram fjárlög án þess að gera þjónustusamning við SÁÁ og hafa verið gerðar athugasemdir við þau vinnubrögð m.a. af Ríkisendurskoðun. Mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort ráð-

herra hyggist gera nýjan þjónustusamning við SÁÁ og þá hvenær.

[15:19]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég hefði gjarnan viljað vera búin að gera þennan þjónustusamning. Við höfum átt í viðræðum við SÁÁ og þær viðræður standa yfir nú sem stendur. Ég vona að við séum að þokast í átt að samkomulagi. Á fjárlögum þessa árs eru, að mig minnir, 574 eða 576 milljónir settar til þjónustu SÁÁ. Þarna er um raunhækkun að ræða en samt hafa menn ekki náð saman enn sem komið er. En við erum öll af vilja gerð að ná þessum þjónustusamningi og ég vona að það muni takast.

Vegna þessarar fyrirspurnar vil ég líka benda á að utandagskrárumræða er fyrirsjáanleg á miðvikudaginn um áfengis- og vímuefnameðferð og þá gefst þingmönnum kostur á að ræða þessi mál frekar. Við erum öll af vilja gerð að reyna að ná samningum en það þarf tvo til og menn þurfa að vera ásáttir um hvaða upphæð á að renna til samningsins en fjárlögin binda auðvitað hendur okkar að vissu leyti. Það eru 574 eða 576 millj. kr. settar til þessarar þjónustu og spurning hvort við getum hækkað þá upphæð eitthvað. Um það standa þær viðræður sem nú eru í gangi og ekki er búið að ljúka.

Það eru ýmis mál sem eru flókin til úrlausnar varðandi þjónustusamninginn og þar get ég nefnt bæði fasteignaskatta og lífeyrisskuldbindingar. Það er ekki allt á valdi heilbrigðisráðuneytisins, fjármálaráðuneytið er allt af vilja gert líka. Þessi mál eru því öll til skoðunar núna og vonandi náum við samningum sem fyrst, en ég get ekki lofað því nákvæmlega hvenær það verður.

[15:21]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Það var eins og við mátti búast, þetta er allt í skoðun og þarna virðist vera þrasað á milli tveggja ráðuneyta. Eða átti ég ekki að skilja það þannig að það þyrfti tvo til til að semja? Eða er það þá kannski SÁÁ sem er vandamálið í þeim samningaviðræðum?

Það virðist vera, frú forseti, að einhver tregða sé komin upp þarna á milli, annars vegar heilbrigðisráðuneytisins og hins vegar SÁÁ. Maður hefur tekið eftir þessu nokkuð oft síðustu missiri og ég er farinn að efast um að fullur vilji sé hreinlega til að gera þennan samning.

Þess vegna spyr ég ítrekað: Hvenær ætla menn að ljúka þeim viðræðum? Það á löngu að vera búið að því og hafa einmitt verið umræður í Alþingi síðustu vikurnar hversu miklu máli það skiptir að gerðir séu þjónustusamningar við slíkar stofnanir. Ég ítreka þá spurningu, hvenær ætlar ráðherra að klára þennan samning sem á að vera fyrir löngu lokið?

[15:23]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Það er alls ekki þannig að eitthvert þras sé á milli tveggja ráðuneyta, eins og hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson gaf í skyn. Hins vegar eru sum þau atriði sem SÁÁ hefur viljað ræða um við okkur á forræði fjármálaráðuneytisins. Það er eins og með marga aðra þjónustusamninga, þeir eru ekki allir algerlega hreinir á hendi eins ráðuneytis. Það þurfa fleiri að koma þar að og mikill vilji er til þess í fjármálaráðuneytinu. En þeir tveir aðilar sem þurfa að sjálfsögðu að ná saman eru SÁÁ og ríkið, hið opinbera, og að því er stefnt. Við eigum viðræður við þá og ég tel að það starf sem þeir hafa verið að vinna að sé mjög gott og brýnt og þótt samningurinn sé runninn út er unnið áfram eftir þjónustusamningnum (Gripið fram í.) sem var í gildi á sínum tíma. Við þurfum að ná niðurstöðu og ég er bjartsýn fyrir okkar hönd í því máli en við þurfum að ákveða hvaða upphæð fer í samninginn og hvernig fjármagninu er varið. Um það mál erum við í viðræðum við SÁÁ.

*Vaxtarsamningur fyrir Norðurland vestra.*

[15:24]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Byggðaráð Skagafjarðar bókaði eftirfarandi á fundi þann 23. janúar sl., með leyfi forseta:

„Fyrir dyrum stendur undirritun vaxtarsamnings Norðurlands vestra sem áformuð er þriðjudaginn 30. janúar nk. Fulltrúar úr sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, ásamt sveitarstjóra, áttu af því tilefni óformlegan fund föstudaginn 19. janúar sl. með forsvarsmönnum atvinnufyrirtækja í Skagafirði, sem ráð er fyrir gert að eigi beina aðild að samningnum. Var fundurinn haldinn að frumkvæði þeirra. Eftir vandlega yfirferð málsins komust aðilar að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að fara þurfi betur yfir ýmis atriði áður en lokið er gerð vaxtarsamnings fyrir Norðurland vestra, svæði sem samkvæmt nýlegri skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er eitt tveggja svæða á landinu þar sem hagvöxtur var minni en enginn eða -6% á árunum 1998–2004. Fram komu miklar efasemdir um að samningurinn eins og hann lítur út samkvæmt fyrirliggjandi drögum skili árangri í uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu, og mun meira fjármagn og frekari aðgerðir þurfi til. Byggðaráð Skagafjarðar fer þess því á leit við aðstandendur vaxtarsamningsins að formlegri undirritun hans verði frestað um sinn og felur sveitarstjóra að koma óskinni á framfæri við hlutaðeigandi aðila og óska jafnframt eftir því við iðnaðarráðherra að komið verði á fundi með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og heimamanna til að ræða veika stöðu Norðurlands vestra ...“

Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að norðanmenn hafi nokkuð til síns máls í gagnrýni sinni á þau samningsdrög sem fyrir liggja og ef svo er, hvernig hann hyggist koma til móts við íbúa Norðurlands vestra.

[15:26]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn sem fjallar um mál sem er einmitt til vinnslu og athugunar í iðnaðarráðuneytinu um þessar mundir, vaxtarsamningur fyrir Norðurland vestra. Þetta er svæði sem stendur mjög höllum fæti eins og hv. þingmaður nefndi og við þurfum að taka virkilega vel á.

Reyndar er það svo að þau drög að vaxtarsamningi sem

liggja fyrir eru, að því er ég ætla, ágæt og árangursvænleg svo langt sem þau ná. En það er alveg rétt sem kom fram að þess var farið á leit að reynt yrði að fá meira fjármagn inn í þennan samning, ekki aðeins af hálfu ríkissjóðs heldur einnig að fá meiri þátttöku samtaka sveitarfélaga og fyrirtækja í þeim vaxtarsamningi. Við fengum þessa ályktun og við höfum fengið samsvarandi erindi frá fleiri aðilum og að sjálfsögðu var undirritun samningsins slegið á frest og haldið áfram að vinna að málinu því þetta er mjög brýnt. Fyrir liggur að þarna eru margvísleg vandamál sem þarf að taka á. Við höfum ekki enn þá leyst þetta, enda hefur ekki verið ákveðið hvenær samningurinn verður undirritaður en ég fullvissa hv. þingmenn um að málið er í alvarlegri athugun og vinnslu.

[15:28]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ítreka að um er að ræða annað tveggja svæða á landinu þar sem hagvöxtur hefur verið neikvæður um langt árabil, eða átta síðastliðin ár af þeim tólf sem Framsókn og Sjálfstæðisflokkur hafa haldið um stjórnvölinn í landinu. Aðeins er gert ráð fyrir 60 millj. kr. á allt Norðurland vestra á þriggja ára tímabili í þennan samning og þetta eru auðvitað smáaurar. Þetta er minna en Kaupfélag Skagfirðinga leggur eitt til þróunar skólamála í Skagafirði. Þetta eru smáaurar þegar við erum að tala um svæði sem hefur verið vanrækt jafnhroðalega eins og við þekkjum að hefur verið gert á Norðurlandi vestra og reyndar á Vestfjörðum líka þar sem sama smánarupphæðin var sett í vaxtarsamning. Það er skaði að því að vera að byggja upp falskar vonir eins og gert er með vaxtarsamningum sem allt of litlir peningar eru í. Ég spyr því: Hvenær má búast við að í ljós komi hvað á að gera til að betrumbæta þennan samning?

[15:29]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég fullyrði að fyrir liggur, m.a. í þeim gögnum sem vísað er til um hagvöxt á undanförnum árum, að það er ekki stjórnarstefnan sem um er að ræða í því sambandi heldur samsetning atvinnulífsins og hversu það einkennist af frumframleiðslugreinum sem eru í mikilli hagræðingu og umbreytingu og ekki hafa komið önnur atvinnutækifæri í nægilegu magni og hraða á sama tíma í staðinn.

Við erum að vinna að þessu verkefni núna. Ég get ekki skýrt frá því í svari við óundirbúinni fyrirspurn á hvaða stigi það er einmitt í dag eða á þessari stundu en unnið er að þessu af mikilli alvöru, enda er mikil nauðsyn að það takist að bregðast vel við og auka fjármagnið. En við verðum auðvitað líka að hafa það í huga að vaxtarsamningar ganga ekki fyrst og fremst út á það að fjárveitingar séu úr ríkissjóði heldur ganga þeir fyrst og fremst út á það að vera samstarfssamningur við aðila í héraði um framfarir og uppbyggingu.

[15:30]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Frú forseti. Það er rétt hjá hæstv. iðnaðarráðherra að uppistaða atvinnulífsins á Norðurlandi vestra einkennist af frumgreinaatvinnulífi, þ.e. sjávarútvegi og landbúnaði. En það er ekki nóg með það, heldur hefur ríkið dregið saman í opinberum störfum á þessu svæði sem bætir að sjálfsögðu gráu ofan á svart. Það hefur ekki verið gengið til samstarfs við heimamenn. Skollaeyrum hefur verið skellt við öllu því sem frá heimamönnum hefur komið til þessa, með öðrum orðum hefur þetta svæði eins og mörg fleiri úti á landsbyggðinni og þá sérstaklega á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra verið vanrækt. Við það er ekki hægt að búa. Hugsanlega, frú forseti, má búast við að núna rétt fyrir kosningar komi einhver vottur af viðleitni en það er of seint í rassinn gripið því að íbúum á Norðurlandi vestra fækkar og fækkar eins og á Vestfjörðum. Það er til skammar að láta hlutina gerast þannig árum saman án þess að bregðast við.

[15:31]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þingmaður noti um þetta óþarflega sterk orð og óþarflega hörð áfellisorð. Ég held að þessi þróun þarna sé alvarlegri en svo að hún verði afgreidd með einföldum stóryrðum. Vissulega hefur verið unnið að því að fjölga þarna opinberum störfum. Ég nefni umsjón með fæðingarorlofi og ég nefni önnur verkefni á vegum félagsmálaráðuneytisins en það er mjög mikilvægt og er sameiginlegt markmið, vonandi okkar allra, að vinna að byggðaframförum með jafnræði að leiðarljósi og einnig með það að leiðarljósi sem er grundvallaratriðið í vaxtarsamningunum að virkja og efla og styrkja frumkvæði heimamanna sjálfra.

*Kjaradeila grunnskólakennara.*

[15:32]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra út af grunnskólum landsins. Hæstv. ráðherra sagði í viðtali við Ríkisútvarpið á fimmtudaginn í síðustu viku að hún teldi að stefndi í verkföll í grunnskólum landsins og þá má rifja upp að fyrir tveimur árum setti ríkisstjórnin lög á kjaradeilu grunnskólakennara. Ríkisstjórnin rak þá aftur til starfa hundóánægða inn í skólana og síðan þá hefur verið mikil ólga í grunnskólum landsins. Núna er hún að brjótast upp á yfirborðið og teflir í mjög alvarlega stöðu. Það er undiralda í skólunum og meðal kennaranna og þeir tala sjálfir um hópuppsagnir. Hæstv. ráðherra talar um að stefni í verkfall. Ég vildi því spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort hún hefði komið að málinu, hvaðan hún hefði þær upplýsingar að stefndi í verkfall að hausti og til hvaða ráða hæstv. ráðherra vill grípa. Hún ber ábyrgð á menntun barna í landinu, og ekki síst út af því að ríkisstjórnin rak kennarana hundóánægða til starfa fyrir tveimur árum hefur blasað við að í óefni stefndi í skólunum. Nú er að sjóða upp úr, grunnskólakennarar eru mjög óánægðir með störf sín og kjör. Það gefur augaleið og hæstv. ráðherra hefur staðfest það með því að segja að hún telji að verkföll séu í uppsiglingu.

Þá vildi ég nefna það að í skýrslu OECD sem kom út fyrir nokkrum dögum kemur fram að Íslendingar eru varla

miðlungar í menntun. Kemur auk þess fram að fimmtungi skólabarna líður illa og er mjög einangraður. Þetta er mjög alvarleg staða og afleit og hæstv. ráðherra ætti að bregðast einhvern veginn við því um leið og hún tekur utan um þetta ástand sem er að skapast í skólunum og getur orðið til þess að mikið atgervi í kennarastéttinni fari út úr skólunum í haust með mjög alvarlegum afleiðingum fyrir skólastarf í landinu þannig að skólarnir verði í annað sinn á tveimur árum lamaðir vegna deilna um kjör kennara.

Á því ber ríkisstjórnin ábyrgð. Hún skammtar sveitarfélögunum tekjustofnana. Hún rak kennarana með lagasetningu aftur til starfa. Hæstv. ráðherra verður að koma að málinu í þetta skipti og reyna að koma í veg fyrir að í sama óefni stefni.

[15:34]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að geta þess að ég svaraði aðspurð hvernig mér þætti ef stefndi í verkfall og þá sagði ég að það væri ólíðandi staða. Ég tel það ólíðandi ef málum er þannig hagað að við stefnum í verkfall. Ég vil enn og aftur ítreka það sem hæstv. forsætisráðherra gerði í svari við fyrirspurn þess sama hv. þingmanns og kemur hingað upp varðandi þetta mál að þetta mál er hjá sveitarfélögunum og er málefni sveitarfélaga og grunnskólakennara. Það er samt ekki þannig að við sem hér erum séum skoðanalaus eða getum leyft okkur það. Hins vegar bind ég enn miklar vonir við það að sveitarfélögin, Kennarasambandið og Félag grunnskólakennara nái saman því að málið er brýnt og það er ólíðandi að samfélagið verði aftur á innan við þremur árum hugsanlega heltekið af verkföllum. Við vitum hvaða alvarlegu afleiðingar það getur haft fyrir börnin okkar og allt skólastarfið. Hagsmunirnir eru ríkir og þeir eru miklir.

Ég sagði líka í þessu viðtali og verð að segja það alveg eins og er að ég hefði kosið að sjá samningsaðila nýta betur þann tíma sem núna er liðinn frá því að verkfallið átti sér stað. Þá er ég að tala um að við verðum að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru. Kennarar eru ekki á háum launum. Til þess að hafa góða kennara inni í skólunum og halda þeim þurfa þeir að fá betri laun. Núverandi aðferðafræði dugar hins vegar skammt til að hækka kennara í launum. Þess vegna hef ég kosið að menn færu almennt séð, og breitt, yfir skólastarfið. Skólarnir hafa breyst mjög mikið á síðustu árum. Ábyrgð kennara er mun meiri í dag en hún var á árum áður og þess vegna þarf að fara á víðtækum grundvelli yfir málefni grunnskólakennara og hvernig kennsluhættirnir hafa þróast. Þess vegna segi ég að ég hefði viljað sjá tímann nýttan betur.

[15:37]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra, það er algjörlega ólíðandi ef stefnir í aðra kjaradeilu á svo skömmum tíma, annaðhvort fjöldauppsagnir eða annað verkfall. Hæstv. ráðherra sagði áðan að tíminn hefði ekki verið nýttur vel og er hægt að taka undir það. Þess vegna er ástæða til að varpa því upp í umræðum um þessi mál að hæstv. ráðherra taki það formlega upp við sveitarfélögin í landinu og forustumenn kennara hvort það fyrirkomulag að launanefnd fari með þessi mál fyrir öll sveitarfélögin í viðræðum kennara sé ekki orðið úrelt, hvort það fyrirkomulag hafi ekki dæmt sig úr leik, hvort fyrirkomulagið tefli ekki skólastarfi í voða ár eftir ár aftur og aftur. Þetta þarf að endurskoða. Ráðherrann ber hiklaust ábyrgð á þeim málaflokki að tryggja grunnskólamenntun barnanna. Ríkisstjórnin setti lög á kennaradeiluna fyrir tveimur árum og ber því enn þá ríkari ábyrgð á málum en ella. Þess vegna verður hæstv. ráðherra að taka utan um málið og kanna hvort ekki megi koma í veg fyrir að stefni aftur í óefni, skólastarfinu í voða og hvort þessar leiðir verði ekki að kanna.

[15:38]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er samt einkennilegt að þegar við ræðum málefni sveitarfélaganna, þegar málefni koma upp eins og þau sem tengjast og eru í samskiptum milli sveitarfélaga og kennara, komi Samfylkingin sem hefur alltaf ítrekað það — hér mátti ekki ræða það að leggja ákveðnar álögur á sveitarfélögin varðandi einkaskóla og sjálfstæða skóla af því að þá kom Samfylkingin og talaði um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga en síðan þegar við komum að þessu máli gufar sá sjálfsákvörðunarréttur upp og sveitarfélögin eiga allt í einu ekkert að hafa um málið að segja, ég á að taka launanefndina af og skipta mér beint af málinu.

Ég tel mikilvægt að ábyrgð sveitarfélaga sé rík, og hún er rík. Sveitarfélögin axla hana, skólastarfið hefur tekið miklum framförum á undanförnum árum. Sveitarfélögin verða líka að skoða það sérstaklega hjá sér og mér sýnist formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sérstaklega hafa lagt sig fram í þeim efnum að reyna að nálgast hlutina á nýjan hátt. Ég held að báðir samningsaðilar verði að axla ábyrgð í þessu máli og reyna að hugsa málið upp á nýtt þannig að það verði skólasamfélaginu og börnunum okkar til heilla. Við erum sammála um það, ég og hv. þingmaður, að það þarf að skoða málin út frá öðrum sjónarhornum.

[15:39]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Það vafðist ekki fyrir ríkisstjórninni og hæstv. menntamálaráðherra að vaða á skítugum skónum yfir sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna þegar lög voru sett á kjaradeilu kennara fyrir tveimur árum. Það vafðist ekki fyrir hæstv. ráðherra að vaða yfir sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna í fyrra þegar lög voru sett um einkarekna grunnskóla. Hér er enginn að kalla eftir því að það sé vaðið yfir sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna. Samfylkingin hefur talað fyrir því umfram annað að tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir og endurskoðaðir þannig að sveitarfélögin, bæði smá og stór, geti staðið undir því risastóra verkefni og þeirri miklu ábyrgð að reka grunnskóla landsins. Síendurteknar vinnudeilur, hópuppsagnir og verkföll gefa einfaldlega afskaplega sterkar vísbendingar svo að vægt sé til orða tekið um að það þurfi að endurskoða og styrkja tekjustofnana. Sveitarfélögin bera ekki þá ábyrgð heldur ríkisvaldið sem verður að koma að málinu með því að styrkja tekjustofnana. Ríkisstjórnin setti lögin á kjaradeil-

una og þess vegna getur hæstv. menntamálaráðherra ekki sagt: Þetta kemur mér ekki við, ég ber ekki ábyrgð á málinu. Hæstv. ráðherra ber beina ábyrgð á þessu máli.

[15:40]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Hér var um beina skattahækkunartillögu að ræða. Það er alveg ljóst að það kom fram í máli hv. þingmanns. Við verðum þá að hafa það hugfast — ég vona að allir séu mér sammála um að við viljum ekki verkföll í grunnskólum landsins. Það þarf að skoða þessi mál upp á nýtt. Við viljum og við þurfum á góðum kennurum að halda í skólastarf okkar. Mestu og stærstu hagsmunirnir eru að hafa góða kennara. Til þess þurfum við að launa fólkinu vel en núverandi aðstæður bjóða ekki upp á það. Það þarf að endurskoða allt heila kerfið til að reyna að finna tækifæri til að hækka laun kennara út frá öðrum forsendum en gengið hefur verið út frá fram til þessa.

Ég hef hins vegar lagt mig í líma við það að reyna að koma til móts við tillögu frá Kennarasambandinu og ýmsum öðrum til að skoða m.a. kennaranámið heildstætt. Ég held að það sé brýnt að við tökum inn í þetta aukin tækifæri í kennaranámi, auknar kröfur til kennaranáms og skoðum það m.a. að lengja það eins og við höfum rætt áður í þessum þingsal.

### *Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 575. mál. — Þskj. 853.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

### *Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, fyrri umr.*

Stjtill., 574. mál. — Þskj. 852.

[15:43]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill láta þess getið að hann mun freista þess að fram fari atkvæðagreiðsla um þennan dagskrárlið að umræðu lokinni núna seinna í dag eða jafnvel í kvöld.

[15:44]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir tímabilið 2007–2010. Fyrr á þessu þingi mælti ég fyrir samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018 sem er stefnumótandi og rammaáætlun, en samgönguáætlun fyrir tímabilið 2007–2010 er sundurliðuð fjögurra ára áætlun fyrir fyrsta tímabil hennar. Hér verður að gera skýran greinarmun á. Fjögurra ára áætlunin er í eðli sínu eingöngu fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

Segja má að margt sameiginlegt sé með undirbúningi fjögurra ára samgönguáætlunar og tólf ára áætlunarinnar. Uppbygging áætlunarinnar er í samræmi við lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002. Hér er í þriðja sinn lögð fram fjögurra ára áætlun um rekstur og uppbyggingu samgangna sem tekur til allra samgöngugreina.

Miklar kröfur eru gerðar til uppbyggingar samgöngukerfisins af hálfu sveitarstjórna, hagsmunaaðila og almennings í landinu. Eins og áætlunin ber með sér eru verkefnin fram undan stór og þrátt fyrir að meira fé sé veitt í þennan málaflokk á áætlunartímabilinu en áður fyrr er ógerningur að verða við óskum allra. Þeir áfangar sem stefnt er að á tímabilinu munu samt sem áður stórbæta samgöngur um landið og í sumum tilfellum verður um kúvendingu að ræða. Þar valda jarðgöng mestum straumhvörfum. Í þessari ræðu vil ég kynna fyrir hv. alþingismönnum helstu áhersluþætti í samgönguáætluninni. Eins og venja er gerir áætlunin ráð fyrir verulegum framkvæmdum í hafnargerð, rekstri flugmála, vegagerð og síðast en ekki síst í öryggismálum samgönguþáttanna.

Í samgönguáætlun þessari er áhersla fyrst og fremst lögð á uppbyggingu vegakerfisins með sama hætti og tiltekið er í tólf ára áætluninni. Litið er svo á að byggingu nýrra flugvalla og nýrra hafna sé að mestu lokið nema sérstakar aðstæður kalli á annað sem nánar verður greint frá hér á eftir. Framkvæmdir í höfnum og flugvöllum miðast að því að bæta aðstöðu og bregðast við auknum kröfum og þróun á sviði flugs og siglinga. Í áætlun þessari er einnig unnið að því að bæta samgöngur fyrir ferðaþjónustuna með ýmsum aðgerðum og kem ég að því síðar.

Heildarfjármagn til samgöngumála hefur stóraukist á undanförnum árum. Í samgönguáætlun 2007–2010 heldur þessi þróun áfram. Tillagan gerir ráð fyrir að tæplega 130 milljörðum kr. verði varið til samgöngumála næstu fjögur árin og þar af renni tæplega 106 milljarðar kr., rúmlega 81%, til vegamála. Til samanburðar var áætlað að 86 milljarðar rynnu til samgangna 2005–2008 og þar af um 73% til vegamála. Hluti þessa fjármagns, 15 milljarðar á þessu tímabili, kemur af söluandvirði Símans.

Í áætluninni er gert ráð fyrir því að nokkrar framkvæmdir og verkefni á sviði flugmála, siglingamála og vegamála verði fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun á áætlunartímabilinu. Um er að ræða viðamikla útgjaldaliði sem ekki verður ráðist í innan heildarramma og samgönguáætlunar tímabilið 2007–2010. Um er að ræða byggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll. Tekin er í notkun norðaustur-/suðvesturbraut á Keflavíkurflugvelli, flugbraut á Akureyri verður lengd, ný Vestmannaeyjaferja mun sigla vonandi milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru, upphaf breikkunar vega út frá Reykjavík til austurs og norðurs og Vaðlaheiðargöng. Þannig er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun til vegagerðar að upphæð 9,5 milljarðar, til flugmála að fjárhæð 3,8 milljarðar og til siglingamála 1,6 milljarðar.

Sérstök fjáröflun eins og það hugtak er sett fram í þessari áætlun getur verið með ýmsum hætti. Þar getur verið um að ræða einkaframkvæmd byggða á fjáröflun með notendagjöldum eða sambland af notendagjöldum, ríkisframlagi og

framlagi einkaaðila. Einnig getur verið um að ræða hefðbundnar framkvæmdir byggðar á hefðbundnum útboðum en í þeim tilvikum byggist þá sérstök fjáröflun alfarið á sérstöku ríkisframlagi eða lántöku sem felur í sér að ríkið greiði framkvæmdina á lengri tíma en nú er venjan.

Hér er ekki tekin bein afstaða til þess með hvaða hætti þessi verkefni verði boðin út en þess í stað er vísað til álits nefndar sem ég skipaði um einkaframkvæmd í samgöngum. Með einkaframkvæmd er átt við að einkaaðilum verði falið samkvæmt samningi að annast hönnun, framkvæmd, rekstur og fjármögnun tiltekinna verkefna sem almennt samkomulag er um að opinberir aðilar sinni í þágu almennings.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að mörgum brýnum verkefnum á sviði flugmála. Helstu verkefni sem fyrirhuguð eru á næstu fjórum árum eru fyrrnefnd bygging samgöngumiðstöðvar í Reykjavík og lenging Akureyrarflugvallar auk þess sem norðaustur-/suðvesturbraut Keflavíkurflugvallar verður tekin í notkun á ný á sama tíma og samsvarandi braut á Reykjavíkurflugvelli verður lokað.

Meðal annarra framkvæmda í áætluninni má nefna uppsetningu blindflugskerfis og lagfæringar akbrautar og flughlaðs á Akureyri, uppsetningu aðflugsljósa á Egilsstöðum, öryggissvæði bætt í Vestmannaeyjum, endurnýjun ljósabúnaðar og stefnusendis á Ísafirði og lokið við uppsetningu aðflugsbúnaðar á Þingeyrarflugvelli. Þá eru endurbætur á Bíldudalsflugvelli í áætlun. Á 2. og 3. tímabili verður metin þörfin fyrir lengingu Egilsstaðaflugvallar eins og ég gat um í ræðu minni um tólf ára áætlunina.

Í fjögurra ára áætlun er gert ráð fyrir að verja 9,3 milljörðum kr. til siglingamála, þ.e. mun hærri fjárhæð en í síðustu áætlun sem skýrist eingöngu af uppbyggingu fyrirhugaðrar Bakkafjöruhafnar. Eftir 2008 er gert ráð fyrir að ný hafnalög verði að fullu komin til framkvæmda og renna þá framlög til hafnarmannvirkja nær eingöngu til minnstu hafnanna og hafna sem búa við erfið hafnarskilyrði frá náttúrunnar hendi. Styrkir til hafnargerðar eru fyrst og fremst til að endurbæta og byggja ný viðlegumannvirki til að mæta þörfum þróunar fiskiskipaflotans. Stærstu verkefni af þessu tagi eru í höfninni á Rifi, Grundarfirði, Patreksfirði, Tálknafirði, Bolungarvík, Ísafirði, Hólmavík, Akureyri, Húsavík, Hornafirði, Vestmannaeyjum og Grindavík. Unnið verður að stofndýpkunum, m.a. í höfnunum á Rifi, Ólafsvík, Siglufirði, Grímsey, Hornafirði, Þorlákshöfn og Grindavík auk reglubundinna viðhaldsdýpkana í höfnum á um 15 stöðum á landinu. Stefnt er að því að styrkja skjólgarðinn í Ólafsvík, Bolungarvík, Dalvík og Breiðdalsvík og byggja nýja skjólgarða á Reykhólum, Sauðárkróki, Siglufirði og Þórshöfn, og hafnsögubátar verða keyptir fyrir hafnir Fjarðabyggðar, Þorlákshafnar og Grindavíkur. Ný uppbygging á ferjuhöfnum á Brjánslæk og Dalvík verður samstarfsverkefni Siglingastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og viðkomandi sveitarfélags.

Eftirfarandi eru helstu áfangar og áherslur í rekstri Siglingastofnunar næstu fjögur árin: Umfang siglingaverndar vex í kjölfar stóraukinna umferðarflutninga og skemmtiferðaskipa en markmiðið er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnarsvæða gegn hvers kyns hryðjuverkaógn. Af sömu ástæðum mun umfang eftirlits með erlendum skipum sem taka höfn hér á landi, svonefnt hafnarríkiseftirlit, aukast. Áhersla verður lögð á að koma upp tækjum og búnaði til að fylgjast sem best með ferðum skipa um íslensku efnahagslögsöguna með sérstakri áherslu á stóru olíu- og gasflutningaskipin sem leið eiga fram hjá landinu. Einnig eru til skoðunar hugmyndir um að afmarka siglingaleiðir við strendur landsins. Í þessu samhengi gegnir vaktstöð siglinga mjög viðamiklu hlutverki í samstarfi við Landhelgisgæslu.

Skoðaðir verða kostir þess og gallar að heimila útgerðum minni skipa að framkvæma að ákveðnu marki skoðun skipa sinna. Haldið verður uppi öflugu starfi við gerð ýmiss konar fræðsluefnis og leiðbeininga undir merkjum áætlunar um öryggi sjófarenda. Unnið verður að ýmsum rannsóknum, svo sem öldufarsreikningum og áframhaldandi þróun upplýsingakerfis um veður og sjólag.

Virðulegur forseti. Mikið fjármagn þarf til reksturs og þjónustu á vegakerfinu og fer sú fjárþörf stöðugt vaxandi. Sama er að segja um viðhald veganna. Ekki verður fjölyrt frekar um þessa liði umfram það sem ég tiltók í ræðu minni um tólf ára samgönguáætlunina en þó er rétt að minnast á tvö atriði. Allar almenningssamgöngur utan þéttbýlis falla undir vegamál og annast Vegagerðin umsjón þeirra. Útgjöld til þessa liðar eru rúmlega 1 milljarður kr. á ári. Þjónustusamningum um rekstur ferja og áætlanaleiða í flugi hefur verið komið á eftir útboð og unnið hefur verið að endurskipulagningu sérleyfisleiða og þjónustusamningar gerðir við sérleyfishafa um allt land. Hefur sá hluti almenningssamgangna einnig verið boðinn út á markaði.

Í áætluninni er að finna sérstakan lið, öryggisaðgerðir, og er rétt að benda á að mjög mikið af nýbyggingarfé fer til verkefna sem stuðla að auknu öryggi á vegunum. Dæmi um þetta er breikkun brúa en ég vek athygli á því að á undanförnum fimm árum hefur einbreiðum brúm fækkað um 79, þ.e. tæplega 16 brýr á ári að jafnaði.

Umferðaröryggisáætlun er nú öðru sinni hluti af samgönguáætlun frá því að málaflokkurinn fluttist til samgönguráðuneytisins 1. janúar 2004. Á þeim tíma hefur mikil áhersla verið lögð á mótun heildarstefnu og framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum og um leið að stilla saman krafta stofnana og annarra aðila sem fara með umferðaröryggismál. Gert er ráð fyrir að til umferðaröryggisáætlunar verði varið alls 1.763 millj. kr. á tímabili áætlunarinnar. Fjármagnið kemur að hluta af vegáætlun, alls 1.283 millj., en af umferðaröryggisgjaldi og sérstakri árlegri fjárveitingu til umferðaröryggismála koma samtals 480 millj. kr. á tímabilinu. Þetta er rúmlega 220 millj. kr. aukning frá fyrri áætlun og vek ég alveg sérstaka athygli hv. þingmanna á þeirri staðreynd. Þar með viljum við undirstrika þörfina fyrir áherslur og aukningu í því starfi sem lýtur að umferðaröryggismálum. Mótuð var umferðaröryggisáætlun þar sem sett voru fram markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi en meginmarkmiðin eru sem fyrr að fjöldi látinna í umferðinni á hverja 100 þús. íbúa verði ekki meiri en þar sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2016. Þetta er mjög mikilvægt markmið.

Valdar hafa verið aðgerðir og verkefni með hliðsjón af virkni þeirra til fækkunar slysa og lækkunar slysakostnaðar. Helstu aðgerðir til að ná markmiðunum eru eftirfarandi: Stóraukið eftirlit með hraðakstri, bílbeltanotkun og ölvun-

arakstri, aukin áhersla á sjálfvirkt myndavélaeftirlit, breyttar áherslur í áróðri þar sem horft er til vitundarvakningar í ríkari mæli, heildarendurskoðun á umferðarfræðslu, ökunámi og ökukennslu og að skylda ökunema til æfinga á aksturskennslusvæðum.

Ég hef farið nokkrum orðum um skiptingu fjár milli kjördæma undir liðnum Almenn verkefni og tengivegir. Við afgreiðslu fjögurra ára áætlunar árin 2005–2008 var *liðnum Almenn verkefni skipt á milli kjördæma, annarra en* Reykjavíkur, samkvæmt reiknireglu sem tók tillit til heildarlengdar vega, umferðar og lengdar vega með malarslitlagi. Verður þessi regla að teljast sanngjörn og verður henni haldið við gerð þessarar áætlunar. Fjármagni til tengivega er nú skipt í samræmi við reiknilíkanið þar sem tekið er tillit til hlutfallslegrar lengdar vega og umferðar.

Varðandi ferðamannaleiðir og vegi um þjóðgarða er með áherslum hér leitast við að koma til móts við þarfir greinarinnar í heild. Ferðaþjónusta í landinu byggir í ríkum mæli á góðum samgöngum. Við gerð þessarar áætlunar var veitt fé til Lyngdalsheiðar, Suðurstrandarvegar, Uxahryggjarvegar, Útnesvegar um Snæfellsnesþjóðgarðinn og Dettifossvegar með Jökulsá á Fjöllum. Allt verða þetta að teljast mikilvægir ferðamannavegir.

Virðulegur forseti. Með þessari tillögu til þingsályktunar sem ég hef hér mælt fyrir er horft fram á veginn. Margir stórir áfangar munu nást. Í hnotskurn má segja þetta: Þessi fjögurra ára áætlun byggir á heildstæðri stefnu og skýrum markmiðum tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007–2018. Áætlunin gefur skýra og heildstæða sýn af samgöngumálum og setur flugmál, siglingamál og vegamál í samhengi, m.a. með því að skilgreina grunnnet samgangna. Byggt er á mikilli reynslu færustu sérfræðinga landsins í stofnunum ráðuneytisins og á vinnu samgönguráðs. Þetta er hinn trausti grunnur sem ég byggi á við gerð áætlunarinnar.

Hér er hugsað stórt og hér er hugsað til framtíðar. Gert er ráð fyrir meiri og dýrari framkvæmdum en nokkru sinni. Það er sannfæring mín að ég hafi vilja þjóðarinnar með mér í þessu máli. Þjóðin vill verja verulega meiri fjármunum en áður til samgöngumála. Það er sú staðreynd sem ég bið Alþingi að taka tillit til.

Virðulegi forseti. Ég hef nú mælt fyrir þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2007–2010. Ég legg til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. samgöngunefndar.

[15:59]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í þessu andsvari mínu spyr ég hæstv. ráðherra um lagalegar heimildir fyrir því að Spölur hf. geti haldið óbreyttu gjaldi í gegnum göngin til að fjármagna aðrar vegaframkvæmdir. Í frétt frá 15. janúar 2001 segir, með leyfi forseta:

„Fulltrúar Spalar og Vegagerðarinnar hafa undirritað samkomulag þar sem kemur fram að samningsaðilar séu sammála um nauðsyn framkvæmda við hringveginn á Kjalarnesi og við Hvalfjarðargöng“ og að þeir hafi ákveðið að lækka ekki gjöldin í gegnum Hvalfjarðargöngin heldur taka peningana, 15–20% sem getur numið 200–300 millj. kr. á ári, til að fjármagna aðrar vegaframkvæmdir en snerta Hvalfjarðargöngin.

Ég spyr ráðherra: Er þetta lagalega heimilt?

[16:00]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið áður var það á grundvelli laga sem hv. þm., þáverandi samgönguráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, fékk samþykkt hér á Alþingi að innheimt er gjald fyrir notkun jarðganganna.

Á sínum tíma lánaði Vegagerðin Speli fjármuni til þess að geta staðið við þær skuldbindingar að greiða arð til hluthafa. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir því að þetta lán verði endurgreitt inn til Vegagerðarinnar að nýju og þeir fjármunir m.a. nýttir til þess að undirbúa framkvæmdir við næsta áfanga við gerð jarðganga og framkvæmdir við breikkun vegarins að jarðgöngunum, eins og fram kom hjá hv. þingmanni. Spölur er því í fullum rétti til að nýta fjármuni sem hann innheimtir til þess að greiða skuldir sínar.

[16:01]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég dreg þetta stórlega í efa. Þegar ákveðið var að fara út í Hvalfjarðargöngin með þessum hætti og innheimta veggjöld var það að mínu viti algjörlega bundið við þá framkvæmd eina, ekki að hægt væri að taka veggjaldið til þess að fjármagna hinar ýmsu vegaframkvæmdir.

Í þessu samkomulagi Vegagerðarinnar og Spalar er verið að tala um tvöföldun Hvalfjarðarganga, Vesturlandsveg um Kjalarnes og Sundabraut. Ég spyr hvort það eigi að fara að nota Hvalfjarðargöngin sem tekjustofn fyrir almenna vegagerð í landinu. Ég mótmæli svona löguðu og spyr ráðherra: Er hann sammála því að þetta sé gert, að Hvalfjarðargöngin séu notuð sem almennur tekjustofn? Ég held að það ætti frekar að stefna að því að fella þessi gjöld niður en að vera að nota þau sem tekjuöflun fyrir aðrar vegaframkvæmdir.

Ég spyr því ráðherra: Er hann sammála því að gjaldið í Hvalfjarðargöngin sé notað til almennrar fjáröflunar (Forseti hringir.) fyrir ný göng, fyrir breikkun vegar um Kjalarnes o.s.frv.?

[16:02]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður reynir náttúrlega að gera málið tortryggilegt og gengur út frá röngum forsendum. Það stendur hvergi í þessu samkomulagi Spalar og Vegagerðarinnar að til standi að nýta fjármuni vegna innheimtu af gangagjaldinu til framkvæmda við Sundabraut. Ég veit ekki hvar þingmaðurinn hefur fengið þær hugmyndir. Þetta er einn allsherjarmisskilningur hjá hv. þingmanni.

Þetta samkomulag er gert til þess að greiða fyrir framkvæmdum og undirbúningi vegna breikkunar jarðganganna, framkvæmdum á veginum. Það er mat forsvarsmanna Spalar að það sé mjög mikilvægt og skipti mjög miklu máli og Vegagerðin telur að það skipti mjög miklu máli að nýta sér þekkingu og reynslu forsvarsmanna Spalar til þess að taka

þátt í þessu verkefni á þeim nótum sem samningurinn gerir ráð fyrir.

[16:03]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgönguráðherra segir að þjóðin standi með sér í að gera stórátak í vegagerð. Ég hugsa að það sé rétt samanber boðskap formanns Samfylkingarinnar sem vill beita sér fyrir stórátaki í samgöngumálum. En ég spyr: Er það trúverðugt þegar hæstv. núverandi ríkisstjórn með samgönguráðherra í broddi fylkingar kemur hér og boðar þetta átak vegna þess hvað sporin hræða í niðurskurði eftir kosningasamgönguáætlanir undanfarinna alþingiskosninga?

Á undanförnum þremur árum hafa framkvæmdir verið skornar niður fyrir 6 milljarða miðað við það sem boðað var rétt fyrir kosningar. Þar að auki hefur ríkisstjórnin sett sem gjaldalið á Vegagerðina ýmsa þætti eins og ferjur, áætlunarflug, sérleyfi á landi og annað sem má telja upp á einn og hálfan milljarð kr. án þess að tekjustofn komi til Vegagerðarinnar vegna þessa. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Er þetta trúverðugt?

[16:04]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það væri fróðlegt að vita hvort hv. þingmaður er á móti því að við styrkjum ferjusiglingar til Grímseyjar, svo tekið sé dæmi, það væri fróðlegt að vita það. (**KLM:** Nei, ...) Og einnig hvort þingmaðurinn hafi ekki tekið eftir því að það er verið að grafa jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og það er búið að opna jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og um Almannaskarð og það hafa staðið yfir framkvæmdir um allt land. Hefur þingmaðurinn ekki farið um Tjörnes t.d.? Hér er stöðugt talað eins og það hafi verið eingöngu niðurskurður.

Það er verið að reyna að blekkja þjóðina og það er alveg stórundarlegt ef Samfylkingin ætlar að ganga til þessara kosninga með það eina vopn að reyna að telja þjóðinni trú um að þeir hlutir sem hafa verið að gerast hafi ekki verið að gerast. Það hefur verið í gangi meiri framkvæmdahrina á sviði samgöngumála en nokkru sinni hefur áður verið og við ætlum okkur (Forseti hringir.) að halda því áfram, virðulegur forseti.

[16:06]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega rétt að það hafa orðið áfangasigrar í samgöngumálum, ekki veitir af. Ég mun koma að því á eftir í ræðu minni og fjalla um tekjuhliðina og gjaldahliðina.

En ég spyr hæstv. ráðherra: Er það rangt hjá mér að samgönguvegaframkvæmdir hafi verið skornar niður á undanförnum þremur árum um þrisvar sinnum 2 milljarða, eða 6 milljarða kr.? Er það rangt hjá mér, virðulegi forseti, að inn á vegáætlun séu komnir gjaldaliðir upp á einn og hálfan milljarð kr. vegna ferjusiglinga, áætlunarflugs, sérleyfa á landi og annars slíks, en tekjustofn hafi ekki komið á móti til Vegagerðarinnar? Tekjustofn Vegagerðarinnar hefur ekki verið aukinn samfara þessu.

Virðulegi forseti. Til þess að spara hæstv. samgönguráðherra svarið er ég auðvitað hlynntur styrkjum til ferja, áætlunarflugs, sérleyfis á landi og öðru slíku en ég tel að það eigi að koma tekjustofnar með, en ekki að slíkt sé tekið af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar sem áttu að renna til vegagerðar eins og var áður en þessir liðir komu inn sem gjaldaliðir.

[16:07]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað alltaf hægt að segja sem svo að við ættum að hækka skatta, leggja á sérstaka ferjuskatta, leggja á sérstaka styrkjaskatta vegna flugs á jaðarsvæði o.s.frv. En við höfum valið þann kostinn að auka framlög til samgöngumála og nýta þau m.a. í þetta verkefni sem hv. þingmaður nefndi.

Allar þær frestanir — og hv. þingmenn tala alltaf um niðurskurð, en það hefur ekkert verið skorið niður. Við höfum frestað framkvæmdum vegna þenslu á vinnumarkaði. Við höfum ekki skorið niður og allar þær frestanir eru inni í samgönguáætluninni. Til viðbótar bættum við 15 milljörðum við vegna símasölunnar, þannig að tal um að niðurskurður sé í gangi er rangt. Hv. þingmenn ættu að lesa samgönguáætlunina betur heima. Allar frestanir eru komnar inn aftur.

[16:08]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar maður les samgönguáætlun hæstv. samgönguráðherra kemur manni í hug saga eftir Sigurð Nordal sem heitir Ferðin sem aldrei var farin. Hér er á ferðinni einhvers konar óskalisti, einhver stærsti kosningavíxill Íslandssögunnar í formi óskalista samgönguráðherra sem nú er að ganga til kosninga eftir 60, 70 daga, eftir 16 ára veru í samgönguráðuneyti Sjálfstæðisflokksins, sem er saga svikinna kosningaloforða í samgöngumálum, saga eilífra niðurskurða fyrr og áður boðaðra tillagna í samgöngumálum. Nú á að fara ferðina sem aldrei var farin.

Nú á að gera allt fyrir alla. Nú er hægt að kynna til sögunnar stóra og mikla samgönguáætlun þar sem á að verja tugum milljarða í vegabætur og fleiri framkvæmdir, allt sem var ekki hægt að gera á 16 ára vanrækslutímabili Sjálfstæðisflokksins í samgönguráðuneytinu. Hvernig eiga kjósendur, íslenska þjóðin, að trúa því, hæstv. ráðherra, að þetta eigi að ganga eftir í ljósi svikasögunnar? Er þetta ekki ferðin sem aldrei var farin?

[16:09]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki á hvaða ferð Samfylkingin er en mér sýnist að sú ferð hefði ekki átt að hefjast ef marka má málflutning hv. þingmanna. Hv. síðasti ræðumaður talaði eins og hann hafi ekki verið upplýstur eða alls ekki tekið þátt í umræðu, hvað þá að hann hafi tekið eftir því sem hefur verið að gerast á undangengnum árum. Ég ætla að biðja hv. þingmann, vegna þess að hann er með þessi stóryrði um samgönguáætlunina, að hugleiða hvort það góða fólk sem hefur unnið við gerð samgönguáætlunar-

innar hljóti ekki að undrast stóryrði hans.

Ég hlýt að beina athygli hv. þingmanns að því að lesa ályktun Samtaka verslunar og þjónustu sem birtist á heimasíðu samtakanna um þessar mundir þar sem samgönguáætluninni er sérstaklega fagnað. (Forseti hringir.) Það hefur ekki heyrst í herbúðum Samfylkingarinnar.

[16:10]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Nú er hæstv. samgönguráðherra, frú forseti, á fleygiferð frá sínum eigin pólitíska óskalista. Það er eitthvert fólk úti í bæ sem bjó til samgönguáætlun. Þetta er að sjálfsögðu pólitísk forgangsröðun ríkisstjórnarinnar og frá því getur hæstv. ráðherra ekki flúið nú þegar hann sér fram á það eftir umræðuna um þessa áætlun og hina lengri að það er ákaflega erfitt að taka mark á þessu.

Hitt sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra um er að þingmaðurinn fyrrverandi og frambjóðandi sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi, Árni Johnsen, sem situr í 2. sæti á framboðslistanum í því kjördæmi og Vestmannaeyingur með meiru, sagði í Morgunblaðsgrein og fréttum Stöðvar 2 um helgina að það væri óboðlegt með öllu að ljúka ekki við rannsóknir á jarðgangagerð og hunsa þannig álit hinna og þessara sérfræðinga. Hæstv. ráðherra hefur sagt að það sé ekki á ferðinni, það eigi að fara í Bakka og við hljótum að túlka það sem endanlegan dauðadóm yfir gangahugmyndinni. Því hlýtur maður að spyrja: Hver er stefna hæstv. fjármálaráðherra, flokksbróður samgönguráðherrans? Og hver er stefna Sjálfstæðisflokksins í málinu? Er það kannski þriðja leiðin, önnur en Árna Johnsens, önnur en Árna Mathiesens? Hver er stefna sjálfstæðismanna í þessu stóra máli í kjördæminu?

[16:11]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur margsinnis komið fram hver stefna samgönguráðherra og hver stefna ríkisstjórnarinnar er í þessu máli. Það var samþykkt á Alþingi fjárveiting til þess að hefja rannsóknir og halda áfram rannsóknum vegna Bakkafjöru þannig að það liggur alveg fyrir. Það er stjórnartillaga sem við erum að fjalla um hér. Hún gerir ráð fyrir framlögum, fjárveitingum til framkvæmda við Bakkafjöruhöfn.

Það væri hins vegar fróðlegt að vita hver stefna Samfylkingarinnar er, hver stefna hins ágæta þingmanns, Björgvins Sigurðssonar er í þessu máli. Leggur hann til að við hættum við rannsóknir við Bakkafjöru og hefjum rannsóknir við jarðgöng eða hver er afstaða hans? Ég bíð eftir að heyra það.

[16:13]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til þess að þýfga hæstv. samgönguráðherra um efni sem var rætt hér fyrir helgi í tengslum við samgönguáætlun hina lengri sem gildir til 2018. Það er vegna hjólreiða- og göngustíganna.

Eins og kunnugt er þá er til umfjöllunar í samgöngunefnd frumvarp til vegalaga þar sem segir í 27. gr., með leyfi forseta:

„Í samgönguáætlun er heimilt að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög.“

Í samgönguáætlun, hvort sem litið er til hinnar lengri eða styttri, eru akkúrat engir fjármunir til gerðar hjólreiða- og göngustíga. Hins vegar eru í þeirri áætlun sem hér um ræðir 240 milljónir til gerðar reiðvega.

Ég þekki það að auðvitað þarf að vera lagastoð fyrir fjárútlátunum en að því gefnu að bæði þessi mál fari í gegn fyrir þinglok þykir mér (Forseti hringir.) einkennilegt að ekki sé gert ráð fyrir neinum fjármunum til gerðar hjólreiða- og göngustíga í samgönguáætluninni.

[16:14]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það eru ekki sérstaklega eyrnamerktir fjármunir til göngustíga eða hjólreiðastíga í þessari áætlun. Nú er það þannig, eins og fram kom hjá hv. þingmanni, að það skortir lagaheimildir sem við gerum ráð fyrir að afla með breytingum á vegalögunum og um það er verið að fjalla í hv. samgöngunefnd.

Ég lít svo á að fyrst og fremst verði að huga að gerð hjólreiðastíga og göngustíga í tengslum við skipulagningu og breytingar á vegakerfinu og það eigi í framtíðinni að verða hluti af kostnaði við gerð vega að taka tillit og taka inn brautir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Ég lít því svo á að í heildarfjármunum sem við höfum til ráðstöfunar til vegagerðar þurfi að taka (Forseti hringir.) tillit til framkvæmda við slíka stíga.

[16:15]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil hæstv. ráðherra þannig að það geti skoðast í hv. samgöngunefnd að við gerum þar tillögur eftir að hafa lokið umfjöllun um frumvarp til vegalaga og væntanlega afgreitt það þannig að hægt sé að gera breytingartillögu við samgönguáætlanirnar sem við munum hafa til umfjöllunar líka og gera ráð fyrir því að hægt sé að verja fjármunum til þessara framkvæmda. Ef svo er ekki gert þá sitjum við uppi með tvær langtímaáætlanir, þá lengri til 2018 þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum til slíkra framkvæmda og væntanlega á að leggja hér einhverja nýja vegi, nýjar stofnbrautir eða þjóðvegi og setja göngustíga og hjólreiðastíga meðfram þeim á næstu 10 árum. Ég sé því ekki annað, frú forseti, en við verðum að gera ráð fyrir því að það sé hægt, fyrir utan þær framkvæmdir sem þyrfti helst að fara í strax varðandi að leggja hjólreiða- og göngustíga meðfram þjóðvegum sem nú eru.

[16:16]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegu forseti. Það er auðvitað alveg hárrétt að það þarf að tryggja fjármuni til þessara verkefna. Þetta er heilmikill kostnaður. En það sem ég held að hljóti að verða næsta verkefni er að vinna að skipulagsmálunum, að skipuleggja hvar eigi að gera ráð fyrir hjólreiðabrautum og göngustígum sem falli undir verkefni þessara samgönguaðgerða þannig að við eigum nokkuð langt í land. Við höfum

ekki gert ráð fyrir þessu hingað til, við erum að opna á þetta núna. Þar með þurfa sveitarfélögin og ríkið að sameinast um að leggja á ráðin um það hvernig staðið verður að þessu. Þetta er mjög flókið og kostnaðarsamt mál en við þurfum að taka tillit til þess og við þurfum að gera ráð fyrir þessum stígum í þágu umferðaröryggis og aukins hreyfanleika, ekki síst í þéttbýlinu.

[16:17]

**Kristján L. Möller:**

Hæstv. forseti. Sú tillaga til þingsályktunar sem við ræðum nú er svokölluð stutta áætlun eða frá 2007–2010. Í stuttum andsvörum hafa menn tekist á um trúverðugleika þessarar áætlunar með tilliti til fyrri reynslu en ég ætla ekki að gera meira úr því hér, virðulegi forseti, heldur segja það eitt að Samfylkingin hefur sagt það og formaður okkar hefur boðað það á fjölmörgum fundum út um allt land, að verkefni á næsta kjörtímabili sé stórátak í samgöngumálum. Ég held að það sé kannski líklegast, virðulegi forseti, að sú samgönguáætlun sem hér er boðuð með töluvert auknu fé komist til framkvæmda ef Samfylkingin kemst til valda, miðað við það sem við höfum sagt að ekki er hægt að gera allt í einu. Það er ekki hægt að fara líka í byggingu álvers, stórstækkun í Straumsvík eða Helguvík, byggja Landspítala og annað, enda styður hæstv. samgönguráðherra það og telur að þá þurfi að skera annað niður.

Virðulegi forseti. Það er sannarlega þannig að framlag til vegamála, til vegagerðar — ég ætla bara að halda mig við vegagerðarþáttinn núna — sem hlutfall af landsframleiðslu hefur lækkað frá árinu 1970 úr 1,7% niður í 0,9% árið 2005. Þetta er framlag til vegamála sem hlutfall af landsframleiðslu.

Á sama tíma eða frá 1995, frá upphafsári núverandi hæstv. ríkisstjórnar, hefur skattheimta og tekjur ríkissjóðs af umferð og bílainnflutningi aukist úr 3,7% árið 1995 sem hlutfall af landsframleiðslu í 4,8% árið 2005. Þetta er á því ári sem við erum að tala um að heildartekjur ríkissjóðs, skattheimta ríkissjóðs af bílainnflutningi og bílaumferð væru tæpir 50 milljarðar kr. Á því ári runnu einungis 14 milljarðar til Vegagerðarinnar. Þetta sýnir í hnotskurn, virðulegi forseti, hvers vegna við þurfum að fara í stórátak í samgöngumálum. Það er vegna þess að það hefur ekki verið veitt nægjanlega mikið fé til vegamála sennilega flestöll árin sem ríkisstjórnin hefur setið, fyrir utan stórar og miklar áætlanir sem stundum hafa komið fram, t.d. á kosningaárunum 1999 og 2003, en voru svo skornar niður árin þar á eftir.

Má ég líka, virðulegur forseti, á þeim stutta tíma sem ég hef, minna á aukna skattheimtu þegar breytt var úr þungaskatti yfir í olíugjald. Eins og fram kom í umræðum um langtímaáætlun og ég kem kannski að því síðar, þá voru tölur um selda lítra af olíu rangar, viljandi eða óviljandi, svo munaði 50 millj. lítra og tekjur ríkissjóðs eingöngu af því eru um það bil 2 milljarðar kr. og þar að auki 410 millj. í virðisaukaskatt. Og til að hafa sagt það í ræðu minni, virðulegi forseti, þá hefur Vegagerðinni verið falin umsjón og fjármögnun á t.d. ferjusiglingum, áætlunarflugi til nokkurra staða úti á landi, sérleyfi á landinu, öryggismálum, reiðvegum og öðru sem má koma upp í 1,5 milljarða kr. sem eru gjaldaleiðir Vegagerðarinnar. Hæstv. samgönguráðherra leiðréttir mig þá á eftir ef einhverjir markaðir tekjustofnar hafa komið til Vegagerðarinnar vegna þess þessara þátta. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. samgönguráðherra að snúa út úr og spyrja hvort sá sem hér stendur sé þá á móti þessum þáttum. Nei, ég er það ekki. (**Samgrh.:** Það mætti halda það.) Ja, það mætti halda það og hæstv. ráðherra getur dregið þá ályktun sem honum sýnist en ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann ánægður með að þessar gjaldaleiðir séu komnar inn, án tekjuliðar miðað við það sem ég er búinn að segja áður um skattinnheimtuna af bílainnflutningi og umferðarnotkun? Á mannamáli þýðir þetta að það er minna fjármagn, það eru minni peningar til framkvæmda sem æpa og kalla á okkur út um allt land, jafnt á landsbyggð sem á höfuðborgarsvæði.

Virðulegi forseti. Það er líka svo að samfara mikilli bílanotkun hefur krafan um vetrarþjónustu verið aukin mjög og menn hjá Vegagerðinni hafa talið að ekki sé ætlað nægilegt fé til þess. Og auðvitað eykst mjög þörfin á viðhaldi á vegum og þá sérstaklega vegna þess að strandsiglingar hafa verið lagðar niður og allir flutningar eru komnir upp á vegina, allir þungaflutningar sem auðvitað stórskemma vegina. Þess vegna er það röng stefna hjá núverandi ríkisstjórn að fara ekki að tillögu Samfylkingarinnar um að taka upp strandsiglingar á ný með eða án útboðs og með eða án peningameðgjafar frá ríkissjóði vegna þess að það mundi spara stórt í öðrum málum.

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hæstv. ráðherra sagði. Ég er alveg sannfærður um að þjóðin vill átak í vegamálum og það kallar á okkur út um allt land. Þess vegna er það eins og ég sagði í upphafi máls míns að við í Samfylkingunni með formann flokksins í broddi fylkingar höfum greint frá því hvernig Samfylkingin vill sjá samgönguátak til næstu átta ára sem ætti að hefjast strax á næsta ári.

Virðulegi forseti. Í þeim stutta tíma sem ég hef nú í fyrri ræðu minni ætla ég að ræða annars vegar um þá miklu umferðarteppu sem er á höfuðborgarsvæðinu á mestu álagstímum dagsins vegna mikillar aukningar bíla og þess að almenningssamgöngur eru því miður allt of lítið notaðar á höfuðborgarsvæðinu og að hins vegar að á mörgum stöðum úti á landi er þetta spurning um hvort menn komist frá einum stað til annars. Mér finnst oft best að taka sem dæmi veginn yfir til þess fallega byggðarlags Vopnafjarðar en sá vegur verður ekki kláraður og Vopnafjörður ekki kominn í eðlilegt vegasamband fyrr en sennilega árið 2010. En þannig er, virðulegur forseti, að á vorin þegar þungatakmarkanir eru á veginum þá er ekki hægt að flytja framleiðsluafurðir sem mest eru unnar á Vopnafirði, þ.e. fisk, frá bænum vegna þungatakmarkananna. Mér finnst í raun inni, virðulegi forseti, að ríkisstjórn með forsætisráðherra í broddi fylkingar ætti að biðja Vopnfirðinga og ýmsa aðra aðila úti á landsbyggðinni afsökunar á því að vegir skuli ekki vera orðnir betri en raun ber vitni núna, árið 2007. Niðurgrafnir vegir, handónýtir þegar frost er að fara úr jörðu og ekki hægt að fara um þá, ég tala nú ekki um það sem fjallað er um í umferðaröryggisáætlun en þar eru ágætismarkmið eins og t.d. með stórgrýti og annað slíkt meðfram vegum. Mér er aftur hugsað til vegarins til Vopnafjarðar.

Virðulegi forseti. Það er erfitt að fara í gegnum þetta á aðeins átta mínútum og þess vegna mun ég fara betur yfir þetta í seinni ræðu minni og þá sérstaklega yfir hluti sem snúa að mínu kjördæmi. Þá mun ég ræða hina miklu einkaframkvæmd Vaðlaheiðargöng sem á að fara í og ég styð heils hugar og sem auðvitað á að tengja við lengingu flugvallarins á Akureyri, og hina löngu tímabæru framkvæmd við ný Norðfjarðargöng sem má segja að séu á svokölluðum Ó-vegi, þó að nafnið byrji ekki á ó, stórhættulegur vegur og svo þær vegaframkvæmdir sem nauðsynlegar eru til þess að koma vegasambandi til ýmissa staða úti á landi og í mínu kjördæmi inn í nútímann. Að þessu mun ég koma í seinni ræðu minni, þá mun ég fara betur yfir þessi atriði. En að lokum vil ég ítreka, virðulegi forseti, að það er æpandi þörf á miklum framkvæmdum í samgöngumálum. Það veitir sannarlega ekki af því að gera eins og gert er í þessari áætlun og þyrfti sennilega meira til og það er m.a. vegna þess að mörg undanfarin ár hefur ekki nægjanlegt fé verið veitt til vegamála eins og ég hef gert að umtalsefni.

[16:26]

**Jón Bjarnason:**

Virðulegi frú forseti. Hér hefur hæstv. samgönguráðherra mælt fyrir þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010. Ég tek heils hugar undir þau orð hæstv. ráðherra að ég held að þjóðin vilji raunverulegt stórátak í samgöngumálum, í vegamálum, í endurbótum á vegum vítt og breitt um landið. Ég held að hún vilji það. En ég held líka að þjóðin krefjist þess að fyrirheit um slíkt stórátak séu gefin af trúverðugleika, að áreiðanleika, að þjóðin geti vænst þess að staðið verði við þau fyrirheit. Þar held ég að sé vandinn hjá hæstv. ráðherra því eiginlega alveg sömu orð, nákvæmlega sömu meiningar sagði sami hæstv. samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, fyrir fjórum árum þegar verið var að leggja fram metnaðarfulla samgönguáætlun til næstu fjögurra ára, rétt fyrir kosningar, þá voru einmitt viðhöfð þau sömu orð, að þjóðin vildi stórátak í vegamálum. En hver varð svo raunin? Við höfum upplifað niðurskurð. Strax á fyrsta ári var niðurskurður á vegáætlun, niðurskurður í heildinni á tímabilinu einhvers staðar milli 6 og 7 milljarðar kr., símapeningar sem áttu að koma til vegaframkvæmda á þessu ári, árið 2007, sem gumað var af, voru líka skornir niður þannig að trúverðugleikinn, frú forseti, er ekki mikill hjá hæstv. ráðherra. Það er miður því enginn hefði viljað frekar en ég að ráðherra hefði staðið við vegáætlunina sem lögð var fram fyrir fjórum árum sem hefur síðan verið skorin niður. En þetta segir okkur enn frekar hversu brýnt það er að ráðist verði í stórátak í samgöngumálum á næstu fjórum árum en það gerist ekki undir forsæti núverandi samgönguráðherra. Ég held a.m.k. að þjóðin treysti honum ekki frekar en reynslan sýnir hvernig tekist hefur til á undanförnum fjórum árum þar sem niðurskurðinum hefur verið beitt.

Þau rök sem hæstv. ráðherra kom áðan með voru að fresta framkvæmdum og beita niðurskurði á framkvæmdum vegna þenslu í samfélaginu, það er alveg hárrétt. Ríkisstjórnin valdi að hvetja til og láta ráðast í stórframkvæmdir í stóriðjumálum og virkjunarmálum og sú var ástæðan fyrir því að fresta varð framkvæmdum í vegamálum. Enn er ríkisstjórnin uppi með sömu áform, það eru áform um stórvirkjanir í Þjórsá, það eru áform ríkisstjórnarinnar um stækkun álvers í Straumsvík, um nýtt álver í Helguvík, um álver á Bakka við Húsavík sem mun þegar það kemst í fulla stærð krefjast raforku úr jökulánum í Skagafirði, úr Skjálfandafljóti. Þetta allt er á framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar upp á fleiri hundruð milljarða kr. og með slíkri framkvæmdaáætlun í stóriðju- og virkjunarmálum verður ekki mikið úr vegagerð.

Það er því afdráttarlaus vilji okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að nú verði sett stóriðjustopp, það verði ekki farið í nýjar framkvæmdir, hvorki í stórvirkjanir né í stækkun eða ný álver. Það verði sett stopp. En í staðinn einhendi menn sér í stórátak í vegamálum og í samgöngumálum. Þetta er krafa okkar, ekki aðeins út frá hagsmunum þjóðarinnar, íbúanna út frá aukningu og bættum samgöngum heldur einnig vegna þess að þessi stóriðjustefna skaðar bæði náttúruna og efnahagslífið eins og við höfum orðið rækilega vitni að á undanförnum árum. En stóriðjustefnan, virkjunaræðið gengur ekki upp samtímis því að ætla að gera stórátak í vegagerð. Það hefur verið reyndin síðustu fjögur ár og það verður svoleiðis áfram.

Ég ætla aðeins að víkja að því sem ég minntist á í andsvari við hæstv. ráðherra um vegagerð, um Spöl. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að einmitt undir forsæti Steingríms J. Sigfússonar samgönguráðherra, sem var sennilega með einum duglegustu og röskustu samgönguráðherrum sem við höfum haft, það heyrir maður a.m.k. sagt á Vestfjörðum, var ráðist í vegagerð við Hvalfjarðargöngin. En ég hef litið svo á að sú framkvæmd, sú ákvörðun að innheimta þar veggjald hafi verið tekin af illri nauð, fjárhagsvanda í þeirri stöðu sem var, en það væri algerlega bundið við að það gjald ætti að renna til að greiða niður göngin, kostnað við göngin eins og samkomulag var um. Það mætti ekki að taka gangagjaldið vegna Hvalfjarðarganga til að fjármagna aðrar framkvæmdir eins og nú virðist eiga að gera þar sem undirritað hefur verið samkomulag að því er virðist milli fulltrúa Spalar og Vegagerðarinnar um að verðgildi núverandi Hvalfjarðarganga verði hið sama til ársins 2018 en muni ekki lækka líkt og svigrúm hefði ella verið til eins og segir í ályktun eða áliti, með leyfi forseta:

„Með þessu hyggst Spölur safna fé til að geta borgað hluta af kostnaðinum við ný jarðgöng.“

Hérna er svo einnig lagt til að litið verði á þetta sem eina heild, þ.e. nýjan veg um Kjalarnes og Sundabrautin er líka nefnd í þessu sambandi. Þarna tel ég vera farið inn á stórhættulega braut og ég dreg í efa að þetta sé löglegt. Og hvort sem það er löglegt eða ekki þá er það siðlaust ef það á að fara að nota gjaldið um Hvalfjarðargöngin til að fjármagna aðrar framkvæmdir í vegamálum. Ég hefði hins vegar talið að það væri mun nær að leita leiða til að fella niður þetta gjald. Hvernig ætla menn að standa að því? Það er verið að tala um að setja vegi í einkaframkvæmd og láta einkaaðila fá að leggja veginn austur fyrir fjall frá Reykjavík en þar er ekki endilega verið að tala um að taka upp sérstakt veggjald. Með hvaða rétti ætla menn þá að halda uppi veggjaldi gegnum Hvalfjarðargöngin sem eru jú orðin hinn eiginlegi þjóðvegur?

Þess vegna spyr ég, frú forseti, í fyrsta lagi um lögmæti

þessa og svo hvort ráðherra finnist það ekki vera siðlaust að nota veggjald um Hvalfjarðargöng til þess að fjármagna aðrar óskyldar framkvæmdir. Spölur var stofnaður utan um þessa afmörkuðu framkvæmd en ekki einhverjar aðrar framkvæmdir, ekki einu sinni ný jarðgöng og ekki heldur til að leggja veg um Kjalarnes sem þó er brýnt og ég er ekki að draga úr því. Þessar framkvæmdir eru brýnar, þ.e. nýr vegur um Kjalarnes og vafalaust er líka komið að breikkun Hvalfjarðarganganna en það á ekki að fjármagna með því að skattleggja þá sem fara um göngin nú.

[16:34]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er athyglisvert að hv. þingmaður notaði langmestan hluta ræðutíma síns til að tala um andstöðu við stóriðju og ímyndaðan niðurskurð framkvæmda. Hann fór ekki á nokkurn hátt efnislega ofan í þær tillögur sem hér eru, það hvarflaði ekki að honum. Hann kom hvergi að því að taka afstöðu til einstakra verkefna, taka afstöðu til flugvalla, hafna og vegagerðar heldur fyrst og fremst að velta sér upp úr því á alla enda og kanta hvort ekki sé líklegt að einhverju verði frestað.

Er þetta málefnaleg umræða, virðulegur forseti, og tala síðan um rekstur Spalar og reyna að gera það tortryggilegt að fyrirtækið Spölur, sem hefur fulla heimild til þeirrar starfsemi sem þar fer fram, sé í samstarfi við Vegagerðina? Ég er satt að segja alveg undrandi á þessum rýra málflutningi þingmannsins sem sér það eitt í framtíðinni að það sé nauðsynlegt að hætta við framkvæmdir á sviði uppbyggingar orkufreks iðnaðar.

Ég hef sagt það, virðulegur forseti, að ég tel komið að því að við verðum að gera það stórátak sem boðað er í samgönguáætluninni og að allt annað eigi að víkja fyrir þeim áformum sem fram koma í henni. Hv. þingmaður vék lítið að þessu og við fengum lítið að vita um það hvort þingmaðurinn mundi greiða atkvæði með áætluninni. Það væri fróðlegt að vita það.

[16:36]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta sýnir afstöðu hæstv. ráðherra. Ég bendi honum á að þingsályktunartillagan fer til samgöngunefndar til meðferðar. Hvort sem ráðherra líkar það betur eða verr fer hún þar til meðferðar og (**Samgrh.:** Mér líkar það mjög vel því að það er lögboðið.) samgöngunefnd fer þá yfir hana og gerir þær breytingar sem þarf.

Hitt vil ég ítreka að það þýðir ekki að stinga höfðinu í sandinn, það verður að vera fjármagn til að ráðast í þessar framkvæmdir. Það verður líka að vera svigrúm í efnahagskerfinu. Í þessari fjögurra ára áætlun er gert ráð fyrir líklega einum 10 milljörðum kr. í fjármögnun bara út í loftið, ekkert sagt hvar eigi að taka það fé, einkaframkvæmd, lánsfé eða hvað. Mér finnst það óábyrgt. (**Samgrh.:** Hvernig vill þingmaðurinn taka á því?) Ráðherra á að taka afstöðu til þess að þarna skuli ráðist í þetta, en ekki með einhverjum loðnum yfirlýsingum um með hvaða hætti verði unnið.

Hæstv. ráðherra sagði sjálfur í ræðu áðan að hann hefði orðið að fresta framkvæmdum í sumar, vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi, vegna stóriðjuþenslunnar. Þetta voru orð ráðherra sjálfs þannig að þetta sýnir í hnotskurn hvernig þetta hefur verið. Ég held að það sé mjög mikilvægt þegar við ræðum samgönguáætlun að átta okkur á að hún er ekkert einangrað fyrirbrigði. Hún verður að fá pláss í efnahagskerfi þjóðarinnar. Rökin fyrir niðurskurði í samgönguáætlun og vegaframkvæmdum á síðustu árum hafa verið þessi gríðarlega uppbygging stóriðju. Ef ætlunin er að halda því áfram, eins og sumir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað hér í ræðustól, verður ekki svigrúm fyrir þessar framkvæmdir sem hæstv. ráðherra mælti fyrir, sem allar eru brýnar og nauðsynlegar og ég ítreka það. Og þó að hæstv. samgönguráðherra segði hér, og ég tek undir það með honum, að þessar vegaframkvæmdir ættu nú að hafa forgang hafa þær ekki haft það síðustu árin eins og raun ber vitni í þeim niðurskurði sem hefur verið framkvæmdur. Það verður að hafa í huga.

Í seinni ræðu minni kem ég inn á (Forseti hringir.) einstakar framkvæmdir, frú forseti.

[16:38]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum hér að fjalla um markmið okkar í samgöngumálum, markmið um það hvernig við stöndum að uppbyggingu, framkvæmdum og rekstri samgöngukerfisins þannig að þingmaðurinn þarf ekkert að efast um það hver vilji minn eða ríkisstjórnarinnar eða stjórnarflokkanna er. Vilji okkar birtist í samgönguáætluninni.

Það verður fróðlegt að heyra síðan hvort hann sé ósammála þeim áformum sem gera ráð fyrir sérstakri fjáröflun til að komast í þessar framkvæmdir. Það eru ýmsar leiðir til þess eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni og í ræðu minni og það á að sjálfsögðu eftir að útfæra það í smáatriðum. Samgönguáætlun hefur þann tilgang að marka stefnu og það er aðalatriði málsins að vilji stjórnvalda komi fram.

Það er reynt að gera það tortryggilegt að við séum að fjalla um samgönguáætlunina í lok kjörtímabilsins. Það er hins vegar lagaskylda, og hv. þingmenn verða að fallast á það hvort sem þeim líkar það betur eða verr að fara yfir samgönguáætlun og fjalla um hana í samgöngunefnd o.s.frv. Þetta er lagaskylda okkar og undan henni verður ekki vikist. Ég tel að akkúrat núna sé hinn rétti tími til þess að flokkarnir segi hvað þeir vilja í samgöngumálum. Stjórnarflokkarnir hafa markað sína stefnu, hún kemur fram í samgönguáætluninni. Ég bíð eftir því að heyra hvað Vinstri grænir vilja. Hver er stefna þeirra í samgöngumálum, bara að vera á móti öllum tillögum? Það væri fróðlegt að heyra það.

[16:40]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er ómerkilegt hjá hæstv. ráðherra. Auðvitað er hæstv. ráðherra illa við að vitnað sé til árangurs hans sem ráðherra og hvernig staðið hafi verið við vegáætlun síðustu fjögur árin. Verkin tala. Þar hefur verið beitt niðurskurði og var þó áætlunin allt of veik fyrir. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefðum viljað leggja enn meiri áherslu á vegaframkvæmdir síðustu fjögur árin þannig að það eru verkin sem tala.

Varðandi þá áætlun sem við erum að ræða, fjögurra ára áætlunina, er hún meira framkvæmdaáætlun. Ég bið hæstv. ráðherra að átta sig á því að við erum hér í rauninni að tala um framkvæmdaáætlun en ekki viljayfirlýsingu þó svo að það sé vilji þingsins að þessari áætlun verði fylgt. Samgöngunefndin mun fara yfir það og bæta þar um. Þetta þarf allt að vera raunhæft og við þurfum að hafa fjármagn til þess. Mér finnst ekki vera raunhæft að vera með óútfyllta fjármögnun á þeim vegaframkvæmdum sem hérna er verið að tala um að ráðast í upp á yfir 10 milljarða kr. sem á bara að taka einhvers staðar. Mér finnst það ekki ábyrg eða raunhæf stefna, frú forseti, þó að þessar framkvæmdir séu allar brýnar. Það er mjög mikilvægt að við þær verði staðið og að þá sé líka lögð áhersla á að á fjárlögum verði tryggt fjármagn til að ráðast í þessar framkvæmdir en ekki láta þetta bara óútfyllt.

Ég kem svo betur að einstaka framkvæmdum í seinni ræðu minni en bendi á að ein af leiðunum sem hér eru lagðar til til þess að fjármagna almennt vegakerfi í landinu er að halda áfram veggjaldi í gegnum Hvalfjarðargöngin, miklu hærra gjaldi (Forseti hringir.) en þarf til þess að greiða kostnað við göngin sjálf, til að fjármagna aðrar framkvæmdir og (Forseti hringir.) það finnst mér ekki vera réttlátt, frú forseti. (**Samgrh.:** Það er rangt sem hv. þingmaður segir.)

[16:43]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að játa það að eftir yfirgripsmikla ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar er ég ekki miklu nær um raunverulegan vilja Vinstri grænna í samgöngumálum, hver eiginleg stefna þeirra er nema þeir vilja gera meira og þeir vilja gera betur. Mér finnst það vera nokkuð almenn stefna.

Hins vegar varði hv. þingmaður nokkuð drjúgum hluta ræðu sinnar í að fjalla um stóriðju. Hann lýsti því hvernig hitinn og þenslan í efnahagslífinu hefur orðið til þess að nokkrum samgönguframkvæmdum var frestað til að slá á þenslu. Hv. þingmaður fór miklum orðum um það hvernig ríkisstjórnin hefði með atvinnustefnu sinni — og rétt að minna hv. þingmann á að sú atvinnustefna er til þess að skapa verðmæti — leitt til frestunar á framkvæmdum. Gerði hv. þingmaður hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkana mjög ábyrga fyrir því.

Nú háttar svo til, virðulegi forseti, að í mínu kjördæmi fellur drjúgur hluti af Hellisheiðinni undir hið fagra Suðurkjördæmi. Eins og hv. þingmaður ugglaust veit er Hellisheiðin orðin svona eins og oststykki, sundurboruð vegna þess að þar er unnið að framkvæmdum vegna raforkuframleiðslu. Og hvert skyldi þessi raforka eiga að fara? Eins og hv. þingmaður ugglaust veit hefur verið gerður samningur á milli Orkuveitu Reykjavíkur og Alcans í Straumsvík sem ætlar að stækka. Hverjir stóðu að þeirri samþykkt hjá Orkuveitu Reykjavíkur? Það var stjórn Orkuveitunnar, m.a. með innan borðs fulltrúa Vinstri grænna, Tryggvi Friðjónsson held ég að hann heiti. Ég spyr því hv. þingmann: Er þá ágreiningur um þetta innan Vinstri grænna eða telur hv. þingmaður (Forseti hringir.) að Vinstri grænir beri enga ábyrgð?

[16:45]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú deila Framsóknarflokkurinn og Vinstri hreyfingin – grænt framboð ekki sömu skoðun á uppbyggingu í stóriðju. Við höfum meira að segja lagt fram tillögu á Alþingi um að setja stopp á frekari stóriðju, bæði af umhverfisáhrifum og einnig vegna þess að efnahagsástandið þolir það ekki. En það má Framsóknarflokkurinn eiga að hann heldur sig blint og afdráttarlaust við sína stóriðjustefnu og er ekkert að hlaupa frá henni. Bara gott eitt með það, álver á Húsavík og virkjanir í jökulánum eru aðalbaráttumál framsóknarmanna í Skagafirði, síðan nýtt álver í Helguvík og stækkun í Straumsvík. Framsóknarflokkurinn er mjög afdráttarlaus í að það skuli virkjað og það skuli koma álver í hvern fjörð.

Það kemur einhvers staðar niður og endurspeglast í niðurskurði á vegaframkvæmdum á Norðausturlandi og Vestfjörðum vegna stóriðjuframkvæmda einmitt í ár. Ég studdi ekki stækkun á álverinu á Grundartanga þegar það var rætt á Alþingi. Ég taldi að við værum komin með nóg. Ég studdi ekki að ráðist yrði í að virkja Norðlingaölduveitu, eins og framsóknarmenn vildu, fyrir álverið á Grundartanga. Ég gerði það ekki. Hins vegar er ég ekki aðili að einhverri afgreiðslu í Reykjavík en mér finnst að þarna megi líka setja stopp. Mín skoðun er sú að það eigi að setja stopp, yfirfara þessi mál og setja bara fullkomið stopp. Framsóknarmenn eru aftur á móti á hinni skoðuninni, þetta skal allt saman keyrt áfram.

[16:47]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því að hv. þingmaður svaraði hvorugri spurningunni sem ég lagði fyrir hann. Ég skal þá bara endurtaka þær, önnur er hvort hv. þingmaður telji að Vinstri grænir beri enga ábyrgð á þeirri uppbyggingu sem á sér stað á suðvesturhorninu með samningi Orkuveitu Reykjavíkur við Alcan í Straumsvík, um stækkun á Alcan í Straumsvík. Það var samþykkt einróma í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur með atkvæði Vinstri grænna, við skulum halda því til haga. Það er ekki mjög gömul samþykkt. Er hv. þingmaður farinn að hlaupa frá þeirri samþykkt fyrir hönd Vinstri grænna eða var þetta einstaklingsframtak fulltrúa Vinstri grænna í Orkuveitu Reykjavíkur? Auðvitað bera þá Vinstri grænir ábyrgð á því sem fram hefur farið á suðvesturhorninu eins og aðrir. Með ræðu hv. þingmanns og andsvari hans áðan eru þó Vinstri grænir augljóslega að hlaupa frá ábyrgð sinni, hlaupa frá verkum sínum, og þykir mér heldur lítilmannlegt.

Hv. þingmaður nefndi ýmsa staði á landinu. Hann nefndi m.a. Húsavík. Kannast hv. þingmaður við það að Húsavíkurlistinn svokallaði hafi boðað og auglýst eftir fjárfestingum í nágrenni Húsavíkur vegna Þeistareykja til uppbyggingar á stóriðju, til uppbyggingar á álveri? Ég veit ekki betur en að Húsavíkurlistinn hafi m.a. verið skipaður Vinstri grænum. Kannast hv. þingmaður við það? Nú skora ég á hv. þingmann að svara þeim spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar en fara ekki að tala um allt aðra hluti.

[16:49]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason er kominn býsna langt frá umræðunni um vegamál. Engu að síður tengist það því að Framsóknarflokkurinn velur stóriðju (**HjÁ:** Ætlarðu að svara, Jón?) og virkjanaáform.

Varðandi það sem hv. þingmaður spyr hér um Orkuveitu Reykjavíkur var starfandi R-listi í Reykjavík sem var með meiri hluta. Ég er í sjálfu sér ekkert ábyrgur fyrir því hvað þar hefur verið gert eða samið um frekar en hægt er að draga einhverja aðra til slíkrar ábyrgðar sem eru ekkert þar með. (**HjÁ:** Bera Vinstri grænir ábyrgð? Svaraðu spurningunni.) Á ég að bera ábyrgð á R-listanum? Mér dettur það ekki í hug. (**HjÁ:** Vinstri grænir.) Vinstri grænir áttu þá aðild að R-listanum samkvæmt því samkomulagi sem þar var lagt upp (**HjÁ:** Stjórn Orkuveitunnar.) og stjórn Orkuveitunnar, eins og hv. þingmaður segir.

Ég greiddi ekki atkvæði með stækkun á álverinu á Grundartanga, taldi vera nóg komið. Ég studdi ekki það sem framsóknarmaðurinn ætlaði að keyra hvað harðast hér í gegn, Norðlingaölduveitu, (**Gripið fram í:** En Húsavíkurlistinn?) til þess að gera áfram þar.

Af því að hv. þm. Hjálmar Árnason veltir því fyrir sér, vill Hjálmar Árnason taka ábyrgð á (Forseti hringir.) virkjanastefnu Framsóknarflokksins í Skagafirði sem leggur mikla áherslu á að fá að virkja jökulárnar í Skagafirði fyrir álver á Húsavík? Vill hv. þm. Hjálmar Árnason taka ábyrgð á því?

(**Forseti** (SAÞ): Forseti beinir því til þingmanna að stunda ekki samræður hér við þann sem er í ræðustóli og hefur orðið.)

Það er alveg hárrétt, frú forseti, og framsóknarmönnum líður illa af stóriðjustefnu sinni en hún fylgir þeim.

Þetta allt samt hefur áhrif á það að maður getur ekki bæði fjármagnað vegi, stórátak í vegamálum, og líka staðið fyrir einhverri stóriðjustefnu og stórframkvæmdum upp á fleiri hundruð milljarða kr. í stóriðjumálum. Þetta er bara sú staðreynd. Ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum segja stopp við frekari stóriðju og nú gerum við stórátak í vegamálum. Það er það mikilvægasta sem á að ráðast í.

[16:51]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Sú áætlun sem hæstv. ráðherra mælir hér fyrir sýnir áform ráðherrans og ríkisstjórnarinnar um framkvæmdir á næstu fjórum árum. Víst er að ekki er margt í þessari áætlun þess eðlis að um það sé mikill ágreiningur, fremur að menn velti fyrir sér í hvaða röð eigi að vinna verkin og á hvaða tíma fremur en hvort yfir höfuð eigi að ráðast í framkvæmdirnar.

Hins vegar hljóta menn að draga það fram að sporin hræða menn frá því að trúa að áformin verði að veruleika eins og þau eru sett hér fram. Við höfum reynsluna á líðandi kjörtímabili sem er á þá lund að áætlunin sem gengið var með til kosninga sem samþykkt Alþingis um framkvæmdir, þá næstu fjögur árin, reyndist ekki mjög marktækt plagg. Bæði var að verkefnum var frestað frá einu ári til annars eða þarnæsta og eins hitt að fjármagn var flutt á milli landshluta og notað á öðrum stöðum en upphaflega var gert ráð fyrir og sýnt fyrir síðustu alþingiskosningar. Nægir að minna á fjármagn sem átti að nota til vegaframkvæmda í Barðastrandarsýslu en var flutt þaðan og notað annars staðar, út af fyrir sig í þarfar framkvæmdir en bætti ekki úr þar sem ástandið var slæmt, og er enn.

Það sem er athyglisvert að mínu viti er í fyrsta lagi það hversu litlu fé menn verja í raun til framkvæmda í samgöngumálum og af því að vegamálin eru það sem fé er fyrst og fremst varið til í þessari áætlun vil ég draga það fram að samkvæmt tillögunni er ekki gert ráð fyrir því að ráðast í framkvæmdir á þessu ári fyrir meira en u.þ.b. 10 milljarða kr.

Hins vegar á á næstu þremur árum þar á eftir að verja frá 14 og upp í 20 milljörðum kr. auk framkvæmda sem á að fjármagna með sérstakri fjáröflun. Það fé sem lagt er fram til framkvæmda er því í raun og veru ákaflega lítill hluti af þjóðarframleiðslunni, framkvæmdir þessa árs upp á 10 milljarða kr. eru ekki nema um 1%, og innan við 1% af vergri landsframleiðslu. Jafnvel þó að menn leggi saman allar framkvæmdir í vegamálum á kjörtímabilinu, eða því næsta, á næstu fjórum árum, er það ekki meira en 60–70 milljarðar kr. ef ég tek með sérstöku fjáröflunina. Það er ekki nema brot af framkvæmdum og fjárfestingu í þjóðfélaginu á einu ári. Þetta er ákaflega lítill hluti af umsvifum þjóðfélagsins og ákaflega lítill hluti af útgjöldum ríkissjóðs sem menn verja til þessa málaflokks. Það er aðalástæðan fyrir því hversu uppsöfnuð þörf er fyrir framkvæmdir í vegamálum og reyndar öðrum samgöngumálum að allt of litlu fé hefur verið varið til þess að halda í við þróunina. Við höfum dregist aftur úr með samgöngukerfi okkar. Þó að það hafi í sjálfu sér tekið framförum eins og gengur þegar menn bæta við það sem áður var komið duga þær ekki til að halda í við framfarirnar á öðrum sviðum þannig að þarfirnar vaxa upp og listinn yfir það sem út af stendur lengist.

Ég tel, virðulegi forseti, að menn eigi að setja meira fé til samgöngumála. Fyrst ráðist var í að selja Landssímann og hann var seldur fyrir nærri 67 milljarða kr. er mín skoðun sú að menn eigi að verja því fé öllu á næstu fjórum árum til samgöngumála, ekki bara 15 milljörðum kr. Þar munar liðlega 50 milljörðum kr. sem yrði frekar varið til samgöngumála ef farið yrði eftir þeim sjónarmiðum. Mér finnst eðlilegt að sú eign sem þjóðin átti í Símanum verði áfram eignuð samgöngumálum en breytist þá úr eignum Símans yfir í samgöngumannvirki.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég gera athugasemdir við þau áform sem má lesa út úr þessari skýrslu að það eigi að gera upp á milli vegfarenda eftir því í hvaða átt þeir fara út frá höfuðborgarsvæðinu. Það gengur ekki, virðulegi forseti, til lengdar að ætla sér að taka gjald af vegfarendum um stofnvegi landsins frá Reykjavík vestur og norður um en ekki til Suðurnesja eða Suðurlands. Mín skoðun er sú að það eigi að leggja af gjaldið um Hvalfjarðargöngin og ríkið eigi að yfirtaka skuldir Spalar og ég er ekki sammála því að ráðist verði í að fjármagna úrbætur á Vesturlandsvegi með sérstakri fjáröflun ef það felur í sér að sú sérstaka fjáröflun eigi að leggjast á vegfarendur.

Virðulegi forseti. Ég tel að það eigi að leggja mikla áherslu á að bæta samgöngukerfið þannig að það þjóni

landsmönnum en sérstaklega eiga menn að huga að því að bæta það þar sem atvinnu- og íbúaþróun er óhagstæð vegna þess hversu slæmt samgöngukerfið er. Í þessari áætlun eru jákvæðir hlutir í þeim efnum, bæði á leiðinni til Vestmannaeyja sem ég tel út af fyrir sig skynsamlega lausn, að byggja höfn í Bakkafjöru og tengja eyjarnar landinu með betri hætti en verið hefur. Í öðru lagi er til verulegra bóta að mínu viti að bæta úr samgöngumálum á norðausturhorni landsins, í Þingeyjarsýslunum og þar, og mér sýnist að í þessari áætlun náist góðir áfangar í þeim efnum.

Í þriðja lagi, þar sem ástandið er kannski einna verst á landinu, á Vestfjörðum, eru miklir peningar til úrbóta á því landsvæði en þar stendur líka mikið út af, virðulegur forseti, og ég held að Alþingi verði að gera betur í þeim efnum en gert er ráð fyrir í þessari áætlun. Það er ekki eðlilegt og á engan hátt hægt að sætta sig við það að fólki hefur fækkað í þeim landshluta um 20% á liðlega einum áratug. Það er enn fremur fyrirsjáanlegt að fólki muni halda áfram að fækka þar jafnt og þétt ef ekki verða stórfelldar breytingar til hins betra í atvinnu- og samgöngumálum. Það vantar mikið á í þessari áætlun að menn nái þeim stóru áföngum sem þarf til að snúa þessari þróun við. Það þarf að bæta við fjármagni til að ráðast í jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar samhliða þeim jarðgöngum sem áformuð eru á næstu fjórum árum og það þarf meira fjármagn til að ljúka uppbyggingu vegar um Strandasýslu og Barðastrandarsýslu, virðulegi forseti. Þetta er það helsta sem ég finn að þessari áætlun, hversu langt í land menn eiga til að ná ásættanlegri niðurstöðu á þessum verstu svæðum landsins þrátt fyrir ýmislegt ágætt í áætluninni.

[16:59]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Ég vil fyrst segja það sem fram kom í ræðu minni hér fyrir helgi að ég tel að með þessari samgönguáætlun og eins með langtímaáætlun sé of lítil áhersla lögð á að ljúka við hringveginn, sem er yfirlýst markmið okkar sjálfstæðismanna að gert skuli og hefur verið samþykkt á landsfundum í 12, 14 ár að við eigum að setja okkur markmið í þeim efnum. Auðvitað ber þessi samgönguáætlun keim af því og ég hlýt að gagnrýna það.

Ég hlýt einnig að vekja athygli á því að verið er að stytta leiðir víðs vegar um landið og þá kemur tvennt fyrst upp í hugann úr því að ég talaði um hringveginn og horfði til þess hluta landsins, að óhjákvæmilegt er að svo fljótt sem auðið er verði lagður vegur úr Langadal og Svínvetningabraut. Þetta er leið sem hæstv. samgönguráðherra hefur lagt áherslu á í þinginu hvað eftir annað og ég álít að það sé kominn tími til að standa við það, líka vegna þess að vegurinn frá Blönduósi upp Langadal er gamall og slitinn orðinn og nauðsynlegt að byggja hann upp, nema ráðist verði í þessa vegstyttingu á Svínvetningabrautina. Þetta hvort tveggja fer saman.

Hins vegar er það Öxi. Öxi er að vísu ekki á hringveginum en Öxi styttir leiðina um 60 km þegar farið er til Egilsstaða og vegna þess að áhersla hefur verið lögð á það af hæstv. samgönguráðherra og ýmsum öðrum hversu gott það sé að færa byggðir saman vil ég minna á að verið er að tala um það nú að Djúpivogur og Fljótsdalshérað verði að einu sveitarfélagi, sem auðvitað kallar á veginn um Öxi. Þetta hvort tveggja, styttingin í Langadal eru 16–17 km og 60 km í Öxi, eru nauðsynlegar styttingar á þessari leið hringinn í kringum landið.

Ég vil einnig vekja athygli á því og beina því til formanns samgöngunefndar þar sem gert er ráð fyrir brúarbyggingum í Skriðdal á árinu 2010 sýnist mér sem vanta muni upp á að fé nægi til að leggja vegina að brúnum en lítið gagn er að brúm án vega.

Ég vil enn fremur leggja áherslu á, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, að verulegt fé er ætlað til styrkinga og endurbóta og ég álít að nefndin þurfi að árétta og taka skýrt fram að tími sé kominn til þess að styrkja veginn milli Akureyrar og Reykjavíkur og breikka hann þannig að hann hafi fullan burð og nái sem víðast 8,5 m að minnsta kosti. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega tala um veginn um Kræklingahlíðina næst Akureyri. Þar er mikil umferð og slysatölur sýna að tími er til þess kominn og það fyrir löngu að sú leið sé gerð öruggari, en ég sé ekki að gert sé ráð fyrir því í samgönguáætlun að að því sé hugað en á hinn bóginn mikið talað um öryggismál í umferðinni.

Mér varð það á þegar ég var að ræða um langtímaáætlun að segja að ekki væri gert ráð fyrir frekari framkvæmdum innan þjóðgarða í langtímaáætlun. Þetta er ekki rétt hjá mér, það var þarna skotið á milli dálka „þjóðgarðsvegir" sem ég ekki tók eftir, 800 milljónir á öðru tímabili og 600 milljónir á hinu þriðja. Undir þessum titli, þjóðgarðsvegir, hafa verið þrír vegir, það eru Uxahryggir, það er vegurinn fyrir Snæfellsjökul og það er Jökulsárvegur eða Dettifossvegur réttara sagt. Á öðru tímabili eru 800 milljónir kr. ætlaðar í þjóðgarðsvegi. Það rétt dugir til að ljúka veginum frá hringvegi niður í Kelduhverfi, rétt dugir, kannski 10 milljónum of mikið, sem er innan allra skekkjumarka. Þar sem við erum að tala um Vatnajökulsþjóðgarð tel ég óhjákvæmilegt að þær fjárhæðir verði markaðar Dettifossvegi. Raunar hefði ég kosið og óskað eftir að í skammtímaáætlun yrði bætt við nægilegu fé til að hægt yrði á næstu fjórum árum að koma veginum upp í Hljóðakletta sem væri staðfesting á því að þingheimur vildi virkilega Vatnajökulsþjóðgarð og staðfesting á því sem menn hafa við mig sagt sem með mér hafa farið þessa leið að hún sé til skammar.

Ég vil fagna því sérstaklega að bundið slitlag verður lagt á veginn til Kópaskers nú á þessu sumri. Ég hafði reynt að ýta á það fyrr að farið yrði í þá vegagerð vegna þeirra tafa sem orðið hafa á veginum um Hófaskarð, en það var því miður eins og að kalla í klettinn, ekkert svar, en nú loksins er svo komið að fallist hefur verið á að vegurinn sé boðinn út og það verði gert nú á næstu dögum og er það í samræmi við heilbrigða skynsemi og rétta framkvæmd að menn reyni að skjóta til fjárhæðum og nýta það fjármagn sem til veganna er lagt.

Að síðustu hlýt ég, formaður samgöngunefndar, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, að beina því til nefndarinnar hvort ekki sé unnt að flýta því að vegurinn um Hólmaháls verði boðinn út, hann er tilbúinn í útboð. Þetta er orkuvegur. Hann kostar um 500 millj. kr., 94 milljónir eiga að renna til hans á næsta ári, 406 milljónir eftir tvö ár. Það er víða svo um mitt kjördæmi að fjárveitingar berast ekki fyrr en kannski einu eða tveim árum eftir að framkvæmd lýkur.

Skil ég raunar ekki hvernig á því megi standa, t.d. um Skjöldólfsstaðamúlann, hvers vegna síðasta fé sem til hans rennur skuli vera eftir tvö ár þegar verið er að bjóða verkið út nú. (Gripið fram í.) Ég skrifaði ekki niður þær tölur. Ég mundi mjög gjarnan vilja, hv. þingmaður, að athugað yrði í nefndinni hvort ekki sé hægt að flýta því að bjóða Hólmaháls út þannig að það verði gert nú á þessu ári. Segja má að nokkuð ljóst sé að ekki verði hægt að ráðast í sumar framkvæmdir vegna deilna sem upp koma, jafnvel deilna milli opinberra stofnana, og þá er spurning hvernig best sé að nýta fé. Ég hef óskað heftir því — gerði það með þingmönnum kjördæmisins í morgun — við vegamálastjóra að þetta mál yrði sérstaklega athugað.

[17:08]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að margt hafi komið hér fram á fimmtudaginn þegar við ræddum langtímaáætlunina langar mig samt sem áður að spyrja hv. þingmann, af því að hann lýsti því yfir þá að hann væri ánægður með að lenging Akureyrarflugvallar væri ekki kláruð fyrr en haustið 2009, og spurning mín til hv. þingmanns er einfaldlega þessi, virðulegi forseti: Er hv. þingmaður virkilega enn þá ánægður með að lenging Akureyrarflugvallar skuli ekki komast í gagnið fyrr en haustið 2009? (**Samgrh.:** Hver segir það, að það sé ekki fyrr en 2009?)

[17:08]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er ljúft að svara þessu. Ég er mjög ánægður yfir því að Akureyrarflugvöllur skuli vera inni á samgönguáætluninni, ánægður yfir því og þakklátur, það var brýnt að lengja flugvöllinn. Auðvitað hefði verið óskaplega gott ef búið væri að lengja flugvöllinn, má eins spyrja hvort hv. þingmaður sé ekki ánægður með að hann skuli ekki hafa verið lengdur fyrir tíu árum. Aðalatriðið í mínum huga er að búið er að ná þessum áfanga, það verður ráðist í lengingu flugvallarins og síðan kemur að því að búa flugvöllinn fullkomnum tækjum, eins og ég veit að við báðir viljum gera.

[17:09]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, ég er ekki ánægður með að framkvæmdum skuli ekki ljúka fyrr en svona seint vegna þess sem ég hef áður sagt. Þetta er samkeppnishindrandi fyrir þá fraktflutninga sem eiga að fara frá þeim velli. Fyrirtæki sem hefur stofnað fraktflutningafélag og ætlar að flytja m.a. ferskan fisk frá Akureyrarflugvelli þarf að gera það þannig að fulllesta vélina af fiski og fljúga suður til Keflavíkur, millilenda þar og taka eldsneyti til að geta flogið til Evrópu. Ég er ekki ánægður með það, virðulegi forseti, að þetta sé ekki fyrr en haustið 2009, eins og hv. þm. Halldór Blöndal er.

Ég hef aðra spurningu varðandi þetta svæði vegna þess að það er okkur mjög kært, mér og hv. þm. Halldóri Blöndal: Er hv. þingmaður ánægður með það að ekki skuli vera minnst á stækkun flugstöðvarinnar á Akureyrarflugvelli?

[17:10]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef ekki séð verkáætlun um hvenær eigi að bjóða út Akureyrarflugvöll, það getur vel verið (**KLM:** Flugstöðin er ekki inni.) að möguleikar séu á því að hraða lengingu flugvallarins, ekki skal ég um það segja. Auðvitað yrði ég mjög ánægður yfir því eins og hv. þingmaður. Í ræðu minni fyrir helgi tók ég sérstaklega fram að ég saknaði þess að ekki væru fjármunir til flugstöðvarinnar, ég talaði um 200–300 millj. kr. Við vitum að flugstöðin er komin til ára sinna og getur illa tekið við millilandaflugi. Það er því nauðsynlegt að stækka hana og búa flugvöllinn og þá byggingu góðum tækjum og góðum aðbúnaði.

[17:11]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Eðlilegt er að umræður um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 blandist eitthvað samgönguáætlun fyrir 2007–2018 líkt og gerðist fyrir helgi þegar hin lengri var rædd. Ég verð að biðja virðulegan forseta að leyfa mér að blanda örlítið saman þeim áætlunum því að þannig var mál með vexti að ég gat því miður ekki tekið þátt í umræðunum sem voru hér síðasta fimmtudag en ég mun þó reyna að halda mér við útgangspunktinn í áætlun næstu fjögurra ára.

Ljóst er að með svo stórt og viðamikið plagg eins og hér er til umræðu skiptir máli að það sé trúverðugt. Því er eðlilegt að ýmsir hv. þingmenn hafi komið nokkuð inn á það að rifja upp söguna í þeim efnum. Þannig hefur þetta verið nokkur undanfarin kosningaár að fagrar áætlanir hafa litið dagsins ljós en því miður hefur ekki tekist að framkvæma þær eins og áætlanir hafa gert ráð fyrir. Það er mjög miður, sérstaklega í þessum málaflokki sem er svo mikilvægur og svo stór, í raun og veru sá málaflokkur sem við eigum að leggja hvað mesta áherslu á vegna þess að í öllum samanburði við aðrar þjóðir erum við hvað mest á eftir öðrum í samgöngumálum. Þess vegna er eðlilegt að hæstv. samgönguráðherra leggi á það mjög mikla áherslu, og ég þykist greina það í málflutningi hæstv. ráðherra að hann hefur sjálfur af því nokkrar áhyggjur að það muni ekki takast að standa algjörlega við þá áætlun sem hér er lögð fram af töluverðum metnaði. Hæstv. ráðherra hefur lent í því á undanförnum árum að þurfa að draga saman seglin vegna þess að ríkisstjórnin hefur tekið um það ákvarðanir. Ég trúi því vel að ekki sé öfundsvert fyrir hæstv. ráðherra að sitja undir slíkum ákvörðunum og þess vegna er trúverðugleiki samgönguáætlunar brenndur af sögunni, þ.e. að ekki hafi alltaf tekist að standa við áætlanirnar, því miður. Það er eðlilegt að fara örlítið yfir vinnubrögðin við gerð slíkrar áætlunar. Mikilvægt er þegar við erum að fjalla um svo stóran og mikinn málaflokk að reynt sé að ná sem víðtækastri samstöðu um slíka áætlun.

Ég tók eftir því í umræðunum síðasta fimmtudag að hæstv. ráðherra sagði að hann hefði valið það vinnulag sem nú er vegna reynslu sinnar af því vinnulagi sem áður var. Ég tek hæstv. ráðherra fyllilega trúanlegan, því að ég hef ekki reynslu af því vinnulagi sem áður var, sem hæstv. ráðherra taldi hafa ýmsa galla, og ég efast ekki um að svo hafi verið, varla hefur það verið fullkomið. En ég tel að ekki sé endilega búið að finna hina réttustu leið til að vinna slíka

áætlun. Ég hefði haldið t.d. að eðlilegra hefði verið þegar áætlunin kom úr — eigum að segja sérfræðinganefndinni — og fór til hæstv. ráðherra og síðan í þingflokka ríkisstjórnarinnar, að þá hefði verið eðlilegt á þeim tímapunkti að gerð hefði verið tilraun til að ná víðtækari samstöðu, þ.e. að þá ættu allir þingflokkar aðkomu að málinu. Það væri líka trúverðugra ef allir hefðu komið að málinu og við náð sameiginlegri niðurstöðu. Þá skipti raunverulega ekki svo miklu máli þó að ríkisstjórnarskipti yrðu á milli, því þá væru allir að því leytinu til tengdir áætluninni.

Hv. þm. Halldór Blöndal fór í sögulegri upprifjun yfir það hvað oft samgönguáætlun hefði verið marklítið plagg, af ýmsum ástæðum. Ég ætla ekki að fara að eyða tíma mínum í að rifja það upp en hv. þingmaður talaði af mikilli reynslu, bæði sem fyrrverandi ráðherra og maður sem setið hefur mjög lengi á þingi. Það voru vissulega aðvörunarorð sem menn eiga að hlusta á. Ég tel að með því að þróa vinnubrögðin væri hægt að tryggja sem mesta samstöðu um málið.

Frú forseti. Ég sagði að hæstv. ráðherra hefði á stundum sagt, bæði í þinginu og ég tala nú ekki um í viðtali, sem er á margan hátt býsna gott, í Morgunblaðinu síðasta fimmtudag, þar sem hæstv. ráðherra fer m.a. yfir þetta mikilvæga plagg og leggur gífurlega mikla áherslu á að nú sé komið tímabil stórátaks í samgöngumálum. Ég vil taka alveg sérstaklega undir þetta með hæstv. ráðherra. Þetta er auðvitað gífurlega mikilvægt og þetta er hlutur sem á að hafa forgang á ýmislegt annað.

Hins vegar er sérkennilegt að sjá það haft eftir hæstv. ráðherra að ástæðan fyrir því m.a. að ekki hafi verið hægt að standa við síðustu samgönguáætlun og að draga hafi þurft saman seglin sé, eins og sagt er orðrétt, með leyfi forseta: „... að hægja á ferðinni vegna áhrifa af uppbyggingu stóriðjunnar.“

Ég verð að segja, frú forseti, að það kom mér mjög á óvart að hæstv. ráðherra skyldi fara í þetta skjólið, fara í sama málflutning og við höfum heyrt Vinstri græna fara yfir, að allur vandi okkar í efnahagsmálum sé stóriðjuframkvæmdunum að kenna.

Ég vil leyfa mér, frú forseti, að mótmæla þessu. Ég tel að þenslan á allt öðrum sviðum hafi haft miklu meiri áhrif sem kallað hafi á að menn hafi gripið til þessara ráða heldur en stóriðjuframkvæmdirnar. Í rauninni lá það fyrir allan tímann hvaða áhrif stóriðjuframkvæmdirnar mundu hafa og ef eitthvað er hafa áhrifin verið minni á efnahagslífið en menn gerðu ráð fyrir. Þess vegna á ekki að þurfa að að grípa til slíks rökstuðnings.

Frú forseti. Þröngt er skorinn stakkurinn í ræðutíma hér og ég verð því að stikla mjög á stóru og ætla að fara aðeins yfir misræmi sem ég hef orðið var við í texta og tillöguflutningi. Þar á ég við jarðgöng. Rétt er að eyða nokkrum orðum í að fagna alveg sérstaklega þeirri stefnubreytingu sem hefur orðið á því að binda sig ekki við að eingöngu séu ein jarðgöng í gangi í einu heldur á nú að tvöfalda það og hafa a.m.k. tvenn í gangi í einu. Það er fagnaðarefni og það meira að segja svo að jafnvel þrenn verða í gangi í einu ef fram heldur sem horfir. Þetta tel ég auðvitað afar mikilvægt og fagna því að svo sé gert.

Síðan er rétt að fagna því líka að nú virðist vera á öllum landsvæðum kominn mikill áhugi fyrir jarðgöngum. Við heyrum það á höfuðborgarsvæðinu að rætt er mikið um að Sundabraut fari að hluta til í jarðgöng, talað er um jarðgöng undir Öskjuhlíð. Það er mikið fagnaðarefni að umræðan sé komin á þetta stig og að meginhluti þjóðarinnar sé búinn að átta sig á hversu jarðgöng eru mikilvægar framkvæmdir í samgöngubótum.

Misræmið, frú forseti, sem ég ætlaði að vekja athygli á er að í langtímaáætluninni segir:

„Rannsóknir, hönnun og annar undirbúningur Norðfjarðarganga fer fram 2007 og 2008 og verða göngin boðin út á árinu 2009.“

Síðan þegar fjármagnsstreymið er skoðað til þeirra framkvæmda kemur í ljós að engir fjármunir eru til framkvæmdarinnar fyrr en 2011. Nauðsynlegt er, frú forseti, að hæstv. ráðherra skýri það hvernig á að brúa bilið frá því að göngin verða boðin út 2009 en ekkert fjármagn komi fyrr en 2011. Og hvers vegna sama orðalag er ekki notað varðandi Norðfjarðargöng og notað er varðandi tengingu Óshlíðarganga og síðan þeirra ganga á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, þ.e. að þau göng, Arnarfjarðargöngin svokölluðu, eigi að hefjast strax að lokinni vinnu við Óshlíðargöng. Hvers vegna er ekki notað nákvæmlega sama orðalag varðandi það að Norðfjarðargöngin eigi að hefjast strax að loknum framkvæmdum við Héðinsfjarðargöng, sem er hugsunin? Ef ég man rétt úr viðtali við hæstv. ráðherra í Morgunblaðinu, þá eiginlega kemur fram að þannig sé þetta hugsað. Hér þarf því að skýra texta eða a.m.k. að samgöngunefnd fari þá almennilega yfir málið og skýri það betur hvernig brúa eigi bilið þarna á milli eða að hæstv. ráðherra skýri hvort einhverjar setningar hafi dottið út úr textanum.

Frú forseti. Tími minn er búinn og ég verð því (Forseti hringir.) að ljúka máli mínu en verð að óska eftir að fá orðið aftur því að ég hef ekki nándar nærri lokið umfjöllun minni.

[17:19]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hv. þingmanni að það er ekki eingöngu þenslan eða áhrif frá stóriðjuframkvæmdum sem hafa leitt til þess að vinnumarkaðurinn kallaði eftir að við hægðum á.

Það er alveg ljóst að byggingariðnaðurinn fór mjög bratt áfram, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, en stóriðjuframkvæmdirnar fyrir austan og þessi ógnarsprenging í byggingariðnaðinum á höfuðborgarsvæðinu, og raunar langt út fyrir það, hafði mikil áhrif sem leiddi til þess að ríkisstjórnin varð að grípa til þeirra aðgerða sem hún gat. Niðurstaðan varð sú að hægja á framkvæmdum í vegamálum. Ég geri engar athugasemdir við þessar skýringar hv. þingmanns og tek í rauninni undir þær að þessu leyti.

Hvað varðar misræmi í texta er ekki um það að ræða. Við erum með tilteknar fjárveitingar í heildina í jarðgangaframkvæmdirnar. Ég geri ráð fyrir því að það verði hægt að fara í gegnum Héðinsfjarðargöngin seint á árinu 2009 og að framkvæmdum verði síðan endanlega lokið væntanlega á árinu 2010 þótt búið verði að opna.

Síðan vitum við ekki hvaða tilboð við fáum í jarðgöngin

*til Bolungarvíkur en við gerum ráð fyrir því að fjárveitingar komi til jarðganga til Neskaupstaðar. Útboðið gerir ráð fyrir því að verktakar fái greiðslur nokkru eftir að framkvæmdir eru hafnar og það er ekkert sem bannar það.*

Það ætti að vera rými til (Forseti hringir.) að semja þrátt fyrir það þannig (Forseti hringir.) að þarna er ekkert misræmi á ferðinni.

[17:22]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra skýringarnar. Misræmið sem ég fjallaði um var annars vegar gagnvart lokum Héðinsfjarðarganganna og hins vegar gagnvart lokum Óshlíðarganganna, þ.e. að Arnarfjarðargöngin ættu að hefjast strax en sá texti varðar ekki Norðfjarðargöngin.

Ég tel að hæstv. ráðherra hafi skýrt þetta nægilega til að við áttum okkur á því að hér eru menn að velta því fyrir sér að í útboði gæti hugsanlega samist um lán frá verktökum eða gjaldfrest. Það er vissulega ekki útilokað og hugsanlega gætu líka lántökur komið inn þannig að það er fagnaðarefni að hæstv. ráðherra tekur af allan vafa í þessu og skýrir málið verulega.

Það er hins vegar spurning hvort hæstv. ráðherra geti einnig í seinna andsvari sínu tekið undir að það væri eðlilegt að nýta þann tíma sem áætlaður er fyrir rannsókn á Norðfjarðargöngunum til að velta fyrir sér þeim möguleika sem nefndur er á Miðausturlandi, þ.e. að þau göng sem þar er rætt um verði skoðuð í samhengi. Það er alveg augljóst mál að það verður alltaf að líta á Norðfjarðargöng svokölluð sem fyrsta áfanga í göngum á Miðausturlandi ef þau eru ekki gerð samhliða.

Það hlýtur að vera eðlilegt að rannsóknirnar séu settar þannig upp að sá möguleiki sé til staðar að þetta verði gert sem heildarframkvæmd. Ég vitna í orð hæstv. ráðherra um að þar sé hugsanlegt að semja við verktaka um málið, líkt og hæstv. ráðherra talaði um, að þrátt fyrir að göngin yrðu boðin út árið 2009 en ekki áætlaðir peningar fyrr en 2011 *væri hægt að brúa það bil með samningum við verktaka.*

[17:24]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bara undirstrika það sem nauðsynlegt er að sé alveg skýrt, áætlanir okkar gera ráð fyrir því að framkvæmdir við Óshlíðargöngin byrji eins fljótt og nokkur kostur er. Hönnun verður sett á fulla ferð og vonandi dregst það ekki. Þau verða unnin samhliða Héðinsfjarðargöngunum og síðan er gert ráð fyrir því að útboðið, svo að það sé bara undirstrikað, á Neskaupstaðargöngunum, verði á árinu 2009 og að Arnarfjarðar-/Dýrafjarðargöngin fari af stað og verði þá boðin út þannig að hægt verði að setja þau í framkvæmd strax og Bolungarvíkurgöngin eru tilbúin. Þannig er þetta hugsað.

Hvað varðar aðrar jarðgangaframkvæmdir á Miðausturlandi þarf í samstarfi við sveitarfélögin að velta fyrir sér þessu heildarskipulagi samgöngukerfisins þar sem mætti leysa sumt með því að grafa göng eins og hefur verið talað um. Auðvitað þarf að miða við að ekki verði búið að byggja yfir alla hugsanlega jarðgangamunna á Austurlandi þannig að það verði að hætta við jarðgöng þess vegna.

Mér finnst t.d. að kirkjan á Eskifirði hefði betur verið einhvers staðar annars staðar, hún er nákvæmlega þar sem jarðgangamunnur ætti helst að vera. Það er á margt að líta í þessu og sveitarfélögin og Vegagerðin þurfa að skoða heildarskipulagið og marka til langs tíma þær ákvarðanir sem tengjast stórum ákvörðunum eins og þeim hvar jarðgöng eigi að koma, hvar þau eigi að tengja saman byggðirnar.

En nú eru menn farnir að tala um svo stórfelldar framkvæmdir og bjartsýnin svo mikil í kjölfar stjórnarstefnunnar að það ber að fagna því að stjórnarandstaðan (Forseti hringir.) skuli geta gert ráð fyrir öllum þessum framkvæmdum eftir að við höfum stjórnað hér í 16 ár.

[17:26]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að eftir þessa löngu stjórnarsetu bíða verkefnin um allt land. Þau eru óþrjótandi. Þess vegna erum við að tala um að tími sé kominn til að gera stórátak í samgöngumálum. Hefðu samgöngumálin verið í þessum forgangi væri kannski ekki sama þörfin.

Það er eðlilegt að við fögnum því að umræðan um samgöngumál, ég tala nú ekki um jarðgangamál, er komin á það stig að það er hægt að ræða þau út frá allt öðrum forsendum en áður var. Ég endurtek að ég fagna því alveg sérstaklega.

Ég verð hins vegar að segja að ég átta mig ekki alveg á því hvernig á því stendur að það þarf tvö heil ár, þ.e. bæði 2007 og 2008, til að rannsaka Norðfjarðargöngin ein og sér. Ég hefði ekki talið að svo langan tíma þyrfti til þess.

Ég vek athygli samgöngunefndar á því að það mál verði skoðað alveg sérstaklega, þ.e. hvort ekki sé hægt að flýta þessu útboði og ég vitna enn í ummæli hæstv. ráðherra um að hægt sé að bjóða út hluti án þess að fjármagn sé tryggt á þeim sama degi. Hugsanlega má brúa það bil á annan hátt.

Það er líka hárrétt hjá hæstv. ráðherra, og þess vegna vakti ég einmitt athygli á því, að hugmyndir um tengingu byggða á Miðausturlandi kalla á að þeim rannsóknum verði flýtt sem verða má þannig að hægt sé að komast að sem skynsamlegastri niðurstöðu og einnig, eins og hæstv. ráðherra benti á, að ekki sé byggt fyrir þau svæði þar sem menn telja eðlilegt að jarðgöngin komi.

Það liggur á þessum skipulagsmálum. Þess vegna er brýnt að rannsóknunum verði hraðað eins og kostur er og að við komum því þar af leiðandi inn að það sé framtíðarhugmynd, sem er vonandi enn styttri en margur heldur, að við gjörbreytum samfélaginu á Miðausturlandi með þeim göngum sem nauðsynleg eru til þess að öll byggðarlögin þar fái að njóta (Forseti hringir.) sín.

[17:28]

**Útbýting:**

Afli línubáta á krókaaflamarki, 610. mál, fsp. GHj, þskj. 910.

Alþjóðaþingmannasambandið 2006, 619. mál, skýrsla ÍAÞ, þskj. 919.

Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, 617. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 917.

Hækkun iðgjalda tryggingafélaga, 475. mál, svar viðskrh., þskj. 871.

Neytendavernd, 616. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 916.

Ólögleg atvinnustarfsemi, 394. mál, svar dómsmrh., þskj. 877.

Raunávöxtun vátryggingaskulda tryggingafélaganna, 476. mál, svar viðskrh., þskj. 872.

Samtalsmeðferð við þunglyndi og kvíðaröskun, 391. mál, svar heilbrrh., þskj. 857.

[17:29]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég ræddi þessi mál í allítarlegu máli þegar langtímaáætlunin var á dagskrá fyrir helgina og ég vísa til þeirra fyrirvara og þeirrar gagnrýni sem ég setti fram þá á ýmislegt varðandi m.a. vinnubrögð og skort á samráði og öðru slíku og eyði ekki tíma í að fjölyrða meira um það.

Í fyrsta lagi vil ég um flugmálin segja, að þó að það sé góðra gjalda vert að þar glittir í löngu tímabærar framkvæmdir við Akureyrarflugvöll — þ.e. að lengja brautina og gera þann flugvöll þannig úr garði að það sé með viðunandi öryggi hægt að reka þaðan áætlunarflug, farþegaflug og fraktflug, sem ég held að sé nú alveg sýnt að full þörf er fyrir og markaðslegar forsendur eru til staðar fyrir ef aðstæðurnar eru bættar — þá er gallinn auðvitað sá að þar er um að ræða hina svokölluðu sérstöku fjáröflun sem ekki er í hendi og í rauninni bara gefinn upp boltinn með að það geti verið allt hvað verkast vill, einkafjármögnun, lántaka eða eitthvað annað. Það yrði auðvitað dálítið kúnstug niðurstaða ef síðustu 700 metrarnir á flugbraut væru í einkaframkvæmd en afgangurinn, þeir tvö þúsund eða tæpir sem fyrir eru, væru opinbert mannvirki. Yrði þá tekinn flugtollur á endanum sem bættist við? Ég held að það hefði bara einfaldlega átt að taka um það ákvörðun að í þá framkvæmd yrði ráðist og setja þá inn fjárveitingar með hefðbundnum hætti til hennar.

Það væri ákaflega praktískt að vinna saman lengingu Akureyrarflugvallar og gerð Vaðlaheiðarganga því að ljóst er að það mætti koma fyrir verulegum hluta af kjarnanum úr göngunum Eyjafjarðarmegin með þeim hætti sem yrði ákaflega praktískur bæði frá framkvæmdinni séð og umhverfislegu tilliti.

Varðandi Egilsstaðaflugvöll er náttúrlega enn lengra inni í framtíðinni að framkvæmdir komist þar af stað og um þær búið með svipuðum hætti, því miður ekki fyrr en á öðru og þriðja tímabili langtímaáætlunar.

Um vegáætlun gildir aftur það sama að þar eru stór verkefni sett í hina svokölluðu sérstöku fjármögnun og þar eru á ferð stór loforð sem ekki er þar með ljóst hvernig reiðir af. Ég hef líka sagt að mér finnst því miður verulega á skorta að einfaldlega miði nógu hratt í hinni almennu vegagerð. Það eru t.d. mikil vonbrigði að sjá að hringvegurinn mun ekki klárast samkvæmt þessu, ekki bara á þessum fyrstu fjórum árum heldur í raun á öllu tímabili þessarar langtímaáætlunar, ef ég hef séð rétt, þ.e. ekki verður kominn á samtengdur vegur yfir Öxi eða Breiðdalsheiði, ekki í Lóninu og malarkaflar verða áfram á meginleiðum eins og norðausturleiðinni, t.d. á Langanesströnd, a.m.k. lengi vel framan af áætlunartímabilinu. Það eru ósköp einfaldlega gríðarleg verkefni eftir í almennri vegagerð. Má ég þá minna á að drjúgir kaflar á hringveginum þarfnast nú endurbyggingar, þ.e. þeir eru einfaldlega ekki byggðir miðað við þann staðal og þann burð sem þarf til að þola þungaflutninga nútímans. Jafnvel þó svo að ný ríkisstjórn byði nú út með myndarskap strandsiglingakerfi og það tækist að koma einhverju af þungaflutningum af vegunum og á sjóinn, þar sem þeir eiga auðvitað betur heima, þá verða áfram miklir flutningar á landi, það er augljóst mál, og vaxandi umferðarþungi kallar á úrbætur.

Það er einn vegaflokkur sömuleiðis sem ég tel að menn verði að setja stóraukinn kraft í byggja og það eru tengivegir. Til dæmis er það þannig á Norðurlandi meira og minna öllu, og vissulega eru fleiri svæði sem búa við slíkt, en ég held þó að Norðurlandið hafi þarna nokkra sérstöðu vegna hinna gríðarlega löngu dala sem iðulega eru þannig að vegir eru með báðum hlíðum, a.m.k. einn vegur fram slíka dali frá þjóðveginum eða þá út á nes eins og á við um Norðurland vestra, t.d. Vatnsnes og Skaga. Þarna eru gríðarlega miklir og langir malarvegir, 30–40 og upp í 60–70 ára gamlir sem hafa í besta falli fengið svona sæmilegt viðhald en með fáum undantekningum eru þetta vegir á þeim aldri að þeir þola náttúrlega ekki á nokkurn hátt nútíma flutninga og umferð. Það er gríðarmikið verkefni af þessu tagi sem bíður og sáralítið miðar með á Norðurlandi vestra, á Norðurlandi eystra og auðvitað víðar um land. Ég hygg nú að Norðurlandið, eins og ég segi, og kannski að einhverju leyti Austurland hafi þarna umtalsverða sérstöðu.

Ekki verður undan því vikist að ráðstafa umtalsverðum fjármunum og að mínu mati meiri fjármunum en þarna eru settir í hin almennu vegagerðarverkefni á landsbyggðinni ef menn ætla ekki að sætta sig við að þó nokkuð mikið verði eftir af þeim verkefnum þegar áætlunartímabili langtímaáætlunarinnar lýkur, hvað þá þeim fjórum árum sem hér eru undir.

Ég vil síðan nefna aðeins einstök mál önnur eins og Ólafsfjarðarmúla, jarðgöng þar. Það er að mínu mati óumflýjanlegt að taka lagfæringar á þeim inn í áætlun. Gera þarf könnun á því hvernig á að standa þar að verki. Kannski má tvískipta henni þannig að gera brýnustu úrbætur strax. Þar er stórvarasöm blindbeygja í norðurendanum sem þarf að taka af og auðvitað styttist í að þau þurfi að tvöfalda. Þau eru barn síns tíma, búin að þjóna hlutverki sínu vel í 16 ár eftir nokkra daga. Þess vegna er alveg ljóst að miðað við þann undirbúning og þann tíma sem þarf í að leggja grunn að því sem þarna verður gert verða þau kannski orðin 20–25 ára gömul áður en ráðist verður í eiginlegar framkvæmdir. Með tilkomu Héðinsfjarðarganga mun umferð þarna auðvitað stóraukast og það verður enn tilfinnanlegra að hafa Ólafsfjarðarmúlagöngin eins og þau eru úr garði gerð.

Norðfjarðargöng eru auðvitað gríðarlega brýn. Enginn vafi er á því í mínum huga að byggðapólitískt séð eru þau brýnust allra ganga eystra, en þó verð ég náttúrlega að segja að mér finnst sárt að sjá ekki jarðgöng undir Hellisheiði eystri einnig á áætluninni. Ég tel það í raun miklar brigður frá því sem alltaf hefur verið gert ráð fyrir, að þau yrði göng númer — ja, lengst af var nú tekist á um það hvort þau ættu að vera göng númer eitt eða tvö á Austurlandi. Þau hafa þurft að sæta því að þoka undan öðrum og ég hefði talið að menn ættu að hafa þau þarna inni áfram, enda augljóst mál að þeirri miklu fjárfestingu sem fólgin er í upp-

byggingu norðausturleiðarinnar með ströndinni allt úr Ljósavatnsskarði og um Vopnafjörð, lýkur auðvitað ekki. Hún er ekki fullkláruð fyrr en komin eru jarðgöng undir Hellisheiði eystri. Þá er líka komin þar leið með byggð og með sjó og sem þræðir byggðakeðjuna sem er á margan hátt miklu betri flutningaleið og öruggari vetrarleið en að fara yfir öræfin, þó að það hafi að vísu gengið betur en bjartsýnustu vonir stóðu til vegna þess hversu vetur hafa verið mildir að undanförnu.

Eitt er víst og það er það, virðulegur forseti, að ærin eru verkefnin og þau verða ekki unnin nema til þess komi fjármunir. Þeir eru vissulega miklir sem frá umferðinni renna í opinbera sjóði og ég held að það sem þurfi að tryggja sé að umferðin fái til sín það sem þarf í þessar nauðsynlegu úrbætur og vegaframkvæmdir og samgönguframkvæmdir haldi fyllilega þeim hlut af þjóðartekjum sem (Forseti hringir.) hann hefur bestur orðið.

[17:38]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kvað við nokkuð annan tón hjá hv. þingmanni nú í ræðu um skammtímaáætlun en langtímaáætlun. Hins vegar kemur fram hjá hv. þingmanni að honum finnst að ekki gangi nóg með að loka hringveginum, og það má til sanns vegar færa, að meiri fjármuni vanti til áætlunarinnar.

Mig langar að spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon hvernig honum lítist á að fá nýja fjármuni annars staðar frá sem yrðu lagðir til samgöngumála og þá til nýrra framkvæmda sem ekki eru á áætluninni núna, eins og hún lítur út hér fyrir þinginu, þ.e. að fyrirtækinu Norðurvegi ehf. yrði heimilað að leggja veg um Kjöl sem mundi skapa þá möguleika að stytting yrði á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar, gríðarlega mikil stytting milli byggðarlaganna á Suður- og Norðurlandi þar sem augljóslega gætu skapast ný tækifæri og möguleikar varðandi ferðaþjónustu. Slíkur vegur yrði auðvitað fjármagnaður á markaðnum og síðan yrði hann greiddur til baka líkt og Spölur gerði með Hvalfjarðargöngin. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvernig honum lítist á slíka framkvæmd og hvort við ættum ekki að taka hana inn í þá samgönguáætlun sem hér liggur fyrir.

[17:39]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kvað nú ekki meira við annan tón í ræðu minni nú frá því sem var fyrir helgi en svo að ég vísaði einmitt til þess í upphafi að ég hefði komið þar með ýmiss konar gagnrýni á framfæri og þyrfti ekki tímans vegna að endurtaka það.

Ég held að fróðlegt væri fyrir hv. þingmann — ég að sjálfsögðu skorast ekki undan að svara — að spyrja sinn eigin flokksbróður og hæstv. samgönguráðherra að þessu. Ég sé nú ekki annað en að þessi vegáætlun sé gerð þannig úr garði að hún horfi til styttingar á núverandi þjóðvegi 1 þar sem þeir möguleikar eru til staðar og væntanlega er það þá ekki í þeim anda sem hv. þm. Kjartan Ólafsson vill að menn fari með veg um Kjöl og þvert fyrir friðlandið í Guðlaugstungum og niður í Skagafjörð. Ég hef áður opinberlega látið efasemdir mínar í ljós um þá framkvæmd. Ég tel að það orki mjög tvímælis að fara af stað með þeim hætti, hvað varðar það fyrirkomulag sem þar er ætlunin að hafa, að loka Kjalvegi hinum forna og fara að selja einkaaðila í hendur leyfi til að taka þar veggjald. Ég er hræddur um að það verði ekki mjög vinsælt, fyrir utan að um slíka vegagerð uppi á miðhálendinu hef ég grundvallarefasemdir.

Vandinn er sá, hv. þingmaður, eins og ég hélt að við hefðum rætt en greinilega ekki með tæmandi hætti síðast þegar við áttum orðaskipti um samgöngumál, að það verða engar barbabrellur framkvæmdar með því að láta einkaaðila fá einkaleyfi til að rukka vegtoll eða fá áskrift að greiðslum úr ríkissjóði í formi skuggagjalda. Það eru bara sömu tveir aðilarnir sem borga fyrr eða síðar með einum eða öðrum hætti, það er umferðin sjálf eða skattgreiðendur. Við eigum því ekki að reyna að vera uppi með neinar sjónhverfingar í þessum efnum heldur leita hagkvæmustu leiða. Við vissar aðstæður eins og þær sem voru til staðar á sínum tíma varðandi Hvalfjarðargöng, eins og segja má að séu til staðar varðandi Vaðlaheiðargöng, þar sem býðst stytting en menn eiga hjáleiðina færa, (Forseti hringir.) þá getur slík ráðstöfun vel komið til greina, enda sé hún á þeim grunni sem Hvalfjarðargöngin eru, að þetta verði hluti af almenna samgöngukerfinu þegar framkvæmdin hefur borgað sig.

[17:42]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vakti athygli á því sem er alveg rétt, að vinna þarf vel að því að byggja upp tengivegina og við gerum ráð fyrir því í samgönguáætluninni að auka framlög til uppbyggingar tengiveganna, en verkefnin eru geysilega mikil.

Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á bls. 115 í þingsályktunartillögunni. Þar er tafla yfir lengd þjóðveganna á landinu samtals. Þar kemur fram að t.d. Suðurkjördæmi er með 3.555 km á meðan Suðvesturkjördæmi er með 274 km og Reykjavíkurkjördæmi með 115 km meðan Norðvesturkjördæmi er með í heildina 5.091 km og Norðausturkjördæmi með 4.003 km í vegum. Tengivegirnir — af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi þá sérstaklega — í Suðurkjördæmi eru 1.105 km, í Norðausturkjördæmi 1.037 og í Norðvesturkjördæmi 1.753 km. Það eru því mjög margir kílómetrar í hverju kjördæmanna en langlengstu tengivegirnir eru í Norðvesturkjördæmi. Þar er vissulega verk að vinna og við þurfum að vinna vel að því að tryggja fjármuni til þess að þarna verði hægt að gera verulegt átak í uppbyggingu tengiveganna og það er hin nýja stefnumörkun sem fram kemur í áætluninni, að við viljum láta verulega meiri fjármuni þar inn.

[17:44]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú ekki tilefni til mikilla svara svo sem af minni hálfu nema að þakka hæstv. ráðherra fyrir að vekja athygli mína á þessari töflu og okkar annarra hér. Ég hafði ekki séð hana en hún fellur ákaflega vel að þeirri tilfinningu sem ég hef haft og ég vitnaði einmitt til norðurkjördæmanna, að þar væru tengivegir og reyndar landsvegir geysilega miklir og út úr því kemur auðvitað þetta langa vegakerfi upp á rúma 5.000 km í Norðvesturkjördæmi og

rúma 4.000 km í Norðausturkjördæmi og það passar prýðilega við það að þarna eru enn gríðarlega mikil óunnin verkefni í almennri vegagerð. Ég leyfi mér að fullyrða líka, bara miðað við staðþekkingu á Suðurlandi, að á Suðurlandsundirlendinu eru menn miklu lengra á veg komnir með að byggja þessa vegi upp og leggja þá bundnu slitlagi. Það er ólíku saman að jafna í uppsýslum, bæði Árnes- og Rangárvallasýslu borið saman við það sem er almennt reglan t.d. á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra, þar sem vegir eru almennt malarvegir, því miður, enn þá. Það eru rétt allra umferðarþyngstu vegirnir inn frá Akureyri og aðeins í Svarfaðardal sem komnir eru með slitlagi, annars má heita reglan að þeir vegir séu malarvegir á þeim aldri sem ég tilgreindi. Þarna eru því gríðarleg verkefni sem skiptir sköpum að takist að ráðast í. Það er ekki bara fyrir sveitabæi og byggð á þessum stöðum heldur er vaxandi ferðamannastraumur og vaxandi orlofshúsabyggð o.fl. sem kallar á þetta yfir sumartímann og verður tilfinnanlegra með hverju árinu sem líður að hafa þá vegi í góðu ástandi.

Það verður líka að horfast í augu við þá staðreynd að fólk er almennt orðið miklu óvanara því en áður var að aka á malarvegum og umferðaröryggi kallar á að á þessu sé tekið alveg sérstaklega þess vegna. Það er bara þó nokkuð algengt að verða að fólk veigri sér við að fara út af bundnu slitlagi enda bílar ekki endilega til þess gerðir lengur sem fólk notar dagsdaglega. Það er því sama (Forseti hringir.) hvar borið er niður að allt ber þarna að sama brunni.

[17:46]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir viðbrögðin. Það er alveg ljóst að við eigum þar sameiginlegt áhugasvið sem er að leggja áherslu á uppbyggingu þessara vegarkafla. Það er annað en hægt er að segja um hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem eru allt of fáir hér inni til að hlusta á það sem ég ætla að segja og stangast algerlega á við afstöðu okkar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Í grein sem birtist í Blaðinu um helgina eftir Helga Hjörvar er fjallað um þá ósvinnu ráðherra Sjálfstæðisflokksins að leggja fram samgönguáætlun með þeim áherslum sem þar koma fram. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sem kunnugt er hefur mikill áhugi verið í tíð þessarar ríkisstjórnar á jarðgangagerð milli fáfarinna staða. Svo fáfarinna raunar að fréttir herma að þau nýjustu séu notuð til kappakstursæfinga, enda ótrúleg framför á snjóþungum svæðum að fá yfirbyggðar kappakstursbrautir með þessum hætti án nokkurs tilkostnaðar."

Þetta er afstaða þingmanns Samfylkingarinnar, Helga Hjörvars, og í þeirri umræðu sem við eigum núna um tengivegi og uppbyggingu á landsbyggðinni er þetta náttúrlega alveg ótrúlegt innlegg. Þetta er leiðin sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar vilja fara gagnvart landsbyggðinni. Ég fagna þess vegna viðbrögðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar við ræðum um tengivegi.

[17:48]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Nú fór í verra, herra forseti, ég ætla algerlega að halda mig utan við þessi orðaskipti hæstv. ráðherra og þess þingmanns Samfylkingarinnar til hvers hann vitnaði hér en ekki fundust mér ... (**AKG:** Ef hann væri til að svara.) Hann hlýtur að geta komið hér og svarað fyrir sig en ekki fundust mér nú þessi tilvitnuðu ummæli heppileg um Fáskrúðsfjarðargöngin en það er önnur saga.

Auðvitað er veruleikinn sá að hægt er að rökræða og takast endalaust á um forgangsröðun í málaflokki af þessu tagi þar sem verkefnin eru nánast ótæmandi, fjármunirnir takmarkaðir og auk þess ekki heppilegt að hafa uppi mjög miklar sveiflur í framkvæmdastigi af þessu tagi. Það leiðir mig til þess að rifja upp, svo ég skilji ekki við hæstv. ráðherra alveg í svona góðu skapi, að auðvitað er þetta hringl með framkvæmdir í vegamálum búið að vera stórskaðlegt á undanförnum árum. Ég ætla að vona að nú bregði til betri tíðar í þeim efnum, að samgöngumál og framkvæmdir í samgöngumálum verði ekki endalaust notuð eins og jójó og dregið sundur og saman eftir einhverjum pólitískum hagsmunum, sýndarmennskutilburðum til að takast á við þenslu í hagkerfinu og hagstjórn, sem er bara allt tómt rugl. Vegna þess að auðvitað skipta einhver hundruð milljóna, eða 1 eða 2 milljarðar til eða frá í almennum samgönguframkvæmdum sem dreifast á fjölda smærri og meðalstórra verktaka, engum sköpum í því borið saman við milljarðatuga og hundruð milljóna stóriðjufjárfestingarnar og þensluruglið sem vitleysan í húsnæðislánakerfinu og annað slíkt hefur leitt yfir okkur.

Þessu verður að linna. Það verður að komast aftur á stöðugleiki og áætlanir verða að halda, menn verða að taka sjálfa sig alvarlega og bera virðingu fyrir því sem þeir setja frá sér og fá samþykkt á Alþingi. Ég vil bara segja að ég ætla að vona að við þurfum aldrei aftur að upplifa annan eins hringlandahátt með framkvæmdastig og áætlanir á þessu sviði og við höfum mátt gera undanfarin ár.

[17:50]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum samgönguáætlun hina styttri, til fjögurra ára. Þar er af nógu að taka eins og í hinni sem áður var rædd.

Mig langar í upphafi máls að tala aðeins um bundið slitlag og vegi með bundnu slitlagi. Það er rétt að krafan er að vegir séu almennt lagðir bundnu slitlagi hvar sem er á landinu. Samt er það svo að sum landsvæði eins og norðausturhornið og Vestfirðir búa enn þá við mikinn fjölda kílómetra af vegum sem ekki eru lagðir bundnu slitlagi. Horft er til þess að gera þar verulegt átak í vegaframkvæmdum, sem menn höfðu reyndar gert sér vonir um að unnar yrðu hraðar og ekki frestað eins og gert var á síðasta ári. Það er önnur saga en menn þóttust vera að hafa sérstök áhrif á þenslu hér á landi með því að fresta vegagerð á þeim landsvæðum þar sem engin þensla hefur verið mælanleg, eins og á Vestfjörðum og norðausturhorninu og þar sem byggðaskýrslur sýna að er hvað mest fólksfækkun hér á landi svo dæmi sé tekið.

Það er einnig athyglisvert að vegir innan sveita eru einnig langflestir, á þeim landsvæðum sem ég nefndi, með malarlagi enn þá og má segja að það sé kannski aðeins á suðvesturhorni landsins, þ.e. að hluta til í sveitunum á Suðurlandi, sem búið er að binda vegi með bundnu slitlagi þó

að það sé vissulega af nógu að taka þar einnig. Það er fjöldamargt annað en stofnvegirnir sem taka þarf á varðandi endurbyggingu og uppbyggingu vega með nútímalegu sniði. Sífellt færri kunna að bregðast við í akstri á malarvegum og við sjáum að þeir sem lengstum hafa ekið á bundnu slitlagi bregður oft mjög þegar þeir þurfa að aka á þjóðvegum og akstursleiðum sem ekki eru með bundnu slitlagi og kunna kannski ekki að bregðast við því. Það á t.d. við um ferðamenn sem hingað koma í sívaxandi mæli á hverju ári og við ætlum vissulega að bjóða ferðamönnum að ferðast um landið og þarna er auðvitað ein af þeim hættum sem mæta þeim þegar þeir aka á vegum sem þeir kunna illa að bregðast við. Það á vissulega líka við um Íslendinga sem sjaldan aka á malarvegum. Þetta eru svona almenn inngangsorð, hæstv. forseti, en nauðsynlegt að vekja athygli á þessu.

Mig langar að víkja að einu atriði sem ég hef m.a. bent á á fundum á Norðurlandi vestra og það er þverunin yfir Hrútafjörð. Krafa hefur verið um það frá heimamönnum að þverunin yfir Hrútafjörð og ný brú þar sé eins utarlega eða norðarlega á leirunum og mögulegt er til að stytta vegalengdir milli Stranda annars vegar og þeirra sem austan við Hrútafjörð búa hins vegar. Þar eru líka þjónustusvæði fyrir byggðirnar á innanverðum Ströndum. Ég hef litið svo til að það væri í rauninni mjög áhugavert að færa veginn yfir Hrútafjörð eins norðarlega og mögulega væri hægt. Hvers vegna hef ég lagt áherslu á það? Það er m.a. vegna þess að ef við lítum á vegalengdir og möguleika á akstursleiðum frá Norðurlandi til Reykjavíkur, sérstaklega á það við þegar veður eru vond og færð erfið um Holtavörðuheiði, þá er stundum mjög auðvelt að fara Laxárdalsheiðina. Eftir því sem við færum hinn nýja veg, sem á hvort eð er að gera yfir Hrútafjörð, norðar á leirurnar styttum við vegalengdina fyrir þá sem koma frá Akureyri og ætla til Reykjavíkur og þurfa einhverra hluta vegna, vegna veðuraðstæðna eða annarra aðstæðna, að komast leiðar sinnar. Þá gætu menn farið Laxárdalsheiði og væntanlega verður hún einhvern tíma lögð bundnu slitlagi í framtíðinni en þar er um veg að ræða sem er miklu lægra yfir sjó en Holtavörðuheiðin. Það er oft hægt að fara yfir Laxárdalsheiði þó að menn bíði í röðum eftir að fara Holtavörðuheiðina og komist ekki yfir hana. (**KÓ:** En þá er Brattabrekkan.) Já, Brattabrekkan, ég veit alveg um hana en það er líka til vegur sem heitir Heydalur og er enn þá vestar, þannig að ef menn þurfa nauðsynlega að komast sína leið þá komast þeir hana í stað þess að bíða kannski í sólarhring í Staðarskála eða í Hrútafirði. Ég hef verið að benda á þetta.

Brattabrekka er, eins og hún er lögð nú, ekki lengur brött brekka heldur með 6–7 gráðu halla og mjög góður vegur. Hún er oft fær, hygg ég, og jafnvel stundum þegar Holtavörðuheiði er ófær. Það er einfaldlega vegna þess hvernig veður eru í Hrútafirði og hinn sterki norðan- og norðaustanstrengur sem liggur inn allan Hrútafjörð og yfir á Holtavörðuheiði. Auðvitað getur hann líka legið yfir Laxárdalsheiði og yfir í Hvammsfjörð og það þekkja þeir sem þar hafa ekið um. Ég vil benda á þetta og tel að það sé áhugavert upp á framtíðina að gera að horfa til þessa.

Hæstv. forseti. Ég sé að tíminn flýgur frá mér og ég kemst mjög lítið áfram í því að rökræða um einstök svæði en það er nauðsynlegt að gera undir fjögurra ára áætluninni. Ég bendi t.d. á að 23 snjóflóðasvæði eru skráð á Óshlíðinni. Guð láti gott á vita ef við ætlum að leysa þann vanda, sem við erum búin að eyða 900 milljónum í viðhald á undanförnum árum, með því að gera þar jarðgöng sem væntanlega munu verða mjög viðhaldslétt eins og þau jarðgöng sem þegar hafa verið gerð. Ég nefni Vestfjarðagöngin með 82 millj. kr. viðhald á 10 árum og Hvalfjarðargöngin með 175 millj. kr. viðhald með öllum þeim akstri sem þar er síðan þau voru tekin í notkun, fyrir utan það umferðaröryggi sem við fáum með gerð jarðganga og styttingu leiða á milli svæða.

Einn af þeim þáttum sem ég ætla að víkja að í næstu ræðu minni er tenging byggðanna og hvernig hægt er að efla byggðina og tengja m.a. suðurhluta Vestfjarða og norðurhlutann þannig að þar verði um samfellt þjónustu- og byggðasvæði að ræða sem getur hæglega orðið með því að standa þar rétt að hlutunum. Einnig er hægt að leggja veg úr Ísafjarðardjúpi og undir Kollafjarðarheiði og tengja þannig saman væntanlega splunkunýjan veg eftir þrjú, fjögur ár sem liggur yfir firðina og inn Kollafjörð í Djúpi og hins vegar nýjan veg fyrir Reykjanes og Vatnsfjörð til Ísafjarðar. Þegar þessar leiðir verða orðnar klárar vantar aðeins að komast þarna á milli til þess að vera á (Forseti hringir.) láglendisvegi til Reykjavíkur og einhver hefði nú ekki trúað því fyrir 50 árum að það væri hægt.

[17:58]

**Útbýting:**

Norrænt samstarf 2006, 622. mál, skýrsla ÍNR, þskj. 925.

Viðurkenning á sjálfstæði Vestur-Sahara, 587. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 869.

[17:59]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að hnykkja hérna á nokkrum áhersluatriðum sem ég hef haldið fram, bæði í andsvörum við umræðuna um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir næstu fjögur ár og eins þá lengri til ársins 2018 af því það er margt sem flæðir þarna á milli.

Fyrst vil ég benda á að við lestur þessarar áætlunar þá minnir það mjög á söguna eftir Sigurð Nordal um ferðina sem aldrei var farin. Nú leggur Sjálfstæðisflokkurinn fram í miklu riti nokkuð umfangsmikla áætlun í samgöngu- og vegamálum þar sem stór markmið koma fram og það má segja að þar eigi að gera allt fyrir alla.

Nú á að bæta upp fyrir sextán ára vonbrigðasögu í samgönguráðuneytinu. Nú koma öll stóru fyrirheitin fram. Nú á allt að gera. Vanrækslusyndirnar á að hreinsa upp núna með þessu plaggi, nokkrum dögum fyrir kosningar og þess vegna er fyrsta stóra spurningin sú, hversu trúverðugt er plaggið?

Þar er margt efnislega sem þarf að hafa orð á líka. Eitt af umdeildustu eða mest umræddu samgönguverkefnum næstu ára er tvöföldun á Suðurlandsvegi. Að því er virðist hefur náðst pólitísk sátt um að fara þá leið að vegurinn verði 2+2 en ekki 2+1. Ég óska eftir því að hæstv. samgönguráðherra svari því af hverju ekki segir skýrum orðum

í áætluninni að vegurinn eigi að vera 2+2 og pólitískt vilyrði fengið fyrir því að ferlið fari í gang. Ég hef gagnrýnt þetta í umræðunni um lengri áætlun og ætla að endurtaka það hér.

Hér er lagt til að framkvæmdin öll verði í einkaframkvæmd, sérstök fjármögnun o.s.frv. En það segir ekkert um það skýrum orðum hvaða leið eigi að fara heldur þarf að *túlka kostnaðartölur þannig að hér eigi að vera fjórfaldur* vegur en ekki þrjár akreinar.

Gott og vel. Hæstv. ráðherra hefur fullyrt að vegurinn verði 2+2 og fjórar akreinar og þess vegna hlýtur það að vera skoðað í samgöngunefnd að það verði kveðið skýrt upp úr með það í áætluninni hvaða leið eigi að fara þannig að það verði ekki hægt að nota það sem einhvers konar skjól síðar, eftir einhvern niðurskurð eins og var hérna fyrir tveimur árum og fjórum árum, þegar áætlunin svo gengur ekki eftir.

Þá tel ég mikilvægt að umræðu um samgöngumál Vestmannaeyinga sem mikið hafa verið í deiglunni, verði lokið. Það liggur fyrir að á tíu árum hefur Vestmannaeyingum fækkað 1.000 manns, 100 á ári að meðaltali á þessum tíu árum Það er gífurlega hröð og neikvæð þróun og að sjálfsögðu stórsér á samfélaginu á eftir. Það sem skiptir mestu *máli og er þverpólitísk samstaða um, bæði á sveitarstjórnarstigi* og hér á Alþingi, er að fara í bráðar samgönguframkvæmdir sem koma samgöngumálum milli lands og Vestmannaeyja í varanlegt, ásættanlegt og nútímalegt horf.

Þar er fyrst og fremst rætt um tvo kosti að ræða. Það er annars vegar að byggja höfn í Bakkafjöru og hins vegar sú umræða sem lengi hefur átt sér stað en kannski aldrei verið tekin mjög alvarlega og snýr að jarðgöngum á milli lands og Eyja.

Það eru mjög öflugir aðilar í Vestmannaeyjum sem reka pólitíska baráttu fyrir því að það verði leitt til lykta. Ingi Sigurðsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, formaður Ægisdyra, hefur fjallað mjög ítarlega um málið. Og síðan frambjóðandi sjálfstæðismanna og fyrrverandi alþingismaður, Árni Johnsen, sem er í öðru sæti á lista sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi og talar þvert gegn stefnu hæstv. *samgönguráðherra í málinu.*

Þess vegna kalla ég eftir því að hæstv. fjármálaráðherra, leiðtogi sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi, taki þátt í þessari umræðu og segi hver sé hans skoðun. Hefur hann kannski þriðju leiðina, aðra en samgönguráðherra og Árna Johnsen? Árni Johnsen segir í grein í Morgunblaðinu, 15. febrúar, daginn sem við ræddum lengri áætlunina, með leyfi forseta:

„Það er óboðlegt að ljúka ekki rannsóknum á jarðgangadæminu og það er jafnóboðlegt að hunsa þá virtu innlendu og erlendu vísindamenn sem hafa lagt fram niðurstöður í skýrslu, ...“

Það er mjög hávær krafa margra úti í Eyjum að það verði rannsakað til hlítar hvort þetta sé tæknilega mögulegt, pólitískt mögulegt og hvort fjárhagslega sé mögulegt að ráðast í gangagerð. Fyrr eigi ekki að leiða framtíð samgöngumálanna til lykta.

Ég hef kallað eftir skýrum viðhorfum hjá hæstv. ráðherra í þessa veru og spurt hvort samgönguáætlun næstu fjögurra ára sé dauðadómur yfir fyrirætlunum margra Vestmannaeyinga um jarðgöng á milli lands og Eyja með því að þar eigi ekki að skera úr um það með rannsóknum áður en ákvörðun verður tekin um hitt. Þetta hlýtur hæstv. samgönguráðherra að skýra við umræðuna.

Ég tek undir þá kröfu að það eigi að rannsaka til hlítar hvort þetta sé mögulegt. Það er talað um að það kosti á bilinu 40–80 millj. kr. að rannsaka þetta að fullu og öllu. Það hefur verið rætt um að einkaaðilar skuli koma að því o.s.frv. Ég held að það þurfi að tryggja fjármagn í rannsóknirnar þannig að málið sé leitt til lykta og síðan verði farið af fullum krafti í þá framkvæmd sem ofan á verður.

Þess vegna hef ég óskað eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn gangi í takt og hafi skýra stefnu í þessu máli af því hann hefur það ekki samkvæmt umræðu síðustu daga þar sem einn helsti leiðtogi Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, Árni Johnsen, hefur talað þvert gegn stefnu hæstv. samgönguráðherra og annarra sjálfstæðismanna í málinu.

Hitt sem ég vil nefna er að tíu ára gamalt kosningaloforð um Suðurstrandarveg hefur aldrei gengið eftir og veginum verið frestað aftur og aftur og það er dapurlegt, virðulegi forseti. Sá vegur var settur á áætlun á sínum tíma sem sérstök samgönguframkvæmd út af kjördæmabreytingum þegar Suðurkjördæmið mikla varð til. Síðan hefur veginum verið frestað aftur og aftur og það sem er búið núna eru innkeyrslur í Grindavík og Þorlákshöfn og allan veginn á milli vantar.

Nú er gert ráð fyrir því að honum verði lokið eftir fjögur ár héðan í frá. Það er að sjálfsögðu ekki boðlegt. Það er allt of lítill framkvæmdahraði. Auk þess má fullyrða að það kosti íslenska skattgreiðendur verulega fjármuni að vera alltaf að bjóða út einstaka stubba í veginum í staðinn fyrir að bjóða út alla framkvæmdina í einu og ljúka henni á tilteknu tímabili. Og allt það hálfkák og eilífu frestanir sem einkenna sögu Suðurstrandarvegar er einn sorglegasti minnisvarðinn um samgönguárin sextán hjá Sjálfstæðisflokknum. Það þarf að ljúka því verki.

Það er ekki boðlegt að Suðurstrandarvegur sé alltaf látinn mæta afgangi. Hann var settur inn á símapeningaáætlunina fyrir fjórum árum sem sérstök framkvæmd, þegar honum hafði verið lofað fjórum árum áður sem samgönguframkvæmd sem kæmi ekki við aðrar í kjördæminu, einungis út af kjördæmabreytingunum þá til að tengja svæðin tvö með einhverjum félagslegum hætti.

Þetta eru svona nokkur af stærstu verkefnunum sem ég vildi nefna og tengjast þessari áætlun. Miklu máli skiptir að hæstv. samgönguráðherra skýri og skerpi sýn sína í þessum málum sérstaklega, enda allt risastórar samgönguframkvæmdir.

[18:07]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað afar mikilvægt að undirstrika það að Suðurstrandarvegur hefur aldrei komist inn á áætlun fullfjármagnaður. Það blasir alveg við og hefur legið fyrir og þingmenn sem hafa kynnt sér þau mál þekkja það. Auðvitað væri æskilegt að við gætum lokið tilteknum vegaframkvæmdum.

Hins vegar lít ég svo á að um það hafi verið mikil sátt, m.a. hjá þingmönnum að leggja megináherslu á tvöföldun

Reykjanesbrautarinnar, klára þá framkvæmd, og svo hins vegar að leggja alla áherslu á Suðurlandsveginn, þ.e. að leggja veginn austur fyrir fjall sem allra fyrst, fullbyggðan að Selfossi.

Það er nú hinn kaldi veruleiki stjórnmálamannanna að þurfa að gera upp á milli, forgangsraða. Ég tel að það sé miklu skynsamlegra að hægja á framkvæmdum, ég segi ekki hægja á heldur taka minni áfanga í Suðurstrandarvegi en þeim mun stærri áfanga og hraðari á Suðurlandsvegi til þess að tryggja umferðaröryggi. Þar er umferðarþungi.

Auðvitað væri skemmtilegt og gott að geta klárað Suðurstrandarveginn. Ég tek undir það. En því miður, við þurfum að forgangsraða. Ég tel að þetta sé rétt forgangsröðun.

Hvað varðar Bakkafjöruna og jarðgöng þá er ég búinn að svara þessari spurningu þingmannsins svo oft að ég tel ekki ástæðu til að halda fleiri ræður um það. En ég bíð eftir svarinu frá honum. Hver er afstaða hans? Vill hann setja 50, 60, 70, eða 100 millj. kr. í jarðgangarannsóknir á sama tíma og við erum á grundvelli samþykktar Alþingis að undirbúa Bakkafjöruhöfn?

[18:09]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að við eigum að setja fjármagn í það að ljúka nauðsynlegum rannsóknum sem snerta jarðgöng milli lands og Eyja. Það getur vel verið að það komi út úr því að ekki sé tæknilega eða fjárhagslega hægt að ráðast í gangagerðina og þá erum við búin að ná sátt á meðal Eyjamanna sjálfra og annarra sem málið varðar að það verði farið í aðra framkvæmd sem er þá væntanlega höfn við Bakkafjöru. Þannig að ég tel því að við eigum að setja fjármagn í það til að ljúka þessu máli og koma í veg fyrir frekari deilur um það.

En hvað varðar Suðurstrandarveginn, að hann hafi aldrei verið fullfjármagnaður og honum verið frestað aftur og aftur, þá er saga þess vegar nokkuð sorgleg. Hann hefur verið svikinn mörgum sinnum og sér ekki enn þá fyrir endann á honum. Það var aldrei lagt þannig upp þegar hann var settur á áætlun upphaflega og lá kjördæmabreytingunni til grundvallar, að hann ætti að hafa áhrif á aðrar framkvæmdir.

Hæstv. samgönguráðherra og forustumaður ríkisstjórnar sagði úr þessum ræðustóli á þeim tíma að Suðurstrandarvegur væri sérstök samgönguframkvæmd sem hefði ekki áhrif á aðrar samgönguframkvæmdir í kjördæminu. Hann yrði ekki til þess að velja þyrfti á milli Suðurstrandarvegar og annarra áríðandi verkefna, eins og t.d. tvöföldun Reykjanesbrautar, núna tvöföldun Suðurlandsvegar, sem er að mínu mati eitt allra mikilvægasta vegaverkefni á landinu öllu núna, út af umferðarþunganum á þeim vegi og út af slysatíðni o.s.frv. Um það hefur náðst sátt og samstaða á síðustu missirum. Það er mikið fagnaðarefni.

En það stóð aldrei til þegar Suðurstrandarvegi var lofað, og væntingar íbúa í Grindavík, Þorlákshöfn og víða annars staðar keyrðar upp til himinhæða út af hinu nýja vegi, að hann yrði alltaf fórnarlamb annarra og meiri áríðandi framkvæmda. Því auðvitað liggur meira á út frá sjónarmiðum umferðaröryggis að klára jafnumferðarþungan veg og Suðurlandsveg frekar en Suðurstrandarveg.

En valið stóð aldrei þarna á milli. Það átti aldrei að forgangsraða honum fyrir aftan aðrar (Forseti hringir.) og mikilvægari framkvæmdir. Það er nefnilega staðreynd málsins.

[18:11]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til þess að hægt sé að segja að eitthvað hafi verið svikið þá þarf að liggja fyrir að einhverju hafi verið lofað. Það var tekin ákvörðun um að hefja framkvæmdir við endurbyggingu Suðurstrandarvegarins og síðan er tekin ákvörðun um það á Alþingi í hvaða áföngum það er gert. Þannig að það er ekkert svikið. Við erum að taka ákvörðun um það núna að taka næsta áfanga.

Hvað varðar samgöngur við Vestmannaeyjar þá liggur það fyrir að ef við förum í að rannsaka jarðgöng sérstaklega þá munum við að sjálfsögðu stöðva aðrar rannsóknir. Við getum ekki gert ráð fyrir öðru en það verði að velja annaðhvort fjöruna eða göngin. Ef við ætlum að stöðva það þá er árs frestun á öllu heila ferlinu.

Bakkafjörurannsóknin og undirbúningurinn er í fullum gangi. Ég geri ráð fyrir því að í marsmánuði liggi fyrir upplýsingar þannig að hægt sé að taka ákvörðun. Ef við mundum stoppa það núna og setja peninga í rannsóknir vegna jarðganga, þá er það ákvörðun um að tefja og seinka öllu þessu ferli. Það er alveg nauðsynlegt að hv. þingmenn átti sig á þessu. Við getum ekki gert hvort tveggja.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefði því getað tekið afstöðu til þessa máls og lagt meiri áherslu á jarðgöngin með því að greiða atkvæði gegn því að við settum af stað rannsóknir og undirbúning vegna Bakkafjöru. Það hefði verið hin eðlilega afstaða þingmannsins, að gera þar upp á milli, forgangsraða. Leggja sína áherslu í málið.

[18:13]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi nauðhyggja er auðvitað alveg út í hött. Til að velja á milli þessara tveggja samgöngukosta þar sem við leiðum til lykta um langa framtíð, um áratuga skeið, samgöngur milli lands og Vestmannaeyja þarf að sjálfsögðu að rannsaka báða kostina til hlítar.

Það hefur ekki einu sinni legið fyrir hvort mögulegt sé að byggja höfnina í Bakkafjöru. Um það deila vísindamenn og bændur og þeir sem þekkja þar til í fjörunni út af landfræðilegum ástæðum þar.

Það er eins og með göngin. Í fyrsta lagi hefur verið rætt um að göng kosti alveg frá 18 milljörðum kr., sem kom í áætlun frá norskum sérfræðingum sem Árni Johnsen kom fram með á sínum tíma, upp í 60–70 milljarða kr. sem var í áætlun sem kom fram frá Vegagerðinni fyrir einhverjum missirum.

Slíkar tölur og slíkt misræmi á milli talnanna setur málið að sjálfsögðu fyrst og fremst bara í uppnám. Það veit enginn hvað þetta kostar og það veit enginn hvort þetta er tæknilega mögulegt. Það er ekki hægt að velja á milli þessara tveggja kosta.

Það væri að sjálfsögðu alveg fráleitt að fresta rannsóknum í Bakkafjöru út af hinu. Það þarf að leiða báða kostina til lykta og ná sátt um málið í Eyjum sem annars staðar.

Hvað varðar Suðurstrandarveginn, þá var ekki minna við haft fyrir fjórum árum en að þáverandi forsætis- og ut-

anríkisráðherrar Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson héldu sérstakan blaðamannafund þar sem þeir lofuðu sérstökum samgönguframkvæmdum til að rífa upp efnahagslífið á þeim tíma. Þar var Suðurstrandarvegurinn númer eitt, þó að væri búið að marglofa honum áður. Nei, það er ekki hægt að svíkja það sem ekki var lofað.

Ég hugsa að engum vegspotta á Íslandi hafi verið lofað oftar en Suðurstrandarvegi og enginn jafnoft verið svikinn og Suðurstrandarvegur. Það er bara staðreynd málsins. Davíð Oddsson fór með það í pokanum á sínum tíma að hafa lofað þessum vegi sérstaklega fyrir fjórum árum, af samgönguráðherra. Ég veit ekki hvort hann var forspurður eða ekki í því máli. En honum var lofað sérstaklega þá (Forseti hringir.) og svo var kjörtímabilið varla byrjað þegar hann var svikinn og skorinn niður.

[18:15]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér á örfáum mínútum ætla ég að gera grein fyrir nokkrum áhersluatriðum. Hæstv. samgönguráðherra *kynnir þingi og þjóð tillögur til þingsályktunar um* samgönguáætlun, annars vegar til skamms tíma og hins vegar til lengri tíma, þ.e. á árunum 2007–2010 og hins vegar fyrir árin 2007–2018. Ákaflega metnaðarfull áætlun, segir hæstv. ráðherra. Menn minnast þess að hið sama var uppi árið 2003 þegar talað var fyrir væntanlegum samgöngubótum. Þóttu mér athyglisverðar þær upplýsingar sem fram komu í máli hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur við þingumræðuna á fimmtudag þar sem hún sýndi okkur hvernig ráðherrar gerðust sérlega metnaðarfullir á kosningaári. Í þessari þingsályktunartillögu er vissulega að finna metnaðarfull verkefni en reynslan kennir okkur að kosningaloforðin hafa ekki alltaf staðist. Kosningaloforðin sem gefin voru fyrir kosningarnar 2003 rýrnuðu um heila 6 milljarða á því kjörtímabili sem í hönd fór, um upp undir 2 milljarða á ári að jafnaði ef ég man rétt.

Annars ræddi ég talsvert um áherslur okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þess efnis að líta bæri á samgöngumálin heildstætt. Við eigum ekki einvörðungu að einblína á vegi þegar um er að ræða að flytja fólk og varning landshluta á milli, að ekki sé minnst á þungavarning, heldur einnig á háloftin og sjóinn. Það er slæm þróun sem orðið hefur á Íslandi hvað það snertir að flutningar á þungavöru séu allir komnir af sjónum og upp á vegina. Við höfum talað fyrir því á undanförnum þingum að gert verði átak til að koma að nýju á reglulegum sjóflutningum. Menn hafa leitað ýmissa skýringa á því að sjóflutningar hafi lagst af og það kom fram í umræðunni um daginn að sjóflutningar hafi jafnvel reynst ódýrari, en flutningsaðilar hafi engu að síður valið annan kost og þá var bent á það á móti að menn horfðu til öryggis, reglubundinna siglinga og annarra slíkra þátta. Ég vek enn og aftur athygli á því að þingmenn úr öllum flokkum hafa tekið undir þau sjónarmið sem við höfum hamrað á í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, um að átak verði gert til að efla strandsiglingar.

Annars hét ég hæstv. samgönguráðherra því að segja örfá orð um einkaframkvæmd í vegagerð, stytti mál mitt eins og hann man á fimmtudagskvöldið en hét því að segja örfá orð um þann þátt. Ég vek athygli á því að á vegum hæstv. ráðherra sjálfs var skipuð nefnd til að fara sérstaklega í saumana á einkaframkvæmdinni í vegamálum. Nefndin sem skilaði af sér í desember var síður en svo mótfallin því að skoða þann kost, en í niðurstöðum sem birtast með skýrslu nefndarinnar segir m.a., með leyfi forseta, á þessa leið:

„Með einkaframkvæmd, sem byggist á veggjöldum, má auka tekjur til vegamála. Einkaframkvæmd er að mati nefndarinnar álitleg leið í samgönguframkvæmdum, ef hún að núvirði er ódýrari kostur en eiginframkvæmd, ef hagkvæm leið til gjaldtöku er fyrir hendi“ o.s.frv.

Ef, það eru þessi stóru „ef“. Staðreyndin er sú að í skýrslum sem gerðar hafa verið erlendis og ég hef nokkuð kynnt mér hef ég ekki fundið dæmi um annað en að einkaframkvæmdin hafi reynst dýrari kostur fyrir skattborgarann en sú leið sem hefðbundið er að fara. Augljóst er að einkafyrirtæki sem tekur að sér einkaframkvæmd í vegagerð sem öðru ætlar að sjálfsögðu að hagnast á þeirri framkvæmd, taka arð út úr henni. Þar er komin augljós skýring fyrir því að einkaframkvæmdin er yfirleitt dýrari.

*Sömu tónar eru slegnir í skýrslu* Ríkisendurskoðunar frá því í fyrravor. Þar er einnig varað við því, a.m.k. sett fram varnaðarorð hvað þetta snertir, og þess vegna hef ég alltaf furðað mig á því hve ákafur hæstv. samgönguráðherra er í að opna faðm sinn fyrir þeim sem bjóða þessa lausn. Ég minni aftur á að hér er ég ekki að tala fyrir því að framkvæmdin verði unnin á vegum opinberra aðila að öllu leyti. Við vegagerð eru verkin boðin út og verktakafyrirtæki koma að framkvæmdinni. Í einkaframkvæmdinni er hins vegar fyrirtækið sem stendur að framkvæmdinni einnig skattheimtumaðurinn þó að við þekkjum líka hinn kostinn, svokölluð skuggagjöld. Þetta er einfaldlega afar varasöm leið.

Ég furðaði mig á því hve ákafur hæstv. ráðherra var í að taka í mót tilboði aðstandenda Norðurvegar ehf. Hæstv. ráðherra var eins og ástfanginn unglingur þegar tilboð þeirra kom fram, með opinn faðminn, hafði að vísu uppi varnaðarorð, sló ýmsa varnagla og benti á að þessi leið yrði að sjálfsögðu að fara í umhverfismat og að aðstandendur yrðu að hyggja að slíkum kostum. En það er augljóst hvert hugur hans stefnir.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann líti ekki á það sem *sitt meginhlutverk að þjóna skattgreiðendum í þessu landi.* Getur verið að honum finnist hann hafa (Forseti hringir.) einhverjar skyldur við fyrirtæki sem vilji hagnast á kostnað skattgreiðandans?

[18:24]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fjárfestar — og nú vil ég biðja hv. þm. Ögmund Jónasson að hlusta — ég held að væntanlegir fjárfestar sem vilja leggja fjármuni sína í einkaframkvæmd hafi uppi alveg sömu sjónarmið og þeir sem reka lífeyrissjóðina. Þeir vilja hafa eitthvað fyrir sinn snúð, þeir vilja ávaxta sitt pund í þágu tiltekins verkefnis, lífeyrissjóðirnir í þágu þess verkefnis að halda uppi öruggri ávöxtun á eignum lífeyrissjóðanna og svo vilja þeir sem eiga fjármuni og vilja fjárfesta í framkvæmdum fá eitthvað fyrir sitt með sama hætti. Ég held að það sé ekkert óeðlilegt og engin

ástæða til að gera það neitt tortryggilegt.

Ástfanginn unglingur fer yfirleitt varlega og er hikandi þannig að mér líkaði ágætlega þessi samlíking. Ég hef að sjálfsögðu tekið þessu öllu með tilteknum fyrirvörum. Ég fagna því hins vegar að til séu aðilar sem eru tilbúnir að fara út í einkaframkvæmd og feta þannig í fótspor þeirra sem lögðu grunninn að einkaframkvæmd á Íslandi sem var gert með Hvalfjarðargöngunum. Ég tel að Hvalfjarðargöngin séu svo gott dæmi í langflestum atriðum að við eigum að horfa til þess. Eini gallinn var sá að í upphafi var vegna reynsluleysis gengið of langt í því að tryggja ávöxtun og þar kemur einmitt að því sem hv. þingmaður gerði tortryggilegt, að ávöxtunarkrafan hjá eigendum Spalar var allt of há. Þeim var gefið allt of mikið eftir í samningum með ávöxtunarkröfuna eins og að hafa ávöxtunina fullverðtryggða, hlutaféð var fullverðtryggt og ríkið tók að sér (Forseti hringir.) að bera ábyrgð á arðgreiðslunum. Þar var gallinn og við ætlum ekki að fara þá leið.

[18:26]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgönguráðherra líkar það vel að vera líkt við ástfanginn ungling þegar hann opnar faðm sinn fyrir einkaframkvæmdarmönnum á sviði vegamála. Ég hef meiri áhyggjur fyrir hönd skattgreiðandans vegna þess að það sem hér er um að ræða og það sem reyndar kom fram í skýrslunni sem ég vitnaði til er að menn hyggja að leiðum til að ná meira fjármagni inn í vegasamgöngur, ekki satt? Það er það sem þetta gengur út á. Hver kemur til með að greiða það? Það eru þeir sem fara um vegina. Það sem hæstv. samgönguráðherra leggur með öðrum orðum til er að álögur verði auknar á umferðina í landinu. Út á það ganga rannsóknarskýrslur sem unnar eru á hans vegum.

Nei, hæstv. ráðherra, þar sem þessi leið hefur verið farin, einkaframkvæmd í grunnþjónustunni og einnig í vegamálum — ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra þekkir til einkaframkvæmdarinnar á Ermarsundi þegar grafið var undir það sund og breska og franska ríkisstjórnin komu aftur og ítrekað fram með stóraukið fjármagn inn í þá framkvæmd — hefur verið á það bent sem skýringu fyrir því að einkaframkvæmdin hefur reynst dýrari er að í fyrsta lagi er fjármagnið dýrara — fjármagnið er dýrara fyrir einkaaðilann — og í öðru lagi er einkaaðilinn að taka arð í eigin vasa upp úr vasa umferðarnotenda, ökuþóranna sem fara um vegina. Þetta er ástæðan fyrir því að einkaframkvæmd í vegamálum (Forseti hringir.) hefur reynst dýrari kostur en sú leið sem hefðbundið er að fara.

[18:28]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Um allar jarðir í Evrópu er mikill vilji til þess af hálfu stjórnvalda að ná fjármunum inn í uppbyggingu samgöngukerfisins, ekki bara frá skattgreiðendum heldur einnig frá öðrum fjárfestum og framkvæmdaraðilum sem vilja bæta samgöngukerfið. Ég held að það sé ekki svo langt á milli okkar hv. þingmanns í þeim efnum, við viljum báðir finna leiðir til að hraða uppbyggingunni og gera hana hagkvæma.

Einu sinni var það svoleiðis, virðulegur forseti, að það voru tómir ríkisstarfsmenn meira og minna sem byggðu vegi á Íslandi. Yfir sumartímann sópaðist að fólk með haka og skóflur og vagna og byggði vegi og fékk laun greidd beint frá ríkissjóði. Síðan þróaðist þetta þannig að í dag er það allt boðið út. Það er boðin út framkvæmd og það er boðin út hönnun að langmestu leyti, þó ekki öllu.

Núna vil ég leggja áherslu á einkaframkvæmd þannig að við stígum næsta skref, leitum leiða til þess að reka einhvern hluta af samgöngukerfinu eins og Spölur gerir núna á sem hagkvæmastan hátt, að við bjóðum út hönnunina, framkvæmdirnar og reksturinn á einhverjum tilteknum samgöngumannvirkjum í þeim tilgangi að skattgreiðendur þurfi að borga sem minnst. Ég vil stíga næsta skref sem er það að leita leiða til að fá eins ódýrt fjármagn og nokkur kostur er. Ég held því, virðulegur forseti, að þegar allt kemur til alls séum við á svipuðu róli, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, við viljum finna leiðir til að byggja upp samgöngukerfið með eins hagkvæmum hætti og nokkur kostur er.

Ég tel t.d. að það væri mjög æskilegt (Forseti hringir.) að lífeyrissjóðirnir legðu til fjármagn (Forseti hringir.) til hagsbóta fyrir okkur í uppbyggingu samgöngukerfisins.

[18:30]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum eflaust sammála um ýmsa þætti en um eitt erum við ekki sammála, að tala eigi af lítilsvirðingu um ríkisstarfsmenn með haka og skóflur sem lögðu vegi fyrr á tíð. (**Samgrh.:** Það var ekki af lítilsvirðingu gert.) Nei, en var eitthvað slæmt eða athugavert við það að starfsmenn ríkisins hafi unnið þessi verk? (**Gripið fram í:** Þeir voru börn síns tíma.) Já, og unnu sín verk ágætlega og gera enn og er alveg óþarft að tala af einhverri fyrirlitningu um það sem unnið er af starfsmönnum ríkisins, alveg fráleitt. Ég er hins vegar fylgjandi því fyrirkomulagi sem við búum við í dag, að vegaframkvæmdir séu boðnar út á markaði en algerlega andvígur einkaframkvæmdinni sem ég tel vera mjög varhugaverða.

Hæstv. ráðherra talar um áhuga fyrirtækja og fjármálamanna á að bæta vegasamgöngur í landinu. Ég hef áhyggjur af því að þessir aðilar fái of mikil völd í hendur og að þeir taki frumkvæðið eins og við höfum séð með þessa áhugamenn um Kjalveginn, aðstandendur að Norðurvegi ehf. Við sjáum það víðar í landinu að þessir aðilar, þessir fjárfestar og peningamenn eru að reyna að taka frumkvæðið út úr þessum sal. Það finnst mér óeðlilegt. Þetta á að vinna á faglegum nótum í samráði við sérfræðinga á ýmsum sviðum en slíkir aðilar eiga ekki að vera stefnumótandi. Ég tel það vera mjög varhugavert.

Varðandi lífeyrissjóðina þá haga þeir sér eins og hver annar fjárfestir. Samkvæmt lögum ber þeim að leita ávöxtunar þar sem hún er hæst eða býðst hæst hverju sinni, að vísu að því tilskildu að fjárfestingin sé örugg. Lífeyrissjóðirnir eru eins og hver annar fjárfestir. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að halda eigi (Forseti hringir.) inn á aðrar brautir með lífeyrissjóðina en þá þurfum við líka að breyta ýmsu öðru, (Forseti hringir.) þar á meðal lögum og vissulega einnig hugarfarinu.

[18:33]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson áhugamanneskja um að koma flutningi af vegunum á sjó ef mögulegt er vegna þess að ég tel að það sé hagkvæmara fyrir umhverfið, betra fyrir umhverfið og öruggara fyrir okkur vegfarendur. Ég veit líka að það er ódýrara fyrir þá sem eru að flytja og þar með ætti það að vera ódýrara fyrir neytendur en kostar hins vegar, eins og hv. þingmaður benti á, stundum bið fyrir okkur neytendur. Það ætti hins vegar að vera allt í lagi svo framarlega sem við þurfum ekki að bíða eftir nýmeti.

Við hv. þingmenn eigum okkur samherja í þessari baráttu sem er Evrópusambandið, því að Evrópusambandið samþykkti nýlega, í desember, annan áfanga áætlunar sem heitir Marco Polo, sem miðar að því að færa flutning af vegunum á haf og vötn eftir því sem kostur er. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi kynnt sér þessa áætlun vegna þess að ég held að hún geti verið tæki í baráttunni fyrir hann og okkur saman og líka vegna þess að mér sýnist að ekki sé lögð sérstök áhersla á að kynna þessa áætlun á Íslandi. Ég tók eftir því að á heimasíðu þessarar áætlunar er t.d. vísað á tiltekinn aðila í Noregi, sem er líka aðili að þessu eins og Ísland, en það er ekki um slíkt að ræða á Íslandi. Þess vegna spyr ég hvort hv. þingmaður hafi kynnt sér þessa áætlun.

[18:35]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni viðbrögðin og fyrir spurninguna. Nei, ég hef ekki kynnt mér þessa áætlun sérstaklega en mér er kunnugt um að innan Evrópusambandsins eru sterk öfl að verki sem vilja efla umhverfisvernd og þetta kemur mér í reynd ekki á óvart. Ég tek undir með hv. þingmanni að strandsiglingarnar hafa allt til að bera til að geta verið ódýrari og hagkvæmari kostur fyrir samfélagið í heild sinni en rándýrir uppbyggðir vegir sem eiga að anna þungaflutningum. Ég tek einnig undir það sem fram kemur í máli hv. þingmanns að með tilliti til umhverfisins er þetta miklu heppilegri leið.

Ég hef ekki kynnt mér þessa áætlun sérstaklega en þetta hefur engu að síður verið tónninn í tillögugerð okkar á þinginu og við umræðu síðastliðinn fimmtudag gerði ég ítarlega grein fyrir þingmáli sem þingflokkurinn allur stendur að undir forustu hv. þm. Jóns Bjarnasonar og hefur verið flutt margsinnis á þinginu.

[18:36]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur mér ekkert sérstaklega á óvart þó að hv. þingmaður hafi ekki kynnt sér þessa áætlun og jafnvel ekki heyrt um hana, því að eins og ég sagði áðan hefur ekki verið lögð áhersla á það af hálfu samgönguráðuneytisins, eftir því sem mér sýnist, að kynna þessa áætlun. Það má að vísu finna hlekk inn á hana á vef Siglingamálastofnunar en það er a.m.k. það eina sem ég hef fundið hér innan lands. Það er synd því að ekki er aðeins um það að ræða að þetta geti nýst okkur beinlínis við uppbyggingu á flutningaleiðum innan lands heldur sýnist mér eftir lauslega yfirferð að þarna gætu tæknifyrirtæki á Íslandi líka átt von á stuðningi því að m.a. er verið að bjóða styrki til að þróa nýja tækni til orkunýtingar en eins og við vitum er slík tæknifyrirtæki einmitt að finna á Íslandi. Ég vona að gerð verði bragarbót á þessum kynningarmálum af hálfu Íslands.

Mér sýnist það vera til fyrirmyndar hvernig staðið er að málum í Noregi því að strax er kominn fram aðili sem á að kynna málin enda hafa Norðmenn staðið sig mjög vel í því að nýta tækifæri sem felast í samstarfi við Evrópusambandið.

[18:38]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til að taka heils hugar undir áherslur í máli hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur og vil segja að lokum að það væri óskandi að við gætum sameinast um það á þinginu að færa þjóðinni þá gjöf að gera strandsiglingar að veruleika að nýju.

[18:39]

**Útbýting:**

Niðurfelling á meðlagsskuldum, 535. mál, svar félmrh., þskj. 889.

Rekstrarvandi SÁÁ, 623. mál, fsp. SJS, þskj. 927.

Sala á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg, 404. mál, svar fjmrh., þskj. 890.

[18:39]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þegar maður tekur til starfa sem alþingismaður er margt að læra. Ég hugsa að ekki sé til það starf á Íslandi sem fræðir viðkomandi einstakling jafnmikið og starf alþingismannsins.

Mér varð fljótlega ljóst hversu vegamálum var illa komið í Norðvesturkjördæmi og þó sérstaklega á Vestfjörðum. Þetta kjördæmi hefur langlengsta vegakerfið af öllum kjördæmum landsins eða 42% af öllu vegakerfi Íslands. Það kom fram í máli hæstv. samgönguráðherra áðan, hann vísaði í töflu, að það er eiginlega sama í hvaða vegaflokk við leitum alls staðar er Norðvesturkjördæmi á toppnum og ef við tækjum saman lélegt ástand vega værum við líka með Norðurland vestra og sérstaklega Vestfirði á toppnum.

Vestfirðir eru sérstaklega illa settir hvað varðar samgöngur á landi og kemur engum á óvart því að við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum kappkostað að halda því á lofti og vekja athygli á því. Það sem kom mér á óvart þegar ég fór að skoða þessa áætlun var hversu tæpt er teflt í því efni sem er í rauninni öryggistæki Vestfjarða númer eitt á eftir vegunum, þ.e. flugsamgöngur. Það koma fram atriði á bls. 69 í þessari samgönguáætlun sem mér eiginlega hnykkti við að lesa, virðulegi forseti, og ég ætla að fá að vitna í. Hér segir nefnilega um blindflugsaðbúnað á Ísafirði:

„Þessi tæki eru orðin yfir 20 ára gömul og erfitt að fá varahluti. Tækin byggjast á svonefndri „back course"-tækni sem ekki er lengur leyfð samkvæmt alþjóðastöðlum."

Í næsta kafla fyrir neðan, um flugbrautarljós, segir, með leyfi forseta:

„Kant- og þröskuldsljós á flugbraut Ísafjarðarflugvallar eru 45 W og komin til ára sinna."

Þetta var um ástand öryggistækjanna á Ísafjarðarflugvelli. Rétt fyrir ofan stendur um Þingeyrarflugvöll, með leyfi forseta:

„Árið 2007 mun fara fram öryggisúttekt til athugunar á möguleikum fyrir næturflug til flugvallarins.“

Það þýðir að gagnvart þessum flugvelli, sem við vitum með sjálfum okkur að mun geta þjónað mun betur en Ísafjarðarflugvöllur og sem reiknað er með að taki við öryggishlutverki fyrir sjúkrahúsið á Ísafirði, fyrir heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum, er ekki meiri metnaður en þetta og að á Ísafjarðarflugvelli eru tækin orðin úrelt og varla hægt að fá varahluti og ekki leyfð samkvæmt alþjóðastöðlum.

Ég verð að spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort hann skammist sín ekki fyrir þetta. Er þetta viðunandi, hæstv. forseti?

Á bls. 125 stendur, með leyfi forseta:

„Nefnd um einkaframkvæmd, sem samgönguráðherra skipaði á síðasta ári, hefur nýlega skilað skýrslu til ráðherra þar sem m.a. er sett fram eftirfarandi álit:

a. Markaðir tekjustofnar til samgöngumála standa að margra mati ekki undir brýnum framkvæmdum. Því er mikilvægt að finna fjáröflunarleiðir til þess að sinna slíkum samgönguframkvæmdum.“

Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Eru tekjustofnarnir sem koma inn fullnýttir? Við vitum að árlega eru gerðar áætlanir en við vitum líka að tekjurnar eru meiri en áætlanir gera ráð fyrir, því að umferð hefur aukist mun meira en við gerum yfirleitt ráð fyrir. Því er spurning mín: Eru tekjustofnarnir nýttir eða er afgangur árlega af þessum tekjustofnum sem ekki er nýttur?

Hæstv. ráðherra þrætir stöðugt fyrir að það sé niðurskurður á framlagi til vegamála. Það tekur því varla að elta ólar við það en hins vegar er ómótmælanlegt að árlegur niðurskurður hefur verið um 2 milljarðar síðustu þrjú ár í röð, samtals 6 milljarðar. Þetta heitir niðurskurður og ekkert annað.

Viðhaldsfé hefur nánast verið hið sama mörg undanfarin ár, ég er ekki að tala um fjögur eða fimm ár heldur áratugi. Þjóðvegurinn norður er meira og minna allur ónýtur og stórhættulegur og það verður að fara í að byggja hann upp.

Mig langar að lokum, virðulegi forseti, að vitna hér í bls. 60 þar sem fjallað er um markmið um jákvæða byggðaþróun sem mér fannst líka athyglisvert en þar segir, með leyfi forseta:

„Það er því ljóst að við forgangsröðun fjármagns verður t.d. ekki eingöngu tekið tillit til arðsemi framkvæmdar því að oft vega mjög þungt rök um frumtengingu byggða. Eftirfarandi verkefni falla að þessu meginmarkmiði:

a. Metin verði áhrif bættra samgangna á byggðaþróun. Hér er um að ræða verkefni sem fyrst og fremst fælist í því að draga saman á einn stað þá þekkingu sem fyrir hendi er á þessu sviði og aðeins afla nýrrar ef þörf er talin á.“

Hér sé ég að komið er verkefni fyrir Byggðastofnun og mig langar að spyrja ráðherra hvort ekki sé alveg öruggt að þetta verkefni fari þangað, því að eins og við vitum er það meðal lögskipaðra verkefna stofnunarinnar að rannsaka byggðaþróun og hvað megi verða til bóta í því efni. Það er líka talað um ítarlegar rannsóknir á ferðavenjum og að þær fari fram á vegum Vegagerðarinnar og Flugmálastjórnar. Það er sama um það að segja að ég vona að þetta verkefni verði fært til Byggðastofnunar ef það er ekki þar nú þegar, því að þetta fellur algjörlega heim og saman við það sem sett er fram í titlinum Markmið um jákvæða byggðaþróun.

Síðan ætla ég að taka undir með þeim sem talaði áðan um nauðsyn þess að Vegagerðin taki tillit til ferðaþjónustunnar. Við höfum fengið kvartanir frá ferðaþjónustaðilum vegna slæms ástands á vegum og nýverið fékk ég t.d. bréf frá ferðaþjónustubændum á Dæli í Vestur-Húnavatnssýslu sem hafa orðið fyrir því að vegi í sveitinni (Forseti hringir.) var nýlega breytt og hann lagður rétt við bæinn hjá þeim sem þýðir að þau búa í rykmekki og gestir þeirra sýknt og heilagt.

[18:47]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst varðandi markaða tekjustofna. Eins og fram kemur í áætluninni blasir það auðvitað alveg við að til vegagerðar erum við að gera ráð fyrir því að leggja fram fjármuni langt, langt umfram markaða tekjustofna. Við erum að gera ráð fyrir því að bein framlög úr ríkissjóði aukist verulega mikið þannig að hinir mörkuðu tekjustofnar til vegagerðar og til Vegasjóðs eru ekki nema hluti af þeim tekjum sem við höfum til þess að greiða rekstur og fyrirhugaðar framkvæmdir. Það er nauðsynlegt að það komi fram.

Hvað varðar aðflugsbúnað m.a. á Ísafjarðarflugvelli og Þingeyrarflugvelli, að þó að þarna sé tekið þannig til orða að búnaðurinn sé kominn til ára sinna þá liggur það alveg fyrir að honum er viðhaldið og hann er fullfær um að gegna hlutverki sínu þó að næsta kynslóð slíks búnaðar sé nú komin til skjalanna. Þess vegna er gert ráð fyrir að á þessu ári og því næsta verði þetta allt endurnýjað.

Hins vegar bæði hvað varðar Ísafjarðarflugvöll og Þingeyrarflugvöll þá þarf umfangsmiklar rannsóknir og þróun og einnig þjálfun flugmanna til þess að geta nýtt t.d. Þingeyrarflugvöll þannig að aðflugstækni og blindflugstækni sé nýtt til hins ýtrasta, svo ég tali nú ekki um næturflug en það liggur alveg fyrir að ekki er gert ráð fyrir næturflugi til Ísafjarðar. Hins vegar standa vonir til að næturflug verði mögulegt á Þingeyrarflugvelli (Forseti hringir.) en til þess að svo megi verða þarf að vinna frekar (Forseti hringir.) úr gögnum en hægt hefur verið að gera hingað til.

[18:50]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var reyndar að spyrja um markaða tekjustofna undanfarin ár, hvort þeir hefðu verið nýttir eins og þeir reyndust vera en ekki aðeins eins og þeir voru áætlaðir, en látum það nú vera.

Varðandi aðflugsbúnaðinn stendur í áætluninni sem við erum að fjalla um á bls. 73, um tækjabúnað á flugvöllum í flokki 2:

„Búnaður flugvallarins skal þannig samsettur að allur búnaður sem er í notkun í aðflugi skal uppfylla það skilyrði að bilun í einu tæki valdi ekki röskun á aðfluginu.“

Ég er satt að segja ekki viss um, miðað við það sem ég las hér áðan, að þetta standist allt saman en ég vona það þó.

Varðandi næturflugið er mér fullkunnugt um að aldrei

hefur staðið til að reyna að koma á næturflugi til Ísafjarðar því að landfræðilegar aðstæður leyfa það einfaldlega ekki. Öðru máli gegnir um Þingeyri, þar getum við væntanlega komið upp næturflugi, sem er mjög mikilvægt vegna öryggisaðstæðna á þessu svæði landsins sem við vitum hvernig er landfræðilega. Mér finnst því ekki vel að málum staðið að það eigi ekki að fara í grundvallarrannsóknir fyrr en á þessu ári, sérstaklega með tilliti til þess að það hefur komið hvað eftir annað til álita að hætta að staðsetja sjúkraflugvél á Ísafirði, sem hefur fyrir tilstilli stjórnarandstöðunnar, hygg ég vera, og mótmæla heiman að, fengist í gegn að yrði staðsett þar áfram.

[18:52]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er ekki skortur á fjármunum sem leiðir til þess að ýtrasta aðflugstækni er ekki komin til skjalanna á Þingeyrarflugvelli heldur að það tekur tíma bæði hjá flugfélögunum og Flugmálastjórn að þróa slíka tækni og það er verið að vinna að því þannig að ég held að það sé ekki rétt fyrir okkur hv. alþingismenn að setja okkur á mjög háan hest gagnvart þeirri vinnu. Við höfum væntanlega takmarkaðar upplýsingar til þess að taka afstöðu til þess.

En í þessari áætlun er lagt til að byggja upp slíka aðstöðu, byggja upp þennan búnað og byggja upp aðstæður á Þingeyrarflugvelli eins góðar og nokkur kostur er til þess að hægt sé að nýta hann fyrir sjúkraflug og allt annað flug. Það er ríkur vilji til þess af hálfu samgönguyfirvalda og flugfélaganna að standa þannig að málum að flugöryggið sé sem mest og best og það er það sem er látið ráða för. Flugöryggið er látið ráða för þegar ákvarðanir eru teknar um uppbyggingu þessara tækja.

[18:53]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst það frekar klént hjá hæstv. ráðherra, sem hlýtur að eiga að marka stefnuna í því hvernig mál þróast, að vera að reyna að koma sök yfir á flugfélag og Flugmálastjórn. Það hlýtur að vera hlutverk hæstv. ráðherra í samvinnu við samgöngunefnd og þingið að setja stefnuna og setja markið á viðunandi hátt, sem að sjálfsögðu hefur ekki verið gert í þessu efni frekar en öðrum þar sem metnaðarleysi ræður ríkjum, svo ég noti nú ekki sterkari orð sem mig eiginlega langar til þess að nota. Ég ætla að sleppa því.

[18:54]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007 — sem er nú hafið — til 2010. Fyrir helgi var rædd samgönguáætlun til tólf ára. Því miður var ég vant við látin á þeim tíma og komst ekki í umræðuna en hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerðu grein fyrir afstöðu okkar til langtímaáætlunar í samgöngumálum þannig að ég held að okkar afstaða hafi komið vel fram.

Það væri margt hægt að segja um þessa þingsályktunartillögu. Í fyrsta lagi, eins og margoft hefur komið fram, harma ég hversu seint hún kemur fram því að það skiptir öll byggðarlög miklu máli að vel sé staðið að samgönguáætlun og ekkert síður á höfuðborgarsvæðinu en úti um allt land. Það er viðurkennt og löngu viðurkennt að samgöngumál og góðar samgöngur séu ein besta forsenda fyrir jákvæðri byggðaþróun og uppbyggingu bæði búsetu og atvinnu úti um allt land þannig að það er til mikils að vinna að standa vel að gerð þingsályktunartillögunnar og að fjármagn sé nægilegt til þessa verkefnis.

Ég tel líka mikilvægt að við horfum á þessar samgönguáætlanir út frá sjálfbærri þróun samgangna á Íslandi. Þá verður að hafa í huga að við höfum með aukinni velsæld og möguleikum á að eiga stór og mikil farartæki, og í raun og veru með mjög lélegum almenningssamgöngum, stuðlað að því að einkabílisminn er orðinn mjög mikill og við höfum dregið úr því sem við höfðum áður, þ.e. skipaflutningum hringinn í kringum landið. Þetta hefur leitt til þess að bæði almenna umferðin og ekki síður þungaflutningar hafa aukist. Krafa fólks sem býr um landið allt, eða krafa kaupmanna getum við sagt, hefur líka stuðlað að því að hafa sem minnstan lager, hafa sem minnstan kostnað og hafa lagerinn í raun og veru í flutningum á milli staða og því er krafan um daglegan akstur mikil.

Ég tel að hugarfarsbreytingu þurfi hjá þjóðinni til að breyta þessu. Við verðum að horfa á þetta heildrænt út frá hagsmunum okkar og út frá hnattrænu sjónarmiði og út frá þeirri markaðssetningu sem við höfum reynt að stuðla að, að efla hér ferðaþjónustu og þá atvinnugrein sem hefur hvað hraðast vaxið, að hvetja erlenda ferðamenn til þess að koma hingað til þess að njóta landsins og náttúrunnar, og hluti af samgöngum okkar er hluti af þeirri ímynd. Því miður tel ég að við höfum ekki staðið okkur sem skyldi þannig að ég tek undir orð hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvað það varðar.

Ég gagnrýni líka þær sveiflur sem hafa orðið í tekjum til vegagerðar eða samgangna því að þær hafa verið mjög sveiflukenndar. Það hafa verið gefin mikil loforð rétt fyrir kosningar og síðan hafa þau loforð verið svikin. Því tel ég að með samgönguáætluninni, bæði langtíma- og til fjögurra ára, sé það í raun og veru bindandi fyrir þingið að standa við áætlunina. Það eru svo margir sem verða að aðlaga sig þessari áætlun og hafa væntingar og það er illa gert að byggja upp væntingar og standa síðan ekki við þær.

Í því sambandi vil ég nefna jarðgöng undir Hellisheiði eystri sem virðast hafa dottið alveg út úr langtímaáætluninni, þau eru a.m.k. ekki í fjögurra ára áætluninni og ég tel það miður því að þessi jarðgöng eru búin að vera það lengi inni og það hefur skapað væntingar. Samgöngur milli Vopnafjarðar, upp á hringveginn og yfir á Hérað eru alls ekki viðunandi og verða ekki á næstu árum og þar af leiðandi verður svæðið ekki sem eitt atvinnusvæði og getur ekki byggt á þeim styrk sem það hefði ef þarna væru jarðgöng.

Þessi áætlun byggir bæði á flugi og höfnum, vegum og jarðgöngum. Ég vil nefna nokkur dæmi en annað verður að bíða síðari umræðu. Ég fagna því að farið verður að huga að lengingu Akureyrarflugvallar. Það þarf að koma inn töluvert fjármagn og huga miklu meira að uppbyggingu á Egilsstöðum í tengingu við flugið, bæði hvað varðar bygg-

ingar en ekki síður hvað varðar ákvörðun um stækkun flugvallarins. Þetta hangir allt saman, nú er nýbúið að ganga frá aðalskipulagi á Fljótsdalshéraði og þar er gert ráð fyrir breytingum á þjóðbraut vestan við bæinn en það stendur líka til að byggja nýja brú yfir Lagarfljót, sú sem nú stendur var byggð 1905 og er komin til ára sinna og er alveg ótrúlegt hvað hún hefur staðist tímans tönn. Þarna verður allt að fara saman, það þarf að skoða þetta heildrænt, lengingu á flugbrautinni, nýja legu þjóðvegar og legu Lagarfljótsbrúar. Þetta er stórt og mikið verkefni sem ég tel að margir þurfi að koma að og horfa á þetta í miklu stærra samhengi en að taka út einstaka búta. Við verðum að horfa til lengri framtíðar en þeirrar sem við gerum ráð fyrir í fjögurra ára áætluninni (Forseti hringir.) og jafnvel í tólf ára áætluninni líka.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:03]

[19:34]

**Ellert B. Schram:**

(**Gripið fram í:** Er ráðherra í salnum?)

(**Forseti** (BÁ)**:** Hæstv. samgönguráðherra verður gerð grein fyrir því að fundur sé hafinn og hv. þingmaður óski eftir því að hann komi í salinn.)

Herra forseti. Ég á erfitt með að hefja mál mitt fyrr en hæstv. ráðherra gengur í salinn — hann bregst snarlega við. (**Samgrh.:** Ég var á leiðinni.) Ég ætlaði nefnilega að ræða það upphlaup hans áðan að bregða sér í ræðustól með úrklippu úr Blaðinu og lesa upp úr grein hv. þm. Helga Hjörvars, náttúrlega úr samhengi við það sem raunverulega er fjallað um í þeirri grein.

Ég hef heyrt hv. þm. Halldór Blöndal setja fram margvíslegar athugasemdir við samgönguáætlun. Ég hef enn fremur lesið greinar eftir hv. frambjóðanda Sjálfstæðisflokksins, Árna Johnsen, þar sem gerðar eru athugasemdir við stefnuna sem tekin er í samgöngumálum varðandi Vestmannaeyjar. En ekki hvarflar að mér að draga þá ályktun að þó að þessir hv. þingmenn hafi einhverjar skoðanir á samgönguáætlun sé þar með verið að lýsa stefnu Sjálfstæðisflokksins. Með sama hætti tel ég óviðeigandi af hæstv. ráðherra að hann sé að klípa eitthvað út úr tiltekinni blaðagrein og fullyrða að þar sé verið að lýsa stefnu Samfylkingarinnar í samgöngumálum. Mér fannst þetta satt að segja vera ólíkt ráðherranum og ódýrt og ekki í takt við þann málflutning sem hann jafnan hefur í ræðustól á hinu háa Alþingi.

Þegar ég átti börn á unga aldri hafði ég það fyrir sið, eins og margir aðrir, að biðja þau um að leggja fram óskalista þegar nær dró jólum, óskalista um það hvað þau vildu fá í jólagjöf. Stundum fékk ég langa og skemmtilega lista og auðvitað var eitthvað valið úr til að gefa. Mér kemur þetta til hugar þegar ég lít yfir þær samgönguáætlanir sem hér eru lagðar fram og eru til umræðu. Þær eru nokkurs konar óskalisti, kosningagjafalisti þar sem kennir margra grasa. Fyrir vikið eru náttúrlega margar ágætistillögur fram komnar. Áætlunin er metnaðarfull og hægt er að taka undir hana að langmestu leyti. Þetta eru sem sagt vonir okkar og draumar um það sem gera skal á næstu árum og ekki gagnrýni ég það sérstaklega.

En því miður, þrátt fyrir að þarna sé dengt inn óskum og vonum til næstu tíu ára, er það svo að ýmislegt vantar upp á í samgönguáætlun. Þá er fyrst að telja það sem snýr að höfuðborginni, það er það sem ég ætla að tala um a.m.k., og það var reyndar það sem hv. þm. Helgi Hjörvar gerði að umtalsefni í títtnefndri blaðagrein. Hann lýsti yfir vonbrigðum sínum með þær áætlanir sem snúa að Reykjavík og taldi upp það sem á vantaði í þeim efnum.

Núverandi borgarstjórn, sem skipuð er að meiri hluta til Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, hefur gert áætlanir sínar um gatnaframkvæmdir og samgönguáætlanir hér í borginni. Margt af því er í samræmi við fyrri áætlanir sem þáverandi meiri hluti borgarstjórnar lagði áherslu á. Ég held að í stórum dráttum megi segja að þeir sem stýra Reykjavíkurborg séu nokkuð sammála um á hvað beri að leggja höfuðáherslu í samgöngumálum í Reykjavík.

Þrátt fyrir að þessar tillögur þeirra hafi verið lagðar fram eru þær ekki nema að mjög takmörkuðu leyti á blaði í samgönguáætluninni sem lögð er fram af hæstv. samgönguráðherra. Nefna má Sundabrautina sem er í uppnámi vegna þess að þar er ekki tjaldað nema til hálfrar nætur. Það getur varla verið auðvelt fyrir menn að fara af stað með lagningu Sundabrautar án þess að vita hvar sú braut á að enda og hvort endar nái saman í fjármögnun á þeirri miklu framkvæmd.

Mýrargötustokkur, sem hefur verið á dagskrá í Vesturbænum með hliðsjón af Örfirisey og Mýrargötunni og hafnaruppbyggingu, er ekki á áætlun á næstu fjórum árum.

Göngin sem menn hafa lagt til að yrðu lögð í gegnum Öskjuhlíðina, sem ekki aðeins Reykjavíkurborg heldur nágrannasveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru sammála um að sé ein mikilvægasta samgöngubót sem hægt er að ráðast í, eru ekki á dagskrá fyrr en í fyrsta lagi árið 2018.

Talað hefur verið um stokk undir Miklubrautina og það mál hefur nú fengið aukna þyngd með því að menn hafa uppgötvað að á þeim slóðum er mikið svifryk og nauðsynlegt að grípa til einhverra aðgerða. En þessi stokkur undir Miklubrautina er ekki sjáanlegur á blaði og er alls ekki á dagskrá.

Gert er ráð fyrir fjárveitingu til nýlegra gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar upp á tíu milljarða. En það er samdóma álit þeirra sem að því máli koma að það þurfi a.m.k. tíu milljarða í viðbót vegna samgöngumannvirkja og tengibrauta. Það skortir sem sagt helminginn upp á að hægt sé að leggja í það verkefni.

Ég held að það hljóti að vera mikið áfall fyrir núverandi meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur að lesa þessa samgönguáætlun og sjá hve lítið tillit hefur verið tekið til óska þeirra. Maður spyr sig að því hvort borgarstjórnin hafi kannski gleymt að koma því á framfæri við hæstv. ráðherra hvaða mál hún leggur mesta áherslu á.

Ég vil enn fremur nota þetta tækifæri, þó að það gildi ekki um þessa fjögurra ára áætlun, og gera athugasemd við þær ráðagerðir að byggja samgöngumiðstöð, sem á að kosta þrjá milljarða, við núverandi Reykjavíkurflugvöll. Þetta er áætlun sem gildir til 2018 og ég geri þessa athugasemd með vísan til þess að gert hefur verið samkomulag milli samgönguráðuneytis og Reykjavíkurborgar um status quo með öllum sínum fyrirvörum til 2016, en hérna er um að ræða

áætlun til 2018. Ég held að mjög misráðið sé að leggja fé í byggingu á samgöngumiðstöð á þessum stað þar sem allsendis er óvíst hvort flugvöllurinn fer eða ekki. Það liggur fyrir að gert er ráð fyrir því að einhverjar niðurstöður um frekari rannsóknir verði lagðar fram fyrri hluta árs 2007 sem geti kannski ráðið úrslitum um það hvort flugvöllurinn verður þarna áfram til langrar framtíðar eða ekki. (Forseti hringir.)

Ég vil svo að lokum, ef ég má aðeins syndga upp á náðina, spyrja: Af hverju er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til hjólreiðastíga í þessari samgönguáætlun eins og um var talað fyrr í vetur?

[19:42]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna ræðu hv. þm. Ellerts B. Schrams vil ég setja fram nokkrar athugasemdir.

Í fyrsta lagi eru 20 milljarðar á áætluninni vegna Sundabrautar en það nær reyndar aftur fyrir fjögurra ára áætlunina vegna þess að við gerum ekki ráð fyrir því að framkvæmdir geti hafist við Sundabraut fyrr en eftir e.t.v. eitt og hálft ár eða tvö. Við gerum ráð fyrir því að þegar það liggur fyrir hvor leiðin verður valin, innri leiðin eða Sundagöng, munum við sjá fyrir endann á því. Fyrir þessi fjögur ár og þær mögulegu framkvæmdir sem gætu orðið á Sundabrautinni liggur það alveg fyrir að í það verkefni eru til fjármunir.

Hvað varðar Mýrargötuna gerum við ráð fyrir tiltekinni fjárhæð til framkvæmda við hana. Það verður væntanlega þannig að hún fari í stokk og samið verði um hlutdeild ríkisins í henni.

Hvað varðar Kringlumýrarbrautina liggur það náttúrlega fyrir að R-listinn frestaði öllum framkvæmdum þar með því að hafna mislægum gatnamótum. Það er því ekki á áætlun að fara fyrr í mislæg gatnamót þar því að fjárfest var fyrir háar fjárhæðir í ljósastýrðum gatnamótum. Það er skýringin á því að ekki er gert ráð fyrir að fara á næstu fjórum árum í meiri framkvæmdir við þá braut en raun ber vitni.

Hvað varðar samgöngumiðstöðina þá varð það samkomulag milli borgaryfirvalda, og þar á meðal R-listahópsins, að fara í samgöngumiðstöð. (Forseti hringir.) Ég get komið nánar að því í síðara andsvari mínu.

[19:45]

**Ellert B. Schram** *(andsvar)*:

Herra forseti. Tíminn er svo takmarkaður, maður hefur ekki tíma til að spyrja og hvað þá að svara, og hef skilning á því ef maður þarf að kveðja sér hljóðs margoft. Ég hef upplýsingar um það, herra forseti, að þessi Mýrargötustokkur er alls ekki á dagskrá fyrr en 2011 eins og ég skil þessa áætlun, eins og hún liggur fyrir. Það er ekki í samræmi við þær áætlanir og óskir sem Reykjavíkurborg hefur sett fram.

Ég heyrði því miður ekki hvort hæstv. ráðherra var að tala um Miklubrautina eða Kringlumýrarbrautina. (**Samgrh.:** Kringlumýrarbrautina.) Þá ítreka ég þær athugasemdir mínar að ég sé að 10 milljarðar eru til ráðstöfunar vegna þessara miðlægu gatnamóta en allir eru sammála um að aðra 10 milljarða þurfi til að skapa þarna umferðarvæn gatnamót vegna tengibrauta og annarra samgangna sem liggja að þessum mikilvægu gatnamótum. Ég held að þetta sé því ekki fullnægjandi svar.

[19:46]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar gatnamótin á Kringlumýrarbrautinni þá er aðalatriði þess máls að búið var að undirbúa það að setja af stað umhverfismat vegna mislægra gatnamóta við Kringlumýrarbraut. Það var stoppað af borgaryfirvöldum fyrir tveimur árum. Þá var farið út í aðrar framkvæmdir, ljósastýrð gatnamót, að vilja R-listans. Þess vegna eru ekki inni á fjögurra ára áætlun margir milljarðar til að fara í þau gatnamót en engu að síður gerum við ráð fyrir framkvæmdum, bæði við Kringlumýrargatnamótin og tengingum inn í stokk niður undir Lönguhlíðina.

Hvað varðar hjólreiðastíga sem hv. þingmaður nefndi er, eins og ég svaraði fyrr í dag, gert ráð fyrir því í nýjum vegalögum að taka hjólreiðastígana inn. Ég svaraði því í dag að við þurfum að gera ráð fyrir því, þegar sú löggjöf hefur verið samþykkt og afgreidd, að hjólreiðastígar verði teknir inn þar sem það á við í samningum borgarinnar og Vegagerðarinnar og kosta hjólreiðastíga þar sem samkomulag verður um að þeir séu lagðir af heildarfjármögnun samgönguáætlunar.

Aðeins út af því sem var tilefni þess sem hv. þingmaður talaði um í upphafi sem voru athugasemdir mínar við málflutning Helga Hjörvars. Það er alrangt eins og hann leggur þetta upp í grein sinni í Blaðinu, sem ég vitnaði til, vegna þess að höfuðborgin fer ekki illa út úr þessari samgönguáætlun. Í höfuðborginni eru tæplega 3% af vegakerfi landsins en höfuðborgarsvæðið fær rúm 37% af (Forseti hringir.) fjármagninu. Ég tel að höfuðborgarsvæðið sé mjög vel sett hvað varðar framlög samkvæmt þessari samgönguáætlun.

[19:48]

**Ellert B. Schram** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að þrátta við hæstv. ráðherra um hvort þetta sé mikið eða meira eða mest en ég vildi gjarnan vera fluga á vegg þegar hann flytur núverandi meiri hluta borgarstjórnar þessar fregnir, hvað borgin fær mikið út úr þessari samgönguáætlun. Það er a.m.k. ekki í samræmi við mínar skoðanir.

[19:49]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Í þeirri fjögurra ára áætlun sem við ræðum hér eru mörg ágæt mál og í heildina séð held ég að ekki sé mikill ágreiningur um það sem í henni er þó að það sé áherslumunur og menn vilji auðvitað sjá sumar framkvæmdir ganga hraðar en raun ber vitni samkvæmt henni.

Ég tek undir það sem menn hafa sagt að við verðum bara að vona að þessi áætlun um að hrinda í framkvæmd því sem hér er til lagt fái að standa og að ekki verði talin ástæða til að hrófla við því af þeim stjórnendum sem sitja munu eftir næstu kosningar. Ég tel að þessar framkvæmdir í vegamálum hjá okkur eigi að hafa forgang og þá verða menn líka að horfast í augu við það að þurfa að veita þeim þann forgang. Það gerist ekki sisvona af sjálfu sér, það þarf

þess vegna að hafa áhrif á aðrar framkvæmdir í landinu. Það er ekki líklegt að menn standi við þessa samgönguáætlun ef ýtrustu framkvæmdir fara á fulla ferð eins og menn áætla nú í stóriðju og öðrum slíkum málum. Það er full ástæða til að taka undir það sem menn hafa sagt um þessa hluti.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það hringl sem hefur verið á þessum málum á undanförnum árum en vonast bara til að það sé að baki og menn hætti því, því að landsbyggðin má ekki við því að bíða eftir þeim samgöngubótum sem eru í þessum áætlunum og þó meira væri.

Samfylkingin hefur lýst því yfir að hún vilji gera átak í samgöngumálum og það átak á síst að standa að baki þeim áætlunum sem hér eru uppi. Ég er því vongóður um framhaldið hvað þetta varðar. Ég leyfi mér að ræða málin dálítið vítt og breitt í þessum ræðutíma vegna þess að það hefur verið gert við þær umræður sem hér hafa verið, bæði um langtímaáætlunina og þessa. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. samgönguráðherra hvort ekki sé ástæða til að skoða sig um í því að undirbyggja hagkvæmari gerð jarðganga heldur en nú er. Ég spyr hvort ekki sé skynsamlegt að skoða það hvort ríkið eigi ekki að fjárfesta í bor til að heilbora göng í landinu. Það er ekki þar með sagt að ríkið eigi að bora göngin, slíkt er hægt að bjóða út. Það hefur komið fram og kom fram í viðtölum við þá sem höfðu áhuga á að fara í slíka heilborun ganga á Austfjörðum að það væri ekki hægt nema hafa verkefni fram í tímann, ekki væri hægt að kaupa slíkan bor og vita ekki um verkefni lengra fram í tímann og þurfa kannski að keppa um þau verkefni sem koma á markaðinn eða sitja uppi með það að hafa ekki verkefni fyrir slíkt verkfæri.

Það er hins vegar ljóst að það stendur til að bora jarðgöng. Nóg er af verkefnum fram undan fyrir slíkt verkfæri og þess vegna væri ráð að skoða hvort ríkið eigi ekki með einhverjum hætti að sjá til þess að slíkt verkfæri sé til staðar og sé til reiðu til að nýta við slíka jarðgangagerð. Ég kem þessu á framfæri og spyr hæstv. ráðherra hvort menn hafi skoðað þann möguleika.

Síðan langaði mig til að ræða um eitt mikilvægt atriði og það eru framkvæmdirnar norðvesturtengingin frá borginni, Sundabrautin, breikkun Hvalfjarðarganga og áframhaldandi vegur upp í Borgarfjörð sem eru ekki á þessari fjögurra ára áætlun sem slíkar, það átak allt saman. Eitt er þó ljóst að á þeim fjórum árum sem fram undan eru þurfa menn að taka ákvörðun um það og helst sem allra fyrst hvernig leysa eigi úr því að auka afköst Hvalfjarðarganga. Þar hafa verið uppi fleiri en einn möguleiki. Þetta er atriði sem menn þurfa að fást við. Ég varð fyrir vonbrigðum með það að Grunnifjörður sem ég hafði einhvers staðar heyrt hæstv. ráðherra lýsa yfir að hann væri sammála að ætti að fara inn á langtímaáætlun sást ekki þar, sú leið milli Akraness og Borgarness sem ég hef lengi litið á og margir aðrir sem framtíðarleið fyrir þjóðveg 1.

Mér er fullkunnugt um að gerðar hafa verið athugasemdir við þessa leið vegna skipulagsáætlana sveitarfélaganna þarna en þær athugasemdir eru byggðar á miklum athugunum og ég tel mjög nauðsynlegt að gerður verði samanburður á þessum tveimur leiðum, annars vegar þeirri leið sem vegurinn liggur núna og hins vegar leiðinni fyrir framan fjörðinn sem Akurnesingar og sveitarstjórnarmenn á þessu svæði, bæði í Borgarnesi og í Hvalfjarðarstrandarhreppi, hafa viljað láta skoða vandlega. Þessi leið er að mínu viti mjög líkleg til að verða talin með umhverfismati miklu betri en sú leið sem núna liggur í kringum þennan fjörð og þar af leiðandi um vatnsupptökusvæði alls fjarðarins en þessi fjörður er á Ramsar-áætlun. Það hlýtur að vera a.m.k. einnar messu virði að bera saman þessar leiðir. Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með það að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa séð til þess að þetta verkefni kæmist inn á langtímaáætlun sem framtíðarlega vegarins. Ég geri hins vegar ráð fyrir að hægt sé að fara í slíkt umhverfismat þrátt fyrir það því það hlýtur að þurfa að skoða hvernig framtíðarlegan á að vera þegar menn ætla að stefna að tvöföldun vegar á leiðinni upp í Borgarnes eins og að er stefnt.

Þetta verða að vera lokaorð mín í þessari ræðu því að tíminn er stuttur en ég vildi koma þeim málum að sem ég hef nefnt.

[19:57]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst um það sem hv. þingmaður spurðist fyrir um varðandi heilborun jarðganga en það hefur ekki verið skoðað eða verið á dagskrá. Við höfum litið svo á að eðlilegt væri að gera ráð fyrir að verktakarnir veldu sér leið til að bora og það hefur ekki verið talið hagkvæmt að nýta sér þessa heilborunartækni í þau jarðgöng og þá lengd á jarðgöngum sem við höfum verið að miða við.

Hvað varðar vegarlagningu yfir Grunnafjörð þá fer ekkert á milli mála að ég hef talið það æskilegt ef hægt væri að finna leið til að tengja saman Akranes- og Borgarnessvæðið, stytta þá leið mjög verulega, en skipulagsyfirvöld hafa ekki fallist á þá leið, aðalskipulag sveitarfélaganna, enn sem komið er af þeirri ástæðu að þarna sé um mjög viðkvæmt svæði að ræða út frá umhverfissjónarmiðum eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslunni. Þess vegna er sú vegarlagning ekki inni sem verk en yrði að sjálfsögðu skoðuð umsvifalaust ef sveitarfélögin, skipulagsyfirvöld og umhverfisyfirvöld í landinu samþykktu þann kost. Það þarf að fara í umhverfismat með þetta.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma til að fara nánar ofan í önnur atriði en læt þetta duga í bili.

[19:59]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vilji sveitarfélaganna liggur fyrir hvað þetta varðar. Hins vegar hafa skipulagsyfirvöld sett fótinn fyrir málið og ég væri í sjálfu sér ekkert ósáttur við það ef það væri byggt á umhverfismati en það umhverfismat hefur aldrei farið fram. Mér finnst það lágmarkskrafa að fram fari umhverfismat og að þessar leiðir verði bornar saman á þann hátt sem eðlilegt er hvað slíkt varðar, því að margt bendir til þess að niðurstaðan yrði sú að það væri miklu betra að aðalleiðin lægi fyrir framan fjörðinn en í kringum hann.

Ég talaði við aðila sem tóku þátt í þessari ákvörðun skipulagsyfirvalda og í ljós kom að þeir höfðu gert ráð fyrir að vegurinn fyrir framan fjörðinn væri einungis tengivegur milli Akraness og Borgarness en ekki aðalleiðin á þjóðvegi 1. Ég veit ekki hvaðan þeir fengu þá speki að líta þannig á

málið því að það er allt annað mál ef menn líta á þetta með þeim hætti og þá skil ég niðurstöðuna. Auðvitað verður maður að gera ráð fyrir að þarna verði um aðalleiðina að ræða og ákvörðun um það skiptir miklu máli varðandi það hvernig menn ganga frá hugmyndum um breikkun Hvalfjarðarganga. Þetta er stórt mál sem þarf að skoða og ég er á þeirri skoðun að þarna þurfi að fara fram umhverfismat til að eðlilega og rétt sé staðið að málum. Ég er hins vegar algerlega sáttur við það ef það verður niðurstaðan úr umhverfismati að betra sé að vegurinn liggi í kringum fjörðinn en fyrir framan hann. (Forseti hringir.) Þá verður maður auðvitað að sætta sig við það en ég hef enga trú á að það verði niðurstaðan.

[20:01]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil undirstrika að ég lít svo til að þegar farið verður í að leggja veg yfir Grunnafjörð verði það að vera meginleið sem tengdi saman landshlutana, ekki bara byggðina í Borgarnesi og Akranesi. Það er umfangsmikil aðgerð og taka þarf tillit til þess. Ég vil undirstrika að þetta er núna í höndum sveitarfélaga og skipulagsyfirvalda og setja verður verkið í umhverfismat.

Hvað varðar tengingar norðvestur, eins og hv. þingmaður nefndi, gerum við ráð fyrir að með hinum sérstöku fjármögnunaraðgerðum verði farið í það, sem er geysilega mikilvægt, sérstaklega á Kjalarnesinu og síðan áfram norður. Við gerum ráð fyrir að þau verkefni verði reyndar aðallega á síðari tímum langtímaáætlunarinnar en að nokkru leyti á fyrsta tímabilinu. Við sjáum því fram á betri tíð hvað það varðar.

[20:02]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hæstv. ráðherra erum sammála að þetta eigi að vera aðalleiðin sem þarna er verið að tala um yfir Grunnafjörð. Hins vegar er ekki hægt að búa við það ef ekki er hægt að kalla fram umhverfismat til að bera leiðirnar sama og ég trúi ekki öðru en sá slagur vinnist með einhverju móti.

Mig langar til að víkja aðeins að því sem ég nefndi í ræðu minni, þ.e. að stjórnvöld íhugi á einhvern hátt að koma að því að hér verði til reiðu tækni sem felst í heilborun jarðganga. Fram hefur komið að aðilar sem vildu fara af stað með slíka tækni voru tilbúnir til að leggja í jarðgangagerð á Austfjörðum en til að það væri hagkvæmt töldu menn að fara þyrfti í a.m.k. tvenn eða þrenn jarðgöng vegna þess að það væri ekki hægt að fara af stað með svo dýr tæki öðruvísi en verkefni væru til staðar. Ég held að það hljóti að vera hægt að finna leið til að skoða slíka tækni, ef hún hentar, nú er ég ekki að fullyrða það. En mér finnst ástæða til að menn skoði málið með það fyrir augum að nýta slíka tækni ef hún getur komið að gagni við þá jarðgangagerð sem fram undan er. Mér sýnist að mögulegt eigi að vera að búa til einhvers konar félag, og ríkið gæti þá komið að á einhvern hátt til að tryggja fjármögnun þess, sem gæti þá leigt þennan bor til þeirra aðila sem vildu fara í slíkar framkvæmdir þegar þær yrðu boðnar út. Mér finnst vera ástæða til að skoða þetta og það er þá a.m.k. þeirrar messu virði að sjá hvort þetta getur gengið upp, því greinilegt er að jarðgöng með þessum hætti eru miklu ódýrari en með þeirri tækni sem er yfirleitt notuð.

[20:05]

**Kristján L. Möller:**

Hæstv. forseti. Ég sagði það í fyrri ræðu minni að ég ætlaði að nota þessa ræðu til að fara aðeins yfir staðbundin verkefni í kjördæmi mínu ásamt því að ræða kannski örlítið meira þar sem frá var horfið varðandi samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil einnig segja fyrir það fyrsta að það er auðvitað synd, vegna þess hve stuttur tíminn er, að menn skuli ekki mikið ræða siglingaáætlun, flugáætlun eða aðra hluti sem eru í vegáætluninni eins og umferðaröryggismál, sem er töluvert metnaðarfullt í þessu plaggi, eða almenningssamgöngurnar sem einnig er minnst á. En af því að ég nefni almenningssamgöngur er ég hiklaust á þeirri skoðun að ríkisvaldið eigi að koma til móts við sveitarfélögin með því að fella sem mest niður af opinberum álögum, bæði vegna kaupa á strætisvögnum og öðrum slíkum tækjum. Eins held ég að við ættum að setja þá algerlega á gjaldfrjálsa olíu, eins og þeir hafa reyndar sótt um, og sleppa í staðinn afslættinum sem þeir fá. Þannig komi ríkið til móts við sveitarfélögin til að freista þess að auka almenningssamgöngur. Við sjáum það í vögnum á höfuðborgarsvæðinu að almenningssamgöngur og þetta strætisvagnakerfi er ákaflega lítið notað nema kannski rétt á smáálagstímum á morgnana og svo seinni part dags. Það gæti þá kannski orðið til þess að farin verði sama leið og þeir fóru á Akureyri, þ.e. að gera strætisvagnaferðir gjaldfrjálsar og viti menn, notkunin jókst auðvitað mikið við það.

Í öðru lagi er Sundabraut sem er ekki sérmál höfuðborgarbúa heldur okkar allra, því hún á að vera aðalinnkeyrslan til höfuðborgarinnar og við notuð hana mikið. Þeir 20 milljarðar sem ætlaðir eru í þetta verk, þeir 8 milljarðar 2007–2010 sem koma af símapeningunum og svo þeir 12 milljarðar sem eru á öðru tímabilinu, 2011–2014, sem eru undir sérstakri fjáröflun, eiga að duga miðað við að innri leiðin sé farin. En ég vil segja, virðulegi forseti, eftir að hafa farið á fjölmennan fund íbúasamtaka sem haldinn var við Sundabraut fyrir um einu ári þar sem verið var að sýna hvernig Sundabrautin var þar hugsuð, þ.e. að hún ætti að koma yfir að landi, ef svo má að orði komast, þá held ég að sú leið sé bara gersamlega ófær, það sé ekki hægt gagnvart íbúum þessa svæðis að koma með svona fjölfarna braut, aðalinnkeyrslu til borgarinnar, þar að landi. Þess vegna held ég að fara verði jarðgangaleiðina, þar sem komið væri upp á Laugarnestanga, ef ég man rétt. En ef sú leið verður farin kemur það auðvitað upp að peninga vantar upp á miðað við það sem hér er sagt. En Sundabraut og aðrar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu eru ekki síður áhugamál landsbyggðarbúa vegna þess að við horfum á þetta í einni heild alveg eins og við væntum þess og vonum að höfuðborgarbúar horfi á framkvæmdir úti á landi ekki sem framkvæmdir fyrir þá íbúa sem þar eru heldur fyrir Íslendinga alla og þá sem hingað koma.

Virðulegi forseti. Aðeins yfir í mitt kjördæmi. Þar kem ég fyrst að því sem ég tel brýnast í jarðgangamálum á því svæði en það er nýbygging Norðfjarðarganga. Ég hef sagt

það í stuttum andsvörum að ég tel þar of hægt farið. Of seint er að bjóða þau út haustið 2009 og að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en árið 2010 og göngin verði tilbúin 2013. Þetta er einfaldlega allt of seint miðað við þær stóru og miklu framkvæmdir sem hafa átt sér stað fyrir austan til að tengja Neskaupstað enn betur þeirri framkvæmd. Vegurinn um Oddsskarð, og er óskiljanlegt hvernig hann hefur verið lagður í 630 metra hæð, er barn síns tíma og engu hættuminni vegur en t.d. Óshlíðin. Þarna þarf að finna leið til að flýta þessu og ég er sannfærður um að ef stefna Samfylkingarinnar verður ofan á í komandi kosningum og Samfylkingin kemst til valda mun þetta samgönguátak kannski ganga betur eftir og þá hygg ég að að flýta þurfi ýmsum verkefnum eftir það stóra og mikla átak sem átt hefur sér stað fyrir austan. Ég er auðvitað að segja þetta í sömu andrá og ég segi að fresta eigi stóriðjuframkvæmdum, sérstaklega í Straumsvík og Helguvík.

Vopnafjörður. Ég hef sagt það fyrr og ætla að segja það enn einu sinni vegna íbúa á norðausturhorninu en þar á að tengja með nýjum vegi milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar eða svokallaðri Hófaskarðsleið. Þetta eru vegir sem eru í hryllilegu ástandi og er okkur ekki samboðið að bjóða fólki upp á árið 2007. Þess vegna ítreka ég það og segi að ég *held að samgönguráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar eigi að* biðja íbúa þess svæðis afsökunar á því hversu samgöngur til þeirra eru lélegar eins og þær eru í dag. En sem betur fer stendur þetta til bóta og á fyrsta tímabilinu til 2010 á að klára veginn til Vopnafjarðar. Þó kom fram á fundi með þingmönnum Norðausturkjördæmis hjá Vegagerðinni í morgun að a.m.k. 200 millj. kr. vantar til að þær áætlanir gangi eftir en vonandi finnast þeir peningar svo að hægt verði að klára.

Ýmsar aðrar vegaframkvæmdir eru í kjördæminu svo sem framkvæmd sem núna er í útboði um Arnórsstaðamúla þar sem verið er að klára að leggja veginn bundnu slitlagi frá Akureyri til Egilsstaða. Stórframkvæmd bíður okkar á veginum yfir Öxi sem er stytting, eins og komið hefur fram í dag, um tæpa 60 kílómetra á hringveginum og er auðvitað nauðsynlegur þáttur, ég tala ekki um ef verið er að ganga til sameiningar sveitarfélaga þ.e. Djúpavogshrepps við Fljótsdalshérað, þá mun þetta stytta leiðina mjög þar á milli. Síðan er vegurinn um Skriðdal, þjóðveg 1, þar er líka verkefni fyrir, og segja má að ánægjulegt hafi verið að sjá það í morgun, á þeim umræddu fundi sem ég gat um, að brýrnar þrjár sem eftir eru í Skriðdal, sem koma inn á þetta ár núna, verða kláraðar.

Virðulegi forseti. Stórt og mikið verkefni hefur verið unnið af Norðlendingum af fyrirtæki sem heitir Greið leið ehf. að undirbúningi Vaðlaheiðarganga. Sú undirbúningsvinna er alveg frábær og hefur verið gaman að fylgjast með hve faglega hefur verið unnið. Nýlega var úrskurðað að Vaðlaheiðargöng þyrftu ekki að fara í umhverfismat þannig að það tefur þá ekki framkvæmdina. Þær þrisvar sinnum 100 milljónir sem settar eru í áætlunina fyrir árin 2008, 2009 og 2010 eru vonandi nægjanlega há upphæð til að áform í samgönguáætlun, þ.e. að Vegagerðin taki strax — og ég tek skýrt fram, virðulegi forseti, eins og þar stendur og legg áherslu á það sem sjónarmið mitt, að hefja verði viðræður strax við þetta fyrirtæki um hvenær einkaframkvæmd á Vaðlaheiðargöngum geti hafist. Og ég hika ekki við að segja, virðulegi forseti, og segi enn einu sinni að þær þyrftu að hefjast sem fyrst, m.a. til að láta þær hanga saman við lengingu flugvallarins á Akureyri vegna þess að ég hef margoft sagt að æskilegt væri að nota það kurl sem kemur úr Vaðlaheiðargöngum, sennilega 40–50% af því sem þar kemur, í lengingu flugbrautarinnar á Akureyri. Það er mjög hagkvæm framkvæmd og ber að gera á þann hátt.

Virðulegi forseti. Margt fleira mætti ræða um í samgöngumálum í kjördæmi mínu. Ég nefni rétt í lokin tengivegi sem eru mjög langir í kjördæminu eins og komið hefur fram. Á því tímabili sem nú er að hefjast, 2007–2010, fyrsta hluta áætlunarinnar, er aðeins varið tæpum einum milljarði í tengivegi og hliðarvegi alla í kjördæmi mínu og fram kom í morgun að þar eru menn að reyna að stagbæta og setja inn spotta hér og spotta þar, en þörfin er brýn. Þá kem ég að því á lokasekúndu minni hér, virðulegi forseti. Þörfin er svona brýn vegna þess að fjárveitingar margra undanfarinna ára hafa verið allt of litlar miðað við hvað þörfin er mikil.

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í samgöngunefnd hlakka ég mikið til að takast á við þetta verkefni á næstu vikum.

[20:13]

**Ólafur Níels Eiríksson:**

Virðulegi forseti. Þessi samgönguáætlun er fyrir margra hluta sakir mjög góð. En að mínu mati verður Alþingi að horfa lengra fram í tímann. Alþingi verður að vera meira afgerandi og koma með skýrari framtíðarsýn, til þess erum við kjörin hingað og það er það sem kjósendur ætlast til af okkur. Fyrir margra hluta sakir verður jarðgangagerð stærri og stærri hluti vegakerfisins í framtíðinni. Í hlutarins eðli eru jarðgöng sennilega öruggasti hluti vegakerfisins. Þau eru alltaf þurr, þar snjóar ekki o.s.frv. Jarðgöng eru líka umhverfisvæn þar sem þau stytta gífurlega vegalengdir og þau eru líka náttúruvæn þar sem þau breyta umhverfinu minna en vegir.

Á næstu tíu árum eru aðeins fimm jarðgöng á áætlun og þar af er byrjað á Héðinsfjarðargöngum og Óshlíðargöng eru tilbúin til útboðs. Það sem ég vil að verði gert er að taka ákvörðun um jarðgangagerð til næstu 15–20 ára og bjóða þau út í einum pakka. Sem dæmi jarðgangagerðin sem verður að koma í Norðausturkjördæmi: Lónsheiði, undir Berufjörð milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar, milli Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar, milli Mjóafjarðar og Seyðisfjarðar, milli Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Héraðs, milli Héraðs og Vopnafjarðar og Vaðlaheiðargöng. Með þessu geta verktakar keypt nýjustu og bestu tæki sem völ er á hverju sinni í heiminum. Tæknin og ekki síður reynslan munu flytjast milli ganganna þar sem sami verktaki væri með þau öll. Verktími er það langur að hann væri vel viðráðanlegur fyrir stærri íslensku verktakana. Með því er hægt að ná mun betri samningum við verksalana og landinn getur kortlagt framtíðina.

Það er ámælisvert að jarðgöng milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar séu ekki tilbúin til útboðs. Þar þarf að byrja ekki seinna en á morgun. Ég þekki persónulega breytingu

við að fá jarðgöng því ég bý á Fáskrúðsfirði og var vitni að því hvers konar samgöngubót það var þegar Fáskrúðsfjarðargöng voru tekin í notkun. Okkur fannst heimurinn skreppa saman, svo einfalt var það.

Næststærsta höfn landsins verður í Fjarðabyggð og ekki síst þess vegna er nauðsynlegt að bæta samgöngur eins hratt og mögulegt er til að nýta betur þá kosti sem þessi nýja höfn mun gefa. Ein af forsendum af góðri útkomu með sameiningu fjarðanna á Miðausturlandi í eitt sveitarfélag eru greiðar samgöngur og það er líka forsenda fyrir því að svæðið verði eitt þjónustu- og atvinnusvæði. Með því að ráðast í slíkt útboð eins og hér er lýst væri auðvelt að gera mestallt Austurland að einu sveitarfélagi. Alþingi ætti að sjá sóma sinn í því að taka vel undir þetta því þetta var eina sameiningin sem var samþykkt á síðustu tilraun til fækkunar sveitarfélögum.

Ég legg áherslu á að Alþingi samþykki að leggja til peninga til rannsókna á þessu sem og öðrum hugsanlegum jarðgöngum nú þegar. Vægt er til orða tekið að ömurlegt er að hlusta á deilur um jarðgöng milli lands og Eyja meðan enginn veit hvort hægt er að bora þar á milli. Við verðum að einbeita okkur að þeirri vinnu til að Eyjamenn, þingmenn og aðrir landsmenn fái vitneskju um hvaða kostir eru í framtíðinni fyrir samgöngur milli lands og Eyja. Það er óþolandi að menn eyði tíma og orku í þras um hvað eigi að gera meðan ekki liggja fyrir nauðsynlegar upplýsingar um hvaða kostir eru færir og það stendur upp á Alþingi í dag. Eins finnst mér leiðinleg umræða hjá sumum þingmönnum að líkja Fáskrúðsfjarðargöngum við yfirbyggða kappakstursbraut. Þeir ættu að líta sér nær, ég sé dæmi nánast í hverri viku sem menn eru teknir fyrir ofsaakstur á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það var síðast um helgina sem lögreglan á Reykjavíkursvæðinu var í eltingaleik við einhverja kappakstursmenn. Það þarf ekki jarðgöng til. Í leikskóla væri svona umræða bull. Til gamans má geta að mesti hraði sem lögregla hefur radarmælt í Fáskrúðsfjarðargöngum er 124 km hraði. 124 km hraði mundi ekki þykja fréttnæmt á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

[20:18]

**Jón Bjarnason:**

Virðulegi forseti. Samgönguáætlunin sem hér hefur verið lögð fram og við höfum rætt í dag, fjögurra ára samgönguáætlun, fer til samgöngunefndar eftir umræðuna hér. Ég sit í hv. samgöngunefnd fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þar gefst okkur tækifæri til að fara nánar í einstaka þætti áætlunarinnar og hafa jafnvel áhrif á forgangsröðun og einstök verkefni eftir því sem hægt er í nefndarstarfinu.

Það sem ég ætla að víkja aðeins að eru m.a. þingmál sem ég og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram varðandi nokkrar áherslur í samgöngumálum. Ég vil fyrst minnast á strandsiglingatillöguna, sem við fluttum hér fyrst, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í líklega ein fimm ár en síðustu þrjú árin ásamt þingmönnum Frjálslynda flokksins, um að taka upp strandsiglingar og að ríkið beiti sér fyrir því að það verði gert og styðji við það, hvort sem það yrði með útboði og stuðningi við það eða með hvaða hætti það væri en það væri mjög mikilvægt að koma þeim á. Þetta höfum við ítrekað í umræðum okkar um samgöngumálin. Þetta mál hefur fengið góðar undirtektir á Alþingi en minna verið um framkvæmdir en ég vona að þetta verði tekið alvarlega.

Það er önnur tillaga sem ég vil líka minnast á og ég hef flutt, eða þingmál í þessa veru, síðan ég kom á þing og það eru nú orðin sjö ár síðan eða þetta er áttunda árið. Það er tillaga um áherslur í uppbyggingu og viðhaldi á safn- og tengivegum eða þeim vegum sem liggja að aðalhringveginum inn til dala og út til stranda. Í rauninni eru þetta þeir vegir sem eru svo mikilvægir fyrir bæði athafnalíf og búsetu og hvaðeina í hinum dreifðu byggðum landsins. Ég hef flutt þingsályktunartillögu til að árétta þetta og mun ég vitna í hana. Það er nú svo að góð mál sem við flytjum fást oft ekki tekin á dagskrá og þannig er með þetta mál sem ég lagði fram strax á haustdögum og hefur ekki enn fengist tekið á dagskrá en þar stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hrinda í framkvæmd sérstöku átaki í viðhaldi og uppbyggingu héraðsvega sem flokkast samkvæmt vegalögum oftast undir safn- og tengivegi. Sérstaklega skal hugað að lagningu bundins slitlags á þessa vegi. Til þess verði varið a.m.k. 4 milljörðum kr. sem dreifist jafnt á næstu fimm ár. Komi sú fjárveiting til viðbótar þeim fjármunum sem ætlaðir eru þessum vegaflokkum í samgönguáætlun."

Ég hef lagt það til á undanförnum árum að gert verði átak í þessum vegum, safn- og tengivegum, þessum sveitavegum. Þarna er um gríðarlega hagsmuni að ræða fyrir byggðina og búsetuna. Börn er keyrð langan veg í skóla og fólk þarf að sækja vinnu. Þessir vegir er líka mikilvægir fyrir alla aðdrætti. Þarna er um að ræða malarvegi sem hafa á undanförnum árum og jafnvel áratugum fengið sáralítið eða ekkert viðhald.

Sá hópur sem býr við þessar aðstæður getur ekki kallað til stórs fjölmenns fundar, ekki svona almennt, en þó held ég, herra forseti, að flest bréf sem við þingmenn fáum séu áskoranir einmitt frá einstökum íbúum, heimilum, sveitarstjórnum, félagasamtökum út um allt land, áskorun um átak í þessum sveitavegum. Menn hafa rætt þar um nauðsyn þess að koma slitlagi á þessa vegi þó svo að það þýddi ekki að þeir ættu að bera sama hraða eða sömu umferðarþyngd og stofnbrautir eða aðrir vegir með bundnu slitlagi en eitthvað mun þetta stangast á við einhverjar reglugerðir og lög, að ef vegir eru með bundnu slitlagi þurfi þeir að bera ákveðinn hraða, 80–90 kílómetra hraða.

Ég spyr því hæstv. samgönguráðherra hvort það hafi verið skoðað að gera sérstakt átak í að leggja bundið slitlag á þessa vegi þó svo að þeir uppfylli ekki þessi skilyrði, þ.e. þennan mikla hraða og burð, því að það skiptir máli fyrir byggðirnar að hafa góða vegi með bundnu slitlagi þó svo að þeir uppfylli ekki þessar kröfur.

Þessa tillögu hef ég lagt fram og ég sakna þess að ekki skuli vera gert öflugra átak í þessari fjögurra ára samgönguáætlun hvað varðar þessa vegi, safn- og tengivegi, sveitavegi. Þeir hafa dregist mjög aftur úr á undanförnum árum, það er viðurkennt, og í þingsályktunartillögu okkar eru tölur sem sýna að viðhald og uppbygging á þessum sveitavegum hefur dregist hlutfallslega mjög mikið saman. Ég sakna þessa, ég hefði viljað sjá hér gert stórt átak í þessum vegum

því að þeir eru forsenda fyrir hina dreifðu byggð inn til dala og út til stranda. Vissulega er örlítið bætt í en það er samt svo lítið miðað við þörfina og þá vanrækslu sem þessir vegir út um landið hafa orðið að búa við.

Hægt er að velta fyrir sér einstökum framkvæmdum en við gerum það í samgöngunefnd með hv. formanni Guðmundi Hallvarðssyni, ágætum formanni samgöngunefndar. Ég velti þó fyrir mér t.d. hver sé staða Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Það stendur bara að dregið verði úr stuðningi við starfsemi hennar en ég gat ekki lesið úr textanum raunverulega framtíðarsýn fyrir hana. Ég tel mikilvægt að Breiðafjarðarferjan Baldur fái stuðning. Hún er mikilvæg samgönguleið, bæði til flutninga og eins fyrir fólk og vörur og einnig fyrir ferðaþjónustuna en ég get ekki lesið út úr textanum þarna hver sé framtíð hennar en ég legg áherslu á mikilvægi hennar.

Það má nefna fleiri vegi, veginn norður Strandir sem hefur verið vanræktur vegna þess að menn þykjast ætla að fara í einhverja aðra framkvæmd. Vegurinn norður Strandir, norður á Hólmavík, norður á Drangsnes og norður í Árneshrepp, er mikilvæg samgönguleið sem hefur verið vanrækt miðað við að hún er jú bara tilbúin til að ráðast í hana.

Mér finnst allt of lítið gert þar í þessari áætlun og sömuleiðis gengur allt of hægt með veginn út Barðaströndina (Forseti hringir.) sem hefur verið meira og minna svikið á undanförnum árum að standa við þau loforð sem þar hafa verið gefin. Skógarstrandarvegur, (Forseti hringir.) svona má nefna áfram það sem okkur finnst vera haldið lítið við en við skoðum það betur í (Forseti hringir.) samgöngunefnd, herra forseti.

[20:26]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er nú svo með vegasamgöngurnar að lengi er hægt að ræða þær og verður það ekki tæmandi af minni hálfu í seinni ræðunni.

Leiðir flestra landsmanna liggja einhvern tímann til höfuðborgarinnar og sumra oft á ári og það skiptir því máli hvernig aðgangurinn að höfuðborginni er. Lagning Sundabrautar skiptir þar verulegu máli ásamt því að byggja upp Vesturlandsveginn til að auka öryggi og umferðarmöguleika inn til borgarinnar því það þekkja allir þá töf sem verður í umferðinni inn í borgina nánast á hverjum einasta degi. Það eru vissulega framkvæmd sem liggur á og skiptir máli fyrir alla landsmenn.

Í byggðaáætluninni segir m.a. að Byggðastofnun skuli í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á verkefni í samgöngumálum sem miða að eflingu byggða og atvinnulífs í landinu. Í því sambandi vil ég ræða nokkur atriði. Í fyrsta lagi, ef við tökum Vestfirðina sem eru það svæði í Norðvesturkjördæmi sem á einna lengst í land með góðar samgöngur inn á þjóðveg landsins, þá eiga Vestfirðingar um þrjár leiðir að velja til að komast inn á aðalþjóðveginn, hringveginn, þ.e. um Strandir og yfir Holtavörðuheiði um Hrútafjarðarbotn og tengjast þannig inn í Borgarfjörð, um Dali yfir Bröttubrekku og einnig í Borgarfjörð og síðan er leiðin frá Stykkishólmi yfir Vatnaheiði, ferjuleiðin, líka samgönguleið Vestfirðinga, sérstaklega af suðurfjörðunum, til höfuðborgarsvæðisins. Síðan liggur leið höfuðborgarbúa og þeirra sem sækja Vesturland og Norðvesturland heim í öfugar áttir.

Ég vék í fyrri ræðu minni í dag örstutt að því hvaða möguleikar gætu legið í því að færa veginn í Hrútafirði norður á leirurnar og stytta þar með akstursleiðina ef á þyrfti að halda með því að fara yfir Laxárdalsheiði og síðan Bröttubrekku eða þá alla leið vestur í Heydal. Þetta á náttúrlega fyrst og fremst við þá daga sem ófært er yfir Holtavörðuheiði, því að sú þjóðleið mundi vera farin að öðru jöfnu.

Við reynum auðvitað að horfa til þess á Vestfjörðum að ná hringtengingu um Vestfirði. Þess vegna hefur verið lögð mikil áhersla á það á undanförnum árum að gera jarðgöng úr Dýrafirði yfir í Arnarfjörð því að þar losnum við við fjallveg sem er mjög hár og erfiður, sem er Hrafnseyrarheiðin, og síðan hlíðina inn Arnarfjörðinn og inn í botn á Mjólkárvirkjun eða í Borgarfjörð. Með því að gera þau jarðgöng sem þar eru fyrirhuguð og eru nú komin á þessa áætlun væri loksins verið að opna þann möguleika að þessar byggðir á norðanverðum Vestfjörðum og sunnanverðum Vestfjörðum tengdust saman sem byggðarkjarni sem gæti sótt þjónustu og samskipti allan ársins hring til svæðanna norður og suður. Þess vegna þarf í framhaldi af því að gerð eru jarðgöng úr Dýrafirði í Arnarfjörð að tryggja samgönguleiðirnar við suðurfirðina og þá eigum við eftir Dynjandisheiðina eða einhverja aðra leið sem væri fær til þess að tengja saman byggðirnar. Ég hef löngum litið svo á að tengingin í Arnarfjörð væri áfangi í því að tengja saman stystu mögulegu leið á milli Bíldudals annars vegar og Ísafjarðar hins vegar, eða Vesturbyggðar og Ísafjarðarsvæðisins.

Til þess að gera það tel ég, vegna þess að við höfum mótað okkur þá stefnu í Frjálslynda flokknum að það eigi almennt að fara láglendisleiðir ef þær eru færar, að þá þurfi að minnsta kosti að gera ein jarðgöng í viðbót til að leysa það að komast á láglendisvegi til Bíldudals. Það þarf sem sagt að fara úr Dynjandisbotni yfir í Langabotn. Það er bara svoleiðis, hæstv. forseti, ef menn ætla raunverulega að tengja þessar byggðir saman með stystu mögulegu leið, þ.e. akstursleiðina annars vegar á milli Vesturbyggðar og til Ísafjarðar og öfugt.

Menn hafa kannski veitt þessari hugmynd litla athygli fram til þessa en ég held að við verðum að spyrja okkur að því hvað það er nákvæmlega sem við viljum fá út úr þessari samtengingu. Jú, við viljum fá samtengingu byggðanna, ná sameiginlegu þjónustusvæði, sameiginlegu samskiptasvæði með nákvæmlega sama hætti og við náðum með göngunum undir Breiðadals- og Botnsheiðar, við Suðureyri, Flateyri, Þingeyri og Dýrafjörð. Það getum við gert, þetta eru ekki þær vegalengdir. Ef það er gert og horft á láglendisvegi er hægt að gera það með skynsamlegum hætti. Það líka einn möguleikinn að færa vegarstæðið á Dynjandisheiði og koma því upp úr snjó á þeim köflum og færa það vestar en það er uppi á heiðinni í dag, því að það liggur náttúrlega undir fjallshlíð sem fyllist af snjó í öllum austan- og norðaustanvindum og vegarstæðið upp á heiðina getur öruggglega ekki verið þar.

Ég held hins vegar að ef við viljum virkilega líta til framtíðar ættum við að skoða þessa hugmynd um jarðgöng

yfir í Langabotn. Hreyfa ekkert við Langabotni sem er í raun og veru mjög fallegt náttúruverndarsvæði en fara hins vegar á rifinu fyrir framan fjöruna yfir fjörðinn og með veginn út að sunnanverðu og síðan yfir í fjöruna í Trostansfirði án þess að hreyfa við hvorugum fjarðarbotninum eða því skóglendi og því náttúrusvæði sem þar er.

Ég held að menn ættu að athuga þetta og ég vil varpa þessari hugmynd hérna fram vegna þess að ég tel að hún sé allrar skoðunar virði. Með þessu mundum við ná láglendisvegi á milli allra þessara staða og það er það sem við þurfum. Við þurfum að losna við að fara yfir þessa fjallvegi því að enda þótt snjólétt hafi verið í landinu undanfarin ár munu örugglega koma snjóavetur á komandi árum og áratugum eins og jafnan hefur verið á Íslandi. Ísland færist ekkert úr stað og jafnvel þó að einhver hlýnun verði þá er ekkert samasemmerki milli hlýnunar og úrkomu. Úrkoman til fjalla verður snjór eftir sem áður, hæstv. forseti. Við erum ekki að horfa til þess að Ísland sé komið á breiddargráðu Kanaríeyja eða eitthvað slíkt. Þetta verða menn að hafa í huga.

Ég skora á hæstv. samgönguráðherra að velta þessu máli vandlega fyrir sér og hvert framhaldið eigi að vera þegar við erum búin að gera göngin yfir í Arnarfjörð sem er bráðnauðsynlegt til að losna við þann fjallveg sem hindrar algjörlega samgöngur á milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða, þ.e. Hrafnseyrarheiðin. Það þarf líka að gera átak í veginum milli Hólmavíkur og Drangsness og koma bundnu slitlagi á hann þannig að þeir staðir hafi eðlilegar samgöngur, það þarf að lagfæra veginn norður á Strandir til að nýta þá ferðamannamöguleika sem þar eru og samgöngur fyrir það fólk sem þar býr.

Hæstv. forseti. Sá tími sem er ætlaður í þessar umræður er svo naumt skammtaður að maður ryður ekki úr sér nema kannski helmingnum af því sem maður vildi tala um en ég vænti þess (Forseti hringir.) að fáum við nægan tíma í samgöngunefnd til að fjalla um þessi mál af mikilli skynsemi.

[20:35]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Herra forseti. Þessar umræður um samgönguáætlun til fjögurra ára hafa verið nokkuð athyglisverðar og kannski má segja að ræður einstakra þingmanna hafi borið þess merki hvaðan af landinu þeir koma. Það er kannski eðlilegt og í ljósi þess mun ég fyrst og fremst fjalla um þann þátt þessarar áætlunar sem snýr að mínu kjördæmi, þ.e. Reykjavíkursvæðinu. Það má vel halda því fram að það sé rétt að ræða um samgöngumál sameiginlega fyrir Reykjavík og Suðvesturkjördæmið, þ.e. Stór-Reykjavíkursvæðið, vegna þess að allt er þetta partur af sama samgöngunetinu sem erfitt er að slíta í sundur.

Herra forseti. Það er ýmislegt í þessari samgönguáætlun sem ástæða er til að fagna en þó eru þarna atriði sem ég tel ástæðu til að gera athugasemdir við. Sérstaklega vil ég nefna að það er einkar ánægjulegt fyrir okkur Reykvíkinga og raunar alla landsmenn að í samgönguáætlun þessari sem hér er verið að ræða og sömuleiðis í langtímaáætluninni er gert ráð fyrir lagningu Sundabrautar, einhverju mesta baráttumáli okkar Reykvíkinga, og raunar allra landsmanna, í samgöngumálum. Nú loksins sér fyrir endann á biðinni og það verður hægt að hefja framkvæmdir við Sundabraut, framkvæmd sem vinstri menn í Reykjavík stóðu svo allt of lengi í vegi fyrir að hægt yrði að fara út í.

Ég vil líka nefna annað sem er sérstakt ánægjuefni varðandi þessa samgönguáætlun og það er að nú er gert ráð fyrir því að farið verði í hina gríðarlega mikilvægu framkvæmd við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Hringbrautar, að koma þar upp mislægum gatnamótum á hættulegustu gatnamótum landsins. Þetta er annað verkefni sem vinstri menn í Reykjavík hafa komið í veg fyrir að komið yrði á koppinn en sem betur fer sjáum við Reykvíkingar og reyndar aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins loksins fram á að eitthvað verði gert í þessum málum.

Ég nefni líka sem dæmi um mikilvægar samgöngubætur á Stór-Reykjavíkursvæðinu framkvæmdir við Reykjanesbrautina og þá kannski helst gatnamótin við Bústaðaveg sem ástæða er til að lagfæra sökum umferðarþunga. Hið sama verður sagt um samgöngumannvirki við Hlíðarfót sem auðvitað munu skipta verulegu máli þegar fyrirhugaðar háskólabyggingar verða reistar þar. Þá má ekki gleyma því að við sjálfstæðismenn höfum lengi talað fyrir samgönguumbótum á Kjalarnesi, helst breikkun vegarins þar vestur á land sem hefur verið hættulegur. Ég sé ekki betur en að í þessari áætlun sé gert ráð fyrir bragarbót þar á. Þessu ber að fagna og ég lýsi því hér yfir að ég er geysilega ánægður með þessa þætti áætlunarinnar.

Hitt er svo annað mál að það er ekki allt í þessari samgönguáætlun sem ég felli mig við. Þá eru það fyrst og fremst áform sem fram koma í áætlunum um að byggð verði samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Ég get sem Reykvíkingur ekki fellt mig við það að dýrmætasta byggingarsvæði höfuðborgarinnar verði áfram lagt undir flugvöll. Ég leyfi mér að halda því fram að það sé ekki skipulagslega skynsamlegt fyrir höfuðborgarsvæðið að halda flugvellinum í Vatnsmýrinni. Mér er fullkunnugt um viljayfirlýsingu borgarstjóra og samgönguráðherra um þessi málefni en ég lýsi mig mótfallinn því að reist verði samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni, einfaldlega vegna þess, eins og ég sagði áðan, að ég tel að þarna sé um að ræða dýrmætasta byggingarsvæði höfuðborgarinnar. Það hlýtur að vera hægt að finna flugvallarstæði einhvers staðar annars staðar en á þessu svæði. Ég held að ef við værum að byrja að byggja Reykjavíkurborg upp í dag yrði flugvellinum aldrei valinn staður í Vatnsmýrinni, mönnum kæmi það ekki til hugar.

Ég geri ráð fyrir því að þessari miklu samgöngumiðstöð sé ætlað að hýsa farþega sem ferðast með strætó, langferðabifreiðum og leigubílum, og síðan flugfarþega. Það eru náttúrlega þeir síðastnefndu sem mestu máli skipta. Almenningssamgöngur eru á fallanda fæti eins og menn þekkja og ég tel óráð að fara í 3 milljarða kr. fjárfestingu utan um slíkan rekstur, hvað þá á besta byggingarsvæði landsins.

Það sem er verst í þessu máli að mínu mati er að með því að gera ráð fyrir byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni er verið að festa flugvöllinn í sessi, en það er verið að gera það bakdyramegin. Hverjum dettur í hug að þegar þessi samgöngumiðstöð hefur verið reist, þessi mikla fjárfesting upp á 3 milljarða kr. verður orðin að veruleika,

verði hún rifin ef menn skipta um skoðun og ákveða að færa flugvöllinn eitthvað annað? Auðvitað mun það ekki gerast. Það er ekki raunhæft að halda því fram að ráðist verði í slíka aðgerð þegar miðstöðin hefur verið reist. Ég tel það skyldu mína að koma þessu sjónarmiði mínu hér á framfæri. Það eru vonbrigði að ráð sé gert fyrir þessari samgöngumiðstöð en ég fagna því þó að ekki sé gert ráð fyrir beinum fjárframlögum úr ríkissjóði, heldur sérstakri fjáröflun.

Ég hefði talið skynsamlegra að eyða fjármunum til samgöngumála í önnur verkefni á Stór- Reykjavíkursvæðinu. Hægt væri að telja upp ýmis verkefni, en ég tel eins og ég sagði áðan að það sé ekki borginni okkar til hagsbóta að völlurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Ég tel að með því að gera ráð fyrir byggingu samgöngumiðstöðvar fyrir heila 3 milljarða kr. á þessu svæði séu menn að sýna viðleitni til þess að festa flugvöllinn í sessi til framtíðar á þessu mikilvæga svæði fyrir okkur Reykvíkinga. Því er ég einfaldlega mótfallinn.

[20:43]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Hér hafa verið góðar umræður um þetta mál sem er vissulega þess eðlis að menn láti til sín taka og í sér heyra og skiptist afstaða manna nokkuð eftir því til hvaða byggðarlags þeir telja sig. Er ekki óeðlilegt að mönnum sýnist sitt hvað um þessa samgönguáætlun.

Ég verð þó að segja vegna orða síðasta ræðumanns að þingmenn Reykjavíkur eru auðvitað hver með sitt sjónarmið líka. Af því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson taldi sig sem þingmann Reykjavíkur þurfa að koma því sérstaklega að að hann væri andvígur uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll er ég algjörlega á öndverðum meiði við hann. Ég tel að einn af styrkleikum höfuðborgar séu góðar samgöngur á sjó, landi og í lofti.

Það eru ekki mörg ár síðan Lundúnabúar töldu ástæðu til að byggja upp öflugan innanlandsflugvöll í miðri borg, töldu að það yrði styrkleiki fyrir borgina að bæta samgöngur svo um munaði. Við höfum líka öll orðið vör við það í Reykjavík að umferð hefur nokkuð aukist um Reykjavíkurflugvöll vegna flugvéla sem koma að og fara frá landinu, litlar einkaþotur. Hins vegar hefur snertilendingum og lendingum vegna kennslu fækkað verulega. Við höfum horft til þess að Reykjavíkurflugvöllur hefur skaffað um 1.200–1.400 mönnum atvinnu, það eru bæði störf á flugvellinum og afleidd störf í kringum þá þjónustu sem þar er veitt. Við höfum líka orðið vör við það að peningaleg velta í kringum Reykjavíkurflugvöll er á bilinu 12–14 milljarðar á ári, og hvaða aðili sem stýrir höfuðborg Íslands mundi virkilega leggja sig fram um að kasta þessum atvinnutækifærum og fjármunum á glæ?

Er hún rétt, sú hugsun þessara manna sem segja: Ja, eitt dýrasta byggingarland á höfuðborgarsvæðinu er Vatnsmýrin? Er þá litið til allra átta, sem eðlilegt er þegar horft er til samgöngumála og við sjáum fyrir okkur það umferðaröngþveiti sem þegar hefur skapast í hjarta borgarinnar og ef það ætti að fara að byggja upp 15 eða 20 þús. manna byggð í Vatnsmýrinni og flugvöllurinn færi? Ég sé það ekki fyrir mér og m.a. vegna þess sem ég hef hér talið upp eru annmarkar á því að leggja Reykjavíkurflugvöll niður. Síðast en ekki síst, eins og ég gat um, megum við ekki gleyma einum stærsta tilgangi höfuðborgar ef við viljum að hún beri það nafn með rentu, að hún á að þjóna landsmönnum öllum. Það er eðlilegt að til þeirrar áttar sé litið og við megum ekki og getum ekki, þingmenn Reykjavíkur, litið svo á að Reykjavík sé sérstakt og afmarkað svæði sem ekki eigi að líta til annarra átta en bara innan marka Reykjavíkur. Það skiptir okkur verulegu máli að vera í góðum og skipulögðum samgöngum við hina dreifðu byggð og þess vegna er eðlilegt að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni.

Ég minnist þess að fyrir nokkuð mörgum árum átti ég í miklu orðaskaki við fyrrverandi samgönguráðherra vegna ástands Reykjavíkurflugvallar, lendingarljósa, mikils vatnsaga á vellinum og þeirrar lagfæringar sem auðvitað var nauðsynlegt að gera á Reykjavíkurflugvelli til að hann stæðist kröfur varðandi öryggismál. Var jafnvel orðið hættulegra í miklu vatnsveðri fyrir flugvélar að taka á loft en að lenda og lendingarljósin voru orðin úrelt og gömul. Sem betur fer tóku fleiri þingmenn Reykjavíkur til máls í þeirri orrahríð allri og það varð úr sem betur fer að gert var stórátak í lagfæringu Reykjavíkurflugvallar. Hitt er svo aftur dálítið merkilegt þegar menn fara að ræða um flugstöðina þegar núna loksins á að fara að losna undan húsnæði — eigum við að kalla það samgöngumiðstöð sem var og er á Reykjavíkurflugvelli? — gömlum bröggum frá seinni heimsstyrjöldinni sem hefur verið lappað upp á á sama tíma og búið er að byggja og gera það vel fyrir flugstöðvar annars staðar og jafnvel svo vel að sumar þeirra standa auðar og ónotaðar. Allt um það, við sjáum þó fram undan bót á aðstöðu fyrir flugfarþega og líka þann möguleika að geta enn skilið meira í sundur þá farþega sem fara t.d. í ferðir til Grænlands eða að millilandaflugið verði aðskilið eins og kröfur eru uppi um í dag af öryggisástæðum.

Ég andmæli því að verið sé að festa flugvöllinn í sessi bakdyramegin eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom inn á, það er rangt. Þetta liggur svo opið fyrir og ljóst að það þarf ekki að sækja í nein bakherbergi hvað hér er verið að gera. Eins og ég sagði áðan tel ég sem þingmaður Reykvíkinga að okkur beri fyrst og fremst að þjóna allri landsbyggðinni. Reykjavíkurflugvöllur er vel staðsettur þar sem hann er og þegar til framtíðar verður litið mun hann verða mjög aðlægur umferðinni og valda því að flug verður áfram mikilvægt fyrir okkur í samgöngumálum hér á landi. Ef eitthvað er er ég sannfærður um að flug mun enn frekar ýta undir að fleiri farþegar muni nota sér þá þjónustu sem í boði er hér varðandi samgöngumál á Íslandi.

[20:50]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka hv. þingmönnum fyrir mjög góðar umræður og málefnalegar. Þetta eru afar mikilvægar umræður því um stórt mál er að ræða sem þarf að fara rækilega yfir og auðvelda þannig hv. samgöngunefnd að taka það til meðferðar. Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að fara yfir þau atriði sem hér hafa verið rædd efnislega. Ég held að hv. þingmenn þekki afstöðu mína til mála eins og Reykjavíkurflugvallar, innanlandsflugsins eða samgöngumiðstöðvar o.s.frv. sem var nú síðast

til umræðu. Ég ætla því ekki að lengja þennan fund með frekari ræðuhöldum en þakka þingmönnum fyrir mjög málefnalega umræðu í öllum meginatriðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 1. umr.*

Stjfrv., 588. mál (heildarlög, leyfisveitingar). — Þskj. 873.

[20:51]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi lög um veitinga- og gististaði, hluta áfengislaga og lög um heimild til að marka skemmtunum og samkomum tíma. Það er afrakstur starfa dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis auk þess sem fulltrúar umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga komu að því.

Megintilgangurinn með frumvarpinu er að einfalda leyfisveitingar til reksturs veitinga- og gististaða og draga úr þeim fjölda gagna sem nú þarf. Einnig er tilgangurinn að gera lagaumhverfið sem um þessa starfsemi gildir skýrara og einfaldara og það sé að finna í einum lagabálki í stað þess að vera á víð og dreif í löggjöfinni eins og nú er.

Þá felast í frumvarpinu breytingar á gjaldtöku sem almennt hafa í för með sér minni álögur á starfsemina en samkvæmt gildandi lögum. Ég tel rétt í upphafi að fara yfir það í örstuttu máli hvernig staða leyfismála á þessu sviði er samkvæmt gildandi lögum.

Ef ætlunin er að opna veitingastað þarf almennt að sækja um sex leyfi. Þar er fyrst að nefna að liggja þarf fyrir byggingarleyfi sveitarstjórnar vegna húsnæðis sem reksturinn er fyrirhugaður í. Í öðru lagi er veitingarekstur háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Í þriðja lagi þarf að sækja um veitingaleyfi sem gefið er út af lögreglustjórum og grundvallast það á þeirri starfsemi sem ætlunin er að fari fram á staðnum, t.d. hvort um er að ræða kaffihús eða skemmtistað. Veitingaleyfið felur þó ekki í sér heimild til að selja eða veita áfengi heldur þarf til þess sérstakt áfengisleyfi sem gefið er út af sveitarstjórn. Það er fjórða leyfið sem þarf að sækja um. Í fimmta lagi þarf staður sem ætlar að hafa opið lengur en til kl. hálftólf að kvöldi að hafa sérstakt skemmtanaleyfi sem gefið er út af lögreglustjóra. Sjötta leyfið er síðan tóbakssöluleyfi sem gefið er út af heilbrigðisnefndum.

Öllum þessum leyfum fylgir síðan mismunandi umsóknarferli og gagnaöflun. Það hefur verið talið frekar þungt í vöfum og kallað á margs konar snatt og snúninga þeirra sem vilja reka veitinga- eða gististaði. Þessi leyfi hafa einnig mismunandi gildistíma sem þýðir að endurnýja þarf þau á mismunandi tímum. Auk þess þarf við endurnýjun sumra þeirra að fara í gegnum sama ferlið og þegar sótt var um leyfið í upphafi. Eins og sjá má af þessu eru mál að því er varðar rekstur veitinga- og gististaða á hendi margra og kerfið langt frá því að vera einfalt og aðgengilegt fyrir þá sem þurfa þessi leyfi.

Eins og áður sagði er megintilgangurinn með frumvarpinu að einfalda og gera skýrara það lagaumhverfi sem þessi starfsemi býr við, sérstaklega leyfisveitingar og gagnaöflun. Allnokkur aðdragandi er að frumvarpinu enda hefur á undanförnum árum mikið verið rætt um að einfalda þurfi leyfisveitingar og draga úr þeim fjölda leyfa sem þarf að afla fyrir þessa starfsemi. Frumvarpið á sér þó nokkurn aðdraganda og má rekja upphafið allt til ársins 2002. Í október það ár barst umhverfisráðuneytinu bókun samtaka heilbrigðisnefnda þar sem fram kom nauðsyn þess að samræma skilgreiningarhugtak er varðar veitinga- og gististaði og vinnubrögð þeirra ráðuneyta og stofnana sem koma að þessum málum. Í framhaldinu boðaði umhverfisráðherra til fundar með fulltrúum samgönguráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Hollustuverndar ríkisins, heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Samtaka ferðaþjónustunnar og varð það niðurstaða fundarins að settur yrði á fót starfshópur ráðuneytanna sem skyldi gera tillögur að m.a. einföldun leyfisveitinga. Var meginniðurstaða starfshópsins sú að sameina þyrfti einhver leyfanna og koma útgáfu þeirra á eina hendi.

Í framhaldinu var samgönguráðuneytinu fengið umboð til að fela lögfræðingum í þessum ráðuneytum auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga að gera tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum. Hópurinn skilaði bráðabirgðaniðurstöðu í maí 2006 þar sem lögð var til veruleg einföldun leyfisveitingakerfisins. Í kjölfarið var fulltrúum dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis í starfshópnum falið að semja lagafrumvarp í samræmi við tillögurnar. Frumvarpið sem hér er kynnt er afrakstur þeirrar vinnu. Við samningu þess var haft víðtækt samráð við hagsmunaaðila, bæði leyfishafa og leyfisveitendur, sérstaklega Reykjavíkurborg og lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu en gera má ráð fyrir að þessir aðilar komi að langflestum leyfisveitingum á þessu sviði.

Í frumvarpinu sem hér er lagt fram er að finna ýmis nýmæli og breytingar á gildandi lögum og er rétt að rekja í stuttu máli það helsta. Fyrst ber að nefna að lagt er til að yfirstjórn mála er varða veitinga- og gististaði færist frá samgönguráðuneyti til dómsmálaráðuneytis. Tillaga þessi grundvallast á því að í frumvarpinu er lagt til að leyfisveitingar verði í höndum eins aðila og á sá aðili undir það ráðuneyti. Þá er lögð til sú breyting á gildissviði frumvarpsins að það sé einnig látið ná til sölu og veitingar áfengis. Þar með eru ákvæði um sölu og veitingu hvers kyns veitinga, bæði í föstu og fljótandi formi, áfengra eða óáfengra, að finna í sama lagabálki. Samhliða þessu er lagt til að þau ákvæði áfengislaga sem fjalla um veitingar áfengis verði felld niður.

Ein af mikilvægustu tillögum frumvarpsins er að núverandi veitinga- og gistileyfi og áfengisveitinga- og skemmtanaleyfi verði sameinuð í eitt leyfi sem kallast rekstrarleyfi. Þar með er afnumið það fyrirkomulag að sækja þurfi um þrjú aðskilin leyfi til starfseminnar sem undir frumvarpið fellur og felur það í sér mikla einföldun og hagræðingu fyrir umsækjendur. Af þessari sameiningu leyfa í eitt rekstrarleyfi leiðir að leyfisveitandi verður einungis einn og er lagt til í frumvarpinu að sýslumönnum verði falin leyfisveiting-

in en á höfuðborgarsvæðinu verði það lögreglustjóri sem gefur út leyfin í hans stað.

Í tillögu þessari felst að útgáfa áfengisleyfa er flutt frá sveitarstjórnum enda lagt til í frumvarpinu, eins og áður sagði, að ákvæði gildandi áfengislaga um veitingu áfengis verði felld niður og í stað þess fjallað um veitingu áfengis í frumvarpinu. Þá er lagt til að hægt verði að sækja um starfsleyfi heilbrigðisnefnda samhliða rekstrarleyfi en frumvarpið gerir ráð fyrir að slíkt starfsleyfi sé áfram ófrávíkjanlegt skilyrði rekstrarleyfis. Til einföldunar er gert ráð fyrir að umsækjandi geti sótt um þetta leyfi um leið og hann sækir um rekstrarleyfi.

Rétt er að taka fram að frumvarpið gerir ráð fyrir að áfram þurfi byggingarleyfi sveitarstjórnar þar sem það á við og er gert að skilyrði að það liggi fyrir við umsókn enda er það skilyrði þess að starfsemi sé heimil í viðkomandi húsnæði.

Flokkun gisti- og veitingastaða er breytt verulega frá gildandi lögum. Felast breytingarnar í því að lagt er til að flokkunin miðist við þá starfsemi sem fer fram og þau áhrif sem hún kann að hafa á umhverfið í staðinn fyrir að miða flokkun við búnað eða úrval veitinga eins og nú er. Hér er ekki um neinar sérstakar efnislegar breytingar að ræða á því hvaða starfsemi er leyfisskyld frá því sem er í gildandi lögum heldur snúa breytingarnar að því hvernig þessir staðir eru flokkaðir. Með þessu verður auðveldara fyrir leyfisveitendur og umsagnaraðila að meta hvaða skilyrði þarf að setja fyrir rekstrinum eftir áhrifum á umhverfi og aðstæðum hverju sinni.

Þá er að nefna annan mikilvægan tilgang frumvarpsins sem varðar einföldun á umsóknarferli. Sú einföldun felst fyrst og fremst í því að hægt verður að sækja um rafrænt auk þess sem gagnaöflun getur verið rafræn þar sem því verður við komið. Einnig verður lögð til sú mikilvæga breyting að gagnaöflun sé takmörkuð við umsækjanda og forsvarsmenn lögaðila eingöngu. Þá má nefna þá breytingu sem frumvarpið felur í sér, að settar eru skýrar reglur um þær umsagnir sem leita skal áður en rekstrarleyfi er gefið út. Áfram er gert ráð fyrir að leita skuli umsagna ákveðinna aðila en hins vegar er lagt til að umsagnir verði bindandi. Þar með verður óheimilt að gefa út rekstrarleyfi ef einhver umsagnaraðila leggst gegn því. Með þessu er verið að lögfesta það fyrirkomulag sem hefur hingað til gilt í framkvæmd, sem sé það að þótt umsagnir séu ekki bindandi samkvæmt gildandi lögum er ávallt farið eftir þeim.

Mikilvæg tillaga frumvarpsins snýr að gildistíma rekstrarleyfis en lagt er til að leyfið gildi í fjögur ár. Með tillögunni er afnuminn sá mismunandi gildistími leyfanna sem nú þarf og er það til mikillar einföldunar og hagræðis fyrir rekstraraðila, svo sem vegna endurnýjunar. Í frumvarpinu er lagt til að endurnýjunarferlið verði einfaldað til muna. Felst það fyrst og fremst í því að hægt verði að endurnýja leyfið án þess að fram þurfi að fara umfangsmikil gagnaöflun eða umsagnarferli eins og samkvæmt gildandi lögum. Það gildir þó fyrst og fremst fyrir þá sem hafa verið með reksturinn í lagi á leyfistíma og ef ekki er um neinar breytingar að ræða á starfseminni.

Þá er í frumvarpinu kveðið á um tilkynningarskyldu þeirra aðila sem hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem fellur undir frumvarpið á grundvelli annarra laga, svo sem heilbrigðisnefndar, Vinnueftirlits, slökkviliðs og lögreglu. Skulu þessir aðilar tilkynna leyfisveitendum allar alvarlegar athugasemdir við reksturinn. Er m.a. gert ráð fyrir því í frumvarpinu að leyfisveitandi líti til þeirra athugasemda við endurnýjun auk þess sem hann skal leita þeirra upplýsinga sem hann telur nauðsynlegar.

Í frumvarpinu er einnig fjallað um leyfi sem þarf í einstökum tilvikum og eru lögð til skýrari ákvæði en samkvæmt gildandi lögum. Hér er um tvenns konar leyfi að ræða, annars vegar tækifærisleyfi fyrir einstökum atburðum og skemmtunum sem fram fara utan staða sem hafa rekstrarleyfi og hins vegar tímabundin áfengisveitingaleyfi vegna sölu eða afhendingar áfengis við einstök tækifæri í atvinnuskyni.

Þá eru lögð til í frumvarpinu skýrari viðurlög við brotum. Helsta nýmælið er að lagt er til að lögreglu verði gert skylt að loka stöðum sem stunda starfsemi sem ekki er rekstrarleyfi fyrir eða samrýmist ekki gildandi rekstrarleyfi. Hefur þótt skorta slík ákvæði í gildandi lög og það hefur leitt til þess að ekki hefur verið hægt að grípa nógu tímanlega til nauðsynlegra aðgerða gegn þeim sem eru brotlegir til að það komi að gagni. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á flokkun staða og sameiningu leyfa í eitt rekstrarleyfi leiða óhjákvæmilega til breytinga á gjaldtökunni. Sú breyting sem mestu skiptir er að skemmtanaleyfi í þeirri mynd sem það er nú er fellt niður án þess að annað gjald komi í staðinn og þýðir þetta verulega minni álögur á þá staði sem áður þurftu skemmtanaleyfi.

Ég hef nú stuttlega, virðulegur forseti, rakið helstu breytingar og nýmæli sem felast í frumvarpinu en auk þess er að finna þar skýrari reglur er varða breytingar á leyfi og leyfishafa og einnig um synjun, brottfall, afturköllun og sviptingu rekstrarleyfis. Þær reglur miða að því að reglur um þetta séu skýrar og að réttaröryggis rekstrarleyfishafa sé gætt. Þá er lagt til að meðal skilyrða fyrir rekstrarleyfi sé að umsækjandi sé skuldlaus við skattinn og hafi sent viðeigandi tilkynningar til skattyfirvalda um reksturinn, svo sem vegna virðisaukaskatts og staðgreiðslu skatta. Einnig er lagt til að tryggingar sem handhafar áfengisveitingaleyfis þurfa nú að leggja fram verði afnumdar enda er um sérstaka tryggingu að ræða sem enginn annar atvinnurekstur býr við nema um neytendavernd sé að ræða en svo er ekki í þessu tilviki.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar þær breytingar og þau nýmæli sem felast í frumvarpinu. Ekki er vafamál að um mikilvæga löggjöf er að ræða. Eins og rakið var í upphafi hefur lengi verið þrýst á að gildandi lögum verði breytt og reglur um leyfisveitingar og annað sem þessa starfsemi varðar gerðar einfaldari og skýrari. Ég tel að með frumvarpinu sé að verulegu leyti komið til móts við þær kröfur án þess þó að á nokkurn hátt sé slakað á öryggiskröfum og nauðsynlegu eftirliti, svo sem vegna hollustuhátta, eldvarna og vinnuöryggis. Þvert á móti tel ég að í frumvarpinu felist skýrari rammi um þessa starfsemi og því sé auðveldara um vik að gæta öryggis og almannaheilla auk þess sem skýrt er kveðið á um úrræði ef út af er brugðið.

Virðulegur forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[21:06]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að verið sé að mæla fyrir ákaflega þörfu máli varðandi einföldun á leyfisveitingum og öðru slíku. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. samgönguráðherra. Túlkanir á svokölluðum leyfum varðandi útihátíðir og framkvæmd á þeim hafa löngum verið mismunandi. Það hefur að sumu leyti snúið að sýslumannsembættum og lögregluembættum að því er varðar kostnað, en það hefur oft verið skilyrt í leyfum að menn sæju fyrir ákveðinni gæslu. Leyfishafar útihátíða sæju fyrir ákveðinni gæslu og greiddu hana o.s.frv. Ég veit að hæstv. samgönguráðherra kannast við þessa umræðu úr kjördæmi sínu þar sem menn hafa verið að gagnrýna hvaða álögur væru settar á þá sem vildu halda útihátíðir úti á landi annars vegar og hins vegar hafa menn vitnað til útihátíða hér í Reykjavík að því varðar leyfi og kostnað o.s.frv. Ég heyrði ekki, eða tók þá ekki eftir því, að hæstv. ráðherra viki að því með einhverjum hætti. Ég geri mér grein fyrir því að hluti þess máls tengist dómsmálum og dómsmálaráðuneyti og kostnaði við lögregluefirlit. En þetta hefur samt verið tengt við veitinga- og skemmtanaleyfin úti á landi eins og ég veit að hæstv. ráðherra veit.

[21:08]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var svo sem við því að búast að blessaðar útihátíðirnar kæmu til tals þegar verið er að fjalla um skemmtanaleyfi, svo vinsælar sem þær eru nú. (**Gripið fram í:** Og menningarlegar margar.) Já, mjög margar, rétt að undirstrika það.

Í samræmi við 17. gr. frumvarpsins eru útihátíðir hluti af þessu kerfi og þar er um að ræða svokölluð tækifærisleyfi sem sækja þarf um fyrir einstakar skemmtanir og atburði sem fram fara utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni, eru til þess fallnar að valda ónæði vegna hávaða og kalla á eftirlit og/eða löggæslu. Þarna er sem sagt partur af þessu leyfisveitingakerfi en þarna er einnig verið að einfalda.

Ég vona að með þessari einföldun allri, og það snýr að öllum þáttum og líka útihátíðum, geti kostnaður orðið minni. Ég vona að umhverfið verði allt skipulegra og aðgengilegra fyrir þá sem standa í rekstri, hvort sem um er að ræða veitingahúsarekstur eða skemmtanahald og hvort sem starfsemin er úti eða inni. Tilgangurinn er sá að einfalda hið flókna kerfi sem hefur verið við lýði og vonandi lækka kostnaðinn þegar fram líða stundir.

[21:09]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin. Ég tel að hann hafi í svari sínu gefið þær skýringar að einnig væri stefnt að einföldun og samræmingu að því er varðar leyfi á útihátíðum. Ég fagna þeim skilningi ráðherrans á þessu frumvarpi. Við fáum þetta svo til umfjöllunar í samgöngunefnd og er gott að hafa þar það veganesti sem er svar ráðherrans við fyrirspurn minni.

[21:10]

**Kristján L. Möller:**

Herra forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur flutt frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Ekki er annað hægt en að taka undir það sem sagt er í athugasemdum um þetta lagafrumvarp, sem er markmiðslýsingin. Þar segir, með leyfi forseta:

„Megintilgangur frumvarpsins er að einfalda leyfisveitingar til reksturs veitinga- og gististaða og draga úr þeim fjölda leyfa, gagna og umsagna sem umsækjendur þurfa nú að afla til að hefja slíkan rekstur. Þá er einnig lagaumhverfi fyrir þessa starfsemi gert einfaldara og skýrara með því að kveða á um leyfisveitingar í því sem næst einum lagabálki í stað margra."

Virðulegi forseti. Ég vil gera smáfyrirvara við mál mitt. Ég hef ekki farið yfir allar greinar þessa frumvarps. Það var annar fulltrúi Samfylkingarinnar í samgöngunefnd sem hafði það verkefni en hann þurfti að fara út á land á fund. Ég hef því ekki lesið þetta algjörlega í gegn. En miðað við þá athugasemd sem kemur fram í fyrsta kafla og ef markmiðslýsingin um allt annað í þessu frumvarpi er á þennan veg sé ég ekki annað en þetta sé hið besta mál. Það er verið að einfalda þann skóg leyfa sem þarf til þess að hefja starfsemi af þessu tagi, eða endurnýja leyfi til hennar.

Það þarf að fá byggingarleyfi sem fer í gegnum byggingar- og skipulagsnefnd og væntanlega byggingarfulltrúa. Það þarf starfsleyfi sem fer í gegnum heilbrigðisnefnd og hægt er að kæra til umhverfisráðherra. Tóbakssöluleyfi sem er á verkssviði heilbrigðisnefndar og hægt er að kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Veitingaleyfi sem lögreglustjórar veita og fjalla m.a. um fjárráð og forræði *bús sem heyrir undir samgönguráðherra og má ábyggilega* kæra þangað líka. Svo kemur áfengisvarnaleyfi sem lögreglustjórar og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna annast og sveitarstjórn gefur út og má ábyggilega kæra til dómsmálaráðherra. Síðast en ekki síst er það skemmtanaleyfi, en sækja þarf um sérskemmtanaleyfi eftir því hvort skemmtanir eru lengur en til kl. 23.30 eða eitthvað öðruvísi en það. Sinni lögreglustjóri slíku leyfi má kæra ákvörðunina til dómsmálaráðherra.

Virðulegi forseti. Með fyrirvara um ýmsar aðrar greinar er þessi lagahreinsun, ef svo má að orði komast, eða lagabreyting, hið besta mál. Þetta er sett saman í einu frumvarpi frekar en að staga í mörg önnur lög um þessi atriði. Það er líka til bóta, og dálítið skrýtið að það skuli ekki hafa verið komið á áður, að hægt sé að sækja um þessi leyfi á rafrænan hátt. Það þarf ekki að orðlengja þetta frekar. Það kemur fram í III. kafla, og er ákaflega vel sett upp, hvað verið er að gera. Helstu breytingar eru settar upp í einum sex til átta liðum, og staðfestir það sem áður hefur verið sagt um einfaldleikann.

Ég setti ákveðinn fyrirvara við mál mitt og vil í því sambandi nefna 5. gr. Mér sýnist að verið sé að rýmka örlítið reglur um dvöl ungmenna yngri en 18 ára á veitingastað sem hefur áfengisleyfi. Ég ætla ekki að efna til mikilla umræðna um það í sjálfu sér. Ég hygg að okkar í samgöngunefnd bíði að fá umsagnir og álit frá ýmsum sem ekki vilja mikið hreyfa við þeim málum. En það er dæmi um tvískinnung að 18 ára unglingur megi koma inn á veitingastað

þar sem áfengi er selt en megi ekki kaupa það eða drekka það þar. Ég þori ekki að ræða frekar þessa 5. gr. af ótta við að espa fólk upp til umræðna.

En aðeins varðandi 17. gr., um tækifærisleyfi. Ég held að það heiti svo, já, tækifærisleyfi. Það er, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gat um áðan, leyfi sem hægt er að sækja um vegna útihátíða og annarra menningarviðburða sem haldnir eru vítt og breitt um landið. Þar er höfuðborgin Reykjavík meðtalin en þar fer menningarnótt fram. Ég hef gaman af að benda á þá mismunun sem er á mörgum sviðum og segi því enn og aftur frá því þegar við héldum síldarævintýri á Siglufirði á fyrstu árunum. Aðsóknin var mikil en það var kostnaður sveitarfélaganna, hvað þau þurftu að borga mikið með síldarævintýrinu, sem gerði útslagið. Það var svo sem ekkert sem við sáum eftir, það var meðvituð ákvörðun um markaðssetningu. En ég minnist þess hvað mönnum fannst blóðugt þegar reikningurinn kom frá sýslumanni fyrir löggæslukostnaði á viðkomandi hátíð.

Síðan ætla ég að setja þetta í samhengi og benda á aðstöðumuninn sem er til staðar. Þegar Reykjavíkurborg heldur menningarnótt þarf dálítinn fjölda lögreglumanna til en Reykjavíkurborg greiðir ekkert fyrir þann löggæslukostnað. Ég er ekki að kalla eftir því að Reykjavíkurborg verði endilega rukkuð, en ég kalla eftir jafnræði milli sveitarfélaga og milli þeirra sem halda menningartengdar hátíðir, sama hvort þær heita færeyskir dagar, síldarævintýri, menningarnótt eða annað. Það hlýtur að eiga að gæta jafnræðis á milli aðila, sama hvað hátíðin heitir og sama hvar hún er haldin.

Virðulegi forseti. Í samgöngunefnd, þar sem ég sit, verður farið yfir þetta mál sem er töluvert stórt. Þetta er stórt frumvarp upp á einar 36–37 blaðsíður. Vonandi er blaðsíðufjöldinn til vitnis um það hve mikið þarf að hreinsa til, lagfæra og einfalda. Í lögunum sem út úr þessu koma verða blaðsíðurnar vonandi færri en þær eru nú í öllum þeim lagabálkum sem fjalla um þessi mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[21:17]

**Útbýting:**

Úrvinnslugjald, 451. mál, nál. umhvn., þskj. 928; brtt. umhvn., þskj. 929.

Vextir og verðtrygging, 618. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 918.

## *Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.*

Stjtill., 571. mál (félagaréttur). — Þskj. 849.

[21:17]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 127/2006, um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2005/56/EB, um samruna hlutafélaga yfir landamæri. Eins og með fyrri ákvarðanir er gerð grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með tillögunni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Tilskipunin sem hér um ræðir snertir innri markaðinn og er ætlað að koma til móts við þörf m.a. hlutafélaga í mismunandi ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu til að hafa með sér samvinnu og sameinast, en lagalegir og stjórnsýslulegir erfiðleikar hafa haft áhrif á þessu sviði. Með tilskipuninni er hlutafélögum auðveldaður samruni milli landa, m.a. með tilliti til aðildar starfsmanna og í góðu samræmi við fyrra samkomulag á því sviði eins og greint er frá í tillögunni. Til að ákvæði tilskipunarinnar gildi þarf að koma til samruni hlutafélaga frá minnst tveimur EES-ríkjum, m.a. samlagshlutafélaga og jafnvel einkahlutafélaga. Ríkin geta ákveðið hvort tilskipunin nái einnig til samvinnufélaga. Þau geta og á grundvelli almannahagsmuna og með vissum skilyrðum lagst gegn samruna. Í tilskipuninni er m.a. að finna ákvæði um samrunaáætlun, rannsókn óháðs sérfræðings á henni, meiri hluta atkvæða á hluthafafundum í samrunafélögum, verndarráðstafanir til handa lánardrottnum og skýrslu um áhrif samruna á starfsmenn.

Viðskiptaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur sem ætlað er að innleiða þau ákvæði tilskipunarinnar sem snúa að viðskiptaráðuneytinu. Einnig er unnið að innleiðingu tilskipunarinnar í félagsmálaráðuneytinu en 16. gr. tilskipunarinnar heyrir undir það ráðuneyti.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þingsályktunartillögunni vísað til síðari umræðu og til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á XIX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.*

Stjtill., 572. mál (neytendavernd). — Þskj. 850.

[21:20]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 92/2006, um breytingu á XIX. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2006/2004, um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd. Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri reglugerð sem hér um ræðir.

Reglugerð 2006/2004 varðar samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytenda-

vernd. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja eftirfylgni við lög á sviði neytendaverndar og virkni innri markaðarins með því að koma á samstarfi stjórnvalda yfir landamæri. Ástæðan er sú að með auknum viðskiptum yfir landamæri verður æ algengara að neytandinn og fyrirtæki sem hann á í viðskiptum við séu ekki í sama landi. Án samstarfs milli stjórnvalda er mun erfiðara fyrir þau stjórnvöld sem gæta eiga réttar neytenda í sínu landi að rannsaka og draga til ábyrgðar erlend fyrirtæki, sem gerst hafa brotleg við lög um neytendavernd.

Gildissvið reglugerðarinnar takmarkast við brot á neytendaverndarlöggjöf yfir landamæri. Ýmis svið eru sömuleiðis undanskilin gildissviði reglugerðarinnar, svo sem alþjóðlegur einkamálaréttur og réttarfarsleg samvinna í einkamálum og opinberum málum.

Reglugerðin mælir fyrir um að hvert land skuli tilnefna tiltekið stjórnvald sem aðaltengilið í samstarfinu. Jafnframt skal hvert land tilnefna önnur stjórnvöld í samræmi við skyldur þeirra í tengslum við tilteknar tilskipanir. Þau stjórnvöld sem tilnefnd hafa verið skulu veita sambærilegum aðilum í öðrum EES-ríkjum gagnkvæma aðstoð við tiltekið mál komi fram slík beiðni. Aðstoð stjórnvalds getur falist í rannsókn, heimsókn á starfsstöð fyrirtækis eða jafnvel beitingu þvingunarúrræða.

Unnið er að innleiðingu reglugerðarinnar í viðskiptaráðuneytinu og verður frumvarp þess efnis lagt fyrir Alþingi fljótlega.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.*

Stjtíll., 573. mál (endurtryggingar). — Þskj. 851.

[21:23]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 59/2006, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun nr. 2005/68/EB um endurtryggingar.

Eins og með fyrri ákvarðanir er gerð grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er ákvörðunin prentuð sem fylgiskjal með tillögunni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Tilskipun 2005/68/EB gildir um sjálfstæðan rekstur endurtrygginga af hálfu endurtryggingafélaga sem stunda eingöngu endurtryggingastarfsemi og sem staðsett eru innan Evrópusambandsins. Eftir upptöku gerðarinnar í EES-samninginn munu reglurnar gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Tilskipunin gildir ekki um vátryggingafélög og ekki um endurtryggingar sem eru með ríkisábyrgð.

Í tilskipuninni er mælt fyrir um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að geta hafið rekstur endurtryggingafélags en þau lúta einkum að öflun starfsleyfis frá viðeigandi eftirlitsaðila sem hér á landi verður Fjármálaeftirlitið. Fáist starfsleyfi skal það gilda á öllu efnahagssvæðinu. Um þrenns konar starfsleyfi getur verið að ræða, þ.e. leyfi sem nær til skaðaendurtrygginga, lífendurtrygginga eða hvers konar endurtrygginga.

Meginákvæði tilskipunarinnar fjalla um skilyrði reksturs endurtryggingafélags en þau er að finna í fjórum aðgreindum köflum og er sagt frá efni hvers þeirra í tillögunni sjálfri. Kaflarnir fjalla um meginreglur og umfang eftirlits með endurtryggingastarfsemi, reglur um vátryggingaskuld sem og um gjaldþolsviðmið og ábyrgðarsjóð og loks um afturköllun starfsleyfis.

Þá geymir tilskipunin fyrirmæli varðandi a) takmarkaðar endurtryggingar, b) stofnsetningarrétt og þjónustufrelsi, c) endurtryggingafélög með höfuðstöðvar utan Evrópusambandsins en starfsemi innan þess og d) dótturfélög móðurfélaga sem lög þriðja ríkis gilda um.

Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar í viðskiptaráðuneytinu og er gert ráð fyrir að frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi á næsta þingi. Ekki er fyrirséð að þær breytingar sem tilskipunin kallar á verði viðamiklar enda er markmið tilskipunarinnar að færa reglur um rekstur endurtryggingafélaga til samræmis við gildandi reglur um rekstur frumtrygginga.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Málefni aldraðra, 1. umr.*

Stjfrv., 559. mál (greiðslur fjármagnstekjuhafa í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 834.

[21:26]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga, um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að breyta 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, þannig að þeir sem hafa fjármagnstekjur skuli greiða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Í núgildandi 10. gr. laganna segir að Framkvæmdasjóður aldraðra skuli fá sértekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggi á þá sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Hér er lagt til, eins og áður sagði, að þeir sem hafa fjármagnstekjur greiði einnig gjald í framkvæmdasjóðinn. Undanþegnir gjaldskyldu samkvæmt núgildandi lögum eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur 1.080.067 kr. eða lægri upphæð. Samkvæmt frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir því að þessir aðilar séu undanþegnir gjaldskyldu og til þess að finna tekjuviðmiðunina þegar um hjón eða samskattað fólk

er að ræða skal skipta sameiginlegum fjármagnstekjum jafnt á milli þeirra. Þá hafa skattstjórar einnig heimild til að fella gjaldið niður af öldruðum og öryrkjum undir 70 ára aldri sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum og ekki er gert ráð fyrir að það breytist.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði óbreytt, en það er núna 6.314 kr. á hvern gjaldskyldan aðila samkvæmt lögum nr. 1/2006. Í 11. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. er fjallað um sérstakt gjald vegna Ríkisútvarpsins en þar segir að undanþegnir gjaldinu séu þeir einstaklingar sem ekki skuli sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skuli fá það gjald fellt niður samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga, nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Samkvæmt þessu eiga að gilda sömu reglur um undanþágur frá gjaldskyldu vegna Ríkisútvarpsins ohf. og vegna gjaldskyldu í Framkvæmdasjóð aldraðra. Gera má ráð fyrir að með frumvarpinu fjölgi gjaldendum sjóðsins um 1,5% frá því sem nú er. Ef miðað er við sömu forsendur og liggja að baki áætlun um tekjur sjóðsins á árinu 2007 fjölgar gjaldendum um 2.600 og tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra aukast um 16 millj. kr.

Virðulegur forseti. Í mjög samandregnu máli er hér verið að bæta þeim við sem borga nefskatt í Framkvæmdasjóð aldraðra, bæta þeim við sem hafa fjármagnstekjur, en þeir hafa hingað til ekki greitt þennan nefskatt. Verði frumvarpið að lögum mun það sama gilda um Ríkisútvarpið ohf., en það var gagnrýnt þegar það frumvarp var til umfjöllunar í þinginu á sínum tíma að þeir sem voru með fjármagnstekjur eingöngu sluppu við nefskattinn.

Ég tel mjög æskilegt að frumvarpið hljóti afgreiðslu á vorþingi og leyfi mér að leggja til að því verði vísað til hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar og til 2. umr.

[21:30]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í stuttu andsvari get ég einungis sagt að það er ágætt að ríkisstjórnin skuli bregðast við því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, og sá sem hér stendur, margtók fram og benti á í umræðum þegar verið var að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag, að 2.200 einstaklingar sem á síðasta ári greiddu aðeins 10% fjármagnstekjuskatt greiddu ekki í Framkvæmdasjóð aldraðra og þyrftu því ekki að greiða nefskatt til Ríkisútvarpsins eins og fjallað var um í þeim lögum sem að vísu er ekki fyrr en 2009.

Virðulegi forseti. Ég hef aðeins eina spurningu til hæstv. heilbrigðis- og tryggingaráðherra: Er ríkisstjórnin að bregðast við þeirri gagnrýni sem kom fram frá stjórnarandstöðunni í umræðu um Ríkisútvarpið? Hún fær þá plús fyrir að bregðast fljótt við. Það er þá eins og svo oft áður að fulltrúi stjórnarandstöðunnar þurfti að vekja ríkisstjórnina af værum svefni.

[21:31]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ríkisstjórnin er ekki að bregðast sérstaklega við orðræðunni sem átti sér stað á fyrri tíð varðandi bæði framkvæmdasjóðinn og Ríkisútvarpið ohf. Þetta var rætt í okkar hópi og eftir þær umræður var ákveðið að bregðast við. Ég veit hins vegar að stjórnarandstaðan hefur verið á þessari skoðun, a.m.k. margir sem hafa tjáð sig. Mér heyrist að menn séu sammála um þetta. Það er vilji ríkisstjórnarflokkanna að stíga það skref að undanþiggja ekki þá sem borga einungis fjármagnstekjur, hvorki gagnvart nefskatti til Ríkisútvarpsins ohf. né til Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Mér heyrðist hv. þingmaður segja að um 2.200 gjaldendur væri að ræða en þeir eru 2.600 miðað við þær upplýsingar sem við höfum. Framkvæmdasjóðurinn fær sem sagt 16 millj. kr. út úr þessari breytingu. Ef ég á að setja það í tölulegt samhengi við annað dugar það ekki fyrir einu rými í uppbyggingu. Það kostar rúmlega 18 milljónir að byggja eitt rými, þ.e. bara stofnkostnaðurinn. En við teljum rétt að nálgast þetta á þann veg að allir borgi, líka þeir sem eingöngu hafa fjármagnstekjur.

[21:33]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nokkuð merkilegt að heyra svarið við andsvari hv. þm. Kristjáns Möllers. Hæstv. ráðherra upplýsti að ríkisstjórnin hefði rætt þetta mál í sínum hópi en ekki tekið það sérstaklega upp vegna umræðu stjórnarandstöðunnar.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Ef þetta atriði var rætt í ríkisstjórninni og menn töldu það eðlilegt og réttlætanlegt hvers vegna í ósköpunum lögðu menn þetta frumvarp ekki fram fyrir áramót og létu skattstofninn taka gildi frá og með 1. janúar 2007 en ekki 2008? Þarf alltaf að sparka í rassinn á ríkisstjórninni til þess að hún geri eitthvað?

[21:34]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var skoðað í okkar hópi og niðurstaðan varð sú að flytja þetta frumvarp. Uppspretta málsins er í þeim lögum sem nú eru til umfjöllunar en ekki í frumvarpi um Ríkisútvarpið ohf. Eftir að hafa skoðað þessa hluti og rætt í okkar hópi teljum við eðlilegt að stíga þetta skref. Ég býst við að þetta mál fái nokkuð skjóta afgreiðslu þar sem um það ríkir breið pólitísk samstaða.

Vissulega tengjast önnur mál þessari umræðu og menn geta skoðað það í heilbrigðisnefnd hvort skoða eigi einhvern stærri hóp. Lögaðilar hafa verið nefndir í því sambandi, sá hópur er ekki tiltekinn í frumvarpinu, ég vek athygli á því, þess er ekki krafist að þeir borgi þennan nefskatt. Við töldum ekki rök til þess en heilbrigðis- og tryggingaefnd getur skoðað það. Nefskatturinn er tekinn af fólki með fjármagnstekjur en ekki af lögaðilum eða fyrirtækjum. Röksemdin var sú að lögaðilar eða fyrirtæki nýttu sér ekki beint þessa þjónustu heldur fólk af holdi og blóði. Sjóðurinn byggir upp úrræði fyrir fólk sem í framhaldinu nýtir sér þjónustuna.

[21:36]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta svar var eiginlega enn merkilegra en það fyrra. Hæstv. ráðherra tók sérstaklega fram að þessi aðgerð hefði ekki komið til þegar verið var að ræða Ríkis-

útvarpið ohf. heldur ætti upptök sín í þeim lögum sem verið er að leggja til breytingar á. Fyrri staðhæfing stendur þá, ekki þótti ástæða til að taka þetta mál upp fyrr en vakin var athygli á því af hálfu stjórnarandstöðunnar.

En guð láti gott á vita, ég tek undir það með hæstv. ráðherra. Ég held að það þvælist ekki mikið fyrir okkur að fara með þetta í gegnum þingið.

[21:37]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við fjöllum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra frá 1999. Þar fjöllum við um 10. gr. laganna, um greiðslu í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þeir sem hafa fjármagnstekjur bætast í þann hóp sem greiðir umræddan nefskatt til Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Það er vissulega verið að breyta þessum hlutum, herra forseti, vegna þess að stjórnarandstaðan hefur veitt ríkisstjórninni aðhald. Stjórnarandstaðan vakti athygli á þessu og krafðist réttlætis í þessari skattlagningu. Hingað til hafa þeir sem hafa greitt fjármagnstekjuskatt ekki greitt þennan nefskatt og nú er ríkisstjórnin að bregðast við þeirri gagnrýni. Það er hálfhjákátlegt þegar ráðherra reynir að halda því fram að þetta mál sé framhald af umræðu í ríkisstjórninni. Umræðan í ríkisstjórninni er sprottin af því að stjórnarandstaðan hefur vakið athygli á þessu, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði það mjög rækilega í umræðu um annan nefskatt sem var nefskatturinn til Ríkisútvarpsins ohf.

Mig langar í þessu samhengi að ræða hversu óréttlátir nefskattar í rauninni eru. Þeir bitna misjafnlega á fólki því að allir greiða sömu upphæð hvort sem þeir hafa háar tekjur eða lágar. Mér fannst líka svolítið sérkennilegt að ráðherra skyldi taka það sérstaklega fram að gjaldið væri óbreytt, 6.314 kr. á hvern gjaldanda. Við erum nýbúin að breyta þeirri upphæð þannig að ekki á að þurfa að nefna það hér. Þessu var breytt rétt fyrir áramót í þinginu og upphæðin var hækkuð eins og hún gerir árlega.

Ég hef gagnrýnt nefskatta nánast í hvert skipti sem við höfum rætt þá. Þeir skila sér því miður illa til þeirra verkefna sem þeir eru settir í. Við vitum að nefskatturinn í Framkvæmdasjóð aldraðra hefur alls ekki skilað sér. Í mjög langan tíma, í á annan áratug held ég, hefur rúmlega helmingur af honum skilað sér í uppbyggingu hjúkrunarrýma fyrir aldraða. Það er lýsandi dæmi um það hvernig þessir nefskattar hafa virkað. Svo langt sem það nær er ég sammála því að þeir sem eru með fjármagnstekjur eigi að greiða þennan nefskatt, fyrst við erum á annað borð með hann, og hann á að skila sér í þau verkefni sem til var ætlast.

Varðandi athugasemdirnar segir, og ráðherra kom inn á það í máli sínu áðan, að undanþegnir gjaldinu séu börn innan 16 ára, þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs og aldraðir og öryrkjar undir 70 ára aldri sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. — Þó það nú væri að við færum ekki að rukka fólk á dvalar- og hjúkrunarheimilum, sem er jafnvel bara með vasapeninga, rúmar 23 þús. kr. á mánuði.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, fyrst tækifæri gefst til þess, hvort hún telji, í ljósi þess hvað fólk á hjúkrunarheimilum þarf að greiða fyrir í hverjum mánuði, að 23 þús. kr. í vasapeninga sé ásættanleg upphæð til þeirra sem ekki hafa annað. Í fyrradag fékk ég póst frá manni sem hafði samband við mig vegna móður sinnar sem er á hjúkrunarheimili en hún hefur alla ævi átt við sjúkdóm að stríða. Hún var öryrki áður en hún kom inn á hjúkrunarheimilið, nú er hún öldruð og er eingöngu með vasapeninga. Hún þarf að greiða nánast alla þá upphæð í þjónustu, annars vegar hárþvott og hárgreiðslu eftir vikulegt bað sem henni er boðið upp á á hjúkrunarheimilinu — ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún telji það nægilegt fyrir fólk sem hefur getað farið í sturtu á hverjum degi heima hjá sér að því sé boðið upp á bað einu sinni í viku. Hún lætur sem sagt laga á sér hárið eftir þetta vikulega bað og síðan eru það snyrtivörur og annað sem fólk þarf að nota á hjúkrunarheimilinu eins og heima hjá sér.

Þessi kona, móðir mannsins sem hafði samband við mig, er á níræðisaldri og nú þarf hún ný gleraugu og þau kosta 50–60 þús. kr. Hún hefur alls ekki efni á því að kaupa ný gleraugu fyrir afganginn af vasapeningunum, sem er enginn. Ég spyr hæstv. ráðherra, fyrst við erum að ræða hér um málefni aldraðra: Hvaðan á þessi kona að fá peninga fyrir nýjum gleraugum? Er ætlast til að kona á níræðisaldri fái ekki ný gleraugu síðustu æviárin af því að hún er í þeirri stöðu að vera á hjúkrunarheimili og heimilið borgar ekki hjálpartæki eins og gleraugu? Það er enginn stuðningur nema um sé að ræða sértæk gler í gleraugunum, sem ekki er í þessu tilviki. Þessi gamla kona hefur sem sagt ekki efni á því að fá ný gleraugu. Á hún að búa við það það sem eftir er ævinnar að geta ekki nýtt sér þá sjón sem hún hefur með hjálp gleraugna? Mig langar að benda á þetta vegna þess að tekið er sérstaklega fram að þetta fólk greiði ekki í framkvæmdasjóðinn.

Herra forseti. Á dagskrá eru tvö frumvörp, bæði til bóta held ég. Verið er að gera breytingar á lögum um málefni aldraðra á sama tíma og hæstv. ráðherra er nýbúin að lýsa því yfir, þ.e. í haust, að taka eigi málaflokkinn til gagngerrar endurskoðunar. Hæstv. ráðherra tilkynnti að hún mundi setja starfshóp í það í haust. Sá starfshópur hefur ekki enn verið kallaður saman nú þegar innan við þrír mánuðir eru til kosninga. Hæstv. ráðherra kemur með tvö frumvörp í þingið um breytingar á lögum um málefni aldraðra sem samtök aldraðra, þ.e. bæði Landssamband eldri borgara og Félag eldri borgara í Reykjavík, hafa ítrekað bent á að þurfi að endurskoða í heild.

Hvernig stendur á því að ekki er búið að kalla þann hóp saman sem á að fara í þessa vinnu og hefði getað hafið vinnuna í haust? Hvernig stendur á því að þessi vinna er ekki farin af stað núna rétt fyrir kosningar? Var það einungis sýndarmennska að lýsa því yfir á blaðamannafundum með miklum lúðrablæstri að fara ætti í þessa vinnu eða hvað ræður því að sú vinna er ekki farin í gang? Ég verð að spyrja um þetta í ljósi þeirrar umræðu sem nú fer fram um breytingu á lögum — og ég ætla að nefna Aðstandendafélag aldraðra, AFA, sem einnig hefur farið fram á að farið verði í að endurskoða þessi lög í heild.

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra út í þetta atriði og svo stöðu hjúkrunarsjúklinga sem hafa eingöngu vasapeninga, eins og aldraða konan sem ég nefndi. Hvernig á að ráða bót á því að hún geti fengið það hjálpartæki sem hún

þarf til þess að geta nýtt sér sjónina það sem eftir lifir ævinnar?

[21:47]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hafa orðið um þetta mál. Ég fagna því að almennt er því vel tekið.

Mig langar fyrst að nefna að varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra hefur málum um langt skeið verið þannig háttað að hluti af fjármunum sjóðsins hefur farið í rekstur. Misjafnlega háar upphæðir hafa verið nýttar í rekstur og þær hafa verið að lækka hin seinni ár. Mig minnir að um 200 millj. kr. hafi farið í rekstur upp á síðkastið. Náðst hefur samkomulag um að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að það fjármagn sem hefur farið í rekstur fari ekki lengur í reksturinn heldur verði það tekið beint af fjárlögum og rekstrarféð fari í uppbyggingu rýma. Hins vegar verður áfram gert ráð fyrir því að sjóðurinn geti styrkt verkefni sem stuðla að uppbyggingu í öldrunarþjónustu, eins og ýmis þróunarverkefni og annað slíkt. Það er ekki þannig að allt fjármagnið fari undanbragðalaust í uppbyggingu rýma heldur mun rekstrarféð fara í það. Um þetta náðist samkomulag á milli stjórnvalda og eldri borgara, en Ásmundur Stefánsson, fyrrverandi forseti ASÍ og núverandi ríkissáttasemjari, stýrði því nefndarstarfi. Ég tel að mjög góður árangur hafi náðst úr því nefndarstarfi. Þar á meðal náðist sú niðurstaða að breyta nýtingu á rekstrarfénu, þ.e. að það fari í uppbyggingu á rýmum. Sú er sem sagt orðin niðurstaðan og þetta þrepast inn á næstu tveimur árum. Þá fer þetta fjármagn í uppbyggingu rýma.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að þingmenn geri sér grein fyrir því að við höfum byggt upp mjög mörg rými á Íslandi, mörg hjúkrunarrými, og við vistum hærra hlutfall aldraðra á stofnunum en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Það er búið að byggja upp geysilega mörg rými. Við ætlum að bæta við 374 rýmum á næstu fjórum árum. Ég tel að það sé mjög líklegt, þó ég geti ekki alveg fullyrt það, en sé ekki hvernig hægt er að rökstyðja að svo sé ekki, að við séum þá búin að byggja upp nægjanlega mörg rými í landinu til langs tíma. Það byggi ég á því að þegar við erum að skoða sambærilegar tölur í nágrannaríkjunum eru færri rými þar.

Við þurfum aftur á móti að auka heimaþjónustuna, erum að því smátt og smátt, og ríkisvaldið hefur stóraukið heimahjúkrun. En það er hneyksli að mínu mati og grafalvarlegt að sveitarfélögin hafa upp til hópa ekki staðið sína plikt. Meira en helmingur sveitarfélaga hefur dregið úr félagslegri heimaþjónustu fyrir aldraða. Þetta vilja þau sjálfsagt ekki heyra nefnt en á þann veg er niðurstaða Ríkisendurskoðunar í skýrslu sem kom út í lok árs 2005, frekar nýleg skýrsla. Þar er tekið viðmiðunartímabil 1999–2003. Mér finnst það t.d. mjög eftirtektarvert að Reykjavíkurborg hefur ekki aukið þjónustuna en öldruðum hefur þó fjölgað á þessum tíma. Mér finnst mjög alvarlegt að Reykjavíkurborg skuli hafa verið stikkfrí í þessu, að auka ekki félagslega heimaþjónustu fyrir aldraða. Þaðan hefur aldeilis heyrst hljóð úr horni og stjórnvöld hafa verið gagnrýnd. Ég held að menn ættu að líta sér nær.

Önnur sveitarfélög, ég nefni Kópavog, Garðabæ, Seltjarnarnes, Reykjanesbæ og Ísafjörð, hafa dregið úr þjónustu, þau hafa sem sé fækkað þeim tímum sem eldri borgarar hafa fengið í félagslegri þjónustu. Þjónustan hjá þessum sveitarfélögum hefur minnkað. Hvað er á seyði? Mér finnst þetta mjög alvarlegt. Á sama tíma eykst óöryggi eldri borgara. Fólk sem hefði betur fengið heimaþjónustu fyllist óöryggi og aðstandendur líka. Það fær ekki þá þjónustu sem það á rétt á, það er verið að draga úr henni. Það fyllist óöryggi og þá eykst þrýstingur á biðlistum.

Sveitarfélögin hafa að verulegu leyti brugðist í öldrunarmálum, því miður. Því þarf að breyta. Ég tel mikilvægt í því sambandi að færa málefni aldraðra til sveitarfélaganna. Þá er ábyrgðin þar og þá geta menn einhent sér í að standa betur að málum. Þá tækju sveitarfélögin að sér heimahjúkrunina, sem nú er hjá ríkinu, og líklega færu heilsugæslan og minni sjúkrahús yfir líka. Minni sjúkrahúsin eru að verulegum hluta að verða öldrunarstofnanir. Ég tel að árangur náist með því að færa þetta á eina hendi. Hin leiðin væri að færa þetta allt yfir til ríkisins, þ.e. að taka félagsþjónustu sveitarfélaga fyrir aldraða yfir til ríkisins. Ég á ekki von á því menn vilji upp til hópa gera það og því er fyrsta skrefið að færa málefni aldraðra yfir til sveitarfélaga. Ég ætla að koma lítillega inn á það í seinni hluta ræðu minnar út af spurningum hv. þm. Ástu Ragnheiðar.

Hvað varðar vasapeninga og gleraugu hef ég ekki undir höndum nein gögn. Ég get tekið það mál upp við hv. þingmann síðar, ég ætla ekki að gera það að sérstöku umtalsefni í umræðu um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Ég hef lýst því yfir að ég vilji endurskoða lögin um málefni aldraðra. Nú höfum við lagt fram tvö frumvörp sem snúa að lögum um málefni aldraðra, lítil frumvörp. Þau eru innihaldsrík en ekki er um að ræða heildarendurskoðun laganna, langt frá því. Þó að ég hefði á fyrsta degi mínum í embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sett af stað endurskoðun á lögum um málefni aldraðra efast ég um að við værum með heildarendurskoðun í höndunum í dag því að það er talsvert verk. Það hefði ekki skipt sköpum, þessi frumvörp hefðu eigi að síður verið lögð fram. En það er rétt að ég vil láta fara yfir lögin um málefni aldraðra. Það er hagsmunamál Landssambands eldri borgara og er ég sammála þeim. Ég hef lýst því yfir að ég vilji fara út í þá heildarendurskoðun og er því hissa á því að alltaf er talað eins og einhver andstaða sé í ráðuneytinu eða hjá ráðherra. Svo er alls ekki.

Ég hef beðið í margar vikur eftir tilnefningum í tvær nefndir. Önnur nefndin á að fara í endurskoðun á lögum um málefni aldraðra og hin nefndin á að skoða tilfærslu þjónustu við aldraða til sveitarfélaga. Um er að ræða tvær stórar og mikilvægar nefndir sem snúa að kjarnanum í þessum hagsmunamálum. Við erum tilbúin með allar tilnefningar. Ég er tilbúin með formenn í þessar nefndir. Ég get upplýst það hér að Jón Kristjánsson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra og núverandi hv. þingmaður, hefur tekið sér að leiða fyrri nefndina og Einar Njálsson, sem hefur m.a. verið sveitarstjóri í nokkrum sveitarfélögum, Árborg, Grindavík og Húsavík, og hefur geysilega mikla reynslu af starfsemi sveitarfélaga, hefur tekið að sér að leiða þá síðarnefndu. Ég hef beið í margar vikur eftir tilnefningu — frá hverjum? Jú,

frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ég get ekki sett nefndarstarfið af stað fyrr en þeir eru komnir með tilnefningu, mér finnst ekki við hæfi að setja af stað nefndarstarf sem lýtur að starfssemi sveitarfélaga nema sveitarfélögin séu til staðar. Ég var beðin um skilning, beðin að bíða eftir tilnefningu frá þeim og ég hef gert það. Farið var fram á að beðið yrði með tilnefningar þangað til samráðsfundum Sambands íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra lyki. Sá fundur var síðasta föstudag, 16. febrúar. Ég hafði samband við forustu Sambands íslenskra sveitarfélaga í dag og fékk þau svör að tilnefningarnar verði tilbúnar næsta föstudag.

Ég hef verið að velta því fyrir mér, af því að ég hef beðið þessa viku eftir tilnefningunum, hvort óheppilegt hafi verið að taka það í mál að bíða. Ég hefði kannski átt að setja nefndarstarfið af stað og segja: Þið komið með ykkar fulltrúa þegar ykkur hentar. En svona er maður liðlegur við sveitarfélögin. Ég ákvað að bíða eftir því að þeir tilnefndu fulltrúa þannig að hann gæti verið með frá upphafi. Það er ástæðan fyrir því að nefndin sem ég hef beðið með í höndunum mun ekki verða til fyrr en um næstu helgi.

Ég vona að nefndarstarfið skili sér og breytingar verði til bóta. Þá er ég mjög upptekin af því að sveitarfélögin taki við málefnum aldraðra. Ég held að það gæti orðið mikilvægt og gott skref. Ég óttast hins vegar að sveitarfélögin telji sig ekki fá nægjanlega mikið fjármagn með málaflokknum. Þegar upp er staðið held ég að öll umræðan muni ganga út á það hve mikið fjármagn á að færast með málaflokknum þegar hann fer yfir. Ég tel að menn verði að lenda því með grundvallarbreytingum á tekjustofnum sveitarfélaga, það verði ákveðið kvitt og klárt þegar málaflokkurinn fer yfir og það verði málefni sveitarfélaganna eftir það að sinna þjónustu við aldraða, bæði félagslegri heimaþjónustu og heimahjúkrun og væntanlega þá heilsugæslunni inn á sjúkrahúsin. Þetta er allt að fara af stað en sökum liðlegheita við sveitarfélögin hef ég ekki viljað setja vinnuna í gang nema þau sætu við borðið frá upphafi. Það er skýringin á þessu. En Landssamband eldri borgara veit að mikill vilji er til að fara í gang með þessa vinnu og það hefur skilað inn tilnefningum sínum. Það er alls ekki neitt upp á þau að klaga. Þau eru tilbúin með sitt fólk í þetta starf.

[22:00]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nokkur atriði sem ég ætla að nefna í svari hæstv. ráðherra til mín vegna þess sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Aldraðir eru mjög ósáttir við að verið sé að taka fé úr framkvæmdasjóðnum í alls konar verkefni. Ég hef fengið að heyra það frá fulltrúum þeirra. Ég ætla að vekja athygli á því að það er ekki verið að setja alla peningana úr framkvæmdasjóðnum í uppbyggingu fyrr en eftir að hæstv. ráðherra er hættur á ráðherrastóli. Að minnsta kosti er ekki verið að setja alla peningana sem koma inn í hann á þessu ári í uppbyggingu heldur bara helminginn.

Það segir manni auðvitað að það er verið að setja helminginn af peningunum sem áttu að fara uppbyggingu á þessu ári, í uppbyggingu, hinn helmingurinn fer í annað. Þannig að það er alveg ljóst.

Mér finnst algerlega ástæðulaust að hæstv. ráðherra sé að bíða eftir sveitarfélögunum með þessa vinnu, ef hún ætlar í þessa vinnu á annað borð, sveitarfélögum sem hafa dregið úr þjónustu.

Hæstv. ráðherra gagnrýnir sveitarfélögin og Reykjavíkurborg fyrir að draga úr þjónustu en ég verð að segja það hér að hæstv. ráðherra á nú aðild að stjórnarmeirihlutanum þar. Og ég verð að segja ríkisvaldið hefur líka veitt allt of litla heimaþjónustu. Ég ætla bara að nefna sem dæmi sem ég fékk í gær um 96 ára gamla konu í Reykjavík sem er blind og er með göngugrind. Eina þjónustan sem hún fær eru fimm mínútur á morgnana frá borginni til að klæða hana og fimm mínútur á kvöldin frá ríkinu til að hátta hana.

Það er nú öll heimaþjónustan sem 96 ára gömul kona, sem er blind og á erfitt með að hjálpa sér sjálf, fær (Forseti hringir.) frá ríki og borg.

[22:02]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fé sem hefur farið úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs rýma fer samkvæmt samkomulaginu sem var náð við Landssamband eldri borgara í tveimur þrepum allt yfir í uppbyggingu rýma. Það er alveg ljóst.

Varðandi biðina út af sveitarfélögunum þá er þessi bið í viku í viðbót. Ég velti því fyrir mér núna hvort það hefði átt að bíða, af því þetta varð löng bið. En af tillitssemi við sveitarfélögin, sem skipta auðvitað mjög miklu máli því ef þau vilja ekki taka málaflokkinn þá kemur ekkert út úr þessu nefndarstarfi. Ég taldi því rétt að bíða eftir að þau kæmu með sinn fulltrúa áður en nefndarstarfið hæfist.

Varðandi heimaþjónustuna þá hefur ríkið stóraukið framlög til heimaþjónustu. Stóraukið ár frá ári. En meiri hluti sveitarfélaga hefur dregið úr heimaþjónustu fyrir aldraða. Það er nú bara hinn kaldi raunveruleiki í þessu. Á meðan ríkið hefur verið að bæta við í þjónustunni, þá hafa sveitarfélögin, þ.e. meiri hluti þeirra, meiri en helmingur þeirra, dregið úr þjónustunni. Að vísu hafa sum aukið hana sem betur fer. Það væri rosalegt ef alls staðar hefði verið dregið úr þjónustu.

En mér finnst það samt grafalvarlegt að sveitarfélögin sem gegna svo miklu hlutverki í þjónustunni skuli vera að draga úr slíkri þjónustu. Þessi félagslega heimaþjónusta fyrir aldraða er yfirleitt fyrsta þjónusta sem fólk fær þegar því hrakar. Það er yfirleitt ekki þannig og á ekki að vera þannig að þá komi strax heimahjúkrun inn með fagaðila og hjúkrunarfræðinga. Það á fyrst að koma hin félagslega heimaþjónusta, nema menn séu þeim mun veikari. Þannig að það er grafalvarlegt að meiri hluti sveitarfélaga skuli vera að draga úr þessari þjónustu. Ég kalla það hneyksli.

[22:04]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það bara hneyksli þegar fólk sem er orðið fullorðið og þarf aðstoð til að búa heima, fær ekki viðunandi þjónustu. Þannig er það því miður í dag. Það er fjöldi fólks heima, annaðhvort að bíða eftir að komast inn á hjúkrunarheimili eða þá að það er að reyna að vera heima hjá sér og vill vera heima eins lengi og það getur. Það fær ekki þjónustu við hæfi. Það fær allt of litla þjón-

ustu. Það getur kannski verið heima af því að ættingjarnir hjálpa þeim.

Ég er alveg sammála því að það á að færa málaflokkinn yfir til sveitarfélaganna. Það er stefna Samfylkingarinnar. Við höfum talað fyrir því og þannig á þetta auðvitað að vera. Þetta er nærþjónusta og hún á að vera á einni hendi. Annars er þessi þjónusta bara ekki viðunandi.

En ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hún dæmið sem ég nefndi áðan viðunandi, um 96 ára konu sem er að reyna að vera heima, að hún fái fimm mínútur á morgnana og fimm mínútur á kvöldin, bara til að vera háttuð og klædd? Ég veit að hæstv. ráðherra er sammála (Forseti hringir.) mér um að sveitarfélögin standa sig ekki sem skyldi. En ríkið, hvernig stendur það sig?

[22:05]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get að sjálfsögðu ekkert tjáð mig um einhver einstaklingsmál. Ég get það ekki. Ég verð að treysta á að heimahjúkrunin meti það faglega hvað hver þarf á að halda og félagsþjónusta sveitarfélaga geri það líka. Ég verð að bera traust til þeirra um það mat.

En varðandi það að færa málaflokkinn til sveitarfélaga, sem við erum sammála um, ég og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þá vil ég draga það fram sem ég hef velt svolítið fyrir mér varðandi tilflutninginn á fjármagni. Maður heyrir dálítið hjá sveitarfélögunum, það er ekki niðurstaða, en það sem maður heyrir er að það er hægt að skoða þetta, en að lokum þarf að ákveða hvaða fjármagn fer á milli. Af því það er erfitt og flókið þá verður kannski hægt að setja upp eitthvert fyrirkomulag sem væri þannig að málaflokkurinn færi yfir til sveitarfélaganna og fengi x krónur með, og svo væri það til endurskoðunar eftir einhvern ákveðinn tíma. Þetta þýðir að menn skrifa opinn tékka og ég held að stjórnvöld, (Forseti hringir.) hver sem þá stýrir málum, gætu aldrei samið á þann hátt.

[22:07]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er svolítið merkilegt sem hér kom fram. Hæstv. ráðherra furðar sig á því að mörg sveitarfélög eigi í basli við að standa við skuldbindingar sínar. Það var svolítið merkilegt að ráðherrann skuli undra sig á því.

Það er einfaldlega þannig að það er tekjusamdráttur í mörgum sveitarfélögum og það hafa verið birtar um það skýrslur nýlega að á sumum svæðum landsins hefur efnahagsbatinn verið niður á við, með mínus. Og fólki hefur fækkað alveg geysilega á sumum landsvæðum, upp í 25–30% frá 1997–2006.

Sveitarfélögin eru auðvitað að reyna að baslast við að veita sem besta þjónustu. En þegar þau eiga í raun og veru ekki nægа fjármuni til að veita þjónustuna, þá kemur auðvitað að því að menn eru einhvers staðar að reyna að skera niður.

Ég hygg að tekjuvandi sveitarfélaganna sé að verða eitt stærsta vandamálið sem þarf að taka á í þessu þjóðfélagi, hæstv. forseti, og þar kemur auðvitað margt til. Það eru m.a. einkahlutafélögin, það dregur úr tekjum til sveitarfélaga í gegnum þau. Þeir sem greiða reikning upp á fjármagnstekjuskatt greiða ekki endilega útsvar til sveitarfélaganna o.s.frv.

Þannig að þetta kemur víða við, hæstv. forseti, og það er almennur tekjusamdráttur á sumum svæðum landsins, eins og hæstv. ráðherra hlýtur að vita. Til dæmis er mjög mikil fólksfækkun á Norðvesturlandi, Vestfjörðum, Norðausturlandi og á Suðausturlandi í mörgum sveitarfélögum og þá er auðvitað erfitt að veita fulla þjónustu og sveitarfélögin eiga hreinlega erfitt að standa undir því sem þeim ber þó lagaleg skylda til.

[22:09]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki svona einfalt eins og hér er verið að draga upp. Af hverju í ósköpunum eru Kópavogur, Garðabær, Seltjarnarnes og Reykjanesbær að draga úr félagslegri heimaþjónustu fyrir aldraða? Þetta eru ekki sveitarfélög sem eru í neinu basli. Þetta eru sveitarfélög sem eru í vexti og sókn. Þetta eru meðal ríkustu sveitarfélaga landsins. Þetta eru ekki sveitarfélög sem eru að basla. Alls ekki. En þetta eru sveitarfélögin sem hafa dregið úr félagslegri heimaþjónustu fyrir aldraða samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þannig að þessi röksemdafærsla heldur ekki.

Það eru hugsanlega einhver sveitarfélög sem hafa þurft að draga úr þjónustunni af því þau eru í basli. En þetta heldur ekki. Sú röksemdafærsla heldur ekki gagnvart stóru sveitarfélögunum hér á höfuðborgarsvæðinu sem hafa verið að draga úr þjónustu við aldraða.

Mér fannst mjög eftirtektarvert í kosningabaráttunni fyrir sveitarstjórnarkosningarnar síðasta vor, að þá var sameiginlegur kór sveitarfélaga að gagnrýna stjórnvöld út af málefnum aldraðra. Sameiginlegur kór og m.a. þeirra sveitarfélaga sem ég er búin að lesa hér upp að drógu úr þjónustunni við aldraða meðan ríkið hefur verið að auka þjónustuna og bæta við fjármagni. Þá er verið að skerða tímana sem þessi stóru sveitarfélög settu inn í málefni aldraðra. Þannig að þetta er ekki svona einfalt að fátæk sveitarfélög séu að draga úr. Það eru líka forrík sveitarfélög sem gera það.

[22:10]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nú nokkuð merkilegt. Þetta er samstarfsflokkur Framsóknarflokksins í ríkisstjórn sem stjórnar í sveitarfélögunum í Reykjavík, Garðabæ og Kópavogi eða er ekki svo, hæstv. forseti? (**Gripið fram í:** Og Seltjarnarnes líka.) Sjálfur Sjálfstæðisflokkurinn.

Þannig að það er greinilegt að hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri gerir í samstarfi ríkis og sveitarfélaga ef þessar fullyrðingar ráðherrans eru réttar. Ég get svo sem ekkert dregið það í efa, hef engin rök til þess.

En það sýnir að forgangsröðun ráðandi flokka í ríkisstjórninni er sú að draga úr þjónustu við eldri borgara. Það var ákaflega merkilegt að hæstv. heilbrigðisráðherra skuli gefa slíka yfirlýsingu hér.

[22:11]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er bara ekkert merkileg yfirlýs-

ing. Þetta eru upplýsingar úr skýrslu Ríkisendurskoðunar sem allir þingmenn hafa getað lesið, hægri eða vinstri ef þeir hafa viljað, frá október árið 2005. Þar stendur þetta svart á hvítu. Þegar reiknaðir eru upp tímarnir sem fara í félagslega heimaþjónustu fyrir aldraða hjá sveitarfélögunum, þá stendur Reykjavíkurborg í stað á meðan öldruðum hefur væntanlega fjölgað. Þannig að Reykjavíkurborg er þá væntanlega að draga hlutfallslega úr þjónustunni. Og Framsóknarflokkurinn átti aðild að því.

Þetta var undir forustu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar, sem ætlar núna að reyna að slá í gegn með einhverjum yfirboðum. En undir forustu hennar í Reykjavík á árunum 1999–2003 var hlutfallslega dregið úr félagslegri heimaþjónustu.

Það eru Kópavogur, Garðabær, Seltjarnarnes, Reykjanesbær og Ísafjörður, sem eru tilgreind sérstaklega í skýrslunni. En þar eru ekki tilgreind öll sveitarfélögin. Það er örugglega hægt að fá upplýsingar um það. Svo eru tilgreind sveitarfélög sem hafa aukið.

Það eru því þessi ríku og sterku sveitarfélög hér á höfuðborgarsvæðinu, mörg þeirra, sem hafa dregið úr þjónustu sinni við aldraða. Sveitarfélögin sjálf. Það finnst mér grafalvarlegt.

[22:13]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra flutti athyglisverða ræðu um margt, og ágæta. Miklar vangaveltur um málefni aldraðra og framtíðarhugmyndir þar að lútandi. Ekkert nema gott um það að segja ef ekki væri fyrir þá sök að kjörtímabilið og valdatími Framsóknarflokksins er nær á enda runninn.

Ekkert upp á eldri borgara að klaga, segir hæstv. heilbrigðisráðherra og vísar þar í skipan í nefnd en hún bíður reyndar eftir tilnefningum frá þeim. Vandinn er sá að eldri borgurum finnst ýmislegt upp á ríkisstjórnina að klaga, þá ríkisstjórn sem hefur setið hér að völdum — þá er ég að vísa í samstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks — síðan vorið 1995. Eftir því sem ég best veit hefur Framsóknarflokkurinn farið með heilbrigðisráðuneytið allan þann tíma.

Eldri borgarar og samtök eldri borgara eru mjög óánægð með framgöngu Framsóknarflokksins í heilbrigðismálum á þessum tíma. Það höfum við heyrt aftur og ítrekað. Og nú spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra: Er við hæfi á síðustu metrum kjörtímabilsins að skipa í nefndir sem eiga að hafa með framtíðarstefnumótun að gera? Ég hef vissulega verið fylgjandi slíkri stefnumótun og slíku nefndarstarfi, en (Forseti hringir.) hefði þetta ekki þurft að koma til fyrr, ella bíða byrjunar næsta kjörtímabils?

[22:15]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ekkert því til fyrirstöðu að þetta nefndarstarf fari í gang. Verði stjórnarskipti sem enginn auðvitað veit, það er bara eitthvað sem kemur í ljós, og komi hér nýr meiri hluti sem vill breyta þessu nefndarstarfi þá gerir hann það. Það er ekkert nýtt í því. Þannig er alltaf unnið. Stjórnsýslan getur ekki stöðvast af því að kosningar eru í nánd, alls ekki. Ég hefði gjarnan viljað að þetta nefndarstarf hefði verið komið á núna en eins og ég sagði áðan kaus ég af tillitssemi við sveitarfélögin, sem skipta auðvitað geysilega miklu máli í þessu, að bíða eftir því að þau kæmu með fulltrúa sína í báðar nefndirnar, bæði til að endurskoða lögin um málefni aldraðra og að fara í þá vinnu að skoða hvernig færa eigi málaflokkinn til sveitarfélaga. Mér fannst eiginlega ekki við hæfi að byrja þetta nefndarstarf nema þeir sætu við borðið en því miður hef ég þurft að bíða þennan tíma eftir þeim. Þannig er það, það er ekki á allt kosið í þessu. Landssamband eldri borgara þekkir til þessa vilja míns og það hefur skilað inn tillögum sínum um fólk til að vera í samstarfi við okkur í þessum tveimur nefndum. Ég tel ekki að stjórnsýslan og stefnumótunin eigi að stöðvast þó að kosningar séu í nánd en fari svo að nýr meiri hluti taki við stjórn getur hann aflýst þessu starfi eða breytt því eða sameinað nefndirnar í eina eða guð má vita hvað. Það er allt opið í þessu eins og öllu öðru og það er ekkert nýtt.

[22:17]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hæstv. heilbrigðisráðherra að það væri óeðlilegt að stjórnsýslan stöðvaðist í aðdraganda kosninga en spurningin er hvort hún eigi að örvast í aðdraganda kosninga eins og yfirleitt vill verða. Ég hafði orð á því í þessum ræðustól fyrir nokkrum dögum, í tilefni af einhverjum framtíðarnefndum og loforðum inn í næsta kjörtímabil, að ráðuneytin breyttust í aðdraganda kosninga og yrðu að eins konar kosningaskrifstofum stjórnarflokkanna. Það verður fylgst mjög rækilega með stjórninni hvað þessu viðkemur og mér fyrir mitt leyti finnst mjög óviðkunnanlegt þegar ráðherrar gæta ekki hófs í aðdraganda kosninga.

[22:18]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna þess nefndarstarfs sem er að fara í gang núna og hefst væntanlega strax eftir helgi, þá eru alla vega allar tilnefningar loksins komnar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þá tel ég að það nefndarstarf sem þá verður komið í gang muni nýtast hvort sem það verður sama ríkisstjórn eða sami ráðherra sem fer með málaflokkinn. Ég vildi gjarnan fara með þennan málaflokk áfram, þetta er geysilega spennandi málaflokkur. Ég tel að nefndarstarfið muni nýtast, það er oft þannig í nefndarstarfi að mjög mikil gagnaöflun fer fram í upphafi og ég hef því engar áhyggjur af þessu. Ég held að það sé gróði að byrja á þessu starfi og svo verða menn bara að sjá hvernig það þróast. Þetta er geysilega flókið verkefni, báðar nefndirnar standa frammi fyrir mjög flóknu verkefni þannig að það mun taka tíma. Ég held að ég geti fullyrt að engar tillögur verði á okkar borðum á næstu mánuðum, þetta er það flókið og stórt verkefni.

[22:19]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til að fyrirbyggja að einhvers misskilnings komi til með að gæta varðandi það sem ég hef sagt. Ég er í sjálfu sér ekki að

leggjast gegn þessari nefndarskipan og vil á engan hátt bregða fæti fyrir hana. Ég er einvörðungu að vekja athygli á því að kjörtímabil ríkisstjórnarinnar er á enda runnið og hún á að gæta hófs þegar kemur að vangaveltum um framtíðina. Menn geta gert það í kosningaloforðum og kosningabæklingum, ekki í bæklingum sem framleiddir eru á kostnað skattborgarans, það á að gera á kostnað flokka og koma fram í nafni flokkanna. Ég er að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir þetta. Ég hef orðið þess var að undanförnu að ráðherrar eru margir að færa sig upp á skaftið og ég kvíði þeim tíma þegar þingi lýkur. Það er stefnt að því að ljúka þinghaldinu um miðjan marsmánuð og mér segir svo hugur að þá fyrst verði skærin tekin fram fyrir alvöru og þá hefjist miklar borðaklippingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Málefni aldraðra, 1. umr.*

Stjfrv., 560. mál (vistunarmatsnefndir). — Þskj. 835.

[22:21]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að vistunarmat aldraðra, þ.e. faglegt einstaklingsbundið mat á þörf aldraðra einstaklinga fyrir vistun í dvalar- eða hjúkrunarrými eða önnur úrræði verði fært frá þjónustuhópum aldraðra á hendur fárra faghópa sem sinni því hlutverki eingöngu. Markmiðið með þessu er að stuðla að auknu samræmi við gerð vistunarmats og tryggja eins og kostur er faglegar og samanburðarhæfar niðurstöður matsins um allt land. Þetta er í samræmi við tillögur Ríkisendurskoðunar í stjórnsýsluúttekt á þjónustu við aldraða frá því í október árið 2005. Í þeirri skýrslu sem við gerðum hér að umtalsefni áðan benti Ríkisendurskoðun á að vísbendingar væru um að þjónustuhópar aldraðra hefðu misgóðar forsendur til að sinna þessu hlutverki og kanna þyrfti hvort ekki ætti að fækka hópunum og veita þeim betri fræðslu í þeim aðferðum sem beitt er við að meta vistunarþörf einstaklinga.

Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi eru þjónustuhópar á landinu um 40 talsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja manna nefndir fagfólks og jafnmarga varamenn með sömu menntun og aðalmenn til að sinna vistunarmati aldraðra. Nánar verður kveðið á um framkvæmd og fyrirkomulag vistunarmatsins í reglugerð en fyrirhugað er að fagnefndir sem sinna vistunarmati verði 6–9 á landinu öllu. Skynsamleg nýting dvalar- og hjúkrunarrýma ræðst að verulegu leyti af framkvæmd vistunarmats og vistun aldraðra á stofnanir. Miklu skiptir að einstaklingar fái þá þjónustu sem þeir þarfnast á því þjónustustigi sem best hentar þörfum þeirra á hverjum tíma. Stefna stjórnvalda í málefnum aldraðra er sú að styðja aldraða til að búa sjálfstæðri búsetu á eigin heimili eins lengi og unnt er eins og kveðið er á í lögum um málefni aldraðra.

Kannanir hafa sýnt að aldraðir vilja almennt búa heima eins lengi og kostur er með eða án heimaþjónustu. Engu að síður er hlutfall aldraðra á stofnunum hér á landi nokkuð hátt í samanburði við nágrannaþjóðir okkar. Kannanir sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur staðið fyrir hafa leitt í ljós að hátt hlutfall aldraðra sem búið er að meta í þörf fyrir vistun á dvalar- eða hjúkrunarheimili geti að eigin mati og að mati aðstandenda sinna búið áfram heima við óbreyttar aðstæður og enn fleiri með auknum stuðningi. Þetta bendir til þess að biðlistar gefi að einhverju leyti ranga eða villandi mynd af raunverulegri þörf fyrir stofnanarými. Langir biðlistar hafa tilhneigingu til að lengjast vegna þess að fólk telur að með því að skrá sig tímanlega á biðlista geti það tryggt sér þjónustu þegar það þarf hennar mögulega með í framtíðinni. Ég bendi aftur á það sem rætt var áðan að þar sem dregið hefur verið úr félagsþjónustu fyrir aldraða hjá sveitarfélögum hefur það skapað óöryggi sem eykur þungann á að fólk vilji fara á biðlista.

Þegar öldrunarstofnanir taka inn nýja vistmenn ber þeim að láta þá ganga fyrir sem lengst hafa beðið með brýna eða mjög brýna þörf fyrir vistun samkvæmt vistunarmati. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að vistunarmat sé unnið á eins faglegan og samræmdan hátt og kostur er til að tryggja að þeir fái hjúkrunarrými sem helst þurfa á því úrræði að halda og að enginn sé vistaður á stofnun á röngum forsendum án þess að þörf eða vilji sé fyrir hendi.

Samkvæmt frumvarpinu mun ríkissjóður að öllu leyti taka á sig kostnað vegna vistunarmats en gert er ráð fyrir að meðalverð hvers mats verði á bilinu 35–40 þús. kr. eða um 60–70 millj. kr. á ári miðað við sama fjölda mata og gerð hafa verið að undanförnu. Er þá get ráð fyrir fækkun matsnefnda og auknu hagræði sem felst í því að hver nefnd vinni mun fleiri möt. Miðað er við að breytingin taki gildi 1. janúar 2008. Með þessu er verið að taka að hluta til kostnað af sveitarfélögunum sem mun þá lenda á ríkinu í stað þeirra.

Virðulegi forseti. Ég tel brýnt að frumvarp þetta hljóti afgreiðslu á vorþingi svo unnt sé að hefja undirbúning að þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér. Því leyfi ég mér að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

[22:27]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkisendurskoðun bendir á það fyrir rúmu ári, í október 2005, að gera þurfi þessar breytingar, að samræma þurfi vistunarmatið, að gera þurfi þessar breytingar sem verið er að leggja til. Hér kemur frumvarp sem ráðherra leggur til að gert verði að lögum á vorþinginu en það á ekki að taka gildi fyrr en í janúar 2008. Hvers vegna er verið að bíða með það til janúar 2008? Hæstv. ráðherra á eftir innan við þrjá mánuði í embætti og Ríkisendurskoðun bendir á þetta fyrir rúm ári. Hvaða slóðaháttur er þetta?

Við vitum að það er alls ekkert samræmi í vistunarmatinu. Það sjá allir sem hafa fylgst með þessum málaflokki. Ég verð að segja, herra forseti, varðandi þetta tal um gerð hafi verið könnun á því hve margir sem eru á hjúkrunarheimilum gætu að eigin mati verið heima hjá sér, að þá er ég alveg sannfærð um að það eru ekki hjúkrunarsjúkling-

arnir á höfuðborgarsvæðinu því að þar kemst enginn inn á hjúkrunarheimili nema ... (Gripið fram í.) Sem er á biðlistunum? Fólk fær ekki einu sinni vistunarmat nema það sé orðið mjög illa statt heilsufarslega. (Gripið fram í.) Jú, það er bara þannig. Fá þeir vistunarmat sem eru ekki í brýnni þörf? Ég ætla að fara í ræðu um það á eftir að það voru fréttir af því í sjónvarpinu nýverið einmitt um fólk sem er í þessari aðstöðu að það fær ekki vistunarmat og kemst ekki á biðlista.

[22:29]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er alltaf verið að stagla á því að hæstv. ráðherra eigi þrjá mánuði eftir í embætti. Það veit bara ekki nokkur lifandi maður. Það getur farið þannig að ráðherrann verði áfram í þessum stól og ég sækist eftir því. (Gripið fram í.) Já, það kemur bara í ljós. Menn geta því hætt að staglast á því endalaust og skemmt sér yfir því eins og ég sé að hv. þingmenn eru að gera. Þetta er alla vega málaflokkur sem sú er hér stendur vill gjarnan spreyta sig á áfram.

Ég tel að það þurfi að undirbúa þessa breytingu. Þess vegna er sett inn í frumvarpið að hún eigi að taka gildi 1. janúar 2008. Meti heilbrigðis- og tryggingnefnd það svo að þetta geti tekið skemmri tíma er það þá til skoðunar. Ef þingið vill að þetta nýja fyrirkomulag taki gildi fyrr sé ég alveg ákveðin rök fyrir því líka en það verður auðvitað að vera hægt að koma þessum nefndum upp, þessum 6–9 fagnefndum, og það tekur örugglega tíma. Þær þarf að skipa og setja þetta nýja fyrirkomulag í gang. Þetta er það mat sem við höfðum á gangi mála, að eðlilegt væri að gefa þennan aðlögunartíma ef frumvarpið yrði samþykkt, væntanlega um miðjan mars. Þingið á að ljúka vinnu í kringum 15. mars.

Varðandi þá sem eru á biðlista þá höfum við gert rannsóknir á biðlistum í Hafnarfirði og Reykjavík. Það er verið að vísa í þá biðlista, það er hátt hlutfall sem er á þeim biðlistum sem telur sig geta verið áfram heima og líka aðstandendur þeirra. Reyndar voru þeir líka spurðir í Hafnarfirði sem komnir voru inn á stofnun og þeir töldu sig hafa getað verið lengur heima með auknum stuðningi

[22:31]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað vilja allir vera heima hjá sér eins lengi og þeir geta. En ég verð að segja að ég er ekki viss um að fólk sem er komið inn á hjúkrunarheimilin eftir langa og erfiða bið í brýnni þörf átti sig alltaf á því hvort það geti verið heima. Að minnsta kosti getur það ekki verið heima með þá lélegu heimaþjónustu sem boðið er upp á hérna á höfuðborgarsvæðinu. Hún er ekki viðunandi og með þá þjónustu er ekki hægt að vera heima nema aðstandendur búi í sama húsi og hinn aldraði eða að þeir komi og hjálpi honum, þannig að hann geti verið heima. Þannig er ástandið í heimaþjónustunni á höfuðborgarsvæðinu núna. Það líður varla sá dagur að það hafi ekki einhverjir samband við mann út af því að þeir eru að gefast upp á því að vera með sína nánustu heima, jafnvel á biðlista, og eru að kikna undan þjónustuleysinu. Ég bendi á mjög vandaða umræðu sem var í Kastljósi sjónvarpsins fyrr í kvöld um alzheimersjúklinga og aðstandendur þeirra. Þar var talað við aðstandendur alzheimersjúklinga og kom mjög vel í ljós hve mikill skortur er á þjónustu við þann hóp. Það á örugglega eftir að koma enn betur í ljós enda kom það vel fram í umræðu sem við áttum hér í vetur að þar er víða pottur brotinn. En þetta tal allt saman um það að fólk geti verið lengur heima, það getur ekki verið lengur heima nema það fái viðunandi þjónustu og hún er ekki til staðar í dag, a.m.k. ekki í Reykjavík og ekki á höfuðborgarsvæðinu.

[22:33]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar bæði í Hafnarfirði og í Reykjavík á biðlistunum sýna að bæði þegar hinn aldraði sjálfur og aðstandendur svara spurningunum kemur í ljós að það er nokkuð hátt hlutfall sem búið er að meta í þörf fyrir vistun og til dvalar á hjúkrunarheimili, eru komnir með vistunarmat, sem geta að eigin mati og mati aðstandenda sinna búið áfram heima við óbreyttar aðstæður og enn fleiri með auknum stuðningi þannig að þetta eru mjög sterkar vísbendingar um að biðlistarnir gefa villandi mynd. Hið sama blasir við þegar skoðað er að við hýsum hlutfallslega fleiri aldraða inni á stofnunum en nágrannaríki okkar.

Hvað segir það okkur? Það segir okkur að þessir biðlistar gefa villandi mynd. En ég er sammála því að heimaþjónustan er það sem á að fara í að skoða og ríkið hefur aldeilis staðið sig í að auka hana. Framlög til heimahjúkrunar frá heilsugæslustöðvunum hafa verið stóraukin. En ég hef miklar áhyggjur af sveitarfélögunum sem hafa annaðhvort staðið í stað eða hlutfallslega dregið úr þjónustu eins og Reykjavíkurborg og það er ekki lítið sveitarfélag. Það er yfirburða stærsta sveitarfélagið í landinu. 1999–2003 stóð tímafjöldinn í stað meðan öldruðum fjölgaði þannig að það segir manni bara að hlutfallslega er verið að draga úr þjónustunni og í þessum stóru sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, eins og í Kópavogi, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Reykjanesbæ og á Ísafirði, þar er verið að draga úr þjónustunni. Þetta segir mér að sveitarfélögin sérstaklega þurfa að bæta þjónustuna við aldraða heima og svo þegar við erum búin að byggja upp 374 rými þá erum við líklega búin að byggja upp nóg af rýmum.

[22:35]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, hér er verið að leggja upp með verulega breytingu á svokölluðu vistunarmati með því að fækka starfshópum úr 40 niður í 6–9 og færa kostnaðinn yfir á ríkið frá sveitarfélögunum. Ég sé hins vegar í umsögn fjármálaráðuneytisins að talað er um að þessi kostnaður verði á bilinu 60–70 millj. kr., að mati fjármálaráðuneytisins. Ef maður hins vegar skoðar það að 340 möt hjá Reykjavíkurborg kosta 20 millj. og 400 þús. kr., miðað við að hvert þeirra kosti 60 þús. kr., þá sýnist mér að það sé ekki víst að menn séu að spara með þessu fyrirkomulagi og ég dreg þá ályktun vegna þess að hér erum við að fækka þessum hópum niður í 6–9 á landinu öllu og ráðherra leggur það upp að hér sé verið að stofna til þess að auka faglegt mat o.s.frv.

og skal ekki gert lítið úr því. En ég sé ekki í umsögn fjármálaráðuneytisins hvernig þeir í raun og veru meta þetta. Við erum að tala um 1.700 vistunarrými á landinu öllu og ef þau eru áfram 1.700 eða fjölgar, þá geri ég ráð fyrir að það þurfi allverulegan ferðakostnað ef nefndirnar eiga að vera fáar, ferða- og dvalarkostnað, og það lendir væntanlega á ríkinu. Ég dreg það því mjög í efa að hér sé verið að setja fram réttar tölur varðandi kostnað og að nefndum fækki þá held ég að kostnaður við ferðalög og ég tala ekki um að þegar eru teknir inn í þetta fagaðilar eins og læknar og hjúkrunarfólk þá kostar það auðvitað sitt. Ég spyr ráðherrann hvort hann telji að þær tölur sem hér er rætt um fái yfirleitt staðist.

[22:38]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki tilgangur frumvarpsins að spara en mér fannst eins og hv. þingmaður gæfi það í skyn. Það er ekki tilgangurinn. Tilgangurinn er að auka faglegt mat og samræma matið. Nú eru hóparnir 40 og það komu ábendingar frá Ríkisendurskoðun — það þurfti svo sem ekki þær til, því þetta hafa menn sagt líka í ráðuneytinu og þeir sem þekkja öldrunarþjónustuna best, að matið er mjög ósamræmt í dag. Það þarf að auka faglega aðkomu að því hvernig er metið og mér finnst það bara vera réttindi hinna öldruðu að fá faglegt og gott mat sem er samræmt á milli svæða. Það er tilgangur frumvarpsins.

Varðandi kostnaðarútreikninga fjármálaráðuneytisins þá geri ég ekki athugasemdir við þá útreikninga. Við gáfum þeim auðvitað ákveðnar upplýsingar sem við höfðum um hvað mötin kostuðu eða hvað menn töldu að mötin kostuðu og ferðakostnaður og annað slíkt, ég get ekki dregið þessa útreikninga fjármálaráðuneytisins í efa en mér finnst alveg eðlilegt að heilbrigðisnefndin skoði það og ef eitthvað er að kostnaðarmatinu þá þarf auðvitað að skoða það. En ég hef ekki forsendur til að draga það í efa á þessu stigi.

[22:39]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér segir að meðalkostnaðurinn við matið í Reykjavík sé 60 þúsund. Hér er gert ráð fyrir að meðalkostnaðurinn við matið verði 35–40 þús. Svo segir hæstv. ráðherra að ekki sé ætlunin að spara í þessu en það virðist vera gengið út frá því að kostnaðurinn minnki um hvorki meira né minna en lágmark 20 þús. að meðaltali í hverju mati þrátt fyrir að hér sé verið að setja inn fagaðila sem væntanlega taka kaup fyrir vinnu sína. Og miðað við að þeim fækki þá hlýtur ferðakostnaður að aukast þó ég geri ekki lítið úr því að það fólk sem vinnur þessi verk og með því að það sé sama fólkið að vinna það að ekki sé það á mörgum stöðum þá fylgir því fagþekking og hóparnir verði kannski betur hæfir til að vinna þessa vinnu. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég átta mig alls ekki á því hvernig þessi tala, 35–40 þúsund, er fengin þegar hvert mat kostar 60 þús. í dag og átta mig ekki á því að þessar upplýsingar skuli vera byggðar á upplýsingum heilbrigðisráðuneytisins sem það hafi gefið fjármálaráðuneytinu. Mér finnst vanta mikið upp á það að hér séu réttir útreikningar kostnaðarlega séð og ég tel að þegar til kemur að nefndunum verði fækkað þá hljóti ferðakostnaður og dvalarkostnaður að aukast, fyrir utan það að við erum að setja fagfólk inn í þessar nefndir. Mér vitanlega er það fólk ekki með minni laun en það hefur verið í þessum nefndum áður þó að ég viti ekki nákvæmlega hvernig þær hafa verið skipaðar, hæstv. forseti. En ég verð að segja að ég leyfi mér að draga þá útreikninga sem hér eru settir á blað mjög í efa.

[22:41]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef ég les þetta upp úr umsögn fjármálaráðuneytisins eða kostnaðarmatinu þá kemur fram að samkvæmt frumvarpinu mun ríkissjóður að öllu leyti taka á sig kostnað vistunarmata en gert er ráð fyrir að meðalverð hvers mats verði á bilinu 35–40 þús. kr. eða 60–70 millj. kr. á ári miðað við sama fjölda mata. Er þá gert ráð fyrir fækkun matsnefnda og auknu hagræði sem felst í því að hver nefnd vinni mun fleiri möt. Þarna er sem sagt verið að reyna að vigta það inn í að þetta eru færri nefndir og það felst aukið hagræði í því að hver nefnd vinni mun fleiri möt.

Auðvitað á talan að vera rétt og mér finnst eðlilegt að heilbrigðisnefndir skoði það hvort einhverjar líkur séu á því að kostnaðarmatið sé rangt en aðalmálið er, kannski óháð tölunni nákvæmlega, að ríkið ætlar að borga þetta og ríkið mun taka það á sig þannig að hluta er verið að létta kostnaði af sveitarfélögunum og þá verða mun hreinni línur í því hver ber þennan kostnað. Við viljum gjarnan hafa rétt kostnaðarmat en ég get a.m.k. ekki dregið niðurstöður fjármálaráðuneytisins í efa, ég hef ekki forsendur til þess.

[22:43]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég get ekki annað en tekið til máls, af því verið er að ræða hjúkrunar- og vistunarmál, vegna þess hvernig ástandið er. Hæstv. ráðherra segir að við séum að hýsa hlutfallslega fleiri inni á stofnunum en nágrannalöndin. Það þarf að skoða í því ljósi að enn þann dag í dag erum við með hjúkrunarheimili annars vegar og dvalarheimili hins vegar. Ef við horfum á það allt í einum pakka sem stofnanir er kannski ekkert óeðlilegt að niðurstaðan sé sú að við séum að hýsa hlutfallslega fleiri. En það er eftir sem áður staðreynd að hjúkrunarheimili vantar. Það vantar fleiri hjúkrunarpláss.

Í dag bíða hátt í 400 manns eftir hjúkrunarvist. Yfir 900 manns eru í þvingaðri samvist með öðrum ókunnugum, einum, tveimur, jafnvel fleirum, í herbergi. Á föstudaginn kannaði ég hversu margir væru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem kæmust ekki þaðan út vegna þess að ekki eru til hjúkrunarrými fyrir þá. Þeir eru 70 núna um helgina, 70 manns.

Við þekkjum líka dæmi um hjón eða pör sem hafa verið aðskilin, ekki endilega svo margir sem hafa verið vistaðir hvor á sínu heimilinu þó of mörg dæmi séu um það, alls ekki mörg en of mörg. Það gerist líka að annar aðilinn fer inn á hjúkrunarheimili, flytur að heiman inn á stofnun, en makinn eða sambýlisaðilinn er eftir heima. Við þekkjum alveg hvaða áhrif það hefur. Það hefur margoft komið fram hjá þeim sem fjalla um heilbrigðismál að við það að skilja

aldraða að á þennan hátt hrakar heilsu þeirra og vanlíðan eykst. Þau dæmi sem hafa verið í fjölmiðlum undanfarið, og nú síðast dæmið á Akureyri, sýna hvaða áhrif það hefur á heilsufar fólks að lenda í þessu.

Ég er með bunka af ályktunum sem voru samþykktar á aðalfundi Félags eldri borgara í Reykjavík á laugardaginn, í fyrradag. Það er greinilegt að öldruðum er það mikið áhyggjuefni hvernig ástandið er í þessum málum, í hjúkrunarmálunum, hvað varðar stöðu fólks sem bíður, sérstaklega hér í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, og hvað varðar það fólk sem lendir í aðskilnaði. Á aðalfundinum var samþykkt ályktun þar sem segir, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn á Hótel Sögu 17. febrúar 2007, skorar á heilbrigðisráðherra og landlækni að þeir beiti sér nú þegar fyrir því að stjórnum og starfsfólki hjúkrunarheimila verði gert óheimilt að stía öldruðum hjónum í sundur þegar annað þeirra þarf nauðsynlega á vistun að halda. Stjórnendum verði gert skylt að finna ráð til að hýsa hjónin saman óski þau eftir því."

Áskorunin var samþykkt samhljóða á aðalfundi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Í greinargerð með áskoruninni er vitnað í þau dæmi sem hafa verið í fréttum, í Morgunblaðinu var í fyrradag fjallað um þessi dæmi.

Það þarf að vera sveigjanleiki í þessari þjónustu. Ef maki þarf að flytja af heimili sínu inn á stofnun ætti að vera hægt að bjóða hinum aðilanum, þó að hann sé kannski ekki það illa farinn að hann fái vistunarmat upp á það að hann þurfi að fara á hjúkrunarheimili, að koma og dvelja hjá maka sínum og greiða fyrir það eins og það kostar. Einhver sveigjanleiki þarf að vera til staðar. Við sjáum hvernig fólki hrakar og er áður en varir orðið heilsulaust og komið á biðlistann.

Ég nefndi það í andsvari áðan að fólk fái ekki vistunarmat af því að það er ekki orðið nógu veikt. Um það var í fréttum dæmi frá Akureyri. Maðurinn var eftir heima en konan hans var komin inn á hjúkrunarheimili. Hann komst ekki á biðlista vegna þess að hann var ekki orðinn nógu veikur. (Gripið fram í.) Nei. Þó að fólk sé búið að missa heilsuna að einhverju leyti fær það ekki mat. Það ætti að vera hægt að gefa því vistunarmat þó það sé kannski ekki í brýnni þörf fyrir að komast inn á hjúkrunarheimili. Það ætti að minnsta kosti að vera hægt að meta það. Síðan endar það með því eftir nokkrar vikur eða mánuði að fólk er búið að missa heilsuna út af því að vera aðskilið.

Fullorðinn maður kom að máli við mig og sagði: Ég hefði aldrei trúað því að við hjónin þyrftum að skilja áður en dauðinn aðskildi okkur. Þetta sagði hann við mig eftir að konan hans var komin inn á hjúkrunarheimili og hann gat ekki fengið að fylgja henni inn í þá litlu íbúð sem hún fékk þar, eða herbergi.

Það þarf að skoða þessi mál frá fleiri hliðum. Þegar við erum að bera okkur saman við nágrannalöndin verðum við að horfa á dvalarheimilin annars vegar og hjúkrunarheimilin hins vegar. Það vantar hjúkrunarheimili. Þar bíða 400 manns í brýnni þörf. Þar eru 70 inni á Landspítala. Þar eru yfir 900 í þvingaðri samvist o.s.frv. með ókunnugum. Þar er vandinn. Þar er stóri vandinn. Þann vanda verður að leysa þó svo við séum með stóran hóp fólks inni á dvalarheimilum. Ég gat ekki annað, virðulegi forseti, en komið inn á þennan þátt.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra og ég þarf sjálfsagt að spyrja hana að þessu síðar vegna þess að spurningin er óviðbúin: Hvað líður bættri þjónustu við alzheimersjúklinga? Þeir voru til umræðu í kvöld í Kastljósinu. Hvað líður því að bæta úr hvíldar- og skammtímavist fyrir þá? Þar er vandinn stór og sú skammtímavist sem þeim stendur til boða er ekki boðleg. Hún er inni á Landakoti innan um fársjúkt fólk. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra áður en ég lýk máli mínu: Hver er staðan hjá þessu fólki sem ég vakti athygli á fyrr í vetur? Þar er afleit þjónusta þó svo margt mjög gott sé t.d. gert í dagvistunum. Það vantar mikið upp á. Öldruðum er að fjölga og þar með öldrunarsjúkdómum eins og alzheimer.

[22:52]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það mál sem við ræðum er í sjálfu sér áhugavert. Ef hægt er að veita aukna heimaþjónustu fyrir eldri borgara er það gott. Eldri borgarar vilja auðvitað búa á heimilum sínum svo lengi sem þeir geta og það má auka tíma þeirra á eigin heimili með aukinni aðstoð. Þá getur fólk búið á heimili sínu við óbreyttar aðstæður. Það er út af fyrir sig alveg hægt að taka undir þá hugsun og þau markmið sem mér sýnist á frumvarpinu og greinargerðinni að ráðherrann sé að stefna að með því m.a. að breyta faghópunum í sex til níu fagnefndir o.s.frv.

Það kann að stuðla að skynsamlegri nýtingu á dvalar- og hjúkrunarrýmí og það er eftirsóknarvert markmið. Ég hugsa að enginn á hv. Alþingi leggist gegn því að það sé í sjálfu sér æskilegt markmið að þeir sem það vilja, og geta fengið aukna þjónustu til þess, geti búið heima. Það getur vissulega orðið til þess að fleiri rými losni fyrir þá sem þurfa nauðsynlega á því að halda. Undir það sjónarmið og markmið er alveg hægt að taka, hæstv. forseti.

Í greinargerðinni segir að kannanir, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur staðið fyrir, hafi leitt í ljós að nokkuð hátt hlutfall aldraðra sem búið er að meta í þörf fyrir vistun á dvalarheimilum geti að eigin mati og mati aðstandenda búið áfram heima við óbreyttar aðstæður og enn fleiri með auknum stuðningi. Ef það er rétt sem hér er sagt er eftir miklu að slægjast. Það er af hinu góða og mun létta á þeirri þörf sem er til staðar í þjóðfélaginu fyrir hjúkrunar- og dvalarheimili.

Út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt að skoða þessi mál og stefna að því að með auknum stuðningi geti fleiri aldraðir búið heima hjá sér en nú er og að enginn sé vistaður á stofnunum á röngum forsendum án þess að þörf eða vilji sé fyrir hendi, eins og einnig segir í greinargerðinni.

Þegar ég kom upp í andsvari áðan, hæstv. forseti, staldraði ég aðeins við kostnaðinn og vinnufyrirkomulagið við að ná fram því vinnuferli sem hér er lagt upp með. Ég er ekki dómbær á það hvaða árangri við munum ná eftir þessari leið. Það er annarra fagaðila að leiða það í ljós og það kemur væntanlega í ljós síðar. En ég spyr: Hvar verða þessir hópar staðsettir á landinu? Hefur hæstv. ráðherra gert sér grein fyrir því hvar þessir hópar verða staðsettir, í hvaða sveitarfélögum? Að sjálfsögðu verða hópar á Reykjavíkur-

svæðinu og á þéttbýlisstöðunum sunnan lands. En hvernig hyggst hæstv. ráðherra dreifa þeim um önnur kjördæmi þannig að nýting verði sem best á þessum starfshópum?

Eftir sem áður er um geysivíðfeðm svæði að ræða og ferðast þarf á milli staða. Væntanlega ætla menn að leggja mat á viðkomandi á þeim stað sem hann dvelur, þ.e. ef menn ætla að skoða heimilisaðstæður og aðra kosti sem snúa að viðkomandi þegar verið er að leggja mat á það hversu vel hann er í stakk búinn til að dvelja áfram á heimili sínu eða á hvern hátt viðkomandi sveitarfélag eða byggðakjarni geti veitt þá þjónustu sem verið er að leita eftir. Ég hef skilið hæstv. ráðherra svo að verið sé að stefna að því að draga úr því sem kallað hefur verið hjúkrunarvist og efla þá frekar þjónustu við þá sem geta verið heima. Það kann að vera ágætt markmið ef hægt er að ná því fram. En þá segi ég: Hvar verða þessir hópar staðsettir, hvaða kostnaður fylgir því og hvernig tekst þá sú framkvæmd?

Ég gerði athugasemdir við útreikningana sem fylgja með frá fjármálaráðuneytinu og eru byggðir á upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu eftir því sem hæstv. ráðherra upplýsti áðan. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég dreg mjög í efa að þær tölur sem hér eru settar á blað séu eitthvað í námunda við raunveruleikann. Það verður þá rosalega mikil hagræðing út úr þessu máli ef svo verður. Talað er um að kostnaður við hvert mat fari úr 60 þús. kr. niður í 35–40 þús. kr. þrátt fyrir að við setjum fagaðila í þetta sem væntanlega verða þá staðsettir vítt og breitt um landið og þurfa að ferðast milli staða.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur verið tekið tillit til þess hvernig samgöngur eru á milli landshluta o.s.frv. þegar verið er að velja hópunum stað? Ég nefni stað eins og Vestfirði. Þar er stundum ekki akfært vikum saman á milli norður- og suðursvæðis. Það batnar nú vonandi eftir þrjú til fjögur ár þegar búið er að gera eina holu í viðbót.

Ég legg þessar spurningar fyrir hæstv. ráðherra og vona að hún reyni að svara því sem ég er að veltast með. Þetta mál er vafalaust til komið vegna þess að við erum í miklum vanda. Við höfum ekki næg úrræði fyrir eldri borgara til þess að vistast á hjúkrunarheimilum, stofnunum eða dvalarheimilum. Hér er verið að segja að það megi gera miklu betur í því að aðstoða fólk við að vera heima og það fái þá notið þeirra gæða að fá að búa áfram á eigin heimili með aukinni þjónustu. Undir það markmið er hægt að taka, hæstv. forseti. Þetta mál verður væntanlega leitt til lykta í nefnd. En ég spyr hæstv. ráðherra enn og aftur hvort ráðuneytið hafi raðað því niður fyrir sig hvar þetta þyrfti nú að vera staðsett ef miðað er við sex til níu starfshópa og miðað við að þeir geti þjónustað landið á sem bestan hátt.

[23:00]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hafa skapast. Nú er klukkan að ganga tólf og það er gott að henni fer að ljúka, þessari ágætu umræðu.

Aðeins varðandi uppbyggingu öldrunarþjónustu almennt. Það er rétt sem hér kom fram að hún skiptist m.a. í rými sem kallast hjúkrunarrými og svo dvalarrými. Hér áður fyrr voru dvalarrýmin mjög mörg og ég tel að svo hafi háttað til að í dvalarrýmin hafi oft verið settir mjög frískir einstaklingar. Það er svolítið merkilegt að horfa til baka (**Gripið fram í:** Vinnufærir.) — já, já, vinnufærir og það var farið í skemmtiferðir í rútum með þá sem voru á dvalarheimilunum. Litið var á þetta sem félagslegt úrræði. En þetta var gamli tíminn, nú er allt að breytast. Núna vilja allir vera heima sem lengst, fullfrískt fólk vill ekki fara á stofnanir. Ég tel að við höfum að mörgu leyti gengið of langt í byggingu dvalarheimila á sínum tíma.

Dvalarheimilin eru nú meira og minna að breytast yfir í hjúkrunarrými. Á hverju einasta ári erum við að breyta ákveðnum fjölda dvalarrýma yfir í hjúkrunarrými. Það er vegna þess m.a. að það ágætlega fríska fólk sem fór á sínum tíma á dvalarheimili er margt hvert orðið mjög veikt og þungt í þjónustu, þannig að þetta eru orðnir hjúkrunarsjúklingar. Ég tel að þróunin verði sú að dvalarrýmum fækki stórlega og ég tel reyndar brýnt að svo verði. Ég held að þau hverfi ekki algerlega. Það má vera að eðlilegt sé að hafa einhver dvalarrými til staðar af hreinum félagslegum ástæðum. En almennt er það gamli tíminn að setja fólk inn á dvalarrými sem er tiltölulega frískt.

Á næstunni munum við byggja 374 rými eins og komið hefur fram. Þar af eru 110 á Suðurlandsbraut en verið var að taka skóflustunguna í jarðvegsvinnunni þar um daginn. Það mál hefur tafist, m.a. út af því að fyrirtækið sem ætlaði að fara í það verk gat ekki fjármagnað sig og einnig vegna ýmissa skipulagsmála. Á því heimili verður sérstök deild fyrir geðsjúka aldraða, sérhönnuð. Þar verður einnig hægt að hýsa alzheimersjúklinga. Það eru því ákveðin nýmæli í því heimili. Svo byggjum við 90 rýma heimili á Lýsislóðinni svokölluðu, Seltjarnarnesbær og Reykjavíkurborg eru með í því. Einnig verða byggð 174 ný rými þar fyrir utan og eru þau aðallega á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Kópavogi, Mosfellsbæ, Garðabæ, Hafnarfirði — á landsbyggðinni er það í Reykjanesbæ, á Selfossi og á Ísafirði. Á næstu fjórum árum verða miklar framkvæmdir á þessum stöðum og þessi undirbúningsvinna er öll í gangi, farin af stað.

Ég tel hins vegar að stóra verkefnið varðandi uppbyggingu, sem er kallað steypuvinna, sé að endurbyggja gömul rými. Við sjáum fyrir endann á því að byggja upp ný rými sem geta sinnt þörfinni (Gripið fram í.) þegar þessi 374 rými verða komin eftir fjögur ár. Þá tel ég að við verðum mjög líklega komin með fullnægjandi rýmafjölda. Ég tel að svo sé. Búið er að byggja upp rúmlega tvö þúsund rými, ég man það ekki nákvæmlega. Það er búið að byggja upp geysilega mörg rými. En það þarf að bæta við. Þetta segi ég þrátt fyrir það að ég segi líka að við séum að hýsa hlutfallslega fleiri aldraða inni á stofnunum hér en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Það er svo merkilegt. Það er alveg hugsanlegt, þótt ég viti það ekki, að tilhneigingin verði sú að fólk muni í það ríkum mæli vilja vera heima að þessi rými gætu nýst í eitthvað annað síðar. En stóra uppbyggingarmálið er að endurbyggja þau rými sem nú eru að verða úr sér gengin. Þau voru byggð í góðri trú á sínum tíma. Það eru fjölbýli með salerni frammi á gangi og aðstæður sem þóttu frábærar þá en þykja ekki góðar núna. Þetta var allt byggt upp í góðri trú og af miklum velvilja en í dag teljum við þetta úrelt og gamaldags.

Ég tel mjög eðlilegt að þetta verði næsta stóra uppbyggingarmálið í öldrunarþjónustunni varðandi framkvæmdir og

það sem eigi að koma næst í röðinni fram yfir það að byggja yfir fullfrískt fólk. Ég sé ekki tilgang í því að byggja yfir fullfrískt fólk. Hér hefur komið fram að það ætti að hýsa frískt fólk á hjúkrunarheimilunum og það ætti þá að borga fyrir sig með einhverjum hætti. En í dag er það þannig að hjúkrunarheimilin eru fyrir þá sem þurfa á hjúkrun að halda. Þetta eru þannig heimili. Og sambýli fyrir fatlaða eru fyrir þá sem eru fatlaðir og þurfa mikla þjónustu. Það er ekki verið að byggja yfir fjölskylduna alla í einum pakka. Þetta á líka við um sjúkrahúsin, þau þjónusta þann sem er veikur. En aðstandendur eiga að geta komið í heimsóknir og verið í samvistum við sína nánustu. En í grunninn er hugsunin ekki sú að aðstandendur gisti á þessum þjónustustofnunum. Að vísu gista foreldrar barna á Barnaspítalanum. En það er talið rétt og er tiltölulega nýlegt fyrirkomulag. Með nýjum Barnaspítala var hægt að bjóða upp á góðar aðstæður fyrir foreldra að gista hjá börnunum sínum. En við höfum forgangsraðað hingað til í þessu samfélagi, við erum aðallega að þjónusta þá sem eru veikir og fatlaðir.

Hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni kom fram að það væri virðingarvert að ýta undir það að fólk gæti búið sem lengst heima og að það endurspeglaðist í þessu frumvarpi. Það er vissulega rétt. En það er bara klippt út í pappa í lögum um málefni aldraða. Þar stendur að stuðla eigi að því að aldraðir búi sem lengst heima, það er hin almenna stefnumótun sem bæði þing og ráðuneyti hafa fylgt.

Varðandi vistunarmatið hefði ég viljað sjá að gerðar yrðu ákveðnar kröfur áður en verið er að taka fólk í vistunarmat, t.d. kröfur um yfirlýsingu frá heilsugæslunni, heimahjúkruninni og frá félagsþjónustu sveitarfélaga um að þau úrræði væru fullreynd, ekki væri lengur hægt að þjónusta viðkomandi eldri borgara heima. Það þarf að fara yfir það með miklu nákvæmari og heildstæðari hætti en nú gengur og gerist.

Spurt er hvar hóparnir verði staðsettir. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að nánar verði kveðið á um fjölda nefnda, starfssvæði þeirra, framkvæmd og fyrirkomulag vistunarmatsins í reglugerð. Fyrirhugað er að fagnefndirnar sem sinna vistunarmati verði sex til níu á landinu öllu. Ekki er búið að skipta landinu upp í þessi svæði. Ég slæ því bara hér fram að þau gætu verið kjördæmaskiptingin. Það eru sex svæði. Sums staðar gætu það verið of stór svæði. Hér voru Vestfirðirnir nefndir. Það er hugsanlegt að slíkt svæði yrði t.d. klippt upp í tvær einingar. Ég slæ þessu fram hér í umræðunni. Það er ekki frágengið hvernig starfssvæðin muni nákvæmlega líta út. Fagnefndirnar þurfa ekki endilega að vera á einhverjum einum stað. Þetta geta verið þrír aðilar hver á sínum staðnum á viðkomandi starfssvæði og þeir geta farið um. Þannig að ég tel ekki að það þurfi að skapast einhver togstreita um hvar þessir hópar verði staðsettir, og svo fara allir að rífast um það að vilja hafa þá í sínu sveitarfélagi og á sínu svæði. Ég tel alveg eins líklegt að þeir verði ekki staðsettir neins staðar, þ.e. svona fýsískt. Að þetta verði sem sagt þrjár manneskjur sem geti búið og starfað hver á sínum staðnum þess vegna.

Virðulegi forseti. Ég er ánægð með þessa umræðu og vænti þess að heilbrigðis- og tryggingaefnd fari vel yfir málið. Ég tel ástæðu til þess, af því hér hafa komið fram ítrekaðar ábendingar um kostnaðarmatið, að heilbrigðisnefnd skoði hvort það standist ekki. En alla vega hef ég engar forsendur til þess að draga það í efa á þessum tímapunkti.

[23:11]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kostnaðarmatið er metið niður í 35–40 þús. kr., hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef ég hef tekið vitlaust eftir, en mér fannst hún tjá það í fyrri ræðu sinni að matið af hendi fjármálaráðuneytisins hefði m.a. verið unnið upp úr upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því. Þá hlýtur það líka að vera þannig að þau vistunarmöt sem hafa farið fram úti á landi hljóta að hafa kostað miklu minna en 60 þús. kr. eins og hvert mat kostaði á Reykjavíkursvæðinu, og útreikningar séu þá byggðir á því.

Þess vegna spyr ég og vænti þess að hæstv. ráðherra hafi einhverjar upplýsingar um það: Var kostnaður miklu minni við þessi möt úti á landi en lagt var upp með á Reykjavíkursvæðinu þar sem upplýst er að meðalkostnaðurinn hafi verið 60 þús. kr. á hvert mat? Ef svo er, hefur þetta þá verið skoðað sérstaklega með tilliti til árangurs annars vegar á landsbyggðinni og hins vegar á Reykjavíkursvæðinu, bæði kostnaðarlega og framkvæmdarlega?

[23:12]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður taldi sig hafa heyrt. Það er venjulega þannig að ráðuneytin gefa ákveðnar upplýsingar til fjármálaráðuneytisins þegar kostnaðarmat er unnið en síðan er það fjármálaráðuneytið sem fer yfir og klárar matið og kemur með sín viðhorf miðað við þá þekkingu sem þar er innan dyra. Ég gef mér því að heilbrigðisráðuneytið hafi komið með ákveðnar upplýsingar inn í þetta kostnaðarmat. Hvað þær upplýsingar voru nákvæmar þekki ég ekki í grunninn.

Ég er ekki með það sundurgreint hér og nú hvað matið í þessum 40 vistunarmatshópum kostaði. Það eru 40 vistunarmatshópar sem hafa verið að störfum og ég er ekki með það sundurgreint hvað matið kostaði á hverjum stað. En hér kemur fram að meðalkostnaður borgarinnar, sem auðvitað sér í mörgum tilfellum um slíkt mat, var tæplega 60 þús. kr. á hvert mat.

Ég vil draga það fram aftur, eins og kemur fram í kostnaðarmatinu, að gert er ráð fyrir fækkun þessara matsnefnda og þó að fagfólk verði þar innan dyra er fækkunin mikil, úr 40 í 6. Það verða sem sagt færri sem koma að matinu en starfskrafturinn verður dýrari. Í því er talið aukið hagræði að hver nefnd vinni mun fleiri möt. Þetta kostnaðarmat fær því alveg staðist. Ég hef engar forsendur til að draga það efa. Mér finnst samt eðlilegt að menn ræði það í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 23:15.

# 74. FUNDUR

þriðjudaginn 20. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, stjtill., 574. mál, þskj. 852. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, stjfrv., 588. mál, þskj. 873. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 571. mál, þskj. 849. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á XIX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 572. mál, þskj. 850. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 573. mál, þskj. 851. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Málefni aldraðra, stjfrv., 559. mál, þskj. 834. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Málefni aldraðra, stjfrv., 560. mál, þskj. 835. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Vísitala neysluverðs, stjfrv., 576. mál, þskj. 854. — 1. umr.
9. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 591. mál, þskj. 876. — 1. umr.
10. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 570. mál, þskj. 846. — 1. umr.
11. Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, stjfrv., 621. mál, þskj. 921. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
12. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 618. mál, þskj. 918. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
13. Neytendavernd, stjfrv., 616. mál, þskj. 916. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
14. Breytingar á ýmsum lögum vegna neytendaverndar, stjfrv., 617. mál, þskj. 917. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
15. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 358. mál, þskj. 389, nál. 886. — 2. umr.
16. Orkustofnun, stjfrv., 367. mál, þskj. 399, nál. 879, brtt. 880. — 2. umr.
17. Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, stjfrv., 378. mál, þskj. 415, nál. 887, brtt. 888. — 2. umr.
18. Úrvinnslugjald, stjfrv., 451. mál, þskj. 592, nál. 928, brtt. 929. — 2. umr.
19. Lokafjárlög 2005, stjfrv., 440. mál, þskj. 562, nál. 883, brtt. 884 og 885. — 2. umr.
20. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, þáltill., 80. mál, þskj. 80. — Fyrri umr.
21. Tekjuskattur, frv., 66. mál, þskj. 66. — 1. umr.
22. Tekjuskattur, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.
23. Áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr.
24. Umferðarlög, frv., 96. mál, þskj. 96. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[13:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 1. þm. Norðaust., Valgerði Sverrisdóttur, dagsett 19. febrúar sl.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 3. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, Svanhvít Aradóttir þroskaþjálfi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan, en 1. og 2. varamaður á listanum, Þórarinn E. Sveinsson og Katrín Ásgrímsdóttir, eru forfölluð að þessu sinni.“

Borist hafa tilkynningar frá 1. og 2. varamanni Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, Þórarni E. Sveinssyni og Katrínu Ásgrímsdóttur, um að þau geti ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni.

Kjörbréf Svanhvítar Aradóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Svanhvít Aradóttir, 1. þm. Norðaust., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:32]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Svanhvít Aradóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[13:32]

**Útbýting:**

Fjárreiður ríkisins, 624. mál, frv. PHB o.fl., þskj. 930.

## *Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 574. mál. — Þskj. 852.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 588. mál (heildarlög, leyfisveitingar). — Þskj. 873.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 571. mál (félagaréttur). — Þskj. 849.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Breyting á XIX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 572. mál (neytendavernd). — Þskj. 850.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 573. mál (endurtryggingar). — Þskj. 851.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Málefni aldraðra, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 559. mál (greiðslur fjármagnstekjuhafa í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 834.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Málefni aldraðra, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 560. mál (vistunarmatsnefndir). — Þskj. 835.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 11.–14. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

***Vísitala neysluverðs, 1. umr.***

Stjfrv., 576. mál (viðmiðunartími, EES-reglur). — Þskj. 854.

[13:38]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995, sem finna má á þingskjali 854.

Með frumvarpi þessu er lagt til að vísitala neysluverðs verði reiknuð miðað við verð um miðjan mánuð í stað verðs í upphafi mánaðar eins og verið hefur.

Hinn 25. apríl 2006 samþykkti ráð Evrópusambandsins reglugerð um að samræma tíma verðsöfnunar fyrir samræmda vísitölu neysluverðs sem tekur gildi 1. janúar 2008. Reglugerðin kveður á um að söfnun verðupplýsinga fyrir samræmdu vísitöluna skuli fara fram í a.m.k. vikutíma í miðjum hverjum mánuði og jafnframt að miða skuli við verðlag yfir lengra tímabil þegar um er að ræða vörur sem breytast mjög ört í verði. Er þá sérstaklega átt við eldsneyti, grænmeti og ávexti.

Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs samkvæmt lögum nr. 12/1995 miðað við verðlag tvo fyrstu virka daga hvers mánaðar. Útreikningur Hagstofunnar á samræmdu vísitölunni fyrir Ísland er miðaður við sama tímabil. Við gildistöku hinnar nýju reglugerðar ESB er nauðsynlegt að laga verðsöfnunartíma vísitölu neysluverðs að hinum nýju Evrópuákvæðum þar sem ekki kemur til álita hér á landi að reikna tvær mismunandi neysluverðsvísitölur í hverjum mánuði.

Breytingin á vísitölu neysluverðs sem hér er lagt til að verði lögfest krefst talsverðrar breytingar á verklagi og umsvifum við söfnun verðupplýsinga á Hagstofunni sem mun aukast þar sem hún nær yfir lengra tímabil en nú háttar og endurspeglar verðmælingin þá betur verðlag mánaðar en mæling í upphafi mánaðar gerir.

Margt mælir með því að vísitala neysluverðs miðist við verðlag um miðjan mánuð fremur en við upphaf mánaðar og að mælingin taki til heldur lengra tímabils en verið hefur. Mestu skiptir þó í þessu sambandi sú samræming á

reglubundnum verðmælingum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem að er stefnt. Eins og nú háttar er viðmiðunartími vísitalna ríkjanna mjög misjafn. Sum ríki miða við verðlag í byrjun mánaðar, önnur við verðlag um miðjan mánuð og mismunandi er í hve langan tíma verðupplýsingum er safnað. Mörg undanfarin ár hefur verið unnið að samræmingu á vísitölum neysluverðs í EES-ríkjunum, hvað snertir þekju þeirra, skilgreiningar, flokkanir, aðferðir við gagnasöfnun og útreikning svo og gæði vísitalnanna og gæðaleiðréttingar. Þessi vinna hefur verið árangursrík og er nú svo komið að segja má að þær neysluverðsvísitölur ríkjanna, sem reiknaðar eru undir merkjum hinnar samræmdu neysluverðsvísitölu EES, séu að mestu samræmdar að öðru leyti en gildir um tíma verðsöfnunar og meðferð eigin húsnæðis í vísitölunum. Verðsöfnunartíminn verður nú samræmdur frá og með ársbyrjun 2008. Enn er unnið að samræmingu á meðferð eigin húsnæðis og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki á árinu 2007. Reiknað er með að eigið húsnæði verði tekið með í samræmdu vísitölunni á svipaðan hátt og það er reiknað í vísitölu neysluverðs hér á landi.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 1. umr.*

Stjfrv., 591. mál (samsköttun sambúðarfólks, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 876.

[13:42]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skattalögum að því er varðar svonefnda starfstengda eftirlaunasjóði en samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp um slíka eftirlaunasjóði. Er lagt til að starfstengdir eftirlaunasjóðir verði undanþegnir skattskyldu og staðgreiðslu á fjármagnstekjur á sama hátt og lífeyrissjóðir. Þá er lagt til að framlag launagreiðenda til starfstengdra launasjóða teljist ekki til tekna manna þó með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í lögum að því er varðar framlag launagreiðenda til öflunar lífeyrisréttinda. Jafnframt er lagt til að einstaklingum verði heimilt að draga frá tekjuskattsstofni iðgjaldagreiðslur til starfstengdra eftirlaunasjóða innan þeirra marka sem nú gilda um frádrag vegna iðgjalda til öflunar viðbótarlífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt sem snerta lögaðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og heimildir þeirra til að draga frá skattskyldum arðstekjum á fjárhæð sem félögin hafa fengið greidda í arð af hlutum og hlutabréfum. Breytingin mun einungis taka til þeirra lögaðila sem eru heimilisfastir í einhverju aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og leiðir hún til þess að arðgreiðslur þeirra verða skattlagðar með sama hætti og arðgreiðslur lögaðila sem eru með fulla skattskyldu á Íslandi. Réttur Íslands til að halda eftir 15% tekjuskatti af arðgreiðslum til lögaðila, sem eru heimilisfastir í ríkjum sem ekki eru aðilar að EES-samningnum, mun hins vegar standa óbreyttur. Breyting þessi er m.a. lögð til í framhaldi af dómi EFTA-dómstólsins í svokölluðu Fokus-máli og dómi Evrópudómstólsins í svokölluðu Denkavit-máli.

Að lokum eru lagðar til breytingar á skilyrðum fyrir samsköttun sambúðarfólks. Er lagt til að í skattalegu tilliti verði slakað á skilyrðum um skráningu óvígðrar sambúðar í Þjóðskrá þannig að skráning í sambúð hjá Þjóðskrá verði ekki fortakslaust skilyrði fyrir samsköttun sambúðarfólks.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að afloknni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, 1. umr.*

Stjfrv., 570. mál (eignarhlutur ríkisins til Landsvirkjunar). — Þskj. 846.

[13:44]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, með síðari breytingum, og lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum.

Þann 9. desember sl. voru samþykktar breytingar á lögum á orkusviði sem fólu m.a. í sér að fyrirsvar ríkisins á eignarhlutum í Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitum ríkisins hf. fluttist frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra.

Í frumvarpinu var auk þess gert ráð fyrir að eignarhlutur íslenska ríkisins, annars vegar í Orkubúi Vestfjarða hf. og hins vegar í Rafmagnsveitum ríkisins hf., yrði lagður til Landsvirkjunar sem fara átti með eignarhlutinn.

Við meðferð málsins hér á Alþingi komu fram athugasemdir, m.a. frá Samkeppniseftirliti, um aðkomu Landsvirkjunar að orkusölufyrirtæki Landsvirkjunar, Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins. Jafnframt urðu hér á Alþingi talsverðar umræður um hvaða áhrif slík samstaða hefði á íslenska orkumarkaðinn til langframa.

Við afgreiðslu málsins var tekin sú ákvörðun að samþykkja þau ákvæði frumvarpsins sem brýnt var að afgreiða fyrir áramót en fresta umræðu um önnur ákvæði og fella þau brott úr frumvarpinu á meðan þau sættu frekari skoðun. Í frumvarpi því sem hér er lagt fram hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem fram komu við meðferð fyrra frumvarps þannig að ná megi fram hagræðingu í rekstri fyrirtækjanna með því að halda utan um eignarhluta ríkisins í raforkufyrirtækjunum í einu öflugu fyrirtæki jafnframt því sem sett eru skilyrði sem skilyrði sem miða að því að

tryggja að tilfærsla eignarhalds á Orkubúi Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitum ríkisins hindri ekki virka samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og endursölu raforku.

Í fyrsta lagi er lagt til að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitum ríkisins hf. verði fyrir 1. júlí 2007 lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Með slíkri breytingu verða félögin dótturfyrirtæki Landsvirkjunar sem fer eftir það með eignarhlut ríkisins í þeim.

Í öðru lagi er lagt til að starfsemi Orkubús Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitna ríkisins hf. sem tengist framleiðslu og sölu raforku skuli falin sjálfstæðu félagi sem einungis hefur þá starfsemi með höndum. Félögunum er heimilt samkvæmt frumvarpinu að reka slíkt orkusölufélag í samvinnu sín á milli eða í samvinnu aðila á markaði, aðra en Landsvirkjun sem í dag hefur markaðsráðandi stöðu í framleiðslu og sölu raforku. Um eignaraðild annarra að sölufélaginu eða samruna Orkubúsins og Rafmagnsveitnanna við önnur fyrirtæki fer þó samkvæmt samkeppnislögum.

Í þriðja lagi felur frumvarpið í sér að orkusölufélagið verði rekið sem sérstakur lögaðili og að tryggður verði fullur rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður milli slíks orkusölufélags og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar.

Í fjórða lagi er lagt til að fjármálaráðherra tilnefni alla stjórnarmenn og varastjórnarmenn orkusölufélagsins beint og að stjórnarmönnum og starfsmönnum Landsvirkjunar og annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar sé ekki heimil seta í stjórn þess.

Í fimmta lagi er lagt til að öll viðskipti orkusölufélagsins við Landsvirkjun og önnur félög innan sömu samstæðu skuli byggð á sömu sjónarmiðum og viðskipti milli óskyldra aðila. Ákvæði samkeppnislaga gilda einnig um þessa starfsemi, þar á meðal 10. gr. núgildandi laga um bann við hvers konar samvinnu eða samstilltum aðgerðum milli orkusölufélagsins og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðunnar. Gert er ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð fyrir árslok 2009 í ljósi samkeppniaðstæðna á þeim tíma.

Virðulegi forseti. Þetta eru meginatriði frumvarpsins. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[13:48]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Aumt er hlutskipti fjármálaráðherra hér að mæla fyrir enn einu skrefinu í einkavæðingu raforkukerfisins. Ég er hræddur um að Vestfirðingar fagni því ekkert sérstaklega eða klappi fyrir fjármálaráðherra þegar endanlega er verið að leggja Orkubú Vestfjarða sem sjálfstæða einingu niður, bæði hvað varðar dreifingu og orkuvinnslu og leggja það inn í Landsvirkjun. Ég held að þeir klappi ekki neitt ofboðslega. Ég kem nánar að því í ræðu minni á eftir.

Það sem ég ætlaði að spyrja hæstv. fjármálaráðherra um er: Hvað verður um virkjunarréttinn sem þessi félög, hvort sem það er Rarik eða Orkubú Vestfjarða, hafa og renna nú inn í Landsvirkjun? Mér er hugsað til virkjunarréttarins í jökulánum í Skagafirði þar sem Rafmagnsveitur ríkisins á móti Kaupfélagi Skagfirðinga eiga virkjunarréttinn í Villinganesi og búið er að undirbúa allt til að virkja jökulárnar. Þar hafa þeir verið í samkeppni við Landsvirkjun sem líka hefur viljað fá virkjunarréttinn í jökulánum. Við erum alveg á móti því að þær verði virkjaðar, við viljum verja þær. Samkvæmt þessu fer virkjunarréttur Rafmagnsveitna ríkisins inn í Landsvirkjun og þá er sami aðilinn kominn með virkjunarréttinn sem nú hefur legið fyrir hvað varðar jökulárnar í Skagafirði og ógnunin gagnvart því að það verði virkjað enn meiri.

Er þetta rétt skilið hjá mér? Fer virkjunarréttur Rariks á jökulánum í Skagafirði nú inn í Landsvirkjun með þessum breytingum?

[13:50]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi er ekki um neina einkavæðingu að ræða eins og hv. þingmaður virðist halda. Í öðru lagi verður virkjunarrétturinn áfram hjá þessum félögum jafnvel þótt Landsvirkjun fari með fyrirsvar eignarhaldsins fyrir hönd ríkisins þannig að það verður engin sérstök breyting á því og engin ástæða til þess að ætla það. Miðað við afstöðu hv. þingmanns sé ég ekki alveg hversu miklu máli það skiptir varðandi sjónarmið hans. En ég sé á hv. þingmanni að hann ætlar að útskýra það nánar fyrir okkur.

[13:51]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð nærri því að biðjast afsökunar fyrir fram, frú forseti, að segja það en mér sýnist ráðherrann ekki skilja mikið í því frumvarpi sem hann er að flytja.

Þetta er alvörumál, það er ekki nóg að koma hér og mæla fyrir frumvarpi sem maður veit síðan takmarkað hvað inniheldur. Það er alveg rétt, það er kveðið á um í þessum lögum að það skuli stofna sérstakt félag um reksturinn, um dreifingu á orku en ekki um nýjar virkjanir. Hér stendur að Landsvirkjun fari eftir það með eignarhlut ríkisins í rafmagnsveitunum, og þetta telst þá líka til eignarinnar.

Samkvæmt lögum um raforkuver segir að Rafmagnsveitur ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði hafi leyfi til þess að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes með allt að 40 megavatta afli, þannig að þetta er bundið í lögum og sá réttur hlýtur þá að færast með sama hætti og þessi eignarréttur, (Forseti hringir.) — sem er verðmætur og er framseljanlegur — yfir til Landsvirkjunar ef það má merkja orðanna hljóðan. Þetta er því alvörumál, frú forseti.

[13:52]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vekur satt best að segja mikla furðu að ríkisstjórnin skuli mæta hér aftur með þetta einokunarfrumvarp sitt á sviði raforkumála sem ríkisstjórnin var hrakin til baka með fyrir jólin eða þann efnisþátt þess sem hér er nú endurfluttur. Þetta frumvarp gengur auðvitað þvert á anda og tilgang innleiðingar orkutilskipunar Evrópusambandsins sem átti að leiða hér til samkeppnismarkaðar á sviði raforku. Það verður að segjast alveg eins og er að þau dótturfyrirtækja- og armslengdarákvæði sem hér er verið að reyna að þvæla inn í málið til þess að gera þetta trúverðugra

gagnvart samkeppnisyfirvöldum eru eins og hver annar brandari. Það er auðvitað eins og hver annar brandari að láta sér detta það í hug að þetta verði annað en einn samansúrraður einokunarrisi ef hann kemst á koppinn. Það er kostulegt að hæstv. fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins skuli flytja þetta hér. Þetta hefur lengi verið draumamál framsóknarmanna eins og kunnugt er, að koma á enn harðsvíraðri einokun í rafmagnsmálum en þó er fyrir. Af einhverjum ástæðum hefur Framsóknarflokkurinn tekið það hugsjónamál upp á sína arma eins og ýmislegt fleira í seinni tíð, einkavæðingu á öllum sviðum sem kostur er.

Maður hlýtur að spyrja hæstv. ríkisstjórn: Er mönnum alvara með það að ætla að fá þetta frumvarp afgreitt hér eða er svona verið bara að skemmta sér undir lok þingsins með því að flytja vitleysu af þessu tagi hingað inn?

Svo vil ég gjarnan spyrja hæstv. ráðherra af því að honum er málið skylt og fer með eignarhaldið í þessum stóru einokunarfyrirtækjum sem ríkisstjórnin hefur búið til með einkavæðingu: Hvernig líst hæstv. fjármálaráðherra á frammistöðu t.d. Símans og Landsvirkjunar sem núna eru að kaupa sig með hátt í 100 millj. kr. bótum frá hreinum samkeppnislagabrotum þegar Síminn keypti fjarskiptahluta Landsvirkjunar? Er ástæða til að treysta þessum fyrirtækjum eitthvað sérstaklega? Hafa þau sýnt það að undanförnu að þau séu traustsins verð þegar kemur að því að virða samkeppnislög í landinu?

[13:54]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Frumvarpið væri ekki flutt nema vegna þess að það er alvara. Hins vegar er það auðvitað Alþingis að ákveða hvað er afgreitt, ríkisstjórnin segir ekki fyrir verkum um það.

Enn kemur fram sá misskilningur að um einhverja einkavæðingu sé að ræða. Það er fráleitt að halda því fram í þessu samhengi. Hins vegar varðandi Landsvirkjun og Símann þá er augljóst að þeim fyrirtækjum hefur orðið á og má segja að þau gjaldi ríkulega fyrir það núna samkvæmt því samkomulagi sem um það varð. En sem betur fer sýnist mér að það hafi raunverulega aldrei reynt beinlínis á þá samninga sem þar voru gerðir þannig að það sé ekki um það að ræða að einhver hafi liðið fyrir brotið sem þar var í samningunum, þannig að það hafi tekist og þá fyrir tilstilli samkeppnisyfirvalda að koma í veg fyrir að þar yrði um meiri og afdrifaríkari mistök að ræða en raunin varð á. Það má þá segja að Samkeppniseftirlitið og samkeppnisyfirvöld séu með þessu að sýna fram á að þau eru mikilvæg og virk tæki til þess að halda uppi samkeppni hér á landi. Ég get út af fyrir sig fagnað því um leið og ég harma þau mistök sem Landsvirkjun og Símanum urðu á í þessum efnum.

[13:56]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það veldur mér nú vonbrigðum að ríkisstjórninni skuli vera alvara með þetta mál. Það hefði auðvitað verið allt í lagi í sjálfu sér ef þetta hefði verið gamansemi og þá hefði maður bara tekið því og skemmt sér yfir því. Öllu verra er ef ríkisstjórninni er virkilega alvörumál að keyra þetta í gegn.

Varðandi það að þetta sé ekki einkavæðing eða liður í slíkum áformum þá minni ég nú bara á þær yfirlýsingar sem fyrir liggja um að það sé stefna þessarar ríkisstjórnar — sem betur fer verður hún nú vonandi ekki í aðstöðu til þess að hrinda henni í framkvæmd en ásetningurinn er samur. Það stóð til að hefja einkavæðingu Landsvirkjunar árið 2008 og þá einkavæðast auðvitað Rarik og Orkubú Vestfjarða með sem dótturfyrirtæki Landsvirkjunar, ef af yrði, sem fer með eignarhaldið.

Varðandi Landsvirkjun og Símann segir hæstv. ráðherra að þeim hafi orðið á en það hafi ekki komið að sök því að það hafi ekki reynt á samningana. En ásetningurinn er samur. Það er auðvitað undarlegt að hér er það beinlínis undirliggjandi að samkeppnisyfirvöld meta verulega hættu á því að Landsvirkjun komist í markaðsráðandi stöðu á (Forseti hringir.) smásölumarkaði með raforku til viðbótar þeim tröllatökum sem hún hefur á sviði framleiðslu og dreifingar. Þetta er það sem ríkisstjórnin er að gera.

[13:58]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir auðvitað leiðinlegt að valda hv. þingmanni vonbrigðum og vera ekki eins gamansamur og hann vildi að ég væri, (Gripið fram í.) saklaus, segir hann. Hins vegar tel ég mig vera saklausan af því að hafa tekið þátt í einhverri ákvörðun um að einkavæða Landsvirkjun á árinu 2008, ég kannast ekki við að sú ákvörðun hafi nokkru sinni verið tekin né lagt til að hún yrði tekin.

[13:58]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur komið fram er það ásetningur ríkisstjórnarinnar að einkavæða Landsvirkjun, bæði talsmenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa haft uppi orð í þá veru. Við minnumst orða hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, og við minnumst orða hæstv. núverandi forsætisráðherra, Geirs H. Haardes, sem hefur talað um lífeyrissjóðina sem mögulega kaupendur að Landsvirkjun þegar þar að kemur.

Ríkisstjórnin stígur hvert skrefið á fætur öðru í átt til einkavæðingar raforkugeirans. Þetta er einn liður í þeim áformum. Menn segjast vera að fara að dæmi Evrópusambandsins og Evrópuríkja í þeim efnum. Nú er að koma í ljós reynslan af einkavæðingu raforkugeirans í Evrópu. Hún er öll á einn veg: aukin fákeppni, hærra verð til neytenda. Menn hafa áhyggjur af þessari þróun þar og reyna að sporna gegn henni með lagasetningu. Hér eru sett lög sem ganga hins vegar í þveröfuga átt og treysta fákeppnina í sessi.

Ég leyfi mér að vísa í skýrslur sem fram hafa komið frá Evrópusambandinu. Ég vísa í yfirlýsingar helsta talsmanns Evrópusambandsins í raforkumálum, Piebalgs, sem var hér í heimsókn á dögunum og sagði frá óförum Evrópusambandsins á þessu sviði. Ég vísa í nýlega skýrslu frá dönskum fræðimönnum sem er einnig á þennan veg, að einkavæðing raforkugeirans hafi mistekist í Evrópu, hún hafi leitt til hærra verðs og sé óhagstæð fyrir neytendur.

Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Á ekki að draga neina lærdóma af þessari reynslu? Hvað þarf að koma til svo að rík-

isstjórnin endurskoði áform sín? Eða á að halda áfram með eitt auga í miðju enni, líta hvorki til hægri né vinstri, (Forseti hringir.) heldur hlíta þessari hugmyndafræði sem er að leiða (Forseti hringir.) okkur út í þetta fen og þessar ógöngur?

[14:00]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlýt að vekja athygli á að nú hef ég fengið rúmlega hálfan þingflokk í andsvör við mig við út af þessari einu ræðu. Það er út af fyrir sig gaman að því.

En hins vegar virðist orðið einkavæðing vera þessum hv. þingmönnum einkar tamt þegar verið er að ræða um raforkukerfið. Eins og ég sagði áðan hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um að einkavæða eitt eða neitt og það hefur ekki verið lagt til og ekki verið á neinu því stigi að hægt væri að tala um að það væri nálægt því að um það væru teknar neinar ákvarðanir, hvað þá að menn geti verið með einhverjar tímasetningar í því sambandi.

En vegna þess sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi áðan varðandi tilskipanir Evrópusambandsins snerust þær tilskipanir ekkert um einkavæðingu. Þær snerust hins vegar um markaðsvæðingu raforkukerfisins.

Það sem er að koma í ljós núna er að sú ætlan hefur ekki tekist eins og menn lögðu upp með, ekki vegna þess að markaðsvæðingin í sjálfu sér væri slæm heldur vegna þess að ekki hefur tekist að ná þeirri samkeppni fram sem menn voru að reyna að ná með markaðsvæðingunni. Það sem Evrópusambandið er að gera núna er að reyna að greina hvað það er sem valdi því að ekki næst upp samkeppni á þessum markaði.

Ég held að við ættum að fylgjast mjög grannt með því þegar Evrópusambandið fer í þessa vinnu til að átta okkur á því hvað þarna gerðist og hvað þarf að koma til til að ná fram samkeppni. Og þá eigum við að sjálfsögðu að draga af því lærdóm.

Við hefðum hins vegar mörg hér á landi getað sagt Evrópusambandinu að erfitt væri að koma á samkeppni á raforkumarkaði, á orkumarkaði, og þá auðvitað þeim mun erfiðara sem markaðurinn væri minni.

[14:02]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég á svolítið erfitt með að átta mig á þessu svari. Það var íslenskum stjórnvöldum með öðrum orðum ljóst að markaðsvæðingin mundi ekki ganga upp, sérstaklega í smáum hagkerfum. Við erum smátt hagkerfi. Engu að síður er verið að markaðsvæða raforkukerfið hér.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að markaðsvæðing og einkavæðing er ekki að öllu leyti sami hlutur en markaðsvæðingin og aðgreining innan raforkugeirans á framleiðsludreifingu og smásölu raforku var til þess að búa í haginn, ekki bara fyrir markaðsvæðingu, heldur einnig einkavæðingu.

Það sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann, kvað Hallgrímur Pétursson forðum. Nú erum við að verða vitni að því að helstu talsmenn markaðsvæðingar og einkavæðingar, talsmennirnir sem sögðu báknið burt, fyrir tveimur, þremur áratugum, Friðrik Sophusson og Brynjólfur Bjarnason, hafa nú verið dæmdir fyrir brot á samkeppni.

Fyrir hönd stofnana sinna verða þeir, eða öllu heldur stofnanir þeirra, að greiða í fésektir um 80 millj. kr. vegna þess að þeir (Forseti hringir.) aðilar hlíta ekki markaðslögmálum. Er ekki illa komið fyrir þessum samherjum í endanum á pólitíkinni, hæstv. ráðherra?

[14:04]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Menn gerast nú bæði skáldlegir og vitna út og suður. En það vissi enginn að þessar aðgerðir mundu ekki ganga upp. Það var ekki það sem ég sagði að menn hefðu sagt hér, heldur var ég að segja að það væri ekki auðvelt, það væri erfitt. Ég held að menn geti þá alveg horft á það hvernig að þessum málum var staðið. Þær nefndir sem um þetta fjölluðu, a.m.k. tvær, ef ég man rétt, og skýrslur sem frá þeim komu vitna um það að menn gerðu sér grein fyrir að þetta yrði erfitt.

Hvað varðar hins vegar brot á samkeppnislögum og þá félaga Friðrik og Brynjólf er rétt eins og fram hefur komið, að þeim varð greinilega á í því efni.

En ég vil gjarnan vitna til fyrrverandi þingflokksfélaga hv. þm. Ögmundar Jónassonar, án þess að ég vilji neitt sérstaklega núa mönnum það um nasir, en það veit ég að menn þar á bæ voru mjög jafnréttissinnaðir en lentu samt í því að vera úrskurðaðir brotlegir við jafnréttislögin.

[14:05]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil beina því nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd að taka sér góðan tíma til að skoða þetta mál. Það vill svo til að nú er verið að flytja þessi málefni frá iðnaðarnefnd og til efnahags- og viðskiptanefndar. Þess vegna eru þeir þingmenn sem þar sitja kannski ekki alveg jafnkunnugir þessu máli og við hin sem höfum setið í iðnaðarnefnd.

Þessi mál hafa auðvitað verið til umræðu býsna mikið í Alþingi, ég reikna því með að allir þingmenn hafi á þeim skoðanir og hafi fylgst með því hvernig hefur gengið að koma á samkeppnisumhverfi í raforkugeiranum á Íslandi.

Hæstv. fjármálaráðherra talaði um það áðan að menn hafi gert sér grein fyrir að þetta yrði erfitt. En hæstv. ráðherra er því marki brenndur, eins og kannski fleiri í ríkisstjórninni, að vera fljótur að hlaupa til ef koma boð frá forstjóra Landsvirkjunar eða öðrum slíkum í kerfinu og treysta þeim ráðum sem þeir menn gefa ríkisstjórninni. Nú er þrýst frá forstjóra Landsvirkjunar á það að eigið fé Landsvirkjunar verði styrkt með því að gera Landsvirkjun að eiganda að þeim fyrirtækjum sem hér er um að ræða.

Ríkisstjórnin er í þeim vandræðagangi að hún telur ekki aðrar leiðir opnar en þessar, að þetta verði leiðin til að styrkja eigið fé Landsvirkjunar en um leið kastar hún út í hafsauga þeim fyrirætlunum að auka samkeppni á raforkumarkaðnum vegna þess að hún er að slá saman öllum helstu fyrirtækjum á þessu sviði með þeim ákvörðunum sem menn stefna hér að. Þetta er auðvitað kolröng leið í málinu og ætti ríkisstjórnin að leita eftir öðrum leiðum til að styrkja eigið fé Landsvirkjunar en þessari. Ég held því að menn þurfi að skoða þessi mál betur, sérstaklega hvað varðar samkeppnisumhverfið.

Ég vil nefna að t.d. í Noregi leggja menn bann við því að samkeppnisfyrirtæki eigi í einokunarfyrirtæki eins og hér er áætlað að gera. Þeir leggja bann við því. Og það er komin einhver Evróputilskipun sem hefur númerið 54/EC/2003, þar sem slíkt er bannað líka. Það gæti vel verið að menn fengju þetta líka í höfuðið, eins og menn hafa fengið í höfuðið samrunann sem var búinn til úr fjarskiptahluta Landsvirkjunar og Símanum og menn voru að sættast á að borga stórfé fyrir að hafa ætlað í þann leiðangur.

Ég held nefnilega að ríkisstjórnin verði að gera sér grein fyrir að það eru ekkert endilega holl ráð sem hún fær frá þessum forstjóra Landsvirkjunar þegar kemur að samkeppnisumhverfi. Því hann vill að Landsvirkjun sé eina fyrirtækið í orkuframleiðslu og sölu á landinu virðist vera. Stefnir að því leynt og ljóst að Landsvirkjun yfirtaki allan raforkugeirann sem um er að ræða.

Þetta er vissulega mikið umhugsunarefni og málið er núna verra að því leyti til en það var í haust, að það sýnir, eins og stundum er sagt, einlægan brotavilja. Menn gáfust ekki upp með málið þó þeir þyrftu að gefast upp með það í haust, þá eru þeir mættir til leiks aftur. Hæstv. fjármálaráðherra núna í stað iðnaðarráðherra. Hefur líklega talið sig meiri afreksmann en hann í því að koma þessu máli í gegnum Alþingi.

Ég hvet því nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd til að skoða mjög vandlega hvað þarf að fara yfir, hvaða hugmyndir menn eru með um að styrkja eigið fé Landsvirkjunar, hvort þær eru ekki til fleiri en þessi.

Það virðist nú vera að stundum hafi Landsvirkjun býsna mikla peninga. Ég sá ekki betur en að frétt kæmi núna í vikunni um að Landsvirkjun hefði verið að stofna nýtt fyrirtæki til útrásar með 2 milljarða kr. framlagi. Ekki voru blankheitin þann daginn hjá Landsvirkjun.

Ég ætla svo sem ekkert að halda því fram að ekki þurfi að styrkja eigið fé hennar eftir hinar miklu fjárfestingar í virkjuninni við Kárahnjúka sem eru búnar, og líka ef menn ætla í nýjar fjárfestingar í virkjun Þjórsár. Þetta þarf að skoða og skoða þarf vandlega hvort þessi leið er yfirleitt fær vegna samkeppnisaðstæðna og vegna þeirra markmiða sem eðlilegt væri að hafa uppi hvað varðar samkeppnisumhverfi í raforkugeiranum.

Það er margt sem væri gaman að ræða með þessu máli. Menn hafa vissulega á því misjafnar skoðanir eftir því hvar þeir eru staddir. Þeir sem búa á svæðum þar sem Rarik og Orkubú Vestfjarða hafa starfssvæði hafa miklar áhyggjur af þessu, eðlilega, og starfsmenn þessara fyrirtækja. Þeir höfðu vonast til að ef af einhverjum slíkum breytingum yrði þá yrði sjálfstæði fyrirtækjanna tryggt.

En hér er stefnt að því að gera þessi fyrirtæki að dótturfélögum Landsvirkjunar. Allt í þeim eina tilgangi að auka eigið fé Landsvirkjunar. Það er jú sagt í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir því að hægt sé að hagræða í rekstri. Hvar? Hjá þessum tveimur fyrirtækjum, Orkubúi Vestfjarða og Rarik. Það er hagræðingin sem á að nást út úr þessu.

Hins vegar er alveg hægt að ná þeirri hagræðingu með öðrum aðferðum. Þar gætu menn skoðað fyrirtækin hvert fyrir sig eða saman, þessi tvö, án þess að Landsvirkjun væri þar hleypt að kötlunum

En þannig er að forstjóri Landsvirkjunar er yfir og undir og allt um kring í öllum þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar og stefnt er að að taka í þessum málum. Mér er kunnugt um að hann hefur sent forstjóra Rariks tölvupóst þar sem hann segir að sú leið sé einungis fyrsta skrefið og mjög fljótlega verði stofnuð rekstrareining um framleiðsluna, segir forstjóri Landsvirkjunar í þeim tölvupósti. Hann veit því sínu viti um hvað stjórnvöld ætla að gera í framtíðinni en það er svo sem ekki endilega víst að hann sé búinn að segja þeim það núna. En greinilegt er að hann stefnir að því að svona verði með málin farið.

Þannig er þetta mál. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta núna. Ég bendi á að sporin hræða hvað varðar samkeppnisvitund þeirra sem þarna ráða ríkjum og stjórna. Því er ástæða fyrir Alþingi að taka þessi mál og skoða þau vandlega. Ég tel að skynsamlegast sé að leita annarra leiða til að styrkja eigið fé Landsvirkjunar úr því á því þarf að halda, sem er greinilega skoðun ríkisstjórnarinnar líka, ekki bara forstjóra Landsvirkjunar.

Það er verkefni sem getur kostað mikla peninga og það verður þá að hafa það. Mér skilst að ýmislegt sé nú hægt, að minnsta kosti miðað við það sem menn guma af hvað ríkissjóður getur. Ég er á þeirri skoðun að það sé meira um vert að menn búi til einhvers konar umhverfi í raforkugeiranum til framtíðar sem er trúverðugt frekar en að menn stytti sér þessa leið til að gera Landsvirkjun kleift að lifa af einhver ár á meðan hún er að komast yfir helstu hjallana í fjárfestingarálaginu sem verður vegna virkjunarframkvæmda.

[14:15]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hér er á ferðinni enn eitt frumvarpið í þeirri vegferð sem núverandi ríkisstjórn hóf fyrir nokkru síðan með iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins og hugmyndafræðingi í stóriðjumálum, Valgerði Sverrisdóttur, sem leiddi ríkisstjórnina í markaðsvæðingu og einkavæðingu raforkukerfisins.

Ég minnist þess, frú forseti, þegar þáverandi iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins lýsti því yfir, og hefur reyndar ítrekað lýst því yfir á Alþingi, hversu glöð hún hafi verið með markaðsvæðingu raforkukerfisins. Hún hefur ítrekað lýst því yfir að eitt farsælasta verk sem hún og Framsóknarflokkurinn hafi staðið að á Alþingi væri markaðsvæðing raforkukerfisins. Nú fáum við eitt frumvarpið enn sem lýtur að því sama. Þetta er reyndar líka mjög nátengt stóriðju- og virkjunarstefnunni því að það frumvarp sem hér er, um að leggja Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins í Landsvirkjun til að styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar, er náttúrlega beint tilkomið vegna hinnar erfiðu fjárhagsstöðu sem Landsvirkjun er í eftir m.a. virkjunarframkvæmdirnar við Kárahnjúka. Þess vegna er nú leitað allra leiða. Enginn má undan líta, allir verða að leggja í það púkk að styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar og taka þátt í að borga stóriðjutollinn, virkjunaræðistollinn sem hefur verið innleiddur hér, m.a. undir forustu iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins.

Við erum með annað frumvarp sem kom á Alþingi fyrir skömmu síðan sem miðaði að því nákvæmlega sama, að afhenda Landsvirkjun land til eignar og réttindi innan þjóð-

lendna. Þjóðlendumálið er mjög heitt og umdeilt mál. Það var samþykkt og pólitísk sátt um það á Alþingi á sínum tíma, að land sem var sannarlega utan séreignarréttar skyldi flokkast sem þjóðlendur. Í því hefur síðan verið unnið og um það verið deilt, deilt hefur verið um framgöngu ríkisins í þeim málum, hvort ríkið hafi farið þar í fyllsta máta að lögum í framgöngu sinni með þjóðlendukröfum. Um þessi mál, hvernig sú staða er, eru mjög skiptar skoðanir.

Engum datt í hug að ætlunin væri að fara að afhenda einkaaðila land út úr þjóðlendunni eftir að búið var að úrskurða það þjóðlendu. Mér hefði alla vega ekki dottið það í hug þegar verið var að fjalla um lagasetninguna. En nauðsyn brýtur lög hvað varðar Landsvirkjun og fjármögnun á orkuverum fyrir álbræðslu því komið er á Alþingi frumvarp sem ríkisstjórnin flytur um að afhenda Landsvirkjun land til eignar innan þjóðlendna. Landsvirkjun sem síðan er komin á markaðs- og sölulista ef núverandi ríkisstjórn fær að fylgja sínum áformum áfram, sem hún hefur kynnt á undanförnum árum.

Nú skulu orkuverin og orkuveiturnar, eins og Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, fara sömu leið. Einu rökin, sem tilgreind eru fyrir gjörningnum, eru að nauðsyn beri að styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar. Þess vegna skulu líka íbúar Vestfjarða, sem áttu Orkubú Vestfjarða til skamms tíma og voru stoltir af. Orkubúið var aflgjafi framfara, nýrrar sóknar í atvinnumálum. Orkubúið skóp grundvöll fyrir búsetu og fjölbreytt atvinnulíf, en með aðgerðum ríkisstjórnarinnar var Orkubúið knúið af Vestfirðingum. Þeim var stillt upp við vegg vegna þess að stefna núverandi ríkisstjórnar hafði þróast á þann veg að sveitarfélögin á Vestfjörðum voru komin í mikinn fjárhagsvanda vegna stefnunnar sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Þá var þeim boðið upp á að skuldajafna eða greiða niður hluta af skuldum sínum með því að afhenda ríkinu Orkubú Vestfjarða.

Frú forseti. Ég heyri að hæstv. fjármálaráðherra er býsna lítið upplýstur um hvaða mál hann er að flytja. Fram kom í máli hans áðan að hann leit á það sem nokkurs konar skylduverkefni að lesa þetta upp. Ég er hér með gögn, bréfaskriftir og samningagerðir, frá þeim tíma þegar Orkubú Vestfjarða var haft af Vestfirðingum. En þeim var lofað ýmsu á móti. Þeim var lofað því að Orkubúið skyldi ávallt vera undir stjórn heimamanna og skyldi vera sjálfstætt fyrirtæki og starfa fyrir heimamenn á Vestfjörðum. Ég er með það í þessum plöggum. Nú eru örlög Orkubús Vestfjarða að verða sett í púkk til þess að bæta og styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar vegna allt annarra framkvæmda, framkvæmda sem Vestfirðingar eru heldur betur búnir að súpa seyðið af.

Þenslan sem hefur verið í þjóðfélaginu út af stóriðjuframkvæmdunum, m.a. út af Kárahnjúkavirkjun, varð til þess að vegaframkvæmdum á Vestfjörðum hefur verið frestað trekk í trekk. Ekki vegna þenslu á Vestfjörðum. Nei. Vegna nákvæmlega sömu ástæðu og hér er verið að krefjast, að Vestfirðingar afhendi endanlega orkubú sitt í stóriðjutollinn, í að bæta fjárhagsstöðu Landsvirkjunar vegna stóriðjuframkvæmdanna sem hafa verið að setja efnahagslífið að öðru leyti líka á hlið.

Til okkar komu á dögunum forsvarsmenn sveitarfélaganna á Vestfjörðum, okkar þingmanna Norðvesturkjördæmisins, og tjáðu okkur að fjárhagsstaða sveitarfélaganna væri áfram slæm. Rekstrargrunnur þeirra hefði í sjálfu sér ekkert breyst. Þó að þeir misstu orkubúið sitt upp í skuldir breyttist grunnurinn fyrir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna sáralítið eða ekki neitt. Nú er því áfram staðan sú að þeir vilja, réttilega, að skuldum, t.d. vegna félagslega íbúðalánakerfisins sem ekki var allt gert upp og sveitarfélögin standa uppi með, verði létt af þeim. En nú hafa þeir ekkert orkubú til að selja. Nú hefur ríkið ekkert orkubú til að taka af þeim eins og framsóknarmenn gerðu á sínum tíma. Framsóknarmenn margkeyptu það og settu þá margoft í snöruna. Ef þetta hefði haft einhvern tilgang. Nei. Markaðsvæðingin sem iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins fagnaði og sagði að væri það besta sem hún hefði gert á sínum ráðherraferli.

Ég er með nýjasta Bændablaðið, frú forseti, sem ég held að ætti að vera skyldulesning a.m.k. fyrir forustumenn Framsóknarflokksins. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur vonandi lesið þetta og (Gripið fram í.) þá ætti hann að sjá á hve rangri braut þeir eru. Hér stendur í grein, með leyfi forseta:

„Tilskipun um raforkumarkaðinn“ — í Evrópusambandinu sem við tókum upp — „er misheppnuð. Tvær skýrslur sérfræðinga samdóma um að breytingar á evrópskum raforkumarkaði hafi leitt til verðhækkana og fákeppni. — Íslensku raforkulögin byggjast á þessari tilskipun.“ En markaðurinn er miklu minni.

Hér segir einmitt, með leyfi forseta:

„Um mitt ár 2003 tóku gildi ný raforkulög sem hafa verið allumdeild frá því þau voru sett. Helsta röksemdin fyrir setningu þessara laga var að Ísland yrði að uppfylla skilyrði tilskipunar Evrópusambandsins um samkeppni á raforkumarkaði.“ — Þetta er reyndar ekki rétt. Ísland gat sótt um undanþágu en Framsóknarflokkurinn, iðnaðarráðherra eða forustumenn ríkisstjórnarinnar vildu það ekki. — „Lögin höfðu í för með sér róttækar breytingar á skipulagi íslenskra orkumála. Einokun Landsvirkjunar á raforkuframleiðslu var aflétt og skilið á milli rekstrarþátta í orkukerfinu. Tilgangurinn var að koma á samkeppni í orkugeiranum sem átti að leiða til lægra orkuverðs.

Fyrstu áhrifin af breytingunum voru ekki beinlínis þau sem að var stefnt. Það fyrsta sem almenningur varð var við voru þvert á móti töluverðar hækkanir á orkuverði. Það átti þó ekki við alls staðar en á landsbyggðinni varð þetta víða raunin. Þetta vakti umræður um það hvort ástæða hefði verið til að setja þessi lög. Var því meðal annars haldið fram að Íslendingar væru stundum kaþólskari en páfinn í því að innleiða tilskipanir ESB, tilskipanir sem lönd með fulla aðild að ESB væru mun svifaseinni við að setja inn í sín lög.“

Í þessari ítarlegu og góðu grein er síðan fjallað um skýrslur sem voru unnar fyrir evrópska raforkumarkaðinn sem byggður var á tilskipununum. Þar er ítarlega rakið að þetta var gert á fölskum forsendum, röngum forsendum og að árangurinn hafi verið allt annar en búist var við. Reyndar vöruðu margir við þessu en markaðshyggjan og einokunarhyggjan, m.a. í raforkukerfinu, byrgði forustumönnum íslenskrar ríkisstjórnar sýn, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, alla vega lögðu þeir sig mjög viljugir undir það að innleiða þetta hér.

Í framhaldi af þessu er svo viðtal við ferðaþjónustu-

bændur. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Ferðaþjónustubændur uggandi vegna hækkandi raforkuverðs.

Útgjöld vegna raforku hafa hækkað mikið eftir að ný raforkulög tóku gildi og var málið rætt á fundi í Félagi ferðaþjónustubænda nýverið, en margir félagsmanna hafa orðið fyrir miklum gjaldhækkunum. Algengar prósentutölur er 30 til 35% hækkanir hjá einstökum bændum og gildir það einkum um þá sem kynda húsnæði með raforku og þá sem greiða sérstakt dreifigjald vegna mikillar fjarlægðar frá þéttbýli.“

Hér er svo rakið ítarlega hvernig afleiðingar af raforkulögunum, þessari stefnu ríkisstjórnarinnar í raforkumálum, hafa bitnað harkalega á ferðaþjónustubændum. Við getum rakið miklu fleiri dæmi um það hvernig þessi stefna hefur komið harkalega niður, sérstaklega á atvinnulífi úti um hinar dreifðu byggðir landsins.

Ég spyr: Væri ekki rétt, a.m.k. svona rétt fyrir kosningar, a.m.k. hjá Framsóknarflokknum, að segja: Nú skulum við segja stopp. Nú skulum við fara yfir raforkumálin. Við skulum fara yfir hvað við höfum verið að gera rangt. Við skulum staldra við. Við skulum ekki halda áfram í þessu markaðs- og einkavæðingarferli. Við skulum segja stopp og fara yfir málin. Nei. Þá er áfram valið að keyra á þetta enn frekar. Frumvarpið um að leggja bæði Orkubú Vestfjarða og Rarik í Landsvirkjun gengur þvert á það sem allir segja nú, að við séum á rangri braut. Allir nema forustumenn ríkisstjórnarinnar sem vilja halda áfram og keyra vel áfram einkavæðingu og markaðsvæðingu raforkugeirans.

Ég spurði ráðherra um það hvernig það færi með þessar eignir Rariks að fyrirhugaðri Villinganesvirkjun sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð um allt land og í Skagafirði sérstaklega hefur barist gegn og hefur þó komið því til leiðar að framsóknarmenn hafa ekki enn getað virkjað Jökulsárnar í Skagafirði, en þetta er á stefnuskrá þeirrar sveitarstjórnar sem þar er nú, framsóknarmanna og Samfylkingarinnar í Skagafirði að setja Villinganesvirkjun á skipulag. Það er allt tilbúið fyrir Villinganesvirkjun. Eignaraðilarnir núverandi eru Rarik og Kaupfélag Skagfirðinga að mestu leyti. (Gripið fram í.) Nei, ég er að spekúlera: Hver fær eignarhlut Rariks og hver fer með hann? Því þarna hafa togast á, eins og við vitum báðir, ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson, þarna hafa togast á þessir tveir aðilar um virkjunarréttinn og rannsóknaleyfisréttinn. Annars vegar Rarik og Kaupfélag Skagfirðinga og hins vegar Landsvirkjun.

Við höfum tekið snerrur á Alþingi einmitt út af lagasetningum sem fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins, Valgerður Sverrisdóttir, núverandi utanríkisráðherra, keyrði hér inn á Alþingi til að liðka fyrir virkjunarframkvæmdum í Jökulsánum fyrir tveimur árum sem okkur tókst að stoppa þá, en snerist einmitt um deiluna á milli Landsvirkjunar, Rariks og Kaupfélags Skagfirðinga um hver skyldi hafa virkjunarréttinn og hvernig honum skyldi úthlutað eða staðið að honum. Samkvæmt núgildandi lögum um raforkuver stendur:

„Þá er iðnaðarráðherra heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi með aðilum í Skagafirði sem þær eiga aðild að leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.“

Nú er Rarik þá orðið dótturfélag Landsvirkjunar og Landsvirkjun fer með málefni Rariks. Þar með virðist virkjunarrétturinn vera kominn í hendur Landsvirkjunar.

Ég hef flutt frumvarp á Alþingi, og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um að afnumin verði þessi heimild í lögum fyrir Villinganesvirkjun og endanlega verði fallið frá öllum áformum um virkjanir í Jökulsánum í Skagafirði hver sem á í hlut, hvort sem það er Rarik eða Landsvirkjun.

Maður veltir fyrir sér stöðu annarra sveitarfélaga. Ég er búin að tala um orkubú og hvernig Vestfirðingar hafa verið sviknir nánast frá ári til árs varðandi orkubúið sitt sem var knúið af þeim upp í skuldir sem ríkið hefði í raun átt að vera ábyrgt fyrir. Ég minnist þess líka þegar Rafveita Sauðárkróks á síðustu mánuðum, alveg eins og verið er að gera hér af hálfu Framsóknarflokksins í ríkisstjórn — á síðustu mánuðum Framsóknarflokksins í sveitarstjórn Skagafjarðar fyrir um fimm árum seldu þeir Rafveitu Sauðárkróks til Rariks. Rafveita Sauðárkróks malaði gull fyrir Sauðárkrók og fyrir sveitarfélagið Skagafjörð og var góð og sinnti þar margvíslegum verkefnum. En ein af röksemdunum fyrir því var að verið væri að selja hana fyrirtæki sem aldrei breytti um eignarform. Þetta væri ekki hlutafélag, þetta væri stofnun í eigu ríkisins eins og Rarik var þá og þess vegna væri þetta engin áhætta.

Hitaveitan á Blönduósi var með sama hætti seld í Rarik sem þá var þjónustustofnun á vegum ríkisins. Alla vega voru þau rök notuð þá. Nú er þetta fyrirtæki komið með hf. fyrir aftan og komið á bullandi siglingu á markaði. Ég er ekki viss um að þessi sveitarfélög hafi ætlað að selja þessar veitur sínar til að lenda á markaðsvagni orkufyrirtækja hálfpartinn í einokunarumhverfi eins og hér er lagt til.

Mér finnst því, frú forseti, eins og verið sé að fara aftan að öllum með því að einkavæðingarferillinn sem keyrt er á, Orkubúið lagt inn í Landsvirkjun, Rarik lagt inn í Landsvirkjun og allt saman síðan á blússandi einkavæðingarferð. Heimilt er að selja einstaka þætti út úr Landsvirkjun. Það er hægt að einkavæða hana á margan hátt. Það þarf ekki endilega að einkavæða hana og selja hana í heilu lagi. Það er hægt að gera það í áföngum, selja út úr henni verkefni eins og þegar er farið að gera. Ég er ekki viss um að þetta hafi verið ætlunin.

Þegar á allt er litið er því fyllilega ástæða til að við stoppum hérna. Það eru að koma kosningar, þetta er mál sem mikil óeining hefur ríkt um í samfélaginu á undanförnum árum, þ.e. hvert stefnir í raforkumálum og orkumálum þjóðarinnar. Ríkisstjórnin hefur keyrt hér mjög harða einkavæðingar- og markaðsvæðingarpólitík sem hefur leitt til mikillar hækkunar á raforkuverði víða. Hún leiðir til einokunar og fákeppni á raforkumarkaðnum. Það virðist vera að öllu eigi að fórna til þess að styrkja og hlaupa undir bagga hjá Landsvirkjun vegna stóriðjuframkvæmdanna. Öllu skal fórnað, Orkubúi Vestfjarða, Rarik og þjóðlendunum. Allt skal vera lagt inn til þess að bjarga eiginfjárstöðu Landsvirkjunar. Ríkið ber enn þá ábyrgð á Landsvirkjun og getur vel lagt fjármagnið beint fram. Það er ekki verið að taka eignir út úr með þessum hætti til að setja þar inn.

Frumvarpið um að leggja Orkubú Vestfjarða og Rarik í Landsvirkjun, til að bakka þar upp þá markaðsvæðingu sem

þar er komin í gang, finnst mér vera röng stefna, hún er ótímabær og órökstudd. Það er að koma að kosningum og þá eigum við bara að segja stopp og vera ekki að flana að neinu svona síðustu vikur fyrir kosningar. Vonandi verður skipt um ríkisstjórn og Vinstri hreyfingin – grænt framboð kemst að. Þá gefst kostur til þess að freista þess að setja orkumálin í betri farveg á ný.

[14:35]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna ummæla hv. þm. Jóns Bjarnasonar vil ég endurtaka það sem ég sagði í umræðunni um annað mál í síðustu viku, að Landsvirkjun er ekki á neinum sölulista heldur tengjast þessi lagafrumvörp þvert á móti því að ríkið var að kaupa fyrirtækið til sín að öllu leyti og einkavæðing þess er ekki á dagskrá. Auk þess kom fram margs konar misskilningur í orðum hv. þingmanns um þróun í raforkumálum og raforkuverðlagsmálum að undanförnu. Ég vil upplýsa að það eru fleiri sem eru með lítt breytt eða heldur lækkandi verð. Reyndar er samanburður við árið 2003 sem grunnár mjög erfiður því þá var verðlag almennt fremur lágt. Við erum að athuga þetta í ráðuneytinu einmitt núna og ég vænti þess að frekari upplýsingar komi fram innan tíðar.

[14:36]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir að koma í umræðuna. Hæstv. ráðherra áréttaði eiginlega það sem ég sagði, finnst mér, að ástæða er til að stoppa við. Það er ástæða núna til að vera ekki að rugga bátnum meir. Það er ástæðulaust að hleypa Orkubúi Vestfjarða og Rarik núna inn í Landsvirkjun því ráðherra boðaði sjálfur að gera þyrfti úttekt á þessum málum. Þá eigum við að stoppa við því við gerum úttekt á þeim vegna þess að við finnum að það er ekki allt í lagi.

Ég vil benda hæstv. iðnaðarráðherra sem ætti náttúrlega að lesa ræður fyrrverandi iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, á Alþingi, því þó að skipt sé um ráðherra hjá einum flokki mánaðarlega eða á þriggja mánaða fresti þá er ekki hægt að skipta um stefnu í sjálfu sér. Það finnst mér ekki. Þó að ráðherra vildi illa við það kannast hefur stefnan undanfarið verið ljós, það hefur verið markaðsvæðing raforkukerfisins, alveg klárlega.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á að komnar eru tvær skýrslur sem ég hef vitnað til um árangurinn af markaðsvæðingu raforkukerfisins í Evrópu á grundvelli tilskipana sem við vorum að innleiða nýju raforkutilskipanir okkar á. Skýrslurnar um Evrópu sýna að það hefur á flestan hátt mistekist. Reyndar nákvæmlega það sama og við upplifum hér á miklu minni markaði. Ég hvet því hæstv. iðnaðarráðherra til að taka þetta alvarlega og stoppa frekari samþjöppun inn á raforkugeirann, eins og hér er fyrirhugað og taka málin út.

[14:38]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hafa náttúrlega allir sem hlýða á umræðuna tekið eftir því að hv. þingmaður dregur ályktanir af því sem ég sagði áðan, ég var að tala um frumvarpið og Landsvirkjun, hann dregur ályktanir bæði út í himinblámann og út í hafsauga, miklu meiri og víðtækari ályktanir. Það liggur líka fyrir að í samræmi við EES-reglur erum við að reyna að þroska markaðsreglur á raforkumarkaði og ríkisstjórnin er innilega ósammála hv. þingmanni um þá stefnu í sjálfu sér.

Jafnframt liggur það alveg fyrir að það eru mjög sérstakar aðstæður á Íslandi, í litlu þjóðfélagi úti í hafi, sem valda því að það verða sjálfsagt miklir markaðsbrestir ef gengið er of hratt fram í mótun markaðsreglna. Það er mikið vandaefni og þarf að vanda til þess eftir öllum föngum. Ég get tekið undir að það þarf að fara mjög varlega í því efni.

[14:39]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir að það er grundvallarmunur á stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Framsóknarflokksins, a.m.k. forustumanna Framsóknarflokksins í því hvernig haldið er á markaðsvæðingu raforkukerfisins. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að raforkan sé hluti af grunnþjónustu fyrir almenning, heimili og atvinnulíf í landinu og eigi ekki að vera markaðsvara per se.

Ég hygg að margir framsóknarmenn séu reyndar sömu skoðunar og sumir hafa sýnt það í verki. Ég vil árétta það sem ráðherra sagði og biðja hæstv. iðnaðarráðherra að vera sjálfum sér samkvæmur þegar hann viðurkennir að þessi mál hafa ekki gengið með þeim hætti í Evrópu sem vænst var til, fjarri því og ég hef bent á skýrslur þar að lútandi. Markaðurinn hér á landi er miklu minni og þess vegna enn þá minni líkur til þess að einhver kerfi sem hafa mistekist í miklu stærra raforkuumhverfi henti hér á landi. Bara af og frá.

Ef maður vill vera sjálfum sér samkvæmur og viðurkenna að ekki sé allt með felldu, að ekki hafi allt gengið sem skyldi, þá segir maður stopp. En frumvarp þar sem lagt er til að Rarik og Orkubú Vestfjarða gangi í Landsvirkjun sem liður í markaðs- og einkavæðingarferlinu sem hefur staðið yfir síðustu ár, gengur þvert á þá hagsmuni sem við höfum talað um. Þess vegna á maður að segja stopp. Förum yfir málin og segjum stopp. Þá værum við að viðurkenna raunveruleikann.

Ég held að þjóðin vilji ekki frekari markaðsvæðingu, ekki frekari fákeppni, ekki frekari einokun í raforkukerfinu. Ég held að þjóðin vilji stoppa og forustumenn Framsóknarflokksins ættu að taka tillit til þess, sama hversu mikinn áhuga þeir hafa á markaðsvæðingu og einkavæðingu raforkukerfisins.

[14:42]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar geri skýra grein fyrir stefnu sinni þegar kemur að framtíð grunnþátta samfélagsins, þátta á borð við raforkuframleiðsluna, heilbrigðiskerfi, skólakerfi og þar fram eftir götunum. Ef Framsóknarflokkurinn breytir um skoðun og stefnu varðandi einkavæðingu

raforkugeirans er það hið besta mál. Ég yrði fyrstur manna til að fagna því. En Framsóknarflokkurinn verður náttúrlega að kannast við það sem hann hefur gert, bæði verður hann að kannast við eigin gjörðir og líka við orð sín.

Það er staðreynd að fyrrverandi iðnaðarráðherra landsins, Valgerður Sverrisdóttir, einn af forustumönnum Framsóknarflokksins, hefur lýst því yfir að hún telji líklegt og eðlilegt að Landsvirkjun verði gerð að hlutafélagi og seld. Þetta kom m.a. fram í fjölmiðlum í febrúarmánuði árið 2005. Í Kastljósi ríkissjónvarpsins, fimmtudaginn 17. febrúar, sagði ráðherrann að uppi væru áform, og nú vitna ég orðrétt, með leyfi forseta, „um að breyta þessu fyrirtæki sem verður til í hlutafélag, hugsanlega árið 2008. Þá erum við komin í gegnum Kárahnjúkauppbygginguna og eftir að fyrirtækið er orðið hlutafélag að þá er ekki ólíklegt og reyndar áform uppi um það að aðrir aðilar geti komið að fyrirtækinu. Þetta er náttúrlega gríðarlega verðmætt fyrirtæki, vonandi verður það ekki síður verðmætt á þessum tíma og það er engin sérstök ástæða til þess að ríkið haldi eitt utan um það."

Tilvitnun lýkur í hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra og *forustumann Framsóknarflokksins, Valgerði Sverrisdóttur,* í Kastljósi hinn 17. febrúar árið 2005. Þetta er alveg skýrt.

Morgunblaðið velktist ekkert í vafa um hvað hér væri átt við, enda segir í frétt Morgunblaðsins frá þessum tíma, með leyfi forseta:

„Lífeyrissjóðirnir kunna hugsanlega að verða framtíðareigendur sameinaðs fyrirtækis Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins að sögn Valgerðar Sverrisdóttur viðskiptaráðherra. Viljayfirlýsing um að ríkið leysi til sín eignarhluta Reykjavíkur og Akureyrar var undirrituð í gær og mun ríkið eignast fyrirtækið að fullu um næstu áramót, takist að ná samkomulagi um verð hlutar sveitarfélaganna tveggja.

Áform eru uppi um að sameinuðu fyrirtæki verði breytt í hlutafélag eftir þrjú ár. „Á þeim tímapunkti verður að meta hvenær er rétt að opna fyrirtækið fyrir nýjum eigendum," segir Valgerður."" — Ekki hvort, heldur hvenær það skuli gert. — „„Það er búið að móta þá stefnu að til þess muni koma. Það er ekki okkar framtíðarsýn að ríkið eitt muni eiga þetta fyrirtæki til framtíðar."

Hún sagði ekki búið að móta hugmyndir um framtíðarsamsetningu hluthafa, „en því er ekki að leyna að t.d. lífeyrissjóðir hafa verið nefndir í því sambandi"."

Er þetta ekki alveg skýrt? Það er verið að segja að ekki sé búið að taka endanlega ákvörðun um tímasetningu, hvenær fyrirtækið verði selt, en það leikur enginn vafi á því í huga ráðherrans og þessa forustumanns Framsóknarflokksins að það stendur til að selja Landsvirkjun ef Framsóknarflokkurinn verður við völd á árinu 2008. Hvenær skyldi árið 2008 renna upp? Er það ekki næsta ár? Jú, það er á næsta ári. Það er á næsta ári sem Framsóknarflokkurinn, ef hann fær til þess stuðning og kemst að nýju á valdastóla, mun beita sér fyrir einkavæðingu og sölu Landsvirkjunar. Þessi orð voru sögð. (**Gripið fram í:** Er ekki búið að taka þau til baka?) Er búið að taka þau til baka? Nei. Hæstv. ráðherra hefur aftur og ítrekað neitað að hún hafi látið þau falla. Þar er ég kominn að inngangi ræðu minnar, það er mikilvægt að stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar komi heiðarlega fram. Það hefur aftur og ítrekað gerst á undanförnum árum að fyrir kosningar hefur verið gefið til kynna að áform um t.d. einkavæðingu innan velferðarþjónustu (**Gripið fram í:** Ríkisútvarpið.) eða grunnþjónustunnar, t.d. Ríkisútvarpið — að ekki standi til að einkavæða þessar stofnanir. Síðan eru menn komnir á valdastólana og þá er þetta allt saman svikið. (**Gripið fram í:** Síminn.) Þetta eru staðreyndir og menn eru brenndir af þeim veruleika því að aftur og ítrekað hefur þetta gerst, menn hafa lofað einu en framkvæmt annað. Þetta er bara staðreynd. Ef Framsóknarflokkurinn er eindregið andvígur því að selja þessi fyrirtæki á hann að segja það. Þá fagna ég því ef það er stefnubreytingin. Ég er bara að vara við loddaraskap í þessum efnum. Við erum illa brennd, því miður, af Framsóknarflokknum í þessu efni. Nú síðast sveik hann Ríkisútvarpið og við erum búin að heyra alla hártogunina um hvernig túlka eigi samþykktir þinga Framsóknar hvað það snertir. Farið er þegar af stað með einkavæðingu raforkugeirans á Íslandi. Hver er reynslan af þeim skrefum sem þegar hafa verið stigin?

Í Morgunblaðinu frá því í sumar, 9. júlí, segir í fyrirsögn, með leyfi forseta:

„*Fyrirtækjum stórlega mismunað.*

Raforkulögin þjóna engan veginn tilgangi sínum segja Samtök iðnaðarins."

Fyrr á því ári voru ítarlegar fréttir um þetta í Fréttablaðinu. Þar kom fram geysileg óánægja með einkavæðinguna eða þau skref sem þá höfðu verið stigin. Hinn 1. febrúar segir í fyrirsögn á forsíðu Fréttablaðsins, með leyfi forseta:

„Daggjald raforku hefur hækkað um 106%."

Í undirfyrirsögn segir nánar:

„Daggjald heimila vegna raforkunotkunar hefur tvöfaldast á tveimur árum. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur segir raforkulögin orsaka hækkunina. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir flest fyrirtæki einnig greiða hærra verð og líkir ástandinu við samráð olíufélaganna."

Í fréttinni segir síðan m.a., með leyfi forseta:

„Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að frá því að nýju raforkulögin tóku gildi sjáist dæmi þess að raforkuverð til fyrirtækja hafi hækkað um tuttugu til þrjátíu prósent. Flest fyrirtæki greiði hærra verð fyrir rafmagnið en áður." Síðan er þetta tíundað nánar.

Daginn eftir, fimmtudaginn 2. febrúar, vísa talsmenn orkufyrirtækjanna því á bug á forsíðu að um verðsamráð hafi verið að ræða. Hins vegar segja þeir það vera staðreynd að orkuveiturnar elti hver aðra í verði. Talsmennirnir segja að veiturnar beri allar meiri kostnað vegna raforkulaganna. Inni í blaðinu er síðan sláandi frásögn: „Frjáls raforkumarkaður leiðir til hærra verðs hjá fyrirtækjum og einstaklingum: Enginn hagur af raforkulögum."

Síðan kemur hér frétt þar sem ég stikla á stóru, með leyfi forseta:

„Forstjórar Norðurorku, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur gagnrýna nýju raforkulögin en samkvæmt þeim er sala á raforku gefin frjáls. Orkuveiturnar bera allar hærri gjöld vegna breytinganna, Orkuveita Reykjavíkur þau hæstu eða 458 milljónir króna ... Forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, Júlíus Jónsson, ... segir flutningskostnaðinn í raun skatt ... Forstjóri Orkuveitu Húsavíkur, Hreinn Hjartarson, segir veituna þeirra greiða tvöfalt til

þrefalt hærra verð fyrir tenginguna ... Upphæðin sé ótrúlega há, um tólf milljónir í stað fimm ... Franz Árnason, forstjóri Norðurorku, segir að hann sjái engan tilgang með nýju raforkulögunum. Hann þekki engan sem sé ánægður með lögin ... Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, tekur undir orð forstjóra Norðurorku og þekkir heldur engan sem sé ánægður með nýju raforkulögin. Hann og forstjóri Hitaveitu Suðurnesja vöruðu við breytingunum.“

Við vitum um stjórnmálamenn sem voru afskaplega ánægðir með lögin, t.d. hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur. Hæstv. fjármálaráðherra, Árni Mathiesen, er yfir sig ánægður. Hann heldur áfram og stígur hvert skrefið á fætur öðru. Það skal haldið áfram og raforkukerfið í landinu skal markaðsvætt þrátt fyrir þetta. Þrátt fyrir að allir vari við því og telji það til óþurftar. Ég hef verið að viða að mér skýrslum sem hafa komið fram á vettvangi Evrópusambandsins og reyndar neytendasamtaka og verkalýðshreyfinga sem eru öll á sömu lund.

Í skýrslu Evrópusambandsins sem kemur út á hverju ári er gerð úttekt á þessum geira. Í þeirri skýrslu sem ég fór síðast í, 2005-skýrslunni, kemur fram að menn hafi miklar áhyggjur yfir því sem er að gerast. Menn vísa þar í verðhækkanir og samruna. Ekki alls fyrir löngu var úrskurðað, ég held að það hafi verið í Belgíu, hvort heimila ætti samruna tveggja stórra fyrirtækja. Það var heimilað en með ákveðnum skilyrðum þó. Í skýrslunni sem fylgdi voru uppi varnaðarorð um hvert stefndi. Reyndar segir frá því að gert sé ráð fyrir ábendingum frá Evrópusambandinu snemma á þessu ári um aðgerðir til að sporna við þessari þróun, þ.e. vaxandi fákeppni á þessu sviði.

Við höfum líka heyrt um hvað hefur gerst í Skandinavíu, innan Nord Pool sem er eins konar raforkumarkaður sem fjárfestingarfyrirtæki hafa komið inn í til að braska með hluti í raforkunni. Fjölþjóðlega fjármálafyrirtækið Morgan Stanley var sakað um að hafa beitt bellibrögðum á þessum markaði. Það er ekki svo ýkja langt síðan. Ég held að það hafi verið á síðasta ári. Bæði norska fjármálaeftirlitið og hið sænska gerðu athugasemdir við hvað þar væri að gerast. Morgan Stanley átti hlut að máli í Noregi en annað fyrirtæki mun hafa komið við sögu í Svíþjóð.

Hvað er að gerast í Svíþjóð? Hvað hefur gerst í Svíþjóð frá því að raforkan var einkavædd? Þar er eignarhaldið að færast á sífellt færri hendur. Allmörg fyrirtæki framleiddu og dreifðu raforku fyrir markaðsvæðingu raforkunnar í Svíþjóð. Þeim fer nú fækkandi. Þegar á árunum 2003–2004 voru þau orðin þrjú. Það var Vattenfall, það var enn í sænskri eigu. Síðan var það Sydkraft. Hverjir skyldu hafa átt Sydkraft? Það voru Þjóðverjar. Síðan er það Fortung. Hverjir skyldu hafa átt Fortung? Það voru Finnar. Með öðrum orðum, eignarhaldið var að færast til útlanda og fyrirtækjunum í þessum bransa fækkaði. Ýmislegt annað var að gerast, fyrirtækin voru hætt að fjárfesta að því marki sem áður hafði verið gert í þekkingu. Í stað þess að hafa fagmenn á öllum sviðum í þjónustu sinni er farið að bjóða út verkefni, sú er tilhneigingin, búta þau niður og bjóða þau út. Þetta telja menn hafa valdið því að þekkingin sé ekki til staðar innan fyrirtækjanna.

Enn eitt sem hefur gerst er að þau hafa ekki sýnt þá fyrirhyggju sem áður var að hafa varaaflsstöðvar til reiðu þegar raforkuskortur verður. Þá reka menn ekki Ljósafoss- eða Írafossstöð ef þeir geta sloppið við slíkt. Það er það sem gerist. Menn hugsa fyrst og fremst um leiðir til að hámarka arðinn í dag. Ekki á morgun eða hinn — heldur núna. Þetta er þróun sem hefur alls staðar átt sér stað. Hvað hefur þá gerst? Hvað hefur gerst á Norðurlöndum við orkuskort þegar ekki hefur verið upp á neitt að hlaupa? Þá er farið á rándýran raforkumarkað í Evrópu, keypt rándýrt rafmagn frá Þýskalandi og víðar.

Þessi er með öðrum orðum þróunin sem hefur orðið á evrópska raforkumarkaðnum á undanförnum árum. Þrátt fyrir öll varnaðarorðin er haldið áfram vegna þess að menn vilja ekki trúa öðru en að teorían sé rétt, teorían um frjálsan markað hljóti að vera rétt. En það er þessi vandi með kenningu og veruleika, teoríu og praxís, að ef um róttækar breytingar er að ræða getur verið erfitt að koma þeim í framkvæmd. Í sumum tilvikum reynist það hreinlega ógerlegt. Þá verða menn að draga réttan lærdóm af reynslunni. Menn verða að horfa opnum augum á hvað raunverulega gerðist í Evrópu eftir að menn fóru út á þá braut að markaðsvæða raforkugeirann. Það hefur ekki orðið til góðs.

Það sem mér finnst dapurlegt í þessu samhengi er að horfa upp á þá stefnubreytingu sem orðið hefur hjá Framsóknarflokknum á síðustu árum, ekki núna en á síðasta hálfum öðrum áratug hvað varðar afstöðu til samvinnu annars vegar og til markaðshyggju hins vegar. Flokkurinn hefur algerlega lagst á sveif með markaðshyggjunni. Hann trúir á blinda, (**Gripið fram í:** Nei.) grimma samkeppni. Hann hefur misst alla trú á því sem hann grundvallaðist á. Það var samvinnan. Það var talað um samvinnuhreyfinguna og það er með sameiginlegu samstilltu átaki sem Íslendingar hafa oft lyft grettistaki og þannig höfum við fetað okkur áfram.

Við erum talsmenn þess að finna góða, holla blöndu, blandað hagkerfi þar sem annars vegar er samfélagið, hvort sem það er á vegum ríkisins eða sveitarfélaga eða hugsanlega annarra aðila, og svo hinn frjálsi markaður. Við viljum veg hans sem mestan. Við viljum stuðla að fjölbreytni í atvinnulífinu en við segjum að grundvöllurinn, þjónustan sem öll fyrirtæki og heimilin í landinu eiga að geta reitt sig á, eigi að vera rekinn á vegum samfélagsins. Það er okkar stefna. Menn snúa hins vegar öllu þessu á haus vegna þess að sú ríkisstjórn sem nú situr, og það á við bæði um Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk, einkavæðir grunninn en ræðst síðan í inngrip í atvinnulífinu sem aldrei fyrr. Er ég þá að sjálfsögðu að tala um stóriðjustefnuna. Þar er ríkið á fullu og rær öllum árum að því að koma erlendum auðhringum á jötuna, okkar sameiginlegu jötu. Það er vesælt hlutskipti fyrir Framsóknarflokkinn að hafa tekist það á hendur, ekki síst með hliðsjón af að mörgu leyti mjög glæsilegri sögu flokksins frá fyrri tíð. Menn verða að horfast í augu við eigin gjörðir og eigin orð. Ef uppi eru hins vegar áform um að gerbreyta um stefnu er ég fyrstur manna til að fagna því, en þá er hér komið kjörið tilefni í þessu þingmáli, í þessari þróun allri, til að setja stopp. Hættum nú og skrúfum til baka þessa óheillaþróun sem við erum komin inn á.

[15:02]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Í þessu frumvarpi kristallast afstaða stjórnarflokkanna, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, þar sem þeir taka skýra afstöðu gegn hagsmunum almennings og með sérhagsmunum. Ég get ekki verið sammála þeim hv. þingmanni sem talaði á undan mér, um að í þessu frumvarpi komi fram grímulaus árátta Framsóknarflokksins til samkeppnis- og markaðshugsunar vegna þess að í frumvarpinu kemur fram að ekki eigi að verða raunveruleg samkeppni á þessum markaði. Það er verið að hræra saman einokunarþáttum og samkeppnisþáttum. Það er mjög einkennilegt, sérstaklega í ljósi þess að þegar farið var af stað með breytingar á raforkukerfinu var það gert með því markmiði að koma ætti á samkeppni á þessum markaði.

Það má skipta raforkukerfinu upp í þrjá þætti, þ.e. framleiðsluna, sem mögulega er hægt að hafa samkeppni um, og síðan einokunarþættina, sem felast í flutningi og dreifingu rafmagnsins. Nú ætlar ríkisstjórnin að grauta þessu saman með því að færa dreifingarfyrirtækin inn í samkeppnisfyrirtækin, að vísu kemur fram í frumvarpinu að hér eigi að vera stjórnunarlegur aðskilnaður, þ.e. stjórnunarlegur aðskilnaður á milli þeirra þátta sem eru í samkeppni og einokun.

Stöldrum nú aðeins við þetta. Ég fór yfir það með forstjóra Samkeppniseftirlitsins hvort væri betra að það væri raunverulegur aðskilnaður, eignarhaldsaðskilnaður, á milli samkeppnisþáttanna, þ.e. framleiðslunnar og sölunnar, og einokunarþáttanna. Svarið var auðvitað að það væri miklu betra með samkeppnismarkmið að leiðarljósi að aðskilnaður væri á eignarhaldi en ekki einungis stjórnunarlegur aðskilnaður eins og ætlað er í þessu frumvarpi.

Sagan um markaðsvæðinguna er að mörgu leyti grátleg vegna þess að ég held að allur þorri almennings sé ekkert að velta því allt of mikið fyrir sér hver það er sem selur honum rafmagnið heldur hvað rafmagnið kostar. Þær breytingar sem innleiddar hafa verið á síðustu árum undir forustu Framsóknarflokksins hafa einungis valdið auknum kostnaði fyrir þann hluta raforkusölunnar sem er í samkeppnisumhverfi. Gleymum því ekki að það samkeppnisumhverfi sem um ræðir er að verða lítill hluti af allri orkuframleiðslunni eða 20%. Allur hinn þátturinn, 80%, er í föstum samningum þar sem þetta sýndarsamkeppnisumhverfi, sem verið er að innleiða með þessum gríðarlega ávinningi eða réttara sagt tjóni fyrir allan þorra almennings og sýnir sig í hækkuðu rafmagnsverði, er bara lítill hluti, einungis 20%, og um það snýst þetta samkeppnisumhverfi en allur stærri þátturinn í orkuframleiðslunni er í föstum samningum til stóriðjunnar.

Ef allt væri með felldu fengi þessi minni hluti að njóta þess að sífellt meira magn selst í föstum samningum, ef þeir væru hagstæðir, en svo virðist vera að sá þáttur sem er í 20% sem eftir eru í samkeppnisumhverfinu á næsta ári fari alltaf hækkandi. Það fást engar skýringar á því hjá ráðamönnum hvað þessi þáttur hafi hækkað mikið. Við í stjórnarandstöðunni vorum með þingsályktunartillögu þar sem því var beint til stjórnvalda að skýra það hvers vegna þær breytingar sem Framsóknarflokkurinn stóð fyrir hafi valdið svona mikilli hækkun. Það eru ekki einungis við í stjórnarandstöðunni sem höldum þessu fram, eins og kom hér fram hjá hæstv. iðnaðarráðherra að um einhvern misskilning sé að ræða eða eitthvað álíka. Það eru bakarameistarar landsins og Samtök iðnaðarins sem benda á að allt að 50% hækkun hafi orðið á raforkuverðinu eftir að þessar breytingar héldu innreið sína í þessum litla hluta af raforkuframleiðslunni, allt að 50%. Það kom líka fram hér að aðilar í ferðaþjónustu eru að sjá tugprósenta hækkun. Hér er því um mjög miklar hækkanir að ræða sem menn ættu miklu frekar að ræða heldur en að vera að hringla í eignarhaldi á orkufyrirtækjum þar sem í rauninni er verið að festa í sessi kerfi þar sem verið er að hræra einokunarþáttum saman við samkeppnisþætti, sem öll góð samkeppnislögmál segja að sé mjög óhagstætt. Samt sem áður er haldið áfram og maður skilur ekki hvers vegna. Hvers vegna er ekki reynt að svara því hvað rafmagnsverðið hefur hækkað mikið? Nei, menn forðast það í lengstu lög.

Það skiptir afar miklu máli að fá það upp hvað rafmagnsverðið hefur hækkað mikið. Ég vil minna á að í skýrslu sem fráfarandi iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, kom með inn á þingið í fyrra kom fram að rafmagnsverð til almennra fyrirtækja í samkeppni, almennra iðnfyrirtækja, er hærra en í nágrannalöndunum. Það virðist því vera að almenn iðnfyrirtæki, hvort heldur það eru bakarí eða verkstæði, fyrirtæki sem nota mikið rafmagn, þurfi að greiða hærra verð en í nágrannalöndunum sem þau eru mögulega í samkeppni við. Það skýtur skökku við þegar við verðum síðan vitni að því að stóriðjan virðist hafa hagstæðari kjör. Það þarf að fara yfir þetta og þessi markaður þarf að vera gagnsærri en hann er.

Það er ýmislegt sem þarf að ræða í samhengi við þessi raforkumál. Ég vil minna á að það er ekki einungis að rafmagnsverðið hafi hækkað heldur hafa stjórnvöld að einhverju leyti reynt að lauma þessum hækkunum að og leyna þeim með því að flytja hluta af þeim yfir á skattgreiðendur. Þá á ég við það þegar verið er að hækka niðurgreiðslur til húshitunar til þess að neytendur verði ekki eins illþyrmilega varir við þessa hækkun. Eftir stendur að stjórnvöld skýri hve hækkunin hafi verið mikil í þeim hluta raforkukerfisins sem á að búa við samkeppni, þ.e. hjá þessum 20%. Hvers vegna nýtur almenningur í landinu ekki hagstæðari kjara? Það stendur upp á stjórnvöld að svara því. Það er í rauninni fátt sem útskýrir það hvers vegna stærri, öflugri og betri dreifinet ættu ekki að skila neytendum mun betri kjörum en raun ber vitni.

Þessar skipulagsbreytingar hafa ekki skilað neinu og það kom fram í andsvari hæstv. iðnaðarráðherra að hér væri um ákveðinn markaðsbrest að ræða vegna þess að Ísland væri eyja úti í hafi og þess vegna yrði kannski ekki um fullkomna samkeppni að ræða. Því er rétt að spyrja framsóknarmenn, sem halda áfram með þessar breytingar, hvers vegna þær eru þá með þeim hætti að verið sé að gera þetta svokallaða samkeppnisumhverfi ófullkomnara en þyrfti að vera. Hvers vegna er ekki reynt að greina betur en gert er í þessu frumvarpi á milli þeirra þátta sem eru í samkeppni og þeirra sem eru í einokun? Það er það sem upp á stendur. Við verðum að gæta að því að Landsvirkjun hefur yfirburðastöðu á markaðnum, ætli hún sé ekki nífalt stærri en þau fyrirtæki sem verið er að ganga inn í hvað varðar framleiðslu en hún hefur kannski ekki yfir dreifiþáttum að ráða í

jafnríkum mæli og Rarik og Orkubú Vestfjarða. Þess vegna skilur maður ekki, ef það er í rauninni ætlunin að búa til eitthvert samkeppnisumhverfi, hvers vegna verið er að grauta saman á þennan hátt samkeppnis- og einokunarþáttum. Það er algjörlega af og frá og afhjúpar það að þessar breytingar á raforkumarkaðnum snúast ekki nokkurn skapaðan hlut um hag neytenda. Það kemur a.m.k. ekki fram í kjörum sem neytendum er boðið upp á og það kemur heldur ekki fram í því skipulagi sem verið er að innleiða hér þar sem verið er að grauta saman samkeppnis- og einokunarþáttum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við verðum vitni að því að framsóknarmenn hafi lítinn skilning á samkeppnismálum, við höfum m.a. orðið vitni að því í sambandi við Samkeppnisstofnun og hvað hún hefur verið fjársvelt. Það er ekkert stutt við bakið á henni til þess að hún geti sinnt hlutverki sínu. Eða Samkeppniseftirlitið réttara sagt núna því að Samkeppnisstofnun var lögð niður eins og menn muna í kjölfar þess að hún beitti sér í því að taka á samkeppnisbrotum þar sem var samráð. Það endurspeglast kannski í þessu frumvarpi að það á að koma upp einhvers konar einokun gegnra framsóknarmanna, gæti ég sem best trúað, sem er ætlað að fá þessar eigur fyrir lítið. Mér finnst hæstv. fjármálaráðherra skulda okkur betri svör um það hvers vegna verið er að grauta saman samkeppnisþáttum og einokunarþáttum. Að vísu kemur fram að það eigi að vera stjórnunarlegur aðskilnaður en það væri miklu nær að brjóta þetta enn frekar upp og tryggja það með einhverjum hætti, með einhverri sýn á framtíðina, að það yrði einhver samkeppni sem gæti lækkað verðið á raforkunni. Staðreyndirnar, sem koma m.a. fram í Bændablaðinu, í ályktunum Samtaka iðnaðarins og víðar, sýna að þessi för Framsóknarflokksins hefur einungis orðið almenningi og minni fyrirtækjum til tjóns, frú forseti.

[15:16]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Þunnskipaðir eru ráðherrabekkirnir þegar við ræðum þetta sérstaka áhugamál ríkisstjórnarinnar. Ég ætlaði eiginlega að byrja á því að leggja til við hæstv. landbúnaðarráðherra, því að ég sé hann hér í hliðarsölum, alveg sérstaklega leggja það til við ráðherra Framsóknarflokksins að þeir dragi þetta frumvarp til baka. Er ekki nóg komið, frú forseti? Ætli ekki sé nóg komið fyrir hæstv. ráðherra Guðna Ágústsson sem þarf að fara að láta sjá sig á Suðurlandi og reyna að fá fólk til að kjósa sig þar? Vantar hann meira nesti af þessu tagi til að fara með í sveitir landsins og taka á sig reiðina út af hækkun raforkuverðs og ósköpin sem ríkisstjórnin er búin að kalla yfir sig með þessum málatilbúnaði sínum öllum? Ég spái því, virðulegur forseti, að fegnastur yrði hæstv. landbúnaðarráðherra ef þetta frumvarp gæti gufað upp af yfirborði jarðar og margt sem því tengist. Það getur varla verið sérstakt gleðiefni fyrir Framsóknarflokkinn að fara með þessi ósköp með sér út í kosningabaráttuna sem fram undan er. En verði þeim að góðu, auðvitað eiga þeir ekkert annað skilið en að vera hýddir með þessum málum. Hverju hefur Framsókn verið að þjóna í markaðs- og einkavæðingarsýkinni þegar kemur að orkumálum? Ekki landsbyggðinni, ekki almennum notendum. Nei, það er orkugeirinn, orkurisarnir, fákeppnis- og einokunarrisarnir sem á að mala undir, auðvitað nuddar Sjálfstæðisflokkurinn saman lófunum af gleði, getur haft Framsókn í flórnum eins og venjulega við að puða áfram á þingi með einokunar- og einkavæðingarfrumvörpin og Framsókn tekur á sig óvinsældirnar. Framsókn tekur á sig óvinsældirnar og Sjálfstæðisflokkurinn fitnar. Þetta er undarlegt ráðslag, þetta er merkileg sjálfseyðingarhvöt, sjálfseyðingarleiðangur (**Landbrh.:** ... framsóknarmaður.) sem hæstv. landbúnaðarráðherra tekur þátt í, að því er virðist eins og viljalaust verkfæri. Kannski hann hafi forðað sér til Kanaríeyja til að vera í burtu meðan þetta frumvarp var tekið í gegnum ríkisstjórnina, komið í gegnum þingflokka og inn á þing.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast að þetta skuli birtast hérna aftur. Ríkisstjórnin fékk aðvörun í þessum efnum fyrir áramótin og þá bilaði kjarkurinn og málið var dregið til baka. En þráhyggjan er svo ofboðsleg að þetta birtist hér, gott ef ekki þurfti að taka það á dagskrá með afbrigðum — a.m.k. voru það einhver mál ríkisstjórnar hér — rétt áður en þingið á að ljúka störfum fyrir kosningar. Það eru ekki að verða margir virkir þingdagar eftir ef á að standa við áætlun þingsins um að klára hér um miðjan mars. Febrúar er stuttur eins og kunnugt er, ekki einu sinni hlaupár í ár ef ég man rétt.

Nei, ég held að hæstv. ríkisstjórn gerði réttast í því að draga þetta til baka og ég spái henni engri frægðarför með þetta mál í gegnum þingið. Ég held að það sé orðin mjög almenn og útbreidd skoðun að það sé meira en nóg komið af þessu. Þetta markaðs- og einkavæðingarflan ríkisstjórnarinnar í orkumálum er eitt af því versta, og er þá mikið sagt, þegar allur sá leiðangur er ræddur. Hér hafa menn nú þegar upplifað á eigin skinni það sem auðvitað er óumflýjanlegur fylgifiskur markaðsvæðingar af þessu tagi, að raforkuverðið hefur stórhækkað. Það hefur auðvitað hækkað vegna þess að nú er fyrirtækjunum uppálagt, þótt í opinberri eigu séu, að reikna sér arð fyrir hvert viðvik og að hann verði tekinn út úr rekstrinum. Það er búið til regluverk og málin eru flækt, fyrirtækjum skipt upp, allt í þágu þeirrar vitleysu að innleiða hér orkutilskipun Evrópusambandsins sem átti ekkert erindi við íslenskan orkumarkað, ekki neitt. Auðvitað er undarlegt að Framsóknarflokkurinn sem var í öllum færum til að reyna að semja um undanþágu eða sérframkvæmd þeirra mála skyldi ekki einu sinni reyna það. Evrópuglýjan réð þá alveg ferðinni og í tíð fyrrverandi formanns flokksins, Halldórs Ásgrímssonar, sem þá var utanríkisráðherra kom auðvitað ekki til greina að fara neitt að ybbast við, og studdur af iðnaðarráðherra sínum sem þá var, Valgerði Sverrisdóttur, tók Framsóknarflokkurinn þá afstöðu að innleiða þetta hér gagnrýnislaust og hefur ef eitthvað er gengið meira að segja heldur lengra en endilega þarf að gera til að uppfylla ákvæði þessarar margfrægu orkutilskipunar.

Það hefur rignt yfir okkur þingmenn, a.m.k. þingmenn úr landsbyggðarkjördæmunum, að undanförnu ýmiss konar mótmælum frá sveitarstjórnum og öðrum aðilum vegna hækkunar á raforkuverði. Hún er núna staðreynd. Hún er núna ekki bara eitthvað sem erfitt er að bera saman út af kerfisbreytingum eða einhverju sem var í pípunum eða

hvað það nú var sem menn sögðu hérna fyrst um áramótin 2004/2005. Nei, núna er raunhækkun raforkuverðs hjá fjölmörgum aðilum staðreynd.

Ég hef eiginlega ekkert dæmi fengið um lækkun. Því var haldið fram að einhver iðnfyrirtæki hefðu náð fram einhverri lækkun, ég held að bara ekki eitt einasta slíkt dæmi hafi komið inn á mitt borð. Ég hef séð ein tvö tilvik þar sem menn komu út á sléttu, þar sem menn hafa sloppið við hækkun. Kannski telja menn sig góða þar með. En til húshitunar í strjálbýlinu þar sem dreifbýlisgjaldskrár Rariks og Orkubús Vestfjarða gilda er þetta veruleg hækkun, það er staðreynd. Og er þá ekki nóg komið? Nei, það er ekki nóg komið, Framsókn vill meira. Hún vill markaðs- og einkavæða meira. Hún ætlar að taka Rarik og Orkubú Vestfjarða og setja undir Landsvirkjun þannig að til geti orðið enn þá harðsvíraðri einokunarrisi á sviði orkumála í landinu og þar sem Landsvirkjun fær þá í fyrsta skipti markaðsráðandi stöðu á sviði smásölu. Hingað til hefur þó verið það fyrirkomulag að Landsvirkjun hefur selt beint til stórframleiðendanna og síðan verið uppistöðuaðili í heildsölu á rafmagni til dreifiveitna. En þarna á að leyfa henni í gegnum dótturfyrirtæki sín að koma krumlu sinni inn á smásölumarkaðinn. Auðvitað er það fullkomlega fáránlegt, það er absúrd, virðulegur forseti, með leyfi, ef ég má sletta þannig, að standa fyrir slíku.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst Samkeppniseftirlitið, miðað við það sem vitnað er í það hér, vera heldur lint, heldur mjúkt í hnjáliðunum þegar það segir að það „þurfi að huga að", það er haft hér eftir því í greinargerð með frumvarpinu að það „þurfi að huga að markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar á markaðnum fyrir smásölu raforku til stórnotenda og á markaðnum fyrir framleiðslu og heildsölu á raforku. Enn fremur kunni Landsvirkjun að komast í markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir smásölu raforku til almennra nota. Gæta verði að því að fyrirkomulagið á þessu sviði hindri ekki virka samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og smásölu raforku í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga" og setja skilyrði o.s.frv.

Óskaplegur lopi er þetta. Af hverju segja menn bara ekki hreint út: Þetta er óæskilegt, það er verið að bjóða hættunni heim? Það er verið að setja þetta í hendurnar á fyrirtækinu sem fær á sig fésektirnar núna og er að borga sig frá brotum á samkeppnislögum þegar þeir ætluðu í samráði við Símann að búa til enn harðari einokun á sviði fjarskiptamála og gagnaflutninga.

Auðvitað er sorgarsaga mikil að rekja það hvernig almennir raforkunotendur á Íslandi hafa farið út úr hlutunum í þessu landi þar sem eru sennilega einstakari aðstæður og betri en nokkurs staðar annars staðar til þess að hafa hagstætt raforkuverð ef öðruvísi hefði verið staðið að málum. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því í mínum huga að ef raforkusölu og framleiðslu og sölu til almennra nota í landinu hefði aldrei verið blandað saman við stóriðjuna og stórflutningana væru allar aðstæður til þess að hafa raforkuverðið hér miklu lægra en það er í dag.

Það er svo gríðarlega hagkvæmt að framleiða rafmagn í afskrifuðum vatnsaflsvirkjunum eins og Sogsvirkjun eða framleiða það sem viðbótarafurð á háhitasvæðum þar sem tekinn er jarðvarmi til húshitunar eins og í Svartsengi og á Nesjavöllum að það hálfa væri nóg. Er þá ekki undarlegt að mönnum skuli hafa tekist að standa þannig að verki að raforkuverð hér er með því hærra sem gerist í Evrópu? Ég veit að hæstv. landbúnaðarráðherra man — ég hef stundum rifjað þetta upp, virðulegur forseti, fyrir hann áður — eftir því þegar hann setti starfshóp á laggirnar fyrir nokkrum árum til að rannsaka starfsskilyrði garðyrkjunnar sem átti þá í þrengingum. Út úr því komu sumpart ágætar tillögur til að taka á þeim vanda, það ber að viðurkenna það. En hver var ein tillagan í starfshópi hæstv. landbúnaðarráðherra Guðna Ágústssonar sem hér ætlar að standa að frekari markaðs- og einkavæðingu í raforkumálum? Jú, það var að reyna að fara í aðgerðir til að lækka raforkuverð til garðyrkju á Íslandi niður í það sem það væri í samkeppnislöndunum, niður í það sem það væri í Hollandi. Ergó, raforkuverðið á Íslandi til garðyrkjubænda var hærra. Við vorum að selja grænu stóriðjunni okkar í gróðurhúsunum raforku á einhverju hæsta verði sem þekktist í Evrópu. Það er nú hinn glæsilegi árangur sem við sitjum uppi með. (**Landbrh.:** Það var lækkað.) Það var auðvitað örlítið lækkað, já, og ber að virða það og gott ef ekki einhverjar endurgreiðslur eða niðurgreiðslur settar þar inn. En er ekki dapurlegt að þurfa þess þar sem í raun og veru ættu að vera svo kjörnar aðstæður til að hafa þetta verð miklu hagstæðara? Það vita t.d. bændur og aðrir sem hafa reist smárafstöðvar að ef þær eru tæknilega vel úr garði gerðar og rennsli af þeim öruggt eru þetta einhverjar allra mestu gullkvarnir sem fyrirfinnast. Það þarf að skipta um legur sirka á 10 ára fresti ef vel er um þær hirt. Og þegar búið er að afskrifa stofnfjárfestinguna geta menn verið með ákaflega hagstætt rafmagn áratugum og þess vegna öldum saman, t.d. þegar um er að ræða rennslisvirkjanir í bergvatnsám þar sem ekki eru nein vandamál í formi setfyllingar í inntakslón eða annað því um líkt.

Auðvitað er það alger sorgarsaga hvernig okkur Íslendingum hefur tekist að standa þarna að málum og þar er við raforkustóriðjutrúarbrögðin að sakast. Það er enginn vafi á því í mínum huga. Það er vegna þess að fyrirtækin hafa hlaðið á sig skuldum jafnóðum og hefur séð til lands til þess að framleiða meira rafmagn í þágu erlendrar stóriðju á útsöluverði. Má lengi um það deila hversu mikið flæðir þar á milli, það er auðvitað alþekkt þræta, en framan af árum er þó í öllu falli enginn vafi að innlendir notendur neyddust til að taka á sig hækkað verð til þess að greiða niður rafmagnið í stóriðjuna. Á áttunda áratugnum var raforkuverð til almennings ítrekað hækkað vegna þess að Landsvirkjun átti þá í miklum erfiðleikum vegna hins lága verðs sem greitt var fyrir raforkuna á grundvelli upphafssamninganna í Straumsvík.

Nú á að fara að taka Orkubú Vestfjarða, það ágæta fyrirtæki sem byggðist upp á Vestfjörðum og skilaði Vestfirðingum þeim árangri áður en þeir misstu það úr sínum höndum að raforkuverð var 10–15% hagstæðara á Vestfjörðum en á svæði Rariks og annarra veitna. Þetta er staðreynd. Það er ekki slakur árangur að ná því að skila við aðstæður eins og þær eru á Vestfjörðum þar sem er strjálbýli og miklar flutningaleiðir hagstæðara raforkuverði. Það var þó staðreynd — áður en Orkubú Vestfjarða var tekið af sveitarfélögunum þar. Það var m.a. vegna þess að Orkubú Vest-

fjarða framleiddi, ef ég man rétt, um 40% af sinni orkuþörf sjálft og var farið að njóta góðs af því að eiga afskrifaðar eða tiltölulega afskrifaðar virkjanir sem framleiddu inn á kerfið.

Maður batt vonir við það að Orkubú Vestfjarða gæti orðið svipuð aflvél í fyllingu tímans þar eins og Hitaveita Suðurnesja hefur verið á Suðurnesjum. Hvað gerist þá? Jú, ríkisstjórnin neyðir sveitarfélögin á Vestfjörðum til að láta frá sér þessa verðmætustu eign upp í skuldir, ekki síst vegna félagslega íbúðalánakerfisins. Auðvitað voru þau neydd til þess, auðvitað horfðu menn með tárum á eftir Orkubúi Vestfjarða fara úr fjórðungnum og öllum þeim *framtíðarmöguleikum sem hefðu átt að geta fylgt.*

Svipað má segja um Rarik, það er ekki hagstætt fyrir landsbyggðina á Íslandi að Rarik gangi þá leið sem þarna er lögð til. Margir höfðu bundið vonir við að frekar gætu átt sér stað skipulagsbreytingar í raforkumálum af því tagi að Rarik, eða a.m.k. hlutar af starfsemi þess á viðkomandi svæðum, rynni saman við orkufyrirtæki í landshlutunum eins og Norðurorku og myndaði sterk landshlutaveitufyrirtæki. Þannig hefði getað komist á laggirnar slíkt skipulag. Nei, en þeir ætla ekki að standa fyrir því, framsóknarmenn. Nei, þeir ætla að leggja þetta undir Landsvirkjun sem þeir áforma svo að einkavæða eins og kunnugt er. Það þarf ekki að fara aftur með þær beinu tilvitnanir sem hér hafa verið í orð t.d. fyrrverandi viðskiptaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, þau hafa ekki verið dregin til baka. Ég veit ekki betur en að þau áform standi, að það sé ekki ætlun þessarar ríkisstjórnar ef hún fengi um það ráðið að Landsvirkjun verði lengi í viðbót í opinberri eigu, a.m.k. ekki alfarið.

Það er alveg vitað að ýmsir aðilar úti í þjóðfélaginu bíða tilbúnir eftir því að hreppa hnossið. Ýmsa hungrar í þau verðmætu réttindi sem Landsvirkjun hefur fengið í gegnum tíðina á silfurfati, endurgjaldslaus afnot af sameiginlegum auðlindum, orkulindum í eigu landsmanna, bætur sem hún hefur greitt fyrir land í einkaeigu hafa náttúrlega verið hverfandi, hlægilegar í raun þegar betur er að gáð, eins og bótakröfur landeigenda á svæði Kárahnjúkavirkjunar núna sýna. Ef menn horfa á þetta og virða þetta í ljósi mögulegra framtíðarverðmæta sem þarna kunna að vera fólgin hafa þær bætur sem hingað til hafa verið greiddar beinlínis verið hlægilegar, nánast engin hlutdeild í hinum eiginlega arði sem af orkuvinnslunni getur sprottið á áratugum og öldum, heldur tiltölulega lágar einskiptisbætur eins og til að koma til móts við það jarðrask og land sem með beinum hætti hefur farið undir mannvirki.

Ekki mælir sá þáttur sérstaklega með því að hér sé vel staðið að verki, og ætlar svo ekki ríkisstjórnin einmitt á þessu sama þingi, ef hún fengi því framgengt, að afhenda Landsvirkjun þjóðlendur? Það er algert brot á því sem legið hefur til grundvallar þjóðlendumálinu og því að fá úr því skorið hvaða land skuli verða í ævarandi sameign þjóðarinnar? Nei, en þeim dettur það í hug, snillingunum, ofan í yfirlýsingar um að hafinn sé undirbúningur að einkavæðingu Landsvirkjunar, að gefa henni þjóðlendur. Svona er hugsunin. Það er alveg ljóst hverjum er þjónað, það er alveg ljóst hverjum Framsóknarflokkurinn þjónar í þessu máli. Ekki almennum raforkunotendum, ekki landsbyggðinni, ekki þjóðinni sem slíkri gagnvart sameignum hennar. Nei, þeir þjóna þessum geira, stóriðjufyrirtækjunum, erlendu álhringunum og fyrirtækjunum sem hér eru í því að framleiða rafmagn ofan í þau á útsöluverði þar sem náttúra landsins er metin einskis — einskis — og sameiginleg verðmæti færð á silfurfati í púkkið.

Að síðustu, frú forseti, væri náttúrlega sá hluti þessa máls sem snýr að samkeppnisréttinum einn og sér næg ástæða til að vísa þessu frumvarpi tafarlaust frá, auðvitað. Það er algerlega fáránlegt að Alþingi taki frumvarp til umfjöllunar sem beinlínis felur í sér stórfellda hættu á að styrkja markaðsráðandi fákeppnisstöðu á sviði þar sem á að heita að ætlunin sé að láta frjálsa samkeppni ráða verðlagi. Það er bara aldeilis fáránlegt. Og að gera það ofan í þó varnaðarorð, þótt linkuleg séu, frá samkeppnisyfirvöldum, er með miklum endemum. Hvernig nálgast hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem fer með samkeppnismál, hlutverk sitt? Hvar liggur trúnaður hans? Ekki við samkeppnislögin, ekki við neytendur. Hvar er hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra? Tollir hann ekki í salnum þegar verið er að ræða við hann? Er þetta orðið eitthvað erfitt? Mér finnst heldur leiðinlegt að ráðherrann skuli ekki geta verið hér.

(**Forseti** (JóhS)**:** Óskar hv. þingmaður eftir því að forseti geri ...?)

Mér þætti það voðalega gaman ef hann er í húsinu, en ég er nú að verða búinn með ræðutíma minn. Ég hefði gaman af að heyra hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra leggja það á sig að koma í stólinn og svara því hvar trúnaður hans liggur í máli af þessu tagi. Telur hann að honum sé stætt á því sem yfirmanni samkeppnismála í landinu að leggja frumvarp af þessu tagi fyrir þingið? Eða vill hann þá vera svo góður að segja af sér sem samkeppnisráðherra, segja af sér sem viðskiptaráðherra og — (Gripið fram í.) ég veit það en ráðherrann fer með sitt viðfangsefni eftir sem áður — viðurkenna að hann sé bara iðnaðarráðherra, hann sé bara álmálaráðherra eins og forveri hans var. Sá er auðvitað mergurinn málsins. Ráðherrar Framsóknarflokksins, bæði *hæstv. núverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra* og fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson og Valgerður Sverrisdóttir, eru fyrst og fremst álmálaráðherrar. Þau þjóna trúboðinu um álvæðingu landsins hvað sem tautar og raular, þau dæma neytendur til þess að fá á sig óskapnað af þessu tagi. Þau hækka raforkuverðið til almennra notenda án þess að depla auga og allt er þetta gert í þágu þessarar miklu þjónkunar undir áliðnaðinn. Auðvitað þarf hæstv. ráðherra að gera Alþingi hér grein fyrir því hvaða augum hann líti embættisskyldur sínar og í hvaða hlutverki hann ætli sér yfirleitt að vera. Vill hann þá ekki bara vera svo góður að segja af sér sem samkeppnisráðherra þannig að það sé á hreinu, það sé ekkert að þvælast fyrir honum, og gangast við því sem hann raunverulega er, sem sagt arftaki hæstv. fyrrverandi álmálaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur?

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti gerði ráðstafanir til að kalla hæstv. iðnaðarráðherra í salinn en hann hefur ekki enn orðið við þeirri ósk og þykir forseta það miður.)

[15:36]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er allt að ganga eftir sem sagt var í

þessum sölum að yrði í raforkumálum hér á landi með því að fara hér í gegn með raforkulögin á sínum tíma. Enn fremur gengur eftir spáin um til hvers mundi draga þegar rædd var salan á Orkubúi Vestfjarða til ríkisins, að það yrði sameinað Landsvirkjun og síðan yrði stefnumótunin sú að orkugeirinn í landinu yrði í raun falur einkaaðilum á komandi tímum. Ég hygg að það sé stefnan sem hvílir undir þessu máli hvað svo sem stjórnarliðar segja um þau skref sem þeir stíga núna með yfirtöku Orkubús Vestfjarða og yfirfærslu til Landsvirkjunar og einnig Rafmagnsveitna ríkisins.

Orkubú Vestfjarða var Vestfirðingum afar dýrmætt og við Vestfirðingar væntum þess á sínum tíma að það fyrirtæki gæti verið bakhjarl nýsköpunar og stuðningsaðili við fyrirtæki í fjórðungnum, ákvörðunaraðili um nýtingu orkunnar á þessu landsvæði og jafnvel víðar með því að eignarhaldið héldist á Vestfjörðum og fyrirtækið væri sjálfstætt starfandi í eigu sveitarfélaganna á Vestfjörðum eins og það var.

Eins og menn muna var þetta fyrirtæki hálfpartinn tekið upp í skuldir við ríkissjóð í uppgjörsmálum sem sneru m.a. að íbúðarhúsnæði og leiguíbúðum í sveitarfélögum á Vestfjörðum. Sveitarfélögunum var stillt upp við vegg með að selja fyrirtækið til ríkisins. Þeir fjármunir sem sveitarfélögin fengu fyrir Orkubúið voru af sumum taldir verulega miklir og að á þeim mætti byggja til langrar framtíðar. Ég minnist þess m.a. að bæjarstjórinn á Ísafirði taldi að það væri ekki úr vegi að leggja verulegan hluta af þeim fjármunum sem fengust fyrir Orkubú Vestfjarða inn á sérstakan reikning og ávaxta þá vel, nýta mætti ávöxtunina til rekstrar í bæjarfélaginu eða til nýrra og skapandi verkefna á vegum þess. Ég held að allir sem fylgdust með þeirri umræðu á sínum tíma muni hvaða björtu framtíðarhorfur sjálfstæðismenn á Ísafirði þóttust sjá í því að fá þessa orkubúspeninga til sín, m.a. með því að geyma þá á sérstökum reikningi og nota ávöxtunina sem bakhjarl fyrir bæjarfélagið. Nú háttar hins vegar svo til í því bæjarfélagi, Ísafjarðarbæ, að allir þessir peningar eru löngu horfnir í eyðslu og rekstur bæjarfélagsins með einhverjum hætti. Ísafjarðarbær stendur ekki vel fjárhagslega, hann er búinn að vera lengi undir stjórn sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, þeirra sömu og mynda ríkisstjórn landsins og hafa gert í meira en áratug. Þetta er afraksturinn, hæstv. forseti.

Við sem vildum sérstaklega halda Orkubúi Vestfjarða í eigu Vestfirðinga áfram höfðum vænst þess að það yrði fyrirtæki sem byggði á þekkingu og reynslu til framtíðar, byggði á þekkingu á nýtingu vatns og jarðhita, rekstri kyndistöðva fyrir byggðakjarna á Vestfjörðum sem og nýtingu hitaorku, t.d. frá sorpbrennslu eins og á Ísafirði, fyrirtæki sem hefði víðtæka þekkingu á því að nýta orku. Við gerðum okkur vonir um að Orkubúið yrði sá aðili sem beitti sér fyrir því að stofna til nýrra virkjana á Vestfjörðum með nýtingu vatnsfalls eins og á Ófeigsfjarðarheiði. Því miður hefur ekkert orðið af þeim framkvæmdum, hins vegar hafa nokkrir einkaaðilar á Vestfjörðum virkjað, m.a. í Botni í Súgandafirði og vestur í Arnarfirði, talsverðar virkjanir byggðar á einstaklingsframtaki og selja orku inn á svæðið. Orkubú Vestfjarða hefur reist eina litla virkjun í Tungudal með vatninu sem kom út úr jarðgöngunum og bættist í ána þar og er allt gott um það að segja. Ég held að hún sé eina nýja virkjunin sem reist hefur verið á Vestfjörðum af Orkubúi Vestfjarða. Það hefur auðvitað verið endurbyggt og lagað, eins og virkjunin í Steingrímsfirði, og menn hafa reynt að halda þeim orkuveitum við sem orkubúið rekur. Og allt gott um það.

Það er ekki lengur á valdsviði Vestfirðinga að stjórna frekara frumkvæði og nýsköpun á Vestfjörðum. Nú er verið að færa eignabönd þessa fyrirtækis algjörlega yfir til Landsvirkjunar og þá vaknar umræðan um samkeppnismál, hvernig þeim er fyrir komið o.s.frv. Hér er verið að reyna að búa það í þann búning að þó svo að Landsvirkjun eignist algjörlega eignarhlutann í Rafmagnsveitum ríkisins og í Orkubúi Vestfjarða sé samt hægt að halda uppi samkeppni með því að þessi fyrirtæki hafi sérstakar stjórnir o.s.frv. þó að þau séu 100% í eigu Landsvirkjunar. Hér er líka opnað á það að Landsvirkjun sé komin inn á smásölumarkaðinn, og kannski veitir henni ekki af miðað við þá orkusamninga sem Landsvirkjun hefur gert með sölu á þeirri orku sem m.a. hefur verið ráðstafað til álframleiðslunnar. Ég held að það orkuverð sé langt undir því sem við ættum að selja orku á í dag, hvað þá heldur ef við lítum til framtíðar og virðis orkunnar þá. Ég held að allir sem velta því fyrir sér í alvöru séu orðnir sammála um að ekki sé ástæða til að halda áfram og flýta sér við sölu á orku til frekari stóriðnaðar hér á landi á því verði sem hún hefur verið seld á frá orkufyrirtækinu Landsvirkjun til hinna stóru aðila sem hingað hafa sótt til uppbyggingar. Þar er einfaldlega verið að semja um of lágt verð til framtíðar litið.

Hæstv. forseti. Allt þetta ferli með Orkubú Vestfjarða frá því að ríkið yfirtók það, síðan það sem við stöndum frammi fyrir núna og það sem væntanlega verður í framtíðinni eftir kannski eitt ár, þ.e. ef þessi ríkisstjórn heldur velli sem ég vona vissulega að landsmenn hafi skynsemi til að tryggja að verði ekki, tel ég víst að verði það sama áfram og að hér verði stefnt að einkavæðingu og sölu á orkufyrirtækjunum og raforkumarkaðurinn einkavæddur. Ég er algjörlega andvígur því að þannig verði staðið að málum hér á landi.

Að mínu viti er verið að stíga skref sem ekki verða aftur tekin ef sú vegferð verður farin sem hér er boðuð. Ég vænti þess að okkur takist að láta þetta mál sofna í nefnd og það verði ekki afgreitt fyrir þinglok. Það væri áfangi að ná því fram. Ég held að stjórnarandstaðan verði að reyna að sjá til þess að þau skref sem ríkisstjórnin vill stíga núna í þessa veru nái alls ekki fram að ganga á þessu þingi og þetta verði eitt af þeim málum sem liggi óafgreidd fram yfir kosningar. Væntanlega fær þá ný ríkisstjórn tækifæri til að takast á við að skipa þessum málum með öðrum hætti en hér er lagt upp með. Ég lýsi því hér yfir að við erum algjörlega ósammála þessu frumvarpi.

[15:47]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég ætlaði einungis að leggja til að umræðunni verði frestað. Ráðherrann sem flytur málið sést ekki hér og aðrir ráðherrar sem hafa verið hér á hlaupum koma ekki í salinn þó að eftir því sé óskað og bornar séu upp fyrir þá spurningar. Þegar svo er er alveg sjálfsagt mál að taka

tillit til þessara aðstæðna ráðherranna og fresta umræðunni. (Gripið fram í.) Ég hef engan áhuga á því t.d. að eyða mínum seinni rétti án þess að hafa ráðherrana til skrafs og ráðagerða. Ég hef áhuga á að leggja spurningar fyrir fjármálaráðherra varðandi eigið fé Landsvirkjunar og stöðuna þar og eins hafði ég óskað eftir því að iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem fer með samkeppnismál, upplýsti okkur um það hvernig hann lítur á stöðu sína í þeim efnum.

Mér finnst, virðulegur forseti, að við eigum ekki að sýna þinginu og umræðunni um þessi mál þá óvirðingu að láta hana fara fram langtímum saman án þess að viðkomandi ráðherrar séu við. Hæstv. landbúnaðarráðherra er hér og bíður eftir því að koma sínum málum að. Ég legg til að við frestum þessu máli og tökum til við að ræða mál landbúnaðarráðherra.

[15:48]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Forseti getur tekið undir að það er réttmæt ósk sem fram hefur komið frá hv. þingmanni. Forseti sér á töflu sinni að báðir þessir ráðherrar, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra, eru í húsinu og mun gera gangskör að því að þeir verði viðstaddir umræðuna. Í trausti þess mun forseti halda umræðunni áfram.

[15:49]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við hljótum að mælast til þess við hæstv. forseta að umræðunni verði ekki fram haldið fyrr en ráðherrarnir eru mættir í salinn og geti setið undir henni og svarað þeim spurningum sem til þeirra er beint, svarað fyrir það sem þeim er borið á brýn. Svo hefur ekki verið núna og það hlýtur að vera lágmarkskurteisi að umræðum verði ekki lokið án þess að hæstv. ráðherrar fái sér sæti í salnum og hlusti á mál manna.

[15:49]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hæstv. iðnaðarráðherra er mættur í salinn og ég veit að hv. þingmenn fagna því. Ég á ekki von á öðru en að hæstv. fjármálaráðherra muni birtast hér innan tíðar. Hann hefur fengið skilaboðin.

Forseti vill freista þess að halda umræðunni áfram í trausti þess að ráðherra gangi fljótlega í salinn.

[15:50]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni er verið að flytja málefni þau sem hér um ræðir á milli ráðuneyta og svo virðist vera að hæstv. ráðherrar hafi ekki algjörlega áttað sig á því að það er að gerast. Þannig virðist hæstv. iðnaðarráðherra ekki telja það skyldu sína að taka þátt í umræðunni og fara yfir þau mál sem hér er verið að ræða. Það er nauðsynlegt að hann geri það, hæstv. ráðherra, því að fjármálaráðherra, sem nú er að taka við þessum málaflokki, virðist ekki vera búinn að átta sig á því hvaða verkefni hann hefur tekið að sér. Hann hefur sem sagt samþykkt að taka barnið í fóstur en sinnir því ósköp lítið enn þá a.m.k.

Það er full ástæða til að menn taki þessa umræðu og svari þeim spurningum sem hafa komið fram. Hæstv. viðskiptaráðherra þarf að svara spurningunum um það hvernig sú gerð sem hér er ætluð á að tryggja samkeppni á raforkumarkaði. Hér er verið að fara á fullri ferð aftur á bak frá þeim hugmyndum sem menn hafa kynnt um samkeppni á þessum markaði með samrunanum sem hér er ætlaður með því að setja þessi fyrirtæki undir Landsvirkjun. Hæstv. viðskiptaráðherra þyrfti að fara yfir það líka hvort ekki séu jafnvel líkur á því að þetta standist ekki.

Í fyrri ræðu minni nefndi ég tilskipun frá því á árinu 2003, nr. 54/EC, sem fjallar um það að ekki eigi að blanda saman fyrirtækjum á einkaréttarsviði hvað varðar raforkusölu og dreifingu og fyrirtækjum sem framleiða og taka þátt í samkeppni. Það er líka ástæða til að menn fari yfir þessi mál vegna þess að samkeppnismarkaðurinn sem þarna á að skapa er afskapleg takmarkaður. Ég nefni bara sem dæmi að framleiðslan á raforkunni er 45% af þessum markaði, flutningurinn er 17% af markaðnum, dreifingin er 33% og salan 5%. Þegar menn fá reikningana í hendur núna, almennir notendur, þá skiptist helmingurinn af fjárhæðinni á milli dreififyrirtækjanna og flutningsaðilans á raforkunni. Það er þess vegna á afskaplega litlu bili sem samkeppni getur farið fram á þessum markaði að nokkru marki. En hvar er það? Jú, það er á framleiðslu raforkunnar, það er þar sem samkeppnin virðist helst geta verið.

Hvað gerir svo Landsvirkjun þegar kemur að því að setja þennan markað af stað? Hún hafði það sem sitt fyrsta verk að neyða fyrirtækin sem kaupa af henni raforku til þess að gera við sig tólf ára samninga. Hvað geta nú aðilar sem búnir eru að gera tólf ára samninga um kaup á raforku gert í samkeppnismálum hvað varðar orkuverðið? Varla mikið annað en að styðjast við þá raforkusamninga sem þarna voru gerðir. Þetta var nú það sem Landsvirkjun byrjaði á að gera og það er hún sem selur obbann af raforkunni til fyrirtækja á þessu sviði. Þetta finnst mér að þurfi að hafa í huga þegar menn ræða um þann samkeppnismarkað sem þarna á að verða til. En fyrst og fremst þurfa menn, sem vilja gera þá breytingu á raforkukerfinu sem hér er verið að leggja til, að útskýra vandlega hvernig það samrýmist þessum samkeppnissjónarmiðum sem menn segjast hafa uppi og hvernig þeir geta yfirleitt varið þá stefnu sem kemur hér fram. Það þarf líka að segja mönnum frá því hvers vegna þessi leið er valin til þess að styrkja eigið fé Landsvirkjunar og hvaða aðrar leiðir hafi verið skoðaðar til þess og hvort menn hafi ekki pólitískan styrk í fótunum til þess að birtast með þær leiðir aðrar sem mögulegar væru til að styrkja eigið fé Landsvirkjunar. Það liggur náttúrlega í augum uppi að þessi gerð er fyrst og fremst kölluð fram vegna þess atriðis.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að svo virðist vera sem forstjóri Landsvirkjunar stjórni hér öllum, að þrýstingur frá Landsvirkjun og forstjóra Landsvirkjunar sé það sem ráði gerðum manna. Hann er svo viss um áhrifamátt sinn að hann sendir tölvupósta til annarra aðila í þessum geira. Hann sendi Rarik tölvupóst þar sem hann sagði að það sem nú væri á ferðinni væri einungis fyrsta skrefið og að mjög fljótlega yrði stofnuð rekstrareining um framleiðsluna. Ég hugsa að sá ágæti forstjóri viti betur en ráðherrarnir sem eru að flytja hér málið fyrir hann. Þeir

frétta það þá núna að það standi til að þeir geri eitthvað meira en þetta.

Svona er nú í pottinn búið. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst að hæstv. ráðherrar, bæði hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, skuldi okkur hér í sölum Alþingis og neytendum, fólkinu í landinu, kjósendunum, skýringar á því hvers vegna verið er að fara þessa leið. Það er ósvinna að fara þessa leið, ef menn eru einungis að leysa málefni Landsvirkjunar og það er eina röksemdin sem ég hef getað séð að geti verið skýring á því að menn birtast með þetta frumvarp.

Ég tek lítið mark á því þó að menn haldi því fram að hagræðing þessara tveggja fyrirtækja, þ.e. Orkubús Vestfjarða og Rariks, hangi þarna á spýtunni. Ef menn vilja fara í að hagræða milli þeirra fyrirtækja væri hægt að sameina þau tvö og ná þeirri hagræðingu fram með þeim hætti eða með samvinnu þeirra, það þurfti ekki að gera þau að eign Landsvirkjunar. Þetta eru nú þær tvær röksemdir sem við höfum fengið að heyra hér og mér finnst þær ekki standast skoðun. Ég tel það Alþingi til vansa ef niðurstaðan verður sú að nota gömlu aðferðina, þ.e. að láta stjórnarliða samþykkja vond mál ef ríkisstjórnin treystir sér ekki til þess að taka á þeim með öðrum hætti en þeim sem hér er boðið upp á.

Ég ætla að ljúka máli mínu núna með því að segja: Af því að nú dregur að kosningum ætti það að vera hvatning til hæstvirtra ráðherra að þeir geri grein fyrir stefnu sinni í þessum málum og útskýri hana fyrir þjóðinni. Þjóðin getur þá áttað sig á því, og þeir sem sitja hér í þingsal, hver markmiðin með því sem hér er verið að leggja til eru og hvers vegna ekki er hægt að fara aðrar leiðir sem virðast ekki hafa verið skoðaðar — maður verður a.m.k. að álykta sem svo ef ekki verður farið yfir það sem ríkisstjórnin hefur vélað um áður en hún tók þá skrýtnu ákvörðun að gera Landsvirkjun að eiganda þessara fyrirtækja.

[15:59]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Reyndar var vikið að mér spurningu sem viðskiptaráðherra og mér er ljúft að reyna að svara henni í örfáum orðum eftir því sem tími leyfir mér í andsvari.

Frumvarpið mun, eftir því sem ég best veit, byggt alveg sérstaklega á ábendingum og athugasemdum Samkeppniseftirlitsins og það kemur skýrt fram á 3. síðu í hinu prentaða eintaki frumvarpsins. Neðarlega á þeirri síðu, í athugasemdum við lagafrumvarpið, er sérstaklega tekið fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af þessu og samkeppnisaðstæðum að öðru leyti er því lagt til í frumvarpinu að sett verði skilyrði sem miða að því að tryggja aðskilnað í framleiðslu og sölu raforku. Þessi skilyrði koma fram í 4.–7. mgr. 1. og 3. gr. frumvarpsins."

Síðan koma á þessari síðu og næstu síðu, 4. síðu, fjórir liðir þar sem rakið er alveg sérstaklega hvernig með þessari skipan mála, með sérstakt sölufélag og stjórnunarlegan og rekstrarlegan aðskilnað, sem rakið er nánar í greinargerðinni, er beinlínis farið eftir ábendingum og skilmálum Samkeppniseftirlitsins.

[16:00]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Heldur fannst mér þetta vera veik vörn hjá hæstv. ráðherra ef hann ætlar að reyna að koma því yfir á Samkeppniseftirlitið, að það hafi lagt til að þessi leið væri farin. Samkeppniseftirlitið var einfaldlega að benda á að hugsanlega væri hægt að lagfæra málið, að það yrði skárra með því fyrirtæki sem þarna stendur til að búa til, til að lappa upp á mál sem var ónothæft, eins og það birtist fyrir áramót. Eftir liggur sú spurning til hæstv. ráðherra að útskýra það fyrir okkur. Hann þarf ekki að gera það í andsvari, það er hægt að fá orðið hjá hæstv. forseta. Hæstv. ráðherra getur gefið sér tíma til að fara yfir það hvernig tryggja á samkeppni með þeim hætti sem hér lagt til að verði hafður á. Ég hvet hæstv. ráðherra til að gera það.

Ég lagði aðra spurningu fyrir hæstv. ráðherra. Hún var um hvort sú tilskipun sem ég nefndi áðan, 54/EC/2003, hefði verið skoðuð og hvort verið geti að menn lendi þá í því að fá málið til baka þaðan, því það virðist vera sá vöndur sem hrífur best á hæstv. ráðherra, að menn í útlöndum rassskelli þá.

[16:02]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fullvissa hv. þingmann um að farið var yfir þau atriði sem hann nefndi. Það kæmi okkur því mjög á óvart ef þar kæmu aðfinnslur, en að sjálfsögðu vinna allar þessar stofnanir, bæði Samkeppniseftirlitið hér innan lands og stofnanir erlendis, sín verk án sérstakra fyrirmæla úr Stjórnarráði Íslands og bregðast ekki við fyrr en að gefnum hlut og atburðum sem hafa átt sér stað og ákvörðunum sem hafa verið teknar. Það veldur því að það er alltaf dálítið erfitt að ráða í hver niðurstaða kann þar að verða, en ég fullvissa hv. þingmann um það í samræmi við þau orð sem ég vísaði til áðan á 3. og 4. síðu í prentuðu eintaki frumvarpsins, athugasemdum við lagafrumvarpið, að þar er fyllilega farið í þá slóð sem mörkuð var af Samkeppniseftirlitinu til viðmiðunar.

[16:03]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að það kæmi honum á óvart ef þetta stæðist ekki. Ég geri líka ráð fyrir að það hafi komið hæstv. ráðherra nokkuð á óvart að Landsvirkjun og Síminn féllust á að borga 80 millj. kr. í sekt fyrir ólöglegt athæfi hvað varðar samkeppnismál á Íslandi. Skyldi það nú ekki vera að þau ráð sem koma frá þeim ágæta manni, forstjóra Landsvirkjunar, geti reynst brigðul í fleiru en því? Greinilegt er að þaðan koma ráðin og þau hafa ekki reynst vel. Hæstv. ráðherra ætti að skoða sig vel um með það hvort yfirleitt eigi að hlaupa alveg strax eftir hugmyndum sem koma úr Landsvirkjun hvað varðar þessi málefni.

Það að menn vanti fjármuni til að tryggja rekstur Landsvirkjunar og finni ekki aðra leið en þessa til þess ætti a.m.k. að kveikja á æðimörgum perum hjá þeim manni, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem ber ábyrgð á samkeppnismálum í þessum geira. Þetta er það málefni sem ríkisstjórnin hefur borið fram og talað fyrir, að koma á virkri

samkeppni á þeim markaði og það er ekki vandalaust. Það að hlaupa til og búa til einokunarfyrirtæki, svona gríðarlegan risa á þeim markaði eins og hér er ætlunin að gera, er í eðli sínu algerlega gegn þeim markmiðum sem voru boðuð. Það er undarlegt að hæstv. ráðherra skuli ekki átta sig á því að hlutverk hans er að gæta hagsmuna, ekki bara Landsvirkjunar — nú er Landsvirkjun nefnilega komin til hæstv. fjármálaráðherra og nú hefur hæstv. ráðherra ekki kápuna á báðum öxlum í þessu — heldur á hann að gæta hagsmuna neytenda eins og hann átti reyndar að gera allan tímann.

[16:05]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég vildi koma örfáum atriðum á framfæri áður en umræðunni lýkur. Eins og fram hefur komið er verið að leggja eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða til Landsvirkjunar og hún verður einhvers konar eigandi að Orkubúi Vestfjarða og sömuleiðis verður eignarhlutur ríkisins í Rafmagnsveitum ríkisins lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun, eins og stendur í frumvarpinu, og Landsvirkjun fer eftir það með eignarhlut ríkisins í Rafmagnsveitum ríkisins.

Verið er að keyra þetta allt saman í eitt félag, eitt fyrirtæki. Reyndar gengur það þvert á þá yfirlýsingu sem var gefin sem tilgangurinn með innleiðingu á raforkutilskipuninni og breytingu á lögum með því að innleiða ætti samkeppni. Samkeppnin ætti að tryggja þjónustu og gott verð. Nú upplifum við það að verið er að nota raforkulögin til að keyra þetta saman í eitt fyrirtæki og útiloka alla samkeppni, enda vitum við að þegar búið er að útiloka alla samkeppnisaðila, Rarik og Orkubú Vestfjarða, þó litlir væru, er Landsvirkjun náttúrlega seljanlegri á einkamarkaði, sem við þekkjum sem vitum hvernig einkamarkaðurinn virkar og hann hefur sína kosti. En við erum ekki á því að Landsvirkjun eigi að fara í gin einkavæðingarinnar með Rarik og Orkubú Vestfjarða með sér.

Við höfum líka farið yfir það hvernig Vestfirðingar í tengslum við Orkubú Vestfjarða hafi nánast verið sviknir af öllum þeim atriðum sem þeim var lofað þegar Orkubúið var tekið af þeim. Ríkið tók Orkubú Vestfjarða af þeim upp í skuldir á sínum tíma. Við rifjuðum það upp með fulltrúum Vestfirðinga á fundi með þingmönnum Norðvesturkjördæmis nýverið, að eitt af loforðunum var að ef Orkubú Vestfjarða og Rarik sameinuðust ættu höfuðstöðvarnar og allt að flytjast á Ísafjörð. Það var eitt af því sem þeim var lofað. Reyndar var Akureyringum lofað því sama, að ef Rarik og Orkubú Vestfjarða yrðu sameinuð ætti að flytja höfuðstöðvarnar til Akureyrar. Um tíma var Sunnlendingum lofað að höfuðstöðvar Rariks ættu að fara á Selfoss.

Á nokkurra missira bili er búið að lofa þessu út og suður og allt síðan verið svikið náttúrlega, því nú er verið að setja þetta allt í Landsvirkjun annars vegar til að skapa hér fullkomna einokun þannig að allir neytendur verði að borga stóriðjukostnað Landsvirkjunar, allir almennir neytendur því 60–70% eða meira af raforku Landsvirkjunar er bundið í stóriðjuverðum á spottprís. Ríkisreknu álverksmiðjurnar með ríkisstuðningnum með þessu lága raforkuverði, en almennir neytendur eru að borga kannski 7–10 sinnum hærra raforkuverð en stóriðjan. Garðyrkjan, fiskiðnaðurinn, allar þessar miklu iðngreinar, atvinnugreinar sem gætu staðist samkeppni á heimsvísu miklu betur ef þær fengju raforku á sama verði og stóriðjan. Nei. Stefna forustumanna Framsóknarflokksins er að stóriðjan skuli njóta sérstakra niðurgreiðslna á rafmagni. Nú á að færa niðurgreiðslurnar til Landsvirkjunar þannig að enginn sleppi þar.

Þetta er dapurt og algjörlega á móti þeirri stefnu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð er með í orkumálum. Hún vill jöfnuð. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill að aðrir atvinnuvegir njóti alveg hliðstæðra kjara. Það sé jafnræði hvað það varðar og sömuleiðis eigi almenningur að njóta þess að hér sé næg raforka á lágu verði en ekki vera að íþyngja þeim með því að greiða niður raforkuverð til stóriðjunnar sem virðist eiga að halda áfram með. Það er því dapurt sem hér er verið að gera. Verið er að skapa einokun, búa til fákeppni á raforkumarkaðnum með því að steypa öllum fyrirtækjunum saman í eitt.

Ég vil spyrja um eitt atriði. Málið er að færast frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra, sem virðist reyndar ekki vera búinn að setja sig allt of mikið í málin reyndar, eins og fram hefur komið, en þegar Rarik var breytt í hlutafélag voru send erindi frá bæði Norðurorku og Skagafjarðarveitum til iðnaðarráðherra með ósk um viðræður um að Norðurorka fengi eignir og starfsemi Rariks á sínu þjónustusvæði. Einnig kom erindi frá Skagafjarðarveitum um viðræður — blessunarlega voru hitaveitur Skagafjarðar ekki seldar ríkinu eins og Rafveita Sauðárkróks var seld til Rariks — um að þær fengju ákveðna hluti af eignum og verkefnum Rafmagnsveitna ríkisins á starfssvæði sínu þannig að styrkja og efla mætti veiturnar á heimaslóð. Ég veit ekki til að þeim erindum hafi verið svarað nema á þann hátt að hunsa þau og hleypa þessum fyrirtækjum öllum saman í eitt. Það hefði verið stefna í þeirri viðleitni að búa til samkeppni í orkugeiranum með því að leyfa og stuðla að staðbundnum orkudreifingarfyrirtækjum. Skagafjarðarveitum hefur ekki verið svarað, það ég veit hvað þetta varðar. Norðurorku hefur ekki verið svarað, það ég veit hvað þetta varðar, heldur er þessu öllu saman steypt í eitt. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann hyggist svara þessum aðilum um að skapa möguleika á staðbundnum, héraðsbundnum orkufyrirtækjum, sem mundu reynast mjög vel.

Síðan vil ég ítreka spurningu mína varðandi aðild ríkisins að fyrirtækjum sem hafa virkjunarrétt við Villinganes. Samkvæmt lögunum og þeim samningum sem þar eru er það Rarik sem á móti Kaupfélagi Skagfirðinga og litlum hlut Akrahrepps á fyrirtæki sem á virkjunarréttinn við Villinganes. Hart var deilt um virkjunarréttinn, um rannsóknarleyfin til virkjana á jökulsánum í Skagafirði milli Landsvirkjunar og þessara fyrirtækja. Nú er Rarik orðin hluti af Landsvirkjun og lýtur eignarlegri forsjá Landsvirkjunar. Í mínum huga hlýtur það því að vera orðið svo að þessi þáttur sé líka kominn undir Landsvirkjun. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er það svo eða vill kannski fjármálaráðherra, sem fer núna með þessi mál, beita sér fyrir því að ríkið dragi sig út úr þeim virkjunaráformun í jökulsánum í Skagafirði, sem hefur verið eitt harðasta deilumálið í Skagafirði á undanförnum árum? Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur einmitt staðið öflug gegn öllum virkjunaráformum þar og

komið í veg fyrir að í þau hafi verið ráðist, þó nú séu aftur áform um það hjá núverandi meiri hluta þar, Framsóknarflokknum og Samfylkingunni, að setja það aftur á skipulagið, sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum reyndar mjög andvíg sem og fleiri.

Þess vegna skiptir máli hvert virkjunarrétturinn sem Rarik hefur í Skagafirði fer. Fari hann í Landsvirkjun er Landsvirkjun þá ein komin með bæði umsóknirnar um rannsóknarleyfi. Fyrir liggur beiðni um rannsóknarleyfi fyrir Skatastaðavirkjun af hálfu Landsvirkjunar og líka af hálfu þessa félags sem Rarik og Kaupfélag Skagfirðinga eiga saman. Þessar tvær beiðnir liggja fyrir. Fyrir liggur virkjunarheimild til þessa fyrirtækis fyrir Villinganesvirkjun. Nú er ríkishlutinn kominn í eitt, kominn allur undir Landsvirkjun. Hvernig verður þá með þessa hluti farið? Ég vil fá svar við því, frú forseti.

[16:14]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mun að sjálfsögðu svara erindum ef þau berast en hvernig ég svara þeim get ég ekki sagt um þar sem ég hef ekki séð þau og ekkert nema eðlilegt við það, tel ég.

Ég hef þegar svarað hv. þingmanni hvað varðar virkjunarleyfin fyrir norðan, í Skagafirði. Þau fylgja auðvitað áfram Rarik, en eins og hann hefur ítrekað bent á mun eignarforræðið með Rarik vera á höndum Landsvirkjunar og Rariks, dótturfélags þess. Ég veit ekki um að þar séu neinar sérstakar fyrirætlanir um að breyta því sem þar er í gangi núna. Ég held að það sé algjörlega ástæðulaust fyrir hv. þingmann að velta sér sérstaklega upp úr einstökum hlutum eins og þessum og gera þá tortryggilega. Við verðum að sjá hvernig þessi mál eins og önnur þróast í þessum efnum, hv. þingmaður jafnt og aðrir.

[16:16]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst varðandi þau erindi sem bárust iðnaðarráðuneytinu, ég held fyrir tveimur árum síðan, eitthvað svoleiðis, sem ekki hefur verið svarað, þ.e. erindi frá Skagafjarðarveitum og Norðurorku um viðræður um að fá að yfirtaka að einhverju eða öllu leyti hlut Rariks á viðkomandi svæðum. Ég spyr: Koma þau erindi ekki sjálfkrafa til fjármálaráðherra eða þarf að senda þau aftur inn? Tekur ráðherra ekki bara við öllu búinu sem er verið að færa þarna á milli, frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra? Mér finnst að það eigi að vera svo og að ráðherra eigi ekki að skjóta sér undan því með þessu móti heldur kalla eftir öllum gögnum.

Hitt vil ég árétta að þetta er í sjálfu sér stórmál og sýnir vankunnáttu hæstv. ráðherra ef hann lítur það ekki sem stórmál hvernig verið er að fara með beiðni um rannsóknarleyfi og virkjunarrétt í Skagafirði. Ég spyr: Getur það gengið upp saman að Landsvirkjun sé með eina umsókn um virkjanir í jökulánum í Skagafirði og Rarik með aðra, en Landsvirkjun fer með öll málefni Rariks? Hvernig getur það verið að þeir aðilar geti verið með tvær umsóknir eins og nú er í gangi, rannsóknarleyfi fyrir Skatastaðavirkjun og virkjunarheimild fyrir Villinganesvirkjun? Ég get ekki séð það.

Ég vil að hæstv. ráðherra, þó að hann geti ekki svarað þessu betur nú, kanni það og geti svarað því síðar: Hver fer með möguleikana til virkjunar í jökulánum í Skagafirði? Reyndar vona ég að til þeirra komi aldrei og það hefur verið barátta Vinstri grænna að berjast gegn öllum virkjunaráformum í jökulánum í Skagafirði. En bæði Landsvirkjun og Rarik (Forseti hringir.) og fleiri hafa sótt um það og þá er eðlilegt að það liggi á hreinu (Forseti hringir.) hver sé aðild ríkisins að málinu.

[16:18]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé ekki að það sé eitthvert sérstakt vandamál þótt tvær umsagnir séu frá tengdum fyrirtækjum, eins og Rarik og Landsvirkjun, um rannsóknarleyfi. Ég held að það muni ekki leiða til einhverra sérstakra vandkvæða fyrir hæstv. iðnaðarráðherra þegar hann þarf að leysa úr þeim málum.

Svo verð ég að segja að ég kann því frekar illa að vera vændur um að vera ekki inni í málum. Ég held að hv. þingmaður svona almennt talað hafi ekki efni á því að væna mig um að vera ekki inni í þeim málum sem ég er að bera fram hérna. Ég held að betur fari á því að menn sleppi slíku í umræðum ef menn vilja hafa þær á einhverju skikkanlegu plani. Ef menn vilja hafa það einhvern veginn öðruvísi er sjálfsagt að taka þátt í því líka og þá mun ég ekkert láta hv. þingmann eiga neitt inni hjá mér hvað það varðar.

[16:19]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra hvað það varðar að halda eigi þessu á alvarlegu plani en það var hæstv. ráðherra sem byrjaði á að kasta þeim bolta upp og álasaði mér fyrir að velta mér upp úr málefnum sem lutu að virkjunum í jökulánum í Skagafirði. Það voru hans orð, „að velta sér upp úr því“. Ég kann ekki við það orðalag og tel það ekki hafa verið ráðherra til sóma, því það er stórmál, bæði í Skagafirði og á landsvísu, hvernig þessi áform um virkjanir í jökulánum í Skagafirði og aðild ríkisins í gegnum Landsvirkjun og Rarik er að þeim virkjunaráformum. Fyrir mér er það stórmál.

Ég skal alveg samt taka undir með hæstv. ráðherra að mjög mikilvægt er að þessi mál séu könnuð og komið á hreint og ég treysti því að ráðherra kanni það hvernig aðild ríkisins verður að þessum virkjunarmálum við þær breytingar að Rarik og Orkubú Vestfjarða verði eignarhluti í Landsvirkjun. Þessir aðilar hafa deilt um hvor þeirra ætti að fá virkjunarréttinn og rannsóknarleyfisréttinn og það er mjög eðlilegt að ráðherra kanni það. Ég get alveg fallist á að það fari í þann farveg og hann upplýsi mig og þingið um það eftir atvikum.

[16:21]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því áðan við umræðuna að hæstv. fjármálaráðherra sagði að menn yrðu að hafa þolinmæði til að sjá hvernig þessi mál þróuðust. Það er nákvæmlega það sem við höfum verið að gera. Við höfum verið að fylgjast með því hvernig markaðsvæðing raforkunnar hefur

þróast bæði hér á landi og erlendis. Við erum búin að lesa um það í fjölmiðlum og það hefur verið vitnað til þess í ræðustól Alþingis hvað Samtökum iðnaðarins, Neytendasamtökunum og fyrirtækjum á raforkumarkaði almennt finnst um þá þróun.

Ég vitnaði fyrr í dag í frétt í Morgunblaðinu frá því í sumar þar sem segir: „Raforkulögin þjóna engan veginn tilgangi sínum segja Samtök iðnaðarins." Ég vitnaði í ýmsa forsvarsmenn orkugeirans, þar á meðal Franz Árnason, forstjóra Norðurorku, þar sem hann sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir ári síðan, 2. febrúar, að hann þekkti engan sem væri ánægður með lögin. Ég vitnaði í þær miklu hækkanir sem hefðu orðið á raforkuprísum og ég hef vitnað til skýrslna sem hafa komið út á vegum Evrópusambandsins þar sem allt er á sömu lund. Raforkuverðið hefur farið hækkandi. En menn skella skollaeyrum við því og neita að hlusta á varnaðarorð sem eru uppi. Það eru til menn sem hafa viljað læra af reynslunni og draga af henni réttar ályktanir og stigið skref í þá átt að betrumbæta ráðið. Ég horfi á hv. þm. Kristin H. Gunnarsson sem sagði skilið við Framsóknarflokkinn, m.a. út af þessu, út af gagnrýni á þessar framkvæmdir ríkisvaldsins.

Frumvarpið sem við höfum hér fyrir okkur gengur út á að færa Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins inn í Landsvirkjun. Þar með batnar eiginfjárstaða Landsvirkjunar, bókfært fé þessara fyrirtækja mun vera um 17 milljarðar kr., en að markaðsvirði er þessi upphæð talin miklu meiri og hærri. Þá er komið að hinni pólitísku spurningu sem menn eru að velta fyrir sér, eðlilega: Hverjar eru fyrirætlanir stjórnvalda varðandi Landsvirkjun, sem er að fá þau fyrirtæki undir sinn væng? Að sjálfsögðu hlusta menn á yfirlýsingar forsvarsmanna flokkanna um nákvæmlega þetta efni.

Fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, einn af forustumönnum Framsóknarflokksins, hefur lýst því yfir skýrt og skorinort að í hennar huga sé það í kortunum að selja Landsvirkjun. Hún hefur reyndar reynt að hlaupa frá þeim ummælum sínum, en ég hef vitnað í þau orðrétt og er skilningur minn sá sami og fjölmiðlamanna sem hafa kafað í þessi mál. Ég las upp ummæli hæstv. ráðherra, fyrrverandi iðnaðarráðherra og talsmanns Framsóknarflokksins í orkumálum um langt skeið, þar sem hún segir að til standi eða hún reikni með því að Landsvirkjun kunni að verða sett á markað, að nýir eigendur kunni að koma að því á árinu 2008. Hún hefur haft á orði hið sama og hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, að það kunni að vera heppilegt að lífeyrissjóðirnir komi að sem eigendur.

Ég hef um það miklar efasemdir. Hvers vegna? Vegna þess að lífeyrissjóðirnir haga sér nákvæmlega eins og hverjir aðrir fjárfestar. Fyrir það fyrsta er þeim gert samkvæmt landslögum að fjárfesta í atvinnurekstri sem gefur mestan arð hverju sinni að því tilskildu að fjárfestingin sé örugg. Þá vill það gerast eða mundi að öllum líkindum gerast sem hefur átt sér stað í erlendum orkufyrirtækjum sem hafa verið markaðsvædd, að lífeyrissjóðirnir sem aðrir fjárfesta hlaupa burt þegar hallar undan fæti. Þetta hefur gerst í Bretland og þetta hefur gerst í Frakklandi. Í Bretlandi var það svo að verðgildi hlutabréfa í British Energy, sem er eitt stærsta orkufyrirtæki Bretlands, sér Bretum fyrir fjórðungi orkunnar, hrundi um 91% á einu ári. Hvað gerist þá? Þá fara eigendurnir. Hverjir koma þá inn í staðinn? Það er ríkið og sveitarfélög.

Taka má fjölmörg önnur dæmi, Vivendi Universal í Frakklandi, þar var algert hrun. Hvers vegna? Vegna þess að Vivendi Universal var farið að fjárfesta í fjölmiðlum sem ekki báru sig. Það var orðið annað stærsta fjölmiðlafyrirtæki í heimi, þessi eigandi raforkunnar í Frakklandi eða stórs fyrirtækis þar. Þess vegna segi ég að hlutafélagsformið, þegar grunnþjónustan er annars vegar, er einfaldlega ekki heppilegt form. Þar þarf að búa þolinmæði að baki, þar þarf samfélagið sjálft að búa að baki, enda kemur það til skjalanna þegar á reynir, þá kemur samfélagið til skjalanna.

Þess vegna spyr ég, af því að við höfum allar þessar skýrslur frá Evrópusambandinu, nú síðast frá dönskum fræðimönnum, sem sýna fram á hve óhagstæð þróun þetta er fyrir neytendur, við erum að horfa upp á áframhaldandi samþjöppun á markaðnum: Hvernig stendur á því að íslensk stjórnvöld halda áfram út í það fen, hvernig stendur á því? Hvaða skýring er á því? Hvernig réttlætir Framsóknarflokkurinn slíka pólitík? Er ekki kominn tími til við þessa umræðu að heyra fulltrúa Framsóknarflokksins, ráðherra og þingmenn sem hér eru, reyna að skýra það út fyrir okkur hvernig á því standi að Framsóknarflokkurinn er fylgjandi markaðsvæðingu raforkukerfisins og það þótt við höfum upplýsingar sem streymi til okkar stríðum straumi um að þetta sé óhagstætt fyrir skattgreiðandann, fyrir raforkuneytandann? Hvers vegna í ósköpunum á að halda áfram út í slíkt fen?

Ég held að þessi umræða muni skila okkur einu. Hún mun skila kjósendum þeirri vitneskju og þeim til umhugsunar að ef flokkunum tveimur sem nú fara með stjórn landsins, Sjálfstæðisflokknum (Forseti hringir.) og Framsóknarflokknum, verður skilað aftur inn á þessa stóla, ráðherrastólana, (Forseti hringir.) verður raforkugeirinn horfinn okkur úr greipum innan nokkurra mánaða.

[16:31]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur áður komið til umfjöllunar í þingsölum og ég hef að nokkru leyti lýst skoðun minni til þess við þau tækifæri. Mér finnst eðlilegt að fara aðeins yfir málið að þessu sinni til að halda til haga þeim sjónarmiðum sem ég hef haft uppi í því, í raun og veru alla tíð frá því að gengið var frá því að markaðsvæða raforkukerfið.

Ég vil staldra fyrst við það ákvæði í frumvarpinu að fela fjármálaráðherra að fara með eignarhlut ríkisins í orkubúinu. Ég geri athugasemdir við það, ég er ósammála því og óska a.m.k. eftir frekari rökstuðningi fyrir þessu en fram hefur komið, því að sá rökstuðningur sem settur hefur verið fram svo ég hafi heyrt, hefur til þessa ekki dugað til að sannfæra mig um að gera skuli þessa breytingu. Hún er úr takti við aðrar breytingar af hálfu ríkisins, ríkið hefur verið að breyta stofnunum í hlutafélög og þjónustustarfsemi sem heyrir undir önnur ráðuneyti án þess að samhliða þeirri breytingu flytjist forsjá viðkomandi starfsemi frá fagráðherra til fjármálaráðherra. Það má nefna dæmi frá mörgum ráðuneytum þessu til sanninda. Það má nefna dæmi frá

sjávarútvegsráðherra þar sem verið var að breyta ákveðinni stofnun í hlutafélag og eftir sem áður fer sá ráðherra með forsvar fyrir því máli. Það má nefna Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem er hlutafélag en heyrir eftir sem áður undir utanríkisráðherra en ekki fjármálaráðherra. Það má nefna Flugstoðir ohf. sem heyra áfram undir samgönguráðherra og Ríkisútvarpið ohf. sem heyrir áfram undir menntamálaráðherra þó að það sé orðið hlutafélag.

Ég spyr: Hver eru rökin fyrir því að fjármálaráðherra eigi að fara með málefni fyrirtækis á raforkusviðinu sem heyrir undir iðnaðarráðherra? Ég hef ekki fengið nein skýr svör við því. Ég verð því einfaldlega að reyna að finna einhverjar skýringar sjálfur sem mér finnst trúverðugar og lýsi því sem menn ætli sér raunverulega að gera. Þær skýringar sem mér finnst líklegastar til að vera réttar í þessu máli eru þær að það eru staðföst áform ríkisstjórnarinnar að einkavæða Landsvirkjun. Það er stefna Sjálfstæðisflokksins að einkavæða Landsvirkjun eins og fram hefur komið í samþykktum flokksins og ræðum formanns flokksins. Því hefur líka verið lýst af hálfu fyrrverandi iðnaðarráðherra í stefnu sem ráðherrann gaf út fyrir hönd ráðuneytis síns fyrir tæpum tveimur árum og í ummælum ráðherrans þá og af þáverandi fjármálaráðherra sem er núverandi forsætisráðherra að næsta skref væri að breyta Landsvirkjun í hlutafélag og opna fyrirtækið fyrir utanaðkomandi fjárfestum og auðvitað er það fyrsta skref í einkavæðingu. Ég held að þetta sé stíf krafa Sjálfstæðisflokksins um að fá forsvar Landsvirkjunar yfir til sín, forsvar orkufyrirtækjanna yfir til sín til að geta unnið að einkavæðingu þeirra á næstunni. Ég hef ekki komið auga á neina aðra skynsamlega skýringu á þessari einkennilegu tillögu í frumvarpinu um að fjármálaráðherra eigi að fara með stjórn Orkubús Vestfjarða og Rariks. Hvað hefur fjármálaráðherra með það að gera að skipta sér af stjórnun fyrirtækis í raforkukerfinu? Ekki nokkurn skapaðan hlut, hann hefur ekkert með það að gera, á ekkert erindi við það og hann á að halda sér utan við það. Eina skynsamlega skýringin sem hægt er að finna er einfaldlega sú að fjármálaráðherra vill fá forsjá hlutabréfanna í sínar hendur til að geta stjórnað framvindunni, til að geta stjórnað einkavæðingunni.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi er ég algjörlega andvígur því að ríkið setji þau þrjú fyrirtæki sem það á í orkugeiranum og eru í framleiðslu og sölu, undir eitt fyrirtæki. Ég er algjörlega andvígur því út frá samkeppnissjónarmiðum og það gengur gegn markmiðum þeirra laga sem sett voru í upphafi kjörtímabilsins um að koma á fót samkeppni í framleiðslu og sölu á raforku. Það er algjörlega út í hött við þær aðstæður þegar menn hafa markað sér þá stefnu sem út af fyrir sig er umdeild og við skulum segja að tvísýnt sé hvort hún skili árangri. Menn hafa a.m.k. markað þá stefnu að fara samkeppnisleiðina og þá er algjörlega út í hött að slá saman þremur fyrirtækjum á hendi ríkisins í þessari starfsemi, framleiðslu og sölu á raforku, og fara nánast með alla framleiðslu og sölu á því sviði. Það vinnur gegn þeim markmiðum að koma á samkeppni og er algjörlega fráleitt út frá því sjónarmiði. Það er líka fráleitt út frá öðru sjónarmiði, virðulegi forseti, sem er að þar með er búið að setja undir einn hatt öll þau réttindi sem ríkið er komið með til framleiðslu á raforku, öll réttindi til þess að nýta orkuauðlindir landsins sem ríkið hefur á hendi, bæði sem ríkið hefur nú þegar tangarhald á og þeim réttindum sem ríkið kann að afla sér með framgöngu sinni í þjóðlendumálinu. Það sem knýr auðvitað áfram herlið ríkisstjórnarinnar og fjármálaráðherra í þjóðlendumálinu er sú krafa að ná undan bændum réttindum, orkuréttindum landsmanna og koma þeim undir forræði ríkisstjórnarinnar og koma þeim þaðan til Landsvirkjunar sem síðan á að einkavæða. Það er hið stóra mál sem knýr áfram offors ríkisstjórnarinnar í þjóðlendumálinu.

Orkuréttindin eru verðmæt réttindi og munu verða verðmætari eftir því sem fram líða tímar. Við sjáum verðmætin nú þegar, bara í þeim dæmum sem liggja fyrir okkur eins og þeim samningi sem gerður var um litla virkjun í Fjarðará í Seyðisfirði. Það kom í ljós þegar sá samningur var birtur að sá aðli sem átti réttindin fær fyrir að leyfa þriðja aðila að nýta þau til að framleiða rafmagn 7,5% af brúttótekjum virkjunarinnar allan samningstímann og þegar tekið er tillit til þess að á fyrstu árum samningstímans er veittur afsláttur og á síðari hluta tímans fær rétthafinn 10% af brúttótekjum virkjunarinnar í sinn vasa og þetta er lítil virkjun. Landeigendur við jökulána sem er notuð til þess að framleiða raforkuna í Kárahnjúkum hafa gert kröfu um að réttindin verði metin þeim til eignar. Á hve mikið? Á 60 milljarða króna. Þeir gera kröfu til þess að fá 15% af brúttótekjum í sinn vasa sem gjald fyrir réttindin, sem afnotagjald fyrir réttindin, afnotagjald fyrir að nýta þessa auðlind. Þarna eru stórir peningar, virðulegi forseti. Þarna munu verða milljarðar og milljarðatugir árlega sem menn fá fyrir lítið, sem afnotagjald fyrir nýtingu á auðlind, og sem mun ekki renna til þjóðarinnar ef búið verður að einkavæða það fyrirtæki sem hefur þessi réttindi í sinni hendi, Landsvirkjun.

Það sem verið er að leggja til með þessu frumvarpi er að flytja öllu réttindi Orkubús Vestfjarða undir forsjá Landsvirkjunar, flytja öll réttindi Rafmagnsveitna ríkisins í forsjá Landsvirkjunar. Síðan á að breyta þessu í hlutafélag og síðan má hleypa nýjum aðilum inn án þess að þessi réttindi verði skilgreind sem þjóðareign vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra og flokkur hans hefur fallið frá því að efna ákvæði stjórnarsáttmálans um að auðlindir þjóðarinnar verði þjóðareign. Hann hefur fallið frá því, þeir hafa sett fótinn fyrir það að efna ákvæði stjórnarsáttmálans um þjóðareign á auðlindum lands og sjávar. Það er ljóst til hvers refarnir eru skornir í þeim efnum, virðulegi forseti. Þeir vilja koma í veg fyrir að fiskimiðin verði skilgreind sem þjóðareign og þjóðin geti haft tekjur af þeim réttindum sem í dag eru greidd fyrir á hverju ári tugir milljarða króna, þeir vilja koma í veg fyrir að þjóðin hafi tekjur af réttindunum fyrir nýtingu vatnsauðlindanna sem munu þegar fram líða stundir nema milljörðum og tugum milljarða króna á ári. Um þetta snýst málið. Þetta er hið stóra pólitíska samhengi í þessu frumvarpi. Þess vegna segir valdamesti ráðherra Framsóknarflokksins, hæstv. utanríkisráðherra, að hann vilji að ríkisstjórnin haldi áfram vegna þess að ríkisstjórnin á ólokið þessu verki. Þess vegna stefna stjórnarflokkarnir að því að halda áfram. (**Gripið fram í:** Það er ekki víst að þeir ráði því, það er rétt, þjóðin á að ráða því í kosningum. Það er gott að þjóðinni sé ljóst hver viljinn er hjá þeim sem eru í núverandi ríkisstjórn

og það er líka gott að þjóðin viti hvað hún ætlar sér að gera á næsta kjörtímabili. Það er þetta. Þetta er stóra pólitíska málið sem tekist verður á um á næsta kjörtímabili. Tekst hæstv. landbúnaðarráðherra að koma orkuauðlind þjóðarinnar í hendur einkaaðila? Um það verður tekist. (**Landbrh.:** Það stendur ekki til.) Sunnlendingar munu ekki fá arðinn af orkuauðlindum Þjórsár ef hæstv. landbúnaðarráðherra hefur sitt fram í þessu frumvarpi um einkavæðingu orkuauðlindanna, virðulegi forseti. (Forseti hringir.)

Þetta eru stóru línurnar, en ég hef reyndar frekari athugasemdir við málið og þær lúta meira að byggðasjónarmiðum. Í frumvarpinu kemur í ljós að verðið á orkunni frá Kárahnjúkum í orkusölusamningi Landsvirkjunar er of lágt. Landsvirkjun getur ekki reist Kárahnjúkavirkjun, lagt í það hundruð milljarða króna fjárfestingu, án þess að fá viðbótarframlag frá ríkinu. Eiginfjárstaða Landsvirkjunar fer of lágt niður vegna þess að framkvæmdin er svo stór, miðað við eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Í stað þess að leggja framlag ríkisins inn í þessa framkvæmd úr ríkissjóði, eins og væri auðvitað eðlilegt, og skrá það sem byggðaframlag eða eitthvað slíkt, þá er eignarhlutur ríkisins í Orkubúinu og Rafmagnsveitum ríkisins færður inn í Landsvirkjun, það er eigendaframlag ríkisins, vegna þess að fyrirtækið fær ekki nógu háar tekjur fyrir söluna af raforkunni til að geta staðið undir skuldsetningunni á næstu árum, virðulegi forseti.

Þetta er sönnun þess að það er verið að selja raforkuna frá Kárahnjúkum á of lágu verði og öðrum er ætlað að borga mismuninn. Til dæmis er Vestfirðingum ætlað að borga þetta með því að taka eigið fé Orkubús Vestfjarða og flytja það inn í Landsvirkjun. Vestfirðingar hafa óskað eftir því að Orkubú Vestfjarða verði fyrirtæki sem geti sótt fram í atvinnumálum fjórðungsins. Sú tillaga hefur m.a. komið fram í skýrslum frá framsóknarmönnum í Norðvesturkjördæmi, í nefnd sem fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins skipaði á sínum tíma, og það eindregna álit framsóknarmanna um allt Norðvesturkjördæmi að sameina Rafmagnsveitur ríkisins við Orkubú Vestfjarða, búa til eitt fyrirtæki sem gæti haft öfluga eiginfjárstöðu og orðið drifkraftur í atvinnumálum viðkomandi kjördæmis.

Framsóknarflokkurinn gengur gegn þessum eindregnu tillögum og stefnu sinna eigin flokksmanna í Norðvesturkjördæmi í þessu frumvarpi, hafnar þeim öllum. Það virðist ekki vera nóg að fram komi upplýsingar um neikvæðan hagvöxt á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra til þess að hreyfa við þeim eindregna ásetningi flokksins að ganga gegn sínum eigin flokksmönnum. Það virðist heldur ekki vera nóg að fyrirliggjandi upplýsingar eru um að íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um liðlega 20% á þeim 12 árum sem liðin eru síðan Framsóknarflokkurinn settist í ríkisstjórn. Fólki hefur aldrei fækkað jafnmikið í einum landsfjórðungi á svo stuttum tíma, virðulegi forseti. Það liggja fyrir eindregnar óskir manna heima í héraði um hvernig ríkið eigi að nota þau fyrirtæki sem það hefur undir höndum til að styrkja viðkomandi kjördæmi og það er blásið á það allt saman, ekkert gert með það — vegna þess að það þarf að nota eigið fé fyrirtækjanna til að styrkja framkvæmdir á Austurlandi. Ríkið er spara sér að leggja fram það fé sem það þarf að gera til þess að Landsvirkjun geti risið undir framkvæmdunum við Kárahnjúka. Og í staðinn fyrir að ríkið leggi það fé fram, sem eðlilegt væri, og ég mundi ekki sjá eftir því, því ég tel framkvæmdina hafa mikla þýðingu, þá er verið að taka þetta fé af Orkubúi Vestfjarða, taka möguleikana frá þeim sem veikastir eru fyrir til þess að geta notað Orkubúið til að sækja fram í atvinnumálum. Þetta er ekki góð stefna, virðulegi forseti, og ég algjörlega ósammála henni.

Ég held, virðulegi forseti, að þetta sé eitt allra versta frumvarp sem ég hef séð í langan tíma, lýsandi fyrir einkavæðingaráform á auðlindum sem eiga að vera þjóðareign, lýsandi fyrir skeytingarleysi í byggðamálum í kjördæmi sem býr við verri stöðu en flest önnur og lýsandi fyrir slælega frammistöðu ríkisstjórnarinnar í að selja raforku frá hinu mikla orkuveri í Kárahnjúkum. Frumvarpið sýnir því á margan hátt slæma hluti og slæma frammistöðu og það er engin ástæða til að greiða götu þess í gegnum þingið og ég held að stjórnarliðar verði einir að bera ábyrgðina á því að gera það að lögum ef þeir hafa staðfestan ásetning í þeim efnum.

[16:49]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. þingmaður ræddi nokkuð um Framsóknarflokkinn í ræðu sinni og hann lýsti því að fyrirrætlanir Framsóknarflokksins með þjóðlendumálinu og framgangi hvað varðar þjóðlendumálið hefðu miðað að því að einkavæða ætti þjóðlendurnar og koma þeim í hendurnar á einkaaðilum í framtíðinni. Ég spyr hv. þingmann hvort honum hafi verið kunnugt um þessar fyrirrætlanir og hvort hann hafi tekið þátt í þeirri stefnumótun sem var á bak við þennan framgang ríkisstjórnarinnar í þessum málum og hvernig hann hafi brugðist við því og hvers vegna hann hafi þá ekki upplýst um þessar fyrirrætlanir fyrr en þetta, því ef þessar fyrirrætlanir hafa orðið til með stefnumörkun í Framsóknarflokknum þá er afar mikilvægt að það komist inn í umræðuna.

Það kom mér satt að segja afar mikið á óvart þegar þær fyrirrætlanir birtust að menn ætluðu sér að fara að gera þjóðlendur að einkalandi eða breyta þeim úr þjóðlendum í séreignarlönd. Ég tel reyndar að það mál sé eitt af stærri málum sem núna liggja fyrir hér á hv. Alþingi og mjög brýnt að menn stöðvi það mál og það komist ekki til framkvæmda því það er náttúrlega með eindæmum ef menn hafa ætlað að taka land sem hefur verið einskismannsland fram á þennan dag sisvona og ætla svo bara að selja það á markaði til orkufyrirtækjanna eða annarra sem hafa vilja.

[16:51]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki skýrt frá neinu öðru en því sem þegar hefur komið fram opinberlega til þessa, bæði í mínu máli og annarra. Ég vil benda hv. þingmanni á að það mál sem hann nefndi réttilega að væri sérstakt að því leyti að þar væri verið að breyta þjóðlendu í eign hjá Landsvirkjun var hér á ferðinni á síðasta þingi. Það var búið að leggja það fram, mæla fyrir því og vísa því til allsherjarnefndar og allsherjarnefnd var búin að skila því af sér ágreiningslaust. Það var ekki fyrr en við 2. umr. málsins sem ég tók til máls um það og vakti athygli á því hvað hér væri á ferðinni. Það

varð til þess að málið hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Það varð til þess að hv. þm. Jóhann Ársælsson og fleiri áttuðu sig á því hvað væri hér á ferðinni.

Ég vil því bara einfaldlega vekja athygli hans og fleiri á því að ég hef flutt þessa ræðu oft áður við önnur tækifæri og vitnaði til heimilda sem eru opinberar og menn hafa vitað um.

[16:53]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að þingheimur virðist ekki hafa áttað sig á mikilvægi þessa máls fyrr en það kom til 2. umr. á síðasta þingi. Ég tók þátt í þeim umræðum og síðan í þeirri umfjöllun sem fram fór eftir það en þá tókst að fyrirkoma því máli. En það er enn þá mikilvægara að fyrirkoma þessu máli núna vegna þess að það er greinilegt að sama gildir um það mál og þetta sem nú er til umræðu, ríkisstjórnin ætlar sér að ná því í gegn áður en kosið verður í vor. Það er mikilvægt í báðum málunum að það gerist ekki. En þrátt fyrir að mér finnist mikilvægt að málið sem nú er til umræðu fari ekki í gegn þá tel ég að mikilvægi hins málsins sé enn meira vegna þess að það er fordæmi fyrir því að breyta þjóðlendu úr þjóðareign í séreign og það gefur þá fordæmi fyrir framhaldinu, og það er það sem þeir sem hafa mestan áhuga á einkavæðingu í landinu vilja, að geta komið því af stað að þjóðlendur og þjóðareignir í auðlindum jarðar og undir hafsbotni verði að einkaeignarrétti. Þeir eru að koma fram í dagsljósið þessa dagana, m.a. t.d. Illugi Gunnarsson, sem hefur skrifað greinar um þetta efni og mætt í útvarps- og sjónvarpsviðtöl þar sem hann hefur lýst þessum skoðunum.

Það er örugglega ekki tilviljun að þetta gerist akkúrat á sama tíma og verið er að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar, að þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og fulltrúum í nefndinni virðist vera að takast að koma í veg fyrir að það verði tillaga stjórnarskrárnefndar að auðlindir sjávar verði að þjóðareign og festar í stjórnarskrá sem slíkar. Þetta er að gerast og um þetta verður kosið í vor. Þess vegna er mikilvægt að menn ræði þau mál og ég efast ekki um að hv. þm. (Forseti hringir.) Kristinn H. Gunnarsson mun standa sig vel í þeirri umræðu.

[16:55]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmönnum um að eitt af þeim málum sem verður kosið um í vor er þetta um auðlindir lands og sjávar, um að koma í stjórnarskrána ákvæði um það, að koma í veg fyrir orkuauðlindin verði einkavædd eins og stefnt er að og að tryggja að þjóðin njóti þess arðs sem er af auðlindunum, sem er gríðarlega mikill í dag, bara af fiskveiðiauðlindinni og mun verða mjög mikill af orkuauðlindinni ef og þegar virkjunaráform sem í gangi eru og fyrirsjáanleg á næstu árum ná fram að ganga. Þá verður það mikið magn af orku sem verður selt að það eru milljarðatugir sem verður tekist á um hvort renni til þjóðarinnar eða renni til einkaaðila á hverju ári.

Það er algerlega nauðsynlegt að mönnum sé ljóst í stórum dráttum um hvað er verið að takast á í stjórnmálunum. Í þessu máli sýnist mér að stjórnarandstaðan sé sameinuð um meginatriði og ég er alveg sannfærður um það, virðulegur forseti, að ef stjórnarandstaðan ber gæfu til að standa saman þá vinnur hún kosningarnar í vor. Því aðeins tapar hún kosningunum að menn séu að slá út undan sér og að einhver flokkurinn opni fyrir það að vinna með öðrum hvorum stjórnarflokknum. Ef foringjar stjórnarandstöðuflokkanna þriggja átta sig á þessu og ná saman um þessi meginatriði og standa saman um þau þá vinna þeir kosningarnar. Þá tekst mönnum að ná því fram sem að er stefnt. Og það er þetta sem ég held að sé kjarni málsins sem menn eigi að draga fram við sem flest tækifæri hér á Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, 1. umr.*

Stjfrv., 621. mál (aukin heimild). — Þskj. 921.

[16:57]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða, 621. mál á þskj. 921.

Hinn 9. október síðastliðinn kynnti ríkisstjórnin tillögur um aðgerðir til lækkunar matvælaverðs. Hluti þeirra aðgerða snýr að samningum um gagnkvæmar tollalækkanir og bættan markaðsaðgang gagnvart helstu viðskiptalöndum Íslands. Í framhaldinu var efnt til samningaviðræðna við Evrópusambandið um tvíhliða viðskipti með landbúnaðarvörur og náðust samningar um síðastliðin áramót með gildistöku frá og með 1. mars næstkomandi.

Samkomulagið er gert á grundvelli 19. gr. EES-samningsins sem kveður á um reglulega endurskoðun á viðskiptum með landbúnaðarafurðir milli EES-aðildarríkjanna og Evrópusambandsins. Umrætt samkomulag er hið fyrsta sem Ísland og Evrópusambandið hafa gert um viðskipti á grundvelli þeirrar greinar. Í samkomulaginu eru m.a. veittir gagnkvæmir tollkvótar án aðflutningsgjalda í umfangi sem ekki hefur áður þekkst í milliríkjasamningum Íslands. Ísland veitir Evrópusambandinu kvóta fyrir kjöt, kjötvörur, kartöflur, jógúrt og ost en fær í staðinn kvóta fyrir skyr, smjör og pylsur. Hið nýja samkomulag felur í sér tollkvóta af öðrum stofni en þeim sem gilt hafa til þessa, þ.e. tollkvótar á grundvelli landbúnaðarsamnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, og tollkvóta um viðbótarmagn af markaðslegum ástæðum. Ekki er til staðar skýr lagaheimild um úthlutun þessara nýju kvóta.

Með frumvarpi þessu er landbúnaðarráðherra heimilað að úthluta tollkvótum samkvæmt öðrum skuldbindingum Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og milliríkjasamningum en þeim sem tilgreindar eru í 1.–3. mgr. 12. gr. tollalaga.

Með ákvæði 1. gr. frumvarpsins er landbúnaðarráðherra veitt skýr lagaheimild til að úthluta tollkvótum samkvæmt öðrum skuldbindingum Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum en þeim sem lúta að WTO-tollkvótum og viðbótarmagni samkvæmt heimildum er ráðherra hefur í 65.

gr. í búvörulögum, sbr. 6. gr. A í tollalögum.

Við gildistöku laga nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, var hætt að veita heildsöluleyfi. Því er lagt til í b-lið 2. gr. frumvarpsins að fella brott ákvæðið „Umsókn um tollkvóta má aðeins taka til greina að umsækjandi hafi heildsöluleyfi.“ Samkvæmt ákvæðum laga um verslunaratvinnu er hins vegar skylt að skrásetja verslun í firmaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða skrá á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á.

Hæstv. forseti. Aðrar breytingar sem frumvarpið felur í sér eru gerðar til samræmis við kafla- og greinaskipan í nýjum tollalögum, nr. 88/2005, sem felldu úr gildi eldri tollalög, nr. 55/1987.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til hv. landbúnaðarnefndar.

[17:02]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra hvað þetta frumvarp felur raunverulega í sér. Hvað þýðir þessi heimild sem nú er komin skýr lagaheimild fyrir? Getur ráðherra úthlutað að geðþótta og þá á ég við magn? Er verið að opna á það að ráðherra geti í framtíðinni, ef mál skipuðust svo, gert samning um hvaða magn sem er eða eru einhverjir skilmálar í því sem þarna var ákveðið? Ráðherrann upplýsir að þetta sé fyrsta samkomulag um gagnkvæman tollkvóta á kjöti, kjötvörum, ostum og einhverju fleiru og þá er spurningin: Ef sitjandi ríkisstjórn, sem hugsanlega væri önnur en sú sem nú situr, ákvæði að nýta sér tollkvóta í mun ríkari mæli en sú ríkisstjórn sem nú situr þyrfti þá nýja samninga eða er kominn samningur núna þar sem menn þurfa bara að ákveða magnið hverju sinni? Þetta er mjög mikilvægt, hverjar eru heimildirnar og hvað þýðir samningurinn í raunveruleikanum? Annars vegar hvað ætlar ríkisstjórnin að gera og hins vegar hvaða heimildir mundi hún hafa umfram það?

[17:03]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég útskýrði það í ræðu minni hvað hið nýja samkomulag fæli í sér. Vegna spurningar hv. þingmanns þá liggur það fyrir að vanti á markaðinn vörur sem hér hafa verið nefndar, kjötvörur eða annað, þá er auðvitað hægt að heimila viðbótarkvóta. Þannig hefur það verið í fríverslunarsamningum okkar og þetta er engin breyting frá því. Hér er ég að tala fyrir máli sem kom mjög skýrt fram í ræðu minni að snýr að nýju samkomulagi sem náðst hefur við Evrópusambandið og snýr að því að til stendur að lækka matvælaverð 1. mars nk. og heimila þá meiri innflutning á grundvelli þess samnings. Um leið kom fram í ræðu minni að við náðum samningum eftir þessum reglum um kvóta okkar til Evrópusambandsins fyrir skyr, smjör og pylsur. Ég vona að þetta svari fyrirspurn hv. þingmanns.

[17:05]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, þetta svarar ekki spurningu minni. Á að skilja málið þannig að heimildir fyrir magninu hangi á því hversu tilbúið Evrópusambandið er að heimila mikla kvóta til sín af skyri, smjöri og pylsum? Eða er það þannig að hvor aðili um sig, Ísland annars vegar og Evrópusambandið hins vegar, hafi það nokkuð opið hér eftir þar sem búið er að fá þessa skýru lagaheimild hversu mikið magn getur komið inn í landið ef vilji er fyrir því? Hæstv. landbúnaðarráðherra segir: Heimildin er þarna ef vörurnar vantar og þá er hægt að ákveða viðbótarkvóta. Ég var ekki að spyrja hvað gerðist ef vörurnar vantaði heldur hvað gerist ef ný ríkisstjórn tekur við og það verður beinlínis ákvörðun hennar að heimila að meira magn komi inn í landið en þessi ríkisstjórn eflaust er að ákveða með þessu ákvæði. Þarf nýja lagaheimild eða er þessi skýra lagaheimild og þessi samningur það opinn og víðtækur að hér sé stigið alveg nýtt skref í okkar sögu?

[17:07]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur auðvitað fyrir að taki ný ríkisstjórn við sem tekur aðrar ákvarðanir þá getur hún gert það. (Gripið fram í.) Það er algerlega ljóst og hefur alltaf verið ljóst. Ég veit alveg hvað hv. þingmaður er að spyrja um. Hv. þingmaður ber litla virðingu fyrir íslenskum landbúnaði og er í rauninni að fara inn í þá umræðu að flytja eigi inn vörur og virða ekki íslenskan landbúnað eða þá stöðu sem hann er í. Það er skemmtilegt til þess að hugsa að næstu daga verða „Food and Fun“ dagarnir hér á landi þar sem hið glæsilega íslenska veisluborð stendur yfir í Reykjavík og víðar og meistarakokkar koma hingað til að dásama okkar kjötvöru. Íslendingar eru vel meðvitaðir og þeir vilja auðvitað að matvælaverð lækki. Hér er verið að stíga skref sem mun hafa áhrif í þá veru. Auðvitað getur það gerst ef við tekur ríkisstjórn sem hefur allt önnur viðhorf gagnvart þessum matvælum, íslenskum landbúnaði, og vill gefa erlendum bændum markaðinn þá getur hún það. Það er bæði hægt að lækka tolla og gera hitt og þetta ef ríkisstjórninni dettur það í hug. Um þetta snýst málið.

Þeir sem nú fara með völdin bera mikla virðingu fyrir íslenskum landbúnaði og hafa í rauninni ákveðið að í gegnum fríverslunarsamninga, WTO-hagkerfið og samningana þar mæti íslenskur landbúnaður smátt og smátt meiri samkeppni en búi sig undir það eins og hann hefur verið að gera á síðustu 10 árum innan lands að efla búskapinn og stækka búin. Þess vegna er það von mín að hér sitji góð ríkisstjórn að kosningum loknum.

[17:09]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Alveg var þetta dæmalaus málflutningur. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart að öðru leyti en því að fyrir þann sem hugsanlega væri að hlusta á umræður á Alþingi lítur það þannig út að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi ekki hugmynd um hvers konar heimildir hann er að kynna. Ég er að inna hann eftir því hvort hann sé kominn með þannig heimildir og sé að setja í lög að hann sem landbúnaðarráðherra, eða nýr landbúnaðarráðherra í næstu ríkisstjórn, geti úthlutað að geðþótta heimildum fyrir innflutningi, tollamagni, litlu eða miklu eftir því hvernig landbúnaðarráðherra væri sinnaður hverju sinni. Menn heyrðu hvernig hæstv. landbúnaðarráðherra svaraði. Fyrir

nú utan það að æ ofan í æ skuli það gerast að ef þingmaður óskar að ræða skynsamlega um landbúnaðarmál eða iðnaðarmál eða hvert annað álitamál og er ekki sammála viðkomandi ráðherra í þessari sérstöku ríkisstjórn sé bara sagt: Þingmaðurinn ber litla virðingu fyrir málinu. Þingmaðurinn Rannveig Guðmundsdóttir ber litla virðingu fyrir íslenskum landbúnaði. Munur en vér sem stöndum vörð um landbúnaðinn.

Það vantar ekki að ráðherrann segi: Við ætlum að lækka matarverðið. Já, þeir ætla loksins að lækka matarverðið enda er búið að hamast í því í fimm ár að fá þá til þess. Við erum að gera tvíhliða samning við Evrópusambandið á grundvelli EES-samningsins, já, EES-samningsins sem þessi ráðherra greiddi á sínum tíma atkvæði gegn á meðan flokkurinn minn barðist gegn því að allt færi í kaldakol ef markaðir brystu eða aflatregða eða aflatap yrði algert í landinu. Á því er ríkisstjórnin, á því er hæstv. landbúnaðarráðherra búinn að fljóta að samningur sem hann greiddi atkvæði gegn var gerður, er búinn að fljóta á því með öllu sem sá samningur opnaði fyrir.

Hæstv. ráðherra sagði núna: Við erum að gera fyrsta samkomulagið um gagnkvæma tollkvóta við Evrópusambandið á grundvelli EES-samningsins um magn kvóta, um kjötvörur, osta og eitthvað eitt til og í staðinn fáum við útflutning fyrir skyr, smjör og pylsur. Þetta er skýr lagaheimild og alger nýjung. Svo kemur þingmaðurinn og segir: Hvað eru heimildirnar miklar? Hangir heimildin á innflutningi kjötvörunnar á því hvað Evrópusambandið er tilbúið að kaupa af okkur mikið af skyri eða smjöri eða pylsum? Ekkert svar. Hverjar eru heimildirnar í raun ef landbúnaðarráðherra, hver svo sem hann er, vill gera eitthvað meira eða eitthvað minna? Þarf að búa til nýjan samning eða er nú kominn samningur sem er talsvert opinn og finnst í honum svigrúm? Þá kemur svarið: Þingmaðurinn ber litla virðingu fyrir íslenskum landbúnaði. Nú skulum við ræða það aðeins nánar. Ég verð að segja að þó að þessi gjaldþrotasetning, sem maður heyrir aftur og aftur, sé notuð þegar menn komast í rökþrot og ráða ekki við málið er mér farin að finnast heldur mikil minnkun að þessum málflutningi fyrir þann ráðherra og þá flokka sem eiga í hlut. Þetta er ósæmilegt og þetta er rangt.

En það sem betra er er að sú sem hér stendur hefur bæði skrifað um þessi mál og flutt tillögur um þau og því veit þjóðin að hún ber ekki litla virðingu fyrir íslenskum landbúnaði. Það er vandi þessa hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir utan það að sú sem hér stendur metur íslenskar landbúnaðarvörur svo mikils að hún er sannfærð um að þær muni gera meira en að standast samanburð við innflutning hvað gæði vöru varðar. Það breytir því ekki að maður á ekki, af því að maður sjálfur er sannfærður um að þannig sé það, að ákveða fyrir fjöldann að allir skuli éta þær. Ef maður vill að fólkið eigi sjálft val og trúir að það geti jafnvel orðið til góðs fyrir íslenskan landbúnað verða stjórnarliðar rökþrota og koma með yfirlýsingar af þessu tagi.

Hæstv. landbúnaðarráðherra sagði annað. Hann sagði: „Á vettvangi WTO munum við undirbúa okkur undir það smátt og smátt að innflutningur geti orðið meiri og það mun þá þýða“ — og ég les það þannig — „að þar með verði tollar í ríkari mæli felldir niður“, og eitt af því sem á að gerast varðandi það að undirbúa er að stækka búin og þar er ég nefnilega sammála þessum hæstv. landbúnaðarráðherra.

Það er mikilvægt að hafa í huga að á þessum tíma eru dramatískir hlutir að gerast í landinu. Það er orðin ásókn í bú og jarðir til frístundaiðkana. Landbúnaði er haldið í spennitreyju, menn geta ekki stækkað búin. Frábært væri fyrir bónda að geta eignast með tíð og tíma næstu bú og næstu jarðir ef sá sem þar býr ákveður að bregða búi. En hann hefur ekki svigrúm til þess að eignast þá jörð. Þá er mikil hætta á því að sú jörð leggist undir frístundabúskap og í næstum því öllum sveitahéruðum og sveitarstjórnum sveitahéraða hafa menn áhyggjur af þeirri þróun. Þessi umræða hefur verið tekin upp á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem menn frá sveitarstjórnum, hugsandi menn, lýsa því yfir að þetta sé alvarleg þróun sem geti staðið í vegi fyrir því sem þarf að gerast, staðið í vegi fyrir því að bú stækki og menn geti komist yfir jarðir til þess að mæta þeirri þróun sem hæstv. landbúnaðarráðherra nefndi.

Hæstv. landbúnaðarráðherra vildi að smátt og smátt yrðu íslensk bú búin undir þá samkeppni samkvæmt WTO sem hann boðaði að kæmi þrátt fyrir allt, hvað sem mönnum syndist um það hér. Jafnvel þó að til valda kæmust mjög afturhaldssamir landbúnaðarráðherrar — ég ætla að undirstrika að ég nota það orð ekki sem lýsingu á þeim landbúnaðarráðherra sem hér hefur talað — þá vaknar þessi spurning: Í ljósi þess að búið er að kynna nýverið búfjársamning upp á 19,8 milljarða, 3,3 milljarða á ári, af hverju í ósköpunum var ekki farið í endurskoðun á fyrirkomulagi á stuðningi við bændur í nýja samningnum? Af hverju í ósköpunum var ekki samið um með hvaða hætti væri hægt smám saman að fella niður tolla, auka innflutning en samt styðja við möguleika bænda á að þróa stöðu sína eins og hæstv. landbúnaðarráðherra sagði sjálfur. Svo að ég noti hans eigin orð sagði hann að smátt og smátt þyrfti að búa bændur undir breytingarnar. Hvers vegna í ósköpunum var ekki með einhverjum hætti tekin upp umræða og reynt að skipuleggja hlutina þannig að þegar horft er sex ár fram í tímann sé tekið á þessum nýja stuðningi?

Ég tók líka eftir því að í þessu þingmáli er þess getið — það er í umsögn fjármálaráðuneytisins — að gjald fyrir tollkvóta getur aukið tekjur ríkissjóðs en aukin úthlutun tollkvóta rýrir ekki tekjur ríkissjóðs. Hvað þýðir þetta, virðulegi forseti, á mæltu máli? Þetta þýðir á mæltu máli að tollar gefa ekki mikið í ríkissjóð. Tollar eru ekki mikil tekjulind fyrir ríkissjóð. Að fella niður alla tolla af landbúnaðarvörum mundi þýða 300 millj. kr. fyrir ríkissjóð á móti því að gera mætti ráð fyrir 1,8 milljörðum inn vegna veltuáhrifa. Ég vek athygli á þessum tölum af því að 1,8 milljarðar eru há fjárhæð en samt miklu minna en þeir 3,3 milljarðar sem verið er að ákveða í búfjársamningnum árlega. Möguleikarnir til að gera skipulagsbreytingar og bæta þá frekar í, nota það fjármagn sem fengist til að gera betur og öðruvísi við bændur, aukast frekar en minnka. Nettóhagnaður ríkissjóðs af niðurfellingum tolla, ef það væri gert alveg, væri nefnilega 1,5 milljarðar á ári. Nú mundi hæstv. landbúnaðarráðherra segja ef hann kæmist strax í stólinn: Þingmaðurinn ber enga virðingu fyrir íslenskum landbúnaði, er bara tilbúin til að fella niður alla tolla og láta vondar vörur streyma inn í landið og eyðileggja öll búin á Íslandi.

Það er ekki rétt.

Við í Samfylkingunni höfum lengi talað um þörf á því að lækka matvælaverð. Tillögur okkar voru með fyrstu málum sem komu inn í þingið í haust. Tillögur okkar voru á þá leið að vörugjöld á matvæli yrðu öll felld niður — öll til þess að þessi aðgerð væri einföld og stjórnsýslan einfaldaðist. Það ætti ekki að vera þannig að alltaf þyrfti að gá að vörunúmeri og spyrja hvort vörugjald væri á því eða ekki. Við lögðum til að aðgerðir sem eru nauðsynlegar til að draga úr sykurneyslu yrðu á einhverju öðru sviði, ekki með neyslustýringu í gegnum vörugjöld. Að tollar á matvælum yrðu felldir niður í áföngum og niðurfelling tolla yrði ákveðin að höfðu samráði við hagsmunasamtök bænda og neytenda. Þá ætla ég að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra: Hvernig samkomulag var gert við hagsmunasamtök bænda og neytenda varðandi þær magntollaheimildir sem samið var um núna í tengslum við það mál sem hér er flutt? Hvernig viðræður voru teknar upp?

Við lögðum jafnframt til að virðisaukaskattur yrði samræmdur og 7% virðisaukaskattur yrði lagður á öll matvæli. Við lögðum til að í samráði við bændur yrði fyrirkomulagi stuðnings við landbúnað breytt til að gera bændum kleift að aðlagast aukinni samkeppni vegna innflutnings. Auk þess verði gerður sérstakur tímabundinn aðlögunarsamningur við bændur vegna niðurfellingar tollverndar og að samkeppnis- og verðlagseftirlit á matvælamarkaðnum yrði stóraukið. Við teljum að með tillögum okkar yrði hægt að lækka matarreikning heimilanna um 200 þús. kr. á ári út frá því að það er talið að fjögurra manna heimili noti um það bil 750 þús. kr. í mat sem sennilega er of lágt metið.

Nú hefur hæstv. fjármálaráðherra gefið það upp að með tillögum ríkisstjórnarinnar megi reikna með að matarverð lækki um 16%. Mér sýnist að miðað við 750 þús. kr. í útgjöld fyrir fjögurra manna fjölskyldu gæti þetta þýtt allt að 110 þús. kr. á ári. Það er gott skref þó það sé ekki jafnstórt og okkar og mjög mikilvægt að farið er að stíga rétt skref. Ég hef þó áhyggjur vegna þess að ýmis samtök á markaði hafa sett fram yfirlýsingar um að þau óttist að þetta verði ekki 16% heldur e.t.v. 10%. Ég ætla að leyfa mér að láta í ljós þá ósk úr ræðustóli, virðulegi forseti, að þessir aðilar hafi ekki rétt fyrir sér. Af því að virðisaukaskattur leggst á síðasta stig en tollar og vörugjöld á millistig í viðskiptum og verslunarálagning og virðisaukaskattur þar á ofan, og það hefur mikil uppsöfnunaráhrif, teljum við mikilvægt að einfalda álagningarkerfið eins og unnt er. Við teljum að það muni koma öllum til góða.

Við teljum líka gífurlega mikilvægt að reynt sé að vinna þannig að málum að bændur fái ekki eingöngu 20–40% af verðinu til sín eins og er í mörgum tilfellum. Við teljum mjög mikilvægt að búvörulög verði endurskoðuð, sérstaklega með tilliti til þess að nema burt ákvæði sem skilja landbúnað undan almennum samkeppnislögum. Það er gríðarlega mikilvægt að fylgjast vel með verðmyndun landbúnaðarvara svo að hægt sé að greina hvernig verðið myndast á leiðinni frá bóndanum og þar til neytandinn kaupir vöruna. Hvar og hvernig verður lokaverðið til? Það er líka mikilvægt að öll matvara lúti eftirliti, að fylgst sé með verðmyndun á allri matvöru, ekki bara þeirri sem er framleidd hér.

Ég hef gripið niður í mörg meginatriði þar sem kemur ljóslega fram að við í Samfylkingunni höfum í tillögum okkar ekki eingöngu horft á málin út frá hagsmunum neytenda heldur jafnframt út frá hagsmunum bænda. Ég frábið mér þess vegna að mér séu gerðar upp skoðanir eða tilfinningar gagnvart einhverjum tilteknum stéttum. Slíkar fullyrðingar eru rangar. En það er alveg ljóst að því hefur ekki verið svarað hvað felist í þessu frumvarpi og hverjar heimildirnar sem landbúnaðarráðherra er að festa í lög eru í raun og veru.

[17:28]

**Drífa Hjartardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf jafnskemmtilegt þegar verið er að ræða landbúnaðarmál í sölum Alþingis og sérstaklega þegar verið er að ræða þróunina síðustu árin. Það er með ólíkindum hve margir halda að það hafi hreinlega ekkert gerst í íslenskum landbúnaði undanfarin ár. Það er öðru nær. Hv. þingmaður sagði að ekkert svigrúm væri fyrir íslenska bændur, en það er þannig að kúabændum hefur fækkað niður í um 860 frá því að vera um 1.550 fyrir 10–15 árum. Búin hafa verið að stækka. Meðalbú er núna um 140 þúsund lítrar mjólkur en var innan við 100 þúsund lítrar fyrir 10–15 árum. Sauðfjárbændum hefur líka fækkað og sauðfjárbúin hafa verið að stækka. Það hefur verið gríðarlega ör þróun. Í nokkur ár var ástandið þannig að það fækkaði um einn kúabónda á viku.

Búin hafa verið að stækka. Þau hafa verið að þróast. Það er gríðarlega mikil framsækni í íslenskum landbúnaði. Menn eru að byggja ný og stór fjós og auka þar við tæknina. Menn eru svo sannarlega að búa sig undir samkeppni á öllum vígstöðvum og sem betur fer hafa jarðir hækkað í verði. Þær ganga nú kaupum og sölum eins og aðrar fasteignir og er það oft talið hátt verð þegar kostajörð er seld á 100 millj. kr. En þegar einbýlishús í Reykjavík fer kannski á 150 millj. kr. segir enginn neitt eða þegar hús sem verið var að selja um daginn fer á 600 millj. kr., það þykir ekki mikið. En ef jörð fer á 100 millj. verða allir vitlausir.

[17:30]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar við ræðum þessi mál með þessum hætti er alveg ljóst að skoðanir eða framsetning fer nokkuð í kross. Auðvitað er það gott fyrir bónda sem ætlar að bregða búi ef jörðin hækkar mikið í verði, ekki mæli ég fyrir því að jörð eða hús þurfi að fara á einhverju undirverði. Því má ekki gleyma að fyrir aðgerðir ríkisstjórnarinnar hefur t.d. íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 60% á sennilega aðeins þremur árum en það er alveg ljóst að það gerist ekki með íbúðir og hús úti á landi eða jarðir. Ef jarðir eru sprengdar upp í verði af því að hestaeigendur ætla að kaupa þær eða nýríkir einstaklingar er það ekki eitthvað sem sauðfjárbóndi, sem fær 20–40% af verðinu til sín, ræður við.

Ég er ekki að gera lítið úr því að ýmislegt hafi áunnist en það var ekki ég sem bar það fram á fundi Sambands íslenskra sveitarfélaga að menn hafi áhyggjur af því sem er að gerast í sveitarfélögum sínum. Forustumenn sem voru kjörnir í þessum sveitum og sveitarfélögum til að gæta

hagsmuna þeirra lýstu þessu yfir og það komu stórar fyrirsagnir í fjölmiðlum um þetta.

Kúabændum hefur fækkað og búin stækkað, staða sauðfjárbænda hefur verið önnur síðustu ár en kúabænda og það er mjög mikilvægt að reyna eins og unnt er að bæta hag þeirra. Þess vegna eiga þeir að vera framsýnir líka þegar koma á með nýja samninga og nýja fjármuni.

[17:32]

**Drífa Hjartardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nú þannig að jarðir fóru á undirverði hér áður fyrr og þegar menn voru að bregða búi fengu þeir kannski aðeins verð sem nægði fyrir lítilli kjallaraíbúð fyrir ævistarfið. Það var ekki gott. Nú er það þannig í jarðalögunum að sveitarfélögin hafa ekki lengur forkaupsrétt, sveitarstjórnir ráða því í rauninni ekki hverjir koma í sveitarfélögin.

Að tala um einhverja hestaeigendur eða nýríka einstaklinga með lítilsvirðingu tel ég vera fyrir neðan allar hellur. Það er skoðun mín að þeir sem hafa verið að kaupa jarðir úti á landi, byggja þar upp myndarlega hestabúgarða, byggja jarðirnar myndarlega upp þó að þeir búi ekki með kýr og kindur, hafi verið nýtt blóð fyrir sveitirnar. Þetta fólk flytur þangað, byggir upp jarðirnar, hugsar vel um þær, tekur þátt í mannlífinu í sveitinni og styrkir sveitirnar. Ef við ætlum að hafa einhverja framþróun í landbúnaði megum við ekki staðna og að það sé búið á hverjum einasta bæ með kýr og kindur eins og fyrir 30 árum. Það er svo margt annað. Það eru gríðarlega margir skógarbændur í landinu í dag og núverandi ríkisstjórn hefur svo sannarlega staðið vel við bakið á því sem skiptir ekki litlu máli þegar við tölum um Kyoto-bókun og umhverfismál. Það er aukin landgræðsla. Ég vil líka nefna hlunnindin sem eru í lax- og silungsveiði. Allt skiptir þetta miklu máli.

Síðan vildi ég segja að lokum, af því að hv. þingmaður talar mikið um lækkun á matarverði, að ríkisstjórnin er að standa við loforð sín um að lækka virðisaukaskattinn niður í 7%, verið er að fella niður aðflutningsgjöld og auka tollkvóta inn í landið.

[17:34]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þýðir ekkert að æsa sig við mig þegar ég minnist á málflutning sem hefur farið fram á vettvangi sveitarfélaganna þar sem menn hafa látið í ljós áhyggjur yfir þessari þróun. Það er auðvitað alveg ljóst enda þótt hestabúgarðar séu gott mál, og ég hef komið a.m.k. að slíkum, og eigendur þeirra sjái vel um landið o.s.frv., ef það á að verða þannig smátt og smátt, eins og hæstv. landbúnaðarráðherra sagði áðan, að unnt verði að stækka búin og menn geri sig tilbúna til að taka við aukinni samkeppni að of seint er að ætla að stækka búin ef hestabúgarður er þar fyrir sem menn hefðu viljað stækka land sitt. (**DrH:** Á að setja kvaðir á ...?) Það er ekki hægt, ég er ekki að tala um kvaðir, ég er ekki að biðja um kvaðir, þvert á móti. Ég er að draga það fram að núverandi ríkisstjórn stendur gegn framförum á þessu sviði. (**DrH:** Nei, hún gerir það ekki.) Ríkisstjórnin heldur áfram að gera búvörusamninga upp á 3,3 milljarða á ári án framsýni, án þess að tengja þá breytingum á kringumstæðum sauðfjárbænda, án þess að hjálpa þeim að þróast til að geta mætt aukinni samkeppni þegar hún kemur eftir þrjú, fimm eða sjö ár. Þvert á móti er haldið í viðjum óbreyttri stöðu sem er miklu verra. Ég er ekki að tala um að setja einhver mörk á þetta, ég er aðeins að benda á hvað gerist á meðan þröngsýnin ræður ríkjum.

[17:37]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fór yfir stórt og mikið svið í ræðu sinni og fjallaði vítt og breitt um landbúnaðarmál, þar á meðal um nýgerðan sauðfjársamning. Hann munum við auðvitað ræða á næstu dögum. Ég vil benda hv. þingmanni á að skoða þann samning vel áður en til þeirrar umræðu kemur því að í honum felast mjög mikil þróunartækifæri fyrir sauðfjárræktina kannski í þeim anda sem hv. þingmaður ræddi um. Svipað hefur verið að gerast í mjólkurmálunum, að bændur hafa frelsi til að stækka og efla bú sín. Það er mikið lagt í gæðastýringu og betri búskaparhætti. Nú liggur það kannski fyrir að Ísland er talið eitt af 7–10 bestu sauðfjárræktarlöndum heimsins. Við eigum því mikla möguleika á þessu sviði.

Ég vil aftur á móti fræða hv. þingmann um það að t.d. kjötmarkaðurinn og landbúnaðurinn að stórum hluta heyrir undir samkeppnislög. Það er rangt að hann heyri ekki undir þau. Það eru nokkrar dagvörur í mjólkuriðnaðinum sem heyra ekki undir samkeppnislög og opinber verðlagning er á þar sem Alþýðusambandið og atvinnulífið koma að verðlagningu og hefur þótt mjög mikilvægt fyrir neytendur.

Hvað varðar það mál sem hér um ræðir og ég var að kynna og fer nú til landbúnaðarnefndar liggur það auðvitað fyrir að þarna er fyrst og fremst verið að opna fyrir heimildir sem gerðar eru samkvæmt fríverslunarsamningi eins og þeim sem gerður var á dögunum við Evrópusambandið og öðrum sams konar fríverslunarsamningum sem hægt er að gera, fyrir utan WTO sem er annars eðlis. Hér er verið að opna þennan möguleika. Það stendur til, eins og hér hefur komið fram, að lækka matvælaverð 1. mars. Þar er auðvitað stigið það stóra skref að virðisaukaskatturinn, sem tekinn var upp fyrir mörgum árum, er lækkaður um helming, vörugjöld og tollar eru lækkaðir í þessu skyni og af því mun auðvitað verða heilmikill árangur hvað varðar lækkun á matvælaverði.

[17:39]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega ánægð með að tekist hafi að mjaka ríkisstjórninni til þeirra aðgerða sem hún þó greip til í október þegar við vorum búin að leggja fram tillögur okkar miðað við það sem áður hafði gerst. Ég get minnt hæstv. landbúnaðarráðherra á að ég átti utandagskrárumræðu við fyrrverandi formann hans í fyrrahaust eða haustið áður en hann hætti. Hann hafði engan áhuga og sá ekki neitt fram undan í því að matarverð yrði lækkað. Með eftirfylgni tókst okkur samt að ýta nógu mikið á ríkisstjórnina til að hún gripi til þessara aðgerða en það tók fimm ár.

Ég ætla að skoða sauðfjársamninginn mjög vel. Ég tók eftir því þegar hann var kynntur að þá sagði hæstv. land-

búnaðarráðherra að í honum fælust mörg þróunartækifæri og frelsi til stækkunar og að menn gætu eflt bú sín. Ég bið alla sem á ræðu mína hlýða að taka eftir því hvað þessir tveir þingmenn stjórnarliðsins hafa talað í kross varðandi þessa möguleika. Það er ekki hægt að stækka búin, ekki landfræðilega, ef búið verður að kaupa upp allar jarðirnar í kring. Það var það sem ég benti á áðan og var náttúrlega snúið út úr því eins og öðru. Ég hef aldrei nokkurn tímann efast um að sauðfjárrækt okkar sé afburðagóð. Ég er sjálf afar hrifin af íslenskri landbúnaðarvöru. Ég tek lambakjöt fram yfir annað, hvort heldur það er heima hjá mér eða þegar ég fer á veitingastaði og vil helst ekki sjá það erlendis. Ég er að tala um allt annað og það veldur mér miklum vonbrigðum að hæstv. landbúnaðarráðherra skuli ekki hafa skýrt hvaða þróunartækifæri þetta eru eða hvaða magn er verið að tala um.

[17:41]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður gerir mikið mál úr því að þrengt sé að landbúnaðinum með uppkaupum á jörðum og háu jarðaverði. Ég get tekið undir það að hluta til að það veldur áhyggjum, sumpart af því að kynslóðaskipti geta verið erfiðari en þau voru á bæjum, en í heild sinni getur þetta verið mjög mikilvægt fyrir landbúnaðinn og jarðir eru seldar á sanngjarnara verði. Ef við förum 10 ár aftur í tímann voru þær óseljanlegar og mjög verðlitlar. Nú er það breytt.

Við berum það mikla virðingu fyrir eignarréttinum, ég og hv. þingmaður, að við ætlumst ekki til þess að maður sem vill stækka bú sitt taki og leggi undir sig jörð nágrannans. Um það eru skýrar reglur. Íslenskar bújarðir eru tiltölulega stórar. Það liggur fyrir að kúabúum hefur fækkað, þau eru orðin svona 700–800. Sauðfjárbúum mun fækka og þau eru ekki mörg mjög stór. Þau eru á svæðum sem hafa mikið land og svo hafa bændur náttúrlega afnot af afréttum sínum áfram eins og þeir hafa gert. Landfræðilega eru þeir því ekki illa settir. Búin stækka og þau tæknivæðast og breytast í samtímanum. Það er bara hlutur sem á að geta gerst inni í þessu. Ég geri mér grein fyrir áhyggjum af jarðaverðinu en það hefur líka styrkt hag bænda að þeir eru með miklu verðmætari eignir í sínum höndum til að byggja upp og efla fyrir landbúnað. Þeir eru náttúrlega á þessum sviðum landbúnaðarins að styrkja sig mjög mikið undir það sem kann að verða hér þegar WTO-samningar líta dagsins ljós, tollar lækka, stuðningur innan lands verður að breytast og landbúnaðurinn er að nýta sér þau ár sem hann hefur til að þróa sig mjög ört til að verða markaðslega sterkari eining.

[17:43]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Niðurstaðan er í fyrsta lagi sú að sauðfjárbóndi þarf að verða samkeppnisbær — hvort heldur um er að ræða framleiðslu á vöru eða kaup á jörðum hvort sem það er næsta jörð eða ef hann vill flytja sig til — við aðra sem hafa viðurværi sitt af einhverju öðru.

Í öðru lagi er niðurstaðan sú að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur ekki verið fær um að skýra það út á hinu háa Alþingi hvað felst í því frumvarpi sem hann mælti hér fyrir. Ég hlýt að reikna með því að landbúnaðarnefnd fari vel ofan í málið og að það liggi ljóst fyrir hvaða heimildir eru að opnast hér. Ég hvet jafnframt hæstv. landbúnaðarráðherra til að afla sér góðra upplýsinga um hvað felst í samningnum við Evrópusambandið þannig að sú umræða geti jafnframt komið í umræðuna um sauðfjársamninginn þegar við ræðum hann síðar.

[17:45]

**Útbýting:**

Norðurskautsmál 2006, 626. mál, skýrsla ÍNSM, þskj. 934.

Vestnorræna ráðið 2006, 628. mál, skýrsla ÍVN, þskj. 936.

ÖSE-þingið 2006, 627. mál, skýrsla ÍÖSE, þskj. 935.

[17:45]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða tillögur sem settar eru fram í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að lækka matarverð til íslenskra neytenda, tillögur sem komnar eru í kjölfar þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar um aðgerðir til að lækka matarverð. Það sem hér er verið að fjalla um eru gagnkvæmir samningar um markaðsaðgang, annars vegar Íslands inn á Evrópusambandslöndin og hins vegar Evrópusambandslandanna inn á Ísland. Um er að ræða að við fáum aukna útflutningsheimild fyrir lambakjöt sem nemur 500 tonnum, skyr upp á 380 tonn, smjör upp á 330 tonn og pylsur upp á 85 tonn. Í staðinn fáum við um 870 tonna innflutningsheimild fyrir nautakjöt, svínakjöt, alifuglakjöt, pylsur, unnar kjötvörur, skinku, kartöflur, rjúpur og osta.

Ég legg áherslu á hér er um að ræða gagnkvæmar innflutnings- og útflutningsheimildir á milli þessara landa allra og það skiptir auðvitað mjög miklu máli í þessu sambandi og gleymdist nú í öllum æsingnum hér í haust þegar þingsályktunartillaga Samfylkingarinnar var til umræðu. Það er auðvitað hluti af aðgerðunum að lækka tolla, þessu fylgir að sjálfsögðu gagnkvæmur aðgangur.

Þær aðgerðir sem hér eru boðaðar munu vonandi bæta hag íslenskra neytenda og gera það örugglega ef — og ég legg áherslu á ef — samkeppniseftirlit verður í lagi. En ríkisstjórnin gerir því miður ekki ráð fyrir því að efla samkeppnis- og verðlagseftirlit eins og var og er ein af fimm megintillögum Samfylkingarinnar. Það er ekki að ástæðulausu að Samfylkingin lagði einmitt þetta til í haust í tillögum sínum og það hefur sannast fyrir landanum að ástæðan var rík því að við fundum tilhneiginguna hjá versluninni fyrir skömmu, upp úr áramótunum, til þess að fara að hækka álagningu á vörum sínum, sem var síðan dregið til baka eftir að mótmæli voru höfð uppi. Það er því vissulega ástæða til þess að efla samkeppniseftirlit á Íslandi.

Því miður lítur út fyrir að íslenskir neytendur muni ekki hafa jafnmikinn hag af þessum væntanlegu lækkunum á tollum og ríkisstjórnin boðaði þegar hún kynnti tillögur sínar, a.m.k. er það mat markaðarins að hagur neytenda eða matvælaverð muni lækka innan við 10%, en 10% eru þó 10%, og það er gott svo langt sem það nær.

Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig þessi

innflutningskvóti mun hafa áhrif á matarverð á Íslandi, það sjáum við ekki fyrr en til kastanna kemur. Það verður líka fróðlegt að sjá hvaða verð fæst fyrir þær matvörur sem við Íslendingar höfum heimild til þess að flytja út. Samkvæmt upplýsingum sem við fengum í landbúnaðarnefnd í morgun munu líkur á því að verð fyrir a.m.k. smjör verði ásættanlegt og það er hið besta mál. Um annað vitum við ekki, annað en að hingað til hefur verð fyrir lambakjöt í rauninni ekki verið ásættanlegt og alls ekki t.d. á Ameríkumarkaði ef við skoðum það verð sem íslenskir bændur fá í sinn hlut, því þrátt fyrir að íslenskt lambakjöt seljist háu verði út úr búðum í Bandaríkjunum er skilaverðið til bænda ákaflega lágt. Samkvæmt því sem maður hefur heyrt á bændum vilja þeir flytja út lambakjöt til að grynnka á framboði lambakjöts á íslenskum markaði til þess að verðið hér lækki ekki, sem er viðhorf sem mér fellur ekki beinlínis í geð. Mér fyndist nær að leita leiða til þess að afurðaverð til bænda yrði ásættanlegt, og til neytenda jafnframt, í staðinn fyrir að styrkja útflutning á íslensku lambakjöti beint og óbeint eins og við gerum með því að styrkja markaðsaðgerðir sem aftur á móti leiðir til þess að verð til íslenskra neytenda helst hátt áfram.

Ég er sammála því sem hér hefur fram komið að íslenskar landbúnaðarafurðir eru afskaplega góðar og margar hverjar betri en sambærilegar vörur erlendis. Það er þó ekki svo um allar landbúnaðarafurðir, margar erlendar landbúnaðarafurðir eru ákaflega góðar og hollar og vonandi fáum við að njóta þess á íslenskum markaði í ríkari mæli í framtíðinni. Ég held að við þurfum ekki að óttast gæði erlendrar vöru nema ef svo heldur áfram í íslensku samfélagi sem hefur því miður verið undir stjórn núverandi ríkisstjórnar undanfarin ár, að misskipting í samfélaginu aukist jafnt og þétt þannig að Íslendingar hafi ekki efni á að kaupa sér úrval íslenskrar landbúnaðarframleiðslu.

Það er auðvitað þannig, virðulegur forseti, að fjöldi fólks meðal almennings á Íslandi hefur því miður ekki efni á að kaupa sér nema mat af allra ódýrasta tagi. Það fólk hefur í rauninni ekki efni á að velja það sem vitað er að er betra og hollara, því ýmsir búa við afar bág kjör. Við vitum að bilið á milli manna hér á landi hefur aldrei verið nándar nærri eins breitt og það er núna og hefur breikkað undir stjórn núverandi ríkisstjórnar sem vonandi fer fljótlega frá.

Það frumvarp sem hér er til umræðu er gott svo langt sem það nær og vonandi verður reynslan af því góð.

[17:54]

**Drífa Hjartardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér í andsvar vegna orða hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um að tillaga ríkisstjórnarinnar sé komin til vegna tillögu frá Samfylkingunni en það er nú öðru nær. Samfylkingin er alltaf að berja sér á brjóst og þakka sér að tillagan um lækkun á virðisaukaskatti sé komin frá þeim. Þessi tillaga kom inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fyrir hartnær fjórum árum. Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins var þetta samþykkt og Sjálfstæðisflokkurinn hefur unnið eftir því að koma þessu á. Þetta var landsfundarsamþykkt okkar, hún kom löngu á undan tillögunni frá Samfylkingunni. Þannig er það nú.

Hv. þingmaður talaði um að íslenskar afurðir væru góðar. Ég er henni hjartanlega sammála um það, en íslenskur landbúnaður þolir ekki neinar kollsteypur. Hann þolir það ekki og ég tel að með þessum tillögum sé ríkisstjórnin að fara þá leið sem gefur landbúnaðinum tækifæri til þess að aðlaga sig að breyttum tímum.

Hvað varðar bág kjör fólks þá er það nú bara þannig að aldrei í sögu þjóðarinnar hefur orðið jafnmikil kaupmáttaraukning og síðustu ár, aldrei nokkurn tíma. Þegar verið er að bera saman mismunandi kjör fólks þá er það nú þannig að bankastjórar og þeir sem eru í háum stöðum og vinna mikið erlendis skekkja að sjálfsögðu þá mynd, af því að það er alltaf miðað við hæsta og lægsta. En ekki vildum við missa það fólk úr landi, það fólk borgar hér skatta. En ég vildi bara halda því til haga að kaupmáttur á Íslandi hefur aldrei (Forseti hringir.) vaxið eins mikið og síðustu ár.

[17:56]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fullvel grein fyrir því að við hv. þm. Drífa Hjartardóttir munum ekki komast að sameiginlegri niðurstöðu um það hver eigi upptökin að því að sú matarverðslækkun sem á döfinni er er komin fram. En ég vil minna hv. þingmann á að það var fyrir fimm árum sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hóf sína þrotlausu baráttu og það er ekki fyrr en núna sem hún er að bera árangur, en auðvitað fögnum við öllum góðum liðsmönnum.

Ég er sammála hv. þingmanni með það að íslenskur landbúnaður þolir ekki kollsteypur og það er einmitt þess vegna sem Samfylkingin lagði fram í sinni tillögu að fyrirkomulagi stuðnings við landbúnað yrði breytt í samráði við bændur. Við gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því að íslenskur landbúnaður þolir ekki kollsteypur, ekki frekar en hver annar atvinnuvegur á Íslandi. Það er ekki farsælt að fara fram með byltingum, eins og þó hefur þurft að gera hér á landi vegna þess að því hefur verið stjórnað illa. Núna er t.d. í gangi bylting á Austurlandi vegna þess að þar hafði atvinnulíf drabbast niður áratugum saman, lengst af undir stjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, og niðurstaðan varð sú að þar þurfti að fara í svo stórtækar aðgerðir að þar stendur yfir bylting sem er auðvitað engum holl, og ekki viljum við það með íslenskan landbúnað.

[17:58]

**Drífa Hjartardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú öðru nær — þessu landi hefur verið afskaplega vel stjórnað. Það hafa orðið þvílíkar framfarir hjá þjóðinni síðan 1991, þvílíkar framfarir. Við munum þann tíma þegar hér var atvinnuleysi, það vantaði atvinnu. Það er ekkert atvinnuleysi í dag, ekkert. Við erum að flytja inn fólk til að vinna fyrir okkur hér.

Hvað varðar Austurland þá ég veit að Austfirðingar eru afskaplega ánægðir með þær aðgerðir sem hafa verið gerðar á Austurlandi. Þangað er fólk að flytja aftur, það er flytja aftur heim til að vinna heima í héraði. Menntað fólk er að koma aftur heim. Þegar verið er að tala um að í álverinu í Reyðarfirði séu bara karlastörf og láglaunastörf þá er það af og frá. Þetta eru ekki síður störf fyrir konur og það eru líka mjög mörg afleidd störf af hverju starfi sem þar er.

Ég man þá tíð þegar ég sem þingmaður fór með fjár-

laganefnd austur á land áður en farið var í virkjunarframkvæmdirnar. Það voru mjög erfiðir tímar. Ég man líka eftir því þegar byrjað var að framkvæma og maður kom austur og fann alla þá bjartsýni og þann kraft sem þar var, alls staðar verið að byggja, aukin atvinnutækifæri. Þetta var það sem skipti Austfirðinga miklu máli, þetta er svo sannarlega að skila sér og ríkisstjórnin hefur svo sannarlega verið að vinna afskapalega farsæl og góð störf á hverju einasta ári. Hér er verið að lækka skatta, hér er verið að auka kaupmáttinn, hér eru nóg störf og við þurfum ekki að kvarta.

[18:00]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú ætla ég að segja: Sínum augum lítur hver á silfrið. Vissulega hafa orðið framfarir á ýmsum stöðum á Íslandi en það er ekki sama hvar á er litið. Það vill svo einkennilega til að einmitt á öðru þeirra landsvæða þar sem verið hefur neikvæður hagvöxtur í átta ár af þeim tólf síðustu sem Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa haldið um taumana hér er landbúnaður eina undirstöðugreinin. Það er nú svo, því miður, á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum. Ég á ekki von á að hv. þingmaður telji þau landsvæði tvö dæmi um staði þar sem orðið hafa einhverjar sérstakar framfarir á landinu. Ég get tínt til fleiri landsvæði þar sem ekki hafa orðið framfarir, því miður. Þetta kalla ég dæmi um það að landinu hafi verið illa stjórnað.

Að sjálfsögðu hefur orðið hagvöxtur hér á landi, m.a. fyrir tilstilli EES-samningsins eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði um áðan. Það er ekkert atvinnuleysi, við erum með mestu framkvæmdir í Íslandssögunni og mér finnst undarlegt ef hv. þingmaður gat skilið það svo á orðum *mínum* áðan að *ég* væri á móti þeirri uppbyggingu sem á sér stað á Austurlandi. Það er alls ekki raunin. Ég var hins vegar að taka það sem dæmi um kollsteypustjórnmál, þ.e. þar þurfti að gera byltingu til að koma hjólum atvinnulífsins í gang. Ég tel það ekki æskilegt og ég tel að ekki eigi að stjórna með kollsteypum í íslenskum landbúnaði.

[18:02]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar þessa umræðu og umræðu um matvælaverð þá þekkjum við þá sögu og það hefur verið hér lengi til umræðu, en það liggur náttúrlega fyrir að fyrrverandi forsætisráðherra skipaði þessa nefnd eftir áramót í vetur. Sú nefnd náði ekki samstöðu og þetta eru auðvitað tillögur þeirrar ríkisstjórnar sem nú starfar sem taka gildi 1. mars.

Ég stenst ekki mátið að minna Samfylkinguna á það að hún fór í frumeindir í sumar. Hún klofnaði, sem betur fer. Formaður Samfylkingarinnar boðaði það með hluta af þingflokknum að fella bæri niður alla tolla af innflutningi á landbúnaðarvörum. Um þetta urðu hastarleg átök hjá Samfylkingunni eins og menn muna og það kom auðvitað fram að gömlu alþýðubandalagsmennirnir risu upp og mótmæltu þessu smátt og smátt. Samfylkingin ætlaði að vísu að taka upp beingreiðslur og ríkisstyrki sem ekki eru heimildir til.

Ég minni á þetta til gamans í þessari umræðu. Það er aldrei gaman þegar flokkar klofna og lenda í þeim vandræðum en þeir hafa lært eitthvað af þessu, samfylkingarmenn. (Gripið fram í.) Ég vil svo segja við hv. þingmann: „Að ljúga að öðrum er ljótur vani, en að ljúga að sjálfum sér er hvers manns bani." Það er rangt að halda því fram að Íslendingar eigi erfiða daga. Ef við förum til þess tímabils, 10–12 ár aftur í tímann, þá voru 12–14 þúsund Íslendingar án atvinnu. Það var kreppa. Það var neyð á Íslandi. Nú hafa allir Íslendingar atvinnu og lífskjör hafa batnað almennt hjá öllum. (Gripið fram í.) Menn geta svo deilt um það og haldið því fram að hér sé fátækt en við erum land sem vekur athygli. Við erum auðvitað í miðjum klíðum að taka á mörgum málum og getum miklu meira vegna þess að tekjur hafa vaxið (Forseti hringir.) hjá ríkinu og samfélaginu á svo mörgum sviðum. Þetta eigum við að viðurkenna í íslenskri pólitík.

[18:04]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi klofninginn í Samfylkingunni. Það er rétt að við misstum einn mann útbyrðis fyrir ekki alls löngu og það má kalla það klofning ef svo ber undir. Sá klofningur varð þó miklu minni en hjá Framsóknarflokknum nýlega, a.m.k. ef við miðum við stærð flokkanna og hve mikið munar um hvern einstakling sem dettur útbyrðis. (Gripið fram í.) Og reynsluna já.

Ég ætla að lesa upp 2. tölulið í tillögu til þingsályktunar frá Samfylkingunni um aðgerðir til að lækka matarverð. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tollar á matvæli verði felldir niður í áföngum og við það miðað að 1. júlí nk. verði helmingur þeirra afnuminn. Niðurfelling eftirstandandi tolla verði ákveðin að höfðu samráði við hagsmunasamtök bænda og neytenda."

Í 4. tölulið er síðan ítrekaður sá ásetningur okkar að hafa samráð við bændur. Það var nefnilega það sem við ætluðum að gera allan tímann og það er meira en ríkisstjórnin lýsti nokkru sinni yfir, auk þess sem við ætluðum að styrkja samkeppnis- og verðlagseftirlit sem er, eins og ég sagði áðan í ræðu minni, ákaflega mikilvægt mál.

[18:06]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að bændur hafi hreinlega afneitað þessu samráði við Samfylkinguna. Menn taka ekki þátt í því að leggja sjálfa sig niður eins og tillögur þeirra snerust um. Þeir komu á einhverja fundi til að uppfræða og hafa nú náð einhverjum árangri.

Hvað varðar hv. þingmenn Kristinn H. Gunnarsson og Valdimar L. Friðriksson, hvers vegna þeir eru staddir í Frjálslynda flokknum, það veit öll þjóðin. Báðir þessir menn töpuðu í prófkjörum. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson bauð sig fram gegn sitjandi ráðherra og 1. þingmanni í sínu kjördæmi og lenti í 3. sæti og hv. þm. Valdimar L. Friðriksson datt niður stigann í prófkjöri Samfylkingarinnar. Þetta eru afleiðingar af því og þarf ekki að tengja það neinu öðru. Þetta eru örlög þessara flokka. Frjálslyndi flokkurinn er mjög opinn fyrir því að taka alla að sér sem lenda í vandræðum. Það sýnir að þeir eru göfugmenni en það getur líka kallað á klofning síðar og átök eins og fylgt hefur sumum þeirra sem þeir hafa nú sett undir árar hjá sér.

Ég vil segja við hv. þingmann að Ísland er dýrt land á

öllum sviðum. Ísland, Noregur og Sviss skera sig nokkuð úr. Það gerir sú velmegun sem ríkir í þessum löndum. Við getum ekki beðið um það sem Samfylkingin hefur oft verið að biðja um, spænskt matvælaverð og íslensk laun. Það liggur fyrir að þetta verður að fara nokkuð saman og Íslendingar borga sennilega hlutfallslega minna af launum sínum fyrir matvæli en mörg fátæk lönd verða að gera því að hér eru lífskjörin það góð. Svo liggur það auðvitað fyrir þegar við skoðum hvað er dýrt á Íslandi að þá eru það oft innfluttar landbúnaðarafurðir, kornið í brauðið, gosið o.fl. sem er hlutfallslega miklu dýrara hér en í Kaupmannahöfn eða annars staðar á Norðurlöndunum. (Gripið fram í.)

Við viðurkennum það þó öll hér í umræðunni að við eigum (Forseti hringir.) góðan landbúnað (Forseti hringir.) og góðar landbúnaðarafurðir og fyrir það vil ég þakka, hæstv. forseti.

[18:08]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra sagði áðan úr þessum stóli að forsvarsmenn bænda hefðu hafnað samráði við Samfylkinguna. Vera kann að svo sé en það er þá líka alvarlegt mál og ábyrgðarhluti hjá þeim mönnum sem axla ábyrgð fyrir hönd samtaka sinna að hafna samráði við næststærsta stjórnmálaflokk landsins.

Ég ætla líka að minna hæstv. ráðherra á það að í Danmörku sem er í næsta nágrenni við okkur og er velferðarríki á borð við Ísland er 25% virðisaukaskattur á matvæli en þar eru matvæli samt sem áður mun ódýrari en á Íslandi.

[18:09]

**Jón Bjarnason:**

Virðulega forseti. Ég ætla aðeins að leggja nokkur orð inn í þessa umræðu um frumvarp sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur flutt um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða.

Eins og komið hefur fram í umræðunni snýst þetta fyrst og fremst um viðskiptasamninga, þ.e. samninga á milli Íslands og Evrópusambandsins um gagnkvæmar skuldbindingar, þ.e. niðurfellingar á innflutningsgjöldum, annars vegar á vörum til Evrópusambandsins frá Íslandi og hins vegar til Íslands frá Evrópusambandinu. Þetta lýtur að ákveðnu magni landbúnaðarvara, eins og komið hefur fram og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir, þ.e. af nautakjöti, svínakjöti, rjúpum, osti og smjöri. Þetta eru helstu vöruflokkarnir og gegn því fáum við líka aukinn útflutningsrétt á vörum, m.a. landbúnaðarvörum til annarra landa.

Þó að þarna séu felldir niður tollar á innflutningi í ákveðnum vöruflokkum hefur þessi breyting í sjálfu sér engin teljandi áhrif á verðlag innan lands sem slík og þó að maður gæti haldið að hún virkaði eitthvað til lækkunar er svo stór hluti af verðmynduninni sem liggur að baki vörunnar þegar hún er seld úr búð hér á landi öðruvísi til komin en þessir umræddu tollar þó að þeir hafi að sjálfsögðu líka áhrif. Það er annað sem er miklu alvarlegra þar eins og oft hefur komið fram í umræðu um matvælaverð hér á landi og það er hin mikla fákeppni sem er orðin á matvælamarkaðnum. Það eru nánast orðnir einn eða tveir aðilar, í mesta lagi þrír, sem ráða matvælamarkaðnum og geta þess vegna að því er virðist ráðið verðinu og það virðist afar erfitt að sporna við því. Fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, skipaði nefnd sem skila átti tillögum um aðgerðir til lækkunar matarverðs. Hún tapaði sér í því að leita að landbúnaðarvörum sem eina sökudólgnum fyrir háu matvælaverði á Íslandi en fór ekki ofan í þau atriði sem skipta kannski mestu máli, þ.e. tilhögun verslunar og viðskipta hér á landi, fákeppni og einokunartilburði í umsetningu á vörum og hvaða áhrif það hefur á vöruverð. Þetta var svona til að nefna það hér að menn mega ekki týna sér í umræðu sem skiptir ekki meginmáli þó allt hafi þetta áhrif.

Ég vil taka undir það sem hér var sagt um mikilvægi landbúnaðarins og matvælaframleiðslunnar hér á landi og þá gríðarlegu möguleika sem við eigum þar ónýtta og sem við þurfum að standa vörð um. Við þurfum því að gæta þess vandlega að aðgerðir sem við gerum hér, lagaaðgerðir eða reglugerðaraðgerðir, verði ekki til þess að hindra eða takmarka þróunarmöguleika íslensks landbúnaðar. Íslenskur landbúnaður og möguleiki hans til framtíðar er ein af meginauðlindum þjóðarinnar.

Við þurfum líka að huga að því þegar verið er að opna fyrir aukinn innflutning á landbúnaðarvörum eins og hér er verið að gera að þá verður að horfa mjög stíft á gæði þeirrar vöru sem verið er að flytja inn. Í því felast hagsmunir neytenda að þær vörur sem hér eru á markaði, hvort sem þær eru framleiddar innan lands eða fluttar inn erlendis frá, séu gæðavörur og uppfylli ýtrustu kröfur sem við gerum um hollustu og heilbrigði. Þetta finnst mér vera meginmálið. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra þar sem við erum að opna hér fyrir aukinn innflutning á landbúnaðarvörum frá Evrópusambandslöndunum: Hvaða kröfur eru gerðar um upprunavottorð á þeim landbúnaðarvörum sem verið er að opna heimild fyrir innflutning á? Við gerum strangar kröfur innan lands um gæðaeftirlit og framleiðslueftirlit og vaxandi kröfur um rekjanleika vörunnar alveg til framleiðandans. Því spyr ég: Gerum við ekki sömu kröfur til innfluttra vara þegar farið er að leyfa innflutning hingað á kjúklingum í gámum erlendis frá? Getum við þá með sama hætti rakið uppruna þessara kjúklinga eins og við gerum kröfu til um íslenska vöru einmitt með hagsmuni neytenda í huga?

Þegar við leyfum innflutning á nautakjöti erlendis frá samkvæmt þessum heimildum, gerum við sömu kröfur þar um rekjanleika vörunnar, upprunavottorð, hjá hvaða bónda varan er framleidd eins og við gerum hér á landi? Sé það ekki gert með tryggilegum hætti erum við að mismuna framleiðendum, íslenskum framleiðendum og þessum erlendu, og það sem er alvarlegra við getum þá ekki tryggt þau gæði vörunnar sem við erum almennt að reyna að lofa neytendum að við ætlum að standa við og gerum m.a. í íslenskri framleiðslu.

Hvaða tryggingu höfum við t.d. fyrir því að gámur af kjúklingum sem verið er að flytja til landsins hafi ekki átt tímabunda viðkomu á hafnarbakka í einhverju Evrópulandi en sé í rauninni kominn frá Asíu, Suður-Ameríku eða Afríku, án þess að ég ætli að tala neitt sérstaklega um að það þurfi endilega að vera eitthvað verra? Við leggjum ríka áherslu á að vara sem hér er á boðstólum, landbúnaðarvörur, uppfylli ýtrustu gæði um hollustu og heilbrigði, um

rekjanleika, að við getum rakið feril vörunnar til bóndans. Ég spyr: Getum við gert það þarna? Þetta er gríðarlega mikilvægt því að við vitum að einmitt á þessum mörkuðum — ég get nefnt dæmi um það ef ráðherra vill en ég veit að hann þekkir það líka — er verið að bjóða landbúnaðarvörur, m.a. á evrópskum mörkuðum, sem alls ekki uppfylla þær hollustu- og heilbrigðiskröfur sem við gerum. Var ekki verið að fjalla um það í fréttum nýverið að menn veltu kjúklingum upp úr einhverri saltvatnsblöndu til að auka þyngd þeirra? Mig minnir það. Ekki var það liður í hollustunni eða til að bæta vörugæðin? Ég vara við því að menn gefi eftir í vörugæðum við innflutning á vöru sem við framleiðum miklu betur sjálf. Í því eru miklir hagsmunir neytenda fólgnir og einnig framleiðslu okkar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki óbreytt að við séum undanþegin því að vera aðilar að hinu evrópska markaðssvæði hvað varðar verslun með dýr og dýraafurðir, því að þegar samningurinn við Evrópusambandið var gerður, EES-samningurinn, var viðauki við hann sem kvað á um það að Ísland væri ekki aðili að verslunar- og markaðssamstarfi Evrópu um landbúnaðarvörur. Ákveðið var að við stæðum fyrir utan það, værum ekki aðili að innri markaði Evrópu hvað landbúnaðarvörur varðaði. Sérstaklega var það gert með tilliti til þess að geta staðið vörð um hollustu og heilbrigði íslenskra vara og íslenskrar landbúnaðarframleiðslu til að eiga ekki á hættu að hingað væru fluttar inn vörur sem gætu leitt til smits í íslenskri landbúnaðarframleiðslu. Ég spyr hver sé hugur ráðherra. Þetta voru á sínum tíma tímabundin ákvæði að við gerðumst ekki aðilar að innri markaði Evrópu hvað landbúnaðarvörur varðaði, við vorum þar með sérstöðu sem t.d. Norðmenn voru ekki. Við höfðum þessa sérstöðu sem skiptir okkur miklu máli því að ef við hefðum gerst aðilar að þessu innra markaðssvæði Evrópu hvað landbúnaðarvörur varðar hefði það þrengt miklu meira að okkur með að flytja út landbúnaðarvörur, t.d. eru Bandaríkin mjög ströng varðandi innflutning á landbúnaðarvörum og fleiri lönd ef slíkt heimaeftirlit er ekki í lagi.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta önnur en að leggja áherslu á hversu mikilvægt það er að við stöndum vörð um hollustu og heilbrigði íslenskrar landbúnaðarframleiðslu og tökum þar ekki áhættu. Í því liggja bæði hagsmunir íslensks landbúnaðar og íslenskrar landbúnaðarframleiðslu og ekki hvað síst neytenda sem við getum verið stolt af að hafa sem markmið til að standa vörð um.

Ég ítreka svo það sem ég sagði í upphafi að aðgerðir okkar hvað varðar landbúnað og landbúnaðarframleiðslu þurfa að miða að því að við ætlum að styrkja og efla íslenskan landbúnað og framleiðslu landbúnaðarvara og neytendavernd, þannig að hér á landi séu á markaði einungis fyrsta flokks vörur sem neytendur geti treyst. Í því felst framtíðarstyrkur íslensks landbúnaðar, við megum ekki taka neina áhættu hvað það varðar að fórna þeim hagsmunum á nokkurn hátt, sem ég vona að sé ekki heldur verið að gera með þessu frumvarpi, en góða vísa er aldrei of oft kveðin. Menn geta freistast til að gefa eftir í gæðaeftirliti og gæðakröfum ef þeir sjá að þeir geti sparað sér einhverjar krónur tímabundið. Þegar til lengri tíma er litið eru hagsmunir neytenda og bænda og landbúnaðarframleiðslunnar fyrst og fremst þeir að hér sé holl og heilbrigð vara á markaði og við þurfum að gera sömu kröfur og ekki minni kröfur til þeirrar vöru sem flutt er inn en þeirrar vöru sem við framleiðum hér á landi. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Er tryggt að þær landbúnaðarvörur sem hér er verið að heimila innflutning á og fella niður tollkvóta á uppfylli allar þær kröfur sem við gerum til rekjanleika, heilbrigðis og hollustu í landbúnaðarvörum, gilda þær líka fyrir þær innfluttu?

[18:23]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður gerir oft mikið mál úr öðru en því sem málið í rauninni snýst um. Hann veit vel af því að hann er vel læs að þetta mál snýst eingöngu um tolla og tollkvóta, hv. þingmaður veit það. Samkomulagið er líka, eins og kom fram í máli hv. þingmanns, eingöngu um vörur sem framleiddar eru í Evrópusambandsríkjunum.

Það má líka nefna að vegna sjúkdóma og baráttu seinni ára er Evrópusambandið komið með miklu öflugri rekjanleika en við höfum náð á Íslandi, frá haga til maga, mjög öflugt kerfi sem þeir hafa sett í gang. Samkomulagið felur ekki í sér breytingu á þeim kröfum um heilbrigði og hollustu sem gerðar eru hér á landi. Við styðjumst alfarið við að innflutningurinn stýrist af ákvæðum laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og samkvæmt reglugerð frá árinu 2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins og alþjóðlegum skuldbindingum vegna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Það er ekki verið að gera neina breytingu þar á, hún snýst eingöngu um tolla og tollkvóta.

Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þingmanni um það sem hann ræðir mest um að innflutningur á lifandi dýrum kemur aldrei til greina, hann er of áhættusamur. Hér er gætt mikillar varkárni við að sækja kjötvörur inn í lönd þar sem komið hafa upp sjúkdómar og það verður að gera. Við reynum að velja lönd þar sem mikið heilbrigði er til staðar, það er gert eftir ströngustu löggjöf hér og yfirdýralæknir og Landbúnaðarstofnun fylgja því mjög fast eftir. Það er auðvitað stóra málið sem við þurfum að vaka yfir, en þetta mál snýst eingöngu, hv. þingmaður, um (Forseti hringir.) tolla og tollkvóta.

[18:25]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra, enda gat ég þess í ræðu minni að frumvarpið lyti eingöngu að því að verið væri að tala um tollkvóta. Engu að síður snýst það á hinn bóginn um vörur sem ætlaðar eru fyrir neytendur og þess vegna eðlilegt að kröfur sem gerðar eru almennt til slíkra vara séu þá líka ræddar. Ég fagna því sem hæstv. ráðherra sagði að ekki stæði til að breyta undanþáguákvæðum eða því ákvæði í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem felur í sér að Ísland verði ekki aðili að innri markaði Evrópu hvað verslun með dýr og dýraafurðir viðvíkur. Ég fagna því, það hefur verið þrýstingur á að því verði breytt sem við þekkjum báðir, ég og hæstv. ráðherra. Það er gott að staðinn er vörður um það.

Ég ítreka hversu mikilvægt er að standa vörð um það að

gera sömu kröfur og ekki minni kröfur til hollustu, heilbrigðis og uppruna þeirra landbúnaðarvara sem við flytjum inn en þeirra sem við framleiðum hér á landi og ég held að það verði seint sem við ítrekum þær kröfur nógu mikið.

[18:27]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að horfa til öryggisins og gæðanna. Ég er t.d. þeirrar skoðunar hvað Íslendinga varðar, sem búa við það hágæðamatvælaborð sem við eigum og vissulega sjáum við nú meiri innflutning á erlendum vörum, kjötvörum, í gegnum alþjóðasamninga og fríverslun, að það ætti að vera réttur neytenda á Íslandi að allar kjötvörur í verslunum, á hótelum og matsölustöðum væru merktar því landi sem þær koma frá. Íslenskir bændur eiga að ganga í það strax eins og garðyrkjubændur að merkja kjötvörur sínar hvar sem er. Ef við förum á Hótel Sögu eða einhvern annan stað til að borða á það auðvitað að liggja fyrir hvaðan nautakjötið er sem þar er borðað eða kjúklingurinn eða svínið. Þetta gera kröfuhörð lönd og mér finnst það í sjálfu sér vera réttur okkar og að við eigum að gera þær kröfur til verslunarinnar. Ég trúi því að bændur landsins sem framleiða þessar hágæðavörur, sem íslenskir neytendur dásama og útlendingar viðurkenna í vaxandi mæli sem einhverjar bestu vörur heimsins, merki þær þannig að menn viti frá hvaða þjóðlandi rétturinn er sem á boðstólum er í hvert sinn.

[18:29]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir þau orð hæstv. ráðherra að þær vörur sem hér eru á boðstólum eiga að vera upprunamerktar, hvort heldur er í búðum eða á hótelum, ég tala nú ekki um hvað landbúnaðarvörur varðar. Við vitum vel að á markaðnum eru vörur sem alls ekki uppfylla hollustuskilyrði. Við viljum að það sé tryggt að þær vörur séu ekki á markaði hér. Þess vegna mun ég ganga enn fastar eftir því í landbúnaðarnefnd, þar sem ég sit og fjallað verður um málið, hvernig sé með upprunamerkingu á þeim vörum sem fluttar eru inn samkvæmt þeim heimildum sem við erum m.a. að ræða um hér, að það sé fullkomlega tryggt að hægt sé að rekja uppruna þessara landbúnaðarvara þannig að ekki þurfi að koma upp neinar kviksögur um að nautakjötið sem hér sé á markaðnum sé komið frá Argentínu, hafi bara lent í gámi í höfn í Evrópu eða að kjúklingarnir sem hér séu á markaði séu komnir frá Asíu, hafi bara verið umskipað í Hollandi. Við viljum losna við að þurfa að hafa nokkurt tilefni til að hlusta á slíkar kviksögur. Þess vegna verður það að vera alveg skýrt að þær heimildir sem veittar eru til innflutnings á landbúnaðarvörum séu bundnar því að strängustu hollustukröfur séu gerðar um framleiðslu og verkun þeirra og rekjanleika þeirra, að það sé alveg ótvírætt að þess sé gætt.

Mér finnst svolítið skorta á það enn, a.m.k. er viss tortryggni í gangi, maður heyrir það, um öryggi í hollustu og heilbrigði þeirra landbúnaðarvara sem fluttar (Forseti hringir.) eru inn og taka þarf af öll tvímæli í þeim efnum.

[18:31]

**Útbýting:**

Kostnaður ríkisins við rannsókn og rekstur Baugsmálsins, 629. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 937.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vextir og verðtrygging, 1. umr.*

Stjfrv., 618. mál (versöfnunartími vístölu). — Þskj. 918.

[18:31]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Frumvarpinu er ætlað að bregðast við nýjum verðsöfnunartíma vísitölu neysluverðs vegna innleiðingar á reglugerð frá Evrópusambandinu en gerðin mælir fyrir um samræmt tímabil fyrir söfnun verðupplýsinga fyrir hina samræmdu neysluverðsvísitölu EES-svæðisins. Málið er á þskj. 918, mál 618.

Í dag reiknar Hagstofa Íslands út vísitölu neysluverðs miðað við verðlag tvo fyrstu virka daga hvers mánaðar og er útreikningur samræmdu EES-vísitölunnar fyrir Ísland miðaður við sama tímabil. Greind reglugerð frá ESB mælir hins vegar fyrir um að frá og með 1. janúar 2008 skuli verðupplýsingum safnað í a.m.k. vikutíma um miðjan hvern mánuð. Þar sem ekki kemur til álita hér á landi að reikna út tvær mismunandi neysluverðsvísitölur er óhjákvæmilegt að laga verðsöfnunartíma vísitölu neysluverðs að hinum nýju Evrópuákvæðum. Þessi breyting á söfnunartíma vísitölu neysluverðs gerir það að verkum að ákvæði laga um vexti og verðtryggingu geta ekki staðið óbreytt. Ástæðan er sú að tíminn frá birtingu vísitölunnar í lok hvers mánaðar til gildistöku hennar verður einfaldlega of stuttur. Er þá sérstaklega haft í huga að ekki mun gefast tími til að senda út innheimtuseðla vegna þeirra fjárskuldbindinga sem eru á gjalddaga fyrstu daga mánaðarins. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er því lagt til að skýrt verði kveðið á um tímatafir milli útreiknings vísitölu neysluverðs og beitingar hennar til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár, þ.e. ekki frá fyrsta degi strax næsta mánaðar heldur næsta mánaðar þar á eftir.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki þörf á að lýsa frekar efni frumvarpsins en að lokinni þessari umræðu mælist ég til þess að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Neytendavernd, 1. umr.*

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 916.

[18:34]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd. *Frumvarpið er á* þskj. 916, *mál 616.*

Með frumvarpi þessu er lagt til að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB), nr. 2006/2004, frá 27. október 2004, um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd öðlist lagagildi hér á landi. Frumvarpið er lagt fram með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 92/2006, frá 7. júlí 2006, þar sem ákveðið var að breyta XIX. viðauka *við EES-samninginn sem fjallar um neytendavernd* og fella reglugerðina í samninginn. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Markmið reglugerðar um samvinnu um neytendavernd er að tryggja eftirfylgni við lagaákvæði á sviði neytendaverndar, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem um er að ræða viðskipti yfir landamæri. Í reglugerðinni er kveðið á um að *sett skuli upp net opinberra eftirlitsstofnana sem ná skal yfir* allt Evrópska efnahagssvæðið og öðlast stofnanirnar réttindi og skyldur varðandi gagnkvæma aðstoð við meðferð ákveðinna brota sem beinast gegn neytendum. Þau brot sem falla undir reglugerðina eru brot gegn lagaákvæðum sem innleiða þær gerðir Evrópusambandsins á sviði neytendaverndar sem taldar eru upp í reglugerðinni, alls 14 tilskipanir og ein reglugerð.

Á grundvelli reglugerðarinnar skulu tilnefnd lögbær stjórnvöld í hverju landi sem bera ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar. Lögbærum stjórnvöldum í hverju aðildarríki EES-samningsins er heimilað að grípa til aðgerða gegn fyrirtæki frá aðildarríkinu, sem starfar á því sviði sem stjórnvald fer með eftirlit á, án tillits til þess í hvaða ríki innan EES-svæðisins neytandi, sem verður fyrir tjóni vegna brotsins, er staddur.

Skulu lögbær stjórnvöld hafa þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem kveðið er á um í reglugerðinni, en framkvæmd rannsókna og eftirlits skal vera í samræmi við löggjöf hvers lands. Þó er gerð krafa um að stjórnvöldin hafi nánar tilteknar lágmarksrannsóknar- og eftirlitsheimildir til að framfylgja þeim ákvæðum sem falla undir reglugerðina.

Til að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar hafa íslensk stjórnvöld tilnefnt lögbær stjórnvöld og miðlæga tengiskrifstofu. Þau stjórnvöld sem tilnefnd voru lögbær stjórnvöld eru Neytendastofa, Fjármálaeftirlitið, Lyfjastofnun, Flugmálastjórn Íslands og útvarpsréttarnefnd. Neytendastofa var jafnframt tilnefnd miðlæg tengiskrifstofa.

Á grundvelli reglugerðarinnar ber lögbærum stjórnvöldum á Íslandi að veita lögbærum stjórnvöldum annarra ríkja á EES-svæðinu gagnkvæma aðstoð. Þannig ber íslensku stjórnvaldi, sem fær beiðni frá erlendu stjórnvaldi um að kanna hvort íslenskur aðili hafi brotið gegn einhverju þeirra ákvæða sem falla undir reglugerðina, að veita erlenda stjórnvaldinu allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort um sé að ræða brot. Ef niðurstaðan er sú að brotið hafi verið gegn ákvæðum íslenskra laga sem innleiða þær gerðir sem falla undir reglugerðina ber viðkomandi íslensku stjórnvaldi að grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til þess að stöðva brotið. Yfirvald sem beiðni er beint til getur þó við ákveðnar nánar tilgreindar aðstæður neitað að verða við beiðninni.

Í reglugerðinni er einnig kveðið á um upplýsingaskipti án beiðni. Þannig ber lögbæru stjórnvaldi, sem verður kunnugt um brot innan Evrópska efnahagssvæðisins eða hefur rökstuddan grun um slíkt brot, að tilkynna öðrum lögbærum stjórnvöldum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um það.

Til að auðvelda samstarfið hefur framkvæmdastjórnin sett upp rafrænan gagnagrunn þar sem upplýsingar sem lögbær stjórnvöld hafa gefið verða geymdar og unnar. Verður *gagnagrunnurinn einungis aðgengilegur lögbærum stjórn*völdum.

Vegna innleiðingar reglugerðar nr. 2006/2004 þarf að gera breytingar á nokkrum lagabálkum og eru tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum gerðar í frumvarpi sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Reglugerðin hefur þegar öðlast gildi og þarf því að innleiða hana í íslenskan rétt sem fyrst.

*Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lok*inni þessari umræðu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, 1. umr.*

Stjfrv., 617. mál (EES-reglur, neytendavernd). — Þskj. 917.

[18:40]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

*Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um* breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd. Málið er á þskj. 917, mál 617.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd sem er 616. mál þingsins. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem nauðsynlegt er að *gera til að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins* (EB), nr. 2006/2004, frá 27. október 2004, um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd.

Miða breytingarnar að því að tryggja að stjórnvöld þau sem fara með framkvæmd þeirra laga sem reglugerðin tekur til og tilnefnd hafa verið af Íslands hálfu sem lögbær stjórnvöld, hafi þær heimildir sem reglugerðin gerir kröfu um.

Þau stjórnvöld sem tilnefnd hafa verið sem lögbær stjórnvöld af Íslands hálfu á grundvelli ákvæða reglugerðar samvinnu um neytendavernd eru Neytendastofa, Fjármálaeftirlitið, Lyfjastofnun, Flugmálastjórn Íslands og útvarps-

réttarnefnd. Neytendastofa var jafnframt tilnefnd miðlæg tengiskrifstofa.

Þær lágmarksrannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld skulu hafa samkvæmt reglugerð nr. 2006/2004 skulu í fyrsta lagi fela í sér heimild stjórnvalds til að fá aðgang að hvers konar viðeigandi skjölum, í hvaða formi sem er, sem tengjast viðkomandi broti innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í öðru lagi skulu lögbær stjórnvöld hafa heimildir til að krefjast þess af hvaða einstaklingi sem er að hann leggi fram viðeigandi upplýsingar í tengslum við brot innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þriðja lagi skulu lögbær stjórnvöld hafa heimild til að framkvæma vettvangsskoðun. Í fjórða lagi eiga lögbær stjórnvöld að hafa heimild til að krefjast þess skriflega að viðkomandi seljandi eða birgir láti af broti innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í fimmta lagi skulu lögbær stjórnvöld hafa heimild til að fá hjá seljanda eða birgi, sem gerst hefur sekur um brot innan Evrópska efnahagssvæðisins, loforð um að hann láti af því broti og, eftir því sem við á, birta þau loforð. Í sjötta lagi skulu lögbær stjórnvöld hafa heimild til að krefjast stöðvunar eða banns við öllum brotum innan Evrópska efnahagssvæðisins og, eftir því sem við á, birta þær ákvarðanir sem eru teknar í málinu. Loks skulu lögbær stjórnvöld hafa heimild til að krefjast þess að brotlegur aðili greiði sekt ef hann fer ekki að ákvörðun sem er tekin.

Misjafnt er hvaða rannsóknar- og eftirlitsheimildir lögbær stjórnvöld hafa nú þegar samkvæmt lögum, en í frumvarpinu er lagt til að þeim verði veittar þær heimildir sem upp á vantar vegna innleiðingar reglugerðar um samvinnu um neytendavernd. Þó er gert ráð fyrir að lögbærum stjórnvöldum verði aðeins heimilað að beita þeim rannsóknar- og eftirlitsheimildum sem lagt er til að þeim verði veittar í frumvarpi þessu í þeim málum sem falla innan ramma reglugerðarinnar. Reyndar er lagt til að heimildir Neytendastofu verði almennari þar sem stofnunin fer með framkvæmd flestra laga á sviði neytendaverndar og gegnir hlutverki miðlægrar tengiskrifstofu, eins og áður hefur komið fram. Lögbærum stjórnvöldum ber einnig á grundvelli reglugerðarinnar að veita erlendum lögbærum stjórnvöldum ákveðnar upplýsingar vegna mála er varða brot á neytendalöggjöf yfir landamæri. Þess vegna er nauðsynlegt að setja í lög ákvæði sem heimila lögbærum stjórnvöldum slík upplýsingaskipti. Reglugerðin hefur þegar öðlast gildi og þarf því að innleiða hana í íslenskan rétt sem fyrst.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.*

Stjfrv., 358. mál (löggilding starfsheitis grafískra hönnuða). — Þskj. 389, nál. 886.

[18:45]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti hv. efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Neytendastofu og Viðskiptaráði.

Í 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs er veitt heimild til að taka gjald fyrir útgáfu leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda. Er um að ræða gjald að fjárhæð 5.500 kr. Í 22. tölulið ákvæðisins eru talin upp þau starfsheiti sem lög nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, gilda um. Á síðastliðnu vori voru gerðar breytingar á þessum lögum sem miðuðu að því að löggilda starfsheiti grafískra hönnuða með því að bæta þeim við upptalninguna í lögunum. Þykir því rétt samræmis vegna að bæta við heimild í lög um aukatekjur ríkissjóðs um gjaldtöku fyrir útgáfu leyfa fyrir grafíska hönnuði.

Nefndin leggur til viðbætur við frumvarpið, þ.e. að bætt verði inn gjaldtökuheimildum fyrir löggildingu vigtarmanna og rafverktaka. Hér er hvorki um nýja né breytta gjaldtöku að ræða, heldur einungis verið að treysta lagagrundvöllinn fyrir þeirri gjaldtöku sem fyrir er.

Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til að frumvarpinu verði breytt með þeim breytingum sem ég gerði grein fyrir. Undir nefndarálitið skrifa Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson og Ásta Möller. Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Orkustofnun, 2. umr.*

Stjfrv., 367. mál (tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl.). — Þskj. 399, nál. 879, brtt. 880.

[18:47]

**Frsm. iðnn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá iðnaðarnefnd sem er 367. mál þingsins. Nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn fjölda aðila sem taldir eru upp í nefndarálitinu.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar færist undir Íslenskar orkurannsóknir og að Orkustofnun verði veittar heimildir til að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun til að sinna lögboðnu hlutverki sínu.

Við meðferð málsins í nefndinni kom í ljós að starfsmenn vatnamælinga Orkustofnunar voru ósáttir við það fyrirkomulag að starfsemin yrði færð undir Íslenskar orkurannsóknir. Í ljósi þessa leggur nefndin til verulegar breytingar á frumvarpinu þess efnis að öll ákvæði önnur en þau sem varða heimild Orkustofnunar til gagnaöflunar verði

felld brott. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, sem og að safna ýmsum gögnum vegna eftirlits með framkvæmd leyfa sem henni hefur verið falið að annast. Nefndin leggur áherslu á að ákvæði varðandi úrræði stofnunarinnar við gagnaöflun verði lögfest þar sem misbrestur hefur orðið á því að stofnunin hafi getað aflað þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru við undirbúning orkuspáa orkuspárnefndar og samantektar um orkunotkun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Hjálmar Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Kjartan Ólafsson, Jóhann Ársælsson, Katrín Júlíusdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Sigurjón Þórðarson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, 2. umr.*

Stjfrv., 378. mál (áfrýjunarnefnd neytendamála, faggilding). — Þskj. 415, nál. 887, brtt. 888.

[18:50]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingar á lögum á sviði Neytendastofu. Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Atla Frey Guðmundsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Tryggva Axelsson frá Neytendastofu. Nefndinni bárust einnig umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, Neytendasamtökunum, Neytendastofu, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar. Annars vegar eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga sem Neytendastofa hefur eftirlit með framkvæmd á. Miða þessar breytingar að því að unnt sé að skjóta öllum ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Hins vegar eru lagðar til breytingar sem varða tilfærslu á framkvæmd faggildingar frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu.

Nefndin leggur til tvenns konar breytingar á frumvarpinu. Er í fyrsta lagi lagt til að bætt verði við ákvæðum í viðeigandi lög þar sem kveðið verði á um að ákvarðanir Neytendastofu verði ekki bornar undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggi fyrir. Er með þessu kveðið á um að kæruleiðir innan stjórnsýslunnar verði tæmdar áður en mál er borið undir dómstóla. Sambærilegt ákvæði er að finna í 25. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Í öðru lagi leggur nefndin til að við frumvarpið verði bætt ákvæði þess efnis að mál fyrir dómstólum skuli höfðað innan sex mánaða frá því aðili fær vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Er hér um að ræða ákvæði sem er sambærilegt 41. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Hér búa réttaröryggissjónarmið að baki en óvissa getur verið fólgin í því að málshöfðun í tilteknu máli, sem áfrýjunarnefndin hefur kveðið upp úrskurð í, geti verið yfirvofandi jafnvel um árabil.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður nefndarinnar, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson og Ásta Möller. En hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sú sem hér stendur Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Úrvinnslugjald, 2. umr.*

Stjfrv., 451. mál (fjárhæð gjalds á umbúðir). — Þskj. 592, nál. 928, brtt. 929.

[18:53]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu úrvinnslugjalds, nr. 162/2002, með síðari breytingum, frá umhverfisnefnd. Þetta nokkuð sem við þekkjum héðan úr þinginu því þetta hefur verið nánast árlegur viðburður. Þegar við gengum frá lögum um úrvinnslugjald var ákveðið að allar gjaldskrárbreytingar skyldu fara í gegnum þingið og er það örugglega skynsamlegt út frá ýmsum forsendum.

En þetta er nú ánægjulegt frumvarp út frá mörgum forsendum. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar til lækkunar á upphæðum úrvinnslugjalds á umbúðum úr pappa, pappír og plasti og á olíuvörur, prentliti og hjólbarða. Þetta komið til vegna þess að reynslan hefur sýnt að kostnaður vegna meðhöndlun þessa úrgangs er lægri en menn reiknuðu með þegar gjöldin voru sett á.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á álagningarstofni úrvinnslugjalds á umbúðum úr pappa, pappír og plasti. Það þarf að leiðrétta álagningarstofninn og er markmiðið með þeim breytingum að laga álagningarstofn gjaldsins að nýrri og nákvæmari upplýsingum um magn umbúða sem berst til landsins og gera hann þannig sanngjarnari gagnvart innflytjendum vara.

Eins og ég nefndi hefur lögum um úrvinnslugjaldið nokkrum sinnum hefur verið breytt. Það voru lögð gjöld á fjóra vöruflokka með lögunum frá árinu 2004. Þeir lækkuðu umtalsvert til að koma á jafnvægi í rekstri þessara flokka. Var úrvinnslugjald af samsettum drykkjarvöruumbúðum þá lækkað um 55%, gjald á rafhlöður um 50%, hjólbarða um tæp 17% og úrvinnslugjald á ökutæki var lækkað um tæp 33%.

Í þessu sambandi má einnig nefna sérstaklega sem dæmi þær lækkanir sem hafa orðið á úrvinnslugjaldi á hjólbarða. Þann 1. janúar 2005 lækkaði gjaldið úr 36 kr./kg í 30 kr./kg og svo í 20 kr./kg þann 1. janúar 2006. Með frumvarpi þessu er lagt til að gjaldið lækki niður í 15 kr./kg.

Í 4. mgr. 15. gr. laga um úrvinnslugjald er sjóðnum heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Á þessum grundvelli hefur Úrvinnslusjóður samið við prentsmiðju Morgunblaðsins og Ísafoldarprentsmiðju um að fyrirtækin

fái endurgreitt innborgað úrvinnslugjald vegna kaupa sinna á prentlitum í samræmi við samning þar að lútandi. Í samningi milli Úrvinnslusjóðs og fyrirtækjanna er tilgreint hvaða skilyrði endurnýting á prentlitaafgöngum þarf að uppfylla til að úrvinnslugjaldið sé endurgreitt. Það er því á ábyrgð viðkomandi fyrirtækja að koma úrganginum til endurnýtingar.

Í upphafi árs 2006, er gjaldtaka hófst á úrvinnslugjaldi vegna pappa, pappírs- og plastumbúða, nýttu vel yfir 90% þeirra sem fluttu inn vöru til landsins sér reikningslur. Þróunin fyrstu níu mánuði ársins 2006 hefur verið að 87% af innfluttum umbúðum úr pappa eru gefnar upp með reiknireglu og 85% plastumbúða. Þeim sem gefa upp magn umbúða fer því jafnt og þétt fjölgandi.

Nefndin leggur til tvær breytingar við frumvarpið. Er annars vegar gerð breyting í þá veru að lögin öðlist gildi 1. mars 2007 og hins vegar leggur nefndin til breytta viðauka þar sem ranglega var farið með nokkur númer í frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta skrifa hv. þingmenn Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður nefndarinnar, Mörður Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Kjartan Ólafsson og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Það er ánægjulegt að vita til þess, virðulegi forseti, að hér hefur vel tekist til þegar kemur að úrvinnslumálunum sem er afskaplega mikilvægt þegar við hugum að umhverfismálum. Það er ánægjulegt að hér höfum við náð að lækka gjöld mjög mikið og til að setja þetta í eitthvert samhengi þá höfum við bara á þessu kjörtímabili lækkað þetta um sem samsvarar nær 400 millj. kr. á ári. Af því að ég horfi hér á hv. þingmann Jóhann Ársælsson, þá man ég hvað stjórnarandstaðan lagði mikið áherslu á að þegar um gjaldskrárhækkanir væri að ræða þá væru það skattahækkanir og tilgreindu ýmislegt.

Næst þegar kemur að málflutningi út af verðlagsbreytingum og öðru slíku þá er ágætt að stjórnarandstaðan haldi þessu til haga, að samkvæmt þeirri skilgreiningu er hér væntanlega um að ræða skattalækkanir um 400 millj. kr. fyrir almenning í landinu, uppsafnað á kjörtímabilinu á hverju einasta ári.

[18:58]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nú ekki vegna sendinga til stjórnarandstöðunnar sem ég ætla að veita andsvar við ræðu hv. þingmanns, heldur til að spyrja um það hvort í nefndinni hafi verið fjallað um dagblaðapappír. Ég óska eftir svörum hv. þingmanns um það hvar það mál er statt. Ætla menn að geyma það mjög lengi að taka úrvinnslugjald á dagblaðapappír?

[18:59]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi áðan þá er í þessu tilfelli fyrst og fremst um að ræða breytingar varðandi gjaldskrána. Þetta er nokkuð sem við höfum í rauninni gert á hverju ári. Í þetta skiptið var ekki umræða í nefndinni um álagningu á fleiri flokka eins og hv. þingmaður nefndi.

En það hefur að sjálfsögðu oft verið rætt í nefndinni og það er æskilegt að það verði eins mikil úrvinnsla á pappír og mögulegt er. Enda hefur reyndin verið sú að það hefur sem betur fer aukist, a.m.k. síðast þegar sá sem hér stendur skoðaði það. En svarið við þeirri spurningu hvort þetta hafi verið rætt í nefndinni núna, virðulegi forseti, er einfaldlega neitandi. Það var ekki gert í þetta skiptið.

[19:00]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vakti á máls á þessu við 1. umr. málsins og tel ástæðu til að það verði skoðað hvernig á því stendur að ekki skuli vera tekið á því máli sem gríðarlegur úrgangur sem kemur vegna dagblaðapappírs er. Þegar ég var í umhverfisnefnd fyrir átta árum eða hvað það er langt síðan, ég er búinn að gleyma því, var fjallað um þessi mál og þá stóð til að setja reglur um úrvinnslugjald á dagblaðapappír en stjórnarliðar vildu það ekki þá. Skýringin á því af hverju menn taka ekki á þessu máli með sambærilegum hætti og á öðrum úrgangi hefur reyndar aldrei komið almennilega fram. Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hv. formanni nefndarinnar hvernig á því stendur að það mál hefur ekki mjakast neitt áfram.

[19:01]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég met þetta svo að hv. þm. Jóhanni Ársælssyni sé umhugað um og hafi áhuga á að sjá til þess að við endurnýtum sem mest og þar með talinn pappír, hvort heldur það er dagblaðapappír eða annað.

Eins og ég nefndi áðan tókum við þetta frumvarp upp núna, eins og á síðasta ári, fyrst og fremst á þeim forsendum að ganga frá hefðbundnum breytingum á gjaldskrá eftir því hvernig reynslan hefur verið hvað þá hluti varðar. Ég verð bara að gangast við því, virðulegi forseti, að þurfa að fletta aðeins upp í þeim fræðum sem hv. þingmaður vísaði í varðandi dagblaðapappírinn. Við höfum tekið góða umræðu um þetta í nefndinni, við gerðum það í upphafi kjörtímabilsins þegar við skoðuðum þessi mál í fyrsta skipti. Sem betur fer er þó nokkuð mikil söfnun í dagblaðapappír en betur má ef duga skal í því eins og svo mörgu öðru. Ef við ætlum að taka þá umræðu dýpra held ég að við þurfum að taka hana einhvern tímann seinna sem er auðvitað sjálfsagt að gera því að úrvinnslu- og endurvinnslumálin eru stór málaflokkur og afskaplega mikilvægt, ef við ætlum að vera í fremstu röð hvað þau varðar, að við setjum markið hátt. Þar er að mörgu að hyggja, hv. þm. Jóhann Ársælsson nefnir hér dagblaðapappírinn en það er ýmislegt annað sem mætti skoða. Það er t.d. athyglisvert að við erum, held ég, ein af fáum þjóðum í heiminum þar sem almenna reglan er sú að sveitarfélög niðurgreiða sorphirðu, þ.e. af útsvari, sem er örugglega ekki til þess að ýta undir endurnýtingu og endurvinnslu svo eitthvað sé nefnt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Lokafjárlög 2005, 2. umr.***

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 562, nál. 883, brtt. 884 og 885.

[19:03]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Drífa Hjartardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2005 frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi tillögur um breytingar á fjárheimildum og ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til 934,6 millj. kr. hækkun fjárheimilda vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Í 2. gr. er lagt til að niður falli 1.848 millj. kr. gjöld umfram heimildir.

Heildarfjárheimildir ársins námu 327,7 milljörðum kr. en útgjöld samkvæmt reikningi urðu 308,4 milljarðar kr. Fjárheimildastaða í árslok er því jákvæð um 19,3 milljarða kr. nettó.

Fyrsti minni hluti leggur til nokkrar breytingar við frumvarpið til frekari samræmingar við niðurstöður ríkisreiknings fyrir árið 2005 og leiða breytingarnar annars vegar til 1,7 millj. kr. lækkunar á fjárheimildum og hins vegar 33,7 millj. kr. nettóaukningar á stöðum fjárheimilda sem falla niður í árslok. Fjármögnunarliðurinn Innheimt af ríkistekjum, lækkar um 1,7 millj. kr. en framlag ríkissjóðs breytist ekki.

Í nefndarálitinu fylgja skýringar á breytingartillögum frá 1. minni hluta og sé ég ekki ástæðu til að lesa þær upp.

Undir nefndarálitið rita Einar Oddur Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Drífa Hjartardóttir og Gunnar Örlygsson.

[19:05]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var mælt fyrir nefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar. Í fjárlaganefnd eru 11 nefndarmenn og fjórir rita undir þetta nefndarálit, fulltrúar meiri hlutans, og þar af sýnist mér einn þeirra vera varamaður, hv. þm. Gunnar Örlygsson, ef ekki hafa orðið breytingar frá því að nefndarskipun þingsins var gefin út. Ég spyr hv. þm. Drífu Hjartardóttur hvernig á því að standi að hér sé einungis um að ræða nefndarálit 1. minni hluta. Það er ekki meiri hluti nefndarinnar sem leggur fram nefndarálit um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2005 og þar er til að mynda enginn fulltrúi hins stjórnarflokksins, þ.e. Framsóknarflokksins. Hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafa ekki setið þennan fund og hér er aðeins um að ræða fjóra hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Ég get skilið að minni hluti nefndarinnar, stjórnarandstaðan, skili ekki sérstöku nefndaráliti um þetta frumvarp þar sem það hefur verið afstaða hans að meiri hlutinn á Alþingi beri alla ábyrgð á framkvæmd fjárlaga. Hins vegar skýtur skökku við að hér skuli koma nefndarálit um frumvarp til lokafjárlaga, lokaafgreiðsla nefndarinnar, og aðeins eitt nefndarálit og það er ekki hægt að manna meiri hlutann.

[19:07]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að þetta lítur ekki vel út. Þannig var að formaður fjárlaganefndar var veikur og gat ekki mætt til fundar og svo var um fleiri. Það var að ganga flensa og það var vegna veikinda að við vorum aðeins fjögur, staðan var þannig en það þurfti að afgreiða málið út.

[19:08]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það að þetta lítur ekki vel út. Þetta lítur reyndar alveg hörmulega út fyrir vinnubrögð þingsins að gengið sé þannig frá málum að ekki sé hægt að manna nefndir. Meiri hlutinn, sem þarna var ekki einu sinni í meira hluta, á sex fulltrúa af 11 í þessari nefnd, fjárlaganefnd, en þarna eru aðeins fjórir mættir og þar af einn varamaður. Ég spyr hv. þingmann: Lá svo mikið á að afgreiða málið, þarna er ekki um gífurlegar breytingar að ræða, að ekki hefði mátt bíða með það eða a.m.k. sýna lokafjárlögum þann sóma að manna nefndina áður en þau voru afgreidd?

[19:09]

**Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svo að stundum er illa mætt í nefndir og þar ekki bara við stjórnarliða að sakast því að stjórnarandstaðan mætir oft ekkert mjög vel. Mér finnst ekki ástæða til að gera athugasemd við það að varamaður komi inn í fjárlaganefnd. Það eru yfirleitt ekki gerðar athugasemdir við slíkt. Þingmaður er kosinn á Alþingi Íslendinga, hann er kjörgengur í allar nefndir nema í utanríkismálanefnd því að í þá nefnd eru varamenn kosnir sérstaklega. Mér finnst ekki við hæfi að gera athugasemdir við það þótt aðrir þingmenn komi í nefndir því að það er þeirra starf. Ég vil bara halda því til haga að þingmaður er fullgildur í nefndir ef hann er kallaður til.

[19:10]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það var ekki rúm fyrir fleiri andsvör. Ég vil aðeins segja að ég tel að það sér rík skylda á okkur hv. þingmönnum að mæta á nefndarfundi og auðvitað er eðlilegt að tekið sé tillit til veikinda og ég geri fyrir mitt leyti ekki athugasemdir við að varamenn mæti í nefndir við afgreiðslu því að ég reikna með að það sé þannig hjá öllum flokkum að varamenn séu þá upplýstir um gang mála og geti á þeim forsendum tekið afstöðu til málsins. Ég vil aðeins, virðulegi forseti, ítreka þá afstöðu mína burt séð frá þeirri niðurstöðu sem þarna er, sem er fullkomlega á ábyrgð meiri hluta Alþingis, þ.e. hv. þingmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og framkvæmdarvaldsins, að það er auðvitað mun æskilegra að gengið sé þannig frá málum að nefnd sé fullskipuð eða að það sé a.m.k. þannig að hægt sé að birta niðurstöðu meiri hluta en ekki að niðurstaða meiri hluta heiti niðurstaða 1. minni hluta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, fyrri umr.***

Þáltill. MF o.fl., 80. mál. — Þskj. 80.

[19:11]

**Flm. (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir máli sem lagt var fram af hv. þingmönnum Samfylkingarinnar í október sl. Nú er ekki nema um hálfur mánuður þangað til þingstörfum lýkur og sannarlega kominn tími til að þetta mál, sem er mjög mikilvægt að okkar mati, sé tekið hér á dagskrá. Hér er um að ræða tillögu til þingsályktunar um að Alþingi feli ríkisstjórninni að fullgilda samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali sem undirritaður var í Varsjá í Póllandi 16. maí 2005. Þetta er samningur sem Evrópuráðið hefur lagt mikla áherslu á að þjóðþingin fjalli um og afgreiði og vegna þess að þetta mál hefur ekki komið fram frá hæstv. ríkisstjórn og þar sem ég sit þing Evrópuráðsins vildi ég a.m.k. leggja það fram til að vekja athygli á þessum mikilvæga samningi.

Mansal er gríðarlegt vandamál í Evrópu. Árlega eru þúsundir manna, aðallega ungar konur og börn, seldar mansali og neyddar út í kynlífsþrælkun og vændi eða aðra nauðungarvinnu. Þessi þrælasala nútímans á sér stað jafnt milli landa sem innan þeirra. Skipulagðir glæpahringir standa að baki mansali í Evrópu og að mati Europol er mansal þriðja ábatasamasta starfsemi alþjóðlegra glæpahringja á eftir fíkniefnasölu og vopnaviðskiptum.

Eins og með aðra ólöglega starfsemi er erfitt að meta umfang mansals en um tvennt í málinu eru sérfræðingar og sérfræðistofnanir sammála, þ.e. að við erum ekki að tala um þúsundir eða tugþúsundir heldur hundruð þúsunda fórnarlamba á hverju ári og sú tala vex frá ári til árs. Þekktasta birtingarmynd þessa vanda er innflutningur á ungum stúlkum frá Austur-Evrópu til ríkari landa vestar í álfunni. Oftar en ekki eru þessar stúlkur lokkaðar frá heimalöndum sínum með loforðum um starf og betra líf en eru svo hnepptar í kynlífsánauð og þvingaðar út í vændi. Skemmst er að minnast þess að tugþúsundir ungra kvenna voru seldar mansali til Þýskalands til kynlífsþrælkunar á meðan á HM í knattspyrnu stóð síðastliðið sumar. Við þurfum ekki einu sinni að leita dæma í stórum viðburðum á íþróttasviði, t.d. er merkjanleg aukning í götuvændi ungra kvenna og ungra karla í Strassborg þær vikur sem Evrópuþingið og Evrópuráðið koma saman þar í borg.

Það er auðvitað þyngra en tárum taki að hugsa til þess að þeir aðilar sem eiga að leiða baráttuna gegn mansali sæki í kynlífsþjónustu hjá fórnarlömbunum en það er því miður ýmislegt sem bendir til þess, því að vændi þrífst ekki ef ekki er eftirspurn.

Baráttan gegn mansali er nú háð af auknum þunga á alþjóðavettvangi. Hér er um að ræða einhverja verstu skuggahlið hnattvæðingar og opinna landamæra sem ógnar mannréttindum og öðrum grunngildum lýðræðislegra samfélaga. Til þess að baráttan skili árangri þarf að leggja áherslu á verndun mannréttinda fórnarlamba, sækja skipuleggjendur til saka og jafnframt að samþætta löggjöf ríkja um mansal.

Hinni svokölluðu Palermó-bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi frá 15. nóvember 2000 er beint gegn mansali. Bókuninni er ætlað að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Bókunin er grunnur alþjóðlegs samstarfs gegn mansali þar sem hún inniheldur fyrstu skilgreininguna á mansali sem alþjóðasamfélagið hefur komið sér saman um. Í því sambandi er mikilvægt að gerður sé skýr greinarmunur á mansali annars vegar og smygli á fólki hins vegar. Tilgangur smygls á fólki er að flytja það ólöglega yfir landamæri til að fá beina eða óbeina efnahagslega umbun. Í mansali felst hins vegar flutningur, vistun eða móttaka einstaklinga sem með ógnum, valdbeitingu eða öðrum kúgunaraðferðum, svikum og blekkingum eru hagnýttar í þágu geranda. Hagnýting felst oft í þvinguðu vændi eða öðrum kynferðislegum tilgangi, nauðungarvinnu, þrældómi eða brottnámi líffæra. Samningurinn og bókunin voru undirrituð af Íslands hálfu 13. desember 2000, en hafa ekki verið fullgilt.

Virðulegi forseti. Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um hugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi, réttarríkið og lýðræði. Þar sem mansal grefur undan grunngildum Evrópuráðsins um mannlega reisn hefur ráðið lagt ríka áherslu á baráttuna gegn mansali í starfi sínu og verið í fararbroddi á alþjóðavettvangi í þeirri baráttu. Þessi vandi snýr sérstaklega að ráðinu því á meðal aðildarríkjanna 46 er að finna ríki sem eru viðtökulönd jafnt sem upprunalönd fólks sem selt er mansali auk ríkja þar sem fórnarlömb hafa viðkomu á leið sinni til viðtökulands.

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali var samþykktur og lagður fram til undirritunar á þriðja leiðtogafundi ráðsins í Varsjá 16. maí 2005. Bakgrunnur hans er sá að ráðið taldi nauðsynlegt að semja bindandi samning sem tæki einkum til verndunar fórnarlamba mansals og tryggði mannréttindi þeirra jafnframt því sem gerendur yrðu saksóttir. Í samanburði við Palermó-bókunina, eða aðra alþjóðasamninga til höfuðs mansali, gengur sáttmáli Evrópuráðsins skrefi lengra í ákvæðum um verndun fórnarlamba. Tekið er fram að samningnum er ekki ætlað að keppa við eða leysa af hólmi fyrri alþjóðasamninga á þessu sviði heldur auka og þróa þá verndun sem þeir veita fórnarlömbum mansals. Bent er á að oft er auðveldara að ná samkomulagi með svæðisbundnum samningum, eins og innan Evrópuráðsins, en þegar nauðsynlegt er að sætta sjónarmið ríkja með ólík stjórnkerfi og gildi, eins og á við samningagerð á vegum Sameinuðu þjóðanna. Vægi og nýbreytni samninga Evrópuráðsins felst í fyrsta lagi í staðfestingu þess að mansal sé brot á mannréttindum og ógn við mannlega reisn og að aukinnar lagalegrar verndar sé því þörf fyrir fórnarlömb mansals. Í öðru lagi nær samningurinn til hvers konar mansals, hvort sem það er innan lands eða milli landa og hvort sem það tengist skipulagðri glæpastarfsemi eða ekki, og tekur til hvers konar misnotkunar, svo sem kynlífsþrælkunar, nauðungarvinnu o.s.frv. Í þriðja lagi er með samningnum komið á fót eftirlitskerfi til að tryggja að aðilar sáttmálans framfylgi ákvæðum hans á skilvirkan hátt. Í fjórða lagi er í samningnum lögð áhersla á að jafnrétti kynjanna sé ætíð í forgrunni.

Að öðru leyti vísa ég til greinargerðar með þingsályktunartillögunni þar sem gefið er stutt yfirlit yfir efni samningsins.

Virðulegi forseti. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali var eins og fyrr sagði samþykktur og lagður fram til undirritunar á þriðja leiðtogafundi ráðsins í Varsjá 16. maí 2005. Ísland var í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu sáttmálann sama dag en við þurfum að fullgilda hann. Samningurinn liggur til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins, ríki utan ráðsins sem tóku þátt í samningu hans og Evrópusambandið. Samningurinn öðlast gildi þegar tíu ríki hafa fullgilt hann, þar á meðal a.m.k. átta aðildarríki Evrópuráðsins. Þegar sú sem hér stendur lagði fram þingsályktunartillöguna í október sl. höfðu 31 ríki undirritað samninginn og tvö þeirra, Moldóva og Rúmenía, jafnframt fullgilt hann. Síðan þá hefur Austurríki fullgilt samninginn og fyrir stuttu síðan lýsti Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, því yfir að Bretland mundi undirrita samninginn innan skamms og vonandi fullgilda hann.

Okkur þingmönnum sem sitjum á Evrópuráðsþinginu finnst sem fullgilding samningsins gangi frekar hægt. Mansal fer vaxandi og við teljum einkar brýnt að sporna gegn þeirri þróun og að samningurinn sé mikilvægt tæki til þess. Því hafa þingmenn Evrópuráðsins hafið átak í því að þrýsta á um samþykkt og fullgildingu samningsins í sínum þjóðþingum líkt og hér er gert. Af því tilefni hefur verið gefin út sérstök handbók um samninginn og baráttu þingmanna fyrir honum. Ísland hefur ekki síður en önnur ríki Evrópuráðsins skyldu til þess að sporna gegn þeirri ógeðfelldu þróun sem orðið hefur á undanförnum árum með auknu mansali og þar með aukningu í grófustu mannréttindabrotum og ofbeldi gegn fátækum konum og börnum. Við höfum staðfest dæmi löggæsluyfirvalda um mansal hingað til lands. Með því að vinna hratt og örugglega að fullgildingu sáttmálans um aðgerðir gegn mansali öxlum við okkar ábyrgð í samfélagi Evrópuþjóða, eflum viðbúnað okkar til þess að taka á þessari ógeðfelldu glæpastarfsemi og sendum síðast en ekki síst frá okkur skýr skilaboð, við líðum ekki mansal hér á landi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu fari tillagan til umfjöllunar og afgreiðslu í allsherjarnefnd.

Í tilefni af því að til stendur að klámiðnaður Evrópu komi hingað til lands og haldi ráðstefnu um iðnað sinn fyndist mér viðeigandi að þingið afgreiddi þessa áskorun á ríkisstjórnina um að fullgilda samning Evrópuráðsins nú þegar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur, 1. umr.*

Frv. ÖJ o.fl., 66. mál (hlutfall fjármagnstekjuskatts). — Þskj. 66.

[19:22]

**Flm. (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Þetta er í þriðja sinn sem frumvarpið er lagt fram á þingi. Það hefur aldrei fengið fullnaðarafgreiðslu og leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs það því fram að nýju. Að baki því standa allir þingmenn þingflokksins og er ég 1. flutningsmaður.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka fjármagnstekjuskatt úr 10% í 18%. Þar með yrði komið á samræmi á milli skattlagningar á tekjur fyrirtækja annars vegar og tekjur af fjármagni hins vegar. Það er okkar skoðun að stefna eigi í þá átt að skattstofnar verði skattlagðir með ámóta hlutfalli, að okkur beri að stefna að því að færa til samræmis skatta á fyrirtæki og einstaklinga og er þetta spor í þá átt. Við leggjum til að skattleysismörk verði við 120.000 kr. tekjur af fjármagni á ári, en það er athyglisvert að yrði það gert má gera ráð fyrir að rúm 9% einstaklinga og ríflega 70% hjóna sem nú greiða fjármagnstekjuskatt yrðu undanþegin skattinum.

Þetta minnir á að fjármagnstekjur eru jafnt innheimtar á smásparandanum sem og hinum tekjumikla. Við höfum orðið þess áskynja að í samfélaginu breytist tekjumunstrið óðfluga. Það hefur komið fram í gögnum frá skattyfirvöldum að ætla megi að fjármagnstekjur séu meira en helmingur tekna þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu. Maður spyr sig hvernig á því standi að fólk sem aflar tekna með þessum hætti sé ekki skattlagt á sambærilegan hátt og fólk sem aflar viðurværis með launavinnu.

Fjármagnstekjuskattur á árinu 2007 var samkvæmt fjárlagafrumvarpi áætlaður um 19 milljarðar kr. Með skattbreytingunni mundu tekjur ríkissjóðs aukast um nokkra milljarða kr. Þar er kannski komin ein ástæða og réttlæting fyrir frumvarpinu, en það er ekki síst í samræmingarátt sem við stefnum og leitum til að finna röksemdir fyrir breytingunni.

Með frumvarpinu er að finna ítarlegar upplýsingar um skattlagningu fjármagnstekna í öðrum löndum: Bandaríkjunum, Danmörku, Finnlandi, Noregi, Írlandi, Svíþjóð og víðar. Þar kemur fram að fjármagnstekjuskattur er víðast hvar hærri en á Íslandi. Menn hafa oft haft á orði að ef fjármagnstekjuskattur yrði hækkaður (**KÓ:** Þess vegna búa fjármagnstekjueigendur hér.) mundi fólk halda úr landi með peningana sína. En þá er spurningin: Hvert fara þeir? Reyndar er það vitað að margir þeirra sem hafa mest fjárráð á Íslandi búa alls ekki hér. Þeir búa í skattaparadísum, eru skráðir á Gíbraltar, á Cayman-eyjum eða Ermasundinu því að þeir fara í skjól með fjármagn sitt og neita að greiða til samfélagsins eins og þeim ber að gera.

Menn tala stundum um skatta eins og það eðlilegasti hlutur í heimi að við losum okkur við alla skattlagningu og að allt sem horfir til lækkunar þeirra sé til góðs. Þröngt skoðað er það hagur hvers aðila að fá lækkaða á sig skattana. Við erum öll sammála um að við viljum fjármagna góða samfélagsþjónustu, heilbrigðiskerfi, skóla, samgöngukerfi og þar fram eftir götunum. Þá er spurningin um hvernig við dreifum skattbyrðinni, að við gerum það á réttlátan hátt. Það er ekki gert á Íslandi í dag.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frumvarpið, hæstv. forseti. Ég hef áður gert ítarlega grein fyrir þingmálinu og vísa í fyrri röksemdir þar að lútandi. Ég legg til að það gangi til hv. efnahags- og viðskiptanefndar til umfjöllunar að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann, fyrri umr.***

Þáltill. DrH o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

[19:28]

**Flm. (Drífa Hjartardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir til tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann. Flutningsmenn eru ásamt mér hv. þm. Kjartan Ólafsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2017.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.

Tillaga þessi var flutt á 132. löggjafarþingi og er nú flutt að nýju lítið breytt. Flutningsmenn telja mikilvægt nú á tímum ört vaxandi tæknivæðingar að fram fari upplýst umræða um áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann og telja að rannsóknir séu mikilvæg forsenda þess. Margs konar búnaður og tæki eins og farsímar byggjast á rafsegulbylgjum og rafsegulsviði og skipa æ ríkari sess í daglegu lífi mannsins hvort sem litið er til heimilis eða vinnustaða.

Erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst meira að umhverfinu til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, t.d. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa eða vinna í nágrenni þeirra.

Í október 2005 kom út skýrsla á vegum breskrar heilbrigðisstofnunar, Health Protection Agency, þar sem leitast var við að skilgreina rafsegulóþol og greina það faraldsfræðilega. Niðurstaða skýrslunnar er að rafsegulóþol sé líkamleg veikindi en ekki andleg eins og talið hafði verið. Í henni er viðurkennt að rafsegulsvið farsíma, háspennumastra og tölvuskjáa kunni að valda t.d. ógleði, svima, höfuðverk, hjartsláttartruflunum, minnisleysi og vöðvaverkjum. Breska skýrslan er viðurkenning á nauðsyn þess að rannsaka rafsegulóþol, ekki eingöngu með tilliti til orsaka veikindanna heldur einnig með tilliti til meðhöndlunar og lækninga, sem er mjög mikilvægt atriði.

Fram kom að rannsóknir Breta muni á næstunni snúast um að lýsa rafsegulóþoli, skilja það og finna staði sem eru hentugir til að meðhöndla einkennin. Talið er að fjöldi þeirra Breta sem telja sig þjást af óþolinu hafi aukist mjög síðustu ár. Viðamikil rannsókn er að fara af stað í háskóla í Essex á Englandi nú í haust þar sem þátttakendur eru 264 og helmingur þeirra með rafsegulóþol.

Ég hef orðið þess áskynja að hér á landi verður fólk æ meira meðvitað um þessar aukaverkanir og óþol. Stöðugt fleiri hafa áhyggjur að því hvernig þessum málum er háttað. Fólk finnur fyrir óþægindum, bæði á vinnustað og heima fyrir. Eitt þarf að mínu viti nauðsynlega að gera, þ.e. að athuga með jarðtengingu á rafmagni. Mér finnst að borgaryfirvöld og bæjaryfirvöld eigi að skoða það.

Flutningsmenn telja vert að skoða hvort nýgengi krabbameins í heila, gláku og annarra augnskemmda hafi aukist síðan notkun farsíma hófst, bæði hjá börnum og fullorðnum. Erlendar upplýsingar benda til þess að krabbamein í heila barna sem nota farsíma hafi orðið algengara. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, bandaríska Fæðu- og lyfjamálastofnunin og breska heilbrigðisráðuneytið hafa ráðlagt fólki að takmarka lengd símtala vegna hugsanlegra áhrifa þeirra á heilsufar og hafa auk þess beðið foreldra að gæta þess að börn og ungmenni noti farsíma í hófi. Ástæða þess er að höfuðkúpa barna og ungmenna er þynnri og taugakerfi ekki eins þroskað og í fullorðinni manneskju.

Segja má að hér sé um nýja tegund mengunar að ræða, þ.e. rafsegulsmengun. Telja flutningsmenn tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum rafsegulsviðs í farsímum og rafsegulbylgna á mannslíkamann. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum. Hér á landi eru á margan hátt kjöraðstæður til að gera faraldsfræðilegar rannsóknir á tengslum umhverfisþátta og hugsanlegri krabbameinshættu. Er þetta að þakka nákvæmum lýðskrám sem eru til hér á landi sem geyma upplýsingar um búsetu og nýgengi krabbameins og hugsanlegt er að rannsóknin geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins, hugsanlega í samvinnu við fyrirtæki og opinberar stofnanir svo sem Geislavarnir ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins, Löggildingarstofu og Orkustofnun. Þá telja þeir æskilegt að leitað sé samstarfs við stjórnvöld og vísindamenn í öðrum ríkjum, jafnvel þannig að rannsóknin yrði hluti af fjölþjóðlegri rannsókn. Slíkt skyti styrkari stoðum bæði undir fjárhagslegan grundvöll verkefnisins og niðurstöðurnar.

Ég vona sannarlega að eftir margra ára baráttu fyrir því að þessi mál verði tekin til skoðunar hjá heilbrigðisráðherra verði tillagan samþykkt í vor og unnið að þessu. Ég vona að hægt verði að gera þetta í samstarfi við önnur ríki og úr verði fjölþjóðleg rannsókn. Ég held að Ísland hafi mikið fram að færa í slíku samstarfi og eigi að vera í forustu til að finna lausnir þessum málum.

Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að tillögunni verði vísað til heilbrigðis- og trygginganefndar.

[19:35]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta þingmál sem ég styð heils hugar, hef held ég áður verið einn flutningsmanna á þingmálinu. Spurningin er hvort þurfi frekar vitnanna við. Hér er talað um að fram fari allsherjarrannsókn sem standi til ársins 2017, eða í tíu ár, á áhrifum rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann. Í greinargerð með tillögunni er vísað í erlendar rannsóknir og hv. 1. flutningsmaður, Drífa Hjartardóttir, hefur vísað einnig í erlendar rannsóknir sem hafa leitt mjög sterkar líkur að því að rafsegulbylgjur hafi skaðleg áhrif á mannslíkamann.

Spurning er hvort ekki megi beina rannsóknum inn í könnun á því hvað hægt er að gera til að draga úr skaðlegum áhrifum rafsegulbylgna á mannslíkamann vegna þess, eins og hér kemur fram og ég vék að, eru yfirgnæfandi líkur á því að þessi áhrif séu skaðleg. Hitt er svo annað mál að það er eðlilegt og jákvætt að Íslendingar taki þátt í alþjóðlegri rannsókn á þessu sviði og leggi sitt af mörkum. Ég ítreka því að ég styð þingsályktunartillöguna og vona að hún nái fram að ganga nú í vor en beini því einnig til tillöguflytjenda hvort ekki væri æskilegt að taka þetta sjónarhorn með í reikninginn þegar málin eru athuguð, að draga úr skaðlegum áhrifum sem vitað er að eru fyrir hendi.

[19:37]

**Flm. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir jákvæðar undirtektir við þingsályktunartillöguna. Eins og hann gat um var hann með á þingsályktunartillögunni og það var fyrir algjöra slysni að hann er ekki með á henni núna, en ég veit að hann styður hana heils hugar.

Ég vil taka svo sannarlega undir að eitt af því sem þarf að gera, og mér finnst að stofnanir eigi að gera án þess að þeim sé í rauninni skipað það, er að draga úr skaðlegum áhrifum. Við eigum fullt af góðum vísindamönnum sem ég veit að eru að vinna í þessa átt. Þó eru allt of margir sem telja þetta vera bara tómt rugl og vitleysu en ég er sannfærð um að svo er ekki. Þetta hefur áhrif og ég vil bara brýna og mana vísindamenn okkar til að vinna meira að þessu og vera ekki tortryggnir á þetta eða halda því fram að þetta sé eitthvert rugl og vitleysa. Þó að það sé ekki áþreifanlegt hefur þetta áhrif á fólk, mismunandi áhrif, og þetta er eitthvað sem við eigum að vinna að að ráða bót á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur, 1. umr.*

Frv. GAK o.fl., 35. mál (ferðakostnaður). — Þskj. 35.

[19:39]

**Flm. (Guðjón A. Kristjánsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Magnús Þór Hafsteinsson og Sigurjón Þórðarson.

Í 1. gr. frumvarpsins segir svo: Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 400.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2008.

Frumvarpinu fylgir svofelld stutt greinargerð, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta var áður flutt á 130., 131. og 132. löggjafarþingi. Hér er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattlagningar kemur, þó að hámarki 400.000 kr. á ári. Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.“ — Eins og menn vita er heimilt að draga frá kostnað við rekstur ökutækis þegar menn nota ökutæki sitt til ferða í þágu atvinnurekanda eða til ferðalaga á vegum atvinnurekanda, enda njóti þá viðkomandi ökutækjastyrks. Þá geta menn notað kostnað á móti því.

Við leggjum til að frádráttarheimildin, sem menn þurfa að færa sönnur á að hafi orðið til staðar við það að afla tekna eða sækja um atvinnu, sé heimil að því gefnu að gerð sé grein fyrir henni og hún talin fram og þá meðhöndluð með svipuðum hætti og ef um ökutækjastyrk væri að ræða, þ.e. frádráttur á móti ökutækjastyrk. Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig virkað vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá hag sínum betur borgið í því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2007 og komi til framkvæmda við álagningu árið 2008, þ.e. menn eiga að halda þessum kostnaði til haga og fá hann ekki metinn fyrr en við álagningu á árinu 2008.

Hæstv. forseti. Þetta er meginefni málsins. Við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum flutt þetta mál nokkrum sinnum á undanförnum þingum og flytjum þetta einu sinni enn. Við teljum að um ákveðið samkeppnismál sé að ræða. Þetta er líka mál sem gæti orðið til þess t.d. að draga úr því að einstaklingur stofni einkahlutafélag um sína eigin atvinnustarfsemi. Þegar slíkt hefur verið gert má hann draga þann ferðakostnað frá sem hann þarf að leggja út til að stunda atvinnu sína. Launþegi, sem vinnur nákvæmlega sama starf og ferðast með sams konar hætti og einstaklingsatvinnurekandinn, stundar jafnvel sömu vinnu og á svipuðum svæðum, fær ekki þennan kostnað metinn að neinu leyti eins og lögin eru í dag. Við leggjum heimildina til til að auka jafnræði og einnig til að hvetja til þess að fólk geti sótt atvinnu á milli byggðarlaga ef svo háttar til. Að venjulegur launþegi fái þann kostnað sem hann leggur fram við að sækja atvinnu sína dreginn frá áður en skattlagning kemur til. Sá frádráttur sem við leggjum til er þó með hámarki, þ.e. við leggjum til að hámarksfrádrátturinn sé 400.000 kr. á ári.

Við teljum að þetta sé réttlætismál að ákveðnu leyti vegna þess að verið er að ýta undir að fólk geti sótt sér atvinnu. Þetta getur orðið til þess að menn velji, eins og fram kom í greinargerðinni sem ég las áðan, að sækja vinnu frek-

ar en að fá kannski atvinnuleysisbætur sem þeir eiga vissulega rétt á vegna þess að atvinnan er ekki til staðar í því byggðarlagi sem menn búa í. Eða þá að menn hafa tapað atvinnu þar vegna breytinga, svo sem vegna tilflutninga á útgerð eða vegna þess að ákveðin atvinnustarfsemi hefur lagst niður eins og mörg dæmi eru um, hæstv. forseti. Við höfum margflutt málið og vonumst til þess að smátt og smátt holi dropinn steininn og menn skilji að í þessu felst ákveðið réttlæti.

Við höfum líka vitnað til þess, hæstv. forseti, að nákvæmlega sams konar fyrirkomulag er þekkt í öðrum löndum. Við erum því ekki að leggja til nýmæli miðað við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Þar mega menn draga kostnað vegna atvinnusóknar frá tekjum áður en á þær er lagður tekjuskattur vegna tekna af viðkomandi atvinnustarfsemi.

Við þekkjum nokkur dæmi þess úr hinu daglega lífi að fólk stundar atvinnu um langan veg. Ég veit til þess að fólk hefur reynt að stunda atvinnu í álverinu í Hvalfirði búandi norður í Hrútafirði. Það er allnokkurt ferðalag og menn fara það helst ekki daglega. En ef menn fara þetta kannski einu sinni eða tvisvar í viku fylgir því verulegur kostnaður. Atvinnusóknin verður það dýr að menn sjá sér kannski ekki hag í því að sækja þá atvinnu þótt hún sé í boði. Sama má segja um vaxandi atvinnusvæði eins og Borgarfjörð. Það mætti hugsa sér að fólk norðan úr Húnavatnssýslum gæti sótt atvinnu þangað ef því byðist vinna á því sviði sem hentaði því. En þá er það nákvæmlega sama uppi á teningnum, ekki er nein heimild til þess að meta þann kostnað sem lagt er í við það að sækja atvinnuna. Vafalaust má finna mörg fleiri dæmi. Það má t.d. minna á að við opnun Fáskrúðsfjarðarganga er komin ferðaleið fyrir fólk á Fáskrúðsfirði til að stunda atvinnu á Reyðarfirði og jafnvel fólk sem býr sunnar en á Fáskrúðsfirði. Þó þar sé vissulega um talsverðar vegalengdir að ræða mundi ákvæði af þessu tagi m.a. hjálpa upp á það að atvinnusóknin gæti orðið víðar af fjörðunum inn á þau atvinnusvæði — og atvinnutækifæri sem ef til vill bjóðast við álverið á Reyðarfirði eða hliðartengdri starfsemi á komandi árum sem gætu þar skapast.

Við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum talið það hlutverk okkar m.a. að reyna eftir fremsta megni að stuðla að því að fleiri atvinnutækifæri séu til boða á landsbyggðinni og höfum talið að útfærsla af þessu tagi gæti hjálpað til þess að atvinnusókn milli staða sem ekki lægju mjög fjarri hver öðrum gæti verið raunhæfur kostur. Hún er það alls ekki í dag ef fólk þarf að ferðast dags daglega 50–60 km leið til atvinnusóknar, þ.e. yfir 100 km á dag, þó svo að atvinnan sé í boði. Þess vegna teljum við, hæstv. forseti, um ákveðið sanngirnismál að ræða og væntum þess að þegar málið fer í nefnd fái það verðuga umfjöllun og menn skilji þau sjónarmið sem við mælum fyrir.

Margt hefur verið talað um atvinnusókn á landsbyggðinni og ýmsa örðugleika sem komið hafa upp í atvinnulífi þar á undanförnum árum þar sem fólk hefur þurft að mæta ýmsum skakkaföllum. Við höfum litið svo á að hér væri verið að stíga ákveðið skref til að mæta því. Við erum hins vegar ekki að einskorða þetta við farartæki, við notum krónutöluupphæð í stað þess að nota kílómetra, flugfarseðla eða ferðaseðla með ferjum eða öðrum samgöngutækjum, þess vegna hópferðabílum eða rútum. Við teljum eðlilegra að útfæra þetta með þessum hætti, að hafa krónutöluna en að ákveða fyrir fram að ákveðinn ferðamáti sé eingöngu heimilaður til að slíkt frádrag fáist. Þess vegna miðum við þetta við krónutölu en ekki ekna kílómetra t.d. þó að við bendum á reglurnar um ökutækjastyrk og frádrátt vegna ferðalaga sem dæmi um það að slíkt fyrirkomulag er heimilt í lögunum þegar um atvinnurekanda eða einstakling er að ræða sem ferðast beinlínis á vegum fyrirtækis síns og fær greiddan ökutækjastyrk.

Ég veit að þetta þekkja alþingismenn ágætlega. Þeir fá greiddan ökutækjastyrk fyrir ákveðin ferðalög í sitt kjördæmi o.s.frv. Þetta er alþekkt í kerfinu, í ríkiskerfinu er það alþekkt að ríkið greiðir ferðakostnað og ökutækjastyrk til þeirra aðila sem ferðast á vegum ríkisins í embættiserindum eða störfum. Hið sama á við um atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði þar sem menn ferðast á þeirra vegum. Frádráttarheimildin er því þekkt og vinnulagið við að framkvæma þetta í sambandi við skattskýrslur og í skattkerfinu. Þetta er allt þekkt. Eins og ég gat um áður er þetta þekkt í öðrum löndum og ekki neitt nýmæli þar og er beinlínis heimilað fyrir launþega. Hér á landi hefur þetta ekki verið heimilað fyrir launþega og menn hafa sumir farið þá leið að stofna einkahlutafélag um sjálfa sig til að fá kostnaðinn dreginn frá. Því fylgja auðvitað ýmsar hliðarráðstafanir eins og menn vita varðandi útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga, lægri tekjur þegar upp er staðið o.s.frv. Um þetta hafa sveitarfélögin ályktað varðandi tekjustofna sína, að mikill fjöldi einkahlutafélaga hafi áhrif á afkomu þeirra og tekjur til lækkunar. Æskilegt væri að það sem við leggjum til fengi samþykki hér á hv. Alþingi og þetta væri heimilað. Það mundi auka atvinnusóknina og ég held að það mundi einnig auka tekjur sveitarfélaga vegna þess að menn væru þá ekki að nota sér þær forsendur sem skattalögin bjóða vissulega upp á varðandi einkahlutafélögin.

Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti. Ég vænti þess að menn fari að skoða málið í alvöru. Mér hefur fundist svolítið á skorta á undanförnum árum þegar við höfum mælt fyrir málinu að það hafi verið tekið til nógu gaumgæfilegrar athugunar í nefnd og ríkisstjórnin hefur ekki séð ástæðu til þess að taka á þessu máli þó við teljum að um mikið samkeppnismál sé að ræða sem vissulega geti gagnast launþegum. Við teljum einnig að það gagnist sveitarfélögum og eflingu atvinnusvæða á landinu. Þess vegna mælum við eindregið með því að málið fái vandaða umfjöllun og komi væntanlega í þing fyrir þinglok sem frumvarp eftir skoðun í nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 24. mál.

Fundi slitið kl. 19:55.

# 75. FUNDUR

miðvikudaginn 21. febr.,
kl. 12 á hádegi.

**Dagskrá:**

*Til heilbrigðisráðherra:*

1. Barna- og unglingageðdeildin, fsp. ÁRJ, 171. mál, þskj. 171.
2. Slysavarnir aldraðra, fsp. ÁRJ, 269. mál, þskj. 278.
3. Rekstur dvalar- og hjúkrunarrýma, fsp. SigurjÞ, 315. mál, þskj. 337.

*Til félagsmálaráðherra:*

4. Eftirlit með gasbúnaði í hjólhýsum, fsp. SigurjÞ, 344. mál, þskj. 373.
5. Lánatryggingarsjóður kvenna, fsp. AKG, 578. mál, þskj. 860.

*Til iðnaðarráðherra:*

6. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna, fsp. AKG, 579. mál, þskj. 861.

*Til viðskiptaráðherra:*

7. Starfsemi Samkeppniseftirlitsins, fsp. AKG, 564. mál, þskj. 839.

*Til umhverfisráðherra:*

8. Merkingar á erfðabreyttum matvælum, fsp. KJúl, 589. mál, þskj. 874.

*Til menntamálaráðherra:*

9. Lesblinda, fsp. BjörgvS, 490. mál, þskj. 742.
10. Norræni blaðamannaskólinn, fsp. MÁ, 577. mál, þskj. 859.
11. Tæknisafn Íslands, fsp. BjörgvS, 593. mál, þskj. 882.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[12:00]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst nú strax, áður en gengið verður til dagskrár, og er um þróun kaupmáttar hjá almenningi. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson. Hæstv. fjármálaráðherra Árni M. Mathiesen verður til andsvara.

Hin síðari hefst um klukkan hálffjögur og er um meðferðarúrræði fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir verður til andsvara.

Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

## *Umræður utan dagskrár.*

Þróun kaupmáttar hjá almenningi.

[12:02]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Nú eru bráðum liðin 12 frá því að ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks tók við völdum hér á landi. (Gripið fram í.) Árangurinn blasir alls staðar við, öflug atvinnuuppbygging, lægri skattar, minna atvinnuleysi, minni verðbólga, aukinn hagvöxtur og ekki hvað síst aukinn kaupmáttur almennings. Þetta sjá allir sem sjá vilja, síðustu þrjú kjörtímabil eru lengsta og mesta hagvaxtar- og velsældarskeið sem sögur fara af hér á landi.

Það sem meira er, allir hafa notið góðs af þessu mikla góðæri, bæði þeir sem hafa lægri tekjur og hinir sem hærri tekjur hafa. Ég vil í þessu sambandi nefna tvö atriði.

Nýlega var í fréttum fjallað um rannsókn Ragnars Árnasonar, prófessors við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, um tekjur og tekjudreifingu hér á landi á árunum 1993–2005. Nú er það svo að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa margir hverjir sýnt mikinn áhuga einstaka rannsóknum ónefnds þjóðfélagsfræðings við háskólann um lífskjör almennings. Þess vegna hef ég um nokkurra vikna skeið beðið þess með óþreyju að forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna mundu gera rannsóknir Ragnars Árnasonar að umtalsefni hér á þinginu. Þögnin er hins vegar ærandi, hæstv. forseti, þögnin er ærandi.

Þessi ágæti prófessor hefur kannað tekjur Íslendinga samkvæmt skattframtölum vegna gjaldáranna 1993–2005. Samkvæmt rannsóknum hans hefur meðalvöxtur atvinnutekna á hverju einasta ári verið að meðaltali 4,3% og heildartekna 5,5%. Aðalatriðið í rannsókn Ragnars er að íslenskt efnahagslíf hafi tekið stakkaskiptum frá árinu 1993, m.a. vegna gríðarlegs hagvaxtar og gjörbreytingar á hagkerfinu. Meginniðurstaðan er hins vegar sú að atvinnutekjur allra hópa hafa hækkað mjög mikið og dreifing þeirra hefur ekki breyst.

Eða eins og prófessorinn sagði í útvarpsviðtali um miðjan síðasta mánuð, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er ekki sjáanlegt í þessu mikla góðæri sem hefur átt sér stað síðan 1993 að þá hafi neinn sérstakur tekjuhópur setið eftir. Það hafa allir notið gríðarlega mikillar rauntekjuaukningar.“

Og síðar:

„Þegar horft er á allra lægst launuðu tekjuhópana þá virðast þeir samkvæmt þessum gögnum ekki hafa dregist aftur úr.“

Hitt atriðið sem ég vildi minnast á í þessu sambandi, hæstv. forseti, eru niðurstöður lífskjararannsóknar Hagstofu Íslands um lágtekjumörk og tekjudreifingu á árunum 2003 og 2004 sem staðfesta í raun niðurstöður Ragnars Árnasonar. Rannsókn þessi er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins. Niðurstaða þeirra rannsókna var í stuttu máli sú að tekjuskipting er mun jafnari á Íslandi en annars staðar í Evrópu. Af 31 Evrópuþjóð árið 2004 var ein þjóð með lægra lágtekjuhlutfall en Íslendingar, tvær með sama hlutfall en 27 þjóðir voru með hærra lágtekjuhlutfall.

Til viðbótar má geta þess að nýlega birtust fréttir um það að einn af hverjum sex íbúum Evrópusambandsins byggi við fátækt og fer nú mesti glansinn af því draumalandi sem a.m.k. sumir stjórnarandstæðingar hafa sótt hvað mesta huggun í.

Hvorug þessara rannsókna hefur farið hátt, hæstv. forseti, eins og ég gat um áðan, og niðurstöður þeirra eru eins og blaut tuska framan í hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, þá sömu þingmenn og hafa ítrekað reynt að halda því fram

að ójöfnuður hafi aukist og kjör hinna lægst launuðu versnað á undanförnum árum, enda hefur stjórnarandstaðan reynt að þagga niðurstöðurnar niður og þegja þær í hel. Niðurstöðurnar eru hins vegar allt aðrar eins og ég gat um áðan. Rannsóknirnar staðfesta það sem blasir við og allir hugsandi menn vita, þ.e. að kaupmáttur alls almennings og allra tekjuhópa hefur vaxið ár frá ári á undanförnum kjörtímabilum. Hækkun kaupmáttar á síðustu 10 árum nemur tugum prósenta og er líklega nærri 60% á undanförnum 12 árum. Þetta finnur hver í sinni buddu.

Íslendingar hafa aldrei haft það eins gott og um þessar mundir og það er mikilvægt að halda því til haga. Allar tölur frá opinberum aðilum og samtökum staðfesta að kaupmáttur launa hefur aldrei verið meiri en nú og hann hefur farið jafnt og þétt vaxandi frá árinu 1994 svo að skiptir tugum prósenta. Það er m.a. í þessu ljósi sem ég hef haft frumkvæði að þessari utandagskrárumræðu, hæstv. forseti, um þróun kaupmáttar og ég spyr hæstv. fjármálaráðherra um þau efni ef það mætti verða til þess að upplýsa hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem vilja hvorki sjá né heyra og því síður skilja nokkuð sem viðkemur efnahagsmálum hér á landi.

[12:08]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hefja máls á þessum atriðum hér. Það hefur óneitanlega verið mjög skemmtileg umræða í þjóðfélaginu um það hvernig staða einstaklinga og heimila er hvað varðar jöfnuð, kaupmátt og ráðstöfunartekjur, hvernig þessi mál hafa þróast á undanförnum árum. Síðan má auðvitað deila um það líka hvað liggur til grundvallar þeirri þróun. Í öllu falli hlýtur að vera jákvætt að það skuli vera efni til slíkrar umræðu, að þeir hlutir séu að gerast sem kalli á að menn velti þessu fyrir sér. Það er jákvætt af hálfu þingmannsins að hefja máls á þessu hér.

Það sem skiptir sennilega mestu máli í þessu er hinn svokallaði kaupmáttur ráðstöfunartekna sem er þegar kaupmáttur launa er reiknaður út og búið að taka tillit til skatta og samskipta einstaklinganna og fjölskyldnanna að öðru leyti við skattkerfið, í formi þá barnabóta, vaxtabóta og þar fram eftir götunum. Fyrir liggja nýlegar tölur um þessi efni og þær sýna, miðað við árið 2005, að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist um 52% á þessu tímabili. Þá er búið að taka tillit til skattanna þannig að þetta er eins nettó og nettó getur verið í þessu samhengi. Þetta er það sem fólk hefur til ráðstöfunar, hefur í vasanum meira en það hafði áður. (Gripið fram í.)

Meðaltalið á þessu tímabili er 4,7% á ári, á árinu 2006 jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna um rúmlega 5% og gert er ráð fyrir því að á árinu 2007 muni kaupmáttur ráðstöfunartekna aukast um 4,6% að meðaltali. Það má segja að á þessu tímabili hafi kaupmáttur ráðstöfunartekna hækkað á hverju ári að einu ári undanskildu, árinu 2001, og hækkunin verið allt upp í 7% þegar hún var mest.

Það er síðan athyglisvert að bera þetta saman við það hvernig þessum hlutum hefur verið háttað hjá nágrönnum okkar. Innan OECD-ríkjanna hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist á sama tímabili um 28%, þ.e. frá 1994 til 2005, og annars staðar á Norðurlöndunum að jafnaði um tæplega 35%. Þó hefur aukningin í Noregi verið 57% þannig að þeir eru þeir einu, með allan sinn olíuauð, sem mér sýnast hafa skotist fram fyrir okkur í þessum efnum.

Það er auðvitað fleira sem skiptir máli í þessari umræðu. Það hefur verið talað um jöfnuð og hvernig þetta hafi þróast hjá einstökum hópum. Því hefur verið haldið fram að t.d. kaupmáttur lífeyris hafi ekki fylgt kaupmætti launa. Það er ekki rétt, kaupmáttur lífeyris hefur hækkað meira en kaupmáttur launa. Síðan hefur verið talað um jöfnuð, að jöfnuður hafi minnkað í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Hagstofan birti mjög athyglisverða samevrópska könnun þar sem jöfnuður var borinn saman á þrjá vegu. Þar kom í ljós að við vorum alls staðar í fremstu röð (Gripið fram í.) hvað jöfnuð varðar. Já, ég er ekki hissa á því að hv. þingmaður skuli spyrja á þennan hátt og vera hissa á þessari niðurstöðu miðað við það sem hefur víða heyrst í umræðunni.

Það sem er síðan kannski merkilegast, miðað við það sem víða hefur komið fram í umræðunni, eru niðurstöður sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor hefur kynnt og þær eru á þann veg að á þessu tímabili hafi hagur þeirra sem minnst hafa vænkast umtalsvert meira hér á landi en gerst hefur í nágrannalöndunum (Gripið fram í.) þannig að þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar. Já, ég er hissa á því að hv. þingmaður skuli ekki hafa tekið eftir því en kannski vantar eitthvað upp á það hversu vel hv. þingmenn fylgjast með umræðunni. (Gripið fram í.) Kannski fylgjast þeir bara með því sem sumir fræðimenn segja (Gripið fram í.) en ég mæli með því að þeir (Forseti hringir.) fylgist ítarlegar með umræðunni og láti ekki einhvers konar (Forseti hringir.) pólitískar augnhlífar varna sér sýn. (**BjörgvS:** Engin hætta á því.)

[12:13]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Fyrir 10 árum var Ísland stéttlausasta land í Evrópu. Núna 12 árum seinna, kom fram í grein eftir Þorvald Gylfason prófessor á dögunum, er Ísland stéttskiptasta land í allri Evrópu. Þetta er árangur af 12 ára setu hægri flokkanna við völd, og hver eru dæmin sem sanna þetta? Það eru verðbólguskatturinn, fátækraskatturinn og fjöldi annarra dæma. Það eru ofurvextirnir, verðbólgan, hæsta matvælaverð í heimi, lengsti vinnudagur í heimi og lygilegt virðingarleysi við eldri borgara eins og speglast í kjörum og aðstæðum þeirra.

Hér er engilsaxneskur ójöfnuður eftir 12 ára setu hægri flokkanna, þetta er stéttskiptasta land í Evrópu. Þetta er árangurinn af ójafnaðarstefnu ójafnaðarflokkanna tveggja í 12 ár. Dæmin tala sínu máli. Barnabætur hafa rýrnað um 10 milljarða að verðgildi á 10 árum. Hefðu skattleysismörk fylgt launavísitölu væru þau núna 136 þús. í staðinn fyrir 90 þús. og það er hinn raunverulegi og sanni fátækraskattur sem ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks hefur sett á bótaþega og láglaunafólk í þessu landi. Mörg önnur dæmi mætti telja og það sem er mest sláandi snýr að unga fólkinu og húsnæðiskaupendum. Ef það er tekið dæmi um 15 millj. kr. húsnæðislán í 40 ár á Evrópukjörum annars vegar og hins vegar í íslensku lána- og verðbólguumhverfi kemur í ljós að sá sem tekur lánið á Evrópukjörunum borgar af því

24 millj. en sá sem tekur það í íslenska umhverfinu borgar 74 millj.

Það munar 50 millj. kr. á heildarafborgunum á 40 árum af 15 millj. kr. láni. Þetta er verðbólguskatturinn sem íslenskir húsnæðiskaupendur þurfa að dröslast með, þetta eru afleiðingarnar af óstjórn hægri flokkanna hér í 12 ár. Þetta er öll jafnaðarstefna Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Það er verðbólguskatturinn og það er fátækraskatturinn.

[12:15]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Menn staðhæfa að með hliðsjón af meðaltali hafi orðið veruleg kaupmáttaraukning á Íslandi á undanförnum árum og að um þetta sé ekki deilt. Það má til sanns vegar færa. Hins vegar er um það deilt hvaða áhrif geigvænleg, sívaxandi og síversnandi skuldastaða þjóðarbúsins komi til með að hafa þegar fram líða stundir og í þessu tilliti er mjög mikilvægt að vel takist til um ábyrga efnahagsstjórn á komandi árum til að festa stöðugleika í sessi.

Það sem hins vegar skiptir mestu máli er að sundurgreina þessar stærðir, horfa ekki á meðaltalið. Ég tel að réttar sé að spyrja: Er auðveldara nú en fyrir 15 árum að vera tekjulítill án húsnæðis? Er auðveldara nú en fyrir 15 árum að vera tekjulítill og veikur? Þetta eru þær spurningar sem skipta máli.

Ég vek athygli á því að þegar horft er á húsnæðiskostnað, svo dæmi sé tekið, hefur hann frá árinu 2002 og fram á þennan dag, og er ég þá að vísa í húsnæði, hita og rafmagn, hækkað um 59,68% á sama tíma og launavísitala hefur hækkað um 39%. Ég er að sýna fram á að erfiðara er nú en á þeim tíma að afla húsnæðis og ég vek athygli á því líka að húsnæðið vegur yfir 26% í neysluvísitölunni og þar með í lánskjörunum, í lánavísitölunni. Það eru þessir hlutir sem ríkisstjórnin á að vera að skoða því þetta eru hennar verk. Og það er þetta misrétti og misvægi sem (Forseti hringir.) Alþingi á að skoða í stað þess að berja sér á brjóst eins og stjórnarsinnar eru að reyna að gera í þessu máli.

[12:18]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Þegar meta á lífskjör þarf að horfa til fleiri þátta en framsögumaður nefndi. Það þarf að líta til vinnutíma, verðlags, kostnaðar af opinberri þjónustu, skatta og dreifingu tekna. Ef við horfum til þessara hluta og byrjum á vinnutíma eru nýlegar upplýsingar þær að meðalvinnutími hér á landi eru 47,1 klukkustund á viku en í Evrópusambandslöndunum 25 er hann 42 klukkustundir. Þetta eru auðvitað lífsgæði líka, virðulegi forseti.

Verðlag hér á landi er með því hæsta sem gerist í heimi. Verðbólgan er meiri hér en í flestum öðrum löndum. Kostnaður almennings af verðbólgu á þessu kjörtímabili umfram þau 2,5% sem ríkisstjórnin setti sér var um 100 milljarðar kr. um síðustu áramót. Á almenning hefur verið velt vegna verðbólgunnar kostnaði sem nemur einni Kárahnjúkavirkjun. Vextir hér á landi eru hærri en í öðrum löndum Evrópu sem nemur 2–5 prósentustigum að raungildi. Það felur í sér kostnað á venjulega íslenska fjölskyldu sem nemur allt að hálfri milljón kr. á ári umfram það sem gerist annars staðar.

Hagdeild ASÍ gaf í fyrra út skýrslu um lífskjör á Norðurlöndum. Hún leiddi það í ljós að opinber þjónusta var dýrust á Íslandi af Norðurlöndunum. Kostnaður fjölskyldna af heilbrigðisþjónustu og lyfjum var hærri hér en í hinum löndunum og kostnaður fjölskyldna af menntun og tómstundum barna sinna var hærri hér en í hinum löndunum. Það er því að mörgu að hyggja, virðulegi forseti, og þó að undir það skuli tekið að lífskjör hér séu góð þá eru þau ekki í þeim hæðum sem hv. framsögumenn vilja vera láta og misskipting hefur vaxið á síðustu árum eins og hér hefur verið dregið fram. Þetta verða menn allt að hafa í huga þegar þeir meta árangurinn, virðulegi forseti.

[12:20]

**Birgir Ármannsson:**

Hæstv. forseti. Við höfum á undanförnum mánuðum heyrt kunnuglegan söng frá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar, bæði þeim sem lengi hafa verið í stjórnarandstöðu og líka þeim sem nýkomnir eru þangað, um fátækt, misskiptingu og ráða hefur mátt af máli þeirra að hér á landi væri allt í óefni og þróunin hefði verið hörmuleg. Það sem kom fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra áðan eru mjög athyglisverðar upplýsingar. (**Gripið fram í:** Það kom ekkert fram.) Það eru mjög athyglisverðar upplýsingar að kaupmáttur hefur vaxið meira en í öllum samanburðarlöndum, að Noregi undanskildum. Það hljóta að vera tíðindi, það hlýtur að teljast árangur. (Gripið fram í.) Það hefði líka talist einhvern tíma árangur að kaupmátturinn hefur aukist umfram verðbólgu. Hann hefur aukist umfram vaxtagjöld og þó að Ísland sé vissulega dýrt land, þá var það það líka fyrir 15 árum. Það sem skiptir máli er að þegar tekið er tillit til þeirra staðreynda sem liggja á borðinu hefur kaupmátturinn aukist umtalsvert á landinu. Það hefur verið árangur ríkisstjórnarstefnunnar, það hefur verið markmið þeirra ríkisstjórna sem setið hafa á undanförnum árum að skapa skilyrði fyrir bættum kjörum í landinu og niðurstöðutölurnar sýna ótvírætt að það hefur tekist. Það hefði einhvern tíma talist árangur. Og það er athyglisvert að hugsa til þess að þær aðgerðir sem hafa skilað þeim árangri, opnun hagkerfisins, einkavæðing, skattalækkanir og annað slíkt sem hefur hleypt lífi í atvinnulífið, að stjórnarandstaðan á þingi hefur iðulega barist gegn slíkum breytingum. (Gripið fram í.)

Það er rétt sem hv. þm. bendir á að EES skiptir verulegu máli í þessu sambandi en það er ekki eina forsendan. Skattalækkanir hafa skipt (**Gripið fram í:** Hver var á móti því?) gríðarlegu máli. Sumir þingmenn voru á móti EES (**BjörgvS:** Hver var á móti EES?) og sumir flokkar eins og Alþýðubandalagið, (Gripið fram í.) hinn gamli flokkur Björgvins G. Sigurðssonar, (Gripið fram í.) var á móti EES. (Forseti hringir.) En árangurinn hefur verið ótvíræður. Þetta er (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) árangur markvissrar stjórnarstefnu sem stjórnarandstaðan hefur verið á móti allan tímann.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti fer þess á leit að þingmenn gefi ræðumönnum hljóð í þessari umræðu.)

[12:23]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið merkilegar ræður og

ég verð að segja alveg eins og er að mér blöskrar það hvernig stjórnarþingmenn koma hér upp með hæstv. ráðherra í broddi fylkingar og reyna að breiða yfir þá staðreynd að kaupmáttaraukningunni, sem verið hefur í landinu á undanförnum 12 árum, hefur verið misskipt. Staðreyndin er sú að þeir sem hæstar hafa tekjurnar hafa fengið um 80% kaupmáttaraukningu á meðan þeir sem lægstar hafa tekjurnar hafa fengið um 26% kaupmáttaraukningu. Lífeyrisþegar hafa ekki fengið nema 16% kaupmáttaraukningu, þeir sem lægstar hafa tekjurnar í þeim hópi. (Gripið fram í.) Þetta eru staðreyndir sem við skulum ræða, þetta er sá raunveruleiki (Gripið fram í.) sem við búum við og meðaltöl segja ekkert um kjör fólks og hinna mismunandi hópa í landinu. Og það er móðgun við þessa hópa, lágtekjuhópa og lífeyrisþega, að halda því fram að þeir hafi fengið gríðarlega kaupmáttaraukningu á undanförnum árum þegar þeir finna það á eigin skinni hvernig þeir hafa verið að dragast aftur úr.

Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson ætti að spyrja félaga sinn í Framsóknarflokknum, Björn Inga Hrafnsson, hvers vegna honum er svo mikið í mun að taka upp skólabúninga á Íslandi. Það er til þess að fela þann gríðarlega ójöfnuð sem birtist okkur á hverjum einasta degi í fatnaði barnanna í skólunum. Þetta eru staðreyndir sem við skulum ræða hér, virðulegi forseti, en ekki þennan blekkingarleik sem um hefur verið rætt. Við skulum (Gripið fram í.) tala um raunveruleikann nákvæmlega eins og hann er.

Við vitum að rótin að þessu er auðvitað skattalækkanir ríkisstjórnarinnar sem bjuggu þennan ójöfnuð til, sem bjuggu þessa misskiptingu til. Þetta kemur fram í svari frá hæstv. fjármálaráðherra, svari við fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur þar sem fram kemur að þeir einir hafa fengið lækkaða skatta, þ.e. þau 10% sem hæstar hafa tekjurnar í þessu landi. Allir aðrir hópar hafa fengið aukna skattbyrði, allir aðrir hópar.

[12:25]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Skattastefna ríkisstjórnarinnar er alþekkt. Í forgang var sett að lækka hátekjuskattinn og afnema hann síðan í áföngum. Þess vegna hefur það verið svo að þeir sem hæstar hafa tekjurnar í þjóðfélaginu hafa hagnast mest á skattbreytingu ríkisstjórnarinnar.

Þegar skoðaðar eru tölur frá fjármálaráðuneytinu um hvernig skattbyrðin dreifist á lágtekjufólk kemur í ljós að þeir sem eru með tekjur á 1,5–2 millj. kr. á ári eru 23.680 talsins. Þeir greiddu skatta af þeim upphæðum fyrir áramót. Þessi fjöldi lækkaði í 19.700 við hækkun á persónuafslætti um áramótin upp í 90 þús. kr. skattleysismörk til viðbótar. Ef farið hefði verið að tillögum stjórnarandstöðunnar um hækkun á persónuafslætti hefði í þeim hópi fækkað um 5.000, hann hefði farið niður í 15.000 manns. Það hefði munað um það, en þetta er ekki stefnan sem ríkisstjórnin hefur viljað fara. Hún hefur farið þá leið að hygla þeim sem hafa mestar tekjurnar og svo talar fjármálaráðherrann í meðaltölum. Þeir sem búa við stefnu ríkisstjórnarinnar eiga að lifa á meðaltölum. Þetta er þvílík óvirðing við láglaunafólk, eldri borgara og öryrkja að engu tali tekur hvernig ríkisstjórnin talar um skattamál.

Hér er hafin umræða sem við getum kallað í stjórnarandstöðunni tveir fyrir einn, þ.e. þegar Framsóknarflokkurinn hefur umræðuna og ráðherrarnir bæta svo um betur og tala um hvað þetta sé ofboðslega mikið góðæri. Ég held að menn ættu aðeins að hugsa betur hvaða stefnu þeir reka í skattamálum og hverjar rauntekjurnar eru fyrir láglaunahópana í landinu, hæstv. forseti.

[12:27]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Þetta var að mörgu leyti athyglisverð umræða sem ég hóf um þróun kaupmáttar almennings. Það voru fæstir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem töluðu nokkru sinni um kaupmátt (**Gripið fram í:** Nú?) sem umræðan var þó um. (Gripið fram í.) Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson minntist ekki einu einasta orði á kaupmátt almennings. Það verður þó að virða hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur til hróss að hún viðurkenndi það að kaupmáttur hefði hækkað á undanförnum árum um allt að 80% og takið nú vel eftir, hv. þingmenn.

Ég vek athygli á því að samkvæmt rannsóknum Hagstofu Íslands (Gripið fram í.) hafa ráðstöfunartekjur heimilanna hækkað um 82% frá 1995–2003. Ég vek líka athygli á því að þetta er auðvitað hluti af þeirri efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið undanfarin ár sem m.a. kemur fram í atvinnuuppbyggingu, sem m.a. kemur fram í nýjum atvinnugreinum, eins og fjármálageiranum sem nú er þegar orðinn stærri en sjávarútvegurinn og hv. þm. Ögmundur Jónasson vill allt til vinna til að koma úr landi eftir næstu kosningar. (**Gripið fram í:** Þetta er vitleysa.)

Það sem er líka mikilvægt, hæstv. forseti, í þessu sambandi er að hafa í huga að það er áframhaldandi aukning á kaupmætti almennings, nema hv. stjórnarandstöðu takist að koma í veg fyrir það eftir kosningar, nema það slys verði að stjórnarandstöðuflokkarnir nái meiri hluta á hinu háa Alþingi. (Gripið fram í.) Ég minni á skattalækkanir og ég minni á lækkun matarverðs sem skilar sér í auknum kaupmætti almennings. Það eru þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, bæði þær sem þegar hafa tekið gildi á síðustu 12 árum og sem eru að taka gildi þessa dagana, sem munu áfram skila sér í buddu íslenskra neytenda. (Gripið fram í.)

[12:29]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Óneitanlega athyglisverð umræða, það er ekki hægt að segja annað. Það er eins og hv. þingmenn geri sér ekki grein fyrir þegar þeir ræða þessi mál, að þegar við erum að tala um kaupmátt ráðstöfunartekna er búið að taka tillit til verðlagsbreytinga og þá er búið að taka tillit til breytinga á húsnæðiskostnaði. Samt er niðurstaðan sú að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist að meðaltali um tæplega 5% á ári síðan 1995. (**ÖJ:** Ekki fyrir þá sem eru að kaupa húsnæði.) Síðan segja menn að við séum að tala í meðaltölum. (**ÖJ:** Það er málið.) Jú, auðvitað er erfitt að ræða svona mál án þess að nefna einhver meðaltöl. (Gripið fram í.) Ég vitnaði til þriggja kannana á jöfnuði þar sem við erum í fremstu röð og ég vitnaði sérstaklega til þess hvernig okkur hefði tekist að bæta hag þeirra sem minnst hafa og okkur hefur tekist mun betur en öðrum hefur tekist í þeim

efnum á þessu tímabili sem hér um ræðir.

Ég verð að viðurkenna fyrir hönd frænda míns, Þorvaldar Gylfasonar hagfræðings, að það virðist eins og hann hafi gert mistök þegar hann var að reikna út Gini-stuðulinn og það hefur hann örugglega ekki gert viljandi, við frændur erum ekki þannig menn. En að hann hafi haldið því fram, (Gripið fram í.) að Þorvaldur Gylfason hafi haldið því fram að stéttaskipting hafi orðið til á Íslandi á 12 árum, það hvarflar ekki að mér að hann hafi haldið slíku fram. (Gripið fram í.) Það hvarflar ekki að mér að maður eins og Þorvaldur Gylfason haldi slíkri vitleysu fram, að stéttaskipting verði til í einu þjóðfélagi á 12 árum, að áhrifamáttur einnar ríkisstjórnar (Gripið fram í.) sé svo mikill að stéttaskipting geti orðið til á því tímabili. (Gripið fram í.) Hvers konar dellu eru menn að reyna að halda fram í umræðunni? Staðreyndin er hins vegar sú að áhrifamáttur ríkisstjórnarinnar getur verið slíkur (Forseti hringir.) í gegnum breytingar á sköttum markaðsvæðingu og þáttum í alþjóðavæðingu, að bæta má kaupmáttinn á þennan hátt, eins og ég hef lýst, um tæplega 5% á ári. Og geri aðrir betur. (Gripið fram í.)

## *Barna- og unglingageðdeildin.*

Fsp. ÁRJ, 171. mál. — Þskj. 171.

[12:32]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Frú forseti. Fyrirspurnin sem ég mæli fyrir er orðin nokkuð gömul, hún er frá því í byrjun október. Þá lagði ég fram tvær fyrirspurnir af svipuðu tagi, aðra til hæstv. félagsmálaráðherra og hina til heilbrigðisráðherra. Fyrir tveimur vikum ræddi ég fyrirspurnina við hæstv. félagsmálaráðherra um biðtíma eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og samstarf hennar og barna- og unglingageðdeildar. En nú beini ég sem sagt fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um þann hluta sem að honum snýr, sem hljóðar svo:

1. Hvenær má búast við að bið eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildarinnar verði komin í viðunandi horf? Hvenær er gert ráð fyrir að biðin verði komin niður í sex mánuði og hvenær undir þrjá mánuði?

2. Hvað þarf barn sem hefur fengið fötlunargreiningu á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og þarf aðstoð barna- og unglingageðdeildarinnar eða innlögn vegna geðrænna vandamála að bíða lengi?

3. Hvernig er samstarfi Greiningarstöðvarinnar og barna- og unglingageðdeildarinnar háttað hvað varðar þjónustu við börn með einhverfueinkenni og geðræn vandamál?

Nokkur umræða hefur verið í vetur vegna óviðunandi biðtíma eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar og að eftir hana taki við önnur löng bið eftir þjónustu Greiningarstöðvar eða öfugt. Barnið fær á meðan ekki þjónustu við hæfi, t.d. í skóla, en biðin getur varað nokkur ár. Nokkur ár eru langur tími í lífi barns sem er fatlað, veikt og þarf þjónustu.

Hæstv. félagsmálaráðherra staðfesti að bið eftir greiningu á Greiningar- og ráðgjafarstöðinni geti verið allt að þrjú ár hjá börnum á skólaaldri, a.m.k. það sem snýr að einhverfu og þroskahömlun. Dæmi eru um að barn fari inn á barna- og unglingageðdeild í greiningu eftir ársbið og sé síðan vísað á Greiningarstöð í nánari greiningu. Öll þessi bið er í óþökk allra, starfsfólksins, foreldranna og ekki síst bitnar hún á viðkomandi barni. Þetta er mjög alvarlegt ástand. Þessi staða, þessi langa bið eftir þjónustu, kallar á meira samstarf þessara stofnana. Það samstarf er nauðsynlegt, annað bitnar á börnunum sem eru án þjónustu í langan tíma.

Hæstv. félagsmálaráðherra sagði í svari sínu til mín að þegar búið væri að vísa barni til beggja stofnana væri leitast við að hafa samráð en það kannast því miður enginn við að barni hafi verið vísað á báðar stofnanir í einu. Þetta var mér bent á eftir umræðuna við félagsmálaráðherra. En það er mjög mikilvægt að því verði komið á til að stytta þessa bið. Það er sárt að vita til þess að barn sem ekki hefur fengið greiningu fái ekki þá þjónustu og skilning sem það þarf því að eyrnamerktir peningar fylgja barninu með greiningunni inn í skólana. Það þarf samvinnu því annars þurfa menn að bíða eftir umönnunarbótum frá Tryggingstofnun sem þeir fá ekki nema greiningin sé komin.

Ég bið hæstv. ráðherra um svör við þeim spurningum sem ég las upp áðan.

[12:35]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. 4. þm. Reykv. s. hefur beint til mín fyrirspurn í þremur liðum um barna- og unglingageðdeildina. Ég vil sérstaklega þakka hv. alþingismanni fyrir þessa fyrirspurn því hún gefur kost á að varpa ljósi á þær aðgerðir sem nú þegar hefur verið gripið til með það að markmiði að reyna að stytta biðlista á barna- og unglingageðdeildina. Fyrst er spurt:

„1. Hvenær má búast við að bið eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildarinnar verði komin í viðunandi horf? Hvenær er gert ráð fyrir að biðin verði komin niður í sex mánuði og hvenær undir þrjá mánuði?“

Því er til að svara að ég geri ráð fyrir að hér sé verið að óska upplýsinga um biðlista vegna göngudeildarþjónustu þar sem bið eftir innlögn er alla jafna stutt. Ekki er unnt að svara með óyggjandi hætti nákvæmlega hvenær bið verður komin niður í sex mánuði og hvenær undir þrjá mánuði. Það ræðst m.a. af því hvernig tekst að framfylgja aðgerðaráætlun minni sem var kynnt 21. september sl. og var í níu liðum. Meginmarkmið þeirrar áætlunar er einmitt að stytta bið eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildarinnar, m.a. með því að flytja hluta þjónustunnar á lægra þjónustustig þar sem sú þjónusta á heima jafnframt því að auka með margvíslegum hætti þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir. Fjölmargir hafa lýst ánægju með þessa aðgerðaáætlun, nú síðast stjórnir Sálfræðingafélags Íslands, Iðjuþjálfafélags Íslands og Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Á fundi í ráðuneytinu daginn áður en ég kynnti þessa áætlun lýstu bæði yfirlæknir BUGL og formaður Félags barna- og unglingageðlækna því yfir að þau teldu aðgerðirnar til þess fallnar að stytta biðlista á BUGL. En ég veit að það er mjög mikill og skýr vilji hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilsugæslustöðvunum um landið til að

takast á hendur þau nýju viðfangsefni sem þeim hafa nú verið falin. Ég er sannfærð um að ef allir leggjast á eitt við að framkvæma þessa aðgerðaáætlun munu biðlistar styttast verulega og vonandi hverfa þó erfitt sé að fullyrða um það á þessu stigi. En ég vil líka taka fram að sviðsstjóri hjúkrunar á geðdeildinni sagði á opinberum vettvangi í tilefni af aðgerðaáætluninni að hún teldi að með því að fylgja henni myndu biðlistar styttast mjög verulega eða hverfa á yfirstandandi ári en þá þurfa auðvitað allir að vinna að sama markmiðinu. Nú er heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins að ráða til sín sálfræðinga til að sinna þessum málum og búið er að koma á farþjónustu á nokkrum heilsugæslustöðvum um landið svo að hægt sé að sinna börnunum á heimavettvangi.

„2. Hvað þarf barn sem hefur fengið fötlunargreiningu á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og þarf aðstoð barna- og unglingageðdeildarinnar eða innlögn vegna geðrænna vandamála að bíða lengi?"

Því er til að svara að samkvæmt upplýsingum frá yfirlækni BUGL og deildarstjóra göngudeildar þar bíða bráðamál af þessu tagi ekki og forgangsmál eru að öllu jöfnu tekin fyrir innan fárra vikna. Milli stjórnenda Greiningarstöðvar ríkisins og barna- og unglingageðdeildarinnar er óformlegt samkomulag í gildi þess efnis að gagnkvæm þjónusta sé veitt með þeim hætti að barn sem fengið hefur þjónustu á öðrum staðnum þurfi ekki að bíða á hinum.

„3. Hvernig er samstarfi Greiningarstöðvarinnar og barna- og unglingageðdeildarinnar háttað hvað varðar þjónustu við börn með einhverfueinkenni og geðræn vandamál?"

Því er til að svara að greining og meðferð vægari raskana með svokölluðu einhverfuprófi fer fram á barna- og unglingageðdeildinni. Börnum með einhverfuraskanir sem leiða til fötlunar er vísað til Greiningarstöðvarinnar og á þjónustu svæðisskrifstofu fatlaðra. Börn með einhverfueinkenni af þeim toga að þau þarfnast innlagnar vegna alvarlegra geðrænna einkenna eru lögð inn á legudeild barna eða unglinga á barna- og unglingageðdeildinni. Að mati stjórnenda BUGL er samstarf deildarinnar og Greiningarstöðvarinnar gott.

Ég vil líka taka fram að í gær var tekin skóflustunga að nýju göngudeildarhúsi við barna- og unglingageðdeildina, það er verk sem hefur beðið um sinn. Safnað var til þess fjármagni frá mörgum öflugum félagasamtökum og ég lagði mjög mikla áherslu á það í fjárlagagerð síðasta árs að klára fjármögnun þessa verkefnis og það tókst. Nú er það verk hafið og það hús verður risið í maí á næsta ári og mun stórbæta alla aðstöðu fyrir göngudeildarþjónustuna. Ég tel að þar hafi afar brýnum áfanga verið náð til hagsbóta fyrir þessi börn.

[12:40]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Það er auðvitað gott að hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skuli hafa lagt fram aðgerðaáætlun í september sl. Það er ágætt. Þá hafði Framsóknarflokkurinn setið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti í 15 ár eða svo. Það er líka mjög gott að í gær hafi verið tekin skóflustunga að göngudeild við barna- og unglingageðdeild. Ef ég man rétt voru teikningar af þessari stækkun tilbúnar fyrir átta árum, gætu verið sjö ég held að þau séu átta. Hún var fyrst kynnt fyrir sex árum, aftur fyrir rúmum fimm árum, henni var lofað fyrir síðustu kosningar 2003 og aftur í fyrra minnir mig og nú er enn einu sinni á ferð loforðið um stækkun BUGL vonum seinna, en það er þó gott að búið er að taka fyrstu skóflustunguna. Það er líka eftirtektarvert að göngudeildin er m.a. byggð fyrir framlög félagasamtaka og einstaklinga en ekki einvörðungu fyrir framlög úr ríkissjóði.

[12:42]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að koma fram með þessa fyrirspurn. Börn og unglingar eru viðkvæmur hópur, hver mánuður skiptir máli og þegar við geðræn vandamál er að glíma má ekki verða dráttur á þjónustu eins og verið hefur. Það er okkur til vansa.

Það er okkur til vansa hvað dregist hefur að ráðast í þá byggingu sem skóflustunga var tekin að í gær. Það eru nokkur ár síðan teikningar voru tilbúnar og að það skuli þurfa að safna af almannafé og félaga til að fara af stað með slíka byggingu er hryggileg staða. Það þarf að stórauka geðheilbrigðisþjónustu barna og unglinga og geðheilbrigðisþjónustuna í hinni almennu heilsugæslu. Þetta á að vera hluti af almannaþjónustu. Við verðum að fara að koma sálfræðingum inn í greiðslufyrirkomulag Tryggingastofnunar ríkisins og reyna að koma þessu í lag. Það væri hægt að hafa mörg orð um þetta en ég ætla að vona að við förum að sjá fjármagn inn í þennan málaflokk.

[12:43]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Loksins dróst hún upp úr jörðinni, skóflan með fyrstu moldinni vegna byggingar yfir BUGL. Eftir sex ára árangursleysi með söfnunarfé frá almannasamtökum, sem er að sjálfsögðu ekkert annað en áfellisdómur um getuleysi ríkisvaldsins í þessu máli. Um er að ræða brotnustu börnin, langa biðlista ár eftir ár, eilíf slagsmál foreldra barna sem þjást af geðröskunum og geðrænum vandamálum við að fá þjónustu fyrir börnin sín — áfellisdómur um árangursleysi heilbrigðisyfirvalda í þessu máli. Þetta mál er allt hinn mesti ósómi fyrir íslenska ríkið og ríkisstjórnina. Það er eiginlega grátlegt að þurfa ár eftir ár að byrja á sama núllpunktinum aftur og aftur. En nú nokkrum dögum fyrir kosningar tekur hæstv. heilbrigðisráðherra fyrstu skóflustunguna, sex árum eftir að átti að vera búið að byggja yfir BUGL. Gott og vel. Ég veit ekki hversu alvarlega fólk tekur það en þetta mál er allt yfirvöldum til minnkunar.

[12:44]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Full ástæða er til að óska okkur öllum til hamingju með að farið er að byggja við BUGL. Í tilefni af orðum hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar á undan mér þá er engin skömm að því að nýta söfnunarfé frá aðilum úti í bæ. Það er sterk hefð fyrir því. Ég bendi m.a. á að Landspítalinn var á sínum tíma byggður fyrir fé sem var safnað

af kvenfélögunum og það sama á við um Barnaspítala Hringsins.

Ég kem hingað upp ekki síst til þess að ræða um þá mikilvægu aðgerðaáætlun sem kom fram sl. haust í málum geðfatlaðra barna. Hún er til þess fallin að stytta biðlista eftir þjónustu og færa þjónustuna á það stig að hægt verði að bregðast við áður en börn þurfa að leggjast inn á sjúkrahús. Með því móti er þörfum barnanna og fjölskyldna þeirra betur mætt og þeim er mætt á réttu þjónustustigi.

[12:45]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka þá umræðu sem orðið hefur um fyrirspurnina. Hún hefur verið gagnleg og það er rétt að ástæða er til að gagnrýna það hversu hægt hefur gengið í uppbyggingu á barna- og unglingageðdeildinni. Henni hefur verið lofað mjög oft og í gær var fyrsta skóflustungan loksins tekin.

Ég vil líka þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við fyrirspurnum mínum. Hæstv. ráðherra segir að ef staðið verði við aðgerðaáætlunina muni biðin leysast á þessu ári. Hæstv. félagsmálaráðherra talaði líka um í svari sínu fyrir tveimur vikum að vandinn vegna biðar mundi leysast á árinu 2008. Ég leyfi mér að hafa efasemdir vegna þess að þetta hefur enginn af þeim heyrt sem eru að bíða eftir þjónustunni. Foreldrum hefur verið bent á, sérstaklega vegna barna á skólaaldri, að biðin geti verið allt að þrjú ár. Það er enn verið að segja þetta við foreldra. Og vegna þeirra svara í sambandi við börn sem þurfa þjónustu barna- og unglingageðdeildar vegna geðrænna vandamála, þá er það svo að ég veit dæmi þess að fólk er að bíða eftir mjög lítilli þjónustu allt of lengi. Ég veit um nokkur dæmi. Ég bið því hæstv. ráðherra að skoða þetta nánar og beita sér í því, þann stutta tíma sem hún á eftir í embætti, að þeirri þjónustu við börn sem bíða verði flýtt og einnig að aukin samvinna verði á milli stofnananna. Báðir hæstv. ráðherrar hafa svarað þeim spurningum mínum á þann veg að samvinnan sé góð. Ég vona að það sé rétt og ég held að það sé rétt og að allir vilji hafa það þannig, en hún er ekki alveg nægilega mikil. Þar þarf ráðherra að taka til hendinni og beita sér fyrir því að hún verði enn þá meiri og foreldrar þurfi ekki að bíða með börn sín eins og staðan er nú.

[12:48]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Það er mjög mikilvægt að draga fram í þessu sambandi að bráðamálin bíða ekki, þau eru alltaf í forgangi, en það hefur verið biðlisti vegna annarra mála og með aðgerðaáætluninni bind ég vonir við að biðlisti styttist. Vonandi hverfur hann. Það er auðvitað alltaf erfitt að fullyrða um slíkt en að því er stefnt. Ég vísa aftur í orð sviðsstjóra á hjúkrunar- og geðdeildinni sem taldi að þeir gætu styst eða jafnvel horfið á þessu ári. Árið er ekki liðið og við vitum ekki nákvæmlega hvernig til tekst með aðgerðaáætlunina en að minnsta kosti er hún góð og henni hefur verið fagnað almennt af m.a. foreldrasamtökum barna og við vinnum eftir henni af eins miklum sóma og okkur er unnt.

Göngudeildarbyggingin, sem getið var um í fyrra svari mínu, hófst í gær en gefið var í skyn áðan að þetta væri kannski eitthvert blöff eða eitthvað slíkt en það er alls ekki. Búið er að fjármagna bygginguna þannig að fjármagnið er komið í höfn. Það er rétt að félagasamtök komu með hluta af fjármagni inn og ríkið kom með rest og einnig var ein eign seld upp í þetta sem hafði verið nýtt af Landspítalanum á fyrri tíð.

Ég tel að mjög vafasamt sé þegar þingmenn fara að hallmæla því að gefið sé fé í svona verkefni. Hér var hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sérstaklega að hallmæla því. Ég tel að það sé mjög gott ef frjáls félagasamtök gefa í góð verkefni. (Gripið fram í.) Ég vil sérstaklega minna á að konur byggðu t.d. Landspítalann næstum því einungis ... (Gripið fram í.) Konur gáfu í tilefni þess að þær fengu kosningarétt, ég held að þær hafi gefið einn þriðja eða helming af framkvæmdafénu, sem var alveg ótrúlega góður árangur. Ég tel því að frjáls félagasamtök geti komið til hjálpar bæði varðandi tækjakaup og annað í góð verkefni.

Umræðu lokið.

## *Slysavarnir aldraðra.*

Fsp. ÁRJ, 269. mál. — Þskj. 278.

[12:50]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Virðulegi forseti. Öflugar slysavarnir eru ómetanlegar og mikilvægt að öryggismál séu í lagi fyrir alla aldurshópa og ekki síst aldraða. Oft þarf ekki nema eina slæma byltu og heilsan er ekki lengur til staðar. Það er því mikilvægt að tryggja eldra fólki öryggi bæði á heimilum og utan þeirra. Í haust sat ég ráðstefnu um slysavarnir aldraðra en þar var kynnt það sem aðrar þjóðir eru að gera í þessum efnum og sumt af því sem við erum að gera.

Stór þáttur í slysavörnum aldraðra eru t.d. byltuvarnir. Þar eru aldraðir kallaðir í göngugreiningu og eru t.d. Ástralir með forgreiningu við ákveðinn aldur til að fyrirbyggja slys, til að finna þá sem eru í áhættuhópi. Víða eru hjúkrunarfræðingar á heilsugæslustöðvum að sinna öldruðum í hverfinu með heimsóknum og fræðslu um þessi mál. Í nágrannalöndum okkar er víða hvatning til reglubundinnar hreyfingar, göngu og sunds, sem er reyndar hér á landi einnig, mætti jafnvel vera meira, en Brynjólfur Mogensen bæklunarlæknir sagði á ráðstefnunni að líkamsrækt væri besta yngingarmeðalið.

En hvað erum við að gera hér til að fyrirbyggja slys hjá þessum hópi? Það var spurt: Eru lög um hitaveituvatn nógu ströng? Eru kröfur um tæknilausnir í lögum til að fyrirbyggja bruna vegna hitaveituvatns? Slík slys eru algeng hjá öldruðum og börnum og reyndar hjá fleirum. Hafa heilbrigðisyfirvöld vísað því t.d. til Neytendastofu að hún beiti sér fyrir auknu öryggi aldraðra í verslunum? Þar er algengt að þeir brjóti sig og detti á meðan algengustu slysin á börnum í verslunum eru að detta úr innkaupakörfum.

Svona var umræðan um þessi mál á ráðstefnunni og bent á að endurskoða þyrfti ýmsa löggjöf með tilliti til öryggis aldraðra, t.d. hvað varðaði hópa með ýmsa alvarlega sjúkdóma, t.d. öldrunarsjúkdóma, og þar vantaði víða end-

urskoðun á lögum um öryggisþætti. Því spyr ég á þessu þingskjali hæstv. heilbrigðisráðherra:

1. Hvaða vinna hefur farið fram til að fyrirbyggja slys á öldruðum í heimahúsum, á heilbrigðisstofnunum og á hjúkrunarheimilum?

2. Telur ráðherra þörf á lagabreytingum til að ná betri árangri í slysavörnum aldraðra, og ef svo er, þá hverjar?

Ég nefndi nokkur dæmi sem komu til tals á ráðstefnu þeirri sem ég sat um slysavarnir aldraðra.

[12:53]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Því er til að svara að árið 2002 hófst formleg skráning í slysaskrá Íslands með það að markmiði að samræma skráningu slysa, veita yfirlit yfir fjölda, orsakir þeirra og afleiðingar auk þess að skapa möguleika á ítarlegum rannsóknum. Markvissar forvarnir og skipulagning slysavarna grundvallast á þekkingu á þessum atriðum.

Flest slys á öldruðum verða á eða við heimili þeirra og um tveir þriðju hlutar allra slysa á öldruðum verða vegna falls eða byltu. Næstalgengasta orsök áverka eru árekstrar af einhverju tagi, en aðrar orsakir eins og bruni, skurðir eða eitranir eru frekar fátíðar. Aldraður sem hefur lent í byltu er allt að því þrisvar sinnum líklegri en aðrir til að detta aftur innan árs. Áhætta eykst með hækkandi aldri. Kynferði skiptir máli því áhætta eykst með hækkandi aldri hjá konum en síður hjá körlum. Af fleiri áhættuþáttum má nefna lyfjanotkun, tiltekna sjúkdóma, andlegt ástand, næringarástand, fótavandamál, slæma sjón og hættur í umhverfinu.

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr slysum á öldruðum. Á öldrunarsviði Landspítalans er starfrækt byltu- og beinverndarmóttaka fyrir þá sem orðið hafa fyrir byltum eða eru taldir í slíkri hættu. Landlæknir hefur gefið út klínískar leiðbeiningar um greiningu og meðferð beinþynningar og einnig um forvarnir og meðferð mjaðmabrota hjá öldruðum þar sem m.a. er fjallað um byltuforvarnir. Gagnrýndar rannsóknir hafa sýnt fram á að sé farið vandlega yfir mál þeirra sem hljóta byltu má draga úr sjúkrahúsinnlögnum, fötlun og umfram allt bæta lífsgæði. Beinvernd, landssamtök áhugafólks um beinþynningu, vinnur gott starf og stendur m.a. að fræðslu fyrir almenning og fagfólk sem byggist á bestu þekkingu á hverjum tíma um beinþynningu og varnir gegn henni.

Líkamsrækt er mikilvæg byltuforvörn og fellur undir 1. stigs forvarnir. Einstaklingur ber þar mesta ábyrgð sjálfur en hlutverk heilbrigðisþjónustunnar er að upplýsa og hvetja fólk til dáða. Heilbrigðisráðuneytið, Lýðheilsustöð og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er nú komið af stað með tilraunaverkefni sem kallast hreyfing fyrir alla. Markmiðið er að fjölga skipulögðum tilboðum um markvissa hreyfingu fyrir fullorðið og eldra fólk og skapa tækifæri til að sinna þeim sem skortir hvatningu og stuðning til að hreyfa sig. Hjá heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaganna eru miklir möguleikar til forvarna, m.a. til að draga úr byltum og afleiðingum þeirra. Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra er þjónusta sem hefur verið tekin upp nokkuð víða og ég hvet til að verði skipulögð um allt land. Með því gefst kostur á að kanna heimilisaðstæður aldraðra, leiðbeina um úrbætur á húsnæði og notkun hjálpartækja.

Þá má geta þess að slysavarnadeildir innan Landsbjargar um allt land standa fyrir öflugu forvarnastarfi með fræðslu til aldraðra og í haust hófst verkefni sem miðar að því að heimsækja aldraða, 75 ára og eldri, til að yfirfara hættur á og við heimili þeirra. Þetta verkefni er í þróun og hefur fallið í góðan jarðveg hjá öldruðum, þ.e. þeim sem hafa verið heimsóttir. Byltur meðal aldraðra á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og öldrunarstofnunum eru nokkuð tíðar og þarf að draga úr þeim eins og kostur er. Samkvæmt RAI-mælingum á hjúkrunarheimilum á síðasta ári hlutu 30% íbúanna byltu á sex mánaða tímabili. Alls beinbrotnuðu 6% íbúa á hjúkrunarheimilunum á því tímabili.

Klínískar leiðbeiningar eru ein leið til að draga úr byltum. Á Landspítalanum hafa verið gerðar þverfaglegar klínískar leiðbeiningar í þessu skyni sem verða innleiddar þar á næstu mánuðum.

Virðulegur forseti. Meðal markverðra aðgerða sem ráðist hefur verið í, og ég bind vonir við að munu draga úr byltum aldraðra á stofnunum, er lyfjastefna sem nú hefur verið tekin upp á dvalar- og hjúkrunarheimilum sem eiga aðild að samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Auk sameiginlegrar lyfjastefnu hafa dvalar- og hjúkrunarheimilin sameiginlega lyfjanefnd til að fjalla um þessi mál. Samkvæmt stefnunni er stefnt að því að aldraðir sem eru á nýjum lyfjum eða fleiri fái sérstaka skoðun, lyf þeirra yfirfarin og þeim fækkað ef efni standa til. Þetta er mjög mikilvægt því það hefur sýnt sig og verið sannað með rannsóknum að fækkun lyfja dregur úr möguleikum á mistökum og byltum, bætir meðferðarheldni og eykur lífsgæði einstaklinganna. Ráðuneytið vinnur að því að koma þeirri stefnu víðar að innan heilbrigðisþjónustunnar.

Hv. þingmaður spyr hvort ég telji þörf á lagabreytingu til að ná betri árangri í slysasvörnum aldraðra. Ég tel við fyrstu sýn að svo þurfi ekki að vera. Mestu skiptir að skipuleggja slysavarnir vel og beina þeim í þann farveg þar sem þær koma að mestu gagni. Það gerum við best með því að nýta þau tæki og upplýsingar sem við höfum með því að byggja á þekkingu sérfræðinga og nýta okkur gagnrýnd úrræði á þessu sviði.

[12:58]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Ljóst er að slysavarnir aldraðra munu margborga sig hvernig sem á það er litið. Samkvæmt úttektum sem hafa verið gerðar er fall algengasta slys sem hendir aldraða í 73% tilfella og í 75% tilvika gerist það á heimilum fólks vegna m.a. lausra mottna, þröskulda og rafmagnssnúra sem eru í gangveginum o.s.frv.

Að mínu mati ætti það ekki síst að vera hlutverk heilsugæslunnar að takast á við þessa þætti og ég bendi á að heilsugæslustöðvar víða um land hafa tekið upp reglubundnar heimsóknir til aldraðra, m.a. í þeim tilgangi að skoða slysagildrur. Það er til fyrirmyndar og ætti að taka upp á öllum stöðum.

Jafnframt tek ég undir það sem kom fram í máli hæstv. ráðherra varðandi slysavarnir í kringum lyfjagjöf. Við sem sitjum í heilbrigðis- og tryggingarnefnd veittum því athygli þegar við heimsóttum hjúkrunarheimilið Sóltún að einmitt

lyfjastefna og slysavarnir fækkuðu marktækt slysum á stofnuninni.

[12:59]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Byltur og brot valda einstaklingum óþægindum og heilsutjóni og er kostnaðarsamt fyrir þjóðfélagið. Þess vegna ber okkur að stuðla að því að fyrirbyggja slík óþægindi og það er hægt að gera. Enn og aftur kem ég að því að efla þarf heilsugæsluna og ekki bara í orðum heldur þarf fjármagn til að fjölga starfsmönnum og að markviss þjónusta verði innan heilsugæslunnar að veita öldrunarþjónustu, heimsóknir miðað við ákveðinn aldur og í heimsóknunum sé farið yfir heimilisaðstæður, hvar megi draga úr slysaþáttum og ef þarf komi iðjuþjálfar þar inn líka. Þetta þarf að vinna með félagsþjónustu sveitarfélaganna því það er einstaklingurinn, sveitarfélögin og hugsanlega Tryggingastofnun sem þurfa að koma að með hjálpartæki.

Einnig vil ég benda á mikilvægi þess að skipulag í sveitarfélögum og bæjum sé með þeim hætti að aðgengi aldraðra og fatlaðra sé til sóma.

[13:00]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka umræðuna og hæstv. ráðherra svörin. Slysavarnir eru mjög mikilvægar og ekki síst hjá öldruðum og ég heyri hjá hæstv. ráðherra að verið er að gera ýmislegt gott, en kannski mætti segja að heildræna stefnu vantaði í slysavörnum aldraðra. Það var a.m.k. sú niðurstaða sem fékkst á þinginu sem ég sat. Ég heyri að ýmislegt er að gerast hjá Landsbjörgu, Landakoti og Landspítalanum.

Einnig vil ég taka undir mikilvægi lyfjastefnunnar. Það voru mjög merkilegar upplýsingar sem heilbrigðis- og tryggingaráðið fékk í heimsókn á Sóltún um árangurinn af því að fækka lyfjum og hvernig áhrif það hefur haft á aldraða. Það er líka merkilegt að konur slasast oftar en karlar á efri árum þannig að þetta er mikið baráttumál í rauninni í kvennabaráttunni að tryggja og standa vel að slysavörnum aldraðra.

Ég var hissa á svari ráðherra við fyrirspurninni um hvort þyrfti að breyta lögum til að bæta slysavarnir aldraðra. Í nágrannalöndum hefur verið farið markvisst yfir hina ýmsu löggjöf til að tryggja betur heilsu aldraðra. Það hefur t.d. verið farið yfir umferðarlögin og ýmis önnur lög til að tryggja betur slysavarnir aldraðra. Ég nefndi t.d. hitaveitur, lög um heitt vatn o.s.frv. sem var bent á. Ég hefði því talið ástæðu til að skoða löggjöfina út frá þeim markmiðum sem við setjum okkur í að bæta slysavarnir gagnvart öldruðum. Það er svo auðvitað til bóta þegar slysaskráningin hefur batnað svo mjög eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra.

[13:03]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég sé ekki við fyrstu sýn hvort eitthvað sé að okkar lögum. Varðandi hitaveituna eru, að ég tel, nokkuð skýr ákvæði í lögum og reglugerðum um þau atriði en það er auðvitað sveitarfélaganna að framfylgja því að farið sé eftir þeim. En ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að verið er að gera mjög margt gott á þessu sviði og fjölmargir aðilar koma þar að. Það er rétt sem fram hefur komið að heilsugæslan og félagsþjónusta sveitarfélaga eru í nokkuð stóru lykilhlutverki af því að þar verða slysin tíðust. Ég vil í því sambandi benda á það, sem ég hef haft mjög miklar áhyggjur af, að meira en helmingur sveitarfélaga hefur dregið úr félagslegri þjónustu fyrir aldraða í heimahúsum. Mér finnst það mjög alvarlegt mál og þetta eru mörg sterkrík sveitarfélög. Það eru ekki fátæk veikburða sveitarfélög sem eru að gera þetta.

Ég hef bent á að Reykjavík, sem er langstærsta sveitarfélagið, hefur ekki verið að auka félagslegu heimaþjónustu sína fyrir aldraða. Sami tímafjöldi var á tímabilinu 1999–2003, þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Sveitarfélög eins og Kópavogur, Reykjanesbær, Garðabær, Seltjarnarnes, Akranes og Ísafjarðarbær drógu úr félagslegri heimaþjónustu fyrir aldraða 1990–2003 og mörg þeirra sveitarfélaga sem ég var að lesa upp eru sterkrík sveitarfélög í sókn. Hvað er í gangi? Ég vil draga þetta sérstaklega fram af því að sveitarfélögin hafa mjög miklu hlutverki að gegna í þjónustu við aldraða og félagsþjónusta sveitarfélaga er má segja eiginlega fyrsta þjónustustigið og það er miklu eðlilegra að fólk fái félagsþjónustu frá sveitarfélaginu áður en það fær heimahjúkrun frá heilsugæslunni. Það er seinna stigið þegar fólk er orðið veikara.

Ég segi, virðulegi forseti, að mér finnst það grafalvarleg staðreynd að meiri hluti sveitarfélaga hefur dregið úr félagslegri heimaþjónustu við aldraða og það líka mörg sterkrík stór sveitarfélög. Það er hneyksli að mínu mati.

Umræðu lokið.

## *Rekstur dvalar- og hjúkrunarrýma.*

Fsp. SigurjÞ, 315. mál. — Þskj. 337.

[13:05]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég vil beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fram fari útboð á rekstri þeirra dvalar- og hjúkrunarrýma sem ráðherra hefur boðað á næsta kjörtímabili og að þjónusta sem þar á að veita verði skilgreind með þjónustusamningum við viðkomandi stofnanir?

Það verður að segjast eins og er, því miður, að ekki er skilgreind nein lágmarksþjónusta á þeim stofnunum þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi gefið út það álit að slíkt skuli gert. Það kom fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá haustinu 2005, eða fyrir einu og hálfu ári, að það beri að gera, enda hljótum við að gera þá kröfu að skilgreind sé einhver lágmarksþjónusta. Við höfum því miður dæmin fyrir okkur að sú þjónusta sem öldruðum er boðið upp á er ekki boðleg og m.a. má benda á að sumir aldraðir búa við það að þurfa að búa í þvingaðri sambúð með öðrum inni á herbergjum. Þegar verið er að veita svona háar upphæðir, eins og veitt er í þennan málaflokk, 15 þús. milljónir árlega,

hlýtur að þurfa að skilgreina hvaða þjónustu á að veita fyrir þessa háu upphæð til að ná árangri. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar og nú vil ég ítreka spurninguna hvort hæstv. ráðherra hyggist þá gera einhverjar lágmarkskröfur til þeirra nýju stofnana sem verið er að setja á fót. Mér finnst það vera lágmark að það verði gert.

Við verðum að gæta að því að það ástand sem við búum við í þessum málaflokki er ófremdarástand. Það er ófremdarástand þegar fram kemur í skoðanakönnun sem tímaritið Ísafold gerði að mikill meiri hluti landsmanna vill ekki dvelja á þessum heimilum. Það segir auðvitað sína sögu um ástand málaflokksins, að meiri hluti landsmanna vilji ekki sætta sig við að þiggja þá þjónustu sem hið opinbera á að veita. Og við höfum því miður, frú forseti, nýleg dæmi um að þegar þjónusta sem verið er að veita af opinberu fé sem átti að nýta til góðrar starfsemi, er ekki skilgreind og peningar veittir eftirlitslaust til slíkrar starfsemi, þar nefni ég m.a. Byrgið. Það kann ekki góðri lukku að stýra þegar fjármunir eru veittir án þess að það sé með nokkrum hætti skilgreint til hvers á að nota viðkomandi peninga. Við sem viljum fara vel með opinbert fé hljótum því að gera þá kröfu að gerðir verði einhverjir þjónustusamningar í þessum málaflokki. Annað er óásættanlegt, virðulegi forseti.

[13:08]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður hefur beint til mín svohljóðandi spurningu:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fram fari útboð á rekstri þeirra dvalar- og hjúkrunarrýma sem ráðherra hefur boðað á næsta kjörtímabili og að þjónusta sem þar á að veita verði skilgreind með þjónustusamningum við viðkomandi stofnanir?“

Virðulegur forseti. Ég vil taka fyrst fram að engin áform eru um að fjölga dvalarrýmum eins og spurningin hljóðar upp á, enda eru það úrræði sem eru á undanhaldi og hafa verið um langa hríð. Við erum að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými, það er þróunin. Dvalarrýmum hefur því farið fækkandi en hjúkrunarrýmum fjölgandi.

Fyrir liggur ákvörðun um að byggja á næstu fjórum árum um 374 hjúkrunarrými víðs vegar um landið. Þau eru flest á höfuðborgarsvæðinu og undirbúningur þessara framkvæmda er þegar hafinn. Ekki er skylt að bjóða út rekstur hjúkrunarheimila samkvæmt lögum um opinber innkaup, nr. 94/2001. Á undanförnum árum hafa fáir viljað taka að sér rekstur hjúkrunarheimila en á síðustu missirum hefur hins vegar komið fram vaxandi áhugi á slíkum rekstri og margir reyndir og traustir aðilar hafa sóst eftir að taka að sér rekstur hjúkrunarheimila. Við þessa breytingu á framboði á rekstraraðilum eykst að sjálfsögðu krafan um jafnræði og gagnsæi við ákvarðanatöku. Því hefur verið ákveðið að auglýsa eftir rekstraraðilum með markmið laga um opinber innkaup að leiðarljósi, þ.e. að tryggja jafnræði bjóðenda við opinber innkaup og stuðla að virkri samkeppni og hagkvæmni í opinberum rekstri.

Ég hef með bréfi til fjármálaráðuneytisins óskað eftir afstöðu þess til þess hvort víkja megi frá þeirri kröfu þegar sérstaklega stendur á. Svar við þessu liggur ekki fyrir. Ég vil taka fram að þegar sveitarfélög taka að sér rekstur hjúkrunarheimila er ekki auglýst eftir rekstraraðilum. Greiðslur daggjalda á hjúkrunarheimilum byggjast á sérstöku greiðslulíkani heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Líkanið tekur mið af umönnunarþyngd þeirra sem vistast í hjúkrunarrýmum og mönnunarþörf. Við val á rekstraraðila er útbúin kröfulýsing þar sem lýst er nákvæmlega þeim kröfum sem ríkið hyggst gera til þjónustu og aðbúnaðar á viðkomandi heimili. Samkeppni milli bjóðenda byggist því ekki á keppni um verð heldur um gæði þjónustunnar sem verið er að bjóða. Þegar val á rekstraraðila hefur verið staðfest er jafnframt komið á ígildi þjónustusamnings sem byggir á fyrrgreindri kröfulýsingu og upplýsingum bjóðenda.

Hvað varðar það að oft er gefið í skyn að stjórnvöld viti ekki hvað þau eru að kaupa vil ég taka fram að í lögum um málefni aldraðra kemur fram hvaða grundvallarkröfur eru gerðar til hjúkrunarheimila og hvaða þjónusta skuli veitt. Nánari skilgreiningar á þjónustu koma fram í reglugerð nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu og í skilmálablöðum ráðuneytisins um rekstur og uppbyggingu hjúkrunarheimila aldraðra er fjallað ítarlega um kröfur varðandi aðbúnað og þjónustu. Loks eru RAI-mælingarnar, sem fjallað er um í reglugerð nr. 546/1995, um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum. RAI-kerfið er mjög mikilvægt tæki jafnt til að setja markmið um gæði og til þess að sinna eftirliti með þjónustu öldrunarstofnana.

Virðulegur forseti. Ég vil líka af þessu tilefni lýsa því hvar þessi 374 nýju hjúkrunarrými eiga að rísa. Það eiga að rísa 110 rými við Suðurlandsbrautina og þar eru framkvæmdir við jarðvegsvinnu hafnar. Af þessum 110 rýmum eru 40 rými fyrir heilabilaða og 10 rými fyrir geðsjúka. Þá eru 90 rými á svokallaðri Lýsislóð en þar koma bæði Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður að og síðan verða byggð 174 rými á eftirtöldum svæðum: 20 rými á Sjúkrahúsi Suðurlands, 44 í Kópavogi, 20 í Mosfellsbæ, 30 í Reykjanesbæ og Hafnarfirði, 10 á Ísafirði og 20 í Garðabæ. Ég tel mjög mikilvægt að draga það fram að nú þegar erum við að vista hærra hlutfall aldraðra á stofnunum en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Samt erum við að bæta við 374 nýjum rýmum. Ég tel að þegar búið verður að byggja þau upp, sem verður á næstu fjórum árum, sé líklegt að við séum búnir að byggja nóg. Það er erfitt að fullyrða það en mér finnst það mjög líklegt miðað við það sem við sjáum í nágrannaríkjum okkar. Ég tel að sveitarfélögin verði að stórherða sig varðandi heimaþjónustu, félagslega heimaþjónustu fyrir aldraða og ríkisvaldið hefur verið á síðustu árum að stórauka framlög til heimahjúkrunar og það munum við halda áfram að gera. Félagsþjónusta sveitarfélaga og hlutur sveitarfélaga er því gífurlega stór og þau verða að standa sig betur en þau hafa gert. Sum hafa gert þetta vel, meiri hluti hefur dregið úr félagslegri heimaþjónustu og það hefur skapað mjög mikið óöryggi og skapað þrýsting á biðlista inn á hjúkrunarheimili.

[13:14]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í október 2005 kemur fram að munur sé á gæðum og magni

þjónustu eftir stofnunum. Það kemur reyndar orðrétt fram að ekki sé alltaf samsvörun á milli kostnaðar og þjónustustigs. Það er auðvitað, virðulegi forseti, fráleitt að ríkissjóður sé að greiða út 15 milljarða kr. á ári án þess að um sé að ræða samning við þann aðila sem veitir þjónustuna þar sem skilgreind er sú þjónusta sem hver einstaklingur á rétt á að fá og eitthvert eftirlit sé með því að einstaklingarnir fái þá þjónustu sem ríkið er að leggja peninga út fyrir þá.

Ég minni á, virðulegi forseti, að það vekur undrun að sum heimili virðast geta safnað fé í sjóði sem þau síðan nota til bygginga. Hvaðan kemur það fé annars staðar en frá ríkinu sem á að nota til þjónustu fyrir íbúana en virðist ekki vera gert?

[13:15]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Þetta er mikilvæg spurning hjá hv. þingmanni og ástæða til bæði að þakka honum fyrir hana og vekja athygli á henni. Það er nú svo að stærsti hluti öldrunarstofnana er rekinn af öðrum en opinberum aðilum. Margir hafa áhuga á að takast á við þetta verkefni eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra. Það er viðurkennt að útboð tryggja jafnræði milli aðila og tryggja jafnframt að ríkið geti metið besta kostinn með tilliti til þjónustu, gæða og pyngju ríkisins.

Það kom einmitt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við aldraða frá því í október 2005 að mjög mikill munur er á þjónustu milli öldrunarstofnana. Það er mikil þörf á að skilgreina þetta, hvaða þjónustu á að veita, hvað fellur undir samninginn, og ég tel að þjónustusamningar séu best til þess fallnir að ná því markmiði. Ég minni m.a. á að í fyrirspurn síðastliðið haust kom fram að sumar öldrunarstofnanir færa kostnað af þvotti á einstaklingana sem veldur mikilli mismunun.

[13:16]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Það er ljóst að daggjaldagreiðslur, bæði til dvalar- og hjúkrunarheimila, eru allt of lágar í dag. Það hefur sérstaklega valdið hjúkrunarheimilunum miklum erfiðleikum sem hefur orðið til þess að þau hafa brugðið á það ráð að taka upp ýmis sparnaðarráð sem eru ekki til eftirbreytni, m.a. komið þvotti og annarri þjónustu yfir á aðstandendur. Það hefur gengið svo langt að aðstandendur hafa meira að segja tekið að sér hluta af eftirliti eða dagþjónustu inni á deildunum og þetta er náttúrlega ekki til fyrirmyndar. RAI-matið mun að einhverju leyti koma til móts við þetta.

Ég vara við því að menn horfi eingöngu á útboð, mér þykir eðlilegra að horfa til þess að ekki sé verið að hafa þennan rekstur að féþúfu fyrir þá sem vilja reka slíkar stofnanir, að ekki sé horft á rekstur út frá arðsemiskröfum. Í því sambandi vil ég benda á góða þjónustu DAS og þeirra sem hafa rekið öldrunarþjónustu með sameignarforminu.

[13:17]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Þetta er mjög mikilvæg umræða og ég er á þeirri skoðun að ríkisvaldið eigi ekki fela öðrum verkefni og þjónustu fyrir sig fyrir þriðja aðila án þjónustusamninga þar sem tilgreint er hvaða þjónustu eigi að veita, hvaða aðbúnað, hversu mikið það á að kosta og það á að vera samræmi í þeirri þjónustu. Það er ófremdarástand í þessum málum eins og hv. fyrirspyrjandi benti hér á. Það eru 70 manns á biðlista inni á Landspítala eftir því að komast inn á hjúkrunarheimili, 400 bíða í brýnni þörf, 900 eru þvingaðir í samvist með ókunnugum o.s.frv. Gamla fólkið er látið borga fyrir þjónustu af mjög lágum vasapeningum og dæmi eru um að fólk sem er inni á þessum stofnunum hafi ekki einu sinni efni á að kaupa sér gleraugu vegna þess að vasapeningarnir fara allir í að greiða fyrir þjónustu sem það þarf nauðsynlega á að halda inni á stofnuninni.

[13:19]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Framsóknarflokkurinn hefur ráðið þessum málaflokki vel á annan áratug og ég held að sé nóg komið. Þegar maður hlustar á hæstv. heilbrigðisráðherra, sem er nokkuð ný í starfi, virðist ekki vera um neina stefnubreytingu að ræða. Ég gat ekki betur heyrt en að þetta ætti að ráðast af einhverjum útboðum í stað þess að vera með skýra stefnu um að gera eigi þjónustusamninga með lágmarkskröfum til þess að ná fram þeim árangri sem þarf að nást í þessum málaflokki. Auðvitað eiga menn að skilgreina í hvað peningarnir eiga að fara. Þetta er ekki bara mín skoðun heldur kemur þetta fram m.a. hjá helstu sérfræðingum á sviði þessa málaflokks, sérfræðingum í öldrunarfræðum, að þetta sé leiðin til að ná árangri.

Ég minni á að á fundi í heilbrigðisnefnd síðastliðið haust komu aðstandendur aldraðra og sögðu frá því að þeir væru jafnvel farnir að leggja fram fé úr eigin vasa til þess að fá fyrir þá lágmarksþjónustu. Mér finnst það vera lágmarkskrafa til stjórnvalda að þau skilgreini hvaða þjónustu þau ætla að fá. Síðan verð ég að segja að mér finnst algjörlega ótækt þegar farið er af stað með ný hjúkrunarheimili og ekki verið með skýra stefnu hvað þetta varðar og það er í rauninni fyrir neðan allar hellur.

Ég vonast til þess að hæstv. heilbrigðisráðherra taki tillit til þeirra tilmæla sem koma fram hjá Ríkisendurskoðun þannig að við þurfum ekki að fara í gegnum sömu fréttatímana ár eftir ár þar sem sýnt er frá hjúkrunarheimilum þar sem algert ófremdarástand ríkir. Við viljum fá breytingar í þessum málaflokki og til þess að svo verði þarf ráðherra að taka einhverja stefnu í málaflokknum og skýra þá lágmarksþjónustu sem veita á fyrir opinbert fé.

[13:21]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Það er eins og hv. þingmaður hafi ekki hlustað á fyrra svar mitt (**SigurjÞ:** Ég hlustaði.) en þar kom fram að við val á rekstraraðila er útbúin kröfulýsing þar sem lýst er nákvæmlega þeim kröfum sem ríkið hyggst gera til þjónustu og aðbúnaðar á viðkomandi heimili. Ég var líka búin að koma því hér á framfæri að í lögum og reglugerðum eru gerðar kröfur til þess hvaða þjónusta skuli veitt og það er líka á skilmálablöðunum og líka gagnvart RAI-matinu.

Varðandi eftirlitið þá vil ég koma því á framfæri að við

fáum ársskýrslur frá þessum heimilum og að landlæknisembættið sinnir eftirliti með þjónustu hjúkrunarheimila. (**SigurjÞ:** Ef það eru engar lágmarkskröfur, hvernig á þá eftirlitið að vera?) Þetta er ekki eins og hér sé verið að draga upp að þetta sé eftirlitslaust og menn viti ekkert hvað verið er að borga til. Þetta er ekki þannig, virðulegi forseti.

Varðandi daggjöldin þá kom fram hjá einum hv. þingmanni að þau væru of lág. Af því tilefni sérstaklega vil ég segja að við erum að breyta daggjaldakerfinu og nýja kerfið byggist meira á því hve umönnunarþyngd sjúklinga er mikil. Greiðslurnar eru hærri til þeirra stofnana sem eru með þyngri hóp og lægri til þeirra sem eru með léttari hóp. Það er líka tekið tillit til lítilla stofnana, þ.e. ef stærðin er undir ákveðnum mörkum fá þau heimili meiri meðgjöf af því að ákveðið óhagræði er í því að vera með litlar rekstrareiningar. Nýja daggjaldakerfið endurspeglar bæði hjúkrunarþyngdina og það hvort stofnanir eru litlar eða stórar og er því mun réttlátara en það daggjaldakerfi sem viðgekkst þangað til það nýja var tekið upp sem var nú nýlega.

Umræðu lokið.

## *Eftirlit með gasbúnaði í hjólhýsum.*

Fsp. SigurjÞ, 344. mál. — Þskj. 373.

[13:24]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég er með fyrirspurn sem ég beini til hæstv. félagsmálaráðherra og hún hljóðar svo:

1. Hvernig fer eftirlit og skoðun fram á gasbúnaði í hjólhýsum og húsbílum?

2. Kemur til greina að breyta því fyrirkomulagi sem nú er viðhaft?

Eftir því sem ég kemst næst heyrir þetta eftirlit undir hæstv. félagsmálaráðherra en samt sem áður er Vinnueftirlitið, sem er hans eftirlitsstofnun, lítið í þessum verkum.

Þessi tæki, hjólhýsi og húsbílar, fara að öllum líkindum í bifreiðaeftirlit og það væri þess vegna nær að flytja þetta eftirlit til þeirrar starfsemi. Þetta gæti verið liður í því að einfalda stjórnsýsluna en sá háttur sem hér er á, að hvert ráðuneyti hefur eftirlit með sínum lögum, reglugerðum og stofnunum, gerir stundum allt verklag mjög flókið. Ég vil heyra frá hæstv. félagsmálaráðherra hvaða viðhorf hann hefur til þessara mála en hér er um að ræða búnað sem verður sífellt algengari, hjólhýsum og húsbílum fjölgar mjög mikið, það er eins og landsmenn sér farnir að leggja gömlu tjöldunum og farnir að taka þessi tæki meira í notkun. Það er sjálfsagt að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort hann sé tilbúinn til að gera Ísland að einhverju leyti einfaldara en það er nú.

[13:26]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur beint til mín fyrirspurn um eftirlit með gasbúnaði í hjólhýsum og húsbílum.

Í fyrsta lagi spyr hv. þingmaður um hvernig eftirlit og skoðun fari fram á gasbúnaði í hjólhýsum og húsbílum. Reglur nr. 108/1996, um tæki sem brenna gasi, byggja á tilskipunum ESB og kveða á um öryggi slíks búnaðar. Vinnueftirlitið hefur samkvæmt þeim reglum eftirlit með gasbúnaði sem markaðsettur er hér á landi, hvort heldur hann er ætlaður til nota í atvinnurekstri eða af einstaklingum, en heimilt er að fela stofnuninni slíkt eftirlit skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Gasbúnaður í hjólhýsum, fellihýsum og húsbílum fellur undir gildissvið reglnanna og hefur eftirlit með slíkum búnaði aðallega verið með þeim hætti að úttektir eru gerðar hjá innflutningsaðilum. Ef í ljós kemur að búnaðurinn samræmist ekki ákvæðum reglnanna er markaðssetning tækjanna bönnuð þar til búnaðurinn uppfyllir ákvæði reglnanna. Slíkt bann er sett á með vísan til 8. gr. reglnanna og 48 gr. laga nr. 46/1980.

Innflutningsaðilum hefur verið gerð grein fyrir ákvæðum reglnanna með bréfaskriftum, heimsóknum og fundum. Nokkur misbrestur var á því að eftir reglunum væri farið í upphafi en úr því var leyst. Vandamál lutu aðallega af því þegar búnaður var fluttur inn frá Bandaríkjunum en þar gilda aðrar reglur en innan Evrópusambandsins og búnaðurinn því ekki viðurkenndur á EES-svæðinu. Erfiðleikar hafa hins vegar verið á því að framfylgja reglum þessum þegar innflutningur fer ekki í gegnum hefðbundna innflutnings- og markaðsaðila. Í þeim tilvikum hefur Vinnueftirlitið alla jafna ekki vitneskju um innflutninginn.

Á undanförnum árum hefur töluvert verið um að einstaklingar flytji inn húsbíla, húsvagna, fellihýsi og tjaldvagna sem innihalda búnað sem uppfyllir ekki ákvæði reglna nr. 108/1996, um tæki sem brenna gasi. Nánar tiltekið er um að ræða búnað eða tæki sem brenna gasi og bera ekki svokallaða CE-merkingu og/eða þeim fylgir ekki samræmisyfirlýsing, sbr. 4. gr. reglna nr. 108/1996. Reynt hefur verið að upplýsa almenning um þetta m.a. með fréttatilkynningu á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Jafnframt hefur athygli milligönguaðila sem auglýsa aðstoð við kaup á slíkum tækjum verið vakin á ákvæðum reglnanna nr. 108/1996.

Í öðru lagi spyr þingmaðurinn um hvort til greina komi að breyta því fyrirkomulagi sem nú er viðhaft.

Til að bregðast við erfiðleikum með eftirliti með að húsbílar, fellihýsi og hjólhýsi sem einstaklingar flytja inn uppfylli ákvæði reglnanna hefur Vinnueftirlitið óskað eftir samstarfi við tollstjóraembættið og Umferðarstofu um aðstoð við að sinna eftirlitinu. Markmiðið með slíku samstarfi væri að Vinnueftirlitið yrði upplýst um þegar tæki koma til landsins sem hafa að geyma búnað sem uppfyllir ekki ákvæði reglna nr. 108/1996 og þannig koma í veg fyrir að hann sé tekinn í notkun. Hugmynd stofnunarinnar er að hlutverk tollstjóraembættisins væri að tollafgreiða ekki búnað að svo stöddu ef upp kemur að hann uppfylli ekki ákvæði reglnanna um CE-merkingu og um samræmisyfirlýsingu. Það kæmi þá í hlut Umferðarstofu að hlutast til um það við skoðunarstofur að þær hafi við skoðun slíkra tækja eftirlit með að gasbúnaður í húsbílum, húsvögnum, fellihýsum og tjaldvögnum uppfylli ákvæði reglna nr. 108/1996. Unnið hefur verið að því að koma þessari samvinnu á laggirnar.

[13:29]

**Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég verð að segja að hann sýnir hér ákveðinn sveigjanleika, ef ég skildi orð hans rétt, að hann sé tilbúinn að færa þetta reglubundna eftirlit yfir til skoðunarstofa. Mér finnst það mjög til fyrirmyndar að ráðherra vilji með þessu ekki vera allt of fastur í reglugerðamúrum í kringum hvert og eitt ráðuneyti heldur færa það verklag eða verk úr sínu ráðuneyti og mögulega til skoðunarstofu sem heyrir undir annan ráðherra. Ég er á því að ýmsir aðrir ráðherrar ættu að taka sér þetta til fyrirmyndar, sérstaklega vil ég minnast hér á hæstv. landbúnaðarráðherra sem virðist ekki geta sleppt ýmsum verkum, svo sem dýravernd, og samræmt þau mál. Það er svo einkennilegt að hann getur í rauninni ekki samræmt dýraverndarmálin og komist að sameiginlegum reglum með umhverfisráðherra. Við sitjum því uppi í þeim málaflokki með reglugerð frá árinu 1957 þar sem gert er skylt að slátra alifuglum annaðhvort með beittri exi eða með skotvopni.

Ég tel að hæstv. ráðherrar verði að gera eins og hæstv. ráðherra gerir hér, að sýna sveigjanleika og vera tilbúinn að færa eftirlit í skilvirkara horf, svo sem eins og að fara með eftirlit frá Vinnueftirlitinu til skoðunarstofu þar sem bílar koma reglulega til skoðunar og þá er lítið mál fyrir viðkomandi eftirlitsmann að kíkja á gasbúnaðinn ef hann hefur leiðbeiningar frá Brunamálastofnun um það hvernig ganga skuli frá viðkomandi búnaði.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna hv. þingmann um að ávarpa bæði ráðherra og þingmenn með viðeigandi hætti.)

[13:31]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að koma aftur og leiðrétta, mér fannst gæta örlítils misskilnings í máli hv. þingmanns. Ég talaði ekki um það í svari mínu að færa ábyrgðina á þessu frá Vinnueftirlitinu. Það er alveg skýrt hvar hún liggur samkvæmt lögum. Hins vegar er rétt að árétta að Vinnueftirlitið er að þróa samstarf (**SigurjÞ:** Ætlarðu að halda í þetta?) bæði með tollstjóraembættinu og Umferðarstofu um að þessir aðilar vinni saman að þessu eftirliti. Ég tel það mjög eðlilegt og gott en ég hef ekki sagt að færa eigi ábyrgðina á þessu eftirliti frá Vinnueftirlitinu. Það er alveg skýrt samkvæmt lögum og reglum þar um.

Umræðu lokið.

## *Lánatryggingarsjóður kvenna.*

Fsp. AKG, 578. mál. — Þskj. 860.

[13:33]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Lánatryggingarsjóður kvenna er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Það var hv. þm. Samfylkingarinnar, Rannveig Guðmundsdóttir, sem í tíð sinni sem félagsmálaráðherra hleypti þessu mikilvæga verkefni af stokkunum með samkomulagi milli ofantalinna ráðuneyta og Reykjavíkurborgar og var samningur þar að lútandi undirritaður í ársbyrjun 1995. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbanka Íslands og saman veita þeir tryggingu fyrir lánum til kvenna.

Meginmarkmið Lánatryggingarsjóðs kvenna er að styrkja konur til nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á allt að helmingi lána sem þær taka hjá Landsbanka Íslands til að fjármagna tiltekin verkefni. Ábyrgðin er veitt á grundvelli mats á arðsemi viðskiptahugmyndar sem konurnar leggja fram og veita m.a. atvinnuráðgjafar landshlutanna umsækjendum aðstoð og upplýsingar.

Í desember 2005 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða starfsgrundvöll Lánatryggingarsjóðs kvenna og mun hún hafa skilað tillögum sínum til ráðherra um mitt ár 2006. Auk þess hefur verið unnin könnun á vegum Vinnumálastofnunar á meðal þeirra sem hafa fengið lánatryggingu hjá sjóðnum samkvæmt því sem fram kemur í nýlegri skýrslu forsætisráðherra um meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis. Niðurstöður nefndarinnar sem og könnunin hafa farið hljótt og því spyr ég hæstv. félagsmálaráðherra:

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var í desember 2005 til að endurskoða starfsgrundvöll Lánatryggingarsjóðs kvenna? Ef nefndin hefur lokið störfum, hverjar eru niðurstöður hennar?

[13:35]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli hv. þingmanns og fyrirspyrjanda er Lánatryggingarsjóður kvenna samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar með það meginmarkmið að styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á allt að helmingi lána sem þær taka hjá Landsbankanum.

Félagsmálaráðherra skipaði nefnd, eins og einnig hefur komið fram, sem ætlað var að fara yfir starfsemi sjóðsins og koma fram með tillögur um hvernig skipa mætti þessum málum til frambúðar að teknu tilliti til annarra sjóða eða úrræða til stuðnings atvinnulífinu, óháð kynferði. Nefndin skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra á síðastliðnu ári og hafa tillögurnar verið til skoðunar í félagsmálaráðuneytinu í samhengi við fyrirkomulag lánveitinga til kvenna annars staðar innan stjórnkerfisins.

Samkvæmt niðurstöðu skýrslunnar er ljóst að styrkir og lán til atvinnumála ná ekki til viðskiptahugmynda kvenna í sama mæli og viðskiptahugmynda karla og ósamræmis gætir í þeirri athygli sem kvenna- og karlaverkefni fá og því aðgengi sem hugmyndir kynjanna hafa að fjármagni. Sjónarmið kvenna virðast heldur ekki eiga jafngreiðan aðgang að stefnumótun opinberra sjóða. Konur njóta um 20% opinberra styrkja á Íslandi en karlar 80%. Þá hafa karlar verið skipaðir í 80% sæta í úthlutunarnefndum á vegum hins opinbera. Til að breyta þessari stöðu til samræmis við jafnréttismarkmið ríkisstjórnarinnar og þær leiðbeiningar sem norræna ráðherranefndin hefur sent frá sér er nauðsynlegt að líta á kvennaverkefni sem hluta af heildinni en ekki sérstakan tímabundinn málaflokk sem stendur utan við stefnu stjórnvalda í atvinnu- og nýsköpunarmálum almennt. Til

þess að ná tilskildum árangri þarf því að ráðast í viðamikla endurskoðun á úthlutunarreglum þeirra sjóða sem nú eru starfandi, fjölga konum í úthlutunarnefndum og efla og styrkja sjóðakerfið þannig að það nýtist báðum kynjum eins og fram kemur í skýrslu nefndarinnar.

Markmið þeirra aðgerða sem endurskoðunarnefndin gerir tillögu um er að tryggja að konur alls staðar á landinu hafi aðgang að sérhæfðri ráðgjöf sem tekur mið af þörfum þeirra og hjálpar þeim að ná markmiðum sínum. Mikilvægt er að tryggja aðgengi kvenna að fjármagni úr opinberum sjóðum til jafns á við karla og einnig að stjórnun og stefnumótun einstakra sjóða og verkefna. Meginmarkmiðið er að líta á stoðkerfi atvinnulífsins sem úrræði fyrir konur og karla og að taka tillit til þarfa mismunandi hópa til að fjölga konum í atvinnurekstri. Aðlaga þarf stoðkerfið báðum kynjum og auka almenna þekkingu og vitund á mikilvægi íslenskra kvenna fyrir efnahagslífið og ekki síður í tengslum við frumkvöðlastarfsemi, nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífinu.

Í tillögu til þingsályktunar um að endurskoða áætlun í jafnréttismálum, sem samþykkt var í ríkisstjórninni í gær, og lögð verður fram á Alþingi á næstu dögum, er tillaga um að gengið verði úr skugga um að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða sé lögð til grundvallar við töku ákvarðana um styrki, lán og fjárfestingar innan hins almenna stuðningskerfis atvinnulífsins. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafi umsjón með slíkri könnun að því er varðar styrki, lán og fjárfestingar sem í boði eru á vegum þess og tiltekinna stofnana þess.

Umrædd nefnd leggur til að Lánatryggingarsjóður kvenna og styrkir til atvinnumála kvenna verði starfræktir þar til endurskoðun á stöðu og stefnu opinberra sjóða hefur farið fram og ásættanlegur árangur náðst við samþættingu jafnréttissjónarmiða inn í þá stefnumótun. Ég lýk máli mínu á því að segja að sú vinna stendur yfir.

[13:38]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir þetta svar sem leiddi ekki neitt sérstaklega nýtt í ljós en kom þó inn á athyglisverða hluti sem við vissum áður um það t.d. að aðeins 20% opinberra styrkja falla í hlut kvenna og að karlmenn skipa 80% sæta í úthlutunarnefndum. Þetta segir okkur væntanlega nokkuð um það að þarna bíður okkar verkefni til að breyta, þ.e. að konur hljóta að þurfa að fá jafnstóran hlut í úthlutunarnefndum og karlar og þá er ég viss um að viðhorf og skilningur á málefnum kvenna og áherslum þeirra mun aukast en það kom jafnframt fram í máli ráðherra að hann virðist skorta.

Ég undraðist það nokkuð hve hæstv. ráðherra lagði mikla áherslu á bæði kynin því að staðan er jú sú, eins og kom ítrekað fram í máli hans, að konur standa miklu verr á þessu sviði en karlar. Það er þó ánægjuefni að reka á sjóðinn enn um sinn en ég verð að segja, virðulegi forseti, að mig lengir eftir að fá niðurstöður í þessi mál og að fá að sjá könnunina sem ég minntist á í framsögu minni.

*Ég legg á það áherslu í lokin að sinna þarf atvinnusköpun kvenna betur en gert hefur verið hingað til, bæði með almennum aðgerðum og eins með sértækum aðgerðum þangað til jafnrétti verður náð.* Ég held því miður að enn þá sé talsvert í það, sérstaklega úti á landsbyggðinni þar sem menntun er bæði minni en að meðaltali í landinu og þar sem (Forseti hringir.) fjármagn er víða af skornum skammti eins og t.d. í kjördæmi okkar hæstv. ráðherra, Norðvesturkjördæmi.

Umræðu lokið.

## *Stuðningur við atvinnurekstur kvenna.*

Fsp. AKG, 579. mál. — Þskj. 861.

[13:41]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Í byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009, sem samþykkt var á Alþingi í fyrravor, er aðgerð nr. 19 sem fjallar um stuðning við atvinnurekstur kvenna og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Unnið verði að því að efla þátt kvenna í atvinnurekstri með ráðgjöf og námskeiðum. Hugað verði að leiðum til þess að gera stoðkerfi atvinnulífsins aðgengilegra fyrir konur."

Iðnaðarráðuneytinu er falin ábyrgð á framkvæmd aðgerðarinnar og Byggðastofnun er samstarfsaðili.

Hverjum og einum sem til þekkir á landsbyggðinni hlýtur að vera ljóst að það verkefni sem þarna er fjallað um er ákaflega mikilvægt. Sérstakt fjármagn hefur verið veitt til eflingar atvinnumálum kvenna frá árinu 1991 og hefur félagsmálaráðuneytið annast þær styrkveitingar en tilgangur þeirra er að auka fjölbreytni í atvinnulífinu, viðhalda byggð um landið og stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni, auðvelda aðgang kvenna að fjármagni og draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.

Þáttur kvenna í atvinnurekstri er almennt ekki nógu stór en þó hygg ég að hann sé jafnvel enn minni á landsbyggðinni en að landsmeðaltali. Þrátt fyrir að ekkert hafi heyrst varðandi framkvæmd tillögunnar trúi ég því tæpast að félagsmálaráðherra hafi látið undir höfuð leggjast að koma í framkvæmd þessu mikilvæga máli sem félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á eins og skýrt er tekið fram í textanum. Ég spyr því hæstv. félagsmálaráðherra:

1. Hvað hefur verið gert til að styðja atvinnurekstur kvenna, svo sem gera skal skv. 19. tölul. þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009?

2. Hvernig hljóðar framkvæmdaáætlun til að ná markmiðum þingsályktunarinnar og hverjum hefur verið falið að framfylgja henni?

[13:43]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Svar við fyrri spurningunni: Nokkur verkefni eru í gangi til að hvetja konur til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og til að efla þátt kvenna í atvinnurekstri. Niðurstöður skýrslu Byggðastofnunar frá árinu 2005, Konur og stoðkerfi atvinnulífsins, benda til þess að ýmislegt hafi áunnist á undanförnum ár-

um. Meðal annars kom í ljós að styrkir til atvinnumála kvenna og Lánatryggingarsjóður kvenna hafa skipt sköpum fyrir frumkvöðlastarf og nýsköpun meðal kvenna. Þá hefur heilmikið áunnist vegna starfa atvinnu- og jafnréttisráðgjafa Byggðastofnunar og félagsmálaráðuneytisins en hlutverk hans er að efla þátttöku kvenna í atvinnurekstri og veita þeim rekstrarráðgjöf.

Einnig er mikill ávinningur af verkefnum á vegum Impru og Viðskiptaháskólans á Bifröst, þ.e. Máttur kvenna og Brautargengi. Impra nýsköpunarmiðstöð hefur boðið upp á námskeiðið Brautargengi frá árinu 1996 en 2003 var það haldið í tíunda sinn og þá í fyrsta skipti á landsbyggðinni. Námskeiðið er sérsniðið fyrir konur um gerð viðskiptaáætlana og um stofnun og rekstur fyrirtækja. Á sjötta hundrað kvenna hafa lokið námskeiðinu og eru flestar síðan með fyrirtæki í rekstri. Félag kvenna í atvinnurekstri hefur haft aðsetur hjá Impru nýsköpunarmiðstöð síðan árið 1999 og fengið þar ýmiss konar þjónustu. Markmið félagsins er að sameina konur í atvinnurekstri, stuðla að aukinni miðlun á viðskiptatengdum fróðleik milli félagskvenna og efla samstöðu þeirra og samstarf. Einnig að auka sýnileika og tækifæri kvenna í viðskiptalífinu og stuðla að virðingu og verðskuldaðri athygli samfélagsins á framlagi fyrirtækja sem konur reka. Handleiðsla er þjónusta sem Impra nýsköpunarmiðstöð býður öllum frumkvöðlum endurgjaldslaust. Markmið handleiðslu er að veita frumkvöðlum leiðsögn við þróun viðskipta- og vöruhugmynda við stofnun og rekstur fyrirtækis og gerð viðskiptaáætlana.

Impra nýsköpunarmiðstöð hefur nýverið tekið upp þá þjónustu að bjóða sérstaka aðstoð til kvenna við gerð styrkumsókna og þróun viðskiptahugmynda. Styrkir til atvinnumála kvenna hafa verið veittir frá árinu 1991. Sérstakt fjármagn hefur verið veitt til eflingar atvinnumálum kvenna og hefur félagsmálaráðuneytið annast þessar styrkveitingar sem veittar eru einu sinni á ári.

Lánatryggingarsjóður kvenna hóf starfsemi 1997 sem þriggja ára tilraunaverkefni. Hlutverk Lánatryggingarsjóðs kvenna er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á allt að helmingi lána sem þær taka hjá lánastofnun til að fjármagna tiltekið verkefni. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur einnig beint og óbeint komið að fjölmörgum ráðstefnum og viðburðum til styrktar atvinnurekstri kvenna. Skemmst er að minnast ráðstefnunnar Virkjum kraft kvenna sem haldin var nú í janúar.

Svar við síðari spurningunni: 19. töluliður byggðaáætlunar hljóðar svo:

„Stuðningur við atvinnurekstur kvenna: Unnið verði að því að efla þátt kvenna í atvinnurekstri með ráðgjöf og námskeiðum. Hugað verði að leiðum til þess að gera stoðkerfi atvinnulífsins aðgengilegra fyrir konur."

Samkvæmt þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 hljómar framkvæmd þessa liðar á þessa leið:

„Breytingar í atvinnuháttum og atvinnulífi með fækkun starfa í frumvinnslugreinum hafa einkum komið niður á atvinnumöguleikum kvenna á landsbyggðinni. Þá hafa kannanir ítrekað sýnt að mjög hallar á konur í frumkvöðlastarfi og fyrirtækjarekstri. Ein af ástæðunum fyrir því hefur verið talin sú að konur eigi af ýmsum ástæðum ekki eins greiðan aðgang að stoðkerfi atvinnulífsins og karlar. Iðnaðarráðuneyti fól Byggðastofnun í apríl 2005 að vinna úttekt á því hvaða árangur hefði náðst undanfarin ár af verkefnum sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Markmiðið er að niðurstöðurnar geti orðið grundvöllur að frekari aðgerðum til að efla þátt kvenna í atvinnurekstri. Mikilvægt er að aðgerðum til stuðnings atvinnureksturs kvenna á landsbyggðinni sé fylgt eftir heima fyrir svo árangur skili sér."

Ábyrgð framkvæmdarinnar er á höndum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Aðrir þátttakendur eru Byggðastofnun, félagsmálaráðuneyti, Jafnréttisstofa, atvinnuþróunarfélög, skólastofnanir, Iðntæknistofnun og Impra o.fl. Því skal bæta við að lokum að mat er lagt á árangur í árlegum framvinduskýrslum sem lagðar eru fyrir Alþingi.

[13:48]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir svörin sem mér fannst samt sem áður lengst af einkennast af því sem gert hefur verið í fortíðinni. Það er að vísu gott og gilt út af fyrir sig, en það var samt ekki það sem ég spurði um heldur var ég að forvitnast um hvað fyrirhugað er að gera til framtíðar, því það er jú það sem skiptir okkur mjög miklu máli.

Ég spurði um hvernig framkvæmdaáætlun hljóðaði og hverjum hefði verið falið að framfylgja henni. Eins og fram kemur í þeim markmiðum sem ég las upp áðan úr 19. gr. áætlunarinnar er t.d. Byggðastofnun falin þar ákveðin verkefni. Mig langar til að ítreka þá spurningu við hæstv. iðnaðarráðherra hvort Byggðastofnun hafi fengið verkefnið, framkvæmdaáætlunina í hendur því að ég held að við hljótum að vera sammála um það, hæstv. iðnaðarráðherra og ég, að mikilvægt er að nýta tímann vel. Tíminn líður og það hratt. Það er mjög brýnt að taka á atvinnumálum kvenna og ekki síst úti á landsbyggðinni. Ég ætla líka að minna hæstv. ráðherra á að það eru konur sem fyrst taka sig upp og fara af þeim svæðum sem hallar á og við höfum því miður talsvert af slíkum svæðum á Íslandi.

Ég gat ekki heyrt það á orðum hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að við ættum von á einhverju nýju í þessu efni, því miður. Hann minntist líka á atvinnu- og jafnréttisráðgjafa og því miður er það svo að störf atvinnu- og jafnréttisráðgjafa hafa verið lögð niður eftir því sem ég best veit, nema hugsanlega á Austurlandi, sem ég er þó ekki viss um að séu enn við lýði. (Forseti hringir.) Seinast þegar ég vissi var búið að leggja niður starfsemina í Norðvesturkjördæmi og í Suðurkjördæmi og að ég held líka á Austurlandi.

[13:51]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir mjög margt af því sem hv. þingmaður sagði að þarna eru mjög mikil verkefni og þeim er engan veginn lokið. Það má sannarlega taka betur á í þeim efnum. Ég lít svo á að þetta sé ekki sérmál kvenna. Þetta er mál allrar þjóðarinnar vegna þess að þarna eru miklir hæfileikar, mikil geta og gáfur sem er vannýtt ef konur eru ekki til jafns við karlmenn á vettvangi atvinnu-

lífsins og reyndar á öllum sviðum. Þetta er sameiginlegt hagsmunamál okkar allra sem við þurfum að beita okkur vel í og áreiðanlega gera betur en við höfum gert og erum að gera. Ég dreg ekki úr því.

Mér er kunnugt um að Byggðastofnun er með þessi verkefni í fullum gangi, ég hef séð framvinduskýrslur um að verið er að vinna að því. Það er alveg rétt að það voru ekki einstök nýmæli eða ný verkefni sem ég lýsti áðan heldur fyrst og fremst staðan í þeim verkefnum sem verið er að vinna að. Aðalatriðið í þessu máli er að hér þarf þrotlaust starf til langs tíma. Það verður ekki unnið í einhverjum átökum eða köstum á stuttum tíma, það verður að vinna þetta á lengdina og gefast ekki upp heldur halda stöðugt áfram. Það er það sem verið er að reyna að gera í þeim samtökum og þeim stofnunum sem ég gerði lauslega og lítillega grein fyrir áðan. Að öðru leyti þakka ég fyrir fyrirspurnina.

Umræðu lokið.

## *Starfsemi Samkeppniseftirlitsins.*

Fsp. AKG, 564. mál. — Þskj. 839.

[13:52]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Í apríl 2004 og apríl 2005 bárust samkeppnisyfirvöldum tvö mál frá internetfyrirtækjum þar sem kvartað var vegna meintrar misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Þessar kvartanir liggja báðar enn óafgreiddar hjá Samkeppniseftirlitinu, annars vegar eftir rúma 1.000 daga og hins vegar eftir tæpa 700 daga. Á vefsíðu Inter, samtaka aðila er veita internetþjónustu, þ.e. netfyrirtækja sem ekki eru jafnframt símafélög, kemur fram að árið 2005 sé meðalafgreiðslutími á málum hjá Samkeppniseftirlitinu 16 mánuðir en þar er mikill málafjöldi talinn valda þessum töfum.

Árið 2005 er ritað á heimasíðu Inter, með leyfi forseta:

„Stjórn Inter lýsir verulegum áhyggjum vegna þess tíma sem fer í úrlausn mála á þessu sviði og telur að vegna þess hafi netþjónustur hér á landi og viðskiptavinir þeirra borið verulegan skaða af sem ólíklegt er að verði nokkurn tíma bættur.“

Þetta var árið 2005 og enn eru málin óafgreidd hjá Samkeppniseftirlitinu. Auk þess hefur Samkeppniseftirlitið ekki virt 9. gr. stjórnsýslulaga um málshraða en þar er m.a. kveðið á um að skýra skuli aðila máls frá því að afgreiðsla máls muni tefjast, upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Mér leikur því forvitni á að vita hvort hæstv. ráðherra fylgist með fjölda óafgreiddra mála hjá Samkeppniseftirlitinu og spyr:

1. Hvað eru mörg óafgreidd mál hjá Samkeppniseftirlitinu frá 2005–2007 og eldri?

2. Hvað telur ráðherra vera ásættanlegan afgreiðslutíma kvartana sem berast Samkeppniseftirlitinu?

3. Telur ráðherra líkur á að þjónustuaðilar og neytendur hafi borið skaða af drætti á afgreiðslu mála hjá stofnuninni?

[13:55]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir hefur lagt fram þrjár spurningar.

Sem svar við fyrstu spurningu þingmannsins er það að nefna að hjá Samkeppniseftirlitinu eru nú um miðjan febrúarmánuð 2007 til meðferðar um 85 stjórnsýslumál. Hér er um að ræða athuganir af ýmsu tagi eða erindi sem beint hefur verið til Samkeppniseftirlitsins um efni sem varðað geta við samkeppnislög. Ekki eru meðtaldar margvíslegar fyrirspurnir eða umsagnarbeiðnir sem stofnuninni berast. Af framangreindum 85 málum hófust 25 á þessu ári, 33 á liðnu ári, 2006, og 28 hófust árið 2005 eða fyrr. Þegar ný samkeppnislög tóku gildi og Samkeppnisstofnun var lögð niður á miðju ári 2005 tók Samkeppniseftirlitið við tæplega 80 óafgreiddum málum. Nú er um þremur fjórðungum þeirra mála lokið. Vel hefur gengið að ljúka þessum málum en vegna umfangs nokkurra þeirra og forgangsröðunar að öðru leyti í stofnuninni er úrvinnslu um 20 þeirra mála ólokið enn.

Samkeppniseftirlitið hefur lagt áherslu á að meðferð nýrra mála sé í viðunandi horfi og hefur það tekist í flestum tilvikum að því er ætla má. Hafa ber í huga að talsverð málavelta er hjá Samkeppniseftirlitinu. Þannig ber að nefna að frá júní 2006 hefur Samkeppniseftirlitið lokið 89 stjórnsýslumálum en tekið upp ein 63. Meiri hluta mála lýkur á innan við sex mánuðum eftir að þau hefjast.

Vegna annarrar spurningar þingmannsins vil ég taka fram að ég tel að ásættanlegur afgreiðslutími stjórnsýslumála sé sá tími sem það tekur stjórnvald að afla gagna, uppfylla rannsóknarskyldu sína, gæta andmælaréttar og annarra ákvæða stjórnsýslulaga og að lokum til að taka ákvörðun án þess að óeðlilegar tafir verði á málsmeðferðinni. Rannsóknir samkeppnismála eru oft og tíðum viðamiklar. Augljóslega er umfang þeirra hins vegar mismikið. Sést það m.a. á því að ákvarðanir samkeppnisyfirvalda sem birtar eru opinberlega hafa síðustu árin spannað frá tveimur blaðsíðum og upp í tæplega þúsund blaðsíður í máli. Meiri hluta stjórnsýslumála hjá Samkeppniseftirlitinu lýkur innan við sex mánuðum eftir að til þeirra er stofnað eins og áður sagði. Stærri athuganir taka óhjákvæmilega lengri tíma. Ekki er óeðlilegt þó að viðamikið mál taki eitt og hálft til tvö ár í meðferð. Finna má fjöldamörg dæmi um mál hjá systureftirlitum Samkeppniseftirlitsins í nágrannalöndunum sem taka enn lengri tíma. Af framangreindu er ljóst að ekki er með neinu móti hægt að gefa eitt endanlegt svar um það hvað teljist ásættanlegur afgreiðslutími erindis eða erinda hjá Samkeppniseftirlitinu.

Vegna þriðju spurningar hv. þingmanns vil ég taka fram að samkeppnislög setja aðilum í samkeppni reglur. Þannig er t.d. lagt bann við ólögmætu samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þegar samkeppnislög eru brotin verða viðskiptavinir og/eða keppinautar eðli málsins samkvæmt fyrir tjóni vegna brotsins. Eðlilegt er að þeir sem orðið hafa þolendur slíkra brota vilji fá úrlausn samkeppnisyfirvalda eins fljótt og kostur er. Dráttur á því getur vissulega verið bagalegur og skaðlegur. Aldrei er hægt að útiloka að kvartendur verði fyrir óþægindum vegna þess tíma sem fer í að upplýsa mál hjá samkeppnisyfirvöldum. Því

má hins vegar aldrei gleyma að tjónið af brotinu verður alltaf rakið til hins brotlega. Stjórnvöld bera auðvitað ekki ábyrgð á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði og allra síst á þeim sem brjóta samkeppnislög.

[13:59]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði að ráðuneytið eða stjórnvöld bæru ekki ábyrgð á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri. Hæstv. ráðherra ber samt óvart ábyrgð á þessum málaflokki, hann gerir það. Ég tel það ástand sem kemur fram í svari hæstv. ráðherra vera algert ófremdarástand í nútímaviðskiptum þar sem hraðinn er mikill. Það skiptir mjög miklu máli sérstaklega fyrir minni fyrirtæki, sem fyrirspyrjandi nefnir dæmi um, sem eiga við ofurefli að etja þegar þau verða fyrir barðinu á mismunun í samkeppnisreglum, ef ekki er skorið strax úr um það hvort verið sé að brjóta á þeim eða ekki. Mér finnst það óásættanlegt að eftir skuli vera vel á þriðja tug mála sem eru orðin gömul. Ég skora á hæstv. ráðherra að sýna meiri metnað í þessum málaflokki en raun ber vitni, frú forseti.

[14:00]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það voru athyglisverðar upplýsingar sem hér komu fram, t.d. að 28 kvartanir hefðu beðið frá því 2005 eða enn lengur. Varla er hægt að áætla að þau mál falli undir skilgreiningu hæstv. ráðherra á því að ekki sé um að ræða óeðlilegar tafir. Ég held að þetta hljóti að teljast óeðlilega langur tími og sérstaklega þegar í hlut eiga lítil fyrirtæki. Ég vek athygli á því að Inter, sem ég minntist á í framsögu minni, er væntanlega fyrst og fremst samtök lítilla fyrirtækja, þ.e. fyrirtæki sem er að berjast við risa eins og Símann t.d. Þarna eru lítil fyrirtæki látin bíða árum saman eftir að fá úrlausn mála.

Mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara síðustu spurningu minni, hvort þjónustuaðilar og neytendur hafi borið skaða af þessum drætti og ég ætla bara að svara því fyrir hæstv. ráðherra. Það er, held ég, alveg öruggt að bæði neytendur og fyrirtækin hafa borið skaða af þessu og munu halda áfram að bera skaða af svo lengi sem Samkeppniseftirlitið er ekki betur í stakk búið til að sinna hlutverki sínu en sá vitnisburður sem hér kom fram áðan segir okkur. Það er allsendis óviðunandi að lítil fyrirtæki þurfi að bíða jafnlengi og hér hefur komið fram, þ.e. árum saman. Það verður að efla Samkeppniseftirlitið, það er niðurstaðan (**SigurjÞ:** Verður það bara ekki lagt niður aftur?) úr þessari umræðu.

[14:02]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Virðulegur forseti. Ég tek undir þau orð að efla þarf Samkeppniseftirlitið enn frekar. Ég tek einnig undir þau orð að full ástæða er til að hafa áhyggjur af þeim málum sem hafa dregist lengi eins og fram kom hjá hv. þingmönnum báðum. Ég er hins vegar ekki fær um að segja til um það hvort í þessum tilteknu málum sé um að ræða einhverja óeðlilega töf eða hvort lögmætar ástæður valda því að þau hafa dregist. Það væri líka ástæða til þess að hafa áhyggjur af því ef málum væri hraðað um of vegna þess að tiltekin sönnunarbyrði, tiltekin (Gripið fram í.) rannsóknarskylda hvílir á Samkeppniseftirlitinu og, eins og hv. þingmaður bætti við, á dómstólunum líka en það styttir heldur ekki þennan tíma ef til þeirra er leitað. Það er ekki aðeins þolandinn sem við þurfum að horfa til, við þurfum líka að horfa til aðstöðu þess sem grunaður er ef við gerum ráð fyrir að um sé að ræða mál þar sem síðan upplýsist að grunur eigi ekki við rök að styðjast þannig að um sekt sé að ræða.

Ég vil minna á að þótt ég taki eindregið undir það að efla þurfi þessa stofnun eins og fleiri sambærilegar stofnanir og reyndar dómstólana líka, þá er því þannig fyrir komið að lögum að Samkeppniseftirlitið er sjálfstæð stofnun og tekur ekki við fyrirmælum frá viðskiptaráðherra frekar en öðrum.

Ég tek ekki undir að almennt séð sé ófremdarástand og ég vara við því að menn verði með flýti í afgreiðslu þessara mála, þau eru mörg mjög flókin og þurfa mjög vandaða meðhöndlun, en um leið tek ég undir það að þeim þarf að hraða eftir öllum föngum.

Umræðu lokið.

## *Lesblinda.*

Fsp. BjörgvS, 490. mál. — Þskj. 742.

[14:05]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um lesblindu. Hún er svohljóðandi:

1. Hver er fjöldi og hlutfall lesblindra barna í grunnskólum landsins, sundurliðað eftir árgangi?

2. Stendur til að endurskoða stuðning við lesblind börn í grunnskólum og ef svo er, hvernig?

3. Stendur til að endurskoða greiningarferli á lesblindu í skólum og ef svo er, hvernig?

Lesblinda er alvarlegt og útbreitt vandamál um allan heim. Gera þarf mikið átak í menntun barna með dyslexíu sem er samheiti yfir skyntruflanirnar lesblindu, skrifblindu og erfiðleika með stærðfræðinám og nær að mati þeirra sem til þekkja mun betur yfir þá fötlun sem dyslexía er talin. Eins og staðan er hefur alvarleg dyslexía og lesblinda verið ávísun á brottfall úr skóla, nemendur hrökklast fljótt frá bóknámi. Í þeirri flokkun og röðun sem fer fram í skólakerfi okkar í gegnum samræmd próf og annað flokkast þeir sem taparar og hrökklast úr skólanum og líður illa þar. Það er alþekkt að börn og ungmenni sem þjást af lesblindu og dyslexíu eigi við alvarleg vandamál að stríða í menntun og það er fullyrt af mörgum sem til þekkja að dyslexía sé eitt alvarlegasta vandamál í menntamálum íslensku þjóðarinnar. Félagsleg vandamál þessara barna og ungmenna eru mikil. Sumir telja að að um 11% þjóðarinnar séu lesblind og 20–25% hafi einkenni af lesblindu sem eru 30–60 þúsund Íslendingar.

Lesblinda eða dyslexía hefur verið tabú og lítið rætt um hana og ekki tekið nægilega vel utan um málið. Að sjálfsögðu þarf að finna bestu leiðirnar til að greina þennan vanda, tæknileg úrræði o.s.frv. Við erum að rannsaka þetta

mjög vel, hvaða aðferðir virka best í lestri og stærðfræði. Til dæmis kemur fram að lestrarkunnáttu íslenskra barna og sérstaklega drengja hrakar mjög á umliðnum árum. Við þurfum að fara í mikið átak til að ná utan um lesblindu og dyslexíu. Þetta eru alvarlegar hindranir í námi, börnunum líður illa, þau fyllast vonbrigðum og reiði við upphaf skólagöngunnar, sjálfstraustið hrynur, þau verða oft einmana, flýja út úr félagslegu umhverfi og upplifa sig mjög niðurlægð í því skólaumhverfi sem við flest þekkjum. Þegar maður les lýsingu margra barna eða fullorðinna sem þjáðst hafa af dyslexíu var hver dagur í skóla alger martröð. Við verðum að bæta líðan þessara barna í skóla, virkja mannauð þeirra og þekkingu og búa til þannig skólakerfi að þau nái að þroskast þar og menntast eins og önnur börn. Við þurfum að vanda vel til úrræða og utanumhalds og því beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra.

[14:08]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 1999 er sérstök áhersla lögð á mikilvægi þess að greinandi próf séu lögð fyrir nemendur á fyrstu árum grunnskólans og hefur menntamálaráðuneytið sérstaklega styrkt gerð ýmissa skimunar- og greiningarprófa í grunnskólanum. Í nóvember 2003 gaf menntamálaráðherra út reglugerð um breytingu á sérfræðiþjónustu skóla og breytti reglugerð frá 1996. Þær breytingar voru gerðar að tillögu samráðsnefndar um lestrarerfiðleika nemenda í grunnskólum sem menntamálaráðuneytið skipaði í febrúar 2003. Í þeirri nefnd sátu fulltrúar ráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands.

Helstu breytingar sem gerðar voru á reglugerðinni voru þær að á fyrstu árum skólagöngu ber skólum að kanna hvaða nemendur eiga í erfiðleikum með lestur og bregðast skal við með kerfisbundnum hætti þannig að öll börn fái nauðsynlega aðstoð til að ná viðunandi lestrarfærni. Sérfræðiþjónustu skóla ber að aðstoða skóla við þetta verkefni með leiðbeiningum til kennara og gerð greiningarprófa. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið hafi eftirlit með lestrargreiningu og aðstoði skóla vegna lestrarerfiðleika nemenda með því að kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum á tveggja ára fresti.

Þegar ráðuneyti menntamála athugaði vorið 2006 hvort og hvernig sveitarfélög fylgdu þessu ákvæði eftir kom fram að fylgst er reglubundið með lestrarnámi grunnskólabarna. Auk þess kom fram að hljóð- og málvitund leikskólabarna er skoðuð nánast alls staðar með því að leggja fyrir skimunarprófið Hljóm. Í grunnskólum nota flestir lesskimunarprófið Læsi á yngsta stigi og GPR14 til skimunar á unglingastigi. Á miðstigi er mjög mismunandi hvernig staðið er að skimununum hjá sveitarfélögunum. Samkvæmt upplýsingum frá skólaskrifstofum er niðurstöðu skimana að jafnaði fylgt eftir með markvissum hætti. Ástæðan fyrir því að ég ákvað að skoða þetta hjá sveitarfélögunum er sú sem ég kem að varðandi þriðja lið fyrirspurnarinnar og það er að afla upplýsinga til þess að nefnd sem ég skipaði hefði sem bestar upplýsingar til að geta unnið áfram að málefnum barna með leserfiðleika. Fyrrgreind könnun bendir til þess að sveitarfélögin safni ekki með reglubundnum hætti tölulegum upplýsingum um umfang lestrarerfiðleika. Það er einnig mismunandi milli sveitarfélaga hvenær byrjað er að skilgreina lestrarerfiðleika sem leshömlun eða dyslexíu og því ekki hægt að bera saman tölur milli árganga.

Í tengslum við umsóknir um frávik á samræmdum prófum í íslensku í 7. og 10. bekk safnar Námsmatsstofnun upplýsingum um fjölda frávika vegna lestrarerfiðleika af ýmsu tagi sem ætla má að gefi mynd af umfangi vandans þó að ekki séu allir þessir nemendur með skilgreinda leshömlun eða dyslexíu. Í upplýsingum frá Námsmatsstofnun kemur fram að af þeim sem þreyttu próf í 7. bekk árið 2004 var hlutfall frávika vegna lestrarerfiðleika 11,4%, árið 2005 var hlutfall frávika örlítið lægra eða 10% og árið 2006 11,9%. Í 10. bekk tóku á bilinu 96–98% samræmt próf í íslensku á árunum 2004–2006 og hlutfall frávika vegna lestraerfiðleika var 11,2% árið 2004, 12,4 % árið 2005 og svipað árið 2006.

Ég ætla að svara öðrum og þriðja lið fyrirspurnarinnar saman. Í nóvember 2006 skipaði ég nefnd sem sérstaklega er ætlað að setja fram tillögur um eftirfarandi þætti: Í fyrsta lagi fyrirkomulag greiningar á lestrarerfiðleikum og eftirfylgni til hagsbóta fyrir nemendur með lestrarerfiðleika í grunn- og framhaldsskólum. — Frú forseti. Væri hægt að fá hljóð í salnum.

(**Forseti** (ÞBack): Ég vil biðja hv. þingmenn að tala saman fyrir utan salinn eða hafa lægra.)

Það er afar mikilvægt, frú forseti, að þessar upplýsingar komist skýrt og skilmerkilega til skila, því að hópurinn sem ég skipaði í nóvember 2006 hefur afar mikilvægu hlutverki að gegna til þess að við getum áttað okkur á og reynt að uppfylla þarfir nemenda sem eiga við dyslexíu að etja. Hópurinn á að kanna sérstaklega fyrirkomulag greiningar á lestrarerfiðleikum og eftirfylgni hennar til hagsbóta fyrir nemendur með lestrarerfiðleika í grunn- og framhaldsskólum, stuðning við skóla og kennara þannig að þeir geti betur komið til móts við þarfir nemenda sem eiga í erfiðleikum með lestur eða lestrarnám, ráðgjöf og stuðning við foreldra barna með lestrarvanda á að skoða sérstaklega og próftöku ekki síst lesblindra nemenda með tilliti til samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk. og hvernig fara skuli með undanþágur og frávik fyrir þennan nemendahóp. Ég vil geta þess sérstaklega að í fjárlögum eru ákveðnar fjárhæðir til styrktar hóps til að gera átak í málefnum lesblindra og (Forseti hringir.) vil ég benda hv. þingmanni á þær fjárhæðir.

[14:13]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir svörin sem satt að segja vöktu með mér ugg, þ.e. hjá manni vaknar óneitanlega sá grunur að alls ekki sé nógu vel staðið að hlutunum hjá ýmsum sveitarfélögum. Það bendir í sömu átt og reynsla ýmissa framhaldsskóla sem standa frammi fyrir því að nemendur greinast lesblindir fyrst þegar þeir eru komnir á framhaldsskólastig og það getur varla talist eðlilegt í dag, árið 2007.

Til er ný aðferðafræði sem ég veit að borið hefur mjög

góðan árangur en foreldrar hafa sjálfir neyðst til að standa straum af kostnaði við hana sem nemur mörg hundruð þúsundum á hvert barn. Ég beini því þess vegna til hæstv. ráðherra að veita þessari nýju aðferðafræði athygli og taka hana í notkun fyrir þau börn og ungmenni sem greinast lesblind.

[14:14]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin svo langt sem þau ná. Það hefði verið fróðlegt ef sveitarfélögin hefðu haldið utan um þessi mál. Flest bendir til að 10–12% barna séu haldin alvarlegri lesblindu. Tölur frá Danmörku benda til að 18%, eða um ein milljón, Dana eigi við alvarlega dyslexíu að stríða. Könnun sem framkvæmd var í Menntaskólanum í Reykjavík 1998 af stærðfræðikennara benti til að 6–8% nemenda þar væru haldin lesblindu að einhverju leyti sem er talsvert hátt hlutfall í bóknámsskóla eins sá skóli er. Að mínu mati er bæði greiningu og úrræðum gagnvart lesblindum börnum alvarlega ábótavant. Við þurfum að taka þessi mál til gagngerrar endurskoðunar, ráðgjöf, stuðning, greiningu og allt sem lýtur að þessum málum.

Í fyrra kom hér fram að verið væri að mæla á samræmdum prófum í 10. bekk lesskilning hjá lesblindum börnum, sem er svipað og að biðja blindan mann að gefa álit sitt á myndverki eða heyrnarlausan mann álit sitt á tónleikum eða slíku. Það er fráleitt nógu vel staðið að þessum málum. Börnin eru illa sett í allt of miklum mæli og ekki er tekið nógu vel utan um þessi mál. Við þurfum eins og bent hefur verið á af sérfræðingum, eins og dr. Hermundi Sigurmundssyni, sálfræðingi við Háskólann á Akureyri, að byggja sérstaka rannsóknarmiðstöð um nám og þroska barna til að rannsaka þetta mál miklu betur og hvaða leiðir við höfum til að bregðast við því, rannsaka bæði greiningaraðferðir, úrræði o.s.frv. Það væri fróðlegt að heyra svar hæstv. ráðherra við hugmyndinni um rannsóknarmiðstöð um nám og þroska barna, af því að ég veit hún er henni vel kunn frá Hermundi og fleirum. Við þurfum að vita hvaða aðferðir virka og rannsaka aðstæður þessara barna. Við þurfum einnig að taka utan um þá sem eldri eru og hafa hrakist úr skóla, búa við erfiðar félagslegar aðstæður út af dyslexíu og hafa lent í félagslegum vanda síðar.

[14:17]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég held að við séum nokkuð vel sammála, ég og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, varðandi það að taka þarf sérstaklega á málefnum lesblindra í skólakerfinu. Þegar af þeirri ástæðu taldi ég brýnt að setja niður þennan starfshóp sem hefur það víðfeðma hlutverk sem ég gat um áðan, að reyna að greina nákvæmlega þörfina, stuðninginn sem er hjá sveitarfélögunum. Það kom fram í þessari könnun sem við í ráðuneytinu gerðum að það er mjög mismikil eða mislítil yfirsýn hjá sveitarfélögunum. Við þurfum að stuðla að því að þessar upplýsingar verði sem bestar, huga að því hvernig bæði ráðgjöf og stuðningi og ekki síst próftöku lesblindra barna eigi að vera háttað til lengri tíma litið þannig að börnin átti sig á því hvaða möguleika þau eigi og hvaða leiðir þau eigi að fara þegar grunnskóla er lokið, hvað hentar þeim hverju sinni upp á námsframboðið að gera.

Ég vil líka undirstrika það sem ég gat um áðan að í ljósi þess að ég tel brýnt að á þessum málum sé tekið hélt ég sérstaklega til hliðar ákveðnum fjármunum til þess einmitt að geta síðan komið til móts við þær tillögur sem ég vænti um miðjan mars frá nefndinni sem á að taka á málefnum lesblindra. Til þess að koma til móts við þær tillögur hélt ég til hliðar fjármunum til að efla og styrkja grundvöll lesblindra í skólakerfi okkar. Það er brýnt og að mínu mati afar mikilvægt að við komum til móts við þennan hóp, því að þetta er hópur sem, ef vel er að málum staðið, getur notið sín í hvívetna á þeim sviðum sem hann er góður í.

Umræðu lokið.

## *Norræni blaðamannaskólinn.*

Fsp. MÁ, 577. mál. — Þskj. 859.

[14:19]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. Á vefsíðu Norræna blaðamannaskólans, NJC, stendur þetta á áberandi stað, með leyfi forseta, þýðing úr dönsku:

„Í sérfræðingaráði Norræna blaðamannaskólans sitja reyndir fjölmiðlamenn frá norrænu ríkjunum fimm samkvæmt tilnefningu blaðamannafélagsins í hverju ríki. Þetta á þó ekki við um Ísland þar sem menntamálaráðherrann skipar fulltrúann ...“

Þessi setning vísar til þess að menntamálaráðherra Íslendinga hunsaði tilnefningar Blaðamannafélags Íslands nú fyrir stuttu, um þau Birgi Guðmundsson og Svanborgu Sigmarsdóttur sem hina íslensku sérfræðinga í sérfræðingaráði blaðamannaskólans. Menntamálaráðherra hæstv. kaus að velja tvo aðra, sem eru ágætisfólk að því er ég þekki en ekki tilnefnd af Blaðamannafélags Íslands, og það er galli að annar af þessum fulltrúum, varamaðurinn sem á að vera, er sérstakur starfsmaður í menntamálaráðuneytinu. Norræni blaðamannaskólinn annast endurmenntun blaðamanna, lengstu námskeið hafa undanfarið verið sex vikur. Fjölmargir íslenskir blaðamenn hafa farið í þennan skóla og notið þessarar endurmenntunar, oft með styrk úr sjóðum blaðamannafélagsins, og þetta hefur verið sérstakt tækifæri í áratugi fyrir íslenska blaðamenn að mennta sig í sínu fagi sem skiptir miklu eins og allir vita sem nálægt fjölmiðlum hafa komið.

Það hefur alltaf verið höfuðforsenda skólans að vera í sem allra bestu sambandi við fagið, við blaðamannafélögin og við samtök útgefenda. Nýverið var starfsháttum skólans breytt, hann er ekki lengur sjálfstæður eins og hann var undir ráðherranefndinni heldur er hann rekinn á vegum dönsku endurmenntunarstofnunarinnar. Þetta eru reyndar umdeildar breytingar en þeim fylgdi það að nú heitir það ráðgjafarnefnd, sem áður hét stjórn, sem annast samskipti við skólann og ráðgjöf við stjórnendur hans. „Sagkyndige“

er þetta kallað á dönsku og mætti kalla sérfræðingaráð. Það er hálfrar aldar hefð um þetta mál.

Þeir sem blaðamannafélagið tilnefndi voru annars vegar í varamannssæti Svanborg Sigmarsdóttir blaðamaður og hins vegar Birgir Guðmundsson fjölmiðlafræðingur. Birgir er lektor við Háskólann á Akureyri, úr blaðamannastétt, vinnur m.a. við útgáfu og ráðgjöf fyrir Blaðamannafélag Íslands og er öllum hnútum kunnugur í norrænu fjölmiðlasamstarfi og öðru norrænu samstarfi. Þessa tilnefningu hunsaði ráðherrann, reyndar eftir að Blaðamannafélagið taldi sig hafa fengið hana staðfesta í símtali. Svör ráðherrans hingað til hafa verið þau að hugsanlegur hagsmunaárekstur sé á ferðinni. Um það leyfi ég mér að efast mjög harðlega en ef svo var af hverju ráðgaðist þá ekki ráðuneytið, starfsmenn menntamálaráðherrans, við Blaðamannafélagið um það mál? Það er engin ástæða sem í raun og veru er hægt að taka mark á af þeim skýringum sem fram eru komnar og maður spyr (Forseti hringir.) þegar íslenski menntamálaráðherrann stendur upp eins og nátttröll á norrænum vettvangi: Hvað veldur?

[14:22]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Eins og fram hefur komið áttu sér stað miklar breytingar á starfsemi Norræna blaðamannaskólans um áramótin en við endurskoðun Norrænu ráðherranefndarinnar á menningarstofnunum ráðsins árið 2005 var sérstaklega ákveðið að Norræni blaðamannaskólinn yrði ein þeirra stofnana sem lögð skyldi niður og kennsluþátturinn færður til danska blaðamannaháskólans. Norræna blaðamannamiðstöðin í Árósum eða NJC mun áfram gegna mjög margvíslegu og mikilvægu hlutverki, m.a. í námskeiðahaldi eins og fram hefur komið, fyrir blaðamenn og uppbyggingu tengsla við þær háskólastofnanir á Norðurlöndum er bjóða menntun og endurmenntun fyrir fjölmiðlamenn. Markmiðið með þessari starfsemi er ekki síst að efla samkennd meðal norrænna blaðamanna. Í tengslum við þessar breytingar, sem eru töluverðar, var nú áramótin skipað nýtt sérfræðingaráð.

Menntamálaráðuneytið hefur stuðst við þá venju við skipan í ráð og nefndir á norrænum vettvangi og raunar víðar að leita eftir tillögum til hagsmunasamtaka á borð t.d. við Blaðamannafélag Íslands. Það er rétt að árétta að slíkt er ekki skylda heldur venja og ábyrgðin er eftir sem áður alltaf hjá ráðherra, ekki hjá frjálsum félagasamtökum. Á Norðurlöndunum er gjarnan leitað til skiptis til samtaka blaðamanna og samtaka atvinnurekenda á fjölmiðlum. Hér á landi hafa fulltrúar í stjórn NJC í gegnum árin verið skipaðir í samráði við samtök blaðamanna en líka Samtök iðnaðarins. Þá hefur ráðuneytið þegar þess þykir þörf skipað fulltrúa úr ráðuneytinu sem varamann í nefndum og ráðum til að tryggja beint upplýsingastreymi til ráðuneytisins. Slíkt þykir sérstaklega mikilvægt þegar breytingar eiga sér stað þar sem verið er að móta framtíðarstarfsemi stofnana.

Sérfræðinganefndin við NJC hefur það hlutverk að gera tillögur um námskeið og samþykkja fjárhagstillögur NJC. Einnig verður það mikilvægt hlutverk á næstunni að móta nánara samstarf við þær stofnanir í einstökum ríkjum er bjóða upp á fjölmiðlanám. Talið var mikilvægt að fulltrúi Íslands að þessu sinni yrði einstaklingur sem hefði mikla reynslu af norrænni samvinnu, jafnt sem innra starfi fjölmiðla. Í bréfi sem ráðuneytinu barst frá Þór Jónssyni, sem lengi sat í stjórn blaðamannaháskólans sáluga, frá 9. janúar sl., er sett fram það sjónarmið að mikilvægt sé að sá sem situr í stjórn NJC fyrir Íslands hönd starfi á fjölmiðlum. Gaf Þór ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni þar sem hann væri ekki lengur starfsmaður á fjölmiðli. Þegar kom að því að skipa í sérfræðinganefndina hafði ráðuneytið til viðmiðunar að mjög mikilvægt væri að fulltrúi Íslands hefði umfangsmikla reynslu af fjölmiðlastarfi, væri starfsmaður á fjölmiðli og væri ekki einungis fulltrúi fjölmiðlamanna er starfa á ritstjórnum heldur gæti jafnframt tengt starf sitt hagsmunum útgefenda. Þegar þetta sjónarmið var haft til viðmiðunar og í ljósi þeirra breytinga sem NJC er að ganga í gegnum vildi ráðuneytið leggja áherslu á að sá sem skipaður væri að þessu sinni hefði þekkingu og skoðanir á þeim viðfangsefnum sem um er að ræða en væri hvorki beintengdur hagsmunasamtökum né þeim samtökum sem bjóða upp á menntun fjölmiðlamanna. Þetta skiptir máli.

Þetta fyrsta tímabil stofnunarinnar í breyttu formi mun skipta miklu máli, enda er verið að móta framtíðarstarfsemi hennar í breyttu umhverfi og hvernig hún mun t.d. hugsanlega tengjast þeim íslensku háskólastofnunum er bjóða upp á nám fyrir fjölmiðlamenn. Menntamálaráðuneytið taldi í þessu ljósi að það gæti leitt til hagsmunaárekstra ef fulltrúi Íslands í sérfræðinganefndinni væri starfsmaður fjölmiðladeildar við háskóla, t.d. ef rætt væri um tengsl eða samstarf við viðkomandi háskóla. Einnig verður að taka fram að norrænar endurmenntunarstofnanir fyrir blaðamenn eru með sérstaka fulltrúa í nefndinni og er dr. Sigrún Stefánsdóttir, varamaður í nefndinni, í því hlutverki. Þar sem NJC er að ganga í gegnum mikið umbreytingaskeið er mikilvægt að vel takist til og að þessar breytingar heppnist til að tryggja NJC í sessi í þessu breytta umhverfi. Þær breytingar þarf að sjálfsögðu að gera í samvinnu við blaðamenn, útgefendur og háskólastofnanir.

Ég vil að lokum ítreka það, frú forseti, að það hefur ekki verið algild venja, þegar horft er til síðustu ára, að Blaðamannafélag Íslands skipi fulltrúa í stjórn NJC. Samtök iðnaðarins hafa átt þar jafna aðkomu, m.a. til þess að tengja útgefendur. Öll fjölmiðlafyrirtæki og allir fjölmiðlamenn eiga þó ekki aðkomu að þessum samtökum.

[14:26]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Mörður Árnason tók ég eftir þessari frétt og furðaði mig á henni. Ég verð að segja að mér fannst það svar sem hæstv. menntamálaráðherra gaf hér ekki vera viðhlítandi varðandi þá breytingu sem gerð var núna. Ég skildi ráðherrann þannig að ekki væri verið að taka aðila úr hinum samtökunum, Samtökum iðnaðarins eða útgefenda, heldur einstakling sem hæstv. ráðherra metur að sé góður. Það sem er að gerast er að ráðherrann er að brjóta það sem Blaðamannafélagið telur venju og eftir þeim upplýsingum sem liggja fyrir er ekki verið að brjóta þá venju annars staðar á Norðurlöndum. Verið er að flytja blaðamannaskólann undir háskólann í Árósum en að öðru leyti er ekki verið kollvarpa starfseminni þar. Það vek-

ur því mikla furðu mín hvert svar ráðherrans er.

[14:27]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Ég tek undir það. Ég held að hæstv. ráðherra hafi hlaupið mjög á sig í þessu máli og þetta sé hið vandræðalegasta mál fyrir ráðherrann. Það eru engin rök fyrir því hefðarrofi sem hér hefur átt sér stað við skipan og tilnefningar í sérfræðingaráð Norræna blaðamannaskólans. Það var sjálfsagt að hafa í heiðri tilnefningar Blaðamannafélags Íslands og halda þeirri hefð sem sköpuð hefur verið í þessu máli. Ég held að hæstv. ráðherra hafi gert mistök og langeinfaldasta leiðin út úr þeim fyrir hæstv. ráðherra væri að biðjast velvirðingar á þeim mistökum og gefa það út að framvegis verði unnið með öðrum hætti og þeim sem hefð og venja segja til um að gert hafi verið. Það hefði verið langheppilegast. Ráðherrann hefði átt að velja leið friðar í stað ófriðar í þessu máli eins og reyndar svo mörgum öðrum en ekki síst hér þar sem um er að ræða tilnefningar sem alltaf eru pólitískt viðkvæm mál þótt enginn dragi í efa hæfi þeirra sem skipaðir voru í ráðið.

[14:29]

**Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):**

Forseti. „Í sérfræðingaráði Norræna blaðamannaskólans“ — stendur á áberandi stað á vefsíðu Norræna blaðamannaskólans, NJC — „sitja reyndir fjölmiðlamenn frá norrænu ríkjunum fimm samkvæmt tilnefningu blaðamannafélagsins í hverju ríki.“ *Síðan kemur punktur og svo* kemur þessi undantekningarsetning: „Þetta á þó ekki við um Ísland þar sem menntamálaráðherrann skipar fulltrúann. ...“

Sú lýsing sem hæstv. menntamálaráðherra gaf hér á tildrögum þessa máls er þannig að ekki er hægt að taka mark á henni. Talað er um hagsmunaárekstur ef Birgir Guðmundsson sitji í þessu sérfræðingaráði þó að þar sitji, eins og vissulega og réttilega kom fram í máli menntamálaráðherra, tveir fulltrúar frá endurmenntunarstofnunum á Norðurlöndum. Ef um hagsmunaárekstur er að ræða í einhverjum tilvikum koma varamenn inn og þannig leysum við hlutina í hinu íslenska lýðræði almennt. Ef um hagsmunaárekstur hefði verið að ræða, og það væri ekki skyndiskýring eftir á hjá ráðherranum og starfsmönnum hennar, ég veit ekki hvorir eru sekir um þetta klúður, hefði auðvitað verið haft samband við Blaðamannafélagið og bent á að því miður væri þessi tilnefning ekki fullnægjandi. Eða þá að menn hefðu snúið þessari tilnefningu við og tekið varamanninn og sett hann inn sem aðalmann og haft aðalmanninn varamann. Hægt hefði verið að gera þetta með ýmsu móti ef hæstv. menntamálaráðherra hefði í raun og veru viljað hafa þá hefð samráðs við fagfélögin, Blaðamannafélagið og samtök útgefenda sem ekki var heldur haft samráð við sem reyndin er í þessu efni.

Mig langar að vitna í Íslenska orðabók. Skýring á einum stað hljóðar svo, með leyfi forseta: „misnotkun valds; t.d. það að ólögmæt sjónarmið (einkahagsmunir, óvild, flokkshagsmunir e.þ.h.) ráði ákvörðun stjórnvalds.“ Þetta er skýring orðsins valdníðsla.

[14:31]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Engar breytingar hafa átt sér stað á því að menntamálaráðherra hefur ávallt skipað fulltrúa í NJC. Á því hefur ekki orðið breyting. (Gripið fram í.) Það hefur ávallt verið menntamálaráðherra sem hefur skipað og borið ábyrgð á öllum skipunum og tilnefningum í NJC. Ég met það svo að þótt hefð sé fyrir þessu sé það sjálfsögð skylda mín sem ráðherra að bera ábyrgð, fara yfir sviðið og átta mig á hvaða breytingar eru í vændum. Það eru miklar breytingar á þessu umhverfi. Ég tel það eðlilegt í ljósi þess að (Gripið fram í.) ráðuneytið er ekki, eins og sumir virðast halda, sjálfvirkur stimpilpúði fyrir hagsmunasamtök. Mér ber að sjálfsögðu skylda til að fara yfir þær tilnefningar sem berast og meta hvort þær séu til þess fallnar að efla og styrkja stofnunina á því umbreytingaskeiði (Gripið fram í.) sem hún á við að etja hverju sinni. Ég tel mjög eðlilegt og sjálfsagt að hafa gert þetta.

Ég legg engu að síður mikla áherslu á að þetta er fyrsta skrefið í breytingum hjá Norræna blaðamannaskólanum og hjá umræddri sérfræðinganefnd og það er ekkert óeðlilegt við hvernig að málum hefur verið staðið. Þetta hefur verið hefð eða venja en það er ekki skylda að ráðherra fari eftir þessu, enda er það ráðherra eftir sem áður sem ber ábyrgð á þessum skipunum en ekki blaðamannafélagið. Hitt er svo annað mál og vissulega er það rétt að margir hafa sagt mér að það væri mikið óráð að fara ekki eftir tilnefningum *helstu hagsmunasamtökum blaðamanna.* Hagsmunasamtök eins og Blaðamannasamtök Íslands geta að sjálfsögðu haft mikil áhrif á starfsumhverfi stjórnmálamanna og góð tengsl þar á milli skipta auðvitað sköpum fyrir stjórnmálamenn, sama hvar í flokki þeir standa.

Umræðu lokið.

## *Tæknisafn Íslands.*

Fsp. BjörgvS, 593. mál. — Þskj. 882.

[14:33]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Virðulegi forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um Tæknisafn Íslands:

1. Með hvaða hætti hefur menntamálaráðuneytið komið að undirbúningsstarfi vegna Tæknisafns Íslands og hvernig verður aðkomunni háttað meðan undirbúningur stendur yfir?

2. Hver eru viðbrögð ráðherra við þeirri niðurstöðu áfangaskýrslu undirbúningsnefndar um Tæknisafn Íslands að brýn þörf sé fyrir tæknisafn og hvað hyggst ráðherra gera til úrbóta?

Umrædd áfangaskýrsla, sem lögð var fyrir hæstv. menntamálaráðherra í lok síðasta árs, leiðir í ljós ákveðnar brotalamir í bæði mennta- og menningarmálum hérlendis hvað þetta varðar. Varðandi menntamálin stendur það kannski upp úr að nemendur hér á landi sitja ekki við sama borð og þekkist í nágranna- og viðmiðunarlöndunum. Er-

lendis eru heimsóknir í svokallaðar vísindastofur mikilvægur og órjúfanlegur þáttur í hvers konar raungreinakennslu sem er sú menntun sem við þurfum kannski hvað helst að efla í skólakerfi okkar. Hérlendis er hvergi að finna fullbúna vísindastofu sem getur þjónað þessu hlutverki. Reynt hefur verið að leysa þennan vanda með tilraunastofum í skólunum sem eru oft vanbúnar og standast ekki samanburð við svokallaðar upplifunarstofur sem gerðar eru til að taka á móti stöðugum straumi nemenda. Þessi þáttur upplifunar og lifandi kennslu er vanræktur og hafa margir raungreinakennarar bent ítrekað á það.

Áfangaskýrslan leiðir einnig í ljós alvarlegan ágalla í safna- og menningarmálum en það er söfnun og varðveisla á verkum íslenskra hugvitsmanna. Staðreyndin er sú að við getum týnt niður þjóðararfinum í þessari merkilegu grein vegna þess að enginn stofnun er til að halda þessu hlutverki uppi og halda til haga verkum frumkvöðlanna. Þeir fáu munir sem komast á söfn eru að öllum líkindum í ágætri varðveislu en þeir eru sjaldan til sýnis almenningi o.s.frv. Við höfum átt marga ágæta uppfinningamenn sem vert er að halda utan um og allt sem snýr að tækni og verkmennt hvers konar er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að varðveita og vernda. Engin stofnun hefur þetta hlutverk og við þurfum að bæta úr því.

Ég held, frú forseti, að tæknisafn væri mjög ákjósanlegt og eftirsóknarverður hluti til að bæta í safnamenningu okkar og menntaflóru. Unnið hefur verið að undirbúningi slíks safns og sá maður sem hefur gengið hvað lengst fram í því heitir Valdimar Össurarson, ferða- og upplýsingafulltrúi í Flóa. Hann hefur unnið mikið starf í mörg ár og hefur fengið ákveðna fjármuni til undirbúnings, litla þó en þannig að vísir er kominn að málinu. Ég held að við þurfum að hreyfa þessu máli og lýsa því hér yfir að við ætlum að stefna að því að stofna Tæknisafn Íslands og koma mjög veglega að því máli, bæði Alþingi og ríkisstjórn, og stuðla að framgangi þess.

[14:36]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Hugmyndir um stofnun Tæknisafns Íslands voru fyrst kynntar í ráðuneytinu 22. september 2004. Ferðamálafulltrúi Austur-Flóa, Valdimar Össurarson, kom þá á minn fund og kynnti þar hugmyndir um að stofnað yrði nýtt höfuðsafn, Tæknisafn Íslands, þörfina fyrir stofnun þess, auk þess sem hann færði rök fyrir því að í Austur-Flóa væri góð staðsetning fyrir slíkt safn. Jafnframt hefur safnaráð veitt umsögn og í svari þess í febrúar 2005 kom fram að það telur mikilvægt að forgangsraða útgjöldum ríkisins í málum höfuðsafna Íslands en ráðið telur aðkallandi að stofnsett verði Náttúruminjasafn Íslands eins og fjallað er um í safnalögum. Enn fremur var bent á að sérsafn á sviði tækniminja Íslands í heild væri æskilegt fyrsta skref fremur en nýtt höfuðsafn og er ég sammála því.

Þá hefur verið kynnt fyrir ráðuneytinu áfangaskýrsla frá árinu 2006, m.a. með áætlunum um stofnkostnað og rekstrarkostnað. Í bréfi ráðuneytisins frá 6. febrúar sl. er bent á að samkvæmt þeim hugmyndum sem skýrslan greinir frá um fyrirhuguð verkefni og starfsemi væntanlegs tæknisafns sé ljóst að það yrði ekki skilgreint sem safn samkvæmt safnalögum og gæti því ekki notið styrkja úr Safnasjóði samkvæmt 10. og 11. gr. þeirra laga. Jafnframt væri ljóst að í næsta áfanga undirbúnings þessa verkefnis þyrfti að huga að frekara samráði við önnur söfn í landinu til að skilgreina með hvaða hætti fyrirhuguð stofnun félli að þeirri safnastarfsemi sem fyrir er í landinu, og er þá einkum vísað til samráðs við Þjóðminjasafn Íslands sem er höfuðsafn fyrir minjavörslu í landinu samkvæmt gildandi safnalögum. Ég vil minna á að höfuðsöfnin eru þrjú samkvæmt gildandi safnalögum, þ.e. Þjóðminjasafn, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn, og vonandi verðum við búin að gera það að höfuðsafni áður en þetta þing er úti.

Í fjárlögum fyrir 2006 var Tæknisafni Íslands úthlutuð fjárveiting að upphæð 500 þús. kr. og í fjárlögum fyrir árið 2007 er tæknisafninu úthlutuð fjárveiting að upphæð 1 millj. kr. Jafnframt veitti menntamálaráðuneytið undirbúningsnefndinni sérstakan styrk til að bjóða erlendum fyrirlesara að koma til landsins og halda erindi í tengslum við uppbyggingaráform aðila. Af efnistökum í áfangaskýrslunni er ljóst að meginhersla undirbúningsnefndarinnar hefur verið á hvert gildi slíkrar stofnunar sem Tæknisafn Íslands er yrði fyrir menntakerfi landsins. Þar kemur einnig fram að höfundur skýrslunnar telur orðið tæknisafn dálítið villandi fyrir það sem hér er verið að fjalla um og bætir við, með leyfi forseta:

„Tæknisafn þarf ekki að vera minjasafn, og hér er ekki gert ráð fyrir slíku. Tæknisafn er fræðslustofnun sem samanstendur af þremur meginþáttum: Vísindastofu, tækniþróunarsýningu og varðveislu þjóðararfs á tæknisviði."

Í 3. kafla skýrslunnar er lögð fram skilgreining á tæknisafni með mikilli áherslu á fræðsluhlutverk slíks safns með rekstri vísindastofu. Í 5. kafla er fjallað um tæknisafn sem menntastofnun. Í 6. kafla er fjallað um varðveislu tæknisögu og uppfinninga og þar kemur m.a. fram að líklegt er að væntanlegt tæknisafn eftirláti öðrum söfnum minjavörslu að mestu en geri fremur við þau sýningarsamninga og er þetta í samræmi við það sem sagt er í inngangi. Hins vegar er ljóst að undirbúningsnefndin hefur ekki kannað stöðu söfnunar og varðveislu tækniminja á Íslandi nema að mjög litlu leyti enn sem komið er og því ekki enn metið til fullnustu þörfina fyrir safn til varðveislu tækniminja hér á landi. Verður það væntanlega meðal verkefna í áframhaldandi starfi nefndarinnar. Í 7. kafla skýrslunnar er fjallað um vaxandi þörf fyrir stofnun af þessu tagi út frá þörfum íslensks menntakerfis og vísað í ýmsar skýrslur, rannsóknir og námskrár sem lýsa einkum þörf á auknu framboði innan skólakerfisins á fræðsluefni á sviði tækni- og raungreina.

Niðurstaða skýrslunnar er sú að nú sé orðin brýn þörf fyrir íslenskt tæknisafn sem menntastofnun sem tæki til kennslu á sviði náttúrufræða. Það er því verið að blanda þarna saman hugtökunum safn og menntastofnun. Afstaða mín er sú að það sé ótvírætt hlutverk menntastofnana á hinum ýmsu skólastigum að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum og reglugerðum og að menntun nemenda sé í samræmi við námskrár. Ekki eru uppi fyrirætlanir af hálfu ráðuneytisins að grípa til sérstakra ráðstafana á þessu sviði í tilefni af því sem fram kemur í skýrslunni. Minjasöfn af öllu tagi, þar með talin tækniminjasöfn og náttúruminjasöfn

ekki síst, geta vissulega gegnt mikilvægu hlutverki til stuðnings við menntastofnanir en staða þeirra hlýtur þó ávallt að markast af ákvæðum safnalaga. Undirbúningsnefnd að stofnun Tæknisafns Íslands hefur skilað fyrstu áfangaskýrslu sinni og er eindregið hvött til að halda áfram starfi sínu. Á grundvelli framlags á fjárlögum ársins 2007 til Tæknisafns Íslands hefur ráðuneytið því óskað eftir frekari upplýsingum um undirbúning verkefnisins eftir því sem því miðar áfram.

Ég vil undirstrika það sem ég hef sagt hér, m.a. í tengslum við frumvarp sem er til meðferðar í menntamálanefnd, og það er um náttúruminjasafn, að ég tel mikilvægt að við samþykkjum það frumvarp og mótum síðan stefnu í samráði og samvinnu við safna- og náttúrufræðisamfélagið í samvinnu við forstöðumenn nýrrar stofnunar til þess einmitt að móta hér öflugt náttúruminjasafn sem verði líka vísindasafn, hugsanlega í tengslum við og í góðri samvinnu við svona tæknisafn sem á enn þá eftir að vinna betur úr tillögum sínum. Slíkt safn mun stuðla að enn betri (Forseti hringir.) upplýsingum og aðgengi nemenda og efla áhuga þeirra á sviði sem er mjög brýnt að efla og styrkja og það eru raungreinar.

[14:42]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Mig undrar hve hæstv. menntamálaráðherra er fljót á sér að blása þetta góða mál af. Mér finnst það einkenna svör hæstv. ráðherra að þau eru þunglamaleg og endurspegla hreinlega gamaldags viðhorf. Mér finnst þetta mál bera vott um að þarna sé ný hugmynd á ferðinni, hugmynd sem snýr að því að færa alla þekkingu og tækni sem verður til úr henni inn í eitt safn sem gæti orðið mjög spennandi kostur fyrir skólana. Það væri spennandi að byggja slíkt safn upp samhliða því að við þurfum að efla mjög verk- og tækninám í landinu. Safn af þessu tagi gæti sannarlega orðið til þess að kveikja áhuga hjá námsmönnum framtíðarinnar hér á landi á því að fara inn á þær brautir. Við vitum að það er þar sem við þurfum að gefa í, það er á sviði (Forseti hringir.) verk- og tækninám. Þetta gæti orðið góður liður í því.

[14:43]

**Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):**

Frú forseti. Ég held að hæstv. ráðherra kveiki ekki á mikilvægi þessarar hugmyndar. Þetta er framsækin og merkileg hugmynd, bæði hvað varðar skóla-, menningar- og safnamál. Ég held að fálætið sem kemur fram í orðum ráðherra gagnvart hugmyndinni spegli það að við þurfum að fara betur yfir málið. Tæknisafn á borð við þetta, þar sem mest áhersla væri lögð á söguna og upplifunina, upplifunarsafn — minjavarslan sjálf, hvort sem hún væri einhvers konar aukabúgrein eða ekki, er í rauninni aukaatriði. Þessi hugmynd hefur byggt á því að halda til haga bæði hugmyndum og verkum frumkvöðla í tækni- og verkmennt á Íslandi sem hafa um árabil verið að störfum og við ekki gefið nægjanlegan gaum. Við höfum kannski ekki átt marga mjög þekkta uppfinningamenn en fjölmargir hafa komið að því að þoka áfram og umbylta tækni- og verkmenningu okkar í gegnum árin og aldirnar. Þetta tengist að sjálfsögðu íslenskum atvinnuháttum, íslensku þjóðlífi o.s.frv. Ég held að mjög heppilegt væri að hafa sérstakt safn utan um verk- og tæknimál okkar. Skólalega séð getur þetta örugglega haft mikil áhrif. Það þarf að efla raungreinamenntun og allt sem lýtur að verk- og tæknimenntun með öllum tiltækum ráðum.

Ég tek því undir með hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur og skora á hæstv. ráðherra að gefa þessu máli miklu meiri gaum. Ég skora á hæstv. ráðherra að slá þessa hugmynd ekki af heldur þvert á móti að beita sér fyrir því að þessi góða umbótatillaga og fína og vel útfærða hugmynd, Tæknisafn Íslands, nái fram að ganga.

[14:45]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er síður en svo verið að slá þessa hugmynd út af borðinu. Ég held að hv. þingmenn verði aðeins að hugsa sinn gang ef þeir ætla að misskilja orð mín þannig. Hins vegar fer ég eftir því m.a. sem safnaráð segir í umsögn sinni og mér finnst það frekar umhugsunarefni ef þau ætla að slá þá umsögn út af borðinu. Þar segir að tækniminjasafn sem höfuðsafn sé ekki raunhæft og við verðum einfaldlega að forgangsraða og forgangsröðunin er, og ég tek undir það, Náttúruminjasafn Íslands. Mér finnst það í rauninni frétt í sjálfu sér ef Samfylkingin ætlar að vera á móti þeirri forgangsröðun að efla og styrkja náttúruminjasafn. (Gripið fram í.) Þetta kemur fram hjá safnaráði og ég tek undir að það eigi að efla og styrkja nýtt náttúruminjasafn þegar það er orðið að lögum.

Hins vegar er ágætt að skynja þann samhljóm að mikilvægt sé að efla raungreinar og tæknþekkingu okkar og skólabarna okkar. Ég skipaði fyrir fáeinum missirum hóp sem skilaði mjög merkum tillögum um hvernig hægt er að efla raungreinamenntun í landinu. Þar komu m.a. fram hugmyndir í þá veru að stofna og setja á fót tilraunahús, sérstaklega með það í huga hvernig hægt sé og vekja og tengja áhuga barna á þeim heimi sem raungreinarnar og náttúruvísindin eru. Við erum enn að vinna með þær hugmyndir til að sjá hvernig hægt er að stuðla að því að slíkt tilraunahús verði að veruleika því að slíkt tilraunahús þar sem krakkarnir okkar gætu farið inn í og leikið sér svolítið í þeirri veröld sem raungreinarnar og náttúruvísindin eru er að sjálfsögðu heillandi. Þær hugmyndir hafa því í rauninni komið fram og verið er að vinna með þær. Ekki er verið að slá hugmyndir um tækniminjasafn út af borðinu, það er verið að vinna með þessum aðilum og leiðbeina fólki áfram. En ég undirstrika mikilvægi þess að við komum á fót og setjum á laggirnar öflugt Náttúruminjasafn Íslands.

Umræðu lokið.

## *Merkingar á erfðabreyttum matvælum.*

Fsp. KJúl, 589. mál. — Þskj. 874.

[14:47]

**Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):**

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur átt sér

stað talsverð umræða um erfðabreytt matvæli. Um slík matvæli eru skiptar skoðanir og hefur andstaða við þau verið einna mest í Evrópu en minnst í Bandaríkjunum og framleiðsla á þeim fer að mestu leyti fram í Bandaríkjunum.

Á síðasta þingi kom ég með fyrirspurn til þáverandi hæstv. heilbrigðisráðherra um hvað liði innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins um merkingu á erfðabreyttum lífverum og rekjanleika matvæla og fóðurvöru. Þá voru svörin þau að þetta væri allt á leiðinni og síðan höfum við fengið fregnir af því endrum og sinnum. Sú reglugerð hefur hins vegar þá gloppu að ekki eru gerðar kröfur um merkingar á afurðum af búfé sem alið hefur verið á erfðabreyttu fóðri. Þegar þessi reglugerð lítur loksins dagsins ljós, sem er með ólíkindum hve lengi hefur verið á leiðinni hingað inn, finnst mér í ljósi þess að vil viljum markaðssetja Ísland sem hreint land með hreina vöru, ættum við ganga alla leið og setja inn í reglugerðina kröfu um að öll sú matvara þar sem erfðabreytt hráefni hefur verið notað við framleiðsluna, verði merkt sem slík.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þuríður Backman spurði sömuleiðis á síðasta ári landbúnaðarráðherra hversu hátt hlutfall af heildarinnflutningi ákveðinna fóðurvara, þ.e. af maís og sojamjöli, væri erfðabreytt. Þar kom fram að um 63% af sojamjöli væri erfðabreytt og 78% af innfluttum maís. Þetta tel ég vera slíkar tölur að við eigum að gera þá kröfu að fæða sem verður til úr þeim búvörum sem þetta fóður er notað til, verði einnig merkt. Því ber ég þá fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra hvort til greina komi að mati ráðherra að setja reglugerð sem, auk kröfu um merkingu erfðabreyttra matvæla, krefst merkingar á vörum þar sem erfðabreytt hráefni hefur verið notað við framleiðsluna.

Virðulegi forseti. Þetta snýst um rétt neytanda til að vita hvað er í fæðunni sem hann neytir hverju sinni.

[14:50]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir spyr hvort komi til greina að mati ráðherra að setja reglugerð sem, auk kröfu um merkingu erfðabreyttra matvæla, krefst merkingar á vörum þar sem erfðabreytt hráefni hefur verið notað við framleiðsluna.

Reglugerðir Evrópusambandsins nr. 1829/2003, um erfðabreytt matvæli og fóður, og nr. 1830/2003, um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurs sem eru afurðir erfðabreyttra lífvera, tóku gildi í aðildarríkjunum 2004. Þessar gerðir eru ekki komnar inn í EES-samninginn en málið er til umfjöllunar hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem stendur. Að þessu leyti, frú forseti, er staðan sú sama gagnvart innleiðingu reglugerðarinnar að hún liggur hjá framkvæmdastjórninni eins og hún var þegar hv. þingmaður spurði þáverandi umhverfisráðherra og umhverfisráðherra svaraði sambærilegri fyrirspurn um merkingar erfðabreyttra matvæla í aprílmánuði á síðasta ári. Þrátt fyrir að þessar reglugerðir séu ekki komnar inn í EES-samninginn er hafin vinna í umhverfisráðuneytinu við reglugerð sem skyldar framleiðendur og seljendur til að merkja vörur sínar ef um er að ræða erfðabreytt matvæli, enda er heimild til þessa í lögum um matvæli nr. 93/1995.

Markmiðið með þeirri reglugerðarsetningu er að neytendur hafi val um það hvort þeir kaupi slík matvæli eða ekki. Staðan í málinu nú er sú að haldinn hefur verið fundur með hagsmunaaðilum þar sem drög að reglugerðinni voru kynnt. Reglugerðardrög hafa verið send út til umsagnar innan stjórnkerfisins og til hagsmunaaðila. Í þeim drögum, og þá kem ég að jákvæða svarinu við fyrirspurn hv. þingmanns, eru erfðabreytt matvæli skilgreind sem matvæli sem innihalda eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum eða eru framleidd úr eða innihalda innihaldsefni sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum. Þannig er gert ráð fyrir að matvæli þar sem erfðabreytt hráefni hefur verið notað við framleiðsluna verði merkt. Svarið við spurningu hv. fyrirspyrjanda er því já.

Ég hef lagt áherslu á að hraða þeirri reglugerðarsmíð þar sem ég tel afar mikilvægt að neytendur hafi val um hvort þeir kaupi erfðabreytt matvæli eða ekki. Ég hef orðað það þannig að ég telji að fólk eigi að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að taka ákvörðun um hvað það almennt leggur sér til munns, erfðabreytt matvæli eða annað. Ég vænti þess að reglugerðin verði sett eftir tæknilegt tilkynningarferli innan EES sem er nauðsynlegt og áskilið þar sem þessar reglugerðir hafa ekki verið teknar upp í EES-samninginn. Svarið við fyrirspurn hv. þingmanns er já, ég hef reynt að flýta þessu máli vegna dráttar á innleiðingu reglugerðarinnar með því að nota lagaheimildina sem við eigum til þess að setja reglugerð sem kveður á um þessar merkingar allt í þágu neytendaverndar.

[14:54]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við erum einfaldlega að ræða um nútímaframleiðslutækni. Það er nútíminn að nota erfðatækni og mér finnst stundum eins og umræðan um erfðabreytt matvæli lykti svolítið af fordómum gagnvart nútímatækni og nútímaframleiðsluháttum. Við sjáum hve hátt hlutfallið er af fóðri þar sem notuð er nýjasta tækni við framleiðslu þess, 63% og 78% voru nefnd í umræðunni. Ef það er svona aðkallandi mál fyrir einhvern hóp að neyta matvæla þar sem ekki er notuð nýjasta tækni við framleiðsluna finnst mér sjálfsagt að framleiðendur sem vilja uppfylla óskir þeirra merki matvæli sín sérstaklega og taki fram að þeir noti forna framleiðsluhætti við framleiðslu þeirra matvæla, þannig að sá hópur sem ekki vill neyta matvæla þar sem notuð er nýjasta tækni við geti þá mögulega fengið þá ósk sína uppfyllta.

[14:55]

**Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög því svari sem ég fékk frá hæstv. umhverfisráðherra og ég fagna því ekki síður að hún og ráðuneytið ætli að ganga lengra en reglugerð Evrópusambandsins og láta merkja sérstaklega vörur þar sem notað hefur verið erfðabreytt hráefni við framleiðsluna. Ég hrósa hæstv. umhverfisráðherra fyrir að lýsa því yfir að verið sé að reyna að hraða ferlinu eins og mögulegt er. Ég veit að án efa munu margir gleðjast yfir því vegna þess að við Íslendingar erum núna í hópi með skussunum í þessu sambandi, við erum í hópi með Bandaríkjamönnum og

nokkrum öðrum ríkjum í Ameríku, t.d. Argentínu, þar sem ekki hefur verið tekin upp sú skylda að merkja eigi erfðabreytta matvöru. Við höfum því verið svolítið sér á parti hvað varðar Evrópuríkin og önnur ríki utan Ameríku. Ég fagna því mjög að við eygjum það núna að fara úr hópi skussanna og yfir til þeirra sem eru lengra komnir í neytendavernd.

Varðandi orð hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar undrast ég þau mjög og það er ekki rétt hjá honum að segja að öll þessi umræða einkennist af fordómum gagnvart nútímaframleiðslutækni. (Gripið fram í.) Það sem einfaldlega er um að ræða í máli mínu og fyrirspurn minni og því sem hæstv. ráðherra er augljóslega að vinna að í ráðuneytinu snýst um að neytandinn geti tekið upplýsta ákvörðun, hann hafi val um hvað fæðan sem hann neytir inniheldur. Það er grundvallaratriði og það að frjálslyndur þingmaður skuli tala með þeim hætti sem hann gerði undrar mig svo vægt sé til orða tekið.

[14:57]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilu hv. fyrirspyrjanda og hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar um nútímann eða ekki nútímann í þessu samhengi. Í svari mínu kom í sjálfu sér ekki fram nein afstaða til líftækninnar sem slíkrar, hvorki gagnvart matvælum né fóðri. Ég vil enn og aftur árétta að innleiðingin hefur dregist, ekki af orsökum sem okkur verður kennt um, heldur vegna þess ferils sem ég gerði grein fyrir í fyrra svari mínu. Afstaða mín hefur verið sú, og það er einungis neytendasjónarmið, að fólk eigi rétt á að vita hvort um sé að ræða erfðabreytt matvæli. Þess vegna þarf varan að vera merkt svo fólk viti hvað það er að kaupa og hvað það leggur sér til munns og eigi þannig val um hvort það kaupir vörur þar sem líftæknin hefur verð nýtt eða ekki. Þetta er sjónarhornið í þessu og afstaða mín er sú, eins og ég gerði grein fyrir, að bíða ekki eftir innleiðingunni, nota lagaheimildina og setja þessa reglugerð og síðan í kjölfarið, eftir að innleiðingarferlinu er lokið, verðum við með sama kerfi, sömu löggjöf og ríkir innan Evrópusambandsins, en drátturinn er ekki með okkar vilja og ekki fyrir ráðstafanir okkar á nokkurn hátt.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 14:59]

Fundi slitið kl. 15:15.

---

# 76. FUNDUR

miðvikudaginn 21. febr.,
að loknum 75. fundi.

**Dagskrá:**

1. Vísitala neysluverðs, stjfrv., 576. mál, þskj. 854. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 591. mál, þskj. 876. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 570. mál, þskj. 846. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, stjfrv., 621. mál, þskj. 921. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 618. mál, þskj. 918. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Neytendavernd, stjfrv., 616. mál, þskj. 916. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, stjfrv., 617. mál, þskj. 917. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 358. mál, þskj. 952, nál. 886. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Orkustofnun, stjfrv., 367. mál, þskj. 953, nál. 879, brtt. 880. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, stjfrv., 378. mál, þskj. 954, nál. 887, brtt. 888. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Úrvinnslugjald, stjfrv., 451. mál, þskj. 955, nál. 928, brtt. 929. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Lokafjárlög 2005, stjfrv., 440. mál, þskj. 956, nál. 883, brtt. 884 og 885. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, þáltill., 80. mál, þskj. 80. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Tekjuskattur, frv., 66. mál, þskj. 66. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Tekjuskattur, frv., 35. mál, þskj. 35. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

### *Vísitala neysluverðs, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 576. mál (viðmiðunartími, EES-reglur). — Þskj. 854.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 591. mál (samsköttun sambúðarfólks, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 876.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 570. mál (eignarhlutur ríkisins til Landsvirkjunar). — Þskj. 846.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 621. mál (aukin heimild). — Þskj. 921.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

***Vextir og verðtrygging, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 618. mál (verðsöfnunartími vísitölu). — Þskj. 918.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Neytendavernd, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 916.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 617. mál (EES-reglur, neytendavernd). — Þskj. 917.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 358. mál (löggilding starfsheitis grafískra hönnuða). — Þskj. 389, nál. 886.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]
Brtt. í nál. 886 (ný 1. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

***Orkustofnun, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 367. mál (tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl.). — Þskj. 399, nál. 879, brtt. 880.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Brtt. 880,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MS, ÓlE, RG, SAÞ, SKK, SigurlS, SF, SJS, SvA, SæS, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 880,2 (ný 2. gr., verður 1. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, MS, MF, MÁ, ÓlE, RG, SAÞ, SKK, SigurlS, SF, SJS, SvA, SæS, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, LB, MÞH, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÖJ) fjarstaddur.

Brtt. 880,3–4 (3.–4. gr. falli brott) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB,

BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, MS, MF, MÁ, ÓlE, RG, SAÞ, SKK, SigurlS, SF, SJS, SvA, SæS, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, LB, MÞH, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÖJ) fjarstaddur.

Brtt. 880,5 (ný 5. gr., verður 2. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MS, MF, MÁ, ÓlE, RG, SAÞ, SKK, SigurlS, SF, SJS, SvA, SæS, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MÞH, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

### *Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 378. mál (áfrýjunarnefnd neytendamála, faggilding). — Þskj. 415, nál. 887, brtt. 888.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]

Brtt. 888,1 samþ. með 42 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 888,2 samþ. með 43 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 888,3–6 samþ. með 43 shlj. atkv.

3.–13. gr. (verða 3.–14. gr.), svo breyttar, samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

### *Úrvinnslugjald, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 451. mál (fjárhæð gjalds á umbúðir). — Þskj. 592, nál. 928, brtt. 929.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 929,1 (ný 5. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 929,2 (ný 6. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

### *Lokafjárlög 2005, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 562, nál. 883, brtt. 884 og 885.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]

Brtt. 884 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, MS, ÓlE, SAÞ, SKK, SigurlS, SF, SvA, SæS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EBS, GÖg, JÁ, JGunn, KJúl, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MÞH, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Sundurliðun 1, svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓlE, SAÞ, SKK, SigurlS, SF, SvA, SæS, ÞKG, ÖS.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EBS, GÖg, JÁ, JGunn, KJúl, KolH, KHG, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MÞH, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 885 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓlE, RG*, SAÞ, SKK, SigurlS, SF, SvA, SæS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EBS, GÖg, JÁ, JGunn, KJúl, KolH, KHG, MF, MÁ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MÞH, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, ÖJ) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði. ]

Sundurliðun 2, svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓlE, SAÞ, SKK, SigurlS, SF, SvA, SæS, ÞKG.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EBS, GÖg, JÁ, JGunn, KJúl, KolH, KHG, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MÞH, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, ÖJ) fjarstaddir.

1.–2. gr., svo breyttar, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, JónK, KF, KÓ, MS, ÓlE, SAÞ, SKK, SF, SvA, SæS, ÞKG.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EBS, GÖg, JÁ, JGunn, KJúl, KolH, KHG, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JBjart, KLM, LB, MÞH, PHB, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SP, StB, VF, ÖJ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓlE, SAÞ, SKK, SigurlS, SF, SvA, SæS, ÞKG.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EBS, GÖg, JÁ, JGunn, KJúl, KolH, KHG, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MÞH, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, MS, ÓlE, RG, SAÞ, SKK, SigurlS, SF, SvA, SæS, ÞKG, ÞBack.

7 þm. (EBS, GÖg, KHG, MF, SJS, ÞSveinb, ÖS*) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÞÞ, GÁ, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, ÖJ) fjarstaddur.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já. ]

### *Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, frh. fyrri umr.*

Þáltill. MF o.fl., 80. mál. — Þskj. 80.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Tekjuskattur, frh. 1. umr.*

Frv. ÖJ o.fl., 66. mál (hlutfall fjármagnstekjuskatts). — Þskj. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Tekjuskattur, frh. 1. umr.*

Frv. GAK o.fl., 35. mál (ferðakostnaður). — Þskj. 35.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann, frh. fyrri umr.*

Þáltill. DrH o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Umræður utan dagskrár.*

Meðferðarúrræði fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga.

[15:30]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Nú hefst áður boðuð utandagskrárumræða um meðferðarúrræði fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:30]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Undanfarnar vikur hefur farið fram mikil umræða í þjóðfélaginu um þær meðferðarstofnanir sem sinna sjúklingum sem háðir eru neyslu áfengis- og vímuefna. Því miður er upphaf þessarar umræðu grunur um slæma meðferð sjúklinga og fjármuna á meðferðarheimili sem hlotið hefur ríkisstyrki til rekstrar og meðferðarstarfsemi fyrir fíkniefnaneytendur og ljóst að mjög takmörkuð fagþekking var til staðar og eftirlit með starfseminni í algerum molum.

Ég bað ekki um þessa umræðu til að ræða málefni Byrgisins enda eru þau vonandi komin í réttan farveg hjá til þess bærum yfirvöldum. Umræðan tengist þó óneitanlega þeirri starfsemi og annarri sem rekin er á svipuðum forsendum,

þ.e. meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga þar sem réttur þeirra til fagþjónustu vegna veikinda er ekki virtur. Orðaleikur er viðhafður um meðferðarstofnanir að því er virðist til þess eins að firra stjórnvöld ábyrgð á því að stór hluti þessara sjúklinga fær ekki viðunandi nauðsynlega fagþjónustu. Talað er um vistheimili, gistiheimili, stoðbýli, gistiskýli og meðferðarheimili svo eitthvað sé nefnt. Kostnaður við rekstur þessara meðferðarheimila eða stofnana er misjafn, rekstrarformið misjafnt, enda heyrir starfsemin ýmist undir félagsmálayfirvöld eða heilbrigðisyfirvöld. Það mætti ætla að þær stofnanir sem falla undir félagsmálaráðuneytið, að undanskilinni starfsemi Barnaverndarstofu og starfsemi sem tengist henni, fáist aðeins við aðhlynningu einstaklinga sem hafa lokið vímuefnameðferð á viðurkenndum heilbrigðisstofnunum innan heilbrigðiskerfisins og í samráði við fagfólk, að fenginni þeirri niðurstöðu að sjúklingurinn hafi hlotið viðunandi heilbrigðisþjónustu en þurfi nú á félagslegum úrræðum að halda. En, virðulegi forseti, sú er ekki raunin. Stofnanir sem heyra undir félagsmálayfirvöld styrktar af ríki og sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum reka, eins og fram kemur í skýrslu heilbrigðisráðherra til þingsins í mars 2005, áfengis- og vímuefnameðferð. Jafnvel að þeirra sögn bráðainnlagnir, afeitrun og lyfjagjafir án tilskilinna leyfa heilbrigðisyfirvalda og án þess að yfirvöld hafi brugðist við þessari vitneskju.

Í sömu skýrslu er þó skýr skilgreining á því hvað felst í meðferðarstarfi en þar segir, með leyfi forseta:

„Meðferð er skipulögð og einstaklingsbundin áætlun sem fylgt er undir handleiðslu fagmenntaðs fólks. ... Lykilatriði er að til þess að meðferðin sé viðurkennd af heilbrigðisyfirvöldum þarf hún að fara fram undir handleiðslu sérfræðinga sem hafa viðurkennda faglega þekkingu og reynslu til að veita hana.“

Þannig á þetta auðvitað að vera. Því oftar en ekki er verið að meðhöndla mjög veika einstaklinga sem berjast við fleiri en einn alvarlegan sjúkdóm. Þessir sjúklingar eiga eins og aðrir sjúklingar sinn rétt, þeir eiga heimtingu á þjónustu fagfólks. Samt gerist það að um meðferð þeirra er samið við stofnanir sem geta ekki veitt fullkomna fagþjónustu jafnvel á sama tíma og stofnanir sem veita viðurkennda þjónustu og hafa fagþekkingu og reynslu fá ekki fjármagn til að sinna þessum hópi sjúklinga, eins og dæmin sanna hvað varðar rekstur sjúkrastöðvar SÁÁ.

Virðulegi forseti. Hver er það sem metur og ákveður að þessir sjúklingar eigi ekki rétt á meðhöndlun á viðurkenndri heilbrigðisstofnun? Hver er það sem metur og ákveður að trúarleg umhyggja, svo góð sem hún er, virki betur en fagleg heilbrigðisþjónusta við þessum illvíga sjúkdómi og fylgikvillum hans? Hverjir eru það sem eiga að axla ábyrgð á því að hópur fólks fær ekki þá faglegu þjónustu sem það á lögum samkvæmt rétt á? Getur verið að aðgerðir eða aðgerðaleysi í málefnum þessa fólks stjórnist enn af fordómum eða af því að í raun er ekki viðurkennt að hér sé um sjúkdóm að ræða? Ég beinu þessu og eftirfarandi spurningum til ráðherra:

Hvað ræður mati stjórnvalda á því hvenær meðferð sjúklinga sem háðir eru neyslu áfengis- og fíkniefna er innan heilbrigðiskerfisins eða að sjúklingar eru vistaðir til meðferðar á stofnun sem fellur undir heilbrigðismálayfirvöld og hver framkvæmir þá greiningu á sjúklingnum? Samræmast ákvarðanir og aðgerðir stjórnvalda í málefnum þessa hóps sjúklinga þeim niðurstöðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar að áfengis- og vímuefnasýki sé sjúkdómur? Telur ráðherrann að réttindi þessara sjúklinga séu tryggð samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga hvort sem meðferðarstarf fer fram á stofnunum heilbrigðiskerfisins eða félagsmála? Mun ráðherra beita sér fyrir því að rekstur þeirra meðferðarstofnana sem eru utan ramma heilbrigðiskerfisins verði skoðaður sérstaklega og færður undir yfirumsjón heilbrigðisyfirvalda og ef ekki, hver er þá ástæðan? Mun ráðherra beita sér fyrir því að starfsemi SÁÁ verði efld þannig að hægt verði að sinna langtímameðferð á stofnunum SÁÁ? Hefur verið mótuð heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana í samræmi við ályktun Alþingis frá 3. mars 2002 og skýrslu ráðherra sem lögð var fyrir Alþingi í mars 2005?

[15:36]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hefur beint til mín sex spurningum. Sú fyrsta er:

„Hvað ræður mati stjórnvalda á því hvenær meðferð sjúklinga sem háðir eru neyslu áfengis- og fíkniefna er innan heilbrigðiskerfisins eða að sjúklingar eru vistaðir til meðferðar á stofnun sem fellur undir heilbrigðismálayfirvöld og hver framkvæmir þá greiningu á sjúklingnum?“

Því er til að svara að sjúkdómsmeðferð fólks er jafnan háð vilja og ákvörðun þess sjálfs nema viðkomandi hafi verið sviptur sjálfræði. Sjúkdómsgreiningar eru einungis í höndum lækna og það eru læknar sem taka ákvörðun um að vísa fólki á meðferðarúrræði innan heilbrigðiskerfisins á grundvelli sjúkdómsgreiningar. Sú tilvísun getur ýmist verið innlögn eða önnur úrræði. Samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga er sjúklingur skilgreindur sem notandi heilbrigðisþjónustu, þeir sem vistast á stofnunum sem falla undir félagsmálayfirvöld eru því ekki sjúklingar í skilningi laganna og það getur því verið í höndum ýmissa aðila sem tengjast einstaklingunum svo sem ættingja, vina eða opinberra stofnana sem koma að velferð þeirra með einhverjum hætti að vísa fólki í eða leiðbeina þeim í úrræði hjá stofnunum félagsmálayfirvalda.

Í öðru lagi er spurt:

„Samræmast ákvarðanir og aðgerðir stjórnvalda í málefnum þessa hóps sjúklinga þeim niðurstöðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að áfengis- og vímuefnasýki sé sjúkdómur?“

Því er til að svara: Já. Hér á landi er þeim sem þjást af áfengis- og vímuefnafíkn veitt læknisfræðileg meðferð á vegum heilbrigðisþjónustunnar eins og kunnugt er. Samkvæmt upplýsingum frá yfirlækni áfengis- og vímuefnameðferðar á LSH, Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi er aðgengi að þeirri þjónustu óvíða betra en hér. Það er gott úrval og framboð er mjög fínt hér á Íslandi, samkvæmt upplýsingum hans. Innlagnir eru fleiri en þekkist í nágrannalöndum okkar hvaða viðmið sem við kjósum að nota. Á það ekki síst við um endurinnlagnir sem flestar aðrar þjóðir hafa sett mun meiri skorður við en við höfum gert hér á landi. Það er eins og kunnugt er grundvallaratriði í

meðferð gegn þessari fíkn að hlutaðeigandi sé reiðubúinn til að breyta til og sé ákveðinn í að hætta drykkju og neyslu og fari í meðferð. Sé sá vilji ekki fyrir hendi getur einstaklingurinn engu að síður oft þurft á margvíslegum stuðningi samfélagsins að halda og slíkur stuðningur er veittur hér eins og í öllum öðrum löndum og hann er veittur á vegum margra mismunandi aðila. Um þennan hóp gildir því að vissu leyti hið sama og um aðra sjúklingahópa að enda þótt sjúkdómsgreiningin liggi fyrir þá er ekki öll þjónustan veitt á vegum heilbrigðisþjónustunnar.

Í þriðja lagi er spurt:

„Telur ráðherra að réttindi þessara sjúklinga séu tryggð samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga hvort sem meðferðarstarf fer fram á stofnunum heilbrigðiskerfisins eða félagsmála?"

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði áðan er sjúklingur skilgreindur sem notandi heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga. Samkvæmt því eru þeir sem vistaðir eru á stofnunum félagsmálayfirvalda ekki sjúklingar. Leiti þeir til læknis gilda lög um réttindi sjúklinga gagnvart þeim á sama hátt og gagnvart hverjum öðrum sem leitar til læknis hvort sem er á heilsugæslustöð eða annars staðar innan heilbrigðiskerfisins.

Í fjórða lagi er spurt:

„Mun ráðherra beita sér fyrir því að rekstur þeirra meðferðarstofnana sem eru utan ramma heilbrigðiskerfisins verði skoðaður sérstaklega og færður undir yfirumsjón heilbrigðisyfirvalda? Ef ekki hver er þá ástæðan?"

Virðulegur forseti. Stofnanir sem beint eða óbeint heyra undir heilbrigðisráðuneytið og þjóna áfengis- og vímuefnaneytendum eru Vogur, Vík og Staðarfell á vegum SÁÁ og Hlaðgerðarkot, vistheimilið í Krýsuvík og Bjarg sem heyra undir ráðuneytið, auk geðdeilda LSH og FSA. Þetta eru sérhæfðar stofnanir og einingar en auk þess er þessum hópi sjúklinga sinnt meira eða minna á öllum stofnunum sem heyra undir ráðuneytið og þær stofnanir sem ég taldi upp áðan lúta eftirliti landlæknis. Rétt er hins vegar að skoða hvort einhver þjónusta sem nú er veitt á vegum heilbrigðisráðuneytisins ætti betur heima hjá félagsmálayfirvöldum því það er mikilvægt að skilgreina ekki þjónustu sem er í eðli sínu félagsþjónusta yfir til heilbrigðisstofnana. Mætti þar t.d. nefna Krýsuvíkurheimilið og Bjarg. Landlæknir hefur farið og heimsótt m.a. Krýsuvíkurheimilið og tjáði mér að þar væri í engu ábótavant. Hins vegar verður ekki séð í fljótu bragði að nú sé rekin á vegum félagsmálaráðuneytisins þjónusta fyrir þennan hóp sem rétt væri að skilgreina innan heilbrigðisþjónustunnar.

Ég vil einnig nefna að menn verða að hafa það hugfast að þótt einhver heilbrigðisþjónusta sé veitt á stofnunum, sambýlum eða annars staðar á heimilum eða einhver heilbrigðisstarfsmaður veiti slíkt, þá verður það heimili ekki í eðli sínu heilbrigðisstofnun fyrir vikið, alls ekki.

Í fimmta lagi, virðulegi forseti, er spurt hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að starfsemi SÁÁ verði efld þannig að hægt verði að sinna langtímameðferð á stofnunum SÁÁ. Því er til að svara já. Ég tel það skynsamlegt að auka bæði göngu- og dagdeildarþjónustu á vegum SÁÁ sem og annarra stofnana sem veita þjónustu á þessu sviði. Slíkar áherslur eru til þess fallnar að styðja við bakið á þeim sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda til lengri tíma.

Virðulegur forseti. Sjöttu spurningunni verð ég að svara í seinni ræðu. Þetta voru sex mjög langar spurningar þannig að ég kem því svari að síðar.

[15:41]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Það eru tvö mál sem að undanförnu hafa vakið þjóðina til meðvitundar um meðferðarúrræði fyrir vímuefnasjúklinga, þ.e. áfengissjúklinga og sjúklinga sem neyta ólöglegra fíkniefna og lyfseðilsskyldra efna. Það eru hin alvarlegu mál Byrgisins sem hafa vakið okkur til umhugsunar og eins rekstrarerfiðleikar SÁÁ. Það er mjög brýnt að stjórnvöld viðurkenni í raun alkóhólisma sem sjúkdóm og banvænan sjúkdóm ef hann fær að þróast.

Meðferð getur verið mjög erfið og í mörgum tilfellum eingöngu hægt að draga úr einkennum með endurteknum afeitrunum, aðhlynningu og lyfjagjöf. Geðsjúkdómar eru oft undirliggjandi og gera alla meðferð og eftirfylgni erfiðari. Þetta eru þeir vímuefnasjúklingar sem heilbrigðisþjónustan hefur brugðist.

Mál Byrgisins hafa opinberað svo rækilega ábyrgðarleysi stjórnvalda í meðferðarmálum vímuefnasjúklinga að til kortlagningar og uppstokkunar á málaflokknum verður að koma hið fyrsta. Það er alveg ljóst að við höfum í dag nægileg úrræði til að greina vandann en okkur vantar úrræði fyrir langtímasjúklinga og langtímameðferð því þetta er sjúkdómur, sérstaklega hjá þeim sem þjást af geðsjúkdómum, sem getur varað ævilangt og það er mikilsvert að hjálpa þessum einstaklingum til afeitrunar, til aðhlynningar og sérstaklega til búsetuúrræða á meðferðarheimili við hæfi. Einstaklingsbundin meðferð er mjög mikilvæg og búsetuúrræði úti í þjóðfélaginu er það sem koma skal.

[15:43]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Eins og er um fleiri málefni velferðarkerfisins þá bera fleiri en eitt ráðuneyti ábyrgð á málefnum áfengis- og fíkniefnaneytenda. Slík ábyrgðarskipting milli ráðuneyta á málaflokkum getur komið í veg fyrir eðlilega samhæfingu á þjónustunni og að fjármagn nýtist á hagkvæmastan máta. Það getur einnig bitnað á skjólstæðingum þjónustunnar.

Á síðustu árum hafa verið gerðar úttektir og skýrslur um þjónustu við áfengis- og vímuefnaneytendur sem gefa glögga mynd af þeim vettvangi og hvar skórinn kreppir. Þetta var gert í kjölfar samþykktar beiðni um skýrslu um meðferðarstofnanir og síðan samþykkt þingsályktunartillögu um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana en hvort tveggja var að frumkvæði Einars K. Guðfinnssonar núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra. Áfengis- og vímuefnaneytendur eru fjölbreyttur hópur karla og kvenna á ýmsum aldri á mismunandi stigi sjúkdóms síns og með ólíkar þarfir. Styrkur íslenskra meðferðarstofnana er að þær eru aðgengilegar og bjóða upp á fjölbreytt úrræði sem eru til þess fallin að mæta þörfum þeirra. Hins vegar hlýtur það að vera sérstakt athugunarefni að á hverju ári fer 1,5% þjóðarinnar í meðferð vegna áfengis- og vímuefnavanda sem er mun hærra hlutfall en þekkist annars staðar.

Það er ljóst að það þarf að breyta ýmsum áherslum í starfi meðferðarstofnana. Færa þarf ábyrgð á málaflokknum á hendi eins ráðuneytis eða skýra betur ábyrgðaskiptingu milli þeirra til að tryggja yfirsýn og samhæfingu á þjónustunni. Það þarf að leggja aukna áherslu á meðferð á göngudeild á kostnað þjónustu sem felur í sér innlögn á stofnun og það þarf að tryggja áfram fjölbreytni í þjónustu en jafnframt er nauðsynlegt að gera þjónustusamninga við þá sjálfstæðu aðila sem tekið hafa að sér meðferð þessa fólks. Í þeim þarf að gera kröfur um faglega þjónustu og síðast en ekki síst verður að koma á samræmdu mati á gæðum og árangri þjónustunnar.

[15:46]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Fíkniefnavandinn er mikið vandamál í samfélaginu og til að taka á vandanum þarf fjármagn. Það er til fjármagn hjá ríkinu, þetta er spurning um forgangsröðun, þ.e. að beina fjármagninu á rétta staði. Úrræði þurfa að vera til fyrir börn sem ánetjast fíkniefnum, við höfum t.d. neyðarvistun á Stuðlum. Þar er unnið mjög gott starf en þeim er ætlað að sinna öllu höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki nóg að hafa neyðarúrræði, það þarf líka að hafa þjónustu í framhaldsmeðferð.

Herra forseti. Talandi um fjármagn og forgangsröðun, talandi um þjónustusamninga, eins og hv. þm. Ásta Möller gerði áðan, og talandi um að efla SÁÁ, eins og hæstv. heilbrigðisráðherra gerði hér áðan, þá lagði ég síðasta mánudag spurningu fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra varðandi þjónustusamning við SÁÁ. Sá samningur rann út í mars 2005, enginn þjónustusamningur var gerður 2006 og enginn samningur hefur heldur verið gerður fyrir árið 2007.

Svarið frá hæstv. ráðherra var á þessa leið, með leyfi forseta:

„Vegna þessarar fyrirspurnar vil ég líka benda á að utandagskrárumræða er fyrirsjáanleg á miðvikudaginn um áfengis- og vímuefnameðferð og þá gefst þingmönnum kostur á að ræða þessi mál frekar."

Nú spyr ég enn og aftur, herra forseti: Hvað með þjónustusamning við SÁÁ? Af hverju var ekki gerður þjónustusamningur í fyrra? Af hverju hefur ekki verið gerður þjónustusamningur fyrir þetta ár, þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi gert athugasemdir við þessi vinnubrögð? Af hverju er þessi samningur ekki gerður? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að efla starf SÁÁ ef ekki er hægt að ganga frá einum þjónustusamningi?

[15:48]

**Ellert B. Schram:**

Herra forseti. Þessi umræða er að sjálfsögðu sprottin af þeirri hörmungarsögu sem við höfum orðið vitni að í Byrginu. Það var að skilja á hæstv. ráðherra áðan að það fólk sem þangað leitaði hefði ekki endilega verið skilgreint sem sjúklingar. Því ber nú ekki saman við það sem komið hefur fram í félagsmálanefnd þar sem lagðar hafa verið fram skýrslur og viðurkennt að um sjúklinga sé að ræða. Enn fremur hefur það verið staðfest af þeim sem hafa veitt svör við spurningum nefndarinnar um þetta mál.

Lykilspurningin í þessu máli er þessi: Hver er hugmyndafræðin á bak við það að senda sjúkt fólk á meðferðarheimili þar sem hvorki er að finna sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga eða lækna — nema þá einn lækni sem er kallaður til eftir þörfum? Hverjir eru það sem ákveða hvenær læknis sé þörf? Er það viðhlítandi meðferðarúrræði, að mati heilbrigðis- og félagsmálayfirvalda, að góðhjartaðir einstaklingar, trúarloddarar eða kannski fyrrverandi fíklar, opni meðferðarheimili til að annast og afeitra sjúklinga eins og átt hefur sér stað?

Athyglin hefur beinst að kynferðislegri misnotkun og öðru hneyksli sem átti sér stað austur þar en athyglin ætti að beinast að stjórnvöldum sem mæltu með fjárveitingum og létu undir höfuð leggjast að hafa eftirlit með meðferð sjúkra einstaklinga sem þangað fóru í góðri trú. Þangað sem sjúkt fólk leitar ber heilbrigðiskerfið ábyrgð og það þarf að bera ábyrgð á því að sjúklingarnir fái faglega meðferð, svo einfalt er nú það. Það var því miður ekki gert í Byrginu og sjálfsagt á fleiri stöðum. Það voru yfirvöld sem brugðust þessu fólki, þessum sjúklingum, og sá er kjarni málsins.

[15:50]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli hér á hinu háa Alþingi. Það er ansi merkilegt, eins og fram kom í máli hv. þm. Ástu Möller, að 1,5% af þjóðinni skuli leita sér meðferðar við vímuefnafíkn og drykkjusýki á hverju einasta ári.

Það er rétt, eins og fram hefur komið, að það þarf kannski ekki sömu meðferð fyrir alla þessa einstaklinga. Þess vegna hafa áherslur í starfi SÁÁ m.a. verið að breytast. Það er verið að taka upp í auknum mæli göngu- og dagdeildarþjónustu. Mál munu væntanlega þróast með þeim hætti að meira verður um meðferð án innlagna og jafnvel eftirfylgd eftir útskrift.

Eins og fram hefur komið eru menn mislangt gengnir með þennan sjúkdóm. Sumir vilja ekki meðferð og þiggja ekki meðferð, í öðrum tilvikum gengur meðferð alls ekki þó að menn fari í tugi skipta inn á Vog eða leiti sér hjálpar hjá SÁÁ. Það er m.a. þess vegna sem verið hefur samstaða um það, bæði innan og utan þessa salar, að boðið sé upp á önnur meðferðarúrræði. Almenn samstaða hefur verið um að styrkja og styðja við slíka aðila. En ég tek undir það með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að leggja verður áherslu á faglega þjónustu í því sambandi og að meðferð á hvaða stað sem hún er, hvort sem hún er rekin innan eða utan heilbrigðiskerfisins, sé fyrst og fremst fagleg.

[15:52]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Meðferðarmál eru ofarlega á baugi og taka umtalsvert pláss í fjölmiðlum þessa dagana. Fyrir því eru gildar ástæður og kannski ekki seinna vænna að gera almennilega úttekt á stöðu meðferðarmála almennt í samfélagi okkar. Ef eitthvað er orðið ljóst af þessari miklu umfjöllun þá er það einmitt hversu óljós staðan er þegar á heildina er litið. Spurningar hrannast upp og fólk reynir að greina ástandið. Það spyr: Hvernig tekur samfélagið á málefnum fíkla? Eru þeir sjúklingar og þar með viðfangsefni

heilbrigðisyfirvalda eða eru þeir ógæfumenn og þar með viðfangsefni félagsmálayfirvalda?

Hvort sem er þurfa fíklar aðhlynningu, og það hvort sem þeir eru sjúkir á sál eða líkama af genetískum orsökum eða af illri meðferð í æsku, og það þarf að veita þá meðferð á samfélagslegum forsendum. Hverju sem um er að kenna varðandi fíknina er dagljóst að langt leiddir fíklar komast ekki óstuddir á fætur. Það er samfélaginu til góðs að þeir verði nýtir þjóðfélagsþegnar.

En hvers konar samfélag er það sem lætur fjölda einstaklinga í neyð líða fyrir þær sakir að menn koma sér ekki saman um hvar á að vista málaflokkinn eða hvernig á að meðhöndla hann í kerfinu? Fíklar eru ekki málaflokkur heldur manneskjur af holdi og blóði, manneskjur sem þurfa á stuðningi samfélagsins að halda. Það er ekki í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að fela meðferð fíkla öðrum en þeim sem hafa til þess faglega burði. Þeir sem taka að sér meðferð fíkla verða að valda því mikilvæga verkefni. Ég held að það sé tímabært að við hugleiðum hvort samruni þessara ráðuneyta tveggja, heilbrigðisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins, sé orðinn tímabær í þessu tilliti.

[15:54]

**Katrín Fjeldsted:**

Herra forseti. Í mínum huga fer ekki á milli mála að þeir sem háðir eru neyslu áfengis og vímuefna séu haldnir sjúkdómi. Gagnvart honum ættu sömu reglur að gilda og með aðra sjúkdóma og best er að reyna að sporna gegn þeim. Þess vegna eru forvarnir, einkum gagnvart börnum og unglingum, svo mikilvægar.

Greiningartæki eru til sem gefa vísbendingar um hverjir þurfi á hjálp að halda vegna áfengisneyslu. Sem dæmi má nefna Cates-spurningalistann:

„Hefur þér fundist þú þurfa að minnka áfengisdrykkju?

Ergir drykkjuskapur þinn aðra?

Hefurðu einhvern tíma haft samviskubit af því að drekka?

Hefurðu einhvern tíma þurft að drekka á morgnana til að slaka á og róa taugarnar eða til að losna við timburmenn?"

Svari fólk tveimur af þessum fjórum spurningum játandi gefur það vísbendingu um að áfengisneysla geti verið vandamál.

Hvaða meðferð skilar svo mestum árangri? Um það eru menn ekki á einu máli en mér sýnist skipta mestu að af stjórnvalda hálfu þyrfti að hafa slík mál á einni hendi. Mér finnst eðlilegt að heilbrigðisyfirvöld hafi með þau að gera. Hjá því verður ekki komist að sveitarfélög hafi með félagslegar hliðar að gera, svo sem búsetuúrræði, og þar kemur félagsmálaráðuneytið til sögunnar. Frjáls félagasamtök, eins og t.d. SÁÁ og AA-samtökin, hafa fyrir löngu sannað sig. Dómskerfið kemur einnig að málum, einkum hvað varðar meðferð fanga en eins og flestum er ljóst er áfengis- og vímuefnaneysla stór orsakaþáttur í mörgum afbrotum. Mér finnst oft að skylda þyrfti brotamenn í meðferð vegna áfengis- og vímuefna og það verði í vaxandi mæli hluti af dómsorði.

Svör heilbrigðisráðherra áðan fundust mér fagleg og málefnaleg og skilmerkileg. Ég held að við séum betur sett í meðferð sjúklinga okkar en margir aðrir og það þarf að halda áfram á þeirri braut.

[15:57]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þá vitum við það. Framboðið er fínt fyrir þá sem eru háðir neyslu áfengis eða fíkniefna. Enginn sem háður er áfengi eða fíkniefnum er vistaður annars staðar en þar sem hann á að vera. Þá vitum við það. Við vitum að framboðið er það gott að allir þeir sem eru það langt leiddir að þeir flokkast sem sjúklingar eru á heilbrigðisstofnun.

Hvers lags þvaður er þetta? Hvers vegna varð meðferðarstofnun eins og Byrgið til? Vegna þess að fólk var á götunni, það var á götunni af því að hvergi var pláss fyrir það til að sinna því sem sjúklingum. Og hvers vegna var það sem hæstv. núv. sjávarútvegsráðherra bað um skýrslur á þinginu 2000–2001 og aftur 2003, sem við fengum svo í mars 2005? Var það vegna þess að ástandið væri í svona fínu lagi? Nei. Enda tala skýrslurnar sínu máli. Og það þýðir ekki að segja að stofnanir sem heyra undir félagsmálakerfið í dag, félagsmálaráðuneytið, séu bara ekkert að sinna sjúklingum. Þær eru að gera það, það kemur fram í skýrslunni. Þær segja skýrt og klárt: Við erum með afeitrun, við erum með bráðainnlögn, við erum með lyfjagjöf. Og hvað var gert? Akkúrat ekki neitt.

Árið 2005 stendur hæstv. ráðherra hér og segir okkur þetta, skilar skýrslu og við trúum því að þá sé tekið á málum. Nei, það var ekki gert. Aðstandendur ákveða heldur ekki hvert einstaklingarnir fara. Hæstv. ráðherra hlýtur eins og við að hafa orðið vör við að aðstandendur langt leiddra fíkniefnasjúklinga, þeirra sem neyta fíkniefna og áfengis, leita til okkar (Forseti hringir.) vegna þess að hvergi er hjálp að hafa fyrir sjúklinginn, sem er ekki bara veikur vegna neyslu (Forseti hringir.) heldur býr líka við alvarleg geðræn vandamál. Þetta er engin þjónusta.

[15:59]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Varðandi 6. spurninguna, um heildarstefnumótun, þá er það rétt að skýrslan sem var lögð fram var góður grunnur. Það er verið að vinna að heildarstefnumótun í ráðuneytinu og skýrslan nýtist í þá vinnu.

Ég heyri að hv. þingmenn þola ekki að heyra þann sannleika sem yfirlæknir vímuefnadeildar LSH hefur komið á framfæri. Hann er einn ábyggilegasti meðferðaraðilinn sem við eigum í þessari þjónustu á Íslandi, Bjarni Össurarson, fagaðili fram í fingurgóma. Hann hefur sagt að aðgengi og meðferð hér á landi sé góð, óvíða sé betra aðgengi að meðferð en hér. (Gripið fram í.) Það er gott úrval og framboð af vímuefnameðferð á Íslandi. Þannig er nú staðan.

Ég heyri líka að hv. þingmenn eru að tala um sameiningu ráðuneyta. Þótt ráðuneyti yrðu sameinuð, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið — menn eru að skoða núna breytingar á Stjórnarráðinu, segjum að þetta yrði gert, þá tel ég að enginn muni, þrátt fyrir slíka aðgerð, breyta félagslegum búsetuúrræðum yfir í heilbrigðisstofnanir. Félagsleg búsetuúrræði henta ákveðnum hópi. Sumir sem eru í slíkum úrræðum þurfa læknisþjón-

ustu, en viðkomandi búsetuúrræði breytist ekki í heilbrigðisstofnun fyrir vikið, það er ekki þannig.

Ég vil benda á að á Miklubraut 18 og 20 eru rekin félagsleg búsetuúrræði. Þar er fólk sem leitar sér læknisþjónustu en þetta eru ekki heilbrigðisstofnanir. Þetta eru heimili sem eru rekin á vegum borgarinnar og félagsmálayfirvalda. Þar eru líka aðilar sem eru það veikir að þeir hætta ekki að neyta áfengis og þeir eru ekki útilokaðir frá því að koma heim til sín þó að þeir séu undir áhrifum áfengis. Þetta eru ekki heilbrigðisstofnanir. (Gripið fram í.) Þetta eru félagsleg úrræði.

Þetta fólk er að leita sér þjónustu innan heilbrigðisþjónustunnar en ekki er þar með sagt að heimilið sé heilbrigðisstofnun. Þetta er fólk sem fær t.d. mikilvæga (Forseti hringir.) göngudeildarþjónustu. (Gripið fram í.)

[16:01]

**Útbýting:**

Forvarnir gegn fíkniefnum og meðferð ungra fíkniefnaneytenda, 154. mál, svar heilbrrh., þskj. 948.

Framfærslugrunnur Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 633. mál, fsp. SæS, þskj. 941.

Happdrætti, 625. mál, frv. EBS o.fl., þskj. 931.

Náttúruvernd, 639. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 947.

Sóttvarnalög, 638. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 946.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, 520. mál, svar umhvrh., þskj. 923.

Varnir gegn landbroti, 637. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 945.

Verðmyndun á landbúnaðarvörum, 480. mál, svar landbrh., þskj. 924.

Virkjanaundirbúningur Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár, 632. mál, fsp. SJS, þskj. 940.

Fundi slitið kl. 16:03.

---

# 77. FUNDUR

fimmtudaginn 22. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Norræna ráðherranefndin 2006, skýrsla, 569. mál, þskj. 845. — Ein umr.

2. Norrænt samstarf 2006, skýrsla, 622. mál, þskj. 925. — Ein umr.

3. Vestnorræna ráðið 2006, skýrsla, 628. mál, þskj. 936. — Ein umr.

4. Norðurskautsmál 2006, skýrsla, 626. mál, þskj. 934. — Ein umr.

5. NATO-þingið 2006, skýrsla, 613. mál, þskj. 913. — Ein umr.

6. Evrópuráðsþingið 2006, skýrsla, 551. mál, þskj. 822. — Ein umr.

7. Fríverslunarsamtök Evrópu 2006, skýrsla, 552. mál, þskj. 823. — Ein umr.

8. VES-þingið 2006, skýrsla, 615. mál, þskj. 915. — Ein umr.

9. Alþjóðaþingmannasambandið 2006, skýrsla, 619. mál, þskj. 919. — Ein umr.

10. ÖSE-þingið 2006, skýrsla, 627. mál, þskj. 935. — Ein umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

## *Tilkynning um mannabreytingar í nefnd.*

[10:30]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf frá þingflokksformanni Frjálslynda flokksins, Magnúsi Þór Hafsteinssyni, dagsett 19. febrúar sl.:

„Þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur ákveðið, í samræmi við 16. gr. þingskapa, að Kristinn H. Gunnarsson taki sæti Sigurjóns Þórðarsonar í iðnaðarnefnd."

Ef engar athugasemdir eru verður þessi breyting á skipan iðnaðarnefndar.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[10:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst strax á eftir, áður en gengið er til dagskrár, og er um skýrslu Hagstofunnar um lágtekjumörk og tekjudreifingu 2003–2004. Málshefjandi er hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde verður til andsvara.

Hin síðari hefst um klukkan hálftvö, að loknu hádegishléi, og er um virkjunarframkvæmdir í neðri Þjórsá. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Hæstv. umhverfisráðherra Jónína Bjartmarz verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50 gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

[10:31]

**Útbýting:**

Sameignarfélög, 79. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 949; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 950.

Samningur um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, 640. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 951.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Endurmat á stöðu mála í Írak.

[10:32]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Nú fer víða í vestrænum löndum fram endurmat á stöðu mála í Írak og þannig hafa tvær af hinum staðföstu þjóðum sem lengi voru meðal allra dyggustu stuðningsmanna Bandaríkjamanna og innrásar þeirra í Írak, Bretar og Danir, ákveðið að fækka eða kalla heim hermenn sína á næstu mánuðum. Nýlega hefur Bandaríkjaþing lýst andstöðu við áform Bush um að fjölga hermönnum í Írak og því má segja að það fækki mjög í vinahópnum og á lista hinna staðföstu sem til varð á sínum tíma í aðdraganda þess að Bandaríkjamenn hófu ásamt Bretum hið ólögmæta innrásarstríð í landið.

Undirbúningur Bandaríkjamanna um innrás eða árás á Íran bætir svo ekki úr skák og nýlegar fréttir BBC staðfesta t.d. svo að nokkurn veginn er hafið yfir vafa að verulegur stríðsundirbúningur á sér stað hvort sem til árásar kemur eða ekki.

Nú er komið að því, virðulegi forseti, í ljósi þess endurmats sem greinilega fer fram á stöðu mála þarna, þrátt fyrir að landið rambi á barmi borgarastyrjaldar og jafnvel ófriðlegar horfi þar innan lands en nokkru sinni fyrr, að spyrja enn hvort ríkisstjórn Íslands og hæstv. forsætisráðherra fyrir hennar hönd hafi eitthvað velt því fyrir sér að endurmeta afstöðu Íslands til málsins. Kemur til greina að falla þótt seint sé frá stuðningi við þetta stríð? Kemur til greina að viðurkenna mistökin og biðjast afsökunar á því sem þarna átti sér stað og, síðast en ekki síst, kemur til greina þótt seint sé að afturkalla heimildir Bandaríkjamanna til að hafa afnot af íslensku landi og landsvæði í þessu sambandi? Gjarnan hefði maður viljað heyra líka afdráttarlausa yfirlýsingu frá hæstv. forsætisráðherra um að ekki kæmi til greina að styðja á nokkurn hátt árásir (Forseti hringir.) á Íran, standi þær fyrir dyrum.

[10:34]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Það eru ánægjulegar fregnir sem berast nú frá Írak. Svo virðist sem þær þjóðir sem ábyrgð hafa borið á öryggisástandinu í suðurhluta landsins, í kringum Basra, telji nú að öryggisástandið á þeim slóðum sé orðið þannig að óhætt sé að fækka eða afturkalla lið sín frá þessum svæðum. Bretar hafa ákveðið að fækka þarna um 1.600 hermenn, að manni skilst, verða þó áfram með 5.500 manna herafla, og Danir ætla í ágústmánuði að kalla heim sína hersveit upp á nokkur hundruð manns en þó munu þeir í staðinn senda 55 manna þyrlusveit og auka stuðning sinn við Írak með ýmsum öðrum hætti eins og kemur fram í yfirlýsingu danska forsætisráðherrans frá því í gær. Þeir munu t.d. fjölga ráðgjöfum í ráðuneytunum í Bagdad, auka stuðning sinn við íraksk flóttamenn, bæði innan Íraks og í nálægum löndum, veita stuðning til að þjálfa íraksk lögreglu o.s.frv.

Markmiðið með aðgerðum Dana, svo að ég haldi mig við þá, var að sjálfsögðu að stuðla að því að öryggisástandið í landinu yrði þannig að heimamenn gætu yfirtekið alla starfsemi, öryggisgæsluna, lögregluþjónustuna og annað í landinu. Í öðru lagi var markmið Dana að leggja sitt af mörkum til enduruppbyggingar í landinu.

Við Íslendingar lögðum fram, eins og menn muna, 300 millj. kr. til stuðnings við enduruppbyggingu í Írak. Sú ákvörðun var tekin af Alþingi. Er hv. þingmaður að ætlast til þess eða mælast til þess að sú ákvörðun verði afturkölluð? Hvað er þingmaðurinn að fara? Það er full ástæða til að fagna þeirri þróun sem orðið hefur og birtist núna í þessum ákvörðunum Breta og Dana sem eru teknar í fullu samráði við Bandaríkjamenn. Þær sýna að þrátt fyrir ástandið í Írak fer þar eitt og annað á betri veg.

[10:36]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Forherðing hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar er ótrúleg í þessu máli. Hér kemur hæstv. forsætisráðherra og neitar hreinlega að svara þeirri spurningu sem stjórnarandstaðan beinir til hans. Við erum ekki að krefjast þess að hætt verði við þann stuðning sem þingið samþykkti á sínum tíma, það var gert með löglegum hætti. Hins vegar var stuðningur ríkisstjórnarinnar við innrásina í Írak löglaus og siðlaus og hann var ekki tekinn á Alþingi. Hann var tekinn í reykfylltum bakherbergjum og hefur engan lagalegan stuðning. Þess vegna ætti hæstv. forsætisráðherra að skammast sín fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og hann ætti að lýsa því yfir að sá stuðningur gildi ekki lengur.

Mig langar að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformann Framsóknarflokksins: Ætlar hann að sitja hér þegjandi undir þessu? Framsóknarflokkurinn er rúinn fylgi og trúverðugleika einmitt út af því að hann tók þátt í þessu. Ætlar Framsóknarflokkurinn í aðdraganda kosninga ekki að koma hingað og segja fyrir framan alþjóð: Okkur urðu á mistök? Ég skora á Framsóknarflokkinn að biðjast afsökunar á mistökum sínum. Þetta var löglaust af hans hálfu og það var siðlaust. Ætlar Guðni Ágústsson varaformaður að sitja þegjandi undir þessu?

[10:38]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er vert að rifja upp að því hefur verið lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að stuðningur Íslands við innrásina hafi verið mistök vegna þess að menn höfðu rangar upplýsingar, forsendur sem ákvörðunin á sínum tíma byggðist á hefðu verið rangar. Við skulum rifja upp þessar helstu forsendur.

Þær voru í fyrsta lagi að stjórnvöld í Írak væru tengd við hryðjuverkasamtökin al Kaída því að engar trúverðugar upplýsingar lágu fyrir um það á þessum tíma til að styðja þær fullyrðingar. Þær hafa fyrir löngu síðan verið hraktar.

Í öðru lagi voru forsendur fyrir stuðningi við innrásina að þáverandi stjórnvöld í Írak réðu yfir gereyðingarvopnum. Engar trúverðugar upplýsingar lágu fyrir á þeim tíma fyrir sannleiksgildi þeirrar fullyrðingar og hún hefur fyrir löngu síðan verið hrakin fram og til baka, virðulegi forseti.

Í þriðja lagi er rétt að minna á að Íslendingar eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum, hafa undirgengist stofnsáttmála þeirra og það lá fyrir þá, og liggur fyrir enn, að það er andstætt ákvæðum stofnsáttmálans að styðja þetta stríð. Menn vissu það, hæstv. ríkisstjórn vissi að hún var að ganga gegn

eigin samþykkt sem hún hafði skuldbundið sig til að virða. Ég spyr því hæstv. forsætisráðherra: Hvaða forsendur voru það sem lágu til grundvallar pólitískri stuðningsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem síðar hafa reynst rangar? Ég held að það sé nauðsynlegt að ríkisstjórnin upplýsi okkur um hvað það var sem hún lagði til grundvallar og leiddi til þessarar ákvörðunar.

*Virðulegi forseti.* Þetta er ein allra versta ákvörðun sem tekin hefur verið hér af ríkisstjórn vegna þess að hér á að ríkja (Forseti hringir.) þingbundin ríkisstjórn en þessi ákvörðun sýnir að svo er ekki.

[10:40]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða þá skoðun hæstv. forsætisráðherra að öryggisástand fari batnandi í Írak. Það er hans skoðun. Ég ætla hins vegar að ræða þær fréttir sem komu í morgun og þá gífurlega þungu umræðu sem er búin að vera í þeim löndum sem nú eru að kalla sveitir sínar heim. Það er búinn að vera mikill þrýstingur almennings í þessum löndum á stjórnvöld að draga úr og hætta stríðsþátttökunni í Írak. Það er staðreynd sem blasir við og nú er verið að bregðast við því.

Það sem vekur líka athygli í fréttum morgunsins er að forustumenn vestan hafs lýsa því yfir að samstaða hinna svokölluðu viljugu landa eða ríkja sé ekkert að bresta. Hvað á að lesa úr þeirri yfirlýsingu? Þetta þýðir einfaldlega að Bandaríkjamenn líta svo á að þessi hópur viljugra sé enn þá bandamenn þeirra í stríðinu í Írak. Um þetta hefur endalaust verið togast á í umræðu á Alþingi. Bandaríkjamenn líta svo á að hópur viljugra landa frá því að innrásin var gerð sé enn þá bandamenn þeirra í stríðinu. Það er fullkomlega ósæmilegt sem stjórnarflokkarnir hafa iðkað, að blanda alltaf saman 300 millj. í stuðning við uppbyggingu í stríðshrjáðu landi og því að við skyldum styðja innrásina í Írak. Höfum við ekki stutt lönd þar sem við höfum ekki komið nálægt aðgerðunum sem urðu til þess að ástandið skapaðist? Þetta er bara aðskilið þó að ríkisstjórnin hengi það endalaust saman.

[10:42]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég verð að segja að svör hæstv. forsætisráðherra og forherðing hans vekja undrun mína. Það er merkilegt að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki a.m.k. geta rætt um þessi mál og tjáð sig um þau með einhverjum skilningi á því hvernig viðhorf eru að breytast. Það er furðulegt að heyra talað um ánægjulegar fréttir frá Írak.

Það er lapinn upp áróðurinn frá Tony Blair þegar hann hrökklast undan þinginu og almenningsálitinu í Bretlandi. Ég held að hæstv. forsætisráðherra væri nær að taka t.d. mark á leiðtoga Frjálslynda flokksins þar sem var andvígur stríðinu frá byrjun, Campbell, og hann sagði á breska þinginu í gær að hin óhugnanlega staðreynd væri að Bretar væru að hrökklast frá landi sem væri á barmi borgarastyrjaldar. Það er ekki þannig að menn séu að draga heri sína til baka, þeir sem þangað ösnuðust með þá, Danir og Bretar, vegna þess að ástandið sé að skána.

Það er að sjálfsögðu útúrsnúningur hjá hæstv. forsætisráðherra að tala um hvort við séum að fara fram á að þeir fjármunir sem væru til reiðu til uppbyggingar í Írak ef þar væri eitthvað hægt að byggja upp fyrir ástandinu væru kallaðir til baka. Að sjálfsögðu ekki. Það sem við viljum, frú forseti, er að smánarbletturinn verði þveginn af nafni Íslands sem á það féll þegar formenn stjórnarflokkanna, Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, misfóru með nafn og orðstír landsins og settu okkur á lista yfir hinar staðföstu þjóðir sem stóðu fyrir ólögmætu árásarstríði gegn Írak sem var brot á alþjóðalögum og einhver allra hraklegasti atburður sem gerst hefur í seinni áratuga stjórnmálasögu. Það er alveg til skammar finnst mér að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki geta horfst í augu við veruleikann eins og hann er og endurmetið afstöðu sína og síns flokks. Hann væri maður að meiri (Forseti hringir.) ef hann gerði það.

[10:45]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég veit að hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde er vel að sér um gang heimsmála og fylgist vel með. Þess vegna komu mér ummæli hans áðan um ástandið í Írak mjög á óvart. Í besta falli er hér á ferðinni óskhyggja, mjög mikil óskhyggja, svo mikil að hún ætti sennilega erindi í heimsmetabók Guinness. Staðreyndin er sú að ástandið í Írak hefur aldrei verið verra en nú. Þar geisar borgarastyrjöld og tugir mann falla í valinn á hverjum degi.

Við erum hér ekki að ræða framlag Íslendinga til uppbyggingar í Írak en þó vil ég minna á að ég var þeirrar skoðunar að þeim peningum væri betur varið annars staðar, í neyðarhjálp annars staðar. Það er af nógu að taka.

Írakar væru ein ríkasta þjóð í heimi ef ekki hefði verið herjað á þá, ef þeir hefðu ekki verið beittir viðbjóðslegu viðskiptabanni sem Íslendingar áttu meðal annarra þjóða aðild að og ef ekki væri stolið af þeim auðlindum. Núna er verið að taka auðlindirnar af Írökum, olíuna, í einkavæðingu og þar gína fjölþjóðaauðhringarnir yfir. Þetta er staðreynd málsins.

Síðan er hitt að nú er í undirbúningi, að því er fregnir herma, árásarstríð á Íran. Við eigum að sjálfsögðu að láta til okkar taka og í okkur heyra. Við erum ekki hernaðarþjóð, við erum engu að síður bundin öðrum þjóðum í hernaðarbandalaginu NATO og þar höfum við verið bundin fastari böndum á undanförnum árum með breyttum áherslum innan NATO. (Forseti hringir.) Ríkisstjórnin hefur bætt um betur með því að lýsa því yfir að við værum viljugt verkfæri í árásarstríðum. (Forseti hringir.) Er ekki ástæða til að við látum frá okkur heyra í næsta árásarstríði Bandaríkjamanna og segjum okkur frá því?

[10:47]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, hefur í skýru máli lýst að ákvörðunin um stuðning við innrásina í Írak hafi verið tekin á forsendum rangra upplýsinga. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir að þessi ákvörðun um stuðning var tekin af fyrrverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra eins og komið hefur fram við þessa umræðu. (Gripið fram í.)

Við höfum aldrei verið beinir aðilar að stríði, og verðum það vonandi aldrei. Íslendingar eru friðarþjóð. Ég bið um

frið meðan ég tala hér. (Gripið fram í.) Við erum friðarþjóð. (**ÖJ:** Þú verður að fara með rétt mál.)

Það er náttúrlega undarlegt hvernig stjórnarandstaðan reynir í hverri viku að hræra í þessu blóði og hún heldur þessari umræðu látlaust áfram hér í þinginu. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir að við lögðum til uppbyggingarinnar 300 millj. kr., eins og kom fram í máli forsætisráðherra. (Gripið fram í.)

Ég ætlast til þess að hv. stjórnarandstöðuþingmenn svari því hvort þeir vilja að horfið verði frá þeim stuðningi. (**Gripið fram í:** Þetta er útúrsnúningur.) Þetta er ekki útúrsnúningur, þetta er staðreynd máls sem hér hefur komið fram, að það er reynt að hræra í ákvörðuninni sem við höfum lýst að hafi verið tekin á forsendum rangra upplýsinga. (**ÖJ:** Framsókn er að reyna að fiska í gruggugu vatni.)

Ég vil segja að það liggur fyrir að Bandaríkjamenn misnotuðu einnig þann vilja okkar sem við höfum oft látið í té þegar ástandið er þess eðlis með því að lýsa yfir að við værum í hópi viljugra og staðfastra þjóða. Það var þeirra einhliða ákvörðun.

Ég held að það sé best fyrir okkur Íslendinga að halda áfram á þeirri braut sem er, að styðja þessa blessuðu þjóð sem á í erfiðleikum með því að byggja hana upp á ný og ná þar friði. (**ÖJ:** Það verður að fylgja eftir ...)

[10:49]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég hélt að maður með hjartalag hæstv. landbúnaðarráðherra segði það undanbragðalaust að hann iðraðist þess að eiga aðild að ákvörðun sem hefði leitt til þess að miklar hörmungar voru kallaðar yfir þessa saklausu þjóð.

En hann kemur hingað, að vísu ekki eins forhertur og hæstv. forsætisráðherra, en Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, neitar að biðjast afsökunar á því fyrir hönd flokks síns að hafa stutt innrásina í Írak. Samt kemur það fram (Gripið fram í.) að hann segir ákvörðun Framsóknarflokksins hafa verið tekna á grundvelli rangra upplýsinga.

Þá hlýtur ákvörðunin að hafa verið röng. Er þá ekki sjálfsagt að segja það og biðjast afsökunar á því? Er þá ekki sjálfsagt að segja: Við gerðum mistök. Framsóknarflokkurinn tók þátt í verknaði sem voru mistök af hans hálfu?

En hann gerir það ekki og þess vegna ber Framsóknarflokkurinn ekki minni ábyrgð, jafnvel meiri, en Sjálfstæðisflokkurinn. Af hverju? Vegna þess að Framsóknarflokkurinn hafði verið andsnúinn innrásinni þangað til formaður hans snerist á einni nóttu. Það gerðist á bak við luktar dyr í reykfylltum bakherbergjum þar sem menn véluðu um völd í íslenskri ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Það var þess vegna sem Framsóknarflokkurinn var keyptur til stuðnings í þessu máli og það er þess vegna sem hans sök er svo miklu meiri. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Alþjóðlegar stofnanir hafa metið hverjar afleiðingarnar voru, 700.000 borgarar hafa látið lífið. (Gripið fram í.) Allar þær þjóðir sem studdu innrásina bera með vissum hætti siðferðilega ábyrgð. Það gerum við Íslendingar líka. Röng ákvörðun var tekin fyrir hönd okkar allra. Þeir sem tóku hana eiga fyrir hönd okkar allra að (Forseti hringir.) biðjast afsökunar.

[10:52]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég ítreka þá skoðun mína að ég tel ánægjulegt að þróunin í suðurhluta Íraks skuli vera með þeim hætti að bæði Danir og Bretar telji nú óhætt að flytja heim verulegan hluta af þeim mannskap og herafla sem þeir hafa þar haft.

Þetta kemur allt saman fram og er útskýrt í yfirlýsingu danska forsætisráðherrans í gær sem hafði þá haft samband við forseta Bandaríkjanna og kollega sína í Bretlandi, Írak og víðar.

Forsætisráðherra Íraks lýsti ánægju sinni við Anders Fogh Rasmussen, minn danska kollega, yfir því að staðan væri núna sú að í Suður-Írak gætu Írakar sjálfir tekið að sér að annast öryggismálin. Þess vegna ætla Danir að breyta áherslum sínum. Þeir ætla núna að kalla heim þá hersveit sem þar hefur verið og nýta betur liðsafla sinn, t.d. í Afganistan. Þeir ætla að senda fjórar þyrlur og 55 manna sveit með þeim og svo eru þeir með ráðgjafa og margt fleira eins og ég gat um áðan til að fylgja eftir framlagi sínu til uppbyggingar í landinu. Þetta er staðan ef menn vilja kynna sér þetta. Það er auðvitað ánægjulegt, ítreka ég, að þarna í Suður-Írak skuli staðan vera þessi. Auðvitað er hún misjöfn í landinu. Írak er stórt ríki, þar eru mörg héruð og staðan er misjöfn eftir héruðum. Víða í landinu er búið að koma á sæmilegri kyrrð og hefur öryggisstaðan breyst mjög til hins betra víða í landinu, en því miður ekki alls staðar.

Hvað varðar þau réttindi sem Bandaríkjamönnum voru veitt í íslenskri lofthelgi og á íslenskum flugvelli í sambandi við átökin hér árið 2003, fyrir fjórum árum, hefur það áður komið fram af minni hálfu að þær heimildir eiga ekki við lengur vegna þess að staðan er gjörbreytt.

## *Umræður utan dagskrár.*

Skýrsla Hagstofunnar um lágtekjumörk og tekjudreifingu 2003–2004.

[10:54]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Nú fer fram áður boðuð utandagskrárumræða um skýrslu Hagstofunnar um lágtekjumörk og tekjudreifingu 2003–2004. Málshefjandi er hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Hæstv. forsætisráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50 gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund

[10:54]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Þann 5. febrúar sl. rak forvitnin hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson til þess að spyrja hæstv. forsætisráðherra út í skýrslu sem hann fól Hagstofu Íslands að gera um tekjudreifingu á árunum 2003–2004.

Í ræðu sem hv. þingmaður flutti þegar hann var að svala forvitni sinni sakaði hann nafngreindan prófessor við Háskóla Íslands um stöðugar rangfærslur í umfjöllun sinni um stóraukna misskiptingu á Íslandi.

Þarna fór þingmaðurinn troðnar slóðir læriföður síns, hæstv. dómsmálaráðherra, sem hefur beitt fyrir sig furðu-

legum samsæriskenningum og sagt viðkomandi prófessor vera í slagtogi með hagsmunasamtökum á borð við Öryrkjabandalagið og síðan stjórnarandstöðuna í að koma pólitísku höggi á stjórnarflokkana, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokk.

Ég verð að segja það að þessar árásir hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, á viðkomandi fræðimann eru mjög ómaklegar þar sem staðreyndir sýna að ef einhver hefur dregið fram tölulegar staðreyndir um aukinn ójöfnuð í samfélaginu er það sjálfur hæstv. forsætisráðherra í fyrri störfum sínum sem fjármálaráðherra. Hann hefur einmitt dregið fram að ójöfnuðurinn hefur aukist gífurlega í stjórnartíð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Það hefur hann gert í svörum til undirritaðs þar sem hann hefur birt alþjóðlegan mælikvarða á ójöfnuð sem er Gini-stuðullinn sem liggur á bilinu 0 til 1. Eftir því sem stuðullinn er hærri, fjær núllinu, er ójöfnuðurinn meiri í samfélaginu.

Fyrir árið 1995 mældist ójöfnuðurinn 0,2 á Gini-stuðlinum en samkvæmt nákvæmari útreikningum hæstv. fjármálaráðherra frá því í nóvember sl., það er ekki lengra síðan, mældist ójöfnuðurinn miklum mun meiri, þ.e. 0,312 fyrir árið 2004. Það sem er stórmerkilegt við þessa umræðu er að enginn hefur dregið í efa þessa útreikninga hæstv. forsætisráðherra um að ójöfnuðurinn hafi aukist í samfélaginu, ekki einu sinni hugmyndafræðingar Sjálfstæðisflokksins, prófessorarnir Hannes Hólmsteinn Gissurarson og Ragnar Árnason.

Ragnar hefur hins vegar bent á að aukinn ójöfnuður í samfélaginu hafi ekki orðið vegna mikilla breytinga á atvinnutekjum, heldur miklu frekar vegna aukinna fjármagnstekna þeirra sem hafa allra hæstu tekjurnar.

Skýringin á nýjum útreikningum Hagstofunnar virðist vera sú að Hagstofan sleppi hreinlega að taka með í reikninginn tekjur af fjármagni eða a.m.k. stóran hluta þeirra tekna. (Gripið fram í.)

Hagstofan er ekki langt frá því að sýna svipað gildi og var reiknað út fyrir ójöfnuð — ég sé að hv. þingmanni verður órótt við þetta — 2003 (Gripið fram í.) þegar tekjum af fjármagni var sleppt, frú forseti. Það er mjög svipað.

Þetta hefur umtalsverð áhrif, sérstaklega í ljósi þess að um 17% af heildartekjum eru af fjármagni. Þegar þessu er sleppt eða stórum hluta kemur það auðvitað við útreikningana. (Gripið fram í.)

Það gefur kolranga mynd af stöðu mála að taka ekki með í reikninginn þann þátt sem hefur orðið valdur að hvað mestum ójöfnuði í samfélaginu, ef á annað borð á að reikna ójöfnuðinn. (Gripið fram í.) Helmings fjármagnstekna er aflað einmitt af þeim hópi fólks sem hefur allra hæstu tekjurnar. Við að sleppa því að taka þennan þátt með í reikninginn, tekjur af fjármagni, reiknast þeir sem eru í fátækasta fimmtungi samfélagsins að jafnaði með þrisvar sinnum lægri tekjur en þeir sem tilheyra þeim fimmtungi sem afla mestra tekna. (**Gripið fram í:** Hver reiknaði þetta eiginlega?) Það var Ragnar Árnason, hv. þingmaður, sem reiknaði þetta.

Þessi munur verður sexfaldur þegar allar tekjur heimilanna eru teknar með í reikninginn, þ.e. einnig tekjur af fjármagni. Þá sést hinn raunverulegi ójöfnuður í samfélaginu.

Síðan bætist annað við og það er skattastefna stjórnarflokkanna, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, (Gripið fram í.) sem hefur haft bein áhrif á misskiptinguna þar sem skattbyrðin hefur verið þyngd mest á þeim sem hafa lægstu tekjurnar og í rauninni á öllum tekjuhópum nema einum, þeim hópi sem hefur 10% hæstu tekjurnar. Hann hefur fengið afléttingu skatta.

En þetta er ekki sá hópur sem hefur aflað sér mikilla launa vegna þess að hann leggi mikið á sig í störfum eða með langri skólagöngu. Nei, þetta eru tekjur sem þessi hópur aflar (Forseti hringir.) af fjármagni. Það eru staðreyndir málsins og sá hópur greiðir einungis 10% af tekjum sínum í fjármagnsskatta á meðan aðrir landsmenn greiða miklum mun meira.

[11:00]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að fá tækifæri hér til að ræða efni þessarar skýrslu. Það er rangt sem hv. þingmaður hélt fram í upphafi máls síns að ég hafi falið Hagstofunni að vinna þetta verk. Þetta verk, sú skýrsla sem hér er, er hluti af sameiginlegu verkefni sem Hagstofa Íslands tekur þátt í með sambærilegum stofnunum í Evrópusambandslöndunum. Þetta er allt gert á grundvelli alþjóðlegs samanburðar og alþjóðlegra staðla um meðferð þess talnaefnis sem hér er um að ræða. Það er ekkert um það að ræða að eitthvert eitt land noti einhverjar sérstakar aðferðir umfram önnur.

Það er gott að fá tækifæri til að vekja athygli á þessari skýrslu vegna þess að í henni felast merkar niðurstöður. Óvíða er meiri tekjujöfnuður í Evrópu en hér á landi. Niðurstöðurnar og skýrslan staðfesta að hin mikla kaupmáttaraukning sem hér hefur orðið á undanförnum árum hefur skilað sér til allra tekjuhópa en ekki orðið til að auka ójöfnuð eins og sumir hafa haldið fram, jafnt stjórnarandstaðan sem tilteknir fræðimenn.

Hér koma tölur sem byggja á alþjóðlega viðurkenndum mælikvörðum. Það er stuðst við upplýsingar úr samræmdri lífskjarakönnun Evrópusambandsins sem einnig nær til Íslands, Noregs og Sviss. Það tryggir að tölurnar eru sambærilegar milli landa. Í skýrslunni eru birtir þrír mismunandi mælikvarðar á jöfnuð og þeir sýna allir sömu mynd, að Ísland er í hópi þeirra landa þar sem jöfnuðurinn er hvað mestur. Þeir sýna einnig svo ekki verður um villst að ójöfnuður hefur ekki aukist hér á landi á undanförnum árum.

Förum aðeins yfir þessa mælikvarða. Ég veit að hv. fyrirspyrjandi er mikill áhugamaður um hinn svokallaða Gini-stuðul. Gini-stuðullinn er tiltekinn stærðfræðilegur mælikvarði sem fundinn er með því að reikna ákveðið hlutfall út frá svokallaðri algjörri jöfnun í tekjuskiptingu þar sem tekjur í einu þjóðfélagi skiptast nákvæmlega jafnt á milli þegnanna.

Fyrsti mælikvarðinn er sem sé þessi svokallaði Gini-stuðull. Samkvæmt skýrslunni eru einungis þrjár Evrópuþjóðir með lægri Gini-stuðul og þar með meiri tekjujöfnuð en Ísland á árinu 2004. Þetta eru Svíþjóð, Danmörk og Slóvenía. Samanburðurinn er enn hagstæðari þegar annar mælikvarði er notaður, svokölluð lágtekjumörk sem kalla mætti einnig fátæktarmörk en þar reynist aðeins Svíþjóð vera með lægra lágtekjuhlutfall. Ísland er þar í öðru sæti á

undan hinum Norðurlandaþjóðunum sem hlýtur að gleðja ýmsa sem líta til Norðurlandaþjóðanna sem fyrirmyndarríkja.

Þriðji mælikvarðinn í þessari skýrslu er síðan svokallaður fimmtungastuðull sem mælir efsta fimmtung tekjuhæstu einstaklinganna á móti þeim fimmtungi sem minnstar hefur tekjurnar. Þessi mælikvarði gefur sömu niðurstöðu, þ.e. aðeins Svíþjóð og Slóvenía mælast með lægri stuðul.

Ég vek sérstaka athygli á því að hér er gengið út frá ráðstöfunartekjum einstaklinga, þ.e. heildartekjum að teknu tilliti til skatta. Í því felst jafnframt að allar fjármagnstekjur aðrar en söluhagnaður af hlutabréfum eru teknar með í reikninginn. Ástæðan fyrir því að söluhagnaður af hlutabréfum er undanskilinn er m.a. sú að þær tekjur eru óreglulegar, geta verið miklar eitt árið en hverfandi og jafnvel neikvæðar næsta ár. Niðurstöðurnar sýna að það er falskenning hjá stjórnarandstöðunni, og reyndar ýmsum fleirum, að þær skattkerfisbreytingar sem hér hafa verið gerðar á undanförnum árum hafi orðið til að auka stórlega ójöfnuð í landinu og orðið til að færa Ísland í hóp þeirra ríkja þar sem ójöfnuðurinn er hvað mestur. Sú falskenning er afsönnuð með þessari skýrslu. Þetta er einfaldlega rangt eins og skýrslan sýnir skýrt og skilmerkilega. Niðurstöðurnar eru reyndar svo skýrar og afdráttarlausar að jafnvel stjórnarandstaðan getur ekki snúið út úr þeim eða túlkað á annan hátt en hér hefur verið gert.

Skýringin á því að Gini-stuðull er samkvæmt Hagstofunni lægri en tölur ríkisskattstjóra sem fjármálaráðuneytið hefur stuðst við og hv. fyrirspyrjandi vitnaði til er sú að ríkisskattstjóri og fjármálaráðuneytið studdust í sínu svari við allar fjármagnstekjur og töldu þær með. En Hagstofan undanskilur, eins og ég sagði, söluhagnað af hlutabréfum í samræmi við þá alþjóðlegu staðla sem notaðir eru í þessu máli. Ég vil þess vegna lýsa mikilli ánægju með skýrsluna og við hljótum öll að fagna því að nú er fengin niðurstaða í þessu máli þar sem rangfærslur hafa verið allt of miklar og allt of lengi í þessari umræðu.

[11:05]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Talsmenn ríkisstjórnarflokkanna óttast ekkert jafnmikið í aðdraganda kosninga og að kjósendur átti sig á því hvernig ríkisstjórnin hefur misskipt ávöxtum þess góðæris sem ríkt hefur á Íslandi milli einstakra tekjuhópa. Ríkisstjórnin virðist muna það nú í aðdraganda kosninga að atkvæði kjósenda eru jafnverðmæt burt séð frá því hvaða tekjuhópi kjósendur tilheyra og leggur mikið á sig til að reyna að slá ryki í augu kjósenda um að ójöfnuður hafi ekki aukist á Íslandi og að allir sitji við sama borð þegar við tölum um aukningu kaupmáttar og lífskjör almennings.

Þegar við berum saman þær tölur sem verið er að tala um í þessari nýju Evrópukönnun Hagstofunnar um lágtekjumörk og tekjugreiningu verðum við að hafa í huga það sem fram hefur komið, að einungis helmingur fjármagnstekna er tekinn inn í þann samanburð. Ef allar fjármagnstekjur væru teknar inn, bæði hér og í samanburðarlöndunum, ykist ójöfnuðurinn mikið á Íslandi vegna þess að það virðist vera meira um fjármagnstekjur á Íslandi og minna skattlagðar en í samanburðarlöndunum.

Þegar við tölum um aukningu kaupmáttar og betri lífskjör verðum við að líta á hvað liggur á bak við þau meðaltöl sem ríkisstjórnarflokkarnir flagga svo mjög. Meðaltölin segja ekki neitt um misskiptingu og ef við lítum á 12 ára tímabilið frá 1993–2005 hefur kaupmáttur 20% tekjulægstu heimilanna aukist um 31,5% á föstu verðlagi en hjá þeim sem 10% hæstu tekjurnar hafa er aukningin orðin 118%.

Meðaltalið segir ekki neitt. Að nota meðaltöl í þessu skyni væri svipað og að taka stjórnarflokkana báða, Framsókn og Sjálfstæðisflokk, þar sem annar er með lágt fylgi og hinn með hátt fylgi og reikna af því meðaltal, eins og að það segi okkur eitthvað um fylgi Framsóknarflokksins. Það segir okkur ekki neitt um fylgi Framsóknarflokksins og því ljúga þessi meðaltöl. Það er falsið sem ríkisstjórnin notar.

[11:07]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Enginn vafi leikur á því að misskipting og misrétti hefur aukist í íslensku samfélagi á undanförnum árum. Misréttið birtist í ýmsum myndum. Það birtist í þeirri mynd að tekjulítið fólk á ekki lengur kost á því að festa kaup á húsnæði. Misréttið birtist í þeirri mynd að tekjulítið fólk á erfitt með að leita sér lækninga vegna tilkostnaðar. Misréttið birtist í þeirri mynd að tekjulitlir foreldrar geta ekki gefið börnum sínum kost á að stunda frístundastarf á borð við önnur börn sem koma frá fjölskyldum sem hafa rýmri fjárráð.

Efst í pýramídanum tróna þeir sem hafa tekjur sínar af fjármagni og það eru miklar tekjur. Það er þetta fólk sem ríkisstjórn Íslands hefur sýnt mesta umhyggju. Hún hefur lagt þetta fólk í bómull. Þetta fólk er skattlagt upp á 10% en launamaðurinn upp á 35 eða 36%. Í þessu birtist okkur pólitískt misrétti. Neðst eru hinir tekjulágu, þeir sem hafa 114 þús. kr. í tekjur. Hverjir eru það? Það er atvinnulaust fólk. Atvinnuleysi er lítið á Íslandi núna, 1,3%, en á bak við þá tölu eru 2 þús. einstaklingar. Þeim eru búin þessi kjör. Síðan er það láglaunafólkið sem er með um 120 þús. kr. í tekjur.

Þriðjungur lífeyrisþega er með undir 130 þús. kr. áður en þeir greiða skatta. Þetta er sú staðreynd sem blasir við í íslensku þjóðfélagi, (Forseti hringir.) misrétti á misrétti ofan. Í vor, hinn 12. maí, (Forseti hringir.) gefst íslensku þjóðinni kostur á (Forseti hringir.) að hverfa inn á nýjar uppbyggilegri brautir.

[11:10]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að vekja aftur máls á þeim rannsóknum sem ég talaði um í umræðum utan dagskrár í gær. Hefði verið betra að hv. þingmaður hefði verið viðstaddur þá umræðu.

Í umræðunum í gær vísaði ég bæði til rannsóknar Ragnars Árnasonar, prófessors við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, (Gripið fram í.) og sömuleiðis niðurstaðna lífskjararannsókna Hagstofu Íslands sem hv. þingmaður hefur gert að umræðuefni að þessu sinni. Sú lífskjararannsókn Hagstofu Íslands snýr að lágtekjumörkum og tekjudreifingu á árunum 2003 og 2004 og hún staðfestir niður-

stöður Ragnars Árnasonar. Það er rétt að ítreka að þetta er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins. Þess vegna þýðir ekki að gera eins og hv. þingmaður vildi meina áðan, að nota önnur viðmið á Íslandi en annars staðar í Evrópu. (Gripið fram í.) Auðvitað verður að nota sömu viðmið. (Gripið fram í.) Niðurstaðan er sú, hæstv. forseti, að af 31 Evrópuþjóð árið 2004 var ein þjóð með lægra lágtekjuhlutfall en Íslendingar. Tvær voru með sama hlutfall og 27 þjóðir með hærra lágtekjuhlutfall.

Eins og fram kom hjá hæstv. forsætisráðherra voru þrjár Evrópuþjóðir með lægri Gini-stuðul sem fáir þekkja betur en hv. þm. Sigurjón Þórðarson, en 27 þjóðir í Evrópu voru með hærri Gini-stuðul en Íslendingar. Síðan tala menn um fjármagnstekjur og vilja miða við árið 1993. Hvað hefur gerst frá árinu 1993? Hefur ekki byggst upp hlutabréfamarkaður og fjármagnsmarkaður af þvílíkum myndarskap (Gripið fram í.) að annað eins þekkist ekki og það er allur almenningur sem tekur þátt í því að eyða sparifé sínu í hlutabréf? (**JGunn:** Hvaða sparifé?) Það er sama hvernig hv. þm. Jón Gunnarsson reynir að snúa út úr því. Það er auðvitað það sem skiptir máli, að hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi er orðinn stærri atvinnugrein (Forseti hringir.) en sjávarútvegurinn.

[11:12]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Þetta mál er ákaflega skýrt ef menn draga fram þær staðreyndir sem skipta máli í þessu. Á síðustu átta árum hafa framtaldar launatekjur Íslendinga vaxið tvöfalt, tvöfaldast, en fjármagnstekjurnar hafa á sama tíma tífaldast. Fyrir átta árum voru fjármagnstekjur um 4% af heildartekjum framteljenda en eru núna um 17%. (Gripið fram í.) Þetta þýðir að hlutur fjármagnstekna í heildinni er liðlega 100 milljörðum kr. meiri en áður var. (**SKK:** Af hverju er það?) Þess vegna skiptir máli, virðulegi forseti, hvernig þessi hlutur skiptist. Skiptist hann eins og launatekjurnar eða skiptist hann öðruvísi en launatekjurnar? Hv. stjórnarliðar vilja taka þennan hluta teknanna frá vegna þess að þeir vita, sem satt er, (Gripið fram í.) að skipting fjármagnstekna hér á landi er (Gripið fram í.) allt öðruvísi en skipting launatekna. Þeir vita líka að hlutur fjármagnstekna hér á landi er miklu hærri en í viðmiðunarlöndunum. (Gripið fram í.) Það er vegna þess að hér eru skattareglur svo rúmar að skattlagning á fjármagnstekjur eru lægri en í flestum öðrum löndum Evrópu. (**SKK:** Viltu þá hækka skattana?)

Hér eru 30 þús. einkahlutafélög, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, og hvað eru menn að gera í þeim einkahlutafélögum? Menn eru að nota þau sem leið fram hjá skattlagningu launatekna. Skipting fjármagnstekna er þannig að af þessum 120 milljörðum rennur langstærstur hluti þeirra til aðeins um 1% framteljenda. Um 82% af söluhagnaði af hlutabréfum rennur til 1% tekjuhæstu framteljenda landsins. Liðlega 2 þús. manns hafa yfir 22 millj. í tekjur, hver og einn. Vegna skattkerfisins og með einkahlutafélögunum komast menn hjá því að borga sinn skerf til samfélagsins og sá skerfur (Forseti hringir.) er lagður á launþega, virðulegur forseti, og þess vegna hlæja hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og Guðjón Ólafur Jónsson vegna þess að (Forseti hringir.) þeir hlæja að launþegum í þessu landi.

[11:15]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Ég held að þessi umræða sanni að því verði seint haldið fram um stjórnarandstöðuna að henni þyki sérstaklega vænt um sannleikann eða gefi eitthvað fyrir vísindalegar rannsóknir vegna þess að því er enn haldið fram fyrirvaralaust að hér á landi hafi misskipting og ójöfnuður stóraukist og því er líka fyrirvaralaust haldið fram að hann sé meiri hér á landi annars staðar en í hinum vestræna heimi. Auðvitað er þetta rangt. Þetta er rangt vegna þess að vitnisburðurinn kemur fram í nýlegri skýrslu Hagstofu Íslands um lágtekjumörk og tekjudreifingu fyrir árið 2004. Þær niðurstöður eru gerólíkar þeim niðurstöðum sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa haldið fram í dag og ýmsir fræðimenn sem hafa fjallað um þetta mál, þar á meðal Stefán Ólafsson, af því að á hann var minnst. (Gripið fram í.)

Í skýrslunni kemur m.a. fram að hlutfall íslenskra heimila sem eru fyrir neðan lágtekjumörk er með því lægsta sem gerist í Evrópu og það kemur líka fram að misskipting tekna er minni hér á landi en víðast hvar í samanburðarlöndunum. (Gripið fram í.) Til einföldunar má segja að skýrsla Hagstofunnar leiði í ljós að tekjuskipting á Íslandi er mun jafnari en í flestum öðrum ríkjum og þetta eru stórmerkilegar niðurstöður vegna þess að þær byggjast á samevrópskri aðferðafræði. (Gripið fram í.) Niðurstöðurnar sýna fram á allt annan veruleika en stjórnarandstaðan hefur haldið fram og helstu fátæktarfræðingar Íslands líka, og slá algerlega vopnin úr höndum þessara aðila.

Ég tel, frú forseti, að kominn sé tími til að stjórnarandstaðan fari að skipta um gír, sjái ekki bara allt svart og neiti að horfast í augu við raunveruleikann vegna þess að stjórnarandstaðan virðist fá eitthvað út úr því að slá ryki í augu almennings. (Gripið fram í.) Þið ættuð að fara að viðurkenna niðurstöðu skýrslunnar og fagna þeim vegna þess að þær eru jákvæðar fyrir þjóðina og þær eru jákvæðar fyrir ríkisstjórnina, frú forseti.

Fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er um þessar mundir rekið umfangsmikið dómsmál og dómarinn í því máli hefur sagt við málsaðilana að vera ekki að deila við dómarann. Ég held að stjórnarandstaðan ætti heldur ekki að gera það í þessu máli. (**Gripið fram í:** Það þarf að skipta um stjórnarandstöðu.) (Gripið fram í.)

[11:17]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta eru alveg ævintýralegar aðferðir sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir eru að beita (**GÓJ:** Hagstofan.) vegna þess að þeir eru á harðahlaupum frá þeirri staðreynd að hér (Gripið fram í.) hafi misskipting aukist með því að hengja sig í punktmælingu á milli áranna 2003 og 2004. Horfum á staðreyndir. (**GÓJ:** Sama mæling um alla Evrópu.) Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands árið 2001 sýndi að frá árinu 1994 til ársins 2000 tekur að aukast allmikill ójöfnuður hér á landi. Fjármálaráðuneytið skilaði svari árið 2004 til hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar sem sýndi að Gini-stuðullinn, þ.e. ójöfnuðurinn hefði verið að aukast um eitt stig á ári á árunum 1995–2003, eitt stig á

ári. Það sem gerist síðan í þessari úttekt Hagstofunnar er einmitt eitt stig milli áranna 2003 og 2004. Þetta ber því allt að sama brunni: Jöfn og þétt aukning á misskiptingu og ójöfnuði hér á landi.

Virðulegi forseti. Í mjög góðri grein eftir Þorvald Gylfason, prófessor við Háskóla Íslands, sem er birt í dag í Fréttablaðinu nefnir hann líka að Joakim Palme, prófessor í Stokkhólmi, hafi rannsakað þróun tekjuskiptingar í Svíþjóð og hann hafi einmitt tekið allar tekjur heimilanna með í reikninginn og fjármagnstekjurnar líka og þær tölur sýna að Gini-stuðullinn í Svíþjóð árið 1993 var 22 á móti 21 hér. (Gripið fram í.) Tíu árum síðar var Gini-stuðullinn 25 í Svíþjóð og 30 hér. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Óróleikinn hér inni sýnir það að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir eru logandi hræddir við að afleiðingar þeirrar hörðu hægri stefnu sem hefur verið rekin í landinu sé að koma í ljós og útlitið er ekki fallegt. (Forseti hringir.) Staðreyndirnar sýna skýrslu eftir skýrslu aukinn ójöfnuð hér á landi og misskiptingu.

[11:19]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég velti því fyrir mér hvernig almenningi í landinu og þeim sem búa við kröpp kjör líki umræða sem snýst upp í þrætur og ásakanir á víxl um alls konar samanburðarmælingar og það hvort þessi eða hinn fræðimaðurinn hafi rétt fyrir sér, hvort þetta eigi að bera saman svona eða hinsegin. Ætli það sé ekki veruleiki fólks sem segi því sjálfu mest um það hvað er að gerast? (**Gripið fram í:** Eigum við ekki bara að sleppa mælingunum?) Ætli við gerðum ekki rétt í því, þingmenn, að tala af svolítið meiri hófstillingu og virðingu í ljósi þess að ein staðreynd er staðreynd og það er að fjöldi fólks í samfélaginu á erfitt. Það eru þúsundir fjölskyldna sem eiga í miklum erfiðleikum með að ná endum saman. Það er fátækt í íslensku samfélagi. Þetta er veruleiki sem við verðum að horfast í augu við hvað sem öllum samanburðaræfingum og þrætum um mælikvarða líður. Við erum það ríkt samfélag að við ættum að geta sameinast um það að við viljum ekki slíkt ástand. Við viljum leita leiða til að breyta þessu. Væri ekki uppbyggilegra að menn einsettu sér það og ræddu hvað við gætum gert til að sá veruleiki hverfi frá okkur?

Ég held að það sé óskaplega misheppnuð umræða, satt best að segja, sem gengur út á ásakanir á báða bóga af því tagi sem við höfum orðið vitni að í umræðum um samanburð og mælingar á undanförnum vikum og mánuðum. Ég held að tilfinning almennings sé sú og hún er studd mjög mörgum vísbendingum, að það dregur hratt í sundur á Íslandi milli þeirra sem mest hafa og þeirra sem minnst hafa. Það eru til ótal aðferðir til að bera það saman. Hvort við tökum þau 5% sem lakast eru sett og þau 5% sem mest hafa eða 20 prósentin á báðum endum, getur t.d. alveg skipt sköpum um hvar við stöndum í þessum efnum. En veruleikinn, það sem snýr að fólki sjálfu, er það sem við ættum aðallega að vera að ræða um hér.

[11:22]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég held að hæstv. forsætisráðherra ætti að hafa miklar áhyggjur af trúverðugleika sínum. Við erum einfaldlega að ræða svör hans, en þá eru þau svör og þær tölur sem hann gaf upp í tíð sinni sem hæstv. fjármálaráðherra jafnvel orðnar rangfærslur í umræðunni nú, þegar verið er að ræða þær. Við skulum huga að því að þó svo við slepptum fjármagnstekjum og skoðum svör hæstv. ráðherra kemur fram að ójöfnuðurinn á því tímabili sem hann tiltók hefur aukist meira en á tímabili Reagan-stjórnarinnar í Bandaríkjunum. Ég held að við þurfum ekkert að ræða það neitt frekar, ójöfnuðurinn hefur aukist gríðarlega. Og að taka eina mælingu og ætla að setja hana inn í samanburð við mælingar sem voru gerðar með allt öðrum hætti er af og frá að hægt sé gera.

Einnig dreg ég í efa niðurstöður Hagstofunnar, eftir að hafa kynnt mér þessi gögn gaumgæfilega, og spurning hvort ekki hafi í rauninni átt að sleppa einfaldlega öllum fjármagnstekjum vegna þess að gildi sem Hagstofan sýnir er ekki langt frá því sem útreikningar hæstv. forsætisráðherra sýndu þegar öllum fjármagnstekjum var sleppt fyrir árið 2003. Yfir þessa útreikninga þarf að fara og við eigum ekki að þurfa að rífast um einhverjar staðreyndir og tölur heldur hvernig við ætlum að leysa úr þessu máli. Fram kemur að fjármagnstekjur hafa gríðarleg áhrif á ójöfnuðinn í landinu og ef þeim er sleppt breytist kúrfan gríðarlega mikið. Þetta þarf að fara yfir og hvort sanngirni sé í því að rúmur helmingur fjármagnstekna renni til 1% þeirra sem hæstar hafa tekjurnar í landinu, frú forseti.

[11:24]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég vil eindregið taka undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að mönnum ber að sýna hófstillingu og virðingu í þingsal Alþingis. Ég vona að hann taki það sjálfur til eftirbreytni framvegis.

En málið er varðandi þá skýrslu sem við erum að ræða, að það hafa ekki allir farið með rétt mál um efni hennar. Það virðist vera eins og sumt fólk í þessum sal hafi einfaldlega ekki kynnt sér hana. Því er haldið fram að fjármagnstekjur séu ekki teknar með í þennan útreikning, því er haldið fram fullum fetum. Það er rangt. Ég sagði það sérstaklega og greindi frá því áðan. Það eru allar fjármagnstekjur hafðar með, nema söluhagnaður af hlutabréfum. Af hverju eru þær tekjur ekki með? Það er vegna þess að þetta er gert eftir alþjóðastöðlum (Gripið fram í.) og þannig er þetta gert alls staðar annars staðar.

Ég útskýrði það líka hver munurinn væri á þessari skýrslu og því svari sem fjármálaráðuneytið sendi frá sér áður þar sem allar fjármagnstekjur voru hafðar með. Af hverju þurfa menn að vera að togast á um staðreyndirnar í málinu? Er ekki í lagi að leggja þær niður fyrir sér og ræða síðan málið á slíkum grundvelli? Því þurfa menn að vera að hártoga þetta í bak og fyrir?

Sem betur fer sýnir þessi skýrsla að við Íslendingar stöndum betur að vígi hvað varðar tekjujöfnun og jöfnuð í þjóðfélaginu en haldið hefur verið fram og við stöndum mun betur að vígi en flestöll þau lönd í Evrópu sem við kærum okkur um að bera okkur saman við, öll nema þau lönd sem ég gat um áðan miðað við þessa mismunandi mælikvarða, Svíþjóð, Danmörk og Slóvenía. Er það ekki

góður árangur? Ég tel að svo sé.

En ég vil ekki gera lítið úr því vandamáli sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um. Því miður eru tekjuhópar í þjóðfélaginu sem ekki hafa það nægilega gott. Verkefnið er að koma þeim til aðstoðar og gera þeim lífið betra en verið hefur. Samt hefur fækkað í þeim hópi, samt hafa þeir hópar það hlutfallslega betra núna en áður og samt hafa slíkir hópar það miklu betra en í öðrum löndum ef þeir væru á sams konar stigi í tekjudreifingunni þar. Það er kjarni málsins.

## *Tilhögun þingfundar.*

[11:26]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill láta þess getið að samkomulag er um að mælt verði fyrir fyrstu fjórum dagskrármálunum og síðan fari fram umræða um þau sameiginlega. Andsvör verða þó heimiluð við framsöguræður svo sem venja er til.

## *Norræna ráðherranefndin 2006, ein umr.*

Skýrsla samstrh., 569. mál. — Þskj. 845.

*og*

## *Norrænt samstarf 2006, ein umr.*

Skýrsla ÍNR, 622. mál. — Þskj. 925.

*og*

## *Vestnorræna ráðið 2006, ein umr.*

Skýrsla ÍVN, 628. mál. — Þskj. 936.

*og*

## *Norðurskautsmál 2006, ein umr.*

Skýrsla ÍNSM, 626. mál. — Þskj. 934.

[11:27]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra um störf norrænu ráðherranefndarinnar árið 2006.

Árið var viðburðaríkt á norrænum vettvangi en Norðmenn gegndu þá formennsku í ráðherranefndinni. Enda þótt ekki sé gert ráð fyrir neinum kúvendingum í megináherslum samstarfsins við formannsskipti getur formennskulandið þó lyft undir ýmis mál og sett í forgang. Norðmenn settu norðursvæði Evrópu í öndvegi ásamt norræna velferðarkerfinu og nokkrum lykilhugtökum eins og þekkingu, endurnýjun og verðmætasköpun í hnattvæddum heimi.

Fimm ára rannsóknarverkefni um norræna velferðarkerfið lauk á árinu. Framhald velferðarrannsókna er þó tryggt þar sem ákvörðun var tekin í norræna rannsóknarráðinu NordForsk um að verja allt að 75 milljónum norskra króna til slíkra rannsókna á næstu fimm árum. NordForsk hóf starfsemi sína í upphafi árs 2005 þegar nokkrar norrænar rannsóknarstofnanir voru sameinaðar í eina öfluga og fjársterka stofnun. Fyrir Íslands hönd sitja formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og formaður rannsóknarsjóðs í stjórn NordForsk en Rannís hefur með höndum starfræn tengsl við stofnunina.

Í fyrstu starfsáætlun NordForsk fyrir 2006–2009 er lögð sérstök áhersla á að byggja samstarf landanna á innri styrk Norðurlanda og á þeim þjóðfélagslegu gildum sem einkenna löndin fimm. Áhersla er og lögð á að beita samstarfinu í hnattrænu samhengi. Markmiðið með styrkveitingu NordForsk er fyrst og fremst að tengja áherslusvið landanna sem best og skapa þannig samlegðaráhrif. Auk þess að veita fjármagni til velferðarrannsókna var á árinu ákveðið að verja allt að 90 milljónum norskra króna á næstu fimm árum til rannsóknarverkefnis sem ber heitið: Matur, næring, heilsa.

Segja má að sú stefnumörkun sem kemur fram í fyrstu starfsáætlun NordForsk sé mjög í anda skýrslunnar „Norðurlönd – sigursvæði á heimsvísu“, sem var mikið í norrænni umræðu á árinu. Það er lagt út frá þeirri staðhæfingu að Norðurlönd hafi allar forsendur til að vera fremst í flokki sem aðlaðandi markaðssvæði í stöðugt vaxandi alþjóðlegri samkeppni. Með því að nýta sér það forskot sem felist í grunnþáttum norrænnar þjóðfélagsgerðar í sameiginlegum menningararfi, mannauði og náttúruauðlindum geti Norðurlönd í samvinnu aukið mjög aðdráttarafl sitt.

Skýrslan hefur þegar haft talsverð áhrif á áherslur samstarfsins og má reikna með að norræna ráðherranefndin muni á næstu árum beita sér í auknum mæli fyrir verkefnum þar sem Norðurlönd kynna sig sem eitt svæði á alþjóðavettvangi. Eitt slíkra verkefna ber yfirskriftina Ný norræn matvæli og því verkefni var formlega ýtt úr vör á þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Kaupmannahöfn síðla hausts. Verkefnið hefur það hlutverk að varpa ljósi á þá fjölbreyttu möguleika til verðmætasköpunar sem felast í matvælaframleiðslu Norðurlanda.

Þegar Norðurlönd koma fram sem ein heild í heimi rannsókna og nýsköpunar eru þau öflugri en þegar hvert land um sig vill gera sig gildandi. Í alþjóðlegri samkeppni eru Norðurlönd ekki stórt svæði, þar búa einungis rétt tæplega 25 milljónir manna og þá skiptir samtakamátturinn miklu máli og að menn geri sér grein fyrir bæði styrkleikum sínum og veikleikum.

Ein mikilvægasta breytingin sem orðið hefur á norrænu samstarfi á undanförnum árum er að það beinist í æ ríkari mæli út á við. Samstarfið snýst nú ekki einvörðungu um samvinnu þjóðanna innbyrðis heldur ekki síður um samstarf þeirra við aðrar fjölþjóðlegar stofnanir og grannsvæði þar sem hagsmunir aðila fara saman. Það má velta því fyrir sér hvort aðkoma norrænu ráðherranefndarinnar sé nauðsynleg þar sem löndin hvert í sínu lagi eiga í umfangsmiklu samstarfi við aðrar þjóðir um hin margvíslegustu málefni, bæði með milliríkjasamningum, á vettvangi ESB og annarra stofnana. Því er til að svara að ráðherranefndin vinnur beint að málum þar sem löndin sjálf, aðrar alþjóðlegar stofnanir eða aðrir aðilar geta ekki náð eins góðum árangri.

Ráðherranefndinni er ætlað að tryggja að norræn samvinna eigi sér stað á þeim sviðum þar sem hún gagnast best en öðrum látið eftir að starfa þar sem líkur benda til að þeir hafi forskot.

Samvinna við nágranna Norðurlanda er mikilvægt verkefni og sama gildir um allt samstarf sem eflir áhrif landanna í Evrópu. En þó svo að við getum verið sammála um að í norrænu samstarfi þurfi að beina sjónum út á við og laga sig að því sem er að gerast í umheiminum má ekki láta hjá líða að rækta það sem norrænt er. Í því er sérstaða Norðurlanda fólgin og þar liggur einmitt einn mikilvægasti styrkleiki svæðisins. Með samstarfinu eigum við að hvetja til dáða, sérstakar norrænar viðurkenningar eins og verðlaun Norðurlandaráðs á sviði bókmennta og tónlistar eru gott dæmi þar um. Og þó svo að enska sé alltumlykjandi í alþjóðlegum samskiptum breytir það ekki því að norræna málsamfélagið er límið í samheldni Norðurlanda.

Samstarf ráðherranefndarinnar við ESB hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Markmið þess er að treysta öryggi og stuðla að sjálfbærri þróun í Norður-Evrópu auk þess að ýta undir lýðræðisþróun á svæðinu. Slíkar sameiginlegar aðgerðir snúa einkum að þeim grannríkjum Norðurlanda og ESB sem standa utan við samstarf Evrópuríkja en þar eru Rússland og Hvíta-Rússland ef til vill mikilvægust.

Meðal samstarfsverkefna ESB og ráðherranefndarinnar er rekstur hvítrússneska útlagaháskólans, European Humanities University, sem hafði áður aðsetur í Minsk í Hvíta-Rússlandi. Hann hefur verið starfræktur í Vilníus í Litháen frá haustinu 2005 með fjárframlögum m.a. frá ESB, Finnlandi, Svíþjóð og norrænu ráðherranefndinni. Þar leggja 350 hvítrússneskir námsmenn stund á nám í samfélagsgreinum og húmanískum fræðum.

Á árinu var tekin ákvörðun um nýtt samstarfsverkefni ráðherranefndarinnar og ESB til stuðnings hvítrússnesku námsfólki. Í kjölfar þess að hvítrússneskir námsmenn skipulögðu mótmæli í tengslum við forsetakosningar þar í landi í mars á síðasta ári var mörgum þeirra vikið frá námi. Ráðherranefndin og ESB hafa tekið höndum saman um að styrkja þennan hóp með því að gefa honum kost á að sækja um námsstyrk til að ljúka námi annaðhvort við EHU eða háskólum í nágrannaríkinu Úkraínu. Gert er ráð fyrir að unnt verði að styrkja um 100 hvítrússneska námsmenn með þeim hætti.

Í framhaldi af þessu má einnig nefna að mikilvægur vettvangur samstarfs ESB og norrænu ráðherranefndarinnar er áætlun sambandsins um Norðlægu víddina en í lok nóvember sl. færðust Ísland, Noregur og Rússland formlega inn í samstarfið á þessu sviði þegar samkomulag þar að lútandi var undirritað á utanríkisráðherrafundi í Helsingfors. Norræna ráðherranefndin hefur á undaförnum árum tekið virkan þátt í framkvæmd áætlunarinnar, einkum með því að fella áherslur hennar inn í norrænu málefnadagskrána. Þannig hefur Norðlæga víddin verið vettvangur fyrir samstarf ráðherranefndarinnar og ESB um umhverfismál, félags- og heilbrigðismál og upplýsingatækni.

Staða sjálfstjórnarlandanna Færeyja, Grænlands og Álands var til umfjöllunar í hópi samstarfsráðherranna á árinu. Upphafið má rekja til þess þegar Færeyingar tilkynntu árið 2002 að þeir sæktust eftir fullri aðild að norrænu ráðherranefndinni og að Norðurlandaráði. Á miðju ári skilaði norræn nefnd sérfræðinga á sviði lögfræði og þjóðréttarfræði úttekt um málið þar sem farið er yfir raunverulega stöðu sjálfstjórnarlandanna gagnvart móðurlöndunum og þeim norrænu samningum sem starfsemi Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar byggir á. Samstarfsráðherrarnir hafa fjallað um úttektina og telja að þörf sé á að kanna frekar þær hindranir sem standa í vegi fyrir fullri aðild sjálfstjórnarlandanna.

Þetta mál er bæði viðkvæmt og flókið viðureignar í þjóðréttarlegum skilningi og á því eru margar mismunandi hliðar sem taka verður tillit til. Má þar nefna spurninguna um hugsanlegar breytingar á Helsingfors-samningnum en Svíar hafa lýst því yfir að þeir vilji ekki fara inn á þá braut. Þá er bæði mismunur á stjórnarskrárbundinni stöðu sjálfstjórnarlandanna heima fyrir og á óskum þeirra um aukna aðild. Þrátt fyrir þetta er stefnt að því að máli þessu ljúki á þingi Norðurlandaráðs í haust með því að samstarfsráðherrarnir leggi fram tillögur um hvernig megi bæta stöðu sjálfstjórnarlandanna í norrænu samstarfi.

Samstarf ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs var sem endranær ágætt á árinu. Það samráð varðaði einkum fjárlögin, bæði undirbúning þeirra en einnig nýskipan í norrænni fjárlagagerð sem unnið var að á árinu. Ráðherranefndin telur mikilvægt að Norðurlandaráð komi að fjárlagagerðinni á sem flestum stigum þannig að unnt sé að taka tillit til sjónarmiða og óska og tryggja þannig pólitískar áherslur að þær endurspeglist í fjárlögunum.

Samstarfsráðherra leggur nú fram fyrir Alþingi ársskýrslu sína í 20. sinn. Markmiðið er annars vegar að gefa glöggt yfirlit yfir það hvernig fjármunum til samstarfsins var varið á liðnu ári og hins vegar að gefa alþingismönnum færi á að ræða á Alþingi þá stefnu sem fylgt er í samstarfinu og ekki síður að leggja fram sjónarmið sín um hvaða breytingar þeir vilja sjá og ræða hugmyndir um breytingar. Ég legg sérstaka áherslu á síðastnefnda atriðið því allt of oft er tíminn til umræðu um skýrsluna á Alþingi of knappur og menn ekki tilbúnir til að beina sjónum að hinni pólitísku stefnumótun.

Það umhverfi sem norrænir stjórnmálamenn lifa í er orðið svo kröfuhart á tíma og athygli þeirra og baráttan um fjármagnið svo hörð að norrænt samstarf mun gjalda þess ef þessum þáttum er ekki gefinn gaumur. Menn verða því að vera tilbúnir á allra næstu árum til að draga skarpari línur í samstarfinu og færa þær fórnir sem því fylgir. Við verðum að ganga harðar fram í því að forgangsraða og það getur þýtt að á tímabilum muni einhver samstarfsmálefni færast neðar á verkefnalistanum en nú er. En það sem er kannski mikilvægast nú fyrir norrænt samstarf er að það þarf að fá meiri pólitíska skírskotun. Norrænir stjórnmálamenn og leiðtogar verða að senda frá sér skýrari skilaboð um hvað það er sem þeir vilja með samstarfinu á næstu árum.

Eftir að hafa nú setið sem samstarfsráðherra í hálft ár er ég sannfærð um þetta. Jafnframt er ég sannfærð um að ef við náum þessu munum við geta beitt norrænu samstarfi sem tæki til að láta til okkar taka í ört vaxandi samkeppni á alþjóðlegum vettvangi.

[11:40]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Frú forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs fyrir starfsárið 2006. Í henni er fjallað um störf deildarinnar, starfsemi nefnda Norðurlandaráðs, fundi þess og Norðurlandaráðsþings sem að þessu sinni var haldið í Kaupmannahöfn.

Skýrslan liggur fyrir og ég sé ekki ástæðu til að fara nákvæmlega í efnisatriði hennar hér. Ég mun hins vegar hnykkja á ýmsum þáttum í norrænu samstarfi á árinu sem mér þykja mikilvægir. Að öðru leyti vísa ég til skýrslunnar í heild sem liggur fyrir í prentuðu þingskjali.

Norrænt samstarf stendur traustum fótum og nýtur mikils stuðnings meðal almennings á Norðurlöndum. Í skoðanakönnun sem Norðurlandaráð lét gera á öllum Norðurlöndunum í október sl. í aðdraganda Norðurlandaráðsþings kom í ljós að almenningur þekkir vel til og hefur jákvætt viðhorf til norræns samstarfs. Á Íslandi þekkja 90% til Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar og 69% telja Norðurlöndin mikilvægan samstarfsaðila fyrir Ísland á alþjóðavettvangi. Til samanburðar má geta þess að 52% nefndu ríki Evrópusambandsins, 23% Bandaríkin og 22% Kína. Þetta eru ánægjulegar og merkilegar niðurstöður. Ef borið er saman við sambærilega könnun sem gerð var fyrir 14 árum telja mun fleiri Íslendingar nú en þá að starf Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar hafi gildi fyrir almenning á Norðurlöndum.

En hvað finnst þá fólki að norrænt samstarf eigi að snúast um? Samkvæmt skoðanakönnuninni telja Íslendingar þrjá málaflokka mikilvægasta. Í fyrsta lagi möguleikann til náms og rannsókna í öðrum norrænum ríkjum. Í öðru lagi baráttuna gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Í þriðja lagi umhverfismál. Þegar þessar áherslur eru bornar saman við störf Norðurlandaráðs á árinu kemur í ljós að einmitt þessir málaflokkar voru mjög til umfjöllunar þar á síðasta ári og einnig á Norðurlandaráðsþinginu í Kaupmannahöfn í vetur. Þarna er samhljómur sem rennir enn frekari stoðum undir það erindi sem norrænt samstarf á til þjóða Norðurlanda. Norðurlöndin eru eitt atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði.

Norræna samstarfið er ekki síður mikilvægt í dag en þegar til þess var stofnað fyrir rúmri hálfri öld. Það hefur sannarlega haft burði til að aðlagast breyttum heimi og eflast á þeim sviðum sem íbúar landanna telja mikilvæg. Það sem einkennir Norðurlöndin sérstaklega er sterk lýðræðishefð, sameiginlegur menningararfur, velferðarkerfi samhliða markaðshagkerfi, langur lífaldur, há fæðingartíðni, fjárfestingar og gott umhverfi fyrir einkarekin fyrirtæki ásamt afar góðri stöðu jafnréttismála. Raunar þeirri bestu í heimi, enda má segja að Norðurlöndin tróni oftast á toppnum í hvers kyns alþjóðlegum samanburði.

Á undanförnum árum hefur verið unnið markvisst að því að gera fólki og fyrirtækjum sem auðveldast að lifa og starfa í fleiru en einu landi. Landamærahindranir og leiðir til að ryðja þeim úr vegi fyrir fyrirtæki og einstaklinga, þar með talið námsmenn, voru til umfjöllunar á Norðurlandaráðsþinginu. Það hefur mikið áunnist nú þegar í þessum efnum og á síðasta ári voru um 16 þúsund Íslendingar búsettir annars staðar á Norðurlöndum við nám og störf. En stöðugrar árvekni er þörf því að það koma alltaf í ljós fleiri stjórnsýsluhindranir sem þarf að yfirstíga. Um leið og búið er að laga vandamál á einum stað kemur upp vandamál einhvers staðar annars staðar. Það er okkar viðfangsefni að leysa úr þessum málum. Á þinginu í Kaupmannahöfn samþykkti Norðurlandaráð tvenn tilmæli í þessum efnum. Annars vegar tilmæli til ríkisstjórna norrænu landanna um að sameinast um áherslur í eftirfylgni ákvarðana um afnám landamærahindrana svo að þær öðlist lagagildi og verði framkvæmanlegar. Hins vegar tilmæli til norrænu ráðherranefndarinnar um að sjá til þess að í framtíðinni verði sett ákveðin tímamörk eða tímanleg markmið um aðgerðir til að draga úr landamærahindrunum.

Norræna ráðherranefndin hefur nú þegar brugðist vel við og útnefnt sérstaka fulltrúa til að knýja á um að hindrunum sé rutt úr vegi hvað varðar viðskipta- og atvinnulíf og félags- og heilbrigðismál. Vegna mikilvægis málsins heldur þó umræðan stöðugt áfram innan Norðurlandaráðs og við þurfum að vera þar á verði. Meðal annars hefur verið rætt um að stofna skrifstofu sem norrænir borgarar og fyrirtæki gætu leitað til sem hefðu það verksvið að koma úrlausnarefnum á framfæri við Norðurlandaráð og norræn þjóðþing, benda á úrbætur í lögum landanna og koma með tillögur um gerð nýrra norrænna samninga sem stuðla að sveigjanleika í þessum efnum á Norðurlöndunum. Augljóst er að málefnið er mikilvægt og nauðsynlegt að halda áfram umræðunni um hvernig yfirstíga má stjórnsýsluhindranir hvort sem það verður með slíkri skrifstofu eða ekki og gera það að sjálfsögðu í mjög góðu samráði við norrænu ráðherranefndina.

Baráttan gegn skipulagðri glæpastarfsemi var einnig ofarlega á dagskrá Norðurlandaráðs, einkanlega baráttan gegn mansali. Samþykkt voru tilmæli til norrænu ráðherranefndarinnar um átak á Norðurlöndum gegn miðlun kynlífsviðskipta, athvörf fyrir fórnarlömb mansals á Norðurlöndum, Norðvestur-Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum og baráttu gegn mansali til kynlífsþrælkunar. Mansal er ört vaxandi skipulögð glæpastarfsemi sem þrífst á grófum mannréttindabrotum og nauðsynlegt er að berjast gegn því í alþjóðlegu samstarfi. Því ber sérstaklega að vekja athygli á þeim tilmælum Norðurlandaráðsþingsins til ráðherranefndarinnar að semja í samráði við Norðurlandaráð sameiginlega norræna framkvæmdaáætlun um baráttu gegn mansali til kynlífsþrælkunar. Það mál þarf að komast á dagskrá með afgerandi hætti á næstunni.

Þá vík ég að umhverfismálum sem lengi hafa verið í brennidepli í samstarfinu. Í því sambandi er vert að vekja athygli á umfjöllun um loftslagsbreytingar sem svo mjög hafa verið í umræðunni á Íslandi upp á síðkastið. Loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra eru æ áleitnari viðfangsefni einkum fyrir norðlægustu löndin. Bráðnun norðurskautsíssins opnar að öllum líkindum nýjar siglingaleiðir og auðveldar aðgang að náttúruauðlindum en mikilvægt og brýnt er að huga að umhverfissjónarmiðum við nýtingu á þeim möguleikum sem breytingarnar hafa í för með sér ásamt mengunar- og slysahættu sem gæti stafað af auknum siglingum. Loftslagsbreytingar og viðbrögð við þeim eru í eðli sínu alþjóðlegt verkefni. Norðurlöndin eru þekkt fyrir þekkingu sína á umhverfismálum. Því er mikilvægt að þau taki virkan þátt í alþjóðlegri umfjöllun um takmörkun á gróður-

húsalofttegundum enda hafa þau lengi verið í forustusveit í umhverfismálum og njóta virðingar í alþjóðlegri samvinnu fyrir áherslur sínar og stefnu og þann árangur sem þau hafa náð í þeim málum.

Ég get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um stöðu sjálfstjórnarsvæðanna. Þá vil ég sérstaklega nefna að Færeyingar hafa sótt um fullgilda aðild að samstarfinu, bæði hvað varðar Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina. Málið er flókið þar sem um þrjú svæði er að ræða með ólíka stöðu gagnvart þeim ríkjum sem þau tilheyra. Þá er ekki enn nógu ljóst hver afstaða þeirra landa sem í hlut eiga raunverulega er. Aðeins sjálfstæð ríki eiga aðild að Helsinki-sáttmálanum sem er grundvöllur norræns samstarfs. Ef sjálfstjórnarsvæðin eiga að eiga fullgilda aðild að opinberu norrænu samstarfi þyrfti að breyta honum. Það gæti því reynst farsælt við núverandi aðstæður að láta á það reyna að leita allra leiða til að styrkja stöðu sjálfstjórnarsvæðanna innan ramma þess samstarfs sem er fyrir hendi áður en tímabært er að ræða breytingar á Helsinki-sáttmálanum. Ég veit að þessi vinna er í fullum gangi hjá ráðherranefndinni hjá samstarfsráðherrunum. Til þess að ræða slíkar grundvallarbreytingar þarf að ríkja fullur einhugur meðal landanna um að ráðast í þær. Þá er ég að tala um að ef niðurstaðan á einhverjum tímapunkti yrði sú að fara þyrfti í breytingar á Helsinki-sáttmálanum. Þá yrði það líka að vera ljóst að sjálfstjórnarsvæðin öll væru að fullu reiðubúin að gangast undir allar skyldur því samfara. Ég tel að innan Norðurlandaráðs sé mikill vilji til að ráða málum til lykta í fullri sátt.

Að síðustu vík ég sérstaklega að samkeppnishæfni Norðurlanda á alþjóðlegum vettvangi. Í framhaldi af greiningarvinnu um styrk Norðurlanda er það viðhorf sífellt meira áberandi í norrænu samstarfi að Norðurlöndin, sem eru svæði í fararbroddi á heimsvísu, eigi sérstaka möguleika og sóknarfæri til framtíðar. Þau eiga ákveðin sameiginleg gildi en einnig mismunandi styrkleikaþætti sem nýta má til að einkenna þau á alþjóðavísu. Með öðrum orðum svæðasamstarf á borð við það norræna sem hefur áratugahefð að baki getur verið lykilatriði til að styrkja bæði samkeppnishæfni svæðisins í heild og einstakra landa innan þess. Sú áhersla verður áfram áberandi í norrænu samstarfi á næstunni og settur hefur verið á fót starfshópur til að fylgja þessum hugmyndum eftir. Einnig er hugsanlegt að komið verði á fót eins konar norrænu alþjóðaráði í þessu sambandi en of snemmt er að segja til um störf þess fyrr en að því kemur. Ljóst er að fram undan eru spennandi tímar í norrænu samstarfi með aukinni áherslu á alþjóðamál.

Ég hef reifað í stuttu máli þær meginlínur í starfi Norðurlandaráðs á síðasta starfsári sem mér hefur þótt sérstök ástæða til að vekja athygli á. Ég vil að lokum nota tækifærið og þakka þingmönnum Íslandsdeildarinnar og samstarfsráðherrum okkar í Norðurlandaráði fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu.

[11:53]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Á þskj. 628 liggur fyrir skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir síðastliðið ár og vil ég í ræðu minni geta nokkurra atriða sem þar standa. Meginmarkmið Vestnorræna ráðsins er að vinna að hagsmunum grannríkjanna þriggja, Færeyja, Grænlands og Íslands, en þessar smáþjóðir ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd. Samskipti þeirra eiga sér langa og merkilega sögu. Þar gegnir Vestnorræna ráðið mikilvægu hlutverki. Ráðinu er ætlað að gæta auðlindar, velferðar og menningar þjóðanna á sem víðtækastan hátt og skrifstofa þess er alþjóðasvið Alþingis. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landstjórna með virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samstarfi við aðra aðila og samtök á Vestur-Norðurlöndum og skipulagningu á ráðstefnum og öðrum verkefnum.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins var mjög virk í störfum sínum á síðastliðnu ári. Þar ber að nefna að meðlimir hennar tóku virkan þátt í undirbúningi þemaráðstefnu um ferðamál sem haldin var á Grænlandi og á ársfundi ráðsins sem að þessu sinni var haldinn í Færeyjum. Mikil og góð umræða var á fundum Íslandsdeildar og var ákveðið að hún legði fram þrjár tillögur til ályktana á ársfundi ráðsins og voru þær allar samþykktar. Vestur-Norðurlönd og samstarf þeirra nutu nokkurrar athygli á Norðurlandaráðsþingi í Kaupmannahöfn. Sem dæmi um það má nefna að fríverslunarsamningur Færeyja og Íslands, Hoyvíkursamningurinn, tók gildi 1. nóvember og utanríkisráðherra Íslands tilkynnti um fyrirhugaða opnun aðalræðismannsskrifstofu í Færeyjum. Auk þess lýstu ráðherrar Íslands, Danmerkur og Noregs áhuga á að auka samstarf á sviði leitar- og björgunarmála. Formaður forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins hafði lagt áherslu á mikilvægi slíks samstarfs á fundum nefndarinnar á þinginu með ráðherrum.

Í desember 2005 voru tilkynntar tilnefningar til Barna- og unglingabókaverðlauna Vestnorræna ráðsins árið 2006. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár og var þetta í þriðja skipti sem slíkar tilnefningar voru veittar. Dómnefndir landanna tilnefna eina bók frá hverju landi. Vestnorræna dómnefndin veitti bókinni Hundur, köttur og mús eftir færeyska rithöfundinn Bárð Oskarsson verðlaunin 2006 og voru þau afhent við hátíðlega athöfn í tengslum við ársfund ráðsins í ágúst. Verðlaunin verða næst veitt árið 2008.

Markmiðið með barnabókaverðlaununum er að hvetja vestnorræna barna- og unglingabókahöfunda til dáða. Auk þess er vonast til að með verðlaununum verði ungmennum Vestur-Norðurlanda gert betur kleift að kynna sér vestnorrænar bókmenntir og menningu en þær bækur sem hljóta tilnefningu eru þýddar á vegum menntamálaráðuneyta landanna á vestnorrænu málin og á dönsku.

Dagana 6.–9. júní var þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um ferðaþjónustu haldin í bænum Maniitsoq á vesturströnd Grænlands. Rúmlega 40 fulltrúar frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi sóttu ráðstefnuna. Meginmarkmið hennar var að efla upplýsingaflæði milli landanna í þessum málaflokki og finna fleti á frekara samstarfi. Þingmenn báru saman bækur sínar um ástand og framtíð ferðaþjónustunnar. Leitað var leiða til að auka samvinnu landanna á milli og gera þá samvinnu sem fyrir er markvissari. Einnig var horft til samkeppnishæfni svæðisins og markaðssetningar þess í heild. Alþjóðlegir sérfræðingar fluttu erindi um margvíslega þætti ferðaþjónustunnar og hugsanlegt nánara

samstarf og markaðssetningu landanna þriggja.

Á ráðstefnunni kom fram að löndin þrjú þyrftu að gera sér grein fyrir styrkleikum sínum og leggja í því sambandi áherslu á náttúru, menningu og mat sem mikilvæga þætti í þeirri einstöku reynslu sem ferðalög um vestnorrænu löndin getur verið. Ekki sé mögulegt né eftirsóknarvert að keppa við suðlægari láglaunalönd um fjölda ferðamanna. Í erindum frá löndunum þremur komu fram óskir um náið samstarf, sérstök áhersla var lögð á menntun starfsmanna í ferðaþjónustu. Löndin þrjú kynntu auk þess stöðu ferðamála hvert í sínu landi. Flestir ferðamenn koma til Íslands og er unnið að því að reyna að fjölga þeim sem fljúga áfram til hinna landanna tveggja, Færeyja og sérstaklega Grænlands. Þó nokkur bjartsýni ríkir um framtíð ferðaþjónustu í löndunum. Á Grænlandi eru t.d. bundnar miklar vonir við beint flug til Baltimore í Bandaríkjunum.

Í tengslum við þróun ferðamannaþjónustu var rætt um mikilvægi góðra samgangna. Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, lagði áherslu á mikilvægi frjálsra flugsamgangna milli landanna þriggja og að gerður yrði samningur milli þeirra, Open Sky sem kallað er, til þess að flugfélögin hafi algjörlega frjálsar hendur, sem ég tel að sé nauðsynlegt fyrir svo smáar þjóðir. Hann sagði einnig mikilvægt að flugbrautir yrðu lengdar og aðstaða á flugvöllum bætt auk þess sem mikilvægt væri fyrir Grænlendinga að hafa flugvelli sína opna á sunnudögum.

Dagana 18.–22. ágúst 2006 var ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn í Þórshöfn í Færeyjum. Meginmálefni fundarins voru ferðaþjónusta, loftslagsbreytingar og fríverslun. Í ræðu Ole Stavads, forseta Norðurlandaráðs, kom fram að forsætisnefndir Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins væru sammála um að gerð yrðu drög að formlegum samstarfssamningi þessara tveggja ráða. Mér er það ánægjuefni að upplýsa að það hefur gengið eftir og hefur samningurinn verið undirritaður. Ole Stavad lagði áherslu á að nauðsynlegt væri að færa athygli Norðurlandaráðs aftur til vesturs, en frá lokum kalda stríðsins hefði athygli þess beinst í síauknum mæli að Eystrasaltinu, Rússlandi og Austur-Evrópu almennt. Hann fjallaði einnig um hugsanlega aðild Færeyja og Grænlands og raunar Álandseyja að Norðurlandaráði. Sagði hann að málið væri pólitískt úrlausnarefni frekar en lagalegt deilumál.

Mikil umræða spannst um ferðamál í ljósi þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins og umhverfismál, m.a. um framtíð endurnýjanlegra orkugjafa í vestnorrænu löndunum. Hugmyndir eru um frekari nýtingu vetnis á Íslandi og í Færeyjum auk þess sem Grænlendingar stefna að aukinni nýtingu vatnsorku. Þó nokkur umræða spannst einnig um jafnréttismál á Vestur-Norðurlöndum. Sérstaklega var rætt um hversu fáar konur sitja á færeyska þinginu.

Ársfundurinn samþykkti að þessu sinni fimm ályktanir sem verða lagðar fram sem þingsályktunartillögur á þjóðþingunum þremur. Í fyrsta lagi samþykkti ársfundurinn að leggja til við ríkisstjórnirnar að löndin opni ræðismannsskrifstofur með sendifulltrúastöðu hvert hjá öðru. Í öðru lagi skal ræða möguleika á stækkun fríverslunarbandalags Íslands og Færeyja (Hoyvíkursamkomulagið) með þátttöku Grænlands. Ráðið benti á að vestnorrænu þjóðirnar ættu langa samstarfshefð að baki og að fríverslunarsvæði milli eyjanna í Norður-Atlantshafi væri hagfellt íbúum, stjórnvöldum og atvinnulífi landanna þriggja, en í Hoyvíkursamkomulaginu er gert ráð fyrir að það geti tekið til Grænlands. Í þriðja lagi leggur ársfundurinn til við ríkisstjórnirnar að mörkuð verði stefna í ferðamálum fyrir löndin í heild sinni. Þar verði gerðar áætlanir um styrkingu sameiginlegrar markaðssetningar landanna sem ferðamannasvæðis og lögð áhersla á frekari fræðslu og kennslu í ferðamálafræðum. Í fjórða lagi var lagt til við ríkisstjórnirnar að í grunnskólum landanna yrði með skipulögðum hætti lögð áhersla á kennslu í sögu, samfélagsgerð, menningu og tungumálum grannlanda á Vestur-Norðurlöndum. Í fimmta lagi var samþykkt að styrkja samstarf og upplýsingagjöf um skaðsemi reykinga.

Vestnorræna ráðið fagnar tíu ára afmæli í vor. Því var ákveðið að standa að sameiginlegri Vestnorrænni frímerkjaútgáfu að tillögu Vestnorræna ráðsins og er það í fyrsta sinn sem löndin gefa út sameiginlegt frímerki. Frímerkin eru komin út í löndunum þrem og mér þykja þau falleg og vel gerð.

Herra forseti. Það er ljóst að margvísleg málefni eru á döfinni hjá Vestnorræna ráðinu sem varða auðlindir, velferð og menningu Vestnorrænu landanna þriggja og er það von Íslandsdeildar að þessum málum verði áfram sýndur áhugi hér á Alþingi sem vert er. Að þeim orðum sögðum lýk ég máli mínu um störf Vestnorræna ráðsins.

[12:03]

**Útbýting:**

Flutningur á starfsemi Fiskistofu, 635. mál, þáltill. ÓlE, þskj. 943.

Kostnaður við íþróttaefni Ríkisútvarpsins, 375. mál, svar menntmrh., þskj. 933.

Samkeppnisrekstur og virðisaukaskattur, 540. mál, svar fjmrh., þskj. 926.

Útboð jarðganga í Norðausturkjördæmi, 634. mál, þáltill. ÓlE, þskj. 942.

Þjóðskjalasafn Íslands, 642. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 960.

[12:03]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Herra forseti. Á þingskjali 934 liggur fyrir ársskýrsla Íslandsdeildar þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál og mun ég í stuttu máli gefa þingheimi kynningu á helstu málum í brennidepli innan norðurskautssamstarfsins á liðnu ári.

Ársskýrsla Íslandsdeildar fyrir árið 2006 gerir störfum þingmannanefndar um norðurskautsmál ítarleg skil auk skipanar Íslandsdeildar. Ég mun því aðeins stikla á stóru en vísa að öðru leyti í skýrsluna sem mælt er fyrir.

Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en nokkur samvinna norðurskautsríkja hófst þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi í Finnlandi árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti. Á ráðstefnunni kem-

ur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Eitt meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar sem og að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins.

Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla einnig verið lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins.

Herra forseti. Árið 2006 var áfram lögð mikil áhersla á umhverfismál og sérstaklega loftslagsbreytingar. Það hefur verið mjög áberandi í norðurskautssamstarfinu. Undir lok formennskutíðar Íslands árið 2004 var gefin út skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu, Arctic Climate Impact Assessment, skammstafað ACIA. Skýrslan er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsóknin á loftslagsbreytingum sem birt hefur verið eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Skýrslan vakti mikla athygli og hefur verið notuð sem eins konar grunnur að alþjóðlegri umræðu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum.

Í skýrslunni kemur fram að gríðarlega hraðar loftslagsbreytingar hafa átt sér stað á norðurskautssvæðinu síðustu áratugi og loftslag fer ört hlýnandi. Ekki sér fyrir endann á þessum breytingum og spáð er enn örari þróun í þessa átt á næstu áratugum. Norðurslóðir einkennast af sérlega viðkvæmum vistkerfum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem verður annars staðar í heiminum. Áætlað er að þær loftslagsbreytingar sem eiga sér stað á 10 ára tímabili á norðurslóðum gerist á 25 ára tímabili annars staðar. Hitastig á norðurslóðum hækkar að jafnaði tvisvar sinnum hraðar en loftslag annars staðar í heiminum. Þótt hitastig sé að jafnaði að hækka á norðurslóðum sem og á jörðinni allri sýnir skýrslan hins vegar að loftslagsbreytingar hafa mismunandi og ójöfn áhrif á ólík svæði jarðar.

Umræða um siglingaleiðir var áberandi á árinu. Með minnkandi hafís á norðurskautssvæðinu og auknum þrýstingi alþjóðavæðingar um sífellt stærri flutningaskip má búast við að siglingaleiðir milli Asíu annars vegar og Evrópu og austurstrandar Norður-Ameríku hins vegar opnist á næstu árum. Þar með styttast siglingaleiðirnar verulega, eða um allt að helming. Auknar siglingar um norðurskautið munu hafa veruleg áhrif á Ísland sem gæti legið vel við sem umskipunarhöfn fyrir þessa miklu flutninga. Þeim tækifærum sem í þessu felast fylgir einnig nokkur áhætta, m.a. vegna meiri hættu á umhverfisslysum, og verulega aukin verkefni fyrir landhelgisgæsluna. Einnig hafa Norðmenn hafið mikla olíu- og gasvinnslu í Barentshafi og þykir líklegt að Rússar fylgi í kjölfarið á komandi árum. Stór hluti þessarar orku verður fluttur með skipum til Norður-Ameríku um íslenska landhelgi.

Norðurskautsráðið er að vinna að mati á siglingum á svæðinu í ljósi hlýnunar jarðar sem taka mun mið af þessum þáttum og verður kynnt síðar. Ég held að ég fari rétt með þegar ég segi að í þessum málaflokki, varðandi siglingaleiðir um norðurhöf, hefur íslandsdeildin haft algjöra forustu og sett málið á dagskrá.

Alþjóðaár heimskautasvæðanna, á ensku International Polar Year, var undirbúið á árinu en það hefst í þriðja sinn í mars 2007. Vísindamenn frá yfir 60 löndum munu taka þátt í rannsóknum alþjóðaársins. Því er ætlað að leiða til stórátaks í rannsóknum og athugunum á heimskautasvæðum jarðar. Rannsóknir á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á umhverfi, lífríki og samfélag verða í brennidepli á rannsóknarárinu en lögð er sérstök áhersla á þverfaglegar rannsóknir. Þingmennirnir lögðu áherslu á að litið yrði til félagsvísinda í rannsóknum á alþjóðaárinu. Við það mundi skýrsla Norðurskautsráðsins um sjálfbæra mannlífsþróun á norðurslóðum nýtast vel. Vonast er til að alþjóðaárið geti virkað sem hvati til frekari áherslu á heimskautarannsóknir í framtíðinni.

Sem formaður Íslandsdeildar þingmannaráðstefnunnar fjallaði ég um þróun mála á Íslandi. Ég lagði áherslu á mikilvægi norðurskautsins fyrir Ísland, sem m.a. má sjá í fjölda verkefna sem íslensk stjórnvöld hafa unnið að í kjölfar formennskuárs Íslands í Norðurskautsráðinu frá 2002 til 2004. Íslendingar hafa sérstaklega unnið að eftirfylgni með skýrslu um sjálfbæra mannslífsþróun á norðurslóðum.

Einnig vakti ég athygli á einhliða ákvörðun Bandaríkjanna um brotthvarf varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og því að með auknum loftslagsbreytingum og minnkandi hafís mætti búast við enn frekari siglingum um norðurhöf, bæði vegna flutninga frá Asíu til Evrópu en einnig vegna aukinnar olíu- og gasvinnslu á svæðinu. Ég kynnti stöðu björgunarmála á Íslandi og þær breytingar sem yrðu við brotthvarf Bandaríkjamanna, þ.e. að eftir brotthvarf þyrlubjörgunarsveitar varnarliðsins væru ekki lengur til staðar við Norður-Atlantshafið þyrlur sem gætu tekið eldsneyti á lofti. Sú staðreynd drægi stórlega úr öryggi siglinga og flugumferðar á svæðinu. Ég lagði því til að í ályktun þingmannaráðstefnunnar í Kiruna yrði sérstaklega hvatt til aukinnar samvinnu aðildarríkja Norðurskautsráðsins á sviði siglingaöryggis, sérstaklega varðandi leitar- og björgunarmál. Hill-Marta Solberg, formaður stjórnarnefndarinnar, studdi tillöguna.

Herra forseti. Sjöunda þingmannaráðstefnan um norðurskautsmál var haldin í Kiruna í Svíþjóð 2.–4. ágúst 2006. Fulltrúar ellefu þinga sóttu ráðstefnuna, ásamt öðrum gestum. Hluti ráðstefnunnar var tileinkaður alþjóðlegum lagaramma norðurskautssvæðisins og hugsanlegum alþjóðasamningi um norðurskautssvæðið í anda alþjóðasamnings um nýtingu suðurskautssvæðisins. Ég var, sem formaður Íslandsdeildar, annar stjórnenda umræðnanna.

Ólíklegt verður þó að teljast að sams konar samningur náist um norðurskautið þar sem ríki á borð við Kanada og Rússland gera tilkall til stærsta hluta svæðisins samkvæmt hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þau hafa því lítinn áhuga á að láta binda hendur sínar varðandi nýtingu svæðisins. Hins vegar er mögulega hægt að skýra og bæta þá al-

þjóðaumhverfissamninga sem ná til norðurskautssvæðisins og nýtingar náttúruauðlinda þess.

Þingmannanefndin hefur fjallað ítarlega um skýrslur um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum og sjálfbæra mannlífsþróun þar. Auk þess minntist hún á stuðning þingmannanefndarinnar við Háskóla norðurslóða sem er mikilvægt tæki til þess að auka þekkingu á norðurskautssvæðinu. Fjöldi nemenda við skólann tífaldaðist frá árinu 2002 til 2005 og stunda nú um 730 manns nám við skólann. Að lokum var flutt skýrsla um þróun upplýsingatækni á norðurskautssvæðinu. Þingmannanefndin hefur lagt ríka áherslu á frekari nýtingu upplýsingatækni fyrir íbúa norðurskautssvæðisins, m.a. við kennslu og fjarlækningar. Áhersla nefndarinnar á þessi mál varð til þess að Norðurskautsráðið stendur nú að gerð matsskýrslu um þróun upplýsingatækni fyrir strjálar byggðir norðursins. Niðurstöður úr könnuninni eiga að liggja fyrir í lok árs 2008. Íslendingar hafa verið leiðandi í þessu starfi og m.a. unnið vefgátt fyrir norðurskautið á veraldarvefnum.

Undir lok ráðstefnunnar var samþykkt yfirlýsing þar sem m.a. var kallað eftir auknum fjárframlögum til rannsókna og samstarfs norðurskautsríkja um öryggi á hafinu, sérstaklega leitar og björgunarmál. Þingmenn frá Noregi, Kanada og Rússlandi fögnuðu yfirlýsingunni sérstaklega en íslenskir þingmenn lögðu mikla áherslu á aukið samstarf þjóðanna á þessu sviði.

Herra forseti. Eins og áður sagði er gerð nákvæmari grein fyrir því sem fram fór á fundum nefndarinnar í skýrslu þeirri sem ég hef mælt fyrir og vísa ég til hennar varðandi frekari upplýsingar um störf nefndarinnar.

Að svo mæltu læt ég lokið umfjöllun minni um skýrslu Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2006. Um leið langar mig fyrir hönd Íslandsdeildarinnar færa þakkir mínar til þeirra sem hafa starfað með nefndinni, einkum til Tómasar Brynjólfssonar, ritara nefndarinnar, sem vann frábært starf í hennar þágu og hins nýja ritara, Örnu Bang.

[12:15]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Mér finnst við hæfi að segja hér nokkur orð um norrænt samstarf. Ég fagna því og tel það að mörgu leyti eðlilegt að þetta sé rætt í því samhengi sem hér er gert, þannig að manni leyfist þá og gefist kostur á að tjá sig um alla anga þess, þ.e. bæði ráðherraráðshliðina, starfsemi Norðurlandaráðs, Vestnorrænt samstarf o.fl. en allt tengist þetta á ýmsan hátt eins og kunnugt er. Ég hef sýslað við þetta um hríð, hef setið í Norðurlandaráði í bráðum tólf ár og lengst af mínum stjórnmálaferli verið í einhverjum verkefnum á sviði vestnorræns eða norræns samstarfs og það er orðið mér ákaflega tamt að líta á það sem inngróinn hluta af mínu pólitíska starfi að sinna því. Þó að vissulega taki það sinn tíma og kosti ferðalög þá held ég þegar upp er staðið að menn eigi ekki að þurfa að sjá eftir því að leggja þessu samstarfi krafta sína því að án efa gefur það og veitir miklu meira en það tekur frá manni.

Ég vil í fyrsta lagi fagna því að norrænt samstarf er að mörgu leyti komið á beinni braut að mínu mati nú en það hefur kannski verið um tíu ára skeið. Það fór ekkert hjá því að ýmsar hræringar sem urðu í heimsmálum, og ekki síst í okkar heimshluta á tíunda áratug síðustu aldar, settu sitt mark á norrænt samstarf og um tíma voru býsna miklar efasemdir um að það kæmi til með að eiga sér framtíð nema þá í einhverju gjörbreyttu og skertu formi frá því sem verið hafði. Menn fóru í skipulagsbreytingar og ýmsar æfingar sem áttu sér stað á árunum sem sigldu í kjölfarið leiddu til breytinga á starfsskipulagi Norðurlandaráðs 1995 sem síðan hafa að mestu leyti gengið til baka. Þegar upp er staðið held ég að segja megi að norrænt samstarf sé að flestu leyti á beinni braut og að efasemdarröddum um framtíðarréttmæti þess og gagnsemi hafi á nýjan leik farið mjög fækkandi. Það passar reyndar ágætlega við kenningar sem ýmsir hafa sett fram um að á tímum aukins alþjóðasamstarfs og hnattvæðingar og stærri samstarfseininga eins og t.d. á meginlandi Evrópu vaxi á nýjan leik þörfin fyrir svæðisbundið samstarf og menn leiti jafnvel róta sinna og vinni að því að þétta samstarf við næstu nágranna sína einmitt til að standa fastari fótum úti í hinum stóra heimi og tilheyra einhverri nærfjölskyldu. Það má að mörgu leyti segja að þetta heppnist ágætlega í norrænu samstarfi þrátt fyrir ólík tengsl landanna við Evrópusambandið, mismunandi öryggistengsl þeirra og þar fram eftir götunum.

Það sem mig langar að nefna í fyrsta lagi af efnisþáttum málsins og vinnunnar á undanförnum missirum er skýrsla um Norðurlönd sem sigursvæði á heimsvísu eins og það er nú kallað og er þýðing úr skandinavískunni „Norden som global vinderregion". Það má deila um ágæti þessa hugtaks, að menn séu endilega að merkja sig einhverjum stórum sigrum, því að það vísar þá til þess að aðrir séu að tapa, enda ekki hugsunin. Hitt er ljóst að það hefur sýnt sig í margs konar alþjóðlegum samanburði og kortlagningu að Norðurlöndin standa ótrúlega sterkt að vígi, sumir mundu segja þrátt fyrir öflug velferðarkerfi sín og hátt skatthlutfall, en skýrslurnar leiða í raun og veru fram hið gagnstæða, að Norðurlöndin standa sterkt að vígi einmitt vegna þess að þau eru öflug velferðarsamfélög, þau eru með öflug opinber mennta- og heilbrigðiskerfi, þau búa íbúum sínum afkomuöryggi og tryggt umhverfi sem er eftirsótt í heimi nútímans þegar margt er á hverfanda hveli. Það er helsti styrkur Norðurlandanna, t.d. í samkeppni um vinnuafl og staðsetningu fyrirtækja á tímum þegar úthýsing er mjög í tísku, og þess gætir jafnvel að fyrirtæki sem flutt voru frá Norðurlöndunum til að sækja í lægri vinnulaun eða aðra slíka hluti í fjarlægum löndum séu farin að snúa heim á nýjan leik í þetta sama trygga, góða umhverfi sem velferðarsamfélög Norðurlandanna bjóða upp á.

Það hefur verið mikilvægur hluti vinnunnar á vettvangi Norðurlandaráðs og í þeirri nefnd sem ég hef setið í að undanförnu, efnahagsnefnd, að fylgja eftir þessari vinnu um „Norðurlönd sem sigursvæði" og verður áfram. Það góða við þá vinnu er að mínu mati að hún lyftir fram, dregur fram í dagsljósið styrkleika Norðurlandanna, þeirrar samfélagsgerðar sem þar er, og um leið er hún auðvitað hvatning til norræns samstarfs því að það er ljóst að saman standa Norðurlöndin miklu sterkar að vígi til að gæta séreinkenna sinna og standa vörð um gildi sín og samfélagsgerð í hnattvæddum heimi.

Í öðru lagi langar mig að nefna umsókn Færeyinga um

sjálfstæða og fullgilda aðild að Norðurlandaráði. Umsókn þeirra hefur leitt til þess að staða sjálfstjórnarsvæðanna þriggja, Færeyja, Grænlands og Álandseyja, hefur verið talsvert á dagskrá. Því máli hefur því miður miðað hægar en skyldi, í reynd hefði ekkert átt að vera því til fyrirstöðu að Færeyingar, og eftir atvikum síðan Grænlendingar og Álandseyingar eftir því sem þeir þá óskuðu, öðluðust þegar í stað fullgilda aðild að Norðurlandaráði og eftir atvikum sjálfstæða og fullgilda aðild að norræna ráðherraráðinu eftir því sem þeir hafa yfirtekið að fullu stjórn og umsjón mála í sínar hendur. Það er að vísu ljóst að aðild að ráðherraráðinu er flóknari að þessu leyti, í þeim tilvikum að viss sameiginleg málefni danska ríkisins gera það að verkum að aðild Færeyinga og í enn ríkari mæli Grænlendinga getur ekki orðið með alveg sama hætti að öllu leyti að ráðherrasamstarfinu, en fullgild aðild að Norðurlandaráði sjálfu er í raun ekkert vandamál og eingöngu spurning um pólitískan vilja. Það eru engar lagalegar hindranir í vegi þar og þó svo væri ætti það ekki að vefjast fyrir mönnum að gera nauðsynlegar breytingar á Helsinki-sáttmálanum þannig að Færeyingar fengju þessa ósk sína uppfyllta. Ég vek athygli á því að hér er aldrei þessu vant, liggur við að verði að segja, um sameiginlega ósk færeyska þingsins að ræða þar sem allir Færeyingar standa saman um þennan áfanga í átt til aukins sjálfstæðis Færeyja á alþjóðavettvangi, því að það er það auðvitað, og hluti af sókn þeirra til aukins og vonandi bráðum fulls sjálfstæðis. Mér finnst tæpast þurfa að ræða það hversu sjálfgefið er að við Íslendingar styðjum frændur okkar og vini, Færeyinga, í þessu tilviki. Það væri undarlegt ef svo væri ekki, ef eitthvað annað væri upp á teningnum í ljósi okkar eigin sögu og í ljósi þess að við viljum gjarnan leggja þessum næstu nágrönnum okkar og frændum lið og beita okkur í tilvikum sem þessum þegar þeir hafa sameinast um tilteknar óskir.

Ég vil svo líka nefna örlítið hvers eðlis Norðurlandaráð er og nefna það sem kannski of sjaldan er haft með í umræðunni að hið norræna samstarf er um margt einstakt á sviði alþjóðasamvinnu. Það er oft nefnt sem dæmi um mikinn árangur, glæsilegan árangur í frjálsu samstarfi ríkjahóps án þess að byggðar hafi verið upp yfirþjóðlegar stofnanir eða án þess að valdi hafi verið afsalað frá stofnunum, þjóðþingum og ríkisstjórnum viðkomandi ríkja. Það er í raun sönnun þess að hægt er að ná miklum árangri með slíkri frjálsri stjórnmálalegri og lýðræðislegri alþjóðasamvinnu án þess að um miðstýrt ákvörðunarvald eða valdaframsal frá einstökum þátttakendum sé að ræða.

Norðurlandaráð er að þessu leyti um margt einstakur vettvangur. Það eru t.d. fá dæmi ef nokkur í heiminum um að þingmenn og ráðherrar mismunandi þjóðríkja geti á einum vettvangi átt orðaskipti og spurt hverjir aðra. Þannig geta þingmenn hvaða lands sem er innan norræna samstarfsins lagt spurningar fyrir ráðherra þótt frá öðrum löndum séu og það var reyndar bætt við þeirri nýbreytni á Norðurlandaráðsþingi síðastliðið haust að búinn var til í rauninni sérstakur norrænn leiðtogafundur þar sem ráðherrar og forustumenn ríkisstjórna og forustumenn stjórnarandstöðu komu saman og ræddu um stöðu Norðurlandanna og menn gátu skipst á skoðunum, gert athugasemdir við ræður þvert á landamæri og þvert á víglínur stjórnar og stjórnarandstöðu í þessum tilvikum.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég hafði gaman af því að geta átt orðastað við frú Siv Jensen, formann norska Framfaraflokksins, sem hefur gjörólík viðhorf til velferðarkerfisins og áhrifa þess í samfélaginu frá þeim sem ég hef, og það er dæmi um hvernig menn að þessu leyti geta rætt málin á hinum norræna vettvangi, skipst á skoðunum og eftir atvikum haft viss áhrif þó að það sé eingöngu í formi skoðanaskipta. Ég leyfi mér að nefna annað dæmi og það er það deilumál sem uppi var í færeyskum stjórnmálum og varðaði stöðu samkynhneigðra þar í landi. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að það átti sinn þátt í því að Færeyingar tóku af skarið og samþykktu réttarbót samkynhneigðum til handa á lögþingi sínu fljótlega eftir heimkomuna frá Norðurlandaráðsþingi þar sem þessi mál bar mjög á góma og verulegur þrýstingur, auðvitað vel meintur og jákvæður, kom á færeysk stjórnvöld að taka sér tak í málinu frá bræðraþjóðum þeirra á hinum Norðurlöndunum. Það snýst að sjálfsögðu ekki um það að ein þjóð segi öðrum fyrir verkum heldur að menn skiptist á skoðunum og rökræði um hlutina og ég efast ekkert um að Færeyingar fundu fyrir þeim þrýstingi sem þarna var á ferðinni úr hinni norrænu fjölskyldu í þessu tilviki. Þetta er gott dæmi um það hversu einstakt og í raun merkilegt þetta samstarf er að einmitt svoleiðis hlutir geti farið þarna fram.

Ég held að það sé enginn minnsti vafi á því að fyrir Ísland, og kannski má segja sérstaklega að ýmsu leyti fyrir Ísland og Noreg, er hið norræna samstarf ákaflega mikilvægt. Það er náttúrlega ákveðin brú yfir í Evrópusamstarfið gegnum samskipti við hinar Norðurlandaþjóðirnar þrjár sem eru aðilar að Evrópusambandinu. Sömuleiðis er það ákaflega mikilvægur aðgangur fyrir sjálfstjórnarsvæðin að alþjóðasamvinnu af þessum toga og það er að mínu mati góður áfangi á leið þeirra til meira sjálfstæðis og sjálfstæðari þátttöku í alþjóðasamstarfi að öðlast eftir því sem þau óska fullgilda aðild að Norðurlandaráði.

Í tengslum við þetta mætti nefna þann gleðilega atburð að samskipti Íslands og Færeyja hafa á allra síðustu árum þroskast enn og nú er komið á fríverslunarsvæði með Hoyvíkur-samningnum, sem reyndar var til umræðu fyrir skömmu hér á þinginu, og sömuleiðis sú ákvörðun landanna að opna aðalræðismannsskrifstofur í hvoru landi um sig, íslenska aðalræðismannsskrifstofu í Færeyjum væntanlega í aprílmánuði nk. og færeysk skrifstofa lítur væntanlega dagsins ljós á Íslandi skömmu síðar. Allt eru þetta jákvæðir og gleðilegir atburðir að mínu mati af vettvangi hins norræna samstarfs og engin ástæða til annars en að horfa björtum augum til framtíðar hvað það snertir.

[12:30]

**Drífa Hjartardóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka formanni Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, fyrir að draga fram meginlínur í starfi Norðurlandaráðs á síðasta ári. Sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs vil ég víkja nánar að starfi þeirrar nefndar á starfsárinu en í henni áttu einnig sæti af Íslands hálfu Steingrímur J. Sigfússon, sem jafnframt var varaformaður hennar.

Efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Nefndin kom saman til fundar fjórum sinnum á árinu. Auk hefðbundinna nefndarfunda heimsótti efnahags- og viðskiptanefnd norrænu nýsköpunarmiðstöðina Nordisk InnovationsCenter, NICe, og átti þar fund með Odd Eriksen, viðskiptaráðherra Noregs, auk þess kynnti Kjetil Storvik, forstjóri NICe, starfsemi og framkvæmdaáætlanir stofnunarinnar.

Einnig hélt efnahags- og viðskiptanefnd sameiginlegan fund með fulltrúum frá efnahags- og viðskiptanefndum norrænu þjóðþinganna þar sem fram fór gagnkvæm upplýsingagjöf um framgang og stöðu mála.

Efnahags- og viðskiptanefnd átti á starfsárinu 2006 frumkvæði að eftirfylgni innan Norðurlandaráðs við skýrsluna „Norðurlönd – sigursvæði á heimsvísu", eða Norden som global vinderregion. Skýrslan fjallaði um sameiginlega einkennisþætti í samfélögum Norðurlanda sem styrkja þau sem eitt svæði við markaðssetningu á alþjóðavettvangi. Meðal þessara þátta má nefna umhverfismál, lýðræðishefð, stöðu jafnréttismála, velferðarmál, og stuttar boðleiðir milli almennings og valdhafa.

Skipaður var vinnuhópur fjögurra nefnda í málinu og í þeim vinnuhópi áttu fulltrúa menningar- og menntamálanefnd, velferðarnefnd og umhverfis- og náttúruauðlindanefnd. Fulltrúi Íslandsdeildar í hópnum var Arnbjörg Sveinsdóttir. Vinnuhópurinn skilaði árangursríku starfi undir góðri forustu Marion Pedersen frá Danmörku. Það starf leiddi af sér að frekari skriður komst á málið og það varð víðtækara og er hugsanlegt, eins og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir kom inn á áðan, að á starfsárinu 2007 verði komið á fót sameiginlegu alþjóðavæðingarráði fyrir Norðurlöndin til að treysta stöðu Norðurlandanna í alþjóðlegri samkeppni.

Á Norðurlandaráðsþinginu í Kaupmannahöfn voru samþykkt þrenn tilmæli sem lögð voru fram af efnahags- og viðskiptanefnd. Tvenn þeirra fjölluðu, eins og formaður Íslandsdeildar greindi frá í framsögu sinni, um afnám landamærahindrana. Sú vinna er ákaflega mikilvæg einnig hvað fyrirtæki varðar. Því eins og dæmin sanna eflir útrásin sameiginlegan markað norrænna fyrirtækja og samkeppnishæfni þeirra um leið.

Þriðju tilmælin sem hlutu samþykki var beint til norrænu ráðherranefndarinnar um að láta gera samanburðarúttekt á frumkvöðlum á Norðurlöndum. Á þeim grundvelli gætu Norðurlöndin lært hvert af öðru auk þess sem það gæti orðið liður í aðgerðum í tengslum við Norðurlönd sem sigursvæði á heimsvísu.

Ég er sannfærð um að varðandi frumkvöðlastarfsemi þá getum við Íslendingar bæði lært af öðrum og aðrir lært af okkur og það mundi styrkja bæði samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og Norðurlanda sem svæðis.

Sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs hafði sú sem hér stendur einnig skyldum að gegna á árinu sem fulltrúi Norðurlandaráðs út á við. Í júní sat ég sameiginlegan fund Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins í Tallinn um frjálsa för vinnuafls á Eystrasaltssvæðinu og í september tók ég þátt í ráðstefnunni Copenhagen Lab of Co-existence í Kaupmannahöfn. Á henni var fjallað um leiðir til minnka togstreitu í sambúð menningarheima. En sú ráðstefna var sett upp og starf á vegum Norðurlandaráðs eftir að Múhameðsteikningarnar birtust í blaði í Danmörku og úr urðu mikil mótmæli og óróa, ekki bara á Norðurlöndunum, heldur um allan heim.

Á þeirri ráðstefnu var fjallað um leiðir til að minnka togstreitu við sambúð menningarheima. Í framhaldi af því tók ég síðan þátt í umræðum á Norðurlandaráðsþinginu og lýsti yfir stuðningi við tilmæli til norrænu ráðherranefndarinnar um að setja á fót stýrihóp varðandi menningarlegan margbreytileika og stuðning við sambúð í fjölmenningarlegu samfélagi.

Herra forseti. Ég hef nú tæpt í stuttu máli á því góða starfi sem unnið var á vegum efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs á síðasta starfsári. Ég vil taka undir það sem þingmenn hafa rætt hér á undan mér um mikilvægi norræns samstarfs.

Ég hef starfað í Norðurlandaráði í sex ár og ég verð æ sannfærðari um að þetta samstarf gefi Íslendingum afar mikið. Eins og kom fram áðan þá eru 16.000 Íslendingar ýmist við vinnu eða nám á Norðurlöndunum og þetta samstarf gefur okkur gríðarlega mikið og við Íslendingar höfum líka margt fram að færa.

Ég vil við þetta tækifæri þakka Steingrími J. Sigfússyni fyrir samstarfið í nefndinni en þar hefur hann verið varaformaður minn. Ég vil einnig þakka Jesper Schwarz sem var starfsmaður nefndarinnar en hefur nú látið af störfum fyrir Norðurlandaráð. Eins vil ég þakka öllum meðlimum Íslandsdeildar Norðurlandaráðs fyrir afskaplega gott og skemmtilegt samstarf og síðast en ekki síst starfsmanni okkar, Lárusi Valgarðssyni.

[12:36]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Mig langar að grípa boltann á lofti þar sem síðasti ræðumaður hv. þm. Drífa Hjartardóttir endaði og tala um þýðingu þessa alþjóðasamstarfs og ég tek undir með henni. Ég hef átt þess kost að starfa á menningarsviði Norðurlandasamstarfsins sem formaður menningarmálanefndar og eins sem fulltrúi í stjórn Norræna menningarsjóðsins. Ég hef verið í þessu samstarfi meira eða minna síðan árið 1991 og hin síðari ár þátttakandi í forsætisnefnd og þar með í alþjóðlegum samskiptum.

Mér finnst það skipta mjög miklu máli að hrakspárnar sem voru uppi um þróun samstarfsins á þeim árum þegar Svíþjóð og Finnland voru að undirbúa inngöngu sína í Evrópusambandið, gengu ekki eftir.

Menn óttuðust að þetta samstarf væri víkjandi, að það yrði víkjandi þegar svo mörg Norðurlandanna yrðu orðin þátttakendur í evrópsku samstarfi. Þau voru það fyrir í gegnum Evrópska efnahagssvæðið en nú voru þrjú þeirra orðin þátttakendur í Evrópusambandinu og að sjálfsögðu mikill áhugi á að beina sjónum inn í það samstarf.

Hins vegar hefur það gerst sem mörg okkar vonuðu, að norræna samstarfið varð mjög mikilvægur samráðsvett-

vangur fyrir löndin sem voru innan EES en utan Evrópusambandsins. Það eru Ísland og Noregur. Og ég hika ekki við að halda því fram að þetta sé þýðingarmesta alþjóðasamstarfið sem Ísland tekur þátt í.

Það er oft talað um það og oft er skrifað um að norræna samstarfið sé ekki nógu árangursríkt, það sé ekkert að gerast og menn eru þá að bera sig saman við þegar stóru samþykktirnar voru gerðar, þ.e. um velferðarsáttmálann, um vegabréfasáttmálann, sameiginlegan vinnumarkað o.s.frv. En vissulega hefur verið tekið á á öllum sviðum samfélagsins í gegnum þetta samstarf.

Það er líka oft talað um að þetta samstarf sé dýrt. Ísland greiðir 1,1% af kostnaði við samstarfið. En á vegum norræna samstarfsins eru mjög margar merkilegar stofnanir starfræktar. Sú stærsta og umfangsmesta er eflaust Norræni fjárfestingarbankinn sem hefur aðsetur í Helsingfors og það er hægt að undirstrika og segja frá því að árangur eða afrakstur þess banka er svo mikill að hann er miklu meiri en kostnaðurinn við allt norræna samstarfið eins og það leggur sig, bæði á ráðherravæng og á vegum ráðsins. Það er gott fyrir menn að hafa það til hliðsjónar þegar rætt er um þetta samstarf hve þýðingarmikil sú stofnun er innan norræna samstarfsins og hefur skilað miklum afrakstri eða gróða.

Við verðum samt að horfast í augu við að það er mikil áhersla á að draga úr almennum útgjöldum. Það er alltaf verið að yfirfara þetta samstarf. Það er alltaf verið að endurskoða hvort hlutirnir megi betur fara og það hefur gerst að það er búið að draga úr stofnanavæðingu, það er búið að leggja niður stofnanir eins og t.d. á menningarsviðinu. Þar voru lagðar niður allmargar stofnanir sem voru gildandi fyrir þróun mála og stofnanir þar sem fjármagni var veitt til verkefna.

Það er mjög áhugavert að fylgjast með því hvernig þessi mál munu þróast. Það er búið að setja mjög margar menntastofnanir undir stofnun sem hefur verið sett á laggirnar í Finnlandi og verður til húsa í Sveaborg og mun heita Kulturkontakt Nord. Þarna er hugsuð sú samræming sem áður var í mörgum nefndum og stofnunum.

Það er mjög horft til Norðurlandanna frá öðrum löndum í Evrópu og frá löndum sem fjær standa vegna þeirrar sterku lýðræðishefðar sem ríkir á Norðurlöndunum, vegna jafnréttis- og jafnaðarsjónarmiða sem eru samofin í samfélögum og samfélagsuppbyggingu Norðurlandanna og það er horft til þess með aðdáun hvernig í þessum samfélögum Norðurlandanna hefur tekist að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf með tilteknum hætti sem ekki þekkist í neinu öðru landi eða á neinum öðrum svæðum fjær okkur.

Á Norðurlöndunum eru flestar konur á barneignaraldri á vinnumarkaði, þ.e. 85–90% kvenna, og þær fæða af sér flest börn. Þetta er samhengi sem þykir mjög ótrúlegt hvort sem maður lendir í því að ræða þessi mál í Þýskalandi eða Japan, en hvoru tveggja hef ég lent í og vekur furðu og aðdáun og hvernig til hafi tekist.

Okkur ber auðvitað í hverju landi fyrir sig að vinna stöðugt að því að gera þessi samfélög betri og það er munur á löndunum. Það er munur á samfélagsuppbyggingu þótt öll aðhyllist þau sömu grunngildi.

Það má segja að í hnotskurn séu stóru málin í norrænu samfélögunum jafnframt stóru málin í þingmannasamstarfinu á hverjum tíma. Ef við lítum á t.d. þær þemaráðstefnur sem hafa verið haldnar síðustu ár þá höfum við á Norðurlandavettvangi verið að taka fyrir vændi og mansal. Við höfum verið að taka fyrir loftslagsbreytingarnar, öryggi borgaranna og að afnema landamærahindranir og nú síðast sambúð menningarheima, en þetta eru málefni sem íbúarnir, m.a. íbúar hér á Íslandi setja á oddinn þegar gerð er könnun á því hvað fólk líti á sem þýðingarmestu verkefni samtímans. Eins og félagar mínir hafa komið inn á eru Norðurlönd sem sigursvæði mjög sérstakt. Það er eitt af því sem við höfum verið að vinna með síðan í fyrra.

Það sem er merkilegt við að Norðurlöndin standi sig svo vel í alþjóðlegum samanburði er að í raunveruleikanum ættu lönd með háa skattheimtu, stóran opinberan geira, hátt þjónustustig og almennt góð lífskjör og mikil gæði, lönd þar sem eru settir miklir fjármunir til slíkra þátta, þau ættu að hafa slakari samkeppnisgetu í samkeppni þjóðanna, þau væru fyrir fram álitin standa sig verr eða hafa slakari samkeppnisgetu.

Það hefur hins vegar sýnt sig í öllum rannsóknum sem á þessu hafa verið gerðar og í öllum samanburði sem við höfum kynnt okkur og sífellt er verið að setja fram á alþjóðavísu, að Norðurlöndin toppa alla röðun í öllum skýrslum um samkeppnishæfni á alþjóðavísu. Þetta er mjög merkilegt fyrir þær sakir sem ég hef hér rakið.

Landamærahindranir, það að reyna að koma í veg fyrir að einhver vandamál komi upp þegar fólk flytur á milli landa, eða sest að í einum af hinum Norðurlöndunum, er verkefni sem Norðurlönd hafa ákveðið að verði stöðugt í gangi. Fyrrverandi forsætisráðherra Dana, Poul Schlüter, tók að sér þetta verkefni og skilaði skýrslum sem voru mjög góðar og voru okkur til mikils gagns í að vinda ofan af þeim vandamálum sem höfðu verið að myndast og það er mjög mikils virði þegar við fáum starfsmann af þessu tagi inn í verkefnin. Síminn, Halló Norðurlönd, er líka tæki sem er notað í Norðurlandasamstarfinu til að kortleggja þau vandamál sem upp koma.

Þetta er mjög mikilvægt og nú er Norðurlandaráð að skoða hvort ef til vill eigi að setja upp embætti umboðsmanns Norðurlanda, hvort sem það verður nú látið heita það, en verkefnið verði að hafa stöðugt í gangi þessa skoðun sem Poul Schlüter byrjaði á og vinna úr málunum jafnóðum. Þetta er eitt af mikilvægustu málum í norrænu samstarfi vegna þess að markmiðið er að fólk hreyfi sig innan Norðurlandanna, hafi búsetumöguleika og lífsskilyrði alveg eins og það væri heima, með þau réttindi sem eru í hverju landi fyrir sig.

Hér hefur verið getið um það starf sem hefur verið í gangi á Norðurlöndunum með ólíka menningarheima og mér finnst að við eigum að vera stolt af því að hafa tekið til hendinni þar og tekið höndum saman við frjáls samtök sem hafa unnið með þau mál og það var mjög merkilegt þegar prins Hassan frá Jórdaníu tók við keflinu á þingi Norðurlandaráðs, nokkurs konar boðkefli sem á að ganga á milli ólíkra menningarheima, og flutti með sér heim á sitt svæði markmið um að taka upp umræðu í sínum menningarheimi um hvernig við getum gert betur.

Ég get ekki lokið við umfjöllun um norræna samstarfið öðruvísi en að nefna norðurskautssamstarfið. Við hv. þm.

Jón Kristjánsson, sem bæði áttum sæti í forsætisnefnd Norðurlandaráðs síðastliðið haust, höfum borið fram nokkrar spurningar til utanríkisráðherra um málefni svæðisins og ég hvet þingmenn til að skoða svörin við þeim. Við höfum spurt hvaða aðgerðum ríkisstjórnin hafi beitt sér fyrir varðandi stefnumálið um loftslagsbreytingar sem var kynnt í Reykjavík árið 2004 og við höfum spurt um ýmislegt varðandi mengunaráhrif og mat á siglingum á norðurheimskautssvæðinu og framlag Íslands til alþjóðaheimskautaársins og fleiri spurninga sem eru mikilvægar fyrir þróun mála á þessu svæði.

Það er mín skoðun, virðulegi forseti, að þetta samstarf eigi eftir að verða afar mikilvægt á komandi árum. Miðjan í norðurskautssamstarfinu sem nær frá Alaska og Kanada og yfir til Rússlands eru Norðurlöndin. Það kom fram í skýrslunni sem ég nefndi, loftslagsskýrslunni sem er kölluð ACIA-skýrslan, að hlýnunin á norðurslóð er að minnsta kosti tvisvar og hálfu sinni hraðari en annars staðar í heiminum. Vísindamenn um allan heim hafa verið að rannsaka loftslagsbreytingar en þarna kom alveg nýr vinkill inn í þá umræðu þegar allt að 400 vísindamenn með bandaríska vísindamenn í fararbroddi rannsökuðu ástandið hér í hánorðri og komust að þeirri niðurstöðu að hraði hlýnunar var miklu meiri hér en annars staðar. Þetta hefur opnað augu annarra vísindamanna og komið af stað samstarfi við þá.

Það verður líka mjög mikil þátttaka af Íslands hálfu og Norðurlandanna í fjölmörgum verkefnum á svokölluðu heimskautaári sem verður á árinu 2007 og yfir á árið 2008. Heimskautaár hefur verið tvisvar áður, síðast 1959 ef ég man rétt. Og í fyrsta sinn enn fyrr á öldinni þannig að þetta var tímabært.

Við horfum auðvitað mest á ástandið hér heima hjá okkur. Afleiðingar af hlýnuninni eru mjög miklar, ekki síst fyrir frumbyggja þar sem búsetuskilyrði versna og dýralíf flytur sig um set. Þetta á við um þiðnun íss og þetta á við um þiðnun frerans. Þetta varðar það að enginn veit hvaða gastegundir eiga eftir að leysast úr læðingi þegar frerinn þiðnar. Þetta á við um siglingaleiðina á sumrin yfir norðurskautið og vinnslu gass og olíu inni á þessum viðkvæmu svæðum sem þegar er farið að huga að. Þetta eru stór umhverfismál og þetta varðar jafnframt öryggismál.

Það er mjög mikilvægt að Norðurlöndin verði í fararbroddi og á næstu þremur árum verða þrjú Norðurlandanna með formennsku í norðurskautssamstarfinu, árið 2007–2008 er það Noregur og síðan taka Svíþjóð og Finnland við. Þessi lönd hafa þegar ákveðið að þau muni vinna eins og ein heild, vinna í samfellu að þessum þýðingarmiklu málum. Það hefur verið sett upp sérstök skrifstofa í Tromsö sem á fyrst og fremst að vera starfrækt til halda utan um þessi stóru mál sem ég hef nefnt og þróun þeirra og þátttöku Norðurlandanna í þeim. Það er búist við því að sú skrifstofa verði starfrækt áfram af hinum Norðurlöndunum.

Það má segja að þarna endurspeglist enn á ný inntakið í samvinnu Norðurlandanna, að þau fari saman í verkefnið, þau eru að gera sömu hlutina, þau eru að vinna eins og ein fjölskylda af því þau eru ein fjölskylda.

[12:51]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð inn í umræðuna til þess m.a. að kvitta fyrir þátttöku mína í sendinefnd Norðurlandaráðs. Sú þátttaka hefur ekki staðið lengi að þessu sinni en ég hef átt þess kost að kynnast þá fleiri þáttum starfseminnar og kynnast samstarfinu á ráðherravettvanginum. Hvort tveggja er afar mikilvægt, afar fróðlegt og ég tek undir það sem félagar mínir í sendinefndinni hafa sagt, að norrænt samstarf er á beinni braut, að mér finnst, mér finnst umræðan vera þannig núna.

Ég endurtek það sem ég sagði í umræðunni um utanríkismál. Ég var í Norðurlandaráði í upphafi síðasta áratugar síðustu aldar, svo maður orði það þannig, og þá var stanslaus umræða um hvort þetta ráð og slíkt samstarf ætti nokkra framtíð fyrir sér. Ég held að menn velkist ekkert í vafa um það núna að samstarfið á framtíð fyrir sér. Það er til komið vegna þess að við höfum sameiginlegan grunn, sameiginlegan menningararf, grasrótarsamskipti og við ætlum okkur að halda þeirri stöðu sem við höfum í umhverfinu sem velferðarþjóðfélög og ein af bestu velferðarþjóðfélögum í veröldinni. Það er það mikilvæga markmið sem norræna samstarfið hefur. Það er gríðarlega umfangsmikið, það þekki ég, bæði af starfinu í Norðurlandaráði. Þar að auki er Vestnorræna ráðið og heimskautaráðið og síðan samstarfið á ráðherravettvanginum. Þetta spannar gríðarlega mikið svið.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur gert grein fyrir setu okkar í forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Ég sit ekki þar lengur heldur hef ég tekið að mér formennsku í velferðarnefnd Norðurlandaráðs og þar eru mikilvæg verkefni sem verið er að vinna að í þeirri nefnd. Þau eru mjög ólík, eins og fósturskimun á meðgöngutíma, genarannsóknir, tollar á áfengi, landamærahindranir og skatta- og lífeyrismál. Þetta eru allt saman gríðarlega mikilvæg málefni og það er auðvitað tímanna tákn að landamærahindranir og að sporna við þeim eru vaxandi þáttur í starfsemi Norðurlandaráðs. Það er einfaldlega til komið vegna þess að í vöxt færist að fólk vinnur í öðru landi en það býr í, það er svo einfalt mál. Bættar samgöngur og bætt samskipti hafa orðið til þess að þetta er auðvelt. Ekki þarf annað en að nefna Eyrarsundsbrúna í þessu sambandi en mjög mikið er um að Danir flytji yfir til Svíþjóðar og vinni í Danmörku áfram. Þetta er kannski ekki mál sem er mjög aktúelt fyrir okkur, staðsetning okkar er þannig að við sækjum ekki daglega vinnu til annarra landa en þó er þetta í útrás okkar ekki óalgengt, að þeir sem eru heimilisfastir hér vinna meira og minna erlendis. Þetta er dæmi um að Norðurlandaráð er að takast á við verkefni dagsins.

Ef ég minnist aðeins á hvað fram undan er í Norðurlandaráði þá eru það risavaxin verkefni. Arktíska ráðið hefur reyndar verið með heimskautamálin á sinni könnu en þau mál koma óhjákvæmilega inn á vettvang Norðurlandaráðs. Það eru gríðarlega umfangsmikil verkefni fram undan á rannsóknarsviðinu eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi á undan mér. Þar á hlutur okkar Íslendinga vissulega að vera stór. Þetta er óskaplega mikilvægt mál fyrir okkur að fylgjast vel með og taka þátt í og rannsaka þær breytingar sem verða vegna hlýnunar á norðurslóðum.

Við erum í samstarfi við baltísku löndin. Ég sat í desember fund baltíska ráðsins í Vilníus. Þar eru risavaxin verkefni og ég vil nefna m.a. verkefni á heilbrigðissviðinu sem blasa við hjá þeim þjóðum, að berjast á móti berklum, þeim vágesti, svo maður nefni eitthvað. Þar ber okkur á Norðurlöndunum að veita okkar fulltingi.

Stórt mál sem hefur verið til umræðu og verður til umræðu er aðild sjálfstjórnarsvæðanna og m.a. hinar miklu áherslur Færeyinga að fá fulla aðild. Ég tel hiklaust að við eigum að hjálpa þeim til að svo geti orðið en vissulega þurfum við að gera það í samkomulagi og sem mestum friði og ég á von á að það takist, en skyldur okkar við Færeyinga, nágranna okkar og vini eru miklar í þessu sambandi.

Ég sagði að ég ætlaði ekki að halda langa ræðu. Dvöl mín í Norðurlandaráði að þessu sinni hefur ekki verið löng og verður ekki löng því að ég lýk þátttöku þar í vor. Hins vegar er þetta samstarf, og ég vil láta það koma fram í lok þessara orða, afskaplega mikilvægt fyrir okkur og hefur skilað íslenskri þjóð og mun skila henni og ekki síst ungu fólki miklu og mun gera það áfram.

[12:59]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Nú verður gert matarhlé í hálfa klukkustund en þegar fundi verður fram haldið verður utandagskrárumræða um virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár en að henni lokinni, um klukkan tvö, er gert ráð fyrir að halda áfram umræðu um dagskrármálin, skýrslur alþjóðanefnda.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

***Umræður utan dagskrár.***

Virkjunarframkvæmdir í neðri Þjórsá.

[13:30]

**Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Nú hefst áður boðuð utandagskrárumræða um virkjunarframkvæmdir í neðri Þjórsá. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Hæstv. umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50 gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:30]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Landsvirkjun stefnir nú að því að byggja þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár, þ.e. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Samanlagt verða inntakslónin þrjú og um 21 ferkílómetri að stærð. Af því eru yfir 4 ferkílómetrar gróið land með bökkum árinnar utan farvegsins sem sökkva í lónin og snertir það yfir 30 jarðir í fjórum sveitarfélögum. Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa valdið miklum deilum á meðal heimamanna, landeigenda, sumarhúsaeigenda og margra annarra Íslendinga sem láta sig virkjanir og stóriðjuframkvæmdir varða. Til dæmis var haldinn fjölmennur baráttufundur í félagsheimilinu Árnesi í Gnúpverjahreppi fyrir rúmri viku þar sem andstæðingar framkvæmdanna kynntu sjónarmið sín.

Að mínu mati er kominn tími til að staldra við, fresta stóriðjuframkvæmdum og þar með virkjunum í neðri hluta Þjórsár og freista þess að vinna sátt á milli sjónarmiða nýtingar og náttúruverndar. Hér er um að ræða virkjanir í byggð og vakna því eðlilega spurningar um pólitískt og siðlegt réttmæti þess að taka lönd fólks eignarnámi vegna virkjana fyrir stóriðju. Þar blasir stærsta spurningin við: Rúmar eignarnámsheimild laganna um eignarnám í almannaþágu slíkan gjörning? Ég held að hún geri það ekki. Því hlýtur að vera spurt hvort það sé ekki óeðlileg valdbeiting að taka eignarlönd og heimili fólks eignarnámi til að ríkisfyrirtæki geti framleitt rafmagn fyrir stóriðju. Eignarnám er nauðvörn yfirvalda gegn einstaklingum sem vilja standa í vegi fyrir almannahagsmunum en varla verður séð að brýnir almannahagsmunir krefjist þess að slíkri hörku og pólitísku ofbeldi sé beitt gegn íbúum við Þjórsá. Jafnvel mætti leiða að því rök að það séu brýnir almannahagsmunir að ekki verði ráðist í þessar framkvæmdir í núverandi efnahagsumhverfi. Ekkert liggur á, orkuforðabúrið er ekkert að fara. Efnahagsleg rök eru andstæð nýtingu Þjórsárvirkjana eins og staðan er í dag. Það þarf að kæla hagkerfið, t.d. til að skapa rými fyrir stórátak í samgöngu- og fjarskiptamálum.

Eitt af helstu stefnumiðum Samfylkingarinnar er að styrkja stöðu náttúruverndar á Íslandi og leiða nýja sátt um verndun íslenskrar náttúru sem er okkar verðmætasta eign sem þjóðar. Eitt af því sem við leggjum til er að Alþingi taki aftur til sín ákvörðunarvaldið um hverja einustu virkjunaráætlun í stað þess að tefla sveitarfélögunum saman í stóriðjustríð um einstakar framkvæmdir. Ábyrgðin er og á að vera Alþingis. Náttúra Íslands er ekki aðeins rík af auðlindum í hefðbundnum skilningi heldur eru öræfi landsins, fljót, fossar, jöklar, hverir og dalir í öllum sínum litbrigðum og fjölbreytileika verðmæt auðlind í sjálfu sér.

Samfylkingin leggur til að frekari stóriðjuáformum verði slegið á frest. Nú eigum við sem þjóð að leggja áherslu á nýja atvinnulífið og verndun náttúruverðmæta, hátækni- og þekkingariðnað ásamt nýsköpun í ferðaþjónustu og hefðbundnu atvinnugreinunum, sjávarútvegi og landbúnaði. Af þessu tilefni óskaði ég eftir umræðu utan dagskrár um fyrirhugaðar framkvæmdir Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár við umhverfisráðherra og beini eftirfarandi spurningum til ráðherrans:

1. Telur ráðherra það eðlilega valdbeitingu og réttlætanlega út frá sjónarmiðum mannréttinda og náttúruverndar að taka eignarlönd og heimili eignarnámi til að ríkisfyrirtæki geti framleitt rafmagn til stóriðju eins og fyrirhugað er með virkjunum í neðri hluta Þjórsár?

2. Nær eignarnámsákvæði laganna að mati ráðherra yfir eignarnám í þágu stóriðju?

3. Telur ráðherra ekki í þágu þjóðarsáttar um virkjanir og náttúruvernd eðlilegast að slá öllum stóriðjuframkvæmdum á frest og þar með virkjunum í þágu stóriðju á borð við virkjanir í neðri hluta Þjórsár?

4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að haldin verði íbúakosning um virkjanirnar á meðal íbúa sveitarfélaganna allra sem þær taka til?

[13:34]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég vil geta þess í upphafi að hv. málshefjandi beinir til mín afar huglægum spurningum um afstöðu mína til eignarnáms á grundvelli raforkulaga sem eru ekki á mínu forræði sem umhverfisráðherra. Ég áskil mér því rétt til þess, frú forseti, að svör mín verði jafnframt huglæg.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að talsverðar deilur hafa staðið að undanförnu um það hvort vatnsafl í neðri Þjórsá verði virkjað yfir höfuð eða ekki. Á hinum endanum er síðan Landsvirkjun og fyrirhugaður kaupandi orkunnar sem er stækkað álver Alcans í Hafnarfirði. Það er deilt í Hafnarfirði um stækkun álversins og fyrirhugaðar kosningar íbúa um skipulag sem gerir ráð fyrir stækkuðu álveri. Í ljósi þeirra deilna er rétt að skoða bráðabirgðaákvæði III í frumvarpi um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem gerir ráð fyrir að lögfesta til ársins 2011 niðurstöður verkefnisstjórnar í 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í því mun eingöngu felast heimild til að veita leyfi til að nýta virkjunarkosti í flokki a í rammaáætlun og þá í flokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við vegna umhverfisverðmæta. Hér er verið að fjalla sérstaklega um virkjun vatnsafls í neðri hluta Þjórsár sem fellur að hluta í flokk a en Urriðafossvirkjun fellur í flokk b. Á meðan ekki liggur fyrir verndaráætlun Alþingis og hin áætlunin um nýtingu auðlinda er ákvörðun um virkjun og nýtingu orku alfarið í höndum sveitarfélaganna sem fara með skipulagsvaldið og landeigenda sem geta kosið að selja eða selja ekki land sitt vegna þessara áforma. Þetta hlýtur að eiga við um alla þá kosti sem metnir hafa verið í 1. áfanga rammaáætlunarinnar í flokk a eða b. Samkvæmt því fellur Urriðafossvirkjun um sjálfa sig á þessu stigi málsins meðan ríkja um hana deilur og standi vilji landeigenda og sveitarstjórna Skeiða- og Gnúpverjahrepps og hins vegar Ásahrepps gegn skipulagi sem gerir ráð fyrir Hvamms- og Holtavirkjunum á það sama við um þær. Af virkjunarframkvæmdum verður þá ekki. Þetta er alveg skýrt, frú forseti, í mínum huga.

Málshefjandi spyr sérstaklega um eignarnám á grundvelli raforkulaga. Um eignarnám vil ég segja að ég fæ ekki séð hvaða samfélagsleg nauðsyn eða almannahagsmunir liggi til grundvallar slíku eignarnámi og ég tala nú ekki um þegar ekki liggur fyrir ótvíræður vilji Alþingis með áðurnefndri áætlun og stefnu um náttúruvernd og auðlindanýtingu. Auk þess gerir skipulagsvald sveitarfélaga og sveitarstjórna ráð fyrir vilyrði þeirra fyrir framkvæmdinni en ólíklegt verður að telja að sveitarstjórnir færu í bága við vilja bænda sem eiga nytjaland með Þjórsá. Að mínu mati nær þetta eignarnámstal engri átt og ég get ekki séð annan tilgang hv. málshefjanda með umræðu um eignarnám en að skapa tortryggni í garð stjórnvalda og skaða gagnsemi mikilvægrar umræðu sem þarf að fara fram um virkjanir, stóriðju og umhverfismál.

Háttvirtum málshefjanda verður tíðrætt um stóriðjustefnu. Stóriðjustefna ríkisvaldsins var aflögð 2003. Eftir sem áður er mikill áhugi á stóriðju í nokkrum sveitarfélögum og sveitarstjórnum og sá áhugi er hjá fulltrúum allra flokka á Alþingi. Á hinu háa Alþingi er málshefjandi meðal þeirra þingmanna sem oftast ræða stóriðju og stóriðjustefnu og eru ýmist með eða á móti virkjunum og álverum eða vilja slá ákvörðunum á frest, a.m.k. fram yfir kosningar í maí eins og niðurstaða varð um á fundi Samfylkingarinnar í gærkvöldi ef marka má fréttir í morgun, allt eftir því hvernig vindurinn blæs í umhverfisumræðunni. Öfugt við Hafnarfjörð virðist meiri friður ríkja um mögulega stóriðju á Húsavík meðal íbúa og sveitarstjórnarmanna. Sama á við um orkuöflunina með háhitavirkjunum í seilingarfjarlægð á Þeistareykjum. Út frá þjóðhagslegum forsendum er frekari uppbygging stóriðju vænlegri í umhverfi þar sem mikils hagvaxtar hefur minna gætt og orkuöflunin er í þokkalegri sátt við umhverfi sitt.

[13:39]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það dylst ekki að mikil almenn og enn vaxandi andstaða er við stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Sú stefna er engu að síður keyrð áfram af fullri hörku og allt tal framsóknarmanna um þjóðarsátt eru hrein öfugmæli og eiga góða möguleika á því að verða öfugmæli 21. aldarinnar númer eitt.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur alveg hreina afstöðu í þessu máli. Við höfnum öllum frekari stóriðju- og virkjunarframkvæmdum og viljum að náttúran fái nú grið og að efnahagslífið og vinnumarkaðurinn fái tíma til að jafna sig.

Varðandi virkjanir í neðri hluta Þjórsár til að framleiða rafmagn fyrir stækkun álvers í Straumsvík í útjaðri höfuðborgarsvæðisins þá er það fráleit framkvæmd í alla staði, fráleit framkvæmd bæði hvað virkjanirnar og stækkun iðjuversins á þeim stað snertir. Þegar hönnun virkjananna þriggja í stað tveggja í neðri hluta Þjórsár liggur nú fyrir með þremur stórum uppistöðulónum er ljóst að umhverfisáhrif þeirra eru miklum mun tilfinnanlegri en mönnum voru áður ljós. Þess vegna eflist nú andstaða dag frá degi heima í héraði gegn þessum virkjunum þegar við blasir að fjölmargar bújarðir skerðast verulega eða verða ónýtar og öll ásýnd svæðisins versnar til mikilla muna.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum heimamenn alfarið í baráttu þeirra við að fá þessar virkjanir stöðvaðar eins og við styðjum þá íbúa Hafnarfjarðar sem vilja fella stækkun álversins í Straumsvík. Framganga Landsvirkjunar í þessu máli, í skjóli ríkisvaldsins og fjármálaráðherra, er svo sérkapítuli. Ég hef lagt fram um það sérstaka fyrirspurn hvort hæstv. ráðherra hyggist ekki gefa Landsvirkjun fyrirmæli um að hætta þessum undirbúningi við þessar aðstæður. Það er alger ósvinna og ég tek undir það með hv. málshefjanda að það á auðvitað ekki að líða það að opinbert fyrirtæki þjösnist á mönnum með þeim hætti sem Landsvirkjun er nú að gera á landeigendum og heimamönnum á Suðurlandi.

[13:41]

**Kjartan Ólafsson:**

Frú forseti. Mig langar í upphafi að fara aðeins yfir forsögu þessa máls. Það er ekki nýtt af nálinni að rætt sé um virkjanir í neðri Þjórsá eða allt frá því að Titan-félagið fór að huga að virkjunarframkvæmdum á öndverðri tuttugustu öldinni. Árið 1952 keypti ríkið vatnsréttindin af Titan-

félaginu og á 95% af vatnsréttindunum í neðri Þjórsá. Þetta mál er því ekki nýtt af nálinni og ekki ástæða til að gera það að einhverju kosningamáli nú.

Þessar virkjanir eru þess eðlis að þær byggjast á miðluðu vatni, þetta eru rennslisvirkjanir sem byggjast á þeirri miðlun sem er í virkjununum fyrir ofan á Þjórsártungnasvæðinu. Samkvæmt rammaáætlun koma þessar virkjanir út í góðum flokki. Þær eru mjög hagkvæmar og þær eru kannski líkar því sem við þekkjum, heimamenn, með Sogsvirkjanirnar sem eru hliðstæðar, þær mynda uppistöðulón sem eru Úlfljótsvatn og Álftavatn sem eru í hjarta sumarbústaðabyggðar. Það er stundaður veiðibúskapur og tómstundastarf við þessi vötn og ekkert að því umhverfislega séð hvað varðar þessar virkjanir og þessi vötn. Þetta yrði mjög hliðstætt við Þjórsá. Við þurfum að huga að því hvernig reynslu við höfum af virkjunum sem þessum.

Þá má og benda á að ekki verða lagðar neinar nýjar línur, raflínur að þessum virkjunum. Rarik hefur uppi loforð um það að þrífasa í sveitunum sem eru næst virkjununum. Svo vil ég jafnframt benda á að það er mikill hugur í heimamönnum, sveitarfélögum, Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi, að byggja upp orkufrekan iðnað á Suðurlandi og eru menn þá að tala um Þorlákshöfn hvað það varðar. Ég vil benda (Forseti hringir.) hv. frummælanda á að það er mikill áhugi og engin óeining um það hjá heimamönnum að byggja upp orkufrekan iðnað á Suðurlandi.

[13:44]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Huga þarf að ýmsu þegar ákveðið er að ráðast í stórfelldar framkvæmdir eins og áform eru uppi um um þessar mundir af hálfu núverandi ríkisstjórnar. Það liggur fyrir að hún áformar að ráðast í stóriðjuframkvæmdir sem nema um 400–450 milljörðum kr. á næstu árum. Slíkar framkvæmdir rúmast engan veginn í íslensku efnahagslífi eins og dæmin sýna frá yfirstandandi kjörtímabili þar sem of miklar framkvæmdir leiddu til þenslu í þjóðfélaginu. Það leiddi til verðbólgu sem leiðir til þess að skuldir heimilanna eru hærri en ella hefði orðið sem nemur verðmæti einnar Kárahnjúkavirkjunar. Ég spyr: Ætlar núverandi ríkisstjórn að stuðla að því að skuldir heimilanna hækki á næsta kjörtímabili um aðra Kárahnjúkavirkjun vegna of mikilla framkvæmda á of skömmum tíma sem leiða af sér verðbólgu og erfiðan hag almennings á Íslandi?

Í öðru lagi þarf að huga að því að orkuverðið sem raforkan er seld á sé viðunandi. Það gengur ekki lengur, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um að selja raforku frá íslenskum virkjunum á lægsta verði í Evrópu. Það er ekki boðlegt að undirbjóða eins og gert hefur verið af íslenskum stjórnvöldum á undanförnum árum. Við þurfum að nýta íslensku auðlindirnar almenningi til heilla en það gerum við ekki með niðursettu verði til stórfyrirtækja erlendis.

Ég held að menn eigi að ganga hægt um gleðinnar dyr í stóriðjuáformum á næstu árum og tek undir áhyggjur málshefjanda í þeim efnum. Það þarf að huga að arðinum sem sannarlega er hægt að hafa út úr nýtingu auðlindanna og tryggja réttláta skiptingu hans milli lands og þjóðar.

[13:46]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Ég vil þakka málshefjanda, hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni, fyrir að færa þetta mál til umræðu á hinu háa Alþingi.

Staðreyndin er sú, frú forseti, að í stóriðjumálum á Íslandi ríkir alveg sérstakt ástand af stjórnleysi, hreinræktuðu anarkíi og miklu kapphlaupi. Hvernig skyldi standa á því? Það er vegna þess að hér voru sett ný orkulög árið 2003, orkulög sem sjálfstæðismenn eru reyndar nýbúnir að uppgötva að eru ekki alveg nógu góð, þótt þeir hafi verið hrifnir af þeim þá.

Hvað gerðist? Þá hófst þvílíkt kapphlaup orkufyrirtækjanna í auðlindir landsins, vatnsaflið og jarðvarmann. Síðan var sköpuð sú staða sem við þekkjum öll, að sveitarfélögin hafa úrslitavaldið um ákvarðanirnar. Allt annað er í lausu lofti, frú forseti.

Hingað kemur hæstv. umhverfisráðherra og talar um verndaráætlunina sem er ekki til. En hvað ætlar hæstv. umhverfisráðherra að gera? Hvað ætlar Framsóknarflokkurinn að gera? Hvar er rammaáætlunin? Hvar er verndaráætlunin? Á þetta að halda svona áfram? Landsvirkjun er á grænu ljósi. Hún má gera það sem henni sýnist með stjórnleysislegri blessun Framsóknarflokksins að mér virðist og Sjálfstæðisflokksins. Það er ekkert annað í augsýn og á bara að halda áfram, dæla niður álverum hvort sem er í Þorlákshöfn eða annars staðar. Það ber enginn ábyrgð í þessu máli.

Hvað varðar Samfylkinguna í Hafnarfirði, af því að ég varð ekki vör við það á fundinum í gærkvöldi að Jónína Bjartmarz væri þar, þá stendur það sem þar á að gera. Íbúar Hafnarfjarðar munu greiða atkvæði um deiliskipulag 31. mars næstkomandi og sú niðurstaða verður niðurstaðan um deiliskipulagið.

[13:48]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hentistefnufræði stjórnarandstöðunnar færist sífellt á nýrri og flóknari stig.

Á þriðjudag í síðustu viku sagði Steingrímur Jóhann Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hinn sami og mætti í morgun með geislabaug, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra hafi það alveg á hreinu er ég algerlega andvígur því að ráðist verði nú í virkjanirnar í neðri Þjórsá, ...“

Það eru ekki nema svona þrír, fjórir mánuðir síðan sami hv. þingmaður sagði á Alþingi, með leyfi hæstv. forseta:

„Neðri virkjanirnar í Þjórsá eru mjög hagkvæmar vegna þess að þær nýta alla miðlunina sem fyrir er ofar í Þjórsársvæðinu. Núpavirkjun og síðan Urriðafossvirkjun eru að vísu ekki án umhverfisfórna. Það þarf vissulega að fara vel yfir það, en að breyttu breytanda eru þær mjög eðlilegur virkjunarkostur áður en menn ráðast í ný og óröskuð svæði.“

Nú er hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigurðsson á harðahlaupum undan afstöðu sinni í málinu en því miður kemst hann ekki langt á flóttanum vegna þess að hann er með buxurnar niður um sig. Hann er með brækurnar niður um sig í þessu máli, hæstv. forseti. (Forseti hringir.)

Ég átta mig ekki alveg á þessari bjölluhringingu, hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni þegar hann segir í grein í Blaðinu í apríl í fyrra að vinstri stjórn með sósíalistum sem nú eru undir merkjum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sé fráleitur kostur í ljósi flestra hluta, „til að mynda ofstækis VG í stóriðjumálum og ríkisrekstri á öllum sviðum. Þar skortir allt frjálslyndi til vitræns samstarfs."

Þetta er köld kveðja hv. þingmanns til félaga sinna í gamla Alþýðubandalaginu. En það er auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að það er full ástæða til að forða okkur Íslendingum frá gamla Alþýðubandalaginu, sama undir hvaða nafni og eða kennitölu þeir kjósa að starfa í dag. (**Gripið fram í:** Lifi kaffibandalagið!)

[13:50]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kýs að halda mig við efni þessarar umræðu ólíkt því sem hv. ræðumaður sem talaði á undan mér gerði. Virkjanir í neðri Þjórsá og áform um þær helgast af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Það er misskilningur hjá hæstv. umhverfisráðherra að hún hafi verið blásin af árið 2003. Hins vegar reynir stjórnarmeirihlutinn að koma þeim skilningi yfir til þjóðarinnar og kjósenda að svo sé, að nú sé þetta allt í höndum sveitarfélaganna. Auðvitað hafa stjórnvöld reynt að koma því þannig fyrir að velta ábyrgðinni af ákvarðanatöku sinni frá því fyrir löngu yfir á sveitarfélög sem í gríð og erg undirbúa baráttu gegn fyrirætlunum þessarar ríkisstjórnar. Í Hafnarfirði undirbúa menn atkvæðagreiðslu vegna deiliskipulagstillögu álverslóðarinnar í Straumsvík og nú er það sama uppi á teningnum austur í sveitum vegna skipulagstillagna í kringum hugmyndir um Þjórsárvirkjanir.

Sannleikurinn er sá að efnahagsstjórn þessarar ríkisstjórnar gerir ráð fyrir því að farið verði í þessar stóriðjuvirkjanir. Ef við værum skynsöm, þjóðin og þingið, mundum við kannski fara að tillögu sem einn ágætur fjölmiðlamaður kom með í sjónvarpsþætti í síðustu helgi, að leggja niður álverið í Straumsvík því þá losnar um rafmagn sem framleitt er í Þjórsá. Þá getum við stækkað almannaveiturnar okkar og raforkusölu til almennra iðnfyrirtækja umtalsvert án þess að fara út í frekari náttúruspjöll. Þjóðin krefst þess að óráðsían verði stoppuð.

Orkufyrirtækin hafa því miður reynt að koma öllu sínu á þurrt í þessum efnum. Þau eru búin að skjóta stjórnvöldum ref fyrir rass og ég er hrædd um að nýtingaráætlunin sem stjórnvöld hafa lagt til í frumvarpi sé marklaus vegna þess að orkufyrirtækin eru þegar komin langt fram úr stjórnvöldum og ætla sér að koma þessum virkjunum öllum í framkvæmd. Við getum hins vegar stoppað það.

[13:53]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Þessar þrjár rennslisvirkjanir, neðarlega í Þjórsá, eru án efa hagkvæmar og ágætar virkjanir hver fyrir sig. Hins vegar er þessi umræða um heimildir til að taka land eignarnámi fráleit, að nokkur stjórnvöld, hvað þá heldur ríkisfyrirtæki eins og Landsvirkjun geti beitt því. Það eru engin almannaheill sem kallar á það þótt einhvern tímann hafi menn talið það í upphafi rafvæðingar á Íslandi. Þá er það bara þannig að menn verða að semja.

Það eru ekki möguleikar á neinni virkjun nema menn semji við landeigendur. Ef þeir vilja ekki semja þá verða engir samningar. Ef þeir vilja hátt verð þá verður að endurmeta arðsemi Landsvirkjunar, endurmeta rafmagnsverðið. Ef enginn vill kaupa þá verður ekkert virkjað. Þetta getur ekki byggst á neinu öðru. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sagði fyrir nokkrum dögum. Við skulum bara vera róleg. Það liggur ekkert á.

Sannleikurinn í íslenskum efnahagsmálum er sá í dag að ekkert liggur á. Það liggur ekkert á að virkja. Það verður bara að meta á hverjum tíma hvort grundvöllur er fyrir því efnahagslega eða ekki. Það eina sem liggur á í íslenskum efnahagsmálum í dag er að ná þessum vöxtum niður, þessum himinháu ruglvöxtum. Það er höfuðnauðsyn. Að því verðum við að vinna og það verðum við að gera. Það er aðalatriðið. Þannig getum við komist út úr þessari gríðarlegu spennu sem er að rugla allt hjá öllum. (**KolH:** Hver er ástæðan fyrir henni?) Það er stefnan í Seðlabankanum í peningamálum sem aðilar vinnumarkaðarins, bæði atvinnurekendur og launþegar, gerðu kröfu um að yrði horfið frá ásamt stuðningi ríkisstjórnarinnar á síðasta sumri. En því miður báru þeir ekki gæfu til þess þá hvorki að þiggja ráð né þýðast viðvaranir. (**KolH:** En Kárahnjúkavirkjun?)

[13:55]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Þetta ósætti um þessa virkjun, eða fyrirhugaðar virkjanir sem fóru í gegnum umhverfismat fyrir þremur árum, er umhugsunarefni, að þessi mikla umræða skuli gjósa upp núna. En hvers vegna ætli það sé? Ætli það sé ekki vegna ósættis um verðlagningu á þessari orku sem á að koma frá virkjununum? Það er leynd í kringum það.

Í öðru lagi má ætla að ein rót vandans sé að fara eigi í eignarnám fyrir ríkisfyrirtæki sem til stendur að ráðstafa síðar, örugglega til velunnara stjórnarflokkanna, ef farið verður að eins og gert var með Búnaðarbankann. Við höfum haft fleiri dæmi um slíkt, svo sem fiskimiðin sem stjórnarflokkarnir reyna að festa í kerfi þar sem ráðstafa megi fiskimiðunum. Fólk er farið að tortryggja mjög þessa ríkisstjórn.

Síðan má eflaust nefna fleiri ástæður, svo sem þensluna sem er rétt að slá á. Við erum með verðbólgu sem slagar hátt í 8% og samt sem áður eru boðaðar stórframkvæmdir á svæði þar sem þensla ríkir, hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað ekkert vit í því að boða framkvæmdir upp á mörg hundruð milljónir. Það væri miklu nær að horfa til landshluta þar sem engin þensla ríkir, svo sem á norðausturhorninu og ræða vistvænar virkjanir, svo sem í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Húsavík, orkufrekan iðnað þar. En það er ekki gert.

Í staðinn skal áfram rekin sú stefna að fara í framkvæmdir þar sem þensla ríkir. Hér ríkir stórundarlegt ástand í stjórn efnahagsmála. Við í Frjálslynda flokknum teljum að horfa eigi á hlutina af meira raunsæi en ríkisstjórnin gerir þessa dagana.

[13:57]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmönnum og hæstv. ráðherra fyrir merkilega umræðu.

Það er ljóst, samkvæmt því sem mátti skilja á hæstv. umhverfisráðherra, að gömlu rökin um eignarnám vegna stóriðju eiga ekki við lengur. Þar kemur fram mikilvæg afstaða hjá hæstv. ráðherra, að breytingin á raforkulögunum hafi haft í för með sér að það sé alvarlegum vafa undirorpið eða úr sögunni að fara í eignarnám í þágu virkjana, stóriðjufyrirtækja sem koma hingað af því að hér er orkan á tombóluprís. Það eru merkilegar yfirlýsingar og þessi yfirlýsing hæstv. ráðherra og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar hlýtur að þýða að náttúruverndarsinnar og samtök geti boðið í jarðir á móti Landsvirkjun þannig að verðgildið komi þannig fram og jafnvel komið í veg fyrir virkjanir, þ.e. eigi að virkja fyrir stóriðju með því hreinlega að kaupa upp jarðirnar. Þessar yfirlýsingar hæstv. ráðherra og hv. þingmanns hljóta að sjálfsögðu að þýða það. Það er merkileg pólitísk yfirlýsing.

Það var merkilegt að hlusta á hæstv. ráðherra og hv. þingmann lýsa því svo afdráttarlaust yfir að eignarnám á þessum stað og á þessum jörðum fyrir þessa stóriðjuframkvæmd eigi alls ekki við og komi ekki til greina. Það er stórmerkileg yfirlýsing og breytir að sjálfsögðu verulega gangi málsins.

Landsvirkjun verður að ná samningum eigi nokkur möguleiki að vera um þessar virkjanir. Eftir stendur að það gengur hreinlega ekki lengur, um það virðist þverpólitískur vilji á Alþingi, að eignarnámi sé beitt í þessu máli af þeirri hörku og því pólitíska ofbeldi sem eignarnám alltaf er, sama hvert markmiðið er. Það virðist alls ekki eiga við í þessu máli og þess vegna hljótum við að ítreka kröfuna um að stóriðjuframkvæmdum í landinu verði slegið á frest þangað til búið er að koma skikki á þessi mál og áætlun um bæði verndun og nýtingu liggi fyrir.

[14:00]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég vil almennt segja um virkjanir bæði vatnsafls og jarðvarma að við eigum að ganga varlega um. Við eigum að fara okkur hægt. Við þurfum að ná sátt um það hvernig við skiptum arðinum til þjóðarinnar. Eins og hér hefur verið sagt og ég ætla að endurtaka þá getur verðið ekki annað en hækkað. Ég tel að við séum ekki að missa af neinum tækifærum.

Ég vil halda því til haga að í allri umræðunni um auðlindanýtingu, náttúruvernd og áætlanir þar um þá eigum við að huga sérstaklega vel að annarri nýtingu lands en virkjunum. Við verðum sérstaklega að huga að því að náttúruverndin og friðlýsingin er ein tegund landnýtingar sem líka getur skilað okkur arði í þjóðarbúið.

Ég tel að málefnaleg og ábyrg umræða um náttúruvernd, stóriðju og umhverfismál sé af hinu góða og bráðnauðsynleg en umræðan þarf að vera ábyrg. Hún þarf að vera málefnaleg en ég tel hins vegar að með því að blanda í þessa umræðu afstöðu einhvers til eignarnáms, sem ekkert hefur verið í þessari umræðu heldur þvert á móti samningar eða ekki samningar við landeigendur, þá geti það orðið til þess að skaða umræðuna og gera hana síður málefnalega.

Að lokum, forseti. Við verðum að gæta þess að stóriðja verði ekki eitt allsherjarskammaryrði því hún getur verið miklu meira og annað heldur en álver. Ég vil í þessu tilviki sérstaklega nefna áhuga minn á stóriðju sem felst í framleiðslu eldsneytis á fiskiskipaflotanum úr korni ræktuðu í Kanada, eins og áform eru um í Eyjafirði og menn hafa kynnt, m.a. umhverfisráðuneytinu. Þetta getur orðið að veruleika, dregið úr gróðurhúsavanda og framleiðsla á bíódísil í stórum stíl væri sannkölluð græn stóriðja.

***Norræna ráðherranefndin 2006, frh. einnar umr.***

Skýrsla samstrh., 569. mál. — Þskj. 845.

***og***

***Norrænt samstarf 2006, frh. einnar umr.***

Skýrsla ÍNR, 622. mál. — Þskj. 925.

***og***

***Vestnorræna ráðið 2006, frh. einnar umr.***

Skýrsla ÍVN, 628. mál. — Þskj. 936.

***og***

***Norðurskautsmál 2006, frh. einnar umr.***

Skýrsla ÍNSM, 626. mál. — Þskj. 934.

[14:02]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér norrænt samstarf og höfum gert síðan í morgun. Í kjölfar ræðu formanns Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, og annarra hv. alþingismanna sem eiga sæti í Íslandsdeildinni ásamt mér og hafa gert hér góða grein fyrir því starfi sem þeir koma að í þeim nefndum sem þeir eiga sæti í í Norðurlandasamstarfinu ætla ég að gera í stuttu máli grein fyrir því starfi sem ég hef komið að í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd Norðurlandaráðs en samstarf á sviði umhverfismála er málaflokkur sem verður æ mikilvægari og umfangsmeiri.

Umhverfis- og auðlindanefnd fæst við málefni sem heyra undir umhverfismál, landbúnað, skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál. Í störfum umhverfis- og náttúruauðlindanefndar á starfsárinu 2006 hafa verið þrjár megináherslur: mengun í Eystrasalti, loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðinu og orkumál.

Í málefnum Eystrasaltsins hefur nefndin einkum beint sjónum sínum að tveimur málum, annars vegar losun landbúnaðarúrgangs í Eystrasaltið sem veldur m.a. óhóflegum vexti þörunga og hins vegar losun skolpúrgangs skipa í Eystrasaltið.

Skipaður var starfshópur til að fjalla um losun landbún-

aðarúrgangs og í honum eiga sæti fulltrúar frá Norðurlöndunum sem liggja að Eystrasalti ásamt öðrum löndum kringum Eystrasaltið, og hjá Norðurlandaráði voru samþykkt tilmæli til ríkisstjórna norrænu landanna um að gera úttekt á möguleikum til að gera strangari kröfur um skolplosun stærri farþegaskipa og flutningaskipa og leggja bann við skolplosun þeirra í Eystrasaltið.

Ég vil geta þess að á árinu 2005 var einnig lögð mikil áhersla á vistkerfi Eystrasaltsins og var tekið á skipaumferð um það með olíufarma. Mjög stór hluti af olíuflutningi Rússa fer einmitt um Eystrasaltið. Þar höfðu menn áhyggjur af því að ekki væri fylgst nógu vel með því að ekki færi eitthvað úrskeiðis sem mengað gæti Eystrasaltið meira en nú er. Það er mjög mikilvægt að fylgst sé með öllum skipaferðum um Eystrasaltið en Rússarnir hafa verið nokkuð tregir við að upplýsa um ferðir sinna skipa.

Ég sat ráðstefnu í Pétursborg um þessi mál og þar komu fram áhyggjuefni um auknar skipaferðir um Barentshafið og líkur á því að skipaumferð muni aukast á næstu árum með hlýnandi loftslagi sem ég mun koma inn á hér á eftir. Mengun vegna slíkra skipaflutninga gæti haft alvarleg áhrif á Ísland og hafsvæðin norður af landinu.

Þess má geta í tengslum við málefni hafsins að sú sem hér stendur tók fyrir hönd umhverfis- og náttúruauðlindanefndar þátt í annarri ráðstefnu sem var í nóvember sl., ráðstefnunni Baltic Sea Conference um umhverfismál Eystrasaltsins og var hún haldin í Helsinki. Þar komu fram mjög merkilegar niðurstöður ýmissa rannsókna um ýmsa þætti lífs við Eystrasaltið, bæði í hafinu og umhverfis það, og áhrif mengunar í Eystrasaltinu á líf fólks, einnig þá fæðu sem fólk sækir í hafið sem er náttúrlega fiskurinn. Það væri of langt mál að fara yfir þær niðurstöður og þá umræðu alla hér en þar var ýmislegt sem væri full ástæða til að gera frekar að umræðuefni.

Eins og aðrir þingmenn úr Norðurlandaráði sem hafa talað hér á undan mér, m.a. formaður Íslandsdeildarinnar og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, komu inn á í morgun hafa loftslagsbreytingar mikil áhrif á norðurslóðum samfara hækkandi meðalhita, bráðnun íss og hækkun sjávarmáls.

Ég vil í þessu sambandi minnast á orð Boga Hansens, færeyska prófessorsins sem hlaut umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs í nóvember 2006, en hann segir að losun gróðurhúsalofttegunda sé stærsta tilraun sem gerð hefur verið og hún sé auk þess stjórnlaus, loftslagsbreytingarnar verði ekki stöðvaðar en það sé hægt að draga úr þeim og tíminn til athafna sé núna strax.

Á þetta höfum við bent, þingmenn í Norðurlandaráði, og ég vil minna á ítarlega grein sem sú sem hér stendur ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur birti nýverið í Morgunblaðinu um þessi mál og áherslur Norðurlandaráðs í þessum efnum. Við vitum að ef við tökum á þessu síðar verða vandamálin stærri og kostnaðurinn við þau verður meiri.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd lagði á árinu fram tilmæli sem samþykkt voru hjá Norðurlandaráði um að sporna við loftslagsbreytingum af mannavöldum. Í nefndinni hefur m.a. verið fjallað um ACIA-skýrsluna sem hefur aðeins verið minnst á í þessari norrænu umfjöllun hér í morgun og hefur hún einmitt verið tekin til umræðu bæði á fundum og ráðstefnum sem umhverfis- og náttúruauðlindanefndin hefur staðið fyrir.

Auk þessa málefnis, þ.e. loftslagsbreytinganna og hlýnunarinnar, hafa orkumálin verið til umfjöllunar hjá nefndinni og þá hefur sérstaklega verið fjallað um vistvænt eldsneyti, lífeldsneyti, fyrir samgöngutæki. Umhverfis- og náttúruauðlindanefndinni hefur verð umhugað um að Norðurlönd verði í fararbroddi við notkun á þeirri tækni vegna þess að hún eykur ekki á loftslagsbreytingar af völdum gróðurhúsalofttegunda. Hún hefur atvinnuskapandi áhrif á nærsvæðum á Norðurlöndum við framleiðslu þess konar orku.

Þarna koma gróðurhúsalofttegundirnar aftur til umfjöllunar varðandi orkumálin og mig langar til að nefna það að á síðasta fundi Norðurlandaráðs, núna í janúar, voru þessi mál einnig til umræðu og þar bentu ungliðarnir á að við ættum einnig að skoða aðra leið sem væri orkusparnaður því að hann væri áhrifaríkasta leiðin til að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Það er full ástæða til að huga að því.

Bogi Hansen nefndi það einnig að við Íslendingar ættum að huga að því að nýta bíla með tvígengisvélar, tvinnbíla, og sagði að það væri leið sem við ættum að geta notað því að þeir eyða helmingi minna bensíni og búa til rafmagn um leið og maður keyrir þá og það getur maður síðan notað í akstri. Hann hvatti okkur Íslendinga til að nýta okkur þessa tækni mun meira en við gerum. Þó er ótrúlega mikið um að við notum þessa bíla hér á landi.

Varðandi vistvæna eldsneytið lagði umhverfis- og auðlindanefndin fram tillögu að tilmælum til ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar sem samþykkt var á Norðurlandaráðsþinginu í Kaupmannahöfn, en þau tilmæli fela í sér að samin verði norræn framtíðarstefna um eldsneytisdreifingu innan samgöngugeirans 2020 og samstarf um hraðari útbreiðslu lífeldsneytis, vistvæns eldsneytis, á Norðurlöndunum. Norðurlöndin gætu þannig verið aflvaki í breiðara svæðisbundnu og evrópsku samstarfi.

Í umræðunni um þessa tillögu var bent á það að margir þeirra sem eru komnir með vistvæna bíla í dag, t.d. Svíarnir, eiga í erfiðleikum með að kaupa sér eldsneyti í nágrannalöndunum vegna þess að það er ekki búið að samræma notkun, útbreiðslu og sölustaði vistvæns eldsneytis á samgöngutæki.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli gefið þingheimi yfirlit og ágrip af helstu málum sem voru til umfjöllunar hjá umhverfis- og náttúruauðlindanefnd Norðurlandaráðs á starfsárinu 2006. Mikilvægi þess góða starfs sem fer fram innan þeirrar nefndar og Norðurlandaráðs sem vettvangs fyrir alþjóðlegt samstarf á sviði umhverfismála mun síst minnka á næstu árum og áratugum með hliðsjón af loftslagsbreytingum af mannavöldum og þeim miklu áhrifum sem þau munu hafa á norðurslóðum.

Við höfum komið inn á það hér og þeir hv. þingmenn sem hafa talað á undan mér hafa einmitt bent á það og þeir sem eiga sæti í Norðurskautsráðinu hafa líka verið með heilmikla umfjöllun um þann þátt mála.

Ég ætla að lokum, virðulegi forseti, að þakka hv. þingmönnum sem hafa starfað með þeirri sem hér stendur í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir mjög gott og mikilvægt

samstarf. Ekki síst vil ég þakka þeim starfsmönnum sem hafa liðsinnt okkur í Íslandsdeildinni. Fyrst var það Stígur Stefánsson sem starfaði með okkur og var mjög duglegur, og ómetanlegur stuðningur af störfum hans í nefndinni. Við þeim störfum tók á síðasta ári Lárus Valgarðsson sem einnig hefur verið okkur mikil hjálparhella og er fyrirrennara sínum enginn eftirbátur hvað það varðar. Þeir eru báðir tveir alveg einstaklega hæfir og góðir starfsmenn.

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum er nánast lokið þannig að ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Formaður Íslandsdeildarinnar hefur farið yfir skýrsluna sem liggur fyrir og ætla ég því ekki að gera hana að neinu sérstöku umræðuefni hér.

[14:16]

**Kjartan Ólafsson:**

Frú forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um það mál sem ég hef tekið þátt í á vettvangi Norðurlandaráðs. Ég hef átt sæti í tveimur nefndum, annars vegar nefnd sem við köllum borgara- og neytendanefnd og hins vegar nefnd sem kölluð er eftirlitsnefnd á vegum Norðurlandaráðs. Ég vil fara örfáum orðum um það starf þó að ég ætli ekki að endurtaka það sem hér hefur verið flutt í mjög góðum skýrslum í morgun en mér finnst að mörgu leyti að við hv. þingmenn og Alþingi gerum ekki alveg nóg úr því mikla og góða starfi sem unnið er á vettvangi Norðurlandaráðs. Við náum kannski ekki að kynna það nægilega vel á Alþingi og þess vegna langar mig að nefna það að rétt áður en ég tók til máls hélt hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir ágæta ræðu og fór yfir sín mál og hún var að fara eins og við öll yfir síðastliðið starfsár.

Ég vil koma því á framfæri, frú forseti, hvort ekki væri rétt að athuga það að við gerðum þetta með öðrum hætti en nú er gert, þ.e. við eyðum 4–5 klukkutímum í þessa umræðu einu sinni á ári, og við tækjum slíka umræðu í hvert skipti sem fulltrúar Alþingis hafa sótt fundi á vegum Norðurlandaráðs og þá gæfist þeim jafnframt tækifæri til að segja frá því starfi sem þeir hafa unnið að jafnóðum. Þessu vil ég koma að.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir nefndi áðan ráðstefnur sem hún hefði setið á, sem hafa eflaust verið mjög áhugaverðar, en gat því miður ekki gefið sér tíma til að fara yfir efni ráðstefnanna. Með því að við tækjum það upp í hvert sinn sem við og fulltrúar Alþingis hefðum verið á fundum Norðurlandaráðs mundi þetta verða meira lifandi og vakandi umræða og fylgja tímanum hverju sinni varðandi einstaka málaflokka.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns hef ég starfað í borgara- og neytendanefnd en sú nefnd annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum. Þetta eru meginatriði sem nefnd þessi fjallar um. Hún er ekki ólík þeirri nefnd sem við höfum á Alþingi sem er allsherjarnefnd en ég á jafnframt sæti í allsherjarnefnd Alþingis. Þessi mál eru okkur því kunn og fara oft saman sem við það sem við erum að ræða í þeirri nefnd Alþingis.

Þau mál sem hafa verið mjög ofarlega á baugi í borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs varða mansal, kynlífsþjónustu og kynlífsþrælkun. Þessa málaflokka höfum við verið að taka nokkuð upp hér á þinginu og fara yfir með hvaða hætti við Íslendingar getum komið að þeim og breytt löggjöf okkar hvað þá varðar. Mér finnst við vera að feta okkur í átt að því sem við þurfum að gera og eftir því sem bæði samfélag okkar og samfélagið hnattrænt er að þróast. Það er ýmis starfsemi á vegum Norðurlandaráðs sem vert væri að kynna eins og t.d. norræn rannsóknarstofa sem rekin er frá Ósló og heitir NIKK og hefur einmitt með þennan málaflokk að gera. Væri í rauninni full ástæða til að kynna hann betur, bæði fyrir hv. Alþingi og allsherjarnefnd sem er að vinna mikið að slíkum málum.

Á þeim fundum sem við höfum setið hafa málefni innflytjenda jafnframt verið mjög uppi á borði og ýmis mál sem þeim tengjast. Hvar sem þá ber að landi á Norðurlöndunum leggja þeir yfirleitt og oftast fram mikið vinnuframlag og hjálpa okkur Norðurlandabúum en þar eru vandamál eins við þekkjum í samfélagi okkar, eins og tungumálavandamál, sem vinna þarf að. Á hinu háa Alþingi er einmitt verið að vinna að löggjöf í allsherjarnefnd sem tekur á málefnum innflytjenda og vonandi gerum við vel hvað það varðar.

Þær nefndir sem starfa á vegum Norðurlandaráðs fara gjarnan í kynnis- og fræðsluferðir, hér eru þær nefndar sumarferðir. Síðastliðið sumar fór einmitt þessi borgara- og neytendanefnd til Grænlands til að kynna sér þá málaflokka sem varða þessa nefnd. Þar var farið yfir mál er varða réttarkerfið, ofbeldismál, afbrotamál, fangelsismál. Það er mjög sérstakt að koma í annað samfélag þó að það sé mjög nærri okkur og sjá hvernig málin standa þar og er auðvitað mjög lærdómsríkt fyrir okkur og það er alveg augljóst að við getum líka miðlað af okkar eigin reynslu og þekkingu til annarra nágrannaþjóða okkar.

Mig langar rétt aðeins að nefna hina nefndina sem ég á sæti í sem er eftirlitsnefnd á vegum Norðurlandaráðs en ég er eini fulltrúinn frá Íslandsdeildinni í þeirri nefnd. Henni er ætlað að fylgjast með fyrir hönd Norðurlandaráðsþingsins starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Þessi nefnd hittist gjarnan þegar fundir Norðurlandaráðs standa en samt var það nýmæli tekið upp að nú mun nefndin hittast utan hinna hefðbundnu funda. Á síðastliðnu sumri kom þessi nefnd í heimsókn hingað til Íslands og kynnti sér, skoðaði og fór yfir þau verkefni sem unnin eru hér á landi á vegum Norðurlandaráðs. Það var mjög ánægjulegt að vera þátttakandi þar og fá að fylgjast með og fá jafngreinargóða yfirsýn yfir þau fjölþættu störf sem unnin eru á Íslandi á vegum Norðurlandaráðs og fjármögnuð af því ásamt okkur Íslendingum hvað þennan vettvang varðar. Ég get fullyrt að þeir fulltrúar sem komu frá hinum Norðurlöndunum voru mjög ánægðir og sáttir við þau störf sem við innum af hendi hér hvað þetta varðar.

Í desembermánuði kynnti eftirlitsnefndin sér skrifstofur sem reknar eru á vegum Norðurlandaráðs í Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Í höfuðborgum þessara landa eru reknar þrjár skrifstofur sem kostaðar eru að miklu leyti af Norðurlandaráði. Á þessum þremur starfsstöðvum starfa u.þ.b. 30 starfsmenn. Það sem kemur kannski mjög á óvart er að þau fjárframlög sem koma frá Norðurlandaráði margfaldast

með styrkjum sem þessar skrifstofur fá sérstaklega frá Evrópusambandinu til hinna ýmsu sérverkefna sem þær eru að vinna á þessu starfssvæði og svo í Evrópu. Þeir fjármunir sem Norðurlöndin leggja þarna til margfaldast því og nýtast bæði þessum löndum og Norðurlöndunum mjög vel.

Það var jafnframt mjög ánægjulegt og sérkennilegt að sjá og átta sig á hve starfsemi þessara þriggja skrifstofa frá Norðurlöndum er mismunandi í þessum þremur höfuðborgum, gríðarlega mismunandi. Skrifstofan í Vilníus er t.d. á menningarsviðinu og tengist þannig niður til Evrópu en aftur á móti hefur skrifstofan í Litháen verið að þjónusta íslensk fyrirtæki sem hafa starfsemi sína þar og starfar þá meira sem þjónustuaðili gagnvart þeim íslensku fyrirtækjum sem þar eru ásamt fyrirtækjum frá öðrum Norðurlöndum.

Frú forseti. Ég ítreka aftur það sem ég vil leggja áherslu á hér að mér finnst þetta starf vera gagnlegt okkur Íslendingum og ég er sannfærður um að við lærum margt af nágrönnum okkar og við getum deilt ýmsum fróðleik og þekkingu, ekki síst hvað varðar umhverfismálin þar sem við stöndum langfremst af Norðurlöndunum og við eigum að vera stolt af því að vera með yfir 70% af endurnýjanlegri orku hér á landi. Það er mikil umræða í samfélaginu og nú rétt áðan á hinu háa Alþingi um virkjanir en það er styrkur okkar til frambúðar hversu vel við búum hvað orkumálin varðar. Það er því sérkennilegt að taka þátt í umræðu eins og var áðan á Alþingi og fylgjast svo með þeirri umræðu sem er á Norðurlöndunum hvað varðar vandamál þeirra sem snúa fyrst og fremst að brennslu á olíu, gasi og kolum og sáralítilli endurnýjanlegri orku nema helst kannski í Noregi þar sem þeir hafa vatnsaflið.

Eins og ég sagði áðan vildi ég gjarnan sjá að svona skýrsla væri flutt oftar og að farið væri jafnharðan yfir þau mál sem við erum að vinna að á þessum vettvangi. Ég tek undir þakkir þeirra þingmanna sem hafa flutt sitt mál um að samstaða innan íslenska hópsins er mjög góð og við höfum góða þjónustu frá þeim starfsmönnum sem vinna með okkur.

[14:27]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég hef setið í Vestnorræna ráðinu í bráðum fjögur ár mér til mikillar ánægju og upplýsingar. Ég þekkti þessi tvö samstarfslönd okkar, Færeyjar og Grænland, ekki vel áður en ég tók sæti í ráðinu og hafði t.d. aldrei komið til Færeyja. Það er mjög gaman að kynnast því hvað þessar þjóðir eru á ýmsan máta gjörólíkar en hvað við eigum samt sem áður margt sameiginlegt og hvað við erum svo líkar í hina röndina. Við eigum mjög mikla sameiginlega hagsmuni og þess gætir auðvitað í störfum Vestnorræna ráðsins.

Í dag hefur komið fram í máli manna sem hafa fjallað um norrænu skýrslurnar að umhverfismál eru mikið á döfinni þar. Hið sama er að segja um Vestnorræna ráðið, enda gætir umhverfisbreytinga, hitnunar í andrúmsloftinu og mengunar, ekki síst nyrst á jörðinni. Eru afleiðingarnar þar afar alvarlegar, t.d. hvað varðar bráðnun íss á Grænlandi. Áhrifin á höfin í kringum þessi þrjú lönd eru sennilega mjög ógnvænleg. Margt bendir til þess að þar gæti verið afar mikil hætta á ferðum.

Vestnorræna ráðið hélt í fyrsta sinn þemadag á ársfundi sínum í Færeyjum og sá þemadagur fjallaði einmitt um umhverfismál. Þar hélt erindi m.a. títtnefndur Bogi Hansen sem minnst var á áðan, ásamt fleiri vísindamönnum færeyskum og annarra þjóða. Þeir sýndu okkur í máli og myndum hverjar afleiðingar verða sennilega af hlýnun andrúmsloftsins á hafið, hafstraumana, fiskstofnana, hækkun sjávarborðs og allt okkar líf. Það er auðvitað ábending til okkar um að við þurfum strax að grípa til varna og breyta lífsháttum okkar ef við ætlum ekki að kalla yfir okkur allar þær afleiðingar í mjög miklum mæli sem við vorum vöruð við á þessari þemaráðstefnu.

Við getum gert ýmislegt í þeim málum og byrjað heima hjá okkur eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir benti á áðan, t.d. með því hvernig við nýtum einkabílinn okkar og yfirleitt hvers konar einkabíla við veljum. Bogi Hansen vísindamaður benti okkur einnig á að fara vel með rafmagnið heima hjá okkur, ef ég man rétt. Það er nokkuð sem allir geta passað, hver um sig. (**ÁRJ:** Orkusparnaður.) Það er orkusparnaður almennt, við megum þó flest brenna orkuna sem safnast í miklum mæli utan á okkur.

Á þemaráðstefnunni á Grænlandi í vor var fjallað um ferðamál. Það er annar vettvangur þar sem Ísland, Grænland og Færeyjar eiga margt sameiginlegt og geta stutt hvert annað. Það gerum við að vissu leyti, t.d. með samvinnu í samgöngumálum, en þó ekki eins og hægt væri. Ýmsar hindranir eru í veginum, t.d. einkaleyfi dönsku flugfélaganna á ákveðnum flugleiðum. Þó var það boðað í sumar í Maniitsoq að Flugfélag Íslands væri að hefja flug til tveggja nýrra áfangastaða á Grænlandi, Maniitsoqs og Illulisats sem eru tveir mestu ferðamannastaðir Grænlendinga á vesturströndinni.

Sú hugmynd kom út úr þessari ráðstefnu á Grænlandi að koma á samstarfi um menntamál, þ.e. menntun í ferðaþjónustugeiranum, á milli Íslands, Grænlands og Færeyja. Skrifað var bréf í sumar til ferðamálafulltrúanna á Grænlandi og í Færeyjum. Það er gaman að geta sagt frá því að undirbúningur er hafinn að samstarfi í þessu efni á milli þessara þriggja landa. Aðili hefur komið frá Grænlandi að Háskólanum á Hólum í Hjaltadal til að skipuleggja nám í ferðamálafræðum sem yrði að mestu leyti fjarkennt til a.m.k. Grænlands og væntanlega Færeyja sem að vísu hefur ekki komið að undirbúningi enn þá en ég geri mér góðar vonir um að þeir komi til. Þar er einnig áhugi og þörf sem við getum uppfyllt með kennslu héðan.

Svo getur verið stór hagur fyrir Íslendinga að efla streymi til þessara tveggja landa í gegnum Ísland. Það er aukakostur sem ferðamönnum býðst ef hér verður hægt að koma á framhaldi ferða ýmist til Grænlands eða Færeyja. Það hefur verið hægt á einn áfangastað á Grænlandi þó nokkuð lengi, til Kulusuks mjög lengi, en nú eru staðir að bætast við sem er ákaflega ánægjulegt.

Í þeim ályktunum sem Vestnorræna ráðið samþykkti á ársfundinum í Þórshöfn má sjá hvaða mál hafa verið til umræðu, ræðisskrifstofur sem á að fara að opna, þá fyrri af Íslands hálfu í Færeyjum þann 1. apríl væntanlega. Samningur verður um útvíkkun fríverslunarsamnings til Grænlands en slíkur er nú þegar í gildi milli Íslands og Færeyja. Ferða-

málastefnan sem ég ræddi áðan hefur líka verið til umræðu. Síðan er tillaga um kennslu vestnorrænnar menningar í grunnskólum og það er einmitt ágætt dæmi um mismunandi viðtökur sem ályktanir frá ráðinu fá. Sú tiltekna ályktun virðist vekja allnokkrar spurningar meðal nágranna okkar. Þeir halda að ef hún kemst í gagnið muni hún e.t.v. taka of mikið frá annarri tungumálakennslu í löndunum. Ég held að kannski sé ekki aðalatriðið að við förum að kenna hvert öðru tungumálið en ég held að það sé mjög gott að fræða börn og unglinga í nágrannalöndum okkar um menningu þessara þriggja landa og hvetja þau til að kynnast nágrönnum sínum.

Síðasta tillagan er líka afrakstur þemaráðstefnu um heilbrigðismál sem haldin var í Illulisat árið 2003, en þar kom fram að reykingar eru rótin að mesta heilbrigðisvanda Dana. Rekja má hjartasjúkdóma til reykinga, krabbamein líka og ég þarf ekki að telja meira upp, þingmenn vita það. (**ÁRJ:** Hvaðeina.) Hvaðeina, já. Þarna kom fram tillaga um að við sameinuðumst um fræðslu í tóbaksvörnum. Við Íslendingar höfum staðið okkur vel í þeim efnum og getum miðlað af góðri reynslu.

Margar ályktanir Vestnorræna ráðsins hafa verið afskrifaðar vegna þess að þær komast ekki í framkvæmd. Ég vona að þær tillögur sem við samþykktum árið 2006 komist í framkvæmd enda held ég að á því séu frekar góðar líkur þar sem ýmsar þeirra eru að komast í framkvæmd eða eru þegar komnar í framkvæmd. Þar má t.d. nefna samstarf um kennslu í ferðaþjónustunni, og opnun ræðismannsskrifstofu stendur fyrir dyrum eins og ég sagði áðan.

Barnabókaverðlaunin vestnorrænu eru afhent annað hvert ár. Nú komu þau í hlut Færeyinga sem var ákaflega ánægjulegt. Þessi verðlaun hafa komið í hlut Íslendinga hingað til og manni fannst það orðið hálfpínlegt að þau kæmu alltaf í okkar hlut. Nú fékk sem sagt Færeyingur verðlaunin. Stefnan hefur verið, og vonin, að bækurnar yrðu þýddar á hin tungumálin tvö, þá yfir á færeysku og grænlensku vegna þess að Ísland hefur fengið þessi verðlaun, en það hefur því miður ekki orðið. Vonandi verður það einhvern tímann síðar að þessar bækur komi út á öllum tungumálunum þrem. Það er ekki síður mikilvægt en annað að kynna börnunum menningu hinna þjóðanna með þeim hætti að gefa þeim færi á að lesa bókmenntir þjóðanna á sínu eigin tungumáli.

Ég sé í skýrslunni að mikil umræða hefur verið í Norðurlandaráði um aðild vestnorrænu ráðanna í Færeyjum og Grænlandi að Norðurlandaráði. Þau hafa aðeins haft þar áheyrnarseturétt til þessa en hafa óskað eftir því árum saman að fá þar fullan rétt á borð við hinar þjóðirnar. Það hefur ekki komist í gegn og ég held að umræðan hafi ekki hafist af alvöru fyrr en í tíð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem forseta Norðurlandaráðs. Það virðist því vera alvarleg hreyfing á því máli að þessu sinni og það er gleðiefni.

Ég tek undir með öðrum þingmönnum sem hafa þakkað starfsmönnum sem hafa aðstoðað okkur þingmenn í þessum ferðum okkar. Ekki verður á betra kosið í því efni og ferðafélagarnir eru allir af bestu gerð.

[14:41]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Mig langaði í fáum orðum undir lokin á umræðunni að þakka úr þessum ræðustól sérstaklega fyrir umræðuna. Fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs hafa komið í ræðustól og flutt margar og góðar ræður, hafa m.a. dregið fram þau mörgu og mikilsverðu verkefni sem unnið er að í norrænu samstarfi undir hatti Norðurlandaráðsins.

Eins og ég kom að í ræðu minni hefur samstarfið verið gott milli norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Það var ágætt á þessu ári eins og endranær. Ég gat þess jafnframt að þetta samráð varðar einkum fjárlögin, bæði undirbúning árlegra fjárlaga og jafnframt endurskipulag eða nýskipan í norrænni fjárlagagerð, sem var unnið sérstaklega að á þessu ári. Af hálfu ráðherranefndarinnar er talið mjög mikilsvert að Norðurlandaráð komi að fjárlagagerðinni á sem flestum sviðum, bæði þannig að hægt sé að taka tillit til sjónarmiða og óska þingmanna og jafnframt, sem er nú markmiðið, að pólitískar áherslur endurspeglist í fjárlögunum.

Frú forseti. Í þessari umræðu hafa fleiri en einn og fleiri en tveir nefnt sérstaklega stöðu sjálfsstjórnarsvæðanna, sjálfsstjórnarlandanna eins og ég kýs frekar að kalla Færeyjar, Grænland og Álandseyjar. Það hefur m.a. verið rifjað upp að Færeyingar tilkynntu árið 2002 að þeir sæktust eftir fullri aðild að Norðurlandaráði. Síðan hefur þetta verið heilmikið í umræðunni og á árinu 2006 var skilað úttekt nefndar sem skipuð var lögfræðingum og þjóðréttarfræðingum. Þeirri úttekt var m.a. ætlað að fjalla um raunverulega stöðu sjálfsstjórnarsvæðanna gagnvart Norðurlöndum, norræna samstarfinu og þeim samningum sem norræna samstarfið byggir á. Samstarfsráðherrar Norðurlandanna hafa oft fjallað um þessa úttekt og talið þörf á að kanna frekar þær hindranir sem standa í vegi fyrir fullri aðild sjálfsstjórnarlandanna. Þá er fyrst og fremst horft til frænda okkar, Færeyinga, sem hafa öðrum fremur lýst yfir þessum áhuga sínum og sótt það fastar en Grænlendingar og Álandseyingar að fá sterkari stöðu eða fulla aðild að Norðurlandaráði.

Að frumkvæði Grænlendinga en með mjög öflugum stuðningi Færeyinga var ákveðið í desember sl. í hópi samstarfsráðherra að skipa vinnuhóp til að gera úttekt á því í hvaða norrænu nefndum og stjórnum sjálfsstjórnarlöndin hefðu sömu aðild og norrænu ríkin fimm, og í hvaða nefndum og stjórnum þau hefðu ekki sömu aðild. Þá var gert ráð fyrir því að gerð yrði grein fyrir því í hverju tilviki fyrir sig hver ástæða þess væri að sjálfsstjórnarlöndin hefðu ekki þessa sömu aðild. Ákvörðun um umboð fyrir þennan hóp verður væntanlega tekin á samstarfsráðherrafundi eftir helgi, og að tillögu forsætisráðherranna eru Finnland og Danmörk að skoða hvaða möguleikar eru á því að bæta stöðu sjálfsstjórnarlandanna í norrænu samstarfi með einhliða aðgerðum þessara ríkja, Finnlands og Danmerkur.

Ég sé það ekki beinlínis fyrir mér að þessum væntanlega vinnuhóp verði gert að koma með tillögur, hvorki um breytingar á Helsinki-samningnum né um annað. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þegar þar að kemur muni norræna samstarfsnefndin móta tillögurnar og leggja þær fyrir samstarfsráðherrana áður en þær verða sendar til forsætisráð-

herra. Eins og ég hef þegar sagt er stefnt að því að þessu máli ljúki á þingi Norðurlandaráðs í haust með því að samstarfsráðherrarnir leggi fram tillögur um hvernig megi bæta stöðu sjálfsstjórnarlandanna í norrænu samstarfi.

Kannski hefði verið vert, frú forseti, að fara aðeins yfir endurskipulagningu á norræna menningarsamstarfinu en af því að ég er hér að ræða sérstaklega stöðu sjálfsstjórnarlandanna vil ég láta þess getið að í tengslum við mikla endurskipulagningu á norrænu menningarsamstarfi fólu menningarráðherrar Norðurlandanna vinnunefnd embættismanna það verkefni að skila skýrslu um hvernig þátttaka sjálfsstjórnarlandanna og smærri málsamfélaga á Norðurlöndum yrði tryggð sem best í þessu nýja skipulagi menningarmála í framtíðinni. Megintillögur þessarar nefndar snúa að því að tryggja sjálfsstjórnarlöndunum þátttöku í nefndum ráðherranefndarinnar á jafnréttisgrundvelli, efla starfsemi norrænu húsanna og að tryggt verði að upplýsingar um starfsemi Kulturkontakt Nord séu ávallt fyrirliggjandi á öllum norrænu tungumálunum.

Þessa vildi ég nú láta getið sem lýtur að stöðu sjálfsstjórnarlandanna í norrænu samstarfi en það hefur ekki farið á milli mála í þeirri umræðu sem farið hefur fram á vettvangi norræns samstarfs, bæði innan ráðherranefndarinnar og eins Norðurlandaráðsins, að Færeyingar sem hafa sótt þetta fastast eiga hauk í horni þar sem við Íslendingar erum.

Umræðu lokið.

## *NATO-þingið 2006, ein umr.*

Skýrsla ÍNATO, 613. mál. — Þskj. 913.

[14:48]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Óhætt er að segja að starfsemi Íslandsdeildar NATO-þingsins á liðnu ári hafi markast af þeim miklu kaflaskilum sem urðu í öryggissögu Íslands. Á þessum vetri gerðist það að ameríski herinn sem hér hafði verið í krafti tvíhliða varnarsamningsins frá 1961 hvarf af landi brott samkvæmt einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar. Einnig er óhætt að segja að þetta olli því, að öllum líkindum, að Íslandsdeildin var virkari en hún hefur sennilega nokkru sinni verið áður í sögu þátttöku Íslands í NATO-þinginu. Sömuleiðis vil ég að það komi alveg skýrt fram að mikil eindrægni ríkti meðal fulltrúa Alþingis á NATO-þinginu í þessu máli. Þannig á það líka að vera, það skiptir miklu máli að fullkomin samstaða sé hjá þeim sem koma fram fyrir Íslands hönd í burðarmálum sem líta má á að séu partur af undirstöðu fullveldis okkar sem þjóðar.

Af því tilefni, frú forseti, vil ég undirstrika að ég hef verið valinn til þess trúnaðar að vera formaður í þeirri nefnd þrátt fyrir það að ég er ekki í liði stjórnarinnar heldur vonandi með öflugri andstæðingum hennar á þeim velli þar sem hún á það skilið. En ég vil taka alveg skýrt fram að við höfum komið fram sem einn maður og talað einni röddu um hið mikilvæga mál, öryggishagsmuni Íslands. Óhætt er að segja að það er reynsla mín af þátttökunni í NATO-þinginu og Þingmannasambandi Atlantshafsbandalagsins að það er kjörinn vettvangur fyrir smáþjóð eins og okkar til að koma með öflugum hætti fram sjónarmiðum okkar á því mikilvæga máli sem öryggishagsmunirnir eru. Það gerðum við líka öll svikalaust á öllum þeim fundum sem við sóttum af hálfu Alþingis. Við lögðum kapp á það á þessu ári að sækja alla þá fundi þar sem við máttum upp röddu koma og á öllum þeim fundum tókum við til máls oftar en einu sinni og notuðum hvert tækifæri á meðan samningar okkar og Bandaríkjamanna stóðu yfir til að koma á framfæri þeim viðhorfum sem samstaða hefur ríkt um meðal meginhluta alþingismanna varðandi þennan málaflokk.

Strax þegar Bandaríkjamenn tilkynntu einhliða 15. mars sl. að þeir hygðust láta varnarliðið hverfa héðan í burtu fyrir lok september 2006 hófst Íslandsdeildin handa við að nýta þau sambönd sem hún hafði í gegnum veru sína og þátttöku í þingi Atlantshafsbandalagsins til að kynna málstað Íslendinga. Við tókum málið upp í bréfaskriftum, við sendum m.a. öllum formönnum landsdeilda NATO-deildanna bréf þar sem við kynntum málstað Íslendinga og óskuðum eftir stuðningi þeirra ef á þyrfti að halda til þess að tryggja að nægilega viðunandi samningar tækjust. Við notuðum sömuleiðis alla fundi til að koma málstað okkar á framfæri í ræðum, og þegar við áttum þess kost að leggja fyrirspurnir fyrir æðstu ráðamenn, bæði ráðherra og framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins gerðum við það.

Við óskuðum sömuleiðis eftir því að þegar hinn árlegi vorfundur var haldinn, að þessu sinni í París, yrði sérstök umræða utan dagskrár í þinginu í einni mikilvægustu nefnd þingsins um varnarmál Íslendinga. Rétt er frá því að greina að hvarvetna birtist mikill skilningur á málum okkar og fráfarandi forseti þingmannasambandsins, Pierre Lellouche, frakkneskur maður, gerði það sem hann gat til að hægt væri fyrir Íslendingana að koma málstað sínum fram í þeirri utandagskrárumræðu sem ég nefndi áðan. Þar bar það til tíðinda að allir þeir sem tóku þátt í umræðunni tóku undir málstað Íslendinga, ekki síst þeir vinir sem við eigum að mæta í Eystrasaltslöndunum og reyndar líka í þeim löndum Atlantshafsbandalagsins þar sem ekki er að finna hefðbundnar loftvarnir, eins og t.d. Lúxemborg og nokkrum öðrum.

Í máli þeirra þingmanna sem tóku til máls í umræðunum um öryggishagsmuni Íslands kom fram sú sterka skoðun, sem ég tel vert að komi fram hér, að nauðsynlegt væri að Atlantshafsbandalagið kæmi því í fastar og stjórnskipaðar skorður með hvaða hætti bandalagið tryggði loftvarnir þeirra ríkja innan bandalagsins sem ekki ráða sjálf fyrir hefðbundnum loftvörnum. Sérstaklega kom það fram af hálfu þeirra sem komu frá Eystrasaltsríkjunum að þeir voru mjög fýsandi þess að slíkt fyrirkomulag væri tekið upp. Það helgast auðvitað af því, frú forseti, að þau ríki sem eru nú nýgengin í Atlantshafsbandalagið hafa ekki komið sér upp flugflota sem nægir til þess að verja lofthelgi þeirra en hafa hins vegar með ákaflega hugvitsamlegum hætti náð samkomulagi við ýmis lönd innan Atlantshafsbandalagsins sem taka að sér hvert um sig tímabundið að verja lofthelgi þeirra. Þetta er fyrirkomulag sem við Íslendingar ættum að skoða nánar í framtíðinni og gæti vel verið að væri hægt að nýta þá aðstöðu sem við höfum á Keflavíkurflugvelli þar sem varnarliðið var áður til húsa og æfingaþörf flugflota

hinna ýmsu ríkja Atlantshafsbandalagsins til þess að tryggja hér nægilega þéttar loftvarnir. Ég vil segja það, frú forseti, alveg fullum fetum að slíkar varnir eru hluti af því að verja fullveldi. Okkur tókst að gera það áður með samningum við Bandaríkin. Í kjölfar þess að herinn fór náðist varnarsamkomulag við Bandaríkin og ég hef áður lýst skoðun minni á því samkomulagi og ágöllum þess og ætla ekki nota þessa umræðu til að fara frekar út í þá afstöðu. Ég er ekki sammála ríkisstjórninni í því máli en ég hef gætt þess eigi að síður þegar ég hef talað sem fulltrúi Íslands á þingum Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins, að ég hef komið á framfæri því sem er skoðun meiri hlutans hér í því máli, þó að ég hafi á stundum getið þess að gjarnan hefði ég viljað sjá það mál með öðrum hætti.

Á fundum þingmannasambandsins gefst gott tækifæri, ekki aðeins fyrir Alþingi, að öðlast mikilvæg tengsl sem í þessu máli koma okkur mjög til góða, heldur líka til að fylgjast með þróun sérstaklega í hinum viðkvæmari hlutum heims. Þessi þingmannasamtök hafa eins og mörg önnur þróast í þá veru að þar hafa menn tekið upp harðar varnir fyrir mannréttindi og lýðræðisþróun og NATO-þingið hefur hvað eftir annað látið til sín taka með harðorðum ályktunum ef einstök ríki sem eru á jaðri bandalagsins, jafnvel innan þess, eða önnur ríki hafa orðið uppvís að mannréttindabrotum. Ég nefni sem dæmi að á þingum sambandsins voru samþykktar harðorðar ályktanir einmitt um ákveðin brot sem komust upp í Hvíta-Rússlandi og í ýmsum öðrum ríkjum. Við höfum sömuleiðis á þessum þingum fjallað um mögulega stækkun Atlantshafsbandalagsins.

Ég tek þetta sérstaklega hér upp, frú forseti, vegna þess að Íslendingar voru á sínum tíma með vissum hætti brautryðjendur fyrir Eystrasaltsríkin, ekki aðeins að því er varðaði frelsun þeirra undan ægivaldi hinna föllnu Sovétríkja heldur mæltum við líka fyrir því í þessum sölum og á alþjóðlegum samkomum að þau ríki fengju aðild að Atlantshafsbandalaginu. Á þeim tíma þegar Íslendingar, við jafnaðarmenn og reyndar líka sjálfstæðismenn tókum upp þennan málstað hér á Alþingi og t.d. á Norðurlöndum átti sá málflutningur ekki alltaf miklu fylgi að fagna. Nú hins vegar blasir við að sennilega á næstu árum stendur fyrir dyrum önnur stækkunarhrina hjá Atlantshafsbandalaginu. Þó er það svo að nýlokið er stórum leiðtogafundi NATO í Ríga og ólíkt síðustu stóru leiðtogafundunum var þar hvorki tekið á móti nýjum bandalagsríkjum né var nokkrum umsóknarlöndum formlega boðið til aðildarviðræðna á fundinum í Ríga. Hins vegar var það gert uppskátt og raunar boðað að Balkanríkjunum Albaníu, Króatíu og Makedóníu yrði formlega boðið til aðildarviðræðna á næsta leiðtogafundi sem er ráðgerður vorið 2008. Ég hef látið það koma fram, frú forseti, á fundunum fyrir hönd hins íslenska Alþingis að það sé vilji okkar sem smáþjóðar og þingmanna þessarar þjóðar að það sé hlustað vel og tekið vel á móti þeim smáþjóðum ef þær kjósa sjálfar að leita skjóls í viðsjálum heimi innan þessa bandalags. Það er málflutningur sem er algjörlega í þeim anda sem við höfðum áður uppi varðandi Eystrasaltsríkin.

Sömuleiðis var á Ríga-fundunum ákveðið að bjóða þremur öðrum Balkanríkjum, Bosníu-Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi, aðild að samstarfsáætlun í þágu friðar. Þessi áætlun sem er í þágu friðar er eins konar rammaáætlun um tvíhliða samstarf milli annars vegar NATO og hins vegar einstakra samstarfsríkja. Í rammaáætluninni er lýst ýmsum víðtækum skuldbindingum sem þau ríki sem vilja gerast aðilar að rammaáætluninni verða að hlíta. Þar ber að sjálfsögðu hæst að þau verða að gangast undir það að viðhalda lýðræðislegum stjórnarháttum, virða alþjóðalög og efna skyldur sínar samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og mannréttindayfirlýsingunni og öðrum alþjóðlegum samningum um afvopnun og takmörkun vopna. Á móti skuldbindur Atlantshafsbandalagið sig til þess að eiga samstarf við þau ríki um öryggis- og varnarmál. Þetta er eins konar aðfari að aðildarumsókn sem síðar er líklegt að komi upp í tilviki þessara ríkja. Tekið var sérstaklega fram, af því að ég nefni þessi þrjú ríki af því tilefni, að í yfirlýsingu fundarins var það auðvitað forsenda þess að ríki eins og Serbía og Bosnía-Hersegóvína eigi möguleika á því að tengjast Atlantshafsbandalaginu nánari böndum að þau sýni fullan samstarfsvilja við Alþjóða sakamáladómstólinn í Haag og því lýst yfir að Atlantshafsbandalagið mundi fylgjast mjög nákvæmlega með aðgerðum ríkjanna í því sambandi.

Ég vil líka geta þess að á fundi sem við erum nýlega komin af, fulltrúar Alþingis, bar á góma hugsanlega aðild Georgíu. NATO-þingið hefur áður lýst því yfir með ályktun að það styðji aðild Georgíu að sambandinu. Ég tók sem formaður nefndarinnar ákaflega sterklega undir það. Georgía er eitt af þeim ríkjum sem hafa fulla ástæðu til að ugga um framtíð sína. Landfræðilega situr það í skugga stórs og öflugs nágranna sem á síðustu árum hefur verið að láta skína heldur meira í tennurnar en í lok kalda stríðsins, þ.e. Rússland. Það er nauðsynlegt að draga fram í þessu sambandi að innan Georgíu eru tvö svæði, Suður-Ossetía og Abkazía, þar sem eru sterkar sjálfstæðishreyfingar og í Abkazíu sérstaklega hafa verið langvarandi átök hreyfingar sem hefur verið studd mjög dyggilega og vædd vopnum af Rússlandi. Þetta gerir það að verkum að það er hugsanlega erfitt að fara jafnjákvæðum höndum um umsókn Georgíu og ég tel sjálfur æskilegt. Ég tel að það skipti miklu máli að smáþjóðir eins og Ísland sem eiga allt sitt undir stuðningi annarra smáþjóða og velvild stórþjóða bregðist ekki smáþjóð eins og Georgíu á svona tímum. Ég tel að það skipti miklu máli að við styðjum óskir þeirra um að gerast fullgildir aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Ég tel að reynsla Eystrasaltsríkjanna af því skjóli sem þau fundu þar sýni alveg svart á hvítu að það er þjóð í þeirri stöðu sem Georgíumenn eru ákaflega nauðsynlegt.

Ég vil geta þess að við, allir þingmennirnir sem höfum verið virk í þessu samstarfi fyrir hönd hins íslenska Alþingis, höfum hvað eftir annað, sérstaklega hv. þm. Magnús Stefánsson sem þá var venjulegur þingmaður en er nú orðinn hæstv. félagsmálaráðherra, vonandi vegna þess að allir sem fara í gegnum þessa nefnd verði fljótlega ráðherrar á eftir, við skulum vona það, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, og líka hv. þm. Dagný Jónsdóttir, lagt ríka áherslu á það sérstaklega áður en gengið var frá varnarsamkomulaginu við Bandaríkin að nauðsynlegt væri fyrir okkur Íslendinga að hafa fulla tryggingu fyrir því að eftirlit og björgunarstörf á hafinu umhverfis Ísland væru fullkomlega tryggð. Hv. þm.

Dagný Jónsdóttir flutti prýðilega ræðu um þetta mál á fundi í Quebec í Kanada þar sem hún einmitt benti á þá staðreynd að hér við Ísland er líklegt að umferð um höfin norðanvert og suður úr aukist stórkostlega vegna þeirrar áherslu sem Evrópa, Evrópusambandið og einstök Evrópuríki og má segja Vesturlönd öll, leggur á það að verða sem næst því sjálfri sér næg hvað varðar öflun orku.

Auðvitað er það svo, eins og fram kom í umræðum á síðasta fundi sem við sóttum um daginn út í Brussel, að við getum ekki gert ráð fyrir að Evrópa verði nokkru sinni fullkomlega sjálfri sér næg. Hins vegar, vegna þess ástands og óöryggis sem hefur komið upp í orkumálum heimsins á síðustu árum, hafa Evrópuríkin og Evrópusambandið lagt ríka áherslu á að gengið yrði til þess að fullnýta orkulindir innan Evrópu sem menn höfðu áður annaðhvort horfið frá eða talið fullnýttar. Staðreyndin er sú að gríðarlegar hækkanir á olíuverði hafa leitt til þess að svæði sem áður var horfið frá og menn töldu að ekki svaraði kostnaði að nýta eru nú nýtanleg þannig að menn geti sótt hagnað til þess. Sömuleiðis og af sömu orsökum er það nú svo að olíusvæði sem eru á miklu dýpi og á hafsvæðum fjarri meginlöndum, mjög norðarlega, þar sem veður eru vond og válynd og öryggi þar af leiðandi lítið og hættulegt og erfitt var að sækja til áður, eru nú talin vinnanleg. Þetta eru svæði sem eru norður undir heimskauti, fyrir norðan Noreg. Á þessum svæðum er líklegt að á næsta áratug og örugglega næstu áratugum muni verða mikil olíuvinnsla. Þetta eru mestu óunnu olíulindirnar sem þekktar eru á norðurhveli jarðar í dag. Af þeim ástæðum er líklegt að umferð með olíu og gas muni stóraukast í gríðarlega stórum tankskipum um norðanvert, vestanvert og austanvert Ísland. Það skapar ákveðna hættu fyrir þjóð eins og okkar sem enn hefur miklar tekjur og hvílir á traustum stoðum í sjávarútvegi. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir, eins og flokksbróðir hennar, núverandi hæstv. félagsmálaráðherra, lögðu sterka áherslu á að nauðsynlegt væri að þetta yrði tekið inn í þann reikning þegar menn véluðu um öryggismál á norðurhveli.

Þetta er mjög í þeim anda sem menn hafa talað í þinginu og rétt að rifja það upp að þegar varnarsamkomulagið við Bandaríkin var gert var það einmitt lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að efnt skyldi til þess að Ísland gæti gengið inn í sérstakan samstarfssamning þjóða eins og Kanada, Ameríkumanna, Breta og reyndar fleiri um slíkt björgunar- og eftirlitsstarf í norðurhöfum. Þetta er það sem við höfum lagt mikla áherslu á og skiptir gríðarlega miklu máli þegar menn huga að öryggi Íslands í framtíðinni. Í samstarfi af þessu tagi opnast augu þeirra sem koma frá smáþjóðum eins og okkur þar sem ekki eru hefðbundnir herir fyrir því hversu flókin öryggismálin geta verið í ýmsum þeim heimshlutum þar sem viðsjár eru. Við Íslendingar höfum á síðustu árum með nokkurri ánægju, flest okkar að ég held, tekið þátt í uppbyggingarstarfi í Afganistan. Eins og hæstv. utanríkisráðherra sagði hér í umræðu um friðargæslu um daginn þá höfum lært af reynslunni og reynslan af starfi okkar í Afganistan hefur leitt til þess að við höfum, Íslendingar, lagt ríkari áherslu á borgaraleg mannúðarstörf en kannski minni á þess konar störf sem krefjast þess að menn séu væddir vopnum og jafnvel gráir fyrir þeim á stundum.

Það er athyglisvert að fylgjast með umræðum á þingum Atlantshafsbandalagsþingmannasamtakanna þar sem menn eru komnir beint frá þessum átakasvæðum og greina frá því með hvaða hætti hlutirnir eru að þróast. Við Íslendingar höfum t.d. heyrt það í fjölmiðlum allra síðustu daga og um langt skeið að Íranir séu þjóð sem bjóði mjög hættu og öryggi ýmissa annarra þjóða heim. Vísast má færa sterk rök fyrir því og vísa ég þá til meintrar kjarnorkuvopnavæðingar Írana en það er athyglisvert að t.d. í landi eins og Afganistan gegna Íranir veigamiklu hlutverki við það að stilla til friðar. Fyrir nokkrum dögum hlustaði ég á yfirmann Sameinuðu þjóðanna í Afganistan lýsa því að líkast til væru Íranir sú þjóð sem næst gengi, eins og hann orðaði það, Bandaríkjunum í því að koma á friði í landinu. Þetta þótti Íslendingi, sem er vanur fréttaflutningi hinna vestrænu miðla af Íran, töluvert önnur latína en sú sem tuggin er hér jafnan. Þetta á sér líka ákveðnar ástæður, það eru mismunandi trúarbrögð sem valda þessu.

Sömuleiðis var fróðlegt að heyra menn sem hafa verið á blóðvellinum miðjum lýsa því að sú þjóð sem harðast virðist ganga gegn því að hægt sé að afvopna ýmiss konar skæruliðasamtök í Afganistan er sú þjóð sem a.m.k. Bandaríkjamenn líta mjög oft á sem eina af sínum helstu vinaþjóðum, þ.e. Pakistan. Í ljós kemur þegar menn skoða þessi mál að t.d. bara á síðasta ári, eins og við höfum heyrt í fréttum, voru gerðar 157 sjálfsmorðsárásir í Afganistan sem leiddu til gríðarlegs mannfalls. Þetta voru nýmæli því að sjálfsmorðsárásir hafa ekki verið hluti af átakahefðinni á þessu svæði. Hver sjálfsmorðsárás er nákvæmlega undirbúin og skipulögð og er gríðarlega kostnaðarfrek, er talin kosta 150–200 þús. dollara. Árásirnar sem þarna hafa verið kortlagðar hafa kostað á bilinu 30–50 millj. dollara. Þær eru skipulagðar og fjármagnaðar handan landamæranna í Pakistan, í Suður-Vasiristan, þar sem pakistönsk stjórnvöld hafa a.m.k. á ekki borði gripið til nægilegra gagnráðstafana til þess að kveða þessa gerninga niður þó að þau hafi gert það í orði. Ég nefni þetta í lok ræðu minnar til að upplýsa aðeins um það hvað það getur verið fróðlegt og veitt nýja og merkilega innsýn í gang heimsmálanna í hinum fjarlægari hlutum þar sem viðsjár eru miklar fyrir fólk eins og okkur sem komum langt að.

Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar og skýrsluflutnings, frú forseti, hefur ríkt mikil eindrægni meðal þeirra þingmanna, hvort sem er í stjórn eða stjórnarandstöðu, sem setið hafa á palli fyrir hið íslenska Alþingi innan þessara samtaka. Ég vil sérstaklega þakka félögum mínum í nefndinni fyrir gott samstarf, hv. þingmönnum Dagnýju Jónsdóttur og Einari Oddi Kristjánssyni, varaformanni nefndarinnar, og sömuleiðis hæstv. núverandi félagsmálaráðherra, Magnúsi Stefánssyni, sem tók mjög virkan þátt í nefndinni áður en hann upphófst til þeirrar fremdar sem yfir honum hvílir nú. Sömuleiðis vil ég þakka starfsmanni nefndarinnar, Stíg Stefánssyni, fyrir ákaflega góðan undirbúning og mikla hjálp og liðsinni við starf nefndarinnar. Hann tók við af Andra Lútherssyni sem nú er fjarri góðu gamni og syrgður mjög en má þar segja að ekki hafi mátt á milli sjá hvor væri öflugri.

Umræðu lokið.

[15:11]

**Útbýting:**

Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 631. mál, frv. SigurlS o.fl., þskj. 939.

Fjöldi háskólanema á árunum 1995–2006, 484. mál, svar menntmrh., þskj. 932.

Gjaldtaka fyrir farsíma- og netþjónustu, 492. mál, svar samgrh., þskj. 922.

Íslenska táknmálið, 630. mál, frv. SigurlS o.fl., þskj. 938.

Samsetning afla vinnsluskipa úr uppsjávarstofnum, 636. mál, þáltill. ÓlE, þskj. 944.

Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, 643. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 961.

Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., 644. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 962.

Virðisaukaskattur, 558. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 963.

## *Evrópuráðsþingið 2006, ein umr.*

Skýrsla ÍÞER, 551. mál. — Þskj. 822.

[15:13]

**Birgir Ármannsson:**

Hæstv. forseti. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur í 28. sinn lagt skýrslu fyrir Alþingi. Skýrslan er viðamikil og fjallar um störf Íslandsdeildarinnar og Evrópuráðsþingsins á starfsárinu 2006 og hana er að finna á þskj. 822. Ég vil fylgja þessari skýrslu úr hlaði með nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess, hv. þingmönnum til upprifjunar, að hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um hugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið fyrir sig samningum og bindandi fjölþjóðasáttmálum á ýmsum sviðum.

Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem samþykktir hafa verið hafa haft víðtæk áhrif í allri álfunni. Fjölmargir sáttmálar á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru taldir mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræðisfyrirkomulagi og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Þar ber auðvitað hæst mannréttindasáttmála Evrópu.

Aðildarríkjum Evrópuráðsins hefur fjölgað mjög á síðustu árum í kjölfar þeirra umbrota sem hafa átt sér stað í austurhluta álfunnar og hefur ráðið beitt sér mjög í því skyni að efla lýðræðisþróun og virðingu fyrir mannréttindum innan hinna nýju ríkja.

Evrópuráðsþingið er nú vettvangur fulltrúa þjóðþinga 46 aðildarríkja og gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi ráðsins enda er þingið nokkurs konar hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu koma saman fjórum sinnum á ári 315 fulltrúar og jafnmargir til vara. Ólíkt ráðherranefnd Evrópuráðsins þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Á þinginu starfa fimm flokkahópar og mikilvægi þingsins felst einkum í þrem þáttum, í fyrsta lagi að eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum og tilmælum til ráðherranefndarinnar, í öðru lagi að hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir og loks að vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinganna.

Starfsemi Evrópuráðsþingsins var víðfeðm á árinu 2006 og málaflokkarnir sem til umræðu voru á þinginu sjálfu og í nefndum þess fjölmargir. Hér er ekki tóm til að fjalla ítarlega um einstaka fundi Evrópuráðsþingsins og öll þau mál sem þar var um fjallað. Vil ég í því sambandi fyrst og fremst vísa til umfjöllunar í skýrslunni sem lögð hefur verið fyrir þingið.

Það eru þó nokkur mál sem ég vil nefna sem komu til kasta Evrópuráðsþingsins á síðasta ári, einkum þrjú málefni sem hafa vakið athygli og verið með nokkrum hætti í brennidepli fjölmiðla. Þau tengjast öll, hvert með sínum hætti, því grundvallarhlutverki Evrópuráðsþingsins að standa vörð um hugsjónir aðildarríkjanna um lýðræði, mannréttindi og réttarríki.

Í fyrsta lagi er rétt að geta þess að á vettvangi Evrópuráðsþingsins var ítarlega fjallað um fangaflutninga og leynileg fangelsi í Evrópu sem bandaríska leyniþjónustan CIA bar ábyrgð á. Það er óhætt að segja að það hafi vakið mesta athygli af þeim málum sem komu til kasta Evrópuráðsþingsins á árinu. Það var Evrópuráðsþingið sem brást fyrst alþjóðastofnana við fréttum í fjölmiðlum af ólöglegum fangaflutningum og leynifangelsum í lögsögu Evrópuríkja og hóf eigin rannsókn á málinu í desember 2005.

Svissneski öldungadeildarþingmaðurinn Dick Marty stjórnaði rannsóknninni, þ.e. þeirri nefnd sem hafði rannsóknina með höndum, en samkvæmt niðurstöðum hennar höfðu einstaklingar verið handteknir innan Evrópu að frumkvæði bandarísku leyniþjónustunnar án dóms og laga og verið fluttir með borgaralegum flugvélum milli Evrópulanda eða til ríkja utan álfunnar. Fram kom að föngunum hefði verið haldið í leynilegum fangelsum, jafnvel í einhverjum ríkjum þar sem vitað er að pyndingar hafa viðgengist. Þessar handtökur og fangaflutningar virtust hafa farið fram með vitund eða samvinnu einhverra öryggisstofnana í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Tilgangur þessarar rannsóknar var hvorki að fordæma né sakfella aðila í málinu, heldur upplýsa með það fyrir augum að koma í veg fyrir að svipuð starfsemi gæti átt sér stað í framtíðinni. Fangaflugsmálið og rannsókn þess er skýrt dæmi um það hvers Evrópuráðsþingið getur verið megnugt þótt möguleikar þess fjárhagslegir og varðandi starfsafla séu auðvitað takmarkaðir. En þarna tók Evrópuráðsþingið frumkvæði í erfiðu máli og aðrar alþjóðlegar stofnanir hafa svo fylgt á eftir. Í því sambandi má benda á að Evrópuþingið, þ.e. þing Evrópusambandsins, samþykkti í síðustu viku skýrslu um fangaflugið þar sem ríkisstjórnir 14 ESB-ríkja eru gagnrýndar fyrir að hafa haft samstarf eða vitund um þessa fangaflutninga.

Annað mál sem sérstaklega var í brennidepli á starfsárinu voru hinar miklu deilur og átök sem brutust út í kjölfar birtingar danska dagblaðsins Jótlandspóstsins á skopmyndum af Múhameð spámanni. Kjarni deilunnar snerist um mörk tjáningarfrelsis og virðingu fyrir trúarbrögðum en þessar myndbirtingar ollu sem kunnugt er mjög hörðum viðbrögðum í ríkjum múslima og meðal múslima í Evrópu.

Evrópuráðsþingið hvatti til umburðarlyndis og virðingar gagnvart trúarbrögðum en áréttaði að ekki mætti setja hömlur á tjáningarfrelsi, enda væri það óvefengjanlegur grundvallarréttur. Evrópuráðið hefur áður lagt til vettvang og efnt til funda trúarleiðtoga frá ólíkum trúarbrögðum til að ýta undir samræður og skilning milli menningarheima. Í ljósi skopmyndadeilunnar og þróunar að öðru leyti má ætla að þessi þáttur í starfseminni muni aukast.

Þriðja málið sem ég ætla að nefna frá árinu 2006 sem kom ítrekað til umræðu á vettvangi Evrópuráðsþingsins er ný stofnun Evrópusambandsins á sviði mannréttindamála, svokölluð Stofnun ESB um grundvallarréttindi sem á enskri tungu er nefnd „Agency of Fundamental Rights", sem mun hafa tekið til starfa í Vín í byrjun þessa árs. Þessi stofnun er reist á grunni miðstöðvar ESB gegn kynþáttahatri sem starfað hefur í Vín um árabil. Þingmenn á Evrópuráðsþinginu hafa lýst áhyggjum sínum af því að ESB sé með stofnuninni að seilast inn á kjarnastarfssvið Evrópuráðsins, þ.e. svið mannréttindamála. Margir hafa ekki séð tilganginn í því að hafa tvær stórar evrópskar stofnanir starfandi á þessu sviði og bent á að það kynni að hafa í för með sér óhagræði í formi tvíverknaðar og hugsanlega samkeppni milli þessara stofnana.

Því er ekki að leyna að á vettvangi Evrópuráðsþingsins hafa ýmsir þingmenn haft áhyggjur fyrir hönd Evrópuráðsins og telja að að því kunni að verða þrengt með þessari stofnanauppbyggingu ESB. Þess má geta að á vettvangi ESB er ekkert, eða virðist lítið, til þessarar starfsemi sparað. Hin nýja stofnun á að fá hærri fjárveitingar en öll starfsemi Evrópuráðsins á hverju ári þannig að áhersla aðildarríkja ESB sem jafnframt eiga aðild að Evrópuráðinu hefur auðvitað verið umdeild, að ríkisstjórnir þessara landa skuli vera tilbúnar að leggja verulega fjármuni í þessa nýju stofnun en hafi hins vegar haldið að sér höndum varðandi framlög til Evrópuráðsins og stofnana þess. Þetta atriði hefur verið umdeilt og um það hafa verið skiptar skoðanir. Niðurstaðan má segja að sé á þá leið að allir málsaðilar hafi lagt á það áherslu að það sé mikilvægt að á milli stofnananna verði skýr verkaskipting, einkum með þeim hætti að hin nýja stofnun ESB einbeiti sér að þeim sviðum mannréttindamála sem falla undir sameiginlega löggjöf Evrópusambandsins, en Evrópuráðið hafi aðra þætti með höndum.

Það er nauðsynlegt að hafa í huga í þessu sambandi að Evrópuráðið hefur allt frá stofnun sinni verið sameiginlegur vettvangur Evrópuríkja til þess að standa vörð um mannréttindi og lýðræði og á þannig áratuga sögu á þessu sviði, hefur með höndum margvíslegt starf sem lýtur að þessu, ekki síst starf mannréttindadómstólsins sem þegar hefur fyrir löngu sannað gildi sitt.

Það má líka nefna að aðildarríki ráðsins eru talsvert fleiri en aðildarríki Evrópusambandsins, og Evrópuráðið hefur þannig mun víðari skírskotun í álfunni en ESB.

Fleiri þætti mætti nefna sem komið hafa til umræðu á vettvangi Evrópuráðsins en ég læt nægja að öðru leyti að vísa til þeirrar skýrslu sem hér hefur verið lögð fram.

Varðandi starf Íslandsdeildarinnar vil ég geta þess að hún tók að venju virkan þátt í störfum Evrópuráðsþingsins og þingmenn sóttu héðan nefndafundi í þeim nefndum sem þeir eiga aðild að. Í skýrslunni er að finna greinargóða lýsingu á þinginu og þátttöku Íslandsdeildar en mér finnst samt ástæða til að nefna sérstaklega hér að í tengslum við janúarfund Evrópuráðsþingsins í fyrra efndi Íslandsdeildin ásamt heilbrigðisráðuneytinu og í samstarfi við Auði Guðjónsdóttur hjúkrunarfræðing til kynningar á mænuskaðaverkefni sem unnið hefur verið á vegum íslenskra heilbrigðisyfirvalda og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Þessi kynning fór fram í Evrópuhöllinni í Strassborg meðan á þingfundum stóð. Fjöldi evrópskra þingmanna, embættismanna og stjórnarerindreka sótti þessa kynningu, hlustaði á ávörp og horfði á heimildarmyndina „Hvert örstutt spor" þar sem m.a. er lýst eftir þekkingu fagfólks um allan heim og upplýsingum um meðhöndlun á fólki sem hlotið hefur mænuskaða. Fram kom að alþjóðlegur gagnabanki á þessu sviði er í undirbúningi og þar stendur til að safna saman margvíslegum upplýsingum um mænuskaða sem verða öllum aðgengilegar, bæði fagfólki og almenningi.

Auður Guðjónsdóttir hefur um árabil verið hvatamaður að því að kynna málefni þeirra sem hlotið hafa mænuskaða og barist fyrir stofnun alþjóðlegs gagnabanka á þessu sviði. Mat mitt er að kynningin hafi heppnast afar vel og vakið mikla athygli og jákvæð viðbrögð þeirra sem hana sóttu.

Á undanförnum árum hefur verið lögð ríkari áhersla á alþjóðlegt samstarf af hálfu okkar Íslendinga en áður og segja má að öllum megi vera ljóst að það skiptir verulegu máli vegna þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á alþjóðlegum vettvangi og í samfélagi þjóðanna.

Fundir nefnda Evrópuráðsþingsins eru fjölmargir á hverju ári. Á þinginu starfa alls 10 málefnanefndir og 24 undirnefndir þeirra. Nefndirnar koma saman til funda í tengslum við þessi ársfjórðungslegu þing Evrópuráðsþingsins í Strassborg en auk þess efna nefndirnar reglulega til funda utan þess tíma sem þingið sjálft er að störfum.

Það liggur í augum uppi að þingmenn í Íslandsdeildinni eiga þess ekki kost að sækja alla þá nefndafundi sem boðið er upp á vegna tíma og hugsanlegra fjarvista. Ég rifja það upp að fjöldi í einstökum landsdeildum ræðst að nokkru leyti af stærð ríkja þannig að við Íslendingar erum fáliðuð á þessum vettvangi og verðum að dreifa okkur víða.

Það má segja að í dag skipti þingmenn Íslandsdeildarinnar með sér verkum í mjög góðri sátt. Starfar hver í nokkrum nefndum þingsins en eðli málsins samkvæmt einbeita menn sér að mismunandi málaflokkum og leggja mismikla áherslu á störf í þeim nefndum sem þeir eiga sæti í.

Af hálfu Íslandsdeildarinnar voru á árinu 2006 sóttir fjórir nefndafundir utan hefðbundinna þingfunda Evrópuráðsins en að jafnaði má segja að Íslandsdeildarmenn hafi sótt fundi í flestum nefndum þingsins meðan á þingfundum stóð.

Aðalmenn í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins voru mestan hluta síðasta árs þau Margrét Frímannsdóttir Samfylkingunni og Kristinn H. Gunnarsson Framsóknarflokki auk þess sem hér stendur.

Nokkrar breytingar urðu innan ársins á skipan aðal- og varamanna í Íslandsdeildinni og eins varðandi skipan Íslandsdeildarmanna í nefndir Evrópuráðsþingsins en ég vísa til skýrslunnar nánar um það efni.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka Íslandsdeildar-

mönnum gott samstarf á þessum mikilvæga vettvangi sem og starfsfólki fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu sem hefur verið þingmannanefndinni innan handar um margvíslega hluti og eins starfsmönnum alþjóðasviðs Alþingis sem aðstoðað hafa okkur í þessu starfi. Einkum vil ég geta Stígs Stefánssonar sem nú gegnir starfi ritara Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins.

[15:28]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir ítarlega framsögu um starfsemi Evrópuráðsþingsins og störf okkar þar og jafnframt fyrir góða og styrka forustu hópsins á síðasta ári. Eins og fram kom í ræðu hans erum við bara þrjú sem erum aðalmenn í sendinefnd þingsins á Evrópuráðsþingum. Við skiptum með okkur verkum og þar verðum við að takast á við nokkuð margar nefndir. Ég hef verið í jafnréttisnefnd, félags- og heilbrigðisnefnd og flóttamannanefnd. Vegna þess fjármagns sem veitt er í þennan þátt í erlendu samstarfi hjá þinginu höfum við ekki tök á því að sækja alla þá nefndafundi sem við þyrftum sem er auðvitað slæmt en við höfum hins vegar valið okkur þá málaflokka sem við leggjum mesta áherslu á. Þar hef ég lagt meiri áherslu á jafnréttismálin og félags- og heilbrigðismálin en að starfa með nefndinni um málefni flóttamanna. Ég verð þó að segja að störf þessara þriggja nefnda tengjast mjög og fjalla oft og tíðum um nánast sömu málin.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég sagði þegar skýrslan var flutt hér á síðasta ári, að á Alþingi mætti leggja meiri áherslu á störfin innan Evrópuráðsins og að í raun þyrfti að endurskoða þessa starfsemi þingsins, þ.e. alþjóðleg samskipti, og það vægi sem hefur verið í þeim störfum. Það er auðvitað ekki réttlátt að koma inn á það hér þegar lokið er umræðu um starfsemi Norðurlandaráðs og samstarf okkar við Norðurlöndin en ég er þeirrar skoðunar að það mætti að ósekju draga aðeins úr vægi Norðurlandaráðs en auka vægi í annarri starfsemi, eða jafna frekar ef ég má orða það svo. Er ég þó ekki að kasta rýrð á þetta norræna samstarf sem er auðvitað mjög mikilvægt, en í breyttu samfélagi þjóðanna eru orðnir fleiri þættir, og aðrir, sem þyrfti að leggja meiri áherslu á í starfsemi þingsins og í alþjóðlegum samskiptum. Við þurfum alltaf að vera tilbúin til að takast á við þær breytingar. Það er ekkert sem segir að þó að vægið hafi verið mest á Norðurlandasamstarfi á árum áður eigi það að vera svo um aldur og ævi í störfum þingsins. Ég tel mjög mikilvægt að menn íhugi það að fara í endurskoðun á starfinu og skoða vægi hverrar nefndar því að vafalaust er einhvers staðar líka hægt að draga úr.

Mig langaði, virðulegi forseti, til að gera aðeins grein fyrir starfi jafnréttisnefndar Evrópuráðsþingsins sem ég hef starfað í. Eins og fram hefur komið höfum við ekki færi á að taka fullan þátt í öllu nefndastarfinu, en í nefndunum er mjög gott samstarf meðal þingmanna hvaðan sem þeir koma. Ég hef verið svo heppin í mínum störfum í jafnréttisnefndinni að á þeim fundum sem ég hef ekki getað setið hefur einn fulltrúi finnska þingsins tekið niður punkta og sent okkur sem höfum færri fulltrúa og minna fjármagn úr að spila en þau.

Jafnréttisnefndin er yngsta nefnd Evrópuþingsins. Hún var stofnuð 1998. Ég hef verið þar nánast frá byrjun, þó með hléum. Nefndin hefur fjallað um jafnréttismál í víðum skilningi og berst fyrir aukinni þátttöku kvenna á öllum sviðum samfélagsins. Á síðustu tveimur árum hefur nefndin beitt sér af krafti í málefnum sem lúta að þeim ógeðfelldasta vanda sem jafnréttisbaráttan hefur tekist á við, þ.e. mansali, vændi og ofbeldi gegn konum. Nú er svo komið að tveimur stórum herferðum hefur verið ýtt úr vör hjá Evrópuráðinu gegn þessum vandamálum. Annars vegar hafa þingmenn Evrópuráðsins hafið herferð gegn mansali sem beinist einkum að því að þrýsta á ríkisstjórnina til að undirrita og fullgilda samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Hins vegar hafa þingmenn ráðsins hrundið af stað herferð gegn heimilisofbeldi gegn konum. Í haust lagði ég ásamt hópi hv. þingmanna úr Samfylkingunni fram tillögu til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að fullgilda samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Tillagan kom loks til umræðu í fyrradag þó að hún hafi legið hér síðan í október. Mig langar til að fara örfáum orðum um herferðina gegn mansali sem um getur í tillögunni og ástæður þess að samningurinn var gerður innan Evrópuráðsins.

Mansal er gríðarlegt vandamál í Evrópu, og árlega eru hundruð þúsunda manna, aðallega ungar konur og börn, seld mansali og neydd út í kynlífsþrælkun, vændi eða aðra nauðungarvinnu. Þekktasta birtingarmynd þessa vanda er innflutningur á ungum stúlkum frá Austur-Evrópu til ríkari landa vestar í álfunni. Oftar en ekki eru þessar stúlkur lokkaðar frá heimalöndum sínum með loforðum um starf og betra líf en eru svo hnepptar í kynlífsánauð og þvingaðar út í vændi. Fyrir örfáum árum heimsótti ég með jafnréttisnefnd flóttamannabúðir í Bari þar sem eingöngu voru stúlkur sem höfðu verið seldar mansali. Kaþólska kirkjan rekur flóttamannabúðirnar og hafði tekist að bjarga nokkrum stúlknanna úr slíkri ánauð með því að lögreglan réðist inn á staði þar sem vitað var að fram fór vændi og kynlífsþrælkun. Í kjölfar þess tók kaþólska kirkjan við þessum ungu stúlkum. Þær voru á aldrinum 14 til 16 ára. Ég held að ég gleymi því seint á ævinni að fá tækifæri til að ræða við þær og sjá með eigin augum hvílík morð eru í raun og veru framin á þessum ungu börnum.

Baráttan gegn mansali er nú háð af auknum þunga á alþjóðavettvangi og hér er um að ræða einhverja verstu skuggahlið hnattvæðingarinnar og opinna landamæra sem ógnar mannréttindum og öðrum grunngildum lýðræðislegra samfélaga. Til þess að baráttan skili árangri þarf að leggja áherslu á verndun mannréttinda fórnarlamba, sækja skipuleggjendur til saka og jafnframt samþætta löggjöf um mansal. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali var samþykktur og lagður fram til undirritunar á þriðja leiðtogafundi ráðsins í Varsjá 16. maí 2005. Bakgrunnur hans er sá að ráðið taldi nauðsynlegt að gera bindandi samning sem tæki einkum til verndunar fórnarlamba mansals og tryggði mannréttindi þeirra, jafnframt því sem gerendur yrðu saksóttir. Í samanburði við Palermo-bókunina og aðra alþjóðlega alþjóðasamninga til höfuðs mansali gengur sáttmáli Evrópuráðsins skrefi lengra í ákvæðinu um vernd fórnarlamba.

Tekið er fram að samningnum er ekki ætlað að keppa

við að leysa af hólmi fyrri alþjóðlega samninga á þessu sviði, heldur auka og þróa þá verndun sem þeir veita fórnarlömbum mansals. Vægi og nýbreytni samninga Evrópuráðsins felast í fyrsta lagi í staðfestingu þess að mansal er brot á mannréttindum og ógn við mannlega reisn og því að fórnarlömb mansals þurfa aukna lagalega vernd. Í öðru lagi nær samningurinn til hvers konar mansals, hvort sem það er innan lands eða milli landa og hvort sem það tengist skipulagðri glæpastarfsemi eða ekki, og tekur til hvers konar misnotkunar, svo sem kynlífsþrælkunar og nauðungarvinnu. Í þriðja lagi er með samningnum komið á fót eftirlitskerfi til að tryggja að aðilar sáttmálans framfylgi ákvæðum hans á skilvirkari hátt. Í fjórða lagi er í samningnum lögð áhersla á að jafnrétti kynja sé ætíð í forgrunni. Að öðru leyti vísa ég til greinargerðar með þingsályktunartillögu á þskj. 80 þar sem gefið er yfirlit yfir samninginn.

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali var samþykktur, eins og áður hefur komið fram, 16. maí 2005. Ísland var í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu sáttmálann þann dag en samningurinn öðlast gildi þegar 10 ríki hafa fullgilt hann. Það hafa aðeins þrjú ríki gert enn þann dag í dag, Moldóva, Austurríki og Rúmenía. Við leggjum auðvitað mikla áherslu á að Ísland taki sig til og fullgildi samninginn. Það væri mjög mikilsvert að það gerðist fyrir þinglok núna þótt tíminn sé stuttur.

Hin herferð Evrópuráðsins sem ég nefndi beinist gegn heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi gegn konum er skilgreint sem kynbundið ofbeldi þar sem konur verða fyrir líkamlegum, kynferðislegum og andlegum skaða af völdum heimilismanns, yfirleitt maka eða fyrrverandi maka. Auk líkamlegs, kynferðislegs og andlegs ofbeldis fylgja hótanir, kúgun og frelsissvipting oft heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi gegn konum á sér stað í öllum ríkjum Evrópuráðsins og í öllum lögum samfélagsins óháð aldri, efnahagsstöðu, félagslegu umhverfi, kynþætti eða fjölskyldumunstri. Ofbeldið fer fram innan fjögurra veggja heimilisins og í skjóli friðhelgi þess, oft við þögn og afskiptaleysi samfélagsins. Það er því eðli málsins samkvæmt erfitt að meta umfang vandans. Ofbeldið á sér oft stað árum eða áratugum saman án þess að það sé kært svo að þær tölur sem er að finna í málaskrám lögreglu gefa einungis mjög takmarkaða mynd af umfangi kúgunarinnar. Með því að bera saman lögregluskýrslur, komur í kvennaathvörf eða til annarra stuðningssamtaka sem aðstoða fórnarlömb heimilisofbeldis og viðamiklar kannanir sem hafa verið gerðar um þetta víða í Evrópulöndunum kemur í ljós að heimilisofbeldi er ekki einungis víðfeðmt vandamál í ríkjunum, heldur líka vaxandi. Tölur yfir komur í Kvennaathvarfið hér á landi styðja þá fullyrðingu. Samkvæmt könnunum sem nú er verið að gera í mörgum ríkjum Evrópuráðsins má ætla að 12–15% kvenna hafi verið í samböndum þar sem þær hafa verið beittar heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi gegn konum er árás á mannlega reisn. Ofbeldið fer fram inni á heimilum kvennanna sem eiga að vera friðhelg skjól. Það brýtur fórnarlömbin og sjálfsmynd þeirra niður og er gróft brot á mannréttindum. Sérlegur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna gegn ofbeldi á konum, Yakin Ertürk, heldur því fram að umfang þess sé slíkt að að líkindum sé um að ræða heimsins útbreiddustu mannréttindabrot.

Herferð Evrópuráðsins hvetur þingmenn til þess að taka þessi mál upp á sínum þjóðþingum og beita sér fyrir opinni umræðu um vandann. Jafnframt er hvatt til þess að með lagaramma um vandamálið sé tryggt að heimilisofbeldi sé óásættanlegt með öllu, tryggi fórnarlömbum þess vernd og stuðning, refsi gerendum og komi á þeim forvörnum og fræðslu sem nauðsynleg er til að ná fram hugarfarsbreytingu varðandi þessi mál. Þetta er gert á margvíslegan hátt með opinni umræðu til þess að þrýsta á stjórnvöld, lagabreytingartillögum og þingsályktunum auk þess að tryggja fjárveitingar til sérmenntunar starfsmanna í löggæslu, félagsmálayfirvalda, heilbrigðisgeirans og kvennaathvarfa sem koma að stuðningi við fórnarlömbin.

Ég hef farið stuttlega yfir tvær helstu herferðirnar á sviði jafnréttismála sem Evrópuráðsþingið stendur fyrir og beinast að ógeðfelldustu hliðum misréttis kynjanna, ofbeldi gegn konum annars vegar í formi mansals og hins vegar inni á heimilum. Við Íslendingar höfum ekki minni skyldur en aðrir til að bregðast hart við þessari ógn og vá sem árlega eyðileggur og eitrar líf þúsunda saklausra kvenna. Ég ítreka þá von mína, virðulegi forseti, að íslensk stjórnvöld fullgildi samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali og vona jafnframt að við gerum allt sem mögulegt er til að uppræta heimilisofbeldi.

Evrópuráðið hefur sett verndun mannréttinda sem einkunnarorð sín og hefur staðið mjög vel að verki. Ég tel þó að þar sé hægt að gera meira. Á vissan hátt hefur Evrópuráðið veikst þótt sterkt sé. Þegar Evrópuráðið tekur ekki nógu hart á þeim þjóðum sem brjóta mannréttindasáttmálann og bregðast jafnframt ekki við því ákalli Evrópuráðsins að taka á mansali og ofbeldi gegn konum sýna þeir sem stýra Evrópuráðinu ekki nógu mikla ákveðni gagnvart þeim þjóðum innan ráðsins sem brjóta þessi mannréttindi og þeim stjórnvöldum sem gera ekki allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir slík brot. Innan ráðsins eru auðvitað þjóðir þar sem mannréttindi eru brotin á mjög grófan hátt. Ég tel þess vegna mikilvægt að Alþingi og þingmenn hér taki virkan þátt í starfsemi Evrópuráðsins.

Þar sem þetta er alveg örugglega í síðasta sinn sem ég fjalla sérstaklega um starfsemi Evrópuráðsins þakka ég öllum þeim hv. þingmönnum sem ég hef starfað með frá 1996 með hléum. Þetta hefur verið frábært fólk, hv. þingmenn allra flokka, sem ég tel að hafi staðið sig vel og verið þingi og þjóð til sóma. Við erum í sjálfu sér engum bundin, þingmenn sem starfa í Evrópuráðinu, nema okkar eigin sannfæringu, en við höfum starfað saman þvert á allar flokkspólitískar línur. Jafnframt hefur fastanefnd Íslands og sendiherrar og starfsfólk sem þarna hefur starfað verið okkur innan handar. Ég færi þeim þakklæti mitt og öllum starfsmönnum þingsins sem hafa starfað með mér þennan tíma. Án þess að lasta nokkurn vil ég auðvitað nefna Stíg Stefánsson, starfsmann nefndarinnar, og einnig Andra Lúthersson sem starfaði lengi með nefndinni.

Virðulegi forseti. Ég tel að þarna sé um afar mikilvægt starf að ræða og að endingu þakka ég aftur formanni okkar, sem talaði áðan og flutti skýrsluna, fyrir mjög góða forustu.

[15:43]

**Birgir Ármannsson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir hlý orð í minn garð og endurgeld þau með því að þakka henni sérstaklega fyrir starf hennar á þessum vettvangi á undanförnum árum. Fram kom í ræðu hennar að hún hóf fyrst störf að málefnum Evrópuráðsins á vettvangi Alþingis 1996 og hefur sinnt því síðan með hléum. Ég held að engum blöðum sé um það að fletta að Margrét hefur verið afar öflugur fulltrúi okkar á þessum vettvangi og lagt mjög margt gott þar til málanna. Persónulega vil ég þakka henni fyrir afar ánægjulegt samstarf á þessu sviði.

Í tilefni af nokkrum atriðum sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi tek ég að nokkru leyti undir vangaveltur hennar um vægi Evrópuráðsþingsins í alþjóðastarfi þingsins. Án þess að ég vilji fara út í beinan samanburð við hið norræna samstarf tel ég alveg ótvírætt að samstarfið á vettvangi Evrópuráðsþingsins sé afar mikilvægt fyrir okkur. Gagnið sem við höfum af því er margvíslegt. Þarna er um að ræða stóran vettvang 46 Evrópuþjóða sem á margan hátt búa við mjög ólíkar aðstæður, ólík vandamál og ólíka stöðu að ýmsu leyti. Þingið og nefndir þess eru mjög góður vettvangur til að kynnast sjónarmiðum fólks frá þessum ríkjum og ánægjulegt að fylgjast með því hve oft tekst að leiða ágreiningsmál til lykta með góðri samvinnu og sáttfýsi á þessum vettvangi, sem er afar mikilvægt. Allir starfa að því markmiði að efla mannréttindi, lýðræði og framfarir í þessum löndum. Menn geta vissulega haft mismunandi skoðanir um leiðirnar en allir þeir sem taka þátt í starfinu starfa undir þeim formerkjum. Þess vegna er oftar en ekki ágæt sátt um meginmarkmiðin og meginverkefnin þó að skiptar skoðanir kunni að vera um útfærsluna í einstökum tilvikum.

Niðurstöður Evrópuráðsþingsins eru mikilvægar. Þær eru oft, eins og ég gat um áðan, í formi tilmæla til ríkisstjórna aðildarlandanna. Niðurstöður Evrópuráðsþingsins eru ekki bindandi fyrir aðildarríkin. Hins vegar er ljóst að þar með er búið að marka ákveðna stefnu sem má segja að ríkisstjórnum aðildarríkjanna sé falið að vinna eftir. Það er auðvitað rétt sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi, það kemur í hlut okkar þingmanna að fylgja því eftir, hver á sínum vettvangi í sínu þjóðþingi, að ályktununum sé hrint í framkvæmd, komið í lög eða þær framkvæmdar með öðrum hætti eftir því sem við á hverju sinni. Þannig má segja að innan Evrópuráðsins og á vettvangi Evrópuráðsþingsins verði til vísir að ýmsu sem síðar verður lagasetning í aðildarlöndunum, t.d. hér hjá okkur. Mikilvægt er að eiga aðild að þeim vettvangi þar sem þær umræður fara fram sem síðan hugsanlega leiða til tilmæla eða ályktana sem með tímanum verða færðar í lög. Það er mikilvægt fyrir okkur að leggja okkar fram í þessu og jafnframt að kynnast sjónarmiðum annarra. Hagsmunirnir sem við höfum af þessu eru skýrir að þessu leyti. Hins vegar legg ég ekki síður áherslu á að þjóð eins og okkar sem býr við það lán að hér hafa lýðræði, mannréttindi og meginreglur réttarríkisins trausta stöðu getur auðvitað líka lagt mikið af mörkum í alþjóðlegu samstarfi af þessu tagi.

Ég gat þess áðan að fjöldi aðildarríkja Evrópuráðsins hefur vaxið mjög mikið á síðustu árum. Ný ríki í austanverðri álfunni og Mið-Evrópu hafa verið að bætast við, sum hafa nýlega fengið sjálfstæði eða hafa nýlega gengið í gegnum mjög miklar stjórnskipulegar breytingar. Lýðræðishefð er mjög takmörkuð þar víða. Sannast sagna er víða í þessum löndum skilningur á mannréttindum og mannréttindahugtökum ekki sá sami og okkar. Það hefur verið verkefni Evrópuráðsins að aðstoða þær þjóðir við að þróa sig áfram á þessu sviði. Það kallar stundum á ákveðna árekstra. Það er rétt að taka undir það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði, stundum finnst manni að Evrópuráðið mætti hvessa sig aðeins meira við aðildarríki sem láta undir höfuð leggjast að fylgja þeim reglum sem þau hafa undirgengist á þessum vettvangi. Engu að síður er í ráðinu að finna mjög mikilvægan vettvang til þess að aðstoða þau við að stíga skref í framfaraátt á þessu sviði.

Við Íslendingar getum lagt mikið af mörkum á því sviði, auðvitað eftir stærð og getu, en það má segja að fyrir okkur sé líka mikilvægt að kynnast því sem er að gerast í þeim löndum sem við höfum kannski ekki haft svo mikil kynni af, hvort sem um er að ræða fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu, önnur ríki Balkanskagans eða lönd á því svæði sem við höfum fram að þessu haft takmörkuð samskipti við en getum auðvitað byggt og eflt samskipti við til framtíðar. Samstarf á vettvangi eins og þessum, þó að það leiði ekki til lagalega bindandi niðurstöðu eða einhvers slíks, getur með mörgum hætti nýst okkur vel. Þess vegna tek ég eindregið undir orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um það að af hálfu Alþingis sé mikilvægt að leggja rækt við þessa starfsemi, þátttökuna í Evrópuráðsþinginu. Það verður síðan að ráðast af bæði fjármunum, eins og hv. þingmaður nefndi, en líka auðvitað tíma þingmanna. Starfið innan Evrópuráðsins krefst mikils tíma. Við þurfum að leggja á okkur lengri ferðalög en kollegar okkar frá flestum Evrópulöndum til að taka þátt í störfum nefnda og þingsins.

Engu að síður vil ég hafa lokaorð mín þau að við á hinu háa Alþingi leggjum raunverulega rækt við starfsemina og sinnum henni. Við höfum gagn af því en við höfum líka mikið fram að færa og getum lagt gott af mörkum í samstarfinu.

Umræðu lokið.

## *Fríverslunarsamtök Evrópu 2006, ein umr.*

Skýrsla ÞEFTA, 552. mál. — Þskj. 823.

[15:51]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Ég ætla að fylgja úr hlaði skýrslu deildarinnar um starfsemi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á starfsárinu 2006 en skýrslan liggur fyrir á þskj. 823.

Ekki þarf að orðlengja að utanríkisviðskipti verða sífellt mikilvægari fyrir íslenska hagkerfið nú á tímum hraðrar hnattvæðingar og aukins viðskiptafrelsis. Mesta góðæristímabil Íslandssögunnar er til vitnis um hvernig viðskiptafrelsi og opnun gagnvart umheiminum hefur aukið hagsæld og lífsgæði hér á landi og í raun gerbylt efnahagslífinu.

Í þessu sambandi gegna Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, og Evrópska efnahagssvæðið, EES, lykilhlutverki sem grundvallarstoðir íslenskrar utanríkisverslunar og eykst mikilvægi þeirra með hverju ári.

Af þeim fjöldamörgu málum sem komu til kasta þingmannanefndar EFTA á starfsárinu má segja að tvö mikilvæg málefni hafi sérstaklega verið í brennidepli sem beindust bæði að því að tryggja markaðsaðgang og viðskiptafrelsi fyrir aðildarríkin. Annars vegar fjallaði þingmannanefndin um fyrirhugaða stækkun Evrópusambandsins sem tók gildi 1. janúar sl. og hins vegar um gerð fríverslunarsamninga á milli EFTA og ríkja utan ESB. Bæði þessi mál komu ítrekað til umræðu á fundum þingmannanefndarinnar á árinu.

Eins og kunnugt er var gengið frá áframhaldandi stækkun ESB til austurs þegar framkvæmdastjórn ESB samþykkti í nóvember inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu sem tæki gildi 1. janúar sl. Samningaviðræður EFTA og ESB um samhliða stækkun EES voru því eðlilega veigamikið mál á dagskrá þingmannanefnda EFTA og EES. Nefndirnar fengu reglulega upplýsingar um gang samningamála í viðræðum sínum við ráðherra, embættismenn og sérfræðinga.

Helsta bitbeinið í samningaviðræðunum var kröfur framkvæmdastjórnar ESB um þróunarstyrki EFTA til nýju aðildarríkjanna tveggja. Þar er fyrirmyndin þeir þróunarsjóðir sem EFTA-ríkin komu á fót við síðustu stækkun þegar 10 ný ríki gengu í ESB árið 2004. Það fór svo að ekki náðist samkomulag á árinu og því varð ekki af samhliða stækkun ESB og EES líkt og gerðist við stækkunina árið 2004. Enn hefur ekki náðst samkomulag um stækkun EES en von aðila er að það gerist sem fyrst, og vil ég ekki dvelja lengur við það mál hér.

Í hugum flestra tengist EFTA fyrst og fremst EES-samningnum sem önnur stoð hans á móti ESB. Hin hliðin á EFTA sem fallið hefur í skuggann af EES-samstarfinu er aukin sókn EFTA á sviði fríverslunar og uppbygging nets fríverslunarsamninga við ríki utan Evrópusambandsins.

Fríverslunarsamningum í heiminum hefur fjölgað ört á undanförnum árum. Markmið þeirra er að auka frelsi í viðskiptum með vörur og þjónustu og skapa ný tækifæri í alþjóðlegum viðskiptum með því að opna aðgang að nýjum markaðssvæðum.

Með aukinni svartsýni á að árangur náist í Dohasamningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa fleiri samtök ríkja og einstök lönd beint sjónum sínum að gerð tvíhliða fríverslunarsamninga og ljóst er að samkeppni fer harðnandi á því sviði. Í því sambandi er mest um verð stefnubreyting Evrópusambandsins frá síðasta hausti um að leggja aukna áherslu á tvíhliða fríverslunarsamninga.

EFTA-ríkin eru tiltölulega smá hagkerfi sem eru mjög háð utanríkisviðskiptum og greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum. Í sameiningu teljast EFTA-ríkin þó tólfta stærsta hagkerfi heims og í krafti þeirrar stærðar og samflots hefur verið álitlegur kostur fyrir ríki að semja við EFTA sem eina heild. Ávinningurinn er meiri og samningur því eftirsóknarverðari en ef boðið væri upp á fríverslunarsamninga við einstök EFTA-ríki.

Gildir fríverslunarsamningar EFTA eru nú 15 talsins og hafa engin ríkjasamtök náð meiri árangri í gerð fríverslunarsamninga að Evrópusambandinu undanskildu. Þingmannanefnd EFTA hefur lagt mikla áherslu á fríverslun og stutt dyggilega við bakið á samningagerð EFTA á þessu sviði. Mikið var lagt upp úr umræðum um fríverslun á fundum með ráðherrum á árinu og áhersla lögð á að EFTA verði leiðandi afl í gerð fríverslunarsamninga á heimsvísu.

Á árinu tók fríverslunarsamningur EFTA og Suður-Kóreu gildi, gengið var frá samkomulagi um fríverslun við Egyptaland sem undirritað var í janúar sl. og áfram var unnið að fríverslunarsamningum við Kanada og fleiri ríki. Þingmannanefndin hefur lagt mikla áherslu á samningagerð við Kanadamenn og hélt sérstök sendinefnd þingmanna til Kanada nú í febrúarmánuði til að þrýsta á um jákvæða niðurstöðu í yfirstandandi viðræðum og tryggja stuðning kanadískra þingmanna við slíkan samning.

Þetta liggur þó utan efni skýrslunnar sem hér er til umræðu og mun ég því ekki fjalla nánar um þær góðu viðræður sem við EFTA-þingmenn áttum við kollega okkar í kanadíska þinginu.

Þessi tvö málefni, stækkun ESB og EES annars vegar og fríverslunarsamningar EFTA hins vegar, komu eins og fyrr sagði ítrekað til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EFTA og EES á árinu.

Af öðrum stórum málum sem komu til umræðu hjá þingmannanefndunum árið 2006 má nefna Lissabon-áætlunina um vöxt, framtíð og samkeppnishæfni hagkerfis Evrópusambandsins, þjónustutilskipun ESB, innflytjendastefnu ESB, bann ESB við notkun fiskimjöls til dýrafóðurs og framtíðarstefnu sambandsins í siglingamálum en unnið er að sjálfbærri heildarstefnu hvað varðar siglingar, hafnamál, strandlengjur og ýmis önnur hagsmunamál tengd hafinu.

Hér er ekki tóm til að fara yfir þessi viðamiklu mál eða einstaka fundi þingmannanefnda EFTA og EES. Vísa ég í ítarlega umfjöllun í fyrirliggjandi skýrslu Íslandsdeildar hvað það varðar.

Frú forseti. Ég vík nú máli mínu að starfsemi Íslandsdeildar. Hvað varðar skipan hennar og breytingar innan ársins vísa ég í fyrirliggjandi skýrslu. Íslandsdeildin var venju samkvæmt mjög virk í starfi þingmannanefnda EFTA og EES á árinu og lét að sér kveða í öllum helstu málum sem til umræðu komu í nefndunum.

Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður Íslandsdeildar, var skýrsluhöfundur einnar af fjórum skýrslum þingmannanefndar EES ásamt breska Evrópuþingmanninum Díönu Wallis. Skýrslan fjallaði um innleiðingu EES-löggjafar en í henni var skoðað hvort munur væri á EFTA-ríkjunum annars vegar og ESB-ríkjunum hins vegar hvað varðar tímamörk við innleiðingu EES-gerða í innlenda löggjöf.

Þá tók Íslandsdeildin bann ESB við fiskimjöli til dýrafóðurs ítrekað upp á fundum þingmannanefndar EES en banninu var komið á árið 2001 þegar óttinn við kúariðu var hvað mestur. Bjarni Benediktsson lagði fram greinargerð um málið á fundi þingmannanefndar EES þar sem fram kom að engin vísindaleg rök væru gegn fiskimjölsfóðri. Bannið kom á sínum tíma til af ótta við að það yrði drýgt með ólöglegu kjöt- og beinamjöli en þegar árið 2003 var búið að finna örugga aðferð til að greina slíka blöndun. Þá lagði framkvæmdastjórn ESB til að banninu yrði aflétt en Evrópuþingið hefur staðið á móti því. Þingmannanefndin

hefur átt í viðræðum og bréfaskriftum við Evrópuþingið vegna málsins og mun halda áfram að vinna að lausn þess.

Þá tók Guðlaugur Þór Þórðarson upp innan þingmannanefndar EES sjóræningjaveiðar á Norður-Atlantshafi og aðgerðir til að sporna við þeim. Dæmi eru um að skip sem stunda veiðarnar og sigla undir hentifána hafi fengið þjónustu í evrópskum höfnum. Málið var tekið upp á fundi þingmannanefndarinnar og í bréfi þar sem þau Evrópulönd voru talin upp sem veitt hafa skipum sem stunda sjóræningjaveiðar þjónustu í höfnum sínum. Venja er að Íslandsdeildin haldi fund með Evrópunefnd þjóðþings þess ríkis sem stendur næst í röðinni til þess að taka við formennsku í ESB, en nýtt formennskuríki tekur við á sex mánaða fresti. Finnar tóku við formennsku á miðju ári og Þjóðverjar í ársbyrjun 2007. Slíkir fundir gera Íslandsdeildinni kleift að kynna aðkomu Íslands að Evrópusamstarfinu og EES-samninginn jafnframt því að fá kynningu á helstu áherslum í formennskuáætlun hins komandi formennskuríkis ESB.

Fundur Íslandsdeildar með fulltrúum stórunefndar finnska þingsins sem hefur Evrópumál á sínu starfssviði fór fram í Helsinki 28. mars. Fulltrúar stórunefndar gerðu grein fyrir helstu áherslumálum Finna á síðari árshelmingi 2006, svo sem styrkingu hinnar norðlægu víddar ESB, vinnu við stækkun sambandsins og stjórnarskrármálinu. Íslandsdeildin gerði m.a. grein fyrir aðkomu Íslands að Evrópusamstarfi með EES-samningnum, greiðslum í þróunarsjóði fyrir fátækari aðildarríki ESB og þátttöku í Schengen.

Fundur Íslandsdeildar með fulltrúum Evrópunefndar þýska þingsins fór fram í Berlín 30. nóvember. Evrópunefndarmenn greindu frá helstu áherslumálum Þjóðverja á fyrri árshelmingi 2007, svo sem áframhaldandi vinnu í stjórnarskrármálum ESB þar sem leitað verður leiða til að bjarga stjórnarskrárdrögum sem hafnað var í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi árið 2005. Áhersla verður jafnframt lögð á að vinna áfram að markmiðum Lissabon-áætlunarinnar um að auka samkeppnishæfni ESB en gæta um leið að félagslegum réttindum borgara sambandsins.

Virðulegi forseti. EFTA hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina en ég held að það skipti gríðarlega miklu máli fyrir okkur að nýta þetta tæki sem við höfum og þetta góða samstarf sem við eigum með þjóðum til að auka viðskiptafrelsi okkar. Það gerum við eðli málsins samkvæmt með fríverslunarsamningum og það er mikilvægt að ná samningum við sem flesta aðila, þá sérstaklega hin stóru markaðssvæði.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka meðlimum Íslandsdeildar fyrir gott samstarf á þessum mikilvæga vettvangi sem og starfsfólki skrifstofu EFTA. Jafnframt þakka ég sérstaklega ritara Íslandsdeildar, Stíg Stefánssyni, fyrir afar gott starf í þágu nefndarinnar og vandaðan undirbúning fyrir þá fundi sem við höfum sótt á þessum vettvangi. Við eigum, frú forseti, að róa að því öllum árum að auka viðskiptafrelsi og EFTA er mikilvægt tæki til þess.

Umræðu lokið.

## *VES-þingið 2006, ein umr.*

Skýrsla VES, 615. mál. — Þskj. 915.

[16:04]

**Guðjón Hjörleifsson:**

Virðulegi forseti. Ég flyt skýrslu Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2006. Skýrslan liggur fyrir á þskj. 915 en ég mun stikla á því helsta sem fram kemur í skýrslunni.

Vestur-Evrópusambandið VES er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Stofnun Atlantshafsbandalagsins NATO árið 1949 skyggði nokkuð á starfsemi VES en með breyttri skipan öryggis- og varnarmála í kjölfar endaloka kalda stríðsins jókst mikilvægi stofnunarinnar til muna.

Með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 var VES falin útfærsla á framkvæmd varnarmála og hluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins. Næstu ár efldist VES verulega og gegndi æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu auk þess sem sambandinu var ætlað að annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB sem átti að gegna hlutverki Evrópustoða NATO. Af þessum sökum var litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmála.

Árið 2000 staðfestu leiðtogar ESB að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins en jafnframt væri nauðsynlegt bæði að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þurfti við alþjóðlegum vanda. Samkvæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan annarra stoða ESB. Þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB hefur gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar hefur minnkað verulega.

Virðulegi forseti. VES-þingið var stofnað árið 1954 og kom fyrst saman ári síðar þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Á VES-þinginu koma saman alls 370 þjóðkjörnir þingmenn. VES-þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslur VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslu nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna.

Starfsemi og umræður á VES-þinginu má greina í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er þingið vettvangur þingmannavíddar Vestur-Evrópusambandsins og samkvæmt 9. gr. endurskoðaða Brussel-sáttmálans frá 1954 er VES-þingið ráðherraráði VES innan handar og ráðgefandi. VES-þingið hefur eftirlit með framkvæmd sameiginlegra varnarskuldbindinga sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í 9. gr. sáttmálans kemur fram að ráðherraráð Vestur-Evrópusambandsins skuli birta árlega skýrslu um starfsemi sína til þingmannasamkundunnar sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkja Brussel-sáttmálans. Starfsemi VES er þannig

bundin í milliríkjasáttmála og er það því ein þriggja evrópskra þingmannasamkundna sem slíkt á við um. Hinar tvær eru Evrópuráðsþingið og Evrópuþingið. Í öðru lagi hefur VES-þingið haft það hlutverk í kjölfar yfirtöku Evrópusambandsins á verkefnum VES árið 2000 að vera tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu og vettvangur þinglegrar meðferðar á sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Í þriðja lagi hefur VES-þingið eftirlit með milliríkjasamstarfi á sviði hergagnaframleiðslu og rannsókna- og þróunarstarfs í hergögnum sem sinnt er af WEAG og WEAO, tveimur fjölþjóðastofnunum sem starfa undir væng Vestur-Evrópusambandsins.

VES-þingið hefur verið afgerandi þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Annað væri ótækt þar eð mál er lúti að beitingu herafla og útgjalda til öryggis- og varnarmála væru bundin við þjóðríkin. Þau þyrftu að njóta samþykkis þjóðþinga og þar af leiðandi væri það hlutverk fjölþjóðlegrar þingmannasamkundu sem í sætu fulltrúar þjóðþinganna að ræða slík mál.

Hin sameiginlega öryggis- og varnarmálastefna ESB lýtur ekki stefnu framkvæmdastjórnar bandalagsins sem slíks heldur er um milliríkjamálefni að ræða. Í allri slíkri vinnu er það grundvallaratriði og hafa fulltrúar VES-þingsins því lagt ofuráherslu á að það séu þjóðþing aðildarríkjanna sem hafi eftirlit með þessum málaflokki en ekki Evrópuþingið. Það sé grundvallaratriði að fjölþjóðlegar þingmannasamkundur sem hafa bein tengsl við umbjóðendur, þ.e. kjósendur í aðildarríkjunum, endurspegli mikilvæg milliríkjamálefni. Reynslan af slíkum þingmannasamkundum hafi verið afar farsæl og nægi þar að nefna auk VES-þingsins NATO-þingið, Evrópuráðsþingið og þingmannasamkundu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförnum árum er VES-þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóðkjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið er vettvangur sem leiðtogar Evrópuríkja nýta til að skýra frá stefnumiðum sínum.

Á árinu 2005 varð áframhald á lífseigri umræðu um framtíðarhorfur VES-þingsins og um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið en sem kunnugt er hafa miklar og örar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu síðustu ár. Þessi umræða var sérstaklega hávær í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu Frakka og Hollendinga um nýja stjórnarskrá ESB sem báðar þjóðirnar höfnuðu.

Virðulegi forseti. Stjórnarskráin hafði haft þó nokkur áhrif á stöðu varnar- og öryggismála innan ESB en samkvæmt stjórnarskrárdrögum var staða þjóðþinganna veik, t.d. á sviði öryggis- og varnarmála. Eftir að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Frakklandi og Hollandi lá fyrir ákváðu leiðtogar Evrópusambandsins að fresta frekari ákvarðanatöku varðandi stjórnarskrána og taka sér umhugsunartíma um framtíð sambandsins. Austurríkismenn lýstu því yfir við upphaf forsetatíðar sinnar í ESB í ársbyrjun 2006 að þeir hefðu áhuga á að endurvekja stjórnarskrárferlið en lítill áhugi virðist vera á því innan sambandsins.

Ljóst er að ESB taldi útkomuna vera mikið áfall fyrir pólitíska þróun sambandsins og á fundinum kom glögglega fram að framhaldið væri að mestu óráðið. Á hinn bóginn mátti einnig greina að menn töldu að þessi nýja staða væri til þess fallin að greiða fyrir því að niðurstaða í helstu baráttumálum VES-þingsins undanfarin ár og missiri, þ.e. aukin þátttaka og hlutur þjóðþinga í lýðræðislegu eftirliti með öryggis- og varnarmálastefnu ESB, yrði farsælli en ella.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæða- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa ekki heldur rétt til að tala á móðurmáli sínu á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurn til ráðherraráðs.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum hlutum þingfundarins.

Fundurinn einkenndist af umræðunni um framtíð VES-þingsins og auknum áhrifum Evrópuþingsins á evrópsku öryggis- og varnarmálastefnuna. Vandamál tengd stjórnarsáttmála Evrópusambandsins voru einnig til umræðu. Ýmsir þingmenn töldu að höfnun Frakka og Hollendinga á sáttmálanum hefði framlengt líf VES-þingsins og gefið því tækifæri til að styrkja stöðu sína í framtíðarstofnanaverki Evrópusambandsins. Þingfundur hófst með því að Karel De Gucht, utanríkisráðherra Belgíu, sem tók við formennsku í VES 1. júlí, ávarpaði þingheim. Hann lagði áherslu á að nauðsynlegt væri fyrir aðildarríki ESB að horfa á jákvæðan árangur sambandsins undanfarna áratugi í stað þess að einblína á vandamál þess. Hann lagði í því sambandi áherslu á þann mikla árangur sem náðst hefur í samstarfi ESB-ríkja á sviði öryggis- og varnarmála á mjög stuttum tíma.

Seppo Kääriäinen, varnarmálaráðherra Finnlands, sem tók við formennsku í ESB í júlí, flutti því næst ávarp. Hann fjallaði um þrjú meginefni. Í fyrsta lagi áherslu Finna í formennskutíð sinni varðandi pólitískt öryggi sambandsins. Í öðru lagi kynnti hann nokkra þætti í varnarstefnu Finna og í þriðja lagi fjallaði hann um það bil sem myndast hefur milli Evrópusambandsins og íbúa í aðildarríkjunum. Hann sagði að Finnar mundu leitast eftir því að gera Evrópusambandið trúverðugan og samstiga þátttakanda í alþjóðastjórnmálum. Varnarmálaráðherrann lagði áherslu á samstarf ESB-ríkja við vopna- og tækjakaup auk þess sem hann sagði að samstarf sambandsins við þriðja aðila, sérstaklega NATO,

þyrfti að styrkja. Hann lagði einnig áherslu á að Finnar mundu áfram standa utan hernaðarbandalaga þótt þeir tækju virkan þátt í öryggis- og varnarsamstarfi ESB og í friðargæsluaðgerðum á vegum bandalaga á borð við NATO. Hann lagði að síðustu áherslu á nauðsyn þess að kynna fyrir íbúum ESB-ríkja þau jákvæðu áhrif sem sambandið hefur haft á líf þeirra. Í því sambandi lagði hann áherslu á hlutverk Evrópusambandsins við að tryggja frið og öryggi í álfunni á undanförnum áratugum.

Utanríkisráðherra Grikklands, Dora Bakoyianni, flutti einnig ávarp á þingfundi. Hún fór yfir stöðu Grikklands í öryggis- og varnarsamstarfi Evrópu og áherslu í varnarsamstarfi innan álfunnar. Æðsti borgaralegi fulltrúi NATO í Afganistan, Hikmet Çetin, fór yfir stöðu mála í landinu og lagði áherslu á þau fjölmörgu vandamál sem alþjóðasamfélagið stæði enn frammi fyrir. Hann sagði frá auknu hlutverki NATO í suður- og austurhluta Afganistan og því mati sínu að ef alþjóðasamfélagið næði ekki að bæta ástandið í Afganistan mundu vandamál landsins flæða yfir til Evrópu.

Virðulegi forseti. Seinni hluti 52. fundar VES-þingsins fór fram í París 18.–20. desember 2006. Fundinn sóttu fyrir hönd Alþingis Guðjón Hjörleifsson, formaður Íslandsdeildar, Gunnar Örlygsson varaformaður og Einar Már Sigurðarson, auk Tómasar Brynjólfssonar, ritara deildarinnar.

Óvissa um framtíð stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins hafði mikil áhrif á umræður á desemberfundum VES-þingsins líkt og verið hefur undanfarið eitt og hálft ár. VES-þingið verður áfram eini samráðs- og eftirlitsvettvangur þingmanna ESB vegna varnar- og öryggissamstarfs aðildarríkja Evrópusambandsins þangað til stjórnarskrársáttmáli verður samþykktur af öllum aðildarríkjum sambandsins. Þingmenn lögðu áherslu á að hver sem niðurstaðan yrði varðandi framtíð stjórnarskrársáttmálans yrði að tryggja lýðræðislegt eftirlit með samstarfi Evrópusambandsríkja á sviði öryggis- og varnarmála.

Þróun evrópsku varnar- og öryggisstefnunnar, samskipti Evrópusambandsins og NATO auk stöðu hergagnaframleiðslu í Evrópu voru meðal annarra málefna sem voru fyrirferðarmikil í umræðum á þingfundum í desember. Málefni Miðausturlanda voru þingmönnum einnig hugleikin. Átökin í Líbanon sumarið 2006 voru ítarlega rædd, sérstaklega ásakanir um skort á samstarfi og samstöðu aðildarríkja ESB við brottflutning Evrópubúa frá átakasvæðinu og við mönnun friðargæsluliðs á landamærum Ísraels og Líbanons.

Þingfundunum í desember má í raun skipta í þrennt. Í fyrsta lagi má nefna undirbúning fyrir starf VES-þingsins fyrir árið 2007, með kosningu yfirmanna þess og umræðum um fjármál þingsins og ráðherrahliðarinnar. Í öðru lagi ávörp ráðherra, fulltrúa þeirra og boðsgesta. Í þriðja lagi kynningar, umræður og kosningar um skýrslur og tillögur sem lagðar eru fram á þinginu

Endurkjör Jean-Pierre Masserets sem forseta VES-þingsins bar hæst vegna undirbúnings fyrir 53. VES-þingið sem fram fer árið 2007. Auk þess voru tíu varaforsetar kjörnir fyrir sama tímabil. Forsetinn og varaforsetarnir nutu einróma stuðnings þingheims. Günter Gloser, Evrópuráðherra Þýskalands, ávarpaði þingið fyrir hönd Þýskalands sem fer með formennsku í Evrópusambandinu og Vestur-Evrópusambandinu frá ársbyrjun 2007. Ráðherrann lýsti stefnu Þýskalands gagnvart evrópsku öryggis- og varnarstefnunni, auk afstöðu Þýskalands til næstu skrefa varðandi stjórnarskrá Evrópusambandsins. Gloser sagði evrópska varnar- og öryggisstefnu standa frammi fyrir fjölmörgum áskorunum vegna styrkingar og breikkunar stefnunnar. Til að bregðast við þessum áskorunum hyggjast stjórnvöld í Þýskalandi beina spjótum sínum að fjórum meginþáttum. Í fyrsta lagi verður lögð áhersla á verkefni og aðgerðir í nafni sambandsins. Í öðru lagi verður litið til styrkingargetu ESB til að ná stjórn á hættuástandi. Í þriðja lagi mun Þýskaland leggja áherslu á styrkingu hernaðarlegs samstarfs við þriðja aðila og í fjórða lagi á þróun hugmyndafræði stefnunnar. Gloser lagði í ræðu sinni áherslu á mikilvægi borgaralegra viðbragða ESB til að takast á við hættuástand. Hann sagði að næsta verkefni evrópsku varnar- og öryggisstefnunnar yrði í Kosovo eftir að samkomulag hefði náðst um framtíðarstöðu héraðsins. Hann sagði að einnig mætti vænta aukinna verkefna fyrir evrópskar sveitir í Afganistan.

Gloser lýsti því yfir að herfylki ESB yrðu reiðubúin til aðgerða frá 1. janúar 2007. Hann sagði þó einnig að enn vantaði ríki til þess að taka að sér verkefni á því sviði eftir árið 2008 og að enn skorti upp á getu stuðningssveita herfylkjanna, t.d. varðandi sjó- og loftflutninga. Auk þess þyrfti að auka enn samhæfingu borgaralegra og hernaðarlegra þátta í viðbragðsgetu ESB við hættuástandi. Einnig þyrfti að styrkja samskipti við aðra áhrifavalda í alþjóðakerfinu, sérstaklega Bandaríkin, NATO og Sameinuðu þjóðirnar. Þá þyrfti að bæta þekkingu og skilning rússneskra stjórnvalda á evrópsku öryggis- og varnarstefnunni. Að lokum lagði ráðherrann áherslu á mikilvægi orkuöryggis fyrir orkustefnu og utanríkisstefnu sambandsins. Í því samhengi þyrfti að líta til aukins samstarfs við ríki sem hafa olíu- og gasleiðslur til Evrópu á landsvæði sínu.

Pertti Torstila, ráðuneytisstjóri í finnska varnarmálaráðuneytinu, sagði getu sambandsins til aðgerða hafa aukist verulega á undanförnum missirum. Auk þess hefði aðgerðum fjölgað til muna og væntingar um aðkomu ESB að krefjandi alþjóðlegum verkefnum aukist verulega. Ráðuneytisstjórinn fjallaði um núverandi verkefni evrópsku öryggis- og varnarstefnunnar og lagði áherslu á mikilvægi borgaralegra viðbragða við hættuástandi. Hann sagði auk þess að ESB væri að líta til nýrra verkefna í ljósi þess að aðgerðum þess í Aceh-héraði í Indónesíu og í Kongó væri lokið.

Virðulegi forseti. Ég hef stiklað á því stærsta sem fram kemur í skýrslunni en eins og áður sagði liggur hún í heild sinni fyrir á Alþingi sem þskj. 915. Ég vil að lokum þakka starfsmönnum alþjóðasviðs Alþingis og samnefndarmönnum mínum í Íslandsdeild VES fyrir gott samstarf. Undir þetta rita Guðjón Hjörleifsson, Gunnar Örlygsson og Einar Már Sigurðarson.

Umræðu lokið.

## *Alþjóðaþingmannasambandið 2006, ein umr.*

Skýrsla ÍAÞ, 619. mál. — Þskj. 919.

[16:20]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Ég flyt skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2006. Skýrslan liggur fyrir sem þingskjal og mun ég tæpa á nokkrum þáttum hennar.

Íslandsdeild var í upphafi ársins 2006 skipuð þeim sem hér talar, formanni nefndarinnar, hv. þingmönnum Kristjáni L. Möller, frá þingflokki Samfylkingarinnar, og frá Framsóknarflokki Hjálmari Árnasyni, sem er varaformaður Íslandsdeildarinnar. Varamenn voru Bjarni Benediktsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Jóhann Ársælsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki framsóknarmanna. Ný Íslandsdeild var kjörin í upphafi 133. þings, þann 2. október sl., en eina breytingin sem varð á skipan hennar var að Guðjón Ólafur Jónsson tók við sem varamaður fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna í stað Magnúsar Stefánssonar. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs. Íslandsdeildin hélt fjóra fundi á árinu, en á þeim fór aðallega fram undirbúningur undir þátttöku í þingum IPU sem er erlend skammstöfun fyrir Alþjóðaþingmannasambandið. Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar vil ég þakka Belindu frábær störf í þágu nefndarinnar og ánægjulegt samstarf.

Starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU) er margþætt og vil ég draga fram þá þætti sem að mati okkar, fulltrúa Íslands á þessum vettvangi, eru mikilvægastir í starfi sambandsins. Fyrst ber að nefna að sjaldan hefur verið meiri þörf á umræðum og skoðanaskiptum á milli menningarheima. Alþjóðaþingmannasambandið er eini vettvangurinn þar sem þingmenn frá nær öllum ríkjum heims geta rætt saman, skipst á skoðunum og reynt að ná sameiginlegri niðurstöðu. Á slíkum fundum takast kynni með fólki frá ólíkum þingum og mikilvægt er að nýta vel þau tækifæri sem þar bjóðast og vinna markvisst að því að efla tengslin við þing frá fjarlægum menningarsvæðum. Ályktanir IPU eru ekki bindandi fyrir þjóðþing aðildarríkjanna. Þær endurspegla hins vegar umræðu um mikilvæg málefni sem hinar ýmsu þjóðir glíma við. Vegna virkrar þátttöku þingmanna í umræðum á þingum IPU og ólíkra sjónarmiða þeirra hafa m.a. alþjóðastofnanir lagt áherslu á að fylgjast vel með ályktunum IPU, enda hafa þær iðulega bent á nýjar leiðir og nýjar hugmyndir að lausn mála.

Næst ber að nefna starf IPU til að efla lýðræði. Ljóst er að mörg aðildarþing sambandsins eru ekki lýðræðislega kjörin og í sumum fer ekkert eiginlegt löggjafarstarf fram. Þingmenn frá slíkum þingum kynnast lýðræðislegum vinnubrögðum á þingum IPU, en jafnframt vinnur sambandið mjög þarft starf á milli þinga. Námskeið eru haldin fyrir þing sem eru að feta sig áfram á lýðræðisbraut um ýmsa þætti þingstarfsins, stundum í samvinnu við viðeigandi stofnun Sameinuðu þjóðanna eða aðra alþjóðastofnun. Sem dæmi um námskeið sem haldin voru árið 2006 má nefna námsstefnu í Víetnam fyrir þjóðþing í Asíu og á Kyrrahafssvæðinu um úrræði þinga á sviði barnaverndar, ráðstefnu fyrir kvenkyns þingmenn í Flóaríkjunum sem haldin var í Barein og námsstefnu fyrir þingmenn sem sitja í mannréttindanefndum sem haldin var í Genf. IPU veitir jafnframt einstökum þingum tæknilega aðstoð og þjálfun. Þá gefur Alþjóðaþingmannasambandið út handbækur fyrir þingmenn til að hjálpa þeim að hafa áhrif í ólíkum málaflokkum. Þar get ég m.a. nefnt málefni eins og ofbeldi gagnvart konum. Rétt er að nefna það þar sem í næstu viku fer fram kvennaþing Sameinuðu þjóðanna í New York þar sem ofbeldi gagnvart stúlkubörnum er til umræðu. Það er mjög mikilvægt fyrir lýðræðisríki að styðja vel við þá starfsemi alla sem IPU stendur fyrir.

Í þriðja lagi vill Íslandsdeildin benda á nefnd sem starfar innan IPU um mannréttindi þingmanna. Nefndin vinnur mikið starf á milli þinga og gefur út skýrslu fyrir hvert þing IPU þar sem hún fer yfir mál þingmanna sem mannréttindi hafa verið brotin á, hvort sem um er að ræða fangelsun, hótanir, barsmíðar, mannshvarf eða dauðsfall. Nefndin heimsækir viðkomandi lönd, ræðir við málsaðila og aflar gagna. Málum er fylgt eftir, oft árum saman, þar til einhver niðurstaða fæst. Sem dæmi má nefna mál Victors Gonchar, þingmanns frá Hvíta-Rússlandi, sem hvarf sporlaust fyrir sjö árum, en rannsókn málsins þykir mjög ábótavant. Ráð IPU samþykkir á hverju þingi ályktanir sem grundvallast á skýrslu nefndarinnar. Þessi vettvangur er afar mikilvægur til verndar mannréttindum kjörinna þingmanna þjóðþinga sem eru í ýmsum ríkjum heims útsettir fyrir mannréttindabrotum og ómannúðlegri meðferð sökum framgöngu sinnar, oft gegn ríkjandi öflum.

Alþjóðaþingmannasambandið tekur á þingum sínum hverju sinni fyrir mál sem eru á dagskrá alþjóðasamfélagsins, oft mál sem eru efst á baugi hjá Sameinuðu þjóðunum. Að venju tók hver fastanefnd þingsins fyrir eitt mál á hvoru þingi ársins 2006, þannig að ekkert eitt mál var efst á baugi. Þó má segja að hjá Íslandsdeildinni hafi eitt mál verið fyrirferðarmest. Formaður Íslandsdeildarinnar, sú sem hér talar, var valin til að skrifa skýrslu og ályktunardrög fyrir fyrstu nefndina um orkuöryggi og baráttuna gegn hryðjuverkum sem var lögð fram á haustþinginu. Meðhöfundur var þingmaður frá Suður-Afríku. Verkefnið var vandasamt og fyrir fram talið að erfitt gæti verið að ná samstöðu um þessi mál, en ég fjalla nánar um skýrsluna í nokkrum orðum á eftir.

Íslandsdeild IPU tekur þátt í samstarfi Norðurlanda á vettvangi IPU. Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Norðurlönd skiptast á að fara með stjórn norræna hópsins og voru Finnar í forustu á síðasta ári en í ár er Ísland með formennsku.

Á fundum IPU tekur Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins þátt í starfi Tólfplús-hópsins svokallaða sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist á fundum flesta morgna meðan þing stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Á þeim fundum eru jafnframt fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum IPU valdir, m.a. í framkvæmdastjórn, stjórn IPU, kvennaráð IPU og formenn nefnda. Tveir þingmenn frá aðildarríkjum hópsins hafa seturétt á fundunum.

Þá hefur sá vettvangur fengið á sinn fund sérfræðinga um ýmis málefni, m.a. mætti fulltrúi Sameinuðu þjóðanna á

fund hjá Tólfplús-hópnum síðastliðið vor til að ræða fuglaflensuna og viðbrögð ríkja við henni. Vildi hann heyra álit þingmanna á starfi Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði og hvernig einstök ríki hefðu brugðist við hættunni.

114. þing var haldið í Naíróbí í Kenía 6.–12. maí 2006. Það þing sóttu þingmennirnir Ásta Möller, Kristján L. Möller, Hjálmar Árnason og Belinda Theriault, ritari Íslandsdeildar.

115. þing IPU var haldið í Genf 15.–18. október 2006. Í forföllum þingmanna Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Jón Kristjánsson og Rannveig Guðmundsdóttir, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar. Í fyrstu nefnd um frið og alþjóðleg öryggismál var rætt um samstarf Sameinuðu þjóðanna og þjóðþinga í baráttunni gegn hryðjuverkum og fyrir orkuöryggi. Umræðan byggði m.a. á skýrslu sem sú sem hér talar hafði unnið ásamt þingmanni frá Suður-Afríku ásamt ályktunardrögum, eins og ég gat um á undan. Hún þótti vönduð og til þess fallin að gera þingmönnum auðveldara að ná samstöðu um þessi umdeildu mál. Í lokaályktun eru hryðjuverk í öllum myndum fordæmd og hryðjuverkamenn fordæmdir sem ótíndir glæpamenn. Þjóðþing eru hvött til að styðja undirbúning sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegum hryðjuverkum og að þrýsta á stjórnvöld til að ná samstöðu innan alþjóðasamfélagsins á skilgreiningu hryðjuverka. Bent er á að orkulindir og mannvirki á sviði orkumála séu í mörgum tilfellum freistandi skotmörk hryðjuverkamanna og jafnframt að orkuþörfin fari enn vaxandi í fyrirsjáanlegri framtíð. Farið er fram á frekari umfjöllun alþjóðasamfélagsins um orkumál í alþjóðlegu samhengi og tengsl orkuöryggis og hryðjuverkaógnarinnar og lögð er áhersla á aðkomu þjóðþinga að þeirri umræðu. Þjóðþing eru hvött til að setja lög sem hygla endurnýjanlegri og umhverfisvænni orku og jafnframt er hvatt til aðstoðar við þróunarríki á sviði endurnýjanlegrar orku og aðgangs að nútímalegri orkuþjónustu.

Á þingum IPU er sérstaklega haldið til haga fjölda kvenna sem tekur þátt í störfum þingsins og jafnframt er haldin nákvæm tölfræði um hlutfall karla og kvenna í þjóðþingum. Á 115. þingi IPU voru konur 30,5% þingfulltrúa, sem er betri árangur en náðist á 114. þingi sem var 28,4%. Hin síðari ár hefur hlutfallið verið tæplega þriðjungur.

Í tengslum við 50. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var í New York í mars á síðasta ári stóð Alþjóðaþingmannasambandið fyrir þingmannafundi sem bar heitið „Jafnrétti kynjanna: framlag þjóðþinga“. Sú sem hér talar og Jóhanna Sigurðardóttir sátu fundinn fyrir hönd Íslandsdeildar IPU, ásamt Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar. Jafnframt sat forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, fundinn, en hún sótti jafnframt fund kvenþingforseta sem skipulagður var af IPU. Í umræðum um leiðir til að auka þátttöku kvenna í stjórnmálum ræddi sú er hér talar hvernig kvennasamtök innan stjórnmálaflokka gætu hjálpað konum til áhrifa. Ég tók jafnframt þátt í umræðum um kynjakvóta og sagði frá umræðum í þeim efnum á Íslandi. Í umræðum um samstarf karla og kvenna í jafnréttisbaráttunni sagði sendinefnd Alþingis frá fæðingarorlofslögum á Íslandi.

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU) heimsótti breska þingið dagana 6.–9. júní í boði Bretlandsdeildar IPU. Í sendinefndinni voru sú sem hér talar, Kristján Möller og Arnbjörg Sveinsdóttir, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar.

Tilgangur heimsóknarinnar var að styrkja samskipti þinganna, eiga viðræður við breska þingmenn um margvísleg mál og kynna sér starfsemi breska þingsins. Sendinefndin átti viðræður við fjölda breskra þingmanna sem sýndu Íslandi mikinn áhuga. Sérstaklega höfðu breskir þingmenn áhuga á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, útrás íslenskra fyrirtækja og fjárfestingum í Bretlandi, afstöðu Íslands til ESB, sjávarútvegsmála og umhverfismála. Auk þess kynntu íslensku þingmennirnir framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, stöðu varnarmála á Íslandi og þátttöku Íslands í friðargæslustarfi. Þau ræddu jafnframt sameiginlega hagsmuni við að koma í veg fyrir sjóræningjaveiðar á Reykjaneshrygg. Enn fremur var stjórnmálaástandið í báðum löndunum til umræðu, sem og starfshættir þinganna og starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins. Á fundum hitti sendinefndin meðal annarra Austin Mitchell sem spilaði stórt hlutverk í farsælum endi þorskastríðsins á sínum tíma, og var sérstaklega ánægjulegt að hitta þann mann sem hefur í gegnum tíðina haldið miklum tengslum við Ísland. Jafnframt átti sendinefndin fund Jim Dowd sem hefur staðið fyrir áhugaverðum rannsóknum á samkeppnisstöðu á breskum matvælamarkaði og sagði hann okkur m.a. frá vinnu sinni í þeim efnum og hvað væri fram undan. Að lokum átti nefndin fund með Sylviu Heal, varaforseta breska þingsins, en hún hafði nokkru áður heimsótt Alþingi Íslendinga. Auk þess áttum við fundi með fjölda annarra þingmanna úr báðum deildum breska þingsins.

Með þessum orðum lýk ég skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins en hún er undirrituð af þingmönnunum, auk mín sem er formaður, Hjálmari Árnasyni og Kristjáni L. Möller.

Umræðu lokið.

[16:33]

**Útbýting:**

Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, 648. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 967.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 649. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 968.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 650. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 969.

Losun gróðurhúsalofttegunda, 641. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 957.

Nauðasamningar samkvæmt lögum um tekjuskatt, 554. mál, svar fjmrh., þskj. 958.

Óskir Georgíu um aðild að NATO, 645. mál, fsp. ÖS, þskj. 964.

Samfélagsþjónusta, 647. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 966.

## *ÖSE-þingið 2006, ein umr.*

Skýrsla ÍÖSE, 627. mál. — Þskj. 935.

[16:34]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Ég flyt hér skýrslu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2006 á þskj. 935. Vil ég fylgja skýrslunni úr hlaði með örfáum orðum í fjarveru formanns Íslandsdeildar, hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem nú er einmitt staddur á vetrarfundi ÖSE-þingsins í Vín.

Ársskýrsla Íslandsdeildar fyrir árið 2006 gerir störfum þingmannanefndar ÖSE-þingsins ítarleg skil auk skipan Íslandsdeildarinnar. Ég mun því aðeins stikla á stóru en vísa að öðru leyti í skýrsluna sem mælt er fyrir.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins var að venju afar virk í störfum sínum á árinu. Ber þar að nefna að meðlimir Íslandsdeildar tóku virkan þátt í nefndastörfum og almennum þingumræðum á ársfundi þingsins í Brussel. Umræða um eftirlit nefndar á vegum ÖSE-þingsins með fjármálum ÖSE hélt áfram og hélt hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður Íslandsdeildarinnar, merki hennar á lofti. Í kjölfar þess var formaðurinn skipaður sérstakur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins varðandi fjármál ÖSE.

Aðildarríkjum ÖSE og ÖSE-þingsins fjölgaði um eitt árið 2006. Svartfjallaland varð sjálfstætt ríki þegar það sleit ríkjasambandi við Serbíu. Þrátt fyrir fjölgun aðildarríkja á ÖSE enn í nokkrum erfiðleikum með að finna sér skýrt skilgreindan stað í stofnanaskógi evrópsks milliríkjasamstarfs. Enn er verið að vinna úr niðurstöðum nefndar vísra manna um framtíðarhlutverk ÖSE sem skilaði niðurstöðum sínum árið 2005. Ekki er útlit fyrir að tillögur nefndarinnar nái allar fram að ganga og að grundvallarbreytingar verði á skipulagi og starfi ÖSE á næstu missirum.

Skýran greinarmun verður að gera á ÖSE annars vegar og ÖSE-þinginu hins vegar þótt stofnanirnar séu að sjálfsögðu tengdar. Starfsemi ÖSE fer fram í umboði stjórnvalda aðildarríkjanna 56 líkt og gildir um aðrar alþjóða- og milliríkjastofnanir. Stofnunin er samráðsvettvangur ríkisstjórna aðildarríkjanna. Fulltrúar þeirra sitja því fundi ÖSE og taka ákvarðanir fyrir hönd þeirra. ÖSE-þingið starfar hins vegar í umboði þjóðþinga aðildarríkjanna en þing allra aðildarríkja ÖSE eiga fulltrúa á þinginu. Fulltrúar þjóðþinga sitja því fundi ÖSE-þingsins og greiða atkvæði eftir eigin sannfæringu en ekki afstöðu eigin ríkisstjórnar.

Frú forseti. ÖSE-þingið er samkunda 320 þingmanna frá öllum 56 aðildarríkjum ÖSE og hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 1992 er fyrsti ársfundurinn fór fram í Búkarest. Á þeim fundi var ákveðið að stofna skrifstofu ÖSE-þingsins sem var staðsett í Kaupmannahöfn. Samskipti ÖSE og ÖSE-þingsins eru helst í því formenn að helstu forsvarsmenn ÖSE ávarpa þingfundi og nefndarfundi og svara spurningum þingmanna. Þá eru ályktanir ársfundar ÖSE-þingsins lagðar fyrir stofnunina og þeim svarað af hálfu framkvæmdarvaldsins. Þá er vonast til að með stofnun áðurnefndrar sérnefndar um fjármál ÖSE að eftirlitshlutverk ÖSE-þingsins muni aukast til muna.

Í ársskýrslunni er greinargóð lýsing á uppbyggingu ÖSE og verður því ekki farið nánar út í það hér. Ég vil þó nefna mikilvægustu atriðin í starfi stofnunarinnar. Einn mikilvægasti og sýnilegasti hluti starfsemi ÖSE á sér stað hjá vettvangsskrifstofum stofnunarinnar og hefur hann náð að skila afar miklum árangri, ekki síst á síðustu árum. Fulltrúar ÖSE sem starfa á vettvangsskrifstofum stofnunarinnar starfa náið með valdhöfum í þeim ríkjum eða héruðum þar sem starfið fer fram og veita m.a. liðsinni við að efla innviði lýðræðis og mannréttinda auk annarra þátta.

Átökin á Balkanskaga á tíunda áratug síðustu aldar urðu til þess að ÖSE hlaut viðamikið hlutverk við uppbyggingarstarf. Vegur og virðing stofnunarinnar jókst í kjölfarið og umsvifin jukust í hlutfalli við það. Kákasuslýðveldin og Mið-Asíuríkin hafa notið samstarfsins við ÖSE í ríkum mæli á síðustu árum og missirum og ljóst er að mun meiri pólitísk vigt hefur verið lögð í að aðstoða ríkin í þessum heimshlutum. Af öðrum verkefnum má nefna kosningaeftirlit og baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, t.d. með alþjóðlegri samvinnu á sviði löggæslumála. Þá hefur ÖSE reynst afar mikilvægur samráðsvettvangur fyrir mörg önnur knýjandi málefni líkt og baráttuna gegn mansali, eiturlyfjasmygli og vopnasmygli.

Helsti styrkur ÖSE felst í fjölda aðildarríkjanna og tengingunni yfir Atlantshafið og austur til Mið-Asíu. Er stofnunin því breiður samráðs- og samvinnuvettvangur ólíkra ríkja sem hafa sett sér sömu markmið. ÖSE hefur mikilvægu hlutverki að gegna í því að efla samfélagslegt öryggi borgaranna á grunni forsendna um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið og nýtist það starf einkar vel í baráttunni gegn hryðjuverkum, mansali og þjóðernisofstæki.

Hæstv. forseti. Lýðræðislegt eftirlit með alþjóða- og milliríkjastofnunum er eitt mikilvægasta verkefni alþjóðlegra þingmannasamtaka. ÖSE-þingið hefur um árabil stefnt að auknu eftirliti með ÖSE og sérstaklega fjármálum stofnunarinnar. Nýr forseti ÖSE-þingsins, sænski þingmaðurinn Göran Lennmarker, hefur lýst því yfir að hann telji þetta eitt mikilvægasta verkefni þingsins. Í viðleitni til þess að styrkja eftirlitshlutverk þingsins skipaði forseti þess hv. þm. Pétur H. Blöndal, formann Íslandsdeildar, sérstakan fulltrúa sinn varðandi fjármál ÖSE í október 2006.

Skipun Péturs sem sérstaks fulltrúa þingforsetans kom í kjölfar þess að árið 2004 var stofnuð á vegum ÖSE- þingsins sérnefnd um fjármál ÖSE. Formaður Íslandsdeildar átti frumkvæði að stofnun nefndarinnar og sat í henni. Nefndinni var umfram allt ætlað að auka gagnsæi í starfsemi ÖSE og eftirlit með þeim fjármunum sem aðildarríkin veita til stofnunarinnar. Líkt og með flestar aðrar alþjóðastofnanir er lýðræðislegt eftirlit með fjárveitingum til ÖSE ekkert eftir að framlög aðildarríkjanna hafa verið greidd. Þingið er að eigin mati eini vettvangurinn fyrir slíkt lýðræðislegt eftirlit og hefur formaður Íslandsdeildarinnar um árabil hvatt þingið til þess að styrkja starfsemi sína á þessu sviði. Framkvæmdarvaldið telur hins vegar að ÖSE-þingið hafi hvorki stofnanalega né lagalega stöðu til þess að sinna þessu eftirliti. Það telur þvert á móti að hvert þjóðþing sé ábyrgt fyrir eftirliti með eigin fjárframlögum til stofnunarinnar.

Á ársfundi ÖSE-þingsins í Brussel vakti hv. þm. Pétur H. Blöndal á ný athygli þingsins á skorti á lýðræðislegu eftirliti þess með starfsemi ÖSE og takmörkuðu starfi sérnefndarinnar um fjármál ÖSE fram að því. Hann lagði einnig fram spurningu til framkvæmdastjóra ÖSE um upp-

lýsingagjöf stofnunarinnar til þingsins varðandi fjármál hennar. Í kjölfar ársfundarins skrifaði formaður Íslandsdeildar nýjum forseta ÖSE-þingsins bréf þar sem hann ítrekaði afstöðu sína um mikilvægi lýðræðislegs eftirlits með fjármunum ÖSE. Í svari forseta ÖSE-þingsins við bréfinu kvaðst hann sammála formanni Íslandsdeildarinnar og að sér væri umhugað um eftirlitshlutverk þingsins. Í kjölfar þess ákvað forseti ÖSE-þingsins að besta leiðin til þess að styrkja lýðræðislegt eftirlit með ÖSE og fjármunum stofnunarinnar væri að leysa sérnefndina upp og skipa í hennar stað hv. þm. Pétur H. Blöndal sem sérstakan fulltrúa sinn varðandi fjármál ÖSE. Mun formaður Íslandsdeildar skila reglulegum skýrslum um starf sitt til forseta ÖSE-þingsins.

Áhugi þingmanna á fjármálum ÖSE og þrýstingur þingsins um úrbætur hefur vafalítið átt þátt í því að á undanförnum árum hefur fjárveitingaferli stofnunarinnar verið einfaldað, framsetning fjárlaga þess batnað og upplýsingagjöf til ÖSE-þingsins aukist. Framkvæmdarvaldið hefur þó hafnað því að þingið hafi hlutverki að gegna við eftirlit með fjármunum stofnunarinnar. Þrátt fyrir það hafa ríkisstjórnir aðildarríkjanna og flest formennskuríkin lagt áherslu á vilja sinn til aukins samstarfs við þingið.

Frú forseti. Mikið og merkt starf fer fram hjá ÖSE-þinginu og í nefndum þess. Ætla ég ekki að tíunda hér allt það sem fram hefur farið á þeim fundum heldur vísa til ársskýrslunnar sem liggur fyrir þinginu í því samhengi. Undir skýrsluna rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður nefndarinnar, hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir, varaformaður nefndarinnar, og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 16:44.

# 78. FUNDUR

mánudaginn 26. febr.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Þjóðskjalasafn Íslands, stjfrv., 642. mál, þskj. 960. — 1. umr.
2. Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., stjfrv., 644. mál, þskj. 962. — 1. umr.
3. Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, stjfrv., 643. mál, þskj. 961. — 1. umr.
4. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 637. mál, þskj. 945. — 1. umr.
5. Náttúruvernd, stjfrv., 639. mál, þskj. 947. — 1. umr.
6. Losun gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 641. mál, þskj. 957. — 1. umr.
7. Úrvinnslugjald, stjfrv., 451. mál, þskj. 955. — 3. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Helgi Hjörvar, 5. þm. Reykv. n.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

## *Tilkynning um embættismann fastanefndar.*

[15:01]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um breytingu á skipun embættismanna fastanefnda:

Hjálmar Árnason hefur verið kjörinn varaformaður sjávarútvegsnefndar.

## *Varamenn taka þingsæti.*

[15:01]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hafa bréf um forföll þingmanna. Hið fyrra er frá þingflokksformanni sjálfstæðismanna, Arnbjörgu Sveinsdóttur, dags. 22. febrúar sl., og hljóðar svo:

„Þar sem Katrín Fjeldsted, 1. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður, getur ekki setið lengur á þingi að þessu sinni sem varamaður Björns Bjarnasonar óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 2. varamaður á lista flokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður, Ingvi Hrafn Óskarsson, taki sæti á Alþingi í hennar stað."

Síðara bréfið er frá 3. þm. Reykv. n., Guðrúnu Ögmundsdóttur, dags. 22. febrúar 2007, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi norður, Ellert B. Schram, fyrrverandi ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Ingvi Hrafn Óskarsson og Ellert B. Schram hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðnir velkomnir til starfa á ný.

[15:02]

**Útbýting:**

Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., 654. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 980.

Lokafjárlög 2005, 440. mál, þskj. 956.

Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., 655. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 981.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Þjónusta við alzheimersjúklinga – atvinnumál á Ísafirði.

[15:03]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Undanfarið höfum við fylgst með umfjöllun um alzheimersjúklinga og aðstandendur þeirra í sjónvarpinu. Engum dylst sem á hafa hlýtt að þjónustu við þá er að mörgu leyti ábótavant. Ég kveð mér hljóðs til að ræða tvennt við hæstv. heilbrigðisráðherra, annars vegar fækkun skammtímarýma fyrir þá sjúklinga og hins vegar greiðsluþátttöku maka þegar sjúklingur er kominn inn á hjúkrunarrými eftir langa bið.

Í vikunni fékk ég erindi frá maka alzheimersjúklings sem spyr mig hvort eðlilegt sé að rukka hana í febrúar fyrir daggjöld sjúklingsins, sem reyndar er búinn að vera inni á heimilinu síðan í júní. Hún fær rukkun fyrir vistgjöld í janúar og febrúar upp á 284 þús. kr. Þessi aðstandandi er grunnskólakennari hér í borg, ég hélt að grunnskólakennarar væru nú ekki aflögufærir af þeim launum sem þeir hafa í dag, en hún fékk þá skýringu frá Tryggingastofnun að með nýrri reglugerð ætti hún að greiða 35% af launum sínum í daggjöld fyrir maka.

Reyndar er það svo að viðkomandi sjúklingur á að greiða lífeyrissjóðinn sinn inn í þetta, sem eru rúmar 110 þús. kr., en samkvæmt upplýsingum á gíróseðlinum sem hún fékk á hann að halda eftir 53 þús. kr. af þeim peningum fyrir sjálfan sig. En þessi kona gat ekki fundið það út að hann héldi því, eftir útreikningana á þeirri rukkun sem hún hefur fengið.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Finnst henni þetta eðlileg afgreiðsla? Og innheimtubréfin eru þannig að ekki er skýrt hvers vegna er verið að rukka þetta.

Síðan vildi ég spyrja hæstv. ráðherra: Eru fleiri aðstandendur ungra alzheimersjúklinga, eða yngri hjúkrunarsjúklinga, sem fá svona rukkanir í framhaldi af þeirri reglugerð-

arbreytingu sem gerð var í desember?

Og að síðustu vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hún ráða bót á fækkun plássa til skammtímavistunar fyrir heilabilaða, en þeim hefur fækkað úr fjórum niður í eitt á mjög skömmum tíma á Landakoti?

[15:05]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég get ekki tjáð mig um hvert einstakt tilfelli og hef ekki upplýsingar um þessa manneskju sem hv. viðkomandi þingmaður vísar í.

En varðandi gögn úr bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins fyrir 2006 tóku 528 einstaklingar þátt í greiðslu daggjalda á hjúkrunarheimilum og meðalgreiðsla á mánuði var 35.650 kr. Hámarksgreiðsla var 171.022 kr. á mánuði og það var einungis einn sem greiddi þá upphæð. Meðalgreiðslan sem verið er að greiða er því um 35.650 kr. á mánuði.

Varðandi sérhæfða hvíldarrýmið sem hv. þingmaður vísaði í á LSH er það mat þeirra sem þar vinna að bráðainnlagnir hafa verið talsverðar upp á síðkastið þannig að þeir vilja nýta rýmin aðallega í þær, en þó telja sérfræðingar okkar að æskilegt sé að þau rými séu fjögur á LSH. Núna er eitt þeirra nýtt í þennan hóp. Þetta fer hins vegar upp og niður eftir því hvaða álag er á deildinni en fagfólkið segir æskilegt að þau væru fjögur.

Hvað varðar þjónustu fyrir heilabilaða almennt vil ég sérstaklega taka fram að miðað við þennan hóp er talað um að 15–20% hans þurfi sérstök heilabilunarúrræði og það þýðir að hér þyrftu að vera 332 hjúkrunarrými fyrir þennan hóp. Þau eru reyndar fleiri, þau eru 362 ef við teljum LSH með. Við ætlum samt að bæta við um 60 rýmum, 40 á Suðurlandsbraut og 20 á Selfossi. Við erum því að fara að bæta við tæplega 20% fyrir þennan hóp. Við erum líka að fara að fjölga dagvistarúrræðum í kringum 20% á næstunni. Það er því verið að stórbæta þjónustuna fyrir hópinn.

[15:08]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil kveðja mér hljóðs til að vekja athygli á mjög alvarlegu ástandi sem er að skapast í atvinnumálum á Ísafirði og vek athygli á því líka að það virðist vera víðar á landinu sem ástandið er orðið alvarlegt, eins og sjá má á ályktun sem við þingmenn fengum í síðustu viku frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, þar sem skorað var á stjórnvöld að grípa til sértækra aðgerða í atvinnu- og menntamálum. Staðan á Vestfjörðum er ekki síður alvarleg en á Norðurlandi vestra, ef ekki alvarlegri. Fólki þar hefur fækkað um 21% á síðustu 12 árum og tekjur þar hafa lækkað sem hlutfall af tekjum á höfuðborgarsvæðinu niður í það að vera 18% undir meðaltalinu.

Tilkynning um lokun Marels í síðustu viku var reiðarslag fyrir Ísfirðinga vegna þess að þarna er um að ræða leiðandi fyrirtæki í hátækni. Ástæðan sem gefin er upp fyrir lokuninni er sú að staðurinn sé of afskekktur og ekki sé nægilegt framboð af menntuðu fólki. Ríkisstjórnin ber auðvitað ekki ábyrgð á gerðum einstakra fyrirtækja en hún ber ábyrgð á þeim aðstæðum sem fyrirtækjum eru sköpuð til að reka starfsemi sína um landið hvort heldur á Ísafirði eða annars staðar. Ég vil því kalla eftir því, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin bregðist við þeirri stöðu sem orðin er ljós bæði á Ísafirði og víðar og bendi í fyrsta lagi á þörfina á að lækka flutningskostnað, en flutningskostnaður gerir atvinnurekstri mjög erfitt fyrir á landsbyggðinni og kannski erfiðast á Ísafirði miðað við aðra staði.

Í öðru lagi þarf að verða átak í menntun á því svæði, bæði iðnmenntun og ríkisstjórnin þarf að láta af andstöðu sinni við stofnun háskóla á Ísafirði.

Ég hafði, virðulegur forseti, talað um það við hæstv. iðnaðarráðherra fyrir helgina og fengið samþykki hans fyrir því að ræða þetta mál í dag en ég sé að hann er fjarverandi og hæstv. forsætisráðherra sýndi málinu þá virðingu að hann gekk úr salnum.

[15:10]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Það fer ekki á milli mála að lokun Marels á Ísafirði er heilmikið áfall, fyrst og fremst fyrir það starfsfólk sem þar hefur unnið, margir hverjir um langa hríð, og fjölskyldur þeirra og ekki síður fyrir samfélagið í heild. Fyrirtækið hefur verið eitt af djásnum í atvinnulífi Ísafjarðar og mjög mikilvægt. Við höfðum bundið miklar vonir við að geta byggt á því frekari atvinnusköpun og jafnvel sókn í menntamálum og þess vegna er þetta heilmikið áfall fyrir okkur. Það er alveg rétt sem bæjarstjórinn á Ísafirði, Halldór Halldórsson, hefur vakið athygli á því að með þessari ákvörðun er sú hætta fyrir hendi að við séum að missa úr bænum mikla verkþekkingu sem þar hefur verið að byggjast upp á þessu sérhæfða sviði á mörgum áratugum. Það er hins vegar alveg ljóst mál að þessi ákvörðun fyrirtækisins er ekki byggð á einhverjum sérstökum aðstæðum. Í rökstuðningi fyrirtækisins er vísað í að verið sé að draga úr starfsemi mjög víða um heiminn og því miður hefur þessi ákvörðun verið tekin á Ísafirði. Verið er að draga úr starfsemi á vegum Marels þar sem eru evrusvæði og dollarasvæði, hávaxtarsvæði og lágvaxtarsvæði. Við sjáum að þarna er ákvörðun sem tekur til mjög margra fyrirtækja sem starfa við margvíslegar aðstæður.

Fram undan er að reyna að vinna sig út úr þessum vanda sem er gríðarlega mikill. Ég held að engin ástæða sé til að reyna að draga úr því að þetta er alvarlegt mál og núna stöndum við frammi fyrir því að reyna að bregðast við því á einhvern hátt. Fyrirtækið tekur ákvörðunina á sínum (Gripið fram í.) forsendum og við stjórnmálamenn höfum ekki allt of mikið um það að segja. Við þurfum að átta okkur á því hvort hægt sé, eins og vakið hefur verið máls á, að einhver hluti af starfseminni, sem fram hefur farið á vegum Marels á Ísafirði, verði unninn á annarra vegum á því svæði, á Ísafirði. Það er eitthvað sem við þurfum að láta reyna á og ég held að bæði Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ísafjarðarbær, Byggðastofnun og aðrir þeir sem koma að slíkum málum þurfi nú að hafa frumkvæði að því til að tryggja það að þetta áfall verði minna en efni standa ella til.

[15:12]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál sem

við erum að ræða hér, atvinnuþróunarmál í Ísafjarðarbæ. Þetta er því miður ekki eina málið sem við erum að fást við. Við stöndum líka frammi fyrir því að færa eigi eignarbönd Orkubús Vestfjarða til Landsvirkjunar. Það er því margt, því miður, á eina bókina lært í þessari þróun.

Við stöndum frammi fyrir því núna að við erum að horfa á fyrirtæki sem við töldum að gæti verið burðarás í tækniframförum á Vestfjörðum, Marel, sem áður var fyrirtæki Póls hf., sem var þróað í sjávarútvegsumhverfi Vestfjarða meðan það var öflugt og sterkt, sem náði ákveðinni fótfestu og sameinaðist undir merki Marels fyrir nokkrum árum. Það að við erum að missa slíkt fyrirtæki af svæðinu er sorglegt. Önnur fyrirtæki sem hafa verið í iðnaði á Vestfjörðum hafa borið sig illa undan því að dýrt væri að vera með atvinnurekstur og vera með markaðinn annars staðar og þar kemur flutningskostnaðurinn inn í og önnur aðstaða sem snýr að stjórnvöldum.

Þróunin á Vestfjörðum hefur því miður verið sú á undanförnum árum að þar hefur orðið tekjusamdráttur og veruleg fólksfækkun. Því miður er það ekki einsdæmi í kjördæmi okkar að þetta sé bara á Vestfjörðum, þetta er einnig annars staðar í kjördæminu eins og á Norðvesturlandi og í Dölum. Það er því að mörgu að hyggja, hæstv. forseti. Við höfum af því miklar áhyggjur þegar slík þróun á sér stað, að við erum að missa burtu sprota sem ef til vill hefðu getað hlaðið í kringum sig og eflt atvinnulífið í fjórðungnum, sérstaklega með tilliti til þess hvað sjávarútvegurinn hefur dregist saman á undanförnum árum og við höfum misst mikið af aflaheimildum. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða sem við þurfum að reyna að taka á sameiginlega.

[15:14]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Í tilefni af þeirri umræðu sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hóf fyrr í dag tel ég rétt að hafa í huga og nefna það að heildarfjöldi hjúkrunarrýma á Íslandi er 2.554. Þar af eru 362 hjúkrunarrými sérstaklega ætluð heilabiluðum, en það eru 15%. Í upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu kemur fram að deildir fyrir heilabilaða eru 27 talsins á landinu öllu. Ég vil hins vegar vekja sérstaka athygli hv. þingmanna á því að nú stendur fyrir dyrum að fjölga hjúkrunarrýmum um 374 og hæstv. heilbrigðisráðherra hefur kynnt það á þinginu og gert grein fyrir því. Af þeim 374 rýmum er gert ráð fyrir því að 60 verði fyrir heilabilaða. Það stendur því til að fjölga hjúkrunarrýmum um 15%.

Ég vil líka vekja athygli á því að samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 712 milljónum til framkvæmda við uppbyggingu hjúkrunarrýma. Þar af eru 115 millj. kr. sem sérstaklega var ákveðið á fjárlögum síðasta árs og þessu til viðbótar eru 62 millj., sömuleiðis samkvæmt fjárlögum, sem renna sérstaklega til þriggja hjúkrunarrýma. Ég vek athygli hv. þingmanna á því að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar treystu sér ekki til að veita þessum tillögum stjórnarmeirihlutans atkvæði sitt við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007. Það er rétt að hafa það í huga, hæstv. forseti.

[15:17]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka upp málefni heilabilaðra á þinginu þar sem við eigum svo sannarlega að ræða þau málefni.

Eins og við öll vitum hafa á undanförnum árum orðið miklar framfarir á þessu sviði þar sem við höfum lagt áherslu á aukin úrræði, sérstök úrræði til handa þessum hópi, aukna áherslu á hvíldarinnlagnir og aukna áherslu á dagvistina og sömuleiðis heimahjúkrun þó að það komi kannski þessum hópi ekki sérstaklega við.

Það er athyglisvert þegar maður skoðar þann fjölda rýma sem við höfum yfir að ráða, hjúkrunarrýma í landinu, sem eru um 2.554, að 65% af þeim, um 1.660, eru notuð fyrir fólk sem hefur greiningar alzheimers eða heilabilunar.

Talið er að úr þessum hópi þurfi 15–20% á sérstökum rýmum að halda. Þau rými eru í dag 362 en ef maður skoðaði bara töluna sem þarna er, 15–20% af þessum hópi, 1.660 manns, eru það 332. Við höfum því á fleiri sérhæfðum rýmum að skipa en samt er biðlisti. Þetta er nokkuð sem við þurfum að fara vandlega yfir. Fram undan er síðan, eins og ráðherrann kom inn á í svari sínu hérna í byrjun, aukning um tæp 20% hvað varðar rýmin, og 20% varðandi dagvistunina.

Auðvitað er það verkefni okkar að halda áfram uppbyggingu sérhæfðrar þjónustu til handa alzheimersjúklingum og minnissjúklingum og það er mikilvægt að halda því til haga. Um leið er þá ástæða til að halda því til haga sem hér er búið að gera.

Mig langar rétt í lokin, frú forseti, til að nefna hér að við þingmenn fáum oft persónuleg erindi fólks til okkar. Það er auðvitað okkar sem þingmanna þessarar þjóðar að sinna þeim en ég hlýt samt að taka það upp hér að mér finnst sérstakt þegar við tökum sérstaklega fyrir málefni einstaklinga hér. (Gripið fram í.) Já, en málið var þannig lagt upp, hv. þingmaður, að við vorum að tala hérna um einstaklingsdæmi og við hljótum alltaf að þurfa að ræða út frá almennum forsendum. Það finnst mér ráðherrann hafa gert og (Forseti hringir.) við eigum að gera það í umræðunni.

[15:19]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Ég deili áhyggjum þeirra þingmanna sem ræddu hér um atvinnuástandið á Ísafirði og skil þær vel. Hins vegar var það ekki erindi mitt í ræðustól, heldur að ræða um málefni minnissjúkra sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir byrjaði á við upphaf þessa þingfundar.

Komur á minnismóttöku á Landakoti eru um 1.500 til 1.700 á ári. Þar af eru nýir einstaklingar milli 200 og 300. Það er alveg ljóst að hér þarf að taka á og eins og hæstv. heilbrigðisráðherra kom inn á er unnið að því máli og verið að ráða sérstakan lækni til starfa í heilbrigðisráðuneytinu sem mun sinna þessum málaflokki. Það er vel.

Það var ósköp dapurt að sjá viðtalið við ættingja þessara minnissjúku einstaklinga og alveg ljóst að það er af töluverðu að taka hvað þennan sjúkdóm áhrærir sem virðist vera vaxandi.

Ég vona að okkur takist vel að halda á þessu máli því að þetta er náttúrlega mjög erfitt, bæði fyrir einstaklingana

sjálfa og aðstandendur þeirra. Þau úrræði sem þingmenn hafa talið hér upp eru væntanleg og vonandi verður hægt að halda þannig á málum að ekki myndist langir biðlistar eftir að komast á sérstakar deildir fyrir minnissjúka.

[15:20]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að hefja máls á vandamáli minnissjúkra eða alzheimersjúklinga. Þetta er hópur sem hefur lent í hörmulegum örlögum. Þetta er mjög slæmur sjúkdómur, sérstaklega fyrir aðstandendur og alla sem eru í kringum hinn sjúka.

Það er líka vandamál við þennan sjúkdóm að hann er oft ekki stöðugur. Hann kemur og fer sem oft og tíðum er enn þá verra fyrir sjúklinginn sem veit þá öðru hverju af sér, og man, og svo hitt kastið ekki.

Þess vegna er mjög brýnt að taka á vandamálum þessa fólks og ég fellst á það með hv. þingmanni að betur megi gera í að upplýsa menn. Það er kannski einmitt skýring á okkar kerfi sem er því miður orðið allt of flókið og allt of illa upplýsandi að fólk skuli fá bréf sem nánast ekkert stendur í til útskýringar.

Auðvitað eiga þessar reglur að vera skýrar og bréf þannig orðuð að fólk geti skilið það sem í þeim stendur. Það er eitt sem við þurfum að gera stórátak í að bæta. Það heyrum við víða.

En það er líka spurningin um betra skipulag, að menn séu með betra skipulag og nýti þau rými sem til staðar eru og reyni að vinna á biðlistum sem mest þannig að fólkið fái sem besta aðhlynningu, hvort sem er með hjúkrun í heimahúsum, ef það er hægt, eða á hjúkrunarheimilum. Oft og tíðum er þetta fólk jafnvel í mjög dýrum sjúkrahúsplássum sem ekki er endilega þörf á, að hafa heilt háskólasjúkrahús á bak við sig.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur fyrir að taka þetta mál upp.

[15:23]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það þýðir lítið fyrir hv. þingmenn Framsóknarflokksins að ryðja út úr sér einhverjum kosningaloforðum hérna. Þetta mál snýst um það hvort hæstv. heilbrigðisráðherra standi við loforð sem hún hefur gefið hópi sem hefur ákaflega litla möguleika á að verja sig.

Úr þessum stóli sagði hæstv. heilbrigðisráðherra fyrr á þessum þingvetri að hún teldi sjálf að það þyrfti fjögur bráðarými fyrir minnissjúka. Hún sagðist mundu beita sér fyrir því. Ekkert hefur breyst síðan. Í dag er það eitt. Ástandið hefur sem sagt versnað. Það er það sem hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir ætti heldur að ræða um en að ryðja út úr sér einhverjum kosningaloforðum sem enginn tekur mark á.

Annað var það líka sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir tók upp, gjaldtaka gagnvart sjúklingi sem núna er vegna alzheimersjúkdóms á hjúkrunarstofnun. Það kemur í ljós að hæstv. ráðherra kemur hérna alveg eins og hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir og segir: Það þýðir ekkert að vera að ræða þetta á grundvelli einstakra dæma.

Við erum ekki að ræða þetta á grundvelli einstakra dæma, heldur á grundvelli reglugerðar sem hæstv. ráðherra undirritaði 21. desember árið 2006, tók gildi árið 2007. Eftir hana er fólk rukkað um allt að 142 þús. kr. fyrir að vera á slíkri stofnun þó að ljóst sé að engin heimild sé fyrir því vegna þess að í þessu tilviki er sjúklingurinn undir 67 ára aldri.

Og spurningin er bara þessi: Vissi hæstv. ráðherra ekki hvað hún var að undirrita? Vissi hún ekki að hún var að þrengja þarna verulega að hag fólks sem á mjög erfitt?

Svo kemur hæstv. ráðherra og segir að hún vilji ekki ræða einstök dæmi. Hún skal gjöra svo vel að koma hingað og ræða þær reglugerðir sem hún hefur skrifað undir sem í þessu tilviki hafa verulega skert kjör þessa fólks sem við ættum öll að sammælast um að hjálpa. (Forseti hringir.)

***Um fundarstjórn.***

Umræðuefni í athugasemdum.

[15:25]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Í fundarstjórn forseta áðan var henni hagað þannig, reyndar vegna þess hversu margir báðu um orðið, að ég hafði ekki tök á að ræða við hæstv. ráðherra um þær spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra. Ég tel mjög mikilvægt að hæstv. forseti leyfi mér að inna hana eftir svörunum.

Ég spurði um yngri hjúkrunarsjúklinga.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti getur ekki leyft hv. þingmanni að halda áfram með efnislega umræðu um þetta mál. Hv. þingmaður óskaði eftir að ræða um fundarstjórn forseta.)

Já, ég tel mjög mikilvægt að forseti hagi fundarstjórn þannig að ég fái að kalla eftir viðbrögðum ráðherra vegna reglugerðar sem felur það í sér að fólk undir 67 ára aldri á hjúkrunarheimilum fær rukkanir sem er ekki heimilt samkvæmt þeirri reglugerð sem ég er hér með undir höndum.

(**Forseti** (SP)**:** Þegar verið er að ræða um störf þingsins undir liðnum ...)

Ég er a.m.k. búin að koma þessu til hæstv. (Forseti hringir.) ráðherra. (Forseti hringir.)

[15:26]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Hv. þingmaður á ekki að grípa fram í fyrir forseta þegar forseti er að útskýra undir hvaða lið í þingsköpum er verið að ræða þetta mál. Það er sagt alveg skýrt og klárt: „Umræður um athugasemdir mega ekki standa lengur en í tuttugu mínútur.“

Því miður er það þannig að ýmsir hv. þingmenn komast ekki á mælendaskrá en vildu gjarnan ræða málið og við því er ekkert að segja.

[15:27]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. forseta að þingmenn eiga ekki að grípa fram í fyrir hæstv. forseta og aldrei mundi mér t.d. koma til hugar að gera slíkt. Ég tel að hæstv. forseti hafi að því leytinu til staðið sig óaðfinnanlega

við fundarstjórn gagnvart þessari litlu ræðu hv. þingmanns áðan.

Hins vegar er það þannig að við erum hér komin á síðasta sprett þingsins og það mundi greiða fyrir þingstörfum ef hæstv. ráðherrar mundu svara þeim fyrirspurnum sem fyrir þá eru lagðar.

Í þessu tilviki, frú forseti, var einungis um það að ræða að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir taldi að hæstv. ráðherra framfylgdi með röngum hætti því valdi sem henni er falið af þjóðinni. Það er fullkomlega eðlilegt að hv. þingmaður taki það hér upp til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna. Sömuleiðis væri fullkomlega eðlilegt að hæstv. forseti hlutaðist til um að hæstv. ráðherrar, sem eru krafðir sagna um alvarleg mál af þessu tagi þar sem þrengdur er hagur fólks sem ekki getur varið sig, svöruðu. Það kynni að greiða fyrir gangi þingsins á síðasta sprettinum.

Þetta var nú allt sem ég vildi segja, frú forseti, og ég vona að hæstv. forseti virði mér til vorkunnar að ég kem hér upp til þess af veikum mætti að leiðbeina henni sem ég veit auðvitað að er ekki mitt hlutverk.

[15:29]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Það er mjög nauðsynlegt að geta rætt undir liðnum sem heitir störf þingsins en það er ekki heppilegt að hann fari fram með þeim hætti sem hann hefur t.d. farið fram í dag, að hér tali annar hver maður um hver sitt málið.

Ég tel að forseti geti vel stjórnað því, og þingmenn sameinast um það, að um það mál sem fyrst er upp borið verði rætt á undan máli sem aðrir vilja ræða. Vilji menn biðja um orðið til að ræða annað mál eigi þeir að koma því til forseta að þeir vilji ræða annað mál. Þá hefst umræða um það mál á eftir því máli sem fyrr er rætt.

Sá þingmaður sem fyrstur bað um orðið ætti að fá að ræða það mál sem honum er hugleikið og aðrir en þeir sem hafa þá beðið um orðið á undan honum ættu ekki að komast að.

Ég tel mikilvægt að forseti taki á þessu máli, það verði rætt til að koma skikki á þessa umræðu því að það er mjög vandræðalegt, og hallærislegt bara, að halda hér umræðum uppi um tvö eða þrjú mál í einu í ræðustól Alþingis.

[15:30]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti hefði haldið að hún þyrfti ekki að útskýra hvaða reglur giltu um umræðu um störf þingsins og að hv. þingmanni eins og öðrum hv. þingmönnum væri kunnugt um það. Það er auðvitað þannig að sérstök regla gildir um þennan þátt í þingsköpum og þingmenn eru einfaldlega teknir á mælendaskrá í þeirri röð sem þeir óska eftir að taka til máls. Forseti spyr ekki hv. þingmenn að því hvað þeir ætla að ræða um efnislega. Þingmenn hafa rétt á því að taka til máls. Þar fyrir utan er sérstakur liður sem heitir utandagskrárumræða, en þeirri umræðu er þannig háttað að málshefjandi og hæstv. ráðherra komast aftur að í lok þeirrar umræðu og hún er bundin við ákveðið málefni. Svo er ekki um störf þingsins.

[15:31]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það hvarflar aldrei að mér að ræða annað en fundarstjórn forseta undir þessum lið (**Gripið fram í:** Láttu ekki svona.) og ég held að menn ættu almennt ekki að gera það. Hæstv. forseti fór mjög vel yfir hvaða reglur gilda um það. Hv. þingmenn hér í þingsal þekkja auðvitað mjög vel hvaða reglur gilda um það hvernig menn ræða störf þingsins.

Ég er alveg sammála hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um að betur færi á því að menn ræddu hér eitt mál þegar búið er að taka upp þann sið að taka fyrir efnislega umræðu undir liðnum störf þingsins. Það lýsir best samkomulaginu í kaffibandalaginu að ekki skyldi vera hægt að gera það í þetta skipti. (Gripið fram í.) Hvernig átti forseti að stýra því? Þannig háttaði til að hv. þingflokksformaður, Össur Skarphéðinsson, sendi út tilkynningu um að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir tæki þetta mál upp undir liðnum störf þingsins. Þá höfðu menn gert ráð fyrir að það yrði umræðuefnið en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sá ástæðu til að brjóta þá reglu (**Gripið fram í:** Hann er svo nýr í kaffibandalaginu.) sem venjulega hefur verið um það hvernig menn ræða mál hér. (Gripið fram í.) Bent er á það í þingsal að hann muni vera svo nýr í kaffibandalaginu að hann kunni ekki reglurnar en þá hefðu hv. þingmenn í Frjálslynda flokknum, félagar hans, getað bent honum á hvaða reglur giltu um þetta, hvaða samkomulag er um slíka umræðu. Kaffibandalagið þyrfti að endurskoða samkomulagið innan hópsins og sjá hvort menn geti komist að niðurstöðu um hvernig þeir ætla að ræða málin í þingsal.

[15:33]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti biður hv. þingmenn um að halda sig við efnið um fundarstjórn forseta.

[15:34]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil mælast til þess við forseta að hún ræði við þingmenn um að hafi þeir fyrirspurnir fram að færa til ráðherra nýti þeir sér ákvæði þingskapa um að bera fram fyrirspurnir sem heimilt er að gera, bæði skriflega og munnlega. Það stendur hvergi í þingsköpum að umræður um störf þingsins eigi að breytast í fyrirspurnatíma þar sem þingmaður kemur upp og ber fram fyrirspurnir og ráðherra kemur síðan með undirbúin svör. Ég tel að það sé ekki rétt notkun á ákvæðum þingskapa eins og menn hafa praktíserað þetta á þessu kjörtímabili. Ég mælist til þess við forseta að hún reyni að stjórna hug þingmanna í þessum efnum til að nýta þennan lið um störf þingsins á þann veg að fyrirspurnir verði ekki mikið þar á dagskrá þó að það kunni annars að vera skynsamlegt og nauðsynlegt að bera þær fram.

Hitt vil ég segja að forseti getur ekki krafist þess af þingmönnum að þeir ræði tiltekin mál, þeir hafa rétt til að kveðja sér hljóðs og taka upp það mál sem þeir kjósa undir þessum lið. Hv. þm. Jóhann Ársælsson verður einfaldlega að una því meðan þingsköp eru svona, þingsköp eru lög og menn eiga að fara að lögum og forseti hefur ekki við neitt annað að styðjast en að fara að lögum í fundarstjórn sinni.

Mér finnst til nokkurs ætlast að mælast til þess við forseta að hún setji einhverjar þrengri skorður en lög mæla fyrir um í þessu efni.

Ég hafði gert forseta viðvart um það síðastliðinn föstudag að ég mundi taka atvinnumál á Ísafirði upp hér í dag, annaðhvort undir liðnum störf þingsins eða með ósk um utandagskrárumræðu sem ég bar þá fram formlega. Mér voru færð þau tíðindi áðan að ekki hefði verið orðið við beiðni minni um utandagskrárumræðu um þetta mál af einhverjum óljósum ástæðum sem ég er ekki alveg búinn að tileinka mér, enda svo nýlegur í kaffibandalaginu eins og hér hefur verið minnst á. Mér skilst að hér hafi menn sem koma dálítið að stjórn þingsins búið sér til einhverjar reglur sem taki við þegar lögum sleppir og eigi að binda menn eins og lög. Ég kannast ekki við að lagasetningarvald þingsins hafi verið flutt frá þinginu til einhverra óskilgreindra manna sem geti búið til einhverjar reglur um það að menn ræði ekki atvinnumál á einstökum stöðum. Hvenær komst Alþingi að þeirri niðurstöðu að atvinnumál á einstökum stöðum, hvort sem það er á Siglufirði, Ísafirði, Vestmannaeyjum eða Reykjavík, séu ekki þess verðug að það megi bregðast við atburðum sem þar verða og taka þau upp hér í þinginu?

[15:37]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Vegna þessara orða hv. þingmanns vill forseti upplýsa að beiðni hans um utandagskrárumræðu um þetta efni er á þeim lista þar sem eru aðrar beiðnir um utandagskrárumræðu en það hefur hins vegar ekki verið afgreitt hvort eða hvenær af þeirri umræðu verður. Hygg ég að þeir hv. þingflokksformenn sem hér eru geti staðfest þær upplýsingar forseta þar sem það mál var rætt sérstaklega á fundi forseta með þingflokksformönnum í hádeginu í dag.

[15:37]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég á frekar von á því að þetta form muni verða nýtt áfram eins og það hefur verið nýtt, en ég tek hins vegar undir að hún er frekar hallærisleg, þessi „bland í poka"-umræða. Hér er oft verið að ræða tvö, þrjú mál í einu undir sama liðnum. Hér er búið að ræða um málefni hjúkrunarsjúklinga og atvinnuástand á Vestfjörðum og þetta eru ekki lík mál í eðli sínu.

Ég á frekar von á því, virðulegur forseti, að þetta form verði nýtt til hins ýtrasta á næstunni af því að við erum í aðdraganda kosninga og menn vilja auðvitað koma ýmsu á framfæri og það er oft þannig að það sem rætt er í upphafi þingfundar ratar beint í fjölmiðla. Ég á þess vegna von á að það muni frekar færast í aukana að við verðum með svona „bland í poka"-umræðu daglega í upphafi þingfundar.

Ég hef getað aflað mér upplýsinga á meðan á þessari umræðu stóð varðandi það sem rætt var áðan um yngri hjúkrunarsjúklinga. Það er þannig að yngri hjúkrunarsjúklingar (Gripið fram í.) eiga ekki að greiða. (**Gripið fram í:** Er þetta um fundarstjórn forseta?) Ég vil sérstaklega minnast á það vegna þess að ...

(**Forseti** (SP)**:** Hæstv. ráðherra á ekki að ræða efnislega um þetta mál heldur ræða um fundarstjórn forseta.)

Já, virðulegur forseti, ég hélt að það létti kannski forseta fundarstjórnina að upplýsa að Tryggingastofnun hefur líklega gert mistök varðandi þetta mál. Það verður þá leiðrétt af því að ekki á að rukka yngri hjúkrunarsjúklinga. Ég hélt að þetta mundi kannski létta aðeins stjórnina á fundinum að upplýsa þetta af því að mér gafst tími til að afla mér upplýsinga um það á milli umræðna að það er þannig.

[15:39]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Það er ekki eins og að þetta form hafi ekki verið að þróast á undanförnum árum í þinginu og við þurfum auðvitað að halda því áfram. Ég veit ekki til þess að það standi neins staðar í þingsköpum að það eigi að koma því til forseta að maður ætli að biðja um orðið við upphaf umræðu. Það er t.d. ekki þannig að þeir eigi einhvern forgang í sjálfu sér sem hafa sent einhver skilaboð til hæstv. forseta um að þeir ætli að taka orðið í upphafi. Það hefur líka verið þannig að hæstv. forseti hefur ítrekað í svona umræðum gefið ráðherrum orðið í lok umræðunnar. Ég hef lúmskan grun um það, vegna þess að ég hef beðið um orðið við slíka umræðu en þá hafa ráðherrar verið teknir fram fyrir í þeirri umræðu. Mér finnst það ekki eiga við í þessari umræðu að þannig sé að málum staðið ef þetta á að vera frjálst og allir standi jafnir gagnvart því að fá orðið.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun að heppilegt sé að menn reyni að nýta þetta form og finna leiðir til að nýta það sem best. Það var erindi mitt við hæstv. forseta, ekki að ég ætlaðist til að hún færi að taka á málum við einstaka umræðu, heldur að hæstv. forseti beitti sér fyrir því að menn ræddu þessi mál og veltu því fyrir sér hvort ekki væri hægt að koma þeim betur fyrir þannig að ekki færi fram umræða með þessum hætti.

Ég bað um orðið strax og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafði hafið máls á málefnum Vestfjarða. Ég átti enga möguleika á að komast í umræðuna vegna þess að önnur umræða var hafin og menn voru búnir að biðja um orðið um allan sal. Það er auðvitað mjög óheppilegt að þetta skuli vera svona en þetta voru að mínu viti umræður um fundarstjórn forseta og tilmæli til hennar um að hafa áhrif á það hvernig þessar umræður fari fram.

[15:41]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill láta þess getið að hún hefur haldið allmarga fundi um þingsköp Alþingis með hv. þingflokksformönnum. Enn þá hefur ekki náðst niðurstaða í þeim málum og hvaða breytingar eigi að gera en kannski er ekki útséð um það.

[15:41]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Oft hefur það borið við í þingsal að menn hafi rætt fleiri en eitt mál undir liðnum um störf þingsins. Ég held að það sé ekkert nýmæli þó að það sé kannski ekki aðalreglan en menn gera þetta stundum og ekkert óeðlilegt við það. Það sem menn þurfa kannski að passa í því sambandi er að ekki séu rædd svo lík málefni undir þessum lið um störf þingsins að þau verði mjög misskilin. Ég tel að málefnið sem við tókum upp hér og hv.

þm. Kristinn H. Gunnarsson hóf hafi verið það greinilega aðskilið frá því máli sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir hóf að ræða að ekki gæti neitt vafist fyrir mönnum í þingsalnum hver var að ræða hvað eða að þjóðin hafi misskilið það með nokkrum hætti hver var að ræða hvað. Ef við hefðum hins vegar tekið það upp að ræða hjúkrunarvistunarúrræði á Ísafirði með sambærilegum hætti þá hefðu menn kannski blandað málunum saman. Þetta voru mjög aðskilin málefni og getur ekki hafa vafist fyrir neinum að við vorum að ræða hér tvö mál með stuttri innkomu okkar um atvinnumál í Ísafjarðarbæ.

Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti. Ég held að þetta hafi ekki vafist fyrir neinum, a.m.k. gerði forseti ekki neinar athugasemdir við það að menn hæfu umræðu um tvö mál, enda hefur það oft verið gert áður þó að það sé kannski ekki hin algilda regla, oftast nær er verið að ræða eitt mál en stundum eru tekin fyrir tvö mál og þrjú. Það er alveg hægt að leggja fram pappíra um það og ég veit að forseti gæti verið okkur þingmönnum hjálpleg við að upplýsa okkur um hvernig slíkar umræður hafa farið fram um fleiri en eitt málefni ef það er vandi þingsins sem ég hygg að sé ekki.

Ég vænti þess að þeir sem hófu umræðuna um störf þingsins hafi komið sínum málum til skila, hvor á sinn hátt, og ég held að það hafi verið gott og nauðsynlegt. Það segir auðvitað ekki að þessari umræðu um atvinnumál í Ísafjarðarbæ sé lokið. Því miður eru næg tilefni til að tala um ástandið þar, á Vestfjörðum í heild, byggðaþróunina og tekjuþróunina, sem og annars staðar í kjördæmi okkar, Norðvesturkjördæmi. Því miður, hæstv. forseti, held ég að við munum þurfa að taka meiri tíma undir þinni stjórn til að ræða þau mál í framtíðinni.

[15:44]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Það er rétt sem hv. þingmaður bendir á að það eru auðvitað mörg fordæmi fyrir því að fleiri en eitt mál hafi verið rædd undir þessum lið um störf þingsins.

[15:44]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég vildi upplýsa það í fyrsta lagi að ég hef lagt fram beiðni um utandagskrárumræðu vegna atvinnumála á Vestfjörðum, stöðu þeirra og aðgerða sem grípa þarf til til þess að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífs á Vestfjörðum og jafna hana, sem einnig mundi snerta það fyrirtæki sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vakti hér athygli á, að Marel var að loka Póls á Ísafirði. Ég vildi bara vekja athygli forseta á því að þetta mál á ég inni sem utandagskrárbeiðni frá 9. febrúar. Ég óska eftir því að það fái að komast sem fyrst á dagskrá til að ræða um samkeppnisstöðu atvinnulífsins á Vestfjörðum og hvernig grípa megi þar inn í. Við munum eftir kosningaloforðum um jöfnun flutningskostnaðar og nær væri að ræða þetta mál í stærra samhengi og efnislega.

Ég tek að öðru leyti heils hugar undir þær áhyggjur sem komu fram varðandi stöðu fyrirtækisins Marels og það sem er af mörgum talin ósanngjörn framkoma af þess hálfu, sem sýnir litla samfélagslega ábyrgð. Ég vil í lokin vekja athygli á að ég hef lagt fram beiðni um utandagskrárumræðu um atvinnumálin á Vestfjörðum og vonast til að hún komist sem fyrst á dagskrá.

[15:46]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hér kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að þingmönnum ber auðvitað engin skylda til að tilkynna fyrir fram að þeir hyggist nýta sér rétt sinn til að taka til máls undir þessum dagskrárlið, um störf þingsins. Það skapar mönnum engan forgang þó að þeir hafi sent inn slíka tilkynningu. Mér fannst hins vegar eðlilegt að láta vita af ætlan minni. Ég óskaði eftir utandagskrárumræðu um málið í dag og sagði að ef ekki yrði hægt að verða við því mundi ég taka málið upp undir þessum dagskrárlið. Það lá þá alveg ljóst fyrir.

Það má segja að þingflokksformaður Samfylkingarinnar fari sömu leið. Eins og hér hefur verið upplýst sendi hann tilkynningu um að þingmaður hans einn mundi taka upp annað mál undir liðnum um störf þingsins. Enginn gerir athugasemd við það, virðulegi forseti. Menn bara taka þau mál upp sem þeim finnst brýn og ræða þau. Mér fannst brýnt að taka upp þetta mál, atvinnumál á Ísafirði, öðrum fannst það ekki brýnt og ræddu annað mál. Svona bara liggur málið og ekkert við því að gera.

Ég vil hins vegar segja, virðulegi forseti, að ég held að það þurfi að verða veruleg breyting á framkvæmd utandagskrárumræðunnar í þinginu. Hún hefur breyst mikið á síðustu árum, og til hins verra að mínu mati, frá því að vera utandagskrárumræða yfir í það að vera skipulögð leynileg dagskrárumræða þar sem menn leggja inn beiðnir um utandagskrárumræðu út af einhverju tilefni sem mönnum finnst brýnt og þurfi að ræða en svo liggur beiðnin inni dögum og jafnvel vikum saman og er bara látin liggja til að koma í veg fyrir að aðrir geti tekið sama mál upp í þingsalnum. Þetta er ekki eðlilegur gangur, virðulegi forseti. Ef mál er það brýnt að menn telji nauðsynlegt að ræða það utan dagskrár þarf að ræða það fljótt. Það segir sig sjálft því að ef það er ekki brýnt fer málið bara inn á dagskrá, þá leggja menn inn fyrirspurn eða þingmál sem fer á dagskrá. Ef menn telja málið það brýnt að það þurfi að taka það fyrir skjótt gerist það með utandagskrárumræðu. Áður fyrr var það þannig að utandagskrárumræða fór fram innan tveggja tíma frá því að beðið var um hana, a.m.k. samdægurs. Núna líða dagar og vikur og svo stundum dettur beiðnin út án þess að hafa verið nýtt. Þetta gengur ekki.

Ef atburðir gerast sem þingmennirnir meta brýna og vilja ræða á að gera það strax, sama daginn, í síðasta lagi daginn eftir. Ef ekki er hægt að verða við því er bara utandagskrárumræðuformið ónýtt. Það er ekkert gagn að því að vera með þetta ákvæði í þingsköpunum ef það er ekki hægt að koma umræðunni að sem menn vilja að komist skjótt að.

[15:49]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Í tilefni af þeim umræðum sem hér hafa orðið um það hvernig við högum þeim samtölum sem við eigum hvert við annað, þingheimur og forseti, undir liðnum fundarstjórn forseta er það alveg rétt sem hv. þm. Kristinn

H. Gunnarsson sagði, ég sem formaður þingflokks Samfylkingarinnar gerði viðvart um áform hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur um að taka hér upp tiltekið mál. Það er af því að formaður þingflokksins er svo sáttfús og mildur, þ.e. formaður þingflokks Samfylkingarinnar, að hann reynir að greiða fyrir þingstörfum. Ef ég hefði vitað um þessa umræðu af hálfu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar hefði ég alveg verið til viðræðu um að freista þess að hliðra til umræðu af hálfu okkar, þingmanna Samfylkingarinnar, til þess að það sem hv. þingmaður taldi brýnt mál fengi hér komið á dagskrá þótt óformlegt væri.

Hins vegar er það rangt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að menn taki hér upp brýn mál til umræðu utan dagskrár og ef þeim finnist það ekki brýnt leggi þeir það fram sem fyrirspurn. Nei, heyrðu, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem hér ert búinn að vera lengur en á grönum má sjá, svona einfalt er ekki lífið hér, við skulum bara horfast í augu við það. Hér taka þingmenn oft og tíðum mál til umræðu utan dagskrár sem eru bara bölvuð vitleysa og eiga ekkert heima þar. Það er bara partur af veruleikanum sem við búum við. Það er auðvitað þingmönnum sjálfum að kenna hvernig það umræðuform hefur útþynnst með vissum hætti, eins og hv. þingmaður benti á. Ég er þeirrar skoðunar að það ætti að hverfa aftur til þess tíma sem hv. þingmaður ræddi hér, að menn tækju upp þau mál sem virkilega brýnt er að taka upp af því að þau koma upp með skömmum fyrirvara og þau verði rædd hér með þriggja tíma fyrirvara, eins og segir í þingsköpum. Það er alvöruumræða sem stendur undir nafni „utan dagskrár".

Hitt formið sem hér hefur þróast þar sem menn leggja inn beiðnir um umræðu utan dagskrár um einhver mál sem þola kannski margra vikna bið varðar þá bara mál sem eru ekki þess virði að ræða þau utan dagskrár. Þá er hægt að ganga frá þeim með einhverjum öðrum hætti. Mér finnst sjálfum oft og tíðum sem við burðumst við að ræða mál utan dagskrár sem eru þess eðlis að þau eigi betur heima í formi fyrirspurna. Ég er þeirrar skoðunar. Þá komum við aftur að því sem er réttur þingmannsins, þingskapalögin eru einfaldlega þannig að það er ekki hægt að taka þennan rétt af þingmönnum nema um sé að ræða óvanalega stjórnsaman og yfirgangssaman formann þingflokks og það af verri forseta Alþingis. Í þessum tilvikum báðum er um að ræða ákaflega milda og blíða einstaklinga þannig að það gerist ekki. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hér ættu að vera umræður um störf þingsins á hverjum einasta degi og það ætti að vera gefinn sérstakur tími til þess. Það mætti þess vegna tvískipta honum. Þannig er það í öðrum þingum. Þá geta menn tekið upp svona mál sem þeim finnst brýn en eru kannski minni háttar og geymt hin stóru til raunverulegra umræðna utan dagskrár. Restinni má bara rusla í fyrirspurnatímana, (Forseti hringir.) oft og tíðum eiga þau mál best heima þar.

## *Þjóðskjalasafn Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 642. mál (öryggismálasafn). — Þskj. 960.

[15:53]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Þjóðskjalasafnið sem eru frá 1985.

Frumvarp þetta byggir á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði hinn 22. júní 2006 á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var hér í sölum Alþingis hinn 3. júní það sama ár þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að skoða gögn sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og gera tillögu um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að þeim.

Í nefndina voru skipuð Páll Hreinsson, stjórnarformaður Persónuverndar, sem var einnig skipaður formaður nefndarinnar, Anna Agnarsdóttir, forseti Sögufélagsins, Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður og Ómar H. Kristmundsson, formaður stjórnmálafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

Nefndin lauk störfum hinn 9. febrúar sl. með því að afhenda Alþingi sérstaka skýrslu um starf sitt samkvæmt framangreindri þingsályktun. Er sú skýrsla jafnframt, frú forseti, fylgiskjal með þessu frumvarpi. Skýrslan er um margt fróðleg og hefur að geyma umfjöllun um nefndarstarfið og afmörkun þess, yfirlit yfir þau gögn sem til eru um innra og ytra öryggi íslenska ríkisins frá árunum 1945–1991, umfjöllun um þá lögvörðu hagsmuni sem geta staðið í vegi fyrir aðgangi að gögnum um öryggi íslenska ríkisins á þessum árum, umfjöllun um reglur um NATO-skjöl, um sérstakar þagnarskyldureglur og um rétt aðila að upplýsingum um sjálfa sig og einnig um upplýsingarétt almennings. Í lokakafla skýrslunnar er að finna sérstakar tillögur nefndarinnar sem þetta frumvarp snýst einmitt um og það er um þá breytingu sem við erum að fjalla hér um, um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Í almennri umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið segir í skýrslunni að til þess að auðvelda aðgang fræðimanna að gögnum sem snerta öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 — og ég vek athygli, frú forseti, á því að þetta er mjög alvarlegt mál sem er engu að síður skemmtilegt að ræða og ég veit að hv. þingmenn ... (Gripið fram í.) Við vitum vel að þetta er mjög athyglisvert mál sem ég held að allir þingmenn, sérstaklega hinn skeleggi formaður þingflokks Samfylkingarinnar, hefðu gott af því að hlusta á, ekki síst sá ágæti leynivinur. (Gripið fram í.)

Eins og ég var að segja segir í skýrslunni að til þess að auðvelda aðgang fræðimanna að gögnum sem snerta öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 er lagt til að stofnuð verði sérstök safnadeild við Þjóðskjalasafn Íslands, nokkurs konar öryggismálasafn þar sem þessi gögn verði varðveitt. Jafnframt er lagt til að ekki verði aðeins útbúin málaskrá yfir þau mál sem eru í deildinni heldur einnig þau skjöl sem tilheyra hverju máli. Um þetta vísast nánar tiltekið í a-lið 1. gr. frumvarpsins sem fjallar um öryggismálasafnið.

Þá segir í umfjöllun nefndarinnar að í gögnum um ör-

yggismál íslenska ríkisins frá árunum 1945–1991 komi í undantekningartilvikum fyrir viðkvæmar einkalífsupplýsingar um nafngreinda einstaklinga. Að mati nefndarinnar ber að koma í veg fyrir að slíkar persónuupplýsingar komi fyrir almenningssjónir á grundvelli 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Til þess að raunsönn mynd fáist af öryggismálum íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 og sagnfræðirannsóknum verði ekki of þröngur stakkur skorinn er á hinn bóginn lagt til að fræðimönnum verði veittur aðgangur að slíkum upplýsingum, svo og að upplýsingum um nöfn þeirra sem voru grunaðir um að ógna öryggi ríkisins á þessum tíma þannig að sögulegar staðreyndir málsins liggi fyrir. Aftur á móti er lagt til að á grundvelli 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar verði fræðimönnum meinað að skýra frá slíkum einkalífsupplýsingum með persónugreinanlegum hætti nema fyrir liggi samþykki þess sem í hlut á. Í samræmi við ákvæði 8. gr. upplýsingalaga frá 1996 er lagt til að þetta bann gildi í 80 ár frá því að hinar viðkvæmu einkalífsupplýsingar urðu til. Bannið tekur aðeins til umfjöllunar á persónugreinanlegum upplýsingum. Um þetta vísast nánar í 1.–4. mgr. b-liðar 1. gr. frumvarpsins.

Í ljósi sjónarmiða um friðhelgi einkalífs leggur nefndin til að nöfnum þeirra einstaklinga sem á lífi eru og sætt hafa slíkum rannsóknum verði haldið leyndum nema þeir sem í hlut eiga veiti samþykki sitt fyrir slíkri birtingu, en lagt er til í 5. mgr. b-liðar 1. gr. frumvarpsins að Þjóðskjalasafnið skrifi þessum einstaklingum og kanni hug þeirra til þess. Eðli máls samkvæmt eru þeir hagsmunir sem friðhelgi einstaklinga er ætlað að vernda einkum fyrir hendi í lifanda lífi. Eftir andlát þessara einstaklinga er ekki talin ástæða til að halda nöfnum þeirra leyndum, enda dvína þá verndarhagsmunirnir verulega og verður að telja að þá vegi þyngra almannahagsmunir af því að hægt sé að fara á hlutlægan hátt yfir sögu kaldastríðsáranna.

Til fræðimanna í skilningi b-liðar 1. gr. frumvarpsins teljast skv. 8. mgr. þeir sem hafa stundað fræðirannsóknir í hug- eða félagsvísindum og birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi. Fræðimaður skal sýna fram á að gögn öryggismálasafns hafi mikilsverða þýðingu fyrir rannsókn sem hann vinnur að. Nánar um skilgreiningu á fræðimanni samkvæmt ákvæðinu segir í athugasemdum frumvarpsins að átt sé við hvern þann sem stundað hefur fræðirannsóknir í hug- eða félagsvísindum og birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi óháð því hvort hann hafi lokið háskólaprófi á þessum þekkingarsviðum. Með hug- og félagsvísindum er m.a. átt við sagn-, félags- og stjórnmálafræði og aðrar þær fræðigreinar sem falla undir samnefnt fagsvið Rannsóknarmiðstöðvar Íslands. Birting á „viðurkenndum vettvangi“ felur í sér útgáfu fræðirita, birtingu greina í ritrýnd tímarit, flutning erinda á ráðstefnum fræðimanna eða birtingu á öðrum sambærilegum vettvangi.

Samkvæmt ákvæðinu skal fræðimaður sem hyggst fá aðgang að öryggismálasafni sem slíkur og þar með fá rýmri aðgangsheimild en aðrir sækja um sérstakt leyfi til þess konar aðgangs að skjölum öryggismáladeildar. Skal fræðimaður þá jafnframt sýna fram á með rökstuðningi hvers vegna skjöl með persónugreinanlegum upplýsingum hafi þýðingu fyrir rannsókn hans. Þjóðskjalavörður sker úr um ef vafi leikur á því hvort skilyrði þessi séu uppfyllt. Fræðimaður getur síðan kært synjun þjóðskjalavarðar um aðgang að þess háttar skjölum til menntamálaráðherra.

Til þess að ákvæði 3., 4. og 6. mgr. b-liðar þessa frumvarps nái markmiðum sínum, þ.e. að tryggja einkalífsvernd, er lögð refsing við brotum á ákvæðunum í 10. mgr. Refsirammi ákvæðisins er í samræmi við 229. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í 11. mgr. er jafnframt mælt fyrir bótaskyldu séu ákvæði 3. eða 4. mgr. brotin. Er áréttað í athugasemdum frumvarpsins við 11. mgr. að einfalt gáleysi nægi svo að dæma megi tjónvald til að greiða tjónþola bætur fyrir miska.

Í c-lið frumvarpsins er fjallað um upplýsingarétt hins skráða. Þar segir að Þjóðskjalasafninu sé skylt, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að skjölum í öryggismálasafni ef þau hafa að geyma persónugreinanlegar upplýsingar um einstaklinginn sjálfan. Þá er tekið fram í greininni að ef í skjali koma jafnframt fram persónugreinanlegar upplýsingar um aðra einstaklinga sem falla undir 3. eða 4. mgr. b-liðar frumvarpsins skuli afmá þær upplýsingar úr ljósriti eða afriti skjals áður en aðila er veittur aðgangur að því nema sá sem í hlut á hafi samþykkt opinbera birtingu upplýsinganna.

Í d-lið 1. gr. frumvarpsins er fjallað um upplýsingarétt almennings. Þar segir að Þjóðskjalasafni Íslands sé skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að skjölum öryggismálasafns, enda komi þar ekki fram upplýsingar sem falla undir ákvæði 3. eða 4. mgr. b-liðar frumvarpsins sem fjalla um persónugreinanlegar upplýsingar um lifandi einstaklinga sem sannanlegt er og eðlilegt að leynt fari. Ef slíkar upplýsingar eiga aðeins við um afmarkaðan hluta skjals segir í ákvæðinu að afmá skuli þær upplýsingar og veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins.

Í e-lið 1. gr. frumvarpsins er síðan fjallað um afhendingu utanríkisráðuneytisins á gögnum til öryggismálasafnsins. Segir í ákvæðinu að áður en gögn utanríkisráðuneytisins, sem falla undir öryggismálasafn skv. a-lið frumvarpsins, eru afhent safninu skuli þau skoðuð og skráð til afhendingar í samræmi við fyrirmæli Þjóðskjalasafns Íslands. Segir jafnframt í ákvæðinu að skjöl sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með þjóðréttarsamningi við Norður-Atlantshafsbandalagið að halda leyndum skuli ekki afhent öryggismálasafninu. Þá segir einnig í ákvæðinu að skjöl sem hafa að geyma upplýsingar um virka varnar- og öryggishagsmuni íslenska ríkisins skuli ekki afhent öryggismálasafni ef

a. þau hafa ekki náð þrjátíu ára aldri eða

b. sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka rétt almennings til aðgangs að þeim.

Í athugasemdum í greinargerð um þessa grein sérstaklega kemur fram að í vörslum utanríkisráðuneytis sé að finna mikinn fjölda skjala er snerta öryggismál Íslands á árunum 1945–1991. Þannig sé áætlað að í hinu almenna skjalasafni ráðuneytisins sé að finna 26 þús. möppur eða um 800 hillumetra frá umræddu tímabili. Þar af áætlar ráðuneytið að um 5% skjalanna kunni að geyma viðkvæmar upplýsingar vegna þessara öryggishagsmuna. Sé því óhjákvæmilegt að farið verði í gegnum allar þessar möppur, gögn skoðuð og þau skráð til afhendingar í samræmi við fyrirmæli Þjóðskjalasafns Íslands. Vegna öryggishagsmuna

íslenska ríkisins er ekki hægt að afhenda öll skjöl Þjóðskjalasafni Íslands. Í greininni er svo mælt fyrir að skjöl sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með þjóðréttarsamningi við NATO að halda leyndum skuli ekki afhent öryggismálasafni Þjóðskjalasafns Íslands. Þessi undanþága er í samræmi við undanþáguákvæði 2. gr. upplýsingalaga og er talin nauðsynleg svo að íslenska ríkið geti virt þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem það hefur undirgengist með aðild að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Þetta ákvæði undanþiggur þó aðeins hluta NATO-skjalanna. Þannig ber, að teknu tilliti til NATO-reglna, að afhenda NATO-skjöl sem ekki hafa verið árituð sem trúnaðarskjöl. Hið sama gildir um trúnaðarskjöl sem síðar hafa fengið lægra trúnaðarstig og fengið að lokum merkinguna „NATO UNCLASSIFIED".

Í greininni er síðan mælt fyrir um tvær undanþágur frá því að skjöl skuli afhent öryggismálasafni Þjóðskjalasafns Íslands á grundvelli öryggishagsmuna ríkisins. Undanþágurnar eru í samræmi við gildandi reglur um takmörkun á aðgangi almennings að upplýsingum um öryggis- og varnarmálefni hjá stjórnvöldum samkvæmt upplýsingalögum, nr. 50/1996, og samkvæmt sérstökum þagnarskyldureglum.

Að lokum, frú forseti, er í f-lið frumvarpsins kveðið á um kæruheimild til menntamálaráðherra vegna synjunar Þjóðskjalasafns um að veita aðgang að gögnum öryggismálasafnsins.

Virðulegi forseti. Samkvæmt því sem ég hef hér rakið er réttur til aðgangs að gögnum öryggismálasafns í frumvarpi þessu þrískiptur: 1) réttur fræðimanna til aðgangs að gögnunum, 2) réttur hins skráða að upplýsingum um sjálfan sig, 3) réttur almennings til aðgangs að gögnum safnsins.

Ég tel að nefnd sú sem vann þetta frumvarp hafi skilað góðu verki. Skýrsla nefndarinnar er um margt mjög fróðleg og frumvarpið mikilvægt til að tryggja að upplýsingar og sögulegur fróðleikur um öryggismál íslensku þjóðarinnar á árunum 1945–1991 skili sér til komandi kynslóða um leið og gætt er að því að tryggja mikilvæga einkalífshagsmuni þess fólks sem við sögu kemur sem og virka varnar- og öryggishagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Ég vil einnig geta þess, frú forseti, að að þessu frumvarpi samþykktu og vegna allrar þeirrar vinnu sem fram undan er varðandi skráningu gagna og skjala í þessum mörg hundruð hillumetrum sem um er að ræða hefur verið rætt við þjóðskjalavörð um að hugað verði að því hvort hægt verði að vinna þessa umfangsmiklu vinnu að einhverju eða öllu leyti utan höfuðborgarsvæðisins.

Að lokum legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[16:06]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra hefur lagt fram frumvarp um öryggismálasafnið og segir að nauðsynlegt sé að ná því í gegnum þingið hið fyrsta til þess að hægt sé að ná til grafar öllum kurlum sem tengjast hinum umdeildu hlerunum sem áttu sér stað á því tímabili sem skýrslan, hin svokallaða kaldastríðsskýrsla, nær til. Ég er algjörlega annarrar skoðunar. Ég tel að eina leiðin til að hægt sé að hreinsa það mál upp sé að Alþingi samþykki lög sem svipta burtu trúnaðarskyldu og refsingum gagnvart þeim sem hafa hugsanlega starfað að einhvers konar ólöglegum hlerunum eða eftirliti á síðustu áratugum. Það er eina leiðin sem hægt er að nota til að draga það allt fram í dagsljósið sem hefur gerst. Þá leið fóru Norðmenn og þessi leið hefur líka verið farin með öðrum hætti í Danmörku. Nú skal ég að vísu fúslega gangast við því að ég tel að umfang starfseminnar hafi verið mun minna hér á landi en í þessum tveimur löndum.

Hins vegar er það jafnljóst að margt bendir til þess að ekki sé allt komið fram í dagsljósið sem tengist þessu pólitíska ólöglega eftirliti. Hins vegar er ekki að undra að Sjálfstæðisflokkurinn er hræddur við málið og gerir allt sem hann getur til að reyna að sópa því undir teppið og leggja það til endanlegrar hvílu. Þegar við ræddum skýrsluna sem kennd er við kaldastríðsnefndina fyrir nokkrum vikum var, að því er virtist, fyrst og fremst markmið Sjálfstæðisflokksins að nota niðurstöður þeirrar skýrslu með ákaflega frjálslegum túlkunum til að halda því fram að hún gæfi til kynna að það væri ekkert meira sem væri að upplýsa í málinu. Svo er nú aldeilis ekki, frú forseti. Þór Whitehead sagnfræðingur skrifaði um það merkar greinar þar sem hann upplýsti að hér hefði um langt skeið verið starfandi það sem hann kallaði „strangleynilega öryggisþjónustu". Þetta er ekkert annað en eins konar leynilögregla sem hafði það eitt að hlutverki að fylgjast með mönnum sem höfðu skoðanir sem ekki voru æskilegar að mati þeirra sem fóru með valdið í ríkinu. Þær niðurstöður sem liggja fyrir benda allar til þess að þeir einu sem fylgst var með hafi verið róttækir vinstri menn, sósíalistar og kommúnistar sem höfðu uppi andstöðu við ríkjandi stjórnmálakerfi og voru á stundum, a.m.k. sumir þar í hópi, hættulegustu og skæðustu pólitísku andstæðingar sjálfstæðismanna sem fóru með völd. Það er í reynd ótrúlegt að hugsa til þess að forustumenn Sjálfstæðisflokksins, sem voru ráðherrar og gegndu mjög miklum trúnaðarstörfum innan ríkisins, hafi bókstaflega talað heimilað og jafnvel fyrirskipað í sumum tilvikum að það yrði hleraður sími og fylgst með þeim mönnum sem sátu með þeim hér í þessum sölum og voru pólitískir andstæðingar þeirra.

Þær skýringar sem hafa verið gefnar í umræðum síðustu mánaða hafa einkum og sér í lagi lotið að því að þessir menn hafi verið hættulegir lýðræðinu. Látið hefur verið að því liggja að þeir kynnu jafnvel sumir hverjir að hafa þjálfast í vopnabúnaði og settur er af stað sögusveimur, fyrir því enginn flugufótur, um að þeir hafi jafnvel haft yfir að ráða einhvers konar vopnasafni. Þetta er allt saman hægt að lesa í greinum eftir hirð sagnfræðinga Sjálfstæðisflokksins og hlusta á í máli sumra þeirra. Ég spyr sjálfan mig, frú forseti: Þurfum við ekki sem njótum þess trúnaðar að vera kjörin til að sitja á hinu háa Alþingi að grafast fyrir um það hverjar voru raunverulegar ástæður þess að forustumenn Sjálfstæðisflokksins tóku að sér það sérkennilega hlutverk að fyrirskipa eftirlit og rannsókn með mönnum eins og Hannibal Valdimarssyni? Það er þó maður sem enginn getur og enginn hefur, ekki heldur úr röðum Sjálfstæðisflokksins, hvorki eldri né hinna yngri Tyrkja þeirra, haldið fram að væri með einhverjum hætti nokkuð annað en lýðræðissinnaður jafnaðarmaður. Enginn hefur nokkru sinni leitt getum að því að Hannibal Valdimarsson hafi verið sporgöngumaður erlends stórveldis eða með einhverjum hætti

viljað kollvarpa því lýðræðisskipulagi sem hefur ríkt á Íslandi.

Þess vegna rímar það ekki þegar maður sér fyrir framan sig þá staðreynd að maður á borð við hann, sem var alþingismaður, ráðherra, ritstjóri blaðs og forseti Alþýðusambands Íslands, var hleraður samkvæmt beinni heimild utanríkisráðherra lýðveldisins á þeim tíma. Hvað olli því? Þurfum við ekki og höfum við ekki siðferðislega skyldu til þess að grafast fyrir um það? Getum við lagt það til hvíldar á grundvelli skýrslu sem hafði engin föng og engin tæki til að grafa fram staðreyndir sem þetta varðar? Mér finnst að við sem erum sporgöngumenn þessara manna höfum móralska skyldu til að leiða það fram hvað olli því. Er hægt að velta því fyrir sér hvort það kynni að vera vegna þess að sá ágæti stjórnmálamaður var á þeim tíma í hópi skæðustu stjórnarandstæðinga og uppi voru viðkvæm mál sem vörðuðu landhelgisstríðið. Mikið er það undarleg tilviljun, frú forseti, að á sama tíma og þau mál eru öll í deiglu og menn eru að móta afstöðu og viðhorf flokka skuli Sjálfstæðisflokkurinn láta hlera slíkan mann. Það er alveg með ólíkindum. Eftir hverju var verið að slægjast? Engínn getur haldið því fram að hann hafi ætlað með einhverjum hætti að beita valdi gegn því Alþingi sem hann sjálfur sat á. Voru menn kannski að slægjast eftir skoðunum hans á landhelgisstríðinu og landhelgisdeilunni og afstöðu hans hreyfingar? Þetta eru hlutir sem þarf að skoða. (Gripið fram í.) Hannibal Valdimarsson sem segja má að sé fjarskyldur pólitískur ái okkar beggja þó að sá sem hér stendur sé hugsanlega í örlítið öðrum túnskika en sá sem kallaði fram í, hv. þm. Ögmundur Jónasson. En þetta finnst mér skipta miklu máli.

Ég vil segja, frú forseti, að skýrslan sem liggur hér frammi sem aðalfylgigagn frumvarpsins gefur fullt tilefni til að ræða þetta. Þar koma fram ákveðnar niðurstöður sem ég í sjálfu sér ætla ekki að deila um en varða málið. Þar er því t.d. haldið fram og slegið föstu að á grundvelli gagna sem skýrsluhöfundar öfluðu sér hafi ekki verið nokkur leið fyrir þá sem voru starfandi í því sem Þór Whitehead kallaði hina strangleynilegu öryggisþjónustu að hlera síma. Af hverju? Af því að það þurfti atbeina starfsmanna Pósts og síma.

Svo, frú forseti, les maður skýrsluna og lýsingu á því hvernig hægt var að tengja í box sem var í garðinum fyrir utan lögreglustöðina á Hverfisgötu 72. Maður ber það og les það í ljósi þeirra fullyrðinga sem fram koma í sömu skýrslu, að þeir menn sem störfuðu að öryggiseftirlitinu voru þjálfaðir af erlendum leyniþjónustum. Þeir voru svo góðir í sínu starfi og sinntu þeirri þjálfun svo vel að það er ekki langt síðan að íslenskur ljósvakamiðill upplýsti um það að fundist hefðu skjöl á þessum vetri þar sem borið var sérstakt lof á þessa íslensku leyniþjónustumenn fyrir hversu hæfir þeir væru í starfi. Dettur nokkrum lifandi manni í hug að fyrir slíkum mönnum, sem eru þjálfaðir hjá vestur-þýsku leyniþjónustunni, hjá CIA og hugsanlega fleiri leyniþjónustum, hafi vafist að tengja einn síma? Þetta er svo hlægilegt að það er hreinn barnaskapur.

Að því leyti til vil ég halda þessu til haga, af því þetta er undir í umræðunni sem fylgiskjal, að það er algerlega fráleitt að ætla að slá því föstu, eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert í umræðunni, að þar með sé búið að klára þetta mál. Að sjálfsögðu ekki.

Ef t.d. hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefði verið uppi svolítið fyrr, nokkrum áratugum fyrr, og hann hefði kannski kosið sér annan starfsvettvang en lögfræði og stjórnmál og hugsanlega, sem hann á þó örugglega ekki eðli til, viljað fylgjast með einhverjum samlöndum sínum í launuðu starfi, heldur, frú forseti, að nokkur leið væri til þess að jafnvel þó hann væri kominn á efri ár og byggi yfir þessari þekkingu sem hugsanlega hefði þá leitt af sér fyrr á æviskeiðinu eins konar lögbrot, að hann mundi stíga fram iðrunarfullur, eins og hann á þó eðli til stundum þegar hann gerir rangt af sér, og játa þetta? Að sjálfsögðu ekki. Hvers vegna? Vegna þess að hann hefði átt yfir höfði sér töluvert þungar refsingar.

Ég segi það bara alveg klárt og kvitt, frú forseti, að ég tel að þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunni, bendi fremur til þess að það hafi verið ýkja létt verk fyrir þjálfaða menn á þessu sviði að framkvæma slíkar hleranir án þess að nokkur yrði var við og án atbeina Pósts og síma.

Ég tel þess vegna, frú forseti, að það sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur áður sagt í umræðu um þessi mál, að hérna sé sýnt fram á það svart á hvítu að ekkert pólitískt eftirlit hafi verið með Íslendingum fyrr á árum umfram það sem segir í skýrslunni, sé fullkomlega rangt.

Að öðru leyti, frú forseti, vil ég segja, eins og ég sagði í umræðu strax um skýrslu kaldastríðsnefndarinnar, að ég tel að allar tillögur hennar séu prýðilegar. Ég leggst síður en svo gegn þessu öryggismálasafni og ég held að þarft sé að setja upp sérstakt safn sem varðveitir allar skráðar heimildir og öll skjöl sem tengjast þessum málum. En nú er það svo að við vitum að þeir menn sem þarna fóru höndum um voru svo hræddir við sinn ólögmæta verknað að þeir eyddu öllum skjölum. Það sem hugsanlega var markverðast er horfið. Það var brennt á báli.

Leitt hefur verið í ljós núna að öll skjölin sem var að finna í mörgum skápum í sérstöku lokuðu herbergi hinnar strangleynilegu öryggisþjónustu, sem Þór Whitehead kallar svo, obbinn af þeim var brenndur af því að þeir sem báru ábyrgð á þeim voru hræddir við hvað þar væri að finna. Mig uggir nú að sumir hv. þingmenn glottu ekki jafndjarflega og þeir gera í dag ef þessi skjöl væru enn á dögum einhvers staðar. (Gripið fram í.) Það skiptir mjög miklu máli í umræðunni, frú forseti, að það sé gert alveg ljóst og í gadda slegið að menn hafi aðgang að þeim upplýsingum sem þó liggja fyrir. Væntanlega eiga sumar og auknar heimildir eftir að koma í ljós.

Það sem nefndinni var falið á sínum tíma var fyrst og fremst að setja reglur um með hvaða hætti fræðimenn ættu að hafa aðgang að þeim skjölum. Ég var hins vegar í hópi þeirra sem áttu kost á því að fylgjast með starfi nefndarinnar, þ.e. við áttum reglulega fundi, formenn þingflokka ásamt forseta þingsins, með þeim ágætu mönnum sem unnu þetta starf. Það bæði gladdi mig og ég studdi það þegar í framvindu þeirrar vinnu kom í ljós að nefndin taldi að réttast væri að ganga jafnvel enn lengra varðandi opnun en kannski mætti með strangasta móti segja að hún hefði umboð til, miðað við þá ályktun sem hér var samþykkt.

Þess vegna fagna ég því að í fyrsta lagi er opnað fyrir aðgang almennings að þeim skjölum sem verða í öryggis-

málasafni Þjóðskjalasafns Íslands. Þær reglur sem þarna eru settar af hálfu nefndarinnar og hæstv. menntamálaráðherra leggur fram í frumvarpsformi tel ég að séu vel viðunandi og í sumum tilvikum meira en það. Almenningur mun eiga kost á að geta farið og skoðað þetta en þó þannig að persónulegar viðkvæmar upplýsingar séu ekki veittar.

Það sem skiptir líka ákaflega miklu máli er að einstaklingar geta leitað upplýsinga um hvort til séu skráðar upplýsingar um þá. Sé svo eiga þeir kost á að sjá þær. Þetta eru grundvallaratriði að því er varðar rétt almennings, bæði til þess að vita hvað fór fram, hvers eðlis það var, og síðast en ekki síst þeirra sem voru andlag rannsóknanna á hverjum tíma.

Þar sem mér finnst þó að nefndarmenn hafi sýnt mesta hugkvæmni og lipurð er varðandi túlkun þeirra á því hvað er fræðimaður. Umboð þeirra var að setja reglur um hvernig fræðimenn hefðu aðgang að þeim gögnum sem yrði að finna í öryggismálasafninu. Þá koma menn óhjákvæmilega að þeirri spurningu: Hvernig ber að skilgreina fræðimann?

Íslenskt samfélag er sérstakt að því leyti til að hér hefur verið mikil framleiðsla þekkingar og söfnun þekkingar af hálfu manna sem við í samfélagi okkar köllum fræðimenn en hafa hins vegar ekki gengist undir þá skýrslu fræðimennsku sem felst í að ljúka prófum við menntastofnanir eða skila viðurkenndum stórum ritgerðum. En svona er eðli hins íslenska fræðasamfélags. Í gegnum tímann má segja að íslenskur almúgi hafi alltaf framleitt fræðimenn sem sumir hafa öldum síðar uppskorið virðingu og aðdáun fyrir þau verk sem þeir hafa unnið. Þess vegna fagna ég því alveg sérstaklega að skilgreining nefndarinnar á hver teljast skuli fræðimaður er mjög víð. Hún felur það í reynd í sér að viðkomandi einstaklingur þarf einungis að hafa skrifað eina grein sem skilgreina má sem fræðigrein um málið og ekki einu sinni í ritrýndum tímaritum og sömuleiðis þarf hann að leggja fram rannsóknaráætlun. Þetta er ákaflega rúmt túlkað. Ég tel að það eigi að vera svona. Ég tel að allir þeir sem telja að þeir séu að vinna einhvers konar rannsóknarvinnu, sem er þeim til gagns eða öðrum, eigi að hafa aðgang að þessum gögnum og því fagna ég því öllu saman.

Mig langar, ef hæstv. menntamálaráðherra tekur til máls aftur, að inna hana eftir því hvað hún telji það muni kosta að skoða, skrá og koma til vörslu þeim gögnum sem er að finna í umsjón utanríkisráðuneytisins. Fram hefur komið í máli hennar og í umræðum áður að ljóst er að þar er um að ræða gríðarlegt magn. Sömuleiðis er enn að finna töluvert magn af gögnum hjá Pósti og síma sem enn hafa ekki verið afhent Þjóðskjalasafni og sem á eftir að leita í að heimildum sem tengjast þessum málum. Fram kom í samtölum okkar þingflokksformanna við kaldastríðsnefndarmennina að þetta gæti tekið mörg ár og orðið mjög dýrt. Ekki sýti ég það. Þetta er þarft. Partur af því að hreinsa upp þennan heldur skuggalega kafla sem Sjálfstæðisflokkurinn fyrst og fremst ber ábyrgð á í sögu þjóðar okkar. Til þess þarf fé. Ég vildi gjarnan vita hvort menn hefðu slegið á það, komið því á einhvern kvarða.

Hitt vil ég svo að lokum segja, frú forseti, og ítreka, að ég tel að saga hins pólitíska eftirlits á þessu tímabili sé ekki komin fram í dagsljósið. Við höfum t.d. í þessum sölum verið að leita eftir því að menn sköpuðu einhvers konar tæki og aðstöðu til að kanna umfang hins pólitíska eftirlits sem haft var í frammi af hálfu stjórnvalda. Ég nefni t.d. stjórnmálaskoðanir þeirra sem sóttu um, fengu og eftir atvikum fengu ekki, atvinnu hjá varnarliðinu á Keflavíkursvæðinu.

Í því tilviki vil ég líka nefna það til sögu að einhvers staðar í stjórnkerfinu hljóta að vera menn sem eru að skoða hæfni og færni þeirra sem af okkar hálfu veljast til trúnaðarstarfa hjá samtökum sem við tengjumst, eins og Atlantshafsbandalaginu. Ég rifja það upp að lögreglustjórinn þáverandi, Böðvar Bragason, upplýsti í Fréttablaðinu undir lok síðasta árs — af því hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er minnugur, þá man hann vafalaust að það var 7. nóvember því hann er eftirtektarsamur um þessi efni — að lögreglan sæi um að gefa út öryggisvottorð um þá sem væru á leið til starfa fyrir NATO. Ég tel nú að óhugsandi sé ef slík öryggisvottorð eru gefin út að þá sé engin rannsókn sem liggi þar að baki. Ef menn veita aðgang með þeim hætti þar sem rannsókn fer fram að innstu leyndardómum NATO hljóta þeir líka að vera þess umkomnir að veita hann ekki. Með öðrum orðum, fyrir mér vakir þessi spurning: Hvernig var háttað samskiptum stjórnvalda og þeirra sem sinntu þeim rannsóknum? Um þetta er bara ekkert vitað. Þetta eru pólitískar rannsóknir sem hljóta að fara fram enn þann dag í dag.

Þetta nota ég sem röksemd, frú forseti, til þess í fyrsta lagi að slá því föstu að það sé langt frá því að búið sé að draga fram í dagsljósið alla þá starfsemi sem hefur farið fram og fer hugsanlega fram enn þá án þess að nokkurt lýðræðislegt eftirlit sé með henni. Í öðru lagi vil ég halda því til haga að þó að það sé sjálfsagt að styðja lungann úr þessu frumvarpi þá er af og frá að halda því fram að með því að setja svona safn af stað, sé með einhverjum hætti búið að kvitta fyrir þetta tímabil. Eina leiðin til þess er norska leiðin. Sakaruppgjöf þeirra sem að þessum málum hafa komið fram á okkar dag. Það er ekkert annað sem kemur til greina. Þetta frumvarp er einungis lítið skref á þeirri leið. En leiðin og förin um hana bíður að öllum líkindum næstu ríkisstjórnar. En ég get huggað hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson og aðra að sú bið (Forseti hringir.) verður ekki löng.

[16:27]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði mig um kostnað. Kostnaðurinn er nokkurn veginn sá sem getið er um í fylgiskjalinu sem kemur frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins en þar er gert ráð fyrir um 150 millj. kr. Þetta er allt saman útreiknað samkvæmt þeim hillumetrum sem upplýsingar eru um og við vitum að kostar að fara í.

Ég vil enn og aftur ítreka að ætlunin er að vinna þetta m.a. á landsbyggðinni og hef ég hug á að skoða t.d. Ísafjörð. Við vitum að Héraðsskjalasafnið þar hefði hugsanlega tækifæri og möguleika á því að taka við svona verkefnum.

En síðan er það hitt að ég bað um andsvar þar sem mér fannst í byrjun hv. þingmaður vera að feta inn á þá braut að hann ætlaði ekki að styðja þetta mál, teldi ekki nóg að gert

og þar af leiðandi væri hann allt annarrar skoðunar en hér kæmi fram.

Ég tel mikilvægt og það verður seint of oft sagt að við eigum að upplýsa þjóðina um söguna alla. Það á allt að vera uppi á borðum. Í ljósi þess hafði ég það m.a. að leiðarljósi þegar ég úrskurðaði að Þjóðskjalasafnið ætti að opna skjalahirslur sínar og geymslur vegna þeirra mála sem komu inn á mitt borð. Ég taldi það eðlilegt.

Ég tel það ríka hagsmuni komandi kynslóða að við áttum okkur á hvernig sagan hefur verið og hvernig hún var skrifuð. Þá meina ég líka sagan öll. Þetta er liður í því. Ég get ekki að því gert að ég fæ það á tilfinninguna þegar ég hlusta á hv. þingmann að hann hafi ekki kunnað sérstaklega við þá niðurstöðu sem kom út úr þeirri nefnd. Hún er ekki skipuð neinum aukvisum, hún er skipuð mætum og merkum fræðimönnum og mætum og merkum embættismönnum sem komust að þeirri niðurstöðu, svo ég vitni í skýrsluna, en þar segir um viðkomandi tímabil, með leyfi forseta:

„Lögreglan átti frumkvæðið að hlerunum í apríl 1951 og 1968. Um annað er ókunnugt."

Ég get (Forseti hringir.) ekki að því gert að tilfinningin er sú að niðurstaða þessa góða fólks, þessara mætu fræðimanna, hugnist ekki þingmanninum og (Forseti hringir.) þess vegna á að halda áfram með málið undir nokkurs konar dylgjum.

[16:29]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að ég tel að þetta sé alls ekki nóg. Það þýðir ekki að ég sé á móti frumvarpinu. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að það sé ágætt svo langt sem það nær. Það er fínt að fá svona safn þar sem þetta er skráð og menn vita þó hvar það er, jafnvel þó það sé ekki allt saman komið á einum stað. En það skiptir engu máli, finnst mér, varðandi það að upplýsa hvað raunverulega fór fram af hálfu hinnar strangleynilegu öryggisþjónustu, þar sem segir hér og nákvæmlega sú setning sem hæstv. ráðherra reifaði áðan, hún sagði, með leyfi forseta:

„Lögreglan átti frumkvæðið að hlerunum í apríl 1951 og 1968. Um annað er ókunnugt."

Þarna stendur að hún hafi átt frumkvæði að hlerunum 1951 og 1968. Ef maður ber þetta saman við ýmislegt sem kemur fram í hinni stóru og miklu fylgiskýrslu sem kemur fram með skýrslunni, þ.e. ítarefninu, þá er hægt að lesa úr þeim skjölum ýmislegt sem bendir einfaldlega til þess að hugsanlega hafi upphafið að slíkum hlerunum og að slíkri háttsemi lögreglunnar átt sér upptök annars staðar en hjá lögreglunni sjálfri. Það hefur reyndar komið skýrt fram að stundum virðist sem beinlínis hafi verið óskað eftir því af stjórnmálamönnum.

Að því er varðar flutning á þessu til Ísafjarðar, þá er það svo að bókasafnið þar var stofnað af fátækum verkamönnum, alþýðuflokksmönnum og sósíalistum í árdaga og ég bara fagna því ef þetta kemst í vörslu þeirra (Forseti hringir.) og inn á starfssvið þeirra og styð það góða starf, þar sem ég naut margra góðra (Forseti hringir.) stunda þegar ég var ungur maður á Ísafirði.

[16:31]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að hv. þingmaður tekur vel í hugmyndir og tillögur varðandi vinnslu þessa gríðarlega mikilvæga verkefnis sem mun upplýsa okkur um það hvernig sagan átti sér stað og hvernig hún mótaðist og myndaðist.

En ég get ekki að því gert að þegar þessi snöfurmannlegi þingmaður, mikill og góður leynivinur, kemur hingað upp finnst mér eins og um ákveðin vonbrigði sé að ræða hjá honum. Vonbrigði yfir því að fræðimenn hafi komst að þeirri niðurstöðu að lögreglan hafi átt frumkvæðið að hlerununum en ekki stjórnmálamenn, sem hv. þingmaður vill helst að hafi verið í Sjálfstæðisflokknum, og vonbrigði yfir því, sem fram kemur í skýrslunni, að ávallt hafi verið kveðinn upp dómsúrskurður sem heimilaði hleranir áður en þær voru framkvæmdar. Því má ekki gleyma að þetta var allt gert samkvæmt lögum, því lögformlega ferli sem kveðið er á um í stjórnskipan okkar. Mér finnst, frú forseti, eins og einhverra vonbrigða gæti yfir því að menn skuli ekki hafa upplýst eitthvert leynimakk.

En hitt er annað mál, og við skirrumst ekki við að viðurkenna það, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf staðið vörð um öryggishagsmuni ríkisins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf tekið afstöðu með bandalagsþjóðum sínum sem eru í NATO. Það er engin launung á því að viðhorfið var annað og andrúmsloftið var annað á þessum árum, svonefnt kaldastríðsandrúmsloft sem við verðum að taka tillit til þegar við skoðum söguna. Sjálfstæðismenn hafa alltaf skipað sér í sess með hinum vestrænu þjóðum. Aðrir flokkar, aðrir áar flokka sem nú eru starfandi á þingi, tóku afstöðu með öðrum stefnum, öðrum sjónarmiðum. Þau sjónarmið hafa sem betur riðað til falls og hvergi eða á fáum stöðum er eftir þeim starfað.

[16:33]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og hæstv. dómsmálaráðherra hefur margítrekað sagt í þessum sölum þurfti jafnan að vera grunur um glæpsamlegt athæfi til þess að hleranir væru heimilaðar. Leiddu hleranirnar einhvern tíma til þess að einhvers konar andlag hefði verið við þeim grun? Kom einhvern tímann í ljós glæpsamlegt athæfi? Hvaða grunur um glæpsamlegt athæfi olli því að Hannibal Valdimarsson var á sínum tíma hleraður? Þetta þarf allt að koma upp, frú forseti. Niðurstaðan í skýrslunni var nákvæmlega eins og ég lýsti því fyrir fram yfir að hún yrði. Ég taldi að í ljós kæmi að búið væri að eyða flestum gögnunum og ég taldi sömuleiðis að menn yrðu tregir til að tala við nefndina. Hvort tveggja kom í ljós. Það kom í ljós að menn voru ekki viljugir til að tala við nefndina. Það kom líka í ljós, eins og við spáðum, að á meðan ekki væri víst að mönnum yrði tryggð uppgjöf saka kæmi enginn fram og greindi frá því hvort um einhvers konar saknæmt athæfi hefði verið að ræða.

Frú forseti. Það er athyglisvert að í skýrslunni kemur það t.d. fram að eftir að lögreglan fluttist í núverandi höfuðstöðvar á Hverfisgötu 72, þar sem var fullkominn nýtískuhlerunarbúnaður sem kom frá erlendri þjónustu, hættu hler-

anirnar. Þetta var nákvæmlega á því tímabili þegar mestar röstur róttæklinga voru. Þegar menn höfðu hörðust mótmæli og í einu skiptin sem menn frömdu það sem hægt er að flokka undir spellvirki var ekki fylgst með neinum.

Frú forseti. Ég tel það satt að segja hreinan barnaskap að halda því fram að þetta bendi ekki til þess að menn hafi haft einhverjar aðferðir til þess að komast á snoðir um það hvort þeir menn sem voru þá taldir viðsjálsgripir af hálfu lögreglunnar ætluðu sér eitthvað af þessu tagi. Ég tel það hreinan barnaskap. Skýrslan er góð (Forseti hringir.) svo langt sem hún nær en hún slær að mínu viti engu föstu nema því sem vitað var fyrir fram.

[16:36]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ástæða er til að gera athugasemdir við ýmislegt sem fram kom í ræðu hv. þingmanns, sem var reyndar að mörgu leyti ágæt og fróðleg. Hv. þingmaður virðist vera með það á heilanum að um leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins hafi verið að ræða. Í því sambandi er rétt að rifja upp með hv. þingmanni að sjálfstæðismenn áttu ekki frumkvæðið að því að slíkt eftirlit var haft. Ég veit að hv. þingmaður veit það. (**ÖS:** Hverjir voru það?) Hann hefur lesið sér til um þessi mál og ég vísa honum á ágæta grein Þórs Whiteheads í tímaritinu Þjóðmál (**ÖS:** Þorir þú ekki að nefna framsóknarmenn?) þar um.

Í öðru lagi vil ég benda hv. þingmanni á að á bls. 11 í skýrslunni kemur fram að í hvert einasta skipti sem hlerað var hafi verið kveðinn upp dómsúrskurður sem heimilaði hleranir áður en þær voru framkvæmdar. Hv. þingmaður þarf ekki að beina spjótum sínum að Sjálfstæðisflokknum í því efni. Hann á að beina spjótum sínum að dómurunum. Það voru þeir sem heimiluðu hleranirnar.

Hv. þingmaður tekur upp sama þráð og Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra. Hann segir að þetta frumvarp sé ekki nóg. Hann segir að við þurfum að fara norsku leiðina. Veita þeim aðilum sem í hlut áttu sakaruppgjöf til þess að þeir eigi ekki á hættu að verða dæmdir fyrir brot á almennum hegningarlögum eða öðrum ákvæðum sem þessi atriði varða. En ég hlýt að spyrja hv. þingmann: Er þetta einhver (Forseti hringir.) röksemd í málinu? Eru ekki allar sakir fyrndar út af þessu máli?

[16:38]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr hvort allar sakir séu fyrndar. Er það nú víst? Ég er ekki viss um það. Það fer eftir því hvenær þær áttu sér stað og í annan stað hvers eðlis þær voru. Hér kallaði einn hv. þingmaður fram í: „Ekki landráð." Undir hvað mundi maður flokka það þegar safnað er upplýsingum um pólitískar skoðanir manna og þeim komið í hendur erlendrar leyniþjónustu? Það gerðist. Ég hef hvorki lögfræðilega speki né menntun til að slá því föstu að þar hafi verið um landráð að ræða. Hv. þingmaður gæti upplýst mig um það.

Hitt er alveg ljóst og það hefur komið fram hjá sagnfræðingnum Þór Whitehead, sem hv. þingmaður vill ekki fremur en ég að skuggi falli á, að hin strangleynilega öryggisþjónusta, ásamt ýmsum öðrum, þar á meðal starfsmönnum stjórnmálaflokka, Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, og hugsanlega Alþýðuflokksins á einhverjum tíma, safnaði upplýsingum um pólitískar skoðanir manna. Það liggur fyrir að það var hin strangleynilega öryggisþjónusta, menn sem voru launaðir af íslenska ríkinu, sem komu þeim í hendur erlendrar leyniþjónustu. Hvað kallast það?

Frú forseti. Ég spyr síðan hv. þingmann: Ef hann hefur rétt fyrir sér, sem getur vel verið, hvað er þá að óttast? Af hverju eru sjálfstæðismenn svona hræddir við að norska leiðin verði farin? Ef málið er eins og þeir segja er alveg ljóst að þeir hafa ekkert að óttast. En þeir eru skíthræddir. Það er eitthvað sem forusta Sjálfstæðisflokksins óttast í þessu máli. Af hverju gera þeir ekki eins og forverar þeirra 1936 sem lögðu fram tillögu um að meintar pólitískar njósnir á þeim sjálfum yrðu rannsakaðar með þessum hætti? Ég er ekki að gera neitt annað en Bjarni Benediktsson gerði 1936.

[16:40]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er kannski ekki hægt að kveða upp úr um hvaða lög voru hugsanlega brotin á þessum tíma. En ég held að það sé heldur langsótt að halda því fram að menn hafi gerst sekir um landráð. (**ÖS:** Ég spurði þig, ég var ekki að halda því fram.) Ég leyfi mér að halda því fram að hafi lög verið brotin sé hugsanleg refsiábyrgð fyrir löngu fyrnd. Engin ástæða er til þess að vera að taka afstöðu til þess að fara sömu leið og Norðmenn gerðu.

En það er ágætt að það kom fram hér í umræðunni hjá hv. þingmanni, af því honum var mjög tamt í ræðu sinni að tala um leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins, að það voru ekki sjálfstæðismenn sem hófu þessa eftirgrennslan heldur einmitt menn úr röðum Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins sem hv. þingmaður var einu sinni í. Það þurfti að toga þær staðreyndir út úr hv. þingmanni.

Ef ég skil hv. þingmann rétt telur hann að þetta frumvarp sé ekki nóg. Ekki sé gengið nógu langt. Hvað vill hv. þingmaður gera? Ég hlýt að spyrja hann t.d. út í ákvæði frumvarpsins um aðgang fræðimanna að öryggismálefnum. Þar kemur fram að óheimilt sé að skýra frá eða miðla á einhvern annan hátt upplýsingum sem kunna að vera persónugreinanlegar.

Er hv. þingmaður þeirrar skoðunar að við eigum að breyta þessum ákvæðum á þann veg að við fáum öll spilin upp á borðið? Að farið verði yfir það hvaða menn það voru sem störfuðu fyrir þessa svokölluðu leyniþjónustu og ekki síður um hverja var grafist fyrir? Hverjir það voru sem voru á mála hjá leyniþjónustum Sovétríkjanna og Austur-Þýskalands? Ef til vill væri ástæða til þess (Forseti hringir.) að gera það og þá er spurningin: Hverjir voru hugsanlega (Forseti hringir.) uppvísir að landráðum?

[16:42]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ætli það yrðu ekki heldur fleiri sem þá kæmi fram í dagsljósið að hefðu starfað fyrir CIA? Má ég rifja upp að háttsettur leyniþjónustuforingi frá Sovétríkjunum, sem flúði yfir til Vesturlanda og var talinn trúverðugur, nefndi sérstaklega háttsettan stjórnmálamann, ekki á nafn, í

tilteknum öflugum stjórnmálaflokki ásamt öðrum sem hefði nú verið hvað mesta þarfaþingið í þeirri þokkalegu iðju.

Hv. þingmaður varpaði til mín spurningum sem vörðuðu persónuvernd. Við áttum töluverðar umræður um þetta, við nefndarmenn í kaldastríðsnefndinni. Ég hugsaði með svipuðum hætti og hv. þingmaður var að feta sig eftir áðan en sannfærðist um að rök nefndarmanna ættu fullkominn rétt á sér, þ.e. það ber að nálgast þetta út frá sjónarmiði persónuverndar. Þeir sem eru á þessum skrám og ekki vilja að nafn þeirra verði gert uppskátt eiga að fá að njóta þeirra leyndar. En ég tek það fram að sú leynd nær ekki lengur en fram að andláti þeirra. Það er nú þannig. Þá er enginn sem getur fyrir þeirra hönd hafnað því að þetta komi fram. Þannig að það er nú skammgóður vermir þetta líf í því efni enda sennilega sumir nokkuð teknir að hníga að aldri eins og sá hv. þingmaður sem hér reskist nú óðum í ræðustóli.

Það sem mér finnst hins vegar skipta máli í þessu er ótti Sjálfstæðisflokksins við að málið verði rannsakað með norsku leiðinni. Sá kvíðbogi sem þeir virðast bera fyrir því getur ekki annað en leitt til þeirrar ályktunar að þeir séu hræddir við eitthvað sem komi fram. Það er fullkomlega eðlilegt. Þetta er leyniþjónusta sem hér var starfandi að sögn Þórs Whiteheads og samkvæmt lýsingu hans var fullkomlega áratugum saman undir stjórn þeirra. Þeir héldu vitneskjunni um hana frá þinginu, frá öðrum stjórnmálamönnum, létu njósna um aðra stjórnmálamenn. Og þeir höfðu meira að segja sjóði sem þeir földu í Stjórnarráðinu til þess að kosta þetta. Ég skil vel að þessir menn séu skíthræddir. Ég mundi vera það í þeirra (Forseti hringir.) sporum.

[16:44]

**Útbýting:**

Aukatekjur ríkissjóðs, 358. mál, þskj. 952.
Lögmenn, 653. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 972.
Úrvinnslugjald, 451. mál, þskj. 955.
Útflutningsaðstoð, 656. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 982.
Ökupróf, 646. mál, fsp. AKG, þskj. 965.

[16:45]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta er fróðleg umræða sem hér fer fram og mikilvæg. En nú er verið að opna á gögn sem hafa farið leynt um áratugaskeið. Ég átti samræður um daginn við konu sem kemur frá einu þeirra heimila sem var hlerað í tengslum við atburðina við Alþingishúsið í lok marsmánaðar árið 1949. Hún sagði mér að á sínu heimili hefðu alltaf verið uppi grunsemdir um að heimilið hefði verið hlerað vegna þess að heimilisfaðirinn tengdist baráttunni gegn því að Ísland yrði sett inn í hernaðarbandalagið NATO.

En þegar hún fékk ekki alls fyrir löngu bréf, stimplað af íslenska ríkinu, sem staðfesti að heimilið hefði verið hlerað, heimilissíminn á bernskuheimili hennar hefði verið hleraður, þá sagði hún að það hefði farið um sig hrollur og ónotakennd. Ég segi þetta til að minna á að við erum að tala um alvörumál. Við erum að tala um brot á friðhelgi heimilisins og einstaklinga.

Nú liggur hér fyrir þinginu frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands þar sem gert er ráð fyrir því að komið verði á fót sérstöku öryggismálasafni innan Þjóðskjalasafnsins. Í frumvarpinu er einnig kveðið á um hvernig aðgengi fræðimanna að upplýsingum í þessu öryggismálasafni skuli hagað og jafnframt aðgengi almennings að gögnum.

Þetta er afrakstur nefndar sem skipuð var af forsætisráðherra síðastliðið sumar eða síðastliðið vor, 22. júní. En nefndinni var falið að gera tillögur um þetta efni og þá fyrst og fremst hvernig háttað skyldi aðgengi fræðimanna að upplýsingum um gögn sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi eins og það er kallað, á árunum 1945–1991.

Um þetta mál er þverpólitísk samstaða að því leyti að menn vilja opna þessar upplýsingar. Menn vilja ganga mislangt í því efni. Ég vildi gjarnan ganga enn lengra en gert er í þessu frumvarpi sem ég þó tel vera mikilvægt að flestu leyti.

Þegar þetta málefni kom til umræðu í þinginu ekki alls fyrir löngu og þá í tengslum við að skýrsla nefndarinnar hefði komið fram komu hér í ræðupúlt ýmsir fulltrúar stjórnarmeirihlutans, bæði úr Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, og fjölluðu um þessa skýrslu umræddrar nefndar sem væri hún sagnfræðiplagg, sem hún er að sjálfsögðu ekki þótt ýmislegt í skýrslunni gefi tilefni til að ætla að hér sé um sagnfræðirannsóknir að ræða. Á blaðsíðu 13 í skýrslunni þar sem vísað er í nokkrar athugasemdir segir m.a., með leyfi forseta:

„Ekki verður séð að neinn hafi verið ákærður eða handtekinn á grundvelli þeirra gagna sem aflað var með hlerunum."

Þegar skýrslan var kynnt okkur þingflokksformönnum fyrir nokkru, þ.e. þegar hún kom út, þá spurði ég hverju það sætti að þessi staðhæfing væri sett fram. Var mér þá sagt að þetta væri einvörðungu byggt á þeim gögnum sem nefndarmenn hefðu séð en þetta væri engin sagnfræðileg niðurstaða.

Þetta er atriði sem er mikilvægt að leggja mjög ríka áherslu á, að hér er ekki um neina sagnfræðilega úttekt að ræða heldur er einvörðungu um að ræða hvernig sagnfræðingum skuli veittur aðgangur að þessu efni, þ.e. gögnum sem snúa m.a. að njósnum og hlerunum. Ég ætla að leyfa mér að gera athugasemd við orðalag í frumvarpinu. En þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Óheimilt er fræðimanni að skýra frá eða miðla á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um lifandi einstaklinga sem taldir voru geta ógnað öryggi ríkisins samkvæmt skjölum safnsins nema sá samþykki sem í hlut á."

Þetta er orðalag, hæstv. forseti, sem mér finnst ekki ganga upp. Þetta er hlutdrægt orðalag. Mér þætti vænt um að heyra álit hæstv. ráðherra á gagnrýni minni hvað þetta snertir. Hvers vegna ekki að vísa í hleranir? Hvers vegna ekki að segja: Óheimilt er fræðimanni að skýra frá eða miðla á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um lifandi einstaklinga sem voru hleraðir eða njósnað var um samkvæmt skjölum safnsins nema sá samþykki sem í hlut á? Þetta er óhlutdrægt orðalag. Hér er verið að vísa í njósnir og hleranir. Um það er að tefla. Síðan er það matskennt hver er talinn ógna öryggi ríkisins. Fyrir utan að það eru áhöld um hvað vakti fyrir hlerendum, þeim sem hleruðu, t.d. árið 1961. Þá voru símar hleraðir í tengslum við sam-

þykki Alþingis á frumvarpi sem tengdist landhelgisdeilunni.

Getur það verið að menn hafi einfaldlega verið að njósna um viðhorf pólitískra andstæðinga sinna? Það eru ýmsir sem telja að svo hafi verið. Í samræmi við þetta legg ég til að orðalagi greinarinnar verði breytt og það verði óhlutdrægara en hér er gefið til kynna.

Annað varðandi öryggi ríkisins. Í skýrslunni kemur fram að hleranir hafi verið stundaðar í tengslum við ráðherrafund NATO árið 1968. Í skýrslunni segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur alltraustar heimildir um verklag við hleranir sem fram fóru árið 1968. Lögreglustjóra barst vitneskja um að hópur útlægra Grikkja væri væntanlegur til Reykjavíkur til að taka þátt í mótmælum meðan á fundi utanríkisráðherra NATO stæði í Reykjavík í júní 1968. Lögreglustjóri frétti í gegnum samstarfsaðila sína á Norðurlöndum, lögreglustjórana í Kaupmannahöfn og Ósló, að þessir menn væru tilbúnir í átök og skemmdarverk, einkum gagnvart utanríkisráðherra Grikklands sem var væntanlegur á ráðherrafundinn. Einnig fylgdu upplýsingar um tengiliði þeirra hér á landi."

Skemmdarverk, við þekkjum skemmdarverk í tengslum við svona fundi, að mála á NATO-skipin var t.d. eitt sem einhvern tímann var skilgreint sem skemmdarverk. Og við þekkjum það náttúrlega í tengslum við komu, var það ekki varaforseti Kína, þegar menn gerðu barnaskólann í Keflavík, Reykjanesbæ, að fjöldafangelsi fyrir alla þá sem höfðu augnbúnað sem líktist Kínverjum, þeir voru allir lokaðir þar inni? Af því varaforseti Kína mátti ekki berja þá augum. Þeir yrðu að vera svo langt frá honum að örugglega væri hægt að koma í veg fyrir að hann yrði fyrir nokkurri sjónmengun af andróðri andstæðinga einræðisstjórnarinnar í Kína. Þetta var einmitt einræðisstjórn sem þessir lýðræðissinnar vildu andæfa árið 1968.

Þá kemur í ljós að símar þeirra og tengiliða þeirra hér á landi voru hleraðir. Ógnaði þetta á einhvern hátt öryggi íslenska ríkisins? Ég bara spyr. Og af því hæstv. sjávarútvegsráðherra er kominn hingað þá vil ég rifja upp að í tengslum við landhelgisdeiluna 1961 voru stundaðar hleranir, m.a. á stjórnmálamenn, á skrifstofum verkalýðssamtaka og dagblaða. Og menn velta því fyrir sér hvort menn hafi verið að hlera til þess að komast að því hver viðhorf pólitískra andstæðinga væru í raun. Það eru ýmsir sem halda þessu fram. Það hefur ekkert verið sannað eða afsannað í því efni.

Ég nefni þetta til að hvetja til þess, eða færa rök fyrir því að við eigum að breyta orðalagi í frumvarpinu. Við eigum að breyta því þannig að í stað þess að segja að símar þeirra sem voru taldir ógna öryggi ríkisins hafi verið hleraðir, samkvæmt skjölum safnsins, þá eigum við einfaldlega að vísa í hleranir, þ.e. þeirra sem voru hleraðir eða njósnað var um samkvæmt skjölum safnsins, nema sá samþykki sem í hlut á o.s.frv. Vegna þess að þetta er hlutdrægt orðalag. Þessi gögn eru hvorki sagnfræðigögn né nokkurs konar niðurstaða í dómsmálum. Þetta eru gögn sem kveða á um hvernig heimila eigi fræðimönnum aðgang að gögnum. Síðan komast menn að niðurstöðu.

Ég gæti farið út í langar umræður um þetta efni. Ég vék líka að því áðan, eða varaði við því að menn væru að hrapa að einhverjum niðurstöðum og ég vék að því vegna þess að hv. formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, heyrði ekki upphaf ræðu minnar þar sem ég vísaði í hleranirnar í mars og byrjun aprílmánaðar árið 1949. En í skýrslu þeirrar ágætu nefndar sem nýlega hefur skilað af sér segir að ekki verði séð af gögnum að neinn hafi verið sakfelldur eða handtekinn vegna þess sem fram hefði komið í hlerunum.

Ég held að við eigum ekki að gefa okkur neinar niðurstöður í þessu efni. Það kann vel að vera að það komi ekki fram í þeim gögnum sem nefndin hafði á milli handa eða rannsakaði. Ég ætla ekki að leyfa mér að efast neitt um það. En það er ekki hægt að kveða upp úr á afdráttarlausan hátt um það efni og verður þá að skoða málið í heild sinni, málaferlin og réttarhöldin yfir því fólki sem var reynt að svipta ærunni, borið ljúgvitni í réttarsal, svipt helgustu mannréttindum, tekin af því kosningarréttur. Við skulum ekki gefa okkur neitt í því efni, engar niðurstöður í þeim efnum.

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta skuli vera komið fram, að þessi vinna skuli vera komin áleiðis. Það er mjög mikilvægt. Ég hygg að við þurfum að stíga stærri skref í þessum efnum. Ég velti því t.d. fyrir mér hvort ekki sé rétt að opna frekara aðgengi að gögnum. Er það ekki rétt skilið hjá mér að ef viðkomandi einstaklingur sem var hleraður, eða afkomendur hans, veita heimild til þess að birta nafn hans þá sé það heimilt? Þá skuli það gert en ella ekki.

Ég vísa t.d. í bréf frá lögreglunni í Reykjavík nú í nóvember til nefndarinnar en þar er vísað í atburð frá 3. apríl 1959 þar sem segir frá samtali fulltrúa lögreglunnar og utanríkisráðherra þar sem rætt hafi verið um símhlustun og nafn nefnt í því sambandi. Það kemur reyndar fram í samtalinu að utanríkisráðherrann hafi lýst yfir grunsemdum um að hann væri sjálfur hleraður. En hvaða nöfn voru þarna nefnd fáum við ekki að vita ef viðkomandi er látinn eða heimild fæst ekki til að birta nafnið.

Þá segja menn, ef þeir ganga út frá því að þetta séu allt einhverjir einstaklingar sem hafi haft eitthvað slæmt á samviskunni, ógnað öryggi ríkisins, að við eigum að verja þann einstakling. Við eigum að verja mannorð þess, hvers vegna þarf að birta nafnið og sverta mannorðið?

Hæstv. forseti. Þessu er öfugt farið. Þetta eru ekki sakamennirnir. Að því marki sem við getum yfirleitt talað um sakamenn þá liggur sökin, að mínu mati, hjá þeim sem hleruðu en ekki hinum sem vildu berjast gegn herforingjaofbeldi fasistastjórnar í Grikklandi eða höfðu einhverjar skoðanir á landhelgismálum. Eða voru andvígir því að Ísland yrði sett inn í hernaðarbandalagið NATO. Þetta eru ekki sakamennirnir. Í mínum huga er ekki verið að sverta nafn nokkurs manns með því að benda á að hann hafi staðið í lýðræðislegu andófi eða mannréttindabaráttu. Það eru hinir. Það eru miklu frekar hinir sem við eigum, eða samfélagið á sökótt við að því marki sem við viljum nota þau orð eða þau hugtök. Mér er nær að tala um kerfi og um ráðandi öfl í samfélaginu fremur en einstaklinga.

Ég tel mjög mikilvægt að það verði upplýst hvað hér hefur farið fram. Það er mjög mikilvægt að svo verði gert fyrir þá sem í hlut eiga, að sjálfsögðu fyrir söguna og

kannski til þess að draga lærdóma fyrir framtíðina. Því miður er ástæða til að leggja áherslu á með þessi mál, þótt þau heyri fortíðinni til, svona í árum talið, þá má það ekki henda að eitthvað leifi af vinnubrögðunum. Þótt ég vilji ekkert gefa mér í þeim efnum en það var óþægilega lengi sem stundaðar voru hér pólitískar njósnir. Því þetta verður ekki kallað neinum öðrum nöfnum en pólitískar njósnir.

Þá er ég að vísa til þess sem gerðist hér 1949. Ég er að vísa til heimsóknar Eisenhowers í byrjun sjötta áratugarins. Ég er að vísa í landhelgisdeiluna árið 1961. Ég er að vísa í hleranir í tengslum við heimsókn Lyndons B. Johnsons árið 1963. Ég er að vísa í heimsókn fulltrúa grísku fasistastjórnarinnar 1968. Að sjálfsögðu var hér fyrst og fremst um að ræða pólitískar njósnir og um þær þarf að sjálfsögðu að upplýsa.

[17:05]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Umræðan um þetta frumvarp er því marki brennd að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar tala eins og brotin hafi verið mannréttindi á borgurum vegna einhliða ákvarðana ráðamanna á sínum tíma, að mannréttindafrömuðir og andófsmenn hafi orðið fyrir óréttí. Reyndar halda ýmsir sagnfræðingar því fram að barátta þessara ágætu manna hafi snúið að því að umbylta stjórnskipuninni, eins alvarlegt og það er. En gott og vel, við getum deilt um það. Umræðan er á þann veg, m.a. hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að um einhliða ákvarðanir ráðamanna hafi verið að ræða, pólitískar njósnir til að ná sér niðri á andstæðingum stjórnvalda á hverjum tíma.

Ég hlýt að spyrja hv. þingmann: Skiptir ekki máli í þessari umræðu, af því að hv. þingmaður nefndi það ekki í ræðu sinni, svo að ég tæki eftir, að allar þessar hleranir fóru fram að undangengnum dómsúrskurðum? Það voru dómstólar sem heimiluðu hleranirnar á grundvelli gagna sem voru lögð fram. Er hv. þingmaður að halda því fram að dómstólar þess tímabils sem við erum að fjalla um hafi tekið þátt í þessu pólitíska samsæri, þeim pólitísku njósnum sem hv. þingmaður heldur fram að hafi átt sér stað? Það er ekki hægt að draga aðrar ályktanir.

[17:07]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það að ég tel að brotin hafi verið mannréttindi á fólki sem stóð í lýðræðislegri baráttu gegn því að við yrðum dregin inn í hernaðarbandalagið NATO, í baráttu gegn hernaðaraðgerðum Bandaríkjamanna, gegn fasistastjórninni í Grikklandi og auðvitað bendir flest til að pólitískar njósnir hafi farið fram 1961 í tengslum við landhelgisdeiluna.

Það voru ekki mín orð að segja að þetta hefði verið gert til að ná sér niðri á andstæðingum ráðandi afla ... (Gripið fram í.) ég sagði það ekki. Ég gekk hins vegar nokkuð langt þegar ég talaði um atburðina í mars og byrjun apríl 1949. Ég er búinn að lesa þær yfirheyrslur, yfir þeim mönnum sem voru sviptir kosningarrétti þá og hef hlustað af athygli á þá sem hafa haldið því fram að það hafi verið borin fram ljúgvitni í þeim málaferlum. Ég ætla ekki að setja allar hleranirnar undir einn hatt. Ég held að í mörgum tilvikum hafi menn verið að hlera til að reyna að átta sig á því hvað vekti fyrir mönnum sem voru að skipuleggja mótmælafundi og annað af því tagi. En við erum að tala um hleranir hjá þingmönnum í sumum tilvikum, hjá Alþýðusambandi Íslands, hjá blöðum, hjá blaðamönnum o.s.frv.

Það hvort dómstólarnir hafi tekið þátt í þessu, vegna þess að það hafi alltaf verið dómsúrskurðir, eru hlutir sem ég á eftir að fara yfir nánar. En ég man ekki betur en þess séu dæmi að það hafi verið hleranir án dómsúrskurða. Þá hefur verið vísað í hleranir, reyndar af öðru tilefni fyrir þennan tíma, á 4. áratugnum og síðan eitthvað í tengslum við atburðina 1949.

[17:09]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur fram á bls. 11 í þessu þingskjali, í kafla 2.3.2. Helstu niðurstöður viðtala voru eftirfarandi. Þar segir, með leyfi forseta: „Ávallt var kveðinn upp dómsúrskurður sem heimilaði hleranir áður en þær voru framkvæmdar."

Gallinn í röksemdafærslu og áróðri stjórnarandstöðunnar í þessu máli, sem einatt talar um leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins þrátt fyrir að það liggi fyrir að forsvarsmenn Alþýðuflokksins sáluga og Framsóknarflokksins hafi kannski verið upphafið að þeirri starfsemi sem við erum að ræða, er að hv. þingmenn sleppa því alltaf að hleranirnar voru heimilaðar að undangengnum dómsúrskurði. Vilji menn gera einhvern ágreining um hvort rétt hafi verið að fara í þessar hleranir eða ekki, sem ég ætla ekkert að leggja dóm á, þá er verið að hengja ranga menn, ráðamenn í Sjálfstæðisflokknum. Það eru dómstólarnir sem heimiluðu þessar hleranir. Það er auðvitað eðlilegt vegna þess að hleranir eru náttúrlega alvarlegt inngrip í friðhelgi einkalífs fólks.

Aðalatriðið er að þær voru heimilaðar á grundvelli gagna sem óháður þriðji aðili, þ.e. dómstólar, tók afstöðu til á sínum tíma. Í ljósi þess og í ljósi þeirra staðreynda er ekki hægt að fjalla um þetta mál eins og hér hafi verið teknar einhliða ákvarðanir ráðamanna um pólitískar njósnir, nema menn haldi því fram að á sama tíma hafi dómstólar tekið þátt í þessu pólitíska samsæri. Ég leyfi mér að halda því fram að svo hafi ekki verið.

[17:11]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vara menn við að gerast mjög heilagir í þessum efnum. Það er nýbúið að upplýsa að í tengslum við samninginn við Bandaríkjaher eða Bandaríkjastjórn 1951 hafi að öllum líkindum verið brotin stjórnarskrá Íslands af stjórnvöldum og alveg fram á þennan dag. Þar hefur verið gerður leynisamningur þar sem farið var á bak við þingið og þjóðina og að þar hafi verið brotið gegn stjórnarskrá Íslands.

Maður vill að sjálfsögðu trúa því að dómstólar hafi á öllum tímum verið óhlutdrægir og óvilhallir en, hæstv. forseti, ég ætla að leyfa mér að efast um að þeir hafi alltaf verið það á þessum tíma. Þar vísa ég í hin alræmdu réttarhöld þegar íslenskir verkalýðssinnar voru dæmdir til ærumissis. Reyndar er æra þeirra bjartari en flestra annarra manna í mínum huga en þeir voru sviptir mannréttindum. Þeir voru

sviptir kosningarrétti af dómstólum sem ég leyfi mér að efast um að hafi verið óhlutdrægir. Ég ætla að halda því fram.

Það bíður hins vegar sagnfræðinnar og sagnfræðinga að rannsaka þessa hluti í kjölinn. Það þarf að sjálfsögðu að gera. Forsenda þess er að fá aðgang að öllum upplýsingum og þar á að sjálfsögðu líka að rannsaka líka hvernig dómsvaldið kom fram, hvort það hafi brugðist skyldum sínum, sem ég tel því miður allt benda til að það hafi gert.

[17:14]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég hef fylgst með þessari umræðu og það sem fær mig til að taka til máls er þátttaka hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar í henni. En af því að hann er lögfróður maður þá langar mig að spyrja hv. þingmann um nokkuð og fá viðhorf hans til þess. Það hefur ítrekað komið fram hjá hæstv. dómsmálaráðherra að hann telji að eftir að lög voru sett, að mig minnir 1951, hafi allar hleranir byggst á því að viðkomandi væru grunaðir um glæpsamlega starfsemi eða innflutning á eiturlyfjum. Mig langar þess vegna að heyra frá hv. þingmanni hvort hann telji að á grundvelli þess hafi verið eðlilegt að fella úrskurð um að hlera síma hjá þeim aðilum sem hlerað var hjá, m.a. að eðlilegt væri að menn kvæðu upp úrskurð um að slíkar hleranir færu fram hjá alþingismönnum, sem eiga að njóta friðhelgi samkvæmt stjórnarskránni.

Mér fyndist ástæða til þess að hv. þingmaður tjáði sig um þetta, hvort hann sem lögfræðingur telji að þetta hafi verið eðlilegar dómsuppkvaðningar á grundvelli þeirra laga sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur ítrekað sagt heimila hleranir vegna gruns um glæpsamlegt athæfi eða innflutning á eiturlyfjum.

[17:16]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður kom hér upp og hélt ræðu til að varpa fram spurningum til mín þar sem hann spurði efnislega að því hvort ég teldi að grundvöllur hlerana á þessum árum hefði verið fullnægjandi og lögum samkvæmur. Hv. þingmaður setur mig í töluverða klemmu hvað þetta atriði varðar vegna þess að ég var ekki dómari á þeim tíma og heimilaði ekki hleranirnar. Ég er því ekki í nokkurri aðstöðu til að meta það hvort grundvöllur þeirra heimilda hafi verið til staðar eða ekki, enda þekki ég ekki gögn málsins. Ég leyfi mér hins vegar að ganga út frá því að á umræddum árum hafi réttarkerfi okkar verið orðið það proskað að þrískipting ríkisvaldsins hafi verið virt og dómarar þess tíma hafi á grundvelli þeirra laga sem þá giltu kveðið upp úrskurði sína. Ég leyfi mér að gera ráð fyrir því að lögin eins og þau voru þá, væntanlega lög um meðferð opinberra mála, hafi kveðið á um að heimilt væri að hlera síma hjá einstaklingum við tilteknar aðstæður og þeir hafi á þeim tíma metið það svo að þær aðstæður heimiluðu hleranir í þeim tilvikum. Viðhorf manna til þess hvort virða eigi friðhelgi einkalífs hafa lítið breyst frá þeim tíma. Ákvæði um friðhelgi einkalífs hygg ég að hafi verið innan mannréttindakafla stjórnarskrárinnar á þessum tíma og þau hafi verið skýr og hin sömu og þau eru nú. Ég geng því út frá að grundvöllur þeirra úrskurða hafi verið traustur.

[17:18]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef aðra skoðun á þessu. Mér finnst að sagan hafi sýnt að eftir að þau lög voru sett og þeim beitt með þeim hætti sem þarna hefur komið í ljós, að enginn af þessum aðilum var dæmdur fyrir neitt af slíku athæfi sem átti að liggja til grundvallar þeim hlerunum sem þarna höfðu farið fram, að það verður að virða mér það til vorkunnar að ég efist um að þarna hafi legið til grundvallar hlutir sem hafi haft einhvern raunverulega því ég geri algerlega ráð fyrir því að dómskerfið og þeir sem áttu að gæta réttarins, lögreglan og aðrir slíkir, hafi unnið sitt verk og komist að þeirri niðurstöðu að þessar hleranir hafa allar verið leyfðar að ástæðulausu og ekkert hafi fundist saknæmt hjá viðkomandi aðila. Þeir hafa því allir verið sýknaðir af þeim grunsemdum sem þarna voru uppi og þá fer maður auðvitað að spyrja sig, það gera a.m.k. flestir, hvort tilefni hafi verið til að leyfa hleranir á grundvelli þessara grunsemda sem enginn veit hverjar voru.

[17:20]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að í síðustu orðum hv. þingmanns hafi falist ákveðinn misskilningur um það hvort eðlilegt hafi verið hjá dómstólum þess tíma að heimila að hlera síma tiltekinna einstaklinga eða ekki vegna þess að enginn hafi verið dæmdur. Það að enginn hafi verið dæmdur á grundvelli þess sem fram kom í þeim hlerunum segir ekkert til um það hvort rétt hafi verið af hálfu dómstóla að heimila hleranir eða ekki.

Í dag er það þannig, veit ég, að lögreglan fær heimildir til að hlera einstaklinga sem síðar eru ekki dæmdir fyrir brot á einhverjum tilteknum lögum. Það er einfaldlega þannig að þegar, svo dæmi sé tekið, lögreglan hefur til rannsóknar t.d. viðamikil fíkniefnabrot þá leitar hún heimilda til hlerana hjá hugsanlega hópi manna, en hleranirnar þurfa ekki endilega að leiða til þess að allir sem þurfa að sæta þeim séu ákærðir fyrir brot á lögum, hvað þá dæmdir. Það eitt og sér, að enginn hafi verið dæmdur á grundvelli þessara hlerana, er ekki til sönnunar um það að úrskurðir um hleranir hafi verið fengnir á einhverjum vafasömum grundvelli eða úrskurðir dómstóla þess tíma hafi verið eitthvað vafasamir. Það held ég að liggi alveg í augum uppi. (Gripið fram í.)

[17:22]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enginn úr hópi þeirra nafngreindu manna sem voru hleraðir á umræddum tíma var dæmdur, enginn af þeim var einu sinni ákærður. Það var því ekki svo að dómskerfið kæmist að þeirri niðurstöðu að einhverjar sakir væru ekki þannig að ástæða væri til að dæma menn fyrir þær, heldur var aldrei nein ákæra borin fram. Þess vegna er meira en lítil ástæða til að leggja fram spurningar eins og þær sem ég lagði fyrir hv. þingmann. Á grundvelli þess að viðkomandi væri grunaður um glæpsamlegt athæfi af hvaða tagi sem það var, eiturlyfjainnflutning eða eitthvað slíkt, þurftu þeir stjórnmálamenn og verkalýðsforingjar, sem hér er aðallega verið að ræða um, að sæta símhlerunum

vegna úrskurðar sem dómari kvað upp. Ég held að sagan sé búin að dæma í þessu máli. Þeir aðilar höfðu ekki aðhafst neitt sem menn töldu ástæðu til að ákæra fyrir. Því skyldu menn þá vera að láta það liggja í loftinu núna að þeir sem sættu hlerununum hafi haft eitthvert óhreint mjöl í pokahorninu? Mér finnst engin ástæða til þess. Ég tel að þarft væri að gerð yrði á því rannsókn hvernig það kom til að símar þeirra manna voru hleraðir og á þeim brotin mannréttindi með þeim hætti sem raun ber vitni.

[17:24]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Hér hafa átt sér stað afar athyglisverðar og merkilegar umræður, umræður sem ekki oft fara fram á Alþingi Íslendinga, þ.e. umræður um hleranir eða það sem mætti kalla umræður um njósnir. Eðlilega má telja þetta með merkari umræðum sem hér hafa farið fram.

Miðað við þann tón sem sleginn hefur verið í umræðunni má segja að annars vegar hafi menn verið að skoða málið efnislega út frá þeirri þingsályktunartillögu sem lögð var fyrir og því frumvarpi sem er til umræðu og byggir m.a. á þingsályktun sem formenn allra þingflokka fluttu. Það sýnir einmitt hina pólitísku samstöðu um þetta mál, viljinn til að láta sannleikann koma upp á yfirborðið, því að sannleikurinn gerir okkur frjálsa í þessu máli eins og öðru. Það að formenn allra þingflokka skulu hafa staðið að þeirri þingsályktun lýsir einmitt þessum þverpólitíska vilja til að draga sannleikann fram. Annars vegar hefur umræðan snúist um efni þess þingmáls sem hér er til umræðu og hins vegar má segja að umræðan hafi snúist um pólitískt uppgjör frá þeim tíma sem aðallega er til umræðu, þ.e. kaldastríðsárin svokölluðu.

En um hvað snýst málið? Það snýst um að opna þau leyndarskjöl sem eru til staðar, fleiri hillumetrar af leyndarskjölum sem hafa safnast í gegnum tíðina, upplýsingar sem ekki hafa verið aðgengilegar, hvorki fræðimönnum né almenningi og einhverjar slíkar munu, eins og fram hefur komið í ræðum, eðli málsins samkvæmt ekki verða opnaðar og gerðar aðgengilegar þar sem þjóðarhagsmunir eru í húfi. En meginmarkmiðið með því þingmáli sem er til umræðu og efni þess fjallar einmitt um að opna og hreinsa í rauninni þær dylgjur sem uppi hafa verið þar sem menn hafa ef til vill verið að reyna að slá pólitískar keilur, notfæra sér þetta mál til að slá pólitískar keilur og er að sjálfsögðu ekki mjög faglegt. En í tengslum við þetta mál verða menn alltaf að hafa í huga hvenær hleranir eða njósnir áttu sér stað, við hvaða aðstæður þær voru. Eins og komið hefur fram á allra síðustu árum hafa margar fræðilegar ritgerðir og bækur verið skrifaðar einmitt um kaldastríðsárin í heiminum öllum og auðvitað teygði það andrúmsloft sig hingað til Íslands. Allir muna eftir úr fréttum njósnagrænjum við Kleifarvatn og ýmsum slíkum fréttum sem upp hafa komið. Við þekkjum frá Noregi mál sem eru jafnvel frá seinni tíma um Arne Treholt og önnur mál sambærileg sem upp hafa komið í Noregi. Við munum eftir McCarthy-tímabilinu í Bandaríkjunum þar sem gengið var mjög grimmilega fram í að leita eftir upplýsingum. Það var sem sagt ákveðið ástand þar sem heimurinn tókst á um pólitíska hugmyndafræði tveggja póla. Auðvitað barst þetta hingað til Íslands. Það segir sig sjálft og við þekkjum bæði af fræðiritum og bókum um CIA-skýrslur og þar fram eftir götunum.

Þess vegna er mikilvægt að fá sannleikann upp í þessu máli og um það snýst málið fyrst og fremst, að fá sannleikann upp. Í stað þess að fara í langar umræður um hver gerði hvað í fortíðinni eigum við að fá sannleikann fram, en hvað ætlum við svo að gera? Hvað ætla menn síðan að gera með það? Komið hefur fram að mörg af þeim málum sem hugsanlega kunna að hafa valdið sekt eru orðin fyrnd í dag. Meginmálið, virðulegur forseti, í þessu er að sjálfsögðu að læra af reynslunni þannig að sambærilegir hlutir muni ekki eiga sér stað hér.

Við þekkjum umræður m.a. frá þeirri hörku sem hefur verið í Bandaríkjunum á allra síðustu árum, ekki síst í tíð Bush-stjórnarinnar, þar sem svipuð harka hefur komið fram og það er væntanlega ástand sem við viljum ekki hafa hér. Við viljum forðast það og viljum ekki að það endurtaki sig sem gerðist hér áður. Þess vegna erum við að ræða þetta. Þess vegna er þingmálið flutt og við þurfum að hafa það líka í huga, virðulegi forseti, að hér er allt önnur heimsmynd og allt aðrar aðstæður í samfélaginu en voru þá. Samfélag okkar á tímum kalda stríðsins tók náttúrlega mið af þeirri hörðu deilu sem klauf þjóðina í tvennt en þeir pólar hafa í rauninni bráðnað þannig að hér hefur skapast allt önnur pólitísk sýn og allt annað andrúmsloft og það sem líklega mestu máli skiptir, virðulegi forseti, er að samfélag okkar hefur opnast. Við höfum breytt lögum okkar þannig að meiri upplýsingaskylda er. Fjölmiðlar hafa losnað úr hinum pólitísku böndum að mestu og veita stjórnvöldum á hverjum tíma meira aðhald en áður var. Við erum því að upplifa hér allt öðruvísi tíma, miklu opnara samfélag og að mörgu leyti betra samfélag, held ég að við getum verið sammála um, en var áður. Samfélagið hefur þróast á jákvæðan hátt. Það er það sem skiptir máli í þeirri umræðu sem hér er, að við eigum að draga lærdóm af fortíðinni þannig að við þurfum ekki að eiga það á hættu að þingmenn eða einstaklingar sæti njósnum af óskilgreindu tilefni eins og gerðist á kaldastríðsárunum. Og væntanlega ef við skoðum þó ekki væri annað en Norðurlöndin hafa flestir flokkar tengst slíkum hlerunum eða slíkum njósnum með ýmsum hætti. Við þekkjum sögur frá Noregi, við þekkjum sögur frá Danmörku og jafnvel á Íslandi. Meginatriðið er, virðulegi forseti, að læra af mistökum fortíðarinnar þannig að samfélag okkar verði opnara og heiðarlegra en var á þeim tíma sem er löngu horfinn til allrar hamingju.

[17:31]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu sem hefur verið allrar athygli virði. Það er rétt að undirstrika að tilgangurinn með frumvarpinu er að uppfylla eða framfylgja tillögum frá þverpólitískri nefnd sem skipuð var í kjölfar þingsályktunar frá Alþingi. Við höfum gert okkur far um að hraða þessum tillögum nefndarinnar inn í þingið til þess einmitt að gera það sem mikilvægt er, að upplýsa þjóðina um söguna.

Hv. þm. Hjálmar Árnason gat um það að við ættum að læra af mistökunum. Það er hárrétt, við eigum að læra af þeim mistökum sem hafa verið gerð í gegnum tíðina en við

eigum líka að sýna skilning á þeim athöfnum sem hefur þurft að framkvæma í gegnum tíðina í ljósi þess umhverfis og þeirra aðstæðna sem hafa verið uppi hverju sinni. Menn vita að aðstæður í dag eru allt aðrar en þær voru á tíma kalda stríðsins sem var eins og við vitum mjög sérstakur tími, það var óvenjulegur tími.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst það kristallast í málflutningi vinstri manna sem hafa talað í dag í þessu máli að það er skautað yfir hálfan og jafnvel meiri hluta sögunnar. Það er algerlega litið fram hjá því hvers konar umhverfi við bjuggum við á sínum tíma. Stóra málið eru auðvitað vonbrigðin sem koma fram í orðum hv. þingmanna, sérstaklega hv. þm. Ögmundar Jónassonar, um það sem kemur skýrlega fram í nefndinni sem skipuð var m.a. sagnfræðingum en það má ekki einu sinni ræða um að þetta sé sagnfræðileg niðurstaða heldur er sagt að þetta sé ekki sagnfræðileg niðurstaða, þetta sé bara einhvern veginn niðurstaða. Ég vil meina að þeir sem völdust í þessa nefnd séu mikilhæfir einstaklingar sem hafi afar faglega og yfirgripsmikla þekkingu, fræðilega þekkingu á því að leggja fram tillögur í þessu formi. Þetta eru Páll Hreinsson, Anna Agnarsdóttir, Helgi Bernódusson, Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður og Ómar H. Kristmundsson og þau segja m.a. að það sé margbúið að ítreka að það hafi alla tíð verið staðið svona að hlerun — og við vitum að hleranir áttu sér stað, það er ekkert að fela í því. Við verðum að átta okkur á því að ríkið hafði líka ákveðna hagsmuni að verja, m.a. öryggishagsmuni, og það er frekar umhugsunarefni ef ekki hefðu átt sér stað hleranir, ef Ísland eitt ríkja hefði ekki farið í það til að verja hagsmuni ríkisins. Það stendur hér svart á hvítu að lögreglan átti frumkvæðið að hlerunum, um annað er ókunnugt, og ávallt var kveðinn upp dómsúrskurður sem heimilaði hleranir. Það er afar ósmekklegt, frú forseti, að verða vitni að því í þinginu í dag hvernig hv. þingmenn allt að því að vega að ekki bara stjórnmálamönnum fyrri alda, það er engin nýlunda að svo sé gert, heldur ekki síður að dómstólum og dómurum fyrri ára, og svo hitt, sem ekki hefur verið rætt svo mikið um, að starfsmönnum Pósts og síma, því að lögreglan hafði ekki búnaðinn eða aðstöðuna til að hlera. Og hvert leitaði hún? Hún leitaði, eftir að hafa fengið dómsúrskurð, til starfsmanna Pósts og síma. Þetta er stór hópur sem hv. þingmaður er m.a. að ásaka um að taka þátt í ólöglegu athæfi eins og hann orðaði það, pólitískum njósnum. Þetta eru stór orð sem hv. þingmaður hefur haft hér uppi. Ég ítreka að þetta var allt löglegt og þetta voru einstaklingsbundnar hleranir. Þær voru tilviljanakenndar oft og tíðum, að því er virðist, og það er reginmunur á því sem gerðist hér í svo litlum mæli — mér finnst það frekar umhugsunarefni hvað þetta var gert í litlum mæli — miðað við það sem gert var í Noregi. Þar var kerfisbundið eftirlit, þar var reglubundið eftirlit, ekki bara yfir ár heldur áratugi. Menn vita að umfangið þar var gríðarlegt. Hér á landi höfðu menn ekki burði til þess. Við höfðum ekki burði til þess að fara í slíkar hleranir í þeim mæli sem t.d. Norðmenn fóru í. Það er því um allt aðrar aðstæður að ræða hér.

Við vitum að hér var vísir að öryggisþjónustu sem m.a. var ætlað að sinna samstarfi við erlenda aðila. Þetta geta menn rakið allt í góðri grein sem menn hafa rætt, m.a. grein Þórs Whiteheads sem birt var í Þjóðmálum á síðasta ári. (Gripið fram í.) Já, það er alveg rétt, við höfum átt samskipti við Bandaríkin enda erum við bandamenn Bandaríkjanna. Við erum bandamenn NATO og við skömmumst okkar ekki fyrir það. Við tókum rétta afstöðu á þeim tíma sem hefur skilað okkur mikilli farsæld fyrir lýðræðisríki. En það er líka vitað og það hafa sagnfræðingar margsýnt og sannað að það var stór hópur manna sem starfaði hér frá KGB, sovésku leyniþjónustunni. Við vitum það. Við vitum líka að hér voru starfsmenn GRU, leyniþjónustu sovéska hersins, og það er bara skautað yfir það, menn minnast ekki einu orði á það. Þess vegna velti ég því fyrir mér, frú forseti, þegar menn koma hér upp og þylja að það verði að segja söguna, hvort þeir meini þá ekki nema hálfsannleikann. Aðkoma mín frá því að ég varð menntamálaráðherra og komst í tæri við þessi mál hefur verið sú að ég vil allt upp á borðið. Ég vil allt upp á borðið. Þess vegna breytti ég úrskurði og ákvörðun þjóðskjalavarðar á sínum tíma af því að ég vildi að þeir einstaklingar sem málið snerti hefðu aðgang að þessum gögnum af því að við höfum hagsmuni af því að öll sagan sé sögð. Ekki bara brotabrot, ekki bara eitthvað til að létta á hugsanlegu samviskubiti vinstri manna á því hvernig sagan hefur leikið þá og þeirra stefnu í gegnum árin.

Ég er þegar búin að fara yfir það að menn verði að hafa hugfast hvers konar umhverfi og hvers konar aðstæður voru þarna. Við vitum það og munum mikilvæga og sorglega atburði í sögunni, hvort heldur við erum að tala um Berlín á þeim merka degi 17. júní, sem við Íslendingar elskum og dáum, en sú dagsetning vekur upp óhug í hugum og hjörtum Þjóðverja og þar er gata nefnd eftir 17. júní. Atburðina sem áttu sér stað 1953. Við getum nefnt líka Ungverjaland 1956 og Tékkland 1968. Allt eru þetta atburðir sem tengjast þeirri sögu sem við áttum þátt í. (**ÖJ:** Og Írak.) Þetta er hluti af því. Við erum að tala um þennan tíma og það er ekkert að fela varðandi Írak. Við getum tekið þá umræðu aftur og aftur og aftur, hv. þm. Ögmundur Jónasson, en það er alltaf það sama, það má ekki tala um alla söguna. Það má ekki segja að hér voru og við vitum það að Sovétríkin voru í mjög nánum tengslum við starfandi kommúnistaflokka í vestrænum ríkjum á sínum tíma. Þeir voru auðvitað misstórir, kommúnistaflokkarnir, og þeir voru þokkalega stórir. Þeir voru í óskafylgi Vinstri grænna sem er núna 20%. Mig minnir að Alþýðubandalagið hafi náð þeirri stærð á sínum tíma, Sameiningarflokkur alþýðu – Sósíalistaflokkurinn sem síðan varð að Alþýðubandalagi. Þetta voru allt mjög öflugir flokkar. Menn verða að átta sig á því að það hefði verið mjög undarlegt ef menn hefðu ekki haft puttann á púlsinum á þessum tíma. Mér hefði þótt það mjög undarlegt og ég efast um að þeir stjórnmálamenn sem þá voru undir því sem menn kalla stjórnvöld eða handhafa framkvæmdarvaldsins hefðu verið að standa sig í stykkinu ef þeir hefðu ekki fylgst með eða reynt að átta sig á hvað væri að gerast.

Við verðum að átta okkur á því líka — það er svo sem auðvelt að tala um að það hafi alltaf verið Sjálfstæðisflokkurinn sem stóð í þessu, við erum búin að heyra það, við höfum oft heyrt þetta, en Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekkert að skammast sín fyrir í sinni sögu. Við vildum inngöngu í NATO og stóðum með því. Við vildum ekki fara gegn öðrum lýðræðisríkjum í Vestur-Evrópu, við höfum haft mikla

hagsmuni af því að vera í samfylgd okkar systra- og bræðraþjóða í Vestur-Evrópu. Það er staðreynd sem menn eiga ekki að gleyma. Það sem mér finnst eiginlega slæmt við þennan málflutning í dag er ekki bara að hægt væri að flokka hann undir eitthvert pólitískt skítkast, við vitum að við fáum eitt og annað vegna sögunnar, en mér finnst verra þegar menn draga inn í hann dómstóla og dómara og þegar menn eru að draga inn í hann starfsmenn og efast um hæfni starfsmanna Pósts og síma á sínum tíma en við þurftum aðkomu þeirra til þess að fara í hleranir. Menn gleyma kjarna málsins. Kjarni málsins er sá að umhverfið á þeim tíma var með allt öðrum hætti en það er í dag. Sem betur fer búum við við mikla friðsæld í umhverfi okkar í dag, farsæld og friðsæld. Við erum mikið auðnufólk, Íslendingar, í dag. En það er staðreynd að á þeim tíma voru stjórnmálaöfl sem unnu beinlínis að því, og það hafa sagnfræðingar sýnt fram á, að kollsteypa lýðræðislegri stjórnskipan á Íslandi. Ef hverju segi ég það? Menn hafa verið að benda á 30. mars 1949. Í hverju fólust þær óeirðir? Hér inni var löglega kjörið þing, þingmenn sem fylgdu eftir sannfæringu sinni og það átti að koma í veg fyrir það með óeirðum. Þess vegna er hægt að segja að það hafi verið ákveðin atlaga að lýðræðislegri stjórnskipan hér á landi á þeim degi. Þetta er staðreynd. Menn eru alltaf að fara í kringum kjarna málsins. Það var líka staðreynd að íslensk stjórnmálaöfl voru í nánum tengslum við Sovétríkin. Það vita menn og Kommúnistaflokkurinn var nátengdur þeim og leppríkjum þeirra. Það er líka staðreynd, eins og ég kom inn á áðan, að ekkert vestrænt lýðræðissamfélag lét slíkt afskiptalaust þótt líklega hafi hvergi verið minna um það en á Íslandi. Það var hvergi minna eftirlit og það var frekar handahófskennt. Það var ekki eins reglulegt og í Noregi á sínum tíma.

Frú forseti. Þetta mál er ekki og má ekki vera neitt feimnismál. Öll sagan verður að vera sögð. Þess vegna er þetta frumvarp liður í því að draga allt fram. Ég tel mikilvægt að allt verði dregið fram í þessari sögu sem er svo mikilvægt að skrifa og skrá hvernig að þessu var staðið. Hver voru samskipti Íslendinga til vesturs en ekki síður til austurs, hver voru þau samskipti og hvernig var þeim háttað? Það er ekki síst í ljósi þess sem svo er mikilvægt að draga allt fram sem sagt var og gert á kaldastríðsárunum til þess að fá þá heildarmynd sem skiptir okkur svo miklu máli.

Þetta frumvarp er liður í því að varpa ljósi á söguna alla og ég bind miklar vonir við að frumvarpið nái fram að ganga. Ég heyri ekki annað en allir séu reiðubúnir til að keyra það í gegn, ekki nema að einhverjir ákveðnir stjórnmálaflokkar sem eru ekki í stjórnarmeirihluta ætli að koma í veg fyrir að svo verði. Ég tel það hins vegar mikilvægt því að vinnan er mikil og snúin, umfangsmikil. Ég geri ráð fyrir að það taki allt að 3–4 ár að vinna sig í gegnum öll þessi gögn til að komast að hinu sanna í málinu. Þess vegna er mikilvægt að málið verði samþykkt hér sem fyrst núna á vordögum. Það eru miklir hagsmunir fólgnir í því og það væri vanræksla að gera það ekki.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntamálanefndar þar sem farið verði yfir þær athugasemdir sem settar hafa verið fram, m.a. af hálfu Ögmundar Jónassonar varðandi orðalag. Mér finnst þær hins vegar fyrir mitt leyti ekki til þess fallnar að ég geti stutt þær breytingar á orðalagi en að sjálfsögðu mun nefndin og nefndarmenn fara mjög vel yfir þær tillögur. Ég tel mikilvægt að við förum að tillögu fræðimannanna sem lögðu til þær tillögur sem við erum að ræða hér og orðalagið sem sett var fram af hálfu nefndarmanna er orðalagið sem við styðjumst við í þessu frumvarpi, frumvarpi sem leiðir okkur áfram til að varpa sem skýrustu ljósi á söguna.

[17:45]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ákaflega sammála því sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan að þetta á ekki að vera feimnismál. Það á að draga allt fram, bæði um það sem menn munu vita um samskiptin til austurs og líka til vesturs.

Það á að draga það fram hvað var í tunnunni sem menn notuðu á sínum tíma til að brenna skjöl. Það á að draga það fram hvað lá að baki ákvörðunum einstakra dómara um að láta hlera hjá t.d. alþingismönnum. Það á að draga þetta allt saman fram.

Mér finnst hins vegar að það tæki sem felst í þessu frumvarpi, sem er að mörgu leyti gott, sé ekki nægilega öflugt til þess. Ég tel að það þurfi aðrar aðferðir til þess að komast algerlega til botns í þessum málum. Ég vonast til þess þegar menn hafa farið yfir málin í framhaldi af samþykkt þessa frumvarps, að þá komist menn til ráðs með að það þurfi að gera betur. Ég trúi því að það verði gert.

Því það er nefnilega þannig að svona hlutir þurfa að fá umræðu. Þjóðin þarf að átta sig á því hvað gerðist og það á ekkert að draga neitt undan í því. Þjóðin hefur gott af því. Það geta alltaf komið upp aðrir tímar þar sem tortryggni og óvild milli aðila í samfélaginu raska kannski svolítið þeirri skynsemi sem fólk hefur. Og þess vegna þurfum við að læra af þeirri sögu sem þarna gerðist.

[17:47]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri ekki betur en ég og hv. þingmaður séum nokkurn veginn á sama máli. Við þurfum að læra af þeirri sögu sem gerðist og það er mikilvægt að hún verði öll sögð.

En það sem hefur verið dregið fram í dagsljósið með niðurstöðu nefndar sem var þverpólitískt skipuð, eins og fram hefur komið, í kjölfar þingsályktunartillögu sem var sett fram af formönnum allra flokka, þá fór ekki fram neitt ólöglegt athæfi og það var ekkert ólöglegt gert. Það var farið lögum samkvæmt í þær örfáu hleranir sem voru framkvæmdar hér á landi þannig að það hefur ekkert ólöglegt gerst.

Það var alltaf lögreglan sem kom að þessu og það þurfti starfsmenn Pósts og síma af því aðstæður og aðbúnaður lögreglu var þannig að lögreglan hafði ekki aðstöðu til þess að framkvæma sjálf hleranir eins og gert er í öðrum ríkjum.

En stóra málið er þetta að við þurfum að fá allt upp á yfirborðið og ég hef sjálf velt því fyrir mér hvort öll þau gögn sem um ræðir varpi nægjanlega skýru ljósi á þessa sögu. En

vinnan sem fram undan er er mikil og þess vegna er brýnt að frumvarpið fái hér brautargengi þannig að Þjóðskjalasafnið fái tækifæri til að einhenda sér í þá vinnu. En eins og ég hef áður lýst þá hef ég mikinn hug á að fá því framgengt að mikill hluti þeirrar miklu vinnu muni fara fram á landsbyggðinni og við erum þegar byrjuð að huga að því hvar hægt er að koma henni fyrir í góðu samráði við þjóðskjalavörð.

[17:49]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki verið algjörlega sammála hæstv. ráðherra um að það sé algerlega víst að ekkert ólöglegt hafi farið fram. Þessir dómsúrskurðir hafa ekki verið rannsakaðir. Það er ekki eins og þessi mál hafi farið fyrir Hæstarétt. Einn dómari kveður upp úrskurðinn hverju sinni og niðurstaðan er sú sem raun ber vitni. Það er auðvitað farið eftir lögunum hvað það varðar.

En hverjar voru þær grunsemdir sem lágu til grundvallar? Við vitum það ekki. Við vitum það hins vegar að það var aldrei ákært í málunum og við vitum að það var aldrei dæmt í þeim.

Þess vegna er ástæða til þess að menn beiti aðferðum sem eru þá fólgnar í því að rannsaka málin. Það verður ekki endilega gert með þeim gögnum sem liggja fyrir. Heldur með því að ræða við það fólk sem tók þátt í þessu og er enn ofan jarðar. Því hefur nú þegar fækkað dálítið mikið og það getur kannski verið að það þurfi að nýta tímann ef það á í rauninni að fá botn í sum af þessum málum.

Hvað var í tunnunni, hæstv. menntamálaráðherra?

[17:50]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og mér þykir innihald nafnlauss bréfs sem nú um stundir er í umræðunni varðandi dómara og dómstóla landsins ósmekklegt, sú mikla gagnrýni sem er viðhöfð í því bréfi á dómstóla landsins, þá finnst mér þessi gagnrýni hv. þingmanns á dómstóla og dómara fyrri ára líka vera mjög ósmekkleg. Því hv. þm. Jóhann Ársælsson er ekki að segja annað en að annarleg eða önnur sjónarmið hafi ráðið niðurstöðu og ákvörðunum dómara hér á árunum áður. (**JÁ:** Ég sagði það aldrei.)

Það er ekkert um annað að ræða. Dómari kemst ekki að einhverri niðurstöðu nema hann telji réttmætt að fara og leyfa að hlera. Fara og heimila dómsúrskurð í hlerunum. Ef menn segja að hann eigi ekki að heimila það en hafi gert það á grundvelli einhverra annarra sjónarmiða en lögmætra þá er ekki um annað að ræða en það.

Dómari tekur ávallt ákvörðun út frá lögmætum sjónarmiðum. Út frá þeim sjónarmiðum sem hann telur vera mikilvæg. Það verður seint undirstrikað og ítrekað að allt sem var framkvæmt á þessum árum í tengslum við hleranir var gert lögum samkvæmt. Það er hvergi hægt að tala um eða benda beint á að einhver stjórnmálamaður hafi komið að því að það yrði sett á að hlera þennan síma, hér eða núna. Því það var lögreglan sem framkvæmdi það. Það var dómari sem ákvað það. Það voru starfsmenn Pósts og síma sem komu að því að framkvæma málið.

Þess vegna finnst mér þetta vera í hæsta máta sérstakt, í versta falli ósmekklegt, hvernig er verið að vega að æru dómara fyrri ára eins og er verið að gera nú um stundir á dómurum nútíðarinnar.

Hins vegar undirstrika ég það aftur, frú forseti, að það er mikilvægt að við fáum allt upp á borðið, að við upplýsum söguna fyrir börnin okkar en líka fyrir okkur til þess að átta okkur á því hvað beri að gera undir ákveðnum aðstæðum og hvað beri að varast.

[17:52]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Aðeins svona til að byrja með þá er það ekki rétt að stjórnmálamenn og ráðherrar hafi ekki komið að ákvörðunum um símhleranir. Hér segir um símhleranirnar 6. apríl 1949, í ritgerð Guðna Jóhannessonar, sagnfræðings, með leyfi forseta:

„Bæði sakadómari og símamálastjóri virðast líka hafa gengið tregir til frekari símahlerana og vilja takmarka þær. Miðvikudaginn 6. apríl var enn settur lögregluréttur. Að þessu sinni virtust ráðherrar eða lögregluyfirvöld ekki hafa átt frumkvæði að því að Valdimar Stefánsson kvæði upp nýjan úrskurð vegna nokkuð breyttra aðstæðna við hlustanir frá því að síðasti úrskurður var kveðinn upp þann 2. þess mánaðar að þessu sinni."

Þeir sem hafa lesið þessar ritgerðir sagnfræðinganna velkjast ekki í vafa um að stjórnvöld komu að ákvörðuninni. Það er nú bara staðreynd. Það voru sums staðar símhleranir án þess að kveðinn væri upp dómsúrskurður. Það var frá fjórða áratugnum í tengslum við vinnudeilur. Eftir því sem ég man best þá hafa verið dæmi um það einnig frá þessum tíma í tengslum við atburðina 1949, þó að ég skuli ekkert staðhæfa um það. En ég man ekki betur en svo hafi verið. Ég skal ekkert staðhæfa um það að þessu sinni.

Hæstv. menntamálaráðherra Íslands flutti alveg ótrúlega ræðu hér áðan. Vísar í tíðarandann fyrr á tíð, að við verðum að reyna að skilja hann. Vilji menn skilja símhleranir þá verði menn að skilja tíðarandann frá fyrri tíma. Hæstv. ráðherra hefði getað verið að flytja hér ræðu á því herrans ári 1949. Hér var bara kaldastríðstal eins og það gerist hatrammast.

Hæstv. ráðherra segir á þá leið að hér sé sagnfræðileg niðurstaða. Það séu sagnfræðingar og fræðimenn sem hafi komið að nefndinni og þetta sé sagnfræðileg niðurstaða. Ég heyrði ekki betur en hæstv. ráðherra segði það.

Ég stóð í þeirri trú, og það standa nefndarmenn einnig, þar með talið sagnfræðingarnir þar innan borðs, að þetta sé ekki sagnfræðileg niðurstaða heldur ábending um það hvernig sagnfræðingar skuli fá aðgang að þessum gögnum til að vinna úr þeim. Það var okkur sagt á fundi nefndarinnar og þingflokksformanna þegar skýrsla nefndarinnar var kynnt. Það var engum blöðum um það að fletta.

Síðan er hitt að hæstv. ráðherra segir að það sæti undrun hve lítið hafi verið hlerað hér á landi. Það er búið að upplýsa um að heimili fólks voru hleruð. Heimili alþingismanna, heimili blaðamanna. Heimili fólks úr menningarlífi. Heimili forsvarsmanna úr verkalýðshreyfingunni voru hleruð og eins og hér hefur komið fram við umræðuna og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti m.a. á, það var enginn

fundinn sekur að því er sagt er, í þessum pólitísku hlerunum.

Hvað erum við að tala um? Við erum að tala um hleranirnar 1949. Við erum að tala um hleranir í tengslum við heimsókn fulltrúa fasistastjórnar í Grikklandi. Við erum að tala um hleranir í tengslum við heimsóknir tveggja Bandaríkjaforseta. Við erum að tala um hleranir í tengslum við landhelgisdeiluna þegar símar alþingismanna voru hleraðir og hæstv. ráðherra segir undrum sæta að ekki hafi verið meira hlerað.

Ég man ekki hvernig það var orðað, en við hefðum ekki haft burði til þess. Við hefðum ekki haft burði til að hlera meira. Hvað er verið að tala um? Fleiri þingmenn? Að hlera meira hjá verkalýðshreyfingunni? Hlera fleiri einstaklinga í menningarlífinu eða þeirra sem tóku þátt í baráttu gegn fasistastjórninni? Hleranirnar í tengslum við heimsókn fasistaforingjans 1968 voru á heimilum fólks sem hýstu þessa lýðræðissinna sem voru komnir hingað til lands til að mótmæla fasistastjórninni. Og hæstv. ráðherra segir að það sæti undrun að það skuli ekki hafa verið hlerað meira.

Heyr á endemi. Hvert erum við eiginlega komin? Það er verið að réttlæta pólitískar hleranir og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins og ráðherra í ríkisstjórn er í rauninni að harma það og lýsa undrun yfir því að það skuli ekki hafa verið stundaðar meiri njósnir, meiri hleranir. Síðan gætum við farið inn í þessa atburði fyrri tíðar. Það er alveg rétt. Við skulum reyna að skilja hvað var að gerast árið 1949 þegar okkur er sagt, eða látið í það skína, að mótmælendur á Austurvelli 30. mars 1949 hafi verið að reyna að kollvarpa lýðræðisþjóðfélagi á Íslandi.

Í aðdragandanum, 27. mars, var boðað til fundar við Miðbæjarskólann í Reykjavík. Það var Þjóðvarnarfélagið. Það var fulltrúaráð verkalýðsfélaganna. Og viti menn. Það var Félag ungra framsóknarmanna. Þá voru enn þá til róttækir ungir framsóknarmenn sem vildu varðveita og styrkja sjálfstætt og frjálst Ísland utan hernaðarbandalaga. Hver var krafan á þeim fundi? Krafan var sú að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um inngöngu Íslands í NATO. Það var krafa fólksins. Og það var krafa fólksins þegar efnt var til fundar hér á Austurvelli hinn 30. mars 1949.

Hvað gerist þá? Þá birta talsmenn, forustumenn þriggja flokka hér á þingi, stjórnarflokka, áskorun til almennings að fjölmenna á Austurvelli. Til hvers? Ég spyr. Það var safnað hér varðsveitum, svokölluðum hvítliðum, í Alþingishúsið, í þinghús Íslendinga. Lögreglulið var hér á neðri hæðinni. Ég var að tala við gamlan lögreglumann um daginn sem kom að máli við mig þegar menn voru að rifja upp þessa atburði. Hann sagðist muna eftir því hvernig þeir voru nokkrir teknir til hliðar sem voru taldir hafa eitthvað vafasamar pólitískar skoðanir og þeim var haldið eftir inni í húsinu á meðan hinir voru sendir út með vopn.

Við skulum þá varpa ljósi á alla myndina. Hvað gerist í kjölfarið? Það er efnt til réttarhalda yfir fólki sem tók þátt í fjöldafundinum hér fyrir utan. Mér hefur fundist sannfærandi eftir að lesa vitnaleiðslurnar og yfirheyrslurnar að þarna hafi verið beitt ljúgvitnum og það sé svartur blettur á íslenskum dómstólum þegar þessir einstaklingar voru sviptir ærunni eða reynt að svipta þá ærunni og höfð af þeim helg mannréttindi. Þeir voru sviptir kosningarrétti. Og við skulum ekki tala um þetta með þessum heilagleika eins og hæstv. ráðherra gerir.

Þess vegna segi ég það, hæstv. forseti. Ég fagna því að nú skuli hefjast rannsókn á þessum tímum. Ég er ekki talsmaður þess að leitað verði sakamanna. Að einstaklingar verði hundeltir. Ég er ekki talsmaður þess. Ég vil fá allan sannleikann fram í dagsljósið. Það er gaman að heyra fulltrúa Sjálfstæðisflokksins lýsa því yfir að krafan sé að fá allt upp á borðið. Öll skjölin fram. Eftir áratugabaráttu fólks sem grunaði að símar þess væru hleraðir er það loksins að gerast að opnað er á þessi skjöl. Og það var ekki að frumkvæði núverandi stjórnarherra heldur vegna þess að þeir voru knúnir til þess. Eftir áralanga og áratuga baráttu.

[18:02]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er einmitt það sem er að gerast, annars vegar með aðkomu okkar varðandi gögn og aðgang að gögnum í Þjóðskjalasafninu og síðan varðandi þetta mál sem við erum að ræða hér. Við viljum allt fram í dagsljósið, við viljum sannleikann fram í dagsljósið. Þá segi ég enn og aftur: Ég vil ekki hálfsannleik. Ég vil ekki hálfsannleik eins og mér finnst hv. þm. Ögmundur Jónasson vera að reyna að setja hérna fram og draga fram.

Það er rétt að við eigum að skoða allt varðandi hleranirnar og þegar ég sagði það áðan að það væri frekar þannig að það hafi verið hlerað of lítið í ljósi þeirra aðstæðna sem þá voru, þá er miðað við hvað öll önnur ríki voru að gera. Við vitum að það var verið að hlera uppi á Túngötu. Sovétmenn gerðu það. Á ekki að rannsaka það líka? Eða ætlar hv. þingmaður að segja nei við því af því að það er ekki nægilega hentugt að rannsaka þann part og þann þátt málsins? Af hverju má ekki rannsaka það líka? (**ÖJ:** Auðvitað.) Auðvitað á að rannsaka þetta allt og það á líka að rannsaka tengsl til að mynda stjórnmálaflokka, ekki bara til vesturs heldur líka til austurs. Hver voru tengsl Sósíalistaflokksins á sínum tíma við Moskvu og Austur-Þýskaland? Af hverju má ekki skoða það? A hverju á ekki að skoða tengsl verkalýðshreyfingarinnar líka?

Þetta eigum við allt að skoða og ég er fegin því að sjá það að hv. þingmaður kinkar kolli því það er mikilvægt að við stjórnmálamenn reynum að hefja okkur yfir það að flokka þetta í vinstri og hægri, austur og vestur. Við viljum að sagan öll sé sögð til þess að börnin okkar geti áttað sig á því hvernig ákvarðanir voru teknar og í ljósi hvaða aðstæðna þær voru teknar.

[18:04]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég frábið að mér séu lögð orð í munn eða snúið út úr því sem ég hef sagt. Á hvern hátt er ég talsmaður þess að einhver hálfsannleikur verði sagður? Hef ég verið að tala fyrir slíku? Hef ég verið að tala gegn því að sannleikurinn allur komi fram, þess vegna njósnir sem voru stundaðar af Sovétmönnum eða tengsl austur á bóginn á milli pólitískra afla innan lands? Ég hef aldrei talað gegn slíku. Ég vil allt upp á borðið, allt. Og þá ekki síður hitt hve tengslin voru vestur á bóginn. Ég vil að allt þetta verði rannsakað.

Ég legg áherslu á það að þeir sem voru undir í þessari baráttu, þeir sem voru hleraðir, þeir sem rök hafa verið færð fram og líkur benda til að hafi þurft að gjalda með atvinnu sinni vegna þess að þeir höfðu óheppilegar skoðanir, að þeirra mannorð verði reist við vegna þess að það sem við erum að fjalla hér um er aðkoma íslenska ríkisins og ráðandi pólitískra afla á Íslandi um áratuga skeið. Við erum að fjalla um það og um það fjallar þetta frumvarp, hvernig eigi að opna sagnfræðingum leið að þeim gögnum. En að gefa í skyn að það sé einhver annar hluti af veruleikanum sem ég vilji hylja eða ekki ræða, það er bara alrangt. Ég hef aldrei verið talsmaður slíks, aldrei nokkurn tímann. Ég vil fá allan sannleikann fram og er eindreginn talsmaður þess.

[18:06]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hv. þm. Ögmundur Jónasson vilji allan sannleikann fram en það er einhvern veginn þannig að hann er búinn að gefa sér ákveðnar forsendur, alltaf fyrir fram. Hér er hann búinn að veitast að ekki bara stjórnmálamönnum og þá sérstaklega sjálfstæðismönnum fyrri tíðar með mjög ósmekklegum hætti, látum það vera, það er engin nýlunda af hálfu hv. þingmanns, það er ekki síður hvernig hann hefur verið að veitast að dómurum fyrri tíma. (**ÖJ:** Hvaða sjálfstæðismönnum?) Það er þess vegna sem ég segi, ég vil fá allt fram og menn verði ekki fyrir fram búnir að gefa sér ákveðnar forsendur fyrir því af hverju var hlerað og af hverju var ekki hlerað. Ég tel mikilvægt að við skoðum alla söguna og við skoðum hana ekki með þeim gleraugum sem hv. þingmaður hefur nú á sér, heldur með þeim sagnfræðilegu gleraugum sem við verðum að veita hagfræðingum okkar tækifæri til þess að setja upp og þess vegna erum við að ræða frumvarpið hér, til þess að við fáum faglega nálgun á þetta mál sem er ágætt að taka upp núna eftir þó þennan tíma og eftir þessa fjarlægð sem við höfum. Við höfum þessa fjarlægð frá atburðum fyrri tíma en við megum ekki gleyma því af hverju atburðirnir hentu eins og þeir gerðu, af hverju þetta gerðist og sögunni vatt fram eins og hún gerði. Það voru ákveðnar aðstæður uppi í samfélaginu. Það var verið að ógna öryggishagsmunum þjóðarinnar á ákveðnu tímabili og hv. þingmaður hefur rætt um 30. mars 1949. Það verður ekki frá þeim degi tekið að hér var verið að veitast að og átti að veitast að löglega kjörnu þingi, sem er ætlað að taka löglegar ákvarðanir í skjóli þegna sinna og umboðs sem var veitt á grundvelli lýðræðislegra kosninga. Frá því verður ekki vikist og þess vegna verðum við að skoða heildarmyndina og ekki bara brotabrot af henni eins og sumir vilja gera.

[18:08]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra gerist nokkuð alhæfingasöm. Hér var verið að veitast að og átti að veitast að löglega kjörnu þingi. Íslenskur verkalýður og andstæðingar NATO söfnuðust hér fyrir utan, 30. mars 1949, til að krefjast þess að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um inngöngu Íslands í NATO. Er það glæpsamlegt? Það sem gerist hins vegar er að stjórnvöld hvetja almenning til andófs gegn þessu fólki, safna saman varðliðum hér í húsinu og lögreglu sem ræðst síðan út á fólkið með táragasi og í kjölfarið eru nokkrir einstaklingar dregnir fyrir dómstóla. Það eru haldin yfir þeim réttarhöld og sumir þessara manna eru dæmdir, þessara einstaklinga, til þess sem átti að vera ærumissir. Það voru höfð af þeim mannréttindi, þeir sviptir kosningarrétti. Það er þetta sem við erum að tala um.

Síðan er reynt að gera því skóna að eitthvað allt annað hafi vakað fyrir þessum mönnum. Þeir voru einfaldlega að andæfa því að Ísland yrði hluti af hernaðarblokkinni NATO og leyfðu sér að láta þá skoðun í ljósi, leyfðu sér að efna til fjöldafundar til þess að krefjast þjóðaratkvæðis um inngönguna í NATO sem var ákveðin hér. Og það er ekki í fyrsta sinn og sem betur fer ekki í síðasta sinn og á eflaust eftir að verða um komandi tíma að fólk reyni að láta í ljós skoðanir sínar og vilja fyrir framan þinghús Íslendinga. (**Menntmrh.:** Ekki með því að grýta húsið.) Og krafan á þessum tíma var lýðræðisleg, það var krafa um að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu Íslands í hernaðarbandalagið NATO.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., 1. umr.*

Stjfrv., 644. mál (eftirlitsheimildir). — Þskj. 962.

[18:11]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 962, 644. mál, en þar er um að ræða breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Breytingar þessar lúta að því að styrkja opinbert eftirlit með því að sjómenn séu ekki látnir taka þátt í kaupum útgerða á aflaheimildum. Með lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, er kveðið á um að óheimilt sé við hlutaskipti að draga frá heildarverðmæti afla, kostnað við kaup á veiðiheimildum. Þetta ákvæði er einnig að finna í kjarasamningum Samtaka sjómanna og útvegsmanna og þar er einnig mælt fyrir um að útgerð og áhöfn skuli gera sín í milli samning um fiskverð þegar afli er seldur til aðila sem telst skyldur útgerðinni en með því er átt við að útgerð og fiskvinnsla séu í ráðandi eigu sömu aðila.

Í lögum nr. 13/1998 er síðan kveðið á um að útgerð skuli senda Verðlagsstofu skiptaverðs án tafar alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafnar. Verðlagsstofa skiptaverðs starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998 og er hlutverk hennar, eins og þar segir, að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að rétti og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna, eins og það er orðað í lögunum.

Mikilvægur liður í því eftirliti er að fylgjast með því að útgerðir láti sjómenn ekki taka þátt í kvótakaupum. Til að sinna hlutverki sínu eru Verðlagsstofu fengnar víðtækar

heimildir í lögum nr. 13/1998, til að krefjast upplýsinga og gagna frá útgerðum, sjómönnum og ýmsum öðrum aðilum og stofnunum. Þá er í 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, kveðið á um að Fiskistofa skuli ekki staðfesta flutning aflamarks til fiskiskips nema Verðlagsstofa skiptaverðs hafi áður staðfest að fyrir liggi samningur hlutaðeigandi útgerðar og áhafnar um fiskverð sem uppfyllir kröfur sem Verðlagsstofa gerir samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998. Tilgangur þessa ákvæðis er að koma í veg fyrir að útgerð geti keypt aflamark og flutt það til skips og látið skipverja taka þátt í kostnaði af þeim kaupum með því að miða uppgjör við lægra fiskverð en heimilt er samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998. Þessi krafa um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð veitir mikilvægt aðhald þar sem hlutaðeigandi skipverjar geti alltaf krafist þess að gert sé upp við þá samkvæmt þeim samningi.

Samtök sjómanna og útvegsmanna hafa þó bent á að nokkur brögð séu að því að einstakar útgerðir geri samninga um fiskverð og áhafnir og sendi þá til Verðlagsstofu skiptaverðs til að uppfylla framangreind skilyrði til að geta flutt aflamark til skipa sinna en geri síðan upp við áhafnir á lægra verði en samningarnir mæla fyrir um. Fulltrúar umræddra samtaka segja að reynslan sýni að hlutaðeigandi sjómenn geri alls ekki alltaf þá kröfu að gert sé upp við þá samkvæmt fiskverðssamningum og því komist þessar útgerðir upp með að láta þá taka þátt í kostnaði af kvótakaupum. Samtök útvegsmanna og sjómanna telja nauðsynlegt að Verðlagsstofa skiptaverðs leggi meiri áherslu á rannsókn og eftirfylgni slíkra mála og að stofan fái til þess virkari heimildir og úrræði en hún hefur nú.

Með þessu lagafrumvarpi er brugðist við fyrrnefndum ábendingum. Verði ákvæði frumvarpsins að lögum mun Verðlagsstofa skiptaverðs leggja aukna áherslu á að fylgjast með því að útgerðir fiskiskipa geri upp við áhafnir í samræmi við fiskverðssamninga sem þær hafa gert og sent Verðlagsstofu. Þá er í frumvarpinu kveðið á um að Verðlagsstofa skuli ekki staðfesta fiskverðssamning gagnvart Fiskistofu ef athugun hennar hefur leitt í ljós að ekki hafi verið gert upp við áhöfn í samræmi við samning nema uppgjörið hafi verið leiðrétt. En slík staðfesting Verðlagsstofu er, eins og fyrr sagði, forsenda þess að aflamark verði flutt til fiskiskips.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hið sama gildi ef útgerð hefur ekki látið Verðlagsstofu í té upplýsingar eða gögn sem hún hefur krafist til að hafa eftirlit með að réttilega sé gert upp við skipverja. Með umræddum ákvæðum fær Verðlagsstofa mun virkari úrræði en hún hefur nú til að knýja útgerðir til að láta henni í té upplýsingar og gögn sem eru nauðsynleg til að ganga úr skugga um að gert hafi verið upp við áhafnir í samræmi við lög og samninga og ef tilefni er til og þörf krefur til að knýja á um leiðréttingu uppgjörs til samræmis við gilda fiskverðssamninga.

Hæstv. forseti. Tilgangur þessa lagafrumvarps er, eins og ég hef ítrekað áður sagt, fyrst og fremst sá að bæta opinbert eftirlit með því að farið sé að lögum og samningum sem banna að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum útgerða. Slík háttsemi er skýlaust brot gagnvart þeim sjómönnum sem í hlut eiga og er því ólíðandi. En hún er einnig óþolandi fyrir alla þá heiðarlegu útgerðarmenn sem virða lög og gerða samninga í hvívetna. Þá er ólögtæk þátttaka sjómanna í kvótakaupum til þess fallin að stuðla að hærra verði á aflaheimildum og geta víst flestir verið sammála um að þau áhrif eru afar óæskileg. Ég tel því mikilvægt að frumvarp þetta fái framgang og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og umfjöllunar hjá hv. sjávarútvegsnefnd.

[18:16]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er hert á heimildum sem Verðlagsstofa skiptaverðs hefur til að ganga úr skugga um að gert sé upp við sjómenn samkvæmt samningum um fiskverð sem áður hafa verið kynntir Verðlagsstofunni og er það hið besta mál. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji mikil brögð að því að svindlað sé með þeim hætti að lagðir séu fram samningar um fiskverð sem ekki er gert upp eftir. Fyrst brugðist er við og lögum breytt, eins og hér er verið að gera, verður maður að álykta sem svo að það hljóti að vera einhver brögð að þessu eða a.m.k. að telja að þessu talsverð brögð.

Annað sem mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um varðar 3. gr. Í 3. gr. er gert ráð fyrir að breyta lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Í athugasemdum um 3. gr. segir að kveðið sé á um að áður en Fiskistofa staðfesti flutning aflamarks skuli fást staðfesting frá Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum.

„Í samræmi við tilgang þessa ákvæðis, sem er að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kostnaði af kaupum á veiðiheimildum, hefur ákvæðinu verið framfylgt þannig að Fiskistofa hefur ekki staðfest flutning aflamarks til fiskiskips nema að fenginni umræddri staðfestingu Verðlagsstofu. Hér er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt til samræmis við þá framkvæmd."

Ég sé ekki betur, þegar ég les í gegnum lögin eins og þau eru og breytingar á þessari grein, en að í sjálfu sér sé ekki verið að breyta neinu. Í lögunum segir að það megi ekki staðfesta neitt nema fyrir liggi staðfesting frá Verðlagsstofu. Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Hverju er verið að breyta og hvernig er orðalag ákvæðisins fært til samræmis við einhverja framkvæmd sem er í gangi? Þetta er eins, bæði í breytingunni og lögunum eins og þau eru.

[18:18]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson spurði hvort ég teldi mikil brögð að því að ekki væri farið eftir lögum um uppgjör, varðandi uppgjör sjómanna og útvegsmanna. Ég get í sjálfu sér ekkert fullyrt um hvort mikil brögð séu að þessu eða hvort um er að ræða fáein undantekningartilvik. Ég hefði viljað að það væru frekar fáein undantekningartilvik. Ég hef a.m.k. viljað trúa því að í flestum tilvikum sé reynt að fara eftir þessum lögum.

Það hefur hins vegar borið á því og verið kvartað undan því, og þeim umkvörtunum m.a. komið til okkar í sjávarútvegsráðuneytinu, að það sé ekki að öllu leyti farið eftir

þessum lögum. Ég vek líka athygli á því að í þinginu hafa þessi mál allnokkrum sinnum komið til umræðu. Menn hafa m.a. vakið athygli á því að ein ástæðan fyrir þeirri hækkun sem orðið hefur á leigukvótum kunni að vera að tilteknir aðilar hafi stuðlað að því að sjómenn tækju þátt í kvótakaupum, sem hafi síðan gert það að verkum að þeir hafi getað spennt upp kvótaverðið. Ég taldi ástæðu til að fara ofan í þessi mál sérstaklega, m.a. með þátttöku samningsaðila sjómanna og útgerðarmanna og útvegsmanna. Niðurstaðan var sú að nauðsynlegt væri að herða á reglunum til að tryggja það eftir föngum að komið yrði í veg fyrir að menn kæmu sér fram hjá samningum og fram hjá lögum.

Stóra breytingin þarna felst í að hnykkt er á aukinni eftirlitsskyldu Verðlagsstofu skiptaverðs. Ég er sammála hv. þingmanni um að Verðlagsstofan hafði heilmikil tæki en þarna er verið að árétta það og undirstrika að stofunni sé ætlað þetta hlutverk, að fara ofan í þessi mál. Það er stóra breytingin. Ef sú athugun leiðir í ljós að ekki sé allt með felldu þá hefur hún möguleika á að koma í veg fyrir þennan tilflutning aflaheimildanna til þess sem leigir til sín. Þar með held ég að hægt verði að setja þrýsting á að menn fari að öllum lögum og samningum.

[18:21]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en finnst þó vanta upp á svörin varðandi 3. gr. Lögin kveða á um að Fiskistofa staðfesti flutning ef hún fái staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur. Þannig eru lögin í dag. Í athugasemdunum um 3. gr. segir að Fiskistofa hafi ekki staðfest flutning aflamarks til fiskiskipa nema að fenginni umræddri staðfestingu. Þannig hefur Fiskistofa unnið og samkvæmt lögum. Ég óskaði eftir því við hæstv. ráðherra að hann útskýrði fyrir mér setninguna sem kemur þar kemur á eftir: „Hér er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt til samræmis við þá framkvæmd."

Þetta hefur verið framkvæmt nákvæmlega eins og lögin eru og í þessu frumvarpi er engu breytt. Hvernig stendur á því að svona athugasemdir koma með frumvarpinu? Það er nánast, frú forseti, út í hött að setja málið fram með þessum hætti.

[18:22]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður þyrfti að lesa það sem segir í framhaldinu. Þar segir í athugasemdunum:

„Þá er lagt til að við málsgreinina verði bætt ákvæðum þess efnis að leiði athugun Verðlagsstofu skiptaverðs í ljós að útgerð skips hafi ekki gert upp við skipverja samkvæmt samningum um fiskverð skuli stofan ekki staðfesta fiskverðssamning gagnvart Fiskistofu ..." — o.s.frv.

Þarna er verið að árétta að Verðlagsstofu verði fært þetta vald og það sett í lög að Verðlagsstofa skuli gera sérstakar athuganir á því hvort farið sé eftir þeim fiskverðssamningum sem hafa verið kynntar Verðlagsstofunni. Þar liggur hundurinn grafinn. Menn hafa bent á að þar kunni að hafa verið einhverjir annmarkar á, að menn hafi ekki kannað nægilega hvort þeir fiskverðssamningar sem var framvísað og lagðir voru til grundvallar hafi verið virtir. Það er verið að styrkja þetta ákvæði varðandi Verðlagsstofuna. Það hefur verið álitamál hversu langt Verðlagsstofan mætti ganga í þessu eftirliti. Þarna eru tekin af öll tvímæli um það og við færum henni aukið vald í samræmi við óskir sjómanna og útvegsmanna.

[18:23]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Með þessu frumvarpi skilst mér að tryggja eigi að sjómenn eigi ekki að taka þátt í leigu aflaheimilda. Ég held að það sé ekki spurning um hvort slíkt skerði kjör sjómanna. Ef menn líta á þær stærðir sem um er rætt þá eru þetta 10 milljarðar kr. á ári og auðvitað tekið af því sem kemur til skipta.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta snerti að einhverju leyti þá sjómenn sem eru án kjarasamninga, þ.e. sjómenn á bátum sem eru undir 15 tonn. Ég get ekki séð að það skipti nokkru máli fyrir þá hvort þetta frumvarp gangi í gegn eða ekki þar sem þar eru engir kjarasamningar og því engar reglur um skiptaprósentu.

[18:24]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að þetta frumvarp snertir ekki þau mál sem snúa að minni bátum. Það er rétt. Þeir eru án kjarasamninga. Á Alþingi hafa menn hvatt til þess, bæði ég, hv. þingmaður og aðrir, að eðlilegt væri að hafa þarna kjarasamninga í gildi. Það er á vissan hátt forsenda fyrir því að hægt sé að taka á þessum málum að kjarasamningar séu í gildi.

Á sínum tíma þegar lögin um Verðlagsstofu skiptaverðs voru sett voru þau sett miðað við kjarasamninga útvegsmanna og sjómannasamtakanna. Þau tóku til þeirra báta þar sem kjarasamningar eru í gildi. Reyndar háttar öðruvísi til um þessa báta en ég tel hins vegar ekki eðlilegt af hálfu Alþingis að hlutast til um þá kjarasamninga að öðru leyti en því að við getum haft á því skoðun að gera eigi slíka samninga. En ég tel ekki að við eigum að ákveða það með lögum.

[18:25]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra hve hátt hlutfall af leigðum aflaheimildum umræddir bátar leigja. Okkur greinir á að því leyti að Alþingi eigi ekki að hafa afskipti af þessu. Ég vil minna á að hér hefur m.a. verið rætt um réttleysi blaðburðarbarna áður. Í umræðunni um blaðburðarbörn var fundið að því að þau væru algerlega án kjarasamninga. En það virðist ekki koma hæstv. ráðherra við að sjómenn séu án kjarasamninga. Mér finnst það ekki minna mál en kjör blaðburðarbarna að sjómenn á minni bátunum séu án kjarasamninga. Hér urðu umræður á þingi og m.a. afskipti hæstv. félagsmálaráðherra af þeim málum á sínum tíma, að blaðburðarbörn væru án kjarasamnings.

Hér kemur fram í máli hæstv. sjávarútvegsráðherra að

það sé algert aukaatriði að sjómenn á minni bátum séu án samninga. Ég get ekki verið sammála hæstv. ráðherra um það.

[18:27]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef það ekki á hraðbergi hve hátt hlutfall leiguviðskipta hefur gengið í gegnum þá krókaaflamarksbáta sem hv. þingmaður vísar til. Ég hef þær tölur ekki handbærar en menn geta aflað sér upplýsinga um það.

Það er alveg rétt að það hlutfall hefur verið að aukast, einfaldlega vegna þess að við tókum um það pólitíska ákvörðun að færa fiskveiðiréttinn í auknum mæli til smábáta. (**SigurjÞ:** Nei.) Við vildum koma til móts við þarfir byggðanna.

Ég tel hins vegar, virðulegi forseti, ekki að þetta sé eitthvert aukaatriði. Það hef ég aldrei sagt. Það sem ég hef einfaldlega sagt er, sem ég hélt að væri almenn skoðun í þessu þjóðfélagi en hv. þingmaður hefur nú staðfest að hann hefur aðra skoðun, að hér ætti að vera ríkjandi frjáls samningsréttur og það væri hlutverk útvegsmannanna og sjómannanna, í þessu tilviki á smábátunum, að reyna að ná samningum. Ég hef ekki talið tilefni til að Alþingi mundi ákveða það með lögum en það getur vel verið að aðrir hafi aðra skoðun. Hv. þingmaður telur t.d. að það eigi að skipa þessum samningamálum með lögum og Alþingi eigi að hafa beinan atbeina að því. Hann segir það núna og hann hefur sagt það áður. Ég er einfaldlega ósammála honum. Ég geri ráð fyrir að það séu flestir hér inni.

[18:28]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mínar spurningar eru hliðstæðar þeim sem áður hafa komið fram, sérstaklega frá hv. þm. Jóni Gunnarssyni varðandi þær lagagreinar sem nú gilda um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Ef við lítum á 3. gr. þá skal Verðlagsstofa skiptaverðs afla ítarlegra gagna um fiskverð o.s.frv. Ef við lítum á 4. gr. segir að til að Verðlagsstofa geti sinnt hlutverki sínu beri Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna og vinna úr gögnum að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að öllu slíku. Í 5. gr. segir að Verðlagsstofa skiptaverðs geti krafið sjómenn og útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila fiskmarkaða og umboðsmenn þeirra og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu afla um allar nauðsynlegar upplýsingar. Um þetta gilda mjög ítarleg lagaákvæði.

Hér hljóta menn meira eða minna að hafa verið lögbrjótar og komist upp með það, enda er í greinargerð í athugasemdum með frumvarpinu látið að því liggja. Mér finnst athyglisvert að sjá þennan texta í frumvarpinu til laga þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Nokkur brögð munu þó hafa verið að því að útgerðir hafi ekki gert upp við áhafnir í samræmi við gerða samninga um fiskverð og hefur Verðlagsstofa ekki haft nægilega virk úrræði til að bregðast við þegar slík mál hafa komið upp.“

Það er bara lögbrot ef það hefur ekki verið gert. Þarna er ýjað að lögbrotum að mínu mati. Ég spyr ráðherra: Þarf að setja sérstök lög um að farið sé að lögum?

[18:30]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni sem hv. þingmaður, að aðilar hafi verið meira og minna lögbrjótar í þessu sambandi. Ég held að það sé ekki svo. Eins og ég sagði í fyrra andsvari held ég að almennt séð fari menn að lögum og reglum. Þessar ábendingar hafa hins vegar komið fram, m.a. héðan úr þingsal, úr þessum ræðustóli þar sem hvatt hefur verið til þess að reynt yrði að taka á þessu máli. Það sem verið er að gera hér er að reynt er að styrkja eftirlitshlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að heilmiklar heimildir hafa verið fyrir Verðlagsstofu skiptaverðs til að koma að þessum málum. En þegar menn fóru að fara yfir þetta, m.a. þeir sem búa við þetta, þ.e. sjómenn og útvegsmenn, þá komust þeir að þeirri niðurstöðu, og það var niðurstaða okkar í ráðuneytinu, að ekki væru til staðar nægilega öflug ákvæði í lögunum sem tryggðu það að Verðlagsstofa skiptaverðs gæti haft það eftirlitshlutverk sem henni er ætlað, þ.e. að fylgjast með því að fiskverðssamningum sem hefði verið framvísað væri síðan fylgt. Það er þetta sem verið er að setja hér inn.

Ég er ekki að draga úr því að verðlagsstofulögin hafa á margan hátt virkað vel. Þau hafa gert það. Það hefur t.d. komið fram hjá forustumönnum sjómanna að þeir telja að brögðin að því að menn séu að taka ólöglega þátt í kvótakaupum hafi minnkað, slíkum tilvikum hafi fækkað. Það er vonandi svo og ég hef enga ástæðu til að draga það í efa.

En ef það er skoðun þeirra sem vinna í þessu frá degi til dags að þau tilvik kunni að vera sem ég er að vísa til, þá er það skylda okkar sem viljum að farið sé eftir lögunum að reyna að styrkja þær eftirlitsstofnanir sem hafa það hlutverk að fylgjast með þessu. Það er það sem verið er að gera. Það er ekki verið að setja þetta fram út í loftið. Það er verið að gera þetta að gefnu tilefni vegna þess að við teljum að það sé nauðsynlegt og það sé skylda Alþingis í þessu sambandi að búa til þau tæki svo að sú eftirlitsstofnun sem menn komu sér saman um á sínum tíma að ætti að fylgjast með þessu, hefði þau tæki og (Forseti hringir.) þau tól sem þyrftu og dygðu til að taka á máli þar sem verið er að beita hugsanlega rangindum.

[18:32]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ég velti fyrir mér er hvort þessar heimildir í sjálfu sér hafi verið það sem skorti. Mér sýnist það bara vera framkvæmd laganna. Ég held að hæstv. ráðherra verði að upplýsa okkur um það hversu mikið af lögbrotum hefur verið hvað þetta varðar með vísan til setningarinnar sem ég vitnaði til áðan, með leyfi forseta:

„Nokkur brögð munu þó hafa verið að því að útgerðir hafi ekki gert upp við áhafnir í samræmi við gerða samninga um fiskverð ...“

Verið er að staðhæfa í raun að þarna hafi verið framkvæmd lögbrot. En útgerðum er nú farið að fækka hér á

landi þannig að ekki er um margar útgerðir að ræða sem hafa verið að iðka lögbrot. Ég tek alveg undir með hæstv. ráðherra að styrkja þarf lagagrunninn til þess að menn brjóti ekki lög. En það hefur nú bara svo oft verið í framkvæmd þessara fiskveiðilaga að menn virðast (Forseti hringir.) hafa komist upp með ýmislegt sem hefur verið á kant við lög og svo virðist einnig hafa verið hér ef marka má texta (Forseti hringir.) frumvarpsins.

[18:33]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg endurtekið svar mitt við þeirri fyrirspurn hv. þingmanns sem flutt var áðan. Ég hef enga ástæðu að ætla annað en að menn séu almennt að fylgja þessum lögum í hvívetna.

En það hefur komið fram í þessum þingsal og í ábendingum og umkvörtunum aðila að það kunni að vera tilvik þar sem menn hafa gengið á svig við lögin. Þegar menn fóru að fara yfir það hvort Verðlagsstofa hefði allar þær heimildir sem hún þyrfti á að halda til að fylgjast með þessu var niðurstaðan sú, bæði meðal aðila vinnumarkaðarins og okkar í sjávarútvegsráðuneytinu, að það væri til bóta og það mundi styrkja framkvæmd laganna, styrkja anda þessara laga, að sett væru inn ákvæði sem gæfu Verðlagsstofu skiptaverðs öflugri tæki til að fara ofan í málin og skoða hvort farið væri eftir þeim fiskverðssamningum sem gerðir hefðu verið og framvísað væri í upphafi, því það er ekki þannig að menn séu að framvísa svona fiskverðssamningum á hverjum degi heldur er þeim framvísað í upphafi.

Ég held að menn hljóti að fagna þessu af því ég trúi því að andi laganna sé mjög í anda (Forseti hringir.) þess sem hv. þingmenn hafa talað um og talað margoft fyrir úr þessum ræðustóli.

[18:35]

**Útbýting:**

Barnabætur og barnabótaauki, 659. mál, fsp. ÖJ, þskj. 990.

Erlendir ríkisborgarar á vinnumarkaði, 478. mál, svar félmrh., þskj. 974.

Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, 78. mál, nál. utanrmn., þskj. 985.

Margfeldisáhrif sjávarútvegs í þjóðarbúskapnum, 658. mál, fsp. ArnbS, þskj. 989.

Múlavirkjun á Snæfellsnesi, 657. mál, fsp. JBjarn, þskj. 988.

Orkustofnun, 367. mál, þskj. 953.

Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, 84. mál, nál. utanrmn., þskj. 987.

Samningar um gagnkvæma réttaraðstoð, 652. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 971.

Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, 83. mál, nál. utanrmn., þskj. 986.

[18:36]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Við ræðum breytingu á tvennum lögum. Við erum með frumvarp til laga annars vegar um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Það er rétt sem fram hefur komið hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að allir þeir sem fylgst hafa með því hvernig leigumarkaður hefur þróast og hvernig þau viðskipti hafa gengið fyrir sig telja mjög mikilvægt að eftir þeim reglum sem um þann markað gilda verði farið þannig að algerlega verði komið í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum með öllum tiltækum ráðum. Það getur vel verið að það þurfi að styrkja heimildir Verðlagsstofu skiptaverðs frá því sem núverandi lög kveða á um. Þó, eins og áður hefur komið fram, eru heimildirnar ansi víðtækar í lögunum sem nú gilda og maður veltir því fyrir sér hvort þetta hafi kannski ekki að einhverju leyti frekar verið spurning um framkvæmd þeirra laga sem gilda en að þörf sé á lagabreytingu eins og hér er verið að leggja fram. Ég er þó fullkomlega tilbúinn til þess að taka þátt í því að styrkja orðalag greina. Ef einhver hefur verið að velkjast í vafa um hver tilgangur greinanna væri eða orðanna sem þar stæðu og telur að styrkja þurfi greinarnar er ég svo sem alveg tilbúinn til að taka þátt í því, því það misbýður réttlætiskennd held ég flestra sem fylgjast með ef talsvert er um það að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum á þeim bátum þar sem verið er að leigja aflaheimildir til að geta farið á sjó og fiskað.

Ég ætla að reyna að halda mig að mestu leyti við frumvarpið eins og það liggur fyrir þó auðvelt væri að fara út um víðan völl og ræða sjávarútvegsmálin vítt og breitt. Ég held að efni greinanna sem hér eru og þess frumvarps sem hér liggur fyrir sé í raun alveg nægjanlegt þó að maður haldi sig við það til að halda þá ræðu í þann tíma sem heimilt er samkvæmt þingsköpum.

Það er nú einu sinni þannig með kvótaleiguna að sjómenn hagnast ekki á því á nokkurn hátt ef verið er að fara í kringum lögin sem um hana gilda. Það eru heldur ekki útgerðarmenn þeirra báta sem eru að leigja til sín sem hagnast á því að fara í kringum lögin, ef það er gert, heldur mun þetta alltaf enda í kvótaleiguverðinu. Sá sem er að leigja frá sér nýtur þess því í raun í krónum og aurum ef á einhvern hátt á síðari stigum er farið í kringum lögin því leigumarkaður á aflaheimildum er seljendamarkaður og kaupendur ráða þar ansi litlu og verðið sem hægt er að borga fyrir heimildirnar er alltaf í þeim hæsta mögulega toppi sem um ræðir hverju sinni miðað við fiskverð. Ef verið er að svindla á einhvern hátt á því hvernig þetta er framkvæmt mun það einfaldlega skila sér í hærra leiguverði til þeirra sem leigja frá sér heimildir. Í raun má því segja að ef einhverjir svindla á þessu eru þeir eingöngu að gera það fyrir þá sem leigja frá sér kvóta. Þeir njóta ekki ávaxtanna af því svindli heldur eru eingöngu að taka þátt í því til að vera samkeppnisfærir í að borga þetta háa leiguverð sem nú gildir á markaðnum.

Í lögunum eins og þau standa í dag eru heimildir til þess að Verðlagsstofa skiptaverðs geti krafist upplýsinga frá útgerðum og öðrum en í lögin er verið að bæta núna að ekki eingöngu sé hægt að krefjast upplýsinga heldur líka gagna. Ég átta mig ekki alveg á muninum á þessu tvennu, hvort,

eins og lögin hafa staðið hingað til, þeir sem eiga að leggja fram upplýsingar samkvæmt lögunum hafa á einhvern hátt getað þverskallast við því vegna þess að í lögunum hefði ekki staðið orðið gögn heldur eingöngu upplýsingar. Ef hæstv. ráðherra hefur einhver dæmi um það og ástæðuna fyrir því að verið er að bæta orðinu „gögn" í lagatextann til viðbótar við upplýsingar væri gott að fá að heyra um það því maður áttar sig ekki alveg á því hvers vegna breytingin þarf að koma til.

Í 1. gr. er talað um að upplýsingar og gögn megi einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum eða til að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaverðs tekur samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, þ.e. heimildirnar sem verið er að tala um núna, að hún eigi að fylgjast með því að gert sé upp samkvæmt samningum. Ég hefði haldið þegar maður les í gegnum lögin um Verðlagsstofu skiptaverðs að heimildirnar hefðu allar í raun legið fyrir vegna þess að í 6. gr. segir að Verðlagsstofa skiptaverðs skuli m.a. með úrtakskönnunum fylgjast með því að við uppgjör á aflahlut áhafna sé lagt til grundvallar raunverulegt söluverðmæti. Í orðunum hlýtur m.a. að felast að það megi gera eitthvað annað líka þannig að ekki eingöngu hafi verið heimild til úrtakskannana heldur sé líka heimilt að skoða einstök dæmi.

Í 6. gr. segir að telji Verðlagsstofa misræmi milli gagna og söluverðmætis afla og þess verðs sem uppgjör við áhöfn hefur miðast við og fram komnar skýringar ekki fullnægjandi skuli hún tilkynna það og fara með það fyrir úrskurðarnefnd. Í raun hefur því Verðlagsstofa skiptaverðs átt að fylgjast með því að ekki eingöngu væru lagðir fram samningar heldur líka að greitt væri samkvæmt þeim. Ég get ekki lesið 6. gr. öðruvísi.

Síðan komum við að 3. gr. í II. kafla. Þar er breyting á öðrum lögum, um stjórn fiskveiða. Ég var í stuttu andsvari áðan að reyna að óska eftir upplýsingum frá hæstv. ráðherra um það hvað þarna væri á ferðinni og fannst ég ekki fá nægilega skýr svör við því. Í lögunum í dag, í 15. gr. laga nr. 116/2006, stendur skýrum stöfum að áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Hann skal uppfylla kröfur Verðlagsstofu skiptaverðs sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Í 3. gr. eins og verið er að taka hana upp núna stendur þetta nákvæmlega eins. Það er engin breyting á þessum texta. Fiskistofa hefur því ekki getað staðfest flutning aflamarks til fiskiskips samkvæmt þeim lögum sem nú gilda fyrr en staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs hefur legið fyrir. Því átta ég mig ekki enn á því af hverju í athugasemdum með frumvarpinu er sagt að verið sé að breyta lögunum til samræmis við einhverja framkvæmd sem verið hefði en hefði þó ekki haft lagastoð. Það er því spurning hvort þarna sé einhver hringur kominn upp sem einhver textahöfundur hefur flækt sér í eða hvort ég er að misskilja þetta á einhvern hátt, en þetta er nákvæmlega sami texti og er í lögunum.

Síðan er, eins og hæstv. ráðherra sagði, verið að bæta við heimildinni um það að leiði athugun Verðlagsstofu skiptaverðs í ljós að útgerð skips hafi ekki gert upp við skipverja í samræmi við samning um fiskverð skal stofan þó ekki veita staðfestingu sína nema úr því hafi verið bætt eða hlutaðeigandi útgerð hafi sett fullnægjandi tryggingu fyrir réttu uppgjöri.

Nú er ég eiginlega hættur að skilja aftur. Skipið má ekki fara á sjó og veiða fyrr en aflamark hefur verið flutt á það og ekki má flytja aflamark á það fyrr en Fiskistofa hefur fengið staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um það að samningur liggi fyrir. Ef samningur liggur fyrir þá veitir Verðlagsstofa skiptaverðs staðfestinguna ef samningurinn uppfyllir þau skilyrði sem lögin gera ráð fyrir og skipið fer á sjó og byrjar að veiða. Eftir á getur Verðlagsstofa skiptaverðs ekki komið og svipt skipið þeirri heimild sem Fiskistofa var búin að veita því á grundvelli samningsins. Það eina sem nýja ákvæðið gerir er að í framhaldinu ef flutt er aftur eða á nýjan hátt aflamark á sama skip og það er sama áhöfn og allt slíkt, þá gæti Verðlagsstofa neitað að staðfesta flutninginn á aflamarkinu yfir á skipið. En ég get ekki séð hvernig hún ætladi að gera það eftir á varðandi þann samning sem gerður var og staðfestur var og þætti vænt um það ef hæstv. ráðherra gæti útskýrt það fyrir mér.

Einnig leikur mér forvitni á að vita eftir að hafa lesið í gegnum lögin um Verðlagsstofu skiptaverðs eins og þau eru núna og eins eftir að hafa lesið í gegnum 15. gr. í lögunum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, hvernig heimildirnar eru meiri núna en þær voru í lögunum sem ég var að vitna til því textinn í þeim lögum, bæði lögunum nr. 13/1998, um Verðlagsstofuna og síðan 15. gr. í lögum um stjórn fiskveiða, eru heimildir Verðlagsstofu eftir orðanna hljóðan ansi ótvíræðar til þess í fyrsta lagi að tryggja það að fyrir liggi samningur og í öðru lagi að samningurinn uppfylli þau skilyrði sem Verðlagsstofa setur og hefur líka heimildir, eins og í 7. gr., að kanna hvort fiskverð við uppgjör og aflahlut áhafnar sé í verulegum atriðum frábrugðið því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla, eins og segir í lögunum, á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða. Skal Verðlagsstofa skiptaverðs taka málið til sérstakrar athugunar, segir í 7. gr., ef hún kemst að því að uppgjör hafi vikið í verulegum atriðum frá því sem algengast er og væntanlega frá þeim samningi sem lagður hefur verið fram því að hún hefði ekki staðfest samninginn í upphafi nema vegna þess að hann væri í dúr og moll við það sem hefur verið að gerast á því svæði sem samninginn tekur til um þann afla sem um ræðir, stærð, gæði o.s.frv.

Ég átta mig því ekki alveg á þörfinni fyrir því að breyta lögunum eins og hér er verið að gera þó svo, eins og ég sagði í upphafi máls míns, ég sé að sjálfsögðu tilbúinn til þess bæði hér og eins í hv. sjávarútvegsnefnd að styrkja grunninn undir það að Verðlagsstofa skiptaverðs hafi þær heimildir sem hún þarf ef það er raunin. En ég er ekki sannfærður um að það frumvarp sem hér liggur fyrir og þær breytingar sem verið er að leggja til bæti í raun miklu við þær heimildir sem liggja nú þegar fyrir í lögunum.

Síðan komum við alltaf að því hvað er eðlilegt fiskverð og hvað er samningur sem uppfyllir skilyrði sem Verðlagsstofa skiptaverðs setur. Jafnvel þó maður lesi í gegnum lög-

in eins og þau eru í dag og þær breytingar sem verið er að leggja til er ekki mjög auðvelt að átta sig á því nákvæmlega eftir hverju Verðlagsstofa á að fara þegar hún segir: Jú, fiskverðið sem fyrir liggur í samningnum er nægjanlega gott eða nægjanlega hátt til þess að við getum staðfest samninginn. Hann uppfyllir þau skilyrði sem við setjum. Væri ekki nær að horfa í meira mæli til fiskmarkaðanna þar sem verð myndast á frjálsum forsendum þar sem kaupendur koma og leggja upp sinn afla? Seljendur mæta þar einnig og vega og meta aflann eins og hann liggur fyrir og ákveða að hægt sé að greiða þetta verð fyrir þennan afla á þessum tiltekna degi. Auðvitað veit ég að eins og ástandið hefur verið á fiskmörkuðum að þá eru fiskmarkaðirnir líka ákveðinn seljendamarkaður eins og leiguheimildirnar eru óumdeilanlega sem þýðir að það getur einhver bjögun verið á verðinu sem myndast á fiskmarkaðnum á hverjum tíma í þá átt að þar sem skortur er á fiski greiði menn hærra verð en í raun sé hægt að segja að sé eðlilegt og sanngjarnt fyrir þann fisk sem verið er að bjóða og það verð sem fæst síðan fyrir afurðirnar. Þetta er þó eini punkturinn þar sem sjómenn og útgerðarmenn koma annars vegar frá og fiskverkendur og kaupendur hinum megin frá og ákvarða með frjálsum hætti að þetta sé það verð sem þeir eru tilbúnir að borga fyrir þennan tiltekna fisk á þessum tiltekna degi miðað við þær aðstæður sem ríkja í greininni.

Samningarnir sem Verðlagsstofa er að staðfesta eru væntanlega oft og tíðum talsvert lægri en markaðsverðið. Ef menn telja að það sé einhver bjögun á markaðnum vegna þess að það sé seljendamarkaður en ekki kaupendamarkaður, hvern telja menn þá vera eðlilegan mun á því verði sem þar myndast og því verði sem Verðlagsstofa skiptaverðs samþykkir fyrir sitt leyti þegar samningar eru lagðir fram? Ég held að þarna sé ákveðið einstigi sem erfitt sé að feta og erfitt fyrir úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna að komast að niðurstöðu oft og tíðum um hvað geti verið eðlilegt og sjálfsagt verð. Mér er ekki kunnugt um það og hafði ekki tíma til þess í dag að afla mér gagna en hæstv. ráðherra veit kannski hve mikið var um það að samningum væri skotið til úrskurðarnefndar af hálfu Verðlagsstofu skiptaverðs á síðasta fiskveiðiári vegna þess að hún var ekki sátt við samningana eins og þeir lágu fyrir og hversu margir úrskurðir voru kveðnir upp á grundvelli laganna sem við tölum um að breyta og hvort þeir úrskurðir hafi fallið á einhvers konar oddaatkvæðum í öllum tilvikum eða hvort menn hafi komist að samkomulagi um að ákveðið fiskverð væri hið rétta á ákveðnu svæði miðað við verð, gæði og slíkt.

Ég held að það sé afar mikilvægt þegar við horfum á leigumarkaðinn sem hér er verið að fjalla um þar sem útgerðir sem annaðhvort eiga kvóta og leigja til sín viðbót eða útgerðir sem ekki eru með kvóta á sínum skipum og leigja allt til sín eru á markaði sem engin leið er í raun að tala um öðruvísi en fákeppnismarkað og markað sem ég held að í flestum tilvikum yrði litið á í öllum öðrum viðskiptum sem samráðsmarkað og markað sem samkeppnishömlur væru ríkjandi á því verðmyndunin á markaðnum lýtur ekki miklum markaðslögmálunum eða breytist til eða frá. Það er sama verð hjá öllum og það er sama verðþróun hjá öllum. Það virðist vera eins og leigan sem menn krefjast hverju sinni sé alltaf eins. Ég er hræddur um að það væru komnar upp háværar raddir í öðrum atvinnugreinum um samráð og brot á samkeppnislögum ef þetta væri raunin annars staðar, að einhver hópur atvinnurekenda sem væri með ákveðna vöru til leigu eða sölu væri að fara í gegnum tiltölulega fáa aðila sem samræmdu verðið fyrir alla sem vildu kaupa. Það er spurning hvort þetta geti á nokkurn hátt samræmst því sem við köllum eðlilega viðskiptahætti á Íslandi í dag.

Ég held að ef menn í alvöru taka orðið fiskur út úr jöfnunni og taka orðið fiskur út úr atvinnugreininni sem á sér stað með kvótaleiguna og setja eitthvað annað í staðinn, hvort sem það er bílaleiga, leiga á húsum eða sala á einhverri vöru mundu allir sjá hversu undarlegur þessi markaður er. Mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra gæti tjáð sig eitthvað um það í umræðunni því við erum í raun að tala um hvernig við eigum að koma böndum á leigumarkaðinn, hvort hann telji aðstæður á markaðnum lúta eðlilegum viðskiptalögmálum og hvort hann telji verðmyndun á markaðnum uppfylla ákvæði samkeppnislaga og uppfylla þær kröfur sem við gerum um gegnsæi og kröfur sem við gerum um að ekki séu samráð á markaði sama hvaða nafni hann nefnist.

[18:56]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við ræðum nú lítið frumvarp frá hæstv. sjávarútvegsráðherra en hann leggur fram frumvörp um litlar bætur á handónýtt kerfi, algerlega handónýtt kerfi. Það er hlutskipti hæstv. ráðherra, manns sem hefur verið að gagnrýna kerfið síðan hann byrjaði að taka þátt í stjórnmálum. Svo þegar hann fær völd og er orðinn hæstv. sjávarútvegsráðherra kemur hann með litlar bætur sem eru ekki eitt né neitt. Hv. þm. Jón Gunnarsson rakti þetta í ágætri ræðu. Hann fór í gegnum það að þetta litla frumvarp bætir í engu það réttarástand sem ríkir nú þegar og þess vegna furðar maður sig á svona frumvarpi. Einnig kom fram í andsvörum að þetta nær ekki til þeirra sjómanna sem vinna á minnstu bátunum og taka örugglega mikinn þátt í þessum leiguviðskiptum og þessar gríðarlega háu upphæðir sem renna út úr atvinnugreininni í formi leigu skerða hlut þeirra.

Hæstv. ráðherra tekur ekkert á grundvallaratriðunum. Hann kemur bara með litla bót. Það er hlutskipti hans. Mér finnst það reglulega aumt. — Ég sé að hæstv. ráðherra er farinn úr salnum vegna þess að hann virðist ekki þola þessa umræðu. — Kerfið sem við erum að ræða, sem þessi bót er á, var hannað til að byggja upp fiskstofna, það var hannað til þess, en núna sitjum við uppi með helmingi minni þorskafla en fyrir daga kerfisins. Það var líka hugsað til að tryggja byggð í landinu. Ef hæstv. ráðherra fer um sína heimabyggð og um Vestfirði alla og víðar um landið sér hann að höggvin hafa verið djúp skörð í byggðirnar og í staðinn fyrir að skoða hvort hægt sé að gera eitthvað öðruvísi, eins og við í Frjálslynda flokknum höfum ítrekað bent á, kemur hann með litla bót. Bót sem er ekki eitt né neitt og það hefur komið fram í andsvörum og maður furðar sig á þessu. Hlutskipti hæstv. ráðherra er gríðarlega aumt, hann sem hefur verið einn aðalgagnrýnandi kerfisins og er nú kominn í aðstöðu til að breyta og bæta en gerir þá nánast ekki neitt.

Menn þurfa ekkert að velkjast í vafa um það hvort þessi leiguviðskipti skerði hlut sjómanna. Það hefur komið fram að út úr þessu kerfi renna í kringum 10 milljarðar árlega í formi leigugjalds og síðan við sölu aflaheimilda hafa skuldir útgerðarinnar hækkað gríðarlega. Menn segja að skuldirnar hafi aukist á síðasta áratug um upphæð sem svarar til tveggja Kárahnjúkastíflna. Það er ekki að sjá, frú forseti, að það komi fram í miklum fjárfestingum í atvinnugreininni heldur er atvinnugreinin skuldugri en áður. Svo kemur Sjálfstæðisflokkurinn með frumvarp sem á að leysa málið með því að koma á virkara eftirliti, einhverju eftirliti með samningum. Við í Frjálslynda flokknum viljum leysa þetta á einfaldan hátt og það er að fiskurinn fari á markað. Ef fiskurinn fer á markað tryggir það að greitt sé rétt verð eða það verð sem er á markaði á hverjum degi.

Ef aðskilnaður verður á milli veiða og vinnslu eru hagsmunir útgerðarmanna og sjómanna samtvinnaðir og ekki þarf að vera með eftirlitskerfi. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að leysa þessi mál í sjávarútveginum með eftirliti, eftirliti með kjarasamningum, eftirliti með því að ekki sé brottkast, í stað þess að breyta reglunum. Það er miklu eðlilegra að breyta reglunum. Við teljum að það eigi að auka frelsið í þessari atvinnugrein. Það kerfi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið upp, kvótakerfið, byggir á einhverjum hugmyndafræðilegum kenningum um að eignarrétturinn tryggi að einhverju leyti hagkvæma nýtingu auðlinda, ef þær verði einkaeign verði nýtingin hagkvæmari. Þeir gleyma því að þetta verður að öllum líkindum og alltaf sameign. Hér er um að ræða sameign einkaaðila á auðlind sem er alls ekki þannig að hún sé eins og fiskabúr heldur er þar um flókið lífríki að ræða með mörgum fiskimiðum. Það er ekki það sama. Þegar menn eru dottnir inn í þann hugsanagang sem er í íslenska kvótakerfinu getur það kannski gengið upp út frá lagatæknilegu sjónarmiði og mögulega út frá stjórnsýslulegu sjónarmiði en að ætla að stjórna fiskveiðum á mörgum mismunandi fiskimiðum hringinn í kringum landið með einum heildarkvóta er tóm della. Menn ættu að vera farnir að sjá það og auðvitað vita menn það en forðast að ræða það.

Ég furða mig á því að við séum að koma með enn eina bótina á vont kerfi. Þetta er glórulaus vitleysa. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir að koma auga á það að þetta er engin breyting. Hæstv. sjávarútvegsráðherra fór undan í flæmingi við að útskýra að einhver breyting yrði við þetta. Það verður engin breyting. Eins verður engin breyting hvað það varðar að þetta nær ekki til smábátanna. Hæstv. sjávarútvegsráðherra svaraði því þannig að það mátti skilja að hann væri ekki þannig maður að hann setti lög um kjör manna, þegar ég ræddi þá staðreynd að sjómenn á minnstu bátunum væru án kjarasamnings, menn ættu að semja um þau á frjálsum markaði og það væri ekki hlutverk okkar að þvinga það fram að fólk í landinu byggi við kjarasamninga, það væri ekki hlutverk alþingismanna. Hér ætti að vera frelsi á atvinnumarkaði. Auðvitað ætti það að vera þannig en ég minni hæstv. sjávarútvegsráðherra á það að ég man ekki betur en að hann hafi einmitt tekið þátt í lagasetningu á sjómenn í kjaradeilum. Þá var hann ekki of góður til að setja lög á kjaradeilu sem menn áttu auðvitað að sjá að rétt væri að leysa með frjálsum samningum. Ég tel það ástand sem nú ríkir algerlega óviðunandi. Ég minni á að það þótti ekki hæfa að blaðburðarbörn væru án nokkurra samninga en hæstv. sjávarútvegsráðherra finnst ekkert eðlilegra en að þetta ástand haldi áfram. Ég er ósammála því. Ég tel að stjórnvöld eigi að grípa inn í og verði að þrýsta á um að þarna verði breyting á.

Sjálfstæðismenn virðast á einhvern hátt sjá ofsjónum yfir kjörum sjómanna. Ég minni á að í upphafi þessa kjörtímabils lagði núverandi hæstv. forsætisráðherra fram frumvarp um að skerða sjómannaafsláttinn en var síðan gerður afturreka með það frumvarp. Hann tók það sérstaklega fram að ef hann fengi að ráða, og hann hefur nú ekki skipt um skoðun hvað þetta varðar, mundi hann skerða kjör sjómanna og taka þennan skattafslátt af. Í þessu máli kristallast í raun afstaða Sjálfstæðisflokksins.

Við leysum ekki þessi mál eins og Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að leysa þau, það óréttlæti sem ríkir hjá þeim sem stunda sjósókn, með einhverju eftirlitskerfi heldur með því að breyta leikreglunum. Þó svo að þetta frumvarp nái til þeirra sem leigja til sín aflaheimildir er rétt að minna á að það ríkja einnig ákveðin vandamál með skiptakjör þeirra sjómanna sem eru á föstum samningum sem þetta frumvarp nær ekki til og það er varðandi það hvort mat kaupanda sem er sami aðili og útgerðarmaðurinn endurspegli raunverulegan afla. Ég er ekki viss um að við leysum það mál með því að auka eftirlit eins og Sjálfstæðisflokkurinn vill gera, með því að koma á miklu eftirlitskerfi í frystihúsum og kanna hvort þeir aðilar sem eru að kaupa af sjálfum sér vigti rétt eða flokki aflann rétt. Maður heyrir það hjá sjómönnum að það sé misbrestur á því, að afli sem er að meðaltali 6 kíló verði þegar kaupandinn, sem er að kaupa af sjálfum sér, er búinn að vigta hann kannski 3,5 kíló. Við leysum þetta ekki með því að auka eftirlit, alls ekki, heldur með því að breyta reglunum þannig að aðskilja veiðar og vinnslu og koma fiski á markað.

Svo virðist sem sjálfstæðismenn megi ekki heyra á það minnst að eðlileg markaðslögmál gildi í þessum viðskiptum. Það er af og frá. Í umræðum fyrr í vetur var ég með fyrirspurn til hæstv. ráðherra um það hvort hann hefði gert eitthvað með úrskurð samkeppnisráðs, nr. 2 frá árinu 2000, er varðar aðstöðumun fiskvinnslu sem væri ekki tengd við útgerð og þeirra sem eru í tengslum við útgerð. Hann hafði ekkert gert, frú forseti, hann hafði nákvæmlega ekkert gert. Þó voru liðin sjö ár. Hann vitnaði til þess að einhverju leyti að hann hefði verið stutt í embætti og því væri fróðlegt að vita hvort hann hefði gert eitthvað á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því að ég bar upp þessa fyrirspurn. Ég efast um það vegna þess að hlutverk hæstv. sjávarútvegsráðherra er einfaldlega, eins og maður segir, að vinna í þessu kerfi og frekar að breiða yfir misfellurnar og ef spurt er um rök fyrir einhverju er jafnvel vitnað í reglur í staðinn fyrir að finna gild rök fyrir vitleysunni.

Við í Frjálslynda flokknum viljum fara út úr þessu kerfi, út úr kerfi þar sem afli sem veiðist t.d. í Faxaflóa er dreginn frá því sem má veiða á Austfjörðum. Þetta er arfavitlaust, þetta er alger þvæla, frú forseti. Að við skulum sitja uppi með svona kerfi árið 2007 er sárgrætilegt. Við viljum einfaldlega auka frelsið neðar í kerfinu og leyfa handfæraveiðar eins og þær hafa verið leyfðar um aldir, að vera ekki með

þessi boð og bönn en athuga heldur hvort ekki sé hægt að breyta reglunum þannig að ekki skapist þörf fyrir þetta gríðarlega eftirlit. Eins viljum við losa um þetta kerfi með því að tryggja að eðlileg markaðslögmál fái að gilda í þessum viðskiptum.

Hugsið ykkur, að það skuli þurfa að draga hæstv. ráðherra Sjálfstæðisflokksins í þá vinnu að láta eðlileg markaðslögmál gilda í viðskiptum. Mér finnst það ótrúlegt. Við höfum samt séð það fyrr að flokkurinn er viðkvæmur ef talið berst að samkeppnismálum en það er kannski ekki rétt að fara mikið út á þær brautir í þessari umræðu. Mér finnst samt sem áður þetta hlutskipti hæstv. sjávarútvegsráðherra aumt, að halda svona fast í kerfi sem gengur ekki upp, hefur ekki gengið upp og mun ekki ganga upp, í stað þess að reyna að koma á eðlilegum leikreglum þar sem markaðslögmál gilda. Það er einfaldlega miklu skynsamlegra en að koma á einhverju eftirlitskerfi ríkisstofnana. Við erum með Fiskistofu sem hefur yfir að ráða hátt í milljarð og síðan eftirlit í höfnum landsins. Það er nóg komið. Það er miklu nær að líta á það hvernig einfalda megi kerfið og gera það sanngjarnara til að ná árangri. Þetta er ekki leiðin til þess.

Ég spái því að þetta frumvarp verði ekki til þess að snúa þeirri óheillaþróun við sem hefur verið í sjávarútveginum og að opna fyrir nýliðun og tryggja betur kjör sjómanna en verið hefur. Til þess þarf einfaldlega að skipta um ríkisstjórn. Það hefur sýnt sig að þeir sem hafa verið gagnrýna kerfið — og ég trúi í raun að hæstv. ráðherra sjái að það er ekki allt gott við þetta kerfi — eru einfaldlega kveðnir í kútinn innan Sjálfstæðisflokksins. Þeir fá ekki að koma með tillögur, það kemur bara svona málamyndatillaga sem er hvorki eitt né neitt.

[19:12]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við erum að ræða um talsvert mikið grundvallaratriði í framkvæmd sjávarútvegsstefnunnar í heild sinni. Við erum annars vegar að ræða um tilfærslur á aflaheimildum og aflamark og hins vegar verðmyndunarþáttinn, undirstöðu undir uppgjör sjómanna, þ.e. hvaða heildarverð fæst fyrir aflann og þar af leiðandi um kjör fiskimanna og skiptin milli annars vegar útgerðar og áhafnar og hins vegar þeirra skipta sem viðgangast í kvótakerfinu. Sá sem á veiðiréttinn fær alltaf stóran hluta af launanum þegar hann leigir frá sér aflamark til annarrar útgerðar sem þarf á því að halda.

Því miður er hér innan lands verð afar hátt, reyndar óeðlilega hátt að mörgu leyti tel ég, og hefur ýmis áhrif innan kerfisins. Ég hef stundum orðað það svo, hæstv. forseti, að arðsamasta einingin fyrir kvótaeigandann væri leiguliðinn, sá sem greiðir leiguverðið fyrir óveiddan fisk áður en útgerðin og sjómaðurinn geta farið að veiða. Kvótaréttarhafinn tekur til sín gríðarlegan part af fiskverðinu og fiskverðsmynduninni út á þann eina rétt að hafa fengið úthlutað aflahlutdeild af hálfu ríkisins.

Þar erum við ekki að tala um neina smápeninga. Við erum að tala um að leiguverð á t.d. þorski í dag leggur sig á 170 og allt upp í 183 kr. á kílóið, óveitt og óséð áður en haldið er til veiða með tilheyrandi kostnaði og því að eiga skip sem nauðsynlegt er til að veiða fiskinn og veiðarfæri, og ráða mannskap á viðkomandi skip.

Við erum ekki að tala um neitt smámál þótt þetta sé lítið frumvarp í sjálfu sér og, eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson orðaði það, hér erum við að setja enn eina bótina á þetta kerfi. Við erum auðvitað að fjalla um þetta mál út frá því að við erum með lögin um stjórn fiskveiða í gildi eins og þau eru, þ.e. kvótakerfislögin, þar sem mönnum er úthlutað aflahlutdeildum í mjög mörgum fisktegundum, allt of mörgum að því er ég tel. Ef menn á annað borð ætluðu að nota kvótakerfi eru þeir komnir algerlega út í móa með það að tína til alls konar fisktegundir, t.d. í almennum botnfiskveiðum, inn í kvótakerfið og langt út fyrir þann tilgang að ná einhverri stýringu á meginstofnana í veiðinni, ef menn væru að hugsa um það.

Væntanlega vita flestir að við í Frjálslynda flokknum höfum ekki aðhyllst þá aðferð sem notuð hefur verið hér við stjórn fiskveiða á undanförnum árum og höfum marglagt til að lagt yrði af stað í endurskoðun á því kerfi og breytingar. Meira að segja höfum við lagt til hvernig við teldum best að fara í þær breytingar, með því að nálgast verkefnið með fjórum aðgreindum útgerðarflokkum gróflega skipt með reglugerðum og lagagrunni og svo byrjuðu menn að fást við það að ná fisktegundum út úr kvótakerfinu og að sjálfsögðu að reyna að gefa veiðarnar frjálsar í útgerðareiningunum í skrefum og vinna sig þannig til meira frjálsræðis og annarrar hugsunar en við höfum viðhaft á undanförnum árum.

Hugsunin hefur byggst á því, eins og ég segi, að úthluta aflahlutdeild sem er í raun og veru prósenta sem útgerðarmenn hafa á milli ára, og út á hana úthluta menn svo tonnum eða kílóum eftir því hversu mikið fiskifræðingar leggja til að veitt skuli á hverju ári og hvað ríkisstjórnin leggur til að fenginni þeirri ráðgjöf. Að mestu leyti hefur ríkisstjórnin farið eftir tillögum fiskifræðinga í botnfisksveiðunum. Þó eru þar á undantekningar og nægir að minna á síðustu alþingiskosningar. Í aðdraganda þeirra fann Davíð Oddsson allt í einu, þegar hann var staddur norður á Akureyri, 30 þús. tonna viðbót í þorski. Það var náttúrlega ákaflega snjallt hjá fyrrverandi forsætisráðherra að finna allt í einu út að þörf væri á því að skella því inn rétt fyrir kosningar. (**Gripið fram í:** Er bolludagur?) Ég man ekki hvort það var bolluinnkoma á þessum tillögum hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra. Það kann vel að vera. Hann aðhafðist ýmislegt á bolludögum.

Viti menn, Hafrannsóknastofnun sem hafði varað við því að jafnvel væri verið að veiða of mikið komst að þeirri niðurstöðu hægt og rólega að sennilega væri smuga fyrir þessi 30 þús. tonn sem Davíð fann, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, þau voru sett inn og aukið við. Mikil bjartsýni ríkti rétt fyrir kosningarnar vorið 2003.

En ekki nóg með það, menn fundu líka línuívilnun til viðbótar þessu. Sú línuívilnun fannst eftir að Davíð hafði, aldrei þessu vant, brugðið sér inn í beitningarskúra í Bolungarvík og hitt þar mjög ákafa sjómenn sem rökræddu við hann um að mönnum væri ekki stætt á því að búa ekki til eitthvert kerfi sem byggi til meiri aflaheimildir og verðlaunaði línuna.

Út af fyrir sig er það gilt sjónarmið því að þar virðist maður stuðla að vistvænum veiðum og efla þá útgerð sem

mjög margir fiskverkendur sækjast eftir. Við erum með menn líka í fiskverkun með mjög misjafna aðstöðu. Við erum með fiskverkendur sem eru í samtökum fiskvinnslustöðva án útgerðar sem kaupa nánast allan sinn afla á fiskmörkuðum. Þeir hafa í gegnum árin og áratugina oft og tíðum verið frumkvöðlar í að finna nýja markaði og tryggja hæsta verð fyrir þann afla sem þeir hafa keypt þótt þeir hafi keypt kílóið 100 krónum dýrara en hefur verið samið um í föstum viðskiptum hjá þeim útgerðum sem taka afla úr eigin skipum. Þetta er bara söguleg staðreynd, hæstv. forseti, og því miður er það enn þá svo í dag að menn eru langt fyrir neðan markaðsverðið, þ.e. í föstu viðskiptunum.

Það er auðvitað ekki hægt að líta öðruvísi á en svo að það sé ákveðin meðgjöf. Við verðum hins vegar líka að líta á það að margar af þessum fiskvinnslum, sem eru að reka sig og reyna að gera út að hluta til, leigja líka til sín mikið magn af veiðiheimildum á hverju ári og borga kvótaréttarhöfunum óhemju fé fyrir það, tugi og jafnvel hundruð milljóna á hverju einasta ári svo að þær geti haldið úti vinnslu sinni.

Samkeppnisaðstaðan er þess vegna mjög skökk í sjávarútveginum, hæstv. forseti, og þetta frumvarp lagar það ekki. Það er í heildina tekið það vonda við þetta frumvarp að það lagar ekki samkeppnisaðstöðuna. Þó að því sé ætlað að reyna að draga úr ósanngirninni og styrkja réttarstöðu áhafna að því leyti að þær fái betri fiskverðssamninga mun það aldrei ná því að menn sitji við sama borð.

Við höfum flutt hér frumvarp í nokkur ár, ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson, um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu sem hefur m.a. byggt á þeirri hugsun að hér tækju eðlileg viðskipti við, það væri séruppgjör fyrir fiskvinnslu og séruppgjör fyrir útgerð innan sama fyrirtækis og menn sæju glöggt hvernig fjárstraumar lægju í þessum geira. Í þeirri tillögu höfum við líka lagt til að grundvöllur verðmyndunar á sjávarfangi á Íslandi væri markaðsverðið, og ferskfisksmarkaðirnir sæju um verðmyndunina, fiskur væri almennt seldur á markaði og til þess mundi væntanlega draga ef tillaga okkar um fjárhagslegan aðskilnað í veiðum og vinnslu hefði náð fram að ganga.

En hún hefur auðvitað ekki náð fram að ganga, hæstv. forseti, vegna þess að ríkisstjórnin vill ekkert taka upp svona eðlilega viðskiptahætti í sjávarútvegi. Það er verið að stuðla að allt öðru. Þetta frumvarp er þess vegna enn ein bótin í að reyna að viðhalda núverandi kerfi. Þó er í því þessi viðleitni, eins og ég gat um áður, að það er verið að reyna að bæta hag þeirra sjómanna sem verða fyrir því að þurfa að taka þátt í leiguverðinu, þessu ofurháa leiguverði sem er orðið á fiskveiðiheimildum hér á landi. Það hefur m.a. valdið því að frá árinu 1995 og fram til ársins 2006 hafa skuldir sjávarútvegsins vaxið úr rétt rúmum 95 milljörðum upp í tæplega 300 milljarða kr. án þess að afkoman í endanlegu útflutningsverði sjávarafurða hafi vaxið í neinu samræmi við þessar tölur.

Hvers vegna skyldi þetta gerast svona, hæstv. forseti? Jú, vegna þess að útgerðarmenn fá á hverju ári úthlutað aflahlutdeild sem þeir eru verndaðir með að fá að njóta eins og þeir vilja með þeim lögum sem nú eru til um stjórn fiskveiða, verðmyndun á sjávarfangi o.s.frv. og því kerfi að menn eru leiguliðar þeirra sem aflaheimildirnar hafa.

Þó að stærri útgerðirnar margar geri sjálfar út á aflaheimildir sínar leigja þær vissulega mikið frá sér en þær eru líka í fiskvinnslu og þegar skoðað er það verð sem þau skip fá sem veiða eigin aflaheimildir hjá hinum stóru fyrirtækjum kemur í ljós, hæstv. forseti, að það verð er oft og tíðum jafnvel lægra en sumir menn fá fyrir fiskinn sem þeir selja á uppboðsmörkuðum þótt þeir leigi til sín aflaheimildir. Þetta er nú hinn skrýtni veruleiki.

Það sem við ættum að vera að fást við er í fyrsta lagi að einfalda kvótakerfið og stefna hægt og rólega út úr því með lagfæringum og breytingum. Við teljum að sú aðferð sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til sé algjörlega fær til þess að gera það á einhverjum árum eftir ákveðnu kerfi. Við ættum að tína fisktegundir út sem við þurfum ekki að hafa til þess að ná stjórn á veiðunum eins og í almennum botnfiskveiðum. Við ættum að sjá til þess að hér væri eðlileg verðmyndun í sjávarútvegi. Við ættum að sjá til þess að þeir sem vinna í sjávarútveginum, fiskvinnslurnar, sem eru bæði innan og utan útgerðar sætu við sama borð á viðskiptalegum grundvelli að því er varðaði fiskkaup og verðmyndun. Við ættum að sjá til þess að leigukvótaverð þvældist ekki með neinum hætti inn í nein viðskipti að þessu leyti til.

Veiðiréttirinn ætti að vera nýtingarréttur í hvaða veiðikerfi sem við útfærðum og ef menn vildu ekki nýta þann rétt gætu þeir svo sem skilað honum aftur og þá væri hægt að setja upp annaðhvort leigukerfi á aflaheimildum á ákveðnu markaðsverði á ákveðnum leigumarkaði fiskheimildanna eða leigukerfi á dögum, ef menn nota þá aðferð, innan þeirra flotaeininga sem menn vilja stýra hverju sinni og þess vegna innan landsvæða ef menn vilja tryggja það að hafa áhrif á byggð og atvinnu í byggðarlögum.

Það hefur aldrei verið gert í þessu kvótakerfi að öðru leyti en því að við erum með smápott sem kallaður hefur verið byggðakvóti, nánast viðlagakvóti sem er ætlað að bregðast við uppákomum eða ef skortir aflaheimildir í byggð, ef það verður hrun í sérstökum veiðiheimildum byggðarlaga eins og t.d. innfjarðarrækju og hörpuskel eins og þekkt er úr Breiðafirði. Þá er þessum viðlagaákvæðum ætlað að koma þar til mótvægis og síðan er þeim ætlað að koma til mótvægis við það ef útgerðarmaður aðhefst það sem honum er heimilt í dag samkvæmt þessum lögum, þ.e. að selja allan veiðiréttinn úr viðkomandi byggðarlagi.

Þess vegna er það að hafa byggðastefnu við hliðina á svona kerfi nánast markleysa fyrir sjávarútvegsbyggðirnar. Menn hafa ekki hugmynd um það frá degi til dags hvort aflaheimildirnar sem eru undirstöðuréttur byggðanna og fiskvinnslunnar í viðkomandi byggðarlagi verða þar vikunni lengur eða skemur.

Þetta er ofboðslega mikill galli á svona stýrikerfi og við leiðréttum það ekki að neinu leyti þótt við tökum að hluta til á þeim vanda sem hér er lagaður til.

Þess vegna er það rétt að við erum hér með bót á þetta kerfi, eina bótina enn, og eru þær orðnar margar í gegnum tíðina, hæstv. forseti, og bráðabirgðaákvæðin í lögum um stjórn fiskveiða eru eins og allir vita nánast jafnmörg og lagagreinarnar, ef ekki fleiri. Við því verður ekki séð með þessu frumvarpi þó að því sé ætlað að taka á þeim vanda sem hæstv. ráðherra lýsti hér, enda nær það ekki utan um

vandamálið. Grunnurinn og uppsetningin á kvótakerfinu í heild sinni eru þannig að við komumst ekki frá kerfinu eins og það er með þeim innbyggða vanda sem í því er.

Kerfið er skuldahvetjandi fyrir sjávarútveginn. Hvers vegna er það, hæstv. forseti? Vegna þess að menn selja sig út úr kerfinu og taka til sín fjármunina. Með stighækkandi aflaheimildum og hærri veðsetningu bankanna miðað við það verðmæti sem menn ímynda sér að hægt sé að fá fyrir óveiddan fisk eykst skuldsetningin.

Peningar detta ekki af himnum ofan í þessu kerfi. Þeir eru venjulega teknir að láni í lánastofnunum þegar menn ætla út úr kerfinu og venjulega er greitt hærra verð fyrir aflaheimildir fyrir þann sem er að fara út í fyrra og enn þá hærra í ár og svo koll af kolli. Heimildirnar hækka í verði og eru núna komnar upp í þær hæðir, og reyndar upp fyrir þær, sem íslenskir útgerðarmenn kölluðu algjört brjálæði og pappírsviðskipti sem engin von væri til að geta staðið undir þegar rætt var um verðmætið á aflaheimildum Grænlendinga sem þeir létu menn í Evrópusambandinu hafa með þeim samningum.

Við erum sem sagt að komast upp í það verð, 2.500–2.600 kr. á óveitt kíló. Það var útreikningsverðið, ef ég man rétt en ég er ekki með þessar tölur fyrir framan mig, sem Landssamband íslenskra útvegsmanna komst að fyrir nokkrum árum að væri algjörlega óraunhæft og út úr öllu korti, þetta væru bara hreinlega pappírsviðskipti og verið væri að borga mönnum fyrir veiðiheimildir sem aldrei næðist að hafa upp í með útgerðarkostnaði. En við erum sennilega á þeim stað núna, hæstv. forseti.

Um þetta væri hægt að hafa enn lengra mál en ég hef hér rakið en ég verð að segja að því miður náum við ekki utan um vandamálið sem við erum að fást við með þessu frumvarpi. Þó að ég skilji vilja sjávarútvegsráðherra til þess að reyna hér að bæta um frá því sem nú er er vandamálið einfaldlega innbyggt í kerfið. Hef ég þó ekki komið að því, hæstv. forseti, að við leigu innan kerfisins er sjálfvirkt vandamál sem býður upp á það að velja úr stærð fisksins. Það er vandamál sem kemur sér afar illa og er stórhættulegt í allri stjórn fiskveiða, þegar hvatinn í umgengninni um sameignina er slíkur að menn þurfa að ná í hæsta verð til að geta staðið undir því leiguokri sem þeir þurfa að mæta miðað við það sem er í dag.

Þess vegna er það að við erum með val úr fiskinum á miðunum innbyggt í kerfið. Þó að við höfum reynt að setja bætur á það kerfi, m.a. með svokölluðum Hafró-afla þar sem menn geta landað í sérstaka verðlagningu sem ekki reiknast þá inn í kvótann, höfum við samt ekki náð utan um það. Vissulega hefur dregið að einhverju leyti úr því brottkasti sem menn hafa talað um. Þó komst Hafrannsóknastofnun að þeirri niðurstöðu á síðasta ári að það væru þó nokkur þúsund tonna sem enn væru sett fyrir borð með vali úr aflanum. Þar er talað um veruleg verðmæti, hæstv. forseti.

Ég sé að tíma mínum er að verða lokið og geri það að tillögu minni að það frumvarp sem hér er verið að ræða fái verðuga og góða yfirferð í hv. nefnd, en sé ekki að við náum því endanlega markmiði að ýta kvótabraskinu út úr uppgjörum sjómanna með þessum hætti. Það kann samt að vera að einhvers staðar í þessu leynist sú útfærsla að það megi gera með því að bæta hér í umfram það sem sagt er í frumvarpinu. Aðalvandamálið er það að kerfið er svona uppbyggt og því breytum við ekki með einni lagfæringunni enn.

Umræðu frestað.

[19:32]

**Útbýting:**

Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, 69. mál, nál. utanrmn., þskj. 983.

Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, 77. mál, nál. utanrmn., þskj. 984.

[Fundarhlé. — 19:32]

[20:00]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna og breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Tilgangur þessa frumvarps virðist vera sá að reyna að taka á því með einhverjum hætti að sjómenn taki ekki þátt í kvótakaupum.

Við stöndum frammi fyrir því að þróun verðs á aflaheimildum hefur verið með undarlegum hætti frá því að frjálst framsal aflaheimilda komst á. Þetta verð hefur alltaf tekið nýjar hæðir og fróðustu menn í reiknikúnstum finna nú ekki út hvernig á því stendur að verð á aflaheimildum sé svo hátt og telja að ekki sé rekstrargrundvöllur fyrir útgerð sem kaupir eða leigir sér aflaheimildir. En samt heldur verðið áfram að hækka og hefur náð enn nýjum hæðum þennan veturinn.

Í gegnum tíðina hefur marga grunað að sjómenn hafi tekið þátt í kvótakaupum með einhverjum hætti. Það er ekki örgrannt um að ýmsir telji að það verð sem Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna finnur út að sé hið rétta verð sé verð sem samræmist ekki því að sjómenn taki ekki þátt í kvótakaupum, þótt með óbeinum hætti sé.

Það er nefnilega þannig að þær útgerðir sem eiga hlut að máli og leigja frá sér aflaheimildir, og þannig hefur það verið í gegnum tíðina, hafa keypt aflaheimildir á því verði sem hefur verið á markaðnum og síðan hafa þær aflaheimildir verið leigðar út með því verði sem þarf til þess að greiða þær niður. Á undanförnum árum hefur því verið jaðarverð á veiðiheimildum. Það jaðarverð er svo hátt að fyrirtækin í sjávarútvegi, sem eru mörg hver öflug og ágætlega rekin, hafa ekki treyst sér til að vera á hlutabréfamarkaði vegna þess að verðlag á hlutabréfunum hefur verið langt fyrir neðan það verð sem menn reikna út að muni fást fyrir þær aflaheimildir sem viðkomandi útgerðir eiga. Þarf frekar vitnanna við að eitthvað sé bogið við kerfið sem slíkt þegar svona er komið? Nei, það þarf ekkert frekar vitnanna við.

Hins vegar hafa stjórnvöld móast við að taka á þeim vandamálum sem þarna eru. Þau eru fyrst og fremst fólgin í því að viðskiptaumhverfið í sjávarútveginum er mjög óeðlilegt. Sömu fyrirtækin og eiga aflaheimildirnar reka gjarnan fiskvinnslu og þau kaupa aflann af sjálfum sér á verði eins og því sem við erum að tala hér um, þ.e. á verðlagsstofu-

verði sem er langt fyrir neðan verðið sem er á fiskmörkuðum í landinu.

Nú má vel segja að verðið á fiskmörkuðunum sé kannski ekki algerlega lýsandi fyrir fiskverð á Íslandi vegna þess að fiskmarkaðirnir fá ekki til sín nema hluta af þeim afla sem kemur á land. Og það má því halda því fram að það verð sé hærra en annars væri ef allur afli færi í gegnum markaði og tæki verð á mörkuðum og viðskiptin færu fram þannig að kaupendur tækjust á á markaði um það að fá til sín allan afla sem að landi kemur. Þessu þarf auðvitað að breyta til þess að eðlilegt verð myndist á fiskinum. En það er ekki nóg vegna þess að verðið á aflaheimildunum þarf líka að vera eðlilegt til þess að hægt sé með eðlilegum hætti að taka þátt í samkeppni í sjávarútvegi á Íslandi.

Til þess að það geti orðið þarf auðvitað að verða til eðlilegur markaður með aflaheimildir. Hann er það ekki. Það er auðvitað vegna þess að útgerðarfyrirtækin í landinu sem hafa aflaheimildirnar eru í stöðu sem nánast má líkja við stöðuna sem einokunarkaupmennirnir höfðu hér áður þar sem enginn mátti versla nema með þeirra leyfi, nema að þeir gæfu leyfi fyrir því að einhverjir aðilar gætu komið og tekið þátt í verslunarrekstri. Þetta er auðvitað óásættanlegt fyrirkomulag. Ég tel að það muni ekki breytast fyrr en menn taka á því hvernig eigi að fara með auðlindir í þjóðareigu á Íslandi.

Sjávarauðlindin á auðvitað að vera í þjóðareign og það á að setja ákvæði í stjórnarskrána. Ég er algerlega sammála ríkisstjórninni um að það eigi að setja ákvæði í stjórnarskrána um þjóðareign á auðlindum sjávar. (**Gripið fram í:** ... að standa við.) Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að menn ætli að svíkja þjóðina og kjósendur um að setja þetta ákvæði í stjórnarskrána. Það er verið að hnoðast með þetta mál enn þá á bak við tjöldin og við vitum ekkert hver niðurstaðan verður. En allar vísbendingar sem hafa komið fram í þessu máli benda til þess að Sjálfstæðisflokkurinn sé að reyna að fyrirkoma þessu loforði sem hann undirskrifaði í stjórnarsáttmálann.

Það er ótrúlegt að svo skuli vera. Og enn ótrúlegra er það nú ef Framsóknarflokkurinn ætlar að líða það að hans helsta kosningamál verði forsómað með þeim hætti að Sjálfstæðisflokkurinn setji bara fótinn fyrir málið í nefndinni sem var stofnuð til að koma því fram sem ríkisstjórnin lofaði. Ja, þvílíkt og annað eins.

Þetta hefði nú varðað stjórnarslitum í öllum venjulegum ríkisstjórnum. Það er alveg ábyggilegt. En þetta er ekki venjuleg ríkisstjórn. Þetta er ríkisstjórn þar sem annar flokkurinn virðist hafa gjörsamlegt tangarhald á hinum. (**JGunn:** Heimilisofbeldi.) Ég ætla ekki að taka mér það orð í munn sem kallað var hér fram í. En það er eitthvað undarlegt við það þegar annar stjórnarflokkurinn sem nær því í gegn við stofnun ríkisstjórnar að það komi ákvæði inn í stjórnarsáttmálann af þessu tagi, ef sá flokkur ætlar að gefast upp á málinu, ætlar að láta hinn stjórnarflokkinn komast upp með að svíkja þetta.

En um leið og menn hafa sett ákvæði um þjóðareign á auðlindum sjávar inn í stjórnarskrána þá þarf auðvitað að sjá til þess í framhaldinu að eignarhaldsins verði gætt fyrir hönd þjóðarinnar með eðlilegum hætti eins og hlýtur að þurfa að gera gagnvart auðlindum í þjóðareign. Allar auðlindir í þjóðareign eiga að vera undir það sama seldar.

Það liggur fyrir frumvarp í iðnaðarnefnd þar sem var fjallað nákvæmlega um það hvernig ætti að fara með auðlindir í þjóðareign, þ.e. þær auðlindir sem heyra undir lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Með þeim tillögum sem þar eru er algjörlega lagt fyrir um það að með þau verðmæti verði farið þannig að allir sem vilja nýta fái jöfn tækifæri til þess að koma að þeirri nýtingu og að úr því verði þá skorið með tilboðum og öðrum slíkum aðferðum eins og venjulega er notað þegar ríkið er að úthluta einhverjum gæðum, hvort sem það er nú vegarlagning eða hvað annað, þá verði skorið úr því með svipuðum hætti hvað varðar þær auðlindir sem aðilar sækjast eftir að nýta. En ég ætla ekki að fara nánar út í það.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra segir okkur hér við umræðuna að með þessu frumvarpi eigi að koma í veg fyrir að sjómenn taki þátt í kvótakaupum. Ég er búinn að fara yfir það sem ég ætlaði að segja um það verð sem hefur orðið til hjá Verðlagsstofu skiptaverðs, nema að mér er sagt að það verð sé svo miklu lægra en verðið sem fáist á fiskmörkuðum að það sé kannski ekki svo mikill munur á því verði sem fæst á fiskmarkaðnum að frádregnu kvótaverðinu sem viðkomandi aðili hefur greitt og svo því verði sem viðkomandi aðilar fá til skipta þegar samið er við þann aðila sem á sjálfur veiðiheimildirnar líka, þ.e. í beinum viðskiptum.

Þá sjá menn auðvitað hvernig er í pottinn búið. Að þessir samningar eru auðvitað ekki í samræmi við verðmæti sjávarafla eins og það verðmæti kemur fram í viðskiptum á markaði. En ég segi þetta auðvitað með fyrirvara um það að ef menn færu í þann leiðangur sem nauðsynlegur er í sjávarútveginum og skildu á milli veiða og vinnslu og létu markaðinn ákveða verð á fiski, öllum fiski sem kæmi að landi, þá mundi heildarverð á fiski að öllum líkindum lækka og yrði þá eðlilegra og þá yrði samræmi í verðinu.

Mig langar til að beina einni spurningu til hæstv. sjávarútvegsráðherra um frumvarpið, það er reyndar ekki mikil breyting á lagatextanum sjálfum, en hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum.“

Nú langar mig að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra: Viðgengst það enn að menn flytji aflaheimildir til geymslu hjá öðrum útgerðum? Eru þá svona samningar lagðir til grundvallar þeim? Lagatextinn er alveg skýr. Það má ekki flytja veiðiheimildirnar á milli nema liggi fyrir slíkur samningur sem þarna er um að ræða.

En ég veit ekki annað en að menn hafi stundað þessa leikfimi með veiðiheimildir, að flytja þær á milli útgerða til geymslu og er það þá ekki og hefur það ekki verið ólöglegt, eins og ég hef reyndar oft haldið fram áður?

Mér finnst að hæstv. sjávarútvegsráðherra þurfi að upplýsa okkur um þetta eða hvort útgerðarmenn séu núna loksins hættir þessum æfingum vegna þess að þarna eru gríðarleg verðmæti á ferð sem eru færð milli útgerða þegar kemur að lokum fiskveiðiársins, eða þetta hefur verið gert á undanförnum árum og þá er auðvitað eðlilegt að þessi verðmæti séu skráð hjá viðkomandi fyrirtækjum á því verði sem

þau hafa á markaði. Menn eiga að sjálfsögðu ganga frá slíkum viðskiptum með eðlilegum hætti. Máski er það orðin niðurstaðan núna að menn geri það.

En það hefur ekki verið í gegnum tíðina. Það hefur verið plagsiður að notfæra sér þessa leið sem stjórnvöld hafa lagt blessun sína fyrir vel að merkja. Þetta er auðvitað eitt dæmið um það hvers konar sukk hefur verið við stjórn fiskveiða og þær reglur sem hafa verið hvað þær varðar allan tímann.

Hæstv. forseti. Ég ætla að koma aðeins aftur að fiskverðinu. Sjómenn og útgerðarmenn hafa náð einhvers konar sáttum um þá aðferð sem nú er í gangi um Verðlagsstofu skiptaverðs. Menn hafa sæst á að fara einhverja millileið og sjómenn eru þá líklega hættir að hluta til að taka þátt í kvótakaupum en þó ekki alveg. Þeir fengu einhvern áfangasigur þegar þeir náðu fram þeirri aðferð sem nú er notuð.

En áfangasigur í þessu er ekki nógur. Það verður að horfast í augu við að veiðiheimildir eru verðmæti. Hvernig í ósköpunum dettur mönnum þá í hug að það sem kostar mest í stofnun á einni útgerð, þ.e. veiðiheimildirnar, skipti engu máli í rekstri útgerðar og það eigi bara að horfa gjörsamlega fram hjá þeim þegar menn semja um kaup og kjör?

Sjómenn hafa alltaf borið kápuna á báðum öxlum í þessum efnum. Þeir sögðu í upphafi að þeir ætluðu ekki að skipta sér af kvótakerfinu af því það ætti ekki að koma þeim við. Af því að þeir ætluðu sér ekkert að taka þátt í fjármögnun á þeirri sölustarfsemi sem fer fram með verslun og veiðiheimildir.

Auðvitað var það ljóst frá upphafi að þetta gæti ekki verið svona. Verðmæti aflaheimilda er grunnkostnaður í útgerð og langstærsti liðurinn í útgerðarkostnaðinum, í fjárfestingunni til þess að geta rekið eina útgerð. Það verður auðvitað ekkert eðlilegt ástand í sjávarútvegi fyrr en menn horfast í augu við þetta. Auðvitað þurfa útgerðarmenn og sjómenn að semja upp á nýtt á eðlilegum grundvelli þar sem tekið er tillit til alls sem um er að ræða, t.d. útgerðarkostnaðar og þess vegna, eins og sjómenn sömdu um á sínum tíma, að taka meira að segja þátt í olíukostnaði með mjög sérkennilegum hætti. En í kvótakostnaði útgerðarinnar segjast sjómenn í orði kveðnu ekki taka þátt. Það mun þó vera stærsti liðurinn sem þeir hafa nokkurn tíma tekið þátt í í útgerð á Íslandi og er enn.

Þetta kostar auðvitað umbyltingu og endurskoðun á því umhverfi sem er í sjávarútvegi. En það er ekkert hægt að komast undan því. Það verður að skilja á milli veiða og vinnslu. Það verður að koma á eðlilegu fyrirkomulagi hvað varðar samninga sjómanna og útgerðarmanna þar sem tekið er tillit til þess kostnaðar sem liggur að baki. Og þetta verður að gera þannig að sambærilegar reglur gildi í sjávarútvegi og í öðrum atvinnugreinum í landinu.

Þetta fyrirkomulag sem nú er uppi er ekki með neinum hætti boðlegt. En þessi vandamál vegna verðmætis veiðiréttarins munu alltaf verða uppi vegna þess að það er alveg saman hvernig menn stjórna fiskveiðum. Veiðirétturinn mun alltaf hljóta verð og það verða menn að horfast í augu við. Sjómenn þurfa auðvitað að gera það líka. Með öðrum hætti verður aldrei hægt að koma á eðlilegu fyrirkomulagi.

Ég held að reynslan sé nú búin að kenna mönnum þetta. Svo lengi hafa menn rekið þetta kerfi og svo lengi hafa menn séð gallana á því fyrirkomulagi sem er uppi, að það er eiginlega ótrúlegt að stjórnvöld skuli enn þann dag í dag mæta með svona plögg í sali hv. Alþingis, án þess að ætla að taka á aðalvandamálunum.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra ætlar ekki að gera betur en þetta í þetta sinnið og ekki hefur hann heldur boðað nein plön um að hann ætli að ráðast að rótum vandans. Ekki hef ég heyrt neitt einasta orð frá hæstv. sjávarútvegsráðherra um að hann vilji skilja á milli veiða og vinnslu eða reyna að sjá til þess með einhverjum ráðum að fiskur hljóti með sambærilegum hætti verð á markaði í landinu. Ég hef heldur ekki séð að hæstv. sjávarútvegsráðherra sé með nein plön uppi um að tekið verði á þeim vandamálum sem fylgja háu kvótaverði.

Það er auðvitað hægt að gera það. Leigumarkaður með kvóta er að mörgu leyti mjög óeðlilegur. Ég hef bent á það áður, að með einfaldri leið, þ.e. að úthluta alltaf á grundvelli þriggja ára veiðireynslu til útgerðanna í landinu, þá mætti draga verulega úr leigubraskinu sem er í gangi. Vegna þess að þá mundi veiðirétturinn færast hægt og bítandi til þeirra sem eru að nýta hann.

Er það ekki þannig sem það á að vera? Á ekki veiðiréttturinn að vera hjá þeim sem róa og veiða fisk? Er einhver framtíðarsýn fólgin í því að það verði fleiri og fleiri sem geri bara út á einhverjar kvótaleigur?

[20:21]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Það er fastur liður að á hverjum vetri koma nokkur frumvörp til þess að stoppa í göt kvótakerfisins. Undanfarin ár hafa hæstv. sjávarútvegsráðherrar lagt fram hvert frumvarpið á fætur öðru, sum með litlum bótum, önnur með stærri bótum. Saumarnir hafa oft ekki verið úr merkilegum þræði þannig að þeir hafa raknað upp. Því frumvarpi sem hæstv. sjávarútvegsráðherra flytur nú er ætlað að stoppa upp í göt en svo verða saumarnir slakir og lélegir og rakna. Þá eru viðbrögðin þau að setja nýja bót ofan á þá bót sem fyrir er og það án þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi gert sér grein fyrir hvar slitið var mest. Það eitt var vitað að bótin sem fyrir var var slitin. Nú er ég ekki að gera grín að því þótt menn nýti flíkur sínar og setji bót á bót ofan, alls ekki. Nýtni þótti góð hér áður fyrr og þykir enn.

En þar sem um er að ræða jafnmikilvægan þátt og lög um fiskveiðistjórn og meðferð á stærstu auðlind landsmanna hlýtur maður að spyrja: Hvenær ætla stjórnvöld — það er sýnilegt að núverandi stjórnvöld munu ekki gera það — að átta sig á að kerfið er einfaldlega vitlaust? Það breytir engu þó að ein bótin sé sett yfir aðra, kerfið er vitlaust í grunninn. Það er það sem við sjáum þó að ríkisstjórnin sjái það ekki. Þó að það hafi verið sett í stjórnarsáttmálann að auðlind sjávar skuli vera sameign þjóðarinnar og það skuli bundið í stjórnarskrá þykir ekki ástæða til að fara eftir því. En það er einmitt forsendan fyrir því að vinna þann lagagrunn sem við erum að fjalla um.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra, af því ég veit að hann er um margt vel meinandi í sjávarútvegsmálum, hvaða rök ríkisstjórnin hafi fyrir því að stoppa þetta. Sjálfstæðisflokknum er kennt um að hafa stoppað þetta ákvæði stjórnarsáttmálans, að fiskurinn í sjónum verði skilgreindur sem

staðfest sameiginleg auðlind þjóðarinnar og það bundið í stjórnarskrá, þótt framsóknarmönnum sé það ekki heilagra en svo að þeir ganga ekki úr sænginni. Hvers vegna stoppa sjálfstæðismenn þetta? Eða er það satt að þeir stoppi það? Einn af flóttamönnunum úr Framsóknarflokknum, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, fullyrti að sjálfstæðismenn hefðu stoppað þetta ákvæði stjórnarsáttmálans. Hann notaði það sem eina af ástæðunum fyrir því að hann gekk úr Framsóknarflokknum, að Framsóknarflokkurinn hefði látið bjóða sér þetta. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvers vegna er þessu ákvæði stjórnarsáttmálans ekki fylgt? Það er mikilvægur grunnur undir alla þá lagabálka sem við fjöllum um.

Áður en ég fer í einstaka efnisþætti þessa frumvarps vil ég minna á stefnu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í sjávarútvegsmálum. Við leggjum áherslu á að staðfest verði í stjórnarskrá og í reynd að auðlindir sjávar verði í sameign þjóðarinnar og að þeir sem nýta auðlindina hafi fyrst og fremst nýtingarrétt. Að einstaklingar eða fyrirtæki sem fá heimild til þess að nýta auðlindina geri það á skilgreindan hátt innan þeirrar afmörkunar sem kveðið verði á um hverju sinni en aldrei verði um eign að ræða. Meðan nálgunin verður í æ ríkara mæli sú að um eign útgerðaraðila sé að ræða verður ekki sátt um sjávarútveg. Það er alveg klárt. Þetta er það mikilvægasta sem þarf að gera fyrir utan almenna grunnþætti hvað varðar nýtingu á auðlindinni sem þurfa að koma mun ákveðnar í lög.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt áherslu á að sjávarútvegurinn falli að lögum, reglum og kröfum um sjálfbæra þróun og að umgengni við auðlindina, við náttúruna, við lífríkið, við einstaka nytjastofna, við vistkerfi hafsbotnsins og hafsbotninn sjálfan, lúti og fari að markmiðum og kröfum um sjálfbæra þróun og náttúran njóti vafans. Ef umrætt ákvæði yrði á ákveðnari hátt tekið inn í stjórn fiskveiða þyrftum við síður að standa í því að vera að kagbæta kvótakerfið — þar eru menn stöðugt á mörkum hins lagalega, að nýta sér til fjár auðlindir þjóðarinnar eins og við þekkjum og frumvarpið staðfestir. Þeir sem fara með fiskveiðiheimildirnar eru að leita að lagakrókum til þess að brjóta lög og reglur, bæði lög um stjórn fiskveiða og einnig kjara- eða skiptasamninga við þá menn sem þar vinna. Segir það okkur ekki eitthvað um þann anda sem virðist vera innan sjávarútvegsins sem byggist á kvótakerfi? Talað var um kvótabrask, menn elta skottið á sjálfum sér í því að reyna að stöðva það. Það er því mjög athyglisvert, sem kemur fram í frumvarpinu, að þessir aðilar muni vera að brjóta lög. Mér finnst það segja sitt að í frumvarpi, sem hæstv. ráðherra flytur, er sagt berum orðum að þessir aðilar muni vera að brjóta lög. Hér segir, með leyfi forseta:

„Nokkur brögð munu þó hafa verið að því að útgerðir hafi ekki gert upp við áhafnir í samræmi við gerða samninga um fiskverð ...“

Hvað er þetta annað en meint lögbrot? Menn setja slíkt orðalag ekki í frumvarp nema þeir hafi meira en staðfestan grun, nema þeir hafi staðfesta vitneskju um að svo sé. Okkur kemur þetta ekkert á óvart, við heyrum um þetta talað. Enda er mikið í húfi. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, sem ég hygg að þekki þessi mál vel, að mörgum öðrum þingmönnum ólöstuðum. Ég er ekki þar með að segja að hæstv. ráðherra þekki þau ekki líka vel. En ég tók eftir því að hann var að tala um að kvótaverðið væri 2.500–2.600 kr. kílóið af óveiddum þorski. Er það satt? Heyrði ég rétt? (**Gripið fram í:** Þetta er eins og laxveiði.) Þetta er fiskur og hver á þennan fisk? Hefur einhver velt því fyrir sér? Hver á þennan fisk? Jú, er það ekki þjóðin eða er það ekki framtíðin sem á þennan fisk? Fiskinn sem kvótakerfið leyfir sér að verðleggja sjálfu sér með þessum hætti. Mér finnst það gróft. Þetta sýnir okkur í hvaða óefni greinin er komin. Hvernig ætla nýir aðilar að komast inn í útgerð með þetta verð á veiðiheimildum? Ef haft er í huga að styrkur hvers atvinnuvegar felst í aðgengi nýrra aðila sjáum við á hvaða brauðfótum greinin stendur ef þessi er raunin.

Þeir sem komnir eru í erfiða stöðu leita alltaf leiða til að fara fram hjá lögum. Ég minnist þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði — ég held mér sé óhætt að vitna í það sem hann hefur sagt þó að hann sé fjarstaddur — að um leið og búið væri að setja einhver lög, sérstaklega ef þau lúta að eignum eða fjármunum, sé fjöldi manns farinn að hugsa hvernig eigi að fara í kringum þau til þess að ná í fjármuni. Þau orð er hægt að heimfæra ræki lega á kvótakerfið.

Herra forseti. Ég skil alveg sjónarmið hæstv. ráðherra. Hann telur sig vera að vinna gott og þarft verk. Hann er að reyna að stoppa þá óhæfu sem er í gangi, að láta sjómenn taka þátt í kaupum á kvóta eða kostnaði við að leigja kvóta til útgerðarinnar. En þetta segir okkur bara eitt. Þetta segir okkur að kerfið er í heild sinni alveg meingallað.

Rætt hefur verið um verðmyndunina. Hvaða verðmyndun er í gangi þegar maður er kominn inn í þetta kvótakerfi? Ég hef séð flutta á Alþingi tillögu til þingsályktunar um hvernig megi auka fullvinnslu á fiski hérlendis. Þar hef ég lagt til að sjávarútvegsráðherra verði falið að kanna orsakir mikils útflutnings á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis og möguleika til að draga úr honum og auka í stað fullvinnslu innan lands. Í greinargerð með þeirri tillögu er rakið hversu stór hluti af afla landsmanna er fluttur út í gámum án þess að hann fari í gegnum fiskmarkaði. Án þess að innlendar fiskvinnslur hafi möguleika á því að bjóða í fiskinn. Fiskurinn er fluttur út í gámum án þess að innlendir aðilar hafi einu sinni möguleika á að bjóða í hann. Hvers konar verðmyndun erum við þá að tala um? Hvers konar verðmyndun erum við að tala um þegar innlendar fiskvinnslur fá ekki einu sinni leyfi til að bjóða í hann? Ætli það sé ekki einhver skondin verðmyndun fyrir utan þær vigtunaraðferðir sem hafa þá líka áhrif á það skilaverð sem útgerðin og sjómennirnir fá til skipta?

Í þessari þingsályktunartillögu, sem ég flyt ásamt öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, krefjumst við þess að fiskur sem á annað borð er verið að selja utan eigin fiskvinnslu fari á markað innan lands. Erlendir aðilar geta þá boðið í þann fisk á íslenskum fiskmörkuðum og flutt hann út. Mér finnst þetta enn meira mál en svo að vera hér að þvarga um lagafrumvörp um það hvernig koma megi enn frekari böndum á þá lögleysu að láta sjómenn taka þátt í kaupum eða leigu á kvóta. Ég sé ekki annað en samkvæmt gildandi lögum séu fullnægjandi heimildir fyrir því. Þar er einungis um að ræða viljaleysi þeirra aðila sem eiga að framfylgja lögunum til að taka á málunum.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hverjir eiga eiginlega að sjá um að þessum lögum, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, sé framfylgt? Ég var að lesa um þessa úrskurðarnefnd. Mér sýnist hana í sjálfu sér ekki vanta neinar upplýsingar eða möguleika til að ná sér í upplýsingar. En ef brotaviljinn er fyrir hendi og það kerfi sem í gangi er hvetur til brota þá er heldur erfitt um vik.

Ég sé ekki annað en að ráðherra sé á fullkomnum villigötum hvað það varðar að taka á þessu máli, fullkomlega á villigötum. Við höfum, að mér sýnist, nægjanlegan lagagrunn til að taka á þessum þáttum að það megi ekki láta sjómenn taka þátt í kaupum eða leigu á kvóta. Þetta snýst frekar um að framfylgja lögunum. Ný lög eða viðbótarlög ofan á það breyta engu um það. Ég get ekki séð það.

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur haft það að markmiði að taka allar auðlindir þjóðarinnar og eignfæra þær, setja eignarréttinn á auðlindunum í hendur örfárra aðila. Hún hefur flutt hvert frumvarpið á fætur öðru um hvernig megi tryggja þann eignarrétt, girða fastar og fastar utan hann. Þetta frumvarp er einmitt einn liðurinn í því að festa hið rangláta kvótakerfi í sessi með nýjum bótum ofan á eldri bætur.

Ég vil taka undir það sem margir hv. þingmenn hafa sagt, að verðmyndunin, grunnurinn fyrir þessu rugli öllu saman, er alls ekki á hreinu. Það eru margar útgáfur af verðmyndun. Allt frá því að fiskurinn er notaður til vinnslu í eigin útgerð, sendur á markaði eftir dúk og disk og annar hluti aflans er seldur úr landi án þess að komast á markaði innan lands. Ef hann kæmist á markað innan lands væri hægt að fá á hann hæsta verð sem hugsanlegt væri í íslenskum fiskvinnslum og erlendir aðilar gætu þá boðið á jafnréttisgrunni á móti.

Grunnurinn fyrir þetta kerfi er rangur. Kvótakerfið er óréttlátt. Það er rangt. Það að ríkisstjórnin skuli hafa svikið loforðið sem hún gaf kjósendum sínum, sem hún gaf flokkunum sínum, um að fyrir lok kjörtímabilsins yrði búið að binda það í stjórnarskrá, eða að minnsta kosti koma því í þann farveg að það yrði gert, að auðlindir sjávar yrðu sameign þjóðarinnar og það væri aðeins nýtingarrétturinn sem væri til ráðstöfunar eftir settum reglum á hverjum tíma. Þá væru það byggðirnar vítt og breitt um landið, fólkið vítt og breitt um landið, sem ætti fyrsta rétt. Það eru ekki bara útgerðirnar sem hafa skapað verðmyndunina í sjávarútveginum heldur líka fiskvinnslufólkið, íbúarnir í sjávarbyggðunum vítt og breitt um landið. Það fólk hefur ekki hvað síst átt hlut í því að móta verðmætamat í íslenskum sjávarútvegi sem er mikill en hlutur þess er (Forseti hringir.) sárlega rýr. Það kerfi sem hér um ræðir er einungis bót á (Forseti hringir.) annars meingallað fiskveiðistjórnarkerfi, herra forseti.

[20:41]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágæt og athyglisverð ræða sem hér var flutt. Mér finnst mjög merkilegt að verða vitni að því að fulltrúi þess flokks á Alþingi sem er lengst til vinstri skuli sýna markaðsöflunum miklum mun meiri skilning en Sjálfstæðisflokkurinn sem segir sig stundum vera hægri flokk, eða ég veit ekki hvað það er, en hann er alla vega sérhagsmunaflokkur.

Það frumvarp sem við ræðum sýnir einmitt að það kristallar sérhagsmuni og að þá eigi að vernda. Því er verið að tryggja þetta kerfi og friða það með því að réttlæta þetta LÍÚ-kerfi.

En mér finnst eitt athyglisvert. Þegar við hlustuðum á ræðuna talaði hv. þingmaður um að tryggja ætti sjálfbærar veiðar, að veiða meira í sátt við náttúruna og ég get tekið undir að við eigum að horfa til þess. Það kerfi sem við höfum búið við á undanförnum áratugum er alvont. Það kom m.a. fram í fréttatíma Ríkisútvarpsins í kvöld að enn og aftur er verið að boða niðurskurð.

Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort hann geti tekið undir sjónarmið okkar í Frjálslynda flokknum að leyfa frjálsar handfæraveiðar. Þær voru frjálsar hér um aldir og fiskstofnar uxu og fóru í lægð og síðan uxu þeir á ný. Þær veiðar virtust ekki hafa nein áhrif. Ættum við ekki bara að fara þá leið að leyfa þetta á ný algjörlega frjálst, eins og við í Frjálslynda flokknum viljum? Við tökum einnig undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þingmanni (Forseti hringir.) um að láta markaðsöflin ráða varðandi fiskverð.

[20:43]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég rakti mjög ítarlega í ræðu minni að um leið og maður fer að eignfæra auðlind sem er í rauninni ekki bara til nýtingar í dag heldur til framtíðar, þá er fjandinn laus. Þess vegna stendur þetta stríð um að hve miklu leyti þessi auðlind er eignfærð í séreignarrétt. Það hefur verið krafa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, svipað og gerðist með vatnið. Ég get fullvissað þingmanninn um að komist þetta vatnalagafrumvarp til framkvæmda þar sem á að einkavæða vatnið, munum við fá lífskerfi eins og verið er að byggja upp í sjávarútveginum með kvóta og bótum, bót ofan á bót. Um leið og þetta er komið á er maður bara kominn út í allt annað umhverfi.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni, að eins og nú er verið að stýra þessum atvinnuvegi er verið að stýra honum gersamlega fram hjá hagsmunum einstaklinga í einstaklingsrekstri eða fjölskyldum sem hafa verið með sjávarútveg í smærri stíl. Það hefur markvisst verið unnið að því að drepa einstaklingsreksturinn, einyrkjarekstrinn í sjávarútvegi, sem er stórhættulegt og kolrangt.

Sú stefna sem hér hefur verið rekin hefur miðað að því að færa eignar- og yfirráð yfir auðlindinni yfir á örfárra manna hendur. Þegar maður er kominn út í þetta kapítalíska umhverfi (Forseti hringir.) er fjandinn laus varðandi þessa auðlind. Ég kem, herra forseti, að seinni hluta spurningar hv. þingmanns í næsta andsvari.

[20:45]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get nú ekki sagt að það kerfi sem við búum við sé kapítalískt. Það er miklu frekar sérhagsmunagæsla þar sem markaðslögmálin fá ekki að ráða. Þetta er sérhagsmunagæsla sem maður er svo hissa á og verða enn og aftur vitni að því að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ekki einmitt leyfa markaðslögmálunum að ráða verðmyndun

heldur vera með einhverja verðlagsstofu sem tekur mið af hinu og þessu. Þetta er mjög gamaldags í rauninni. Þegar sagnfræðingar líta yfir farinn veg einhvern tímann í framtíðinni og verða að lesa í gegnum þessa umræðu og sjá að fulltrúi vinstri manna hefur gagnrýnt hægri menn fyrir að láta ekki markaðslögmálin ná yfir undirstöðuatvinnugrein landsmanna, mun þá auðvitað reka í rogastans að sjá hvers konar vitleysa þetta er.

En hér er hæstv. sjávarútvegsráðherra að boða að festa þetta kerfi í sessi og vera með einhverja bót sem er í rauninni engin sérstök bót. Færð hafa verið rök fyrir því að slík bót hafi verið til staðar í lögum sem eru í gildi og þess vegna sé þetta frumvarp svona rétt til að sýnast, eins og svo margt sem hæstv. ráðherra er að gera.

En fróðlegt væri að fá það fram hjá hv. þingmanni hvort hann geti einfaldlega stutt frjálsar krókaveiðar vegna þess að sú kvótasetning sem hefur verið hefur ekki skilað neinu. Nú er enn og aftur í kvöld verið að boða niðurskurð á aflaheimildum og maður furðar sig á því hvað þetta á að ganga langt.

[20:47]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Númer eitt er að breyta verður grunninum og forsendunum fyrir fiskveiðistjórnarkerfinu. Auðvitað verðum við að vera með stýringu á því hvernig við nýtum auðlindina. En ég vil minna á að í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er einmitt lögð áhersla á að flotanum sé skipt upp og byggðirnar fái sérgreindan rétt til veiða á grunnslóðinni. Og fólkið í landi, fólkið í sjávarplássunum, sem hefur átt sína hlutdeild í að gera þessa auðlind að því verðmæti sem hún er, á sinn rétt. Það er ekki bara hægt að segja að stórútgerðirnar eigi sinn rétt. Það er markvisst verið að útrýma einyrkjunum í útgerðinni. Ég nefndi einmitt verðið á kvótanum, það er alveg út í himinblámann og útilokar algerlega nýliðun.

Varðandi spurningu hv. þingmanns um krókaveiðar verðum við náttúrlega fyrst að breyta grunni kerfisins og krókaveiðar í kvótakerfi eru í sjálfu sér líka vandamál. En á bátum með venjulegum handfærum þar sem ekki er um hreina verksmiðjuhandfærabáta að ræða, þá sýnist mér þetta vera — það er í sjálfu sér ekki vandinn. Aðalmálið er að breyta grunni kerfisins og vinna síðan út frá því. Það held ég að við hv. þingmenn séum sammála um, þ.e. að (Forseti hringir.) réttur fólksins og réttur byggðanna vítt og breitt um landið fái að njóta sín í alvörunni, (Forseti hringir.) herra forseti.

[20:50]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Þetta hefur verið að mörgu leyti áhugaverð umræða um frumvarp það sem lagt er fram af hálfu hæstv. sjávarútvegsráðherra. Eftir framsögu hæstv. ráðherra spurði ég nokkurra spurninga í stuttu andsvari og ráðherra gerði tilraun til að svara spurningunum einnig í stuttu andsvari. En eins og ég sagði í fyrri ræðu minni taldi ég mig ekki hafa fengið svör við þeim spurningum sem ég lagði fram. Og eftir fyrri ræðu mína þar sem ég fór betur yfir málið og bætti talsvert í af spurningum átti ég von á að hæstv. ráðherra kæmi inn í umræðuna, að minnsta kosti í andsvari við mig og reyndi þá svara einhverju af því sem ég hafði lagt fram. En úr því að ráðherra virðist ætla að velja það að svara mér í ræðu en ekki í andsvari þá held ég að ég verði að nota tækifærið og leggja fram aðeins meira af spurningum um frumvarpið og einnig þau lög sem eru í gildi.

Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni átti ég erfitt með að koma auga á hvað það væri sem knýi á um lagabreytingu og benti á með rökum að þau ákvæði sem fram koma í greinum frumvarpsins, þó að eitthvað af þeim hnykkti betur á ákveðnum hlutum, þá sæi ég ekki betur en að heimildir væru í núverandi lögum til að gera allt það sem verið er að tala um að þessi lagabreyting ætti að ná fram.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið segir að ráðast þurfi í þessa breytingu til að Verðlagsstofa geti ekki bara farið yfir samninga sem lagðir eru fram heldur líka fylgt því eftir að gert sé upp samkvæmt þeim samningum sem lagðir eru fram og gripið þá inn í ef það er ekki gert. Í athugasemdunum segir, með leyfi forseta:

„Til að fylgjast með því að útgerðarmenn geri upp við áhafnir í samræmi við samninga hefur Verðlagsstofa m.a. beitt úrtakskönnunum. Í því hefur verið fólgið mikilvægt aðhald fyrir þá sem hlut eiga að máli. Nokkur brögð munu þó hafa verið að því að útgerðir hafi ekki gert upp við áhafnir í samræmi við gerða samninga um fiskverð og hefur Verðlagsstofa ekki haft nægilega virk úrræði til að bregðast við þegar slík mál hafa komið upp. Það er því þörf á að Verðlagsstofa leggi meiri áherslu á að fylgjast með einstökum útgerðum, sem ástæða er til að ætla að geri ekki upp við áhafnir í samræmi við samninga og fái jafnframt virkari úrræði til að fylgja slíkum málum eftir. Lagafrumvarpi þessu er ætlað að bæta úr þeirri þörf. Verði frumvarpið að lögum mun Verðlagsstofu ekki aðeins vera heimilt og skylt að hafa eftirlit með að fullgildir samningar um fiskverð liggi fyrir heldur ber henni jafnframt, eftir því sem tilefni er til og mögulegt er, að hafa eftirlit með og fylgja því eftir að gert sé upp við skipverja samkvæmt þeim samningum."

Þetta er sem sagt yfirlýstur tilgangur frumvarpsins. Í lögunum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna segir í 3. gr., með leyfi forseta:

„Verðlagsstofa skiptaverðs skal afla ítarlegra gagna um fiskverð. Skal hún með skipulegum hætti vinna úr upplýsingunum sundurliðuð yfirlit um fiskverð miðað við einstök landsvæði, tiltekna viðskiptahætti og stærðar- og gæðaflokka. Stofan skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum, sjómönnum og fiskkaupendum sem best. Þá skal stofan afla gagna um afurðaverð og horfur um þróun þess."

Það segir fyrr í lögunum að Verðlagsstofa hafi meira að segja heimild til að semja við fagaðila um almenna öflun og úrvinnslu gagna. Ef einhver vandræði eru með það hjá Verðlagsstofu að vinna úr gögnum getur hún ráðið til þess verktaka og hefur til þess heimild samkvæmt lögunum.

Í 4. gr. segir: „Til að Verðlagsstofa geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. gr. ber Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna og vinna úr upplýsingum að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að öllum upplýsingum um ráðstöfun afla og fiskverð." Það er því óumdeilt að hún get-

ur krafist upplýsinga og hún á að fá þær.

Síðan segir í 5. gr. að við athugun einstakra mála geti Verðlagsstofan krafið fjöldann allan af aðilum um upplýsingar til að fylgjast með hvort farið hafi verið að samningum með fiskverð. Og hverjir eru það sem hún getur krafið um slíkar upplýsingar? Það eru allir sem koma að meðferð, sölu, vinnslu, fjármögnun, flutningi á aflanum sem um er að ræða. Í 5. gr. segir enn fremur:

„Við athugun einstakra mála getur Verðlagsstofa skiptaverðs“ — hún getur sem sagt tekið upp einstök mál og skoðað þau — „krafið sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umboðsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla um allar nauðsynlegar upplýsingar.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Verðlagsstofa skiptaverðs getur við athugun einstakra mála krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum“ — þ.e. öllum opinberum aðilum sem að málinu koma — „þar á meðal skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, sem og bönkum og sparisjóðum, óháð þagnarskyldu þeirra.“

Það er ekki einu sinni bankaleynd sem gildir samkvæmt lögunum þannig að hún getur í rauninni fengið allar þær upplýsingar sem hún þarf til að fylgjast með því að samningar séu haldnir. Lögin setja þessa skyldu á herðar Verðlagsstofu skiptaverðs og því er spurningin þessi: Hefur Verðlagsstofan ekki farið að lögunum eins og þau eru? Hefur hún tamið sér einhverjar þær aðferðir eða þær útfærslur í sinni vinnu að hún komist ekki út úr þeim nema með því að búa til einhverjar breytingar á lögunum sem í raun eru kannski engar breytingar þegar upp er staðið? Getur verið að Verðlagsstofa sé búin að festa sig í því að hún megi bara taka einhverjar úrtakskannanir sem af handahófi eru ákvarðaðar þó að lögin segi að hún skuli meðal annars með slíkum könnunum sinna hlutverki sínu? En þá segja lögin líka að hún geti athugað einstök mál og farið ofan í þau. Getur verið að lögin hafi verið framkvæmd með þeim hætti að Verðlagsstofan hafi fest sig eingöngu í úrtakskönnunum og treystir sér einfaldlega ekki til að taka upp ný vinnubrögð þó að lögin heimili það nema að lögunum verði breytt á þann hátt sem hér er verið að gera?

Ég lýsti því yfir í fyrri ræðu minni og lýsi því yfir aftur að ég er tilbúinn til að leggja talsvert afl í að stoppa í göt ef þau eru fyrir hendi, en lýsi því jafnframt yfir að ég er ekki tilbúinn til að fara yfir og eyða tíma í frumvörp til að breyta lögum ef þau frumvörp eru eingöngu sett fram vegna þess að sá aðili sem átti að framfylgja gildandi lögum hafi ekki gert það með þeim hætti sem lögin kveða á um. Því síður er ég tilbúinn til að taka þátt í að afgreiða hér frumvarp eingöngu til þess að einhver tala um ákveðin lagafrumvörp frá ákveðnum ráðuneytum sé þokkaleg eða uppfylli einhvern kvóta sem menn eru að velta fyrir sér.

Er nauðsyn að ráðast í þessa breytingu og gera það með þeim hætti sem hér er verið að tala um? Eða er kannski nóg fyrir hæstv. ráðherra að ganga eingöngu fram og krefjast þess að lögin verði framkvæmd eins og þau hljóma?

Í 7. gr. segir, með leyfi forseta:

„Víki fiskverð við uppgjör á aflahlut áhafnar“ — þarna er ekki verið að tala um samninga heldur bara uppgjörið á aflahlutnum — „í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða skal Verðlagsstofa skiptaverðs taka málið til sérstakrar athugunar.“

Hvaða heimild vantar til þess að Verðlagsstofan taki mál til athugunar þegar grunur er uppi um að ekki sé gert upp miðað við samning sem lagður hefur verið fram? Mér er algjörlega ómögulegt að koma auga á nauðsyn þess að bæta í lögin eins og þau eru eða koma auga á að það skorti heimildir fyrir Verðlagsstofu skiptaverðs til að gera það sem lögin heimila henni að gera.

Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti svarað þeim spurningum. Eins þætti mér vænt um það ef hv. formaður sjávarútvegsnefndar kæmi inn í umræðuna og lýsti því fyrir okkur hvaða álit hann hefur á þessu, því mér er ómögulegt að sjá til hvers er verið að breyta lögunum, herra forseti.

[21:00]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Við erum að ræða frumvarp sem er bót á gallað verðmyndunarkerfi sem er með margvíslegum hætti í sjávarútvegi. Það eru m.a. frystiskipin þar sem heimsmarkaðsverð ræður og það er eðlilegt, svo eru skip sem selja beint á markað og síðan er verðmyndun í föstum samningum. Þetta er allt hið einkennilegasta kerfi í þessum sjávarútvegi og það sætir furðu að fulltrúi vinstri flokkanna á Alþingi skuli hafa meiri skilning á markaðslögmálum en fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hæstv. ráðherra, sem vill halda í það margbrotna og óréttláta kerfi sem ríkir í sjávarútvegi, kemur beint niður á og skerðir mjög hag sjómanna. Ég tel að áður en við förum lengra í þetta mál verði menn að velta fyrir sér grunninum á kerfinu, þ.e. að þetta kerfi byggir á kvótakerfinu sem var hugsað til þess að byggja upp fiskstofna og tryggja byggð í landinu. Þegar maður fer hringinn í kringum landið sér maður að þetta kerfi hefur ekki skilað góðum árangri.

Ég var síðast staddur á Djúpavogi og það var nánast einróma álit fólks þar að þetta kerfi væri nánast ótækt. Ef maður fer síðan hringinn í kringum landið sér maður að kerfið er mjög vont í alla staði. En það gengur upp út frá lagatæknilegu sjónarmiði og síðan einhverju skriffinnskusjónarmiði en ekki við að byggja upp fiskstofna. Það sér hver maður að við það að banna veiðar á einum stað, t.d. inni í Berufirði, mun fiskunum ekki fjölga á t.d. Vestfjarðamiðum en samkvæmt því kvótakerfi sem þetta frumvarp er hluti af er gengið út frá því og þá gengur það upp út frá stjórnsýslu og skriffinnsku að draga aflaheimild í Berufirði frá því sem má veiða á Vestfjörðum. Þetta er fáránlegt og þessu kerfi þarf að linna.

Við höfum dæmin fyrir okkur um fiskveiðistjórnarkerfi sem ganga upp. Þá á ég ekki við það kerfi sem er notað í Evrópusambandinu, heldur í Færeyjum. Alls staðar þar sem reynt hefur verið að nota kvótakerfið er allt á sömu bókina lært, það hefur í rauninni skilað stórtjóni. Ef maður fer til sjávarbyggða í Skotlandi er búið að leggja þar um 70% af fiskveiðiskipum á undanförnum örfáum árum og ég held að við verðum aðeins að átta okkur á því hvernig ástandið er á Íslandi. Við skerum eilíft niður aflaheimildir og nú erum við komin í um 200 þús. tonna þorskkvóta en að jafnaði voru fyrir nokkrum árum veidd um 400 þús. Við erum sem

sagt í helmingi minni afla af þorski en við vorum fyrir daga kerfisins.

Hvað gera helstu talsmenn þessa kerfis? Þeir boða enn og aftur niðurskurð. Hverju á hann að skila? Síðast í kvöldfréttunum í kvöld var sagt að það ætti að skera meira niður. Þar kom fulltrúi Hafrannsóknastofnunar, sjálfur forstjórinn, á fund vestur á fjörðum og sagði að skera þyrfti niður. Það sem mér þótti athyglisvert og ég spyr hæstv. sjávarútvegsráðherra um er hvort það sé ekki rétt að bera þá á borð einhver gögn frá andmælendum kerfisins eða þeim sem hafa aðra sýn þegar fulltrúar vísindastofnunar fara um með svona fréttir. Meðal annarra gæti sá sem hér talar farið yfir forsendurnar.

Þessir menn hafa ítrekað sýnt að þeir hafa haft rangt fyrir sér. Hæstv. sjávarútvegsráðherra vill einhverra hluta vegna alls ekki að þessar kenningar séu skoðaðar með gagnrýnum augum. Til dæmis hafa vísindastyrkir ekki verið veittir þeim sem hafa viljað skoða þessa hluti með öðrum hætti, hafa jafnvel lagt grunninn að árangursríku fiskveiðistjórnarkerfi í Færeyjum. Þar á ég ekki síst við Jón Kristjánsson fiskifræðing. Hann hefur náð árangri þar. Þar er botnfisksaflinn svipaður og jafnvel meiri en fyrir 20 árum eftir að Færeyingar tóku upp sóknarstýringu. Það er miklu nær að reyna að stýra með þeim hætti en að stjórna afla með fyrir fram ákveðnu magni sem er reiknað út frá gögnum sem eru kannski nokkurra mánaða gömul. Ég verð að segja að þetta er álíka og að ákveða að vori til hvað eigi að koma mikið upp úr öllum kartöflugörðum landsins að hausti, að það yrði gefin út einhver heildaruppskera yfir línuna. Það sjá allir að það er tóm della, sérstaklega ef menn vita ekki hvað þeir eru með mikið útsæði og þar er einmitt mesta óvissan í stjórn fiskveiða, yngstu aldurshóparnir. Það er mikil óvissa varðandi þá. Ég verð að segja að mér finnst hæstv. sjávarútvegsráðherra búinn að koma sér í brjóstumkennanlega stöðu. Hann er búinn að vera einn helsti andmælandi kerfisins í gegnum árin og kemur síðan með frumvarp sem er hvorki eitt né neitt. Hér hefur verið sýnt fram á með veigamiklum rökum, sérstaklega af hv. þm. Jóni Gunnarssyni, að nánast engin breyting felst í þessu. Einnig kom fram í andsvari hæstv. ráðherra við mig að þetta snertir ekki neitt þá sjómenn sem taka mjög mikinn þátt í leigu aflaheimilda, þ.e. suma hverja sem eru á minnstu bátunum, undir 15 tonnum, sem hafa ekki einu sinni kjarasamning.

Morgunblaðið gerði á sínum tíma samning við blaðburðarbörn sín eftir umræður sem fram fóru í samfélaginu, en hér verðum við vitni að því að hæstv. sjávarútvegsráðherra lýsir því nánast yfir að það komi honum ekki við hvort sjómenn landsins hafi kjarasamning eða ekki. Síðan leggur hann fram frumvarp sem snertir þá ekki neitt, en án efa þurfa einhverjir að taka þátt í þessum viðskiptum sem skerða hlut þeirra. Ég verð að segja að mér finnst illa komið fyrir hinum gamla Sjálfstæðisflokki að vera í þessum verkum og halda því fram að þetta sé byggðatengt mál, að bátum undir 15 tonnum hafi fjölgað. Ætli það sé ekki miklu frekar það að þegar verðlagning á aflaheimildum rýkur upp er orðin einfaldlega meiri pressa að taka af launum sjómanna og þá er helst tekið þar sem engir eru kjarasamningarnir. Einhver hluti af þessum sjómönnum er að verða af erlendu bergi brotinn því að Íslendingum bjóðast einfaldlega betri laun annars staðar en á þessum bátum. Maður er svo hissa á því að sjávarútvegsráðherra Sjálfstæðisflokksins skuli ekki sýna meiri metnað fyrir hönd atvinnugreinarinnar en kemur fram hér æ ofan í æ í þeim frumvörpum sem hann leggur fram. Hann leggur fram frumvörp sem eru hvorki fugl né fiskur, sem í rauninni taka ekki á þessum vanda og opna alls ekki fyrir nýliðun í greininni.

Það er einmitt nýliðun sem greinin þarf. Það þarf að fá ungt fólk til að taka þátt í atvinnugreininni og það verður þá gert með því að hafa leikreglurnar sanngjarnar og að þær tryggi að ungt fólk geti sótt inn í greinina. Meðan svo er ekki verður engin nýliðun og þá helst þessi þróun áfram sem er í sjávarútvegi. Ef hæstv. sjávarútvegsráðherra þorir ekki að skoða þá rannsóknastefnu sem hefur verið í tísku á undanförnum árum með gagnrýnum augum mun hann áfram horfa upp á niðurskurð. Því miður virðist hæstv. sjávarútvegsráðherra vera það kjarklaus að hann þori ekki einu sinni að veita fjármagn (Forseti hringir.) í þær rannsóknir sem vilja skoða þá stefnu sem hefur verið á umliðnum árum (Forseti hringir.) með gagnrýnum hætti og (Forseti hringir.) skilar því miður eingöngu niðurskurði.

[21:11]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Það er rétt að menn rifji upp hvernig Verðlagsstofa skiptaverðs varð til. Eftir ítrekaðar vinnudeilur milli útgerðarmanna og sjómanna sem enduðu sífellt með því að lög voru sett á sjómenn á hv. Alþingi varð til *þessi sáttmáli milli útgerðarmanna og sjómanna.* Hvað sögðu hv. þingmenn og ráðamenn í samfélaginu? Þeir eiga að semja. Þeir áttu að leysa þann hnút sem var búinn til á Alþingi með þessu fyrirkomulagi sem er hér í veiðum og vinnslu, í kvótamálum þar sem aðilum er úthlutaður kvóti og síðan kemst enginn að í útgerð á Íslandi öðruvísi en að *kaupa hann af þeim.* Svarið var ævinlega: Þeir eiga að leysa þennan hnút. Þeir eiga að semja. Þegar það gekk ekki endaði þetta ævinlega með því að menn settu lög á sjómenn.

Í þeirri nauðhyggjustöðu sem upp kom endaði það með því að þessi sáttmáli var gerður um Verðlagsstofu skiptaverðs. En er hún eitthvað mikið öðruvísi en hið gamla Verðlagsráð sjávarútvegsins, landssambandsverðið gamla illræmda sem var við lýði áratugum saman? Þar var mönnum bara skammtað eitt verð. Nú standa menn í sömu sporum og þá. Það kann að vera að það verð sem nú er uppi sé eitthvað skárra en var á þeim tíma vegna þess að fiskverð hefur hækkað gríðarlega mikið á mörkuðum erlendis, og sjómenn hafi þess vegna eitthvað betri kjör í dag en á þeim tíma sem það verð var uppi sem menn kalla landssambandsverð. Þetta var aðdragandinn að þessu verði.

Fóru menn alla leið í þessum samningum? Ég held ekki. Ég held að samanburðurinn á verðinu sem fæst á mörkuðum og því verði sem kemur út úr Verðlagsstofu skiptaverðs sýni að þarna er langur vegur á milli. Að mörgu leyti hefur þetta líka áhrif á kvótaverðið sem þarna er á ferðinni. Þetta er óverjandi fyrirkomulag en það er svo skrýtið að sjálfstæðismenn vilja viðhalda svona kerfum. Þeim finnst þetta fín kerfi, bæði í landbúnaðinum og sjávarútveginum, kvótafyrirkomulag þar sem menn fá einhverja kvóta frá ríkinu. Þeir mega selja þetta hverjir öðrum og eru undir pilsfaldin-

um á stjórnvöldum. Þetta eru fín kerfi á vegum Sjálfstæðisflokksins, alveg sjálfsagt að vera með svona kerfi finnst sjálfstæðismönnum. Það er enginn hissa á því þótt Framsóknarflokkurinn vilji hafa svona kerfi. Hann hefur ævinlega litið á sig sem þjón landbúnaðarforustunnar, enda voru bændur fyrirferðarmiklir á þingi á sínum tíma og þingstörf eru enn þá miðuð við tilhleypingar og vorannir í sveitum. Það er ekki eðlilegt að menn haldi þessu áfram inn í framtíðina, en þegar þessir flokkar koma saman í ríkisstjórn virðist sem svona kerfi séu fest í sessi og óluð niður með öllum mögulegum ráðum. Meira að segja hefur það átt fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra að liggja að stagbæta ríkjandi fyrirkomulag. Þótt hann hafi sjálfur verið einn af gagnrýnendum þessa kerfis, sennilega frá upphafi þess, hefur það átt fyrir honum að liggja að taka við kerfinu eins og það var og gera engar marktækar breytingar á því. Það verður greinilega hans saga, hæstv. sjávarútvegsráðherra, í sjávarútvegsráðuneytinu að hafa ekki gert miklar breytingar á þessu fyrirkomulagi, enda hefur það verið aðalverkefni ýmissa stjórnarþingmanna að reyna að finna leiðir til að koma til móts við neyð í einhverjum einstökum stöðum í landinu en ekki til að taka almennt á gildandi fiskveiðistjórnarkerfi.

Ég verð að segja að ég sakna þess að hv. formaður sjávarútvegsnefndar láti uppi afstöðu sína til þessa máls. Það gæti orðið fróðlegt að hlusta á ræðu hans um þetta. Ég geri ráð fyrir að hann sé ekki par kátur með málið. Ég geri ráð fyrir því að uppruni hans úr Vestmannaeyjum og væntumþykja við sjómenn þar nái lengra en svo að þessar bætur á kerfið dugi til að fullnægja réttlætiskennd hans gagnvart sjómönnum. Það er auðséð að ekki verður hægt að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum með þeim breytingum sem hér er um að ræða.

Ég spurði hæstv. sjávarútvegsráðherra um vistun aflaheimilda áðan og bíð spenntur eftir svarinu. Ég tel það mjög fróðlegt og upplýsandi fyrir þjóðina og þingið að fá að vita hvort menn eru hættir þeim leik sem þar er á ferðinni. Ég trúi ekki öðru en að við fáum skýr svör frá hæstv. ráðherra um það hér á eftir. Ég saknaði þess að hann kæmi í andsvar við mig og kæmi því máli út úr heiminum.

Það er þannig að sjávarútvegurinn blæðir fyrir hið háa kvótaverð. Með þessu jaðarverði á kvótum sem verður til með þeim hætti sem við höfum lýst í kvöld verður útgerð einstakra útgerðarmanna tóm vitleysa. Þeir fara alltaf að horfa á það hvað þeir fá fyrir þennan kvóta. Þá komast þeir að þeirri eðlilegu niðurstöðu að það sé miklu nær að selja þennan kvóta og njóta fjármunanna í einhverju öðru, setja þá í arðsamar hugmyndir frekar en að halda áfram að gera út og standa í því frá degi til dags. Þess vegna blæðir sjávarútveginum daglega, útgerðarmenn taka ákvarðanir um að selja veiðiheimildirnar sínar og fara að gera eitthvað annað. Þeir sem kaupa eru — hverjir? Stórútgerðirnar í landinu og það eru útgerðirnar sem nota leigubraskið á kvótanum til að borga þær veiðiheimildir sem þeir kaupa. Þannig er jaðarverðið á veiðiréttinum búið að loka greininni gersamlega fyrir nýliðun. Þetta er sá vandi sem við er að etja. Ég tel að hann verði ekki leystur nema menn ráðist á grundvallarþættina í þessu kerfi, m.a. — og ég endurtek það enn einu sinni hérna — væri hægt að gera það með því að úthluta veiðiréttinum á grundvelli þriggja ára veiðireynslu. Þeir sem nýttu hann fengju hann þá smám saman til sín en hann væri ekki áfram hjá þeim sem ætluðu ekkert að gera út, ætluðu bara að græða á einhverju braski.

Að lokum vil ég svo segja það í þessari ræðu minni að mér finnst að hæstv. sjávarútvegsráðherra eigi að segja okkur hér hvað hann hyggst fyrir varðandi auðlindaákvæðið. Hann er aðili að ríkisstjórninni, hann ber ábyrgð á því loforði til þjóðarinnar og kjósenda í landinu að þessi auðlind verði fest í stjórnarskrá sem þjóðareign til framtíðar. Það er ekki upp á það bjóðandi að Sjálfstæðisflokkurinn sitji þegjandi sífellt þegar þessi mál eru til umræðu hér, að menn komist ekki upp í stólinn. Hæstv. forsætisráðherra hefur setið hér þegjandi þegar hann hefur verið spurður um þetta. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins þegja hér alltaf þegar þetta mál er rætt. Alvarlegar ásakanir hafa komið fram um að þeir ætli að svíkja þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum. Það var mikið talað um sjávarútvegsmál fyrir síðustu kosningar og þetta varð niðurstaðan, þetta var sáttmálinn við þjóðina, við kjósendurna, og Framsóknarflokkurinn fékk þetta inn í stjórnarsáttmálann.

Þegar um þetta er spurt í þingsölum Alþingis, hvort það sé virkilega þannig að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að stoppa málið af, sitja menn og þegja. Það er ekki mjög mannborulegt verð ég að segja. Einn og einn skrifar í blöðin: Við skulum ekki gera þetta. Við skulum ekki setja auðlindirnar í þjóðareign. Það eru sjálfstæðismenn sem skrifa þær greinar. En hér í sölum Alþingis þegja þeir.

[21:21]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Í fyrri ræðu minni fór ég nokkuð yfir verðmyndun í sjávarútvegi og leiguviðskiptin og það fyrirkomulag allt saman en eðli málsins samkvæmt var það náttúrlega ekki tæmandi og kannski rétt að fara aðeins betur yfir það. Það er auðvitað þannig að hlutir sjómanna, þ.e. þeir sem eru á vinnsluskipum, hvort sem það eru uppsjávarvinnsluskip eða botnfiskvinnsluskipin, eru á því verði sem fæst fyrir afurðirnar á heimsmarkaði, þ.e. varan er seld beint frá skipi inn á heimsmarkaðinn á því verði sem fæst fyrir afurðirnar og það hefur verið hækkandi á undanförnum missirum í þó nokkurn tíma. Sjómenn á þeim skipum njóta því í raun og veru kjara í samræmi við heimsmarkaðsverð á afurðunum sem verið er að selja.

Þau sömu fyrirtæki sem gera út frystitogarana og uppsjávarveiðiskipin sem vinna úr aflanum og selja unna vöru gera einnig út botnfiskveiðiskip sem er yfirleitt ætlað að veiða hráefni í ferskvinnslu og koma með ferskt hráefni til vinnslustöðvanna í landi. Hvernig er verðlagningunni háttað þar? Þar er um svokallaða beina samninga að ræða milli áhafnanna og útgerðarinnar sem er ekki í samræmi við það verð sem búum við á fiskmörkuðunum þar sem önnur fyrirtæki eru að kaupa og keppa og hafa reyndar iðulega rutt brautina í nýrri markaðssetningu á ýmissi vöru sem stærri fyrirtækin hafa kannski yfirtekið síðar í krafti þess að þau höfðu aðgang að aflaheimildum umfram þau fyrirtæki sem eru án útgerðar og eiga ekki yfir aflaheimildum að ráða. Þess vegna er það auðvitað mjög mikið mál, hæstv. forseti, að verðmyndunarkerfi okkar verði breytt og menn fái að

sitja við sama borð í framtíðinni og það sé í raun og veru fiskmarkaðurinn sem verðleggur fiskinn.

Svo er það þetta „blessað" leiguverð sem við höfum verið að ræða hér og er algerlega farið úr böndum og eins og ég hef raunar sagt stundum áður í ræðum mínum þá er leiguliðinn arðsamasta fjárfestingin fyrir kvótaréttarhafann. Hann gefur eiginlega mest beint í vasann fyrir þann sem aflaheimildirnar hefur því þegar búið er að leigja aflaheimildirnar á 170–180 kr. eins og í þorskinum í dag þá koma þær óskiptar í vasa þess útgerðarmanns sem frá sér leigir og það þarf ekki að skipta þeirri upphæð með neinni áhöfn. Oftast nær er það svo að með einhverjum hætti bitnar þetta leiguverð á þeim áhöfnum sem koma nálægt því að veiða fiskinn eftir leigusamningnum þó það sé sem betur fer ekki algild regla þá er það samt oftast nær svo. Það gerist m.a. vegna þess að beina viðskiptaverðið, verðið sem samið er um í beinum viðskiptum og Verðlagsstofa stimplar, það eru miklu lægra en markaðurinn býður að jafnaði fyrir sömu fisktegund.

Þessu vildi ég bæta inn í umræðuna um fiskverð og myndun þess, leiguviðskiptin og það dæmi allt saman. Þannig að þó að því frumvarpi sem hér er til umræðu sé ætlað að taka að nokkru leyti á því og koma í veg fyrir að sjómenn taki þátt í þessum kostnaði þá er ég ekki viss um að okkur takist það með þessari viðbót sem hér er að stefnt þó að ég efi ekki að viljinn sé góður. Kerfið er hins vegar þannig upp byggt frá upphafi að það nær ekki að virða eðlileg markaðslögmál og eðlilegar viðmiðanir í sjávarútveginum.

Ef maður hins vegar kemur að veiðistjórninni, hæstv. forseti, sem er náttúrlega hluti af þessu kerfi, þá er það þannig að fiskurinn hagar sér ekki alltaf eins og útgerðarmennirnir vilja að hann hagi sér. Ýsan er dæmi um fisktegund sem hagar sér öðruvísi en kerfið gerir ráð fyrir og hefur verið meira en áður á grunnslóð, bæði í ár og á síðastliðnu ári. Það þýðir þá að vegna þeirrar fiskveiðistýringar sem við höfum gert sátt um að væri í landhelginni, m.a. með mikilli takmörkun á togveiðum innan 12 sjómílna víða frá ströndum landsins, sem sátt hefur verið um í áratugi að væri þannig, þá hafa veiðiheimildirnar af ýsu í stóra kerfinu verið núna til leigu fyrir smábátana í minna kerfinu sem veiða á línu og veiða innan fjarða og flóa ef því er að skipta, innan 12 mílna landhelginnar þar sem ýsan hefur verið í meira mæli að undanförnu en áður var. Þar af leiðandi eru veiðiheimildir núna að færast frá stóra flotanum yfir á litla flotann.

Þetta segir okkur auðvitað að kvótakerfið eins og það er uppbyggt með úthlutunum sínum í aflahlutdeild á útgerðir mælir ekki fiskhegðunina og ekki fiskgengdina og sá sem fær aflahlutdeild í raun og veru getur auðvitað leitast við að veiða hana hvar sem er við landið burt séð frá því hvernig henni var úthlutað og hvar skipin áttu heimahöfn. Við erum hins vegar með veiðireglu sem gerir það að verkum að það er ekki sjálfgefið að aflinn veiðist í viðkomandi veiðarfæri, a.m.k. ekki þegar að togveiðunum kemur, því á undanförnum árum höfum við sett inn takmörk.

Við höfum reyndar verið að setja togveiðum meiri takmörk á undanförnum árum en var kannski fyrri 20 árum, m.a. með því að friða fleiri svæði að því er varðar aðrar fisktegundir eins og karfa og einnig höfum við verið að fikra okkur inn á það að friða svæði til þess vernda botngróður, eins og kóralsvæði og annað slíkt. Það eru því fjöldamörg rök sem hafa verið tínd til á undanförnum árum við að takmarka togveiðarnar. Ég er ekki að segja þetta hér sérstaklega til að mæla fyrir um að auka togveiðarnar innan 12 mílna. Ég er eingöngu að benda á það að fiskveiðikerfið sem úthlutar aflahlutdeild sem er ekki svæðisbundin með neinum hætti er auðvitað ekki þannig að hún sé sett niður á ákveðin svæði, veiðislóðir eða landsvæði.

Þetta getur auðvitað boðið þeirri hættu heim að fiskur sé veiddur meira á einu svæði en öðru hvort sem það passar svo inn í lífríkismunstrið eða ekki og það er svo sem önnur saga og meiri fiskifræði en ég ætlaði að ræða sérstaklega í þessari ræðu.

Ég bendi hins vegar á að í næsta máli á dagskránni verður talað um svæðisbundna fiskveiðistjórn, þ.e. svokallaða úthafsfiskveiðistjórn þar sem skipt er niður í sérstök svæði og ákveðnar stjórnunarreglur sem bindast við ákveðin veiðisvæði. Það þekkja menn auðvitað annars vegar í NEAFC-reglunum og hins vegar í NAFO-reglunum í Vestur-Atlantshafinu. Þar er skipt niður bæði veiðisvæðum á rækju og karfa eins og í Kanada og við höfum auðvitað heyrt sögur af því að menn veiði á einu svæði en skrái kannski aflann á öðrum svæðum.

Þetta vildi ég benda á, hæstv. forseti, að það er ekki sjálfgefið að fiskurinn hagi sér alltaf eins og gert er ráð fyrir þegar menn úthluta ósvæðisbundið og ótímasett og það er heldur ekki sjálfgefið að með kvótakerfi sem er svona úthlutað tökum við tillit til þeirra svæða sem verið er að veiða á. Það getur verið þannig að sóknin vegna fiskgengdar beinist eingöngu inn á eitt svæði og þar tökum við kannski stóran hluta af aflanum þó svo það sé kannski ekki beinlínis í samræmi við það sem komið hefur í ljós í rannsóknum á undanförnum árum og fiskimenn hafa reyndar sagt í áratugi að það væru sérstakar þorskfjölskyldur við landið o.s.frv. og því ekki sjálfgefið að fiskur sem væri í Húnaflóa gengi í Faxaflóa eða öfugt. Á þetta vildi ég benda, hæstv. forseti, að kvótakerfið eins og það er hannað stýrir ekki fiskveiðum með tilliti til náttúrunnar.

[21:31]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Það voru nokkur atriði sem ég vil koma nánar að í þessari umræðu og spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra út í. Við höfum lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Þetta eru allítarleg lög sem nú eru í gildi um þetta og býsna víðtækar heimildir sem starfsmenn Verðlagsstofu hafa. Ég vil leyfa mér að vitna í lögin og lesa upp úr þeim. Þar stendur í 4. gr., með leyfi forseta:

„Til að Verðlagsstofa geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. gr." — þ.e. að afla ítarlegra gagna um fiskverð — „ber Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna og vinna úr upplýsingum að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að öllum upplýsingum um ráðstöfun afla og fiskverð. Þá er útgerð skips skylt að senda Verðlagsstofu án tafar alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafnar."

Svo kemur í 5. gr.:

„Við athugun einstakra mála getur Verðlagsstofa skiptaverðs krafið sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umboðsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla um allar nauðsynlegar upplýsingar. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem Verðlagsstofa setur. Þá getur stofan krafið framangreinda aðila um að afhenda gögn til athugunar innan hæfilegs frests."

Þá stendur einnig í næsta lið 5. gr.: „Verðlagsstofa skiptaverðs getur við athugun einstakra mála krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal skattyfirvöldum og tollayfirvöldum, sem og bönkum og sparisjóðum, óháð þagnarskyldu þeirra."

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, er hægt með þeim lögum sem nú eru í gildi að heimila það að fara og krefjast upplýsinga frá skattyfirvöldum, bönkum og öðrum aðilum um þessi gögn án undangengins dóms? Mér finnst þessi heimild með eindæmum og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hve oft hefur þessari grein verið beitt og í hvaða tilvikum? Leggur hæstv. ráðherra þann skilning í að starfsmenn Fiskistofu eða Verðlagsstofu geti labbað inn í banka og krafist upplýsinga úr bankareikningi viðkomandi aðila? Bara sisona af því að þeir séu að safna gögnum, eins og kveðið er á um í 3. gr. Mér er hreinlega spurn hvort þetta sé lagalega heimilt, hvort þessi lög séu ekki bara eitthvert lagalegt rugl.

Ég velti því líka fyrir mér og vil spyrja hæstv. ráðherra að því: Hver framfylgir brotum á þessum lögum? Lög eru til að halda þau en eins og hérna er verið að vísa til þá eru þau brotin. Ef útgerðir greiða ekki sjómönnum laun sín eins og samið er um þá hlýtur það að vera lögbrot. Það hlýtur að vera brot á þeim lögum sem hér er um að ræða og ekki bara þeim heldur öðrum lögum. Hverjir eru þeir sem framfylgja lögbrotum og rannsaka þau? Er það ekki lögreglan? Ég get hvergi séð í þessum lögum neinn handhafa þess að framfylgja þessum lögum. Menn tala um úrskurðarnefndir og menn tala um Verðlagsstofu en hún hefur ekkert lögregluvald. Ekki get ég séð það enda er það bara lögreglan sem hefur í raun lögregluvald. Og þegar verið er að tala um lögbrot eins og hér er verið að tala um og eigi að fara að girða við, þá hlýtur það að vera lögreglan sem framfylgir því og ég vil spyrja hæstv. ráðherra um aðkomu lögreglunnar að slíkum málum þegar grunur er um lögbrot, þegar grunur er um að útgerðir greiði ekki sjómönnum umsamin laun, hýrudragi þá með því að láta þá taka þátt í kaupum eða leigu á kvóta og dragi þannig af launum sem eru greinilega lögbrot. Hve oft hefur lögreglunni verið beitt í svona málum? Hve oft hefur lögreglunni verið beitt í meintum lögbrotum eða grun um lögbrot eins og hérna er verið að ýja að, því hvað er verið að segja annað í þessu frumvarpi hæstv. ráðherra en það sé grunur um lögbrot?

Það stendur hér í texta hæstv. ráðherra, eins og ég hef áður vitnað í, að nokkur brögð muni þó vera að því að meira að segja útgerð hafi ekki gert upp við áhafnir í samræmi við gerða samninga um fiskverð. Er það ekki lögbrot? Og hver hefur rannsakað það? Það hlýtur að vera lögreglan sem á að rannsaka það. Hæstv. ráðherra hristir haus en ég get ekki skilið lög og lögbrot öðruvísi en að brot á lögum varði við lög og það sé bara lögreglan ein sem getur rannsakað lögbrot, eða hvað finnst hæstv. forseta? Getur bara einhver verðlagsstofa vaðið inn á bankareikninga fólks og fyrirtækja án húsleitarheimildar eða farið ofan í skrifborðsskúffur útgerðarmanna eða annarra aðila án húsleitarheimildar?

Mér finnst þessi lagagjörningur allur með eindæmum þótt ég vilji eindregið styðja hæstv. ráðherra í að lagarammminn komi í veg fyrir að lögbrot séu framin í þessum málum, ég vil styðja hæstv. ráðherra í því, þá get ég ekki séð að þetta frumvarp hæstv. ráðherra breyti neinu um það að sé um meint lögbrot að ræða þá er það bara lögreglan sem ein getur rannsakað það í rauninni með þessum hætti sem hér er verið að tala um og dregið þá viðkomandi fyrir dóm sem brýtur lög eða hefur fé af fólki sem stundum er kallað þjófnaður. Og þjófnaður hlýtur að vera lögbrot og menn sóttir til saka samkvæmt lögum af lögreglunni.

Herra forseti. Þegar ég fer að skoða þessi lög meira og meira þá skil ég minna og minna í þeim og ég ítreka spurningu mína: Hve oft hefur lögreglunni verið beitt, hve oft hefur hún fengið það hlutverk að framfylgja þessum lögum eða saksóknari tekið málið að sér eða ríkislögreglustjóri og látið fara fram rannsóknir á svona málum? Því í frumvarpi hæstv. ráðherra er augljóslega verið að vitna til þess að staðfestur grunur sé fyrir því að þarna hafi verið framin ítrekuð lögbrot og það eru rök ráðherrans fyrir þessu frumvarpi.

[21:41]

**Útbýting:**

Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, 378. mál, þskj. 954; brtt. PHB, þskj. 995.

Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, 541. mál, nál. félmn., þskj. 991; brtt. félmn., þskj. 992.

Staða blindra og daufblindra, 509. mál, svar félmrh., þskj. 975.

Virðisaukaskattur, 558. mál, brtt. ÖJ, þskj. 996.

[21:42]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu. Um hana má ýmislegt segja, t.d. að hún hefur verið allítarleg og verið komið inn á mjög marga hluti en ég ætla fyrst og fremst að reyna að einskorða mig við þær spurningar sem fyrir mig hafa verið lagðar og reyna með því að freista þess að varpa betra ljósi á frumvarpið en mér tókst í fyrri ræðu minni.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði mig að því hvort það væri svo að aflaheimildir væru lagðar inn til geymslu hjá útgerðarmönnum, og er það þannig. Við vitum að það er þekkt fyrirbrigði að útgerðir geyma aflaheimildir fyrir aðrar útgerðir og það er ekkert í gildandi lögum sem bannar það og við þekkjum það.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur mikið rætt um það atriði sem nefnt er í athugasemdum við þetta lagafrumvarp þar sem segir að nokkur brögð munu vera að því að útgerðir hafi ekki gert upp við áhafnir í samræmi við gerða samninga um fiskverð. Þetta er út af fyrir sig enginn nýr sannleikur. Þetta er auðvitað eitt af því sem Verðlagsstofa

skiptaverðs hefur komið auga á og hefur verið að reyna að taka á með þeim tiltæku úrræðum sem hún hefur haft og það hefur verið reynt að bregðast við þessu með ýmsum hætti eins og við þekkjum. Þetta er heldur ekki nýtt í þessum þingsal. Hér hefur því oft verið haldið fram að verið sé að brjóta á samningum og á þessum lögum og það hefur verið hvatt mjög til þess og verið kallað mjög eftir því að ráðherrann legði fram einhver mál sem tækju einmitt á þessu. Með því frumvarpi sem hér liggur fyrir og við erum að ræða er verið að reyna að freista þess. Með öðrum orðum er verið bregðast við áhyggjum manna sem hafa komið fram hér í þingsalnum og það er verið að bregðast við ábendingum sem við sjáum vegna þess að Verðlagsstofa skiptaverðs hefur komið auga á þar sem ekki er farið að gildandi lögum og samningum. Ég tók það hins vegar fram að ég teldi á grundvelli þeirra upplýsinga sem ég hefði að í langflestum tilvikum væru menn auðvitað að fara að gildandi lögum og samningum en undantekningartilvik kynnu að vera til staðar og þá reynum við að bregðast við þeim.

Hv. þm. Jón Gunnarsson velti því mjög mikið fyrir sér hvort ekki væru í gildandi lögum nægjanlegar heimildir til að gera það sem við erum að freista að gera með þessu frumvarpi, þ.e. að útbúa Verðlagsstofu skiptaverðs með þeim tækjum að geta annars vegar farið ofan í einstök mál, rannsakað þau, haft frumkvæðið að því að rannsaka þau og síðan brugðist við ef hún kæmi auga á að ekki væri farið að gildandi lögum og samningum. Það er alveg rétt að gildandi lög um Verðlagsstofu skiptaverðs hafa í meginatriðum reynst vel og það er ekki prívatskoðun mín, það er m.a. skoðun þeirra aðila vinnumarkaðarins í útgerðinni og sjávarútveginum sem vinna samkvæmt þessum lögum, þ.e. útvegsmenn og sjómenn. Þeir hafa talið að í meginatriðum reyndust lögin vel og það er t.d. álit formanns Sjómannasambandsins að það hafi dregið mjög mikið úr því að menn væru með einhverja misbeitingu gagnvart sjómönnum varðandi kvótakaupin og það er vissulega vel. Eins og ég undirstrikaði áðan þá eru hins vegar tiltekin tilvik þar sem menn hafa talið að farið væri á skjön við lögin og með þessu frumvarpi erum við að reyna að bregðast við því og reyna að skerpa möguleika Verðlagsstofunnar til að taka betur á málum.

Í fyrsta lagi er verið að reyna að setja Verðlagsstofu fyrir um það að hafa beinna frumkvæði að því að fylgjast með og fara í eftirlit. Það er rétt að Verðlagsstofa hefur auðvitað gert það með ýmsum hætti, m.a. farið í úrtaksathuganir en þarna er verið að reyna að skerpa á þeirri hugsun sem ég hygg að hafi legið á bak við þessa lagasetningu að Verðlagsstofa ætti að reyna að fylgjast með þessu. En það er ekki nóg að geta fylgst með. Það þarf auðvitað líka að setja inn ákvæði sem gera það að verkum að Verðlagsstofan fái tækifæri til að bregða fæti fyrir það ef menn eru að reyna að misnota eða fara á skjön við lögin sem eru í gildi og þá samninga sem eru í gildi. Það er m.a. gert með því að Verðlagsstofan fær þessa heimild til að stöðva aflatilfærslur eða aflakvótatilfærslur frá einni útgerð til annarrar og þá er auðvitað ljóst mál að viðkomandi útgerð verður að bregðast við því. Hún verður að leiðrétta það ef hún er með einhverjum hætti að framkvæma samninga og lög öðruvísi en hún ætti að gera. Það er það sem liggur til grundvallar.

Ég nefndi í ræðu minni fyrr í dag að gert er ráð fyrir því að menn framvísi fiskverðssamningum. Það gera menn í upphafi úthalds. Síðan er það ekki þannig að menn þurfi stöðugt að vera að endurnýja slíka fiskverðssamninga. Fiskverðssamningur t.d. sem er alveg fullgildur gagnvart Verðlagsstofu getur falið það eitt í sér að það liggi fyrir að afli sé seldur á fiskmarkaði. Fiskverðssamningur getur t.d. falið það í sér að það skuli gert upp a.m.k. í samræmi við verðlagningu Verðlagsstofu skiptaverðs. Það er auðvitað gildur fiskverðssamningur. Tilgangurinn með þessu er að reyna að sjá til þess að síðan verði farið með reglubundnum hætti í að skoða nákvæmlega hvort menn uppfylli þetta í praxís. Ef í ljós kemur að svo er ekki þá er gripið til tiltekinna úrræða.

Það er ekkert óeðlilegt við það að löggjafinn feli tiltekinni stofnun að hafa slíkt eftirlit en hv. þm. Jón Bjarnason gerði dálítið mikið úr því í seinni ræðu sinni. Við erum með alls konar eftirlitsstofnanir. Við erum með samkeppniseftirlit og við erum með skatteftirlit. Þessum eftirlitsstofnunum er búið heilmikið vald í hendur. Þær hafa vald til þess að fara inn í bókhald, þær hafa vald til að kalla eftir gögnum af alls konar toga. Það þekkja einstaklingar sem fá oft beiðnir um frekari gögn frá skattinum o.s.frv. Í þessu felst að löggjafinn afhendir þessum eftirlitsstofnunum þetta vald. Síðan getur auðvitað komið upp að um sé að ræða mál af þeirri gerð og því tagi að ástæða sé talin til þess af umræddum eftirlitsstofnunum að vísa málinu til lögregluyfirvalda, til saksóknara, til lögreglunnar ef um það er að ræða. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að það hafi gerst á þessum grundvelli. Við þekkjum að vísu dæmi um brot á fiskveiðilöggjöfinni en mig rekur ekki í fljótu bragði minni til að það hafi byggst á þessari löggjöf heldur á einhverju öðru.

Ég held að ég hafi farið yfir helstu spurningarnar um þetta. Ég vil þó segja það almennt að ég tel að þessi löggjöf hafi í heild sinni virkað eins og til var ætlast. Hún varð til, eins og menn muna, sem viðbrögð í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna og það hefur komið fram. Þeir hafa auðvitað aðild að þessu því í úrskurðarnefnd eru fulltrúar sjómanna og útvegsmanna. Við vitum að verðlagningin sem Verðlagsstofa skiptaverðs byggir sitt á byggir á verðþróun sem er á erlendum og innlendum fiskmörkuðum. Það er auðvitað ákveðin tímatöf í því en við sjáum það hins vegar á fiskverðsþróuninni á síðustu 12 mánuðum, ef við tækjum t.d. það tímabil, þá hefur orðið gífurleg hækkun líka á verði Verðlagsstofu skiptaverðs en það er hins vegar alveg rétt að það er auðvitað lægra en gerist og gengur á fiskmörkuðum. Það er hins vegar fullkomlega eðlilegt. Það er í samræmi við lög og reglur og það byggir á einhverjum samningum milli þeirra sem kaupa fisk og selja fisk og þarna er hins vegar verið að bregðast við þegar um það er að ræða, þær aðstæður sem oft eru, að eigandi skips og eigandi fiskverkunar er einn og sami aðili. Það er hins vegar miklu stærra mál. Ég er algerlega ósammála þeim sem hafa talað um að það eigi að banna mönnum að hafa þetta fyrirkomulag. Ég tel að það eigi ekkert að skilja þarna á milli veiða og vinnslu. Ég tel að það séu einmitt mjög mikil rök með því að hafa náin tengsl veiða og vinnslu og það sé ein forsendan fyrir því að við náum meiri árangri á erlendum mörkuðum en margar aðrar samkeppnisþjóðir okkar svo sem eins og Norðmenn sem hafa ekki búið við þetta fyrirkomulag

þar sem menn geta tryggt framboð af afurðunum með öruggum hætti inn á markaðinn. Það hefur auðvitað verið forsendan fyrir því að víða um land er núna hægt að halda uppi heilsársstarfsemi í fiskvinnsluhúsunum vegna þess að það eru þessi sterku tengsl á milli útgerðar og fiskvinnslu. En, virðulegi forseti, ég ætla ekki að fara út í þá umræðu í heild sinni.

Ég held að það sem hér um ræðir sé fyrst og fremst viðleitni til að styrkja ákveðna lagasetningu sem á sínum tíma var sett til að eyða tortryggni í verðlagningu á sjávarafurðum milli sjómanna og útvegsmanna. Í meginatriðum hefur það tekist vel. Hérna er verið að reyna að setja öflugri tæki til annars vegar að fylgja þessu eftir og hins vegar til að bregðast við og koma þannig í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum sem mér hefur heyrst að væri almennur skilningur á. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta frumvarp verður til þess að tryggja betur en áður var það sem er eðlilegur hlutur í verðmyndun okkar og eðlilegur hlutur í samskiptum útgerðarmanna og sjómanna.

[21:51]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði að það væri ekkert sem bannaði hina svokölluðu vistun aflaheimilda. Þá spyr ég hæstv. sjávarútvegsráðherra: Hvar getur maður lesið að það sé leyft? Og hvers vegna eru aflaheimildir sem eru með þessum hætti kallaðar vistun? Hvers vegna eiga þær ekki undir eftirfarandi málsgrein:

„Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum."

Hvers vegna á þetta ekki við? Þetta er skýr lagabókstafur og hefur verið í lögum fram að þessu. Á að hafa hann þar áfram? Hvers vegna á hann ekki við þegar menn eru að beita þessari svokölluðu vistun aflaheimilda? Á hvaða grundvelli er sú vistun og hefur verið? Mér finnst ástæða til að hæstv. sjávarútvegsráðherra fari nákvæmlega yfir það.

Svo langar mig að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra: Er það þannig að það sé munnkefli uppi í öllum sjálfstæðismönnum hvað varðar þetta ákveði í stjórnarsáttmálanum sem ríkisstjórn hans skrifaði undir og Framsóknarflokkurinn í upphafi kjörtímabilsins, um það að setja auðlindir sjávar í stjórnarskrána sem þjóðareign?

[21:53]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vistun aflaheimilda er í raun og veru bara framsal og í lögunum um stjórn fiskveiða er gert ráð fyrir því að menn hafi heimild til að framselja hluta af aflaheimildum sínum, þá er auðvitað augljóst mál að ef um það er að ræða og Verðlagsstofa skiptaverðs telur ástæðu til þess að kalla eftir þeim upplýsingum sem hún telur þörf á þá hefur hún heimildir til þess. Ég sé því ekki að það sé neitt leyndarmál á bak við það. Það er hins vegar viðurkennt að þetta er gert. Menn framselja frá sér aflaheimildir til tiltekinnar útgerðar sem síðan skilar þeim til baka. Þetta er þekkt og það hefur aldrei farið fram neinn feluleikur um þetta mál.

Í öðru lagi það sem hv. þingmaður hefur spurt mjög mikið um í kvöld varðandi stjórnarsáttmála og varðandi þjóðareignarákvæðið í stjórnarskránni, þá er það bara þannig að hæstv. iðnaðarráðherra og formaður Framsóknarflokksins svaraði þessari spurningu mjög afdráttarlaust í þingsalnum og ég er alveg sammála honum um það. Það er einfaldlega þannig að stjórnarskrárnefnd sem hefur haft þetta mál til meðhöndlunar hefur ekki lokið þessum þætti endurskoðunar sinnar, ekki frekar en ýmsum öðrum þáttum sem hún hefur haft til meðhöndlunar. Nefndin hefur lokið tilteknu starfi og skilaði því af sér í einhvers konar áliti sem liggur núna fyrir en það er ekki þar með sagt að hún telji sig hafa lokið störfum sínum. Ég hef a.m.k. ekki heyrt um það að stjórnarskrárnefndin hafi talið að hún hafi lokið störfum sínum.

[21:54]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta með vistun aflaheimildanna er alveg sérstakt mál. Þarna eru færð gríðarleg verðmæti á milli fyrirtækja og það líðst hvergi nokkurs staðar í viðskiptum á byggðu bóli á Íslandi og varla nokkurs staðar annars staðar að slík verðmæti séu ekki færð til bókar hjá fyrirtækjunum sem eignir. En í sjávarútveginum má gera þetta án þess að stafur sé fyrir því í lögum. Hæstv. sjávarútvegsráðherra þarf að gera betur en þetta. Ég held að hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti, úr því að hann telur að þetta fyrirkomulag eigi að vera svona, að finna því stað með einhvers konar lagasetningu og leyfa mönnum að fást við hana hér í Alþingi. Fiskistofa hlýtur að eiga að fylgja fram lögunum eins og þau eru og það þýðir að sama ákvæði á auðvitað að gilda um þetta framtal eins og annað.

[21:56]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað með þetta framsal eins og annað að það lýtur auðvitað nákvæmlega lögunum um framsalið eins og gert er ráð fyrir því í lögum um stjórn fiskveiða. Það er ekkert öðruvísi. Þetta er einfaldlega þannig að það er ein útgerð sem framselur hluta af aflaheimildum sínum til annarrar útgerðar og síðan er það sú útgerð sem tekur ákvörðun um það hvort hún vilji nýta þær aflaheimildir til að veiða eða hvort hún skili þeim aftur eða hvernig þessu er síðan ráðstafað. Þetta er auðvitað bara eðli þessa máls, þannig að það þarf ekkert að gera þetta neitt tortryggilegt.

[21:56]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst þetta varðandi að stjórnarskrárbinda sameign þjóðarinnar á fiskveiðiauðlindinni, þá var eins og hæstv. ráðherra væri að ýja að því að einhverjir aðrir flokkar hefðu staðið gegn þessu í stjórnarskrárnefndinni. (Gripið fram í.) Að minnsta kosti voru Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn búnir að skuldbinda sig til að þetta yrði gert að tillögu í stjórnarskrárnefnd. Nú hefur stjórnar-

skrárnefnd talið best að skila áliti og þar er ekki stafur um þetta. Hvaða flokkur var þá á móti þessu? Var Samfylkingin á móti því að það ætti að stjórnarskrárbinda þetta? Nei, það held ég ekki, þeir eru með þetta í stefnuskrá sinni. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er með þetta á stefnuskrá sinni. Frjálslyndi flokkurinn er með þetta á stefnuskrá sinni. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn sem meira að segja nýtti þetta inn í stjórnarsáttmálann, en samt er ekki hægt að koma þessu út í sameiginlegu áliti þessara flokka um brýnustu aðgerðir í breytingum á stjórnarskránni. Ég bara skil þetta ekki. Ekkert nema það að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eru ráðnir í að svíkja þetta. Það trúir þessu enginn upp á þá, er það? Nei.

En varðandi hitt með lögreglumálin þá hefur verið ýjað að því að þarna sé verið að fremja lögbrot. Það hefur verið framið lögbrot því það er lögbrot að hýrudraga sjómenn, að skikka þá til að taka þátt í kvótakaupum eða kvótaleigu og taka það af kaupinu sínu. Það er lögbrot að mínu viti. Það er brot á þeim lögum sem hér eru sett og því spyr ég hæstv. ráðherra: Hve oft hefur þetta orðið að lögreglumáli eða þekkir hæstv. ráðherra dæmi þess að það hafi verið kallað eftir þessu í sjávarútvegsnefnd, hve oft þetta hefur orðið að lögreglumáli? Mér finnst að við þurfum að vita það þegar við erum að gera svona lagabreytingar, hvað erum við að takast á við?

[21:58]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski vegna þess að hv. þingmaður var svo lengi kennari og skólastjóri að hann hefur kannski frekar tamið sér að prédika en hlusta. Ég var að reyna að svara þessari spurningu hv. þingmanns rétt áðan. Hann spurði mig að því hversu oft þetta hefði orðið að lögreglumáli. Ég sagði honum að mig ræki ekki minni til þess að slík mál hefðu orðið að lögreglumáli en það gæti vel verið að svo hefði verið. Ég fór í nokkuð ítarlegu máli yfir það í svari mínu áðan að það væri þannig að löggjafinn, Alþingi Íslendinga, ákvað að eftirlit með þessu tiltekna máli sem við erum að fjalla um væri falið Verðlagsstofu skiptaverðs. Verðlagsstofa skiptaverðs hefur síðan farið yfir einstök mál. Verðlagsstofa skiptaverðs hefur m.a. komist að því að það eru nokkur brögð að því að menn hafi ekki farið eftir lögum og reglum sem við höfum sett á Alþingi og sem samið hefur verið um í samningum sjómanna og útvegsmanna. Þá hefur verið brugðist við. Það er síðan niðurstaða okkar sem höfum verið að skoða þetta og þar á ég líka við fulltrúa sjómannasamtakanna og útvegsmenn að það væri betra til að ná þeim markmiðum sem við værum að setja okkur í þessum lögum að skerpa á tilteknum ákvæðum sem verið er að gera í því lagafrumvarpi sem nú er til umræðu, til að tryggja að Verðlagsstofa skiptaverðs hafi þau tæki og það afl sem hún þarf til þess að bregðast við þegar upp koma mál af því taginu þar sem menn fara ekki eftir samningum og ekki eftir lögum. Það er það sem verið er að gera hér. Það er verið að afhenda þessari stofnun tiltekið eftirlitsvald, alveg eins og við gerum varðandi ýmsar aðrar eftirlitsstofnanir í landinu og ég hef ekki heyrt hv. þingmann kvarta undan því að þær eftirlitsstofnanir hefðu allt of mikið vald til að bregðast við ef væri verið að ræða um mál sem sneri að því verkefni sem þeim væri falið. Þetta mál finnst mér vera tiltölulega einfalt og einfalt að svara því en ég er alveg tilbúinn til þess. Ég hef eina mínútu til þess á eftir að endurtaka svar mitt ef hv. þingmaður krefst þess að ég geri það með því að tvíspyrja um spurningar sem ég er þegar búinn að svara.

[22:01]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi stöðu þessa máls, þ.e. hvað mörg brot hafa verið staðfest þá fáum við væntanlega upplýsingar um það í sjávarútvegsnefnd. Það sem fyrir mér vakir er að átta mig á því hvert raunverulegt umfang og staða málsins er því alveg eins og hæstv. ráðherra hefur vakið máls á og stendur í þessu frumvarpi þá er það meira eða minna altalað að þetta lögbrot viðgangist. Ég get alveg stutt hæstv. ráðherra í því að það eigi að reyna að fyrirbyggja lögbrot með öllum mögulegum tiltækum ráðum. Það er alveg hárrétt og ef þetta er liður í því er það hið besta mál. En það er fróðlegt að vita hver staða málsins er almennt gagnvart lögum og lögbrotum. En ég fer samt ekki ofan því að þetta er bara ein bótin enn á ómögulegt og gatslitið kvótakerfi.

[22:02]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður sagði áðan að það væri altalað að það væri lögbrot sem væri verið að fremja í þessu sambandi þannig að það þarf kannski ekki mjög miklu að bæta við það. Ég var hins vegar að segja það í ræðu minni áðan að ég teldi að almennt talað hefðu þessi lög reynst vel og þau hefðu virkað í þá átt sem þeim var ætlað að virka. Við höfum hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að þarna þyrfti að skerpa á og það væri það sem um væri að ræða.

Hvert er umfangið? Ég hef sagt það áður og ég hef m.a. verið að vísa í formann Sjómannasambands Íslands sem hefur sagt að umfang þessa vandamáls hafi minnkað mjög mikið. Það er hins vegar til staðar og við viljum reyna að uppræta það, m.a. með þeim lögum sem við erum að reyna að freista að koma hér á með þessu frumvarpi og ég skildi seinni ræðu hv. þingmanns þannig að hann tæki því afskaplega vel að vinna að því að það væri gert og ég fagna því sjónarmiði sem kom fram hjá honum núna á ellefta tíma kvöldsins.

[22:03]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er farið að skiljast að hæstv. ráðherra vill helst ekki svara með beinum hætti beinum spurningum um það hvort núverandi lög séu nægjanlega skýr til að ná þeim markmiðum sem sagt er að lagafrumvarpið sem hér er lagt fram, eigi að ná. Mig langar því að freista þess, herra forseti, að bera fram beinar spurningar eða dæmi og óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þeim þá beint. Þetta eru einfaldar spurningar.

Telur hæstv. ráðherra að ef sjómaður kvarti yfir því að á honum sé brotið, þá megi Verðlagsstofa hefja rannsókn og

beita öllum þeim úrræðum sem lögin kveða á um, þar sem allir aðilar verða að svara henni ef þeir eru krafðir um það og bankaleynd gildi meira að segja ekki?

Telur hæstv. ráðherra að ef samkeppnisaðili, einkum sem stundar svona bisness á sínum bát, kvartar við Verðlagsstofu þá megi Verðlagsstofa hefja sjálfstæða rannsókn á því hvort rétt sé farið með eða ekki?

Í þriðja lagi: Telur hæstv. ráðherra ekki að heimildir séu fyrir hendi til þess að Verðlagsstofa, ef upp kemur grunur einhverra hluta vegna um að verið sé að brjóta ákvæði laganna, hafi í núverandi lögum allar þær heimildir sem þarf til þess að hefja rannsókn og krefja alla þá aðila sem eiga að svara spurningum Verðlagsstofu, um skýr svör og Verðlagsstofa geti þá miðað við núverandi lög komist að niðurstöðu? Í hnotskurn er spurningin um það hvort Verðlagsstofa skiptaverðs hafi ekki þær heimildir sem er verið að leita eftir að færa henni en hafi einfaldlega ekki nýtt þær.

[22:05]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er örugglega rétt sem hv. þingmaður sagði að Verðlagsstofa skiptaverðs hefur býsna rúmar heimildir til að hefja afskipti af málum. Það vitum við. Þess vegna vitum við að starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs hefur haft jákvæð áhrif, m.a. vegna þess að hún hefur haft þessi tiltæku úrræði.

Hv. þingmaður spurði mig að því hvort núgildandi lög væru nægilega skýr hvað þetta áhrærir. Mitt svar er nei. Lögin eru ekki nægilega skýr og þess vegna erum við að flytja þetta frumvarp. Ég legg þetta frumvarp fram vegna þess að það er mat mitt að það þurfi að skerpa á þessu, gera lögin skýrari þannig að þau nái markmiðum sínum. Ef sjómaður kvartar eða önnur ábending kemur um að ekki sé farið að þessum lögum þá hefur Verðlagsstofa skiptaverðs auðvitað sjálfstætt vald til þess að bregðast við því ef hún telur ástæðu til þess. Það verður hins vegar auðvitað að vera mat hennar og byggt á þeim gögnum sem fyrir hana eru lagðar hversu langt hún vill ganga og auðvitað verður að gæta þarna ákveðins meðalhófs og það er m.a. vikið að því í frumvarpinu. Vitaskuld er það ekki þannig að hún eigi að ganga um, vaðandi inn um fyrirtæki og gera allar hundakúnstir algerlega að tilefnislausu. Hún verður að hafa eitthvert tilefni til þess að bregðast við. Ég geri ekki ráð fyrir að slík tilvik komi upp en ef um það er að ræða að sjómaður kvartar og telur að það sé verið að brjóta á sér, þá hlýtur það að vera skoðað af Verðlagsstofu með þeim hætti að þarna sé um að ræða rökstudda ábendingu sem hún hlýtur að bregðast við. Þarna gefst Verðlagsstofu tækifæri til þess að gera það, fá þær upplýsingar sem á þarf að halda, bregðast þá við með þeim tækjum sem þarna er verið að reyna að leggja þeim í hendur með frumvarpinu.

[22:07]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í seinna andsvari upp á eina mínútu gefst ekki tími til þess að ganga hart eftir svörum og því ætla ég að láta hér staðar numið og halda frekar áfram í vinnunni í sjávarútvegsnefnd þar sem við hljótum að kalla til aðila til að fara yfir það hvort núverandi heimildir séu ekki nægjanlega rúmar fyrir Verðlagsstofu skiptaverðs. Ef við komumst að því þar eins og ráðherra virðist hafa komist að, að heimildirnar séu ekki nægilega rúmar, þá munum við að sjálfsögðu leita leiða til þess að lagfæra það þannig að þessi mikilvæga stofnun geti sinnt hlutverki sínu.

Varðandi umræðuna áðan um vistun aflaheimilda þá hefur maður oft velt því fyrir sér og jafnað því kannski til þess að verslun geti flutt lager yfir áramót yfir á aðra verslun og það breyti ekki neinu í bókhaldi hvorugrar verslunarinnar þó að verslunin sem vistaði vöruna í einhvern ákveðinn tíma geti selt hana og síðan pantað inn síðar og skilað. Auðvitað hlýtur þetta að vera svolítið undarleg bókhaldsæfing að flytja verðmæti svona á milli fyrirtækja.

[22:08]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara þakka hv. þingmanni fyrir afskaplega jákvæðar undirtektir í lok umræðunnar við þetta frumvarp. Mér finnst að þessi umræða hafi leitt til þess að markmiðið með þeirri hugsun sem liggur að baki frumvarpsins hafi vonandi skýrst aðeins betur. Við erum ósköp einfaldlega að reyna að freista þess að ná því markmiði okkar að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum. Og af því að við teljum að núgildandi lög séu ekki nægilega skýr og ekki nægilega beitt í því skyni þá höfum við sett fram þetta frumvarp og hér er ég að tala fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og ég tel þess vegna að það sé mjög af því góða að við reynum að ná samkomulagi um þetta mál vegna þess að ég hef skilið umræðuna, ekki bara í dag heldur undanfarnar vikur og mánuði á þessum vetri þar sem þessi mál hafa nokkrum sinnum komið upp, m.a. í utandagskrárumræðum þar sem ég lýsti því yfir að ég vildi setja fram reglur af þessum toga. Ég fann ekki annað en menn fögnuðu því almennt og ég lít þannig á að þó að þessi umræða hafi tekið þetta langan tíma, þá hafi hún þó a.m.k. leitt til þess sem mér heyrist vera almennur hljómgrunnur og stuðningur við það meginsjónarmið.

[22:09]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég ætla ekki úr hófi að lengja þessa umræðu. Hér spunnust hins vegar áðan umræður um afstöðu einstakra flokka og hreyfinga sem áttu fulltrúa í stjórnarskrárnefnd forsætisráðherra. Hv. þm. Jón Bjarnason spurði hæstv. sjávarútvegsráðherra út í það hverjir það væru sem hefðu stöðvað framgang þess að í stjórnarskrána yrði tekið upp ákvæði um þjóðareign úr sameiginlegum auðlindum. Hæstv. sjávarútvegsráðherra svaraði því til að hann vissi ekki betur en stjórnarskrárnefnd sæti enn að störfum. Þetta svar er í svipuðum anda og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra gaf hér fyrir nokkrum vikum þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði hins sama, þ.e. hvað ylli því að ekki væri tekið upp í stjórnarskrá þetta tiltekna ákvæði.

Ástæðan fyrir því að hv. þingmenn Jón Bjarnason og Jóhann Ársælsson með nokkurra vikna millibili inna handhafa framkvæmdarvaldsins eftir þessu er ákaflega eðlileg. Það liggur fyrir að í sáttmála ríkisstjórnarinnar er ákvæði

um að báðir flokkarnir sem mynda ríkisstjórn skuli vinna að því að inn í stjórnarskrána verði tekið upp ákvæði um þjóðareign á sameiginlegum auðlindum í sjó. Þess vegna var ríkt eftir því gengið, herra forseti, í stjórnarskrárnefndinni að þetta ákvæði yrði sammæli þeirra sem þar störfuðu. Það þótti eðlilegt af hálfu okkar sem þar sátum vegna þess að þar liggur fyrir að með einum eða öðrum hætti hafa allir stjórnmálaflokkarnir lýst yfir vilja til þess. Það hefur komið oft og tíðum fram hjá málsvörum Frjálslynda flokksins, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar að þessir flokkar stjórnarandstöðunnar eru mjög fylgjandi því að þetta mál verði tekið upp. Raunar er það svo að af hálfu Samfylkingarinnar hefur þetta verið eitt helsta baráttumálið að því er varðar endurbætur á stjórnarskránni.

Það er síðan óhjákvæmilegt annað en draga þá ályktun að fyrir þessu sé líka ríkur vilji innan beggja stjórnarflokkanna. Ástæðan er sú eins og hæstv. forseti veit að á sínum tíma risu úfar innan Framsóknarflokksins um afstöðu til kvótakerfisins. Það mál var til lykta leitt innan Framsóknarflokksins með sérstakri nefnd. Formaður þeirrar nefndar og starfshóps var núverandi formaður Framsóknarflokksins Jón Sigurðsson. Sáttin sem gerð var innan Framsóknarflokksins var það að menn mundu sameinast um það innan þess flokks að ná því fram að í stjórnarskrá yrði sett skýlaust ákvæði um sameign á auðlindum í hafi. Þessu náði Framsóknarflokkurinn fram eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra veit þegar mynduð var ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Flokkarnir tveir sem mynda ríkisstjórn eru því þeirrar skoðunar líka. Það er því fullkomlega eðlilegt að spurt sé af hálfu þingmanna: Hvað olli því að ekki náðist samstaða um þetta?

Það kemur fram að hæstv. sjávarútvegsráðherra gengur sennilega í einhvers konar misskilning um störf nefndarinnar. Ég vissi ekki betur en stjórnarskrárnefndin hefði lokið störfum að sinni því sú nefnd sem starfar nú mun ekki koma saman nema einhverjar nýjar aðstæður rísi, til að gera frekari tillögur. Hún hefur gert eina tillögu eins og fram hefur komið í fjölmiðlum og það varð niðurstaða hennar að að þessu sinni væri ekki hægt að ná fram neinu öðru, til að mynda ekki sameignarákvæðinu sem hér um ræðir og hið eina sem nefndin gerði hér eftir væri að skila skýrslu til ríkisstjórnarinnar um þá áfanga sem hingað til hafa náðst. Það vill svo til að ef um einhvern misskilning er að ræða af minni hálfu þá er skammt að leita til hinnar einu uppsprettu, hins eilífa sannleika í þessu máli sem situr fyrir aftan þann sem hér talar, þ.e. hæstv. forseta sem er einmitt formaður stjórnarskrárnefndarinnar.

Frá því er hins vegar að greina að þetta mál var rætt í þaula innan stjórnarskrárnefndarinnar. Sú umræða byggði á fyrra samkomulagi sem náðist millum allra flokka sem þá áttu sæti á Alþingi í svokallaðri auðlindanefnd og leiddi til niðurstöðu þar sem hver einasti fulltrúi í nefndinni var sammála því að leggja til að í stjórnarskrána yrði tekið upp ákvæði af þessu tagi, utan einn sem var annar fulltrúi Framsóknarflokksins, Ragnar Árnason prófessor, og gerir nú kannski víðreist.

Það var líka niðurstaða auðlindanefndarinnar á sínum tíma að leggja til útfærslu á því hvernig slíkt ákvæði ætti að vera og að því komu m.a. menn eins og Jóhannes Nordal sem var formaður þeirrar nefndar og Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, sem lýsti á sínum tíma fyrir hönd þess flokks sem hann sat þar fyrir, yfir mikilli ánægju með þetta. Á því stigi málsins voru þess vegna allir fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna sem þá sátu á þingi sammála þessu. Þetta var grundvöllur umræðunnar í stjórnarskrárnefndinni. Á ákveðnu stigi umræðunnar var skipað í undirhóp af stjórnarskrárnefndinni þar sem nokkrir fulltrúar áttu sæti. Ég átti þar m.a. sæti og sá undirhópur fjallaði um sameignarákvæði og umhverfisverndarákvæði. Frá því er skemmst að greina, herra forseti, að innan þessa hóps varð algert sammæli um niðurstöðu. Þetta verður hægt að lesa í áfangaskýrslu sem ríkisstjórninni, eða sem hæstv. forsætisráðherra hefur þegar borist og verður væntanlega dreift í þinginu áður en þingi sleppir. Þar er m.a. að finna samkvæmt ákvörðun stjórnarskrárnefndarinnar, fundargerðir starfshópanna og líka þær tillögur sem þeir sammæltust um að yrðu sem vinnuplagg umræðugrundvöllur í nefndinni. Frá því er skemmst að greina að það varð enginn ágreiningur í þessum starfshópi. Þar urðu menn sammála um að leggja til útfærslu, í fyrsta lagi sammála um að það ætti að taka svona ákvæði upp í stjórnarskrána. Í öðru lagi sammála um að leggja til útfærslu sem var mjög svipuð því sniði sem kom frá auðlindanefndinni.

Það sem er auðvitað allra merkilegast í þessu máli og hlýtur að vera þeim manni sem velti þessu upp áðan, hv. þm. Jóni Bjarnasyni, nokkurt fróðleiks- og umhugsunarefni er að þessi starfshópur starfaði undir stjórn eins þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Þannig að á því stigi sem starfshópurinn skilaði af sér til stjórnarskrárnefndarinnar þá hefði verið mjög erfitt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að allar leiðir væru opnar fyrir stjórnarskrárnefndina til þess að ná sammæli um þetta sem hefur verið sérstakt baráttuefni Framsóknarflokksins og flestra annarra flokka en það tókst ekki. Það náðist ekki samstaða um það og er alveg óhætt að segja frá því að það var rökstutt með þeim hætti að aflmiklar hreyfingar sem áttu fulltrúa í stjórnarskrárnefndinni töldu að það væri ekki rétt nálgun að vinnunni að taka þetta eitt út úr, ásamt þeirri breytingu sem lögð var til og fram hefur komið í fjölmiðlum að á að vera á 79. gr., heldur þyrfti það að bíða með öðru heildarendurskoðunar á stjórnarskránni. Ef ég þýði þetta bara yfir á mál mæltrar alþýðu þá þýðir þetta að það eru auðvitað stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa í nefndinni sem vilja nota þetta sem vogarafl gegn öðru sem á að breyta einhvern tíma síðar í stjórnarskránni, hugsanlega gagnvart málskotsrétti forseta, ég veit það ekki og geri mér engar getgátur um það.

En þetta vil ég bara að komi hér fram út af því að hæstv. sjávarútvegsráðherra virtist telja að starfi stjórnarskrárnefndarinnar væri ekki lokið og það var a.m.k. erfitt fyrir mann með takmarkaða meðalgreind alþingismanns eins og mína, að skilja annað en hæstv. sjávarútvegsráðherra teldi að enn væri möguleiki að nefndin ynni þetta áður en kjörtímabilinu lyki. Svo er ekki, ekki miðað við núverandi stöðu í nefndinni. Það þyrfti þá að koma til einhvers konar íhlutun og sammæli fleiri en okkar sem í nefndinni sátum. Þetta vil ég segja, herra forseti, vegna þess að þetta er það sem kemur fram í áfangaskýrslunni sem þegar hefur verið afhent forsætisráðherra og það er ekki svo að það séu fyrir-

hugaðar einhverjar frekari breytingar eða frekari tillögur af hálfu nefndarinnar. Ég hef a.m.k. ekki sem annar fulltrúi Samfylkingarinnar skilið það svo.

[22:19]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það mjög athyglisvert sem hefur komið fram hjá formanni þingflokks Samfylkingarinnar, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, sem einnig á sæti í stjórnarskrárnefnd sem nú er búin að skila af sér. Eftir því sem ég skil orð hv. þingmanns er verkefni hennar í sjálfu sér lokið. Ég spyr: Var það forsætisráðherra sem skipaði stjórnarskrárnefnd og starfaði hún á ábyrgð hans? Til einhvers hlýtur álitinu að hafa verið skilað. Álitinu er skilað til forsætisráðherra og fram kom hjá hv. þingmanni að undirnefnd, sem fékk þessi mál sérstaklega til meðferðar, var sammála um að þetta ætti að fara inn í stjórnarskrána.

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn mynduðu fyrir tæpum fjórum árum þá ríkisstjórn sem nú er að kveðja. Það var hluti af því loforði sem þeir gáfu bæði sínum eigin þingflokkum og þjóðinni allri að þeir ætluðu að beita sér fyrir því í stjórnarsáttmálanum að eign þjóðarinnar á auðlindum hafsins yrði bundin í stjórnarskrá. Það er líka eitt af grundvallaratriðum hjá öðrum flokkum, Samfylkingunni, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Frjálslynda flokknum.

Mér er hreinlega spurn: Hvernig getur svona lagað gerst? Allir flokkar hafa bundist böndum um að þessu skyldi koma á, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa meira að segja sett þetta í stórmerkilegan stjórnarsáttmála sinn en samt nær þetta ekki fram að ganga.

[22:22]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason spyr: Hvernig getur þetta gerst? Ég lýsti því áðan. Menn nálguðust þessa vinnu á mismunandi hátt. Ég var þeirrar skoðunar og fleiri í nefndinni að reyna ætti — og það hefur komið fram í fjölmiðlum af minni hálfu — að ná samstöðu um það sem sammæli væri um. Í áfangaskýrslunni, sem verður væntanlega birt almenningi og Alþingi áður en þing er úti, mun koma fram að í stjórnarskrárnefnd ræddu menn þetta. Þar hnigu öll rök að þeirri niðurstöðu að allir flokkar væru í reynd sammála um þetta. Ég hnykki sérstaklega á því atriði að sérstakur starfshópur var skipaður sem undirnefnd stjórnarskrárnefndar til þess að fjalla um þetta. Þar er hægt að lesa í fundargerðum hvernig menn fikruðu sig áfram að niðurstöðu. Það mun liggja fyrir í prentuðum texta þegar þar að kemur.

Það er alveg ljóst að enginn ágreiningur var í starfshópnum. Þar voru menn úr ýmsum stjórnmálaflokkum að verki en hann starfaði undir forustu þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Það var því ekkert sem gaf til kynna að Sjálfstæðisflokkurinn eða aðrir flokkar væru á móti þessu. Þvert á móti skiladi starfshópurinn sameiginlegri skoðun. Það ber að undirstrika að sú skoðun og það álit og tillagan sem þar gekk fram, á hana ber einungis að líta sem vinnuplagg fyrir nefndina. Hvergi kom fram að nokkur stjórnmálaflokkur væri á móti þessu. Það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því. Í nefndinni voru það einhver önnur rök, eins og ég lýsti hérna áðan, sem gerðu það að verkum að ekki tókst að ná þessu úr nefndinni. En samt liggur fyrir að enginn hefur beinlínis lagst gegn þessu af grundvallarástæðum. Hv. þingmaður getur velt því fyrir sér hvernig á því standi.

[22:24]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir mér er þetta grafalvarlegt mál. Flokkur getur haft þá afstöðu að ekki eigi að binda þetta í stjórnarskrá og þá segir hann það. Þá semur hann ekki um það í stjórnarsáttmála að gera það. Þá hefur hann einungis þessa afstöðu til hlutanna og þá kemur það bara skýrt fram. Þó við séum ekki sammála því þá er það samt heiðarlegt.

Hv. þingmaður minntist á vinnuplögg í stjórnarskrárnefnd. Ég velti því fyrir mér hvort stjórnarsáttmálinn hafi ekki farið sem vinnuplagg til stjórnarskrárnefndar, stjórnarsáttmáli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks þar sem þetta stendur skýrum stöfum. Það hefði átt að auðvelda stjórnarskrárnefnd að komast að niðurstöðu. Ekki hefði þurft að ræða hvort einn sjálfstæðismaður væri formaður nefndarinnar frekar en annar. Fyrir lægi yfirlýst, samþykkt og undirrituð stefna viðkomandi flokks. Við getum svo velt því fyrir okkur að einn þingmaður Framsóknarflokksins hafði það sem ástæðu fyrir því að ganga úr flokknum að Framsóknarflokkurinn og ríkisstjórnin hefðu ekki staðið við stjórnarsáttmálann hvað þetta varðaði. Það var mat hans.

Mér finnst það mjög alvarlegt sem hér var verið að upplýsa að þetta grundvallaratriði — þetta er grundvallaratriði fyrir það mál sem við ræðum hér, um stjórn fiskveiða, — skuli ekki hafa gengið fram með þeim hætti sem allir flokkar voru búnir að skuldbinda sig til. Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn skuldbundu sig til þess í undirrituðum stjórnarsáttmála. Mér finnst þetta alvarlegt mál. Menn geta velt því fyrir sér hvaða orð á að nota um það þegar ekki er staðið við, að því er virðist af ráðnum hug, undirskrifað plagg eins og maður gæti haldið að stjórnarsáttmáli tveggja flokka ætti að vera.

[22:26]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar gengið var til þeirrar vinnu að endurskoða stjórnarskrána hefði fyrir fram mátt ætla að mjög auðvelt yrði að ná samstöðu um að breyta stjórnarskránni á þann hátt að upp í hana yrði tekið ákvæði um þjóðareign á sameiginlegum auðlindum í hafi. Ástæðan er sú, eins og ég hef rakið hér, að á þann veg var yfirlýsing stjórnarinnar, þetta var hluti af samstarfssamningi stjórnarflokkanna tveggja. Maður skyldi ætla að þegar stjórnarandstaðan tekur þátt í starfi nefndar af þessu tagi og lýsir því yfir að hún vilji taka höndum saman við ríkisstjórnina um að ná þessu inn í stjórnarskrá mundu ríkisstjórnarfulltrúarnir ljósta upp höndum af fögnuði, þakka fyrir og efna til þess samstarfs. En eins og hv. þingmaður veit þá var þetta ekki eitt af því sem kom úr stjórnarskrárnefnd. Það var ekki stjórnarandstöðunni að kenna. Hún lagði ríka áherslu á að þetta yrði samþykkt. Ástæðan fyrir því að það var ekki gert er einfaldlega sú að þeir sem höfðu meiri hluta í nefndinni voru ekki þeirrar skoðunar að það ætti að gera það á þessum tíma.

Hverjir höfðu meiri hluta í nefndinni? Það voru Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur. Menn vita að þetta er hluti af því sem þeir lýstu yfir að þeir vildu ná fram. Þeir höfðu tækifæri til að ná því fram en þeir gerðu það ekki. Allt bendir til þess að þessir tveir flokkar ætli að svíkja það sem var eitt af stærstu loforðum þeirra. Það sem er merkilegast er sú staðreynd að það var Framsóknarflokkurinn sem náði þessu fram. Þetta var sáttargjörð Framsóknarflokksins í deilum innan hans. Við buðumst til að hjálpa Framsóknarflokknum til að ná þessu fram. Því boði var í verki hafnað. Þetta hljóta menn að taka upp og spyrja í kosningabaráttunni: Af hverju hafnaði Framsóknarflokkurinn því? Hver var það sem knúði hann til þess?

[22:28]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi í upphafi geta þess að mér er ekki alveg ljóst af hverju hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur þessa umræðu um stjórnarskrárþátt málsins núna þegar ekkert í því máli snertir efnisatriði frumvarpsins sem er til umræðu. En það er önnur saga, það er hans val að gera það.

Án þess að fara út í að endurtaka umræður sem við hv. þingmaður höfum átt í góðri vinsemd á vettvangi stjórnarskrárnefndar vildi ég gera ljóst að það var markmiðið frá upphafi að ræða heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Það var gert. Forsætisráðherra lagði, eins og menn muna, upp með að taka ætti til endurskoðunar I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar. Að kröfu leiðtoga stjórnarandstöðunnar var vinnulagi breytt á þann veg að farið var út í heildarendurskoðun og miðaði starf nefndarinnar allan tímann að því marki. Það var hins vegar ljóst, og hefur verið ljóst í nokkra mánuði, að því verki mundi ekki ljúka á tilsettum tíma miðað við umboðið sem nefndinni var gefið. Það á jafnt við um það efnisatriði sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni eins og önnur. Ljóst var að ekki tækist að ná landi á tilsettum tíma hvað varðar fjölmörg önnur efnisatriði, mismikilvæg atriði en allt atriði sem einstakir flokkar eða jafnvel margir flokkar lögðu áherslu á. Það er alveg óþarfi að fara út í miklar samsæriskenningar og vangaveltur af því tilefni. Staðan er þessi og það er hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni ljóst.

[22:31]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ólíkt hv. þingmanni að vaða í villu og svíma í máli sínu sem er yfirleitt skýrt og rökrétt. Það gerði hann þó áðan. Hv. þingmaður gerði því skóna að ég hefði tekið þetta mál upp. Ég hef setið eins og saklaust lamb undir þessari umræðu og ekki tekið þátt í henni. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta snertir ekki efnisatriði þess máls sem hæstv. sjávarútvegsráðherra flutti en hins vegar sýnir það nú vanþekkingu mína á málinu að ég gerði mér ekki grein fyrir að þetta virðist snerta kjarna þess.

Því kom ég hér upp, herra forseti, að menn voru byrjaðir að ræða þetta mál, þ.e. sameignarákvæðið. Hv. þm. Jón Bjarnason varpaði fram spurningum til hæstv. sjávarútvegsráðherra sem svaraði. Það kom fram í máli hæstv. sjávarútvegsráðherra að hann taldi að nefndin hefði ekki lokið störfum og ég skildi það svo á máli hans að hann gerði því jafnvel skóna eða vildi a.m.k. flýja í það skjól að það væri hugsanlegt að hún ætti enn eftir að fara í þetta mál. Þess vegna kom ég upp.

Fáu af því sem hv. þingmaður sagði get ég andmælt, flest af því er rétt, ekki kannski allt samkvæmt mínum skilningi, en það er alveg hárrétt hjá honum að menn vildu fara í heildarendurskoðun, þ.e. þeir sem tóku sæti í nefndinni í upphafi. Mjög snemma lá ljóst fyrir að það voru einstök atriði sem hægt var að ná sammæli um, til að mynda þetta ákveðna atriði. Ég var þeirrar skoðunar, og fulltrúar Samfylkingarinnar frá því mjög snemma að við ættum að reyna að bindast samtökum um að ljúka þessu máli, það var ekkert því til fyrirstöðu. Hver einasti maður í nefndinni, hugsanlega með einni undantekningu, lýsti stuðningi við þetta með einhverjum hætti. Allir flokkarnir hafa gert það með sínum hætti áður, en eins og hv. þingmaður sagði, þeir sem réðu kusu þá aðferð að segja: Við viljum ljúka endurskoðun á allri stjórnarskránni í einu en ekki þessu tiltekna atriði. Ég var ósammála því (Forseti hringir.) og ég geri engar athugasemdir við að þeir hafa aðrar skoðanir. Ég gæti svo sem upplýst, ef mér auðnaðist lengra mál, herra forseti, af hverju það var en mér er varnað málsins.

[22:33]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég hef haft hv. þm. Össur Skarphéðinsson fyrir rangri sök með því að eigna honum upphaf þessarar umræðu þá biðst ég afsökunar á því. Það voru hins vegar atriði í máli hans sem mér fannst gefa tilefni til að skýra stöðu mála í stjórnarskrárnefnd örlítið betur út frá upplifun minni af nefndinni en ég er auðvitað eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson bara meðalgreindur þingmaður þannig að ég hef ekki endilega höndlað sannleikann í því. Til dæmis var upplifun mín talsvert öðruvísi varðandi vinnu þeirra starfshópa sem hann vísaði til í ræðu sinni. Það hefur verið skýrt í mínum huga frá upphafi að þeir vinnuhópar sem voru settir á vissu stigi í starfi stjórnarskrárnefndar voru ekki til þess ætlaðir að klára einhver mál eða komast að endanlegri niðurstöðu. Þannig var að þeir voru auðvitað notaðir til að þoka málum áfram og klára efnislegar umræður um einstök atriði, reifa sjónarmið og reyna að átta sig á hvaða fletir væru fyrir hendi í starfinu til þess að ekki væri níu manna nefnd bundin við þá umræðu eins mikið og útlit var fyrir. Það sem kom hins vegar út úr einstökum starfshópum voru ekki formlegar tillögur eða endanleg niðurstaða í einu eða neinu þó að vissulega hafi starf þessara starfshópa hugsanlega hjálpað okkur í áttina að einhverri niðurstöðu.

Það er hins vegar niðurstaðan að þrátt fyrir að góð sátt væri um alls konar hugmyndir sem uppi voru í nefndinni þá töldu menn sig eiga eftir að ná niðurstöðu, m.a. með því að ná sameiginlegum skilningi á einstökum tillögum sem á borðinu voru og það var bara útlit fyrir að það tæki lengri tíma en til stefnu var.

[22:35]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. Birgi Ármannsson um það hvað fór fram í nefndinni. Rituð orð tala fyrir sig sjálf. Von bráðar kemur það fram með mjög

skýrum hætti hvers eðlis umræðurnar í þeim starfshópi sem ég er að vitna hér til voru. Ástæðan er sú að haldnar voru ítarlegar fundargerðir og þær voru sendar út með sérstökum tölvupóstum frá starfsmönnum undirhópsins þar sem óskað var eftir athugasemdum þannig að þetta eru leiðréttar fundargerðir. Sérhver fundarmanna, þar á meðal fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur haft tækifæri til að leiðrétta þær.

Sá var munurinn á þessari nefnd og þeim tveimur öðrum sem störfuðu eða undirhópum undir stjórnarskránni að hún skilaði tillögu og það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þar var ekki um að ræða eitthvað sem varð að formlegri tillögu stjórnarskrárnefndar en það var formleg tillaga undirhópsins til stjórnarskrárnefndarinnar (Gripið fram í.) og þar birtist útfærslan á slíku sameignarákvæði sem allir stóðu að og þegar lokagerð þeirrar tillögu til stjórnarskrárnefndarinnar var send út af hálfu starfsmanns nefndarinnar var óskað sérstaklega eftir athugasemdum við hana og hvort ekki væru allir sammála því. Þegar nefndinni barst þetta í hendur var þar því um að ræða formlega tillögu frá þessum undirhópi. Undirhópurinn starfaði undir forustu hv. þm. Bjarna Benediktssonar, alþingismanns Sjálfstæðisflokksins, þannig að þetta liggur alveg ljóst fyrir. Hvað gerðist síðan, hugsanlega einhvers staðar annars staðar í einhverjum öðrum húsakynnum en ég hef fengið að vera í á meðan þær ákvarðanir voru teknar, veit ég ekki en ég veit að enginn í undirhópnum var á móti þessu. Svo breyttust málin þegar þetta kom inn á borð stjórnarskrárnefndarinnar. Ég veit ekki af hverju.

[22:38]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég átti kannski ekki von á því undir þessum dagskrárlið að tekin yrði upp umræða um afdrif stjórnarskrárnefndarinnar og þeirrar stjórnarskrárendurskoðunar sem hér hefur verið í gangi undanfarna mánuði. Ég fagna því í sjálfu sér að sú umræða er komin upp og auðvitað snertir hún þetta sjávarútvegsmál ákaflega náið.

Það er komið upp að af einhverjum ástæðum stöðvaðist samstarf, sem virðist hafa tekist nokkuð gæfulega til að byrja með, um það að koma fyrir frægu sameignarákvæði í stjórnarskránni sem allir flokkar hafa verið sammála um á Íslandi og er sá árangur einn saman sem kom út úr síðustu kosningabaráttu sem lauk því miður þannig að ríkisstjórnarflokkarnir náðu aftur meiri hluta en hétu því í stjórnarsáttmála sínum eða stjórnarmyndunarplaggi, hvað sem það var kallað, að setja þetta ákvæði inn í stjórnarskrá. Það stendur upp á þessa tvo flokka að gera það eða útskýra fyrir kjósendum sínum ella, þeim hinum fornu sem þeir reyna nú að höfða til aftur, hvers vegna þetta tekst ekki eða hvort þetta stendur enn þá til. Ég óska eftir því, að gefnu tilefni, að hæstv. sjávarútvegsráðherra upplýsi um vilja sinn og hug til þess máls og hvort hann ætli sjálfur að beita sér fyrir því eða ríkisstjórn hans með einhverjum hætti að þetta ákvæði verði sett inn í stjórnarskrána. Það kemur í ljós að undirnefnd þeirrar stjórnarskrárnefndar sem hv. þm. Jón Kristjánsson, núverandi forseti þingsins í kvöld, stjórnar hefur beinlínis gert þessa tillögu til stjórnarskrárnefndarinnar sem slíkrar. Ég tel rétt að hv. þm. Jón Kristjánsson noti þetta tækifæri og geri grein fyrir því, vegna þess að hér er völ á öðrum forsetum af ýmsu tagi og öllum gerðum og hæstvirtum, hvernig þetta mál er raunverulega statt, hvers vegna stjórnarskrárnefndin tók ekki við þessum tillögum og skilaði þeim sem sinni eigin tillögu þar sem allir flokkar munu hafa verið sammála þessu, að undanteknum einum manni sem þeir félagar ræða hér um, hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson og Birgir Ármannsson, setumenn í þessari stjórnarskrárnefnd, að hafi verið ósammála, ef ég skil það rétt, að meiri hluti allra þessara níu hafi verið sammála þessari tillögu og efnislega hafi ekki staðið neitt gegn því að hún væri með í lokaniðurstöðu nefndarinnar.

Það er svo þyngra en tárum taki að horfa á þessa lokaniðurstöðu nefndarinnar sem væri varla til nema í einhverjum lausafréttum því að ég man ekki eftir að formaður nefndarinnar hafi í raun og veru gert grein fyrir því þannig að hægt sé að spyrja hann út úr, þ.e. hér á Alþingi, þessu nefndarstarfi og hvernig það gekk. Við vitum vel að það hefur gengið erfiðlega að endurskoða stjórnarskrá okkar frá 1944 sem á auðvitað rót í stjórnarskránni 1874. Ég ætla nú ekki að fara með þá sögu lengra en það væri auðvitað ástæða til að nefna ártölin 1848 og kannski 1789 og 1776 ef menn vilja fara svo langt aftur. Þess vegna hefði það auðvitað verið ákjósanlegur kostur fyrir stjórnarskrárnefndina nú að reyna að vinna þetta verk í einhverjum áföngum, að taka saman höndum um það sem öllum þótti sjálfsagt í málinu. Ég nefni þann kafla sem vantar í raun og veru í stjórnarskrána um dómstólana og flestir eru sammála um að eigi að vera þar. Það má líka nefna tillögu sem ég var svo djarfur að senda stjórnarskrárnefndinni, fyrir hönd okkar sem fluttum hana á þinginu, að tekið yrði upp í stjórnarskrána að íslensk tunga væri opinbert mál á Íslandi þannig að með því gæfist grundvöllur til lagasetningar frá Alþingi að tillögu menntamálaráðherra, væntanlega, hver sem það hefði verið, tillaga sem ég hygg að menn hljóti að vera nokkuð sáttir við.

Fleira má nefna auk þeirrar tillögu sem hér er til umræðu, að auðlindir Íslendinga séu þeim sameiginlegar, bæði sjávarútvegsauðlindin og auðvitað allar þær auðlindir sem hér undir falla. Stjórnarskrárnefndin virðist hafa gefist upp á þessu. Formaður nefndarinnar virðist hafa gefist upp á því að koma mönnum saman um þessa einstöku þætti. Það hljómar frá hv. þm. Birgi Ármannssyni, fulltrúa í nefndinni, að af hálfu hans flokks, ef ég skil hann rétt, hafi ekki staðið annað til en að ná samkomulagi um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar að þessu sinni og úr því að það tókst ekki þá skuli allur vindur úr þeirri blöðru nema þessi eina tillaga sem eftir stendur, að mér skilst á lausafréttum, sem er út af fyrir sig ágæt, að landsmenn kjósi sumsé beint um stjórnarskrárbreytingar framvegis og við leggjum niður þennan svip sem er ankannalegur að það skuli gert í framhjáhlaupi í almennum kosningum, sem ég man ekki eftir að hafi í raun og veru skipt neinu máli í sögu lýðveldisins nokkru sinni þó að þar væri stjórnarskrárbreyting undir.

Ég held að það hafi verið misskilningur hjá formanni nefndarinnar að láta undan þessu og hann hefði betur haft uppi djörfung og reynt að afgreiða þó einhvern áfanga að þessari stjórnarskrárendurskoðun, vegna þess að ég tel að þessi stjórnarskrárendurskoðun gangi ekki öðruvísi en að menn reyni að fara dagleið í senn og hafi uppi viðleitni til þess að bæta stjórnarskrána í áföngum þannig að sátt sé um

hvern og einn áfanga. Það er sú leið sem við höfum farið hingað til og er í raun og veru alveg óskiljanlegt að þessi ríkisstjórn skuli hafa sett sínum mönnum þau skilyrði að ekki mætti hreyfa sig neitt í stjórnarskrármálinu án þess að allt væri undir.

Forseti. Þegar menn velta fyrir sér hver kunni að vera ástæðan fyrir því að þessi vinnubrögð voru viðhöfð í stjórnarskrárnefndinni, sem, ef ég skil rétt, hefur í raun lokið störfum, þá virðist svarið vera það að Framsóknarflokkurinn hafi ekki treyst sér til að ganga í berhögg við þann vilja sem uppi er í forustu Sjálfstæðisflokksins um að hafa einhvers konar endaskipti á stjórnarskrárákvæðum um hlutverk forseta Íslands en þar blandaðist í frægar deilur, sem nú er lýst í fjölmiðlum sem eins konar sjúkdómi sem hafi herjað á samfélagið og er sprottið upp í myrkviðum Sjálfstæðisflokksins, forsetaembættið og varð andlag heiftúðugra ásakana og andróðurs. Það er engu líkara en þessi sjúkdómur herji enn á hluta af Sjálfstæðisflokknum og sé í raun og veru ástæðan fyrir því að svo fór með stjórnarskrána sem raun virðist bera vitni að stjórnarskrárnefndin hin stóra, með hinn dugmikla formann sinn, hefur gefist upp á málinu nema með þessari einu tillögu og látið það ganga áfram og lengir þar með hina sorglegu sögu stjórnarskrárnefnda sem hér hafa starfað í lýðveldissögunni. Þetta er auðvitað þeim mun furðulegra sem Framsóknarflokkurinn er forsetahollur flokkur og hefur lengi verið.

(**Forseti** (JónK)**:** Forseti vill minna á að það er Verðlagsstofa skiptaverðs sem er til umræðu en þó að stjórnarskráin sé nú skyld því máli er ræðumaður kominn ansi langt út fyrir efnið að mínu mati.)

Verðlagsstofa skiptaverðs er auðvitað hið besta mál (Gripið fram í.) og ekki skal ég vanvirða það ágæta umræðuefni en hér var verið að tala um stjórnarskrána og það hefur ekki gefist tækifæri, forseti, til að ræða hana hér áður þangað til það gafst skyndilega núna með umræðum sem vissulega komu Verðlagsstofu skiptaverðs við í upphafi máls þó að umræðan hafi færst nokkuð fjarri henni. Ég vil að sjálfsögðu, af því að ég er einnig forsetahollur maður, hlýða forseta með það að ræða ekki stjórnarskrána miklu frekar en ég vil endurtaka áskorun mína í fyrsta lagi til hæstv. sjávarútvegsráðherra að segja okkur frá því hver afstaða hans er til þessa stjórnarskrárákvæðis í fullri alvöru vegna þess að það er rétt að það liggi fyrir hvaða afstöðu hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur til þessa máls, hvort hann telur að sjávarútvegsauðlindin eigi að vera sameign þjóðarinnar eða ekki því að hegðun hans, atferli hæstv. sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnar hans og þeirrar ríkisstjórnar sem setið hefur í 16 ár, er þannig að ekki verður annað séð en að hæstv. sjávarútvegsráðherra líti í raun á sjávarútvegsauðlindina sem einkaeign útgerðarmanna, sem þeir sjálfir halda fram að eigi að vera svo og sé eðlilegt mál. Það er eðlilegt að hann svari því og það er líka eðlilegt, forseti, að formaður stjórnarskrárnefndar geri rækilega grein fyrir því, annaðhvort í þessari umræðu eða áður en þingi lýkur og helst sem allra, allra fyrst, hver staðan er í þessu stjórnarskrármáli. Hver er sannleikurinn í deilu þeirra Össurar Skarphéðinssonar og Birgis Ármannssonar, hv. þingmanna, um niðurstöður undirnefndarinnar og viðbrögð stjórnarskrárnefndar við því og hvers vegna stjórnarskrárnefndin, undir forustu manns sem við töldum vera einna lífsreyndastan og kraftmestan af þeim þingmönnum sem hér sitja, gafst upp á þessu ætlunarverki sínu að því er virðist vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki lifað við það að forseti Íslands starfi samkvæmt þeim reglum sem honum eru settar í stjórnarskrá lýðveldisins?

[22:50]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Áður en hv. 2. þm. Norðvest. veitir andsvar vill forseti taka fram að hann á von á að málefni stjórnarskrárnefndar komi til umræðu í þinginu undir þeim dagskrárlið sem heitir stjórnarskrá Íslands og að við höfum þá tækifæri til að ræða mál stjórnarskrárnefndar á Alþingi og sýna stjórnarskránni þá virðingu að ræða hana undir réttum dagskrárlið.

[22:51]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er rétt að við erum að ræða um Verðlagsstofu skiptaverðs. Ef það ákvæði sem hér er verið að ræða um kemur inn í stjórnarskrána á ég von á að skiptin verði kannski svolítið öðruvísi í framtíðinni, þ.e. að þjóðin fái sinn hlut úr þeim skiptum, og því er alveg ástæða til að ræða um þau málefni hér.

Það sem ég vil segja um það mál, hæstv. forseti, er að mér finnst afar merkilegt að það skuli vera niðurstaða stjórnarskrárnefndar að fara fyrst í heildarendurskoðun, hætta svo við hana en láta samt eitt mál út úr nefndinni. Þar með er stjórnarskrárnefnd að leggja til einungis eitt atriði, ef þær fréttir eru réttar sem hafðar eru eftir hæstv. forseta og formanni stjórnarskrárnefndar, og þá hlýtur sú spurning að vakna: Hvers vegna í ósköpunum er þá ekki hægt að ganga frá atriðum sem allir eru sammála um, eins og að setja auðlindir sjávar inn í stjórnarskrána sem þjóðareign? Því það er auðséð að ef það tekst ekki að ná þeirri niðurstöðu er ákvæðið í stjórnarsáttmálanum úti í vindinum. Núverandi stjórn situr ekki nema fram að næstu kosningum, alveg sama hvernig kosningarnar fara, og þá hefur það loforð verið svikið. Væntanlega hefur ríkisstjórnin gert sér grein fyrir því þegar hún ákvað að setja þetta inn í stjórnarsáttmálann að það þyrfti að gerast á kjörtímabilinu? Þessi ríkisstjórn getur ekki hafa reiknað með því að hún yrði til eilífðar, ríkisstjórnir eru til fjögurra ára hér á landi. Þess vegna er ekki um annað að ræða, ef menn ætla að standa við þetta, en að ljúka umfjöllun um málið og til þess er auðvitað tækifæri enn þá.

[22:53]

**Útbýting:**

Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, 450. mál, nál. félmn., þskj. 993; brtt. félmn., þskj. 994.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Um fundarstjórn.***

Þinghaldið fram undan.

[22:54]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Í dag klukkan eitt var að venju á mánu-

degi efnt til fundar með formönnum þingflokka, hæstv. forseti þingsins boðaði til fundarins, þar sem okkur var tilkynnt að til stæði að efna til kvöldfundar. Það var gert gegn mótmælum stjórnarandstöðunnar. Þá fórum við þess á leit við hæstv. forseta þingsins að hún gerði okkur grein fyrir áformum ríkisstjórnarinnar nú á síðustu metrum þinghaldsins, hvort til stæði að efna til fleiri kvöldfunda í vikunni og hver áformin væru almennt varðandi þinghaldið. Það voru engin svör um það efni.

Nú er klukkan að verða ellefu að kvöldi og ég beini þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort hann hyggist hefja umræðu um 3. dagskrármálið, veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, eða ljúka þessum fundi nú. Ég tel eðlilegt að við segjum þetta gott í dag og ljúkum þingfundi. Það er orðið áliðið kvölds, kvöldfundur hefur farið fram, en ég vildi gjarnan heyra hvaða áform hæstv. forseti hefur um framhaldið.

[22:56]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Forseti hefur þá fyrirætlan að taka fyrir 3. dagskrármálið og sjá hvað við komumst áfram í því. Það er ekki ætlunin að taka fyrir fleiri mál í kvöld en forseti vildi taka 3. dagskrármálið og halda áfram um sinn með það eða a.m.k. sjá til hvað við komumst áfram í því máli.

[22:56]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir skýr svör.

## *Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, 1. umr.*

Stjfrv., 643. mál (ólöglegar veiðar). — Þskj. 961.

[22:57]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 961 sem er 643. mál þingsins. Um er að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að vera liður í baráttunni gegn ólöglegum veiðum erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni og sérstaklega utan hennar, þ.e. á úthafinu, en með frumvarpinu er stefnt að því að skapa enn tryggari grundvöll og fjölga þeim úrræðum sem íslenskum stjórnvöldum eru tæk í baráttunni við að uppræta ólöglegar fiskveiðar á úthafinu.

Ólöglegar og óábyrgar veiðar eru alþjóðlegt vandamál og ljóst er að árangur næst ekki í baráttunni gegn þeim nema í náinni samvinnu ríkja og með fullnægjandi lagalegum heimildum til að taka á málum sem upp koma í tengslum við ólöglegar veiðar. Á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana, Sameinuðu þjóðanna sem og á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, hafa aðildarríki samþykkt marghátttaðar reglur sem ætlað er að sporna gegn ólöglegum og óábyrgum veiðum hentifánaskipa á úthafinu. Er m.a. um að ræða reglur sem taka til skipa sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum á úthafinu og verið færð á svokallaða „svarta lista" svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana. Meðal reglna sem samþykktar hafa verið á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana eru bann við komu umræddra skipa til hafna aðildarríkja þeirra, bann við þjónustu við þau, bann við að færa þau á fána aðildarríkja og tilmæli um að fyrirtæki eigi ekki í viðskiptum með sjávarafla sem er upprunninn með ólöglegum veiðum.

Ljóst er að til að unnt sé að framfylgja fjölþjóðlegum reglum sem samþykktar hafa verið í baráttunni gegn ólöglegum veiðum hér á landi verður íslensk löggjöf að vera þannig úr garði gerð að stjórnvöld hafi lagaheimildir til að grípa til þeirra úrræða sem talin eru nauðsynleg og lögð hafa verið til á þeim vettvangi. Í lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru nokkur slík ákvæði en ekki er þar að finna öll þau úrræði sem lögð hafa verið til á framangreindum vettvangi.

Frumvarp þetta er byggt á vinnu starfshóps fulltrúa frá sjávarútvegs-, utanríkis-, dómsmála- og samgönguráðuneyti sem sjávarútvegsráðherra skipaði 24. nóvember 2006. Starfshópnum var ætlað að fara yfir íslenska löggjöf og gera tillögur um breytingar og viðbætur sem er ætlað að tryggja betur lagalegan grunn Íslands í baráttunni við að uppræta ólöglegar fiskveiðar á úthafinu. Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið um þau úrræði sem tillögur hafa verið gerðar um á fjölþjóðlegum vettvangi og af áðurnefndum starfshópi en ekki hafa þegar verið lögfest eða nauðsynlegt þykir að hafa skýrari lagaheimildir fyrir. Á þessu stigi eru hins vegar ekki lögð til í frumvarpinu öll þau úrræði sem starfshópurinn hefur haft til skoðunar og er það m.a. vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningum og óvissu um réttarstöðu einstakra ríkja á úthafinu að þjóðarétti sem þarfnast frekari skoðunar og samráðs en um það vísast til greinargerðar sem fylgir frumvarpinu. Þá eru nokkur úrræði sem til greina kemur að grípa til í þessari baráttu á verksviði annarra ráðuneyta sem aðild eiga að starfshópnum og eru þau til skoðunar í viðkomandi ráðuneytum. Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Orðalag 2. mgr. 3. gr. laganna er skýrt frekar með tilliti til skipa sem skráð hafa verið hjá svæðisbundnum fiskveiðistjórnarstofnunum fyrir ólöglegar veiðar og ekki sigla undir fána aðildarríkja þeirra. Tekið er sérstaklega fram að þau skip falli undir ákvæði greinarinnar. Hér er átt við skip á svonefndum „svörtum listum".

2. Lagt er til að lögfest verði nýtt ákvæði í 2. mgr. 3. gr. laganna um að heimilt sé að grípa til tiltekinna viðurlaga gegn erlendum skipum sem notuð hafa verið til brota við veiðar, þ.e. komist slík skip af einhverjum ástæðum til hafnar sé þeim óheimilt að landa eða umskipa afla í íslenskri höfn og vísa skuli þeim úr höfn að lokinni skoðun eftirlitsmanna og eftir atvikum að fenginni neyðaraðstoð.

3. Orðalag 2. mgr. 3. gr. laganna er gert skýrara að því er varðar tiltekin viðurlög sem þar er nú þegar kveðið á um, þ.e. að óheimilt sé að veita skipum sem notuð hafa verið til brota við veiðar, skipum sem flytja afla þeirra, skipum sem

þjónusta þau, sem og útgerðum þessara skipa, þjónustu, þar með talið í íslenskum höfnum, í fiskveiðilandhelgi Íslands og utan hennar.

4. Lagt er til að lögfest verði í 2. mgr. 3. gr. laganna ákvæði um að kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum sé skylt að láta sjávarútvegsráðuneytinu eða Fiskistofu í té, ókeypis og í því formi sem þessi stjórnvöld ákveða, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd framangreindra ákvæða.

5. Loks er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði í 1. mgr. 6. gr. laganna þess efnis að Fiskistofu sé óheimilt er að gefa út tímabundin leyfi til erlendra skipa til veiða í fiskveiðilandhelginni samkvæmt ákvæðinu ef þau hafa verið notuð til brota gegn lögunum, öðrum lögum um fiskveiðar, stjórnvaldsreglum settum með heimild í þeim, reglum svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana og/eða milliríkjasamninga. Áfram verður hins vegar í gildi sá fyrirvari sem er í 4. mgr. 3. gr. laganna um að framangreind úrræði takmarki ekki rétt erlendra skipa til löndunar, umskipunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða að gildandi þjóðarétti.

Hæstv. forseti. Þessu frumvarpi er eins og áður segir ætlað að vera liður í baráttunni gegn ólöglegum veiðum erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni og utan hennar og skapa þannig enn tryggari grundvöll og fjölga þeim úrræðum sem íslenskum stjórnvöldum eru tæk í baráttunni við að uppræta ólöglegar fiskveiðar á úthafinu. Það er ljóst að það er mikið hagsmunamál fyrir Ísland að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskstofnanna sé ekki ógnað með veiðum og þannig grafið undan þeim stjórnunarráðstöfunum sem hafa verið samþykktar á vettvangi þar til bærra svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana. Jafnframt eru í húfi umtalsverðir fjárhagslegir hagsmunir þeirra aðila, íslenskra og erlendra, sem hafa rétt til veiða á stofnum á úthafinu. Þegar litið er til þessa vænti ég þess að víðtæk sátt geti orðið um þetta frumvarp á Alþingi.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjávarútvegsnefndar.

[23:03]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að fara yfir frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Það vakti athygli mína að í 1. gr. lagatextans sem verið er að leggja til að tekin verði upp í lög, þar er einnig talað um „utan landhelgi" en lögin heita: um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Spurning er því hvort ekki þurfi að eiga eitthvað við nafnið á lögunum líka. En það er nú kannski minna mál.

Það er eitt sem ég þarf að spyrja hæstv. ráðherra um. Þegar verið er að setja svona reglur, hertar reglur, eins og hér er verið að gera og herða á þeim varðandi erlenda aðila sem veiða, t.d. úr stofnum sem bæði veiðast innan landhelgi og utan og ekki hafa verið gerðir samningar milli ríkja um þær veiðar, er þá ekki nauðsynlegt að við séum í stakk búin til að framfylgja lögunum? Telur hæstv. ráðherra að Landhelgisgæslan sé nægilega vel í stakk búin til að framfylgja þessum lögum? Hún er jú okkar lögregla á hafinu.

Það verður að segjast eins og er að það er til vansa fyrir ríkisstjórn Íslands hve lágar fjárveitingar hafa verið til Landhelgisgæslunnar, hvernig búið hefur verið að henni hingað til og þeim búnaði sem hún hefur til að sinna gæslu og björgunarstörfum á úthafinu. Þess vegna held að það skipti okkur miklu máli áður en við förum að setja svona lög, eða herða á lögum, að þeir sem eiga að sjá um að framfylgja lögunum séu í stakk búnir til að gera það og því væri gott að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki nauðsynlegt í framhaldi af þessum lögum eða um leið og þau eru sett, að stórefla Landhelgisgæsluna þannig að hún geti sinnt því hlutverki að vera bæði lögregla, eftirlitsaðili og ekki síður öryggis- og björgunaraðili á úthafinu.

[23:05]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því sem felst í spurningu hv. 10. þm. Suðurk. Það er alveg nauðsynlegt að við getum framfylgt þessum lögum og það verður auðvitað gert, m.a. með því að Landhelgisgæslunni sé gert kleift að fylgja þessu vel eftir. Landhelgisgæslan gerði það mjög vel á síðastliðnu ári en þá reyndi Gæslan að hafa mjög virkt eftirlit með ferðum þessara skipa, bæði úr lofti og eins með því að vera með skip sín á þessum svæðum.

Það er hins vegar rétt að það er mjög mikilvægt að efla starfsemi Landhelgisgæslunnar og það er einmitt verið að gera það bæði með því að auka við þyrluflota hennar en síðast en ekki síst með þeirri ákvörðun sem hefur verið tekin um það að kaupa nýtt varðskip.

Allt eru þetta liðir í því að við erum að reyna að tryggja vörslu okkar mikilvægu landhelgi og jafnframt að tryggja að þær veiðar sem við eigum aðild að sem strandríki og eiga sér stað utan lögsögunnar, fari fram með ábyrgum hætti og í samræmi við þær reglur sem svæðisbundnar stjórnarstofnanir hafa sett. Þess vegna tek ég alveg undir það með hv. þingmanni, að við þurfum auðvitað að hyggja vel að því að Landhelgisgæslan sé í færum til að fylgjast með þessu.

Það er hins vegar líka nauðsynlegt að árétta það að til þess að ná þarna raunverulegum árangri þá þurfum við líka að eiga samstarf við aðrar strandþjóðir, þar á meðal ríki Evrópusambandsins, Noregs og annarra slíkra, sem hafa heilmikið um þetta að segja. Þetta er alþjóðleg glæpastarfsemi sem þarna á sér stað á þeim skipum sem veiða þarna með ólöglegum hætti á NEAFC-svæðinu og þess vegna er mjög mikilvægt fyrir okkur að við tryggjum það og komum í veg fyrir að þessar veiðar eigi sér stað og við höfum verið að gera það með margvíslegum aðgerðum sem hafa fælt þessi skip og hafa gert þeim erfiðara fyrir. En ég tek undir það með hv. þingmanni. Það er nauðsynlegt að við getum framfylgt þessum lögum.

[23:07]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra er sammála mér um að við þurfum að efla Landhelgisgæsluna verulega til að sinna því hlutverki sem hún þarf

að sinna á úthafinu. Vonandi er hann sammála mér um það að fyrsta skrefið upp á að búa almennilega að henni er að flytja hana á Reykjanes þar sem hennar bíða mjög glæsilegar byggingar og aðstaða, bæði fyrir flugflota og eins fyrir skip til að sinna sínu mikilvæga starfi.

Mig langar til að spyrja um annað í stuttu andsvari: Eru þær byrðar sem verið er að setja með þessum lögum á aðila um að gefa upplýsingar til Fiskistofu og upplýsingar sem aðilar eiga að láta Fiskistofu í té, ókeypis? Lögin segja að kaupendum afla, umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum sé skylt að láta Fiskistofu slíkar upplýsingar í té ókeypis.

Því veltir maður fyrir sér. Ef grunur reynist nú ástæðulaus og verið er að leggja þungar byrðar á þessa aðila, er það eðlilegt, eða mun þá á einhvern hátt verða gert ráð fyrir því að um endurgreiðslu á kostnaði verði að ræða, ef ekki reynist grunnur fyrir einhverjum grun um brot?

Það síðasta sem mig langar að spyrja um er að þessi lög tala mikið um skip, eins og skipin séu brotleg, eins og olíufélög séu brotleg, eins og það séu ekki einstaklingar, útgerðarmenn eða fyrirtæki sem gerast brotleg. Í mínum huga er þetta svipað því ef aðili á bíl gerist brotlegur við umferðarlög og brýtur illa af sér, þá megi ekki veita þeim bíl aftur leyfi til að aka á íslenskum vegum, jafnvel þótt hann skipti um eigendur. Þarf ekki að tala um annað en skipin sjálf? Því skip hafa ekki sjálfstæðan vilja og skipin hafa ekki sál.

[23:09]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Reynslan hefur einfaldlega sýnt okkur að það er mjög nauðsynlegt að geta aflað þeirra upplýsinga sem kveðið er á um í þessu frumvarpi frá þeim aðilum sem hérna eru taldir upp. Við höfum m.a. séð það á síðastliðnu ári að það var nauðsynlegt að hafa upplýsingar um þætti sem lúta að bankaviðskiptum. Það er þess vegna mikilvægt að þessar heimildir séu til staðar. Það er eðlilegt að eftirlitsstofnanir eins og eftirlitsstofnanir okkar sem eiga að hafa þetta hlutverk geti kallað eftir slíkum upplýsingum og þurfi ekki að greiða fyrir það. Jafnvel þótt síðar komi í ljós að meint brot eða ætlað brot hafi verið ástæðulaust. Þetta þekkjum við bara í öðrum eftirlitsstofnunum okkar og það er engin ástæða til að hafa þetta öðruvísi hér. Það er nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði og láta það virka.

Varðandi þetta með skipin þá er það einfaldlega þannig og við þekkjum dæmi um það, að þeir aðilar sem hafa stundað þessar ólöglegu veiðar hafa verið að flagga skipum á milli landa og hefja útgerð í nafni nýrra aðila og þannig reynt að komast fram hjá því, þeir skrá skipin upp á nýtt, í nýju landi, nýju fánaríki og hefja síðan veiðarnar aftur.

Við sjáum að ef við ætlum að reyna að ná utan um þetta þá er ein aðferðin sú einmitt að reyna að búa til aukinn fælingarmátt þannig að menn geti ekki gert þetta. Það er það sem þarna er verið að reyna að gera. Að reyna að koma í veg fyrir að menn komi síðan með skipin sín undir fölsku flaggi frá öðrum þjóðum eða í nýrri útgerð og að þeir sem eru að kaupa þessi skip geri sér grein fyrir því að búið er að setja skipin á þennan svokallaða b-lista, þau eru komin á svartan lista hjá alþjóðlegu stofnunum, að þar með lækkar verðmæti þessara skipa.

Það er einn þátturinn í þeirri fælingu sem við erum að reyna að framkvæma með þessu frumvarpi. Við erum að reyna að árétta það vegna þess að það er mikið í húfi fyrir okkar útgerðir, sjómenn og þjóðarbúið.

[23:11]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér skilst að þessu frumvarpi sé ætlað að ná utan um þá starfsemi sem fer fram utan 200 mílnanna á Reykjaneshrygg. Mig langaði að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra í fyrsta lagi, hvort þessar veiðar séu umfangsmeiri nú en þær hafa verið á undanförnum áratugum eða hvort þær séu eitthvað minni.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Er verið að brjóta lög og þá hvaða lög? Ég get ekki séð að þarna sé verið að brjóta nokkur lög því þeir sem veiða þarna fyrir utan 200 mílur eru einfaldlega að gera það í samræmi við alþjóðalög og alþjóðasamninga, hafréttarsamninga. Ég átta mig ekki á því þegar hæstv. ráðherra kallar þessa starfsemi sem er þarna í samræmi við alþjóðalög einhverja alþjóðlega glæpastarfsemi, eða jafnvel sjóræningjaveiðar. Ég held að menn verði að kunna orðum sínum hóf þegar verið er að fjalla um löglega starfsemi.

Þarna er einfaldlega svipuð starfsemi og við Íslendingar höfum stundað m.a. í Smugunni og Flæmska hattinum og víðar á alþjóðlegu hafsvæði. Mér finnst þetta vera alveg með ólíkindum þegar hæstv. ráðherra notar þvílík orð um atvinnustarfsemi sem er í samræmi við alþjóðasamninga.

[23:13]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka kærlega fyrir þau ráð sem hv. þingmaður veitti mér um að vera ekki stórorður. Ég veit að það er eitthvað sem hv. þingmaður hefur löngum tileinkað sér, að vera ekki stórorður í ræðustóli og það þekkjum við sem höfum hlustað á nokkrar ræðurnar hans.

Hv. þingmaður spurði mig að því hvort hér væri um að ræða umfangsmeiri starfsemi. Það er alveg rétt, þessi starfsemi hefur verið að aukast. Ég held hins vegar að sú viðleitni sem við höfum verið að sýna á undanförnum árum hafi gert það að verkum að það hafi dregið úr henni. Að minnsta kosti hefur þetta verið gert óhagkvæmara og erfiðara og þess vegna vænti ég þess að það hafi stuðlað að því að hugsanlega hafi dregið úr þessari veiði og a.m.k. ætti ég von á því að það gerði það að verkum að það væri erfiðara fyrir þessa sjóræningjaveiðimenn að koma hingað aftur í vor með þeim hætti sem þeir hafa gert undanfarin ár.

Því þetta eru sannarlega sjóræningjaveiðimenn. (Gripið fram í.) Því það er bara einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að við byggjum hér á alþjóðlegum lögum og reglum. Við byggjum á því að það er strandríkjasamkomulag um veiðarnar á þessu svæði sem er fullgilt samkomulag og byggir á NEAFC-samningnum, og ég er mjög undrandi á því að slíkar raddir skuli heyrast hér á Alþingi í þá veru sem hv. þingmaður endurspeglar. Það kemur mér líka sérstaklega á óvart að það skuli koma úr munni þingmanns

Frjálslynda flokksins vegna þess að á síðastliðnu ári stóð varaformaður Frjálslynda flokksins upp og lýsti því yfir að það ætti að beita miklu meiri hörku en íslensk stjórnvöld hafa gert. Hvatti til þess að menn færu af stað með klippurnar úr varðskipunum til þess að klippa aftur úr þessum skipum og hvatti með öðrum orðum til þess að við beittum miklu meiri hörku en við höfum verið að gera.

Með þessu erum við að stíga það skref að skerpa á þeim lögum sem ég vísa hér til. Ég vísa síðan til þess að á vettvangi annarra ráðuneyta er líka verið að fara yfir þessi mál þótt þau frumvörp séu ekki komin fram. Það er því fullur hugur af hálfu íslenskra stjórnvalda að beita mikilli hörku við þessar ólöglegu veiðar og ég vona að það séu ekki margir sem endurómi þær úrtöluraddir sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur haft hér uppi í umræðunni.

[23:15]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í millitíðinni frá því að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson fjallaði um þessar veiðar í úthafinu hafa komið fram upplýsingar, m.a. ritaðar af lögfræðingi sem stundar framhaldsnám í alþjóðarétti sem bendir á að þessi starfsemi sé fyllilega í samræmi við alþjóðalög. (Gripið fram í.) Sá ágæti maður heitir Bjarni Már Magnússon og ritaði m.a. grein í Morgunblaðið þess efnis.

Mér finnst menn verða að ræða þetta út frá þeim staðreyndum að hér er um að ræða starfsemi sem er í samræmi við alþjóðalög. Auðvitað eigum við Íslendingar að gera þeim aðilum sem eru í samkeppni við okkur erfitt fyrir en við eigum kannski ekki að vera að kalla þessa starfsemi sjóræningjaveiðar þegar við höfum sjálfir, Íslendingar, stundað svipaðar veiðar, m.a. í Smugunni og á Flæmska hattinum. (Forseti hringir.) Mér finnst það með ólíkindum ef við ætlum að fara gegn (Forseti hringir.) alþjóðalögum, smáþjóð sem þarf einmitt að byggja á rétti alþjóðareglna.

[23:16]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög fróðlegt, hv. þingmaður er hér með að greina frá því að Magnús Þór Hafsteinsson hafi horfið frá þessu sjónarmiði sínu sem hann sagði frá í fjölmiðlum. Þetta er í fyrsta skipti sem það hefur komið fram. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við leggjum þetta á minnið vegna þess að þetta eru heilmikil tíðindi. Hv. þingmaður er með öðrum orðum að greina frá því í ræðu sinni að varaformaður Frjálslynda flokksins hafi við frekari yfirlestur gagna komist að þeirri niðurstöðu að allt sem hann sagði væri algerlega rangt. Það átti ekki að beita klippunum og það var í samræmi við alþjóðleg lög að þessi skip væru þarna að veiðum.

Að vísu segir hv. þm. Sigurjón Þórðarson síðan að engu að síður eigi að beita þessa menn hörðu af því þeir séu í samkeppni við okkur þó að hann telji samt sem áður að þeir séu að veiða í samræmi við alþjóðleg lög. Þeir eru ekki að veiða í samræmi við alþjóðleg lög, þeir eru að brjóta þau. Það er álit allra þeirra ríkja sem hafa komið að þessu. Þetta er álit alþjóðasamfélagsins sem vill umgangast þessa auðlind af einhverri ábyrgð. Við Íslendingar erum einfaldlega að fylgja eftir þeim sjónarmiðum sem hafa komið fram í vaxandi mæli á alþjóðlegum vettvangi og við höfum verið þar í forustu sem betur fer og eigum að fylgja því eftir og eigum að hafa áfram forustu í þessum málum.

[23:17]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef svolítinn áhuga á að fá að vita meira hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra um þá hugmynd að klippa trollin aftan úr þeim skipum sem stunda veiðar með ólöglegum hætti að mati hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég fékk upphringingu frá fjölmiðlum einhvern tímann í sumar og var spurður um afstöðu mína til þess. Ég vildi ekki gefa út þá yfirlýsingu að ég vildi láta klippa aftan úr skipum á alþjóðlegum hafsvæðum. Ég taldi það vera í hæsta máta vafasamt að við gætum tekið að okkur eftirlit og aðgerðir með þeim hætti á alþjóðlegum hafsvæðum.

Ég geri ráð fyrir því vegna þess hve menn tóku jákvætt í þetta þegar þessi umræða stóð, bæði Landssamband íslenskra útvegsmanna og ýmsir stjórnmálamenn, að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi látið fara yfir það hvort við gætum virkilega beitt slíkum aðferðum. Ég er ekki að útiloka að slíkt sé gert ef menn telja mögulegt að gera það innan ramma eðlilegra laga og við séum þá ekki að brjóta einhver lög og alþjóðlega samninga með slíku háttalagi.

Ég spyr hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort fjallað hafi verið um þetta og hver niðurstaðan hafi orðið af því. Telur hæstv. ráðherra að við getum beitt slíkum aðferðum á alþjóðlegum hafsvæðum ef okkur finnst ástæða til að gera það?

[23:19]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef, eins og hv. 2. þm. Norðvest., verið gætinn í orðavali í sambandi við það vegna þess að ég hef ekki treyst mér til að kveða upp úr með ákveðið svar í þessum efnum. Ég hef hins vegar sagt að tel ég ekki ástæðu til að útiloka eitt né neitt fyrir fram í þessum efnum. Auðvitað verðum við að fara að alþjóðalögum og alþjóðarétti. Ég vek athygli á því að í því frumvarpi sem við erum að ræða um er einmitt mjög ítarlega vitnað til þess að við verðum að sjálfsögðu að virða allar alþjóðlegar reglur og alþjóðlegar skuldbindingar sem við höfum tekist á hendur. Því var það niðurstaða mín í haust að setja á laggirnar starfshóp nokkurra ráðuneyta vegna þess að ljóst var að málið snertir ekki bara málasvið sjávarútvegsráðuneytisins. Það snertir málasvið siglingaráðuneytisins, þ.e. samgönguráðuneytisins og það er að skoða tiltekna þætti sem geta lotið að málum sem snúa að siglingu skipa. Það lýtur líka að utanríkisráðuneytinu vegna þess að hér er um að ræða alþjóðlega samninga sem eru á forræði utanríkisráðuneytisins. Það lýtur enn fremur að dómsmálaráðuneytinu þar sem Landhelgisgæslan heyrir undir það.

Það eru einfaldlega ekki komnar niðurstöður í þetta mál að fullu og öllu. Ég taldi hins vegar ekki eftir neinu að bíða úr því að við höfðum komist að niðurstöðu í undirbúningi málsins að því sem sneri að sjávarútvegsráðuneytinu og þess vegna lagði ég fram þetta frumvarp.

Ég ítreka það að við eigum að starfa innan laga og alþjóðlegra skuldbindinga. Ég hef ekki viljað útiloka eitt né neitt í þessum efnum fyrir fram, ég tel það óráðlegt. Við eigum auðvitað að senda út þau skilaboð að við viljum ganga fram af fyllstu hörku gagnvart þessum veiðum sem sannarlega eru ólöglegar. Ég hef þess vegna ekki heldur viljað kveða upp úr um það hvort við höfum heimild til að klippa aftan úr þessum skipum, ég hef ekki komist að þeirri endanlegu niðurstöðu um það mál að ég treysti mér til að kveða upp úr um það.

[23:21]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er skaði að menn skuli ekki vera búnir að skoða það mál til enda. Ef niðurstaðan hefði orðið sú að við gætum beitt þessum aðferðum væri gott að það lægi fyrir. Ég er hins vegar alveg sammála hæstv. sjávarútvegsráðherra um að við eigum ekki að útiloka neitt. Við eigum að haga okkur eins og kjarnorkuveldin, að útiloka ekki notkun þessa vopns sem við höfum beitt með mjög góðum árangri áður. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

[23:22]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Hér ræðum við um að stjórna fiskveiðum fyrir utan fiskveiðilandhelgi okkar, fyrir utan 200 mílurnar. Mér finnst athyglisvert að hæstv. sjávarútvegsráðherra skuli leggja ofuráherslu á það að ná utan um veiðar fyrir utan 200 mílurnar. Hvers vegna er það svo athyglisvert, og umhugsunarefni að hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar Kristinn Guðfinnsson skuli leggja þessa áherslu á að ná að stjórna veiðum fyrir utan 200 mílurnar? Mér finnst það vera athyglisvert vegna þess að hann hefur ekki náð nokkrum einasta árangri í því að stýra veiðum innan landhelginnar og með þessu litla máli er hann eflaust að reyna að færa umræðuna frá óstjórninni hérna heima, frá þessari algjöru óstjórn sem ríkir hér, og færa talið að nokkrum togurum úti í ballarhafi.

Mig langar þess vegna að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra: Hvað munar þetta miklu, hverju munaði ef við næðum að stugga við þessum togurum, mun það bjarga uppbyggingu þorskstofnsins? Hvað telur hæstv. ráðherra að það muni bjarga miklu í uppbyggingu þorskstofnsins? (**Sjútvrh.:** Veistu ekki að það er karfi sem verið er að veiða?) Ég veit það vel. Hér grípur hæstv. ráðherra fram í og kallar: Veit hann ekki að það er karfi þarna fyrir utan? Jú, ég veit það. En hvers vegna er lögð áhersla á þetta þegar allt er í kaldakoli hér? Hvers vegna kemur ekki hæstv. ráðherra með tillögur um hvernig við náum meiri árangri hérna heima? Nei, það gerist ekki vegna þess að hann er að eyða talinu og færa fókusinn frá umræðunni, bæði óréttlætinu og óstjórninni sem ríkir á fiskimiðunum við Ísland. Það er algjör óstjórn að það sé hægt að selja veiðiheimild, t.d. út af Norðurlandi, allar veiðiheimildir Grímseyinga til Sandgerðis og ætla að veiða þann kvóta út af Suðurlandi. Það er algjör óstjórn. Í stað þess að reyna að ná utan um hana heldur ráðherrann áfram þeirri vinnu að stugga við einhverjum skipum sem eru fyrir utan 200 mílurnar.

Mér finnst sjálfsagt að gera þeim erfitt fyrir. Ég ætla ekki að draga dul á það að mér finnst að við eigum að reyna að sitja sem mest að þessum fiskveiðum, og að sem mest af þeim renni til okkar sjálfra, til íslenskra fyrirtækja, mér finnst það eðlilegt, og til íslenskra sjómanna. Ég hefði samt talið það forgangsverkefni hjá hæstv. ráðherra að ná utan um þessa algjöru óstjórn sem ríkir á íslenskum miðum. Við verðum að gæta að því að það berast stöðugt, nánast á hverju missiri, vondar fréttir af uppbyggingu þorskstofnsins. Við heyrðum í haust fréttir af 6% niðurskurði í haustralli og nú í kvöldfréttunum var greinilega Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, á hringferð um landið að boða enn á ný ótíðindi. Hann var staddur vestur á fjörðum að boða að það væri von á enn einni svartri skýrslu og ekki bar hann á borð neinar niðurstöður heldur var hann að undirbúa ótíðindin. Mér finnst mjög sérstakt að við ræðum hér stjórn fiskveiða fyrir utan 200 mílna lögsöguna þegar við náum ekki að stýra fiskveiðum með þokkalegum hætti innan landhelginnar.

Þessi stýring byggir á líffræðilegri dellu sem er rétt að fara í gegnum. Vissulega gengur þetta kerfi upp út frá lögfræðilegri hlið og skriffinnsku en þegar menn ætla að stýra fiskveiðum með einum landskvóta yfir fjölmörgum fiskimiðum, yfir landsvæði og hafsvæði sem er gríðarlega stórt, gengur það bara ekki upp, það er alveg morgunljóst. Samt er haldið áfram og reynt að breiða yfir ríkjandi óstjórn.

Það ætti að vera forgangsverkefni að hæstv. sjávarútvegsráðherra færi í gegnum þessa stýringu hérna heima og ræddi opinskátt á Alþingi Íslendinga hvers vegna okkur miðar ekkert áfram og hvers vegna við horfum ekki til þeirra landa þar sem fiskveiðistjórnin hefur gefist vel, svo sem í Færeyjum. Við í Frjálslynda flokknum höfum ítrekað sagt: Skoðum færeyska kerfið. En hæstv. sjávarútvegsráðherra LÍÚ er alveg lokaður fyrir því og heldur áfram að boða stefnu LÍÚ þrátt fyrir að hún gangi þvert gegn hagsmunum þjóðarinnar.

Ég bið hæstv. sjávarútvegsráðherra að hugsa dæmið til enda. Hvar hafa þorskveiðar gengið vel á undanförnum árum? Hafa fiskveiðar ekki einmitt gengið vel í Færeyjum? Að vísu hefur þorskveiðin dalað síðasta árið en í Barentshafinu þar sem veiðar hafa verið frjálsar, þar sem veitt hefur verið langt umfram kvóta, hefur fiskast bara mjög vel. Þar er ekki farið eftir ráðgjöf. Mér finnst tímabært að hæstv. ráðherra spyrji þeirrar spurningar hvort ekki sé eitthvað að þessari ráðgjöf í stað þess að ætla að færa ráðgjöfina út fyrir 200 mílurnar, ráðgjöf sem hefur ekki gefist á íslensku fiskimiðunum. Að ætla að færa hana út fyrir er alveg fáheyrð vitleysa.

Það má einnig segja um þetta frumvarp að í því kristallist tvískinnungur okkar Íslendinga í fiskveiðimálum á undanförnum árum. Árið 1995, þegar við veiddum fisk á úthafinu, í Smugunni, notuðum við einmitt rök þeirra sem stunda nú veiðarnar fyrir utan 200 mílurnar, rökin um að þetta sé opið hafsvæði. Það gengur einfaldlega ekki að taka síðan upp rök Norðmanna án þess að skýra afstöðuna eitthvað nánar.

Hvað eru óábyrgar fiskveiðar og hvað eru ábyrgar fiskveiðar? Þær fiskveiðar sem hafa verið stundaðar á síðustu árum við Íslandsstrendur eru óábyrgar. Það er mjög óábyrgt að ná ekki því út úr fiskimiðunum sem mögulegt er. Þetta kerfi hefur einfaldlega ekki skilað þeim árangri sem er að

vænta. Það er mjög óábyrgt að stýra fiskveiðum eftir fyrir fram ákveðnu magni sem menn ákveða í upphafi hvers fiskveiðiárs. Þetta hefur ekki gefist vel og mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að hugsa sinn gang áður en hann fer að stýra fiskveiðum fyrir utan landhelgina, hann ætti að reyna með einhverjum hætti að ná utan um þær veiðar sem eru innan 200 mílnanna.

Það væri mjög gott fyrir umræðuna um fiskveiðistjórn ef hæstv. ráðherra greindi okkur frá því hvaða fréttir forstjóri Hafró er að boða. Hvað gögn hefur hann undir höndum? Er það eitthvað nýtt sem hæstv. sjávarútvegsráðherra getur greint okkur frá í þessari umræðu um sjávarútvegsmál? Eru það einhver ný gögn? Hvaða gögn þá? Forstjóri Hafró sagði í fréttatímanum að það væri veitt umfram þessi 25%. En gögn frá Hafró, svona merkingargögn, sýna svo ekki verður um villst að mun minna er veitt en Hafrannsóknastofnun leggur til.

Hvers vegna segi ég það? Jú, merkingartilraunir sem fóru fram á 10. áratugnum sýndu að einungis um 15% fiskmerkja skiluðu sér. Ef þessi 25% veiðiregla væri raunveruleikinn ættu 25% af merkjum að skila sér á hverju ári, en eftir að búið er að veiða allan fiskinn skila sér einungis 15% merkjanna sem segir okkur að miklum mun lægra hlutfall veiðist af fiski en veiðireglan gefur tilefni til að ætla. Í rauninni ættu að veiðast 25% fyrsta árið og svo 25% af því sem eftir er af fiskinum á næsta ári og sömuleiðis á þriðja ári. Þegar allt er saman tekið ættu um 60% af merkjunum að skila sér, en einungis 15% koma í leitirnar. Það leiðir líkum að því að miklu minna veitt sé veitt en þessi stofnlíkön gera ráð fyrir sem færir okkur heim sanninn um að miklu meira drepst náttúrulegum dauða, og það bara fer fram hjá okkur. Sá fiskur sem ekki er veiddur geymist ekkert í hafinu, það segja þessir útreikningar.

Mér finnst það í raun óábyrgt að skoða ekki þessi gögn nánar. Ég skora á hæstv. sjávarútvegsráðherra að gera okkur hér grein fyrir því hvaða gögn það eru sem forstjóri Hafrannsóknastofnunar boðar nú hringinn í kringum landið þar sem hann boðar enn ein ótíðindin. Rétt fyrir jólin var birt rannsókn af fiskmerkjum sem sýndi að miklu minna hlutfall væri veitt en stofnlíkan Hafrannsóknastofnunar gerir ráð fyrir. Við verðum að svara þessari spurningu áður en við förum að færa þetta nýtingarkerfi út fyrir 200 mílurnar. Við verðum að ganga úr skugga um hvort minna sé veitt en ráðlagt er. Það er einmitt það sem þessar merkingartilraunir frá 10. áratugnum gefa til kynna, að mun minna sé veitt en ráðlagt er, kannski ekki nema 5–6% af stofninum þegar heildarmerkin sem skila sér eru 15% en ættu að vera 60% ef stofnlíkön Hafrannsóknastofnunar væru rétt.

Ég er á því að hæstv. ráðherra eigi að svara því hér hvers vegna við eigum að halda áfram með því að stýra veiðum fyrir utan 200 mílurnar þegar þessi stýring sem hefur verið viðhöfð innan 200 mílnanna hefur gefist svona illa. (**GAK:** ... ótíðindin ...) Þegar verið er að boða ótíðindi minnir þetta einmitt á fréttatilkynningu um mikla skýrslu í Science um að allir fiskstofnar heimsins yrðu uppurnir árið 2048. Þá var pískuð upp stemmning fyrir ótíðindunum en þegar skýrslan var skoðuð var innihaldið rýrt og ekkert tilefni til þess að ætla að allir fiskstofnar heimsins yrðu uppurnir 2048.

Hverjir gerðu þá skýrslu? Einmitt þeir sem hafa verið að fara yfir starfshætti Hafró, fara yfir þessa veiðireglu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra ætlar að fara með út fyrir 200 mílurnar en hefur alls ekki gefist innan 200 mílnanna. Það er ekki við hæfi nema menn gangi virkilega úr skugga um það að þessi vísindi séu á einhverjum rökum reist. Það er margt sem bendir til að svo sé ekki, ég nefndi hér merkingartilraunina en ég vil líka nefna það þegar mörg hundruð þúsund tonn af þorski týndust við það að stofnarnir voru endurmetnir um síðustu aldamót. Þá var allt reiknað upp og ef maður skoðar þessar töflur hjá Hafró sér maður að stærð hrygningarstofna breytist og hleypur á hundruðum þúsundum tonna eftir því hvaða aðferð er notuð við matið.

Þess vegna segjum við í Frjálslynda flokknum: Það á ekki að stýra fiskveiðum eftir fiskatalningu, það er miklu nær að stýra með sókn, stýra fjölda skipa á floti og þeim veiðarfærum sem eru notuð því að þá fer aflinn í rauninni eftir stærð fiskstofnanna. Ef þeir eru stórir gefst mikill afli. Það er ekki vert að reyna að ákveða fyrir fram með misgóðum aðferðum hvað fiskstofnarnir eru stórir og áætla síðan eitthvert prósentuhlutfall úr því sem Hafrannsóknastofnun segir sjálf að hafi ekki gengið eftir, það hafi verið veitt meira, stofnarnir hafi verið ofmetnir og þess vegna hafi verið tekin hærri prósenta en ætlunin var.

Þetta meinta uppbyggingarstarf fræðinga í töflureiknum á fiskstofnum, ekki ár bara fram í tímann heldur jafnvel áratugi, hefur ekki gengið upp og það að halda að stór hrygningarstofn gefi endilega stærri nýliðun er líffræðileg vitleysa sem sést mjög rækilega í gögnum frá Færeyjum. Það er miklu frekar öfugt samband á milli nýliðunar og hrygningarstofns. Mér finnst að hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti að velta fyrir sér þeirri miklu þorskgengd sem er núna við Grænland, hann ætti að velta fyrir sér spurningunni: Hvaða stóri hrygningarstofn kom af stað þeirri miklu nýliðun sem er á ferðinni við Grænlandsstrendur? Þar var enginn hrygningarstofn, það var engin þorskgengd við Grænland, heldur virðast eingöngu umhverfisskilyrði hafa breyst og þess vegna orðið sú mikla þorskgengd sem er þar þessi árin. Þegar fiskurinn er á mörkum útbreiðslusvæðis síns og skilyrði verða hagstæð fyrir þorskinn blómstrar hann. Menn ættu að skoða þessi mál í grunninn áður en þeir reyna að stjórna fiskveiðum fyrir utan 200 mílur með þeim aðferðum sem hafa ekki gefist innan landhelginnar.

Ég held líka að við verðum að velta þessu fyrir okkur frá ýmsum öðrum hliðum. Hver á að fá að nýta þau réttindi sem myndast ef við náum að hrekja þessa útlendinga í burtu? Eru það þeir sem eiga hlutdeild í þeim stofni fyrir eða eigum við að nota þau tækifæri sem gefast þar og gefa nýliðum kost á að reyna sig? Það er einmitt það sem íslenskur sjávarútvegur þarf á að halda, nýliðun, en ekki endilega að mylja undir þá sem fyrir eru í greininni. Mér finnst að við verðum að skoða í alvöru hvernig við ætlum að haga þessari atvinnugrein í framtíðinni. Það er ekki vænlegt að halda áfram með þetta kerfi. Það sér maður ef maður fer hringinn í kringum landið, fer í sjávarbyggðirnar, það er engin nýliðun í þessari atvinnugrein. Eins og kom fram hér fyrr í kvöld eru sjómenn látnir taka þátt í því að leigja aflaheimildir og fyrirtækin sem hafa komist yfir aflaheimildir eru skuldsett. Við verðum að horfa til framtíðar og sjá

hvernig við getum nýtt auðlindina betur en nú er gert.

Tækifærin eru vissulega fyrir hendi en þá þurfum við að auka veiðar. Við í Frjálslynda flokknum viljum opna fyrir nýja aðila í greininni en alls ekki fara þá leið sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur boðað, að reyna að loka allt af. Í þessu frumvarpi á jafnvel að fara að loka úthafinu á þeim svæðum sem við höfum ekki lögsögu yfir.

[23:42]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér, þegar ég sá að þetta mál var á dagskrá, að ræða það í fullan ræðutíma eins og þingsköp heimila en horfandi á klukkuna á veggnum, að nálgast miðnætti, ætla ég að reyna að stytta mál mitt og flýta fyrir þessari 1. umr. eins og hægt er.

Við fórum aðeins yfir það, ég og hæstv. sjávarútvegsráðherra, í stuttum andsvörum áðan að nauðsynlegt væri að efla Landhelgisgæsluna í framhaldi af því að herða ætti möguleika okkar á að hafa eftirlit og áhrif á þá fiskveiði sem fer fram utan landhelgi. Ég geri ekki annað en að lýsa aftur ánægju minni með að menn geri sér grein fyrir því. Í athugasemdum við frumvarpið segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er samið að tilhlutan sjávarútvegsráðherra og er ætlað að vera liður í baráttunni gegn ólöglegum veiðum erlendra fiskiskipa í fiskveiðilandhelginni“ — þ.e. að segja innan landhelginnar — „og einnig utan hennar, m.a. á úthafinu, en með frumvarpinu er stefnt að því að skapa enn tryggari grundvöll og fjölga þeim úrræðum sem íslenskum stjórnvöldum eru tæk í baráttunni við að uppræta ólöglegar fiskveiðar á úthafinu.“

Ég benti á það í andsvari mínu að lögin heita Lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Það þýðir einfaldlega að í þeim lögum er einnig fjallað um veiðar utan fiskveiðilandhelginnar og hljótum að þurfa að velta því fyrir okkur þegar við tökum þetta mál upp í sjávarútvegsnefnd.

Í athugasemdunum segir að ólöglegar og óábyrgar veiðar séu alþjóðlegt vandamál og þjóðir heims séu farnar að gera sér grein fyrir því að þær þurfi í sameiningu að taka á slíkum veiðum. Margar þjóðir hafa komið sér saman um að nauðsynlegt sé að stýra á einhvern hátt sókn í fiskstofna þar sem margir eiga hagsmuna að gæta og hafa komið sér saman um það eftir alþjóðlegum leikreglum að þannig eigi það að vera. Ég tek heils hugar undir það að nauðsynlegt sé að ríkin fari að slíkum reglum en leyfi sér ekki að brjóta þær þegar það hentar. Allar þjóðir hljóta að þurfa að gæta þess að verða ekki uppvísar að tvískinnungshætti, þ.e. að það sé í lagi að ganga gegn reglum alþjóðasamfélagsins þegar þeim þykir það henta, en ef aðrir ganga gegn reglum alþjóðasamfélagsins eigi að taka á því af fullri hörku og jafnvel beita þeim aðferðum að klippa aftan úr skipum sem eru á alþjóðlegu hafsvæði að veiðum.

Ég nefni þetta vegna þess að við Íslendingar erum í augum heimsins ekki svo ólíkir mörgum þeim sem stunda veiðar sem við köllum bæði ólöglegar og óábyrgar. Mikill fjöldi þjóða telur Íslendinga stunda ólöglegar og óábyrgar veiðar og á ég þar við hvalveiðar. Mig langar að heyra frá hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort hann óttast ekki að þessi sama vandlæting og þessi sömu rök og hann hafði í ræðupúlti áðan beinist gegn Íslendingum. Hann talaði um að það gengi ekki að einhverjir leyfðu sér að ganga gegn þeim reglum sem settar hefðu verið. Við því yrði að bregðast af hörku og þjóðir heims yrðu að sameinast um að tekið yrði á lögbrjótum eða þeim sem hegðuðu sér á þann veg.

Hlýtur þá hæstv. ráðherra ekki um leið að óttast að tekið verði á Íslendingum vegna veiða sem margar þjóðir telja bæði ólöglegar og óábyrgar? Hér kem ég að því sem ég sagði áðan. Við hljótum alltaf að þurfa að gæta okkar á því að verða ekki uppvís að tvískinnungi þegar kemur að því að umgangast auðlindir hafsins. Burt séð frá því hvaða skoðun við höfum, þ.e. hvort við teljum það heilagan rétt okkar að veiða hval o.s.frv., gilda ákveðnar reglur um það í alþjóðasamfélaginu. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann óttist ekki að með sömu vandlætingu verði tekið á okkur — vandlætingunni sem skein af honum þegar hann stóð í ræðustólnum og sagði að taka yrði á þeim þrjótum sem ekki virtu reglur alþjóðasamfélagsins.

Mig langar einnig að spyrja hæstv. ráðherra um þennan IUU-lista sem skip geta lent á ef þau stunda ólöglegar veiðar, „unreported and unregulated fisheries“ eins og segir í textanum. Veit ráðherra til þess að íslensk skip eða skip í eigu Íslendinga hafi lent á þessum listum fyrir veiðar á öðrum alþjóðlegum hafsvæðum eða annars staðar í heiminum? Er hæstv. ráðherra kunnugt um að íslensk fyrirtæki hafi stundað viðskipti með slíkan afla? Afla sem hefur borist af alþjóðlega hafsvæðinu fyrir sunnan landhelgi okkar eða afla sem hefur borist af sambærilegum hafsvæðum annars staðar þar sem íslensk skip eða útgerðir að hluta eða öllu leyti í eigu Íslendinga hafa stundað veiðar af því tagi. Um leið og við viljum að tekið sé á þeim sem gera slíkt hér hljótum við að styðja það að eins verði tekið á þeim sem stunda slíkt annars staðar, hvort sem þeir geta heitið íslenskir að hluta eða að öllu leyti.

Ég sé að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafði forgöngu um að koma á starfshópi til að fara yfir hvað hægt væri að gera til að bregðast við þessum veiðum og farið var yfir fjölda atriða. Það vakti athygli mína að skoðað var hvort hægt væri að banna íslenskum fyrirtækjum, inn- og útflytjendum og þjónustuaðilum, að stunda nokkur viðskipti með afla sem upprunninn er úr skipum á þessum listum eða eiga viðskipti við útgerðir þeirra. Ég sé að starfshópurinn hefur ekki lagt það til eða hæstv. ráðherra ekki talið gerlegt að taka það upp í lagafrumvarpinu að banna viðskipti af því tagi með öllu.

Nokkuð mörg atriði sem nefnd eru þarna eru ekki tekin upp í frumvarpinu, bæði vegna þess að ákveðið hefur verið að gera það ekki og eins vegna þess að þau eru á verksviði annarra ráðuneyta sem ekki hafa tekið ákvörðun um eða farið af stað með breytingu á lögum til að hægt sé að ganga fram með þeim hætti sem starfshópurinn skoðaði.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, hæstv. forseti, vegna þess hve áliðið er orðið. Ég geymi mér aðrar spurningar þar til málið verður tekið fyrir í sjávarútvegsnefnd. En þær spurningar sem ég bar fram um hegðun okkar og annarra eru grundvallarspurningar og ég held að gott væri að heyra svör hæstv. ráðherra við þeim. Þau svör hljóta að hafa áhrif á starfið fram undan.

[23:49]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Til umræðu er frumvarp til laga, sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur mælt fyrir, um breytingar á lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, um að farið sé að öllum settum lögum. Í fyrsta lagi vil ég lýsa yfir fullum stuðningi við þau meginsjónarmið sem liggja að baki frumvarpinu, um að hér séu ekki stundaðar ólöglegar veiðar, hvorki af ólöglegum skipum né með ólöglegum veiðarfærum og án heimilda. Ég vil láta það koma fram strax.

Ég vil þó leggja áherslu á að ekki sé aðeins verið að ræða um afla heldur einnig veiðarfæri o.s.frv. Þannig að hér séu ekki skip að veiða, hvort sem er í landhelgi Íslands eða úr sameiginlegum fiskstofnum, hvort sem við höfum gert samninga við þá eða ekki, án þess að löglega sé að því staðið. Við höfum heyrt sagnir af fiskiskipum á karfamiðunum hérna, að skrapa og eyðileggja hafsbotninn með veiðarfærum sem ættu ekki að líðast við þær veiðar.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra. Ég sé það ekki í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, en ég hélt að ekki væri mikið um að erlend skip hefðu heimild til slíks. Í lögunum er talað um sameiginlega fiskstofna sem fara inn og út úr lögsögunni en annars eru ekki miklar heimildir fyrir erlend skip til að stunda veiðar í íslenskri landhelgi, nema þá kannski samningar við nágrannaríkin.

Við ræðum um það hvernig við getum hindrað ólöglegar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands eða í nágrenni hennar. En þar eru náttúrlega líka skip sem eru að veiða löglega, bæði hér á hafinu suður undan og einnig norður undan og á hafinu á móti Grænlandi. Þau skip þurfa þjónustu. Ef Grænlandsísinn víkur enn meir má búast við að fiskimiðin norður undan landinu, á hafsvæðinu norður með Grænlandi, vaxi. Þá gæti líka verið möguleiki á að bjóða fiskiskipum aukna þjónustu.

Vil ég í þessu sambandi minnast á þingsályktunartillögu sem hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir frá Suðureyri, sem sat sem varaþingmaður, Steingrímur J. Sigfússon og Kolbrún Halldórsdóttir fluttu: Tillaga til þingsályktunar um þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í norðurhöfum sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við vaxandi fiskveiðar við Austur-Grænland og skoða sérstaklega þann kost að þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir siglingar í Norðurhöfum verði á Vestfjörðum."

Ég vil heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig háttað er bæði skipulagi og samningum um þjónustu við fiskiskip hér norður undan og vestur undan? Hvort ekki væri möguleiki á að koma upp þjónustumiðstöðvum. Hvort það gæti verið hluti af milliríkjasamningum að koma upp þjónustumiðstöð fyrir þessi skip á Ísafirði eða á þeim stöðum sem gert var ráð fyrir í umræddri tillögu til þingsályktunar.

En málið fer til sjávarútvegsnefndar. Ég sit í sjávarútvegsnefnd og þar förum við yfir einstaka þætti þessa máls, bæði í smærri atriðum og einnig sem hluta af þeirri heild sem um er að ræða.

[23:55]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir gagnorða umræðu um þetta mál sem mér heyrist býsna mikill samhljómur í. Ég held að allir geri sér grein fyrir því að í húfi eru heilmiklir hagsmunir sem við viljum verja. Það er alveg rétt að ég hef lagt nokkra áherslu á þetta mál einfaldlega vegna þess að í því eru fólgnir miklir hagsmunir fyrir okkur Íslendinga.

Það sem við ræðum einkanlega í þessu sambandi eru veiðar á karfa á Reykjaneshrygg. Þar er um að ræða stofn sem er í veikri stöðu. Þarna eru hentifánaskip sem hafa farið til veiða og stunda veiðar með ólöglegum hætti. Um er að ræða útgerðir sem manna skip sín áhöfnum frá láglaunaríkjum og koma sér hjá því að greiða þeim eðlileg kjör. Þær selja síðan þessar afurðir sínar inn á markaði í samkeppni við okkur, undirbjóða okkur á erlendum mörkuðum og draga þar með úr möguleikum okkar á að fá sanngjarnt verð fyrir okkar afurðir.

Um er að ræða hagsmuni upp á milljarða. Það er því eðlilegt að á Alþingi sé í meginatriðum samhljómur í því að við reynum að verja þá miklu hagsmuni. Um er að ræða fiskstofn sem skiptir miklu máli, ekki einungis fyrir einstakar útgerðir heldur fyrir hagsmuni þjóðarbúsins í heild.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Jón Gunnarsson sagði. Auðvitað skiptir mjög miklu máli í þessu að við Íslendingar séum sjálfum okkur samkvæmir og sýnum ekki með nokkrum hætti tvískinnungshátt í þessum efnum. Þær reglur sem verið er að leggja til hér eiga að gilda jafnt um íslenska aðila, ef þeir gerðust brotlegir, sem erlenda. Auðvitað verður tekið með nákvæmlega sama hætti á íslenskum aðilum sem gerast brotlegir eins og erlendum aðilum. Þess vegna er gert ráð fyrir þessum miklu heimildum til þess að afla upplýsinga á öllum stöðum til þess að við getum fylgst með því að íslensk fyrirtæki taki ekki þátt í þessu sem ella gæti gerst.

Mér er svo sem ekki kunnugt um slíkt. Vel má vera að eitthvað hafi gerst í þessum efnum í fortíðinni sem mér er ekki kunnugt um. En mér er a.m.k. ekki kunnugt um það í nýliðinni fortíð að íslenskir aðilar hafi komið að útgerðum eða söluhagsmunum eða neinu slíku á slíkum afurðum. Ef svo væri yrði tekið á því með nákvæmlega sama hætti og tekið yrði á öðrum aðilum. Ég tek undir það.

Hvalveiðar eru einfaldlega löglegar samkvæmt alþjóðalögum. Við erum þar í fullum rétti og ekki á nokkurn hátt að sýna tvískinnung í þeim efnum.

Við vitum að upp hafa komið ýmis tilvik þar sem líkur hafa verið leiddar að því að Íslendingar hafi með einhverjum hætti komið að viðskiptum af þessu tagi. Þegar slík mál hafa komið upp, t.d. í fyrra, hafði ég sem sjávarútvegsráðherra samband og gekk eftir því að Íslendingar væru ekki á nokkurn hátt þvældir inn í slík viðskipti. Var alltaf vel við því brugðist. Íslensk fyrirtæki sem vilja láta taka sig alvarlega gera sér grein fyrir því að það er ekki í þeirra þágu að nafn þeirra tengist á nokkurn hátt við þær ólöglegu veiðar. Þessar veiðar hafa mjög slæmt orð á sér.

Ekki er einungis um að ræða frumkvæði okkar Íslendinga eitt og sér, þó við höfum á vissan hátt verið á oddinum í þessari baráttu, heldur er þetta vaxandi áhyggjuefni mjög

margra ríkja. Breski sjávarútvegsráðherrann, sem hefur ekki alltaf verið besti vinur minn í ýmsum öðrum málum, hefur haft sömu skoðanir. Norsk stjórnvöld hafa talað með þessum hætti og nýlega hitti ég sjávarútvegsstjóra Evrópusambandsins sem lagði enn fremur mjög mikla áherslu á þetta mál. Ég held því að býsna mikill samhljómur sé í alþjóðasamfélaginu um þetta mál.

Varðandi spurningu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, um heimildir erlendra ríkja til veiða í íslenskri landhelgi, þá er það byggt á samningum við viðkomandi ríki. Það byggist yfirleitt á gagnkvæmum veiðiheimildum sem við erum þar með að útvega okkur. Þetta eru takmarkaðar heimildir og samningsbundnar. Þær hafa verið lagðar fyrir Alþingi og við höfum tekið afstöðu til þeirra.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni. Í því geta falist tækifæri að veita þessum skipum þjónustu. Við höfum verið að hagnast á því að selja þeim skipum sem hér hafa landað þjónustu. Norsk skip, færeysk skip og mörg önnur. Það er rétt að um tíma var töluvert um að skip sem veiddu vestur á Dohrn-banka kæmu með rækju og hefðu hér viðdvöl og seldu í sumum tilvikum afla sinn eða umskipuðu honum og keyptu síðan þjónustu. Um tíma var þetta á Ísafirði. Á seinni árum hefur þetta verið í Hafnarfirði. Það er vissulega verkefni okkar og verkefni þjónustuaðila að reyna að sinna þessu, heilmiklir hagsmunir eru fólgnir í því.

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara um þetta mál fleiri orðum. Hjá hv. þingmönnum hafa í meginatriðum komið fram jákvæðar viðtökur við frumvarpinu. Það er eðlilegt, eins og hv. þingmenn hafa nefnt, að yfir þessi mál sé farið í sjávarútvegsnefnd og kallaðir verði til þeir aðilar sem geta varpað frekari ljósi á málið, bæði úr ráðuneytinu og eins úr hópi þeirra sem vel þekkja til.

En ég ítreka að um er að ræða heilmikla hagsmuni. Hagsmuni sem óþarft er að taka fram að við viljum verja. Um er að ræða hagsmuni sem lúta að rétti okkar til að nýta mikilvæga fiskveiðiauðlind. Ég skil umræðuna á þann veg að um það markmið sé í sjálfu sér breið samstaða.

[00:01]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að þetta væri m.a. gert til að vernda stofn sem væri í veikri stöðu. Nú kom fram í fréttum í kvöld að íslenski þorskurinn væri jafnvel í mjög veikri stöðu og að fara þyrfti að skera niður þorskaflaheimildir. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra hvort nýrra tíðinda sé að vænta og hvort einhver gögn verði lögð því til grundvallar á næstu dögum vegna þess að ótíðindin sem Jóhann Sigurjónsson hjá Hafrannsóknastofnun er að fara með í kringum landið hljóta að byggjast á einhverjum gögnum sem þeir sem skoða kerfið með gagnrýnum hætti hljóta að fá að sjá.

Ég hef m.a. bent á að ósamræmi sé í niðurstöðum merkingagagna Hafrannsóknastofnunar og þeirra kenninga sem komið hafa fram um að veitt hafi verið of mikið og þess vegna sé þorskstofninn í svokallaðri lægð sem hann er sagður vera. En merkingatilraunirnar sem Hafrannsóknastofnun gerði grein fyrir rétt fyrir síðustu jól benda einmitt til þess að veitt hafi verið miklum mun minna en ráðlagt var. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann muni gera þessi gögn opinber að einhverju marki og gera þá einnig betur grein fyrir þessum merkingagögnum sem sýna ótvírætt að mun minna hefur verið veitt en talið var, þ.e. minna hlutfall af stofninum, vegna þess að tilraunin sýnir að miklu færri merki skila sér en ætla má út frá veiðireglunni sem stofnlíkön Hafrannsóknastofnunar ganga út á.

[00:03]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um nein sérstök ný tíðindi sem fulltrúar Hafrannsóknastofnunar séu að kunngera. Við þekkjum það öll og það hefur margoft komið fram og kom m.a. fram í nýjustu ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar að þar á bæ telja menn að skynsamlegast væri að lækka veiðihlutfallið í þorski frá því sem ákveðið hafði verið. Ég tók hins vegar aðra ákvörðun, ég tók þá ákvörðun að viðhalda þessari veiðireglu með breyttum hætti að vísu sem við höfum fylgt undanfarin ár. Ég féllst ekki á þau sjónarmið sem uppi voru, það voru ekki beinlínis tillögur heldur sjónarmið sem uppi voru um að lækka þessa veiðireglu og það er kunnugt. Ég tók þá ákvörðun að halda mig við veiðiregluna með breyttri útfærslu sem leiddi til meiri afla en gamla veiðireglan hefði annars leitt til.

Þau gögn sem verið er að vísa til eru væntanlega þau gögn sem lágu fyrir og hafa legið fyrir í ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar og hugsanlega með einhverjum viðbótum sem hafa komið fram opinberlega eins og t.d. haustskýrslan sem m.a. leiddi í ljós að það var meira innan í fiskinum en áður hafði verið, t.d. hærra hlutfall loðnu sem út af fyrir sig er merkilegt.

Varðandi merkingagögnin sem hv. þingmaður var að vísa til þá eru það gögn sem Hafrannsóknastofnun hefur undir höndum og hefur verið að fjalla um. Ég hef tekið eftir að hv. þingmaður hefur verið að skiptast á skoðunum við tiltekinn fiskifræðing hjá Hafrannsóknastofnun um þau mál og ég tel að það væri ágætt fyrir sjávarútvegsnefnd, án þess að ég ætli að skipta mér af verklagi hennar, að heyra þau sjónarmið sem liggja til grundvallar af hálfu Hafrannsóknastofnunar um þessi mál og frá öðrum aðilum sem kunna að hafa aðrar skoðanir.

[00:05]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fréttatíma sjónvarpsins í kvöld var það að heyra á forstjóra Hafrannsóknastofnunar að einhver ný tíðindi væru á leiðinni og þess vegna fyndist mér ágætt ef tekin yrðu af öll tvímæli um að svo sé ekki.

Hvað varðar merkingagögnin þá er gott að heyra að hæstv. sjávarútvegsráðherra muni ganga til þess verks að gerð verði betur grein fyrir þessum gögnum. Vegna þess að ef gerð er grein fyrir þessum gögnum þannig að skil á merkjum sjáist frá ári til árs er hægt að reikna út dánartöluna með nokkuð óyggjandi hætti. Ég tel að það væri mjög þarft verk að fara yfir það vegna þess að þá er hægt að ganga úr um skugga um það hvort þessi veiðiregla er eitthvað að virka. Ég leyfi mér að efast um að svo sé og hvers vegna geri ég það? Í fyrsta lagi með vísan í þessa merkingatilraun og í öðru lagi hefur uppbyggingarstarfið ekkert

gengið eftir. Ég held að það sé löngu orðið tímabært að menn skoði þessa hluti með gagnrýnum hætti, fari í gegnum þetta ogýti þessu ekki út af borðinu. Mér finnst að hæstv. sjávarútvegsráðherra sé ekki að stuðla að því að þessi gögn séu skoðuð með þeim sem hafa gagnrýnt það að dánartíðnin, náttúrulegur dauði, sé meiri en stofnlíkönin gera ráð fyrir. Mér finnst tímabært að hæstv. sjávarútvegsráðherra skoði það, þó svo að það raski að einhverju leyti grundvelli hans að hægt sé að stjórna þessum veiðum í kringum landið með einum landskvóta. Ég veit að það er æskilegt út frá því sjónarhorni sem (Forseti hringir.) hagfræðingar og lögfræðingar vilja stýra þessu en það er arfavitlaust út frá (Forseti hringir.) líffræðilegum sjónarhóli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Úrvinnslugjald, 3. umr.***

Stjfrv., 451. mál (fjárhæð gjalds á umbúðir). — Þskj. 955.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–6. mál.

Fundi slitið kl. 00:08.

---

# 79. FUNDUR

þriðjudaginn 27. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Þjóðskjalasafn Íslands, stjfrv., 642. mál, þskj. 960. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, stjfrv., 643. mál, þskj. 961. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., stjfrv., 644. mál, þskj. 962. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Úrvinnslugjald, stjfrv., 451. mál, þskj. 955. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 558. mál, þskj. 833, nál. 963, brtt. 996. — 2. umr.
6. Sóttvarnalög, stjfrv., 638. mál, þskj. 946. — 1. umr.
7. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 637. mál, þskj. 945. — 1. umr.
8. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 358. mál, þskj. 952. — 3. umr.
9. Orkustofnun, stjfrv., 367. mál, þskj. 953. — 3. umr.
10. Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, stjfrv., 378. mál, þskj. 954, brtt. 995. — 3. umr.
11. Lokafjárlög 2005, stjfrv., 440. mál, þskj. 956 (sbr. 562). — 3. umr.
12. Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, þáltill., 69. mál, þskj. 69, nál. 983. — Síðari umr.
13. Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, þáltill., 77. mál, þskj. 77, nál. 984. — Síðari umr.
14. Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, þáltill., 78. mál, þskj. 78, nál. 985. — Síðari umr.
15. Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, þáltill., 83. mál, þskj. 83, nál. 986. — Síðari umr.
16. Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, þáltill., 84. mál, þskj. 84, nál. 987. — Síðari umr.
17. Sameignarfélög, stjfrv., 79. mál, þskj. 79, nál. 949, brtt. 950. — 2. umr.
18. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 591, nál. 993, brtt. 994. — 2. umr.
19. Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, stjfrv., 541. mál, þskj. 810, nál. 991, brtt. 992. — 2. umr.
20. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.
21. Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.
22. Fjárreiður ríkisins, frv., 52. mál, þskj. 52. — 1. umr.
23. Íslenska táknmálið, frv., 630. mál, þskj. 938. — 1. umr.
24. Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, frv., 631. mál, þskj. 939. — 1. umr.
25. Flutningur á starfsemi Fiskistofu, þáltill., 635. mál, þskj. 943. — Fyrri umr.
26. Útboð jarðganga í Norðausturkjördæmi, þáltill., 634. mál, þskj. 942. — Fyrri umr.
27. Raforkuver, frv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
28. Strandsiglingar, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
29. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Hlutur kvenna í stjórnmálum, tvísköttunarsamningar o.fl.

[13:29]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Á nýafstöðnu flokksþingi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sagði formaður flokksins, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, m.a. svo í setningarræðu sinni:

„Það eru hins vegar mikil vonbrigði hve hlutur kvenna virðist ætla að verða rýr og minnkandi hjá öðrum flokkum, með þeirri undantekningu þó að Framsóknarflokkurinn stendur sig vel að þessu leyti og er við hliðina á okkur í því að tryggja jafnan hlut kynja — ekki oft sem manni gefst færi á að hrósa Framsókn en þá er líka rétt og skylt að gera það. Þeir verða líka að eiga það sem þeir eiga, framsóknarmenn þar með talið, að það er þeim að þakka að hlutur kvenna er þó það sem hann er í ríkisstjórn."

Það er ekki á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að heyra að Framsóknarflokkurinn hafi gætt þess við skipan ráðherra að hlutur kvenna og karla sé jafnmikill. Þannig eru þrjár konur ráðherrar og þrír karlar af hálfu Framsóknarflokksins en fimm karlar og ein kona á vegum Sjálfstæðisflokks.

Ég vek líka athygli á því að hæstv. utanríkisráðherra Valgerður Sverrisdóttir hefur setið lengst allra kvenna í ríkisstjórn og ef tekin eru saman samanlögð starfsár kvenna í ráðherraembætti hafa kvenráðherrar Framsóknarflokksins setið í samtals 20 ár, Sjálfstæðisflokksins í 13,75 ár og konur úr Samfylkingunni eða Alþýðuflokknum í 7,25 ár en engin kona úr Vinstri grænum eða Alþýðubandalaginu.

Ég vek líka athygli á því að af þingmönnum Framsóknarflokksins eru fimm konur, 45,4%, Samfylkingin er með svipað hlutfall, þ.e. níu konur af 19, Vinstri grænir koma þar fyrir neðan með tvær konur af fimm þingmönnum og síðan eru Sjálfstæðisflokkur og Frjálslyndir með öllu lægra. Ef horft er til framboðslista og oddvita framboðslistanna fyrir komandi kosningar sker Framsóknarflokkurinn sig úr að þessu leyti þar sem þrjár konur og þrír karlar skipa oddvitasæti lista flokksins. Hins vegar er þetta sem svarar einni konu hjá öllum hinum flokkunum af oddvitum framboðslistanna.

Það er ljóst að Framsóknarflokkurinn hefur staðið sig best í því að jafna hlut kvenna og karla í stjórnmálum á Íslandi. Það er nefnilega ekki nóg, hæstv. forseti, að tala. Það þarf líka að framkvæma. (Forseti hringir.)

Umræðu frestað.

***Varamaður tekur þingsæti.***

[13:31]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, 6. þingmaður Suðvesturkjördæmis, er erlendis í opinberum erindagjörðum og getur ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Bryndís Haraldsdóttir, taki sæti hennar á Alþingi, en 1. varamaður flokksins í Suðvesturkjördæmi, Þórdís Sigurðardóttir, getur ekki tekið sæti að þessu sinni."

Þá hefur forseta borist tilkynning frá 1. varaþingmanni Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, Þórdísi Sigurðardóttur, um forföll hennar.

Bryndís Haraldsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

***Athugasemdir um störf þingsins, frh. umr.***

Hlutur kvenna í stjórnmálum, tvísköttunarsamningar o.fl.

[13:33]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Herra forseti. Nýlega féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur sem undirstrikar þá réttaróvissu sem er talin ríkja um tvísköttunarsamninga íslenska ríkisins. Vangaveltur eru uppi um hvort núverandi fyrirkomulag standist kröfur stjórnarskrárinnar en þegar slíkar pælingar koma frá dómstól eiga allir í þessum sal að sperra eyrun. Stjórnarskráin felur Alþingi skattlagningarheimildina en stjórnvöld hafa heimild til að gera þjóðréttarsamninga. Tvísköttunarsamningar hafa hins vegar þá sérstöðu að þeir eru alþjóðasamningar sem eiga að hafa bein réttaráhrif hér á landi.

Fjölmargir sérfræðingar í skattarétti hafa lýst yfir áhyggjum sínum af ástandinu og telja að það sé jafnvel rétt að tvísköttunarsamningar verði lagðir fyrir þingið og samþykktir sem lög, en það er ekki gert nú. Alþingi hefur enga aðkomu að tvísköttunarsamningum í dag. Viðskiptablaðið kallaði þetta fúsk hjá framkvæmdarvaldinu í leiðara sínum.

Herra forseti. Ég kalla eftir viðbrögðum frá hæstv. fjármálaráðherra í ljósi þessa dóms en ég á ekki að þurfa að útlista þá hagsmuni sem liggja í þeim 32 tvísköttunarsamningum sem Íslendingar hafa gert. Mun hæstv. fjármálaráðherra beita sér fyrir því að tvísköttunarsamningar verði lagðir fyrir þingið og telur hæstv. ráðherra að 119. gr. tekjuskattslaga þurfi að koma sérstaklega til skoðunar í ljósi þessa nýfallna dóms?

[13:35]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Það er út af fyrir sig áhugavert álitaefni hvort tvísköttunarsamningar eigi að vera bornir upp á Alþingi eða ekki. Það hefur hins vegar ekki verið hefðin hjá okkur sem hefur m.a. byggst á því að í skattalögum felur Alþingi ríkisstjórninni að gera tvísköttunarsamninga. Eins og fram kom hjá hv. þingmanni hafa lögfræðingar velt fyrir sér hvort það væri rétt að þeir væru samt sem áður bornir upp á Alþingi, m.a. dómarinn í því máli sem þingmaður vísar til. Það er hins vegar athyglisvert að dómarinn kemst að þeirri niðurstöðu, þrátt fyrir þær vangaveltur sem hann er með um það hvort samþykkja beri samningana á Alþingi eða ekki, að eftir sem áður beri að fara eftir samningunum því að þeir séu ívilnandi fyrir skattborgarana og jafnframt að vegna hefðarinnar sé um lögmætar væntingar að ræða hjá borgurunum að eftir tvísköttunarsamningunum sé farið. Þar af leiðandi er ekki hægt á grundvelli þessa dóms að tala

um réttaróvissu. Þvert á móti kveður dómarinn mjög skýrt á um að fara beri eftir samningunum þrátt fyrir að þeir hafi ekki verið bornir undir Alþingi.

Ég hef ekki uppi neinar vangaveltur eða fyrirætlanir byggðar á þessum dómi um að breyta þeirri hefð sem hingað til hefur verið ríkjandi í þessum efnum. Það þarf eitthvað meira að koma til en þessi dómur því að hann undirstrikar að ekki er um réttaróvissu að ræða hvað þetta varðar.

[13:36]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni fyrir að vekja athygli á ræðu formanns Vinstri grænna, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, og ég vil nota tækifærið og þakka honum fyrir að vekja máls á góðri stöðu framsóknarmanna um þessar mundir hvað varðar jafnréttismálin þar sem við höfum á að skipa þremur konum og þremur körlum af sex ráðherrum okkar í ríkisstjórn. Það er mikilvægt að stjórnmálaflokkarnir axli ábyrgð sína í jafnréttismálunum og veiti þar með bæði körlum og konum framgang í stjórnmálunum.

Í gær spunnust miklar umræður um störf þingsins og tækifæri okkar þingmanna til að vekja athygli á þingmálum sem upp koma. Mér finnst grafalvarlegt til þess að hugsa eftir þessa umræðu í gær að það hefur komið í ljós að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir notaði tækifærið og vakti máls á framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins á reglugerð og tiltók þar mál einstaklings sem snýr að yngri hjúkrunarsjúklingi inni á hjúkrunarheimili. Bestu upplýsingar segja mér, það sem ég veit, að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir gerði sér mörgum klukkustundum fyrir umræðuna grein fyrir því að Tryggingastofnun hefði viðurkennt að þarna hefðu átt sér stað mistök og þess vegna ákveðið að draga til baka þetta sérstaka mál gagnvart þessum einstaklingi.

Mér finnst það ábyrgðarhluti, herra forseti, þar sem við þingmenn höfum ekki mörg tækifæri á þingi til að taka upp mál sem eru mikilvæg á hverri stundu að þarna kjósi hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir að mínu mati að vekja athygli á máli sem ég tel að hún hafi vitað að væri komið í vissan farveg. Vegna þeirra miklu umræðna sem við áttum hér í gær um af hvaða tilefni við gætum kvatt okkur hljóðs undir liðnum um störf þingsins finnst mér mikilvægt að þetta komi fram í umræðunni. Ég er, herra forseti, satt að segja hálfundrandi á þessu.

[13:38]

**Ólafur Níels Eiríksson:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að tala um landsfund Vinstri grænna. Steingrímur J. sagðist selja stefnuna dýrt. Hvernig á að túlka svona? Þar sem Vinstri grænir þykjast vera umhverfis- eða náttúruverndarflokkur á að túlka það ...

(**Forseti** (JónK)**:** Ég vil minna hv. þingmann á að ávarpa þingmenn með númeri þeirra.)

Sá sem borgar best, er stefnan látin fjúka. Það er hægt að spyrja sig hvað þurfti að borga sveitarstjórnarfulltrúum fyrir að taka vinkilbeygju frá stefnu sinni. Þetta er skrýtin stefna, alltaf á móti, en að vera á móti sinni eigin stefnu er frekar furðulegt.

Ég tók mér rúnt þangað sem landsfundurinn var um helgina. Ég gat ekki séð að það væri mikið um reiðhjól, það var ekki mikið um rafmagnsbíla en þar sem má ekki virkja er kannski lítil þörf fyrir rafmagnsbíla. Mér skilst að einn félagsmaður Vinstri grænna hafi spurt hversu margir hafi komið labbandi eða á reiðhjóli. Það var einn, og það var spyrjandinn. Þetta er skrýtinn umhverfisverndarflokkur.

[13:40]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég tek undir þau orð sem hér hafa verið sögð um jafnréttismálin og Vinstri græna. Ég vil líka bæta Samfylkingunni við. Báðir þessir flokkar eru í því núna að sleikja upp Sjálfstæðisflokkinn og vonast til þess að komast í ríkisstjórn með honum. Þetta hafa allir séð sem fylgjast með stjórnmálum. [Hlátrasköll í þingsal.] (Forseti hringir.) (Forseti hringir.)

Virðulegur forseti. Hv. þingmenn ...

(**Forseti** (JónK)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn um að hafa hljóð í salnum og stilla frammíköllum í hóf, bæði hjá þessum ræðumanni og öðrum.)

Ég skal orða það öðruvísi fyrst hv. þingmenn þola ekki að heyra þetta: Þeir gera hosur sínar grænar fyrir Sjálfstæðisflokknum en það er þannig að báðir þessir flokkar þykjast ætla að hafa jafnt hlutfall kvenna og karla í ríkisstjórn. Ef við skoðum hverjir leiða í kjördæmunum sex hjá þessum flokkum er það ein kona sem leiðir hjá Samfylkingunni, það er bara hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. (**Gripið fram í:** Er það eitthvað „bara“?) Það er bara, já. Hjá Vinstri grænum leiða tvær konur, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Katrín Jakobsdóttir sem er oddviti lista þar. Þetta er úrvalið.

Það eru karlar sem leiða alla hina listana, og ég bara spyr: Hvernig í ósköpunum þykjast þessir tveir flokkar vera trúverðugir þegar þeir segjast ætla að hafa jafnt kynjahlutfall í ríkisstjórn? Segjum að þessir flokkar komist í ríkisstjórn og fái 5–6 ráðherra, við erum svolítið örlát á sætin. Ætla þá karlarnir sem eru oddvitar og hafa verið valdir í prófkjörum af sínum flokkum að sitja hjá (**Gripið fram í:** Össur gerir það.) og hleypa konunum að? Það hefur ekki verið gert hingað til. Einungis Framsóknarflokkurinn er trúverðugur (Forseti hringir.) í þessu, hann er með þrjár konur sem oddvita og þrjá karla. (Forseti hringir.) Hjá okkur er kynjahlutfallið jafnt. Það erum við sem getum haldið uppi merki kvenna í ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** ... komast á þing.)

[13:42]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Herra forseti. Það sem skiptir hér máli er sú réttaróvissa sem nýfallinn dómur segir að ríki hér um tvísköttunarsamninga. (**Gripið fram í:** Um jafnréttismálin?) Það er grafalvarlegt þegar fjölmargir sérfræðingar á þessu sviði tala um að miklir hagsmunir séu í uppnámi eins og hefur verið gert í fjölmiðlum þannig að réttaróvissan liggur alveg fyrir hvort sem ráðherrum líkar það betur eða verr. Viðbrögð ráðherrans hér í dag eru ekki ásættanleg. Það er hlutverk þessa salar að bregðast við réttaróvissu og láta stjórnarskrána njóta vafans.

Í viðskiptum þýðir óvissa aukinn kostnað eða töpuð viðskipti. Hvorugt viljum við sjá. Eins og viðskiptalífið veit best hefur þessari ríkisstjórn mistekist að laða hingað erlenda fjárfesta sem finnst þetta hagstjórnarumhverfi einfaldlega ekki aðlaðandi, og ekki batnar það ef réttaróvissa ríkir um tvísköttunarsamninga. Það er mjög brýnt að hér sé brugðist við. Það er ekki hægt að skýla sér á bak við hefðina því að það liggur alveg fyrir að skattlagningarheimildin er hjá Alþingi en ekki hjá ráðherranum. Ég sé sömuleiðis ekkert því til fyrirstöðu að tvísköttunarsamningar geti ekki verið lagðir fyrir þjóðþingið til samþykktar eða synjunar.

Því langar mig að spyrja hæstv. fjármálaráðherra af hverju hann vilji ekki bregðast við þessari réttaróvissu sem nú hefur fengist staðfest hjá dómstóli þessa lands og af hverju hann vilji ekki að þingið komi að tvísköttunarsamningum sem þó eiga að hafa bein réttaráhrif á fólkið í landinu.

[13:44]

**Birgir Ármannsson:**

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur farið út um víðan völl og á köflum verið dálítið dularfull. Kemst ég þess vegna ekki hjá því að fara nokkuð víða í ræðu minni þótt stutt verði.

Bara út af einu atriði sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson nefndi í síðustu ræðu sinni vil ég geta þess að fáar ríkisstjórnir, ef nokkur, hafa gert meira til að búa til hagkvæmt, skilvirkt og gott umhverfi fyrir íslenskt atvinnulíf en sú sem nú situr. Ég held að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson ætti ekki að ræða þau mál mikið vegna þess að sá samanburður sem kemur út úr því miðað við þær hugmyndir sem eru á sveimi í hans flokki varðandi atvinnulífið verður honum ekki í hag.

Varðandi aðra umræðu sem hefur átt sér stað hérna og vikið var að ætla ég í sjálfu sér ekki að blanda mér í hana að öðru leyti en því að lengi framan af umræðunni var næstum því vandræðalegt hvað hv. þingmenn Framsóknarflokksins struku formanni Vinstri grænna, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, blíðlega þangað til hv. 9. þm. Norðaust. kom úr allt annarri átt og gagnrýndi hann. Ég verð að segja að eftir flokksþing Vinstri grænna blasir auðvitað við að Vinstri grænir þurfa að svara því aðeins skýrar hvað það er sem þeir eru tilbúnir að selja í umhverfismálunum, og fyrir hvað og hvernig. Það er líka mikilvægt að Vinstri grænir geri aðeins grein fyrir þeim hugmyndum sem þeir orðuðu, hugmyndum sem ganga út á óvenjumikla forsjárhyggju, eftirlit og annað þess háttar (Forseti hringir.) eins og gerðist í gamla sósíalismanum á þeim bæ.

[13:46]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er nú misskilningur hjá hv. þingmanni sem hér talaði síðast að þetta snúist um einhvern prúttmarkað. Það kann vel að vera að þannig sé það í samningum hjá Sjálfstæðisflokknum en það gildir ekki um okkur. Við setjum ekki verðmiða, hv. þingmaður, á málefni okkar þegar við erum að semja um þau.

Mér fannst þessi umræða fara mjög vel af stað hjá framsóknarmönnum og mikið er nú gott að ég skyldi geta glatt þá svona með bút í ræðu minni og hjálpað upp á móralinn. Að slepptri kannski einni ræðu frá þeim var þetta virkilega ánægjulegt að verða þess vitni hvað svona einn lítill kafli í ræðu getur gert mikið gagn.

Ég var ósköp einfaldlega að vekja athygli á því sem er staðreynd, að tveir flokkar fyrst og fremst munu sjá til þess að hlutur kynja verði jafn á framboðslistum þeirra, það gildir um Framsókn hvað varðar efstu sætin og okkur hvað varðar framboðslistana í heild. (Gripið fram í.) Því er það þannig að ef tekin eru t.d. fyrstu sætin stendur Framsókn þar mjög vel að vígi, ef tekin eru sæti 1–2, 1–3 eða 1–4 þá hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð vinninginn þannig að það er sama hvernig kosningar fara hvað okkur varðar, hvort þingmennirnir verða tíu, tólf eða fimmtán, að hlutur kynja verður jafn.

Varðandi Framsókn er sennilega best að þeir fái bara einn mann í hverju kjördæmi. Þá eru hlutföllin best hjá þeim, þannig að það sígur á ógæfuhliðina ef Framsókn fær (Gripið fram í.) meira en sex þingmenn. Að öðru leyti verð ég að segja eins og er að það er auðvitað stórkostleg gamansemi hjá hæstv. heilbrigðisráðherra að koma hér upp og kvarta undan því að aðrir flokkar tali of hlýlega um Sjálfstæðisflokkinn, stórkostleg gamansemi.

[13:48]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Af því að hér er runninn upp tími gagnkvæmra ástarjátninga vil ég viðurkenna alveg fúslega að ég hef alltaf verið hrifinn af hæstv. heilbrigðisráðherra. [Hlátur í þingsal] Ef almættið hefði til að mynda kosið mér þau örlög að vera framsóknarmaður hefði ég að öllum líkindum stutt hana sem formann Framsóknarflokksins, en Framsóknarflokkurinn felldi hana í kosningu þegar sá ágæti flokkur átti möguleika á því að kjósa konu til að leiða flokkinn. Mér finnst því að það sitji nú síst á hæstv. heilbrigðisráðherra að koma hingað og gera lítið úr þeirri stöðu að Samfylkingin hefur valið konu til þess að leiða flokkinn og hefur lýst því yfir að ef Samfylkingin kemst til valda — sem ég hef litlar efasemdir um á þessari stundu — þá muni hún freista þess að hafa jafnt hlutfall kynja meðal fulltrúa hennar í ríkisstjórn. Svo skulum við sjá hvernig örlögin tefla þann leik til enda.

Mér fannst reyndar, herra forseti, að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon væri fullvonbjartur fyrir hönd Framsóknarflokksins að gera því skóna, miðað við stöður úr könnunum, að hann næði einum þingmanni í hverju kjördæmi, en guð láti gott á vita. (**Iðnrh.:** Það væri gott.) Já, það væri gott, segir hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra vegna þess að hann metur stöðuna þannig að það greinilega, að hans mati, stappar kraftaverki næst ef það gerist. [Hlátur í þingsal.] En, herra forseti, eins og prófastssonurinn frá Hvalfjarðarströnd, trúi ég á kraftaverkin, kannski gerast þau.

Ég kem hins vegar hingað upp til að mótmæla þeim árásum sem hv. þingmenn Framsóknar hafa komið með á hv. þingmann Samfylkingarinnar, Ástu R. Jóhannesdóttur. Það er fullkomlega eðlilegt að hún hafi komið hingað, eins og hún gerði í gær, og spurt um það hvernig á því standi að verið er að rukka fólk sem er heilabilað og er á sjúkrastofnun um 142 þúsund kr. á mánuði eftir að ráðherra skrifaði

undir reglugerð sem breytti því. Hvað sem líður einhverjum samtölum Tryggingastofnunar við þingmanninn á þingið rétt á að fá að vita það og það kom fram hér í gær, (Forseti hringir.) að hæstv. ráðherra hafi ekki einu sinni lesið reglugerðina (Forseti hringir.) og þekkti hana ekki.

[13:51]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(ber af sér sakir)*:

Virðulegur forseti. Hér er ég sökuð um að hafa ekki lesið reglugerð. Það er algjörlega fráleitt að halda því fram (Gripið fram í.) og ég vísa þessu algjörlega út í hafsauga. Það sem skeði í gær (Gripið fram í.) var að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir tók sérstakt mál upp og sagði að verið væri að rukka manneskju sem átti ekki að rukka. Það kom í ljós síðar um daginn að Tryggingastofnun hafði gert mistök og leiðréttingarferli var farið í gang (**Gripið fram í:** Hvað voru margir ...?) og hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur var fullkunnugt um það. Starfsfólk Tryggingastofnunar hafði upplýst hana um það fyrr um daginn að leiðréttingarferlið var farið í gang. (Gripið fram í.) Samt var kosið að taka þetta mál upp í þinginu.

Ég vil algjörlega mótmæla því sem ég er sökuð um. Það hefur aldrei komið fram í þessum stól og ég hef aldrei sagt það sem hv. þingmaður er að bera hér upp á mig. Þetta er mjög ómerkilegt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að segja þetta hér. Umræðan var hins vegar ómerkileg af hálfu Samfylkingarinnar sem tekur hér upp mál sem var búið að leiðrétta við hv. þingmann og samt er það dregið hér inn. Starfsfólk Tryggingastofnunar er mjög óhresst með þetta, mér er kunnugt um það. Ég vil bara að þetta sé alveg á hreinu, virðulegur forseti, að það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að fara með hér er algjört fleipur og ég vísa því til föðurhúsanna.

[13:52]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Ég vil geta þess og beini því til hv. þingmanna að það er nokkuð svona á grensunni að hér sé um mikil sakarefni að ræða og vil biðja hv. þingmenn að nota þennan dagskrárlið í hófi. Hins vegar gef ég hv. þingmanni orðið til að bera af sér sakir.

[13:53]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(ber af sér sakir)*:

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að bera af mér sakir vegna þess að í gær vakti ég athygli á tvennu sem varðar alzheimersjúklinga. Annars vegar að rýmum í skammtímavistun fyrir þá hefur á tveimur árum fækkað fyrst úr fjórum niður í tvö á Landakoti og síðan niður í eitt. Hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir minntist ekki á það, hvernig þeir hafa fækkað rýmum í skammtímavistuninni á kjörtímabilinu.

Hitt atriðið var að ég lýsti hér erindi sem maki alzheimersjúklings sendi mér vegna þess að verið var að rukka hann fyrir vistina. Þessi maki er undir 67 ára. Ég vildi vekja athygli á þessu. Reyndar er það rétt að Tryggingastofnun lét mig vita rétt áður en ég fór í salinn að þetta hefðu verið mistök, (**Heilbrrh.:** Í hádeginu.) í hádeginu þegar þingflokksfundurinn var að byrja, það er rétt. Engu að síður spurði ég Tryggingastofnun að því hvort það væru fleiri sem væru að lenda í þessu eftir að hæstv. ráðherra breytti þessari reglugerð. Það vissi hún ekki. (Gripið fram í.) Ég komst ekki að því, ég spurði í gær: Eru margir aðrir? Það var spurning mín: Eru margir aðrir yngri hjúkrunarsjúklingar að fá svona rukkanir? Það var spurning mín í fyrri umræðu, ég komst ekki að aftur. Þannig var það. (Gripið fram í.)

Það er full (Forseti hringir.) ástæða til að vekja athygli á þessu hér í þingsal, að verið sé að rukka fólk og ég vil vekja athygli á því fyrst ég kemst að hér til að bera af mér sakir, að þessi maki alzheimersjúklings verður rukkaður innan skamms um þessar upphæðir þegar viðkomandi sjúklingur verður 67 ára. Ég tel fulla ástæðu til að menn velti því fyrir sér hér í þingsalnum.

[13:55]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Forseti vill enn einu sinni beina því til þingmanna að óróleikinn í salnum er fyrir ofan meðallag. Ég vil biðja hv. þingmenn að gefa hvort sem er ræðumönnum eða forseta hljóð og vil beina því í fullri vinsemd til þingheims.

[13:55]

**Útbýting:**

Afli línubáta á krókaaflamarki, 610. mál, svar sjútvrh., þskj. 976.

Hafnalög, 366. mál, nál. samgn., þskj. 997; brtt. samgn., þskj. 998.

Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, 621. mál, nál. landbn., þskj. 999; brtt. landbn., þskj. 1000.

## *Þjóðskjalasafn Íslands, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 642. mál (öryggismálasafn). — Þskj. 960.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

## *Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 643. mál (ólöglegar veiðar). — Þskj. 961.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., frh. 1. umr.*

Stjfrv., 644. mál (eftirlitsheimildir). — Þskj. 962.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Úrvinnslugjald, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 451. mál (fjárhæð gjalds á umbúðir). — Þskj. 955.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BHar, EOK, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GHall, ISG, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, ÓlE, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SJS, SvA, SæS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.
24 þm. (ÁMöl, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GAK, GÞÞ, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjart, KJúl, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SP, StB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1001).

### *Tilkynning um dagskrá.*

[14:00]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um málefni byggðarlaga utan landshlutakjarna. Málshefjandi er hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Hæstv. iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

### *Umræður utan dagskrár.*

Málefni byggðarlaga utan landshlutakjarna.

[14:00]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hvarvetna í grannríkjum okkar hafa stjórnvöld í frammi aðgerðir til að stýra eða hafa hönd í bagga með byggðaþróun og hamla gegn því að landsvæði leggist í eyði. Nú hefur ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks setið að völdum í heil 12 ár. Á þeim tíma hefur orðið einhver mesta byggðaröskun sögunnar á Íslandi. Hér eru stór landsvæði þar sem byggð hangir á bláþræði, jafnvel á heilum landshlutum eins og á Vestfjörðum. Fólksfækkun þar er um 20%, meðaltekjur langt undir landsmeðaltali og meðalaldur stöðugt upp á við. Sömu sögu er að segja af Norðurlandi vestra, úr Dölum, úr Þingeyjarsýslum, úr Norður-Múlasýslu og af Suðausturlandi.

Jafnvel í byggðarlagi sem útnefnt hefur verið landshlutakjarni eins og Ísafjörður hefur mistekist að skapa almennar aðstæður þannig að atvinnulíf geti þrifist og þróast eðlilega. Það lafir á lyginni einni eins og nýjustu fréttir sanna. Samkvæmt mínum heimildum eru fréttir af lokun Marels á Ísafirði ekki síðustu slæmu fréttirnar sem við eigum von á af svæðinu, því miður.

En hvers vegna skyldi ástand mála vera eins og raun ber vitni á þessum svæðum? Ætli það hafi eitthvað að gera með vanrækslu Sjálfstæðisflokksins í samgöngumálum eða að fólki er lofað framkvæmdum fyrir kosningar sem svo eru skornar miskunnarlaust niður um marga milljarða á einu kjörtímabili? Allar á svæðum sem hallar á. Eða að enn er ekið á malarvegum á köflum hringvegarins austanlands og á aðalleiðum á Vestfjörðum eftir sextán ára þrásetu sjálfstæðismanns í stóli samgönguráðherra? Eða að þverskallast er gegn stuðningi við strandsiglingar og Evrópusambandið gert að blóraböggli þótt það sé einmitt eitt af markmiðum þess að koma flutningum á sjó og vötn?

Er þetta sinnuleysi, viljaleysi eða getuleysi? Hvers vegna er ekki gengið til samstarfs við þá sveitarstjórnarmenn sem koma hverja sendiförina á fætur annarri til stjórnvalda til að leggja áherslu á mikilvægi samgöngumála, til að leita stuðnings við hugmyndir um fjölbreyttara atvinnulíf, bjóða aðstöðu til ýmissa verka og þjónustu, með hugmyndir um nýtingu á húsnæði á landsbyggðinni?

Nei. Ráðherrar standa hér í ræðustóli og fórna höndum eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar Kristinn Guðfinnsson gerði í gær og segir þetta alþjóðlega þróun. Sem sagt, viðurkennir að þeir ráði ekki við verkefni sitt, að hann hafi gefist upp.

Ríkisstjórnin hagræðir burt af landsbyggðinni. Starfsmönnum Ratsjárstofnunar var boðinn flutningsstyrkur ef þeir vildu ráða sig til starfa á höfuðborgarsvæðinu og þar með lækkuðu útsvarstekjur Bolungarvíkur um 5%. Og hæstv. utanríkisráðherra skýldi sér á bak við bandarísk stjórnvöld. Hún yppti líka öxlum og gat ekkert gert. Og íbúarnir sem biðja um að fá að sitja við sama borð og aðrir landsmenn, hvers eiga þeir að gjalda? Þeir eru ekki að biðja um ölmusu heldur almennar aðstæður til að geta bjargað sér sjálfir og í því efni hefur ríkisstjórnin heldur betur brugðist þeim.

Ég er því miður ekki búin að fá svar við fyrirspurn minni um þróun opinberra starfa á landsbyggðinni sem ég þó lagði fram fyrir nokkrum vikum. Þar veit ég að koma mun í ljós að fjöldi opinberra starfa hefur dregist stórlega saman, jafnvel þar sem ríkisstjórnin þykist ætla að byggja upp eins og á Ísafirði. Markmiðin sem sett eru fram í byggðaáætlun eru ekki sett í framkvæmd, t.d. um stuðning við atvinnumál kvenna á landsbyggðinni. Það er bara í athugun og verður þar væntanlega þar til næsta ríkisstjórn tekur við.

Unga fólkið á landsbyggðinni menntar sig eins og annað ungt fólk á landinu. En þeir sem þurfa að fara burtu til náms komast ekki til baka aftur heim né annað út á land nema í undantekningartilfellum. Það vantar viljann hjá ríkisstjórnarflokkunum til að koma upp störfum við hæfi eða skapa aðstæður til atvinnusköpunar.

Samfylkingin hefur bent á að árlega losna um 300–400 störf hjá ríkinu sem hægt er að vinna hvar sem er ef einföld

grundvallaratriði eru til staðar. Samfylkingin hefur sett fram þingsályktunartillögu um að skilgreind verði öll störf á vegum ríkisins sem unnt er að vinna að mestu eða öllu leyti óháð staðsetningu, m.a. til að auka möguleika fólks á landsbyggðinni til gegna störfum á vegum ríkisins.

Beiðni um umræðuna sem nú fer fram var sett fram fyrir jól og er því ekki sett fram í tilefni lokunar Marels á Ísafirði sem þó út af fyrir sig hefði verið nóg ástæða. Hún var sett fram vegna þess að mér hefur blöskrað (Forseti hringir.) sinnuleysi ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki um langa hríð. Ráðin til að byggja upp landsvæði eru þekkt og það er líka þekkt að ef undirstöðuatriði (Forseti hringir.) eins og ef góðar samgöngur vantar þá duga engin ráð. Ég hef lagt spurningar mínar fyrir hæstv. ráðherra.

[14:06]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga umræðuefni. Í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar eru ræki leg ákvæði þar sem vikið er að byggðaþróun, að byggðarlögum utan svokallaðra landshlutakjarna og að byggðamálum yfirleitt.

Fjöldamörg verkefni og aðgerðir koma einnig fram í byggðaáætlun en nú er unnið samkvæmt byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 sem afgreidd var að venju hér á Alþingi.

Á þeim grundvelli hafa verið gerðir vaxtarsamningar fyrir byggðir Eyjafjarðar, fyrir Vestfirði, fyrir Vesturland, fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar, fyrir Austurland allt og unnið hefur verið að undirbúningsþáttum vaxtarsamninga fyrir svæði fyrrverandi Þingeyjarsýslna og einnig fyrir svæðið sem áður var Norðurlandskjördæmi vestra. Enn er unnið að þessum verkefnum sem eru fjöldamörg og miklu fleiri en upp verði talið hér en alls staðar þyrfti að sönnu að bæta í og auka umsvifin.

Vaxtarsamningar eru mjög merkileg aðferð og aðgerð í byggðamálum og þeir eru nýjung á síðari árum. Að vaxtarsamningi, þegar vel tekst til, koma sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir, skólar og samtök auk ríkisvaldsins. Þess eru líka dæmi að tekist hafi að fá fyrirtæki og stofnanir í höfuðborginni með í vaxtarsamning fyrir fjarlægan landshluta. Þannig kemur þá fjármagn og þekking og vinnuframlög til viðbótar því sem heimamenn færa fram í vaxtarsamninginn.

Meginstefnumið ríkisstjórnarinnar mætti setja fram með þessum hætti: Í fyrsta lagi jafnræði landsmanna í öllum byggðum landsins, atvinnuöryggi og atvinnuþróun. Í öðru lagi aðgengi að þjónustu, menntun, samgöngum og opinberum stofnunum. Í þriðja lagi, síðast en ekki síst, frumkvæði og forusta heimamanna sem skapa sér sjálfir örlög og vinna sjálfir í framvarðarsveit og forustu að framförum í heimahögum. Það er mjög mikilvægt að forusta og forsjá sé sem allra mest í höndum heimamanna.

Nú hefur þróunin á landsbyggðinni að sönnu verið misjöfn og ólík milli einstakra landsvæða. Þau svæði sem einkum vekja áhyggjur um þessar mundir eru Vestfirðir, Norðurland vestra, norðaustursvæðið, suðaustursvæðið og Vestmannaeyjar. Á þessum svæðum er viðvarandi mannfækkun.

Í byggðaáætlun er ákvæði um athugun á stöðu byggðarlaga sem glíma við viðvarandi fólksfækkun. Byggðastofnun hefur verið falið þetta verkefni og vinnur það ásamt Impru, atvinnuþróunarfélögum, Háskóla Íslands, ráðuneytum og fleirum. Þetta verkefni er í vinnslu og verður gerð grein fyrir því síðar á þessu ári.

Ástæður byggðaröskunar og skýringarnar eru auðvitað margar en einkum þó að á þessum svæðum sem ég áður taldi upp eru hefðbundnar frumframleiðslugreinar mjög ráðandi í atvinnulífi. Þær eru í harðri hagræðingarþróun og fækka við sig fólki sem kunnugt er. Það er ekki áhlaupaverk að umstafla í atvinnulífinu, en rétt er að taka það fram að víða hafa nýsköpunarsprotar náð þroska og nægir í því efni að vísa til ferðaþjónustunnar.

Það er þess vegna enn þá meira áfall þegar forustufyrirtæki eins og Marel ákveður að pakka saman, kveðja og halda brott. Ráðuneytið mun á næstunni í samstarfi við Byggðastofnun leggja áherslu á að kynna sér allar aðstæður þessa sem best og aðstoða eftir föngum til að tryggja sambærilegt atvinnuframboð á Ísafirði áfram.

Loks vil ég nefna að Byggðastofnun kemur margvíða við sögu með framlög, lán og aðra aðstoð og fyrirgreiðslu á þeim svæðum sem hér voru nefnd. Vaxtarsamningarnir skipta auk þess auðvitað úrslitamiklu máli og þeir eru í framkvæmd. Auk þess má vísa til framkvæmda í samgöngumálum og skólamálum. Nýtt verkefni á vegum Þjóðskjalasafns verður unnið að hluta til í söfnum úti á landi.

Enn fremur vil ég benda á eða minna á það að Byggðastofnun vakti fyrir nokkru athygli á flutningamálum landsbyggðarinnar varðandi jöfnun kostnaðar á svipaðan hátt og sveitarstjórinn í Bolungarvík hefur nýlega gert. En mestu máli skiptir að nýjar atvinnugreinar, nýsköpun og framþróun þjónustugreina nái að skjóta rótum sem allra víðast.

Nýjar atvinnugreinar og nýtt framtak á nýjum sviðum verða að koma í staðinn fyrir þau atvinnusvið sem fækka við sig mannskap. Þessi eru þau langtímaverkefni sem við verðum að vinna áfram að. Þau eru ekki áhlaupaverk eða átaksverk heldur (Forseti hringir.) varanleg viðvarandi verkefni í þjóðfélaginu.

[14:11]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á fjölbreytt atvinnulíf og samkeppnishæfa búsetu um allt land. Við viljum vera ein þjóð í okkar ágæta landi þar sem allir eiga sama rétt og sömu tækifæri en það er ekki svo.

Fólki og fyrirtækjum er mismunað eftir búsetu og það af stjórnvöldum. Einkavæðing þjónustustofnana eins og t.d. Símans kemur mjög hart niður á dreifbýlinu, bæði í hærri gjöldum, skertri þjónustu og lokun starfsstöðva. Lokun starfsstöðva á Sauðárkróki, Blönduósi, Ísafirði og víðar.

Það getur verið svo sem gott og blessað að skilgreina einhverja staði sem landshlutakjarna eins og hæstv. iðnaðarráðherra kom hér inn á. Nú er það svo að Akureyri er skilgreindur landshlutakjarni, svo Ísafjörður og svo Reykjavík. Eða væntanlega er Reykjavík skilgreindur landshlutakjarni, er ekki svo?

Öll hin svæðin eru skilgreind sem einhvers konar fóðursvæði fyrir viðkomandi landshlutakjarna. En þetta er líka blekking. Tökum Ísafjörð. Íbúum Ísafjarðar hefur verið talin trú um að þeir væru landshlutakjarni. Því hefur á engan

hátt verið fylgt eftir. Síður en svo. Vaxtarsamningar sem hæstv. ráðherra var að guma af eru svo lítilfjörlegir að meira að segja sveitarfélögin á Norðurlandi vestra neituðu að skrifa undir þann smánarsamning sem iðnaðarráðherra kynnti fyrir þeim. Þetta er það sem hann kallar byggðaaðgerð.

Hæstv. ráðherra minntist á flutningsjöfnunarkostnaðinn. Ráðherrann ætti að rifja upp loforð Framsóknarflokksins fyrir síðustu kosningar um jöfnun flutningskostnaðar. Þau hafa ekki verið efnd á neinn hátt og sagt að stæðu föst í ríkisstjórninni.

Nei, herra forseti. Byggðamálin hafa svo stórkostlega verið vanrækt og þeir (Forseti hringir.) landshlutar, sérstaklega norðvesturssvæðið mjög alvarlega vanrækt og (Forseti hringir.) það verður að gera stórátak í málefnum þessara byggða.

[14:13]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vill þakka hv. frummælanda fyrir að taka þessa umræðu upp. Málefni minni byggðarlaga og dreifbýlisins í heild eru auðvitað alltaf, eins og gefur að skilja og hér hefur komið fram, mjög margþætt og að þeim þarf að huga. Byggðarlögin eru fjölbreytt og búa við mismunandi atvinnuskilyrði og grunnþjónustu.

Það skiptir auðvitað allt samfélagið og þjóðfélagið mjög miklu máli að dreifbýlið fái að dafna og það gerist ekki nema innviðirnir séu traustir. Til innviða vil ég sérstaklega telja í þessu samhengi gott samgöngukerfi, aðgengi að menntun og gott fjarskiptakerfi sem innifelur m.a. háhraðatengingar sem verða til þess að hægt er að hafa gott aðgengi að menntun.

Samgönguáætlun miðar einmitt að því að styrkja hinar dreifðu byggðir og það hefur þá í för með sér að hægt verður að hafa lengri veg til atvinnusóknar.

Það hefur aldrei verið lagt jafnmikið í samgöngumál, þrátt fyrir orð hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur áðan, bein framlög úr ríkissjóði hafa bæst við hefðbundnar tekjur Vegasjóðs og söluandvirði Símans þar að auki.

En við vitum að grunnatvinnuvegirnir eru að tæknivæðast æ meir. Hagræðingin er sífellt að verða meiri og færri mannshendur þarf til í þau störf. Hins vegar verða til önnur störf sem taka við í tæknigreinum og þjónustugreinum. Vandinn er m.a. að leiða þau störf meira út í hinar dreifðu byggðir. Stoðkerfi atvinnulífsins þarf að líta til þessara þátta í hinum dreifðu byggðum og við þurfum að styrkja atvinnuþróunarfélögin. Byggðastofnun er til staðar, (Forseti hringir.) stoðkerfi landbúnaðarins og sjávarútvegsins. Og þessar stofnanir þurfa að bregðast (Forseti hringir.) við og þurfa helst, hæstv. forseti, að vera skrefi á undan þróuninni.

[14:16]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Þessi umræða er að nafninu til um stöðu byggðarlaga utan landshlutakjarna. Kennitölur um þróun á síðasta ári eru þó þannig að það er ekki hægt að skipta landinu upp í tvennt með þessum hætti vegna þess að þróunin á landshlutakjörnunum er jafnslæm og verið hefur á undanförnum árum á þeim svæðum sem eru tilefni utandagskrárumræðunnar. Meira að segja á Akureyri var á síðasta ári staðan þannig að brottfluttir voru fleiri en aðfluttir. Menn hljóta að kalla eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að breyta þessu ástandi. Við trúum því að það sé ekki yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar að fækka fólki á landsbyggðinni og fjölga því á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðaleysi hæstv. ráðherra hér áðan veldur hins vegar miklum vonbrigðum. Þá voru engar tillögur, enginn kraftur, enginn vilji, aðeins skoða, athuga, heimsækja, ræða við — búið. Ef menn ætla að ná árangri sem við vitum að er hægt verða menn að hafa kraft í sér og dug til að grípa til aðgerða. Menn vita hvaða aðgerðir þarf. Menn vita að það þarf fé.

Við þekkjum á Austurlandi að aðgerðir í atvinnumálum eru það sem skiptir máli. Ef menn taka ekki á í atvinnumálum ná menn engum árangri. (**Gripið fram í:** ... stóriðja.) Á landsbyggðinni er sjávarútvegurinn aðalatvinnugreinin. Það er atvinnugrein sem er bundin í fjötra, atvinnugrein sem býr við það kerfi að fyrirtækin hafa ekkert afl. Allt bolmagn þeirra fer í að greiða fyrir réttindin, hvort sem það er leigukvóti eða keyptur kvóti. Þessi fyrirtæki hafa engan kraft lengur til að leiða áfram þróun í atvinnulífinu eins og þau hafa gert á undanförnum áratugum. Þess vegna vatnar svona undan landsbyggðinni. (Forseti hringir.) Kerfisbreyting í höfuðatvinnugreininni verður að eiga sér stað, virðulegur forseti.

[14:18]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég hlustaði grannt eftir ræðu hæstv. iðnaðarráðherra áðan þegar hann svaraði þingmanni Samfylkingarinnar, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, um það hvað ríkisstjórnin hefði gert í þessum málum og hvernig ríkisstjórnin útskýrði það að ekkert sem hún hefur gert í byggðamálum hefur í rauninni tekist. Staðan er sú að fólki hefur fækkað víðs vegar um landið, ekki síst í þeim jaðarbyggðum sem komið var inn á í ræðu framsögumannsins, Önnu Kristínar Gunnarsdóttur. Tekjugrunnur sveitarfélaganna hefur verið að hrynja, atvinnufyrirtækin eru að leggja upp laupana og hagvöxtur á þessum svæðum hefur verið enginn, hann hefur verið neikvæður á undanförnum árum á þessum svæðum. Ég hlustaði grannt, eins og ég segi, eftir því sem hæstv. ráðherra sagði.

Hann sagði okkur að í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar væru fjölmörg atriði um byggðamál. Hann sagði að það væri markmið ríkisstjórnarinnar að það ætti að ríkja jafnræði, atvinnuöryggi og atvinnuþróun um allt land. En það er ekki jafnræði sem fólk býr við um allt land. Engin atvinnuþróun hefur átt sér stað víða um landið og atvinnuöryggi fólks er lítið sem ekkert, eins og við sjáum núna á þeim uppsögnum sem hafa átt sér stað fyrir vestan. Ef ráðherrann hefði flutt þessa ræðu í upphafi kjörtímabilsins, í upphafi þess 12 ára ferils sem þessi ríkisstjórn á núna að baki, hefði þetta kannski verið ágætlega samin ræða og skiljanleg en það er ekki hægt að bjóða þingheimi og þjóð upp á þessa ræðu núna. Þessi ríkisstjórn er búin að sitja í 12 ár og þessum byggðum blæðir út. Það þýðir ekkert núna að tala með þessum hætti.

Ríkisstjórnin er að verða uppvís að vanrækslusyndum

sínum á hverju sviðinu á fætur öðru, í efnahagsmálum, öldrunarmálum og byggðamálum. Aðgerðir hafa verið of litlar (Forseti hringir.) og komið of seint og það er ekki hægt að bjóða þingi og þjóð upp á svona ræðumennsku (Forseti hringir.) í lok þings og lok 12 ára samfellds valdaferils.

[14:21]

**Svanhvít Aradóttir:**

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að áfram verði unnið að uppbyggingu byggðarkjarna. Eitt meginmarkmið gildandi byggðaáætlunar er að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu. Samhliða styrkingu landshlutakjarna á líka að huga heildstætt að þróun byggðar í landinu öllu og hlúa að svæðum sem standa höllum fæti, bregðast þarf við vanda þeirra byggðarlaga sem búa við mikla fólksfækkun og mynda sameiginlega framtíðarsýn.

Í framtíðarsýn fyrir hvert svæði þarf að horfa til menningar, menningararfs, félagslegra og hagrænna þátta og náttúrufars með það að markmiði að styrkja samkeppnishæfni svæðisins og skilyrði til sjálfbærrar þróunar.

Staðan hefur verið einna erfiðust hjá byggðarlögum sem liggja það fjarri þéttbýliskjörnum að ekki er hagkvæmt að sækja vinnu þangað og erfitt er um vik að njóta þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Því er mikilvægt að huga sérstaklega að þessum byggðarlögum. Af þessum sökum var lagt til í byggðaáætlun sem samþykkt var á Alþingi vorið 2006 að gerð yrði athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við fólksfækkun, styrkleikar þeirra og veikleikar metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna. Vinnan við verkefnið hófst á haustdögum 2006 og reiknað er með að niðurstöður verði kynntar síðla árs 2007. Búið er að vinna verklagsáætlun og gera tillögur um skilgreiningu þeirra svæða sem til athugunar verða, unnin verði stöðugreining þessara svæða og aflað upplýsinga um hugmyndir heimamanna til eflingar byggðarlaganna.

Að auki er í byggðaáætlun að finna fjölmörg verkefni og áætlanir um verkefni sem lúta að þessu málefni. Þar vega t.d. þungt bættar samgöngur, bætt fjarskipti, framkvæmd vaxtarsamninga o.fl. Þetta eru þau verkefni sem eru vel á veg komin. Þá er einnig rétt að benda á nokkra aðgerðaaðila (Forseti hringir.) sem hafa eflingu menntunar að meginmarkmiði, bæði með tilliti til uppbyggingar menntasetra á landsbyggðinni og til þess að styrkja menntunarsókn (Forseti hringir.) einstaklinganna á landsbyggðinni.

[14:23]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er alveg sama hvort við tölum um þau svæði landsbyggðarinnar sem liggja utan hinna skilgreindu byggðarkjarna eða landsbyggðina almennt, staðan þar er grafalvarleg. Svo að aðeins sé nefnt tvennt, fjársvelti sveitarfélaganna, gjörsamlega óviðunandi afkoma minni og meðalstórra sveitarfélaga á landsbyggðinni, eða niðurskorin samgönguáætlun, nægir það til að rökstyðja hversu hörmulega illa hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að málum í þessum efnum.

Ef við tökum svæði eins og suðurfirði Austfjarða, Djúpavog og Breiðdalsvík, eða norðausturhornið upplifa menn sig þar meira og minna utan garðs og yfirgefna í sinni erfiðu varnarbaráttu í byggðamálum. Vandinn er sá að almennt eru ráðstafanir á sviði byggða- og jöfnunaraðgerða máttlausari en þær hafa verið um langt árabil. Það er ósköp einfaldlega minna lagt til þeirra hluta og verr þar að verki staðið en verið hefur sennilega nokkru sinni síðan við fórum yfir höfuð að tala um eitthvað sem héti byggðamál, byggðaaðgerðir, byggðajöfnunaraðgerðir á Íslandi. Veruleikinn er sá að þessi málaflokkur hefur verið að dragast upp æ síðan hann var fluttur frá forsætisráðuneytinu og til iðnaðarráðuneytisins, til Framsóknarflokksins. Það er veruleikinn sem menn verða að horfast í augu við, að Framsóknarflokkurinn tók við þessum málaflokki fyrir bráðum átta árum og það hefur aldrei verið jafnilla og -sleifarlega að verki staðið þrátt fyrir eitthvert hjal um annað.

Þetta er veruleikinn. Þar af leiðandi er það þannig að eitt af því brýnasta sem þarf að gera í þessum efnum, fyrir utan auðvitað að fella ríkisstjórnina og skipta þar um, er að frelsa málaflokkinn undan Framsóknarflokknum, frelsa byggðamálin undan Framsókn sem gjörsamlega hefur brugðist í þessum efnum. Þetta verður hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að horfast í augu við, og því fyrr sem hann viðurkennir uppgjöf sína og lætur (Forseti hringir.) af embætti í þessum efnum, því betra.

[14:25]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegur forseti. Ég fagna þessari umræðu og þakka fyrir hana. Staða byggða mjög víða á Íslandi er hættuleg. Það er mjög hættulegt fyrir eina þjóð ef svo horfir að stór hluti landsins fái ekki að vera í byggð. Við skulum líta á þetta alvarlegum augum og tala um þetta af mikilli alvöru.

Ég fullyrði að sú skipting á milli þenslu og samdráttar sem er í þessu landi gefi augaleið um að við það vaxtastig sem er í þessu landi fær enginn atvinnurekstur þrifist. Þar sem stýrivextir eru milli 14 og 15% fær engin framleiðslugrein staðist, alls ekki. Það er bara ávísun á að hún leggist af. Það er grundvallaratriði að komast út úr þessum vaxtamálum. Öðruvísi verða allar tilraunir okkar til einskis.

Ég fagna því þeim ummælum sem hér hafa komið fram frá fólki úr öllum flokkum um þá brýnu nauðsyn að standa vörð um byggðir landsins. Ég vek athygli á því að innan tíðar, innan nokkurra daga á ég von á, kemur fram frumvarp sem styður veikustu byggðir Íslands, þar sem fátækasta fólkið býr. (Gripið fram í.) Það er sauðfjársamningurinn sem verður lagður fyrir þingið eftir nokkra daga og ég vonast þá til þess að það sýni sig að menn standi með þessu fátækara fólki, með veikasta hluta Íslands. Það eru Skaftafellssýslur, Þingeyjarsýslur, Múlasýslur, Húnaþing, Dalir og Vestfirðir sem eiga hér undir (Forseti hringir.) að sauðfjárræktin fái staðist. Það verður þá prófsteinn á sannleiksgildi þeirra orða sem hér hafa fallið, hvort menn ætla að standa við þau eða ekki.

[14:27]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Ef litið er yfir tölur um þróun mannfjölda á landinu sést svart á hvítu að Framsóknarflokkurinn hefur með hjálp Sjálfstæðisflokksins rekið glerharða stefnu gegn þessum byggðum. Og mér finnst ósvífið að verða vitni að því þegar hæstv. ráðherra byggðamála flytur mál sitt og ætlar ekki að nýta neitt síðasta mánuð sinn í starfi til að koma til móts við það fólk sem hann hefur leikið svo illa á undanförnum árum, þ.e. flokkur hans og stefna. Mér finnst alveg ótrúlegt að horfa upp á það að hann skuli ekkert ætla að gera, heldur kemur hann bara með eitthvert taut úr ráðuneytinu og ætlar að fela Byggðastofnun að gera eitthvað, Byggðastofnun sem hann ætlar að leggja niður. Fyrir þinginu liggur frumvarp um að leggja Byggðastofnun niður. Og hann ætlar að fela Byggðastofnun að gera eitthvað. Þetta er alveg fáheyrt.

Ég minni á að þessar byggðir eru í vanda út af sjávarútvegsmálum, út af því hvernig ríkisstjórnin hefur komið sjávarútvegi fyrir, bundið fyrir alla nýliðun í greininni. Það er þess vegna sem þessir bæir eiga um sárt að binda hringinn í kringum landið, og ekki út af neinu öðru. Ef ríkisstjórnin ætlar á einhvern hátt að koma til móts við þessar byggðir þarf að opna fyrir nýliðun í þessum greinum. En sú er alls ekki raunin, alls ekki. Þetta gengur meira að segja svo langt að unglingum er meinað að leggja færi í fjöru. Bændum er bannað að nýta fjörur sínar, og maður spyr sig: Hvað ætlar Framsóknarflokkurinn að ganga langt í að hefta atvinnufrelsi fólks á landinu? Mér finnst alveg ótrúlegt að verða vitni að því að Framsóknarflokkurinn sem kenndi sig einhvern tíma við það að standa vörð um byggðir landsins skuli vera í þessum verkum, vera í því að eyða byggðum landsins og búa til borgríki. Ég veit að byggðamálaráðherra er (Forseti hringir.) mikill áhugamaður um það að búa til borgríki en við í Frjálslynda flokknum (Forseti hringir.) sjáum einfaldlega tækifæri í því að nýta allt landið til búsetu.

[14:30]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. iðnaðarráðherra svaraði ekki síðari spurningu minni, þ.e.: Hvaða ástæður telur hæstv. ráðherra liggja að baki því að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi ekki skilað árangri? Það er nefnilega það sem málið snýst um, það sem kann að heita aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur ekki borið árangur.

Það lá við, virðulegi forseti, að maður vorkenndi hæstv. ráðherra á tímabili í ræðu hans áðan en svo þegar hugurinn hvarflar aftur að því fólki sem hefur orðið fyrir barðinu á hæstv. ríkisstjórn hættir maður að vorkenna hæstv. ráðherra. Þessi ríkisstjórn hefur nefnilega staðið fyrir ýmsu sem hefur komið mjög hart niður á íbúum landsbyggðarinnar. Vil ég nefna t.d. hækkun raforkuverðs sem varð með raforkulögunum. Ég nefni stöðu sveitarfélaganna sem fer stöðugt versnandi og það er ekki einu sinni hirt um að grafast fyrir um afleiðingar gerða eins og t.d. laga um einkahlutavæðingu sem er þó vitað að hefur haft mjög miklar afleiðingar á vissum svæðum landsins.

Það er alveg dagljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur gefist upp. Sennilega hefur hún aldrei heldur haft neinn vilja til að taka á málunum eins og raunverulega þarf. Þessir vaxtarsamningar sem hljóma svo vel eru ágætt dæmi um það af því að þeim fylgja eingöngu smáaurar, hæstv. forseti, smáaurar þegar tekið er tillit til þess sem raunverulega þarf að gera á þeim svæðum sem við erum að tala hér um. Ríkisstjórninni hefur mistekist og það bitnar á íbúum landsbyggðarinnar með mjög alvarlegum hætti. Við sjáum það í hnotskurn núna á Ísafirði þessa dagana. (**Gripið fram í:** Hvar er Framsóknarflokkurinn?)

[14:32]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu mikill misskilningur að stjórnvöld standi á bak við þær breytingar sem hafa nýlega verið kynntar í atvinnumálum á Ísafirði. (**Gripið fram í:** Það er aðgerðaleysi.) Það skiptir ekki máli í því efni að það er sérstakt fyrirtæki sem hefur sínar sérstöku aðstæður og eins og ég sagði áðan verður athugað nánar hvernig á þeim breytingum stendur þar.

Ég geri ekki lítið úr vanda margra byggðarlaga og sveitarfélaga sem hér hefur verið nefndur en ég geri mikið úr því að byggðaþróun verður ekki efld og byggðarlögum ekki hjálpað með stóryrðum einum. Það er þvert á móti þannig að víða í landinu hefur verið hagfelld atvinnuþróun, ferðaþjónustu fleygir fram, menntaþróun og samgöngum mjög víða. Það er mikill misskilningur að meta vaxtarsamninga aðeins eftir þeim fjárframlögum sem koma úr ríkissjóði. Hér var sagt að vaxtarsamningar væru lítilfjörlegir, ég er því algjörlega ósammála og það lýsir miklum misskilningi á eðli þeirra. Til dæmis er í vaxtarsamningi fyrir Austurland mikil þátttaka stofnana og fyrirtækja úr höfuðstaðnum sem leggja þar fram bæði sérfræðivinnu og fjármagn. Í vaxtarsamningi fyrir Vestfirði sem er í framkvæmd út árið 2008 er ráðstafað 75 millj. úr ríkissjóði auk 3,5 millj. frá Byggðastofnun svo að dæmi sé tekið. Auk þess er Byggðastofnun í verkefnum á Vestfjörðum með tæplega 27 millj. kr. auk lánafyrirgreiðslu, og kostuð eru 3,5 stöðugildi í háskólasetri þar.

Meginástæðurnar eins og komu fram í minni fyrri ræðu eru breytingar í samsetningu atvinnulífsins þar sem frumvinnslugreinar eru á undanhaldi og tímans vegna vil ég ljúka máli mínu með því að benda á, og endurtaka það, að það er þvert á móti svo að margvíða er ágæt atvinnuþróun á landsbyggðinni þó að svo sé ekki alls staðar. Ég vil ekki gera lítið úr vandanum (Forseti hringir.) þar sem það er ekki. Það eru mjög víðtækar og umsvifamiklar aðgerðir í gangi og háar fjárhæðir af hálfu stjórnvalda.

## *Virðisaukaskattur, 2. umr.*

Stjfrv., 558. mál (afreikningshlutföll og uppgjörstímabil). — Þskj. 833, nál. 963, brtt. 996.

[14:35]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, en það er að finna á þskj. 963.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar.

Annars vegar er um að ræða tvær tæknilegar breytingar sem nauðsynlegt er að gera á lögum um virðisaukaskatt. Ástæða þess eru þær breytingar sem urðu á lögum um virðisaukaskatt með lögum nr. 175/2006 þar sem lægra skattþrep virðisaukaskatts var fært úr 14% í 7%. Hins vegar er lagt til að heimild til að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð verði afnumin. Þessi heimild var upphaflega sett til að draga úr áhrifum fjárbindinga við yfirfærsluna á söluskattskerfi í virðisaukaskattskerfi en þjónar nú einungis örfáum gjaldendum og veldur flækjum við almenna framkvæmd og við þróun rafrænnar þjónustu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Ögmundur Jónasson ritar undir álit þetta með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ólafur Níels Eiríksson, Birgir Ármannsson, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

[14:36]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Við fjöllum hér um lög um virðisaukaskatt og breytingu á þeim. Eins og fram kom hjá hv. formanni efnahags- og viðskiptanefndar, sem talar fyrir nefndaráliti með frumvarpinu, skrifa ég undir nefndarálitið með fyrirvara. Þann fyrirvara vil ég skýra.

Í fyrsta lagi ætla ég ekki að standa í vegi fyrir því að þetta frumvarp nái fram að ganga. Hér er um að ræða fyrst og fremst tæknilegar leiðréttingar á lögum um virðisaukaskatt þannig að ákvörðun Alþingis frá því í desember sl. um að breytingar á skattlagningu á matvöru nái fram að ganga, en þá var ákveðið að gera tvennt, að færa virðisauka á matvöru niður í 7%, í sumum tilvikum úr efra skattþrepinu sem liggur í 24,5% og öðrum tilvikum úr 14%, og einnig nema brott vörugjöld af matvöru.

Ég stend ekki í vegi fyrir því að þessar lagabreytingar nái fram að ganga eða þeirri leiðréttingu sem nauðsynlegt er að gera á frumvarpinu til að svo verði. Ég geri hins vegar tillögur um breytingu á frumvarpinu sem snýr að því að virðisaukaskatturinn haldist á gosdrykkjum og sykruðum drykkjum í efra þrepi og að gosdrykkir beri að auki vörugjald. Þetta er gert í samræmi við óskir Lýðheilsustöðvar en samkvæmt tillögum sérfræðinga hennar sem efnahags- og viðskiptanefnd bárust í desember ætti virðisaukaskatturinn á gosi að fara niður í 7% en vörugjaldið að haldast á þeim vörum, þ.e. gosdrykkjum og sykruðum drykkjum, og hækka að auki, vörugjaldið yrði hækkað þannig að þessi vara lækkaði ekki í verði. Þótt við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði förum þarna eilítið aðrar leiðir erum við í reynd á höttunum eftir sama markmiði og Lýðheilsustöð.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að hinn 1. mars, á fimmtudaginn, lækkar verð á matvöru vegna lækkunar á virðisaukaskatti á matvæli niður í 7% eins og ég gat um. Sem ég einnig nefndi er þessi skattur núna í tveimur þrepum, annars vegar 14% og hins vegar 24,5%, þannig að um verulega breytingu er að ræða. Frá sama tíma verða vörugjöld sem nú eru lögð á matvæli einnig felld niður, að undanskildum vörugjöldum á sykur og önnur sætindi. Þannig er um að ræða talsverða lækkun á verði á matvöru, mismikla þó.

Þá erum við komin að því sem ég nefndi hér: Hvar skyldi þessi lækkun verða mest? Lækkunin er mest á gosdrykkjum og sykruðum drykkjum. Þótt sykurinn og sætindin séu undanskilin hvað vörugjöldin varðar gildir ekki hið sama um gosið og um sykurdrykki. Þessir vöruflokkar voru í efra skattstiginu og á þeim hvíldu vörugjöld. Nú fjúka sem sagt vörugjöldin og þessir vöruflokkar verða færðir í lægra virðisaukaskattsþrepið.

Sem áður segir fékk efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis erindi frá Lýðheilsustöð þegar frumvarpið var til umfjöllunar í nefndinni í desembermánuði en í bréfi Lýðheilsustöðvar segir m.a., með leyfi forseta:

„Vert er að benda á að rannsóknir sýna að verðnæmni gosdrykkja er töluverð og verðlækkun þeirra hefur mest áhrif á neyslu þeirra þjóðfélagshópa sem almennt er erfitt að ná til með heilsuhvetjandi skilaboðum. Í því samhengi má nefna að unglingar eru mjög næmir fyrir verðbreytingum. Einnig ber að geta þess að næmni þeirra sem neyta mikils magns gosdrykkja er töluverð. Verðbreyting hefur hins vegar minni áhrif á þá sem drekka sykraða gosdrykki í hófi. Hér er því um að ræða aðgerð sem mun hafa neysluhvetjandi áhrif á unglingana okkar og þá sem nú þegar neyta mikils magns gosdrykkja."

Ég hvatti til þess við umræður um þetta mál á Alþingi í desember sl. að fallið yrði frá þessari ákvörðun og þess í stað farið að ráðum Lýðheilsustöðvar. Ekki fékk það sjónarmið almennan stuðning utan þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þó voru á því undantekningar. Þingmenn úr röðum sjálfstæðismanna sem eiga bakgrunn í heilbrigðiskerfinu sýndu sjónarmiðum Lýðheilsustöðvar skilning við umræðuna og var svo að skilja á þeim að unnið yrði að því að sannfæra ríkisstjórnina um að breyta um kúrs áður en lögin tækju gildi hinn 1. mars.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í liðinni viku tók ég málið upp að nýju og spurðist fyrir um framgang þess. Þau svör fengust að ekki hefði verið fallist á að verða við óskum Lýðheilsustöðvar hvað þetta snertir. Í því samhengi er rétt að spyrja hver sé eiginlega tilgangurinn með því að setja á fót stofnun sem hefur það hlutverk að ráðleggja stjórnvöldum um stefnu í manneldismálum en hunsa síðan sjónarmið hennar þegar á reynir. Vega þyngra peningahagsmunir gosdrykkjaframleiðenda en heilsufar barna og unglinga?

Ég vitnaði áðan í bréf Lýðheilsustöðvar og ætla, með leyfi forseta, að lesa þetta bréf frá orði til orðs og vekja jafnframt athygli á því að áður en þessari umræðu lýkur, áður en umræðu um þetta frumvarp lýkur, sem þarf að gerast fljótlega vegna þess að frumvarpið þarf að verða að lögum fyrir hinn 1. mars sem áður getur er nauðsynlegt að hæstv. heilbrigðisráðherra mæti í þingsal og svari nokkrum spurningum sem lúta að starfssviði hennar. Ég vek athygli hæstv. forseta á þessari ósk, að áður en umræðu um þetta frumvarp lýkur — ég er ekki að gera kröfu um það núna — og málið kemur til afgreiðslu geri hæstv. heilbrigðisráðherra grein fyrir viðhorfum sínum og sjónarmiðum og svari nokkrum spurningum sem ég kem til með að beina til henn-

ar.

En aftur að álitsgerð Lýðheilsustöðvar. Bréfið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp er varðar breytingu á lögum um vörugjald og virðisaukaskatt á matvæli, ásamt lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Samkvæmt frumvarpinu mun virðisaukaskattur af matvælum lækka úr 14% og 24,5% í 7% auk þess sem vörugjald af matvælum, öðrum en sykri, sykurvörum og súkkulaðivörum, verður fellt niður.

Það vekur athygli að gosdrykkir og sykraðir svaladrykkir eru ekki undanskildir niðurfellingu vörugjalds, líkt og önnur sætindi. Niðurstaðan er því sú að þessir drykkir eru meðal þeirra matvara sem koma til með að lækka hlutfallslega mest þegar bæði kemur til lækkun á virðisaukaskatti úr 24,5% og niðurfelling á vörugjaldi (8 kr./lítra). Þessar aðgerðir samræmast ekki manneldissjónarmiðum sem ættu að vera lögð til grundvallar breytingum sem þessum.

Hins vegar er jákvætt að vatn á flöskum skuli vera undanþegið vörugjaldi. Slíkt gjald ætti aftur á móti að vera áfram á öllum drykkjum með viðbættum sykri.

Íslendingar hafa ekki farið varhluta af offitufaraldrinum sem eykst stöðugt í öllum löndum Evrópu sem og heiminum. Yfir helmingur fullorðinna og fimmti hluti barna hér á landi er yfir kjörþyngd.

Þó að ýmsar jákvæðar breytingar hafi orðið á mataræði hér á landi á undanförnum árum hafa einnig orðið neikvæðar breytingar. Neysla gosdrykkja er gífurleg og drekka unglingsstrákar mest af gosi og sykruðum svaladrykkjum, eða að meðaltali tæpan lítra á dag, og 55% af sykri í fæði þeirra kemur úr gosdrykkjum (Landskönnun á mataræði 15–19 ára, 2002). Þótt unglingsstúlkur drekki minna er neysla gosdrykkja of mikil hjá flestu ungu fólki. Mikið magn gosdrykkja og annarra sykraðra svaladrykkja hefur verið tengt við aukna tíðni ofþyngdar og offitu, ásamt öðrum þáttum, því er mikilvægt að reyna að takmarka neyslu þessara orkuríku drykkja. Niðurstöður rannsóknar á mataræði 9 og 15 ára barna (Rannsóknastofa í næringarfræði, 2003–2004) leiddi í ljós að þriðjungur orku hjá 15 ára börnum kemur úr fæðuflokkum sem gefa mjög lítið af vítamínum, steinefnum og trefjum, þ.e. fæðuflokkum eins og drykkjarvörum (öðrum en mjólk), sælgæti, ís, kökum og kexi. Þessar tölur, sem nefndar hafa verið, greina frá meðaltalsneyslu en breytileiki á milli samfélagshópa er mikill.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið á áhrifum verðbreytinga á fæðu, hafa sýnt að verðlækkanir virka neysluhvetjandi. Vert er að benda á að rannsóknir sýna að verðnæmi gosdrykkja er töluverð og verðlækkun þeirra hefur mest áhrif á neyslu þeirra þjóðfélagshópa sem almennt er erfitt að ná til með heilsuhvetjandi skilaboðum. Í því samhengi má nefna að unglingar eru mjög næmir fyrir verðbreytingum. Einnig ber að geta þess að næmni þeirra sem neyta mikils magns gosdrykkja er töluverð. Verðbreyting hefur hins vegar minni áhrif á þá sem drekka sykraða gosdrykki í hófi. Hér er því um að ræða aðgerð sem mun hafa neysluhvetjandi áhrif á unglingana okkar og þá sem nú þegar neyta mikils magns gosdrykkja.

Þann 16. nóvember sl. var undirritaður í Istanbúl í Tyrklandi sáttmáli milli Evrópulanda og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, um baráttuna við aukna tíðni ofþyngdar og er Ísland aðili að þeim samningi. Í sáttmálanum eru stjórnvöld kölluð til ábyrgðar auk þess sem kallað er eftir enn meiri samstöðu og samvinnu milli allra hagsmunaaðila en verið hefur: opinberra aðila, iðnaðarins og einkamarkaðar, frjálsra félagasamtaka, einstaklinga og fjölskyldna.

Því skýtur skökku við að á sama tíma skuli stjórnvöld hér á landi leggja til breytingar á sköttum og gjöldum sem leiða til lækkunar á verði sykraðra drykkja og þar með væntanlega um leið aukinnar neyslu þeirra.

Virðingarfyllst,

Anna Elísabet Ólafsdóttir, Inga Þórsdóttir, Hólmfríður Þorgeirsdóttir."

Þær eru allar starfsmenn Lýðheilsustöðvar.

Hér las ég erindi frá Lýðheilsustöð sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis barst í desembermánuði þegar Alþingi fjallaði um lækkun á virðisaukaskatti og afnám vörugjalda af matvörum. Þar kemur fram að heilbrigðisyfirvöld hafa að því er ég tel ekki staðið sína vakt. Þess vegna hef ég óskað eftir því að áður en þessari umræðu ljúki, áður en þetta frumvarp verður að lögum sem sýnt er að verður vegna þess að þingið er sameinað að því leyti að við viljum að matarskattslækkunin nái fram að ganga fyrir 1. mars, komi hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir þingið og svari þeim alvarlegu — ég vil ekki kalla það ásökunum — ábendingum sem er að finna í álitsgerð Lýðheilsustöðvar til Alþingis. Mér fyndist það mikill ábyrgðarhluti af hálfu þingsins að ganga þvert á álitsgerð Lýðheilsustöðvar. Lýðheilsustöð er ekki mjög gömul stofnun. Hún er stofnuð samkvæmt lögum sem samþykkt voru á löggjafarþinginu 2002–2003. Og þar er rækilega skilgreint markmið með Lýðheilsustöð.

Hvað segir í 1. gr. þeirra laga? Þar er markmiðið skilgreint og hér segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að efla lýðheilsu. Með eflingu lýðheilsu er átt við aðgerðir sem ætlað er að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum."

Síðan segir í 2. gr. um hvernig hátta skuli stjórnsýslu og yfirstjórn þeirrar stofnunar en í 3. gr. er kveðið á um hlutverk Lýðheilsustöðvar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk stöðvarinnar er að efla lýðheilsustarf og samræma það, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samstarfi og samvinnu við landlækni og aðra eftir því sem við á og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu.

Lýðheilsustöð skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um stefnumótun á sviði lýðheilsu. Forgangsröðun verkefna skal vera í samræmi við heilbrigðisáætlun. Stöðin fylgist með árangri af lýðheilsustarfi og stuðlar að rannsóknum á sviði lýðheilsu í samvinnu við landlækni og mennta- og rannsóknastofnanir.

Helstu verkefni Lýðheilsustöðvar eru:

a. að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa,

b. að annast áfengis- og vímuvarnir, manneldi, slysavarnir, tóbaksvarnir og önnur forvarna- og heilsueflingarverkefni á vegum ríkisins,

c. að fylgjast með og koma á framfæri nýrri þekkingu og reynslu sem að gagni mætti koma í lýðheilsustarfi,

d. að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,

e. að efla þekkingu og færni þeirra sem starfa að eflingu lýðheilsu,

f. að miðla upplýsingum og fræðslu til landsmanna og einstakra hópa í samfélaginu, eftir því sem við á, í samvinnu við landlækni og aðra,

g. að stuðla að eflingu kennslu og rannsókna á sviði lýðheilsu og samstarfi við háskóla og aðrar menntastofnanir,

h. að beina tillögum til stjórnvalda um aðgerðir til að efla lýðheilsu og forgangsröðun verkefna.

Ráðherra er heimilt að skilgreina verkefni stöðvarinnar á sviði lýðheilsu nánar með reglugerð."

Þetta er alllangur lagabálkur, en í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Helsta markmið heilbrigðisyfirvalda á hverjum tíma er að stuðla að heilbrigði allra landsmanna. Þetta markmið er m.a. að finna í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana er þó ekki einskorðað við að veita þjónustu þegar eftir henni er leitað vegna heilsuvanda heldur er það miklu víðtækara. Þótt aldrei verði lögð nógu mikil áhersla á ábyrgð fólks á eigin heilbrigði er ljóst að samfélagið og stofnanir þess bera einnig ábyrgð og hafa víðtæk áhrif á heilsufar þjóðarinnar og einstakra hópa á hverjum tíma. Þannig hafa ákvarðanir og aðgerðir stjórnvalda bein og óbein áhrif á líf þegnanna og heilbrigði þeirra þótt áhrifin séu ekki alltaf ljós þegar ákvörðun er tekin."

Hér eru áhrifin ljós samkvæmt rannsóknum, áhrifin á þeirri lagabreytingu sem nú stendur fyrir dyrum eru ljós. Það er vitað hvað gerist. Menn eru með ákvörðunum sínum að verðstýra óhollustu ofan í ungmenni landsins. Um það snýst málið. Lýðheilsustöð sem er sett Alþingi og stjórnvöldum til ráðgjafar um lýðheilsu og manneldisstefnu biður okkur um að samþykkja þessi lög ekki eins og þau liggja hér fyrir. Þess vegna flytur Vinstri hreyfingin – grænt framboð, þingflokkur VG, þessa breytingartillögu til að koma til móts við þau sjónarmið og þær óskir sem Lýðheilsustöð hefur sett fram. Ég hef lesið hér bréf frá Lýðheilsustöð, ákall til Alþingis og ríkisstjórnarinnar. Ég hef vitnað í lögin sem gilda um Lýðheilsustöð og hvaða markmiðum þessi stofnun á að þjóna. Hún á að sinna rannsóknum, koma niðurstöðum rannsókna á framfæri við stjórnvöld og Alþingi, og það er það sem hún er að gera. Ætlum við ekki að taka neitt mark á því? Á að hlusta meira á eigendur Vífilfells og gosdrykkjaframleiðenda? Er verið að þjóna hagsmunum gosdrykkjaframleiðenda, er það það sem menn eru að gera? Vilja menn hlusta meira á þá sem sækja hagnað í sölu á þessum drykkjum en hina sem vara við óhollustunni? Eru menn að taka afstöðu eftir slíkum línum? Getur það verið að það ráði meira?

Ég trúi ekki öðru en að alþingismenn endurskoði hug sinn þegar þeim verður ljóst bæði hver alvara er á ferðum og hversu eindregin tilmæli þeirra aðila sem við höfum falið að standa vörð um lýðheilsu eru til okkar í þessu máli. Það eru mjög eindregin tilmæli. Ætlum við ekki að hlusta á þau? Ætlum við að hunsa þau? Til hvers í ósköpunum að vera að eyða peningum í þessa Lýðheilsustöð þá? Ég bara spyr, þegar hún kemur með ábendingar, þegar hún framkvæmir annaðhvort sjálf rannsóknir eða leiðir niðurstöðu rannsóknar upp á okkar vinnuborð, ætlum við þá að hunsa þær? (**EBS:** Ekki horfa á mig.)

Ekki horfa á mig, segir hv. þm. Ellert Schram. Ég er aldeilis ekki að eigna honum neina afstöðu í þessu máli, mér er hún ekki kunn. Ég er að sjálfsögðu fyrst og fremst að beina orðum mínum til ríkisstjórnarinnar að sjálfsögðu. Ég beini orðum mínum til hæstv. heilbrigðisráðherra fyrst og fremst sem á að standa vörð um þau sjónarmið sem Lýðheilsustöð hefur verið gert skylt, lögum samkvæmt, að rækja. Þess vegna mun þessari umræðu ekki ljúka fyrr en hæstv. heilbrigðisráðherra hefur mætt hér í þingið til að skýra hvers vegna ríkisstjórnin ætlar að hunsa tilmæli og óskir frá Lýðheilsustöð um að við föllum frá áformum um að verðstýra óhollustu ofan í ungmenni landsins.

Umræðunni mun ekki ljúka af okkar hálfu fyrr en hæstv. heilbrigðisráðherra hefur gert grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í manneldismálum með hliðsjón af því frumvarpi sem liggur fyrir. Ég mun koma að nýju til umræðunnar, þessi orð voru fyrst og fremst til að fylgja úr hlaði þeim breytingartillögum sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum gert við þetta stjórnarfrumvarp og að sjálfsögðu er það ríkisstjórnarinnar að svara fyrir frumvarpið og hvers vegna hún ætlar að slá á ábendingar frá Lýðheilsustöð.

[15:02]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þær breytingartillögur sem hér hafa verið fluttar eru í raun um nýtt frumvarp. Frumvarpið sem við ræðum um er um tæknilega útfærslu en breytingartillögurnar sem hv. þingmaður flytur eru um nýtt frumvarp. Ég geri athugasemd við það því að það fer ekki í þrjár umræður. Það fer ekki til nefndar og fer ekki til umsagnar.

Ég minnist þess einnig að þegar við samþykktum lögin í vetur þá felldum við svipaða tillögu. Það er samkvæmt þingsköpum ekki leyfilegt að flytja sama málið tvisvar á sama þingi. En burt séð frá þessu tvennu er náttúrlega afskaplega mikil forsjárhyggja í frumvarpinu. Það á að hafa vit fyrir fullorðnu fólki, hvað það eigi að kaupa og hvað það eigi að gera. Það er svo merkilegt að þær vörur sem um er að ræða eru hátt skattlagðar í dag þannig að ætla mætti, með nákvæmlega sömu rökum og hv. þingmaður færir, að neyslan sé lítil. Maður mundi ætla að neyslan væri í lágmarki vegna þeirrar háu skattlagningar, bæði vörugjöld og hár virðisaukaskattur. Nei, neyslan er óskaplega mikil. Hún er svo mikil hjá unglingsdrengjum að ég efast um að þeir gætu torgað meiru. Fræðin um að hægt sé að stýra neyslunni með verðlagningu falla um sjálf sig með orðum hv. þingmanns.

Svo vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann vilji þá ekki leggja til að hörð fita verði bönnuð eða skattlögð mikið, t.d. lambakjöt sem er gjörsamlega skattfrjálst. Með sömu rökum ættu menn að skattleggja það líka með vörugjöldum og virðisaukaskatti.

Varðandi það hvort við séum að þjóna gosdrykkjaframleiðendum þá er það náttúrlega út í hött. Þetta gengur út á að ekki þarf að hafa vit fyrir fullorðnu fólki.

[15:04]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir hlutteknigu í garð Sjálfstæðisflokksins fyrir að fulltrúi hans við þessa umræðu skuli hafa þetta alvarlega mál í flimtingum.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal vill finna tæknilegar hindranir og reisa tæknilega þröskulda fyrir því að þetta mál nái fram að ganga. Það var rætt við umræðuna í desember af hálfu fleiri en eins, alla vega tveggja, samþingsmanna hv. þm. Péturs H. Blöndals og samflokksmanna, að þeir vildu freista þess að endurskoða afstöðu stjórnarmeirihlutans fyrir 1. mars. Ég átti sannast von á að fá einhvern liðsstyrk frá viðkomandi þingmönnum við þessa umræðu.

Síðan er hv. þingmaður svolítið seinheppinn þegar hann talar um að ég vilji hafa vit fyrir fullorðnu fólki. Málflutningur minn gekk fyrst og fremst út á að hafa áhrif á neyslu barna og unglinga. Út á það gekk þessi málflutningur og út á það ganga ábendingar Lýðheilsustöðvar einnig. Lýðheilsustöð bendir á að þar sé um mikið verðnæmi að ræða, að lækkun á þessum drykkjum hafi veruleg áhrif á neyslu barna og unglinga á gosdrykkjum.

Á hvorn veginn sem verðinu er stýrt, hvort sem það er gert af hálfu framleiðandans eða annarra aðila, þá má segja að á einn eða annan hátt felist í því forsjárhyggja. Niðurstaðan er sú að verðið (Forseti hringir.) hefur áhrif á neysluna. Það er staðreynd.

[15:06]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru ekki tæknilegar hindranir heldur hreinlega spurningin um þingsköp og lög. Að hafa vit fyrir fullorðnu fólki. Foreldrar þessara barna stýra neyslu þeirra. Öll fjárráð þeirra eru á forræði foreldranna. Það eru foreldrarnir sem stýra því hvað þau drekka mikið gos. Ég ætla að vona að hv. þingmaður sé ekki farinn að hafa áhyggjur af og vilji hafa áhrif á uppeldi annarra manna barna.

Varðandi Lýðheilsustöð þá nefndi hv. þingmaður mörgum sinnum að ekki hefði verið farið að tillögum hennar. Ég vil benda á að Lýðheilsustöð hefur ekki löggjafarvald í landinu. Hún getur komið með góð ráð og síðan meta hv. þingmenn það hvort þau ráð eigi rétt á sér en horfa jafnframt til annarra sjónarmiða, t.d. hvort eigi að hafa vit fyrir og stunda þá forsjárhyggju sem Vinstri grænum er svo töm. Eigum við að hafa vit fyrir þeim sem neyta gosdrykkja og eins fullorðnu fólki sem er að ala upp börn?

[15:07]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að við fáum ekki innsýn í sálarlíf Sjálfstæðisflokksins í þeim undarlegu yfirlýsingum sem við heyrum hér. Foreldrar þessara barna stýra neyslu barna sinna. Staðreyndin er sú að það gera þau að sjálfsögðu að takmörkuðu leyti. Börnin hafa peninga handa á milli og síðan er spurningin hvernig þau verja þeim fjármunum, úti í búð, í frímínútum, í skóla eða þar sem þau fara.

Vil ég hafa vit fyrir börnum og unglingum í landinu? Já, okkur ber að gera það. Alþingi ber að setja lög og reglur sem eru líklegar til þess að stuðla að heilbrigði þjóðarinnar, þar með æsku landsins. Að sjálfsögðu reynum við það.

Lýðheilsustöð, segir hv. þingmaður, hefur ekki löggjafarvald. Það er rétt. En Lýðheilsustöð starfar samkvæmt lögum. Lögum sem eru sett í þessum sal. Í lögum sem við settum um Lýðheilsustöð, ég held að hv. þingmaður hafi verið einn af þeim sem samþykkti þau lög, (Forseti hringir.) er skýrt kveðið á um að Lýðheilsustöð skuli ráðleggja okkur um (Forseti hringir.) um manneldisstefnuna. Það er það sem verið er að gera en þau ráð (Forseti hringir.) vill hv. þingmaður að engu hafa.

[15:09]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar er rétt að rifja upp að sú breyting sem hér liggur fyrir þinginu, það frumvarp, gengur fyrst og fremst út á tæknilegar lagfæringar til að auðvelda lækkun matarverðs sem taka á gildi um mánaðamótin. Þær breytingartillögur sem hv. þingmaður kemur með eru settar fram í kjölfar þess að þau sjónarmið sem þar búa að baki urðu undir þegar málið í heild var til meðferðar í þinginu í desember.

Ég hef ekki kannað hvernig það kemur út gagnvart þingsköpum. Það skiptir ekki höfuðmáli. Hins vegar er rétt að rifja upp að þingmenn tóku afstöðu til þeirra sjónarmiða sem hv. þingmaður nefnir, í atkvæðagreiðslum í desember. Þar kom fram að verulegur meiri hluti þingsins, úr stjórnarflokkunum og Samfylkingu, studdi fyrirkomulagið sem varð að lögum og tekur gildi á morgun. En þau sjónarmið sem hv. þingmaður hafði uppi urðu undir í þeirri umræðu.

Ástæðan fyrir því er að breytingarnar byggðu á nokkrum meginforsendum. Breytingarnar sem fóru í gegn byggðu á því að lækka ætti matvælaverð í landinu, bæði á hollum vörum og óhollum ef út í það er farið og þær áttu að ganga út á það að einfalda kerfið. Einfalda átti skattlagninguna til þess að gera framkvæmdina skilvirkari og ódýrari. Það voru mjög skýr rök á bak við þessa breytingu.

Öll þessi rök sem fram komu, að ná fram lækkun matarverðs, lækka kostnað við dreifingu og sölu viðkomandi vöruflokka og að einfalda skattkerfið, (Forseti hringir.) þau standa.

[15:11]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir nánast allt sem hv. þingmaður sagði. Í fyrsta lagi er í frumvarpinu um að ræða tæknilegar lagfæringar. Ég tek undir það. Þau sjónarmið sem ég talaði fyrir í desember urðu undir. Ég tek undir það. Þau urðu undir í nefndinni. Þau urðu undir á þingi en það kom jafnframt fram við umræðuna að ýmsir sem töldu ástæðu til að menn skoðuðu hug sinn fyrir 1. mars.

Ég vil með þessari tillögu, fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, við erum einhuga í þessu máli, freista þess að ná fram lagabreytingu fyrir 1. mars, á fimmtudaginn næsta. Þetta er alveg rétt.

Það er líka rétt hjá hv. þingmanni að það að vera með einsleita stefnu er einfaldara. Það er vissulega rétt. Ég get tekið undir það. En það er líka rétt, hefði ég haldið, að Lýðheilsustöð hefur beðið okkur um að gera þessar undantekningar á lagabreytingunni til þess að manneldissjónarmið séu virt. Það held ég að hv. þingmaður hljóti að taka undir með

mér að beri að virða. Ég held að hann hljóti líka að taka undir það með mér að fulltrúar framleiðenda voru eindregið á því að lækka ætti þessi gjöld.

Nú vil ég spyrja hv. þingmann. Hvort telur hann líklegra eður ei að sala gosdrykkja og sykraðra drykkja muni dragast saman eða aukast við þessa skattbreytingu?

[15:13]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður kom í raun að kjarna málsins þegar hann nefndi að málið snerist um það hvort við ætluðum að reyna að stýra neyslu landsmanna í gegnum skattkerfið. Þar held ég að liggi grundvallarágreiningurinn milli mín og hv. þingmanns. Ég er andvígur því í grundvallaratriðum að nota skattkerfið, þar á meðal kerfi óbeinna skatta, til að reyna að stýra neyslu neytenda frá einni vöru til annarrar.

Ég tel að það sé gríðarlega mikilvægt að hafa skattkerfið einfalt. Ég tel mikilvægt að hafa það skilvirkt. (**Gripið fram í:** Hvað um niðurgreidda mjólk?) Ég held að við eigum að reyna að stíga sem flest skref í þá átt að hafa skattkerfið snyrtilegt, einfalt og þrepin lág. Ég held að það skili meiri tekjum til ríkissjóðs. Ég held að með því móti (Forseti hringir.) kæmumst við hjá þeim flækjum sem fylgja því að reyna að stýra í smáatriðum neyslu einstaklinganna.

[15:14]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel þvert á móti að við eigum að reyna að stíga skref í þá átt að stuðla að því að landsmenn, ekki síst börn og unglingar, hafi heilnæma matvöru á boðstólum og neyti heilnæmrar matvöru. Það er markmið í sjálfu sér. Gott heilsufar þjóðarinnar er markmið í sjálfu sér. Skattkerfi, það er ekki markmið í sjálfu sér. Það er tæki til að ná tilteknum markmiðum. Þessu markmiði eigum við að stefna að og hlíta góðri ráðgjöf Lýðheilsustöðvar.

[15:15]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gæti fært ýmis rök hér gegn þeim röksemdum sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur flutt hér. Ég ætla hins vegar ekki að gera það í þessu stutta andsvari.

Ég tel að hv. þingmaður hafi fullt frelsi til að setja þessi sjónarmið fram og það sem meira er, mér finnst krafa hv. þingmanns um að hæstv. heilbrigðisráðherra komi hér til fundar og skýri sjónarmið sín í þessu máli fullkomlega eðlileg. Því tel ég það? Þegar við ræddum þetta í tengslum við hið stærra frumvarp sem kom hér fyrr í vetur, þá kom hæstv. heilbrigðisráðherra og skýrði rök sín varðandi tiltekna breytingu sem tengist þessu.

Í millitíðinni hefur það síðan gerst að ein af stofnunum hæstv. heilbrigðisráðherra, Lýðheilsustöð, hefur sent mjög eindregin mótmæli gegn þeim breytingum og af þeim mótmælum leiðir þessi tillaga hv. þingmanna Vinstri grænna.

Þess vegna finnst mér það bara sjálfsagt að hæstv. heilbrigðisráðherra komi hingað og skýri hvers vegna hún er á móti þeirri stefnu sem hennar eigin stofnun leggur fram. Ef einhver tiltekin ríkisstofnun er með stefnu sem gengur öndvert við stefnu viðkomandi fagráðherra, þá er sjálfsagt að þingið fái að vita af hverju. Það felur ekki í sér stuðning minn við sjónarmið hv. þingmanns heldur einungis við þá kröfu hans að ráðherrann komi hingað og skýri þetta. Menn verða að standa fyrir máli sínu.

Ég kem hingað þó aðallega til að spyrja hv. þingmann um það sem varðar lækkunina á matarverðinu. Hún á að taka gildi eftir tvo daga. Hæstv. ríkisstjórn lofaði 16% meðallækkun. Það átti að vera 16% lækkun á heimilisútgjöldum sem varða þann flokk sem hér er undir. Hefur formaður BSRB, svo ég víki mér nú að honum, ekki áhyggjur af því að allt bendir til þess að lækkunin verði einungis helmingur af því, eða 8%? Á hann ekki að láta sér svolítið annt um þetta sökum þess að hann er náttúrlega baráttumaður fyrir mikinn fjölda (Forseti hringir.) alþýðumanna hér á landi? Þetta er alvarlegt mál, tel ég. Miklu alvarlegra en hitt.

[15:17]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvort er alvarlegra, að lækkun á skattlagningu á matvöru komi ekki að fullu til framkvæmda og skili sér ekki í vasa neytenda, eða hitt að þessi breytingartillaga okkar nái ekki fram að ganga. Ég skal ekki dæma um það. Ég tel að vísu að þessi breyting á skattlagningu óhollustunnar sé alvarlegri vegna þess að hún er til langframa. Hitt er til skemmri tíma.

Ég tek undir með hv. þingmanni, formanni þingflokks Samfylkingarinnar, að tvennu leyti. Það er mjög mikilvægt að samfélagið sameinist um að þrýsta á um að þessar skattalækkanir skili sér í vasa neytenda. Það er mjög mikilvægt. Þar ríður á að neytendasamtök, verkalýðssamtök og hver og einn fylgist með og sýni vörudreifendum aðhald.

Hitt er einnig mikilvægt, og ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka undir þá kröfu mína og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að hæstv. heilbrigðisráðherra komi og skýri fyrir okkur hvers vegna hún styður frumvarp sem gengur þvert á þá stofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðuneytið og þar með hæstv. heilbrigðisráðherra. Hvernig í ósköpunum stendur á því að hæstv. heilbrigðisráðherra er tilbúinn að virða að vettugi eindregnar óskir sem koma frá Lýðheilsustöð í þessu efni?

[15:19]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sannfærður um að afstaða formanns þingflokks Samfylkingarinnar hefur á stundum orðið hv. þingmanni hryggðarefni. Það verður engin breyting á því varðandi þetta tiltekna mál. Ég get haft ákaflega skýr rök fyrir afstöðu minni í þessu.

Hins vegar er krafa hv. þingmanns alveg sjálfsögð, að hæstv. heilbrigðisráðherra komi og geri grein fyrir muninum á sinni stefnu og þeirrar stofnunar sem hún fer með yfirstjórn fyrir. Það finnst mér sjálfsagt. Hún er í húsinu er mér bent á, og hímir hér í afhýsi. Það er sjálfsagt að hún komi og geri grein fyrir þessu, alveg eins og ég mun gera grein fyrir afstöðu minni í spennuþrunginni ræðu vonandi á eftir.

En hitt verð ég að segja, að ég er algjörlega ósammála hv. þingmanni að þetta sé mikilvægara mál en sú staðreynd

að allt bendir til þess að ríkisstjórnin sé að svíkja þau loforð sem hún gaf um verulega lækkun á matarkostnaði heimilanna. Það er þess vegna sem hv. þingmaður og hinn skeleggi formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (Forseti hringir.) ætti að vera hér og rífa sig niður í rassinn. (Forseti hringir.) Það er náttúrlega nokkuð sem við getum hvorugur fallist á.

[15:20]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Verðlag í verslunum landsins ræðst ekki nema að hluta til af ákvörðunum sem teknar eru í þessum sal eða í Stjórnarráðinu. Þar skiptir skattlagning vissulega miklu máli. Mjög miklu máli. Þar koma einnig aðrir aðilar að sem eru framleiðendur og ekki síst dreifendur vörunnar. Og ábyrgð þeirra sem dreifa vörunni er hér mjög mikil. Menn hafa verið að gera að því skóna að matvöruverslanir og ekki síst stóru aðilarnir á matvörumarkaði hafi verið að hækka matvöruna fyrir skattalækkunina í stað þess að láta hana að öllu leyti renna í vasa neytenda. Það er mjög alvarlegur hlutur.

Ég er að lýsa ábyrgð, ég held að það gangi allt of skammt að tala um ábyrgð stjórnvalda í þessu efni því það er ekki síst ábyrgð þeirra sem dreifa vörunni sem hér skiptir (Forseti hringir.) máli.

[15:22]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Mig langar að spyrja hæstv. forseta í upphafi hvort hún muni ekki gera reka að því að draga hæstv. heilbrigðisráðherra sem er í húsinu hingað til salar til þess að svara þeim fyrirspurnum sem fyrir hana hafa verið lagðar. Mér fyndist nú vera mannsbragur á hæstv. ríkisstjórn ef hún hlypi ekki undan í felur með röksemdir sínar í þessu máli.

Ég vil hins vegar segja það alveg skýrt, frú forseti, að ég er ekki sammála þeim viðhorfum sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Ég tel að úr því að menn eru á annað borð að leggja í þennan leiðangur þá sé rétt að gera ekki þessar undantekningar. Þetta gerði ég algjörlega skýrt í máli mínu þegar það var rætt hið fyrsta sinni. Reyndar hafði ég nokkrar athugasemdir við þá meðferð sem hæstv. ríkisstjórn hafði þá á þessum þætti málsins.

Ég vil hins vegar, frú forseti, koma hingað til þess að inna hv. þingmenn stjórnarliðsins eftir því hvort þeir geti komið hér upp og staðið við þau stóru orð sem þeir létu falla þegar verið var að ræða frumvarp ríkisstjórnarinnar um lækkun á matarverði síðastliðið haust.

Af því að einn af talsmönnum og vonarpeningum hæstv. stjórnarliðs er hér staddur, hv. þm. Birgir Ármannsson og einnig hv. þingmaður Sæunn Stefánsdóttir, sem bæði hafa góð tök á því að skýra mál sitt og eru með efnilegustu þingmönnum sinna flokka, þá fyndist mér ekki að úr vegi væri að þeir tveir þingmenn kæmu hér og greindu okkur, hinu háa Alþingi frá því hvernig er komið með þá verðlækkun sem hæstv. ríkisstjórn lofaði.

Á sínum tíma var það Samfylkingin sem klappaði hér steininn og lagði fram ár eftir ár það frumvarp sem að síðustu var samþykkt að hluta til af hæstv. ríkisstjórn. Samfylkingin lagði hér fram á þremur eða fjórum þingum frumvarp til laga um að lækka virðisaukaskatt, taka neðra þrepið úr 14% niður í 7%. Þetta var hluti af kosningastefnu okkar. Og reyndar líka kosningastefnu Sjálfstæðisflokksins.

Þessi tillöguflutningur okkar og sá flutningur sem við höfðum hér uppi fyrr í haust þegar við lögðum fram ítarlegar tillögur sem miðuðu að því að lækka verulega þann 750 þús. kr. kostnað sem heimilin hafa í þessum flokki útgjalda, eða um 200 þús. kr. Það var einungis það sem leiddi til óðagots og ífafárs í liði ríkisstjórnarinnar og varð til þess að korteri fyrir þing þá var boðað að slíkar tillögur yrðu lagðar fram. Við munum síðan vandræðaganginn sem var þegar þær tillögur komu. Þær voru ekki tilbúnar og það lá alveg ljóst fyrir að hæstv. fjármálaráðherra hafði svo hratt á hælum í þessu máli að hann hafði ekki tíma til þess að undirbúa þær tollalækkanir sem hann lofaði þá og enn hafa ekki séð dagsins ljós.

En punctum saliens í þessu máli, frú forseti, er að ríkisstjórnin lofaði þá að þessi lækkun leiddi til 16% minnkunar á kostnaði heimilanna á þessu sviði útgjalda. Nú liggur það fyrir að það eru bornar miklar brigður á að það gangi eftir. Það er að sönnu rétt að hæstv. ríkisstjórn hefur lækkað sig niður í 14,5%. Þannig að það liggur alveg ljóst fyrir að 16% sem hún lofaði í upphafi hafa þegar verið svikin.

En þar að auki hafa bæði talsmenn neytenda, talsmenn þeirra sem selja matvöru og líka forustuliðið í Alþýðusambandi Íslands lagt fram gögn sem sýna fram á að lækkunin verður miklu minni. Því er haldið fram að hún verði í besta falli 12%. Í versta falli einungis 8%. Margt bendir til þess að hún verði þar mitt á milli, í kringum 10%.

Þess vegna langar mig að spyrja þennan samanlagða her hv. stjórnarþingmanna hvað valdi þessu. Og hvort það sé þannig að þeir geti staðfest að sú lækkun sem nú er undir og á að koma til framkvæmda 1. mars, verði þessi 16%. Eða er það rétt sem menn halda fram að hún verði hugsanlega helmingi minni? Þar skakkar býsna miklu og ég tel að stjórnmálamenn sem vilja taka mark á sjálfum sér verði að vera ábyrgir og þeir verði að standa við orð sín. Þess vegna finnst mér af þessu tilefni að það sé tímabært að hv. talsmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í þessum málaflokki komi hér upp og segi okkur undanbragðalaust, hver staðan sé í þessu máli.

Er það þannig að hv. þingmaður og formaður efnahags- og viðskiptanefndar, Pétur H. Blöndal, hafi verið að fara með rangt mál þegar hann mærði þessar tillögur hæstv. ríkisstjórnar í haust og tók undir að líklegt væri að þarna yrði dregið úr kostnaði heimilanna á þessu útgjaldasviði um 16%?

Ég held að það sé rétt að hv. þingmaður svari því og mér þætti líka vænt um að hv. þm. Birgir Ármannsson sem er einn af þeim sem er í talsmannshlutverki í efnahagsmálum fyrir Sjálfstæðisflokkinn skýri þetta líka. Spurningin er einfaldlega þessi: Hvað munu þessar breytingar sem taka gildi 1. mars, eftir tvo daga, leiða til mikillar lækkunar? Standa þeir við þessi 16% eða var það bara partur af kosningaskruminu? Var það bara partur af loforðaflaumnum sem virðist að mörgu leyti eigi ekkert að standa við?

En ég tel að það sé nauðsynlegt að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn gefi skýr svör við þessu og þeir verða örugglega inntir eftir því 1. mars þegar hinn náðugi

dagur rennur upp en mér finnst að hv. þingmenn eigi að taka aðför að því að byrja að tala sig út úr þeim vanda sem þeir hafa komið sjálfum sér í með hástemmdum yfirlýsingum sínum og taugaveiklun í upphafi þingsins.

Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að það væri hægur leikur að ná þessum 16%. En það verður ekki gert með þeirri aðgerð sem samþykkt var í haust og nú er verið að gera tæknilegar útfærslubreytingar á. Það verður einungis gert með því að taka rösklegt skref varðandi afnám tolla á innfluttum varningi af þessum toga. Á sínum tíma sagði hæstv. fjármálaráðherra að þær tollalækkanir sem hann áformaði mundu duga til þess að samanlagt afnám af vörugjalda- lækkun virðisaukaskatts og tollalækkanir mundu ná þessum 16%.

En það hefur enginn heilvita maður enn þá getað sýnt fram á það með nokkrum rökum og enginn óheilvita hefur einu sinni reynt það. Þannig að ég bíð nú eftir því að hinir vösku þingmenn þessara tveggja flokka skýri þetta út fyrir mér. Því eins og kom fram fyrr í dag þá deili ég því með hv. þm. Birgi Ármannssyni, að miðað við þingmenn hef ég bara slaka meðalgreind og mér gengur illa að ná þessari tölu, 16%, og nú skora ég á hv. þingmann að sýna fram á að hann standi mér framar í reikningskúnstinni að þessu leyti.

[15:29]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki veit ég hvort ég er fremri hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í reikningskúnstinni. En hitt veit ég að hv. þm. Ögmundur Jónasson er fremri hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í skilningi á markaðskerfinu. Vegna þess að í andsvari áðan kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni ákveðinn skilningur á því að það er margt annað sem hefur áhrif á matvælaverð í landinu en þær ákvarðanir sem eru teknar hér í þessum sölum.

Þannig að mat á því hvaða áhrif einstakar aðgerðir hafa er auðvitað aldrei 100% eða óumdeilanlegt. Það hefur komið fram í þessu máli að þrátt fyrir að allir séu sammála um að þær breytingar sem við samþykktum á skattalögunum fyrir jólin og munu koma til framkvæmda á fimmtudaginn muni skila verulegum lækkunum, þá eru ekki til vísindalegar aðferðir til að komast að óyggjandi niðurstöðu um það hver sú prósenta verður.

Það er alveg rétt að í upphafi þegar ríkisstjórnin kynnti tillögur sínar eða áform í október, þá voru menn að vinna með töluna eða miðuðu við töluna 16%. Þá var verið að skoða lækkunina á virðisaukaskattinum. Þá var verið að skoða lækkun eða niðurfellingu á vörugjöldum og breytingar á tollum. Og það var mat fjármálaráðuneytisins á þeim tíma að það væri um að ræða að þessar aðgerðir ásamt og með, sem er reyndar rétt að nefna, samkomulagi við mjólkurframleiðendur um verðstöðvun á mjólk, mundu skila 16% þegar upp væri staðið.

Nú hafa menn verið að taka einstaka þætti og endurmeta þetta. Þegar við afgreiddum frumvarpið fyrir jólin þá voru tölurnar sem við vorum að vinna með þær að sennilega mundu breytingarnar skila svona 12–14% lækkun. Það er auðvitað rétt eins og komið hefur fram að talsmenn í versluninni og fleiri aðilar hafa haldið fram að lækkunin yrði (Forseti hringir.) minni. En aðalatriðið er að (Forseti hringir.) það verða verulegar lækkanir og hver prósenta ræðst auðvitað af fleiri þáttum en þeim lagabreytingum sem við samþykktum hér.

[15:31]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hugsanlegt að við hv. þm. Birgir Ármannsson getum komist sameiginlega að þeirri niðurstöðu að hv. þm. Ögmundur Jónasson standi okkur báðum framar í reikningskúnstinni (**Gripið fram í:** ... markaðs...) því að ég verð satt að segja að viðurkenna, frú forseti, að hv. þingmaður brást nokkuð vonum mínum. Ég taldi að hv. þingmaður væri meðal þeirra sem mætti binda mestar vonir við á sviði efnahagsmála hjá hæstv. ríkisstjórn og liði hennar en það kemur í ljós að reikningskúnst hans er ekki treystandi. Hann sagði tær og saklaus í framan í haust að breytingin mundi leiða til 16% lækkunar á kostnaði heimilanna á þessu útgjaldasviði en nú er hún allt í einu núna orðin undirorpin mati og einhverjum vísindum sem ekki eru 100%. Þar að auki heldur hann því fram að það sem var í gadda slegið og í stein klappað í haust sé nú svo óvíst að ekki nokkur maður geti reiknað sig að einhverri niðurstöðu. Það kann vel að vera rétt hjá hv. þingmanni en það var óvart allt annað sem ríkisstjórnin sagði í haust. Þá komu þeir tveir hv. þingmenn sem nú hafa báðir kvatt sér hljóðs til þess að svara mér og sögðu alveg svart á hvítu að þessar breytingar mundu leiða til 16% lækkunar á þessu útgjaldasviði. (**Gripið fram í:** Ekki rétt.) Það er víst rétt og það er hægt að fletta því upp í þingtíðindum. Ég minnist þess að hv. þm. Birgir Ármannsson var einn af þeim sem stóð í vörninni fyrir ríkisstjórninni þegar á þetta var deilt og við drógum það í efa.

Nú hefur hv. þingmaður allt í einu fundið upp ný vísindi sem eru þau að í rauninni séu engin algild vísindi á þessu sviði. Hv. þm. segir í dag að ekki sé hægt að reikna sig til niðurstöðu um það til hvers lagabreytingarnar leiði. Rétt er hjá honum að margt hefur áhrif á verð matvæla annað en það sem við gerum í þessum sölum en það var óvart mat hans og flokks hans á því í haust að þær aðgerðir sem hér voru samþykktar mundu leiða til þess. (Forseti hringir.) Er hann að segja núna að það mat hafi verið rangt í haust?

[15:34]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað með ólíkindum, hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit betur. Hann veit auðvitað að þegar við tökum ákvarðanir í þessum þingsal um breytingar á skattalögum getum við ekki sagt með fullri vissu fyrir um hvaða afleiðingar það nákvæmlega muni hafa. Við getum haft áhrif á þróunina en við getum ekki stýrt hlutum í smáatriðum þannig að það skili einhverri tiltekinni útkomu, t.d. á matvörumarkaðnum þar sem verðlagning er almennt frjáls. Það er ekki svo að verðlag út úr búð sé ákveðið af opinberri nefnd. Það er ekki svo. Við stjórnum sköttunum. Ríkisstjórnin hefur staðið við það sem sagt var í sambandi við skattana. Skattarnir, virðisaukaskattur og vörugjöld, eru raunar lækkaðir meira en fram kom í áformum manna í upphafi. Stærri skref eru stigin í skattalækkunum núna 1. mars en áformin stóðu til. Það er gengið lengra

í þeim efnum og það er það sem við höfum fulla stjórn á. Við höfum stjórn á því hvaða prósenta er úr skattinum, hvert útsöluverðið verður nákvæmlega ræðst af fleiri þáttum. Það er lykilatriði í þessu máli.

Hins vegar vildi ég bara geta þess af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti ágæta ræðu hér áðan að ég saknaði þess nokkuð að hann kom aðeins að óverulegu leyti inn á það í máli sínu hvað frumvarpið sem við fjöllum um felur í sér. Kannski saknaði ég sárlegast að hann skyldi ekki gera okkur grein fyrir sjónarmiðum sínum um þær breytingartillögur sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur mælt fyrir, að hann skyldi ekki koma með ítarlegan rökstuðning fyrir sínu máli af því að í þeim efnum held ég að við hv. þm. Össur Skarphéðinsson eigum góða samleið.

[15:36]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður talaði um að hæstv. ríkisstjórn hefði góða stjórn á þessu máli. (Gripið fram í.) Ég verð að segja, frú forseti, að ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki fulla stjórn á nokkru í þessari veröld nema hugsanlega þingflokki sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Þar eru allir menn skrúfaðir. Það sáum við núna á því sem hv. þingmaður sagði. Þessi hv. þingmaður sem yfirleitt er með gleggri mönnum á tölur og annað, hefur ábyggilega fengið hátt í stærðfræði í Menntaskólanum í Reykjavík á sínum tíma, kom hérna og sagði að ég hlyti að gera mér grein fyrir því að ríkisstjórnin gæti ekki nákvæmlega sagt fyrir um afleiðingar lagasetningar á þinginu. Ég er honum sammála um það. En herra trúr, fyrr má nú vera nákvæmnin — eða ónákvæmnin — þegar við stöndum frammi fyrir því að það skeikar helmingi. Látum vera þó að skeiki einhverjum prósentum en samkvæmt því sem er að koma fram núna er líklegt að lækkunin verði ekki 16% heldur allt niður í 8%. Einn hagfræðingur hefur haldið því fram að þetta leiði einungis til 6,5% lækkunar á matarútgjöldum. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Það sem eftir stendur í umræðunum milli mín og hv. þm. Birgis Ármannssonar er að hann getur ekki fullyrt að það sem ríkisstjórnin sagði í haust um 16% lækkun hafi verið rétt. Þvert á móti fer hann undan í flæmingi og segir að ekki sé hægt að reikna þetta nákvæmlega út. Eftir liggur þó sú staðreynd að ríkisstjórnin fullyrti hverjar afleiðingar þessarar lagabreytingar yrðu. Það átti að vera lækkun á matarkostnaði heimilanna sem næmi 16% en nú er það eitthvað allt annað þannig að hv. þingmaður hefur þó a.m.k. staðfest að ríkisstjórnin fór ekki með rétt mál í haust. Hún lofaði upp í ermina.

[15:38]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er afskaplega leiðinlegt að heyra fullyrðingar frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um að ég hafi sagt eitthvað um 16% lækkun á verðlagi. Ég sagði það aldrei nokkurn tímann. Ég hafði uppi miklar efasemdir um að sú tala væri rétt. Ég spurði meira að segja hæstv. fjármálaráðherra, frú forseti, hvort hann hefði nýlega endurreiknað þá lækkun sem hann gerði ráð fyrir. Ég skil ekki þessa staðhæfingu og skora á hv. þingmann að sýna hvar ég sagði þetta, eða vera minni maður ella.

Lækkunin úr 24,5% niður í 7% er samkvæmt stærðfræðinni lækkun upp á mínus 14,056%, og með meiri nákvæmni ef menn vilja. Lækkunin úr 14% niður í 7% er lækkun upp á mínus 6,140%. Það er svo einfalt. Þetta er það sem þessar vörur ættu fræðilega séð að lækka, eingöngu út af virðisaukaskattinum. En svo voru vörugjöldin lækkuð líka og þau virka seinna. Virðisaukaskatturinn á að virka strax á fimmtudaginn, eftir tvo daga, en vörugjöldin virka seinna. Þau koma inn þegar birgðir klárast og munu koma inn á næstu 2–3 mánuðum. Síðan er algerlega óljóst hvaða áhrif tollalagabreytingarnar hafa, tollkvótabreytingarnar o.s.frv.

Svo vil ég benda á að við erum með frjálsa álagningu, við erum með frjálsan markað þannig að það sem við erum að tala um hér á sér stað á markaði sem býr við fullkomna samkeppni og því miður virðist ýmislegt benda til þess að það eigi ekki við hér, við séum ekki með fullkomna samkeppni hér á landi og kannski dálítið langt frá því.

[15:40]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Sé það svo, eins og hv. þingmaður heldur fram, að hann hafi ekki viðhaft þau ummæli sem ég taldi að minni mitt hefði togað upp úr hugardjúpum mínum er mér sæmd að því að biðja hann afsökunar á því að ég hafi farið með rangt mál. Þetta var það sem mig minnti. Það breytir engu um það að þetta var það sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins yfir línuna sögðu, eins og hv. þm. Birgir Ármannsson gekkst höflega við áðan.

Það sem skiptir hins vegar máli er það, frú forseti, að hv. þingmaður hélt núna ræðuna sem hann átti að flytja í haust. Hv. þingmaður sagði núna að það sem ríkisstjórnin sagði, a.m.k. hæstv. fjármálaráðherra, stenst ekki. Hæstv. fjármálaráðherra hélt því fram og gekk lengra en nokkur annar í að staðhæfa að þær breytingar sem ríkisstjórnin lögfesti þá á hinu háa Alþingi með tilstyrk þingmanna leiddu til þess að matarútgjöld heimilanna mundu lækka um 16%. Þetta margtuggði hann og hélt sérstakan blaðamannafund um það mál.

Nú kemur í ljós að allan tímann hefur hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar vitað betur. Í fyrsta lagi var hann ekki sammála hæstv. ráðherra um að þessi tala, 16%, væri endilega það sem mundi nást fram. Í öðru lagi bendir hann á tvö ef ekki þrjú atriði sem hugsanlega gætu leitt til þess að þessi tala, þ.e. það hlutfall sem matarútgjöldin lækka um, verði enn þá lægri en hann gerði sjálfur skóna. Það sýnir auðvitað að hæstv. ríkisstjórn var á ákaflega hálum og veikburða ís þegar hún hélt þessu fram, en hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar hefur staðfest að hæstv. fjármálaráðherra greindi bara ekki rétt frá stöðu mála hér í haust. Það var eðlilegt, hann var að flýta sér. Ríkisstjórnin fór á taugum vegna þess að Samfylkingin knúði hana til þessara aðgerða með forskoti sínu og (Forseti hringir.) frumkvæði á hinu háa Alþingi. Það ætti hv. þingmaður bara að viðurkenna.

[15:42]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er þekkt í umræðupólitík að nota orð eins og að menn eigi að viðurkenna eitthvað, eins og þeir

séu sekir. Ég viðurkenni ekki neitt vegna þess að ég hélt þessa ræðu í haust, ég efaðist um þessa prósentu en auðvitað veit ég að þetta er stórkostleg skattalækkun sem við sjáum frammi fyrir okkur eftir tvo daga, stórkostleg skattalækkun. Hún mun hafa mikil áhrif á verðlag. Hún mun hafa mikil áhrif strax, hún mun hafa mikil áhrif á næstu 2–3 mánuðum og hún mun hafa varanleg áhrif ef samkeppni er til staðar á markaðnum. Það er ljóst að þegar skattar eru lækkaðir um fleiri milljarða á ákveðinni vöru á ári, tug milljarða, hefur það áhrif á verðlag. Það er enginn sem mælir því í mót.

Auk þess var inni í pakkanum að mjólkurvinnslustöðvar, ef ég man rétt, héldu verðlagi sínu föstu í heilt ár. Það hefur líka heilmikið að segja þegar um er að ræða verðbólgu eins og við höfum upplifað síðasta ár, þetta er verðbólguskot upp á 7% sem núna reyndar sér fyrir endann á. Vegna þessara aðgerða, þessarar skattalækkunar, sér fyrir endann á verðbólgunni og flestallir spá núna að verðbólgan verði jafnvel í haust komin niður í mörk Seðlabankans sem er mjög jákvætt.

Ég skil ekki það upphlaup hjá hv. þingmanni að halda því fram að ég hafi sagt eitthvað og halda því stöðugt fram að ég hafi ekki haldið einhverja ræðu. Ég spurði einmitt fjármálaráðherra að þessu í haust.

Svo vil ég bara benda á að þetta er síðasti liðurinn í langri röð skattalækkana sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir. Því miður gefst ekki tími til að telja upp alla skattana sem hafa verið lækkaðir á kjörtímabilinu, svo margir eru þeir.

[15:44]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef aldrei haldið því fram að þetta væri skattalækkun sem ekki munaði um. Ég held því einungis fram að ríkisstjórnin hafi lofað miklu meiri lækkun á matarútgjöldum heimilanna en nú er að koma fram. Samfylkingin lagði fram ítarlegar tillögur með útreikningum sem ekki voru bornar brigður á. Þeir sýndu að tillögur Samfylkingarinnar mundu lækka matarkostnað heimilanna úr 750 þús. kr. að meðaltali niður í 500 þús. kr. Þetta er ríflega fjórðungslækkun. Ríkisstjórnin greip þá til þess korteri fyrir þingbyrjun að setja fram tillögur með miklu fumi þar sem ýmislegt var tekið úr tillögum Samfylkingarinnar, annað sett fram með ákaflega óskýrum hætti og því þriðja, eins og tollalækkunum, lofað en hefur ekki enn komið til framkvæmda. Ég spyr hv. þingmann og formann efnahags- og viðskiptanefndar: Hvað munu þessar tollalækkanir (Gripið fram í.) sem hæstv. fjármálaráðherra talar svo mikið um leiða til mikillar lækkunar? Það er ekki nokkur maður sem getur svarað því og þeir sem gerst þekkja til í stétt verslunarmanna telja að það skipti ákaflega litlu máli.

Ríkisstjórnin lofaði að beita sér fyrir aðgerðum sem mundu leiða til þess að matarverð hér á landi mundi ná meðalverði á Norðurlöndum. Það vantar mikið upp á að því hafi verið náð. Það er einfaldlega að koma í ljós að sú lækkun á matarverði sem á að eiga sér stað nk. fimmtudag, 1. mars, er miklu lægri en ríkisstjórnin lofaði fyrir fram. Ríkisstjórnin lofaði upp í ermina á sér. Hún sveik, og þetta er enn eitt dæmið um vanrækslusyndir hennar. Hún hefur lofað mjög mörgu í aðfara þessara kosninga en það er fátt sem hún getur staðið við. Eins og ég sagði áðan hefur hún ekki stjórn á sínum eigin gerðum, ekki stjórn á afleiðingum sínum. Það eina sem hún hefur sterk tök á eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, (Forseti hringir.) þeim sem samþykktu og sögðu eitt í haust og koma nú heldur veikburða og skjálfandi og viðurkenna að það er allt öðruvísi núna.

[15:47]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Um leið og ég óska eftir því að verða settur á mælendaskrá leyfi ég mér að mælast til þess að hæstv. heilbrigðisráðherra verði gert viðvart þannig að hún geti orðið við ósk minni eða kröfu um að vera viðstödd þegar ég beini spurningum til hennar hér á eftir.

[15:47]

**Forseti (Þuríður Backman)**:

Forseti hefur hlýtt á beiðni hv. þingmanns og kemur henni á framfæri.

[15:47]

**Ágúst Ólafur Ágústsson**:

Frú forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg um frumvarpið sem hér er til umræðu. Það er enn ein staðfesting á því hversu illa undirbúin ríkisstjórnin var þegar Samfylkingin kom fram með tillögur sínar til lækkunar matvælaverðs sl. haust. Ég ætla að taka sjö dæmi því til staðfestingar að ríkisstjórnin hafi einungis verið að bregðast við tillöguflutningi Samfylkingarinnar þegar kemur að lækkun matvælaverðs.

Byrjum á frumvarpinu. Verið er að gera tæknilegar breytingar á lögum um virðisaukaskatt, breytingar sem vel hefði mátt sjá fyrir þegar ákvörðun var tekin í haust. Því er um ákveðna eftirlegukind að ræða, lagfæringu á því sem ríkisstjórninni sást yfir í öllum flumbruganginum í haust og þeirri örvæntingu sem greip hana þegar tillögur Samfylkingarinnar lágu fyrir.

Í öðru lagi varð heilmikið uppnám hjá ríkisstjórnarflokkunum þegar kemur að áfengisgjaldinu. Ríkisstjórnin byrjaði á því að leggja til að vaskurinn á áfengi yrði lækkaður og hækkun á áfengisgjaldi mundi vega þar upp á móti. Það var svo vanhugsað og vanreifað að hæstv. fjármálaráðherra kom í þingsal og bað hv. efnahags- og viðskiptanefnd að skilja það mál einfaldlega eftir, svo illa var það unnið og engar breytingar voru gerðar hvað það varðar.

Í þriðja lagi voru strax efasemdir um þær tölur sem lágu á bak við frumvarp ríkisstjórnarinnar, um hversu mikið matvælaverð mundi lækka. Það sýndi að undirbúningurinn var ekki nógu góður hjá ríkisstjórninni.

Fjórða atriðið sem bendir til örvæntingar ríkisstjórnarinnar er það að hagsmunaaðilarnir sem komu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd í haust bentu nánast allir á slaka útreikninga hvað varðar frumvarpið sem var samþykkt fyrir jól.

Fimmta atriðið lýtur að tollunum. Ekki var minnst á tollana, hvað þeir ættu að kosta í fjárlagavinnunni, þannig að við sáum svart á hvítu að menn voru ekki búnir að hugsa

hlutina til enda hvað það varðar.

Einnig má nefna að á síðustu stundu var bætt við frumvarpið í desember fjöldanum öllum af tollanúmerum, tollskrárnúmerum, vegna þess að það gleymdist að taka þessa tollaflokka inn í lækkunarhrinuna.

Sjöunda atriðið lýtur einnig að tollunum, enn er ekki víst hversu mikið tollarnir eiga að lækka og á hvaða vörum o.s.frv.

Þessi sjö atriði benda í mínum huga afskaplega skýrt á þá staðreynd að ríkisstjórnin hefur einungis verið að bregðast við tillöguflutningi Samfylkingarinnar um að lækka matvælaverð. Ríkisstjórnin hefur haft tólf ár til að lækka t.d. virðisaukaskatt á matvælum, hefur ítrekað beinlínis fellt tillögur þess efnis á þingi. Við í Samfylkingunni höfum árlega lagt fram tillögu um að lækka virðisaukaskatt á matvælum og sjálfstæðisþingmenn í þessum sal hafa allir með tölu ýtt á nei-hnappinn þegar kemur að afgreiðslu þeirra mála þar til nú í haust enda kosningar í nánd.

Mikið er rætt um hversu mikil lækkun verður á matvælaverði við þessar aðgerðir og ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og takast menn á um það. Auðvitað skiptir máli að þetta liggi tiltölulega vel fyrir. Það eru tveir dagar þangað til þessi lækkun á að taka gildi. Við í stjórnarandstöðunni lögðum fram tillögu, og það er ágætt að rifja það upp, um að tryggt yrði verðlagseftirlit sem tæki til starfa strax um áramótin til að fylgjast með hvort verðlag mundi lækka eins og það á að gera 1. mars. Sú tillaga var felld. Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn felldu tillögu um að tryggja verðlagseftirlit sem stjórnarandstaðan sameinaðist um að þyrfti að sjálfsögðu að vera fyrir hendi.

Það er einnig mjög fróðlegt í þessu sambandi að benda þingheimi á minnisblað frá fjármálaráðuneytinu sem okkur í efnahags- og viðskiptanefnd var sýnt. Það minnisblað sýnir áætluð verðlags- og tekjuáhrif. Beinlínis er gert ráð fyrir 14,8% lækkun á matarverði. Áður en við fengum þetta minnisblað hafði talan 16% heyrst, hagsmunaaðilar efuðust stórlega um að 16% talan næðist, en umrætt minnisblað sýnir svart á hvítu að ríkisstjórnin gerir ráð fyrir 14,8% lækkun á matarverði við þessar aðgerðir.

Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi sérstaklega að áhrif vörugjalda kæmu seinna fram. Ég tek undir það, í ljósi birgðastöðu viðkomandi fyrirtækja. En samkvæmt þessu minnisblaði eru einungis 2% lækkunar matvæla rakin til lækkunar vörugjalda — 2% af 14,8% er ekki mikið og eftir stæði þá væntanlega mismunurinn, þ.e. 12,8% lækkun, að því gefnu að enginn hluti vörugjaldalækkunar mundi virka 1. mars. Hv. þm. Pétur Blöndal benti einnig á að horfið væri frá 9% hækkun mjólkurafurða og að það mundi vega þungt í neysluverðsvísitölunni. Samkvæmt minnisblaði fjármálaráðuneytisins vegur þetta 0,1% af neysluverðsvísitölunni, það eru nú öll ósköpin. Ég ætlaði bara að upplýsa menn um þetta og þetta eru tölur frá fjármálaráðuneytinu.

Það er heilmikið á reiki hve mikið matarverð mun lækka við aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Ég held að ríkisstjórnin hafi gerst sek um ákveðið yfirskot hvað þetta varðar og það sannar þá örvæntingu sem blasti við henni nú í haust þegar Samfylkingin hreyfði þessu máli enn og aftur. Þær raddir hafa heyrst, og ég held að nokkrir ráðherrar hafi meira að segja sagt það, að við þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar mundum við ná meðalverðlagi á Norðurlöndunum. Eftir því sem ég best veit eigum við enn talsvert langt í land með það og við erum langt fyrir neðan meðaltal hinna Evrópusambandsríkjanna. Ég get alveg sætt mig við að bera matarverð hjá okkur saman við matarverð á öðrum Norðurlöndum og það er enn allt of hátt.

Tollarnir vega langþyngst þegar kemur að því að lækka matarverðið. Það eru flestir sammála um að allar breytingar á tollaumhverfinu skipti neytendur hvað mestu máli. Hins vegar er enn óljóst, tveimur dögum áður en þessar aðgerðir eiga að taka gildi, að hvaða marki þessar tollalækkanir verða, á hvaða vörum, hversu mikið o.s.frv. og hvað þær kosta. Það er sérkennilegt í ljósi þess að 1. mars er núna á fimmtudaginn að við getum ekki fengið skýrari svör frá ríkisstjórnarflokkunum um hversu mikið á að lækka tolla, af hvaða vörum o.s.frv. Við sjáum líka í áætlun ríkisstjórnarinnar að hún gerir ráð fyrir að lækka tolla um allt að 40% en aðilar á markaðnum hafa nú bent á að 40% lækkun á ofurtollum skilji einfaldlega eftir sig ofurtolla. Ég tel að ganga þurfi talsvert lengra þegar kemur að breyttu tollaumhverfi og að sjálfsögðu ættum við að gera það í samráði við bændastéttina, en tollarnir eru stóra málið þegar kemur að lækkun matarverðs.

Þessi umræða hófst á því að hv. þm. Ögmundur Jónasson kynnti fyrir fram breytingartillögu. Mig langar að nota tækifærið og lýsa mig gjörsamlega andsnúinn þeirri breytingartillögu. Ég tel ekki skynsamlegt að samþykkja þá tillögu að hafa virðisaukaskattinn hærri á gosi eða hækka vörugjöldin. Ég er einfaldlega ósammála honum, en þetta kemur svo sem ekkert á óvart, við höfum rætt þetta áður og við tókumst á um svipað mál nú í desember. Ég tel að röksemdir hv. þingmanns haldi ekki vatni ef litið er á reynsluna. Gosdrykkir á Íslandi eru mjög hátt skattlagðir, það kom fram hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Engu að síður er neyslan mjög mikil á gosdrykkjum. Við eigum það sameiginlegt með Norðmönnum að hafa háa sykurskatta en hins vegar mjög miklu neyslu á gosdrykkjum. Ég held að það sé skýr vísbending um að sú hugmyndafræði að beita skattlagningu í þágu neyslustýringar gangi ekki upp, ég held bara að sagan sýni það og reynslan.

Það má líka benda á hin svokölluð staðkvæmdaráhrif, þau eru mikilvæg í þessu sambandi. Ef við ætlum að halda uppi háu verði á gosi, t.d. kóki, mun það halda uppi verði á öðrum drykkjum, svo sem vatni, sódavatni og öðrum hollari drykkjum. Í dag er hálfur lítri af kóki á svipuðu verði og hálfur lítri af vatni, sem er auðvitað galið í ljósi þess að á kók eru lagðir meiri skattar en á vatnið. Þó að við tækjum þau skref að lækka verð á gosi mun neyslan á hollari drykkjum jafnvel aukast þar sem þeir munu verða ódýrari.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði hvaða hagsmuni þeir sem væru á móti tillögu hans væru að verja. Ég ætla ekki að leggja honum orð í munn en hann talaði um hvort verið væri að vernda hagsmuni gosframleiðenda o.s.frv. Að sjálfsögðu tel ég mig ekki vera að gera það. Ég er einfaldlega að benda á að neyslustýringarhugsunin hefur ekki virkað, hún heldur uppi háu verði á hollari vörum og hún er óhagstæð neytendum. Ég lít á mig sem málsvara neytenda enda hafa flestir hagsmunaaðilar talað fyrir því að lækka þurfi virðisaukaskatt og vörugjöld á þessum matvælum,

einnig hinum svokölluðu óhollu matvælum. Neytendasamtökin, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, allt stór hagsmunasamtök, sum hver hagsmunasamtök neytenda, sem við tilheyrum öll, sem hafa álitið að það sé neytendum í hag að lækka verð á matvælum og einnig gosi.

Við eigum að taka myndarlega til hendinni í forvarnastarfi hér á landi og verja talsverðum fjármunum í að upplýsa ungt fólk um gildi þess að neyta hollrar vöru og drekka holla drykki. Bent hefur verið á stórglæsilegt forvarnaverkefni Latabæjar. Ég held að slík verkefni séu talsvert farsælli en sú leið sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og Vinstri grænir bjóða upp á. Það er ákveðinn munur á Samfylkingu og Vinstri grænum og það er allt í lagi að draga hann fram í dagsljósið enda er um að ræða tvo ólíka flokka, ólíkt kannski ríkisstjórnarflokkunum sem virðast telja sér það til tekna að vera nákvæmlega eins í öllum málum. Ágreiningurinn kemur kannski ekkert sérstaklega á óvart en við sem sagt metum það svo að hagsmunum neytenda sé betur borgið með því að lækka þetta verð.

Mig langar einnig að koma inn á afstöðu hv. þingmanna sem hér hafa talað, eins og hv. þm. Birgis Ármannssonar og Péturs Blöndals. Þeir hafa kastað steinum úr glerhúsi. Þeir hafa báðir, a.m.k. hv. þm. Pétur Blöndal, gagnrýnt neyslustýringarhugmyndina sem liggur að baki háum sköttum og háum vörugjöldum á óhollum vörum. Hv. þingmenn Pétur Blöndal og Birgir Ármannsson stóðu hins vegar frammi fyrir því einstaka tækifæri fyrir aðeins örfáum mánuðum, nánar tiltekið í desember, að greiða atkvæði með afnámi vörugjalda á öllum matvælum. Samfylkingin ein flokka lagði fram tillögu um að öll vörugjöld yrðu lækkuð eða afnumin af öllum matvælum. Þetta felldu hv. þingmenn sem í þessum þingsal hafa haft á orði að þeir aðhyllist ekki neyslustýringu, enda er það þá sérkennilegt að þeir slái sér á brjóst og gagnrýni hv. þm. Ögmund Jónasson sem þó er samkvæmur sjálfum sér. Hv. þm. Pétur Blöndal talar um að hann sé á móti neyslustýringu með skattlagningu, en þegar hann fær tækifæri til að sýna það í verki kýs hann neyslustýringuna eins og flokkur hans.

Ef við snúum þessu yfir á aðra þingmenn stjórnarflokkanna sem telja að neyslustýringin með skattlagningu virki — nokkrir þingmenn stjórnarliðsins töldu það rétta stefnu og greiddu þar af leiðandi atkvæði gegn tillögu Samfylkingarinnar um að lækka vörugjald á öllum matvælum. Það er sérkennilegt að þeir sömu þingmenn styðji frumvarp um að lækka vaskinn á óhollu vörunum. Þeir eru líka í mótsögn við sjálfa sig. Annaðhvort aðhyllist fólk neyslustýringarrökin eða ekki. Það gengur ekki að fólk geri það stundum en stundum ekki. Allir þingmenn stjórnarliðsins eru í bullandi mótsögn við sjálfa sig og eftir standa þingmenn Samfylkingarinnar og þingmenn Vinstri grænna sem þó eru á öndverðum meiði hvað þetta varðar. Við höfum þó haldið sjó og kúrs og verið samkvæmir sjálfum okkur.

Það væri afskaplega upplýsandi að fá hæstv. heilbrigðisráðherra í salinn og fleiri þingmenn sem vildu halda uppi háum vörugjöldum á hinum svokölluðu óhollu vörum á forsendum neyslustýringar. Það væri fróðlegt að fá þá til að ræða af hverju þeir vilji lækka vaskinn á óhollum vörum en ekki vörugjöldin. Ég veit að hæstv. heilbrigðisráðherra er í húsinu eða var það og hann á næsta mál á dagskrá. Ég sá líka hæstv. fjármálaráðherra í hliðarsölum áðan og það væri mjög gagnlegt að fá hann í þessa umræðu í ljósi þeirrar spurningar sem ég varpaði fram um tollamál. Þau mál eru að mínu mati í fullkominni óvissu.

Að lokum vil ég ítreka að Samfylkingin vill ganga lengra þegar kemur að lækkun matvælaverðs. Við viljum ganga allt að helmingi lengra en ríkisstjórnin. Við erum ekki tilbúin að sætta okkur við að almenningur á Íslandi þurfi að borga eitt hæsta matvælaverð í heimi. Við erum búin að fá nóg af því. Við höfum bent á leiðir til að lækka matarverðið, fella niður vörugjöldin, lækka vaskinn, endurskoða tollana. Það eru allt leiðir sem munu lækka matarverð og bæta hag allra Íslendinga og ekki síst þeirra sem bera minnst úr býtum. Það þurfa jú allir að kaupa í matinn. Það er hluti af lífskjarapólitík okkar að lækka verðið. Við erum að gæta hagsmuna almennings, gæta hagsmuna neytenda. Við munum að sjálfsögðu reyna að halda áfram að berjast fyrir lækkuðu matarverði. Það er óásættanlegt að íslenska þjóðin þurfi að sætta sig við að greiða eitt hæsta matarverð í heimi. Sú ríkisstjórn sem nú situr og sú sem tekur við af henni hafa að okkar mati tæki til að lækka verð á matvælum.

[16:05]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta ákveðin frýjunarorð hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar fram hjá mér fara því að ég held að við hv. þingmaður séum í meginatriðum samherjar í þessum málum. Ég held að þau viðhorf sem móta afstöðu okkar séu í grundvallaratriðum svipuð, eins og birtist í ummælum hv. þingmanns um breytingartillögur hv. þm. Ögmundar Jónassonar og Vinstri grænna sem fram hafa komið við þessa umræðu. Þar mótast afstaða okkar af sömu sjónarmiðum, við erum á því að skattkerfið eigi að vera einfalt og skilvirkt og eigi ekki að mótast af hugmyndum um neyslustýringu.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að við umræðuna í desember lagði hann og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar fram breytingartillögur sem gengu lengra en þær sem ríkisstjórnin stóð að og fólu í sér að einnig yrðu afnumin vörugjöld af sykri og sætindum samkvæmt tollskrá. Það er það eina sem stendur eftir af matvörum sem eru með vörugjaldi. Ég hef samúð með þeim sjónarmiðum sem hann hefur kynnt í þeim efnum en hins vegar er ljóst að um það var ekki samstaða meðal ríkisstjórnarflokkanna að ganga svo langt og þess vegna var skrefið sem stigið var ekki lengra. Hins vegar finnst mér mjög mikilvægt að því sé haldið til haga í þessari umræðu, af því að mér finnst umræðan fara dálítið út og suður, að 1. mars nk. verður mesta breyting, mesta lækkun á skattlagningu matvæla sem dæmi eru um í síðari tíma sögu Íslands. Ég held að við ættum ekki að draga athyglina frá því. Það er alveg klárt að þeir skattar sem lagðir eru á matvæli með ýmsum hætti hafa aldrei verið lækkaðir jafnmikið í einum áfanga.

[16:07]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson segir að við séum samherjar í þessu máli. Að þeim orðum sögðum langar mig að spyrja hv. þingmann, ef við erum samherjar í þessu máli, af hverju hann kaus þá gegn tillögu Samfylkingarinnar um að fella vörugjöld af öllum matvælum. Ég veit ekki betur en hv. þingmaður hafi beinlínis ýtt á nei-hnappinn þegar hann stóð frammi fyrir því tækifæri að sýna hugsanlega vilja sinn í verki með því að lækka matarverð enn meira hér á landi, einmitt á þeim forsendum sem ég held að við séum sammála um að neyslustýringarrökin halda ekki vatni.

Hv. þingmaður minnist einnig á að vörugjöld á sykri og sætindum séu skilin eftir og það er fróðlegt að skoða það að þrátt fyrir að menn ætli að skilja það eftir blasir við að meira en helmingur vörugjaldanna er skilinn eftir þegar kemur að þeim upphæðum sem fara í ríkissjóð. Einnig hefur verið bent á að mörkin um hvað séu óhollar vörur og hvað ekki eru mjög óljós og jafnvel órökrétt og þess vegna væri langhreinlegast að afnema þessi gjöld að öllu leyti enda er þetta vondur skattur sem hefur uppsöfnunaráhrif og er mjög óhagstæður fyrir neytendur og flækir kerfið til muna. Mig langar endilega að nota þetta tækifæri og spyrja hann hreint út: Af hverju greiddi hv. þingmaður atkvæði gegn tillögum okkar um að lækka vörugjöld á öllum matvælum úr því að hann hafði tækifæri til annars fyrir örfáum vikum?

[16:09]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að við náum þeim áfanga innan fárra ára, vonandi sem fyrst, að stíga skrefið jafnlangt og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson lagði til. Hins verða menn að búa svo sem á bæ er títt og klára málið, stíga skref í þeim áföngum sem raunverulega skila árangri. Þegar menn eru í stjórnarsamvinnu vinna þeir saman að markmiðum og auðvitað felast í því málamiðlanir eins og hv. þingmaður hlýtur að gera sér grein fyrir. Ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson þekki málamiðlanir innan síns eigin flokks um einstök málefni.

Hins vegar vil ég gjarnan ítreka það sem ég sagði áðan að þrátt fyrir að ég hefði viljað ganga lengra erum við að stíga stærri skref í að lækka skattlagningu á matvæli 1. mars nk. en nokkru sinni fyrr.

[16:10]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson segir að hann voni að við náum einhvern tíma lengra en ríkisstjórn hv. þingmanns er búin að vera við völd í 12 ár. Það eru örfáar vikur eftir af þessu kjörtímabili og tíminn er einfaldlega að renna út hjá ríkisstjórninni. Þess vegna kemur mér það, og ég ítreka það, spánskt fyrir sjónir að hv. þingmaður og þingmenn í hans flokki hafi ekki sýnt þann vilja í verki sem þeir þó segja út á við að þeir styðji.

Það er líka fróðlegt að rifja það upp að þessir sömu þingmenn felldu þrjú ár í röð tillögu Samfylkingarinnar um að lækka matarskattinn um helming þó að það væri hluti af kosningaloforðum Sjálfstæðisflokksins. Síðan bregðast þeir loksins við á lokaspretti kjörtímabilsins og ætla að láta þær framkvæmdir taka gildi tveimur mánuðum fyrir kosningar. Því miður, herra forseti, finnst mér þetta ekki vera sérstaklega trúverðugt þegar við höfum einmitt dæmi og aðgerðir sömu þingmanna sem ganga þvert á það sem þeir hafa verið að boða og segja, bæði úr þessum ræðustól og annars staðar.

[16:11]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sagði að hér væri á ferðinni svipað frumvarp og var til umfjöllunar í desember. Í reynd er þetta er þetta nákvæmlega sama frumvarpið vegna þess að þetta er tæknileg lagfæring á frumvarpi sem þá var lagt fyrir þingið og er ekki enn orðið að lögum. Við erum því að fjalla um sama málið en það gengur m.a. út á það að lækka skatta, virðisauka og vörugjöld á gosdrykkjum og sykruðum drykkjum meira en á nokkra aðra matvöru í landinu. Þetta er mergurinn málsins.

Hv. þingmaður segir að hann vilji ekki stýra neyslu á matvöru eða vöru yfirleitt með sköttum en hvernig skyldi standa á því að gosdrykkjaframleiðendur leggja slíkt ofurkapp á að fá þetta fram? Það er einfaldlega vegna þess að þeir vita sem er að sala gosdrykkja mun aukast fyrir vikið. Er það ekki verðstýring á þeirri vöru? Þegar það síðan kemur í ljós að börn og unglingar eru sá hópur í þjóðfélaginu sem mest neytir þessarar vöru er þá ekki verið að verðstýra henni ofan í börn og unglinga? Við erum að gera það og Lýðheilsustöð varar okkur við því.

Ég tel breytingartillögu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vera hagstæða neytendum. Hv. þm. Ágúst Ólafur telur svo ekki vera. Spurningin er: Á hvaða forsendum? Það er hagstætt neytendum að bjóða upp á heilnæma vöru og reyna að bægja óhollustunni frá sérstaklega börnum og unglingum. Út á það gengur tillaga okkar. Hún er í anda manneldisstefnu og samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar.

[16:13]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get vel skilið þær röksemdir sem hv. þingmaður teflir fram um að hann ali þá von í brjósti að geta stýrt neyslu einstaklinga frá óhollum vörum yfir í þær hollari en reynslan sýnir að það virkar ekki. Við höfum reynt leið hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Við erum með hæstu sykurskatta í heimi á gosdrykkjum en hins vegar er hér einna mest neysla á gosdrykkjum. Það er skýr vísbending um að þessi aðferðafræði virkar ekki. Hv. þingmaður spyr af hverju gosdrykkjaframleiðendur vilji fá þessa lækkun í gegn en á móti bendi ég á að Neytendasamtökin vilja líka fá þessa lækkun í gegn. Aðilar markaðarins vilja fá þessa hagsmuni gegn. Ég get fullyrt að almenningur vill sjá þessa lækkun komast í gegn.

Að sjálfsögðu get ég alveg deilt þeirri skoðun og því markmiði hv. þingmanns að við eigum að auka möguleika almennings á að neyta hollrar vöru á sem hagstæðustu verði. Ég tek að sjálfsögðu undir það en þá bendi ég aftur á hin svokölluðu staðkvæmdaráhrif, að hátt verð á gosdrykkj-

um heldur uppi háu verði á hollum drykkjum þannig að ef við lækkum verð á gosi mun verð á t.d. vatni, sódavatni, lækka. Ég el þá von í brjósti að vörur sem við almennt teljum hollar vörur muni verða ódýrari. Ég held að rétta leiðin til að sporna við óhollustunni sé ekki að fara skattlagningarleið Vinstri grænna heldur frekar í gegnum forvarnirnar. Það er leið sem hefur sýnt árangur og ég nefni aftur Latabæ. Skattlagningarleiðin hefur verið farin en hún hefur því miður ekki gengið. Ég væri alveg til í umræðu um hana ef hægt væri að benda á að há skattlagning hefði áhrif á almenna neyslu og þá skal ég vera til umræðu um þá stöðu. Sú staða er ekki uppi, aftur á móti hefur þetta þær afleiðingar að hollari vörurnar verða dýrari fyrir vikið eins skrýtið og það hljómar.

[16:15]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sem betur fer getum við enn þá drukkið vatn beint úr krananum og það kostar okkur ekki neitt, a.m.k. sáralítið, (Gripið fram í.) sú er staðreyndin. Ég er að vísa í rannsóknir og hvað þær leiða í ljós. Þar kemur í ljós að þegar verðlagið á gosdrykkjum er lækkað eykst neyslan. Þess vegna þrýsta framleiðendur og söluaðilar mjög á um þessar skattbreytingar.

Síðan er spurningin hvernig eigi að stýra neyslunni. Það er dýrara að framleiða mjólk en kók. Á þá framleiðslukostnaðurinn einn að ráða? Menn vilja ekki hafa það þannig. Þess vegna hefur verið brugðið á það ráð með verðstýringu og niðurgreiðslum að lækka verðið á mjólk. Hvers vegna? Vegna þess að mjólk er meiri (Forseti hringir.) hollustuvara en kókið (Forseti hringir.) og það er ábyrgðarleysi af samfélagi að neita að hugsa á þennan veg.

[16:17]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að afstaða mín í dag sé ekki ábyrgðarleysi. Ég tel það ábyrgðarleysi að verja kerfi sem er gengið sér til húðar, kerfi sem heldur háu verði á hollum vörum. Ég held að hver einasti hagfræðingur geti staðfest það að þessi staðkvæmdaráhrif eru svo sannarlega til staðar. Þetta er ekki hugarburður minn eða einhverra örfárra. Ítrekað hefur verið bent á það, og m.a. í skýrslu hagstofustjóra, að þessi staðkvæmdaráhrif og þetta háa verð á hinum óhollu vörum og öðrum vörum sem búa við hátt verð eins og landbúnaðarvörur haldi uppi háu verði á öðrum vöruflokkum.

Ég ætla ekki að hætta mér í umræðuna um landbúnaðarkerfið en við höfum, eins og hv. þingmaður veit auðvitað, opinbera verðlagningu á mjólk. Þá mætti spyrja á móti: Vill hv. þingmaður frekari opinbera verðlagningu á öðrum vörum, að opinberar nefndir ákveði einfaldlega hvað hlutirnir kosti? Við erum flest komin frá þeirri hugmyndafræði sem var kannski (Forseti hringir.) ríkjandi á árum áður.

[16:18]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson var að frýja mig þess að ég hefði ekki greitt atkvæði með tillögum Samfylkingarinnar í vetur. Þá langar mig til að lesa ræðu sem ég flutti orðrétt 9. desember, með leyfi frú forseta:

„Ég hafði efasemdir um sykurskattinn. Nú liggja fyrir ágætar tillögur frá Samfylkingunni um að afnema hann. Því miður erum við búin að afgreiða fjárlög. Á það var bent í umræðunni í gær að fjárlögin mundu varla þola stóraukin útgjöld til aldraðra og öryrkja. Ég tel að fjárlögin séu þanin til hins ýtrasta og get því ekki fallist á tillögu Samfylkingarinnar um 800 millj. kr. lækkun á sykurskatti (Gripið fram í.) né 600 millj. kr. lækkun á lyfjaverði. (Gripið fram í.) En mér finnast tillögurnar ekki vitlausar. Þær eru ágætar en þær koma of seint. Svo er náttúrlega spurning um hvort risaskref ríkisstjórnarinnar þola svona viðbót."

Þá er ég, frú forseti, að ræða um risaskref ríkisstjórnarinnar. Trekk í trekk allt kjörtímabilið hefur ríkisstjórnin verið að lækka skatta. Þetta er síðasta skrefið og auðvitað varð eitthvert skref að vera síðast. En ég tek undir með hv. þingmanni. Á næsta kjörtímabili höfum við tækifæri til að lækka öll vörugjöld eða fella þau alveg niður því að þau eru afskaplega dýr í framkvæmd og flækja allt kerfið mjög mikið, auka vinnu og gera ekkert annað en að valda kostnaði. Þetta er svo ástæðan fyrir því að ég greiddi atkvæði gegn þessu. Ég gat ekki verið svo óforsjáll að samþykkja eitthvað sem við erum nýbúin að samþykkja í fjárlögum að ekki væri pláss fyrir.

[16:20]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst þetta nokkuð sérkennilegur málflutningur í ljósi þess að þingmaður vílar oft ekki fyrir sér í þessum þingsal að samþykkja hin ýmsu loforð hingað og þangað í nafni ríkissjóðs þegar kemur að afgreiðslu mála í þessum þingsal. Hann segir að þessi tillaga Samfylkingarinnar hafi komið of seint fram. Hún kom beinlínis fram á undan tillögum ríkisstjórnarinnar. Við tefldum fram okkar tillögum á undan tillögum ríkisstjórnarinnar vegna aðgerða til að lækka matarverðið. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þingmann, sem er formaður efnahags- og viðskiptanefndar og hafði næg tækifæri til að koma því áleiðis bæði innan síns þingflokks og innan þeirrar nefndar sem hann stýrir, af hverju hann beitti sér ekki fyrir því að stærri skref yrðu tekin en raun ber vitni. Hann hefur sjálfur lýst því enn og aftur að hann sé efnislega sammála okkur um að stærri skrefa sé þörf.

Svo langar mig að benda á það að hv. þingmaður vísar til næsta kjörtímabils um að þá verði þetta skref loksins tekið. Þessir ríkisstjórnarflokkar eru búnir að vera við völd í 12 ár, þeir eru búnir að hafa næg tækifæri til að ná sínu fram á þeim 12 árum og ég get alveg fullvissað hv. þingmann um að það er alls óvíst hvort hann verði í næstu ríkisstjórn. Þá er hann einfaldlega búinn að glata tækifæri sínu til að lækka matarverð myndarlega eins og Samfylkingin vill gera.

[16:22]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gat þess áðan í andsvari að ríkisstjórnin hefði tekið risaskref í að lækka skatta allt kjörtímabilið. Ég náði því miður ekki þá að telja upp allar skattalækkanirnar en ég mun gera það í ræðu á eftir, eftir minni og ég ætla að vona að ég gleymi þá engu. Það er svo mikill fjöldi af

skattalækkunum að það eru vandræði að muna þær allar saman. Við erum hér með síðasta skrefið af fjöldamörgum ágætum skrefum í stórlækkun á sköttum. Það er ágætt að hv. þingmaður minni mig á það hvað skattarnir hafa lækkað mikið. Auðvitað verður eitthvert skref síðast. Það liggur í hlutarins eðli. Ekki geta öll skref verið fyrstu skrefin þannig að ég býst við að menn muni halda áfram á þeirri braut að lækka skatta hér eftir sem hingað til ef minn flokkur heldur velli. Þetta er á stefnuskrá hans og hann hefur sýnt það að hann stendur við það að lækka skatta. Það hefur gefið atvinnulífi og einstaklingum nýjan kraft sem við sjáum (Forseti hringir.) í blómlegu atvinnulífi.

[16:23]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(andsvar)*:

Ég held að hv. þingmaður ætti að fara varlega í að stæra sig af skattalækkunum. Hér hefur ítrekað verið staðfest, m.a. af hæstv. fjármálaráðherra, að skattbyrði, þ.e. sá hluti sem maður greiðir í skatt af tekjum sínum, allra tekjuhópa hafi þyngst í valdatíð þessarar ríkisstjórnar fyrir utan topp 10% hópinn. Hinir allra ríkustu hafa uppskorið minni skattbyrði í tíð þessarar ríkisstjórnar. Allir hinir hóparnir hafa þurft að þola meiri skattbyrði.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt að rifja það upp fyrir hv. þingmanni að ef við berum saman ríkissjóð núna og hvernig hann var þegar þessi ríkisstjórn tók við 1995 hefur ríkissjóður 160 milljörðum kr. meira á milli handanna á þessu ári en hann hafði 1995. (Gripið fram í.) Hvaðan koma þeir peningar? Þeir koma auðvitað frá almenningi og fyrirtækjum. (Gripið fram í.) Ríkissjóður lifir af tvenns konar tekjum, skatttekjum og þjónustugjöldum. (Gripið fram í.) Hér er svo augljóst að ríkið (Forseti hringir.) tekur æ stærri hluta af kökunni en það gerði áður.

[16:24]

**Útbýting:**

Byggðakvóti, 303. mál, svar sjútvrh., þskj. 959.

Framkvæmd skólahalds á framhaldsskólastigi 2002 til 2005, 651. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 970.

[16:25]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þetta frumvarp til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt með síðari breytingum er kannski fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Verið er að lækka gjöld á ákveðnum vöruflokkum og í þessu tilviki er verið að lækka gjöld á gosdrykkjum og sykruðum drykkjum. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs teljum ekki rétta stefnu að lækka gjöld á þessum sykurríku drykkjum eins og gosdrykkjum. Þess vegna hefur fulltrúi okkar í efnahags- og viðskiptanefnd, Ögmundur Jónasson, flutt breytingartillögu sem lýtur að því að innflutningsgjöld og vörugjöld haldist í hærra þrepinu, eins og þau hafa verið, á gosdrykkjum og sykurdrykkjum.

Við vísum m.a. til mjög afdráttarlausra yfirlýsinga frá aðilum sem bera hollustu og heilbrigði fyrir brjósti, eins og Lýðheilsustöð sem hefur gert mjög alvarlegar athugasemdir við þessa stefnumörkun frumvarpsins og það sem í því er. Lýðheilsustöð var sett á laggirnar fyrir nokkrum árum til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um stefnumótun á sviði lýðheilsu. Nú, við umræðu og ákvörðun í þessu máli hér, reynir fyrst á stjórnvöld hvort þau vilji hlíta ráðum Lýðheilsustöðvar sem þau sjálf settu á stofn í þessu skyni. Við erum einmitt að fjalla um frumvarp sem lýtur að því að breyta gjöldum á sykurdrykkjum sem að sjálfsögðu hafa áhrif á neyslu þeirra.

Í bréfi sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis var sent í desember frá Lýðheilsustöð segir, með leyfi forseta:

„Það vekur athygli að gosdrykkir og sykraðir svaladrykkir eru ekki undanskildir niðurfellingu vörugjalds, líkt og önnur sætindi. Niðurstaðan er því sú að þessir drykkir eru meðal þeirra matvara sem koma til með að lækka hlutfallslega mest þegar bæði kemur til lækkun á virðisaukaskatti úr 24,5% og niðurfelling á vörugjaldi (8 kr./lítra)."

Í bréfi frá Lýðheilsustöð er lögð áhersla á að þetta samræmist ekki manneldissjónarmiðum. Orðrétt segir í beinu framhaldi, með leyfi forseta:

„Þessar aðgerðir samræmast ekki manneldissjónarmiðum sem ættu að vera lögð til grundvallar breytingum sem þessum.

Hins vegar er jákvætt að vatn á flöskum skuli vera undanþegið vörugjaldi. Slíkt gjald ætti aftur á móti að vera áfram á öllum drykkjum með viðbættum sykri."

Við þekkjum þá umræðu sem hefur verið hér á undanförnum vikum og mánuðum um offituvandann sem hrjáir Íslendinga og aðra íbúa í Vesturheimi. Lýðheilsustöð ítrekar einmitt þetta í bréfi sínu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Yfir helmingur fullorðinna og fimmti hluti barna hér á landi er yfir kjörþyngd.

Þó að ýmsar jákvæðar breytingar hafi orðið á mataræði hér á landi á undanförnum árum hafa einnig orðið neikvæðar breytingar. Neysla gosdrykkja er gífurleg og drekka unglingsstrákar mest af gosi og sykruðum svaladrykkjum, eða að meðaltali tæpan lítra á dag, og 55% af sykri í fæði þeirra kemur úr gosdrykkjum (Landskönnun á mataræði 15–19 ára, 2002). Þótt unglingsstúlkur drekki minna er neysla gosdrykkja of mikil hjá flestu ungu fólki. Mikið magn gosdrykkja og annarra sykraðra svaladrykkja hefur verið tengt við aukna tíðni ofþyngdar og offitu, ásamt öðrum þáttum, því er mikilvægt að reyna að takmarka neyslu þessara orkuríku drykkja." — Þetta segir m.a. í bréfi frá Lýðheilsustöð.

Lýðheilsustöð vísar í bréfi sínu til rannsókna þar sem sýnt er fram á að verðbreytingar á fæði hafi áhrif á neyslu og séu verðlækkanir neysluhvetjandi. Áfram segir í bréfi frá Lýðheilsustöð:

„Vert er að benda á að rannsóknir sýna að verðnæmni gosdrykkja er töluverð og verðlækkun þeirra hefur mest áhrif á neyslu þeirra þjóðfélagshópa sem almennt er erfitt að ná til með heilsuhvetjandi skilaboðum. Í því samhengi má nefna að unglingar eru mjög næmir fyrir verðbreytingum. Einnig ber að geta þess að næmni þeirra sem neyta mikils magns gosdrykkja er töluverð. Verðbreyting hefur hins vegar minni áhrif á þá sem drekka sykraða gosdrykki í hófi. Hér er því um að ræða aðgerð sem mun hafa neysluhvetjandi áhrif á unglingana okkar og þá sem nú þegar neyta mikils magns gosdrykkja."

Svo segir í þessu bréfi Lýðheilsustöðvar til Alþingis,

Lýðheilsustöðvar sem átti að vera og er ráðgefandi fyrir Alþingi varðandi lagasetningar sem lúta að hollustu og heilbrigðismálum. Í bréfi sínu vísar Lýðheilsustöð til yfirlýsingar og sáttmála sem stjórnvöld gerðust aðilar að á alþjóðavettvangi um að leggja rækt við manneldissjónarmið og segir í bréfinu:

„Því skýtur skökku við að á sama tíma skuli stjórnvöld hér á landi leggja til breytingar á sköttum og gjöldum sem leiða til lækkunar á verði sykraðra drykkja og þar með væntanlega um leið aukinnar neyslu þeirra."

Frú forseti. Það hlýtur að vekja furðu og við hljótum að spyrja okkur hvers vegna stjórnvöld ætla ekki að taka neitt tillit til þessara afdráttarlausu ábendinga Lýðheilsustöðvar sem ég hef hér rakið varðandi það mál að lækka gjöld á þessum sykruðu drykkjum. Við vorum sammála um það þegar gjöld voru t.d. felld niður af grænmeti að það yrði neysluhvetjandi og við töldum að það að fella niður gjöld af grænmeti mundi örva neyslu og hvetja til aukinnar hollustu. Við hefðum ekki gert það ef við teldum það engin áhrif hafa.

Frú forseti. Ég legg því áherslu á þá tillögu sem hér hefur verið lögð fram af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um að við stöndum vörð um manneldissjónarmiðin, um að við hvetjum ekki í gegnum skattlagningu til aukinnar neyslu á óhollum vörum eins og hér er verið að gera verði þetta óbreytt að lögum. Þess vegna er brýnt að við stöndum vörð um hollustuna og heilbrigði og hlustum á ráð Lýðheilsustöðvar í þessum efnum.

[16:33]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Mér er kunnugt um að hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, er hér til staðar að minni ósk til að svara spurningum sem ég hyggst beina til hennar. Við erum að fjalla um frumvarp sem kveður á um lækkun gjalda á matvöru. Fram hefur komið að mest lækkun verður á gosdrykkjum og sykruðum drykkjum. Það er sú vara sem kemur til með að lækka mest með fyrirhuguðum lagabreytingum hinn 1. mars, nk. fimmtudag.

Þegar um þetta var fjallað í desembermánuði fengum við bréf frá Lýðheilsustöð, stofnun sem sett var á laggirnar í júlímánuði samkvæmt lögum frá Alþingi árið 2003. Sú stofnun heyrir undir heilbrigðisráðuneytið og hefur það lögbundna hlutverk með höndum að annast rannsóknir á sviði manneldismála, koma niðurstöðum rannsókna á því sviði á framfæri við þjóðfélagið og þá ekki síst stjórnvöld, þar með talið Alþingi.

Nú bregður svo við að sú stofnun fer mjög eindregið fram á það í erindi til Alþingis að fallið verði frá þeirri ákvörðun að lækka virðisaukaskatt og afnema vörugjöld af gosdrykkjum og sykruðum drykkjum og færir mjög góð og ítarleg rök fyrir því.

Í álitsgerð Lýðheilsustöðvar segir m.a., með leyfi forseta:

„Vert er að benda á að rannsóknir sýna að verðnæmi gosdrykkja er töluverð og verðlækkun þeirra hefur mest áhrif á neyslu þeirra þjóðfélagshópa sem almennt er erfitt að ná til með heilsuhvetjandi skilaboðum. Í því samhengi má nefna að unglingar eru mjög næmir fyrir verðbreytingum. Einnig ber að geta þess að næmni þeirra sem neyta mikils magns gosdrykkja er töluverð. Verðbreyting hefur hins vegar minni áhrif á þá sem drekka sykraða gosdrykki í hófi. Hér er því um að ræða aðgerð sem mun hafa neysluhvetjandi áhrif á unglingana okkar og þá sem nú þegar neyta mikils magns gosdrykkja."

Þetta er erindi og álitsgerð sem kemur frá Lýðheilsustöð og felur í sér áskorun til Alþingis og stjórnvalda að falla frá þeim áformum. Sú breyting við frumvarpið sem ég hef talað fyrir er í þeim anda sem erindi Lýðheilsustöðvar lýtur að.

Í niðurlagi erindis Lýðheilsustöðvar til Alþingis segir síðan, með leyfi forseta:

„Þann 16. nóvember sl. var undirritaður í Istanbúl í Tyrklandi sáttmáli milli Evrópulanda og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, um baráttuna við aukna tíðni ofþyngdar og er Ísland aðili að þeim samningi. Í sáttmálanum eru stjórnvöld kölluð til ábyrgðar auk þess sem kallað er eftir enn meiri samstöðu og samvinnu milli allra hagsmunaaðila en verið hefur; opinberra aðila, iðnaðarins og einkamarkaðar, frjálsra félagasamtaka, einstaklinga og fjölskyldna. Því skýtur skökku við að á sama tíma skuli stjórnvöld hér á landi leggja til breytingar á sköttum og gjöldum sem leiða til lækkunar á verði sykraðra gosdrykkja og þar með væntanlega um leið aukinnar neyslu þeirra."

Undir þetta skrifa forsvarsmenn Lýðheilsustöðvar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég hef gert grein fyrir sjónarmiðum mínum í fyrri ræðu minni en hér er komin hæstv. heilbrigðisráðherra. Undir ráðherrann heyrir Lýðheilsustöð sem skorar á Alþingi, og gerir það samkvæmt lögboðnum kvöðum sem á þeirri stofnun hvíla, að við föllum frá fyrirhugaðri skattalækkun á gosdrykkjum og sykruðum vörum.

Hverju svarar hæstv. ráðherra þessu til? Ætlar ráðherrann og ríkisstjórnin að hunsa ábendingar og áskoranir Lýðheilsustöðvar?

[16:37]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er umræða sem við fórum í gegnum fyrir jól og ekkert nýtt sem kemur fram í henni. Þá var erindi Lýðheilsustöðvar líka til umræðu og þá var sagt og hægt er að endurtaka það að sú leið sem er farin er nokkurs konar millileið. Ljóst er að stjórnarandstaðan er afar ósammála í málinu og ef ég reyni að draga upp helstu línur í stuttu andsvari þá er það þannig að Samfylkingin er yst á öðrum kantinum ef svo má segja, vill einfalt skattkerfi og hefur litla trú á því að hinar svokölluðu neyslustýringar hafi mikil áhrif miðað við hvernig þeir orðlögðu sig hér fyrir jól og Samfylkingin vill sem sagt ekki hærri gjöld hvorki á gosi, sykri né sætindum. Þetta er sem sagt annað sjónarmiðið og þetta styður Samfylkingin.

Vinstri grænir eru yst á hinum kantinum og vilja halda gjöldunum háum á, eins og ég hef skilið það, sykri og sætindum og líka gosdrykkjunum. (**ÖJ:** En Frjálslyndir?) Ég man ekki í augnablikinu hvað Frjálslyndir nákvæmlega vilja, en stjórnarflokkarnir hafa valið millileiðina, þ.e. að halda gjöldunum háum á sykri og sætindum. Það er sú leið sem var valin.

Ég legg mikla áherslu á að við höfum áhrif á neysluna með fræðslu. Ég held að mjög mikilvægt sé að draga það fram og vísum sérstaklega til ábyrgðar foreldra varðandi það hvað börnin láta ofan í sig. Þá er ekki eingöngu verið að tala um gosið heldur sykur, sætindi og skyndibita sem því miður er allt of mikið á boðstólum í dag. Ábyrgð foreldra er því geysimikil í þessu sambandi.

[16:40]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við fengum hér útlistanir á afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar, (**Heilbrrh.:** Og stjórnarflokkanna.) og stjórnarflokkanna. En ég var að spyrja um afstöðu og ábyrgð hæstv. heilbrigðisráðherra. Stofnun sem undir ráðherrann heyrir hefur ráðlagt Alþingi og stjórnvöldum að falla frá þessum áformum og ég hef lagt fram fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs breytingartillögu í þá veru. Ég spyr hvernig hæstv. ráðherra réttlæti það að ríkisstjórnin hunsi ábendingar stofnunar sem hún og Alþingi settu á laggirnar árið 2003 til þess að ráðleggja okkur. Hér fáum við eindregnar ráðleggingar og þá eru þær að engu hafðar.

Hæstv. ráðherra er að segja okkur að ríkisstjórnin sé að reyna að fara einhverja millileið í þessum málum. Ríkisstjórnin er ekki að fara neina millileið. Staðreyndin er sú að gosdrykkir og sykraðir drykkir eru að lækka mest allra vörutegunda sem lækka núna við breytingar á virðisaukaskattslögunum og afnámi vörugjalda á matvöru hinn 1. mars. Lýðheilsustöð er að vara við þessu, færir fram ítarleg rök og vitnar í ítarlegar rannsóknir máli sínu til stuðnings. Þess vegna skal ég eiga þetta við Samfylkinguna hvað hún hugsar og Frjálslyndir hvað þeir hugsa, ég er að spyrja hæstv. ráðherra, hvernig hún réttlætir það að hunsa með öllu ábendingar, ráðleggingar og áskoranir frá Lýðheilsustöð sem hefur það lögboðna verkefni með höndum að ráðleggja stjórnvöldum hvað varðar (Forseti hringir.) manneldismál.

[16:42]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var nú einmitt það sem ég var að gera, ég var að lýsa því að við værum að fara ákveðna millileið og dró það upp að stjórnarandstaðan væri mjög ósammála í afstöðu sinni í þessu máli þar sem Samfylkingin vill annars vegar hafa einfaldar línur og vill ekki halda gjöldunum háum á þeim vöruflokkum sem við erum að ræða um, gosi, sykri og sætindum. (**ÖS:** Mjög skýrar línur hjá okkur.) Mjög skýrar línur, segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og hefur ekki trú á neyslustýringunni sem í þessu felst og hefur fært rök fyrir því og það voru svo sem ágæt rök sem voru færð fyrir því hér fyrir jól af þeirra hálfu.

Vinstri grænir eru yst á hinum kantinum og vilja halda gjöldunum háum á þessum vöruflokkum, sykri, sætindum og gosi, en ríkisstjórnarflokkarnir hafa valið millileiðina, þ.e. að halda gjöldunum háum á sykri og sætindum. Það er það sem ég er að draga hér fram. Þetta er sú millileið sem valin var og ég get endurtekið það aftur að ábyrgð foreldranna er að mínu mati geysilega mikil og við eigum að einbeita okkur að því að reyna að hafa áhrif á þá og ekki bara gagnvart sætindum og sykri heldur líka gagnvart öðrum matvælum sem börn eru að láta ofan í sig í of miklum mæli. Ekki má heldur gleyma mikilvægi hreyfingar í sambandi við offituna en þar er vandi á ferðinni og foreldrar þurfa að koma miklu sterkar inn í að taka á þeim málum með skólakerfinu og ég bind vonir við að menn fari að taka sig á í þeim efnum.

Ríkisstjórnin valdi sem sagt þessa millileið á meðan stjórnarandstaðan er mjög klofin í afstöðu til málsins og styður algjörlega sitt hvora hugmyndafræðina.

[16:44]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin valdi enga millileið. Hún er að lækka verð á gosdrykkjum og sykruðum drykkjum mest allra vörutegunda við skattabreytingarnar 1. mars. Þetta er staðreynd. Ég veit að gosdrykkjaframleiðendur og framleiðendur sykraðra drykkja kunna ríkisstjórninni þakkir fyrir þá gjörð. Það gerir Lýðheilsustöð hins vegar ekki og þeir sem hafa það verk með höndum í þjóðfélaginu að passa upp á slík sjónarmið.

Hæstv. ráðherra verður tíðrætt um afstöðu stjórnarandstöðunnar. Við erum að spyrja um afstöðu ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega hæstv. heilbrigðisráðherra en undir ráðherrann heyrir Lýðheilsustöð. Mér finnst þetta vera mikið áhyggjuefni og ég lýsi miklum vonbrigðum með svör hæstv. heilbrigðisráðherra en það er áhyggjuefni að hún skuli hlaupast undan ábyrgð í þessu efni og vísa ábyrgðinni frá ríkisstjórninni yfir á börnin og foreldra þeirra.

Umræðu frestað.

## *Íslenska táknmálið, 1. umr.*

Frv. SigurlS o.fl., 630. mál (heildarlög). — Þskj. 938.

[16:46]

**Flm. (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli nú í þriðja sinn á Alþingi Íslendinga fyrir frumvarpi til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum, frumvarpi um viðurkenningu táknmáls annars vegar og hins vegar frumvarpi á þskj. 939, svokölluðum bandormi, þar sem gerðar eru nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum til að styðja réttarstöðu þeirra sem nota íslenska táknmálið, einkum hvað varðar rétt til að nota það í samskiptum við ríki, sveitarfélög og stofnanir.

Sem fyrr eru margir mætir meðflutningsmenn, og að þessu sinni úr öllum þingflokkum, með mér á frumvarpinu. Í því er að finna réttindaskrá um stöðu og réttindi þeirra sem tala íslenska táknmálið jafnframt því sem kveðið er á um að táknmál verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og réttur þeirra tryggður til hvers konar táknmálstúlkaþjónustu.

Ég ákvað að nota hugtakið „fyrsta mál“ í 1. gr. frumvarpsins af því að skilgreiningin sem gefin hefur verið á

hugtakinu móðurmál í orðabanka Íslenskrar málstöðvar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það mál sem er talað í því landi sem maður fæðist í og er talað af þeirri fjölskyldu sem elur mann upp telst vera móðurmál manns.“

Þessi skilgreining getur ekki gilt um heyrnarlausa almennt því að 98% heyrnarlausra fæðast í heyrandi fjölskyldum. Táknmálið er því í flestum tilfellum áunnið mál á heimilinu þegar barn fæðist heyrnarlaust í heyrandi fjölskyldu sem hefur íslensku að móðurmáli sínu.

Líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra mun taka miklum stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu. Sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra mun eflast til muna. Þeir munu finna hvers virði það er að geta sinnt daglegum félagslegum þörfum hindrunarlaust og geta rofið þá einangrun sem hefur heft þá í langan tíma. Þeir munu geta tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Þeir þurfa ekki lengur að betla af t.d. vinnuveitendum að þeir greiði fyrir þjónustu túlks á starfsmannafundum. Það styrkir sjálfsmynd töluvert, sérstaklega á vinnustað, að vita að maður hefur sömu möguleika til bæði launahækkana og þess að vinna sig upp og heyrandi starfsmenn.

Daufblindir eru þeir sem hafa skerta eða enga heyrn og skerta eða enga sjón samtímis. Daufblinda, sem nota snertitáknmál, er þess vegna sjálfsagt að taka með enda er þar um að ræða fámennasta hóp fatlaðra hér á landi ef svo má að orði komast. Þeir þurfa þó einhverja sérhæfðustu þjónustuna á forsendum samskipta og á táknmál að skipa þar stóran sess. Þessir þrír hópar, heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir, eiga táknmálið sameiginlegt og því má enginn þeirra vera settur út undan.

Táknmál á að vera þessum þremur hópum sjálfsagt aðgengistæki að upplýsingum, námi, menningu og daglegu lífi. Í þessu frumvarpi eiga réttindi þessara þriggja hópa á forsendum táknmálsins að vera tryggð, vera þeirra réttindaskrá.

Táknmál er á undanförnum áratug farið að sjást víða í samfélaginu. Má þar nefna grunn-, framhalds- og háskóla þar sem heyrnarlausir stunda nám með túlk sem aðgengistæki sitt að náminu. Heyrnarlausir hafa á síðustu missirum mikið látið að sér kveða, sér í lagi hvað varðar hagsmunamál sín. Þeir eru ekki lengur sá hógværi hópur sem löngum var nánast gleymdur.

Þetta er megininntak frumvarpsins.

Virðulegur forseti. Ég hef tvívegis flutt þetta sama frumvarp hér. Þá hef ég stiklað á stóru um þá hluti sem nú þegar eru til staðar í þjóðfélaginu til handa heyrnarlausum. Núna langar mig að tala aðeins um núverandi stöðu mála og þá vísa ég í reynslu heyrnarlausra sjálfra í málum sínum í nútíð og fortíð. Einnig mun ég koma lítillega að sjálfsmynd heyrnarlausra.

Undanfarnar vikur hefur mikið verið talað um niðurstöður könnunar á tíðni kynferðisofbeldisglæpa gagnvart heyrnarlausum fyrr á árum. Rannsókn þessi spratt af sögum sem voru annars fastar inni í samfélagi heyrnarlausra, þær komu upp á yfirborðið og urðu þjóðinni sýnilegar fyrir nokkrum árum, á svipuðum tíma og eiginleg umræða í þjóðfélaginu um kynferðisofbeldi var opnuð. Nú hefur verið gerð könnun sem staðfestir þennan orðróm „táknmáls götunnar“ ef svo má að orði komast um það sem hefur farið heyrnarlausum á milli í mörg ár í einangruðu samfélagi. Þeir reyndu að koma glæpnum sem framinn var á þeim á framfæri við stjórnendur skólans en uppskáru háð og þeim var ekki trúað. Þetta var bara meðhöndlað eins og kvittur á kreiki. Á þessum tíma var táknmál ekki talið æskilegt í kennslu heyrnarlausra hér á landi, þannig að mikilvæg skilaboð um velferð barna fóru forgörðum og komust aldrei til réttra aðila.

Þetta voru ekki þjóðsögur um einangruð tilfelli. Þetta eru staðreyndir sem blasa við okkur í dag og ég fagna því sérstaklega hér að verið sé að vinna í þessum málum í ráðuneyti félagsmála nú í dag í samvinnu við Félag heyrnarlausra, Stígamót og aðra aðila sem að málunum koma.

Það er líka annað mál sem hefur angrað heyrnarlausa lengi og orðið þeim fjötur um fót í gegnum líf sitt, sérstaklega hvað varðar menntunartækifæri og starfsval fyrr á árum. Þeir voru sviknir um grunnskólamenntun og af sjálfu leiðir að þeir voru þá líka hlunnfarnir um framhaldsskólamenntun. Þetta er afar sérstakt.

Ég ætla aðeins að fara aftur í tímann, nú til ársins 1964 en það ár fæddust 36 heyrnarlausir einstaklingar vegna rauðra hunda faraldurs sem reið yfir landið veturinn 1963–1964. Þetta er stærsti aldurshópur heyrnarlausra og þeir gætu jafnvel verið fleiri því að á síðustu árum hafa sprottið upp í samfélagi heyrnarlausra einstaklingar sem tilheyra þessum hópi en komu aldrei í samfélagið af því að þeir bjuggu úti á landi, þeir kunna ekki táknmál og eru þar af leiðandi í enn verri stöðu en sá hópur sem er þó líka í slæmri stöðu hvað varðar menntun og atvinnumöguleika.

Við eðlilegar kringumstæður fæðast tvö til fimm heyrnarlaus börn á ári, litlu fleiri gætu bæst við sem missa heyrn af öðrum orsökum. Þessi hópur var sviptur grunnskólamenntun sinni og möguleikunum á framhaldsmenntun þegar til átti að taka við eðlileg aldursmörk framhaldsmenntunar. Það viðhorf sem var við lýði hjá skólastjórnendum á þessum tíma, sem var 1981–1982, þegar kom að starfsvali einstakra nemenda var einfaldlega „þú getur ekki“. Orðin „þú getur ekki“ ómuðu í hugum heyrnarlausra sem höfðu metnað fyrir framtíð sinni og að lokum fóru þau að trúa því að svo væri, hugsunin varð „ég get ekki“ og metnaðurinn hvarf.

Það voru karlar og konur æðri heyrnarlausum sem sögðu þetta, orð þeirra voru heilög, þau heyrðu, voru eldri, menntaðri og í meira áliti hjá meiri hlutanum. Minni hlutinn tapaði í vali sínu á framhaldsmenntun sem átti að gefa þeim færi á framtíðarstarfi að eigin vali. Nú, röskum tuttugu árum síðar eða jafnvel rúmlega það því að þetta bind ég ekki við þennan eina hóp sem fæddur er 1964, þetta varðar líka þá sem á undan honum komu, heyr þessi hópur enn baráttu fyrir lífsgæðum sínum sem framhaldsmenntunin átti að færa honum en gerði ekki.

Lífsgæði aukast ekki af völdum grunnskólans sem lagði ekki þann grunn að menntun sem honum var þó skylt að gera. Þessir einstaklingar eru núna komnir hingað til löggjafarvaldsins og vilja fá stuðning ríkisvaldsins. Þeir vilja ekki fá sömu svör og síðast, „þú getur ekki“, eða í þá veru að stjórnvöld beiti fyrir sig vanmætti sínum enn og aftur, „við getum ekki“. Nei, heyrnarlausir vilja fá meira en það,

þeir vilja viðurkenningu á tilveru sinni í landi sínu, viðurkenningu á getu, mannauði og réttindum sem þeim fylgja á forsendum táknmálsins.

Virðulegur forseti. Öllum sitjandi þingmönnum og ráðherrum þessa þings barst bréf frá heyrnarlausri konu, Önnu Jónu Lárusdóttur. Í bréfinu fór hún yfir minningar sínar frá barnæsku til dagsins í dag. Bréf hennar hljóðar upp á tvenn svik stjórnvalda við sig á ævinni. Fyrst þegar hún var ung stúlka í námi í Heyrnleysingjaskólanum þar sem hún fékk lélega kennslu, svo síðar þegar hún vann fyrir sér við að kenna heyrnarlausum börnum táknmál og menningu heyrnarlausra en var sagt upp vegna þess að hún hafði ekki kennararéttindi. Í lokaorðum bréfs síns segir hún orðrétt, með leyfi forseta:

„...ég vil ekki þola meiri útilokun. Mér finnst kominn tími til þess fyrir mig að fá tækifæri í lífinu og fá að njóta þeirra tækifæra sem mér finnst ríkið hafa svikið mig um."

Þessi orð hennar eru líka orð alls samfélags heyrnarlausra. Ég spyr: Hvaða tækifæri? Ég geri mér í hugarlund hvaða tækifæra hún vill njóta, hún er 56 ára, hana langar að njóta þess sem lífið býður upp á núna. Hún vill vera laus við hindranir, vill sjá hvað samfélagið býður upp á og hvað er að gerast í því, fá að njóta þess að vera með fjölskyldu sinni, fá að nema og starfa laus við hindranir. Hún vill vera laus við áhyggjur af því hver borgar fyrir aðgengi hennar að þessu öllu, vill fá réttindi sín á forsendum táknmálsins tryggð í lögum. Hún vill gera það sama og þið gerið, hvað sem ykkur dettur í hug á hverjum tíma á líðandi stundu. Hún vill eiga sínar stundir rétt eins og aðrir.

Er hún að biðja um mikið? Þurftuð þið að biðja um þetta? Þurftuð þið sérstaklega að bera fram svo fróma ósk á hinu háa Alþingi, og það oftar en einu sinni?

Ég bið þess að stjórnvöld svíki hana ekki í þriðja sinn. Ég get ekki séð að það muni gerast, vil ekki trúa því, það er ekki hægt, ekki í landi okkar sem hefur verið dásamað fyrir að vera besta velferðarríki heims og með mestan hagvöxtinn af öllum. Jafnvel kaupmátturinn er dásamaður. Það er allt í lukkunnar velstandi hér ef marka má tölur sem stjórnvöld hafa gefið upp.

Það eru til peningar fyrir þennan litla hóp. Góð spurning er: Hvað kostar þetta allt? Ég spyr á móti: Hversu verðmætur er mannauðurinn? Og ég reyni að svara með því svari sem ég vil fá: Hann er það verðmætur að hann verður ekki metinn í stöðlum, prósentum, stigum og verðlagi. Mannauðurinn er það sem landið hefur orðið ríkt á, við Íslendingar eigum ekki bara miklar auðlindir til sjávar og sveita. Auðlindir okkar liggja líka í mannfólkinu, líka í táknmálsnotendum, reyndar öllum þegnum þessa lands.

Það er auðlind í frumvarpinu sem ég flyt nú.

Því miður eru enn að koma upp tilfelli þar sem mannauð er sóað. Það nýjasta er að sjö ára blindur drengur fær ekki kennslu í blindraletri og hann missir því af mikilvægu atriði í grunnskólamenntun sinni sem og fyrir alla lífstíð. Hann verður að fá að læra blindraletur svo að hann geti meðtekið þá grunnskólamenntun sem hann á fullan rétt á. Það verður að koma til móts við þarfir hans sem og annarra fötlunarhópa.

Ég veit að ég fór hérna aðeins út fyrir frumvarpið en ég varð bara að koma þessu að til að sýna enn frekar fram á að blindir, heyrnarlausir og aðrir fatlaðir eru ekkert frábrugðnir öðrum landsmönnum. Þeir hafa hæfileika, og hæfileika þeirra verður að virkja og nýta sem mannauð landsins. Til þess þurfa þeir sérstaka tækni, blindir þurfa blindraletur og hljóðbækur, heyrnarlausir þurfa táknmál o.s.frv. Þetta eru hlutir sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Ekkert kemur í stað þeirra. Það er því á ábyrgð ríkisvaldsins að sjá til þess að þessir hópar njóti fyllsta jafnræðis á við aðra og að enginn aðstöðumunur sé gerður hvað velferð þeirra varðar og framtíðarvæntingar til sjálfra sín.

Ég minni líka á áskorun sem Félag heyrnarlausra sendi öllum þingmönnum nú á dögunum.

Virðulegur forseti. Nú að nútímanum. Ég ætla að segja ykkur frá dæmum sem sýna hvað heyrnarlausir þurfa að kljást við dagsdaglega í samfélaginu þar sem réttindi þeirra á forsendum táknmálsins eru hvergi tryggð í lögum. Ég ætla að segja ykkur frá ungri konu. Hún er 30 ára og starfar sem leiðbeinandi í leikskóla sem heyrnarskert börn stunda leikskólanám sitt í. Hún skrifaði fyrir tæpri viku litla sögu um reynslu sína af að fá túlk. Eða að fá ekki túlk. Í meginatriðum sagði hún frá því þegar allir starfsmenn leikskólans áttu að fara á námskeið í nóvember sl. Hún komst ekki af því að ekki var til túlkur. Hún frestaði því til næsta námskeiðs sem var núna í febrúar. Þetta var tveggja daga námskeið, hún fékk bara túlk seinni daginn en ekki þann fyrri. Þetta var námskeið í skyndihjálp og slysaviðbrögðum. Hún fær ekki launahækkun af því að hún kláraði ekki námskeiðið að því ógleymdu að e.t.v. fór hún á mis við gagnlegar upplýsingar sem gætu komið sér vel í starfi.

Til er líka dæmi um heyrnarlausa foreldra heyrandi grunnskólabarns sem boðuð voru í foreldraviðtal í skólanum. Þau fóru á staðinn en þegar komið var á fundinn var enginn táknmálstúlkur til staðar.

Þetta er bara dropi í hafið.

Af stóru dæmunum er það að segja að í október 2004 var að tillögu menntamálaráðherra samþykkt af ríkisstjórn að hækka fjárframlag félagslegrar túlkaþjónustu sem yrði 10 millj. kr. árlega næstu þrjú ár. Sjóðurinn er núna á sínu síðasta ári. Hann er í daglegu tali nefndur félagslegi táknmálstúlkunarsjóðurinn. Þessi sjóður sem var ætlað að sinna hvers konar félagslegum verkefnum mun ekki greiða fyrir túlk vegna áfallahjálpar eða meðferðar í málefnum heyrnarlausra kynferðisofbeldisþolenda hjá Stígamótum. Það varð því að sækja um aukafjárveitingu til félagsmálaráðuneytisins upp á kr. 4,4 millj. til að mæta kostnaði vegna táknmálstúlkunar.

Lífdagar félagslega táknmálstúlkunarsjóðsins hanga á bláþræði nú á síðasta árinu sínu. Það sem honum var ætlað að sinna gekk í fyrstu en ekki lengur, það eru komnar takmarkanir á hann. Ástæðan er fyrst og fremst sú að með tilkomu hans opnaðist nýr möguleiki fyrir heyrnarlausa, þeir urðu meðvitaðri um það sem þeir gætu gert og áttu rétt á að gera rétt eins og aðrir landsmenn gera í tómstundum sínum – stunda íþróttir, taka þátt í félagslífi hvers konar og sinna erindum sem þeir mega til með að gera því að í lífi hvers manns koma tímabil þar sem þörf er á að hitta fagaðila, t.d. vegna hjúskapar, skilnaðar, fasteigna- eða bílaviðskipta, til að taka bankalán eða eiga viðtal við þjónustufulltrúa, jafnvel vera með í íþrótta- og tómstundastarfi barna sinna.

Það er hægt að telja upp endalaust í hvað heyrnarlausir hafa notað það fé sem í sjóðinn var sett. Það sýnir að reynslan er komin á að tryggja verður fjármagn fyrir táknmálstúlkun á félagslegum forsendum. Ég harma að þurfa að segja það að 10 millj. kr. fjármagn sem veitt er í sjóðinn nægir engan veginn til að anna eftirspurn. Fyrsta árið eftir tilkomu hans varð hann tómur í nóvember. Notendur hans sátu því heima tvo síðustu mánuði ársins 2005. Í fyrra hefði hann átt að klárast fyrr, en gerði það ekki vegna þess að það vantaði túlka til að anna eftirspurn — aðstæður fyrir því voru barnseignarfrí og sömuleiðis eru kjaramál túlka í ólestri og nokkrir hættu. Þak var sett á yfirvinnu túlka.

Sjóðurinn sem átti að koma til móts við þarfir heyrnarlausra á forsendum jafnræðis, jafnréttis og mannréttinda gerir það ekki lengur. Hann er líka skilgreindur sem bráðabirgðalausn, sett fram eftir góðvild stjórnvalda á sínum tíma.

Ég ætla ekki að telja upp allar þær bráðabirgðalausnir sem hafa verið gefnar heyrnarlausum í gegnum árin, en engin þeirra hefur verið svo trygg og örugg að hún hafi fest sig í sessi. Ég get þó í stuttu máli sagt að á síðustu 13 árum hafa starfað fjórar nefndir á vegum stjórnvalda til að finna lausn á því hver eigi að greiða fyrir túlkaþjónustu heyrnarlausra. Úr starfi þeirra hafa komið einhverjar bráðabirgðalausnir en allar hafa þær verið í hálfgerðu skötulíki og engin þeirra orðið varanleg.

Um ástæður þessa ætla ég ekki að vera með vangaveltur. Það er einfaldlega enginn tími núna til að líta um öxl, núna verður að horfa fram á veginn og finna haldgóða lausn, og sú lausn má alls ekki verða nein bráðabirgðalausn. Samfélag heyrnarlausra þolir ekki fleiri bráðabirgðalausnir sem eru sprottnar af góðvilja eða geðþótta stjórnvalda. Það hafnar þeim öllum.

Samfélag heyrnarlausra vill núna lagasetningu og hér er ég að flytja það frumvarp sem getur leyst vanda okkar.

Virðulegur forseti. Ég fer senn að ljúka máli mínu. Áður ætla ég þó aðeins að víkja að stöðu túlkamála í dag, það er mikilvægt að hún komi fram. Það þarf að huga vel að þessum starfshópi sem í daglegu tali nefnist táknmálstúlkar. Það þarf að lögvernda starfsheiti þeirra og enn fremur huga að kjaramálum þeirra.

Staðan í túlkamálum í dag samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra sem ein annast táknmálstúlkun og heyrir undir menntamálaráðuneyti er þessi: Þar starfa nú sex túlkar og einn er í barneignarfríi. Til að öllum pöntunum hefði verið sinnt nú í febrúar hefði að lágmarki þurft að bæta við þremur heilum stöðum. Á skrá eru um 100 notendur. Tölulega séð vinnur einn túlkur á hverja 17 notendur. Ef allir þeir sem frumvarpið nær til, 220 manns, reyndu að nýta sér þjónustuna væri talan 35 notendur á túlk. Virkir notendur eru núna um 30 manns, þ.e. þeir sem panta túlk og fá vikulega. Vinnutími túlka er 20 túlkaðir tímar á viku. Sé litið til kynjahlutfalls í túlkastéttinni eru bara konur sem hafa útskrifast sem túlkar hingað til.

Það er rétt að geta þess að á síðustu tveimur árum hafa bæst við samfélag heyrnarlausra 18 heyrnarlausir nýbúar og þeir hafa nýtt sér táknmálstúlkaþjónustu í einhverjum mæli, með millitúlk eða þá bara sjálfir eftir því sem þeir hafa lært íslenskt táknmál. Einnig er rétt að geta þess að samkvæmt upplýsingum frá ráðgjafa Félags heyrnarlausra er von á allt að 10 heyrnarlausum útlendingum hingað til lands á næstunni og sá hópur hefur hugsað sér að setjast hér að og starfa.

Frá fyrstu útskrift táknmálstúlka úr Háskóla Íslands sem var árið 1997 hafa útskrifast 22 túlkar. Samkvæmt upplýsingum frá lektor í táknmálsfræðideild Háskóla Íslands eru nú 13 nemendur í táknmálsfræðum og átta í táknmálstúlkun. Það góða við táknmálsfræðinámið er að alltaf er einhver sem sér hagnýta hlið á náminu, þ.e. fer í táknmálsfræðinám og svo í annað háskólanám, t.d. kennaranám. Námið er því mjög hagnýtt. Táknmálsfræðinámið er tveggja ára nám og á þriðja árinu gefst nemendum kostur á að fara í túlkanám sem er eitt ár til viðbótar.

Ég lít á það frumvarp sem ég mæli hér fyrir sem réttindaskrá heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Þeim yrðu með samþykkt þess tryggð réttindi á forsendum táknmálsins. Frumvarp þetta kemur að hugtökum sem eru rík í okkur öllum sem höfum sterka réttlætiskennd og sýn á það hvernig lífi við viljum lifa og eigum rétt á. Þessi hugtök eru í daglegu tali nefnd jafnræði, jafnrétti, mannréttindi og frelsi einstaklingsins til að tjá sig og vera fullgildur þátttakandi í þjóðfélaginu. Frumvarpið er líka viðurkenning á tilverurétti heyrnarlausra hér á landi.

Að allra síðustu bið ég alla að hafa það í huga að öllum réttindum fylgja ákveðnar skyldur. Skyldur heyrnarlausra í þessu samhengi eru þær að þeir sjálfir láti vita af sér og túlkaþörf sinni og ég er viss um að þær skyldur verða virtar. Ábyrgð er lögð á herðar samfélags heyrnarlausra með samþykkt frumvarpsins.

Virðulegur forseti. Ég legg til að þessu frumvarpi og næsta dagskrármáli verði vísað til menntamálanefndar. Með fylgja góðar óskir um að afgreiðsla þeirra miði að því að horft verði til framtíðar og að stjórnvöld taki þar með stærsta skref sem hefur verið tekið í málefnum heyrnarlausra hingað til.

[17:13]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það vildi ég óska að ég gæti flutt ræðu mína á því fallega máli sem hún Sigurlín Margrét talaði úr ræðustólnum áðan en því miður get ég það ekki. Ég er ein þeirra 26 þingmanna sem flytja þetta mál með hv. þingmanni og ég verð að segja að ég er afar stolt af því. Ég hef fylgst með Sigurlín Margréti vinna þetta mál — (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SAÞ)**:** Ég beini því til hv. þingmanns að nota föðurnafn þingmannsins sem hún beinir máli sínu til.)

Hæstv. forseti. Ég bið afsökunar, hv. þingmaður heitir Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og ég endurtek að ég vildi óska að ég gæti talað það sama mál og hv. þingmaður talar. Ég var að hæla henni fyrir það hversu vel hún hefur unnið frumvarpið. Ég sé líka ástæðu til að segja það hér að það hefur gríðarlega mikil áhrif á okkur þingmenn að horfa á hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur tjá sig á því máli sem þau frumvörp sem hún hér flytur fjalla um.

Ræða hennar var persónuleg, með dapurlegum frásögnum sem segja okkur staðreyndir um það hvernig samfélag

okkar býr að fötluðu fólki. Við finnum vissulega til skömmustutilfinningar, við sem sitjum hér á Alþingi Íslendinga og teljum okkur vera að leggja grunn að öflugu velferðarsamfélagi. Svo kemur hv. þingmaður og sýnir okkur svo að óyggjandi er að okkur mistekst margt. Okkur hefur mistekist í málefnum heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Það er orðið löngu tímabært að við sem störfum á löggjafarsamkundunni tökum okkur tak í þessum efnum. Ég hvet til þess að hv. alþingismenn leggist nú allir á eitt með það að þessi frumvörp geti orðið að lögum fyrir vorið. Það er ekki langur tími til stefnu en við höfum haft þessi mál til skoðunar oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Við höfum fengið umsagnir um þau sem eru, ef ég man rétt, allar meira og minna á einn veg. Þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram kosta fjármuni en ekki þá fjármuni sem ríkur ríkissjóður okkar hefur ekki efni á að reiða fram. Ég hvet til þess að við hv. þingmenn skoðum það af alvöru hvort ekki sé hægt að koma þessum málum í gegn fyrir vorið. Það heyrir fyrst og fremst upp á stjórnarliða því að ríkisstjórnarmeirihlutinn ákveður hvaða örlög mál hljóta í meðferð þingnefnda.

Það er skammarlegt til þess að vita að 13 ára löng barátta, ég fer ekki aftar í tímann, markviss 13 ára barátta heyrnarlausra fyrir því að fá túlkaþjónustuna viðurkennda og fá fjármuni til hennar skuli ekki vera lengra komin en raun ber vitni. Við töldum að ákveðin vandamál hefðu verið leyst fyrir tæpum þremur árum þegar sjóðurinn sem hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir talaði um í ræðu sinni var settur á laggirnar. Nú heyrum við frá henni að hann var tómur í nóvember á fyrsta ári, og hann hefur ekki getað staðið undir eða mætt þörfum samfélags heyrnarlausra fyrir túlkaþjónustu. Það er alvarlegt í mínum huga að þær lausnir sem boðið hefur verið upp á í þessu tilliti skuli allar hafa verið með þeim brag sem hv. þingmaður lýsir, þær hafa allar verið bráðabirgðalausnir. Það er löngu orðið tímabært að linni í þessum efnum.

Það getur ekki verið að það vanti mikið upp á að þetta mál fái nægjanlegt brautargengi til að komast í gegn. Hér eru meðflutningsmenn úr öllum stjórnmálaflokkunum. Það vantar einungis 37 þingmenn upp á listann til að hér séu allir þingmennirnir sem sitja á löggjafarsamkundunni í dag. Hér eru 26 og það þýðir að 37 vantar til að gefa yfirlýsingu um stuðning við þetta mál. Ég treysti því og trúi að við getum komið að málum við þá í nefndarstarfi og tryggt að málið fái brautargengi.

Hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir sagði í ræðu sinni að heyrnarlausir væru ekki lengur sá hógværi hópur sem löngum var nánast gleymdur. Ég þakka fyrir það að heyrnarlausir skuli ekki vera hógvær hópur. Heyrnarlausir eru baráttuhópur í samfélaginu sem við finnum fyrir, sem fjölmiðlar hafa tekið eftir og sem ég heyri og finn að öll þjóðin tekur eftir. Málefni heyrnarlausra eru okkur, þjóðinni, opin í gegnum fjölmiðla og í gegnum þá virku baráttu, þá kraftmiklu baráttu sem samfélag heyrnarlausra hefur rekið undanfarin ár. Þau hafa komið málefnum sínum afar vel á framfæri og kröfurnar eru að mínu mati réttmætar. Þær eiga einungis að tryggja þessum hópi aðgengi að samfélagi okkar. Til að þessir einstaklingar verði virkir þátttakendur í samfélaginu þurfa þau að hafa aðgengi að því. Þeirra aðgengi að samfélaginu liggur í gegnum táknmálið og túlkaþjónustuna. Það stendur upp á okkur að setja fjármagn í túlkaþjónustuna og það stendur upp á okkur að viðurkenna táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra. Hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hefur lagt upp í hendurnar á okkur leiðina sem við þurfum að fara. Við þurfum að ganga þá leið sem hún hefur markað. Ég verð stolt af því ef við á Alþingi Íslendinga getum klárað þetta mál í vor með sóma.

Það er gaman að lesa fróðlega greinargerð með frumvarpinu. Þar er fróðleg grein eftir Svandísi Svavarsdóttur af Vísindavef Háskóla Íslands sem gefur okkur örlitla innsýn í það hvað táknmálið er auðugt mál, hvernig það er búið til og hvernig það er frábrugðið raddmálinu okkar. Bara það að lesa þær greinar sem eru skrifaðar í greinargerðina hjálpar upp á og fræðir okkur og sannfærir okkur enn betur um að hér er um sjálfsagt réttindamál að ræða. Við höfum tækifæri á Alþingi Íslendinga til að reka af okkur slyðruorðið núna í vor. Ég hvet til þess að við gerum það.

[17:20]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir fær nú tækifæri til að mæla fyrir þessu þarfa máli í þriðja sinn. Hún hefur tvisvar mælt fyrir því áður, sem þingmaður Frjálslynda flokksins, en fær nú sem óháður þingmaður í lok kjörtímabilsins tækifæri til að mæla fyrir því á nýjan leik. Ég fagna því sérstaklega að það skyldi standa henni til boða nú þótt hún sé ekki lengur þingmaður Frjálslynda flokksins.

Það er málefnið sem skiptir máli, það að koma því áfram, og við í Frjálslynda flokknum styðjum þetta mál heils hugar. Við væntum þess að það fái góðan framgang og nú í lok þings verði þessu máli sýnd sú virðing í nefnd að fá afgreiðslu og fá að koma aftur inn til umræðu sem unnið mál frá nefnd til 2. umr., sem það hefur ekki fengið áður.

Nú er hátt í helmingur hv. þingmanna meðflutningsmenn að þessu máli. Ég vænti þess að þeir sem á vantar til að málið nái meirihlutasamþykki átti sig á því að hér er hreyft mjög þörfu réttindamáli sem hefur verið flutt oft áður og það er algjörlega ástæðulaust og raunar eðlileg krafa að þetta mál fái nú framgang til að komast inn í lagasafn íslenska ríkisins og að íslenska táknmálið verði gert jafnrétthátt og mál okkar sem getum talað íslenska tungu.

Sá hópur í þjóðfélaginu sem er hér að reyna að sækja rétt sinn á tvímælalausa kröfu til þess að við hin sem getum mælt á íslenska tungu leggjum allt okkar fram til að ná þessu máli í þann farveg sem hér er lagður til. Málið er vel unnið, því hefur verið markvisst fylgt eftir á undanförnum árum og það hefur hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir gert með okkar stuðningi í Frjálslynda flokknum meðan hún var þar innan dyra og sá stuðningur hefur ekki breyst af okkar hálfu þótt hún sé ekki lengur í Frjálslynda flokknum. Við hefðum viljað geta séð til þess að hún hefði getað mælt fyrir þessu máli á hverju einasta ári á kjörtímabilinu en fengum því ekki ráðið eftir að hv. þm. Gunnar Örlygsson gekk úr Frjálslynda flokknum. (Gripið fram í.) Það voru aðrir sem réðu því, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir. (**ÖS:** Skammaðu hann bara.) Menn bara taka til sín sem eiga ef

þeir vilja, annars láta þeir kyrrt liggja. Þannig er nú málið komið og við í Frjálslynda flokknum höfum tekið hér upp annað mál sem snýr að réttindabaráttu heyrnarskertra og heyrnarlausra sem er textun á máli og mæltum fyrir því í vetur. Við vissum ekki hvort mál skipuðust þannig að hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir fengi að komast inn í þingsal en fögnum því sérstaklega að nú, í lok kjörtímabilsins, rétt fyrir alþingiskosningar, fáist að mæla fyrir þessu máli. Menn geta þá tekið það til umfjöllunar og þá kemur í ljós hvaða vilji er hjá ríkisstjórnarflokkunum til að klára þetta mál. Það hefur ekki staðið á stjórnarandstöðunni að styðja það.

Ég held að ég þurfi ekkert að hafa fleiri orð um þetta mál, því fylgir mjög góð greinargerð og síðan fylgir því sérstakt frumvarp, bandormur um viðurkenningu á ýmsum lögum sem snúa að réttindum íslenska táknmálsins. Ég lýsi einfaldlega yfir, eins og kemur fram þegar þingmannalistinn sem flytur málið er skoðaður, að allur þingflokkur Frjálslynda flokksins stendur að málinu og mun leggja því lið hvar sem hann getur núna við lok þings.

[17:26]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég þakka eins og aðrir hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur fyrir að flytja þetta mál. Mér er ákaflega minnisstætt þegar hv. þingmaður flutti málið hér í fyrsta skipti. Það var í fyrsta sinn sem ég sá ræðu hér í þingsalnum flutta með þeim hætti, og líkast til markaði það skref í þingsögunni því að það hafði ekki áður verið gert.

Mér er líka minnisstætt ýmislegt sem hún sagði á þeim tímapunkti sem rammaði mjög inn þá baráttu sem hún og sá hópur sem hún hefur af nokkrum þunga og krafti barist fyrir í þessum sölum og hefur staðið fyrir. Hún sagði þá að árás á tungumálið væri í reynd árás á þann sem talaði það. Mér er ákaflega minnisstæð tilvitnun sem hún flutti í norskan málvísindamann sem, ef ég man rétt, hét Terje Basilier sem sagði efnislega að ef maður viðurkennir tungumál einstaklings viðurkenni maður hann um leið en ef maður hafnar tungumáli viðkomandi er maður að hafna honum sem einstaklingi.

Þetta voru orð að sönnu sem greyptust í minni mitt vegna þess að mér fannst þau undirstrika vel þessa baráttu, en ég fann líka í henni ákveðinn samhljóm við sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga. Hvað var það, þegar við Íslendingar börðumst fyrir fullveldi, sem að lokum sannfærði umheiminn um að við hefðum tilverurétt sem samfélag? Það var barátta okkar fyrir því að fá á sínum tíma að tala tungumál okkar og að koma í veg fyrir að það væri niðurlægt og fótumtroðið eins og gert var hér um alda skeið. Að þessu leyti til má segja að það séu sömu línur sem leggja sig eftir því sem hægt er að kalla sjálfstæðisbaráttu þessa hóps og líka þeirrar baráttu sem við tókumst á hendur sem þjóð. Við börðumst fyrir nákvæmlega því sama og hv. þingmaður færir fram hér og það er jafnræði. Hv. þingmaður hefur sagt hér með nokkuð áhrifaríkum hætti að bráðabirgðalausnirnar dugi ekki lengur. Ég er alveg sammála því. Ég ætla ekki að áfellast hæstv. ríkisstjórn þó að ég gæti notað þetta til að skamma hana út og suður blóðugum skömmum eins og ég hef jafnan svo gaman af, frú forseti, og hún á skilið. Ég held að þetta sé mál sem að ýmsu leyti er okkur stjórnmálamönnum öllum til vansa. Ég hef sjálfur setið í ríkisstjórn og ber vafalítið minn bagga eða minn hluta af byrðum þeirrar sektar sem sannarlega má setja á stjórnvöld fyrir framkomu þeirra í garð þessa hóps en ef við höfnum bráðabirgðalausnum hljótum við að ráðast í lausnir sem eru varanlegar. Ég er sammála hv. þingmanni um að þessi lagabálkur sem hér liggur fyrir er mikilvægt skref til þess að tryggja þá stöðu.

Ég verð að viðurkenna að mig rekur ekki minni til þess hvort í því bréfi frá Félagi heyrnarlausra sem þingflokkunum barst núna í vetur var rætt um stöðu táknmáls sem tungumáls gagnvart stjórnarskránni, en ég man hins vegar eftir því að árið 2003 var nokkuð um það rætt af hálfu félagsins að það þyrfti með einhverjum hætti að verja þetta tungumál, táknmálið, innan vébanda stjórnarskrárinnar og þá í tengslum líka við stöðu íslenskrar tungu. Muni ég rétt, sem er hugsanlegt að ég geri ekki því að ég er tekinn að hníga að aldri og minni mitt að bila stundum, af því að ég sit í stjórnarskrárnefnd hæstv. forsætisráðherra þá barst þangað erindi frá Félagi heyrnarlausra þar sem einmitt var lögð rík áhersla á það að stjórnarskráin tryggði stöðu íslenskrar tungu og samhliða því yrði einmitt táknmálið sem tungumál þessa hóps líka varið. Sú nefnd hefur eins og kom rækilega fram í umræðum í gær ekki lokið störfum. Ekki er mikil von til þess að hún ljúki því að fullu leyti á þessu vori en þetta er eitt af þeim málum sem liggja fyrir stjórnarskrárnefndinni og sem ég og áreiðanlega aðrir í henni munum taka til ítarlegrar skoðunar. Ég vil segja það alveg skýrt, frú forseti, í þessari umræðu að þingmenn Samfylkingarinnar styðja heils hugar þau mál sem hv. þingmaður hefur flutt. Nokkur okkar eru meðal flutningsmanna og það er enginn vafi á því að það mun ekki verða skortur á okkar atfylgi sem leiðir til þess að þetta mál nái ekki fram að ganga. Mér þætti auðvitað gott í þessari umræðu, þegar bæði fulltrúar Vinstri grænna, Frjálslynda flokksins og Samfylkingarinnar hafa núna lýst yfir dyggum stuðningi við þetta mál að það kæmi fram af hálfu hv. þingmanna ríkisstjórnarinnar hvort þeir gera það. Við erum, held ég, öll meira og minna sammála efni þessara frumvarpa og sér í lagi stærra frumvarpsins sem hér liggur frammi sem flutningsmaður sjálf hefur sagt að megi skilgreina sem eins konar réttindaskrá hópsins. Ég held að það sé mjög mikilvægur grundvöllur undir það að koma á ástandi þar sem bráðabirgðalausnir ríkja ekki heldur varanlegar lausnir.

Ég held að þarft væri að heyra hvað hv. þingmenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins segja um þetta mál. Það eru nú einu sinni þeir sem fara með þetta mál, þ.e. þeir ráða úrslitum um hvort það nær fram að ganga. Hv. þingmaður gat þess að þingmönnum hefði fyrir skömmu borist bréf frá einni úr hennar hópi, Önnu Jónu Lárusdóttur. Það er hárrétt, mér barst það bréf og ég svaraði því fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar. Það bréf var ákaflega vel orðað en dapurleg lýsing á hlutskipti fólks sem er heyrnarskert, heyrnarlaust eða daufblint og sér í lagi rann mér til rifja sú lýsing sem þar kom fram á þeirri félagslegu einangrun og þeim skelfingum sem hún getur leitt yfir þá sem eru aldraðir í þessum hópi. Eins og kom fram í máli hv. þingmanns er ekki mjög langt síðan Íslendingar sem

þessum annmörkum eru háðir brutust út úr þessari einangrun og hv. þingmaður lýsti því mjög vel hvernig þjóðfélagið skuldar þeim í reynd ákveðna möguleika á að ná upp því sem þeir hafa tapað, t.d. að því er varðar möguleika til að verða sér úti um menntun. Þetta var eitt af því sem bréfritarinn, Anna Jóna Lárusdóttir, skilgreindi fyrir okkur með ákaflega ítarlegum og sorglegum hætti, fannst mér. Það varð okkur í Samfylkingunni tilefni til þess að leggja fram fyrirspurn um það hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að beita sér fyrir því að rjúfa hina félagslegu einangrun aldraða og hvernig stefnu hún hygðist móta og hrinda í framkvæmd í því skyni. Þetta er ákaflega mikilvægt.

Það kom fram í máli hv. þingmanns að í dag er það þannig að jafnvel sjö ára börn sem eru fötluð og geta ekki lesið og þurfa að læra blindraletur fá það ekki. Það virðist skorta fé, hafi ég skilið hv. þingmann rétt. Þetta er náttúrlega alveg skelfilegt að heyra, að það skuli vera þannig í þessu velferðarsamfélagi þar sem allt veður í lúxus og auðlegð að sjö ára barn skuli ekki geta orðið sér úti um grundvallarmenntun af því að ríkið sinnir ekki lögbundnum skyldum sínum til að leggja til fjármagn til að tryggja jafnræði af þessum toga. Það er átakanlegt þegar maður heyrir sögur af þessu tagi en það var alveg jafnátakanlegt, fannst mér, að fá þessar upplýsingar um hina félagslegu einangrun þeirra sem aldraðir eru.

Hv. þingmaður reifaði það skelfilega mál sem kom upp fyrir nokkrum árum í sambandi við Heyrnleysingjaskólann. Það var alveg skelfilegt mál. Hún rifjaði upp að þá hefði verið staðfest kynferðisleg misnotkun sem hún sagði að hefði verið sögusveimur í því samfélagi árum saman. Sá kvittur reyndist á rökum reistur, það var fótur undir þeirri sögu þegar menn gátu brotist út fyrir þann múr félagslegrar einangrunar sem umlukti þann hóp. Það kom í ljós að skelfilegir glæpir höfðu verið framdir á þeim tíma en mér er spurn, frú forseti: Hefur það mál verið hreinsað upp? Ég spyr vegna þess að við höfum á undanförnum vikum orðið áhorfandi að því að hér hafa komið upp mál sem tengjast Breiðavík og Byrginu þar sem líka hafa verið stofnanir sem hafa verið án ytra eftirlits þar sem skelfilegir hlutir hafa komið upp. Ef ég man rétt var þarna um að ræða rannsókn og í ljós kom að í a.m.k. fjórum tilvikum hafði verið framinn glæpur. Hvert var framhaldið á því? Þegar í ljós kemur að það er staðfesta fyrir þeim sögum sem þarna voru á sveimi var ráðist í að kanna þetta mál að öllu leyti og hreinsa það upp? Ég held ekki.

Á þeim tíma, muni ég rétt, var þeim sem voru þolendur í þessu tiltekna dómsmáli boðið upp á ákveðna þjónustu og áfallahjálp en spurningin er hvort þetta mál hefur, vegna þess að fáir hafa getað talað fyrir þennan hóp þangað til hv. þingmaður kom hingað, verið hreinsað upp með sama hætti og menn eru núna að ráðast í Byrgið og Breiðavík? Ég dreg það mjög í efa. Ef hv. þingmaður veit um það og getur svarað því væri mér þökk að því en að öðru leyti er þetta mál sem ætti að kanna af hálfu stjórnvalda.

Ég segi að lokum, frú forseti, að ég styð þetta mál heils hugar. Og ég styð það heils hugar að með einhverjum hætti fari menn í það sérstaklega að reyna að bæta fyrir það tjón sem ég vil segja að skilningsleysi samfélagsins hafi valdið þessum hópi. Hv. þingmaður hefur lýst því hér ítarlega hvernig þeim sem núna eru kannski komnir á miðjan aldur tókst að brjótast út úr þessari félagslegu einangrun sem bæling táknmálsins í 100 ár hér á landi leiddi til, hvernig þeim hefur ekki tekist að verða sér úti um framhaldsmenntun og það má segja, með góðum rökum, að samfélagið hafi svipt þá þeim möguleikum. Nú höfum við hins vegar tækifæri til að bæta fyrir það og það eiga menn að gera. Þetta mál er fínt, það stígur mikilvægt skref að jafnræði og það er það sem skiptir máli, jafnræðið. Það kann að kosta sitt en jafnræði er ómetanlegt, það er grundvallarregla og það er stjórnarskrárvarið.

[17:38]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Ég þakka eins og aðrir hv. þingmenn Sigurlín Margréti Sigurðardóttur fyrir hennar góða frumvarp sem við ræðum hér í dag og liggur fyrir þinginu sem og það frumvarp sem er næst á dagskrá. Ég er einmitt einn þeirra 26 meðflutningsmanna sem á frumvarpinu eru úr öllum þeim stjórnmálaflokkum sem sitja á þinginu. Ég tel það vera mjög mikilvægt því að þetta mál er einmitt þess eðlis að það er hafið yfir flokkapólitík, það er hafið yfir dægurþras líðandi stundar, þetta er mál sem við öll þurfum hreinlega að taka á. Ég tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, ég vildi að ég gæti farið með ræðuna á sama tungumáli og framsöguræðan var flutt á og að sama skapi af sama baráttuhug og sama krafti og ég fann fyrir í máli hv. þingmanns, framsögumanns málsins, hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur. Ræðan var sannarlega áhrifarík og frumvarpið er vel unnið og sú greinargerð sem frumvarpinu fylgir er sömuleiðis áhrifarík og upplýsandi fyrir okkur sem að málinu komum og alla aðila.

Ég vil aðeins nefna hér í byrjun, frú forseti, að varðandi þau mál sem hv. þingmaður nefndi sem snúa að Heyrnleysingjaskólanum og þeim hópi sem þar var, þá er alveg rétt að þetta er mál sem samfélaginu öllu varð brugðið við. Þó að við hefðum um einhvern tíma heyrt af því og vitað af því er nauðsynlegt að fá það fram í dagsljósið og þetta er nokkuð sem við öll berum ábyrgð á og ég sem borgari í þessu samfélagi ber einnig ríka ábyrgð. Þetta er mál sem við verðum áfram að leiða til lykta, það er mikilvægt að sú rannsókn sem félagið sem um ræðir og fleiri aðilar og félagsmálaráðuneytið hefur látið vinna klárist og að menn fái öll spilin upp á borðið og vinni eins og hægt er úr afleiðingum þessa tíma.

Þetta mál snertir svo marga þætti samfélagsins, svo marga mikilvæga hluti, stöðu einstaklingsins í samfélaginu, samfélagið allt, réttindi hvers og eins, þjónustuna í samfélaginu og svo miklu meira. Þetta er í raun og veru angi af mun stærra máli og ég tek undir það sem sagt hefur verið í umræðunni að það er einfaldlega til skammar, og það ætla ég bara að viðurkenna og vera óhrædd við það, að við skulum ekki vera komin lengra í þróun og mótun þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda. Auðvitað getur maður nefnt fleiri hópa og ég vil kannski nefna sérstaklega menntunarmál blindra, blindra barna sérstaklega.

Við höfum verið svo lánsöm að á skömmum tíma hefur íslenskt samfélag gjörbreyst og færst til þess sem við þekkjum í dag. Hér ríkir sem betur fer almenn velsæld og hag-

sæld en það er samt okkar að tryggja að þetta verði áfram samfélag jafnra tækifæra og þá jafnra tækifæra allra sem í samfélaginu búa um leið og við getum tryggt þátttöku þeirra íbúa sem í landinu eru. Þetta frumvarp snertir nákvæmlega þetta og tekur að mínu mati á þessum grundvallaratriðum íslensks samfélags.

Ég vil líka nefna, frú forseti, að vera hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur á þinginu sýnir líka hvað það er einmitt mikilvægt að þingið sjálft endurspegli kannski betur þá þjóð sem þingið er hluti af, að á þinginu sitji fulltrúar kvenna, karla, ungs fólks, eldra fólks, fulltrúar hópa úr öllu samfélaginu. Þingið verður að vera fulltrúi allrar þjóðarinnar og auðvitað reynum við það eftir bestu getu en ég held einmitt að vera hv. þingmanns um þessar mundir á þinginu sýni nauðsyn þess. Ég vildi draga það sérstaklega fram hér.

Um sjálft málið vil ég segja að mér finnst greinargerðin góð og frumvarpið þannig að kannski er ekki margt um það að segja. Vona ég að það nái eftir þessa umræðu að fara inn í hv. menntamálanefnd þar sem ég sit og mun ég leggja mitt af mörkum til að málið fái þinglega meðferð og efnislega umfjöllun. Það er okkar að stíga næstu skref í málinu og það er mikilvægt að það nái fram að ganga. Mun ég gera mitt til þess sem ég þykist vita að aðrir hv. þingmenn, þeir 26 þingmenn sem styðja þetta frumvarp, muni gera.

Í fyrri ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar var talað um félagslega einangrun og eins og ég segi snertir þetta mál svo marga þætti í samfélagi okkar og svo marga fleti að við gætum haldið hér langar ræður en ég vil aðeins koma inn á þetta. Það er alveg rétt að bréf, sem minnst var á fyrr í umræðunni, sem við hv. þingmenn fengum sent vakti mann sannarlega til umhugsunar. Ég er reyndar sjálf þannig af guði gerð að ég á stundum við heyrnarleysi að stríða og þá verður manni oft hugsað til þeirrar stöðu þeirra sem um leið upplifa þá félagslegu einangrun sem heyrnarskerðing, og ég tala nú ekki um heyrnarleysi, er. En ég ætla að taka fram, frú forseti, að ég vil á engan hátt líkja stöðu minni við stöðu hv. þingmanns sem er framsögumaður þessa máls því að sú er alls ekki raunin, ég hef fengið öll þau tækifæri sem ég hef þurft á að halda en svona tímabundið og af og til velti ég þessu fyrir mér vegna þess að það hefur áhrif á mann og þá hugsar maður einmitt hvað heyrnin og þessi tækifæri til þátttöku og samskipta við ekki bara fjölskylduna og fólk í kringum mann heldur allt samfélagið eru manni mikilvæg.

Það er einmitt þetta sem er grundvallaratriðið í þessu frumvarpi að mínu mati, þessi jöfnu tækifæri til þátttöku í samfélaginu til samskipta og frumkvæðis og þess að fá að njóta og nota tækifæri sín og þau úrræði og þá kosti sem maður sjálfur býr yfir, að hafa hlutverk í samfélaginu og það er, held ég, það mikilvægasta.

Frú forseti. Ég vil bara að lokum lýsa ánægju minni með að frumvarpið skuli vera fram komið og ítreka að ég muni gera mitt til að það fái efnislega og þinglega meðferð í hv. menntamálanefnd sem ég veit að aðrir þingmenn munu gera líka. Vonandi náum við með þessum hætti að stíga stór skref fram á við í aðlögun, þróun og mótun þessarar mikilvægu þjónustu við þennan hóp því að það er sannarlega tími til kominn.

[17:46]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað hið besta mál að hingað komi menn í ræðustólinn, bjartir og fallegir í framan, og segi að þetta sé hið besta mál, og allir eru því sammála, og segja síðan, frú forseti: Þetta er hafið yfir flokkapólitík. En sýnir reynslan það? Er þetta ekki í þriðja skiptið sem hv. þingmaður flytur þetta mál? Hafa ekki allir talað með þessum hætti, líka þeir þingmenn Framsóknarflokksins sem hafa talað hér eins og hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir, og eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir mun tala hér á eftir?

Þetta er ekki hafið yfir flokkapólitík. Það eru tveir flokkar á Alþingi sem ráða úrslitum málsins. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur: Fyrst málið er svona gott — um það erum við sammála — mun hún þá ekki gera allt sem hún getur og beita afli sínu innan Framsóknarflokksins til að sjá um að þetta mál verði samþykkt hér í vor? Þá er hægt að segja að þetta sé hafið yfir flokkapólitík, ekki fyrr.

[17:47]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi nokkurn veginn sama hlutinn, að mínu mati, í ræðu sinni fyrr í umræðunni þar sem við ræddum hvernig við á einhvern hátt öll berum ábyrgð á því að þessi mál nái fram að ganga og við berum öll ábyrgð á því hvernig einmitt staðan er í dag.

Ég hef verið varaþingmaður á þessu kjörtímabili en í haust tók ég sæti sem þingmaður og hef verið í vetur. Ég hef ekki áður fengið tækifæri til að styðja við frumvarpið og ég vil segja, frú forseti, að ég er ekki vön að leggja nafn mitt við frumvörp sem ég ætla mér ekki að beita mér af fullum krafti við að hljóti þinglega meðferð og nái fram að ganga.

[17:48]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur fyrir þetta. Hún lýsir því yfir skýrt og skorinort að hún muni styðja það að þetta mál sofni ekki í nefnd, heldur verði samþykkt. Ef ég man rétt er hv. þingmaður í menntamálanefnd þangað sem málinu verður vísað og þar mun hv. þingmaður fá tækifæri til að ljá því atbeina sinn að það verði samþykkt. Ég lýsi því yfir fyrir hönd hinnar sameinuðu stjórnarandstöðu, kaffibandalagsins, að við munum þá gera allt sem við getum til að styðja hv. þingmann til að ná þessu máli í gegn. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Verða þá ekki allir glaðir og kátir? (**KolH:** ... landbúnaðarráðherra verði glaður.)

[17:49]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa yfir stuðningi við þetta mál. Ég er ekki meðal flutningsmanna málsins en vil lýsa því yfir að ég fylgi því mjög og held að þarna sé ákaflega gott mál. Ég lýsi í rauninni því yfir að sú þrautseigja og sá dugnaður sem hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hefur sýnt í því að vinna að málefnum heyrnar-

lausra og réttindamálum þeirra er mjög aðdáunarverð.

Það hefur verið mjög skemmtilegur sá tími sem hún hefur setið á þingflokksfundum í Sjálfstæðisflokknum þar sem hv. þingmaður hefur kynnt málefni heyrnarlausra á mjög skemmtilegan hátt. Hún er auðvitað yndisleg manneskja og með mjög góðan húmor. Hún er mjög fylgin sér og það hefur svo sannarlega fengið að koma fram á þingflokksfundunum. Ég held að allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi upplifað það eins og ég að þarna fór mjög duglegur þingmaður sem á sannarlega góða pólitíska framtíð fyrir sér ef hún heldur áfram á þeirri braut. Það verð ég að segja. (**ÖS:** Aldrei segirðu þetta um mig.) Það er annað með hv. þm. Össur Skarphéðinsson, það má segja ýmislegt um hann en ég held að ég muni nú samt segja um hann (**Gripið fram í:** Hann á fortíð.) að hann á mikla fortíð og örugglega einhverja framtíð þótt ég vilji ekki spá miklu um það. (Gripið fram í.)

Þetta mál er ákaflega vel unnið og það eru miklar og greinargóðar upplýsingar sem koma fram í greinargerð frumvarpsins. Þar er mikill fróðleikur sem er mjög áhugavert að fara yfir og kynnast því sem þar kemur fram. Allt vekur þetta mikinn skilning í samfélaginu á nauðsyn þess að réttarstaða heyrnarlausra verði bætt og staða þeirra efld, bæði hvað varðar táknmálstúlkun og önnur þau atriði sem fram koma í greinargerðinni.

Það er einu sinni svo að til þess að vekja skilning í samfélaginu þarf að ræða málin, setja þau fram með skýrum og afdráttarlausum hætti og það hefur hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir auðvitað gert hér á sínu auðuga tungumáli, tungumáli heyrnarlausra. Ég tek undir að það hefur verið mjög ánægjulegt að verða vitni að því í þingsalnum þegar hún flytur ræður sínar.

Ég tek undir það sem kom fram í máli hennar að það er mjög nauðsynlegt að finna haldgóða lausn á málefnum þeim sem getið er um í frumvarpinu, raunar báðum frumvörpunum því að sá bandormur sem fylgir frumvarpinu segir ekki síst töluverða sögu. Það er augljóst að það er víða sem þetta kemur við sögu og víða þarf að taka til í löggjöfinni þar sem bara hér í bandorminum eru þó nokkur lög sem gera þarf breytingar á. Það eru t.d. lögin um fangelsi og fangavist, breytingar á lögum um meðferð einkamála, meðferð opinberra mála, lög um aðför, lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, breyting á stjórnsýslulögum, breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, útvarpslögum, lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þetta segir mikla sögu, þessi bandormur, hversu víða þurfi að taka á og hversu margþætt þetta mál er. Auðvitað er þetta mikið mál en það þarf sína umræðu til þess að það náist sem best niðurstaða í því.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta miklu lengur. Ég óska að lokum Sigurlín, (Forseti hringir.) hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur sérstaklega til hamingju með að hafa flutt þetta mál. Hæstv. forseti. Þetta sýnir að hún stendur manni orðið hjarta nær að svo margir skuli gleyma því að ávarpa hana fullu nafni. Ég tek undir það að hv. þingmenn í þingsalnum eiga auðvitað að biðjast afsökunar á því. Ég tel að ástæðan sé sú hvað hún er orðin manni hjartkær, hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir. Ég ítreka það að lokum að ég óska henni sannarlega til hamingju með þetta mál og vona að það nái góðu brautargengi í hv. menntamálanefnd þar sem það kemur til umfjöllunar.

[17:55]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek í þessu andsvari undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan, að mál þetta væri ekki hafið yfir flokkadrætti. Nú talaði hér hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, og lýsti yfir stuðningi við málið. Ég fagna því. Þar með eru stuðningsmenn úr þingflokki hennar með þeim sem flytja málið orðnir sjö plús hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir sem situr hér sem varaþingmaður hv. þm. Gunnars Örlygssonar og ég geri ráð fyrir að hún eigi sæti í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Þar með telst mér til að það séu 16 hv. þingmenn í þingflokki Sjálfstæðisflokksins sem enn hafa ekki gefið sig upp í þessu máli.

Mig langar bara til að vita hvort hv. þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins komi til með að berjast fyrir því í sínum þingflokki að málið fái það brautargengi sem það þarf til að við getum afgreitt það sem lög frá Alþingi undir vorið.

[17:57]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er augljóst að það er stuðningur við þetta mál innan Sjálfstæðisflokksins. Þeir hv. þingmenn sem eru meðflutningsmenn væru það ekki nema þeir styddu það. Það hefur líka komið fram í blaðaviðtali við hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur að hún hefur átt tal við menntamálaráðherra þar sem þær hafa farið yfir þetta mál og rætt það mjög í grundvallaratriðum. Ég segi bara eins og það er að það er stuðningur við málið. Það hefur reyndar komið fram í ræðum annarra þingmanna að það er stuttur tími eftir til loka þings (Gripið fram í.) en ég á von á því að stjórnarandstaðan leggi sitt af mörkum við að afgreiða mál hér þannig að m.a. þetta mál fái nokkurn framgang. Ég veit að hv. þm. Össur Skarphéðinsson mun sérstaklega leggja mikið á sig til þess að mál fái hér framgang og þá kannski ekki síst þetta mál.

[17:58]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel mig geta lýst því yfir fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að við komum ekki til með að leggja stein í götu þessa máls á Alþingi Íslendinga þannig að við komum til með að standa með hv. þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins í því að reyna að koma þessu máli í gegn. Ég fagna þeim stuðningi sem við höfum heyrt í þingsölum við þetta mál frá hv. stjórnarliðum, þeim hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur og Arnbjörgu Sveinsdóttur. Við vitum það, eins og hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir sagði í ræðu sinni, að allar þær lausnir sem heyrnarlausir hafa þurft að búa við í sínum málum á undanförnum 13 árum hafa verið bráðabirgðalausnir. Þar hafa tveir hæstv. ráðherrar beitt sér, fyrrverandi hæstv. ráðherra Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og svo hefur hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, líka lagt lóð á vogarskálarnar. Þau lóð hafa bæði verið þeirrar náttúru að

þau hafa ekki komið málunum alla leið. Þetta mál kæmi málefnum og réttarstöðu heyrnarlausra í höfn og þess vegna er núna tækifæri fyrir þá þingmenn sem vilja beita sér í stjórnarflokkunum að fylgja málinu þannig eftir að það verði gert að lögum hér í vor.

[18:00]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek að þetta er málefni sem er unnið að af mikilli alvöru. Ég hef trú á því að það nái framgangi og við verðum þá, eins og ég sagði áðan, að reikna með því að mál geti gengið hér býsna vel fram í þinginu. Síðan er auðvitað framkvæmdarvaldsins á ýmsum sviðum að beita sér í því að koma að málum en það eru auðvitað margir málaflokkar innan þessa máls þar sem víða er hægt að koma að. Ég hef þá trú að ef menn leggjast á eitt verði hægt að hnika þessu mjög fram á veginn og þá náist framtíðarlausn, að hér verði fundin haldgóð framtíðarlausn á þessum málum.

[18:01]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur fyrir þá elju og þrotlausu baráttu sem hún hefur sýnt með því að berjast fyrir þessu máli hér á þingi. Ég er sannfærð um að hún muni ná árangri í þessu máli. Við erum að tala um mannréttindamál, hvorki meira né minna. Heyrnarlausir og daufblindir eru ekki að biðja um nein forréttindi, þau eru að biðja um jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna eins og kostur er. Þau eru að biðja um að geta hjálpað sér sjálf í samfélaginu, notið skólagöngu og sótt sína vinnu, stundað tómstundastörf og fengið aðstoð við að gera sig skiljanleg í daglegum viðfangsefnum. Það er ótrúlegt að á árinu 2007 þurfi að setja í lög, eins og segir í þessu frumvarpi, að það sé óheimilt að neita heyrnarskertum eða daufblindum um skólavist. Hvílíkt og annað eins að á árinu 2007 þurfi að setja slík ákvæði inn í lög. Það er þó ljóst að það virðist þurfa.

Hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir vitnaði í ýmsar reynslusögur hjá þeim sem hafa mátt þola skilningsleysi þjóðfélagsins í þessu máli. Meðal annars vitnaði hún í Önnu Jónu Lárusdóttur og bréf sem hún hefur, ef ég skildi hana rétt, sent öllum þingmönnum. Ég las það frá orði til orðs og ég held að það bréf hafi varla látið nokkurn þingmann ósnortinn. Manni svíður að þurfa að lesa, eins og þarna kom fram, hvað heyrnarlausir hafa mátt þola í æsku vegna skorts á þjónustu við heyrnarlausa. Þetta er ótrúleg lýsing á því óréttlæti sem þessi kona og örugglega margir aðrir hafa gengið í gegnum. Það er alveg ljóst að stjórnvöld eiga skuld að gjalda þessari konu og öðrum heyrnarlausum sem hafa mátt þola mikið óréttlæti og raunveruleg mannréttindabrot í gegnum tíðina vegna skorts á þjónustu við heyrnarlausa og vegna skilningsleysis á stöðu þeirra í þjóðfélaginu.

Nú er það svo, og það hefur komið skýrt fram í dag, að það er meiri hluti fyrir þessu máli í þinginu. Á frumvarpinu eru níu stjórnarliðar og formaður þingflokks sjálfstæðismanna hefur lýst yfir stuðningi við málið. Ég þori að fullyrða úr þessum ræðustól að hver einn og einn einasti í stjórnarandstöðunni er sammála þessu máli og mun greiða því atkvæði sitt og þótt ekki væru nema þessir níu þá til viðbótar sem eru úr stjórnarliðunum plús formaður þingflokks er góður meiri hluti fyrir þessu máli á þingi. Það væri að níðast hreinlega á lýðræðinu ef þetta mál yrði skilið eftir í nefnd. Ég skora á þingmenn að afgreiða málið út úr nefndinni þótt stutt lifi eftir af þessu þingi. Ég skora á þingmenn að sameinast um þetta mál og afgreiða það í lok kjörtímabilsins. Það væri þinginu til mikils sóma ef niðurstaðan yrði sú að við bærum gæfu til þess að ná saman í stjórn og stjórnarandstöðu um að gera þetta mál að lögum.

Ég ítreka, virðulegi forseti, að við hér inni og þjóðin öll, stjórnvöld, skuldum heyrnarlausum að gera þetta mál að lögum, bæta upp fyrir hvað heyrnarlausir hafa mátt þola í fortíðinni, hvað þeir hafa mátt líða vegna skilningsleysis stjórnvalda á þeirra málum.

Ég þakka hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur fyrir ítarlega og góða greinargerð með þessu máli. Það er mjög sjaldgæft að þingmenn sem eiga stuttan stans inni á þingi flytji svona góð mál eins og þetta er úr garði gert, bæði lagatæknilega og eins með greinargerðinni, og mér finnst alveg til fyrirmyndar hvernig frá málinu er gengið og í hvernig búning það er sett. Framsaga hv. þingmanns var mjög áhugaverð og auðvitað átakanleg á köflum. Ég trúði vart mínum eigin eyrum þegar ég heyrði hv. þingmann segja hvaða framlag fer í túlkaþjónustu í gegnum þennan táknmálstúlkunarsjóð. Þetta eru ekki 10 millj. kr. Hvers lags er þetta? Að Alþingi Íslendinga — og á þessum árum sem ríkissjóður hefur verið útúrfullur af peningum — skuli leggja til ræfilslegar 10 millj. í táknmálstúlkunarsjóðinn og það eru 100 notendur að þessum sjóði sem þurfa auðvitað á margvíslegri aðstoð að halda til að geta athafnað sig í gegnum daglegt líf, sótt rétt sinn hér og þar í þjóðfélaginu og til þess að hjálpa sér sjálfir. Það eru sex túlkar, er hér upplýst, sem sinna þessari þjónustu fyrir 100 notendur. Þetta er alveg ótrúlegt og ég verð að viðurkenna að ég vissi ekki að þetta væri með þessum hætti. Það er auðvitað lágmark að nægilegir peningar verði settir í slíkan sjóð þannig að þeir sem á honum þurfa að halda geti sótt rétt sinn í gegnum sjóðinn.

Hér var líka upplýst um stöðu túlkanna. Það eru bara konur sem útskrifast sem túlkar, ekki karlmenn og það segir þá sögu að þetta er greinilega ekki vel borgað. Það er kallað eftir því að starfsheiti þeirra verði lögverndað og auðvitað þarf að skoða það í framhaldinu.

Af því að talað er um 100 notendur vil ég segja að ég var að fá svar við fyrirspurn sem ég lagði fram til félagsmálaráðherra um m.a. stöðu daufblindra. Í því svari kemur fram að 62 einstaklingar séu daufblindir. Þetta er stór hópur. Þar af eru nokkur börn, og maður spyr: Hver er staða þessara daufblindu barna miðað við þá þjónustu sem hér er upplýst að heyrnarlausir og daufblindir fá? Svo að ég vitni aftur í bréf Önnu Jónu Lárusdóttur talar hún um aldrað heyrnarlaust fólk sem er mjög einangrað, þarf mikla hjálp og miklu betri þjónustu. Það þarf sérstaklega að skoða stöðu þess og það kemur einmitt fram í þessu svari til mín að af 62 daufblindum einstaklingum er stór hluti þeirra eldri en 70 ára, 46 manns. Hver er staða þessa fólks? Það hlýtur að vera mjög einangrað og þurfa á mikilli hjálp að halda.

Ég hef farið í gegnum þetta frumvarp. Auðvitað kostar peninga að uppfylla ákvæði þess. En lítum bara til þess hvað þessi stóri hópur hefur orðið af mikilli þjónustu sem hann hefur sannarlega átt rétt á og sem stjórnarskráin hefði átt að tryggja honum. Við erum að tala hér um jafnræði þannig að við skuldum hópnum þetta. Jafnvel þótt þetta kosti töluvert mikla peninga eigum við að sameinast um þetta verkefni.

Í frumvarpinu er kveðið á um að táknmál verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og réttur þeirra tryggður til hvers konar táknmálstúlkunar. Þetta er grundvallaratriði til þess að heyrnarlausir geti lifað hér við bærileg mannréttindi og við jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna eins og kostur er. Hér segir í þessari ágætu greinargerð, með leyfi forseta:

„Framtíðarsýnin í lagasetningunni er sú að táknmálið muni njóta sömu virðingar og önnur mál og að heyrnarlausum verði mögulegt að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á grundvelli laganna; að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir hafi rétt til að ákveða hvert er móðurmál þeirra og aðrir viðurkenni og virði þá ákvörðun.“

Mér finnst ekki beðið um mikið hér, virðulegi forseti. Mér finnst að við eigum að standa saman að því að svara þessu kalli sem kemur frá heyrnarskertum sem borið er fram á Alþingi undir forustu hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur. Við eigum að verða við þessu kalli og samþykkja frumvarpið. Það er auðvitað grundvallaratriði til að viðurkenning íslensks táknmáls öðlist fullt gildi að efla táknmálsfræðinám og skapa heyrnarlausum og daufblindum fullnægjandi táknmálsþjónustu.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa miklu fleiri orð um málið. Ég skora á þingheim allan að sameinast um að þetta mál verði að lögum þótt stutt lifi eftir af þinginu. Þó að ég eigi ekki sæti í menntamálanefnd mun ég sannarlega leggja mitt af mörkum til að fylgjast með því að umræðan gleymist ekki um leið og við lokum dyrunum á eftir okkur í kvöld, heldur verði málið strax tekið upp í menntamálanefnd sem fær það til skoðunar. Ég heiti á alla þingmenn sem sitja í menntamálanefnd að fylgja málinu fast eftir á næsta fundi nefndarinnar og láta reyna á það hvort ekki næst samstaða um málið þannig að við getum öll í stjórn og stjórnarandstöðu sameinast um að gera þetta mál að lögum áður en þing fer heim. Það skuldum við þessum hópi sem mun öðlast rétt samkvæmt þessu frumvarpi ef að lögum verður.

[18:13]

**Bryndís Haraldsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurlín M. Sigurðardóttur fyrir að mæla fyrir þessu máli og vekja mig og vonandi aðra þingmenn til umhugsunar um mikilvægi þess. Ég hef ekki orðið vitni að því að þetta mál hafi verið flutt í þingsölum áður. Mér finnst það í rauninni snúa að mannréttindum og því að við tryggjum að allir hópar í þjóðfélagi okkar taki þátt í samfélaginu.

Ég þekki ekki þá erfiðleika sem heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir glíma við á hverjum degi við að sinna sínum daglegu erindum. Mér fannst grátlegt að hlusta á flutningsræðuna áðan og heyra þær dæmisögur sem þar voru nefndar. Mér finnst mjög ánægjulegt að sjá hversu margir þingmenn eru meðflutningsmenn að þessu frumvarpi og ég vona svo sannarlega að þrátt fyrir að stutt sé í þinglok takist þinginu að afgreiða þetta mál í lokin.

[18:14]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem og breytingu á ýmsum lögum og ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur fyrir þessi frumvörp. Hér er tekið á mjög mikilvægu réttindamáli sem ég styð.

Mig langar þó til að spyrja hv. þingmann hvort hún hafi horft til nýrrar tækni sem er að ryðja sér til rúms og ég hef kynnst persónulega af manneskju sem ég þekki, talgervla sem geta skilið talað mál og breytt því í ritað mál og sem geta breytt rituðu máli yfir í talað mál. Getur það ekki orðið lausn fyrir þennan hóp fólks eftir fimm eða tíu ár? Var það skoðað í þessu samhengi? Þeir eru miklu fleiri sem geta lesið íslensku af tölvuskjá eða hlustað á hana ef tölvan talar en þeir sem kunna táknmál. Ef hinn heyrnarlausi getur skrifað mál sitt niður í tölvu og tölvan talar geta allir Íslendingar skilið hann, og öfugt, ef tölvan skilur talað mál og breytir því í ritað gerist það sömuleiðis. Þessar tölvur eru sífellt að verða minni þannig að ég sé ekki annað en að það væri möguleiki.

Hins vegar tek ég undir með hv. þingmanni sem nefndi kerfisbreytingar, eins og t.d. þegar einhverjum dettur í hug að táknmálið sé ekki gott fyrir heyrnarlausa og það veldur ómældum hörmungum eins og hv. þingmaður lýsti í framsöguræðu sinni. Hið sama hef ég heyrt frá blindum, að þjónusta við blinda hafi látið mikið á sjá eftir að tekin var upp sú stefna að dreifa þeim á alla skóla í staðinn fyrir að hafa þá á einum stað þar sem hægt er að veita góða þjónustu. Ég held að það þurfi að hlusta miklu meira á öryrkja, hvort sem þeir eru blindir, heyrnarlausir eða eitthvað annað, og finna lausnir á vanda þeirra í samvinnu við þá.

Svo legg ég eindregið til að menn hverfi frá núverandi kerfi örorkumats sem byggir á því að líta á vangetu fólks. Hv. þingmaður gat þess í framsögu sinni að umhverfið hefði stöðugt verið að segja hinum heyrnarlausa að hann gæti ekki þetta og gæti ekki hitt. Ég vil að kerfið líti einmitt öfugt á þetta og spyrji: Hvað geturðu? Ekki: Hvað geturðu ekki?

Ég vil nefna að það er svo gleðilegt að á hinu háa Alþingi eru í dag einn blindur þingmaður og annar heyrnarlaus og þau væru algjörlega öryrkjar ef litið væri á vangetuna en geta skilað mjög góðu starfi — eins og þetta frumvarp ber vott um — þegar litið er á getuna. Ég held að við þurfum, allt þjóðfélagið, að fara að líta á getu öryrkja en ekki vangetuna. Þetta er einmitt það sjónarmið sem er uppi í þeirri nefnd sem forsætisráðherra skipaði, sú sem fjallar um málefni öryrkja og ég á sæti í.

[18:18]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp þótt það sé þess efnis að í rauninni ætti umræðan að vara þar til það er orðið að lögum. Við erum ekki að fást

hér við frumvörp tæknilegs eðlis, þetta er fyrst og fremst spurning um mannréttindi.

Ég fékk um daginn bréf frá gamalli vinkonu minni, sem er heyrnarlaus, þar sem hún rakti gang mála í æsku, frá skólagöngu sinni og hvernig hún hefði í reynd verið svipt tækifæri til menntunar vegna þess að táknmálið var ekki viðurkennt sem mál hennar. Ég kem eiginlega óundirbúinn í pontu til að tala fyrir hönd hennar og barna framtíðarinnar sem við megum ekki svipta tækifærum til menntunar og til lífsbjargar. Ég tala einnig fyrir hönd okkar allra í samfélaginu sem viljum búa í menningar- og mannréttindasamfélagi. Þjóðfélag sem ekki virðir rétt allra þegna sinna getur ekki kallað sig mannréttindasamfélag.

Þess vegna legg ég til að þessi frumvörp verði hið allra fyrsta gerð að lögum um leið og ég þakka hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur fyrir forgöngu hennar í þessu máli.

[18:21]

**Flm. (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir):**

Virðulegur forseti. Fyrst vil ég svara þeirri spurningu sem hv. þm. Pétur Blöndal beindi til mín í sambandi við tæknimálin. Ég horfi alltaf mest á táknmálið, ég er ekkert að horfa á tæknina, hvað er til hverju sinni. Auðvitað veit ég að tæknin er til, en táknmálið er lífið og verður það áfram. Tæknin er alltaf að bregðast okkur. Þess vegna verðum við að treysta á táknmálið.

Auðvitað er tæknin af hinu góða, og t.d. væri kærkomið fyrir okkur ef Ríkisútvarpið setti texta á sjónvarpsefni. Ég held að þeir ættu að einbeita sér að því, það er tæknin sem við eigum að nýta okkur.

Að lokum langar mig að þakka þeim hv. þingmönnum sem hér hafa komið, stutt mál mitt og setið og fylgst með mér flytja málið. Ég hef ekki setið hér til að punkta niður hvað þau hafa sagt, alls ekki, en þetta mál er svo sjálfsagt, það er mannréttindamál sem öll þjóðfélög heims eiga að styðja. Það skiptir ekki máli hvort við erum rík þjóðfélög eða ekki, þetta á bara að vera í lagi. Þetta eiga að vera sjálfsögð réttindi hvers einstaklings. Við sem erum sögð vera öryrkjar getum gert svo margt ef við fáum einfaldlega tækifæri til þess. Tækifærið er hér, ég er hér, blindur maður er hérna, og við getum haldið áfram að vinna að þessu. Núna verðum við bara að horfa til framtíðarinnar, ekki rífast um hver eigi heiðurinn af þessu eða hinu málinu. Þetta frumvarp er gott, við eigum bara að samþykkja það, fólkið á að samþykkja það. Fyrir því er ég að berjast vegna þess að ég vil fá að njóta lífsins og ég vil fá þann rétt í lög.

Ég segi bara enn og aftur: Ég þakka þeim sem studdu mig og vona að eitthvað gerist í framtíðinni. Það verður spennandi að fylgjast með hvernig þessu máli lyktar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:24]

**Útbýting:**

Brunavarnir, 663. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1005.

Einangrun aldraðs heyrnarlauss fólks, 665. mál, fsp. ÖS, þskj. 1007.

Framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun, 664. mál, fsp. KolH, þskj. 1006.

Mannvirki, 662. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1004.

Skattlagning kaupskipaútgerðar, 660. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1002.

Skipulagslög, 661. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1003.

Störf á landsbyggðinni, 598. mál, svar fjmrh., þskj. 973.

## *Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 558. mál (afreikningshlutföll og uppgjörstímabil). — Þskj. 833, nál. 963, brtt. 996.

[18:25]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Umræðan sem hér á sér stað er svolítið merkileg og skrýtin. Við erum í raun að fjalla um frumvarp sem í eru fólgnar ákveðnar tæknilegar breytingar. Svo hefur komið fram breytingartillaga við það frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem er í raun nýtt frumvarp, og öll umræðan snýst um þá breytingu og fer jafnvel dálítið út um víðan völl því að menn eru eiginlega að ræða framhald af umræðunni sem var í desember þegar við samþykktum þá gífurlegu skattalækkun sem við munum upplifa eftir tvo daga.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sagði að ríkisstjórnin hefði komið með þetta á síðustu metrunum. Það er rétt. Þetta tekur gildi rétt fyrir kosningar en eitthvað af hinum gífurlegu skattalækkunum núverandi ríkisstjórnar hlaut að koma rétt fyrir kosningar vegna þess að við höfum lækkað skatta allt kjörtímabilið. Ég lofaði að geta þess hvaða skatta við hefðum lækkað og ég ætla að reyna að gera það, frú forseti, eftir minni.

Við höfum afnumið eignarskatta, sem lengi vel var mikið baráttumál félags aldraðra, svokallaða ekknaskatta. Þeir hittu sérstaklega aldraðar ekkjur fyrir sem þurftu að fara að borga eignarskatt, sem oft var mjög þungbært fyrir fólk með lágan lífeyri. Þetta var mikið baráttumál aldraðra sem nú er komið í höfn með því að eignarskatturinn er aflagður, elsti skattur á Íslandi, svokölluð tíund forðum. Svo höfum við lækkað tekjuskatta mörgum sinnum, lækkað tekjuskatta þrisvar sinnum, um 1% í hvert skipti þannig að samanlögð lækkun er 3%. Síðan erum við búin að hækka aukalega persónuafsláttinn 1. janúar þannig að meðaljóninn, sem er með eitthvað um 350 þús. kr. á mánuði, hefur núna með 3.500 kr. meira í vasanum en í desember og hann er með 3.000 kr. meira í vasanum til viðbótar vegna hækkunar á persónuafslætti. Samanlagt 6.500, bara frá því í desember. Hjón eru þá samanlagt með 13.000 kr. meira til ráðstöfunar. Þetta bætist við þá lækkun sem hefur orðið áður sem var 1% tvisvar sinnum, þ.e. fyrir 350 þús. kr. er þetta 7.000 kr. þannig að samanlagt er hver einstaklingur með meðaltekjur núna að borga 13.500 kr. minna í skatta heldur en hann hefði gert ef skattkerfið hefði verið óbreytt frá því að kjörtímabilið hófst. Fyrir hjón eru það 27 þús. kr. á mánuði til ráðstöfunar vegna breytinga á tekjuskattinum.

Við höfum lækkað skatta á hagnað fyrirtækja trekk í trekk. Það merkilega er að þegar skattarnir hafa verið lækkaðir, fyrst úr 45%, síðan niður í 32%, síðan 30%, síðan 28% og loks 18%, að tekjur ríkissjóðs af sköttunum, frú forseti, hafa stöðugt hækkað. Þá kemur upp þessi skrýtna

spurning: Þegar tekjur ríkissjóðs hækka, þ.e. fyrirtækin í landinu borga meiri skatta með stórlækkaðri prósentu, hvort er það skattahækkun eða skattalækkun?

Það er ekki spurning ef við lítum á krónutöluna að skattarnir hafa verið að hækka en ef við lítum á prósentuna, þá eru 18% greinilega minna en 30%, þannig hef ég alla vega litið á og þá er það skattalækkun. Hið sama á við um einstaklinga líka. Vegna þess að hvað launin hafa hækkað mikið borga einstaklingarnir hærri skatt þrátt fyrir að prósenturnar hafi verið lækkaðar. Svo geta menn rifist um það endalaust hvort það er skattahækkun. (**Gripið fram í:** ... persónuafslátt ...) Ég gleymdi honum ekki, ég gat um hann áðan, hann lækkaði um 3 þús. kr. líka sem er ekki annað en gleðilegt.

Síðan höfum við lækkað og einfaldað erfðafjárskattinn, sem líka var illa séður af Félagi eldri borgara. Menn sáu að ef þeir ætluðu að láta gamlan vin erfa eign eftir sig þá þurfti hann að borga upp undir 45% í erfðafjárskatt. Þetta hefur verið einfaldað mjög mikið og nú erum við sennilega með einhvern lægsta erfðafjárskatt í heimi, 5% af þeirri eign sem er umfram milljón, fyrsta milljónin er erfðaskattsfrjáls. Kerfið er svo einfalt, frú forseti. Ég get lýst því hér og nú en áður var það svo flókið að það þurfti sérfræðinga til að útskýra það.

Þetta eru þær helstu lækkanirnar á þessu kjörtímabili en áður höfum við lækkað alls konar skatta eins og fjármagnstekjuskattinn, með einföldun og samræmingu á honum o.s.frv. Við erum búin að taka fullt af skrefum í þessu og lækkun á matarskatti er bara síðasta skrefið af fjöldamörgum og afskaplega ánægjulegt.

Menn hafa verið að rífast um hvað vöruverð muni lækka mikið. Þá kemur að því að við erum með frjálsa álagningu og frjálst vöruverð, frjálsan markað. Þá vaknar spurningin: Hversu sterk er samkeppnin á markaðnum? Mun skattalækkunin ná til neytenda eða munu verslunin og þjónustan taka eitthvað af henni? Þá kemur að hlut neytenda, að vera vel á verði á fimmtudagsmorgun þegar þetta tekur gildi. Panti maður pitsu sem kostaði 2.000 kr. áður þá ætti hún að lækka um 280 kr., um 14%. Hún á að kosta nærri 300 kr. minna, þ.e. 1.700 kr. eftir þessa breytingu nema einhver hirði skattalækkunina.

Ef menn fara út að borða og borða fyrir tíu þús. kr. á veitingastað, þá tek ég ekki vínið með því að það náðist ekki að samræma virðisaukaskattinn af því, þá ætti maturinn að lækka um 14% líka, þ.e. um 1.400 kr. og munar um minna. Í stað þess að borga 10 þús. kr. borga menn 8.600. Þetta þarf neytandinn að vita og vera vel á varðbergi og sjá til að þetta gangi eftir eins og á mörgum öðrum sviðum.

Síðan koma til lækkanir á vörugjöldum sem bætast við eftir því sem birgðir verslana minnka eða breytast því að vörugjöld eru lögð á við innflutning og koma ekki fram fyrr en birgðirnar hafa klárast. Sú skattalækkun gæti tekið einn eða tvo mánuði.

Svo var gert samkomulag við mjólkurstöðvar, að þær hækkuðu ekki verð. Það kemur hvergi fram en þegar menn hækka ekki verð í 7% verðbólgu í heilt ár þá er það lækkun. Svo á að lækka tolla og auka tollkvóta. Sá þáttur er kannski óljósastur af þessu öllu, hvernig hann kemur til með að virka.

Hér hefur komið fram í umræðunni að lágtekjufólk hagnist mest á lækkuðu matarverði. Þessu trúði ég einu sinni líka sjálfur, að lágtekjufólk þyrfti að borða eins og aðrir og það notaði stærri hluta af tekjum sínum til að kaupa mat. En nýleg könnun Háskólans á Bifröst sýnir að þessu er ekki þannig varið. Hátekjumenn eyða hlutfallslega meira af tekjum sínum í mat, það er svo merkilegt. Þá rifjaðist það allt í einu upp fyrir mér að þegar maður var blankur, á námsárunum, hvar sparaði maður fyrst og fremst? Auðvitað í mat. Maður keypti ekki nautafilet eða eitthvað svoleiðis. Maður sparaði í mat. Þessi mýta eða trú, að lágtekjufólk eyði hlutfallslega stærri hluta af launum sínum í mat, er kannski bara röng, enda sýnir könnunin frá Háskólanum á Bifröst að svo gæti verið.

Hér hefur mikið verið rætt um neyslustýringu. Ég er náttúrlega á móti henni vegna þess að ég ber það mikla virðingu fyrir fullorðnu fólki að ég vil láta það ráða því hvað það kaupir og hvað það kaupir ekki. Það er talað um bréf frá Lýðheilsustöð, það var ágætt. Stofnunin getur komið með góð ráð en það er engin skylda að fylgja þeim. Hún hefur nefnilega ekki löggjafarvald. Við höfum löggjafarvaldið og við getum ákveðið að reyna ekki að stýra fullorðnu fólki eða börnum fullorðins fólks. Það sem unglingar og börn drekka af gosi hafa þau fengið pening fyrir hjá foreldrunum. Það er væntanlega með vilja foreldranna. Þeir hafa jú vald yfir þeim og geta stýrt neyslunni. Það er merkilegt að þrátt fyrir þessa óskaplegu skattlagningu á gosi er neyslan óheyrilega mikil þannig að kenningin virðist bara alls ekki virka.

Ég bendi svo á eina drykkjarvöru sem er öndvegisgóð, a.m.k. hér í Reykjavík, sem er kranavatnið. Það kostar ekki neitt og er enginn skattur á því. (**Gripið fram í:** Annað segir Gunnar Birgisson.) Það kostar ekki neitt á hvern lítra. Það kostar ákveðið stofngjald en neyslan er ekki greidd. Samkvæmt kenningunni ættu unglingarnir að drekka blávatn alla daga því að það er ekki skattað en því miður gera þeir það ekki. Ég ætla bara að skora á unglinga að drekka dálítið meira blávatn í staðinn fyrir allt gosið. Menn skyldu ímynda sér hvernig væri ef tannlæknir tæki sig til og mundi sverfa glerunginn af tönnunum á þeim. Það yrði sko aldeilis sárt en það er einmitt það sem gosið gerir, samkvæmt upplýsingum frá Lýðheilsustöð. Hún má gjarnan og á að upplýsa unglingana um að þeir eyði glerungnum af tönnum sínum með gegndarlausri gosdrykkju. Það er miklu virkara en að hækka eða lækka verðið eitthvað pínulítið. Ef Lýðheilsustöð ætti að vera samkvæm sjálfri sér ætti hún að fara líka að leggja til skatta á fitu, þar á meðal á lambakjöt sem hefur töluvert mikið af hertri fitu, en menn hafa ekki beint talað um það.

Þetta vildi ég sagt hafa um þetta frumvarp. Ég er á móti þessari breytingartillögu frá Vinstri grænum af því að í henni felst forsjárhyggja. Það er í sjálfu sér alveg í samræmi við heimsmynd þeirra og hugsun að hafa vit fyrir öllu fólki en það er ekki í samræmi við mína heimsmynd og mína hugsun.

[18:37]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má taka undir ráðleggingar hv. þing-

manns um að menn eigi að drekka meira vatn en kannski ekki um að menn spari í mat, eins og þessi könnun sýnir að fólk geri ef það hefur lítið á milli handanna. Breytingar á matarverði geta orðið til þess að fólk fari að geta gert betur við sig í matarinnkaupum. Þetta eru ekki rök í þessu máli í sjálfu sér enda ekki það sem ég ætlaði að ræða við hv. þingmann heldur hitt að hann kom aðeins að tollkvótunum en meiningin er að lækka tolla og til skiptana eru tollkvótar sem á að bjóða upp á að óbreyttum lögum.

Þegar tollkvótar eru boðnir upp þá velja menn tilboð út frá samkeppnisumhverfinu og út frá því hvað matvara kostar á markaði á Íslandi. Tollkvótar sem eru boðnir upp tryggja ekki að lækkun á tollum komi neytendum til góða. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki að koma þurfi þessari vöru til landsins með öðrum hætti en þeim að verðið taki mið af verði á innanlandsmarkaðnum eins og gerist þegar tollkvótar eru boðnir upp. Ég tel ekki líklegt að þessar vörur komi inn á markaðinn með miklum verðmun gagnvart innlendri vöru einfaldlega vegna þess að samkeppnin um innflutninginn á þessum vörum er það mikil að menn bjóða hátt í þetta. 713 krónur voru boðnar í innflutning á kjúklingum í tollkvótauppboði á síðasta ári.

[18:39]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að nefna tollkvótana. Þeir voru einu sinni teknir upp. Einu sinni var algjörlega bannað að flytja inn landbúnaðarvörur til Íslands. Síðan voru opnaðar svona glufur og hleypt inn ákveðnu magni af kjöti og grænmeti til landsins. Í staðinn fyrir að veita innflutningsleyfi og leyfa mönnum svo að selja leyfin var ákveðið að ríkið gerði það sjálft og seldi á uppboði.

Spurningin er að sjálfsögðu: Hversu miklu magni hleypum við inn? Ef við mundum hleypa inn ótakmörkuðu magni mundi að sjálfsögðu verð tollkvótanna fara niður og verðið nálgast heimsmarkaðsverð á viðkomandi vöru. Spurningin um það er því: Hvenær erum við búin að opna nægilega mikið til þess að lækka verð innan lands? Ég sé það sem lausn á þessu, þ.e. að auka kvótana, fjölga því sem flytja má inn þannig að það hafi áhrif á verð innan lands.

Ég held að það sé ákveðin þróun í gangi sem íslenskur landbúnaður þarf að búa sig undir, að þessir tollkvótar verði auknir. Þá lækkar líka verðið á tollinum sem menn eru tilbúnir til að borga. Þar með vex samkeppni á þessum markaði innan lands. Þetta held ég að sé þegar farið að gerast í ostum og í grænmeti en ekki kannski eins mikið í kjöti, án þess að ég hafi skoðað það sérstaklega nýverið. En þarna bjóðast tækifærin, þ.e. í að auka kvótann.

[18:41]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru til ýmsar leiðir við uppboð á verðmætum og eru ekki alltaf fjármunir sem notaðir eru til að velja á milli þeirra sem sækjast eftir því sem boðið er upp. Það mætti t.d. láta sér detta í hug að þeir sem vildu selja slíka vöru á íslenskum markaði byðu fram hámarksverð á viðkomandi vöru og að valið yrði úr með tilliti til þess hvaða hámarksverð þeir ætluðu að hafa á þeirri vöru á markaðnum. Með þeim hætti gæti arðurinn gengið til neytenda.

Eins og nú háttar til eru þessir tollkvótar, arðurinn, hirtur í ríkissjóð. Ef notaðar eru aðrar aðferðir eins og hafa verið reyndar, t.d. að draga á milli aðila, þá lendir arðurinn hjá þeim sem hlýtur happið og fær tollkvótann í hendur. En það væri hægt að koma honum til neytenda með aðferðum eins og þeim sem ég nefndi.

[18:42]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Tími verðlagseftirlits er í raun liðinn. Það sem hv. þingmaður er að tala um er verðlagseftirlit. (**JÁ:** Nei.) Jú, viðkomandi aðili yrði að flytja inn vöruna og selja á ákveðnu verði innan um eintómar vörur sem eru með frjálsa álagningu. Það þýddi það að þessar vörur gætu ekki verið með frjálsa verðlagningu eða álagningu, sem mundi eyðileggja allt það kerfi sem er byggt upp í frjálsu markaðskerfi.

Ég held að slíkt verðlagseftirlit yrði ekki skynsamlegt og yrði algjör afturför frá því kerfi sem við höfum í dag. Það er miklu skynsamlegra að auka kvótann.

[18:43]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Við ræðum hér þingmál sem okkur er vel kunnugt því að löng umræða var um það í 1. umr. Það sem tekur mest plássið í 2. umr. er kannski breytingartillaga frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, breytingartillaga Vinstri grænna eins og hún hefur verið nefnd í umræðunni. Ég kannast alveg við að sú breytingartillaga nýtur stuðnings í öllum þingflokki Vinstri grænna og hefur hv. þm. Ögmundur Jónasson farið yfir það í ágætu máli hvers vegna svo er.

Þá koma hér hv. þingmenn eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, og talar (Gripið fram í.) af miklum þunga um forræðishyggju Vinstri grænna. Sínum augum lítur hver á silfrið, hæstv. forseti, og núverandi ríkisstjórn er nú ekki alveg laus við ansi mikla forræðishyggju. Nægir að nefna eitt dæmi máli mínu til stuðnings. Það er ríkisstudd stóriðjustefna sem ákvað það fyrir meginþorra vinnandi fólks á Mið-Austurlandi að þar skyldu allir láta sér lynda og láta sér vel líka að starfa í álveri. Ef það er ekki forræðishyggja, risavaxnasta framkvæmd Íslandssögunnar, sem hv. þingmaður studdi, hvað er þá forræðishyggja? Og hver er þá réttur hv. þingmanns til að væna aðra þingmenn í hvössum orðum um forræðishyggju þegar hann er með Kárahnjúkavirkjun hangandi sér um hálsinn og stórt álver á Austurlandi? Og ekki nóg með það heldur með áframhaldandi álversuppbyggingu allt í kringum landið.

Við skulum bara athuga að við erum eflaust öll haldin mismikilli forræðishyggju. Ég skammast mín ekki fyrir að vera haldin þeirri hugmynd sem hv. þm. Ögmundur Jónasson leggur til grundvallar breytingartillögu sinni. Sú hugmynd á rætur að rekja til, hvorki meira né minna, en heilbrigðisáætlunar ríkisstjórnarinnar til ársins 2010, sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi líka samþykkt. Ég geri líka ráð fyrir því að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi samþykkt lög um Lýðheilsustöð sem tóku gildi þann 1.

júlí 2003. Hann veltir vöngum, ég hefði gaman af að fletta því upp og ég skal gera það þegar ég hef lokið máli mínu.

Lýðheilsustöð var stofnuð eins og ég sagði 1. júlí 2003 með lögum frá Alþingi Íslendinga nr. 18 og hún heyrir undir heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið. Stefna og starfsemi hennar byggist á heilbrigðisáætlun stjórnvalda til ársins 2010 og sú stefnumörkun byggir aftur á stefnumörkun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Við stofnun Lýðheilsustöðvar féllu undir starfsemi hennar nokkuð mörg smærri ráð og ýmis batterí sem m.a. höfðu sinnt forvarnamálum og eitt þeirra ráða er manneldisráð. Ég minnist þess þegar ég las fyrst þau plögg sem vörðuðu manneldisráð og stefnu þess þá lagði manneldisráð beinlínis til neyslustýringu með skattlagningu sérstaklega þegar um væri að ræða óhollustuvörur sem freistuðu ungmenna. Ég hef ekki lesið heilbrigðisáætlunina frá orði til orðs en ég geri ráð fyrir að manneldisráð og grunnurinn sem það starfaði á hafi fylgt inn í heilbrigðisáætlunina.

En í núgildandi heilbrigðisáætlun segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Heilbrigðisþjónustan megi ekki eingöngu snúast um lækningar og meðhöndlun sjúkdóma heldur verði hún einnig að beinast að grunnheilsugæslu, þar með töldum forvörnum og heilsueflingu."

Þetta er að hluta til hlutverkið sem Lýðheilsustöð hefur tekið á sig.

Í markmiðum og forsendum heilbrigðisáætlunarinnar segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að heilsuvernd, forvarnir og heilsuefling fái viðeigandi sess innan heilbrigðisþjónustunnar og sjónum hennar verði í auknum mæli beint að því að efla heilbrigði og fyrirbyggja sjúkdóma. Í því starfi þarf að koma til samstillt átak stjórnvalda, stjórnenda í heilbrigðisþjónustu, heilbrigðisstétta, hagsmunafélaga og frjálsra félagasamtaka."

Þetta er í kaflanum um markmið og forsendur.

Í markmiðssetningunni rekst ég á markmið sem fjallar um þverfaglega ábyrgð á heilsufari og það kemur inn á nákvæmlega þá þætti sem við erum að tala um en það varðar samfélagsaðgerðir. Í kaflanum sem fjallar um það markmið sem nr. 14 í heilbrigðisáætlun segir, með leyfi forseta:

„Verkefni heilbrigðisþjónustunnar eru samofin viðfangsefnum fjölmargra annarra samfélagsgeira og atvinnugreina. Mörg samfélagsleg verkefni sem miða að því að tryggja gott heilsufar fólks verða ekki leyst nema í samvinnu við aðrar atvinnugreinar, fyrirtæki, hagsmunasamtök og fleiri aðila."

Síðar í þeim kafla segir:

„Framlag fjármálageirans er sömuleiðis mikilvægt við að ná settum markmiðum varðandi heilbrigði og umhverfi. Má þar nefna aðgerðir í verðlags- og skattamálum sem stuðlað geti að aukinni heilsueflingu og heilsusamlegra umhverfi."

Þá höfum við það, frú forseti, að það er beinlínis markmið sitjandi ríkisstjórnar í heilbrigðisáætlun til ársins 2010, samþykkt hér á Alþingi, að fara þá leið sem Lýðheilsustöð leggur til í umsögn sinni um þetta mál. Ráðlegging Lýðheilsustöðvar er hins vegar hunsuð af stjórnarliðum hér í salnum og ríkisstjórninni, það á að fara aðra leið en að taka þeim rökum sem Lýðheilsustöð færir fram fyrir hugmyndum sínum og ráðum.

Þetta minnir óneitanlega á úrskurði Skipulagsstofnunar þegar úrskurður Skipulagsstofnunar féll um Kárahnjúkavirkjun, að það væri ekki hægt að fallast á hana vegna þess að hún færi í bága við lög í landinu um náttúruvernd og mat á umhverfisáhrifum. Þá gripu stjórnvöld til þess að ráðherra umhverfismála sneri við úrskurði Skipulagsstofnunar. Hér er að mínu mati verið að gera nokkuð svipað. Það er verið að snúa af þeirri braut sem stofnanirnar sem við höfum sett niður í samfélaginu til að ráðleggja okkur stjórnvöldum hafa úrskurðað að ætti að fara, það er verið að snúa niður þá faglegu ráðleggingu sem við fáum og hunsa hana. Mér finnst það mjög miður.

Ég stend því alveg keik í þessum ræðustóli og leyfi hv. þm. Pétri H. Blöndal að kalla þá röksemdafærslu sem ég hef verið með í ræðu minni forræðishyggju.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sem hefur miklar athugasemdir við að beita skattlagningu í þágu neyslustýringar hélt því fram með ákveðnum rökum í máli sínu að ef leið Lýðheilsustöðvar yrði farin í þessum efnum mundi það einungis halda uppi verði á vatni og hollri drykkjarvöru. Bíðum nú hæg eitt andartak — ef sú fullyrðing væri rétt og hærra verð yrði haft á gosdrykkjum en ósykruðum drykkjum og drykkjum sem væru betri hvað hollustu varðar, mundi það þá þýða að verð á vatni og hollari drykkjum mundi haldast uppi? Þá finnst mér eitthvað vanta í samfélagslega ábyrgð, t.d. verslunarinnar, kaupmanna og framleiðenda drykkjarvöru og ég spyr — nú veit ég ekki hvort hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson er í salnum eða heyrir mál mitt — hvort þessi fullyrðing hans lýsi vantrausti á samfélagslegri ábyrgð þessara aðila. Þó svo að virðisaukaskatti og vörugjaldi yrði haldið hærra á gosdrykkjum sem væru sykraðir en á öðrum neysluvörum, hvernig mætti það þá vera að það mundi valda hækkuðu verði á vatni, sódavatni? Það væri þá ekki nema með því að sýnt fullkomið ábyrgðarleysi væri úti í samfélaginu meðal þeirra sem reka verslunina.

Nú vitum við auðvitað að blikur eru á lofti varðandi það hvort neytendur fái í alvöru notið allrar þeirrar lækkunar sem að sjálfsögðu ætti að koma í gegnum þá skattalækkun sem hér er fjallað um. Og meðal annarra orða, ég fagna því auðvitað ef neytendur horfa fram á að vöruverð lækki, ekki veitir af í 7% verðbólgu að eitthvað sé gert til þess að halda vöruverði niðri, því ekki hefur ríkisstjórninni tekist að koma böndum á verðbólguna. (**Gripið fram í:** Hún er að því.) Mögulega á þessi aðgerð eftir að hafa áhrif þar á, það er rétt. (**Gripið fram í:** Örugglega.) Já, örugglega ef hún skilar sér. Það eina sem hv. þm. Pétur H. Blöndal getur ráðlagt út í samfélagið er að neytendur séu nú á varðbergi.

Ég tek að sjálfsögðu undir þá hvatningu, það skiptir verulegu máli að neytendur séu á varðbergi í þessum efnum. En ég geri mér líka grein fyrir því að neytendur eiga mjög erfitt með að standa þá vakt til hlítar, til fullnustu. Í fyrsta lagi hefur fólk annað að gera svona dagsdaglega en að vera að taka það alltaf niður með sér á litla blokk hvað hlutirnir kostuðu fyrir virðisaukaskattslækkunina og hvernig verðið þróast síðan í framhaldinu og auðvitað má tína til fleiri rök máli mínu til stuðnings í þeim efnum. En við höf-

um ákveðnar stofnanir sem við treystum á í þessu sambandi, við höfum Neytendasamtök, við höfum talsmann neytenda, við höfum stéttarfélögin sem hafa lofað okkur að þau komi til með að stunda ákveðna neytendavernd í þessum efnum og við treystum auðvitað á að þetta skili sér allt saman.

Varðandi þetta tiltekna mál um vörugjöld og virðisaukaskatt af gosdrykkjunum þá er það alvarlegt að það skuli vera að fara í gegnum Alþingi Íslendinga ákvörðun um að þessi gjöld eigi að lækka meira en dæmi eru um af öðrum vörum á gosdrykkjum og sykruðum drykkjum. Það er þvert ofan í ráðleggingar Lýðheilsustöðvar og í mínum huga ábyrgðarhluti af okkur hér á Alþingi að fara gegn þeirri ráðleggingu sem við þar höfum fengið.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég bara segja að heilbrigðismarkmið eru allt of sjaldan rædd innan veggja Alþingis, það er allt of oft sem við látum umræðu um heilbrigðismál fara í stóru drættina í heilbrigðismálum. Við tölum lon og don um stóru fjárhæðirnar, um heilbrigðisstofnanirnar, en forvarnirnar og áhrifaríkt starf Lýðheilsustöðvar og þeirra sem starfa á þeim vettvangi fær kannski minni athygli. En það hefur fengið athygli í þessari umræðu og það er að sjálfsögðu vel.

Ég hvet auðvitað til þess að breytingartillaga hv. þm. Ögmundar Jónassonar verði samþykkt. Ég tel að okkur beri skylda til að gera það, ábyrgð okkar á því að standa við heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sé slík að það sé einboðið að við ættum að samþykkja tillöguna.

[18:55]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil segja hér nokkur orð varðandi nefndarálit um lög um virðisaukaskatt og þá breytingartillögu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur lagt fram. Ég hafði kvatt mér hljóðs fyrr í dag en féll þá frá orðinu og ég geri mér grein fyrir því að það er orðið nokkuð áliðið þannig að ég ætla ekki að lengja mál mitt enda hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs — og ég vísa þá sérstaklega til orða Kolbrúnar Halldórsdóttur sem fór í raun og veru með það í ræðu sem ég vildi draga fram. En ég vil minna á þá ábyrgð sem við höfum og horfa ekki eingöngu á virðisaukaskattinn og þær aðgerðir sem verið er að fara í, bæði virðisaukaskattinn og vörugjöldin, og vera nú ekki kaþólskari en páfinn og líta á þetta eingöngu út frá tæknilegu sjónarhorni og einföldunar ef við erum með því vísvitandi að leiða til lélegri heilsu, bæði tannheilsu og heilsu margra barna og unglinga.

Ég vil, hæstv. forseti, láta það koma fram að auðvitað fögnum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði því að verið er að lækka virðisaukaskatt á matvælum. Það er vonandi, og við hvetjum til þess að smásalan sýni mikla ábyrgð í þessu máli og komi þeim virðisaukaskattslækkunum sem verið er að framkvæma alla leið til neytenda og geri gott betur. Mér finnst margar blikur vera á lofti hvað varðar álagningu á ýmsar vörur, því að í þeirri veröld sem markaðshyggjan lifir og hrærist í og núverandi stjórnarliðar hrærast í, þar sem markaðurinn og samkeppnin eiga að ráða og halda niðri vöruverði, þá hefur það sýnt sig að þróunin hefur verið í þá átt að á mörgum sviðum hefur samkeppni leitt til fákeppni í okkar fámenna landi og erfitt að segja til um það hvort sú staða sem við búum við í dag hafi leitt til vörulækkunar, hvort það sé ekki einmitt hátt vöruverð sem þrífst vegna fákeppni á markaðnum. Því er það ósk okkar allra að það verði ekki bara neytendur sem verði að fylgjast grannt með heldur verði ábyrgðinni alfarið varpað yfir á þá sem með málið fara, þ.e. innflytjendur og smásöluaðila.

Hvað varðar þá breytingartillögu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson flytur hér vil ég ítreka að það þýðir ekki að setja sér heilbrigðismarkmið og markmið um bætta lýðheilsu, horfandi síðan upp á þjóðina og þá sérstaklega unglinga fitna og þyngjast eins og er að gerast í nágrannalöndum okkar án þess að bregðast við. Það er ýmislegt í umhverfi okkar, lifnaðarháttum, menningu og atvinnu foreldra og þeim hraða sem er í þjóðfélaginu í dag sem veldur því að ýmislegt hefur farið úr böndunum, t.d. að börn eru meira ein heima, þau hreyfa sig minna og mörg hver borða því miður óhollari mat. Það er ljóst að gosdrykkjaþamb hefur aukist, sérstaklega hjá ungum drengjum, ungum mönnum, og samhliða sjáum við stóraukna glerungseyðingu hjá börnum og ungmennum og tannskemmdir, þannig að þetta fer saman. Það eru sérstaklega gosdrykkirnir sem eyða glerungi.

Þegar við horfum svo á að það eru sömu börnin, sömu unglingarnir sem búa við krappari kjör, og það eru foreldrar þeirra sömu barna og unglinga sem ekki hafa efni á því að fara með þau til tannlæknis, þá erum við að horfa upp á stóran hóp barna sem, þegar til lengri tíma lætur, mun verða undir hvað varðar tannheilsu, hvað varðar þjóðfélagslega stöðu og mér finnst það ábyrgðarhluti að horfa ekki á þetta heildrænt. Að vera kaþólskari en páfinn þannig að skilja ekki eftir virðisaukaskattslækkunina á gosdrykki og eins vörugjaldið, að leggja út á þá braut að lækka vöruverð á gosi meira en á öðrum vörum, vitandi það hvaða áhrif þetta hefur.

Sem foreldri veit ég að það eru margir foreldrar sem hafa áhyggjur af gosdrykkjaþambi barna sinna, en þau ráða ekki við gosneysluna, ekki þegar verðið er eins og það er í dag, hvað þá þegar það lækkar, þá verður þambið enn meira. Þetta getum við sagt okkur, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með verðstýringu á vörum sem leiða til lélegri lýðheilsu eins og áfengis og tóbaks, og það eru leiðbeiningar sem við eigum að taka alvarlega. Þetta mun koma í bakið á okkur þegar við erum að tala um tekjur og útgjöld ríkisins því að útgjöld heilbrigðisþjónustunnar eiga eftir að verða meiri og koma í bakið á okkur þegar tímar líða. Við þurfum því að hafa heildarsýn, við þurfum að hafa samþætta ábyrgð og þetta er samfélagslegt verkefni sem við þurfum að taka á hér en ekki varpa ábyrgðinni yfir á foreldranna. Það má kalla það forsjárhyggju, ég kalla þetta heilsuvernd, ég kalla þetta forvarnir, ég kalla þetta aðgerðir til að efla lýðheilsu. Ég kalla þetta að fara eftir manneldismarkmiðum og ég kalla þetta slysavarnir.

Ég tel að börn og ungmenni í dag eigi það skilið að við hugsum um heilsu þeirra en hugsum ekki eingöngu út frá reikningskúnstum og að útreikningurinn sé auðveldari en ella.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 1. umr.***

Frv. SigurlS o.fl., 631. mál. — Þskj. 939.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Sóttvarnalög, 1. umr.***

Stjfrv., 638. mál (stjórnsýsluleg staða sóttvarnalæknis o.fl.). — Þskj. 946.

[19:03]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Núgildandi sóttvarnalög tóku gildi 1. janúar 1998 og voru þau mikilvægt skref í þá átt að gera stjórnsýsluna í landinu færari um að takast á við heilbrigðisvá en áður hafði verið. Frá gildistöku laganna hafa hins vegar orðið miklar breytingar á viðhorfum til sóttvarna og heilbrigðisógnar og hafa á undanförnum árum verið gerðar nokkrar breytingar á lögunum, m.a. vegna alvarlega faraldra sem komið hafa upp hér á landi.

Á alþjóðavettvangi hefur einnig orðið mikil breyting á viðhorfi vegna heilbrigðis- og öryggisógnar á borð við alnæmi, bráðalungnabólgu, heimsfaraldurs inflúensu og mögulegra hryðjuverka þar sem sýkla-, eiturefna- og geislavopnum kann að vera beitt. Alþjóðasamfélagið hefur brugðist við þessu m.a. með því að stofna sóttvarnastofnun Evrópu og með nýrri alþjóðaheilbrigðisreglugerð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem tekur gildi 15. júní 2007. Þessi reglugerð hefur áhrif á íslenskt laga- og reglugerðaumhverfi.

Megintilgangur frumvarps þess sem ég mæli hér fyrir er að breyta gildissviði sóttvarnalaganna til samræmis við nýju alþjóðaheilbrigðisreglugerðina. Eldri heilbrigðisreglugerð miðaðist eingöngu við tiltekna hættulega smitsjúkdóma sem ógnað gátu heimsbyggðinni. Markmið nýju alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða að draga úr afleiðingum og útbreiðslu sjúkdóma, hvort sem rekja má þá til smitsjúkdóma eða eiturefna og geislavirkra efna sem breiðast út af náttúrulegum ástæðum, slysni eða ásetningi.

Í frumvarpinu er enn fremur lögð til breyting á stjórnsýslustöðu sóttvarnalæknis. Samkvæmt gildandi sóttvarnalögum ber landlæknisembættið ábyrgð á framkvæmd sóttvarna og þar segir jafnframt að við embættið skuli starfa sóttvarnalæknir sem beri ábyrgð á sóttvörnum. Ég tel þessi ákvæði óskýr hvað varðar stjórnsýslustöðu sóttvarnalæknis, stjórnunarheimildir landlæknis og ábyrgð á lögbundnum verkefnum sóttvarnalæknis. Því tel ég eðlilegt að kveða með ótvíræðum hætti á um stjórnsýslustöðu sóttvarnalæknis. Í frumvarpinu er því lagt til að embætti sóttvarnalæknis beri ábyrgð á sóttvörnum undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Tilgangur þessarar breytingar er fyrst og fremst að skýra stjórnsýslu og skilja að eftirlit og framkvæmd. Þessi breyting er einnig í samræmi við þá stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að flytja sem mest af rekstrarverkefnum frá landlæknisembættinu og efla eftirlitshlutverk embættisins.

Með þeim breytingum verður staða landlæknis gagnvart sóttvarnalækni sú sama og staða landlæknis gagnvart öðrum læknum og öðrum stofnunum sem veita heilbrigðisþjónustu, þ.e. að hann hefur eftirlit með því að sóttvarnalæknir uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar og getur krafið hann um þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar vegna þessa eftirlits. Eftirlitshlutverk landlæknis gagnvart sóttvarnalækni breytist því ekki. Hann verður eftir sem áður háður faglegu eftirliti landlæknis eins og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu. Í frumvarpinu felast engar breytingar á stöðu og hlutverki sóttvarnalæknis og landlæknis á sviði almannavarna.

Hæstv. forseti. Í ræðu minni hef ég farið í stórum dráttum yfir aðdraganda þess að ég legg fram frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum. Megintilgangur breytinganna er að aðlaga sóttvarnalögin og sóttvarnareglugerðir að alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni. Einnig er rétt og eðlilegt að skýra með ótvíræðum hætti stjórnsýslustöðu sóttvarnalæknis.

Ég tel eðlilegt að frumvarp þetta nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og tryggingananefndar til 2. umr.

[19:08]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða nokkuð athyglisvert frumvarp sem hæstv. ráðherra mælir fyrir og leggur fyrir Alþingi með ósk um að það verði afgreitt núna á þeim fáu dögum sem eftir eru til þingloka. Mér sýnist að meginbreytingarnar í frumvarpinu frá gildandi sóttvarnalögum séu tvenns konar, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra. Fyrra atriðið er að stofna nýtt embætti sóttvarnalæknis, ef ég skil þetta rétt og ráðherra leiðréttir mig þá ef ég hef ekki náð þessu rétt, en mér sýnist að breytingin sé sú að sóttvarnalæknir, sem í dag er hluti af landlæknisembættinu, eigi núna að verða sjálfstætt embætti. Það er gert til þess að ríkið verði betur í stakk búið til að bregðast við vá sem kann að koma upp í heilsufari vegna utanaðkomandi atriða. Er gerð grein fyrir því í greinargerð með frumvarpinu að þær breytingar sem orðið hafa á alþjóðavettvangi á undanförnum árum hafi gert það að verkum að ýmiss konar vá er nú kannski nær okkur en áður var og að stjórnvöld þurfi því að huga betur að viðbrögðum ef til þess kemur að þeir sjúkdómar eða það sem rakið er í greinargerðinni stingi sér niður og að þá þurfi að grípa til ákveðinna aðgerða, og dregin er upp mjög athyglisverð mynd af breytingum undanfarinna ára.

Í öðru lagi eru breytingar í frumvarpinu þar sem í raun er verið að setja inn í gildandi sóttvarnalög ákvæði úr alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni sem er lýst í greinargerð með frumvarpinu og fela í sér möguleika stjórnvalda og heil-

brigðisyfirvalda til að grípa til tiltekinna aðgerða, eins og að fara fram á upplýsingar um ferðir ferðamanna, fá þá í læknisrannsókn og annað því um líkt ef grunur kemur upp um smitsjúkdóma eða smit sem ástæða er til að bregðast við. Verið er að opna á eða setja í lög möguleika fyrir stjórnvöld til að geta brugðist við vá af slíkum toga sem kann að koma upp í kjölfar breytinga sem orðið hafa á undanförnum árum og í sjálfu sér sé ég ekki annað en að þetta séu eðlilegir hlutir. Að vísu hef ég ekki tekið afstöðu til þess hvort rétt sé að stofna sérstakt embætti sóttvarnalæknis. Ég held að rétt sé að hugsa það mál áður en lengra er haldið en ég býst við að vandlega verði farið yfir þetta í heilbrigðis- og trygginganefnd og ég bíð þá eftir athugun málsins þar og þeim tillögum sem nefndarmenn kunna að bera fram eftir þá athugun.

Í ljósi umræðu sem verið hefur á undanförnum vikum um kröfur á hendur þeim sem koma til landsins um heilbrigðisvottorð, sem hafa verið nokkuð í umræðunni og fundið hefur verið að því að settar yrðu fram slíkar kröfur eða slík skilyrði fyrir erlenda menn eða aðra sem koma til landsins, að þeir geti sýnt fram á heilbrigði sitt, þá vildi ég aðeins fá fram viðhorf hæstv. ráðherra til þess hvort hún telji að þær kröfur sem er að finna í gildandi sóttvarnalögum og leiða af þeim breytingum sem hér eru lagðar til, gangi ekki í andstæða átt miðað við þá gagnrýni sem komið hefur fram, m.a. frá tveimur hv. þingmönnum Framsóknarflokksins. Þeir hafa litið svo á að sjónarmið sem sett hafa verið fram um að menn gætu framvísað heilbrigðisvottorði bæru vott um andúð á útlendingum og jafnvel að það jaðraði við rasisma að setja fram slíkar hugmyndir. Ég vildi gjarnan fá fram frá hæstv. ráðherra hvort hún er sammála þessum viðhorfum og ef svo er, hvort hún muni þá beita sér fyrir því í þinglegri meðferð að lögunum verði breytt, bæði þessum lögum og kannski ekki hvað síst öðrum lögum, lögum um atvinnuréttindi útlendinga og útlendingalögum sem setja fram kröfur um heilbrigðisvottorð til þeirra sem hingað koma, því að það hljóta þá að vera óeðlilegar kröfur í ljósi þeirra sjónarmiða sem komið hafa fram frá tveimur þingmönnum annars stjórnarflokksins, sama flokks og hæstv. heilbrigðisráðherra er frá.

Sérstaklega vil ég benda á breytingartillöguna í 9. gr. frumvarpsins en þar er bætt við gildandi 17. gr. sóttvarnalaga nokkrum ákvæðum, m.a. þessu, með leyfi forseta:

„Læknisskoðun sem gerð er vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi og er í samræmi við verklagsreglur sóttvarnalæknis skal greiðast að fullu af vinnuveitanda eða þeim sem sækir um dvalar- eða atvinnuleyfi.“

Þarna er beinlínis sett inn í sóttvarnalögin ákvæði sem er ekki í dag, skilyrði um læknisskoðun þeirra sem sækja um dvalar- og atvinnuleyfi. Er það skilyrði, virðulegi forseti, í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar? Ég get sagt að það er út af fyrir sig í samræmi við gildandi lög, t.d. lög um atvinnuréttindi útlendinga og lög um útlendinga.

Ef ég rifja það aðeins upp sem er í lögunum um atvinnuréttindi útlendinga er meginreglan sú að þeir sem hingað koma til að vinna þurfa að fá atvinnuleyfi. Í 7.–13. gr. laganna um atvinnuréttindi útlendinga er skýrt kveðið á um að þau leyfi, hvort sem þau heita tímabundið atvinnuleyfi eða atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna, óbundið atvinnuleyfi, atvinnuleyfi vegna námsdvalar eða atvinnuleyfi vegna vistráðningar, að í öllum þessum tilvikum er skilyrði að viðkomandi hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Miðað við tillöguna í frumvarpi hæstv. heilbrigðisráðherra, í 9. gr. frumvarpsins, er ekki hægt að ráða annað en að það sé sjónarmið ráðherrans að þessi stefna í lögunum um atvinnuréttindi útlendinga sé eðlileg og verið sé að setja hana yfir í sóttvarnalögin. En vegna þeirra sjónarmiða sem sett hafa verið fram, bæði hér í þessum þingsal og utan hans af hv. tveimur þingmönnum Framsóknarflokksins — sem hafa reyndar gengið nokkuð langt að mínu viti í að gera mönnum upp skoðanir og fordæma þær — hlýt ég að kalla eftir afstöðu ráðherrans svo fyrir liggi hvort ráðherrann er sammála þingmönnum sínum eða ekki.

Í reglugerðinni um atvinnuréttindi útlendinga — en lögin um atvinnuréttindi útlendinga og reglugerð eru gefin út af félagsmálaráðherra, samflokksmanni heilbrigðisráðherra — er samsvarandi ákvæði og ég gat um í lögunum að til að fá atvinnuleyfi þurfi að leggja fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð. Ég er út af fyrir sig til í að hlusta á öll rök í því hvort rétt sé að breyta þessu, hvort rétt sé að afnema þessa meginreglu í lögunum. Hún er að vísu ekki án undanþágna, eins og þeir þekkja sem hafa kynnt sér þau lög, en það er a.m.k. meginreglan í lögunum að krefjast heilbrigðisvottorðs. Ég er út af fyrir sig til í að hlusta á röksemdir og sjónarmið í þeim efnum að hverfa eigi frá þessu sem meginreglu og hætta að gera kröfu til þess að þeir sem hingað koma, hvort sem þeir eru útlendingar eða ekki, til dvalar eða til að vinna leggi fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Ég er að vísu í meginatriðum sammála því sem er í gildandi lögum og kemur reyndar fram í því frumvarpi sem hér er lagt til og þeim rökstuðningi sem fyrir breytingunum er. Heilbrigðismál eru auðvitað alvörumál, þeim er ekki beint gegn útlendingum eða fyrir Íslendinga, þeim er bara beint gegn sjúkdómum og fyrir lifandi fólk og það er bara skynsamlegt og eðlileg ráðstöfun að mínu viti að stjórnvöld hvers ríkis reyni að tryggja eftir föngum að smitsjúkdómar og annað slíkt breiðist ekki út eða nái fótfestu, eða þá að sjúkdómar sem búið er að útrýma hér á landi að meira eða minna leyti stingi ekki upp kollinum á nýjan leik, eins og t.d. berklar. Nú er vitað að berklar eru landlægir sums staðar í Evrópu, m.a. í löndum innan Evrópusambandsins og íslensk heilbrigðisyfirvöld hljóta að fylgjast með því og ég spyr hæstv. ráðherra hvernig þau bregðist við því, hvernig viðbúnaður þeirra er til að draga úr líkum á því að sá sjúkdómur stingi sér niður hér. Menn hljóta að vera sammála um að reyna að koma í veg fyrir það og menn hljóta líka að vera sammála um að þeir sem hingað koma og greinast með slíka sjúkdóma eigi að fá læknismeðferð. Við viljum greina vandann til að geta hjálpað fólkinu og til að geta komið í veg fyrir að fólk smiti aðra.

Í meginatriðum er ég því sammála þeirri stefnu sem er að finna í gildandi löggjöf og því frumvarpi sem nú er lagt fram en hins vegar er það í verulegu ósamræmi við þau sjónarmið sem sett hafa verið fram á undanförnum vikum með nokkuð hörðum hætti og mönnum legið þungt á hálsi fyrir, eins og formanni Frjálslynda flokksins, af tveimur hv. þingmönnum Framsóknarflokksins. Ég hlýt að kalla eftir

því að ráðherrann sem fer með þennan málaflokk fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og flokks síns kveði upp úr um það hver stefnan er og hvort gagnrýni þingmannanna eigi sér stuðning í ríkisstjórninni. Ef svo er tel ég að ráðherra þurfi að gefa þinginu frekari skýringar á því hvers vegna frumvarpið er svona úr garði gert eins og raun ber vitni, því að ég sé ekki að það fari saman. Kannski er það og kannski eru til einhverjar skýringar á því sem ráðherra getur þá reitt fram til að ég átti mig betur á því ef samræmi reynist þar á milli.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en ég tel óhjákvæmilegt að kalla eftir skýrri afstöðu ráðherrans til þeirrar gagnrýni sem komið hefur fram og ég hef rakið.

[19:22]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi einungis bregðast við þeim orðum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem hann vék að fyrr í ræðu sinni um afstöðu einstakra þingmanna í Framsóknarflokknum. Þar þykir mér hann hræra áfram í þessum potti en það sem ég hef alltaf sagt í þessari umræðu er að ég hef verið að mótmæla því að þegar menn ræða um málefni innflytjenda og málefni útlendinga skuli menn kjósa að nefna ætíð í sömu andrá hættu á sjúkdómum og sakavottorð. Ég er alveg sammála þeim sjónarmiðum sem komu fram í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að ég er bærilega sátt við með hvaða hætti þessum málum er háttað í dag þar sem vegna almannaheilla og vegna einstaklinganna sjálfra er farin sú leið að kanna heilsufar fólks af einstökum svæðum heimsins þar sem eru til að mynda berklar eða aðrir sjúkdómar en það á bara við svo lítinn hluta af þeim útlendingum og lítinn hluta af þeim innflytjendum sem hingað sækja og það tel ég að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson þekki.

Verklagsreglur sóttvarnalæknis eru með þeim hætti, ef ég þekki þær nógu vel, að kannað er heilsufar einstakra hópa frá sérstökum svæðum heimsins, mjög fárra til að mynda innan Evrópska efnahagssvæðisins en eins og hv. þingmenn vita koma langflestir þeirra útlendinga sem hingað sækja þaðan. Ég tel að við hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson deilum að mörgu leyti sömu sjónarmiðum hvað þetta varðar en það sem ég hef gert athugasemd við er að menn skuli velja að nefna í sömu andrá innflytjendur og sjúkdóma. Þar með finnst mér að menn séu að ala á einhvers konar ótta í þeirra garð sem ég tel óþarft. Hvað hitt varðar þá held ég að við Kristinn H. Gunnarsson deilum sömu skoðunum.

[19:24]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg rétt hjá hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur að við erum sammála í þessu máli og við erum sammála á þann veg sem ég lýsti í ræðu minni. Þingmaðurinn notaði hér orðalagið að hræra í þessum potti og ég vil eiginlega heimfæra þessi ummæli á hv. þingmann og hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson. Þau hafa verið að hræra í ákveðnum potti til þess að stimpla formann Frjálslynda flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson og fleiri, með óæskilegum stimpli í pólitísku áróðursskyni.

Það er nefnilega þannig að í gildandi lögum er meginregla að útlendingar sem koma hingað til dvalar eða vinnu þurfi að framvísa fullgildu heilbrigðisvottorði. Það er líka meginregla í útlendingalögum, eins og hér má sjá í reglugerðinni, að menn framvísi sakavottorðum þannig að þegar formaður Frjálslynda flokksins nefndi þetta tvennt í ræðu sinni á landsþingi flokksins í janúar var hann einfaldlega að undirstrika stefnu sem er í gildandi lögum. Ég tel fráleitt að ætla að reyna að klína á formann Frjálslynda flokksins einhverjum rasistastimpli, manni sem er giftur pólskri konu, þó að hann hafi nefnt þetta og berkla sem hann er kunnugur vegna þess að hann veit að smitandi berklar eru landlægir á ákveðnum stöðum, m.a. í Póllandi, og honum er umhugað um heilbrigði þeirra sem hingað koma, bæði útlendinga og Íslendinga. Ég vil bara biðja hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur að láta af því að hræra í þessum fordæmingarpotti.

[19:26]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og hv. þingmaður veit, ef hann hefur kynnt sér mál mitt, hef ég aldrei haldið því fram, og hef einmitt sérstaklega vandað mig við það, að hv. þingmaður, formaður Frjálslynda flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, hafi skoðanir sem kenna megi við rasisma. Ég hef aldrei sagt að Frjálslyndi flokkurinn hafi iðkað þær skoðanir vegna þess að ég held að Frjálslyndi flokkurinn hafi að mörgu leyti verið að lýsa umræðu sem á sér stað víða í samfélaginu.

Það sem ég hef sagt er að einstakir liðsmenn Frjálslynda flokksins, og þar get ég einmitt trúað að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson taki undir með mér, hafi gengið lengra en til að mynda hv. þingmaður og formaður flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson.

Það sem ég hef verið að vara við er að menn gangi ekki svo langt í umræðunni, og það sama á við um mig, að stimplanir séu á báða bóga þannig að við komumst ekkert áfram í málefnalegri umræðu um aðlögun innflytjenda og með hvaða hætti við högum þeim málum.

Ég hef reynt að vanda mig í þessari umræðu. Ég hef þó brugðist við þar sem mér hefur stundum fundist, eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu, að menn tali ætíð um málefni innflytjenda, útlendinga, með þeim hætti að nefna í sömu andrá kröfuna um sakavottorð og heilbrigðisvottorð. Við deilum sömu skoðunum, ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu en mér finnst óþarft að þetta sé ætíð nefnt í sömu andrá. Það er svo margt annað sem við gætum verið að ræða í þessum efnum og ég vildi að við gætum stýrt umræðunni inn á þann vettvang.

[19:28]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að sú afstaða hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur liggi fyrir að gagnrýni sem hún hefur sett fram beinist ekki að formanni Frjálslynda flokksins. Það liggur þá fyrir og þarf ekki að deila um það.

Það kann að vera að einhverjir aðilar sem hafa tekið þátt í umræðunni sem einstaklingar hafi látið einhver orð falla þar sem henni finnst of langt gengið. Ég get ekki svarað fyrir það. Ég get hins vegar haft skoðun á því ef þingmað-

urinn lýsir þeim ummælum þannig að ég geti vegið þau og metið en ég held að þingmaðurinn verði þá að gera grein fyrir þeim ummælum og hverjir hafa látið þau falla þannig að við getum rætt þau. Ég vil alla vega segja það, ég hef að vísu ekki fylgst með öllu sem sagt hefur verið um þessi mál síðan í haust, að ég man ekki eftir neinu sem hefur stungið mig í umræðunni á þann veg að ég álíti einhvern einstakling í umræðunni uppfullan af rasisma. Ég held ekki. Jafnvel þó að ég sé ekki sammála honum fyndist mér ósanngjarnt að bera það á nokkurn mann. Ég held að enginn Íslendingur sé þeirrar skoðunar sem slíkt orð endurspeglar. Þess vegna held ég að menn eigi ekki að nota slík ummæli um menn í pólitískum deilum. (**Gripið fram í:** Ég hef aldrei gert það.) (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Ja, virðulegi forseti, hv. þingmaður hefur sagt svo ég muni, ég hef nú ekki hjá mér um öll ummæli þingmannsins, að ákveðin ummæli hér daðri við rasisma.

Ég vil minna á athyglisvert viðtal við forstjóra Útlendingastofnunar í Viðskiptablaðinu sl. föstudag, Hildi Dungal, sem einmitt fer yfir þessi mál og segir að margt sé til í því sem Frjálslyndi flokkurinn hefur sagt í þessari umræðu og þeir hafi ekki sagt annað en það sem almenningur er að hugsa. (Forseti hringir.) Það versta sem menn geri í slíkri umræðu sé að reyna að koma á hana einhverjum fordæmingarstimpli því að það kæfi umræðu sem þarf að eiga sér stað.

[19:30]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum. *Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. heilbrigðisráðherra að* ýmislegt hefur breyst frá því að lögin voru sett þó að þau séu ekki gömul. Meðal annars hefur komið upp sú vá sem við getum kallað heimsvá, yfirvofandi hætta á heimsfaraldri fuglaflensu, inflúensu og eins farsóttum af ýmsum toga. Til viðbótar hefur bæst við ótti manna af hryðjuverkum og efnum sem notuð eru í þeim tilgangi með eiturefnum og geislavirkum efnum. Því er augljóst að svið sóttvarnalæknis og þar af leiðandi breyting á sóttvarnalögum þarf að taka tillit til slíkra aðstæðna. Eins eru sjúkdómar sem geisa í heilum álfum og aðrir á heimsvísu eins og alnæmi, bólusótt og fleiri viðvarandi sjúkdómar og spurning hvort hægt sé að halda þeim sjúkdómum í skefjum eða hindra heimsfaraldur. Það hefur því margt breyst hvað varðar sjúkdómana sem slíka. Þar má m.a. nefna fuglaflensuna sem er alltaf að skjóta upp kollinum og nú síðast í Bretlandi tegund veiru sem er í dýrum og fuglum og hefur borist í menn. Það er bara spurning hvort hún stökkbreytir sér þannig að hún berist á milli manna og geti þar með valdið heimsfaraldri sem menn óttast, rétt eins og svarti dauði á sínum tíma. Því er full ástæða til að styrkja vel og rækilega stöðu sóttvarnalæknis og allra viðbragða hér á landi og almannavarna í þessu sambandi.

Hin hlið málsins snýr að embættinu sem slíku en þar er gert ráð fyrir að draga úr óvissu eða stjórnarlegri stöðu sóttvarnalæknis sem nú er undir landlæknisembættinu. Ég tel að fara þurfi nokkuð vel yfir það mál hvort ástæða sé til að gera sóttvarnalækni eða embættið alveg að sérstöku og sjálfstæðu embætti sem heyrir beint undir ráðherra eða hvort hægt sé að skýra stöðu sóttvarnalæknis mun betur undir embætti landlæknis eins og er í dag. Þá er ég að hugsa til þess að í eðli sínu mun embætti sóttvarnalæknis ekkert breytast þó að það yrði sjálfstæð stofnun, er ég þá bara að horfa á starfsemina og ábyrgðina. Hugsanlega er í dag hagræðing og sparnaður af því að samnýta skrifstofu og starfsmenn. En ég geri mér grein fyrir að allar boðleiðir þurfa auðvitað alltaf að vera skýrar, sérstaklega ef vá ber að höndum, þá er það enn mikilvægara. Þá má ekki vera neinn vafi á því hver ber t.d. ábyrgð á innkaupum á bóluefni, vörum eða hver staða sóttvarnalæknis er gagnvart landlækni. Þetta verður að vera skýrt.

Ég vil, hæstv. forseti, óska eftir því að farið verði vel yfir *málið í heilbrigðis- og tryggingnefnd. Úr því að* þessar hugmyndir eru fram komnar skil ég mjög vel hvað varðar svið sóttvarnalæknis að það þurfi að víkka og fara þurfi að tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar og eins tilskipunum Evrópusambandsins um svið sóttvarnalæknis. En hvað varðar stöðu embættisins hefði ég óskað eftir því að frumvarpið hefði komið fyrr fram til að skoða málið betur og átta sig á í hverju annmarkar sóttvarnalæknis innan landlæknisembættisins eru fólgnir. Eru þetta einhverjir persónulegir hnökrar eða er þetta alfarið stjórnsýslulegt? Hefur eitthvað komið upp á sem verður til þess að menn telja að þetta gangi ekki eins og þetta er í dag? Er hægt að skýra einfaldlega betur stöðu sóttvarnalæknis í embættinu og kosta þá ekki til nýja stofnun, sem hlýtur alltaf að vera dýrara, auk þess gæti líka komið til tvíverknaðar ef sóttvarnalæknisembættið yrði gert að sérstakri stofnun. Við verðum líka að horfa til þess að með því erum við að veikja landlæknisembættið. Nú kann að vera að þetta sé hið eina rétta og hjá því verði ekki komist. Þá verða menn auðvitað að taka því, en ég hefði, hæstv. forseti, viljað að við hefðum meiri tíma til að fara yfir þennan þátt málsins. Ég veit ekki hvenær sá tími á að vera til því stuttur tími er eftir af þinginu. Þrír nefndardagar eru eftir og ekki nema sex þingdagar ef við förum eftir dagskrá þingsins. Ítarleg yfirferð á þessum málum og fleirum er ekki til staðar á þessu þingi.

Ég tel að breytingar sem þessar, þegar verið er að breyta starfsemi og setja á nýjar stofnanir, þurfi nokkuð góða skoðun. Nú getur vel verið að þetta sé búið að vera einhvern tíma í undirbúningi og búið sé að fara vel yfir þetta í ráðuneytinu, en ég hef ekki orðið vör við umræðuna fyrr en núna. Ég óska því eftir, hæstv. forseti, að farið verði yfir stjórnskipulega þáttinn eins vel og unnt er og þá þeim þætti frekar frestað en að fara út í eitthvað sem full sátt er ekki um.

[19:39]

**Útbýting:**

Staða miðaldra fólks á vinnumarkaði, 529. mál, svar félmrh., þskj. 977.

[19:40]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Við ræðum breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum. Eins og fram hefur komið í umræðunni er tilgangur frumvarpsins tvíþættur.

Annars vegar er verið að leggja til nýtt embætti sóttvarnalæknis og hins vegar að lögfesta alþjóðlegar tilskipanir eða reglugerðir um sóttvarnir vegna þeirrar heilbrigðisógna sem heimurinn stendur frammi fyrir af ýmsum ástæðum.

Ég vil byrja á að furða mig á því að málið sé að koma í þingið þegar sex fundardagar eru eftir af þinginu. Ég á sæti í heilbrigðis- og tryggingarnefnd og þar er við nóg af verkefnum að fást þó að þetta komi ekki til viðbótar. Ég velti því fyrir mér hvernig menn ætlast til þess að nefndin taki málið núna til umfjöllunar, afgreiðslu og skili því aftur í þingið á þremur nefndardögum og sex þingdögum, en það verður náttúrlega bara að koma í ljós. Ég hef ekkert á móti því að alþjóðlegar reglugerðir eða tilskipanir verði settar í lög hér. Mér finnst það alveg sjálfsagt, en við vinnslu á máli eins og þessu verðum við að kalla eftir athugasemdum. Senda þarf málið til umsagnar og það tekur auðvitað tíma að fá umsagnir um mál eins og þetta.

Hvað varðar hinn þátt málsins, að stofna nýtt embætti sóttvarnalæknis, hef ég efasemdir um að það sé sóttvörnum til framdráttar. Málið fellur undir landlæknisembættið í dag og virðist hafa gengið ágætlega. Ef einhverjir hnökrar eru þar á væri nær kannski að styrkja landlæknisembættið í stað þess að fjölga ríkisstofnunum með því að búa til nýtt embætti þarna. Ég hélt líka að það hefði verið stefna stjórnvalda að fækka frekar ríkisstofnunum en fjölga þeim.

Síðan veltir maður fyrir sér hvernig embættin eiga síðan að vinna saman, þessi tvö embætti sóttvarnalæknis og landlæknis. Auðvitað er hætta á því, þegar maður skoðar reynsluna, þegar verið er að skipta stofnunum eins og landlæknisembættinu upp á þennan hátt, að þá verði án efa einhver tvíverknaður á ferðinni, jafnvel einhverjir sameiginlegir starfsmenn og þá veltir maður fyrir sér: Hver á að vera yfir þeim starfsmönnum sem eiga að vera sameiginlegir stofnuninni? Það vakna alls konar spurningar þegar maður fer að skoða þetta. Ég er ekki viss um að þetta sé eitthvað stjórnsýslulega skýrara og held að þetta sé hið mesta vandræðamál að fara að taka þetta hér og breyta þessu á síðustu dögum þingsins. Að minnsta kosti hefði ég talið fulla ástæðu til að skoða það miklu betur og nánar en sá tími sem við höfum til verksins gefur okkur kost á.

Í dag er landlæknir með eftirlitsskráningu og ráðgjöf undir sínu embætti en auðvitað er það á hendi sóttvarnalæknis og ég held að það hafi gefist ágætlega. Ég tel að það eigi að vera þar áfram. Þannig er það með aðra sjúkdóma og ég get ekki séð að eitthvað annað ætti að gilda um sóttvarnir. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég óttast að ef það á að fara að breyta þessu verði það varla sóttvörnum til framdráttar og gæti jafnvel virkað hamlandi þegar fram í sækir sérstaklega hvað varðar stjórnsýsluna og sameiginleg verkefni.

Síðan gagnrýni ég aftur þann stutta tíma sem við höfum til að fara í gegnum málið. Ég leyfi mér líka að spyrja hæstv. ráðherra hvort stjórnarflokkar séu sammála um að gera þetta. Mér finnst það mjög ólíkt Sjálfstæðisflokknum að hann sé fylgjandi því að fara að bæta við enn einni ríkisstofnuninni núna, flokki sem hefur farið fram undir kjörorðinu Báknið burt. Ég hef því efasemdir um að þarna sé fyrir hendi stuðningur Sjálfstæðisflokksins, a.m.k. er þetta mjög ólíkt honum að styðja slíkt. Það verður bara að koma í ljós. Ég á sæti í nefndinni og mun fara yfir málið þar eftir því sem tími gefst til en hef sem sagt miklar efasemdir um að þarna eigi að fara að stofna þetta nýja embætti en finnst fullkomlega eðlilegt að við lögfestum tilskipanir frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnun og öðrum þeim sem telja ástæðu til að ríki heims taki upp slíkt í baráttunni við heilbrigðisógnir sem steðja að þjóðum heims, eins og komið hefur í ljós í dag.

[19:46]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins árétta ákveðna hluti sem komu fram í andsvörum áðan þannig að það lægi fyrir eins skýrt og hægt er. Ég nefndi það að hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir hefði haft það á orði að Frjálslyndi flokkurinn væri að daðra við rasisma. Ég hef ekki þau ummæli við hendina og ætla ekki að halda því fram og vil a.m.k. leiðrétta það þangað til annað sannara kemur í ljós en ég er með ummæli frá hv. þingmanni sem voru látin falla í pistli hjá Ríkisútvarpinu 6. febrúar og ég vildi lesa hér, með leyfi forseta:

„Um síðustu helgi stigu frjálslyndir skrefi lengra í andúð sinni. Þeir hættu að daðra við andúð á útlendingum og ákváðu að ganga alla leið. Það kom greinilega fram í setningarræðu Guðjóns Arnars, formanns flokksins, sem talaði á þann veg að auka og ala á ótta fólksins í landinu við fólkið sem hingað kemur í atvinnuleit. Ég ætla ekki að endurtaka hér ógeðfelldan boðskap formanns Frjálslyndra ...“ o.s.frv.

Þetta vildi ég láta koma fram og um leið fagna því að hv. þingmaður hefur lýst því yfir úr ræðustól að hún geri ekki athugasemdir við málflutning formanns Frjálslynda flokksins í þessum málum heldur hafi það verið ummæli annarra einstaklinga sem eru ekki á þingi fyrir flokkinn og ég veit svo sem ekki hverjir eru og veit ekki hvaða ummæli það eru sem hv. þingmaður hefur gert athugasemdir við. Það er önnur umræða og er sjálfsagt að taka hana ef þingmaðurinn er með þau ummæli og vill fara yfir þau hér eða síðar.

Ég vildi alla vega láta þetta koma fram vegna yfirlýsinga hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur um það að hún væri sammála formanni Frjálslynda flokksins og ég fagna því, menn geta séð sig um hönd, vegna þess að sá kafli sem ég las upp úr pistlinum er náttúrlega alveg fráleitur og styðst ekki við nein rök. Ég vænti þess að nú sé þessu máli lokið af hálfu þingmanna Framsóknarflokksins og þeir ræði um málefni útlendinga á eðlilegum og sanngjörnum nótum eins og gert var fyrr í umræðunni. Það kom fram að við værum sammála um þau meginatriði í íslenskri löggjöf, bæði í útlendingalögum og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, sem kveða á um að þeir sem hingað koma í atvinnuleit og til dvalar framvísi fullnægjandi heilbrigðisvottorði og sakavottorði og í frumvarpinu sem hér er til umræðu, um breytingar á sóttvarnalögum, er í raun og veru verið að færa yfir í þann lagabálk þessi meginsjónarmið úr lögunum um atvinnuréttindi útlendinga.

[19:49]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Það eru aðeins örfá atriði sem ég vildi víkja að og spyrja um varðandi þetta frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum. Hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, Þuríður Backman, hefur farið efnislega yfir einstök atriði hér við 1. umr.

Það sem ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra um er um kostnaðarhliðina. Ég get ekki séð annað en að verið sé að auka í á ýmsan hátt, verið er að stofna eitt formlegt embætti sem er sóttvarnalæknir, síðan er verið að stofna ný ráð og búa þarna til nokkurt umfang í starfi. Það má vel vera að þess þurfi. Auk þess er verið að tilgreina þarna ýmis ný verkefni á sviði sóttvarna sem ætlunin er að falli undir þessi nýju lög og það má vel vera að það sé allt saman gott og blessað, ég vona það. Ég vil ekki draga úr því að haldið sé uppi mjög öflugum sóttvörnum hér á landi, hvort heldur þær lúta að fólki eða búfénaði, grösum eða náttúru landsins, að gætt sé fyllsta öryggis til að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar berist til landsins, hvort heldur það er í gróður, búfé eða fólk. Ég legg áherslu á það og einnig að öll þessi þjónusta sé í opinberri forsjá og ekki einkavædd eða boðin út.

Í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir að í frumvarpinu sé lagt til að í sóttvarnalögum verði stjórnsýslustaða sóttvarnalæknis skýrð með ótvíræðum hætti, að aukinn verði viðbúnaður gegn farsóttum og ýmislegt er tíundað sem þarna er verið að auka í en í lokin segir:

„Að óbreyttu hefur hvorki samþykkt frumvarpsins né gildistaka reglugerðarinnar áhrif á útgjöld ríkissjóðs".

Því er ég ekki sammála og held einfaldlega að sé rangt. Við höfum oft fengið svona umsagnir frá fjármálaráðuneytinu um kostnað vegna nýrra laga og nýrra breytinga sem hafa engan veginn staðist. Ég nefni t.d. Landbúnaðarstofnun sem hér er vitnað til. Þegar umsögn kom frá fjármálaskrifstofunni um Landbúnaðarstofnun og hvað hún kostaði var það miklu lægri upphæð en síðar varð raunin og reyndar fjarri öllum raunveruleika. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er það einnig hennar meining að þessi lög kosti ekki neitt? Mér finnst ekki rétt að segja slíkt þegar við vitum að það er rangt en lögin geta verið jafnnauðsynleg fyrir því og þau ákvæði sem þarna eru tiltekin en ég get ekki fallist á að hægt sé að fullyrða það eins og fjármálaráðuneytið gerir hér að að óbreyttu hafi samþykkt frumvarpsins engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Það er bara ekki rétt og því á ekki að segja það. Slíkt sýnir bara óvönduð vinnubrögð að mínu mati, frú forseti.

[19:53]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka undir orð hv. þingmanns í andsvari en ég gleymdi því áðan í ræðu minni að nefna umsögnina. Umsögn fjármálaráðuneytisins sem hann vakti athygli á er ákaflega ótrúverðug þegar maður er búinn að fara í gegnum frumvarpið og sér hvað þar er á ferðinni, að stofna á nýtt embætti og taka á inn alls konar ákvæði, og fjármálaráðuneytið segir síðan að að óbreyttu hafi hvorki samþykkt frumvarpsins né gildistaka reglugerðarinnar áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Þetta er náttúrlega fáránlegt og ótrúverðugt og sýnir í rauninni að þetta þingmál er óunnið, það er illa unnið. Ég tel fulla ástæðu til að við skoðum þetta mjög gaumgæfilega í nefndinni og ég er ekki viss um að þetta mál sé tilbúið til að afgreiðast fyrir þinglok í vor. Ég tek undir gagnrýni hv. þingmanns á þessa umsögn fjármálaráðuneytisins. Hún er mjög ótrúverðug svo ekki sé meira sagt.

[19:55]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka undirtektir hv. þingmanns hvað þetta varðar. Þetta hefur ekkert með það að gera hvort maður er sammála því sem þarna er verið að leggja til, sem ég vona að flest sé hið besta mál, að efla sóttvarnir, eins og ég sagði áðan. Það á að leggja svona frumvörp fram af trúverðugleika og eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir undirstrikaði hér það á ekki að leggja fram frumvörp *og segja að þau kosti ekkert því að það er ekki satt.* Það er ekki sæmandi að koma með svoleiðis vinnubrögð inn í þingið en málið verður skoðað vandlega í nefnd, frú forseti, og þá kemur þetta betur fram.

[19:56]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Það er þannig á þessum vinnustað, hinu háa Alþingi, að ráðherrar hafa einkennilega tilhneigingu til að leggja fram frumvörp sem þingmenn hafa oft ekki mikla hugmynd um að séu á leiðinni. Oftar en ekki berast þessi frumvörp hæstvirtra ráðherra inn í þingið á lokadögum þinghaldsins og við höfum því miður mörg dæmi um það. Síðan eru þessi mál keyrð í gegnum nefnd af miklu offorsi, sennilega til þess að forðast að fram geti farið ítarleg og málefnaleg umræða um efni þeirra.

Virðulegi forseti. Þegar ég skoðaði frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, þar sem m.a. er talað um að hér eigi að setja á stofn sérstakt embætti sóttvarnalæknis þá glotti ég við tönn. Það rifjuðust upp fyrir mér orðaskipti mín við þingmenn og ráðherra Framsóknarflokksins fyrir ekki svo mörgum dögum. Ég var ekki einn um að ræða þau mál við þingmenn og ráðherra, virðulegi forseti. Fleiri þingmenn Frjálslynda flokksins sem tóku þátt í þeirri orðræðu.

Tilefnin voru mörg, m.a. þau að einn þingmanna Framsóknarflokksins, hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir — sem nú er horfin úr salnum en var hér fyrir örfáum mínútum síðan — sakaði Frjálslynda flokkinn um að flagga stefnu mannfyrirlitningar og haturs í pistli í Ríkisútvarpinu vegna þess að þingmenn Frjálslynda flokksins höfðu spurt spurninga varðandi innflytjendur, t.d. um hvort nægilegu eftirliti væri sinnt með þeim útlendingum sem kæmu til Íslands, m.a. með tilliti til hættulegra sjúkdóma svo sem berkla. Þeir sem fylgjast með fréttum frá nágrannalöndum okkar — ég vona nú að hæstv. heilbrigðisráðherra geri það — vita að þar eru til staðar fjölónæm afbrigði af berklabakteríunni enda ekki furða því að víða býr fólk, sérstaklega í Austur-Evrópu, við bág skilyrði. Margir búa þétt saman í köldum húsakynnum, við skilyrði sem því miður eru hagstæð fyrir þessa tilteknu bakteríu.

Við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum legið undir ámæli frá þingmönnum Framsóknarflokksins af öðru tilefni. Í gær sá ég pistil eftir manneskju sem mér skilst að sitji fyrir Framsóknarflokkinn í borgarstjórn eða í nefndum

borgarinnar, Marsibil Sæmundsdóttir held ég að sú kona heiti. Henni varð það að orði, þegar hún heyrði sögur af því að sá sem hér stendur og Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður mundu líklega leiða lista hér í Reykjavík, að nú fengi fasisminn að grassera í Reykjavík.

Virðulegi forseti. Þetta rifjaðist upp fyrir mér þegar ég las frumvarpið frá hæstv. ráðherra Framsóknarflokksins, um breytingu á sóttvarnalögum. Framsóknarflokkurinn hefur m.a. staðið fyrir því að innleiða lög sem banna borgurum þessa lands að koma með dauð svín, niðursoðin í dósum, til landsins, skinku öðru nafni, af hræðslu við smitsjúkdóma í búfénaði. Framsóknarflokkurinn hefur líka staðið fyrir því að gæludýr sem flutt eru til landsins séu sjálfkrafa sett í sóttkví á eyju í miðjum firði við norðanvert landið og geymd þar vikum saman. Nú er Framsóknarflokkurinn kominn með frumvarp um að hér eigi að koma upp embætti sóttvarnalæknis.

Virðulegi forseti. Ég glotti við tönn þegar ég sé þetta frumvarp vegna þess að ég minntist umræðu þingmanna og ráðherra Framsóknarflokksins í garð okkar í Frjálslynda flokknum. Ég hlýt að velta því fyrir mér, virðulegi forseti: Hvers vegna kemur hæstv. heilbrigðisráðherra fram með þetta frumvarp núna? Hvers vegna nefndi hæstv. heilbrigðisráðherra ekki frumvarp þetta til að svara þingmönnum Frjálslynda flokksins og þeim sem hér stendur í fyrirspurnartíma fyrir um tveimur vikum eða svo? Þá spurði ég hvort eitthvert eftirlit væri haft með þeim mikla fjölda útlendinga sem hingað kæmi í atvinnuleit. Hvers vegna í ósköpunum sagði ekki hæstv. heilbrigðisráðherra frá því að væntanlegt væri frumvarp frá henni um aðgerðir til að gera það sem væri sjálfsagt og eðlilegt — og ég vænti þess að það felist í þessu frumvarpi og þessu embætti — að betra eftirlit verði með sóttvörnum og tryggt verði að ekki verði of mikil hætta á ferðum gagnvart borgurum þessa lands? Það hefði verið hægt að segja okkur hér á hinu háa Alþingi frá því að þetta frumvarp væri á leiðinni í stað þess að vera með skítkast og brigslyrði um að þingmenn Frjálslynda flokksins væru fasistar, við værum að ala á mannfyrirlitningu og hatri fyrir þær sakir einar, virðulegi forseti, að vilja spyrja framkvæmdarvaldið eðlilegra spurninga um mál sem þingmönnum Frjálslynda flokksins er kunnugt um að margir borgarar landsins hafa hugleitt á síðustu missirum.

Virðulegi forseti. Við fengum ekki upplýsingar þá en hins vegar höfum við nú fyrir framan okkur þetta frumvarp og hljótum að fagna því. Við metum það sem gert er og tökum með jákvæðu hugarfari. Það er hátt til lofts og vítt til veggja í Frjálslynda flokknum og við erum reiðubúin til að teygja okkur langt í því að fyrirgefa fólki, jafnvel þótt að það fólk hafi sært okkur með svona ákveðnum ummælum sem okkur finnast ósanngjörn og við ekki eiga skilið. (**ÖS:** Láttu þá biðjast afsökunar.) Virðulegur þingmaður Össur Skarphéðinsson grípur fram í og segir að ég eigi að krefjast þess að framsóknarmenn biðji Frjálslynda afsökunar. Virðulegi forseti. Ég á ekki von á því að þeir geri það. Ég ætla svo sem ekki að fara fram á það. (**ÖS:** Ég bað Pétur Blöndal afsökunar í dag.) Já, Framsóknarflokkurinn er Framsóknarflokkurinn. Ég ætla svo sem ekki að fara fram á það í sjálfu sér.

En áður en ég lýk ræðu minni vildi ég svo sem fara aðeins yfir þessa hluti. Ég verð að segja að innst inni er ég sár yfir því að ráðist skuli á okkur í Frjálslynda flokknum með þessum hætti, þótt við viljum ræða þessi mál, innflytjendamál, frá ýmsum sjónarhornum. Við gerum okkur að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að þetta eru viðkvæm mál en við teljum ekki að við höfum sagt neitt rangt, ljótt eða farið yfir strikið í umræðu okkar þótt að sjálfsögðu höfum við hreyft við viðkvæmum málum.

Það er náttúrlega ósanngjarnt að þurfa að sitja undir því að við séum vont fólk sem aðhyllist stjórnmálastefnur sem við höfum skömm og fyrirlitningu á t.d. fasisma, eins og kom fram hjá einum af borgarfulltrúum Framsóknarflokksins í gær. Lái manni hver sem vill, virðulegi forseti, að manni sárni svolítið því að það eru ekki slíkar kenndir, neinar slíkar stjórnmálaskoðanir, sem fyrir okkur vaka. Því er frekar leiðinlegt að þurfa að sitja undir því. Það er líka leiðinlegt að þurfa að sitja undir því frá þingmönnum sem gegnt hafa háum stöðum innan Framsóknar, verið aðstoðarmenn ráðherra, eru ritarar flokksins og formenn innflytjendaráðs. Það er erfitt að sitja undir orðum eins og þessum virðulegi forseti. Mig langar aðeins til að vitna í það, svo að fólk viti hvað ég er að tala um, með leyfi forseta.

Hér er pistill Sæunnar Stefánsdóttur úr Ríkisútvarpinu þann 5. febrúar þessa mánaðar, síðdegispistill þar sem sagði m.a., með leyfi forseta:

„Um síðustu helgi stigu Frjálslyndir skrefi lengra í andúð sinni. Þeir hættu að daðra við andúð á útlendingum og ákváðu að ganga alla leið. Það kom greinilega fram í setningarræðu Guðjóns Arnars formanns flokksins sem talaði á þann veg að auka og ala á ótta fólksins í landinu við fólkið sem hingað kemur í atvinnuleit. Ég ætla ekki að endurtaka hér ógeðfelldan boðskap formanns frjálslyndra en láta nægja að segja að þar komu fram viðhorf sem þær þúsundir Íslendinga sem flytja tímabundið til útlanda til náms og starfs þurfa sem betur fer ekki að mæta hjá öðrum þjóðum, viðhorf sem ég vil ekki, og veit að 90% Íslendinga eru sammála mér um, að við viljum ekki að mæti því erlenda fólki sem hingað kemur í leit að tækifærum.

En líklega eru um 10% landsmanna móttækileg fyrir þessum málflutningi og það er til þess fólks sem frjálslyndir tala um þessar mundir, fólksins sem kom til liðs við þá samkvæmt skoðanakönnunum þegar daðrið hófst. Þá voru þeir með 2–3% fylgi í skoðanakönnunum, nú mælist fylgið um 9%. Frjálslyndir telja sjálfsagt að haldi þeir þessu fylgi fram yfir kosningar rætist draumurinn sem Guðjón Arnar orðaði svo í ræðu sinni: „Við viljum ná þeirri stöðu eftir næstu alþingiskosningar að eiga aðild að ríkisstjórn. Við viljum komast í þá aðstöðu að hafa áhrif og völd til þess að koma áherslum okkar að í stjórn landsins og löggjöf."

Eins og ég sagði áðan eru til flokkar í nágrannalöndum okkar eins og Frjálslyndi flokkurinn er nú orðinn, flokkar sem gera út á andúð í garð útlendinga. Í öllum nágrannalöndum okkar hafa aðrir flokkar lýst því yfir að þeir muni ekki vinna með þeim flokkum og að þeir verði aldrei leiddir að borði ríkisstjórnar meðan þeir flagga þessari stefnu mannfyrirlitningar og haturs."

Virðulegi forseti. Höfum við flaggað stefnu mannfyrirlitningar og haturs með því að koma með einfaldar spurningar um hluti sem læknar hafa bent á og bent hefur verið á

í nágrannalöndum okkar, m.a. í mjög víðlesnum fjölmiðlum án þess að nokkrum heilvita manni í þeim löndum detti í hug að tala þar um rasisma? Þá hlýt ég að velta fyrir mér hvort það sé ekki að flagga stefnu mannfyrirlitningar og haturs og jaðri við fasisma að hæstv. heilbrigðisráðherra skuli nú hafa dottið í hug að koma á fót embætti sóttvarnalæknis í þessu landi.

[20:10]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar ágætu umræður sem hafa orðið hér. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. þingmönnum að þetta eru í eðli sínu nánast tvö mál. Þetta eru sóttvarnareglugerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar annars vegar og embætti sóttvarnalæknis hins vegar. Svo hefur umræða um útlendinga blandast inn í líka.

Varðandi alþjóðaheilbrigðismálareglugerðirnar heyri ég að flestir þingmenn sem tekið hafa til máls í kvöld álíta að þær séu eðlilegar og eigi rétt á sér, það beri að setja þær o.s.frv. Ég vil vekja athygli á því að þær taka gildi 15. júní í sumar. Reglugerðirnar hafa þá áhrif á íslenskt laga- og reglugerðaumhverfi. Ég vil vekja athygli á því að það eru tímasetningar í því sambandi sem væri mjög æskilegt að við stæðumst. Ég bið því hv. þingmenn í heilbrigðis- og trygginganefnd að hafa það í huga. Enginn hefur gert athugasemdir við þær reglugerðir eða frumvarpsgreinar sem lúta að þeim í umræðunni.

Varðandi embætti sóttvarnalæknis vil ég taka það skýrt fram að í dag erum við með sóttvarnalækni í landlæknisembættinu. Í frumvarpinu er einungis verið að tala um að skera embætti sóttvarnalæknis frá landlæknisembættinu þannig að það verði sérembætti. Það er fært fram vegna þess að samkvæmt gildandi sóttvarnalögum ber landlæknisembættið ábyrgð á framkvæmd sóttvarna. Þar segir jafnframt að við landlæknisembættið skuli starfa sóttvarnalæknir sem beri ábyrgð á sóttvörnum. Þetta er óskýr stjórnsýslustaða þannig að það er eðlilegt að þetta sé skýrt. Sú leið sem ég tel rétt að fara er að skilja þarna á milli þannig að sóttvarnalæknisembættið mundi bera ábyrgð á sóttvörnum undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Þetta er breyting sem ég heyri að nokkrir þingmenn sem tekið hafa til máls í umræðunni hafa efasemdir um og hafa dregið það fram að þeir telji ekki eðlilegt að gera þetta. Einn hv. þingmaður, Þuríður Backman, taldi að það væri kannski hægt að skýra betur stjórnsýslulega stöðu innan landlæknisembættisins án þess að gera þetta að sjálfstæðu embætti, þ.e. sóttvarnalæknisembættið. Ég tel eðlilegra að skera þarna alveg á milli.

Ég vil taka það fram af því að það kom fram í umræðunni hvort það gætu verið einhverjir persónulegir hnökrar á milli aðila, að það er ekki. Mjög hæfir aðilar eru bæði í hlutverki sóttvarnalæknis og hlutverki landlæknis og sinna þeim störfum með prýði. Málið er ekki sett fram á slíkum grunni. Þetta er einungis til að skýra stjórnsýslulega stöðu. Sóttvarnir eru það mikilvægar, eins og hlutverk landlæknisembættisins, að það er rétt að hafa stjórnsýsluna algjörlega klára, hver ber ábyrgðina. Þess vegna er málið sett fram.

Ég hef hins vegar skilning á því að þingmenn vilji kynna sér þetta í nefndinni. Það eru fáir dagar til þingloka og ég vek athygli á því að það eru ekki neinar tímatakmarkanir á þessum hluta frumvarpsins eins og hinum. Hv. heilbrigðis- og trygginganefnd verður því að meta það við vinnslu málsins hvað hún kemst langt í vinnslu þess á þessum stutta tíma, en ég vek athygli á því að það eru tímatakmarkanir á alþjóðaheilbrigðismálareglugerðinni sem er annar tveggja hluta frumvarpsins.

Varðandi umræðuna um útlendinga vil ég taka fram að í frumvarpinu er ekki verið að breyta verklagsreglum sóttvarnalæknis eins og mér finnst sumir þingmenn hafa gefið í skyn. Það er ekki verið að setja á annað eftirlit en það sem er í dag. Það eftirlit sem við höfum í dag á vegum sóttvarnalæknis eða með útlendingum sem koma hingað til að sækja sér vinnu, nám eða annað slíkt er prýðilega gott. Að mínu mati er ekkert upp á það að klaga. Þær kröfur sem nú eru gerðar eru því eðlilegar og það er vel staðið að þeim. Frumvarpið breytir ekki neinu í því sambandi. Ég vil taka það skýrt fram af því að hv. þingmenn hafa gefið þetta í skyn eins og við værum að fara að breyta reglunum, að þær mundu breytast í eðli sínu ef frumvarpið yrði samþykkt óbreytt. Svo er alls ekki.

Varðandi umræðuna um útlendinga vil ég segja að 10% af vinnumarkaðnum í dag á Íslandi eru útlendingar sem fylla í þær stöður sem eru á vinnumarkaði. Meðal annars vegna góðs eftirlits hefur ekki borið á því að hér hafi stungið sér niður neinir nýir sjúkdómar. Við sjáum ekki hækkanir á alnæmi, berklum eða neinu öðru slíku sem menn draga oft í umræðuna þegar þessi mál eru rædd. Eftirlitið er því gott í dag. Ég vil taka þetta mjög skýrt fram, virðulegi forseti. Auðvitað er ekki hægt að útiloka að hér stingi sér niður sjúkdómar, það er aldrei hægt að útiloka það, en við erum með mjög gott kerfi til að minnka líkurnar verulega og halda þeim í lágmarki en ef eitthvað slíkt kæmi upp á mundum við auðvitað bregðast við því.

Berklar hafa verið nefndir og ákveðnir hópar sem koma frá löndum þar sem þeir eru útbreiddir eru sérstaklega skoðaðir gagnvart berklum og það er unnið eftir lista ... (**ÖS:** Var það ekki það sem formaður Frjálslynda flokksins sagði?) Það eru sem sagt lönd sem eru á lista eða samkvæmt verklagsreglum sóttvarnalæknis. Fólkið sem greinist fær lyf, það er því hagur þeirra sem koma frá umræddum löndum ef þeir greinast að fá lyf og þjónustu. Ég vil því draga það fram að við höfum ekki orðið vör við að neitt hafi farið úr skorðum með komu útlendinga til landsins.

Ég virði það sem hv. þingmenn hafa sagt. Frumvarpið er tiltölulega seint fram komið. Það er rétt, það er lítið eftir af þinginu og ég bendi á að ákveðnar tímatakmarkanir gilda sem væri mjög gott að standast varðandi alþjóðaheilbrigðismálareglugerðina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Flutningur á starfsemi Fiskistofu, fyrri umr.*

Þáltill. ÓlE, 635. mál. — Þskj. 943.

[20:19]

**Flm. (Ólafur Níels Eiríksson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um flutning á starfsemi Fiskistofu.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hefja nú þegar undirbúning að flutningi Fiskistofu út á landsbyggðina með aðalstöðvar á Akureyri og starfsstöðvar í Hafnarfirði, í Grindavík, í Ólafsvík, á Ísafirði, á Þórshöfn, í Fjarðabyggð, á Hornafirði og í Vestmannaeyjum. Leitast verði við að starfseminni verði dreift sem jafnast á starfsstöðvarnar þar sem 8–15 manns starfi í hverri stöð. Flutningi stofnunarinnar verði lokið innan tveggja ára.

Grunnur allrar starfsemi Fiskistofu á rætur sínar að rekja út á landsbyggðina. Enga stofnun er auðveldara að flytja og að líkindum yrði hún mun ódýrari í rekstri með dreifðri starfsemi sem næst þeim aðilum sem stofnunin á að fylgjast með. Með þeim samskiptaleiðum sem til eru í dag á þetta að vera auðvelt. Ekki er verið að rétta landsbyggðinni neitt heldur færa starfsemi á þá staði þar sem hún á heima, þ.e. nær upprunanum. Það var stórslys þegar Fiskistofa var sett á laggirnar að hún skyldi ekki hafa aðalstöðvar úti á landi og enginn sá fyrir sér hvað þessi stofnun átti eftir að blása út.

Hjá Fiskistofu starfa nú 96 starfsmenn og þar af virðast 10 vera „staðbundnir", sem á víst að þýða að þeir séu við starfsstöðvar úti í á landi. Þess vegna eru þeir staðbundnir. Ef þeir eru á höfuðborgarsvæðinu virðast þeir ekki vera staðbundnir.

Þróun ríkisstarfa hefur jafnframt verið sú að draga úr starfsemi úti á landi. Lítil byggðarlög hafa þannig tapað heilsársstörfum sem hafa verið þeim mikilvæg stoð. Með flutningi starfa sem tilheyra Fiskistofu nær upprunanum og á þá staði þar sem störfin eru unnin er jafnframt stigið mikilvægt skref í þá átt að styrkja búsetu á landsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Hjá Fiskistofu starfa 96 starfsmenn og þar af 13 í tölvuvinnslu. Tölvuvinnslu er hægt að vinna hvar sem er. Svo virðist sem menn af Stór-Reykjavíkursvæðinu gangi fyrir þegar verið er að ráða starfsmenn til Fiskistofu. Sem dæmi var auglýst eftir eftirlitsmanni fyrir Vestfirði. Þar sótti ágætismaður um starfið með búsetu á Ísafirði sem uppfyllti öll skilyrði. En maður af Stór-Reykjavíkursvæðinu var ráðinn í starfið. Ég hef áreiðanlegar heimildir fyrir þessu.

Ég sé engin rök fyrir því að vera með Fiskistofu á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég er búinn að tala við nokkra alþingismenn og ráðamenn um þetta og þau rök sem ég heyri eru engan veginn nógu góð fyrir því að hafa Fiskistofu hér.

Ég heyrði að Fiskistofa þyrfti að vera nálægt sjávarútvegsráðuneytinu. Á þetta blæs ég, með allri þeirri tækni sem er til í dag í fjarskiptabúnaði og annarri tækni. Það má ekki gleyma því að Fiskistofa er þjónustufyrirtæki fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Það segir sig sjálft að starfsemin þarf að vera nær sjávarútvegsfyrirtækjunum.

Að mínu mati er langvitlegast að hafa aðalstöðvar Fiskistofu á Akureyri. Akureyri er miðsvæðis og flugsamgöngur þangað eru mjög góðar. Þar eru einnig stór sjávarútvegsfyrirtæki sem eru með mikla starfsemi á Eyjafjarðarsvæðinu. Má þar nefna Samherja, Útgerðarfélag Akureyringa og Þormóð ramma. Á Stór-Reykjavíkursvæðinu minnka alltaf umsvif í sjávarútvegi. Sem dæmi eru minnkuð umsvif hjá HB Granda sem er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu. Er verið að flytja hluta af starfseminni á Akranes og Vopnafjörð. Fiskverksmiðja þeirra sem er kölluð Faxamjöl er að hætta störfum og þeir eru að byggja upp verksmiðju á Vopnafirði. Þetta eru verkefni sem liggja fyrir. Allir þingflokkar hafa haft það á stefnuskránni að flytja störf á landsbyggðina. Ef eitthvað hefur verið flutt á landsbyggðina hafa það verið sýnishorn og aðallega láglaunastörf.

Í lögum um Fiskistofu segir: „Fiskistofa skal starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegsmála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Fiskistofa heyrir undir sjávarútvegsráðherra."

Ég hef trú á því að hæstv. sjávarútvegsráðherra sem er mikill landsbyggðarmaður taki vel í þessar tillögur. Einnig segir í 1. gr.: „Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Í 2. grein segir: „Fiskistofa skal annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Þá skal Fiskistofa hafa með hendi eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða."

Hæstv. ráðherra og hv. þingmenn hljóta að sjá það að Fiskistofa á mikið frekar heima á landsbyggðinni og að starfsemi hennar yrði dreifð.

[20:24]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir áhugaverða hugmynd sem fram kom í ræðu hv. þingmanns. Hv. þingmaður fjallar mikið um hvar störfin eigi að vera. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hann sæi ekki fyrir sér að störfin ættu jafnvel að vera með öðrum hætti og áherslan sem lögð er á það að fylgjast með sjómönnum. Við sjáum að gríðarlega háar upphæðir fara í eftirlitið, eftirlit með mjög ósanngjörnu kerfi sem ekki virðist skila miklu. Við veiðum helmingi færri þorska en við gerðum áður en kerfið komst á. Þetta er svo ósanngjarnt að það þurfi alltaf meira og meira eftirlit í þetta. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi ekki skoðað kerfið með gagnrýnum hætti og hvort ekki mætti að einhverju leyti einfalda eftirlitið og minnka það þannig að kostnaður þjóðfélagsins og útvegsins af eftirlitinu minnki. Hvort að hann hafi hugsað það til enda hvort þetta sé í raun nauðsynlegt eftirlit. Það er margfalt meira eftirlit með sjómönnum landsins en með innflutningi á fíkniefnum.

Það vakna upp spurningar hjá mér þegar það þarf svona mikið eftirlit gagnvart harðduglegu fólki sem vinnur sína vinnu, miklu meira en er með harðsvíruðum glæpamönnum sem flytja inn eiturlyf sem rústa fjölskyldum landsins. Það virðist vera að það þurfi mjög mikið eftirlit með kerfinu, gæti það ekki einmitt verið áfellisdómur yfir kerfinu?

[20:26]

**Flm. (Ólafur Níels Eiríksson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek alveg undir það að sjómenn og fiskvinnslufólk er mjög duglegt fólk, en ég hef trú á því að fólk sem vinnur á Fiskistofu í dag hafi nóg að gera. Ég tel nauðsynlegt að vera með eftirlitið. Þetta er ein af stærstu út-

flutningsgreinum þjóðarinnar. Eins og Fiskistofa er byggð upp og starfar í dag tel ég alveg hægt að flytja stofuna út á landsbyggðina. Í samhengi við þetta væri kannski líka hægt að skoða hvort hægt væri að minnka eftirlitið eða möguleika á því að draga úr því. En ég tel að þarna fari fram mikið starf og því hlýtur að vera þörf fyrir eftirlit.

[20:27]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get bent hv. þingmanni á að það er til annars konar kerfi við að stýra fiskveiðum þar sem minna eftirlit þarf þannig að kraftar fólksins sem vinnur á Fiskistofu mundu nýtast til annarra verka en að vera í eftirlitsstörfum með harðduglegu fólki eins og hv. þingmaður nefndi og benti á.

Auðvitað er það öfugsnúið að við séum með miklu meira eftirlit með harðduglegum íslenskum sjómönnum en þeim sem eru að smygla inn eiturlyfjum til landsins. Það sér hver maður. Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á að það eigi að fara að skoða hvernig Færeyingar stýra fiskveiðum sínum. Þar þarf ekki allt þetta eftirlit. Þar er ekkert brottkast, það er enginn hvati til þess. Kerfi sem þarf svo gríðarlegt eftirlit og gríðarlega hörð viðurlög eins og dæmin sýna, að sjómaður vestan af fjörðum var dæmdur í milljón króna sekt fyrir að henda nokkrum fiskum í sjóinn sem hann hafði ekki kvóta fyrir.

Kerfið er óréttlátt, skilar ekki neinu og ég er á því að ungt fólk, sama í hvaða flokki það stendur, ætti að skoða þetta með gagnrýnum hætti hvort ekki ætti að fara í gegnum fiskveiðikerfið og eftirlit með því, einfalda það og gera það réttlátara þannig að við sitjum ekki uppi með stofnun sem þarf á að halda gríðarlega miklum fjármunum, á 9. hundrað milljón króna til þess að fylgjast með harðduglegu fólki og dugir ekki til. Fram hefur komið m.a. hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna að þeir vilja fá enn þá meiri pening til þess að fylgjast með sjómönnum. Það segir auðvitað sína sögu um fiskveiðistjórnarkerfið, óréttlætið og gagnsleysið, að miklu hærri upphæðir en fara í að fylgjast með fíkniefnainnflutningi duga ekki til að fylgjast með sjómönnum.

[20:29]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Mig langaði að segja örfá orð um þessa ágætu þingsályktunartillögu frá hv. þm. Ólafi Níelsi Eiríkssyni. Ég er í meginatriðum sammála henni og hvet til þess að sú nefnd sem fær tillöguna til umfjöllunar taki hana fyrir og skoði hvort ekki sé unnt að afgreiða málið aftur frá nefndinni fyrir þinglok þannig að hægt sé að taka afstöðu til þess áður en þing kemur saman. Ég held að það sé mjög mikilvægt að Alþingi sýni að því er full alvara með því að vilja að landið sé byggt. Staðan í byggðamálum hefur verið erfið á undanförnum árum. Menn hafa þó verið vongóðir á sumum svæðum landsins. Menn hafa verið vongóðir á Austurlandi vegna stóriðju og uppbyggingar sem af henni leiðir á því svæði. Menn hafa verið sæmilega vongóðir á Akureyri og síðan þeim svæðum sem eru nálægt höfuðborgarsvæðinu. En nú hefur þetta því miður að miklu leyti snúist við. Síðustu tölur eru þær að fólki fækkaði, eða brottflutningur er meiri en aðflutningur, jafnvel á Akureyri og vestur á Ísafirði er að renna upp fyrir mönnum að ástandið í íbúaþróun og stöðu atvinnulífsins er alvarlegra en menn höfðu áttað sig á til skamms tíma.

Það er skynsamlegt og eðlilegt af hálfu Alþingis að bregðast við og sýna ákveðni í því að vilja efla atvinnu um land allt. Þessi tillaga felur í sér pólitíska stefnumörkun sem miðar í rétta átt. Ég vil þó taka fram að ég er ekki viss um að það sé skynsamlegt að ætla sér að flytja heila stofnun í skyndingu. Ég stóð að vísu sjálfur að því á sínum tíma að flytja Byggðastofnun frá Reykjavík til Sauðárkróks. Það var svolítið sérstakt mál vegna eðlis stofnunarinnar en engu að síður var það ansi bratt. Ég er ekki viss um að ég mundi ráðleggja mönnum að fara að með sama hætti heldur ætla sér ákveðinn tíma til slíkra flutninga. Þeir munu óhjákvæmilega taka nokkur ár ef standa á þannig að verki að ekki tapist út úr stofnuninni verkþekking og kunnátta sem fylgir starfsfólkinu.

Ég bendi á að stjórnvöld skoði líka leiðir sem eru þekktar erlendis eins og í Danmörku. Ég kom á síðasta ári í stofnun í Danmörku sem hefur þó nokkurn hluta af starfsemi sinni þannig að hún semur við starfsfólk sem vinnur heiman frá sér í gegnum tölvu og býr víða um Danmörku. Þetta er að einhverju leyti hægt að gera í Fiskistofu og að miklu leyti í ýmsum öðrum stofnunum og störfum sem ríkið hefur upp á að bjóða. Ég tek eftir því að formaður Samfylkingarinnar hefur hreyft þessari hugmynd í vetur þannig að fleiri hafa fengið fréttir af því fyrirkomulagi sem við kynntum okkur í Danmörku, stjórn Tryggingastofnunar ríkisins.

Ég bendi á þetta og ég vil geta þess að ég er það róttækur í hugsun um þessi mál að ég tel að breyta eigi stjórnarskránni þannig að Stjórnarráðið sé að hluta til á Akureyri. Ég tel að vandinn liggi í miðsækni valdsins. Það að hafa allar stjórnarstofnanir á sama stað dregur allt annað í kringum þær til sín og síðan dregur það fólkið á eftir. Til þess að breyta þeirri þróun þarf að brjóta upp samansöfnun stofnanavaldsins. Ég vil a.m.k. ganga svo langt að setja niður eins og tvö ráðuneyti á Akureyri og sjá hvernig það mundi ganga næstu árin. Ég er sannfærður um að það mundi skila góðum árangri og engin vandkvæði yrðu í samskiptum milli þeirra ráðuneyta og annarra ráðuneyta og stofnana í Reykjavík, og stofnanir þessara tveggja ráðuneyta á Akureyri gætu allt eins verið í nálægum byggðarlögum. Það er engum vandkvæðum bundið, samgöngur eru góðar og öruggar og fjarskiptin það fullkomin að þetta á að vera hægt án nokkurra vandkvæða. En það mundi breyta hinni pólitísku þróun. Það er það sem skiptir máli og það er það sem ég sé í þessum hugmyndum.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, taka undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni. Það er eðli frjálslyndra sjónarmiða að líta á kerfið sem við er að glíma og leitast við að stjórna með þeim hætti að sem minnstar hömlur séu lagðar á frelsi manna og athafnir og að sem minnst eftirlitskerfi þurfi til að fylgja lögum og reglum eftir. Ég er sammála þingmanninum um afstöðu hans til stjórnar fiskveiða. Það er ákaflega viðamikið kerfi. Það er dýrt kerfi. Margir starfsmenn þurfa að vera á launum til þess að hafa eftirlit með veiðum og vinnslu og sérstak-

lega veiðunum. Það er mjög einfalt að hugsa upp aðra útfærslu á stjórnuninni sem hefur miklu minna eftirlit í för með sér og veitir að auki miklu áreiðanlegri upplýsingar um atvinnugreinina. Ég held að menn megi ekki gleyma því að horfa á kerfið sjálft í því samhengi.

Virðulegi forseti. Ég vildi stinga þessu inn í umræðuna þannig að menn hefðu það til umhugsunar ásamt því sem fram hefur komið. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þau sjónarmið sem liggja að baki þeirri tillögu sem hv. þm. Ólafur Níels Eiríksson hefur hér borið fram.

[20:37]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Níels Eiríksson hefur mælt fyrir tillögu til þingsályktunar um flutning á starfsemi Fiskistofu. Ég vil koma hingað upp til að lýsa því yfir að ég er hjartanlega sammála þeirri hugsun sem ég tel að liggi á bak við tillögu hans, þ.e. ég tek undir þá viðleitni að við reynum eftir fremsta megni að flytja starfsemi sem ríkið stendur fyrir í auknum mæli út á landsbyggðina. Ég tel að það sé mjög þarft og mjög gott og í mörgum tilfellum hægur vandi. Við höfum hvergi nærri staðið okkur nógu vel eða kannski réttara sagt ríkisstjórnin. Þeir flokkar sem setið hafa í ríkisstjórn undanfarin kjörtímabil, þ.e. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, hafa hvergi nærri staðið sig nægilega vel í því að flytja starfsemi á vegum ríkisins út á land. Vissulega hefur það verið gert í nokkrum tilfellum. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi hér áðan Byggðastofnun. Ég get líka nefnt Landmælingar. Þær aðgerðir hafa, að ég hygg, verið vel heppnaðar og þessar stofnanir hafa fundið sér góðan farveg og starfað af miklum krafti á þeim stöðum sem þær voru færðar til, þ.e. á Sauðárkróki og Akranesi.

Ég minnist þess líka að hæstv. dómsmálaráðherra hefur sýnt viðleitni í þessa átt með flutningi á ákveðnum verkefnum út á land t.d. á Blönduós og Hvammstanga. Ég vil segja, virðulegi forseti, að mér finnst það lofsvert en enn og aftur undirstrika að mér finnst hvergi nægilega að gert í þessum efnum.

Við vitum náttúrlega að fjölmargar byggðir úti á landi hafa verið í mikilli varnarbaráttu um langt skeið. Ástæðurnar fyrir því eru að sjálfsögðu flóknar og kannski ekki tími til að fara yfir þær allar í stuttri ræðu. Ég hygg að það sé mjög skilvirk og góð byggðaaðgerð, eða aðgerð til að reyna að sporna við þróun sem ég tel mjög neikvæða fyrir okkur Íslendinga sem þjóð til framtíðar, að flytja starfsemi á vegum ríkisins út á landi. Við vitum náttúrlega að með tilkomu internetsins hefur orðið bylting í fjarskiptum og samgöngur verða sífellt betri. Það verður æ auðveldara að halda uppi starfsemi af þessu tagi þó að hún sé ekki endilega á höfuðborgarsvæðinu. Í sjálfu sér er þessi tillaga lofsverð og vonandi til marks um það að Framsóknarflokkurinn, sem er flokkur hv. þm. Ólafs Níelsar Eiríkssonar, sé aðeins farinn að ranka við sér í þessum efnum. Það er þá ekki nema gott eitt um það að segja.

Þó grunar mig, virðulegi forseti, að þingsályktunartillagan, sem ég reikna með að verði send í sjávarútvegsnefnd, verði svæfð svefninum langa og muni ekki aftur koma til umræðu í þingsal. Engu að síður er þetta ágæt viðleitni og lofsverð. Ég held að það væri hægur vandi að gera einmitt það sem liggur hér á bak við, þ.e. að framkvæma hugsunina sem liggur á bak við, með því t.d. að flytja Fiskistofu út á land.

Ég tek undir orð hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um það að þessi tiltekna stofnun, þ.e. Fiskistofa, hefur náttúrlega blásið út. Mér sýnist að hv. þm. Ólafur Níels Eiríksson sé sammála því. Hann segir m.a. í greinargerð, með leyfi forseta: „Enginn sá fyrir sér hvað þessi stofnun átti eftir að blása út.“

Hún hefur svo sannarlega gert það, virðulegi forseti. Í nýjasta frumvarpi til fjárlaga, sem ég hef fyrir framan mig, má sjá að samkvæmt ríkisreikningi, að ég vænti, árið 2005 fékk þessi stofnun 696 millj. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 var gert ráð fyrir að 805 millj. kr. færu í Fiskistofu. Hér er um gríðarlega háar fjárhæðir að tefla. Það kemur fram í greinargerð að nú séu um 96 starfsmenn hjá Fiskistofu. Ég ætla í sjálfu sér ekki að gera lítið úr störfum þeirra en ég held að þessi stofnun sé að mörgu leyti afkvæmi þess óskapnaðar sem fiskveiðistjórnarkerfið er. Við kerfið er sífellt verið að bæta nýjum reglum, nýjum ákvæðum um aukið eftirlit, um það að ríkisvaldið skuli með öllum hugsanlegum hætti fara ofan í saumana á öllu því sem er gert varðandi nýtingu á fiskstofnunum umhverfis landið. Þetta er komið út í tóma vitleysu þegar við skoðum tölurnar.

Ef við berum þetta til að mynda saman við Hafrannsóknastofnun, sem fær samkvæmt fjárlögum nú á þessu ári 1,2 milljarða, fara hvorki meira né minna en 805 millj. í Fiskistofu. Heildarfjárveiting til hafrannsókna og eftirlits er samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2,6 milljarðar rétt rúmir og af því fara hvorki meira né minna en 805 millj. í reksturinn á Fiskistofu. Það fara ekki nema 245 millj. í matvælarannsóknir og ég segi ekki nema 1,2 milljarðar í hafrannsóknir.

Virðulegi forseti. Þessar tölur sýna að við erum á alvarlegum villigötum. Fiskistofa hefði aldrei orðið svona stór og umsvifamikil og dýr í rekstri ef ekki hefði til komið stjórnkerfi sem kallar á gríðarlegt eftirlit með heiðarlegu, vinnandi fólki. Fæstir eru að brjóta af sér en þó þarf til eftirlit, eins og kom fram í máli hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, sem kostar meiri peninga en veitt er til þess að berjast við raunverulegan skaðvald eins og smygl á fíkniefnum og framleiðslu og dreifingu á fíkniefnum hér á landi. Þessar tölur sýna með óyggjandi hætti að við erum á alvarlegum villigötum. Við þurfum að fara að hugsa okkur vel um. Það er kominn tími til að við tökum allt fiskveiðistjórnarkerfið til endurskoðunar og Fiskistofu líka og förum að hugleiða hvort við höfum einhvers staðar á rúmlega 20 ára vegferð gert mistök, hvort ekki sé kominn tími til að hugsa hlutina upp á nýtt.

Við í Frjálslynda flokknum höfum barist fyrir því um margra ára skeið að við færum að hugsa þessa hluti upp á nýtt. Við höfum kallað eftir umræðu um þessi mál. Það er alveg hárrétt, og það er staðfest í öllum tölum, að fiskveiðistjórnarkerfið eins og það er núna hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Fiskveiðistjórnarkerfið hefur að sjálfsögðu haft mjög mikil og neikvæð áhrif fyrir fjölmargar sjávarbyggðir umhverfis landið. Byggðirnar hafa verið sviptar sjálfsögðum rétti til að nýta náttúruauðlindir sínar og í tengslum við þessa umræðu er ég náttúrlega fyrst og fremst

að tala um nýtinguna á sjávarauðlindinni.

Það hefur gætt viðleitni hjá ráðherrum að flytja hluta af starfsemi Fiskistofu út á land en kannski er minnisstæðasta aðgerðin í þeim efnum þegar hæstv. fyrrv. sjávarútvegsráðherra, núverandi fjármálaráðherra, tók Fiskistofu á síðustu dögum sínum sem sjávarútvegsráðherra, setti hana í skottið á bílnum hjá sér og fór með hana suður í Hafnarfjörð. Sú hugmynd sem hér liggur fyrir gengur út á skynsamlegri aðgerðir en það.

[20:45]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég verð að því lýsa yfir að ég er sammála meginefni frumvarpsins, að skoða eigi hvort opinber störf sé ekki hægt að vinna á fleiri stöðum en einum á landinu. Athyglisvert er að ég man ekki eftir því á kjörtímabilinu að einhver ráðherra eða þingmaður Framsóknarflokksins hafi komið með einhverja tillögu þess efnis að fara með opinber störf út á land. Fyrir nokkrum árum, fyrir þetta kjörtímabil, voru dæmi um það, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi, að framsóknarmenn höfðu forgöngu um að flytja opinber störf út á land eins og Byggðastofnun og Íbúðalánasjóð. Nú virðist þetta vera gleymt og þau störf sem hafa verið flutt hafa verið minni háttar störf. Þó ber að þakka fyrir það að menn muni að einhverju leyti eftir flutningum starfa út á land. Þá vil ég nefna það sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur flutt á Blönduós og verkefnin sem hann hefur flutt m.a. í Búðardal, til sýslumannsins þar, varðandi ættleiðingarstörf o.fl., en þetta hefur ekki verið stórt.

Það sem fram hefur komið í svörum í þinginu er að straumurinn af opinberum störfum hefur verið af landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðið. Opinberum störfum hefur fækkað, það eru staðreyndir. Það er tímanna tákn að menn koma hér með þingsályktunartillögu um að flytja einhver störf, að það skuli vera hv. varaþingmaður, Ólafur Níels Eiríksson, sem skuli gera það og enginn þingmaður Framsóknarflokksins hafi komið með raunverulega tillögu á kjörtímabilinu um það að byggja eitthvað upp á landsbyggðinni. Það hefur ekkert verið. (Gripið fram í.)

Það var athyglisvert í dag að hæstv. byggðamálaráðherra sem er ekki í salnum, því miður, og mig undrar það ekki miðað við þann litla áhuga sem hann hefur sýnt byggðamálum, hafði engin svör í umræðum utan dagskrár í dag um hvað ætti að gera í byggðamálum. Það voru engin svör hjá hæstv. ráðherra. Hann kom bara með einhvern pistil úr ráðuneytinu sem var ekki innihaldsmikill, hann var vægast sagt innihaldsrýr. Ég spyr sjálfan mig: Er þetta það sem Framsóknarflokkurinn ætlar með í gegnum næstu alþingiskosningar, að vera með auðan seðil gagnvart landsbyggðinni og halda áfram með kerfi sem hefur rústað hverri byggðinni á fætur annarri, þá á ég við fiskveiðistjórnarkerfið? Maður spyr sig: Er þetta boðskapurinn til þeirra sem búa úti á landi og búa við það að hafa lægri laun en fólk á höfuðborgarsvæðinu? Á þetta fólk virkilega að fara að kjósa Framsóknarflokkinn, og til hvers í ósköpunum, hvað hafa þessir menn upp á að bjóða? Fram kom í dag í umræðum að það var nákvæmlega ekki neitt.

Tillagan sem hér kemur fram er að mörgu leyti ágæt en samt sem áður verða menn að fara í gegnum Fiskistofu. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Ólafi Níelsi Eiríkssyni að margt gott starfsfólk vinnur þar, en það vinnur í kerfi sem er alvont. Það er verið að telja fiska upp úr sjónum og vinna í mjög ranglátu kerfi þar sem þeir sem eru að vinna og draga bein úr sjó þurfa jafnvel að leigja aflaheimildir fyrir 70%, það rennur strax út úr rekstrinum fyrir það eitt að fá að renna fyrir fisk. Þetta er auðvitað óþolandi. Þeir sem bera raunverulegan hag landsbyggðarinnar fyrir brjósti eiga ekki að sætta sig við slíkt kerfi. Þó svo að einhver störf séu flutt út á land, þó að þau væru 100 á Fiskistofu, hefur það ekkert að segja miðað við eyðingarmátt kerfisins sem stofnunin á að gæta. Stofnunin á að gæta kerfis sem er alvont í eðli sínu og hefur ekki skilað einu né neinu.

Við verðum að gæta að því að fiskatalningin er hrein og klár vitleysa. Að vera að telja upp úr trillum nokkra þorska og jafnvel að sekta harðduglega menn fyrir að koma ekki með þann afla sem þeir draga í land vegna þess að þeir eiga ekki kvóta fyrir honum í ranglátu kerfi fyrir á aðra milljón er hrein og klár vitleysa. Við verðum að gæta að því að allur sjávarafli Íslendinga á síðasta ári var 1,4 milljónir tonna. Hvað er hrefnan ein að éta? Hún er að éta jafnvel á þriðju milljón tonna og við höldum að við stýrum fiskveiðum með því að binda flotann við bryggju og vera að stýra því og telja upp úr trillunum og jafnvel að loka heilu veiðisvæðunum og höldum að það verði einhver uppbygging á fiskstofnunum. Það er alrangt og ég held að kerfið þurfi að fara í rækilega endurskoðun.

Þingsályktunartillagan dregur í rauninni fram og kristallar hvað kerfið er vitlaust. Það að á annað hundrað manns þurfi að fylgjast með harðduglegum sjómönnum segir það að kerfið er alvitlaust. Þegar við erum að vernda kerfi og þeir sem eiga hagsmuna að gæta í því vilja fjölga eftirlitsmönnunum enn meira og gera eftirlitið enn þá öflugra, þá spyr maður sig: Hvað á að ganga langt? Ég held að það sé löngu tímabært að fara í gegnum það hvort við eigum ekki einfaldlega að breyta kerfinu, það er rótin að því hvað byggðaröskunin hefur verið geigvænleg á landsbyggðinni. Það eina sem íbúar landsbyggðarinnar sjá er að fá mögulega að nota orkuauðlindir sínar til þess að knýja orkufrekan iðnað svo sem álver. Það er það eina sem má, en ef nýta á auðlindina sem er í firðinum þeirra, við hafnarkjaftinn, þá er það bannað og það þarf að borga fyrir fram 70% í það að leigja aflaheimild.

Kerfið er alrangt og hefur ekki skilað neinu og ég vona svo sannarlega af því að hér kveður við nýjan tón hjá hv. þingmanni, hann sér að framsóknarmenn hafa ekki staðið sig á kjörtímabilinu og reynir að bjarga því sem bjargað verður og kemur þess vegna með þessa þingsályktunartillögu. Það ber auðvitað að virða það og þakka fyrir hana og það væri sómi að því ef hæstv. ráðherra byggðamála mundi taka þetta mál og nýta síðustu vikurnar til þess að renna í gegnum það og sjá hvort ekki sé hægt að (Forseti hringir.) láta hendur standa fram úr ermum hvað þetta varðar.

[20:54]

**Flm. (Ólafur Níels Eiríksson):**

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir að það væri upplagt að hæstv. sjávarútvegsráðherra skoðaði vinnureglur um lög um Fiskistofu, en í mínum huga er bara einn stjórnmála-

flokkur sem hefur hugsað, framkvæmt og búið til störf úti á landsbyggðinni og það er Framsóknarflokkurinn.

Í lokin vil ég þakka fyrir góðar undirtektir og góðar umræður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–22. og 26.–29. mál.

Fundi slitið kl. 20:55.

---

# 80. FUNDUR

miðvikudaginn 28. febr.,
kl. 12 á hádegi.

**Dagskrá:**

*Til forsætisráðherra:*

1. Aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu, fsp. HHj, 548. mál, þskj. 817.
2. Fjárskuldbindingar ráðherra fyrir hönd ríkisins, fsp. LB, 584. mál, þskj. 866.
3. Aðgengi og afþreying í þjóðgarðinum á Þingvöllum, fsp. GHall, 614. mál, þskj. 914.

*Til iðnaðarráðherra:*

4. Fólksfækkun í byggðum landsins, fsp. KLM, 562. mál, þskj. 837.
5. Hækkun raforkugjalda, fsp. KLM, 563. mál, þskj. 838.

*Til fjármálaráðherra:*

6. Virkjanaundirbúningur Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár, fsp. SJS, 632. mál, þskj. 940.

*Til heilbrigðisráðherra:*

7. Bólusetningar gegn leghálskrabbameini, fsp. SæS, 585. mál, þskj. 867.
8. Bótaskyldir atvinnusjúkdómar, fsp. GÓJ, 611. mál, þskj. 911.

*Til samgönguráðherra:*

9. Marco Polo áætlun Evrópusambandsins, fsp. AKG, 608. mál, þskj. 908.

[12:01]

**Útbýting:**

Fornleifaskráning, 532. mál, svar menntmrh., þskj. 978.

Tónlistarnám og fjárhagslegur stuðningur við tónlistarskóla, 407. mál, svar menntmrh., þskj. 979.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Kjaradeila grunnskólakennara.

[12:01]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég hef óskað eftir því að kveðja mér hljóðs undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins til að taka hér upp við forsætisráðherra þann hnút sem er í kjaraviðræðum sveitarfélaga og kennara. Eins og við munum voru harðar kjaradeilur á árinu 2004 sem enduðu með lagasetningu á þinginu í nóvember 2004, lögum sem sett voru á verkfall kennara. Eins og við vitum er mjög varhugavert að grípa þannig inn í kjaradeilur vegna þess að út úr því koma þvingaðir samningar og það er ljóst að kennarar eru mjög ósáttir við niðurstöðu þeirra. Við samfylkingarþingmenn vöruðum við þessari lagasetningu og töldum að verið væri að skjóta vandanum á frest, þetta mundi leiða til þess að mórallinn í kennarastéttinni hryndi, við værum með kennarastétt sem hefði verið gerð afturreka, væri óánægð með kjör sín og að út úr þessu kæmu bara verri skólar.

Við eigum gríðarlega mikið undir því að skólastarf í landinu sé gott og að skólarnir séu reknir af metnaðarfullu fólki sem finnst það metið að verðleikum. Nú er deilt um grein 16.1 í kjarasamningunum um það hvernig eigi að meta almenna verðlags- og kjaraþróun. Það er ljóst að á þessu tímabili, 2004–2006, hefur verðbólga líklega verið um 9% og í þeim efnum er auðvitað við ríkisstjórnina að sakast. Vandi sveitarfélaganna er mikill, mörg þeirra hanga á horriminni og þess vegna hafa þau takmörkuð úrræði og kannski ekki mikið að bjóða.

Nú hefur bæjarstjórinn í Hafnarfirði lagt það til að einhvers konar kjaradómur verði settur í málinu, en til þess að einhver niðurstaða náist í þessu er mikilvægt að ríkisstjórnin axli sína ábyrgð. Hún ber ábyrgð á þeirri verðbólguþróun sem hefur verið hér, hún ber ábyrgð á því að hafa gripið inn í kjarasamningana 2004 og hún ber auðvitað ábyrgð á þeirri tekjuskiptingu sem hér er á milli ríkis og sveitarfélaga. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvernig ríkisstjórnin hyggist koma til móts við sveitarfélögin þannig að þau geti leyst úr þessum hnút sem er mjög brýnt mál fyrir skólastarf í landinu.

[12:04]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Það hefur áður komið fram í umræðum um þetta mál hér að hér er um að ræða samningsverkefni milli sveitarfélaganna og kennarasamtakanna. Því verður ekki breytt. Ég held hins vegar að það sé áhyggjuefni ef ekki rætist úr á þessum vettvangi milli samningsaðilanna, auðvitað verðum við að vona að þeir nái saman um niðurstöðu sem getur komið í veg fyrir átök og tryggt samfellt og gott skólastarf eins og allir hljóta að vona. Verkefnið er ekki á borði ríkisstjórnarinnar, það er á borði sveitarfélaganna og þeirrar launanefndar sem sveitarfélögin hafa sameiginlega komið á fót.

Ég vil segja það út af hugmyndinni sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni og ættuð er frá bæjarstjóranum í Hafnarfirði varðandi gerðardóm eða þess háttar að allt sem getur leyst svona mál er auðvitað til góðs, hvaðan svo sem slíkar hugmyndir koma, en það verður þá að vera verkefni deilu-

aðilanna að koma sér saman um farveg ef þeir vilja fara einhverja aðra leið en þá hefðbundnu sem er auðvitað kjaraviðræður þeirra í milli.

[12:05]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er ljóst að það ber himin og haf í milli launanefndar sveitarfélaga og viðsemjenda kennara. Það horfir illa í grunnskólastarfi okkar og hefur gert núna um langt skeið. Frá því að kennararnir voru reknir til starfa með hótun um lagasetningu hefur verið mikil óánægja í stéttinni og það ber himin og haf í milli þessara viðsemjenda.

Verðbólgan, óstöðugleikinn og sú kjaraþróun sem hefur orðið til út af óstöðugleika og verðbólgu gera það að verkum að kennarar gera kröfur um 7% launahækkun en launanefnd sveitarfélaganna býður rúmlega 0,7%. Þetta er ákvæði sem kennt er við grein 16.1 og þarna ber himin og haf í milli og það er augljóst að til að brjótast út úr þessari stöðu þarf að grípa til einhverra aðgerða. Það verður að komast inn í þessa stöðu og þess vegna er grátlegt að hæstv. forsætisráðherra telji sig málið bókstaflega ekkert varða. Maðurinn sem ber ábyrgð á verðbólgunni, maðurinn sem rak kennarana aftur til starfa með hótun um lagasetningu, honum kemur málið ekkert við og vill ekkert ræða það hér, vill ekki ræða eðlilega og brýna fyrirspurn frá formanni Samfylkingarinnar um aðkomu ríkisins að því að endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Þar er nefnilega vitlaust gefið. Sveitarfélögin eru beitt ranglæti af ríkinu, þau hafa ekki notið þenslunnar í þeim mæli sem ríkissjóður hefur gert og það verður að bæta sveitarfélögunum það og gera þeim kleift að standa undir þessu stærsta og brýnasta verkefni sínu sem er að reka grunnskólana í landinu og rífa þannig skólastarf upp úr miðlungsstöðunni til þess að við getum reist hér bestu skóla í heimi. Við eigum að reisa virðingu og starfskjör kennara við, þar þarf ríkisvaldið að koma að, þetta er ekki einkamál sveitarfélaga. Málið er í strandi og þess vegna er fagnaðarefni sú hugmynd sem bæjarstjórinn í Hafnarfirði kemur með um að (Forseti hringir.) kjaradómur leysi deiluna. Hæstv. forsætisráðherra hlýtur, ef hann lætur af fálæti sínu, að fagna þeirri hugmynd.

[12:07]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur komið fram liggur auðvitað ekki beint við að hér sé tekin til meðferðar á Alþingi kjaradeila sú sem kennarar eiga í við launanefnd sveitarfélaganna. Á hitt verður að líta að það er á ábyrgð menntamálayfirvalda að starfsumhverfi það sem kennarastéttinni er boðið sé með þeim hætti að þangað safnist áfram hæft fólk. Hæfasta fólkið í samfélagi okkar til að kenna börnunum okkar þarf að vera við kennarastörf og það skiptir verulegu máli hvernig búið er að þessari stétt því að það er um að tefla framtíð barnanna okkar, framtíð samfélags okkar. Gríðarleg ábyrgð hvílir á menntamálayfirvöldum og ríkisstjórninni allri í þessum efnum.

Þar kemur tvennt til þar sem ríkisstjórnin getur verulega beitt sér. Það er í fyrsta lagi það sem hér hefur verið nefnt, tekjujöfnun milli ríkis og sveitarfélaga. Það skiptir máli að þar sé haldið þannig á spilunum að sveitarfélögin þurfi ekki að kvarta og kveina á þeim nótum sem gert hefur verið undanfarin ár. Það hefur verulega hallað á sveitarfélögin í þeirri tekjujöfnun sem við samkvæmt lögum höfum reynt að setja á, reynt að koma á. Ríkisstjórnin verður að taka upp kjarajöfnunarmálin og tryggja að sveitarfélögin séu þannig í stakk búin að þau geti greitt þann grunnskóla sem menntamálayfirvöld hafa ákveðið fyrir sitt leyti að eigi að reka.

Ábyrgðin er að stórum hluta ríkisstjórnarinnar og hún varðar peningamál. Ríkisstjórnin verður auðvitað að átta sig á því að það þarf að taka á í þessu máli núna vegna þess að ótti fólks um það að við stefnum hér inn í óbærilegt ástand er orðinn áþreifanlegur í samfélaginu. Ríkisstjórnin ber að hluta til ábyrgð á þeim ótta og þarf að grípa til aðgerða.

[12:09]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Rekstur grunnskólanna er eitt stærsta verkefni sveitarfélaganna og það sem tekur til sín drýgstan hluta af tekjum þeirra. Þess vegna er það þannig að þegar sveitarfélögunum er svona þröngur stakkur skorinn í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafa þau kannski ekki ýkja mikið að bjóða og kennarastéttin, þessi stóra stétt, líður fyrir það. Þess vegna er þetta mál sem verður að vera og á að vera á borði ríkisstjórnarinnar. Hún hefur ekkert mjög langan tíma, aðeins það sem eftir lifir af þessu þingi, til að taka á þessum málum. Það er hálfur mánuður eftir, það er ljóst að sveitarfélögin í landinu munu halda sitt þing núna í lok mars og þá verða sveitarfélögin að vita við hverju þau mega búast.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki ríkisstjórnarinnar að ákveða einhliða og koma með einhverjar gjafir í aðdraganda kosninga eins og hún tíðkar, heldur á málið að koma til kasta þingsins og við eigum að takast á við þennan rekstrarvanda sveitarfélaganna þannig að sveitarfélögin geti gert vel við sitt fólk, við grunnskólakennara sína. Einhver mikilvægasta þjónusta sem sveitarfélögin halda uppi er grunnskólinn og leikskólinn. Ef það er eitthvað sem skiptir þessa þjóð máli er það menntun okkar unga fólks.

Það er vitlaust gefið í þessum efnum og það þarf að taka á því. Málið á líka að vera á borði ríkisstjórnarinnar vegna þess að sett voru lög á kennara, gleymum því ekki. Í nóvember 2004 tók Alþingi ábyrgð á þessu máli með því að setja lög á verkfall kennara. Við í Samfylkingunni vorum að vísu á móti því og vorum sannfærð um að það leysti ekki málið, og það er komið á daginn. Nú standa kennarar uppi með þetta ákvæði sem gaf þeim ákveðna von um að þeir fengju einhverjar bætur vegna þeirrar verðbólgu sem hér hefur verið en það er verið að bjóða þeim 0,75%. Það er ekki nóg og það mun ekki leysa málið og (Forseti hringir.) þess vegna verður ríkisstjórnin að láta það til sín taka.

[12:12]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Það er auðvitað hárrétt og ber að þakka fyrir það að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tekur upp þetta mál og ræðir það á hinu háa Alþingi. Það sem

er alvarlegt er sinnuleysið og afskiptaleysið sem ríkisstjórnin hefur í þessum málum, samanber lítil og léleg svör hæstv. forsætisráðherra um þetta mál en menntamálaráðherra er að vísu ekki í landinu.

Um hvað snýst deilan? Hún er í framhaldi af setningu laga á kennara í nóvember 2004 og snýst um túlkun á þeirri grein sem er mikið rædd núna og sem einhverjir túlka sem 0,75% kjarabætur til kennara. Er það nema von, virðulegi forseti, að allt skólastarf í landinu sé sett í uppnám með þessu eins og þarna kemur fram? Hvers vegna geta sveitarfélögin ekki samið? Það er vegna þess að ríkisstjórnin hefur hirt af þeim miklar tekjur, skert tekjur þeirra eins og t.d. með fjármagnstekjuskattinum. 2.200 einstaklingar greiddu á síðasta ári einungis fjármagnstekjuskatt — ekkert af því fór til sveitarfélaganna — og svo kemur hæstv. forsætisráðherra í ræðustól Alþingis og hefur nánast ekkert um málið að segja. Hvers konar vinnubrögð eru þetta frá hæstv. ríkisstjórn?

Það er staðreynd að sveitarfélögin geta þetta ekki. Við þingmenn Norðausturkjördæmis áttum fund með einni sveitarstjórn ekki alls fyrir löngu þar sem sýnt var fram á að 70% af tekjum þeirra fara í skólamál. Menn eru farnir að tala um að skera niður alls konar þjónustu til að ná endum saman.

Málið er fyrst og fremst á borði ríkisstjórnarinnar gagnvart sveitarfélögunum. Það sem hefur gerst, virðulegi forseti, frá því að skólarnir voru færðir yfir til sveitarfélaganna er að það sem ekki mátti nefna meðan skólarnir voru á borði ríkisvaldsins er búið að setja í lög núna um skyldur sveitarfélaganna án þess að sveitarfélögin hafi fengið nokkra tekjustofna með því.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin ætti að hunskast til að (Forseti hringir.) klára þetta mál gagnvart sveitarfélögunum þannig að leysa megi þessa alvarlegu kjaradeilu sem fram undan er.

[12:14]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegur forseti. Það er eiginlega alveg merkilegt að verða vitni að því hér aftur og aftur hvernig þessi hæstv. ríkisstjórn þvær hendur sínar algjörlega af sveitarfélögunum í landinu, þessi ríkisstjórn sem árum saman og hvað eftir annað hefur höggvið í sama knérunn einmitt gagnvart sveitarfélögunum, sett á þau nýjar álögur og skert tekjustofna þeirra með nýjum lagasetningum.

Það vill þannig til, virðulegur forseti, að ég fékk í gærkvöldi bréf frá konu sem var að þakka mér fyrir utandagskrárumræður sem hér voru í gær og nýtti tækifærið til að reifa málefni lítilla skóla á landsbyggðinni. Þessi kona þekkir greinilega vel til því að hún fór yfir landið og rakti hvernig til stendur að loka hverjum skólanum á fætur öðrum víðs vegar á landsbyggðinni hringinn í kringum landið.

Hver skyldi ástæðan vera, virðulegur forseti, nema fjárhagur sveitarfélaganna í landinu, sveitarfélaganna sem ríkisstjórnin hefur svelt og heldur áfram að svelta og kemur niður á börnum landsins. Það er nefnilega hin endanlega niðurstaða, að börnin verða fyrir barðinu á þessari ríkisstjórn. Þau verða ýmist að vera aðskilin frá foreldrum sínum um nætursakir, jafnvel nóttum og dögum saman, eða að þau þurfa að sitja í bíl tímunum saman daglega. Þetta er eitt af því sem þessi ríkisstjórn ber ábyrgð á og þetta er eitt af því sem er að leggja landsbyggðina í rúst.

[12:16]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Fálæti hæstv. forsætisráðherra í þessu máli er með algerum ólíkindum. Það er ámælisvert. Staða sveitarfélaganna er að sjálfsögðu á ábyrgð ríkissjóðs, ríkisvaldsins. Meðan ríkissjóður hefur fitnað í þenslu síðustu ára hafa sveitarfélögin skilað tugmilljarða halla á hverju einasta ári. Staða þeirra er grafalvarleg. Fræðslumálin eru 50–60 og upp í 70% af rekstri einstakra sveitarfélaga sem eru mjög misjafnlega stór og burðug. Staðreyndin er einfaldlega sú að mörg þeirra valda ekki þessu mikilvægasta verkefni sínu. Hér er um að ræða framtíð íslenskra grunnskóla. Hér er um að ræða einhverja mikilvægustu samfélagslegu starfsemi okkar þjóðfélags og staðan er sú að starfi skólanna er teflt í voða og uppnám. Það er í óvissu.

Það er mikil óvissa um það hvort mesta atgervisfólkið í skólunum gengur þaðan út næsta haust, hættir þar störfum og leitar í önnur störf út af djúpstæðri óánægju með kjaramál sín. Sú óánægja speglast að sjálfsögðu best í því að launanefnd sveitarfélaga býður 0,75% kjarabætur en kennararnir fara fram á 7% út af kjaraþróun síðustu ára. Að sjálfsögðu eru ríkisstjórnin og hæstv. forsætisráðherra, sem hér situr fámáll á bekknum og kemur ekki upp aftur, aldrei stikkfrí frá þessum málum.

Þetta eru einhver mikilvægustu málefnin. Skólastarfið er í uppnámi og það er undarlegt að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki tjá sig efnislega um stöðu málsins og hvort til greina komi að ríkisvaldið komi að viðræðum við sveitarfélögin um að bæta þeim tekjuskiptinguna. Það er vitlaust gefið, það er ranglæti í stöðunni, ríkisvaldið verður að koma að þessu máli og forsætisráðherra að láta af fálæti sínu í garð þessa stóra og mikilvæga máls. Skólastarfið er í uppnámi. Hæstv. (Forseti hringir.) forsætisráðherra er ekki stikkfrí.

[12:18]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Það er ótrúlegt að sitja hér úti í þingsal og horfa til hæstv. forsætisráðherra sem situr í sæti sínu hnípinn, kemur ekki aftur í umræðuna og tekur ekki frekari þátt í þeirri umræðu sem hér hefur skapast um fjárhagsvanda sveitarfélaganna sem er meginástæðan fyrir því að sveitarfélögin treysta sér illa í samningagerð við grunnskólakennara núna.

Hvað þýðir það að hæstv. forsætisráðherra sitji kyrr og komi ekki í þá umræðu? Hefur hæstv. forsætisráðherra ekkert að segja þingheimi um það hvort til standi að taka upp tekjuskiptinguna milli ríkisins og sveitarfélaganna? Hefur hæstv. forsætisráðherra sem var hæstv. fjármálaráðherra í langan tíma og ábyrgur einmitt fyrir því að semja við sveitarfélögin um skiptingu tekna ekkert um málið að segja? Eru engin skilaboð til þeirra sem stýra sveitarfélögunum nú í aðdraganda landsþings sveitarfélaganna?

Það er ótrúlegt að verða vitni að slíku fálæti eins og hæstv. forsætisráðherra sýnir okkur í þessu máli. Það hlýtur

að segja okkur að það sé lítill vilji hjá hæstv. ríkisstjórn til að koma inn í málið og til þess að ræða í alvöru við sveitarfélögin um tekjuskiptinguna.

Það sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur gert á undanförnum árum er að hafa fé af sveitarfélögunum. Það er í formi laga sem sett hafa verið um einkahlutafélög þar sem fjöldi launþega er farinn að taka laun sín í gegnum fjármagn og greiðir sáralítið og jafnvel ekki neitt í samfélagslega sjóði hjá sveitarfélögunum.

Af því hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram gagnvart sveitarfélögunum undanfarin ár sést að hún ætlar ekki (Forseti hringir.) að leiðrétta þessa tekjuskiptingu. Því verðum við að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Stendur til að gera eitthvað í málinu?

[12:20]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að ræða hér um fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna um landið sem er að verða býsna alvarleg þótt það sé mismunandi eftir einstökum landsvæðum.

Það er tvennt sem ég vil draga hér fram til að undirstrika þá þróun sem hefur verið í gangi, í fyrsta lagi að meðaltekjur fólks fyrir atvinnu sína hafa farið lækkandi utan höfuðborgarsvæðisins sem hlutfall af tekjum þeirra sem hafa atvinnu sína á höfuðborgarsvæðinu. Það eru ekki mörg ár síðan tekjur á Vestfjörðum voru þær hæstu á landinu og meðaltekjur fólks þar voru miklu hærri en t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Nú er staðan orðin þannig að meðaltekjur á Vestfjörðum eru 18% lægri en meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu. Á Norðurlandi vestra eru þær lægstar á landinu, yfir 20% lægri en meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu. Þannig eru t.d. að meðaltali tekjur heimilis á Norðurlandi vestra nærri 100 þús. kr. lægri á mánuði en á höfuðborgarsvæðinu.

Af þessum tekjum hafa sveitarfélögin útsvör sín og það segir sig sjálft að þegar þau eru lægri hafa sveitarfélögin lægri tekjur en þau hafa sömu skyldur og svipuð útgjöld.

Í öðru lagi hefur orðið sú breyting á tekjuskiptingunni á síðustu átta árum að um 17% af heildarlaunasummu landsmanna eru núna af fjármagni, um 130 milljarðar kr. Af þessum tekjum hafa sveitarfélögin í dag engar tekjur en hefðu 13%, um 15 milljarða kr., ef þetta væru launatekjur. Þarna er um að ræða mikið tekjufall sveitarfélaga, (Forseti hringir.) virðulegi forseti.

## *Aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu.*

Fsp. HHj, 548. mál. — Þskj. 817.

[12:23]

**Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):**

Virðulegur forseti. Á undanförnum missirum hefur farið fram vaxandi umræða um upptöku evrunnar sem myntar okkar Íslendinga. Það er full ástæða til, og eðlileg umræða enda hverjum manni augljóst að íslenska krónan á ekki framtíðina fyrir sér þó að hún kunni að duga okkur enn um sinn.

Alþjóðavæðing og vaxandi frjáls milliríkjaviðskipti leiða einfaldlega til þess að myntsvæðum fækkar og þau stækka. Ólíklegt verður að telja að í fyrirsjáanlegri framtíð muni heimurinn skiptast í fjögur myntsvæði, þ.e. japanska jenið, bandaríkjadal, evruna og íslensku krónuna.

Það er fyrst og fremst spurning um hvenær og hvernig þessar breytingar verða, og nauðsynlegt fyrir okkur að ræða það og kannski einmitt ekki síst þegar hér hefur verið hagvöxtur samfelldur um nokkurn tíma og staða okkar eigin gjaldmiðils nokkuð sterk í sögulegu samhengi. Þessar ákvarðanir þurfum við að taka í styrkleika og að eigin frumkvæði en ekki að hrekjast undan í efnahagslegum erfiðleikum sem við kunnum að eiga við að glíma í framtíðinni.

Breytingar á mynt þeirri sem við notum hér geta auðvitað fært með sér ýmsa jákvæða hluti, bæði fyrir neytendur og fyrirtæki. Þannig er íslenska krónan í sjálfu sér viðskiptahindrun. Rannsóknir sýna að með því að leggja af slíka viðskiptahindrun aukast milliríkjaviðskipti, aukast útflutningsviðskipti þeirra þjóða sem það gera með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrir atvinnulífið í viðkomandi löndum.

Sömuleiðis geta íslenskir neytendur bundið ákveðnar vonir við að meiri líkur séu á því en minni að dragi úr því vaxtastigi sem hér hefur verið og þeirri ógnarverðbólgu sem neytendur hér hafa á stundum þurft að þola, m.a. þessi missirin. Hér má búast við stöðugra efnahagsumhverfi en verið hefur því að hagstjórn okkar hefur einkennst af mjög miklum sveiflum og krónan kannski verið óhjákvæmilegur fylgifiskur þess, þ.e. eina leiðin til að eiga við þær sveiflur hefur verið þessi minnsta flotmynt í heimi, þær eru þannig óaðskiljanlegar.

Til þess að við getum yfir höfuð rætt um það hvort hér eigi að taka upp evru sem mynt þjóðarinnar er auðvitað nauðsynlegt að við uppfyllum þau lágmarksskilyrði sem eru fyrir því að vera hluti af hinu evrópska myntsamfélagi sem kallað er EMU, Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Ég spyr þess vegna forsætisráðherra hvaða skilyrði það eru sem við ekki uppfyllum og hvort það (Forseti hringir.) sé von til þess að við getum uppfyllt þau. Þau hljóta að snúa að vaxtastiginu, að verðbólgunni og síðast en ekki síst að stöðugleika gjaldmiðilsins.

[12:26]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr hvaða skilyrði fyrir aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu Ísland uppfylli og hver ekki, og hvort von sé til þess að við munum uppfylla þau öll einhvern tímann.

Það má segja að þetta sé áhugaverð spurning, fræðilega séð, en efnislega hefur hún ekki mikla þýðingu vegna þess að við uppfyllum ekki meginskilyrði fyrir aðild að Efnahags- og myntbandalaginu, sem er það að vera aðili að Evrópusambandinu. Það er skilyrði númer eitt.

En þau aðildarríki ESB sem gerast aðilar að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu þurfa að uppfylla fimm meginskilyrði um árangur í efnahagsmálum. Þau eru í fyrsta lagi að halli á ríkissjóði sé minni en 3% af landsframleiðslu, í öðru lagi að heildarskuldir hins opinbera séu lægri en 60% af landsframleiðslu, í þriðja lagi að verðbólga sé ekki meiri

en verðbólga í þeim þremur löndum þar sem hún er lægst, að viðbættu 1,5%. Í fjórða lagi að langtímavextir séu ekki hærri en í þeim löndum þar sem verðlag er stöðugast, að viðbættum 2%. Og í fimmta lagi að gengi gjaldmiðla haldist innan opinberra sveiflumarka bandalagsins, sem nú eru 15%, í að minnsta kosti tvö ár.

Eins og nú standa sakir uppfyllir Ísland fyrstnefndu tvö skilyrðin.

Spurt er hvort ráðherra hafi von um að Ísland geti uppfyllt hin í náinni framtíð. Ég hef að sjálfsögðu góða von um það en ítreka að uppfylling þeirra hefur enga formlega þýðingu nema fyrir þau ríki sem aðilar eru að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu.

[12:28]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er ákveðin afstaða fólgin í spurningunni sjálfri: Hefur ráðherra von um að Ísland geti uppfyllt skilyrði um aðild að Evrópusambandinu? Ég vil láta það koma fram að ég er ekki áhugamaður um að Íslendingar verði aðilar að Evrópusambandinu og tel ekki að Íslendingar eigi sérstaklega að keppa að því að uppfylla einhver skilyrði sem aðrir setja.

Við eigum fyrst og fremst að uppfylla okkar eigin skilyrði um efnahagsstjórn og markmið um stöðugleika í verðbólgu, vöxtum og gengi. Við getum sett okkur þau skilyrði og uppfyllt þau af eigin rammleik alveg eins og menn geta af eigin rammleik látið þetta misfarast, eins og hæstv. ríkisstjórn hefur gert á undanförnum árum. Það hefur verið algjörlega hennar eigið verk að koma málum svo fyrir að hér hefur skapast mjög mikil þensla í þjóðfélaginu með tilheyrandi verðbólgu sem kostar heimilin í landinu stórfé á hverju ári. (Forseti hringir.)

[12:29]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að spurt sé um þessa hluti. Flestum er ljóst að íslenski gjaldmiðillinn er með þeim hætti að jafnvel eitt af hinum stóru fyrirtækjum hér á markaðnum getur bókstaflega rúllað honum fram og til baka ef þeim aðilum býður svo við að horfa. Það er ekki geðsleg framtíðarsýn að eiga von á því að ef mönnum þóknast af hagsmunum sínum að skoppa krónunni upp eða niður þurfi íslensk stjórnvöld að búa við það.

Það hefur ekki farið fram mikil umræða um það sem seðlabankastjóri sagði fyrir fáum dögum. Hann sagði að krónan væri ekkert á leiðinni út, ekki að minnsta kosti á næstu 10 árum. Það hefði verið tekið eftir því í öðrum löndum ef seðlabankastjóri hefði látið slíkt út úr sér, hefði gefið gjaldmiðlinum sínum 10 ár eða eitthvað svoleiðis. En það var ekki tekið mikið mark á þessum ummælum.

Það er samt ástæða til að taka eftir þeim. Það er nefnilega þannig að menn þurfa að horfast í augu við það að gjaldmiðillinn er ekki heppilegur með þeim hætti sem hann hefur verið í þessu agnarlitla hagkerfi (Forseti hringir.) sem við búum við.

[12:31]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Þeim fjölgar boðberum endaloka íslensku krónunnar. Núna síðast vað það Sigurjón M. Árnason, bankastjóri Landsbankans, í viðtali við hið prýðilega tímarit Krónikuna sem er nýstofnað og kemur út vikulega. Þar færir hann gild rök fyrir því að þetta minnsta myntsvæði í heiminum geti ekki með neinum hætti staðið undir þessum gjaldmiðli til lengdar. Þess vegna er ástæða til að taka undir orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um það að verðbólgan, gengissveiflurnar og smæð myntsvæðisins hlýtur að marka, í þessum breytta heimi stórra myntsvæða, endalok íslensku krónunnar einhvern tíma í náinni framtíð. Meira að segja þegar Davíð Oddsson seðlabankastjóri, og einhver dyggasti varðhundur íslensku krónunnar, er farinn að gefa henni áratug í mesta lagi þá er ástæða til að spyrja stórra spurninga. Þess vegna er ágætt að spyrja hæstv. forsætisráðherra í leiðinni hvort hann telji að Ísland muni einhvern tíma í náinni framtíð uppfylla frumskilyrði fyrir aðild að Efnahags- og myntbandalaginu með aðildarumsókn og kannski fullri aðild í framhaldinu að Evrópusambandinu sjálfu þar sem hann svaraði sjálfur spurningu með spurningu.

[12:32]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Við erum afar langt frá því að uppfylla þau skilyrði sem við náum ekki að uppfylla í dag og svo langt frá því að uppfylla þau að það gefur okkur mjög skýrt til kynna hver óstöðugleikinn hefur verið hér hvað varðar gengismálin, hvað varðar vextina, og ég held að öllum sé ljóst sem skoða stöðuna eins og hún er á Íslandi í dag og bera hana saman við þann stöðugleika sem ríkir á flestum sviðum í Evrópusambandinu hvað þessi óstöðugleiki kostar landsmenn miklar fúlgur fjár.

Ég átti þess kost að funda fyrir nokkrum vikum síðan með Evrópunefndum Eystrasaltsríkjanna. Þar voru menn mjög nálægt því að uppfylla öll þau skilyrði sem sett eru fyrir því að gerast aðili að Myntbandalagi Evrópu en við á Íslandi erum langt langt frá því enn þá.

[12:33]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Í grein sem skrifuð var í Hagtíðindi 2001, líklega, af þremur merkum hagfræðingum, Má Guðmundssyni, Arnóri Sighvatssyni og Þórarni G. Péturssyni, fara þeir yfir þá möguleika sem Íslendingar eiga í gengismálum. Þá komust þeir að þeirri niðurstöðu að möguleikarnir séu aðeins tveir, annars vegar að taka upp flotkrónu og peningamálastefnu sem gengur út á það að vera með verðbólgumarkmið og hins vegar að taka upp evru og gerast aðilar að myntbandalagi. Þeir töldu að hið fyrra væri tilraunarinnar virði og ætti að reyna það og sjá hvort tækist að tryggja stöðugleika með þeim hætti.

Nú er raunin sú að ekki hefur tekist að tryggja stöðugleika með þeirri stefnu sem tekin var 2001 og því mikilvægt að Íslendingar ákveði a.m.k. að stefna að því að uppfylla þau skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að vera tækir í myntbandalagið þó að ekki sé annað en það að menn sammælist um að uppfylla a.m.k. skilyrðin og að eiga þá þennan kost þegar og ef menn vilja.

[12:35]

**Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):**

Virðulegur forseti. Spurningin er ekki hvort heldur hvenær við tökum upp evruna sem gjaldmiðil í landinu. Það segir allt sem segja þarf um mistök ríkisstjórnarinnar við stjórn efnahagsmála að hér hefur hæstv. forsætisráðherra staðfest að af þeim fimm lágmarksskilyrðum sem gerð eru til efnahagsstjórnar til þess að menn geti orðið hluti af evrópska myntsvæðinu þá uppfyllir Ísland aðeins tvö en þrjú ekki. Eins og fram kom hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni standa Eystrasaltsríkin jafnvel betur að vígi hvað þetta varðar, hvað stöðugleikann sjálfan varðar.

Það er mikilvægt að fá það fram hjá hæstv. forsætisráðherra hvort hann sé ekki sammála því að þessi hagstjórn sé með öllu óviðunandi og að þetta sé í raun og veru falleinkunn fyrir það að hafa mistekist að viðhalda stöðugleika. Eða hvort áfram sé ætlunin að keyra hagstjórnina með þeim miklu sveiflum sem við höfum mátt búa við með þeim miklu stórframkvæmdum og þrýstingi í verðbólgu og vöxtum sem leiðir til þess að íslenskur almenningur má í dag búa við það að hér eru stýrivextir fjórum sinnum hærri en í nágrannalöndunum og fjármagnskostnaður allra heimila miklum mun hærri en menn búa við í nágrannalöndunum, sem aftur leiðir til margvíslegra vandamála, eins og við höfum m.a. rætt hér undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins, sem snúa að kjaramálum stórra stétta eins og kennara sem þurfa að búa við þessa miklu verðbólgu og þá miklu vexti sem fylgja þeirri hagstjórn sem hér er rekin og uppfyllir ekki nema tvö af fimm lágmarksskilyrðum fyrir því að við getum tekið upp þann gjaldmiðil sem við blasir að við munum gera.

[12:37]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég svaraði þeim spurningum sem til mín var beint. Þær voru um alveg ákveðin skilgreind atriði. Spurningin um evruna og upptöku hennar er síðan miklu umfangsmeira málefni en svo að því verði svarað í stuttum fyrirspurnatíma. Auðvitað er það þannig að lítið myntsvæði eins og hið íslenska hefur ýmsa ókosti í för með sér, það vita allir og viðurkenna en spurningin er: Eru til betri kostir? Ég tel ekki að svo sé, a.m.k. ekki í augnablikinu.

Það þarf líka að gá að því hvernig þeim löndum hefur vegnað í Evrópu sem ekki eru aðilar að Evrópska efnahags- og myntbandalaginu. Hvernig vegnar Svisslendingum, Norðmönnum, Íslendingum hvað varðar kaupmátt, hagvöxt og marga fleiri mælikvarða sem nefndir eru en eru ekki hluti af þeim fimm sem ég fór yfir í upphaflegu svari mínu. Þetta verða menn allt að hafa í huga þegar þeir kynna sér heildarmyndina og málflutningur á borð við þann sem hafður hefur verið uppi í dag af hálfu Samfylkingarinnar um þetta mál er ekki til þess fallinn að upplýsa málið eða efna til rökrænnar umræðu eins og ummæli hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um að seðlabankastjóri sé varðhundur krónunnar eru kannski besta dæmið um.

Umræðu lokið.

## *Fjárskuldbindingar ráðherra fyrir hönd ríkisins.*

Fsp. LB, 584. mál. — Þskj. 866.

[12:39]

**Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):**

Virðulegi forseti. Það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni að kosningar eru í nánd og mikið að gera hjá ráðherrum af því tilefni. Þeir fara víða um, skrifa upp á, taka skóflustungur og gera samninga við þá helst, að manni skilst, sem við þá vilja gera samninga. Þetta er mjög athyglisvert í ljósi þess að alla jafna er kosið á fjögurra ára fresti, þ.e. umboð þingmanna og ráðherra er alla jafna til fjögurra ára nema eitthvað óvænt komi upp á. Þar af leiðandi fara menn með ríkisvaldið á þessum fjórum árum. Sú var tíðin, a.m.k. var það þannig í Háskóla Íslands þegar ég var þar, að það var kennt að það væri svona kurteisi og venja að þeir ráðherrar eða sá meiri hluti sem tæki við virti ákvarðanir þess meiri hluta sem áður sat, þ.e. að menn framfylgdu þeim ákvörðunum, enda var alla jafna ekki gert ráð fyrir að um stórkostlegar ákvarðanir væri að ræða.

Þetta hefur breyst verulega og ég tók saman að gamni mínu þau loforð sem að undanförnu hafa verið gefin um fjárveitingar í framtíðinni, eftir að umboð núverandi ráðherra er útrunnið og eftir að umboð núverandi þingmanna er útrunnið. Mér telst til, og er ég þá með samgönguáætlun þar inni, að um sé að ræða um 400 milljarða sem er búið að lofa á einn eða annan hátt með skóflustungum, samningum og fleiru, þ.e. útgjöldum úr ríkissjóði. Samgönguáætlun er vissulega lögbundin og á kannski ekki að vera inni í þessu en hvað um það hér er um geysilega háar fjárhæðir að ræða og í sumum málum er jafnvel um stefnumarkandi samninga að ræða eins og t.d. varðandi sauðfjárræktina en í þeim lögum er gert ráð fyrir því að meginreglu að þar sé samið til árs í einu. Mér finnst mjög athyglisvert hvernig þessi þróun hefur verið og ég veit að hæstv. forsætisráðherra gagnrýndi það mjög á sínum tíma þegar hann var fjármálaráðherra að menn væru að gefa út kosningavíxla eða kosningabombu, eins og hæstv. ráðherra kallaði það á sínum tíma. Þess vegna langar mig til að beina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra sem hljóðar svo:

Hvert er lagalegt og siðferðilegt gildi fjárskuldbindinga ráðherra fyrir hönd ríkisins eftir að umboð þeirra er út runnið?

[12:42]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Mörg þeirra mála sem hv. þingmaður gerði hér að umtalsefni varðandi samninga og skuldbindingar eru eins og hann sagði sjálfur lögbundin og skylt að gera, samgönguáætlun, samningur við Háskóla Íslands, sauðfjársamningar og ýmislegt fleira. Annað hefur verið gert að undirlagi eða óskum eða kröfum annarra aðila og ekki má gleyma því að stjórnarandstaðan er býsna iðin við að gera kröfur fyrir hönd ákveðinna hópa um útgjöld og framfarir, byggingar og aukin útgjöld til tiltekinna málaflokka, eins og t.d. á sviði málefna aldraða. Ég nefni þetta í tilefni af orðum hv. þingmanns en þingmaðurinn spyr:

„Hvert er lagalegt og siðferðilegt gildi fjárskuldbindinga ráðherra fyrir hönd ríkisins eftir að umboð þeirra er út runnið?“

Svar mitt er eftirfarandi: Ráðherrar eru æðstu handhafar opinbers valds og bera ábyrgð sem slíkir bæði í lagalegu, siðferðilegu og pólitísku tilliti. Öllum er ljóst að sérstakt laga- og regluverk gildir um athafnir ráðherra. Þannig er það skýrt að þeir geta ekki stofnað til fjárskuldbindinga fyrir ríkissjóð nema til þess séu heimildir í lögum. Í samræmi við reglur íslenskrar stjórnskipunar hafa ákvarðanir ráðherra, sem eftir atvikum hafa í för með sér fjárskuldbindingar, réttarverkun frá þeim tíma sem þær eru teknar. Þær falla ekki niður eða úr gildi við það eitt að ráðherra láti af störfum. Er þar enginn munur á því hvort ráðherra fær lausn á miðju kjörtímabili eða við stjórnarskipti. Ákvarðanir ráðherra sem teknar eru á réttum lagagrundvelli halda því áfram gildi sínu og þeim verður ekki breytt eða þær felldar úr gildi nema að uppfylltum nauðsynlegum lagaskilyrðum. Dæmi um slíkt er það þegar forsendur fjárveitinga breytast vegna ófyrirséðra atvika. Í annan stað getur þurft að gæta að reglum stjórnsýsluréttar um afturköllun og breytingu ákvarðana en slíkar reglur geta takmarkað möguleika á að hætta við þegar teknar ákvarðanir. Með öðrum orðum, ákvarðanir sem ráðherra tekur sem æðsti handhafi framkvæmdarvalds og fela m.a. í sér fjárútlát fyrir ríkissjóð hafa fullt lagagildi jafnvel þó að það komi síðan í hlut nýs ráðherra að framkvæma þær.

[12:44]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Þær ásakanir hafa verið bornar upp í umræðum á Alþingi að hreyfi ráðherra sig síðasta missirið fyrir kosningar sé hann búinn að breyta ráðuneytinu í kosningaskrifstofu. Ég hef hlustað á þessar ræður undanfarið. Ég var einn af þeim sem fyrir síðustu kosningar var eitthvað skrifað um að væru óvenjuduglegir síðustu mánuðina þannig að ég man vel eftir þessu. Það eru tvær ástæður fyrir því, annars vegar að ráðherra kann að vera að klára einhverja hluti sem hann hefur verið að vinna að og hins vegar vilja gjarnan þeir sem eru í viðskiptum við ráðuneytið klára einhverja hluti fyrir kosningar. Hæstv. forsætisráðherra hefur svarað ágætlega hinni lagalegu hlið málsins en ég er bara að segja reynslusögu af hinni praktísku hlið málsins. Það er alveg af og frá að ráðuneytið sé kosningaskrifstofa þrátt fyrir undirskriftir og skóflustungur.

[12:46]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Sú fjaðurpenna- og skóflustungupólitík sem birtist í tíðum undirskriftum undir langtímasamninga og skóflustungum fyrir allt það góða sem aldrei var byggt, hvort sem það var við barna- og unglingageðdeildina, hjúkrunarheimilið sem núna á allt í einu að byggja korteri fyrir kosningar, alla vegina sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að leggja, núna loksins rétt fyrir kosningar, er góð og gild. En spurningin sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spyr er afskaplega góð um siðferðilegt og lagalegt gildi, kannski sérstaklega með hið siðferðilega gildi slíkra samninga. Auðvitað er það mjög vefengjanlegt, og hver verða líka fyrstu fórnarlömbin þegar búið er að kjósa og mynda ríkisstjórn eins og verið hefur síðustu 12 árin? Það eru að sjálfsögðu öll stóru loforðin. Það eru stóru atvinnubóta- og átaksverkefnin öll sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra og forustumenn ríkisstjórnarinnar kynna rétt fyrir kosningar, svona aðeins til að ýta undir byrinn með flokkunum eða búa hann til. (Forseti hringir.) Að sjálfsögðu er afskaplega lítið að marka þetta.

[12:47]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti minnir hv. þingmenn á að þeir geta gert stutta athugasemd, og sá ræðutími er ein mínúta.

[12:47]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er auðvitað dálítill munur á því að vera ráðherra í aðdraganda kosninga eða ekki. Það er ekki hægt að neita því að þegar ráðherra skrifar undir samning er það samningur. Það er ekki bara loforð eða yfirlýsing stjórnmálaflokks eða einstaklings, það er samningur fyrir hönd ríkisins. Hæstv. menntamálaráðherra skrifaði nýlega undir samning við Háskóla Íslands þar sem háskólanum eru lofaðir 8 milljarðar kr. í rannsóknir á næstu árum. Þó að fjárhæðir í samningnum séu með fyrirvara um samþykki Alþingis er þetta samt samningur og heldur gildi sínu að öðru leyti, virðulegi forseti, auk þess sem það er ekki víst að fyrir fram verði sótt um samþykki Alþingis. Þau eru því miður til, dæmin um það að ráðherrar hafi eytt fjármunum ríkisins umfram heimildir fjárlaga og þess eru líka dæmi eins og hæstv. forsætisráðherra veit að ráðherra hafi eytt peningum ríkisins án heimildar fjárlaga. (Forseti hringir.)

[12:48]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég held að það sé ástæða til að vara við undirskriftum ráðherra á næstu vikum og mánuðum. Umboð þessarar ríkisstjórnar rennur út í vor. Þingið verður að staðfesta allar fjárskuldbindingar. Ráðherra hefur nánast ekkert vald í þeim efnum þótt hann leiki sér með það. Það er mikill ábyrgðarhlutur að skrifa undir samninga sem þingið hefur ekki fjallað um. Ráðherra getur skrifað undir viljayfirlýsingar um að hann vilji láta eitthvað tiltekið gerast á árinu 2008, 2009, 2010, 2012 o.s.frv. en samninga getur hann ekki undirritað nema með fullkomnum fyrirvara um samþykki Alþingis. Það er alveg á mörkum þess siðlega að á síðustu vikum og mánuðum ríkisstjórnar, ég tala nú ekki um sem er búin að sitja jafnlengi og þessi hér, sé farið um landið og skrifað undir eitthvað sem ráðherra kallar samninga en sem næsta ríkisstjórn verður að efna á næstu árum.

[12:50]

**Jóhann Ársælsson:**

Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að oft er broslegt að fylgjast með ráðherrum í aðdraganda kosninga þar sem þeir mæta á hinum ýmsu stöðum og segja frá því hvað þá hefði langað til að gera eða ætla að gera í framtíðinni ef þeir fá að vera áfram ráðherrar. En þetta er það sem við höfum búið við og það hefur verið í vaxandi mæli.

En það er ekki bara þannig, heldur hefur ríkisstjórnin sjálf gengið fram í því að binda hendur þeirra sem taka við völdum eftir kosningarnar í vor. Gott dæmi um það er t.d.

sauðfjársamningurinn sem ekkert rak á eftir að yrði búið að gera fyrir kosningar. Hvers vegna var hann gerður? Það er enginn vafi á því að það er vegna þess að ríkisstjórnin og kannski líka viðsemjendurnir vildu vera búnir að ljúka því af fyrir kosningar. Þeir eru nefnilega hræddir um að menn vilji hafa einhverja aðrar aðferðir við þetta, (Forseti hringir.) þeir sem hugsanlega taka við eftir kosningarnar.

[12:51]

**Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):**

Virðulegi forseti. Mér þóttu svör hæstv. forsætisráðherra mjög athyglisverð áðan og ég skrifaði sérstaklega niður eina setningu sem frá honum kom. Hún var á þá leið að ákvarðanir ráðherra hefðu lagagildi. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég hef oft verið hugsi í þinginu yfir því hvernig framkvæmdarvaldið kemur fram við þingheim og hversu oft þingið afgreiðir alls konar vilja ráðherranna en það að forsætisráðherra skuli í þinginu lýsa því yfir að ákvarðanir ráðherra hafi lagagildi er algerlega nýtt, algerlega ný túlkun og mjög fróðleg, og segir okkur dálítið um það hvernig menn koma fram við þingið.

Mér þykir einnig mjög athyglisvert að þessi sami hæstv. forsætisráðherra sagði árið 2002 eftir einhverjar kosningabombur eða að einhverjir kosningavíxlar höfðu verið undirritaðir, þ.e. í Ríkisútvarpinu er haft eftir þeim hæstv. ráðherra sem þá var fjármálaráðherra, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra segir að ekki sé hægt að skuldbinda ríkissjóð um marga milljarða með þessum hætti meðan ekki hafi verið gengið frá neinu varðandi fjárveitingar."

Í þessu felst vitaskuld að það er þingið sem afgreiðir fjárveitingar og meðan þingið hefur ekki afgreitt þessar fjárveitingar segir hæstv. fjármálaráðherra, sem þá var fjármálaráðherra og er nú hæstv. forsætisráðherra, að ekki sé hægt að skuldbinda ríkissjóð á þennan hátt og þetta sé einskis virði. Nú kemur sami einstaklingurinn í tveimur ólíkum embættum og segir í dag að ákvarðanir ráðherra á þessu sviði hafi lagagildi, (Gripið fram í.) þ.e. að kosningavíxlarnir hafi lagagildi í dag sem þeir höfðu ekki fyrir nokkrum árum. Þetta er náttúrlega ein samfelld vitleysa.

Virðulegi forseti. Niðurstaða þessa er í reynd sú sem við vitum kannski, þetta eru kosningavíxlar sem hafa ekkert gildi fyrr en Alþingi hefur afgreitt þetta (Forseti hringir.) og þannig ber að nálgast þessa víxla sem verið er að gefa út núna í aðdraganda kosninga.

[12:53]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að taka undir eitt atriði sem hv. þingmaður sagði. Orðalagið „fullt lagagildi" er ekki nákvæmt, „fullt gildi að lögum" er nákvæmara. Auðvitað byggist framkvæmd sem þessi, samningar eða skuldbindingar sem ráðherrar gera fyrir hönd ríkissjóðs, á því að ráðherrarnir hafi til þess lagaheimildir. Ef slík skilyrði eru uppfyllt hafa slíkar ákvarðanir fullt gildi að lögum, en auðvitað hefur Alþingi síðasta orðið um allar fjárveitingar. Um það á ekki einu sinni að þurfa að ræða í þessum sal. Ýmsir þingmenn hafa vakið máls á því, m.a. hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, að gerðir eru fyrirvarar í samningum af þessu tagi um fjárveitingar með samþykki Alþingis. Þannig liggja þessi mál og það hélt ég að öllum væri ljóst.

Umræðu lokið.

## *Aðgengi og afþreying í þjóðgarðinum á Þingvöllum.*

Fsp. GHall, 614. mál. — Þskj. 914.

[12:55]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. forsætisráðherra um aðgengi og afþreyingu fyrir ferðamenn í þjóðgarðinum á Þingvöllum:

Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um:

a. byggingu nýs hótels í stað Valhallar,

b. merkingar á íslensku og t.d. ensku á merkum stöðum í sögu Þingvalla,

c. að koma á þeim möguleika að almenningi gefist kostur á að sjá Þingvelli frá nýju sjónarhorni, t.d. með því að rafknúið skip eða skip knúið áfram með öðrum hætti en olíu og hafa góða veitingaaðstöðu sigli á Þingvallavatni yfir sumarmánuðina?

Allir þekkja sögu Þingvalla, en þó þekkja kannski ekki allir sögu þeirra byggingaráforma sem þar hafa verið uppi. Ekki fyrir margt löngu skipaði þáverandi forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson starfshóp til að fara yfir og gera úttekt á byggingum í Valhöll.

Það var í ágúst 1898 sem fundar- og gistihús í Valhöll var opnað og stóð þá allmiklu norðar en nú er, uppi á völlunum við svokallaðan Kastala. Veturinn 1929 var Valhöll flutt á ísi á núverandi stað suður fyrir þingið undir eystri barm Almannagjár. Í skýrslu og samantekt fyrir hæstv. þáverandi forsætisráðherra sem Þorsteinn Gunnarsson arkitekt og Ríkharður Kristjánsson verkfræðingur tóku saman er margt athyglisvert að lesa varðandi núverandi húsakost í Valhöll. Þeir segja að byggingarnar séu frá mismunandi tímabili, þær byggðar úr mismunandi efnum og misvandaðar, stundum hafi verið valin dýr efni en stundum það alódýrasta. Í heild sinni má segja um tæknikerfi hússins líkt og byggingarnar sjálfar að þau séu eins og stagbættar flíkur. Endurbætur eru oft mjög áberandi og skera í augu og eru í engu samræmi við þær gæðakröfur sem gerðar eru til bygginga með því menningarlega hlutverki sem hæfir staðnum og stefnumörkun fyrir svæðið.

Frú forseti. Ég tel fulla ástæðu til að taka til hendi varðandi byggingu nýs hótels við Valhöll. Ég átti þess kost að vera sl. haust við Valhöll, á sunnudegi, hvar þúsundir manna höfðu flykkst á svæðið og nutu veðurblíðunnar, einstakrar náttúrufegurðar og haustlita. Þá brá svo við að Valhöll gat ekki tekið á móti því fólki sem gjarnan vildi leita þar inn og kaupa sér kaffi eða mat. Mér finnst til háborinnar skammar að það skuli vera svo haldið á málefnum Þingvalla (Forseti hringir.) og varla sé hægt að fá að drepa fæti niður í þennan merka þjóðgarð vegna friðunar.

[12:58]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr um áform ríkisstjórnarinnar hvað varðar nokkur atriði er lúta að Þingvöllum. Tveir sérfróðir menn sem hv. þingmaður nafngreindi gerðu á árinu 2005 að beiðni þáverandi forsætisráðherra úttekt á ástandi húsnæðis Hótels Valhallar á Þingvöllum. Þá úttekt má finna á heimasíðu forsætisráðuneytisins og þar er margt forvitnilegt eins og hv. þingmaður gat um.

Hugmyndir þessara sérfræðinga sem snúa að framtíðarstarfsemi staðarins eru þær að núverandi Valhöll verði öll eða að hluta til rifin og reist ný bygging á grunni hennar í samræmi við þarfalýsingu sem unnin yrði í samráði við hagsmunaaðila. Lögð verði áhersla á að framkvæmdin auki hið sérstaka gildi sem Þingvellir hafa og stuðli að ánægjulegri dvöl þeirra sem heimsækja þjóðgarðinn. Enn fremur að efnt verði til opinnar samkeppni um hönnun hússins í samræmi við samkeppnisreglur Arkitektafélags Íslands og yrði annaðhvort út frá því gengið að um algera nýbyggingu yrði að ræða eða að framhús gömlu Valhallar yrðu varðveitt að viðbættri nýbyggingu.

Ríkisstjórnin samþykkti í ársbyrjun 2006 á grundvelli þessarar skýrslu að heimila forsætisráðherra að láta fara fram framtíðarlýsingu um framtíðarskipan Valhallar sem unnin yrði í samráði við hagsmunaaðila. Sömu aðilum var falið að gera þarfalýsinguna og hafa þeir m.a. rætt við forsvarsmenn Þingvallanefndar, sveitarfélagið Bláskógabyggð og þjóðkirkjuna. Fyrirhugað er að þeir eigi fund með forseta Alþingis von bráðar. Gert er ráð fyrir að gerð þarfalýsingar verði lokið um mitt þetta ár.

Auðvitað er stór spurning hvort reisa eigi nýtt gistihús þar sem Valhöll stendur í dag þegar núverandi húsnæði hefur gegnt hlutverki sínu. Um það þarf að fjalla sérstaklega og uppi eru hugmyndir eins og kunnugt er um að gistihús rísi í Bolabás í stað þess sem nú stendur í þjóðgarðinum en engin afstaða hefur verið tekin til þessara hugmynda. Rétt er að vekja athygli á því að rætt hefur verið um að Alþingi og alþingismenn fái betri aðstöðu á Þingvöllum en er í dag.

Varðandi 2. lið spurningarinnar er það að segja um merkingar á íslensku og ensku á stöðum í þjóðgarðinum að þegar hafa verið sett upp upplýsingaskilti með íslenskum og enskum texta við merka staði í garðinum og er þar að finna fræðslu- og myndefni eftir Gylfa Gíslason myndlistarmann. Þar má nefna svokölluð aðkomuskilti sem eru með texta og myndefni og þau eru við helstu aðkomur að þjóðgarðinum, við fræðslumiðstöðina á Hakinu, á þingplaninu neðan göngustígs í Almannagjá, á bílastæðinu austan Flosagjár og við heimreiðina að Valhöll. Á Lögbergi eru einnig þrjú skilti sem lýsa hugmyndum um mannlíf í Almannagjá um þingtímann og skilti með texta og ljósmyndum frá hátíðahöldum á Þingvöllum. Fleiri skilti er að finna innan þjóðgarðsins og á næstunni er ætlunin að setja upp skilti eða tímarefil svokallaðan á íslensku og ensku með myndum Gylfa Gíslasonar og texta sem rekur helstu viðburði Íslandssögunnar og sögu Þingvalla frá árinu 874 til 2000.

Í áætlun Þingvallanefndar fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að sett verði upp fræðslu- og upplýsingaskilti með texta og myndum um náttúrufar og lífríki Þingvalla og Þingvallavatns.

Þess má einnig geta að í fræðslumiðstöðinni á Hakinu er margmiðlunarsýning á fimm tungumálum. Þar er unnt að kynna sér sögu og náttúru Þingvalla á stórum flatskjám sem stýrt er með snertiskjám og einnig á stóru tjaldi sem ætlað er stærri hópum. Þar er einnig að finna kort með upplýsingum um örnefni, staðhætti og margt fleira.

Að því er varðar síðustu spurningu hv. þingmanns um hvort ríkisstjórnin hafi áform um að stuðla að því að almenningi gefist kostur á að sjá Þingvelli frá öðru sjónarhorni, t.d. með því að rafknúið farþegaskip með góðri veitingaaðstöðu sigli á vatninu yfir sumartímann, er því til að svara að á árunum 1996–2003 var rekinn bátur til útsýnisferða á Þingvallavatni. Sá bátur var í eigu heimamanna í Þingvallasveit. Heimabryggja var við Skálabrekku en einnig var með leyfi Þingvallanefndar komið fyrir flotbryggju í Arnarfelli þar sem hægt var að ganga á land til skoðunar. Rekstur bátsins gekk því miður ekki vel þrátt fyrir dugnað og áhuga heimamanna á verkefninu og var rekstrinum hætt. Ekki eru uppi hugmyndir um rekstur skips eða báts á Þingvallavatni af hálfu Þingvallanefndar.

[13:03]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Mér er mjög umhugað líka um stöðu Þingvalla og að Þingvellir hafi þann raunverulega sess meðal þjóðarinnar sem við viljum.

Eitt vil ég benda á, almenningssamgöngur til Þingvalla hafa verið felldar niður, hafa ekki gengið núna síðustu tvö eða þrjú árin. Þeir sem vilja komast til Þingvalla verða annaðhvort að fara á eigin bíl, taka bílaleigubíl eða kaupa pakkaferð með útsýnisfyrirtæki og verða þá að taka stærri hring og kaupa leiðsögn. Ég veit að þetta hefur t.d. gjörbreytt aðgengi venjulegs fólks, erlendra ferðamanna sem koma hingað á eigin vegum og eru kannski að koma til að njóta Þingvalla, tjalda þar og vera. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Er ekki þjóðarskömm að við skulum ekki vera með reglulegar almenningssamgöngur til Þingvalla, (Forseti hringir.) a.m.k. yfir sumartímann? Þær eru ekki heldur að Geysi. Mér finnst að Þingvellir eigi að fá að njóta þess að þangað séu almenningssamgöngur fyrir fólkið, hvort sem það er erlent eða innlent.

[13:04]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svör hans, ég tek undir með honum og fagna því að í huga ríkisstjórnarinnar sé það ætlan að stuðla að ánægjulegri dvöl í þjóðgarðinum. Ég tel að ekki sé endilega ástæða til að setja nýtt hótel á sama stað og það sem nú er en ég held að við séum öll sammála um að Hótel Valhöll á Þingvöllum sé okkur ekki til sóma. Það er kvartað yfir því að það sé óvenjulega hljóðbært á milli herbergja, það er fúkki og saggi eins og sagt hefur verið. Í mörg ár var byggt og bætt við af miklum vanefnum og hótelið er okkur ekki til sóma eins og það er. Þess vegna ætti að vinda bráðan bug að tvennu, rífa Valhöll og auðvitað byggja svo nýtt hótel.

Ég tek undir það með hæstv. forsætisráðherra að það er mikill sómi að fræðslumiðstöðinni á Þingvöllum, virkilega skemmtileg uppsetning þar á ferðum og það verk sem þar

hefur verið unnið. Það sem áformað er varðandi merkingar á stöðum og helstu viðburði merkta var náttúrlega það sem ég átti við. Mér finnst að þessu þurfi að gefa betri gaum vegna þess að fólk er farið að leggja leið sína í æ ríkari mæli í þjóðgarðinn og njóta þeirrar náttúrufegurðar sem þar er.

Ég vonast til þess að átak verði gert í þeim málum sem snúa að gistingu og eins að auðvelda aðgengi ferðamanna að Þingvöllum enn frekar en orðið er.

[13:06]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnirnar og áhuga hans á þessu máli sem vissulega varðar okkur öll. Þingvellir eru helgidómur í augum þjóðarinnar og það er mikilvægt að um staðinn sé gengið af sóma og að uppbygging þar sé í sátt við umhverfi og náttúru.

Núverandi bygging Hótels Valhallar er vissulega komin til ára sinna og þar er margt sem betur mætti fara. Þó vil ég taka fram að eftir að ríkið eignaðist húsið fyrir nokkrum árum hefur verið lagt í nokkrar endurbætur og ég vil sérstaklega geta þess að núverandi rekstraraðilar, sem eru með samning um rekstur hússins, hafa lagt verulega mikið á sig til að bæta þar aðstöðu og gera húsið vistlegra, bæði fyrir næturgesti og matargesti, þó að vissulega sé erfitt um vik þegar um svo gamalt hús er að ræða, eins og þingmaðurinn gat um.

Ég ítreka síðan bara ósk mína um að á Alþingi myndist góð samstaða um framtíð staðarins og sérstaklega það atriði með hvaða hætti þingið sjálft, Alþingi, eigi að hafa aðstöðu eða frekari aðkomu að húsakynnum og húsakosti á Þingvöllum.

Umræðu lokið.

## *Fólksfækkun í byggðum landsins.*

Fsp. KLM, 562. mál. — Þskj. 837.

[13:08]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Frú forseti. Ég legg fram fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um fólksfækkun í byggðum landsins. Það má eiginlega segja að við stutta utandagskrárumræðu um daginn hafi manni brugðið allsvakalega við að heyra að m.a. í hinum blómlega útgerðarbæ fyrri tíða, Vestmannaeyjum, hafi fækkað um þúsund manns á síðustu 10 árum. Við vitum um mikla fækkun á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, og í ýmsum byggðarlögum og byggðasvæðum í mínu kjördæmi, Norðausturkjördæmi, hefur orðið allsvakaleg íbúafækkun. Það mélar smátt og smátt niður byggðirnar og dregur úr þeirri þjónustu sem fólkið þar getur fengið.

Það er þess vegna sem ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra:

„Hefur farið fram athugun á stöðu byggðarlaga sem glíma við viðvarandi fólksfækkun? Ef svo er, hvenær hófst sú vinna og hvenær verða niðurstöður athugunarinnar birtar?“

Virðulegi forseti. Þetta er sett fram vegna þess að þetta er einn liður í 23 punkta byggðaáætlun sem samþykkt var hér fyrir árin 2006–2009. Markmiðin eru þar mörg góð og margt er fagurlega sagt, gallinn er bara sá að það er lítið farið eftir því og lítið gert með það. Þar var t.d. talað um að eitt fjögurra meginstefnumiða ríkisstjórnarinnar væri að treysta búsetu á landsbyggðinni. Þetta er mjög fallegt og fallega sagt. Byggðaáætlun geymir nánar útfærða stefnu í byggðamálum 2006–2009. Þar eru sett markmið, lagðar áherslur og mótaðar áætlanir um aðgerðir. Eins og ég segi ber ég þess vegna upp umrædda spurningu.

Þess má líka geta, virðulegi forseti, að þegar hæstv. fyrrverandi byggðamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, lýsti þessum kafla byggðaáætlunar sagði hún m.a., með leyfi forseta:

„Það er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að þessum byggðarlögum.“

Það er það sem ég er að spyrja um, virðulegi forseti. Ég tel að ekki þurfi að „huga að“, heldur að gera og bregðast við. Þess vegna spyr ég: Hvað hefur verið gert?

Nú vænti ég þess að hæstv. iðnaðarráðherra svari okkur með öðru en að vísa til vaxtarsamninga sem er aðalmálefni iðnaðarráðherra að nefna alltaf eða hinar stóru framkvæmdir fyrir austan. Ég held nefnilega að ekki hafi verið hugað nógu mikið að þessu.

Það sem hefur verið gert er að á fólki í dreifbýli hefur dunið allt að 60% hækkun á húshitunarkostnaði vegna breytinga raforkulaga. Háhraðatengingar eru langt á eftir. Flutningskostnaður stórhækkar áfram og íþyngir þar með bæði atvinnurekstri og íbúum svæða. Ýmsir landsbyggðarskattar hafa áfram bæst við. Samkeppnishæfni þessara svæða minnkar og versnar. Við ræddum um sveitarfélögin, þau hafa verið og eru fjársvelt með minnkandi þjónustu. Allt þetta er því miður, virðulegi forseti, á verri veg og það var ástæðan fyrir því að ég lagði fram fyrirspurnina til hæstv. iðnaðarráðherra og ég vænti þess að fá skýr svör.

[13:11]

***Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):***

Hæstv. forseti. Efni fyrirspurnar hv. þingmanns snertir mál sem við höfum rætt aftur og aftur í þingsölum undanfarna daga og vikur. Það er þá óhjákvæmilegt að það verði eitthvað um endurtekningar, bæði af hálfu hv. þingmanna sem taka þátt í umræðum og einnig í svörum.

Hins vegar beinist fyrirspurnin að þessu sinni að einu tilgreindu viðfangsefni og ég mun í svari *mínu* halda mig alveg við það um leið og ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu.

Eitt af þeim verkefnum sem tilgreind eru í byggðaáætlun 2006–2009 nefnist „Athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun“. Verkefninu er þannig lýst í byggðaáætlun, með leyfi forseta:

„Gerð verður athugun á stöðu byggðarlaga sem *glímt* hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verða metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna.“

Byggðastofnun ber ábyrgð á framkvæmd þessa verkefnis en vinnur það í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, Impru nýsköpunarmiðstöð, sveitarfélög, ráðuneyti og Háskóla Ís-

lands. Samkvæmt byggðaáætlun skal ljúka þessu verkefni fyrir árslok þessa árs. Frumvinna hófst á haustdögum 2006 og reiknað er með að niðurstöður verði kynntar síðla á þessu ári, 2007. Búið er að vinna verkáætlun og gera tillögu um skilgreiningu þeirra svæða sem til athugunar verða. Unnin verður stöðugreining þessara byggðarlaga og aflað upplýsinga um hugmyndir heimamanna um leiðir til að efla þau. Þessa dagana er verið að kynna verkefnið fyrir atvinnuþróunarfélögunum en leitað verður samstarfs við þau um upplýsingaöflun bæði hvað varðar stöðugreiningu og hugmyndir heimamanna á hverjum stað eða hverju svæði um úrbætur.

Einnig verður leitað eftir samstarfi við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi upplýsingar svo og ráðuneyti þar sem það á við. Impra nýsköpunarmiðstöð mun leggja Byggðastofnun lið við verkefnið og fylgjast með framvindu þess. Þá verður haft samstarf við landfræðiskor Háskóla Íslands. Þegar niðurstöður framangreindrar vinnu liggja fyrir mun Byggðastofnun vinna tillögur um eflingu svæðanna og leggja þær fyrir iðnaðarráðuneytið. Hafa ber reyndar í huga að núgildandi byggðaáætlun var samþykkt á Alþingi í júní sl., fyrir rúmu hálfu ári, og ég held að segja megi að þetta verkefni sé alveg í eðlilegu ferli.

[13:15]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það liggur við að ég reiti hár mitt þegar ég sit hér í sæti mínu í þingsal og hlusta á það sem á að fara að gera í málefnum þeirra byggðarlaga sem eru til umræðu því að það er ekki þannig, virðulegi forseti, að það vandamál sem við erum að ræða sé nýtt af nálinni. Það er frekar seint í rassinn gripið að byrja á haustdögum 2006 að greina.

Byggðastofnun hefur mörg mikilvæg verkefni með höndum en mér er spurn hvort reynt hafi verið að greina þau á vegum ráðuneytisins og hvort Byggðastofnun hafi aðstæður til að vinna verk sín svo sem best má vera. Hefur hún fjármagn og mannafla eins og best verður á kosið? Það held ég ekki, virðulegur forseti.

Það er orðið brýnt að grípa til aðgerða og við vitum um margar og sennilega flestar þær ástæður sem að baki liggja þeirri fólksfækkun sem hér er til umræðu. Vera kann að þörf sé á nýrri greiningu þó að ég telji ekki að svo sé. (Forseti hringir.) En það er fullseint í rassinn gripið.

[13:16]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir þessa fyrirspurn og um leið vil ég nefna að það er dálítið hastarlegt að þessi umræða skuli öll lenda á núverandi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, því að hann er nýkominn til leiks og kannski þolandi í reynd aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar sem hann situr í. En í raun er ekki við annan að tala og þannig er það.

Staðreyndin er einfaldlega sú að þær miklu atvinnuháttabreytingar sem hafa átt sér stað á undanförnum árum hafa kippt stoðum undan mörgum byggðarlögum hringinn í kringum landið. Á móti er ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki gert neitt sem máli skiptir hvað varðar að byggja upp samgöngukerfi og fjarskiptakerfi. Það er það sem verður að koma inn þannig að umrædd byggðarlög fái ný tækifæri (Forseti hringir.) til að bregðast við þeirri þróun sem átt hefur sér stað og það er (Forseti hringir.) það sem við viljum sjá, virðulegi forseti. Við viljum sjá aðgerðir en ekki greiningar.

[13:17]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Mér fannst viðbrögð hæstv. iðnaðarráðherra frekar dapurleg. Þetta er annað kjörtímabil mitt á þingi og ég minnist þess að eitt fyrsta málið sem var rætt þá í upphafi fyrir einum sjö, átta árum voru byggðamál. Þá var sagt að byggðamálin hefðu verið í svo miklum ólestri að þótti nauðsynlegt að flytja þau frá Sjálfstæðisflokknum til Framsóknarflokksins. Síðan hefur allt haldið áfram að versna. Á hverju ári hafa menn talað um að það þyrfti að afla skýrslna, gera úttekt, greina. Drottinn minn dýri, hvað ætli séu orðnir margir hillumetrar af greiningum, úttektum og stöðulýsingum í tíð núverandi ríkisstjórnar í byggðamálum?

Ekki er þörf á fleiri skýrslum eða einhverjum úttektum. Það er þörf á aðgerðum. Aðgerðirnar birtast jú í niðurskurði á vegáætlun sem búinn er að vera árviss viðburður síðustu fjögur árin. (**Gripið fram í:** Eftir kosningar.) (Forseti hringir.) Það eru aðgerðir, frú forseti, en ekki skýrslur sem þarf.

[13:18]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki að því gert að manni blöskrar oft að heyra svona landsbyggðarumræðu. Kannski er hún í hnotskurn í orðum sem hv. 4. þingmaður Suðurkjördæmis sagði áðan þegar hann sagði að ekkert hafi verið gert sem máli skipti í samgöngum og fjarskiptum síðustu árin.

Er þetta sanngjarnt? Í fjarskiptum er búið að stofna sérstakan sjóð (Gripið fram í.) og verið er að ganga um landið til uppbyggingar. Ég lýsti því í ræðu um samgönguáætlun þegar ég byrjaði á þingi, að einn kílómetri væri malbikaður í Norður-Múlasýslu. Allt vegakerfi landsins hefur verið byggt upp meira og minna á síðustu árum. Eru jarðgöng, t.d. Héðinsfjarðargöng, ekkert sem máli skiptir? Eða eru Fáskrúðsfjarðargöng ekkert sem máli skiptir? Er Bakkafjara ekkert sem máli skiptir? (Forseti hringir.) Það má passa sig á að tala ekki niður landsbyggðina með þessum öfgum. (Gripið fram í.)

[13:20]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni og ráðherra fyrir svörin þó að ég verði að segja og taka undir að það er kannski frekar ósanngjarnt að skamma núverandi hæstv. iðnaðarráðherra fyrir það sem ekki hefur verið gert í byggðamálum í langan tíma. En sem formaður Framsóknarflokksins verða þær skammir náttúrlega að lenda á honum sem slíkum vegna þess að hann tók við slæmu búi, tók við af fyrrverandi framsóknarforustu og

ber þennan kaleik.

Þegar ég lagði fram fyrirspurnina hugsaði ég með mér hvort ég ætti yfir höfuð að vera að leggja hana fram og hvort nokkuð kæmi út úr henni. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að lítið kom út úr henni annað en það að þessa dagana, eins og hæstv. iðnaðarráðherra sagði, er verið að kynna einhverja áætlun og einhverjar hugmyndir um að fara í þessa vinnu. Getur verið, virðulegi forseti, að eftir að fyrirspurnin var lögð fram fyrir hálfum mánuði, þremur vikum, hafi iðnaðarráðuneytið loksins með hæstv. iðnaðarráðherra, byggðamálaráðherra, í broddi fylkingar farið af stað? Getur verið að byggðaáætlun sé olnbogabarn núverandi hæstv. ríkisstjórnar? Já, og hefur verið það allan tímann. Innan iðnaðarráðuneytisins hefur það oft komið fram að lítið er gert í þessum málum eftir að áætlun hefur verið samþykkt, sem oft og tíðum er fallega fram sett, fögur fyrirheit og ágætlega orðuð og allt það, en því miður gerist ekki neitt.

Virðulegi forseti. Það eina sem ég fékk kannski út úr fyrirspurninni er, eins og kom fram í svari hæstv. iðnaðarráðherra, að þessa dagana er verið að athuga að fara (Forseti hringir.) að gera eitthvað í því máli sem ég spurði um og var samþykkt í júní 2006 en vitað hefur verið um í tíu ár.

[13:22]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Það er margt óþarft sem sagt er í þessari umræðu og ýmis misskilningur uppi eins og gengur, en ég held að fyrirspurnin sé alveg eðlileg og þarfleg. Ég skildi fyrirspurnina þannig að spurt væri um eitt tiltekið, skilgreint verkefni og ég svaraði um það. Vinna er ekki að fara í gang í því núna heldur fór hún í gang þegar í haust þegar sumarleyfum var lokið í Byggðastofnun og ég fullyrði að mikill áhugi er á þessum málum meðal starfsmanna iðnaðarráðuneytisins, þeim sem við þessi mál starfa og þeir vinna að þeim af miklum metnaði og áhuga.

Það er einfaldlega þannig að ný greining er ákvörðun Alþingis og þar af leiðandi er unnið að henni samkvæmt því. Samkvæmt upplýsingum mínum hefur Byggðastofnun mannskap, fjármagn og aðstöðu til að vinna þetta verkefni og eins og einn hv. þingmaður sagði í umræðunni er vitað töluvert um viðfangsefnið þó að óskað sé formlegrar greiningar, m.a. til að grafast vel fyrir um hugmyndir heimamanna á hverju svæði. Mikilvægt er að hafa heimamenn með í verkinu og að forusta þeirra sé sem allra víðtækust í þessum málum, eins og áður hefur komið fram.

Ég fullyrði að miklar fjárhæðir og margvíslegar aðgerðir eru í gangi í byggðamálum og ég geri ekki lítið úr hlutverki vaxtarsamninganna. Ég hef mikla trú á að þeir muni skila okkur áfram verulegum árangri til framtíðar litið.

Umræðu lokið.

## *Hækkun raforkugjalda.*

Fsp. KLM, 563. mál. — Þskj. 838.

[13:24]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Frú forseti. Ég leyfi mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um hækkun raforkugjalda sem hljóðar svo:

Hvernig hyggst ríkisstjórnin koma til móts við íbúa dreifbýlis vegna stórhækkunar raforkugjalda í framhaldi af setningu nýrra laga um raforkumál?

Virðulegi forseti. Ég hef áður spurt um það í ræðustól Alþingis í óundirbúinni fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra hvað ríkisstjórnin hyggist gera vegna þeirra miklu hækkana sem dundu á fólki í dreifbýli við raforkulagabreytinguna sem varð 2005. Þá var ekkert svar en sagt að verið væri að vinna að málinu.

Virðulegi forseti. Í umræðum um frumvarpið um jöfnun raforkukostnaðar sem var svo fagurt, með svo fögur fyrirheit, sagði fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra, m.a. þegar fjallað var um þetta mál, um það hæsta gjald sem gæti orðið á dreifbýlisgjaldskrársvæðum, með leyfi forseta:

„... að raforkukaupendur á dreifbýlisgjaldskrársvæðum þurfi ekki að greiða hærra gjald fyrir dreifingu raforku en sem nemur hæsta gjaldi almennra gjaldskráa dreifiveitna eftir að tillit hefur verið tekið til niðurgreiðslna.“

Síðan kom, virðulegi forseti, með frumvarpinu eins og endranær kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis og samkvæmt henni og gögnum Orkustofnunar var áætlað að árlegur kostnaður við jöfnun dreifingarkostnaðar yrði 230 millj. kr. á þessum dreifbýlisgjaldskrársvæðum.

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Sú jöfnun dreifingarkostnaðar raforku sem felst í frumvarpinu er mikilvæg til þess að jafna búsetuskilyrði í landinu.“

Virðulegi forseti. Ég tel fulla ástæðu til að segja þetta aftur vegna þess að þetta eru orð sem ég get alveg tekið mér í munn og hefði gjarnan viljað hafa sagt sjálfur en vek athygli á því að það var hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, sem sagði þessi orð:

„Sú jöfnun dreifingarkostnaðar raforku sem felst í frumvarpinu er mikilvæg til þess að jafna búsetuskilyrði í landinu.“

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja þessa fyrirspurn fram vegna þess að í gögnum sem alþingismenn hafa verið að fá frá fólki í dreifbýli, þar á meðal bændum, er eitt hið svakalegasta dæmi sem ég hef fengið austan af landi þar sem viðkomandi íbúi hefur mátt þola 60% hækkun á húshitunarkostnaði frá því að þetta var gert.

Ég spyr því hæstv. iðnaðarráðherra: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að jafna og dreifa þessu vegna þess að það var ekki tilgangur laganna að ráðast svona á fólk í dreifbýli eins og ég hef gert að umtalsefni. Þau orð sem ég vitnaði til sem hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra sagði hafa engan veginn gengið eftir. Lögin hafa ekki orðið til þess að jafna búsetuskilyrði í landinu heldur þvert á annan veg, það er verið að gera þetta enn þá verra. Því er þessi spurning, virðulegi forseti, sett fram. Hæstv. iðnaðarráðherra sagði í (Forseti hringir.) óundirbúinni fyrirspurn að þetta væri í

gangi og (Forseti hringir.) nú er spurt: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera nú á sínum síðustu dögum?

[13:28]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina.

Flutningur og dreifing á raforku er nú verðlögð óháð því til hvers hún er notuð og gjaldskrá á að vera sem næst raunkostnaði við þessa liði. Þetta hefur haft í för með sér nokkrar breytingar á raforkutöxtum, reyndar bæði til hækkunar og lækkunar. Þegar þessar breytingar áttu sér stað fóru ýmis raforkufyrirtæki sér hægt í hækkanir á gjaldskrám sínum og því var raforkuverð á árinu 2003 lægra en eðlilegt gat talist. Fyrirtækin hafa að undanförnu verið að laga taxta sína að aðstæðum en þetta hefur orðið til þess að raforkuverð hefur hækkað nokkuð.

Skoðun sem farið hefur fram á þróun raforkugjalda hefur ekki leitt í ljós neina einhlíta skýringu á hækkunum í kjölfar setningar nýrra raforkulaga í mars 2003. Kerfisbreytingin sem slík hefur ekki myndað nýjan kostnað og því er ekki um kerfislægan vanda að ræða eða atvikstengdar hækkanir. Fremur virðist sem um sé að ræða leiðréttingu á því hvernig kostnaði er dreift á notendur. Þannig hafa raforkugjöld til stórs hluta notenda á dreifiveitusvæði Rariks lækkað eða staðið í stað þótt raforkugjöld til ákveðinna tiltekinna fámennari hópa hafi hækkað.

Samkvæmt upplýsingum frá Rarik hafa 75% viðskiptavina fengið lækkun á sama tíma og 25% þeirra hafa fengið hækkun. Þannig hefur raforkuverð til um 19 þúsund viðskiptavina staðið í stað eða lækkað um allt að 15% milli áranna 2004 og 2006 samkvæmt þeim upplýsingum en raforkuverð til rúmlega 7 þúsund viðskiptavina hefur hækkað um allt að 15%.

Ríkisstjórnin hefur komið til móts við hækkanir á raforkugjöldum með ýmsu móti. Þannig má nefna að fjárframlög til niðurgreiðslna voru hækkuð árið 2005 og á síðasta ári fóru rúmar 970 millj. kr. í niðurgreiðslur vegna rafhitunar íbúðarhúsnæðis. Þessu til viðbótar mun lækkun virðisaukaskatts úr 14% í 7% nú um mánaðamót lækka húshitunarkostnað einstaklinga en orka til húshitunar fellur þar undir.

Einnig hefur verið hugað að orkusparnaðaraðgerðum og sett af stað nokkur verkefni á sviði orkuhagkvæmni að frumkvæði Orkustofnunar og iðnaðarráðuneytis. Þá var árið 2005 stofnað svonefnt orkusetur hjá Orkustofnun sem hefur það markmið að auka orkuhagkvæmni og nýtingu annarra orkugjafa þar sem það reynist hagkvæmt og að dreifa upplýsingum um þau mál.

Á undanförnum árum hefur verulegum fjármunum verið varið til jarðhitaleitar og stofnstyrkja til hitaveitna til að fjölga þeim sem eiga kost á hitaveitu í stað rafhitunar. Þá hafa tilraunir með jarðvarmadælur gefið góða raun. Álitamál er hversu langt á að ganga í að greiða niður húshitunarkostnað þeirra sem nota óeðlilega mikla orku til húshitunar og hvort ekki sé eðlilegt að halda í hvata til orkusparnaðar. Í því sambandi hljóta aðrar aðgerðir, svo sem lagfæringar á húsnæði sem leiða til orkusparnaðar, að teljast vænlegri til árangurs ef til lengri tíma er litið.

Þá er rétt að benda á að lögum samkvæmt eru niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar bundnar við íbúðarhúsnæði. Auknar fjárveitingar til niðurgreiðslna hafa ekki og munu því ekki nýtast þeim sem nýta rafmagnið fyrir atvinnustarfsemi og orðið hafa fyrir hækkunum á raforkugjöldum í tengslum við rekstur. Í þessum tilvikum verður að taka tillit til ríkisstyrkja og samkeppnisreglna.

Það hefur áður komið fram í þessum sal að ég hef ákveðið að skipa starfshóp til að fara yfir og meta árangur af aðgerðum stjórnvalda til að lækka kostnað við húshitun íbúðarhúsnæðis. Starfshópnum er ætlað að fara sérstaklega yfir framkvæmd er lýtur að niðurgreiðslu rafmagns og olíu til húshitunar, greiðslustyrkja til stofnunar nýrra hitaveitna og átaks til jarðhitaleitar. Væntanlega mun skýrsla lögð fram um þetta verkefni á hausti komanda.

[13:32]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að heyra úr munni hæstv. ráðherra að 25% af notendum raforku eða viðskiptavinum Rariks hefðu orðið fyrir hækkunum af völdum þeirra breytinga sem ríkisstjórnin leiddi í lög. Þessi 25% eru eðli málsins samkvæmt íbúar landsbyggðarinnar og þar með taldir atvinnurekendur úti á landsbyggðinni, atvinnurekendur sem af mörgum öðrum ástæðum búa við mjög erfiðan kost og það var þá það sem þeir þurftu helst líklega, að fá 25% hækkun ofan á raforkureikningana sína.

Ég kom fyrst og fremst í ræðustól til að vekja athygli á aðstæðum bænda sem eru einmitt meðal þeirra sem hafa orðið fyrir mestum skakkaföllum af þessum völdum og máttu þeir þó alls ekki við því, sérstaklega ekki sauðfjárbændur sem (Forseti hringir.) búa við verri hag en aðrir bændur.

[13:34]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Svona fréttir berast nú reglulega. Í Bæjarins besta í gær stóð, með leyfi forseta:

„Gjaldskrár Orkubús Vestfjarða hækka frá og með 1. mars. Orkubú Vestfjarða hf. hefur ákveðið að hækka gjaldskrár sínar frá og með 1. mars nk. Gjaldskrá fyrir raforkudreifingu hækkar um 8%, gjaldskrá fyrir hitaveitur hækkar um 6% og verðskrá fyrir raforku hækkar einnig um 6%.“

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Þessar hækkanir á gjaldskrám eru nauðsynlegar til þess að mæta hækkun á orkuverði frá Landsvirkjun, hækkunum á flutningsgjaldskrá Landsnets sem og hækkun annarra kostnaðarliða í rekstri fyrirtækisins. Þá má einnig geta þess að Orkustofnun hefur aðvarað Orkubúið um að komið geti til inngrips þeirra í gjaldskrársetningu ...“ — þ.e. hækki gjöldin enn meir, komi þeir til með að fá athugasemd frá iðnaðarráðherra, yfirmanni Orkustofnunar, því að það er arðsemiskrafan sem hefur verið leidd inn í orkugeirann sem verið er að hækka og hæstv. ráðherra var að vísa til. (Forseti hringir.) Í lokin, frú forseti, ætli hv. fyrirspyrjandi iðrist ekki að hafa stutt raforkulögin núna?

[13:35]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það verður að teljast mikil bjartsýni hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller að gera ráð fyrir að fá svar

við spurningum af þessum toga á lokaspretti þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, enda sú ríkisstjórn búin að sitja lengi og lítið sem ekkert gert í þessum efnum.

Hæstv. ráðherra nefndi kannski lykilorð í ræðu sinni áðan þegar hann sagði að verið sé að leita eftir því að raforkan sé seld á raunkostnaði. Þá hlýtur að vakna sú eðlilega spurning: Hvernig stendur á því að hún hækkar sífellt þegar bæði virkjanir og línur ættu að vera meira og minna afskrifaðar miðað við tíma? Hvernig stendur á því að verð á raforkunni skuli ekki lækka og flutningskostnaðurinn lækka þegar um er að ræða mannvirki sem löngu eru afskrifuð, jafnvel orðin 40, 50 ára gömul?

Virðulegi forseti. Ef við erum að tala um raunkostnað hljóta (Forseti hringir.) menn að þurfa að taka tillit til þess að verið er að framleiða raforkuna og flytja hana um mannvirki sem mörg hver hafa verið löngu afskrifuð.

[13:36]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það sem eftir stendur er að íbúar á landsbyggðinni voru einfaldlega blekktir við setningu nýrra raforkulaga, þeir voru blekktir og búsetuskilyrðin á viðkvæmustu svæðum dreifbýlisins versnuðu. Þetta stendur eftir við svar hæstv. iðnaðarráðherra og þetta stendur eftir við innleiðingu hinna nýju laga, menn skulu viðurkenna það. Hv. fyrirspyrjandi, Kristján L. Möller, hefur með spurningu sinni og svari hæstv. iðnaðarráðherra afhjúpað skollaleikinn í kringum þetta. Staðreyndin er sú að íbúarnir voru blekktir og búsetuskilyrðin á þeim svæðum sem eru erfiðust og viðkvæmust einfaldlega versnuðu. Þetta stendur eftir.

Þá er spurningin: Hvernig á að bæta þeim leikinn? Á að láta íbúa dreifbýlisins standa áfram undir niðurgreiðslu á tombóluverði til stóriðjunnar eða á að leyfa þeim að njóta afskrifaðra virkjanamannvirkja og háspennulína eins og talað var um áðan? (Forseti hringir.) Því verður hæstv. ráðherra að svara.

[13:38]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég held að í sjálfu sér hafi kannski ekki verið neinar blekkingar á ferð þegar raforkulögin voru sett. Þau hafa reynst nákvæmlega eins og spáð var fyrir á Alþingi og við sem greiddum atkvæði gegn þeim vöruðum við því að nákvæmlega þetta mundi gerast, að raforkuverðið mundi hækka, sérstaklega á landsbyggðinni og á dreifbýlisgjaldskrársvæðunum.

Markaðsvæðing raforkukerfisins er að reynast mjög dýr og mikil mistök og það er undarleg staða sem komin er upp að opinber eftirlitsstofnun er með svipuna á lofti yfir raforkufyrirtækjunum til að pína þau til að hækka. Þannig er því nú komið, því að það verður auðvitað að tutla arðinn út úr kerfinu eins og lögin gera ráð fyrir. Það er líka undarlegt að heyra hæstv. ráðherra tala um að það sé ekki kerfislægur vandi þegar rafmagnið hækkar um 25–40% til húshitunar eða hjá bændum.

Ég vil svo að lokum spyrja hæstv. ráðherra hvort hann vilji beita sér fyrir þeirri úttekt sem tillaga stjórnarandstöðunnar sem liggur fyrir þinginu kveður á um. Því miður næst sjálfsagt ekki fram afgreiðsla á henni. Þar er farið fram á heildarúttekt á þróun þessara mála frá því að raforkulögin (Forseti hringir.) voru sett og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er hann til samkomulags tilbúinn til að beita sér fyrir því að slík úttekt verði gerð?

[13:39]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Mig langar til að bera upp eina fyrirspurn til hæstv. ráðherra og hún er: Efast hæstv. ráðherra ekki um að það sé skynsamlegt að leysa eiginfjárþörf Landsvirkjunar með því að leggja Rarik og Orkubú Vestfjarða undir Landsvirkjun? Hver telur hæstv. ráðherra að verði arðsemiskrafa Landsvirkjunar til þessara fyrirtækja í framtíðinni? Það liggur fyrir að lágmarksarðsemiskrafa vegna Landsnets er 6% en ég tel að sú gjörð sem ríkisstjórnin stendur nú fyrir, þ.e. að leggja fyrirtækin undir Landsvirkjun, muni hafa í för með sér enn meiri hækkun á raforkuverði í landinu og lama þessi fyrirtæki til þess að stækka og eflast í framtíðinni til að skaffa lágt og eðlilegt raforkuverð til neytenda. Við erum í raun og veru að halda áfram leiknum sem hófst þegar stóriðjuuppbyggingin hófst (Forseti hringir.) á Íslandi, þ.e. að láta almenna neytendur í landinu borga hluta af brúsanum.

[13:40]

**Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna um þetta stóra og mikla mál þó að það sé hér í spretthlaupi fyrirspurnatíma. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson nefndi að íbúar landsbyggðarinnar hefðu verið blekktir með þessari raforkulagatilskipun og frumvarpi. Það er sennilega alveg hárrétt. En það voru fleiri blekktir og það vorum við þingmenn, viljandi eða óviljandi af gögnum sem komu frá iðnaðarráðuneytinu sem m.a. sýndu það og sögðu svart á hvítu, eftir margar spurningar frá okkur og mikla vinnu í iðnaðarnefnd hjá þeim sem þar sátu undir forustu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, að það yrði hugsanlega 1–2% hækkun á raforkukostnaði hjá íbúum landsbyggðarinnar. (**Gripið fram í:** Það létu nú ekki allir plata sig.)

Það hefur komið í ljós að þetta eru blekkingar og eins og ég segi viljandi eða óviljandi settar fram frá iðnaðarráðuneytinu. Staðreyndin er svo allt önnur. Hún var fögur fyrirsögnin á frumvarpinu: Frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Og það var fagurt sem fyrrverandi iðnaðarráðherra sagði þá m.a.:

„Sú jöfnun dreifingarkostnaðar raforku sem felst í frumvarpinu er mikilvæg til þess að jafna búsetuskilyrði í landinu.“

Hvað segir svo hæstv. iðnaðarráðherra í dag? Jú, að 25% íbúa hafi fengið hækkun, íbúar landsbyggðarinnar, íbúar í dreifbýli sem hafa fengið allt að 60% hækkun. Nú kemur hæstv. iðnaðarráðherra, formaður Framsóknarflokksins, og talar um að nú eigi að skipa starfshóp til að fara yfir málið.

Virðulegi forseti. Það þarf engan starfshóp í þetta. Það þarf heldur ekki að deila um gögnin vegna þess að nú höfum við reikninga sem fólk er að fá sem sýna þetta. Það þarf aðgerðir.

Að lokum, virðulegi forseti, þetta eru sannarlega kaldar kveðjur (Forseti hringir.) frá Framsóknarflokknum til íbúa í dreifbýli.

[13:42]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Farið hefur fram lausleg fyrsta könnun á þeim 25% notenda sem hafa fengið hækkun á umliðnum þremur árum. Ég ætla ekki að halda því fram að það sé endanleg niðurstaða en hún leiðir ekki í ljós neina eina einhlíta skýringu. Það virðast vera atviksbundnar ástæður í atviki hvers greiðanda um sig. Víða skiptir það máli að niðurgreiðsla er bundin við íbúðarhúsnæði en ekki húsnæði þar sem rekstur á sér stað. Ég fullyrði að það eru aðeins örfá dæmi um þær hækkanir sem hér voru nefndar. Ég hélt mig við hækkanir sem eru um og innan við 15% í því mati sem ég lét í ljós.

Það er hins vegar engin ástæða til að gera lítið úr þeim vanda sem þessar hækkanir geta valdið og það er mikil ástæða til þess að halda áfram því starfi sem t.d. Orkusetur veitir upplýsingar um, orkusparnað, orkusparnaðaraðgerðir, viðgerðir á húsnæði og annað þess háttar. Það er einmitt sú úttekt sem þessi starfshópur sem ég hef áður skýrt frá og skýrði frá áðan og ég gerði ráð fyrir að mundi fara í verðmyndun, einstaka kostnaðarliði og mat á þeim og þróun þeirra, en ég vara eindregið við því að menn geri lítið úr nauðsyn aðhaldsemiskröfu í þessum rekstri því að þar eru menn þá yfirleitt að bíta út haga framtíðarinnar og það er mjög hættulegt og óheppilegt að gera.

Umræðu lokið.

## *Virkjanaundirbúningur Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár.*

Fsp. SJS, 632. mál. — Þskj. 940.

[13:45]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Frú forseti. Það var löngum sagt um hana Landsvirkjun að hún væri ríki í ríkinu og liti á sig sem slíka, pantaði leyfi og heimildir til framkvæmda eftir því sem mönnum þótti ástæða til, þar á meðal ríkisábyrgðir á lán frá ríkinu. Þessi saga er vel þekkt, en maður hefur verið að vona að þetta væri liðin tíð og að Landsvirkjun þyrfti að hegða sér með hliðsjón af aðstæðum og nútímaviðhorfum hvað er við hæfi í mannlegum samskiptum og hvernig á að koma fram við landeigendur, jarðeigendur og aðra slíka. Hafi þau skilaboð ekki komist til stjórnenda Landsvirkjunar enn eru hæg heimatökin að láta þau berast þangað því að nú vill svo til að Landsvirkjun heyrir alfarið undir ríkið og hæstv. fjármálaráðherra fer með eigendavaldið, fer með eigendaábyrgðina fyrir hönd ríkisins.

Framganga Landsvirkjunar í undirbúningi að virkjunum í neðri hluta Þjórsár vekur auðvitað mikla athygli, t.d. það að ekkert er farið að tala við landeigendur og rétthafa á svæðinu á meðan undirbúningur er settur á fulla ferð og boðin út hönnun mannvirkja á landi í einkaeigu, hvers eigendur eru andvígir framkvæmdunum og hafa ekki samið um að láta sitt land undir þær. Ég skil satt best að segja ekki hvernig menn geta hegðað sér með þessum hætti og allra síst opinbert fyrirtæki. Þess vegna hljótum við að spyrja eins og ég geri hér í fyrirspurn hvort þessi framganga fyrirtækisins sé með stuðningi og velvilja hæstv. ráðherra. Nú liggur fyrir mikil og vaxandi andstaða heima fyrir við framkvæmdirnar þegar útfærsla virkjananna liggur fyrir með þremur stórum uppistöðulónum og hærri lónhæð en áður var gert ráð fyrir og miklu meiri landspjöllum, þá af eðlilegum ástæðum fer andstaða á svæðinu mjög harðnandi. Það verður ekki séð að það hafi nein áhrif á Landsvirkjun og/eða þann sem með eigendaábyrgðina ber að þessi staða er uppi í málinu.

Ég spyr því hæstv. ráðherra:

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Landsvirkjun láti af frekari virkjanaundirbúningi í neðri hluta Þjórsár í ljósi andstöðu landeigenda og fleiri heimamanna?

2. Telur ráðherra við hæfi að Landsvirkjun bjóði út hönnun mannvirkja á landi í einkaeign sem ekki hefur verið samið um afnot af eða um bætur fyrir og þegar ljóst er að landeigendur eru framkvæmdunum andvígir?

Ég vil fá alveg skýr svör um það hvort framgangan er með stuðningi og blessun ráðherra. Það dugar ekki fyrir hæstv. ráðherra að ætla að reyna að skjóta sér á bak við einhverja stjórn eða einhverja aðra slíka sem hann handvelur fyrir fyrirtækið. Eigendaábyrgðin er á herðum hæstv. ráðherra og hann skal veskú svara skýrt.

[13:48]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Þegar menn tala svona og segja „veskú“ þá veltir maður fyrir sér hvort menn segi „óekkí“ eða „skrúflulaust“, hvort það geti verið að hægt sé að rekja eitthvað í orðfæri manna. Hins vegar er því til að svara að Landsvirkjun þarf að sjálfsögðu að fara fram af fullri kurteisi og fullri nærgætni gagnvart þeim aðilum sem hún hefur samskipti við, hverjir svo sem þeir eru og hvar svo sem þeir eru.

Varðandi hins vegar þetta tiltekna mál sem eru virkjanir í neðri Þjórsá er staða málsins sú að á árunum 1914–1924 voru 95% af virkjanaréttindunum seld og í langflestum tilfellum var jafnframt samið um það hvernig aðgang handhafi virkjanaréttindanna ætti hafa að landi til þess að nýta réttindin og hvernig standa ætti að að því að bæta þann hugsanlega skaða á landi sem yrði vegna þeirra framkvæmda sem virkjanaleyfishafinn stæði fyrir. Það hefur ekki orðið vart við að andstaða sé við að semja við Landsvirkjun um það hvernig ganga eigi frá þeim málum sem hér um ræðir. Ég held að það að hönnun sé að einhverju leyti komin af stað og jafnvel lagt komin af stað sé einungis til þess fallið að hjálpa til við að meta það rask sem verður hugsanlega vegna virkjanaframkvæmdanna og greiða fyrir því að samkomulag náist um þær bætur sem landeigendur ættu að fá fyrir rask vegna mannvirkja.

Ég held því að forsendur fyrirspurnarinnar séu í raun rangar því að það hefur ekki orðið vart við það hjá landeigendum sem þarna eru og Landsvirkjun er í sambandi við að þeir vilji ekki semja við Landsvirkjun um þetta efni. Jafn-

framt hefur verið mjög gott samstarf milli Landsvirkjunar og sveitarstjórnanna og ég á ekki von á því að það verði einhver vandamál því tengd í því sem er fyrirséð um framkvæmdina. Ég hef því ekki uppi neinar fyrirætlanir um að beita mér fyrir því að Landsvirkjun láti af undirbúningi á því að virkja í neðri Þjórsá. Þetta er allt í, eins og sagt verður, eðlilegum farvegi, en eins og ég nefndi áðan og vil gjarnan endurtaka þá ber Landsvirkjun að fara fram af fyllstu kurteisi og nærgætni við þá er þarna eiga hlut að máli eins og alla aðra.

[13:51]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Forsendur fyrir eignarnámi vegna virkjanaframkvæmda í neðri hluta Þjórsár eru brostnar. Það kom skýrt fram í utandagskrárumræðu sem ég var með við hæstv. umhverfisráðherra fyrir nokkrum dögum þegar fram kom þverpólitísk andstaða við eignarnám vegna framkvæmdanna, hvort heldur var frá þingmönnum sjálfstæðismanna, Framsóknar eða stjórnarandstöðuflokkanna. Það á því að liggja skýrt fyrir að það pólitíska ofbeldi sem felst í eignarnámi er úr sögunni.

Hér er um að ræða 30 landeigendur og 4 ferkílómetra af grónu og ræktuðu landi sem færi undir lón. Náist ekki samningar eru framkvæmdirnar úr sögunni. Þess vegna eru útboð og hönnun á mannvirkjum á eignarjörðunum að sjálfsögðu algjörlega fráleit hafi samningar ekki gengið fram. Þannig er staðan augljóslega á málinu og út af því væri fróðlegt að heyra sjónarmið hæstv. fjármálaráðherra á eignarnáminu af því að, ef ég man rétt, lýsti hann yfir stuðningi við eignarnámsákvæðið í Fréttablaðinu í janúar, (Forseti hringir.) en nú hafa komið fram önnur sjónarmið frá Sjálfstæðisflokknum í málinu.

[13:52]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þetta eru að verða dæmalaus áform um virkjanirnar í neðri hluta Þjórsár. Þær voru kynntar til sögu fyrir nokkrum árum sem rennslisvirkjanir en nú eru þær orðnar að virkjunum með þremur nokkuð stórum lónum í miðri blómlegri byggð. Næsta skref er það að verið er að hanna framkvæmdir á jörðum sem alls ekki eru í valdi þess sem framkvæmir eða framkvæma ætlar og komin er í ljós veruleg andstaða við að nýtt sé eignarnámsheimild á jörðunum sem ég vona að hæstv. fjármálaráðherra taki undir á eftir.

Það er líka nýtt við það að nú ætlar Landsvirkjun að fara að bjóða út framkvæmdirnar með einhverjum hætti en hefur ekki einu sinni rannsóknarleyfi. Landsvirkjun hefur í óleyfi rannsakað framkvæmdir á svæðinu, hefur í óleyfi gefið út alls konar skýrslur, skrár og fyrirætlanir. Hvernig stendur á því? Ég vona (Forseti hringir.) að ráðherrann svari því þegar iðnaðarráðherra er farinn, hvers vegna Landsvirkjun leyfir sér slíkt án rannsóknarleyfis í ánni.

[13:54]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Rafmagnið sem ætlað er að framleiða í virkjunum í neðri hluta Þjórsár á að ganga til uppbygginga álvera, stækkun álversins í Straumsvík eða álvers í Helguvík. Nú er allt í uppnámi með það. Þetta verður eitt af kosningamálunum í vor hvort halda eigi áfram í álæðinu sem hefur verið undanfarin ár eða hvort stoppa eigi við. Meira að segja Morgunblaðið er farið að lita fálkann grænan til þess að lýsa yfir andstöðu sinni við virkjanaáformin, við áláformin.

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Er ekki rétt að stoppa við, stoppa Landsvirkjun af a.m.k. fram yfir kosningar og sjá hvað gerist, hvort þjóðin hafni ekki frekari stækkun álversins í Straumsvík eða nýju álveri í Helguvík? Þá eru líka forsendur brostnar fyrir því að fara í virkjanirnar í neðri Þjórsá. Stoppum við. Ég skora á hæstv. ráðherra að fylgja eftir merki græna fálkans í Morgunblaðinu og stoppa við.

[13:55]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Fróðlegt var að hlýða á svar hæstv. fjármálaráðherra sem taldi í ræðu sinni eiginlegar forsendur spurningarinnar ekki alveg réttar, þetta væru ekki réttar spurningar og því væri ekki hægt eiginlega að koma með rétt svör, eða þannig mátti skilja hann.

Mér þykir einnig mjög athyglisvert í umræðunni að hér er rætt um að verið sé að hanna mannvirki á landi sem Landsvirkjun á ekki, það er verið að vinna verkefni sem ekki liggur rannsóknarleyfi fyrir og nýverið var Landsvirkjun dæmd fyrir að svindla á almenningi í verðsamráði.

Virðulegi forseti. Ég hlýt að spyrja í ljósi þeirrar umræðu: Hvað er að gerast í Landsvirkjun? Hvers konar framkoma er þetta gagnvart almenningi, landeigendum og hverjum sem tengjast starfseminni? Ég held að hæstv. fjármálaráðherra þurfi eitthvað að líta til með (Forseti hringir.) fyrirtækinu ef þetta er hegðun félagsins hvar sem það kemur.

[13:56]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Landsvirkjun hefur farið sínu fram að mörgu leyti og stjórnvöld hafa auðvitað stutt hana í því í gegnum tíðina. Þetta er rétt lýsing á því hvernig menn hafa staðið að málum. Landsvirkjun hefur ekki einu sinni fengið rannsóknarleyfi á virkjununum, hefur rannsakað þessi mál án þess að hafa til þess tilskilin leyfi.

Það var annað sem ég ætlaði að koma að í umræðunni og það er það að hv. þm. Jón Bjarnason sagði að kosið yrði um þetta í kosningunum í vor. Það er ekki rétt. Kosið verður um þetta í Hafnarfirði eftir nokkra daga. Ef Hafnfirðingar samþykkja þá niðurstöðu að álverið verði stækkað í Straumsvík er í það mál komin niðurstaða. Þar með er ekki með komin niðurstaða í það mál hvort virkjað verði þarna fyrir það álver en kosningarnar í Hafnarfirði ráða úrslitum um það (Forseti hringir.) hvort álverið verður stækkað.

[13:57]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Í síðustu viku vakti ég athygli á því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrirspyrjandi, hefði margoft lýst því yfir á hinu háa Alþingi að hann teldi virkjanir í neðri hluta Þjórsár þær skynsamlegustu sem hægt væri að ráðast í. (Gripið fram í.) Fyrir fáeinum dögum sagðist hv. þingmaður vera algjörlega á móti virkjununum.

Ég hef ekki orðrétt eftir þingmanni og ég bið hann og aðra þingmenn um að virða mér það til vorkunnar. Þess vegna verður hv. þingmaður að upplýsa þingheim um það hvað hefur gerst í málinu sem veldur því að hann hefur skipt um skoðun frá því í nóvember sl. og þar til nú í síðustu viku.

[13:58]

**Ellert B. Schram:**

Frú forseti. Hér fór fram stutt umræða um daginn um hinar meintu eða fyrirhuguðu virkjanir í neðri Þjórsá. Í þeirri umræðu tók til máls hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og lýsti þeirri skoðun sinni ákaflega afdráttarlaust að eignarnám kæmi alls ekki til greina ef upp kæmi einhver annar ágreiningur um það hvort þar ætti að virkja eða ekki. Þetta fór ekkert á milli mála hjá þeim fáu hv. þingmönnum sem voru staddir í þingsal.

Ég held að núna í þessari umræðu sem fjallar sérstaklega um neðri hluta Þjórsár og væntanlegar virkjanir þar sé nauðsynlegt að hæstv. fjármálaráðherra láti í ljós skoðun sína á þessari afstöðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, (Forseti hringir.) að þingheimur fái að heyra hver skoðun (Forseti hringir.) ráðherrans er varðandi eignarnám eða ekki eignarnám.

[14:00]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Frú forseti. Það fer að verða ekki seinna vænna fyrir hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson að reyna að hafa sig upp úr niðdimmum kjallara útúrsnúninganna í stjórnmálarökræðunni ef hann ætlar að ná því yfirleitt á sínum þingmannsferli því að skammt lifir þessa kjörtímabils. (Gripið fram í.)

Ég mótmæli því að ekki sé andstaða við samninga við Landsvirkjun á því svæði sem í hlut á, það eru bara einfaldlega ekki réttar upplýsingar hjá hæstv. ráðherra og engin málsvörn í því fólgin. Það er erfitt að túlka hæstv. ráðherra öðruvísi en þannig að framganga Landsvirkjunar sé með stuðningi hans, hann sé að skrifa upp á það að Landsvirkjun þjösnist áfram og bjóði út framkvæmdir á landi sem eru í einkaeigu, hvers eigendur eru andvígir framkvæmdunum og hafa ekki samið um afnot af landi sínu. (**GÓJ:** En af hverju ...?) Það er stórkostlega ámælisvert að opinbert fyrirtæki skuli geta hegðað sér þannig, frú forseti, og fráleitt í raun og veru. Það að bjóða út framkvæmdirnar er allt annað en að útfæra virkjunarkostina og velja þá þannig að menn geti áttað sig á því hvernig mannvirkin verða. Það er stigið eitt skref og mjög stór skref í viðbót (**GÓJ:** En af hverju ...?) þegar framkvæmdirnar (Forseti hringir.) sjálfar eru boðnar út.

Þess vegna er engin hæfa að Landsvirkjun haldi nú þessum undirbúningi áfram í ljósi allrar óvissu í málinu, í ljósi andstöðunnar heima fyrir og ef treysta má því að ekki eigi að grípa til eignarnámsheimilda. Ef fjármálaráðherra fyrir hönd fyrirtækisins er búinn að ákveða að pólitískt sé ekki staða til þess og ekki réttlætanlegt og verjanlegt að grípa til eignarnámsheimilda, hverjar heimamenn hafa óttast — það get ég borið vitni um, síðast á fundi á Skeiðum fyrir nokkrum dögum, að heimamenn óttuðust þar að Landsvirkjun væði svona áfram í trausti þess að hún fengi eignarnámið ef á þyrfti að halda — á ráðherra, ef hann ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur, að gefa Landsvirkjun fyrirmæli um að stoppa. Ef ekki stendur til að grípa til eignarnáms verða að koma samningar (Forseti hringir.) áður en lengra er haldið.

[14:02]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Já, það er dálítið sérstakt, frú forseti, að hv. þingmaður notar annað orðalag núna í ræðu sinni en er í fyrirspurninni. Í fyrirspurninni er talað um „í ljósi andstöðu landeigenda" en miðað við þær upplýsingar sem ég hef hafa þeir landeigendur sem þarna koma að máli ekki haft uppi neina andstöðu við það að ganga til samninga við Landsvirkjun. Þar sem þannig liggur í málinu hefur ekki komið upp sá hugsanlegi möguleiki að farið yrði í eitthvert eignarnám. Það hefur ekkert verið skoðað einu sinni hvort það væri rétt eða réttlætanlegt. Það eina — (Gripið fram í.) ef hv. þingmaður mundi gefa mér tækifæri til að svara — sem ég hef sagt um þetta mál, og reyndar hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson vitnaði í, var í Fréttablaðinu þar sem ég sagði að það eina sem gerði það mögulegt í stöðunni að fara í eignarnám væri að um það væri getið í lögum, en að öðru leyti vissi ég ekki til að það væri neitt inni í umræðunni hvað þetta varðar. Þannig er staðan, það er ekki inni í umræðunni. Viðræður eiga sér stað við landeigendur um þetta mál. Það eru ákvæði um það í samningunum sem fóru fram um sölu virkjanaleyfanna hvernig að þessu á að standa þegar virkjanaleyfið verður nýtt, (Gripið fram í.) hvernig eigi — ef hv. þingmaður leyfir mér að klára að svara — að ganga í það að meta bætur vegna jarðrasks og annars sem tengist mannvirkjunum. (Gripið fram í.)

Forsenda fyrirspurnarinnar er eins og ég sagði áðan einfaldlega röng því að andstaða landeigendanna við það að semja við Landsvirkjun, sem byggt er á, hefur ekki komið fram. Ég er einfaldlega ósammála hv. þingmanni um það að hönnun mannvirkjanna leiði ekki til þess að það verði auðveldara að meta jarðrask og hvaða bætur eigi að koma fyrir jarðrask en ef það hefðu ekki farið fram.

Umræðu lokið.

## *Bótaskyldir atvinnusjúkdómar.*

Fsp. GÓJ, 611. mál. — Þskj. 911.

[14:05]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Á hverju ári berast til Vinnueftirlitsins milli 5 og 20 tilkynningar um atvinnusjúkdóma eða meinta atvinnusjúkdóma. Tilkynning um atvinnusjúkdóm á samkvæmt lögum að berast frá þeim lækni sem greinir starfsmanninn. Í dag háttar þannig til að læknir sem skoðar sjúkling vegna atvinnusjúkdóms hefur engin viðmið í reglugerð sem segi til um eftir hvaða skilmerkjum greina skuli atvinnu- eða atvinnutengda sjúkdóma.

Áður fyrr var í gildi reglugerð nr. 221/1939, um atvinnusjúkdóma, en sú reglugerð hefur verið felld úr gildi. Ég vek athygli hv. þingmanna á ákvæðum 4. og 5. mgr. 22.

gr. laga um almannatryggingar sem fjalla um slysatryggingar en í 4. mgr. segir: „Til slysa teljast sjúkdómar er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar."

Síðan segir í 5. mgr.:

„Ákveða skal með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir samkvæmt þessum kafla."

Þetta ákvæði er í samræmi við evrópskar leiðbeiningar nr. 90/326 frá Evrópusambandinu en því miður hefur þessi reglugerð ekki verið sett.

Ég vek athygli á því að Vinnueftirlitið útbjó á árinu 2005 lista sem notaður er til viðmiðunar við greiningu atvinnusjúkdóma. Þetta er í sjálfu sér lágmarkslisti en mörg Evrópulönd nota mun víðtækari skilgreiningar. Ef þessi listi yrði notaður hér á landi má ætla að tilkynningar um atvinnusjúkdóma yrðu um 300 talsins þó að bótaskyld tjón yrðu væntanlega nokkru færri.

Ég tel nauðsyn á því að þessi reglugerð um bótaskylda atvinnusjúkdóma verði sett hið fyrsta og tel í þeim efnum heppilegt að nota viðmiðanir frá Evrópusambandinu, eða Alþjóðavinnumálastofnuninni sem er að vísu mun víðtækari. Í slíkri reglugerð yrðu væntanlega að vera ákvæði um sérislenska sjúkdóma eins og t.d. kúfisksótt þannig að það yrði gætt að staðbundnum sjúkdómum sem hér ríkja.

Þess vegna hef ég á þskj. 911 lagt fram fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um hvað líði setningu reglugerðar um bótaskylda atvinnusjúkdóma, sbr. 5. mgr. 22. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

[14:08]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson spyr hvað líði setningu reglugerðar um bótaskylda atvinnusjúkdóma, sbr. 5. mgr. 22. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Ákvæði í lögum um bætur vegna atvinnusjúkdóma eru fá og má reikna með að ástæða þess sé að sjúkratryggingar og lífeyristryggingar almannatrygginga ná til allra sjúkdóma og afleiðinga þeirra án tillits til þess hver uppruni sjúkdómsins er. Heilbrigðisþjónusta er veitt samkvæmt sjúkratryggingum þegar um atvinnusjúkdóm er að ræða og ef atvinnusjúkdómur leiðir til örorku fær einstaklingur örorkubætur í samræmi við almennar reglur lífeyristrygginga.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar eru slys skilgreind sem skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Atvinnusjúkdómar geta því varla talist til slysa. Þrátt fyrir það segir í 4. mgr. 22. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, að til slysa teljist „sjúkdómar er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar". Í 5. mgr. 22. gr. laganna er síðan kveðið á um að ákveða skuli „með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir" samkvæmt slysatryggingakafla laganna.

Í lögunum eru sem sagt tilteknir sjúkdómar sem stafa af atvikum sem vara í hæsta lagi fáeina daga og hægt er að rekja til vinnunnar felldir undir hugtakið slys. Síðan skal ákveða með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar teljist bótaskyldir sem slys.

Ákvæði 22. gr. almannatryggingalaga tóku gildi árið 1964 og miðast við atvinnulíf sem er mjög frábrugðið atvinnulífinu í dag. Einnig er erfitt að tengja atvinnusjúkdóma skilyrðum laganna um bætur vegna vinnuslysa nema atvinnusjúkdómurinn verði vegna skyndilegs atburðar. Þegar lagaramminn er með þessum hætti er vandasamt að setja reglugerð um að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir. Þess má þó geta í þessu sambandi að skaðabótalög gilda að öðru leyti um ábyrgð vinnuveitenda.

Virðulegur forseti. Ég tel að endurskoða þurfi ákvæði laga um almannatryggingar, um bætur vegna atvinnusjúkdóma, og tel nauðsynlegt að samhliða þeirri endurskoðun verði skilgreint hvaða sjúkdómar teljist atvinnusjúkdómar. Málið tengist umræðum um tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2003/670, um evrópska skrá yfir atvinnusjúkdóma, og tilmæli Alþjóðavinnumálaþingsins nr. 194, um skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma.

Félagsmálaráðuneytið hefur nýlega ákveðið að leggja til að fyrrgreind tilmæli Evrópusambandsins verði ekki felld undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið enda sé ekki um bindandi gerð að ræða. Hins vegar óskaði það ráðuneyti í desember sl. eftir því við Vinnueftirlitið að kannað verði hvort ástæða sé til að koma upp íslenskri skrá fyrir atvinnusjúkdóma. Ég tel að slíka könnun ætti að gera í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins og endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um bætur vegna atvinnusjúkdóma samhliða.

Virðulegur forseti. Þetta mál er afar flókið og snýst ekki eingöngu um að setja reglugerð en eins og áður er sagt þarf að líta til hugsanlegra lagabreytingatilmæla Evrópusambandsins og tilmæla Alþjóðavinnumálaþingsins.

[14:11]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að við ræðum hérna bótaskyldu vegna atvinnusjúkdóma. Þegar almannatryggingalögin íslensku hafa verið borin saman við réttindi gagnvart almannatryggingum í öðrum löndum hefur það vakið athygli að atvinnusjúkdómar hafa ekki haft sama sess innan okkar kerfis eins og á Norðurlöndunum og auðvitað hefði átt að vera búið að taka á því fyrir löngu. Kannski er það vegna þess að þetta er flókið mál, eins og hæstv. ráðherra sagði, sem það hefur ekki verið gert enn þá en auðvitað verður að taka á þessu máli sérstaklega.

Ráðherra talaði um endurskoðun almannatryggingalaganna. Það hefði fyrir löngu þurft að vera búið að endurskoða þessa almannatryggingalöggjöf. Hún er orðin gömul og úrelt og er alls ekki í takt við það samfélag sem við lifum í í dag, hún miðast við allt aðrar aðstæður. Það er synd til þess að hugsa að samkvæmt almannatryggingalögunum íslensku skuli menn sem verða fyrir atvinnusjúkdómum ekki hafa sömu réttindi og tíðkast í (Forseti hringir.) velferðarkerfinu annars staðar á Norðurlöndum.

[14:13]

**Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir

svörin. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra, atvinnusjúkdómar eru skaðabótaskyldir, þ.e. vinnuveitandi getur orðið skaðabótaskyldur ef líkamstjón sem stafar af atvinnusjúkdómi verður talið rakið til vinnuveitandans, tækja sem hann ber ábyrgð á eða efna sem þar eru notuð.

Hins vegar er öllu alvarlegra að þeir sem verða fyrir atvinnusjúkdómum njóta ekki réttar úr almannatryggingum. Eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir gat um er það mjög frábrugðið því sem gerist a.m.k. annars staðar á Norðurlöndunum og víða í kringum okkur. Ég vil leyfa mér að skilja svör hæstv. heilbrigðisráðherra svo að hún hafi vilja til þess að setja reglugerð um atvinnusjúkdóma. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni þarf að vera til íslensk skrá og þetta er a.m.k. að hluta til til í Vinnueftirlitinu þar sem slík sjúkdómaskráning hefur verið við lýði um nokkurt skeið.

Ég vænti þess að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi um það forgöngu að ráðuneytið og Vinnueftirlitið vinni að slíkri skrá og að þessi reglugerð um atvinnusjúkdóma verði sett hið fyrsta.

[14:15]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég held að það sé algjörlega ljóst að þeir sem skoða atriði sem snúa að atvinnusjúkdómum sjá að lagaramminn er þess eðlis að það þarf að endurskoða hann. Það er spurning hvort sérstakan kafla um atvinnusjúkdóma þurfi í löggjöfina en núna er það fellt í slysatryggingakaflann. Ég vil ítreka að ég tel að endurskoða þurfi lögin, ákvæði laganna um almannatryggingar, um bætur vegna atvinnusjúkdóma, og samhliða þeirri endurskoðun sé skilgreint hvaða sjúkdómar teljast atvinnusjúkdómar. Vinnueftirlitið er að skoða hvort ástæða sé til að koma upp íslenskri skrá yfir atvinnusjúkdóma. Ég tel að slíkt ætti að gera í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins, sem auðvitað tengjast þessu máli mjög mikið, og að samhliða yrðu ákvæði almannatryggingalaga vegna atvinnusjúkdóma endurskoðuð.

Ég vil líka koma því á framfæri, virðulegur forseti, að almannatryggingalöggjöfin er í sífelldri endurskoðun. Það hafa verið gerðar á henni breytingar í gegnum árin, þær eru stundum gerðar oft á ári þannig að sú löggjöf er í sífelldri endurskoðun.

Umræðu lokið.

## *Bólusetningar gegn leghálskrabbameini.*

Fsp. SæS, 585. mál. — Þskj. 867.

[14:17]

**Fyrirspyrjandi (Sæunn Stefánsdóttir):**

Frú forseti. Við lestur þarsíðasta tölublaðs Læknablaðsins vakti athygli mína viðtal við Harald Briem sóttvarnalækni um bólusetningar gegn leghálskrabbameini. Hann fjallaði m.a. um þá umræðu sem hefur skapast í Bandaríkjunum í kjölfar þess að farið var af stað með bólusetningu gegn papílómaveiru eða HPV-veiru sem veldur leghálskrabbameini. Fylkisþingið í Michigan samþykkti lög í september 2006 sem kveða á um skyldubólusetningu allra 11 og 12 ára stúlkna og umræðan í Bandaríkjunum er á þann veg að búist er við að önnur ríki fylgi í kjölfarið.

Þetta vakti athygli mína vegna þess að í ljós hefur komið að leghálskrabbamein orsakast nær undantekingarlaust af smiti af völdum vörtuveira. Til eru fjölmargir stofnar HPV-veira, sumir þeirra geta valdið krabbameini en aðrir kynfæravörtum. Veirusýkingarnar eru mjög algengar og er talið að yfir 40% ungra kvenna beri HPV-veirusmit á hverjum tíma. Í flestum tilvikum vinnur líkaminn sjálfur bug á sýkingunni án frekari afleiðinga en í undantekningartilvikum þróast sýkingin yfir í alvarlegar frumubreytingar og jafnvel krabbamein í leghálsi.

Nú er það þannig að við höfum náð miklum árangri á Íslandi, sérstaklega í kjölfar þess að sett var á skipuleg leit að krabbameini í leghálsi hjá konum. Nú er staðan þannig að leghálskrabbamein er komið í 12.–13. sæti krabbameina hjá konum og greinast 16 konur árlega. Nýgengi leghálskrabbameins hefur lækkað umtalsvert á Íslandi síðustu áratugi og er það sérstaklega fyrir áhrif leitarstarfsins. Nýgengi var á uppleið áður en leitin hófst og ljóst er að það væri margfalt hærra nú ef leitin hefði ekki komið til. Slík hækkun hefur orðið í löndum þar sem leghálskrabbameinsleit er ekki til staðar en hækkunin fylgir auknu frjálsræði á síðustu áratugum. Aldursdreifing leghálskrabbameins er nokkuð sérstök þar sem það er nokkuð algengt hjá ungum konum.

Mér fundust það athyglisverðar fréttir sem komu fram í viðtali við Harald Briem í Læknablaðinu og þess vegna hef ég lagt fram þessa fyrirspurn. Við höfum notað bólusetningar með góðum árangri á Íslandi á ýmsum sviðum og almenn þátttaka í þeim hefur verið mjög góð, það skýrir góðan árangur. Sóttvarnalæknirinn orðar það svo í viðtalinu að um sé að ræða hagsmunamál fyrir konur og ég tek undir það. Mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvað henni finnist um hugmyndir um bólusetningar gegn algengri veiru sem valdið getur leghálskrabbameini.

[14:20]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um bólusetningar gegn algengri veiru sem valdið getur leghálskrabbameini.

Fullvíst er talið að vörtuveirur sem nefnast HPV, Human Papiloma Virus, séu orsök leghálskrabbameins. Þróað hefur verið bóluefni gegn þessari veiru. Niðurstöður umfangsmikilla fjölþjóðlegra rannsókna, sem rúmlega 700 íslenskar stúlkur tóku m.a. þátt í, sýndu að bóluefnið veitir vörn gegn fjórum afbrigðum HPV-veirunnar en tvö þeirra afbrigða valda flestum tilfellum leghálskrabbameins.

Sýking af völdum vörtuveira er algengur kynsjúkdómur. Er talið að 40–50% kvenna smitist af HPV fyrir 25 ára aldur. Algengi smits lækkar svo eftir 30 ára aldur og eftir 45 ára aldur er algengi um 4%. Skýringin er væntanlega sú að líkaminn vinnur í flestum tilvikum bug á sýkingunni og eldri konur eru því ónæmari fyrir veirunni. Þrátt fyrir að umtalsverður árangur hafi náðst hér á landi í baráttunni

gegn leghálskrabbameini með kerfisbundinni leit að forstigsbreytingum sjúkdómsins, eins og kom fram hjá hv. þingmanni, greinast að jafnaði um 16 konur á ári hverju með sjúkdóminn.

Það eru vissulega mikil tíðindi að hægt sé að koma í veg fyrir krabbamein með bólusetningum. Smitsjúkdómar eru í sumum tilvikum orsök krabbameins. Ég tel mikilvægt að huga að bólusetningu gegn leghálskrabbameini hér á landi. Vanda þarf til verksins því að bóluefnið er afar dýrt. Þótt bóluefnið verndi gegn smiti af völdum þeirra vörtuveira sem oftast valda krabbameini nær það enn sem komið er ekki til allra stofna veirunnar. Því er mikilvægt að halda áfram skipulegri leit að leghálskrabbameini þótt bólusetning meðal stúlkna verði hafin hér á landi. Ef bólusetning á að skila árangri þarf að bjóða stúlkum bólusetningu áður en þær ná kynþroskaaldri samtímis því sem öflugu leitarstarfi verður haldið áfram.

Vegna mikilvægis þessa máls hef ég falið sóttvarnaráði að kanna nánar kostnaðarhagkvæmni bólusetningar gegn leghálskrabbameini og að koma með tillögur um útfærslu bólusetninga gegn sjúkdómnum ef það verður niðurstaðan að fara út í slíkar bólusetningar.

Hv. þingmaður minntist á umræðuna í Bandaríkjunum. Það er rétt að verið er að skylda allar stúlkur í ákveðnu ríki þar í þessar bólusetningar og hefur það valdið miklu uppnámi. Í því ríki, ef ég man rétt, er fylkisstjórinn repúblikani. Hann heldur utan um málið og keyrir það áfram en flokksfélagar hans hafa hnýtt í hann af því að þeir telja að þetta valdi því að stúlkur fari út í snemmbært kynlíf o.s.frv. Orðræðan, sem að hluta til er sprottin af trúarlegum rótum, er á þann veg en fylkisstjórinn hefur sýnt sérstaka forustu í málinu og mikil og heit umræða hefur skapast.

Virðulegur forseti. Ég ítreka það að vegna mikilvægis þessa máls hef ég falið sóttvarnaráði að kanna kostnaðarhagkvæmnina af því að fara út í slíkar bólusetningar. Niðurstöður rannsókna lofa góðu en bóluefnið er mjög dýrt þannig að það þarf alltaf að vega kostnað inn í. Sóttvarnaráð er til þess bært að vega og meta þessi sjónarmið og ég á von á því að fá tillögur og niðurstöður frá því þegar umræðan hefur farið fram þar innan dyra.

Mér finnst þetta mjög spennandi mál. Ég tel mjög æskilegt ef inngripið er svona lítið, þetta er bara bólusetning, að hægt sé að koma í veg fyrir krabbamein en það þarf að vigta kostnaðinn inn í. Mér finnst þetta mjög spennandi mál.

[14:24]

**Bryndís Haraldsdóttir:**

Hæstv. forseti. Lögð var fram mjög áhugaverð fyrirspurn sem snýr að bólusetningu sem gæti komið í veg fyrir leghálskrabbamein. Þetta eru mjög áhugaverðar niðurstöður úr læknarannsóknum og ég vil þakka hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur fyrir að vekja máls á þessu á þinginu.

Krabbamein í leghálsi er nokkuð algengt þrátt fyrir að reglubundin leit hafi skilað mjög miklum árangri. Bólusetning yrði svo sannarlega frábært og stórt skref til að fækka enn frekar krabbameinstilfellum. Ég vil þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir að koma málinu í farveg og tel mikilvægt að vel sé fylgst með framvindu þess.

[14:25]

**Fyrirspyrjandi (Sæunn Stefánsdóttir):**

Frú forseti. Ég tek undir það með hæstv. heilbrigðisráðherra að um mjög spennandi mál er að ræða. Ég fagna því sérstaklega undirtektum hæstv. ráðherra og því frumkvæði sem hún hefur sýnt með því að beina því í þann farveg að fela sóttvarnaráði svokallaða kostnaðarhagkvæmnisskoðun. Það er brýnt við slík úrlausnarefni að taka ávallt kostnaðinn inn í myndina. Það er einnig brýnt að hægt verði að tryggja að bólusetningin verði það almenn að yfir 90% stúlkna á umræddum aldri muni nýta sér hana svo að þetta skili þeim árangri sem að er stefnt.

Við höfum verið það lánsöm hér á landi að bólusetningar eru almennar og hafa skilað þeim árangri sem sóst var eftir og því verðum við að halda áfram. Skipulagða leitin er líka mikilvæg, eins og hæstv. ráðherra kom inn á í svari sínu, við eigum ekki að slaka á í þeim efnum. En ef við getum með þessum hætti lækkað enn frekar tíðni leghálskrabbameins í íslenskum konum höfum við allt að vinna. Ég hvet hæstv. heilbrigðisráðherra til að fylgja fast eftir frumkvæði sínu. Ég vona að sóttvarnaráð skili niðurstöðum sínum fljótlega og ég mun fylgjast með málinu áfram.

[14:26]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka góð viðbrögð hér. Ég vil taka fram að mér finnst mjög mikilvægt að sóttvarnaráð skoði málið líka með tilliti til kostnaðarins. Þó að alltaf sé erfitt að blanda kostnaði inn í umræður um mál af þessu tagi getum við ekki vikið okkur undan því. Við erum að taka inn núna ný krabbameinslyf, ný lyf gegn sjúkdómi í augnbotnum o.s.frv. Þetta eru mjög dýr lyf en hafa mikil áhrif á líf og geta bætt lífsgæði. Ég vil t.d. nefna að augnbotnalyfin, sem við erum að láta skoða núna og eru í ferli í kerfinu, kosta líklega 1,4 milljónir á ári fyrir einn sjúkling og meðferðin tekur að lágmarki tvö ár. Það þarf því alltaf að vega inn kostnaðinn á móti. Væntanlega mun sóttvarnaráð líka skoða hvort hugsanlega verði um valkvæða þjónustu að ræða og hvort kostnaðarhlutdeild eigi að vera einhver.

Mér finnst þetta spennandi mál og hef því falið sóttvarnaráði að kanna kostnaðarhagkvæmni og setja fram tillögur í framhaldi af því.

Umræðu lokið.

[14:28]

**Útbýting:**

Störf á landsbyggðinni, 605. mál, svar umhvrh., þskj. 1008.

## *Marco Polo áætlun Evrópusambandsins.*

Fsp. AKG, 608. mál. — Þskj. 908.

[14:29]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Önnur Marco Polo áætlun Evrópu-

sambandsins gekk í gildi árið 2006, þann 14. desember. Ástæður Evrópusambandsins fyrir Marco Polo áætluninni nr. 2 eru kostnaður vegna slysa á vegum sem er áætlaður um 1% af vergri landsframleiðslu, umhverfismál eða mengun sem hlýst af flutningi á vegunum, hætta á vegunum og aukinn umferðarþungi og umferðarteppur en spáð er mjög mikilli aukningu á umferð á næstu árum.

Á Íslandi eru aðstæður alveg nákvæmlega eins og þarna er verið að lýsa, þ.e. vegir á Íslandi slitna mjög vegna umferðarþunga flutningabifreiða. Þess má geta í leiðinni að þungaskattur dekkar engan veginn þann kostnað sem hlýst af flutningunum. Það er mjög mikil mengun af þeirri umferð og hún er stórhættuleg fyrir almenna umferð. Það ber ekki að skilja orð mín svo að ég geri mér ekki grein fyrir því sem verið er að gera okkur landsmönnum gott með flutningunum til okkar en það verður að skoða aðrar leiðir.

Undanfarið hefur verið mikill þrýstingur frá sveitarstjórnarmönnum og forsvarsmönnum fyrirtækja úti á landsbyggðinni sem hafa viljað fá flutningana á sjó vegna þess að flutningur með bílum og kostnaður við það er bókstaflega að sliga atvinnulíf úti á landsbyggðinni, sérstaklega á þeim landsvæðum þar sem vegir eru mjög slæmir, eins og t.d. á Vestfjörðum. Við þekkjum mörg dæmi um það að það þarf að umskipa, það þarf að skipta farmi niður á minni bíla vegna þess að vegirnir þola ekki stóru bílana sem eru mikið hlaðnir. Nýlega gengu vestfirskir sveitarstjórnarmenn einmitt á fund okkar þingmanna svæðisins þar sem verið var að leggja áherslu á þessi atriði.

Marco Polo áætlunin gengur sem sagt út á það að koma flutningum af vegunum á sjó og vötn af þeim ástæðum sem ég taldi upp áðan. Á Íslandi hefur alltaf verið eiginlega gefið í skyn að ekki mætti styrkja sjóflutninga. Það er hins vegar rangt. Það má styrkja sjóflutninga og áætlunin gengur beinlínis út á það, eins og ég sagði áðan, að styrkja og styðja flutningana. Ekki einungis það, heldur líka að styðja við þróun tæknibúnaðar sem minnkar mengun. Hér á Íslandi höfum við einmitt eitt slíkt fyrirtæki, Marorku, sem framleiðir tækjabúnað sem minnkar orkunotkun og þar með mengun frá skipum.

Ég spyr hæstv. ráðherra:

1. Hefur samgönguráðuneytið gert úttekt á því hvaða möguleikar felast í Marco Polo áætlun Evrópusambandsins fyrir íslenskt samgöngukerfi?

2. Hefur ráðuneytið kynnt skipafélögum sérstaklega möguleika sem felast í Marco Polo áætluninni?

3. Eru áðurnefndar kynningar fyrirhugaðar ef þær hafa ekki farið fram? (Forseti hringir.)

4. Hvaða þýðingu telur ráðherra að þessi áætlun geti haft fyrir Íslendinga?

[14:32]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Spurt er í fyrsta lagi:

„Hefur samgönguráðuneytið gert úttekt á því hvaða möguleikar felast í Marco Polo áætlun Evrópusambandsins fyrir íslenskt samgöngukerfi?"

Svar mitt er þetta: Marco Polo áætlanirnar miða að því að færa millilandaflutninga á vörum af vegum á aðra samgöngumáta, svo sem skipgengar vatnaleiðir og járnbrautir. Þar sem hér er eingöngu miðað að því að draga úr millilandaflutningum verður ekki um áhrif á íslenskt samgöngukerfi að ræða.

Í annan stað er spurt:

„Hefur ráðuneytið kynnt skipafélögum sérstaklega möguleika sem felast í Marco Polo áætluninni?"

Svar mitt er þetta: Marco Polo I var kynnt fyrir íslenskum hagsmunaaðilum. Haft var samband við hvert og eitt skipafélag og Samband íslenskra kaupskipaútgerða. Niðurstaðan varð sú að líklegt væri að íslensk skipafélög væru að fækka áfangastöðum skipa sinna í Evrópu sem kallar á meiri akstur, þ.e. meiri flutninga á vegum andstætt því sem stefnt er að með Marco Polo áætluninni. Þá kom upp það sjónarmið að styrkur í þrjú ár til að koma hugmynd á laggirnar dygði ekki til. Því var ljóst að áhugi var þá ekki fyrir hendi hér á landi til þess að nýta sér það sem Marco Polo bauð upp á í Evrópu.

Þriðji liður spurningarinnar svara sér sjálfur þar sem þetta hefur verið kynnt mjög rækilega fyrir skipafélögunum.

Í fjórða lagi er spurt:

„Hvaða þýðingu telur ráðherra að þessi áætlun geti haft fyrir Íslendinga?"

Svar mitt er þetta: Þó að Marco Polo áætlunin hafi ekki áhrif á flutninga á vegum á Íslandi gæti hún engu að síður haft þýðingu fyrir Íslendinga. Sem dæmi má taka ef íslenskt skipafélag sæi sér hag í því að draga úr akstri með vöru sína á markaði í Evrópu og sigla þess í stað með hana sem næst markaðssvæðunum. Benda má á þátttöku íslenskra aðila í verkefnum sem geta hlotið styrk samkvæmt reglum þeim sem gilda um áætlunina, t.d. að byggja upp siglingar á milli svæða þar sem flutningsmöguleikar á vegum eru takmarkaðir. Ágætt dæmi um þetta gæti verið siglingar á milli Norður-Spánar og Suður-Frakklands en slík þjónusta mundi létta umferð á vegum yfir Pýreneafjöllin.

Í samgönguráðuneytinu er fylgst með framgangi Marco Polo áætlananna og hvaða árangur verður af þeim, þar með talið hvaða hagur er að því að færa flutninga af vegum og hvernig hægt væri að nýta þá reynslu Evrópusambandsins við hagræðingu í samgöngukerfinu hér á landi. Strandflutningar hér við land eru jafnframt skoðaðir í því ljósi og hafa átt sér stað umræður af hálfu samgönguráðuneytisins bæði við skipafélög og hagsmunaaðila í landshlutunum í þeim tilgangi að leita allra hugsanlegra leiða til þess að draga úr kostnaði við flutning. Marco Polo áætlunin kemur ekki að gagni fyrir okkur að öðru leyti en því að við getum lært af því sem fram fer á þeim vettvangi, eins og ég sagði fyrr.

Hið stóra viðfangsefni okkar er auðvitað að byggja upp vegakerfið eins hratt og við getum úti um land. Það er árangursríkasta aðgerðin til þess að lækka flutningskostnað og stytta leiðir, að byggja upp vegina með fullri burðargetu þannig að flutningskostnaðurinn geti lækkað, það er hið stóra viðfangsefni. Við þekkjum það að skipafélögin hættu að sigla strandsiglingarnar vegna þess að þau töldu það ekki hagkvæmt. Ekki vegna þess að það séu svo litlir skattar á þungaflutninga í landflutningum. Sumir hv. þingmenn og ýmsir utan þingsins sjá þá leið vænsta og besta að stórhækka skatta á flutninga eftir vegum innan lands til þess að reyna að færa þannig með slíkri aðgerð flutningana út á sjó.

Ég tel að það sé ekki skynsamlegur kostur. Við eigum umfram allt að leggja áherslu á að byggja upp vegakerfið, eins og við erum að gera, og eftir þeim leiðum sem við getum að auðvelda siglingar með ströndinni þar sem það telst hagkvæmt.

Ég vil bara undirstrika það, virðulegur forseti, að skipafélögin tóku þessar ákvarðanir vegna þess að þau töldu að þau mundu þjóna best flutningum, þjóna best viðskiptavinum sínum með landflutningum og á það verður að horfa.

[14:37]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki séð annað en að Marco Polo áætlunin sé alveg kjörin við íslenskar aðstæður og ég hef ákveðnar efasemdir um að rétt sé að hún snúist aðeins um flutninga milli landa í Evrópu. Ég bið hæstv. ráðherra að skoða það því að ég veit til þess að strandsiglingar t.d. í Noregi eru styrktar af Marco Polo áætluninni.

*Mig langar til að vekja athygli á því sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir sagði áðan, að við gætum nýtt þetta til þess að styrkja við tækniþróun eins og þá sem Marorka, íslenskt frumkvöðlafyrirtæki, hefur verið með, sem er sparnaðartæki fyrir siglingar. Það hefur vakið heimsathygli má segja því að þjóðir, bæði Kanadamenn og fleiri þjóðir hafa tekið upp þennan tæknibúnað sem er mikill sparnaðarbúnaður sem Marorka hefur útfært. (Forseti hringir.) Sömuleiðis er það búnaður sem dregur verulega úr mengun.*

[14:38]

**Jóhann Ársælsson:**

Eitt af því sem hæstv. ráðherra sagði var að áætlunin gæti haft þýðingu og að menn hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri nóg að fá styrk í þrjú ár.

Ef flutningarnar eru styrktir í Noregi er full ástæða til þess að menn fari yfir málin aftur, hvort þetta gæti ekki gengið hér líka. Hæstv. samgönguráðherra er alltaf að burðast með þetta lík í lestinni að samgönguráðherrann á Íslandi lagði niður sjóflutninga og menn hugsuðu ekki fram í tímann. Uppi stöndum við með það að vegirnir eru að sligast undan þessum gríðarlegu þungaflutningum og hæstv. ráðherra reynir að bjarga sér á því að menn séu að heimta hærri skatta til að koma í veg fyrir þetta. Það er ekki þannig. Allir vilja auðvitað að vegir landsins séu betri og þoli flutningana sem á þá þarf að leggja en það er engin ástæða til þess að flytja allar vörur eftir vegunum. Full ástæða er til að styðja við bakið á þeim aðilum sem mundu vilja flytja vörur á sjó. Hægt er að gera það með ýmsum leiðum (Forseti hringir.) og ég hvet til þess að menn skoði þær betur.

[14:40]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Það er rétt að halda því til haga og rifja það upp, eins og hæstv. samgönguráðherra kom inn á áðan, að það var að óskum viðskiptavina skipafélaganna að miklum hluta til sem landflutningarnir voru teknir upp. Þetta náði til fólksins í landinu sem vænti þess að fá matvöruna ekki á síðasta söludegi í verslanir í hinni dreifðu byggð, það er hluti af málinu.

Í annan stað hef ég oft getið um það áður að á meðan Jaxlinn var í strandflutningum, að þrátt fyrir að það væri 30–40% ódýrara að flytja með Jaxlinum fluttu aðilar sem voru í sjávarútvegi eða annarri framleiðslu í hinni dreifðu byggð ekki með skipinu.

Auðvitað gætir þeirrar hugsunar hjá öllum að við viljum strandflutningana sem mesta, það liggur alveg ljóst fyrir. Við breytum bara ekki tíðarandanum, alls ekki, gagnvart matvörunni og ef þeir sem framleiða vöruna hafa heldur ekki hug á því að flytja um ódýrari veg eins og í boði er, þá erum við í vondum málum. (Forseti hringir.)

Hitt er annað mál að það er nauðsynlegt og sjálfsagt að skoða það hvernig við getum komið flutningunum aftur á sjó.

[14:41]

**Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem voru nokkurn veginn á þá lund sem ég hafði búist við. Mér sýnist nefnilega alveg augljóst að enginn raunverulegur vilji sé hjá stjórnvöldum til þess að styðja við sjóflutninga, því miður.

Ég ætla að benda hæstv. ráðherra á það að í Noregi er Hurtigruten, sem er með strandsiglingar til Norður-Noregs, styrkt. Það er því ekki bannað að styðja við flutninga á sjó, það þarf bara viljann til þess. Fyrir utan það að ef vilji væri til væri líka hægt að skipuleggja hlutina þannig að um millilandasiglingar væri að ræða. Að vísu þyrfti hugsanlega að koma upp vöruhótelum á fleiri stöðum á Íslandi en nú er, en með því móti væri væntanlega hægt að flytja vörur beint frá útlöndum.

Eins og ég sagði áðan í framsöguræðu minni er meginmarkmið Evrópusambandsins m.a. það að minnka mengun á sínu svæði og í heiminum. Það er slagur sem við Íslendingar þurfum líka að taka þátt í. Það er því eitt af því sem er líka ábyrgðarhluti hjá Íslendingum ef þeir ætla að láta hjá líða að nýta sér öll þau tækifæri sem möguleg eru til þeirra hluta. Gamalt máltæki segir: Þar sem er vilji, þar er vegur. Nú getum við sagt: Þar sem er vilji, þar er sjóvegur. Það sem ég óttast í þessu tilfelli er að það sé ekki vilji.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að setja menn í það á sínum vegum að skoða hvort ekki er hægt að nýta sér þessa áætlun. Ég vil líka ítreka það sem ég benti á áðan, að það er ekki einungis um að ræða siglingar heldur er líka (Forseti hringir.) *um að ræða stuðning við tækniþróun.*

[14:43]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegur forseti. Ég vil undirstrika það svo að sá misskilningur sé ekki á ferðinni hér, að það eru engir sjóðir sem við Íslendingar getum sótt í á vegum Evrópusambandsins sem heita „sjóðir Marco Polo áætlunar", það liggur alveg ljóst fyrir. Það virðist vera talað um það eins og því sé þannig farið.

Sjóflutningar lögðust af við ströndina vegna þess að flutningafyrirtækin töldu það ekki hagkvæmt og eins og fram kom áðan völdu viðskiptaaðilarnir ekki þann kost að nýta sér sjóflutningana. Ég hef síður en svo nokkuð á móti sjóflutningum. Norðmenn nota siglingar við ströndina á

milli staða eins og við. Við erum með ferjur, Herjólf, Breiðafjarðarferjuna og Grímseyjar- og Hríseyjarferjuna, þar eru styrktar siglingar. Með sama hætti eru Norðmenn með styrktar siglingar, farþega- og flutningasiglingar til afskekktustu staðanna þannig að það er ekki ólíku saman að jafna.

Síðan held ég að það verði að minnast þess líka að það að ætla að fara að setja upp sjóflutningakerfi og byggja á gömlu pakkhúsunum eins og var þegar haust- og vorskipið kom og ætla að geyma alla sekkina á milli skipaferða er liðin tíð, tíminn hefur breyst. Engu að síður, ef það er hagkvæmt að sigla með flutningana er það markaðurinn, fyrirtækin sem kaupa þjónustuna sem velja sér hagstæðustu leiðina. Skipafélögin eru vonandi stöðugt að skoða þessa kosti, ef þeir eru til staðar, að bjóða upp á ódýra flutninga. Það hefur verið boðið upp á það, Atlantsskip hefur verið að auglýsa eftir viðskiptaaðilum. Ég vona svo sannarlega að þeir nái viðskiptasamningum um sjóflutninga ef það gæti orðið til þess (Forseti hringir.) að lækka flutningskostnaðinn á Íslandi. En Marco Polo áætlunin (Forseti hringir.) er áætlun um millilandasiglingar í Evrópu.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 14:46.

---

# 81. FUNDUR

miðvikudaginn 28. febr.,
að loknum 80. fundi.

**Dagskrá:**

1. Virðisaukaskattur, stjfrv., 558. mál, þskj. 833, nál. 963, brtt. 996. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Sóttvarnalög, stjfrv., 638. mál, þskj. 946. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Íslenska táknmálið, frv., 630. mál, þskj. 938. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, frv., 631. mál, þskj. 939. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Flutningur á starfsemi Fiskistofu, þáltill., 635. mál, þskj. 943. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, stjfrv., 621. mál, þskj. 921, nál. 999, brtt. 1000. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz umhvrh., 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.

## *Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, 2. umr.*

Stjfrv., 621. mál (aukin heimild). — Þskj. 921, nál. 999, brtt. 1000.

[14:48]

**Frsm. landbn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti landbúnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason ráðuneytisstjóra og Ólaf Friðriksson, skrifstofustjóra frá landbúnaðarráðuneyti, Sigurgeir Þorgeirsson og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Einar Örn Davíðsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og Gísla Tryggvason, talsmann neytenda.

Umsagnir bárust frá Neytendasamtökunum, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum verslunar og þjónustu, tollstjóranum í Reykjavík, Alþýðusambandi Íslands og talsmanni neytenda.

Meginefni frumvarpsins er að skapa landbúnaðarráðherra traustan lagagrundvöll til að úthluta öðrum tollkvótum en þeim sem úthlutað er á grundvelli landbúnaðarsamnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og tollkvótum um viðbótarmagn vegna markaðsaðstæðna.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar frá 9. október 2006 um aðgerðir til lækkunar matvælaverðs. Hluti þessara aðgerða snýr að samningum um gagnkvæmar tollalækkanir og bættan markaðsaðgang gagnvart helstu viðskiptalöndum Íslands. Í framhaldinu var efnt til samningaviðræðna við Evrópusambandið um tvíhliða viðskipti með landbúnaðarvörur og náðust samningar um síðustu áramót sem taka væntanlega gildi 1. mars nk. Samkomulagið er gert á grundvelli 19. gr. EES-samningsins sem kveður á um reglulega endurskoðun á viðskiptum með landbúnaðarafurðir milli EES-aðildarríkjanna og Evrópusambandsins. Umrætt samkomulag er hið fyrsta sem Ísland og Evrópusambandið hafa gert um viðskipti á grundvelli þeirrar greinar. Í samkomulaginu eru m.a. veittir gagnkvæmir tollkvótar án aðflutningsgjalda í umfangi sem ekki hefur áður þekkst í milliríkjasamningum Íslands. Ísland veitir ESB-kvóta fyrir kjöt, kjötvörur, kartöflur, rjúpur

og ost, en fær í staðinn kvóta fyrir skyr, smjör og pylsur.

Gildissvið frumvarpsins er bundið við tolla og hefur ekki áhrif á heilbrigðiskröfur sem gerðar eru til innfluttra matvæla.

Nefndin leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á nokkrum greinum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, þess efnis að leiðréttar eru tilvísanir í núgildandi tollalög, nr. 88/2005.

Í öðru lagi er lögð til orðalagsbreyting á 4. gr. frumvarpsins á þá leið að 2. efnismgr. verði felld brott og efni hennar fært í 1. efnismgr.

Þær breytingar sem þarna er um að ræða má segja að séu tæknilegar en ekki efnislegar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Einar Már Sigurðarson og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jóhann Ársælsson og Jón Bjarnason skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Undir álitið skrifa Jón Kristjánsson, varaformaður, Kjartan Ólafsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara, Jóhann Ársælsson, með fyrirvara, Guðmundur Hallvarðsson, Ólafur Níels Eiríksson og Jón Bjarnason, með fyrirvara.

[14:51]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þetta mál sem hv. þm. Jón Kristjánsson hefur mælt fyrir við 2. umr. er svo sem ekki stórt í sniðum og varðar fyrst og fremst tæknileg atriði hvað varðar ráðstöfun á tollkvótum til innflutnings á landbúnaðarvörum og reyndar líka þá til gagnkvæms útflutnings. Þó er þetta á vissan hátt stórmál og snertir þá stefnu sem verið er að sigla út í með því að opna á t.d. aukinn innflutning á landbúnaðarvörum sem eru m.a. framleiddar hér á landi.

Þess vegna er nauðsynlegt að átta sig á hvaða skilyrði innflutningur þessara vara verður að uppfylla. Það er talað um að gefa hér heimildir til að flytja inn til viðbótar án tollkvóta eitthvað um 200 tonn af svínakjöti og eitthvað af kjúklingakjöti og nautakjöti. Þær vörur eru framleiddar hér, og líka lambakjöt, og hér á landi eru gerðar miklar kröfur til alls framleiðsluferlisins. Við leggjum áherslu á að það sé gert og þjóðin er sammála um að gera ríkar gæðakröfur til innlendrar framleiðslu. Þjóðin er líka sammála um að þegar vörurnar koma í verslanir til neytenda séu þær merktar þannig að neytandinn viti hvaðan varan kemur, geti rakið feril hennar. Þannig er gæðaeftirlitið tryggt. Um þetta eru allir sammála, en þá verðum við líka að gera nákvæmlega sömu kröfur til hliðstæðra innfluttra matvæla, að gerðar séu nákvæmlega jafnmiklar, og alls ekki minni, kröfur um heilbrigði, hollustu, innihald og rekjanleika vörunnar og allt sem snertir gæðastuðla varðandi hana. Ég verð að segja að þetta er ekki tryggt í innflutningi á landbúnaðarvörum. Í nefndinni komu fram upplýsingar um að ekki væri hægt að tryggja þetta, a.m.k. væri orðrómur um að inn í landið kæmu vörur sem ekki uppfylltu þessa gæðastaðla. Framsögumaður nefndarálitsins, hv. þm. Jón Kristjánsson, lagði einmitt áherslu á það atriði í nefndarálitinu að það mætti ekki gera minni gæða-, hollustu- og heilbrigðiskröfur til þessarar vöru þó að hún sé innflutt en til innlendrar vöru.

Þetta er samningur sem verið er að gera við Evrópusambandið. Það er sagt að það eigi að vera tryggt að innfluttar vörur komi frá Evrópusambandslöndum og hafi farið eftir strängustu heilbrigðis- og hollustukröfum sem þar eru gerðar. Því er þó ekki að leyna að sá grunur læðist að manni að kerfið sé ekki pottþéttara en svo að ýmsar kjötvörur geti komið inn í Evrópusambandslöndin frá öðrum löndum þar sem eftirlit er kannski enn minna með framleiðslunni og verið síðan sendar áfram til Íslands, kannski pínulítið meðhöndlaðar þannig að þær flokkist sem iðnaðarkjötvörur eins og kjúklingabringurnar sem við höfum rætt um, kjúklingabringur sem sendar eru hingað jafnvel ísprautaðar salti og öðru slíku. Þá eru þær orðnar unnin kjötvara þó svo að hún keppi við ferska kjúklinga. Þetta vildi ég í fyrsta lagi segja, að á engan hátt má gera minni kröfur til hollustu, rekjanleika og gæða innfluttu vörunnar en þeirrar innlendu.

Annað er það sem lýtur að úthlutun á tollkvótanum. Hér er verið að úthluta takmörkuðum gæðum. Menn geta haft sína skoðun á því hvort það er rétt, en það er heimild til að flytja inn ákveðið magn af tilgreindum kjötvörum án aðflutningsgjalda. Þá skiptir líka miklu máli að aðilar eigi sem jafnastan aðgang að því að flytja þessar vörur inn. Við vitum að eitt helsta vandamál matvörumarkaðarins hér er fákeppni. Sumir reyna að bera á móti því og segja að það stuðli að lægra vöruverði að hafa fáa aðila, helst bara einn, þá ætti hann að geta verið með vörurnar á lægsta verðinu. Það getur vel verið en ég er ekki viss um að sú sé samt reyndin. Þegar við tölum um að samkeppnin eigi að halda *bæði verði niðri og gæðum uppi hljótum* við að hafa áhyggjur af því að matvörumarkaðurinn er kominn á hendur tveggja, í hæsta lagi þriggja, aðila. (Gripið fram í.) Já. Þá hljótum við að hafa áhyggjur af því ef einstakir aðilar, einn eða tveir af þessum, fá síðan allan innflutninginn.

Við þekkjum líka það stríð sem nú er uppi. Það er varla hægt að kalla það annað en stríð þegar ákveðnir hagsmunaaðilar í þjóðfélaginu, sem sjá sér hag í því að flytja inn t.d. landbúnaðarvörur, ná þannig markaðnum undir sig og geta deilt og drottnað með álagningu á honum o.s.frv., hafa stillt upp innflutningnum gegn innlendri framleiðslu. Það er talað um að innlenda framleiðslan sé dýr og sumir stjórnmálamenn sem meira að segja hafa talið að þá eigi að taka þá hátíðlega hafa sagt að verð á landbúnaðarvörum héldi uppi háu matvælaverði í landinu í heild sinni. Sem betur fer taka fæstir mark á svona orðum en engu að síður er það alvarlegt og þá skiptir máli hvernig með er farið. Segjum að einhver fái heimild til að flytja inn tollfrjálst 200 tonn af svínakjöti (Gripið fram í.) og sé umhugað um að koma íslenskri framleiðslu á kné til að fá aukinn innflutning, þá stillir hann náttúrlega upp þessari vöru, innfluttu svínakótelettunum, við hliðina á þeirri íslensku og síðan er honum í lófa lagið að leggja ekkert á þessar innfluttu kótelettur um tíma en hafa þær íslensku á fullu verði. Þannig getur munað nokkur hundruðum kr. á kílói, jafnvel meira, og viðkomandi hefur markaðinn í hendi sér. Þetta finnst mér ekki réttlátt. Þetta finnst mér hreinlega óréttlátt, en þetta viðgengst og *innflutningsaðilinn hefur á þessu möguleika.*

Við ræddum aðeins í nefndinni hvort það væri möguleiki að skylda viðkomandi leyfishafa sem fær að flytja inn kjöt til að selja það innflutta kjöt á hliðstæðu verði og sams konar kjöt sem hann er að selja af íslenskri framleiðslu. Annars má segja að innflutningnum sé beitt til að skekkja samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu. Það getur ekki verið meiningin. (**Gripið fram í:** Hver er meiningin?) Ef það er meiningin er það hvorki sérstaklega góður vilji gagnvart íslenskri landbúnaðarframleiðslu né gagnvart íslenskum neytendum. Hagur neytenda á Íslandi felst í því að hafa góða og holla vöru á sem lægstu verði og að framboðið sé líka öruggt til lengri tíma. Það er tryggt með því að standa vörð um íslenska matvælaframleiðslu. Mér finnst ótækt ef hægt er með því að fá niðurfellingu á tollum á innfluttum alveg hliðstæðum kjötvörum og framleiddar eru hér á landi að niðurbjóða eða skekkja samkeppnisstöðuna á þeim grunni einum gagnvart innlendri framleiðslu. Ég bara segi það alveg hreint út. Ég tel að það ætti ekki að vera heimilt þó svo að menn tali um samkeppnismál í því sambandi. Stórar verslunarkeðjur munar ekkert um að selja 100 tonn af svínakjöti án álagningar til að ná þeim markmiðum sínum að koma innlendri framleiðslu á kné og fá óheftan innflutning. Þær munar ekkert um slíkan fórnarkostnað ef viljinn er í þá veruna. Þetta finnst mér að eigi að kanna, hvort ekki eigi bara að skylda aðila um leið og þeir fá úthlutað tollkvóta verði þeir skyldaðir til að beita einhverri lágmarkssálagningu hliðstætt því sem viðgengst í sömu vöruflokkum af sömu verslunum þannig að þetta eitt sé ekki verið að nota í ósanngjörnu áróðursstríði eða ósanngjarnri samkeppni með þeim óheillavænlegu afleiðingum sem af geta orðið.

Annað vildi ég líka nefna. Það er náttúrlega verið að gefa leyfi til að flytja inn með tollafsláttum eða niðurfellingu tolla þar sem eru þessir tollkvótar, innflutningskvótar og það er þá alveg fráleitt að slíkir tollkvótar séu framseljanlegir. Ég vil spyrja hv. varaformann landbúnaðarnefndar, hv. þm. Jón Kristjánsson, hvort ekki sé alveg öruggt að þessir tollkvótar séu óframseljanlegir. Ef við tveir sameinuðust t.d. um að fá að flytja inn 50 tonn af svínakjöti tollfrjálst — sem við mundum ekki fá, við hv. þm. Jón Kristjánsson — væri ekki alveg útilokað að við gætum fénýtt okkur leyfið og selt það öðrum, bara leyfið sem slíkt? Það er alveg stórhættulegt ef við opnum á það að tollkvótar á innfluttum landbúnaðarvörum verði framseljanlegir þannig að menn geti keypt tollkvótana ívilnandi á þúsundkall og síðan selt þá aftur næsta manni á 2 þús. kr. Þá værum við komin út á hála braut. Það verður að vera alveg tryggt að þessir tollkvótar verði ekki framseljanlegir á þann hátt. Ef viðkomandi sem fær úthlutunina notar ekki kvótana verður hann bara að skila þeim inn til þess aðila sem úthlutaði honum á sínum tíma.

Þessum atriðum vildi ég koma á framfæri, frú forseti. Okkur ber að standa vörð um hollustu og gæði vörunnar. Í því eru fólgnir hagsmunir neytenda og framleiðenda. Við megum hvorki gefa eftir í þessum þáttum né heldur megum við opna á brask með tollkvóta, tollkvóta eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir að veittir verði. Ég vil leggja áherslu á það, frú forseti.

[15:06]

**Frsm. landbn. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég vil taka fram í tilefni af orðum hv. þm. Jóns Bjarnasonar, 8. þm. Norðvest. Ég undirstrika að þetta frumvarp felur ekki í sér breytingu á heilbrigðisreglugerðum, úthlutun kvóta eða framsal á kvóta. Þetta frumvarp er eingöngu rýmkun í samræmi við samninga við Evrópusambandið á tollkvótum sem fela vissulega í sér meiri innflutning en að öðru leyti felur frumvarpið ekki í sér neina breytingu, það er í höndum ráðherra.

Þess verður þó að geta að þeim sem komu til viðtals við landbúnaðarnefnd voru úthlutunarreglurnar ofarlega í huga og sýndist sitt hverjum um það hvort þær ættu að vera eftir útdrætti, uppboði eða útboði. Þessi afgreiðsla tekur ekkert á því máli.

[15:07]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú hygg ég að útfærslan á ýmsum þessum þáttum sé háð reglugerð, reglugerð sem ráðherra setur þá samkvæmt þeim lögum sem hér verða samþykkt og eru hluti af heildarlögum um þessi mál. Reglugerð hlýtur að verða sett um útfærsluatriðin. Þess vegna vildi ég hnykkja á ákveðnum atriðum varðandi þetta, varðandi hollustuna og heilbrigðið.

Ég heyri það t.d. á íslenskum kjúklingabændum að þeir telja að eftirlit með heilbrigði og hollustu á kjúklingabúum í Evrópu sé ekki eins gott og hér. Hins vegar sé það mjög hliðstætt með svín o.fl. Það er fyllsta ástæða til þess að hvergi sé slegið af hollustu- og heilbrigðiskröfum við innflutning landbúnaðarvara frekar en við gerum hér með innlenda framleiðslu.

Hitt vil ég bara ítreka að þessir tollkvótar mega ekki skapa grunn fyrir eitthvert brask eða framseljanleika á þessum leyfum. Leyfin sjálf mega alls ekki verða þannig að menn geti fénýtt sér þau með því að selja þau sem slík. Þessi atriði vildi ég bara árétta, frú forseti.

[15:08]

**Frsm. landbn. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni, það er í höndum landbúnaðarráðherra að úthluta tollkvótunum samkvæmt 4. gr. þessa frumvarps og landbúnaðarráðherra birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta. Frumvarpið kveður ekki á um neina breytingu á því og engin breyting hefur verið boðuð á því.

Ég er að sjálfsögðu alveg sammála hv. þingmanni um að við eigum ekki að slá af heilbrigðisreglugerðum og ég tel afar mikilvægt að gera það ekki. Það gefur augaleið og ég held að hæstv. landbúnaðarráðherra, sá sem nú situr, hafi lagt á það mjög mikla áherslu að varðveita hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða. Við erum alveg sammála um þá hlið málsins og þar greinir okkur ekkert á. Ég hygg að í framhaldinu þegar reglugerðin verður gefin út verði eðlilegar umræður um hvernig kvótum er úthlutað. Það er greinilegt að um það eru skiptar skoðanir og jafnvel innan verslunarinnar líka. Það er aftur umræða sem seinna verður tekin.

[15:10]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason kom víða við í ræðu sinni. Það er alveg rétt, eins og hv. þingmaður kom inn á, að í sambandi við þessi kvótakaup eru dæmi um að aðilar sem framleiða osta kaupi kvótann en flytji aldrei inn ostana þannig að þeir hafa með þessu áhrif á innanlandsmarkaðinn.

Varðandi þá stöðu sem er í sambandi við samkeppnismálin er alveg ljóst að 80% af matvörunni eru í höndum þriggja stærstu söluaðilanna þannig að það er við margt að fást. Ég held að það sé bara af hinu góða að hafa skynsamlegan tollkvóta á landbúnaðarvörum.

Um upprunavottorðið sem hv. þingmaður kom inn á varðandi kjúklingabringur og aðra matvöru sem flutt er annars staðar frá hef ég kynnt mér það frá því að við vorum saman á fundi í landbúnaðarnefnd á þriðjudagsmorgun. Það var fullyrt við mig að upprunavottorð innan ríkja EES væru mjög trúverðug og það hefur margsinnis verið reynt og sýnt og sannað að þau upprunavottorð sem send eru eru ekki út í loftið.

Varðandi svo sláturhúsin og hreinleikann kom það einmitt fram á fundi í landbúnaðarnefnd ekki alls fyrir löngu að mjög er deilt um þann kostnað sem sláturhúsin verða að greiða til héraðsdýralækna og annarra vegna vottunar. Það hefur komið í ljós að þeir eru jafnvel ekki viðstaddir þegar slátrun fer fram. Þeir eru á staðnum deginum áður og svo jafnvel deginum eftir að slátrunin hefur farið fram.

Ég tel að það sé bara af hinu góða fyrir neytendur að leyfður sé (Forseti hringir.) innflutningskvóti landbúnaðarvara.

[15:12]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ég lagði áherslu á var að ekki væri verið að opna fyrir innflutning eða gefa tollkvóta fyrir innflutning til þess vísvitandi að skerða samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu eða íslensks matvælaiðnaðar. Fullt af fólki vinnur við það hér á landi og matvælaiðnaður er mjög mikilvægur í landbúnaði. Þegar veitt er heimild fyrir svona innflutningi þurfum við að gæta þess að hún sé ekki notuð á ósanngjarnan eða óeðlilegan hátt til að skerða samkeppnisstöðu íslenskrar landbúnaðarframleiðslu. Ég hygg að við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson séum sammála um að gæðin og öryggi framleiðslunnar gagnvart neytendum séu númer eitt.

Ég verð að segja að þeir sem komu á fund landbúnaðarnefndar frá hinum ýmsu aðilum, t.d. Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi íslenskra stórkaupmanna og talsmanni neytenda, töluðu allir um verð, eingöngu um verð. Þegar ég spurði þessa ágætu menn sem eru umboðsmenn svo mikilla hagsmuna hvort þeir spyrðu sig aldrei um gæði, hvort þeir teldu sig aldrei þurfa að hugsa um gæðin, viðurkenndu þeir það, jú, en ekki fyrr en aðspurðir. Það er þessi nálgun verslunaraðilanna sem mér finnst svo ósanngjörn og röng gagnvart grundvallarhagsmunum neytenda sem hljóta líka að vera hollusta og gæði vörunnar. Það var ekki nefnt fyrr en þeir voru spurðir. Það er þetta sem ég hef áhyggjur af, frú forseti.

[15:15]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan velkjast menn ekki í vafa um þau upprunalegu vottorð sem fylgja vörunni. Það fylgir því þá líka að það er náttúrlega gæðamat á vörunni sem fer fram áður en hún kemur til landsins. Hins vegar má kannski benda á, eins og hv. þingmaður kom inn á og kom líka fram í landbúnaðarnefnd, að fleiri afurðir eru fluttar til landsins. Við erum jafnvel með kengúrukjöt frá Ástralíu, dádýrakjöt og fleira mætti telja. Ég efast nokkuð um hreinleika þeirrar vöru þó að við séum fullvissuð um að eftirlit sé með henni. Við ræddum líka um þann kostnað sem hefur orðið vegna smitsjúkdóma sem jafnvel verða til vegna innflutnings á fóðri en svo lendir það á svínabændum, svo dæmi sé tekið, ef upp kemur einhver sjúkdómur. Þetta er því mjög vandmeðfarið mál.

Fram kom í nefndinni að menn deildu mjög um það hvort vera ætti uppboðsmáti á þessum innfluttu landbúnaðarvörum. Hvort ekki ætti frekar að úthluta þeim með því að dregið væri upp úr hatti. Meiri hlutinn var á því að það væri ekki skynsamleg aðferð. Hins vegar mundi það þýða að varan yrði enn ódýrari til neytenda.

Það eru svo margar hliðar á þessu. Málið er mjög viðkvæmt en ég er sammála hv. þm. Jóni Bjarnasyni í því að hreinleiki vörunnar er númer eitt, tvö og þrjú. Að varan sé þess eðlis að ekki sé hætta á smitsjúkdómum. Ég er þó þeirrar skoðunar að það eigi að vernda íslenskan landbúnað enn um sinn en mér finnst ekki óeðlilegt að heldur fari að slakna á þeirri kló neytendum til hagsbóta.

[15:17]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þeir hagsmunir sem ég hef verið að benda á lúta fyrst og fremst að neytendum, að gæðum þeirrar vöru sem neytendur eiga aðgang að og náttúrlega líka verði og öryggi þeirrar framleiðslu. Það gerum við annars vegar með því að hafa mjög strangt eftirlit á innfluttum matvörum þannig að þær fullnægi a.m.k. öllum þeim skilyrðum sem við gerum til innlendrar matvælaframleiðslu. Við þekkjum þá umræðu, hvort sem hún er sönn eða ekki, en sá orðrómur gengur, að ekki sé öruggt að þau matvæli sem flutt eru til landsins og sögð vera upprunnin í einhverju Evrópusambandslandi hafi ekki bara komið þangað að og verið umstaflað á kæjanum í Hollandi.

Hagsmunir neytenda eru einmitt þeir að við getum tryggt það að hvort sem grænmetið eða svínakjötið er innflutt eða innlend framleiðsla uppfylli það þær gæðakröfur sem við gerum, númer eitt. Að öðru leyti að innflutningurinn sé ekki notaður til þess að mismuna innlendri framleiðslu.

Við viljum hafa hollar og góðar landbúnaðarvörur og getum þurft að leggja eitthvað á okkur til þess, og það gerum við. Um það hefur verið þjóðarsátt að standa traustan vörð um íslenska landbúnaðarframleiðslu. Þó svo að síðan sé leyfður einhver takmarkaður innflutningur á ákveðnum landbúnaðarvörum séu skilyrðislaust gerðar sömu gæðakröfur til þeirrar vöru og hinnar innlendu.

[15:19]

**Útbýting:**

Almenn hegningarlög, 465. mál, nál. allshn., þskj. 1009.

Félagsþjónusta sveitarfélaga við aldraða árin 2004–2006, 666. mál, fsp. SæS, þskj. 1012.

[15:19]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Frumvarpið sem hér er til umræðu, um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta, er flutt vegna þess að menn vilja flytja inn erlendar vörur á íslenskan markað.

Væntanlega er það hugsað til þess að neytendur fái ódýra og góða vöru og það eykur auðvitað samkeppnina innan lands. Mér hefur þess vegna fundist svolítið undarlegt að umræðan, sem hefur staðið hér yfir um málið, skuli snúast um heilbrigði innfluttra vara, einfaldlega vegna þess að á því er tekið annars staðar í lögum en hvað varðar frumvarpið sem hér er. Ég geri ekkert lítið úr þeirri umræðu og set ekkert út á það þó menn ræði það hér. En sannleikurinn er sá að málið snýst um að lækka vöruverð á Íslandi. Eða er það ekki meiningin? Til hvers væru Íslendingar að opna tollkvóta fyrir innflutning á erlendum búvörum ef ekki stæði til að það kæmi neytendum til góða? Þá koma menn að þessu: Með hvaða hætti gerist það?

Á undanförnum árum hafa menn boðið tollkvótann upp. Hvernig verður þá verðið til á vörunni sem um er að ræða? Jú, með því að þeir sem flytja inn til þess að selja innan lands keppa um gæðin með tilliti til þess hvaða verðlag er á sambærilegum vörum innan lands. Þannig verður verðið til. Það er alveg sama hvort tollkvótinn er dreginn úr hatti eða hvort hann er boðinn upp og seldur. Sá sem hattinn hlýtur, ef dregið er úr hattinum, hefur alveg sömu möguleika á því að selja vöruna með tilliti til þeirrar vöru sem er sambærileg á markaðnum og hirða allan hagnaðinn. Þess vegna er það engin trygging fyrir neytendur að þeir fái vöru á eitthvað óskaplega lágu verði þó menn opni slíka tollkvóta vegna þess að það er verðlagið innan lands sem ræður því hvert markaðsverð vörunnar er eða verður á innlendum markaði. Það er því spurning með hvaða hætti hægt er að koma arðinum til neytenda.

Ég tók eftir því að þeir sem mættu á fund landbúnaðarnefndar voru flestir með eina athugasemd. Þeir voru á móti því að tollkvótarnir væru boðnir upp af þessum ástæðum. Þeir bentu á að það mætti draga úr hattinum o.s.frv. Ég er þeirrar skoðunar að það sé lítið betra að draga úr hattinum en að bjóða tollkvótana upp. Það hefur svipuð áhrif. Að vísu getur sá sem hefur fengið þennan vinning úr hattinum notað fenginn til þess að lækka vöruverðið hjá sér og selja á mjög lágu verði. Hann getur líka valið sér verð í samræmi við vöruverð á markaðnum og tekið góðan hagnað. Ekki er hægt að komast fram hjá þessum hlutum nema með því að leyfa innflutning á vörunum og styrkja landbúnaðinn með öðrum hætti til þess að taka þátt í samkeppninni. Það er miklu eðlilegra fyrirkomulag en að nota fornaldarlegar aðferðir eins og þær að búa til eitthvert kvótakerfi utan um innflutninginn.

Það er eins og menn þurfi stundum að venjast hlutunum í smáskömmtum. Þetta er ein af þessum smáskammtalækningum sem menn telja víst að þurfi að vera undanfari þess að koma á samkeppni á þessum markaði í landinu. Við því er svo sem ekkert að segja. Ég verð þó að segja alveg eins og er að mér finnst að umræðan eigi að snúast um það hvort verið sé að lækka vöruverð eða ekki en ekki um það hvort heilbrigði innfluttrar vöru sé í lagi. Sú umræða á ekki heima undir þessum lið. Þó ég sé ekki að kvarta undan henni tel ég að viðfangsefni okkar sé hitt, hvort þetta muni þjóna tilgangi sínum.

Þetta er liður í því að ríkisstjórnin vill efna það heit sitt við fólkið í landinu að lækka vöruverð og ég trúi því að menn ætli að ná þeim árangri. Spurningin er: Hvernig ná menn honum? Ég er ekki með neinar patentlausnir á því. Það eru þó möguleikar á að breyta, hæstv. landbúnaðarráðherra gæti gengið í það, úthlutunarreglunum sem eru notaðar á tollkvótana. Ef hæstv. landbúnaðarráðherra væri t.d. að hugsa um neytendurna gæti hann boðið upp á nýjan kost í því, t.d. með því að láta þá sem keppa um innflutninginn keppa um það verð sem hægt er að selja vöruna á. Það er ekkert nýtt í útboðum að menn noti alls konar aðferðir við að velja á milli aðilanna sem fá kvóta. Hugsanlegt væri að viðkomandi aðilar byðu þá annars vegar heildsöluverðið sem þeir ætluðu, byðu hámarksheildsöluverð sem frá þeim kæmi vegna viðkomandi vöru og hámarkssmásöluverð ef þeir væru í smásölunni líka. Hæstv. landbúnaðarráðherra mundi síðan velja þá sem ætluðu að gera best fyrir neytendurna þegar hann væri að velja þá aðila sem fengju þetta hnoss. Þetta mundi hugsanlega geta komið arðinum til neytenda og lækkað vöruverðið.

Hver fær arðinn miðað við uppboðið á tollkvótanum? Það er ríkissjóður og það stefnir í að ríkissjóður, hæstv. fjármálaráðherra, fái 400–500 millj. kr. í kassann vegna uppboðs á þeim tollkvótum sem hér um ræðir. Það er því ekki eins og ekki sé einhver arður á ferðinni miðað við það verð sem hefur komið úr síðustu uppboðum. Ef ég man rétt kom það fram að á hvert kíló á kjúklingakjöti sem var boðið upp á síðasta ári fengu menn rúmar 700 kr., sjöhundruð tuttugu og eitthvað krónur í ríkissjóð. Það hefur þá ráðið því verði á kjúklingum sem hefur verið boðið í verslunum hér innan lands. Þetta er því ekki í sjálfu sér einfalt mál og menn þurfa að muna eftir íslenskum framleiðendum þegar verið er að gera svona hluti. Þess vegna er mjög sárt að ekki skuli vera búið að taka neitt til í stuðningskerfinu við bændur á Íslandi þannig að styrkur til þeirra sé með öðrum hætti en verið hefur.

Ýmsir framleiðendur eru undir það seldir að vera skýlt af innflutningshöftum og háum tollum. Þannig er það bara. Því miður hafa menn verið að slá af hina og þessa í landbúnaðarframleiðslunni vegna þess að þeir eru ekki sterkir í baráttunni. Blómabændur fengu að finna fyrir því en aðrir eru varðir af fullri hörku eins og mjólkurframleiðendur og (Gripið fram í.) sauðfjárafurðaframleiðendur. Ég er ekkert að kvarta undan því nema að því leyti til að ég tel að stuðningskerfið við báða aðilana sé að hruni komið. Það lýsir sér best í því að algjört ósamræmi er á milli stuðnings við bændur t.d. í búvöruframleiðslu. Það er bara þannig og menn eru farnir að framleiða á fullri ferð fyrir utan kerfið, selja mjólk til Mjólku án þess að vera með kvóta í landbúnaði, sem sýnir að það kerfi er að hrynja. Í landbúnaðinum fá

sumir bændur margfaldan stuðning miðað við aðra vegna þess að sumir eru að framleiða miklu meira en þeir hafa stuðning frá ríkinu til, aðrir eru að framleiða miklu minna en þeir hafa stuðning frá ríkinu til að framleiða. Kerfið er því miður löngu komið að fótum fram en menn hafa ekki borið gæfu til þess að reyna að finna leiðir til að koma upp stuðningsfyrirkomulagi sem getur staðið til framtíðar. Nú hlaupa menn til og gera sauðfjársamning án þess að taka á málinu og telja víst að þeir séu að bjarga bændum með því. Ég tel að ekki sé verið að bjarga bændum með því að framlengja kerfi af því tagi sem getur ekki staðið til framtíðar.

Hvað um það, ég tel að málið þurfi að fá framgang hér. Við munum ekki standa í vegi fyrir því en við viljum tryggja að neytendur fái arð, fái vörur á lágu verði vegna þessa innflutnings. Það verður seint gert með því að innlendir framleiðendur og aðilar sem selja á markaðnum ráði nánast því verði sem verður á vörum sem fluttar eru inn. Það gerist með uppboðunum á tollkvótanum. Ég tel því að hæstv. landbúnaðarráðherra þurfi að skoða sig vel um, hvort hann ætli að standa með neytendum þegar kemur að því að flytja þessar vörur inn eða hvort hann ætli að standa með sjálfum sér í því að lækka vöruverð í landinu. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er á þann veg að hún ætli að gera það og ég geri ráð fyrir að flestir Íslendingar telji að með samningunum sé meiningin að lækka vöruverð. Það sé ekki eitthvað annað sem hangi á spýtunni.

Þess vegna verður (Gripið fram í.) athyglisvert — ég heyrði ekki framm íkallið. (**KÓ:** ... fiskmarkaðinn?) Hv. þm. Kjartan Ólafsson er greinilega hrifinn af kvótakerfum og telur að hægt sé að fá góðan arð út úr því að versla sér kvóta og selja hann svo áfram í braskinu. Sumir hafa haft gott upp úr því. Ég held reyndar að það mundi ekki breyta öllu hvort kvótinn er framseljanlegur eða ekki. Ég býst við því að þeir sem eru hér í innflutningi séu býsna vel á vaktinni og viti vel hver af öðrum og viti hvað er óhætt að bjóða í kvótana, að verðið sem þeir bjóði í upphafi sé fengið með samanburði við það verð sem er á innanlandsmarkaðnum og menn ætli að hafa eitthvert svigrúm fyrir álagningu. Það sést ágætlega á því sem hefur verið að gerast í þessu, eins og ég nefndi áðan, 720 kr. eða nálægt því ofan á hvert kíló af kjúklingakjöti. Þessu þurfa menn að bæta ofan á innflutningsverðið áður en þeir fá sína álagningu. Það er þá það sem ríkissjóður fær til sín.

Enn eru engar vísbendingar um að stjórnvöld ætli að breyta háttum sínum hvað þetta varðar með úthlutunina. Ég held að það verði mjög fróðlegt að hlusta á landbúnaðarráðherra á eftir fara yfir málið og leyfa þingi og þjóð að heyra hvernig hann lítur á þessa hluti, hvort meiningin sé með innflutningnum að ganga í lið með neytendum og fá fram lágt vöruverð eða hvort menn muni halda sér við það fyrirkomulag sem hefur verið. Það er þannig að talsmaður neytenda leggst gegn því fyrirkomulagi að verið sé að bjóða upp tollkvótana. Það er þannig að Samtök verslunar og þjónustu leggjast gegn því og Alþýðusamband Íslands leggst gegn þessu. Þess vegna er eðlilegt að menn spyrji stjórnvöld um það hvort þau sjái ekki einhverjar aðrar leiðir. Neytendasamtökin leggjast líka gegn þessu uppboði á kvótunum. Það má því segja að nánast allir sem komu til fundar við nefndina eða sendu henni umsagnir um málið hafi verið á einu máli nema þeir sem mættu fyrir hönd bænda og framleiðanda á íslenskum vörum. Þeir töldu að fyrirkomulagið ætti að vera áfram eins og það er. Auðvitað skilur maður þá aðila. Hvern skyldi undra það þegar stuðningsfyrirkomulagið við þá er með þeim hætti sem raun ber vitni? Þeim er ógerlegt að keppa við innfluttar matvörur með því fyrirkomulagi sem nú er uppi.

Ég tel ástæðu til að velta þessum málum fyrir sér, með hvaða hætti og hvernig menn ætla að standa að því í framtíðinni að flytja inn erlendar vörur því allir eru orðnir sammála um að komið sé að því að það færist í vöxt. Menn þurfi að opna fyrir meiri innflutning á vörum og frjáls viðskipti með vörur. Þá er ég ekki að slá undan með neinum hætti hvað varðar heilbrigðiskröfur eða annað slíkt og get tekið undir allt sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði um það atriði, ef bæta þarf þær reglur þarf að taka á því í öðrum lögum en þeim sem við nú ræðum.

Ég ætla ekki að hafa ræðuna lengri. Ég tel að málið þurfi að fá framgang. Við í Samfylkingunni höfum barist fyrir því á undanförnum árum að ná fram lækkun á matarverði til hagsbóta fyrir neytendur. Þetta getur orðið liður í þeirri viðleitni. Þetta getur hjálpað til við það en það mun ráðast af því hvernig með verður farið. Ég held að þess vegna sé ástæða til að hlusta á hvað þeir aðilar sem ég taldi upp áðan, og komu til fundar við nefndina og sendu umsagnir, sögðu um þá hluti.

[15:36]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Úr þessum ágæta ræðustól er talað daginn langan og hér er margt sagt gott og margt sagt satt og svo veltur auðvitað upp úr mönnum sumt sem ekki er rétt, það gerist í þessari umræðu eins og í svo mörgum öðrum. En öll erum við þannig gerð að við viljum hafa það sem sannara reynist.

Ég er auðvitað hjartanlega sammála hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um að það mál sem við ræðum hér í dag snýst eingöngu um tolla og tollkvóta. Heilbrigðismálin og gæðin og öryggið er varðað með öðrum hætti, sem ég skal fara yfir. Hv. þm. Jóhann Ársælsson fór hér mikinn og hann talar mikið um að kerfið sé að hrynja og standist ekki og að landbúnaðurinn hér sé í örri þróun. Það liggur fyrir að Mjólka er afurðastöð með nákvæmlega sama hætti og aðrar afurðastöðvar. Bændurnir eiga sínar afurðastöðvar og bændur eiga Mjólku. Að vísu á líka stórt fyrirtæki, Vífilfell, stærsti drykkjarvöruframleiðandi á Íslandi, fast að 50% í Mjólku, þannig að það er öðruvísi afurðastöð að því leyti að þar koma aðrir aðilar inn. En bændurnir sem leggja inn í Mjólku eru alveg eins og hinum megin, sumir fá beingreiðslur, aðrir ekki. Sumir framleiða fram yfir og fá ekki fyrir það beingreiðslu. Það er hið glæsilega bú í Eyjum í Kjós sem hefur valið sér að vera ekki í beingreiðslukerfinu en vera þó hluti af þeirri afurðastöð sem Mjólka er. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Hv. þingmaður fór líka mikið út í umræðu um grænmeti og matvælaverð. Syndir hins sáluga Alþýðuflokks liggja nú víða (Gripið fram í.) og víða. Það var auðvitað svo í EES-samningnum að þar var allt í einu óvænt samið um landbúnaðarvöru sem var grænmeti en eins og við munum

reyndu þau tímabil sem voru tollalaus mjög á grænmetismarkaðinn og íslenskt grænmeti og voru þeirri atvinnugrein mjög erfið. Þess vegna var það gert, líklega árið 2002, að frumkvæði mínu að samið var um beingreiðslur til grænmetisbænda, tollarnir fóru, og þeir bjuggu við jafnræði og keppa núna nánast á heimsmarkaði með þennan stuðning á bak við sig og hafa auðvitað staðið sig gríðarlega vel. Við höfum ekki heimild til þess að taka fleiri slíkar greinar inn með þessum hætti í dag út af WTO-tollkvótum.

Þetta gerði það að verkum að verð á íslensku grænmeti lækkaði stórlega og það undarlega gerðist í verslunum að vínberin og ávextirnir lækkuðu líka í verði eins og þeir hefðu verið með tollum. Kaupmenn höfðu sem sé lagt hærri tolla eða álagningu á þetta en lækkuðu það um leið og grænmetið þannig að neytendur njóta enn í dag ríkulega af þessari gjörð núverandi ríkisstjórnar, að hafa farið þessa leið og bændurnir hafa frið um atvinnuveg sinn og standa sig gríðarlega vel á markaðnum og eru framsæknir. Þetta vildi ég taka hér fram.

Hv. þingmaður hefur rætt mikið um að hann vilji uppboðsmarkað, eða misskildi ég það? Jæja, að hann vilji einhverjar aðrar leiðir. Í sjávarútveginum hygg ég að hv. þingmaður, sem er mikill jaxl og baráttumaður, vilji uppboðsmarkað og að allur fiskur fari á markað, er það ekki rétt? Hv. þingmaður er auðvitað að tala um þetta til þess að kaup sjómanna verði sem hæst og er þá kannski ekkert að hugsa um neytendur. Nú hefur ekkert á Íslandi seinni ár hækkað jafnmikið og fiskurinn. Þegar ég var barn að alast upp í sveitinni bruddum við ýsu alla vikuna, ódýra og góða ýsu á Brúnastöðum og saltfisk og grásleppu (**Gripið fram í:** Og hamsatólg?) og hamsatólg. Þetta var hinn ódýri matur þeirra daga og Eysteinn Jónsson, hinn mikli stjórnmálamaður, hann fylgdist alltaf með því og taldi mikilvægt að verðið á fiskinum væri lágt á Íslandi. (Gripið fram í.) Það hefur hækkað mikið. Þetta vildi ég taka hér fram.

Það liggur alveg klárt fyrir að það samkomulag og þær leiðir sem hér er verið að lögfesta, umrætt samkomulag er hið fyrsta sem Ísland og Evrópusambandið hafa gert um viðskiptagrundvelli þessarar greinar. Í samkomulaginu eru m.a. veittir gagnkvæmir tollar, tollkvótar án aðflutningsgjalda í umfangi sem ekki hefur áður þekkst í millirríkjasamningum Íslands. Í þessum samningum veitti Ísland Evrópusambandinu kvóta fyrir kjötvörur, kartöflur, rjúpur og ost, en við fáum kvóta í staðinn til útflutnings, sem eru skyr, smjör, pylsur og kjöt, þannig að þetta er gagnkvæmur samningur sem hér er og er, eins og komið hefur fram í umræðunni, væntanlega tengdur 1. mars þar sem ríkisstjórnin er líka að bakka frá gamalli gjörð Alþýðuflokksins sáluga, þegar Jón Baldvin Hannibalsson var fjármálaráðherra. Þá varð hann í kreppu ríkissjóðs þar sem allt var tekjulaust, öll félagshyggja var að hverfa, að skera allt niður (Gripið fram í.) og ríkissjóður varð að afla tekna. (Gripið fram í.) Ég studdi þá ríkisstjórn. Við vorum í mikilli neyð af því að hér var fátækt, það var kreppa, og þá skattlögðu menn matinn allt í einu og var mjög umdeilt mál hér á sínum tíma.

Nú er ríkissjóður þannig staddur, og samfélagið, að við getum gefið helminginn af þessum skatti eftir og vonandi verður matarskatturinn að fullu í burtu á næsta kjörtímabili. Það hefur alltaf verið sanngirnismál af minni hálfu. Nú förum við með hann úr 14% niður í 7%, og ríkið getur gefið þar eftir 6–7 milljarða. Af hverju? Af því að staða ríkissjóðs er með þessum hætti, það eru miklar tekjur, það eru mikil umsvif á Íslandi og við höfum auðvitað verið að gefa í á öllum sviðum þannig að við getum gefið þessa peninga eftir og erum að gefa það ásamt vörugjöldum o.fl. eftir núna 1. mars. Þetta er staðan þó að hér sé nú sultardropi á hverju nefi í þessum ræðustól af hálfu stjórnarandstöðunnar og þeir tali eins og Ísland sé alltaf á heljarþröm og hér sé allt á hverfandi hveli, þá er staðan sú að við erum í mikilli sókn og höfum bætt lífskjör okkar verulega og ríkisvaldið hefur getað gefið eftir þennan skatt, matarskattinn að hálfu, vörugjöldin og stórlækkað skatta á fyrirtæki og fólkið í landinu. (**Gripið fram í:** Eru þá bændur verr staddir ...?) Þetta höfum við verið að gera á þessum tímum. (Gripið fram í.)

Bændur eru ágætlega statt fólk eins og aðrir Íslendingar, ágætlega statt fólk. Það eru allir hættir, hv. þm. Ellert Schram, að tala um fátækt þeirra sem betur fer. Þegar ég byrjaði sem landbúnaðarráðherra var mikil umræða um það, eilíf umræða. Bændurnir hafa líka bætt sín kjör og stórlega bætt sín kjör á síðustu 8–12 árum í tíð núverandi ríkisstjórnar og standa með öðrum hætti, þannig að þetta var ágætis frammíkall.

Ég vil svo segja af því að það hendir alltaf hv. þm. Jón Bjarnason að tala um allt milli himins og jarðar þegar menn eiga að tala um einfalda hluti, t.d. þegar menn eru að tala um þetta sem eingöngu snýst um tolla og tollkvóta þá vill hann eingöngu ræða um gæði. Gæðin eru auðvitað tryggð og ákvörðuð í lögum og hér eru mjög strangar reglur og verða áfram og koma ekkert við þetta mál, þeim verður ekkert breytt, þar búum við við mjög mikið öryggi. Landbúnaðarstofnun mælir með innflutningi, við veljum okkur lönd út af heilbrigðisástæðum því að íslenskir neytendurnir vilja búa við mikið öryggi og við þurfum líka á því að halda vegna dýraheilbrigðis o.s.frv. Það er því bara allt annað mál og er mjög vel varðað í lögum og vinnubrögðum Landbúnaðarstofnunar og landbúnaðarráðuneytisins. Ég gæti haldið hér tíu mínútna ræðu um hvað það er strangt og það minntist hv. þm. Jóhann Ársælsson á og því ber auðvitað að fylgja eftir.

Ég held að við þurfum að stíga stór skref með vaxandi innflutningi. Það liggur auðvitað fyrir sem hv. þm. Jón Bjarnason var að reyna að leiða ræðu um áðan þegar hann var að tala um að menn gætu hitt og þetta með tollkvótann. Því hefur verið svarað hér að tollkvótarnir eru auglýstir og sá sem hæst býður fær þá og hann getur ekki framselt þá. Ef hann ekki notar kvótana þá eru þeir teknir af honum innan ákveðins tíma. Um þetta gilda mjög strangar reglur og í sjálfu sér kunnum við enga aðra betri aðferð í þessu efni.

Íslendingar treysta íslenskum kjötvörum mjög vel. Svínabændur og kjúklingabændur hafa tekið mjög vel á sínum málum og eru í rauninni með allt aðra gæðavöru og standa mjög strangt að sínum málum hvað þeirra framleiðslu varðar. Þeir hafa náð að ráða niðurlögum salmonellu og kampýlóbakters. Þeir hleypa því ekki út á markaðinn. Í sumum löndum þykir það vera sjálfsagður hlutur að slíkt sé til staðar, neytendurnir vita af því að salmonella sé kannski til staðar í 30–40% af vöru. Í landbúnaðnum á Íslandi ríkja

mjög strangar reglur hvað þetta varðar og mjög ströng vinnubrögð. Þeir eiga heiður skilið í þessum ágætu greinum og það á auðvitað að virða.

Þess vegna hygg ég að það sé mjög mikilvægt við breytinguna sem fram undan er og ég er þeirrar skoðunar ef innflutningur fer að aukast, að íslenskir neytendur og þess vegna erlendir ferðamenn eigi rétt á því að vita hvaða vörur þeir eru að kaupa í verslunum og hvar sem þeir borða. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hélt ágæta ræðu áðan, hann er maður íslenska fánans, ef ég man rétt, og hefur barist fyrir því að nota eigi íslenska fánann meira. Þetta eru menn farnir að gera, t.d. grænmetisbændur. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að fara vel yfir það og bændur eigi að beita sér fyrir því að allt kjöt sem framleitt er í landinu, hvort sem það er lambið okkar eða nautið, kjúklingurinn eða svínið, eigi að vera rækilega merkt með íslenska fánanum eða fánalitunum, með afurðastöðinni eða frá bóndanum sem framleiddi vöruna. Ég er þeirrar skoðunar að það sé líka mikilvægt að þar sem við förum inn á hótel að borða, hvort sem það er Hótel Saga eða einhver annar veitingastaður þá sé það ljóst hvaða nautakjöt við erum að borða, frá hvaða landi, og hótelið eigi að gefa okkur upplýsingar um hvort boðið sé upp á íslenskt nautakjöt eða danskt og hvaðan það er komið. Þetta vildi ég sjá með þessum hætti.

Ég vil svo að lokum þakka hv. landbúnaðarnefnd fyrir skjót og góð vinnubrögð og þessa umræðu.

[15:49]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar umræðan er óþægileg tala menn gjarnan um eitthvað annað. Þess vegna talaði hv. þm. Jón Bjarnason um heilbrigðismálin gagnvart innflutningi á kjöti. Þess vegna breytti hæstv. landbúnaðarráðherra blómunum í grænmeti þegar hann svaraði ræðu minni. Ég spurði um blómin en ekki grænmetið en hæstv. ráðherra fannst þægilegra að tala um grænmeti en blóm. Hann hélt því fram að ég vildi uppboð á kvótum. Það var ekki það sem ég sagði.

Uppboðsfyrirkomulagið er hæstvirts ráðherra. Hæstv. ráðherra hefur undanfarin ár látið bjóða þetta upp. Samkvæmt reglunum getur hann valið á milli þess að hafa uppboð eða láta draga úr hatti sínum. Ég bað hæstv. ráðherra að upplýsa um það hvort hann hefði ekki önnur ráð en hattinn eða uppboðið til að neytendur fengju arðinn af innflutningnum í lægra vöruverði. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki neinu.

Ég tel að möguleikar séu á að koma arðinum til neytenda með því að breyta fyrirkomulaginu þannig að valið sé á milli innflutningsaðilanna með öðrum hætti. Þeir geta boðið hámarksverð, bæði í heildsölu og smásölu, í tollkvótana og þá yrðu þeir valdir út frá þeirri forsendu. Þá fengju neytendur arðinn.

[15:51]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil minna hv. þingmann á, vegna ræðu hans áðan, af því að það er alltaf talað um að íslenskar landbúnaðarvörur séu dýrar, að verslunin á Íslandi flytur inn gríðarlega mikið af landbúnaðarvörum. Innfluttar landbúnaðarvörur utan úr Evrópu eru hlutfallslega dýrari hér á markaðnum miðað við erlendis en íslenskt framleiddar landbúnaðarafurðir. Þetta vildi ég láta koma alveg skýrt fram.

Ég svara hv. þingmanni því alveg skýrt. Ég kann ekkert betra fyrirkomulag en uppboðið. Ég held að það sé mjög mikilvægt.

Hvað blómin varðar þá eru blóm ekki matur. Þau eru fegurð. Blómabændur standa sig mjög vel á markaðnum og framleiða falleg blóm og mikilvæg. Ég held að staða þeirra hafi, eins og annarra í þessu samfélagi, batnað töluvert á síðustu missirum. (**Gripið fram í:** Íslendingar eru farnir að láta blómin tala.) (**Gripið fram í:** Látum blómin tala.)

[15:52]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá höfum við það. Hæstv. ráðherra er uppboðsmaðurinn. Hann vill halda sig við uppboðsleiðina þótt tilmæli hafi borist frá fólki í fyrirsvari fyrir neytendur í landinu um að leita annarra leiða. Þær óskir hafa reyndar einnig borist frá þeim aðilum sem flytja inn þessar vörur og keppa um það að veita þjónustu í smásölu og heildsölu í landinu. Þá liggur það bara fyrir. Mér eru það vonbrigði.

Ég tel að full ástæða sé til þess að ríkisstjórnin reyni að sjá til að vöruverð lækki, eins og hún hefur lofað að gera. Það lækkar þá eitthvað minna en ríkissjóður fitnar heldur betur meira. Það stefnir nefnilega í að inn komi 400–500 millj. kr. í ríkissjóð fyrir uppboð á tollkvótum. Það hlýtur auðvitað að gleðja fjármálaráðherrann en það er ekki víst að það gleðji neytendur í landinu.

[15:54]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég vil að það komi alveg skýrt fram, líkt og í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að við í Samfylkingunni munum styðja við málið til að greiða fyrir því að þær lagabreytingar sem eru nauðsynlegar til að lækka matarverð á morgun komist í gegnum þetta löggjafarþing.

Hins vegar eru vinnubrögðin hæstv. landbúnaðarráðherra og ríkisstjórninni allri til skammar, að leggja málið svo seint fram að það er ekki fyrr en nú, korteri fyrir gildistökudag, að málið er að fara í gegnum 2. umr. Það er hins vegar í stíl við málið allt frá upphafi. Þeir lagagerningar sem hér er verið að samþykkja og hafa verið fyrir þinginu í vetur til að lækka matarverð komu til af hálfu ríkisstjórnarinnar vegna þess að Samfylkingin lagði fram ítarlegar tillögur um hvernig ætti að bregðast við háu matarverði og grípa til aðgerða til þess að lækka það. Það var þá sem hæstv. ríkisstjórn, korteri fyrir þingbyrjun, lagði fram tillögur sínar.

Eins og menn muna var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um það með hvaða hætti ætti að gera það. Það var ágreiningur millum hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra annars vegar og ýmissa annarra sem koma nálægt landbúnaðarmálum í Framsóknarflokknum um það hversu langt ætti að ganga, t.d. varðandi lækkun virðisaukaskatts. Það var alveg ljóst að það var ágreiningur á milli hæstv. landbúnaðarráðherra og margra þingmanna Sjálfstæðisflokksins um til hvaða aðgerða ætti að grípa varðandi tollalækkanirnar.

Það er sjálfsagt að rifja upp að það voru þingmenn Sjálf-

stæðisflokksins, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem tóku undir málflutning Samfylkingarinnar varðandi almennar tollalækkanir á innfluttum landbúnaðarvarningi. Ég spyr, herra forseti: Hvar er hv. þingmaður og talsmaður þéttbýlisbúa núna, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson? Hvar er hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson í umræðunni? (Gripið fram í.) Það þýðir ekkert, hv. þingmaður sem nú kallar fram í, að fara í fjölmiðla, geipa þar og taka undir tillögur með tollalækkunum en láta svo ekki sjá sig þegar menn ræða þetta á hinu háa Alþingi.

Um málflutning hæstv. landbúnaðarráðherra verð ég að segja að þótt hann hafi verið ágætur varðgæslumaður fyrir ákveðna hluta landbúnaðarins þá einkennir það málflutning hans að hann hefur undarlega minnimáttarkennd gagnvart íslenskum landbúnaði sem ekki er að finna hjá bændastéttinni. Hæstv. ráðherra virðist telja að íslenskur landbúnaður geti aldrei staðið í samkeppni við innfluttan varning á sviði landbúnaðarvöru í krafti þeirra gæða sem hæstv. ráðherra hefur þó manna best dregið upp fyrir þjóðinni og umheiminum að einkenni íslenskan landbúnað. Við höfum hins vegar fyrir okkur dæmin, herra forseti.

Þegar hæstv. landbúnaðarráðherra var píndur til þess, nánast dreginn til þess með töngum, að aflétta tollverndinni af grænmeti á sínum tíma töldu margir, og menn komu á pallana, ýmsir af stuðningsmönnum hæstv. ráðherra, og sögðu að þetta mundi leiða til þess að innlend grænmetisframleiðsla mundi að fótum fram falla. Hvað hefur gerst síðan? Það hefur orðið margföld söluaukning, veruleg lækkun á verði til neytenda. Allir hafa haft hag af þessu.

Það sem hæstv. landbúnaðarráðherra streittist við að segja hér árum saman reyndist vera hjóm og vitleysa. Af hverju lærum við ekki af reynslunni? Af hverju geta menn ekki sagt sem svo: Í krafti þessarar reynslu er alveg ljóst að landbúnaðurinn getur með hæfilegri aðlögun tekið á sig vaxandi samkeppni. Þetta var einmitt það sem hæstv. landbúnaðarráðherra var sjálfur byrjaður að segja í síðustu lotu, svokallaðri Doha-lotu, innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þá sögðu ráðuneytisstjóri hans og hæstv. ráðherra í fjölmiðlum að nú væri ljóst að fram undan væru samningar á því sviði sem Íslendingar yrðu að gangast undir, m.a. til að njóta þess á sviði mikilvægari atvinnugreina eins og sjávarútvegs. Þeir áttu að leiða, til hvers, herra forseti? Þeir áttu að leiða til helmingslækkunar á tollum á innflutningsvernd. Þetta var það sem sérfræðingar landbúnaðarráðuneytisins sögðu á sínum tíma.

Það er nákvæmlega það sem Samfylkingin hefur verið að leggja til, að helmingur tollverndarinnar verði afnuminn til þess að lækka verð á vörum til neytenda en líka að herða innlendan landbúnað í samkeppninni. Ég ber engan kvíðboga fyrir því ef menn mundu samhliða stíga skref til frelsisáttar í landbúnaði og leyfa mönnum meira frelsi við framleiðslu og sölu. Þá mundi þetta ganga saman hönd í hönd og leiða til þess að landbúnaðurinn mundi smám saman styrkjast og ganga vel, a.m.k. í ákveðnum greinum í samkeppni við erlendar vörur. Hann mundi keppa, eins og íslensku grænmetisframleiðendurnir, í krafti gæðanna. Um leið hefði verðið til neytenda lækkað. Þetta skiptir máli. Hæstv. landbúnaðarráðherra þverskallast við að hlíta dómi reynslunnar. Hann rembist enn eins og rjúpan við staurinn til að toga fram þau rök sem reynslan hefur sýnt að eru röng hjá honum. Þess vegna leyfi ég mér að halda því fram að versti gallinn á annars ágætri frammistöðu hæstv. landbúnaðarráðherra sé að hann hefur minnimáttarkennd fyrir hönd íslenskrar landbúnaðarstéttar, sem hún sjálf hefur ekki.

Að lokum langar mig að varpa einni spurningu til hæstv. ráðherra. Hann tók þátt í því með fjármálaráðherra og stjórnarliðinu á sínum tíma að leggja fram margvíslegar tillögur til lækkunar á matarverði sem voru svar við tillögum Samfylkingarinnar. Á þeim tíma var því haldið fram fullum fetum, m.a. af þingmönnum Framsóknarflokksins, að þetta mundi leiða til 16% lækkunar á útgjöldum meðalheimilis til matvælakaupa. Nú er að koma í ljós, herra forseti, að lækkunin verður miklu minni. Mig langar þess vegna að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann skammist sín ekki fyrir að koma þannig fram með þeim afleiðingum sem blasa við á morgun en þá er lækkunin miklu minni. Ég gæti út af fyrir sig svarað spurningunni fyrir hönd hæstv. ráðherra því ég veit að í hjarta sínu er hann ærlegur og hann hefur samvisku. Það hefur margsinnis sýnt sig og auðvitað skammast hann sín fyrir þetta. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Veit hann hverjar afleiðingarnar verða nákvæmlega til hagsbóta fyrir neytendur á Íslandi með þeim breytingum sem fá lagagildi á morgun?

Ég vil ekki draga það undan að breytingarnar skipta töluverðu máli en því miður er búið að leggja fram reikninga sem sýna að í stað þess að kostnaðurinn eigi að lækka um 16% er líklegt að hann lækki ekki nema um 10%, hugsanlega bara um 8%. Einn hagfræðingur, sem starfar fyrir almannasamtök, heldur því fram að útgjöldin muni einungis lækka um 6%. Þetta eru auðvitað svik miðað við þau loforð sem ríkisstjórnin gaf. Hæstv. landbúnaðarráðherra var hluti af því liði sem stóð frammi fyrir þjóðinni í fjölmiðlum og sagði að þessar aðgerðir mundu leiða til þess að það yrði lítill munur á meðalverði matvæla á Norðurlöndunum og á Íslandi. Reynslan er að sýna að þetta er allt saman tóm vitleysa. Auðvitað hefði átt að fara leið Samfylkingarinnar.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, af því að ég veit að hann er glöggur, kjarnyrtur og tekur ekki mikinn tíma til þess að svara því: Hversu mikið munu útgjöld heimilanna nákvæmlega lækka með þeim aðgerðum sem taka gildi á morgun og við í Samfylkingunni ætlum að hjálpa hæstv. ráðherra að ná í gegn?

[16:03]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samfylkingin varð sér ærlega til skammar síðasta sumar með fáránlegum tillögum gagnvart íslenskum bændum og landbúnaðinum þar sem þúsundir verkamanna í afurðastöðvum um allt land og þar á meðal í Reykjavík hefðu tapað atvinnu sinni. Samfylkingin varð sér til skammar, hún klofnaði í málinu. Sumir mega eiga það sem hér eru í salnum að þeir risu upp til varnar en í rauninni hefur Samfylkingin kannski ekki borið sitt barr síðan hvað fylgi sitt hennar varðar. Látum það nú vera.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er málglaður og enginn maður er jafnmikill snillingur hér í þessum ræðustól að fara hring eftir hring. Það gerir hann létt á góðum degi. Sannleikurinn hefur ekki gert hann frjálsan, að mínu mati, ekki

alltaf. Sumt sem hann sagði í minn garð og okkar í ríkisstjórnarflokkunum er ekki rétt. En hv. þingmaður er auðvitað skemmtilegur og gaman með honum að vera og hann setur svip á þingsalinn.

Ég er sannfærður um vegna spurningar hv. þingmanns að aðgerðin 1. mars — sem er þegar farin að hafa áhrif því að margar verslanir hafa verið að selja matvæli síðustu daga á 7% virðisaukaskatti og gefa það neytendum til að minna á þennan mikla dag — mun til langframa hafa mikil áhrif. Það er auðvitað deilt um hvað það verður mikið. Menn hafa efast um margt í þeim efnum. Við höfum verið að tala um það í Framsóknarflokknum að það muni örugglega skila 9–12% — við skulum taka mjólkurbændurna, þeir gáfu eftir tvö ár af verðhækkunum — kannski á langtímabili um 12–16%. En það er mjög mikilvægt sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, sem er samkeppnisráðherra hefur gert, að hann hefur falið eftirlitsaðilum og þar á meðal ASÍ (Forseti hringir.) að fylgja grannt eftir að þessi lækkun komi til neytendanna í landinu.

[16:05]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur auðvitað skýrt fram í svari hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin veit ekki hvað hún er að gera. Hún veit ekki nákvæmlega hvaða afleiðingar þau lög sem taka gildi á morgun hafa. Hún kom hér hins vegar í haust og sagði að þetta mundi leiða til 16% verðlækkunar.

Nú kemur hins vegar hæstv. ráðherra og segir: Framsóknarflokkurinn hefur reiknað þetta upp á nýtt og það er hugsanlegt að þetta leiði til 9–12% verðlækkunar. Með öðrum orðum, hæstv. ráðherra er að staðfesta það að hann fór með blekkingar (**Landbrh.**: 12–16% til langtíma.) ásamt hæstv. fjármálaráðherra í haust. Hann er að viðurkenna það — og hér kemur hinn sökudólgurinn í málinu. Þannig liggur í þessu.

Hæstv. ráðherra veit auðvitað ekkert um hvað matvæli muni lækka í krafti þeirra laga sem taka gildi á morgun. Verra þykir mér þó að hæstv. ráðherra kemur hér og afneitar sjálfum sér. Hann kemur og segir að sú stefna sem Samfylkingin lagði fram í haust hafi verið út í hött og, eins og hæstv. ráðherra sagði, hafi verið okkur til skammar. Hafi það verið svo hefur hún líka verið hæstv. ráðherra til skammar, því að hvaðan kom þessi stefna? Hún kom úr þeim yfirlýsingum starfsmanna hans fyrir þremur árum um að í kjölfar Doha-samningalotunnar yrði íslenskur landbúnaður í fyrsta lagi að taka á sig afnám helmingslækkunar innflutningsverndar. Þetta voru nú bara starfsmenn hans sem sögðu þetta. Við sögðum þetta síðan í vor.

Númer tvö, það sem við sögðum síðan: Afgangurinn af tollverndinni verður ekki aflagður nema með aðlögunarsamningum og í samráði við landbúnaðinn. Hvaðan kemur sú stefna? Frá honum sjálfum. Svona gerði hann þetta varðandi grænmetisframleiðsluna. Hvers vegna skyldi það sem þar gildir ekki líka ganga upp varðandi annað? Það er af því að þessi hæstv. ráðherra hefur ekki (Forseti hringir.) trú á íslenskum landbúnaði. En (Forseti hringir.) það höfum við í Samfylkingunni.

[16:07]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það veit nú þjóðin að þarna fór hv. þingmaður ekki með rétt mál því að hún veit að sá sem hér stendur hefur mesta trú og aðdáun á íslenskum landbúnaði af öllum stjórnmálamönnum og hefur talað fyrir hönd landbúnaðarins og vakið athygli á gæðunum. Hér voru meistarakokkarnir á dögunum að dásama besta hráefni í veröldinni. Reykjavík ilmaði af matarlykt og sælu. Ég vona að hv. þingmaður hafi farið út að borða.

En nú er komið að þeirri stund eftir þessa hringferð hv. þingmanns, sem ekkert er byggjandi á, að við vinirnir slíðrum sverðin og leggjum vopn okkar til hliðar og göngum í það verk sem við ætlum að gera í dag, að setja þetta mál og gera það að lögum og erum báðir sammála um að við sjáum lækkun á matvælaverði næstu daga og fylgjum því eftir að það gerist. Íslenskir bændur hafa lagt sitt af mörkun og verslunin ætti náttúrlega að leggja eitthvað af mörkun eins og bændurnir og ríkisvaldið til að þetta gerist. En minnumst þess að Ísland er gott land með frábær matvæli og það sem gerist á morgun mun auðvitað auka neysluna.

[16:08]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er af og frá að ég eða Samfylkingin munum leggja einhver vopn til hliðar eða slíðra vopn þegar annars vegar er barátta um bætta hagsmuni neytenda. Það eina sem ég er reiðubúinn til að leggja til hliðar í málinu er Framsóknarflokkurinn.

Í máli hæstv. ráðherra kom skýrt fram að hann hefur ekki hundsvit á því hvað þau lög sem taka gildi á morgun muni hafa í för með sér. Við erum sammála um það að þetta muni örugglega lækka matarverð en hins vegar veit hann ekki hversu mikið og hann treystir sér ekki til að halda því fram að það muni lækka verðið jafnmikið (Gripið fram í.) já, ég veit það — og í haust. Þá sagði hann 16%. Ég segi núna: Í mesta lagi 8%, hugsanlega 6%.

Ég vil þó aðeins í lokin hnykkja á því sem ég sagði um þessa sáru minnimáttarkennd hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir íslenskum bændum. Hæstv. ráðherra kemur hér og talar um hina ilmandi lambakjötslykt sem lagði yfir Reykjavík og talaði um það sem besta hráefni í heiminum. Það er besta hráefni í heiminum. En ef svo er, af hverju getur það ekki alveg eins og bestu tómatar í heiminum keppt við innfluttan varning? Auðvitað getur það það, reynslan segir það og skynsemin. En það virðist sem hvorugt eigi heima í landbúnaðarráðuneytinu nú um stundir. Og það virðist sem hæstv. landbúnaðarráðherra trúi ekki dómi reynslunnar eins og við höfum séð hann birtast varðandi framleiðslu á tómötum og agúrkum. Sala á tómötum hefur fjórfaldast síðan sú breyting var gerð, sala á agúrkum margfaldast og verðið hefur lækkað um 30%. Af hverju? Af því að innlenda framleiðslan er að keppa í krafti gæða. Ef það er hægt í grænmetisframleiðslunni, af hverju þá ekki varðandi sauðakjötið? Er þá ekkert að marka það sem hæstv. ráðherra er að segja um hina gríðarlegu möguleika (Forseti hringir.) íslensks lambakjöts úti um allan heim? Eða getur verið, herra forseti, (Forseti hringir.) að ekkert sé að marka hæstv. ráðherra?

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1000,1 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

2.–3. gr. (verða 3.–4. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1000,2 samþ. með 39 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1000,3 (tvær nýjar greinar, verða 6.–7. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

5. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

### *Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 558. mál (afreikningshlutföll og uppgjörstímabil). — Þskj. 833, nál. 963, brtt. 996.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:15]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Stjórnarfrumvarpið sem við greiðum hér atkvæði um er tæknilegs eðlis og munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðja það frumvarp. Í haust var ákveðið í þinginu með lagabreytingu að lækka verð á matvöru annars vegar með því að færa virðisaukaskattinn á matvöru úr 24,5% og 14% niður í 7%, og hins vegar að afnema vörugjöld af matvöru. Lýðheilsustöð hvatti til þess að gosdrykkir og sykraðir drykkir yrðu undanþegnir lækkununum og færði fyrir því rök. Þær breytingartillögur sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerir við stjórnarfrumvarpið eru samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar. Í erindi sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis barst frá Lýðheilsustöð í desembermánuði segir m.a., með leyfi forseta:

„Vert er að benda á að rannsóknir sýna að verðnæmi gosdrykkja er töluverð og verðlækkun þeirra hefur mest áhrif á neyslu þeirra þjóðfélagshópa sem almennt er erfitt að ná til með heilsuhvetjandi skilaboðum. Í því samhengi má nefna að unglingar eru mjög næmir fyrir verðbreytingum.“

Í bréfi Lýðheilsustöðvar er síðan vitnað í alþjóðlegar skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist, þar á meðal samkomulag sem undirritað var í Istanbúl í Tyrklandi í nóvember sl. á milli Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og Evrópuríkja, en í þeim sáttmála er vikið að þessum þáttum m.a. Svo ég vitni áfram í niðurlag bréfs frá Lýðheilsustöð, þá segir þar, með leyfi forseta:

„Í sáttmálanum eru stjórnvöld kölluð til ábyrgðar auk þess sem kallað er eftir enn meiri samstöðu og samvinnu milli allra hagsmunaaðila en verið hefur: opinberra aðila, iðnaðarins og einkamarkaðar, frjálsra félagasamtaka, einstaklinga og fjölskyldna.

Því skýtur skökku við að á sama tíma skuli stjórnvöld hér á landi leggja til breytingar á sköttum og gjöldum sem leiða til lækkunar á verði sykraðra drykkja og þar með væntanlega um leið aukinnar neyslu þeirra.“

Ég spyr: Ætlar Alþingi ekki að hlíta þessum ráðleggingum og þessum áskorunum frá Lýðheilsustöð? Það viljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gera enda eru í erindi Lýðheilsustöðvar reidd fram mjög sterk og áhrifarík rök.

Brtt. 996,1 felld með 25:8 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, JBjarn, KolH, KHG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BjarnB, BHar, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HjÁ, IHÓ, JónK, KÓ, ÓlE, PHB, SAÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, StB, SvA, SæS.

6 þm. (AKG, BjörgvS, EBS, JÁ, JóhS, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁMöl, DJ, DrH, EKG, EMS, GÓJ, GAK, GÞÞ, HBl, HHj, ISG, JGunn, JBjart, KJúl, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 996,2 felld með 24:6 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, EBS, JBjarn, KolH, SJS, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BjarnB, BHar, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HjÁ, IHÓ, JónK, KÓ, ÓlE, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SvA, SæS.

4 þm. (AKG, JÁ, SigurlS, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁMöl, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GÓJ, GAK, GÞÞ, HBl, HHj, ISG, JóhS, JGunn, JBjart, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 996,3 felld með 25:9 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁRJ, JBjarn, KolH, KHG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BjarnB, BHar, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HjÁ, IHÓ, JónK, KÓ, ÓlE, PHB, SAÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, StB, SvA, SæS.

4 þm. (EBS, JÁ, JóhS, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁMöl, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GÓJ, GAK, GÞÞ, HBl, HHj, ISG, JGunn, JBjart, KJúl, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

### *Sóttvarnalög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 638. mál (stjórnsýsluleg staða sóttvarnalæknis o.fl.). — Þskj. 946.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Íslenska táknmálið, frh. 1. umr.***

Frv. SigurlS o.fl., 630. mál (heildarlög). — Þskj. 938.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, frh. 1. umr.***

Frv. SigurlS o.fl., 631. mál. — Þskj. 939.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Flutningur á starfsemi Fiskistofu, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÓlE, 635. mál. — Þskj. 943.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:23.

---

# 82. FUNDUR

miðvikudaginn 28. febr.,
að loknum 81. fundi.

**Dagskrá:**

1. Virðisaukaskattur, stjfrv., 558. mál, þskj. 833. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, stjfrv., 621. mál, þskj. 1016. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

[16:23]

**Útbýting:**

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 515. mál, nál. 1. minni hluta iðnn., þskj. 1010; brtt. þskj. 1011.

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. beggja dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

***Virðisaukaskattur, 3. umr.***

Stjfrv., 558. mál (afreikningshlutföll og uppgjörstímabil). — Þskj. 833.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BjarnB, BHar, EOK, EBS, GHH, GHj, GHall, GÁ, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KÓ, KolH, KHG, ÓlE, PHB, SAÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SvA, SæS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

26 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GÓJ, GAK, GÞÞ, HBl, HHj, ISG, JGunn, JBjart, KJúl, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:24]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Enn einn fagnaðardagurinn er að renna upp. Hér sjáum við síðasta skrefið í sífelldum skattalækkunum ríkisstjórnarinnar á undanförnu kjörtímabili. Við ræðum um lækkun á virðisaukaskatti og alls konar aðgerðir sem við erum að grípa til. Þetta er lækkun virðisaukaskatts úr 24,5% niður í 7% og 14% niður í 7% lækkun vörugjalda, og síðan ræðum við tollkvótana. Allt er þetta þáttur í því að lækka vöruverð sem mun lækka umtalsvert á morgun. Menn deila um það hversu mikið en það verður örugglega eitthvað sem almenningur mun finna mjög vel fyrir.

[16:25]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Virðisaukaskattur á matvæli hefur nú verið lækkaður verulega og munu matvæli lækka fyrir bragðið til neytenda. Að sama skapi hefur Alþingi ákveðið að afnema vörugjöld af matvælum. Hvoru tveggja naut stuðnings Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með einni undantekningu þó. Við vildum hlíta ráðgjöf Lýðheilsustöðvar sem lagði til að virðisaukinn yrði ekki lækkaður á gosdrykkjum og sykruðum drykkjum og vörugjöld

af þeim vörum ekki felld niður.

Það sem hlýtur að verða okkur til umhugsunar í þinginu er að við skulum setja á laggirnar stofnanir á borð við Lýðheilsustöð, sem starfar samkvæmt lögum frá 2003, og hafa síðan að engu þá ráðgjöf sem frá þeirri stofnun kemur. (Forseti hringir.) Hlýtur þetta ekki að verða Alþingi til umhugsunar?

(**Forseti** (BÁ)**:** Og þingmaðurinn segir?)

Ég segi bara allt gott. [Hlátur í þingsal.] Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1017).

***Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, 3. umr.***

Stjfrv., 621. mál (aukin heimild). — Þskj. 1016.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BjarnB, BHar, EOK, EBS, GHH, GHj, GHall, GÁ, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KÓ, KolH, KHG, ÓlE, PHB, SAÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, SvA, SæS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

26 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GÓJ, GAK, GÞÞ, HBl, HHj, ISG, JGunn, JBjart, KJúl, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [16:27]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er enn einn hlekkurinn í þeirri keðju að lækka vöruverð sem tekur gildi á morgun. Við erum með þessu að auka innflutning á erlendum landbúnaðarvörum með sérstöku samkomulagi sem gert hefur verið við Evrópusambandið. Það þekkja þeir sem þekkja hagfræði að aukið framboð lækkar verðið. Það kom ekki fram í umræðunni áðan. Aukið framboð á vörum innan lands, landbúnaðarvörum, lækkar verðið í heild sinni og það er það sem aðgerðin á að gera. Ekki liggur fyrir hvað lækkunin verður mikil en það verður lækkun. (**Gripið fram í:** Ég segi já.)

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1018).

Fundi slitið kl. 16:29.

# 83. FUNDUR

fimmtudaginn 1. mars,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Lögmenn, stjfrv., 653. mál, þskj. 972. — 1. umr.
2. Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., stjfrv., 654. mál, þskj. 980. — 1. umr.
3. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 637. mál, þskj. 945. — 1. umr.
4. Samningur um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, stjtill., 640. mál, þskj. 951. — Fyrri umr.
5. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 648. mál, þskj. 967. — Fyrri umr.
6. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 649. mál, þskj. 968. — Fyrri umr.
7. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 650. mál, þskj. 969. — Fyrri umr.
8. Samningar um gagnkvæma réttaraðstoð, stjtill., 652. mál, þskj. 971. — Fyrri umr.
9. Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., stjfrv., 655. mál, þskj. 981. — 1. umr.
10. Útflutningsaðstoð, stjfrv., 656. mál, þskj. 982. — 1. umr.
11. Skattlagning kaupskipaútgerðar, stjfrv., 660. mál, þskj. 1002. — 1. umr.
12. Yfirlýsing gegn stuðningi við innrásina í Írak, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
13. Losun gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 641. mál, þskj. 957. — 1. umr.
14. Náttúruvernd, stjfrv., 639. mál, þskj. 947. — 1. umr.
15. Mannvirki, stjfrv., 662. mál, þskj. 1004. — 1. umr.
16. Skipulagslög, stjfrv., 661. mál, þskj. 1003. — 1. umr.
17. Brunavarnir, stjfrv., 663. mál, þskj. 1005. — 1. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Magnús Stefánsson félmrh., 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.

***Tilkynning um dagskrá.***

[10:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill tilkynna að um kl. 1.30, að loknu hádegis-

hléi, fer fram utandagskrárumræða um heilbrigðismál á Austurlandi. Málshefjandi er hv. þm. Þuríður Backman. Hæstv. heilbrigðisráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:32]

**Útbýting:**

Tollkvótar við innflutning landbúnaðarafurða, 621. mál, þskj. 1016.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Þjónustusamningur við SÁÁ – virkjunarframkvæmdir í neðri Þjórsá.

[10:32]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs til að vekja athygli á því enn og aftur að heilbrigðisráðherra hefur ekki endurnýjað þjónustusamning við SÁÁ. Það eru tvær hliðar á þessu máli, annars vegar sú staðreynd að veittar skuli rúmar 500 millj. til samtakanna án þess að gerður sé samningur um nýtingu fjárins og hins vegar það ófremdarástand sem er að skapast í meðferðarmálum vegna lágra fjárframlaga sem byggjast á gömlum forsendum.

Það hefur margoft verið sýnt fram á þjóðhagslegan ávinning af starfsemi SÁÁ og ætti ekki að vefjast fyrir neinum að þar er mannslífum og fjölskyldum bjargað. Það eru um 2.400 innlagnir á ári og löngu orðið ljóst að það þarf að stórauka fjárframlög til SÁÁ eigi samtökin að vera þess megnug að mæta sívaxandi þörf fyrir meðferð og nú er staðan sú að tap á rekstri samtakanna er orðið of mikið til þess að þau geti brúað bilið með frjálsum framlögum. Annaðhvort verður að grípa til niðurskurðar á þjónustunni eða starfsemin verður hreinlega gjaldþrota.

Ríkisendurskoðun hefur nú þegar gert athugasemdir við heilbrigðisráðherra um að SÁÁ borgi of stóran hluta meðferðarinnar. Jafnframt hefur Ríkisendurskoðun gert athugasemdir við að ráðherra hefur ekki endurnýjað þjónustusamning við SÁÁ síðan í desember 2005. Fagleg meðferð kostar, en hún er líkleg til að skila fólki aftur út í þjóðfélagið. Samkvæmt útreikningum Guðmundar Ólafssonar hagfræðings er nóg að einn af hverjum 10 vímuefnasjúklingum nái bata til þess að meðferðin borgi sig fyrir þjóðfélagið. Þrátt fyrir þessar staðreyndir berast okkur þær upplýsingar frá Hagstofunni að á föstu verðlagi hafi ríkisstjórnin skorið fjárframlög til meðferðarmála niður um 30% á 10 árum.

Frú forseti. Þann 19. febrúar sl. og aftur þann 21. febrúar átti ég orðastað við hæstv. ráðherra og enn á ný spyr ég: Hyggst hæstv. heilbrigðisráðherra gera nýjan þjónustusamning við SÁÁ, og þá hvenær?

[10:34]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Já, hæstv. heilbrigðisráðherra sem hér stendur vill gjarnan gera þjónustusamning við SÁÁ og ég vil draga það fram af því að hér var farið með tölur frá Hagstofunni að þær eru mjög villandi. Það vantar inn í tölurnar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og það er líka búið að taka út, eins og eðlilegt er, Víðines sem breyttist í hjúkrunarheimili þar sem voru eldri alkóhólistar. Unglingaheimili ríkisins var líka tekið út og flutt undir barnaverndaryfirvöld þannig að tölur Hagstofunnar eru mjög villandi að þessu leyti og við munum gera athugasemdir við þær.

Varðandi framlögin til SÁÁ hafa þau aukist á fjárlögum um 13,6% á árabilinu 2006–2007. Árið 2000 voru þau 342 millj. á fjárlögum sem voru samþykkt í þessum sal en hafa farið upp í 576 millj. á yfirstandandi ári. Þetta er 68% hækkun en verðlag hefur hækkað um 34% á sama tíma þannig að þingið hefur verið að bæta verulega í.

Ég bendi líka á það að framlögin til SÁÁ voru árið 2000 í kringum 1.000 kr. frá hverju mannsbarni á Íslandi, í ágæta þjónustu. Núna í ár eru framlögin tæplega 2.000 kr. á hvert mannsbarn. Á sama tíma eru framlögin í Danmörku 540 kr. á hvern mann (**VF:** Hvað með samninginn?) og þar er reyndar mun meira drukkið af áfengi en hér, 11 lítrar á ári á mann. Við erum að drekka um 7 lítra á ári á mann. Það er ekki með nokkru móti hægt að halda því fram að hér séu settar lágar fjárhæðir til SÁÁ. Ég vil ná samningi við SÁÁ. Ég er með 576 millj. í höndunum frá Alþingi og ég er að reyna að ná samningi upp á þær upphæðir, virðulegur forseti. Ég er öll af vilja gerð að reyna að ná samningi við SÁÁ, á í viðræðum við þá (Forseti hringir.) og ég vona að þeir samningar náist í vor af því að starfsemi þeirra er mjög mikilvæg.

[10:37]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég hef að undanförnu ítrekað reynt að fá hv. þm. Steingrím J. Sigfússon til að skýra breytta afstöðu sína til virkjana í neðri hluta Þjórsár. Hv. þingmaður hefur hins vegar kosið að fara undan í flæmingi og í engu svarað nema með skætingi og síðast í fyrirspurnatíma þingsins í gær.

Af því að Vinstri grænir eru nýbúnir að uppgötva netið á leið sinni inn í nútímann og hv. þingmaður er væntanlegur fyrsti yfirríkisnetlögreglustjóri í íslenska alþýðulýðveldinu er rétt að játa það, og ég geri það fúslega, að ég hef gerst sekur um netglæp. Ég hef nefnilega gerst sekur um þann hryllilega netglæp að leita á netinu að ræðum hv. þingmanns um virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Þá kemur í ljós, hæstv. forseti, að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í þessum sal 22. nóvember 2005 að virkjanir í neðri hluta Þjórsár væru mjög hagkvæmar og mjög eðlilegur virkjunarkostur og, það sem meira er, þær væru meira og minna tilbúnar.

Þann 13. febrúar 2007 segir hv. þingmaður hins vegar að hann sé algerlega andvígur því að ráðist verði í virkjanir í neðri hluta Þjórsár. (Gripið fram í.) Hver er skýringin á þessari breyttu afstöðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar? Hvers vegna getur formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ekki skýrt út af hverju hann er nú alfarið á móti virkjunum sem hann taldi áður mjög eðlilegar og hagkvæmar? Það þýðir ekki fyrir hv. þingmann að fara undan í flæmingi og svara með skætingi. Hv. þingmaður verður að gera þinginu, og ekki síður þjóðinni, grein fyrir því hvað ræður þessari breyttu afstöðu. Ég geri kröfu til þess, hæstv.

forseti, að hv. þingmaður svari því.

[10:39]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Valdimar Leó Friðrikssyni fyrir að taka upp rekstrarvanda SÁÁ. Það stendur reyndar þannig á að ég á liggjandi inni fyrirspurn um sama mál sem snýr bæði að biðlistunum á Vogi og eins rekstrarvanda starfseminnar sem er undir hatti SÁÁ. Nú veit ég ekki hvort sú fyrirspurn nær á dagskrá þannig að henni verði svarað en það kemur í sjálfu sér út á eitt.

Ég held að ég verði að vekja athygli á því að það er ekki bara um erfiðan rekstrarvanda að ræða sem sannanlega þýðir að sjálfseignarstofnun eða félagasamtök eru að borga með starfsemi sem ríkið á að sinna. Það er ekki um það deilt að SÁÁ er að ganga á eignir sínar og eigið fé til að halda uppi heilbrigðisþjónustu sem hið opinbera á að veita.

Það er líka þannig að þessi knappi fjárhagur þýðir að stofnunin afkastar ekki því sem hún þyrfti að geta afkastað. Það er þriggja mánaða biðlisti inn á spítalann í sumum tilvikum og (Gripið fram í.) það er ekki hægt að þróa starfsemina eins og vera skyldi hvað varðar t.d. þjónustu við unglinga, göngudeildarþjónustu og annað í þeim dúr. Það dugar ekki fyrir hæstvirta ráðherra að koma hér aftur og aftur og vísa í raun og veru hver á annan eins og við upplifðum hér áðan þar sem hæstv. heilbrigðisráðherra skýtur því þá fyrir sig að hún hafi ekki meiri fjárveitingar frá fjármálaráðherra. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Alþingi.) Ríkisstjórnin verður að svara því hvort halda eigi þessari þjónustu uppi (**Gripið fram í:** Þessu er búið að svara.) með sómasamlegum hætti eða hvort menn ætli að láta þá SÁÁ borga með henni ef menn taka þá ákvörðun þar þangað til starfsemin kemst í þrot. Það er ekki þannig að Alþingi hafi lagt stein í götu þess að hæstv. ráðherra fengi meiri fjármuni til þessara verkefna ef eftir því hefði verið leitað. Ég man ekki eftir því að felldar hafi verið hér tillögur (Forseti hringir.) frá heilbrigðisráðherra um aukið fé til forvarna og meðferðarstarfs.

[10:41]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Okkur greinir varla mikið á um það í hv. þingi miðað við þær upplýsingar sem við höfum að fíkniefnavandinn fer vaxandi. Þess vegna held ég að við verðum einfaldlega að horfast í augu við að það þarf meiri fjármuni til að styrkja samtök eins og SÁÁ til að takast á við vandann. Ef það er vandamálið held ég að annar eins vandi hafi verið leystur í fjáraukalögum. Ráðherrann nefndi áðan að það skorti fjármuni til að takast á við málið.

Ég hygg, hæstv. forseti, að flestir landsmenn séu sammála um að starfsemi SÁÁ sé einhver markverðasti áfanginn í því að halda hér uppi öflugu starfi varðandi fíkniefnavarnir og til að reyna að koma fólki á réttan kjöl, ef svo má orða, sem hefur farið inn á þær brautir.

Það er ámælisvert að ekki skuli nást samkomulag við SÁÁ um starfsemi þeirra þannig að starfsemin gangi ekki á sínar eigin eignir og tefli í tvísýnu þeirri heilbrigðisþjónustu sem við viljum að stofnunin veiti. Ég vænti þess að við séum öll sammála um að nota þekkingu og reynslu þeirra sem starfa á SÁÁ til að berjast gegn fíkniefnavandanum. Við erum þá fyrst og fremst að tala um fjármuni, hæstv. forseti, og ég tek undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan, ég minnist þess ekki að við í þessum sal höfum lagst gegn því að auka fé til að takast á við þennan vanda. Ég skora nú á hæstv. heilbrigðisráðherra að taka af krafti á því að leysa þessi mál og ríkisstjórnin hlýtur að geta mótað stefnu í því hvað þurfi til viðbótar af fjármunum til að ná þessum málum saman. Varla ætlast menn til þess að eignirnar hjá SÁÁ brenni upp í heilbrigðisvandanum.

[10:43]

**Kristján L. Möller:**

Hæstv. forseti. Enn einu sinni þarf að taka upp undir sérstökum lið um störf þingsins eða óundirbúnum fyrirspurnum fjárhagsvanda SÁÁ, til að ræða á hinu háa Alþingi af hverju ríkisstjórnin hundskast ekki til að gera nýjan þjónustusamning við þá merkilegu sjúkrastofnun sem hér er á landinu og er í fjárhagslegum erfiðleikum.

Stuðningsmönnum þessarar stofnunar hefur verið sent bréf, nokkurs konar neyðarkall þar sem talað er um þetta mál. Þrír kostir eru nefndir á árinu 2007:

1. Að halda áfram óbreyttum rekstri og hreinlega fara á hausinn, selja má eignir og slá lán en það mun allt enda á einn veg.

2. Að draga stórkostlega úr meðferðinni með tilheyrandi minnkuðu aðgengi og minni gæðum. Þá þarf líka að spyrja hvaða sjúklingahópar eigi að fá minni þjónustu.

3. Að ná í aukna fjármuni til rekstrar.

Það er þetta neyðarkall sem SÁÁ er að senda út til þingmanna og annarra í þessu landi til að reyna að reka ríkisstjórnina til að gera nýjan þjónustusamning sem hefur ekki verið í gildi frá því í desember 2005.

Virðulegi forseti. Það þarf stefnubreytingu hjá ríkisstjórn hvað þetta varðar. Hún þarf að hætta að horfa á fjárlög sem einhvern jólapakka sem verður að líta vel út í desember sem eitthvert sýnishorn í efnahagsmálum. Hún þarf að taka fjársveltar stofnanir og semja við þær. Það er vandi í flestöllum stofnunum ríkissjóðs úti um allt land vegna lítilla fjárveitinga.

Síðan hefur það komið í viðbót, virðulegi forseti, að forstöðumönnum ríkisstofnana er beinlínis bannað að tjá sig opinberlega um fjárhagsvandann. Þess vegna ber að hæla forsvarsmönnum SÁÁ fyrir að þora (Forseti hringir.) að koma fram og gagnrýna þetta. (Forseti hringir.) Hæstv. heilbrigðisráðherra vill gjarnan gera samning. Ég spyr: Hvers vegna er hann þá ekki gerður? (Forseti hringir.) Er það kannski Sjálfstæðisflokkurinn sem stoppar það?

[10:46]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Það eru margir hv. þingmenn á mælendaskrá þannig að forseti biður þingmenn um að gæta að þeim tíma sem þeir hafa til umræðu, þ.e. tvær mínútur.

[10:46]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Í tvígang ef ekki þrígang hefur hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson komið hér í ræðustól og óskað eftir

svörum frá hv. formanni Vinstri grænna um afstöðu hans eða breytta afstöðu hans til virkjunar neðst í Þjórsá. (Gripið fram í.) Viðbrögð formanns Vinstri grænna hafa verið þau að hafa komið hingað og snúið út úr og jafnvel verið með beinan skæting gagnvart hv. þingmanni eða þá ekki einu sinni svarað eins og við urðum vitni að núna.

Það er full ástæða, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) til að fylgja þessari spurningu eftir og ég beini því til hæstv. formanns Vinstri grænna hvort hann kannist við að hafa í heyranda hljóði lýst því að neðsti hluti Þjórsár væri heppilegur virkjunarkostur. Ég bið hv. þingmann um að svara því og það er ástæða til að biðja um það vegna þess að hér er um formann Vinstri grænna að ræða.

Þá er líka í þessu samhengi rétt að draga það upp hvers vegna Landsvirkjun hefur verið að ræða um möguleika á virkjun í neðsta hluta Þjórsár, (Gripið fram í.) það er vegna stækkunar á stóriðju í álverinu í Straumsvík. Það hlýtur að vera í því samhengi sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur tekið þessa afstöðu, hafi hann tekið hana.

Það má líka minna á það að hv. þingmaður er sagður faðir Húsavíkurlistans sem liggur á skeljunum fyrir framan Alcoa og biður um stóriðju á Húsavík á ábyrgð Vinstri grænna, með sama hætti og Vinstri grænir fóru fram á Akranesi fyrir sveitarstjórnarkosningar og sögðu að stóriðja á Grundartanga væri eðlileg og réttlætanleg og með sama hætti og fulltrúi Vinstri grænna greiddi atkvæði í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur með því að fara í virkjanir á Hellisheiði til þess að veita rafmagni í álverið í Straumsvík. (Gripið fram í.) Ég spyr því, og það er eðlilegt að spyrja formann Vinstri grænna: Er þetta stóriðjustefna Vinstri grænna eða hefur Ómar Ragnarsson rétt fyrir sér að enginn flokkur hér á (Forseti hringir.) Alþingi leggist gegn stóriðju?

[10:48]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að þakka hv. þm. Valdimar Leó Friðrikssyni fyrir að taka upp málefni SÁÁ og meðferðarmálin hér.

Í dag, 1. mars, eru að ég held 19 ár síðan bjórinn var leyfður, þetta er svokallaður bjórdagur. Það er ágætt að minnast þeirra tímamóta m.a. með því að líta yfir það hvernig staðan er, hver er árangurinn af meðferðar- og vímuefnastefnu okkar? Það er algjörlega augljóst að neysla á áfengi og öðrum fíkniefnum á Íslandi er að mörgu leyti eins og faraldur á undanförnum árum. Það er ekki út af bjórnum endilega sem slíkum, það er út af ýmsu. Við höfum brugðist, árangurinn er lakur og það er í raun og veru alveg með ólíkindum að SÁÁ skuli þurfa á hverju einasta ári að taka pólitískan slag við ríkisstjórnina fyrir lífi sínu og áframhaldandi starfi ár eftir ár þegar árangur þeirra er jafnafburðagóður og hann nú er, eins og nefnt var í umræðunni áðan, það eina sem heldur aftur af þeim er í rauninni að framlög til þessara mála eru allt of lág. Það eru allt of litlir peningar settir í forvarnir og meðferðarúrræði því eina leiðin til að berjast gegn aukinni neyslu fíkniefna og áfengis er að bjóða upp á öflug meðferðarúrræði og öflugar forvarnir. Hertar refsingar eru ekki rétta leiðin, þetta er rétta leiðin í þeirri baráttu.

Það er illa staðið að þessum málum. Það er fáránlegt að fulltrúar SÁÁ séu sendir í pólitíska bardaga á hverju einasta ári þegar stofnunin er að sinna einu af mikilvægustu verkefnum heilbrigðisþjónustunnar sem ríkisvaldið hefur í rauninni úthýst og sinnir ekki sjálft með neinum verulegum hætti. Það er ástæða til að brýna hæstv. heilbrigðisráðherra til að taka hressilega á þessu máli af því að það er ámælisvert í hvaða stöðu áfengis- og fíkniefnamálin eru hérna. Það eru allt of litlir fjármunir settir í þetta enda er árangurinn lakur og (Forseti hringir.) háleit markmið fyrri ára svo óra-, órafjarri raunveruleikanum.

[10:51]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir áhyggjur þingmanna um stöðu SÁÁ, og eins og fyrirspurn hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar bar með sér, bæði hvað varðar samningsleysi stofnunarinnar, sem hefur verið frá 2005, og eins hina löngu biðlista þeirra sem bíða meðferðar á stofnuninni.

Eins og við vitum er SÁÁ annar helsti meðferðaraðili bæði í bráðamóttöku og framhaldsmeðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga. Það er mjög vel að þessari meðferð staðið hjá SÁÁ. Þeirra orðstír hefur borist út fyrir landsteinana fyrir góðan árangur enda eru fagleg vinnubrögð og faglegt meðferð inni á stofnuninni. Það er óþolandi að sú staða skuli vera uppi að ekki skuli vera gildandi samningur og það er ljóst að þörfin er mikil. Ég hvet hæstv. ráðherra til að horfa nú fram hjá þeirri bindingu sem hún telur vera hvað varðar afgreiðslu fjárlaga til SÁÁ og fara í þá vinnu að gera þarfagreiningu, fara yfir fagleg störf SÁÁ og gera samning með tilliti til þessa. Þörfin er mikil.

Þar sem það er 1. mars í dag og hér var minnt á það af hv. þingmanni að 1. mars innleiddum við bjórinn, vil ég hvetja þá þingmenn sem tala fyrir því að gera sölu á bjór og léttum vínum aðgengilegri, t.d. með því koma þeim inn í matvöruverslanir, til að hafa stöðu SÁÁ og þann mikla vímuefnavanda sem við er að etja til áminningar um að fara varlega hvað varðar aðgengi að léttvíni (Forseti hringir.) og bjór sem leiðir svo til neyslu sterkari drykkja og sterkari vímuefnanotkunar.

[10:53]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Ég ætla að ræða hérna um framlög til SÁÁ.

Fíkniefnavandinn er vaxandi og hann er mjög mikið vandamál í þjóðfélaginu, ekki bara fyrir fíklana sjálfa heldur aðallega og sérstaklega fyrir aðstandendur, foreldra, systkini og alveg sérstaklega börn. Það er hægt að tala um fátæk börn hjá fíklum.

Árangurinn sem náðst hefur er góður en samt ekki nægilegur vegna þess að vandinn fer vaxandi. Hér er til umræðu að ekki hefur verið gerður samningur við SÁÁ síðan 2005, þ.e. ekkert fyrir 2006, og það finnst mér ekki hægt. Ég hef lagt fram frumvarp, á þskj. 930, um að það megi ekki greiða fé úr ríkissjóði nema gerður hafi verið samningur, alls ekki.

Þá náttúrlega hlýtur að liggja í hlutarins eðli að þeir sem gera samninginn við ríkið mega ekki taka sér fjárveitingavald með því að krefjast meira en fjárlög gera ráð fyrir. (**Gripið fram í:** Eiga þeir þá að loka?) Þeir eiga ekki að víkka reksturinn út eins og gert hefur verið og ég vil benda á það að hjá SÁÁ er sami maðurinn, þ.e. Þórarinn Tyrfingsson, hann er yfirlæknir, hann er formaður framkvæmdastjórnar, þ.e. stjórnarformaður hjá fyrirtækinu, þannig að hann uppfyllir öll þau skilyrði sem voru hjá Byrginu. Það er einmitt það sem menn ættu að skoða að það (**Gripið fram í:** ... draga þetta til baka í hvelli.) þarf að sjálfsögðu að vera ... (**Gripið fram í:** Strax.)

Ég er ekkert að segja að þetta sé sama sagan en ég er að segja það að þarna er boðið upp á ákveðna hluti sem ættu ekki að vera til staðar. (**Gripið fram í:** Dragðu þetta strax til baka.) Auðvitað, ég dreg þetta að sjálfsögðu ..., samlíkingin er sú sama. (**Gripið fram í:** Hvert ertu að fara?)

Ég er að segja að það þurfi að gera kröfur til þeirra sem gera samning við ríkið og það á að gera samning, absolútt, og báðir aðilar þurfa að samþykkja það. (Forseti hringir.)

[10:55]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Nú er liðinn sá tími sem ætlaður er fyrir þessa umræðu en eins og hv. þingmönnum er kunnugt um eru það aðeins 20 mínútur. Það eru fleiri hv. þingmenn sem eru á mælendaskrá og komast ekki að að sinni. (Gripið fram í.) Forseti vill almennt segja það að þingmenn eiga að gæta að orðum sínum hér í sal þingsins. (Gripið fram í.)

***Um fundarstjórn.***

Orð þingmanns um meðferðarstofnanir.

[10:56]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég hef ekki önnur úrræði vegna þess að hér er ekki til staðar sá maður sem hefði getað beðið um orðið til að bera af sér sakir ef hann hefði átt sæti á Alþingi, Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir og framkvæmdastjóri SÁÁ. Þetta er algjörlega út úr öllu korti hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að koma með samlíkingu af því tagi sem hann gerði áðan. Það er ekki í lagi við þær aðstæður sem núna eru uppi að koma með samlíkingu sem tengist atburðum af því tagi sem orðið hafa í Byrginu — án þess að menn séu dæmdir þar fyrr en þau mál hafa verið rannsökuð til hlítar og dæmd, þá vita allir til hvers er verið að vísa.

Ég bara tel, virðulegur forseti, að það eigi að stöðva það að menn noti þennan ræðustól til þess að vega að fjarstöddum mönnum, sem ekki geta borið hér hönd fyrir höfuð sér, með þeim hætti sem þarna var gert. Forseti gerði rétt í því að hvetja hv. þm. Pétur Blöndal til að koma hér aftur og draga ummæli sín til baka.

[10:57]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Það er auðvitað rétt ábending sem hefur borist utan úr sal að hv. þingmönnum ber að ræða um fundarstjórn forseta en ekki um efni máls eða önnur atriði.

[10:57]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það samræmist ekki þingsköpum að menn geti komið hér í ræðustól og atað auri fjarstadda menn sem ekkert hafa til saka unnið nema að reyna að lækna þrautir meðborgara sinna. Það á ekki að líðast og ég tel að það hefði verið hlutverk hæstv. forseta að ávíta hv. þingmann, Pétur H. Blöndal, sem kom hingað og leyfði sér að draga einhvers konar samasemmerki í formiýjana, millum forstöðumanns stofnunar sem hefur orðið uppvís að meintum glæpum sem eru skelfilegri en rétt er að ræða opið hér í þessum sal annars vegar, og hins vegar hins ágæta forstöðumanns SÁÁ sem hefur af miklum krafti byggt upp þá stofnun.

Ég vil mótmæla því, frú forseti, að hv. þm. Pétri H. Blöndal líðist það að koma upp með munnsöfnuð og orðavaðal af þessu tagi. Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem hv. þingmaður hefur með ósæmilegum hætti ráðist að hópum fólks sem á um sárt að binda í samfélaginu, með ósæmilegum munnsöfnuði. Það er honum til skammar, það er flokki hans til skammar en fyrst ...

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmanni ber að ræða um fundarstjórn forseta eins og hann óskaði eftir að ræða um.)

Ég var kominn að því, frú forseti, eins og ég hef reyndar áður gert í ræðu minni, en ég var að segja að þessi málflutningur hv. þm. Péturs H. Blöndals er honum til skammar, flokki hans til skammar og er líka okkur á Alþingi til skammar. Það er skoðun mín að hæstv. forseti eigi að vanda um við þá þingmenn sem koma með svo ósæmilegum munnsöfnuði sem hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði. Ég krefst þess vegna sóma Alþingis að hv. þm. Pétur Blöndal komið hingað og biðjist afsökunar á þessum ummælum, (**PHB:** Ég er búinn að því.) ella fer ég þess á leit við hæstv. forseta að hann víti þennan þingmann og það hef ég aldrei gert áður, ég hef aldrei beðið um slíkt.

Það má kannski rifja það upp að þegar annar fyrri forseti fór til Írlands lærði hann hvernig menn meðhöndla menn af þessu tagi. Þá eru þeir reknir út úr þingsal, en ég fer nú ekki fram á það.

[11:00]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Er hv. þingmaður að mælast til þess að forseti fari með slíkar valdheimildir? Það má náttúrlega athuga það í breytingum á þingsköpum. Ég bið hv. þingmenn um að halda ró sinni og ef þeir óska eftir að ræða um fundarstjórn forseta að halda sig við það efni.

[11:00]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér að byrja á því að taka undir orð tveggja síðustu ræðumanna. Ég vissi að ef ég tæki þetta mál upp í dag yrðu svörin ekkert meiri en síðast eða þar síðast en alltaf fjölgar þeim sem kennt er um vandamálin. Síðast kenndi hæstv. heilbrigðisráðherra fjármálaráðherra um vandamálið. Núna áðan kenndi hún Hagstofunni um vandamálið, að tölurnar séu hreinlega rangar. Hvað er þá næst? Á þá ekki að leggja hana niður?

(**Forseti** (SP)**:** Er verið að ræða um fundarstjórn forseta

hér, hv. þingmaður?)

Ég er að reyna að ljúka því máli sem ég var í áðan og benda forseta og þingi á það að hér er ávallt skorast undan að svara því sem verið er að ræða.

(**Forseti** (SP): Hefur hv. þingmaður lokið máli sínu?)

Já, ætli ég láti þetta ekki duga.

[11:01]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

(**Gripið fram í:** ... bera af sér sakir.) Bera af sér sakir? Forseti hefur haft þá meginstefnu að þingmenn komi ekki upp til að bera af sér sakir nema um mjög sérstakar ástæður sé að ræða. Hún hefur hins vegar leyft að menn ræði um ákveðið efni undir liðnum um fundarstjórn forseta án þess að stöðva ræður þeirra og hv. þingmaður getur fengið að ræða hér undir liðnum um fundarstjórn forseta.

[11:02]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Hér áðan vorum við að ræða um stöðu fíkniefnavandamála og starf SÁÁ og ég leyfði mér að geta um ákveðinn galla sem mér finnst vera í stjórnskipun þeirrar stofnunar og því miður varð mér á að bera það saman við Byrgið sem ekki má víst gera. Hafi ég meitt einhvern vil ég endilega biðjast afsökunar á því, enda tel ég mig hafa gert það í ræðu minni um leið og ég varð var við hvað þingmenn voru hneykslaðir. Ég vil taka á mig þá sök hafi ég gert eitthvað rangt í þessu en ég var eingöngu að bera saman það stjórnskipulag sem er hjá SÁÁ sem mér finnst ekki vera nægilega gott.

Svo vil ég benda á að ekki er búið að sanna sök á neinn hjá Byrginu þannig að menn geta í rauninni ekki sagt að það sé eitthvað saknæmt þar. Ég var eingöngu að benda á að stjórnskipulagið hjá SÁÁ mætti vera betra og það þyrfti að gera við þá samninga. Það frumvarp sem ég hef lagt fram um breytingu á fjárreiðulögum gengur einmitt út á það að ekki megi greiða út fé úr ríkissjóði nema gerður hafi verið samningur.

## *Lögmenn, 1. umr.*

Stjfrv., 653. mál (EES-reglur). — Þskj. 972.

[11:03]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um lögmenn. Frumvarpið hefur að geyma tillögu til breytingar á einni grein á lögum um lögmenn, nr. 77/1998. Felur breytingin í sér að felld verði niður skylda lögmanns sem starfar á Evrópska efnahagssvæðinu til að njóta í þinghöldum aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi. Breytingarnar eru vegna athugasemdar Eftirlitsstofnunar EFTA. Bendir stofnunin á að þar sem aðila máls sé að íslenskum lögum heimilt að flytja mál sitt sjálfur sé óheimilt að takmarka rétt lögmanns á Evrópska efnahagssvæðinu til að veita þjónustu í þinghöldum til að hann njóti aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi. Byggir stofnunin álit sitt á dómi Evrópudómstólsins frá 25. febrúar 1988 í máli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins gegn Þýskalandi þar sem sams konar álitamál var til meðferðar. Er því lagt til að umrædd skylda verði felld niður.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., 1. umr.*

Stjfrv., 654. mál (leyfisveitingar sýslumanna). — Þskj. 980.

[11:05]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl. Frumvarpið var unnið í samráði við samgönguráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og umhverfisráðuneytið.

Hinn 1. janúar urðu umfangsmiklar breytingar á skipun lögreglumála þegar lögregluumdæmum fækkaði úr 26 í 15 og nú fara 11 sýslumenn ekki með lögreglustjórn í umdæmum sínum.

Víðs vegar í lögum er kveðið á um að lögreglustjóri gefi út leyfi. Í ljósi þess að nú hafa sýslumenn sem ekki eru jafnframt lögreglustjórar ekki lögformlegt umboð til að gefa út leyfi en nauðsynlegt að flytja það frumvarp sem hér um ræðir.

Miklu skiptir að landsmenn geti áfram sótt sömu þjónustu vegna útgáfu leyfa í sínu byggðarlagi ýmist á lögreglustöð eða sýsluskrifstofu án tillits til þess hvort sýslumaður hafi einnig á hendi lögreglustjórn.

Með frumvarpinu eru leyfisveitingar sem lögreglustjórar hafa með höndum samkvæmt núgildandi lögum færðar til sýslumanna nema þar sem eðli leyfanna er með þeim hætti að sérþekkingar lögreglustjóranna er þörf. Slík leyfi verða áfram gefin út af lögreglustjórum, en þar er meðal annars um að ræða leyfi á grundvelli vopnalaga og ákveðin leyfi á grundvelli umferðarlaga. Í þeim tilvikum geti almenningur þó eftir sem áður lagt fram umsóknir um leyfi hjá sýslumanni í umdæmi sínu sem annast milligöngu um leyfisveitinguna enda er meginmarkmið frumvarpsins að skerða ekki þjónustu við landsmenn í kjölfar fækkunar lögregluumdæma.

Þá eru í frumvarpinu einnig gerðar nokkrar breytingar á leyfisveitingum sem nú eru á hendi ríkislögreglustjóra. Er hér einkum um að ræða leyfisveitingar samkvæmt umferðarlögum og vopnalögum. Samkvæmt gildandi vopnalögum eru það ýmist lögreglustjórar eða ríkislögreglustjóri sem gefa út leyfi. Hagræðing fylgir því að færa sem flestar leyfisveitingar til lögreglustjóra þar sem þær verða þá nær borgaranum. Í sumum tilvikum hafa leyfisveitingar þegar verið færðar frá ríkislögreglustjóra til lögreglustjóra á grundvelli sérstakra heimildarákvæða í lögunum. Framkvæmd þessi hefur reynst vel og er í frumvarpinu lagt til að hún verði fest í sessi.

Þrátt fyrir að meginefni frumvarpsins lúti að breytingum vegna fækkunar lögregluumdæma þá eru einnig af öðru tilefni lagðar til breytingar á vopnalögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði eins og nánar er vikið að í greinargerð með frumvarpinu. Einkum má nefna að lögð er til sú breyting á vopnalögum að framvegis verði einungis félögum eða skrásettum firmum veitt heimild til að versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda en ekki einstaklingum eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Með þessu fyrirkomulagi verður eftirlit á þessu sviði einfaldara. Þá er lagt til sérstakt heimildarákvæði um einkennisfatnað sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra en slíka heimild er ekki að finna í lögum núna eins og rakið er ítarlega í greinargerð með frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Það er von mín að þær meginbreytingar sem eru lagðar til með frumvarpinu stuðli að því að þjónusta við almenning í landinu verði áfram sú sem við höfum átt að venjast og vona ég að þingið geti lokið afgreiðslu þessa máls áður en því lýkur í vor.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[11:08]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Þó að þetta frumvarp láti lítið yfir sér á felur það eigi að síður í sér breytingar á einum átta lögum. Við ýmsar kringumstæður mætti ætla að það væri töluvert erfitt verk að samþykkja svona frumvarp með þeim rannsóknum sem þingið hlýtur auðvitað að gera á mikilvægum frumvörpum sem koma fyrir það þegar svo skammt lifir þings. Hæstv. ráðherra lætur í ljósi þá ósk að vonandi takist að afgreiða þetta frumvarp fyrir þinglok.

Ég hef lítillega kynnt mér efni þessa frumvarps og mér finnst það vera þess eðlis að hægt ætti að vera að afgreiða þetta mál áður en þingi sleppir þó að ekki séu kannski nema 6–8 eftir atvikum virkir þingdagar eftir. Eins og hæstv. ráðherra greindi frá í framsögu sinni miðar þetta frumvarp að því að gera sýslumönnum kleift að gefa út þau leyfi sem þeir gáfu áður út fyrir gildistöku laganna um breytingu á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Þessi lög fækkuðu lögregluumdæmum úr 26 í 15. Hér er að vísu að mestu leyti um að ræða formbreytingar sem felast í því að sýslumenn geta gefið út leyfi sem lögreglustjórarnir gáfu áður út og mér finnst sjálfsagt að lögunum sé breytt með þeim hætti til að halda uppi þeirri þjónustu gagnvart almenningi sem a.m.k. áður var. Markmiðið með frumvarpinu er að koma í veg fyrir að þessi þjónusta við hinn almenna borgara skerðist eftir að breytingarnar á lögreglulögunum tóku gildi. Síðan rakti hæstv. dómsmálaráðherra ákveðnar breytingar á ýmsum lögum sem ekki beinlínis varða þetta og mér hafði við skimun mína á frumvarpinu yfirsést mikilvægt atriði sem hæstv. ráðherra nefndi hér. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo að með samþykkt þessa frumvarps yrði einstaklingum ekki lengur heimilt að versla með skotelda. Ég skildi hann svo að þá yrði fyrst og fremst um félög að ræða og hugsanlega lögaðila. Mig langar til að hæstv. ráðherra skýri aðeins nú við 1. umr. hvað í þessu felst. Það mundi kannski greiða fyrir afgreiðslu málsins í þingnefnd.

Sú hefð hefur skapast á Íslandi að ákaflega þýðingarmikil almannasamtök sem hafa stuðlað að auknu öryggi borgaranna og vinna í sjálfboðavinnu, þau fá að vísu svolítið fé frá hinu almenna fjárveitingavaldi, hafa ein setið að því að afla sér fjár með þessu. Það hefur verið keppikefli margra góðra borgara sem vilja styðja við þessi samtök að versla við þau til að gera þeim kleift að afla sér fjár. Á undanförnum árum og sérstaklega um síðustu áramót hefur komið upp nokkur krytur millum annars vegar þeirra og hins vegar einstaklinga sem hafa viljað ráðast til uppgöngu á skipið, hafa viljað seilast til hluta af þeirri köku sem þarna er til skipta. Ég er þeirrar skoðunar að hún eigi ekkert að vera til skiptanna. Ég vil sem sagt segja að þótt ég sé almennt á bandi einstaklingsfrelsis og frelsis í viðskiptum finnst mér ekkert að því að þessi samtök hafi eins konar einkaleyfi á því að notfæra sér góðvilja almennings í sinn garð með því að sitja ein að sölu á skoteldum af þessu tagi. Er það þetta, frú forseti, sem hæstv. ráðherra er að leggja til? Ef svo er þá er ég honum algerlega sammála. Ég vildi bara hafa sagt þetta skýrt og hef beðið eftir tækifæri til að segja það að mér finnst ekkert að því að hið háa Alþingi skapi þannig umhverfi sem geri þessum frábæru samtökum kleift að afla sér fjár með þessum hætti sem og ýmsum öðrum félögum, eins og íþróttafélögum, sem hafa líka tekið þátt í því að byggja upp æsku þessa lands.

Ég vil að þessi afstaða mín liggi fyrir en ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að breytingin í frumvarpinu tæki til þessa og af því að hæstv. ráðherra óskaði eftir samvinnu við þingið um að koma þessu í gegn, sem sjálfsagt er að aðstoða hann við, teldi ég gott ef hann gæti skýrt þetta mál örlítið fyrir okkur og hvort þetta sé réttur skilningur hjá mér. Ef hann getur það ekki skoðum við það bara í nefnd.

[11:13]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Virðulegi forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. þingmanns við frumvarpið og vilja hans til að greiða fyrir því að það nái fram að ganga þótt skammur tími sé eftir af þinginu. Eins og fram kom í máli mínu er meginefni frumvarpsins um það að auðvelda þjónustu við borgarana og láta ekki nýskipan lögreglumála draga úr þeirri þjónustu heldur að sýslumenn hafi heimildir til að afgreiða mál þó að þeir séu ekki lögreglustjórar.

Ákvæðið sem hv. þingmaður gerði sérstaklega að umtalsefni er að finna í 14. gr. frumvarpsins og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Leyfi skv. 1. mgr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, enda tilnefni firmað eða félagið mann með sérþekkingu á þeim vörum sem þar um ræðir sem hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins. Ráðherra setur nánari reglur um efni og skilyrði slíks leyfis.“

Þetta eru hinar almennu reglur um sölu skotvopna og annarra slíkra tækja. Þarna er verið að setja þær reglur eins og síðan er skýrt í athugasemdum við 14. gr. frumvarpsins en þar segir:

„Lagt er til að leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda verði aðeins gefin út til skrásettra firma eða félaga, en ekki til einstaklinga. Helgast breytingin

einkum af því að óeðlilegt er að einstaklingar geti stundað kaup og sölu þeirra vara sem hér um ræðir í stórum stíl án þess að hafa sérstakt félag um þau viðskipti. Með þessu fyrirkomulagi verður eftirlit með slíkri starfsemi einfaldara."

Það stendur líka neðst í athugasemdum við 14. gr.:

„Svokölluð verslunarleyfi eru ekki lengur gefin út og er lagt til að greininni verði breytt til samræmis við það."

Hér er fyrst og fremst verið að tryggja að unnt sé að halda uppi þessu eftirliti.

Síðan segir í 14. gr.:

„d. 4. mgr. orðast svo:

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félagasamtökum leyfi til að selja skotelda í smásölu."

Það er alveg tekið af skarið um það að heimilt sé samkvæmt lögunum að veita félagasamtökum leyfi til að selja skotelda í smásölu, þarna er tekið af skarið í lögunum og þetta skýrt. Það liggur í hlutarins eðli samkvæmt þessu að ekki er gert ráð fyrir að einstaklingar geti selt skotelda, það þurfi að vera félög, firma eða eitthvað slíkt og að í sérstökum tilvikum sé heimilt að veita félagasamtökum leyfi til að selja skotelda í smásölu. Þarna er verið að taka af skarið um þessa þætti og ég tel að þetta sé til að skýra og setja um þetta skýrari reglur. Vona ég að þingið fallist á þetta og ræði. Í sjálfu sér er þetta ekki aðalatriðið í frumvarpinu en við töldum í ráðuneytinu, þegar verið var að fjalla um vopnalögin og þessar breytingar að færa útgáfu vopnaleyfa til lögreglustjóra úr höndum ríkislögreglustjóra, að rétt væri að skilgreina þetta með skýrari hætti þannig að það lægi alveg ljóst fyrir hvaða skilyrði menn þyrftu að uppfylla til að fá þessi leyfi.

[11:17]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa svarað þeim spurningum mínum sem að þessu lutu. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því þegar hann mælti fyrir frumvarpinu og ég hafði skimað yfir það að þarna væri um að ræða nokkra breytingu. Breytingin felur vissulega í sér þrengingu að því er varðar möguleika einstaklinga til að hasla sér völl í þessari tegund viðskipta en jafnframt er þarna slegið vel undir þann grundvöll sem þýðingarmikil samtök, eins og þau sem stunda björgunarstörf og efla og tryggja öryggi okkar annars vegar og hins vegar íþróttafélög sem hafa haft umtalsverðar tekjur af þessu, hafa á þessu sviði. Ég tel það jákvætt og vil gjarnan stuðla að því að þetta mál hljóti afgreiðslu fyrir þinglok, og vona að ég mæli þar fyrir hönd míns flokks. Þetta er nákvæmlega ein af þeim spurningum sem vöknuðu eftir ákveðnar deilur sem risu um síðustu áramót um þessa tegund viðskipta.

Hins vegar bendi ég hæstv. ráðherra á að þetta er kannski ekki beinlínis í anda frjálshyggjunnar. Má vera að hann sé á gamals aldri að hverfa frá henni og væri það ákaflega gott og honum að öllu leyti til fremdar. Ég nefni þetta sérstaklega og þó að mér sé ekkert sárt um að hæstv. ráðherra dragi kannski úr frjálshyggju sinni á þessu sviði gæti það leitt til þess að við afgreiðslu nefndarinnar kæmu fram mótmæli frá þessum aðilum sem gætu leitt til tafa á þessu sviði. Ég skora á hæstv. ráðherra að láta ekki undan neinum mótbárum á þessu sviði því að ég tel þetta þarft mál og ég hvet hann til að halda sinni gamalgrónu þrákelkni eins og jafnan þegar um er að ræða þau mál sem hann hefur mikla trú á.

[11:19]

**Ellert B. Schram:**

Virðulegi forseti. Ég verð að játa það fyrst að ég hafði ekki lesið þetta frumvarp til laga yfir áður en það kom á dagskrá, enda var búið að upplýsa mig og væntanlega aðra þingmenn í þingflokki Samfylkingarinnar um að hér væri á ferðinni meira og minna afgreiðslumál sem ekki þyrfti mikillar umræðu við eða að ástæða væri til að fetta fingur út í, lagfæringar á fyrirkomulagi sem varðar lögreglustjóra, sýslumenn og hlutverk þeirra í samræmi við þá ákvörðun og stefnu sem hefur legið fyrir.

Hér er hins vegar vakin athygli á ákvæðum í þessu frumvarpi sem fela í sér þá nýbreytni að smásala á skotflaugum og flugeldum yrði takmörkuð við þau félög sem hér hafa verið nefnd, félagasamtök sem vinna almennt að góðum málum í þjóðfélaginu, almennum góðum málum til stuðnings t.d. björgunarsveitum, íþróttafélögum og fleiri slíkum samtökum. Ég hef vissulega tilhneigingu til að mæla með og samþykkja þær breytingar enda held ég að svona frjálsum samtökum verði að vera gert kleift að halda uppi starfsemi sinni með fjáröflun af þessu tagi. Það hefur borið á því síðustu árin að einstaklingar hafi haslað sér völl á þessum vettvangi og það hefur orkað tvímælis að margra mati. Ég held að þetta sé ekki spurning um frjálshyggju eða ekki frjálshyggju, heldur er þetta bara praktísk niðurstaða og ályktun af þeirri stöðu sem upp er komin í þjóðfélaginu á þessum markaði.

Ég spyr að gefnu tilefni hvort hér sé að einhverju leyti fjallað um heildsölu enda hafa þessi frjálsu félagasamtök auk smásalanna staðið að innflutningi á þessum vörum og haft sæmilegar tekjur af þeim viðskiptum. Ég held að þetta sé angi af stærra máli sem hæstv. dómsmálaráðherra ætti líka að líta til og fara vel yfir en á öðru sviði, á markaði veðmálastarfsemi svo sem lottós, bingós og annarra slíkra leikja. Löggjafarvaldið hefur veitt leyfi til handa samtökum sem standa að góðum málum, „good causes", veitt þeim leyfi til að hafa þessa starfsemi með höndum. Nú eru hins vegar ýmsar blikur á lofti í þeim efnum, ekki síst vegna þess að samkeppni hefur rutt sér til rúms erlendis frá og í krafti fyrirtækja sem sum hver eru jafnvel með lögheimili á Íslandi eða með starfsemi á Íslandi, hafa látið að sér kveða á þessum markaði og eru á góðri leið með að ryðja burtu þeim stoðum og þeim tækifærum sem á þessum vettvangi eru til að afla fjár til góðra mála. Ég minni í þessu sambandi og þessari umræðu á að hér er verk að vinna fyrir hæstv. dómsmálaráðherra, að bregðast við þessum nýju aðsteðjandi vandamálum svo að ég taki ekki dýpra í árinni, með lagabreytingum til að vernda samtök sem hafa tekjur sínar af þessum markaði.

Ég vek athygli á því að á hinu háa Alþingi hef ég ásamt fjórum öðrum alþingismönnum borið fram frumvarp til laga að því er varðar leyfi og heimildir um rekstur á ýmiss konar veðmálastarfsemi. Það frumvarp felur í sér hertar reglur gagnvart auglýsingum og upplýsingum um fyrirtæki sem eru að ryðja sér til rúms og eru að rústa þennan markað

sem hingað til hefur haft sérstakt leyfi, og hefur enn lögum samkvæmt sérstakt leyfi til að sitja að þeirri sölu sem þar um ræðir.

Virðulegi forseti. Ég hef hvorki athugasemdir við þetta frumvarp né þá viðleitni sem hér kemur fram um það að styrkja rekstur hinna frjálsu félagasamtaka sem standa fyrir góðum málefnum í samfélagi okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Varnir gegn landbroti, 1. umr.*

Stjfrv., 637. mál (valdmörk milli ráðherra). — Þskj. 945.

[11:25]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti, á þskj. 945 sem er 637. mál Alþingis. Með frumvarpinu fylgir kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins. Ný vatnalög voru samþykkt á 132. löggjafarþingi Alþingis þann 16. mars 2006. Er þeim ætlað að taka gildi þann 1. nóvember 2007. Við setningu laganna gerðist það að sú stjórnsýsla sem landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón með og varðar varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna var flutt til iðnaðarráðuneytisins. Þetta gerðist auðvitað af misgáningi og ég tel að þarna hafi verið um einfalda yfirsjón að ræða og tek mína sök í málinu á því að hafa ekki áttað mig á því fyrr en það var komið mjög langt í þinginu á þeim tíma sem menn muna eftir. Það er enda ljóst samkvæmt ákvæðum 6. tölul. 9. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, að þessi verkefni eru meðal þeirra verkefna sem landbúnaðarráðuneytinu eru falin og um þau er fjallað í lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002. Í ljósi þessa hefur landbúnaðarráðuneytið, í góðu samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og svo ríkisstjórn lagt fram það frumvarp sem hér um ræðir sem stjórnarfrumvarp. Þar sem nýju vatnalögin taka gildi þann 1. nóvember 2007 er ljóst að nú þegar er rétt að bregðast við með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Í 75. gr. núverandi vatnalaga, nr. 15/1923, þar sem fjallað er um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna er mælt fyrir um heimild eða leyfi ráðherra til ákveðinna framkvæmda og til lögnáms. Í 151. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, segir að atvinnumálaráðherra hafi yfirstjórn þeirra mála er lögin mæla fyrir um. Eftir að atvinnuvegamálaráðuneytið var aflagt og sérgreind ráðuneyti fyrir landbúnað, sjávarútveg, iðnað og viðskipti, og svo umhverfi, urðu til skiptust þau verkefni sem núverandi vatnalög mæla fyrir um á viðkomandi ráðuneyti eftir starfssviði þeirra.

Eitt markmið frumvarps þessa er að færa undantekningarreglu 13. gr. vatnalaga um heimild landeigenda til að breyta vatnsfarvegi sé það gert til að verja land eða landsnytjar ágangi vatns yfir í lög um varnir gegn landbroti og að sama skapi færa stjórnsýslu slíkra mála aftur undir landbúnaðarráðuneytið. Ekki er um nýja heimild eða undantekningu að ræða, heldur sambærilega heimild og er í vatnalögum, nr. 15/1923, og eins og áður sagði í nýjum vatnalögum, nr. 20/2006. Hins vegar þykir rétt að færa þessa heimild í lög um varnir gegn landbroti enda er henni sérstaklega ætlað að veita landeigendum heimild til að verja land sitt gegn landbroti.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir fasteignareiganda til að breyta vatnsfarvegi í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns. Heimild 1. mgr. til handa fasteignareiganda kann að takmarkast af ákvæðum annarra laga, svo sem lax- og silungsveiðilaga, og ávallt þarf að skýra heimildarákvæði 1. mgr. með hliðsjón af öðrum ákvæðum laga eftir því sem við á. Þessi heimild er ekki ný af nálinni og hefur um lengstan tíma verið í vatnalögum.

Í 2. mgr. 1. gr. er kveðið á um heimild ráðherra til að veita eignarnámsheimild til fasteignareiganda ef hann þarf afnot af fasteign annars manns til þeirra framkvæmda sem heimilar eru samkvæmt 1. mgr. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati ef ekki semst með aðilum. Ekki er um nýja heimild til ráðherra að ræða, en sambærileg heimild var í vatnalögum, nr. 15/1923.

Í 3. mgr. 1. gr. er kveðið á um heimild ráðherra til að ráðast í framkvæmdir samkvæmt 1. mgr. enda sé það gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill.

Í 2. gr. frumvarpsins eru gerðar nauðsynlegar breytingar samhliða breytingum á lögum um varnir gegn landbroti á ákvæðum nýju vatnalaganna, nr. 20/2006, og tekin út úr þeim þau fáu ákvæði er varða landbrotsheimildir þar sem fjallað er um varnir lands og landsnytja eins og að framan greinir.

Í 3. tölul. er kveðið á um að landbúnaðarráðherra fari með leyfisveitingar samkvæmt 14. gr. vatnalaga en sú grein fjallar um heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag.

Þá held ég að ég hafi í meginatriðum farið yfir helstu skýringar á þessu frumvarpi og lýk máli mínu, hæstv. forseti, með því að óska þess að að lokinni umræðu um þetta þingmál verði því vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[11:32]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vek athygli forseta á því að hér er mjög furðulegt í gangi. Nú er verið að koma með breytingar á vatnalögum sem voru samþykkt á síðasta ári. Þau voru samþykkt á síðasta þingi og eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. nóvember árið 2007, vatnalögin sem fólu í sér einkavæðinguna á vatni, hvort sem var í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, það var fært til séreignarréttar sem var mjög sérstakt, einkavæðingin á vatni, og var furðulegt að meira að segja framsóknarmenn skyldu berjast fyrir því. Umræddar breytingar eru látnar koma fram í lögum um varnir gegn landbroti. Þetta eru breytingar fyrst og fremst á vatnalögunum sjálfum og ég spyr landbúnaðarráðherra hvort ekki hefði verið eðlilegra að flutt hefði verið nýtt frumvarp um vatnalögin sem slík þar sem þær breytingar sem hann gerir hér hefðu falið í sér niðurfellingu úr vatnalögunum. Það er furðulegt að taka inn í frumvarp um varnir gegn landbroti

alfarið nánast greinar sem á að fella út úr öðru frumvarpi og heyrir undir allt annað ráðuneyti.

Ég bið líka forseta að kanna hvort þetta sé yfirleitt löglegt, að landbúnaðarráðherra flytji frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum sem iðnaðarráðherra beitti sér fyrir síðasta vetur og ber ábyrgð á.

[11:34]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki í langar deilur um vatnalögin og þær miklu umræður sem um þau fóru fram á síðasta þingi þar sem gömul lög frá 1923 voru færð til nútímans. Fullyrðingar stjórnarandstöðu um að verið væri að einkavæða vatnið var auðvitað tal út í loftið og skreytingar í þeirri umræðu að reyna að halda því fram. Auðvitað verður vatnið aldrei einkavætt og hefur ekki hvarflað að neinum. Hins vegar hefur það legið fyrir frá 1923 að landeigendur og bændur sem eiga jarðir fara með auðlindir sínar og ráða þar miklu um og ber að gera þannig. Vatnið rennur hins vegar frjálst frá einum dal til annars og niður hlíðina og um iður jarðar og verður aldrei einkavætt.

Ég hef rakið hvers vegna þessar breytingar eru. Hv. þingmaður á sæti í landbúnaðarnefnd og getur þar farið yfir eðli þessa máls, mun örugglega gera það og ég treysti honum til þess. Þar mun hann skoða þetta mál og fara yfir það. Ég tel það mjög eðlilegt. Margir voru mér sammála um það í fyrra þegar þetta var til umræðu að flytja þá breytingartillögu en um það náðist ekki samstaða eins og hv. þingmenn muna þannig að ég sé ekkert annað, og hef lögfræðilega farið yfir það, en að þetta sé eðlileg lagabreyting sem gerir það að verkum að þessi stóru verkefni færast aftur undir landbúnaðarráðuneytið og Landgræðsluna þar sem ég veit að hv. þingmaður er sammála mér um að þau eigi heima.

[11:36]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri að hæstv. landbúnaðarráðherra sem er um margt vel meinandi og m.a. í þessum efnum hálfskammast sín fyrir að axla ábyrgð á vatnalögunum sem voru samþykkt í fyrra þar sem þau fela í sér eins og stendur í 1. gr.: „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni" o.s.frv. Það þýðir ekki að víkja sér undan því að vatnalögin fólu í sér einkavæðingu á vatni, að það færi í séreignarrétt.

Hitt vil ég líka benda hæstv. ráðherra á, að hann var ásamt ríkisstjórninni ábyrgur fyrir því frumvarpi sem iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins flutti og barðist fyrir með kjafti og klóm í gegnum þingið sem fól í sér að m.a. valdsvið sem áður heyrði undir landbúnaðarráðherra var komið undir iðnaðarráðherra samkvæmt frumvarpi hennar. Það var ekki fyrr en í umræðum á Alþingi sem hæstv. landbúnaðarráðherra gerði sér grein fyrir því. Stjórnarandstaðan bauðst þá til að standa að breytingartillögu sem færði þetta vald aftur til landbúnaðarráðherra. En landbúnaðarráðherra treysti sér þá ekki til að þiggja það góða boð. Ég vil bara minna hæstv. ráðherra á það. Ég er alveg sammála ráðherra um að þessi verkefni — (**Gripið fram í:** ... iðnaðarráðherra ...) Ef það hefur verið margrætt af landbúnaðarráðherra ætti hann bara að sækja það mál inn í ríkisstjórn eins og við buðum honum að styðja hann til. En hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra hefur víst haft meiri áhrif, landbúnaðarráðherra guggnaði á því að koma með þær breytingartillögur sem við buðumst til að styðja hann með þá. Hinu held ég samt að verði ekki horft fram hjá, að þær breytingar sem hér er verið að gera og hæstv. landbúnaðarráðherra mælir fyrir, að færa umráðarétt yfir ákveðnum verkefnum sem voru komin undir vatnalögin undir landbúnaðarráðherra aftur, eru hluti af vatnalögunum og þess vegna á að flytja breytingartillögu við vatnalögin. (Forseti hringir.) Hvers vegna gerir ríkisstjórnin það ekki? Er einhver sem stendur gegn þessum breytingum? (Forseti hringir.) Stjórnskipunarlega, frú forseti ... (Forseti hringir.)

[11:39]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er óþarfi með jafnsnjallan og -kláran þingmann og hv. þm. Jón Bjarnason að snúa út úr þessu. Það liggur auðvitað fyrir í þessu frumvarpi að við erum að breyta vatnalögum. (**JBjarn:** Já, ...) Það liggur fyrir. Við erum að færa aftur til baka það sem þar var og ég þarf svo sem ekkert að fara yfir það. Ég er sammála hv. þingmanni um að margir stjórnarandstöðuþingmenn á síðasta þingi voru tilbúnir að leggja mér lið þegar ég áttaði mig á að þetta var með þessum hætti sem auðvitað var allt of seint gert. Ég get bara viðurkennt hér að eftir þær löngu umræður sem höfðu orðið um vatnalögin náði ég ekki samstöðu með stjórnarliðinu um að flytja þessa breytingu þá, heldur að klára málið eins og það var. Nú hefur ríkisstjórnin og núverandi iðnaðarráðherra fallist á þetta og unnið með mér (**JBjarn:** Utanríkisráðherra.) að þessu. Utanríkisráðherra stendur að þessu sem aðili í ríkisstjórn og í mínum þingflokki og hefur gert athugasemdir. Hér er það skýrt að við erum að breyta vatnalögum og færa þetta þangað sem því ber að vera og bið ég hv. þingmann að virða það og styðja eins og hér hefur í rauninni komið fram, að margir stjórnarandstöðumenn lýstu yfir í fyrra þegar þetta kom fram seint í umræðunni að þetta væri með þessum hætti.

[11:40]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Nú er hæstv. landbúnaðarráðherra mættur með tillögu um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti og reyndar á vatnalögum. Hæstv. ráðherra er enn einu sinni of seinn með það sem hann vill ná fram. Það komst upp um hann í umræðunni um vatnalögin að hann hefði verið meðvitundarlaus þegar verið var að samþykkja þau í ríkisstjórninni. Seint í þeirri umræðu gerðist hann mjög órór á göngum Alþingis og reyndi að ná því fram að gerðar yrðu breytingar á þeim lögum. Það varð ekki niðurstaðan og vatnalögin fóru í gegn eins og raun ber vitni en þó með þeirri breytingu að gildistökunni var breytt. Það var stjórnarandstaðan sem náði því í gegn vegna þess að hún ætlar sér að koma í veg fyrir að þessi lög taki nokkurn tíma gildi. Þetta frumvarp hæstv. ráðherra er þess vegna óþarft vegna þess að lögin munu ekki taka gildi. Það kynni líka að vera óþarft af öðrum ástæðum. Það virðist vera sammæli milli bæði stjórnar og stjórnarandstöðu að gera eigi breytingar á Stjórnarráðinu og margir hafa varpað því fram í umræðunni að þær breytingar leiði af sér að landbúnaðarráðuneytið

muni sameinast öðrum ráðuneytum. Barátta hæstv. ráðherra fyrir því að verkefni séu ekki tekin úr því ráðuneyti kann þá að tapast af þeim ástæðum líka.

Hæstv. ráðherra byrjaði á því, eins og ég sagði, þegar hann fór að átta sig á að þetta væri eitt af því sem vatnalögin hefðu í för með sér, að reyna að ná samstöðu með félaga sínum í Framsóknarflokknum, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem þá var, um að gera breytingar á frumvarpinu. Þar kom hann að lokuðum dyrum og þurfti að sætta sig við að það yrði ekki gert. Ég held að það hefði verið betra að hæstv. ráðherra hefði lesið eitthvað meira í þessum vatnalögum því að hann hefur greinilega misskilið aðaltilganginn með því að flytja þau. Aðaltilgangurinn með því að flytja þessi lög er skýrt eignarhald á vatni, eins og það er kallað. Hvernig er það framkvæmt? Það er framkvæmt með því að í stað þess að lagagreinarnar í frumvarpinu séu settar fram á jákvæðan hátt, þ.e. að í þeim felist það sem menn mega gera, þá er hin neikvæða skilgreining notuð og þar er einungis sett fram hvað menn mega ekki gera. Þetta þýðir að ríkið er að afsala sér yfirráðum yfir vatninu til eigenda landanna. Þetta hefur hæstv. ráðherra ekki skilið og þess vegna talar hann svona hér. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að leggjast yfir þessa hluti og skoða þá betur því að ég efast ekkert um það að hann hefur fulla skynsemi til að átta sig á því hvað þetta þýðir ef hann bara fæst til að beita þeirri skynsemi sinni við skoðun á þessu máli.

Þó að hæstv. ráðherra sé hér mættur, nokkuð kyndugur, og viðurkenni upp á sig skömmina að hafa ekki (Gripið fram í.) gætt þess sem hann hefði átt að gera við undirbúning vatnalaganna (**Gripið fram í:** Er hann bljúgur?) þá ætlaði hann samt að reyna að komast bakdyramegin með þetta. Við fengum sendingu frá honum inn í landbúnaðarnefnd í vetur þar sem við vorum spurð að því hvort það væri ekki alveg sjálfsagt að nefndin flytti þetta mál fyrir hæstv. ráðherra af því að hann skammaðist sín fyrir þetta allt saman. Hann fékk náttúrlega bara kaldar kveðjur þaðan, ef hann ætlaði sér að fara að gera einhverjar breytingar á þeim lögum yrði hann að standa í sínu verkefni sjálfur. Svo kemur hann núna þegar þinginu er að ljúka, loksins búinn að hnoða saman þessu frumvarpi sem hér er til umræðu. Ég verð að segja eins og er að það er þó ekki hægt að skafa af honum eitt og það er bjartsýnin. Það er sú bjartsýni að honum detti í hug að hægt verði að afgreiða þetta mál á þessum þingvetri. Í fyrsta lagi er það gjörsamlega þarflaust vegna þess að þessi lög verða afnumin. Í öðru lagi er ekki víst að ráðuneyti hans lifi næstu ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Jú, jú, ... í landbúnaðarráðuneytinu.) Í þriðja lagi er einfaldlega ekki tími til að fara að ræða vatnalögin upp á nýtt í sölum Alþingis fram að næstu kosningum nema menn ætli að fresta kosningunum, ég held þá að fresta þurfi kosningunum ef menn ætla að fara að ræða vatnalögin aftur. Þau eru þannig mál að stjórnarandstaðan er öll sameinuð um að ekki komi til greina að þau standi og þess vegna er þetta mál gjörsamlega óþarft. (**Gripið fram í:** ... skipta um skoðun ...) Vatnalögin frá 1923 eru í fullu gildi og hæstv. ráðherra þarf ekki á neinu að halda á meðan hann situr í þessum ráðherrastól, hann getur notað lögin eins og þau eru á meðan hann hefur þar sæti. Það er þess vegna kominn tími til að hann lesi það mál allt í gegn og átti sig á að hann hefði átt að gera það fyrr.

Fleira breyttist í sambandi við vatnalögin en það sem hæstv. ráðherra bendir á og ýmislegt breyttist hvað varðar nákvæmlega þann hluta málsins sem hæstv. ráðherra er að tala um. Þó að það sé ekki til fyrirmyndar að vitna í sjálfan sig ætla ég samt að gera það vegna þess að á einum stað í máli mínu þegar ég fjallaði um vatnalögin fór ég yfir hluta af því sem hæstv. ráðherra er að takast á við hér með þeim breytingum sem hann er að leggja til. Hann er ekki að leggja til breytingar á vatnalögunum í raun og veru, hann er bara að leggja til að verkefnið verði flutt til hans, að framkvæma hluta af því.

Hér stendur, með leyfi hæstv. forseta: (**Gripið fram í:** Passaðu þig nú að vitna rétt í.) Ég vitna rétt í, já.

„Sumir hafa nefnt að það gæti hugsanlega tengst Kárahnjúkavirkjun með einhverjum hætti.“ — Þ.e. breytingar á vatnalögum. — „Ég átta mig ekki nákvæmlega á hvort svo geti verið en þó er eitt sem mér finnst ástæða til að benda á en það er að í 3. mgr. 9. gr. vatnalaga frá 1923 stendur: „Nú verður breyting á farvegi eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að, sem land eiga að, og skal þeim þá rétt að færa vatnið í samt lag, en gera skal það innan árs frá lokum þess árs, er breytingin varð, enda sé tjón það, er af verkinu hlýst, bætt eftir mati, nema samkomulag verði.

Hvað þýðir þetta? Það þýðir að breyti á farvegi sínum af náttúrulegum ástæðum þá hefur sá sem verður fyrir því að tapa einhverju af þeim sökum rétt til að færa ána til baka. Hann verður hins vegar að bæta öðrum tjón sem hugsanlega gæti skapast vegna þeirra framkvæmda sem hann færi í.

Þetta þýðir líka að ef einhver þriðji aðili breytir farvegi árinnar þá hefur sá sem fyrir því verður rétt til að færa ána til baka. Í frumvarpinu sem hér um ræðir“ — sem er orðið lög núna — „er ákvæði, þ.e. í 14. gr. Þar er tekist á við sama verkefni og leyst er úr í 9. gr. laganna [frá 1923]. En þar stendur, með leyfi forseta:

„Heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Nú breytist farvegur af náttúrulegum ástæðum og er þá fasteignareiganda hverjum sem bagi verður að breytingunni rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag.“

Hið athyglisverða við þetta er að nú er orðalagið „eða þriðja manns“ ekki með lengur. Það er einungis gert ráð fyrir því að farvegur geti breyst af náttúrulegum ástæðum en ekki að farvegur geti breyst af því að þriðji aðili hafi breytt honum. Þetta er afar athyglisvert vegna þess sem ég nefndi áðan möguleikann á því að þetta geti af einhverjum ástæðum átt upptök sín í vandamálum út af Kárahnjúkavirkjun. Þar er það þannig að þriðji aðili ætlar að færa eitt fljót í farveg annars, það er þriðji aðili samkvæmt 9. gr. vatnalaganna frá 1923.“

Það er þess vegna ástæða til að velta fyrir sér hvort bændur hafi þá rétt til þess að færa vatnsfallið til baka samkvæmt lögunum frá 1923.

Ég nefni þetta hér vegna þess að hæstv. ráðherra virðist ekkert hafa við það að athuga að þessum lögum hafi verið breytt með þessum hætti og hann gerir enga tilraun til þess að betrumbæta þau á neinn hátt. Það er sem sagt verið að

þrengja möguleikana á rétti þeirra aðila sem verða fyrir því að vatnsföllum hefur verið breytt, vatnsföllum sem renna um þeirra lönd, þannig að ef það er ekki af náttúrulegum ástæðum þá geti verið að það sé ekki ákvæði í lögum um það að menn geti fært á í þann farveg sem fyrr var.

Það kann vel að vera að menn hafi aðrar skýringar á þessu en ég en mér finnst ástæða til þess að nefna þetta vegna þess að hæstv. ráðherra vill bara láta færa til sín það verkefni sem hann taldi sig vera að missa af en veltir því ekki fyrir sér hvort lögin hafi breytt einhverju gagnvart því verkefni sem hann er að óska eftir að verði fært undir ráðuneyti hans til framkvæmda.

Það er ýmislegt sem rifja þarf upp ef Alþingi ætlar virkilega að fara að ræða vatnalögin aftur í vetur eða það sem eftir lifir vetrar. Það verður örugglega gert hér í umræðum, á því er enginn vafi. Stjórnarandstaðan lagði í þá umræðu með þau markmið að koma í veg fyrir það þessi lög tækju gildi og stjórnarandstöðunni tókst að skapa tækifæri til þess að koma í veg fyrir að þau tækju gildi, sem er þó háð því að ríkisstjórnin falli í kosningunum í vor. Þess vegna er ástæða til að menn fari í þessa umræðu aftur úr því að upp á það er boðið, því að í þeirri umræðu er hægt að ræða um þá stefnu sem gildir gagnvart auðlindum í landinu og þessi ríkisstjórn hefur fylgt fram og virðist hafa, þó að erfitt sé að átta sig á sumu vegna þess að menn hafa ekki viljað viðurkenna hver ástæðan er fyrir gerðinni.

Markmið þessara laga, vatnalaganna, er skýrt eignarhald á vatni. Það er eiginlega ekki nokkur leið að átta sig á því hvers vegna menn leggja í þessa göngu nema menn gefi sér það fyrir fram að meiningin með henni sé sú að einkavæða vatnið í landinu og að það eignarhald verði með svipuðum hætti í framkvæmd í framtíðinni eins og það eignarhald á auðlindum sem stefnt er að, t.d. hvað varðar fiskinn í sjónum eða aðrar náttúruauðlindir. Kosningarnar í vor munu snúast um það hvernig menn ætla sér að fara með auðlindir í framtíðinni á Íslandi, þær auðlindir sem þjóðin á, þær auðlindir sem fyrir liggja tillögur um að verði festar í stjórnarskrá sem þjóðarauðlindir og sem Framsóknarflokkurinn er að kikna í hnjánum núna með að standa við. Framsóknarflokkurinn hafði þó þann manndóm í sér þegar stofnað var til þessarar ríkisstjórnar að koma því inn í stjórnarsáttmálann að auðlindir sjávar yrðu settar í stjórnarskrá með ákvæði þar um en nú liggur fyrir að niðurstaðan í nefndinni sem var að endurskoða stjórnarskrána og er komin með tillögur, er sú að það verði ekki.

Hér situr svo hæstv. landbúnaðarráðherra, sem talaði fyrir því og barði sér á brjóst fyrir síðustu kosningar að það skyldi nú aldeilis verða staðið við þessa hluti, situr hér hnípinn vegna þess að niðurstaðan er sú að samstarfsflokkurinn er að svíkja hann í málinu. Nefndin leggur þetta ekki til, það liggur fyrir, (**Gripið fram í:** Og hann var ekki að svíkja ...) og hæstv. ráðherra situr sem fastast á þessum stóli. Er það svona eftirsóknarvert að fá að sitja fram að kosningadeginum, eða hvað? Því lengra verður það ekki sem sú seta varir. Hluti af þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið, hvort sem það hefur verið með eða án vilja hæstv. landbúnaðarráðherra, er einkavæðing helst á öllum auðlindum sem hægt er höndum yfir að koma. Þess vegna er það mjög kærkomið að mínu mati fyrir stjórnarandstöðuna að fá mál í hendurnar þar sem hægt er að ræða virkilega vel þá stefnu sem rekin er og virðist vera að skýrast nokkuð, því að hún skýrir sig ekki lítið með því að ríkisstjórnin ætli að svíkja stjórnarsáttmála sinn um að setja auðlindir sjávar inn í stjórnarskrána.

Það er eiginlega undirstrikun á því hvert þessi ríkisstjórn stefnir í málunum, að svíkja sinn eigin stjórnarsáttmála hlýtur að vera stefnubreyting. Það getur ekki verið neitt annað. Það getur ekki verið einhver tilviljun að ríkisstjórn svíki það sem hún segir í stjórnarsáttmála sínum. Sjálfstæðisflokkurinn stendur í því að bera ábyrgð á því í nefndinni en Framsóknarflokkurinn stendur í því með því að láta það yfir sig ganga. Hæstv. landbúnaðarráðherra ber þess vegna fulla ábyrgð á því máli, hann getur ekki vikið sér undan því. Það er komið að lokadögunum í því máli og hæstv. ráðherra landbúnaðarmála mætir þá hér með ágætt mál til þess að fá tækifæri til að ræða það. Ég er sannfærður um að stjórnarandstaðan mun ekki láta sitt eftir liggja í þeirri umræðu. Hún mun taka langan tíma í sölum Alþingis, enda tímanum ekki betur varið. Menn þurfa á því að halda að vita hvert stefnir í þessum málum þegar kemur að þeim kosningum sem fram undan eru. Ég tel þess vegna að það leiði þó af því, sem má kalla gott, að hæstv. ráðherra mætir með þetta mál og það er þá hægt að nota það til að fara vel yfir það hvað menn ætla sér og vilja í þessum efnum.

Ég ætla að enda ræðu mína núna á því að endurtaka það að það er engin þörf á því að þetta mál fari í gegnum löggjöfina vegna þess að vatnalögin sem eiga að taka gildi á komandi hausti munu ekki gera það. Þeim verður auðvitað breytt, þau verða endurskoðuð upp á nýtt og menn munu auðvitað gera það með jákvæðum hætti en ekki neikvæðum, ekki með þeirri aðferð sem greinilega er hugsuð í átt til einkavæðingar, heldur með þeirri sömu aðferð og menn áttuðu sig á að væri skynsamleg þegar lögin voru sett 1923. Þar höfðu menn fyrir því að skoða þau mál mjög vandlega og komust að niðurstöðu sem var svo farsæl að þau lög standa enn í dag og hafa reynst mjög vel. Mér fyndist hæstv. landbúnaðarráðherra vera maður að meiri ef hann kæmi með skýrar yfirlýsingar um það hvort hann ætli að láta það yfir sig ganga að stjórnarsáttmálinn verði svikinn og einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar í auðlindamálum þannig undirstrikuð.

[12:01]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að við framsóknarmenn munum gera kröfu til þess að stjórnarsáttmálinn verði efndur. Það skyldi þó ekki vera að margir vildu hlaupast undan þeim merkjum sem í honum eru, þess vegna stjórnarandstaðan sjálf og ekki standa við það sem hún hefur sagt. Við skulum bara vona að á þessu þingi, sem á enn einhverja daga eftir, og enn er langt til jóla eins og sagt er, klárum við það mál og náum samstöðu um það hvað auðlindir sjávar varðar og stjórnarskrána.

Hv. þingmaður boðar hér stíft að landbúnaðarráðuneytið verði ekki til. Ég segi: Sú þjóð sem er matvælaþjóð mun auðvitað eiga landbúnaðarráðuneyti áfram þó að það verði breytingar á Stjórnarráðinu, sem vel kann að verða. Landbúnaðarráðuneytið er hverri matvælaþjóð mjög mikilvægt

þannig að það verður til þó að það sameinist kannski einhverjum öðrum ráðuneytum og verði aðalatriði þess ráðuneytis. Það geta verið samgöngumál, það geta verið byggðamál, það geta verið matvælamálin. En landbúnaðarráðuneytið mun lifa og verða til.

Hv. þingmaður fer hér víða inn í þessa umræðu. Ég vil bara segja við stjórnarandstöðuna: Hún sýndi mikinn skilning á þessu máli í fyrra og vildi breyta því þá þegar. Ég trúi því að stjórnarandstæðingar séu menn orða sinna og drengir góðir og muni vilja standa við það og styðja mig í því að færa þetta aftur þangað sem það á að vera samkvæmt lögum um Stjórnarráðið. Ég treysti því þegar ég hef unnið stjórnarliðið á mitt band í málinu eins og liggur fyrir. (Gripið fram í.)

[12:03]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að menn eigi hól þegar ástæða er til og það verður að segjast að hæstv. landbúnaðarráðherra er fyrsti ráðherra ríkisstjórnarinnar sem kveður skýrt hér úr ræðustól upp úr með það að staðið verði við þennan stjórnarsáttmála hvað varðar auðlindir sjávar. Það hefur verið kallað eftir þessu hjá forsætisráðherra og iðnaðarráðherra og svörin hafa ýmist ekki komið eða verið svo óskýr að engin leið hefur verið að átta sig á því hvað menn væru eiginlega að fara. En hér kemur hæstv. landbúnaðarráðherra og segir það algjörlega skýrt að það verði staðið við ákvæðið í stjórnarsáttmálanum. Ég vek bara athygli manna á því að þetta er markverð yfirlýsing og full ástæða til að taka eftir henni. Það mun ekki standa á stjórnarandstöðunni að styðja það mál. Það liggja fyrir yfirlýsingar frá öllum stjórnarandstöðuflokkunum um að menn vilji standa að því að setja ákvæði inn í stjórnarskrá um sameign þjóðarinnar á auðlindum sjávar

Um málið sjálft er það að segja að það er óþarft. Það er engin þörf á að breyta lögum sem verða numin úr gildi á næstu mánuðum áður en þau verða sett til framkvæmda. Bara af þeim ástæðum er engin ástæða til að gera breytingar á þeim þó að ég skilji hæstv. ráðherra, að hann vilji reyna að klóra yfir yfirsjónir sínar. Síðan sagði hæstv. ráðherra að það gæti nú farið svo að ráðuneyti hans yrði sameinað öðrum ráðuneytum. Það skyldi þó ekki vera að það yrði ráðuneyti iðnaðar- og viðskiptamála og að Valgerður settist aftur í stólinn?

[12:05]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef eingöngu sagt það að við framsóknarmenn höfum staðið við þau fyrirheit sem við höfum gefið kjósendum og þjóðinni. Ísland er á miklum framfaravegi eins og við þekkjum, eitt athyglisverðasta ríki á síðustu 10 árum í víðri veröld fyrir kjör almennings og hvað framfarir hafa verið miklar í landinu þannig að við höfum staðið við það. Hvað þetta varðar segi ég hér að við vonumst til þess að við náum samstöðu um þetta ákvæði, bæði með Sjálfstæðisflokknum og stjórnarandstöðunni, hvað auðlindir sjávar varðar. Á það verður vissulega látið reyna.

Hv. þingmaður fór víða í ræðu sinni og talaði m.a. um Kárahnjúka. Ég sá að hv. þingmaður misskilur margt í vatnalögunum. Það liggur t.d. fyrir samkvæmt 13. gr. og meginreglu vatnalaganna að óheimilt er að breyta vatnsfarvegi og straumstefnu nema þá með sérstakri lagagerð. Þetta er mjög skýrt í vatnalögunum.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að ég ræddi það í haust að landbúnaðarnefnd mundi afgreiða þessa einföldu breytingu. Um það varð ekki samstaða þá því að vissulega er eðlilegri farvegur að það komi beint inn í þingið. Ég segi hér miðað við góðan hljómgrunn á fyrra þingi af hálfu stjórnarandstöðunnar og þennan nýja og góða vilja iðnaðar- og viðskiptaráðherra og ríkisstjórnarflokkanna til að færa þetta í sinn forna farveg þar sem það á heima samkvæmt stjórnarráðslögunum að ég treysti nú á stjórnarandstöðuna, að hún verði málefnaleg og styðji mig í því verkefni að koma því heilu heim aftur. (Gripið fram í.)

[12:07]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek það bara hér í þriðja sinn, það er engin þörf á þessari breytingu, þessi lög verða felld úr gildi og þess vegna þarf ekki stjórnarandstaðan í sjálfu sér að þjóna neinu af þessu tagi hjá hæstv. ráðherra. Ég held að þetta sé þannig að hæstv. ráðherra, eins og ég sagði áðan, skammast sín fyrir að svona skuli hafa farið fyrir honum og að hann skuli hafa verið of seinn. Hann er of seinn núna líka en það er auðvitað erfitt að kenna sumu fólki og kannski er hæstv. landbúnaðarráðherra einn af þeim sem gengur illa að læra stundum þegar mál eins og þessi eru til umræðu.

Ég tel að það liggi nokkuð ljóst fyrir hvaða vilja stjórnarandstaðan hefur í þessu máli. Hún er á móti þessum lögum og telur að þau þurfi að endurskoða með þeim hætti að það verði fengist við lagasetninguna með jákvæðum hætti sem þýðir að ríkisvaldið, Alþingi, hefur þá málefni vatnsins í hendi sér en vísar þeim ekki frá sér með þeim hætti sem gert er í þessum lögum sem eiga að taka gildi í haust, þ.e. að vatnið verði að séreign þeirra sem eiga löndin. Það er mikilvægt atriði sem virtist vera mjög erfitt að fá menn til að skilja þegar þessi mál voru til umræðu á sínum tíma en þá getum við bara fagnað því að fá tækifæri til að útskýra það betur.

[12:09]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er furðulegt mál sem við erum að ræða hér. Það er verið að gera tillögu til breytinga á lögum um varnir gegn landbroti vegna mistaka sem voru gerð í öðru frumvarpi sem var hér til umræðu á síðasta þingi, um ný vatnalög, lagafrumvarpi sem svo mikil átök urðu um að niðurstaðan varð sú að fresta gildistöku þannig að öruggt væri að nýrri ríkisstjórn gæfist tækifæri til að koma í veg fyrir að þau tækju nokkru sinni gildi, og sú hygg ég að verði niðurstaðan.

Ég reyndar set stórt spurningarmerki við orðið sem ég notaði áðan, „mistök“. Það kom í minn hlut á síðasta þingi að benda hæstv. landbúnaðarráðherra á það ákvæði í vatnalögunum sem færir ábyrgðina á vörnum gegn landbroti frá honum, landbúnaðarráðherra, til iðnaðar- og viðskiptaráðherra og spyrja hann hvort þetta væri gert með vitund hans

og vilja og í samvinnu við hann — eða hvað. Niðurstaðan varð sú að hæstv. ráðherra viðurkenndi úr þessum ræðustóli að um yfirsjón af hans hálfu hefði verið að ræða, að þetta væri hvorki gert með vitund hans og vilja né í samráði við hann. Þarna var hæstv. þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra að seilast inn í valdsvið hæstv. landbúnaðarráðherra í andstöðu við ráðherrann. Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að þarna er um að ræða tvo ráðherra úr sama stjórnarflokki, Framsóknarflokknum, sem ekki kom nú betur saman en raun bar vitni í fyrra.

Vatnalögin voru afgreidd með þeim hætti sem ég gat um áðan. Hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. landbúnaðarráðherra gátu ekki komið sér saman um tillögu að breytingum á vatnalögum sem hefðu fært málin í sitt fyrra horf, þ.e. að ábyrgðin væri á höndum landbúnaðarráðherra. Það má því spyrja hvort ekki hefði verið eðlilegt að frumvarp til breytinga á vatnalögum kæmi fram síðar, þ.e. ef útlit væri fyrir að þau tækju gildi, því að lög um varnir gegn landbroti eru auðvitað í fullu gildi eins og þau eru og engin breyting á því fyrr en ef og þá þegar hin tækju gildi. Ég hef ekki skoðað hvenær gert er ráð fyrir því að þetta frumvarp sem við erum að ræða hér taki gildi en að sjálfsögðu er ekki ástæða til að breyta lögum um varnir gegn landbroti fyrr en þá ef hin gengju í gildi.

Það er ekki að ástæðulausu sem við ræddum hér talsvert í fyrravetur þá breytingu sem lögð var til á vatnalögunum. Það var ekki bara að það væri verið að færa valdsvið á milli ráðuneyta og skapa þannig réttaróvissu heldur var mun kæruleysislegar með málið farið í frumvarpi að vatnalögum. Það er nefnilega mjög vel tekið á málum í lögum um varnir gegn landbroti. Það er ekkert endilega einfalt mál að verja land því að ýmsir hagsmunir geta verið í húfi, t.d. þarf að gá vel að því að ekki sé verið að eyðileggja hrygningarstöðvar eða uppeldisstöðvar lax og silungs í ám og vötnum en fram hjá því var algjörlega horft í frumvarpi að vatnalögum í fyrra.

Mér sýnist, virðulegur forseti, að ef breyta ætti því ákvæði sem hér er lagt til eða breyta lögum þannig að það væri tryggt að það væri ekki verið að færa þetta frá landbúnaðarráðuneytinu ætti breytingin að fara fram á vatnalögum. Ég tek undir þær vangaveltur sem hér komu fram áðan um hvort þetta sé heimilt gagnvart stjórnsýslulögum. Þá má líka spyrja sig að því hvort hæstv. iðnaðarráðherra hefði í fyrra verið heimilt að gera þær breytingar á lögum sem hún gerði tilraun til með frumvarpi til vatnalaga. Þetta er eiginlega, virðulegi forseti, ein hringavitleysa hjá þessum tveim ráðherrum Framsóknarflokksins, hæstv. fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra og hæstv. landbúnaðarráðherra.

Þetta frumvarp er sem sagt ein furðuleg vitleysa að mínum dómi og óþarft vegna þess að væntanlegur þingmeirihluti á næsta þingi mun alveg örugglega koma í veg fyrir að frumvarp til vatnalaga verði að lögum og tryggja það að almenningur eigi yfirráðarétt yfir vatninu á Íslandi eins og það er tryggt í lögum í dag en að það verði ekki gert að einkaeign og verslunarvöru eins og ríkisstjórnin hefur reynt að gera með aðrar auðlindir Íslendinga, reynt að koma í veg fyrir að almenningur á Íslandi geti haft frjálsan aðgang að og afnot af vatni.

Eins og ég segi er ekki neitt sjálfsagt að þetta mál fari í gegn á þinginu og ég mun ekki styðja það.

[12:18]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þetta mál sem hæstv. landbúnaðarráðherra flytur hér undir heitinu varnir gegn landbroti felur það í sér eins og ég gat um í andsvari við upphaf umræðunnar að breyta lagagreinum í öðrum lögum, þ.e. í hinum umdeildu vatnalögum sem eru eitt umdeildasta mál sem hefur farið í gegnum þingið og þessi ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins hefur beitt sér fyrir. Þessi vatnalög sem ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins beitti sér fyrir fela í sér einkavæðingu á vatni. Í 1. gr. þeirra laga stendur, með leyfi forseta: „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.“

Breytingin á þeim lögum sem hér þarf að gera er að fella vatnið undir séreignarrétt. Áður var fyrst og fremst um nýtingarrétt að ræða, eigandi lands gat nýtt sér vatnið innan skilgreindra marka á skilgreindan hátt en gat aldrei eignast vatnið. Með vatnalögum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um einkavæðingu á vatni segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.“

Þau vatnalög sem hæstv. landbúnaðarráðherra flytur hér breytingartillögu við taka til alls vatns, hvort sem það er kyrrstætt, rennandi, neðan jarðar, ofan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Það er verið að færa þetta vatn samkvæmt vatnalögunum undir séreignarrétt.

Eins og ég segi varð þetta frumvarp til laga afar umdeilt og lögðust þingmenn félagshyggjuflokkanna, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, alfarið gegn einkavæðingu á vatni í því frumvarpi sem ríkisstjórnin þá lagði fram. Einkavæðingarflokkarnir, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, keyrðu þetta í gegn. Þó urðu þeir að bogna. Vilji þeirra var að vatnalögin, einkavæðing á vatni, kæmu strax til framkvæmda en þeir urðu að beygja sig fyrir því að kröfu stjórnarandstöðunnar að gildistöku þeirra laga var frestað og þau kæmu ekki til framkvæmda fyrr en 1. nóvember árið 2007, þ.e. eftir alþingiskosningar í vor. Það er alveg ljóst að þessir flokkar, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn, lýstu því yfir að þeir mundu beita öllu afli, bæði fyrir kosningar, í kosningabaráttunni og eftir kosningar, til að þessi lög tækju aldrei gildi. Með einkavæðingu á vatni er með svo grófum hætti gengið á almannahagsmuni að við getum aldrei samþykkt það. Þessi lög Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um einkavæðingu á vatni voru samþykkt með því fororði að þau tækju ekki gildi fyrr en 1. nóvember árið 2007 og þá einmitt að undangengnum kosningum þar sem við vonum að verði hrein ríkisstjórnarskipti. Hverjum getur dottið í hug fáránlegra en að keyra í gegn einkavæðingu á vatni?

Hins vegar voru þessi vatnalög liður ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í því að eignfæra

allt í að liðka fyrir og skapa, að þeim fannst, hagkvæmari grundvöll fyrir stórvirkjanir, fyrir virkjunaraðila sem fengju þar með rétt til að virkja í fallvötnum landsins, til þess að eignast vatnið og vatnstökuna. Vatnalögin voru liður í þessari virkjunarstefnu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Það er athyglisvert að hæstv. landbúnaðarráðherra fer hér fremstur, sá ráðherra sem margir gerðu sér vonir um að mundi standa gegn þessari stefnu Framsóknarflokksins um einkavæðingu á vatni, enda var það fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra, hæstv. núverandi utanríkisráðherra Valgerður Sverrisdóttir, sem dró þennan einkavæðingarvagn á vatninu í gegnum þingið.

Þegar síðan kom út í umræðuna, að áliðinni umræðu um einkavæðinguna á vatninu síðasta vetur, kom í ljós að iðnaðarráðherra hafði ekki sést fyrir í því kappi sínu að einkavæða vatnið til að geta ráðstafað því til virkjunaraðila. Iðnaðarráðherra hafði þá m.a. seilst inn á verksvið landbúnaðarráðherra, inn á það svið sem samkvæmt gildandi lögum heyrði undir landbúnaðarráðherra. Landbúnaðarráðherra hafði ekki tekið eftir þessu sjálfur. Ég vek athygli forseta á því. Hann hafði samþykkt það frumvarp í gegnum ríkisstjórnina. (**Landbrh.:** Ég samþykkti það sjálfur.) Já, og það er bara heiðarlegt. Landbúnaðarráðherra hefur lýst því í ræðustól að hann hafi ekki tekið eftir því að fyrra bragði. Hann hefur viðurkennt það enda er landbúnaðarráðherra heiðarlegur maður og bara viðurkennir að sér hafi orðið á mistök. Ég hef reynt hann að því, og bara gott um það.

Málið er samt miklu alvarlegra en svo að hægt sé að láta það eitt vera nóg. Nánast alveg í heild sinni er útilokað að þessi vatnalög komi nokkurn tímann til framkvæmda, enda lögðumst við gegn því. Það frumvarp sem landbúnaðarráðherra flytur nú, þar sem hann er að reyna að ná til baka verkefnum sem iðnaðarráðherra hafði seilst í og fært undir sitt ráðuneyti, er í sjálfu sér óþarfi ef vatnalögin koma aldrei til framkvæmda. Það er mjög skondið að flytja frumvarp um breytingar á lögum sem heyra undir allt annan ráðherra og allt annað ráðuneyti, breytingar á lögum sem enn þá er nærri hálft ár þangað til eiga að koma til framkvæmda og gera vonandi aldrei.

Það er líka athyglisvert að í frumvarpinu sem hæstv. landbúnaðarráðherra flytur hér segir að lög þessi öðlist þegar gildi. Þá eru þau farin að breyta lögum sem ekki eru komin í gildi. Vatnalögin eru ekki komin í gildi. Það er mjög skondið að landbúnaðarráðherra flytji frumvarp til laga um breytingar á lögum sem heyra undir annan ráðherra og ekki eru enn komin til framkvæmda. Ég skil hæstv. landbúnaðarráðherra svo að hann skammist sín fyrir að hafa staðið að þessum lögum á sínum tíma og þá væri kannski réttast að hann bæðist líka afsökunar á því og segði hér heiðarlega: Ég styð ekki vatnalögin. Ég styð ekki þann gjörning sem minn flokkur, Framsóknarflokkurinn, stóð að að keyra í gegn, þessi ósanngjörnu vatnalög, einkavæðingu á vatni.

Það er það sem ég held að jafnvel kjósendur hæstv. landbúnaðarráðherra vildu heyra, að hann bæðist afsökunar á því að hafa stutt einkavæðinguna á vatni sem fór í gegnum þingið.

Hins vegar eru hér örfá atriði sem ég vil samt vekja athygli á, fyrst um eignarnámsheimildirnar. Í gildandi vatnalögum og einnig í því frumvarpi sem ráðherra flytur nú er kveðið á um heimild til eignarnáms á vatni og vatnsréttindum. Nú hafa aðstæður gjörbreyst. Áður hugsuðu menn rennandi vatn fyrst og fremst til áveitu, til minni virkjana, til að afla sér neysluvatns eða þess háttar en núna er það virkjanaákefðin sem ræður öllu. Þá spyr maður sig: Hefði ekki verið ástæða til að endurskoða í þeim lögum þessi eignarnámsákvæði sem hæstv. ráðherra reynir nú að flytja yfir í lög um varnir gegn landbroti? Nú er tíminn orðinn miklu harðari en hann var áður og við heyrum t.d. deilurnar um áform Landsvirkjunar um virkjanir í Þjórsá þar sem eignarnámsheimildunum er sveiflað yfir landeigendum þar, að Landsvirkjun fái heimild til að taka land eignarnámi undir virkjanir í Þjórsá.

Nú hefur Atli Gíslason lögmaður, sem skipar fyrsta sæti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Suðurkjördæmi, öflugur frambjóðandi og þekktur lögfræðingur, bent á að eignarnámsheimildum megi aðeins beita þegar afar rík almannaheill er í húfi og þess vegna sé fráleitt að hægt sé að veita eignarnámsheimildir á landi bara til einhverra virkjana fyrir einhvern ákveðinn aðila, eins og eina álbræðslu eða svo. Það er ekki hægt að segja að almannaheill sé í húfi hvað það varðar. Þess vegna held ég að það væri mjög nauðsynlegt að endurskoða þær heimildir sem lúta að eignarnámi, bæði samkvæmt vatnalögunum og einnig því frumvarpi sem hæstv. landbúnaðarráðherra flytur hér. En þar stendur, með leyfi forseta:

„Heimilt er ráðherra að taka fasteignir eignarnámi í þessu skyni.“ Reyndar er verið að tala þar um ef almannaheill kallar, en við þetta með almannaheill til að taka land eignarnámi fyrir einstaka virkjun held ég að megi setja stórt spurningarmerki.

Í lokin, frú forseti, verð ég að spyrja hæstv. forseta hvort forseti hafi kannað lögmæti þess að hér flytji einn ráðherra, landbúnaðarráðherra, frumvarp til breytingar á lögum sem annar ráðherra hefur í sinni forsjá. (**Landbrh.:** Hvernig var það í fyrra?) Við buðumst til að hjálpa hæstv. ráðherra þegar iðnaðarráðherra — en ég minni á að hæstv. iðnaðarráðherra á þeim tíma taldi sig vera í fullum rétti ... (Gripið fram í.) Þá er spurning hvort þetta frumvarp eigi ekki að fara bæði til iðnaðarnefndar og landbúnaðarnefndar. Hér er verið að flytja frumvarp til laga um breytingar á lögum sem heyra undir allt annað ráðuneyti og allt aðra nefnd þannig að allt er þetta hálfbjagað. Það hefði verið fróðlegt að fá fyrrverandi iðnaðarráðherra sem nú er utanríkisráðherra, hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur, til að gefa umsögn um þessa málsmeðferð. Hún sótti þetta mál af miklu kappi og taldi sig vera í fullum rétti til að taka þessi verkefni í nafni ríkisstjórnarinnar — það var ríkisstjórnarfrumvarp sem flutt var á sínum tíma — undir iðnaðarráðuneytið, enda var henni mikið í mun að ná öllu vatni undir það ráðuneyti til að geta síðan deilt því út til að áforma virkjanir fyrir stóriðju sem var hennar mesta áhugamál.

Ég bendi hæstv. landbúnaðarráðherra á það að vatnið rennur að stórum hluta eftir löndum bændanna. Hefði þá ekki bara allt vatn átt að heyra undir landbúnaðarráðuneytið? Af hverju er verið að skipta þessu svona? Hefði ekki hæstv. landbúnaðarráðherra átt að flytja frumvarp til laga um að vatnalögin í heild sinni yrðu felld niður og málefnið

færi undir landbúnaðarráðherra á allt öðrum grunni? Ég held að það hefði verið réttast. Ég get ekki skilið að landbúnaðarráðherra sé sáttur við að hér komist í gildi vatnalög sem fela í sér einkavæðingu á vatni, lög sem taka til alls rennandi og kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, þetta verði allt saman bundið séreignarrétti. Það frumvarp sem hæstv. landbúnaðarráðherra flytur hér tekur ekki á þessum grundvallarþáttum vatnalaganna.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og reyndar stjórnarandstaðan öll vorum andvíg þessum vatnalögum. Við töldum að vatn væri í sjálfu sér sameign allra, sameign alls lífs og tilveru á jörðinni, að enginn einn, hvort sem hann héti Bónus eða hvaða fyrirtæki sem væri, gæti verið eigandi vatnsins sem auðlindar, heldur gæti fyrst og fremst haft ákveðin afnot og nýtingarrétt á því til skilgreindra verkefna.

Ég undirstrika í lok ræðu minnar að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að þessi lög um einkavæðingu á vatni, svokölluð vatnalög, komist í gildi. Þetta er eitt af þeim atriðum sem kosningarnar í vor koma til með að snúast um, hvort einkavæðing á vatni nær fram að ganga eins og Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa barist fyrir eða hvort vatnið sem auðlind verði í rauninni sameign alls lífs og allrar tilveru á jörðinni, uppspretta alls lífs og að enginn megi eignast það sem slíkt. Við umgöngumst það þannig að það sé sameign okkar allra.

[12:38]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason er í blekkingaleik. Hann er búinn að halda hér langa ræðu og stærsti hluti orðaflaumsins hefur snúist um að til standi að einkavæða vatnið. Hann veit það með sjálfum sér að þetta er rangt, vatnið var ekki og verður ekki einkavætt. Verið er að breyta vatnalögum frá 1923 og færa þau til nútímans. Þetta er orðaleikur og útúrsnúningar sem þekktir eru frá umræðunni í fyrra og ég þarf ekki að fara út í það. Ég sé hvernig hv. þingmaður reynir að stimpla það inn aftur og aftur að lögin hafi leitt það af sér að vatnið var einkavætt. Vatnið var ekki og verður aldrei einkavætt. Vatnalögin voru endurskoðuð, þau eru búin að vera í gildi frá 1923. Allir vita að vatnið var ekki einkavætt 1923 og það var ekki einkavætt með breytingunum.

Hins vegar er óskaplega gaman að hlusta á hv. þingmann. Hann er í langminnsta þingflokki þingsins, Vinstri grænum, sem er minnsti þingflokkurinn á Alþingi Íslendinga, talar mest í öllum málum og fer mikinn. Sumir kalla þá verðbólgugræna og þeir muni, ef þeir komast til valda, setja eitt stórt stopp á Ísland. Það hvarflar því ekki að mér að þjóðin vilji leggja þann mikla framgang og þau stóru atriði sem eru á dagskrá á Íslandi í hendur flokks sem stendur gegn öllu og segir stórt stopp við öllum framkvæmdum. Þetta er því orðaleikur og útúrsnúningar.

Hins vegar eru Vinstri grænir ágætur stjórnarandstöðuflokkur. Þeir eru það í öllum þjóðlöndum, þeir eru stjórnarandstöðuflokkur og fara oft mikinn. Það er auðvitað fyrirkvíðanlegt ef þeir verða 15 í þinginu.

[12:40]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé alveg hægt að hæla Framsóknarflokknum og ríkisstjórnarsamstarfi hans fyrir eitt, hversu innilega auðsveipur hann hefur verið Sjálfstæðisflokknum og aldrei sýnt neina sjálfstæða vitund, alla vega ekki þau ár sem núverandi ríkisstjórn hefur setið. Hin góða félagshyggja sem var grunnur fyrir flokkinn á sínum tíma og ég ber virðingu fyrir er löngu farin út í veður og vind því að svo annt hefur þeim verið um að þóknast Sjálfstæðisflokknum. Vatnið er eitt dæmið um það. Ég heyri að hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson er ekkert ofboðslega hrifinn af einkavæðingunni á vatninu og reynir að snúa út úr og segja að það hafi ekki verið gert, reynir að blekkja sjálfan sig. En frumvarpið snerist um einkavæðingu á vatni.

Hefur ekki einmitt einkavæðing á almannaþjónustu og grunngildum verið eitt af því sem núverandi ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur haft sem meginbaráttumál sín. Einkavæðing á Símanum, ég er ekki viss um að íbúar hinnar dreifðu byggðar landsins séu hrifnir af einkavæðingu Símans og þeirri þjónustuskerðingu sem hún hafði í för með sér sem var þó eitt af aðalverkefnum núverandi ríkisstjórnar. Einkavæðing eða markaðsvæðing raforkukerfisins, ég heyri ekki að íbúar vítt og breitt um landið séu hrifnir af því. Samt hefur það verið eitt af aðalverkefnum núverandi ríkisstjórnar.

Það má því hæla Framsóknarflokknum fyrir það að hann hefur þjónkað vel undir Sjálfstæðisflokknum í þeirri einkavæðingarherferð sem rekin hefur verið hér á undanförnum árum.

[12:42]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú félagshyggjustjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem hefur setið að völdum hér í tólf ár hefur stóraukið öll framlög til félagshyggjunnar og félagsmála í landinu. Þetta liggur fyrir í gegnum skólakerfið, heilbrigðiskerfið og gagnvart öldruðum og öryrkjum. Skattar hafa verið lækkaðir á fólk og fyrirtæki. Andstaðan er auðvitað sú, eina leiðin sem sósíalískir flokkar eins og Vinstri grænir eiga og eina takmarkið sem þeir eiga og eina leiðin sem þeir sjá er að skattleggja manninn á götunni, taka af honum peninga og rétta næsta manni. Það er þeirra leið í þeirra vegferð. Þeir sjá það einungis fyrir sér að hærri skattar sé rétta leiðin sem dregur úr kraftinum bæði hjá fólki og fyrirtækjum, að hækka skatta á fólkið og fyrirtækin til þess að rétta einhverjum öðrum sem þeim eru þóknanlegir.

Ljóst er að EES-samningurinn sem Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn gerðu á síðasta áratug leiddi af sér miklar breytingar, stærstu breytingar Íslandssögunnar. Í þeim samningi varð ríkið að fara út af vettvangi Símans, bankanna. Hvaða flokkar sem hefðu verið í ríkisstjórn hefðu verið á þeirri vegferð. Við vitum líka að þeirri vegferð hefur fylgt gríðarlegur þróttur í samfélaginu hvort sem mönnum líkar það betur eða verr og aflmikið fólk á Íslandi á í dag meiri tækifæri en áður eftir að þessir hlutir gerðust. Það verð ég að viðurkenna þó að ég hafi ekki stutt EES-samninginn og horft frekar á tvíhliða samninga við Evrópusambandið, að þá hefur þetta leitt af sér gríðarlegan þrótt,

gríðarlega peninga. Vinstri grænir segja: Bankarnir mega fara úr landi. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði fyrir stuttu að bankarnir mættu fara úr landi. (Forseti hringir.) Þetta er viðhorf Vinstri grænna til samfélagsins á Íslandi.

[12:44]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef oft vorkennt hæstv. landbúnaðarráðherra að vera í núverandi ríkisstjórn því að stundum (Gripið fram í.) kemur svona félagshyggjusvipur yfir hann, reyndar ekki í ræðustól en oft úti um land. Ef hann fer og talar við bændur kemur oft félagshyggjuandlitið upp. Svo þegar hann kemur í sollinn í Reykjavík í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, (Gripið fram í.) þegar hann kemur í sollinn í ríkisstjórninni þá fær andlitið annan svip. (**Gripið fram í:** ... róa hann niður.)

Í umræðunni sem lýtur að því að breyta lögum um einkavæðingu á vatni vil ég benda á það enn og aftur að ég vona að lögin um einkavæðingu á vatni komi aldrei til framkvæmda (Gripið fram í.) og að við náum að skipta um ríkisstjórn til þess að svo megi verða.

Hæstv. ráðherra varð tíðrætt um hvað það gengi vel í samfélaginu. Vissulega gengur margt vel, en misskiptingin hefur líka vaxið alveg gríðarlega og ég trúi ekki að ráðherra sé stoltur af henni. Vestfirðingar, íbúar á Norðurlandi vestra, íbúar á Norðurlandi eystra og á mörgum svæðum á landinu hafa orðið að borga fórnarkostnaðinn fyrir þá stefnu núverandi ríkisstjórnar.

Mér finnst það kaldhæðnislegt þegar hæstv. landbúnaðarráðherra kemur og heldur því fram að öll gæði hafi skipst jafnt og vel og allir séu vel settir, það er bara ekki svo. (**GÁ:** Ég sagði aldrei neitt um það.) Það skal verða fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar að koma á jöfnuði á milli fólks, t.d. hvað varðar kjör eftir búsetu o.s.frv. en ekki sú mikla (Forseti hringir.) misskipting sem núverandi ríkisstjórn hefur innleitt í þjóðfélagið sem aldrei fyrr.

[12:47]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti. Hv. þm. Jóni Bjarnasyni er tíðrætt um vatnalögin sem alls ekki eru á dagskrá og við erum ekki að ræða efnislega um vatnalögin. Mig langar samt sem áður að fara nokkrum orðum um það frumvarp sem hér liggur frammi og spyrja hv. þingmann Vinstri grænna sem vill láta fara mikið fyrir sér sem umhverfisvænum stjórnmálaflokki og ég held að það sé tími til kominn að við förum að ræða svolítið við Vinstri græna einmitt um umhverfismálin.

Hvað vilja Vinstri grænir hvað varðar stjórn á vatni í landinu? Ég vil fá svar við því. Hvað vilja Vinstri grænir gera varðandi notkun og stjórn á vötnum landsins? Vilja Vinstri grænir ekki hagnýta vatnið (**Landbrh.:** Þeir vilja að ríkið eigi allt.) til góðra verka og til framfara í landi okkar? (Gripið fram í.) Við skulum fá að heyra svolítið sjónarmið Vinstri grænna nákvæmlega og akkúrat um það hvernig þeir vilja hagnýta vatnið á Íslandi og til góðra verka. Þarf ekki einmitt (Gripið fram í.) þess vegna að hafa löggjöf um það hver ráði yfir vatninu og hvernig það er notað?

Við höfum sem betur fer í samfélagi okkar haft tækifæri til þess að nýta vatnið til góðra verka. Mig langar að vita nákvæmlega hvernig Vinstri grænir ætla að sjá fyrir sér stjórn og hagnýtingu á sjálfbærri þróun án þess að við höfum löggjöf einmitt um notkunina á vatninu. Vatnið er að skila okkur miklum ávinningi hér á landi. Við skulum aðeins fara yfir umhverfismálin hvað það varðar

[12:49]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi vil ég leiðrétta hv. þingmann, þetta lagafrumvarp snýst um breytingar á vatnalögum. Ég vil biðja hv. þingmann um að lesa frumvarpið sem er á dagskrá.

Í öðru lagi get ég upplýst hv. þingmann. Ég varð mjög hugsi, ég átti þess kost að heimsækja Ísrael og Palestínu fyrir tveimur árum og við vorum leidd um það land. Þá var okkur gerð grein fyrir því hvernig m.a. deilurnar þar snerust um eignarrétt á vatni, ekki nýtingarrétt heldur eignarréttinn. Ísraelsmenn kappkostuðu að ná undir sitt yfirráðasvæði þeim svæðum í Palestínu og Ísrael sem vatnið féll á til þess að geta stýrt vatninu til íbúanna í Palestínu. Ein af þvingunaraðgerðunum sem þeir notuðu var að stýra vatninu til þeirra. Mér er minnisstætt að við komum í hverfi þar sem íbúarnir höfðu reynt að safna rigningarvatni í tanka uppi á húsum sínum til að vera minna háðir hinum eða geta náð í eitthvað af vatni sem þeir gætu ráðstafað á eigin vegum. Þá komu Ísraelsmennirnir og sögðu: Bíðið við, þetta vatn er rigningin okkar. Þetta vatn hefði komið á okkar svæði ef það hefði fengið að falla alveg niður, þannig að þið verðið líka að borga skatt af rigningarvatninu ef þið ætlið að nota það. (**Gripið fram í:** Skattar.) Skatta á grundvelli eignarréttar, þeir töldu sig eiga vatnið. Ég veit að hv. þingmaður (Forseti hringir.) er mjög áhugasamur um eignarrétt á almannaeigu. (Forseti hringir.)

[12:51]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason vændi mig um að ég vissi ekki út á hvað þetta frumvarp gengi. Það er nú ekki svo, hv. þingmaður, ég á sæti í iðnaðarnefnd og þekki vatnalögin sem við höfum farið yfir og veit að verið er að fara í gegnum það með þeim hætti sem gert er í þessu frumvarpi.

En ég spurði ítrekað hv. þingmann og vildi fá umræðu um einmitt umhverfismál hvað varðar vatnið. Ég spurði ítrekað um það hvort hv. þingmaður og Vinstri grænir vildu ekki einmitt hagnýta vatnið til góðra verka og hvort við þyrftum ekki til þess að hafa stjórn á vatninu einmitt. Mig langar aðeins að fá svör við því.

Að fara að tala um Ísrael og einhverja þætti sem koma málinu ekkert við, tala út og suður, ég held að það sé nefnilega tími til kominn að Vinstri grænir á hinu háa Alþingi tali um umhverfismál þannig að við heyrum og skiljum hvað menn vilja og hvað menn eiga við þegar þeir segjast vera eini græni flokkurinn í landinu. Hvernig vill hv. þingmaður hafa löggjöf um vatn og vill hv. þingmaður ekki hafa löggjöfina á þann hátt að við höfum stjórn á vatninu til góðra verka, til sjálfbærrar þróunar? Mig langar að fá nokk-

ur orð. Við skulum kannski eiga orðastað í ræðu síðar í umræðunni. En ég óska eftir að þingmaðurinn svari einhverju en tali ekki út og suður um Palestínu og Ísrael.

[12:53]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri að mig og hv. þingmann greinir á í afstöðunni til auðlindarinnar. (**Gripið fram í:** Til vatnsins.) Það var einmitt það sem ég benti á og hv. þingmaður, eins og aðrir sjálfstæðismenn, hefur barist mjög hart fyrir (Gripið fram í.) að fá eignarréttinn á vatninu og fá séreignarréttinn á vatninu.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum að vatnið í sjálfu sér sé sameign okkar allra og lífið á jörðinni eigi vatnið, það sé ekki hægt að vera með séreignarrétt á því eins og ég minntist á með dæminu frá Ísrael þar sem þeir höfðu kastað eign sinni á vatnið. Að sjálfsögðu þarf síðan að stýra nýtingu þess og við erum líka með lög, vatnalögin frá 1923 kveða einmitt á um það, en þau eru ekki eignarréttarlög. Það er það sem skilur að okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og sjálfstæðismenn. Sjálfstæðismenn vilja komast yfir eignarréttinn og það er númer eitt. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum félagslega ráðstöfun á grunngildum eins og vatnsauðlindinni og við viljum binda það í stjórnarskrá að hún geti ekki verið háð neinum séreignarrétti, alveg eins og reyndar líka fiskurinn í sjónum, að hann sé ekki háður séreignarrétti. Það hefur aftur á móti verið keppikefli margra sjálfstæðismanna, að séreignarréttur væri á fiskinum í sjónum. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum að hann sé sameign okkar allra og að enginn geti kastað eign sinni á slíka auðlind. Nákvæmlega eins er með vatnið.

Við munum því berjast af alefli gegn því að vatn verði einkavætt og fært til eignarréttar þó svo að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafi barist hér fyrir því að einkavæða vatnið á síðustu árum.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:55]

## *Umræður utan dagskrár.*

Heilbrigðismál á Austurlandi.

[13:30]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Hefst nú áður boðuð utandagskrárumræða um heilbrigðismál á Austurlandi. Málshefjandi er hv. þm. Þuríður Backman. Hæstv. heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir verður til andsvara.

Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:30]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ástæða þess að ég hef óskað eftir þessari utandagskrárumræðu er ekki til komin vegna einhvers eins atburðar eða tilefnis heldur þeirra áhrifa sem fjölgun, bæði íbúa og verkamanna hefur haft á heilbrigðismál og heilbrigðisþjónustu á Austurlandi.

Með sameiningu heilbrigðisstofnana allt frá Bakkafirði að Djúpavogi, árið 1998, í þeim tilgangi að efla þjónustu á öllu svæðinu lögðu stjórnendur og starfsfólk mikið á sig til að ná settu marki. Heilbrigðisstofnun Austurlands var rétt að ná áttum sem ein stofnun þegar undirbúningur stórframkvæmdanna á Austurlandi fór í gang árið 2002. Frá þeim tíma hefur álag á sjúklinga, starfsmenn og rekstur verið mikið. Með innkomu nokkur þúsund starfsmanna inn á Miðausturland við erfið og oft áhættusöm störf hafa tilefni til heilbrigðisþjónustu breyst, slysa- og bráðamóttaka hefur aukist og sjúkraflutningar og innlagnir hafa verið hærri en ef miðað væri eingöngu við fjölda íbúa.

Strax á árinu 2004 var rekstrarstaða stofnunarinnar neikvæð og hefur hún mátt búa við mjög erfiða rekstrarstöðu allt fram til þessa. En nú er útlit fyrir að stofnunin fari í fyrsta sinn inn í nýtt rekstrarár án skuldahala. Á síðasta ári dró stofnunin úr starfsemi og voru felldar niður m.a. að hluta komur farandsérfræðinga. Ströng takmörk voru sett á alla vinnu utan dagvinnutíma og hvaða verkefnum mátti sinna. Afleysingum var ekki sinnt nema öryggi sjúklinga eða starfsmanna væri ógnað. Vaktir voru sameinaðar, innkaup endurskipulögð og hagkvæmni gætt eins og kostur var. Þetta er það umhverfi sem starfsfólk og sjúklingar búa við og það ætti öllum að vera ljóst að þessar aðstæður eru óásættanlegar til lengri tíma. Skortur á hjúkrunarrýmum hefur valdið miklum erfiðleikum og hafa sjúklingar þurft að taka á sig mikil óþægindi vegna flutnings milli stofnana af þeim sökum.

Hæstv. forseti. Mér finnst aðdáunarvert hve mikla þolinmæði starfsfólk og sjúklingar hafa sýnt við erfiðar aðstæður. En það er einnig ljóst að það er ekki hægt að bjóða upp á óbreytt ástand enn og inn í óræða framtíð. Því spyr ég hæstv. ráðherra eftirfarandi spurninga:

1. Telur ráðherra að heilbrigðisþjónusta hafi fylgt eftir auknu álagi og fjölgun íbúa á Austurlandi frá árinu 2002?

2. Telur ráðherra ásættanlegt að blanda saman öldrunarhjúkrun og bráðamóttöku á sömu deild? Ef ekki, hvenær má búast við úrbótum í hjúkrunarþjónustu aldraða og byggingu nýs sjúkrahúss á Egilsstöðum?

3. Standast verklok og verður endurgerð hjúkrunardeild í Neskaupstað fullinnréttuð, sjúkrahúsið tækjum búið og fjármagn til reksturs deildarinnar tryggt?

4. Mun ráðherra beita sér fyrir aukinni sérfræðiþjónustu samanber samninga um geðheilbrigðisþjónustu?

5. Telur ráðherra að reka megi samkeppnishæfa heilbrigðisþjónustu á Austurlandi á fjárframlögum þessa árs?

6. Hvernig sér ráðherra að þróun heilbrigðisþjónustu verði á Austurlandi á næstu árum?

Hæstv. forseti. Ég veit að þetta eru ítarlegar, margar og miklar spurningar en þetta eru þær spurningar sem brenna á íbúum Austurlands um þessar mundir og hafa gert það allt frá árinu 2002. Íbúar hafa verið þolinmóðir, sjúklingar hafa verið þolinmóðir, en það er hægt að taka á sig slíkt álag um ákveðinn tíma en það verða líka allir að sjá fram á að það sé einhver framtíðarsýn, hvernig eigi í fyrsta lagi að koma þjónustunni á svipað stig og það var áður en stórframkvæmdir hófust, að fólk geti gengið að þeirri þjónustu eins

og hún var eða hvernig á að byggja hana upp. Hvernig á sérfræðiþjónustan að vera, sem ég kom ekki inn á? Hvernig á að tryggja stöðu skurðdeildar á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað öðruvísi en að flýta jarðgangagerð á Austurlandi?

Það væri hægt að bæta við mörgum spurningum sem ég veit að hæstv. ráðherra hefði ekki tök á að svara. En það brennur á íbúum héraðsins, það brennur á komandi íbúum sem vonandi fjölgar til lengri ábúðar á Mið-Austurlandi, það brennur á þessu fólki að geta gengið að tryggri heilbrigðisþjónustu. Það er til lítils að vera að koma á stærstu byggðaáætlun allra tíma ef undirbyggingin er ekki traust. Og það er sannarlega heilbrigðisþjónustan eins og önnur opinber þjónusta.

Hæstv. forseti. Ég vona að hér fari fram góðar umræður og að heilbrigðisráðherra nái að svara einhverjum hluta spurninganna.

[13:35]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Já, þetta eru margar spurningar. Í fyrsta lagi er spurt hvort heilbrigðisþjónustan hafi fylgt eftir auknu álagi varðandi fjölgun íbúa á Austurlandi frá árinu 2002.

Eins og hv. þingmanni er kunnugt hefur uppbygging heilbrigðisþjónustu á Austurlandi verið mikil undanfarin ár og hluti hennar er vegna stóriðjuframkvæmda. Nokkur stór viðhalds- og endurnýjunarverkefni á húsnæði hafa haft í för með sér bættar aðstæður til að sinna heilbrigðisþjónustu við íbúa svæðisins. Fleiri verkefni eru í undirbúningi, sérstaklega vegna aukinnar og breyttrar þjónustu við aldraða. Starfsfólki hefur verið fjölgað í samræmi við fjölgun íbúa og fjárveitingar hafa aukist á árabilinu sem þingmaðurinn spyr um.

Það er einnig spurt, virðulegur forseti, hvort ásættanlegt sé að blanda saman öldrunarhjúkrun og bráðamóttöku á sömu deild. Ég tel að það sé ekki æskilegt að blanda slíku saman en hins vegar getur þetta verið óhjákvæmilegt við vissar aðstæður, einkum þar sem fámenni er og stofnanir eru litlar og nauðsynlegt að nýta þá fagþekkingu sem fyrir er á staðnum.

Varðandi það hvenær búast megi við úrbótum í hjúkrunarþjónustu aldraða og byggingu nýs sjúkrahúss á Egilsstöðum vil ég segja það, virðulegur forseti, að áætlað er að vinnu við frumathugun ljúki á næstu mánuðum. Á grundvelli þeirrar vinnu verður tekin ákvörðun um framhald verksins og munu framkvæmdir hefjast þegar fjármagn til verksins hefur verið tryggt að því gefnu að niðurstaða frumathugunar sé í þá veru.

Varðandi þriðju spurningu hv. þingmanns um hvort verklok standist og endurgerð hjúkrunardeildar í Neskaupstað verði fullinnréttuð og sjúkrahúsið tækjum búið og fjármagn til reksturs deildarinnar tryggt, þá er svarið við öllum þessum spurningum jákvætt. Verklok á framkvæmdum verða í lok þessa mánaðar og þá verður hafist handa við að setja inn tæki og búnað miðað við starfsemina. Áætlað er að sú vinna muni taka um einn mánuð og fjármagn til reksturs deildarinnar er tryggt.

Í fjórða lagi er spurt hvort ráðherrann muni beita sér fyrir aukinni sérfræðiþjónustu, samanber samning um geðheilbrigðisþjónustu. Svarið við þessari spurningu er einnig já, en vegna aðstæðna á Austurlandi hefur verið lögð mikil áhersla á að gera sérstaka samninga um sérfræðiþjónustu þangað og vel hefur tekist til og ég vil nefna nokkur góð dæmi. Samningur hefur verið í gildi við FSA um geðlæknisþjónustu um nokkurra ára skeið og þá hafa geðlæknar frá höfuðborgarsvæðinu sinnt þjónustu við bæði Egilsstaði og Neskaupstað og geðlæknir hefur sinnt þjónustu á vegum félagsþjónustunnar á Egilsstöðum með reglubundnu samráði við starfsfólk heilbrigðisþjónustu, sem er áhugaverð nýbreytni og lofar góðu.

Þá hefur verið veitt sálfræðiþjónusta á grundvelli samnings LSH við heilsugæsluna en sá samningur er kostaður af ríkissjóði. Það verkefni hefur einnig gengið mjög vel og hafa heimamenn áhuga á að sá samningur verði framlengdur.

Síðast en ekki síst vil ég draga það fram að nýlega var gerður samningur um sérfræðiþjónustu fyrir börn og unglinga með geðraskanir, m.a. fyrir Austurland, en sú nýbreytni er hluti af stefnumótun minni í þeim málaflokki og farþjónusta barnalækna við Austurland hefur verið til fyrirmyndar.

Varðandi fimmtu spurningu hv. þingmanns um hvort fjárframlög þessa árs tryggi samkeppnishæfi heilbrigðisþjónustunnar á Austurlandi að teknu tilliti til skuldastöðu HSA og aukinnar samkeppni um starfsmenn er því til að svara: Já, með nýju reiknilíkani sem þróað hefur verið í heilbrigðisráðuneytinu gefst kostur á að tryggja betur að fjárveitingar séu í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Á Austurlandi er tekið tillit til m.a. strjálbýlis og mannfjöldaþróunar og samsetningar og fjárveitingar eru miðaðar við þau gögn. Og svo sannarlega hafa Austfirðingar ekki ástæðu til annars en að vera sáttir við þau viðmið sem gilda fyrir þjónustuna þar af því að með nýja reiknilíkaninu sáum við að það hafði verið þörf á því að bæta í í fjárlögunum og það var bætt í 94,7 milljónum á fjáraukalögum og 179 í fjárlögum þessa árs og þar af var hluti af því fjármagni einmitt vegna reiknilíkansins. Reiknilíkanið hefur því sýnt að það var eðlilegt að setja meira fjármagn til Austurlands en hafði verið áður.

Í sjötta lagi er spurt hvernig sú er hér stendur sjái fyrir sér þróun heilbrigðisþjónustu á Austurlandi á næstu árum. Virðulegur forseti. Ég sé fyrir mér áframhaldandi uppbyggingu á þeim grunni sem hefur verið lagður undanfarin ár og nú liggja fyrir í ráðuneytinu til skoðunar hugmyndir um þróun heilbrigðisþjónustunnar fyrir austan, unnar að mestu leyti af heimamönnum og í góðu samræmi við megináherslur mínar og ég tel að hugmyndirnar séu raunhæfar. Það hefur ekki verið tekin endanleg afstaða til þessara tillagna en meðal þess sem er til skoðunar er að lagfæra aðstöðuna til skammtímainnlagna á svæðinu, að byggja öldrunarstofnanir samkvæmt nýjum hugmyndum sem eru að ryðja sér til rúms, það er eins og áður sagði í skoðun, svo er verið að kanna hvort rétt sé að vera með skurðdeild á Egilsstöðum, og á Norðfirði er nýbúið að efla og bæta aðstöðuna eins og áður segir, virðulegur forseti.

[13:40]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Auðvitað er það er alveg hárrétt og gott að ræða um heilbrigðismál á Austurlandi nú en til okkar þingmanna kjördæmisins barst síðasta ár hálfgert neyðarkall frá Samtökum Sveitarfélaga á Austurlandi þar sem þeir báðu okkur um að ganga í lið með þeim til þess að bjarga fjárhagsvanda sem þá var viðvarandi, fjárlagahalli frá árinu 2005 og halli sem skapaðist árið 2006.

Neyðarkallið til þingmanna kjördæmisins var þannig að það var skorað á 1. þingmann kjördæmisins að kalla þingmennina saman til þess að ræða þessi mál en það var aldrei gert. Hæstv. núverandi utanríkisráðherra er skiljanlega alltaf í útlöndum og hefur ekki tíma til að gera það núna, en áhugaleysið á síðasta ári var dálítið sérstakt. Það má segja sem betur fer, því í fjáraukalögum fyrir síðasta ár var 90 millj. kr. bætt við og fjárlagahalli þess árs tekinn af og halinn frá 2005 í burtu. Það var vonum seinna. En það verður auðvitað að hafa í huga að Heilbrigðisstofnun Austurlands þjónustar fjórtán þúsund manns, í venjulegu árferði voru það níu þúsund manns en með hinum stórkostlegu og miklu framkvæmdum sem eru í gangi fyrir austan bættust um fjögur þúsund manns við. Þegar þeim framkvæmdum lýkur verður mikil og aukin starfsemi og þá vantar fjármuni.

Það verður líka að geta þess, virðulegi forseti, að á undanförnum árum hefur þjónusta verið skorin niður. Sumar stofnanir hafa ekki verið á fullum afköstum eins og t.d. sjúkrahúsið á Norðfirði þar sem m.a. hjúkrunarrými voru skorin niður vegna framkvæmda sem er sem betur fer verið að gera úttekt á í dag og þá er löngu tímabærum endurbótum við það sjúkrahús að ljúka. En það vantar stofnbúnað, það vantar starfsfólk þegar þessi deild kemur inn og þetta er ekki á fjárlögum og svörin sem þeir fyrir austan fá frá fulltrúum ráðuneytisins eru: Við munum líta á þetta með haustinu. Það verður þá að treysta á að settir verði inn fjármunir (Forseti hringir.) til þess að Heilbrigðisstofnun Austurlands geti haldið uppi sínu metnaðarfulla og góða starfi án þess að fjárskortur hamli þar för.

[13:43]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Austurlands hefur aldrei verið meiri en árið 2006 enda þjónusta við allt að fjórtán þúsund manns á síðasta ári. Reksturinn hefur verið og var í mjög þokkalegu horfi eftir aukafjárveitingar 2006 og rekstraráætlun stofnunarinnar núna fyrir árið 2007 mun vera nokkurn veginn í takt við fjárlögin miðað við óbreyttan rekstur. Þetta horfir því allt býsna vel en ég tel að varðandi næstu verkefni sem við verðum að horfa til til úrlausnar á svæðinu þá þurfi í fyrsta lagi að taka í notkun endurbyggingu eldri hluta fjórðungssjúkrahússins, þar sem ekki er búið að ganga frá kaupum á öllum búnaði og það verður að gera það til þess að húsið nýtist í fullri starfsemi.

Það er hins vegar líka nauðsyn að hefja byggingu á u.þ.b. 20 hjúkrunarrýmum á Egilsstöðum til þess að losa rúm sem núna eru á sjúkrahúsinu á Egilsstöðum svo að þau geti gegnt því hlutverki sem þeim er ætlað en þau rúm eru núna fullsetin af sjúkum öldruðum. Það myndast því eins konar stífla í þjónustu sjúkrahússins þegar svo háttar.

Síðan vitum við að stefnt er að því að byggja hjúkrunarheimili á Eskifirði þar sem verið er að skipta út óhagkvæmu húsnæði sem nú er í Hulduhlíð, fyrir hagkvæmara húsnæði. Einnig þarf að ljúka byggingu heilsugæslustöðvar á Reyðarfirði vegna stækkunar sem nauðsyn er á.

Ég vil nefna það hér, hæstv. forseti, að það þarf auðvitað líka að efla sjúkra- og neyðarflutninga með staðsetningu þyrlu á Austurlandi (Forseti hringir.) sem getur þá þjónað öllu Norðausturlandi með þeim hætti.

[13:45]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það er áhyggjuefni hvað stjórnvöld hafa dregið lappirnar í því að stuðla að uppbyggingu á opinberri þjónustu á Austurlandi í kjölfar þeirra auknu umsvifa sem orðið hafa á svæðinu, m.a. vegna Kárahnjúkavirkjunar og stóriðjuframkvæmda í Reyðarfirði, en einnig vegna aukinnar ferðaþjónustu á svæðinu. Þegar maður hlýðir hér á svör hæstv. ráðherra, ég tala nú ekki um hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, má heyra að uppbygging sjúkrahúsþjónustunnar hafi alveg fylgt þeim auknu umsvifum sem hafa orðið á svæðinu. (Gripið fram í.) En hvað segja heimamenn? (Gripið fram í.) Þeir segja bara allt aðra sögu, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, þeir segja nefnilega allt aðra sögu. Hann ætti að vita það manna best vegna þess að greinargerð kom frá þeim þar sem þeir lýsa því að skera hafi þurft niður þjónustu. Sú greinargerð fór inn í fjárlaganefnd Alþingis 15. september sl. Þetta er staðan, það hefur þurft að skera niður þjónustu og þetta er afstaða heimamanna, en afstaða stjórnarliða er sú að ástandið sé býsna gott.

Ef til vill endurspeglar þetta viðhorf stjórnarliða til landsbyggðarinnar og sem kemur fram í fleiri málum, því miður. Það er búið að leggja niður opinbera þjónustu víða á landsbyggðinni, það kom fram í svörum til mín að það hafi orðið sú þróun að það hafi orðið samdráttur í opinberri þjónustu á landsbyggðinni, störfum hefur fækkað meðan þeim hefur fjölgað gríðarlega á höfuðborgarsvæðinu þar sem þenslan hefur orðið hefur hvað mest. Þar sem samdráttur ríkir eins og víða á landsbyggðinni, ég tala nú ekki um eins og á norðausturhorninu, er ríkisstjórnin í þeim verkum að fækka opinberum störfum eins og fækkun starfa hjá Ratsjárstofnun leiðir af sér.

Ég vona að þingmenn í fjárlaganefnd lesi þær greinargerðir sem berast m.a. af Austurlandi og tali um ástandið eins og það er og fari í gegnum það. Þar kemur skýrt fram að (Forseti hringir.) þurft hafi að skera niður þjónustu.

[13:47]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Krónur og aurar skipta að sjálfsögðu máli í öllum rekstri, ekki síst í heilbrigðisþjónustunni. Fjárvana heilbrigðisþjónusta er í vandræðum. Þess vegna spyrja menn um fjárframlög, menn spyrja hvað líði áformum um að stækka heilsugæsluna á Reyðarfirði, það vissu allir þegar ráðist var í þá byggingu að hún var of lítil, hvenær á að fara í uppbyggingu hjúkrunarheimilis á Egilsstöðum og verður tryggt nægilegt fjármagn til hjúkrunardeildar og öldrunarþjónustu í Neskaupstað?

Menn spyrja um þetta, menn sætta sig ekki við það eitt

að haldið sé í horfinu, menn spyrja um uppbyggingu og framtíðarstefnu. Það var e.t.v. mikilvægasta spurningin sem fram kom í máli hv. málshefjanda, Þuríðar Backman, hún spurði um þróun heilbrigðisþjónustunnar á Austurlandi, hvað menn sæju fyrir sér í þeim efnum, og hæstv. ráðherra sagði að byggt yrði á sama grunni og til þessa.

Staðreyndin er sú að þegar þessi mál eru skoðuð kemur í ljós að þróun heilbrigðisþjónustunnar á Austurlandi hefur einkennst af eins konar bráðaviðbrögðum við óeðlilegu ástandi. Þessi stofnun, Heilbrigðisstofnun Austurlands, hefur aldrei fengið að þróast eins og sjálfstæð eining í uppbyggingu eftir að stóriðjan fór á fullt um 2002–2003. Það má segja að það sé ósanngjarnt að spyrja fráfarandi ríkisstjórn um framtíðarþróun. Framsóknarflokkurinn er á leiðinni út, (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokkurinn er á leiðinni út, en þessi umræða er til marks um þann ásetning (Forseti hringir.) stjórnarandstöðunnar að (Forseti hringir.) hefja uppbyggingarstarf heilsugæslunnar (Forseti hringir.) og heilbrigðisþjónustunnar á Austurlandi.

[13:49]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Heilbrigðisþjónusta á Austurlandi hefur verið borin uppi af góðu og öflugu fólki um árabil. Hún er góð í grunninn, þar er vaxandi sérfræðiþjónusta, aukin starfsemi og aukin héraðshlutdeild í heilbrigðisþjónustunni. Hvað varðar ummæli hv. þm. Kristjáns Möllers þá var brugðist við bréfi SSA á þann áhrifamikla hátt að 268 millj. var bætt inn í þennan rekstur á fjárlögum og fjáraukalögum. Ég efast um að einhverjir fundir okkar þingmanna hefðu bætt miklu þar um. Það hefur verið uppbygging á Norðfirði, þar á að afhenda í dag nýtt húsnæði fyrir öldrunarþjónustu og endurhæfingu. (Gripið fram í.) Það er ekki rétt, og menn skulu bara hafa réttar upplýsingar á takteinum, það er fjármagn til að reka það.

Það sem liggur fyrir er að byggja upp á Egilsstöðum, þar vantar rými fyrir skammtímainnlagnir, að bæta aðstöðu fyrir bráðaþjónustu og rýma þar því að sjúkrarými þar eru upptekin fyrir aldraða langlegusjúklinga. Það er verkefni sem liggur fyrir. Vandamálið sem um er að ræða á Austurlandi, og það er dálítið broslegt að heyra hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar tala um það, er m.a. hin mikla atvinnuuppbygging og mikla fjölgun starfa þar vegna starfa þessarar ríkisstjórnar. (**Gripið fram í:** Á Djúpavogi?) Menn æpa hér upp að það séu vandamál uppi (Forseti hringir.) en þetta vandamál er jákvætt. Við tökumst á við það vegna þess að það er (Forseti hringir.) líf og kraftur á Austurlandi.

[13:52]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Mér finnst alveg ótrúlegt metnaðarleysi birtast hér í máli þeirra sem tala fyrir hönd stjórnarliðsins í þessu máli. Hæstv. heilbrigðisráðherra talar eins og allt sé í góðu lagi, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sér ekki nokkurn vanda, það er helst að (Gripið fram í.) hv. þm. Jón Kristjánsson hafi aðeins gert sér grein fyrir að ýmislegt er að þarna og hann einn benti á það sem skiptir verulega miklu mála fyrir stöðu mála t.d. á Egilsstöðum og Héraði, þ.e. að þar eru öll bráðarými sem menn áður höfðu úr að spila full af öldrunarsjúklingum. Í fyrsta lagi, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, er það einfaldlega nútímastefna í heilbrigðisfræðum að menn reka ekki (Gripið fram í.) heilsugæslustöð með öldrunarþjónustu af þessu tagi þar sem menn verða að liggja inni. Í öðru lagi er rétt að rifja það upp fyrir hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að m.a. hún hefur margsinnis tekið undir nauðsyn þess að byggja hjúkrunarheimili á Egilsstöðum og svo kemur hv. þm. Jón Kristjánsson ásamt henni og þau segja að verið sé að gera það. Hversu oft höfum við ekki í þessum sölum heyrt vilyrði fyrir því en í dag er það bara vilyrði. Af því að menn guma af því að búið sé að byggja upp öldrunarþjónustu í Neskaupstað þá var það einungis vegna þess að það var eftirgangur heimamanna og þingmanna í héraði, annarra en þeirra sumra sem hér hafa talað, sem sveið peningana út til að hægt væri að opna það mál.

Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði hins vegar áðan, réttilega, að vandinn væri sá að á síðustu árum hefði fjölgað um 4.000 manns á þessu svæði vegna framkvæmda sem menn hefðu ráðist í. Það er jákvætt fyrir svæðið, að sjálfsögðu, en það þýðir hins vegar ekki að ráðast í framkvæmdir af þessu tagi nema hyggja líka að grunngerð samfélagsins. Við höfum áður tekið þátt í umræðum hér (Forseti hringir.) um það hversu fyrirhyggjulaus stjórnvöld voru, m.a. á tíma hans í ráðuneytinu, varðandi þjónustuna við þann fjölda verkamanna sem kom til starfa á þessu framkvæmdasvæði.

[13:54]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Það er óneitanlega dálítið sérkennilegt að hefja utandagskrárumræðu um málefni einnar heilbrigðisstofnunar því að það sem á við þessa heilbrigðisstofnun á við allrar aðrar heilbrigðisstofnanir í landinu. (Gripið fram í.) Það er mjög lítill vandi að halda því fram, og það geta allir gert á hverjum tíma, að til heilbrigðismála sé alltaf skortur á peningum. Auðvitað er það þannig og auðvitað verður það alltaf þannig. Það eru hins vegar herfilegar missagnir ef menn vilja meina það að þessi landshluti hafi fengið eitthvað minni hækkanir en aðrir. Sannleikurinn er sá að Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur mjög verið efld á undanförnum árum. Menn tóku þá ákvörðun fyrir 10 árum að sameina þar stofnanir í eina. Það kostaði mikil átök. Það hefur verið mjög vel að því staðið, það hefur verið mjög erfitt starf. Alþingi hefur fylgt því eftir með miklum fjárframlögum og það hefur gengið mjög vel og er ástæða til að vera ánægður með það.

Hins vegar mega menn vita að heilbrigðismál hjá landshlutunum úti í dreifbýlinu eru ekki alltaf spurning um hversu miklum peningum er hægt að koma þar í lóg. Það er spurning um stjórnun og hvernig að henni er staðið. Til allrar hamingju hefur þjónustan vaxið mjög mikið á Austurlandi á undanförnum árum. Það hefur verið vaxandi fjöldi farandsérfræðinga að störfum þarna. Þangað hefur komið mikið af nýjum tækjum og nýrri tækni sem hefur skilað íbúunum mjög bættri þjónustu. Þetta er eilíflega viðfangsefnið sem við þurfum alltaf að standa frammi fyrir og alltaf að vera reiðubúin fyrir vegna þess að eðlilegar kröfur í nútímaþjóðfélagi, sem er í örum vexti og miklum blóma,

verða alltaf og eru alltaf um að reyna að bæta heilbrigðismálin eins og frekast er unnt og það verður gert og það hefur verið gert með miklum sóma.

[13:56]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svörin. Mér fannst svör hæstv. ráðherra og þeirra stjórnarliða sem tóku til máls vera nokkuð bjartsýnni en þær raddir sem ég heyri í mínu heimahéraði, bæði hjá heilbrigðisstarfsmönnum og ekki síður hjá sveitarstjórnarmönnum og ber ekki alveg saman um fjármagn og stöðu stofnunarinnar sem nær eins og ég sagði allt frá Bakkafirði niður á Djúpavog. Mér finnst þær upplýsingar sem komu fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni, að bætt hafi verið við 260 millj. til stofnunarinnar við afgreiðslu síðustu fjárlaga segja okkur hve staða stofnunarinnar var erfið. Ef byggja á á stöðunni núna eins og þrengt hefur verið að þessari stofnun þá tel ég að ekki sé mikill metnaður í gangi. (Gripið fram í.) Þessi stofnun hefur sérstöðu. Þar sem farið er í jafnmiklar framkvæmdir á einu landsvæði eins og fyrir austan hefur það svæði sérstöðu því að það þarf alveg sérstaka aðgæslu til að láta heilbrigðisþjónustuna og aðra opinbera þjónustu fylgja þeim eftir.

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að efla þjónustuna í takt við íbúaþróun og íbúaspá, efla innra starf og gefa starfsmönnum kost á rannsókna- og þróunarvinnu, möguleika á að efla forvarnir og fjölga bæði starfsmönnum og starfsstéttum og auka sérfræðiþjónustu. Það er m.a. orðið mjög brýnt að ráða í stöðu lyflæknis með fasta viðveru á Héraði. Stofnunin var ekki í stakk búin að taka við því mikla álagi sem fyrirsjáanlegt var á mesta framkvæmdatíma virkjana og álvers. Þeim framkvæmdum fer nú að ljúka en fjölgun íbúa til lengri tíma heldur vonandi áfram. Samfélagið er að gerbreytast og þar með þjónustuþarfir fólks og við því verður að bregðast. Vegna þessa alls hafa bæði íbúar og samtök sveitarfélaga ásamt sérstökum sveitarfélögum ályktað og krafist úrbóta.

[13:59]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að búið er að laga mjög fjárhagsstöðuna hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands og það er m.a. út af reiknilíkaninu sem við erum að keyra núna á heilbrigðisstofnanir. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að draga það fram að reiknilíkanið tekur tillit til mjög sérstakra aðstæðna. Það tekur tillit til þess hve byggðin er dreifð, hvort þar séu margar heilsugæslustöðvar, hvernig þjónusta sé á sjúkrastofnunum, frístundabyggð o.s.frv. Reiknilíkanið er alveg stórkostlegt tæki að mínu mati og það hefur m.a. valdið því að verið er að setja inn viðbótarfjármagn á Heilbrigðisstofnun Austurlands. Við erum að setja núna inn 273 millj. til viðbótar, þ.e. bæði í fjáraukalögum og í grunninn líka, í fjárlagagrunninn. Ég tel því að menn geti verið ánægðir með það að þingið hefur tekið mark á reiknilíkaninu og bætt verulega þarna inn fjármunum.

Þjónustan á Austurlandi er mjög góð að mínu mati. Hún er reyndar mjög góð á Íslandi yfirleitt. Við erum að taka tillit til séraðstæðna sem þar ríkja m.a. með því að efla þjónustu. Ég tel að þessi mál séu í góðum farvegi.

Varðandi nýju deildina sem verið er að opna á Neskaupstað þá verður hún innréttuð og það er allt í farvegi. Það er þess vegna rangt sem kom fram hjá einum þingmanni áðan, hv. þm. Kristjáni Möller, að þar væri allt í voða. Það er alger þvæla.

Mér finnst mjög merkilegt að hlusta á þingmenn lýsa vanda vegna aukins álags út af virkjanaframkvæmdum. Ég tel að þessar framkvæmdir hafi skapað stórkostleg tækifæri fyrir Austfirðinga. Þarna hefur orðið efling í atvinnu, ný störf hafa komið til og allur grunnur er miklu sterkari á þessu landsvæði. Mér fannst líka mjög merkilegt að hlusta á nýjan frambjóðanda í kjördæminu, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, lýsa þessu hér eins og að allt væri á hverfanda hveli í byggðamálum. (Forseti hringir.) Ég held að staðan sé bara að verða mjög góð á Austurlandi að þessu leyti fyrir verk þessarar ríkisstjórnar.

## *Varnir gegn landbroti, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 637. mál (valdmörk milli ráðherra). — Þskj. 945.

[14:01]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Áður en ég tek til máls vil ég inna hæstv. forseta eftir því hvort hæstv. ráðherra sé ekki örugglega í kallfæri.

(**Forseti** (JóhS)**:** Hæstv. ráðherra er í hliðarsal og verður kallaður til fundar í salnum.)

Já, þarna er hann, flott er, þakka þér kærlega fyrir.

Þetta er nefnilega hið merkilegasta mál, frú forseti. Óhætt er að segja um vatnalögin og þá umræðu alla og úrslit málsins, að það var örugglega ekki besta stund ríkisstjórnarinnar á nýliðnu kjörtímabili. Málið var með þeim endemum að það hraktist út í það að ríkisstjórnin frestaði gildistökuákvæðinu fram yfir kosningar. Þá náðist samkomulag um að ljúka málinu en það kemur svo aftur hérna inn með þessum hætti. Það er svolítið sérkennilegt að hæstv. landbúnaðarráðherra skuli vekja upp þennan gamla og sára draug fyrir ríkisstjórnina sem vatnalögin öll voru. Þetta er mál sem kallast á við fjölmiðlafrumvarpið. Þetta var eitt af þessum dramatísku mistökum ríkisstjórnarinnar, að mínu mati. Verið var að einkavæða nýtingarréttinn á vatni. Það stendur upp úr og blasir við. Um það snerust átökin sem stóðu dögum ef ekki vikum saman í það heila. Ætli það hafi ekki verið eitt af þremur mestu átakamálum kjörtímabilsins, fjölmiðlamálið, Ríkisútvarpið og vatnalögin sem öll snerust um annaðhvort einkavæðingu eða misbeitingu á pólitísku valdi eins og fjölmiðlalögin snerust um.

Hér talar hæstv. landbúnaðarráðherra um að vegna velvilja nýtilkomins iðnaðarráðherra sé hann þess pólitískt umkominn að gera þessa lagabreytingu, væntanlega af því að andúð fyrrverandi iðnaðarráðherra í garð hæstv. ráðherra er þá horfin og hann getur fengið til baka það sem hann vill fá af málinu og hefur stundum verið kennt við stóra verkefnahnuplið á milli ráðuneytanna. Málið er allt hið kostulegasta og nokkuð háðuleg för hæstv. landbúnaðaráðherra

að koma inn í þingið til að leiðrétta skæklatog þessara tveggja samflokksmanna og samherja í ríkisstjórn Íslands um þetta mál, sem var einn þáttur af einu stærsta pólitíska átakamáli síðustu ára, þ.e. séreignarvæðing á vatni. Málið er ekki flóknara en það. Hæstv. landbúnaðarráðherra bar nokkuð í bætifláka fyrir það áðan í andsvörum við hv. þm. Jóhann Ársælsson og fullyrti að hann væri ekki stuðningsmaður einkavæðingar vatnsins.

Hér urðu örlitlar umræður um stjórnarskrármálin, að það væri í stjórnarsáttmálanum að auðlindaákvæðið skyldi fara inn í stjórnarskrána. Og í ljósi þess hvernig það fór, að ekki náðist samkomulag um það og Sjálfstæðisflokkurinn náði að knésetja Framsóknarflokkinn í þeirri umræðu og koma í veg fyrir að málið næði fram að ganga, þá rak mig í rogastans þegar ég í hádeginu var að lesa drög að ályktun um auðlindir Íslands sem liggja núna fyrir flokksþingi Framsóknarflokksins sem hefst um helgina. Þar er margt að finna á þeim 37 síðum sem ályktunin tekur til og er nú afskaplega brött og nokkuð örvæntingarfull tilraun framsóknarmanna til að breyta sér í sósíaldemókrataflokk 70 dögum fyrir kosningar, svona meira og minna unnið upp úr gömlum og góðum klassískum krataplöggum, minnir um margt á stefnuskrá Samfylkingar. Þarna er einn maður eitt atkvæði, (Gripið fram í.) burt með afnám stimpilgjalds. Hluti námslána breytist í styrk og svo það sem stendur hér, að í stjórnarskrá standi að auðlindir landsins séu sameign þjóðarinnar

Þarna er Framsóknarflokkurinn að fara fram með það í stefnuskrá sem í rauninni gengur þvert á þau lög sem við erum að endursamþykkja hérna í dag af því að auðvitað gengur þessi breyting á lögum um vatnalögin út á að endurtaka að því leytinu til vatnalagaferlið, að þetta kostulega mál er komið inn í þingið aftur í þessu formi. Þess vegna hlýtur pólitísk umræða um eignarhaldið á vatninu, um séreign og sameign á auðlindum þjóðarinnar, að fara fram um leið. Það er alveg augljóst mál af því að þarna er verið að breyta lögum um vatnalög. Þá hljótum við um leið að ræða það hvort ekki eigi í leiðinni að gera aðrar breytingar á lögum um vatnalög sem eiga að taka gildi 1. júlí árið 2007, tæplega tveimur mánuðum eftir kosningar. Ljóst er að ríkisstjórnin er með þessu máli að rjúfa sáttina sem var gerð við stjórnarandstöðuna á sínum tíma sem fólst í því að málið var afgreitt með gildistökufrestun fram yfir kosningar. En hér er verið að taka málið upp aftur og þó það sé einn afmarkaður angi af því og heiti núna allt annað, um varnir gegn landbroti, og lagt fram af hæstv. landbúnaðarráðherra, þá er verið að breyta nýsamþykktum lögum um vatnalög. Það gefur alveg augaleið. Verið er að breyta lagabreytingunum sem eiga að taka gildi 1. júlí, það eru breytingar á 1923-lögunum um eignarhald á vatni. Það gefur augaleið.

Þess vegna hljóta líka að vakna upp umræður um eignarhald allra auðlinda náttúrunnar, eins og hv. þingmaður kom inn á áðan, og meðferð á sameiginlegum auðlindum okkar allra. Það opinberast núna í þessu máli og í lyktum stjórnarskrármálsins hvernig auðlindabraskið hefur í rauninni farið. Eignarhaldið á auðlindum þjóðarinnar, á vatninu, á fiskinum í sjónum, á fallvötnunum o.s.frv. á að sjálfsögðu að vera sameign þjóðarinnar. Þetta er eitt grundvallarmál okkar jafnaðarmanna og eitt það mál sem við höfum hvað harðast barist fyrir. Framsóknarflokkurinn ítrekar stuðning við þá stefnu okkar í sínum nýju landsfundarplöggum og þess vegna hlýtur hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformaður flokksins að gera grein fyrir því í hvaða berhögg sú ályktun gengur við niðurstöðu stjórnarskrárnefndarinnar og aftur í berhögg við vatnalagafrumvarpið sem við erum að fjalla um í dag. Við erum að fjalla um breytingar á vatnalögunum og ráðherrann notaði sitt tækifæri hérna áðan og ítrekaði stuðning sinn við vatnalagafrumvarpið í heild sinni. Hann fann því bókstaflega ekkert til foráttu og sagði, virðulegi forseti, að verið væri að færa vatnalögin til nútímans. Sem sagt, einkavæðingin var orðin að nútímavæðingu hjá hæstv. landbúnaðarráðherra. Það var allt og sumt. Þetta undarlega reiptog á milli ráðherranna tveggja um þennan anga vatnalaganna kemur núna inn í þingið rétt fyrir þinglok á þessu kjörtímabili eftir að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur beðið landbúnaðarnefnd að taka af sér þennan beiska kaleik og flytja þetta mál til að spara honum sneypuförina, til að spara honum þá smán að standa frammi fyrir þinginu og biðja um breytingar á vatnalögunum eftir það samkomulag sem var gert til að klára málið á sínum tíma. Í raun var verið að losa ríkisstjórnina úr mikilli kreppu. Ríkisstjórnin hafði að lokum frumkvæði að því að ljúka málinu þannig að lögin tækju ekki gildi fyrr en tveimur árum eftir að þingið afgreiddi þau, sem er núna í vor.

Hæstv. ráðherra landbúnaðarmála og varaformaður Framsóknarflokksins opnar því mikla ormagryfju og opinberar hver staða mála er í auðlindamálunum almennt og rifjar að sjálfsögðu upp og kemur aftur með inn í þingið öll þau harkalegu átök sem urðu í kringum vatnalagamálið allt saman, en þar var tekist á um algert grundvallaratriði sem var eignarhaldið á vatninu. Stjórnarandstöðuflokkarnir fögnuðu þeim áfangasigri í málinu að ná því í gegn að gildistöku laganna yrði frestað fram yfir kosningar. Eftir fall ríkisstjórnarinnar í vor gefst nýrri ríkisstjórn, sem verður vonandi undir forustu okkar jafnaðarmanna, færi á að breyta þessum lögum gagngert þannig að eignarhaldið á vatninu verði sameign allra landsmanna en ekki séreign örfárra því það vita allir að vatnið verður gífurlega verðmæt auðlind bara á allra næstu árum, ég tala ekki um áratugum. Vatnsskortur blasir við í heiminum og neysluvatn sem er búið að vinna og tappa á flöskur verður gífurlega verðmæt auðlind rétt eins og olían og þær allra verðmætustu auðlindir. Vinnslan, fullvinnsla og sala á vatni með því sem við erum að gera núna, að koma vatninu undir séreign og festa séreignina á vatninu, er verið að færa gríðarleg verðmæti sem skapast á næstu áratugum í hendur fárra einstaklinga, rétt eins og gert var með kvótann á sínum tíma. Þessi vatnalagabreyting sem nú kemur inn í þingið undir þessum formerkjum hlýtur að draga fram rétt fyrir kosningar umræðu um auðlindamálin almennt. Hvernig fór fyrir sjávarútvegsmálunum? Hvernig fór fyrir eignarhaldinu á kvótanum? Sem er líklega búið að rammfesta svoleiðis núna um 18 árum eftir að frjálsa framsalið var heimilað, kvótinn hefur gengið kaupum og sölum. Þeir sem fengu kvótanum úthlutað upphaflega, margir hverjir, eru búnir að selja hann og auðgast gífurlega, aðrir eru búnir að kaupa og skuldsetja sig. Heilu byggðarlögin eru rústir einar út af kvótakerfinu eingöngu.

Þegar veiðireynslunni og kvótasetningunni var deilt á þá eina sem höfðu átt útgerð en ekki á fólkið í landinu, fólkið sem vann fiskinn, mennina sem voru á skipunum og veiddu fiskinn — að sjálfsögðu var kvótasetningin og frjálsa framsalið eitthvert mesta óréttlætismál íslenskrar stjórnmálasögu. Það er alveg á hreinu, enda hafa deilurnar um sjávarútvegsmálin verið nánast látlausar þó það hafi kannski hægt á því allra síðustu ár, enda töldu margir að fyrst ekki náðist að breyta þessu fyrir síðustu kosningar yrði erfitt að gera það seinna því málið verður alltaf flóknara og flóknara af því að kvótinn var gerður að séreign. Alveg á sama hátt er verið að gera vatnið að séreign núna. Nú er verið að búa í haginn fyrir að í framtíðinni, eins og ég sagði áðan, verði vatnið ómetanleg auðlind, algerlega. Þeir sem búa yfir miklum vatnslindum og vatnsbólum og þeir sem búa yfir þeirri auðlind eru að sjálfsögðu handhafar auðæfa sem er erfitt að verðsetja hér og nú.

Vatnsskortur næstu áratuga víða um heim er að sjálfsögðu mjög alvarleg þróun og vandséð að menn nái að sporna mikið við því. Því hefur verið spáð af mörgum af okkar færustu fræðimönnum og vísindamönnum í heiminum að stríðsátök næstu ára og áratuga snúist um vatnið eins og þau hafa snúist um olíuna á síðustu áratugum, innrásirnar í Írak og allar þær hörmulegu niðurlægingar þar sem Bandaríkjamenn hafa farið í aftur og aftur. Þar er barist um auðlindir að miklu leyti þó svo það sé gert undir yfirskini mannréttindabaráttu o.s.frv. þá er að sjálfsögðu verið að takast á um gríðarlegar auðlindir. Vatnið er að verða að slíkri auðlind og með því að séreignarvæða og einkavæða vatnið er að sjálfsögðu verið að stíga mjög dramatísk og alvarleg skref inn í framtíðina. Þess vegna er kannski fagnaðarefni að hæstv. landbúnaðarráðherra ætli að koma þessu máli kannski frekar fyrirhafnarlítið í gegnum þingið núna. Kannski er ágætt að það var gert til að þinginu gæfist tækifæri til að ræða málið aftur svo skömmu fyrir kosningar. Það er ágætt að rifja upp grundvallarmálin þegar kemur að kosningum svo að yfirborðsmennskan og auglýsingaskrumið síðustu vikurnar fyrir kosningar villi ekki sýn heldur hafi þeir sem ætli sér að taka ábyrga afstöðu í kosningum tækifæri til að rifja upp grundvallaratriðin.

Hver er afstaða flokkanna til auðlindamálanna? Ætli það sé ekki stærsta einstaka málið í samfélagsstjórnmálum okkar? Framsóknarflokkurinn segir eins og ég gat um áðan í glænýjum og brakandi ferskum drögum að landsfundarályktun, með leyfi forseta: „Auðlindir landsins ... eru í sameign íslensku þjóðarinnar.“ Þetta stendur hér, ég var að prenta þetta út fyrir hálftíma síðan. Þetta eru glænýjar ályktanir og á undan stendur meira að segja „Að í stjórnarskrá standi:“ Þetta eru því bein fyrirmæli til stjórnarskrárnefndarinnar sem hv. þingmenn á borð við Össur Skarphéðinsson og fleiri hafa verið að vinna í og geta gert okkur betur grein fyrir jafnvel síðar í umræðunni í dag ef svo vel vill til en þetta er algert grundvallarmál.

Á sama degi og Framsóknarflokkurinn endurtekur vatnalagavitleysuna, kemur hér inn með breytingartillögu við vatnalögin, einkavæðinguna á vatninu, þá gefur hann út drög að ályktunum fyrir 29. flokksþing framsóknarmanna 2.–3. mars 2007, þáhljóðandi ályktun sem ég las áðan um auðlindir landsins og að það skuli standa í stjórnarskrá að þær séu sameign íslensku þjóðarinnar, sameignin sem kveðið er á um á landsfundinum. Fyrir því er svo barist blóðugri baráttu á Alþingi sama dag að hún sé gerð að séreignarréttindum, vatnið sé einkavætt, ein af okkar mestu og verðmætustu auðlindum sé einkavædd og færð undir séreign. Á sama tíma heldur flokkurinn þessu fram gagnvart félagsmönnum sínum og íslensku þjóðinni. Þess vegna hlýtur hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformaður flokksins, Guðni Ágústsson, að gera þinginu grein fyrir hvort skuli standa, hvoru fólk skuli trúa. Hverju eiga kjósendur að trúa og hverju eiga hans eigin flokksmenn að trúa? Er hann að blekkja sína eigin flokksmenn með þessum ályktunardrögum sem hann er að dreifa um í dag á netinu og víðar? Er það blekking? Af því að sama daginn kemur hann í ræðustól og segir að einkavæðingin á vatninu hafi verið nútímavæðing á 70 ára gömlum lögum, ósköp saklaust og einfalt mál, bara nútímavæðing, sagði hann. Verið sé að færa gömul lög til nútímans. Það var verið að einkavæða vatnið, virðulegi forseti. Það var ekki verið að nútímavæða nokkurn skapaðan hlut. Það var ekki nútímavæðing að heimila framsalið á kvóta, á heimildinni til að sækja fiskinn. Að gera það að séreignarrétti og þykjast svo ætla að berjast fyrir því og binda það í stjórnarsáttmála að það eigi að tryggja sameign þjóðarinnar á auðlindinni í stjórnarskrá, að það sé í stjórnarsáttmála. Svo er að sjálfsögðu lúffað fyrir Sjálfstæðisflokknum sem virðist ekki ætla að skipta um stefnu í þessu máli, því miður. Sjálfstæðisflokkurinn boðaði á landsfundi fyrir mörgum árum sátt um sjávarútvegsmál. Sú sátt gekk aldrei eftir, enda voru þau mál mjög hávær fyrir fjórum árum. Kannski verða þau það aftur núna, það er kannski hið besta mál, vonandi. Auðlindamálin almennt.

Ég held að það besta sem gæti gerst væri að kosið yrði um auðlindamálin við kosningarnar í vor. Þau mál eru mjög hávær. Flokkarnir yrðu látnir segja svart á hvítu hver sé stefna þeirra. Er það stefna Framsóknar sem er lögð fyrir flokksþingið um sameignarákvæði í stjórnarskrá um sameign allra auðlinda íslensku þjóðarinnar eða einkavæðingin á auðlindunum sem Framsóknarflokkurinn berst fyrir á Alþingi? Hvor stefnan er rétt eða hefur flokkurinn kannski báðar stefnurnar, aðra þegar hentar hér og hina þegar hentar þar? Ég veit það ekki. Hann hefur sjálfsagt svör við því á reiðum höndum, hæstv. ráðherra og varaformaður flokksins sem hefur kannski skrifað þennan texta og unnið hann í þennan búning? Hver veit. Hann hlýtur alla vega að gerþekkja hann því hann fjallar um auðlindamálin í þinginu sama dag og ályktunin er gefin út.

Við erum að fjalla um grundvallarmál. Hæstv. landbúnaðarráðherra opnaði ormagryfju í morgun þegar hann kom inn með þessa breytingartillögu við vatnalögin sem átti að smygla í gegnum þingið sem sakleysislegu máli um landbrot, reyna að fá landbúnaðarnefnd til að bera hitann og þungann af málinu, taka smánina af hæstv. landbúnaðarráðherra eftir skæklatogið í ríkisstjórninni þegar páverandi hæstv. iðnaðarráðherra kom upp þeirri sársaukafullu stundu sem hæstv. landbúnaðarráðherra upplifði í þeirri umræðu, að hafa hirt frá honum þetta verkefni út úr því með vatnalögunum. Þess vegna hefði nú verið eðlilegra af því að hann lýsti yfir þeim nýja velvilja, þeim nýtilkomna velvilja sem væri núna í iðnaðarráðuneytinu í garð hæstv. landbún-

aðarráðherra, að hæstv. iðnaðarráðherra hefði þá flutt þetta mál sem breytingartillögu við vatnalög og það væri ekki verið að flytja breytingartillögu við málið undir allt öðru yfirskini, undir stjórn allt annars ráðherra o.s.frv.

Þetta er nefnilega hið dapurlegasta mál að öllu leyti hvað varðar aðkomu ríkisstjórnarinnar að því, en um leið gefur leiðrétting á verkefnahnuplinu á milli framsóknarráðherranna Alþingi færi á að ræða auðlindamálin almennt og yfirleitt. Hvað er með gjaldtöku af nýtingu auðlindanna? Auðvitað á nýtingarrétturinn að vera skýr og til staðar hvort sem það er á vatninu, fallvötnunum, fiskinum eða öðrum takmörkuðum auðlindum sem við Íslendingar eigum og eigum að eiga allir saman. Það er algert grundvallaratriði. Það er sú stefna sem Framsóknarflokkurinn er að svíkja með vatnalögunum, með einkavæðingunni á vatninu. Það er sameignin á auðlindunum okkar. Hver á gjaldtakan að vera o.s.frv.? Það er frekar það sem við ættum að ráða fram úr núna. Hvernig á að haga fyrir nýtingu á þessum stóru og verðmætu auðlindum eins og vatninu á næstu áratugum? Hver á gjaldtakan að vera? Hver á arður samfélagsins að vera o.s.frv.? Í staðinn fyrir að undirstrika og endurtaka átökin um vatnalögin, einkavæðinguna á vatninu 70 dögum fyrir kosningar, koma með það inn í þingið. Draugurinn er vakinn upp. Aftur er tekist á um einkavæðingu vatns á hinu háa Alþingi og núna undir forustu hæstv. landbúnaðarráðherra sem sama dag flytur ályktun um það á landsfundi sínum að í stjórnarskrá standi að allar auðlindir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Boltinn er hjá þér, hæstv. landbúnaðarráðherra.

[14:21]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það góða við hv. þingmann er að hann hefur mynduglega rödd og ábúðarfullan svip, kannski trúa því einhverjir að hann segi satt þess vegna. Allir sem fylgjast með umræðunni vita að þetta var sama blekkingin og hjá Vinstri grænum fyrr í umræðunni. Auðvitað var aðeins verið að endurskoða vatnalögin, þau hafa ekki verið einkavædd, það er rangt. Vatnið er í eigu þjóðarinnar og er dýrmætasta auðlind Íslendinga. Hv. þingmaður er að mestu leyti vatn, hátt í 90% ef ég veit rétt. Vatnið er undirstaða lífsins og mikilvægasta auðlind sem við eigum saman, Íslendingar, óþrjótandi vatn sem enginn einkaréttur fellur á nokkru sinni. Hins vegar fara bændur og jarðeigendur auðvitað með eignarrétt á sínum jörðum.

Hv. þingmaður ræðst mjög að auðlindamálinu. Framsóknarflokkurinn er þeirrar skoðunar og það er í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að sjávarútvegsauðlindin kringum Ísland, hafið, sé sameign íslensku þjóðarinnar og það á að binda það í stjórnarskrá. Fyrir því er barist af okkar hálfu. Fyrir liggur líka að á síðustu árum var þjóðlendan, miðhálendið, skýrt með löggjöf í samstarfi núverandi flokka og gert að sameign allra Íslendinga, þannig að við höfum unnið heilt að þessu.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir að tala um glænýjar og brakandi ályktanir Framsóknarflokksins sem umræða hefst um á flokksþingi á morgun. Þetta er hárrétt hjá hv. þingmanni, þar kemur margt merkilegt fram. Ég hef aðeins sagt að stjórnarandstöðuþingmenn, og ég hygg þar á meðal hv. þm. Björgvin Sigurðsson, hafi verið þess fýsandi að leiðrétta málið sem snýst fyrst og fremst um landbrot en ekki um vatn, (Forseti hringir.) en að þessi mál séu á þeim stað sem þau eiga að vera samkvæmt stjórnarráðslögunum.

[14:24]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eina blekkingin í málinu er afstaða Framsóknarflokksins gagnvart sínum félagsmönnum og kjósendum annars vegar og athafnirnar í þinginu hins vegar. Þar liggur blekkingin stóra. Verið er að halda því fram að flokkurinn berjist fyrir því að auðlindirnar eigi og skuli vera í sameign þjóðarinnar á sama tíma og tveir ráðherrar flokksins hafa á skömmum tíma farið fyrir einkavæðingu á vatninu, hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir í annað skiptið og nú hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformaður flokksins.

Auðvitað á að tryggja nýtingarréttinn o.s.frv. um leið og séreignarákvæði í stjórnarskrá er komið á. Hins vegar var það ekki gert til hliðar við einkavæðingu á vatninu eða stöðu sjávarútvegsmála í dag. Stjórnarskrárnefndin lauk störfum með þeim hætti að það náðist ekki samkomulag um málið út af afstöðu stjórnarflokkanna. Það var algjör einhugur og fyrir því barist af hálfu fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna og annarra í auðlindanefnd að sameignarákvæðið í stjórnarskrá væri algjört grundvallarmál í allri umræðunni. Framsóknarflokkurinn hopaði í málinu og gaf eftir. Hefðu fulltrúar Framsóknar í nefndinni staðið með samvisku sinni, sannfæringu og stjórnarandstöðunni í málinu hefði nefndin einfaldlega lokið störfum með því að einangra Sjálfstæðisflokkinn í málinu, skilja hann frá, og einn stærsti pólitíski sigur liðinna ára hefði unnist, að tryggja sameign þjóðarinnar á auðlindum sínum í stjórnarskrá, gífurlega mikilvægt mál.

Hæstv. ráðherra nefndi þjóðlendumálið sem var eitt af þeim málum sem var gert upphaflega með jákvæðum fyrirætlunum en var snúið upp í herferð gegn bændum og landeigendum ríkisvaldinu til mikillar minnkunar, alveg skelfilegt mál. Við ræðum það betur síðar.

[14:26]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við förum yfir mál frá hæstv. landbúnaðarráðherra og ég er að reyna að átta mig á þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað. Fyrir hádegishlé fór hv. þm. Jón Bjarnason um víðan völl varðandi frumvarpið og það var útilokað að fá neinn botn í það hvað Vinstri grænir vilja í umhverfisumræðunni, það var ekki með nokkrum hætti hægt að átta sig á því hvað þeir vilja hvað þetta varðar.

Mér fannst hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson að mörgu leyti tala ósköp svipað, út og suður. Á hefðbundinn hátt var þetta frasakennd ræða, sömu frasarnir síendurteknir sem segja okkur ekki neitt um málið, um málefnið. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvaða breytingar hann vilji gera. Hvernig vill hv. þingmaður í raun að við höfum rammalöggjöf um nýtingu vatns og vatnsafls? Fram hefur komið úr þessum ræðustól að hv. þingmaður vill ekki nýta vatnsaflið til virkjana og eltir þar Vinstri græna, en það er ýmislegt annað sem þarf að hafa stjórn á varðandi vatnið. Það þarf

að hafa löggjöf og stjórn á vatninu, það þarf að nýta vatnið, vatnsaflið, og á ýmsan hátt þarf að sjá til þess að vatnið nýtist landinu, landbúnaðinum og þjóðinni til heilla. Hvernig vill hv. þingmaður sjá það? Ég vil gjarnan fá málefnaleg svör en ekki svör eins og Vinstri grænir gáfu sem fóru að tala um Ísrael hvað mínar spurningar vörðuðu.

[14:28]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Hv. þingmaður er greinilega í miklu ójafnvægi í dag. Hann veður úr einu í annað, er mjög dónalegur og er með dylgjur og aðdróttanir. Hann reynir að gera lítið úr málflutningi manna með einhverjum ómerkilegum dylgjum í staðinn fyrir að koma með málefnalegar athugasemdir í málinu.

Hann spurði reyndar að lokum einnar spurningar sem kannski varpar ljósi á málið, hvernig við viljum koma fyrir eignarhaldinu á auðlindunum eins og vatninu. Við viljum að sjálfsögðu tryggja sameign íslensku þjóðarinnar, eins ég margtalaði um áðan, með stjórnarskrárbreytingum, með því að binda eignarhald íslensku þjóðarinnar, sameignina, á öllum hennar sameiginlegu auðlindum í stjórnarskrá. Það er stefna okkar jafnaðarmanna í sinni einföldustu mynd og það er stefnan sem nýjasta tilraunin til að breyta Framsóknarflokknum í Samfylkinguna felur einnig í sér.

Ég las í hádeginu hin 37 blaðsíðna stefnuskrárdrög Framsóknar og þeir gerðu þar mjög flotta tilraun til að breyta flokknum í Samfylkinguna 70 dögum fyrir kosningar. Eftir að hafa verið einhvers konar B-deild í Sjálfstæðisflokknum í 12 ár ætla þeir að breyta honum í Samfylkinguna, svona klassískan krataflokk, rétt fyrir kosningar. Þar hnaut ég um þetta grundvallaratriði að flokkurinn vildi tryggja sameign þjóðarinnar á öllum auðlindum. Þar tek ég undir og get gert orð ályktunar Framsóknarflokksins að mínum í svari við spurningu þingmannsins sem fer hér hamförum fyrir einkavæðingu á vatni.

Önnur vitleysa sem datt upp úr þingmanninum var að ég væri að berjast gegn nýtingu vatnsfalla til raforku. Þetta er eins og hver annar þvættingur sem tekur því varla að elta uppi en ég vil samt gera þingmanninum þann greiða að svara þessu og sýna honum þá virðingu.

[14:30]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór sem mig grunaði, að ég fengi svipuð útúrsnúningasvör og hjá Vinstri grænum. Ég er ekki einvörðungu að tala um eignarhaldið á vatninu. Ég er tala um þá löggjöf sem hér er til umræðu, sem varðar fyrirhleðslur, stjórn á vatninu, löggjöf sem varðar stjórn á vatninu. Það er sá punktur sem ég er að tala um en eignarhaldið kemur málinu alls ekki við. Frumvarpið snýst um löggjöf um fyrirhleðslur, um stjórnun á vatni frá jökli til sjávar. Það var um það sem ég vildi fá að heyra hjá hv. þingmanni.

[14:31]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Það sem sjálfstæðismaðurinn, hv. þm. Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurlands er að gera er að reyna að afvegaleiða umræðuna. Hann reynir að færa umræðu um grundvallaratriði yfir í umræðu um smáatriði. Við getum týnt okkur í tæknilegum útfærsluatriðum í viðamiklu máli eins og vatnalögum, að sjálfsögðu. En forsenda slíkrar umræðu er að hafa fyrst rætt grundvallaratriðin. Út á hvað gengu vatnalögin? Þau gengu út á að einkavæða vatnið. Þau gengu út á að tryggja séreignarákvæði og séreign á vatni áratugi inn í framtíðina. Það blasir við öllum lifandi mönnum, hvort sem það er í Ísrael eða á Íslandi, að vatnið er verðmætasta auðlind framtíðarinnar.

Háttvirtir stjórnarliðar geta ekkert falið sig bak við útúrsnúninga um fyrirhleðslur, farið að tala um virkjunarmál ofan í einkavæðingu á vatni og einhverja vitleysu bara. Við erum að tala um algjört grundvallarmál, sameign íslensku þjóðarinnar á auðlindum okkar. Um þetta hefur ítrekað brostið á með miklum deilum, m.a. fyrir kosningar, eins og fyrir fjórum árum þegar rætt var um sjávarútvegsmálin. Hver veit nema auðlindamálin í heild sinni verði eitt af stóru kosningamálunum í vor. Ég ætla að spá því. Hér er aftur deilt um einkavæðingu á vatni. Hæstv. landbúnaðarráðherra velti þeim steini af stað í morgunsárið með sakleysislegu máli, sem reyndist breytingartillaga við vatnalögin þegar á reyndi.

Við höfum rætt um hana síðan og örugglega eitthvað áfram. Ég tala nú ekki um þegar málið kemur út úr nefnd, komi það einhvern tíma út úr nefnd. Eins og ég segi þá vekur þetta upp marga drauga og sársaukafullar minningar fyrir ríkisstjórnina.

[14:33]

**Ellert B. Schram:**

Herra forseti. Ég hef tiltölulega stutt innskot í þessa umræðu. Hér er á dagskrá frumvarp um varnir gegn landbroti. Í fljótu bragði virðist málið tiltölulega saklaust enda tilraun til að gera breytingu á lögum sem ekki eru orðin lög, svo skringilega sem það kann að hljóma. Það hefur verið farið út um víðan völl af skiljanlegum ástæðum. Þar sem málið snertir vatnalög og eignarrétt á vatni þá hafa menn fjallað um einkaeignarrétt landeigenda og stöðu þeirra annars vegar og þjóðarinnar hins vegar að því er varðar eignarhald á auðlindum almennt. Það er auðvitað ákaflega stór og áleitin spurning í íslenskum stjórnmálum, þ.e. hvernig eigi að standa að því að sameiginlegar auðlindir séu tryggilega í höndum þjóðarinnar sjálfrar en ekki annaðhvort gefnar eða seldar á tombóluprís til einkaaðila eða einstaklinga, eins og við höfum orðið vitni að í tengslum við fiskinn í sjónum. Sú auðlind er að mínu mati og mikils meiri hluta þjóðarinnar sameiginleg eign íslensku þjóðarinnar.

Umræðan um sjávarútveginn, fiskveiðimál, kvótann og eignarréttinn, var eitt stærsta kosningamálið árið 2003. Í allri stjórnmálaumræðu fyrir þær kosningar var tekist á um fiskveiðikerfið og því máli lauk í raun þannig að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur sem höfðu stutt kvótafyrirkomulagið og framsal kvótans gáfu eftir á endasprettinum, þeir áttuðu sig á hver hugur þjóðarinnar var. Þegar þeir mynduðu aftur nýja ríkisstjórn gerðu þeir stjórnarsáttmála þar sem kveðið var á um, sem stendur enn, að sett skuli ákvæði í stjórnarskrá um að auðlindir sjávar séu sameign þjóðarinnar. Þetta sló að einhverju leyti á óánægjuna og kurrinn sem ríkti í þjóðfélaginu og þetta var loforð sem

stjórnarflokkarnir gáfu, (**Landbrh.:** Loforð um hvað?) loforð í stjórnarsáttmálanum um að sameign þjóðarinnar væri tryggilega innsigluð með ákvæði í stjórnarskránni. (**Landbrh.:** Þetta er rétt.) Þetta er rétt, segir hæstv. landbúnaðarráðherra. En ég þarf ekki að leita hans til staðfestingar á þessu. Þetta veit öll þjóðin.

Nú gerist það í umræðu um varnir gegn landbroti að hæstv. landbúnaðarráðherra sér ástæðu til að standa upp, kannski að gefnu tilefni, kannski af því að samviska hans kallar eftir því, og gefur þá yfirlýsingu að staðið verði við þetta loforð. Framsóknarflokkurinn stendur við sín loforð, sagði hæstv. landbúnaðarráðherra, enda vaskur maður og traustur á velli. Hann tvístígur skörulega í kringum mig og fer ekkert milli mála að hann ætlar að standa við þessa yfirlýsingu, hina stórmerku stjórnmálayfirlýsingu að Framsóknarflokkurinn standi við loforð sín og muni standa við það loforð í stjórnarsáttmálanum að ákvæði verði sett inn í stjórnarskrána um sameign þjóðarinnar á auðlindunum í sjónum.

Í dag er 1. mars og mér skilst að eftir séu sex eða sjö þingdagar þar sem þingið kemur saman og tekur sameiginlegar ákvarðanir, setur lög eða staðfestir yfirlýsingar. Það er því ljóst að ef einhverjar breytingar verða lagðar til á stjórnarskránni þá þarf að leggja þær fyrir þingið að samþykkja. Mér hafa borist þær fréttir, sem eru ekkert leyndarmál, að stjórnarskrárnefnd líti nánast á það svo að hún hafi lokið störfum og ekki náð samkomulagi um eitt einasta atriði, nema einhverjar tilfærslur og lagabreytingar, breytingar að því er varðar íbúakosningu eða almennar kosningar sem Alþingi er sammála um að leggja fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er allt og sumt sem kemur úr starfi þessarar stjórnarskrárnefndar og hvergi er minnst á það enn sem komið er að samkomulag verði um að stjórnarskrárákvæði sé bætt við og lagt undir þjóðina að auðlindin í sjónum verði sameign þjóðarinnar.

Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformanns Framsóknarflokksins. Ég stend heils hugar með honum ef á þetta þarf að reyna. Ég geri ráð fyrir því að öll stjórnarandstaðan sé einhuga á bak við ráðherrann um að knýja þetta fram í nefndarstarfinu. En þar fer hver að verða síðastur. Ég held að bæði ég, þingið og þjóðin öll bíði með nokkurri eftirvæntingu eftir efndum á þessu síðasta loforði ráðherrans. Ég efast ekki um að hugur hæstv. ráðherra stendur til þess að efna þetta loforð. Hann er maður til þess og hann upplýsti okkur um það áðan að 90% af hv. þm. Björgvini Sigurðssyni væri bara vatn. Það gildir víst um okkur hina líka. En ég hef eiginlega alltaf verið á því að það sé eitthvað meira en vatn í hæstv. ráðherra, meiri töggur í honum en í okkur hinum. Að því leyti ber ég fullt traust til hans núna þegar hann gefur þessa yfirlýsingu og segir: Framsókn ætlar að standa við sitt loforð. Nú bíðum við spennt næstu sex dagana.

[14:40]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni málefnalega og drengilega ræðu, eins og hans var von og vísa. Hann er gamalreyndur úr þinginu, allt frá því að faðir minn var hér uppi. Það er gaman að kynnast honum þótt að hann hafi nú skipt um pólitískan lit. En það er auðvitað hans frelsi. (**ÖS:** Er það verra eða betra?) Ég tek enga afstöðu til þess því að í öllum flokkum þurfa að vera góðir menn. Flokkarnir þurfa á góðu og málefnalegu fólki að halda og hv. þm. Ellert Schram er þeirrar gerðar og hann nýtist hverjum flokki vel þar sem hann er staddur hverju sinni.

Ég vil ítreka það, af því að hv. þingmaður fjallaði ekki um það vandamál sem ég er að glíma við að reyna að koma aftur heim í hús landbúnaðarráðuneytisins og Landgræðslunnar, heldur miklu meira um auðlindir, að stefna Framsóknarflokksins er skýr. Framsóknarflokkurinn hefur sem betur fer ekki meiri hluta í þinginu, það hefur enginn flokkur gott af því. Hann þarf að berjast fyrir sínum málum. Framsóknarflokkurinn hefur haft að leiðarljósi og mun hafa það á þingi, líkt og menn hafa farið yfir drögin, að auðlindir sjávar skuli vera sameign og bundnar stjórnarskrá. Auðvitað erum við ekki að hverfa frá því. Við munum berjast fyrir því.

Þetta er alveg skýrt og þarf ekki að ræða frekar. Það munum við gera og þeir sem með þessi mál fara á vegum flokkanna. Við sjáum til hvað tíminn leiðir í ljós. Framsóknarflokkurinn er samur og jafn í stefnu sinni gagnvart þessari auðlind eins og mörgum öðrum auðlindum sem eru sameign íslensku þjóðarinnar, þar á meðal vatnið.

[14:43]

**Ellert B. Schram** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur við að undirritaður sé hrærður eftir að heyra þessi lofsamlegu ummæli. En þau eru ekki það sem skiptir máli í þessari umræðu heldur hitt að við höfum talað um háalvarlegt pólitískt hitamál sem snertir alla þjóðina: Hver hafi eignarhaldið á auðlindinni í sjónum?

Ég hef ekki skilið það öðruvísi en svo að þegar Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur gera með sér samkomulag um að mynda ríkisstjórn og þeir skrifa undir stjórnarsáttmála sem kveður á um að það skuli sett skuli ákvæði inn í stjórnarskrána um að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar þá sé Sjálfstæðisflokkurinn líka þeirrar skoðunar, annars færi hann ekki að skrifa undir þetta. Jafnvel þó að þetta sé niðurstaða samninga eða einhver málamiðlun. Ég held að það sé ríkjandi skoðun að þjóðin eigi þessa auðlind. Mér finnst það til háborinnar skammar ef stjórnarflokkarnir ætla að svíkjast undan merkjum og bregðast þjóðinni með því að ganga ekki frá einu af grundvallaratriði stjórnarsamstarfsins.

Ég endurtek mínar bestu kveðjur og óskir í baráttu framsóknarmanna ef þeir eiga í stríði við sjálfstæðismenn. Ég held hins vegar að tekið verði eftir því um allt land ef svíkja á menn um þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum.

[14:45]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Mál þetta sem hér er til umræðu má segja að sé arfur frá fyrri tíð, það eigi að reyna að ljúka því að ná niðurstöðu í mál sem kom upp á síðasta vetri og þess freistað að niðurstaðan verði með þeim hætti að engar breytingar hafi orðið þegar upp er staðið þrátt fyrir lagasetninguna um vatnalögin eins og hér hefur verið minnst á.

Ég geri ekki ágreining við hæstv. ráðherra um efni máls-

ins, að landbrotsvarnirnar heyri undir landbúnaðarráðherra, og tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að tefja fyrir framgangi málsins í þingsölum. Menn geta haft ýmsar skoðanir á því hvort vatnalögin nái því nokkurn tímann að taka að fullu gildi en eins og menn vita hefur stjórnarandstaðan lýst þeim áformum sínum að afnema þessa lagasetningu hafi hún tök á því eftir kosningarnar í vor.

Ég tel málið ekki af þeirri stærðargráðu að það sé ástæða til að fara í miklar landamæradeilur á milli ráðuneyta eða skipa sér í sveitir með öðrum ráðherranum og á móti hinum. Ég held að þingið eigi ekki að blanda sér í slíkar deilur. Hins vegar finnst mér meiri ástæða til að velta fyrir sér á þessu stigi hvort ekki sé rétt að breyta Stjórnarráðinu. Ég hef lengi verið á þeirri skoðun að gera þurfi breytingar á skipan ráðuneytanna og það er greinilegt að ráðuneytin eru orðin mjög misjafnlega umfangsmikil í dag. Breytingar hafa orðið eins og menn þekkja, árið 1989 var stofnað umhverfisráðuneyti í harðri andstöðu við sjálfstæðismenn sem lágu í margra vikna málþófi og lásu upp úr bókum frá upphafi til enda til að koma í veg fyrir að umhverfisráðuneyti yrði stofnað. Það er eðlilegt að rifja það upp og gefa sjálfstæðismönnum færi á því að útskýra andstöðu sína við þá breytingu á þeim tíma. Ég held þó að þetta megi heita meira sagnfræði í dag, það séu ekki deilur um það hvort umhverfisráðuneytið verði til. Það hefur tekið breytingum. Umhverfisráðuneytið er að verða æ viðameira og ég spái því að það muni stækka enn þegar fram líða stundir, bæði að verkefnum og mannafla. Straumarnir liggja þannig í stjórnmálunum að menn horfa meira á úrlausn ýmissa málaflokka í þjóðfélaginu og þjóðmálunum út frá umhverfismálum og þess vegna vex þýðing umhverfisráðuneytisins. Að sama skapi verður þýðing einstakra atvinnuvegaráðuneyta minni og ef við skoðum einfaldlega tölur um stærð og umfang ráðuneyta eru sum þeirra afskaplega lítil svo að ekki sé meira sagt og það er varla hægt að segja að það sé fullt starf að vera ráðherra yfir þeim smæstu. Það er fyllsta ástæða til að huga að endurskipulagningu Stjórnarráðsins í þessu ljósi til að leitast við að viðfangsefnin verði nokkurn veginn svipuð að umfangi, stærð og ábyrgð og málum sé skipað með eðlilegum hætti á milli ráðuneyta. Það þýðir m.a. að umhverfismálaviðhorfið þarf að vera í einu ráðuneyti en atvinnumála- og nýtingarviðhorfið í öðru ráðuneyti þannig að hægt sé að fela umhverfisráðherra stjórn og úrlausn ákveðinna mála á heildarsviði án þess að hann sé bundinn af hagsmunum einstakra atvinnuvega. Ég held að það sé óþarfi og varla ástæða til þess lengur að halda úti sjálfstæðum atvinnuvegaráðuneytum, sérstaklega ekki í landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarráðuneyti. Þau eru öll orðin mjög lítil og ég hygg að það sé eðlilegt að sameina þau í eitt, kannski tvö ef við tökum viðskiptaráðuneytið með. Ég held að þær vangaveltur sem hér hafa komið fram um að landbúnaðarráðuneytið verði fljótlega lagt niður sem sjálfstætt ráðuneyti séu ekki alveg út í hött. Ég held að því verði óhjákvæmilega hrint í framkvæmd við ríkisstjórnarskipti, hvort sem það verður næst eða þarnæst.

Mig langar að spyrjast fyrir um eitt atriði í þessu frumvarpi til að það komi fram hvernig beri að skilja það. Það varðar 1. gr. 3. mgr. Eins og þeir sjá sem hafa kynnt sér efni frumvarpsins er í 1. mgr. fasteignareiganda veitt heimild til að verja land gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns með því að víkka vatnsfarveg, breyta honum eða gera nýjan, og í 2. mgr. er þessum fasteignareiganda veitt heimild til eignarnáms til að hrinda þessum áformum sínum í framkvæmd. Í 3. mgr. birtist svo ráðherrann sjálfur og honum er falið að ráðast í framkvæmdir gegn landspjöllum, enda sé það gert til að „verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill“. Mig langar að spyrja: Hvað er þetta víðtæk heimild? Hvenær á ráðherrann að beita henni? Á hann að beita sér samkvæmt þessu ákvæði ef um er að ræða einhver landspjöll sem eru að verða á einhverri landareign sem ríkið á ekki og jafnvel þótt landeigandi aðhafist ekkert? Gefur þetta þá ráðherra heimild til að grípa inn í gegn vilja landeiganda og jafnvel skyldu til að grípa inn í gegn heimild landeiganda og grípa til aðgerða til að vinna gegn landbroti? Mig langar að fá aðeins skýringar á því hvað þessi heimild ráðherra í 3. mgr. er víðtæk, mér finnst greinargerð frumvarpsins ekki skýra nægjanlega hversu víðtæk hún á að vera.

Ég vil svo segja eitt, virðulegi forseti, um það sem hér hefur verið töluvert rætt, ákvæði stjórnarsáttmálans um sjávarútvegsmál. Í honum segir, með leyfi forseta: „Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá.“ Þetta er alveg skýrt og um þetta varð samkomulag milli stjórnarflokkanna, æðstu stjórnir beggja stjórnarflokkanna samþykktu samkomulag um að hrinda þessu í framkvæmd núna.

Það sem hefur gerst er að stjórnarskrárnefndin hefur í raun lokið störfum án þess að efna þetta ákvæði stjórnarsáttmálans. Það liggur algjörlega fyrir að það er ekki stjórnarandstaðan sem er að spilla fyrir því að það náist samkomulag um að efna þetta ákvæði stjórnarsáttmálans. Það eru stjórnarflokkarnir sjálfir sem eru að stöðva sína eigin yfirlýsingu. Það liggur ekkert fyrir um það að Sjálfstæðisflokkurinn sé að stöðva þetta mál, virðulegi forseti. Það hefur ekkert komið fram opinberlega frá fulltrúum Framsóknarflokksins um að Sjálfstæðisflokkurinn standi í veginum fyrir framkvæmd á þessu ákvæði sem flokkarnir urðu sammála um. Það liggur heldur ekki fyrir af hálfu sjálfstæðismanna að það séu framsóknarmenn sem stöðvi þetta. Það liggur yfir höfuð ekkert fyrir af hverju þetta ákvæði stjórnarsáttmálans nær ekki fram að ganga.

Stjórnarflokkarnir verða að skýra þjóðinni frá því hvað veldur því að þeir beri ekki fram eigin tillögu. Hvað veldur því að þeir efna ekki það sem þeir hafa lofað? Um það snýst málið. Það hefur ekki komið fram. Það er farið að undirbúa frumvarp um breytingu á stjórnarskránni og þetta ákvæði er ekki þar. Það er hins vegar verið að undirbúa það að breyta stjórnarskránni þannig að það verði erfiðara en núna er að koma nýju ákvæði inn í stjórnarskrána. Í dag er nægjanlegt að það sé einfaldur meiri hluti á Alþingi fyrir kosningar og einfaldur meiri hluti á Alþingi eftir kosningar fyrir tiltekinni breytingu og þá nær hún fram að ganga. Núna er verið að leggja kjölinn að því að breyta þessu þannig að það þurfi samþykki tveggja þriðju alþingismanna til að stjórnarskrárbreyting eigi möguleika á að ná fram að ganga. Það er verið að setja erfiðari skilyrði en eru í dag til að breyta stjórnarskránni og það er verið að fela Sjálfstæð-

isflokknum neitunarvald á allar stjórnarskrárbreytingar nái þessar hugmyndir fram að ganga. Á meðan Sjálfstæðisflokkurinn hefur þriðjung atkvæða og a.m.k. 21 þingmann getur hann stöðvað allar stjórnarskrárbreytingar í framtíðinni ef þessi drög verða lögð fram eins og þau litu út í gær.

Hvað á það að þýða, virðulegi forseti, að ætla sér að breyta stjórnarskránni þannig að Sjálfstæðisflokkurinn fái neitunarvald, hann geti neitað því að samþykkja stjórnarskrárbreytingu og geti komið í veg fyrir að þjóðin fái að kjósa um stjórnarskrárbreytingu eins og var þó yfirlýstur tilgangur þessarar breytingar?

Virðulegi forseti. Menn verða að skýra þetta. Ég get ekki skýrt þetta öðruvísi en svo að stjórnarflokkarnir séu ekki aðeins að hlaupa frá eigin yfirlýsingu um stjórnarskrárákvæði um auðlindir hafsins, heldur ætla þeir sér að breyta stjórnarskránni þannig að það verði enn erfiðara en er í dag að koma þessu ákvæði inn. Það er sem sé unnið í öfuga átt. Það er ekki bara verið að heykjast á því að efna það sem menn hafa lofað, það er líka verið að reyna að koma breytingum í gegn sem gera mönnum erfiðara síðar að koma þeim á.

Hæstv. landbúnaðarráðherra lýsti því yfir í hádeginu — ég heyrði það í þingsalnum — að framsóknarmenn mundu gera kröfu til þess að stjórnarsáttmálinn yrði efndur. Ég efa það ekki, virðulegi forseti, að þeir munu gera kröfu til þess svona rétt fyrir kosningar. En þeir munu ekki gera kröfu til þess að þessu verði hrint í framkvæmd. Þeir munu leka niður í þessu máli, þetta er sjónarspil til að blekkja fólk. Ef menn meina eitthvað með því sem þeir skrifa undir í stjórnarsáttmála og lofa sjálfum sér og öðrum standa þeir við það. Ef ekki er staðið við stjórnarsáttmálann þá slíti hann ríkisstjórninni. Ef landbúnaðarráðherra fer með rétt mál, að flokkur hans gerir kröfu til að við þetta verði staðið, spyr ég: Hvernig stendur á því að hann hefur öll þessi ár og allar þessar vikur þar sem unnið hefur verið að undirbúningi stjórnarskrárbreytingarinnar unað því að málið næði ekki fram að ganga? Við því er bara eitt svar: Hann ætlar að una því að ekki verði breytt. Það er jafnvel ekki víst að Framsóknarflokkurinn vilji að þessu verði breytt. Þeir eru nefnilega margir, bakhjarlarnir úr kvótaliðinu sem segja við hæstv. landbúnaðarráðherra að þeir vilji ekki að þetta verði þjóðareign, bæði úr Suðurkjördæmi og víðar. Það er nefnilega og hefur verið undanfarin ár leynt og ljóst unnið að því af hálfu LÍÚ að fá fiskveiðiréttindin viðurkennd sem einkaréttindi. Þeir hafa haldið ráðstefnur í því skyni, flaggað þar lögfræðiálitum og talað mjög skýrt í þeim efnum. Þeir leggjast á móti þessu ákvæði. Hvernig stendur á því að þessir hæstv. ráðherrar eru enn þá ráðherrar í ríkisstjórninni ef þeir meina að þetta eigi að fara fram? Strax og það varð ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að stoppa málið áttu þeir að slíta ríkisstjórninni, að sjálfsögðu, en þeir sitja. Það vita sjálfstæðismenn og þeir munu héðan af ekki slíta ríkisstjórninni, jafnvel þó að Sjálfstæðisflokkurinn bregði fæti fyrir málið þessa fáu daga sem eftir eru þings. Auðvitað ekki. Fyrst þeir fóru ekki þegar fyrir lá að það yrðu vanefndir hafa þeir enga stöðu til að fara héðan af. Þetta er sjónarspil hjá hæstv. landbúnaðarráðherra. Hann er búinn að taka þátt í því að samþykkja það að þetta verði ekki efnt og það gerði hann þegar hann ákvað að sitja áfram sem landbúnaðarráðherra eftir að honum varð ljóst að ekki stæði til að þetta ákvæði yrði látið ná fram að ganga. Það er blekkingin sem hæstv. landbúnaðarráðherra er að reyna að bera fyrir þingheim. Það er ekki stórmannlegt, virðulegur forseti.

Hæstv. landbúnaðarráðherra og flokksmenn hans vita að þeir geta fengið þetta mál í gegnum þingið núna með stuðningi stjórnarandstöðunnar. Það er þeirra að ákveða hvort þeir vilji þiggja það eða frekar sitja í ríkisstjórninni með Sjálfstæðisflokknum og málið fari ekki fram. Ef það er eitthvert sannleikskorn í því að krafan sé núna reist um að þetta verði efnt, hvaða skilyrði setja þá sjálfstæðismenn fyrir því að verða núna við kröfunni? Halda menn að sjálfstæðismenn muni kaupa það ókeypis að hleypa þessu ákvæði fram núna eftir að framsóknarmenn eru búnir að sætta sig við að það nái ekki fram að ganga? Nei, menn skulu ekki láta sér detta það í hug. Spurningin er bara: Hver er verðmiði sjálfstæðismanna á því að þetta nái fram að ganga? Það sjáum við næstu daga. Kannski er verðmiðinn sá að búa til svo flókna stjórnarskrárbreytingu að ekki verði hægt að ná fram breytingu á stjórnarskrá, hvorki um þetta atriði né annað án samþykkis Sjálfstæðisflokksins, að menn selji Sjálfstæðisflokknum um ókominn tíma sjálfdæmi um það hvernig stjórnarskrá lýðveldisins líti út. Er það verðið sem Sjálfstæðisflokkurinn setur upp, virðulegi forseti? Það má færa fyrir því nokkuð góð rök miðað við þau drög sem liggja fyrir þinginu þessa dagana.

Virðulegur forseti. Það gefst örugglega tækifæri til að ræða þetta frekar síðar en ég gat ekki staðist það að blanda mér inn í umræðu um stjórnarsáttmálann vegna þess hvernig aðdragandi málsins var að því að þetta ákvæði fór á annað borð inn í hann.

[15:02]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði bara að vekja athygli á því í þessari umræðu sem hefur staðið frá því um ellefuleytið að þetta var fyrsti ræðumaðurinn, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem kom aðeins örlitla stund í ræðu sinni inn á efni frumvarpsins, hann ræddi aðeins um fyrirhleðslur (Gripið fram í.) og það var mjög ánægjulegt. Ég hefði gjarnan viljað eiga orðastað við vinstri græna, eins og ég sagði í fyrra andsvari, við erum nefnilega að ræða mikið umhverfismál og það kemur mér á óvart að vinstri grænir skipti sér ekki af málinu, þeir svari ekki spurningum og láti sig þetta einu gilda. Það sem sem við erum að fjalla um í þessu frumvarpi er með stærri umhverfismálum, ekki bara breytingin milli ráðuneyta heldur það hlutverk sem fyrirhleðslurnar þjóna, þær þjóna miklu hlutverki. Við þekkjum það á Suðurlandi, þar höfum við breytt ónýtu landi, landi sem ekki er hægt að nota til nokkurra hluta í besta ræktunarland landsins og ég er að tala um bæði fyrirhleðslur í Þykkvabænum og Landeyjunum.

Það væri mjög ánægjulegt og hefði verið skynsamlegt hjá vinstri grænum að gefa sér örlítinn tíma til að ræða umhverfisþátt þessa frumvarps en tala ekki eins og hv. þm. Jón Bjarnason gerði áðan með tómum útúrsnúningum. Mér finnst skorta á, eins og ég hef sagt áður, að vinstri grænir ræði umhverfismál þegar þau eru rædd í frumvörpum sem

þessu. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn er alveg laus við útúrsnúninga.)

[15:04]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var í rauninni fróðlegt að hlusta á hv. þm. Kristin H. Gunnarsson þar sem hann talaði hart til þess flokks sem fóstraði hann í heil átta eða níu ár og hann var þar góður liðsmaður en er nú farinn og horfinn. Hann minnti mig á hinn mikla kvenskörung úr kjördæmi hans — þó að ekki sé hann nú kvenlega vaxinn — þegar hann réðist að Framsóknarflokknum, Guðrúnu Ósvífursdóttur, sem sagði einhvern tíma: „Þeim var ég verst er ég unni mest." (**ÖS:** En Framsóknarflokkurinn var aldrei vondur við hana.) (**JÁ:** Þér hefur sárnað.) Nei, nei, mér sárnaði ekkert, en ég sé í hvaða stöðu hinn fjölhæfi þingmaður, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, er.

Ég hef svarað öllu úr þessum ræðustól um þjóðareign á sjávarútvegsauðlind nánast í hverri einustu ræðu þannig að hv. þingmaður veit skoðun mína og það þýðir ekkert að skamma Framsóknarflokkinn látlaust fyrir það að vilja standa við það ákvæði sáttmálans. Menn verða þá að skamma þá sem ekki vilja það ef þeir eru einhverjir. (Gripið fram í.) Tíminn leiðir það í ljós.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði út í eignarnám. Það er alveg ljóst að það er flókin aðgerð og það er auðvitað skýring á því eins og segir í lögunum:

„Nú þykir tjón eða hætta búin eign annars manns eða réttindum af mannvirkjum slíkum sem í 1. lið segir, eða að af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta hagsmunum almennings, og má þá því aðeins framkvæma verkið, að leyfi ráðherra komi til. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja vegna hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna."

Þetta er alveg skýrt og er auðvitað alveg skýrt í lögunum eins og þau standa í dag.

[15:06]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en það sem mér varð starsýnt á í frumvarpinu er í 3. mgr. 1. gr. en hún hefst á orðunum, með leyfi forseta:

„Ráðherra er rétt að ráðast í framkvæmdir ..." — Sem verður ekki skilið öðruvísi að mínu viti en svo að ráðherrann megi ráðast í framkvæmdir á annarra manna landi og beita eignarnámsheimild til að koma þeim framkvæmdum á. Ég spurði hvort þetta væri réttur skilningur, ef landeigandinn vildi ekki vinna gegn landbroti, t.d. vegna þess að hann vildi leyfa náttúrunni að breyta árfarveginum eins og hún gerir af sjálfu sér, þá gæti ráðherrann gripið inn í þau áform landeigandans og ómerkt þau í raun og fyrirskipað varnir gegn landbroti.

Þetta er ekki alveg sjálfgefið, maður getur auðvitað séð fyrir sér tilvik þar sem nauðsynlegt væri að gera þetta, en það er samt ekki alveg sjálfgefið að ráðherrann hafi svona opna heimild til að grípa inn í. Þess vegna vakti ég athygli á þessu og spurðist fyrir um þetta ákvæði.

Um síðara málið, sem er kannski það sem stendur upp úr í þessari umræðu, sem er aðalmálið, það er auðvitað ekkert hægt að segja eins og hæstv. landbúnaðarráðherra „það mun koma í ljós". Það hefur komið í ljós. Ákvæði stjórnarsáttmálans er inni og það er ekki í tillögum stjórnarskrárnefndar. Hann og aðrir í hans flokki hafa sætt sig við að þetta nái ekki fram að ganga. Þannig stendur málið. Hæstv. ráðherra er búinn að kyngja þessu hvort sem hann var nauðugur eða viljugur. (**ESB:** Hann lofaði áðan að það yrði efnt.) Já, já, þá þarf hann að svara því hvernig hann ætlar að efna það, virðulegi forseti. Með hverjum ætlar hann að efna þetta ákvæði?

[15:08]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra orðaði það svo áðan í einni af sínum ágætu ræðum fyrr í dag að þetta mál snerist í reynd bara um það að aftur væru færð til landbúnaðarráðuneytisins tiltekin verkefni sem með lögum voru frá því tekin. Það er ekki hægt annað, herra forseti, en að rifja aðeins upp hinn ótrúlega aulahátt á þessu máli öllu saman.

Það mál sem við höfum verið að ræða hér tímum saman er einfaldlega til orðið vegna valdaskaks innan Framsóknarflokksins á sínum tíma. Þá var staða hæstv. landbúnaðarráðherra með þeim hætti innan Framsóknarflokksins að hann hafði ekki afl til þess að spyrna gegn þeim sem að honum sóttu, hæstv. þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem nú gegnir stöðu utanríkisráðherra. Hún seildist með miklum krafti inn fyrir múra landbúnaðarráðuneytisins og tók þetta verkefni af honum með valdi í því frumvarpi sem þrýst var í gegnum þingið í tengslum við vatnalögin. Á þessum tíma benti stjórnarandstaðan á að það væri fjarri öllu lagi að taka þessi verkefni, sem m.a. lúta að fyrirhleðslum og öðru slíku og beinast að því að halda vötnum sem flæmast yfir sand í sínum rétta farvegi. Þau ættu að sjálfsögðu heima hjá hæstv. landbúnaðarráðherra. Um það held ég að við séum algjörlega sammála. Efni þessa frumvarps er þess eðlis að ég sé ekki mikil efnisleg rök til að standa fast gegn því að það fari í gegn. Ég rifja það upp að stjórnarandstaðan benti á þetta á þessum tíma og ekki bara það, hún bauðst til þess að flytja þetta mál til að skáskjóta hæstv. landbúnaðarráðherra fram hjá vígjum hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, á þeim tíma. Við í stjórnarandstöðunni buðumst til þess að selflytja hæstv. landbúnaðarráðherra í skjól. Á þeim tíma töldum við það vera gustukaverk vegna þess að sótt var harkalega að honum og hann beittur afli af þeim sem þá réðu í Framsóknarflokknum.

Nú hefur hæstv. landbúnaðarráðherra aftur náð vopnum sínum. Á þessum tíma gat hann ekki þekkst boð stjórnarandstöðunnar vegna þess að honum var bannað það af þáverandi formanni Framsóknarflokksins, Halldóri Ásgrímssyni. Eins og við vitum var það stundum hlutskipti hæstv. landbúnaðarráðherra að skjótast undan eins og hræddur héri þar sem Halldór Ásgrímsson annars vegar var. Nú er hann hins vegar laus við þennan fjanda sinn og er frír og frjáls og flýgur eins og örn og dregur súg í flugnum. Nú kemur hann hingað og vill brjóta af sér hlekki hæstv. utanríkisráðherra Valgerðar Sverrisdóttur og sætir færi þegar hún er stödd í annarri heimsálfu. Það er sjálfsagt að menn hjálpi honum til

þess að rétta aftur hlut sinn í þessu efni.

Það er nauðsynlegt að undirstrika þessa forsögu málsins. Við erum að taka upp tíma þingsins einvörðungu vegna þess að hæstv. landbúnaðarráðherra varð undir í valdaskaki innan Framsóknarflokksins. Nú hafa þau hlutföll breyst aftur. Hæstv. landbúnaðarráðherra trónir eins og hani á haug Framsóknarflokksins og leyfir sér að vera með digrar yfirlýsingar sem bæði sneiða nokkuð af og þrengja að valdi formanns Framsóknarflokksins, sem situr mér til hægri hliðar, en neytir líka þess aflsmunar sem nú er allt í einu orðinn honum í vil og hrammsar aftur það sem Valgerður Sverrisdóttir, núverandi. hæstv. utanríkisráðherra, tók frá honum í fyrra.

Hæstv. landbúnaðarráðherra neytir líka þess afls og frelsis sem hann telur sig nú hafa eftir að hafa verið laus við þann draug sem hann þurfti áður að bera, svo ég vísi í kínverskan málshátt, og hann hefur verið hér með ákaflega digrar yfirlýsingar sem tengjast samstarfi stjórnarflokkanna tveggja. Eitt af því sem hæstv. núverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra beitti sér fyrir innan Framsóknarflokksins voru sættir millum stríðandi afla í flokknum sem tókust á um sjávarútvegs- og kvótamál. Þá var það sáttargjörðin sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, hafði frumkvæði að, að vængirnir í Framsóknarflokknum sameinuðust um að koma því í kring að inn í stjórnarsáttmála yrði sett mjög afdráttarlaus yfirlýsing um að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks mundi beita sér fyrir því að inn í stjórnarskrána yrði sett ákvæði um þjóðareign á sjávarauðlindinni. Þetta var eitt af því sem Framsóknarflokkurinn hrósaði sér hvað mest af þegar hann endurnýjaði stjórnarsamstarfið við Sjálfstæðisflokkinn. Framsóknarmenn fóru um landið á þeim tíma þegar umræður voru miklu harðari um kvótakerfið og boðuðu þessa stefnu. Fólk trúði þeim og fólk kaus þá m.a. út af þessu. Þetta var eitt af því sem leiddi til þess að Framsóknarflokkurinn náði síðbúnu flugi og hélt pólitísku lífi sem dugði til þess að tosa honum inn í núverandi ríkisstjórn.

Þá er ekki nema vona að menn spyrji um efndir. Ég hef verið í þeirri nefnd sem hefur verið dregin inn í þessa umræðu, stjórnarskrárnefnd, og mér er mætavel kunnugt hvernig þessi mál voru þar. Það er algjörlega hárrétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur sagt að þar var drjúgur meiri hluti fyrir því að stjórnarskrárnefndin sameinaðist um þetta ákvæði. Þar lýstu allir fulltrúar stjórnarandstöðunnar yfir stuðningi við að það yrði tekið inn í stjórnarskrána. Þá lá það jafnframt ljóst fyrir að þetta var eitt af því sem hafði verið hnykkt sérstaklega á með ályktunum á flokksstjórnarfundum og miðstjórnarfundum Framsóknarflokksins þannig að það lá alveg ljóst fyrir hver var afstaða Framsóknarflokksins. Að því leyti til var gildur meiri hluti í nefndinni og framsóknarfulltrúarnir hefðu ekki þurft nema að anda því út úr sér að þeir styddu þetta mál til þess að það hefði farið í gegn og það hefði sennilega dugað til þess að beygja fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Það hefur ekki verið gert.

Nú eru eftir fimm, sex virkir þingdagar og þessu mikilvæga stefnumáli Framsóknarflokksins hefur ekki verið hrint í framkvæmd. Við höfum beðið eftir því sem sitjum á hinu háa Alþingi og erum jafnframt fulltrúar í stjórnarskrárnefndinni að inn í þingið kæmi í frumvarpsformi það ákvæði sem nefndin sammæltist um. Menn hefðu þá eftir atvikum getað stutt Framsóknarflokkinn til að rétta sinn hlut í þingsölum. Það hefur ekki virst mikill vilji til þess fyrr en í dag, herra forseti. Það er ekki fyrr en í dag að varaformaður Framsóknarflokksins lýsir því yfir úr þessum ræðustóli að Framsóknarflokkurinn hyggist sjá til þess að þessu ákvæði í stjórnarsáttmálanum verði hrint í framkvæmd. Hæstv. ráðherra hnykkti á því í ræðum sínum fyrr í dag með því að segja að hann mundi beita sér fyrir að það yrði gert á þessu þingi.

Herra forseti. Þetta sætir sögulegum tíðindum vegna þess að á morgun hefst flokksþing Framsóknarflokksins. Eftir að varaformaður Framsóknarflokksins hefur lýst þessu yfir er óhjákvæmilegt annað en að formaður flokksins taki undir með honum og að Framsóknarflokkurinn samþykki það alveg skýrt á flokksþinginu á morgun að á þessu þingi verði efnt það kosningaloforð og sú yfirlýsing sem flokkarnir báðir gáfu í samstarfssáttmála sínum að ákvæði um sameiginlega þjóðareign á sjávarauðlindinni verði tekið upp í stjórnarskrá. Það var það sem hæstv. landbúnaðarráðherra lýsti yfir áðan, hann var að lofa því. Eins og kom fram í máli hv. þm. Ellerts B. Schrams er hæstv. landbúnaðarráðherra maður orða sinna og það er minna en 90% vatn í honum þannig að það hlýtur þá að vera meira af beinum í honum en í meðaltalsframsóknarmanninum. Þess vegna verður það að koma fram hvort hæstv. landbúnaðarráðherra var bara að gaspra og fara með orð út í loftið eða ... (**Landbrh.:** Það er ekki líkt honum.) Það er ekki líkt honum, kallar hann fram í, og ekki ætla ég í deilur við hann um það. En það hlýtur að þýða að Framsóknarflokkurinn ætlar sér að berja í gegn á þessu þingi þessa mikilvægu breytingu á stjórnarskránni. Það liggur alveg fyrir og ég get lýst því yfir fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að hún mun styðja hann í því.

Ég verð þá hins vegar að fá það skýrt fram við þessa umræðu hvort hæstv. landbúnaðarráðherra stendur hér bara á annarri löppinni eða hvort hann hefur stuðning af formanni flokksins. Mér finnst eins og þessi umræða hefur þróast, herra forseti, að þá verði hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður Framsóknarflokksins, að koma hingað og segja alveg skýrt hvort það sé svo að Framsóknarflokkurinn muni láta Sjálfstæðisflokkinn standa frammi fyrir þessu loforði um að breyta stjórnarskránni með þessum hætti. Það verður að koma skýrt fram annars er hæstv. landbúnaðarráðherra ekki merkur orða sinna. Ég tel þess vegna að ekki sé hægt að ljúka þessari umræðu fyrst að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur gefið þessa yfirlýsingu án þess að fyrir liggi alveg skýrt af hálfu forustu Framsóknarflokksins hvort hún muni standa við yfirlýsingu Guðna Ágústssonar, varaformanns Framsóknarflokksins og hæstv. landbúnaðarráðherra, um þetta. Það er algjörlega nauðsynlegt. Þetta er eitt af helstu grundvallaratriðunum sem hafa verið í umræðunni um sjávarútvegsmál og auðlindamálin öll. Það gengur ekki að forustumenn komi hér og tali með þessum hætti án þess að innstæða sé fyrir því.

Ég vil segja það alveg skýrt að ég er ekki að halda því fram að ekki sé innstæða fyrir þessu hjá hæstv. ráðherra en

hún hefur aldrei komið fram áður. Þetta er í fyrsta skipti á kjörtímabilinu sem það er sagt alveg skýrt af hálfu forustu Framsóknarflokksins að hún ætli að ná þessu fram. Það getur ekki þýtt annað en að Sjálfstæðisflokkurinn muni þá beygja sig fyrir þessum kröfum. Þessar kröfur hljóta að koma fram á þingi Framsóknarflokksins á morgun, ella er ég ansi hræddur um að lítið verði úr orðstír þess flokks og trúverðugleika og er þó kannski ekki mikið til af þeirri sortinni núna. Ég segi þess vegna, herra forseti, að ég tel óhjákvæmilegt að hæstv. landbúnaðarráðherra upplýsi þingheim um það hvort hann túlki hér einungis sína eigin persónulegu skoðun eða hvort hann sé að flytja hér þann boðskap forustu Framsóknarflokksins að hún muni krefjast þess af Sjálfstæðisflokknum að stjórnarskránni verði breytt áður en þinginu lýkur 15. mars í þá veru að sett verði nýtt ákvæði um að í stjórnarskránni verði alveg skýrt kveðið á um þjóðareign á hinum sameiginlegu sjávarauðlindum.

Ég vildi óska eftir því líka, herra forseti, sökum mikilvægis þessa máls, af því að hér er um grundvallaratriði að tefla, að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður framsóknarflokksins, staðfesti þennan skilning og ég spyr hæstv. landbúnaðarráðherra: Voru þetta bara orðin tóm? Var þetta bara sagt til að slá keilur og hugsanlega ryki í augu þeirra sem hafa efast um trúverðugleika forustu Framsóknarflokksins í þessu máli? Hæstv. landbúnaðarráðherra er maður sinna orða og vænt þætti mér um að hann staðfesti það hér að Framsóknarflokkurinn hyggist sjá til þess að þetta loforð verði efnt áður en þing er úti.

[15:21]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að nota tækifærið og árétta og taka undir orð hæstv. landbúnaðarráðherra. Við munum áfram beita okkur fyrir því að tekið verði upp ákvæði í stjórnarskrána um sameign á auðlindum sem styrkir og staðfestir löggjafarvald Alþingis um afnota- og nýtingarrétt, eins og t.d. í núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að leiðrétta ákveðinn misskilning sem virðist ráða hugarfari og hugskoti hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Hann stjórnar ekki flokksþingi framsóknarmanna. Það er lýðræðisleg fjöldasamkoma og hún ansar ekki hrópyrðum frá honum.

[15:22]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að láta alla njóta vafans. Ég hef óskað eftir því að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður Framsóknarflokksins, staðfesti að það sé einbeitt stefna Framsóknarflokksins að ná inn í stjórnarskrána þessu ákvæði um sameign á sjávarauðlindinni. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að það sé einbeittur vilji Framsóknarflokksins að gera það

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það er ekki mitt heldur þeirra sem enn teljast til Framsóknarflokksins að ráða því hvað gerist á flokksþingi Framsóknarflokksins. En ég hef sem þátttakandi í íslenskum stjórnmálum fullan rétt til að ganga eftir því hjá forustu stjórnmálaflokks hvort hún hyggist efna loforð sín, og hæstv. ráðherra gekk ekki nema hálfa leið að því. Hann sagði: Þetta er einbeittur vilji okkar, en hann svaraði ekki spurningunni um það hvort Framsóknarflokkurinn ætlaði að gera það áður en þingi sleppti núna. Þá verð ég að hressa upp á minni hæstv. ráðherra.

Sú yfirlýsing sem var samþykkt inn í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar fól það í sér að á þessu kjörtímabili, þ.e. áður en þau fjögur ár eru liðin frá því að núverandi ríkisstjórn hóf sína fyrstu göngu, yrði þetta samþykkt á Alþingi og tekið upp í stjórnarskrána. Það var loforðið, og spurning mín er þessi: Verður staðið við þetta loforð? Við skulum leyfa hæstv. ráðherra að njóta alls þess veldis sem hann hefur á flokksþingi Framsóknarfokksins og síst skal ég á þessu stigi sletta mér fram í það, en ég áskil mér rétt til að ræða það hér eftir helgina.

Ég hef hins vegar sem alþingismaður rétt til þess að spyrja hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem situr hér á þinginu með mér: Mun hann standa við þau orð að stjórnarskránni verði breytt að þessu leytinu (Forseti hringir.) áður en þing er úti?

[15:24]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek og árétta það sem ég sagði áður, ég tek undir ummæli og yfirlýsingar hæstv. landbúnaðarráðherra. Við munum beita öllu okkar afli til þess á þessu kjörtímabili.

[15:24]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mikil og söguleg yfirlýsing hjá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formanni Framsóknarflokksins. Hann lýsti því hér yfir að Framsóknarflokkurinn mundi beita öllu sínu afli til að ná því fram á þessu Alþingi að stjórnarskránni yrði breytt þannig að sameignarákvæði um sameiginlega þjóðareign á sjávarauðlindinni yrði tekið upp í stjórnarskrána. Það eru fimm eða sex þingfundadagar þangað til þingið er úti Við vitum auðvitað sem höfum komið að þessum málum að Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið einn gegn því að stjórnarskránni yrði breytt með þessum hætti. Þessi yfirlýsing hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra felur því í sér að hann hefur í reynd lofað því að ef tillaga kemur fram um þetta á þinginu muni Framsóknarflokkurinn beita öllu afli sínu til þess að hún nái fram að ganga.

Hann verður látinn standa við þau orð. Það mun án efa koma fram tillaga á þessu þingi um þessa breytingu á stjórnarskránni og þá munum við fá að njóta afls Framsóknarflokksins sem væntanlega mun styðja þá tillögu, hvaðan sem hún kemur, en ég lýsi því líka yfir að ef hún kemur frá Framsóknarflokknum verður hún studd af stjórnarandstöðunni. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Það má svo spyrja í lok þessarar ræðu, herra forseti: Hvað verður þá um garminn hann Ketil? Enginn veit þá hvað verður um það sem eftir er af þessari ríkisstjórn því að það er auðvitað alveg ljóst að hér var hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að gefa tímamótayfirlýsingu sem varðar samstarf Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins það sem eftir lifir þessa kjörtímabils. Nú munum við sjá hvort Sjálfstæðisflokkurinn lætur beygja sig.

[15:26]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér flutti hv. þm. Össur Skarphéðinsson í andsvari eina af sínum bestu ræðum. Hann fór orðrétt með ræðu hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra um sjávarútvegsauðlindina og stefnu Framsóknarflokksins í því máli. Ég þakka hv. þingmanni fyrir. Hann hefur heyrt það í gegnum formann Framsóknarflokksins að okkur er mikil alvara í því, eins og öllu sem við höfum sett fram sem stefnumið og stjórnarsáttmála, að það gerist eins og um var talað.

Svo vil ég að lokum þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir drengilega yfirlýsingu. Hv. þingmaður er langsterkasti þingflokksformaður stjórnarandstöðunnar og ræður miklu í því starfi og hefur nú lýst því yfir að hann muni ganga í lið með landbúnaðarráðherra að landbrotsmálin færist aftur örugglega heim í landbúnaðarráðuneytið og Landgræðsluna. Ég þakka þennan góðan vilja og sé að málið er í höfn, hæstv. forseti.

[15:28]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég á engar þakkir skildar í þessu máli. Fyrst og fremst vil ég fyrir hönd þeirra sem hér hafa hlustað á ræður forustumanna Framsóknarflokksins þakka þeim fyrir að hafa loksins á lokaspretti þessa þings rifið upp í sig kjark, tekið á sig rögg og lýst því yfir að þeir ætli að láta á það reyna hvort stjórnarskránni verði breytt þannig að í hana verði tekið sameignarákvæði sem felur í sér að þjóðin mun um aldur og ævi bera sameiginlegt eignarhald á sjávarauðlindinni.

Frú forseti. Þetta eru söguleg tíðindi sem ekki hafa gerst lengi vegna þess að í þessum þingsal hefur skapast nýr þingmeirihluti fyrir grundvallarmáli, þ.e. það liggur alveg ljóst fyrir að Framsóknarflokkurinn hefur sagt að hann muni neyta alls síns afls til að ná í gegn þessari mikilvægu stjórnarskrárbreytingu og hann nýtur stuðnings stjórnarandstöðunnar í því máli. Með öðrum orðum hefur þá skapast hreinn þingmeirihluti (Gripið fram í.) í þessu máli og við munum síðan sjá hvort Sjálfstæðisflokkurinn lætur beygja sig eða ekki en ljóst er að miðað við það að forustumenn Framsóknarflokksins séu menn sinna orða, og ég dreg engan efa inn í það mál, munum við áður en þinginu sleppir fá að greiða atkvæði um það hvort stjórnarskránni verði breytt þannig að inn í hana komi ákvæði sem feli það í sér að sjávarauðlindin í hafinu verði um aldur og ævi þjóðareign.

Þetta eru söguleg tíðindi og hvort þetta á eftir að draga á eftir sér slóða varðandi ríkisstjórnarsamstarfið sjáum við á helginni.

Umræðu frestað.

## *Yfirlýsing gegn stuðningi við innrásina í Írak, fyrri umr.*

Þáltill. ÖS o.fl., 13. mál. — Þskj. 13.

[15:31]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson)**:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. forseta fyrir þá lipurð og þann góða samstarfsvilja sem kemur fram af hálfu hans og þeirra sem að forsetanum standa varðandi það að fá þessa þingsályktunartillögu til umræðu sem við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar flytjum. Sömuleiðis vil ég þakka hæstv. starfandi utanríkisráðherra fyrir að vera viðstaddur umræðuna.

Við vitum það öll sem hér höfum setið á hinu háa Alþingi síðustu árin að það hafa ekki skapast jafnheitar og tilfinningaríkar umræður í nokkru máli eins og varðandi stuðning Íslands við innrásina í Írak. Ég hef sagt það og ég held að flestir leiðtogar stjórnarandstöðunnar hafi lýst því yfir að þar sé um að ræða einhvern svartasta blettinn á utanríkisstefnu íslenska lýðveldisins og án efa er það sá gerningur sem mun lifa í minningu þjóðarinnar og verða að neðanmálsgrein í mannkynssögunni um þessa ríkisstjórn.

Því miður er það þannig, herra forseti, að þetta verður bautasteinninn sem mun standa yfir höfuðsvörðum þessarar ríkisstjórnar þegar hún er öll innan nokkurra mánaða. Stjórnarandstaðan á Alþingi hefur hins vegar margoft óskað eftir því að menn gerðu þessi mál upp með vasklegum og drengilegum hætti. Það hefur líka margoft komið fram á síðustu vikum og missirum, sérstaklega hjá forustumönnum Framsóknarflokksins að þeir telja að stuðningur Íslands við innrásina í Írak hafi verið mistök. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem nú er starfandi utanríkisráðherra hefur sagt að þetta hafi byggst á röngum upplýsingum og þar af leiðandi hafi þetta verið röng ákvörðun. Ákvörðunin hefur hins vegar leitt til mikilla hörmunga fyrir borgara Íraks og þótt ég ætli ekki að gera íslenska stjórnmálamenn að sérstökum sektarlömbum í því máli þá er það hins vegar alveg ljóst að sá siðferðilegi stuðningur sem Bandaríkjamönnum og Bretum var gefinn með yfirlýsingu hinna 30 viljugu vígfúsu þjóða skipti sköpum og hann skipti miklu máli.

Nú er það að vísu svo að það er langt um liðið og því hefur verið haldið fram að það skipti litlu máli þó að menn taki núna með formlegum hætti til baka stuðning Íslands við innrásina. En það skiptir máli fyrir íslensku þjóðina, það skiptir máli fyrir okkur sem sitjum á hinu háa Alþingi og það skiptir máli fyrir samvisku allra þeirra sem hafa heitar og mannúðlegar tilfinningar í hjarta sínu og það er þess vegna, herra forseti, sem ég flyt ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Magnúsi Þór Hafsteinssyni tillögu til þingsályktunar um yfirlýsingu gegn stuðningnum sem stjórnvöld veittu innrásinni í Írak. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka Ísland með formlegum hætti út af lista þeirra 30 þjóða sem studdu innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak vorið 2003 og lýsir því yfir að stuðningurinn við innrásina hafi verið misráðinn."

Þetta er efni tillögunnar, herra forseti. Ég tel sérstaklega miðað við yfirlýsingar forustu Framsóknarflokksins að það hljóti að vera tímabært að samþykkja ályktun með þessum hætti. Við höfum heyrt ýmsa íslenska stjórnmálamenn, sérstaklega þá sem hafa sýnt vott af samviskubiti í þessu máli og þar á ég fyrst og fremst við forustumenn Framsóknarflokksins, við höfum hlustað á þá segja það upp á síðkastið að þetta hafi verið byggt á röngum upplýsingum og þá hlýtur að vera hægt að lýsa því yfir til að hreinsa þetta mál að

stuðningurinn hafi verið misráðinn. Það er ekki farið fram á annað og að því er Framsóknarflokkinn varðar þá er það stuðningur forustu hans við þetta mál sem skipti sköpum fyrir stöðu flokksins. Það var sá stuðningur sem sleit tauginа á millum forustu flokksins og baklandsins og það var sú ákvörðun sem leiddi til þess að flokkurinn er í þeirri stöðu sem hann er núna.

Stuðningurinn við innrásina í Írak var veittur án þess að nokkurt lögbundið samráð væri haft við utanríkismálanefnd Alþingis. Það hefur líka komið fram hjá varaformanni Framsóknarflokksins að það mál var aldrei rætt í ríkisstjórn Íslands og að því leytinu til finnst mér að það hljóti að leika lagalegur vafi á því að ríkisstjórnin eða forustumenn ríkisstjórnarinnar, Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, hafi haft heimild til þess að taka þessa ákvörðun. Ég segi það, herra forseti, vegna þess að ég dreg mjög í efa eins og ýmsir þingmenn stjórnarliðsins hafa talað síðustu sex mánuði að það hafi verið meiri hluti fyrir þessum stuðningi á hinu háa Alþingi. Ákvörðunin var tekin af þáverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra einum. Stjórnarandstaðan stóð öll sameinuð gegn þessari ákvörðun og hún hefur margsinnis lýst harðri andstöðu, jafnt við innrásina sem þá fordæmalausu aðferð sem forustumenn ríkisstjórnarinnar beittu til þess að spyrða Ísland með þessum hætti við innrásarþjóðirnar. Það hefur komið fram í ítrekuðum könnunum að það er yfirgnæfandi vilji íslensku þjóðarinnar að þetta verði með einhverjum hætti leiðrétt og það má rifja það upp að a.m.k. ein könnun sem ég sá varðandi fylgi þeirra sem styðja Framsóknarflokkinn leiddi það í ljós að 90%, þ.e. 9 af hverjum 10 framsóknarmönnum voru andvígir þessu.

Þessi ákvörðun sem á sínum tíma var tekin og leiddi, að mínu viti, til alþjóðlegrar hneisu fyrir Ísland braut í blað. Þarna var um að ræða algera stefnubreytingu af Íslands hálfu til stríðsátaka. Við skulum rifja það upp, herra forseti, að skömmu eftir að Ísland varð lýðveldi var því hafnað hér á Alþingi, árið 1945, að lýsa yfir stríði á hendur Þýskalandi og Japan sem helstu bandamenn okkar voru þó í átökum við um alla veröld. Þegar Íslendingar gerðust stofnaðilar að NATO fimm árum eftir að þeir urðu lýðveldi, þá tóku Íslendingar það sérstaklega fram að þeir mundu ekki lýsa yfir stríði á hendur nokkurri þjóð. Þarna var því að öllu leyti verið að breyta fyrri afstöðu Íslendinga og þarna var verið að fara á svig við lögin og ég hef sagt það áður og ætla að endurtaka það, herra forseti, í þessum ræðustól að að mínu viti var þarna um að ræða löglausa og siðlausa ákvörðun.

Við skulum líka muna að á þessum tíma voru rökin tvenns konar fyrir stuðningi við innrásina. Í fyrsta lagi að í Írak væri að finna miklar bækistöðvar alþjóðlegra hermdarverkasamtaka al Kaída og í öðru lagi að þar væri að finna gereyðingarvopn. Þetta voru rökin sem voru notuð til að skýra og styðja afstöðu tveggja forustumanna ríkisstjórnarinnar. Hvað hefur reynslan leitt í ljós? Jú, það hefur komið fram að al Kaída hafði engar bækistöðvar í Írak og það hefur ekkert komið fram sem benti til þess að þeir hefðu starfað í skjóli Saddams Husseins og haft vígstöðvar eða bækistöðvar í Írak. Og það sem hefur einnig komið fram er að það var hvorki tangur né tetur af gereyðingarvopnum í Írak. Einu leifarnar sem fundust í þeim voru eiturefnavopn sem höfðu verið búin til í skjóli Breta upp úr árinu 1980. Þetta var reyndar upplýst áður en íslensk stjórnvöld tóku þessa ákvörðun. Þetta var upplýst af þáverandi forustumanni í breska Verkamannaflokknum, utanríkisráðherra Robin Cook sem hafði aðgang að nákvæmlega sömu trúnaðarupplýsingum og Blair forsætisráðherra sem aftur voru hin sömu og bandarísk stjórnvöld höfðu og hann upplýsti það áður en hann dó í merkri afsagnarræðu í breska þinginu að ekkert hefði bent til þess að þetta væri rétt. Nú getum við auðvitað haldið því fram að þó að mikilvægur ráðherra í ríkisstjórn gamals heimsveldis eins og Breta hafi haft þessa vitneskju þá sé ekki hægt að gera því skóna að íslenskur forustumaður eins og Davíð Oddsson eða Halldór Ásgrímsson hafi hugsanlega haft þá vitneskju og á það er hægt að fallast.

Hins vegar verður að rifja það upp að þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hafði verið í aðdraganda innrásarinnar í Írak algerlega andsnúinn því að í innrásina yrði ráðist með stuðningi ríkja á borð við Ísland vegna þess að Halldór Ásgrímsson vildi gefa vopnaeftirlitsnefnd Hans Blix sem starfaði á vegum Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til þess að ganga úr skugga um hvort einhver gereyðingarvopn væri að finna í Írak. Hann skipti um skoðun á einni viku. Og hvað var það sem olli því að formaður Framsóknarflokksins á þeim tíma skipti um skoðun? Það væri hægt að spá með margvíslegum hætti í það. En eitt er ljóst að hann gerði það eftir kvöldfund með Davíð Oddssyni og eftir samráð við bandaríska sendiherrann. Sá eini sem haft var samráð við hér á landi var fulltrúi bandaríska heimsveldisins. Þetta er auðvitað alveg af og frá og það er ekki hægt að segja annað en að það er skammarlegt fyrir Framsóknarflokkinn að hafa með þessum hætti bundið trúss Íslendinga við innrásina í Írak eftir að hafa talað gegn henni mánuðum saman eins og formaður Framsóknarflokksins gerði.

Hann sagði síðan, sá ágæti maður, áður en fætur hans urðu kaldir í íslenskum stjórnmálum að þetta hefði verið byggt á röngum upplýsingum. Framsóknarflokkurinn hefur síðan sagt það mörgum sinnum. En ef þetta var byggt á röngum upplýsingum þá var þetta röng ákvörðun og þá eiga menn að biðjast afsökunar á því og Alþingi Íslendinga þarf fyrir sitt leyti að hreinsa þetta mál og það verður best gert með því að því verði lýst yfir að Ísland sé með formlegum hætti tekið út af lista þeirra 30 þjóða sem studdu innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak vorið 2003.

Herra forseti. Hér var fyrir nokkrum vikum rætt um þetta sama málefni. Þá kom það fram m.a. hjá varaformanni Framsóknarflokksins að það væri heldur skrýtið að fara að ætlast til þess núna að Íslendingar lýstu þessu yfir og það væri engin þörf á því og þar að auki hefðu Íslendingar ekki komið að þessu máli með virkum hætti öðruvísi en að styðja uppbyggingarstarf í Írak og hann tilgreindi sérstaklega að það hefði verið veittar 300 millj. til þess.

Mig langar þess vegna til að spyrja hæstv. utanríkisráðherra og eftir atvikum hæstv. landbúnaðarráðherra í tilefni af yfirlýsingu hans hér: Er það rangt munað hjá mér að Íslendingar hafi tekið að sér að flytja vopn til Íraks? Er það rangt munað hjá mér að íslenska ríkisstjórnin hafi greitt fyrir flutning á mörgum flugvélaförmum af vopnum frá Slóveníu til Íraks? Er það líka rangt hjá mér, herra forseti, að íslenska ríkisstjórnin hafi greitt fyrir þjálfun írakskra örygg-

issveita? Hvað er það annað en bein þátttaka í þeim átökum sem þarna voru? Ég fæ ekki annað séð. En ég vil vísa, herra forseti, til stikla um alþjóðamál sem hægt er að finna eða var a.m.k. á heimasíðu utanríkisráðuneytisins og eru dagsettar 18. febrúar 2005 en þar kemur þetta fram. Mig langar þess vegna að spyrja þessa ágætu menn þegar þeir halda því fram að Íslendingar hafi bara tekið þátt í uppbyggingarstarfseminni í Írak: Er það rétt fullyrðing, með tilliti til þess að íslensk stjórnvöld greiddu fyrir flutning á vopnum til Íraks? Er það rétt fullyrðing með tilliti til þess að íslensk stjórnvöld greiddu líka fyrir þjálfun írakskra öryggissveita? Þetta finnst mér mikilvægt að komi fram, herra forseti.

Ég vil að lokum ítreka að mér þætti vænt um það í aðdraganda flokksþings Framsóknarflokksins, sem formaður flokksins er sérstaklega viðkvæmur fyrir að sé minnst á í þessum sal, og mig langar til að fá það fram hjá forustu Framsóknarflokksins sem á heiður skilið fyrir að sitja hérna: Telja þeir ekki að það sé rétt að hreinsa þetta mál upp í eitt skipti fyrir öll og vilja þeir ekki styðja stjórnarandstöðuna í því að samþykkja ályktun á Alþingi þar sem Ísland er með formlegum hætti tekið út af lista þeirra 30 þjóða sem studdu innrásina?

[15:45]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins segja þetta um hið erfiða Íraksmál sem, eins og ég hef áður getið, er nánast rætt í hverri viku. Hv. þingmaður sagði að ég hefði sagt að það hefði aldrei verið rætt í ríkisstjórn. Það liggur fyrir að Íraksmálið var margrætt í ríkisstjórn, bæði fyrir og eftir ákvarðanatöku. En það er alveg á hreinu að fyrrv. forsætisráðherra og utanríkisráðherra tóku þessa ákvörðun og töldu sig hafa fullan stjórnsýslulegan rétt til þess eins og hefur verið rakið. Þeir tóku ákvörðun, kynntu hana eðlilega í ríkisstjórn á eftir og hér í þinginu, og það gerðist með þeim hætti.

Það liggur fyrir að báðir þessir miklu stjórnmálaleiðtogar eru horfnir af vettvangi, þeir eru farnir út úr íslenskum stjórnmálum. Formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson hæstv. ráðherra, hefur lýst því yfir með skýrum hætti að ákvörðun um stuðning við innrásina í Írak hafi verið tekin á forsendum rangra upplýsinga og ég ítreka það og tel að það hafi komið í ljós síðar eins og mál hafa þróast. Ég gat þess á dögunum að Bandaríkjamenn hefðu einhliða sett okkur inn á þennan 30 þjóða lista og hafi í rauninni ekki haft eina einustu heimild til þess. Ég trúi því ekki að þeir hafi haft vilyrði nokkurs manns til að setja sig á þann lista því Íslendingar eru friðarþjóð. (Gripið fram í.) Ég álít að við þurfum fyrst og fremst að einbeita okkur að því að hjálpa til við uppbygginguna og að Írak nái aftur að byggja sig upp (Forseti hringir.) og þar eru sem betur fer ýmsir ágætir hlutir að gerast í dag.

[15:47]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Heldur var þetta aumleg ferð hjá hæstv. landbúnaðarráðherra hingað í ræðustól. Hann kemur hingað og ætlar að reyna að telja okkur trú um að Íslendingar hafi verið settir á þennan lista án þess að nokkur hafi verið spurður að því. Telur hæstv. landbúnaðarráðherra virkilega að Ísland sé þrátt fyrir þessa ríkisstjórn slík fótaþurrka hjá Bandaríkjamönnum að þeir hafi gert það án þess að hafa spurt utanríkisráðherra þjóðarinnar? Að sjálfsögðu ekki. Ísland var sett á þennan lista með fullu samþykki Halldórs Ásgrímssonar, formanns Framsóknarflokksins þá, og Davíðs Oddssonar, sem þá var forsætisráðherra. Þetta var löglaust, þetta var siðlaust og þetta var í andstöðu við vilja þjóðarinnar. Mér er nær að halda að þetta hafi verið í fullkominni andstöðu við vilja Framsóknarflokksins eins og hann var á þeim tíma en hann tók til fótanna í kjölfar þessa og flýði forustuna og þess vegna stendur hún eftir ein og berskjölduð með það fylgi sem hún hefur í dag.

Herra forseti. Colin Powell varð það á að flytja kolrangar upplýsingar inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Eftir að hann hætti störfum og lét af störfum sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna baðst hann afsökunar á Íraksstríðinu. Hann var nægilega mikill maður til þess að segja að það væri versti bletturinn á ferli sínum að hafa orðið þetta á og hann baðst afsökunar á því. Ég minnist þess líka að breska biskupakirkjan baðst afsökunar fyrir hönd Breta. Er ekki komið að því að forusta Framsóknarflokksins lýsi því yfir að þetta hafi verið mistök og biðjist einfaldlega afsökunar á því að hafa leitt þessa hneisu yfir íslenska þjóð og hafa með vissum hætti gert hana siðferðislega skuldbundna þeirri sekt sem Bandaríkin og Bretar bera í þessu máli?

[15:50]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var drengilegt af hv. þingmanni að rifja upp orð Halldórs Ásgrímssonar í aðalræðu sinni hér áðan, hann taldi að hefðu frekari upplýsingar legið fyrir um málið hefði ákvörðunin ekki verið með þeim hætti sem hún var. Þessa gat hv. þingmaður hér áðan. Það liggur alveg fyrir að Framsóknarflokkurinn hefur gert þetta mál upp við sig. Nýr formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, lýsti því yfir á flokksþingi Framsóknarflokksins í sumar að ákvörðunin hefði verið tekin á forsendum rangra upplýsinga. Flokksþingið tók undir þau ummæli og við erum þeirrar skoðunar. Við höfum afgreitt málið frá okkur með þessum skýra hætti.

[15:51]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformaður Framsóknarflokksins, sagði um daginn, þegar við ræddum þetta í þessum sölum að frumkvæði hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að menn ættu ekki að vera að hræra í þessu blóði. Sannarlega hefur runnið blóð vegna þessa máls. Breska tímaritið The Lancet, sem er virtasta læknatímarit í heiminum, gerði könnun á því hversu margir hefðu látist af völdum þessara átaka. Í ljós kom að 650 þúsund til 700 þúsund írakskir borgarar liggja í valnum. Hverjir bera sökina á því? Bandaríkjamenn og Bretar. Þeir réðust inn í Írak. En ekki er annað hægt en segja að þjóðir eins og Ísland bera líka vissa siðferðislega sekt á meðan þær eru á lista yfir þjóðirnar sem studdu þetta voðaverk. Ég segi að mig kennir til í hjartanu yfir því að vera partur af Alþingi sem ekki getur losað sig við þennan svarta blett. Ég bið hæstv. ráðherra, forustu Framsóknarflokksins, að gera það sem er

drengilegt og sanngjarnt í þessu máli og hjálpa okkur til að losa okkur við þennan blett á æru Alþingis og Íslands. Við verðum að fá að verja hendur okkar og koma þessu máli af okkur.

Kofi Annan, sem var framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði að þetta hefði verið ólöglegt árásarstríð. Hvernig stendur þá á því að forusta Framsóknarflokksins vill einfaldlega ekki koma hingað og biðjast afsökunar? Þeirri afsökunarbeiðni verður tekið. Þeim urðu á mistök sem höfðu skelfilegar afleiðingar og þeir eiga að biðjast afsökunar á því.

[15:53]

**Útbýting:**

Íslensk alþjóðleg skipaskrá, 667. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1013.

Störf á landsbyggðinni, 595. mál, svar utanrrh., þskj. 1014.

[15:53]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Þetta er fjarskalega undarleg umræða. Í Írak þjást milljónir. Umræðan er greinilega ekki um þá þingsályktunartillögu sem liggur fyrir og er að nafninu til til umræðu heldur eru menn að slá innanríkispólitískar keilur á kostnað Framsóknarflokksins. Umræðan er flutningsmönnum tillögunnar til skammar. Ástandið er þannig í Írak að það á að sýna því meiri virðingu en að nýta það aðeins og einvörðungu til að slá keilur sem Svíar kalla „inrikes/utrikespolitik", þ.e. að rugla hlutum saman til að koma höggi á einhverja allt aðra aðila.

Þingsályktunartillöguna ætla ég hins vegar að ræða nánar. Hún byggist á miklum misskilningi. Listinn yfir staðfastar þjóðir, sem svo er kallaður, er einfaldlega einhliða framsetning Bandaríkjamanna. Með þingsályktunartillögunni er verið að veita þeim lista formlegt vægi og gildi hér á landi. Íslendingar eru hins vegar sjálfstæð þjóð með sjálfstætt ríki, sjálfstæða löggjöf og sjálfstætt stjórnkerfi og það verður að andmæla því að einhvers konar fréttatilkynningar frá Hvíta húsinu á sínum tíma, 2003, séu látnar fá eitthvert lögformlegt gildi í afgreiðslu Alþingis. Það er langeðlilegast að svara þessum svokallaða lista með pólitískum yfirlýsingum stjórnmálamanna og það hef ég gert. Þingsályktunartillagan byggist hins vegar á hreinum misskilningi.

Ég get endurtekið það sem ég hef sagt áður, bæði hér og á öðrum vettvangi. Ég tel eftir athugun málsins í sumar og haust að ákvarðanir sem teknar voru um afstöðu Íslendinga til Íraksmála árið 2003 hafi verið rangar eða mistök. Ákvarðanaferlinu var ábótavant og það hefur verið upplýst. Það er mjög mikilvægt að vanda allan undirbúning ákvarðana í þessum efnum og þátttöku í alþjóðamálum, ég tala nú ekki um deilumálum, og þá er mjög mikilvægt að lögmætar stofnanir séu hafðar með í ráðum eins og t.d. utanríkismálanefnd Alþingis.

Ég endurtek það að þessi listi um staðfastar þjóðir — ég hef lesið hann — er aðeins fréttatilkynning frá Hvíta húsinu á sínum tíma. Hann tilheyrir liðnum tíma og hann hefur ekkert formlegt gildi á Íslandi. Eðlilegasta svarið við honum eru pólitískar yfirlýsingar stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka. Ég hef gert það fyrir mitt leyti og tillaga liggur fyrir flokksþingi framsóknarmanna á morgun um að Framsóknarflokkurinn geri það líka opinberlega fyrir sitt leyti. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að festast ekki í liðnum tíma eins og hér er gert. Við þurfum að læra af mistökum, draga réttar ályktanir af þeim, bæta stjórnsýslu okkar og vanda hana eftir öllum föngum. Alþingi hefur samþykkt fjárveitingar og það var spurt um þær hér. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef voru þetta flutningar til endurreisnarstarfs og þjálfunarstarfa. Alþingi hefur líka samþykkt og ítrekað stuðning við ályktanir Sameinuðu þjóðanna og það kemur reyndar fram í þessari fráleitu fréttatilkynningu Hvíta hússins sem verið er að reyna að glæða einhverju lögformlegu gildi á Íslandi.

Nú skiptir langmestu máli að hraða því að íbúar og þjóðir Íraks öðlist fullt sjálfsforræði og koma í veg fyrir átök við Íran. Íslendingar eiga að styðja alþjóðasamfélagið í þessu og við skulum bjóða öllum stjórnmálaflokkum á þingi og öllum öðrum aðilum til fulls samstarfs um það. En ég vara við því að farið sé fram með það að veita fréttatilkynningum Hvíta hússins í Bandaríkjunum lögformlegt gildi á Íslandi. Það á ekkert erindi hingað.

[15:58]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er langt síðan ég hef heyrt annan eins kattarþvott og þann sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafði uppi í svari sínu. Nú heldur hann því fram að þetta hafi allt saman verið að frumkvæði Bandaríkjamanna, að Ísland komst á þennan lista, og þetta hafi verið fréttatilkynning. Hvers vegna stóð þá fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, hérna dögum og vikum saman við að verja það að Ísland væri á þessum lista? Af hverju sagði hann aldrei að þetta væri fréttatilkynning? Af því að þetta er tóm vitleysa, uppspuni og helber tilbúningur. Auðvitað var það þannig að Ísland var sett á þennan lista með fullkomnu samþykki tveggja manna, Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, formanns Framsóknarflokksins, og Framsóknarflokkurinn hleypur ekki frá þeirri ábyrgð sinni. Hann ber jafnmikla ábyrgð og Sjálfstæðisflokkurinn í þessu máli og honum væri sæmst að koma hingað og biðjast afsökunar á því. Mér er sæmst að halda því fram að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ætti að biðjast afsökunar á því að bera þessa vitleysu fram. Þetta er allt annað en það sem þeir hafa áður haldið fram og þetta er aumlegt yfirklór.

[15:59]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Geðshræring hv. þingmanns leynir sér ekki. Það er alveg greinilegt að honum hefur algerlega láðst að skoða þessa hlið málsins. Ég gerði það í sumar því ég kynnti mér þetta mál. Þetta er einfaldlega fréttatilkynning frá Hvíta húsinu, hefur ekkert lögformlegt gildi og það er fullnægjandi að svara henni með pólitískri yfirlýsingu stjórnmálamanna eða stjórnmálaflokka eins og ég sagði áðan.

Að öðru leyti vil ég vitna til þess sem hæstv. forsætisráðherra sagði í umræðum fyrr í vetur að Íslendingar hefðu

ekki tekið þátt í því að vera á þessum lista en þeir andmæltu því hins vegar ekki á þeim tíma.

[16:00]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Atburðarásin var einfaldlega svona: Bandaríkjamenn gengu fast eftir því við stuðningsríki sín að þau lýstu yfir stuðningi. Þannig var þessum nöfnum safnað saman. Síðan var þeim komið á þennan lista sem var birtur á heimasíðu Hvíta hússins og öllum sjónvarpsstöðvum heimsins. Auðvitað var nafn Íslands þarna vegna þess að utanríkisráðherrann lagðist ekki gegn því að Ísland væri á listanum. Að sjálfsögðu fólst samþykkið í því.

Það urðu svo hörð viðbrögð hér heima þegar þetta kom upp að það skapaði ólgu og sennilega hafa verið einhverjir þingmenn í liði stjórnarliðsins sem vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið vegna þess að við sem fylgdumst með heimasíðu Hvíta hússins á þessum tíma munum alveg þegar nafn Íslands datt allt í einu út um 2–3 klukkustunda skeið og síðan var það einfaldlega staðfest aftur af þessum tveimur mönnum. Allar götur síðan þá hefur nafn Íslands verið á þessum hræðilega lista. (Forseti hringir.) Þetta er einhver aumlegasta málsvörn sem ég hef heyrt fyrir (Forseti hringir.) mistök fortíðarinnar.

[16:01]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var alveg með ólíkindum að hlusta á þann blekkingavaðal sem kom áðan frá formanni Framsóknarflokksins, staðgengli hæstv. utanríkisráðherra. Hann segir að þessi listi sé ekkert annað en fréttatilkynning frá Hvíta húsinu og hafi í raun og veru ekkert lögformlegt gildi. Ég er með þennan lista fyrir framan mig. Þetta er útskrift upp á sex síður og tekin af heimasíðu Hvíta hússins þar sem þessi listi er enn þá. Ég prentaði hann út sjálfur þann 14. febrúar sl. Hér eru 42 þjóðir skráðar við „Statement of Support from Coalition", stuðningsyfirlýsingar frá samherjum. (Gripið fram í.) Þar á meðal er Ísland og það er þáverandi hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddsson sem sendi þessa yfirlýsingu þann 18. mars 2003 til Hvíta hússins. Yfirlýsingin er síðan birt af Hvíta húsinu 26. mars, sex dögum eftir að innrásin hófst. Tveimur dögum áður en innrásin hófst kom yfirlýsing frá forsætisráðherra Íslands þar sem því var lýst yfir að Bandaríkin teldu öryggi sínu ógnað vegna árása frá hryðjuverkamönnum og öðrum og hér er líka talað um að Íslendingar lýsi þeim stuðningi að Bandaríkjamenn megi nota íslenska lofthelgi, flugvöllinn í Keflavík og að Íslendingar muni einnig taka þátt í svokallaðri uppbyggingu eftir að stríðinu ljúki.

Við vitum sem er, virðulegi forseti, að þessu stríði er enn hvergi lokið. Þetta er engin fréttatilkynning. (**Gripið fram í:** Vissulega.) Þetta er engin fréttatilkynning, þetta er stuðningsyfirlýsing frá 42 þjóðum, og stuðningsyfirlýsingin frá Íslendingum er enn í fullu gildi, hún hefur hvergi verið dregin til baka, hún hefur aldrei verið hörmuð þrátt fyrir það sem við höfum séð gerast í Írak eftir að þetta viðbjóðslega stríð hófst, þrátt fyrir að við vissum mörg hvernig lá í eðli hlutanna áður en stríðið hófst. Það þurfti enga stóra snillinga (Forseti hringir.) til að sjá það og ég mun fara yfir það í ræðu minni á eftir, virðulegi forseti.

[16:03]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra, formaður Framsóknarflokksins, segir að við eigum ekki að festast í fortíðinni, við eigum ekki að festast í spillingarumræðu liðinna ára, við eigum ekki að festast í Íraksstríðinu.

Hæstv. forseti. Nú er að koma að kosningum og nú vill Framsóknarflokkurinn ekki lengur horfa yfir liðið kjörtímabil og gangast við eigin verkum. Varaformaður og formaður Framsóknarflokksins verða að átta sig á því að nú er komið að uppgjöri. Nú verða menn að horfast í augu við eigin verk og menn verða að gangast við þeim. Ef þetta var einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar á sínum tíma, sem við teljum að hún hafi ekki verið, hvers vegna í ósköpunum (Forseti hringir.) krefst þá íslenska ríkisstjórnin þess ekki að við verðum formlega (Forseti hringir.) tekin út af þessum lista?

[16:05]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málsvörn hæstv. ráðherra Jóns Sigurðssonar er sú að fyrst að með ólögmætum hætti hafi verið staðið að því hér á landi að styðja innrásina í Írak verði þess ekki á sama hátt krafist að við getum með lögmætum hætti dregið þann stuðning til baka. Ég hélt að menn væru búnir að sjá villu síns vegar í því máli. Að sjálfsögðu er það skýr og lögbundin yfirlýsing ef hún kemur frá Alþingi Íslendinga.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan: Verkefnið núna er að koma í veg fyrir árás á Íran, held ég að hann hafi orðað það, eða stríð við Íran, ófrið við Íran. Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Verkefni hverra er það og hvernig nálgast ríkisstjórn Íslands það verkefni að koma í veg fyrir að líka verði stríð við Írani?

[16:06]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að árétta það sem ég sagði. Ég var að tala um verkefni alþjóðasamfélagsins og ég var að tala um að það væri nauðsynlegt og skylt að við tækjum þátt í verkefnum alþjóðasamfélagsins sem miða að því að þjóðir og íbúar Íraks fái fullt sjálfsforræði og frið sem allra fyrst og komið verði í veg fyrir átök við Íran, sagði ég reyndar.

Ég vil aðeins endurtaka að það er greinilegt að hv. þingmenn sem hafa talað hafa ekki velt fyrir sér eðli þessa plaggs sem kallað er „listi um hinar staðföstu þjóðir". Þær upplýsingar sem ég bar hér fram komu þeim mjög á óvart og ég hvet þá einfaldlega til að kynna sér málið betur. Það á að svara þessum svokallaða lista með pólitískum yfirlýsingum stjórnmálamanna. Það er fullnægjandi. Það hef ég gert og það ætlum við framsóknarmenn að gera á flokksþingi okkar á morgun. Það á ekki að sýna þessu plaggi þá virðingu að það hljóti hér eitthvert lögformlegt gildi í meðförum Alþingis.

[16:07]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ríkisstjórn Íslands sem skuldbatt Íslendinga alla, ríkið, landið, alla þjóðina með pólitískum stuðningi sínum við innrásina í Írak. Það var ekkert öðruvísi. Það skiptir engu máli hvort út var gefin fréttatilkynning eða eitthvað annað frá Hvíta húsinu, það er ekki undankomuleið Framsóknarflokksins í þessu máli hvað pappírinn nákvæmlega hét. Það breytir því ekki að ríkisstjórn Íslands veitti innrásinni sinn fulla pólitíska stuðning. Það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni. Og sá stuðningur var fyrir hendi þangað til fyrir nokkrum mánuðum eða vikum. Síðast þegar við ræddum utanríkismál á hinu háa þingi varði hæstv. utanríkisráðherra stuðninginn við innrásina með kjafti og klóm. Um það bil tveim vikum síðar höfðu framsóknarmenn séð að sér, en þá höfðu þeir varið innrásina í (Forseti hringir.) þrjú og hálft ár.

[16:09]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra og formaður Framsóknarflokksins segir að við eigum ekki að sýna plagginu þar sem listuð eru *stuðningsríki* við innrásina í Írak þá virðingu að það öðlist lögformlegt gildi, við eigum ekki að ræða það öllu meira hér á þinginu svo að það öðlist ekki lögformlegt gildi, Framsóknarflokkurinn ætli núna um helgina að segjast vera andvígur því að við vorum sett á þennan lista. Ætlar Framsóknarflokkurinn að ganga lengra og lýsa andstöðu við *Íraksstríðið*, andstöðu við ólöglega árás Bandaríkjamanna á Írak? Ég bíð eftir að heyra inntak þessarar ályktunar Framsóknarflokksins. Verða þetta bara orðin tóm, einhver tilraun til að fegra ímyndina, eða ætlar flokkurinn að lýsa andstöðu við þetta andstyggilega árásarstríð sem hefur leitt af sér dauða og hörmungar?

Við ræðum tillögu til þingsályktunar sem sameinuð stjórnarandstaðan stendur að. Við óskum eftir því að Ísland verði með formlegum hætti tekið út af lista þeirra 30 þjóða sem studdu innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak vorið 2003 og að því verði lýst yfir að stuðningurinn við þetta stríð hafi verið misráðinn.

Árásin á Írak var fyrir það fyrsta ólögleg samkvæmt alþjóðalögum. Í öðru lagi stríddi hún gegn íslenskum lögum því að ekki var haft lögbundið samráð við Alþingi og í þriðja lagi stríðir það gegn hugmyndum okkar um lýðræði að lýsa yfir stuðningi við stríð sem margoft hefur komið fram að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er andvígur.

Menn bera það fyrir sig að þeir hafi verið blekktir, þeir hafi verið leiksoppar Bandaríkjamanna og jafnvel Breta. Ég bið menn að hugsa nokkur ár til baka. Í upphafi ársins 2003, þess árs þegar árásin var gerð á Írak um vorið, flutti þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tillögu til þingsályktunar þar sem við hvöttum til þess að ríkisstjórninni yrði falið að koma þeirri afstöðu á framfæri á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar þar sem því yrði komið við að innrás í Írak yrði afstýrt og vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna gefinn nægur tími til að ljúka störfum sínum. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Komi til hernaðaraðgerða gegn Írak á næstu mánuðum skal Ísland tilkynna að ekki verði heimiluð afnot af aðstöðu á íslensku yfirráðasvæði né verði um neins konar þátttöku að ræða af Íslands hálfu í slíkum aðgerðum.“

Það mátti hvert barn vita hvað í vændum var. Nánast allan 10. áratuginn hafði íraskra þjóðin verið beitt viðskiptaþvingunum sem höfðu murkað lífið úr hundruðum þúsunda manna. Það er talið að á milli hálf og ein milljón barna hafi dáið af völdum þessara viðskiptaþvingana. Margoft fóru fram umræður um það í þessum þingsal hvort Íslendingar ættu ekki að segja sig frá þvingununum og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðum margoft fram þingmál þessa efnis. Því var haldið fram á móti og í aðdraganda innrásarinnar í Írak að þrennt réttlætti innrás: í landinu sæti harðstjórn, í landinu væru gereyðingarvopn og þar væru einnig hryðjuverkamenn sem herjuðu á okkar hluta heimsins.

Eitt var rétt í þessari upptalningu, í landinu sat ógnarstjórn. Írak hefur verið stýrt af ógnarstjórn allar götur frá því að ríkið var sett á fót af Bretum snemma á 3. áratug síðustu aldar. Þá var þar búið til konungsríki, konungur sóttur til grannríkis, og síðan gekk á með stjórnarbyltingum og blóðsúthellingum þar til Baath-flokkurinn hrifsaði til sín völdin að undirlagi og með stuðningi leyniþjónustu Bandaríkjanna árið 1963. Á sama tíma er gerð bylting í Íran, einnig að undirlagi Bandaríkjamanna, en þá er Mohammed Reza Pahlavi komið til valda þar í landi. Og til að rifja upp afskipti Vesturlandamanna af þessum heimshluta má geta þess, sem reyndar hefur margoft komið fram í fjölmiðlum og kom fram í fjölmiðlum áður en innrásin var gerð, að *margir helstu ráðamenn í stjórn Bush Bandaríkjaforseta*, Cheney, Richard Pearl, Jeb Bush, bróðir núverandi forseta, og fleiri höfðu ritað páverandi Bandaríkjaforseta bréf, það var árið 1998, þar sem þeir hvöttu til innrásar í Írak til verndar bandarískum olíuhagsmunum. Allt þetta var á vitorði allra þeirra manna sem vildu kynna sér málavöxtu. Þetta var rætt í þinginu, þetta var rætt í þjóðfélaginu, þetta var rætt í alþjóðapressunni og í ofanálag skulum við minnast þess að vopnaeftirlitsmaður Sameinuðu þjóðanna eða sá sem fór fyrir þeirri sveit óskaði aftur og ítrekað eftir því að ekki yrði ráðist á landið, heldur yrði þeim gefið meira svigrúm til vopnaleitar. Síðar hefur hann sagt að hann hafi látið þau boð út ganga að litlar líkur væru á að slík vopn fyndust. Allt þetta var í umræðunni á þessum tíma.

Síðan koma hér fulltrúar Framsóknarflokksins og segjast hafa verið blekktir, þeir hafi verið leiksoppar. Aumingja vesalings Framsókn var blekkt og hún ætlar að gera það eitt nú um helgina að segja að hún hafi ekki viljandi farið inn á þennan lista Bandaríkjamanna um hinar viljugu þjóðir, hann hafi ekkert gildi. Þessi listi hafði gildi á sínum tíma vegna þess að hann var notaður til að réttlæta árásina og hann hefur verið notaður þannig allar götur síðan. (Forseti hringir.) Núna skiptir hann hins vegar afskaplega litlu máli og þá fyrst skríður (Forseti hringir.) Framsóknarflokkurinn út úr greninu. En ætlar flokkurinn að lýsa andstöðu við Íraksstríðið og veru Bandaríkjamanna í Írak? (Forseti hringir.) Við bíðum eftir að heyra það núna um helgina.

(**Forseti** (SAÞ): Forseti biður hv. þingmann að gæta þingskapa um ræðutíma.)

[16:17]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið nokkur umræða um það hvort Ísland sé yfir höfuð á einhverjum lista hinna viljugu þjóða eða ekki, hvort slíkur listi sé yfir höfuð til. Við skulum aðeins staldra við þetta mál.

Ég kom upp í andsvör áðan, virðulegi forseti, vegna þess að mér ofbauð málflutningur formanns Framsóknarflokksins vegna þessa lista. Í millitíðinni brá ég mér fram á gang og þýddi orðrétt úr ensku yfir á íslensku hina svokölluðu stuðningsyfirlýsingu Íslendinga. Ég tel að þýðingin sé nokkuð rétt. Ég held það sé rétt að ég lesi hana upp orðrétta á íslensku þannig að hún fari inn í þingtíðindi og þannig að formaður Framsóknarflokksins og starfandi utanríkisráðherra, í fjarveru hæstv. utanríkisráðherra, geri sér grein fyrir því hvernig yfirlýsingin var orðuð.

Nú skuluð þið heyra, með leyfi forseta:

Bandaríkin telja nú að öryggi þeirra sé alvarlega ógnað vegna aðgerða og árása hryðjuverkamanna og vegna ýmissa hótana frá löndum sem stjórnað er af einræðisherrum og harðstjórum. Bandaríkin telja að stuðningur frá okkar litla ríki skipti máli. Yfirlýsingin, sem gefin er út af ríkisstjórn Íslands vegna Íraksdeilunnar, segir að við ætlum að viðhalda þeirri nánu samvinnu sem við höfum átt við okkar volduga bandamann í vestri.

Í fyrsta lagi felur þetta í sér leyfi til að fljúga um íslenskt flugstjórnarsvæði. Í öðru lagi afnot af Keflavíkurflugvelli ef nauðsyn krefur. Í þriðja lagi að við munum taka þátt í uppbyggingu í Írak að stríði loknu. Í fjórða lagi að við lýsum stuðningi við að ályktun 1441 taki gildi eftir fjögurra mánaða tafir.

Undirritað: Davíð Oddsson forsætisráðherra, 18. mars 2003.

Virðulegi forseti. Hvað er þetta annað en eindregin stuðningsyfirlýsing? Hvað felst í þessum orðum: Bandaríkin telja að stuðningur frá okkar litla ríki skipti máli? Gefur þetta ekki til kynna að Bandaríkjamenn hafi haft samband við íslensk stjórnvöld, við ríkisstjórn Íslands, og beðið um stuðning við innrásina í Írak? Mér finnst orðalagið sanna að Íslendingar, eða réttara sagt ríkisstjórnin og Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, hafi brugðist við beiðni frá Washington um það að Ísland lýsti yfir stuðningi við innrásina.

Hér stendur líka:

Yfirlýsingin, sem gefin er út af ríkisstjórn Íslands vegna Íraksdeilunnar, segir að við ætlum að viðhalda þeirri nánu samvinnu sem við höfum átt við okkar volduga bandamann í vestri. — Gefin er út af ríkisstjórn Íslands.

Hvað segir þetta okkur? Þetta er 18. mars, tveimur sólarhringum áður en herirnir lögðu af stað í það mikla glapræði sem varð innrásin í Írak, tveimur sólarhringum áður. Þetta segir manni jú, hlýtur að vera, að ríkisstjórn Íslands hafi verið fullkunnugt um það sem til stóð, eða hvað? Var ekki rætt við ráðherra í ríkisstjórn Íslands? Sendi þáverandi hæstv. forsætisráðherra frá sér yfirlýsingar til Washington, tveimur dögum áður en lagt var af stað í hina miklu helför, í nafni allrar ríkisstjórnarinnar án þess að hafa rætt málið við ríkisstjórnina? Getur það verið? Við hljótum, virðulegi forseti, að fá svar við spurningum af þessu tagi því að um grafalvarlegt mál er að ræða.

Hundruð þúsunda liggja í valnum eftir innrásina. Afleiðingarnar hafa verið skelfilegar. Slæmt var ástandið í Írak fyrir stríð en hvernig er það núna? Margfalt verra. Fólk býr við dauða og örkuml, hörmungar upp á hvern einasta dag. Það er ekki rétt, sem formaður Framsóknarflokksins reynir að halda fram, að aðeins sé um ómerkilega fréttatilkynningu frá Hvíta húsinu að ræða, það er ósatt. Það er hrein og klár stuðningsyfirlýsing sem birt er á heimasíðu Hvíta hússins og hún hefur verið þar mjög lengi, alveg frá 26. mars árið 2003. Þarna eru 42 þjóðir. Kannski ekki mjög gæfulegur félagsskapur, við erum á lista með löndum eins og Albaníu, Aserbaídsjan, Kólumbíu, Dóminíska lýðveldinu, El Salvador, Erítreu, Eistlandi, Georgíu, Hondúras, Litháen, Lettlandi, Makedóníu, Mongólíu, Panama, Rúanda og Úkraínu. Þetta er nú m.a. félagsskapurinn sem við erum í á þessum lista. (Gripið fram í.) Þetta er náttúrlega mjög traust og afskaplega sterkt út á við og enn er þetta aðgengilegt fyrir allan heiminn á heimasíðu Hvíta hússins.

Ég hef aldrei, virðulegi forseti, frá því þessi skelfilega nótt rann upp — og ég man vel eftir þeim geig sem settist að manni þegar maður horfði á beinar útsendingar af því þegar herirnir voru að leggja af stað inn í Írak. Ég man ekki til þess að nokkru sinni á þeim fjórum árum sem eru liðin, rétt tæpu, hafi ríkisstjórnin og þeir flokkar sem bera ábyrgð á þessari yfirlýsingu sýnt minnstu viðleitni til þess að draga hana til baka, flokkarnir sem bera að vissu leyti siðferðislega ábyrgð á þeim skelfilegu voðaverkum sem unnin hafa verið í Írak undanfarin fjögur ár. Það hefði þó verið hægur vandinn að gera það vegna þess að það hefur með óyggjandi hætti komið fram að innrásin var byggð á lygum og blekkingum.

Við vitum það í dag að Power Point sýningin sem Colin Powell hélt fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var blekkingarleikur einn. Hann veit það sjálfur og hann hefur harmað það. Fleiri Bandaríkjamenn hafa harmað að hafa stutt innrásina. Við getum nefnt öldungardeildarþingmanninn John Edwards sem hefur hreinlega beðist afsökunar á því að hafa greitt henni atkvæði sitt á sínum tíma. Hann vill nú verða forseti Bandaríkjanna. Og það eru fleiri.

Þetta mál á eftir að draga dilk á eftir sér, ekki bara í bandarískum stjórnmálum, ekki bara í alþjóðastjórnmálum heldur líka í íslenskum stjórnmálum. Það sem var gert var ófyrirgefanlegt. Það var ófyrirgefanlegt að setja okkur, íslenska þjóð, á lista yfir hinar svokölluðu viljugu þjóðir. Það var ófyrirgefanlegt af ríkisstjórninni að senda frá sér yfirlýsinguna sem ég las í upphafi ræðu minnar. Það var ófyrirgefanlegt að þetta skyldi gert án þess að haft væri hið minnsta samráð við Alþingi Íslendinga því að við sem hér sitjum í umboði þjóðarinnar berum að sjálfsögðu ákveðna ábyrgð líka. Það er að sjálfsögðu full ástæða til að harma það að þeir sem sátu á Alþingi fyrir réttum fjórum árum, (Forseti hringir.) undir lok síðasta kjörtímabils, skuli ekki hafa verið upplýstir um þau myrkraverk sem virðast hafa verið framin í Stjórnarráðinu og í utanríkisráðuneytinu.

[16:26]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef minni mitt svíkur mig ekki hygg ég að

þýðing hv. þingmanns sé í öllum aðalatriðum rétt. Ástæða er til þess að vekja athygli á tveimur síðustu liðunum sem lesnir voru upp, þ.e. stuðningur við uppbyggingarstörf og stuðningur við álýktanir Sameinuðu þjóðanna. En yfirlýsing Davíðs Oddssonar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar er eitt og þessi listi, þessi fréttatilkynning, er annað. Það breytir því ekki að ákvörðunin sem við erum að tala um var röng eða mistök og ákvarðanaferlinu var mjög ábótavant eins og áður hefur komið fram. Það breytir ekki gildi eða gildisleysi og vægisleysi þessa lista.

[16:27]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg greinilegt að formaður Framsóknarflokksins ætlar alls ekki að taka rökum eða sönsum í þessu máli.

Ef ekkert er að marka yfirlýsinguna eða listann, eins og formaður Framsóknarflokksins heldur fram, hvers vegna hefur ríkisstjórnin þá ekki gert neitt í því að þessi listi yrði afmáður af heimasíðu Hvíta hússins? Hvernig stendur á því að ríkisstjórn Íslands stendur þá ekki fyrir því að leiðrétta þennan skelfilega misskilning ef hann er fyrir hendi? Fjögur ár eru liðin og ekkert hefur verið gert. Ekki er annað að sjá en að yfirlýsingin sé enn í fullu gildi, hún er algjörlega ótímasett. Engin tímamörk eru tilgreind í yfirlýsingunni, engar dagsetningar, ekki neitt. Það er a.m.k. ekki birt á listanum sem Bush og starfsmenn hans hafa birt á heimasíðu Hvíta hússins. Vel má vera að einhver önnur skjöl finnist, ég skal ekkert um það segja. Sennilega eru þau stimpluð í bak og fyrir sem leyndarmál. Þau eru alveg örugglega ekki til sýnis fyrir utanríkisnefnd Alþingis. Við höfum séð það í þessu máli að ríkisstjórnin treystir ekki utanríkisnefnd Alþingis. Ekki bar hún málið undir hana þó að hún hefði, að mínu mati, átt að gera það lögum samkvæmt. Það var ekki gert.

Nei, þetta er engin fréttatilkynning, þetta er stuðningsyfirlýsing eins og kemur mjög greinilega fram á þeim pappírum sem ég hef fyrir framan mig. Varaformaður Framsóknarflokksins fékk ljósrit hjá mér rétt áðan. Ég reikna með að hann geti sýnt formanni sínum skjölin sem ég hef. Þetta eru engin leyniskjöl, það er ekkert mál að finna þetta á netinu. Þetta er þarna enn þá og verður þarna sjálfsagt áfram því að ég hef enga trú á því að ríkisstjórn Íslands hafi nokkra döngun í sér til þess að hafa samband við Hvíta húsið í Washington og biðja um að þetta verði fjarlægt, jafnvel þó að þetta sé eintóm og helber vitleysa eins og formaður Framsóknarflokksins (Forseti hringir.) reynir ítrekað að halda hér fram.

[16:29]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður hefur önnur orð um þennan lista en ég hafði. Ég lagði fyrst og fremst áherslu á að hann hefur ekkert lögformlegt gildi eða vægi hér á landi. Við erum sjálfstætt ríki og hvernig svo sem Hvíta húsið kemur fyrir lista um fréttatilkynningar sínar og varðveitir þær, kannski í mörg ár eins og ráðuneytin á Íslandi gera, breytir engu um það. Þessum lista er best svarað með pólitískum yfirlýsingum stjórnmálamanna eins og ég hef gert.

[16:29]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir**:

Frú forseti. Þetta grafalvarlega mál snýst ekki um það hvernig skjöl eru flokkuð, hvað þau heita eða hvernig maður kýs að líta á heiti þeirra fjórum árum eftir gjörninginn en þannig má skilja hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formann Framsóknarflokksins, sem greinilega hefur fundið leið út úr þessu vonda máli eða þykist hafa fundið leið út úr þessu erfiða máli fyrir Framsóknarflokkinn, leið fréttatilkynningar Hvíta hússins sem mun þá ekki koma okkur nokkuð við að því er mér virðist.

Í þessum mánuði eru liðin fjögur ár frá því að innrásin var gerð í Írak. Það vissu allir fyrir fjórum árum í hvað stefndi, það vissu allir sem fylgdust með veturinn 2002–2003, í marga mánuði áður en innrásin var gerð og meira en ári fyrr, að verið var að undirbúa þessa innrás með öllum ráðum. Staðreyndin var sú að Bandaríkjastjórn ætlaði að gera þessa innrás. Hún ætlaði reyndar að fá hana samþykkta í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og gerði margar tilraunir til þess, en þegar ljóst var að það mundi ekki takast var farin sú leið að fá pólitískan stuðning hinna viljugu eða staðföstu landa við innrásina. Það var hjáleið Bandaríkjastjórnar til þess að fá stuðning við innrásina þegar séð var að hann fengist ekki í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Eins og hér hefur komið fram, m.a. í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og einnig í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar, lágu allar upplýsingar fyrir, það var enginn blekktur. Spurningin var bara: Hverjum vildi maður trúa? Ætluðu menn að trúa blint þeim áróðri og því falsi sem var borið á borð, bæði í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og af Bandaríkjastjórn, til þess að réttlæta innrásina eða vildu menn styðjast við bestu fáanlegu upplýsingar annars staðar frá, m.a. frá Hans Blix sem fór fyrir vopnaeftirlitinu í Írak?

Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson ákváðu að styðja í blindni bandamenn sína, Bandaríkjastjórn, og reyndar hefur aldrei komist botn í það hvernig nákvæmlega sú ákvörðun var tekin af þeim báðum eða öðrum hvorum þeirra. Það verður fróðlegt þegar það kemur upp í skjölum sögunnar vonandi einn góðan veðurdag hvað gerðist nákvæmlega 18. mars 2003, þann afdrifaríka og örlagaríka dag í sögu Íslands.

Hæstv. ráðherra hefur endurtekið hér í ræðum sínum að ákvarðanaferlinu hafi verið ábótavant. Undir það tökum við, við erum öll sammála um það. Hæstv. ráðherra hefur líka sagt að það hafi verið mistök eða rangt að styðja innrásina. Um það erum við líka sammála. Væri þá ekki mest vit í því, í ljósi þess að ákvarðanaferlinu var ábótavant og að ákvörðunin sem slík var mistök og röng, að vinda ofan af mistökunum og vitleysunni með því að taka rétta ákvörðun á þeim stað sem er bær til að taka þá ákvörðun, í þingsal á hinu háa Alþingi? Enginn annar en við sem hingað erum kjörin er bær um að taka slíka ákvörðun. Það voru þeir Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson ekki.

Hvers vegna þá ekki núna þegar tækifæri gefst til að sjá að sér fjórum árum eftir að innrásin var gerð, að sjá að sér, samþykkja þessa þingsályktunartillögu og koma því þannig frá Alþingi Íslendinga sem til þess var kjörið, að við tökum aftur stuðninginn og þetta innrásarstríð var ekki og er ekki háð í okkar nafni? Það er hið rétta ákvarðanaferli, þá væri

engu ábótavant.

Ég fékk inn um lúguna heima hjá mér þetta tímarit í síðustu viku. Það er frá Johns Hopkins háskólanum í Bandaríkjunum. Forsíðan á því er svört og á henni stendur talan 654.965. Hér er farið ítarlega yfir rannsókn sem virtustu og færustu faraldsfræðingar í heimi hafa gert, úrtaksrannsókn gerð í Írak tvisvar sinnum, 2004 og 2006, með bestu fáanlegum aðferðum félagsvísindanna, sömu aðferðir og notaðar eru til þess að leggja mat á mannfall annars staðar, t.d. í Darfúr-héraði í Súdan. Enginn hefur borið brigður á niðurstöður rannsókna þar, m.a. ekki á Bandaríkjaþingi. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru svo sláandi að maður á erfitt með að trúa því. 654.965 Írakar hafa fallið umfram það sem eðlilegt gæti talist af dauðsföllum í einu landi á þeim tíma sem liðið hefur frá því að innrásin var gerð. Þeir hafa ekki dáið úr sjúkdómum, þeir hafa dáið vegna ofbeldis í allri sinni hryllilegu mynd, vegna skotsára, sprenginga og annars slíks, 654.965 manns. Það er kannski ágætt að setja þessa tölu í samhengi.

Í Bosníustríðinu, sem stóð frá 1992–1995, féllu u.þ.b. 200 þúsund manns. Í Víetnam-stríðinu féllu 58 þúsund bandarískir hermenn. Ég er ekki með á hraðbergi töluna yfir hversu margir Víetnamar féllu og ég held reyndar að enginn viti það en þeir voru auðvitað miklu, miklu fleiri. Það stríð stóð í meira en áratug. Hörmungarnar sem hafa gengið yfir Írak á þessum fjórum árum sem liðin eru frá innrásinni og stríðinu eru engu líkar og það minnsta sem við getum gert sem þjóð og þing er að lýsa því yfir í krafti ábyrgðar okkar og valds sem löggjafarþing Íslendinga að við styðjum/studdum ekki þessa innrás, biðjumst afsökunar á því að hafa farið á þennan lista og klárum þetta mál í eitt skipti fyrir öll. Ég held reyndar að það hafi ekki bara legið eins og mara á Framsóknarflokknum öll þessi ár, ég held að það hafi legið eins og mara á (Forseti hringir.) íslensku þjóðinni.

[16:38]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Stuðningur Íslands við aðgerðir í Írak fólst í því, eins og iðulega hefur komið fram og trekk í trekk hefur komið fram í stöðugum umræðum um þetta mál á síðustu fjórum árum, að leyfa hér yfirflug og afnot af Keflavíkurflugvelli við liðsflutninga og standa að uppbyggingar- og endurreisnarstarfi í Írak að aðgerðum loknum.

Ég sat þann fund í ríkisstjórn Íslands þegar þetta var kynnt. Þetta var nákvæmlega sams konar ákvörðun og áður hafði verið tekin, t.d. um loftárásir í Kosovo sem voru fjórum árum þar á undan. Þannig var staðan þegar þessi ákvörðun var kynnt. Það hefur komið fram að þessi ákvörðun var lögleg en endurteknar fullyrðingar hafa verið um það í umræðum á Alþingi að hún hafi ekki verið það. Það er alveg sama þó að komið hafi fram álit hinna færustu manna um það, sí og æ er endurtekið að ákvörðunin hafi verið ólögleg.

Þessi ákvörðun var tekin eins og fram hefur komið að mig minnir 25. mars að morgni. Hún var kynnt þá en tekin skömmu áður. Þá stóð eins á og núna, hér stóð yfir kosningabarátta og ákvörðunin varð kosningamál á sínum tíma, við síðustu kosningar, og þingmenn voru úti um allt land í kosningabaráttu. Það kom í ljós síðar að forsendur ákvörðunarinnar voru byggðar á röngum upplýsingum um gereyðingarvopn og menn höfðu vissulega áhyggjur af því að gereyðingarvopn væru í höndunum á einræðisherra, sem Saddam Hussein óneitanlega var. Síðar kom í ljós að gereyðingarvopn fundust ekki. Af þessum ástæðum var ákvörðun íslenskra stjórnvalda röng og auðvitað hefði verið rétt að leggja málið fyrir utanríkisnefnd, kalla hana saman þrátt fyrir þessar óvenjulegu aðstæður, eins og við framsóknarmenn höfum ávallt sagt. Það hefði verið rétt að gera það.

Það var harðstjórn í Írak, um það var ekki deilt, og eins og ég sagði ríkti ótti við það að gereyðingarvopn væru í höndum þess harðstjóra sem þar ríkti. Þetta var staðan sem uppi var á þessum tíma. Svo er náttúrlega mjög gott að vera vitur eftir á þegar það er komið í ljós að þarna hafa ekki fundist nein gereyðingarvopn. En harðstjórnin var staðreynd, það hefur ekkert breyst.

Í fyrsta lagi var þetta mál þannig vaxið að leyfa lendingar og yfirflug á Keflavíkurflugvelli og í öðru lagi að leggja fé í uppbyggingu í Írak. Það skiptir mestu máli núna að leitast við að tryggja öryggi írösku þjóðarinnar en núna er því öryggi ógnað af innanlandsátökum. Mikilvægasta verkefnið er að styðja Íraka við lýðræðisumbætur og endurreisnarstarf í landinu. Að því eigum við að snúa okkur af fullum krafti. Með því að taka þátt í því af fullum krafti getum við gert okkur gildandi á þessum vettvangi. Þetta uppbyggingar- og endurreisnarstarf er unnið í umboði Sameinuðu þjóðanna og íslensk stjórnvöld hafa stutt það starf heils hugar í orði og verki með tæplega 400 millj. kr. framlagi sem hefur farið mest í gegnum stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankann og stoðtækjafyrirtækið Össur.

Ég vil undirstrika að í þessu endurreisnarstarfi er mjög mikilvægt að við leggjum hönd á plóg til að stýra málum þannig að í framtíðinni, ef tekst að tryggja öryggi í Írak og koma á þar friði sem við vonum vissulega, ráði Írakar sjálfir yfir auðlindum sínum. Íslendingar eiga að tala fyrir því alls staðar sem því verður við komið. Það er óviðunandi að auðlindir Íraka fari í hendur annarra í þessu uppbyggingarstarfi.

Það er áfram ærið verk að vinna í Írak og erfiðleikarnir eru miklir en við megum þó ekki gleyma því að þar hafa orðið framfarir þrátt fyrir allt. Það hafa farið fram kosningar í Írak við afar erfiðar aðstæður með mikilli þátttöku svo dæmi sé tekið og við skulum ekki gleyma því í þeim hörmungum sem yfir þessa þjóð hafa dunið. Við skulum ekki heldur gleyma því að þjóðin bjó við harðstjórn og óöryggi áður en þessi hörmulegu átök dundu yfir hana.

Mér þykir satt að segja dálítið sérkennilegt að heyra upptalningu hv. 9. þm. Suðurk., Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, þegar hann segir að það sé ekki gæfulegur félagsskapur og nefnir þar t.d. Lettland og Litháen, sem við höfum rækt vináttu við í mörg ár og heimsótt trekk í trekk og eru með okkur í alþjóðastarfi. Mér finnst þetta kaldar kveðjur til þessara þjóða og fleiri sem þarna eru taldar upp. (Gripið fram í.) Já, það getur vel verið að Rúanda sé ekki gæfulegur félagsskapur en mér finnst það samt nokkuð kaldar kveðjur til nágranna okkar í baltnesku löndunum að segja að þeir séu ekki gæfulegur félagsskapur.

Ég legg áherslu á uppbygginguna í Írak, ég legg áherslu á að þeirri uppbyggingu verði þannig háttað og því skipulagi sem þar kemst vonandi á að heimamenn ráði þar málum sínum, að heimamenn sjái um öryggismál (Forseti hringir.) í Írak og ráði yfir auðlindum sínum í framtíðinni og geti notað arðinn til þess að byggja landið upp.

[16:46]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vakti athygli mína að hv. þingmaður greindi frá því að hann hefði á sínum tíma setið í ríkisstjórn og þar hefði sú ákvörðun um stuðning við innrásina í Írak verið kynnt með eðlilegum hætti og nákvæmlega sama hætti og aðrar skyldar ákvarðanir.

Hæstv. landbúnaðarráðherra tók til máls fyrr í umræðunni og hann sagði að það væri af og frá að ríkisstjórnin hefði átt aðild að þeirri ákvörðun. Hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins, Guðni Ágústsson, lýsti því yfir að þetta mál hefði verið rætt eftir að ákvörðun var tekin af hálfu formanns Framsóknarflokksins og formanns Sjálfstæðisflokksins. Hér ber eitthvað á milli, frú forseti, og mér þykir því rétt að inna hv. þingmann eftir því í krafti vitneskju hans frá því að hann sat við ríkisstjórnarborðið hvort hann telji að ákvörðun hafi verið kynnt með eðlilegum hætti í fyrsta lagi og í öðru lagi hvort hann líti svo á að hann hafi verið aðili að þeirri ákvörðun með þátttöku í þeirri kynningu sem þarna var. Í þriðja lagi, var þetta ekki löngu eftir að búið var að taka þá afdrifaríku og skammarlegu ákvörðun?

[16:48]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta mál er mjög einfalt þó að reynt hafi verið að gera það flókið. Þessi ákvörðun var kynnt á fundi í ríkisstjórninni um það leyti sem innrásin var gerð. Hún var kynnt og henni var ekki andmælt í ríkisstjórninni. Þess vegna tel ég að ríkisstjórnin hafi vitað um þessa ákvörðun. Hún var tekin, en hún var kynnt ríkisstjórninni og var ekki andmælt þar. Og ég verð að segja það sem mína skoðun að þær ofsóknir, sem ég kalla bara ofsóknir, á hendur fyrrverandi utanríkisráðherra í þessu efni, sem hefur borið hitann og þungann af þeim, eru ekki til sóma og ég er fús til þess að bera minn hluta af þeirri ábyrgð með honum vegna þess að ég mótmælti ekki ákvörðuninni á sínum tíma. Ég tel mig alveg rísa undir því.

Ég viðurkenni það jafnframt að ég hafði ekki þær upplýsingar sem núna liggja fyrir og það höfum við framsóknarmenn margsinnis sagt.

[16:49]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég finn til nokkurrar hluttekningar með hv. þingmanni að hafa setið í ríkisstjórn þar sem þessi ákvörðun var kynnt eftir að búið var að taka hana. Það var gert eftir að forustumenn ríkisstjórnarinnar höfðu samþykkt að Ísland yrði sett á lista þeirra þjóða sem studdu innrásina. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst sem það hefði verið mannsbragur af hálfu hans að standa þar upp og setja hnefann í borðið og segja: Ég mótmæli. Mér finnst ákaflega merkilegt að heyra það hér hjá hv. þingmanni að enginn hafi mótmælt þessu í ríkisstjórninni. Er hv. þingmaður að koma því á framfæri að varaformaður Framsóknarflokksins, sem á þeim tíma og síðar og aftur hér í dag lýsti því yfir að hann hefði með engu móti komið að þeirri ákvörðun, hefði á þeim tíma getað sett hnefann í borðið og mótmælt því? En það gerði hæstv. landbúnaðarráðherra ekki. Það má þá kannski segja að hv. þingmaður hafi verið að gefa það til kynna að í þessu máli hefur hæstv. landbúnaðarráðherra verið að sigla undir fölsku flaggi, því hann hefur mánuðum saman, ef ekki missirum saman látið að því liggja að hann hafi frá upphafi vega verið á móti þessari ákvörðun en hann hafi á engu stigi máls áður en ákvörðunarferli sleppti átt kost á því að koma því viðhorfi sínu á framfæri. Ég hef staðið í þeirri trú að forustumenn ríkisstjórnarinnar hafi ekki lagt í að kynna þetta mál í þingflokkum ríkisstjórnarinnar og ekki heldur í ríkisstjórninni vegna þess að þeir töldu sig ekki hafa fulltingi sinna flokka og ekki vald á málinu. Nú kemur í ljós að það var rangt hjá mér. Framsóknarflokkurinn stóð heill og óskiptur að þessari ákvörðun. Þess þá heldur ætti hann að gangast við mistökum sínum og biðjast afsökunar á þeim eins og forustumenn í stjórnmálum erlendis hafa síðar gert.

[16:51]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek það sem ég hef áður sagt. Það var tvennt sem var kynnt í ríkisstjórn þennan morgun sem ég man vel eftir, því að mál sem þessi eru ekki á hverjum degi í umræðu, sem betur fer. Það var að leyfa yfirflug á Keflavíkurflugvelli og taka þátt í uppbyggingunni. Það var þetta tvennt sem var kynnt. Og þetta var með nákvæmlega sama hætti og við höfum tekið þátt í „átökum" áður. Við tókum þátt í Kosovo-stríðinu með þessum hætti. Þetta var nákvæmlega það sem skeði þennan örlagaríka morgun. Þessu var ekki mótmælt í ríkisstjórninni. Menn höfðu miklar áhyggjur. Ég hafði miklar áhyggjur en þetta er staðreynd málsins.

[16:52]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson kemur með mjög merkilegar upplýsingar, ég verð að segja það. Hann sagði áðan í ræðu sinni að þetta mál hefði verið kynnt í ríkisstjórninni þann 25. mars að morgni. Hann myndi mjög vel eftir þeim morgni, hann hefði haft miklar áhyggjur og þar fram eftir götunum.

Yfirlýsingin sem ég las upp áðan sem ég hef snarað yfir á íslensku frá Davíð Oddssyni, þáverandi hæstv. forsætisráðherra, er frá 18. mars. Hún var send Bandaríkjamönnum viku áður en málið var tekið upp í ríkisstjórn Íslands samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hvíta hússins og þar er sagt beinum orðum, virðulegi forseti: Yfirlýsingin sem gefin er út af ríkisstjórn Íslands.

Hvað var hér á ferðinni? Við verðum að fá skýr svör, virðulegi forseti. Þetta mál er svo alvarlegt að það hlýtur að kalla á rannsókn og yfirheyrslur, jafnvel fyrir þingnefnd. Var hæstv. þáverandi forsætisráðherra og kannski líka hæstv. utanríkisráðherra að senda frá sér yfirlýsingar um

þetta, um aðild Íslands að stríði í nafni ríkisstjórnarinnar, að henni forspurðri, viku áður en málið var lagt fyrir ríkisstjórn Íslands, einum og hálfum til tveimur sólarhringum áður en innrásin hófst? Getur það verið? Liggur svona í málinu? Miðað við þær upplýsingar sem nú hafa komið fram sýnist mér að svo sé. Héðan hafi verið send yfirlýsing í nafni ríkisstjórnarinnar viku áður en ríkisstjórnin var upplýst um málið. Virðulegi forseti, ekki batnar það.

[16:55]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé að leikaraskapurinn ríður ekki við einteyming hér í hv. Alþingi. Þessar upplýsingar hafa þráfaldlega komið fram í þingræðum áður og hv. 9. þingmaður Suðurkjördæmis er góður leikari, ég segi það bara. Það er alveg ljóst (**MÞH:** Ég er ekkert að leika þetta.) að þessi yfirlýsing var kynnt í ríkisstjórn á sínum tíma, sú ákvörðun var tekið með nákvæmlega sama hætti og áður hafði verið gert í svipuðum tilfellum og ríkisstjórninni var kynnt þessi ákvörðun og henni var ekki mótmælt. Menn hafa svo velt sér fram og aftur upp úr þessum dagsetningum en þær upplýsingar hafa komið fram ótal sinnum áður. Ég er því ekki að segja nein tíðindi hér. Þetta er bara nákvæmlega það sem skeði.

[16:56]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur er ekki að leika nokkurn skapaðan hlut. Ég er hins vegar að benda á að hér virðast vera alvarlegar gloppur í málflutningi.

Yfirlýsingin er send Hvíta húsinu 18. mars. Innrásin hefst rétt fyrir miðnætti 19. mars. Hv. þm. Jón Kristjánsson segir að málið hafi verið kynnt fyrir ríkisstjórninni og þar hafi verið tekin ákvörðun 25. mars. Þessi svokallaði listi vegna aðgerðarinnar „Frelsi Íraks" er lagður út á heimasíðu Hvíta hússins 26. mars, daginn eftir ríkisstjórnarfundinn á Íslandi. „For Immediate Release" birtist strax 26. mars. Þá er innrásin búin að standa yfir í tæpa viku, herirnir eru nær komnir til Bagdad, orrustan geisar sem aldrei fyrr, mannfallið er mikið og hefur ekki minnkað síðan og enginn veit hvernig þessar hörmungar munu enda.

Mig langar líka til að koma inn á annað, virðulegi forseti, þar sem hv. þm. Jón Kristjánsson réttlætir þessa innrás með því að það hefði verið einræðisherra í Írak sem hugsanlega hefði ráðið yfir kjarnorkuvopnum. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, ef þetta á að gilda sem ástæða til innrásar í fullvalda ríki vítt og breitt um heiminn, þá spyr ég: Hvers vegna í ósköpunum höfum við ekki gert innrás í Pakistan? Þar er einræðisherra sem rændi undir sig völdum, Pervez Musharraf. Ég var að ljúka við að lesa ævisögu hans í gær sem er nýkomin út. Pakistan er með kjarnorkuvopn, hann er einræðisherra. Pakistan hefur meira að segja dreift upplýsingum um kjarnorkuvopn til landa eins og Norður-Kóreu. Hvers vegna í ósköpunum eru Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson ekki lagðir af stað í herferð til Pakistans?

[16:58]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja að þessi lógík er dálítið sérkennileg en hún passar við þann málflutning sem hefur verið síðustu fjögur árin í þessu máli. Saddam Hussein hafði verið almennilegheitamaður og jafnréttissinni og þar fram eftir götunum. Það er málflutningurinn sem hefur verið. Ég er ekki að réttlæta þetta árásarstríð. (Gripið fram í.) Það er margbúið að segja að þetta var byggt á röngum upplýsingum og ef menn hefðu haft þær upplýsingar í höndunum hefði ákvörðunin vafalaust verið á annan veg. Þessi styrjöld var byggð á röngum upplýsingum en ákvörðunin var kynnt og þessi margumtalaði listi var einhliða ákvörðun Bandaríkjamanna og það var ekki kynnt á ríkisstjórnarfundi að við værum á neinum lista heldur er það nákvæmlega eins og þingmaðurinn segir. Listinn birtist 26. mars og er bara einhliða ákvörðun og áróðursplagg Bandaríkjamanna í málinu og var ekki borinn undir ríkisstjórn Íslands og er, eins og fram hefur komið hjá hæstv. iðnaðarráðherra, plagg Hvíta hússins og ber ekki að taka hann sem lögformlegt skjal í þessu máli.

[17:00]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Þetta er afar athyglisverð umræða fyrir margra hluta sakir, þar á meðal þær að Sjálfstæðisflokkurinn er enn fjarverandi í umræðunni og spurning hvort Sjálfstæðisflokkurinn ætli ekki að sýna lit, reyna nokkra málsvörn. Auðvitað er hæstv. utanríkisráðherra til svara og það er rétt og skylt. En ég verð að segja að þessar tilraunir til kattarþvottar af hálfu framsóknarmanna eru óskaplega brjóstumkennanlegar. Maður mundi bera virðingu fyrir því ef framsóknarmenn viðurkenndu, þótt seint væri, hrein mistök, bæðust afsökunar og reyndu að koma málinu af sér þannig. En eitthvað torveldar þeim það. Menn geta auðvitað ekki skilið við þetta mál á meðan það er eins og það er.

Það er algerlega fráleit málsvörn að annars vegar sé um að ræða ómerkilega fréttatilkynningu sem engu máli skipti eða þá að menn hafi verið í góðri trú og verið plataðir með röngum upplýsingum. Hvernig stendur á því að allar hinar þjóðirnar létu ekki plata sig? Það var vegna þess að það lágu fyrir miklu meira en nógar upplýsingar um að engar þjóðréttarlegar forsendur væru fyrir því að ráðast á Írak. Hvers vegna var listinn Bandaríkjamönnum svona mikilvægur? Það var vegna þess að þeir voru að reyna að fá yfirbragð lögmætis á ólöglega innrás í land, sem brýtur stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég mótmæli því, hver sem það segir, hvort sem það er hæstv. landbúnaðarráðherra, hv. þm. Jón Kristjánsson eða hver annar, að menn geri út á eymd og hörmungar og hvernig allt hefur farið á versta veg í Írak þótt þeir vilji hreinsa þessi mál í íslenskum stjórnmálum. Þar er hreingerningin eftir.

Noregur er í NATO eins og við, á í miklu samstarfi við Bandaríkin eins og við og var beittur gríðarlegum þrýstingi en stóð hann af sér og studdi ekki innrásina. Noregur var ekki á listanum. Ég hef fyrir því orð fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, Kjell Magne Bondeviks, að Noregur hafi sjaldan ef nokkurn tíma verið beittur öðrum eins fantaþrýstingi eins og sólarhringana á undan innrásinni í Írak. En það

mega Norðmenn eiga að þeir stóðust þann þrýsting. En hægri leppstjórnirnar, hægri undirlægjustjórnirnar á Íslandi og í Danmörku, fóru á listann og auðvitað snýst þetta um það. Þetta voru hægri undirlægjuríkisstjórnir auk þess sem ríkisstjórnin hefur hugsanlega talið að hún ynni sér í hag í væntanlegum viðræðum um veru Bandaríkjahers í Keflavík. Þetta er einn ljótasti bletturinn á íslenskri utanríkismálasögu og fleinn í holdi alþjóðasamfélagsins vegna þess að þarna var stofnsáttmáli Sameinuðu þjóðanna brotinn fyrir allra augum.

Það dugar ekkert minna ef á að taka til í þessum málum á heimavelli en að viðkomandi stjórnmálamenn, þótt þeir hafi látið af embætti, biðjist afsökunar og verði jafnstórir í stykkinu og Colin Powell og aðrir þeir sem það hafa gert. (**Gripið fram í:** Komi fyrir rannsóknarnefnd.)

Í öðru lagi þarf ríkisstjórn, vegna þess að málið var á hennar höndum sem framkvæmdarvalds, að biðjast afsökunar, þingið sem var hunsað, íslensku þjóðina sem var svikin og írösku þjóðina sem nú hefur týnt lífi hundruðum þúsunda út af þessu ástandi. Síðan þarf að gera eitt, virðulegur forseti. Það þarf að tryggja að svona lagað endurtaki sig aldrei, að tveir menn geti slíkt eða kannski var það bara einn maður sem tók ákvörðun um að misnota nafn Íslands á alþjóðavettvangi, hringdi í annan mann og sagði honum að þannig yrði það að vera. Smátt og smátt á tveimur til þremur árum kom atburðarásin upp úr myrkrunum og hún var þannig að þessi dæmalausa ákvörðun var tekin á hlaupum og að hluta til í gegnum símann. Hver var það nema bandarískt sendiherrann sem mætti í Stjórnarráðið og sat þar frammi og tók á móti boðskapnum.

Einhver eftiráumfjöllun í ríkisstjórn Íslands breytir engu nema því að auka smán þeirra ráðherra sem ekki notuðu tækifærið og mótmæltu. Hún gerir ekki annað. Auk þess er ríkisstjórn er ekki fjölskipað stjórnvald og það hefði ekki breytt öllu pólitískt séð eða lagalega hvað varar ábyrgð ráðherra. En málið var þarna á ábyrgð forsætisráðherra og utanríkisráðherra og þeir fóru svona með völd sín. Það var ekki einu sinni borið upp í ríkisstjórn, sem þó þykir góð stjórnsýsluhefð ef málið er stórt og afdrifaríkt, að ríkisstjórnin sem slík standi öll á bak við það. Það var ekki gert. Utanríkismálanefnd Alþingis var hunsuð og þar með lög brotin. Þannig var að málinu staðið.

Síðast þegar utanríkisráðherra kom fyrir utanríkismálanefnd, nokkrum vikum áður en þessi afdrifaríka kúvending varð, fór hann með sömu línu í málinu og hann gerði opinberlega á sama tíma. Hver var hún? Að tvennt réði afstöðu Íslands: Vopnaeftirlitið ætti að fá meiri tíma og að nýja ályktun þyrfti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna áður en farið yrði í aðgerðir. Svo seint sem 17. mars 2003 sagði Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra, þetta. En á sólarhring er blaðinu snúið við og aðgerð sem ekki byggir á sjálfstæðri samþykkt öryggisráðsins studd. Menn setja sig á alþjóðlegan lista því til stuðnings og vopnaeftirlitinu og beiðni þess um meiri tíma er gefið langt nef.

Utanríkisráðherra snýr stefnunni við án þess að ræða þá áherslubreytingu Íslands í utanríkismálanefnd og sá fáheyrði atburður verður að Ísland er allt í einu orðinn stuðningsaðili í ólögmætu árásarstríði í fjarlægu landi. Það birtist þjóðinni á erlendum sjónvarpsskjám og kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti yfir menn, að sögn ýmissa sem stóðu meira að segja býsna nærri ríkisstjórninni.

Þetta er svo fráleitur atburður á allan hátt, hvernig sem hann er skoðaður: stjórnskipulega, lagalega, pólitískt eða siðferðilega, að engu tali tekur. Veran á listanum er pólitískur og siðferðislegur stuðningur við þau svívirðilegu lögbrot sem þarna eiga sér stað, brot á alþjóðalögum. Það er grafalvarlegt. Síðan er ástandið jafnskelfilegt og raun ber vitni og þetta hefur reynst það fúafen sem varað var við. Einn helsti sérfræðingur Íslendinga á þessu sviði, prófessor í Bandaríkjunum, var opinberlega búinn að vara við því. Það var ekki mikið hlustað á hann né nokkurn annan sem varaði við því sem gerast mundi. Það lá fyrir að mjög margir virtir þjóðréttarfræðingar í heiminum sögðu: Það verður brot á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna ef þetta verður gert án undangenginnar og sjálfstæðrar samþykktar í öryggisráðinu. Þetta vissu menn. Það að bera fyrir sig upplýsingaskort, rangar upplýsingar og að þeir hafi verið í góðri trú eða plataðir, er engin málsvörn.

[17:08]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður sem talaði hér síðastur er að vísu alvanur að gleyma sér algerlega í ræðustól en nú mælti hann nokkur merkileg orð, þ.e. um að gefa yfirbragð lögmætis. Þetta er nákvæmlega það sem ég hef verið að tala um í umræðunni um þennan lista. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi ágætu orð, „yfirbragð lögmætis". Það er nákvæmlega það sem er að tilefnislausu verið að gera með þessari þingsályktunartillögu. Að öðru leyti er hv. þingmaður margmáll, skömmóttur og orðhákur til vansa eins og kom fram í þessari ræðu.

[17:09]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Sá málflutningur, að tillaga á Alþingi um að menn afturkalli með formlegum hætti stuðning sinn við þessar aðgerðir, sem var gefinn ranglega og með ólögum af hálfu ríkisstjórnar Íslands eða tveggja ráðherra fyrir hennar hönd og að menn lýsi því yfir að þetta hafi verið mistök, hafi eitthvert réttargildi gagnvart stuðningsyfirlýsingunni eins og hún er meðhöndluð og birt í Bandaríkjunum er nú einhver langsóttasta túlkun sem ég hef á ævi minni heyrt. Eða heldur hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra virkilega að það umsnúi málinu ef fjallað er um það með þeim hætti á Alþingi Íslendinga? Það er auðvitað fjarri öllu lagi og þarf ekki frekari rökræðna við.

Auðvitað voru tilraunir Bandaríkjamanna við að safna sjálfstæðum ríkjum á lista sem stuðningsaðilum aðgerðanna viðleitni til að þeir stæðu ekki jafnberskjaldaðir gagnvart alþjóðasamfélaginu með brot á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna á bakinu þegar þeir ákváðu að gefast upp á að fá nýja ályktun í gegnum öryggisráðið og ráðast samt á Írak, eins og þeir höfðu ætlað sér lengi. Þess vegna er þessum hópi safnað saman, til að reyna að segja að svo mikill pólitískur stuðningur sé við innrásina í alþjóðasamfélaginu hvort sem er.

Við getum gefið orðavali okkar og ummælum allar þær

einkunnir, frú forseti, sem við viljum. Það mun engu breyta um að Framsóknarflokkurinn flýr ekki hinn efnislega veruleika í þessu máli. Hvort sem ég er stórorður eða ekki þá er hinn efnislegi veruleiki eins og hann er, að Framsóknarflokkurinn hefur ekki haft mátt til þess að biðjast afsökunar á að standa að þessum grófu brotum á alþjóðalögum og standa að þeirri dæmalausu aðgerð sem leitt hefur til ástandsins í Írak, það er allt efnislegur veruleiki.

[17:12]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Þetta er að mörgu leyti athyglisverð umræða. Það sem mér finnst athyglisverðast er að sá flokkur sem ber kannski mesta ábyrgð á málinu, Sjálfstæðisflokkurinn, hefur verið fjarverandi í umræðunni. Enginn þingmanna þeirra eða ráðherra hefur tekið til máls eða er á mælendaskrá. Lengst af í þessari umræðu var enginn þingmaður Sjálfstæðisflokksins í salnum. Það var ekki fyrr en hæstv. forseti, sem er fyrir aftan mig, þurfti að leysa af annan forseta að það sást sjálfstæðismaður í þingsalnum. Síðan er ung kona hér sem veifar mér og minnir á sig og er rétt að geta hennar hérna. En svona tekur Sjálfstæðisflokkurinn þessari umræðu. Hann tekur ekki þátt í að reyna að verja þetta mál.

Málsvörn ráðherra Framsóknarflokksins hefur verið að mestu leyti þannig að Bandaríkjamenn hafi tekið ákvarðanir að Íslendingum fornspurðum. Ég held að menn ættu ekki að reyna að feta þá slóð öllu lengur. Því hefur verið lýst á fyrri stigum málsins, m.a. í viðtölum við fyrrverandi formann Framsóknarflokksins, hvernig málið bar að og hvernig ákvörðun var tekin utan ríkisstjórnarfunda. Það er alveg víst að ákvörðun var tekin með vitund og vilja formanna stjórnarflokkanna. Það var ekki tekin ákvörðun að þeim fornspurðum.

Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir um þetta mál, með leyfi forseta:

„Þátttaka á lista hinna staðföstu þjóða fólst í pólitískri yfirlýsingu og henni fylgdu ekki aðrar skuldbindingar á því stigi. Þær pólitísku yfirlýsingar voru gefnar af réttum aðilum og voru í fullu samræmi við margendurteknar yfirlýsingar forustumanna stjórnarflokkanna, um að ekki væri hægt að útiloka valdbeitingu í Írak.“

Enn fremur segir Davíð Oddsson, með leyfi forseta:

„Að því hefur verið fundið að ekki sé til bókuð samþykkt ríkisstjórnarinnar um efnið. Þetta er á misskilningi byggt. Ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald. Utanríkisráðherra fer, með atbeina forsætisráðherrans, þegar það á við, með ákvörðun af þessu tagi. Enginn ágreiningur var um hana í röðum ráðherra.“

Þeir tóku þessa ákvörðun meðvitað áður en atburðirnir gerðust. Það er upplýst að ákvörðun var ekki tekin í ríkisstjórn en hún var kynnt síðar og ráðherrarnir undu henni, þar á meðal hæstv. landbúnaðarráðherra. Ráðherrar sem sitja eftir að ákvörðun hefur verið tekin og una henni bera líka ábyrgð á henni. (**Landbrh.:** Hvað gerði hv. þingmaður?) Þeir bera líka ábyrgð á henni, virðulegi forseti, og það þýðir ekkert fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra að reyna að hlaupa frá ábyrgðinni (**Landbrh.:** Hvað gerði hv. þingmaður?) með því að halda því fram að hún hafi ekki verið tekin með hans vitund. (**Landbrh.:** Hvað gerði þingmaðurinn?) Hann undi ákvörðuninni, virðulegi forseti, hæstv. landbúnaðarráðherra og situr enn, (**Landbrh.:** Ekki sagði hann af sér, hv. þingmaður.) situr enn í ríkisstjórninni en hann neitar að axla hina pólitísku ábyrgð. Það er kannski einkenni ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili að menn neita að axla pólitíska ábyrgð. Það er stóra málið í þessu.

Þessir tveir menn fóru fram hjá ríkisstjórninni, fóru fram hjá Alþingi og þeir fóru fram hjá þingmönnum. Ákvörðunin var ekki borin undir ríkisstjórn, ekki undir utanríkismálanefnd og hún var ekki borin undir þingflokka stjórnarflokkanna. (**Landbrh.:** Rétt.) Þegar ég upplýsti það, virðulegi forseti, svo ég hressi upp á minni hjá hæstv. landbúnaðarráðherra, að þingflokkur framsóknarmanna hefði ekki verið spurður um álit á þessu máli þá var ég sagður segja ósatt. Menn sögðu að ég segði ósatt (**Landbrh.:** Ekki ég.) og hæstv. landbúnaðarráðherra kom mér ekki til varnar. Þá þagði hann. Hjartað var ekki stærra en svo að hann gat ekki staðið með sannleikanum. Hann gat ekki staðið með því sem var rétt. Hann stóð með sjálfum sér af því að hann vildi fá að sitja í stólnum, virðulegi forseti.

Þetta þarf að gera upp í þessum kosningum, þ.e. meðferð valdsins. Vill þjóðin hafa í ríkisstjórn flokka sem sniðganga þingræðisregluna, sem virða ríkisstjórnina að vettugi þegar þeim hentar? Þeir virða þingið að vettugi þegar þeim hentar og virða þingflokkana að vettugi og finnst það allt í lagi og finnst þeir ekki þurfa axla neina ábyrgð eða afsaka nokkuð í þeim efnum. Vilja menn hafa svoleiðis stjórnvöld áfram, virðulegi forseti? Eða vilja menn hafa stjórnmálamenn og stjórnmálaflokka sem virða þingið, sem virða almenning og gera eitthvað annað en hlýða tveimur foringjum, beygja sig fyrir tveimur foringjum af því að þeir eru svo hræddir um eigið embætti og stöðu að þeir þora ekki að segja neitt, ganga jafnvel svo langt að níðast á þeim sem það þora?

Á þessu þarf að verða breyting, virðulegi forseti, í næstu kosningum, að menn verði settir við stjórnvölinn sem virða þingræðið og lýðræðislegar leikreglur. Ég held að það sé tímabært að menn dragi það fram og beri undir kjósendur fremur en að þræta um hvað var sýnt í ríkisstjórninni á hverjum tíma deginum fyrr eða seinna. Menn bera ábyrgðina og menn verða að axla hana og það þýðir ekki að reyna að flýja hana með einhverju orðaskaki, virðulegi forseti.

[17:18]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Frú forseti. Það hefur verið mikið rætt um þá þingsályktunartillögu sem liggur fyrir og er til umræðu í dag, og er ekki skrýtið enda um að ræða stórt mál í íslenskum stjórnmálum, alþjóðastjórnmálum og fyrir alþjóðasamfélagið í heild sinni.

Ég verða samt að segja, frú forseti, að mér hefur á stundum þótt umræðan heldur ótrúleg. Mér hefur fundist menn nota þetta grafalvarlega mál til að slá pólitískar keilur, innanríkiskeilur eins og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra orðaði það í lok þings og í aðdraganda þessara kosninga. Málið er grafalvarlegt fyrir okkur öll, fyrir alþjóðasamfélagið, að ég tali nú ekki um íbúa Íraks. (**Gripið fram**

**í:** Og ...) Það er staðan sem við þurfum að horfast í augu við.

Við framsóknarmenn höfum viðurkennt og tekið fyrir í okkar röðum að um ranga ákvörðun hafi verið að ræða og að ákvörðunin hafi verið mistök. Það hefur formaður okkar flokks gert á okkar vettvangi, á miðstjórnarfundi okkar fyrr í vetur, og það liggur fyrir að við munum ræða málið á okkar vettvangi nú um helgina, á flokksþingi okkar framsóknarmanna. Því finnst mér alveg ótrúlegt að umræðan hér skuli ganga öll út á það að um einhvern kattarþvott sé að ræða fyrir Framsóknarflokkinn.

Ef menn horfa á staðreyndir málsins er það þannig að í fyrsta lagi hefur Framsóknarflokkurinn gengið í gegnum einar alþingiskosningar eftir að þessi ákvörðun var tekin. Var málið okkur þar erfitt. Því er ekki hægt að leyna, ekki einungis erfitt innan okkar raða, heldur líka í kosningabaráttunni allri og æ síðan. Við höfum axlað ábyrgð og ég tel okkur hafa liðið fyrir þessa ákvörðun okkar á sínum tíma, að hafa staðið að henni. Við höfum liðið fyrir hana, vegna þess að hún var líka mistök, og við höfum kannski átt það að vissu leyti skilið. En við þorum að horfast í augu við þetta, viðurkenna þetta og ganga fram fyrir skjöldu með það. Að umræðan öll í dag skuli síðan snúast um Framsóknarflokkinn er ótrúlegt. Ég ætla svo sem ekkert að undanskilja okkur, enda verðum við að axla þá ábyrgð í þessu máli, en að hv. stjórnarandstaða skuli fjalla um málið eins og hún hefur gert í dag finnst mér ótrúlegt. Þetta sýnir að menn eru ekki að tala um þetta út frá einhverjum efnisatriðum eða alvöruatriðum málsins, heldur einungis í pólitískum tilgangi, einungis í þeim tilgangi að koma höggi á Framsóknarflokkinn og formann flokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Það finnst mér mjög alvarlegt og mér finnst það leiðinlegt. Mér finnst það hvorki þessu þingi til sóma né þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni.

Það er sannarlega mikilvægt að ræða þessi mál. Eins og ég segi höfum við tekist á um þetta í okkar flokki, innan okkar raða, og það var auðvitað þannig að eins og þjóðin öll veit erum við herlaust land sem hefur ekki viljað lýsa yfir stríði á hendur annarri þjóð. Auðvitað var þetta mál erfitt fyrir Framsóknarflokkinn rétt eins og alla þjóðina. Frambjóðendur í alþingiskosningunum 2003 í okkar röðum lýstu sjálfir yfir andstöðu við málið og þáverandi formaður okkar þurfti að takast á við það innan okkar raða.

Sömuleiðis hefur þetta mál haft áhrif á stjórnmálaferil þeirra aðila sem komu að ákvörðuninni í upphafi. Því verður ekki neitað, það liggur alveg fyrir. (**Gripið fram í:** Nú?) Bæði Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, og Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, eru hættir þátttöku í stjórnmálum. (Gripið fram í.) Ég tel að það hafi m.a. verið vegna þessa máls, ég held það. Og ég held að að einhverju leyti fylgi þetta mál þeim og þeirra stjórnmálaferli sem var þó eins og fyrir fyrrverandi formann Framsóknarflokksins langur og glæsilegur og hann átti á margan hátt merkilegan stjórnmálaferil. (**MÞH:** ... Guðni mátti ekki verða formaður?) Þetta hefur líka haft áhrif langt út fyrir íslensk stjórnmál. Þetta hefur sömuleiðis haft áhrif á stjórnmálaferil annarra aðila sem að þessu máli hafa komið í erlendri alþjóðapólitík og nægir þar að horfa bæði til Bretlands og Bandaríkjanna. Við höfum horfst í augu við þessi mistök okkar og viðurkennt þau og nú er mest um vert að halda áfram, við hljótum að þurfa að læra af málinu. Við hljótum að þurfa að læra að sambærilegar ákvarðanir verða aldrei teknar með sambærilegum hætti. Þær hljóta að fara í gegnum þær stofnanir þingsins og stofnanir landsins sem eðlilegt er að svona mál fari í gegnum. Það er alveg greinilegt að umræðan ber merki um herkænsku í aðdraganda kosningabaráttunnar og mér finnst leiðinlegt að sá stimpill sé á málinu. Málatilbúnaðurinn lýsir því ef til vill hv. stjórnarandstöðu rétt.

Frú forseti. Eins og ég sagði er alveg ljóst að það þarf að axla ábyrgð í þessu máli og það tel ég okkur hafa gert og munum eflaust þurfa að gera áfram. Við þorum að ræða um þetta og mér finnst ótrúlegt hvernig stjórnarandstaðan hefur kosið að ráðast á annan stjórnarflokkinn í þessari umræðu en lætur Sjálfstæðisflokkinn alveg í friði. Ég verð reyndar að undanskilja þar tvo þingmenn, svo að ég fari rétt með, bæði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vöktu máls á því í ræðum sínum. Ef ég man þetta rétt heyrði ég það ekki í ræðum annarra hv. þingmanna.

Nú, frú forseti, hrannast óveðursskýin aftur upp yfir Miðausturlöndum og það er alveg ljóst að Íslendingar þurfa að fylgjast vel með málum. Við þurfum að ræða það á okkar vettvangi hér með hvaða hætti við viljum taka þátt í þeirri umræðu innan alþjóðasamfélagsins sem fram undan er í þeim málum.

Ég ætla að ljúka máli mínu, enda krefst tíminn þess. Ég vil segja að lokum að það sem skiptir höfuðmáli er að við stöndum við skuldbindingar okkar um að standa að uppbyggingunni í Írak og vonandi fer þeirri óöld sem þar ríkir að ljúka svo að íbúar þess lands geti átt kost á að byggja þar upp lýðræðislegt samfélag og að auðlindir þess lands verði í höndum íbúanna sem þar búa svo að þeir geti ráðstafað þeim og byggt sér frelsi til framtíðar.

[17:26]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var á margan hátt athyglisverð en samt sem áður líka einkennileg ræða. Fyrst hefur Framsóknarflokkurinn vörn sína á því að reyna að gera lítið úr málinu og lítið úr efni þessarar þingsályktunartillögu. Þegar það gengur ekki er reynt að kasta út öðru spili og það er samúðarspilið. Það er reynt að vekja samúð með því að væla yfir því að hér sé verið að djöflast á Framsóknarflokknum en Sjálfstæðisflokkurinn sleppi. Hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir ætti að gera sér grein fyrir því að ástæðan fyrir því að lítið er talað um Sjálfstæðisflokkinn er einfaldlega sú að Sjálfstæðisflokkurinn svíkur enn og aftur bandamenn sína í ríkisstjórninni, þ.e. Framsóknarflokkinn. Það er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast þó að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi hlaupið í felur um leið og þessi umræða hófst. Það er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast. Við hefðum svo gjarnan viljað fá að eiga orðastað við ýmsa þingmenn Sjálfstæðisflokksins, svo gjarnan, en því miður hlaupa þeir í felur. Framsóknarflokkurinn má þó eiga það að hann reynir af veikum mætti að færa fram einhverjar varnir í málinu (**Landbrh.:** Sterkum.) — af veikum mætti,

því miður, hæstv. landbúnaðarráðherra.

Hér kom merkileg yfirlýsing um það að fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins hefðu hætt í stjórnmálum vegna þess að þeir tóku þetta stríð svo nærri sér, það hefði gengið svo nærri þessum mönnum. Við erum enn með sama varaformanninn í Framsóknarflokknum og hann stendur hér fyrir framan mig. Kannski varð hann ekki formaður í Framsóknarflokknum vegna þess að hann þagði þegar mest reið á að einhver stæði upp og segði stopp, ég skal ekki um það segja.

Við höfum töluna fyrir framan okkur sem sýnir okkur hvað málið er alvarlegt. 654.965. Og ég minnist orða Harolds Pinters Nóbelsverðlaunahafa sem spurði í erindi sínu þegar hann fékk Nóbelsverðlaunin árið 2005: Hversu margar manneskjur þarftu að myrða til að geta talist stríðsglæpamaður? (Forseti hringir.) 100 þús.? spurði hann. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Meira en nóg.

[17:28]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í tilefni orða hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur leyfi ég mér að benda henni á að ég fór jafnfögrum orðum um Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn í ræðu minni áðan. Ég veit ekki hvort hún var að hlusta. Ég vil að það liggi alveg fyrir. Hins vegar, eins og á hefur verið bent, liggur málið þannig að Sjálfstæðisflokkurinn skilur Framsóknarflokkinn eftir í þessum pytti eins og svo mörgum öðrum. Þannig er nú komið fyrir 12 ára gömlu stjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, en ekki ætla ég að hafa áhyggjur af því stjórnarsamstarfi enda lýkur því 12. maí næstkomandi.

Vegna umkvartana hv. þingmanns var það einfaldlega þannig að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður hennar flokks, gaf tilefni til þeirrar umræðu sem hér hófst með því að þar upphófst hin mikla fréttatilkynningarumræða um tegund og eðli skjalsins en ekki um hina pólitísku ábyrgð flokkanna tveggja, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, og þáverandi foringja þeirra sem nú hafa báðir hrökklast úr stjórnmálum, ef marka má orð Sæunnar Stefánsdóttur, vegna stuðningsins við innrásina í Írak. Þetta snýst ekki um einhvern pappír í Hvíta húsinu, þetta snýst um pólitískan stuðning þessara flokka við innrásina í Írak. Undan því verður ekki vikist og um það snýst það þingmál sem hér um ræðir, að draga til baka þennan pólitíska stuðning þar sem hægt er að draga hann til baka, þ.e. með ályktun frá Alþingi Íslendinga.

[17:30]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Menn mega ekki skilja mig þannig að ég víkist undan ábyrgð í þessari umræðu og ég vorkenni okkur ekkert að þurfa að sitja undir ræðum hv. þingmanna í stjórnarandstöðunni, svo er ekki. Það eflir okkur og styrkir enn frekar að standast þau áhlaup.

Ég benti á, og ég leiðrétti mig þá hvað varðar ræðu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, ef ég hef misst af því, að við þurfum öll sem að málinu höfum komið að bera okkar pólitísku ábyrgð. Það teljum við okkur hafa gert og það hefur klárlega komið fram. Mér hefur fundist sem verið sé að snúa út úr orðum manna hér í dag.

Aðalatriðið er að um ranga ákvörðun eða mistök var að ræða. Við höfum borið þá pólitísku ábyrgð og munum gera það áfram. Nú horfum við fram á veginn, við lærum af mistökunum og sjáum til þess að þau endurtaki sig ekki.

[17:32]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þá blasir við að það eina rétta að gera fyrir þingmenn Framsóknarflokksins á Alþingi er að samþykkja ályktunina eins og hún liggur fyrir. Þetta liggur þannig: Ákvörðunin var röng, þetta voru mistök, og leiðin til þess að gera hreint fyrir sínum dyrum fyrir þingi og þjóð, að allir geri það — nema líklega Sjálfstæðisflokkurinn sem er væntanlega forhertari en nokkru sinni fyrr í stuðningi sínum við stríðið í Írak — er að samþykkja fyrirliggjandi ályktun. Þetta er eins og gjöf upp í hendurnar á Framsóknarflokknum miðað við stöðuna eins og hún er núna.

Vegna orða hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur áðan um að einhver kænska felist í því að fara að tala um þetta þingmál og Íraksstríðið í aðdraganda kosninga þá er það einfaldlega svo að málið sem um ræðir er 13. mál fram lagt á yfirstandandi löggjafarþingi. Sú staðreynd að það skuli vera rætt núna, 1. mars, ber því ekki vitni um herkænsku heldur aðallega um vinnubrögðin á hinu háa Alþingi.

[17:33]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Jú, það er einmitt vottur um það. Ég veit ekki betur en hv. stjórnarandstaða hafi fengið tækifæri til að ræða þingmál sín í vetur og hafi sjálf haft með höndum að forgangsraða með hvaða hætti þingmál hennar væru rædd á þinginu. Þingflokkarnir fengu tækifæri til þess að forgangsraða sínum málum til að koma þeim á dagskrá. Því tel ég að það sé engin tilviljun að málið sé rætt í dag, í lok þings, í aðdraganda þessara kosninga.

Það er svo sem útúrsnúningur að vera að ræða það. Aðalatriðið er, eins og ég hef sagt áður, að horfast í augu við þau mistök, læra af þeim og horfa síðan fram á veginn.

[17:33]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það stoðar ekki að nota það sem rök að tillagan sé seint til umræðu. Við höfum tekið þetta mál upp á hverju einasta þingi og flutt um það þingmál, um rannsókn þessara atburða og um að formlega verði beðist afsökunar á þeim. Tilviljanir valda því að að þessu sinni og á þessu þingi er málið svona seint á ferð.

Vandinn er sá fyrir Framsóknarflokkinn að pólitísk ábyrgð hans í málinu gufar ekki upp þó að flokknum kunni að líða illa með það. Það er vissulega hægt að hafa samúð með hv. þingmanni sem ekki var á þeim stað sem hún er nú þegar umræddir atburðir urðu. Það breytir engu um hina pólitísku ábyrgð Framsóknarflokksins á málinu. Þar dugar ekkert annað en hrein afsökunarbeiðni. Sú er hefðin í tilvikum af þessu tagi, í samskiptum í pólitík og í samskiptum milli þjóða. Þess er krafist víða um heim að þjóðir eða þjóðríki biðji afsökunar jafnvel á áratuga- næstum alda-

gömlum atburðum ef sagan hefur leitt í ljós, og viðhorf hafa breyst á þann veg, að menn sjá að þar hefur einhver óhæfa átt sér stað.

Það er t.d. fleinn í holdi samskipta Asíuþjóða að Japanar neita að biðja formlega afsökunar á grimmdarverkum sínum í aðdraganda seinni heimsstyrjaldar á Kóreuskaganum, í Norður-Kína og víðar. Krafan stendur á þá að biðjast afsökunar. Krafan stendur á Tyrki að viðurkenna þjóðarmorð á Armenum og biðjast afsökunar. Við erum að tala um að menn axli ábyrgð með þessum hætti en ekki bara með því að segja: Ja, nú hefur komið í ljós að ákvörðunin var misráðin vegna þess að aðrar upplýsingar liggja fyrir o.s.frv.

Forherðing Sjálfstæðisflokksins, sem hunsar umræðuna, bætir heldur ekki stöðu Framsóknar, hún gerir það ekki. Hin pólitíska ábyrgð er áfram til staðar.

Hv. þingmaður var óheppinn þegar hann nefndi að auðlindir Íraks þyrftu nú að komast í hendur almennings þar. Ætli ein afleiðing þessa skelfilega stríðs sé ekki m.a. sú að allar olíuauðlindir Íraka eru að verða komnar í hendur ameríska og breska auðhringa? Þannig fór það nú.

Að lokum (Forseti hringir.) þarf að tryggja að svona lagað gerist aldrei aftur. Þess vegna hefur maður nú m.a. spurt (Forseti hringir.) ríkisstjórnina: Getið þið lofað okkur því að leikurinn endurtaki sig ekki gagnvart Íran? Þá er engu svarað.

[17:36]

**Forseti (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Forseti verður að ætlast til þess af hv. þingmönnum að þeir virði reglur um ræðutíma.

[17:36]

**Sæunn Stefánsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók einmitt síðastnefnda atriðið fyrir í ræðu minni áðan, það er nefnilega akkúrat það að læra af þessu máli og horfa til framtíðar. Það er alveg ljóst að í alþjóðasamfélaginu er það fram undan að takast á við óveðurssky sem hrannast upp í Miðausturlöndum. Mér finnst því einhlítt að þau mál séu rædd og gerði ég tilraun til þess í ræðu minni áðan.

Mér finnst að við Íslendingar eigum að lýsa því yfir að við munum ekki standa að álíka árás, innrás eins og gerð var í Írak á sínum tíma. Það er afstaða mín í málinu.

[17:37]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég treysti því og veit að hv. þingmaður er einlægur í því. Ég hvet hv. þingmann til að beita sér við samflokksmenn sína og samstarfsflokk í ríkisstjórn. Mjög nýlega spurði ég hæstv. forsætisráðherra hvort hægt væri að gefa okkur afdráttarlausa yfirlýsingu um að leikurinn muni ekki endurtaka sig. Því var svarað út og suður. Því var svarað með því að engin formleg beiðni hefði borist um slíkt og því ekki á dagskrá að ræða það, þess þyrfti ekki.

Ef við viljum virkilega læra af þessu máli þurfum við að binda í lög og helst í stjórnarskrá þannig ferli að menn geti aldrei misfarið með vald sitt á þennan hátt. Það á ekki að vera hægt að skuldbinda Ísland með þessum hætti, gera það að stuðningsaðila stríðsaðgerða, fyrr en að undangengnu lögformlegu ferli í gegnum utanríkismálanefnd og Alþingi og þingflokka — enginn einn eða engir tveir menn eiga nokkurn tíma aftur að geta látið aðra eins óhæfu verða.

[17:38]

**Jóhann Ársælsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það hefur vakið athygli mína í dag að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki fengið pláss fyrir sína menn á ræðulistanum. Mig langar til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hvort Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki sóst eftir því að fá pláss á ræðulistanum, hvort Sjálfstæðisflokkurinn hafi látið vita af því að svo mikið sé um að vera í flokknum að hann geti ekki tekið þátt í umræðum. Ef svo væri hefði verið ástæða til að reyna að finna umræðunni annan tíma svo að sjálfstæðismenn gætu tekið þátt í henni.

Ég spyr hæstv. forseta: Hvernig stendur á því að hér vantar Sjálfstæðisflokkinn til þess að ræða málin?

(**Forseti** (SAÞ): Á dagskránni er mál sem var ljóst í morgun að væri á dagskrá. Í þinginu er málfrelsi þannig að hver þingmaður sem hefur hug á því getur tekið þátt í umræðum.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Það liggur þá fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki óskað eftir því að umræðan færi fram á öðrum tíma. Það er þá niðurstaðan að Sjálfstæðisflokkurinn sem slíkur hefur ekki áhuga á að ræða þau mál sem rædd hafa verið hér. Af því er mikill skaði vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn ber höfuðábyrgð á þeirri vegferð sem verið er að ræða.

[17:40]

**Forseti (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Forseti vill beina því til hv. þingmanns að ræða um fundarstjórn forseta undir þessum lið.

[17:40]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Við ræðum tillögu stjórnarandstöðunnar til þingsályktunar um yfirlýsingu gegn stuðningi við innrásina í Írak en þar segir, eins og áður hefur komið fram:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka Ísland með formlegum hætti út af lista þeirra 30 þjóða, sem studdu innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak vorið 2003 og lýsir því yfir að stuðningurinn við innrásina hafi verið misráðinn."

Það hefur margoft komið fram, og þá sérstaklega kannski hjá Framsóknarflokknum, að þessi yfirlýsing hafi verið mistök, þeir hafa viðurkennt það og það má heyra að ákveðin sektarkennd hefur gróið um sig hjá framsóknarmönnum.

Eins og flestir aðrir undra ég mig á því af hverju Sjálfstæðisflokkurinn tekur ekki þátt í umræðunni. Þar að auki veltir maður því enn og aftur fyrir sér hvers vegna í ósköpunum það var samþykkt á sínum tíma að vera á lista viljugra þjóða til að ráðast inn í Írak. Því oftar sem menn spyrja þeirrar spurningar og eftir því sem tíminn líður því minna verður um svör. Það er ljóst að ástæðurnar sem voru gefnar upp á sínum tíma eru upplognar, það eru engin kjarnavopn í Írak og hafa ekki enn fundist nú þremur árum

seinna. Ekki hafa heldur fundist tengsl á milli Saddams Husseins og al Kaída, sem var ein af ástæðunum, og margir telja að innrásin hafi frekar aukið á hryðjuverkaógn en hitt.

Eins og komið hefur fram naut þessi innrás alls ekki stuðnings öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og er þar af leiðandi skýrt brot á lögum. Það sem skiptir okkur Íslendinga jafnvel enn meira máli er sú ótrúlega staðreynd að tveir einstaklingar á landinu skuli geta tekið jafnmikla ákvörðun og þá að vera á lista yfir viljugar þjóðir. Málið er ekki lagt fyrir utanríkismálanefnd, það er ekki lagt fyrir ríkisstjórn, það er ekki lagt fyrir þingflokka o.s.frv. Ákvörðunin er því gjörsamlega ólögleg.

Eins og flestir vita tilkynnti formaður Framsóknarflokksins á miðstjórnarfundi fyrir ekki löngu að þessi ákvörðun hefði verið mistök (**Gripið fram í:** Á flokksþingi.) — á flokksþingi Framsóknar, það er ágætt að vita að menn eru að hlusta. Jafnframt veittu menn því athygli að þar brutust út mikil fagnaðarlæti. Hér hefur verið talað um, m.a. af hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur, að menn séu tilbúnir að axla ábyrgð. Ég velti því fyrir mér, frú forseti: Hvernig ætla framsóknarmenn að axla ábyrgð? Er ekki hluti af því að styðja þessa þingsályktunartillögu?

Ef við horfum til framtíðar — því miður eru hvorki hæstv. forsætisráðherra né iðnaðarráðherra viðstaddir en hér eru tveir ráðherrar Framsóknarflokksins — verð ég að viðurkenna að ég hef miklar áhyggjur af því að sú ríkisstjórn sem nú situr muni bregðast hratt og vel við ef til þess kæmi að Bandaríkjamenn og Bretar óskuðu eftir því að Íslendingar væru á lista yfir viljugar þjóðir til þess að ráðast inn í Íran.

Það er komið að lokum umræðunnar í dag en ég held að það væri mjög gott ef t.d. hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformaður Framsóknarflokksins, kæmi og lýsti því skýrt yfir í andsvari að hann tæki ekki þátt í því fyrir hönd Framsóknarflokksins að styðja viljayfirlýsingu til innrásar í Íran. Það hefur ekki komið skýrt fram.

Eftir þau mistök sem voru gerð, og hafa verið viðurkennd, og í ljósi þess hvernig ákvörðunin var tekin, af einungis tveimur mönnum í stjórnarflokkunum, hljótum við öll, þjóðin öll, að hafa áhyggjur af því að slíkt geti gerst aftur. Við hljótum að hafa áhyggjur af því að formenn flokkanna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, lýsi yfir stuðningi ef Bandaríkjamenn taka þá ákvörðun að ráðast inn í Íran. Það gæti gerst á næstu vikum, næstu mánuðum eða næstu missirum.

Ég held, frú forseti, að það væri mjög gott að fá að heyra það frá hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformanni Framsóknarflokksins, hvort framsóknarmenn eru tilbúnir að taka þátt í að samþykkja þingsályktunina, sem væri þá hluti af því að axla ábyrgð eins og þeir hafa lofað. Það væri líka gott að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvort hann er tilbúinn að lýsa því yfir fyrir hönd síns flokks að Framsóknarflokkurinn muni ekki skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við stríð Bandaríkjamanna gegn Íran.

[17:46]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Þetta er í rauninni undarleg umræða. Jón Sigurðsson, sem ekki sat í ríkisstjórn, var kjörinn formaður Framsóknarflokksins. Hann lýsir því yfir hiklaust þegar hann er búinn að skoða þessi mál að ákvörðunin hafi verið tekin á röngum forsendum og Framsóknarflokkurinn tekur undir það með honum.

Það hefur verið sagt í þessari umræðu og legið fyrir að fyrrverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra tóku þessa ákvörðun einir og það er náttúrlega algjörlega klárt í mínum huga að af þessu máli má læra eins og hér hefur komið fram og er mikilvægt að læra þegar slíkt gerist að við erum ekki aðilar að stríði og höfum ekki verið og vorum það ekki. Við höfum lýst því yfir og teljum það alveg klárt að þetta hafi verið einhliða fréttatilkynning frá Hvíta húsinu um að við værum á lista yfir 30 þjóðir, viljugar og staðfastar, og í rauninni móðgun við Ísland að mínu viti.

Það liggur því algjörlega fyrir hvað Íran varðar að við styðjum ekki Bush eða Bush-stjórnina. Það hefur engin beiðni komið um það. Ég er klár á því að ég tel að stórar og mikilvægar ákvarðanir eigi að taka með ríkisstjórn að baki, með utanríkismálanefnd að baki, með þingið að baki. Það er því ekkert slíkt á dagskrá af hálfu okkar. Við höfum lýst því yfir að þessi gjörningur hafi í rauninni verið mistök. — Ég var í andsvari, hæstv. forseti.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti hafði tekið þetta sem beiðni um ræðu og gaf þar af leiðandi hæstv. ráðherra ræðutíma.)

[17:49]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hefði nú viljað fá það enn skýrar. Það eina sem ráðherra sagði í raun og veru var að það hafi engin beiðni borist um slíkt. Ég mundi vilja fá afstöðu hæstv. landbúnaðarráðherra alveg skýrt, frú forseti, ef fram kemur beiðni frá Bandaríkjamönnum um að Ísland skrái sig á lista viljugra þjóða til að ráðast inn í Íran, mundi hæstv. landbúnaðarráðherra samþykkja slíka tillögu?

[17:49]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er algjörlega skýrt að ef beiðni kæmi um að Íslendingar skráðu sig á lista yfir einhverjar viljugar og staðfastar þjóðir og styddu slíkt stríð mundi ég aldrei fallast á það, aldrei. Aldrei nokkurn tíma, það er algjörlega skýrt. (**KolH:** En Framsóknarflokkurinn?) Og Framsóknarflokkurinn ekki heldur. (Gripið fram í.) Ég er að segja það hér, hv. þingmaður, að Halldór Ásgrímsson hefur sjálfur sagt, sem tók þessa ákvörðun með Davíð Oddssyni um að styðja innrásina og þeir tóku þá ákvörðun tveir, að ef hann hefði haft fyllri upplýsingar, eins og komið hafa fram síðar, á síðustu árum, hefði hann trúlega ekki tekið þessa afstöðu. Jón Sigurðsson, nýr formaður Framsóknarflokksins, sem hvergi hefur komið nálægt þessu máli hefur hreinsað það fyrir hönd Framsóknarflokksins og við höfum mjög skýra stefnu í þessu.

Ég verð að segja það hér fyrir mig að Bush Bandaríkjaforseti hefur verið heimsbyggðinni í mínum huga allt of dýr. Hann hefur breytt veröldinni með þeim hætti að hún er harðari og grimmari. (**JBjarn:** Ertu að afneita formanni þínum?) Hv. þm. Jón Bjarnason ber hér við dónaskap sem er sjaldan þekkt af manni sem alist hefur upp á Hólum. Bush Bandaríkjaforseti er ekki minn forseti, hann er ekki

forseti íslensku þjóðarinnar og hann hefur því miður gengið mjög langt í mörgum málum að mínu viti.

En stefna Framsóknarflokksins í þessu máli er skýr. Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, hefur hreinsað þetta mál út og afstaða okkar að öllum slíkum málum er mjög hrein.

[17:51]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en bara stinga inn örfáum orðum eftir frammistöðu hæstv. landbúnaðarráðherra. Nú er búið að lýsa því yfir af hans hálfu að hann ætli ekki að standa að því að gera svona aftur. Það er ágætt og virðingarvert að hæstv. ráðherra skuli gera það. Ég tel hins vegar að menn þurfi að gera meira til þess að flokkurinn endurheimti það traust að honum sé trúandi fyrir því að fara með völd á Íslandi, því ætli flokkur að fara með völd verður hann að virða þær reglur sem hann á að starfa eftir. Hann þarf að virða lög, hann þarf að virða þingræðisregluna.

Það er stærsti gallinn — virðulegi forseti, ég kann ekki við að trufla þennan fund frammi í sal sem ráðherrann stendur hér fyrir þannig að ég gef þeim bara ráðrúm til að ljúka honum og held svo áfram máli mínu þegar þeir hafa lokið fundarhöldum sínum í þingsalnum.

Það er algjörlega nauðsynlegt, virðulegi forseti, að landsmenn verða að geta treyst stjórnmálaflokkunum til þess að virða þingræðið og löggjöf. Við þurfum að geta treyst flokkunum og forustumönnum þeirra til þess að fara að lögum, fara t.d. að lögum um þingsköp um samráð við utanríkismálanefnd. Við þurfum að geta treyst þeim til þess að virða þingræðisregluna og taka ekki ákvarðanir án þess að hafa fyrir þeim þingmeirihluta og að afla þess meiri hluta áður en ákvörðun er tekin en ekki að taka fyrst ákvörðunina og setjast svo á þingmenn eftir á með hótunum ef því er að skipta. Það eru slíkir stjórnarhættir sem hafa verið vaðandi uppi á þessu kjörtímabili og við höfum séð í Íraksmálinu og við höfum líka séð í fjölmiðlamálinu. Enn þá eimir eftir af þannig stjórnarháttum í því skaki sem verið hefur um endurskoðun stjórnarskrárinnar þar sem Sjálfstæðisflokkurinn virðist ekki mega hugsa til þess hver gegni embætti forseta Íslands án þess að missa allt jafnvægi og setja fram eilífar kröfur og aðfinnslur um forsetann sjálfan og kröfur um að breyta stjórnarskránni þannig að forsetinn hafi minna vægi en er samkvæmt gildandi stjórnarskrá.

Það eru þessir hlutir sem þarf að hreinsa út af borðinu. Það verður ekki gert, virðulegur forseti, nema í þingkosningum og það verður ekki gert nema stjórnmálaflokkarnir dragi þessa hluti fram og leggi þá á borðið fyrir kjósendur að þetta er það sem þarf að kjósa um, heilbrigð stjórnmál eða ekki heilbrigð stjórnmál. Við getum ekki búið í lýðræðisríki við þær aðstæður að fáeinir menn hafi allt í greip sinni og hóti mönnum illu ef því er að skipta til þess að hafa fullkomið vald á hlutunum. Um þetta hafa illindin og sárindin í Íraksmálinu snúist, um hinn efnislega stuðning Íslands, pólitískan stuðning við stríð. Þetta er hin undirliggjandi djúpa reiði sem er í þessu máli og í fjölmiðlamálinu.

Þjóðin vill ekki svona stjórnarhætti. Þeir sem hafa gert þetta mögulegt, ekki kannski vegna þess að þeir vildu það heldur vegna þess að þeir umbáru það, völdu það frekar að sitja í stólum sínum en að standa upp og segja við forustumennina: Hingað og ekki lengra, þeir verða að stíga fram og þeir verða að hreinsa þetta borð algjörlega.

Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur stigið skref í þá átt og ég virði það við hann en flokkurinn stendur eftir með málið óuppgert og menn hljóta að spyrja: Er hægt að treysta þessum tveimur flokkum sem eru í ríkisstjórn fyrir því að stjórna áfram næstu fjögur ár? Munu þeir gera þá hluti aftur sem þeir gerðu á þessu kjörtímabili? Svarið hlýtur að vera já, fólk muni trúa því að þeir geri það aftur nema þeir geri þetta upp, nema þeir hreinsi þetta mál út, viðurkenni mistök sín, biðjist afsökunar og heiti því að virða lög og reglur landsins. Það er þetta sem málið snýst um, þetta er pólitíkin í þessu máli, virðulegi forseti.

Ég vil svo segja að lokum að hér hafa menn reynt að stíga skrefið til baka. Það hafa menn gert án þess að viðurkenna sök í málinu. Það er áhyggjuefni vegna þess að það sýnir einbeittan vilja til að halda áfram að gera það sem var rangt þegar menn vilja ekki viðurkenna að það var rangt heldur bakka með því að bera því við að forsendur hafi verið rangar, að menn hafi verið í góðri trú. Það var ekki þannig, virðulegi forseti, hvorki í Íraksmálinu né í fjölmiðlamálinu, forsendur voru ekki rangar. Ég skora á þá sem því hafa haldið fram hér í umræðunni varðandi Íraksmálið að forsendur hafi verið rangar, að upplýsa það: Hvaða forsendur voru rangar? Það liggur fyrir að það var óheimilt samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna að hefja þetta stríð. Það var óheimilt, það lá fyrir. Hvað ætla Íslendingar að gera í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna? Ætla þeir að senda þangað mann þegar þeir eru búnir að vinna þar sæti og segja: Við ætlum ekkert að fara eftir stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna nema þegar okkur sýnist svo. Hvaða erindi eiga Íslendingar í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna með það viðhorf að það þurfi ekki að virða sáttmála Sameinuðu þjóðanna ef Bush og Bandaríkjamenn hafa aðrar óskir? Er það hlutverk okkar?

Hvaða forsendur voru rangar, virðulegi forseti? Var það forsendan um gereyðingarvopnaeign Íraka? Nei, virðulegi forseti. Þáverandi utanríkisráðherra trúði ekki þeim ásökunum og hann sagði alveg fram að þeim degi áður en árásin hófst, að vopnaeftirlitsmenn þyrftu meiri tíma og ættu að fá meiri tíma til að leita af sér allan grun. Það sagði hann auðvitað vegna þess að hann vissi að það lá engin sönnun fyrir þessum ásökunum. Utanríkisráðherra Íslands var 17. mars á þeirri skoðun að það væri ekki sönnuð fullyrðing að það væri gereyðingarvopnaeign hjá Saddam Hussein. Ég spyr enn: Hvaða forsenda var það sem var röng, virðulegi forseti?

Ég vil svara því fyrir mitt leyti: Það var engin forsenda röng. Forsendurnar lágu fyrir. Ákvörðunin sem var tekin var pólitísk, eins og þáverandi forsætisráðherra hefur lýst yfir og ég hef vitnað í í fyrri ræðu minni. Það var á bak við þessa pólitísku yfirlýsingu sem stjórnarflokkarnir tóku pólitíska ábyrgð. Það er hið alvarlega í málinu, virðulegi forseti.

[17:59]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hér talaði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, vinur minn og flokksfélagi hátt í níu ár, og nú er allt annað andlit á honum en var, vil ég hræra upp í minni hv. þingmanns.

18. mars árið 2003 var hann einn af þingmönnum Framsóknarflokksins. Fyrir kosningabaráttuna gerði Halldór Ásgrímsson mjög vel grein fyrir ákvörðun sinni sem Kristinn H. Gunnarsson meðtók á þeim tíma. Kristinn H. Gunnarsson gekk til kosninga 2003, glaðbeittur fyrir Framsóknarflokkinn og hlaut kosningu og var í Framsóknarflokknum þrjú ár til viðbótar.

Framsóknarflokkurinn gekk í gegnum kosningar. Þetta mál þróaðist auðvitað mjög illa á síðustu tveimur, þremur árum. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sat líka á flokksþingi Framsóknarflokksins í ágúst, að ég ætla, og fagnaði þá ummælum Jóns Sigurðssonar, nýs formanns Framsóknarflokksins, sem var að gera þetta mál upp fyrir hönd framsóknarmanna. Niðurstaða þingsins var að fagna þeirri skoðun, þeim ummælum og þeim heiðarleika sem fram kom í ummælum Jóns Sigurðssonar og hafði reyndar áður komið fram í ummælum Halldórs Ásgrímssonar, að hefði hann haft allar þær upplýsingar sem nú liggja fyrir hefði þessi ákvörðun ekki verið tekin. Hann og nýr formaður Framsóknarflokksins hafa því gert það upp fyrir hönd flokksins að þetta hafi verið mistök.

Nú auðvitað er hér allt annar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem er orðinn frjálslyndur og farinn til hægri í pólitík og talar með allt öðrum hætti en hann bjó við í rauninni þessi fjögur ár í Framsóknarflokknum eftir að Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, forustumenn ríkisstjórnarflokkanna, tóku þessa ákvörðun tveir.

[18:01]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra upplýsti ekki hvaða forsendur það voru sem stuðst var við og reyndust síðar rangar. Hann vék ekki einu orði að þeim í þessari ræðu eða neinum öðrum ræðum sem hann hefur flutt um þetta mál af þeirri einföldu ástæðu að hann hefur ekkert svar við því. Þetta er frasi sem hann hefur komið sér upp og fleiri til þess að geta bakkað út úr málinu án þess að viðurkenna að þeir gerðu rangt.

Það er kannski aðalvandinn í málinu að menn viðurkenna ekki að þeir gerðu rangt, að menn viðurkenna ekki pólitíska ábyrgð. Það er áhyggjuefni þegar menn eru ekki nógu einarðir til að gangast við því og segja: Við tókum rétta ákvörðun, eins og hæstv. utanríkisráðherra sagði, og er greinilega ósammála formanni sínum, því að hæstv. utanríkisráðherra sagði nýlega: „Við tókum rétta ákvörðun en á röngum forsendum.“ Það er ekki viðurkenning á því að menn hafi gert neitt rangt, menn eru að kasta ábyrgðinni á einhverjar ótilgreindar forsendur.

Hæstv. landbúnaðarráðherra verður að gangast í gegnum þetta mál og viðurkenna að ákvörðunin var alla tíð röng. Hann vissi það og aðrir vissu það og þeir sem gagnrýndu þessa ákvörðun fengu dálítið að kenna á því.

Hann minntist á stöðu mína og ummæli fyrir síðustu kosningar. Það er rétt, ég gagnrýndi þessa ákvörðun opinberlega þá og var formaður þingflokks framsóknarmanna. Ég var það ekki eftir kosningar, eftir að ég hafði flutt fram þessa gagnrýni. (Gripið fram í.)

Ég stóð ekki að fjölmiðlamálinu, virðulegi forseti, aðför fáeinna manna að fyrirtæki úti í bæ þar sem menn ætluðu að beita löggjafarvaldinu í því skyni. (**Gripið fram í:** Það gerði Guðni.) Það gerði hæstv. landbúnaðarráðherra. Hann stóð að fjölmiðlamálinu og var alltaf jafnkátur við útgáfu 1, 2, 3, 4 og 5 og gafst svo upp að lokum. Og hvar var staða mín eftir það, virðulegi forseti?

[18:03]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er náttúrlega makalaus kattarþvottur sem hv. þingmaður beitir hér og útúrsnúningar. Það liggur auðvitað fyrir að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var fast að fjórum árum í Framsóknarflokknum eftir að Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson tóku þessa ákvörðun tveir sem forustumenn ríkisstjórnarinnar. Hann gagnrýndi hana kannski eftir á (**Gripið fram í:** Þið refsið honum.) eins og margir hafa gert.

Það er auðvitað ljóst sem hér hefur komið fram að þessi ákvörðun, sem tekin var á röngum forsendum eins og Halldór Ásgrímsson hefur viðurkennt og Jón Sigurðsson er að tala um, hefur reynt á stjórnmálamenn víða um heim. Ég hygg t.d. að danski forsætisráðherrann hafi farið best út úr sinni ákvörðun vegna þess að allar ákvarðanir sem hann tók í þessu máli tók hann í gegnum minnihlutastjórn og varð að fara með allar ákvarðanir sínar í gegnum danska þingið.

Ég ætla ekkert að deila um þetta við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson en ég gat samt ekki annað en vakið athygli á því að hann var fast að fjórum árum í Framsóknarflokknum eftir að ákvörðun var tekin eins og ég hef hér lýst. Hann var auðvitað góður gagnrýnandi en hann gekk til kosningabaráttunnar glaður og reifur eftir að þessi ákvörðun hafði verið tekin og var okkur trúr.

Hann var ekki settur af sem þingflokksformaður í Framsóknarflokknum. Hann veit að hann lenti í átökum innan Framsóknarflokksins, bæði þar og í Byggðastofnun, og þannig er að menn skipta oft um þingflokksformenn. Ég man ekki hvort hv. þingmaður var felldur eða hvernig það var en hins vegar var hann ekki kjörinn og það kom þessu máli ekkert við, ef minni mitt svíkur mig ekki. (**Gripið fram í:** Jú, jú, jú.)

[18:05]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn bregst hæstv. landbúnaðarráðherra okkur í þingsalnum með að útskýra fyrir okkur hvaða forsendur það voru sem voru rangar og ákvörðunin var reist á. Hann er búinn að vera á flótta í þessu máli frá upphafi þessarar umræðu. Byrjaði að halda því fram að Bandaríkjamenn hefðu sett okkur á listann að okkur forspurðum. Það er ekki rétt. Það hefur komið fram af hálfu beggja formanna stjórnarflokkanna á þeim tíma að þetta var meðvituð ákvörðun, pólitísk ákvörðun og beinn stuðningur við innrásina í Írak. Beinn pólitískur stuðningur beggja stjórnarflokkanna sem þeir tóku og létu síðan aðra í flokkunum vita

eftir á. Það var þetta sem gerðist.

Hæstv. landbúnaðarráðherra verður að axla ábyrgð á þessu máli sem pólitískur forustumaður. Það gerir hann ekki með því að segja að það sem var rangt í málinu séu forsendur, eitthvað sem hann réði ekki við. Hann verður að viðurkenna að hann og forustan tóku ranga ákvörðun. Þeir höfðu allar forsendur til að taka rétta ákvörðun en þeir tóku ranga ákvörðun (Gripið fram í.) vegna þess að þeir töldu það af einhverjum ástæðum þjóna hagsmunum sínum betur. Það er út af fyrir sig hlutur sem menn verða að skýra. Það kann að vera að það tengist t.d. áframhaldandi veru bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Það kom nefnilega í ljós fáum dögum eftir síðustu alþingiskosningar, og þar sagði nú ekki minni maður frá en hæstv. forsætisráðherra á þeim tíma, Davíð Oddsson, að þeir hefðu orðið sammála um það, foringjarnir, að þegja yfir þeim áformum Bandaríkjamanna að kalla herliðið heim vegna þess að þeir vildu ekki láta þjóðina vita af því fyrir kosningar.

Hvers konar stjórnarhættir eru þetta, virðulegi forseti, þegar æðstu menn stjórnarflokkanna taka sér það fyrir hendur að skammta upplýsingar til þjóðarinnar um mikilvæg mál? (**Gripið fram í:** Ekki skamma mig fyrir það mál.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:07]

**Útbýting:**

Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 670. mál, stjtill. félmrh., þskj. 1021.

Fjöldi starfa í einstökum atvinnugreinum, 674. mál, fsp. BÁ, þskj. 1027.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 669. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1020.

Fræðslumyndir í sjónvarpi, 672. mál, fsp. MÁ, þskj. 1025.

Greiðsla fyrir sýningarrétt hjá Ríkisútvarpinu, 673. mál, fsp. MÁ, þskj. 1026.

Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, 668. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1019.

Staða og þróun jafnréttismála frá 2004, 671. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1022.

Öryggisráðstafanir vegna barnaníðinga, 592. mál, svar dómsmrh., þskj. 1015.

### *Varnir gegn landbroti, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 637. mál (valdmörk milli ráðherra). — Þskj. 945.

[18:09]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Þegar umræðu var frestað áðan hafði iðnaðarráðherra nýlega gefið ákveðna yfirlýsingu sem mér finnst mjög athyglisverð, yfirlýsingu um að flokkurinn hans mundi setja mikinn eða allan sinn þunga í að sett yrði ákvæði í stjórnarskrána um auðlindir sjávar. Hæstv. ráðherra tók reyndar þannig til orða, ef ég man rétt, að ákvæðið ætti að tryggja það að Alþingi gæti sett lög um afnotarétt eða nýtingarrétt. Mig langar að spyrja ráðherrann frekar út í hvað hann meinti með þessum ummælum til að ganga úr skugga um að það verði ekki misskilið. Hann minntist ekki á eignarrétt, þýðir þá yfirlýsing hans að inn í stjórnarskrárákvæðið komi ekki orðalag um að þessar auðlindir séu eign þjóðarinnar? Ég held að það verði að fást skýrt fram því að auðvitað er algerlega nauðsynlegt að í stjórnarskránni verði kveðið á um eignina, eignarhaldið á auðlindinni. Það kann að vera að ráðherrann hafi meint það og það kemur þá bara fram, en ég vildi spyrja eftir því þannig að ekki yrði vafi um merkingu þess sem hann sagði áðan.

Í öðru lagi spyr ég líka vegna þess að unnið er að því að ná samkomulagi um breytingartillögu á stjórnarskránni hvernig nýjar breytingar verði framvegis gerðar á henni. Þær hugmyndir sem voru á kreiki síðast þegar ég vissi eru þannig að einfaldur meiri hluti muni ekki lengur duga til að samþykkja stjórnarskrárbreytingu á Alþingi með þingkosningum í milli, heldur muni þurfa samþykki tveggja þriðju hluta alþingismanna til að hún teljist samþykkt. Það eru 42 þingmenn. Segjum sem svo að stjórnarskrártillaga fái aðeins 40 atkvæði hér og 1 atkvæði á móti, þá telst hún samt felld. Þetta ákvæði gerir það erfiðara að breyta stjórnarskránni, ekki auðveldara.

Þetta þýðir líka að Sjálfstæðisflokkurinn fær neitunarvald. Á meðan Sjálfstæðisflokkurinn hefur þriðjung atkvæða, eða a.m.k. 21 þingmann, getur hann komið í veg fyrir allar breytingar á stjórnarskránni. Segjum sem svo, virðulegi forseti, að inn í þessar stjórnarskrártillögur verði núna sett þessi áform sem ég var að rekja um hvernig eigi að standa að breytingum og síðan eitthvað um auðlindina og þá er algerlega óvíst að sú tillaga nái nokkurn tíma fram að ganga eftir kosningar vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn muni geta stoppað það. (**Gripið fram í:** ... tvisvar.) Hvernig þá? Það er kannski vissara að fara í gegnum þetta þannig að mönnum sé ljóst um hvað verið er að reyna að ná samkomulagi. Mér sýnast þessar hugmyndir gera það ákaflega erfitt að ná fram þeirri breytingu sem við erum að sækjast eftir á auðlindaákvæði í stjórnarskrá, ef menn setja þessi stífu ákvæði um aukinn meiri hluta fyrir samþykktinni, og það er ekki einu sinni víst að hægt verði að fá málinu vísað til þjóðarinnar vegna þess að það er líka hægt að koma í veg fyrir það við ákveðin skilyrði. Menn verða þá að gera hlutina þannig að auðlindaákvæðið sé í fyrsta lagi ásættanlegt og í öðru lagi að hægt sé að koma því fram.

Þetta vildi ég spyrja um í kjölfar yfirlýsingar ráðherrans fyrr í dag sem mér fannst athyglisverð og vera að mörgu leyti eins og stríðsyfirlýsing gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Kannski er það þess vegna sem Sjálfstæðisflokkurinn hvarf úr þingsalnum í umræðunni um Írak og ákvað að henda öllum þeim byrðum og syndum á framsóknarmenn. Sjálfstæðismenn fóru bara í kaffi, hver veit hvort það var ástæðan eða eitthvað annað tilfallandi. Ég skal ekki fullyrða um það en ég vildi gjarnan biðja hæstv. ráðherra að gefa nánari skýringar á yfirlýsingu sinni.

[18:14]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í stuttu andsvari get ég ekki farið langt út

í einstök efnisatriði. Í fyrsta lagi verður hv. þingmaður að leita upplýsinga um þau stjórnarskrárfrumvörp og þær breytingartillögur sem um er að ræða hjá flokksforingja sínum vegna þess að þetta hefur verið rætt á fundum í hópi leiðtoga flokkanna og ég tel mig ekki hafa umboð til að taka það út fyrir þann hóp og hingað inn í þingsal.

Í öðru lagi læt ég í ljós þá skoðun að þegar við veltum fyrir okkur eignarréttindum á t.d. auðlindum aðgreinum við eign á auðlindinni frá eign á rétti til nýtingar eða afnota. Þetta er auðvitað alkunnugt í öllum atvinnurekstri, t.d. landbúnaði og sjávarútvegi.

Vegna ummæla hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og fleirum í umræðunum áðan endurtek ég og árétta að ákvæðið í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar sem hér er rætt kveður á um sameign þjóðarinnar á auðlindum með þeim hætti sem styrkir og staðfestir löggjafarvald Alþingis varðandi afnota- og nýtingarrétt og styrkir þannig og staðfestir gildandi fiskveiðistjórnarkerfi en vefengir það ekki eins og stjórnarandstaðan gerir. Þess vegna eru yfirlýsingar hv. stjórnarandstæðinga um stuðning við tillögu um þetta einungis staðlausir stafir.

[18:16]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Út úr þessum svörum hæstv. ráðherra les ég tvennt, og bið hæstv. ráðherra að hlýða á svo að hann geti brugðist við ef ég hef dregið ranga ályktun:

Í fyrsta lagi verður ekki sett í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindirnar séu eign þjóðarinnar.

Í öðru lagi verður sett ákvæði í stjórnarskrána sem torveldar löggjafarvaldinu að gera breytingar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, t.d. með því að breytingar yrðu að gerast á svo og svo löngum tíma. Eins og menn þekkja í þingsölum hefur Alþingi litið svo á til þessa að það gæti hvenær sem er breytt lögunum um stjórn fiskveiða og gert hvaða breytingar sem það kýs að gera á eins skömmum eða löngum tíma og það telur eðlilegt. Ég les út úr ummælum hæstv. ráðherra að meiningin sé að þrengja þennan möguleika Alþingis á að gera breytingar á gildandi fiskveiðistjórnarkerfi.

[18:17]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það þarf varla að eyða orðum að þessu. Þetta er svo augljós útúrsnúningur hjá hv. þingmanni að það er eiginlega óþarft fyrir mig að endurtaka orðrétt það sem ég sagði áður, ég þarf engu við það að bæta.

[18:17]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mun auðvitað koma í ljós í fyllingu tímans, ef tillagan kemur fram, hvernig hún verður. Ég kann vel að lesa úr því sem menn segja, sérstaklega þegar það er vandlega skrifað niður til að gæta þess að menn segi bara það sem þeir vilja segja. Ég þekki hæstv. iðnaðarráðherra og veit að hann er mjög nákvæmur í orðavali. Það er engin tilviljun að mínu mati að í yfirlýsingu hans kemur hvergi fyrir orðið eignarréttur.

[18:18]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru ákaflega fróðlegar umræður sem hér hafa átt sér stað. Bara til að undirstrika staðreyndirnar er rétt að rifja upp að það liggur fyrir skýlaus vilji Framsóknarflokksins um það hvernig ákvæði í stjórnarskrá ætti að líta út. Frá því var gengið í auðlindanefndinni á sínum tíma þar sem fulltrúi Framsóknarflokksins ekki bara studdi það, heldur samdi það. Það var alveg á kláru hvernig það ætti að vera. Sú tillaga var síðan staðfest af starfshópi stjórnarskrárnefndar. Þetta eru engin leyndarmál, um þetta geta menn allt saman lesið á heimasíðu stjórnarskrárnefndarinnar. Þar er líka að finna þá tillögu sem stjórnarskrárnefnd sammæltist um að varðaði breytingar á stjórnarskránni í framtíðinni. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ætti að lesa þetta.

Þar eru tvær leiðir lagðar til í sama ákvæði. Í fyrsta lagi er alveg rétt hjá hv. þingmanni að Sjálfstæðisflokkurinn í núverandi stærð mundi hafa neitunarvald hér varðandi aðra leiðina, þ.e. ef þriðjungur þingmanna leggst gegn stjórnarskrárbreytingu fer hún ekki rakleiðis í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá fer hún hins vegar þá leið sem nú þegar er fyrir hendi, þ.e. samþykkt á þingi í gegnum kosningar, aftur samþykkt á þingi og fer þá í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ekki með nokkru móti hægt að halda því fram að sú tillaga sem liggur fyrir af hendi nefndarinnar komi í veg fyrir að mál komist í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þvert á móti tryggir hún þann möguleika að hún komist mun fyrr í þjóðaratkvæðagreiðslu og þar með að stjórnarskrárbreyting yrði að veruleika en við núverandi aðstæður, svo fremi sem tveir þriðju þingsins samþykki. Ef það er bara einfaldur meiri hluti er það sem sagt sú leið sem nú þegar er í gildi og endar með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þessu vildi ég bara koma til skila, frú forseti, og þetta er hægt að lesa á heimasíðu nefndarinnar.

[18:20]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil kannski aðeins bæta því við að það er að mínu mati heldur engin tilviljun að iðnaðarráðherra tók í yfirlýsingu sinni sérstaklega fram að stjórnarskrárbreyting ætti að treysta núverandi fiskveiðistjórnarkerfi í sessi.

Varðandi það sem fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar er ég með tillögu hér sem við þingmenn fengum í gær til yfirferðar, drög að tillögu frá formönnum stjórnmálaflokkanna. Hún er ekki á þann veg sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að lýsa, heldur þannig að frumvarp til stjórnskipunarlaga verði eigi samþykkt nema með tveimur þriðju hluta atkvæða á Alþingi. Til þess að breytingartillaga fái samþykki þarf a.m.k. 42 atkvæði. Það kann að vera að einhverjar nýjar útgáfur séu komnar frá því að við fengum þetta til yfirlestrar seint í gær en þetta er það sem ég hef undir höndum. Svo er reyndar fleira í þessu sem mér líst mátulega á svo ég segi ekki meira

Ef menn ætla að fara einhverja slíka leið í stjórnarskrárbreytingu sem felur það í sér að Sjálfstæðisflokkurinn fái neitunarvald á breytingar eru menn að stíga skrefið aftur á bak vegna þess að þá auðvelda menn ekki þjóðinni að taka

afstöðu til og greiða atkvæði um tilteknar breytingar, heldur eru menn þá að auðvelda tilteknum stjórnmálaflokki að koma í veg fyrir breytingar og koma í veg fyrir að þjóðin fái að fara í atkvæðagreiðslu um þær.

[18:22]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er bara aumur formaður þingflokks. Ég sit að vísu í stjórnarskrárnefnd hæstv. forsætisráðherra. Þar var sú tillaga samþykkt sem ég lýsti áðan. Henni var beint til forsætisráðherra og skila um áfangaskýrslu og ég hef aldrei heyrt þetta sem hv. þingmaður fór með áðan. Ég hef ekki séð þetta afbrigði og mér kemur satt að segja mjög á óvart ef þetta hefur komið af fundi leiðtoga stjórnmálaflokkanna. Ég hef sem sagt ekki hugmynd um það. Stjórnarskrárnefndinni hefur ekki verið gert það kunnugt og ef þetta er svona er það alveg hárrétt sem hv. þingmaður er að segja og það er í töluvert öðru formi en nefndin var sammála um. Ég ítreka það bara, ég hef ekki hugmynd um þetta, hef aldrei heyrt þetta áður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:23]

**Útbýting:**

Kærur í nauðgunarmálum, 556. mál, svar dómsmrh., þskj. 1023.

## *Samningur um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, fyrri umr.*

Stjtill., 640. mál. — Þskj. 951.

[18:24]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja sem gerður var í Kaupmannahöfn og Reykjavík 1. og 2. febrúar sl.

Við útfærslu íslensku efnahagslögsögunnar í 200 sjómílur árið 1975 ákváðu stjórnvöld m.a. að nota klettinn Hvalbak sem viðmiðunarpunkt við ákvörðun miðlínu milli Íslands og Færeyja. Dönsk stjórnvöld gerðu fyrirvara við þessa ákvörðun fyrir hönd Færeyja og ákvörðuðu miðlínuna miðað við grunnlínur landanna án tillits til Hvalbaks. Þar með varð til umdeilt hafsvæði milli Íslands og Færeyja, um 3.700 km² að stærð.

Í kjölfar samningaviðræðna embættismanna landanna náðist samkomulag um afmörkun hins umdeilda hafsvæðis í Þórshöfn haustið 2002 á fundi Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi utanríkisráðherra, og Anfinns Kallsbergs, þáverandi lögmanns Færeyja. Í samkomulaginu fólst að nyrðri hluti umdeilda svæðisins sem nemur um tveimur þriðju hlutum af svæðinu í heild skiptist þannig milli aðila að Ísland fengi 60% í sinn hlut en Færeyjar 40%. Syðsti hluti umdeilda svæðisins sem nefndur er „sérsvæðið“ og nemur um þriðjungi af svæðinu í heild skiptist hins vegar jafnt á milli aðila.

Vegna sérstakra aðstæðna á sérsvæðinu var um það samið að bæði íslensk og færeysk skip hefðu rétt til fiskveiða á því svæði öllu samkvæmt þeim reglum sem um þau gilda í eigin fiskveiðilögsögu. Er því í raun um sameiginlegt fiskveiðisvæði að ræða.

Ákveðið var að gengið yrði frá formlegum afmörkunarsamningi sem mundi ná til allrar lögsögulínunnar milli Íslands og Færeyja þegar tæknilegri endurskoðun á grunnlínupunktum hvors lands um sig yrði lokið. Hinni tæknilegu endurskoðun lauk ekki fyrr en haustið 2006 en í kjölfarið náðist samkomulag um texta hins formlega afmörkunarsamnings sem hér er lagt til að verði staðfestur. Á uppdrætti sem fylgir samningnum má sjá endanlega markalínu milli Íslands og Færeyja og hvernig hið umdeilda svæði skiptist milli landanna. Á fundi sínum í Reykjavík 2. febrúar sl. undirrituðu Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. utanríkisráðherra, og Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyja, samninginn en daginn áður hafði Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, undirritað hann.

Með gerð þessa samnings er lokið með formlegum hætti afmörkun efnahagslögsögu Íslands gagnvart lögsögu nágrannalandanna, en áður hafði verið gengið frá afmörkun efnahagslögsögunnar gagnvart lögsögu Jans Mayens, Grænlands og Bretlands.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, er samningurinn háður samþykki Alþingis.

Ég legg til, virðulegur forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanríkismálanefndar.

[18:27]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það eru að sjálfsögðu ekki efni til að fjölyrða um þennan samning. Ég fagna því fyrst og fremst að hann hefur loksins litið dagsins ljós og er kominn á borð okkar alþingismanna þremur eða fjórum árum eftir að samkomulagið náðist um afmörkun miðlínunnar eins og hún var umdeild vegna þess hlutar hennar sem tengdist Hvalbak.

Ég held að þetta sé ágætt dæmi um það hvernig grannþjóðir eiga að vinna úr sínum málum og leysa þau með farsælum og friðsamlegum hætti. Ég tel að þessi niðurstaða sé efnislega alveg ásættanleg fyrir Ísland. Það má auðvitað endalaust deila um það hvað væri sanngjarnt í þessum efnum en það er þó enginn vafi á því að Ísland heldur þarna heldur stærri hluta af þessu umdeilda svæði en hitt. Það er kannski meira virði þegar upp er staðið að ná samkomulagi á vinsamlegum nótum við Færeyinga um málin og treysta þar með samstarf ríkjanna á sviði sjávarútvegsmála og hafréttarmála sem er mjög mikilvægt og hefur nýst okkur Íslendingum vel, og í vaxandi mæli á seinni árum verið ekkert síður hagstætt fyrir Ísland en Færeyjar. Framan af nutu Færeyingar mikilla einhliða réttinda í íslensku fiskveiðilögsögunni og gera sumpart enn, en hlutur ríkjanna hefur jafnast með auknum veiðum okkar á uppsjávarfiskum yfir í færeysku lögsögunni og þeirri samstöðu sem hefur verið mikilvæg og oftast hefur náðst milli Íslands og Færeyja í

viðræðum við þriðja aðila, jafnvel þó að við séum samtímis keppinautar um hlut í þeim gæðum sem samið er um hverju sinni eins og norsk-íslensku síldinni eða hvað það nú er.

Ég vek svo að lokum athygli á því að það er nokkurt nýnæmi hygg ég í lausn deilumála af þessu tagi að ríkin semji um sameiginleg afnot af hinu umdeilda svæði. Í raun ríkir gagnkvæmur veiðiréttur eins og hann er á grundvelli annarra samninga og fiskveiðistjórnar ríkjanna á öllu svæðinu í staðinn fyrir að því sé skipt í tvennt eins og kannski væri hefðbundnara að gera þegar deilumál um afmörkun lögsögu eru leidd til lykta. Í þessu er líka fólgið fyrirkomulag sem í raun er sérstakt og lýsir vel því trausti sem þjóðirnar bera hvor til annarrar í þessum efnum því að án slíks væri náttúrlega ekki heppilegt að reyna að ganga svo frá málum að um sameiginleg afnot af tilteknu hafsvæði í þessum skilningi væri að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð en fagna því að þessi samningur er kominn í höfn.

[18:30]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir mjög jákvæða nálgun hv. þingmanns en mig langaði aðeins að koma því á framfæri hvað varðar þennan gagnkvæma veiðirétt, að hann gildir einungis um hluta svæðisins, þ.e. syðsta hlutann en ekki alveg allt svæðið, bara svo enginn misskilningur verði.

En að öðru leyti vil ég þakka hv. þingmanni Steingrími J. Sigfússyni fyrir afar jákvæða nálgun á málið eins og hans var svo sem von og vísa, enda mikill áhugamaður um gott vestnorrænt samstarf sérstaklega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.*

Stjtill., 648. mál (raforkuviðskipti). — Þskj. 967.

[18:31]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 um breytingu á IV. viðauka við EES-samninginn.

Með ákvörðuninni eru fjórar gerðir felldar inn í samninginn. Um er að ræða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri, tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og 2003/55/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas, ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeim gerðum sem hér um ræðir. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Gerðirnar sem hér um ræðir mynda svokallaðan orkupakka framkvæmdastjórnar ESB sem samþykktur var í júní 2003. Markmiðið með setningu þeirra er að skapa sanngjarnar leikreglur varðandi gegnumflutning raforku yfir landamæri og auka þannig samkeppni.

Lagðar eru reglur varðandi skipulag raforku- og jarðgasgeirans með því að setja sameiginlegar reglur fyrir framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu á raforku og gasi. Enn fremur er komið á fót sérstökum hópi sem er framkvæmdastjórninni til ráðgjafar í málum varðandi raforku og gas. Rétt er að taka fram að sérfræðingum frá EES-ríkjunum er heimilt að sitja fundi hópsins sem áheyrnaraðilar.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB kallar á smávægilegar breytingar á raforkulögum nr. 65/2003, og þá einna helst varðandi aðskilnað rekstrarþátta dreifiveitna.

Í 15. gr. tilskipunarinnar er að finna undanþáguheimild varðandi kröfur um aðskilnað fyrir orkufyrirtæki sem hafa færri en 100 þúsund tengda viðskiptavini eða þjónusta lítil einangruð kerfi. Allar dreifiveitur á Íslandi eru undir þeim mörkum. Unnið er að lagabreytingum og innleiðingu gerðanna í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og til hv. utanríkismálanefndar.

[18:34]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins spyrjast svolítið fyrir um innihaldið í þessari þingsályktunartillögu. Það er eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra verið að afgreiða fyrir okkar hönd í einni þingsályktun nokkuð margar breytingar og ástæða kannski til að reyna að átta sig á í hverju breytingarnar felast því þingsályktunin er pólitísk yfirlýsing sem heimilar ríkisstjórninni að skuldbinda okkur til að taka efni hinna nýju gerða inn í EES-samninginn þannig að flytja þarf lagafrumvörp í kjölfarið á þessu. Þá finnst mér að nokkuð betur þurfi að liggja fyrir en er að finna í þessum gögnum, hvaða lagabreytingar munu leiða af umræddri þingsályktunartillögu.

En fyrst rek ég augun í að ályktun sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem er grundvöllur að þessu, er frá 2. desember 2005. Miðað við EES-samninginn gengur þetta þannig fyrir sig að fulltrúi Íslands setur fyrirvara á fundi sameiginlegu nefndarinnar og þá fá Íslendingar sex mánaða frest til að leggja málið fyrir Alþingi. Mér sýnist að frá 2. desember 2005 séu liðnir 16 mánuðir, þ.e. tíu mánuðir fram yfir þá sex mánuði sem ríkið hefur til að aflétta fyrirvaranum. Mig langar að fá upplýsingar um það hvers vegna utanríkisráðherra hefur ekki lagt þetta mál fyrr fyrir þingið. Það er komið svona langt fram úr þeim tímamörkum sem við höfum skuldbundið okkur til að virða. Ég held að fróðlegt væri að frá svör við því. Ef það kemur ekki að sök, að málið komi ekki fyrir þingið fyrr en tíu mánuðum eftir að afgreiðslu þess átti að vera lokið, þá sýnist mér það komi ekkert að sök þótt það hljóti ekki afgreiðslu núna þá fjóra, fimm daga sem eftir eru af þinginu og menn geti bara látið þetta liggja og tekið það upp í haust. Ég sé ekki annað en að málið hljóti að þola þá bið. Þetta er dálítið viðamikið mál

og það verður eiginlega svolítil skemmri skírn á yfirferð á þessum miklu reglum ef utanríkismálanefnd og viðeigandi fagnefnd eiga að fara yfir þetta og önnur mál sem hér liggja fyrir á þeim stutta tíma sem eftir er.

Í öðru lagi eru það hinar efnislegu breytingar. Ég sé í þeirri fyrstu, þ.e. að innleiða reglugerð frá Evrópuþinginu nr. 1228/2003, að hún fjallar um raforkuviðskipti yfir landamæri. Ég spyr: Að hvaða leyti mun hún eiga við hér á landi? Hvaða raforkuviðskipti yfir landamæri eiga sér stað hér eða munu eiga sér stað? Eftir hvaða leiðum fara þau og hvar liggja þá þau landamæri? Svo ég spyrji bara nokkuð opið því ég sé reyndar ekki að þessi tilskipun eigi nokkuð við. Ég sé ekki þó að hún sé sett inn í íslensk lagasafn að hún hafi nokkurt gildi, nema að stjórnvöld sjái fyrir sér að á næstu árum verði unnt að flytja raforku til og frá landinu. Því tilgangur þessarar reglugerðar, ef ég skil þetta rétt, er að tryggja samkeppni á raforkumarkaði. Það gera lönd í Evrópu sem liggja saman með því að flytja rafmagn yfir landamærin eins og hæglega er hægt að gera þar. En við búum á eyju og lifum við allt aðrar aðstæður. Ég veit ekki til að við séum í neinum tengslum við erlenda raforkumarkaðinn. Ég sé því ekki tilganginn í að lögfesta þetta nema stjórnvöld sjái fyrir sér á næstu árum að þetta muni breytast og þá væri fróðlegt að fá upplýsingar um það.

En varðandi þessa reglugerð sýnist mér að hún feli í sér m.a. það ákvæði að fela eftirlitsstofnunum EFTA-ríkjanna stjórnsýsluverkefni sem í Evrópusambandinu eru falin framkvæmdastjórninni. Þetta þýðir einfaldlega að þessar EFTA-stofnanir fá heimildir til að sekta fyrirtæki. Mér finnst það alltaf vera viðkvæmt atriði þegar við gerum samning af þessu tagi, og þetta er eitt af því sem hefur verið deilt um í EES-samningnum, hvort menn hafi gengið lengra en stjórnarskráin heimilar um að framselja vald úr landi og þá sérstaklega dómsvald. Ég var í síðustu viku einmitt á ráðstefnu um þetta efni. Það er mikið álitamál hvort slíkar heimildir til erlendra eða yfirþjóðlegra stofnana standist íslenska stjórnarskrá. Mér sýnist að með þessari reglugerð sé verið að bæta fleiri álitaefnum í safnið.

Önnur reglugerð er um sameiginlegar reglur fyrir innri markaðinn og breytingu á því og þar gengur mér illa að átta mig á hverjar séu helstu breytingar vegna þess að hér er aðeins birt reglugerðin sjálf en ekki íslensku lögin og ekki gerð grein fyrir hvaða lagabreytingar þurfa verða í íslensku lögunum. Mér finnst að við þyrftum að hafa það svo við gætum áttað okkur á hvaða lagabreytingar verður að gera að mati ráðuneytisins í kjölfar þess að menn samþykki þessa breyttu tilskipun á innri markaðnum fyrir raforku. Þá hef ég í huga reynslu okkar af því að innleiða þá reglugerð hér í upphafi kjörtímabilsins, eða við lok þess síðasta, ég man ekki hvort heldur það var. Það hefur því miður gengið þannig til að ekki verður hægt að segja að almenn ánægja ríki með framkvæmdina. Verðlag hefur hækkað hjá býsna mörgum og töluverð óánægja er með þetta nýja samkeppnisfyrirkomulag og vantar greinilega mjög mikið upp á að hér séu þær aðstæður að einhver samkeppni sé á markaði sem tryggi raforkukaupendum besta verð og góða þjónustu.

Ég held að menn þurfi að staldra aðeins við og skoða, úr því að menn fóru á annað borð inn á þær brautir að reyna að markaðsvæða raforkuframleiðsluna, dreifinguna og söluna, að koma sér niður á breytingar sem eru líklegar til að ná þeim árangri sem að var stefnt, virðulegi forseti.

[18:42]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Aðeins varðandi það sem hv. þingmaður spurði um. Ég vil byrja á að upplýsa að það er rétt sem hér kemur fram að þetta mál kemur nokkuð seint fram. Aðalskýringin á því er að talsverð bið er eftir þýðingum sem frestar því að við getum tekið þessar tilskipanir hratt inn í þingið. Aðalskýringin á því að þessi bið hefur skapast er að ekki hefur gengið nægjanlega hratt að þýða.

Hvort þessar tilskipanir standist stjórnarskrá, þá tel ég svo vera. En ég tek fram að utanríkismálanefnd mun auðvitað skoða þessa tilskipun vel eins og aðrar sem til umfjöllunar eru á hverjum tíma og fer yfir það hvaða lagabreytingar tilskipunin felur nákvæmlega í sér. Ég er ekki með tæmandi yfirlit yfir það.

Hvort til stendur að flytja rafmagn yfir landamærin er það ekki á dagskrá. Enginn veit svo sem hvað framtíðin ber í skauti sér í því sambandi. En það er rétt sem fram hefur komið að hér eru sérstakar aðstæður þannig að þessar tilskipanir, eins og svo sem margar aðrar, eru ekki sérsniðnar fyrir íslenskar aðstæður. Þegar tilskipunin var til umfjöllunar á sínum tíma, aðaltilskipanir um raforkumál, þá héldu fulltrúar íslenskra stjórnvalda því ítrekað fram að efni tilskipananna ættu illa við raforkukerfi okkar. Eftir að búið að var að ræða það ítrekað og draga það fram að raforkukerfi okkar væri ekki tengt kerfum annarra ríkja og að sú sérstaða að okkar raforka er unnin úr endurnýjanlegum orkulindum, varð ljóst að ESB var ekki tilbúið til að fallast á að Ísland fengi undanþágu frá tilskipuninni í heild, enda væri um innri markaðsgerð að ræða sem innihéldi undanþáguheimildir fyrir lítil og einangruð kerfi. Eftir samráð á þeim tíma og ítarlega skoðun tilskipunarinnar og umsögn frá Orkustofnun og Samorku og að fengnum viðbrögðum framkvæmdastjórnarinnar við athugasemdum Íslands, var talið eðlilegt að tilskipunin yrði felld inn í EES-samninginn.

Virðulegi forseti. Þetta eru svona sagnfræðilegar upplýsingar sem tengjast auðvitað þeim málum að raforkukerfi í Evrópu eru auðvitað ekki eins og okkar af því við búum á eyju. En ég tel eðlilegt að utanríkismálanefnd skoði málið og meti það hvort tekst að klára þetta núna eða ekki. Ég ber fullt traust til nefndarinnar að geta metið það eðlilega.

[18:46]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að gera athugasemd við orð hæstv. ráðherra varðandi hinar sagnfræðilegu útskýringar. Þær tilraunir sem gerðar voru af hálfu íslenskra stjórnvalda til að komast undan því að innleiða tilskipunina um sameiginlegan raforkumarkað voru ef einhverjar afar máttlausar. Hér stóðu þingmenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í pontu dögum saman, liggur mér við að segja, til að verja þá niðurstöðu að ríkisstjórnin hefði viljað innleiða tilskipunina.

Á sama tíma stóðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og andmæltum stjórnarliðum kröft-

uglega með rökum sem eru sambærileg við þau sem færð voru fram hér í stuttu máli af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni í ræðu áðan, þ.e. að það hafi frá upphafi verið vanhugsað af hálfu íslenskra stjórnvalda að undirgangast tilskipunina. Enda sýnir það sig þegar búið er að innleiða hana og við erum búin að breyta raforkulögum okkar í þá veru sem við gerðum að það er ekki til hagsbóta fyrir neytendur.

Það er sem sagt að koma á daginn nákvæmlega það sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs vöruðum við frá fyrsta degi. Tilskipunin hefur ekki verið hagfelld neytendum á Íslandi og þær landfræðilegu forsendur sem stjórnarliðar töldu vera fyrir því að innleiða hana eru ekki til staðar. Það er mergurinn málsins.

[18:47]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við getum auðvitað rætt lengi um þessa forsögu. Ég man eftir þessum umræðum, þær voru mjög hátt á lofti í hinni pólitísku umræðu á sínum tíma, en á þessum tíma héldu íslensk stjórnvöld þannig á hagsmunum okkar að ég tel að þar hafi verið eðlilega að verki staðið. Stjórnvöld voru mjög vel á verði og það var ítrekað fjallað um efni tilskipunarinnar á fundum í vinnuhópum EFTA um orkumál og á óformlegum fundum vinnuhópsins með fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar. Það bendir ekkert til þess að íslensk stjórnvöld hafi ekki verið vakandi fyrir hagsmunum okkar.

Á þessum tíma var endurskoðun á skipun raforkumála á Íslandi hafin. Hugmyndirnar á þeim tíma voru í anda tilskipunarinnar að vissu leyti og hún var í samræmi við þau sjónarmið sem voru að ryðja sér til rúms varðandi skipulag raforkumála á þessum tíma en það var alveg ljóst að ESB var ekki tilbúið til að fallast á að Ísland fengi undanþágu frá tilskipuninni í heild. Við upptöku tilskipunarinnar sömdu íslensk stjórnvöld um undanþágur frá henni vegna lítilla og einangraðra kerfa og að þær undanþágur næðu til Íslands þrátt fyrir að raforkukerfi landsins væri tvöfalt stærra en kveðið var á um í skilgreiningu tilskipunarinnar um lítil og einangruð kerfi. Þá var einnig samið um tveggja ára viðbótaraðlögunartíma vegna innleiðingar tilskipunarinnar hér á landi.

Virðulegi forseti. Ég býst við að það sé sama hvað við ræðum lengi um forsöguna í þessu máli, að það breyti ekki miklu hvort eð er, menn hafa bara mismunandi sýn á þetta mál eins og hér hefur komið fram.

[18:50]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú mikið rétt. Hæstv. ráðherra hefur alveg rétt fyrir sér í því að við höfum mismunandi sýn á þessu mál. Það hefur komið á daginn að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi er mjög sáttur við þessa tilskipun. Í mínum huga fór ríkisstjórnin á sínum tíma kannski fyrst og fremst að ráðleggingum orkufyrirtækjanna. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan að Orkustofnun og Samorka hefðu komið að þessu máli í byrjun, það er alveg rétt. Ég veit til þess að orkufyrirtækin hafa alltaf viljað að þessi tilskipun yrði innleidd og hafa sótt það fast að raforkumarkaðurinn hér á landi yrði markaðsvæddur á þeim nótum sem gert var.

Hæstv. ráðherra segir að ríkisstjórnin hafi staðið eðlilega að verki að hennar mati og það bendi ekkert til þess að íslensk stjórnvöld hafi ekki verið vakandi fyrir hagsmunum Íslendinga.

Hæstv. forseti. Hvernig stendur þá á því að raforkuverðið er farið að hækka núna í framhaldi af innleiðingu tilskipunarinnar um breytingu á raforkulögum okkar? Ekki eru það hagsmunir íslenskra neytenda að raforkan hækki. Auðvitað ekki. Ríkisstjórnin er uppvís að því að hafa ekki gætt hagsmuna íslenskra neytenda í þessum efnum.

Ég tek enn og aftur undir orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan. Ég tel að sú tilskipun sem hér er til umfjöllunar geti vel beðið og að ekki þurfi að eyða tíma í að skoða hana í utanríkismálanefnd á þeim örfáu dögum sem eftir lifa af þinginu.

[18:51]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan held ég, ef við lítum til baka til sögunnar, að það breytist ekkert að við verðum ekki sammála um þessi mál. Nýja tilskipunin hefur að vissu leyti aukið rétt neytenda og reynslan sem menn hafa séð er að aðskilnaður fyrirtækja getur aukið rétt neytenda og það að skera á tengsl fyrirtækja. Ég tel eðlilegt að utanríkismálanefnd fari yfir þess tilskipun og meti hvort hún sé þess eðlis að hún megi bíða eða ekki. Ég get sagt það hér að ég treysti utanríkismálanefnd til að fara sérstaklega yfir það. Það er ekki mikið eftir af þinginu og þessi tilskipun hefði átt að vera komin inn fyrr en er að skila sér núna. Ég treysti því samt að allir þingflokkar sem eiga sæti í utanríkismálanefnd fari yfir efni þessarar tilskipunar og meti hvort klára eigi málið eða ekki. (Gripið fram í.)

[18:53]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat ekki annað en vakið athygli á því að það hefur dregist svo lengi að leggja málið fyrir þingið að varla er hægt að líta fram hjá því. Íslendingar áttu að vera búnir að lögfesta breytingarnar sex mánuðum eftir fund sameiginlegu nefndarinnar sem var 2. desember 2005 og við erum komin tíu mánuði fram yfir það.

Það má vel vera rétt að skortur sé á þýðingarþjónustu og þess vegna tefjist málið svona lengi. Ég bendi samt á að þessi tilskipun er frá árinu 2003 og ég býst við að íslensk stjórnvöld hafi fylgst með aðdragandanum að gerð þeirrar tilskipunar og tekið þátt í þeirri gerð að svo miklu leyti sem kostur var. Tíminn til að þýða innihaldið er miklu lengri en frá 2. desember 2005 og það gengur þá mjög hægt að þýða ef þetta er raunin.

Í sjálfu sér er það kannski ekki stóra málið heldur hitt að þetta virðist vera tilgangslaus reglugerð og um það vil ég spyrja ráðherra af því að ég hef ekki áttað mig á innihaldinu til að geta svarað því með sjálfum mér: Felst í þessu, ef þetta verður lögfest, skylda íslenskra stjórnvalda til að beita sér fyrir því að tengja íslenska raforkumarkaðinn erlendum raforkumarkaði, t.d. að vinna að því að flytja raforku út með sæstreng jafnvel þó að íslensk stjórnvöld eða íslenskir aðilar teldu það ekki hagstætt?

[18:55]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þýðingarnar þá er búið að tilkynna EFTA og ESB að Ísland hafi ekki náð að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara innan sex mánaða tímabilsins. Þýðingarvandinn er að verða nokkuð mikill og það er búið að koma því að framfæri að þýðingarvandinn seinki innleiðingu tilskipana hér á landi.

Varðandi viðskipti yfir landamæri þá hefur það ekki áhrif, miðað við þær upplýsingar sem ég hef. Eins og ég skil málið skyldar það okkur ekki til að tengjast raforkukerfi annarra landa, að það sé skilningur á því að hér sé um sérstakar aðstæður að ræða og því tel ég að við séum ekki að taka upp þá skyldu hér. Ég tel eðlilegt að utanríkismálanefnd fari sérstaklega yfir það mál og skoði það vel.

[18:56]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég get ekki stillt mig um að benda á þá mynd sem blasir við að tilgangur þessarar reglugerðar er að koma á aukinni samkeppni innan lands og í löndum Evrópusambandsins með því að tengja saman raforkumarkaðina. Í ljósi þess að í reglugerðinni felst engin kvöð eða skylda fyrir íslensk stjórnvöld til að vinna að því að tengja markaðina saman þá er tilgangur alls þessa náttúrlega mjög óljós, virðulegi forseti.

[18:57]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi koma því á framfæri, eins og ég sagði áðan, að búið er að tilkynna EFTA og ESB um töfina. Margar þessara gerða eru stórar og það er ekki hægt að fara með þær fyrir þingið fyrr en búið er að þýða þær að fullu. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að verið er að fjölga þýðendum hjá Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins og nýlega ákvað hæstv. utanríkisráðherra Valgerður Sverrisdóttir að bæta við þýðendum þannig að þýðingarbiðin styttist.

Ég tel að við séum ekki að skylda okkur á neinn hátt til að tengjast raforkukerfum erlendra ríkja en utanríkisnefnd mun að sjálfsögðu fara heildstætt yfir málið.

[18:58]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég er ekki búinn að skoða þessa tilskipun en vil aðeins segja að Alþingi hefur áður brennt sig illa á því að samþykkja tilskipanir ESB að óathuguðu máli. Það hefur verið rifjað upp hvernig fór fyrir okkur, eða öllu heldur meiri hlutanum á Alþingi, þegar tilskipun um nýskipan á raforkumarkaði var samþykkt á fyrra kjörtímabili samstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks en síðar meir kom á daginn að ýmsir stjórnarliðar hefðu gjarnan viljað fara hægar í sakirnar og óska eftir frestun eða undanþágu öllu heldur frá þeirri tilskipun.

Ég kom fyrst og fremst hingað upp, hæstv. forseti, til að mótmæla því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að tilskipanir Evrópusambandsins á sviði raforkumála og nýskipan á því sviði hafi orðið neytendum til góðs. Það má vel vera að það eigi eftir að gerast einhvern tímann en svo hefur ekki gerst. Vitna ég þar í skýrslur frá Evrópusambandinu sjálfu, nú síðast seint á síðasta ári. Evrópusambandið birtir árlega skýrslu um framvindu mála og markaðsvæðing raforkukerfisins hefur ekki verið til hagsbóta fyrir neytendur. Þetta er viðurkennt og nú síðast hér opinberlega af þeim aðila innan Evrópusambandsins sem fer með raforkumál og var gestkomandi á Íslandi fyrir nokkrum missirum, Piebalg minnir mig að hann hafi heitið, frá Eystrasaltinu, harðlínufrjálshyggjumaður sem sagði okkur að sá tími ætti eftir að renna upp að þetta yrði allt til góðs, en því miður væri það ekki svo. Markaðsvæðingin væru minni en menn hefðu talið að yrði og verðlagið hefði ekki þróast á þann veg sem menn hefðu vonast til. Þetta er því ekki rétt staðhæfing.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.*

Stjtill., 649. mál (fjármálaþjónusta og neytendavernd). — Þskj. 968.

[19:01]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006, um breytingu á IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Tilgangur tilskipunarinnar er að auka virkni innri markaðarins og stuðla að háu stigi neytendaverndar með samræmingu á lögum, reglum og stjórnvaldsfyrirmælum um óréttmæta viðskiptahætti sem skaða hagsmuni neytenda.

Tilskipunin gildir um viðskipti neytenda við seljendur sem stunda starfsemi sína í atvinnuskyni. Utan gildissviðs tilskipunarinnar falla reglur samningaréttarins, reglur er varða heilsu og öryggi, reglur um lögsögu dómstóla, reglur um starfsstéttir, reglur um fjarsölu fjármálaþjónustu og fasteignir ásamt reglum um eðalmálma.

Í tilskipuninni er tekið fram að til að um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða verði þeir að hafa fjárhagsleg áhrif til hins verra fyrir neytandann eða vera líklegir til þess að hafa slík áhrif.

Fram til þessa hafa neytendaverndartilskipanir verið lágmarkstilskipanir en í því felst að hvert ríki getur sett sér strangari neytendaverndarreglur ef það vill. Þetta hefur leitt til ósamræmis í löggjöf ríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem að mati framkvæmdastjórnar ESB veldur hindrun á frjálsu flæði vöru og þjónustu. Var því ákveðið af hálfu

sambandsins að krefjast í þessari tilskipun fullrar samræmingar á þeim sviðum sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar.

Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar í viðskiptaráðuneytinu og er stefnt að því að frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi næsta haust.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til síðari umræðu og til hv. utanríkismálanefndar.

[19:03]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er nú ekki liðinn eins langur tími frá því að þessi ákvörðun var tekin í sameiginlegu nefndinni og í síðasta þingmáli. Hún var tekin 7. júlí og frestur til að lögfesta breytingar rann út að óbreyttu 7. febrúar þannig að nú er kominn mánuður fram yfir það. Það er svo sem ekki stórmál, a.m.k. ekki í mínum huga, en það sem ég velti fyrir mér er framhaldið.

Það segir hér á bls. 17 þar sem birt er þessi tilskipun sem á að lögleiða:

„Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. júní 2007."

Það liggur fyrir að viðskiptaráðuneytið mun ekki leggja fram þingmál fyrr en í haust þannig að það er ljóst að við förum fram úr þessari gildistöku nema samið sé um að hún sé önnur en þarna stendur. Þá væri fróðlegt að fá fram hjá ráðherra hvort EFTA-ríkin hafa annan gildistíma en Evrópusambandsríkin í þessu.

Hins vegar er þessi tilskipun um neytendavernd ákaflega fróðleg og athyglisverð. Það hefði verið æskilegt að með greinargerðinni fylgdi einhver nánari lýsing en er að finna um þær breytingar frá gildandi íslenskum lögum sem munu leiða af þessari tilskipun. Mér finnst ekki alveg nóg að fá hér lýsingu á innihaldi tilskipunarinnar, heldur finnst mér að þurfi að gera grein fyrir því vegna þess að afleiðingin af því að samþykkja þessa þingsályktun er sú að Alþingi skuldbindur sig eiginlega til að breyta lögum. Þá finnst mér að í þessu hefði þurft að vera einhver sæmileg lýsing á því hvað fælist í þeim lagabreytingum.

Mig langar aðeins að spyrja um eitt atriði í þessu, hvort þessi ákvæði tilskipunarinnar um neytendavernd þar sem m.a. eru skilgreindir óréttmætir og uppáþrengjandi viðskiptahættir og fleira í þeim dúr leiði t.d. til þess að bönkunum verði gert óheimilt að starfa eins og þeir hafa gert gagnvart lántakendum, setja skilyrði um að menn gangi að því að borga uppgreiðslugjald ef viðskiptavinurinn hyggst færa sig frá einum viðskiptabanka yfir til annars og skilyrði um önnur viðskipti fyrir lánveitingu eins og þekkt er. Þetta eru að mínu viti mjög óeðlilegir viðskiptahættir sem bankarnir hafa haft frelsi til og heimildir til miðað við framkvæmdina að íslenskum lögum til þess að ástunda gagnvart íslenskum neytendum. Það væri fróðlegt ef til væru upplýsingar um það. Væntanlega hafa íslensk stjórnvöld skoðað þessa tilskipun, hvort þessi tilskipun muni t.d. í þessu tilviki leiða til lagabreytinga sem setja bönkunum skorður við því að ganga svona fram gagnvart viðskiptavinum sínum.

[19:07]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi sex mánaða frestinn sem hér er aftur til umræðu er hann til að staðfesta ákvörðunina, þ.e. til að tryggja lagastoð fyrir ákvörðuninni en ekki til að innleiða.

Varðandi spurninguna um óréttmæta viðskiptahætti er það skilgreint í tilskipuninni. Ég get ekki svarað nákvæmlega á þessari stundu hvaða áhrif tilskipunin mun hafa á núgildandi íslenska viðskiptahætti, það er nokkuð sem verður að skoða í utanríkismálanefnd þannig að ég get ekki farið í neinum smáatriðum yfir það hvort innleiðingin muni breyta einhverju fyrirkomulagi sem nú ríkir á markaðnum.

[19:08]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef alveg skilning á því að hæstv. ráðherra geti ekki svarað í smáatriðum hver áhrifin verða á íslenska löggjöf ef Alþingi ákveður að fallast á að innleiða þessa reglugerð. Mér finnst samt nauðsynlegt að ráðherrann geti sagt þinginu frá því hvaða helstu breytingar Alþingi þarf að gera á gildandi löggjöf. Það er verið að biðja Alþingi að fallast á að samþykkja þessa þingsályktun sem felur í sér skuldbindingu um að breyta lögum í samræmi við þær gerðir sem hér eru undir og því er ekki lýst í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni hvaða breytingar í aðalatriðum þurfi að gera á lögunum. Mér finnst eiginlega eðlileg krafa til ráðherra að hún geti lýst því í aðalatriðum hvaða breytingar þurfi að gera á gildandi lögum. Þessi tilskipun fjallar um mjög áhugavert efni, um neytendavernd, og mér finnst einmitt mjög þarft að taka á þeim málum, sérstaklega í ljósi þess hvernig bankarnir hafa ástundað viðskiptahætti sína gagnvart lántakendum. Það er full þörf á því að setja löggjöf sem dregur úr möguleikum bankanna til að binda viðskipti einstaklinga við þá tilteknum skilyrðum eins og við þekkjum.

[19:10]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi það hvenær lögin og tilskipunin sem við erum að flytja hér taka gildi er nóg að væntanleg lög taki gildi um áramótin. Við verðum ekki of sein þó að ekki komi inn lagafrumvarp fyrr en í haust.

Varðandi spurninguna um það hvað eru óréttmætir viðskiptahættir felst engin uppstokkun í hinni væntanlegu lagasetningu sem byggir á þessari tilskipun. Ákvæði um hvað er óréttmætt er svipað og er í rétti okkar í dag og því tel ég ekki að um einhvern allt annan markað verði að ræða hér eftir að þessi tilskipun er sett.

Ég ítreka, virðulegur forseti, að utanríkismálanefnd mun fara yfir þetta mál og væntanlega ræða þær spurningar sem komu upp í umræðunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.***

Stjtill., 650. mál (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum). — Þskj. 969.

[19:11]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006, um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun nr. 2004/40 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs). Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er ákvörðunin prentuð sem fylgiskjal með tillögunni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og er tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Með tilskipuninni eru settar lágmarkskröfur til að vernda heilsu og öryggi starfsmanna gegn váhrifum frá rafsegulsviðum á tíðnisviðinu 0 Hz til 300 GHz sem líklegt eða hugsanlegt er að starfsmenn geti orðið fyrir við vinnu sína. Tilskipunin kveður á um lágmarkskröfur og geta aðildarríki því tekið upp eða haldið hagstæðari ákvæðum til verndar starfsmönnum, einkum með því að ákveða lægri viðbragðsmörk eða viðmiðunarmörk váhrifa frá rafsegulsviðum en tilskipunin kveður á um.

Í tilskipuninni er fjallað um heilbrigðis- og öryggisáhættu starfsmanna vegna þekktra og skaðlegra skammtímaáhrifa í mannslíkamanum af völdum hringstreymis spanstrauma og orkugleypni, svo og vegna snertistrauma. Í tilskipuninni er ekki fjallað um meint langtímaáhrif og ekki um áhættu vegna snertingar við straumleiðara.

Í tilskipuninni er kveðið á um skyldur vinnuveitenda, m.a. við að ákvarða váhrif og mat á áhættu sem og hvernig megi forðast eða minnka áhættu. Þá er fjallað um skyldur vinnuveitenda til upplýsingagjafar og þjálfunar starfsmanna sem eiga á hættu að verða fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum við störf sín. Sérstök ákvæði er einnig að finna um heilsuvernd og eftirlit með heilsu starfsmanna. Aðildarríkin skulu kveða á um að hægt sé að beita hæfilegum viðurlögum ef brotið er gegn landslögum sem eru samþykkt samkvæmt tilskipuninni. Viðurlögin skulu vera áhrifarík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar í félagsmálaráðuneytinu og kallar hún ekki á viðamiklar lagabreytingar.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til síðari umræðu og til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Samningar um gagnkvæma réttaraðstoð, fyrri umr.***

Stjtill., 652. mál (EES-reglur). — Þskj. 971.

[19:14]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd tvo samninga, annars vegar um málsmeðferð við afhendingu sakamanna og hins vegar um gagnkvæma réttaraðstoð sem og ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169.

Undanfarinn áratug hefur samstarf aðildarríkja Evrópusambandsins á sviði dóms- og innanríkismála stóraukist. Eitt þeirra sviða sem áhersla hefur verið lögð á í þeim efnum er aukin samvinna á sviði réttaraðstoðar í sakamálum, þar með talið framsal sakamanna. Samvinna milli aðildarríkja Evrópusambandsins á þessu sviði fellur að mestu leyti undir svonefnda þriðju stoð þess og ber af þeim sökum einkenni hefðbundins milliríkjasamstarfs.

Schengen-samningurinn frá 1990 hafði að geyma ákvæði um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum og framsal sakamanna. Hefur þróun samstarfs á meðal aðildarríkja Evrópusambandsins á þessu sviði því bein áhrif á framkvæmd Schengen-samstarfsins. Eigi að síður hefur það verið afstaða Evrópusambandsins að samstarf aðildarríkjanna á þessu sviði falli aðeins að hluta til undir Schengen-samstarfið.

Á árunum 1995 og 1996 gerðu aðildarríki Evrópusambandsins með sér samning um einfaldaða málsmeðferð við framsal sem og samning um framsal milli aðildarríkjanna. Jafnframt gerðu aðildarríkin með sér samning árið 2000 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum.

Með ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169 sem nú er óskað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd var mælt fyrir um hvaða ákvæði framsalssamninganna frá 1995 og 1996 teldust vera þróun á Schengen-gerðunum. Ákvörðunin og framsalssamningarnir tveir kalla á breytingar á lögum nr. 13/1984, um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Vinnur dómsmálaráðuneytið nú að undirbúningi nauðsynlegs lagafrumvarps.

Gerir ákvörðunin ráð fyrir að samningurinn frá 1995 um einfaldaða málsmeðferð teljist í heild sinni vera þróun á Schengen-gerðunum og að nánar tilgreind ákvæði samningsins frá 1996 um framsal skuli einnig teljast vera þróun á Schengen-gerðunum. Með þessu móti er kveðið á um að þessi ákvæði gildi jafnframt um Ísland og Noreg.

Sökum þess að Schengen-samningurinn mælir fyrir um afnám persónueftirlits innan Schengen-svæðisins er brýnt að auðvelda og hraða meðferð framsalsbeiðna milli allra Schengen-ríkjanna.

Hin nánu tengsl Schengen-ríkjanna á sviði landamæravörslu gera það að verkum að þessi ríki eiga talsverða hagsmuni af samvinnu í baráttunni gegn afbrotum. Aukið samstarf á milli Schengen-ríkjanna á sviði réttaraðstoðar í sakamálum og framsals sakamanna er þannig til þess fallið að styrkja aðgerðir stjórnvalda í þessum ríkjum gegn skipulagðri afbrotastarfsemi og jafnframt einfalda til mikilla muna samstarf yfirvalda við rannsókn og meðferð sakamála

og framkvæmd framsalsmála á milli þessara ríkja. Af þessum sökum var það sameiginleg niðurstaða Evrópusambandsins, aðildarríkja þess og Íslands og Noregs að hefja samningaviðræður um nánara samstarf á milli þessara ríkja á þessu sviði. Þeim samningaviðræðum lauk með gerð tveggja samninga. Annars vegar er um að ræða samning milli Evrópusambandsins, Íslands og Noregs um beitingu þeirra ákvæða samnings aðildarríkja Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum sem töldust ekki varða Schengen-gerðirnar samkvæmt 2. gr. samningsins. Hins vegar liggur fyrir samningur um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs. Óskað er nú heimildar Alþingis til þess að staðfesta báða samningana.

Með samningunum um málsmeðferð við afhendingu er leitast við að einfalda það ferli sem viðhaft verður vegna meðferðar beiðna um afhendingu sakamanna. Skilyrðinu um tvöfalt refsinæmi er framfylgt í samningunum og jafnframt er heimilt með yfirlýsingu að víkja frá meginreglunni um afhendingu eigin ríkisborgara sem ætla má að íslensk stjórnvöld geri.

Samningurinn kallar á breytingu á lögunum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum og vinnur dóms- og kirkjumálaráðuneytið að undirbúningi frumvarps þess efnis. Markmið samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð er að bæta og auka réttaraðstoð milli ríkjanna í sakamálum á grundvelli fyrirliggjandi samvinnu.

Hæstv. dómsmálaráðherra flutti frumvarp til laga á síðasta löggjafarþingi um þær breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum sem samningur þessi kallar á. Varð frumvarpið að lögum nr. 71/2006.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til síðari umræðu og til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., 1. umr.*

Stjfrv., 655. mál. — Þskj. 981.

[19:19]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um réttarstöðu liðsafla ríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl. sem lagt hefur verið fram sem þskj. nr. 981, mál nr. 655 á þessu löggjafarþingi. Frumvarp þetta er samið í utanríkisráðuneytinu.

Í kjölfar brotthvarfs varnarliðs Bandaríkjanna frá Íslandi 30. september 2006 og með vísan til fyrirætlana íslenskra stjórnvalda um samstarf á sviði varnarmála við fleiri þjóðir en Bandaríkin þykir nauðsynlegt að lögfesta lágmarksreglur um framkvæmd tiltekinna þjóðréttarsamninga sem varða annars vegar réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og hins vegar réttarstöðu liðsafla Samstarfs í þágu friðar o.fl. þegar hann dvelur hér á landi. Í frumvarpinu er jafnframt að finna heimild til handa ríkisstjórninni til að fullgilda umræddu samninga fyrir Íslands hönd. Einnig er með aðild Íslands að umræddum alþjóðasamningum leitast við að tryggja sem best réttarstöðu íslenskra friðargæsluliða erlendis. Frumvarpið byggir að miklu leyti á dönskum lögum um sama efni.

Virðulegi forseti. Þeir samningar sem óskað er heimildar til að fullgilda eru tveir. Annars vegar er það samningur um réttarstöðu liðsafla ríkja Atlantshafsbandalagsins, svonefndur SOFA-samningur, sem er í gildi milli allra aðildarþjóða Atlantshafsbandalagsins utan Íslands. SOFA-samningurinn markar réttarstöðu liðsafla við dvöl eða störf í öðru aðildarríki bandalagsins, hvort sem er vegna æfinga eða varnaraðgerða. Samningurinn skilgreinir refsilögsögu viðkomandi ríkja, úrlausnarleiðir í skaðabótamálum, skatta- og tollaundanþágur, einkennisbúninganotkun, vegabréfamálefni og gildi ökuskírteina.

SOFA-samningurinn er forsenda alls hernaðarlegs samstarfs aðildarríkja bandalagsins á friðar- og ófriðartímum hvað varðar alla veru liðsafla einstakra aðildarríkja í öðrum bandalagsríkjum. Ísland undirritaði SOFA-samninginn 19. júní 1951 en hann var ekki fullgiltur. Það stafaði af því að hér á landi var í gildi viðbætir við varnarsamninginn um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna á Íslandi. Sá viðbætir var lögfestur á Íslandi með lögum um varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna nr. 110/1951 og eru ákvæði hans samhljóma nær öllum ákvæðum SOFA-samningsins. Lögfesting þessa frumvarps felur hvorki í sér nýjar né framandi skuldbindingar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Í frumvarpinu er einnig að finna tilvísun til svokallaðrar Parísarbókunar frá 28. ágúst 1952 en Ísland fullgilti bókunina 11. maí 1953. Í Parísarbókuninni er fjallað um réttarstöðu fjölþjóðlegra, hernaðarlegra höfuðstöðva sem stofnsettar eru samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum. Þar eru enn fremur ákvæði um að SOFA-samningurinn skuli ákvarða réttarstöðu liðsafla aðildarríkjanna sem sendur er til slíkra höfuðstöðva.

Hinn samningurinn sem óskað er heimildar til að fullgilda samkvæmt frumvarpinu er samningur Atlantshafsbandalagsins um Samstarf í þágu friðar (Partnership for Peace) ásamt tveimur viðbótarbókunum hans. Ísland undirritaði samninginn um Samstarf í þágu friðar 19. júní 1995 en hann hefur ekki verið fullgiltur. Samningurinn kveður á um að ákvæði SOFA-samningsins skuli einnig gilda um samstarf við þær þjóðir sem taka þátt í Samstarfi í þágu friðar. Slíkar þjóðir kunna að taka þátt í æfingum hérlendis sem og samstarfi við íslensku friðargæsluna erlendis og því er mikilvægt að fullgilda samninginn ásamt viðbótarbókunum hans frá 19. júní 1995 og 10. mars 1997, til að tryggja að SOFA-samningurinn nái utan um slík tilvik.

Virðulegi forseti. Af ofansögðu má ljóst vera að fullgilding þeirra þjóðréttarsamninga sem hér um ræðir er sprottin af þeim breytingum sem orðið hafa á varnarviðbúnaði Íslands sem og vegna þeirrar auknu ábyrgðar sem Ísland hefur axlað á vettvangi Atlantshafsbandalagsins með þátttöku í aðgerðum bandalagsins. Með innleiðingu þessara samninga verður fyrir hendi skýrari rammi um samstarf Íslands við aðildarþjóðir Atlantshafsbandalagsins og aðrar vinveittar þjóðir, hvort sem er heima eða heiman vegna æfinga eða varna.

Virðulegi forseti. Með hliðsjón af því sem ég hef sagt að framan eru meginatriði frumvarpsins sem hér segir. Í fyrsta lagi er ríkisstjórninni heimilt að fullgilda tvo þjóðréttarsamninga og viðbótarbókanir við annan þeirra sem varðar réttarstöðu liðsafla á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar.

Í öðru lagi er í frumvarpinu kveðið á um fyrirsvarshlutverk utanríkisráðherra af hálfu íslenska ríkisins vegna samskipta við erlendan liðsafla og þau hermálayfirvöld sem hann lýtur. Einnig er mælt fyrir um fyrirsvarshlutverk utanríkisráðherra vegna undirbúnings og fyrirkomulags friðargæsluæfinga og heræfinga sem haldnar eru hérlendis með samþykki íslenskra stjórnvalda og erlendur liðsafli tekur þátt í.

Í þriðja lagi er að finna í frumvarpinu lagaákvæði stjórnsýslulegs eðlis sem varða framkvæmdaratriði tengd innleiðingu framangreindra þjóðréttarsamninga. Um er að ræða framkvæmdaatriði sem óhjákvæmilega fylgja veru erlends liðsafla hér á landi. Þar á meðal eru ákvæði um heimildir til vopnaburðar, framkvæmd refsilögsögu, löggæslueftirlitsframkvæmd, tolla- og skattamál og úrlausn skaðabótamála.

Fæst þeirra framkvæmdaatriða sem hér um ræðir eru ný af nálinni. Hér er um að ræða framkvæmd á sviði varnarmálastjórnsýslu sem lengi hefur verið hluti af gildandi rétti flestra nágrannaþjóða okkar. Þessi atriði eru nú þegar hluti af gildandi íslenskum rétti, samanber ákvæði laga nr. 110/1951 að því er varðar framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna.

Með frumvarpi þessu er fyrst og fremst verið að útvíkka núverandi réttarframkvæmd og réttarvernd þannig að hún nái einnig til annarra samstarfsþjóða Íslands á þessum vettvangi. Með því móti er löggjöf okkar færð til samræmis við það sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar á þessu sviði.

Íslensk stjórnvöld leita nú samstarfs við grannþjóðir innan Atlantshafsbandalagsins um öryggismál landsins á friðartímum. Slíkt samstarf getur ekki orðið án þess að hér sé í gildi samningur um réttarstöðu þess liðsafla sem hingað kann að koma í boði íslenskra stjórnvalda.

Virðulegur forseti. Ég legg á það áherslu að fullgilding SOFA-samningsins og samningsins um Samstarf í þágu friðar er forsenda þess að bandalagsþjóðir geti komið til Íslands til að taka þátt í æfingum og vörnum landsins og að réttarstaða liðsafla þeirra sé á sama tíma tryggð.

Virðulegur forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. utanríkismálanefndar.

[Fundarhlé. — 19:27]

[20:01]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það má segja að það mál sem hér kemur sé á ýmsan hátt sögulegt, sérstaklega vegna þess að hér stendur til að fara að fullgilda yfir hálfrar aldar gamlan samning, frá 19. júní 1951, sem Ísland gerðist aðili að. Það er ekki á hverjum degi sem svo gamlir pappírar eru dregnir upp á borð okkar þingmanna. Auðvitað á þetta allt saman sögulegar skýringar sem raktar eru í frumvarpinu og menn þekkja, einhverjir, og síðan hafa pólitískar breytingar orðið til þess að hæstv. ríkisstjórn verður það allt í einu fyrir að bera þetta á borð Alþingis nú. Það sem veldur eru auðvitað þau gleðilegu og miklu tíðindi að Bandaríkjaher hvarf af landi brott í haust sem leið. Þá kom á daginn að sambúð Íslands við önnur ríki í Atlantshafsbandalaginu hafði verið undir áhrifum af veru Bandaríkjahers hér og þeirri staðreynd að Bandaríkin voru í raun ekki bara eins og hvert annað erlent herlið í landinu, heldur höfðu þau yfirtekið allar skyldur Íslands í þessum efnum. Ísland var þá einhvers konar viðhengi við Bandaríkin í aðildinni að NATO og því bixi öllu saman. Síðan kemur á daginn að þessir samningar höfðu sem sagt aldrei verið fullgiltir af Íslands hálfu, væntanlega ekki talin ástæða til þegar Bandaríkjaher var kominn hingað og komur liðsafla frá öðrum NATO-löndum voru óverulegar. Það var þá væntanlega á ábyrgð Bandaríkjamanna að staða þeirra hér væri samkvæmt settum reglum.

Það er um það að segja í þessu efni, virðulegi forseti, að jafnóþarft og það var að gera þennan samning á sínum tíma, að mínu mati, sem og öll þessi samskipti, aðild okkar að NATO og vera Bandaríkjahers hér, er það enn í dag jafnmikill óþarfi, og ekki síðri. Það er látið heita svo að nauðsynlegt væri að hafa þennan samning, ef ég skil rétt, aðallega vegna þess að hingað kunna að koma erlendir hermenn til heræfinga eða einhverra kúnsta og þá verði réttarstaða þeirra að vera tryggð að þessu leyti. Ég óska í fyrsta lagi eftir því eða mun óska, ef ekki hér og nú, þá í utanríkismálanefnd, að fá að sjá þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem gera það að verkum að einhverjar sérstakar kvaðir hvíla á Íslandi eða einhver sérstök skylda til að fullgilda þennan samning sem undirritaður var fyrir meira en hálfri öld.

Íslendingar gengu í NATO með skýrum fyrirvörum, nokkurn veginn sömu fyrirvörum og voru uppi hafðir þegar við gerðumst aðilar að Sameinuðu þjóðunum, að við mundum ekki stofna her — og það stæði ekki til að stofna hér her — að við mundum ekki fara með stríði gegn öðrum þjóðum, hvað hefur síðan verið svikið, og við mundum ekki halda her í okkar landi á friðartímum, sem var rækilega svikið og strax tveimur árum eftir að okkur var troðið inn í NATO. Fyrirvararnir standa í sjálfu sér þó að menn hafi ekki gert mikið með þá og eru færðir til bókar, komu m.a. fram í ræðu þáverandi utanríkisráðherra Bjarna Benediktssonar þegar hann gerði grein fyrir stöðu Íslands í þessu samhengi.

Ég spyr því í fyrsta lagi: Er ekki handhægt að vísa til fyrirvaranna og einfaldlega segja: Ísland hefur sérstöðu? Það hefur alltaf legið fyrir að við höfum sérstöðu, við höfum ekki her og nú eru þeir tímar uppi að við sjáum enga ástæðu til þess að hér séu hernaðarumsvif í landinu og þar af leiðandi þurfum við ekki að fullgilda þessa samninga.

Vandinn er hins vegar sá að ríkisstjórnin hefur rembst við að reyna að halda í hernaðarumsvif og gert sér vonir um að fá hingað heræfingar því að það virðist vera sáluhjálparatriði hjá stjórnarflokkunum að halda í einhverjar leifar af eða a.m.k. einhverjir vonir um að hér geti verið eitthvert hernaðarbrölt. Þannig er það bara. Þetta er að sjálfsögðu liður í því. Ég er algerlega andvígur því ákvæði í samningunum nýju við Bandaríkjamenn frá því í haust að þeir hafi hér sjálfdæmi um það hvenær þeim sýnist að koma hingað

og nota landið undir heræfingar. Hvers vegna ættum við að leggja okkar land undir slíkt, friðelskandi smáþjóð, þ.e. ef við ætlum að standa undir nafni sem slík? Það er engin ástæða til þess. Það er engin ástæða til þess að gefa út svona óútfylltar ávísanir handa öðrum þjóðum til að koma með hernaðarbrölt og heræfingar ef þeim sýnist svo og semja fyrir fram um einhverja réttarstöðu slíks liðs í landinu. Ég mun ekki þegjandi og hljóðalaust láta þetta renna í gegn eða fara út úr utanríkismálanefnd áður en þessi þáttur málsins hefur verið rækilega skoðaður.

Síðan er í öðru lagi vitnað í samninginn, og undir er líka samningurinn frá því í júní 1995 um það sem kallað er Samstarf í þágu friðar, Partnership for Peace mun það heita á erlendum tungum, og var sérstakur gerningur sem NATO greip til, aðallega í áróðursskyni þegar það var að endurskipuleggja sig og byrja að undirbúa að færa út kvíarnar í kjölfar breytinganna miklu í Evrópu um 1990. Á þeim tíma var almennt talað um að þetta snerist um eitt og aðeins eitt, þ.e. *að reyna að bryggja einhverjar brýr til Rússa og að* Samstarf í þágu friðar væri aðallega um það þótt ýmsir fengju að fljóta þar með. Hlutlausu ríkin notuðu tækifærið, sum, og læddu sér inn í þennan hóp undir þeim formerkjum að um væri að ræða aðildarríki Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE. En félagsskapurinn er svona og svona ef menn vilja fara út í það. Af því að hér situr í salnum hv. þm. Össur Skarphéðinsson — ég veit að hann er feiknarlegur áhugamaður um eitt tiltekið ríki sem er aðili að samningnum um Samstarf í þágu friðar — er t.d. hið merka ríki Túrkmenistan í þessum klúbbi. Það er sennilega mikil ástæða til að taka upp á Alþingi mál sem lúta að því að tryggja mögulega réttarstöðu liðs sem kynni að koma frá Túrkmenistan til að stunda heræfingar á Íslandi. Nú er að vísu því miður Turkmenbasi genginn fyrir ætternisstapa þannig að arftaki hans yrði æðsti yfirmaður þess herafla, trúi ég. Ætli þeir hafi ekki það skipulag á að hinir sjálfskipuðu einvaldar séu yfirmenn hersins? Þetta er félagsskapurinn svo að eitt ríki sé nefnt.

Hvaða erindi eigum við inn í þetta? Hvers vegna sækjumst við eftir því að vera í þessu öllu saman? Látum nú vera að við séum aðilar að NATO þó að ég sé því vissulega andvígur eins og menn sjálfsagt vita. Auðvitað væri meiri mannsbragur af Íslands hálfu að taka upp baráttu fyrir því á alþjóðavettvangi að NATO yrði lagt niður og öll hernaðarbandalög. Best væri að þeim ófögnuði sem því hefur fylgt í *gegnum tíðina, vígbúnaðarkapphlaupi, spennu og vöðvaæfingum* í samskiptum ríkja yrði hætt, og alþjóðlegum friðargæslu- og öryggisgæslustofnunum falið friðarhlutverk í staðinn, Sameinuðu þjóðunum, ÖSE og öðrum slíkum. Þá væri það þó skömminni skárra ef menn létu sér nægja að hanga á NATO-aðildinni með lágmarksþátttöku, eins og þetta var lengi. En svo undarlegt er að síðustu 10–15 ár hefur allt verið gert sem hægt er til að troða Íslandi inn í innstu samstarfsverkefni NATO þar sem Ísland var ekki áður, tók t.d. ekki þátt — ég veit ekki hvort Ísland er farið að sækja formlega fundi í kjarnorkunefnd NATO. Það var þar ekki og var ekki í hernaðarsamstarfshlutanum. Íslendingar voru ekki aðilar að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins svo að dæmi sé tekið. Í raun var hin svokallaða aðild okkar meira táknræn en raunveruleg ef út í það er farið, ástæðulaus auðvitað sem hún var. En hér er haldið í gagnstæða átt og þetta er hluti af stærra samhengi eins og ég hef gert grein fyrir, að reyna að þvæla Íslandi inn í þetta á öllum vígstöðvum. Til þess er ekki nokkur minnsta ástæða og það er í raun og veru að fara í alveg öfuga átt. Það sem þarf að gera á Íslandi núna er auðvitað að nota þær einstöku aðstæður sem hér hafa komið upp á nýjan leik, við gætum endurskipulagt stöðu okkar og áherslur og tekið okkur nýja stöðu í utanríkis- og alþjóðamálum með nýjum hætti eftir að bandarískur her er farinn úr landinu. Það er það sem við eigum að gera.

Að síðustu vil ég nefna að hér er vísað til þess að með aðild Íslands að þessum þjóðréttarsamningum — án þess að ég skilji alveg til hlítar hvers vegna það er í sjálfu sér einhver sérstök nauðsyn þó að vissulega gildi þessi SOFA-samningur um liðsafla NATO-ríkja — sé þetta sérstakur liður í að fela í sér aðgangsheimild til handa íslenskum friðargæsluliðum — til hvers? Jú, til þátttöku í verkefnum *á vegum NATO og NATO-samstarfsríkja á erlendri grundu.* Það er nefnilega það. Þetta er þá til að ganga betur frá því að íslenska friðargæslan geti verið í NATO-verkefnum. Er það nýja stefnan? Er það mýkingin? Er það aukin hlutdeild kvenna í friðargæslunni sem gengur út á að troða okkur enn fastar og rækilegar inn í NATO-verkefni á því sviði? Ég er því algerlega andvígur. Ég vil ekki sjá það og ég tel að við eigum að setja það með skýrum og pósitífum hætti inn í lögin um friðargæsluna sem nú eru hér jafnframt til umfjöllunar að hún sé algerlega borgaraleg, hún sé „civil", og að við verðum ekki í öðrum verkefnum en þeim sem hægt er að sinna án vopnaburðar og án þess að vera að apa eftir einhverri hermennsku. Það væri gaman að heyra flokkssystur hæstv. utanríkisráðherra sem er starfandi hæstv. utanríkisráðherra, heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttur, sem a.m.k. mælir fyrir þessum málum — kannski bara í einhverri verktöku við það fyrir hönd fjarstaddrar stallsystur sinnar, utanríkisráðherra, sem var síðast þegar ég vissi í Afríku — útskýra hvernig þetta er liður í þeirri mýkingu friðargæslunnar sem þar er mjög í tísku að hampa núna.

Hæstv. utanríkisráðherra sló sér mikið upp á því að ætla að slá af það sem kallað var jeppagengið í Afganistan — var það ekki? — og mýkja friðargæsluna og þar ætti að bera meira á konum. Það er allt saman lofsvert í sjálfu sér ef einhver alvara er á bak við, ef því fylgir raunveruleg stefnumótun en er ekki bara sýndarmennska. Þetta hljómar ekki beint eins og liður í þeirri viðleitni að ætla að samningsbinda það sérstaklega að íslenska friðargæslan geti gengið með miklu beinni hætti inn í NATO-verkefnin. Það er þá væntanlega þannig að þá koma titlarnir, strípurnar og allar yfirmannastöðurnar til sögunnar. Og frumvarpið um friðargæsluna er auðvitað meingallað að því leyti að þar er þá daðrað við þá hluti, það hefur eitthvað verið dregið úr því sem var í upphaflegri útgáfu frumvarpsins sem hér sást í fyrravor, ef ég man rétt, ég hef a.m.k. barið það augum áður. Enn þá er þannig frá því gengið að gert er ráð fyrir því að menn geti verið í hernaðarlegu skipulagi, borið hernaðarleg stöðuheiti og virðingarröðin eða titlastigin verða þá væntanlega sótt beint í skipulag NATO eða herja einstakra þjóðríkja.

Það kann að leynast meira í þessu máli en birtist við

fyrstu sýn. Ekki er víst að það verði svo rakið að fara að eiga mikið við það á þessu örskamma vorþingi sem eftir lifir. Setjum nú sem svo að í vor verði skipt um ríkisstjórn og það verði raunverulega mótaðar aðrar áherslur hvað varðar t.d. — ja, maður talar ekki um utanríkismálin almennt en þótt það yrði bara þetta síðasta sem ég gerði að umtalsefni — málefni friðargæslunnar, þar yrði mótuð sú stefna að Ísland tæki eingöngu þátt í borgaralegum verkefnum og sendi fólk til svæða þar sem ekki væri kallað á vopnaburð eða annað því um líkt, og þá mundu menn væntanlega ganga frá löggjöf um þau mál með allt öðrum hætti. Þá ætti þetta ekkert erindi inn í mál af þessu tagi, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Það er ekki þannig, virðulegi forseti, að það vanti verkefnin til neyðar- og mannúðarráðstafana og friðar og hjálpar til þess að hlúa að lýðræði og reyna að tryggja stöðugleika á svæðum í heiminum án þess að menn þurfi þar að vera á átakasvæðum og stunda vopnaburð. Þvert á móti er að mínu mati ein meginmeinsemdin í frumvarpinu um friðargæsluna og framgöngu ríkja í þessum efnum sú að allt of lítil áhersla er þar lögð á fyrirbyggjandi og friðsamlegar ráðstafanir. Hernaðarandinn svífur enn yfir vötnunum í friðargæslufrumvarpi hæstv. utanríkisráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, því miður, og gert ráð fyrir því að fyrst og fremst verði menn að beita sér þar á átakasvæðum, þar sem átök hafa brotist út eða eftir að átök hafa gengið yfir.

Ég held að menn muni seint ná tökum á þessu ástandi öðruvísi en að gerbreyta um aðferðir og hugsunarhátt, gerbreyta um hugarfar og fara að reyna að ráðast að rótum vandans, rótum þeirra aðstæðna og þess jarðvegs úr hverjum sprettur spenna á einstökum svæðum, tortryggni, örvænting, fátækt og vonleysi sem yfirleitt er gróðrarstía óstöðugleika og ofstækis sem leiðir síðan af sér átök, hermdarverk og aðra slíka hluti. Það gera menn ekki með hugarfari slökkviliðsins, að fara um og dæla vatni á eldana þegar þeir eru þegar kviknaðir heldur með því að reyna að koma í veg fyrir að þeir brjótist út. Það blasir t.d. við að á Balkanskaganum var alþjóðasamfélagið alveg ævintýralega sofandi gagnvart þeim aðstæðum sem allir sögðu þó að væru stórhættulegar, eins og púðurtunna sem ekki þyrfti nema einn neista í, þá gæti farið illa — og það fór mjög illa. Menn reyndu nánast ekki neitt með fyrirbyggjandi ráðstöfunum að styðja ábyrg öfl á viðkomandi svæðum og hafa einhver tök á ástandinu. Menn horfðu á það versna dag frá degi og löndin voru á víxl leiksoppur í pólitískri refskák, sum á áhrifasvæði Þjóðverja, önnur á áhrifasvæði Frakka eða Bandaríkjamanna o.s.frv. Enn önnur slavnesk voru undir verndarvæng Rússa og þetta fór eins og það fór. Aðferðafræðin er röng, mörg þúsund ára gömul og hún hefur ekki skilað glæsilegri árangri en svo að ófriðarbálin loga sem aldrei fyrr á mörgum stöðum á hnettinum í dag.

Menn ætla samt seint að efast um að vopnin séu vænleg til að tryggja friðinn. Það er auðvitað hluti af því hugarfari, það er uppgjöf þeirrar stefnu sem íslenska lýðveldið var grundvallað á, Ísland varð frjáls og fullvalda þjóð sem lýsti þá yfir ævarandi hlutleysi sínu og vopnleysi. Nú hafa skapast aðstæður á nýjan leik, betri en áður voru, til þess að huga aftur að slíkum hlutum og þetta er ekki skref í rétta átt í þeim efnum. Þetta frumvarp má mín vegna, virðulegur forseti, liggja óbætt hjá garði þá fáu daga sem eftir lifa þings og þess vegna kannski líta aldrei framar dagsins ljós í þingsölum.

[20:19]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta frumvarp sem ég er mjög eindregið andvígur og tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að vonandi nær það ekki fram að ganga og kemur aldrei fram aftur hér. Með frumvarpinu er kveðið á um heimildir erlendra ríkja og þá einkum NATO-ríkja til að stunda heræfingar hér á landi og það er kveðið á um réttarstöðu þeirra sem koma í slíkum erindagerðum og einnig ýmsar skyldur. Í 6. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hver sá sem ljóstrar upp um eða kemur á framfæri vitneskju sem leynt á að fara varðandi öryggi þess erlenda liðsafla, sem dvelur á Íslandi á grundvelli samninga skv. 2. gr., eða varðandi öryggi aðildarríkja þessara samninga skal sæta fangelsi allt að sextán árum." — Það á að girða fyrir alla hluti hér.

Ég vildi vekja athygli á samþykkt nýafstaðins landsfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um utanríkis- og alþjóðamál en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Engar heræfingar skulu haldnar hér á landi, komur herskipa og herflugvéla bannaðar, svo og flutningur pólitískra stríðsfanga." — Síðan segir enn, með leyfi forseta: „Þá skal öll meðferð og flutningur efna-, sýkla- og kjarnorkuvopna bannaður um íslenska lofthelgi og lögsögu."

Væru ekki allir tilbúnir að skrifa upp á þetta? Nei, vegna þess að ef við skrifum upp á þetta getum við ekki samþykkt þetta frumvarp. Staðreyndin er nefnilega sú að NATO-herirnir neita að upplýsa um hvaða vopn herir þeirra hafa undir höndum hverju sinni. Ég er því fylgjandi að Ísland verði friðlýst, hér verði bannaðar heræfingar eða það sem hæstv. ráðherra kallaði friðargæsluæfingar. Eru það ekki friðargæslusveitir sem eru að störfum í Írak núna, bandarískar friðargæslusveitir? Þetta eru náttúrlega ekkert annað en heræfingar sem hér er kveðið á um og ég vil segja það, hæstv. forseti, enn og aftur að NATO er hættulegri félagsskapur en það hefur nokkru sinni verið. Vísa ég þar í þær áherslubreytingar sem orðið hafa á samþykktum bandalagsins og voru smám saman að koma fram á 10. áratug síðustu aldar og hlutu staðfestingu eða stimpil á hálfrar aldar afmæli bandalagsins í Washington árið 1999. En áherslubreytingin felur það í sér að í stað þess að menn einblíni á árás á eitt aðildarríkjanna sem tilefni til gagnviðbragða þá er núna lögð meiri áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir og talað um ógn í því sambandi. Ef aðildarríki bandalagsins er ógnað þá skal líta svo á að öllu bandalaginu sé ógnað.

Hverjir er líklegastir til að verða ógnað í heiminum? Eru það ekki þeir sem eru með sínar klær og sína anga í vafasömum erindagerðum víðs vegar um heiminn og ætli það séu ekki Bandaríkjamenn? Ætli það sé ekki stærsta herveldi og gráðugasta herveldi heimsins nú um stundir? Við erum að binda trúss okkar við þetta og við höfum undirgengist það að líta svo á að ógn sem steðjar að ræningjum heimsins, þessum mestu arðræningjum heimsins, sé jafnframt ógn gagnvart Íslandi og við erum að bjóða þessum aðilum land okkar til afnota til heræfinga. Að sjálfsögðu

eigum við ekki að fallast á slíkt. Ég mun fyrir mitt leyti berjast af alefli gegn því að þetta frumvarp nái fram að ganga.

[20:24]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hefur orðið um þetta mál þó að ég heyri að hv. þingmenn sem hafa tekið þátt í henni, hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson, styðji ekki málið og kom það ekki á óvart. Maður heyrir það þegar þeir flytja ræður sínar að þeir eru eindregnir NATO-sinnar og er það ekki í fyrsta skipti sem það kemur fram. (**ÖS:** Þeir eru að breytast.) Þeir eru að breytast, er hér kallað fram í, en ég sé ekki mikil merki þess, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Framsóknarflokkurinn hefur stutt NATO-aðild og við höfum talið að með þeirri aðild byggjum við í samstarfi við aðra yfir mjög miklum varnarmætti, af því að samkvæmt hugmyndafræði NATO er árás á eitt ríki árás á þau öll. Í því felst geysilega mikill varnarmáttur sem er auðvitað afar mikilvægur fyrir lítið ríki eins og Ísland sem er án eigin herafla. NATO-samstarfið hefur því verið okkur mjög mikilvægt.

Varðandi samninginn sem við erum að ræða hér vil ég undirstrika að hann er ekki óþarfur eins og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og kannski sérstaklega hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, drógu fram af því að þessir samningar eru samstarfsforsenda. Það er alveg ljóst að sem NATO-ríki er eðlilegt að við séum með ákveðna umgerð um réttindi og réttarstöðu okkar samstarfsaðila. Stefna okkar í dag er sú að við viljum samstarf við önnur ríki á þessum vettvangi, fleiri NATO-ríki en Bandaríkin, og þess vegna er eðlilegt að tryggja þessum bandalagsþjóðum ákveðna réttarstöðu þegar þær koma hingað til lands til að taka þátt í æfingum og ekkert við það að athuga svo framarlega sem maður styður aðild að NATO. Ég veit að þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað gera það ekki og þess vegna finna þeir þessum samningum allt til foráttu. (**ÖS:** Þeir eru að linast bæði í NATO og ESB.) (**ÖJ:** Heyrist þér það?) Varðandi æfingarnar er alveg ljóst að þær fara ekki fram hér nema í boði og með samþykki íslenskra stjórnvalda og stefnan er sú að vera í samstarfi við bandalagsþjóðir okkar.

Varðandi friðargæsluna þá er orðin mýkri ásýnd á henni núna en áður, ég held að það fari ekki fram hjá neinum. Breytingar hafa orðið á áherslum, nálgunin er borgaralegri en við höfum kannski séð áður og verið er að reyna að laga kynjahlutföllin hvað varðar þátttöku í íslensku friðargæslunni. Með fullgildingu SOFA-samningsins og samningsins um samstarf í þágu friðar er íslenskum friðargæsluliðum tryggð sömu réttindi og sama réttarstaða hjá aðildarríkjunum að samstarfi í þágu friðar og þeirra eigin liðsafla er tryggður hér á landi með gildistöku þessa lagafrumvarps og fullgildingu Íslands á umræddum alþjóðasamningum. Hér er verið að tryggja réttarstöðu friðargæsluliða okkar. Í þessu felst ekki nein breytt stefnumótun. Hér er einungis um réttarstöðu friðargæsluliða okkar að ræða.

Virðulegur forseti. Ég á ekki von á því að ég breyti nokkuð afstöðu hv. þingmanna tveggja sem hér hafa talað. Þeir eru andsnúnir NATO, vilja leggja niður NATO eins og hér var sagt og telja NATO afar hættulegan félagsskap og ég er algerlega ósammála því. Ég tel að NATO hafi verið mjög mikilvægt fyrir Ísland og það er alveg ljóst að stefnan er sú að vera áfram í samstarfi við okkar helstu vina- og bandalagsþjóðir þannig að ég tel, virðulegi forseti, mikilvægt að utanríkismálanefnd fái þetta mál til umfjöllunar af því að það er forsendan fyrir því að við getum verið í nánu samstarfi við okkar vina- og bandalagsþjóðir.

[20:30]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má kannski líta tvíþætt á þetta mál. Annars vegar taka stóra heildarsamhengið og spurninguna um aðildina að NATO og hvaða erindi við eigum inn í þetta allt saman yfir höfuð. Hins vegar má spyrja, jafnvel þótt Ísland sé í NATO en hafandi gengið í það með skýrum fyrirvörum 1979 um herleysi og vopnleysi, hvort það sé þá ekki samt og þrátt fyrir það algerlega ástæðulaust að fullgilda þessa samninga og eina ástæðan til þess þá sú að menn vilji endilega fá hingað heræfingar, vilji endilega fá hingað áfram erlenda hermenn. Það hefur einhvern veginn farið svoleiðis á sálina hjá þeim flokkum sem styðja þetta og hafa stutt hernámið alla tíð, að þeir geta voðalega illa hugsað sér framtíðina og tilveruna öðruvísi en að hér séu að minnsta kosti af og til erlendir hermenn. Það er bara eitthvað sem er þarna djúpt inni.

Ef það væri ekki, ef Ísland tilkynnti hinum aðildarríkjunum að við hefðum ekki áhuga á slíku og við ætluðum á grundvelli fyrirvaranna frá 1949 að vera laus við slíkt, þá spyr ég: Eru einhverjar þjóðréttarlegar skuldbindingar sem krefjast þess að við fullgildum þetta? Og í öðru lagi varðandi friðargæsluna, hæstv. ráðherra heldur því blákalt fram að það sé nú heldur betur búið að mýkja ásýnd hennar og hún sé borgaralegri. Er hún að verða borgaralegri með því að borið er fyrir okkur stjórnarfrumvarp þar sem ein réttlætingin er að koma íslensku friðargæslunni inn í NATO?

Ég er sammála því og það er gott að fjölga konum í verkefnum hjá íslenska ríkinu á erlendri grund ef það er til góðra verka. Mér finnst glæsilegt að íslenskar ljósmæður fari og sinni störfum þar sem þörf er fyrir slíkt. En eiga ljósmæður eitthvert erindi inn í NATO? Þurfa þær að fara inn í hernaðarskipulag til að geta starfað erlendis? Nei.

[20:32]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Íslensk stjórnvöld eru að leita samstarfs við grannþjóðir innan Atlantshafsbandalagsins um öryggismál okkar á friðartímum. Slíkt samstarf getur ekki orðið án þess að hér sé í gildi samningur um réttarstöðu þess liðsafla sem hingað kann að koma í boði íslenskra stjórnvalda. Þessir samningar eru því forsenda þess að slíkt samstarf geti átt sér stað.

Ég vil líka benda á að fullgilding SOFA-samningsins og samningsins um Samstarf í þágu friðar er forsenda þess að þær þjóðir sem við höfum álitið vera og eru bandalagsþjóðir okkar og vinaþjóðir, geti komið hingað til að taka þátt í æfingum og vörnum landsins á sama tíma og réttarstaða

liðsafla þeirra sé tryggð. Þetta mál gengur því út á réttarstöðu þessara aðila.

Varðandi friðargæsluna, íslensku friðargæsluliðana, þá er um það sama að ræða, að verið er að ræða um réttindi þeirra. Ég vil undirstrika að við sem erum fylgjandi því að eiga í samstarfi við bandalagsþjóðir okkar í NATO, teljum eðlilegt að réttarstaða þeirra þjóða sem eru í samstarfi við okkur sé tryggð þannig að slíkt samstarf geti átt sér stað.

En ég veit að hv. þingmenn vilja leggja niður NATO þannig að ég skil ósköp vel að þeir skuli finna þessum samningum allt til foráttu, en þar greinir okkur algerlega á.

[20:34]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst nú virðingarvert af hæstv. heilbrigðisráðherra að vera hér í þeim verkum að reyna að útskýra þetta fyrir hönd fjarstadds utanríkisráðherra. En satt best að segja hélt ég að heilbrigðisráðherra hefði nóg annað á sinni könnu og tíma hæstv. heilbrigðisráðherra væri betur varið að mínu mati í að glíma við heilbrigðismálin en að vera að standa í þessu. En það er nú önnur saga.

Hæstv. ráðherra segir að þetta sé til þess að tryggja réttarstöðu þess liðs sem komi hingað í boði íslenskra stjórnvalda til að stunda heræfingar. Hvernig með að sleppa þá að bjóða því? Er þá ekki vandinn leystur?

Ef það er eins og hæstv. ráðherra segir, sem má að vísu draga í efa að mínu mati miðað við ákvæðin í samningnum við Bandaríkjamenn, að það sé bara þannig að Íslendingar stjórni þessu alfarið sjálfir, þá er það gott og þá segjum við bara að við höfum ekki áhuga á því. Við teljum ekki þörf á neinu hernaðarbrölti og heræfingum í landi okkar á þessum friðartímum sem ráðherrann svo fallega kallar það og vonandi réttilega.

Varðandi síðan inntakið í þessum SOFA-samningi og þeim samskiptum þarf líka að athuga það. Það er ekki eins og það sé bara sjálfvirkt og sjálfgefið að taka við þessu eins og þetta er. Má ég minna á það stórfellda afsal á íslensku fullveldi, íslenskum rétti, íslenskri lögsögu í sakamálum sem var fólgið og er að hluta til enn fólgið í leynisamningunum við Bandaríkjamenn. Er ekki sumpart það sama á ferðinni hér? Að gefin sé eftir eðlileg lögsaga Íslands í málum og í raun njóti þeir hermenn sem þetta tekur til, talsverðrar friðhelgi. Og hin erlendu ríki fái vald til þess að t.d. sakamenn eða meintir brotamenn séu framseldir til þeirra og þeir sjái um málið. Það þarf nú líka að fara ofan í saumana á því hvað er þarna raunverulega á ferðinni.

[20:36]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé sama hversu oft maður kemur hér upp, við verðum ekki sammála um þetta mál. Þeir tveir hv. þingmenn sem hér hafa talað og eru frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eru bara á móti NATO-samstarfinu og mjög heitir í þeirri trú sinni á meðan við sem höfum stutt NATO-samstarfið erum líka mjög heit á þeirri skoðun að mjög mikill varnarmáttur sé falinn í því samstarfi af því árás á eitt ríki er árás á þau öll. Sem lítið ríki án hers er mjög mikill varnarmáttur falinn í þeirri hugmyndafræði.

Ég vil ítreka að hér erum við að ræða um áframhaldandi samstarf við þessar bandalagsþjóðir. Við styðjum samstarfið meðan hv. þingmenn í Vinstri grænum gera það ekki. Þegar maður styður samstarf af því tagi sem hér er verið að ræða um er (Gripið fram í.) eðlilegt að við fullgildum þann samning þannig að þegar bandalagsþjóðir okkar koma hingað til samstarfs við okkur um bæði öryggismál landsins og æfingar, sé réttarstaða þeirra tryggð.

Varðandi refsilögsöguna er hún sambærileg löggjöf í Danmörku. Ég tel að hér sé ekkert á ferðinni sem gefur tilefni til einhverrar óeðlilegra vangaveltna.

En ég tel, virðulegi forseti, að eðlilegt sé að við fullgildum þennan samning, bæði fyrir þær þjóðir sem eru í samstarfi við okkur og líka fyrir friðargæsluliða okkar sem starfa á erlendum vettvangi. (**Gripið fram í:** En ljósmæðurnar?)

[20:38]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mikill varnarmáttur er fólginn í því að vera í kompaníi með öflugustu herveldum heimsins, segir hæstv. ráðherra. Er okkur virkilega alveg sama hvað slík ríki gera, bara ef þau verja okkur? Þótt þau fremji mannréttindabrot, þótt þau fari með hernaði ólöglega gegn öðrum þjóðum, ef þau bara verja okkur? Þá er allt í lagi. Þetta er nú ekki hugsun sem mér þykir vera stór í sniðum.

Síðan er hitt að breytingar orðið hafi á áherslum í utanríkispólitík Íslendinga upp á síðkastið. Þetta er hugmynd sem Framsóknarflokkurinn er að reyna að koma inn með þjóðinni. Ég hafna þessu algerlega. Ég hef ekki orðið var við þær breyttu áherslur. Ekki urðum við vör við þær breyttu áherslur hjá Framsóknarflokknum við umræðuna í dag um Írak. Framsóknarflokkurinn er enn við sama heygarðshornið. Hann hefur fylgt árásargjarnasta forseta Bandaríkjanna í einu og öllu. Árásargjarnasta forseta Bandaríkjamanna um áratugaskeið hefur Framsóknarflokkurinn fylgt í einu og öllu.

Meira að segja þegar Saddam Hussein, harðstjórinn sá, var hengdur eins og hundur, sagði hæstv. utanríkisráðherra, einn af forsvarsmönnum Framsóknarflokksins, að við yrðum að virða ákvörðun sjálfstæðs ríkis. Þetta sama sjálfstæða ríki var ráðist á vorið 2003 af Bandaríkjamönnum með stuðningi Íslands. Eru menn ekki komnir pínulítið í mótsögn við sjálfa sig í röksemdafærslunni?

Síðan varðandi vinaþjóðirnar. Við erum vinaþjóð bandarísku þjóðarinnar og bresku þjóðarinnar. En við erum ekki vinir bandarískra herveldisins. (Forseti hringir.) Það er allt annar handleggur.

[20:40]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að a.m.k. þeir sem vilji vera réttmætir skynji að stefnubreyting hefur orðið að vissu leyti í utanríkisráðuneytinu. Sem dæmi nefni ég friðargæsluna. Þar hefur hæstv. utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, m.a. lagt áherslu á að breyta kynjahlutföllum þannig að fleiri konur taki til starfa í friðargæslunni. Ég styð þá stefnubreytingu heils hugar og ég veit að margir aðrir gera það.

Ég vil líka benda á að búið er að aflétta leynd af samningum, það skref var tekið fyrir ekki svo löngu síðan. Ég hef ekki heyrt betur en að allir hafi fagnað þeirri stefnubreytingu.

Það sem ekki er verið að gera er að veikja NATO-samstarfið. Þar er sú stefna uppi hjá stjórnvöldum, og reyndar líka öflum í stjórnarandstöðunni, eða flokkum, að styðja áfram aðild okkar að NATO og vera í góðu samstarfi við þær þjóðir sem þar sitja við borðið. (**SJS:** En Túrkmenistan?) Þar eru vinaþjóðir okkar og við viljum áfram vera í samstarfi við þær. — Ég heyri að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kallar fram í Túrkmenistan. Ég veit ekki hvaða fordóma hann hefur gagnvart því ríki.

En ég vil ítreka það, virðulegi forseti, að breytingar hafa orðið í utanríkismálum okkar en ekki hvað varðar NATO-samstarfið. Þar erum við algerlega ósammála þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem sjá því allt til foráttu, en það gerum við ekki.

[20:42]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvað fólki sem hefur misst sitt og sína í hildarleiknum í Írak eða Afganistan finnst um svona ræður, að Íslendingar sem hafa látið setja sig á lista hinna viljugu stuðningsþjóða árásanna hafi breytt kynjahlutfalli í friðargæslunni og þess vegna sé allt í góðu lagi.

Það sem við eigum að hætta að gera er að vera eins konar hreinsideild fyrir bandaríska herinn, að koma og hreinsa upp eftir hann. Það eru nóg verk að vinna í þróunarríkjum og meðal fátækra þjóða í heiminum. Þangað eigum við, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á, að senda íslenska karla og íslenskar konur, ljósmæður, hjúkrunarfræðinga, fólk sem kann til verka, fólk sem getur hjálpað þjáðum. Við eigum að einbeita okkur að því en ekki vera hreinsideild fyrir bandaríska herinn.

[20:44]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að hv. þm. Ögmundur Jónasson er enn þá í umræðunum sem áttu sér stað hér fyrr í dag, en þá fór fram umræða um Írak. Ég vísa því á bug að Ísland sé einhver sérstök hreinsideild eins og hér var orðað. Við höfum og erum aðilar að NATO og við styðjum áfram þá stefnu að vera aðilar þar, því við teljum að mjög mikilvægt sé fyrir lítið ríki sem á ekki eigin herafla að vera í samstarfi sem eykur varnarmátt okkar. NATO er einmitt þess eðlis, slíkt samstarf eykur varnarmátt okkar geysilega mikið af því að árás á eitt ríki er árás á þau öll.

Samstarf okkar innan NATO hefur verið að okkar mati farsælt og þess vegna viljum við vera áfram í því og tryggja með því máli sem við erum að ræða hér um réttarstöðu bandalagsþjóða okkar þegar þær koma hingað til samstarfs við okkur ef við bjóðum þeim til slíks samstarfs.

[20:45]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég er ekki fastur í neinni umræðu frá því fyrr í dag. Ég er hins vegar fastur í því að vilja ræða raunveruleikann eins og hann blasir við mér varðandi hernaðarbandalagið NATO, samvinnu okkar við bandaríska herveldið og hlutdeild íslensku ríkisstjórnarinnar í þeim hörmulegu atburðum sem hafa átt sér stað í Afganistan og Írak. Við studdum báðar þessar árásir, báðar þessar innrásir. Í báðum tilvikum var beitt blekkingum og ósannindum og í báðum tilvikum fórum við þangað inn, inn í bæði þessi lönd, með mannafla og fjármuni að kröfu NATO, að kröfu Bandaríkjamanna til þess að taka þátt í að hreinsa upp eftir árásarherina. Þetta eru bara staðreyndir sem menn þekkja til.

Íslenskt fjármagn hefur m.a. verið notað til að flytja vopn og þjálfa öryggissveitir. Ef þetta er ekki hreinsistarf á vegum herdeildanna veit ég ekki hvaða nafni á að nefna það yfirleitt. Ég ítreka að Íslendingar eiga að taka þátt í þróunarsamvinnu og aðstoð við fátækar þjóðir, við höfum þar mikið verk að vinna sem við yrðum sæmd af en það erum við ekki í þessum tilvikum.

[20:47]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af því að ég er að reyna að halda umræðunni við sjálfan samninginn sem við erum að ræða hér vil ég benda á að Bandaríkjamenn hafa notið þessarar réttarstöðu hér á grundvelli varnarsamningsins um áratugaskeið. Nú erum við að útvíkka hana til annarra NATO-ríkja sem er að sjálfsögðu eðlilegt að gera svo framarlega sem við styðjum yfirleitt samstarf í NATO.

Varðandi það hvernig rætt er um starfsemi okkar á erlendum vettvangi tel ég það gefa mjög skakka mynd af því ágæta uppbyggingarstarfi, sem við tökum taka þátt í, að kalla það hreinsideild, því jákvæða starfi þar sem við komum til aðstoðar þegar ýta þarf á eftir lýðræðisþróun og stöðugleika í ríkjum þar sem lítill stöðugleiki er uppi. Ég tel að friðargæslan okkar sinni mjög mikilvægu starfi og það jaðri við vanvirðu að kalla hana einhverja hreinsideild. Ég held að þessi störf séu unnin af mikilli samviskusemi og fórnfýsi og séu þess eðlis að það fólk sem vinnur þau láti mjög gott af sér leiða. Ég vil ekki taka undir þau orð sem hér hafa verið notuð um þessa starfsemi, að þetta sé einhvers konar hreinsideild.

[20:49]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeir einstaklingar sem í hlut eiga reyna að sjálfsögðu að láta gott af sér leiða, það hefur enginn verið með efasemdir um slíkt. Ég bendi hins vegar á að við eigum að beina kröftum okkar inn á önnur svæði en þau þar sem Bandaríkin hafa farið með hernaði. Staðreyndin er sú að ef Írakar hefðu verið látnir í friði frá því að stríðinu við Íran lauk árið 1988 væru Írakar sennilega ein ríkasta þjóð heimsins og stæði einna best, a.m.k. í þessum heimshluta, vegna þeirra auðlinda sinna sem bandarískir, evrópskir og fjölþjóðlegir auðhringar ásælast.

Nú ætla ég að spyrja hæstv. ráðherra einnar spurningar: Nákvæmlega í hvað fara íslenskir fjármunir í Írak? Hún segir að ég gefi skakka mynd um hið jákvæða starf sem þar er unnið. Ég beini orðum mínum til hæstv. ráðherra: Í hvað hafa íslenskir fjármunir farið í Írak, í hvaða uppbyggilega starf þar í landi?

[20:51]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði áðan er hv. þm. Ögmundur Jónasson bara pikkfastur í umræðunni um Írak af því að hún var hér fyrr í dag. (Gripið fram í.) Við erum núna að ræða um SOFA-samninginn og Samstarf í þágu friðar. (**ÖS:** ... sófakommana.) Það er sá samningur sem við erum að ræða hér, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hv. þingmaður ætti að taka þátt í umræðunum fyrst hann hefur gamansemi í frammi. (Gripið fram í.)

Þetta frumvarp snýst ekki um Írak. Ég er ekki hér með yfirlit yfir það í hvað fjármunir friðargæslunnar okkar fara sundurliðað, hvorki í Írak né annars staðar. Ég er bara ekki með það hér enda átti ég ekki von á því að vera krafin svara um það. En ég á von á því að hv. þingmenn í utanríkismálanefnd geti fengið þær tölur sundurliðaðar, þeir geta líka flutt fyrirspurn í þinginu um málið eða leitað sér upplýsinga í utanríkisráðuneytinu. Það er örugglega ekkert mál að fá þær upplýsingar en ég ítreka að ég tel að okkar friðargæsla sé að sinna jákvæðu og uppbyggjandi starfi þar sem friðargæsluliðarnir eru að störfum á hverjum stað. Ég heyri reyndar að hv. þm. Ögmundur Jónasson taldi að svo væri líka, þetta væri fólk sem sinnti hlutverki sínu af alúð, og ég tel að svo sé. En frumvarpið sem við erum að ræða er um að tryggja réttarstöðu bandalagsþjóða okkar þegar þær koma hingað til Íslands í boði okkar ef við bjóðum þeim hingað og tryggja réttarstöðu íslensku friðargæsluliðanna á erlendum vettvangi og það tel ég vera sjálfsagt mál.

[20:53]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var mjög fróðlegt. Ég spurði hæstv. ráðherra í hvað fjármunir Íslendinga færu í Írak, í hvaða mikla, jákvæða uppbyggingarstarf sem hæstv. ráðherra talaði um. Hæstv. ráðherra sagðist ekki hafa yfirlit yfir ráðstöfun fjárins en hún hafði yfirlýsingar miklar og alhæfingar um hið jákvæða uppbyggingarstarf. Þegar spurt er í hverju það liggi fást engin svör, ekki stendur steinn yfir steini þar. Þetta er stefna Framsóknarflokksins í hnotskurn. Menn vita ekki hvað þeir eru að gera, og þurfa ekki að vita annað en að fylgja skipunum frá Washington.

[20:54]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessari umræðu en geri það sökum þeirrar eindregnu áskorunar sem hæstv. starfandi utanríkisráðherra beindi til mín. Það er greinilegt að hún telur það eftirsóknarvert eins og hugsanlega aðrir sem hér eru staddir og tilheyra kaffibandalaginu — sem er allt annað en Atlantshafsbandalagið, svo það komi skýrt fram. Ég veit ekki hvort þeir verða jafnglaðir yfir því en ég vona að það verði ekki til þess að splundra því bandalagi. En ég vil taka skýrt fram að afstaða mín til Atlantshafsbandalagsins og samstarfs innan þess hefur breyst mjög í áranna rás. Ég get fullvissað hæstv. ráðherra um að sú var tíðin að ég skundaði skeiðið á milli Keflavíkur og Reykjavíkur í fylgd þessara herramanna sem sitja í salnum og mótmælti mjög veru erlends herliðs í Keflavík.

Nú má segja að tíminn hafi flutt mig um set og þó ég í andanum tilheyri VG að vissu leyti í þessu máli er ég þó nær þeim armi VG sem nú um stundir fer með ríkisstjórn Noregs ásamt okkur samfylkingarmönnum þar í landi. Ég tek eftir því að hv. þingmenn VG, sem hafa verið hér í salnum, hafa oft með mjög góðum árangri sótt pólitískan og jafnvel andlegan efnivið til hins ágæta samstarfs sem þeir eiga með félögum sínum á Norðurlöndunum.

En það er sjálfsagt að ég útskýri hvað ég á við með þessum orðum, herra forseti. Það er t.d. þannig að ríkisstjórn Noregs hefur, eins og ríkisstjórn Íslands, lið í Afganistan sem hún telur að hún hafi sent þangað til að styðja uppbyggingu og stilla til friðar. Munurinn á þeirri þátttöku sem er af hálfu ríkisstjórnar Noregs — þar sem við félagarnir eigum aðild að ríkisstjórn, báðir þessir flokkar, VG og Samfylkingin — og ríkisstjórnar Íslands er sá að enginn vafi leikur á því að norska ríkisstjórnin hefur herlið í landinu. Á sínum tíma samþykktu norsk stjórnvöld meira að segja að senda þriðjung flugflota síns til Afganistans. Við vorum illu heilli mjög samhliða þeim þegar við höfðum það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kallar jeppagengið. Sú för varð ekki til frægðar. Þvert á móti. Ég hef lýst afstöðu minni til þess nýlega í umræðum á Alþingi um frumvarp hæstv. utanríkisráðherra um friðargæslu.

Ég vil aftur á móti taka undir með hæstv. starfandi utanríkisráðherra að því leyti að mér finnst annar bragur á þátttöku okkar nú en áður. Svipað viðhorf fannst mér koma fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem sagði að sér hugnaðist meira að senda ljósmæður til Afganistans heldur en brynvarða jeppa.

Ég segi það enn og aftur að ég hef átt erfitt með að sættast við íslensku friðargæsluna eftir atvikið í Chicken Street í Kabúl sem leiddi til þess að tólf ára gömul afgönsk stúlka lét lífið og amerísk blaðakona lést af sárum sínum. Þarf ekki að rifja þær kringumstæður upp þó að það hafi aldrei verið rætt til hlítar eða fullnustu á hinu háa Alþingi. Það var nú einfaldlega þannig að atburðarásin varð vegna þess að íslenska friðargæslan fór ekki að settum reglum. Það sem olli misklíð minni við íslensku friðargæsluna vegna þessa atviks var að þegar hinir hugumstóru íslensku friðargæsluliðar komu heim — og eftir lágu þessar tvær í valnum — voru þeir í bolum, sem þeir glenntu framan í fjölmiðla, sem á stóð Shit happens. Það eitt hefði nægt til þess að ég hefði á þeirri stundu hafnað allri þátttöku Íslands í friðargæslu af þessum toga.

Hæstv. utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, sagði á dögunum: „Við höfum lært af reynslunni.“ Ég spurði hana út í hvað hún ætti við með þeim orðum og hún sagði að hún vildi sveigja friðargæslu Íslendinga til þátttöku í störfum af þeim toga sem ég hef reifað og einnig hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

En nú er það svo þegar kemur að SOFA-samningnum, sem svo er kallaður, að hann er mjög flókinn og alþjóðlegur og tekur yfir mjög flókið gangvirki réttarreglna sem ná yfir þau lönd sem taka þátt í hvers konar starfsemi á vegum Atlantshafsbandalagsins. Það má segja að hann sé í reynd grundvöllur þess að hægt sé að taka þátt í slíku samstarfi. Þetta er grundvallarsamningur að því leytinu til. Að því marki má segja að norska ríkisstjórnin sé miklu knúnari en við til að vera aðili að honum vegna þess að hún hefur bein-

línis menn undir vopnum í Afganistan. Það er síðan eftirtektarvert að ástæðan fyrir því að við staðfestum aldrei SOFA-samninginn var sú, muni ég rétt, að ákveðið var að allir hermenn, eða þeir sem tækju þátt í heræfingum frá erlendum þjóðum, hefðu sömu réttarstöðu hér á landi og ameríkskir hermenn höfðu í krafti tvíhliða samningsins frá 1951. Ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra leggur þetta fyrir núna er sú að ameríska herliðið er farið úr landi. Menn telja þar af leiðandi að ekki sé hægt að draga þessa samhverfu millum hermanna af öðru þjóðerni en amerísku vegna þess að þeir séu ekki hér með varanlegan samning.

En þá kemur að þeim mun sem íslensk stjórnvöld hafa, að því er ég hef alltaf talið, haft gagnvart skilgreiningum á íslensku friðargæslunni annars vegar og liðinu sem kemur hingað eða tekur þátt í samstarfsverkefnum innan Atlantshafsbandalagsins hins vegar. Í okkar tilviki hafði ég alltaf talið að verið væri að tala um menn sem væru að sinna friðargæslu og væru ekki her. Í hinu tilvikinu er um að ræða menn sem ekki er hægt að skilgreina öðruvísi en sem herlið. Þegar við gerðumst aðilar að Atlantshafsbandalaginu 1959, og þegar við gerðum tvíhliða samninginn 1951, var talið að í krafti þess að Ísland væri herlaust land yrði aldrei þörf á því að við sem vopnlaus þjóð mundum senda herlið til annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Það var þess vegna sem við þurftum ekki að ávinna okkur þau réttindi sem felast í SOFA-samningnum með því að staðfesta hann.

Staðfesting þessa samnings, og það eru mínar athugasemdir við hann, felur í reynd í sér þá stefnubreytingu að við erum að lýsa því yfir að við séum formlega að hverfa frá vopnleysi okkar sem þjóð. Það er skilningur minn á því. Ekki ætlaði ég að efna til langrar umræðu um þetta atriði, ég hafði ætlað að spyrjast fyrir um það þegar málið kemur til nefndar.

Ég vil svo líka segja, og þá tala ég sem borgari og fulltrúi þjóðar sem hefur skilgreint sig sem vopnlausa, að ég hef margar efasemdir um ýmsar reglur sem er að finna í þessum samningi. Ég skil það mætavel að þær eigi við þjóðir sem senda mannskap undir vopnum, mannskap sem hefur hlotið þjálfun við vopnaburð og er sendur á átakasvæði þar sem menn þurfa hugsanlega að verja hendur sínar með vopnum. En aldrei var til þess ætlast af íslensku friðargæslunni. Ekki var um það rætt þegar til hennar var stofnað. Það var að vísu svo, herra forseti, það var ekki gert með lögum, heldur þróaðist hún meira og minna undir handarjaðri tiltekinna utanríkisráðherra Framsóknarflokksins, sjáið þið til.

Því má fagna stefnubreytingunni varðandi skilning og skilgreiningar hæstv. núverandi utanríkisráðherra og sá sem starfar í hennar nafni í dag virðist sömu skoðunar. Ég er mjög hlynntur þeirri tegund mannúðlegrar friðargæslu. Ég tel að friðargæsla okkar eigi að helgast af öðrum markmiðum en annarra vegna þess að við höfum skilgreint okkur sem vopnlausa þjóð.

Umræddur samningur helgast að töluverðu leyti af því að verið er að verja rétt manna sem hafa hlotið þjálfun í því að bera vopn og beita þeim. Það hefur íslenska þjóðin ekki gert. Mér finnst það ábyrgðarhluti af íslenskum stjórnvöldum að senda menn til starfa í herdeildum á átakasvæðum þar sem þeir jafnvel hafa skyldu til þess að bera vopn, jafnvel þó þau séu ekki virk, eins og áður hefur komið fram í umræðum. Ekki síst þegar horft er til þess að þeir hafa ákaflega litla þjálfun fengið í því að beita slíkum vopnum. Þeir eru sendir á einhver námskeið í Noregi.

Það er akkúrat þess vegna sem sérstakt ákvæði um refsilögsögu er í frumvarpi til laga um íslensku friðargæsluna og sömuleiðis ákvæði um að dómstólar á Íslandi, sem hafa refsilögsögu yfir þessum mönnum jafnvel þó þeir starfi í fjarlægu landi, taki tillit til þess, ef viðkomandi starfsmaður íslensku friðargæslunnar brýtur ákvæði hegningarlaganna, að hann sé ekki vanur að starfa við slíkar aðstæður og geti þess vegna brugðist við með hætti að það geti bakað öðrum miska. Það sem væri hegningarlagabrot hér á landi er ekki hegningarlagabrot við slíkar aðstæður.

Með þessu tel ég að íslensk stjórnvöld viðurkenni í verki að munur er á okkar mönnum hvað þjálfun og undirbúning varðar og herliði annarra. Gott og vel, um það má ræða. En þetta er a.m.k. staðfesting á því viðhorfi mínu að Íslendingar hafa ekki vopnaheftina og hafa ekki vopnaþjálfunina og íslensk stjórnvöld taka tillit til þess með umræddum hætti í frumvarpi til laga um íslensku friðargæsluna.

Herra forseti. Þó að ég sé reiðubúinn að hlusta á öll rök í málinu geri ég fyrst og fremst athugasemdir við þetta: Með því að samþykkja og staðfesta SOFA-samninginn, sem ég geri mér ljóst að er burðargrind í samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins, erum við að breyta skilgreiningu á okkur sem þjóð. Með staðfestingunni á honum skilgreinum við okkur sem vopnvædda þjóð. Það er algjört fráhvarf frá því sem áður var. Er sjálfsagt að rifja það upp að þegar Ísland var eins árs lýðveldi árið 1945 var því hafnað á hinu háa Alþingi að lýsa yfir stríði á hendur Japönum og Þjóðverjum vegna þess að Íslendingar væru vopnlaus þjóð. Það er reyndar rétt að rifja það upp líka að menn í öllum flokkum árið 1949, meira að segja þáverandi utanríkisráðherra, Bjarni Benediktsson, sem lagði grundvöllinn að útanríkisstefnu Sjálfstæðisflokksins allt fram til okkar daga, lýstu því yfir að Íslendingar mundu aldrei, þrátt fyrir stofnaðild sína að Atlantshafsbandalaginu, fara með vopnum á hendur annarri þjóð.

Sú afstaða hans og sú afstaða sem Alþingi tók árið 1945 var grundvöllurinn að skilgreiningu og sjálfsmynd okkar sem vopnlausrar þjóðar og hún var ástæðan fyrir því að við höfum ekki staðfest SOFA-samninginn. Núna erum við að staðfesta hann og í því felst stefnubreyting. Íslensk stjórnvöld eru í reynd farin að líta á okkur sem vopnaða þjóð og á friðargæsluliða okkar sem hluta af her þó hann sé ekki undir íslenskri stjórn. Það er breytingin. Það er það sem ég hef fram að færa um þetta. En ég ætla ekki að lengja þetta heldur taka málið upp í utanríkismálanefnd.

[21:08]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrðist hv. þingmaður segja að sérstök stefnubreyting væri á ferðinni og við yrðum hér með vopnvædd þjóð. Það er algerlega fráleitt að draga þá ályktun.

Mér skilst að hv. þingmaður álíti að með því að fullgilda

samninginn Partnership for Peace gagnvart friðargæslunni, með tilvísun þar í SOFA-samninginn, og það einungis um réttarstöðuna, séum við orðin vopnvædd þjóð. Ég vil benda á að þetta er oftúlkun hjá hv. þingmanni. Einungis er um réttarstöðuna að ræða, réttarstaða íslensku friðargæsluliðanna batnar. Það er oftúlkun hjá hv. þingmanni að stefnubreyting felist í fullgildingu þeirra tveggja samninga sem hér um ræðir.

SOFA-samningurinn gildir um liðsafla en friðargæsluliðar okkar eru alls ekki her og ekki undir nokkrum kringumstæðum hægt að skilgreina þá svo. Við verðum ekki vopnvædd þjóð þó að við fullgildum þessa samninga. Ég vil ítreka þetta því mér heyrðist hv. þingmaður draga þá ályktun.

Ég vil líka nýta tækifærið og ræða það fjármagn sem hefur farið til Íraks. Það fer m.a. í Össur, ekki í þann hv. þingmann sem hér er heldur til fyrirtækisins Össurar sem framleiðir gerviliði. Nýbúið er að dreifa, að mér skilst, ítarlegu svari frá hæstv. utanríkisráðherra þar sem tilgreind er hver einasta króna sem fer til friðargæslustarfa, m.a. í Írak. Því var dreift ekki hér fyrir löngu.

[21:10]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja að ár sakleysis okkar sem þjóðar séu liðin. En við höfum aldrei gert það upp við okkur. Við höfum alltaf talið okkur trú um að við værum vopnlaus þjóð. Hér væri ekki lögregla undir vopnum, hér væri ekkert herlið undir vopnum og ekkert gæslulið undir vopnum.

Við sem stundum þurfum að fara til útlanda, og stundum nokkuð oft í krafti starfa okkar, höfum orðið fyrir því að ganga í gegnum hópa af íslenskum lögreglumönnum með alvæpni við tilteknar aðstæður á Keflavíkurflugvelli, mönnum vopnuðum vélbyssum. Ég hef séð það. Fleiri hafa séð það. Þetta er breyting sem hvergi hefur verið rædd og maður veltir fyrir sér hver lagastoðin sé. Hún var til skamms tíma til í einni aukasetningu í lögreglulögunum, muni ég rétt. Nú kann að vera að búið sé að samþykkja breytingu á því. Mér er ekki kunnugt um það.

Hið sama á við um friðargæsluna. Það voru engin lög um hana. Hún bara varð til. Hún spratt upp. Og allt í einu var til orðið verkefni sem aldrei hafði verið kynnt þinginu með nokkrum hætti en menn töldu að um borgaraleg mannúðarstörf væri að ræða. Annað kom í ljós. Það getur verið að þetta sé oftúlkun hjá mér. En þetta er a.m.k. þess virði að ræða.

Varðandi það hvort um breytingu sé að ræða þá dreg ég einungis ályktanir af skilgreiningum. Mig langar að leggja eina spurningu fyrir hæstv. utanríkisráðherra. Ég les fyrst eftirfarandi texta: „Var talið að Ísland sem vopnlaus þjóð mundi aldrei senda herlið til annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins.“ Og síðan kemur þetta: „Á þessum tíma var því ekki talin þörf á því að Ísland fullgilti SOFA-samninginn.“ Ég spyr: Hvar stendur þessi texti? Þetta stendur nú í greinargerðinni sem starfsmenn hæstv. ráðherra hafa skrifað.

Með öðrum orðum er sagt að að dómi stjórnvalda þurfum við ekki að staðfesta SOFA-samninginn þar sem við lítum ekki á okkur sem vopnaða þjóð. Nú erum við að staðfesta þann samning og af því má gagnálykta að við séum farin að líta (Forseti hringir.) á okkur sem þjóð undir vopnum.

[21:12]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að hv. þingmaður dregur of miklar ályktanir og oftúlkar. Gagnvart friðargæslunni erum við einungis að tala um réttarstöðu. Ekki er hægt að draga þá ályktun, eins og hv. þingmaður orðaði það, að við verðum vopnuð þjóð við það að staðfesta samninginn um Samstarf í þágu friðar með vísun í ákvæðin varðandi réttarstöðu í SOFA-samningnum. Það er ekki þannig.

Ég tel að hv. þingmaður muni fá þessar skýringar og betri tækifæri til þess að ræða þessi mál í hv. utanríkismálanefnd þegar málið berst þangað. En um er að ræða oftúlkanir hv. þingmanns.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Útflutningsaðstoð, 1. umr.*

Stjfrv., 656. mál (fjármögnun Útflutningsráðs). — Þskj. 982.

[21:14]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002.

Tilgangur með frumvarpi þessu er að tryggja áframhaldandi fjármögnun Útflutningsráðs. Núverandi fyrirkomulag rennur sitt skeið í lok ársins, en það hefur verið í gildi frá upphafi árs 2003. Í frumvarpinu er lagt til að núgildandi fjármögnun verði framlengd til fimm ára á nýjan leik eins og gert var með núverandi lögum. Í frumvarpinu er einnig lagt til að breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi og skipan funda samráðsnefndar atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð.

Í greinargerð með frumvarpinu er að finna sögulegt yfirlit yfir fjármögnun Útflutningsráðs. Útflutningsráð Íslands hefur alla tíð verið sjálfstæð stofnun fjármögnuð beint af atvinnulífinu, án fjárframlaga á fjárlögum, nema að litlu leyti fyrstu árin. Frá árinu 1998 hefur rekstur Útflutningsráðs verið fjármagnaður að langmestu leyti með svokölluðu markaðsgjaldi. Það er lagt á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds. Markaðsgjald er 0,05% af því og um álagningu og innheimtu þess fer eftir ákvæðum laga um tryggingagjald. Þessi fjármögnunarleið hefur skapað festu um rekstur ráðsins.

Óhætt er að segja að almenn ánægja ríki meðal fyrirtækja í landinu með starfsemi Útflutningsráðs og eins hefur samstarf Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytisins verið í góðum farvegi. Af þeim sökum er lagt til að núgildandi fjármögnun verði framlengd til fimm ára.

Eins og ég gat um í upphafi felur frumvarpið enn fremur í sér breytingar á skipan í samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð.

Talið er óþarft að binda fjölda funda samráðsnefndarinnar og fundarstjórn í lög. Sama máli gegnir um skipan nefndarinnar. Nefndin er núna skipuð yfir 20 fulltrúum þar til greindra samtaka og ráðuneyta en til marks um þörf á auknum sveigjanleika við skipan nefndarinnar má nefna að á þeim lista er ekki að finna neina fulltrúa fjármálasamtaka. Nefndin er og verður áfram skipuð fulltrúum samtaka úr atvinnulífinu og stjórnvalda auk stjórnar Útflutningsráðs en gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra skipi í nefndina að höfðu samráði við stjórn Útflutningsráðs. Lögbinding á skipan nefndarinnar skapar óþarfa formfestu og er tilgangur almennara og opnara orðalags að auka möguleika á aðkomu fleiri hagsmunaaðila og tryggja þannig enn víðtækari þátttöku á fundum nefndarinnar.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Losun gróðurhúsalofttegunda, 1. umr.*

Stjfrv., 641. mál (heildarlög). — Þskj. 957.

[21:17]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Yfirlýst markmið þessa frumvarps sem ég mæli hér fyrir er að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Áður en ég fer í efni og einstök atriði frumvarpsins vil ég gjarnan fara yfir þær alþjóðlegu skuldbindingar okkar samkvæmt Kyoto-bókuninni til að skýra betur meginmarkmið frumvarpsins og hvernig efni þess lýtur að þessum skuldbindingum.

Kyoto-bókunin setur Íslandi bindandi mörk varðandi losun gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu 2008–2012. Annars vegar má losun frá Íslandi ekki aukast meira árlega á þessu tímabili en um 10% miðað við losun árið 1990. Hins vegar eru sérstakar heimildir um losun koldíoxíðs frá stóriðju sem notar endurnýjanlega orku allt að 1,6 milljónum tonna að meðaltali á ári á tímabilinu í samþykkt sem stundum er nefnt íslenska ákvæðið. Þessar heimildir eru bundnar ströngum skilyrðum.

Þegar Kyoto-bókunin var fullgilt á Alþingi árið 2002 fylgdi tillögu til þingsályktunar greinargerð þar sem sýnt var fram á hvernig fjögur stóriðjuverkefni sem þá voru í umræðunni mundu verða innan ramma þessa ákvæðis. Forsendur hafa breyst nokkuð frá 2002 og fyrirtæki hafa sett fram hugmyndir um ný stóriðjuverkefni hér á landi. Þetta hefur gefið tilefni til endurútreikninga á spám um losun. Losunarspár Umhverfisstofnunar hafa gefið til kynna að losun verði innan þeirra marka sem Íslandi eru sett samkvæmt Kyoto-bókuninni á tímabilinu 2008–2012. Þar gæti þó munað litlu ef ýtrustu hugmyndir um stóriðju ganga eftir og eins hratt og forsvarsmenn einstakra verkefna vonast til.

Í ljósi þeirra nýju áforma skipaði þáverandi umhverfisráðherra nefnd um mitt ár 2005 til að skoða hugsanlegar reglur á þessu sviði. Nefndin skilaði áliti í fyrra í formi frumvarps sem varð þá að lögum um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda sem hafa styrkt, þ.e. lögin, lagalegt umhverfi stjórnvalda og sérstaklega Umhverfisstofnunar til að endurbæta loftslagsbókhald sitt og undirbúa þær kröfur sem öðlast gildi í byrjun skuldbindingartímabils Kyoto árið 2008. Sú nefnd fékk umboð til að framlengja starf sitt og er meðfylgjandi frumvarp afrakstur starfs þeirrar nefndar sem skipuð var fulltrúum fjármálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins auk umhverfisráðuneytisins sem veitti nefndinni formennsku.

Kjarninn í meðfylgjandi frumvarpi er sá að settar eru takmarkandi reglur um losun koldíoxíðs frá stórum einstökum uppsprettum en engar slíkar reglur eru nú í gildi. Slíkri losun eru takmörk sett í ljósi skuldbindinga Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni og verður að telja líklegt að svo verði áfram eftir að fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar lýkur árið 2012. Eins og fyrr segir er ólíklegt að Ísland fari yfir heimildir sínar á tímabilinu 2008–2012 en það er engu að síður nauðsynlegt að kveða skýrt á um hvaða reglur gilda ef einstakir losendur fara yfir heimildir. Ég tel afar æskilegt að slíkar reglur liggi fyrir áður en skuldbindingartímabilið hefst í byrjun næsta árs.

Engar alþjóðlega bindandi skuldbindingar liggja fyrir um tímabilið eftir 2012 og efni frumvarpsins fjallar ekki um losun eftir þann tíma með beinum hætti. Lagasetning af því tagi sem hér er sett fram í frumvarpi þessu er þó skýr skilaboð til fyrirtækja um að ekki sé hægt að ganga að því vísu að losun koldíoxíðs verði án takmarkana og frekari skilyrða eftir árið 2012. Slík skilaboð eru mikilvæg þar sem þau hvetja til þess að leitað sé að betri tækni til að draga úr losun koldíoxíðs sem veldur auknum gróðurhúsaáhrifum og einnig að rekstrarforsendur séu metnar í ljósi þeirra takmarkana sem síðar kann að verða gripið til.

Ríkisstjórnin hefur nýverið samþykkt stefnumörkun í loftslagsmálum. Hún er hugsuð sem rammi utan um aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum, hún er mun víðtækari en fyrri stefnumörkun frá 2002 sem miðaði einkum að því að Ísland mundi standa við skuldbindingar sínar gagnvart Kyoto-bókuninni. Ekkert liggur fyrir hvað tekur við varðandi takmörkun eftir 2012. Viðræður á alþjóðavettvangi um hvað taki við eru hafnar og munu halda áfram jafnt og þétt á næstu mánuðum.

Segja má að frumvarpið setji upp eins konar öryggisgirðingar til að tryggja að Ísland standi við alþjóðlega bindandi skuldbindingar sínar gagnvart Kyoto-bókuninni. Þetta verður gert með því að skylda atvinnurekstur sem losar mikið magn koldíoxíðs til að afla sér losunarheimilda sem nægja fyrir losuninni. Stjórnvöld munu úthluta þeim heimildum sem Ísland hefur til ráðstöfunar til stórra losunaraðila eftir reglum sem settar eru í frumvarpinu. Fái atvinnurekstur ekki úthlutað nægum losunarheimildum frá stjórnvöldum fyrir sinni losun þarf hann að útvega sér þær eftir öðrum leiðum með aðferðum sem viðurkenndar eru í Kyoto-bókuninni, með skógrækt eða landgræðslu eða með kaupum á heimildum erlendis frá. Frumvarpið bannar því ekki losun frá atvinnurekstri sem fær ekki úthlutað nægum losunarheimildum en tryggir að kostnaður við það fellur á viðkomandi atvinnurekstur en ekki á ríkissjóð.

Herra forseti. Ég ætla þá að fara nánar yfir efni frum-

varpsins og einstök atriði þess. Þá ber í fyrstu að taka fram að í frumvarpinu er fellt inn efni núgildandi laga, nr. 107/2006, um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda og lagt til að samhliða verði þau lög felld úr gildi. Efnislega munu ákvæði gildandi laga um bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda auk skráningarkerfis losunarheimilda haldast að mestu óbreytt og mun ég því ekki fjalla frekar um þann þátt frumvarpsins.

Helsta nýmæli frumvarpsins er að lagt er til að tveir flokkar atvinnurekstrar, í fyrsta lagi staðbundin orkuframleiðsla með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, og í öðru lagi staðbundin iðnaðarframleiðsla sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega verði óheimil, þ.e. þessu tvennu, þessum tvenns konar framleiðsluflokkum verði óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012, nema þeir afli sér losunarheimilda vegna losunar koldíoxíðs. Þessi skylda nær ekki til annarra gróðurhúsalofttegunda svo sem flúorkolefna frá áliðnaði en þar eru í gildi mjög ströng ákvæði í starfsleyfum.

Í frumvarpinu er lagt til að þriggja manna úthlutunarnefnd, sem skipuð verði af umhverfisráðherra og í munu sitja fulltrúar iðnaðarráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins og fjármálaráðuneytis, geri áætlun um úthlutun losunarheimilda vegna atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið laganna. Í frumvarpinu er lagt til að formaður nefndarinnar komi frá iðnaðarráðuneyti í samræmi við stefnumörkun með þingsályktun um fullgildingu Kyoto-samningsins 2002. Samkvæmt henni var iðnaðarráðuneytinu falin umsjón með úthlutun losunarheimilda samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 eða hins svokallaða íslenska ákvæðis, en stærsti hluti þeirra losunarheimilda sem nefndin úthlutar eru heimildir samkvæmt íslenska ákvæðinu.

Nefndinni er ætlað það hlutverk að gera áætlun um úthlutun á losunarheimildum fyrir allt skuldbindingartímabilið eða öll fimm árin. Sú áætlun á að eyða óvissu um væntanlega úthlutun losunarheimilda sem fram fer árlega þannig að atvinnurekstur sem fellur undir lögin geti búið við eins mikið starfsöryggi gagnvart losun gróðurhúsalofttegunda og hægt er út fimm ára tímabilið. Þar nýtur atvinnurekstur sem þegar er starfandi eða mun hefja starfsemi fyrir upphaf skuldbindingartímabilsins forgangs. Atvinnurekstur sem hyggst hefja starfsemi eða auka starfsemi á tímabilinu 2008–2012 gæti hugsanlega lent í þeirri stöðu að ónógar losunarheimildir séu þá til ráðstöfunar en hann þyrfti þá að afla sér heimilda eftir öðrum leiðum eða hætta við framkvæmdir.

Áætlunin er bindandi í þeim skilningi að ekki er heimilt að skerða úthlutun losunarheimilda til tiltekins atvinnurekstrar sem fær úthlutun á tímabilinu, svo sem vegna þess að nýir aðilar koma inn sem sækja um úthlutun heimilda. Heildarmagn þeirra losunarheimilda sem úthlutunarnefndinni er heimilt að úthluta samkvæmt frumvarpinu er 10,5 milljónir losunarheimildir fyrir allt tímabilið, þ.e. 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Ein losunarheimild jafngildir heimild til losunar eins tonns af koldíoxíði. Í greinargerð með frumvarpinu er farið nákvæmlega yfir þá útreikninga sem liggja að baki þessari tölu.

Ég vil nefna að langstærsti hlutinn eða um 8 milljónir þessara heimilda eru til komnar vegna íslenska ákvæðisins og um 1,7 milljónir losunarheimilda vegna atvinnurekstrar sem var starfandi árið 1990 og fellur því ekki undir íslenska ákvæðið. Gert er ráð fyrir að um 785 þúsund losunarheimildir á tímabilinu 2008–2012 eða árlega 157 þúsund að meðaltali verði til ráðstöfunar til nýs almenns atvinnurekstrar sem er skyldur til að afla sér losunarheimilda óháð því hvort hann fellur undir skilgreiningu íslenska ákvæðisins. Til glöggvunar má benda á að þetta eru um 4,3% af þeim almennu heimildum sem Íslandi verður úthlutað á grundvelli Kyoto-bókunarinnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að atvinnurekstur sem fellur undir gildissvið laganna geti sótt um losunarheimildir til úthlutunarnefndar og/eða lagt fram áætlun um hvernig hann muni afla sér losunarheimilda eftir öðrum leiðum vegna tímabilsins 2008–2012. Úthlutunarnefndin á að styðjast við ákveðin viðmið við gerð áætlunar um úthlutun losunarheimilda og er það að mínu mati nauðsynlegt að skýrar reglur liggi til grundvallar úthlutun, enda um mikla hagsmuni að ræða. Atvinnurekstrinn fær síðan úthlutað árlega losunarheimildum í samræmi við áætlun úthlutunarnefndar.

Rétt er að benda á að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að atvinnurekstri verði heimilt að selja þær losunarheimildir sem hann fær úthlutað frá úthlutunarnefndinni. Atvinnurekstri er hins vegar ætlað að afla sér losunarheimilda annars staðar frá ef hann fær ekki úthlutað nægilega mörgum losunarheimildum vegna þeirrar losunar sem viðkomandi fyrirtæki stendur fyrir. Hér er því ekki um viðskiptakerfi að ræða, enda bannar ákvörðun 14/CP.7 eða hið svokallaða íslenska ákvæði viðskipti með losunarheimildir sem falla þar undir. Það er heldur ekki tilgangur frumvarpsins að setja á fót kerfi eignarkvóta og viðskipta með þá heldur er einungis verið að tryggja að losun koldíoxíðs af völdum stórra aðila verði ekki meiri en heimildir Íslands samkvæmt Kyotobókuninni leyfa.

Umhverfisstofnun er ætlað að gegna margþættu hlutverki í frumvarpinu. Eins og áður er stofnuninni ætlað að sjá um bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, auk skráningarkerfisins þar sem losunarheimildir Íslands eru færðar inn. Við það bætist að Umhverfisstofnun er falið að fara yfir umsóknir sem berast frá atvinnurekstri um losunarheimildir, að sjá um reikninga atvinnurekstrar og annarra lögaðila í skráningarkerfinu og fara yfir skýrslur atvinnurekstrar um losun koldíoxíðs.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[21:30]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Hæstv. umhverfisráðherra sagði í ræðu sinni að þær 10,5 millj. tonna, sem til úthlutunar væru þessi fimm ár, væru skýrð nákvæmlega í frumvarpinu. En það er því miður ekki alveg rétt hjá ráðherranum. Ég bið um að það verði skýrt enn frekar.

Minn skilningur er sá að þarna sé átt við 8 millj. tonna samkvæmt hinu íslensk-mónakóska ákvæði, sem svo ber sennilega að kalla nú, frá Marrakesh. En að auki komi 2,5

millj. tonna sem væntanlega eru framreiknaður hluti álversins og járnblendiverksmiðjunnar í losun á Íslandi fyrir árið 1990. Þetta er sem sé hvergi skýrt í frumvarpinu og þessar 2,5 millj. tonna koma á óvart þeim sem reyna að glöggva sig á málunum.

Ég vil líka spyrja ráðherrann í leiðinni hvort það sé ekki örugglega rétt að þótt viðskipti af ákveðnu tagi séu forboðin með kvótanum samkvæmt íslensk-mónakóska ákvæðinu, þá sé ekkert slíkt bann í gildi um hinn almenna kvóta sem löndin fá úthlutað í hlutfalli við losunina 1990.

[21:32]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í framsögu minni vísaði ég til ítarlegrar útlistunar í frumvarpinu. Ég veit svo sem ekki hversu miklu ég hef við það að bæta en bendi á að við yfirferð nefndarinnar um málið er viðbúið að hægt sé að endurtaka þessar tölur. Ég viðurkenni að þetta er svolítið ruglingslegt.

Ég reyndi að koma því til skila að heildarmagnið er 10,5 millj. losunarheimilda fyrir allt tímabilið. Langstærstur hluti, um 8 millj. þessara heimilda eru tilkomnar vegna íslenska ákvæðisins. Um 1,7 millj. losunarheimilda eru vegna atvinnurekstrar árið 1990. Þá erum við að tala um Álverið í Straumsvík og járnblendið eins og það var árið 1990. Sá hluti fellur ekki undir íslenska ákvæðið eins og okkur er ljóst. En hins vegar er gert ráð fyrir að þetta sé inni í þessari tölu, 10,5 millj. heimilda sem verður úthlutað af úthlutunarnefndinni.

Ef við reiknum þetta saman að þá standa samkvæmt þessu út af borðinu um 785 þús. losunarheimildir fyrir tímabilið sem gera á 5 ára tímabili að meðaltali 157 þús. á ári til ráðstöfunar til nýs atvinnurekstrar, almenns atvinnurekstrar sem er skyldur að afla sér losunarheimilda óháð því hvort hann fellur undir skilgreiningu á íslenska ákvæðinu.

Þetta get ég sagt, herra forseti, til að skýra þessar tölur. En mig langar að endingu að vísa á ágætt svar við ágætri skriflegri fyrirspurn frá hv. þm. Merði Árnasyni (Forseti hringir.) þar sem þessar tölur voru ítarlega útlistaðar og sundurgreindar eftir iðjuverum.

[21:34]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Hæstv. ráðherra hefur greinilega ekki skilið hvað ég átti við. Ég var að biðja um skýringu á muninum á 10,5 millj. tonnum annars vegar og hins vegar 8 millj. tonna, sem eru samanlagður kvóti samkvæmt íslensk-mónakóska ákvæðinu. Ég er að spyrja hvaða skilning eigi að leggja í þessar 2,5 millj. tonna sem um er að ræða. Það er ekki skýrt í frumvarpinu.

Maður fer í innganginn á frumvarpinu og þar segir um þetta mál með leyfi forseta, á bls. 8:

„Heildarmagn þeirra losunarheimilda sem nefndinni er heimilt að úthluta er 10.500.000 losunarheimildir fyrir allt tímabilið ...“

Síðan stendur í sérstökum skýringum við 9. gr. sem maður græðir ekkert mikið á heldur:

„... heildarmagn losunarheimilda sem er til úthlutunar á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012, sem er samtals 10.500.000 losunarheimildir.“

Ég kom fram með skýringartilgátu sem ég gerði ráð fyrir að umhverfisráðherra, frumvarpshöfundur og flytjandi, gæti annaðhvort staðfest eða leiðrétt. Ég hef ekki fengið svar við því enn þá. Ég vona að það verði, ef ekki í næsta andsvari, þá í næstu ræðu.

Ég spurði líka hvort ekki væri alveg öruggt að hömlur á viðskiptum með íslensk-mónakóska kvótann giltu ekki um almenna kvótann, sem ég tel að hljóti að vera um að ræða varðandi þessar 2,5 millj. tonna.

[21:36]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil árétta að ég hef fullan vilja til að upplýsa þessar tölur. Ég sat yfir þessu sjálf og ef ég legg saman þessi 8.000 þús., 1.700. þús. og síðan 785 þús. að þá fæ ég 10.485 þús. Þetta eru þær tölur sem ég rakti í framsögu minni.

Að öðru leyti vil ég segja við fyrirspurn og spurningu hv. þm. Marðar Árnasonar, að eftir að kerfið er komið í gang felur þetta jafnframt í sér að það er bannað að selja heimildir sem falla innan almenna ákvæðisins. Eftir að skuldbindingartímabilið hefst árið 2008 þá tekur þetta bann við að selja heimildir líka til þess sem fellur undir almenn ákvæðið, ekki bara til heimilda sem falla undir Kyotobókunina.

[21:37]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég vil í framhaldi af þessu hefja ræðu mína á því að mér hefur ekki enn þá tekist að skilja það sem hæstv. umhverfisráðherra er að reyna að útskýra. Í fyrsta lagi er það nú þannig að í minni reikningsbók eru 10,5 millj. ekki það sama og 10 milljónir 485 þús. Þó muni litlu á þessum tölum á kvarðanum svona við fyrstu sýn, þó að ég geri ráð fyrir að með þeim gæti tekist að kæfa okkur til heljar og kannski heim aftur, þá ætlast maður til að viðhafðar séu nákvæmar tölur í greinargerðinni.

Það sem ég skil ekki enn þá eru þessi 785.000 tonn og hvaðan þau koma. Og hvaðan koma þessi 1.700 tonn? Ef þetta er skýrt einhvers staðar bendir hæstv. umhverfisráðherra mér kannski á það á eftir en ég hef ekki fengið botn í það enn þá hvernig þessi tala er tilkomin.

Í öðru lagi verð ég að viðurkenna vankunnáttu mína. Ég sé ekki í frumvarpinu að viðskipti með kvóta úr almennu heimildinni séu bönnuð. Ég hef kannski ekki lesið þetta nógu vel. Ég verð að viðurkenna að fyrra hluta frumvarpsins las ég illa eða ekki vegna þess að í honum taldi ég felast lög sem voru samþykkt í fyrra og kemur það fram í greinargerðinni.

En það kann að vera að mér hafi skotist yfir þetta bann hér í lögunum og ég vænti þess þá að hæstv. umhverfisráðherra leiðrétti mig í því og bendi mér á hinn rétta stað í því efni. Vegna þess að þetta skiptir ákveðnu máli sem ég kannski kem að á eftir.

Forseti. Í 1. gr. frumvarpsins segir:

„Markmið laganna er að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.“

Kannski ætti þarna að standa að vissulega sé markmið

frumvarpsins að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. En þá kynni að vanta viðauka sem gæti t.d. verið svona: Að markmið laganna sé að skapa þau skilyrði án þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, án þess að beita mengunarbótareglunni eða mengunargreiðslureglunni um að þeir borgi sem menga, án þess að búa til úthlutunarreglur um hverjir eiga að njóta þessara takmörkuðu kvóta, skulum við kalla það, því gæði er nú erfitt að kalla það að minnsta kosti á íslensku, nema þær reglur sem eiga við um hvert annað kapphlaup, án þess að reyna að skapa markað úr þessum takmörkuðu kvótum sem eru fyrir hendi og búa þannig til hagræna hvata til að minnka losun hjá þeim fyrirtækjum sem hafa heimild til hennar, og án þess að þurfa að móta stefnu núna rétt fyrir kosningar um framhaldið sem einmitt þessa mánuði, eins og hæstv. umhverfisráðherra gat um, er verið að hefja viðræður um eftir að fyrsta Kyoto-tímabilinu lýkur í árslok 2012. Vegna þess að slík stefna kemur hvorki fram í þessu frumvarpi og hún kemur heldur ekki fram í þeirri svokölluðu stefnumörkun til langtíma sem umhverfisráðherra ræddi hér um áðan. En þar er verið að lofa fram um áratugi án þess að neinar skýringar fáist á því eða leiðbeiningar hvernig þetta eigi að gera. Í rauninni er það plagg meira og minna innantómt hvað varðar pólitískt gildi þó þar megi vissulega sækja sér þarfar upplýsingar frá rannsóknastofnunum og öðrum fróðleiksuppsprettum hér innan lands og utan.

Hér er satt að segja allt í sama dúr. Með þessu á fyrst og fremst að skapa tækifæri fyrir öll þau álver sem nú eru í ráðagerðum og með frumvarpinu á að sjá til þess að Kyotosamkomulagið og ákvæðið frá Marrakesh sem mætti kalla hið íslensk-mónakóska, eða stóriðjuákvæðið, 14/CP.7, sé ekki hindrun í því efni. Enda hefur hæstv. umhverfisráðherra orðið fræg fyrir þau ummæli sín og þá pólitísku speki í umræðunni sem nú hefur geisað um stóriðju, álver og loftslagsmál, að álver á Íslandi séu ekki hluti af vandamálinu heldur hluti af lausninni. Það kynni að vera það sem stendur eftir umhverfisráðherra þegar við erum öll hætt í pólitík eftir nokkra áratugi og farið verður að gefa út tilvitnunarbækur úr því sem við erum að segja, þá verður þetta kannski tilvitnunin sem hæstv. umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, verður borin fyrir um næstu framtíð.

Hæstv. umhverfisráðherra minntist á fyrirspurn sem ég bar hér fram og fékk svar við. Það svar er í raun og veru endurtekið í greinargerðinni. Það sýnir að samþykkt stóriðja plús fyrirhuguð Straumsvíkurstækkun, ef af verður, fer yfir 1.600 þús. tonn á ári, og við erum með því móti komin fram yfir íslensk-mónakóska ákvæðið ef Helguvík, Húsavík og ég tala nú ekki um fleiri álver, t.d. í Þorlákshöfn koma líka. Þá erum við komin langt yfir mörkin sem þetta stóriðjuákvæði setur.

En þetta truflar ekki hæstv. umhverfisráðherra eða ríkisstjórn þá sem hún situr í heldur er hún að mæla fyrir heimild til hömlulausrar stóriðju. Með því að nýta ekki þetta tækifæri er hún að missa í raun og veru af síðasta verkfærinu sem stjórnvöld hafa í höndunum til þess að skapa einhvers konar reglu í þessum málum, síðasta verkfærinu til þess að hemja stóriðjuáform og virkjanasmíðar næstu árin, en á því er þörf að mínu viti en greinilega ekki hæstv. umhverfisráðherra vegna umhverfisorsaka og náttúruverndar í fyrsta lagi, vegna efnahagslífsins í öðru lagi og í þriðja lagi vegna loftslagsmálanna. Annars vegar vegna þeirra skuldbindinga sem ég tel hér vera farið á svig við og hins vegar vegna þess að íslensk orka er að verða miklu dýrmætari en nokkrum datt í hug, einkum þeim sem hafa auglýst hana á útsöluverði fyrr og síðar. Í henni felast miklu takmarkaðri gæði en menn hugsuðu sér áður vegna þess m.a. að smám saman, hvað sem núverandi ríkisstjórn líður, verða möguleikar til orkuvinnslu miklu takmarkaðri af umhverfisástæðum en hingað til hafa verið.

Það er sennilegt, ef rétt er á haldið í ráðuneytunum og í þjóðlífinu, að við þurfum eftir 10–15 ár og jafnvel fyrr á að halda hugsanlega orkuveri á við hálfa Kárahnjúkavirkjun eða kannski heila, til að knýja skipaflotann og bílaflotann með vetni, metani eða öðru, ég segi nú ekki hreinu, en öðru eldsneyti eða orkubera skárri en því sem við notum nú. Upp kann að koma sú staða að innlendar þarfir og áætlanir af þessu tagi beinlínis krefjist þeirrar orku sem við erum nú að úthluta hverju álverinu af öðru.

Til að koma í kring þessum ráðagerðum að nota ekki, eða sem sé að ryðja úr vegi þeirri hindrun sem Kyotobókunin og Marrakesh-samþykktin eru í rauninni fyrir áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu og með tilheyrandi virkjunum, þarf að nota eina reikningskúnst sem hæstv. umhverfisráðherra hefur látið sér sæma að fallast á. Það er uppsöfnunaraðferðin eða meðaltalsaðferðin, að miða sem sé íslensk-mónakóska ákvæðið ekki sem eðlilegt væri við 1,6 millj. tonn á ári heldur gera úr henni 8 millj. tonn á fimm árum og síðan er talið í góðu lagi hvernig það skiptist á ár þannig að á síðasta árinu, árið 2012, kynnum við að vera með losun sem væri miklu meiri en íslensk-mónakóska ákvæðið gefur tilefni til og stöndum þar með með miklu meiri losun en nokkrum manni datt í hug við túlkun á því ákvæði þegar nýtt tímabil hefst árið 2013. En það má telja rétt og satt hjá hæstv. umhverfisráðherra þegar hún sagði að ekki sé líklegt að slakað verði á um losunarheimildir í þeim samningum sem nú eru að takast um næsta tímabil. Það þarf að nota hana. Svo segja menn sem hér standa og horfa á þetta tímabil að það hljóti að koma tímar og ráð árið 2013. Kannski bara endurtökum við leikinn og kannski fer þetta einhvern veginn öðruvísi. Að minnsta kosti er það eftir kosningar þannig að þetta er allt í góðu lagi.

Í fyrsta lagi eru núna ákveðnar efasemdir í gangi um það hvort við höfum yfir höfuð leyfi til þess arna. Náttúruverndarsamtök Íslands leituðu álits þýskra lögfræðinga, sérfræðinga á þessu sviði. Þeir sögðu í töluverðri greinargerð sem þeir skiluðu samtökunum að vissulega væri orðanna hljóðan þannig að Íslendingar gætu nýtt þessar 8 millj. tonna í losunarheimildir og væri ekki að því að finna í sjálfu sér hvernig þeir gerðu það.

Hins vegar sögðu þeir — ég verð að lesa mína eigin þýðingu því þetta er allt á lögfræðiensku — að þeir geti ekki reynt að auka þennan kvóta í þeim tilgangi að skapa varanlegt ástand, „status quo“ stendur í textanum, til að réttlæta frekari undanþágur. Ef við gerum það bryti það í bága við skuldbindingar Íslands um að draga úr losun til

lengri tíma. Ef Íslendingar reyndu að semja á ný um svipaða undanþágu á næsta tímabili eftir að hafa beitt þessum reikningskúnstum væru þeir að fara á skjön við anda reglnanna, „act in bad faith" stendur hér á ensku, og slík háttsemi væri andstæð skuldbindingum þeirra samkvæmt þjóðarrétti. Þetta gæti leitt til kröfu um ábyrgð af hálfu Íslendinga þar sem ríkið hefði með háttsemi sinni ekki gætt þjóðréttarskuldbindinganna um að vinna gegn loftslagsvá.

Ég hvet því til þess að menn fari varlega og ég geri ráð fyrir að hæstv. umhverfisráðherra og ríkisstjórn hennar hafi á takteinum sterk lögfræðiálit sem segja okkur ekki einungis það sem út af fyrir sig er viðurkennt hér, að ekki þarf að binda sig við 1,6 millj. tonna á hverju ári, heldur líka það hvernig sé skynsamlegt að haga þeim útreikningi. Þá er rétt að hafa í huga af hverju þessi meðaltalsaðferð kom upp í þessum samningum. Skyldi það vera til þess að hæstv. umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, og Framsóknarflokkurinn, samstarfsmenn hennar, geti notað þær reglur til að — ég segi það eins og ég meina það — svindla á þessu ákvæði. Löglegt en siðlaust, var einu sinni sagt. Nei, það var ekki þannig. En það var samt verið að hugsa um skussa. Það var verið að hugsa um skussa af öðru tagi. Verið var að hugsa um þá sem kynnu að vera langt yfir meðaltalinu þangað til á árinu 2012 og kynnu þá að lækka sig rétt niður fyrir meðaltalið til að standast þá skoðun sem þá færi fram.

Þess vegna töldu menn að rétt væri að hafa meðaltal í þessu þannig að ljóst væri að átt væri við tiltölulega jafna losun allan tímann. Það að snúa þessu svo upp í þær reikningskúnstir sem íslenska ríkisstjórnin hefur viðhaft, það þarf nokkurt hugmyndaflug til þess. Og reyndar er það nú þannig, og það verður að segja það þeim mönnum til sóma sem þann sóma eiga skilinn, að menn hafa hikað lengi við þetta. Jónína Bjartmarz, hæstv. umhverfisráðherra, er því miður fyrsti umhverfisráðherrann sem tekur fyllilega af skarið í þessu efni.

Má t.d. minnast þess að í svari við fyrirspurn hv. þm. Helga Hjörvars á næstsíðasta þingi, svaraði hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, sem þá var umhverfisráðherra, en hún var beðin að reikna hugsanlega losun á árinu 2008–2012, til um síðasta árið, að reikna mætti hugsanlega losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi að gefnum ákveðnum forsendum. Hvernig var það svar? Það miðaðist við það að samkvæmt útreikningum væri almenna heimildin um 3,6 millj. tonn árið 2012, að viðbættum, ja hvað mörgum tonnum í íslensk-mónakóska ákvæðinu? Jú, 1,6 millj. tonnum og heildarlosunin gæti þá orðið 5,2 millj. tonna á síðasta árinu. Hér segir auðvitað ekki umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, að það verði svo. En hún gefur fyllilega í skyn að eðlilegt sé að beita meðaltalsreglunni og ekki einhverri annarri reikningskúnst. Þannig að svar umhverfisráðherrans á þeim tíma sýnir ofan í þá hugsun sem þá var, að sá umhverfisráðherra og þeir sem á undan komu, hikuðu við að beita þessari túlkun vegna þess að þeir vissu að hún yrði ekki vinsæl í samtölum þeirra við starfsbræður sína á erlendum vettvangi. Og vegna þess að þeir hreinlega töldu hana sennilega ekki siðferðilega tæka.

Ég sé að það gengur nokkuð á tíma minn. Ég ætla þá að nota síðari ræðuna til að halda áfram þessu litla spjalli um loftslagsfrumvarpið. Þessi reikningskúnst nægir auðvitað ekki. Það stoppar álverin einhvern tíma að reikna þetta svona. Það eru þó ekki nema þessar 8 millj. tonna til úthlutunar að viðbættum þeim milljónum tonna sem við ræddum áðan og eru svona svolítið á faraldsfæti um velli staðreyndanna, en það lagast á eftir, heldur er þetta þannig að stóriðjufyrirtækin eru ekki bundin við úthlutunina. Þau geta keypt sér kvóta þegar úthlutunin er búin. Þau geta gert það eins og hæstv. ráðherra lýsti með því að kaupa hann með einhverjum hætti að utan af kvóta annarra ríkja. Að kaupa hann með einhvers konar samstarfi við skógræktarmenn og landgræðslumenn, sem er auðvitað enn þá mjög ómótað og lítt kannað úrræði án þess að ég vilji draga úr gleði manna í þeim geira við að sjá allt í einu fram á mikinn stuðning við sitt ágæta starf. Þeir geta tekið þátt í þróunarverkunum í þriðja heiminum sem reyndar er margt óljóst um líka en er ein af þeim jákvæðu úrlausnum sem ríkin hafa orðið sammála um að taka upp. Þetta bætist þá við almenna kvótann.

Ég ætla síðan að rekja það í síðari ræðu minni hvernig, hafi ekki aðrir þá gert því þeim mun rækilegri skil, ekki er notað það tækifæri að skapa hér vísi að markaði með þennan takmarkaða kvóta og þar með það kerfi hagrænna hvata sem gæti að lokum leitt til samdráttar af hálfu fyrirtækjanna, notendanna sjálfra, sem er í sjálfu sér betra úrræði en boð og bönn innan þeirra marka sem það kerfi leyfir. Ég ætla að láta þetta nægja að sinni, forseti, og koma hér aftur síðar eins og ég hef áður sagt.

[21:57]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér mál umhverfisráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda. Ég verð að segja eins og er, að í 1. umr. um þetta mál í fámennum þingsal, síðla kvölds, löngu eftir að við áttum von á að fá þetta mál inn í þingið, hef ég afar lítinn áhuga á að hengja mig í tölulegar reikningskúnstir, í spekúlasjónir um íslensk-mónakóska ákvæðið eða íslenska stóriðjuákvæðið, þ.e. íslenska undanþáguákvæðið. Ég hef mesta þörf fyrir að ræða prinsippin í þessu máli. Ég verð að segja eins og er að það er vonum seinna að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks geri tilraun til að reka af sér slyðruorðið í þessum málaflokki þegar á allt er litið.

Á síðasta ári var lagt fyrir þingið frumvarp til laga sem hæstv. umhverfisráðherra mælti fyrir. Það fjallaði um bókhaldsskyldu fyrirtækja, þ.e. það varð að lögum nr. 107/2006, um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda. Þegar það mál kom fyrir þingið í fyrra gagnrýndi ég það harðlega að ekki skyldi sýnt á fleiri spil frá hæstv. ríkisstjórn um hver stefnan yrði í loftslagsmálunum. Það frumvarp var tæknilegs eðlis og fjallaði um á hvern hátt fyrirtæki ættu að skrá hjá sér losun gróðurhúsalofttegunda, nokkuð sem hefði átt að vera komið í frumvarpsformi löngu fyrr því að það er ekki eins og menn hafi ekki vitað hvað þeir ættu yfir höfði sér í þessum efnum á undanförnum árum.

Það frumvarp fer í gegn hálfkarað og verður, eins og ég sagði áðan, að lögum nr. 107/2006. Undir lok þessa þings, þegar eftir eru fjórir almennir fundardagar í þinginu leyfir hæstv. umhverfisráðherra sér að koma með þetta frumvarp, þröngva því á dagskrána seint um kvöld þegar viðbúið er að fáir þingmenn taki þátt í umræðunni. Þá kemur í ljós að

frumvarpið frá í fyrra, hin nýju lög nr. 107/2006, eru afnumin með þessu frumvarpi. Allt er þetta staðfesting þess hversu vanbúinn hæstv. umhverfisráðherra er til að tala fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum og hversu lin og aumingjaleg stefna ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálunum er. Hún litast af stefnu ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum. Hvað er þetta annað en stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar í hnotskurn, að nú skuli lagt ofurkapp á að koma á einhverju kerfi til að menn geti sagt að þeir hafi lögleitt einhverjar lágmarksreglur sem gera það þó að verkum að þeir verða ekki gerðir burtrækir úr samfélagi þjóðanna fyrir að fara á svig við Kyoto-bókunna og loftslagssamninginn. En það er ömurlegt að lesa þessa greinargerð þar sem í ljós kemur hvað í vændum er.

Ef stóriðjan heldur áfram á þeirri blússandi siglingu sem þessi ríkisstjórn hefur heimilað henni þá erum við strax á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar komin langt yfir þær heimildir sem undanþáguákvæðið gefur. Auðvitað er svo sérkapítuli út af fyrir sig hvernig þessari ríkisstjórn gengur að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá almennum uppsprettum, öðrum uppsprettum en stóriðjunni. Ég tel, hæstv. forseti, að þessi pappír lýsi náttúrlega gjaldþrota stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum almennt.

Hver er skuldbinding íslensku ríkisstjórnarinnar gagnvart loftslagssamningnum sem samþykktur var í Ríó 1992? Hún er hin sama og aðrar þjóðir tóku á sig og fyrst og síðast þær sem síðan undirrituðu Kyoto-bókunina, þ.e. að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hvernig stendur þessi ríkisstjórn sig í því? Það kemur í ljós þegar maður les greinargerðina með frumvarpinu að hún stendur sig ekki. Hæstv. umhverfisráðherra talar fyrir frumvarpi sem lýsir því hvernig Ísland, í lok fyrsta skuldbindingartímabils Kyoto-bókunarinnar, þurfi að óbreyttu kerfi eftir 2012, að sækja um viðbótarheimildir á vettvang samningsins.

Á sama tíma og ríkisstjórn Íslands talar svona reyna Norðurlöndin að draga úr losun í sínum löndum. Ég er hér með, hæstv. forseti, norræna framkvæmdaáætlun á sviði umhverfismála fyrir tímabilið 2005–2008. Þessi áætlun er gefin út á íslensku og í henni má lesa meginstefnumið Norðurlandanna. Þau eru vel að merkja undirrituð fyrir hönd Íslands og samþykkt af fyrrverandi umhverfisráðherra, hæstv. núverandi forseta Alþingis, Sigríði Önnu Þórðardóttur. Hún fylgir úr hlaði þessari metnaðarfullu áætlun Norðurlandanna með inngangi sem ég væri alveg sátt við ef ekki væri undirliggjandi stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar. Nú skulum við aðeins líta á metnaðarfulla stefnu Norðurlandanna sem hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra Sigríður Anna Þórðardóttir skrifaði undir í góðri trú að því er virðist, ef marka má orð hennar í upphafskaflanum.

Í kafla nr. IV segir um meginmarkmiðin, með leyfi forseta:

„Norðurlöndin stuðli að því að ná meginmarkmiðum og langtímamarkmiðum loftslagssamningsins um að „takmarka magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu þannig að komið verði í veg fyrir hættuleg áhrif á loftslagið af manna völdum."

Ég undirstrika, virðulegi forseti, að við erum skuldbundin af þjóðarrétti til að takmarka magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. En síðan segir í metnaðarfullri áætlun Norðurlandanna, með leyfi forseta:

„Norrænu ríkin vilja vinna að metnaðarfyllri framtíðarstjórnun loftslagsmála heimsins eftir 2012. Af Norðurlandanna hálfu verður unnið að því að samstarf verði breitt og með þátttöku sem flestra ríkja."

Í kafla 3.6 segir í sömu áætlun, með leyfi forseta, um áhrif loftslagsbreytinga á náttúru og menningarminjar, að markmiðið sé:

„Að efla fræðslu um áhrif hnattrænna loftslagsbreytinga á náttúru og menningarminjar á Norðurlöndum.

Í norrænu samstarfi verður lögð áhersla á að auka þekkingu og efla aðgerðir varðandi mat á áhrifum loftslagsbreytinga á náttúru og menningarminjar á Norðurlöndum og norðurskautssvæðum. Gera þarf grein fyrir viðkvæmri náttúru, áhrifaþáttum og mögulegri aðlögun að loftslagsbreytingum og hvaða áhrif breytingarnar hafa á líffræðilega fjölbreytni, menningarminjar og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Í samstarfi við viðeigandi aðila mun þróun vöktunaraðferða og umhverfisvísa hafa forgang svo hægt verði að fylgjast með áhrifum loftslagsbreytinga á líffræðilega fjölbreytni."

Hæstv. forseti. Mér finnst ég ekki lifa í landi sem hefur undirritað þetta eða ætlað sér að gera það sem stendur í 3.6 kafla í metnaðarfullri áætlun Norðurlandanna í loftslagsmálum að veruleika. Þegar ég les greinargerðina með máli hæstv. umhverfisráðherra — ég biðst afsökunar á að hafa ekki verið komin í salinn þegar hæstv. umhverfisráðherra fylgdi málinu úr hlaði þannig að ég heyrði ekki ræðu hennar en ég geri ráð fyrir að inntak hennar hafi verið svipað og kemur fram í greinargerðinni — þá fyllist ég bara vorkunnsemi með Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki fyrir það að geta ekki staðið betur við bakið á félögum okkar og forkólfum í stjórnmálum á Norðurlöndunum sem hafa samið þessa áætlun sem ég hér held á í útgáfu sem kom út í íslenskri þýðingu fyrir nokkru.

Að lokum ætla ég að vitna til II. kafla í þessari áætlun, sem við erum aðilar að. Hann varðar áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi hafsins en þar er markmiðið, með leyfi forseta:

„Að auka þekkingu á áhrifum loftslagsbreytinga á lífríki hafsins, þar á meðal á hafstrauma og vistkerfi, afleiðingar fiskveiða og fiskeldis fyrir líffræðilega fjölbreytni á Norðurlöndum og áhættu í tengslum við framandi og skaðlegar lífverur.

Kannaðar verða afleiðingar loftslagsbreytinga á lífríki hafsins. Gerð verða líkön af væntanlegri þróun og mótvægisaðgerðum sem geta dregið úr hugsanlegu tjóni."

Þetta er eitt af þessum verkefnum sem Norðurlöndin ætluðu sér sameiginlega að fara í samkvæmt þessari áætlun. En þessa sér engan stað í málinu sem liggur hér fyrir, hvorki þess sem getið er um í kafla II eða kafla III eða kafla IV sem ég hef vitnað til í þessari áætlun. Nei, þvert á móti, ætlar ríkisstjórn Íslands að teygja og toga undanþáguákvæðið og reyna að láta líta svo út sem við getum haldið okkur fyrir innan það til ársins 2012 með því að nota meðaltalsregluna, sem henni er heimilt að gera, en eftir árið 2012 ætlar hún að tryggja frekari undanþágur til að losa enn fleiri milljónir tonna af gróðurhúsalofttegundum en íslenska

stóriðjuákvæðið heimilar henni.

Leggur íslenska ríkisstjórnin fjármuni í fræðslu um þessi mál eins og Norðurlandaríkisstjórnirnar hafa lagt á herðar henni? Eða ætlar hún að leggja svo mikla fjármuni í þessar rannsóknir sem auka þekkingu okkar á áhrifum loftslagsbreytinganna? Nei. Það kemur í ljós að fjármunirnir sem þarf til að Umhverfisstofnun geti staðið undir þeim skyldum sem á hana eru lagðar samkvæmt frumvarpinu duga ekki. Hvaðan eiga peningarnir að koma, 2,5 milljón á ári á tímabilinu 2008–2013? Þeir eiga að koma frá atvinnurekstrinum. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir um kostnaðarmat þessa frumvarps að niðurstaðan sé sú að verði frumvarpið óbreytt að lögum megi gera ráð fyrir að árlegur kostnaður Umhverfisstofnunar hækki tímabundið um 2,5 millj. kr. á þessum árum, 2008–2013, eða alls um 15 millj. kr. og sömuleiðis að ríkistekjur stofnunarinnar hækki jafnmikið á móti. Allur kostnaðurinn sem þessi stefna ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum útheimtir á að greiðast af atvinnulífinu, hver einasta króna. Þar er ekki orð um rannsóknir, ekki orð um fræðslu og ekki orð sem heimfæra mætti upp á þessa metnaðarfullu stefnu Norðurlandanna.

Ríkisstjórnin er að staðfesta það sem ég hef áður haldið fram og við vinstri græn höfum legið þessari ríkisstjórn á hálsi fyrir árum saman: Hún er ekki pappírsins virði í umhverfismálum. Hér er staðfestingin svart á hvítu í þessu frumvarpi.

Við vinstri græn höfum lagt fram mál á Alþingi Íslendinga á þskj. 259, sem er 256. mál þessa löggjafarþings. Það fæst auðvitað ekki tekið á dagskrá frekar en önnur stjórnarandstöðuþingmál í þessum sal. Stjórnarliðar koma því þannig fyrir að okkar málum er ýtt til hliðar. Við fáum náðarsamlegast að mæla fyrir örfáum málum. Ég held að talan yfir frumvörp stjórnarandstöðunnar eða þau þingmál sem hún fær að tala fyrir sé enn þá tveggja stafa, ég held að ég sé ekki að fara með fleipur þegar ég segi það.

Okkar tillaga er tillaga til þingsályktunar um loftslagsráð. Ég ætla að leyfa mér að eyða síðustu mínútunum af ræðu minni í að segja hæstv. umhverfisráðherra og hv. þingmönnum sem hér eru í salnum og þeim sem heyra orð mín í örfáum orðum um grunnhugmyndina að baki því þingmáli vegna þess að ég vil að það komi fram, það er mikilvægt, að hér hafa stjórnarandstöðuflokkarnir gengið fram með góðu fordæmi og sýnt hugmyndir í þessum málum, sýnt hvernig er hægt er að fara aðrar leiðir en þessi ríkisstjórn lætur sér detta í hug.

Við Vinstri græn teljum nauðsynlegt og löngu tímabært að Alþingi álykti að setja á fót loftslagsráð sem hafi með höndum þau verkefni sem okkur finnst ríkisstjórnir Norðurlandanna gera sér grein fyrir að þarf að vinna í þessum málaflokki, þ.e. aðrar en ríkisstjórn Íslands. Fyrst ber að nefna að þau ætla sér að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra efna sem geta haft skaðleg áhrif á andrúmsloft og loftslagsþróun, þ.e. að standa við skuldbindingar gagnvart loftslagssamningnum, að draga úr losun, ekki bara að binda hana í skógi eða landgræðslu og ekki bara að treysta á að það komi til bætt tækni sem bjargi skussunum. Nei, við þurfum að gera um það áætlun hvernig við drögum úr losun.

Í öðru lagi viljum við að loftslagsráðið, sem setja þarf á laggirnar að okkar mati, meti líkleg áhrif þessara loftslagsbreytinga á þjóðarhag og þjóðaröryggi. Við erum þess meðvituð að í nýlegri skýrslu IPCC, þ.e. loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna eru niðurstöðurnar svo sláandi og svo alvarlegar, ekki síst fyrir norðurheimskautssvæðið, að meðalhitaaukning á næstu öld gæti orðið, hér á Íslandi um 2,5° Celsius, á öld og meðalaukningin í úrkomu gæti orðið um 5% á öld. Það eru sláandi niðurstöður í þessari skýrslu sem við verðum að taka til okkar. Til að viðurkenna að við gerum okkur grein fyrir þeim sannleika sem í þeirri skýrslu býr þurfum við að leggja verulega vigt í það að meta þau áhrif sem þessi hlýnun kemur til með að hafa hér. Eða hvernig ætlum við að bregðast við því að á næstu 40–60 árum komi affall jökla til með að tvöfaldast á Íslandi? Hvernig ætlum við að bregðast við því? Hvað ætlum við að gera við lónin í virkjunum sem við erum með uppi á hálendi Íslands? Ætlum við að reka þetta allt á yfirfalli eða á að fara hækka stíflurnar og stækka lónin? Hvað segir þessi ríkisstjórn við þessu? Hún orðar þetta ekki, hún er ekki að hugsa um þessi mál. Hún er bara á kafi í að reyna að redda sér frekari undanþáguheimildum á næsta skuldbindingartímabili Kyotobókunarinnar.

Vinstri græn vilja loftslagsráð sem m.a. verði til ráðgjafar hverjum þeim sem þarf á þeirri ráðgjöf að halda, t.d. rannsóknarþörf og um viðbrögð á sviðum sem mestu varða, m.a. um mannvirkjagerð, um skipulag byggðar, um samgöngur, um atvinnuhætti og þróun lífríkisins. Ég sé ekki að þessi ríkisstjórn hafi neinar hugmyndir um að þessi störf þurfi að vinna. Við viljum líka að loftslagsráðið miðli fræðslu og ræki alþjóðatengsl sem orðið gætu viðfangsefnum ráðsins til framdráttar. Þá viljum við að loftslagsráðið beini að eigin frumkvæði tilmælum til opinberra aðila og annarra eftir því sem tilefni þykja til. Svo að fólk geri sér geri sér grein fyrir því, sem heyrir þessi orð mín, á hvern hátt við sjáum loftslagsráð fyrir okkur, hverjir eigi að eiga sæti í því, hvernig það eigi að vera skipað þá er það svohljóðandi, hæstv. forseti, eins og segir í tillögu okkar til þingsályktunar.

„Í Loftslagsráði eigi sæti, samkvæmt tilnefningu, fulltrúar þingflokka á Alþingi, Sambands íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyta, opinberra stofnana, samtaka á vinnumarkaði og umhverfisverndar- og neytendasamtaka. Umhverfisráðherra skipi formann ráðsins og veiti því nauðsynlega aðstöðu. Kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

Eigi sjaldnar en annað hvert ár skili Loftslagsráð skýrslu um störf sín sem verði kynnt Alþingi.

Skipan og starfshættir Loftslagsráðs skulu endurmetin ekki síðar en að fimm árum liðnum.“

Með þingsályktunartillögu okkar, hæstv. forseti, fylgir athyglisverð grein eftir Birnu Sigrúnu Hallsdóttur, sem er sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. Hún fjallar þar um þessi stóru og mikilsverðu mál, þ.e. um útstreymi gróðurhúsalofttegunda, orku og iðnað, í því sambandi. Þar eru birt gröf, línurit og teikningar sem skýra á hvern hátt þessi útstreymismál eru og hvernig þau virka. Það er afar fróðleg lesning, virðulegi forseti.

Það sem skiptir mestu máli í þessum málaflokki er að mótuð sé ábyrg framtíðarstefna. Stjórnvöld þurfa að gera

þjóðinni grein fyrir því hvert stefna beri í nánustu framtíð í þessum málaflokki. Þessi ríkisstjórn hefur að mínu mati enga stefnu aðra en að næla sér í frekari undanþáguheimildir fyrir tímabil Kyoto-bókunarinnar, eins og hún varði miklum fjármunum og mannauði í að kreista hið fyrra undanþáguákvæði undan nöglunum á samningsmönnum Sameinuðu þjóðanna á vettvangi loftslagssamningsins, mun hún engu til spara til þessa á næstu árum. Umræðurnar eru farnar af stað og embættismenn íslensku ríkisstjórnarinnar eflaust komnir í startholurnar með að undirbúa enn frekari undanþáguheimildir.

Ég segi, hæstv. forseti: Stefna ríkisstjórnar Íslands er til skammar, að ein af ríkustu þjóðum heims skuli ekki geta staðið bein í baki og keik með vitræna loftslagsstefnu og vitræna stefnu í umhverfismálum er bara sorglegt og aumkunarvert.

[22:17]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Það er svo sem hægt að segja að maður geti fagnað því að eitthvað komi frá ríkisstjórninni. Síðast þegar við fjölluðum um þessi mál kom það sem ég kallaði bókhaldsfrumvarpið frá ríkisstjórninni. Út af fyrir sig var rétt að halda þarf utan um þekkingu á því hvað er að gerast í landinu, hvaða mengun er á ferðinni, hvað hún er mikil og frá hverjum hún kemur, til þess að menn geti stjórnað þessum málum ef þeir ætla að gera það. Töluvert var rætt um það á síðasta þingi hvað ríkisstjórnin ætlaði sér að gera í þessum málum og mjög spurt eftir því hvort menn ætluðu bara að bíða og sjá til hvað mundi gerast, hvað stóriðjan vildi.

Nú kemur frumvarp þar sem gert er ráð fyrir því að lögin um bókhaldið, sem voru samþykkt, falli inn í þann lagaramma sem hér er settur fram sem tillaga. Nú koma fleiri úrræði en þá. En hver eru þau í raun og veru? Full ástæða er til að menn velti fyrir sér hvort það sem hér er sett fram muni duga til þess að ná utan um vandann.

Ég er á þeirri skoðun að það geri það ekki. Einfaldlega vegna þess að ég virðist hafa aðra skoðun en ríkisstjórnin á því hver vandinn er. Ég tel að sá vandi sem þarf að leysa sé fólginn í því að til verði stefnumörkun sem sátt verði um til framtíðar og mér finnst hún ekki felast í þessu frumvarpi. Mér finnst hins vegar að þetta frumvarp miðist við það sem hægt er að kalla lágmarksviðleitni til þess að standa í fæturna gagnvart þeim alþjóðaskuldbindingum sem við höfum skrifað undir. Reyndar er það markmiðið sem sett er hér, með leyfi forseta:

„Markmið laganna er að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda."

Vissulega má fagna því að menn skuli þó ætla að gera þetta.

Í 2. gr. frumvarpsins er talað um að lögin eigi að gilda um skráningu og bókhald og um losun gróðurhúsalofttegunda á landi og í mengunarlögsögu Íslands og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Nú hefur umræða um bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi ekki verið mikil hér á landi. Þó hefur borið á því upp á síðkastið að menn hafi áhuga á því að nota gróðursetningu og trjárækt aðallega til þess að vinna á móti mengun.

Ég er ekki sérfræðingur í þeim efnum en ég hef heyrt fólk sem telur sig hafa á þessu vit halda því fram að það sé tímabundin ráðstöfun að binda kolefni í gróðri. Það kolefni muni fyrr eða síðar skila sér út í andrúmsloftið. Þá er spurningin þessi: Hvenær gerist það? Það gerist t.d. ef menn höggva skóginn og brenna hann. Eða þegar gróðurinn fúnar, þá losna lofttegundirnar sem um er að ræða. Ég kann ekki skil á því en ég tel ástæðu til að menn fái svör við þeim spurningum. Ef hæstv. ráðherra hefur þau væri gott að heyra það.

Ríkisstjórnin spilaði um daginn út háleitum hugmyndum um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda til ársins 2050 og er gert ráð fyrir því að mengunin frá landinu verði 50–75% minni en hún var á árinu 1990. Það finnst manni nú vera æði stór biti, ef ég hef ekki misskilið það sem stendur á þessum blöðum, því að það stefnir í að útblástur margfaldist frá árinu 1990.

Ég held því ekki fram að þessi markmið séu ekki byggð á einhverjum góðum rökum og ég ætla ekki að setja fram þá skoðun að ekki sé hægt að ná þessum markmiðum. En ýmislegt hlýtur að þurfa til að koma og þá hlýtur það að vera fólgið í því að menn meti mjög vandlega þær aðgerðir sem ætlunin er að fara í. Menn hljóta þá m.a. að þurfa að meta hvernig t.d. gróðursetning skóga spilar inn í þetta allt saman.

Ég hef því til fróðleiks sett fram þá spurningu hvort menn hafi farið yfir það t.d. hvað binding í gróðri endist langt fram í tímann og hve stór hluti af lofttegundunum kemur þá út í andrúmsloftið aftur og hvernig það muni spila inn í umrædd markmið þegar fram líður.

Ég sagði áðan að ég hefði líklega aðrar skoðanir á því en ríkisstjórnin hver vandinn væri núna. Með því á ég við að frumvarpið gengur eiginlega út á það að menn geti staðið við þær skuldbindingar sem sjá má fram á á alþjóðavettvangi en samt verði opið fyrir aukningu á losun á gróðurhúsalofttegundum frá Íslandi svo lengi sem menn geta fengið keyptar heimildir frá löndum annars staðar. Úthlutunarnefndin, sem talað er um í frumvarpinu, hefur það hlutverk að úthluta þeim heimildum með þeim hætti að fyrstur kemur og fyrstur fær þangað til upp er urið. Það er aðferð sem menn hafa valið sér.

Með frumvarpi eins og þessu þyrfti að liggja fyrir stefnumörkun og vilji stjórnvalda til þess að hafa stjórn á hlutunum. Í hve mikla stóriðju hyggjast stjórnvöld leggja, hve mörg af þeim stóriðjuverum sem nú eru á teikniborðunum telur ríkisstjórnin að eigi að byggja? Á að byggja þau öll? Það hlýtur eiginlega að vera svarið nema ríkisstjórnin setji fram einhverja stefnu í þessum málum. Ekki er gert ráð fyrir því að ríkisvaldið hafi nein tök á því að ráða því hvort hér verði byggð fleiri iðjuver af þessu tagi. Þeir sem fá keypta raforku til þess að framleiða ál t.d. munu fá sjálfvirkt leyfi til þess ef þeir uppfylla þau skilyrði sem sett eru vegna mats á umhverfisáhrifum og annarra reglna. Önnur skilyrði eru ekki sett fyrir því að hefja rekstur ef allar loftslagsheimildir verða uppurnar sem úthlutunarnefndin hefur til staðar. Þá mega menn flytja inn eins mikið og þeir þurfa á að halda.

Spurningin hlýtur því að vera þessi: Hvernig getur það

farið saman við þau markmið sem menn hafa sett hér, að minnka mjög mikið útlosun miðað við það sem var á árinu 1990, að atvinnurekstur í stóriðnaði á Íslandi sé svo gjörsamlega frjáls að því að byggja upp ný iðjuver ef raforka verður til staðar til þess að bræða álið? Ég átta mig ekki á því að það muni geta gengið. En það verður sjálfsagt útskýrt í umræðunni hvernig menn sjá þessa hluti fyrir sér.

Það eru ýmsir hlutir í þessu frumvarpi sem ég hef áhuga á að spyrja um. Til dæmis hér í 7. gr., þar er talað um að atvinnurekstri, samkvæmt 2. mgr., sé óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 nema hann hafi aflað sér losunarheimilda eða lagt fram áætlun um hvernig hann muni afla sér losunarheimilda vegna þess tímabils sem áætlað er að reksturinn standi yfir og úthlutunarnefnd hefur fallist á.

Ég geri ráð fyrir því, þegar við erum að tala um dýr fyrirtæki eins og þessi, að menn þurfi að hafa langtímarekstur í huga þegar verið er að ákveða rekstur. Ég spyr því: Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir því að hafa aðeins lengra tímabil sem menn horfa til þegar verið er að ræða um þessa hluti? Ég vil einnig setja fram spurningu í sambandi við 8. gr. Þar stendur, undir fyrirsögninni Umsókn um úthlutun losunarheimilda, með leyfi forseta:

„Atvinnurekstur skal sækja um úthlutun á losunarheimildum til Umhverfisstofnunar eigi síðar en níu mánuðum áður en fyrirhugað er að starfsemin hefjist.“

Nú er aðdragandinn að slíkum atvinnurekstri miklu lengri en þetta. Ég spyr þess vegna: Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir því að aðilar sæki um þetta fyrr í ferlinu? Er ekki nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að þau viti af því með eins löngum fyrirvara og unnt er að fyrirhugað sé að losa út ákveðna mengun í landinu þannig að það sé þó að minnsta kosti hægt að sjá til þess að aðilum sé gerð grein fyrir því að þær fríu úthlutunarheimildir sem gert er ráð fyrir að nefndin úthluti séu ekki fyrir hendi? Atvinnureksturinn sem um er að ræða þyrfti að hafa tíma til að útvega sér aðrar heimildir eða að minnsta kosti ganga úr skugga um að heimildirnar verði með einhverjum hætti fyrir hendi. Mér finnst það stuttur tími sem talað er um.

Hvað varðar hina árlegu úthlutun nefndarinnar veltir maður því fyrir sér hvort gert sé ráð fyrir að aðilar öðlist einhvers konar rétt til þess að fá alltaf nýja úthlutun. Eru aðilar þá undir það seldir að nefndin sem úthlutar geri það samkvæmt einhverju fyrir fram ákveðnu kerfi sem veitir forgang að heimildum eða gerir hún það út frá þeirri stöðu sem er uppi þegar úthlutað er á hverju ári? Úthlutar hún kannski í prósentum til þeirra sem eru í atvinnurekstri á hverjum tíma þannig að það komi þá nokkurn veginn jafnt niður það sem upp á vantar ef úthlutunarheimildirnar duga ekki til?

Ég held að það væri gott ef við skildum þetta nokkurn veginn. Ég átta mig ekki alveg á því með hvaða hætti fyrirhugað er að standa að þessu. En það virðist vera nokkuð augljóst samkvæmt 11. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Umsækjendur sem hafa þegar starfsleyfi og/eða eru komnir langt í undirbúningi framkvæmda skulu njóta forgangs við ákvörðun um úthlutun losunarheimilda í áætlun úthlutunarnefndar umfram aðra sem skemmra eru komnir í undirbúningi.“ — Það er sem sagt fyrstur kemur, fyrstur fær, sem á að gilda.

Málið verður aðeins flóknara þegar maður fer að skoða 12. gr. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Atvinnurekstur sem er skyldur til að eiga losunarheimildir skal fyrir 1. maí ár hvert færa nægjanlega margar losunarheimildir í samræmi við skýrslu um losunarheimildir síðasta árs inn á sérstakan lokareikning í skráningarkerfi. Atvinnurekstri sem úthlutað er losunarheimildum er leyfilegt að færa ónotaðar heimildir á milli ára, enda fullnægi viðkomandi enn þá öllum skilyrðum varðandi úthlutun losunarheimilda.“

Mér finnst einhvern veginn að þessi réttur aðila til að færa losunarheimildir á milli ára geti nokkuð augljóslega kallað á hömstrun losunarheimilda. Aðilar muni sækja um meira en þeir þurfa og færa síðan heimildir á milli ára til þess að eiga þær uppi í erminni, getum við sagt. Hvers vegna ekki? Þetta eru fríar úthlutanir. Það er mjög eðlilegt að þessir aðilar muni sækjast fast eftir því að tryggja sér þær sérstaklega ef þeir hafa nú í huga að auka reksturinn einhvern tímann í framtíðinni.

Í lok 12. gr. er síðan sagt, með leyfi forseta:

„Ónýttar losunarheimildir atvinnurekstrar 31. desember 2012 verða eign ríkisins og bókfærðar sem slíkar í skráningarkerfi.“

Mér finnst þetta orðalag nokkuð athyglisvert. Það er sem sagt þannig að allar hinar losunarheimildirnar eru, þó ekki sé það sagt beint, eign þeirra sem hafa fengið þeim úthlutað. Íslenska ríkið ætlar að eiga afganginn sem verður árið 2012. Það er ekki að ástæðulausu að sú spurning vaknar hvort þetta muni auka kapphlaupið um að nýta allar mögulegar losunarheimildir fyrir árið 2012. Þær eru greinilega fríar þangað til. Ástæða er til að menn velti þeirri spurningu upp hvort þetta eitt og sér sé ekki ávísun á að allar þær losunarheimildir sem eru til staðar fyrir ekki neitt verði komnar í gagnið árið 2012 vegna þess að íslenska ríkið ætlar að eiga afganginn.

Í 14. gr. er þess getið, sem ég nefndi áðan, að fyrirtæki geti aflað sér losunarheimilda án úthlutunar. Það er eiginlega niðurstaðan af því sem menn sjá í lagafrumvarpinu. Ísland er opið. Gjörið þið svo vel. Það kann vel að vera að sumum finnist að þeir séu að leysa vanda jarðkúlunnar. En ég er á þeirri skoðun að (Forseti hringir.) það hljóti að þurfa nokkra umræðu hvort Ísland eigi að vera strompur fyrir útblástur (Forseti hringir.) vegna þess eins að menn vilja leysa heimsvandann.

[22:38]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég lauk ræðu minni áðan í miðjum klíðum og varð að sleppa því þá að ræða ekki ósvipaða hluti og hv. síðasti ræðumaður drap hér á. Ég tel að með frumvarpinu sé verið að láta líða hjá að nota tækifærið til að skapa hagrænan hvata til þess að draga úr losun og jafnframt kynni að vera að með frumvarpinu sé verið að leggja drög að eða setja á stofn kvótakerfi nokkuð líkt því sem við þekkjum eftir áralangar og áratugalangar deilur í sjávarútvegi þar eð ekkert gjald á að taka fyrir mengunarheimildirnar, þó að vísir kynni að skapast að einhvers konar markaði þar sem þau fyrirtæki sem verða eftir í kapphlaupinu þyrftu að

kaupa kvóta að utan eða innan lands með tilteknum hætti. En úthlutunin sjálf, eins og gert er ráð fyrir henni á þeim tíma fram til ársins 2013, er án nokkurra möguleika á að skapa hagrænan hvata, eins og hún er í frumvarpinu. Mér virðist það vera rétt, svo ég leiðrétti sjálfan mig eða svari sjálfum mér úr fyrri ræðu minni, að það sé bann við sölu á losunarheimildum, eins og komist er heldur klaufalega að orði, með þessa einingu, ekki megi selja losunarheimildir og það bann megi lesa úr 3. mgr. 12. gr., um að ónýttar losunarheimildir verði eign ríkisins, þær megi sem sé ekki selja öðrum.

Það er auðvitað ljóst að ekki má eiga viðskipti með losunarheimildir eða losunareiningar úr íslensk-mónakóska kvótanum, að minnsta kosti ekki út fyrir ramma þess kvóta. Ekki er hægt að taka heimildir sem menn hafa fengið úr honum á Íslandi eða í Mónakó og selja þær til Ástralíu — ja, Ástralía er nú ekki gott dæmi í þessu efni, segjum til Þýskalands eða til Frakklands. Hitt hef ég reyndar ekki kannað hvort eitthvert bann sé við því að fyrirtæki sem fá slíkan kvóta, t.d. með árlegri úthlutun, geti selt hann hvert öðru. Því ætti umhverfisráðherra eða hennar fólk að geta svarað. Ég man ekki eftir að það sé bannað en það væri þó í áttina því að þá mundi skapast hagrænn hvati til þess að draga úr losun, það væri sem sé beinn hagnaður að því að losa minna en gert var ráð fyrir við úthlutunina.

Ég verð síðan að segja, þrátt fyrir það sem lesa má úr 12. gr., að ekki megi selja losunareiningu, þá hvílir ekkert viðskiptabann í Kyoto-bókuninni á kvótum sem settir eru í viðskiptalegt kerfi úr almenna kvótanum, úr losunareiningum úr almenna kvótanum. Það er ekkert slíkt bann fyrir hendi. Það þekkjum við í grannlöndunum að þar eru, eins og rakið er reyndar að hluta til í athugasemdum við frumvarpið, hafin viðskipti með kvóta. Ég sel það ekki dýrar en ég keypti og það gerði ég á netinu í dag, það mun vera nokkurn veginn 8 dollarar á tonnið. Það er auðvitað ekkert sem bannar það heldur, að ríkið selji fyrirtækjunum sjálfum þessa kvóta þó að hluti þeirra sé ekki framseljanlegur frá fyrirtækjunum. Þannig væri strax sköpuð ástæða fyrir fyrirtækin til að draga úr kvótakaupum sínum, að minnsta kosti hlutfallslega, draga úr þeim þannig að þeim sé kleift að losa sem allra minnst á hverja framleiðslueiningu. Engir slíkir hvatar eru í frumvarpinu, það vísar ekki fram á við. Það á heldur ekki að leysa þann vanda sem hér er fyrir hendi um losun gróðurhúsalofttegunda heldur er því einungis ætlað, eins og ég sagði í upphafi fyrri ræðu minnar, að leysa vanda ríkisstjórnarinnar, þann vanda að ríkið annars vegar standi ekki uppi með það að þurfa að kaupa sjálft kvóta fyrir þau álfyrirtæki sem hér vilja reisa iðjuver og hins vegar þann vanda sem við blasir í svari hæstv. umhverfisráðherra við fyrirspurn minni um daginn, sem endurtekin er í greinargerðinni, að þau álver sem nú standa til, ef stækkun Straumsvíkurversins verður að veruleika, fara fram úr íslensk-mónakóska ákvæðinu.

Úthlutunin er síðan sérstakt mál. Þar er verið að úthluta gæðum eða að minnsta kosti verðmætum, skulum við orða það, á óljósum forsendum. Þar eru lögmál kapphlaupsins en engar reglur eru settar um það einu sinni hver í raun og veru kemur fyrstur í mark eða réttara sagt hver kemur annar, þriðji, fjórði og fimmti í mark en þar getur munað á milli feigs og ófeigs vegna þess að á milli hins fjórða og fimmta getur þetta verið þannig að hinn fjórði fái allt gefins en hinn fimmti þurfi að borga. Ef ég væri umhverfisráðherra mundi ég ekki hlakka til þeirrar stundar að skilja á milli hins fjórða og hins fimmta vegna þess að frumvarpið gefur mér engar leiðbeiningar um það.

Síðan er þetta þannig, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á, að með 12. gr. er ekki annað að skilja en verið sé að skapa eign fyrir fyrirtækin í kvótanum á mjög svipaðan hátt og útvegsmenn telja að hafi gerst með sína eigin kvóta, sem þeir fengu úthlutað fyrst án greiðslu, skulum við orða það kurteislega, og halda því nú fram að það sé eign þeirra, og hún er það vissulega í reikningshaldi útgerðanna og gengur kaupum og sölum milli manna.

Það verður líka að bæta því við að engar reglur eru um annað en stóriðju. Ríkisstjórnin og ráðherrann hafa ekki stigið það skref að skylda önnur stórfyrirtæki en stóriðjuna til að skipta með sér kvótunum.

Það er afar athyglisvert, þótt smátt sé, fyrir áhugamenn um stjórnsýslu í umhverfismálum að úthlutunarnefnd sú sem umhverfisráðherra á að skipa, í henni eru þrír menn og umhverfisráðherrann hefur að vísu náð árangri í því að geta skipað þá nefnd en ráðherra er skylt að skipa formann hennar að tillögu iðnaðarráðherra, þannig að enn sýnir sig í frumvarpinu að forræði mála á umhverfissviði er því miður ekki í umhverfisráðuneytinu heldur oftar en ekki í iðnaðarráðuneytinu.

Það er himinn og haf á milli þessara ráðagerða og þeirra fyrirheita sem án framkvæmdaáætlunar eða annars en fagurra orða er getið um í stefnumörkun í loftslagsmálum sem tveir hæstv. ráðherrar skrifuðu undir fyrr í mánuðinum, og það er líka himinn og haf á milli þessa frumvarps og annars þess sem liggur á borðinu í loftslagsmálum eftir ríkisstjórnina og hæstv. umhverfisráðherra — sem ég veit að á ekki sjö dagana sæla í þessari stjórn — og á milli stefnu þeirrar sem við samfylkingarmenn höfum sett fram í þeim efnum þar sem við viljum stefna að verulegum samdrætti gróðurhúsalofttegunda, ekki fyrir árið 2050, þegar við verðum sennilega neðan moldar flest sem hér sitjum, heldur setja okkur takmark nær í tímanum og búa til innanlandsmarkað með þessi verðmæti, skapa hagrænan hvata og skapa siðferðilegan þrýsting til þess að við tökum þátt í lausninni á þessu vandamáli, loftslagsvánni, sem er helsta viðfangsefni í stjórnmálum og þjóðfélagsmálum okkar tíma. Varðar ekki bara pólitík, þannig að ég vitni í Al Gore á óskarsverðlaunahátíðinni, heldur líka þann siðferðisgrunn sem mannkynið stendur á.

[22:48]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Ég ætla að byrja á að þakka fyrir þessa ágætu umræðu um frumvarpið um losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim fyrirtækjum sem undir það heyra.

Mig langar í stuttu máli að bregðast við ákveðnum spurningum og athugasemdum sem komu fram í umræðunni. Eitt af því sem hv. þm. Mörður Árnason gagnrýndi var að í frumvarpinu kæmi ekkert fram um áform eftir 2012. Mér finnst rétt að halda því til haga í umræðunni, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á, sem fagnaði í

sjálfu sér að verið væri að setja fram þetta frumvarp og reglur, að með frumvarpi þessu erum við að setja lagalegar öryggisgirðingar til að tryggja það fyrst og fremst að við förum ekki yfir þessar alþjóðlegu skuldbindingar okkar um losun gróðurhúsalofttegunda. Engar slíkar reglur hafa verið til staðar og ég trúi því að flestir hafi vilja til þess að bæta úr því. Þetta er megintilgangurinn með frumvarpinu.

Vissulega hafa ný áform komið fram eftir 2002 og hugmyndir hafa verið settar fram um ný stóriðjuverkefni hér á landi sem gefa tilefni til þessa endurútreiknings á losun og losunarspám. Þær losunarspár og endurútreikningurinn hefur gefið til kynna að við verðum innan þeirra marka, innan skuldbindinga okkar, en það gæti þó munað litlu ef ýtrustu hugmyndir um stóriðju ganga eftir. Þegar svo háttar hljótum við að sjá að setja verður reglur til að koma í veg fyrir að við förum fram yfir þær þjóðréttarlegu skuldbindingar okkar, og það sé þá kveðið á um það hvernig heimildunum er úthlutað til þessara fyrirtækja.

Vegna þess að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gagnrýndi fjármagn til Umhverfisstofnunar, langar mig að nefna það í stuttu máli. Annars vegar var gerður sérstakur samningur við Umhverfisstofnun um þá vinnu sem ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni að yrði unnin hjá Umhverfisstofnun og sérstök fjárveiting fylgdi þeim samningi, auk þess sem ég tel mjög eðlilegt í allri þessari umræðu að leyfisgjöld frumvarpsins renni til stofnunarinnar til að standa straum af þeirri vinnu sem leggst á hana vegna frumvarpsins.

Hv. þm. Mörður Árnason nefndi í þessu sambandi annars vegar mengunarbótaregluna og hins vegar það að við reyndum ekki með frumvarpinu að skapa nauðsynlegan markað, skapa hagræna hvata til fyrirtækjanna til að draga úr losun. Þá vil ég endurtaka það, eins og ég kom að líka í framsöguræðunni, að ekkert liggur fyrir hvað tekur við eftir skuldbindingartímabilið varðandi takmörkunina eftir 2012. Það má vel vera að alþjóðasamfélagið grípi til skuldbindinga þar sem mengunarvaldar greiða fyrir losun á grundvelli mengunarbótareglu. Það er eitt af því sem er í umræðunni. En ég endurtek það sem ég sagði áðan, að ein ástæðan fyrir því að þetta frumvarp verður að koma fram — við erum að tala um fimm ára áætlun sem verður gerð á grundvelli umsókna frá fyrirtækjum — er einmitt til þess að fyrirtækin viti hvaða takmörk þeim eru sett og þau hafi til fullnustu yfirsýn yfir rekstrarforsendur sínar, hvort rétt sé að ráðast í stóriðju eða ekki á þessu tímabili.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson hafði einmitt orð á að þetta væru dýr fyrirtæki og að horfa þurfi til langtímarekstrar, og af hverju tímabilið sé þá ekki lengra. Þetta fimm ára tímabil er einmitt skuldbindingartímabilið samkvæmt Kyotobókuninni og það er einungis það sem við erum að fjalla um í frumvarpinu, en ég viðurkenni að þegar því tímabili lýkur liggur enn ekki fyrir hvað tekur við og það er þá meðal þeirra rekstrarforsendna sem þeir sem hafa hugmyndir og áform um stóriðjuuppbyggingu þurfa að horfast í augu við.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði líka nokkuð ítarlega út í ákveðin ákvæði í frumvarpinu. Ég taldi mig hafa í framsögu minni farið vel yfir hvernig þetta yrði unnið. Til að mynda af hverju það væri í síðasta lagi níu mánuðum áður en rekstur hefst sem skuli sækja um úthlutunina. Nú eru ekki það margir mánuðir þangað til tímabilið hefst, sem er 1. janúar 2008, þannig að það líður senn að því að fyrirtæki þurfi að hefja þá vinnu. En í rauninni er ætlunin sú, þ.e. nefndinni er ætlað það hlutverk að gera áætlun um losun og úthlutun á losun fyrir allt skuldbindingartímabilið strax í byrjun þess. Sú áætlun á að eyða óvissu um væntanlega úthlutun losunarheimilda en úthlutunin fer síðan fram árlega. Atvinnurekstur sem fellur undir lögin getur að þessu leyti búið við ákveðið starfsöryggi gagnvart losun gróðurhúsalofttegunda eins og hægt er út þetta tiltekna tímabil.

Einnig liggur fyrir að atvinnurekstur sem er þegar starfandi eða mun hefja starfsemi fyrir upphaf skuldbindingartímabilsins hefur forgang og atvinnurekstur sem hyggst hefja starfsemi eða auka starfsemi á tímabilinu 2008–2012 getur hugsanlega lent í þeirri stöðu að ónógar heimildir séu til ráðstöfunar og hann þyrfti þá að afla sér heimilda eftir öðrum leiðum eða hætta við framkvæmdir. Áætlunin er því bindandi í þeim skilningi að ekki er heimilt að skerða úthlutun heimilda til tiltekins atvinnurekstrar sem fær úthlutun á tímabilinu, svo sem vegna þess að nýir aðilar koma inn sem sækja um úthlutun heimilda.

Síðan vildi ég segja og bregðast við ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem fór yfir stefnumörkun Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í loftslagsmálum og minna hv. þingmann á stefnu ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Ég held að þar sé ekki að finna minni metnað heldur meiri metnað, ef eitthvað er, og metnaðarfyllri markmið en hv. þingmaður gerði grein fyrir í stefnu Vinstri grænna. Þar er, af því að hv. þingmaður nefndi svokallað loftslagsráð, gert ráð fyrir vísindanefnd sem verður falið að skila skýrslu um líkleg áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi á komandi áratugum og jafnframt áætlun um aðlögun að þeim breytingum. Einnig er gert ráð fyrir að skipuð verði sérfræðinganefnd um minnkun nettólosunar gróðurhúsalofttegunda sem á að gera faglegt mat á möguleikum Íslands til að draga úr nettólosun og hagkvæmni einstakra atriða og margt annað mætti upp telja.

*Ég vil að endingu, frú forseti, árétta það vegna orða hv.* þm. Marðar Árnasonar um að formaður úthlutunarnefndar komi frá iðnaðarráðuneytinu, að sá háttur er hafður á sem samþykktur var hér með þingsályktun þegar Kyoto-bókunin var fullgild og einungis er verið að fylgja þeirri stefnu sem lögð var með þeirri þingsályktunartillögu.

[22:56]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það er bara rétt hjá mér að í tengslum við þetta frumvarp er engin lína lögð um framtíðina. Ekkert er sagt um það hvað íslenska ríkisstjórnin eða hæstv. umhverfisráðherra vill að gerist á næsta tímabili eftir að Kyototímabilið 2008–2012 er runnið út. En það eru auðvitað settir upp vegvísar. Slegnir eru naglar sem erfitt verður að komast fram hjá. Það er t.d. þannig að fyrirtæki sem hér fyrir eru fá ókeypis úthlutunarkvóta, önnur fá það ekki. Það er vandamál sem á eftir að teygja sig fram yfir þetta tímabil.

Það er líka þannig að samkvæmt 12. gr. virðast fyrirtækin eignast kvóta sinn og þau verða nú ekki glöð við það að þurfa að láta hann af hendi við upphaf árs 2013. Það er

einnig svo að með þessum málatilbúnaði öllum saman verða álver boðin hér velkomin eða önnur stóriðja með sína losun. Þau þurfa að vísu að grípa til annarra ráða en að fá úthlutað ef þau verða ekki þeim mun fyrr í röðinni.

Það er líka þannig unnið í þágu framtíðarinnar að með túlkuninni á íslensk-mónakóska ákvæðinu frá Marrakesh verður staðan greinilega þannig við lok árs 2012, að losun samkvæmt því ákvæði hefur náð slíkum himinhæðum að það verður meiri háttar vandi að koma henni fyrir í byrjun árs 2013. Þess vegna er tekin ákaflega óábyrg afstaða sem á eftir að hafa áhrif á samningsaðstöðu Íslands fyrir næstu tímabil. Ég vil minna á lögfræðiálitið þýska sem ég las niðurstöðurnar upp úr áðan í því efni.

[22:58]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur ekkert fyrir hvað tekur við eftir 2012. Eitt markmiðið með þessum reglum og til að sýna hvaða takmarkanir fyrirtækjum eru sett er það að fyrirtæki geti áttað sig á því — eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á, þetta eru dýr fyrirtæki, þetta er mikil uppbygging — að losunarheimildunum eru takmörk sett. Það er alveg hárrétt.

Hins vegar vil ég árétta það sem ég sagði áðan að ekki verður heimilt að selja þessar heimildir. Það er undanskilið í Kyoto-bókuninni. Við getum ekki selt þessar heimildir sem við höfum. Ekki heldur heimildir sem tilheyra almenna ákvæðinu vegna þess að það reynir ekki á íslenska ákvæðið fyrr en í nokkurs konar yfirfalli. Það tekur ekki til stóriðjunnar fyrr en búið er að fullnýta almenna ákvæðið. Það er því undanskilið í þessu öllu, það er ekkert hægt að selja af þeim heimildum sem þessi fyrirtæki eiga. Hins vegar er gert ráð fyrir að atvinnurekstur geti útvegað sér losunarheimildir ef hann fær ekki úthlutað nægilega miklu vegna þeirra losunar sem þetta tiltekna fyrirtæki stendur fyrir.

En við erum ekki að koma á viðskiptakerfi vegna þess að íslenska ákvæðið beinlínis bannar það. Það er heldur ekki tilgangur að setja á fót kerfi eignarkvóta eða viðskipti með nokkurs konar eignarkvóta, heldur einungis að tryggja að losun koldíoxíðs frá þessum aðilum verði ekki meiri en heimildir Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni leyfa.

[23:00]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Gallinn við frumvarpið, forseti, er auðvitað sá að það vísar til framtíðar án þess að viðurkenna það. Það býr til ástand sem getur leitt til eignarkvóta. Eina leiðin til að koma í veg fyrir slíkt er að búa til einhvers konar gjald fyrir þá kvóta og það er líka leið sem er í samræmi við eðlilega stefnu um að dregið verði úr losun sem verða má með því að fyrirtækin sjái sér hag í að spara kvótann.

Meginlínan og gagnrýni mín sem ráðherra hefur ekki sinnt um að svara, hvorki í andsvörum né í ræðu sinni, er auðvitað þessi uppsöfnunartúlkun sem leiðir til þess að í árslok 2012 erum við með samningsstöðu sem talin verður að mínu viti ósæmileg. (Forseti hringir.) Ég öfunda ekki þá sem þurfa að fara með það samningsumboð fyrir hönd þjóðarinnar.

[23:01]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem sárlega vantar er hvernig ríkisstjórnin ætlar að ná markmiðum sínum. Hér er talað um í stefnu ríkisstjórnarinnar að árið 2050 verði búið að draga mjög mikið úr losunarheimildum, ekki frá því eins og þær eru núna heldur eins og þær voru árið 1990. Það er því æðimikið sem þarna þarf að gerast.

Við erum að sjá margföldun á mengun frá þeim tíma hér í landinu. Bara það sem búið er að ákveða og ef fer sem horfir og sú stefna sem er í sjálfu plagginu gengur fram og ef hagkvæmt verður að flytja inn losunarheimildir til Íslands, þá munum við sjá hérna mörg álver í viðbót.

Þá spyr ég: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að standa við markmiðin árið 2050? Það hlýtur að þurfa að svara þeirri spurningu. Það verður ekki gert með því að hafa allt galopið með þessum hætti. Það getur ekki verið. Þess vegna spyr ég: Hvernig ætla menn að taka á þeim málum?

Það eru nú ekki nema rúm 40 ár þangað til. Og reynslan er að þau fyrirtæki sem við erum að tala hér um eru rekin mjög lengi. Það er álver á Íslandi sem er um 40 ára gamalt. Við getum alveg reiknað með því að slík fyrirtæki verði hér til staðar áfram sem menn eru að byggja upp nú á tímum, verðum að minnsta kosti að gera það. Þá vantar þetta svar.

[23:03]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins í stuttu máli. Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, sem er mjög metnaðarfull, eru lagðar til aðgerðir sem gripið verður til í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sex mismunandi uppsprettum. Þar erum við að horfa til orkuframleiðslunnar, samgangna og eldsneytis, iðnaðarferla, sjávarútvegs, landbúnaðar og úrgangs. Auk þess leggjum við til aðgerðir til að binda eða auka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Til eru ýmsar raunhæfar leiðir sem bent hefur verið á hvernig við getum náð því markmiði. Ég held, ef við skoðum t.d. markmið Evrópusambandsins á þessu sviði, að við höldumst nokkuð í hendur. En ég vek athygli á í þessu sambandi hvað við stöndum miklu betur að vígi en allar aðrar þjóðir, með 70% endurnýjanlegra orkulinda sem veldur því góða áliti sem við njótum á alþjóðavettvangi í loftslagsmálum og er m.a. grunnurinn undir þær viðurkenningar sem fulltrúar stjórnvalda hafa tekið við frá samtökum sem láta loftslagsbreytingar til sín taka. En það er fyrst og fremst endurnýjanlega orkan og vegna þess magns endurnýjanlegrar orku höfum við mun meiri möguleika á að ná þeim metnaðarfullu markmiðum en flestar þær þjóðir sem nota jarðefnaeldsneyti til orkuframleiðslu. Ég held því að möguleikar okkar séu mun meiri en annarra þjóða til að ná sömu markmiðum og til að mynda Evrópusambandið hefur verið að setja sér.

[23:05]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er örugglega rétt að við eigum meiri möguleika en aðrir. En það svarar ekki spurningunni um hvernig við ætlum að taka á þeim vanda sem stefnir í að aukist mjög mikið og stafar af útblæstri frá stóriðjufyrir-

tækjum. Væntanlega er ekki meiningin að það mál sé fyrir utan þetta dæmi.

Ef framtíðardraumurinn árið 2050 á að rætast hljóta menn að þurfa að horfa til þess líka hvað þarna er á ferðinni. Það er galopið fyrir að öll þessi uppbygging verði og að ríkisstjórnin virðist alls ekki ætla að taka á sig ábyrgð og ætlar ekki Alþingi ábyrgð á því hvort farið verði í þessar framkvæmdir allar, heldur er það látið laust og byggist bara á því hvort aðilar hafi áhuga og fái rafmagn til þess að bræða ál.

Þá sitjum við uppi með það að hér verður orðin margföldun á mengun vegna álframleiðslu og ég sé ekki alveg fyrir mér hvaða leiðir menn hafa til þess að bæta fyrir það ef allt slíkt á að gerast með gróðri. Ég vil benda á að það þarf 50 þúsund hektara til að koma á móti álverinu á Húsavík. Þá þarf líka að svara spurningunni um hvenær þær gróðurhúsalofttegundir losna aftur sem þannig verða bundnar?

Þetta er auðvitað ekki einfalt mál og ekki er ég maður til að svara því hvernig þessir hlutir eiga að vera í framtíðinni. En ég tel mig að minnsta kosti geta svarað því að stjórnvöld í landinu verða að taka ábyrgð á hvað verður ráðist í miklar framkvæmdir hvað varðar nýja framleiðslu á áli í landinu, ef þau ætla að láta drauminn rætast til framtíðar litið um að (Forseti hringir.) hægt verði að standa við þau markmið sem ríkisstjórnin hefur sett.

[23:07]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst byrja á að taka það fram að heildarlosun okkar Íslendinga er 1/10.000 af losuninni í heiminum. Ég er ekki að segja að það sé ekki ábyrgur hlutur og eitthvað sem við eigum ekki að taka á. En þetta er hlutur okkar. Af þessum 1/10.000 hlut er losun frá álverum, ásamt byggingariðnaðinum og stóriðjunni, tæpur þriðjungur. Það er nú hlutur álveranna í þessari heildarlosun.

En það er að heyra á hv. þingmanni að hann óttist að með kaupum á losunarheimildum erlendis frá sé búið að opna fyrir einhvern ótalinn fjölda álvera á Íslandi. En þá vil ég segja í því samhengi, að ég sé engar líkur á því að við séum nokkurn tímann tilbúin að ráðast í þær virkjanir á auðlindum okkar að við getum nokkurn tíma selt orku til allra þeirra álvera sem hv. þingmaður nefnir í þessu samhengi.

[23:09]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. umhverfisráðherra lætur þingheim heyra nokkur dæmi um stefnu ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Það sem ég sagði í ræðu minni var að fögur orð hæstv. ráðherra, þegar hún las upp úr þeirri stefnu, nægja ekki þegar ljóst er að ekki á að framfylgja greinargerð með frumvarpinu. Það á heldur ekki að framfylgja stefnunni sem við erum búin að undirrita á vettvangi Norðurlandanna. Því að í 1. gr. stendur að markmiðið sé að við stöndum við alþjóðlegar skuldbindingar okkar um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda, eins og markmiðið er samkvæmt loftslagssáttmálanum. En síðan segir eftirfarandi í II. kafla í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Hægt er að afla fleiri losunarheimilda á tímabilinu með bindingu kolefnis með skógrækt eða annarri uppgræðslu eða með útvegun heimilda frá öðrum ríkjum samkvæmt svokölluðum sveigjanleikaákvæðum Kyoto."

Hvernig var nú talað um þessi sveigjanleikaákvæði í aðdraganda lendingarinnar á íslenska ákvæðinu? Umhverfisverndarsamtök út um allan heim báðu samningamenn á vettvangi loftslagssamningsins þess lengstra orða að heimila ekki sveigjanleikaákvæðið sem væri fengið í gegnum bindingu með skógrækt eða landgræðslu. Hvers vegna? Vegna þess að skógur bindur ekki nema í skamman tíma. Og skógur bindur ekki nema ákveðnum forsendum og skilyrðum sé fullnægt.

Umhverfisverndarsamtök sögðu því allan tímann: Það er verið að skemma meginmarkmið samningsins með því að heimila nákvæmlega þetta sem íslensk stjórnvöld ætla að byggja alla sína stefnu á, að við getum bara aukið og aukið og plantað svo trjám til að redda okkur fyrir horn í ákveðinn tíma.

En það endar þannig að skógur sem plantað er fer að losa eftir ákveðinn tíma. Ríkisstjórnin er því að fara gegn náttúrulögmálunum með þessum sveigjanleikaákvæðum (Forseti hringir.) og er ekki að standa við meginmarkmið stefnu loftslagssamningsins.

[23:11]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist á máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að hún sé fyrst og fremst bara á móti Kyoto-bókuninni. Bara á móti Kyoto-bókuninni, og get ekkert að því gert.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja að við förum ekki fram yfir skuldbindingar okkar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Við förum ekki yfir þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar. Ef einstök fyrirtæki fara yfir þær heimildir sem þau fá úthlutað bera þau sjálf ábyrgð á því og geta samkvæmt ákvæðum Kyoto-bókunarinnar og þeim ströngu skilyrðum sem þar eru sett, aflað sér kvóta með kaupum eða losunarheimildum, eða ráðist í landgræðslu eða einhvers konar skógrækt. Þetta eru reglurnar sem við erum að vinna eftir.

En varðandi hina háleitu stefnu Norðurlandaráðs held ég að ljóst sé að jafnvel á vettvangi Norðurlandaráðs þykjum við líka öðrum þjóðum fyrirmynd. Íslensk stefnumörkun í loftslagsmálum, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, er síst og jafnvel metnaðarfyllri en þessi sameiginlega stefna sem Norðurlöndin hafa sett sér um viðbrögð við loftslagsvandanum og aðgerðir gegn gróðurhúsalofttegundum.

[23:12]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að öllu sé steytt á sker í þessu máli, eins og meistari Megas mundi segja. Í orði kveðnu segir ríkisstjórnin og hæstv. umhverfisráðherra að verið sé að standa við markmið Kyoto-bókunarinnar og markmið loftslagssamningsins. Á sama tíma vitum við að við Íslendingar, einir þjóða, sem höfum skuldbindingar samkvæmt Kyoto-bókuninni, fáum að auka losunina um 10% frá viðmiðunarárinu 1990. Þar að auki fáum við undanþáguákvæði upp á 1.600 þúsund tonn á ári að meðaltali í fjögur á fyrsta

skuldbindingartímabilinu.

Þetta er ekki samdráttur í losun og síst af öllu þegar þessi umhverfisráðherra mælir svo fyrir því, að ofan á þessa aukningu sem við fáum samkvæmt Kyoto-bókuninni og samkvæmt undanþáguákvæðinu, þá ætlast hún til að fyrirtækin kaupi sér enn aukinn kvóta í gegnum skógrækt og landgræðslu eða með því að (Forseti hringir.) kaupa frá öðrum löndum. Heyr á endemi.

[23:13]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að á þessum tímapunkti í umræðunni sé rétt að halda því til haga að loftslagsvandinn, losun gróðurhúsalofttegunda, er hnattrænn vandi. Það var á forsendum endurnýjanlegrar íslenskrar orku sem við fengum íslenska ákvæðið í Kyoto-bókuninni. Það var einungis á þeim forsendum sem við fengum þetta ákvæði og eitt af því sem er áskilið og þetta eru ströng skilyrði, var að við skuldbundum okkur jafnframt til að nota ávallt bestu fáanlegu tækni.

Það er rétt í þessu samhengi að nefna, af því að þingmenn, t.d. hv. þm. Jóhann Ársælsson, hafa aðeins velt því upp hvernig við ætluðum að ná markmiðum okkar, að þeim ströngu markmiðum sem voru sett, bæði í álverinu í Straumsvík og Norðuráli, miðað við losunina hjá þeim árið 1990, höfum við náð. Markmiðið um losun undir 0,14 tonn á framleitt tonn af áli náðist hjá Norðuráli árið 2003 og það er aðeins um (Forseti hringir.) 1/20 af því sem var 1999. Margt er því hægt að gera með bættri tækni. (Forseti hringir.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skattlagning kaupskipaútgerðar, 1. umr.*

Stjfrv., 660. mál (tonnaskattur og ríkisaðstoð). — Þskj. 1002.

[23:16]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um skattlagningu skipaútgerðar. Þetta frumvarp er flutt í tengslum við frumvarp um íslenska alþjóðlega skipaskrá.

Vegna ríkisaðstoðar annarra ríkja hafa mál skipast þannig að öll kaupskip Íslendinga í millilandasiglingum sigla undir erlendum fánum og eru launatekjur áhafna þeirra skattlagðar þar. Tilgangur þessa frumvarps er að stuðla að því að kaupskipaútgerðin flytjist aftur til landsins. Í því skyni er í frumvarpinu lagt til að veitt verði opinber aðstoð við kaupskipaútgerðir með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er lagt til að farin verði sú leið sem margar þjóðir hafa farið með því að setja sérstaka löggjöf um skattlagningu kaupskipaútgerða sem tekur mið af stærð skipa en ekki af afkomu rekstrar þannig að lagður verði á svonefndur tonnaskattur. Slíkur skattur er m.a. í Danmörku, Færeyjum, Noregi, Hollandi og á Írlandi. Lagt er til að útgerðarfélög sem skattskyld eru hér á landi og hafa skráð kaupskip sín á íslenska alþjóðlega skipaskrá eigi kost á að velja milli tekjuskatts á hagnað og skatts sem ræðst af flutningsrými skipaflotans. Skattstofninn ákvarðast þá sem tiltekin krónutala á hver hundrað nettótonn skips fyrir hvern sólarhring og síðan greiðist 18% skattur af þeim stofni. Gert er ráð fyrir að tekjur af þessum skatti verði óverulegar eða í kringum 1,5 millj. kr.

Í frumvarpinu er í öðru lagi lögð til opinber aðstoð við hlutafélög og einkahlutafélög sem gera út kaupskip skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá og eru skattskyld hér á landi. Lagt er til að aðstoðin felist í fjárframlögum sem svari til 90% tekjuskatts og útsvars af launum áhafna, að teknu tilliti til persónuafsláttar og sjómannaafsláttar, en þeir skattar mundu að öðrum kosti renna til annarra ríkja. Viðlíka aðstoð er veitt í ýmsum öðrum ríkjum, svo sem í Færeyjum og Danmörku.

Erfitt er að segja fyrir um fjárhagsleg áhrif af lögfestingu frumvarpsins þar sem það fer eftir því hversu mörg skip verða skráð hér á landi í kjölfarið. Ákvarðanir bæði íslenskra og erlendra fyrirtækja um það munu ekki aðeins ráðast af því hversu hagstætt skattaumhverfið þykir vera heldur einnig af mismunandi launakostnaði eftir löndum og fleiri þáttum. Kaupskip í íslenskri eigu eru talin vera um 30 talsins og til að gefa til kynna hugsanlega stærðargráðu beinna áhrifa má taka sem dæmi að helmingur þeirra verði skráður hér á landi. Einnig væri þó hugsanlegt að erlendir aðilar sæju sér hag í að skrá skip sín hér á landi. Ef gengið er út frá því að meðalfjöldi í áhöfn 15 skipa sem færi lögheimili sitt til Íslands verði 17 manns og að árslaun þeirra verði um 4,3 millj. kr. að meðaltali er útkoman sú að heildarskatttekjur, að meðtöldu tryggingargjaldi, yrðu um 225 millj. kr. og styrkurinn yrði nálægt 155 millj. kr. Beinn nettóávinningur hins opinbera yrði þannig tæplega 70 millj. kr.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði frumvarpinu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[23:18]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því að komið er fram frumvarp á hv. Alþingi sem getur orðið til þess að hér á landi verði aftur skráð kaupskip undir íslenska skipaskrá og það stefni til þess að farmenn sem starfa á þeim skipum greiði hér skatta og skyldur eins og kveðið er á um í frumvarpinu.

Verið er að bregðast við því sem upp hefur komið vegna þess hver þróunin hefur orðið á þessum atvinnumarkaði á undanförnum áratugum og nú er svo komið, hæstv. forseti, að öll kaupskip Íslendinga eru skráð undir erlendum fána og starfsmenn skipafélaganna greiða sína skatta og skyldur erlendis.

Nýlega eða fyrir ekki mörgum árum fóru Færeyingar og Írar þá leið sem hér er verið að leggja til og hafa náð þeim árangri að þar hefur skipastóllinn stækkað verulega og skipum undir fána þessara ríkja hefur fjölgað, m.a. hafa íslensk skip verið skráð í Færeyjum svo dæmi sé tekið. Ég tel að það sé meira en tímabært að bregðast við með þeim hætti sem hér er verið að leggja til og reyna þannig að tryggja að þessi atvinnugrein rísi aftur til vegs og virðingar hér á landi undir íslenskum fána og að margfeldisáhrifin sem af þessum störfum verða í þjóðfélaginu fái aftur notið sín fyrir ís-

lenskt þjóðfélag í framtíðinni. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að þær reglur sem hér er verið að móta um það hvernig þetta umhverfi geti orðið verði til þess að Ísland verði á ný samkeppnisfært í siglingum að og frá landinu.

[23:21]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því frumvarpi sem hér er lagt fram um skattlagningu kaupskipaútgerðar og tek undir með hv. síðasta ræðumanni. Um leið og ég fagna því þakka ég hæstv. fjármálaráðherra fyrir að hafa komið með þetta frumvarp sem lengi hefur verið í deiglunni og mikið rætt, mikið deilt um og mikið tekist á um meðal sjómanna og útgerða annars vegar og ríkisins hins vegar, ríkisvaldsins. Hér er á ferðinni mikið þarfaþing og ekki þarf annað en að vitna til þess merkilega hlutar sem gerst hefur í sambandi við skráningu á íslenska flugflotann. Það eru einar 80, 90 þotur sem eru skráðar á Íslandi en tæplega helmingur er í förum til og frá landinu. Þetta er því hið mesta þarfaþing og auk þess að efla kaupskipaútgerð eins og hæstv. fjármálaráðherra kom inn á skiptir ákaflega miklu máli að í landinu haldist áfram sú þekking og reynsla sem hefur skapast meðal íslenskra farmanna.

[23:22]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég á eftir að kynna mér þetta frumvarp betur en þegar á heildina er litið tel ég að hér sé verið að stíga framfaraskref. (**Gripið fram í:** Án þess að þú hafir kynnt þér það?) Ég hef kynnt mér þessi mál mjög vel þegar á heildina er litið og stóð fyrir því ásamt fulltrúum úr verkalýðshreyfingunni að fá hingað til lands fulltrúa frá sænsku verkalýðssamtökunum innan kaupskipaflotans sem kynnti okkur m.a. fyrirkomulagið í Svíþjóð en þar hafði gerst hið sama og hent hefur hér á landi að skipaflotinn var allur að færast úr landi. Spurningin er á hvern hátt við getum snúið þessari þróun við. Þótt ég sé ekki almennt stuðningsmaður þess að færa niður skatta er ég það á þessu sviði vegna þess að ég lít svo á að hér sé engu að tapa en allt að vinna. Ef þetta er liður í því að snúa þessari óheillaþróun við ætla ég að verða til þess að styðja þetta frumvarp. Það er reyndar hluti af stærri pakka, ég hef nokkurn fyrirvara um annað frumvarp sem fylgir þessu og fjallar um íslenska alþjóðlega skipaskrá. Það vil ég skoða betur varðandi kjör sjómanna en í því segir að þeir skuli taka kjör samkvæmt kjarasamningum í heimalandi sínu. Það er hlutur sem við þurfum að skoða betur í umfjöllun þingsins en hvað varðar þá almennu stefnumótun sem er að finna í því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fyrir þingið þá tel ég að þar sé um framfaraskref að ræða.

[23:24]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þingmann — gæti hv. þingmaður hlýtt á mál mitt? Hv. þingmaður, ég er að fara í andsvar.

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann sé hrifinn af svona skattasamkeppni milli landa.

[23:25]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Almennt er ég það nú ekki, ég er almennt á móti alhæfingarpólitík. Ég er með því að láta skynsemina ráða í hverju máli.

[23:25]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stóð í þeirri meiningu að hv. þingmaður væri prinsippmaður. Hann er það greinilega ekki. Það fer eftir að aðstæðum hver afstaða hans er, hvort hann er með eða á móti lögum og svona skattasamkeppni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Náttúruvernd, 1. umr.*

Stjfrv., 639. mál (rýmkun kæruréttar og aukin vernd bergtegunda). — Þskj. 947.

[23:26]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd. Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að verndun bergtegunda og steinda verði styrkt, hins vegar er lagt til að möguleikar til endurskoðunar stjórnvaldsákvarðana á grundvelli náttúruverndarlaga verði auknir frá því sem nú er með því að mæla fyrir um kærurétt umhverfisverndar og útivistarsamtaka vegna ákvarðana sem varða náttúruvernd.

Á undanförnum mánuðum hafa komið til úrlausnar stjórnvalda mál sem varða nám sjaldgæfra steinda og bergtegunda. Þau mál hafa m.a. varðað friðlýst svæði og þessi mál gefa að mínu áliti tilefni til að styrkja ákvæði náttúruverndarlaga um vernd slíkra sérstæðra fyrirbrigða í náttúrunni. Brottnám steinda og bergtegunda er óafturkræft og því mikilvægt að tryggja verndun þeirra tegunda sem hafa hátt verndargildi. Að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar er lagt til að ákvæði 53. gr. náttúruverndarlaga um friðlýsingu verði breytt þannig að það nái jafnframt til bergtegunda og bergforma. Þannig verður einnig unnt að friðlýsa slíkar náttúrumyndanir annaðhvort svæðisbundið eða yfir landið allt. Jafnframt þessu er lagt til að ákvæði um röskun friðlýstra náttúruminja verði styrkt. Kveðið verði á um að innan friðlýstra náttúruverndarsvæða sé óheimilt að losa um, nema brott eða skemma hrafntinnu í formi bergglers sem og tæra silfurbergskristalla lengri en 5 cm. Er lagt til að sama regla gildi um sjaldgæfar tegundir steinda og bergs sem friðlýstar kunna að verða samkvæmt 53. gr. laganna. Auk þess er lagt til að kveðið verði á um að óheimilt sé að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað. Lagt er til að aðeins verði heimilt að víkja frá þessum reglum í þágu jarðfræðirannsókna.

Meginregla stjórnsýsluréttarins varðandi kæruaðild er sú að aðeins þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta geti kært stjórnvaldsákvörðun. Á sviði umhverfisréttarins er viðurkennt að kæruaðild geti verið rýmri en á öðrum réttarsviðum. Á sviði náttúruverndar gildir svokallaður almanna-

réttur, þ.e. réttur almennings til umferðar um landið og náttúruupplifunar. Þykir því eðlilegt að þessi sami réttur nái einnig til umhverfisverndarsamtaka og útivistarsamtaka þegar um er að ræða stjórnvaldsákvarðanir um náttúruvernd.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði þessu máli vísað til hv. umhverfisnefndar.

[23:28]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég fagna þeim þætti þessa frumvarps sem lýtur að aukinni vernd fyrir steindir í náttúru Íslands og segi að það er bara vonum seinna að þessi ákvæði skuli vera sett inn í lög. Undanfarið höfum við verið að reyna að vekja athygli á þessu, m.a. með því að auðlindanefndin, sem skilaði skýrslu sinni í október sl., vakti athygli á því að steindir nytu ekki nægilegrar verndar í íslenskri löggjöf og er það vel að hér sé verið að bæta úr hvað þetta varðar.

Hins vegar er verið að ræða hér um kæruaðild þeirra sem eiga hagsmuna að gæta í stjórnvaldsákvörðunum er lúta að umhverfismálum. Nú er það svo, eins og segir í greinargerð með þessu frumvarpi, að á sviði umhverfisréttarins er viðurkennt að kæruaðild geti verið rýmri í umhverfismálum en á öðrum sviðum og á sviði náttúruverndar gildir svokallaður almannaréttur, þ.e. réttur almennings til umferðar um landið og náttúruupplifunar og það þyki eðlilegt að kæruréttur nái í náttúruverndarlögum einnig til umhverfisverndarsamtaka og útivistarsamtaka.

Þetta er auðvitað af hinu góða líka en á sama tíma vil ég benda á að réttur almennings til að lögsækja stjórnvöld vegna stjórnsýsluákvarðana í umhverfismálum hefur verið þrengdur í löggjöf upp á síðkastið fyrir tilstilli núverandi ríkisstjórnar. Það hefur verið gert með breytingu á einkamálalögum þar sem þeir sem hingað til hafa getað sótt mál af þessu tagi í gegnum gjafsóknarákvæði einkamálalaga geta það ekki lengur. Það má rifja það upp að hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason mælti fyrir frumvarpi eða í gegnum þingið fór frumvarp á hans vegum á árunum 2003–2004, þ.e. á 130. löggjafarþingi, þar sem þessi gjafsóknarákvæði voru þrengd til muna. Stjórnarandstaðan mótmælti því harðlega og flutti breytingartillögu sem gengi út á það að meginreglur gjafsókna yrðu með því móti að almenn heimild til gjafsóknar á grundvelli þess að úrlausn máls hefði verulega almenna þýðingu er varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjenda kæmi aftur inn í lögin og við höfum verið þess fýsandi að gera breytingu á einkamálalögunum hvað þetta varðar.

Ég er enn við sama heygarðshornið í þessum efnum. Ég held að þessi stjórnvöld standi sig ekki nægilega vel hvað það varðar að heimila eða tryggja það að aðilar hafi möguleika á því að leita réttar síns og fá réttláta málsmeðferð fyrir dómi þegar um er að ræða mál er varða umhverfið. Ástæðan er sú að ríkisstjórnin hefur leyft sér að lögfesta einungis eina af þremur stoðum Árósasáttmálans svonefnda. (Gripið fram í.) Hún hefur aðeins lögfest eina af þremur stoðum, hún hefur lögfest stoðina sem varðar aðgang að upplýsingum en enn hefur hún ekki sinnt því að lögfesta þá stoð sem á að tryggja aðild að ákvarðanatöku. Það er óbætt hjá garði. Ef hæstv. ráðherra lítur svo á að með þeirri breytingu sem hér er gerð á 74. gr. laganna sé hún að lögfesta þriðju stoð Árósasamningsins dreg ég í efa að svo sé. Þriðja stoð Árósasamningsins gengur út á það að almenningur eigi að eiga möguleika á að fá réttláta málsmeðferð í málum er varða umhverfið. Það skiptir verulega miklu máli að það séu hagsmunir sem eru tryggðir einstaklingum en ekki bara umhverfisverndarsamtökum sem eru þá háð þeim takmörkunum sem getur að líta í þessu frumvarpi og reyndar í lögunum um mat á umhverfisáhrifum eins og þeim var breytt síðast. Þar er að mínu mati þrengt um of og ekki tryggt að einstaklingar sem telja sig hafa því hlutverki að gegna að vera málsvarar náttúrunnar og málsvarar náttúruverndar geti lögsótt á grundvelli Árósasamningsins og þeirrar hugmyndafræði sem að baki honum liggur.

Ég tel að hér vanti ákveðna þætti upp á og kem til með að sjá til þess eða mun mælast til þess að málið verði skoðað mjög vel í umhverfisnefnd og við eigum eftir að sjá hvaða niðurstöðu málið fær síðan á endanum eftir umfjöllun nefndarinnar.

[23:34]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hér eru í raun og veru tvö frumvörp í einu. Annars vegar frumvarp um betri lagaumbúnað um steindir í náttúruverndarlögunum og hins vegar um rétt almennings eða almannasamtaka í tengslum við náttúruverndarlögin. Ég skal hafa mjög stutt mál um hinn fyrri hluta sem ég fagna að sjá hér í frumvarpsformi og tel að ekki muni standa á neinum að samþykkja, einkum í ljósi nýliðinna atburða sem ég ætla ekki að fara nánar ofan í nema með þeim hætti að okkur er skylt að tryggja að þeir endurtaki sig ekki. Að ekki verði sótt sjaldgæft og verðmætt grjót af fjöllum ofan til þess að skreyta húsakynni og byggingar þótt svo hafi verið gert áður enda aðrar leiðir til þess nú á tímum.

Um hinn þátt frumvarpsins er ég ekki alveg sammála síðasta hv. ræðumanni. Ég held að þótt mörg viljum við gjarnan að einstaklingar hafi kærurétt, þá leiði það ekki beint af Árósasamningnum, væri hann í gildi, en ég er reiðubúinn til að breyta um afstöðu í þessu ef mér er sýnt fram á að þetta hald mitt sé ekki rétt.

Það vekur hins vegar athygli að hvergi er minnst á Árósasamninginn í greinargerðinni með frumvarpinu. Í greinargerðinni er látið eins og hann sé ekki til þótt íslensk stjórnvöld hafi skrifað undir hann á sínum tíma. (**Gripið fram í:** Sjálfstæðisflokkurinn er á móti honum.) Fyrrverandi utanríkisráðherra, þá flokksformaður í þeim flokki sem núverandi hæstv. umhverfisráðherra heyrir til, flutti hér staðfestingarfrumvarp á sínum tíma í tíð núverandi ríkisstjórnar sem síðan hlaut sorglegan endi og hefur aldrei komið fram aftur. Annars vegar af tæknilegum ástæðum vissulega, og hins vegar vegna andstöðu samstarfsflokksins, Sjálfstæðisflokksins, og væntanlega líka hagsmunaaðila innanlands.

Þess vegna verður greinargerðin óneitanlega svolítið skrýtin því þar er m.a. sagt að ákvæðið um að umhverfis- og útivistarsamtök skuli njóta sama réttar og þeir sem eiga hina svokölluðu lögvörðu hagsmuni, að það sé samið með hliðsjón af 19. gr. frumvarps til laga um Vatnajökulsþjóðgarð.

En svo vill til að ég hef skoðað frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð og þar er ekkert minnst á útivistarsamtök eða rétt þeirra í þjóðgarðinum eða nokkurs staðar annars staðar. Það er yfir höfuð ekki minnst á útivistarsamtök. Það er ákaflega lítið fjallað um rétt annarra en þeirra sem búa í sveitarfélögunum umhverfis jökulinn til að ráðskast og regera með það land sem þar er uppi.

Ég furða mig svolítið á þessu en ég kann líka að taka ábendingum. Ábendingin í athugasemdinni um 5. gr. í frumvarpinu er auðvitað til okkar umhverfisnefndarmanna, til að tryggja rétt útivistarsamtaka mjög kirfilega í því frumvarpi sem hæstv. umhverfisráðherra hefur nú lagt með nokkrum hætti inn til umhverfisnefndar.

Ég vil túlka þetta aðeins djarfar, ég vil túlka þetta þannig að þessi óþarfa en merkilega tilvísun til frumvarpsins um Vatnajökulsþjóðgarð hafi þá merkingu að umhverfisráðherra sé í hjarta sínu sé ósáttur við þá meðferð sem þar er veitt almannahagsmunum öðrum en þeim sem hinir svokölluðu heimamenn knúðu fram í sérstakri skýrslu og hafa verið með nokkuð djarflegar yfirlýsingar um síðan, þ.e. að umhverfisráðherra sé með þessum nánast ljóðræna hætti að segja okkur í umhverfisnefndinni að við eigum að taka mark á hagsmunum umhverfisverndarsinna og útivistarfólks, þ.e. víðtækum almannahagsmunum, þó að sá almenningur sé ekki endilega búsettur á þeim svæðum sem snerta friðlandið.

Ég skal segja það almennt að hvað sem Árósasamningnum líður þá tel ég að a.m.k. í þjóðgörðum eða friðlandi og á þjóðlendum á Íslandi, þar sem við erum ekki nema 300 þúsund manns enn, þá eigi einstaklingar að geta átt rétt sjálfir og þurfi ekki að klæða sig í hjúp einhverra samtaka til þess að leggja fram kærur og skipta sér af stjórnsýslu og ákvörðunum í umhverfismálum.

Ég hef áður sagt það úr þessum stól og á nefndarfundum að saga okkar síðustu ár er full af dæmum um djarfhuga og réttsýna einstaklinga sem með góðu framtaki sínu hafa jafnvel bylt hér heilum lagakerfum og leitt til framfara fyrir þjóðina. „Nú rís sú öld sem einliðann virðir", var ort hér fyrir svo sem einni öld, og ég held að við sem ekki höfum týnt okkur í einherjafylliríi sjálfstæðismanna, við eigum að taka mark á þeim frelsisboðskap sem Einar Benediktsson flutti hér fram um leið og hann lagði áherslu á rétt alþýðunnar og á það að velta í rústir og byggja á ný. Ég sé að alþingismenn fylgjast agndofa með þessari ræðu og ég þakka þeim fyrir athyglina sem hún vekur hér.

Þrátt fyrir þessa hugleiðingu mína og álit mitt og ýmissa annarra sem einkum kom fram í deilunni um þetta í langdreginni meðferð okkar hér á þinginu í endurskoðun laganna um mat á umhverfisáhrifum, þá vil ég nú samt óska hæstv. umhverfisráðherra til hamingju með að hafa sett þetta hér inn í þetta góða frumvarp. Vegna þess að með því er hún auðvitað að uppfylla ákvæði þeirra samninga sem við enn höfum ekki staðfest, þ.e. Árósasamningsins.

Til þess að menn haldi ekki að þetta sé eitthvert bull í mér þá er ég hér með þetta mikla plagg sem ég spurði hæstv. umhverfisráðherra um á dögunum og heitir, með leyfi forseta:

„Árósasamningurinn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Greining á íslenskri löggjöf með hliðsjón af ákvæðum Árósasamningsins. Niðurstaða nefndar."

Þessi niðurstaða er gefin út í umhverfisráðuneytinu 28. september 2006 og ég er örugglega fyrsti maðurinn sem prentar hana út af vef umhverfisráðuneytisins. En þar er einmitt fjallað um þá löggjöf sem þarf að breyta í framhaldi af Árósasamningnum. Þar eru einmitt nefndar einna fyrstar í umfjölluninni tvær greinar náttúruverndarlaganna um löggjöf á sviði umhverfisráðuneytisins. Þar er talað um 38., 41. og 47. gr.

Og nú er bara að vígbúast og halda áfram þessu ferli, forseti, fyrir hæstv. umhverfisráðherra, og ég vænti þess að við sjáum hér sams konar endurskoðun á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Á lögunum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Á lögunum um meðhöndlun úrgangs. Á lögunum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Á lögunum um vernd Breiðafjarðar. Á lögunum um matvæli. Á lögunum um dýravernd. Á lögunum um eiturefni og hættuleg efni og lögunum um erfðabreyttar lífverur.

Í niðurstöðu nefndarinnar, sem í sátu greinilega mjög fínir fagmenn undir stjórn eins af hinum ágætu starfsmönnum í umhverfisráðuneytinu, en þar er meira mannval en í flestum öðrum ráðuneytum (**Gripið fram í:** Þar eru víst betri fyrrverandi ráðherrar líka.) enda verið þar mjög merkir ráðherrar á ferð fyrr og nú, en þar er alls staðar spurt: Eru ákvæði 9. gr. Árósasamningsins, sem fjallar um aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð, uppfyllt? Svarið við því er nei við lok allra þessara laga.

Ég sé að hæstv. umhverfisráðherra hefur tekið eftir þessu og er nú byrjuð að stíga þau skref að innfæra Árósasamninginn í löggjöfina sem undir hana heyrir. Ég óska henni til hamingju með það og ég hvet aðra ráðherra til að gera slíkt hið sama.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Mannvirki, 1. umr.***

Stjfrv., 662. mál (heildarlög). — Þskj. 1004.

***og***

***Skipulagslög, 1. umr.***

Stjfrv., 661. mál (heildarlög). — Þskj. 1003.

[23:45]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum, annars vegar frumvarpi til laga um mannvirki, sem er 662. mál á þskj. 1004, og hins vegar frumvarpi til skipulagslaga, sem er 661. mál á þskj. 1003.

Vorið 2002 ákvað umhverfisráðuneytið að ráðast í heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og í því skyni voru skipaðar tvær nefndir. Þær

nefndir skiluðu vorið 2006 tillögum sínum í formi tveggja frumvarpa, annars vegar frumvarpi til skipulagslaga og hins vegar frumvarpi til laga um mannvirki.

Í nefnd um endurskoðun byggingarhlutans áttu sæti fulltrúar umhverfisráðuneytis, forsætisráðuneytis, Samtaka iðnaðarins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Brunamálastofnunar.

Nefndin hafði samráð við fjölmarga aðila við gerð frumvarpsins, þar með talinn sérstakan ráðgjafarhóp sem var skipaður helstu hagsmunaaðilum á sviði mannvirkjamála. Sumarið 2006 fór fram af hálfu umhverfisráðuneytisins víðtæk kynning á framangreindum frumvörpum og voru þau send 159 aðilum til umsagnar, þar á meðal öllum sveitarfélögum landsins. Jafnframt kynnti ráðuneytið frumvörpin í fjölmiðlum og á heimasíðu sinni og var almenningi gefinn kostur á að gera athugasemdir við efni þeirra. Ráðuneytið fór vandlega yfir þær tæplega sjötíu skriflegu athugasemdir sem því bárust og voru gerðar breytingar á frumvörpunum m.a. vegna þeirra.

Í frumvarpi til nýrra laga um mannvirki er lögð til nýskipan stjórnsýslu mannvirkjamála en þó byggt á þeim grunni sem fyrir er. Lögð hefur verið áhersla á að líta heildstætt á alla löggjöf þar sem fjallað er um öryggi og heilnæmi mannvirkja með það að markmiði að gera stjórnsýslu mannvirkjamála sem skilvirkasta, auka faglega yfirsýn í málaflokknum og tryggja samræmt byggingareftirlit um land allt.

Lagt er til að sett verði á fót ný stofnun, Byggingarstofnun, sem hafi yfir að ráða faglegri hæfni til að hafa með höndum yfirstjórn byggingareftirlits í landinu með það að meginmarkmiði að auka öryggi mannvirkja og gæði. Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun taki til starfa 1. júní 2007 og undirbúi gildistöku laganna 1. janúar 2009.

Á sama tíma, það er 1. janúar 2009, verði Brunamálastofnun lögð niður og verkefni hennar færð undir Byggingarstofnun og ábyrgð á framkvæmdum byggingarmála færð frá Skipulagsstofnun til Byggingarstofnunar.

Í frumvarpinu er lagt til að ábyrgð á þeim hluta laganna, nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem varðar rafmagnsöryggi í mannvirkjum færist frá Neytendastofu til Byggingarstofnunar en Neytendastofa annast það þó áfram fyrir hönd Byggingarstofnunar að minnsta kosti til 1. janúar 2012 og enn fremur er gert ráð fyrir að eftirlit með lyftum færist frá Vinnueftirliti til Byggingarstofnunar og aðgengismál verði í höndum Byggingarstofnunar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að meginþungi byggingareftirlits í landinu verði áfram í höndum sveitarfélaganna en örfá mannvirki verða þó háð byggingarleyfi og byggingareftirliti Byggingarstofnunar, svo sem virkjanir, mannvirki á hafinu og mannvirki á öryggis- og varnarsvæðum. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að byggingarnefndir verði lagðar niður og sveitarstjórnir komi ekki með beinum hætti að stjórnsýslu byggingarmála. Hlutverk þeirra verður að ráða byggingarfulltrúa sem síðan mun sinna útgáfu byggingarleyfa og framkvæmd byggingareftirlits.

Í eðli sínu eru byggingarmál tæknileg mál og þess vegna er eðlilegt að framkvæmd þeirra sé í höndum aðila með sérfræðiþekkingu á því sviði. Ákvarðanir um landnotkun á fyrirkomulagi byggðar verða hins vegar áfram í höndum sveitarstjórna og skipulagsnefnda á grundvelli skipulagslaga.

Þar sem lagt er til að skipulags- og byggingarlögum verði skipt í tvenn lög er nauðsynlegt að settar verði skýrar línur um mörk þeirra laga. Gert er ráð fyrir að í lögum um mannvirki verði ákvæði sem varða tæknilega gerð mannvirkja, sérstaklega varðandi öryggi, heilnæmi og aðgengi. Ákvæði er varða útlit mannvirkja og staðsetningu tilheyra hins vegar skipulagslögum.

Gert er ráð fyrir að allt byggingareftirlit verði framkvæmt af faggiltum aðila í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til. Þetta þýðir að annaðhvort er byggingareftirlit, og þá aðallega yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta, framkvæmt á faggiltum skoðunarstofum eða af byggingarfulltrúum sem þá þurfa að hafa fengið faggildingu til að annast slíkt eftirlit. Sama gildir um það beina eftirlit sem Byggingarstofnun mun hafa með höndum. Henni verður annaðhvort heimilt að fela það faggiltum skoðunarstofum eða annast það sjálf og þarf þá að afla sér faggildingar. Í frumvarpinu eru tilteknir þau hæfnisskilyrði sem aðilar þurfa að uppfylla til að geta öðlast faggildingu og er gert ráð fyrir að þau séu misströng eftir umfangi mannvirkjagerðarinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að fleiri mannvirki en áður verði háð byggingarleyfi. Hér er einkum um að ræða virkjanir, fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, auk mannvirkja á hafi utan sveitarfélagamarka. Í flestum tilfellum verða þessi mannvirki háð framkvæmdaleyfi samkvæmt gildandi lögum en verða samkvæmt frumvarpinu háð byggingarleyfi í staðinn. Áfram er gert ráð fyrir að tiltekin mannvirki falli utan gildissviðs laganna, svo sem hafnir, varnargarðar og samgöngumannvirki. Slík mannvirki og eftirlit með þeim falla undir aðra löggjöf, svo sem vegalög og siglingalög og því eru þau undanþegin ákvæðum frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lögð á það áhersla að skýra hlutverk og ábyrgð eiganda mannvirkis, hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara betur en gert er í gildandi lögum og tekið fram að hin endanlega ábyrgð sé eigandans en hann ráði til sín fagaðila sem sjái um afmarkaða þætti mannvirkjagerðarinnar og beri ábyrgð gagnvart eiganda. Þeir sjá um innra eftirlit eigandans og beiti gæðastjórnunarkerfum við undirbúning og stjórn framkvæmda.

Í frumvarpinu er leitast við að tryggja öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma með því að gera kröfu um að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi varðandi þá þætti rekstrar þeirra sem snýr að lögum og reglum um mannvirkjagerð. Á þetta bæði við um hönnuði, byggingarstjóra og iðnmeistara. Vonast er til að þau ákvæði leiði til bættra vinnubragða við mannvirkjagerð og þar með til hagsbóta fyrir neytendur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun rannsaki sérstaklega tjón á mannvirkjum sem valda manntjóni eða alvarlegri hættu, svo sem af völdum veðurs, jarðskjálfta, flóða eða annarrar náttúruvár eða ef mannvirki t.d. hrynja eða skemmast illa af óþekktum ástæðum. Hugsunin að baki því ákvæði frumvarpsins er að finna orsakir slíkra tjóna og læra af þeim mistökum sem kunna að hafa átt sér

stað við hönnun eða gerð mannvirkis. Einnig geta slíkar rannsóknir leitt í ljós að breyta þurfi reglum um hönnun og byggingu mannvirkja. Nokkuð hefur skort á að slíkar rannsóknir fari fram með skipulögðum og markvissum hætti. Þessu til viðbótar skal Byggingarstofnun samkvæmt ákvæðum frumvarpsins árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu í því skyni að auka yfirsýn yfir þennan víðfeðma og flókna málaflokk.

Þá er lagt til að gjald með nýju heiti, byggingaröryggisgjald, muni fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Ekki er um nýtt gjald að ræða heldur hefur ákvæði um svokallað brunavarnagjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli laga um brunavarnir, verið fært inn í frumvarp til laga um mannvirki. Skattstofn gjaldsins er óbreyttur og er það innheimt áfram af vátryggingarfjárhæð brunatryggingar fasteigna og lausafjár, sem og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu.

Hér er hins vegar lagt til að gjaldið verði hækkað úr 0,045 prómillum í 0,08. Hingað til hefur brunavarnagjaldi einungis verið ætlað að standa undir rekstri Brunamálastofnunar vegna yfirumsjónar með brunavörnum en hér er lagt til að byggingaröryggisgjaldið renni til Byggingarstofnunar og standi þannig undir kostnaði við yfirumsjón byggingaröryggismála almennt.

Með því að leggja slíkt gjald á brunatryggingar er gjaldtökunni dreift á mörg ár, þ.e. á allan líftíma mannvirkisins í stað þess að innheimta hærra gjald einu sinni í upphafi mannvirkjagerðar. Eigendur mannvirkja eiga að njóta góðs af yfireftirliti og umsjón Byggingarstofnunar allan líftíma mannvirkisins og því mæla góð rök með því að sú leið verði farin.

Þetta er, herra forseti, framsöguræða mín varðandi frumvarp til laga um mannvirki. Ég vil þá snúa mér að frumvarpi til nýrra skipulagslaga, en þau eru mjög þýðingarmikill málaflokkur umhverfismála og verða sífellt umfangsmeiri með vaxandi byggð og atvinnustarfsemi, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og annars staðar.

Við gerð skipulags eru teknar ákvarðanir um framtíðarnotkun lands, hvers konar framkvæmdum sé verið að stefna að og hvernig þær falla að annarri landnotkun. Áhrif skipulags á þróun umhverfisins eru í æ ríkari mæli skoðuð samhliða mótun skipulags og þannig verður skipulagsgerð stöðugt mikilvægara tæki til umhverfisverndar og til að treysta sjálfbæra þróun í sessi.

Þar sem skipulag er í eðli sínu langtímastefnumörkun hentar það einnig mjög vel sem tæki til umhverfisverndar. Það er grundvallaratriði að vandað sé til verka við gerð skipulags og leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra sem skipulagið snertir. Ekki síst er mikilvægt að skipulagsyfirvöld taki ákvarðanir sem eru í sem mestri sátt við íbúa og atvinnulíf sem í hlut eiga. Við ákvörðun um skipulag þarf því oft að horfa til andstæðra sjónarmiða og mikilvægt er að þau séu skoðuð gaumgæfilega og fundinn sé farvegur sáttar.

Í frumvarpi til nýrra skipulagslaga er að finna ýmis nýmæli og breytingar á skipulagsþætti gildandi skipulags- og byggingarlaga. Áhersla er lögð á samráð og kynningu við gerð skipulagsáætlana, bæði gagnvart almenningi og opinberum aðilum. Þannig er aukin aðkoma almennings og samráðsaðila við gerð skipulags. Með því er ætlunin að vanda gerð skipulags og tryggja að almenningur og hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarfélögin þannig að þau geti tekið upplýsta ákvörðun við afgreiðslu skipulagsáætlunar. Þetta kemur m.a. fram í markmiðsákvæði frumvarpsins þar sem kveðið er á um að tryggja skuli samráð við almenning við gerð skipulagsáætlana og þá er mælt fyrir um svokallaða lýsingu skipulagsverkefnis þar sem gera á grein fyrir áherslum við gerð skipulags, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráð og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og hagsmunaaðilum.

Gert er ráð fyrir að vinna við gerð svæðis aðal- og deiliskipulags hefjist með lýsingu á skipulagsverkefninu. Með því er lögð áhersla á að vinna við gerð skipulags sé unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi. Lögð er áhersla á að skipulagsgerð sé skilvirk og jafnframt sveigjanleg, svo sem varðandi breytingar á skipulagsáætlunum og afgreiðslu þeirra. Þannig er m.a. lagt til að Skipulagsstofnun sé falið það hlutverk að staðfesta svæðis- og aðalskipulagstillögur í stað umhverfisráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfisráðherra í ákveðnum tilvikum. Með þeirri breytingu er ætlunin að einfalda stjórnsýslu þessara mála þannig að eitt stjórnvald komi að staðfestingu skipulagstillagna í stað tveggja áður og mun það auka skilvirkni við afgreiðslu mála. Skipulagsstofnun mun hafa sama hlutverk og ráðherra varðandi yfirferð skipulagstillagna og á meðal annars að gæta þess að þær séu í samræmi við lög, svo sem samþykkta landsskipulagsáætlun.

Þá er lagt til að lögfest verði svokallað rammaskipulag en slíkt skipulag er heildstæð áætlun um uppbyggingu og skipulag ákveðinna hluta aðalskipulags og gefur fyrirheit um hvernig það verður útfært í deiliskipulagi sem veitir íbúum sveitarfélagsins betri upplýsingar um fyrirhugaða framtíðarnotkun lands. Lögð er áhersla á að skýra hlutverk skipulagsáætlana á mismunandi skipulagsstigum og samspil þeirra svo komið sé í veg fyrir skörun einstakra skipulagsáætlana til að tryggja skilvirkni.

Lagt er þannig til að skýr greinarmunur sé á svæðisskipulagi og aðalskipulagi. Svæðisskipulagið skal einungis fjalla um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að því en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun. Ekki er gerð krafa um að svæðisskipulag taki til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur getur svæðisskipulag tekið til heilla landshluta eða ákveðinna þátta landnotkunar sem nær til fleiri en eins sveitarfélags.

Jafnframt er lögð áhersla á að tryggja betur að skipulagsákvarðanir eigi þátt í að stuðla að sjálfbærri þróun um leið og þær séu betur færar um að stuðla að öðrum markmiðum frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið sérstaklega á um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og er lagt til að starfrækja skuli svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins sem fer með breytingar og framfylgd þess skipulags.

Í frumvarpinu er skilgreint með skýrum hætti til hvers konar ákvarðana deiliskipulag skuli taka, eins og varðandi útlit mannvirkja og form. Þar sem hér er um stefnumótandi þætti að ræða er lagt til að kveðið sé á um slíka þætti í deiliskipulagi en það sé ekki hluti af umfjöllun um veitingu

leyfa vegna mannvirkjagerðar eins og nú gildir.

Í ljósi framkvæmdarinnar er talið nauðsynlegt að fyrir hendi sé úrræði til að tryggja eftirfylgni á stöðvun framkvæmda í þeim tilvikum þar sem framkvæmdir eru ekki í samræmi við lög. Skipulagsstofnun er fengið slíkt hlutverk í frumvarpi þessu en stofnunin hefur að ákveðnu leyti gegnt eftirlitshlutverki með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum með því að vera í samskiptum við einstaka sveitarstjórnir og benda á atriði sem lagfæra þarf oft eftir ábendingar sem stofnuninni hefur borist. Hér er lagt til að stofnunin geti fylgt slíkum ábendingum eftir ef á þarf að halda.

Í gildandi lögum er ekki fyrir hendi skýr farvegur fyrir ríkisvaldið til að setja fram almenna stefnumörkun í skipulagsmálum sem markar stefnu um skipulagsákvarðanir sem varða almannahagsmuni og sem geta leyst úr ágreiningsmálum, t.d. á milli ríkis og einstakra sveitarfélaga, um skipulagsmál er varða þjóðarhagsmuni.

Eins og í gildandi skipulags- og byggingarlögum verður höfuðábyrgð á skipulagsgerð áfram hjá sveitarfélögum um leið og lögð er áhersla á forræði sveitarfélaga á skipulagsmálum er hins vegar viðurkennd þörf á að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum í svokallaðri landsskipulagsáætlun sem lögð verður til grundvallar við skipulagsgerð sveitarfélaga og sem þau eru bundin af við gerð skipulags.

Hér væri fyrst og fremst um að ræða stefnumótun um landnotkun sem varðar almannahagsmuni svo sem um grunngerð á landsvísu eins og samgöngukerfi, orkuöflunar- og dreifikerfi, náttúruvernd, útivist og aðra landnotkun á svæðum sem varðar þjóðarhagsmuni, eins og miðhálendi Íslands, þar sem horft er til þess hvernig framtíðarnotkun lands eigi að vera á því svæði með tilliti til orkunýtingar, náttúruverndar og umferðar.

Þannig er landsskipulagsáætlun fyrir miðhálendi Íslands stefnumörkun ríkisvaldsins um frekari uppbyggingu á því svæði eins og orkunýtingu, vegaframkvæmdir og staðsetningu nauðsynlegra skipulagsþátta. Jafnframt yrði í landsskipulagsáætlun sett fram heildstæð áætlun um verndun svæða á miðhálendi Íslands sem samkomulag væri um að ekki eigi að nýta til framkvæmda heldur halda sem ósnortnum til upplifunar og útivistar. Landsskipulagsáætlun verði lögð fram á Alþingi sem tillaga til þingsályktunar eftir víðtækt samráðsferli í stjórnkerfinu og við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að fyrsta landsskipulagsáætlunin verði lögð fram á Alþingi árið 2009 og fjalli um stefnumörkun á miðhálendi Íslands. Eins og áður sagði er gert ráð fyrir að aðalskipulags- og svæðisskipulagstillögur sveitarfélaganna verði að meginstefnu til háðar staðfestingu Skipulagsstofnunar og hefur Skipulagsstofnun það hlutverk að sinna eftirliti með skipulagsákvörðunum sveitarfélaga og tryggja að samræmi sé á milli skipulagsáætlana og við stefnu ríkisins varðandi landnotkun og byggðaþróun.

Þá er lagt til að samvinnunefnd miðhálendisins, sem fer með skipulagsmál á miðhálendi Íslands, verði lögð niður. Við fyrirhugaða gildistöku frumvarpsins 1. janúar 2009, verði það að lögum, eiga öll sveitarfélög í landinu hafa lokið við gerð aðalskipulags í sínu sveitarfélagi, en í gildandi lögum er kveðið á um að að liðnum tíu árum frá gildistöku þeirra laga, eða 1. janúar árið 2008, skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Þannig verður við gildistöku þessa frumvarps lokið því mikilvæga hlutverki samvinnunefndar miðhálendisins að samræma aðalskipulag sem liggur að miðhálendinu við svæðisskipulag miðhálendisins.

Þá er lagt til að umhverfisráðherra leggi fram á Alþingi 2009 fyrstu tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun en henni er ætlað að fjalla um stefnumörkun á miðhálendi Íslands eins og ég hef þegar sagt. Fyrstu landsskipulagsáætlun er þannig ætlað að taka yfir stefnumótandi þætti svæðisskipulags miðhálendisins. Með vísan til framangreindra breytinga á skipan mála er ekki talin þörf á að samvinnunefnd miðhálendisins haldi áfram störfum þar sem lagt er til að verkefni hennar verði færð til ríkisvaldsins og viðkomandi sveitarfélaga.

Herra forseti. Ég hef rakið meginefni þessara tveggja frumvarpa, annars vegar frumvarps til laga um mannvirki og hins vegar frumvarps til skipulagslaga. Ég legg til að þeim frumvörpum verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

En rétt er að taka fram, herra forseti, að þessi mál eru seint fram komin, mun seinna en ráðagerð var um. Í þeirri tilvísun felst ekki sú ætlun til umhverfisnefndar að þessum málum verði lokið fyrir þinglok, en þrátt fyrir það vil ég árétta það geysimikla umsagnarferli sem frumvörpin fóru í, til um 160 aðila og 70 aðilar skiluðu umsögnum. Frumvörpin hafa jafnframt verið á heimasíðu ráðuneytisins þar sem almenningi hefur verið gefinn kostur á að skila athugasemdum um þau. Það hafa því margir lagt hönd á plóginn með athugasemdir um frumvörpin.

[00:03]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir að hún ætlaðist ekki til að þingið afgreiddi þessi frumvörp, þau tvö sem hún mælti fyrir og væntanlega ekki heldur það þriðja sem hún mælir fyrir á eftir. Ég verð að viðurkenna að mér þykir nokkuð ankannalegt að vera staddur hér um miðja nótt, sem þannig var að fornu, fimm mínútur yfir tólf, til að fjalla við 1. umr. um frumvörp frá hæstv. ráðherra sem ekki er ætlast til þess að gangi fram. Mér þykja það furðuleg vinnubrögð.

Ég veit að þegar málið var sett á dagskrá var væntanlega gert ráð fyrir að fjallað yrði um það um kvöldmatarleytið en það hefur dregist. Ég verð að gera þá athugasemd við fundarstjórn forseta, þótt ég sé ekki að tala undir þeim lið. Ég hefði talið að hann hefði átt að fresta þessum málum þangað til að menn gætu rætt þau sæmilega vakandi.

Hér er mikill frumvarpsböggull á ferð og vel þess virði að hann sé vel ræddur og kannski gerum við það hér, að ræða hann nokkuð fram í nóttina, þótt varla verði hann að lögum fyrr en á nýju kjörtímabili.

Þetta eru frumvörp til skipulagslaga, til byggingarlaga og laga um brunavarnir. Ávöxtur mikils starfs fagmanna sem ekki er hægt annað en að hrósa við fyrstu sýn að minnsta kosti, samtals yfir hundrað blaðsíður í útprenti. En þetta kemur það seint inn á þingið að það er að minnsta kosti ekki hægt að gera ráð fyrir að þingmenn hafi mótað sér fullkomlega afstöðu til þess í 1. umr. enda er það ekki

vaninn um mál af þessu tagi.

En ég verð hins vegar að segja að það er til fyrirmyndar, ég hrósa umhverfisráðherra og hennar mönnum fyrir það, að þessi frumvörp hafa legið á netinu á vef umhverfisráðuneytisins frá því í sumar og fengið þar umsagnir og ábendingar sem að einhverju leyti hefur verið sinnt. Þó er ekki ljóst að hve miklu leyti tillit hefur verið tekið til ábendinga, um það fengust ekki nákvæmar upplýsingar úr umhverfisráðuneytinu í dag þegar eftir því var leitað, hvernig það hefði breyst frá því í sumar.

Hér er gert ráð fyrir verulegum skipulagsbreytingum. Í fyrsta lagi er lagabálkinum skipt í tvennt og þar með greind í sundur stjórnsýsla í skipulagsmálum annars vegar og stjórnsýsla í byggingarmálum hins vegar sem aftur á móti er tengd brunavörnum, sem er reyndar eitt af elstu hlutverkum hins opinbera á Íslandi ásamt fátæktarframfærslunni. Hrepparnir voru í upphafi stofnaðir í því skyni að sinna brunavörnum og sem eins konar tryggingarfélag eftir slík óhöpp.

Í samræmi við þetta er búin til ný ríkisstofnun og önnur lögð niður. Hér þarf að athuga vel hverja grein og átta sig um leið á heildarsamhengi hlutanna og getur reynst áhugamanni nokkuð snúið í fljótu bragði. En ég get sagt það hér að ég hef ekki fyrir mína hönd og míns flokks alvarlegar athugasemdir við þessi frumvörp í fyrstu lotu.

Ég verð þó að nefna að það þarf að íhuga hið nýja byggingaröryggisgjald sem þrátt fyrir fögur orð hæstv. ráðherra er töluvert hærra en brunavarnagjaldið. Enda von því þetta nýja byggingaröryggisgjald á að halda uppi stofnun sem er öðruvísi en hin fyrri. Við bætast heilir 22 starfsmenn frá því sem nú er, væntanlega allir sérfræðimenntaðir. Í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að 136 millj. kr. sem bætast við ætlaðan rekstrarkostnað þessarar nýju stofnunar. Það þarf að sannfæra okkur og þjóðina um að á þessu fólki þurfi öllu að halda áður en heimild er veitt til að ráða það.

Ég ætla aðallega að fjalla um skipulagsfrumvarpið og reyndar að mestu um tiltekinn þátt þess. Það er margt jákvætt í skipulagsfrumvarpinu sem maður rekur strax augun í. Gert er ráð fyrir aukinni áherslu á samráð við almenning um allar skipulagsáætlanir. Hjá okkur hefur skort á þetta, jafnvel þótt lög fyrirskipi ákveðið ferli er því sinnt með þeim hætti að almannasamráð verður oft ákaflega fátæklegt með þeim afleiðingum að hér skapast átök og deilur, jafnvel á síðustu stundu, á þeirri elleftu og jafnvel þegar komið er fram yfir alla ákvarðanatöku, sem aftur veldur sárindum og leiðir til þess að fólki finnst skortur á raunverulegu lýðræði. Síðasta dæmið er reyndar skammt undan, í Álafosskvosinni þar sem glaðbeittur meiri hluti sinnti ekki umkvörtunum og eðlilegri andstöðu íbúa í Mosfellsbæ fyrr en hann hreinlega gafst upp á stríði sínu við íbúana. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa nú dregið til baka, að minnsta kosti að sinni, ákvarðanir sínar um eyðileggingu í Álafosskvosinni.

Það er líka jákvætt við þetta frumvarp að lögð er áhersla á að útlit bygginga og form eru hluti af skipulagsferlinu. Þótt ekki megi skerða um of frelsi manna til að byggja eins og þeim sýnist þá verða að vera einhver ráð til að hindra skipulagsslys, ekki bara einstaklinga, heldur líka arkitekta og framkvæmdarmanna í gömlum bæjarkjörnum og reyndar í nýjum hverfum líka. Það má nefna ýmis dæmi. Oft er nefnt dæmi um þetta í atvinnuhverfinu nýja í Reykjavík sem kennt er við Höfða. Svæðisskipulagi sem á að vera um sameiginlega hagsmuni á að fylgja umsjón í nefnd. Það er jákvætt að svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins verði samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum verður, skylt en ekki bara heimilt.

Einnig er sérstakt lagaákvæði um grenndarkynningu og gert skylt að grenndarkynna framkvæmda- og byggingarleyfi, sem er jákvætt. Ég held að það sé líka ástæða til að fagna því sérstaklega að Skipulagsstofnun fær samkvæmt þessu skýra heimild til að stöðva framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða er farið í án leyfis. Það má líka fagna því að umhverfisráðherra tekur samkvæmt þessu frumvarpi við skipulagsráðum á Keflavíkurflugvelli af utanríkisráðherra. Það er tímanna tákn og vísar vonandi veginn.

Ég set fyrirvara um ákvæði sem kveður á um úrskurð ráðherra þegar upp kemur ágreiningur milli sveitarfélaga og eitt aðalskipulag rekst á annað. Þetta er ekki heppileg staða. Ég efast mjög um að þetta ákvæði leiði til farsællar lausnar á þeim deilum sem upp koma af því tagi. Ég tek þar undir álit sveitarstjórnarmanna í þeirri nefnd sem frumvarpið samdi.

Merkastu efnisatriði skipulagsfrumvarpsins, og að ég hygg lagabálkanna í heild sinni, eru ákvæðin um landsskipulag. Sem kunnugt er hefur íslenskt samfélag sérstöðu að þessu leyti. Í öllum grannlöndum, eða nánast öllum, er æðsta skipulagsstigið einhvers konar landsskipulag þar sem höfuðlínur eru dregnar fyrir svæðis- eða aðalskipulagsáætlanir. Hér var landsskipulag lengi fyrirhugað æðsta skipulagsstig og oft nefnt á 9. áratugnum samfara hugmyndum um landnýtingaráætlun fyrir allt Ísland, þó einkum hálendið og önnur náttúrusvæði.

Ásamt fagmönnum í skipulagi voru þingmenn og ráðherrar jafnaðarmanna hér fremstir í flokki og í umræðunni um skipulag miðhálendisins, í langvinnum umræðum veturinn 1998–1999, nefndu Samfylkingarmenn landsskipulag sem augljósan kost við tertusneiðafyrirkomulagið sem ofan á varð. Ég fagna því að hugmyndir um landsskipulag eru nú endurvaktar í frumvarpsdrögum þessarar nefndar á vegum umhverfisráðherra.

Hugmyndir um landsskipulag gera í megindráttum ráð fyrir því að ríkisvaldið, ríkisstjórn, Alþingi og helstu skipulagsstofnanir hljóti að taka ákvarðanir sem varða almannahag og ekki eingöngu íbúa eins sveitarfélags í aðalskipulagi eða fleiri saman í svæðisskipulagi. Með landsskipulagi er hægt að taka ákvarðanir um nýtingu á einstökum svæðum en miklu fremur er rétt að ætla því að samræma margs konar áætlanagerð á vegum ríkis og sveitarfélaga og sinna leiðsagnarhlutverki fyrir svæði eins og aðalskipulagsgerð.

Landsskipulag hlýtur að gera grein fyrir megindráttum í landnýtingu og mæla fyrir um heildarstefnu í náttúruvernd, þróun byggðar og atvinnuvega, í orkumálum, samgöngum, fjarskiptum o.s.frv. Það er afar mikilsvert að með landsskipulagi getur orðið til sú heildstæða landnotkunaráætlun sem margir hafa óskað eftir í deilum og átökum síðustu áratuga um nýtingu auðlinda og náttúruvernd.

Í Fagra Íslandi, stefnuplaggi okkar samfylkingarmanna

um meginatriði í umhverfisstefnu þar sem við fjöllum m.a. um náttúruvernd, loftslagsmál og ákvörðunarrétt almennings, gerum við ráð fyrir því að rammaáætluninni um náttúruvernd verði hrundið í framkvæmd, bæði með sérstökum lögum, í náttúruverndaráætlunum sem þegar eru komnar í gang og með ákvörðunum í landsskipulagi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að landsskipulag sé miðað við tólf ár í senn en umhverfisráðherra leggi fram nýja tillögu að landsskipulagi fyrir Alþingi eftir hverjar þingkosningar. Þannig má segja að landsskipulagið sé endurnýjað á fjögurra ára fresti og sú endurnýjun verður eitt af höfuðverkefnum nýrrar ríkisstjórnar og nýs þingmeirihluta á þinginu hverju sinni. Áður en tillagan er lögð fyrir Alþingi á að auglýsa eftir athugasemdum almennings og óska umsagna sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Ráðherra ákveður síðan svokallaðar áherslur stefnunnar en það er gert ráð fyrir að fjallað sé um mismunandi þætti hverju sinni. Í greinargerð, og í ræðu hæstv. ráðherra, var t.d. nefnt dæmi af svæðisskipulagi miðhálendisins sem ætlað er að verði fyrsta verkefni þessa landsskipulags. Það er meiri háttar mál.

Í greinargerðinni er einnig bent á dönsk ákvæði um staðarval verslunarmiðstöðva og um frístundabyggð, sem dæmi um viðfangsefni landsskipulagsstefnu í grannlöndunum, hvort tveggja viðfangsefni sem við höfum skilið eftir fyrir tilviljanir að ráðskast með.

Í umræðunni hefur verið nefnt að okkur vantar skýrar skilgreiningar og skil milli þéttbýlis og dreifbýlis einmitt hvað varðar byggðarkjarna sem nú spretta upp nokkuð skipulagslaust hingað og þangað. Frístundahús, íbúðarhús eða hvorttveggja. Það hefur líka verið talað um að í landsskipulagi gæti verið æskilegt að ákvarða t.d. hvar eru skilyrði til skógræktar og hvar skógrækt á ekki heima. En nú er skógrækt, með fullri virðingu fyrir þeirri göfugu iðju, stunduð hér um bil hvar sem hver vill og víða án nægilegrar forsjár.

Það er rétt að gera sér grein fyrir því að landsskipulag mundi að einhverju leyti minnka vald sveitarstjórna. Hluti þess ákvörðunarvalds sem nú felst í aðalskipulagi þeirra hverfur til þings og ráðherra, en þar skiptir auðvitað öllu máli hvernig valdsvið ráðherra og þings verður skilgreint nákvæmlega og hvernig þau skil verða í reynd. Þar á móti mundi landsskipulagið aðstoða sveitarstjórnir og íbúa sveitarfélaganna við skipulagsákvarðanir sínar og væntanlega bæta skipulagsferlið allt faglega sem að lokum ætti að koma sveitarstjórnarmönnum og íbúum og almenningi í sveitarfélögunum vel.

Hvað vernd náttúrusvæða varðar er landsskipulag eitt og út af fyrir sig engin töfralausn. Meira að segja má nefna nýlegt dæmi. Þjórsárver, þar sem mikil völd ráðherra og þingmeirihluta með landsskipulagi hefðu sennilega orðið til tjóns. Þjórsárver eru enn óspillt fyrst og fremst vegna þess að íbúar eins sveitarfélags, Gnúpverjar, sem raunar hafa síðan sameinast Skeiðamönnum, héldu haus. Það er ekki meiri hluta á Alþingi að þakka. Það er ekki ríkisstjórn eða ráðherrum að þakka.

Svipaðar hugleiðingar vakna raunar þegar vart verður við að samfara landsskipulagi á að leggja niður samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins sem hefur reynst vel þrátt fyrir ýmsar hrakspár m.a. hjá mönnum sem mér tengjast, sem voru eðlilegar á þeim tíma. Ég held að við verðum að athuga mjög vandlega hvernig því á að koma fyrir og hvort það væri ekki rétt að sú nefnd eða slík nefnd haldi áfram að hafa hlutverk í þessu kerfi þótt auðvitað sé það minna eða með öðrum hætti þegar fjallað er um málin í landsskipulagi.

Það er ekki ótvírætt gagn eða sjálfkrafa ávinningur fyrir sjónarmið náttúruverndar og umhverfisgæslu að hafa landsskipulag sem æðsta skipulagsstig. Hins vegar eru það ótvíræðir kostir að ríkisstjórn og Alþingi mundu með þessum hætti fjalla á opinn og skýran hátt um almannahag í umræðu um landsskipulag, einkum ef réttur almennings til þátttöku er tryggður og aukinn frá því sem nú er. Með þessari skipan má m.a. gera ráð fyrir því að landsskipulag og almannahagsmunir um landnýtingu yrðu í auknum mæli pólitískt ákvörðunarefni og að stjórnmálamenn yrðu að gera kjósendum grein fyrir afstöðu sinni til verkefna og viðfangsefna landsskipulags við hverjar kosningar. Það yrði mikil framför frá ástandinu núna þar sem heildarskipulag landsins og afdrif merkilegra náttúrusvæða ráðast meira og minna utan við hin lýðræðislegu ferli sem við höfum þó komið okkur upp.

Í höndum ríkisstjórnar og þingmeirihluta sem hefur stuðning almennings við náttúruvernd og skynsamlega auðlindanýtingu getur landsskipulag verið prýðilegt verkfæri til að samræma náttúruvernd áætlun um atvinnuuppbyggingu og orkumál. Með landsskipulagi er t.d. hægt að ákveða og samræma vernd utan sérstakra verndarsvæða sem hér hefur verið ákveðið vandamál, t.d. þau svæði sem við samfylkingarmenn höfum talað um að njóta eigi svokallaðrar biðverndar meðan tekin er ákvörðun um landnýtingu þeirra. Í landsskipulagi er líka hægt að leggja línur um ákveðnar tegundir náttúrusvæða annars vegar og menningarsvæða hins vegar, t.d. landbúnaðarsvæða sem nú eru í mikilli óvissu vegna óskipulegrar frístundabyggðar og skógræktar og annarra tímans tákna.

Forseti. Það vakna ótal spurningar þegar gægst er ofan í þennan texta um frumvarp að skipulagslögum og hina textana tvo sem hér eru til umræðu. En í heild tel ég að þetta frumvarp sé skref fram á við og mér sýnist að megintillögur frumvarpsins, ekki síst um landsskipulagið, falli að stefnu jafnaðarmanna fyrr og síðar í skipulagsmálum. Það skiptir mestu máli að með þessum hætti gæti landnýting orðið pólitískt viðfangsefni sem væri verkefni allra landsmanna. Skipulagsmál gætu orðið röklegri og lýðræðislegri og skipulagið sem slíkt, skipulagsáætlanirnar, gætu orðið þjált verkfæri til að koma fram almannahagsmunum í sátt við okkar fagra Ísland.

[00:21]

**Bryndís Haraldsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langaði að ræða lítillega það sem hv. þm. Mörður Árnason kom inn á varðandi málefnin í Mosfellsbæ sem hafa verið til umræðu. Ég vildi leiðrétta hv. þingmann í því að bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ hafi ekki hvikað frá þeirri ákvörðun sem hefur verið tekin en í dag var ákveðið að draga framkvæmdaleyfi til baka þar sem búið er að kæra framkvæmdina til úrskurðarnefndar byggingarmála.

Mér finnst þetta mál sýna í kjölinn hvað skipulagsmál eru flókin í eðli sínu en bæði Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra eru búin að staðfesta þessa framkvæmd. Mér sýnist að með frumvarpinu sé verið að leitast við einfalda og skýra þessi mál frekar og ég tel það mikilvægt.

[00:22]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Álafossmálið nefndi ég sem dæmi um að lýðræðislegra leikreglna í ákvörðunum um skipulagsmál hefði ekki verið gætt. Ég held að ég geti með reistu höfði staðið við þá ályktun mína. Ég verð hins vegar að fagna því, þó að ég kunni að hafa skriplað á skötunni með nákvæman gang málsins, að meiri hlutinn í Mosfellsbæ hefur séð sitt ráð óvænna og a.m.k. að sinni stöðvað þær framkvæmdir sem stóðu yfir.

Hvort sem þetta frumvarp leysir þann vanda eða ekki tel ég að aukin áhrif almennings og þéttari ferill við skipulagsákvarðanir hljóti að vera öllum til heilla. Það verður að stöðva ofríki og framferði sem jaðrar við valdníðslu af því tagi sem meiri hlutinn í Mosfellsbæ hefur sýnt í þessu sérstaka máli sem kemur auðvitað miklu fleirum við en íbúum Mosfellsbæjar. Álafosskvosin er einn af merkustu blettum hér á höfuðborgarsvæðinu vegna mikilvægis síns fyrir iðnsöguna, fyrir utan hvað þar er indælt að vera þegar fólki er boðið þangað og óvænt að koma inn í þennan litla reit með þessa merkilegu sögu.

[00:24]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Mig langar til að mæla fáein orð um þessi tvö mál. Það er ágætt að þau eru kynnt á þessu þingi. Mér finnst hins vegar mjög ólíklegt að sú nefnd sem í hlut á geti haft skoðun á þeim flóknu málum sem hér eru á ferðinni á þeim stutta tíma sem eftir lifir af þinghaldi þennan veturinn. Ég hef ekki kynnt mér þessi mál með þeim hætti að ég geti fjallað um þau í heildina en mig langar að koma að fáeinum athugasemdum.

Í hinum miklu byggingarframkvæmdum sem standa yfir hér á landi, og sérstaklega á suðvesturhorninu, berast fréttir af því að ekki séu öll hús byggð af bestu gæðum. Tæknimaður, sem lét frá sér heyra fyrr í vetur, hélt því reyndar fram að upp undir 10% af því sem byggt væri væri ónýtt eða stórgallað og að gallar á byggingum á Íslandi hefðu aukist mjög í þeirri hrinu uppbyggingar sem nú er í gangi. Það er býsna vont ef satt er. Þetta frumvarp til laga um mannvirki er mjög mikilvægt, ef vel tekst til, til þess að tryggja eftirlit með byggingarframkvæmdum.

Það er einungis einn þáttur í því að vel sé staðið að byggingarframkvæmdum að hafa góðar reglur. Hitt er ekki síður nauðsynlegt að menn hugi að þekkingu og menntun þeirra aðila sem vinna þessi verkefni. Þar er ég sannfærður um að við höfum ekki staðið okkur sem skyldi á undanförnum árum. Full ástæða er til að nefna það hér þó að ég ætli ekki að fjalla nánar um það.

Mig langar til að beina einu atriði til nefndarmanna í sambandi við þetta mál. Ég tek eftir því við fljótan yfirlestur að verið er að gera mikilvæga breytingu á ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Í 14. gr. frumvarpsins, þar sem talað er um ábyrgð eiganda mannvirkis, segir, með leyfi forseta:

„Eigandi ber ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.“

Síðan segir í umfjöllun um 14. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Í ákvæðinu er að finna þá meginreglu að eigandi mannvirkis beri ábyrgð á hönnun, byggingu og rekstri þess enda er það hann sem á mannvirkið og kostar gerð þess og rekstur.“

Á öðrum stað segir, með leyfi forseta:

„Þar sem eigandinn kann að vera aðili sem ekki kann skil á reglum um byggingarframkvæmdir þá er lögð á hann sú skylda að ráða til sín byggingarstjóra, sem uppfyllir hæfniskröfur og hefur starfsleyfi sem slíkur, og framkvæmir hann innra eftirlit eigandans við byggingarframkvæmdina frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram.“

Á enn öðrum stað í frumvarpinu er rík áhersla lögð á hlutverk byggingarstjórans við byggingarframkvæmdirnar sem eins konar umboðsmanns eiganda sem hefur eftirlit með því að aðrir sem að framkvæmdum koma sinni skyldum sínum.

Enn segir, með leyfi forseta:

„Byggingarfyrirtæki sem byggir í eigin nafni getur því jafnframt verið byggingarstjóri mannvirkisins séu framangreind skilyrði uppfyllt.“ — Þar á undan er því lýst.

Ég held að nefndin þurfi að skoða þetta. Að vissu leyti má líkja þessu við það að í stað þess að skipstjóri beri ábyrgð á siglingu skips geri útgerðarmaðurinn það. Ég er ekki sannfærður um að ábyrgðinni eigi alfarið að breyta með þessum hætti. Fram að þessu hefur ábyrgð á mannvirkjum og gerð þeirra verið á iðnmeisturunum sem bera ábyrgð á viðkomandi byggingum og eru líklega flestir kallaðir byggingarstjórar í dag. Ég tel að ástæða sé til að nefndin fari vandlega yfir það með þeim aðilum sem best þekkja hvort þarna geti verið á ferðinni leið sem geti reynst erfið í framkvæmd.

Menn munu sækja þann eiganda til saka sem átti bygginguna þegar hún var byggð og hann þarf þá að sækja til saka byggingarstjórann ef hann telur að hann hafi með einhverjum hætti ekki gætt þess eftirlits sem hann átti að hafa með höndum. En samt er talað um að ábyrgðin sé eigandans og það er ekki gott að einhver sem ekki hefur þekkingu, menntun eða vit á framkvæmdunum beri ábyrgðina. Það er a.m.k. umhugsunarefni og ég kem því hér með til skila að menn skoði þetta vandlega.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frumvarpið. Ég tel að það þurfi mikillar skoðunar við í nefnd. Þessi mál eru ákaflega flókin og margt þarf að skoða og fræðast af þeim sem best til þekkja til þess að vel verði að því staðið.

Mig langaði að nefna eitt atriði í frumvarpi til skipulagslaga. Ég tek eftir því að þeirri landsskipulagsáætlun sem talað er um er ætlað að vera til tólf ára og hana á að endurskoða á fjögurra ára fresti. Ég vil koma því á framfæri hvað þetta varðar að ég tel að við áætlanir af þessu tagi verði menn að hafa í huga lengri tíma en tólf ár. Ég tel nauðsynlegt að annaðhvort séu sérstök ákvæði um lengra skipulag

eða drög að lengra skipulagi. Helst þyrfti að hafa í huga 30 ára skipulag þar sem menn drægju upp helstu samgöngumannvirki og landnýtingarhugmyndir svo að ekki verði skipulagsslys af þeim ástæðum að menn hafi ekki gert ráð fyrir því að einhverja hraðbraut þyrfti hér eða þar eða jarðgöng í gegnum einhvern fjallgarðinn. Dæmin sanna að við þurfum að horfa til langs tíma. Þegar verið er að tala um landsskipulag finnst mér ástæða til þess að hafa þetta í huga.

Umræður um landsskipulag eru ákaflega hollar fyrir hv. alþingismenn. Þær munu örugglega draga fram það sem þeir hafa forsómað í gegnum tíðina og það er að taka á málefnum sveitarfélaga og skipulagi hvað það varðar. Við sitjum uppi með örsmá sveitarfélög og alls konar skipulagsslys sem hafa orðið vegna þess að verið er að skipuleggja lítil sveitarfélög hvert ofan í öðru eða sveitarfélög á litlum landsvæðum sem eru hvert ofan í öðru. Það þyrfti að vera hægt að leysa úr slíkum málum í landsskipulagi. Ég held reyndar að það sé betra að stemma á að ósi og sjá til þess að sveitarfélög séu a.m.k. í samræmi við viðkomandi landsvæði og séu þá miðuð við það að landslagsheildir séu undir einu sveitarfélagi. Þannig hefði verið hægt að koma í veg fyrir ýmis skipulagsslys sem hafa orðið og má koma í veg fyrir þau sem annars kunna að verða í framtíðinni.

Ég fagna því að komið er fram frumvarp af þessu tagi því að það mun örugglega kalla á slíka umræðu, en vil koma þessum skilaboðum til nefndarinnar sem fæst við þessi mál. Nefndin mun kannski ekki koma mjög mikið að þessum málum á því þingi sem nú stendur en væntanlega verða ýmsir sem setjast yfir þetta. Það er mjög þarft að gefa þeim málum báðum sem hér eru til umræðu góðan tíma til meðferðar í nefndinni. Þó svo að ýmislegt þurfi að fá betri framgang og það helst sem fyrst eru ekki tök á því að gera þessum málefnum góð skil. Þó að undirbúningur hafi verið góður eiga þeir sem bera ábyrgð á því að frumvarpið verði að lögum að vera vissir um að þeir hafi a.m.k. gert skyldu sína í því að kynna sér það sem lagt er til. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri.

[00:36]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er svo sem ekki með hýrri há að maður komi í ræðustól klukkan að verða eitt að nóttu til að ræða tvö jafnyfirgripsmikil og mikilvæg mál og hér eru til umfjöllunar. Ég vil undirstrika að mér þykir enginn sómi að því fyrir Alþingi Íslendinga að bera það á borð fyrir okkur og þjóðina að gera þetta með þessum hætti sem hér er verið að gera, því þessara frumvarpa hefur verið beðið nokkuð lengi. Eins og kemur fram í greinargerð með þessum málum var skipuð nefnd árið 2002 sem fékk það verkefni að ráðast í heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og síðan hefur vinna þeirra nefndar staðið sleitulaust yfir við að koma þessum málum í þann búning sem við fáum að líta þau hér og nú.

Mér finnst líka nokkurt umhugsunarefni, hæstv. forseti, að hæstv. umhverfisráðherra skuli leggja til að málin fari í nefnd eingöngu til að nefndin geti sent þau út til umsagnar núna þegar fjórir eða fimm þingfundardagar eru eftir fram að þinglokum, þegar til þess er litið að málin hafa verið opin á heimasíðu umhverfisráðuneytisins til umsagnar fyrir áhugasama aðila, ég veit ekki nákvæmlega í hversu langan tíma en í máli hæstv. umhverfisráðherra kom fram að 160 aðilum var gefinn kostur á beinlínis að gefa umsögn um málin og 70 aðilar sendu inn umsagnir. Því skil ég ekki alveg tilganginn í að koma þessum málum hingað fyrir Alþingi og ræða þau hérna um miðja nótt til þess eins að þau verði send út til umsagnar til að öllum líkindum sömu aðila og eru nú þegar búnir að gefa umsagnir um málið. Ég spyr því, hæstv. forseti: Hvers lags hringavitleysa er þetta eiginlega? Mér þykir það mjög undarleg ráðstöfun og undarlegt ráðslag og Alþingi ekki til sóma. Ég veit ekki hvort hæstv. forseti ætlast til þess að hér séu fluttar vitrænar ræður eða að hér sé yfir höfuð efnt til almennra umræðna um málin, en það veit auðvitað hver sem lítur yfir þessi frumvörp að hér er fullt tilefni til að stunda langa umræðu og ég er sannfærð um að fjöldi þingmanna vill taka þátt í þeirri umræðu, kannski ekki klukkan að verða eitt um nótt, en efnislega er fullt tilefni til að flokkarnir taki pólitíska afstöðu til þessara mála og fái að skiptast á skoðunum við 1. umr. en mér líst þannig á að það sé ekki heimilað.

Skipulagsmál, virðulegi forseti, eru eitt af stærstu átakamálum samtímans. Nægir að nefna ágreiningsmál sem risið hafa upp í kringum nýleg skipulagsmál. Við skulum nefna virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Við getum nefnt Heiðmörkina og deilur milli Reykjavíkurborgar og Kópavogs. Við getum nefnt nýfallinn úrskurð hæstv. umhverfisráðherra um veg í gegnum Gufudalssveit á Barðaströnd, þar sem fórna á náttúrulegum birkiskógi undir vegarstæði, að öllum líkindum af hagkvæmnisástæðum, mál sem menn deila um enda gengur þar hæstv. umhverfisráðherra gegn niðurstöðu Skipulagsstofnunar sem hefur það lögbundna hlutverk að veita umsagnir, úrskurði og álit í skipulagsmálum og trúlega er hæstv. umhverfisráðherra ekki búin að bíta úr nálinni með það mál. Við getum líka nefnt mál sem hv. þm. Mörður Árnason nefndi áðan, Álafosskvosina og deilur sem hafa staðið um það svæði undanfarið. Til að öllu sé til haga haldið í þeim efnum, vegna þess að hér urðu orðaskipti milli tveggja þingmanna áðan um Álafosskvosina og skipulagið þar og hv. þm. Mörður Árnason orðaði það svo að nú hefði meiri hlutinn í Mosfellsbæ látið af ofríki sínu og valdníðslu í því máli og undirstrikaði hvaða flokkar það væru sem færu með meirihlutavald í Mosfellsbæ, þá langar mig til að árétta það hér til að málið sé ekki skilið eftir þannig eins og hv. þm. Mörður Árnason virðist ætla að gera, að fulltrúar allra flokka í Mosfellsbæ hafa komið að því máli á einhverjum stigum og allir hafa þeir samþykkt þá framkvæmd sem hafin var í Álafosskvosinni. Með því að ég skuli segja þetta er ég einungis að undirstrika það að þar með eru taldir fulltrúar Samfylkingarinnar. Með þessu er ég ekki að segja að ég sé sátt við framkvæmdina eða hugmyndina um tengibraut í gegnum Álafosskvos og inn í Helgafellshverfi. Þvert á móti. Ég hef alla tíð haft efasemdir um þá framkvæmd og lít þess vegna sömu augum á málið og hv. þm. Mörður Árnason sem fagnaði þeirri niðurstöðu sem nú liggur fyrir og ég vona sannarlega að það verði endanleg niðurstaða í málinu.

Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt varðandi landsskipulagsáætlun. Hún er óneitanlega eitt það merkasta

sem þetta frumvarp hefur að geyma, þ.e. ákvæði um samræmda skipulagsáætlun til 12 ára sem Alþingi verður gert að samþykkja í formi þingsályktunartillögu að tillögu umhverfisráðherra. Landsskipulagsáætlunin er að mínu viti tæki sem kemur til með að gefa okkur möguleika á að taka vitrænar ákvarðanir í auknum mæli um skipulagsmál og fara með þau mál inn í hið heildstæða ferli sem við Vinstri græn höfum ævinlega kallað eftir í skipulagsmálum. Nú hafa verið nefndar við umræðuna umræður eða þau frumvörp sem fóru í gegnum þingið á árunum 1998–1999. Annars vegar var þar um að ræða mál sem fjallaði um skipulag miðhálendisins og hins vegar um þjóðlendurnar. Ég held að full ástæða væri til að rifja upp við umræðuna það sem þá fór fram í þingsölum. Þá voru afar mikilvægar ákvarðanir teknar varðandi skipulagsmál, sérstaklega skipulagsmál í óbyggðum Íslands, öræfunum, hálendinu og átökin voru talsverð og sjónarmiðin misjöfn. Ég er ekki alveg viss um að jafnaðarmenn, skiljist og lesist alþýðuflokksmenn, eigi allan heiðurinn af því sem þá fór í gegn eða endanlega varð niðurstaðan. Mér er ekki örgrannt um að ákveðnir fyrirrennarar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í stjórnmálum, sem þá sátu á Alþingi, hafi átt þar drjúgan hlut að máli svo ekki sé meira sagt.

Um þetta mætti vissulega hafa langt mál, skipulag miðhálendisins og það hvernig til hefur tekist með samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins hingað til og sömuleiðis um þjóðlendurnar. Þjóðlendulögin komu auðvitað þar inn í því að þessi tvö mál héldust í hendur í gegnum þingið og voru nánast sitt hvor hliðin á sama teningnum. En ég ætla ekki að fara nánar út í það tímans vegna af því að ég geri mér grein fyrir að hér sé fólk orðið fremur framlágt og bíði eftir atkvæðagreiðslum sem mér skilst að séu í uppsiglingu.

Markmiðssetning frumvarps til skipulagslaga er að mörgu leyti mjög góð og vel orðuð. Liggja talsverðar pælingar að baki og yfirlega þeirra sem hér hafa um vélað. Í fyrsta lagi er markmiðið að þróun byggðar og landnotkun á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi. Og sömuleiðis að stuðla eigi að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Ég fagna því að sjálfbær þróun skuli rata inn í markmiðssetningu frumvarpsins en vil um leið minna á að þá er orðið afar mikilvægt að koma hér í gegn frumvarpi til laga um meginreglur umhverfisréttar þar sem reglan um sjálfbæra þróun er skilgreind og síðan þegar búið væri að lögfesta meginreglur umhverfisréttar í almennri löggjöf, eins og þeirri sem hæstv. umhverfisráðherra talaði fyrir fyrir um tveimur vikum, þurfum við auðvitað að ganga lengra og tryggja það að sjálfbær þróun verði útfærð í annarri lagasetningu, í öðrum lögum sem tryggi endanlega sess hennar í löggjöf á Íslandi. Er það ekki seinna vænna því að eins og við vitum er hugmyndin um sjálfbæra þróun og reglan um sjálfbæra þróun hluti af Ríó-yfirlýsingunni sem samþykkt var á vettvangi Sameinuðu þjóðanna árið 1992. Það er því sannarlega orðið tímabært að tryggja það að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar nái fram að ganga og skilningur laganna verði sæmræmdur og staðfestur en á það hefur verið bent, m.a. af Ríkisendurskoðun, að þar skorti töluvert upp á.

Varðandi d-liðinn í markmiðssetningu laganna langar mig til að gera athugasemd. D-liðurinn er svohljóðandi eins og segir í frumvarpinu, með leyfi forseta:

„d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana.“

Mig langar til að spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort hún líti svo á að með þessum d-lið í frumvarpinu sé verið að lögfesta þriðju stoð Árósasamningsins, og af því að ég hélt að það yrði lengri umræða um málið sem við ræddum hér á undan, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, 639. mál, að hæstv. umhverfisráðherra svaraði mér þeirri spurningu, þ.e. hvort hér sé að hennar mati verið að lögleiða stoð Árósasamningsins um samráð og aðkomu almennings að ákvarðanatöku og hvort það sé skilningur hæstv. ráðherra að með 639. máli sé verið að lögfesta þá stoð Árósasamningsins sem lýtur að réttlátri málsmeðferð. Ég tel afar mikilvægt að þau svör liggi fyrir í kvöld og áður en þessi mál fara til nefndar og hvaða skilning hæstv. ráðherra leggur í þetta tvennt. Er hæstv. ráðherra að hennar mati að lögleiða eða leggja til að lögfestar verði þessar tvær stoðir Árósasamningsins sem við eigum eftir að lögfesta?

Síðan er lokatöluliðurinn í markmiðssetningu laganna, með leyfi forseta:

„e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.“

Ég ætla að taka undir það sem hefur verið sagt áður um mannvirkjamálin og það hversu pottur virðist brotinn í þeim efnum og hversu mörg dæmi hafa komið upp á síðkastið í gegnum fjölmiðla til okkar um að ekki hafi verið nægilega vandað til bygginga og að ekki sé vanþörf á að taka þar fastar á málum. Að þeim töluðum orðum fagna ég megintilgangi frumvarpsins um mannvirki af því að ég sé ekki betur en að taka eigi mjög hraustlega á málum og lýsi því yfir að ekki virðist vera vanþörf á. Þó langar mig til að gera eina athugasemd við frumvarp til laga um mannvirki. Hún lýtur að rafmagnseftirliti í byggingum. En í greinargerð frumvarpsins kemur fram að á starfstíma nefndarinnar hafi þau sjónarmið komið fram að ástæða væri til að ný byggingarlög fjölluðu um öll mál er vörðuðu öryggi bygginga og endurskoðunarnefndin hafi kynnt sérstaklega fyrir umhverfisráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu þau áform að leggja til að rafmagnsöryggismál í byggingum ættu að falla undir þessi lög, undir lögin um byggingarmál, en þau hafa hingað til verið vistuð í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og þau falla undir starfsemi Neytendastofu sem áður var Löggildingarstofa. Nú veit ég að hv. þingmenn muna eftir átökunum um Löggildingarstofu þegar Rafmagnseftirlit ríkisins var lagt niður og Löggildingarstofa tók við af rafmagnseftirlitinu og því var mótmælt af félögum mínum. Ég man eftir að Ögmundur Jónasson skrifaði fjölda greina um þær einkavæðingarhugmyndir sem þar náðu fram að ganga þegar Löggildingarstofa var sett á laggirnar. Ég man ekki betur en skýrslur hafi leitt það í ljós að ýmsu væri ábótavant varðandi störf Löggildingarstofu. Ég

teldi fulla ástæðu til að hér væri farið betur ofan í saumana á málunum og ég mundi óska eftir því að fram kæmu upplýsingar um hver staðan er núna varðandi þetta, hvort einhver bót hafi orðið í þeim efnum á rafmagnseftirlitsmálunum eða hvort enn sé ástæða til að taka betur á og hvort það sé kannski ástæðan fyrir þeim breytingum sem hér eru lagðar til, að þau málefni fari beinlínis undir umhverfisráðuneytið. Mér finnst það skynsamlegt og ég er algerlega sannfærð um það að það kemur til með að verða farsælla fyrir málaflokkinn að setja rafmagnseftirlitið undir umhverfisráðuneytið og undir þær heildarreglur sem fólgnar eru í frumvarpi til laga um mannvirki.

Varðandi síðan bolmagn sveitarfélaga eða hvað eigum við að segja, möguleika sveitarfélaga á að fara eftir svona flóknum lögum hvort heldur er byggingarlögin eða skipulagslögin, þá er það athyglisvert sem við höfum fengið að heyra í fréttum upp á síðkastið að sveitarfélögin sem hafa gríðarlega mikið vald í skipulagsmálum hafa í þessum stærri ákvörðunum sem þau standa frammi fyrir núna kveinkað sér undan því að þau skorti fjármuni, fagþekkingu og bolmagn til að fylgja eftir skipulagsákvörðununum, sérstaklega þegar farið er út í kæruferli, þegar um er að ræða umdeildar ákvarðanir þar sem þarf að setja hluti í fræðilegt og faglegt ferli. Ég hefði því haldið að það væri einn af þeim þáttum sem við þyrftum að skoða enn betur, þ.e. möguleika sveitarfélaganna til að fylgja eftir svona flókinni lagasetningu og umfangsmikilli eins og hér er og þá sérstaklega þegar við erum að reyna að horfa svona heildstætt á málin og áttum okkur auðvitað á því að ákvörðun sem tekin er um skipulag í einu sveitarfélagi getur haft veruleg áhrif á skipulag í öðru sveitarfélagi. Skýrasta dæmið um það núna eru deilurnar um annars vegar álversstækkun í Straumsvík, sem á að fara að greiða atkvæði um hjá Hafnfirðingum 31. mars, þ.e. um deiliskipulagstillögu, en á sama tíma standa sams konar deilur hjá sveitarfélögunum í kringum neðri hluta Þjórsár varðandi virkjunarframkvæmdirnar þar. Og nú sjá menn algerlega í hendi sér að ekki er ætlast til þess að sveitarfélögin í kringum neðri hluta Þjórsár taki ákvörðun um stækkun álversins og ekki heldur er ætlast til þess að Hafnfirðingar taki ákvörðun um virkjanirnar, en þá spyr maður: Er þetta ekki dæmi um áætlun sem væri heildstæð skipulagsáætlun sem þyrfti að skoðast í samhengi og þyrfti að taka ákvörðun um á vettvangi sem væri víðari en þessi tvö sveitarfélög? Hérna finnst mér vera ýmis álitamál sem við höfum dæmi um í okkar nánasta umhverfi í þessum töluðu orðum.

Ég tel mikilvægt að fram komi hjá hæstv. umhverfisráðherra einhver sjónarmið í þessum efnum og hefði auðvitað eins og ég hóf mál mitt á að segja viljað sjá miklu yfirgripsmeiri og lengri umræðu um þessi mál til að við gætum látið þau sjónarmið sem hér kæmu upp í máli alþingismanna fylgja málinu til nefndarinnar. En komið er samkomulag um að málin fái að fara til nefndarinnar og þá auðvitað gera þau það. Svo fær framtíðin að leiða það í ljós hvort þau líta dagsins ljós á næsta þingi í sama búningi og þau eru í núna eða hvort einhverjar breytingar verði þar á. Svörin við þeim spurningum ber framtíðin í skauti sér.

[00:55]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leitast við að vera óskaplega stuttorð í ljósi þess hvað klukkan er og taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og árétta að það var ekki ósk mín að við værum að ræða þessi mál á þessum tíma sólarhringsins, heldur átti ég von á að mæla fyrir þessum málum í upphafi þingfundar dag. Það hefur eitthvað breyst í því.

Í fyrsta lagi ætla ég að taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og sýn hennar á þessa heildstæðu áætlun um landnotkun því að þeirri áætlun er ætlað að taka yfir m.a. nýtingaráætlun, verndaráætlun, samgönguáætlun og annað, þannig að við skoðum þetta allt í einu samhengi. Þessa áætlun á Skipulagsstofnun að vinna undir forræði umhverfisráðherra og leggja fyrir Alþingi. Með því náum við utan um þetta allt og sköpum sátt um það en skiljum ekki einstök sveitarfélög eftir. Þessari áætlun er ætlað að vera bindandi fyrir sveitarfélögin þótt þau haldi forræði sínu á skipulagsvaldinu að öðru leyti eins og verið hefur.

Síðan vildi ég nefna, vegna þess að hv. þingmaður nefndi Árósasamninginn, að hvað varðar skipulags- og byggingarlögin eru þessi ákvæði og önnur, sem hv. þingmaður nefndi ekki, mjög í anda Árósasamningsins og ef það hengi einungis á þessari löggjöf gætum við fullgilt hann í ljósi þessa en það eru önnur lög á forræði annarra ráðuneyta sem jafnframt þarf að horfa til svo hægt sé að fullgilda samninginn en ákvæðin eru öll í þeim anda í þessu frumvarpi.

Herra forseti. Að lokum þakka ég mjög góða umræðu, þó að hún hafi verið stutt og knöpp um þessi tvö mál sem ég hef mælt fyrir, og mjög gagnlegar ábendingar. Loks árétta ég það að ég lagði ekki til að hv. umhverfisnefnd vísaði málunum eingöngu til umsagnar og aðhefðist ekkert meira, heldur benti ég á að vegna starfsáætlunar þingsins og hve stutt er eftir að þingtímanum, ef áætlunin gengur eftir, þá vinnst trúlega ekki tími hjá umhverfisnefnd að ljúka þessum málum (Forseti hringir.) sem ég vildi þó að hægt væri.

[00:58]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. umhverfisráðherra sé raunsæ þegar hún segir að tímans vegna náist sennilega ekki að vinna þessi mál í nefndinni. Ég sé ekki að nein von sé til þess í sjálfu sér, við höfum ekki einu sinni formann umhverfisnefndar hér til að fylgjast með þessum umræðum eða taka þátt í þeim. Ég sé ekki vilja til þess hjá samstarfsflokki Framsóknarflokksins að fara að vinna þessi mál af alvöru á þeim nefndadögum sem við eigum fram undan, enda erum við með fullar hendur af málum, t.d. Vatnajökulsþjóðgarð sem tekur talsverðan tíma í vinnu nefndarinnar. Ég held því að hæstv. umhverfisráðherra sé raunsæ hvað þetta varðar.

Varðandi ákvæðin um Árósasamninginn, þ.e. ákvæðin sem hæstv. umhverfisráðherra segir að séu í anda Árósasamningsins, þá vil ég leyfa mér að skilja orð hennar á þann veg að hún líti ekki svo á að hér sé verið að innleiða Árósasamninginn eða lögfesta þær tvær stoðir Árósasamningsins sem við eigum eftir að lögfesta, hvorki það sem hér er orðið

í skipulagslögunum, þ.e. það sem varðar aðgang einstaklinga að ákvarðanatöku í skipulagsmálum eða umhverfismálum, né heldur það sem við töluðum um í fyrra málinu sem varðaði réttláta málsmeðferð.

Síðan vildi ég bara segja varðandi landsskipulagsáætlunina að það skiptir auðvitað verulegu máli að við séum að ná þessu svona heildstætt. Ég hefði talið fulla ástæðu til að geta rætt hér við hæstv. ráðherra og fleiri áhugasama þingmenn um verndar- og nýtingaráætlun, því að réttilega kemur sú áætlun, sem við höfum í raun og veru talað fyrir í öðrum tveimur frumvörpum fyrir skemmstu, inn á nákvæmlega þessi mál. Það skiptir verulegu máli að geta náð utan um þetta heildstætt til að sjá heildarmyndina og hvernig þetta allt saman tengist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Brunavarnir, 1. umr.*

Stjfrv., 663. mál (flutningur verkefna Brunamálastofnunar o.fl.). — Þskj. 1005.

[01:00]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir 663. máli á þskj. 1005. Það tengist seinustu tveimur málum varðandi mannvirkin og skipulagið. Í frumvarpinu, sem er frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar sem nauðsynlegt er að gera á lögum um brunavarnir vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til á löggjöf um byggingarmálefni í frumvarpi til laga um mannvirki. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem komnar eru til vegna eldsvoða á athafnasvæði Hringrásar í Reykjavík í nóvember 2004 og úttektar Brunamálastofnunar í kjölfarið á ástæðum eldsvoðans. Í þriðja lagi eru lagðar til nokkrar breytingar til viðbótar sem æskilegt er talið að gerðar verði á lögum um brunavarnir í ljósi reynslu þeirra sex ára sem lögin hafa verið í gildi.

Í frumvarpi til laga um mannvirki eru, eins og ég hef þegar lýst í þeirri framsögu, lagðar til marghátt aðar breytingar á stjórnsýslu byggingarmála. Er lagt til að hin nýja stofnun, Byggingarstofnun, taki við því hlutverki sem Brunamálastofnun hefur sinnt á grundvelli laga um brunavarnir. Í því frumvarpi sem ég mæli hér fyrir er gert ráð fyrir að öll ákvæði sem verið hafa í lögum um brunavarnir, um hlutverk Brunamálastofnunar, færist undir lög um mannvirki og undir Byggingarstofnun. Enn fremur er lagt til að brunamálaráð verði lagt niður en í frumvarpi til laga um mannvirki er lagt til að Byggingarstofnun leiti í störfum sínum samráðs við hina ýmsu hagsmunaaðila, þar með talið Samband íslenskra sveitarfélaga. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að sérstakt fagráð starfi að baki stofnuninni heldur leiti stofnunin þeirrar ráðgjafar sem hún þarfnast hverju sinni eftir aðstæðum. Útvíkkun á hlutverki stofnunarinnar kallar á samráð við mun fleiri aðila en þá sem setið hafa í brunamálaráði. Eðlilegt er að stofnunin skipuleggi sjálf einhvers konar samráðsvettvang, mismunandi eftir málefnum og málaflokkum sem undir stofnunina heyra, en ekki er talin þörf á að binda slíkt samráð eða fyrirkomulag í lög umfram það sem gert er í frumvarpi til laga um mannvirki.

Auk þess er lagt til að skólaráð Brunamálaskólans verði lagt niður í núverandi mynd en í stað þess verði skipað sérstakt fagráð sem hafi það hlutverk að vera Byggingarstofnun til ráðgjafar um fagleg málefni Brunamálaskólans. Gert er ráð fyrir að sömu aðilar tilnefni í fagráð Brunamálaskólans og skólaráð, þ.e. Samband íslenskra sveitarfélaga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna auk þess sem formaður er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Þá er gert ráð fyrir að lög um brunavarnir haldi gildi sínu sem sjálfstæð lög að mestu óbreytt fyrir utan þær breytingar á yfirstjórn málaflokksins sem hér eru raktar enda hafa þau í aðalatriðum reynst vel frá því að þau voru sett árið 2000.

Í nóvember 2004 varð stórbruni á athafnasvæði fyrirtækisins Hringrásar í Reykjavík þegar eldur kom upp í miklu magni af hjólbörðum sem geymdir voru á lóð fyrirtækisins. Í kjölfar brunans óskaði þáverandi ráðherra eftir úttekt Brunamálastofnunar á atburðinum og skilaði stofnunin skýrslu til ráðherra í janúar 2005. Gerði Brunamálastofnun ýmsar tillögur til úrbóta, m.a. á lögum um brunavarnir, í því skyni að draga úr líkum á því að slík atvik endurtækju sig. Taldi stofnunin að skýra þyrfti heimildir eldvarnaeftirlits til að hafa eftirlit með og afskipti af brunavörnum á lóð og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta gæti skapast. Enn fremur taldi stofnunin að auka þyrfti upplýsingaflæði milli heilbrigðiseftirlits annars vegar og eldvarnaeftirlits hins vegar og er lögð til lítils háttar breyting á lögunum til að undirstrika það.

Aðrar breytingar sem eru lagðar til eru m.a. þær að ákvæðum um slysatryggingu slökkviliðsmanna verði breytt og kveðið á um að þeir skuli njóta sambærilegs réttar til bóta og aðrar starfsstéttir sem sinna hættulegum störfum, svo sem lögreglumenn og sjómenn. Enn fremur er lagt til að slökkviliðsstjóri taki ákvörðun um álagningu dagsekta til að knýja á um úrbætur í brunavörnum í stað sveitarstjórna áður.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið meginefni frumvarpsins og legg til, eins og með hin frumvörpin tvö, að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 01:04]

### *Lögmenn, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 653. mál (EES-reglur). — Þskj. 972.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:23]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., frh. 1. umr.***

Stjfrv., 654. mál (leyfisveitingar sýslumanna). — Þskj. 980.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Varnir gegn landbroti, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 637. mál (valdmörk milli ráðherra). — Þskj. 945.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

***Samningur um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 640. mál. — Þskj. 951.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:24]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 648. mál (raforkuviðskipti). — Þskj. 967.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:24]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 649. mál (fjármálaþjónusta og neytendavernd). — Þskj. 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:25]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 650. mál (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum). — Þskj. 969.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:25]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Samningar um gagnkvæma réttaraðstoð, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 652. mál (EES-reglur). — Þskj. 971.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:26]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., frh. 1. umr.***

Stjfrv., 655. mál. — Þskj. 981.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Útflutningsaðstoð, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 656. mál (fjármögnun Útflutningsráðs). — Þskj. 982.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Skattlagning kaupskipaútgerðar, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 660. mál (tonnaskattur og ríkisaðstoð). — Þskj. 1002.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Yfirlýsing gegn stuðningi við innrásina í Írak, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÖS o.fl., 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:27]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Losun gróðurhúsalofttegunda, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 641. mál (heildarlög). — Þskj. 957.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Náttúruvernd, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 639. mál (rýmkun kæruréttar og aukin vernd bergtegunda). — Þskj. 947.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Mannvirki, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 662. mál (heildarlög). — Þskj. 1004.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Skipulagslög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 661. mál (heildarlög). — Þskj. 1003.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Brunavarnir, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 663. mál (flutningur verkefna Brunamálastofnunar o.fl.). — Þskj. 1005.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

[01:30]

**Útbýting:**
Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 430. mál, nál. utanrmn., þskj. 1028.
Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 573. mál, nál. utanrmn., þskj. 1029.
Fíkniefnahundar, 580. mál, svar dómsmrh., þskj. 1024.

Fundi slitið kl. 01:31.

# 84. FUNDUR

fimmtudaginn 8. mars,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, stjtill., 670. mál, þskj. 1021. — Fyrri umr.
2. Staða og þróun jafnréttismála frá 2004, skýrsla, 671. mál, þskj. 1022. — Ein umr.
3. Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, stjfrv., 668. mál, þskj. 1019. — 1. umr.
4. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 669. mál, þskj. 1020. — 1. umr.
5. Íslensk alþjóðleg skipaskrá, stjfrv., 667. mál, þskj. 1013. — 1. umr.
6. Hafnalög, stjfrv., 366. mál, þskj. 398, nál. 997, brtt. 998. — 2. umr.
7. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 385. mál, þskj. 427, nál. 906, brtt. 907. — 2. umr.
8. Sameignarfélög, stjfrv., 79. mál, þskj. 79, nál. 949, brtt. 950. — 2. umr.
9. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 591, nál. 993, brtt. 994. — 2. umr.
10. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 358. mál, þskj. 952. — 3. umr.

**Aðalmenn taka sæti á ný:**

Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir utanrrh., 1. þm. Norðaust.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.

[10:35]

**Útbýting:**

Fjarskipti, 436. mál, nál. samgn., þskj. 1039; brtt. samgn., þskj. 1040.

Sala Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg, 454. mál, svar heilbrrh., þskj. 1033.

Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1030; nál. minni hluta menntmn., þskj. 1041.

Sálfræðingar, 675. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1031.

Störf á landsbyggðinni, 596. mál, svar dómsmrh., þskj. 1032.

Störf rannsóknarnefndar flugslysa árið 2006, 676. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1042.

Störf rannsóknarnefndar sjóslysa árið 2006, 677. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1043.

## *Tilhögun þingfundar.*

[10:36]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Samkomulag er milli þingflokka um að ræða 1. og 2. dagskrármálin saman og að ræðutími í umræðunni verði 20 mínútur á þingflokk. Umferðir verða tvær. Þar með verða ekki andsvör.

## *Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, fyrri umr.*

Stjtill., 670. mál. — Þskj. 1021.

*og*

## *Staða og þróun jafnréttismála frá 2004, ein umr.*

Skýrsla félmrh., 671. mál. — Þskj. 1022.

[10:37]

**Félagsmálaráðherra (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára á þskj. 1021, 670. mál.

Í dag, 8. mars, er alþjóðlegur baráttudagur kvenna og það er afar vel við hæfi að hv. alþingismenn ræði jafnréttismálin á þeim merka degi. Ég leyfi mér hér með að leggja til að dagarnir 8. mars og 24. október, sem hefur markað sérstöðu hér á landi sem kvennafrídagur og vakið athygli um heim allan, verði á hverju ári helgaðir umræðu um jafnréttismál á Alþingi, annar hvor dagurinn eða báðir. Það gefur þingheimi og stjórnvöldum tækifæri til að taka stöðuna reglulega. Mér sýnist ekki veita af ef við ætlum að ná markmiðum okkar. En ég vík nú að því máli sem hér er til umræðu í dag.

Í 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er kveðið á um að félagsmálaráðherra leggi fram, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Sú áætlun var lögð fram árið 2004 og gildir til maíloka árið 2008. Hér er lögð fram endurskoðun á þeirri áætlun. Áætlunin er byggð á gildandi áætlun og eru áherslur endurskoðunarinnar þær sömu og í fyrri áætlun. Felst hún að mestu leyti í að fylgja eftir og meta stöðu verkefna sem þegar hafa verið unnin. Verkefni sem er lokið hafa verið tekin út og nýjum verkefnum bætt inn þar sem við á. Einnig hefur tímaáætlunum einstakra verkefna verið breytt. Ítarlegar upplýsingar um einstök verkefni og stöðu þeirra koma fram í skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð er fram samhliða þingsályktunartillögunni á þskj. 1022.

Hæstv. forseti. Áður en ég fjalla um einstök atriði í þingsályktunartillögunni mun ég fjalla almennt um stöðu jafnréttismála hér á landi. Jafnrétti kynjanna hefur verið í stöðugri þróun frá upphafi 20. aldar og þar unnu hetjur eins og Bríet Bjarnhéðinsdóttir gríðarlegt frumkvöðlastarf. Enda þótt ekki sé unnt að fullyrða að jafnrétti kvenna og karla hafi náðst á Íslandi getum við verið stolt af mörgum skref-

um sem við höfum stigið í jafnréttisátt. Ég er nýkominn af fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York en Ísland skipar nú í fyrsta sinn sæti Norðurlandanna í nefndinni og ég var þar m.a. í góðum félagsskap nokkurra alþingiskvenna. Íslendingar hafa aldrei verið jafnáberandi á fundum (Gripið fram í.) kvennanefndarinnar og við efndum í fyrsta sinn til sérstakrar íslenskrar málstofu um jafnréttismál með þátttöku frjálsra félagasamtaka og sérfræðinga.

Þá vorum við jafnframt í forgrunni í sameiginlegri málstofu með Norðmönnum og Dönum þar sem fjallað var um fæðingarorlof feðra. Sérstaka athygli vakti yfir 90% þátttaka íslenskra feðra í fæðingarorlofi en frændþjóðir okkar á Norðurlöndum búa enn við mun minni þátttöku en við hér á landi.

Virðulegur forseti. Ég óska eftir að gera örstutt hlé á ræðu minni.

(**Forseti** (SP)**:** Þingfundi er frestað í 10 mínútur.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 10:42]

## *Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, 1. umr.*

Stjfrv., 668. mál. — Þskj. 1019.

[10:56]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Aðdragandi þessa máls er þingmönnum væntanlega vel kunnur. Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu undanfarnar vikur um aðbúnað barna á árum áður á vist- og meðferðarheimilum á vegum ríkisins.

Fram hafa komið ákveðnar vísbendingar um að ríkisvaldið kunni að hafa brugðist þeirri frumskyldu sinni að standa vörð um velferð barna og ungmenna. Telur ríkisstjórnin því að henni sé skylt að hlutast til um ítarlega rannsókn á því sem átti sér stað á tilteknum vistheimilum á árum áður með það fyrir augum fyrst og fremst að leiða hið sanna í ljós. Ríkisstjórnin ákvað því á fundi sínum 13. febrúar sl. að láta fara fram rannsókn á því hvernig rekstri vistheimilisins Breiðavíkur var háttað á árabilinu 1950–1980, og eftir atvikum hliðstæðra stofnana og sérskóla þar sem börn dvöldu. Jafnframt var ákveðið að veita þeim sem þess óska sérfræðilega aðstoð við að takast á við minningar um þungbæra reynslu af dvöl á slíkum heimilum.

Frumvarp þetta er lagt fram til að skapa nauðsynlega lagalega umgjörð um rannsókn þá sem ákveðið hefur verið að fari fram. Er það nauðsynlegt til að tryggja þeirri nefnd sem ætlunin er að setja á fót aðgang að upplýsingum og varðveita nauðsynlegan trúnað um störf hennar.

Samkvæmt frumvarpinu eru markmið rannsóknarinnar að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, leitast við að staðreyna hvort börn sem þar voru vistuð hafi sætt illri meðferð eða jafnvel ofbeldi, lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað og leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Verði frumvarpið að lögum mun forsætisráðherra skipa nefndina og setja henni erindisbréf þar sem afmarkað verður nánar til hvaða stofnana rannsókn mun taka og það tímabil sem til skoðunar er. Áformað er að fyrst um sinn verði nefndinni eingöngu falið að kanna starfsemi vistheimilisins Breiðavíkur. Gert er ráð fyrir að þeirri könnun ljúki fyrir næstu áramót. Lagaramminn sem lagður er til er þó það almennur að ef ástæða þykir til verður hægt að fela nefnd sem skipuð er á grundvelli laganna rannsókn á öðrum vist- og meðferðarheimilum sem störfuðu á árum áður. Sérstaklega er tekið fram að heimild til að skipa slíka nefnd taki ekki til stofnana sem starfandi eru við gildistöku laganna.

Frú forseti. Þetta mál er flutt að gefnu dapurlegu tilefni eins og við þekkjum öll. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frumvarpið að sinni en ég hygg að það njóti velvildar í öllum þingflokkum. Ég legg til að svo mæltu, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar að lokinni umræðunni.

[10:59]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir þessa kynningu á málinu og málið sjálft, en vegna umfjöllunar síðustu daga vil ég spyrja hann um þá þjónustu sem fórnarlömbum Byrgisins og Breiðavíkur átti að standa til boða. Hæstv. forsætisráðherra gaf nokkuð eindregnar yfirlýsingar um þann stuðning sem í boði yrði fyrir þá sem þurftu að líða fyrir dvöl í Breiðavík og í Byrginu en síðustu daga hefur komið fram hjá Geðhjálp, m.a. framkvæmdastjóra þeirra samtaka, Sveini Magnússyni, að talsverður hópur þessara fyrrverandi skjólstæðinga í Breiðavík og Byrginu fái ekki aðstoð eða þjónustu. Það er full ástæða til að hlusta eftir því. Við vitum það sem hér erum að þeir sem fengu inni í Byrginu voru þeir sem var vísað út úr öllum öðrum stofnunum og fengu hvergi neina þjónustu þannig að það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því að það geti endurtekið sig.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hann hafi gengið eftir því að fyrirheit hans um stuðning við það fólk sem um sárt á að binda eftir Breiðavík og Byrgið sé í raun og veru til fyrir þetta fólk og það fái stuðning og aðstoð.

[11:01]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Frumvarpið sem ég hef nú lagt fram vísar til rannsóknar á liðnum tíma. Hv. þingmaður spyr um ástandið eins og það snýr við fyrrverandi skjólstæðingum tveggja stofnana sem hér hafa verið mjög til umræðu og það er sjálfsagt að svara þeirri spurningu eftir bestu getu.

Ríkisstjórnin ákvað að setja á laggirnar sérstök teymi sérfræðinga, tvö teymi sérfræðinga til að annast umræddra skjólstæðinga, eitt teymi fyrir skjólstæðinga Byrgisins og annað fyrir fyrrverandi vistmenn á Breiðavíkurheimilinu. Mér er kunnugt um að í þessa vinnuhópa réðust mjög færir sérfræðingar sem hafa lagt fullan faglegan metnað sinn í

þessi viðkvæmu og erfiðu mál. Mér hefur komið fullkomlega á óvart að heyra þær umkvartanir sem borist hafa frá Geðhjálp og ég hef auðvitað líka tekið eftir því að þeir sem ábyrgð bera á þessum málum innan heilbrigðiskerfisins og hjá landlækni kannast ekki við þessar ásakanir og bera þær af sér. (Gripið fram í.) Ég vona að hið sanna komi í ljós í þeim efnum en aðalatriðið er að umræddir einstaklingar fái þá þjónustu sem þeir þurfa og eiga rétt á og sem ákveðið hefur verið að grípa til sérstakra aðgerða til að tryggja að þeir fái.

Nú er það samt þannig að einstakir ráðherrar, hvorki ég né heilbrigðis- eða félagsmálaráðherra höfum aðstöðu til eða eigum að fylgjast með því hvernig einstakir sjúklingar eða aðilar sem leita til heilbrigðiskerfisins fái þjónustu og við getum ekki blandað okkur í málefni einstaklinganna með þeim hætti. Það held ég að öllum hljóti að vera ljóst en það er alveg skýrt að eftir því sem við best vitum þá er þessi þjónusta í fullum gangi, hún á að vera af besta tagi, besta þjónusta sem völ er á hér á landi hvað þetta varðar og ég vona svo sannarlega að allir þeir sem þurfa á henni að halda gefi sig fram við rétta aðila.

[11:03]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin sem eru gefin eftir því sem hann best getur við þessar aðstæður og auðvitað er ekki til þess ætlast að hæstv. forsætisráðherra fari ofan í málefni einstaklinga. Það er mikilvægt þegar forsætisráðherra hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og í þessu tilfelli í raun og veru fyrir hönd þjóðarinnar gefið út um það afdráttarlausa yfirlýsingu að hér sé um að ræða hóp fólks sem samfélagið vilji tryggja að fái þá bestu þjónustu sem völ er á, og þegar hagsmunasamtök þessa fólks, Geðhjálp, og virtur framkvæmdastjóri þeirra, Sveinn Magnússon, gefa út yfirlýsingar um að það sé ekki verið að efna það, þá tel ég að full ástæða sé til þess fyrir hæstv. forsætisráðherra að ganga sérstaklega eftir því að hans eigin yfirlýsingar séu efndar í þessu.

Það sem kannski er ástæða til að hafa áhyggjur af er að Geðhjálp vísar til þess að heilbrigðiskerfið, heilbrigðisþjónustan sé ekki það eina sem þetta fólk þurfi á að halda. Sumir þurfi líka annars konar stuðning vegna þess að vandamál þeirra sé ekki heilbrigðisvandamál og ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hann telji koma til greina að víkka þennan stuðning við þetta fólk. Við eigum að hafa ástæðu til að hafa áhyggjur af því að Geðhjálp hafi á réttu að standa vegna þess að allir vita ástæðuna fyrir því að þetta fólk fór í Byrgið, hún er sú að þetta voru óhreinu börnin hennar Evu sem enginn vildi hafa og fengu hvergi þjónustu og var alls staðar vísað á dyr. Við eigum því auðvitað að hafa af því verulegar áhyggjur ef Geðhjálp telur að sú saga sé að endurtaka sig og það sé ekki verið að veita þessu fólki þann stuðning sem því var lofað.

[11:05]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú þjónusta sem gerð hefur verið að umtalsefni hér og ríkisstjórnin beitti sér fyrir byggðist á því að geðdeild Landspítalans yrði fyrsti viðkomustaður þessara einstaklinga í kerfinu, þ.e. eins konar gátt þar sem vandamál viðkomandi yrðu greind. Það liggur líka fyrir að geðdeildin hefur ekki yfir alls kyns félagslegum úrræðum að ráða, t.d. húsnæði og þess háttar. Það er líka vitað að þeir góðu starfsmenn sem þar eru geta ekki leyst slík vandamál upp á eigin spýtur. Þá reynir á að kerfið finni lausnir og aðilar innan þess vinni saman til þess að finna þá lausn sem hverjum og einum hentar. Ég treysti því að þannig sé unnið og allt sé gert til að hjálpa því fólki sem þarna á um sárt að binda eða á við mikil vandamál að stríða. Íslenska heilbrigðiskerfið eða félagsmálakerfið er þannig uppbyggt að það getur leyst svona vandamál og fagfólkið sem við höfum í okkar þjónustu ræður við það. Þess vegna leyfi ég mér að vona að enginn verði út undan í þessu en auðvitað er það mikilvægt að einstaklingarnir sem eiga hlut að máli eða aðstandendur þeirra eftir atvikum, sjái til þess að þeir leiti sér þeirrar aðstoðar sem þeir þurfa.

[11:07]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hugsanlega tók ég ekki nægilega vel eftir þegar hæstv. ráðherra var að flytja mál sitt áðan. Ég gat ekki betur á honum heyrt en rannsóknin sem hrinda á af stað samkvæmt því frumvarpi sem hér er lagt fram til umræðu eigi fyrst um sinn einungis að beinast að einni stofnun, Breiðavík. Ég tel hins vegar að rannsókn af þessu tagi eigi ekki að einskorðast við stofnanir sem eingöngu höfðu börn og unglinga innan sinna vébanda.

Það hefur komið fram að allt bendir til þess að einstaklingar sem voru undir lögaldri þ.e. ungar konur hafi sætt harðræði og illri meðferð í Byrginu. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það sé ekki alveg sjálfsagt að einstaklingar sem einnig voru börn meðan þær dvöldu þar séu teknar undir þessa rannsókn og þar af leiðandi að Byrgið verði rannsakað líka.

En aðallega kom ég hér upp vegna þess að í ræðu hæstv. forsætisráðherra kom hvergi fram, að því er ég heyrði og ég finn það heldur ekki í frumvarpinu, einstökum greinum þess eða greinargerð, að það eigi að kanna málefni Heyrnleysingjaskólans. Við þingmenn fengum þó á dögunum rækilega ræðu hjá einum hv. þingmanni sem greindi okkur frá því hversu skelfileg líðan barna hefði verið í Heyrnleysingjaskólanum á meðan hann var við lýði og hversu hræðilegt það var fyrir þau að upplifa bæði einelti, ofbeldi og kynferðislega misnotkun sem síðar var reyndar leidd í ljós og dæmt fyrir. Það mál hefur aldrei verið hreinsað. Það olli mikilli sorg og vanlíðan og ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Eiga málefni Heyrnleysingjaskólans ekki að falla undir þessa rannsókn? Af hverju talar hann bara um Breiðavík? Ég held að málefni Heyrnleysingjaskólans séu miklu verri.

[11:09]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður lét þess réttilega getið að hann hefði kannski ekki tekið vel eftir. Ég sagði í framsöguræðu minni, með leyfi forseta, að það ætti að láta fara fram rannsókn á því hvernig rekstri vistheimilisins Breiðavíkur var háttað á árabilinu 1950–1980 og eftir atvikum hliðstæðra stofnana og sérskóla þar sem börn dvöldu. Hins

vegar er mikilvægt, frú forseti, að þetta mál sé tekið skipulegum tökum, að það sé farið skipulega í hvert mál fyrir sig og það verði byrjað á Breiðavíkurmálinu sem er upphaf þessa máls, hvað varðar vist á meðferðarheimili. Síðan verða menn í ljósi reynslunnar sem af því fæst að meta hvort það þjónar skynsamlegum tilgangi að halda áfram með fleiri stofnanir.

Vissulega er Heyrnleysingjaskólinn eitt slíkt mál sem mér finnst fyllilega koma til greina að rannsaka og það sem fram hefur komið um það er auðvitað mjög dapurlegt og íslenska ríkinu til vanvirðingar ef rétt er, allar þær ásakanir sem fram hafa komið í sambandi við þá stofnun. En það er mikilvægt að þetta sé vel gert, þetta sé rétt gert, að hugað sé að réttindum allra þeirra sem að þessu máli koma og að þessu vinni fagmenn sem kunna til verka. Þess vegna er m.a. gert að skilyrði að formaður nefndarinnar uppfylli starfgengisskilyrði héraðsdómara og það er ekkert launungarmál og hefur komið fram af minni hálfu að ég hef falast eftir starfskröftum Róberts Spanós, prófessors í lögum, að hann taki að sér formennsku í nefndinni.

Hvað varðar síðan Byrgið og þá sem þar eru þá er þetta mál sem hér er til meðferðar ekki sérstaklega hugsað vegna Byrgisins, það liggur alveg fyrir. Hvort hægt er að útvíkka það í þá átt er önnur saga en þau atriði sem hv. þingmaður var að vísa til varðandi Byrgið eru nú í sérstakri lögreglurannsókn og eru sakamál.

[11:11]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Má ég minna hæstv. forsætisráðherra á að málin sem komu upp í Heyrnleysingjaskólanum urðu sakamál og það er búið að dæma í þeim málum. Sá sögusveimur sem þar var á ferli lengi um misnotkun á börnum reyndist vera réttur en hann hafði verið mjög lengi á sveimi og það var ekki ráðist í það mál fyrr en allt of seint og það hefur aldrei verið hreinsað upp.

Við þingmenn hlustuðum á átakanlega ræðu hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur fyrir nokkrum dögum sem flutt var á táknmáli þar sem hún lýsti með mjög grafískum hætti þeim hörmungum sem heyrnarlaus börn lentu í í Heyrnleysingjaskólanum. Þau voru einangruð, fengu ekki einu sinni að læra málið til þess að geta tjáð sig og enginn trúði þeim og það kom í ljós að allt sem þau sögðu var rétt. Þetta reyndist vera svo a.m.k. í fjórum tilvikum, en sá kvittur er enn þá uppi í þessum hópi að þetta hafi verið miklu útbreiddara og auðvitað verður að rannsaka það. Annað kemur ekki til greina finnst mér og mér finnst að þetta mál sé mjög vanhugsað af hálfu hæstv. forsætisráðherra.

Þau í ríkisstjórninni hlaupa hérna til, til þess að láta rannsaka Breiðavík af því að það mál hefur verið mikið í fjölmiðlum en málefni Heyrnleysingjaskólans hafa ekki verið í fjölmiðlum og þá er það látið mæta afgangi eða eins og hæstv. forsætisráðherra sagði hérna áðan, fyrst um sinn á að rannsaka Breiðavík. Hérna er um að ræða alvarleg mál og það á ekki að láta mál af þessu tagi bíða. Það á að taka þau fyrir og ef þarf meiri mannafla þá á að útvega hann. Þetta fólk er enn í sorg, það er enn í vanlíðan og þeim sem sættu þessu og tengdust þessu tiltekna dómsmáli var boðið upp á ákveðna meðferð en það eru fleiri eins og hér kom fram sem þurfa á umönnun að halda. Kerfið er með þessum hætti raunverulega að setja þau í biðstöðu og það er ekki ásættanlegt.

[11:13]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Alveg er það dæmigert fyrir hv. þingmann að hann skuli tala með þessum hætti um þessi alvarlegu mál og gera þannig lítið úr því verkefni sem hér á að ráðast í og sem jaðrar við að kenna ríkisstjórninni um eitthvað sem gerðist fyrir áratugum síðan, (**ÖS:** Nei, ...) jaðraði við sagði ég. (**ÖS:** Þetta er tóm vitleysa hjá forsætisráðherra.) Svo er það náttúrlega þannig að í fyrirsögn þessa frumvarps og alls staðar annars staðar í því er talað um vistheimili í fleirtölu. Ég taldi mig hafa útskýrt það býsna vel, bæði í framsögu minni og í svari við andsvari hv. þingmanns hvað hér er á ferðinni. (Gripið fram í.) Það verður að taka hlutina í skipulegri röð og það er það sem stendur til að gera og það verður engum stofnunum eða aðilum sérstaklega hlíft þrátt fyrir ummæli hv. þingmanns.

[11:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því frumvarpi sem hér er lagt fram um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn um leið og ég harma að það skuli svona seint fram komið eins og raun ber vitni þegar lítill tími lifir af þessu þingi. Eins og hæstv. ráðherra heyrði eru ákveðnar athugasemdir við málið þannig að þetta þarf auðvitað skoðunar í nefnd og hefði þurft að fara til umsagnar ýmissa aðila. Þess vegna ber auðvitað að harma það að frumvarpið skuli ekki koma fram fyrr.

Tilgangur frumvarpsins er að fá fram nauðsynlegar lagaheimildir til stofnunar sérstakrar nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn og einnig er mælt fyrir um stöðu nefndarinnar og valdheimildir sem ég vildi líka fara aðeins inn á í máli mínu. Markmið könnunarinnar er að staðreyna eins og kostur er hvort þau börn sem vistuð voru á árum áður í opinberum vist- eða meðferðarheimilum hafi sætt illri meðferð meðan á dvöl þeirra stóð. Það er auðvitað mergurinn málsins að ofan í þetta mál þarf að fara með skipulegum hætti og rannsaka hvað þarna átti sér stað. Ég held að það sé alveg ljóst að við stöndum frammi fyrir því að þau börn sem þarna dvöldu sættu illri meðferð og þjóðfélagið skuldar þeim sem þarna voru og sættu illri meðferð að hér verði allt sett upp á borðið og málið metið í heild sinni, m.a. út frá skaðabótakröfum þessara einstaklinga og annarri aðstoð sem þjóðfélagið gæti hugsanlega veitt þeim að því er varðar félagsleg úrræði eða meðferðarúrræði.

Ég velti fyrir mér, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem kom í andsvar, gildissviði þessa frumvarps vegna þess að það verður að vera mjög skýrt. Hæstv. forsætisráðherra hefur skýrt það að hér sé aðallega verið að tala um Breiðavíkurheimilið en eftir atvikum hliðstæðar stofnanir og sérskóla þar sem börn dvöldu. Ég held að það sé mikilvægt að nefndin fái mjög frjálsar heimildir til að skoða þessi heimili öll, ekki bara Breiðavíkurheimilið. Ég sé að forsætisráðherra sem ákveður skipan nefndarinnar á að

setja henni erindisbréf og það hefði verið mjög æskilegt að slíkt erindisbréf hefði fylgt með frumvarpinu eða a.m.k. að nefndin sem fær málið til meðferðar, hv. allsherjarnefnd, fái að sjá þetta erindisbréf og hversu víðtækar heimildir ráðherrann ætlar að gefa nefndinni. Ég vil mælast til þess við hæstv. ráðherra að slíkt erindisbréf verði lagt fyrir hv. allsherjarnefnd.

Í 5. gr. frumvarpsins er talað um að forsætisráðherra ákveði skipan nefndarinnar. Ég hefði viljað að nánar verið hefði sagt um hvernig skipan nefndarinnar á að vera, hvaða aðilar með hvaða sérþekkingu og annað eigi að vera í slíkri nefnd. Ég hefði t.d. talið mikilvægt að þeir sem vinna að barnaverndarmálum, þetta kemur í hugann bara meðan ég stend hérna, eins og formaður Barnaverndarstofu ætti sæti í slíkri nefnd en við rennum alveg blint í sjóinn hvernig hæstv. ráðherra ætlar að skipa hana. Ég fékk það mál til skoðunar í morgun þannig að ég sé ekki einu sinni hvort sagt er eitthvað til um það hve margir eiga að sitja í nefndinni þannig að ég geri ákveðnar athugasemdir við það.

Varðandi Byrgið upplýsir ráðherra að það sæti lögregluransókn og manni fannst á hæstv. ráðherra að það væri óþarfi að Byrgið færi undir í þessari skoðun. Nú er það svo að manni finnst að nánast sé verið að loka fyrir það í frumvarpinu eins og það er lagt fram vegna þess að í fyrsta lagi er talað um vist- og meðferðarheimili fyrir börn og í annað stað er talað um ákveðið tímabil að því er varðar Breiðavík og síðan er undirstrikað að heimild þessi taki ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laga þessara. Byrgið er að vísu ekki starfandi núna, en það voru ekki börn þar, það voru fullorðnir einstaklingar þannig að mér finnst takmörkunin í frumvarpinu útiloka það að jafnvel þó að nefndin vildi taka á málefni Byrgisins, þá nær gildissviðið bara til barna og þar með er verið að útiloka það. Ég spyr því hæstv. ráðherra um það ef nefndinni svo sýnist, getur hún þá ekki tekið Byrgismálið til skoðunar?

Ég hef litið svo á að jafnvel þó að Byrgið sé í lögregluransókn þá beinist lögregluransóknin fyrst og fremst að fjármálaóreiðunni þar en ekki hvaða meðferð þeir einstaklingar sem þar voru sættu. Ég spyr ráðherrann að því: Er það ekki skýrt að lögregluransóknin snúi fyrst og fremst að saknæmu athæfi varðandi fjármálaóreiðu en ekki að illri meðferð á þeim einstaklingum eða misnotkun á þeim einstaklingum sem þar dvöldu sé skoðuð?

Þá vil ég víkja að því sem hv. þm. Helgi Hjörvar kom að, það sem fram hefur komið á síðustu dögum varðandi það sem Geðhjálp hefur haldið fram, að þeir einstaklingar sem voru í Byrginu og Breiðavík hafi ekki fengið þá meðferð sem stjórnarflokkarnir lofuðu. Málið bar þannig að að félagsmálanefnd sem ég á sæti í beindi því til hæstv. ríkisstjórnar að þeir einstaklingar sem á þyrftu að halda áfallahjálp eða sérfræðiaðstoð eða meðferð mundu fá hana tafarlaust. Nú er komið upp að Geðhjálp telur að svo hafi ekki verið og mér fannst svör hæstv. ráðherra ekki fullnægjandi áðan og ég tel málið í þeirri stöðu að félagsmálanefnd verði að taka þetta mál upp aftur til þess að fara yfir hvað er rétt og rangt í því. Ég hef lesið það sem landlæknisembættið hefur sagt um þetta en þær skoðanir sem Geðhjálp hefur sett fram í málinu kalla á það að ef ríkisstjórnin gengur ekki eftir þessum málum með skipulegum hætti að þau loforð sem ríkisstjórnin stóð að séu uppfyllt, þá sé ég ekki annað en hv. félagsmálanefnd verði að láta málið til sín taka aftur til að fá hið rétta og sanna fram í því. Það er auðvitað ekki hægt að búa við það ef þær upplýsingar sem komið hafa fram eru réttar að sumt af því fólki sem leitar á geðsvið Landspítalans fái ekki þá meðferð sem það þarf á að halda og sé jafnvel vísað frá.

Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra er tilbúinn að tjá sig eitthvað frekar um það sem mundi þá geta haft áhrif á það hvort ég mun fylgja því eftir að kalla saman félagsmálanefnd til að fara yfir stöðu þessara mála eða hvort ríkisstjórnin sjálf mun gera einhverja atlögu að því að beita sér fyrir því að þetta verði skoðað, t.d. bæði af heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytinu, og það verði staðreynt hvað er rétt og rangt í þessu máli.

Út af fyrir sig er kannski ekki ástæða til að fara nánar ofan í þetta nema ég hef áhyggjur af hvernig gildissviðið er skilgreint þarna og endurtek spurningu mína til hæstv. ráðherra um hvort orðalagið taki þá fyrir það, því hér er verið að tala um vist- og meðferðarheimili fyrir börn, að Byrgið geti verið undir í slíkri rannsókn. Ég tek undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það er auðvitað ekki hægt að ganga fram hjá því að það verður að fara í skoðun á því sem fram hefur komið varðandi Heyrnleysingjaskólann og að þar hafi farið fram misnotkun á börnum eins og haldið hefur verið haldið fram og jafnvel á fleiri heimilum. Jafnvel þó að rannsókn nefndarinnar beinist fyrst og fremst að Breiðavíkurmálinu sem hún á að skila niðurstöðum um fyrir 1. janúar 2008, þá tel ég mikilvægt að önnur heimili séu einnig skoðuð.

Ég spyr líka hvað verði gert, virðulegi forseti, þegar talað er um að nefndin eigi að fjalla um hvaða lærdóm megi draga af niðurstöðum könnunarinnar og gera tillögur til að koma í veg fyrir að brotinn verði réttur á börnum í opinberri forsjá. Er verið að gera eitthvað annað en þetta? Þá er ég að tala um hvort stjórnvöld og framkvæmdarvaldið séu að vinna eitthvað að því að auka eftirlit með starfandi meðferðarstofnunum fyrir börn og unglinga og fullorðna einstaklinga. Er verið að gera eitthvað til þess að skoða eftirlit með þeim sem fá fjárframlög, til aðila sem eru utan ríkiskerfisins? Ég kallaði eftir því að fá frá hæstv. fjármálaráðherra svör við ýmsum spurningum að því er varðar m.a. eftirlitsþáttinn hjá þeim aðilum sem eru utan ríkiskerfisins og hvaða eftirlit er með fjárframlögum sem þeir aðilar fá og hvernig eftirliti ráðuneytanna er háttað með slíkum framlögum. Ég veit ekki hvort ég fæ þau svör áður en þingi lýkur en ég legg auðvitað mikla áherslu á þau og spyr ráðherra líka að því hvort verið sé að vinna að því að koma á einhverjum samræmdum verklagsreglum og eftirliti með slíkum stofnunum sem eru starfandi. Ég held að það sé afar mikilvægt að fá þetta fram.

Ég tel mikilvægt og ítreka það að nefndin hafi frjálsar hendur um hvernig hún gengur í þetta mál. Ég tel að það þurfi að koma nánar fram hvernig við ætlum að skipa nefndina, hvað hún verður fjölmenn og hvaða sérfræðingar muni eiga sæti þar og ég legg áherslu á að allsherjarnefnd fái erindisbréf nefndarinnar til skoðunar.

Að öðru leyti munum við styðja framgang þessa máls, auðvitað að teknu tilliti til þess að tekið verði tillit til þeirra

sjónarmiða og skoðana sem við höfum sett fram í málinu. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra um eitt. Í frumvarpinu stendur að nefndinni sé heimilt að taka skýrslur af fyrrverandi vistmönnum og hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búi yfir vitneskju sem komi að notum í starfi hennar enda veiti þeir samþykki sitt til þess. Ég vil því spyrja: Er eitthvað tekið á því í þessu frumvarpi og er ástæða til að skoða það að ef þeir sem verða kallaðir fyrir nefndina — við erum að tala um 30–40 ára gömul mál — verða uppvísir að því þegar nefndin skoðar þetta mál að þeir hafi brugðið af vegi laganna, gerst brotlegir með einhverjum hætti við lög á þessu tímabili, eiga þeir þá á hættu að verða refsað fyrir þann verknað sem þeir hugsanlega frömdu, aftur í tímann sem kæmi í ljós í starfi nefndarinnar? Ég spyr hvort að því hafi verið hugað. Í frumvarpinu stendur: „Þeim sem gefur skýrslu fyrir nefndinni er heimilt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða að það gæti orðið honum til mannorðsspjalla." Þetta er þá ákveðinn hemill á starfi nefndarinnar. Mér sýnist að þarna komi fram að þeir sem búi yfir einhverri vitneskju sem hugsanlega hafi gengið gegn lögum á sínum tíma gætu þá hugsanlega verið sóttir til saka sem torveldar að fá upp réttu og sönnu myndina í þessu máli sem er megintilgangurinn með þessu frumvarpi.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þetta frekar. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að þetta Breiðavíkurmál kom upp höfum við öll heyrt mjög sorgleg dæmi, átakanleg dæmi um það sem hefur verið að gerast í fortíðinni. Síðast í gær lásu örugglega mörg okkar átakanlega sögu eldri konu sem bar yfirskriftina „Aftaka fjölskyldu í Hafnarfirði" þar sem hún lýsir með átakanlegum hætti, sem hlýtur að hafa snortið hvern þann sem las það hvernig sonur hennar, eitt af fimm börnum, 10 ára drengur er tekinn af henni fyrir einhverja smáuppátektarsemi, greinilega af því að hún var fátæk. En eins og hún segir þá var ekkert gert með önnur börn sem höfðu lent í því sama af því að foreldrar þeirra voru betur stæð.

Hún lýsir þessu með átakanlegum hætti og eins og við öll þekkjum sem höfum orðið vitni að þeim fjölmörgu sögum sem hafa komið fram í kjölfar uppljóstrunarinnar um Breiðavíkurdæmið þá eru margir einstaklingar sem eiga um sárt að binda í fortíðinni í þessu máli. Og hvernig stjórnvöld hafa brugðist þeim á margan hátt, sem kannski má með einhverjum hætti skrifa á tíðarandann sem þá var þá er samt ekki hægt að afsaka málið þannig. Það liggur einfaldlega fyrir að stjórnvöld hafa brugðist í þessu máli. Við eigum þeim fjölmörgu einstaklingum sem í þessu lentu skuld að gjalda og þess vegna verðum við að reyna að sameinast um þetta mál, að það verði tekið á því með skipulegum hætti og allt verði upplýst, ekki bara gagnvart þessu heimili heldur öðrum og þeim sem eru nær okkur í nútímanum eins og Byrgið. Síðan verðum við að gera eins og kostur er til að bæta þessum einstaklingum það sem samfélagið hefur gert þeim, bæði með því að bjóða þeim upp á meðferð, félagslega aðstoð og eftir atvikum skaðabætur. Umfram allt legg ég þó áherslu á að þótt stutt lifi af þessu þingi þá getum við sameinast um að það frumvarp sem hér er komið fram verði þannig úr garði gert að við getum vænst þess að það skili þeim árangri sem að er stefnt með framlagningu þess.

[11:30]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau ummæli sem hv. þingmaður hafði í lokin og lýsa sömu tilfinningum gagnvart því máli sem rakið var í blöðum í gær og hún gerði. Þar komu skelfilegar lýsingar fram og því miður ekki þær einu sem sést hafa.

Umgjörð þessara mála hefur mikið breyst á síðustu 40–50 árum frá því að atburðir þeir sem þar eru raktir áttu sér stað. Skipulag barnaverndarmála er með allt öðrum og vonandi miklu betri hætti nú en þá var. Barnaverndarmál voru á vettvangi menntamálaráðuneytisins ásamt fjölmörgum öðrum málum. Því skipulagi hefur öllu verið hnikað til og er nú mun betur að málum staðið. Ég held að ég geti fullyrt það og þingmenn eru vonandi allir sammála um það.

Ég vildi svara einu atriði sem hv. þingmaður nefndi og það er spurningin um refsiverðan verknað. Ég hef áður sagt í þessum ræðustóli að áreiðanlega er ekki um neinn refsiverðan verknað að ræða í þessu máli sem er ófyrndur. Svo langt er um liðið að allt slíkt athæfi er að mínum dómi fyrnt að lögum. Nú vil ég hafa alla fyrirvara á þessu gagnvart starfi nefndarinnar en ég geri ekki ráð fyrir að menn þurfi að óttast refsingar með þeim hætti. Hins vegar er mönnum ekki endilega skylt að svara öllum spurningum sem til þeirra er beint og tekið er af skarið með það hérna. Ef menn telja að þeir geti skaðast af því, m.a. vegna mannorðsspjalla, er þeim heimilt að neita að svara spurningum alveg eins og hver annar einstaklingur getur gert við ýmsar aðstæður í þjóðfélaginu. Þetta er réttarfarslegt atriði, ætlunin er að standa mjög vel að rannsókninni þannig að öll slík atriði og öll meðferð máls sé hafin yfir vafa.

[11:32]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hægt er að taka undir það með hæstv. forsætisráðherra að barnaverndarmálum er öðruvísi fyrir komið nú en var fyrir 40–50 árum. Samt lesum við í blöðum að forstjóri Barnaverndarstofu gagnrýnir það mjög hvernig skipulag þessara mála er. Hann telur að setja þurfi í málaflokkinn meira fjármagn og lýsir ýmiss konar brotalöm í starfsemi barnaverndarmála hér á landi. Ég vil spyrja hvort hæstv. ráðherra hafi tekið eftir því og hvort ekki sé ástæða til að skoða það.

Ég held að á margan hátt sé miklu minna fjármagn sett til málefna barna hér á landi en gert er annars staðar. Ég vil minnast þess að ríkisstjórnin er að heykjast á því að framfylgja stefnu Alþingis um að móta heildarstefnu í málefnum barna og unglinga sem samþykkt var árið 1991. Ég vil rifja það upp sem rætt var í sölum Alþingis fyrir tveimur til þremur árum, og líka af því að hæstv. landbúnaðarráðherra er hér, en þá var það tekið sem dæmi um að gera þyrfti betur í málefnum barna og unglinga að umboðsmaður hersins fékk 50 millj. kr. í framlag á sama tíma og umboðsmaður barna fékk 10 millj. Það þarf greinilega ýmislegt að skoða í þessu máli.

Ég saknaði þess að hæstv. ráðherra svaraði ekki ýmsum þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Ég veit ekki

hvort hæstv. ráðherra ætlar að gera það í lok umræðunnar. Ég spyr hann hvort framsetning frumvarpsins útiloki að hægt sé að skoða Byrgið, fyrst og fremst er verið að tala um að rannsaka meðferðarheimili fyrir börn. Það er mjög mikilvægt að fyrir liggi hvort hægt er að útiloka það og ég spyr hæstv. ráðherra líka varðandi Byrgið: Beinist lögregluranns ókn ekki fyrst og fremst að fjármálaóreiðunni en ekki illri meðferð sem börn hafa sætt? Þetta þarf að koma upp á yfirborðið. Ég spyr líka um 1. gr. um skipan nefndarinnar sem mér finnst mjög óljós. Ég vil helst ekki setja þetta alfarið í hendur forsætisráðherra og skilja hann eftir með það alveg opið hverjir muni skipa þessa nefnd.

[11:35]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað skipun nefndarinnar varðar þá er þetta rétt að það er nokkuð opið og það er sett í vald forsætisráðherra að ákveða t.d. fjölda nefndarmanna. En ég get alveg upplýst að hugmynd mín er sú, og það hef ég rætt við ýmsa sem eru sérfróðir um þessi mál, að nefndin eigi ekki að vera fjölmenn, kannski þriggja manna nefnd en hún þarf að hafa starfskraft. Forsætisráðuneytið mun leggja til aðstöðu í þeim efnum, bæði vinnuaðstöðu og starfsmann eftir því sem þurfa þykir.

Hv. þingmaður spurði að því áðan hvers konar bakgrunn nefndarmenn þyrftu að hafa. Það liggur fyrir að væntanlega verður lagaprófessor í formennsku en ég sé fyrir mér að sérfræðingar af öðrum toga vinni með honum í nefndinni, hugsanlega læknir, sálfræðingur, félagsráðgjafi eða menn með reynslu og bakgrunn í þessum efnum. Það er ekki aðalatriðið hver hin formlega menntun er. Aðalatriðið er að þarna séu menn sem þekkja vel til þessara mála og hafa traustan bakgrunn til að vinna í þessu. Hvorki er búið að ákveða einstaka nefndarmenn né hvaðan þeir eiga að koma.

Varðandi Byrgið þá er þetta frumvarp um skipun nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Byrgið var í eðli sínu ekki vist- og meðferðarheimili fyrir börn þó að þar kunni að hafa verið einstaklingar undir 18 ára aldri. Eins og frumvarpið er úr garði gert er ekki gert ráð fyrir því að Byrgið falli undir þessa rannsókn. Ef það á að gerast þarf annaðhvort að útvíkka frumvarpið, framlengja það með einhverjum hætti þegar þessum rannsóknum er lokið eða setja á laggirnar annars konar rannsókn með sérstökum hætti á málefnum Byrgisins. Sakamálarannsókn er í gangi, ég þekki ekki nákvæmlega um hvað hún snýst. Mér hefur skilist að hún sé bæði fjárhagslegs eðlis en líka einkamálaeðlis, þ.e. til komin vegna kærumála einstaklinga. Að öðru leyti hef ég ekki upplýsingar um það frekar en eðlilegt er. Það er ekki hægt að ætlast til þess.

[11:37]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar upplýsingar. Það hefur þá komið skýrt fram af hálfu hæstv. ráðherra að jafnvel þó að nefndin teldi æskilegt að skoða Byrgið hefur hún ekki lagalega heimild til þess eins og frumvarpið er úr garði gert. Mér þykir það afar miður. Málinu er vísað í lögregluranns ókn vegna niðurstöðunnar sem kom fram hjá Ríkisendurskoðun þar sem fyrst og fremst var verið að tala um fjármálaóreiðuna þannig að það hlýtur fyrst og fremst að vera fjármálahliðin sem verið er að skoða. Ég tel mikilvægt að víkka út gildissvið nefndarinnar þannig að hún hafi heimild til að skoða Byrgið. Ég hvet nefndarmenn í allsherjarnefnd að skoða hvort ekki sé ástæða til þess að gera það.

Varðandi skipan nefndarinnar í 5. gr., sem hæstv. forsætisráðherra fór inn á, þá skýrði hann nánar skipan nefndarinnar. Hann nefndi ekki hvað þetta ætti að vera fjölmenn nefnd en taldi að hún ætti að vera fámenn. En það er mjög óvenjulegt að ekki sé sett í frumvarp af þessu tagi, þegar á að fara að skipa nefndir í mikilvægum málum, frekari leiðsögn í lagafyrirmælum en hér kemur fram. Það er vísað á erindisbréfið og ég tel mikilvægt að sjá hvernig það er úr garði gert. Eins og ég nefndi áðan hefði ég viljað fá fram hjá hæstv. ráðherra hvort erindisbréfið verði lagt fyrir nefndina til skoðunar þannig að hún geti glöggvað sig betur á því hvernig starfi nefndarinnar verður háttað.

Ég vil líka spyrja, af því að hæstv. ráðherra kom ekki inn á það sem ég nefndi: Hvað verður gert til að auka eftirlit með meðferðarheimilum barna og unglinga sem nú eru starfandi? Er verið að vinna eitthvað að því? Það er mikilvægt að við lærum af reynslunni núna en ekki einhvern tíma síðar.

[11:39]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að þetta frumvarp skuli komið fram. Þar er kveðið á um að könnuð verði starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn fyrr á tíð. Í máli hæstv. forsætisráðherra kom fram að rannsóknin mundi hefjast á meðferðarheimilinu að Breiðavík en jafnframt kom fram í máli hæstv. ráðherra að rannsóknin yrði síðan útvíkkuð. Vil ég taka undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að mikilvægt sé að rannsóknin taki einnig til Heyrnleysingjaskólans og annarra stofnana þar sem ásakanir hafa komið fram um ofbeldi gegn börnum og unglingum sem þar voru. Hæstv. forsætisráðherra tók reyndar undir þetta, lagði áherslu á skipuleg vinnubrögð, einhvers staðar þyrfti að byrja og ég fagna því að þessi rannsókn skuli nú hafin.

Varla líður sá dagur að við fáum ekki í fjölmiðlum frásagnir af hrikalegum atburðum sem áttu sér stað á meðferðar- eða upptökuheimilum, vistheimilum fyrir börn og unglinga frá fyrri tíð. Það er mjög mikilvægt gagnvart þeim einstaklingum sem beittir voru ofbeldi að hið sanna verði leitt í ljós hið fyrsta og að allir þeir sem eiga um sárt að binda fái aðstoð hjá hinu opinbera. Ég fagna því að skref skuli hafa verið stigin í þá átt. Við eigum að sjálfsögðu að taka alvarlega allar athugasemdir frá aðilum á borð við Geðhjálp ef þörf er á að endurskoða þá aðstoð sem er í boði.

Það er fyrst og fremst vegna þess fólks sem varð fyrir ofbeldi sem rannsókn af þessu tagi þarf að fara fram. En ég vek einnig athygli á annarri hlið og það er gagnvart því fólki sem starfaði við umræddar stofnanir og heimili og er sjálft saklaust. Einnig vegna þessa fólks þarf að varpa ljósi á hið sanna í málinu. Þetta er hlutur sem við eigum ekki að taka léttilega. Ég hef grun um að mörgum þeim sem hafa

starfað við þessar stofnanir og eru alsaklausir af ásökunum sem komið hafa fram gegn öðrum starfsmönnum líði ekkert allt of vel þessa dagana. Fyrir hönd allra sem tengjast þessum heimilum er mjög mikilvægt að leiða hið rétta í ljós.

Við höfum fengið upplýsingar og varpað hefur verið ljósi á þessi mál frá ýmsum hliðum. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vakti máls á grein sem birtist í gær í blöðum frá fátækri móður sem svipt var barni sínu. Aftaka fjölskyldu í Hafnarfirði, var fyrirsögn þeirrar greinar sem mun hafa birst í Morgunblaðinu og það er þetta sem á að verða okkur að umhugsunarefni núna. Er eitthvað í þessum málum sem við getum skilað inn í samtímann og til framtíðar? Getum við lært af því sem gerst hefur, dregið af því ályktanir og gripið til aðgerða? Að sjálfsögðu mun sú vitundarvakning sem fylgt hefur þeim uppljóstrunum og þeim upplýsingum sem eru að koma fram í samfélaginu hafa áhrif. Þetta verður að verða til þess að eftirlit og aðhald verði stóreflt á stofnunum sem vista börn og ungmenni.

Það er annað líka. Við þurfum að huga að því hvað við eigum við með ofbeldi. Erum við einvörðungu að tala um ofbeldi af kynferðislegum toga eða eigum við að horfa á þessi mál í víðara samhengi? Ég held að við eigum að gera það. Hér hefur verið vitnað til umræðu sem fram fór í þinginu fyrir nokkrum dögum að frumkvæði hv. varaþingmanns, Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur, um málefni heyrnarlausra. Það var mjög góð umræða. Ég veit ekki hvort þingmenn almennt hafa lesið grein sem birtist í Morgunblaðinu sl. mánudag undir fyrirsögninni Reynslusaga heyrnarlausrar konu. Greinin er eftir Önnu Jónu Lárusdóttur. Þar segir frá veru hennar í Heyrnleysingjaskólanum. Hún fjallar ekki um ofbeldi af því tagi sem við höfum verið að tala um í tengslum við þessa umræðu heldur ofbeldi af öðrum toga. Hún segir almennt frá hlutskipti sínu í lífinu sem heyrnarlaus kona. Hún segir frá námi sínu í Heyrnleysingjaskólanum þar sem hún fékk ekki þá kennslu sem skyldi, ekki þá menntun eða þá kennslu sem henni hafi borið. Seinna þegar hún var orðin fullorðin kona fékk hún vinnu í Heyrnleysingjaskólanum við kennslu táknmáls. En henni var síðan sagt upp störfum vegna þess að hún hafði ekki öðlast næga menntun, hún var ekki með kennarapróf. Hún segir orðrétt, með leyfi forseta: „Þá fannst mér sem ríkið og skólakerfið hefðu svikið mig tvisvar.“ Ég ætla að lesa fáeinar setningar úr greininni, með leyfi forseta:

„Mig langar að segja ykkur sögu af sjálfri mér og frá minningum mínum úr Heyrnleysingjaskólanum. Ég man að ég sat inni í skólastofu, bara fjögurra ára gömul, með hinum nemendunum. Við vorum á mismunandi aldri og þau elstu um 5 árum eldri en ég. Kennarinn lét mig fyrst teikna og ég fylgdist bara með hvernig hann kenndi hinum nemendunum. Ég skildi bara ekki hvað hann var að segja — ekki neitt. Ég man líka eftir því að vera að læra að lesa og skrifa. Ég kunni öll orðin og vissi hvernig átti að skrifa þau en mörg orðin skildi ég ekki hvað þýddu. Svo var ég líka í talkennslu. Það var notaður spegill við talkennsluna og mér var alltaf aftur kennt að tala sömu hljóðin. Ég var orðin svo þreytt á að æfa mig að tala.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Þegar ég var búin að vera nokkra mánuði í skólanum man ég að kennarinn lét mig fá verkefni til að læra að skrifa og lesa. Ég skildi ekkert hvað hann var að segja — ekki eitt orð. Hann notaði ekkert táknmál eða fingrastöfun. Þegar ég var orðin svona um 6–8 ára gömul fékk ég bók til að æfa mig að lesa og skrifa. Kennarinn skrifaði á töfluna og reyndi að útskýra fyrir mér orðin. Ég skildi bara mjög lítið. Oft var orðinu sleppt ef ég skildi það ekki. Ég fékk alltaf sömu verkefnin aftur á hverju ári. Ég náði mjög lélegum árangri í stærðfræði og lærði einnig mjög lítið um heilsufræði og mjög lítið í náttúrufræði. Ég lærði ekki neitt í dönsku og ensku. Þegar ég sat með hinum nemendunum og ef ég talaði við þá táknmál þá barði kennarinn á hönd mína.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Þegar ég útskrifaðist úr skóla var ég bara með barnaskólanám en ég fékk enga einkunn á prófi. Ég fékk ekkert prófskírteini. Ég hef oft hugsað til baka um hvað ég hef þurft að þola. Nú í dag hef ég verið að kenna í skóla og guð minn góður, hvað það er mikill munur á kennslunni í dag. Nú er börnunum kennt á táknmáli og það er notaður túlkur og fleira. Þegar ég var ung fékk ég vinnu sem verkakona þangað til ég gifti mig. Ég eignaðist þrjú börn sem ég hef alið upp. Nú eru þau uppkomin og ég á fjögur barnabörn. Ég hef verið búsett erlendis í 11 ár og hef lært ensku ágætlega. Þegar við svo fluttum heim fékk ég vinnu í Heyrnleysingjaskólanum sem leiðbeinandi. Ég kenndi táknmál og um menningu og sögu heyrnarlausra. Í kennslunni ræddum við um hvað táknmál er og við skoðuðum og sömdum ljóð á táknmáli.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Ég kenndi þarna í 15 ár þangað til Heyrnleysingjaskólanum var lokað og hann þurfti að flytja í Hlíðaskóla. Þar var hann gerður að táknmálssviði. Ég vann á táknmálssviðinu í tvö ár en var þá sagt upp. Ástæða uppsagnarinnar var að ég hef ekki menntun. Þannig missti ég þá vinnu. Þegar þetta gerðist fannst mér ríkið hafa svikið mig tvisvar. Í fyrsta lagi var mér veitt léleg grunnmenntun og hafði engan aðgang að framhaldsmenntun og svo er mér sagt upp vegna menntunarskorts. Þar sveik ríkið mig aftur. Nú í dag vinn ég í leikskóla. Ég hef reynt að tala við Kennaraháskólann. Það gerði ég í fyrra. Ég ætlaði að reyna að fá menntun sem leikskólakennari. Þar var mér sagt að því miður væri ég ekki með grunnskólapróf og ekki heldur stúdentspróf. Ég er orðin 56 ára gömul og mig langar að njóta lífsins með fjölskyldu minni og barnabörnunum mínum. Ég á yndislega fjölskyldu. En ég vil ekki þola meiri útilokun. Mér finnst vera kominn tími til þess fyrir mig að fá tækifæri í lífinu og fá að njóta þeirra tækifæra sem mér finnst ríkið hafa svikið mig um.“

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að vitna meira í þessa grein eftir Önnu Jónu Lárusdóttur en minni á að fyrir þinginu liggur frumvarp um táknmál, um að það verði viðurkennt sem fyrsta mál þeirra sem ekki heyra. Ég ræði þetta í samhengi við það hvað við getum lært af fortíðinni og hvað við getum gert núna til að bæta hlut þeirra sem misrétti voru beittir. Við ræðum nú annars konar misrétti, misrétti sem tengist hrikalegu ofbeldi, misnotkun á börnum og unglingum. Það frumvarp sem við ræðum hér fjallar um það. Ég fagna því að rannsókn skuli hafin á Breiðavík. Ég tek undir ábendingar og áskoranir um að ekkert megi til spara í mannafla og fjármunum til að útvíkka rannsóknina þannig

að hún taki til ofbeldis sem fram fór víðar, sögusagna um meira ofbeldi en þegar hefur verið dæmt í í Heyrnleysingjaskólanum og öðrum stofnunum sem hér hefur verið vikið að.

Ég segi líka, hæstv. forseti. Við eigum að horfa á misréttið í víðara samhengi en þetta og þar vísa ég m.a. í reynslusögu heyrnarlausrar konu, Önnu Jónu Lárusdóttur, sem aldrei fékk þá menntun sem henni bar og hefur nú verið svipt atvinnu sinni af þeim sökum.

[11:52]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það er engin ástæða fyrir hæstv. forsætisráðherra að reiðast því, afbaka og aflaga orð manna þó að hann sé gagnrýndur fyrir að leggja fram mál sem að mínu viti er allt of þröngt. Það er hægt að gagnrýna hæstv. ráðherra fyrir að fylgjast ekki nægilega vel með þessum málum. Það kom skýrt fram í máli hans að ríkisstjórnin hefur greinilega ekkert kynnt sér málefni Heyrnleysingjaskólans eins og eðlilegt hefði verið í þeirri umræðu sem fram hefur farið. Það er hins vegar af og frá, frú forseti, að hægt sé að túlka orð mín eins og hæstv. forsætisráðherra gerði, að ég væri að kenna honum eða ríkisstjórninni um þessi mál. Það er með miklum ólíkindum. Bara til að það sé algjörlega skýrt vil ég segja að ég tel ég ekki að þessi ríkisstjórn beri neina sök á því sem hefur gerst í fortíðinni varðandi bæði Heyrnleysingjaskólann og Breiðavík. Ég held að það sé mjög erfitt að ásaka einhver stjórnvöld sérstaklega fyrir það.

Á Norðurlöndunum og í Evrópu þar sem svipaðar stofnanir hafa verið settar upp til að ala önn fyrir börnum sem einhverra hluta vegna hafa þótt erfið eða ekki getað verið heima hjá sér hafa sambærilegir atburðir gerst. Því miður er það sem gerðist í Heyrnleysingjaskólanum ekki einskorðað við slíka stofnun hér á landi, heldur hefur þetta gerst í Noregi, Svíþjóð, mjög víða á Vesturlöndum. Þetta er því miður alþjóðlegt fyrirbæri. Þess heldur hefði þá ríkisstjórnin átt að geta dregið upp úr sjóðum reynslu annarra þjóða. Þetta vil ég segja alveg skýrt í upphafi máls míns.

Ég tel sjálfsagt að stofna nefnd til að rannsaka mál af þessu tagi. Það er sjálfsagt að setja nefnd í það að rannsaka málið sem tengist Breiðavík og það er sjálfsagt að þessi ríkisstjórn hysji upp um sig brækurnar og geri reka að því að bæta þeim sem undir ábyrgð stjórnvalda á þeim tímum sættu miska. Það hafa aðrar þjóðir gert. Það getur vel verið að þessi ríkisstjórn sé með einhverjum hætti að ráðslaga um slíkt en ég hef ekki orðið var við að ríkisstjórnin ætli að greiða mönnum fé fyrir það sem gerðist á þessum stofnunum og var á ábyrgð ríkisins þótt ekki sé hægt að kenna neinu tilteknu stjórnvaldi eða tilteknum einstaklingum sem fóru með framkvæmdarvaldið um það. Hitt liggur fyrir að svo virðist sem mörg líf hafi lent á rangri braut eftir að menn voru þarna langtímum saman. Hugsanlega er hægt að rekja mikla ógæfu til þessa. Ef stjórnvald hefur með ákvörðunum sínum, eftirlitsleysi eða þekkingarleysi á einhverjum tíma bakað mönnum þann miska kemur að sjálfsögðu til álita að bæta þeim hann með einhverjum hætti. Það hefur komið upp í umræðunni um Byrgið. Þá hlýtur út frá sjónarmiðum jafnræðis hið sama að gilda um þá sem voru í Breiðavík. Sömuleiðis hljóta menn að skoða það sem gerðist í Heyrnleysingjaskólanum og beita nákvæmlega sömu bótahugmyndum og bótareglum gagnvart þeim. Svo einfalt er það. Sá sem ber ábyrgð á miska skal líka sæta ábyrgð varðandi bætur til að reyna að leggja líkn við þraut.

Ég sagði, frú forseti, að ég teldi þessa tillögu allt of þrönga. Hæstv. forsætisráðherra tók það illa upp þegar ég tók upp málefni Heyrnleysingjaskólans og þeirra sem þar voru, spurði hvort ég heyrði illa sjálfur og hvort ég hefði ekki heyrt þegar hann sagði að hér ætti að taka skipulega málefni Breiðavíkur og „annað eftir atvikum". Aldrei í framsögu hæstv. ráðherra var minnst á Heyrnleysingjaskólann, sem sýnir bara að sá skóli og það sem þar gerðist hefur verið fyrir utan sjóndeildarhring ríkisstjórnarinnar. Hún hefur ekki gefið því máli gaum og þó ættu að hafa verið ærnar ástæður til þess.

Helsta ástæðan er auðvitað sú merkilega ræða sem hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir flutti hér á dögunum og snart alla þá sem hlustuðu á, og sáu. Hv. þingmaður reifaði þá það skelfilega mál sem kom upp fyrir nokkru í sambandi við Heyrnleysingjaskólann. Hún rifjaði upp hvernig börnin sem þar voru á heimavist fengu ekki að læra táknmálið, gátu ekki tjáð sig, voru girt og læst af innan múra málleysisins. Þau gátu ekki komið á framfæri reynslu sinni.

Hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir sem þekkir þetta betur en nokkur annar sem nokkru sinni hefur stigið inn í þessa sali greindi okkur frá því að árum saman hefði verið kvittur um það í samfélagi heyrnarlausra að börn á heimavist Heyrnleysingjaskólans hefðu sætt einelti, líkamlegu ofbeldi og kynferðislegri misnotkun. Það var ekki fyrr en löngu seinna, árið 1998, sem það braust fram með ákveðnum hætti og það leiddi til kæru í málinu. Í ljós kom að þær kringumstæður sem börnin sögðu frá, nákvæmlega hver hafði verið valdur að því og við hvaða aðstæður það hefði gerst var allt saman satt og rétt og þetta leiddi til sakfellingar. Það kom í ljós samkvæmt dómi að fjögur börn höfðu verið misnotuð með þessum hætti.

Síðan gerist það aftur, og af því hefði hæstv. ríkisstjórn náttúrlega átt að vita. Fyrir þremur árum kom upp sakamál á Suðurnesjum sem var töluvert mikið í fjölmiðlum. Við rannsókn þess máls kom í ljós að einn aðili sem því tengdist hafði sætt grófu kynferðislegu ofbeldi á heimavist Heyrnleysingjaskólans á sínum tíma. Dómarinn sagði þá, og það hefði átt að ná eyrum framkvæmdarvaldsins, að það væri hneykslí að málið hefði ekki verið rannsakað. Það hefur ekkert verið rannsakað síðan. Framkvæmdarvaldið hlítti ekki þeirri áskorun sem birtist í orðum dómarans út af þessu. Hins vegar var gerð rannsókn á þessu máli og muni ég rétt fór sú rannsókn fram í formi opinberrar eða óopinberrar skýrslu fyrir nokkrum mánuðum. Hver var meginniðurstaðan í rannsókninni? Jú, frú forseti, meginniðurstaðan var sú að 30–40% þeirra barna sem spurð voru og höfðu verið á heimavist Heyrnleysingjaskólans höfðu sætt ofbeldi af því tagi sem ég var að lýsa hér.

Til hvaða ráða hafa þá stjórnvöld gripið í framhaldinu? Það mál komst ekki í fjölmiðla með svipuðum hætti og mál Breiðavíkur, sem af sérstökum ástæðum komst vel í fjölmiðla, og mér er ekki kunnugt um að ríkisstjórnin hafi gert reka að því að kanna nákvæmlega hvað þarna gerðist og hversu útbreitt þetta var, hverjir það voru, og bjóða þá þeim

sem sættu þessu ofbeldi upp á sams konar ráðgjöf og þeim hefur verið boðin sem voru í Breiðavík. Þetta tel ég ámælisvert. Mér hitnaði auðvitað í hamsi í orðaskiptum mínum við hæstv. ráðherra áðan vegna þess að það kom skýrt fram að þetta var utan við sjónsvið ríkisstjórnarinnar. Hún virtist enga grein gera sér fyrir þessu þó að fyrir lægi skýrsla, nokkurra mánaða gömul, þó að fyrir lægi yfirlýsing dómara við rannsókn sakamáls sem leiddi til sakfellingar árið 2004 um að það væri hneyksli að þetta hefði ekki verið rannsakað. Svona einfalt er nú þetta.

Það er þess vegna sem ég segi að þessi rannsókn sé of þröng. Þá miða ég við að það er bersýnilegt að sú leiðsögn sem rannsakendum, nefndinni sem verður falin rannsóknin samkvæmt þessu frumvarpi, er ekki beint sérstaklega t.d. að Heyrnleysingjaskólanum. Hæstv. forsætisráðherra segir að það sé auðvitað hægt síðar, það þurfi að taka þetta skipulega, Breiðavík komi fyrst og síðan hugsanlega þetta, eða eins og hæstv. ráðherra orðaði það, „eftir atvikum". Það er ekki nóg fyrir mig.

Sömuleiðis vil ég segja, frú forseti, að ég er ekki sáttur við það með hvaða hætti hæstv. forsætisráðherra nálgast Byrgismálið hér. Þegar hann var spurður um þetta áðan, m.a. af mér í andsvari, kom hann býsna rogginn og sagði: Veit hv. þingmaður ekki að þetta er lögreglumál? Það er í rannsókn.

Svo kemur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og spyr hann: Ja, alltsvo, hæstv. forsætisráðherra, er þetta ekki lögregluranns6kn sem beinist fyrst og fremst að fjármálaóreiðu?

Þá svarar hæstv. forsætisráðherra með svofelldum hætti: Jú, hún beinist að fjármálaóreiðu en hún beinist líka að einkamálum sem reist hafa verið vegna einstaklinga sem þar telja sig hafa sætt ofbeldi. Svo bætir hann við: En ég veit það ekki, og það er ekki hægt að ætlast til þess.

Það getur vel verið að það sé ekki hægt að ætlast til þess. Þá er heldur ekki hægt að gera ráð fyrir því að forsætisráðherra vísi röksemdum okkar frá með því að segja varðandi Byrgið: Já, en það er í lögregluranns6kn.

Svo kemur í ljós að hann veit ekkert um hvað hún snýst og segir meira að segja að ekki sé hægt að ætlast til þess að hann viti neitt um það. Herra trúr, hvers konar málflutningur er þetta? Þarna stangast á staðhæfingar og öll röksemdafærslan er í tætlum. Það er allt í lagi frá mínum sjónarhóli, herra forseti, ef málið sjálft verður gott og lætur gott af sér leiða. Ég dreg engan efa á það. Hins vegar finnst mér óhæfa að þetta mál verði ekki látið ná til Byrgisins líka. Þar var um að ræða einstaklinga sem voru börn samkvæmt þeirri skilgreiningu sem hæstv. forsætisráðherra hefur sjálfur beitt sér fyrir í lagafrumvörpum sem við greiddum atkvæði með fyrir nokkrum árum. Þarna voru börn undir 18 ára aldri og við, fulltrúar samfélagsins, berum ábyrgð á þeim. Ef það kemur í ljós að einhver einstaklingur hefur verið beittur ofbeldi, andlegu, líkamlegu eða sætt einhvers konar kynferðislegri misnotkun af þeim mönnum sem þar réðu fyrir, og miðað við alla þá málavöxtu sem við þekkjum í dag kallar það á rannsókn stjórnvalda á því hvort fleiri einstaklingar, fleiri stúlkur, hafi orðið fyrir slíku ofbeldi. Þá dugar ekkert að vísa til rannsóknar lögreglunnar. Sýslumaðurinn á Selfossi vísaði því frá sér að gera almenna rannsókn á þessu máli. Hann sagði: Það þarf kæru einstaklings sem verður að vera andlag slíkrar rannsóknar. Þegar einkamál eru reist varða þau eðli máls samkvæmt þann einstaklingi sem hefur verið brotið á, þann sem brýtur og brotið í heild sinni, ekki aðra. Með öðrum orðum leikur grunur á því að í Byrginu hafi börn allt niður í 15 ára verið misnotuð og það þýðir ekkert fyrir ríkisstjórnina að segja: Við skulum rannsaka málið í Breiðavík en ekki í Byrginu.

Hvers eiga þeir að gjalda sem voru börn og voru í Byrginu undir eftirlitsleysi stjórnvalda þar sem alls konar hlutir viðgengust af því að stjórnvöld brugðust? Af hverju er ríkisstjórnin svona hrædd við þetta mál, af hverju má ekki ræða það, af hverju má ekki rannsaka það? Það skyldi þó aldrei vera að menn væru hræddir við að niðurstaðan yrði sú að eftirlitsleysi, skortur á aðhaldi og og skortur á því að fara að tilmælum vinnunefndar þriggja ráðuneytisstjóra ættu sinn þátt í því að upp komu þessar aðstæður? Samfélagið ber ábyrgð á þessu, og ríkisstjórnin ber ábyrgð vegna þess að hún hélt verndarhendi yfir þessari starfsemi, eins og þingið allt eins og hér hefur komið fram, og við í þinginu berum þess vegna ábyrgð á því að þetta verði skoðað niður í kjölinn.

Það eru tvær ástæður fyrir því, ekki bara til að reyna að kanna þann miska sem menn kunna að hafa orðið þarna fyrir og reyna að greiða úr honum með einhvers konar aðstoð og áfallahjálp, fjárhagslegri eftir atvikum, heldur líka til að læra af því. Byrgið er mál sem stjórnsýslan þarf að læra af. Heyrnleysingjaskólinn er mál sem stjórnsýslan þarf að læra af. Þá þýðir ekkert að vera forsætisráðherra, koma hingað og segja: Ja, það verður rannsakað skipulega eftir atvikum.

Það verður að koma hér alveg skýrt fram að þessi mál verði rannsökuð og ekkert undan dregið. Ég tek það ekki í mál að taka þátt í því enn einu sinni að Byrginu verði sópað undir teppið. Þessi ríkisstjórn á bara að hafa kjark til að horfast í augu við þá ábyrgð sem á henni hvílir.

Hér skulum við taka höndum saman um að gera þessi mál upp. Það er eitt af því sem þessi ríkisstjórn vill ekki, hvort heldur er varðandi hleranir eða annað, hún er alltaf hrædd við uppgjör. Þessi mál eiga að vera þess eðlis að það séu engin leyndarmál. Það er skylda okkar sem förum hér með vald sem kjörnir fulltrúar og þeirra sem er trúað fyrir framkvæmdarvaldinu að láta rannsaka þessi mál og kanna hvað gerðist. Það á ekki að einskorðast við þær stofnanir sem í fyrndinni störfuðu, það á líka að ná yfir þær stofnanir sem eru að störfum í dag.

Það hefur komið fram hjá einum af æðstu embættismönnum ríkisins, þeim sem er trúað fyrir barnaverndarmálum, forstjóra Barnaverndarstofu, að barnaverndarmál á Íslandi eru í nokkrum ólestri. Það vantar skýra stefnu í barnaverndarmálum, stöðugildum fjölgar ekki, fjárveitingar eru heldur að lækka á sama tíma og barnaverndarmálum stórfjölgar. Frá 1999 til ársins í fyrra fjölgaði þeim um 60%, í fyrra voru 7 þús. mál sem með þessum hætti komu til kasta barnaverndaryfirvalda, sem var vísað til þeirra. Stöðugildum hefur samt ekki fjölgað. Fjárframlög hafa ekki aukist, þau hafa heldur minnkað. Menn verða að taka alvarlega á þessu máli en það finnst mér ekki vera gert.

Þetta vildi ég segja, frú forseti, og ítreka það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði hér fyrir hönd Samfylk-

ingarinnar, við viljum styðja þetta mál en það kemur ekki annað til mála en að það verði útvíkkað og það verði alveg skýrt í því þingskjali sem fylgir lokasamþykkt þessa frumvarps að það muni ná yfir Heyrnleysingjaskólann og skýr fyrirmæli komi fram þar um. Ég tel það óhæfu af þinginu að láta það ekki ná líka til rannsóknar á kjörum og hugsanlegrar rangrar breytni gagnvart þeim börnum sem dvöldust í Byrginu.

[12:09]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Enn og aftur eru það fjölmiðlarnir sem vekja ríkisvaldið til aðgerða. Ég vil í upphafi leyfa mér að velta því fyrir mér þegar ég fékk um daginn svar við fyrirspurn um það hversu margir hefðu látist af völdum sjálfsvígs, upplýsingar frá landlæknisembætti. Á síðustu 25 árum eru skráðir 409 karlar sem hafa látist vegna sjálfsvíga. Ég get ekki annað en velt því fyrir mér hér við þessar aðstæður hvort þar á meðal séu svokallaðir Breiðavíkurdrengir, menn sem hafa alist upp við erfiðar aðstæður á Breiðavíkurheimili, eins og hér hefur komið fram.

Varðandi það frumvarp til laga um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn ber að sjálfsögðu að fagna því. Hér hafa komið ýmsar athugasemdir við það og ástæða er til að velta fyrir sér hvort þetta gangi nógu langt.

Strax í 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra er heimilt að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Heimild þessi tekur ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laga þessara.“

Þó að sumir vilji kannski bíða eftir niðurstöðu þeirrar nefndar sem á að vinna samkvæmt þessu frumvarpi getur maður samt ekki annað en velt fyrir sér hvernig staðan sé í dag og hvort ekki sé ástæða til að skoða hana alveg sérstaklega. Þrátt fyrir að ég geri mér grein fyrir því að þetta frumvarp snúi fyrst og fremst að málefnum Breiðavíkur og hugmyndin sé að læra af þeim niðurstöðum sem hérna koma fram getur maður samt ekki annað en velt því fyrir sér, frú forseti, hvort ekki sé ástæða til að grípa strax til aðgerða og skoða þær stofnanir sem eru í gangi. Það segir jafnframt í c-lið 1. gr. varðandi markmið könnunarinnar og nefndarinnar:

„Að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað.“

Við munum að sjálfsögðu læra af þeim niðurstöðum sem þarna munu koma fram, en hvaða eftirlit er í raun og veru í dag? Hverjir standa að eftirliti, hvaða vistheimili eru starfandi? Þau eru væntanlega færri og smærri og þá jafnvel í þeim mæli að einstaklingar séu í umsjá á sveitaheimilum. Óneitanlega leiðir maður hugann að því hvernig eftirlitið sé í dag og þá ekki einungis á vistheimilum fyrir ófatlaða, heldur og fyrir fatlaða og börn með geðraskanir, börn sem t.d. hafa dvalið á BUGL og verið síðan send áfram.

Allt þetta leiðir hugann að því hvernig eftirlitið er í dag og jafnframt spyr maður sig enn og aftur um samvinnu milli ráðuneyta, t.d. félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Það kemur mjög oft fram á hinu háa Alþingi að ekki virðist vera næg samvinna á milli ráðuneyta. Það leiðir því miður af sér ýmislegt neikvætt og ég held að það sé ástæða til að skoða það sérstaklega í framtíðinni. Þá erum við kannski enn og aftur komin að þeim hugleiðingum hvort ekki eigi hreinlega að sameina þessi tvö ráðuneyti í eitt velferðarráðuneyti.

3. gr. fjallar um þagnarskyldu og hverjir eigi að veita nefndinni upplýsingar. Allt gott um það en þá komum við líka enn og aftur að þessari spurningu: Hvernig hefur þetta gengið fyrir sig? Okkur hafa borist þær upplýsingar að ekki hafi verið næg samvinna í gangi eins og varðandi Byrgið sem títt hefur verið nefnt og ekki ástæða til að rekja alveg í þaula en þar hefur t.d. geðlæknir upplýst að hann hafi komið með ábendingar til landlæknisembættis sem einhverra hluta vegna ekki var hlustað á. Ég leyfi mér jafnframt að upplýsa hér að varðandi Byrgið komu líka ábendingar frá ráðgjöfum SÁÁ sem fengu til umönnunar og meðferðar ýmsa þá einstaklinga sem höfðu dvalist í Byrginu. Þessir ráðgjafar lýstu áhyggjum eftir þær upplýsingar sem þeir fengu, t.d. af þeim konum sem höfðu dvalist þar. Enn og aftur leiðir maður því hugann að samvinnu, upplýsingaflæði innan heilbrigðiskerfisins alls og milli heilbrigðiskerfisins og félagsmálakerfisins eða ráðuneytanna tveggja. Ég held að það sé hreinlega spurning eins og með nefndina, að hún taki sérstaklega á því að skoða þetta ferli, samvinnu milli þessara tveggja ráðuneyta og jafnframt við landlækni sjálfan.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að nefndin skuli fjalla um hvaða lærdóm megi draga af niðurstöðum könnunarinnar og gera tillögur um úrbætur til að koma í veg fyrir brot á börnum í opinberri forsjá. Það stingur mig síðan hér í athugasemdum, með leyfi forseta:

„Þá skal nefndin leggja á það mat hvort og þá hvernig skuli brugðist við af hálfu stjórnvalda gagnvart þeim sem kunna að hafa í reynd sætt illri meðferð, ef könnunin leiðir slíkt í ljós.“

Ég verð að viðurkenna, frú forseti, að ég skil ekki alveg hvers vegna það eru einhverjar efasemdir um „hvort“ eigi að bregðast við af hálfu stjórnvalda. Ég held að það hljóti að vera skylda stjórnvalda að bregðast við ef það kemur í ljós að þessir drengir hafi verið beittir þessu ofbeldi sem komið hefur m.a. fram í fjölmiðlum og í viðtölum við marga þeirra og foreldra þeirra. Í mínum huga er ekki nein efasemd um „hvort“ eigi að bregðast við, vangaveltan er einungis hvernig. Mér finnst mjög ámælisvert, frú forseti, að það skuli koma fyrir þetta blessaða orð hérna, „hvort“.

Það þarf líka að bregðast við á þann hátt að hafa samband við aðstandendur drengjanna. Það þarf að skoða alveg sérstaklega lífshlaup þessara drengja sem eru orðnir fullorðnir menn í dag. Ég minntist hér áðan á dökka skýrslu um fjölda sjálfsvíga og síðan er líka spurning hvort þessir menn hafi leiðst út í afbrot, glæpi, kynferðisafbrot og þá erum við komin enn og aftur að því sem kemur m.a. fram í bók Thelmu Ásdísardóttur, Myndinni af pabba, þar sem hún og fleiri konur á Stígamótum gera athugasemdir við fyrningarfrest í kynferðisbrotamálum. Staðreyndin er sú að flest mál uppgötvast það seint, kynferðisbrot gagnvart börnum, eins og t.d. það sem hér um ræðir varðandi Breiðavík, að þegar það loksins uppgötvast er málið fyrnt og svartasti hlutinn af því er sú staðreynd að viðkomandi barnaníðingur er þá jafnvel farinn að brjóta á næstu kynslóð. Ég held að eitt það

versta sem þessi nefnd gæti komist að væri að Breiðavík hafi mögulega búið til ofbeldismenn.

Það segir hér í athugasemdum með 5. gr. að könnunin skuli „í fyrstu taka til starfsemi vistheimilisins Breiðavíkur ... og eftir atvikum hliðstæðra stofnana og sérskóla". Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það verði framhald á þessu. Það má vera að það sé rétt hjá forsætisráðherra að klára þetta mál fyrst og læra af því hvernig eigi þá að vinna með önnur hliðstæð mál, en ég tel ekki síður varðandi framhaldið að menn þurfi að skoða stofnanir sem eru starfandi í dag.

Í ræðu áðan var minnst á grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær eftir Ásu Hjálmarsdóttur sem er móðir eins drengs sem dvaldist í Breiðavík. Þar talar hún um ástæðuna fyrir því hvers vegna barnaverndarnefnd hafi tekið drenginn af henni. Sökin var fráskilin og fátæk fimm barna móðir. Þetta leiðir hugann að skýrslunni um fátækt sem við ræddum hér nokkuð vel á Alþingi um daginn, en þar kom m.a. fram að í mestri hættu á að lenda í fátækt á Íslandi, fátækt sem vissulega er staðreynd, eru einmitt einstæðar mæður. Enn og aftur sannast þær bágu þjóðfélagsaðstæður sem þær búa við.

Varðandi frekari viðbrögð og framhaldið, frú forseti, tel ég nauðsynlegt, eins og ég nefndi áðan, að kanna lífshlaup þeirra manna sem voru drengir og dvöldust í Breiðavík. Að sjálfsögðu er algjörlega tvímælalaust að þeim eigi að veita aðstoð, meðferð og skaðabætur ef þörf þykir. Enn og aftur velti ég því upp að það eru líkur á því að þessir menn hafi lært þarna ofbeldi og mögulega stunda það einhverjir í dag og þess vegna er afskaplega þýðingarmikið að veita þeim meðferð og að sjálfsögðu á að vera algjörlega skilyrðislaust að ríkið ætli sér það.

[12:25]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað um mikilvægi þess máls sem nú er rætt. Það skiptir verulegu máli að gripið sé til aðgerða þegar málum af þessu tagi er hreyft í samfélaginu á þeim nótum sem gert hefur verið á síðustu vikum.

Ég leyfði mér að hrósa ríkisstjórninni og hæstv. forsætisráðherra fyrir það í byrjun þessa árs hvernig hann brást við þeim fréttum sem afhjúpaðar voru í fjölmiðlum um meðferð ungra drengja á meðferðarheimilinu Breiðavík á öldinni sem leið. Það var strax ljóst að ríkisstjórnin mundi ætla sér í aðgerðir og greinilegt að menn sáu að ekki var lengur við það unað að ávirðingar af því tagi sem hafa legið í láginni og verið í grasrótinni og sverðinum og fólk hefur vitað um árum saman að þarna hafi verið pottur brotinn, að það var sannarlega tímabært þegar fjölmiðlar tóku á málinu eins og gert var að ríkisstjórnin kæmi þar inn með aðgerðir. Þá verður líka að tryggja að það séu aðgerðir sem skipta einhverjum sköpum, ekki bara varðandi líðan og aðstæður þess fólks sem lenti í þeim hörmungum sem lýst hefur verið á uppeldisheimilinu Breiðavík heldur þurfum við líka að skoða börnin í samfélaginu í dag.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að meðferð á börnum er ekki alltaf góð í samfélaginu og í mannfélaginu, sama hvar er leitað og sama til hvaða tíma er litið höfum við farið illa með börnin okkar. Börn hafa þurft að sæta misnotkun í samfélaginu allt of lengi. Ekki er langt síðan byrjað var að tala um þá smánarbletti sem á samfélagi okkar hvíla en það er þó komið af stað og það fólk sem hefur lyft grettistaki í þeim efnum er auðvitað þau fórnarlömb sem sjálf hafa komið fram í dagsljósið með sínar sögur. Það fólk á þakkir skildar fyrst og fremst fyrir að hafa þorað að varpa kastljósinu inn í þá kima sem við höfum vitað að hafi verið til í samfélaginu en við höfum ekki þorað að lýsa inn í þá. Núna verðum við að gera það svo um munar. Við verðum að tala ofbeldi á börnum í samfélagi okkar í hel. Við þurfum að gá að því að við förum ekki með alla orkuna í að skoða hlutina sem gerðust í fortíðinni. Við verðum að tryggja að orkan fari í að styðja við bakið á því fólki sem hefur gengið jafnvel áratugum saman með þær byrðar sem þeir menn lýsa sem nú eru komnir fram í dagsljósið og við þurfum að tryggja að börnin sem alast upp við erfiðar aðstæður í dag finni að stutt sé við bakið við þeim. Og ekki bara börnin, eins og kemur fram í grein konunnar frá Hafnarfirði, sem eflaust hefur hreyft við mörgum sem lásu hana í Morgunblaðinu, því að ljóst er af þeirri grein að það verður líka að styðja við bakið á fjölskyldum sem eiga börn sem lenda í erfiðleikum.

Það er ekki lausn að taka börnin frá foreldrum sínum. Lausnin er fólgin í að styðja fjölskyldurnar. Við höfum ekki staðið okkur nógu vel að þessu leyti hingað til. Við höfum haldið of fast utan um pyngjuna í okkar sameiginlegu sjóðum til að hægt sé að segja að við höfum staðið okkur vel. Við höfum horft á aðgerðir í nágrannalöndum okkar þar sem menn hafa gert átak í þessum efnum. Teknar hafa verið pólitískar djarfar ákvarðanir um að gera átak til að reyna að rétta hlut barna í samfélaginu, bæði þeirra sem eiga erfitt í dag og hinna sem hafa þurft að ganga í gegnum erfiðleika frá barnæsku til fullorðinsára og eru nú að koma fram með sína erfiðleika. Minnist ég þá sérstaklega frétta af gleymdu börnunum í Noregi, börn þýskra feðra sem fæddust á stríðsárunum sem voru sett á upptökuheimili. Þar var einn af smánarblettum Norðmanna sem Norðmenn eru búnir að vera að reyna að berjast við að hreinsa af sér upp á síðkastið. Þess vegna má kannski segja að þeir hlutir sem verið er að afhjúpa núna varðandi Breiðavík eigi ekki að koma okkur á óvart, við vissum af þessu. Við vissum af frestunaráráttu okkar sjálfra við að ýta þessu áfram inn í skuggann. Nú er það ekki lengur hægt og ég segi: Það er gott. En hetjurnar í þessum málum eru þeir sem hafa þurft að þola þessa erfiðu reynslu.

Varðandi síðan málið sjálft finnst mér skipta verulegu máli að nefndin skili árangri í starfi sínu. Ég átta mig á þeim erfiðleikum sem eru til staðar að ákveða í lagafrumvarpinu, sem unnið hefur verið að á skömmum tíma, nákvæmlega á hvern hátt nefndin eigi að nálgast verksvið sitt. Mér finnst samt ekki rétt að 5. gr. sé jafnopin og laus í reipunum og raun ber vitni. Ég sé í raun endurspeglast í 5. gr. vandræðin fyrir ríkisstjórnina að ákveða hvað eigi að gera nákvæmlega og sýnist mér á fylgiskjali fjármálaráðuneytisins að á einhverju stigi málsins hafi verið búið að ákveða að nefndin yrði þriggja manna, því að það segir í greinargerðinni sem fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sendi með frumvarpinu að gert sé ráð fyrir að í nefndinni sitji þrír

menn og að hún hafi einn starfsmann í fullu starfi. Það segir ekkert um það í 5. gr. Því er greinilegt að málið þarf að fara til meðferðar í nefnd. Ekki er loku fyrir það skotið að hægt sé á skömmum tíma að fá til nefndarinnar þá aðila sem segja má að séu bestir sérfræðingar í þessum málum sem geti þá leiðbeint okkur og gert okkur ljósa grein fyrir hvers er þörf í þeim efnum til að nefndin geti unnið starf sitt á sem skilvirkastan hátt.

Við þurfum líka að skoða í nefnd til hvaða heimila og hvaða tilfella starf nefndarinnar á að ná. Ekki er sagt í lagatextanum að athugunin eigi einungis að beinast að vistheimilinu Breiðavík á tímabilinu frá 1950–1980, heldur kemur það fram í greinargerðinni með frumvarpinu. Ég held að við þurfum að hnykkja á efnisatriðum málsins og þess vegna verði að kalla sérfræðinga að málinu þó að ég hafi skilning á því í ljósi þess hversu skammt lifir þings að það þurfi að gerast á skömmum tíma.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að nefndin skuli fjalla um hvaða lærdóm megi draga af niðurstöðum könnunarinnar og gera tillögur sem ætlað er að koma í veg fyrir að brotinn verði réttur á börnum í opinberri forsjá. Þetta er eitt af því mikilvæga sem mér finnst vera í þessu verkefni, að út úr því starfi komi einhvers konar leiðbeining um hvernig við nálgumst þessi mál í samfélaginu í dag. Börn eru ekki vistuð lengur á stofnunum á borð við Breiðavíkurheimilið en við vitum að barnaverndarmálum er að fjölga og við þurfum að hafa betri yfirsýn yfir þau meðferðarúrræði sem eru til staðar. Mér segir svo hugur að við séum að leggja allt of litla áherslu og setja allt of litla fjármuni í þennan málaflokk. Ég er skíthrædd um að það geti verið áframhaldandi blettir að falla á samfélagið þar sem við stöndum ekki undir samábyrgð okkar og ég held að nefndin verði að skoða hvernig við búum að þeim börnum sem eru í opinberri forsjá í dag.

Það vakti athygli mína fyrir tveimur dögum að fjallað var um það í fjölmiðlum að hjálparsími Rauða krossins væri nú rauðglóandi og innhringingum í hann hefði fjölgað verulega eftir að ofbeldisbrotin í Breiðavík komust í hámæli. Í fréttum fjölmiðla kemur í ljós að fleiri karlmenn en áður hringi og þurfi á aðstoð að halda með sín mál. Fimmtíu manns hringja á hverjum degi í þennan neyðarsíma Rauða krossins, 1717, og að meðaltali er sagt að starfsmenn Rauða krossins svari um 13–14 þúsund símtölum á mánuði. Þetta er gríðarlega mikið. Í rauninni er þetta áfellisdómur fyrir samfélag okkar, að við skulum ekki geta með samhjálpinni, sem við teljum vera við lýði í samfélaginu og við viljum hafa virka hér, náð til svona stórs hóps eins og mér finnst þessi staðreynd frá Rauða krossinum gefa okkur vísbendingar um. Börnin okkar í dag, þau sem eru ung og þau sem eru orðin fullorðin þurfa á okkur að halda, þau þurfa á samábyrgðinni að halda og nefndin verður að beina sjónum sínum að því jafnframt.

Það sem nefndin kemur til með að þurfa að skoða kemur inn á þætti sem við erum að ræða í alþjóðlegu nefndinni nú þegar, tengt kynferðisbrotakafla hegningarlaganna. Eitt af því sem við erum að ræða þar er fyrningarfrestur kynferðisbrotamála gegn börnum. Afbrot af þessu tagi eru ein alvarlegustu brot sem hægt er að fremja. Sterk krafa hefur verið um það frá samfélaginu að við hættum að fyrna slík brot. Í fyrsta lagi vegna þess að þau eru þess eðlis, þau eru það alvarleg að þau valda varanlegum skaða á sálarheill einstaklinga, og í öðru lagi vegna þess að ljóst er að fórnarlömb ofbeldisglæpa af þessu tagi þurfa á því að halda að fá staðfestingu í lögum og reglum fyrir því að þau hafi ekki brotið af sér, sökin hafi ekki verið þeirra. Ef fyrningarfresturinn væri tekinn af málum af þessu tagi, kynferðisbrotum gegn börnum, þá vissu fórnarlömbin að hversu gömul sem þau yrðu liti samfélagið brotin svo alvarlegum augum að þau fyrndust ekki.

Ég hef velkst í vafa varðandi fyrningarfrestinn, hversu langur hann ætti að vera og hvort hann ætti að vera yfir höfuð einhver. En mér finnst þau mál sem hafa verið að koma upp á yfirborðið núna upp á síðkastið styrkja málflutning þeirra sem vilja að fyrningarfresturinn verði afnuminn á brotum af þessu tagi.

Virðulegur forseti. Það skiptir verulegu máli að sú nefnd sem hér um ræðir hafi sér við hlið sérfræðinga sem þekkja þessi mál svo sem best getur orðið. Við eigum í samfélagi okkar fjölda sérfræðinga sem hafa af mikilli eljusemi og fórnfýsi unnið mikið starf, mér liggur við að segja lyft grettistaki í þessum efnum. Ég er þar fyrst og fremst með í huga fólkið hjá Stígamótum sem hefur við mjög erfiðar aðstæður farið inn í þennan afkima samfélagsins, veitt ljósi þangað inn, hjálpað fólki til að koma fram í dagsljósið með sína erfiðu reynslu og hjálpað fólki áfram til sjálfshjálpar. Það er auðvitað niðurstaðan í öllum þeim athugunum sem koma til með að verða gerðar og hafa verið gerðar, að tryggja þarf að fólk sem hefur orðið fyrir áföllum af þessu tagi nái aftur fótfestu. Sérfæðingarnir hjá Stígamótum eru með þá reynslu í pokahorninu sem gæti gagnast nefndinni sem ég tel að sé afar mikilvægt, að það séu ekki einungis þeir sérfræðingar sem hafa verið nefndir, þ.e. geðlæknar eða sálfræðingar, heldur líka fólk sem unnið hefur vinnu á borð við þá sem unnin hefur verið í Stígamótum. Ég hvet því til þess þá sem hér um véla að líta til þeirrar reynslu og þeirra einstaklinga sem þar hafa starfað.

Ég held að við þurfum að viðurkenna að það þurfi aukið svigrúm til þess að starfa með fólki sem lendir í áföllum af þessu tagi, það þurfi aukna fjármuni og við verðum hér á löggjafarsamkundunni að líta í eigin barm í þeim efnum og tryggja að það verði tekið á og gert átak svo að við getum sagt og fengið það á tilfinninguna að við séum að standa okkur jafn vel og hugur okkar stendur til.

Um það sem hér hefur verið nefnt, þ.e. hvort það eigi að heyra undir verksvið nefndarinnar að rannsaka þau mál sem komið hafa upp í Byrginu, vil ég segja þetta: Já, mér þætti eðlilegt að málefni Byrgisins kæmu til skoðunar í nefndinni líka. Ef starfssvið hennar á að vera jafnopið og hæstv. forsætisráðherra hefur í sjálfu sér látið liggja að í ræðum sínum komumst við ekki hjá því að skyggnast inn í þann heim líka sem því fólki sem nýtti meðferðarúrræði Byrgisins var boðið upp á.

Mér finnst líka alvarlegt, og ég held að rétt sé að nefna það við umræðuna, af því að hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að um lögreglumál sé að ræða sem sé í rannsókn, það hefur leitað á huga minn hvers vegna ávirðingarnar sem stúlkurnar úr Byrginu báru á starfsmenn þess í fyrstu voru ekki kærðar af ríkissaksóknara strax. Mér finnst undarlegt í

þeim tilfellum að konur eða stúlkur sem lenda í jafnalvarlegri reynslu og verða fyrir jafnofbeldisfullri reynslu og þar hefur verið greint frá, skuli þurfa að fara í einkamál og kæra sjálfar. Ég veit ekki betur en að misneyting af því tagi sem þær hafa kært fyrir eigi að vera opinbert mál, opinbert refsimál. Ég lýsi því yfir að mér finnst opinber yfirvöld, ríkissaksóknari og þeir sem hafa rétt til að ákæra í opinberum málum, veigri sér við að ákæra í kynferðisbrotamálum og þess sé ævinlega krafist að farið sé í einkamál. Þetta er hluti af því hvernig við höfum litið á þessi mál hingað til. Kynferðisbrotamál af því tagi sem hér um ræðir, kynferðisbrot sem framin eru á meðferðarheimilum sem eru opinber eiga ekki að vera einkamál. Þau eru opinber sakamál og þau eru mál sem við eigum að taka mjög alvarlega og við á löggjafarsamkundunni eigum auðvitað að tryggja það að löggjöf okkar sé lúslesin með tilliti til þess að þeir sem eru fórnarlömb ofbeldisglæpa af þessu tagi, sem framin eru á opinberum stofnunum, þurfi ekki að fara að bretta upp ermar og standa undir því að reka einkamál. Þetta fólk er ekki þannig í stakk búið að það geti gert það svo vel sé. Samábyrgðin á að vera virk þarna en mér sýnist hún ekki vera það. Ég segi því úr þessum ræðustóli, hæstv. forseti, já, ég tel að nefndin eigi að líta á þessi mál afar vítt og að málefni þeirra sem hafa komið fram með sína erfiðu reynslu úr Byrginu eigi að heyra þarna undir.

Að lokum lýsi ég yfir stuðningi við að málið sé unnið hratt og það verði tekið skipulegum tökum, en ég geri ráð fyrir að það þurfi að koma til nefndar og haldinn verði um það fundur eða tveir til þess að við getum aðeins skyggnst inn í það hvort við séum að skilgreina þetta nægilega vel eins og gert hefur verið eða hvort gera þurfi einhverja bragarbót á orðalagi. Við þurfum að vera opin fyrir því.

[12:38]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Um þetta frumvarp til laga um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn væri hægt að hafa mörg orð því að tilefnið er alvarlegt en ég vil byrja á því, hæstv. forseti, að þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir að bregðast svo fljótt sem raun ber vitni við þeim alvarlegu ásökunum sem fram hafa komið varðandi meðferð barna á meðferðarheimilinu Breiðavík. Eins og alþjóð varð ljóst þegar fjölmiðlar tóku upp mál nokkurra einstaklinga, fullorðinna manna, sem voru tilbúnir til að miðla af sinni bitru reynslu og lýsa ásku sem var eyðilögð og í rauninni fullorðinsævi sem líka var eyðilögð, brennimerktir af þeirri reynslu bernskunnar, er ærin ástæða til að bregðast við.

Ég tel, hæstv. forseti, að frásagnir þessara einstaklinga, sem má kalla hetjur fyrir að koma fram undir nafni eða brjótast út úr þögninni og segja frá, lýsi því vel hversu alvarlegur glæpur kynferðislegt ofbeldi er. Það er sama hvort það snýr að drengjum eða stúlkum — staðreyndin er þó sú að það beinist miklu oftar gegn stúlkum og konum — þetta er alltaf mannskemmandi og athæfi sem hefur ekki eingöngu áhrif á líðandi stund heldur brennimerkir viðkomandi alla ævi. Það held ég að sé það sem við þurfum fyrst og fremst að horfa til, þ.e. alvarleika atburðanna og síðan, eins og þessari nefnd er ætlað að gera, að skoða sérstaklega meðferðarheimilið Breiðavík og þær alvarlegu ásakanir sem hafa komið upp gagnvart meðferðinni þar. En ég les textann í 1. gr. þannig að þá séu önnur vistheimili og meðferðarheimili fyrir börn sem nefndin geti skoðað. Því tel ég einboðið að án þess að víkka starfsemi nefndarinnar út allt of mikið verði málefni Heyrnleysingjaskólans á því tímabili sem hann var vistheimili þessara barna skoðuð meðfram. Þar hafa komið fram jafnalvarlegar ásakanir og upplýst er um með Breiðavíkurheimilið þannig að ég tel að frumvarpið nái líka yfir Heyrnleysingjaskólann.

Þó svo að þessari nefnd verði ekki gert að rannsaka þau meðferðarheimili sem í dag eru starfandi tel ég alveg einboðið að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, sem hafa með vistun barna að gera skoði þær reglur og þann ramma sem vistun barna er sett í í dag og þá líti bara hver og einn í eigin rann til að fara yfir þau mál og það verði ekki látið bíða þó að það sé ekki verkefni þessarar nefndar. Það þarf að fara yfir það hvernig eftirliti og aðhaldi er háttað.

Það sem skiptir mestu máli er að ef vandamál koma upp innan fjölskyldna og ef vandamálin verða svo mikil að þau komi til kasta barnaverndaryfirvalda á að vera fortakslaus krafa að fyrst og fremst sé horft á stuðning við fjölskylduna þannig að hún geti haldið saman, börnin geti verið inni á heimilum sínum og að fjölskyldan fái stuðning til þess. Auðvitað koma því miður upp þær aðstæður að það er metið sem svo að börnunum sé fyrir bestu að fara út af ofbeldisheimilum eða þar sem er svo sjúklegt ástand að börnunum sé fyrir bestu að vera ekki inni á heimilinu. Það þarf mikið til, bæði fagþekkingu og fjármagn, til að halda mjög sjúkum fjölskyldum saman þannig að þær geti þroskast til betra lífs og verið börnunum meiri stuðningur en það tel ég að við eigum að gera, leggja fyrst og fremst áherslu á það. Ég veit að það hefur breyst, þessi skilningur er til staðar en þar sem það kostar sérfræðinga, sérfræðiþekkingu, kunnáttu og peninga er hugsanlega í dag gripið til vistunarúrræða fyrr en á þyrfti að halda.

Hvað varðar aðstoð við þá einstaklinga sem hafa sem börn lent í kynferðislegu ofbeldi þá verður hún að vera til staðar, það sýna upphringingar til Rauða krossins í dag að þessi umræða hefur ýft upp gömul sár hjá miklu fleirum en voru á þessum heimilum. Ég skora á hæstv. forsætisráðherra að fylgja orðum sínum eftir og loforðum ríkisstjórnarinnar og sjá til þess að þeim einstaklingum sem voru á Breiðavíkurheimilinu, og ég vil bæta við Heyrnleysingjaskólanum, og fjölskyldum þeirra sé tryggður sá stuðningur sem þau þurfa á að halda í dag og í nánustu framtíð til að vinna úr sínum málum.

Ég vil benda hæstv. forseta og hæstv. forsætisráðherra á að þessi umræða og það að kafa svona í fortíðina — það er auðveldara að draga skömmina úr fortíðinni fram í dagsljósið, það er þægilegra að tala um af því að það er liðið — minnir á það sem er að gerast í samfélagi okkar í dag. Umræðan snertir mjög marga og ég tel að huga þurfi að því að efla geðþjónustu, sálfræðiþjónustu við miklu stærri hóp en var inni á Breiðavíkurheimilinu. Þetta á eftir að ýfa upp sár og koma við svo marga að við eigum að gera ráð fyrir því að fleiri þurfi að leita sér aðstoðar og ég tel að þurfi að sjá til þess að sú aðstoð sé til staðar.

Hvað varðar Stígamót er þar sérfræðiþjónusta og hjálp

að fá sem margir hafa nýtt sér. Á álagstímum eins og þessi mál hafa skapað tel ég að hugsa þurfi til þess að Stígamót fái þann fjárstuðning sem á þarf að halda til að geta sinnt þessu mikilvæga verkefni.

Ég ætla ekki að fara neitt frekar yfir frumvarpið. Því hafa verið gerð hér góð skil. Eins og ég segi má þakka fyrir að það skuli koma fram. Ég hefði viljað að í greinargerðinni hefði verið bætt við Heyrnleysingjaskólanum, þar er Breiðavíkurheimilið nefnt sem takmarkar þar af leiðandi hugsanlega rannsóknina. Þar sem ekki kemur fram í 1. gr. hverjir eiga að sitja í nefndinni eða hversu margir hvet ég hæstv. ráðherra til að velja í nefndina sérfræðinga og sérfróða aðila, ekki eingöngu úr lögfræðistétt heldur geðlækna og sálfræðinga og leita til þeirrar reynslu sem er hjá Stígamótum sem ég tel að séu okkar sérfræðingar á þessu sviði.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en óska þess að frumvarpið nái hér fram að ganga þó að stuttur tími sé til stefnu. Ég óska þess að verðandi nefnd komi til með að njóta góðrar aðstoðar og að störf hennar muni nýtast okkur inn í framtíðina.

[12:48]

**Ellert B. Schram:**

Frú forseti. Ég hef setið og hlustað á þessa umræðu með athygli og af nokkrum áhuga vegna þess að þetta er angi af máli sem hefur verið mjög á dagskrá í samfélagi okkar undanfarnar vikur og ekki að ástæðulausu. Í umræðunni hefur verið farið dálítið um víðan völl og ekkert við því að segja og eðlilegt vegna þess að þetta mál er sprottið af atburðum og frásögnum af meðferð á meðferðarheimilum hjá börnum sem fullorðnum.

Að gefnu tilefni vegna ummæla fyrr í þessari umræðu tel ég mér skylt að geta þess og upplýsa hæstv. forsætisráðherra um það að þó að hann viti ekki betur en að málefni og umönnun þeirra sem þarna hafa orðið fórnardýr séu í góðum farvegi veit ég fyrir víst eftir kynni af því og fræðslu að því miður er það ekki svo. Alveg fram á síðustu daga hafa fórnarlömbin frá Byrginu búið við þær aðstæður að eiga hvergi höfði sínu að halla og leitað aðstoðar eins og að hefur vonandi verið stefnt. Ég held að það sé full ástæða fyrir stjórnvöld að kippa því í lag og taka utan um það mál.

Ég þarf ekki að hafa svo sem langa ræðu um málið en vildi bara koma að þeim sjónarmiðum mínum að þetta frumvarp er ágætt svo langt sem það nær og er áreiðanlega af góðum huga flutt en gengur of stutt, er of þröngt og gengur of stutt. Það er tvennt sem ég staldra við, annars vegar að það snýr aðeins að börnum. Ég held að þetta mál sé miklu umfangsmeira eins og við öll vitum en svo að það sé einskorðað við vandamál barna sem lenda á meðferðarheimilum. Þetta vandamál sem við blasir gildir líka um fullorðið fólk. Mér finnst ótækt og óviðunandi að hér sé gripið til lagasmíðar um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, það á að vera víðtækara og hafa punkt á eftir „starfsemi vist- og meðferðarheimila".

Hitt atriðið sem ég geri athugasemd við er að sú heimild sem lögin eiga að veita tekur ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku þessara laga. Það er svo sem allt gott um það að segja að við leggjumst í vinnu við að grafa upp gamlar beinagrindur og reyna að fá niðurstöður í mál sem áttu sér stað fyrir jafnvel áratugum síðan en auðvitað eru vandamálin miklu nærtækari og þau eru viðvarandi. Það er alveg ljóst held ég af öllum staðreyndum málsins og frásögnum að hér þarf að gera mikla bragarbót á skipulagi og starfsemi meðferðarheimila almennt. Það eru mjög miklar brotalamir á skipulaginu og ég held að viðfangsefnið sé náttúrlega að upplýsa það sem ábótavant hefur verið í fortíðinni en fyrst og fremst að finna út hver hugmyndafræðin á að vera á bak við starfsemi eins og þessa. Hver er tilgangurinn með meðferðarheimilunum og hvað þarf til svo að þau beri einhvern árangur?

Ég held að það sé hægt að segja með sanni að það hafi komið í ljós í umræðunni um Byrgið, svo að ég nefni það, að þar skorti ekki bara á fjármálalegt eftirlit heldur líka faglegt skipulag og eftirlit. Þarf ekki að lýsa því frekar nema eftir því sé spurt.

Hugsunin á bak við þetta frumvarp er eins og fyrr segir virðingarverð og þjónar áreiðanlega ákveðnum tilgangi en ef stjórnvöld hafa af þessu áhyggjur, sem eðlilegt er og gefur augaleið, þurfa þau auðvitað að bregðast við með því að reyna að skapa sér og móta þá hugmyndafræði sem býr að baki því að þurfa að senda fólk á slík meðferðarheimili. Þegar sett er á stofn nefnd af þessu tagi finnst mér að hún eigi fyrst og fremst að hafa það hlutverk að finna út og leggja drög að því hvernig eigi að framkvæma rétta meðferð.

Hér er verið að tala um að rannsaka mál þar sem hægt er að finna út að börn hafi fengið illa meðferð, eins og segir hér í b-lið 1. gr., með leyfi forseta:

„Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð."

Þetta er auðvitað nauðsynlegt og sjálfsagt en hvað framtíðina varðar þurfum við að finna út hver hin rétta meðferð eigi að vera. Þetta leyfi ég mér að segja vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að meðferð og starfsemi og skipulag meðferðarheimila sem nú eru starfandi sé á villigötum. Það er ekkert skipulag, ekkert eftirlit og engin fagleg þekking sem býr að baki þessari meðferð, því miður. Ég vil ekki alhæfa en ég held að þau mál sem hafa verið hér til umræðu hafi sýnt fram á þessa staðreynd.

Ég held, frú forseti, að þetta mál þurfi að fá framgang þó að lítill tími sé til stefnu en ég held að það þurfi að víkka það mjög út vegna þess að í þeim búningi sem það er í núna er það mättlaust og nær engan veginn yfir það vandamál sem við höfum horfst í augu við á undanförnum vikum.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:57]

## *Tilhögun þingfundar.*

[13:30]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Forseti vill geta þess að umræða um fyrstu tvö dagskrármálin heldur áfram klukkan fjögur í dag.

***Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 668. mál. — Þskj. 1019.

[13:30]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Við höldum hér áfram umræðum um frumvarp til laga um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn sem hæstv. forsætisráðherra mælti fyrir fyrr í dag. Mig langar til að spyrja hæstv. forseta hvort forsætisráðherra verði ekki viðstaddur umræðuna til enda. Ég ætlaði að bæta nokkrum atriðum við þá umræðu sem fór fram í morgun sem ég tel ástæðu til að forsætisráðherra, sem er með þetta mál í sinni forsjá, fái að heyra. Ég sé að hann er ekki mættur hér.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill geta þess að hæstv. forsætisráðherra er vant við látinn og getur ekki verið við lok umræðunnar.)

Mig langar að spyrja hæstv. forseta hvort hún viti hvort ráðherra hafi tök á því að koma síðar í dag til að klára þessa umræðu. Hvernig hefur hann hugsað sér að ljúka umræðunni, ætlaði hann ekki að taka til máls að nýju?

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti veit að hæstv. forsætisráðherra getur ekki verið við þessa umræðu þó að það sé síðar á þessum degi. Forseti mælist til þess við hv. þingmann að hún haldi engu að síður áfram máli sínu þannig að hægt sé að ljúka þessu máli. Það er brýnt að koma því til nefndar. Forseti mun koma þeim tilmælum til forsætisráðherra að hann verði þá viðstaddur 2. umr. þannig að hv. þingmaður geti átt orðaskipti við ráðherrann þegar málið kemur aftur til 2. umr.)

Já, ég mun fara yfir þessi atriði hér og treysta því að ráðherra kynni sér hvað hefur farið fram í umræðunni eftir að hann hvarf úr þingsal.

Virðulegi forseti. Mig langaði að taka undir nokkur atriði sem hafa komið hér fram og sem snúa að gagnrýni á þetta frumvarp. Menn hafa gagnrýnt að það eigi einungis við eitt heimili, Breiðavík, en það er full ástæða til að skoða þetta mun víðar. Einnig hefur verið gagnrýnt að þetta snúi aðeins að börnum. Aðalástæðan fyrir því að ég kem hérna upp er að ég er sammála þeirri gagnrýni. Nýverið átti ég úr þessum stóli orðastað við hæstv. félagsmálaráðherra vegna fatlaðra. Við vitum að fatlaðir eru margir hverjir alltaf börn, þeir sem þroskast ekki eða þeir sem eiga við þannig fötlun að stríða eru alltaf eins og börn þó að þeir verði fullorðnir. Við verðum að skoða heimili sem fatlaðir eru sendir til, t.d. til sumardvalar. Ég hef fengið athugasemdir frá aðstandendum fatlaðra barna sem telja að eftirlitið sé ekki nógu mikið, ekki sama eftirlitið með slíkum stofnunum og öðrum stofnunum sem eru fyrir heilbrigð börn. Það var líka bent á að ekki væru sömu kröfur gerðar til þeirra sem taka fötluð börn í vist og þeirra sem taka heilbrigð börn. Þetta mál verður að fara yfir. Það þarf að skoða. Það er ekki boðlegt að ekki séu gerðar sömu kröfur til leyfa til að setja á laggirnar slíka vist. Ég vonast til þess að hæstv. forsætisráðherra og hv. allsherjarnefnd skoði þetta í umfjöllun um málið í nefndinni.

Það er einnig mjög mikilvægt að gerðir verði þjónustusamningar vegna allra slíkra heimila, að gæðaeftirlit fari fram og annað eftirlit með að þjónustusamningarnir séu uppfylltir. Í þessu máli er verið að líta til baka og skoða það sem hefur farið úrskeiðis en við verðum líka að horfa fram á við og tryggja að hlutir eins og þeir sem hafa verið hér til umræðu í samfélaginu, Breiðavíkurmálið, Heyrnleysingjaskólinn og Byrgið, endurtaki sig ekki, sérstaklega ekki þegar fatlaðir eiga í hlut því að það er sá hópur sem er hvað varnarminnstur. Hann er varnarlaus gagnvart alls kyns ofbeldi eins og hefur sýnt sig í umræðunni um Heyrnleysingjaskólann.

Mig langar líka að nefna í þessari umræðu að það er ljóst að fara þarf mjög gaumgæfilega yfir þessa þætti og samskipti Barndaverndarstofu og sveitarfélaganna vegna þess hvernig málum er háttað. Mig langar til að vísa í viðtal við Braga Guðbrandsson, ég held að það hafi verið í Blaðinu um helgina, þar sem hann nefnir ýmsa vankanta á kerfinu í dag sem við þurfum að taka á til að svona hlutir endurtaki sig ekki. Það kom mér á óvart þegar hann lýsti því hvernig háttað væri vist fyrir börn sem barnaverndaryfirvöld væru að finna heimili fyrir. Hann sagði að þá væri nánast eins og uppboð á því hverjir gætu tekið börnin að sér fyrir sem lægst verð. Það minnti svolítið á uppboð hreppsómaganna á árum áður þó að ég ætli ekki alveg að bera það saman. Ég hef áhyggjur af því hvernig þessum málum er háttað í dag og það er full ástæða til að fara yfir þessa þætti, hvort sem það eru vistheimili fyrir börn, fyrir fatlaða sem eru jafnvel orðnir fullorðnir, stuðningsforeldra o.s.frv.

Auðvitað veit maður að flestir hugsa vel um þessi börn en til að koma í veg fyrir að einhverjir svona hlutir gerist á að vera eftirlit, það eiga að vera samræmd skilyrði fyrir því hverjir fá heimildir til að vista börn og annast þau.

Svo langar mig til að nefna annað viðtal við Braga Guðbrandsson í Morgunblaðinu í morgun þar sem hann vitnar í grein Ásu Hjálmarsdóttur í Morgunblaðinu í gær. Sú grein var mjög átakanleg lesning og sýnir hvað það er brýnt að þetta mál komist í gegn, að það verði skoðað, a.m.k. með Breiðavík, þannig að þeir foreldrar og þær mæður sem voru í sporum Ásu, börnin tekin af þeim og send í þessa hroðalegu vist, fái skýringar á því hvernig stóð á þessari framkomu við þær.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég er alveg sammála því að þetta er mjög brýnt mál sem þarf að fara til nefndar og ég vonast til þess að allsherjarnefnd taki þannig á málinu að þetta verði víkkað svo að fleiri heimili verði skoðuð og það verði til þess að félagsmálayfirvöld samræmi kröfur og auki eftirlit með þeim sem taka að sér börn annarra til vistunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.*

Stjfrv., 669. mál (sauðfjársamningur). — Þskj. 1020. [13:39]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga, um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum. Frumvarpið er að finna á þskj. 1020 sem er 669. mál þessa þings.

Frumvarp þetta er samið í samráði við Bændasamtök Íslands. Tilgangur frumvarpsins er að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vegna ákvæða í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar milli landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands sem undirritaður var 25. janúar 2007. Samningurinn er byggður á eldri samningi um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000, en þó töluvert einfaldaður og breyttur. Samningurinn sem nú liggur fyrir nær yfir tímabilið frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013. Um efni hans vísast til fylgiskjals I með frumvarpi þessu. Ekki er í samningnum um grundvallarstefnubreytingu af hálfu ríkisins að ræða hvað varðar stuðningsfyrirkomulag við sauðfjárrækt. Þó felur samningurinn og frumvarp þetta í sér nokkrar breytingar sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á 2. gr. búvörulaga þar sem skilgreiningar á hugtökum er að finna. Hugtakið jöfnunargreiðslur er m.a. fellt brott þar sem hætt verður að greiða slíkar greiðslur ef frumvarp þetta verður að lögum og munu jöfnunargreiðslur verða felldar inn í beingreiðslur.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um brottfall 3., 4., 5. og 6. mgr. 29. gr. laganna sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla með einum eða öðrum hætti um útflutning á kindakjöti og skyldu sláturleyfishafa og sauðfjárframleiðenda til að taka þátt í slíkum útflutningi. Í samningi ríkisins og Bændasamtaka Íslands, um starfsskilyrði sauðfjárræktar, frá 25. janúar sl. er kveðið á um afnám útflutningsskyldunnar í ákveðnum skrefum og verður skyldan að fullu afnumin 1. júní 2009. Ákvæði um útflutningsskyldu falla því brott úr lögunum eftir nánari fyrirmælum gildistökuákvæðis laganna.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingu á ákvæðum 36. gr. búvörulaga. Með tilkomu nýs samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar var markmiðum samningsaðila lítillega breytt og þau umorðuð án þess þó að um neina grundvallarbreytingu á markmiðum sé að ræða. Með frumvarpinu er lögð áhersla, samanber b-lið, á að styrkja búsetu í dreifbýli. Í samræmi við þetta markmið renna tilteknar greiðslur til ákveðinna lögbýla á svæðum þar sem sauðfjárrækt er sérstaklega mikilvæg fyrir viðkomandi byggð. Í dag rennur svipuð fjárhæð til viðkomandi byggða í formi styrks í gegnum svonefnd 7.500 ærgildi, en með nýjum sauðfjársamningi var sérstaklega samið um þennan styrk sem úthluta á til þeirra aðila sem nú njóta greiðslna á grundvelli 7.500 ærgildanna.

Í nýju samkomulagi um starfsskilyrði sauðfjárræktar er ekki lengur gert ráð fyrir svonefndum jöfnunargreiðslum. Því er gert ráð fyrir því í 4. gr. frumvarpsins að jöfnunargreiðslur renni inn í heildargreiðslumark sauðfjár á samningstímabilinu. Með hliðsjón af því er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að 40. gr. gildandi laga falli brott og til verði ný 37. gr. búvörulaga þar sem m.a. verði fjallað um og taldir upp þeir flokkar greiðslna sem gert er ráð fyrir í samningnum frá 25. janúar 2007.

Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins koma fyrir þeir flokkar greiðslna sem stuðningi ríkisins er veitt í, þ.e. beingreiðslur, sem samkvæmt samningnum eru á ári út samningstímann 1.716 millj. kr., gæðastýringargreiðslur 898 millj. kr. út samningstímann, ullarnýtingargreiðslur 300 millj. kr. út samningstímann, greiðslur vegna markaðsstarfs og birgðahalds, sem í upphafi samningstímans eru 311 millj. kr. en lækka á hverju ári og eru í lok samningstímans um 160 millj. kr., svæðisbundinn stuðningur 43 millj. kr. út samningstímann og að lokum greiðslur vegna nýliðunar og átaksverkefna 80 millj. kr. út samningstímann. Heildarfjárhæð greiðslna á ári út samningstímann fer úr 3.348 millj. kr. í upphafi lækkandi ár frá ári og eru á lokaári samningsins 3.197 millj. kr. Tekið skal fram að allar ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs 1. janúar 2007 sem var 266,2 stig og taka þær mánaðarlegum breytingum þaðan í frá.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er að finna frekari breytingar er leiða af undirritun nýs samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Í greininni er að finna upplýsingar um heildargreiðslumark í sauðfé sem í gildi verður frá og með 1. janúar 2008, þ.e. 368.457 ærgildi. Einnig er kveðið á um hvert verði heildarbeingreiðslumark sauðfjárafurða, þ.e. 1.716 millj. kr. á ári, og um skiptingu þess hlutfallslega á milli lögbýla. Kveðið er á um sömu skiptingu beingreiðslna og farið var eftir árið 2007.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að gildandi 4. mgr. 38. gr. falli brott. Í dag er greininni ætlað að uppfylla ákveðna samningsskuldbindingu ríkisins samkvæmt núverandi sauðfjársamningi sem fellur úr gildi 1. janúar 2008. Eftir þann tíma á greinin ekki lengur við. Í nýjum sauðfjársamningi er hins vegar að finna ákvæði sem kallar á breytingu á lögum þar sem kveða þarf á um tiltekinn lögvarinn rétt ábúenda eða leigutaka lögbýlis til að kaupa eða skrá greiðslumark á viðkomandi býli. Í greininni er jafnframt ítrekuð heimild leiguliðans til að framselja slíkt greiðslumark án samþykkis jarðeiganda.

Hæstv. forseti. Ekki er þörf á að fjalla um efni 6. gr. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að jöfnunargreiðslur verði áfram greiddar til framleiðenda með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 40. gr. gildandi búvörulaga er í 7. gr. fjallað um hvernig jöfnunargreiðslur eru teknar inn í heildargreiðslumark lögbýla frá og með 1. janúar 2008. Um þá framkvæmd er vísað til nýs bráðabirgðaákvæðis, Ú, við lögin.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um þær breytingar sem gert er ráð fyrir að verði á 41. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að 1. mgr. gildandi 41. gr. falli brott í heild þar sem hún, ef frumvarp þetta verður að lögum, á þá ekki lengur við. Almennt má segja um greinina að í henni er fjallað um svokallaðar gæðastýringargreiðslur í sauðfjárrækt. Með því er

átt við sérstakar greiðslur sem greiddar eru úr ríkissjóði samkvæmt ákvæði í samningi um starfsskilyrði í sauðfjárrækt frá 25. janúar 2007. Greiðslurnar skulu fara til þeirra bænda sem uppfylla skilyrði lagagreinarinnar og reglugerðar sem sett er um heimild í þeim. Með þeirri breytingu sem lögð er til á 41. gr. er lagatextinn gerður einfaldari og gert ráð fyrir að almenn efnisákvæði og nánari skilyrði fyrir gæðastýringargreiðslum verði útfærð í reglugerð sem ráðherra setur í samráði við Bændasamtök Íslands.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að 42. gr. núverandi laga falli brott. Í núverandi 42. gr. er fjallað um hlutverk framkvæmdanefndar búvörusamninga við framkvæmd og eftirlit með gæðastýrði sauðfjárframleiðslu. Gert er ráð fyrir því að hætt verði með lögum að fela framkvæmdanefndinni verkefni vegna gæðastýringar. Einn annmarki þess kerfis sem nú er í gæðastýringu er hversu mörg stjórnvöld koma að þeim málum sem þar er fjallað um. Með því að hætta að fela framkvæmdanefndinni ákveðin stjórnsýsluverkefni vegna gæðastýringarinnar verður þessum aðilum fækkað. Gert er ráð fyrir því að ráðherra feli í reglugerð Landbúnaðarstofnun að sinna því hlutverki sem framkvæmdanefndinni er nú falið í lögum.

Ekki er sérstök þörf á að fjalla um 10., 11. og 12. gr. frumvarpsins en um athugasemdir við þær er vísað til framlagðrar greinargerðar með frumvarpinu á þskj. 1020.

Í 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að nefnd sú sem komið er á fót í 46. gr. gildandi laga, og fjallar um ágreining um það hvort einstakir framleiðendur uppfylla skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eða ekki, verði lögð niður. Í raun hefur það verið svo að fá mál hafa ratað á borð umræddrar nefndar. Samhliða því að ákvæði er varða úrskurðarnefndina eru felld brott eru tilvísanir í búvörulögunum þar sem fjallað er um úrskurðarnefndirnar felldar brott, þ.e. úr 1. mgr. 56. gr. og 1. mgr. 61. gr. Nánar um rökstuðning fyrir ákvæði greinar er vísað til umfjöllunar í greinargerð með frumvarpi þessu.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir því að 47. gr. núverandi laga falli brott og þar með að framkvæmdanefnd búvörusamninga hætti að hafa yfirumsjón með gæðastýrði sauðfjárframleiðslu.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir því að 48. gr. núverandi laga falli brott. Ákvæði hennar hafa nú að mestu verið færð í 41. gr.

Í 16. gr. er gert ráð fyrir því að 49. gr. núverandi laga falli brott. Í 49. gr. núverandi laga er fjallað um úrskurðarnefnd vegna ágreinings um greiðslumark og skipan hennar. Úrskurðarnefnd samkvæmt búvörulögum um ágreining um greiðslumark fékk þrjú mál til meðferðar 2001, ellefu mál árið 2002, þrjú mál árið 2003, fjögur mál 2004 og tvö mál 2005. Með ofangreindri breytingu verður það svo að þær ákvarðanir sem gera má ráð fyrir að Landbúnaðarstofnun felli verði kæranlegar til ráðherra sem æðra stjórnvalds, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Í 56. gr. í X. kafla um framleiðslu- og greiðslumark mjólkur 1998–2005 er kveðið á um að 49. gr. gildi um ágreining vegna ákvarðana á greiðslumarki lögbýla samkvæmt þeim kafla. Í 61. gr. í XI. kafla um framleiðslu- og verðmyndun garð- og gróðurhúsaafurða 2002–2011 er kveðið á um að 49. gr. gildi um ágreining samkvæmt þeim kafla. Í samræmi við það að úrskurðarnefndin er lögð niður eru ofangreindar tvær tilvitnanir í 49. gr. felldar brott úr viðeigandi lagagreinum.

17. gr. frumvarpsins þarfnast ekki skýringar. Um 18. gr. er ekki þörf að fjölyrða en um hana eiga við þær athugasemdir sem þegar hafa verið raktar um 5. gr. Í 19. og 20. gr. eru felldar úr lögunum tilvitnanir til úrskurðarnefnda sem gert er ráð fyrir að verði aflagðar ef frumvarp þetta verður að lögum.

Í 21. gr. er fjallað um breytingu á 74. gr. núverandi laga. Í tengslum við afnám útflutningsskyldu á sauðfjárafurðum í áföngum og að fullu 1. júní 2009 er gert ráð fyrir því að 74. gr. falli brott. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra hætti að hafa afskipti af samningum milli Bændasamtaka Íslands og sláturleyfishafa um verkaskiptingu vegna slátrunar og verkunar sauðfjár- og stórgripaafurða til sölu á erlendan markað. Slík samningsskylda er nú felld brott úr lögunum. Þessir aðilar geta eftir sem áður haft ákveðið samstarf og þá innan ramma samkeppnislaga, nr. 44/2005. Sérstaklega á það við um samstarf vegna útflutnings á erlendan markað enda hafi það ekki áhrif á samkeppni innan lands.

Í 22. gr. er gert ráð fyrir því að ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 75. gr. falli brott þar sem þau hafa ekki lengur þýðingu. Í greininni er jafnframt kveðið á um breytingu á 4. mgr. gildandi 75. gr. í þá veru að sérstakur sjóður, svokallaður Garðávaxtasjóður sem starfræktur hefur verið og úthlutað hefur styrkjum til stofnræktar garðávaxta, rannsókna og tilrauna með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði, sbr. reglugerð nr. 180/1992, verði sameinaður Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Stjórn Framleiðnisjóðs annast nú vörslu og úthlutun fjár úr sjóðnum. Eignir Garðávaxtasjóðs í árslok 2005 voru 53,6 millj. kr. Úthlutun úr sjóðnum árið 2005 samkvæmt ársskýrslu sjóðsins nam 1,7 millj. kr. (vöxtum af höfuðstól) til fastaverkefnis Landbúnaðarháskóla Íslands og útsæðisnefndar sem varðar viðhald heilbrigðra kartöflustofna. Þar sem fjárþörf verkefnisins var meiri en nam árstekjum Garðávaxtasjóðs árið 2005 var mismuninum mætt með viðbótarframlagi úr Framleiðnisjóði.

Er talið að með því að sameina sjóðinn Framleiðnisjóði landbúnaðarins sé hægt að gera hann að öflugri og einfalda stjórnsýslu með þeim verkefnum sem sjóðnum er ætlað að sinna. Þeim verkefnum sem sjóðnum er ætlað að styrkja eru nú jafnframt styrkfær úr Framleiðnisjóði, samanber lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89/1966, ásamt síðari breytingum, og 3. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, og er æskilegt að áhersla verði á að áfram fáist jafnmikið og helst meira fé til þessara rannsókna eftir sameiningu sjóðanna.

Í 23. gr. er að finna breytingar á ákvæðum til bráðabirgða við búvörulögin, ákvæði P, R og S eiga ekki lengur við og eru því felld brott. Í nýju ákvæði T er sambærilegt ákvæði og nú er að finna í búvörulögunum en ákvæðið er aðlagað nýjum samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Ákvæðið veitir landbúnaðarráðherra áframhaldandi heimild til að gera samning við bændur sem hafa náð 64 ára aldri um að eiga hvorki né halda sauðfé til og með 30. desember 2013 en halda óskertum beingreiðslum á sama tíma. Ákvæði U tekur á afnámi útflutningsskyldu í áföngum og kveður á um þær reglur sem um það gilda. Í ákvæði Ú er

fjallað um það hvernig réttur þeirra sem samkvæmt núverandi lögum fá jöfnunargreiðslur breytist í greiðslumark.

Í 24. gr., sem fjallar um gildistöku laganna, kemur fram að þeim er ætlað að taka gildi þann 1. janúar 2008 en ákvæði 2. og 21. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júní 2009.

Hæstv. forseti. Þá hef ég farið yfir helstu efnisatriði frumvarpsins og samningsins. Þess má geta að bændur hafa fjallað um þennan samning og greitt um hann atkvæði og samþykkt hann með um 90% greiddra atkvæða.

Ég trúi því að þessi samningur sé sauðfjárbúskapnum mjög mikilvægur. Ríkið styður með þessu búgreinina til að eflast og þróast og búa sig undir þær framtíðarhorfur sem t.d. WTO-samningar boða. Öflugri og sterkari bændur eru mikilvægari en áður og þeir verða þá betur í stakk búnir til að mæta lægri tollum og breyttum stuðningi innan lands eins og alþjóðasamningar boða. Sveitin og öflug bú og bændur skipta miklu máli í okkar stóra og strjálbýla landi. Þessi samningur hefur bæði þýðingu fyrir fjölskyldur sauðfjárbænda og neytendur á Íslandi, sem fá lambakjöt á lægra verði á diskinn sinn vegna þessa stuðningsforms við búgreinina. Sauðfjárræktin hefur í mínum huga gríðarlega þýðingu fyrir íslenskan landbúnað og hinar dreifðu byggðir. Lambakjötið er einstök afurð sem vekur athygli um víða veröld fyrir gæði eins og oft hefur verið minnst á úr þessum ræðustól, og er einstaklega hátt metið af íslenskum neytendum. Ullin hefur vissulega bjargað lífi okkar í gegnum aldirnar.

Landbúnaðurinn er almennt í mjög örri þróun. Ný tækifæri blasa við í sveitunum sem aldrei fyrr, hvort sem það er ferðaþjónustan eða þau verkefni sem bændur hafa tekið að sér í skógrækt eða landgræðslu svo ekki sé talað um þá miklu þróun og þann mikla uppgang sem verið hefur í hestamennskunni. Hrossabúgarðarnir vitna um það og það duglega fólk. Það var gleðilegt við upphaf búnaðarþings eftir miklar umræður um landbúnaðinn, og oft og tíðum ekki maklegar eins og þær eru settar fram, að heyra að Íslendingar standa með landbúnaðinum og virða hann mikils.

Það kom t.d. fram í Gallup-könnun að 75% Íslendinga telja að íslenskur landbúnaður sé að skaffa á sitt borð meiri gæði en gerist og gengur og sýnir hve samstaðan er mikil. 94% Íslendinga telja mjög mikilvægt að landbúnaður sé stundaður í landinu og sé öflugur. 80% Íslendinga telja mjög mikilvægt að Ísland verði ekki háð öðrum þjóðum hvað matvælaöryggi og matvælaframleiðslu varðar. Þessi skoðanakönnun vitnar um styrk og sókn íslenskra bænda á síðustu árum við þá öru þróun, við þá gæðastýrðu búvöruframleiðslu og þann kraft sem einkennt hefur sveitirnar og uppgang síðustu árin.

Það var mikið fagnaðarefni að heyra af þessari könnun sem staðfesti reyndar það sem ég vissi að íslenskir bændur er mikils metnir, ekki bara af fólki á landsbyggðinni heldur af Íslendingum almennt. Á höfuðborgarsvæðinu eins og á öðrum stórum þéttbýlisstöðum er margt fólk sem virðir störf bændanna, telur landbúnaðinn mikilvægan fyrir þjóðina og vill sjá hann eflast. Því trúi ég, hæstv. forseti, að sá samningur sem hér hefur verið gerður, og er nú lagður fram á þinginu til afgreiðslu, verði sauðfjárframleiðslunni og landbúnaðinum í heild að miklu gagni horft til framtíðar.

Með þeim orðum lýk ég ræðu minni og legg til að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[14:03]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Pólitískt markmið um að halda byggð um Ísland allt kallar á stuðning við atvinnulíf og nýsköpun í sveitum. Um það er engin spurning í mínum huga og þann stuðning á að efla, ef eitthvað er. En þessi samningur og vangaveltur um fyrirkomulag stuðningsins kalla á umræður um markmið slíks stuðnings og aðferðir til að koma honum út til dreifbýlisins í sveitirnar. Þess vegna hlýtur sú spurning að vakna sem ég beini til hæstv. landbúnaðarráðherra: Hvaða árangri telur hann að síðasti samningur hafi skilað? Og hvaða ávinning má hafa af þessum samningi, sérstaklega með tilliti til þess að einungis um 20% af útsöluverði á lambakjöti skilar sér til bænda? 300 kr. fær bóndinn fyrir framleiðslu sína frá sláturhúsunum sem er 20% af meðalútsöluverði. Hvað verður um mismuninn? hljótum við að spyrja hæstv. ráðherra. Við hljótum að spyrja hann um ástandið á greininni og hverju þessi samningur breyti.

Hin pólitíska spurningin sem vaknar við yfirferð á samningnum snýr að útflutningsskyldunni. Nú er útflutningsskyldan leið til að markaðsstýra. Segja má að hún tryggi bændunum hærra verð fyrir vöruna og minna framboð á markaði. Það er eitt af því sem útflutningsskyldan hefur í för með sér og hefur markaðsstýrandi áhrif. Þess vegna hlýtur það að vera spurning til hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann hafi metið áhrifin af afnámi skyldunnar og hvort ekki hafi komið til umræðu að halda inni möguleikanum á útflutningsskyldu ef mál þróuðust þannig. Hvaða áhrif telur hann að útflutningsskylduafnámið árið 2009 hafi á greinina og stöðu hennar, sem er nú býsna veik í sjálfu sér?

[14:05]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að útflutningsskyldan hafi verið barn síns tíma og að hennar tími sé í raun liðinn, af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi ber atvinnugreininni sjálfri að bera ábyrgð á markaðsmálum sínum. Útflutningsskyldan getur haft margt í för með sér. Hún hefur haft í för með sér að lambakjötið víkur meira af markaði og fer út þegar samkeppni harðnar. Lambakjötið missir hlutdeild á markaði af þessum ástæðum þannig að ég hygg að horft til framtíðar muni þessi niðurstaða styrkja sauðfjárframleiðsluna og færa bændurna nær markaðnum sem er gríðarlega þýðingarmikið að mínu viti.

Ég tel að þessi samningur, eins og sá síðasti, hafi mikla þýðingu. Samningurinn sem við gerðum árið 2000 hafði gríðarlega þýðingu. Við sjáum það í sauðfjárbúskapnum að margt það sama er að gerast og í mjólkurframleiðslunni. Menn eru að byrja að stækka og efla bú sín, tæknivæða þau og gera fjölskyldum sínum kleift að hafa lífvænlegar tekjur af framleiðslunni. Ég trúi því að þessi samningur muni efla sauðfjárræktina mjög næstu sjö árin.

[14:07]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Vonandi verður samningurinn, verði hann samþykktur hér, til þess að efla sauðfjárræktina. Ekki veitir af því að árangur hæstv. landbúnaðarráðherra í að efla hag sauðfjárbænda er að sjálfsögðu afskaplega dapurlegur. Þetta er ein fátækasta stétt landsins og hægt að fullyrða að hæstv. landbúnaðarráðherra og ríkisstjórninni hafi mistekist hvað þetta varðar.

Ég spyr því enn hæstv. landbúnaðarráðherra: Hver verða áhrifin af afnámi útflutningsskyldunnar á hag sauðfjárbænda, þar sem afnám hennar verður til að lækka verð á lambakjöti? Það getur verið markmið í sjálfu sér og þess vegna getur vel borgað sig að afnema útflutningsskylduna. En hæstv. ráðherra verður að svara því hver áhrifin verða á greinina. Þau eru augljóslega umtalsverð en hann getur ekki vikið frá umræðu um þennan samning án þess að útskýra þau fyrir Alþingi, áhrif afnáms útflutningsskyldunnar á þá sem framleiða kjötið og fá svo lítið sem 20% af útsöluverði fyrir. Það er náttúrlega skammarlegt og hlýtur að kalla á rannsókn. Af hverju er svo skakkt og vitlaust gefið?

[14:08]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bændur og afurðastöðvar fara með markaðsmál sín. Það kann að vera að bændur fái of lítið og það verða þeir auðvitað að fara yfir í sínum ranni. Yfir það verður farið. Við vorum að lækka matarskatt 1. mars.

Hv. þingmaður verður sér nú enn einu sinni til skammar þegar hann fer að tala um fátækt bænda og sauðfjárbænda. Hagur þeirra hefur eflst á síðustu árum. Hér voru fyrir síðasta búvörusamning eilífar umræður um fátækt bænda ... (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa er þetta?) Haltu áfram, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og vertu þér til skammar úr þínu sæti ef þú vilt. (Gripið fram í.) Þú hefur ekki rétt til þess samkvæmt þingsköpum.

(**Forseti** (RG)**:** Gefið ræðumanni hljóð.)

(Gripið fram í.) Þú vilt brjóta lögin. Þú hefur ekki rétt, samkvæmt þingsköpum.

Ég vil bara segja að sem betur fer hefur hagur sauðfjárbænda verið að batna og hagur bænda almennt hefur verið að batna. Tækifæri þeirra hafa aukist og sauðfjárbóndinn sækir tekjur sínar í margar áttir. Hann er útivinnandi, er með auðlindir í sínu landi, hann er kúabóndi, hann er ferðaþjónustubóndi, hann sinnir mjög mörgu. Eins og hjá landsmönnum öllum hefur hagur bænda eins og allra stétta og allra Íslendinga verið að batna. En þessi samningur mun tryggja að hann batni enn frekar. Og bið ég hv. þm. Björgvin Sigurðsson að spara stóru orðin við þessa umræðu. (**BjörgvS:** Ráðherrann er bændum til skammar.)

[14:10]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að gefnu tilefni verð ég að vísa á bug stóryrðum hæstv. landbúnaðarráðherra um að þingmenn Samfylkingarinnar í salnum þurfi að skammast sín. Ástæðan fyrir því að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur uppi stór orð og mikinn hita af litlu tilefni er sú að hann hefur sjálfur nokkuð að skammast sín fyrir. Hann hefur staðið þannig að málefnum sauðfjárbænda að það skilar þeim hvorki lífskjörum sem duga og hægt er að bjóða upp á árið 2007 né neytendum því matvöruverði sem hægt er að bjóða upp á árið 2007.

Ég kom hingað upp, virðulegur forseti, til að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvernig hann liti á þessa skuldbindingu gagnvart fjárlögum komandi ára. Ég spyr hvort hann sé með samningi þessum að binda Alþingi til sex ára, fram yfir allt næsta kjörtímabil, um liðlega 20 milljarða fjárveitingar eða hvort ný ríkisstjórn sem tekur við í maí næstkomandi sé frjáls að því að gera þær breytingar í samningum við bændur sem hún telur þurfa eða veita það fé sem sú stjórn telur þurfa á næsta kjörtímabili. Hefur hæstv. landbúnaðarráðherra í þessu frumvarpi til breytinga á fyrri lögum enga fyrirvara um gerð fjárlaga á ári hverju?

[14:11]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað skuldbindingar varðar þá get ég sagt hv. þingmanni að margir slíkir samningar hafa verið gerðir gegnum tíðina og hafa staðið. Ætli það hafi ekki verið Alþýðuflokkurinn sálugi, forveri Samfylkingarinnar, sem gerði fyrstur slíkan sauðfjársamning um 1991. Ég trúi því. Þessir samningar hafa staðist.

Ég vil segja við hv. þingmenn að 90% sauðfjárbænda voru að samþykkja þennan sauðfjársamning, af þeim sem greiddu atkvæði. Hér er ekkert til þess að skammast sín fyrir. Bændur vita að þeir fá tæki og öryggi og geta horft bjartsýnum augum til framtíðar. Hins vegar var það Samfylkingin sem varð sér til skammar í sumar og hefur ekki beðið þess bætur enn þá, bæði gagnvart íslenskum bændum eins og Alþýðuflokkurinn forðum og ekkert síður gagnvart fólkinu sem vinnur í afurðastöðvum og við úrvinnslu landbúnaðarafurða. Þau ætluðu með einu pennastriki að leggja til að íslenskur landbúnaður yrði lagður af. Ég minni á það hér við þessa umræðu. Það er Samfylkingin sem varð sér til skammar en ekki sá sem hér stendur.

[14:13]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það gefst tækifæri til þess síðar að fjalla nokkuð í ræðu um afstöðuna til fjárlaga og skuldbindinga fyrir komandi kjörtímabil, sem lýsir sér í ræðu hæstv. landbúnaðarráðherra. Ég held að það eigi að vera öllum mikið umhugsunarefni að ríkisstjórnir á hverjum tíma telji sig þess umkomnar að gera samninga og skuldbinda að verulegu leyti fyrir næstu kjörtímabil þær ríkisstjórnir sem eiga eftir að taka við sem er í raun fyrir tímabil sem umboð þeirra nær ekki til. Ég held að það sé almennt ástæða til að gjalda varhuga við því.

Um málstað hæstv. landbúnaðarráðherra við þessa umræðu vitnar hans eigin hiti og reiði best. Eftir stendur sem fyrr að stefna hans hefur hvorki dugað sauðfjárbændum til að búa við sæmileg lífskjör né neytendum til að fá matvælaverð sem við gerum kröfu um í dag. Það er sá bautasteinn sem Guðni Ágústsson skilur eftir í landbúnaðarráðuneytinu og er sannarlega tilefni til að taka þar til í vor.

[14:14]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill svo til að stór hluti Samfylkingarinnar hefur fyrir rest samþykkt þá samninga sem ég hef komið með fyrir þingið. Þeir hafa hátt í ræðustólnum en hafa svo greitt þeim atkvæði af því að hluti þeirra er auðvitað ábyrgir menn og hafa góðan hug, eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson sem hér stendur.

Ég vil svo segja að auðvitað erum við skuldbundnir, bæði af samningum og lagagerð á mörgum sviðum. Við höfum sett lög um félagslegar aðgerðir. Ég hef t.d. nefnt það. Þessi upphæð sem fer á ári í að efla þennan atvinnuveg og greiða niður matvælaverð á disk neytenda er ekki hærri en svo að hún er álíka há og nýupptekin félagshyggja sem snýr að feðraorlofi, með svipaðri upphæð á ári og fer í styrk til svokallaðs feðraorlofs. En þetta er félagsleg aðgerð, þetta er byggðaaðgerð. Þetta mun efla sauðfjárrækt, þennan atvinnuveg sem er mjög mikilvægur fyrir okkur Íslendinga.

[14:15]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það ánægjulegasta sem hefur gerst þessa dagana er einmitt staðfesting á vilja og afstöðu þjóðarinnar til íslensks landbúnaðar í þeirri skoðanakönnun sem var birt við setningu búnaðarþings þar sem 98% svarenda leggja áherslu á og treysta gæðum íslenskrar landbúnaðarframleiðslu. 94% aðspurðra finnst skipta miklu máli að öflugur landbúnaður sé stundaður hér á landi. Um 80% aðspurðra leggja áherslu á að Íslendingar séu ekki öðrum háðir um þær landbúnaðarvörur sem hægt er framleiða hér á landi. Þetta er gríðarlegur stuðningur sem hinn almenni neytandi, almenni borgari, sýnir landbúnaðinum.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hvers vegna tekur hann þá áhættu að fella út úr gildandi samningi ákvæði sem lýtur að útflutningsskyldunni, sem hefur verið nýtt sem stýritæki til að tryggja innlenda sauðfjárframleiðslu gagnvart öryggi neytenda og framleiðenda? Gagnvirknin hefur skapað visst öryggi í þeirri umgjörð sem þessi búgrein hefur stuðst við og samningsaðilar bænda töldu að væri inni í samningnum. Þeir töldu að það væri ekki afnumið með frumvarpinu sem hérna er verið að kynna og þeir telja meira að segja að ekki hafi verið efnt það sem þeim hafði verið lofað í þeim efnum, þ.e. að áfram væri heimild til að grípa inn í útflutningsskylduna og hún yrði ekki afnumin úr lögum eins og hér er lagt til.

[14:17]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég rakti hef ég sannfæringu fyrir því að í fyrsta lagi muni útflutningsskyldan ekki standast horft til framtíðar út af alþjóðasamningum. Í öðru lagi er hún truflandi hvað samkeppnislög varðar. Í þriðja lagi hef ég þá reynslu að þegar útflutningsskylda var hér orðin hátt í 40% fór ég eitt árið, árið 2002, ekki að tillögu Bændasamtakanna og markaði þar 26 eða 27% útflutningsskyldu. Það var eins og við manninn mælt, lambið fór að seljast á nýjan leik af miklu meiri þrótti.

Það varð að takast á við hvíta kjötið á markaðnum. Þessum breytingum er mætt í þessum samningum þannig að það er komið til móts við bændur í þeim efnum. Ég trúi því, hv. þingmaður, að þetta verði eingöngu til þess að styrkja þessa mikilvægu atvinnugrein, efla hag hennar og tryggja að lambið standist samkeppni heima og víki ekki af markaðnum. Mörg rök mæla sem sagt með því fyrir utan hitt að ef menn hugsa að landbúnaðarráðherra hafi þá skyldu að vera nokkurs konar frystihússtjóri fyrir eina búgrein hvað þetta varðar held ég að það gangi ekki upp í samtímanum. Nú fá menn aðlögun til þess að þetta breytist og útflutningsskyldan verður farin út að fullu hinn 1. júní 2009.

Bændurnir sýndu það í verki í atkvæðagreiðslunni, þeir studdu samninginn 90%, að þeir eru sáttir við þessa niðurstöðu. Hvenær á að gera slíkar breytingar ef á að gera þær? Akkúrat á þessum tímapunkti þegar útflutningsskyldan er sú lægsta sem hún hefur verið í áratugi vegna neyslu innan lands, undir 10% eins og hún var hér í haust, allt niður í 4%.

[14:19]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki að mæla með eða leggja hér til að það eigi að vera brýn nauðsyn og staðan eigi að vera þannig að grípa þurfi til þeirra ákvæða sem útflutningsskyldan hafði. Eins og hæstv. ráðherra nefnir sýnir útflutningsskylda upp á 40% ekkert góða stöðu greinarinnar, alls ekki.

Hins vegar gefur sú heimild sem hún ber í sér bæði atvinnugreininni og neytendum tryggingu fyrir framleiðslu og framboði vörunnar. Svo er hitt líka, ég er hérna með undirskrifað af fulltrúum bænda sem voru í samninganefndinni og ég mun gera nánar grein fyrir í ræðu minni á eftir, að bændur telja að ríkisvaldið hafi ekki staðið við þau loforð og þau fyrirheit sem voru hluti af samningnum sem þýddur var meðal bænda úti um landið. Það er mjög alvarlegt mál að standa ekki við þau fyrirheit sem eru hluti af samningnum.

[14:21]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þarna fer hv. þm. Jón Bjarnason með mjög rangt mál og rangar fullyrðingar. Það er staðið við allt sem í þessum samningi stóð. Það var rætt um að lögin féllu út á þessum tímapunkti og þau gera það. Hins vegar koma þau hér inn í sólarlagsákvæðum sem þóttu eðlileg vinnubrögð og eru ekki sérstaklega tekin upp. Bændur voru sammála þessari niðurstöðu, þau færu út með þessum hætti og við erum að standa við það. Þau fara út nákvæmlega á þeim tímapunktum sem um var talað. Ég bið þess vegna hv. þm. Jón Bjarnason að fara með rétt mál í ræðustóli Alþingis og hætta öllum útúrsnúningum.

[14:22]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það eru miklir fjármunir í spilinu þar sem þessi sauðfjársamningur er. Þess vegna er svo ákaflega mikilvægt að hann nýtist bændum og íslenskum neytendum vel og skapi framþróun í greininni. Það er meginábyrgðarsluatriði Samfylkingarinnar.

Það er sorglegt að horfa upp á hvernig búseta hefur

dregist saman í sveitum því að hún er einmitt uppistaðan í samfellu byggðar og á henni byggist þjónusta og iðnaður í þéttbýlinu.

Stjórnvöld bera ábyrgð í þessu efni og því hefur hvorki verið leitað allra leiða til að efla atvinnulífið né styrkja undirstöður. Til dæmis tekur Ísland ekki þátt í byggðaþróunaráætlun Evrópusambandsins en Norðmenn t.d. hafa borgað sig inn í þá áætlun. Hún er ekki hluti af samningum EES við Evrópusambandið. Byggðaaðgerðir Norðmanna eru markvissar og margvíslegar.

Yfirlýst stefna Samfylkingarinnar er að við viljum styðja íslenskan landbúnað og búsetu í sveitum landsins. Jafnframt leggjum við þunga áherslu á lækkun matarverðs til íslenskra neytenda eins og málflutningur Samfylkingarinnar og barátta í fjölda ára færir sönnur á. Við höfum sagt, og formaður okkar margítrekað, að við teljum nauðsynlegt að styðja íslenskan landbúnað en jafnframt að matvælaverð lækki. Formaður okkar hefur jafnframt sagt að vel gæti verið að stuðningur við landbúnað þurfi að hækka tímabundið meðan breytingaferlið stendur yfir. Allar aðgerðir verði gerðar í samráði við bændur, hvort heldur er lækkun á tollum eða aðrar aðgerðir.

Það kom skýrt fram í tillögum okkar til lækkunar matarverðs í haust að við ætlum að framkvæma í samráði við bændur og ætlum að efla samkeppnis- og verðlagseftirlit. Hvorugt þessara atriði setti ríkisstjórnin á oddinn.

Varðandi stuðning við búsetu í dreifbýli og atvinnugreinar þar erum við ekkert öðruvísi en nágrannaþjóðir okkar og þjóðir Evrópusambandsins sem styðja búsetu í dreifbýli undir ýmsum formerkjum, m.a. með stuðningi við landbúnað ýmiss konar. Hér eru aðgerðir hins vegar mjög fábreyttar og gefa viðkomandi svæðum og einstaklingum ekki nægilegt olnbogarými til þróunar og búháttabreytinga auk þess sem undirstöðuþættir, svo sem samgöngur, hafa verið vanræktir gróflega sem kemur niður á þróun landsbyggðarinnar og stendur í vegi fyrir að hún eflist.

Varðandi búfjársamninga gagnrýnum við að verið er að binda hendur tveggja næstu ríkisstjórna og það tæpu ári áður en núverandi samningur rennur út. Það er sem sagt nægur tími fyrir næstu ríkisstjórn til að ganga frá samningi. Eðlilegt væri að drög lægju fyrir og að gengið yrði frá samningi að lokinni myndun næstu ríkisstjórnar. En það er hluti af aðferðafræði Framsóknarflokksins sérstaklega að koma fram með svona samninga á síðustu stundu og gefa í skyn að samningsgerð væri í hættu ef ekki verði lokið við málin á þeim örskamma tíma sem er til þingloka. Það á við nú og það átti við þegar mjólkursamningurinn var gerður.

Staðreynd málsins er hins vegar sú að það er enginn þingflokkur á Alþingi sem ekki hefur fullan skilning á mikilvægi þessara undirstöðugreina fyrir byggð landsins. Það hvarflar ekki að einum einasta þingmanni að setja íslenskan landbúnað í hættu. En það þjónar hagsmunum Framsóknarflokksins að hræða bændur og þá fjölmennu hópa sem vinna tengt landbúnaði með þessum hætti. (**Landbrh.:** Þetta er kjaftæði.) Það er illa gert en tilgangurinn helgar meðalið. Þannig telja þeir sig tryggja sér pólitískan stuðning. Þetta er sem sagt pólitískur hráskinnaleikur sem á ekkert skylt við málefnalega umfjöllun.

Þrátt fyrir mikla fjármuni sem í þessum samningi felast eru bændur kvíðafullir og telja samninginn gallaðan vegna niðurfellingar útflutningsskyldu. Það er merkilegt og umhugsunarefni þar sem vitað er að bændur fá mjög lágt verð í sinn hlut fyrir útflutt kjöt, svo lágt að það nægir stundum rétt fyrir breytilegum kostnaði við framleiðsluna. Það er að sjálfsögðu allsendis óviðunandi og þýðir að bændur leggja fram alla sína vinnu án þess að fá nokkuð fyrir sinn snúð.

Hver er þá skýringin á því að bændur vilja flytja út þessar afurðir? Jú, hún er sú að of mikið kjöt er framleitt fyrir íslenskan markað og stuðningur við bændur er framleiðslutengdur. Þeim er greitt fyrir að framleiða of mikið magn á íslenskan markað í stað þess að styðja búsetu í sveitum óháð framleiðslu. Það er hægt að gera samninga við bændur um annað en að framleiða kjöt eins og dæmin frá Evrópusambandinu sanna.

Bændur óttast að ef lambakjötið færi á innlendan markað mundi verð lækka. Það er vissulega ástæða til að halda það vegna þess að sláturleyfishafar hafa öll tök á að ráða verðinu til bænda. Sauðfjárbændur mundu bera skaðann eins og þeir gera alltaf. Þeir eru alltaf þeir sem fá það sem út af stendur þegar allir aðrir hafa hirt sitt.

Þetta er skiljanlegt og þekkt en þá hlýtur næsta spurning að vera hvort útflutningur kjöts sé eina ráðið, útflutningur sem auk þess kostar ríkissjóð umtalsverða fjármuni á ári hverju og hefur gert um árabil. Væri ekki nær að koma til móts við bændur með öðrum hætti, að halda t.d. stuðningi við þá en aflétta framleiðsluskyldunni, a.m.k. að hluta, og gera samninga um annars konar atvinnustarfsemi, samanber stefnumótun Evrópusambandsins í málefnum dreifbýlisins? Allt sem Evrópusambandið gerir megum við gera. Við getum sótt margar góðar fyrirmyndir þangað til hagsbóta fyrir bændur og landsbyggðina enda sé ég svo sem ýmislegt í þessum samningi núna sem er sótt beint til Evrópusambandsins, t.d. þegar talað er um að auðvelda nýliðun. Það kemur beint úr samningum við Evrópusambandið. Eitthvað fleira rakst ég á áðan sem ég man ekki rétt í bili.

Með þessu móti sem við sjáum núna eru bændur háðir ríkisvaldinu og þeir eru líka háðir sláturleyfishöfum. Það sem verst er (Gripið fram í.) er að þrátt fyrir allt sem þessi samningur felur í sér eru bændur mjög uggandi um sinn hag. Það held ég að sé ekki ætlun ríkisvaldsins og okkar sem fjöllum um þennan samning. Við viljum gjarnan styðja við búsetu í sveitum og við eflingu landsbyggðarinnar og er ekki vanþörf á eftir meðferð ríkisstjórnarinnar á landsbyggðinni undanfarin ár eins og tölur um búferlaflutninga sýna okkur fram á. En við viljum auðvitað gera það þannig að fólk geti um frjálst höfuð strokið og geti þróað atvinnuhætti í sveitum og þróað framleiðslu sína. Það er bara ekki nógu vel að því staðið í þessum samningi, því miður.

Markmiðin í þessum samningi eru í rauninni mjög góð hvert um sig. Það er hins vegar vandséð hvernig þau standast miðað við það sem ég hef verið að segja um að það er verið að framleiða of mikið kjöt fyrir íslenskan markað. Ég ætla t.d. að benda á annað: Hvernig stenst það að það eigi að örva markaðsvitund bænda og afurðastöðva á sama tíma og það á að efla sauðfjárræktina? Þýðir kannski það að efla sauðfjárræktina eitthvað annað en ég held? Ég legg þann skilning í eflingu sauðfjárræktar að það eigi að gera afurðina betri, söluvænlegri og allt það en nýliðunin meðtalin hlýtur

að þýða að það eigi að efla bústofninn, fjölga sauðfé. Ég get ekki séð hvernig þetta fær staðist, því miður.

Sérstaklega tel ég ástæðu til að skilja þetta svona því að seinasti markmiðsliðurinn hljóðar upp á að stuðla að framþróun í sauðfjárrækt og það hlýtur þá fyrst og fremst að þýða að það eigi að bæta afurðirnar eða eitthvað í þá veruna. Það að efla greinina sem atvinnugrein hlýtur að þýða að það eigi að stækka bú eða eitthvað slíkt. Að bæta afkomu sauðfjárbænda, á því er vissulega mikil þörf en því miður er ég ekki viss um að þessi samningur tryggi það, heldur þvert á móti.

Samfylkingin vill auka stuðning við sauðfjárbændur og dreifbýlið en útfærslan á því hlýtur að vera í samvinnu við bændur, í samvinnu við þá sem búa úti á landsbyggðinni. Jafnvel þó að bændur hafi samþykkt þennan samning með miklum meiri hluta er mér tjáð að þeir hafi verið settir í þá stöðu á síðustu stundu að annaðhvort samþykktu þeir samninginn eða höfnuðu honum þrátt fyrir að þá hafi verið búið að gera á honum breytingar frá því sem hann hljómaði þegar hann var kynntur fyrir þeim á fundum um allt land. Það var atriðið varðandi útflutningsskylduna sem þeir töldu sig hafa tryggingu fyrir að yrði ekki afnumin.

Ég vil taka það fram af þessu tilefni að ég tel nauðsynlegt að fella niður útflutningsskyldu en ég tel hins vegar líka nauðsynlegt að tryggja bændum afkomu. Það er ekki gert í þessum samningi. Það þarf að fara í gegnum þá hluti með bændum hvernig hægt er að tryggja afkomu þeirra. Veita þeim meira frjálsræði til framþróunar og til eflingar mismunandi atvinnustarfsemi í sveitum. En útflutningsskyldan er vitlaus. Hún verður að fara af.

Ég ætla að rifja það upp til gamans að maður sem kom í heimsókn að tilstuðlan Bændasamtaka Íslands frá Nýja-Sjálandi í haust, að gefnu tilefni, tilefni sem ég gaf víst, kvað það vera arfavitlaust af Íslendingum að láta sér detta í hug að flytja út lambakjöt. Hann nefndi sem dæmi verðið sem Nýsjálendingar fá fyrir sitt kíló í útflutningi sem er eitthvað um 200 kr. Ég veit að íslenskt lambakjöt selst fyrir háar fjárhæðir í búðum í Ameríku en ég veit líka að bændurnir fá ekki nóg í sinn hlut fyrir það sem þarna er selt. Það eru allir aðrir sem hirða ágóðann af því sem þar er selt.

Hvað varðar afkomu bænda er markaðssetning á lambakjöti í búðum erlendis misheppnuð. Hún er hins vegar ágætislandkynning því að það er auðvitað verið er að selja afbragðsafurðir. En það hefur ekkert með afkomu bænda að gera nema að það er verið að grynnka á markaðnum hér heima og það hefur áhrif á það sem bændur fá í sinn hlut.

Mín skoðun er sú að við getum ekki tryggt lækkun matarverðs á Íslandi til neytenda nema með því að það komist jafnvægi á framleiðsluna og eftirspurnina hér heima. Það er reyndar það sem ein markmiðsgreinin hlýtur að hljóða upp á, þ.e. að örva markaðsvitund bænda. Það ætti a.m.k. að þýða það að þeir ættu að haga magni framleiðslunnar eitthvað í átt til þess sem markaðurinn sækist eftir, jafnframt því sem þeir þurfa auðvitað að þróa sína vöru eins og þeir hafa verið að gera með miklum ágætum undanfarin ár.

Þessi samningur er sem sagt að mínu mati með góðum markmiðum, með miklum fjármunum. Hann bindur næstu tvær ríkisstjórnir Íslendinga en hann tryggir eftir sem áður ekki afkomu bænda.

[14:37]

**Drífa Hjartardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get verið sammála um margt í ræðu hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur áðan en þó ekki að öllu leyti, t.d. tel ég mjög mikilvægt að samningurinn nái fram að ganga núna, að það eigi ekki að draga það fram yfir kosningar og bændur leggja mjög mikla áherslu á að það verði gert.

Hún nefndi að hún vildi auka stuðning við sauðfjárbændur en hún vildi ekki hafa það með eins gegnsæjum og beinum hætti og gert er í dag heldur ætti það að vera eins og hjá Evrópusambandinu þar sem allur stuðningur við bændur er mjög ógagnsær. Þar er ég henni ekki sammála. Ég tel einmitt að sú leið sem við höfum farið á Íslandi, að vera með beingreiðslur og beinan stuðning við bændur hafi í rauninni verið það besta sem við gerðum. Áður fyrr var það þannig að stuðningurinn fór til milliliðanna en ekki til bændanna. Með beingreiðslum fer stuðningurinn beint til bóndans þar sem hann getur þá hagrætt hjá sér en ekki í milliliðina þar sem stuðningurinn kemur ekki við bóndann. Ég er algjörlega ósammála Evrópusambandinu með styrki út á landsbyggðina þar sem ekki er nokkurt gegnsæi í.

Ég tel að þessi búvörusamningur sé mjög góður að mörgu leyti og mjög mikilvæg undirstaða fyrir dreifbýlið. Það er því miður oft talað þannig hér í þingsölum að það hafi bara akkúrat ekkert gerst í landbúnaði. Það hefur orðið gríðarleg þróun, sauðfjárbúin eru í mikilli þróun, þau eru stækkandi og að vera að tala alltaf um fátækt bænda, það er bara liðin tíð.

[14:40]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gleðst yfir því að heyra að hv. formaður landbúnaðarnefndar var giska ánægður með ræðu mína áðan. Hún fjallaði m.a. í andsvari sínu um þá áherslu sem bændur leggja á að samningurinn verði samþykktur núna. Ég hef heyrt það líka og ég skil af hverju og ég var einmitt að fjalla um það m.a. í ræðu minni áðan. Það er vegna þess að það er búið að hræða bændur og það er illa gert. Það er nefnilega þannig að hér á Alþingi Íslendinga njóta bændur víðtæks stuðnings og skilningur ríkir á aðstæðum þeirra um allt land og mikilvægi þess sem þeir eru að gera. Það er því illa gert að hræða bændur en það hefur tekist, því miður. Við vitum alveg hverjir það voru sem þar fóru fremstir í flokki og hver ástæðan var fyrir því að svo var gengið fram.

Formaður landbúnaðarnefndar talaði líka um framleiðslutengda styrki og taldi þá mjög góða. Það er tegund af styrkjum sem eru á undanhaldi og slíkir styrkir munu verða bannaðir í framtíðinni. Það er því eitthvað sem við ættum að vera að hopa frá en efla þess í stað fjölbreyttar atvinnugreinar í sveitum. Það gerir Evrópusambandið með mörgum mismunandi samningum og styrktilboðum og það tel ég til fyrirmyndar.

[14:41]

**Drífa Hjartardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar líka að koma að öðrum athugasemdum hér varðandi markaðinn og söluna á lamba-

kjöti. Ég held t.d. að aukning á sölu á búvörum hafi ekki síst verið að þakka því aukna vinnuafli sem er á landinu í dag. Hvað haldið þið að það sé notað mikið af lambakjöti bara hjá Bechtel á Reyðarfirði í allri þeirri uppbyggingu sem þar er eða á Kárahnjúkum? Það er ekkert lítið magn sem þar hefur farið í gegn af lambakjöti, smjöri og mjólk. Þar eru allir svangir allan sólarhringinn, borða mörgum sinnum á dag þannig að þetta hefur líka sett sitt mark á söluna á lambakjöti.

Ég hvet því hæstv. landbúnaðarráðherra til þess að koma til móts við bændur, því nú munu þeir verða fyrir því að kjöt mun lækka, það er alveg á hreinu. Með niðurfellingu tollanna sem er verið að gera núna mun verð á kjöti lækka. Það mun verða aukin samkeppni og því hvet ég landbúnaðarráðherra til að koma með frumvarp um að fella niður fóðurtollana, fella niður tolla á fóðri til að koma til móts við bændur til að lækka kostnað þeirra við landbúnað. Ég held að það verði líka ... (**Gripið fram í:** Nákvæmlega.) ja, þetta þarf að vera. Það þarf að koma líka til móts við þá með aðföng.

Ég tel að við eigum að klára þennan samning en ekki láta bændur vera í óvissu um þetta. Það er ekkert verið að hræða þá en þeir vita hverjir það eru sem standa með þeim.

[14:44]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að gleðjast yfir orðum hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Hún er einmitt að mæla fyrir því sem Samfylkingin hefur gert ítrekað í þingsölum, að tollar á aðföngum til landbúnaðarframleiðslu verði felldir niður. Við höfum reyndar jafnframt ítrekað rætt um hækkun á raforkuverði til bænda sem hefur mikil áhrif á framleiðslukostnað þeirra. Ég verð að segja að ég gleðst mjög yfir því að fá stuðning hv. þm. Drífu Hjartardóttur við þennan málflutning okkar samfylkingarmanna og ég veit að við munum snúa bökum saman í baráttunni fyrir þessu.

[14:44]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum hér að ræða sauðfjársamning. Mér finnst að nokkuð hafi skort á þekkingu á eðli sauðfjárræktar sem atvinnugreinar í málflutningi margra þingmanna. Sauðfjárræktin er nefnilega allt annars konar atvinnugrein og lýtur öðrum lögmálum en framleiðsla í ýmsum öðrum landbúnaðargreinum. Mér finnst margt í málflutningi manna hafa verið með þeim hætti að þeir skilji það ekki. Það er afar mikilvægt að menn skilji grunnforsendurnar áður en farið er að álykta.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir segir að hún vilji ekki samninginn í gegnum þing fyrir kosningar. Mig langar því að spyrja hv. þingmann hvort það sé rétt skilið að hún vilji ekki afgreiða samninginn núna. Sé svo þýðir það óvissu fyrir bændur, algjörlega ljóst, það er mikil óvissa og hvað vill hv. þingmaður þá í staðinn ef ekki á að samþykkja þennan samning á þessu þingi?

Mig langar jafnframt að spyrja hv. þingmann, sem mér fannst tala með útflutningsskyldu í fyrri parti ræðunnar þar sem hv. þingmaður talaði um of mikla kjötframleiðslu. Hvað er of mikið af framleiðslu í tonnum talið? Mig langar gjarnan að vita það. Hvað er of mikið?

Síðan er það spurningin sem þarf að ræða frekar um samkeppni innbyrðis innan kjötgreinanna. Hvað finnst hv. þingmanni? Mér fannst að hv. þingmaður gerði sér ekki grein fyrir því að þetta er einn kjötmarkaður og á honum þurfum við að lifa og vinna og þess vegna þurfum við að átta okkur á því hvaða áhrif útflutningsskyldan hefur.

Mig langar að vita í lokin, hæstv. forseti: Er það ekki rétt skilið að í lok (Forseti hringir.) ræðunnar hafi hún talað um að útflutningsskyldan væri vitlaus?

[14:47]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það hvort ég vilji samþykkja þennan samning eða ekki þá kemur það auðvitað í ljós. Þetta er 1. umr. og við eigum eftir að sjá hvernig málinu vindur fram. Ég fór hins vegar yfir það í ræðu minni áðan, eins og ég vænti að hv. þingmaður hafi heyrt og ég raunar ítrekaði áðan, að að öllu óbreyttu þætti ekki ástæða til að vera að samþykkja þennan samning svo löngu áður en hann gengur í gildi. Það kann að vera rétt hjá hv. þingmanni að það sé nauðsynlegt til að bændur haldi sálarró sinni af því að búið er að hræða þá svo mikið. Þeim hefur verið talin trú um að þeir njóti ekki stuðnings á Alþingi og þar hefur t.d. hæstv. landbúnaðarráðherra gengið fram í því að hræða þá á Samfylkingunni og (Gripið fram í.) ýmsir talsmenn bænda, því miður. Það er sorglegt.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson spurði líka hvað ég teldi hæfilega mikið af lambakjöti fyrir íslenskan markað og ég held að hann hafi næstum því ætlast til að ég tæki það fram í kílóum og jafnvel grömmum. Það stendur í markmiðsgreinum samningsins að örva eigi markaðsvitund bænda og afurðastöðva. Ég tel það þýða að bændur og markaðsstöðvar eigi að koma sér saman um hvað sé hæfilegt magn á íslenskan markað, þ.e. hvað framleiða þurfi mikið fyrir íslenskan markað, hvað telja þeir sig geta selt mikið.

[14:48]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fékk ekki svar við þeirri spurningu sem ég spurði vegna þess að í fyrstu ræðu sinni sagði hv. þingmaður að of mikið kjöt væri á þessum markaði. Þá vil ég auðvitað eðli málsins samkvæmt spyrja, ekki í neinum grömmum heldur í tonnum talið: Hvað er of mikið? Segir ekki markaðslögmálið til um það hvar þessi markaður og framleiðsla eru í jafnvægi? Þannig er það bara með aðrar landbúnaðarvörur í landinu.

Þess vegna vil ég fá að vita hvernig hv. þingmaður ætlar að snúa sér í þessu máli og ég vil líka spyrja hv. þingmann um útflutningsskylduna, hvað hún á við í raun. Við heyrðum það hér í þingsal að hv. þingmaður vill skoða það í umfjöllun þingsins hvort ekki sé rétt að samþykkja samninginn. Það er bara af hinu góða að menn vilji horfa opnum augum á það starf sem við eigum að vinna á Alþingi og ég er ánægður með að heyra það. En ég vildi fá að heyra um útflutningsskylduna og um fullyrðinguna of mikið kjöt og hvernig á að koma því máli fyrir.

[14:50]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir því sem ég man best er tiltekið ákveðið hlutfall af framleiðslu lambakjöts sem greinin á að flytja út. Ég tek það sem vísbendingu um það að það sé mat þeirra sem að samningnum standa að þetta hlutfall sé umframframleiðsla fyrir íslenskan markað. Ég get ekki skilið það öðruvísi.

[14:50]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér sauðfjársamninginn. Ég ætla að byrja á því að fagna honum, það var mjög brýnt að gera þennan samning.

Sauðfjárræktin hefur grundvallarþýðingu í þeim landshlutum sem veikast standa. Þær sveitir Íslands þar sem byggðin er veikust byggja fyrst og fremst á sauðfjárrækt. Fari hún í upplausn og standist hún ekki blasir það við að mjög stór héruð, mjög stórar sveitir eiga engra annarra kosta völ en að fara í eyði. Það er í sauðfjárrækt sem ræturnar standa dýpst sem halda þessum byggðum sem er lífsnauðsynlegt fyrir okkur að gera.

Ég held að menn séu mjög oft að oftúlka það og segja miklum ofsögum af því hve miklum peningum Íslendingar verja til landbúnaðarins í heild. Það er rangt sem haldið er fram að við séum að setja í hann óskaplega mikla peninga. 3,2 milljarðar til sauðfjárræktar eru ekki stórir peningar. Þetta er okkar stærsta og langmesta byggðaaðgerð og við erum að verja þessum peningum mjög vel.

Ég veit um mjög marga góða menn sem trúa því að ef við minnkuðum framlög til landbúnaðarins mundi hagur ríkissjóðs batna. Ég er alveg viss um að það er öfugt. Ef íslenskur landbúnaður flosnar upp þá mun hagur ríkissjóðs versna vegna þess að hinn óhemjulegi kostnaður sem á okkur mun dynja vegna alls kyns félagslegra vandræða og upplausnar mun verða margfalt hærri en þeir peningar sem við verjum til landbúnaðar í dag.

Það er líka mjög rangt, virðulegur forseti, sem haldið er fram í síbylju að íslenskur landbúnaður standi þannig að hann sé hinn mikli myllusteinn um háls neytenda sem haldi uppi verði á matvöru. Íslensk landbúnaðarframleiðsla er samkvæmt tölum Hagstofunnar rúm 5% af útgjöldum heimilanna, rétt rúm 5%. Það er eitthvað svipað eða rúmlega það sem við flytjum inn og matvaran er því um 11%. Þetta hlutfall hefur lækkað mjög mikið á undanförnum árum og áratugum og er núna allt annað hlutfall en það var áður.

Ég vil líka fara í gegnum það og vekja athygli á því sem er kannski aðalatriði í þessum samningi sem er kostnaðurinn við útfluttar afurðir. Þegar verið er að reikna styrk til landbúnaðar á Íslandi er útflutningsskyldan svokallaða, sem er algjörlega án útgjalda af hálfu ríkisins — það var rangt sem var sagt áðan að hún hefði mikil útgjöld í för með sér fyrir ríkið, hún er reiknuð sem styrkur til landbúnaðarins — um 1.600–1.800 milljónir á ári. Ég vek athygli manna á þessari reiknisaðferð sem WTO notar og bendi mönnum á það til samanburðar: Hverjir eru það sem stjórna WTO? Það eru hinar ríku vestrænu þjóðir, Vestur-Evrópa og Norður-Ameríka.

Ef við tökum Bandaríkin þá eru þau með mjög mikið kerfi í gangi, svokallað Export Finance, sem er heill frumskógur af alls kyns styrkjum. Hvernig haldið þið að það sé reiknað hjá WTO? Núll, ekki eitt sent, ekki einn dollar, af því að það passar ekki Bandaríkjamönnum. Hvernig haldið þið að þetta sé hjá Evrópubandalaginu? Evrópubandalagið er með gríðarlegt kerfi þar sem menn kaupa upp afurðir í stórkostlegum stíl, hundruð þúsunda tonna af alls konar afurðum þegar verðið fer niður fyrir eitthvert ákveðið lágmark sem þeir telja, fara svo og rugla allan kjötmarkað, allan afurðamarkað heimsins, rugla alla verslun þriðja heimsins með niðurgreiðslum og gjafavöru. Hvernig haldið þið að það sé reiknað hjá WTO? Núll, ekki ein einasta evra, af því að það passar ekki Evrópumönnum. Svo þessir miklu styrkir og þessar miklu umræður um að menn séu að ná samkomulagi hjá WTO, það er rifrildi milli þessara tveggja stórvelda um það hvernig eigi að reikna þetta.

Við erum ákaflega feimin við þetta og ég hef grun um það, virðulegi forseti, að sú mikla áhersla sem menn leggja á það í þessum samningi að við hverfum frá útflutningsskyldunni sé meira og minna sprottin af því að íslenskum embættismönnum þyki heldur hvimleitt að þurfa að standa fyrir því niðri í Genf eða hvar sem það er að svona háar fjárhæðir séu reiknaðar inn í íslenskan landbúnað.

Það kann að vera rétt sem sumir halda fram að það hafi jákvæð áhrif á markaðsvitund bænda og á markaðssetningu afurðanna ef útflutningsskyldan er ekki virk. Það kann að vera rétt. En ég fullyrði að enginn maður í dag, árið 2007, geti fullyrt um það hvað gerist árið 2010, ekki einu sinni hæstv. landbúnaðarráðherra. Hann hefur ekki hugmynd um það, ekki frekar en nokkur annar dauðlegur maður getur séð svo langt fram í tímann. (**Gripið fram í:** Hann veit að hann verður ekki landbúnaðarráðherra þá.)

Þess vegna segi ég, með fullri virðingu fyrir viðleitni manna til að reyna að ná jafnvægi á kjötmarkaðnum, að ég skil ekki alveg af hverju samninganefnd ríkisins gat ekki komið og tekið undir þá beiðni og þær kröfur og þá ósk samninganefndar Bændasamtakanna að setja a.m.k. varnagla, öryggisventil í þennan samning, þann öryggisventil að ef svo stæði árin 2009 og 2010 að við sæjum fram á mjög mikið fall á kjötafurðunum þá væri a.m.k. heimild til handa ráðherranum, ef Bændasamtökin æsktu þess, til að grípa til þeirra neyðarráðstafana. Ég er alveg sannfærður um að það er hreinn glannaskapur, virðulegur forseti, að fara svoleiðis inn í framtíðina, hreinn glannaskapur.

Við skulum taka þær veiku sveitir sem ég var að benda á áðan, stórar sveitir sem eiga allt sitt undir sauðfjárræktinni. Hvað ætla stjórnvöld að gera ef svo illa fer, sem sumir markaðsfræðingar eru að spá þegar aukinn innflutningur er kominn, þegar útflutningsskyldan er farin, að kjötverðið geti kannski hrunið um 40, 50, 60%? Hvað ætla íslensk stjórnvöld að gera þá? Ég held, virðulegi forseti, að við getum ekki unnið svona, okkur beri a.m.k. að slá varnagla þannig að stjórnvöld eigi þá kost á því að grípa til aðgerða ef til þess kemur. Það vill nú svo til, virðulegur forseti, að ég sé ekki heldur framtíðina frekar en hæstv. landbúnaðarráðherra, við getum ekkert rifist um þetta, við vitum þetta hvorugur. Við skulum þess vegna ganga þannig frá þessum samningi. Ég ætla mér að flytja breytingartillögu um þetta,

eða biðja hv. landbúnaðarnefnd að gera það, í þá veru að setja þarna inn þennan varnagla. Það reynir þá á það í framtíðinni. Kannski er engin þörf á því en þá er heldur enginn skaði, ekki nokkur skaði og enginn getur kvartað yfir því.

Í umræðunni um sauðfjárræktina og landbúnaðinn er ákaflega nauðsynlegt að menn geri sér ljósa grein fyrir því að þetta er hluti af því við ætlum að byggja Ísland. Við höfum heyrt hér dálítið skrýtnar ræður og það þarf djúpsálarpælingar til að átta sig á viðhorfum sumra þegar er verið að ræða um hvernig þeir vilja styrkja þennan landbúnað. Haldin var ræða áðan þar sem sagt var að þetta væru miklir peningar en þó ekki nægjanlegir. Þegar ég var búinn að hlusta í nokkrar mínútur og skildi ekki neitt kom lausnarorðið, lausnarorðið frá Brussel, gamla lausnarorðið að grípa til þeirra góðu ráða að hafa ekki styrkina til bænda framleiðslutengda. Skyldi það nú ekki hafa heyrst úr þessum ræðustóli einhvern tíma áður, virðulegi forseti, að hafa ekki styrkina til bænda framleiðslutengda?

Það er nefnilega þannig, virðulegi forseti, að þetta þjóðráð frá Brussel, að hafa ekki styrki til landbúnaðarins framleiðslutengda, hefur sýnt sig í framkvæmd að gengur ekki upp. Það er alveg pottþétt að hafi menn ekki styrkina til landbúnaðarins framleiðslutengda þá gerist það að landbúnaðurinn deyr, hann deyr á öllum stöðum. Ef menn eiga ekki að gera annað en að halda til haga einhverjum geldum horrollum má treysta því að landbúnaðurinn deyr. Þetta hafa þeir í Brussel margsannað með gerðum sínum og þetta er pottþétt aðferð.

Okkur sem búum á landsbyggðinni, alla vega mér og ég held öllum sem ég þekki, er ákaflega erfitt að skilja hvernig það má vera að það sé til styrktar því mannlífi sem þar er og til framdráttar að þar sé til fólk sem fær borgað fyrir ég veit ekki hvað, fyrir að góna upp í tunglið eða að horfa á naflann á sér eða hvaðeina, því sé borgað fyrir að vera staðsett á þessum steini en ekki öðrum. (Gripið fram í.) Hvaða styrkur er það til íslenskrar byggðar? Það er enginn styrkur, það er bara ávísun á að menn ætla að leggja þær niður. Þess vegna er það grundvallaratriði, virðulegi forseti, og ég hef alltaf haldið því fram í allri umræðu um þetta mál að því meira sem styrkir ríkisins færu beint til bænda og þeim mun minna sem þeir færu í annað því líklegra væri að það bæri árangur. Þetta er grundvallaratriði sem við verðum að skilja. Það er rangt sem kom fram áðan, virðulegi forseti, hjá síðasta ræðumanni að slíkir framleiðslustyrkir séu bannaðir. Það bannar enginn slíka styrki, hins vegar hefur WTO verið að reyna að leggja á það áherslu að þeir muni hverfa út og það hefur margsinnis komið fram í samningaumræðum þeirra að æskilegt væri að menn semdu um að slíkt hyrfi.

Evrópubandalagið, af sumum hér er talin mikil blessun ef eitthvað er Evrópubandalagslegt, hefur ekki tekið þetta út úr sínu kerfi. Þar eru styrkir leyfilegir, beintengdir styrkir og með sérstakri áherslu á, t.d. ef ég tek samning Evrópubandalagsins við Svíþjóð og Finnland þar var tekið fram að heimilt væri að hafa sérstaka styrki til norðurslóðarinnar. Svíum og Finnum var sérstaklega leyft að styrkja beint framleiðslu á norðurslóðinni. Og hvað er norðurslóðin hjá Finnum og Svíum? Jú, í þeim samningi var miðað við 62. breiddargráðu. Við munum vonandi öll að við erum á 65. *hérna þannig að það fari ekki á milli mála.*

Þess vegna verða menn að muna það og gera sér grein fyrir því í umræðu um landbúnaðinn að við erum á norðurslóðinni og munum alltaf vera það. Allir styrkir til landbúnaðar hér eru eðlilegir og sjálfsagðir svo lengi sem við erum í hópi ríkustu þjóða heimsins, svo lengi sem við erum í þeim hópi. Við erum það og erum farsællega búin að tryggja okkur þar stöðu. Þó að við notum þessa dularfullu reikninga frá WTO um það hvernig landbúnaður er styrktur, ég veit ekki hvort menn nenna að hlusta á mig skýra það út en það er sett inn í ímyndað kerfi á frjálsum markaði þar sem reynt er að reikna út hver sé hlutinn af launum bænda sem kemur frá markaðnum og hvað kemur annars staðar frá. Þannig er reynt að setja þetta upp og er ekki vitlausari aðferðafræði en hver önnur, þó að viðmiðin séu náttúrlega oft og tíðum hrapalleg, samanber þegar verið er að segja frá því hvað nýmjólkin mundi kosta á Íslandi ef við legðum niður allt kerfið og færum að flytja inn mjólk.

Hvaða mjólk skyldi það vera sem þá er verið að miða við? Jú, það er sú nýmjólk sem við köllum það þegar við hrærum saman undanrennuduft og smjör. Það er viðmiðunin þannig að við sjáum nú hver sanngirnin er í þessu. (**Gripið fram í:** Er þetta gott?) Já, það er ábyggilega gott í kjaftinn á sumum og nægilega gott þó að ég efist um að ungbörnin vilji það eða aðrir smekkvísir Íslendingar. Við skulum gá að þessu í öllum samanburði. Við erum að vísu talin há í þessum styrkjum, við erum talin álíka og Sviss, Noregur og Japan. Er það ekki í lagi, er það ekki til sóma? Jú, það er til sóma. Við skulum halda áfram að vera til sóma.

Það er líka rangt sem hér hefur komið fram þegar menn segja að slíkir samningar séu óeðlilegir miðað við fjárreiðulög. Það er ekkert óeðlilegt miðað við fjárreiðulög að ríkið á hverjum tíma geri samninga fram í tímann með samþykki Alþingis. Það er bara eðlilegt og gengið út frá því í öllum slíkum tilfellum, enda erum við að gera mikinn fjölda slíkra samninga sem eiga við um mjög marga þætti alls ríkisrekstrarins

Hins vegar geta menn svo breytt samningum ef þeir vilja. Það er mjög nauðsynlegt og grundvallaratriði fyrir landbúnaðinn líka og fyrir hvaða atvinnugrein sem er að hún sjái fram í tímann, viti hvað bíður hennar, hún geti treyst því hvað er á næstu árum. Þess vegna er ekki óeðlilegt að þessi samningur sé gerður núna, undirritaður núna og staðfestur af þinginu núna, sem ég vona að verði ágreiningslítið vegna þess að þannig tala allir hér að stuðningur við íslenska framleiðslu sé þeirra hjartans mál og við skulum vona að það sé rétt og það sé ekkert ofmælt í því. Ég treysti því líka að sú skoðanakönnun sem hér var sagt frá fyrir nokkrum dögum um stuðning almennings við íslenskan landbúnað sé rétt og ég vil treysta því og trúa að Íslendingar séu þannig meðvitaðir um þann grundvöll sem við leggjum byggðinni með því að stunda landbúnað hér á landi og ekki móttækilegir fyrir ótrúlegum áróðri og ótrúlegu níði sem íslenskur landbúnaður hefur mátt þola árum og missirum saman.

[15:08]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var mikil ræða hjá hv. þingmanni og stuttur tími til andsvara. Ég tek undir það sem hv. þingmaður sagði að það er lífsnauðsynlegt fyrir byggðirnar að styrkja þær með myndarlegum hætti og þessi samningur er að sjálfsögðu ein stærsta byggðaaðgerðin í krónum talið og ég tel að það þyrfti jafnvel að koma meira til en minna til að efla byggðirnar. Það er alveg á hreinu.

En það er alveg með ólíkindum hvernig hv. þingmaðurinn brást við umræðum hér um breytingar eða þróun á stuðningskerfi við bændur og dreifbýli og sú heimsendaspá sem þingmaðurinn hrasaði í þegar orðaðar voru einhverjar breytingar eða þróun á því kerfi, það var eiginlega með algjörum ólíkindum og þingmaðurinn hlýtur að hafa misskilið þetta allhressilega.

Ég vildi spyrja hann um títtnefnda útflutningsskyldu. Er ekki hæstv. landbúnaðarráðherra að gera alvarleg mistök með því að fella útflutningsskylduna algjörlega út og slá ekki þann varnagla sem hv. þingmaður gat hér um þannig að ráðherrann hefði heimild til að taka skylduna (Forseti hringir.) aftur upp ef út í offramleiðslu yrði komið innan einhverra missira?

[15:09]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt, ég tel það mjög óvarlega farið að taka allar þessar heimildir út og hafa ekki þann varnagla sem ég var að skýra hér áðan vegna þess að enginn maður getur vitað hvað bíður okkar á næstu þrem árum. Við verðum að vera viðbúin því þegar flestar spár ganga allar út á að menn reikna með því að kjötverð muni lækka hér verulega, þá er mikil nauðsyn á því að hafa slíkan varnagla.

Ég hef hins vegar enga heimsendaspá verið með varðandi breytingar á styrkjum. Ég fór aðeins yfir það sem eru staðreyndir þessa máls og menn mega vita hver niðurstaðan hefur alltaf orðið þegar þessi aðferð frá Brussel er notuð, að taka þannig jaðarbyggðirnar beint úr sambandi, hafa ekki framleiðslutengt, þá hefur það alltaf undir öllum kringumstæðum gengið upp að byggðirnar hafa dáið.

[15:10]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Breytingaótti hv. þingmanns er með nokkrum ólíkindum, kannski tengist það eitthvað komandi kosningum og útkomu Sjálfstæðisflokksins í þeim. En það er engin ástæða til að óttast umræður um þróun og breytingar á stuðningskerfinu, það er alveg á hreinu. Hæstv. landbúnaðarráðherra talaði um það áðan að hann vildi ekki verða eins og einhver frystihússtjóri yfir einni atvinnugrein. Það væri nú verra ef hann stæði svo uppi sem einhvers konar útfararstjóri yfir einni atvinnugrein af því að það var ekki nægjanlega vel að málum staðið og einhver glappaskot gerð eins og það að afnema útflutningsskylduna algjörlega án þess að slá þann varnagla sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson nefnir hér. Þess vegna hlýtur hæstv. ráðherra og hv. landbúnaðarnefnd að skoða það sérstaklega hvort glannaskapur hæstv. landbúnaðarráðherra keyri hér úr algjöru hófi fram og tefli jafnvel að einhverju leyti afkomu greinarinnar og sauðfjárbændanna, sem mega nú ekki við miklum tekjumissi, í voða. Að því hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fært ágætisrök og hæstv. ráðherra, jafnskapillur og hann nú er hér á bekkjunum hlýtur að taka það til greina.

[15:11]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að það komi þá til þess að menn taki efnislega afstöðu til breytingartillögunnar sem ég hef boðað og kannski menn greiði þá atkvæði fram og til baka, þverpólitískt. Ég á von á að menn geri sér grein fyrir því að hér er um öryggismál að ræða fyrir framtíðina og ég vonast til þess að tillagan fái sem víðtækastan stuðning.

Ég vil líka taka það fram að ég hef — og vil minna hv. þingmann á það — staðið fyrir þingsályktunartillögu um breytingar á stuðningi við landbúnaðinn, við sauðfjárræktina. Sérstaklega minnist ég þess að hafa staðið fyrir því að fá hér samþykkta tillögu um að styrkja sauðfjárræktina á jaðarbyggðunum, sem er mjög þýðingarmikið, að þora að standa með í jaðrinum, standa með honum í tíma, treysta hann áður en komið er í óefni.

[15:12]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru nú ekki Evrópa og Ameríka einar sem leika sér að skilgreiningum í WTO. Ég minni hv. þingmann á að við skilgreinum okkar eigin framleiðslustyrki sem grænar greiðslur. En ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli okkar á því hversu rúmar heimildir eru til þess innan Evrópusambandsins að beita ríkulegum stuðningi við bændur og byggðir á norðursvæðum eins og okkar en vísa því algerlega á bug að byggðir Evrópu á norðursvæðunum séu einhver auðn eftir þá stefnu.

Það hryggir mig hins vegar að heyra frá fjárlaganefndarmanninum Einari Oddi Kristjánssyni afstöðu hans til langtímasamninga vegna þess að auðvitað er út af fyrir sig hægt að gera einn og einn samning fram í tímann en hér er orðið um það að ræða að í heilum málaflokki, landbúnaðarmálum, hafa verið gerðir tveir stórir samningar sem binda fjárveitingavald Alþingis til sjö ára og gera það að verkum að í landbúnaðarmálaflokknum hefur næsta ríkisstjórn 2007–2011 ekkert fjárstýringarvald, hvorki hvað varðar mjólkuriðnað né (Forseti hringir.) sauðfjárrækt, og ég tel (Forseti hringir.) einfaldlega að hér sé allt of langt gengið í að skuldbinda Alþingi fram í tímann og í allt of ríkum mæli.

[15:13]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er spurn: Hvað er það í fjárreiðulögunum sem bannar slíkt? Hvar kemur það fram? Ég minnist þess ekki að hafa séð nokkurn stafkrók um það. Og hverjir eru það sem eru hér að ganga til atkvæða um samning, hverjir eru það? Það er Alþingi sjálft sem er að ganga til atkvæða um samning. Það er enginn að taka fram fyrir hendurnar á Alþingi og hvað er Alþingi að gera alla daga, hvað er verið að gera hér? Þó að fjárlögin séu alltaf miðuð við almanaksár þá gerum við samninga t.d. við öryrkja, við

sjúka o.s.frv. Eru þetta ekki samningar? Er einhver að gera athugasemdir við að þeir séu í uppnámi í hvert skipti sem skipt er um ríkisstjórn að við séum þar með að binda hendur næstkomandi ríkisstjórnar vegna þess að við sömdum við öryrkja? Nei. Þetta er hinn eðlilegi framgangsmáti, að Alþingi á hverjum tíma geri samninga og menn geta treyst því að þeir standi. Auðvitað hefur Alþingi framtíðarinnar alltaf (Forseti hringir.) vald til þess að breyta slíku.

[15:15]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kalla þá eftir því að hv. þingmaður lýsi því hvaða vald Alþingi hafi til að breyta slíku eftir á. Ég geri ráð fyrir að sá samningur sem við erum að fjalla um sé skuldbindandi fyrir ríkissjóð til þessara sjö ára og bið hv. þingmann að leiðrétta mig ef svo er ekki. En ef hann er ekki skuldbindandi til sjö ára þá veit ég svo sem ekki til hvers við ættum að fjalla um hann. Eftir röksemdafærslu hv. þingmanns þá væri þingmeirihluta á einu kjörtímabili heimilt að gera samninga um meiri hluta fjárútgjalda í öllum málaflokkum út yfir kjörtímabilið eftir að umboði hans er lokið, þ.e. taka allar ákvarðanir fyrir framtíðina, fyrir kjörtímabil sem sá meiri hluti er ekki kjörinn til að fara með stjórn landsins. Ég tel að jafnvel þótt það kynni ekki að stríða gegn fjárreiðulögum þá sé slíkt algerlega ótækt við stjórn á ríkisfjármálum og að menn í þessum málaflokki geri svo stóra og víðtæka samninga til svo langs tíma sé ekki boðlegt.

[15:16]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður sé að snúa út úr viljandi. Alþingi er á hverjum tíma að gera samninga. Eðli málsins samkvæmt geta þeir verið mismunandi. Eðli málsins samkvæmt þurfa þeir að vera til lengri tíma. Það er mjög skiljanlegt ef menn t.d. semja við eina atvinnugrein eins og þessa, að auðvitað þarf landbúnaðurinn að geta séð fram í tímann einhver ár og það er svo með fjöldamargt annað. Það er alls ekki verið að segja annað en það sé hið siðlega að við stöndum við gerða samninga. Ég held að enginn þingmaður í neinum flokki mundi nokkurn tíma hafa aðra afstöðu en að það væri siðlegt að standa við það. Það má hins vegar halda því fram að löggjafinn hafi vald til þess. Ég held að menn megi samt treysta því, nákvæmlega sama hvaða flokkur er, þeir menn munu ekki rifta slíku, því geta menn treyst. En þarna er um ákaflega litla fjármuni að ræða.

[15:17]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir ágæta ræðu áðan um sauðfjársamninginn. Fram kom hjá hv. þingmanni að hann hafði ákveðnar áhyggjur af svokallaðri útflutningsskyldu, þar sem landbúnaðarráðherra hefur verið heimilt að ákveða hversu há prósenta skuli fara á erlendan markað.

Hv. þingmaður boðaði það að hann mundi kynna breytingartillögu hvað þetta frumvarp varðar. Nú langar mig að spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson hvort sú leið kæmi ekki til greina að annaðhvort Bændasamtökin eða Landssamband sauðfjárbænda fengju þennan rétt þannig að ríkið væri ekki að taka ákvarðanir fyrir eina starfsgrein í landbúnaðinum þannig að starfsgreinin sjálf geti tekið þær ákvarðanir. Þeim rétti yrði því með þessum samningi og lögum vísað til samtaka bænda.

[15:18]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, ég held að svarið sé nei. Ég held að það sé ekki sæmandi að við förum að framvísa valdi ráðherrans til einhverra hagsmunasamtaka. Hins vegar hef ég alltaf litið þannig á að ef við settum slíka heimild inn, og þannig hef ég hugsað mér breytingartillöguna, fyrir ráðherrann, þ.e. að hann gæti gert þetta, að fengnu samþykki eða áskorun Bændasamtakanna. Ég ætlast alls ekki til þess að það verði nokkurn tíma gert án vilja þeirra, vitundar og beiðni en það væri alltaf framkvæmdarvaldið sem mundi annast það, ekki hagsmunasamtökin.

[15:19]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er alveg ómögulegt að koma heim og saman hinum ýmsu skoðunum hv. þingmanns. Ef honum er svona umhugað um sauðfjárræktina ráðlegg ég honum að taka upp baráttuna með mér fyrir inngöngu í Evrópusambandið því fram hefur komið í skýrslunni Landbúnaður á norðurslóð, sem er ekki mjög gömul og hv. þingmaður hefur lesið, að sauðfjárrækt mun að öllum líkindum reiða betur af og afkoma hennar betur tryggð innan Evrópusambandsins en utan.

Í annan stað geysist hv. þingmaður gegn óframleiðslutengdum styrkjum. Mætti nú ekki ætla að ef innflutningur ykist og verðið lækkaði, eins og hv. þingmaður gerði skóna að, þá mætti ætla að óframleiðslutengdir styrkir mundu gagnast þeim betur?

Svo langar mig til að spyrja hv. þingmann: Hefur hann ekki greitt atkvæði mörgum sinnum með því að styrkir til sauðfjárbænda séu einmitt óframleiðslutengdir að hluta?

[15:20]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andstaða mín til Evrópusambandsins eða inngöngu Íslands í það hefur ekki á umliðnum árum mótast af viðhorfi til sauðfjárræktar, það eru allt aðrir og stærri hlutir sem þar eru. Fyrst og fremst hefur það verið vegna þess að ég m.a. hef haft áhyggjur af ríkissjóði sem þyrfti að borga um 15–17 þús. milljónir á ári í jöfnunarstyrkina til hinna fátæku þjóða í Austur-Evrópu og er skammarlegt að segja frá þessu en þetta er svona samt. Ég hef margsinnis greitt atkvæði með sauðfjársamningum sem eru ekki framleiðslutengdir nema að hluta. Það er alveg hárrétt. Í þeim samningi sem núna liggur fyrir er heilmikið af greiðslum sem ekki eru framleiðslutengdir. Ég mun greiða honum atkvæði. Þannig hefur verið samið og ég hef staðið að því sem stjórnarþingmaður að styðja það.

[15:21]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður notar obbann af ræðu sinni til að ráðast gegn óframleiðslutengdum styrkjum. Samt er staðreyndin sú að hann hefur greitt atkvæði með sauðfjársamningum og er að fara að greiða atkvæði með sauðfjársamningi þar sem 40% af beingreiðslum eru óframleiðslutengdar. Þetta er þverstæða.

Mig langar síðan til að spyrja hv. þingmann af hverju hann talar um að hugsanlega innan nokkurra ára muni verð á afurðum innlendra bænda lækka um 40–60% vegna aukins innflutnings. Hvað er það sem hann telur að leiði til þess? Eru það samningar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem hann heldur að valdi því?

Að síðustu langar mig til að spyrja hann um annað. Þeir útreikningar sem hann rakti hér annars vegar á því hvernig talin eru ýmis uppkaup í Evrópusambandinu og ýmiss konar styrkir og fjármögnun í Bandaríkjunum og hins vegar hér á landi. Er ástæðan fyrir því að farið er öðruvísi með þetta hér á landi sú að við höfum vonda samningamenn? Og hvort á hann þá við að það séu embættismenn landbúnaðarráðuneytisins eða utanríkisráðuneytisins sem hafa staðið sig svona illa?

[15:22]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað eru þeir ekki vondir samningamenn heldur það að Ísland er pínulítil þjóð, svo lítil þjóð að hún sést ekki nema í smásjá. Þess vegna höfum við ekki áhrif eins og eðlilegt er. Það liggur alveg fyrir og ég hef margsinnis haldið því fram í umræðunni að ég teldi þeim mun betur staðið að hlutum því hærra sem hlutfallið væri framleiðslutengt. Ég hef margsinnis sagt það, ég er þeirrar skoðunar enn og mun halda áfram að segja það.

Hins vegar er rétt sem menn skulu átta sig á að í samningum Evrópusambandsins við Norðurlöndin er heimildin sem miðuð er við norðurslóðina bundin við viðkomandi þjóðland, t.d. er Finnum og Svíum heimilt að styrkja sjálfir. Menn skulu átta sig vel á þessu því þetta er náttúrlega það sem um er að ræða. Við höfum þannig heimildina til þess ef við gengjum í þetta Evrópusamband sem ég held að sé ekki á dagskrá núna.

[15:23]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, þ.e. sauðfjársamningur, samningur milli ríkisins og sauðfjárbænda um umgjörð sauðfjárræktarinnar næstu árin.

Markmið samningsins eru, með leyfi forseta:

„a. að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda,

b. að stuðla að nýliðun í hópi sauðfjárbænda og styrkja búsetu í dreifbýli,

c. að sauðfjárrækt sé stunduð í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og sjálfbæra landnýtingu,

d. að örva markaðsvitund bænda og afurðastöðva og halda jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar,

e. að stuðla að framþróun í sauðfjárrækt.“

Markmiðin eru öll góðra gjalda verð og verið er að setja samninginn um þau. Ég held að rétt sé og skylt að við áréttum viðhorf íslensku þjóðarinnar til landbúnaðar af því að því hefur oft verið blandað inn í umræðuna um landbúnaðinn að hann geti að einhverju leyti verið óþarfur, að hægt væri að leysa matarþörf fólks, íbúanna, með því að flytja inn mat og jafnvel væri hægt að bjóða hann á lægra verði. Þetta má allt saman vera mögulegt, en það er nú svo að þjóðin hefur á þessu skoðun og heldur sterka, um að íslenskur landbúnaður sé í raun ein af kjölfestum íslensks samfélags, búsetu, menningarlífs og hvað varðar fæðu, mat og hollustu. Það að borða góðan mat er, eins og hæstv. landbúnaðarráðherra hefur oft sagt, líka munaður. Þegar við viljum gera okkur glaðan dag og eiga góða stund er það gjarnan gert með því að borða góðan mat. Ég býst við að í tilfellunum hér á landi viljum við oftar að maturinn sé íslensk framleiðsla. Landbúnaðurinn og matvælaframleiðslan er því óaðskiljanlegur hluti íslensks samfélags, íslenskrar þjóðarvitundar, eins og kemur svo rækilega fram í þeirri skoðanakönnun sem ég vitnaði til í upphafi máls míns þar sem gerð hafði verið skoðanakönnun um viðhorf þjóðarinnar til íslensks landbúnaðar sem kynnt var á búnaðarþingi nýverið.

Ég vil vekja athygli á þeim spurningum sem lagðar voru fram. Í fyrsta lagi: Telur þú gæði íslenskra landbúnaðarvara vera meiri, minni eða þau sömu og gæði innfluttra landbúnaðarvara? Nærri því 98% af svarendum segjast telja innlendar landbúnaðarvörur vera meiri að gæðum en innfluttar. Þetta er tilfinning þeirra og tilfinning og vitund skipta gríðarlegu máli í þessu sambandi.

Eins var spurt: Hversu miklu eða litlu máli finnst þér skipta að landbúnaður verði stundaður hér á landi til framtíðar? Mörgum okkar finnst furðulegt að spyrja þurfi að þessu af því að það sé svo sjálfsagt að hér verði stundaður öflugur landbúnaður til framtíðar. Þessari spurningu er svarað þannig að 94% svarenda styðja afdráttarlaust að hér sé stundaður öflugur landbúnaður til framtíðar.

Þegar spurt er: Hversu miklu eða litlu máli finnst þér skipta að Íslendingar séu ekki háðir öðrum um landbúnaðarafurðir? Þá er náttúrlega verið að horfa til þeirra vara sem við flokkum undir þeim merkjum, þ.e. kjöt- og mjólkurvörur og þær vörur sem eru framleiddar hér. Um 80% þjóðarinnar telja mikilvægt að við séum sjálfbjarga og sjálfum okkur næg hvað þetta varðar. Þetta undirstrikar því hversu ríkan og sterkan sess landbúnaðarframleiðslan hefur í þjóðarvitundinni, nokkuð sem ber að fagna en kallar líka á ábyrgð af hálfu stjórnvalda að um þá vitund standi menn vörð.

Þá kem ég að því, frú forseti, hvernig sauðfjársamningurinn er einmitt liður í því og hvar veiku hliðar hans eru. Ég las í upphafi þau markmið sem sett eru með samningnum þar sem rakin eru markmið sauðfjárræktar sem atvinnugreinar, afkoma sauðfjárbænda, nýliðun, umhverfisvernd, landkostir og sjálfbær landnýting og þar með sjálfbær búskapur. Þessi atriði eru held ég öll mjög mikilvæg og full sátt er um þau en mér finnst að í samninginn vanti afstöðu til neytenda. Þegar ríkið gerir svona tvíhliða samning við sauðfjárbændur um framleiðslu undir ákveðnum skilyrðum

erum við líka og ekki hvað síst að gæta að hagsmunum neytenda og hinn almenni neytandi, ég og þú, er sá sem við erum líka að semja fyrir. Þess vegna tel ég að í samninginn hefðu átt að koma skýrari markmið eða þau markmið undirstrikuð sem eru með landbúnaðarframleiðslu hér á landi, þ.e. framleiðsla á hollum og góðum landbúnaðarvörum og að geta tryggt þær með sem mestum gæðum gagnvart neytandanum. Það er það sem okkur ber skylda til að tryggja, ekki bara til eins árs heldur til næstu ára. Samningurinn á einmitt að vera liður í því að undirstrika hagsmuni neytandans, hins almenna Íslendings, hins almenna borgara sem neytir íslensks matar, að hann eigi möguleika á að fá holla og góða matvöru. Mér finnst að þetta ætti að vera þungamiðjan í slíkum samningi sem verið er að gera milli ríkisins og sauðfjárbænda.

Um önnur þau atriði sem samningurinn tekur á þá hefur komið fram og verið rakið hér að hann er að stórum hluta framleiðslutengdur. Þó eru nýmæli í samningnum sem ég hefði viljað að hefðu fengið stærri sess, þ.e. lagt er til að veitt verði fjármagn til nýliðunar- og átaksverkefna, en ég held að ein mesta ógn sem steðjar að íslenskum landbúnaði og íslensku samfélagi hvað landbúnaðarframleiðslu varðar, sé hve torveld nýliðunin er með hækkandi verði á jörðum, með því að framleiðslurétturinn gengur kaupum og sölum og er verðlagður býsna hátt þannig að þeir sem vilja koma nýir í greinina þurfa að fjárfesta bæði í jörð, mannvirkjum og framleiðslurétti, og það er ekkert grín, það er ekkert spaug. Þess vegna er takmörkun á nýliðun ein mesta ógn við íslenskan landbúnað og íslenskt samfélag sem vill hafa öflugan landbúnað, eins og niðurstöður skoðanakönnunarinnar sem ég vitnaði í gefa til kynna. Ég hefði viljað að þetta hefði einmitt verið dregið enn sterkar í samninginn því við erum að gera samning um að tryggja atvinnugreinina ekki bara til fimm eða sjö ára eða hvað menn eru að gera hér samning um, heldur til lengri tíma.

Eins og réttilega var komið inn á í umræðum fyrr í dag er framleiðslustigið í landbúnaðinum, sauðfjárræktin, ekkert sem tekin er ákvörðun um í einu vetfangi. Þetta er langt ferli. Í sauðfjárræktinni tekur það nokkur ár frá því að kind hefur verið keypt, lamb fæðist og síðan áfram. Umgjörðin þarf því að vera nokkuð örugg til fleiri ára. Við viljum búa íslenskri sauðfjárrækt mjög góð ytri skilyrði. Einn helsti vandi hennar í dag er, eins og ég sagði áðan, hve erfitt er að komast í greinina. Ég tel og er enn þeirrar skoðunar að það hafi verið óheillaverk að leggja Lánasjóð landbúnaðarins niður. Lánasjóðurinn hafði það hlutverk að veita stuðning til nýrra bænda sem voru að koma í greinina, kaupa jarðir, bústofn o.s.frv. Hægt hefði verið að breyta Lánasjóði landbúnaðarins í sjóð til stuðnings nýliðun í sveitum og til tengdra átaksverkefna. Þó að hér sé lagt til að veita 80 millj. kr. á ári hvað þetta varðar finnst mér að það hefði mátt vera meira. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram tillögu á Alþingi sem miðar að því að treysta byggð í sveitum, gera nýliðun auðveldari, gera nýjum bændum auðveldara að koma í greinina og ég harma það að núverandi landbúnaðarráðherra hafi ekki haft þá framtíðarsýn fyrir íslenskan landbúnað sem skyldi.

Víkjum aðeins að sauðfjársamningnum. Eitt atriði á undanförnum árum var mikilvægur þáttur í að skapa öryggi í kringum sauðfjárframleiðsluna, taka af markaðssveiflur, árssveiflur sem geta orðið hvað framleiðsluna varðar, og það var útflutningsskyldan. Ráðherra gat því haft frumkvæði að slíkri félagslegri aðgerð sem hún var, að skylda alla bændur til að taka þátt í útflutningi upp að vissu marki til að jafna þá sveiflu bæði fyrir greinina og gagnvart neytendum. Nú er lagt til að hún verði afnumin, bara svona í einu vetfangi, (**Landbrh.:** Í áföngum.) á einu ári, frú forseti, ef hæstv. ráðherra hefur ekki lesið samninginn betur, þá er gert ráð fyrir að útflutningsskyldan og ábyrgð hvað það varðar falli niður eftir eitt og hálft ár sem er innan framleiðsluferlis sauðfjárræktarinnar núna. (Gripið fram í.) Við setjum lambið á í haust, virðulegi forseti, og ákvörðunin er þá komin í framleiðsluferlið næst þegar slátrað verður því sem nú er sett á. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra þarf ekki að kenna mér mikið um sauðfjárrækt þó að hann sé ágætur í henni líka. (**Gripið fram í:** Hann er það ekkert.) Frú forseti. Það er gripið fram í og sagt að ráðherra sé ekki góður í sauðfjárrækt. Ég vil samt láta hann njóta vafans í þeim efnum.

Útflutningsskyldan var mjög mikilvæg. Hægt er að deila um hvort hún hefði verið æskileg en hún var samt staðreynd og nauðsynlegur þáttur í þeirri umgjörð sem gerð var. Ég tel að það sé áhættuspil að vera að afnema hana með þeim hætti sem hér er lagt til. Það sem er enn þá alvarlegra er að hún virðist vera afnumin án þess að bændur og samningamenn þeirra hafi samþykkt það og á vissan hátt er komið aftan að þeim í þeim efnum. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp erindi sem okkur í landbúnaðarnefnd barst frá meiri hluta samninganefndar bænda:

„Til landbúnaðarnefndar Alþingis, Drífa Hjartardóttir.

Við undirrituð sem störfuðum í samninganefnd bænda um nýgerðan sauðfjársamning gerum eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Við mótmælum harðlega þeirri breytingu sem kemur fram í 23. gr. frumvarpsins, en þar segir: „Frá og með 1. júní 2009 fellur útflutningsskylda kindakjöts skv. 29. gr. laga nr. 99/1993 brott.““

Áfram segir í bréfinu frá samninganefndinni, með leyfi forseta:

„Eftir að samninganefnd bænda hafði fallist á að útflutningsskylda kindakjöts skyldi falla niður frá og með 1. júní 2009 var alltaf samkomulag um að lagabreyting sem staðfesti þetta yrði lögð fram á haustþingi 2008 en ekki nú. Framan af var þetta ákvæði inni í samningstextanum en var fellt niður í lokin eftir að lögfræðingur landbúnaðarráðuneytisins taldi það betra og mundi engu breyta þar sem fullt samkomulag væri um að þetta kæmi ekki fram fyrr en 2008. Nú bregður svo við að þetta er sett inn í lagatextann.“ — Segir í bréfi fulltrúa samninganefndar bænda.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Í öllu kynningarferlinu var bændum greint frá þessu. Á þessum fundum voru annars vegar fulltrúar bænda og hins vegar stundum landbúnaðarráðherra eða aðstoðarmaður hans og tóku undir þetta sjónarmið eða mótmæltu ekki.“

Í lok bréfsins segja fulltrúar í samninganefnd bænda, með leyfi forseta:

„Við undirrituð mótmælum þessu harðlega og skorum á landbúnaðarnefnd Alþingis að sjá til þess að við áðurnefnt fyrirheit verði staðið."

Undir þetta rita Gunnar Sæmundsson, Jóhanna Pálmadóttir og Fanney Ólöf Lárusdóttir, sem voru í samninganefndinni.

Ég tel þetta mjög alvarlegt. Rætt hefur verið um að þetta hafi komið frá embættismönnum. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vildi kenna því um að embættismenn hefðu komið breytingunum inn með einhverjum hætti eða að embættismenn væru að ganga erinda einhverrar alþjóðaviðskiptastofnunar og vildu koma ákvæðunum inn með þessum hætti. Ég tek slíkt ekki gilt. Embættismenn hlýða einungis fyrirmælum ráðherra, hinna stjórnskipuðu yfirmanna sinna, og það er ráðherra sem ber ábyrgð á því ef samningnum hefði verið breytt eða þeim vilyrðum sem gefin voru í tengslum við hann.

Talað hefur verið um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og að það þurfi að aðlaga sig henni. Ég er sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni þegar hann sagði að í WTO væru hin auðugu ríki sem eru að reyna að gera samning um að skipta á milli sín markaðssvæðum heimsins. Ekki er þar alltaf verið að bera hag einstaklinga, fátækra þjóða eða hagsmuna almennings í hinum ýmsu löndum fyrir brjósti. Enginn veit heldur hvert WTO-viðræðurnar leiða. Við vitum að þær hafa stjórnast mjög á undanförnum árum af áhrifum Bush-ríkisstjórnarinnar í Bandaríkjunum sem hefur barist fyrir rétti auðhringa um allan heim, hvort sem það eru olíulindir í Írak eða aðgengi að hinum ýmsu mörkuðum. Bandaríkjamenn eru þekktir fyrir að styrkja og vernda landbúnað sinn jafnvel umfram önnur lönd. Hvað gerist í WTO-viðræðunum veit enginn. Sjálfsagt er síðan að taka mið af skynsamlegri umræðu sem þar getur verið á ferðinni en það er fjarri því að hún eigi að leiða eitthvað sem við vitum ekki hvað verður. Þess vegna ber okkur fyrst og fremst að standa vörð um náttúruna, hagsmuni íslensks landbúnaðar, hagsmuni almennings, hagsmuni bænda og þeirra sem þann atvinnuveg stunda, iðnaðinn sem honum tengist og framleiða hér holla og góða vöru samkvæmt lögmálum og á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Það er framlag okkur bæði til þess samfélags sem við búum í og líka til samfélags heimsins.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvers vegna var ákvæðunum breytt í samningnum eða þeim vilyrðum sem gefin voru og (Forseti hringir.) fulltrúar í samninganefnd hafa gert athugasemdir við?

[15:44]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður kvartar undan því gagnvart hæstv. ráðherra að ekki sé tekið nægilega vel á málefnum neytenda í þessum samningi. Ég er sammála honum um það. Mig langar í ljósi þess að fá frekari skýringar hjá hv. þingmanni á skoðunum hans varðandi útflutningskvóðina sem á sauðfjárbændum er. Eins og ég skil þá kvöð felur hún í sér skyldu á bændur til að flytja út framleiðslu sína á tímum þegar markaðsaðstæður eru þannig að ef útflutningurinn væri ekki til staðar væri aukið framboð innan lands og bændur fengju hugsanlega lægra verð. Það er þó alveg ljóst að það mundi leiða til þess að neytendur greiddu lægra verð fyrir þá hágæðavöru sem íslenskt lambakjöt er. Því spyr ég hv. þingmann: Ef honum er svona umhugað um neytendur, af hverju er þá ekki í lagi að útflutningsskyldan sé afnumin með þeim hætti sem hana er að finna þarna?

Ég geri mér grein fyrir því að hugsanlega er hægt að færa rök fyrir því að það sé töluvert bratt í þetta farið eins og hv. þingmaður reyndi að leiða rök að en eins og ég les þennan samning fæ ég ekki betur séð en að það sé sérstök upphæð, 300 millj. kr., sem er sett til að mæta því. Það er þó bara aukaatriði í mínum huga. Ég þarf að fá frá hv. þingmanni betri útskýringar á því af hverju hann er ekki ánægður fyrir hönd okkar neytenda og jafnvel bænda líka með að þessi útflutningskvöð sé afnumin. Hún mundi leiða til lægra verðs á sumum tímum innan lands og bændur mundu sennilega ekkert koma miklu verr út úr því, í sumum tilvikum betur finnst mér.

[15:46]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek alveg undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um að hagsmunir neytenda eiga hér m.a. að vera í fyrirrúmi, ekki bara skammtímahagsmunir heldur líka langtímahagsmunir. Við viljum að neytendur hafi aðgang að hollum og góðum landbúnaðarvörum og þá er okkur mikilvægt að búa þessari grein þá umgjörð að svo verði.

Sauðfjárræktin á nokkuð langan framleiðsluferil, nokkur ár frá því að menn fjárfesta í greininni og þangað til hún skilar afurðum á borð neytenda. Þær sveiflur sem eru í dag og við þurfum að bregðast við geta leitt til vöruskorts eftir þrjú eða fimm ár. Það eru þessar sveiflur sem við þurfum að reyna að komast hjá. Við viljum standa vörð um þessa framleiðslu. Við viljum standa vörð um það að við séum sjálfum okkur nóg um landbúnaðarframleiðsluna eins og þessi skoðanakönnun sem ég vitnaði til sýnir. Það sem bændur hafa lagt til í þessu er að áfram verði heimild fyrir ráðherra til að beita þessu stýritæki sem nauðsynlegt er til að tryggja hvoru tveggja hagsmunina, tryggja hagsmuni neytenda um öryggi í framboði vörunnar til langs tíma og einnig öryggi framleiðendanna um að taka að sér sameiginlega sveiflur sem geta orðið í framleiðslu- og markaðsmálum. Menn mega velta fyrir sér þessu stýritæki en við erum með samningunum í heild sinni að búa nú til umgjörð í formi samnings milli ríkisins og atvinnugreinarinnar. Þá er einmitt þetta matvælaöryggi gagnvart neytendum einn mikilvægasti þátturinn í því sem (Forseti hringir.) mér finnst að eigi að horfa til.

[15:48]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Grundvallarágreiningur minn og hv. þingmanns í þessum efnum er sá að ég tel að lögmál markaðarins eigi að fá að gilda eins og hægt er á þessum markaði eins og öðrum. Ég skil hv. þingmann þannig að hann óttist að ef kæmi sveifla niður í verði til framleiðenda mundi það leiða til þess að þeir drægju úr framleiðslunni sem aftur mundi leiða til skorts lengra inn í framtíðina.

Ég er að hugsa um hagsmuni neytenda og mér finnast þeir, eins og hv. þingmanni, fyrir borð bornir í þessum

samningi. Það er að vísu rétt að eitt markmiða samningsins er að tryggja hágæðavöru og það sem hv. þingmaður kallar matvælaöryggi og ekki skal ég draga úr því. Menn eiga fyrst og fremst að hafa val. Við neytendur eigum að hafa val um það að geta keypt hágæðavöru af þessum toga.

Mér virðist sú útflutningsskylda sem við höfum í dag vera til þess fallin að draga úr því að aukið framboð leiði til lækkunar á verði vörunnar til okkar neytenda. Þess vegna finnst mér þetta gagnrýnisvert og þurfi að skoða mjög vel hvort eigi að viðhalda þessu eins og mér sýnist hv. þingmaður vilja. Hins vegar vek ég athygli hans á þessu orði og hvað í því felst, útflutningsskylda. Það felur í sér kvöð til allra um að flytja út tiltekið hlutfall af framleiðslu sinni.

Margir bændur eru hundfúlir yfir þessu vegna þess að þeir telja að þeir geti selt framleiðslu sína innan lands en jafnvel þó að svo væri verða þeir eigi að síður að undirgangast þessa skyldu. Ég er mjög efins um það, vek hins vegar eftirtekt hv. þingmanns á því að jafnvel þótt skyldan verði afnumin hafa þeir áfram frelsi til þess að selja til útlanda. Það er enginn sem bannar þeim það. Samningurinn gerir það ekki eins og ég (Forseti hringir.) skil hann.

[15:50]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Verð til bænda hefur ekki stýrt svo mjög verðlagi á landbúnaðarvörum út úr búð til neytenda. Mér sýnist frekar að aðgerðir ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum í því að innleiða svokallaða samkeppni í matvöruverslun hafi leitt til allt annars, fákeppni og alveg við það að vera einokun í matvöruverslun. Ég held að það sé miklu stærra mál í verðmyndun á vörunni til neytenda.

Það sem hér er verið að tala um er að verið er að skapa traustari umgjörð um framboð og framleiðslu á þessari vöru til íslenskra neytenda. Skoðanakönnunin sem ég las upp áðan og vitnaði til sýnir að neytendur vilja það. Þeir vilja hafa öryggi í því að þessi vara sé á boðstólum og standa líka vörð um öryggi íslensks landbúnaðar. Það er ekki hægt að fórna öðru og taka bara hitt. Við verðum að horfa á þetta í heild sinni. Það er verið að rýmka heimildir á innflutningi á landbúnaðarvörum. Við eigum eftir að sjá til hvers það leiðir en þjóðarviljinn er afdráttarlaus um að við skulum vera sjálfum okkur nóg með þær landbúnaðarvörur sem við getum framleitt hér. Það er afdráttarlaus þjóðarvilji um að staðinn sé vörður um þau gæði landbúnaðarframleiðslunnar sem við höfum og þá ber okkur líka að taka tillit til þess í þeirri umgjörð sem sett er um þessa búgrein. Ég tel allt of bratt farið, enda hafa bændur sagt það. Bændur sem hafa tekið á sig miklar skuldbindingar og ábyrgðir í því að halda niðri vöruverði (Forseti hringir.) vilja fá þetta inn í lögin, frú forseti.

[15:52]

**Útbýting:**

Lögmenn, 653. mál, nál. allshn., þskj. 1051.

Málefni aldraðra, 559. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1045.

Málefni aldraðra, 560. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1046.

Náttúruminjasafn Íslands, 281. mál, nál. menntmn., þskj. 1057; brtt. menntmn., þskj. 1058.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 466. mál, nál. allshn., þskj. 1052.

Umferðarlög, 388. mál, nál. samgn., þskj. 1047; brtt. samgn., þskj. 1048.

[Fundarhlé. — 15:57]

[16:03]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti vill geta þess að umræðum um 1. og 2. dagskrármálið verður áfram frestað og verður þá áfram haldið í umræðum um 4. dagskrármálið sem er framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum.

[16:03]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Samningurinn um starfsskilyrði sauðfjárræktar er athyglisverður fyrir margra hluta sakir. Menn geta svo sem velt fyrir sér gildi hans, hann á í raun og veru að gilda næstu sjö árin og er athyglisvert að ríkisstjórnin skuli ganga frá þeim samningi núna. Það bendir til þess að það sé eins með ríkisstjórnina eins og suma sem vilja hafa áhrif á framvindu mála eftir að þeir eru liðnir lífs af dögum. En það er auðvitað í sjálfu sér kannski bara til marks um það hvernig mönnum líður á þeim bænum þessa dagana.

Það er hins vegar þannig að þegar hið opinbera hefur gert slíkan samning sem þennan og það á við þótt um sé að ræða ríkisstjórn sem ég styð ekki, þá eru í honum fólgin loforð til viðkomandi aðila sem stjórnvöld í landinu hljóta að taka tillit til í framtíðinni. Þess vegna lít ég þannig á hvort sem þessi samningur hlýtur samþykki Alþingis eða ekki á þessu þingi — sem enginn veit vegna þess að ýmislegt vill fara forgörðum á lokadögum Alþingis, að maður tali ekki um þegar kosningar eru á næstu grösum — þá tel ég að í samningnum sé ýmislegt ágætt. Sumt er að vísu jafnvont og það hefur verið lengi en það sem erfiðast er að sætta sig við er það sem er ekki í þessum samningi. Þar á ég við einhverja stefnumörkun til framtíðar um það með hvaða hætti menn ætli að standa að því að styðja landbúnað í landinu. Ég hef sagt það áður að það er mín skoðun að stuðningskerfi landbúnaðarins og þá er ég að tala um mjólkurframleiðsluna og sauðfjárræktina líka, að bæði þau kerfi séu úr sér gengin og ónýt og það þarf ekki langan tíma til að rökstyðja það.

Það er þannig í mjólkurframleiðslunni að nú þegar eru bændur farnir að framleiða mjólk fyrir utan greiðslumark og nýir bændur eru jafnvel að ákveða að fara í að byggja upp ný mjólkurbú án þess að kaupa kvóta, og hvers vegna? Vegna þess að markaðsverð á kvóta er svo hátt að það er farið að reikna það út sem stuðning frá ríkinu og menn finna bara út hvað það kostar og menn geta selt mjólkina sína án þess að hafa kvótann og þá hljóta allir menn að sjá að þegar farið er að versla með stuðning ríkisins á þennan hátt og þegar verðið á honum er komið upp í þær hæðir sem ég er hér að lýsa, þá er þetta stuðningskerfi komið að fótum fram.

Þetta er eins í sauðfjárræktinni. Þar er farið að framleiða töluvert magn fyrir utan greiðslumarkið og það er orðið

þannig að nú um stundir styrkir ríkið suma bændur allt að þrefalt hærra miðað við framleitt kíló en þá sem mest framleiða fram yfir greiðslumark. Slíkt fyrirkomulag getur alls ekki gengið til framtíðar og þess vegna hefðu þurft að vera skref inn í einhvers konar nýja framtíð í þessum samningi. Síðan hljóta hagsmunir neytenda að koma til umræðu þegar verið er að ræða um þennan samning og ég get ekki annað en verið pínulítið hneykslaður á því að menn skuli vera uppi með mótmæli og lýsandi yfir því að þeir ætli að flytja breytingartillögu við eina ákvæðið sem er kannski hægt að segja að sé svolítið skref í átt til þess að ganga til móts við neytendur, þ.e. að afnema útflutningsskylduna. Því afnám útflutningsskyldunnar er í raun og veru viðurkenning á því að slíkt inngrip í eina atvinnugrein geti ekki gengið.

Hvernig virkar síðan útflutningsskyldan? Hún virkar þannig að atvinnurekendur í búfjárrækt á Íslandi eru hver og einn skyldaðir til að flytja út tiltekið magn. Jafnvel þó að þeir geti selt sjálfir alla sína framleiðslu á innanlandsmarkaði þá er bara sagt við viðkomandi bændur: „Nei kallinn minn, þú skalt sko ekki selja þínar vörur á innanlandsmarkaði, þú skalt sko flytja út.“ Og ég er ekki hissa á því þó hæstv. landbúnaðarráðherra vilji afnema þetta. Mér finnst það virðingarvert og er sannarlega tilbúinn til að hæla honum þegar hann á það skilið. Þetta mundu menn aldrei láta yfir sig ganga, að Alþingi samþykkti svona fyrirkomulag fyrir aðrar atvinnugreinar. Ég held að menn þurfi að velta því fyrir sér pínulitla stund hvort atvinnugreinar sem lenda í offramleiðslu á íslenskum markaði geti bara komið hlaupandi til Alþingis og beðið um að settar verði reglur um útflutningsskyldu til þess að draga úr framboði á markaðnum. Ég held að það yrði ekki hlustað á slíkar beiðnir en þetta hafa menn samþykkt fyrir landbúnaðinn. Svo tala menn um að þetta sé svo óskaplega nauðsynlegt.

Hv. þm. Jón Bjarnason hélt langa ræðu um að þetta tryggði framboð á dilkakjöti á íslenska markaðinn. Ja, heyr á endemi, segi ég. Það er engum bændum bannað að flytja út þó svo að útflutningsskyldan sé afnumin. Auðvitað munu íslenskir bændur framleiða það kjöt sem þeir geta selt hér á markaðnum áfram þó að þeir séu ekki persónulega hver og einn skyldaðir til þess að flytja út. En þeir aðilar sem verða undir í kapphlaupinu að losna við sínar vörur á innanlandsmarkaði munu þá flytja út þær vörur sem þeir geta ekki selt og menn geta ekki talað í öðru orðinu um að íslenskir bændur eigi að ná meira og meira sambandi við neytendurna beint og selja til þeirra og í hinu orðinu að leggja eigi á þá hömlur og kvaðir af þessu tagi. Bóndi sem nær því að vera með mjög góða framleiðsluvöru sem allir sækjast eftir, á að setja hann upp að vegg og segja honum að nú skuli hann bara flytja út 40% af framleiðslu sinni þótt hann geti selt hana innan lands? Því þetta er sú regla sem hefur gilt. Og ég er ekki hissa þótt hún sé þá afnumin með þeim tillögum sem hér eru.

Ég get og sjálfsagt geta flestir samþykkt þær markmiðsgreinar sem eru í 1. gr. samningsins, þ.e. að menn leitist við að bæta afkomu sauðfjárbænda og efla sauðfjárræktina sem atvinnugrein. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að sú atvinnugrein sem við erum að tala um verði að horfast í augu við það að við erum fyrst og fremst að styðja hana svo ríkulega sem gert er vegna þess að við viljum tryggja okkur þessar vörur á innanlandsmarkað. En við Íslendingar erum ekki tilbúnir til að greiða niður kjöt sem er flutt til annarra þjóða og greiða þannig niður matvöru fyrir aðrar þjóðir. Það erum við ekki tilbúnir að gera.

Bændur verða að horfast í augu við það að ef þeir ætla að standa í útflutningi þá verður það að vera útflutningur sem stendur undir sér og þannig hefur það ekki verið á undanförnum árum. Bændur hafa fengið eða munu fá samkvæmt þessum samningi stuðning, ef við horfum bara á ærgildin og meðaltalsframleiðslu miðað við ærgildi þá er ríkið að styðja bændur sem svarar hátt í 500 kr. á kg. Ef við hins vegar að horfum á framleiðsluna sjálfa þá erum við að styðja bændur sem svarar svona 370 kr. á kg. Bændur fá lægri skerf frá sláturhúsunum í sinn hlut en þeir fá úr ríkissjóði samkvæmt þessu, miðað við síðustu tölur. Á 11 mánuðum síðasta árs fengu bændur að meðaltali 302 kr. fyrir kílóið sem þeir fluttu út. Haldi menn því svo fram að ríkið hafi ekki með óbeinum hætti stutt þá útflutningsframleiðslu þá geta þeir svo sem gert það. Ég held því hins vegar fram að bændur sem flytja kjöt út geri það í krafti þess að þeir fái stuðning frá ríkinu því ég á ekki von á því að þeir geti framleitt kjöt og selt með hagnaði ef um er að ræða að fá verð sem svarar til 302 kr. á kg. Þá vantar gersamlega viðbótina. Það er sambærilegt við það ef tekinn væri af þeim allur stuðningur frá ríkinu.

Ég tel að það sé þess vegna ástæða til að menn tali í hreinskilni um þennan útflutning og hvort við séum tilbúin að styðja hann með þeim stuðningi sem kemur úr ríkissjóði. Ég tel ekki að draga eigi úr stuðningi við íslenska bændur og það kann vel að vera að það þurfi að bæta í hann á þeim tímum sem menn fara í gegnum breytingar á stuðningskerfinu en það er ekki í vændum vegna þess að nú er verið að fara í gegnum Alþingi með samning sem á að halda í þann árafjölda sem fram hefur komið.

Síðan varð ég alveg undrandi á ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Hann hélt mikla ræðu um að hann væri á móti óframleiðslutengdum styrkjum, það væri bara til að leggja byggðir í eyði. En þessi samningur er eins og hann hefur verið undanfarin ár, 40% af beinu greiðslunum til bændanna eru óframleiðslutengdar og síðan koma aðrir styrkir líka inn, þannig að einhvers staðar á milli 40 og 50% af því sem ríkið er að leggja landbúnaðinum til í sauðfjárræktinni er óframleiðslutengt. Þess vegna held ég að menn eigi ekki að tala eins og þeir gera því ef taka ætti fullt mark á þeirri ræðu þá hefur hv. þingmaður verið að standa að því að leggja allt í eyði í sveitum landsins með því að vera með óframleiðslutengda styrki en það er ekki þannig. Það er hægt að hafa þá líka og auðvitað er nauðsynlegt að menn horfi yfir þetta allt saman með það fyrir augum að búa til stuðningskerfi sem dugir til framtíðar.

Ég tel að þessi samningur muni ekki taka breytingum í þinginu og er svo sem ekkert endilega viss um að menn muni klára umfjöllun um hann núna. Að mínu viti skiptir ekki öllu máli hvort umfjöllun um hann verður kláruð á þessu þingi eða ekki. Bændur hafa með þessum samningi tryggt sér þann stuðning frá ríkinu sem í honum felst. Það munu menn þurfa að horfast í augu við og það geri ég. Ég tel að það sé þannig.

Ég er búinn að fjalla um útflutningsskylduna og ég er

ekki hissa á því sem hæstv. landbúnaðarráðherra sagði, að hann kærði sig ekki um að vera einhvers konar frystihússtjóri hér varðandi það hvort kjöt færi á innanlandsmarkað eða erlendis og ætla að láta lokið því sem ég vil segja um þetta.

Ég vil ljúka máli mínu á því að segja að ég tel að það sé mikil nauðsyn á því að þrátt fyrir hversu langur þessi samningur er þá fari menn að huga að því að leita að leiðum til þess að breyta stuðningskerfunum við bæði mjólkurbændur og sauðfjárbændur, einfaldlega vegna þess að ef að líkum lætur eins og verið hefur á undanförnum árum þá breytist ekkert nema menn hafi tímann fyrir sér til þess að ræða þær leiðir sem til greina koma. Auðvitað mun Alþingi ekki í meðhöndlun sinni um þennan samning fjalla um hugsanlegar aðrar leiðir sem koma þar til greina. Þetta verður auðvitað að gerast á grundvelli stjórnvalda í samræðum við bændur og menn þurfa að leita lausna sem eru þá hugsaðar til langrar framtíðar. Ég er á þeirri skoðun að allir flokkar sem hafa þingmenn á Alþingi séu tilbúnir til að standa að slíkri stefnumörkun og það væri miklu nær að menn leituðu samkomulags um þessa hluti en að menn standi í því stríði sem hefur orðið á hverjum tíma. Það er ekki þolandi og verður ekki þolað til framtíðar að verðlag á vörum hér á markaði sé sprengt upp vegna fyrirkomulags á stuðningi við landbúnað, það er ekki þolandi. Menn verða að finna leiðir frá því.

Við vorum að ræða um tollkvótana fyrir nokkrum dögum. Það liggur fyrir að þó að búið sé að útvíkka þá þá munu þeir verða boðnir upp. Þar með er varan sem er flutt til landsins í þessum tollkvótum búin að taka mið af verðlaginu sem er á markaðinum innan lands. Einhverjar gyllivonir um það að sú vara verði á eitthvað óskaplega lágu verði eru þess vegna bara gyllivonir. Það getur ekkert verið þannig því að verslunarmenn sem eru í samkeppni sín á milli munu auðvitað keppa um þessa tollkvóta og það spennir upp verðið. Á síðasta ári var tollkvóti á innfluttum kjúklingum 713 kr. á kg. Það er ekkert ólíklegt að ríkissjóður fái hátt í hálfan milljarð vegna uppboðs á þeim tollkvótum sem verða til ráðstöfunar á því ári sem er fram undan þannig að ríkissjóður fær þá þessa peninga. Það er svo sem allt gott um það að ríkissjóður fái peninga en þetta hefur þá ekki þau áhrif sem sumir hafa haldið á vöruverðið í landinu á þeim vörum sem eru fluttar inn.

Ég er búinn að lýsa skoðunum mínum á þessum samningi og ætla að segja það að lokum að mér finnst að bændaforustan í landinu og ýmsir aðrir sem hafa tekið þátt í umræðum að undanförnu um matarverð og stuðning við bændur í landinu hafi verið á afar röngum brautum í áherslum sínum, haldandi því fram að þeir sem vilji taka á þessum matarverðsmálum séu með aðför að bændum í landinu. Það er af og frá. Við höfum sagt þetta margoft, við erum tilbúin að styðja við landbúnað á Íslandi en það á ekki að kosta það að hér sé haldið uppi vöruverði sem er langt fyrir ofan það sem eðlilegt er. Menn verða að fara aðrar leiðir til að styðja landbúnað á Íslandi og það skulu vera mín lokaorð.

[16:21]

**Einar Már Sigurðarson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Það er eðlilegt að menn fari víða í slíkri umræðu enda um að ræða hluta af byggðaaðgerðum. Það er líka eðlilegt að gerðar séu athugasemdir við að byggðaaðgerðir séu ekki skoðaðar í heild. Hér erum við með einn þátt sem snýr að sauðfjárræktinni, vissulega mikilvægan þátt, en það verður að segjast að hugmyndaflugið hefur ekki ráðið för við meðhöndlun þess fjár sem hér er um að ræða.

Það væri hægt að leita víða fanga, víða um lönd þar glímt hefur verið við álíka vandamál, þ.e. að tryggja fjölbreytni í landbúnaði, fjölbreytni í búsetu og í atvinnulífi í dreifbýli. Hér hafa menn fest sig í ákveðnum farvegi og virðast eiga erfitt með að komast úr honum. Það er eðlilegt að taka fram, eins og hér hefur komið fram hjá flestum ef ekki öllum ræðumönnum sem hér hafa talað, a.m.k. frá flokkssystkinum mínum sem hér hafa haldið ræðu, hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur og Jóhanni Ársælssyni, að enginn þingflokkur á þingi vill ekki halda áfram stuðningi við landbúnað. Spurningin er um hvernig að verki er staðið. Það er auðvitað eðlilegt að vakin sé athygli á því að þrátt fyrir það sem gert hefur verið undanfarin ár, sem byggir á svipuðum þáttum og sá samningur sem hér er til umfjöllunar, er eðlilegt að velta fyrir sér árangrinum.

Hæstv. landbúnaðarráðherra fullyrti að staða sauðfjárræktarinnar hefði eflst og batnað mjög. Vissulega er ýmislegt til í því. Það er t.d. ljóst að dregið hefur úr framleiðslu lambakjöts í landinu. Það var full ástæða til þess. Það var offramleiðsla sem kom engum til góða. (**Landbrh.:** Neyslan hefur aukist.) Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að um leið og dregið hefur úr framleiðslunni hefur neyslan aukist og hefur ýmislegt orðið til þess. Hluti af því sem menn hljóta að horfa til er að gera ýmislegt með markaðssetningu og við höfum auðvitað séð ýmsar breytingar á því sem eru til bóta.

En þrátt fyrir þetta hljóta menn að velta fyrir sér árangrinum af því að hann er ekki bara, það er ekki bara hægt að horfa á að einhverjir sauðfjárbændur hafi það örlítið betra nú en fyrir einhverjum árum. Mér fannst hins vegar skorta að hæstv ráðherra kæmi fram með tölur um hve mikið hagur sauðfjárbænda lagast miðað við aðra. Ég er því miður hræddur um að árangurinn hafi ekki verið eins mikill og hæstv. ráðherra lét í skína. Það hlýtur að vera umhugsunarefni ef hann hefur ekki verið nægjanlegur hvort það sé verið að fara rétta leið.

Þá kem ég að hinu, sem hlýtur að skipta miklu máli líka. Hverju hefur þetta skilað okkur í verði til neytenda eða er það ekki hluti af þessari mynd að lagfæra þá stöðu? Ég hélt að við værum öll á því að matarverð þyrfti að lækka. Hæstv. ráðherra minnti á að gerð hefði verið tilraun til þess um síðustu mánaðamót og á auðvitað eftir að koma í ljós hvernig það skilar sér. En við hljótum líka að velta því fyrir okkur, þegar við erum að vinna að slíkum samningi, að sá endi skili líka árangri, þ.e. að hægt sé að lækka matarverðið, það sé hægt að lækka verðið á þessari vöru því það er að sjálfsögðu hluti af tilgangi slíks samnings þó það sé ekki nefnt í markmiðunum og ýmsir hafa bent á að það vanti

auðvitað inn í að hagsmunir neytenda séu þarna með. Þetta fjármagn er líka hugsað til að lækka eða tryggja að verð á þessum vörum sé þannig að neytendur geti notið þeirra. Það er eðlilegt og ætti að gera árangursmat á þessum þáttum.

Þá komum við að því sérkennilega vinnulagi hæstv. ráðherra, sem ég trúi að hann geri meðvitað, að koma með jafnstórt mál og þetta inn í þingið rétt fyrir þinglok. Það kallar auðvitað á að það vinnst ekki eins góður tími og ella til að fara yfir málið. Eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á er auk þess búið að gera samning við bændurna, búið að undirrita samning af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þannig að í raun og veru stendur þingið frammi fyrir gerðum hlut. Það er búið að ganga frá þessu og skuldbinda næstu stjórn til að standa við þetta. Bændur eru búnir að greiða atkvæði um samninginn, búnir að samþykkja hann miðað við útreikninga hæstv. ráðherra með 90% fylgi. Það er greinilega ánægja með samninginn af hálfu bænda. Þess vegna kemur á óvart að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson leggi sérstaka áherslu á að útflutningsskyldan verði af tekin. Maður hefði búist við því að bændur hefðu átt að vekja sérstaka athygli á því, ef þeir væru á móti því að taka hana af, en með 90% stuðningi við samninginn er vonlaust að lesa það úr atkvæðagreiðslunni. Það ber auðvitað að halda því til haga sem maður telur jákvætt. Ég held að þar sé verið að stíga jákvætt skref vegna þess að það er auðvitað ekki hlutverk okkar að greiða niður lambakjöt fyrir fólk í öðrum löndum, nema það væri hluti af þróunaraðstoð sem vissulega gæti komið til greina. En þá væri eðlilegt að fjármagna það með öðrum hætti. Það er hins vegar allt annar hlutur að við greiðum niður kjötið fyrir okkur. Það kemur neytendum til góða og er eðlilegt.

Ég sagði áðan að ég hefði viljað önnur vinnubrögð við þetta. Ég vil tína örlítið fleira til í þeim efnum vegna þess að ég held að það sé hluti af okkar vanda gagnvart landsbyggðinni, það er þessi bútasaumur í byggðamálum. Hér er sem sagt einn búturinn sem er sérstaklega tekinn út úr, einn hópur bænda, sauðfjárbændur. Í gildi er annar samningur við mjólkurframleiðendur. Byggðastofnun er síðan með ýmislegt í gangi og það eru gerðir vaxtarsamningar hér og vaxtarsamningar. En það er engin heildarstefna, engin samræming hv. þm. Halldór Blöndal. Það skortir hjá hæstv. ríkisstjórn sem hv. þingmaður hefur stutt nokkuð lengi og fer trúlega að verða nokkur leiður á. (**HBl:** Það var öðruvísi þegar ég var landbúnaðarráðherra. Þá var ákveðin stefna.) Hér kemur frá hv. þingmanni nokkuð kröftug ádeila á hæstv. núverandi landbúnaðarráðherra því hv. þingmaður bendir á að nú sé stefnuleysi allsráðandi í landbúnaðarráðuneytinu en það hafi verið annað í tíð hv. þingmanns (**Landbrh.:** Hann sagði þetta ekki.) Hv. þingmaður kallaði þetta fram í, hæstv. ráðherra. Ég er eingöngu að enduróma það sem hv. þingmaður sagði en ekkert út af fyrir sig að mæla sjálfur hvað er rétt í orðum hv. þingmanns. Þetta voru orð sem hv. þingmaður lét falla og ég á erfitt með að staðfesta það því að hv. þingmaður kom hér inn og er horfinn jafnharðan. Þetta var bara ábending frá hv. þingmanni og ég þyrfti að leggjast í meiri rannsóknir til að geta staðfest eða andmælt þessum orðum hv. þingmanns. En eins og við þekkjum hefur hv. þingmaður mikla reynslu (**Landbrh.:** Það man enginn hvenær hann var landbúnaðarráðherra.) og gífurlega þekkingu á þeim sviðum sem hann einbeitir sér að. En hæstv. ráðherra tilkynnir að enginn muni hvenær hv. þingmaður hafi verið landbúnaðarráðherra. Ég get staðfest að minni mitt nær svo langt aftur. Ég trúi því að hv. þingmaður muni sjálfur eitthvað eftir því en ég efast ekkert um að hæstv. landbúnaðarráðherra er löngu búinn að gleyma því hvenær hv. þingmaður var landbúnaðarráðherra, en nóg um það.

Stefnuleysið er ekki eingöngu bundið við landbúnaðarráðuneytið og enn síður við hæstv. landbúnaðarráðherra. Ég er að tala um heildarstefnumörkun ríkisstjórnarinnar í málefnum landsbyggðarinnar. Þar skortir á og ég hef áður bent á það. Ég tel eðlilegt að sá málaflokkur verði eins og áður var undir forsætisráðuneytinu. Það er hlutverk forsætisráðuneytisins að samræma hluti og það væri eðlilegra að forsætisráðuneytið hefði með málaflokkinn að gera. Byggðamál koma jú við sögu í nær öllum ráðuneytum. Landbúnaðarráðuneytið tengist því að sjálfsögðu en nú fer iðnaðarráðuneytið með byggðamál. Það er afar sérkennilegt að eitt fagráðuneyti sé með slíkan málaflokk og svo víðfeðman. Fagráðuneyti vinnur ekki samræmt við öll hin ráðuneytin og ég tel þetta hluta af vandanum. Það er alltaf verið að bútasauma hlutina gagnvart landsbyggðinni.

Ég sagði áðan að í landbúnaðarmálum, samningsmálum og styrkjamálum væri víða leitað fanga. Í byggðamálum eru jú víða í Evrópu slík kerfi. Við þurfum ekki að fara lengra en til Noregs, sem er í svipaðri stöðu og við og ekki í Evrópusambandinu. Þeir hafa farið í kistu Evrópusambandsins og tekið ýmislegt af þeirra stefnumálum til að bæta stöðu landsbyggðarinnar og til að bæta stöðu landbúnaðarins. En hér er eins og það ríki trúarbrögð um að hér þurfi menn alltaf að finna hjólið upp sjálfir. Varðandi það að hafa ekki nægjanlegt árangursmat á þeim hlutum sem gerðir hafa verið þá tel ég einkennilegt hve litlar breytingar eru gerðar á þessum samningi. Þess vegna hafa menn auðvitað bent á að ýmislegt megi betur fara.

Það er líka rétt að vekja athygli á því að í samningnum er fyrirvari vegna samningaviðræðna sem í gangi eru á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Auðvitað er eðlilegt að menn hafi slíkan fyrirvara vegna þess að þar mun á samningstímabilinu trúlega verða gengið frá samningum sem væntanlega setja okkur í það hlutverk að þurfa að gera breytingar á þessu. Þess vegna hefði verið æskilegt að stíga einhver skref í þá átt sem væntanlega hefðu getað auðveldað aðlögunina. Auðvitað þarf að skoða alla þessa þætti í samhengi og það er eðlilegt að menn velti líka fyrir sér verndartollunum sem koma verulega við sögu. Þá blasir við, þegar heildarmyndin er skoðuð og það hefur komið mörgum á óvart, að sauðfjárræktin lendir í þeirri stöðu að fá hvað minnstan stuðning. Það er oft talað eins og sauðfjárræktin fái mesta stuðninginn innan landbúnaðarins, en þegar þetta er borið saman í heild, verndartollar og annað tekið og það reiknað í samanburðarfræðum sem notuð eru víða um heim til að bera saman, þá kemur sauðfjárræktin neðst, þ.e. með minnstan stuðninginn. Hvíta kjötið, ef ég man þetta nú rétt og hæstv. landbúnaðarráðherra leiðréttir mig ef ég er eitthvað farinn að ruglast í því ég hef ekki skoðað þetta um skeið. Hvað hefur mestan stuðning? Kjúklingakjötið, kjúklingaframleiðslan var með hvað mest-

an stuðning þegar verndin er skoðuð og síðan svínakjötið. Því næst var það sauðfjárræktin, sem var þá neðst í þessum skala. Það er eðlilegt að við skoðum þetta í samhengi.

Herra forseti. Ég sagði áðan að enginn þingflokkur á Alþingi teldi ekki að styðja ætti íslenskan landbúnað og það er yfirlýst stefna okkar flokks að styðja eigi íslenskan landbúnað og búsetu í sveitum. En við leggjum ekkert síður þunga áherslu á lækkun matarverðs til íslenskra neytenda. Þetta hefur auðvitað einkennt málflutning okkar þrátt fyrir að sumir hafi reynt að snúa út úr honum og lagt mikla áherslu á að það að matarverð lækki sé einhver árás á bændastéttina. Það er auðvitað af og frá. Það eru sameiginlegir hagsmunir íslenskra neytenda og íslenskra bænda að við getum haldið matarverði sem lægstu. Allir íslenskir neytendur vita það um íslenskar afurðir að gæðin eru það mikil að ég held að íslensk framleiðsla þurfi ekki að óttast aukna samkeppni í þessum þáttum. Ég held að gæðin muni tryggja stöðu íslenskra matvæla. Þess vegna er eðlilegt að við reynum að lækka matarverðið. Það mun að ýmsu leyti auka neyslu á íslenskum landbúnaðarafurðum. Ég trúi því að hæstv. ráðherra sé mér fyllilega sammála um það. Hæstv. ráðherra hefur lagt mikla áherslu á gæði hinnar íslensku framleiðslu og ég held að hann hafi lög að mæla í þeim efnum.

Það er auðvitað eðlilegt að við reynum að koma þessari ágætu framleiðslu á markað erlendis. Þá eigum við auðvitað að einbeita okkur að því að það sé gert á markvissan hátt og kjötið selt sem vara í hæsta gæðaflokki, selja það verslunum sem einbeita sér að slíku hráefni. Hér eru auðvitað miklir möguleikar sem við eigum að einbeita okkur að en herra forseti. Ég vil endurtaka að ég tel að það eigi að reyna að haga vinnubrögðum með öðrum hætti gagnvart slíkri samningagerð. Í fyrsta lagi eigum við að reyna að horfa heildstætt á hlutina. Í öðru lagi væri eðlilegt að finna ferli þar sem fleiri kæmu að slíkri samningagerð en eingöngu fulltrúar ríkisvaldsins.

Það er ekki eðlilegt að við gerð stórra samninga sem eru gerðir til langs tíma séu eingöngu aðilar í þeirri ríkisstjórn sem situr við völd þegar slíkir samningar eru gerðir. Það er eðlilegt að reyna að finna stærri samnefnara þegar ríkisstjórn er á sínum síðustu metrum. Undanfarna daga hefur jafnvel litið út fyrir að hún væri á sínum síðustu klukkustundum. Er eðlilegt að binda ríkisstjórnir, jafnvel tvær næstu ríkisstjórnir eins og þessi samningur gerir, með samningum? Þá er auðvitað eðlilegt að fleiri komi að borðinu. (**Landbrh.:** Hverjir?) Hæstv. ráðherra spyr: Hverjir? Hæstv. ráðherra, við vitum að það eru nokkrir þingflokkar á Alþingi. Það er ekkert óeðlilegt að t.d. sé undirnefnd við samninganefndina sem mynduð væri þverpólitískt þannig að upplýsingastreymið væri til staðar. En ég veit það að hæstv. ráðherra skilur ekki slíkt og veit að það yrði flóknara og erfiðara. Hæstv. ráðherra hefur setið nokkuð lengi sem landbúnaðarráðherra, svo lengi að hann man ekki einu sinni eftir því að nokkrir aðrir landbúnaðarráðherrar hafa verið. Það er auðvitað miklu eðlilegra að hæstv. ráðherra ákveði þessa hluti sjálfur. En það er óeðlilegt að gera slíka samninga upp á slíkar upphæðir til svo langs tíma án aðkomu Alþingis að málinu á annan hátt en að standa frammi fyrir gerðum hlut.

Það er í raun engu hægt að breyta. Þá væri verið að svíkja samninga sem búið er að skrifa undir og við vitum auðvitað að það verður ekki leyft. Ríkisstjórnarmeirihlutinn er auðvitað, þrátt fyrir það að þetta standist lög og hefðir, á gráu svæði og ekki með vinnubrögð í hæsta gæðaflokki. Það væri eðlilegt að finna einhvern flöt á þessu en þetta er því miður hluti af þróun á ýmsum sviðum.

Það er einkenni ríkisstjórna sem setið hafa oft og lengi og hafa náð að baða sig í völdunum að gleyma því gjarnan að Alþingi er á bak við þær og lýðræðið kallar oft á annað en einföldustu leiðina Við höfum fengið að sjá þetta áður. Við þekkjum þetta t.d. mjög vel í fjárlaganefndinni. Nefndin stendur fyrir orðnum hlut í nær öllum málum. Þingflokkar ríkisstjórnarinnar hafa í raun og veru verið tamdir þannig að þeir hafa misst nær öll völd. Ríkisstjórnarræðið er algert og trekk í trekk koma fréttir af því að það hafi jafnvel verið sett lög á ríkisstjórnarfundum.

Ráðherrar koma af ríkisstjórnarfundum og hefja miklar kynningar á málum sem þeir hafa fengið samþykkt í ríkisstjórninni og tala sumir hæstv. ráðherrar oft og tíðum eins og það sé búið að samþykkja hlutina, það sé ekkert eftir. Það sé einn þröskuldur í því, þ.e. að koma málum í gegnum ríkisstjórn. Ég held, herra forseti, að slíkir hæstv. ráðherrar þurfi á því að halda að fá verulega aðvörun þann 12. maí næstkomandi.

[16:41]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með margt sem fram kom í ræðu hv. þingmanns. Það kom mér á óvart t.d. að hann vill setja — svona búvörusamningur er mjög flókið ferli og þingflokkar eiga að gera hann með ríkisstjórn. Hvað með launþega landsins? Eru ekki gerðir samningar við þá? Ekki eru þingflokkar kallaðir að því ferli. Það er samninganefnd frá þeim sem kemur að því, það er gert við ríkisvaldið þess vegna og atvinnulífið. Mér finnst þetta óvirðing, og tómt tal af manni sem kemur úr landsbyggðarkjördæmi að tala með þessum hætti.

Síðan verð ég að segja fyrir mig að hér kemur þessi hv. þingmaður Samfylkingar enn og aftur og reynir að halda því fram að íslenskur landbúnaður beri ábyrgð á háu matvælaverði á Íslandi. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Ekki skrökva.) Leyfið mér að tala, ég er í ræðustólnum. Ég hlustaði á hv. þingmann. Alltaf þegar talað er um íslenskan landbúnað koma samfylkingarmenn hver af öðrum til að tala um hátt matvælaverð og reyna að tengja landbúnaðinn inn í það.

Nú fór fram skoðanakönnun í Gallup. Þar kemur fram að íslenska þjóðin, 70% neytenda, segir að íslenskir bændur beri ekki ábyrgð á háu matvælaverði á Íslandi. Innlendar búvörur eru 56% af útgjöldum fjölskyldunnar, matvæli 13–14%. Það liggur alveg kristaltært fyrir að innfluttar landbúnaðarvörur sem hækka í hafi eru hlutfallslega jafnmiklu dýrari hér en í Evrópu. Hér er hátt verðlag af ýmsum ástæðum sem búið er að rekja. Ríkisstjórnin hefur lækkað það með ýmsum hætti þannig að þar er að verða breyting á.

Svo vil ég bara minna hv. þingmann á að útflutningsuppbætur á Íslandi voru lagðar af árið 1991. Evrópusam-

bandið, hið fyrirheitna land Samfylkingarinnar, er enn með milljarða í útflutningsbætur til sinna bænda. Ísland gerði þetta 1991 þannig að það á ekki að bera það út að við séum að flytja út ríkisstyrkt (Forseti hringir.) kjöt. Það er rangt.

[16:44]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki mikið að því gert þótt hæstv. ráðherra heyri illa og misskilji yfirleitt allt sem sagt er. Mér þykir þó fulllangt gengið þegar hæstv. ráðherra kemur hér strax í kjölfar ræðu minnar. Ég hefði skilið það ef hæstv. ráðherra hefði komið eftir mánuð eða þrjá eða í haust einhvern tímann og misminnt eitthvað af því sem ég sagði á þessari stundu. (**Gripið fram í:** Ef hann hefði verið úti á túni.) Ég tek eftir því að hæstv. ráðherra hefur drukkið allt of lítið af drukknum sem hann dreypti á á Akureyri fyrir nokkru. Hér hefur eitthvað skolast verulega til í höfði hæstv. ráðherra, ég verð bara að segja það. Hann heldur því fram að ég hafi sagt að það væri bændum að kenna að hér væri hátt matvælaverð, það er algjör öfugsnúningur, hæstv. ráðherra.

Ég sagði hins vegar að það væri sameiginlegt hagsmunamál okkar að lækka matarverðið og að þegar við gerðum svona samning þyrftum við að velta fyrir okkur árangrinum í báðum endum. Það að nokkrum manni detti í hug að bændur fái of mikið fyrir afurðir sínar — hæstv. ráðherra veit mætavel að bændur fá ekki það verð fyrir lambakjötið sem neytendur borga fyrir það í verslun. Því fer víðs fjarri. Það er örlítið brot sem bændur fá, (Gripið fram í.) 20% segja sumir. (Gripið fram í.) Það talar ekki nokkur maður um að bændur fái of mikið fyrir afurðir sínar, ekki nokkur maður. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann segja það. Ég veit því ekki á hvað hæstv. ráðherra hefur verið að hlusta. Það er einhver fjósbygging sem hæstv. ráðherra hefur líklega byggt sjálfur og er með einhver hljómflutningstæki sem spila eitthvað fyrir hann sem ekki nokkur maður segir nema hann fari í einhver gervi sjálfur og haldi hinu og þessu fram.

Ég átta mig ekki heldur á því hvar ég kom að því að ég héldi því fram að það væru einhverjar útflutningsbætur. Þetta er bara einhver allt önnur ræða sem hæstv. ráðherra er að svara. Ég kem áfram í andsvör við hæstv. ráðherra þó svo að hann sé að veita andsvör við einhverri allt annarri ræðu en ég hélt hér.

[16:46]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil til upplýsingar upplýsa hæstv. forseta um það að ég var að hlusta á ræðu hv. 7. þm. Norðaust., Einars Más Sigurðarsonar. Ég var að fara yfir þá áróðurstækni sem hann er að reyna að beita, alltaf að tengja umræðuna um landbúnaðinn við hátt matvælaverð. Allt verðlag á Íslandi er hátt. Lífskjör á Íslandi eru góð. Landbúnaðurinn ber ekki ábyrgð á því eins og íslenskir neytendur, yfir 70%, segja hiklaust í skoðanakönnun. Þetta vil ég hafa á hreinu.

Ég tek undir með honum að auðvitað er það sameiginlegt verkefni að lækka verðlag, verðlag á matvælum. Ríkisstjórnin steig þar stórt skref núna 1. mars. Í kreppu ríkisstjórnar sem ég man eftir og studdi, þar sem Jón Baldvin Hannibalsson var fjármálaráðherra, urðu menn að taka upp matarskattinn af því að ríkið hafði ekki tekjur. Þrátt fyrir það urðu menn að skera niður allt til öryrkja og sjúklinga og voru í standandi vandræðum í íslensku samfélagi. Nú er ríkissjóður þannig staddur að hann er nánast skuldlaus og við getum verið að gera hluti eins og að gefa eftir 6–7 milljarða af matarskattinum og láta neytendur njóta þess að ég vona, og eins vörugjöld o.fl. Hér er verið að stíga skref í þeim efnum sem ég veit að munu hafa ágæt áhrif.

Ég hlustaði með opnum huga á ræðu hv. þingmanns og ég er ekki viss um að hv. þingmaður skilji sína eigin ræðu.

[16:48]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er aldeilis að verða fjör í kolli hæstv. ráðherra. Nú gefur hæstv. ráðherra það í skyn að hann skilji ræður mínar betur en ég sjálfur. Það er auðvitað merkur áfangi hjá hæstv. ráðherra og verð ég þá væntanlega að taka til baka það sem ég sagði áðan um drykkinn fyrir norðan vegna þess að greinilegt er að hæstv. ráðherra hefur þá fengið sér miklu meira af þeim drykk en ég hélt. (**Landbrh.:** Hvaða drykkur var þetta?) Þetta var merkur drykkur, hæstv. ráðherra sem ég skal rifja upp fyrir þér á eftir. (**Landbrh.:** Var það ekki berjasaft?) Það var berjasafi, já, sem þú varst að smakka og taldir hann hafa mikil og góð áhrif á heilabúið. Þetta hefur væntanlega verið þannig en ég verð að segja það við hæstv. ráðherra að ég treysti mér til að skilja ræður mínar a.m.k. ekki síður en hæstv. ráðherra.

Það var þó allt annað að heyra í hæstv. ráðherra nú en í fyrra andsvarinu. Nú var þetta skýrt þannig að hæstv. ráðherra hefði lært það, væntanlega í einhverjum stjórnmálaskóla í sínum flokki, að það væri áróðurstækni af hálfu Samfylkingarinnar að tala um að lækka þurfi matarverð og menn tali bara um það þegar verið er að tala um íslenskan landbúnað. Ég get alveg glatt hæstv. ráðherra með því að við tölum miklu oftar um nauðsyn þess að lækka matarverð þó að við tölum ekki um landbúnaðinn um leið. Við reynum yfirleitt að koma þessu að þegar einhver möguleiki er á vegna þess að við teljum þetta afar brýnt. Ég sagði líka áðan að það ætti eftir að koma í ljós hversu mikið allir þeir milljarðar sem hæstv. ráðherra talaði um að hefðu verið notaðir til að lækka matarverðið, lækka það. Það er hins vegar ekki komið í ljós og ýmsir óttast reyndar að það lækki ekki nægjanlega mikið. Við skulum auðvitað vona að það skili sér.

Það verður einnig að segja hæstv. ráðherra það en hann hefur ekki tekið mikið undir það að það er eðlilegt að vekja athygli á því að skattahækkanir af ýmsum gerðum og tegundum hafa, þrátt fyrir að hæstv. ráðherra haldi að hann hafi eingöngu verið að lækka skatta, að hluta til skilað sér þannig (Forseti hringir.) að það er til fjármagn til þess að gera tilraun til að lækka matarverðið.

[16:50]

**Útbýting:**

Stjórnarskipunarlög, 683. mál, frv. GHH og JónS, þskj. 1064.

[16:50]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er búið að vera fróðlegt að fylgjast með umræðunum í dag sem hafa að mörgu leyti snúist um landbúnað og byggðamál almennt, að sjálfsögðu. Hér er um að ræða stórt mál, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði, þetta er ein stærsta byggðaaðgerðin sem við ráðumst í, stjórnmálamenn, þ.e. samningurinn við sauðfjárbændur.

Hún er um leið mjög undarleg minnimáttarkenndin sem einkennir alla framgöngu hæstv. landbúnaðarráðherra í dag. Hann rýkur upp, hvefsinn mjög, og ber mönnum á brýn að hér séu annarleg sjónarmið um að verið sé að kenna bændum og landbúnaði um hátt matvælaverð. Margoft hefur komið fram og síðast í könnun um liðna helgi að útgjöld meðalheimilis til matvælakaupa á landbúnaðarvörum séu um 5% af reikningnum. Það er ekki mikið og ég held að íslenskar landbúnaðarvörur eigi í raun afskaplega lítinn þátt í því lífskjaraokri sem er hér á landi. Það er hátt verð á peningum, það eru okurvextir, það er heimóttarskapur hjá stjórnvöldum hvað varðar Evrópumál o.fl. sem gera það að verkum. Það eru glórulausar framkvæmdir í stóriðju, gríðarleg þensla á fáum árum, verðbólga og verðtrygging, allt þetta hristir heimilin sundur og saman og gera það að verkum að þúsundir Íslendinga eru með yfirveðsettar fasteignir eftir 90–100% fasteignalán o.s.frv. Það vita allir. Matvælaverðið og íslenskar landbúnaðarvörur eru í sjálfu sér afskaplega lítill þáttur í því öllu saman en að sjálfsögðu á að ræða um neytendamál og landbúnaðarmál um leið. Það skiptir mjög miklu máli að um þetta sem hv. þingmaður sjálfstæðismanna kallaði eina stærstu byggðaaðgerð sem við ráðumst í, sé þokkaleg sátt á milli þeirra sem búa í dreifbýlinu og þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Það hlýtur að vera keppikefli okkar stjórnmálamanna að ná og viðhalda slíkri sátt. Þess vegna er sjálfsagt að ræða það út frá öllum hliðum hvaða ávinning við höfum af slíkum byggðastuðningi og hvaða mikilvægi hann ber með sér, af því það er alveg augljóst mál að mínu mati að við þurfum að halda úti myndarlegum byggðastuðningi sé það pólitískt markmið að tryggja og viðhalda byggð um allt Ísland. Áhrifin eru svo mikil og þess vegna er líka sjálfsagt að ræða um breytingar og þróun á stuðningskerfinu við landbúnaðinn.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði eins og það væri algjörlega fráleitt að hafa til hliðar eða meðfram einhvers konar óframleiðslutengdan stuðning. Svo kom fram í andsvörum við hann og frekari umræðum að töluvert stór hluti af stuðningi við bændur og sauðfjárbændur sérstaklega er óframleiðslutengdur og hefur frekar verið að aukast heldur en hitt. Það vita allir, eins og umræðan hefur verið hér um ærgildið og 0,6% framleiðsluna o.s.frv. Auðvitað er því stór hluti af þessu orðinn óframleiðslutengdur. Ég held að það sé jákvæð þróun. Að sjálfsögðu er það algjör útúrsnúningur að halda því fram að hætta eigi algjörlega að framleiðslutengja og senda mönnum bara ávísun fyrir að gera ekki neitt. Það er fráleitur útúrsnúningur. Auðvitað yrði það alltaf bundið við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu til sveitanna, hvort sem það væri í sambandi við skógrækt, ferðaþjónustu, hrossarækt eða hvaðeina annað sem nýsköpun í atvinnulífi til sveita felur í sér. Við eigum að kappkosta að styðja við bakið á nýsköpun í atvinnulífi í dreifbýli og þess vegna eigum við frekar að auka stuðninginn í heild sinni en að draga úr honum, en að sjálfsögðu að þróa hann og ræða það í þinginu án þess að hæstv. landbúnaðarráðherra þjóti upp til handa og fóta og saki menn um að ætla að leggja landbúnaðinn í rúst og ganga að honum dauðum af því að þeir vilja ræða hugsanlegar breytingar á stuðningskerfinu og stuðningsfyrirkomulaginu. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu er það algjörlega fráleitt og eina vörnin sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur fyrir að mörgu leyti ákaflega dapurlegum árangri er að saka aðra um að vilja ganga að landbúnaðinum dauðum og gera enn þá verra en hann hefur gert.

Við höfum verið að ræða um lífskjarabata margra Íslendinga frá því að þjóðarsáttarsamningurinn var gerður í lok þarsíðasta áratugar og EES-samningurinn í framhaldi af því. Þessir tveir atburðir í íslenskri stjórnmálasögu skópu grunninn að því að hér hefur verið velmegun á mörgum sviðum og þensla en ríkisstjórn síðustu ára, sem á engan þátt í þessu, sérstaklega ekki Framsóknarflokkurinn, hefur hins vegar með mjög groddalegum hætti að mörgu leyti verið að glutra niður ávinningi af EES-samningi og ávinningi af þjóðarsáttarsamningum. Það er komin þörf fyrir nýja þjóðarsátt og að sjálfsögðu nýja ríkisstjórn en sú stétt sem líklega hefur minnst notið ábatans af lífskjarabótinni sem EES-samningurinn og þjóðarsáttarsamningarnir höfðu í för með sér eru einmitt sauðfjárbændur. Ætli þeir séu ekki sú stétt sem setið hefur hvað harkalegast eftir í hagsveiflum undanfarinna ára og ætli hagvöxturinn, mældur á þeim landsvæðum sem sauðfjárræktin er stunduð hvað mest og aðrar búgreinar minnst, t.d. á svæðum á Norðvesturlandi, mælist ekki mínus 20% á meðan hann er verulegur á suðvesturhorninu og á mörgum svæðum þar í kring. Við hljótum að ræða þetta og eins hvað verður um verðið á vörunni.

Fram hefur komið að bóndinn fær um 20% af útsöluverði lambakjöts, um 300 kr. Ætli meðalverðið á kílóinu sé ekki um 1.500 kr., eitthvað svoleiðis, ég ímynda mér það. Alla vega ber bóndinn um 20% úr býtum þannig að hann fær ákaflega lítið af því sem neytandinn greiðir fyrir vöruna úti í búð. Vilji menn lækka matvælaverð á íslenskum afurðum ætli þá þurfi ekki einmitt að glíma fyrst og fremst við milliliðina áður en gengið er að því sem bóndinn fær í sinn hlut. Ég vil taka það aftur skýrt fram og ætli það sýni ekki pólitískan metnað Samfylkingarinnar til að efla íslenskan landbúnað og efla mannlífið í sveitunum að hér taka margir þingmenn flokksins þátt í umræðunum í dag og vilja ræða með metnaðarfullum hætti um framtíð atvinnuhátta út um allar byggðir Íslands. Það er fráleitt að reyna að snúa því upp í að það sé aðför að landbúnaðinum séu orðaðar breytingar og þróun á stuðningnum, að hér eigi bara að leggja allt í rúst af því að það eigi að þróa sig í áttina að því að framleiðslutengja ekki hluta af stuðningnum sem er í raun inni löngu byrjað að gera og hefur komið mjög skýrt í ljós í umræðunum í dag.

Umræðurnar hafa verið mjög jákvæðar að mörgu leyti og margt athyglisvert komið út úr þeim. En það skiptir miklu máli og ég vil ítreka það hér að þegar við gerum svo stóra samninga má að sjálfsögðu gagnrýna það hvernig

staðið er að samningsgerðinni og til hve langs tíma hann nær. Það er að sjálfsögðu gagnrýnisvert að þetta er einhliða ákvörðun unnin hjá ráðherra og aðkoma annarra stjórnmálaflokka og þingsins að henni er engin fyrr en samningurinn kemur inn hér núna, fjórum virkum þingdögum áður en þingið hættir og gengið er til nýrra alþingiskosninga. Auðvitað eru það mjög dapurleg vinnubrögð af hálfu hæstv. landbúnaðarráðherra að hann skuli bíða með að koma með samninginn þangað til þingið er svo gott sem búið og tíminn til að fjalla um hann í landbúnaðarnefnd og í þinginu nánast enginn. Auðvitað má setja spurningarmerki við hvað sé réttlætanlegt að gera slíkan samning til langs tíma og að sjálfsögðu eru það hlutir sem eru ræddir í umræðunni í dag.

Þessi byggðastuðningur, þessi stærsta byggðaaðgerð sem við ráðumst í með beinum hætti eins og staðan er núna, á að sjálfsögðu að skila sér í sterkara mannlífi og sterkara atvinnulífi á landsbyggðinni úti í byggðunum öllum. Þess vegna verður hæstv. ráðherra og á að að hafa pólitíska metnað til að gera grein fyrir beinum markmiðum með slíkum samningi og ávinningi af þeim síðasta. Það skiptir verulega miklu máli af því að við eigum að ná sátt um samninginn á milli neytenda í þéttbýli og þeirra sem búa úti á landi og njóta ávinnings af samningnum með beinum hætti þó svo að segja megi að eitt af markmiðunum sé að allir njóti þess í lægra vöruverði sem er þó erfitt að sjá að komi fram út af því hve milliliðirnir taka gífurlega mikið til sín af því verði sem neytandinn greiðir fyrir vöruna úti í búð þar sem, eins og ég sagði, framleiðandinn, bóndinn, fær ekki nema rétt um 20% af útsöluverði kjötsins út úr búð. Það er náttúrlega alveg fráleit staða og þess vegna hefði verið fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra landbúnaðarmála kynna hér hugmyndir og umræður um þróun íslensks landbúnaðar í þá veru að fullvinnsla afurðanna og framleiðslan aukist á hverjum stað fyrir sig og það verði styttra á milli bóndans og neytandans að mörgu leyti.

Pólitísk markmið samningsins hljóta annars vegar að vera þau að ná fram lægra verði á vörunni sem skilar sér í því að bóndinn fær hana beingreidda að hluta og hins vegar þau að framleiða fyrsta flokks vöru og efla mannlíf og atvinnulíf úti á landi. Þess vegna er svo mikilvægt að skýra frá því hver markmiðin eru með samningnum af því að allir vita að sauðfjárræktin er orðin að aukabúgrein. Hæstv. landbúnaðarráðherra sagði í andsvörum fyrr í dag þegar hann var spurður að því hvort að það væri ekki sár á hans pólitísku samvisku að sauðfjárbændur væru ein fátækasta stétt landsins að þetta væri aukabúgrein og að fólk ynni við hitt og þetta meðfram. Vissulega er það svo en það er ekki alls staðar kostur á því, þar sem sauðfjárræktin er stunduð hvað mest, að stunda aðra vinnu og hlýtur það ekki að vera markmið að fólk geti lifað á því, bændur sem kjósa að stunda sauðfjárrækt, að stunda hana eina og saman og þurfa ekki að vera í tveimur öðrum störfum til að ná endum saman? Það gefur augaleið að það hljóta að vera pólitísk vonbrigði fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra eftir 12 ára ríkisstjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn hver staðan er hjá íslenskum sauðfjárbændum þegar lífskjör þeirra eru borin saman við lífskjör annarra stétta. Það hljóta að vera mikil vonbrigði fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra, enda þýtur hann upp, skömmóttur og illur, í hvert sinn sem þessi mál eru rædd við hann í þinginu í staðinn fyrir að taka málefnalega umræðu um framtíð íslensks landbúnaðar og framtíð opinbers stuðnings við greinina. Við eigum að sjálfsögðu að kappkosta að viðhalda sátt um stuðninginn og gera skýra grein fyrir markmiðssetningu með slíkum stuðningi af því að þessi samningur skiptir verulega miklu máli og er stór aðgerð í þá veru, ef vel til tekst, að styrkja byggðir landsins.

Ég spurði hæstv. ráðherra sérstaklega um útflutningsskylduna sem ég held að sé mjög jákvætt að afnema fyrir greinina. Ég vildi fá viðhorf hæstv. ráðherra til þess og hvort það hefði verið skoðað að slá þann varnagla að hafa heimild til að taka hana upp aftur síðar þó að ég efist ekki á neinn hátt um að það sé gott að taka hana af, hvort áhrifin af afnámi útflutningsskyldunnar á framleiðendur hafi verið metin til fulls. Getur það t.d. komið mjög harkalega niður á rekstri þeirra? Þá verður það að liggja fyrir þó svo að pólitísk sátt sé um að afnema útflutningsskylduna sem þátt í því að þróa greinina áfram.

[17:03]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Landbúnaðarráðherra kippir sér ekki upp við frýjunarorð. Ég hygg að hann sé ekki þekktur fyrir skapvonsku og menn viti að hann hefur létta lund (**ÖS:** Þú veist hvernig við viljum hafa þig. Brosandi.) en getur svarað fyrir sig. (**ÖS:** Glaðan, kátan.) Nú gerðist það hér í útflutningsskyldunni að leiðtogi lífs hv. þingmanns, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, áttaði sig gjörsamlega á hvað var að gerast. Í fyrsta lagi stæðist það ekki WTO-samninga framtíðarinnar. Það væri mikilvægt fyrir atvinnugreinina að bera ábyrgð á sínum málum sjálf án þess að landbúnaðarráðherra væri að grípa inn í það, og að samningurinn býr bændur undir það með fjármagni inn í samninginn. Þetta kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Hann er nánast eini þingmaður Samfylkingarinnar sem — jú, hér hélt ágæta ræðu hv. þm. Jóhann Ársælsson sem skildi þetta mál alveg. Það er mjög mikilvægt að bændur búi sig undir að þeir fá þarna aðlögunartíma, þeir hafa útflutningsskylduna næstu tvö ár og verða svo að mæta hinu nema ef til alþjóðlegra samninga kemur þá getur það breyst.

Á þeim tíma sem ég hef verið landbúnaðarráðherra hefur efnahagur bænda vaxið mjög að verðleikum. Jarðarverð hefur hækkað, eignir hafa hækkað, menn eru í allt annarri stöðu. Atvinnutækifærum hefur fjölgað. En það sem glæsilegast er, hv. þingmaður, er að þessi samningur og sá síðasti stuðla að sömu þróun í sauðfjárbúskapnum og í mjólkinni, að menn sérhæfa sig. Það er mikið af fjárhúsum í byggingu í dag, enginn var í því áður. Ungt, glæsilegt fólk ætlar að gera þetta að atvinnu sinni, aðalatvinnu og kannski einu atvinnu, þannig að sama þróunin er í gangi undir þessum samningum að fleiri og fleiri sjá tækifæri til að hafa sauðfjárræktina fyrir aðalatvinnuveg sem var ekki fyrir átta árum.

[17:05]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að ég held að það sé mikilvægt að þróunin sé í þá veru að

þeir sem hafa áhuga á því og kjósa að stunda sauðfjárræktina geti haft hana að aðalatvinnuvegi. Sem betur fer eru margir yngri bændur að stækka bú sín og auka við annaðhvort framleiðsluréttinn eða framleiða fyrir utan hann, ég gæti nefnt mörg dæmi um það. Ég var um daginn með opinn fund á Flúðum og þar voru tveir sauðfjárbændur, ungir menn sem voru fullir af metnaði til að ráðast í þessa atvinnugrein og gera hana að aðalatvinnugrein og fara að framleiða mikið magn.

Hæstv. landbúnaðarráðherra nefndi annað mál sem skiptir sauðfjárbændur miklu máli, sérstaklega kannski nýliðun í greininni og þá sem vilja hefja framleiðslu, það er jarðarverðið. Það hefur hækkað gífurlega á umliðnum árum og tengist að mörgu leyti annarri samfélagsþróun. Að sjálfsögðu er það að mörgu leyti mjög jákvætt að bændur geti innleyst jarðir sínar o.s.frv. og eignamyndun hefur verið mikil. Um leið er það ógnun við þá sem vilja hefja búskap. Þeir segja fullum fetum að nánast sé útilokað fyrir félítinn mann að kaupa jörð fyrir kannski hundruð milljóna, síðan framleiðsluréttinn og skepnurnar og bæta hús o.s.frv., þannig að jarðarverð ógnar um leið hinum hefðbundnu búgreinum og ekki síst sauðfjárræktinni. Það segja bændur sjálfir, það liggur fyrir.

Ég hef átt þessar samræður áður við hæstv. landbúnaðarráðherra í þinginu. Hann gaf til kynna í fyrra að til greina kæmi að setja reglur sem spornuðu t.d. við raðkaupum auðmanna á bújörðum þannig að verð á bújörðum færi ekki upp yfir öll þök og ryddi burt hefðbundnu greinunum. Ég vil nota tækifærið og spyrja hvort hæstv. ráðherra hafi náð einhverri niðurstöðu í jarðarverðsmálið (Forseti hringir.) eða hvort hann telji að ekki eigi að grípa inn í það.

[17:07]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að núna — miðað við það sem hv. þingmaður sagði fyrr — er hann þó allt í einu farinn að lýsa því að kannski eru góðir hlutir að gerast. Þrætti fyrir það fyrir tveimur klukkustundum, allt var á vonarvöl. Nú er hann þó búinn að hitta unga bændur sem eru að fara að byggja upp, sjá þetta sem framtíðaratvinnumöguleika og viðurkennir marga góða hluti. Ég segi bara: Þakka þér fyrir það, hv. þingmaður.

Jarðarverðið getur vissulega verið ógnun en ég er líka klár á því að af mörgum ástæðum hafa bændur getað bætt stöðu sína mikið. Jarðir hafa verið stórar, þeir hafa getað fest í jörðum sínum einhvern hluta, fólk eignast heilsárshús, sumarbústaði, selt jafnvel úr jörðinni og bætt fjárhag sinn, land sem var lítils virði til búskapar fyrir þá kannski. Þeir eru miklu betur settir. Þetta er að gerast, þetta er þróun sem er að stórbæta stöðu bænda.

Ég hef ekki treyst mér til að ganga í það frekar en í húsnæðismálum á höfuðborgarsvæðinu að heimta að bændur gefi eftir hlut af jörðum sínum, þær verði bara lækkaðar í verði með lögum. Hins vegar eru Bændasamtökin að fara að skila af sér könnun um þróunina sem mjög náið er fylgst með af okkur í landbúnaðarráðuneytinu. Þar kemur t.d. fram, gagnstætt allri umræðu hér, að ekki er samþjöppun í eignum á jörðum eins og haldið var fram. Hins vegar hefur jarðareigendum á Íslandi fjölgað gríðarlega. Það er vegna þess að þéttbýlisbúar elska sína sveit, þeir eru að kaupa jarðir, þeir eru að flytja út í sveitirnar.

Í haust kom hingað glæsilegur maður, Íslendingur sem býr á Nýja-Sjálandi, Valdimar Daðason. Hann fór um landið og sagði að íslensk sauðfjárframleiðsla ætti gríðarlega framtíð fyrir sér. Hann sagði að á tíu árum sæi hann gríðarlegar breytingar í rétta átt. Hann var gestur í landinu sem hann þekkti og sá þá þróun sem hefur orðið í sauðfjárræktinni síðustu árin. Hann taldi Ísland eitt af tíu bestu sauðfjárræktarlöndum (Forseti hringir.) heimsins væri það skoðað.

[17:10]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er mjög margt gott að gerast í sveitunum (Gripið fram í.) en burt séð frá framgöngu einstakra — að sjálfsögðu hefur margt gott gerst. Það stendur samt eftir sem áður að enn eru sauðfjárbændur sem slíkir einhver tekjulægsta stéttin í landinu. Það stendur eftir og hæstv. ráðherra getur ekki talað sig frá því með því að benda í aðrar áttir, en gott og vel.

Hæstv. ráðherra kvað hér upp nokkur tíðindi. Fyrir ári sagði hann að vel kæmi til greina að setja einhvers konar reglur eða skorður við uppkaupum eða raðkaupum á bújörðum. Fjöldamörg dæmi eru um mjög harðar reglur, eins og ábúðarskyldur og fleira, ef við förum til nágrannalandanna, sem ég held reyndar að engin ástæða sé til að taka upp hér. Líka liggur það fyrir, og það segja ungir menn sem vilja kaupa sig inn í búrekstur og hafa ekki að neinum jörðum að ganga, að hið háa jarðarverð kemur í veg fyrir nýliðun í greininni og þvælist fyrir þeim sem vilja hefja hinar hefðbundnu greinar.

Gott og vel, það er ekkert einboðið að grípa eigi inn í en það þarf að ræða það. Hæstv. landbúnaðarráðherra virðist kominn að þeirri niðurstöðu að nú komi alls ekki til greina að setja, eins og hann orðaði það, lög sem lækka jarðarverð. Það eru þá tíðindi í sjálfu sér. Fyrir ári sagði hann að vel kæmi til greina að setja einhvers konar skorður við uppkaupum á jörðum eða raðkaupum á jörðum sem leiddu til þess að fáir eignuðust margar jarðir og verðið færi upp úr öllu valdi. Það er hins vegar mikið umhugsunarefni hvort ganga eigi þannig fram og ekkert sjálfsagt að svo verði gert en mestu skiptir að fylgjast með þróuninni. Hún er um margt mjög jákvæð. Það þarf hins vegar að gæta vel að þessum málum. En það eru tíðindi að hæstv. ráðherra hefur þó komist að þeirri niðurstöðu að ekki eigi að grípa til neinna aðgerða.

[17:12]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fylgdist með ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um sauðfjársamninginn. Í nokkrum tilfellum fór hann efnislega inn á samninginn og mig langaði aðeins að fara yfir þau mál. Ég gat ekki betur heyrt og skilið en að hv. þingmaður vildi að útflutningsskyldan yrði tekin af og ég er honum sammála í því og fagna að hafa heyrt — (Gripið fram í.) nú fæ ég frammíkall frá landbúnaðarráðherra, ég fæ þá úr því skorið í andsvarinu hvort ég heyrði ekki rétt — að þingmaðurinn vildi útflutningsskylduna af.

Þá heyrði ég að hv. þingmaður vill samþykkja samning-

inn. Ég fæ ekki annað séð en að hann vilji að núverandi þing samþykki samninginn þó svo að það sé á skjön við það sem hv. þm. Anna K. Gunnarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði. Hún vildi ekki binda ríkissjóð fram í tímann með því að afgreiða samninginn hér og nú. Við þessu vildi ég gjarnan fá svör.

Svo er það hitt, sem kom fram hjá þingmanninum, að skilaverð til bænda væri u.þ.b. 20% af útsöluverði. Ég ætla ekki að deila um það hvort munar einhverjum prósentustigum til eða frá, það breytir ekki öllu. En mig langaði að spyrja hvort hv. þingmaður hefur einhver úrræði þar, sér hv. þingmaður eitthvað sem mætti hugsanlega bæta hvað þann þátt varðar. Það skiptir afskaplega miklu máli ef við sjáum einhverja birtu að við segjum þá frá því, ef það mætti koma einhverjum slíkum úrræðum inn í samninginn.

[17:14]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spurði nokkurra spurninga. Fyrir það fyrsta styð ég það að útflutningsskyldan sé tekin af. Ég velti því hins vegar upp við hæstv. ráðherra hvort skilja ætti eftir heimild til að taka hana upp síðar ef stefndi í eitthvert ástand sem kallaði á slíkt. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hélt því fram að slíkt ætti að koma til greina. Ég velti því upp hvort slá ætti slíkan varnagla

Ég hef ekki gert upp hug minn hvað varðar samninginn sjálfan. Það fer eftir því hvernig mál þróast í meðförum þingsins og landbúnaðarnefndar hvernig við greiðum atkvæði um hann að lokum. Við viljum hafa aðkomu að slíkum samningi og erum til viðræðu um það, það kemur bara í ljós.

Hvað varðar verðið á vörunni verð ég að harma það að einungis 20% fari til bóndans. Við þyrftum að sjálfsögðu að fara í gegnum verðmyndunina og sjá hvað veldur því að svo lítið fer til bóndans á meðan neytandinn greiðir það verð sem hann greiðir. Það þarf að liggja ljóst fyrir að bóndinn tekur svo lítinn hluta af útsöluverðinu til sín og að það er neikvætt fyrir bæði bóndann og neytandann. Það yrði mikill ávinningur, bæði fyrir neytandann og bóndann, í því að varan yrði ódýrari og bóndinn fengi hærra hlutfall af verðinu. Við þurfum því að fara yfir verðmyndun á vörunni til að greina hvernig bregðast megi við og ná fram ávinningi fyrir báða hópana.

[17:15]

**Kjartan Ólafsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svör hans. Ég skildi þá ræðu hans upphaflega rétt og er sáttur við það. Hins vegar er skilaverðið til alveg skilgreint hjá Bændasamtökunum hvernig neytendakrónan skiptist hvað sauðfjárafurðirnar varðar. Við vitum að vinnslukostnaðurinn er hár, kostnaður frá bónda til borðs í búð er hár og það skapast m.a. af háum launum hér á landi og ýmsum kröfum sem við gerum til slíkrar vinnslu sem þar er um að ræða.

Við þekkjum það hjá nágrönnum okkar í Færeyjum þar sem ekki eru til nokkur einustu sláturhús að þar eru lömbin seld á fæti og þeim er einfaldlega slátrað á hlaðinu eða einhvers staðar. Það er eina úrræðið sem við sjáum til að minnka þennan milliliðakostnað en við ætlum auðvitað ekki að innleiða það hér í þeim mæli sem Færeyingar gera eða ekkert í þeim mæli, það er bara alfarið sláturhefð þeirra og þannig verður millibilið milli neytandans og bóndans minna. Þessi kostnaður er hár hér á landi. Miklar kröfur eru gerðar á öllum stigum til þessarar vinnslu og það er jafnframt sérkenni þessarar framleiðslu að sláturtíð er einungis einu sinni á ári. Það er dýrara að slátra gripum þar sem framleiðslan byggir á því heldur en kjúklingum og svínum sem eru í verksmiðjuframleiðslu allt árið um kring. Það er ýmislegt, eins og ég hef sagt áður í andsvari, sem er sérstakt og sértækt við sauðfjárframleiðsluna sem gerir það að verkum að hún verður dýrari en önnur framleiðsla.

[17:18]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Það hefur verið eftirtektarvert að fylgjast með þessari umræðu og kannski ekki síst sumum innleggjum frá hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, ekki síst þeim Drífu Hjartardóttur og Einari Oddi Kristjánssyni, sem hafa leitt okkur fyrir sjónir hversu miklu betri landbúnaðarráðherrar þeir væru og hversu miklu þarfari tillögur þeir hafa hér fram að flytja um stjórnarstefnuna í landbúnaðarmálum en þær sem hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson flytur. Í því efni fór hv. þm. Drífa Hjartardóttir yfir nauðsyn þess að hér yrði gengið fram í að lækka hinar óhóflegu álögur á bændur landsins sem við í Samfylkingunni höfum út af fyrir sig ítrekað tekið til umfjöllunar, m.a. fóðurtollana. Hér er það augljóslega, af orðum stjórnarþingmannsins að dæma, hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson sem stendur í veginum fyrir því að þessir skeleggu talsmenn Sjálfstæðisflokksins fái komið fram sínum góðu áformum eða ekki verður annað af þeirri umræðu skilið. Við hljótum að inna hæstv. landbúnaðarráðherra Guðna Ágústsson eftir því hvers vegna Framsóknarflokkurinn stendur í veginum fyrir því og hann sjálfur sem ráðherra að svo góð áform eins og hv. formaður landbúnaðarnefndar hefur kynnt hér nái ekki fram að ganga.

Þá heyrðum við þau sjónarmið frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að hann hygðist flytja eða fá landbúnaðarnefnd til að flytja mikilvægar breytingartillögur við frumvarpið. Varð ekki betur skilið af orðum hv. þingmanns en að það væri í raun og veru alger lífsnauðsyn til að koma í veg fyrir uppnám í sveitum landsins sem fylgt gæti gríðarlegu hrapi á afurðaverði, hann nefndi tölur eins og 30, 40, 50%, vegna þess hversu óhönduglega til hefði tekist hjá hæstv. landbúnaðarráðherra við frumvarpsgerðina. Það hlýtur að vera ástæða til að leita eftir sjónarmiði hæstv. landbúnaðarráðherra um þetta efni þó að ég haldi að orð hans um það að hann hafi ekki hug á því að vera hér einhver frystihússtjóri séu út af fyrir sig nægilega efnisleg afstaða til málsins.

Það er ótrúlegt að heyra þingmann Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, koma árið 2007 úr stjórnmálaflokki sem gefur sig út fyrir að vera talsmenn frjálsra viðskipta og atvinnufrelsis og tala fyrir 17. aldar ákvæðum eins og ég held að réttast væri að kalla útflutningsskylduna, kvöðum af því tagi sem auðvitað eiga að heyra til liðnum tíma. Full ástæða er til að hrósa hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir það að við sjáum þó í þessum nýja samningi að hún er

að leggjast af en því miður eru þá upp taldar að mestu þær framfarir sem heita má að í þeim samningi felist. Samningurinn er í raun og veru ekkert annað en framlenging á því ástandi sem nú er og getur ekki varað inn í framtíðina því að það er ekkert framtíðarskipulag eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði svo ágætlega grein fyrir í ræðu sinni. Þar er ekkert framtíðarskipulag af svo mörgum ástæðum. Ein þeirra er auðvitað það innra ósamræmi, bæði í mjólkurframleiðslunni og í sauðfjárræktinni, sem stuðningskerfin eru farin að valda að menn eru annars vegar innan kerfis og hins vegar utan kerfis, að einn framleiðandi er að fá allt að þrefalt meiri styrki á kíló en annar framleiðandi og alls kyns slíkar innri mótsagnir sem hver maður sér að mun á tiltölulega skömmum tíma leiða til þess að taka verður kerfin algerlega upp. Það sem er ástæða til að vera óánægður með er að hér sé ekki tekist á við einmitt það verkefni að skapa okkur stuðningskerfi við sauðfjárræktina sem skilar okkur árangri og er í samræmi við þær kröfur sem við gerum í dag.

Komið hefur fram í máli allra sem um málið hafa rætt að menn deila ekki um það að leggja eigi til 3 milljarða í byggðastyrki og stuðning við sauðfjárræktina. Enginn sér eftir þeim fjármunum í stuðning við byggðir landsins eða sauðfjárbændur í þessu tilfelli sem hér er verið að leggja til. Það sem skiptir hins vegar máli er að sá stuðningur skili árangri og það er auðvitað mergurinn málsins að sá árangur sést ekki. Sauðfjárræktin er meira og meira að verða aukabúgrein því að það er ekki hægt að framfleyta sér af þessu fyrirkomulagi og ríkisstjórninni nægir ekki þessi stuðningur til að skila okkur neinu því matvælaverði sem er bjóðandi árið 2007. Ríkisstjórnin er auðvitað mesta ógnin við landbúnaðinn í því hversu fullkomlega henni hefur mistekist að fást við landbúnaðarverðið í landinu, því að meðan það er svo að matvælaverð hér á landi er liðlega helmingi hærra en í Evrópusambandsríkjunum verða neytendur auðvitað aldrei við það sáttir og það verður sífellt kallað á að gripið verði til aðgerða í þeim efnum. Auðvitað er það verkefni sem við öll þurfum fyrst og fremst að einhenda okkur í að takast á við til að bæta lífskjör alls almennings í landinu.

Ef til vill er ekki ástæða til að gera mikið úr þessum viðbótarloforðum meðstjórnarmanna hæstv. landbúnaðarráðherra því að það er auðvitað þannig að nú þegar við sitjum í þessum sal eru að nálgast kosningar og það er kannski hóflega mikið mark takandi á ýmsu sem sagt er í þessum ræðustóli, ekki síst frá stjórnarflokkunum en það er líka ástæðan fyrir því að við eigum ekki að vera að fjalla um þennan samning hér og nú. Það er ekki boðlegt að rétt nokkrum vikum fyrir kosningar komi ríkisstjórn sem er að fara að skila umboði sínu og geri stefnumarkandi samning um stóra atvinnugrein og ákaflega mikilvæga í landinu sem ekki er bara til nokkurra ára heldur nær langt fram á þarnæsta kjörtímabil. Alveg óháð því hversu verðug atvinnugreinin er og hversu mikilvægur stuðningurinn er þá eru það ekki vinnubrögð sem eru boðleg í þinginu. Það hlýtur að vera hið eðlilega að álíta að hver ríkisstjórn á hverju kjörtímabili eigi að hafa færi á því að hafa áhrif á stefnumótun í grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar og að hendur hennar séu ekki bundnar af samningum af þessu tagi í óhóflega langan tíma korteri fyrir kosningar. Ég hef í andsvörum mínum í dag gert athugasemd við það. Ég tel að verið sé að draga óhóflega úr fjárstýringarvaldi Alþingis og það sé sömuleiðis verið að draga úr möguleikum nýrrar ríkisstjórnar til að breyta áherslum í þessum stuðningi, því að eins og margoft hefur komið fram í dag þá er ekki ágreiningur um stuðninginn sem slíkan eða fjárhæðirnar sem um er að ræða heldur hvernig þær eru veittar, þ.e. að þær séu í allt of ríkum mæli framleiðslutengdar og þar með framleiðsluhvetjandi í stað þess að vera styrkir til þess sem menn vilja styrkja sem er byggðin í landinu, þ.e. styrkir beint til bænda en ekki framleiðslutengdir styrkir. Þeim aðferðum hafa menn beitt víða annars staðar með ágætum árangri og ég vísa algerlega á bug yfirlýsingum hv. þingmanns fyrr í umræðunni um að það hafi lagt byggðir í rúst hvar sem það hefur verið reynt. Ég tel að þær yfirlýsingar séu algerlega tilhæfulausar og að hv. þingmaður verði að finna þeim orðum sínum stað og lýsa þeim byggðum sem af þeim sökum hafa verið yfirgefnar einhvers staðar í veröldinni.

[17:28]

**Kristján L. Möller:**

Herra forseti. Við ræðum um frumvarp um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, sem er einfaldlega kallað sauðfjársamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtakanna.

Sú umræða sem hér hefur átt sér stað hefur um margt verið merkileg og sitt sýnist hverjum. Sumir hafa gagnrýnt gildistíma samningsins og hvenær hann er gerður, á síðustu dögum hæstv. ríkisstjórnar. Menn gagnrýna að þetta sé gert svona seint og að þetta ætti frekar að vera verkefni nýrrar ríkisstjórnar, að gera samning til starfstíma síns, þ.e. fjögurra ára. Fram hefur komið að þetta gildir ekki aðeins allt næsta kjörtímabil, eftir kosningarnar 12. maí heldur einnig helminginn af þarnæsta tímabili.

Ég tek undir þessa gagnrýni en ég tek það skýrt fram að það á ekki endilega við um samninginn sem hér um ræðir. Þetta snýst um önnur stór mál sem eru skuldbindandi langt fram í tímann. Ég ætla ekki að eyða meira af tíma mínum í að fjalla um það en ég vona að ég tali nógu skýrt hvað það varðar að gagnrýnin snýst ekki eingöngu um þennan samning.

Mikið hefur verið rætt um stöðu sauðfjárbænda í dag, afkomu þeirra og annað. Í því sambandi vil ég, virðulegi forseti, segja að ég er þeirrar skoðunar og hef alla tíð verið, að afkoma sauðfjárbænda sé ekki góð og að afurðaverð til þeirra lágt. Verð fyrir lambakjötið út úr búð á Íslandi, sem menn vilja margir hverjir segja að sé hátt og okkur finnst það hátt, er 1.500–1.700 kr. að meðaltali fyrir mismunandi hluta af skrokknum. Í athugun minni frá því síðastliðið sumar og í blaðagrein sem ég skrifaði í framhaldi af því komst ég að þeirri niðurstöðu að þetta háa verð er alls ekki bóndanum að kenna. Blessaður bóndinn fær ekki nema um 310 kr. fyrir framlag sitt eða kíló af lambakjöti. Í raun standa íslenskir neytendur í mikilli þakkarskuld við sauðfjárbændur fyrir að búa til þetta frábæra kjöt og taka ekki meira fyrir það en raun ber vitni. Fyrir vikið er ljóst að aðrir aðilar en sauðfjárbóndinn maka krókinn á vegferðinni frá haga til maga, svo vitnað sé í orð sem hér hafa fallið.

Því ber auðvitað líka að halda til haga, virðulegi forseti,

að bóndinn fær beingreiðslur. Athugun mín í sumar leiddi í ljós að bóndinn fær um 275 kr. á hvert á kíló ef beingreiðslunum er deilt niður á heildarþunga dilkakjöts en er í raun 247 kr. á hvert kíló ef kindakjötsframleiðslan öll er tekin inn. Það sem út úr þessari óformlegu könnun minni kom var eins og ég sagði að bóndinn fær 310 kr. fyrir hvert kíló eða um 4.700 kr. fyrir hvern 15 kg skrokk. Þegar ég skoðaði þetta þá trúði ég því vart. Síðan koma beingreiðslurnar eins og ég hef getið um. Könnun mín leiddi í ljós að ófrosinn og niðursagaður 15 kg skrokkur gat kostað rétt í kringum 23 þús. kr. úr búð. Verðgildi framleiðslu bóndans hafði sem sagt aukist um rúmar 18 þús. kr. eða rúmlega 400% sem þýddi það að bóndinn fékk aðeins 20% af útsöluverði.

Virðulegi forseti. Þetta litla dæmi sýnir og staðfestir það sem ég var að segja áðan, að hátt verð er ekki bóndanum að kenna. Ég spurði í greininni: Hver fær mismuninn? Ég hvatti til þess í lok greinarinnar að einhver svaraði því. Ég fékk svar frá einum í blaðagrein. Það var fyrrverandi formaður Bændasamtakanna, Ari Teitsson, sem skrifaði. Hann gagnrýndi helst hvernig ég skipti niður lambsskrokknum. Ég hugsaði því með mér að eingöngu væri bitamunur á greinunum, í orðsins fyllstu merkingu.

Ég tók dæmi af bónda sem legði inn 300 lömb að hausti eða í kringum 4.500 kg af kjöti. Bóndinn fengi 1,4 millj. kr. fyrir innleggið og 1,2 millj. kr. í beingreiðslum, eða samtals 2,6 millj. kr. í heildartekjur. Það átti sem sagt að duga bóndanum og fjölskyldu hans til lífsviðurværis, rekstrar og viðhalds húsakosts og tækja. Ég spurði hvort þetta hljómaði freistandi og hvort einhver vildi taka yfir slíkan rekstur, hvort hætta væri á yfirtöku, annaðhvort vinveittri eða óvinveittri. En það var nú ekki.

Virðulegur forseti. Hér kemur fram svart á hvítu, miðað við þetta dæmi, að það er ekki við bóndann að sakast. Ég fékk líka upplýsingar um að sláturhúsið tók 160 kr. fyrir kílóið. Þá er þetta komið í um 470 kr. Þá stendur eftir mismunurinn upp í 1.500–1.700 kr., þ.e. úrvinnslan og smásalan fær mismuninn. Spurningunni um hvort álagningin hafi aukist eða minnkað get ég ekki svarað þó að ég hafi ákveðnar grunsemdir um það. Mér til mikillar undrunar sá ég, eftir að hafa ritað þessa grein, að verð á þessum afurðum úr sömu búð er í dag, níu mánuðum eftir slátrun og eftir lækkun á matarskatti, ekki mikið lægra. Ég held að það hafi ekki skilað sér allt of vel til neytandans. Ég sé a.m.k. nokkrar tegundir af lambakjöti sem standa í stað eða hafa nánast ekki lækkað sem nemur matarskattslækkun. Nokkrir vöruflokkar í frosinni vöru hafa hækkað sem ef til vill má skýra með því að á hana hafi lagst geymslukostnaður.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég sagt hafa hvað samninginn sem hér er varðar. Í honum liggja vissulega, eins og talað er um, miklar peningar og hann er stuðningur við þessa atvinnugrein. Hún hefur þurft á stuðningi að halda sem fer á ýmis veikustu svæða landsins. Má í þeim efnum tala um þetta sem nokkurs konar byggðastyrki.

Ég hef tekið eftir því að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur nokkrum sinnum farið í andsvör við ágæta flokksbræður mína í þingsal sem hafa komið í umræðuna í dag vegna þess að umræðunni hefur fyrst og fremst verið haldið uppi af þingmönnum jafnaðarmanna. Aðrir hafa varla tekið til máls en þó einn eða tveir úr stjórnarliðinu. Þá hefur mönnum verið tíðrætt, m.a. hæstv. landbúnaðarráðherra um að við teljum að það sé bóndanum að kenna hve hátt vöruverðið er. Svo er ekki. Sennilega er kerfinu í heild sinni um að kenna og í raun er erfitt að sjá hvernig þeir fjármunir sem ríkið veitir í greinina eru notaðir, hvort þeir eru notaðir skynsamlega eða óskynsamlega frá haga til maga.

Í þessu sambandi vil ég, virðulegi forseti, taka það skýrt fram að samningurinn hefur mikið verið ræddur og flokkaður undir byggðastyrk, sem styrk til greinar sem hefur þurft að styrkja í fjölmörg ár. En þar á móti kemur að ýmislegt sem ákveðið er á hinu háa Alþingi íþyngir mjög atvinnurekstrinum. Ég vil líta á þetta sem atvinnurekstur, þegar maður skoðar stöðu sauðfjárbænda, að bændurnir verði flestallir að sækja sér aðra vinnu. Þetta er hálfgert hobbí sem verður að sjálfsögðu að þakka bændum fyrir, að búa til þetta heimsins besta lambakjöt og taka nánast ekkert fyrir það, eins og ég sagði áðan. Þeir sækja sér vinnu annað, jafnvel um langan veg eða eftir vegleysum vegna þess að ríkið hefur ekki byggt upp almennilega vegi í sveitum þeirra. Þannig þurfa sauðfjárbændur að ná sér í aðrar tekjur til að hafa í sig og á og sjá fyrir fjölskyldu sinni.

Af því að hæstv. landbúnaðarráðherra er hér, framsóknarmaðurinn sjálfur og varaformaður Framsóknarflokksins, get ég ekki látið hjá líða að nefna að hann tók þátt í því á hinu háa Alþingi að innleiða nýja tilskipun frá Evrópusambandinu og breyta raforkulögum ekki alls fyrir löngu, sem m.a. hefur haft í för með sér, samkvæmt svari hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formanns Framsóknarflokksins, Jóns Sigurðssonar, að 25% raforkunotenda hefðu fengið á sig hækkun á raforkuverði eftir að raforkulögunum var breytt. Hver skyldu það vera, virðulegi forseti, þessi 25% sem lentu í verstu hækkuninni? Jú, bændur og fólk í dreifbýli. Ég skil vel að hæstv. landbúnaðarráðherra gangi úr salnum undir þessum hluta ræðu minnar. Ég hefði talið æskilegt að hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins hlustaði einnig á þennan hluta ræðu minnar.

Það er kannski talandi dæmi, virðulegi forseti, að varaformaður Framsóknarflokksins gangi úr salnum þegar að umræðu um þetta kemur og ber þó að virða það ef hæstv. landbúnaðarráðherra skammast sín fyrir þær aðgerðir. (Gripið fram í.) Ég tek eftir því að hæstv. landbúnaðarráðherra kemur í dyragættina og segir að hvar sem hann sé staddur þá hlusti hann á mig. Það er ágætt að heyra. Ég vona að hann heyri þá það sem ég ætla að segja, að raforkuhækkunin hefur komið allra verst niður á bændum, sauðfjárbændum. Hún hefur komið verst niður á þeim sem síst skyldi. Af þeim 25% raforkunotendum sem fengu hækkun ítreka ég voru fjölmargir bændur og fólk í dreifbýli, sem mátti minnst við því að fá á sig þá hækkun. Þetta hefur stórhækkað rekstrarkostnað búanna og gert rekstur þeirra erfiðari, sem var kannski slæmur fyrir.

Virðulegi forseti. Ég hef áður sagt það og ætla að segja það einu sinni enn að versta dæmið sem ég veit um er frá aðila úti á landi sem hefur sent mér reikninga sem sýna svart á hvítu að orðið hafi 60% hækkun á raforkuverði. Ég hef sagt það áður að Alþingi var blekkt viljandi eða óviljandi hvað varðar raforkutilskipunina með gögnum sem komu til iðnaðarnefndar. Ekki alls fyrir löngu hitti ég mann

sem gaf mér upplýsingar um, ég segi það alveg hiklaust, að blekkingin sem fólgin var í breytingunni hafi ekki verði óviljandi, hún var viljandi. Það eru stór orð en ég get staðið við þau hvar sem er.

Jafnframt má geta þess, virðulegi forseti, að hæstv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir breytingu á þungaskatti yfir í olíugjald. Bændur fengu afslátt af þungaskatti áður en hafa ekki fengið afslátt af olíugjaldinu. Rétt er að geta þess að stjórnarmeirihlutinn hefur fellt breytingartillögu frá jafnaðarmönnum um að bændur fái til baka það sem nemur því sem þeir höfðu í afslátt af þungaskattinum. En ríkisstjórnin hefur fellt þá tillögu.

Varðandi vegaframkvæmdir, sem ég nefndi áðan, þá eru tengivegir, sveitavegir, margir hverjir ófærir stóran hluta ársins. Fólk hreinlega kemst ekki frá heimili sínu til að sækja sér vinnu. Áfram má halda. Bændur vilja eðli málsins samkvæmt senda unglinga sína í skóla til framhaldsnáms. Þar hefur svokallaður jöfnunarstyrkur til náms, sem stundum er kallaður því ónefni sem ég vil helst ekki nota: dreifbýlisstyrkur, verið veittur mörg ár og hefur minnkað að verðgildi. Það hefur líka íþyngt bændum. Þeir hafa ekki fengið hækkun í því sambandi, virðulegi forseti, til stuðnings fyrir börn bænda þegar þau fara í skóla.

Virðulegi forseti. Ég hef farið í gegnum ýmislegt sem komið hefur upp í umræðunni. Ég tek skýrt fram að niðurstaða mín frá því í sumar, í umræðum um hátt matvælaverð, var sú að það er alls ekki sauðfjárbóndanum að kenna hvað varðar þennan þátt landbúnaðar heldur öðrum aðilum. Það tel ég mér bæði rétt og skylt að segja í umræðu um þennan samning. Það gefst ekki svo oft tækifæri til að ræða þessi mál en ég ítreka það sem ég hef áður sagt: Ég held að íslensk þjóð sé í mikilli þakkarskuld fyrir að fá þetta frábæra íslenska lambakjöt. Bóndinn fær, eins og ég sagði áður, 310 kr. fyrir kíló af sínu innleggi og það eru aðrir sem búa til það háa matvælaverð sem sannarlega er á Íslandi. Þetta sjáum við þegar við kaupum þetta yndislega og góða kjöt í matinn.

[17:44]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Margt kom athyglisvert fram í ræðu hv. þingmanns. Hann lagði fram glöggt dæmi. Hann talaði um verðlag á landbúnaðarvörum og um hvað bóndinn fengi lítið í sinn hlut, allt of lítið. Hann nefndi t.d. 15 kg lambskrokk sem hann hefði kannað sjálfur, að af því að búið væri að selja hann í pörtum út úr smásöluverslun væri hann kominn í 23 þús. kr., ef ég tók rétt eftir, en bóndinn fengi aðeins 4.700 kr.

Ég hef oft hugsað um að hið gamla lag var oft það að menn áttu sér frystikistu. Ef neytandinn og bændurnir færu á haustin, t.d. í sláturtíð, og vildu selja kjötið beint til neytenda, saga það niður og í kistuna hjá þeim mundi sennilega neytandinn fá svona skrokk sem kostar út úr smásöluverslun 23 þús. kr. á um 7–8 þús. kr. Þar væru tvö læri, hryggir, framhryggjarsneiðar, súpukjöt. Þar væri gríðarlega mikið og ég held að þar hljóti að vera lag fyrir neytendur að lækka matvælareikning heimilisins.

Nú er hv. þingmaður reikningsgleggri en ég. Það væri gaman að heyra hvort hann hefur reiknað þetta dæmi þegar kjöt er markaðssett beint út úr afurðastöð þannig að neytandinn fái þetta heim til sín og eigi þarna birgðir.

Það ætti nánast að vera í lögum að hvern einasta sunnudag í hádeginu borði fjölskyldan saman, stórfjölskyldan íslenska, annaðhvort lambalæri eða lambahrygg. Allir koma saman og þannig er líka höfð í frammi eftirlitsskylda innan fjölskyldunnar, allir séu heilir yfir helgina, hafi það gott og fari svo saman til kirkju á eftir.

[17:47]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei tekið eftir því áður hvað það hefði sæmt hæstv. landbúnaðarráðherra vel, ef hann hefði ekki farið í pólitíkina, að vera prestur, messað á sunnudögum eftir hádegismat og flutt boðskap sinn í kirkjunni, kristna trú og annað slíkt, sem ég er nokkuð viss um að hann mundi gera ágætlega, færi það sennilega betur en að boða boðskap hæstv. ríkisstjórnar sem oft og tíðum er þannig að ég hygg að hæstv. landbúnaðarráðherra fái vont bragð í munninn af.

Hann ræðir um frystikistur og hvað neytendur geta gert á haustin, safnað kjöti í kistur o.s.frv., gamansamur maður.

Við vorum nýlega á fundi fyrir norðan þar sem verið var að kynna hið stórkostlega átak Beint frá býli, og allt það. Hann ræddi um það, en ég verð að hryggja hæstv. landbúnaðarráðherra með því að segja að verð á hinu frosna kjöti, sem hann gerði að umtalsefni, hefur hækkað í þeirri athugun sem ég hef gert. Það er hærra í dag en það var síðasta haust. Hann nefndi lambalæri eða -hrygg sem menn ættu að hafa í matinn á sunnudögum, sem vafalaust margir gera, en þrátt fyrir virðisaukaskattslækkun hefur sú vara hækkað. Nú veit ég ekki hvort hæstv. landbúnaðarráðherra hefur skoðað það eða hvers vegna það er. Ég veit ekki hvers vegna það er en tek fram að þetta er óformleg könnun, en ég hygg að ég þurfi ekki í þessu stutta andsvari við hæstv. landbúnaðarráðherra að fara meira út í þetta vegna þess að við erum sammála um hvað lambakjötið er gott og við erum vonandi sammála um að bóndinn fær mjög lítið fyrir sinn hlut og að einhverjir aðrir taki mismuninn.

[17:49]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við megum heldur ekki gera kannski of mikið úr verðlagi. Ég segi fyrir mig, mér finnst það mjög flottur og ódýr matur. Ég fer út í Melabúð eða Nóatúnsbúðina mína á Selfossi og kaupi eina lærissneið handa mér og aðra handa konunni og svo er þeim velt upp úr raspi og eggi. Þetta er ódýr og góður matur, 700–800 kr. samanlagt, það er því hægt að gera ýmislegt.

En ég var að biðja hv. þingmann að reikna fyrir mig, af því að hann er reikningsmeistari, en hann vildi ekki verða við því. Ef bóndinn fær 4.700 kr. fyrir skrokkinn hjá sláturleyfishafanum, hvað getur neytandinn grætt á því að versla beint við sláturleyfishafann í staðinn fyrir að sækja þetta allt í smásöluverslunina og fara í þá aðferð sem ég var að segja, gömlu frystikistuna og eiga matinn heima hjá sér?

Ég verð að segja fyrir mig að boðskapur núverandi ríkisstjórnar hefur verið góður. Við vekjum athygli um allan heim fyrir batnandi og einhver bestu lífskjör sem einni þjóð

eru búin og við sjáum það í þeim lifnaðarháttum Íslendinga að hér eru góð lífskjör. Við sjáum það almennt, við fylgjumst með börnum okkar sem eru að koma sér fyrir og við sjáum hvernig menn eru athafnasamir og eiga margir mjög gott líf. Baráttan fyrir þá sem eiga erfiðara og standa höllum fæti er eilíf og verður alltaf. En vandamálin eru miklu færri en þau voru fyrir 10 eða 12 árum.

Svo vil ég auðvitað taka undir það með hv. þingmanni að salan beint frá býli auðgar landbúnaðinn, færir neytandann nær bóndanum, gefur bóndanum frelsi til að þróa afurðir, gamla góða íslenska matinn, framleiða úr náttúru sinni, gera hina og þessa hluti. Þar eru góðir hlutir að gerast í dag og hafa verið að gerast núna á síðustu árum. Bændurnir hafa opnað augun fyrir þessu og ég hef stutt þá í því.

[17:51]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta andsvar hæstv. ráðherra við mig er kannski meira út frá lífskjörum fólks. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur áður lýst því að það komi þannig út að allir hafi það gott á Íslandi. Það er sennilega rétt að margir hafa það gott, en ég vona að við séum sammála um það, ég og hæstv. landbúnaðarráðherra, að það er allt of stór hluti fólks hér á landi sem hefur það ekki gott. Lífskjör þeirra sem verst hafa það hafa versnað í tíð núverandi ríkisstjórnar. Fátækt hefur aukist, (**Landbrh.:** Rangt.) skattheimta af öldruðum og öryrkjum hófst í tíð ríkisstjórnarinnar, (**Landbrh.:** Rangt.) frá 1995. Það er rétt, virðulegi forseti. Aldraðir og öryrkjar borguðu ekki skatta af bótum sínum árið 1995 á fyrstu (Gripið fram í.) dögum ríkisstjórnarinnar. Þeir eru hins vegar að borga í dag, virðulegi forseti, sem nemur tveimur mánuðum af árstekjum sínum í skatt til ríkissjóðs og það er m.a. sú skattheimta, virðulegi forseti, sem hæstv. ríkisstjórn hefur notað og er að guma af að hafa verið að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Það er sannarlega rétt að skuldir ríkissjóðs hafa lækkað vegna óheyrilegrar skattheimtu, skattheimtu m.a. af neyslusköttum og af skuldasöfnun Íslendinga. Íslendingar eru ein skuldsettasta þjóð í heimi ef ríkissjóður er tekinn frá. Ef við lítum til fólksins í landinu þá hafa skuldir stóraukist. Ríkissjóður hefur fitnað af tekjum af þeirri skuldasöfnun og það er þannig, virðulegi forseti. Í þessari lífskjaraumræðu minni og hv. varaformanns Framsóknarflokksins er staðreynd að gamla fólkið, margt hvert, hefur það skítt og hefur haft það verra í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það er það sem við jafnaðarmenn viljum lagfæra. Við viljum fara í lífskjarajöfnuð og lagfæra kjör þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Það er verkefni næstu alþingiskosninga, að fella þá ríkisstjórn sem hæstv. landbúnaðarráðherra situr í nú, og farið hefur þá fé betra.

[17:53]

**Útbýting:**

Framkvæmd fjarskiptaáætlunar, 682. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1063.

Lokun iðjuþjálfunardeildar geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, 679. mál, fsp. JóhS og ÁRJ, þskj. 1059.

Námsframboð og afdrif starfsmanna eftir sameiningu Tækniháskólans við Háskólann í Reykjavík, 680. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1060.

Námsgögn, 511. mál, nál. menntmn., þskj. 1065; brtt. menntmn., þskj. 1066.

Opinber innkaup, 277. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1053; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1054.

Tekjuskattur, 685. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1068.

Vísitala neysluverðs, 576. mál, nál. allshn., þskj. 1061.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 686. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1069.

[17:55]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að halda nokkuð yfirgripsmikla ræðu en ég sé að vegna áríðandi fundar mun hún ekki verða löng. Þess vegna ætla ég að taka upp þráðinn þar sem þeir skildu við hann, hv. þm. Kristján Möller og hæstv. landbúnaðarráðherra, um það hvernig skattbyrði hefði þróast, m.a. á lágtekjufólk hér á landi. Til skamms tíma hafa sauðfjárbændur ekki verið hátekjufólk í þjóðfélaginu þó að vissulega hafi hagur þeirra kannski eitthvað vænkast á undanförnum árum og ég fagna því.

Það er einfaldlega þannig, til að upplýsa hæstv. landbúnaðarráðherra, að um það bil 20 þúsund Íslendingar greiða tekjuskatt af árstekjum sem eru á bilinu 1,5–2 millj. kr. Því miður hafa margir sauðfjárbændur á undanförnum árum verið með þær rauntekjur eftir að búið er að reikna kostnað við búið og búreksturinn.

Vegna þróunar persónuafsláttarins hafa fleiri í lágtekjuhópunum farið að greiða skatta. Um þetta held ég að sé ekki deilt. Menn geta deilt um hversu mikill persónuafsláttarinn hefur þá hækkað og þar af leiðandi skattleysismörkin en ég held að ekki sé deilt um að skattgreiðendum hefur fjölgað, hæstv. forseti, í lágtekjuhópunum. Ekki var á það bætandi að slík þróun yrði hér á landi, enda vilja forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar ekki kannast við að slík þróun hafi átt sér stað, en það er samt sem áður staðreynd og má lesa það út úr tölum, m.a. þeim tölum sem fjármálaráðuneytið dreifði fyrir síðustu áramót þegar við vorum að fara yfir fjárlögin og breytingar á skattastefnunni. Nóg um það í bili, hæstv. forseti.

Ég ætla í örstuttu máli að víkja að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Gengur yfirleitt undir nafninu búvörusamningurinn og sem snýr að því að bændur eigi rétt á að fá ákveðnar greiðslur, svokallaðar beingreiðslur, m.a. frá ríkinu. Reyndar hefur á seinni árum þó nokkur hluti þess styrks sem ríkið hefur greitt til sauðfjárbænda og framleiðslu þeirra farið yfir í það að færast yfir í hluta af grænum greiðslum, yfir í gæðastýringarátak o.s.frv. Ég held að flestir hafi verið jákvæðir fyrir þeirri þróun að binda ekki allar greiðslurnar beinlínis við það að bændur framleiði ákveðið magn eða kíló af sauðfjárafurðum þó að það sé samt meginleiðin í gegnum heildarbeingreiðslumarkið til sauðfjárbænda.

Almennt um þetta mál vil ég segja, hæstv. forseti, að ég tel það mikils virði fyrir íslensku þjóðina, ekki bara fyrir bændur heldur fyrir íslensku þjóðina að halda landinu í byggð, og að það verði mikils virði í framtíðinni að landið verði sem víðast byggt, m.a. með tilliti til þess að væntan-

lega mun ferðamönnum halda áfram að fjölga á komandi árum og áratugum og ekki ólíklegt að innan ekki mjög margra ára muni jafnvel ein milljón ferðamanna koma á hverju einasta ári, hæstv. forseti. Þeir vilja að sjálfsögðu sjá lífið í landinu, þar með landnýtingu okkar. Náttúrusjónarmiðunum vex fiskur um hrygg og bændur hafa í gegnum árin verið framarlega í því að nýta landið og viðhalda því. Ég tel að það sé mjög jákvætt fyrir framtíðina að byggðin haldi velli sem víðast og menn nýti landið og framleiði á því góða og heilnæma vöru, sem sauðfjárbændur gera vissulega. Framleiðsla á kindakjöti á undanförnum árum hefur notið markaðshylli landsmanna þrátt fyrir að menn hafi deilt um það að verðið á kindakjötinu væri hátt. En það er ekkert endilega hátt til bænda, þ.e. það hlutfall sem bændur fá af framleiðslunni. Það fer mikið í svokallaða milliliði, bæði í sláturkostnað og dreifingarkostnað og einnig fer mikið af verðmynduninni fram við álagningu verslana á afurðir bænda við smásöluna. Bændur eru því ekki of haldnir af sínu, eins og ég gat um í upphafi máls míns, hæstv. forseti. Þess vegna er það svo að við teljum í Frjálslynda flokknum að viðhalda eigi greiðslum til bænda, m.a. með þeim aðferðum sem hér eru lagðar til og að reyna eigi að treysta og viðhalda byggð í landinu.

Hæstv. forseti. Í Norðvestur- og Norðausturkjördæmunum, hinum stóru landsbyggðarkjördæmum, er framleitt 75% af allri framleiðslu kindakjöts. Þetta skiptir mjög miklu máli fyrir hinar dreifðu byggðir og að viðhalda því að byggðin haldi velli í landinu. Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti. Ég tel að mikið sé á okkur leggjandi, íslensku þjóðina, fyrir framtíðina að viðhalda byggðinni og treysta það að við nýtum landið og framleiðum af landinu því að innan einhverra áratuga, hæstv. forseti, mun eðlilega koma upp krafan um það að ef við nýtum ekki landið okkar sjálf muni aðrir nýta það. Við fáum ekki ein og sér að búa hér í landinu og nýta ekki kosti landsins. Þetta held ég að allir viti og ég tel að hæstv. landbúnaðarráðherra sé algerlega sammála mér um þetta, að til þessa verðum við að horfa inn í framtíðina og ég tel að það sé ekki stórum fjármunum fórnað til að viðhalda byggð í landinu og treysta þá framleiðslu sem við viljum hafa í landinu, þ.e. góða og heilbrigða vöru til framtíðar, ásamt því að halda landinu í byggð, sem mun gera landið mun verðmætara í framtíðinni bæði sem ferðamannaland og land til að búa í.

Þess vegna er það svo, hæstv. forseti, að við styðjum frumvarp það sem hér er og væntum þess að í því felist nokkur festa fyrir bændur. Það segir auðvitað ekki að við viljum ekki stuðla að lægra matarverði til neytenda, en það þarf að gera allt í skynsamlegum skrefum og vinna þau mál fram á við í sátt við bændur og í sátt við neytendur og einkum í sátt við það að viðhalda landinu í byggð, sem ég tel að sé langmesta málið fyrir framtíðina.

[18:02]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum hér enn einn búvörusamninginn og ég hef verið á móti þeim öllum hingað til og það hefur ekkert breyst. Í Sovétríkjunum gömlu voru tíðkaðar fimm ára áætlanir um alla skapaða hluti. Allt atvinnulíf var njörvað niður í fimm ára áætlunum sem embættismenn við skrifborðin sömdu og framkvæmdu. Hér er um að ræða sex ára áætlun. Ekki veit ég hvort það er meira sovét eða minna. En auðvitað er þetta ekkert annað en sovét.

Ég hef lengi lagt til að beingreiðslurnar yrðu lækkaðar um 1% á ári til þess að bændur fengju einhvers konar merki um að þetta hætti einhvern tíma, þá innan hundrað ára. En það merki hefur ekki komið þannig að þetta er eilíft kerfi.

Þó hafa orðið nokkrar breytingar undanfarið, t.d. var framsal ekki leyft einu sinni, það er leyft núna. En áfram skal vera framleiðslukvóð. Það skal vera sett á 0,6 kind fyrir hvert ærgildi sem þýðir að í landinu öllu eru settar á 210 þús. kindur minnst, samkvæmt þessum samningi. (**Landbrh.:** Það er lágmark.) Það er lágmark.

Það er sem sagt framleiðsluhvati og nauð í þessu frumvarpi. Bændur skulu framleiða til að fá beingreiðslurnar. Ég hefði talið eðlilegt að þeir fengju bara beingreiðslurnar sisvona og þyrftu ekkert að framleiða. Þá gætu aðrir bændur sem hefðu hug á því að framleiða og gætu framleitt ódýrt, framleitt meira.

Á landinu eru 1.800 sauðfjárbú og ef við deilum kostnaðinum sem þessi samningur veldur þá eru það um 155 þús. kr. á mánuði á hvern bónda. Og þá eru eftir tekjur af búinu sem sýnir það, af því að bændur eru ekki tekjuhæsta stéttin í landinu, að hugsanlega framleiða þeir minna en ekki neitt. Þvílík er staðan.

Frú forseti. Það eru viss teikn á lofti sem vekja vonir. Það er t.d. sú staða að í mjólkuriðnaðinum er búið að stofna Mjólku, sem er ákveðin uppreisn gegn þessu staðnaða kerfi sem hefur haldið landbúnaðinum í heljargreipum í hálfa öld, a.m.k., ef ekki nánast í heila öld. Þar er ákveðin uppreisn í gangi og ég vonast til og bíð eftir því að svipuð uppreisn verði hjá sauðfjárbændum, að þeir fari að framleiða og segi að þeir vilji ekki falla undir þetta kerfi. Ég hef nefnilega mikla trú á bændum. Mjög mikla trú á þeim. Ég held að þeir gætu alveg staðið sig í samkeppni og án svona niðurnjörvandi kerfis. Það er kerfið sem skaðar bændur.

Og hvað gerðist, frú forseti, þegar við lögðum niður Lánasjóð landbúnaðarins? Þá lækkuðu vextir til bænda. Þeir lækkuðu og þeir fengu nóg af lánum. Og jarðarverðið stórhækkaði. (**Gripið fram í:** Út af lánasjóðnum?) Hugsanlega út af því já, en kannski út af jarðarlögunum sem hv. landbúnaðarnefnd breytti mjög verulega. En það er hækkun á jörðunum sem hefur sennilega bætt stöðu bænda langmest af öllu, þeir eru komnir með sjálfstraust núna, sem betur fer.

Svo getur maður velt því fyrir sér hvort svona samningur og svona lagasetning sé ekki í rauninni fjárlög til langs tíma og það sé tekið fram fyrir hendurnar á væntanlegum þingum varðandi fjárveitingar. Því þeir geta varla bakkað út úr þessu.

Frú forseti. Ég hef mjög margar efasemdir um þennan samning. Ég held að hann sé slæmur fyrir bændur vegna þess hvað hann er niðurnjörvandi og hamlandi. Ég held að hann sé slæmur fyrir skattgreiðendur vegna þess að þeir þurfa að borga mikið fé fyrir hann og ég held að hann sé slæmur fyrir neytendur vegna þess að þeir borga allt of hátt verð vegna þess að það er engin samkeppni í landbúnaði og bændur eru ekki hvattir til að stunda hagkvæman rekstur.

[18:07]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka fyrir mikla umræðu og á margan hátt ágæta. Margar góðar ræður hafa verið fluttar og ég sé að það hefur verið góð samstaða um þennan samning í þinginu. Ég held að flestir sjái hann í því ljósi að hann muni skipta sauðfjárræktina miklu, ekki síst landsvæði þar sem sauðfjárrækt er sterkust og eðlilegt að ríkið komi þar inn í. Sauðfjárrækt er náttúrlega okkar aldni atvinnuvegur og Ísland er talið mjög gott sauðfjárræktarland. Við erum að gera hér svipaðan hlut í stuðningi við landbúnaðinn og kannski í minna mæli en margar aðrar þjóðir sem búa þess vegna við betri veðurskilyrði og betri aðstæður að sumu leyti. Þannig að ég fagna því að samningurinn fær hér allgóðar undirtektir og verður afgreiddur héðan.

Hér talaði síðastur hv. þm. Pétur Blöndal. Auðvitað er það nú svo, hæstv. forseti, að íslenskir bændur upp til hópa reka hagkvæman landbúnað, eru miklir og ágætir rekstrarmenn og þarf ekkert að vera að snýta þeim upp úr því sem ekki er rétt. Þeir eru frjálsir. Þeir búa við mikið frelsi. Það er enginn að stýra þeim ofan frá. Þeir gera hér samninga og þeir fara með þá samninga sjálfir og þeir eru frjálsir innan þeirra.

Hv. þingmaður minnist t.d. á Mjólku sem er ágætisfyrirtæki. Prýðilegt fyrirtæki og er utan við sameign bændanna um mjólkurafurðirnar. En það er í nákvæmlega sams konar stöðu má segja sem er að nýta sér annan markað til að auðga hann. Það eru bændur með alveg sömu kjör og aðrir. Bændur sem eru með beingreiðslur alveg eins og hinum megin leggja mjólk inn í Mjólku. MS, sú mikla mjólkurstöð, fær ekki neinn einasta ríkisstyrk. Þannig að það má heldur ekki láta liggja hér að röngum hlutum. Ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal vill að sannleikurinn sé uppi við. Þess vegna vil ég bara skýra frá því að þetta er alveg klárt mál. Þessar afurðastöðvar búa við sömu aðstæður hvað þetta varðar. Enginn mismunur þar á. En ég trúi því að Mjólka muni auðga markaðinn og hún hefur sitt frelsi í þessu frjálsa landi til þess að framleiða. Þannig að ég óska henni velgengni.

Kerfið skaðar ekki bændur í dag og þeir eru á margan hátt frjálsir hvað það varðar og hafa frelsi til að framleiða og frelsi til að selja vörur sínar eða fara í sölu beint frá býli. Þannig að landbúnaðurinn er að auðgast og eflast.

Það er hárrétt sem hv. þingmaður sagði með Lánasjóð landbúnaðarins. Við ákváðum að selja hann af því að þróunin á bankamarkaðnum hefur verið með þeim hætti. Það var ástæðulaust að ríkið ætti þennan sjóð og væri að reka hann. Enda er það rétt sem hv. þingmaður sagði, að sú gjörð hefur haft mikið í för með sér. Sjálfsagt hefur jarðarverð hækkað. Bændurnir eru frjálsir. Lánasjóður landbúnaðarins var fastur á fyrsta veðrétt sem varð heilmikið vandamál. Frelsi í bönkunum og þróun bankanna með glæsilegum hætti hefur síðan gert það að verkum að bændur búa við samkeppni og ég hygg að það sé rétt að þeir fengu bæði lægri vexti og lán til lengri tíma og eru betur settir á eftir.

Það er oft furðulegt að hlusta á þingmenn stjórnarandstöðunnar sem skammast út í bankakerfið lon og don og láta jafnvel að því liggja að það væri best að það færi úr landi. Bankarnir skila okkur miklum tekjum, svoleiðis að um munar í íslensku samfélagi í dag. Ég óska þeim því velfarnaðar og bændunum einnig.

Í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar kom fram að bréf hefði borist til landbúnaðarnefndar frá Gunnari Sæmundssyni, Jóhönnu Pálmadóttur og Fanneyju Ólöfu Lárusdóttur, en þau eru hluti af samninganefndinni fyrir bændurna. Í bréfinu gerðu þau athugasemdir um að það skyldu vera sólarlagsákvæði og útflutningsskyldan skyldi vera inni í frumvarpinu. Nú kann það vel að vera svo, ef það var verið að semja um að hún færi út, sem varð auðvitað ágreiningur um og töluverð umræða og sitt sýndist hverjum. Ég hygg að meiri hluti bænda hafi skilið að sá tími var kominn að útflutningsskyldan gat ekki verið áfram og er auðvitað langbest að bændurnir sjálfir búi sig undir þá framtíð sem er óhjákvæmileg. Eða það var mín skoðun.

En þetta ágæta fólk skrifaði bréf sem ég ætla svo sem ekkert að gera athugasemdir við en þau segja: „Við undirrituð mótmælum þessu harðlega og skorum á landbúnaðarnefnd Alþingis að sjá til þess að við áðurnefnd fyrirheit verði staðið."

Við fyrirheitin er algerlega staðið að því leyti að lagabreytingin á sér stað í áföngum og er alfarið farin út 1. júní 2009, eins og um var samið. En þetta var sett inn í heildarpakkann til þess að þurfa ekki að taka samninginn upp aftur haustið 2008. Svo er það auðvitað lagatæknilegt atriði að hafa öll þessi atriði sem um var samið og ákveðin voru af samninganefnd bænda og ríkisins inni í samningnum.

Það kann vel að vera að það hafi komið fram á fundum að við hefðum talað um að sérstakt frumvarp yrði flutt haustið 2008. En það á ekkert að breyta því að þessi samningur var gerður og ég veit að menn vilja standa við hann. Þetta þótti svona einfaldari leið og þess vegna heiðarlegri af beggja hálfu. Það er þá bara komið fram og menn eru þá ekki að vænta einhvers, að þessu verði aldrei breytt og búa sig þá ekki undir þann tíma. Því bændurnir, eins og kom fram í fyrri ræðu minni, þurfa auðvitað að búa sig undir þessa breytingu sjálfir með sínum afurðastöðvum, hvernig þeir mæta því. Það er bara þeirra stóra verkefni.

Ég ætla þá ekki að hafa þetta lengra en þakka þá ágætu umræðu sem farið hefur fram um þennan samning við sauðfjárbændur um landbúnaðinn í heild.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Íslensk alþjóðleg skipaskrá, 1. umr.*

Stjfrv., 667. mál (heildarlög). — Þskj. 1013.

[18:15]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá. Frumvarpið er samið af starfsmönnum samgönguráðuneytisins og Siglingastofnunar Íslands. Því er ætlað að setja lagaramma um íslenska alþjóðlega skipaskrá. Á þá skipaskrá verður hægt að skrá kaupskip í millilandasiglingum og farmflutningum innan lands

en nú er staðan sú að engin kaupskip eru skráð á Íslandi. Samhliða frumvarpinu leggur fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um skattlagningu kaupskipaútgerðar og er þar fjallað um þau skattalegu og rekstrarlegu atriði sem nauðsynleg eru til að íslensk alþjóðleg skipaskrá verði virk. Hæstv. fjármálaráðherra hefur nú þegar mælt fyrir því frumvarpi.

Allnokkuð er síðan umræður hófust um stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár og má rekja það allt aftur til upphafs tíunda áratugar síðustu aldar. Mikið hefur verið fjallað um þetta og hafa skoðanir verið margar og misjafnar á því hvort heppilegt væri að koma slíkri skipaskrá á fót hér á landi. Skráðum kaupskipum hefur fækkað stöðugt og er nú svo komið að engin kaupskip eru skráð á Íslandi. Samhliða þeirri þróun hefur þeim röddum óðum fækkað sem eru á móti slíkri skipaskrá. Má segja að frekar hafi verið þrýst á það að kannað yrði hvað þyrfti að koma til svo að kaupskipaútgerðirnar íslensku vildu skrá kaupskip sín hér á landi. Það er þó ekki fyrr en nú að samstaða virðist hafa náðst um að íslenskri alþjóðlegri skipaskrá verði komið á fót og stefna eigi að því að hún verði fyllilega samkeppnishæf þeim bestu sem fyrirfinnast annars staðar.

Meginmarkmið með stofnun slíkrar skipaskrár er að fá íslenskar kaupskipaútgerðir til þess að skrá kaupskip sín hér á landi en einnig er stefnt að því að erlendar kaupskipaútgerðir sjái sér hag í því að skrá kaupskip sín hér. Þau kaupskip sem skráð verða á íslenska alþjóðlega skipaskrá verða íslensk. Þau munu sigla undir íslenskum fána. Um þau gilda íslensk lög og lögsaga auk þess sem skoðun og eftirlit verður á íslenskum höndum.

Ég tel rétt að fara yfir helstu efnisatriði frumvarpsins, en eins og áður sagði felst í frumvarpinu sá rammi sem þarf að vera um íslenska alþjóðlega skipaskrá.

Þar er fyrst að nefna það markmið frumvarpsins að stuðla að skráningu kaupskipa á Íslandi. Þá er kveðið á um hvaða kaupskip er hægt að skrá á skipaskrána, en það eru kaupskip sem eru 100 brúttótonn eða stærri, eru í millilandasiglingum með farm og/eða farþega, eru í innanlandssiglingum með farm eða í svokölluðum strandsiglingum.

Í frumvarpinu er ákveðið hverjir það eru sem geta skráð kaupskip á skrána. Gert er ráð fyrir að heimild einstaklinga til að skrá kaupskip sé bundin við ákveðið ríkisfang, bæði íslenskt og tiltekið erlent, en í því tilviki skal erlendur ríkisborgari hafa íslenskan umboðsaðila. Að öðru leyti er heimild til skráningar bundin við íslenskan lögaðila.

Þurrleiguskráning kaupskipa er heimil eins og nú á aðalskipaskrá Íslands og gilda sömu reglur, það á við bæði þegar skip eru skráð annars staðar en þurrleigð hingað og skráð hér og þurrleigð annað. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skráin verði haldin hjá Siglingastofnun Íslands og þar fari fram skráning og öll framkvæmd málsins. Undanskilin er þó réttindaskráning sem skal vera hjá sýslumanninum í Reykjavík enda er gert ráð fyrir að heimahöfn skipa sem skráð verða í skránni sé þar.

Varðandi skráninguna sjálfa er gert ráð fyrir að áfram gildi svipaðar reglur og nú og reglur séu í samræmi við þær alþjóðlegu kröfur og reglur sem Ísland er skuldbundið til að framfylgja enda er umhverfi þetta allt mjög alþjóðlegt. Rétt er að taka fram að ekki er gert ráð fyrir að á neinn hátt verði slakað á kröfum sem gerðar eru vegna skráningar skipa hér á landi eða hvað varðar eftirlit eða skoðanir. Það er mjög mikilvægt að þessir þættir séu í lagi og í samræmi við alþjóðlegar reglur hverju sinni, eigi íslensk alþjóðleg skipaskrá að njóta viðurkenningar og vera þekkt fyrir gæði.

Mikilvæg ákvæði eru um þjóðerni áhafnar kaupskipa sem kjósa skipaskrána og eru engar sérstakar kröfur gerðar nema hvað varðar skipstjórann. Almennt er gert ráð fyrir að hann sé íslenskur eða ríkisborgari ákveðinna tilgreindra ríkja. Þó ekki sé gerð krafa um þjóðerni áhafna er ætlast til að áhafnir uppfylli lágmarkskröfur alþjóðasamþykktar um viðmiðanir að því er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, svokallaðar STCW-reglur, auk þess sem gæta skal reglna um öryggismönnun.

Hvað kjör varðar er almennt lagt til að skipverjar njóti þeirra kjara sem samið hefur verið um af stéttarfélögum þeirra í heimalandinu. Frumvarpið hefur einnig að geyma ákvæði um hvenær ber að afskrá kaupskip af skránni og hvernig tilkynna beri eigendaskipti. Þá er til áréttingar kveðið á um að tiltekin skjöl skuli undanþegin stimpilgjaldi en kveðið er á um það í lögum um stimpilgjald.

Náist markmið frumvarpsins, að búa til samkeppnishæfa alþjóðlega skipaskrá, að gera íslenska alþjóðlega skipaskrá aðlaðandi kost fyrir kaupskipaútgerðir, bæði íslenskar og erlendar, má búast við að ýmiss konar hliðarstarfsemi fylgi vegna skráningar skipanna. Jafnvel má búast við að einhverjar erlendar útgerðir komi sér upp aðstöðu hér á landi sem mun hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið.

Mikilvægt er að vel takist til. Að allir leggist á eitt, stjórnvöld og hagsmunaaðilar, og standi að stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár með myndarbrag þannig að markmið frumvarpsins nái fram að ganga. Til þess er samvinna mjög mikilvæg milli allra sem að verki koma. Einnig má sjá fyrir sér að þetta geti hleypt nýju lífi í menntunarmál farmannastéttarinnar og því vert fyrir menntamálayfirvöld að fylgja þessu vel eftir með átaki í menntun og þjálfun og eflingu þeirra menntastofnana sem sjá um menntun farmanna.

Samkeppnin er hörð og kaupskipaútgerðir leita þangað sem bestu kjörin eru og besta þjónustan fæst í tengslum við útgerðina. Vanda þarf til verka þannig að útgerðin sjái sér hag í að flytja skráningu kaupskipa sinna til Íslands. Því má ekki gleyma að staðan er sú í dag að engin kaupskip eru skráð hér á landi sem þýðir að engin íslensk kaupskip eru til, engar tekjur eru af slíkum skipum eða tengdri starfsemi, hvorki í formi skatta né á annan hátt. Það er engu að tapa heldur allt að vinna með því að koma á fót íslenskri alþjóðlegri skipaskrá sem gæti leitt til aukinna tekna.

Hæstv. forseti. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir helstu efnisatriðum frumvarpsins og þeirri framtíðarsýn sem kann að bíða okkar verði frumvarp þetta að lögum. Ég ætla ekki að hafa þau orð fleiri en legg áherslu á að um mikilvæga löggjöf er að ræða sem kann að hafa veruleg áhrif hér á landi verði þeim tilgangi og markmiðum sem lagt er upp með í frumvarpinu náð.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hæstv. samgöngunefndar.

[18:24]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hæstv. samgönguráðherra hefur flutt mætti kannski hafa yfirskriftina: Allt að vinna, engu að tapa. Það er vegna þess að ríkisstjórnin kemur allt of seint fram með þessi frumvörp, og er ég þá ekki að tala um á þessu þingi heldur allt of seint í árum talið. Eins og hæstv. ráðherra gat um eru nú engin kaupskip skráð á Íslandi. Við erum búin að missa þau öll í burtu vegna þess hve seint er gripið inn í. Nú er gripið inn í með því frumvarpi sem hæstv. ráðherra flytur hér og með frumvarpi sem fjármálaráðherra flutti um daginn um skattlagningu kaupskipaútgerðar. Ég gat því miður ekki tekið þátt í þeim umræðum vegna þess að ég var úti á landi.

Virðulegi forseti. Betra er seint en aldrei. Ég tók þátt í umræðum við hæstv. fjármálaráðherra á seinasta þingi um þetta mál. Þá var rætt um það hvort ríkisstjórnin ætlaði ekki að leggja fram frumvarp til þess að kippa í þessa spotta, búa til íslenska alþjóðlega skipaskrá og freista þess að fá kaupskipin aftur hingað heim, með þeim skattaívilnunum sem fjallað hefur verið um í frumvarpi fjármálaráðherra.

Miðað við lýsingu í athugasemdum með frumvarpinu var umræðan farin af stað árið 1998 en þá er ekki lagt fram frumvarp vegna þess að í ljós kom andstaða o.s.frv., það er talað um andstöðu. Var það andstaða hæstv. fjármálaráðherra, núverandi og fyrrverandi, við að breyta skattalöggjöfinni sem kom í veg fyrir að hægt væri að gera það sem hér er boðað? Ég tek skýrt fram að ég er hlynntur þessu máli án þess að hafa lesið þetta allt spjaldanna á milli eða rætt það í nefnd. Ég tel einungis að frumvarpið komi allt of seint fram. En var andstaðan hjá hæstv. fjármálaráðherrum, núverandi og fyrrverandi?

[18:26]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei. Það réð ekki úrslitum að andstaða var við breytingar á skattalögum í fjármálaráðuneytinu. Raunveruleikinn er sá að á vettvangi hagsmunaaðila var deilt um þetta. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er. Það var ágreiningur á milli stéttarfélaganna vegna þessara hugmynda. En síðan lá það jafnframt ljóst fyrir að mikið var rætt um sjómannaafslátt lengi vel o.fl. Ýmsir töldu að ekki væri skynsamlegt að koma með nýja tegund af sjómannaafslætti inn í skattkerfið. Það var, svo öll sagan sé sögð, liður í þeim deilum sem um þetta mál stóðu. Niðurstaðan varð sú að stéttarfélögin náðu saman. Ekki er ágreiningur við þau lengur. Nú hefur náðst gott samkomulag á milli samgönguráðuneytis og fjármálaráðuneytis um þessar leiðir.

Eins og hv. þingmenn þekkja höfum við staðið fyrir verulega miklum breytingum á skattkerfinu. Við höfum verið að lækka tekjuskatt. Það má kannski segja að þessi aðgerð sé að hluta til liður í því. Hins vegar er það ekki eingöngu, aðalatriðið er það að við erum, m.a. með ívilnun í skattlagningu, að leita leiða til þess að ná þessari skráningu inn í landið og með skipulagi um þjónustu sem (Forseti hringir.) gæti leitt til þess að skráningin (Forseti hringir.) yrði atvinnuskapandi.

[18:28]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umræðum við hæstv. núv. fjármálaráðherra á síðasta þingi, ég man ekki hvort það var óundirbúin fyrirspurn eða ekki, spurðist ég einmitt fyrir um þetta. Þá tók ég eftir því að hæstv. fjármálaráðherra var tregur í taumi, dýralæknirinn sjálfur, til þess að stíga skref á þeirri vegferð sem nú er loks hafin.

Ég fagna, þó seint sé, þeim frumvörpum sem lögð hafa verið fram, annars vegar frumvarpi frá fjármálaráðherra og hins vegar frumvarpi frá samgönguráðherra. Ég fagna með þeim fyrirvara að ég á eftir að lesa þetta nákvæmlega yfir og vinna í viðkomandi nefnd. En betra er seint en aldrei.

Virðulegi forseti. Eins og segir í lagafrumvarpi hæstv. fjármálaráðherra er lögð til sambærileg skattlagning kaupskipaútgerðar og í ýmsum nágrannalöndum okkar, sem er skattafsláttur eða skattaívilnun til þess að freista þess að halda skipunum í þeim skrám sem þar eru. Þegar síðasta kaupskipið, Keilir, fór í færeyska skipaskrá, var þetta gert.

Ég fagna því að verið sé að búa til skattaívilnun til þess að fá kaupskipin heim til Íslands í íslenska skipaskrá. Spurning mín til hæstv. samgönguráðherra er þessi: Getum við farið þessa leið eða getum við notað fordæmið um skattalega ívilnun til að taka upp strandsiglingar á Íslandi á ný? Að gera þær aftur hagkvæmar og fýsilegar af skipafélögunum til að hefja strandsiglingar með eða án ríkisstyrkja eftir útboð? Telur hæstv. samgönguráðherra að það fordæmi sem hér er gefið getum við notað til að taka upp strandsiglingar að nýju á Íslandi?

[18:30]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta frumvarp og framkvæmd þeirrar löggjafar sem hér er verið að leggja drög að gæti leitt til þess og gæti auðveldað skipafélögunum að stunda svokallaðar strandsiglingar. Það fer ekkert á milli mála. Það er m.a. þess vegna sem við viljum fara þessa leið til að hvetja og ýta undir siglingar með ströndum og milli landa að sjálfsögðu og gera það hagkvæmara. Það er rétt athugað hjá hv. þingmanni að þessi löggjöf gæti leitt til þess að fleiri skipafélög legðu áherslu á siglingar við ströndina eða réttara sagt að þau tækju þær upp með öðrum hætti en er í dag. Það er á margt að líta í þessu efni.

Ég tel að það sé af hinu góða að ýta undir þessa starfsemi, skipaútgerð af hálfu Íslendinga. Það kveður stundum við svolítið sérstakan tón þegar Samtök verslunar og þjónustu sem vinna fyrir kaupskipaútgerðina leita eftir samstarfi og samvinnu við samgönguráðuneytið vegna málefna sem lúta að skipaútgerð og það er gert fyrir fyrirtæki sem eiga engin skip. Strangt til tekið hefur því ekki verið um neitt slíkt að ræða milli samgönguráðuneytisins og Samtaka verslunar og þjónustu vegna þess að íslensk kaupskipaútgerð er ekki til. En þetta frumvarp er til þess gert að ýta undir starfsemi á vegum íslenskra fyrirtækja á vettvangi kaupskipaútgerðar og ég er alveg sannfærður um að ef vel tekst til með framkvæmdina mun það ýta undir kaupskipaútgerð frá Íslandi.

[18:32]

**Útbýting:**

Íslenskur ríkisborgararéttur, 464. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1070; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1071.

[18:33]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Það frumvarp sem hæstv. samgönguráðherra hefur nú lagt fram um íslenska alþjóðlega skipaskrá og lýtur að skráningu kaupskipa á Íslandi og að reyna að færa þau aftur til landsins kemur fram vonum seinna. Þetta er mál sem við höfum verið að fjalla um í þinginu á undanförnum árum. Hvað eftir annað hefur þetta mál verið tekið upp á Alþingi, bæði í fyrirspurnum og með tillöguflutningi. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur m.a. ásamt öðrum góðum þingmönnum beitt sér fyrir því að málefni kaupskipa væru tekin upp á Alþingi. Sú alvarlega staða er uppi, sem var fyrirsjáanleg, að nú er bara eitt lítið fragtskip, sem flytur olíu á milli nokkurra staða innan lands, skráð hér á landi. Önnur eru ekki skráð hér. Meira að segja óskabarn þjóðarinnar, Eimskip, valdi það um tíma að breyta um nafn en kaus svo að skipta aftur í sitt forna nafn, Eimskip, óskabarn þjóðarinnar sem var m.a. stofnað til þess að efla og styrkja atvinnulíf og búsetu um allt land og var liður í því að íbúarnir gætu stundað sjálfstætt atvinnulíf, sjálfstæða verslun og flutning á eigin vegum. Allir lögðu sitt af mörkum til að stofna Eimskipafélagið á sínum tíma. Ég minnist þess sem ungur piltur að litið var á það sem skyldu alls fullorðins fólks út um sveitir landsins að kaupa hlutabréf í Eimskipafélaginu, ekki til þess að hafa einhvern persónulegan peningalegan arð af því heldur til að tryggja vöxt og eflingu íslensks atvinnulífs og sjálfstæði þjóðarinnar hvað flutninga varðaði.

Þessi hugmyndafræði, þessi félagshyggja og samfélagshugsjón er því miður á hverfanda hveli. Sama átti við um Samskip eða flutningafyrirtæki samvinnufélaganna á sínum tíma, það var einnig byggt upp á þessari hugsjón. Síðan hefur komið önnur ríkisstjórn, ríkisstjórn markaðshyggjunnar þar sem allt skal metið til fjár. Arðurinn af peningunum og fjármununum og fjárfestingunum skal fyrst og fremst renna til einstaklinga, til fyrirtækja, til einkaaðila. Hagsmunir þjóðarinnar eða samfélagshagsmunir eru þar ekki ofarlega á borði.

Sú ríkisstjórn sem nú situr, ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, hefur náttúrlega stutt dyggilega við þessa þróun og svo gerðist það fyrir nokkrum árum síðan að öll kaupskip voru orðin skráð erlendis. Ísland, eyland sem byggir alla sína aðdrætti eða stóran hluta af aðdráttum sínum á siglingum, á flutningum með skipum, átti ekkert kaupskip skráð á Íslandi. Það virtist ekki vera neitt áhyggjuefni hjá ríkisstjórninni. Málið hefur ítrekað verið tekið upp á Alþingi, svörin verið útúrsnúningar eða þau að ekki mætti grípa inn í til að tryggja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Þetta ætti að vera frjálst, það ætti að leyfa mönnum að fara með skipin úr landi því það væri liður í að efla starf þeirra á alþjóðavettvangi. Íslenskir hagsmunir voru ekki hafðir þar að leiðarljósi.

Við höfum oft tekið þetta mál upp í samgöngunefnd. Þar var líka hvatt til þess að það væri skoðað hvernig tryggja mætti að kaupskipin ættu hér heimahöfn en það hefur ávallt verið talað fyrir daufum eyrum í því sambandi. Þegar svo hefur verið um nokkra hríð að öll kaupskip eru skráð erlendis, kemur loksins á síðustu dögum þings, á síðustu dögum þessarar ríkisstjórnar, á síðustu dögum hæstv. samgönguráðherra í ráðherrastóli, fram frumvarp sem lýtur að þessu máli og það er að vísu fagnaðarefni. Það markmið að reyna að koma kaupskipunum aftur í íslenska lögsögu, bæði að skipin verði skráð hér á landi og sjómennirnir sem starfa um borð í skipunum verði skráðir hér, er náttúrlega gríðarlegt hagsmunamál fyrir þjóðina, bæði sjálfstæðismál og gríðarlegt hagsmunamál efnahagslega líka að hafa þau skráð hér. Því ber að fagna frumvarpinu hvað þessi atriði varðar þó að það komi seint fram og ráðherra geri greinilega ekki ráð fyrir að það verði að lögum áður en hann fer úr ráðherrastóli því það munu ekki vera meira en tveir eða þrír dagar eftir af raunverulegum starfsdögum þingsins. Þetta er svona viðleitni sem kemur fram á síðustu stundu.

Ef við lítum aðeins á ýmsa efnisþætti frumvarpsins þá vil ég staldra við þau atriði sem tekist hefur verið á um á undanförnum árum og sem talið hefur að skertu samkeppnisstöðu kaupskipaútgerðanna vegna þess að þær gætu ekki ef þær væru undir íslenskri lögsögu m.a. boðið starfsmönnum sínum kaup og kjör eftir eigin geðþótta. Þær töldu að ef þær yrðu að fara eftir íslenskum kjarasamningum, íslenskum áunnum réttindum og réttindum sem íslenskir starfsmenn hafa samkvæmt samningum hér á landi, væru þær ekki samkeppnishæfar. Þess vegna hafa þær m.a. leitað erlendis til þess að geta ráðið fólk á lakari kjörum. Ég tel í fyrsta lagi að það hafi verið misskilningur og í öðru lagi að þá hefði bara átt að taka á þannig að samkeppnishæfnin væri fyrir hendi. Það er alveg sama hversu mjög við viljum breyta lögum í þá veru að skipin komi hingað aftur og verði skráð hér, við megum samt undir engum kringumstæðum setja hér lög sem mismuna starfsmönnum, sjómönnum á þessum skipum, miðað við íslenska kjarasamninga og réttindi starfsmanna sem starfa hér samkvæmt íslenskum lögum. Þess vegna set ég stórt spurningarmerki m.a. við 11. gr. sem fjallar um mönnun og kjaramál en þar er sagt að áhafnir kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá skuli uppfylla lágmarkskröfur alþjóðasamþykktar um viðmiðanir að því er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna og gætt skuli reglna um öryggismönnun. Síðan segir:

„Um kjör skipverja í áhöfn kaupskips fer eftir þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið við stéttarfélög viðkomandi ríkja þar sem skipverji á lögheimili. Kjarasamningur gildir einungis fyrir félaga í því stéttarfélagi og ríkisborgara þess ríkis sem stéttarfélag á lögheimili í, enda eru þeir ekki í öðrum stéttarfélögum sem gerður hefur verið kjarasamningur við."

Nú er ég ekki svo kunnugur því hvernig þessu er háttað almennt í kjarasamningum en ég man ekki betur en að einmitt hafi verið lögð áhersla á að standa ætti vörð um það að þeir starfsmenn sem kæmu til starfa undir íslenskri forsjá, undir íslenskri lögsögu, hvort heldur á sjó eða landi, fengju kaup og kjör samkvæmt íslenskum lögum og íslenskum kjarasamningum. Þarna er aftur á móti verið að segja að hægt sé að vera með 20 manns á skipi og þó að

skipið sé skráð hér geti skipverjarnir verið á 20 ólíkum kjarasamningum í 20 mismunandi löndum þess vegna. Markmiðið sem við höfum sett og barist fyrir, að fólk sem vinnur hlið við hlið undir íslenskri lögsögu búi við sömu kjör, er ekki tryggt og er meira að segja verið að opna á það í þessum lögum að það sé ekki gert. Ég spyr ráðherra: Samræmist þetta íslenskum lögum? Hefur hæstv. ráðherra rætt t.d. við hæstv. félagsmálaráðherra, sem ég held að hafi verið að mæla fyrir lögum um réttindi og skyldur og atvinnuréttindi erlendra ríkisborgara sem hér starfa? Þegar skip er komið undir íslenskan fána, sem við höfum að markmiði og ég styð, hlýtur það að heyra undir íslensk lög hvað fólk varðar, hvað réttindi og skyldur varðar, hvað kjarasamninga varðar. Ef fara á út á aðra braut með það tel ég okkur vera komin á mjög hættulega braut. Þegar maður les athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og það sem fjallað er um í 11. gr. þar sem verið er að opna á þá heimild að skip geti verið með starfsmenn, sjómenn, á mismunandi kjörum eftir því frá hvaða landi þeir koma, þá sjáum við að það er ekki nóg með það heldur segir líka í athugasemdum við 11. gr., með leyfi forseta:

„Um kjör skipverja gerir frumvarpið ráð fyrir að fari eftir kjarasamningi þess lands sem viðkomandi skipverji á lögheimili í og gilda því íslenskir kjarasamningar einungis um íslenska skipverja í áhöfn kaupskipa."

Takið eftir hvað ég er að segja. Enda þótt skipið eigi að sigla undir fána Íslands og heyra þar af leiðandi að mínu mati undir íslensk lög þá eiga íslenskir kjarasamningar einungis að gilda um þá sem eru íslenskir ríkisborgarar. Um hina fer eftir kjarasamningum þess lands sem þeir koma frá. Ekki er nóg með þetta heldur segir áfram í athugasemdum við 11. gr., frú forseti:

„Miðað er við að kjarasamningur gildi einungis fyrir þá sem eru í því stéttarfélagi sem gerði samninginn og hefur það þá þýðingu að ef skipverji er ekki í stéttarfélagi í sínu heimalandi eða annars staðar er útgerð kaupskipsins heimilt að semja sérstaklega við hann um kaup og kjör."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi ekki verið lærdómsríkt fyrir hann að fylgjast með skipinu sem kom að Grundartanga og var stöðvað þar af samtökum sjómanna hér á landi vegna þess að ekki hafði verið gert upp við skipverjana. Þeir bjuggu ekki við þann aðbúnað sem alþjóðasamþykktir kveða á um og höfðu vond kjör. Hvað óttuðust þeir og hvers vegna ætluðu þeir ekki að þora að tala við neinn? Það var að ef þeir mundu opna munninn yrðu þeir reknir heim, sagt upp störfum og þeir reknir heim. Er það ástand sem hæstv. ráðherra vill innleiða á kaupskipum undir íslenskum fána? Þannig ætti þetta hvergi að vera.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal talar um hentiskip og hentifána. Ég er ekki hlynntur því að íslenski fáninn verði neinn hentifáni til þess að lækka eða bjóða út kjör sjómanna. En eftir orðanna hljóðan gætu sjómenn unnið á ólíkum kjarasamningum hlið við hlið á íslensku skipi, undir íslenskum fána, eftir því frá hvaða landi þeir koma eða því stéttarfélagi sem þeir eru aðilar að. Séu þeir ekki aðilar að stéttarfélagi þá hefur útgerðin frjálsar heimildir til að semja eða að skaffa eða til að ákveða launin. Einn sjómaður án samningsfélags hefur enga samningsstöðu eins og við vitum. Við þekkjum þann þrýsting sem vinnuveitendur geta beitt starfsmenn í slíkum tilfellum og þar með væri innleitt fullkomið réttleysi, ef þetta yrði raunin. Frú forseti, ég vara afdráttarlaust við þeirri nálgun sem hér er verið að innleiða á íslensku atvinnusvæði og í íslenskri lögsögu, eins mikið og ég er fylgjandi því að útgerðirnar og skipin komi og heyri undir íslenska lögsögu. Þetta er eitt af þeim atriðum sem maður heggur sérstaklega eftir og finnst með ólíkindum að finna í frumvarpi sem íslenskur ráðherra flytur.

Það væri ástæða til að spyrja um fleira. Ætli það séu ekki eitt og hálft eða tvö ár síðan hingað komu fulltrúar frá sænskum verkalýðssamtökum sem sjómenn á flutningaskipum eiga aðild að. Mig minnir að þeir legðu til annað kerfi heldur en hér er gert ráð fyrir. Þar var lögð áhersla á, ef ég man rétt, að allir sjómenn væru á sænskum kjarasamningum, nytu lífeyrisréttinda og allra þeirra starfsréttinda sem sænskir launþegar njóta. En síðan var einhvers konar endurgreiðslukerfi við lýði sem jafnaði aðstöðu skipafélaga og sjómanna þannig að þau voru samkeppnishæf við aðrar þjóðir. Ég sé ekki að hinu sænska kerfi hafi verið gerð skil. Það er nefnt á bls. 29 í greinargerð að í Noregi og Svíþjóð séu siglingar blómstrandi útflutningsatvinnuvegur og í öðru og þriðja sæti hvað varðar gjaldeyristekjur. Þessi yfirlýsing segir okkur hversu gríðarlegt hagsmunamál þetta er, að kaupskipin komi heim. En eftir því sem ég man best þá var einmitt lögð rík áhersla á það í þessum löndum að réttindi sjómanna, starfsmanna á skipunum, væru að fullu virt og þeir lytu sænskum lögum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann vildi kanna þessa sænsku leið.

Í lokin vil ég nefna strandflutningana. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum undanfarin ár ítrekað flutt frumvörp um að strandsiglingar verði teknar upp að nýju. Ég held að það hafi verið ein af döprustu aðgerðum ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins á sínum tíma að hætta strandsiglingum með því að leggja niður stuðning við þær. Finna hefði mátt aðra leið til að halda þeim uppi. Við fáum stöðugar áskoranir frá byggðarlögum, m.a. Vestfjörðum og víðar um land, þar sem samkeppnisstaða þessara byggðarlaga skertist þegar strandsiglingar voru aflagðar.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum ítrekað lagt áherslu á að strandsiglingar verði teknar upp, þótt ríkið þyrfti að styðja við þær. Það væri bara sjálfsagt. Þetta er flutningskerfi sem er partur af grunnþjónustu við atvinnulíf og búsetu um allt land. Ríkið styður við hafnir sem er gott. Ríkið byggir vegi og á vegina og þess vegna er jafnmikilvægt að siglingar meðfram ströndum landsins séu studdar þannig að sá flutningsmáti geti orðið samkeppnishæfur. Þau rök sem oft hafa verið flutt hér, að það sé ekki hægt vegna einhverra reglna í Evrópusambandinu, eru náttúrlega fáránleg. Alltaf þegar ráðherrar hafa komist í rökþrot þá segja þeir að þannig séu ESB-reglur og þegar þeir eru beðnir um að skilgreina það nánar verður fátt um svör.

Það er einmitt svo varðandi siglingarnar, flutninga sjóleiðina, að Evrópusambandið hvetur til ríkisstyrkja í því sambandi eins og segir í greinargerðinni. Leiðbeiningar ESB um ríkisstyrki til sjóflutninga heimila að fella megi niður skatta og gjöld af sjómönnum á þessum skipum. Það

á við á styttri og lengri sjóleiðum, eins og stendur þarna í greinargerðinni. Það hefur ekki vantað heimildir og hefði ekki þurft að brjóta nein lög. Við höfum staðið frammi fyrir fullkomnu aðgerða- og sinnuleysi stjórnvalda í þessum málum hvað varðar sjóflutninga.

Það er virðingarvert að þetta frumvarp skuli komið fram. Markmiðið er að kaupskip verði aftur íslensk, sem annast flutninga til og frá landinu og hringinn í kringum landið. Þau geti verið skráð á Íslandi undir íslenskum fána samkvæmt íslenskum lögum og þá eiga starfsmennirnir líka að njóta réttinda sem slíkir samkvæmt íslenskum kjarasamningum og við verðum að haga lagasetningunni eftir því.

[18:53]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason kom víða við í sinni ræðu sem er ekki óeðlilegt. Oft höfum við tekist á um þessi mál og rætt í þinginu. Ég vildi í upphafi lýsa yfir ánægju minni með að komin skuli fram frumvörp, bæði frá hæstv. fjármálaráðherra og samgönguráðherra, um alþjóðlega skipaskrá sem mjög hefur verið óskað eftir af hálfu samtaka stéttarfélaga sjómanna og útgerðar. Ég mun á eftir koma betur að þessu máli og fjalla ítarlega um hver þróunin hefur verið og stöðuna í dag.

En varðandi það sem hv. þm. Jón Bjarnason talaði um, 11. gr. um mönnun skipa, þar sem hann vitnaði til átaka milli stéttarfélaga sjómanna og útgerðar á tilteknu skipi í Grundartangahöfn þá er það svo að orðalag skýringarinnar við 11. gr laganna er aðeins annað en orðanna hljóðan í lagatexta sömu greinar. Þar er talað um að útgerðinni sé heimilt að semja sérstaklega við viðkomandi sjómenn um kaup og kjör.

Nú er það svo að Alþjóðaflutningaverkamannasambandið ITF hefur fylgst mjög vel með skipum og skipaferðum í Evrópu. Það sendi fulltrúa sína þar um borð til að fylgjast með því að lágmarksgreiðsla væri innt af hendi og samningar gerðir á milli útgerðar og sjómanna sem kveða á um að meðallaun sjómanna í Evrópu sé notaður til grundvallar þess launataxta sem Alþjóðaflutningaverkamannasambandið miðar við. Það er mál sem kannski þyrfti að standa hér frekar en útgerðin geri samninga við sjómenn. Ef útgerð ætlar sér að reyna að greiða lægri laun heldur en Alþjóðaflutningaverkamannasambandið hefur gengið frá þá fær það skip og útgerð þess hvergi frið í höfnum í Evrópu.

[18:55]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég játast undir það að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson þekkir þessi mál enn betur en ég og einmitt það sem hv. þingmaður nefndi, að Alþjóðaflutningaverkamannasambandið hefur kappkostað að reyna að fylgja því eftir að ekki verði brotið á sjómönnum með þessum hætti, að eingöngu séu kjarasamningar á milli útgerðar og starfsmanna í gildi, og þegar ekki væru í gildi kjarasamningar milli stéttarfélaga þá kæmi Alþjóðaflutningaverkamannasambandið að.

Ég vil bara spyrja hv. þingmann: Er nokkur ástæða fyrir því að hafa þetta inni? Eigum við að bjóða svona deilumáli heim með því að hafa það inni að útgerðirnar geti samið beint? Er það ekki bara lögbrot í sjálfu sér? Er það ekki brot á lögum Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins að útgerðin geti samið beint við starfsmenn? Við þekkjum húsbóndavald útgerðanna. Það er ekki sterk réttarstaða sem sjómaður hefur ef hann hefur hvorki stéttarfélag né önnur samtök á bak við sig varðandi ráðningarsamning. Þá er náttúrlega hægt að láta hann hlíta afarkostum. Hann hefur ekki tök á að mótmæla því þá verður hann bara sviptur starfinu.

[18:57]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Til að skýra þetta mál þá er það svo að samtök kaupskipaútgerða í Evrópu gera kjarasamning við Alþjóðaflutningaverkamannasambandið. Þar er lágmarkssamningur í gildi. Einstaka útgerðir og einstaka útgerðarmenn, eins og dæmið er um frá Grundartanga, sem reyna að komast undan þeim samningi og greiða mönnum lág laun og kjörin og jafnvel aðbúnaður um borð í skipum í samræmi við það. Þetta eru skip sem eru á mörkum þess að teljast hæf til siglinga. Enn er nokkuð til af þeim en með hertum reglum og alþjóðasamstarfi Siglingamálastofnunar og IMO þá fækkar þeim.

Varðandi kaup og kjör þessara aðila (ITF) held ég að stéttarfélög og samtök sjómanna séu sátt og þeim er mjög í mun að frumvörpin tvö, sem bæði fjármálaráðherra og hæstv. samgönguráðherra hafa lagt fram, nái fram að ganga. Auðvitað mun samgöngunefndin fara yfir þessa þætti og boða þessa aðila til sín, bæði fulltrúa sjómanna og útgerðar til að fara yfir og smíða þann texta svo falli að umhverfinu og því sem er að gerast á hinum Norðurlöndunum til að skapa starfskjör fyrir kaupskipaútgerðir undir alþjóðaskrá, íslenskum fána.

Við skulum ekki gleyma því að það er dapurt ástand í eyríkinu Íslandi að ekkert kaupskip skuli vera skráð hér. Þess vegna þurfum við öll að leggja okkur öll fram í þinginu um að koma þessu frumvarpi áfram svo við förum að sjá kaupskip sigla undir íslenskum fána að og frá landinu en auðvitað að uppfylltum kröfum um öryggi sjómanna og launakjör.

[19:00]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að sjálfsagt er að reyna að hraða þessu máli í gegn og þó þannig að það uppfylli öll lög og réttindi og skyldur þannig að allir séu sáttir enda getur það ekki verið kappsmál okkar að koma í gegn lögum sem ekki eru réttlát.

Það er alveg rétt að í umsögnum aðila í samtökum sjómanna og annarra um frumvarpið er hvatt til þess, hvað markmiðin varðar og það höfum við vitað að hefur legið fyrir að samtök sjómanna og annarra hagsmunaaðila hafa alltaf hvatt til þess að gert væri átak til þess að koma kaupskipunum aftur heim, en ég sé hvergi nefnt að þeir vilji gera það á kostnað réttinda sjómanna og það er ábyggilega ekki svo. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að við stöndum vörðinn um það. Enda minnist ég þess, og við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, og reyndar fulltrúar bæði samgöngu-

nefndar og frá fjármálaráðuneytinu, vorum saman á fundi með fulltrúum sænskra aðila sem lýstu fyrir okkur kerfi í Svíþjóð þar sem lagt var kapp á að allir væru við sömu kjör um borð í skipunum og væru í sænskum kjarasamningum. Síðan var einhver tegund af endurgreiðsluleið farin til þess að allt væri samkeppnishæft, kaupskipin, útgerðirnar og sjómennirnir.

Ég vil spyrja hv. þingmann, af því að hann kemur hér í ræðustól á eftir, hvort það sé sanngjarnt að vera með áhöfn þar sem einn sjómaður er á einum kjörum og annar á einhverjum öðrum kjörum og þriðji á einhverjum þriðju kjörum (Forseti hringir.) og svo kemur einn sem gerir bara samninginn beint við útgerðina.

[19:02]

**Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom svo sem ekki á óvart að hlusta á hv. þm. Jón Bjarnason hér áðan, fullyrðingar hans voru ein allsherjar sleggjudómafroða satt að segja, lítt rökstuddar fullyrðingar um neikvæða afstöðu stjórnvalda til siglinga o.s.frv. Það er mjög erfitt að fara ofan í og svara slíkum málflutningi og ég mun þess vegna takmarka mig mjög við það að vekja hins vegar athygli á því varðandi það frumvarp sem hér er til umfjöllunar að það er leitast við að sníða það að þeim reglum sem eru í nágrannalöndum okkar, bæði hvað varðar hluti sem koma fram í 11. gr. og öðrum greinum, í þeim tilgangi að við náum því að hafa reglurnar sem íslenskastar, að sjálfsögðu, en jafnframt að við höfum þær ekki með þeim hætti að hér verði ekkert skip skráð. Við þurfum að tryggja að við notum svipaða aðferðafræði og nágrannalöndin hafa haft og leggja ríka áherslu á að eftirlitið sé gott, umbúnaður og öryggismál séu í góðu lagi og það sé farið í einu og öllu eftir alþjóðlegum reglum sem við erum aðilar að.

Ef við ætlum hins vegar að búa til löggjöf um þessa íslensku alþjóðlegu skipaskrá sem stangast að verulegu leyti á við það sem er hjá öðrum þjóðum í nágrenninu þá er kannski ekki líklegt að mikið verði úr þessu. Þess vegna þurfum við að gæta okkar á því að umturna þessu frumvarpi ekki (Forseti hringir.) í hv. samgöngunefnd með þeim hætti að það verði óframkvæmanlegt að vinna þetta.

[19:04]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ráðherra hefur ekki hlustað á þegar ég var að hæla ráðherranum fyrir að koma fram með frumvarpið. Við erum búin að bíða eftir frumvarpi í þessa veru allt þetta kjörtímabil eins og hæstv. ráðherra veit og málið hefur ítrekað verið tekið hér upp á Alþingi og spurt hvar það stæði og alltaf verið fátt um svör. Það hefur ítrekað verið flutt þingsályktunartillaga um strandsiglingar og þá hefur líka verið fátt um svör. Þess vegna er það fagnaðarefni, eins og ég sagði í ræðu minni, að þetta frumvarp skuli komið fram og ég hef meira að segja verið að hæla ráðherra fyrir það og mun gera það og sérstaklega ef þessu frumvarpi verður nú breytt eða sniðnir af því þeir agnúar sem mér sýnist að þurfi að gera.

Ég ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Eru það ekki mistök að hafa sett þetta inn í textann að útgerðin geti samið beint við starfsmenn? Það kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að það er þá Alþjóðaflutningaverkamannasambandið sem gerir líka samninga en er ekki hlynnt því að þetta sé með þeim hætti að gerðir séu einhliða samningar á milli útgerðar og einstaklings.

Eins varpa ég því fram hvernig það hafi verið með sænsku leiðina sem var nefnd hér eða írsku leiðina. Ég man eftir að við áttum fund saman, fulltrúar samgönguráðuneytisins, fulltrúar fjármálaráðuneytisins og samgöngunefnd um möguleika á að taka upp eins konar alþjóðlega skipaskrá þar sem leið Svía var notuð, en það kemur fram að þeir hafi náð mjög góðum árangri, þar var einmitt lögð áhersla á að sjómennirnir væru undir einum kjarasamningi og nytu réttinda sem slíkir, en hins vegar var endurgreiðsluform eða einhverjar aðrar leiðir til þess að tryggja samkeppnisstöðu útgerðarinnar. (Forseti hringir.) Ég tel að samgöngunefndin muni skoða þessi mál í heild sinni, frú forseti.

[19:07]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mig rak bara alveg í rogastans þegar ég sá þetta frumvarp og gladdist mjög því að hér er loksins að koma í ljós frumvarp um málefni sem staðið hefur um áralöng barátta bæði samtaka sjómanna og eins þingmanna Samfylkingarinnar og reyndar fleiri hér í þingsal Alþingis og í samgöngunefnd.

Alþjóðleg skipaskrá var lengst af ekki hluti af mínum hversdagsveruleika, frú forseti, en strax og ég tók sæti í samgöngunefnd fyrir tveim árum fór þetta mál að skjóta upp kollinum og í hvert sinn sem sjómenn eða talsmenn sjómanna komu á fund nefndarinnar bar þetta mál á góma, því eins og komið hefur fram í máli manna er þetta ákaflega mikilvægt málefni fyrir okkur. Það er dapurlegt að málum skuli hafa verið komið þannig að ekkert eða hugsanlega eitt skip hafi verið skráð undir íslenskum fána, öll skip skuli vera komin í skráningu hjá nágrannalöndum okkar sem hafa fyrir mörgum árum gengið í það verk sem loksins er verið að ganga í hér. Og það er svo seint á starfsdögum þingsins að ég efast um að það geti náð fram að ganga, því miður, virðulegi forseti, því að ég get ekki séð að það sé tími til að senda þetta mál út til umsagnar. Hugsanlega vinnst tími til að fá menn á fund nefndarinnar með umsagnir en þetta er auðvitað allt of seint á ferðinni eins og reyndar ýmislegt fleira sem kemur frá ríkisstjórninni þessa dagana.

Í máli gesta sem komið hafa á fund samgöngunefndar hafa komið fram ýmsir vankantar sem fylgja því að skip eru ekki skráð á Íslandi, skip sem eru í eigu Íslendinga, með íslenskri áhöfn að hluta til í flestum tilfellum og yfirstjórnendur yfirleitt alltaf Íslendingar. Til dæmis greiða viðkomandi að sjálfsögðu ekki skatt til Íslands en fjölskyldurnar eru eftir sem áður hér, börn í skóla o.s.frv., sem þýðir að það þarf að ganga í ýmsar erfiðar samningaviðræður til að koma þeim málum á hreint.

Síðan er það auðvitað hluti af sjálfsmynd þjóðar, ekki satt, að hafa bæði flugvélar og skip undir okkar eigin þjóðfána, þau skip sem Íslendingar eiga, eins og ég sagði áðan, en hafa ekki treyst sér til að skrá hér vegna þess að hér hafa þeim verið boðin svo miklu verri kjör en annars staðar tíðkast.

Það vill svo til, frú forseti, að um síðustu páska var ég stödd á Kúbu ásamt manni mínum og dóttur og við fórum að skoða gamlan kastala sem er við innsiglinguna á Kúbu. (**GHall:** Morro kastali.) Já, og þar kölluðu hafnarverðirnir á okkur og fóru að sýna okkur aðstöðu sína sem var fróðleg. Þar drógu þeir fram úr pússi sínu íslenskan fána sem hafði aldrei verið notaður vegna þess að þeir flagga fánum viðkomandi þjóðlanda þegar skip siglir inn en það hafði aldrei komið íslenskt skip undir íslenskum fána skráð á Íslandi í höfn á Kúbu. Ég sagði við mennina að ég vonaðist til að það gerðist fyrr en síðar, áttaði mig svo á því þegar við höfðum kvaðst — og hefði nú örugglega ekki sagt þeim frá því þótt ég hefði áttað mig á því nógu snemma, því að mér fannst það nú og finnst skammarlegt, að við þurfum að skrá skipin okkar annars staðar, að það var ekki til að tjalda neinum skipum sem sigldu undir íslenskum fána þannig að það var ekki von að þau hefðu komið í höfn á Kúbu.

Nú hillir undir það, frú forseti, að íslensk skip geti siglt undir íslenskum fána og það finnst mér virkilega ánægjulegt því eins og ég sagði áðan fylgja því ýmsir vankantar að hafa skipin ekki skráð hér. Ég gleymdi að telja upp eitt sem er mjög ofarlega í hugum þeirra sjómanna sem hafa komið á fund samgöngunefndar en það eru einmitt menntunarmál sjómanna. Þeir telja að með því að hér væru ekki skráð skip væri mjög líklegt að menntunarmálum sjómanna mundi hraka. Það væri ekki eins mikil hvatning fyrir sjómenn að mennta sig til starfa á íslenskum farskipum ef þau gætu ekki verið skráð hér og starfsmenn þar með heimilisfesti á Íslandi.

Þetta er fagnaðarefni og aðeins vont að þetta skuli ekki hafa komið fyrr fram þannig að við hefðum getað unnið að málinu vel og vandlega, en ég á frekar erfitt með að sjá að það sé hægt úr þessu, frú forseti, en vona þó hið besta.

[19:13]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Frú forseti. Ég tek undir það sem hæstv. samgönguráðherra kom að áðan að hér er um mikilvæga löggjöf að ræða í ljósi þess að engin íslensk skip eru á íslenskri skipaskrá og færri sækja um að mennta sig í Stýrimannaskólanum og Vélskólanum, þ.e. þeir sem síðan ætla að leggja það starf fyrir sig að stunda farmennsku.

Það eru mikið breyttir tímar frá því sem áður var þegar jafnvel voru allt upp undir 60 kaupskip skráð á íslenskri skipaskrá en margt hefur gerst síðan. Það er nauðsynlegt að rifja aðeins upp hvers konar aðferðir voru notaðar á árum áður þegar rými í skipum var nýtt nánast 100% og allt var híft um borð í stroffum og í land með sama hætti. Síðan varð þróunin mjög hröð og það er líklega komið á þriðja áratug síðan gámaflutningar hófu innreið sína í landið og urðu alls ráðandi, jafnvel þótt menn hefðu ekki mikla trú á þeim. Það þýddi að flutningahraði skipanna varð miklu meiri, viðdvöl í höfn varð miklu styttri, losun og lestun varð fljótari, og þá fóru menn líka að horfa til þess hvernig þjóðfélagið var samsett og hvernig flutningarnir voru. Þeir gátu verið miklir á einum árstíma og minni á öðrum og jafnvel gat það varað í tvö, þrjú ár að flutningar voru litlir en síðan jukust þeir og tóku þá jafnvel mið af kaupgetu almennings. Kaupskipaútgerðir áttu í nokkrum erfiðleikum með að bregðast við þessu. Þá var orðið mjög algengt erlendis að aðilar sem stunduðu kaupskipaútgerð og voru okkur fremri voru farnir að taka upp svokallaða þurrleiguskráningu, þ.e. félög sem áttu mikið af kaupskipum leigðu þau út bæði í svokallaðri þurrleigu og tímaleigu og þar er munurinn sá að í þurrleigu var skipið leigt án áhafnar en í tímaleigu með áhöfn. Það gerðist í vaxandi mæli að þessi skip voru leigð til Íslands og þá fór íslenski kaupskipastóllinn að breytast mjög og ekkert óeðlilegt við það.

Á Norðurlöndunum brugðust menn þannig við vegna fækkunar í kaupskipaflotanum að þeir lækkuðu skatta og skyldur á útgerð. Það var vegna hinnar miklu samkeppni margra aðila sem áttu kaupskip og leigðu þau jafnvel í tímaleigu og voru með fólk frá þriðja heiminum um borð og borguðu miklu lakari laun en almennt gerðist og voru þar af leiðandi í miklu betri samkeppnisstöðu en t.d. íslenskar útgerðir og eins var þetta annars staðar á Norðurlöndunum. Þau þróuðu þó fljótlega skipaskrá sína í þá veru sem við erum að ræða um hér og það leiddi til þess að við fækkun í kaupskipastól í Noregi, Svíþjóð og Danmörku brugðust löndin þannig við að þau gátu eflt skipastól sinn. Þá fór að bera á því að skipin urðu verr úr garði gerð, aðbúnaður áhafnar lélegur og kaup og kjör manna mjög léleg. Um það leyti og nokkru áður hafði starfsemi Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins, sem fylgdist mjög náið með aðbúnaði, launum og kjörum þessa fólks, eflst og fór svo að sambandið gerði kjarasamning við samtök kaupskipaútgerða í Evrópu um lágmarkslaun. Það var mikið gæfuspor og tók þetta þá nokkrum breytingum en það merkilega er kannski að þróunin varðandi eftirlit með þessum skipum af hálfu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og siglingastofnana annarra þjóða varð ekki öflugt fyrr en fyrir u.þ.b. tveimur áratugum síðan. Nú hafa þessar siglingastofnanir annarra Evrópuþjóða tekið upp samstarf þannig að nú er gerð sérstök skoðun um borð í 25% allra þeirra erlendu skipa sem koma í íslenskar hafnir, bæði á aðbúnaði og öryggismálum, þannig að eftirlit er orðið miklu hertara með erlendum skipum nú en áður var.

Það sem hefur gerst líka varðandi þessa eflingu skipaskrár á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu — t.d. er athyglisvert hve skipum hefur fjölgað á Írlandi vegna þess skattalega umhverfis sem þar er — er að störfum í landi hefur fjölgað vegna kaupskipaútgerða. Menn hafa sagt að það láti nærri eða það sé þumalputtaregla að fyrir nær hvert eitt starf á sjó skapist annað starf í landi og það er auðvitað mjög athyglisvert.

Ég tel að þetta frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá sé mjög þarft og brýnt að það komi fram nú í ljósi þess að í mörg ár voru stéttarfélögin ósammála um hvaða aðferð skyldi nota til að efla íslenska alþjóðlega skipaskrá. Mönnum sýndist sitt hvað um það en árið 2004 barst samgöngunefnd bréf frá þessum aðilum þar sem þeir óskuðu eftir þessu í ljósi þess að þeir væru nú á einu máli um hvernig standa skyldi að málinu og væru tilbúnir til þess samstarfs sem hér hefur séð dagsins ljós.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé hið besta mál og vona að samgöngunefnd gangi vel til verka varðandi þetta frumvarp, kalli aðila á sinn fund, bæði frá kaupskipaútgerð og sjómannasamtökum, og sjái hvort ekki sé möguleiki á

því að fylgja þessu verki áfram þannig að frumvarpið megi verða að lögum áður en þingi lýkur.

Virðulegi forseti. Ég vildi að lokum geta þess út af orðum hv. þingmanns sem talaði áðan, Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, sem hafði farið til Kúbu með fjölskyldu sinni og komið í þann kastala sem ég kallaði fram í og rifjaði upp fyrir hana að heitir Morro Castle. Hún talaði um að ekkert íslenskt skip hefði komið til Kúbu og það væri dapurt. Ég vil hins vegar upplýsa þingmanninn um það að ég var háseti á íslensku kaupskipi sem kom til Havana á Kúbu 1959 og 1960 og upplifði þann darraðardans þegar Kastró tók völdin af Batista, þannig að víða hafa íslensk kaupskip komið við þó að þeir sem í nútíðinni lifa muni ekki fortíðina og eru kannski með fullyrðingar sem eiga ekki alltaf við rök að styðjast. Þessar stundir mínar á Kúbu eru ógleymanlegar en það er önnur saga.

[19:21]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek afdráttarlaust undir þau orð hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um hversu brýnt er að við getum komið á viðunandi kerfi þannig að kaupskipin sjái sér hag í að eiga heimili á Íslandi og að íslenskt kaupskip sigli á ný undir íslenskum fána þó að þau hafi hrakist burt eða talið sér betur borgið annars staðar. Ég minni á, eins og stendur í umsögn sem ég vitnaði í áðan, að í öðrum löndum, t.d. Noregi, Danmörku og Svíþjóð, eru siglingar blómstrandi útflutningsatvinnuvegur og eru í tveimur þeirra í öðru og þriðja sæti hvað varðar gjaldeyristekjur. Það eru því gríðarlegir hagsmunir sem þarna eru í húfi.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé tilvinnandi að setja þannig lagagrunn hér á landi að sjómenn sem starfa á þessum skipum séu bæði með laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum og njóti réttinda sem íslenskir kjarasamningar veita, lífeyrissjóðsréttindi og önnur veikinda- og starfsmannaréttindi sem hefur verið baráttumál á undanförnum áratugum og eru í rauninni grunnur íslensks velferðarkerfis, kjarabarátta sem hefur skilað sér í launajafnrétti og launakjörum, en að fundin verði einhver önnur leið til að greiða fyrir þessu, einhver jöfnunarleið, einhver niðurgreiðsluleið eins og bent er hér á. Til dæmis er bent á það í umsögn Vélstjórafélagsins að niðurgreiða síðan laun sjómanna til útgerðarinnar þannig að hún verði samkeppnishæf en að sjómennirnir sem slíkir njóti réttindanna og kjaranna

[19:23]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er þannig með þau skip sem gerð eru út frá Færeyjum af hálfu íslenskra kaupskipaútgerða, Samskips, Kaupskips og Olíudreifingar, að það er nokkuð mismunandi hvernig þar hefur verið staðið að málum en ég veit að hjá Samskip og Eimskip eru þau skip sem eru í reglubundnum siglingum til og frá Íslandi jafnvel undir fleiri þjóðfánum en einum, Panama og fleiri, og ekki öll skráð í Færeyjum sem slík heldur er áhafnaskráningin þar. Sjómenn eru á íslenskum kjörum, njóta tryggingа og greiða í lífeyrissjóði hér. Það eina sem stendur út undan hjá annarri útgerðinni eru sérstakar greiðslur til Tryggingastofnunar vegna feðraorlofs.

Ég óttast það ekki, virðulegi forseti, og deili ekki þeim áhyggjum með hv. þingmanni því að með þessari alþjóðaskipaskrá munum við væntanlega ná því að íslensk farmannastétt deyr ekki út. Hún er mjög eftirsótt vegna þekkingar og reynslu sem þarf að hafa hvað góða sjómennsku áhrærir. Og vegna vályndra veðra, sjólags og vinda sem eru hér í Norður-Atlantshafinu er mjög mikilvægt að sjómenn hafi kunnáttu, þekkingu og getu til að sjóbúa farm svo tjón á farmi verði sem minnst. Það hefur sýnt sig, því miður, að þegar skip hafa verið tekin á tímaleigu með erlendum sjómönnum að þar hefur oft orðið miklu meira tjón en á skipum sem eru mönnuð íslenskum farmönnum.

[19:25]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning ætla ég ekki fyrir fram að væna skipafélög sem koma til með að skrá skip sín hér á landi um að fara ekki eftir bestu kjarasamningum og skaffa sjómönnum sínum bestu kjör. Það væri engan veginn sanngjarnt að segja slíkt fyrir fram. Ég vona og trúi að skipafélög hafi þann metnað að þau búi starfsmönnum sínum sem best kjör, enda er það ljóst að starfsmenn sem búa við atvinnuöryggi og við góð kjör eru líka þeir starfsmenn sem skila bestum afköstum í starfi og hægt er að treysta þegar á reynir, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom inn á.

Mér finnst bara tónninn í frumvarpinu um samkeppnisstöðuna snúa of mikið að kjörum sjómanna, að þau séu akkillesarhællinn í samkeppnisstöðunni. Ég kann ekki við hann, mér finnst hann bera þann keim. Mér finnst alveg sjálfsagt að skoða afslætti á sköttum á sjómönnum og útgerðum til íslenska ríkisins. Margfeldisáhrifin af því að kaupskipin séu skráð hér eru svo gríðarlega mikil þó að útgerðirnar fái að njóta skattaívilnana og gjaldaívilnana þannig að þær verði samkeppnishæfar og það verði tryggt að sjómennirnir búi við bestu starfskjör, réttindi og öryggi. Mér finnst það eiga að vera í fyrirrúmi í svona lagasetningu en ekki hvernig veikja megi réttarstöðu þeirra og þenja hana til ystu randa, frú forseti.

[Fundarhlé. — 19:28]

[20:01]

**Útbýting:**

Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., 654. mál, nál. allshn., þskj. 1072; brtt. allshn., þskj. 1073.

Íslendingur í Greensville-fangelsinu, 687. mál, fsp. JóhS, þskj. 1076.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 678. mál, frv. KolH, þskj. 1044.

Æskulýðslög, 409. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1074; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 1075.

[20:02]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum mjög tímabært mál, mál sem ástæða hefði verið til að hefði komið inn á þing fyrir einhverjum árum. Þetta er fylgifrumvarp þess frumvarps sem lagt var fram af fjármálaráðherra fyrir nokkrum dögum, um

að búa til svokallað skattleysi, tekjuskattsleysi, og taka upp tonnagjald, sem er það gjald sem er tekið í alþjóðlegum skipaskrám sem hafa verið settar á fót á undanförnum árum. Má nefna dæmi frá Írlandi og Færeyjum.

Við Íslendingar höfum verið ákaflega lengi að ná sátt um að leggja til alþjóðlega íslenska skipaskrá. Nú er sú sátt fyrir hendi og samtök útgerðarmanna og sjómanna hafa mælt með því að þetta verði fest í lög. Getið er um það í minnisblaðinu um skipan starfshóps. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í júlí sama ár barst samgönguráðherra, fjármálaráðherra og formanni samgöngunefndar Alþingis bréf frá Samtökum atvinnulífsins, Félagi skipstjórnarmanna, Vélstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur þar sem enn er skorað á stjórnvöld að grípa til aðgerða ...“

Einnig segir:

„Til þess að sporna við þróuninni hafa nágrannalönd okkar gripið til margvíslegra aðgerða til þess að skapa kaupskipaútgerð þeirra hagstæðari rekstrarskilyrði og sporna þannig við því að þekking og störf flytjist úr landi. Aðgerðir nágrannalanda okkar snúa í grundvallaratriðum að því að bæta rekstrarskilyrði útgerða með rýmri löggjöf og skattalegum ívilnunum.“ — Það var það frumvarp sem hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir í síðustu viku og við tókum undir mörg hver sem lausn í þessu máli.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Í ágúst afhentu Samtök íslenskra kaupskipaútgerða starfshópnum yfirlýsingu sama efnis.“

Þar sagði m.a., með leyfi forseta:

„Eigi kaupskipaútgerð að þrífast og dafna á Íslandi, þurfa íslensk stjórnvöld að tryggja að rekstrarumhverfi þeirra fyrirtækja sem starfa í greininni sé samkeppnishæft við rekstrarumhverfi það sem samkeppnisaðilarnir búa við.“

Undir þessi sjónarmið er upplagt að taka. Vissulega hefði verið tilefni til þess að bregðast við fyrr, eins og ég sagði í inngangi máls míns, að við værum ekki fyrst að bregðast við þegar við ættum ekkert kaupskip skráð í íslenska skipaskrá. Ég held að síðasta skipið sem var tekið af íslenskri skipaskrá hafi verið Keilir sem var fært á skipaskrá í Færeyjum.

Hvað um það, hæstv. forseti, betra er seint en aldrei. Ég vonast vissulega til þess að þetta geti orðið til þess að rekstraraðilar kaupskipa, einkum íslenskir eða fyrirtæki sem hafa starfað í tengslum við íslensk fyrirtæki, sjái sér hag í því að skrá kaupskip hér á landi í hina alþjóðlegu skipaskrá og að rekstur útgerðarfélaganna falli þá undir samstæð kjör og hafa verið tekin upp í nágrannalöndum okkar að því er varðar skattgreiðslur þannig að útgerðir verði samkeppnishæfar á íslenskri skipaskrá. Það er til mikils að vinna ef hægt er að snúa þróuninni við. Við gerum okkur vonir um að það sé hægt, það hefur m.a. tekist í Færeyjum og á Írlandi þar sem verulega hefur fjölgað í kaupskipaflotanum. Það eru sennilega þau ríki í nágrenni við okkur sem nýlegast hafa tekið upp það fyrirkomulag sem við erum að fara í gang með.

Þetta vildi ég segja almennt, hæstv. forseti, um þetta. Við þurfum samt að huga vel að einu atriði og það er í 11. gr. frumvarpsins þar sem talað er um mönnun og kjaramál.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Um kjör skipverja í áhöfn kaupskips fer eftir þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið við stéttarfélög viðkomandi ríkja þar sem skipverji á lögheimili. Kjarasamningur gildir einungis fyrir félaga í því stéttarfélagi og ríkisborgara þess ríkis sem stéttarfélag á lögheimili í, enda eru þeir ekki í öðrum stéttarfélögum sem gerður hefur verið kjarasamningur við.“

Síðan segir, hæstv. forseti, í umsögn um 11. grein, um kjör skipverja, með leyfi forseta:

„Um kjör skipverja gerir frumvarpið ráð fyrir að fari eftir kjarasamningi þess lands sem viðkomandi skipverji á lögheimili í og gilda því íslenskir kjarasamningar einungis um íslenska skipverja í áhöfn kaupskipa. Miðað er við að kjarasamningur gildi einungis fyrir þá sem eru í því stéttarfélagi sem gerði samninginn og hefur það þá þýðingu að ef skipverji er ekki í stéttarfélagi í sínu heimalandi eða annars staðar er útgerð kaupskipsins heimilt að semja sérstaklega við hann um kaup og kjör.“

Hæstv. forseti. Ég vildi vara við þessum ákvæðum. Í fyrsta lagi: Til þess að menn hafi frið um slíka útgerð kaupskipa í alþjóðlegri skipaskrá, eins og hér er lagt til, þurfa menn að passa sig á því að fylgja ákveðnum lágmarksreglum. Þær lágmarksreglur eru einfaldlega á þann veg að menn geti ekki miðað við lægri kjör en kveðið er á um í kjörum Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins fyrir flutningastarfsemi og störf á kaupskipum, svokallaða ITF-samninga þar sem kveðið er á um lágmarkskjör þeirra manna sem starfa á kaupskipum og eru í siglingum.

Það er algjörlega nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að útgerðir sem skrá sig á íslensku alþjóðlegu skipaskrána fá engan starfsfrið ef þær reyna að fara niður fyrir þau lágmarkskjör. Þá lenda menn bara í endalausri vöktun, einelti og stöðvunum. Það er lágmarksskilyrði að menn hugsi til þessara lágmarkskjara en það stangast aftur á við það ákvæði sem nú síðast var vikið að, að útgerð kaupskips sé heimilt að semja sérstaklega við mann um kaup og kjör. Það verður þá a.m.k. að taka mið af því að menn fari ekki neðar en lágmarkskjörin sem kveðið er á um alþjóðlega til að tryggja starfsfrið. Ákveðið eftirlit fer fram með þessum skipum, að kjarasamningar séu haldnir, víða um heim og menn lenda einfaldlega uppi á skeri rekstrarlega ef þeir hafa ekki starfsfrið. Á þessu vildi ég vekja sérstaka athygli, hæstv. forseti.

Ég vil einnig minna á að við vorum nýlega með frumvarp í þinginu þar sem rætt var um starfskjör erlendra manna á Íslandi sem vinna hjá íslenskum fyrirtækjum. Manna sem eru hér annaðhvort á eigin vegum eða eru starfsmenn svokallaðrar kaupleigu, þ.e. þegar vinnumiðlanir leigja frá sér starfskraft til fyrirtækis til ákveðins tíma. Í því frumvarpi var kveðið á um að það skyldi tryggt að allir þeir erlendu starfsmenn sem hér ynnu störfuðu samkvæmt íslenskum kjarasamningum og væru ekki á lakari kjörum en innlendir starfsmenn og hefðu að öllu leyti sömu réttindi. Við vorum m.a. að tala um tryggingar, við vorum að tala um sjúkrarétt, við vorum að tala um orlofsrétt, slysarétt o.s.frv. Þar sem við erum nýbúin að ræða þessi mál í tengslum við það frumvarp held ég að við þurfum að horfa til þess hvað við erum að gera í þeim lögum og fara alls ekki

út úr því fari að tryggja hin alþjóðlegu lágmarkskjör. Um það gæti ekki orðið neinn starfsfriður almennt fyrir útgerðir.

Þar að auki held ég að ákveðið ósamræmi geti verið í því ef við erum að tryggja kjör allra erlendra manna sem vinna í landinu, þar með talið manna sem koma frá vinnumiðlunum og starfa hér tímabundið, en erum svo að festa eitthvert allt annað umhverfi í sessi að því er varðar kaupskipaútgerðina. Ég ráðlegg því eindregið að horft verði mjög stíft til þess að við förum ekki niður fyrir alþjóðleg lágmarkskjör og höldum okkur við það. Við þurfum líka að horfa til þess hvaða tryggingar þessir menn hafa varðandi slysatryggingar og orlofsrétt og ýmislegt fleira. Við getum varla verið með mjög ólík lög að því er varðar erlenda starfsmenn íslenskra fyrirtækja þó að við séum vissulega hér með alþjóðlega kaupskipaskrá sem m.a. Evrópusambandið hefur viðurkennt að megi vera með ýmsum hætti, megi jafnvel þiggja styrki frá ríkinu o.s.frv., og gera megi sérstakar ráðstafanir til þess að viðhalda kaupskipaútgerð innan Evrópusambandsins og á Evrópska efnahagssvæðinu sem við erum aðilar að.

Þetta vildi ég nú sagt hafa, hæstv. forseti. Ég vænti þess að málið verði skoðað gaumgæfilega í hv. samgöngunefnd og farið verði yfir þetta. Við eigum að passa okkur á því að ganga svo um gleðinnar dyr, við fögnum því jú vissulega að frumvarpið er komið fram, að við förum ekki niður fyrir viðmið sem teljast alþjóðleg og standast eðlileg kaup og kjör á vinnumarkaði á okkar heimssvæði þar sem við höfum gengist undir ýmis réttindi eins og mannréttindasáttmála, félagslega sáttmála o.s.frv. Það er því að mörgu að hyggja í þessu.

[20:13]

**Kristján L. Möller:**

Frú forseti. Það frumvarp sem við erum hér að ræða um er frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá sem hæstv. samgönguráðherra flytur. Áður hefur hæstv. fjármálaráðherra flutt í raun og veru sams konar frumvarp sem snýr þá að skattalögunum.

Ég sagði í stuttu andsvari áðan að auðvitað fagnaði ég því að þessi frumvörp skuli vera komin fram og sagði að betra væri seint en aldrei. En ég ætla, virðulegi forseti, að sjálfsögðu að áskilja mér allan rétt við vinnu í samgöngunefnd sem ég á sæti í hvað þetta varðar og hvað kemur út úr vinnunni hjá efnahags- og viðskiptanefnd gagnvart skattaþættinum, ég ætla að hafa þann fyrirvara og lýsa honum hér en ég segi jafnframt og ítreka það sem ég hef áður sagt að ég fagna því að þetta sé komið fram. Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra út í þetta á síðasta þingi. Þá var þegar farið að flytja skip frá íslenskri skipaskrá og út, við vorum að missa skip í burtu og þar af leiðandi skatttekjur og þá hvatti ég til þess að gengið yrði í þessa vinnu sem er hér að koma fram í frumvarpsformi. Eins og ég segi, betra er seint en aldrei.

Eins og komið hefur fram hjá báðum hæstv. ráðherrunum þá hefur því verið lýst að ekki er eitt einasta íslenskt kaupskip í íslenskri skipaskrá í dag. Þau eru öll farin út og síðasta skipið, Kyndill, fór í færeyska skipaskrá. Og eins og við sögðum þá voru siglingar með olíu um strendur Íslands í raun og veru niðurgreiddar af færeyska ríkinu. Það ber auðvitað að þakka frændum okkar Færeyingum kærlega fyrir að það skuli hafa verið gert og það voru þá einu styrktu strandsiglingarnar sem áttu sér stað og eiga sér stað við Íslandsstrendur en þær voru sem sagt ekki styrktar af íslenska ríkinu, okkur sjálfum og okkar eigin ríkissjóði heldur úr landssjóði Færeyinga og hafi Færeyingar kærar þakkir fyrir það sem þeir hafa lagt til íslensks efnahags á undanförnum missirum við það að Kyndill sigldi hér um ströndina til að færa okkur olíu, ef til vill eitthvað smániðurgreidda af flutningsjöfnunarsjóðnum sem vafalaust er orðinn hálfbjagaður og slitinn.

Þetta er, virðulegi forseti, raunveruleikinn á Íslandi í dag og að því leytinu til tek ég enn einu sinni fram að ég fagna því að þetta skuli vera komið fram með þeim fyrirvörum sem ég hef lýst og vona að hér sé ekki verið að ganga á rétt sjómanna, það á alls ekki að vera tilgangurinn. En það sem kemur fram í þessu og kom fram í flutningsræðu hæstv. fjármálaráðherra er að það er verið er að búa til skattaívilnun, það er verið að laga skattkerfið að því að reyna að ná skipunum aftur heim þar sem skatttekjur af sjómanni sem voru áætlaðar meðaltekjur 4 millj. 320 þúsund, skatttekjur til íslenska ríkisins hefðu átt að vera 772 þús. ef ég man rétt. Ég er að vísu ekki með þetta frumvarp við höndina en það eiga sem sagt 90% af því að fara í endurgreiðslu til Skipaútgerðarinnar sem framlag, sem styrkur, sem skattaívilnun til þess að freista þess að fá skipin aftur heim í íslenska skipaskrá og þau 10% sem verða eftir eða 72 þús. eiga að skiptast jafnt milli ríkis og sveitarfélaga, þ.e. 37 þúsund í hlut ríkisins og 37 þúsund í hlut viðkomandi sveitarfélags á mann, á mánuði. (**GAK:** Og við hefðum getað gert betur ...) Já, það er rétt hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni sem mælir manna heilastur ýmislegt í þessum efnum.

En ég vil segja að ég fagna því að hæstv. ríkisstjórn, að fjármálaráðherra hafi í raun og veru verið barinn til hlýðni við að koma með þessi frumvörp, koma með þessar aðgerðir í skattamálum vegna þess að hér er komið fordæmi sem ég fagna, skattaívilnun til atvinnurekstrar, til þess að fá atvinnureksturinn aftur heim, að beita skattakerfinu til þess að svona rekstur eigi sér stað á Íslandi og þá segi ég, virðulegur forseti, sem ég hef oft barist fyrir, að ég held að það sé hægt að nota skattkerfið til að jafna lífskjör fólks, til þess að jafna rekstrarskilyrði fyrirtækja eftir því hvort þau eru á landsbyggð eða höfuðborgarsvæði eða jafnvel á einhverjum svæðum á Íslandi sem eiga mjög í vök að verjast, hér erum við komin með fordæmi. Við erum komin með fordæmi sem við sækjum m.a. til Evrópusambandsins sem hefur samþykkt svona aðgerð vegna þess að annars var verið að missa alla atvinnustarfsemina út úr Evrópu til Asíuþjóða og menn vildu ekki vera eingöngu háðir Asíuþjóðum í skipaflutningum til Evrópu. Þökk sé Evrópusambandinu þó að það sé ekki alltaf hægt að þakka þeim fyrir allt, en þökk fyrir þetta.

Í stuttu andsvari áðan og í spurningu til hæstv. samgönguráðherra sem hann játaði spurði ég hvort við værum komin með aðgerð til að taka upp strandsiglingar aftur á Íslandi, fraktflutninga við strendur landsins. Húrra fyrir því ef það er komið, vegna þess að það hefur verið baráttumál mitt lengi að strandsiglingar yrðu teknar upp á ný og þær

vörur sem er hagkvæmt að flytja með skipi yrðu fluttar þannig og aðrir flutningar yrðu uppi á þjóðvegunum. Að sjálfsögðu verður Cheerios-ið og sulturnar og kjötið og hvað þetta allt saman heitir áfram flutt með flutningabílum, dagvaran, en ég hef sagt það hér áður að ég held að toppurinn á vitleysunni hafi komið fram þegar átti að flytja til landsins stálþil til að ramma niður í hafnargerð á Akureyri og það átti að skipa því upp í Reykjavík og keyra þeim í bíl norður til Akureyrar. Ég held að vitleysan hafi ekki getað náð lengra í flutningamálum okkar Íslendinga.

Og þá kemur upp í huga minn viðtal sem var í útvarpi ekki alls fyrir löngu, kannski einn eða tveir dagar síðan, við rekstrarstjóra Samherja á Dalvík vegna þeirra stórkostlegu áforma Samherja að byggja fullkomnasta fiskiðjuver í heimi á Dalvík á næstu missirum. Það kom fram í viðtalinu við þennan ágæta rekstrarstjóra, hann var að tala um flutningskostnað og samkeppnishæfni íslensks fiskiðnaðar við erlend fyrirtæki, sérstaklega við Kína, mig minnir að hann hafi sýnt fram á að flutningskostnaður innan lands væri álíka hár og frá Kína til Evrópu.

Ef svo er, virðulegur forseti, ef þetta er rétt munað hjá mér, þá held ég að það hafi aldrei komið fram eins sterk rök, ekki meðmæli heldur sterk rök fyrir því og staðfesting á því hvað flutningskostnaðurinn er orðinn óheyrilega hár á Íslandi vegna skattlagningar hæstv. ríkisstjórnar, m.a. vegna breytinga á þungaskattskerfi yfir í olíuna þar sem heildartekjum ríkissjóðs af þungaskatti á tilteknu ári var deilt ofan í ímyndaða selda lítra af olíu og þannig var fengið út mjög hátt olíugjald. Það gjald var svo lækkað en í staðinn haldið í þungaskattinn á tæki 10 tonn eða stærri og síðan hefur komið í ljós að sá lítrafjöldi sem reiknað var með í olíusölu á Íslandi var 50 millj. lítra of lítill þegar þetta var reiknað út. Salan var sem sagt 50 millj. lítra meiri en reiknað var út og það hefur aldrei komið fram eins góð sönnun fyrir því hvað gert var með olíugjaldinu á þungaskattinn. Ég nefni þetta í sömu andrá og ég er að tala um flutningskostnaðinn, virðulegi forseti, vegna þess að þetta er auðvitað liður í hinum háa flutningskostnaði.

En ég segi það aftur, virðulegi forseti, að það frumvarp sem hér er lagt fram og frumvarpið sem hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir fyrir nokkrum dögum, þ.e. skattalega hliðin á því að taka upp íslenska alþjóðlega skipaskrá, því fagna ég vegna þess að hér er komin skattaívilnunarleið til að örva atvinnustarfsemi á Íslandi til þess að reyna að fá atvinnustarfsemina aftur inn í landið sem er farin vegna slóðaháttar hæstv. ríkisstjórnar, hve seint var brugðist við þessu máli. En hér er komin forskrift til að nota að ýmsum öðrum atvinnurekstri sem við þurfum ekki að ná í frá útlöndum til Íslands heldur í raun og veru bara reyna að halda í og halda gangandi á Íslandi yfir höfuð, að sú atvinnustarfsemi leggist ekki af vegna hás kostnaðar og vegna þess að samkeppnishæfnin er röng og hún er ekki til staðar m.a. eins og ég hef hér gert að umtalsefni, þann svimandi háa flutningskostnað sem er í landinu sem að stórum hluta er íslensk skattheimta ríkissjóðs, hinir verstu landsbyggðarskattar sem til eru.

Virðulegi forseti. Þetta vil ég leggja inn í umræðuna um íslenska alþjóðlega skipaskrá um leið og ég segi að ég fagna því að þetta skuli koma fram með þeim fyrirvara sem á eftir að fara í gegnum í hv. samgöngunefnd, ég var næstum því búinn að segja á komandi vikum eða komandi mánuðum en það er víst ekki hægt að segja það, virðulegi forseti. Ég held því miður að ég verði að segja á komandi klukkustundum og það er kannski það sem má gagnrýna líka, hvað þetta kemur seint fram og verður þá lítill tími til að vinna almennilega og fara í gegnum en það er auðvitað mikilvægt að fara í gegnum þetta atriði, sérstaklega með tilliti til þess að ekki sé verið að svína á sjómönnum vegna þess að tilgangurinn á ekki að vera sá að svína á sjómönnum, hvorki íslenskum né erlendum sem koma til með að verða skráðir á þessi skip sem vonandi koma inn í íslenska alþjóðlega skipaskrá. En ég vona það, virðulegi forseti, að þetta frumvarp, ef það verður að lögum, hafi ekki komið það seint fram að það muni ekki virka og þau íslensku kaupskip sem hafa verið skráð erlendis muni ekki vera færð heim. Ef svo verður mun það eingöngu skrifast á slóðaháttt hæstv. ríkisstjórnar og sennilega einna helst á núverandi og fyrrverandi fjármálaráðherra sem hafa þvælst allt of lengi fyrir þessu máli og það erum við sennilega að blæða fyrir í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Hafnalög, 2. umr.*

Stjfrv., 366. mál (gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 398, nál. 997, brtt. 998.

[20:25]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta.

Frumvarp þetta var samið af endurskoðunarnefnd skipaðri af samgönguráðherra í samræmi við ákvæði til bráðabirgða IV í gildandi hafnalögum, nr. 61/2003. Í frumvarpinu er lagt til að hafnarstjórn geri tillögu um skipulag hafnarsvæðis til skipulagsnefndar eða sveitarstjórna til samræmis við þá framkvæmd sem nú tíðkast. Einnig er lagt til að höfnum verði skylt að birta gjaldskrár með skýrum og aðgengilegum hætti og að hafnir í opinberum rekstri hafi jafnframt heimild til að birta gjaldskrár í B-deild Stjórnartíðinda. Þá er lagt til að gerðar séu breytingar á gjaldtökuheimildum 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003, til samræmis við meginreglur um opinber þjónustugjöld. Í því sambandi er lagt til að notendur hafna geti krafið hafnarstjórn um upplýsingar um kostnað sem almennt hlýst af því að veita þá þjónustu sem gjaldinu er ætlað að standa undir. Enn fremur er lagt til að höfnum í einkarekstri verði gert kleift að gera ákveðnar arðsemiskröfur við gjaldtöku. Í frumvarpinu er jafnframt mælt fyrir um skyldu svokallaðra neyðarhafna til að taka á móti skipum í sjávarháska eftir því sem mælt er fyrir um í áætlun um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands. Með þessu er leitast við að uppfylla tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB

frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó. Að lokum er í frumvarpinu lagt til að ný endurskoðunarnefnd verði skipuð ekki síðar en árið 2010 til að fara yfir reynsluna af lögunum.

Auk ýmissa orðalagsbreytinga leggur nefndin til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í 3. gr. frumvarpsins verði kveðið á um hverjir séu greiðendur þeirra gjalda sem talin eru upp í 1. tölul. a-liðar 3. gr. frumvarpsins. Í sameiginlegri gjaldskrá, sem samgönguráðherra gaf út á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í gildandi hafnalögum, nr. 61/2003, og gilti fyrir allar hafnir fram til 1. júlí 2004, var sérstaklega tekið fram hverjir væru greiðendur hafnargjalda. Í gjaldskránni kom fram að skipstjóri og eigandi skips væru greiðendur þeirra gjalda sem greiða bæri vegna skipanna, t.d. skipagjalda og hafnsögugjalda, en móttakandi og sendandi vöru væru greiðendur vörugjalda. Í ljósi þess að höfnum er nú gert að setja sjálfum sér gjaldskrár er ekki sjálfgefið að þar komi fram hver sé greiðandi hafnargjalda. Með hliðsjón af framangreindu þykir rétt að lögfesta það sérstaklega hverjir séu greiðendur hafnargjalda.

2. Lagt er til að í 5. gr. frumvarpsins verði kveðið á um úrræði hafna vegna vanskila á gjöldum sem greiða skal vegna skipa og einnig hvernig bregðast má við svokölluðum óreiðuskipum eða öðrum hlutum sem eru skildir eftir í hirðuleysi á hafnarsvæðum. Með óreiðuskipi er átt við skip sem enginn hirðir um, liggur undir skemmdum og hætta stafar af, þar með talin mengunarhætta. Sama getur gilt um aðra hluti sem eru á hafnarsvæði, svo sem báta, flutningstæki eða annan búnað.

Í gildandi hafnalögum, nr. 61/2003, er kveðið á um að tiltekin hafnargjöld, svokölluð skipagjöld, njóti lögveðsréttar. Ekki er hins vegar kveðið á um beina nauðungarsöluheimild í lögunum og hefur það í för með sér að aðgerðir til að innheimta gjöldin dragast á langinn og á meðan aukast vanskilin. Þá er lögveðsrétturinn tímabundinn í tvö ár. Til að bæta úr þessu er lagt til að í frumvarpinu verði mælt fyrir um beina nauðungarsöluheimild þannig að höfnum verði heimilað að krefjast nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Einnig er lagt til að nauðungarsala geti farið fram án þess að eiganda sé birt áskorun samkvæmt lögum um nauðungarsölu. Ástæða þessa er sú að eigandi er oft óþekktur eða hann finnst ekki en í slíkum tilvikum er það úrræði að krefjast nauðungarsölu í raun ónothæft. Þykir ótækt að sú staðreynd að eigandi sé óþekktur eða ófundinn geti stöðvað innheimtu þessara gjalda sem ástæða þykir til að njóti lögveðsréttar. Með þessum hætti er hægt að koma í veg fyrir að fyrir safnist ógreidd hafnargjöld árum saman.

Auk framangreinds er lagt til að eigandi eða umráðamaður skips, báts, flutningstækja á landi eða annars búnaðar á hafnarsvæði beri alltaf ábyrgð á að viðkomandi eign sé í lagi og valdi ekki óþrifnaði og/eða hættu á hafnarsvæðinu. Verði um slíkt að ræða, að mati hafnar, getur hún fyrirskipað að úrbætur skuli gerðar innan ákveðins frests. Í þessu sambandi þykir rétt að árétta að það er alfarið lagt í hendur hafnarinnar að meta hvort um óþrifnað eða hættu á hafnarsvæðinu sé að ræða. Sinni eigandi eða umráðamaður ekki slíkum fyrirmælum geta hafnir valið milli tveggja úrræða. Annars vegar geta hafnir fjarlægt hlutinn á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns og fært hann í vörslur viðkomandi en þetta úrræði byggist á því að eigandi eða umráðamaður sé þekktur og að auðvelt sé að flytja hlut milli staða. Hins vegar geta hafnir selt hlut á nauðungaruppboði án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda eða umráðamanns. Er hér um að ræða sérstaka beina nauðungarsöluheimild og undantekningu frá þeirri meginreglu að nauðsynlegur undanfari nauðungarsölu sé áskorun sem birt er eiganda með tryggilegum hætti. Þá er ekki nauðsynlegt að á undan fari dómur, sátt eða fjárnám enda ekki um að ræða nauðungarsölu sem fer fram til fullnustu peningakröfu. Þykir nauðsynlegt að kveða á um framangreinda heimild í ljósi þess að í mörgum tilvikum er eigandi eða umráðamaður óþekktur eða ófundinn en í slíkum tilvikum duga úrræði gildandi hafnalaga, nr. 61/2003, í raun skammt. Þegar svo háttar til geta hafnir setið uppi með óreiðuskip og aðra óreiðuhluti svo árum skiptir. Með framangreindu ákvæði vill nefndin bregðast við þeim vanda sem margar hafnir hafa glímt við vegna skipa sem liggja langtímum saman í höfn. Þau eru oft gömul og jafnvel ónýt en taka viðlegurými frá öðrum skipum sem koma með afla eða vörur að landi. Í slíkum tilvikum verða jafnframt oft vanskil á skipa- og hafnargjöldum.

Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að höfn skuli birta auglýsingu um uppboð með mest fjögurra vikna og minnst viku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt í því tilviki þegar höfn ákveður að selja hlut á nauðungaruppboði þegar fyrir liggur að skip, bátur, flutningstæki á landi eða annar búnaður veldur óþrifnaði eða hættu og eigandi eða umráðamaður hefur ekki sinnt kröfum hafnar um úrbætur. Jafnframt skal höfn tilkynna eiganda eða umráðamanni bréflega um fyrirhugað uppboð og hvar og hvenær það fer fram. Hins vegar er lagt til að það standi ekki í vegi fyrir nauðungarsölu þótt tilkynningu verði ekki við komið vegna þess að eigandi eða umráðamaður er óþekktur eða ófundinn. Auk þessa er lagt til að hafnargjöld sem njóta lögveðsréttar skuli greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir kostnaði við nauðungarsölu og að um úthlutun söluandvirðis og framkvæmd nauðungarsölu fari eftir ákvæðum laga um nauðungarsölu eftir því sem við eigi. Með vísun til laga um nauðungarsölu eru tekin af öll tvímæli um að framkvæmd nauðungarsölu er í höndum sýslumanns og með því er gætt réttar annarra veðhafa skips eða hlutar til að lýsa kröfum og fá úthlutað söluandvirði.

Þá er lagt til að kveðið verði á um heimild hafnar til að láta farga hlut á kostnað eiganda eða umráðamanns sjái höfn ekki ástæðu til að selja hlut á nauðungarsölu vegna ástands hans. Gildir þetta þegar eigandi eða umráðamaður er þekktur og hann hefur ekki sinnt áskorun um úrbætur. Förgun hlutarins kann að hafa í för með sér að greiðsla komi fyrir hann, svo sem ef hlutur er seldur í brotajárn og er því lagt til að verðmæti sem kann að fást fyrir hlut með þessum hætti sé ráðstafað til greiðslu kostnaðar hafnar við geymslu og ráðstöfun hlutarins, og greiðslu hafnargjalda sem tryggð eru með lögveði í viðkomandi hlut. Að lokum er lagt til að í 5. gr. frumvarpsins verði mælt fyrir um hvernig fara skuli með þann hluta söluandvirðis sem fæst við uppboð og er eftir þegar allir rétthafar hafa fengið greitt. Slíkar eftirstöðvar eiga að renna til uppboðsþola en

lagt er til að fjármagnið renni í ríkissjóð hafi uppboðsþoli ekki vitjað þess innan árs.

Nefndin vekur athygli á því að framangreindar breytingar fá stoð í skyldu hafna til móttöku skipa, sbr. 21. gr. gildandi hafnalaga, nr. 61/2003. Höfnum eru settar mjög takmarkaðar heimildir til að neita skipum um aðgang að höfnum á meðan rými og aðstaða leyfir. Móttökuskylda hafna gerir það að verkum að sérhæfðar hafnir eins og t.d. stóriðjuhafnir geta ekki komið í veg fyrir aðgang skipa sem flytja hráefni eða fullunna vöru til eða frá viðkomandi stóriðjuhöfn. Sama gildir um einstakar sérhæfðar bryggjur, t.d. loðnubryggjur eða bryggjur fyrir framan farmstöð. Þó er hægt að neita skipi um aðgang að höfn ef ekki er laust rými og ef engin aðstaða er til þess að taka á móti því. Hið sama gildir ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess til hafnar, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. gildandi hafnalaga, nr. 61/2003. Í síðarnefnda tilvikinu er hins vegar einkum um að ræða tímabundna synjun svo að svigrúm gefist til þess að undirbúa komu skips í höfn eða grípa til nauðsynlegra varúðarráðstafana. Við eðlilegar aðstæður á tilkynning um komu skips með hættulegan farm að hafa borist höfninni með góðum fyrirvara.

3. Lagt er til að bætt verði við frumvarpið nýrri grein, þ.e. 7. gr. þar sem mælt verði fyrir um heimild hafnabótasjóðs til að bæta tjón á upptökumannvirkjum. Fyrir liggur að ríkissjóður hefur styrkt gerð margra upptökumannvirkja. Hingað til hefur hins vegar ekki verið til staðar heimild til þess að bæta tjón upptökumannvirkja líkt og er gagnvart öðrum hafnarmannvirkjum sem notið hafa styrkja. Þykir eðlilegt að samræmis sé gætt að þessu leyti. Nefndin áréttar að hér er eingöngu veitt heimild til að bæta tjón á upptökumannvirkjum í eigu opinberra aðila eða sveitarfélaga. Heimildin tekur því einungis til þess að bæta tjón á upptökumannvirkjum sem hafa verið byggð með ríkisstyrk. Í þessu sambandi ber að taka fram að miðað er við að bætur geti einungis tekið mið af endurbyggingarverði þess mannvirkis sem fyrir hendi var áður en tjónið varð. Með vísan til þessa er ekki heimilt að veita bætur til endurbyggingar mannvirkis sem er afkastameira en það sem fyrir var.

4. Í 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. gildandi hafnalaga nr. 61/2003 er kveðið á um að rekstrarformi hafnar skuli breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir. Lagt er til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um að 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. laganna komi til framkvæmda 1. janúar 2012. Þykir eðlilegt að þeim höfnum sem falla undir framangreint ákvæði verði gefin lengri aðlögunartími áður en gripið verði til aðgerða á grundvelli ákvæðisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og Sigurrós Þorgrímsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við álit þetta.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, með fyrirvara, Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara, Kristján L. Möller, með fyrirvara, Guðjón Hjörleifsson, Jón Kristjánsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[20:38]

**Útbýting:**

Stjórn fiskveiða, 432. mál, nál. sjútvn., þskj. 1077; brtt. þskj. 1078.

Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, 643. mál, nál. sjútvn., þskj. 1079.

## *Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 2. umr.*

Stjfrv., 385. mál (heildarlög). — Þskj. 427, nál. 906, brtt. 907.

[20:39]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa frá samgöngunefnd. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram með nokkrum breytingum. Helstu breytingar frá fyrra frumvarpi eru á orðalagi og uppsetningu auk breytinga á ákvæðum um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna sem gerðar hafa verið að tillögu hagsmunaaðila. Með frumvarpinu er verið að laga íslenska löggjöf að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips (STCW-F) sem samþykkt var á fundi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) árið 1995. Þá felur frumvarpið í sér heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum. Meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja öryggi íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtiskipa og annarra skipa sem ekki teljast farþegaskip eða flutningaskip og áhafna þeirra. Í frumvarpinu er leitast við að ná þessu markmiði, m.a. með því að gera tilteknar kröfur um lágmarksfjölda manna í áhöfn skipa og um menntun, þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja með því faglega hæfni áhafna þeirra skipa sem lögin taka til.

Auk ýmissa orðalagsbreytinga leggur nefndin til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að skilgreiningu á hugtakinu „önnur skip“ í 30. tölul. 3. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að fellt verði út það skilyrði að slík skip séu notuð í atvinnuskyni. Með þessari breytingu vill nefndin árétta að lögin gildi einnig um áhafnir björgunarskipa. Eðlilegt þykir að sömu kröfur séu gerðar til áhafna björgunarskipa og áhafna annarra skipa.

2. Lagt er til að í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um heimild Siglingastofnunar Íslands til að afturkalla skírteini, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, verði tiltekið að við afturköllun skírteinis skuli fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga. Þykir rétt að taka af öll tvímæli um að afturköllun skírteinis sé stjórnvaldsákvörðun sem falli undir gildissvið stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

3. Lagt er til að í 12. gr. frumvarpsins verði mælt fyrir um að á skipi sem er styttra en 12 metrar að skráningarlengd megi skipstjóri vera hinn sami og vélavörður sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn, enda taki vinnu- og hvíldartími mið af 64. gr. sjómannalaga. Jafnframt er lagt til að í 1. tölul. a-liðar 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að á skipi sem er styttra en 12 metrar að skráningarlengd megi vélavörður vera hinn sami og skipstjóri sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn, enda taki vinnu- og hvíldartími mið af 64. gr. sjómannalaga. Þykir eðlilegt að í framangreindum tilvikum sé gætt samræmis við 64. gr. sjómannalaga.

Mér þykir rétt, virðulegi forseti, að geta þess hér að nefndin fjallaði um það og telur eðlilegt að þeir sem áður voru nefndir vélgæslumenn hafi hin svokölluðu vélavarðaréttindi.

4. Samkvæmt 21. gr. frumvarpsins munu lögin öðlast gildi 1. maí 2007. Lagt er til að gildistökunni verði frestað til 1. janúar 2008 til að gefa þeim aðilum er lögin munu taka til og ekki hafa aflað sér tiltekinna réttinda (skírteina) möguleika á að hefja nám í Fjöltækniskóla Íslands enda taki skólinn mið af lagasetningu þessari við upphaf skólaárs í ágúst næstkomandi.

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að geta þess sérstaklega að nefndin tekur þá ákvörðun að fresta gildistöku laganna með tilliti til þeirra aðila sem ekki hafa áskilin réttindi eða ekki náð sér í tilskilin réttindi og þar með að gefa þeim möguleika á að afla sér réttinda og skírteinis fyrir áramót. Það eru meginrökin fyrir því að ákvæðinu er frestað og í trausti þess að þeir aðilar taki sig á og hefji nám í Fjöltækniskólanum að hausti komanda.

5. Lagt er til að í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og í töflu í viðauka verði sérstaklega tiltekið að þeir sem þegar hafa öðlast 30 brúttórúmlesta atvinnuréttindi haldi þeim réttindum. Með þessari breytingu vill nefndin árétta að þeir sem hafa á annað borð öðlast tiltekin réttindi skuli halda þeim réttindum óskertum, sbr. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason og Kristján L. Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Hjörleifsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Jón Kristjánsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sameignarfélög, 2. umr.*

Stjfrv., 79. mál (heildarlög). — Þskj. 79, nál. 949, brtt. 950.

[20:45]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um sameignarfélög frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fengið á sinn fund gesti og leitað eftir umsögnum eins og getið er um í nefndaráliti sem er að finna á þskj. 949.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ákvæði III. kafla frumvarpsins um stjórnkerfi og réttarstöðu félagsmanna séu frávíkjanleg en önnur ákvæði verða ófrávíkjanleg, nema annað komi fram. Með öðrum orðum er meginregla frumvarpsins sú að reglur um innra skipulag og innbyrðis réttarsamband félagsmanna eru frávíkjanlegar. Mikið samningsfrelsi hefur ríkt um innri málefni sameignarfélaga og er eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja það áfram auk þess sveigjanleika sem félagsformið býr yfir. Þau ákvæði sem einkum eru ófrávíkjanleg eru þau sem kveða á um réttarsamband félagsins og félagsmanna út á við.

Í frumvarpinu er gerður greinarmunur á skráðum og óskráðum sameignarfélögum. Gert er ráð fyrir nýjum reglum um skráningu sameignarfélaga og verði frumvarpið samþykkt verður skylt að skrá í firmaskrá þau sameignarfélög sem stunda atvinnurekstur eða eru alfarið í eigu lögaðila. Einnig verður heimilt að óska skráningar þótt það sé ekki skylt.

Í 2. mgr. 21. gr. frumvarpsins er kveðið á um þá frávíkjanlegu meginreglu að hagnaði og tapi skuli skipt milli félagsmanna eftir eignarhlutföllum en ef þau verða ekki ráðin af félagssamningi skuli hagnaði og tapi skipt jafnt á milli félagsmanna. Sama regla gildir um skiptingu endurgreiðslu félagsmanna til félagsmanns sem þurft hefur að greiða félagsskuld og kostnað sem af því leiðir skv. 2. mgr. 22. gr. Um skiptingu endurgreiðslukröfunnar gildir regla 21. gr. um skiptingu hagnaðar og taps, þ.e. endurgreiðslunni skal skipt milli félagsmanna eftir eignarhlutföllum ef þau verða ráðin af félagssamningi en annars jafnt. Ranglega segir því í lok athugasemda við 22. gr. frumvarpsins að greiðslan skiptist skv. 21. gr. jafnt á milli félagsmanna sé ekki um annað samið í félagssamningi.

Ákvæði 31. gr. um að félagsaðild erfist ekki leiðir af því hve persónulegt samstarfið er eins og fram kemur í athugasemdum við greinina. Að jafnaði eru það einstaklingsbundnar forsendur sem ráða hverjir veljast saman til samstarfs í sameignarfélagi og því er ekki talið rétt að félagsréttindi erfist almennt með svipuðum hætti og m.a. hlutabréf. Þetta þekkist t.d. úr samvinnufélagalöggjöfinni, sbr. 17. gr. samvinnufélagalaga þar sem kveðið er á um að félagsréttindi séu hvorki framseljanleg né erfist. Í athugasemdum við 31. gr., þar sem segir að með tilliti til hagsmuna félagsmanna sé reglan sú að án sérstakrar heimildar í félagssamningi geti „eignarhluti“ í sameignarfélagi ekki gengið að erfðum til annars aðila, hefði e.t.v. verið skýrara að tala um félagsréttindi, enda eiga erfingjar rétt til greiðslu nettóeignarhluta hins látna í félaginu, sbr. 2. mgr. 31. gr.

Reglan er hins vegar frávíkjanleg eins og fram kemur í 3. mgr. 31. gr. Regla 31. gr. er einnig í samræmi við ólögfestar reglur dansks réttar en samkvæmt þeim gengur dánarbú ekki inn sem félagsmaður og getur ekki krafist slita félagsins. Aðrir félagsmenn gætu hins vegar mögulega krafist félagsslita, sbr. b-lið 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins.

Helstu athugasemdir í umsögnum til nefndarinnar lutu annars vegar að því að ekki væru gerðar breytingar á því fyrirkomulagi að sameignarfélög séu skráð í firmaskrá og hins vegar að því að ekki væru ákvæði um samlagsfélög í frumvarpinu. Nefndin tekur undir þá skoðun að æskilegt sé að gerðar verði breytingar í þá veru að skráning sameignarfélaga verði flutt til ríkisskattstjóra í eina miðlæga skrá fyrir landið þrátt fyrir að umfang skráningar sé mjög lítið. Til að það sé unnt verður hins vegar að skoða ákvæði annarra laga, svo sem laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, og líklega fella þau lög brott. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt að þessu leyti en mælist til þess að sem fyrst verði farið yfir þær breytingar sem þarf að gera í þessu skyni enda hlýtur hagræði að vera fólgið í því að hafa eina miðlæga skrá fyrir þessa tegund félaga líkt og er um t.d. hlutafélög. Þá getur nefndin einnig tekið undir þau sjónarmið að heppilegt væri að setja reglur um samlagsfélög í sama lagabálk og sameignarfélög svo sem dæmi eru um frá nálægum ríkjum. Í íslenskri löggjöf má sjá þess stað að samlagsfélagaformið sé til og viðurkennt, sbr. lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903. Þar er hugtakið samlagsfélag skilgreint í a-lið 33. gr., auk þess sem í 3. mgr. 9. gr. er kveðið á um að firma samlagsfélags skuli hið minnsta vera nafn eins félagsmanns sem hafi ótakmarkaða ábyrgð með viðauka sem bendi á félagsskap eða gefi til kynna að félagið sé samlagshlutafélag, ef tillög samlagsmanna eru í hlutabréfum. Þar sem sameignarfélög og samlagsfélög eru þó ekki það eðlislík að með einföldum hætti væri unnt að fella þau undir það frumvarp sem hér er til meðferðar telur nefndin að aðeins þurfi að doka við og skoða vel lagatæknilega hvernig væri best að fella ákvæði um samlagsfélög inn í íslenska löggjöf.

Í nefndarálitinu koma fram nokkrar breytingar á frumvarpinu sem nefndin leggur til og ætla ég ekki að lesa það en vísa í nefndarálitið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Ólafur Níels Eiríksson, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson.

[20:52]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Um þetta mál sem hér er á dagskrá var allgóð sátt í efnahags- og viðskiptanefnd en með frumvarpinu er stefnt að setningu fyrstu heildarlöggjafar um sameignarfélög. Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara ásamt hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni. Ég kem hér upp til að undirstrika þá fyrirvara og reyndar hefur nefndin í heild tekið undir þá, en þeir snúa annars vegar að því að ekki verði breytingar á því fyrirkomulagi að sameignarfélög eru skráð í firmaskrá og hins vegar því að ekki væri ákvæði um samlagsfélög í frumvarpinu. Með fyrirvara okkar erum við að undirstrika að hæstv. viðskiptaráðherra bregðist við þeim athugasemdum sem nefndarmenn setja inn í frumvarpið. Vil ég vitna til þess að ríkisskattstjóri hefur í ítarlegri umsögn sinni sett fram mjög sterk rök fyrir því að við þessu verði brugðist og gerðar verði breytingar í þá átt, bæði að því er varðar samlagsfélög og eins að sameignarfélög séu skráð í firmaskrá.

Vil ég aðeins fara örfáum orðum um það, virðulegi forseti, en ríkisskattstjóri segir í umsögn sinni:

„Frumvarp þetta fjallar eingöngu um sameignarfélög en full ástæða er til að taka samlagsfélög einnig með inn í þetta frumvarp þar sem eðlismunur þessara félagsforma er í reynd aðeins sá að einn eða fleiri félagsaðilar geta borið takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins meðan a.m.k. einn félagsaðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Að öðru leyti er enginn lagatæknilegur mismunur á félögunum og leggur ríkisskattstjóri til að ákvæði verði bætt inn í frumvarpið sem geri það kleift að það fjalli jöfnum höndum um sameignarfélög og samlagsfélög."

Mér finnst að þessi rök séu alveg fullnægjandi og er reyndar óskiljanlegt af hverju hæstv. viðskiptaráðherra hafi ekki skoðað þetta mál í leiðinni og eru athugasemdir nefndarinnar þar að lútandi settar nefndarálitið.

Varðandi skráninguna segir ríkisskattstjóri í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Enn fremur leggur ríkisskattstjóri til að skráning sameignarfélaga og samlagsfélaga verði færð til ríkisskattstjóra. Með lögum 17/2003 var fyrirtækjaskrá færð frá Hagstofu Íslands ásamt öllum félagaskrám sem voru hjá Hagstofunni á þeim tíma. Hér er um að ræða hlutafélagaskrá með skráningu hlutafélaga, einkahlutafélaga og samlagshlutafélaga, samvinnufélagaskrá með skráningu samvinnufélaga og sjálfseignarstofnanaskrá með skráningu sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Auk þess færðist til fyrirtækjaskrár skráning annarra félaga, félagasamtaka, sjóða og stofnana sem rétt er að skrá á fyrirtækjaskrá. Samhliða skráningu er félögunum úthlutuð kennitala.

Þá var skráning einstaklinga með atvinnurekstur færð á hendur fyrirtækjaskrár og er sú skráning tengd við skráningu einstaklinga á launagreiðendaskrá og virðisaukaskattsskrá skattyfirvalda eftir því sem við á. Það er aðeins skráning sameignarfélaga og samlagsfélaga sem ekki fer fram hjá félagaskráningu ríkisskattstjóra. Við þessa lagabreytingu varð félagaskráning markvissari en verið hafði og veruleg samlegðaráhrif fólust í samhæfingu skránna og færslu þeirra frá ríkisskattstjóra. Þessar skrár mynda nú eitt gagnasafn og er mikið hagræði fólgið í því að stjórnvöld og opinber kerfi geti unnið með eina samhæfða skrá, sem er opinber og aðgengileg til eftirlits. Um það efni og frekari rökstuðning fyrir færslu þessa gagnasafns og opinberrar

skráningar fyrirtækja og félaga vísast til ítarlegrar greinargerðar með frumvarpi til laga um fyrirtækjaskrá."

Á nokkrum blaðsíðum í viðbót, virðulegi forseti, rökstyður ríkisskattstjóri enn frekar þessar tillögur sínar, bæði varðandi skráninguna og að taka samlagsfélög einnig inn í frumvarpið. Ég tel ekki ástæðu til að fara yfir þau rök, þau liggja fyrir í þessari umsögn og að hluta til er þetta líka tekið með inn í athugasemdirnar hjá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Ég undirstrika það enn og aftur að öll nefndin mælir með því að þessar breytingar verði gerðar og fyrirvarar okkar, sem ég var að lýsa, lúta aðallega að því að undirstrika rækilega mikilvægi þess og þýðingu að viðskiptaráðherra bregðist við þeim athugasemdum sem koma fram í nefndarálitinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.***

Stjfrv., 358. mál (löggilding starfsheitis grafískra hönnuða). — Þskj. 952.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 20:59.

---

# 85. FUNDUR

föstudaginn 9. mars,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, stjfrv., 668. mál, þskj. 1019. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 669. mál, þskj. 1020. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Íslensk alþjóðleg skipaskrá, stjfrv., 667. mál, þskj. 1013. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Sameignarfélög, stjfrv., 79. mál, þskj. 79, nál. 949, brtt. 950. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Hafnalög, stjfrv., 366. mál, þskj. 398, nál. 997, brtt. 998. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 385. mál, þskj. 427, nál. 906, brtt. 907. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 358. mál, þskj. 952. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 430. mál, þskj. 518, nál. 1028. — Síðari umr.
9. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 573. mál, þskj. 851, nál. 1029. — Síðari umr.
10. Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, þáltill., 69. mál, þskj. 69, nál. 983. — Síðari umr.
11. Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, þáltill., 77. mál, þskj. 77, nál. 984. — Síðari umr.
12. Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, þáltill., 78. mál, þskj. 78, nál. 985. — Síðari umr.
13. Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, þáltill., 83. mál, þskj. 83, nál. 986. — Síðari umr.
14. Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, þáltill., 84. mál, þskj. 84, nál. 987. — Síðari umr.
15. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 591, nál. 993, brtt. 994. — 2. umr.
16. Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, stjfrv., 541. mál, þskj. 810, nál. 991, brtt. 992. — 2. umr.
17. Málefni aldraðra, stjfrv., 559. mál, þskj. 834, nál. 1045. — 2. umr.
18. Málefni aldraðra, stjfrv., 560. mál, þskj. 835, nál. 1046. — 2. umr.
19. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 281. mál, þskj. 294, nál. 1057, brtt. 1058. — 2. umr.
20. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, stjfrv., 431. mál, þskj. 519, nál. 1030 og 1041. — 2. umr.
21. Námsgögn, stjfrv., 511. mál, þskj. 772, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.
22. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 430, nál. 1047, brtt. 1048. — 2. umr.
23. Fjarskipti, stjfrv., 436. mál, þskj. 547, nál. 1039, brtt. 1040. — 2. umr.
24. Lokafjárlög 2005, stjfrv., 440. mál, þskj. 956 (sbr. 562). — 3. umr.
25. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 432. mál, þskj. 520, nál. 1077, brtt. 1078. — 2. umr.
26. Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, stjfrv., 643. mál, þskj. 961, nál. 1079. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.

[10:31]

**Útbýting:**

Flutnings- og leigukostnaður Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, 455. mál, svar heilbrrh., þskj. 1036.

Húsnæði heilsugæslustöðva, 457. mál, svar heilbrrh., þskj. 1038.

Miðstöð mæðraverndar, 452. mál, svar heilbrrh., þskj. 1034.

Opinber innkaup, 277. mál, brtt. ÖJ, þskj. 1080.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

[10:31]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins og vil í því sambandi vísa til þess frumvarps til stjórnarskipunarlaga sem dreift var á þinginu í gær. Þetta frumvarp var kynnt fyrir blaðamönnum um miðjan dag í gær á blaðamannafundi, síðan var því dreift í þingsalnum og svo var forusta stjórnarandstöðunnar boðuð til fundar í þinghúsinu klukkan sex. Við töldum að til stæði að kynna fyrir okkur inntak þessa frumvarps, hvað í því fælist og hvað stjórnarliðum gengi til með þessu máli.

Því var nú ekki að heilsa, virðulegur forseti, heldur var það eitt lagt fyrir okkur að veita afbrigði fyrir því að taka málið á dagskrá og málið að öðru leyti ekki kynnt eða útskýrt fyrir stjórnarandstöðunni. Við vorum að sjálfsögðu ekki tilbúin til að veita þessi afbrigði, enda áskildum við okkur allan rétt til þess að fara yfir málið með sérfræðingum okkar á þessu sviði og fá útskýringar þeirra á málinu. Nú höfum við gert það, virðulegur forseti, og mér sýnist alveg ljóst að með þessu frumvarpi sé verið að gera annað tveggja, annaðhvort stjórnarskrárbinda réttinn til að úthluta þjóðareign með varanlegum hætti, hvaða þjóðareign sem það nú er, eða hitt, virðulegur forseti, útvatna hugtakið með þeim hætti að það hafi hvorki nokkra einustu merkingu né gildi fyrir stjórnskipan okkar.

Hér er á ferðinni, virðulegur forseti, mjög alvarlegt mál, það er verið að meðhöndla stjórnarskrána með þeim hætti að ekki liggi ljóst fyrir hvað menn ætla sér með því sem þeir eru að gera. Ég tel, virðulegur forseti, að við þurfum að fá um þetta pólitíska umræðu. Ég er tilbúin að mæta til þings á morgun, og stjórnarandstaðan öll, til að ræða þetta, koma þessu til nefndar og fá umsagnir sérfræðinga um málið. (Gripið fram í.) Þessi pólitíska umræða verður auðvitað að fara fram og það þarf að skýra það út af hálfu stjórnarliða hvað þeir ætla sér með þessu máli. Ætla þeir sér í raun inni ekki neitt, að útvatna hugtakið, eða eru þeir að binda í stjórnarskrána réttinn til að framselja þjóðarauðlindir með varanlegum (Forseti hringir.) hætti?

[10:33]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegur forseti. Málflutningur hv. þingmanns er mjög athyglisverður. Það hefur sjálfsagt ekki farið fram hjá neinum hér á undanförnum vikum að stjórnarandstaðan hefur knúð á um að fram kæmi frumvarp um auðlindaákvæðið í stjórnarskránni. Sérstaklega hefur verið herjað á Framsóknarflokkinn hvað þetta atriði varðar. (**Gripið fram í:** ... ekki búið.) Það er nefnilega það.

Hér var efnt til blaðamannafundar fyrr í vikunni þar sem stjórnarandstaðan bauð fram krafta sína til að greiða fyrir því að mál af þessu tagi gæti farið hratt og örugglega í gegnum þingið. Það var sagt: Við bjóðum Framsóknarflokknum upp í dans.

Stjórnarflokkarnir hafa núna komið sér saman um frumvarp í þessu efni og það er flutt af formönnum stjórnarflokkanna. Til þess hafa þeir sama rétt og allir aðrir þingmenn og það er fullkomlega út í hött að kvarta yfir því að slíkt mál hafi ekki verið kynnt fyrir stjórnarandstöðunni fyrir fram miðað við hvernig þetta mál ber að. Það er eitt að ræða hér um málsmeðferð og síðan er annað að ræða um efni máls. Ég hef aldrei á 20 ára þingferli mínum orðið vitni að því að stjórnarandstaðan komi á fund með forustu í stjórnarflokkum og óski þess að fá skýringar eða kynningu á frumvarpi sem formenn stjórnarflokka hafa lagt fram. Til þess er 1. umr. málsins, til þess er greinargerðin með frumvarpinu og til þess er síðan að sjálfsögðu nefndarstarfið sem í hönd fer.

Við óskuðum eftir því í samræmi við vilja stjórnarandstöðunnar að þetta mál kæmist strax á dagskrá. Því var hafnað. Stjórnarandstaðan hafði ekki meiri áhuga á að koma þessu að en svo að hún hafnaði bón okkar um að þetta mál mætti ræða í þinginu hér í dag og koma því síðan til nefndar strax um helgina.

Þetta er nú staðan, virðulegi forseti, og menn geta síðan velt fyrir sér hversu mikil alvara hefur legið að baki málflutningi stjórnarandstæðinga í þessu máli og hve mikill hluti af þeirra málflutningi snerist um að koma illu til leiðar í stjórnarsamstarfinu eða að fíflast með alvarleg málefni.

[10:36]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Þarna komst hæstv. forsætisráðherra ákaflega vel að orði, „að fíflast með alvarleg málefni“, því að það er í raun og veru það sem verið er að gera hér að stórum hluta eins og þetta hefur verið lagt upp. Ef maður á að taka mark á útskýringum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar í Kastljósi í gærkvöldi þýða þau ákvæði sem hér hafa verið lögð fram af forustumönnum ríkisstjórnarinnar nákvæmlega ekki neitt annað en það að festa í sessi núverandi kvótakerfi og eignarrétt manna á auðlindum. Það er ekki hægt að lesa neitt annað út úr því og er eina skýringin sem við höfum fengið frá stjórnarliðum opinberlega um þetta mál.

Ég vek líka athygli á því, hæstv. forseti, að í þessari tillögu er hvergi vikið að atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, 75. gr., ekki minnst á það. Það er heldur ekki minnst á jafnræðisregluna í stjórnarskránni, að menn hafi neinn sérstakan rétt til að nýta auðlindir og að jafnræði skuli gilda. Það er ekki vikið að því með neinum hætti í þessari tillögu að þessar náttúruauðlindir megi ekki selja eða láta varanlega af hendi, nei, alls ekki. Frekar var það túlkað af hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni í gær að það einmitt mætti, og það ætti að sjá til þess að engin breyting yrði á varanlegu framsali í framtíðinni til útgerðarmanna, m.a.

varðandi sjávarauðlindirnar.

Þessi málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar er hrein sýndarmennska og ég held að einn stjórnmálaflokkur eins og Framsóknarflokkurinn hafi aldrei verið keyptur frá afstöðu sinni með eins litlum texta og lélegum og hér er.

[10:38]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Eftir nokkra næturfundi forvígismanna stjórnarflokkanna er fram komin tillaga um breytingu á stjórnarskrá Íslands. Slík vinnubrögð eru ekki trúverðug. Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga en framganga Framsóknarflokksins, sérstaklega í þessu máli, ber öll þess merki. Pólitískt hnútukast hæstv. forsætisráðherra hér áðan er að mínu mati einnig óábyrgt og ekki sæmandi hæstv. forsætisráðherra þjóðarinnar.

Stjórnarandstaðan hefur boðist til að lengja þinghaldið og tryggja vandaða umfjöllun um tillögu til breytinga á stjórnarskránni. Það er grundvallaratriði að um stjórnskipan þjóðarinnar ríki stöðugleiki, sátt og festa. Að svo miklu leyti sem íslensk lög kunna að vera óljós um eignarréttarlega stöðu náttúruauðlinda okkar er brýnt að stjórnarskrárgjafinn finni leið sem er til þess fallin að stuðla að stöðugleika en festi þó ekki í sessi kerfi sem mikið ósætti hefur verið um á meðal þjóðarinnar. Vandséð er hvernig tillaga hæstvirtra ráðherra, Geirs H. Haardes og Jóns Sigurðssonar, þjónar þessu markmiði. Þvert á móti kynni að felast í samþykkt tillögu þeirra sú hætta að óvissa mundi skapast um eignarréttarlega stöðu auðlindanna.

Hæstv. forseti. Ég ítreka að stjórnarandstaðan hefur boðist til að lengja þinghaldið svo að tillögur um breytingar á stjórnarskránni geti fengið ábyrga og vandaða umfjöllun í þinginu. Við erum reiðubúin, eins og fram hefur komið, að koma til þings á morgun og hefja þá umræðu hér í þingsal.

[10:40]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég staðfesti frásögu og orð hæstv. forsætisráðherra í þessari umræðu hér áður. Fundur formanna stjórnmálaflokkanna í gær var einmitt til þess boðaður að bjóða samstarf og leita eftir mögguleikum á því um afgreiðslu og umfjöllun um þetta mál. Auðvitað fara ekki fram efnislegar umræður um það nú og deilur og ágreiningur lögmanna er auðvitað alkunna frá því fyrir löngu og mun halda áfram lengi eftir að Alþingi hefur tekið ákvörðun um þetta mál þessu sinni.

Tilboð stjórnarandstæðinga frá því fyrir nokkrum dögum sem skýrt var frá, óundirbúið að því er virtist, var greinilega aðeins pólitísk plötusláttur og sýndarmennska til að koma illu til leiðar. Við héldum satt að segja að það væri efnisleg og málefnaleg aðstaða til samstarfs um þetta mál, um afgreiðslu þessarar tillögu. Það er greinilegt að stjórnarandstaðan er orðin uppvís að óheilindum í málinu, ég harma það mjög og vona að hún taki sig á.

[10:41]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál. Það var á þeim grundvelli sem stjórnarandstaðan lýsti því yfir að hún væri reiðubúin til að lengja þingið og reiðubúin til samstarfs við ríkisstjórnina um að reyna að ná sátt á sama grundvelli og allir flokkarnir höfðu áður náð sátt um í auðlindanefndinni. Við höfðum líka náð sátt við Sjálfstæðisflokkinn í undirhópi stjórnarskrárnefndarinnar sem nú hefur illu heilli lokið störfum. Það var á þessum grundvelli sem okkar tilboð kom fram.

Við töldum að ríkisstjórnin mundi taka því fagnandi. Enginn veit það betur en hæstv. forsætisráðherra, sem hefur manna mesta reynslu af því að breyta stjórnarskrá, að það þarf að gera í samstöðu. Ég tel hins vegar, frú forseti, að allar hefðbundnar samskiptareglur hafi verið brotnar í þessu máli. Hæstv. formenn stjórnarflokkanna höfðu ekkert samráð um þetta og þegar þeir leggja síðan fram þetta frumvarp kemur í ljós að þar er um að ræða alvarlegt frávik frá fyrri samstöðu sem hafði náðst í auðlindanefndinni og líka innan hluta stjórnarskrárnefndarinnar. Öllu tali um óheilindi og sýndarmennsku vísa ég beint til föðurhúsanna, til hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Enn einu sinni hefur Framsóknarflokkurinn orðið uppvís að því að láta plata sig, Sjálfstæðisflokkurinn beygir hann. Það er talað um að hér sé verið að brjóta í blað. (Gripið fram í.) Hvað sjáum við svo í skýringum með frumvarpinu? Þar stendur að samkvæmt þessu frumvarpi verði afnotaréttindi eins og fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda óhögguð. Það þýðir með öðrum orðum, frú forseti, að hér er verið að stjórnarskrárbinda óbreytt stjórnkerfi fiskveiða. Það eru öll heilindi Framsóknarflokksins, hann er að plata þjóðina. (Forseti hringir.)

[10:43]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Út af ræðu hv. síðasta þingmanns:

Oft má af máli þekkja
manninn, hver helst hann er.
Sig mun fyrst sjálfan blekkja,
sá með lastmælgi fer.

Því miður hefur það gerst hér að stjórnarandstaðan, sem bauð Framsóknarflokknum sérstaklega í dans í síðustu viku, bregst ókvæða við af því að stjórnarflokkarnir hafa náð saman um þetta mikilvæga mál og leggja það nú hér fram. Þess vegna bið ég um ábyrgð stjórnarandstöðunnar í þessu máli, að þeir tali um það málefnalega. Ríkisstjórnarflokkarnir eru vissulega að bjóða stjórnarandstöðunni upp í fallegan tangó í þessu máli þar sem við getum lokið því og náð fram vilja allra stjórnmálaflokka í þessu máli, að náttúruauðlindir Íslands verði hafnar upp með þeim hætti að þær verði eign allra Íslendinga og staðfest í stjórnarskrá.

Þess vegna bið ég menn hér að spara dylgjur og blekkingar, spara stóryrði, og ég undra mig á því að stjórnarandstaðan sem var tilbúin að taka þetta mál á dagskrá í síðustu viku skuli hafna því að ræða það málefnalega hér í dag en fara í dylgjur og stóryrði og vera tilbúin svo aftur á morgun. Ég segi fyrir mig að mér finnst að stjórnarflokkarnir eigi um leið og ró færist aftur á þetta mál að vera tilbúnir hve-

nær sem er að ræða það við stjórnarandstöðuna. Við viljum gera þetta af ábyrgð og festu og ég tel að við höfum náð hér saman um mikilvægt og gott mál sem allir eiga að standa saman að. Þess vegna er stjórnarandstöðunni boðið upp í þennan góða tangó og ég bið menn um að hafna því ekki fyrir fram, heldur stíga dansinn fast og þétt og klára þetta mál.

[10:45]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Ef hér væri dömufrí mundi ég ekki bjóða hæstv. landbúnaðarráðherra upp í dans, ég vil bara að hæstv. landbúnaðarráðherra viti það, hann er a.m.k. ekki efstur á danskortinu mínu. (Gripið fram í.) Það kann hins vegar að vera að það komi að honum síðar en þá þarf ýmislegt að breytast.

Það er ljóst, hæstv. forseti, að samstarf um stjórnarskrárbreytingar á sér stað í ákveðnum farvegi í stjórnarskrárnefnd. Ég auglýsi eftir því að við fáum í þingsali á pappír frumvarp til breytinga á stjórnarskránni sem byggir á samkomulaginu sem náðist í stjórnarskrárnefndinni. Hvar er það frumvarp? (Gripið fram í.) Eigum við ekki að fá að ræða það sem þó fékkst niðurstaða um þar? Nei, við fáum hérna þingmannafrumvarp frá hæstv. ráðherrum sem byggir á einhverju allt öðru en var rætt í stjórnarskrárnefndinni. Í henni var rætt um umhverfisrétt og náttúruauðlindir, og sérfræðingar á sviði umhverfisréttar og náttúruauðlindastjórnunar komu fyrir stjórnarskrárnefndina með mjög afgerandi tillögur. Hvers vegna liggja þær ekki að baki því frumvarpi sem þessir hæstv. ráðherrar hafa hér lagt fram? Þessir hæstv. ráðherrar eru að ganga á bak orða sinna að því leyti að samkomulagið um stjórnarskrárbreytingar eigi að fara fram innan stjórnarskrárnefndar. Ég spyr og vil fá svör við því í þessari umræðu: Hvar er frumvarpið sem þó náðist samkomulag um í stjórnarskrárnefndinni? (**BÁ:** Það var ekkert frumvarp.)

Varðandi síðan togstreituna á milli stjórnarflokkanna þá er hún náttúrlega orðin nánast áþreifanleg í þingsal og á göngum hússins. Ég held að það skipti verulegu máli að menn nái einhverjum sáttum um þinglok. Það er ekki farið að ræða það hvaða mál stjórnarliðar ætli að setja í gegn og afgreiða sem lög frá Alþingi á þessum örfáu (Forseti hringir.) dögum sem eftir eru.

[10:48]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sagði að við hefðum verið boðuð til fundarins í gær, forustumenn stjórnarandstöðunnar, til þess að bjóða okkur samstarf. Það var sérkennileg hugmynd um samstarf, virðulegur forseti, því að það fól einungis það í sér að við ættum að koma til þings í dag og veita afbrigði fyrir því að taka þetta frumvarp þeirra á dagskrá.

Við buðum upp á samstarf við Framsóknarflokkinn í síðustu viku. (**Gripið fram í:** Hann sagði samkomulag.) Já, vegna þess að við trúðum því að Framsóknarflokkurinn vildi einlæglega breyta stjórnarskránni með þeim hætti að festa í sessi þjóðareign, skilgreina þjóðareign á auðlindum sem ekki eru í einkaeigu og þar gengju þeir út frá því grundvallarviðhorfi sem var viðhorfið í stjórnarskrárnefndinni og í auðlindanefndinni, a.m.k. hjá meiri hlutanum í stjórnarskrárnefndinni, að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign mætti ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Það sé hið sértæka í þjóðareigninni, það megi ekki selja hana eða láta varanlega af hendi til annarra aðila. En það er ekki verið að gera það, virðulegur forseti, það er ekki verið að festa það í lög ef það nær fram að ganga sem hér er lagt til. Framsóknarflokkurinn er að ganga á bak orða sinna gagnvart kjósendum. (**Gripið fram í:** Hvað ...?) Þetta hélt ég ekki að Framsóknarflokkurinn mundi gera. (Gripið fram í.) Ég hélt að hann væri tilbúinn til þess að ganga þannig frá málum að við gætum treyst því að ekki væri hægt að framselja þjóðareignir til einkaaðila með varanlegum hætti, (**Gripið fram í:** Þetta frumvarp ...) virðulegur forseti. (**Gripið fram í:** Þetta frumvarp ...) Það er verið að útþynna hugtakið eða, virðulegur forseti, eins og ég sagði áðan, verið að festa það í sessi að hægt sé að úthluta þjóðarauðlindunum, fiskstofnunum okkar með varanlegum hætti (Gripið fram í.) til einkaaðila. (Forseti hringir.) Það er mergurinn málsins, (Forseti hringir.) virðulegur forseti.

[10:50]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan að brotnar hefðu verið allar hefðbundnar samskiptareglur flokkanna á Alþingi í þessu máli. Þetta er af og frá. Hv. formaður Samfylkingarinnar sem hóf þessa umræðu núna var að staðfesta það að Framsóknarflokknum sérstaklega hefði verið boðið til samstarfs um þetta mál og ekki öðrum. Ekki ríkisstjórninni, ekki Sjálfstæðisflokknum, bara Framsóknarflokknum. Og hvað skyldi þá hafa vakað fyrir hinni góðu stjórnarandstöðu í því efni? Var það að ná heildarsamstöðu allra flokka á þingi? Ó, nei. Samstaðan var rofin um leið og stjórnarandstæðingarnir fóru þessa leið og það var stjórnkænska hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, sem hafði forgöngu um þetta allt saman, sem hefur nú leitt til þeirrar stöðu sem uppi er og að ekki er flutt sameiginlegt frumvarp allra flokka um þetta mál.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var að staðfesta það rétt í þessu að Framsóknarflokknum einum hefði verið boðið í samstarf um þetta. Hvað var þá hér á ferðinni? Pólitískt trix. Það var verið að reyna að koma illu til leiðar pólitískt, þetta var sem sagt loddaraháttur, það var ekkert meint með þessu, það var ekki áhugi á málefninu sem réði ferðinni. Það var áhugi á því að koma pólitískum illindum af stað. (**Gripið fram í:** Það er staðreyndin.)

[10:51]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt um eru aðeins 20 mínútur sem gefast til að ræða um störf þingsins. Sá tími er liðinn. Hins vegar eru fjölmargir hv. þingmenn á mælendaskrá og komast því miður ekki að að þessu sinni.

***Um fundarstjórn.***

Mælendaskrá í athugasemdum.

[10:52]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætlaði einmitt að vekja athygli á því að það fór ekki fram hjá mér að fjöldi þingmanna var á mælendaskrá og hafði óskað eftir orðinu en hæstv. forseti ákvað hins vegar að veita einum tilteknum alþingismanni, (**Gripið fram í:** Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.) hæstv. forsætisráðherra, orðið og taka hann fram fyrir röð annarra.

Ég spyr: Á hvern hátt réttlætir hæstv. forseti þingsins þessa skipan og þessa ákvörðun? Ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég tel þetta mjög óeðlilegt. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** ... komi upp.)

[10:52]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Hv. þingmaður getur treyst því að forseti fer eftir þingsköpum hvað það snertir hvernig hann raðar hér á mælendaskrá.

[10:53]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt í svona miklu máli að fleiri biðji um orðið en komast að á 20 mínútum þannig að það er ekki við öðru að búast en að ekki komist allir að sem vilja. Ég geri auðvitað engar athugasemdir við það, virðulegur forseti. En forseti hefur ítrekað sagt hér, einmitt þegar gerð hefur verið upp umræða af þessu tagi, að forseti veiti mönnum orðið í þeirri röð sem þeir biðja um það.

Samkvæmt mælendaskrá sem var birt á sjónvarpsskjá í hliðarherbergi var ég á mælendaskrá á eftir hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Í fyrsta lagi geri ég athugasemdir við það að hæstv. forsætisráðherra skuli hafa verið hleypt inn í röðina því að hann var ekki á mælendaskrá. Hann fékk að tala síðast á undan mér og það varð til þess að ég komst ekki að.

Í öðru lagi geri ég athugasemd við það að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skuli vera á mælendaskrá á undan mér því að ég bað um orðið þegar hún var að ganga í ræðustól í fyrra sinnið. Það getur ekki gengið að ræðumaður sem hefur ekki hafið mál sitt geti tryggt sér sæti á mælendaskrá á undan þeim sem biðja um orðið.

[10:54]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill benda hv. þingmönnum á 1. mgr. 56. gr. þingskapa. Þar segir að forseti gefi „þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess þá er dagskrármálið er tekið fyrir. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra, sem hlut á að máli, og framsögumann, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd er snertir sjálfan hann".

Þannig var mál með vexti að hv. formaður Samfylkingarinnar hafði óskað eftir að ræða þetta mál aftur og einn þingmanna úr flokki hennar vék í staðinn af mælendaskrá. Að sjálfsögðu getur forseti gefið ráðherrum, og einkum og sér í lagi hæstv. forsætisráðherra, tækifæri til að taka til máls.

[10:55]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst þessi fundarstjórn vægast sagt einkennileg og röðun þingmanna á mælendaskrá sömuleiðis. Ég fylgdist mjög grannt með því sem fram fór hér áðan vegna þess að ég er þingflokksformaður Frjálslynda flokksins. Ég fylgdist mjög grannt með því hvernig ræðumönnum var raðað niður og hvernig nöfnin komu fram á sjónvarpsskjánum vegna þess að það er mitt starf að sjá til þess að mínir menn komist að. Þeir höfðu beðið um orðið.

Ég er með punktað niður fyrir framan mig hvernig mælendaskráin leit út á skjánum. Það voru hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristinn H. Gunnarsson og síðan hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson.

Það vakti mikla furðu mína þegar ég sá allt í einu að hæstv. forsætisráðherra væri að koma í ræðustól öðru sinni, ég verð að segja það, og það kom þá að sjálfsögðu í veg fyrir að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fengi tækifæri til að tjá sig í ræðustól.

Hæstv. forseti vitnar í 56. gr. þingskapa. Ég tel að sú grein eigi vart við um þessar umræður, þ.e. umræður um störf þingsins. Hún er að mínu mati ætluð umræðum um lagafrumvarp. Ég hef ekki orðið var við annað, virðulegur forseti, á þeim tíma sem ég hef verið á þingi, tæp fjögur ár, en að sú hefð hafi ríkt að þingmenn séu settir á mælendaskrá þegar rætt er um störf þingsins í þeirri röð sem þeir biðja um orðið. Ég minnist þess ekki, virðulegi forseti, að farið hafi verið fram hjá þessari reglu þegar við erum að ræða mál undir þessum dagskrárlið. Ég beini þeim orðum til hæstv. forseta að hæstv. forseti virði þá hefð þannig að þingmenn geti treyst því að þegar þeir eru komnir á mælendaskrá sé það virt. Fólk er að sjálfsögðu búið að undirbúa sig fyrir þessar umræður og gerir ráð fyrir því að geta fengið að tala og gerir alls ekki ráð fyrir því að hér geti ráðherrar úr ríkisstjórn Íslands troðist fram fyrir þingmenn nánast eins og þeim hentar.

[10:58]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti gerir ráð fyrir því að hv. þingmönnum sé kunnugt um það hvernig þingsköp eru í þinginu og hvernig þeim er framfylgt. Forseti fullyrðir hér að það er ekkert óeðlilegt við fundarstjórn forseta.

[10:58]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að þurfa að segja það að ég er ekki sammála forseta um að ekkert sé athugavert við fundarstjórn forseta. Forseti las upp úr 56. gr. þingskapa sem fjallar um umræður um lagafrumvörp enda kemur það fram í þeim texta sem forseti las upp, með leyfi forseta:

„Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess þá er dagskrármálið er tekið fyrir."

Dagskrármálið, og umræður um störf þingsins eru ekki dagskrármál, virðulegi forseti. Um það er fjallað í 50. gr. þingskapa með svohljóðandi málsgreinum, með leyfi forseta:

„Í upphafi fundar, áður en gengið er til dagskrár, geta þingmenn gert athugasemdir er varða störf þingsins. Enginn má tala oftar en tvisvar og ekki lengur en tvær mínútur í senn. Umræður um athugasemdir mega ekki standa lengur en í tuttugu mínútur."

Hér er hvergi vikið að forgangi ráðherra til þessara umræðna, virðulegi forseti, þannig að ég ítreka það að ég er ósammála túlkun forseta og málsvörn í þessu máli og geri athugasemd við þá fundarstjórn sem fram fór áðan um dagskrárliðinn um störf þingsins.

[10:59]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég verð að segja fyrir mig að mér finnst mjög barnalegt af hálfu stjórnarandstöðunnar að ráðast á forseta með þessum hætti. Hér fór sannarlega fram umræða í upphafi þingfundar með eðlilegum hætti og það sem oft gerist í slíkri umræðu gerðist hér þegar málshefjandi, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hóf umræðuna. Hún talaði tvisvar, og sömuleiðis sá sem til andsvara var. Hæstv. forseti hefur lýst því hvernig hæstv. forsætisráðherra komst aftur inn í umræðuna og mér fannst það eðli málsins samkvæmt mjög eðlilegt. Ég vil hér segja við stjórnarandstöðuna: Aðalatriðið er auðvitað að stjórnarandstaðan lesi frumvarpið til stjórnskipunarlaga sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. (**ÖS:** Hvað með að Framsóknarflokkurinn ...?) Og það á í rauninni, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að vera þitt verkefni í dag að lesa þetta frumvarp og tala ekki alltaf af ábyrgðarleysi eins og þú gerir hér og í fjölmiðlum. Talaðu ekki alltaf af ábyrgðarleysi. Það setur ljótan svip á þitt ágæta andlit.

Hæstv. forseti. Ég fullyrði að sú umræða sem hér fór fram var með mjög eðlilegum hætti. Mér sárnar að stjórnarandstaðan sem vill koma þessu máli áfram, lýsti því yfir í síðustu viku, skuli koma hér upp og vera með dylgjur og róg í okkar garð og fara að fjalla um málið málefnalega án þess að hafa lesið það. Þess vegna finnst mér ágætt að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er hér eins og vorboðinn, fer nú heim og les frumvarpið og við tökum það sem allra fyrst til efnislegrar umræðu. Ég trúi því að stjórnarandstaðan muni ganga til liðs við ríkisstjórnarflokkana (Gripið fram í.) um þetta mál (Forseti hringir.) og klára það þannig að ég vil segja hér að allar ásakanir í garð hæstv. forseta finnst mér barnalegar á þessum morgni og mjög óviðeigandi. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti ætlaði einmitt að minnast á það að hv. þingmenn ræddu um fundarstjórn forseta en ekki efni máls og brýna enn fremur fyrir þeim að viðhafa ekki persónuleg ávörp til þingmanna úti í sal.)

[11:02]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra telur að hér hafi farið fram utandagskrárumræða. Hér fór fram umræða um störf Alþingis. Henni háttar öðruvísi en í utandagskrárumræður þar sem málshefjandi kemur tvisvar í pontu.

Hæstv. forseti. Ég gerði athugasemd við það að hæstv. forsætisráðherra var hleypt fram fyrir í langri biðröð þingmanna sem höfðu óskað eftir orðinu um störf þingsins. Hæstv. forseti sagði að ég gæti treyst því að forseti færi að þingskapalögum. Hún las síðan upp ákvæði í þingskapalögunum þar sem er að finna heimildarákvæði til handa forseta um að víkja frá þeirri röð sem þingmenn hafa óskað eftir orðinu. Ég efast ekki um að heimildarákvæðið standist. Um hitt efast ég að rétt sé að mismuna þingmönnum í pólitísku hitamáli líkt og því sem hér um ræðir á þann hátt sem hæstv. forseti þingsins gerði. Við það geri ég athugasemd.

[11:04]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég kem hingað til þess að verja hæstv. forseta. Ég tel að hæstv. forseti hafi staðið vel að því að raða mönnum á mælendaskrá áðan þegar talað var um stjórnarskrána.

Hæstv. forseti vísaði til ákveðinnar greinar þar sem segir að við sérstakar aðstæður megi breyta röð. Ég tel að það hafi verið mjög mikilvægt að forustumenn flokkanna gætu komið sínum málstað á framfæri. Ég geri engar athugasemdir við að hæstv. forsætisráðherra hafi verið skotið síðustum að vegna þess að það skiptir máli til að skýra málið (Gripið fram í.) að afstaða hans kæmi fram. (**Gripið fram í:** Þetta er rétt hjá þér.) Þetta vildi ég segja vegna þess að mér finnst oft (Gripið fram í.) á tíðum ómaklega vera vegið að þeim sem stýrir fundum þingsins. Ég tel einfaldlega að hæstv. forseti hafi gert það vel.

Hitt vil ég svo segja, sem mína persónulega skoðun, að ég fagna því að forsætisráðherra tali sem oftast um þetta mál, frú forseti. Hann hefur vondan málstað að verja og því oftar sem hann talar því betur kemur það í ljós. Það er í rauninni þannig að enginn hefur slegið hann út í því efni á þessum degi nema ef vera skyldi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

[11:05]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. 1. þm. Reykjavíkur norður um það sem hann var að segja áðan. Ég held að umræðan hafi farið fram eðlilegum hætti.

Formaður Samfylkingarinnar hóf umræðu um mál og beindi orðum sínum ekki síst til forustumanna ríkisstjórnarflokkanna, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Það var mjög eðlilegt til þess að þessari umræðu gæti lokið, að bæði hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fengi orðið að nýju sem og hæstv. ráðherrar og að hæstv. forsætisráðherra tæki til máls.

Það er rétt að umræðuhefðin sem við höfum verið að skapa undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins eða Um fundarstjórn hafa þróast með allt öðrum hætti en þær voru í upphafi. Þær hafa ekki þróast nákvæmlega eftir orðanna hljóðan í þingsköpum Alþingis. Við höfum verið að þróa þetta meira í þá átt sem við höfum séð undanfarin ár, í eins konar utandagskrárumræðu þar sem menn hafa tekið upp mál dagsins og hæstv. forsetar hafa verið að skapa vettvang til þess undir þessum dagskrárlið.

Það má deila um hvort þetta sé eðlilegt. Þetta hefur hins vegar verið gert vegna þess að þarna hefur verið svigrúm til að hv. þingmenn gætu tekið upp mál sem m.a. hafa verið á vettvangi ríkisstjórna og menn hafa talið nauðsynlegt að

fjalla um á Alþingi. Þess vegna var umræðan núna mjög eðlileg og mjög í anda þess sem við höfum séð á undanförnum árum.

Hæstv. forseti vitnaði til þingskapa máli sínu til stuðnings, þegar hún útskýrði hvers vegna hún stjórnaði fundinum með þeim hætti sem hún gerði. Ég tek mjög undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það var eðlileg og sanngjörn stjórn fundarins.

[11:07]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Frú forseti. Nokkuð hefur verið fjallað um það í fjölmiðlum að undanförnu að almenningur á Íslandi beri ekki virðingu fyrir störfum Alþingis. Ég vil að það komi fram að ég hef engar athugasemdir við fundarstjórn hæstv. forseta áðan. Ég tel að hún hafi staðið fullkomlega eðlilega að því að stjórna þessum fundi.

Ég held að við ættum að velta því fyrir okkur hvers vegna fólkið í landinu hefur þá skoðun á störfum okkar sem raun ber vitni. Þetta er það sem fólkið sér, viku fyrir áætluð þinglok er salurinn er eins og járnbrautarstöð. Hér er greinilega á ferðinni enn einn alþjóðlegur baráttudagur karla fyrir að komast í ræðustól, sem er hér í gangi 364 daga á ári. Í gær vorum við reyndar með alþjóðlegan baráttudag kvenna. (**Gripið fram í:** Einn dag.) Og hv. þingmenn skilja ekki að þjóðin beri ekki virðingu fyrir störfum þeirra.

Hvernig væri að fara að sinna þingstörfunum og hætta að eyða tímanum í botnlaust skilningslaust þvarg um það sem ekki skiptir máli? (Gripið fram í.) Hér var fundi vel stjórnað.

[11:09]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi kem ég upp til þess að lýsa aðdáun minni á ummælum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, sem sýndi mikla sanngirni. Sanngirnin kom fram í því hvernig hann snupraði kaffibandalagið fyrir þær ósanngjörnu árásir sem það hefur haldið uppi gagnvart forseta þingsins. Það er mjög ómaklegt eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti svo réttilega á.

Það má líka segja að að mörgu leyti sé framganga stjórnarandstöðunnar óeðlileg varðandi það mál sem hér er gert að umtalsefni. Einn daginn er boðað til blaðamannafundar til að leggja áherslu á mikilvægi málsins og vilja til að koma því í gegn. Næsta dag er gengið vasklega fram í því að koma í veg fyrir að málið komist á dagskrá. Þetta er allur viljinn. Svo er það kórónað með því að í dag er brotið hér heiðursmannasamkomulag (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill áminna hv. þingmann um að ræða um fundarstjórn forseta.)

Já, nú er ég einmitt að koma að því að í dag er brotið heiðursmannasamkomulag. Það er nefnilega þannig, frú forseti, að sú venja hefur skapast og það heiðursmannasamkomulag að þegar rætt er um störf þingsins er venjan sú að láta formenn þingflokka vita af því. Það var engin tilkynning um það til formanna þingflokka (**Gripið fram í:** Þetta er nú ómerkilegt.) að þetta stæði til. Þar með er vikið frá þessu heiðursmannasamkomulagi sem hefur verið gert, sem lýsir auðvitað því gjaldþroti sem er hjá stjórnarandstöðunni í þessu máli sem öðrum. (**ÖJ:** Ræddum við ekki saman fyrir þingfund?)

[11:11]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti biður nú hv. þingmenn um að halda ró sinni.

[11:11]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Ég vil gera athugasemd við stjórn fundarins. Ég er alls ekki sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég er á því að við eigum að fara að þeim lögum sem gilda um fundarstjórn og fylgja fundarsköpum Alþingis. Við höfum því miður slæma reynslu af því að farið sé á svig við þessi fundarsköp.

Ég vil nefna það þegar ekki var virt samráð, þegar ríkisstjórnin ákvað að styðja árás á Írak. Þá var einmitt farið á svig við lögin. Ég vara við því sem er verið að boða hér, að fara á svig við fundarsköp Alþingis og þróa með einhverjum hætti eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra talaði um. Mér finnst það mjög vafasamt.

Það liggur fyrir tillaga frá forseta með ýmsar tillögur um breytingar á fundarsköpum. Mér finnst miklu nær að taka það fyrir í stað þess að tala um einhverja þróun og að hægt sé að kippa hinum og þessum ráðherra fram fyrir í umræðum um mál og fara á svig við reglu sem hefur gilt, sem hefur gilt fram á þennan dag og oft verið notuð til útskýringa á því hvers vegna menn fái ekki að taka til máls, þ.e. að menn fá orðið í þeirri röð sem þeir biðja um það.

Mér finnst að við eigum að halda okkur við þá reglu. Annað tel ég algjörlega ósæmandi. Ég vona að hæstv. forseti stjórni fundum framvegis með öðrum hætti en hann stjórnaði fundi áðan.

[11:13]

**Jón Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram, eins og sanngjarnir þingmenn hafa gert á undan mér, að það er ekkert athugavert við fundarstjórn forseta í þessu máli. Hún fór einfaldlega eftir 56. gr. sem segir:

„Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess þá er dagskrármálið er tekið fyrir. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra, sem hlut á að máli, og framsögumann, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd er snertir sjálfan hann.“

Það var vissulega farið eftir þessu við þessa umræðu og er ekkert athugavert við fundarstjórnina. Það er út í hött að teygja þetta út á einhverja aðra kafla. Þetta er í kaflanum um fundarsköp þingsins og var ekkert athugavert við þetta.

Forseti fór eftir þeirri sanngjörnu reglu að láta hv. 9. þm. Reykjavíkur norður, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fá orðið aftur. Hún hóf málið og hæstv. forsætisráðherra fékk orðið aftur. Hann varð til andsvara og það er hreinlega ekkert athugavert við þetta og ástæðulaust að setja á langar ræður enda hafa sanngjarnir þingmenn, eins og ég orða það, sagt hið sama í þessari umræðu.

[11:15]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ein lítil athugasemd í tengslum við umræðu um fundarstjórn forseta. Hér kom formaður Framsóknarflokksins í pontu fyrir stundu og talaði andheitur um heiðursmannasamkomulag sem hefði verið rofið, það væri venja að formenn þingflokka fengju að vita þegar þingmenn ætluðu að kveðja sér hljóðs undir dagskrárliðnum um störf þingsins. Það er alveg rétt að þetta var ekki rætt áður, enda ákvörðun tekin um það skömmu áður en þingfundurinn kom saman. Hv. formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins gæti gagnrýnt okkur fyrir þetta en ekki formaður þingflokks Framsóknarflokksins. Áður en fundur var settur ræddum við einmitt þetta mál (**HjÁ:** Er þingfundur hófst.) og ég skýrði honum frá því hvernig tildrögin væru, að þessi ákvörðun væri nýtilkomin. Þess vegna ætti hv. þm. Hjálmar Árnason að tala varlega um rofin heiðursmannasamkomulög.

[11:16]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Í upphafi umræðunnar var það orðað af stjórnarandstöðunni að taka það mál sem hér var opnað á um störf þingsins til umræðu á morgun. Ég mundi gjarnan vilja vita hjá hæstv. forseta mjög fljótlega hvernig hún hyggst haga morgundeginum. Það hagar svo til fyrir okkur þingmenn í Norðvesturkjördæmi að við þurfum á sunnudegi a.m.k. að tryggja það að við getum verið á Ísafirði og veðurspáin er kannski ekki þannig fyrir Vestfirði að það sé mjög hægt að tryggja flug. Ég hefði gjarnan viljað vita og mælist til þess af hæstv. forseta varðandi fundarstjórnina að það verði rætt fyrr en seinna hvernig menn ætla þá að standa að fundarhaldi á morgun ef forseti ætlar að halda fund á morgun sem er auðvitað á hennar valdi, hæstv. forseta, en mælist til að fyrr en seinna liggi fyrir einhver áætlun.

[11:17]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti heyrir orð hv. þingmanns en getur ekki svarað því á þessari stundu hvernig dagskrá verður háttað eða hvort fundur verður á morgun. Það mál verður að sjálfsögðu skoðað.

### *Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 668. mál. — Þskj. 1019.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 669. mál (sauðfjársamningur). — Þskj. 1020.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

### *Íslensk alþjóðleg skipaskrá, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 667. mál (heildarlög). — Þskj. 1013.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

### *Sameignarfélög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 79. mál (heildarlög). — Þskj. 79, nál. 949, brtt. 950.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:20]
Brtt. 950,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 950,2–11 samþ. með 45 shlj. atkv.
6.–53. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

### *Hafnalög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 366. mál (gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 398, nál. 997, brtt. 998.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:23]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 998,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 998,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 998,3 samþ. með 48 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 998,4 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 998,5 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 998,6 (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BHar, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SæS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EBS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (BJJ, BjarnB, BjörgvS, EMS, GÞÞ, GÖrl, HBl, JGunn, KHG, LB, MS, MF, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

6.–7. gr. (verða 8.–9. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 998,7 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

### *Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 385. mál (heildarlög). — Þskj. 427, nál. 906, brtt. 907.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:26]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 907,1 samþ. með 48 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 907,2–15 samþ. með 48 shlj. atkv.

5.–21. gr. og ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

### *Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 358. mál (löggilding starfsheitis grafískra hönnuða). — Þskj. 952.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BHar, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MÁ, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (BJJ, BjarnB, BjörgvS, EMS, GÞÞ, GÖrl, HBl, HHj, JGunn, KHG, LB, MS, MF, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1085).

### *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.*

Stjtill., 430. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 518, nál. 1028.

[11:29]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 120/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) EES-samningsins.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Ólöfu Emblu Einarsdóttur frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Tillagan var sent út til umsagnar og bárust umsagnir frá Kauphöll Íslands, Samtökum fjárfesta, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005 frá 30. september 2005, um breytingu á IX. Viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í hann tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB.

Tilskipunin mælir fyrir um samræmingu reglna um birtingu reglulegra og viðvarandi upplýsinga um útgefendur verðbréfa sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað. Samkvæmt tilskipuninni skal útgefandi gera reglulega opinberar tilteknar upplýsingar en það eru ársskýrsla, hálfsársuppgjör og skýrsla framkvæmdastjórnar. Þá er gert ráð fyrir viðvarandi upplýsingaskyldu um breytingar á yfirráðum yfir verulegum eignarhluta, atkvæðisrétti o.fl. Í tilskipuninni felst lágmarkssamræming á reglum en einstök ríki geta gert strangari kröfur.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi en lagafrumvarp þess efnis hefur enn ekki verið lagt fram á Alþingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálitið rita Jón Kristjánsson, varaformaður og framsögumaður, Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.*

Stjtill., 573. mál (endurtryggingar). — Þskj. 851, nál. 1029.

[11:32]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar

sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 59/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Tilskipun 2005/68/EB gildir um sjálfstæðan rekstur endurtrygginga af hálfu endurtryggingafélaga sem aðeins stunda endurtryggingar og staðsett eru innan Evrópusambandsins og síðar Evrópska efnahagssvæðisins eftir að tilskipunin hefur verið felld inn í EES-samninginn og mælir fyrir um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að geta hafið rekstur endurtryggingafélags.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þurfa nauðsynlegar breytingar að hafa tekið gildi eigi síðar en 10. desember 2007.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálitið rita Jón Kristjánsson, varaformaður og framsögumaður, Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, síðari umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 69. mál. — Þskj. 69, nál. 983.

[11:34]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson frá Vestnorræna ráðinu og Berglindi Ásgeirsdóttur og Friðrik Jónsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að gera samkomulag um að löndin skiptist á ræðismönnum og að þau komi sér upp sameiginlegum ræðismannsskrifstofum. Með ályktun nr. 2/2006 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 21. ágúst 2006 í Þórshöfn samþykkti ráðið að skora á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að koma á slíkum ræðismannaskiptum.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneyti er stefnt að opnun nýrrar ræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn í Færeyjum 1. apríl næstkomandi. Þá hefur verið upplýst að Færeyingar hyggist opna ræðisskrifstofu í Reykjavík síðar á þessu ári.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita Jón Kristjánsson, varaformaður og framsögumaður, Jón Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Bjarni Benediktsson.

[11:36]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er verið að ræða ályktun frá Alþingi sem ég styð. Það kemur fram í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar, sem er framsögumaður sameiginlegs álits nefndarinnar, hverjir standa að því. Ég á sæti í utanríkismálanefnd þó að ég hafi verið fjarstaddur þegar þetta mál var afgreitt en ég verð hins vegar að segja það hér að ég styð málið mjög.

Hins vegar kom líka fram í máli hv. þingmanns, eins og við höfum lesið í fregnum, að búið er að ganga frá því að ræðismannsskrifstofa verði af okkar hálfu opnuð í Færeyjum innan eins mánaðar. Mig langaði til að spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson hvort það sé ekki svolítið óeðlilegt að áður en Alþingi hefur tekið ákvörðun um þetta og vilji þess liggur ekki fyrir með atkvæðagreiðslu grípi framkvæmdarvaldið til þess að ganga frá málinu áður en svo er. Það er eins og það gildi einu hvert álit Alþingis er. Mig langaði til að spyrja hv. þingmann um þetta því að mér finnst þetta svolítið umhendis. Ég vil taka alveg skýrt fram að í þessu felst enginn óvilji af minni hálfu gagnvart málinu. Hins vegar finnst mér þetta undarleg vinnubrögð en þau tíðkast kannski. Mér hefur ekki verið kunnugt um það á 16 ára þingferli.

Mig langar jafnframt að spyrja hv. þingmann, af því að hann talar í krafti stjórnarmeirihluta, hvort einhverjar ákvarðanir hafi verið teknar um slík skipti gagnvart Grænlandi. Ég hef ekki orðið var við það í umræðunni. Mér finnst að þeir eigi að njóta sömu stöðu og Færeyingar gagnvart okkur. Þetta eru okkar bestu grannar alveg eins og þeir. Á þetta vildi ég leggja áherslu og inna hv. formann utanríkismálanefndar eftir þessu.

[11:38]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að framkvæmdarvaldið hafi staðið í þeirri trú að þessi tillaga yrði samþykkt á Alþingi þar sem almennur stuðningur hefur verið við málið. Þetta er ekki nýtt mál og það hafi verið í ljósi þess sem þessi dagsetning var ákveðin. Ef Alþingi hefði verið á móti þessu hefði auðvitað verið hægt að breyta henni en það er náttúrlega ljóst, eins og fram kom hjá hv. ræðumanni, að víðtækur stuðningur er við málið og aldrei hefur neitt annað komið fram. Auðvitað er það góð regla að Alþingi samþykki mál áður en þau eru ákveðin af framkvæmdarvaldinu og menn leiti heimilda þingsins, ekki mæli ég á móti því, en ég held að þetta mál hafi haft sérstöðu þar sem ég hef ekki heyrt nokkurn þingmann andmæla því.

Varðandi Grænland þá er það mál ekki eins þroskað og þetta en ég held að það sé eins með ræðismannsskipti við Grænland að það er almennur stuðningur við að undirbúa það mál. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum einnig að búa svo um hnútana á Grænlandi við þá ágætu nágranna okkar að skiptast á ræðismönnum, þó að ég þori ekki að segja um það á þessu stigi hvenær það getur orðið að veruleika.

[11:40]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Jón Kristjánsson, sem bæði er hv. þingmaður og starfandi formaður utanríkismálanefndar, a.m.k. í dag, lýsir þeirri skoðun sinni að það sé góð regla að framkvæmdarvaldið bíði með að hrinda í framkvæmd ákvörðun-

um Alþingis þangað til búið er að ganga frá þeim ákvörðunum. Ég vildi leyfa mér að taka dýpra í árinni. Ég vil segja að það sé reglan með ákveðnum greini. Mér finnst það nokkuð óviðkunnanlegt að utanríkisráðuneytið geri því skóna að þingið afgreiði mál með hinum eða þessum hætti. Auðvitað er ég sammála hv. þingmanni um að það hefur ekki nokkur einasti maður lagt nokkurt gegn þessu máli. Það hefur komið fram á þinginu ansi sterkur vilji til þessarar gjörðar. Hins vegar hefur líka komið fram á þinginu jafngóður og hlýr hugur í garð nágranna okkar í vestri, Grænlendinga, og ég spyr sjálfan mig: Hvað veldur því að utanríkisráðuneytið ræðst í það í krafti þess góða og yfirlýsta vilja sem fram hefur komið á Alþingi að opna ræðismannsskrifstofu í Færeyjum en ekki í Grænlandi? Er einhver sérstakur munur á milli þessara tveggja ríkja? Höfum við ekki reynt að gera allt sem við höfum getað til að efla samskiptin við grannann í vestri? Það hefði verið ágætt að grípa líka til þess í þessu samhengi.

Hins vegar vil ég bara segja að mér finnst það óviðkunnanlegt af ríkisstjórninni að ráðast í framkvæmd af þessu tagi og gera ráð fyrir því að vilji Alþingis hnigi á einn eða annan veg. Ég held að það sé ekki í samræmi við góða og rétta stjórnarhætti. Mér fannst hv. þingmaður vera mér sammála um það og ég segi það líka að ég er þeirrar skoðunar að það sama eigi að gilda um Færeyjar og Grænland og það hefði verið mér nokkuð þakklátt ef utanríkisráðuneytið hefði líka verið búið að gera ráð fyrir vilja Alþingis varðandi Grænland og ganga frá hinu sama og varðandi Færeyjar.

[11:42]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við þetta mál að bæta. Það er ef að líkum lætur um mánuður þangað til að opnuð verður ræðismannsskrifstofa í Færeyjum og er það vel. Ég endurtek þá skoðun mína að við þurfum að búa svo um hnútana að við getum gengið frá ræðismannaskiptum í Grænlandi. Það er eindregin skoðun mín og ég held að það sé vilji þingsins að sá undirbúningur geti gengið greiðlega fyrir sig, það sem eftir er af honum, en mér er kunnugt um að það mál var ekki eins langt komið og ræðismannaskiptin við Færeyjar. Ég tel bæði þessi mál mjög mikilvæg og undirstrika þá skoðun mína að við eigum að halda uppi góðum samskiptum við þessi grannríki okkar en þessi samskipti eru afar mikilvæg að mínu mati.

[11:43]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég tel að þetta mál sé í sjálfu sér hið besta og hvet til þess að strax og það hefur verið samþykkt á þinginu sem allar líkur eru á bregðist stjórnvöld við með því að ákveða einnig að stofna ræðismannsskrifstofu á Grænlandi og bjóða Grænlendingum að gera slíkt hið sama í Reykjavík. Ég styð í sjálfu sér þessa tillögu til þingsályktunar sem hér er komin til síðari umræðu.

Við það verð ég þó að gera þá athugasemd og játningu að hún mun hafa komið til fyrri umræðu seint að kvöldi. Hafði ég áður en hún kom til umræðu ætlað að taka þátt í henni en það féll inn í þennan skrýtna tíma á þingi þegar mál sviptast á milli funda og daga og langur listi af málum er á dagskrá hverju sinni þannig að ég verð að viðurkenna að ég brást minni þinglegu skyldu og tók ekki eftir því þegar þetta mál var loksins á dagskrá í alvöru og rætt. Ég hygg að það hafi verið seint um kvöld í síðustu eða þarsíðustu viku. Atkvæðagreiðslan fór einnig fram hjá mér. Ég held að ég hafi ekki verið viðstaddur hana sem er auðvitað ekki gott til frásagnar og gat því ekki heldur gert þar þær athugasemdir sem hefðu verið viðeigandi.

Enn brást ég í því hið þriðja sinn að koma á framfæri til þeirrar nefndar sem um málið fjallar þeim athugasemdum sem ég vildi við það gera þannig að mín er sökin, mea culpa, þrisvar sinnum.

Satt að segja, forseti, er þessi tillaga til þingsályktunar þannig orðuð frá sjónarmiði íslenskrar tungu og íslensks stíls að ekki er sæmilegt fyrir Alþingi að samþykkja hana í þessu formi. Þetta á einnig við um tillögu til þingsályktunar um kennslu vestnorrænnar menningar í grunnskólum, tillögu til þingsályktunar um sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd og tillögu til þingsályktunar um útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, Hoyvíkur-samningsins. Mín ráð eru þau að þessum tillögum öllum, fjórum eða fimm, ég er ekki með dagskrána hjá mér og veit ekki hver sú fimmta er eða hvort hún var til, sem komu þessa sömu leið, varða vestnorrænt samstarf og hafa farið frá Vestnorræna ráðinu í upphafi til Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, hygg ég að það heiti, og svo inn á þingið, að allar þessar tillögur verði teknar af dagskrá, umræðu um þær frestað þangað til tími gefst til fyrir þá sem þær flytja eða aðra þingmenn að gera breytingartillögur við orðalag á þessum textum þannig að þeir sæmi virðingu þingsins. Eftir þessa ræðu hlýtur að standa upp á mig að segja frá því hvers vegna þetta sæmir ekki virðingu Alþingis. Það eru nokkrar ástæður til þess.

Í fyrsta lagi er forsetningarliðurinn „í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands“ sem getur hvað málfræðina og setningafræðina varðar bæði átt við um áskorun Alþingis og um það sem ríkisstjórnin á að gera þannig að þessi forsetningarliður er á ákaflega óheppilegum stað. Forsetningarliðurinn er þar að auki afmarkaður með kommum en um forsetningarliði af því tagi gildir almennt að hægt er að sleppa þeim án þess að það skaði setninguna en ef við sleppum forsetningarliðnum yrði setningin svona: Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera með sér samkomulag um að löndin skiptist á ræðismönnum. Er þá setningin orðin gjörsamlega óskiljanleg og órökrétt. Varla er átt við það að einstakir ráðherrar geri með sér samkomulag, heldur að ríkisstjórnin geri samkomulag um eitthvað og þá hugsanlega við einhverjar aðrar stjórnir eða einhverja jafningja annarra ríkja eða svæða. Jafnvel þótt maður færi til forsetningarliðinn sem þarna er innan þessara tveggja komma á skynsamlegri stað verður heldur ekkert vit í setningunni. Hún yrði þá t.d. svona: Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera með sér samkomulag í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að löndin skiptist á ræðismönnum. Enn á ríkisstjórnin samkvæmt þessu að gera samkomulag við sjálfa sig en í þetta sinn í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands.

Ef einhver sérstök merking fylgir þessu klúðri í texta

óska ég eftir því við forsvarsmenn þeirra sem þessar tillögur flytja á þinginu að gerð verði rækileg grein fyrir því hvað þetta orðalag þýðir. Stundum er það þannig að hornótt og klúðrað orðalag stenst á við þá erfiðu og flóknu hluti sem verið er að lýsa. Athugasemdir frá íslenskumönnum og almenningi um kansellímálfar, svokallað stofnanamál, eru þess vegna ekki alltaf sanngjarnar vegna þess að með tilteknum texta er reynt að ná utan um flókna og erfiða hluti. Stundum er stefna þeirra sem nota slíkt málfar, eða er gert að nota það eða vinna í þeim stofnunum eða við þau skilyrði að þeir verða að nota það með einhverjum hætti, að orða hlutina þannig með ákveðnu klúðri til þess að skilja eftir ákveðna óvissu í textanum, skilja eftir ákveðið bil í merkingunni þannig að hún sé ekki skýrt orðuð. Það verður líka að virða þeim til vorkunnar. Það geta komið upp slíkar stundir í stjórnskipaninni og stjórnsýslunni, jafnvel hjá pólitískum flokkum, að menn vilji að vísu gefa frá sér almenna merkingu en ekki allt of nákvæma og grípa þess vegna til orðalags sem því lýsir. (Gripið fram í.) Er sú reyndin hér, forseti? Ég hygg að svo sé ekki. Ég held að með fyrri hluta þessarar tiltölulega stuttu tillögu sé átt við það að Alþingi skori á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að þessar stjórnir skiptist á ræðismönnum. Ég skil ekki, forseti, hvers vegna það orðalag er þá ekki notað nema að menn séu dauðir úr öllum æðum á þinginu og lesi ekki þær tillögur sem þeir ýmist flytja eða eru meðflutningsmenn að.

Ég verð að segja líka, forseti, að mér finnst undarleg skipan hér á þinginu og ekki smekkleg að starfsmenn þingsins geri þá ekki athugasemdir við tillögur af þessu tagi. Ég veit að starfsmenn þingsins vilja lítið hreyfa við frumvörpum sem berast frá ráðuneytunum, svokölluðum stjórnarfrumvörpum. Það er skiljanlegt þó að það sé kannski ekki stórmannlegt en það kunna að vera einhverjar kurteisisreglur í samskiptum starfsmanna þingsins annars vegar og ráðuneytanna hins vegar sem oft bera ábyrgð á endanlegum frágangi textans þótt auðvitað beri ráðherrann heildarábyrgðina á því sem hann flytur hér. Það kunna að vera einhverjar kurteisisreglur sem útiloka breytingar á stjórnarfrumvörpum en þessi tillaga hér og hinar fjórar eða fimm koma ekki úr ráðuneytunum, heldur koma þær frá nefnd innan þingsins, frá fólki sem situr í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins. Ég tel að starfsmenn þingsins — og segi það af mikilli kurteisi og virðingu fyrir þeim — hefðu átt að bregðast við orðalagi af þessu tagi og orðalagi sem finna má með svipuðum hætti í öllum hinum tillögunum. Þetta er ákaflega furðulegt vegna þess að hér á þinginu situr úrval íslenskumanna. Má hefja þá upptalningu á sjálfum skrifstofustjóranum og finna í starfsliði hans fjölda manna hvern öðrum færari í íslenskum stíl og íslenskri málfræði þannig að þeim hefði verið í lófa lagið ef þeir hefðu fengið um það bendingu að laga þetta í textanum.

Kem ég þá, forseti, að seinni hluta þessarar stuttu tillögu og byrja í sömu setningu og ég var að gagnrýna. Í þeirri tillögu kemur tvisvar sinnum fyrir orðið land í fleirtölu. Það er þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að gera með sér samkomulag um að löndin skiptist á ræðismönnum. Löndin eru hvött til að koma sér upp sameiginlegum ræðismannsskrifstofum.“

Þetta er sérkennilegt orðalag. Þegar lesin er greinargerð þeirra þingmanna sem sitja í Vestnorræna ráðinu kemur í ljós að það verður ekki miklu skýrara hvað hér er átt við ef ekki er reynt að lesa þeim mun betur í málið.

„Land“ getur haft ýmsar skýringar í daglegri íslenskri tungu. Algengast er það, og nú held ég mig við eitt merkingarsvið þessa orðs sem vissulega á sér nokkur, í venjulegri málnotkun um landsvæði þar sem býr tiltekin þjóð eða tiltekið ríki er stofnað og í þeirri merkingu notum við það alla jafna. Við segjum að Ísland sé land, Frakkland sé annað land og Þýskaland sé þriðja landið og í þeirri merkingu er það m.a. notað í greinargerðinni sem ég ætla að fara aðeins í á eftir.

Önnur merking orðsins „land“ í daglegu máli er að átt er við samfélagið á hverju svæði, stundum þjóðina sem býr í landinu, því sem átt er við í fyrstu merkingunni sem ég talaði um. Það kemur líka fyrir í greinargerðinni að orðið land er notað í þeirri merkingu.

Síðan er hægt í þriðja lagi, og það er kannski að bestu manna yfirsýn sísta notkunin á orðinu „land“, að nota það fyrir stjórnvöld, ríkisstjórn eða landsstjórn á hverju landsvæði eða meðal hverrar þeirrar þjóðar sem um er að ræða. Í sjálfum tillögutextanum virðist sú merking vera notuð um orðið land og það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en að það sé sú merking sem notuð er um að löndin skiptist á ræðismönnum og síðan séu löndin hvött til að koma sér upp sameiginlegum ræðismannsskrifstofum. En þetta er eins og ég sagði sísta notkunin af þessum þremur sem til greina koma um lönd þegar um þau er að ræða með þessum hætti undir þeim lið sem t.d. mundi heyra saman í orðabók.

Til fróðleiks og skemmtunar má lesa stuttlega rökstuðning í greinargerðinni og fara í gegnum þetta. Strax í 2. mgr. er talað um lönd, þar er talað um tengsl og samstarf landanna. Þar mun vera átt við samfélagið í löndunum, kannski þjóðirnar en þó frekar einstaka hluta samfélagsins, að það vaxi stöðugt að umfangi. Síðan er sagður vilji í löndunum til að styrkja það enn frekar. Þá er væntanlega átt við einmitt þetta sama samfélag frekar en að átt sé beinlínis við þjóðir. Síðan segir að Vestnorræna ráðið vilji auka samstarf á milli stjórnvalda landanna, íbúanna, atvinnulífs og vinnumarkaðar. Þarna er sennilega frekar átt við þjóð en samfélag. Síðan segir að ríkið stofni oft ræðismannsskrifstofur og sendiráð í löndum sem þau tengjast nánum böndum. Þar er komin enn ein merking og hún er svona hálfa leið á milli þess að átt sé við beinlínis ríkið sjálft eða stjórneininguna sjálfa og síðan landsvæðið.

Áfram segir að það sé afar mikilvægt að löndin komi á fót launuðum ræðismannsskrifstofum. Þarna mun vera átt við stjórnir landanna. Þessar skrifstofur eiga að hafa diplómatíska stöðu eða að komið sé upp viðskiptafulltrúum hvert í annars löndum. Þarna er vart hægt að skilja þetta öðruvísi en sem landsvæði þau sem þessar viðkomandi stjórnir ráða yfir.

„Það mun auðvelda fólki að flytja milli landanna“ vísar væntanlega hins efnislega lands sem ég ræddi áður, en „það mundi líka efla starfsemi atvinnulífsins milli landanna“ og þá er aftur átt við samfélagið. Síðan er enn talað um að

flytjast milli landanna og væntanlega fljúga frá einu landi, sigla eða aka ef það væri hægt frá einu landi til annars. Að lokum kemur svo í greinargerðinni síðasta málsgreinin þar sem orðið land er notað í öllum þremur merkingunum sem hægt er að festa við það. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Vestnorræna ráðið álítur það eðlilegt framhald langrar og jákvæðrar hefðar vestnorrænnar samvinnu að löndin stofni ræðismannsskrifstofur með diplómatíska stöðu hvert í annars löndum og hvetur því stjórnir landanna til að semja um stofnun ræðismannsskrifstofa með diplómatíska stöðu."

Þetta er eiginlega ekki gott. Ég hygg að þingmenn og aðrir sem á mig hlýða hljóti að vera mér sammála um að þetta orðalag á þingsályktunartillögu er fyrir neðan virðingu Alþingis og að hér sé ekki gætt þess sóma sem þinginu er skylt að gera gagnvart íslenskri tungu. Ég undrast kannski sérstaklega að 1. flutningsmaður málsins, sem því miður er ekki hér staddur, skuli vera hv. þm. Halldór Blöndal sem er orðhagur maður og unnandi íslenskrar tungu. Hv. þm. Halldór Blöndal gegnir nú formennsku í merkilegri nefnd sem ætlað er að sjá um hátíðahöld í tilefni af 200 ára afmæli Jónasar Hallgrímssonar síðar á þessu ári. Ég held að það hljóti að hafa verið einhver mistök þegar Halldór Blöndal gerðist tillögumaður um þennan óskapnað. Mér þykir sem sagt leitt að hann skuli ekki vera viðstaddur til að taka undir með mér í þessu máli og leggja til með mér þær ráðstafanir sem nú þyrfti að grípa til til þess að bæta úr því.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri að sinni, en ég hef kosið að fara mjög vandlega í gegnum þetta vegna þess að þetta er auðvitað dæmi um það sem ekki á að koma fyrir okkur í þinginu, þar á meðal ekki mig eins og ég viðurkenndi í upphafi. Ég endurtek áskorun mína til forseta um að fresta afgreiðslu þessara mála þangað til hægt er að ganga frá breytingartillögu við þau öll þar sem sóma íslenskrar tungu er gætt og virðingar Alþingis. Ég óska eftir svari forseta við þeirri beiðni í þessari umræðu.

[12:03]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þessi tillaga til þingsályktunar gengur út á að efla tengslin á milli Íslands, Færeyja og Grænlands með því að stofnaðar skuli ræðismannsskrifstofur í þessum löndum. Hér hefur farið fram umræða í fyrsta lagi um það hvernig ríkisstjórnin hefur borið sig að í þessu efni og bent á að þegar hafi verið tekin ákvörðun um að stofna til ræðismannsskrifstofu í Færeyjum áður en þessi þingsályktunartillaga er afgreidd í þinginu. Hitt hefði verið eðlilegt, ég tek undir þá gagnrýni.

Síðan hefur hv. þm. Mörður Árnason flutt hér efnismikla og áhugaverða ræðu um þingsályktunartillöguna, m.a. með tilliti til tæknilegra þátta og málfars. Það eru athugasemdir sem ég tel að þurfi að taka til skoðunar áður en þingsályktunartillagan verður afgreidd frá þinginu og þá væntanlega með breytingartillögum á orðalagi þingsályktunartillögunnar.

Varðandi efni þessarar tillögu eða þann kjarna sem hún snýst um, að efla tengslin á milli þessara þjóða, Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga, lýsi ég mjög miklum stuðningi við það. Þetta byggist á áskorun sem runnin er undan rifjum Vestnorræna ráðsins í ályktun sem það sendi frá sér á ársfundi ráðsins í Þórshöfn í ágústmánuði árið 2006. Í framhaldi kemur fram þessi áskorun frá íslensku fulltrúunum í Vestnorræna ráðinu um að ríkisstjórninni skuli falið að koma á ræðismannsskrifstofum í þessum löndum.

Nú eru samskipti á milli Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga allmikil og hafa verið að eflast. Þau eru síðar til komin við Grænlendinga en þó hafa þau vaxið hröðum skrefum á síðustu árum. Tengslin við Færeyinga byggja á eldri hefð en einnig þau tengsl hafa eflst mjög á undanförnum árum. Það er að gerast á ýmsum vettvangi, innan stjórnsýslunnar hafa menn samráð sín í milli, stjórnmálamenn hafa tengsl og sömuleiðis ýmis frjáls félagasamtök, þar á meðal verkalýðshreyfingin. Það er nokkuð sem ég þekki býsna vel til og þekki til samstarfs á milli BSRB sérstaklega og samsvarandi samtaka í Færeyjum. Þar hefur komið til sögunnar mikið samstarf á undanförnum árum. Allt þetta samstarf er góðra gjalda vert en það er þó mjög mikilvægt að koma því inn í formlegan fastmótaðan farveg. Það er m.a. gert með því að setja á fót ræðismannsskrifstofur eins og lagt er til í þessari þingsályktunartillögu.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar. Ég kem hingað fyrst og fremst til að lýsa einlægum stuðningi mínum við þann anda sem er að finna í þessari þingsályktunartillögu, nefnilega að stórefla tengslin á milli Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga. Ég er sannfærður um að sú ósk á góðan hljómgrunn hjá íslensku þjóðinni almennt, það er vilji til þess að hafa náið og traust og gott samband með vestnorrænu þjóðunum og efla það sem fyrir er.

[12:10]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það hefur áður komið fram í máli mínu í umræðunni í dag að ég er hlynntur því að Íslendingar geri samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum. Ég vil segja í upphafi máls míns að ég hafði ekki skoðað þetta með sömu málfarslegu gleraugum og hv. þm. Mörður Árnason en auðvitað sýndi hann fram á af snilld sinni og yfirburðaþekkingu á íslenskri tungu að greinin sjálf sem liggur til efnislegrar samþykktar er töluvert öðruvísi en rétt væri að skipa henni í samræmi við hinar ströngustu reglur íslenskrar tungu. Fyrir það þakka ég hv. þm. Merði Árnasyni og vona að hann hafi í afsölum náð samkomulagi við starfandi formann utanríkismálanefndar um að binda bagga þingsins þeim hnútum hér í dag að fullur sómi sé að af allra hálfu.

Ég gat þess áðan að mér fyndist óviðkunnanlegt, þó að það komi ekkert við afstöðu minni til málsins, að búið er að auglýsa opnun ræðismannsskrifstofu Íslendinga í Færeyjum. Búið er að lýsa því yfir að hún verði opnuð af okkar hálfu 1. apríl. Þangað er búið að skipa mikinn sómamann sem okkur er að góðu kunnur úr þingsölum, a.m.k. okkur sem höfum starfað með honum fyrr á árum. Hann var einmitt forveri þess sem hér stendur og talar í stóli umhverfisráðherra og gegndi því embætti með miklum sóma. Ég veit að hann verður verðugur fulltrúi Íslendinga í Færeyjum. Það breytir því ekki að framkvæmdarvaldið hefur tekið það upp hjá sjálfu sér, án samþykktar Alþingis, að ráðast í þessa framkvæmd á þingsályktunartillögunni áður en hún er orðin að ályktun. Það eru óvanaleg vinnubrögð.

Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði áðan að hann teldi að það væri góð regla að bíða eftir því að vilji Alþingis lægi fyrir. Ég er algjörlega sammála því, það á að vera eina reglan.

Því má velta fyrir sér hvort þetta fordæmi gæti falið það í sér að utanríkisráðuneytið réðist í að binda hendur framkvæmdarvaldsins með ákvörðunum sem kalla á fjárveitingar áður en þær hafa verið ræddar á hinu háa Alþingi. Að því kunna að hafa verið brögð en það er ekki í anda góðrar stjórnsýslu og þess gagnsæis og lýðræðis sem við vildum viðhafa. Það sem ég hef þó aðallega fundið að málinu er að tillagan liggur fyrir um ræðismannsskrifstofu bæði í Færeyjum og á Grænlandi. Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði að líkast til mætti leita skýringa á aðgerðum utanríkisráðuneytisins í þeirri staðreynd að fyrir hefði legið yfirlýstur vilji þingsins. Hann kom fram með þeim hætti að enginn mælti gegn málinu þegar hér fór fram umræða um það. Af því hafa hinir vísu embættismenn dregið þessa ályktun.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni, ekki nokkur maður hefur fundið neitt að málinu. Öll viljum við greiða fyrir auknum samskiptum okkar og frændþjóða sem okkur eru skyldastar landfræðilega til austurs og vesturs. Hins vegar skýtur skökku við að sama áhersla skuli ekki vera lögð á Grænland. Ég hef löngum á þingferli mínum haldið uppi þeim málflutningi að við eigum að efla eins og hægt er öll þau tengsl sem við getum ræktað við Grænlendinga. Við höfum gríðarlega sterk söguleg tengsl við Grænland. Segja má að tengsl okkar við þessar frændþjóðir teygi sig aftur til sömu tíma, siglingaleiðin á tímum landnáms milli Íslands og Norðurlanda lá um hafsvæðið þar sem Færeyjar er að finna. Sömu gen og hingað komu í árdaga tóku sér líka bólfestu í Færeyjum. Þeir tala mál sem er svipað okkar og byggja menningu sína á svipuðum grunni. Við höfum hins vegar líka söguleg tengsl við Grænland frá þessum tíma vegna þess að eina nýlendan sem Ísland hefur fætt af sér var á Grænlandi. Íslendingar námu Grænland, eins og vel er frá skýrt í Grænlendingasögu og ýmsum Íslendingasögum á þeim tíma þegar Grænland var ónumið. Ég segi ónumið vegna þess að það skaraðist við það skeið þegar Inúítar voru að koma bæði austan megin og vestan megin frá Baffinslandi í Kanada og yfir sundið og færðu sig síðan suður eftir Grænlandi. Þarna varð til íslensk menning sem stóð föstum fótum í 200–300 ár en dó smám saman út þegar leið fram á 15. árhundraðið. Það er mikil saga sem er að mestu leyti óskrifuð enn þá. Menn eru hins vegar að efna til hennar með fornleifarannsóknum á Grænlandi þar sem mjög merkilegar fornminjar og miklar að vöxtum hafa komið fram.

Við eigum að efla tengslin við Grænland ekki síður en tengslin við Færeyjar. Og af því að hv. þm. Sigurjón Þórðarson, líffræðingur að mennt, kemur hingað inn rifjast upp fyrir mér að Íslendingar stunduðu einmitt mjög merkilega milliríkjaverslun á tímum landnámsins og árhundruðin á eftir við Grænland, og merkasti gjaldmiðillinn sem Íslendingar gátu fundið og fengið og notað í skiptum við útlönd var horn einhyrningsins, þ.e. náhvalstennur sem var aflað norðarlega vestan megin Grænlands, flutt þaðan úr því sem kallað var Norðurseta til Eystri- og Vestribyggðar, voru síðan fluttar hingað til Íslands og umskipað í Borgarfirði og á vestanverðu landinu. Halldór Laxness spurði eitt sinn í merkri grein þegar hann var að velta fyrir sér rótum íslenskrar menningar og Íslendingasagnanna hvaðan það kapítal hefði komið sem þurfti til að standa undir þessari umfangsmiklu framleiðslu á menningu. Hann átti við kálfskinnin og sögurnar sem á þau voru skrifuð í klaustrum og á stórbýlum. Líklegt er að það kapítal hafi komið einmitt úr milliríkjaversluninni sem Íslendingar áttu við Grænland, fluttu þaðan vörur til Íslands og síðan aftur út til meginlands Evrópu.

Það má líka nefna, af því að hv. þm. Sigurjón Þórðarson er ekki bara líffræðingur heldur er hann þingmaður þess hluta landsins sem mest kom af gestum til á árum fyrri frá Grænlandi, ísbjörnum á ís, að Íslendingar notuðu ísbirni líka sem gjaldmiðil, þeir fönguðu ísbjarnarhúna, tömdu þá, fóru með þá til Íslands og síðan út til Evrópu. Af þessu eru miklar sögur og til eru skráðar heimildir um tamda ísbirni suður í Afríku sem höfðu verið gefnir hirðum soldána í Norður-Afríku sem þar höfðu sett upp borgríki. Sömuleiðis má geta þess að á dögum Shakespeares var taminn ísbjörn hafður í keðjum á brúnni sem lá yfir Thames við Tower of London. Hann varð sérstakt augnayndi ferðamönnum sem komu gagngert til Lundúna á þeim tímum til að sjá ísbjörninn stinga sér til sunds í ánni Thames og afla fiskjar. Þetta nefni ég sérstaklega til þess að varpa ljósi á það að við höfum margvísleg, fróðleg og merkileg söguleg tengsl við Grænland.

Ég hef sjálfur sem almennur borgari þessa lands reynt með mínum hætti að rækta þessi tengsl. Það hef ég gert í gegnum hreyfingu sem ég tilheyri utan vébanda stjórnmálanna, skákhreyfinguna. Ég hef farið í þrjár skákferðir til Grænlands, frú forseti, og veit að það er stallsystur minni, hæstv. forseta Jóhönnu Sigurðardóttur, ábyggilega fróðleiksefni að vita að hennar góði þingbróðir sem hér stendur og talar hefur um ævina tekið þátt í einu alþjóðlegu skákmóti og það var á Grænlandi. Ég lenti þar um miðjan lista þannig að enginn þarf að skammast sín fyrir frammistöðu þingmannsins í þeirri keppni.

Frú forseti. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að margvísleg samtök á Íslandi reyna að greiða götu samskipta við Grænland. Þar vil ég sérstaklega nefna hinn ágæta forvígismann Kalaks, Stefán Hjartarson, sem hefur með ýmsum hætti á eigin kostnað staðið undir miklum samskiptum af þessu tagi. Ég er þeirrar skoðunar að reyna eigi að efla þau og að Íslendingar eigi að gera það með þeim hætti sem er lagt til í þessari þingsályktunartillögu, þ.e. með því að setja upp ræðismannsskrifstofu á Grænlandi. Rökin sem færð eru fyrir því í greinargerðinni eru ákaflega góð. Það er bent á að það væri liður í því að tryggja borgurum þessara tveggja landa réttindi og gagnkvæma hagsmuni. Við höfum sömuleiðis bent á að það er margt skylt með atvinnulífi og jafnvel vinnumarkaði í þessum löndum og hefur alltaf verið í áranna rás þó að þau skipti hefðu mátt vera miklu meiri og gagnkvæmari. Íslensk fyrirtæki hafa verið kölluð til Grænlands til að ráðast þar í stórframkvæmdir, virkjanir og annað slíkt og ég held að ræðismannsskrifstofa mundi hjálpa til að efla slík viðskiptatengsl milli landanna.

Við Íslendingar eigum líka annarra hagsmuna að gæta. Ég segi fyrir mína hönd að ég tel að að því muni draga að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu. Íbúar

allra þessara þriggja landa hafa goldið varhuga við því af einni ástæðu, þ.e. hagsmunum sem tengjast sjávarútvegi. Nú mun það koma fram á næstu dögum þegar Evrópunefnd kynnir skýrslu sína að þeir annmarkar á aðild sem taldir voru stafa af hagsmunum sem tengjast sjávarútvegi eru miklu minni en áður var haldið. Ég rifja það upp í tengslum við þetta að fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, sem er nú eitthvert helsta eftirlæti hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, setti fram mjög merkilega hugmynd í ræðu sem hann flutti í Berlín og nefnd er Berlínarræðan — hann er líka leiðtogi lífs hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur sem situr í utanríkismálanefnd og gengur nú í salinn, hnarreist og keik — og reifaði þar þann möguleika að í Norður-Atlantshafi yrði byggt upp sérstakt sjálfsstjórnarsvæði fyrir fiskveiðar. Hann færði fyrir því margvísleg rök sem hann sótti í ýmsar reglur sem hafa verið settar innan Evrópusambandsins og hafa aukist að mikilvægi. Á þá hugmynd hafa sumir borið brigður, talið hana ekki mjög sterka og ekki styðjast við raunveruleikann.

Mig langar að nefna tvennt í þessu sambandi. Þegar þáverandi leiðtogi Evrópusambandsins, Göran Persson, kom hingað sem góður gestur íslenskra jafnaðarmanna samþykkti hann yfirlýsingu norrænu jafnaðarmannaleiðtoganna um að þetta væri eitt af því sem hugsanlega kæmi til greina ef lönd eins og Ísland og Noregur sæktu um aðild að Evrópusambandinu. Ég hef hins vegar alltaf verið þeirrar skoðunar að Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar ættu að hafa með sér gott samstarf um fiskveiðimál í Norðurhöfum. Fiskstofnarnir sem skilgreina má sem flökkustofna ganga sérstaklega um sameiginleg hafsvæði og úthaf sem liggur á milli Íslands og Færeyja en líka allar götur vestur til Grænlands. Má nefna það, frú forseti, að sú tegund sem mér er annast um, laxinn, fer á bæði þessi svæði. Hann gengur héðan á hafsvæðið við Færeyjar og síðan fer stærri laxinn til vetrarvistar við Grænland. Það var einmitt í krafti samstarfs þessara þriggja þjóða sem einn af forvígismönnum laxaverndar í heiminum, Orri Vigfússon, náði samkomulagi um að útrýma úthafsveiðum á þessari tegund á þessum hafsvæðum. Ég nefni þetta sem dæmi vegna þess að það sýnir hvað samstarfið getur leitt gott af sér.

Þá kem ég aftur að Evrópusambandinu. Ég tel að ef þessar þrjár þjóðir mundu sameinast um að mynda eitt stórt stjórnunarsvæði fyrir fiskveiðar í Norður-Atlantshafinu yrði staða okkar Íslendinga og allra þessara þriggja þjóða miklu sterkari gagnvart Evrópusambandinu ef til þess kæmi, og þegar, sótt verður um aðild að því. Ég tel að það skjól sem þessar þjóðir hefðu af styrk okkar sem fiskveiðiþjóðar og alþjóðlegri reynslu mundi gera þeim það miklu auðveldara að samræma hagsmuni sína á sjávarútvegssviðinu við ýmsar kröfur sem verður að uppfylla gagnvart Evrópusambandinu. Þessar þrjár þjóðir yrðu í reynd fiskveiðistórveldi og gætu sem slíkt veldi talað á grundvelli jafnræðis og jafningjastöðu við Evrópusambandið í þessum málum.

Frú forseti. Það er þetta sem gerir það að verkum að sýn mín á samstarf þessara þriggja þjóða markast líka af þeirri sterku framtíðarsýn sem ég og Samfylkingin höfum fyrir hönd Íslands. Ég tel þess vegna að náin tengsl Íslands við Grænland annars vegar og Færeyjar hins vegar styrki mjög hagsmuni Íslendinga, sérstaklega þegar til svolítið lengri tíma er litið. Af þeim sökum er ég ákafur stuðningsmaður þessarar ályktunar en jafnframt, sem ég segi nokkuð hryggur, finnst mér sem Grænlendingum sé ekki sami sómi sýndur og Færeyingum þegar horft er til þeirrar staðreyndar að búið er að ganga frá málinu við Færeyjar en það er alls óvíst um lyktirnar á þessari tegund samskipta okkar við Grænland. Það kom fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni áðan að hann hefur engar spurnir af því sem fulltrúi meiri hluta ríkisstjórnarinnar í þessum sölum hvenær gera megi ráð fyrir að ræðismannsskrifstofa verði sett upp á Grænlandi. Það kann að helgast af því að óvíst er um tök þeirra til að gera slíkt hið sama hér heima, þeir eru smærri, þeir hafa úr minna fjármagni að spila en ég tel að við þurfum ekkert að bíða eftir þeirri tegund gagnkvæmra samskipta. Við eigum að gera þetta jafnvel þótt Grænlendingar séu ekki til reiðu til að svara því með sama hætti strax.

[12:26]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér ræðum við mál sem fjallar um skipti á ræðismönnum við Grænland og Færeyjar en málið horfir einkennilega við vegna þess að það er hálfklárað. Mér skilst að kominn sé ræðismaður í Færeyjum og þess vegna er mjög undarlegt að vera með þingsályktunartillögu um orðinn hlut svo að segja, alla vega til hálfs, og það er í rauninni mjög sérstakt. Auðvitað eigum við að ræða þessi mál, útþenslu utanríkisþjónustunnar og fara yfir hana í tengslum við þessi mál. Mér finnst það miklu nær, frú forseti, að ræða um það að efla tengslin við þjóðirnar sem eru nær okkur í stað þess að þenja utanríkisþjónustuna í fjarlægar heimsálfur eins og hæstv. utanríkisráðherra virðist vera að gera nú, t.d. með opnun á nýju sendiráði í Suður-Afríku. Maður áttar sig í rauninni ekki á til hvers það er gert og hvers vegna við erum að eyða svo háum fjármunum í Suður-Afríku, maður áttar sig ekkert á tilganginum með því. Eitthvað hefur verið nefnt að það séu hagsmunir Íslands, að þarna eigi nýr sendiherra, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, að reka áróður fyrir því að við komumst inn í öryggisráðið og verja eigi til þess jafnvel mörg hundruðum milljónum að komast í það sæti. Ég skil ekki að við Íslendingar höfum neitt að gera þar inn vegna þess að það ráð tekur ákvörðun um hvort fara eigi með stríð á hendur öðrum þjóðum eða beita þær viðskiptaþvingunum. Mér finnst miklu nær að við lítum til þess máls sem hér er um að ræða, að efla tengsl við þær þjóðir sem eru næst okkur og þar liggja gríðarleg tækifæri, mjög mikil tækifæri.

Ég vil nefna að tækifærin liggja í ferðamennsku, að Ísland verði í raun miðstöð fyrir ferðamennsku á Vestur-Norðurlöndum og héðan verði síðan tengiflug í allar áttir, til Grænlands, Færeyja og þeirra slóða sem margir ferðamenn eiga eftir að heimsækja. Síðan eru auðvitað auðlindirnar, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, benti á, Grænland býr yfir gríðarlegum auðlindum og hér var nefndur fiskurinn. Fréttir berast af því að þorskurinn sé kominn á ný af fullum krafti inn í rannsóknarveiði á Grænlandi og að veiðin þar sé allt frá einu og upp í 30 tonn á togtíma sem er gríðarlega mikil veiði, bæði við austur- og vesturströndina. Þetta eru mjög athyglisverðar fréttir, sérstaklega í ljósi þess að þarna var enginn hrygningarstofn fyrir og að veiðar eru í

raun bannaðar við Grænland, þar eru veiðar bannaðar nema innan skerja, og sú staðreynd sem þarna kemur upp að þessi mikli blómi sé í hafinu og fiskgengd þrátt fyrir að þarna sé enginn hrygningarstofn. Við Íslendingar ættum að skoða þessi mál og fara mjög rækilega yfir þau og sjá hvort við getum ekki komið eitthvað að þeim og lagt okkar hönd á plóg að þessi fiskveiðiauðlind nýtist sem best, komið upp vinnslum og samskiptum við Grænlendinga til að þessi auðlind nýtist sem allra best.

Þetta leiðir hugann að því, af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson leiddi talið að ofveiði að mér heyrðist, að stundum virðist sem áhrif veiða mannsins á dýrastofnum séu ofmetin. Þegar fréttir berast utan úr heimi um fiskgengd og hvað hafi valdið því að einhver fiskstofn hafi legið í dvala um hríð þá virðast þær stundum að einhverju leyti vera byggðar á misskilningi eða hreinni og klárri vitleysu. Ég vil nefna í því sambandi stofn við Kanada sem hvarf á tímabili. Það er mjög athyglisvert, ef menn skoða þá fiskgengd sem við gætum komið að með ræðismanni í Grænlandi, og aðstoðað Grænlendinga við að nýta og komið á samskiptum milli íslenskra og grænlenskra fyrirtækja, að einmitt þorskstofninn við Grænland og þorskveiðin þar minnkaði á nákvæmlega sama tíma og hún minnkaði í Kanada þannig að það virðast að einhverju leyti hafa verið umhverfisþættir sem hafa valdið því.

Ríkisútvarpið sagði á dögunum fréttir af þessum tíðindum, af þessari nýju vísindaskýrslu frá Kanada, um að þetta hefðu verið einhver umhverfisáhrif sem rekja mætti til hlýnunar jarðar sem hefðu valdið því að sjórinn hefði hlýnað og þess vegna hefðu lífsskilyrði þorsksins versnað. Það var alrangt, þessi skýrsla sagði bara allt annað og ég hef bent fréttamönnum Ríkisútvarpsins á að þeir hafi í rauninni verið að flytja tóma vitleysu vegna þess að vísindaskýrslan sagði að hafstraumar sem komið höfðu alla leið frá Barentshafinu hefðu aukið þarna strauma og bráðnun íss sem síðan hefði legið meðfram vesturströnd Kanada. Þarna hefði komið djúpt lag af ferskum köldum sjó, pólsjó, sem hefði í rauninni leitt til kólnunar og ekki bara kólnunar heldur líka lagskiptingar sem leiddi síðan til þess að ekki varð sú blöndun sem gjarnan verður yfir vetrartímann þegar yfirborðslög kólna og eðlisþyngdin vex og það verður blöndun. Þessir sérfræðingar rekja það til þess að vegna þess að að þessi blöndun varð ekki hafi það að einhverju leyti komið niður á dýrastofnum, á þorskstofninum, en alls ekki til þess að sjórinn hafi hitnað. Þetta var allt annað, sjórinn hafði nefnilega kólnað. Í fréttatímum Ríkisútvarpsins var þessu öllu snúið á haus og síðan hringt í fiskifræðing úti á sjó og hann þurfti í rauninni að gefa álit á hreinni og klárri dellu þannig að vitleysan vatt algerlega upp á sig. Ég vona að Ríkisútvarpið sjái að sér og leiðrétti þetta því að það er ekki hægt að bera á borð fyrir almenning hreina og klára vitleysu. Ef slíkt gerist á að leiðrétta það í fréttatíma þannig að fólk fái rétta mynd af gangi mála en koma ekki með rangar fréttir inn í stofur landsmanna. Ég hef bent fréttastjóra á að þetta sé ekki rétt og ég vona svo sannarlega að hann taki tillit til þess.

Við getum lært mikið af þessum þjóðum, við eigum ekki að líta svo á að við ætlum eingöngu að færa þeim upplýsingar, tækni og vera gefendur í þessum málum heldur getum við einnig verið gríðarlegir þiggjendur og þá vil ég nefna sérstaklega vini okkar í Færeyjum, fyrir austan okkur. Þar getum við lært mjög margt af Færeyingum, sérstaklega hvernig þeir hafa stýrt fiskveiðum með miklu árangursríkari hætti en við höfum gert. Þeir hafa gert það með því að koma á sóknarkerfi á meðan við búum við kvótakerfi. Mér heyrist nú að Framsóknarflokkurinn með sjálfan hv. þm. Jón Kristjánsson, formann stjórnarskrárnefndar, vilji jafnvel festa þá vitleysu sem kvótakerfið er algerlega í sessi og koma því inn í stjórnarskrá. Það er fádæma vitleysa. Það byggir m.a. á því að sé einn fiskur dreginn t.d. á Austfjörðum, þaðan sem hv. þingmaður kemur, eigi annar fiskur að koma syndandi alla leið vestan af fjörðum og fylla í það skarð vegna þess að sé sama hvaðan fiskurinn er tekinn það komi einhver annar af öðrum slóðum og fylli í skarðið sem hann var tekinn. Þetta er alger vitleysa.

Ég vona að menn sjái að sér og líti til þess hve Færeyingar hafa náð miklum árangri og ég vonast sannast sagna til þess að það verði fyrsta verkefni nýs ræðismanns, vegna þess að fluttar hafa verið tillögur á Alþingi, m.a. af hv. þm. Hjálmari Árnasyni og síðan af okkur í Frjálslynda flokknum, um að fara að líta til árangurs og kosta færeyska kerfisins við að stjórna fiskveiðum sem ég get ekki betur séð en séu algerlega ótvíræðir en þetta hefur alltaf verið svæft. Það er eflaust vegna þess að bæði Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn ráða ekkert við þau stóru hagsmunasamtök sem vilja hafa óbreytt kerfi og hafa yfir veiðiheimildum að ráða þó svo að öll skynsemi segi að það sé hrein og klár vitleysa. Það gengur kannski upp stjórnsýslufræðilega að hægt sé að úthluta einhverjum kílóum af þorski og einhverri hlutdeild og mögulega út frá lagatæknilegum sjónarhóli en út frá almennri skynsemi og sárri reynslu okkar Íslendinga gengur það alls ekki upp, kerfi sem gengur út á það að fiskur komi syndandi af Vestfjörðum til að fylla í skarð einhvers annars sem dreginn er á Austfjörðum. Þetta er tóm vitleysa.

Þegar við ræðum svona mál sem auka kostnað utanríkisþjónustunnar er rétt að fara yfir þau með mjög gagnrýnum hætti, frú forseti. Það er vert að huga að því að árið 1998 var hlutfall utanríkisþjónustunnar af ríkisútgjöldum 1,7% en það hefur vaxið gríðarlega, um 50–60% og er orðið 2,6% árið 2007. Á föstu verðlagi hefur orðið þarna gríðarleg hækkun, það hefur orðið nær tvöföldun. Menn verða að huga að því hvort það sé skynsamleg uppbygging sem farið hefur fram í utanríkisþjónustunni að eyða 1.770 milljónum árlega í sendiráð hingað og þangað um heiminn og vera með marga tugi sendiherra út um víðan völl og ef ég man rétt á annan tug sendiherra sem eru staðsettir hér á landi. Ég tel þetta alls ekki skynsamlegt og það er alls ekki skynsamlegt að vera með sendiráð eins og í Suður-Afríku. Það er ekki forsvaranlegt fyrir þjóð sem býður öldruðum upp á það að deila herbergi með ókunnugum eins og hv. þingmaður og fyrrum heilbrigðisráðherra þekkir mjög vel. Hann hefur búið svo um kerfið eftir að hafa stýrt heilbrigðisráðuneytinu mjög lengi að (Gripið fram í.) öldruðu fólki á Íslandi er gert að búa í þvingaðri sambúð með fólki sem það þekkir ekki neitt. Á meðan er verið að efla sendiráðin út um allan heim. Mér finnst það vera mjög gagnrýnisvert, frú forseti. Samt sem áður er ég tilbúinn að skoða það með já-

kvæðum hug að koma á bættum samskiptum við Færeyjar og Grænland vegna þess að þetta eru samskipti sem við eigum að efla. Við höfum þarna ónýtt viðskiptatækifæri eins og ég nefndi hvað varðar fiskveiðiauðlindina, ferðamennskuna og margt fleira, einnig til að koma á betri tengslum hvað varðar heilbrigðisþjónustu og tengja þessar þjóðir betur saman. Þarna eru verkefni en ég átta mig bara ekkert á því til hvers verið er að stofna sendiráð út um allan heim. Þessi stefna hjá stjórnvöldum er mjög gagnrýnisverð.

Auðvitað eigum við miklu frekar að efla þá þjónustu og efla utanríkisþjónustuna t.d. í Brussel þar sem mikið af regluverki Íslendinga verður til. Það er eðlilegt að það sé mikil áhersla þar og einnig í New York þar sem alþjóðastofnanir eru og Sameinuðu þjóðirnar. Það skiptir máli. En að fara með þetta út um allan heim og jafnvel að búa til skrifaðstöðu fyrir einhverja sem eru inn undir hjá stjórnarflokkunum eins og mér sýnist menn vera að gera í Suður-Afríku, að vera að búa til einhverja skrifaðstöðu undir því yfirskini að það sé til að afla því fylgis að Ísland fái sæti í öryggisráðinu 2009–2010, það er af og frá að það sé nokkur hagur af því fyrir Íslendinga. Við verðum að gæta að því að enda þótt við séum stolt og mikil þjóð erum við ekki nema 300 þúsund og við eigum þá að velja okkur verkefni eftir því en ekki að hegða okkur eins og margmilljónaþjóð og dreifa sendiráðum í allar áttir. Við eigum einmitt að velja okkur verkefni eins og þau sem koma fram í þessu máli, að efla tengsl við nágrannaþjóðir, tengsl sem mættu vera miklu nánari og eru til hagsbóta fyrir þessar þrjár þjóðir sem eru nefndar í þessari þingsályktunartillögu. Þetta mál er því allt hið jákvæðasta.

Einhverra hluta vegna er kominn ræðismaður í Færeyjum og það væri fróðlegt að fá að heyra það frá formanni utanríkismálanefndar hvort hann hafi frétt af einhverjum verkefnum hjá viðkomandi, hvort t.d. hafi verið farið yfir þau mál sem ég nefndi og væri nærtækast að skoða, þ.e. hvort menn hafi farið í það að skoða árangur Færeyinga við að stýra fiskveiðum og rætt það við færeysk stjórnvöld. Þar gengur útvegurinn mjög vel. Hér er því miður helmingi minni þorskafli en áður þegar við tókum að stýra honum með því að ákveða fyrir fram hver aflinn yrði ár hvert. Hér er þetta í rauninni í algerlega misheppnað meðan þeir fá í rauninni svipaðan afla og áður og þeir hafa haft í gegnum áratugina. Mér finnst það vera mjög mikilvægt mál fyrir ræðismann Íslands til að vinna að og ég hvet til þess að svo verði gert. Ég hvet einnig til þess að við eflum samstarf við Grænlendinga og skoðum hvernig við getum komið að því að aukin þorskgengd nýtist Grænlendingum sem best. Þarna geta leynst mjög mikil tækifæri fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki að það væri fróðlegt að þetta yrði ein af þeim áherslum sem íslensk stjórnvöld ynnu að.

Að lokum þá tel ég að þessi þingsályktunartillaga sé góðra gjalda verð og að þetta séu miklu nærtækari verkefni fyrir okkur Íslendinga að vinna að, þ.e. að efla samskipti við nágranna okkar í stað þess að dreifa kröftunum út um alla heimsbyggðina.

[12:45]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er býsna merkilegt mál sem hér er til umræðu og ánægjulegt hve það fær efnislega góðar viðtökur þó að auðvitað séu það fyllilega réttmætar ábendingar sem hér hafa komið fram varðandi málfar á tillögunni og eins þá framkvæmd sem við stöndum frammi fyrir að búið er að tilkynna stofnun ræðismannsskrifstofu í Færeyjum og útnefna þar ræðismann Íslands áður en Alþingi hefur lokið afgreiðslu sinni á málinu sem er að sjálfsögðu ekki til fyrirmyndar.

Ég ætlaði í umfjöllun minni að gera að höfuðefni það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði að umfjöllunarefni, þ.e. þann mismun sem gerður er á löndunum tveimur af hálfu Íslands, þ.e. mismuninn sem gerður er á milli Grænlands og Færeyja þar sem nú hefur verið ákveðið að setja upp ræðismannsskrifstofu í Færeyjum en ekkert er uppi um slíkt á Grænlandi. Það er skoðun mín að ekki sé síður ástæða til að opna ræðismannsskrifstofu á Grænlandi en í Færeyjum og hyggst ég nú rekja nokkrar ástæður til þess, frú forseti.

Það er rétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi í ræðu sinni að við eigum mikil og löng söguleg tengsl við Grænland. Hann fór hér aðallega í mjög forna sögu og fór yfir verslunarsamskipti Íslendinga og Grænlands á ákaflega skemmtilegan hátt eins og honum er einum lagið. Við þekkjum öll landsnámssögu Íslendinga á Grænlandi og svo áfram á Nýfundnalandi en sagan er auðvitað nýrri líka og mjög skemmtileg á margan hátt. Við áttum þess kost, þó nokkur hópur Íslendinga, fyrir nokkrum árum að vera við brúðkaup í Hvalseyjarkirkju eða rústum þeirrar kirkju þar sem voru að gifta sig íslensk kona og Jonathan Motzfeldt, þáverandi landsstjórnarformaður Grænlendinga, og var það fyrsta brúðkaupið sem þar hafði verið haldið um langan aldur. Svo skemmtilega vildi til að sú kona sem gifti sig þar á undan var jafnframt íslensk, og formóðir þeirrar sem var að gifta sig í hið seinna skiptið, og átti rætur sínar á Ökrum í Skagafirði og hún hét Sigríður Björnsdóttir. Um þetta brúðkaup í Hvalsey hefur Anna Dóra Antonsdóttir skrifað bók sem heitir að ég veit best Brúðkaupið í Hvalsey. Bókin kom út núna fyrir jólin og fæst í bókabúðinni á Melunum. Þetta er ákaflega skemmtileg bók sem varpar ljósi á þessa atburði á sinni tíð og minnir okkur á þau tengsl sem við höfum við Grænland.

Samskipti Íslands og Grænlendinga gætu verið svo miklu, miklu meiri og víðtækari en þau eru í dag og þau þurfa í rauninni að verða víðtækari af því að við eigum mjög marga sameiginlega hagsmuni. Það liggja t.d. hér fyrir í dag tillögur frá Vestnorræna ráðinu um forvarnir gegn reykingum þar sem við Íslendingar getum vel miðlað Grænlendingum af þekkingu okkar en reykingar eru einmitt rótin að mjög miklum heilbrigðisvanda á Grænlandi. Samkvæmt upplýsingum sem komu fram á heilbrigðisráðstefnu á Grænlandi árið 2003 reykja 80% Grænlendinga 14 ára og eldri og Grænlendingar telja að reykingar séu rótin að heilbrigðisvanda þeirra að langstærstum hluta, bæði hjartasjúkdómum, krabbameini o.fl.

Við getum að sjálfsögðu mjög vel orðið Grænlendingum til aðstoðar í heilbrigðisþjónustu að nokkrum þáttum þó uppfylltum og þá fyrst og fremst samgöngum. Samgöngur við Grænland eru stopular og íslensk flugfélög hafa ekki fengið leyfi til að halda uppi áætlunarflugi til Grænlands

nema á tilteknum og mjög afmörkuðum tímum ársins og í rauninni aðeins til tveggja staða, þ.e. Kulusuk og Ammasalik, ef ég man rétt. Að vísu stendur til að hefja sumarflug líka til Ilulisat og Manitsok sem eru tveir helstu ferðamannastaðir Grænlendinga en það er aðeins um sumarið og við erum ekki með fastar samgöngur við Nuuk þar sem er langmesta þéttbýlið á Grænlandi.

Það kom fram hér áður að Íslendingar eru með ýmiss konar framkvæmdir á Grænlandi, eru að þjónusta Grænlendinga t.d. við flugvallargerð og vegagerð þó að vegir séu að vísu af skornum skammti á Grænlandi eðli málsins samkvæmt þar sem landið er svo strjálbýlt að það er beinlínis ófært að tengja það með vegakerfi nema einstaka landshluta innbyrðis eða innan landshlutanna réttara sagt. Síðan eru Íslendingar, eftir því sem ég best veit, að byggja virkjun á Grænlandi, mjög stóra virkjun sem er, ég held ég fari rétt með, umtalsvert stærri en Kárahnjúkavirkjun á Íslandi. Grænlendingar ætla í kjölfarið að byggja álver sem ég verð að segja að ég gleðst ekki yfir fyrir þeirra hönd, a.m.k. ekki hvað náttúruna varðar, og ég á eftir að sjá hvernig þeir ætla að leysa starfsmannamálin í því efni þar sem Grænland er mjög dreifbýlt og enginn staður á Grænlandi sem hugsanlega gæti séð stórum vinnustað fyrir mannafla nema hugsanlega Nuuk en þessi virkjun og væntanlega álver eru langt frá Nuuk.

Annað sem við eigum mikið sameiginlegt með Grænlendingum og Færeyingum og er mjög nauðsynlegt að við tökum höndum saman um eru umhverfismál og jafnframt öryggismál á hafinu. Grænlendingar verða sennilega mest þessara þriggja landa varir við hlýnun andrúmsloftsins þar sem Grænlandsjökull hefur hopað mjög. Vinur minn einn á Grænlandi fór með bróður sínum að leita uppi stað þar sem þeir höfðu haft sumardvöl með móður sinni í gamla daga og voru að leita upp staðinn þar sem hún hafði eldað. Það hafði í þá daga verið við rætur jökulsins en þegar þeir bræður komu á staðinn hafði jökullinn hopað um tugi kílómetra, sem er auðvitað afskaplega alvarlegt mál.

Við vitum að með auknum siglingum um norðlægar slóðir eykst hætta á ýmiss konar umhverfisslysum, ekki bara í hafinu heldur við strendur landanna og hvort heldur það er við Grænland, Ísland eða Færeyjar eru þessi lönd hvert um sig illa í stakk búin til að bregðast við slíkum umhverfisslysum og sjálfsagt að við tökum höndum saman í því efni. Það er það sem ég á við með öryggi í hafinu.

Að mínu mati þarf Grænland mjög á auknu samstarfi að halda og ekki síður en Færeyjar þar sem það er fjær okkur landfræðilega eða fjær Evrópu, sem það tengist við stjórnarfarslega, en bæði Færeyjar og Ísland. Ég mælist því til þess, virðulegi forseti, að það verði hið fyrsta sett niður dagsetning á opnun ræðismannsskrifstofu á Grænlandi.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:56]

## *Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, 2. umr.*

Stjfrv., 450. mál (EES-reglur). — Þskj. 591, nál. 993, brtt. 994.

[13:44]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund gesti.

Hugsunin með stofnun evrópsks samvinnufélags er sú að losa aðila sem kjósa að reka starfsemi í fleiri en einu ríki Evrópska efnahagssvæðisins á grundvelli slíks félagsforms undan því óhagræði og kostnaðarauka sem fylgir því að þurfa að stofna útibú í samræmi við löggjöf viðkomandi aðildarríkja þar sem starfsemi er fyrirhuguð. Reglugerð ráðsins (EB) 1435, sbr. nú lög nr. 92/2006, gerir því ráð fyrir að evrópskt samvinnufélag þurfi einungis að starfa samkvæmt þeim meginreglum sem þar er lýst, nokkrum viðbótarákvæðum í landslögum skráningarríkisins og félagssamþykktum sínum. Í 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar kemur fram að óheimilt sé að skrá evrópskt samvinnufélag nema tilhögun á aðild starfsmanna að félaginu sé í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/72/EB. Með frumvarpinu stendur til að innleiða ákvæði umræddrar tilskipunar. Stofnun evrópsks samvinnufélags getur borið að með mismunandi hætti en markmið frumvarpsins er að tryggja að réttindi starfsmanna til aðildar gagnvart stofnendunum skerðist ekki við þann gerning. Með aðild er að meginstefnu til átt við rétt starfsmanna til upplýsinga, samráðs og þátttöku í málefnum lögaðila sem þeir starfa hjá.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að eftir að fyrirsvarsmenn stofnenda hafa tilkynnt starfsmönnum sínum fyrirætlanir sínar um stofnun evrópsks samvinnufélags skuli komið á fót sérstakri samninganefnd, skipaðri fulltrúum starfsmanna, sem hefur það hlutverk að ná samkomulagi við stofnendurna um fasta tilhögun aðildar innan evrópska samvinnufélagsins. Er í frumvarpinu mælt fyrir um hvernig haga skuli kjöri fulltrúa í sérstöku samninganefndina og hvernig ákvarðanir eru teknar innan hennar. Samningsaðilar geta einnig samið svo um að um tilhögun aðildar skuli fara eftir ákvæðum III. kafla frumvarpsins þar sem er að finna almenn fyrirmæli um upplýsingamiðlun, samráð og þátttöku. Ákvæði kaflans gilda jafnframt þegar aðilar ná ekki samkomulagi innan tilskilins samningsfrests og þegar sérstaka samninganefndin ákveður að slíta samningaviðræðum.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að engin evrópsk samvinnufélög eru skráð hér á landi og því er ekki líklegt að frumvarpið muni hafa teljandi áhrif á íslenskan vinnumarkað, að minnsta kosti ekki að svo stöddu. Að gefnu tilefni er athygli þó vakin á þeim sjónarmiðum sem fram komu í áliti nefndarinnar frá 29. nóvember 2006 varðandi upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, sbr. núgildandi lög nr. 151/2006.

Með hliðsjón af tilskipun 2003/72/EB eru lagðar til breytingar á 4., 5., 6., 10. og 14. gr. frumvarpsins sem ætlað er að færa orðalag til betra horfs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Undir þetta nefndarálit rita hv. þingmenn Dagný Jónsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Lúðvík Bergvinsson, Einar Oddur Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Ellert B. Schram, Arnbjörg Sveinsdóttir, Svanhvít Aradóttir og Valdimar L. Friðriksson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, 2. umr.*

Stjfrv., 541. mál (heildarlög). — Þskj. 810, nál. 991, brtt. 992.

[13:48]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund gesti og umsagnir.

Frumvarp þetta er afrakstur vinnu starfshóps sem félagsmálaráðherra skipaði og í eiga sæti aðilar vinnumarkaðarins ásamt fulltrúum stjórnvalda. Í fylgiskjali með nefndaráliti félagsmálanefndar frá 26. apríl 2006, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES, kemur fram að hlutverk hópsins hafi verið að yfirfara málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Í álitinu kom einnig fram sú afstaða félagsmálanefndar að þörf væri á að styrkja vinnumarkaðinn þannig að grundvallarréttindi launafólks yrðu betur varin.

Markmið frumvarpsins er í aðalatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi er því ætlað að tryggja að starfskjör, tryggingar og aðbúnaður starfsmanna fyrirtækja, sem hafa staðfestu í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins og veita tímabundna þjónustu hér á landi, sé ekki undir þeim lágmarksviðmiðunum sem kveðið er á um í lögum og kjarasamningum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Í öðru lagi miðar frumvarpið að því að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja sem stunda atvinnustarfsemi hér á landi. Í þriðja lagi er tilgangurinn að auka skilvirkni eftirlits og gera stjórnvöldum betur kleift að hafa yfirsýn yfir íslenskan vinnumarkað.

Um starfskjör og starfstengd réttindi starfsmanna hinna erlendu þjónustufyrirtækja og frávik frá þeim reglum er fjallað í 4.–6. gr. frumvarpsins og í 7. gr. er kveðið á um slysatryggingar. Samkvæmt 8. gr. ber þjónustufyrirtæki að veita tilteknar grunnupplýsingar áður en það hefur hér starfsemi og er þeirri kvöð ætlað að gera Vinnumálastofnun kleift að ganga úr skugga um að hlutaðeigandi fyrirtæki starfi löglega í því ríki þar sem það hefur staðfestu og jafnframt að gefa stofnuninni færi á að fá vitneskju um starfsmenn fyrirtækisins, tryggingavernd þeirra, fyrirhugaðan dvalartíma og dvalarstað þeirra og, eftir atvikum, starfsréttindi. Enn fremur er tilgangur grunnupplýsingagjafar að tryggja vissu fyrir því að fyrirtæki stundi sannanlega þjónustustarfsemi hér á landi. Samkvæmt 5. mgr. lagagreinarinnar ber Vinnumálastofnun að halda skrá yfir þau fyrirtæki sem veita upplýsingar samkvæmt lögunum. Vinnumálastofnun er jafnframt heimilt að fara fram á að fyrirtæki afhendi upplýsingar sem stofnunin álítur nauðsynlegar í þágu eftirlitsins, þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör, sbr. 1. mgr. 13. gr. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að Vinnumálastofnun skuli láta öðrum eftirlitsstofnunum og, eftir atvikum, stéttarfélögum í té nánar tilgreindar upplýsingar, sbr. 4. mgr. 8. gr. og 14. gr. Í 19. gr. er svo heimild til handa ráðherra til útgáfu reglugerðar um samstarf þar til bærra eftirlitsstjórnvalda í einstökum aðildarríkjum EES.

Skylda til að veita grunnupplýsingar tekur til þeirra erlendu þjónustufyrirtækja sem veita þjónustu hér á landi lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum, sbr. þó 9. gr. frumvarpsins. Áskilnaðurinn í 10. gr. um að þjónustufyrirtæki skuli tilnefna sérstakan fulltrúa hér á landi, sem kemur fram gagnvart stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins, tekur á sama hátt mið af tímabili starfseminnar hér á landi en að auki er tekið mið af umfangi starfseminnar. Þannig verður skyldan aðeins virk þegar þjónustufyrirtæki veitir þjónustu samtals lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum og sex eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði hér á landi á vegum fyrirtækisins.

Lögð er sú skylda á herðar notendafyrirtæki að það afli skriflegrar staðfestingar frá þjónustufyrirtæki sem það á í viðskiptum við um að grunnupplýsingagjöf hafi verið sinnt og verði ekki orðið við þeirri beiðni ber notendafyrirtækinu að tilkynna um það til Vinnumálastofnunar, sbr. 3. mgr. 11. gr. Þá hefur stofnunin skv. 2. mgr. 13. gr. afmarkaðar heimildir til að krefja notendafyrirtæki um upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þágu eftirlitsins, þar með talið samning síðarnefnda fyrirtækisins við þjónustufyrirtækið.

Ef brotið er gegn ákvæðum laganna skal Vinnumálastofnun, að aðgættum reglum stjórnsýsluréttar um jafnræði og meðalhóf, beina því til hlutaðeigandi þjónustufyrirtækis að það hagi starfsemi sinni til samræmis við lög, sbr. 12. gr. Virði fyrirtækið þau tilmæli stofnunarinnar að vettugi getur hún fengið liðsinni lögreglu við að stöðva starfsemina hér á landi tímabundið þar til úrbætur hafa verið gerðar, sbr. 15. gr. Í 18. gr. frumvarpsins eru ákvæði um viðurlög sem taka jafnt til þjónustufyrirtækja og notendafyrirtækja.

Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi lög nr. 54/2001 en þau voru samin á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/1998 og tilskipunar Evrópubandalagsins 96/71/EB. Þar sem frumvarp þetta fjallar öðrum þræði um starfsmannaleigur, sbr. 3. mgr. 1. gr., eru í 21. gr. lagðar til breytingar á núgildandi lögum, nr. 139/2005, um starfsmannaleigur.

Við umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að hlutfall erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði sé um 9%. Var á það bent að frá því að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu hafi komu þessa fólks einkum borið að með tvennum hætti, annars vegar á grundvelli frjálsrar farar launþega og hins vegar á grundvelli þjónusturéttarins.

Er það álit þeirra sem fundað hafa með nefndinni að eftir að niður féll fyrirvari Íslands um tímabundna takmörkun á frjálsri för launþega frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins, sbr. lög nr. 19/2004 og lög nr. 21/2006, hafi þeim fjölgað sem hingað koma á grundvelli frjálsrar farar. Að sama skapi hefur dregið úr eftirspurn eftir starfsfólki þjónustufyrirtækja, þar með talið starfsmannaleigna sem helst hafa tengst neikvæðri umræðu um slæma meðferð starfsmanna. Jafnframt þykir frumvarpið vera framsækið og vel til þess fallið að vernda réttindi starfsmanna þjónustufyrirtækja til jafns við launþega sem eru í beinu ráðningarsambandi við íslensk fyrirtæki. Til að svo megi verða þurfi Vinnumálastofnun og stéttarfélögin í landinu þó að eiga með sér gott samstarf sem tryggir eftir því sem framast er kostur að erlend þjónustufyrirtæki og starfsmenn þeirra starfi raunverulega í samræmi við þær forsendur sem fram koma í þeim grunnupplýsingum sem þjónustufyrirtæki veita, þar með talið þeim sem lúta að starfsréttindum starfsmannanna.

Frumvarpið er sett fram í því augnamiði að styrkja innviði vinnumarkaðarins og telur nefndin að því sé ekki ætlað að hafa bein áhrif á þau eftirlitsúrræði sem verkalýðshreyfingin hefur á grundvelli núverandi laga og kjarasamninga, sbr. 14. gr. og 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Má í því sambandi minnast samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá mars 2004 en þar er tekið fram um rétt trúnaðarmanna og, eftir atvikum, sérstakrar samráðsnefndar til að yfirfara gögn um laun og önnur starfskjör erlendra starfsmanna. Sameiginlegar tillögur þessara aðila vinnumarkaðarins frá júní 2006 voru hafðar að leiðarljósi við samningu þessa frumvarps.

Varðandi launarétt starfsmanna í veikinda- og slysatilvikum og áskilnað um að þeir skuli vera slysatryggðir, sem kveðið er á um í 5. og 7. gr. frumvarpsins, vill nefndin vekja á því sérstaka athygli að þessar greinar eiga sér fyrirmyndir í ákvæðum laga og kjarasamninga og eru öðrum þræði settar til hagsbóta fyrir þjónustufyrirtækin þannig að ekki fari á milli mála hvaða skyldur hvíla á þeim í þessum efnum.

Nefndin er þeirrar skoðunar að frumvarpið horfi til almannaheilla en leggur jafnframt áherslu á að markmiðum þess verði ekki náð nema vel takist til við framkvæmd eftirlits. Telur nefndin brýnt að Vinnumálastofnun séu tryggð góð starfsskilyrði og að stofnunin eigi gott samstarf við önnur hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld, hérlend sem erlend. Nefndin undirstrikar mikilvægi þess að við framkvæmd eftirlits verði gætt meðalhófs gagnvart eftirlitsskyldum aðilum þannig að samræmst fái skuldbindingum sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið auk þess sem samkeyrsla upplýsinga taki mið af almennum sjónarmiðum um persónuvernd. Hvetur nefndin til þess að fyrirkomulag skráningar verði gert eins einfalt og kostur er og enn fremur að þjónustufyrirtækin og starfsmenn þeirra geti nálgast sem flestar upplýsingar um réttindi sín og skyldur á einum stað.

Lagðar eru til smávægilegar breytingar á orðalagi núverandi 4., 8., 19. og 21. gr. frumvarpsins og að við bætist ný grein þar sem fram komi að með lögunum sé verið að innleiða efni Evróputilskipunar. Jafnframt leggur nefndin til þá breytingu að hinir sérstöku gildistökufrestir sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 20. gr. verði framlengdir um einn mánuð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Lúðvík Bergvinsson, Ellert B. Schram, Jóhann Ársælsson og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara. Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við álitið.

Aðrir hv. þingmenn sem undir þetta rita eru Dagný Jónsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Einar Oddur Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Svanhvít Aradóttir.

[13:58]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er komið til 2. umr. frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Ég held að það sé alveg óhætt að segja það, virðulegi forseti, að í félagsmálanefnd var bærileg sátt um þetta mál enda er hér verið að styrkja stjórnkerfið til þess að koma í veg fyrir undirboð og tryggja sambærileg réttindi erlendra starfsmanna, sem hingað koma, til kjara og aðbúnaðar eins og Íslendingar hafa.

Markmiðið er þríþætt, eins og kemur fram í nefndarálitinu, „að tryggja að starfskjör, tryggingar og aðbúnaður starfsmanna fyrirtækja, sem hafa staðfestu í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins og veita tímabundna þjónustu hér á landi, sé ekki undir þeim lágmarksviðmiðunum sem kveðið er á um í lögum og kjarasamningum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði". Hér eru á ferðinni afar mikilvæg ákvæði í þessu frumvarpi fyrir þá útlendinga sem hér starfa.

„Í öðru lagi miðar frumvarpið að því að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja sem stunda atvinnustarfsemi hér á landi. Í þriðja lagi er tilgangurinn að auka skilvirkni eftirlits og gera stjórnvöldum betur kleift að hafa yfirsýn yfir íslenskan vinnumarkað."

Það er kannski sá þáttur sem snýr að því hvaða möguleika stjórnkerfið hefur til þess að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga sem við gerum ákveðinn fyrirvara við auk þess fjármagns sem í þetta verður sett og nokkur önnur atriði sem ég mun koma inn á.

Það er ástæða til að halda því til haga að hér er á ferðinni frumvarp sem félagsmálanefnd kallaði eftir í fyrravor þegar við afgreiddum frumvarpið um frjálsa för launafólks til landsins sem tók gildi 1. maí sl. Við töldum mikilvægt að settar yrðu í lög tillögur og aðgerðir til þess að styrkja vinnumarkaðskerfið til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði sem við þekkjum að töluvert mikill misbrestur hefur orðið á. Við lögðum áherslu á það sem er auðvitað grundvallaratriði, að fjölgun erlendra starfsmanna sem hér eru raski ekki reglum og samskiptaheðum sem hafa mótast á íslenskum vinnumarkaði. Það er grundvallaratriði að vera þeirra útlendinga sem hingað koma og starfa verði ekki til þess að rýra réttindi og kjör Íslendinga á vinnumarkaði. Það er brýnt að öll löggjöf sé með þeim hætti að hún verndi og styðji þau réttindi sem íslensk verkalýðshreyfing hefur

barist fyrir í marga áratugi, en að hér komi ekki upp sú staða að það verði afturhvarf inn í fortíðina að því er varðar réttindi íslensks launafólks. Það er það sem við höfum haft áhyggjur af og þess vegna er þessi leið farin með þessu frumvarpi sem framsögumaður félagsmálanefndar hefur hér lýst.

Það sem við höfum haft áhyggjur af er hvort Vinnumálastofnun sé í stakk búin til að fylgja málunum eftir í samráði við verkalýðshreyfinguna og samtök atvinnurekenda. Þessi löggjöf hér er nokkuð metnaðarfull en allt veltur á því að framkvæmdin sé með þeim hætti að tryggt sé að með þeim ákvæðum sem hér eru sett fram sé fullt eftirlit, að þau skili sér í framkvæmdinni. Sú er kannski meginástæðan, virðulegi forseti, fyrir þeim fyrirvara sem a.m.k. fulltrúar Samfylkingarinnar í þessari nefnd hafa sett.

Fjármagn sem Vinnumálastofnun fær er afar lítið. Fjárlagaskrifstofan gerir ráð fyrir að frumvarpið muni leiða til 7,5 millj. kr. útgjaldaaukningar hjá Vinnumálastofnun og síðan segir hjá fjárlaganefnd að þessi útgjaldaaukning eigi að rúmast innan fjárlagaramma stofnunarinnar. Þetta er það sem við drögum í efa, það er sífellt verið að bæta fleiri og fleiri verkefnum á Vinnumálastofnun. Ég held að alls ekki alltaf hafi fylgt fjármagn til þess að framfylgja þeim verkefnum sem Vinnumálastofnun á að skila og því eftirliti sem hún hefur með höndum. Ef framkvæmdin á þeim málum sem hér er verið að festa í lög verður þannig að ekki sé hægt að hafa eftirlit með þeim og þetta verði allt í skötulíki er auðvitað til lítils af stað farið. Þess vegna er það grundvallaratriði sem við setjum hérna fram, að það sé tryggt að hægt sé að hafa eftirlit með þessu. Við höfum líka haft áhyggjur af því að ekki sé nægjanlega tekið á því í þessu frumvarpi. Það kom fram í starfi nefndarinnar sem ekki hefur komið fram í nefndarálitinu og ég set hér fram. Við teljum að það þurfi að halda skrá og gera úttekt á menntun hjá erlendu starfsfólki sem hingað kemur. Maður heyrir allt of mikið um að brögð séu að því að erlendir starfsmenn sem hingað koma fái ekki greitt í samræmi við þá menntun sem þeir hafa. Ég hefði viljað sjá að það væri eitt af þeim verkefnum sem væru á hendi Vinnumálastofnunarinnar, og þá eftir atvikum verkalýðsfélaganna, að fylgjast með því að ekki séu undirboð að því er þennan þátt varðar, að ekki sé metin menntun þessara erlendu starfsmanna og þeir hafi ekki launakjör í samræmi við menntun sína. Það væri gott ef formaður félagsmálanefndar kæmi síðar í þessa umræðu að hún ræddi aðeins þann þáttinn en þetta er nokkuð sem við í Samfylkingunni höfum haft áhyggjur af.

Sömuleiðis höfum við haft áhyggjur af því, og það er kannski ekki nægilega girt fyrir það í þessu frumvarpi, að undirboð eigi sér einnig stað í kringum verktakasamninga, að launaliðurinn sé þar vanmetinn með hliðsjón af íslenskri löggjöf og kjarasamningum og að það komi fram í útboðum og skekki þá samkeppnisstöðu fyrirtækja í atvinnulífinu.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi nefna. Umsagnir með frumvarpinu eru yfirleitt jákvæðar. Tryggingastofnun gerði athugasemdir varðandi það sem snýr að henni sjálfri. Ég hafði ekki tök á að sitja fundinn þegar fjallað var um þann þátt málsins en ég spyr hv. formann nefndarinnar hvort ekki sé örugglega tekið á þeim athugasemdum og áhyggjum sem maður gat lesið út úr umsögn Tryggingastofnunar ríkisins að því er varðar framkvæmdina á því sem snýr að réttindamálum erlends starfsfólks. Ég geri ráð fyrir að farið hafi verið yfir þann þátt mála og að ekki komi til þess að misbrestur verði á framkvæmdinni eða vandamál eins og Tryggingastofnun hefur áhyggjur af.

Umsögn Alþýðusambands Íslands er afar jákvæð. Í henni segir að þarna sé verið að tryggja mikilvægar réttarbætur á ýmsum sviðum, m.a., með leyfi forseta, „að erlendir starfsmenn sem koma hingað á vegum erlendra þjónustufyrirtækja eða starfa hjá starfsmannaleigum skuli njóta sömu eða sambærilegra kjara og réttinda og ef þeir væru ráðnir beint til fyrirtækja með staðfestu hér á landi".

Það er auðvitað afar þýðingarmikið að við séum þó að færa okkur nær því að tryggja betur aðbúnað og kjör erlendra starfsmanna með því að ráðningarkjörin séu með þeim hætti að erlendu starfsmennirnir séu ráðnir beint til fyrirtækja og á ráðningarsamningi við þau fremur en í gegnum starfsmannaleigurnar sem allt of mikið var af. Þar fóru fram þessi undirboð sem við þekkjum að hafi viðgengist að því er varðar erlent starfsfólk.

ASÍ segir hér, með leyfi forseta:

„a) ... Það þýðir að erlent launafólk þessara fyrirtækja á að njóta þeirra kjara og réttinda sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og að komið er í veg fyrir að erlend þjónustufyrirtækjum njóti samkeppnisforskots gagnvart fyrirtækjum með staðfestu hér á landi vegna lakari kjara eða réttinda starfsmanna sinna.

b) Gerð er krafa um að erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur þurfi að tilkynna um starfsemi sína hér á landi og veita upplýsingar um þá starfsmenn sem hjá þeim vinna, aðbúnað og kjör þeirra. Þá er gerð sú almenna krafa að erlend þjónustufyrirtæki hafi fulltrúa sem kemur fram fyrir þeirra hönd meðan þau eru með starfsemi hér. Þannig er reynt að tryggja að þessi fyrirtæki geti aðeins starfað hér löglega með því að vera búin að upplýsa um starfsemi sína og starfi fyrir opnum tjöldum."

Allt er þetta, virðulegi forseti, mikið til framfara. Við náum því markmiði sem við öll hljótum að setja okkur, að kjör og aðbúnaður erlendra starfsmanna verði til samræmis við það sem hér gildir í íslenskum kjarasamningum og lögum.

„c) Síðan eru í þessu frumvarpi gerðar kröfur til notendafyrirtækja um að þau fylgi því eftir að erlend þjónustufyrirtæki sem fyrir þau starfa hér á landi hafi sinnt tilkynningarskyldu sinni. Jafnframt eru lagðar á þau þær skyldur að aðstoða stjórnvöld við öflun upplýsinga og eftirlit með starfsemi erlendu þjónustufyrirtækjanna og starfsmannaleigna, ef eftir því er leitað.

d) Tryggðar eru heimildir stjórnvalda til að stöðva tímabundið starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleigna ef þau verða uppvís að brotum, auk þess sem í lögunum eru að finna viðurlagaheimildir."

Á þessum atriðum í umsögn ASÍ sést hve mikilvæg ákvæði eru á ferðinni í þessu frumvarpi en enn og einu sinni undirstrika ég að allt veltur þetta á framkvæmdinni.

Verkalýðsfélag Akraness og reyndar Starfsgreinafélag Austurlands hafa sett fram vissar aðvaranir og fyrirvara að því er varðar álit þeirra á þessu máli. Ágætt er að halda því til haga.

Hjá Verkalýðsfélagi Akraness segja þeir t.d., með leyfi forseta:

„Til að tryggja að erlendir starfsmenn samkvæmt lögunum njóti þeirra starfskjara sem lögin kveða á um er eðlilegt að setja þá kröfu á notendafyrirtækin að þau hafi ávallt undir höndum ráðningarsamninga og sé óheimilt að nýta sér þjónustu viðkomandi nema kjör samkvæmt ráðningarsamningi séu í samræmi við lögbundin starfskjör."

Hér er á ferðinni ákvæði sem þetta sama verkalýðsfélag setti fram þegar við fjölluðum um frjálsa för launafólks á síðasta vorþingi sem nokkuð var tekist á um. Ég minni á og vil halda því til haga, virðulegi forseti, að við í Samfylkingunni studdum það mjög að slíkt ákvæði yrði sett inn sem setti meiri ábyrgð á notendafyrirtækin gagnvart t.d. starfsmannaleigunum og fluttum um það breytingartillögu ef ég man best sem ekki náði fram að ganga þannig að enn halda þeir þessu til haga.

Þeir segja fyrr í umsögninni hjá Verkalýðsfélagi Akraness:

„Reynsla félagsins af þessum málum hefur sannað nauðsyn þess að stéttarfélögin fái skýra heimild til að afla gagna varðandi erlent vinnuafl, t.d. ráðningarsamninga, tímaskriftir og launaseðla og það án þess að grunur um brot sé til staðar. Er eðlilegt að þessi heimild nái til allra aðila er koma að slíku vinnusambandi, þ.e. fyrirtækja, notendafyrirtækja og Vinnumálastofnunar. Reynslan sýnir að erlent starfsfólk veit almennt lítið um réttindi sín á íslenskum vinnumarkaði og veigrar sér við að leita aðstoðar verkalýðsfélaganna."

Þetta er auðvitað til umhugsunar sem hér er sett fram, þ.e. að erlent starfsfólk viti lítið um réttindi sín á íslenskum vinnumarkaði og þá væntanlega almennt réttindi sín í íslensku samfélagi. Það verður fróðlegt að fá fram hvernig því miðar að útbúa handhægar upplýsingar fyrir fólk til þess að það viti um réttindi sín á íslenskum vinnumarkaði. Það er grundvallaratriði til þess að við náum því fram sem við viljum að ekki sé verið að hlunnfara þetta fólk.

Hér segir áfram:

„Dæmin sanna einnig að einstaka atvinnurekendur hafa nýtt sér þessa vankunnáttu. Jafnvel aðilar sem almennt er talið að láti sér annt um ímynd sína. Er ljóst að þótt ráðningarsamningur liggi fyrir sem tryggi laun í samræmi við gildandi lög er það engin trygging fyrir því að viðkomandi launþega séu greidd lögbundin laun í samræmi við ráðningarsamning."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Á stéttarfélögum hvílir skylda til að tryggja að á félagssvæði þeirra sé unnið samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum og hafa þau víðtæka hagsmuni af því að svo sé gert. Er með öllu óskiljanlegt ef ekki er vilji til að notfæra sér þessa eftirlitsleið. Stéttarfélögin hafa á að skipa starfsfólki með víðtæka reynslu í túlkun kjarasamninga og með þekkingu á hinum ýmsu sérkjarasamningum sem í gildi eru. Óeðlilegt er hins vegar að blanda trúnaðarmönnum á vinnustað inn í þetta. Þeirra hlutverk samkvæmt lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur nær ekki til eftirlits hvað varðar starfsfólk á vinnustað sem eru í vinnuréttarsambandi við þriðja aðila. Jafnframt verður að hafa í huga að þetta eftirlit er þess eðlis að eðlilegra er að það sé alfarið í höndum viðkomandi verkalýðsfélaga. Auk þess sem verið er að gæta hagsmuna viðkomandi starfsmanna er hér um að ræða hagsmuni verkalýðshreyfingarinnar sem og samfélagsins."

Ég get tekið undir margt af því sem fram kemur hjá Vilhjálmi Birgissyni, formanni Verkalýðsfélags Akraness. Hann þekkir þessi mál vel og hefur oft sett fram athyglisverðar ábendingar og tillögur að því er þessi mál í heild varðar þannig að það er rétt að leggja við hlustirnar þegar þeir leggja fram sjónarmið sín í þessu máli.

Alþjóðahús sendi líka inn umsögn, virðulegi forseti. Ég held að ástæða sé til þess að setja inn í þingtíðindi hvað Alþjóðahús hafði um málið að segja. Þetta eru þeir aðilar í Alþjóðahúsi sem best þekkja til aðbúnaðar erlendra starfsmanna, vita hvar skórinn kreppir, vita á hverju þarf að taka. Ég ætla aðeins að drepa á þá umsögn, með leyfi forseta, en þar segir:

„Eftirfarandi athugasemdir skulu gerðar við efni frumvarpsins:

1. Að mati Alþjóðahúss er það mjög til bóta að starfsmönnum, í skilningi frumvarpsins, skuli tryggður réttur til launa í veikinda- og slysatilvikum. Hingað til hefur réttur einstaklinga í þessari stöðu verið fremur óljós og er því um réttarbót að ræða."

Ég vísa einmitt til þessa þegar ég spyr formann nefndarinnar um þær athugasemdir sem Tryggingastofnun setti fram, hvort ekki sé alveg skýrt að engir hnökrar verði á framkvæmdinni að því er varðar réttarbætur í frumvarpinu um rétt til launa í veikinda- og slysatilvikum. Ég held áfram tilvitnun, með leyfi forseta:

„Sérstaklega er því fagnað að starfsmönnum skuli tryggður mismunur launa ef réttur hans samkvæmt ákvæðum 5. gr. frv. er hagstæðari. Þá er til bóta að í 7. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um að tryggja skuli starfsmönnum bætur vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku. Alþjóðahús lýsir jafnframt yfir ánægju sinni með 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um löggjöf sem gilda skuli þegar fyrirtæki sendir starfsmenn hingað til lands í skilningi laga þessara án tillits til erlendrar löggjafar sem að öðru leyti gildir um ráðningarsamband starfsmanna og fyrirtækis. Alþjóðahús telur jákvætt að skyldur skuli jafnt vera lagðar á erlend fyrirtæki sem notendafyrirtæki, þ.e. að innlenda þjónustukaupanum skuli m.a. vera ætlað að gæta þess að seljandi þjónustunnar, þ.e. erlenda fyrirtækið, hafi uppfyllt sína tilkynningarskyldu. Að mati Alþjóðahúss mætti bæta við áskilnaði um að við útboð verkefna hjá ríki og sveitarfélögum skuli synja þeim sem brotið hafa gegn ákvæðum laganna um þátttöku. Slíkt yrði til þess fallið að efla fylgni við ákvæði laganna."

Ég tók eftir þessari ábendingu hjá Alþjóðahúsi sem mér fannst mjög athyglisverð. Ég veit ekki hvort þetta hefur eitthvað sérstaklega verið tekið fyrir á þeim fundi sem ég gat ekki sótt í félagsmálanefnd.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er Vinnumálastofnun falið viðamikið hlutverk. Er stofnuninni ætlað að viðhafa umfangsmikið eftirlit, sem og söfnun upplýsinga, varðveislu þeirra og miðlun. Hins vegar fær Alþjóðahús ekki séð að stofnuninni séu ætlaðir fjármunir til að gegna þeim verkefnum sem að

framan greinir. Leggur Alþjóðahús því til að skýrt verði kveðið á um fjárveitingar Vinnumálastofnun til handa svo stofnunin megi rækja það hlutverk sem henni er ætlað samkvæmt frumvarpinu, ella er hætt við að stofnuninni verði mjög örðugt að sinna þeim.“

Hér er nákvæmlega tekið undir eina af þeim meginathugasemdum sem við í Samfylkingunni gerðum vegna framkvæmdar þessara laga. Við höfum áhyggjur af því að undirstaðan sé ekki nægilega trygg um eftirlit þegar svona rýrt er ætlað í fjárveitingum til Vinnumálastofnunar. Hefði verið ástæða til þess að fá það upp hjá formanni nefndarinnar hvort hún hafi ekki af því einhverjar áhyggjur og hvort úr verður bætt ef við stöndum uppi með það á miðju fjárlagaári að ekki sé hægt að framkvæma þessi lög af því að það vanti fjármuni til að framfylgja þeim.

Margar umsagnir bárust um málið. Ég fór ekki nema að hluta til yfir það sem Alþjóðahús og Verkalýðsfélag Akraness sögðu. Ég vil að lokum, í stuttri yfirferð yfir umsagnirnar, minnast á það sem Starfsgreinafélag Austurlands segir. Eðli máls samkvæmt ætti þeim að vera vel kunnugt um kjör, aðstæður og aðbúnað erlendra verkamanna sem að verulegum hluta eru einmitt við framkvæmd Kárahnjúkavirkjunar. Þeir tala um félagsleg undirboð og hafa af því áhyggjur og segja, með leyfi forseta:

„Það er skoðun Afls – Starfsgreinafélags Austurlands að til að berjast gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði þurfi:

1. Að skýra reglur og hörð viðurlög við brotum á lágmarkskjörum launafólks.

2. Tryggt upplýsingaflæði til erlends launafólks og aðgang stéttarfélaga að erlendu launafólki þannig að unnt sé að afla réttra upplýsinga um kjör þess.“

Þeir segja í lokin, með leyfi forseta:

„Við vekjum athygli á því að við metum stöðuna þannig að við séum hreinlega í nauðvörn fyrir kjörum launafólks á svæðinu. Með félagslegum undirboðum er verið að grafa undan lífskjörum okkar félagsmanna og brotið er á erlendu launafólki vísvitandi. Nú þegar hefur þetta bitnað helst á þeim sem síst skyldi, lægst launuðu félagsmönnum okkar í ýmiss konar þjónustustörfum.

Enn fremur er hart sótt að félagsmönnum okkar í ýmsum iðngreinum og má sérstaklega nefna byggingariðnað og málmiðnað. Hér er starfsfólk með óstaðfest iðnréttindi að ganga í störf íslenskra iðnaðarmanna og dæmi eru um heil fjölbýlishús í byggingu þar sem varla sjást iðnmenntaðir menn.

Ef ekki verður brugðist hart við má búast við að undirboð herji á vinnumarkaðinn allan innan tíðar og þannig verði grafið undan velferðarkerfi okkar. Við biðjum því þingmenn að taka ábendingar okkar til málefnalegrar umfjöllunar.“

Þetta er nokkuð harðort í lokin frá Starfsgreinafélagi Austurlands. Ég verð að hafa þá trú, virðulegi forseti, að frumvarpið sem við ræðum bæti úr og komi í veg fyrir það sem hér var lýst en enn og aftur fer það eftir framkvæmdinni. Það verður verk okkar jafnaðarmanna, ef þessi löggjöf dugar ekki, að herða enn frekar á ákvæðum að því er varðar réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja. Við verðum að beita öllum ráðum til þess að koma í veg fyrir að brotið sé á erlendu launafólki. Við vitum að það mun leiða til þess að einnig verður brotið á íslensku launafólki. Ef við viljum getum við sett þá löggjöf og þær reglur og staðið þannig að framkvæmdinni að aðbúnaður og kjör erlends vinnuafls sé til sóma fyrir okkur Íslendinga. Ef við gerum það er það til hagsbóta fyrir allt samfélagið. Við þurfum á margan hátt á þessu fólki að halda á okkar vinnumarkað til uppbyggingar á hagvexti en það má ekki koma niður á réttindum og aðbúnaði íslensks launafólks. Ef við stöndum bærilega saman í því að reisa þær girðingar sem þarf til þess að ekki sé verið að misnota erlent launafólk þurfum við ekkert að óttast þó að erlent fólk sæki hingað til lands til starfa.

Það er tvennt sem ég vil fara inn á í lokin. Í fyrsta lagi hef ég áhyggjur af því og ekki bara áhyggjur — ég hreinlega átel ríkisstjórnina fyrir það að hún skuli sýna þinginu þá lítilsvirðingu að leggja ekki stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda fram til þinglegrar meðferðar og umfjöllunar í félagsmálanefnd. Við ættum að geta farið yfir stefnuna og mótað, sent hana út til umsagnar, fengið aðila sem best þekkja til til að segja álit sitt á henni þannig að við getum tekið tillit til sjónarmiða þeirra sem best þekkja til. Við þurfum að fara yfir stefnuna með hliðsjón af þeirri tillögu sem við í Samfylkingunni höfum lagt fram um stefnumótun í málefnum innflytjenda sem liggur fyrir félagsmálanefnd. Ástæða hefði verið til að sú tillaga fengi eðlilega þinglega meðferð í félagsmálanefnd, sem hún hefur ekki fengið. Ég vil óska eftir því við formann nefndarinnar að á þeim tíma sem eftir lifir af þessu þingi og á þeim nefndadögum — ekki nefndadögum, þeir eru víst liðnir samkvæmt verkefnaskrá þingsins. En ef haldnir verða fundir í félagsmálanefnd, sem ég geri ráð fyrir að verði, vil ég óska eftir því að sú stefna sem við höfum lagt fram verði skoðuð.

Mér skilst að það sé sem sagt niðurstaða ríkisstjórnarinnar að leggja ekki þessa stefnu fyrir þingið. Mér finnst það fullkomið virðingarleysi við þingið að setja slíka stefnumótun ekki fram þannig að þingið geti haft áhrif á hana. Ég mótmæli því að vinnubrögðin skuli vera með þessum hætti. Það er stórt mál, virðulegi forseti, sem hér er á ferðinni, stefnumótun í málefnum innflytjenda. Það markar þann ramma sem við ætlum að setja okkur varðandi aðlögun innflytjenda í íslensku samfélagi. Auðvitað á að gera framkvæmdaáætlun á grundvelli slíkrar stefnu sem þingið á að samþykkja. Ég veit ekki hvort hv. formaður félagsmálanefndar þekkir til þess hvort hugmyndir séu um að móta slíka framkvæmdaáætlun og leggja fyrir þingið en það breytir engu, virðulegi forseti, úr því að þingið er að fara heim. Þegar ný ríkisstjórn tekur við mun hún örugglega skoða þessi mál og móta þá framkvæmdaáætlun á grundvelli skýrrar stefnumörkunar um málið, stefnumörkunar sem skilar árangri. Framkvæmdaáætlun sem við getum vænst að skili okkur þeim markmiðum sem við viljum setja okkur, að búa sem best að þeim sem vilja koma hingað og vinna hvort sem er til skemmri eða lengri tíma.

Virðulegi forseti. Ég ætla í lokin að vitna í svar sem ég fékk frá félagsmálaráðherra um erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði. Ég taldi nauðsynlegt að fá dregna upp mynd af því hvernig vinnumarkaðurinn lítur út með þeim erlendu ríkisborgurum sem hér vinna. Því miður er takmörkun að því er varðar statistík, að því er varðar vinnumarkaðinn og

marga fleiri þætti í stjórnsýslunni og það er náttúrlega kapítuli út af fyrir sig sem ég ætla ekki að ræða hér. En í svarinu kemur þó ýmislegt athyglisvert fram sem ég ætla að vitna til, virðulegi forseti.

Um erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði segir að áætla megi að 17.400 erlendir ríkisborgarar hafi starfað á íslenska vinnumarkaðinum á sl. ári og áætlað er að af þeim muni 13–15 þúsund verða starfandi á Íslandi á þessu ári. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir að milli 10 og 12 þúsund verði enn starfandi hér á landi. Í svarinu kemur einnig fram að áætla megi að álíka margir erlendir ríkisborgarar hefðu verið á vinnumarkaðinum þó að aðlögunarfrestur um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins hefði verið nýttur til 1. maí 2009. Erlendir ríkisborgarar hefðu komið á vinnumarkaðinn fyrir milligöngu starfsmannaleigna. Þetta er athyglisvert álit sem ég tel að sá eini frjálslyndi sem hér situr í salnum, hv. þm. Valdimar L. Friðriksson, ætti að hlusta á.

Það er álit félagsmálaráðuneytis að jafnvel þó að aðlögunarfresturinn — hin frjálsa för var samþykkt 1. maí — hefði verið nýttur fram til 2009 hefðu jafnmargir erlendir starfsmenn komið hingað til að vinna en þá hefðu þeir bara komið í gegnum erlendu starfsmannaleigurnar en ekki í gegnum beint ráðningarsamband við atvinnurekendur. Það er einmitt í gegnum starfsmannaleigurnar sem undirboðin hafa farið fram. Ég tel að það sé ekki rétt sem frjálslyndir hafa verið að setja fram að það hefði skipt sköpum að nýta ekki þessa aðlögun. Erlenda vinnuaflið hefði komið inn með öðrum hætti, þ.e. í gegnum starfsmannaleigurnar og þar hafa undirboðin fyrst og fremst viðgengist. Þetta var raunverulega staðfest í umfjöllun okkar í félagsmálanefnd af þeim sem þar komu að. Þar voru allir á þeirri skoðun sem um það voru spurðir að þessi hefði orðið niðurstaðan ef við hefðum nýtt okkur aðlögunarfrestinn fram til ársins 2009. Hingað kom erlent starfsfólk vegna þess að hér var þörf á erlendu vinnuafli, hér var ekki atvinnuleysi heldur kallaði vinnumarkaðurinn á fleiri vinnandi hendur. Það breytti því þó að með opnuninni 1. maí var komið á beinu ráðningarsambandi á milli launamanns og atvinnurekanda sem tryggir miklu betur eftirlit með því að ekki viðgangist undirboð í launum og kjörum.

Það kom líka fram í svari Vinnumálastofnunar og ráðherrans að ætla megi að 50–70% starfsmanna starfsmannaleigna hafi fengið leiðréttingu á launum árið 2006 sem sýnir hve mikið hefur verið brotið á réttindum erlendra starfsmanna í gegnum starfsmannaleigurnar. Það kom jafnframt fram að tilhneigingar hafi gætt hjá einstökum fyrirtækjum til að nota starfsmannaleigur sem leið til að komast hjá því að greiða laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Ég held að það sé mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að halda þessu til haga þegar við erum að ræða frumvarpið sem vonandi nær því markmiði sem að er stefnt, að styrkja allar vinnumarkaðsaðgerðir og treysta betur kjör erlendra starfsmanna. Um leið erum við að tryggja kjör, réttindi og starfsöryggi innlends vinnuafls.

[14:31]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil hér í upphafi geta eins sem ég gleymdi að koma inn á í framsögu minni en það var að þakka nefndarmönnum í félagsmálanefnd fyrir samstarfið í þessu máli. Það gekk vel og greiðlega að vinna það í nefndinni.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði grein fyrir fyrirvörum sínum við þetta mál. Í fyrsta lagi er það atriði sem varðar bolmagn Vinnumálastofnunar til að fást við verkefnið. Ég tek undir áhyggjur hv. þingmanns og ég held að við öll sem í nefndinni sitjum höfum gert það. Það kom skýrt í ljós, eins og t.d. í umsögn félagsmálanefndar í fjárlagavinnunni, að við lögðum mikla áherslu á að Vinnumálastofnun fengi aukið fjármagn.

Það kom hins vegar fram hjá forstjóra Vinnumálastofnunar, Gissuri Péturssyni, að þeir geta notað margt úr þeirri vinnu sem þeir fóru í þegar þeir á sínum tíma innleiddu starfsmannalögin, sem þeir fengu reyndar ekki mikinn heimanmund með. Þess vegna felst ekki svo mikill nýr kostnaður í þessu. Vissulega mun eftirlitið kosta sitt en hann kom inn á það á fundi nefndarinnar að fyrst þurfi að meta þörfina og kostnaðinn út frá því. Hann taldi því á fundi félagsmálanefndar að Vinnumálastofnun gæti farið í þetta verkefni núna.

Örstutt, virðulegi forseti, varðandi menntun starfsmanna. Það kemur fram í 8. gr. í 2. lið að fyrirtæki eigi að gefa upplýsingar um starfsréttindi og Vinnumálastofnun getur þá miðlað upplýsingum til verkalýðsfélaga í einstökum málum. Ég tel líka, og ég hef aðeins verið að hugsa um þetta atriði vegna þess að það hefur verið mikið til umræðu í nefndinni, að kannski sé möguleiki á því í framtíðinni að þessir aðilar semji um hvernig upplýsingagjöf sé háttað. En eins og er er það í þessum farvegi.

[14:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka formanni félagsmálanefndar svörin. Mér finnst ágætt að fá það fram að hún deilir áhyggjum mínum af því að ekki sé tryggt nægilegt fjármagn til þess að hægt sé að framfylgja ákvæðum þessara laga og hafa fullt eftirlit með framkvæmd þeirra. Það er alveg rétt að við gátum þess í fjárlagavinnunni. Við verðum þá að treysta því að vilji sé fyrir því í þinginu að bæta úr ef þetta kemur í ljós. Þessi löggjöf er ákaflega mikilvæg og það skiptir miklu máli að til sé fjármagn til þess að fylgja henni eftir.

Ég tók eftir að hv. þingmaður svaraði ekki því sem ég nefndi varðandi Tryggingastofnun ríkisins. Ég vona að hún geri það í næsta svari sínu. Eins og ég las upp og fór yfir eru það ekki síst þau réttindi sem á að tryggja erlendu fólki í gegnum Tryggingastofnun ríkisins sem eru afar mikilvæg og sem Alþjóðahús benti sérstaklega á. Við verðum að búa þannig um hnútana í löggjöfinni að þeir hnökrar sem Tryggingastofnun bendir á verði því ekki til fyrirstöðu að þetta erlenda starfsfólk haldi réttindum sínum.

Síðan vil ég spyrja um skoðun hv. þingmanns á því máli sem ég hef verulegar áhyggjur af, þ.e. stefnunni í málefnum innflytjenda, að það skuli ekki koma til þinglegrar meðferðar. Ég hlýt að treysta því að hv. þingmaður taki málið upp í félagsmálanefnd. Það liggur fyrir mál frá okkur í Samfylkingunni sem ég hefði viljað ræða og fá inn á þingið og hefði

átt að ræða það í samfloti með stefnu ríkisstjórnarinnar. En svo virðist sem ríkisstjórnin ætli að hunsa það að þingið fái það mál til þinglegrar meðferðar.

[14:35]

**Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi athugasemdir um slysatryggingar og veikindi þá sáum við ástæðu til þess að setja í nefndarálitið ítrekun um að þessar greinar eiga sér fyrirmyndir í ákvæðum laga og kjarasamninga þannig að ég vísa hv. þingmanni á þessa klausu í nefndarálitinu. Við vildum a.m.k. bregðast við athugasemdunum þannig og teljum að þessi réttindi séu tryggð í frumvarpinu, bara svo það komi fram í umræðunni.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom inn á stefnu í málefnum innflytjenda og ég veit að margir hafa beðið eftir umræðum um hana. Að því er mér skildist átti að flytja skýrslu um þá stefnu en það hefur ekki komist á dagskrá. Við skulum sjá hvað setur. En við höfum ekki marga daga þannig að vonandi skýrist það mjög fljótlega upp á vinnu við annað mál sem nú er í félagsmálanefnd.

[14:37]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda þá er það nú þannig í mínum huga að ég held að það breyti ekki nokkrum sköpuðum hlut þó að við ræðum þetta mál í einn eða einn og hálfan tíma í skýrsluformi og síðan er málið bara afgreitt af hálfu þingsins.

Þingmenn sem eru hér vanir og þekkja hvernig hlutirnir ganga fyrir sig vita að fyrst og fremst er hægt að ná árangri ef málið fer í þinglega meðferð og hægt er að senda það til umsagnar eða a.m.k. kalla fyrir þá aðila sem til þekkja til þess að geta tekið tillit til þeirra sjónarmiða og sjónarmiða þingmanna varðandi stefnuna.

Ég vona að hv. þm. Dagný Jónsdóttir fylgi mér í því að þetta mál fari í þinglega meðferð í nefnd. Ég vona að þetta sé ekki endanlegt og verði einungis hér í skýrsluformi. Ég spyr: Er það endanlega afgreitt af hálfu stjórnarflokkanna, stjórnarliða, að þetta verði einungis í skýrsluformi? Ég spyr um það vegna þess að mér finnst mikilvægt að fá það fram.

Ef hv. þingmaður beitir sér fyrir því að málið fari til þinglegrar meðferðar og til félagsmálanefndar skal ég vinna hörðum höndum að því með henni að ná því máli fram og stuðla að því að það fái góða umfjöllun í nefndinni. En mér er algerlega misboðið ef afgreiða á málið með þeim hætti að ræða það einungis í formi skýrslu.

Varðandi þau atriði sem ég hafði áhyggjur af hvað Tryggingastofnun áhrærir þá fullyrðir hv. þingmaður að engin vandkvæði séu á því að þau ákvæði sem eru í frumvarpinu komist til framkvæmda þrátt fyrir krítíska umsögn Tryggingastofnunar ríkisins. Ég spyr hana því: (Forseti hringir.) Fullvissaði hún sig um það með því að hafa samband við Tryggingastofnun ríkisins að þeir væru sáttir við þetta eins og þingnefndin gekk frá þessu?

[14:39]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Almennt vil ég segja um frumvarpið að ég er bærilega ánægður með það. Það hefur fengið mjög góða umfjöllun í félagsmálanefnd þingsins og vil ég þakka formanni nefndarinnar, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, fyrir ágæta verkstjórn.

Það má segja að vandað hafi verið til verka við smíði frumvarpsins. Það byggist á aðkomu margra aðila, þar á meðal aðila á vinnumarkaði, Alþýðusambandsins, BSRB, BHM, Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga auk stjórnsýslunnar.

Á Íslandi er drjúgur hluti vinnumarkaðar skipaður fólki sem er aðflutt. Mönnum reiknast til að tíundi hver maður á íslenska vinnumarkaðnum sé aðfluttur. Þar sé á ferðinni erlent vinnuafl sem svo er nefnt. Það fólk hefur komið hingað til lands á mismunandi forsendum eftir mismunandi farvegi, ef svo má að orði komast.

Í fyrsta lagi er um það að ræða að fólk komi hingað á forsendum hins Evrópska efnahagssvæðis, en einn af grunnþáttum þess er að tryggja frjálst flæði vinnuafls. Í annan stað kemur fólk hingað til lands og ræður sig til starfa, fær atvinnuleyfi og iðulega hefur það gerst með milligöngu svokallaðra starfsmannaleigna. Í þriðja lagi er um að ræða að fólk komi hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja sem sinna verkefnum á Íslandi. Það frumvarp sem við höfum hér til umræðu fjallar um réttindi þess fólks.

Menn hafa haft áhyggjur af því á íslenskum vinnumarkaði að fyrirtæki, einkum frá fátækari ríkjum heimsins, flytji inn vinnuafl, flytji inn starfsfólk sem starfi á lakari eða lægri kjörum en almennt gerist á íslenskum vinnumarkaði. Í því sambandi hefur verið talað um undirboð. Það hefur verið áhyggjuefni, bæði íslenskra fyrirtækja, sem ekki vilja láta undirbjóða sig á óeðlilegum forsendum, og verkalýðshreyfingarinnar, sem hefur viljað standa vörð um kjör launafólks.

Frumvarpið tryggir að hið sama gildi um þetta fólk og gerist almennt á íslenskum vinnumarkaði. Það sem einkennir íslenska vinnumarkaðinn er að lágmarksréttindi og lágmarkskjör eru lögbundin. Grunnpósturinn í frumvarpinu er að tryggja að erlent launafólk sem kemur hingað til starfa á vegum erlendra fyrirtækja skuli lúta umsömdum lágmarkskjörum á Íslandi og ákvæðum sem snúa að aðbúnaði og hollustu á vinnustað, tryggingum og öðru af því tagi. Það er á þeim forsendum sem ég fagna þessu frumvarpi sérstaklega.

Þegar þessi lagasmíð var í burðarliðnum fléttaðist umræða um það að nokkru leyti opnun íslenska vinnumarkaðarins. Svo háttaði til að árið 2004 fengu inngöngu í Evrópusambandið tíu ný ríki, sem svo má kalla, einkum frá austanverðri Evrópu. Ríki þar sem atvinnuleysi er mikið og laun eru lág og menn óttuðust að fólk mundi sækja í stríðum straumi vestur á bóginn.

Evrópusambandið ákvað að setja ákvæði sem gilda um hið Evrópska efnahagssvæði þess efnis að gömlu ríkin fengju heimild til þess að takmarka aðflutning launafólks til landsins frá þessum tilteknu ríkjum. Fyrsta takmörkunarskeiðið átti að gilda frá 1. maí 2004 til 1. maí 2006. Íslendingar ákváðu að setja slík ákvæði inn í íslenska löggjöf.

Við stóðum svo frammi fyrir því síðastliðið vor hvort við ættum að framlengja þessa lokun eða opna fyrir flutning fólks frá hinum nýju ríkjum. Niðurstaðan varð sú að ákveðið var að opna en jafnframt yrði sett löggjöf sem heimilaði eftirlit með bæði fyrirtækjum sem hingað væru að koma og starfsfólki frá þessum löndum.

Í stjórnarandstöðunni kom fram tillaga um að framlengja frestinn til síðustu áramóta og bíða þess að sú löggjöf sem við ræðum nú væri orðin að veruleika auk þess sem við vildum einnig fá staðfesta innflytjendastefnu íslenskra stjórnvalda. Það gekk ekki eftir en fáeinum vikum síðar höfum við þetta frumvarp hér, sem eins og ég segi tryggir þessi grunnréttindi.

Ég skil vel þær áhyggjuraddir sem heyrðust frá ýmsum verkalýðsfélögum um að óráðlegt væri að opna áður en öryggisnet yrðu strengd. Ég skil þær áhyggjur. Hins vegar held ég að þegar málið er gert upp hafi þetta verið hyggileg stefna. Það segi ég með hliðsjón af þeirri lagasmíð sem við höfum hér í höndunum.

Hitt er svo annað mál að ég held að menn gleymi sér oft í þessari umræðu og einblíni um of á höftin og girðingarnar og múrana en hirði minna um það sem skiptir að sjálfsögðu mestu máli, þegar við reynum að skilja hvers vegna svo margt fólk kemur hingað í atvinnuleit sem raun ber vitni. Það er að sjálfsögðu ekki út af neinum slíkum reglum. Það er vegna þeirrar þenslu sem á sér stað í íslensku atvinnulífi og geysilegrar eftirspurnar eftir vinnuafli, bæði innlendu og erlendu. Það er ástæða þess að fólk kemur hingað til lands, ekki þær reglur sem gilda um flutninginn til landsins. Því það hefur alltaf verið uppi að fólk hefur getað komið til Íslands í atvinnuleit og fengið hér atvinnuleyfi ef óskað er eftir starfskröftum þess. Þannig að það er hin stóra umræða en ekki þetta.

Ýmis ákvæði í þessum lögum eru góð. Þau heimila Vinnumálastofnun eftirlit og eftirfylgni. Þegar við tölum um eftirlit erum við fyrst og fremst að starfrækja slíkt til þess að tryggja réttindi fólksins. Það er kveðið á um það að fyrirtæki sem hingað kemur skuli, sé það lengur en tiltekinn dagafjölda á ári, allt frá tíu virkum dögum upp í fjórar vikur eftir því hver starfsemin er, tryggja Vinnumálastofnun upplýsingar og það skuli skipa sérstakan talsmann sinn til að annast slíkt.

Við höfum flutt þingmál, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, á undanförnum mánuðum þar sem við höfum viljað að þetta verkefni væri á hendi verkalýðsfélaganna og það væru þau sem hefðu aðgang að upplýsingum og starfsfólki. Við erum enn þeirrar skoðunar að það væri heppilegri ráðstöfun. Þetta er hins vegar niðurstaðan. Fyrirvari okkar við samþykkt frumvarpsins er í reynd fyrst og fremst á grundvelli vel rökstuddra áhyggna yfir því að Vinnumálastofnun og þeim eftirlitsaðilum öðrum sem koma að þessum málum verði ekki tryggðar nægar tekjur til þess að sinna verkefninu sem skyldi.

Það eru mín síðustu orð að sjá þarf til þess að allir þeir eftirlitsaðilar sem koma að þessum málum, hvort sem það er verkalýðshreyfing eða aðilar að vinnumarkaði, og svo að sjálfsögðu Vinnumálastofnun sem ber hitann og þungann af þessu starfi, fái nægilegt fjármagn til að gera þessi lög að veruleika þannig að þau verði annað og meira en orðin tóm.

[14:50]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Við ræðum hér um frumvarp og nefndarálit um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, um starfskjör starfsmanna þeirra. Rétt eins og aðrir þingmenn vil ég byrja á að fagna þessu frumvarpi. Segja má að það sé rökrétt framhald af lagasetningu um starfsmannaleigur sem sett var í fyrra. Þetta gengur öllu lengra og má segja að búið sé að taka inn í það nokkrar athugasemdir umsagnaraðila og stjórnarandstöðu varðandi frumvarpið um starfsmannaleigur. Við erum sammála um það í nefndinni að þetta frumvarp horfi til almannaheilla, eins og hér segir.

Ég skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara og segja má að fyrir því séu einkum þrjár ástæður. Vinnumálastofnun er ætlað að hafa eftirlit með í þessu máli og ég tel henni skammtað naumt fé. Það kemur fram í frumvarpinu að um sé að ræða 7,5 millj. kr. sérstaklega út af þessu. Síðustu þrjú árin hafa verið lögð fram nokkur mál er tengjast Vinnumálastofnun sem fæst gera ráð fyrir miklu fé til hennar og yfirleitt ekki aukafjármagni þrátt fyrir að lögð séu á hana fleiri og fleiri verkefni. Ég hefði að auki viljað sjá greiðari aðgang verkalýðsfélaga að upplýsingum um erlenda starfsmenn. Í þriðja lagi geri ég fyrirvara varðandi húsnæðismál. Hér er að vísu breytingartillaga frá félagsmálanefnd um að fylgja skuli með upplýsingar um dvalarstað og áætlaðan dvalarstað starfsmanna hér á landi. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af húsnæðismálum erlendra starfsmanna eins og við þekkjum úr fjölmiðlum en mörgum þeirra er ætlað að dveljast í iðnaðarhúsnæði. Menn muna nú eftir því þegar menn byrjuðu á Kárahnjúkum, hvers konar húsnæði mörgum erlendum starfsmönnum var þar búið í upphafi þótt trúnaðarmenn og verkalýðsfélög hafi náð að breyta því flestu ef ekki öllu til bóta. En það eru einkum þessar þrjár ástæður þess að ég skrifa undir álitið með fyrirvara.

Þetta frumvarp eykur ábyrgð notendafyrirtækja eins og stjórnarandstaðan óskaði eftir varðandi starfsmannaleigufrumvarpið sem var áður til afgreiðslu. Þá var ekki vilji meiri hlutans fyrir að setja meiri ábyrgð á notendafyrirtækin. Hér hefur verið vitnað lauslega í breytingartillögu stjórnarandstöðunnar við starfsmannaleigufrumvarpið. En hún hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Notendafyrirtæki bera ábyrgð á því að allir sem hjá þeim starfa njóti launa og annarra starfskjara sem fullnægi áskilnaði 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þrátt fyrir að starfssamband viðkomandi starfsmanns og notendafyrirtækis sé byggt á milligöngu starfsmannaleigu.“

Tekið hefur verið ákveðið tillit til þessarar beiðni frá stjórnarandstöðu og umsagnaraðilum varðandi starfsmannaleiguna. Þannig má segja að þetta sé í rétta átt þótt maður hefði viljað að gengið yrði enn lengra. Ég held að það sé rétt að þessi lög séu ávallt í endurskoðun. Það eru miklar breytingar á vinnumarkaði og stór hópur fólks kemur til landsins til að starfa í styttri eða lengri tíma. Það er því ástæða til að þessi lög séu stöðugt í endurskoðun. Um það var einmitt getið í lögum um starfsmannaleigur og er þetta óbeint framhald af því.

Að sjálfsögðu á að taka vel á móti útlendingum. Með þessari eftirfylgni erum við ekki einungis að tryggja þeim bestu kjör er hingað koma til að starfa heldur og, eins og fram hefur komið, að vernda íslenska launþega gegn undirboðum í launum. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja að fylgst sé vel með starfsréttindum þeirra sem hingað koma til að starfa.

Samkvæmt svari frá félagsmálaráðherra við fyrirspurn minni frá því ekki fyrir löngu er það ekki fast í hendi að Vinnumálastofnun gangi eftir því að fá upplýsingar um starfsréttindi erlendra starfsmanna. En það er nauðsynlegt af ýmsum ástæðum, bæði út frá launamálum en einnig út frá öryggissjónarmiðum, að hingað komi ekki iðnaðarmenn til að vinna með hættuleg efni eða við hættulegar aðstæður án þess að hafa til þess að nægilega þekkingu eða réttindi. Ég tel ástæðu til þess að menn fylgist vel með starfsréttindum þeirra sem hingað koma þannig að það sé öllum til hagsbóta, ekki til að reyna aftra því að menn komi heldur til að tryggja að þeir hafi tilskilin réttindi og verði ekki sjálfum sér eða öðrum að skaða, svo ekki sé minnst á að þeir skili góðu verki í byggingaiðnaði o.s.frv.

Hér hefur svolítið verið vitnað í umsögn Verkalýðsfélags Akraness. Það er mjög eðlilegt þar sem formaður Verkalýðsfélags Akraness, Vilhjálmur Birgisson, hefur unnið mikið í málum varðandi starfsmannaleigur og erlenda starfsmenn. Eins og kom fram hjá honum fyrir rúmu ári síðan eyddi hann um 70% af starfstíma sínum í að fylgjast með réttindum og skyldum fyrirtækja gagnvart erlendum starfsmönnum.

Herra forseti. Ég fagna þessu frumvarpi á heildina litið og tel að það verði til mikilla bóta enda hefur verið óskað eftir slíkum lögum. En ég hefði viljað sjá ögn meiri samvinnu við stéttarfélögin. Það má vera að við endurskoðun á þessum lögum, eftir ár eða svo, taki menn samvinnuna upp. En ég ætla að leyfa mér að vitna að lokum í umsögn Verkalýðsfélags Akraness, með leyfi forseta:

„Reynsla félagsins af þessum málum hefur sannað nauðsyn þess að stéttarfélögin fái skýra heimild til afla gagna varðandi erlent vinnuafl, t.d. ráðningarsamninga, tímaskriftir og launaseðla og það án þess að grunur um brot sé til staðar. Er eðlilegt að þessi heimild nái til allra aðila er koma að slíku vinnusambandi, þ.e. fyrirtæki, notendafyrirtæki og Vinnumálastofnun. Reynslan sýnir að erlent starfsfólk veit almennt lítið um réttindi sín á íslenskum vinnumarkaði og veigrar sér við að leita aðstoðar verkalýðsfélaganna. Dæmin sanna einnig að einstaka atvinnurekendur hafa nýtt sér þessa vankunnáttu, jafnvel aðilar sem almennt er talið að láti sér annt um ímynd sína. Er ljóst að þótt ráðningarsamningur liggi fyrir sem tryggir laun í samræmi við gildandi lög er það engin trygging fyrir því að viðkomandi launþega séu greidd lögbundin laun í samræmi við ráðningarsamning. Hér þarf verulega eftirfylgni."

Málið snýst um þetta, herra forseti, þ.e. aðkomu stéttarfélaga, ekki trúnaðarmanna heldur sjálfra stéttarfélaganna að eftirliti með því að erlendir starfsmenn njóti sömu réttinda og kjara og íslenskir starfsmenn njóta hér á landi.

[15:00]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil, eins og aðrir hv. þingmenn sem hafa tekið til máls, lýsa ánægju minni með frumvarpið. Eins hef ég heyrt að vinnan í hv. félagsmálanefnd hafi gengið vel og lýst er ánægju með starfshætti í nefndinni hvað varðar vinnslu á frumvarpinu.

Hæstv. forseti. Frumvarpið kemur ekki til af góðu en verið er að bregðast við miklum vanda. Hér hefur sú þróun orðið á undanförnum árum að erlendu vinnuafli hefur fjölgað ár frá ári og er nú orðið 9% af starfsmannafjölda á íslenskum vinnumarkaði. Það er nýtt fyrir okkur að hafa svo hátt hlutfall af erlendum starfsmönnum. Hér hafa sem betur fer alltaf verið erlendir starfsmenn sem hafa hjálpað okkur í tímabundnum verkefnum þar sem vertíðirnar hafa verið okkar helsti álagspunktur í vinnu, en það er að breytast. Eftir sem áður er á fiskverkunarstöðvunum orðinn mikill fjöldi og á sumum stöðvum er meiri hluti starfsmanna erlent vinnuafl. Margir hverjir eru orðnir íslenskir ríkisborgarar og það er allt af hinu góða.

Með þeirri ákvörðun að fara í stærstu framkvæmd Íslandssögunnar, Kárahnjúkavirkjun og Fjarðaál á Reyðarfirði, álfyrirtæki á Reyðarfirði, flæddi inn á vinnumarkaðinn á mjög stuttum tíma mikill fjöldi erlendra verkamanna. Þrátt fyrir að lagt hafi verið upp í þá för með þá áætlun að 20% starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun yrðu af erlendu bergi brotin eða erlent innflutt vinnuafl snerust hlutföllin alveg við og um 80% hafa verið af erlendum uppruna. Erlendu starfsmennirnir hafa bæði komið í gegnum starfsmannaleigur og eins verið ráðnir beint. Það er af samskiptum starfsmanna Starfsgreinafélagsins Afls á Austurlandi við starfsmannaleigurnar — og við það ástand sem skapaðist við þessa miklu framkvæmd og svo stóran hóp erlendra verkamanna inn á svæðið á stuttum tíma þar sem undirbúningur hafði verið lítill sem enginn — að brestir í löggjöf okkar komu greinilega í ljós. Við því er verið að bregðast núna. Betra er seint en aldrei, segi ég, en það er alveg greinilegt á umsögn Starfsgreinafélags Austurlands að það telur að ákvæði þurfi að vera skýrari en fram kemur í frumvarpinu. Ég óska eftir því að til þess verði litið og ef í ljós kemur að Starfsgreinafélagið hefur rétt fyrir sér verði við því brugðist hið fyrsta.

Starfsgreinafélagið er það félag sem hefur hvað mesta og sárasta reynslu af álaginu. Það er alveg ljóst að í byrjun þegar ábendingar komu frá Starfsgreinafélaginu, heilbrigðiseftirlitinu og Vinnueftirlitinu um að pottur væri brotinn, að verið væri að brjóta á erlendum starfsmönnum í launum, kjörum og aðbúnaði, að þá var lítill áhugi á að bregðast við og aðstoða Starfsgreinafélagið eða styrkja Vinnueftirlitið eða heilbrigðiseftirlitið til þess að hægt væri að ganga í þau mál. Það er óeðlilegt að Starfsgreinafélagið þurfi hreinlega að fara í dómsmál til þess að fá fram bætur og réttindi þeirra starfsmanna sem augljóst er að verið er að brjóta á.

Hvað varðar Vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið er alveg ljóst að ekki er nóg að hafa rammann, löggjöfina, í lagi ef engin viðurlög eru fyrir hendi sem vinnuveitandinn, hvort sem það er innlend eða erlend starfsmannaleiga eða hver sem er, ber virðingu fyrir og veit að verður beitt. Það er út af þessu sem hægt er að brjóta á erlenda vinnuaflinu,

bæði hvað kjör og aðbúnað snertir, að hinar opinberu stofnanir sem eiga að hafa eftirlit ef verið er að brjóta á starfsmönnum hafa ekki vopn á hendi til þess að stöðva og láta fyrirtækið lagfæra það sem úrskeiðis hefur farið. Þetta er mjög alvarlegt mál og í frumvarpinu er einmitt bent á það að það er ekki nægilega skýrt hvaða tæki verkalýðsfélögin, Vinnumálastofnun eða aðrir opinberir aðilar hafa til þess að ganga í málin og fá þá sem brjóta á starfsmönnum til þess að leiðrétta þau brot sem augljóslega hafa verið framin.

Það er annað sem ég tel að þurfi að fylgjast vel með og skoða, það er aðgengi verkalýðsfélaganna að erlendum starfsmönnum. Möguleika verkalýðsfélaganna til þess að gefa starfsmönnum upplýsingar, ábyrgð hins opinbera að koma upplýsingum á framfæri. Það er til vansa að það skuli vera þannig í dag að fyrirtæki geti bannað verkalýðsfélögum að koma á vinnustað og uppfræða starfsmenn og upplýsa þá um réttmæt kjör og hvaða rétt þeir eiga. Verkalýðsfélögin bæði hafa þessa skyldu og eiga að geta komið þessu á framfæri.

Það vekur mig einnig til umhugsunar og veldur mér áhyggjum að Vinnumálastofnun skuli ekki vera ætlað meira fjármagn til að fylgja þessu eftir. Það er alveg ljóst að stofnuninni er í dag þröngur stakkur skorinn með fjárveitingum, hvað þá að bæta þessu á sig. Miðað við þau útgjöld sem ætlunin er að heimila til þess að uppfylla frumvarpið, verði það að lögum, sem ég vona, er augljóst að styrkja þarf stofnunina mun betur en gert er í dag. Það er alvarlegt þegar um vísvitandi brot er að ræða. Mér finnst það öllu alvarlegra þegar um íslensk fyrirtæki er að ræða. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér finnst það enn alvarlegra þegar um íslensk fyrirtæki er að ræða, sem geta fengið sig til þess að brjóta á erlendum verkamönnum til þess að græða meira. Eru þar af leiðandi með undirboð og grafa undan íslenskum fyrirtækjum sem vilja borga rétt og eðlileg laun og búa vel að starfsmönnum sínum. Þetta er orðið þannig að þau hafa ekki lengur rekstrargrundvöll og þar af leiðandi er hvert fyrirtækið á fætur öðru að gefast upp á framleiðslu og fara með framleiðslu sína úr landi ef það hættir þá ekki rekstri. Hluti af þessu er vegna óeðlilegra undirboða og lágra launa og ekkert síður starfsmanna hjá íslenskum fyrirtækjum.

Þetta er meinsemd sem verkalýðsfélögin, Vinnumálastofnun, Vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið verða að geta brotið niður hið fyrsta. Þetta er búið að þrífast of lengi þessi ár frá því að holskeflu erlendra verkamanna var hleypt inn í landið eða við þurftum á þeim að halda. Ef við stöðvum þetta ekki núna munum við brjóta niður kaup og kjör verkafólks hér á landi og það mun fyrst og fremst bitna á láglaunafólki.

[15:11]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Sá hv. þingmaður sem talaði á undan mér, hv. þm. Þuríður Backman, sagði í lokaorðum sínum að hið mikla flæði fólks af erlendu bergi brotið hingað til lands mundi væntanlega hafa neikvæð áhrif, ef svo má segja, á kjör launafólks á Íslandi og kannski ekki síst þeirra sem eru lægst launaðir.

Mig langar til að fara aðeins yfir þessi mál, virðulegi forseti, vegna þess að hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson sem hefur átt sæti í félagsmálanefnd þegar þetta mál hefur verið til umræðu kom í ræðustól áðan og lýsti því að hann teldi að þetta frumvarp væri til mikilla hagsbóta frá því sem áður var. Ég á ekki í neinum vandræðum með að trúa því að þetta sé til bóta. Ég hef ekki komist sjálfur á fundi í félagsmálanefnd þar sem ég hef verið upptekinn á öðrum vettvangi en Valdimar Leó hefur setið þar sem varamaður minn.

Mig langaði aðeins til að vekja athygli á því, virðulegi forseti, að nýjustu tölur sýna að erlendum ríkisborgurum fjölgar stöðugt hér á landi. Í morgun bárust fréttir af því frá Hagstofu Íslands sem hefur verið að birta mannfjöldatölur frá 31. desember sl. að hlutfall útlendinga af íbúum hér á landi er orðið 6%. Þetta staðfestir það sem við höfum vitað um nokkurt skeið, að erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað mjög hratt hér á landi. Þeim fjölgaði um nærri 5 þúsund á síðasta ári. Þetta er mjög mikil mannfjölgun, virðulegi forseti, í okkar litla landi. Við erum ekki nema 300 þúsund, og þetta hlýtur að valda ýmsum breytingum og hlýtur að vera mjög mikil félagsleg áskorun fyrir þjóðina, kannski ekki síst þegar fram í sækir, þ.e. ef það kemur í ljós að stór hluti af því fólki sem hingað er komið getur hugsað sér og ætlar að setjast hér að til langframa og jafnvel ævilangt.

Þegar maður rýnir í tölurnar á vef Hagstofu Íslands — ég hvet þingmenn til að kynna sér þessar tölur — sést að fjölgunin er afskaplega hröð. Núna er hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda eitthvað um 6%. Ef maður skoðar kúrfuna yfir aukninguna er hún nánast stöðug upp á við og er búin að vera það í tvö ár. Með sama áframhaldi er ekki ólíklegt að um fjórðungur íbúa á Íslandi verði af erlendu bergi brotinn eftir u.þ.b. 5–10 ár, ef fjölgunin heldur áfram eins og hún hefur verið. Þetta er flókið ferli. Það eru margar breytur sem hafa að sjálfsögðu áhrif á þetta. Maður veit ekki alveg hvað framtíðin ber í skauti sér, en mér finnst þetta fullkomið tilefni til að íhuga þessa hluti. Hvað gerist ef viðvarandi þensluástand heldur áfram, hvað gerist ef viðvarandi stórframkvæmdir halda áfram í landinu í til að mynda stóriðju og öðrum greinum atvinnulífsins? Hvað mun þá gerast? Hvers konar ástand mun þetta kalla á?

Ef við skoðum tölurnar yfir þá sem eru komnir hingað sjáum við að þetta er fólk á besta aldri, ef svo má segja. Börn eru tiltölulega fá sem gæti bent til þess að þeir sem hingað eru komnir séu þá einkum komnir í atvinnuleit, séu þá hugsanlega einhvers konar farandverkamenn. Mér finnst hins vegar vanta mjög, virðulegi forseti, upplýsingar um það hvaða fólk er hér á ferðinni. Íslensk stjórnvöld hafa hvergi staðið sig nægilega vel í því að kanna það og reyna að fylgjast með því hvaða fólk er á ferðinni og hvaða væntingar það hefur til að mynda varðandi Ísland, varðandi hugsanlega búsetu á Íslandi og annað þar fram eftir götunum. Ég held að það mundi hjálpa okkur mikið ef við vissum meira um þetta. Þá gætum við hugsað fyrir ráðstöfunum varðandi velferðarkerfið okkar. Það er alveg augljóst mál að ef það fólk sem hingað er komið núna, erlendir ríkisborgarar sem eru að mestu leyti fólk á besta aldri, hugsar sér að setjast hér að og ef það hugsar sér að fá hingað fjölskyldur sínar þurfum við að gera ráðstafanir varðandi

skólakerfið. Við þurfum þá að gera ráðstafanir varðandi heilbrigðiskerfið. Við þurfum náttúrlega líka að gera ráðstafanir í öldrunarþjónustu því að við eldumst öll eftir því sem dagarnir og árin líða. Sú fjölgun sem er núna að bætast við þjóðina er umfram þær áætlanir sem við höfum gert miðað við mannfjöldaspár og annað hvað varðar okkur sem erum þó hér á Íslandi og höfum búið hér mann fram að manni og þar fram eftir götunum. Mér finnst þetta segja sig sjálft.

Sú fjölgun sem nú er að verða kemur ofan á allt annað. Sá illi grunur læðist að mér að við séum mjög illa undirbúin til framtíðar og þannig lagað séð getur þetta skapað mjög miklar áskoranir fyrir okkur og sérstaklega fyrir velferðarkerfið okkar en að sjálfsgöðu einnig miklar áskoranir á vinnumarkaði.

Ég leit aðeins yfir umsagnir sem bárust um þetta mál og ég vil segja að ég hnaut sérstaklega um eina þeirra, þ.e. umsögnina frá Austurlandi. Þar hefur fjölgunin verið einna mest. Það er Starfsgreinafélag Austurlands sem sendi inn þá umsögn. Það kom mér nokkuð á óvart að sjá hversu harðorð umsögnin er þó að ég hafi kannski átt von á einhverju. Hérna segir m.a., með leyfi forseta:

„Síðustu ár hefur atvinnulíf á Austurlandi tekið stakkaskiptum vegna stórframkvæmda á svæðinu. Mikill fjöldi erlendra starfsmanna hefur komið á félagssvæði okkar í tengslum við þessar framkvæmdir og almenna uppbyggingu sem fylgt hefur í kjölfarið. Talsverð brögð hafa verið að því að brotið hafi verið á erlendu launafólki og kjör þess hafi verið undir lágmarkskjörum samanborið við íslenska kjarasamninga. Ástæður þessara brota má rekja til eftirfarandi þátta:

1. Erlend fyrirtæki þekkja ekki til reglna sem hér gilda og leita sér ekki ráðgjafar hjá samstarfsaðilum hér á landi.

2. Erlend fyrirtæki þráast við í lengstu lög að virða lög og kjarasamninga þrátt fyrir ráðgjöf t.d. ráðgjafa- og endurskoðunarfyrirtækja.

3. Erlend fyrirtæki (og starfsmannaleigur íslenskar sem erlendar) brjóta vísvitandi á starfsmönnum sínum og reyna á alla lund að takmarka aðgang stéttarfélaga að starfsmönnum sínum og tefja eins og unnt er alla málsmeðferð.

Þetta ástand er farið að bitna beint á félagsmönnum Afls og má fullyrða að hér á svæðinu eru „félagsleg undirboð“ í gangi þrátt fyrir viðleitni félagsins til viðnáms.“

Þetta þarf kannski ekki að koma á óvart og þetta staðfestir á vissan hátt það sem við höfum stundum talað um í þessum sal, þ.e. að víða væri pottur brotinn varðandi kjör erlends starfsfólks á Íslandi, það væri verið að brjóta á því fólki sem hingað hefði komið og að í gangi væru félagsleg undirboð. Hér segir áfram í þessari umsögn, með leyfi forseta:

„Það er skoðun stjórnar Afls svo og fjölmargra funda trúnaðarmanna félagsins á svæðinu, að erlend fyrirtæki svo og starfsmannaleigur hafa í mörgum tilfellum beitt erlent starfsfólk sitt þvingunum. Ljóst er að jafnvel lág laun á íslenskan mælikvarða geta verið mjög há í heimalandi starfsfólksins. Enn fremur höfum við ítrekað fengið heimildir fyrir því að erlendu launafólki er hótað brottrekstri og heimflutningi ræði það við fulltrúa félagsins eða yfirvöld. Þá eru óstaðfestar heimildir fyrir því að einstök fyrirtæki gefi út fyrirmæli um hvað starfsfólk skuli segja yfirvöldum eða fulltrúum stéttarfélaga og jafnvel munu vera dæmi um að dreift hafi verið fjölrituðu plaggi með fyrirmælum um það hverju starfsmenn skuli ljúga um launakjör sín.

Í einu tilviki, sem nú er til rannsóknar hjá félaginu, eru uppi grunsemdir um að erlent fyrirtæki, með aðstoð íslensks samstarfsaðila, gefi út launaseðla með eðlilegum launum og skili sköttum og skyldum samkvæmt þeim — en greiði síðan erlendu starfsfólki mun lægri laun, samkvæmt ráðningarsamningi gerðum í heimalandi starfsmanna og sem hefur aldrei verið sýndur Vinnumálastofnun eða stéttarfélagi hér á landi. Starfsmenn þessa fyrirtækis hafa skýr fyrirmæli um að svara öllum fyrirspurnum á þá lund að þeir fái greidd laun samkvæmt íslensku launaseðlunum og hótað brottrekstri og jafnvel öðru verra, skýri þeir satt og rétt frá.

Í samtölum við forráðamenn og yfirmenn fjölda íslenskra fyrirtækja síðustu missiri hefur ítrekað komið fram að fyrirtæki sem virða lög og kjarasamninga standa nú frammi fyrir því að vera í samkeppni við fyrirtæki sem brjóta á starfsfólki sínu, virða ekki kjarasamninga og sinna hvorki um öryggi starfsmanna sinna né aðbúnað.

Það má vera öllum ljóst að slík starfsemi er ekki vænleg til að styrkja það velferðarkerfi sem íslenska þjóðin hefur byggt upp á síðustu áratugum.“

Virðulegi forseti. Bréfritari heldur síðan áfram og gerir athugasemdir við hinar ýmsu greinar frumvarpsins sem við erum nú að ræða. Ég hleyp yfir það en mig langar til að vitna í lokaorð þessarar umsagnar, með leyfi forseta:

„Við vekjum athygli á því að við metum stöðuna þannig að við séum hreinlega í nauðvörn fyrir kjörum launafólks á svæðinu. Með félagslegum undirboðum er verið að grafa undan lífskjörum okkar félagsmanna og brotið er á erlendu launafólki vísvitandi. Nú þegar hefur þetta bitnað helst á þeim sem síst skyldi, lægst launuðu félagsmönnum okkar í ýmiss konar þjónustustörfum.

Enn fremur er hart sótt að félagsmönnum okkar í ýmsum iðngreinum og má sérstaklega nefna byggingariðnað og málmiðnað. Hér er starfsfólk með óstaðfest iðnréttindi að ganga í störf íslenskra iðnaðarmanna og dæmi eru um heil fjölbýlishús í byggingu þar sem varla sjást iðnmenntaðir menn.

Ef ekki verður brugðist hart við má búast við að undirboð herji á vinnumarkaðinn allan innan tíðar og þannig verði grafi undan velferðarkerfi okkar.

Við biðjum því þingmenn að taka ábendingar okkar til málefnalegrar umfjöllunar.

F.h. Afls — Starfsgreinafélags Austurlands

Sverrir Albertsson.“

Þetta bréf er dagsett á Egilsstöðum þann 19. febrúar sl.

Hér er kveðið fast að orði í umsögn sem kemur úr grasrótinni, frá stóru verkalýðsfélagi á Austurlandi þar sem hafa verið miklir umbótatímar, miklar stórframkvæmdir og þær hafa að verulegu leyti verið reknar áfram með innflutningi á starfsfólki. Það er staðreynd sem við öll vitum og höfum vitað um margra missira skeið. Þarna er þróunin kannski komin einna lengst á landinu hvað varðar hlutfall erlendra ríkisborgara í íbúafjölda eftir landshlutum. Þarna er þróunin þannig að um fjórðungur íbúa á Austurlandi er samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar af erlendu bergi brotinn.

Þannig er það.

Við sjáum umsögnina, kvartanir berast frá verkalýðsfélagi og aðvörunarorð og nánast neyðaróp, finnst mér, frá Austurlandi, frá verkafólki, iðnaðarmönnum, um að í gangi séu félagsleg undirboð sem grafi undan kjörum launafólks á svæðinu.

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi umsögn svo alvarleg og þetta kall sem kemur að austan eitthvað sem við getum ekki hunsað. Þetta er grafalvarlegt mál og það er alveg með ólíkindum að fjölmiðlar hér á landi skuli ekki hafa gert meira af því að kafa ofan í þetta. Kannski er það vegna þess að stærstur partur af fjölmiðlum á Íslandi er í vasanum á fjármagnseigendum þessa lands og það hentar ekki hagsmunum fjármagnseigendanna að mikið sé fjallað um þessa hluti. Ég held að það henti frekar fjármagnseigendum að viðhalda núverandi þensluástandi sem að verulegu leyti er byggt upp á miklum innflutningi á erlendu vinnuafli. Það er verið að fóðra þessa vél og halda niðri launaskriði og verðbólgu í landinu, m.a. með þessum aðgerðum. Eins og ég hef sagt áður, virðulegi forseti, er á vissan hátt verið að fórna langtímahagsmunum íslensku þjóðarinnar fyrir skammtímahagsmuni í efnahagsmálum og um leið verið að grafa undan stéttarfélögum í landinu. Það er verið að grafa undan markaðslaunakerfinu, það er vegið mjög alvarlega að kjörum launafólks, sérstaklega ákveðinna stétta. Við höfum vísbendingar um það að laun í byggingariðnaði hafa ekki haldið í við launaþróun í öðrum starfsgreinum hér á landi. Við höfum líka séð tölur um það að launaþróun í verslun og þjónustu hafi ekki haldið í við aðrar starfsstéttir í landinu. Þarna er haldið aftur af verðbólgudraugnum og reikningurinn er sendur ákveðnum starfsstéttum.

Það má alveg spyrja sig að því, virðulegi forseti, hvort þetta sé sanngjarnt. Er sanngjarnt að við reynum að glíma við þensluástand sem ríkisstjórnin hefur skapað? Er sanngjarnt að við reynum að glíma við verðbólgudrauginn sem náttúrlega hefur verið vakinn upp af ríkisstjórninni? Er það sanngjarnt að við reynum að gera það með þeim hætti að við sendum reikninginn nær eingöngu á ákveðnar starfsstéttir í landinu? Virðulegi forseti. Svar mitt við þessu er nei, mér finnst það ekki sanngjarnt og ég held að það geti haft alvarlegar afleiðingar til framtíðar ef þessi þróun heldur áfram eins og hún hefur gert. Ég held að það sé mjög mikilvægt, virðulegur forseti, að við reynum að draga úr þenslunni, við verðum að kæla niður hagkerfið, draga úr þessari miklu eftirspurn sem hefur verið eftir vinnuafli til að minnka, vonandi, þennan innflutning á fólki erlendis frá.

Við hér á Íslandi leysum ekki vandamál í öðrum löndum með því að flytja inn fólk frá þeim löndum og búa um það í því velferðarkerfi sem við höfum byggt upp á okkar eigin forsendum miðað við okkar eigin þarfir og áætlanir. Ég tel að það sé röng stefna. Það er bara sannfæring mín. Ég er ekki sammála til að mynda Ágústi Einarssyni prófessor sem nú er við Háskólann á Bifröst og skrifaði kennslubók sem kom út árið 2005 þar sem hann skrifar litla hugleiðingu í lokakafla bókarinnar. Þetta er svipmynd á bls. 427 í þessari kennslubók, Rekstrarhagfræði eftir Ágúst Einarsson, sem ef ég man rétt er fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar og núna rektor við Háskólann á Bifröst. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Framtíðarsýnin. Íslendingar sem milljónaþjóð

Merkilegar breytingar hafa orðið hérlendis síðustu áratugi eins og fjallað er um í mörgum fyrri svipmyndum. Breytingar hafa þó orðið víðar. Við fæðingu Krists bjuggu 130 milljónir manna á jörðinni. Um aldamótin 1900 bjuggu 1,3 milljarðar á jörðinni, eða jafnmargt fólk og Kínverjar eru núna. Nú eru jarðarbúar 6,3 milljarðar. Fjölgunin á síðustu hundrað árum er því mjög mikil, eða 5 milljarðar. Talið er að íbúar jarðar verði 8 milljarðar á næstu 25 árum, sem sé að þeim fjölgi um 2 milljarða frá því sem nú er. Öll þessi aukning verður í Asíu eða öðrum þróunarríkjum.

Gífurleg vandamál koma til með að fylgja þessari fjölgun varðandi fæðuöflun, orku, vatn og lífvænleg svæði. Hvernig maðurinn tekst á við öll þessi vandamál til viðbótar við margvíslegan umhverfisvanda, sem að hluta kemur til vegna þessarar fólksfjölgunar, er óvíst. Hinar fátæku þjóðir eru helmingur jarðarbúa, eða yfir 3 milljarðar manna. Misskiptingin er ótrúlega mikil og af 200 ríkjum heims teljast 100 til þróunarlanda. Íslendingar verja sáralitlu til þróunarmála þrátt fyrir að vera meðal 10 ríkustu þjóða heims.

Þjóðríkin breytast og Ísland með. Mikil fjölgun háskólamanna sýnir vel að lykillinn að góðum lífskjörum til framtíðar er aukin menntun, ekki hvað síst menntun kvenna í hinum fátækari hluta heimsins. Mestu auðlindir næstu áratugi verða byggileg svæði, vatn og orka. Það vantar mjög byggileg svæði í heiminum enda eru alltaf bestu svæðin nýtt fyrst. Vatn verður stríðsástæða framtíðarinnar í miklu meira mæli en olía nú eða aðrar náttúruauðlindir á öldum áður. Það er augljóst að helsta vandamál vegna fólksfjölgunarinnar verður að tryggja nægjanlega orku."

Nú kemur það sem er kannski kjarninn í þessu, virðulegi forseti:

„Það er merkilegt að Ísland á allar þessar auðlindir í miklu meira mæli en aðrar þjóðir og í mun meira magni en við gerum okkur grein fyrir. Það búa aðeins tæplega 300.000 manns á Íslandi, eða um 3 íbúar á hvern ferkílómetra og er Ísland 6. strjálbýlasta land heims. Stór hluti Íslands er þó vel byggilegur en 25% landsins eru í minna en 200 metra hæð yfir sjávarmáli. Hæglega gæti ein milljón manns búið á höfuðborgarsvæðinu miðað við hefðbundinn þéttleika búsetu í erlendum borgum. Höfuðborgarsvæðið, þar sem 63% þjóðarinnar búa, er aðeins 1% af flatarmáli landsins. Það er engin goðgá að tala um að hér gætu auðveldlega búið 3 til 5 milljónir manna og lifað við góð skilyrði. Við eigum nóg af vatni, einungis 5% af ræktanlegu landi er nú ræktað og við sitjum að einni mestu auðlind heims, sem er djúphitinn.

Íslendingar eiga enn mikla virkjanlega vatnsorku en djúphitinn er þó líklega ein verðmætasta auðlind Íslendinga fyrr og síðar. Vegna djúphitans er hægt að nýta orku í iðrum jarðar en boraðar eru a.m.k. 5 km djúpar holur, sem eru álíka djúpar og lengstu olíuborholur, en mörg tæknivandamál eru enn óleyst við það hvernig hægt er að beisla hitann."

Síðar segir höfundur, með leyfi forseta:

„Það er ekki úr vegi að ljúka þessari bók um rekstrarhagfræði þar sem fjallað er um hagkvæmni í rekstri og samskiptum manna með því að varpa því fram að Íslendingar ættu að bjóða fólk af erlendum uppruna velkomið hingað til

búsetu í ríkum mæli. Við ættum að verða þriggja milljóna manna þjóð fljótlega, sem sé tífalda íbúafjöldann. Með því legðum við fram mikilvægan skref til bættra lífskjara jarðarbúa. Þetta ætti að vera markmið okkar næstu áratugi."

Með þessum orðum lýkur kennslubókinni í rekstrarhagfræði eftir Ágúst Einarsson.

Þetta er áhugaverð hugsun sem hér er sett fram og kannski réttmæt að vissu leyti. Það má alveg færa rök fyrir því að Ísland sé mjög strjálbýlt land og kannski að stærstum hluta óbyggt. Það má vel færa rök fyrir því að hér séu nægar náttúruauðlindir til að hér geti búið 3–5 millj. manna. Það má benda á mikil auðæfi landsins, þau auðæfi sem við erum á hinu háa Alþingi að deila um hvort skuli vera í þjóðareign, þá með hvaða hætti og hvernig við ætlum að skilgreina það. Við getum talað um fiskimiðin, við getum talað um orkuna, bæði gufuorkuna en líka vatnsföllin. Við getum bent á það að stór hluti af ræktanlegu landi á Íslandi hefur hvergi verið nýttur með þeim hætti sem hægt væri. Við getum bent á það að hér er nægt pláss fyrir byggingar og önnur mannvirki. Landið er að verulegum hluta, hvað eigum við að segja, strjálbýlt og jafnvel óbyggt.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að halda mjög langa ræðu, og ætla nú að fara að finna eitthvert niðurlag í þessu hjá mér. Mig langaði til að lesa upp þennan litla kafla úr þessari bók til að varpa þessari hugsun fram. Það eru sumir að hugsa þær hugsanir að hér sé kannski best að fara markvisst í að fjölga þjóðinni stórkostlega á stuttum tíma. Það má vel vera, virðulegi forseti, að einhver öfl í þjóðfélaginu sjái sér efnahagslegan ávinning í því að gera þetta en ég held að þegar maður hugsar sig svolítið um og veltir þessu fyrir sér blasi við að einmitt svona þjóðfélagsbylting, þ.e. að ætla að flytja inn fólk í mjög stórum stíl til að keyra hér áfram hagvöxt til að byggja upp þjóðfélagið í miklu meiri fjölda en hér býr í dag og langt umfram það sem þjóðin fjölgar sér sjálf, gera það með innflutningi á fólki, sé ekki það sem við viljum, flest okkar, a.m.k. er ég á móti því.

Ég segi það alveg eins og er. Ég er algerlega á móti því og við í Frjálslynda flokknum. Við Íslendingar eigum að búa í þessu landi á okkar eigin forsendum. Að sjálfsögðu er fólk velkomið hingað en við eigum sjálf að ráða eftir bestu getu á hverjum tíma streyminu inn í landið. Við eigum ekki að fara út í það að skapa hér efnahagsaðstæður með einhverjum þeim hætti sem gerir það að verkum að kalla þurfi á stóraukið innstreymi af nýbúum til að halda efnahagskerfinu gangandi, til að halda þessari maskínu þannig að hún virki með einhverjum hætti. Þá held ég að það sé miklu vænlegra, virðulegi forseti, að grípa til aðgerða til að kæla niður hagkerfið og fara okkur frekar hægt og halda áfram eins og við höfum gert í 1100 ár, að lifa áfram í þessu landi á okkar eigin forsendum og laga uppbyggingu og annað í landinu að okkur sjálfum, þörfum okkar, þróun í mannfjölda, þ.e. fæðingartíðni og öðru þar fram eftir götunum.

Virðulegi forseti. Ég held að ég láti þetta duga að sinni um þennan málaflokk, þ.e. innflytjendamálin og allt sem þeim tengist, verkalýðsmálin, kjaramálin, þjóðfélagsmálin, félagsmálin og allt þetta. Mig grunar innst inni að síðasta orðið sé ekki sagt í þessari umræðu á þeim vordögum sem brátt fara í hönd.

[15:36]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alls ekki hægt að láta sem vind um eyrun þjóta þær aðdróttanir sem hv. þingmaður var með hér í ræðustól í garð fjölmiðla. Hv. þingmaður sagði að það að fjölmiðlar fjölluðu ekki meira um erlent vinnuafl væri því að kenna að það hentaði ekki eigendum fjölmiðla eða fjármagnseigendum landsins að fjalla um þessi mál. Hvað er hv. þingmaður að segja? Er hv. þingmaður að segja að eigendur fjölmiðla segi blaðamönnum og ritstjórn fjölmiðla fyrir verkum? Á hv. þingmaður við það? Mér finnst það mjög óviðeigandi að hv. þingmaður segi að eigendur fjölmiðla skipi ritstjórnum og blaðamönnum fyrir verkum, að þeir skuli ekki fjalla um erlent vinnuafl hér á landi.

Hv. þingmaður talaði um mikinn fjölda erlends vinnuafls og vitnaði í umsögn Starfsgreinafélags Austurlands. Hann vitnaði að vísu ekki í aðrar umsagnir um þetta frumvarp, umsagnir sem eru jákvæðar eins og frá ASÍ, og um umsögn Alþjóðahúss fjallaði hann alls ekki. Ég fjallaði um umsögn verkalýðsfélagsins á Austurlandi eins og hann gerði. Er ekki svo, virðulegi forseti, að í þeirri umsögn var að verulegu leyti fjallað um starfsmannaleigur og erlent vinnuafl sem kemur hingað á vegum starfsmannaleigna? Það er það að verulegu leyti. Það kom fram á fundi nefndarinnar hjá ASÍ og hefur komið fram í skriflegu svari hæstv. félagsmálaráðherra til mín að áætla megi að álíka margir erlendir ríkisborgarar hefðu verið á vinnumarkaðnum og raunin hefur orðið á þrátt fyrir að aðlögunarfresturinn um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins hefði verið nýttur til 1. maí 2009. Erlendir ríkisborgarar hefðu þá komið á vinnumarkaðinn fyrir milligöngu starfsmannaleigna.

[15:39]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er áhugavert að þingmaður Samfylkingarinnar skuli koma upp í ræðustól í andsvar og tala um það sem ég sagði um fjölmiðla þegar þingmaður Samfylkingarinnar hefði kannski átt að veita andsvar við þeim litla kafla sem ég las úr kennslubók eftir Ágúst Einarsson þar sem prófessorinn lagði drögin að því að fjölga Íslendingum á mettíma úr 300 þúsundum í 3 milljónir og vildi gera það með taumlausum innflutningi á fólki.

Eins og ég sagði áðan finnst mér fjölmiðlar ekki hafa staðið sig almennilega í því að greina frá áhrifum þessa mikla innstreymis hingað, til að mynda á launaþróun og launakjör hjá alþýðu þessa lands. Mér finnst það ekki hafa komið nægilega skýrt fram. Mér finnst hins vegar sumir fjölmiðlar gangast mikið upp í því að skrifa um að þetta sé allt saman alveg rosalega flott og frábært. Þeir stunda að mínu viti ekki mjög gagnrýna fréttamennsku hvað þessa hluti varðar.

Af hverju kalla ég eftir því að hér sé stunduð gagnrýnni fréttamennska en verið hefur? Ég geri það vegna þess að ég tel að einmitt það sem er að gerast núna og mun gerast á næstu missirum sé kannski ein mesta þjóðfélagsbreyting sem við Íslendingar höfum staðið frammi fyrir á seinni tímum. Það er ekkert flóknara en það. Þegar hlutfall erlendra nýbúa er hér farið að nálgast 10% og jafnvel meira en

þekkist í öðrum Evrópulöndum og það gerist á örfáum missirum er það stórkostleg þjóðfélagsbreyting. Það sem við höfum verið að gera í Frjálslynda flokknum er að við höfum kallað eftir umræðu um þessi mál. Við Íslendingar sem þjóð verðum að fara að gera það upp við okkur hvert við viljum stefna í þessum málum.

Hvert viljum við stefna í þessum málum? Viljum við fara leiðina sem fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar bendir á í kennslubók sinni? Er það sú leið sem við viljum fara eða viljum við fara einhverja aðra leið? Mér þætti mjög gaman að fá að heyra fulltrúa annarra stjórnmálaflokka lýsa því hvert þeir telji að við eigum að stefna í þessum málum. Eigum við bara að láta reka á reiðanum eins og mér finnst við hafa gert fram til þessa eða eigum við að hafa einhverja almennilega stefnu?

[15:41]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fallist á það með hv. þingmanni að það væri út af fyrir sig ágætt. Ég er sannarlega ekki á móti því að það verði meiri umfjöllun í fjölmiðlum um málefni innflytjenda og stöðu þeirra, en skýringin sem hv. þingmaður gefur á því er ekki boðleg. Þetta voru aðdróttanir í garð ritstjórna blaðanna og í garð blaðamanna. Hv. þingmaður sagði að ástæðan fyrir því að umfjöllunin væri ekki meiri væri sú að fjármagnseigendur eða eigendur fjölmiðla vildu ekki slíka umfjöllun vegna þess að þeir vildu fá þetta ódýra vinnuafl hingað til landsins. Það var það sem hv. þingmaður sagði. (**MÞH:** Er eitthvað að því?) Þá er hv. þingmaður beinlínis að segja að eigendur þessara fjölmiðla ritstýri fjölmiðlunum, (**Gripið fram í:** Já.) segja þeim fyrir verkum hvað þeir megi fjalla um og hvað ekki. Þetta eru alvarlegar aðdróttanir í garð blaðamanna og fjölmiðla hér á landi.

Hv. þingmaður kom sér líka hjá því að svara því sem ég spurði hann um sem fram kom í svari hæstv. félagsmálaráðherra til mín og fram kom í nefndinni sem þingmaðurinn sat ekki í, t.d. frá ASÍ, að áætla megi að fjöldi erlendra verkamanna eða starfskrafta hingað til lands hefði verið álíka mikill og raun ber vitni — og jafnvel meiri var sagt — jafnvel þótt aðlögunin hefði verið nýtt, en þessir starfsmenn hefðu þá komið í gegnum starfsmannaleigurnar. Það vita allir og hv. þingmaður líka að undirboðin hafa helst viðgengist í gegnum starfsmannaleigurnar, þar hefur verið farið illa með verkafólk og þurft hefur að leiðrétta kjör í 50–70% tilvika hjá erlendum verkamönnum í gegnum starfsmannaleigurnar.

Hefði hv. þingmaður heldur viljað fá þetta vinnuafl í gegnum starfsmannaleigurnar en í gegnum beint ráðningarsamband við vinnuveitendur?

[15:43]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég sagði áðan var að ég teldi að það þjónaði ekki hagsmunum fjármagnseigenda og annarra hér á landi að fjallað væri um þetta mikla innflæði með gagnrýnum hætti. Við getum alveg farið yfir það hverjir eiga helstu fjölmiðla hér á landi. Ég held að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sé fullkunnugt um það. Eru það ekki aðilar sem eiga mikilla hagsmuna að gæta, til að mynda í fjármálakerfi landsins og öðrum atvinnugreinum? Ég held að það sé bara þannig. (Gripið fram í.) Ég var bara að segja að það þjónar ekki hagsmunum eigenda þessara blaða að fjallað sé um þessa hluti með gagnrýnum hætti. Ég kalla eftir miklu gagnrýnni fréttaflutningi um þessi mál og miklu gagnrýnni umræðu um þau, ekki bara úti í þjóðfélaginu heldur líka í þingsal. Hvernig stendur á því að við þingmenn virðumst ekki eiga að fá tækifæri til að ræða nýútkomna stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda? Hvernig stendur á því? (**DJ:** Hún verður rædd.) Verður hún rædd, hv. formaður félagsmálanefndar, Dagný Jónsdóttir? (Gripið fram í.) Já, ég vona að svo verði og þá mun ég fagna því.

Ég get ekki átt orðastað við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur með framíköllum fram og til baka í salnum, það er mjög erfitt. Ég skal þegja í 5 sekúndur og hlusta eftir hvað þingmaðurinn er að segja. Nei, ég fæ ekkert svar. (**JóhS:** ... um að fjöldi erlends vinnuafls verði jafnstór hluti þó að við hefðum ...) Það má vel vera að hann væri jafnstór eða jafnmikill, það má vel vera, ég get ekkert sagt til um það. Ég er ekkert viss um að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir geti heldur sagt það til um það. Sennilega væri hann það, það má vel vera, en af hverju hefur þetta ástand skapast og hverjir bera ábyrgð á því? Ég fór yfir það í ræðu minni áðan.

Þensluástandið sem búið hefur verið til í þjóðfélaginu hefur kallað eftir þessu. Við erum komin langt fram úr okkur sem þjóð. Í þessu þensluástandi er ríkisstjórnin búin að skapa hér aðstæður sem við erum í þann veginn að missa tökin á. Þannig er það bara. Mér finnst að hv. þingmaður Samfylkingarinnar, Jóhanna Sigurðardóttir, sem situr í félagsmálanefnd og hefur mikla þingreynslu ætti kannski frekar (Forseti hringir.) að einbeita sér að slíkum hugleiðingum í stað þess að eltast við einhverja setningu sem ég sagði áðan (Forseti hringir.) um fjölmiðla þó að ég standi að sjálfsögðu við orð mín, virðulegi forseti.

[15:46]

**Útbýting:**

Framkvæmd samgönguáætlunar 2006, vegáætlun, 689. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1087.

Fyrirkomulag þróunarsamvinnu Íslands, 681. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 1062.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Egyptalands, 684. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 1067.

Skattar og gjöld af barnavörum, 479. mál, svar fjmrh., þskj. 1049.

Störf á landsbyggðinni, 597. mál, svar félmrh., þskj. 1055.

Störf á landsbyggðinni, 601. mál, svar landbrh., þskj. 1056.

Störf á landsbyggðinni, 604. mál, svar sjútvrh., þskj. 1081.

Tengsl heilsugæslunnar við nýtt þekkingarþorp í Vatnsmýrinni, 456. mál, svar heilbrrh., þskj. 1037.

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 688. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1086.

[15:47]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það mál sem við ræðum og sú umræða sem fer fram staðfestir það að Frjálslyndi flokkurinn hefur hrundið af stað mjög málefnalegri og þarfri umræðu í samfélaginu sem hefur getið af sér m.a. frumvarpið sem við ræðum og umræðu sem þörf hefur verið á. Ég er sannfærður um að umræðan sem Frjálslyndi flokkurinn hóf hafi verið nauðsynleg, algjörlega.

Þegar maður verður vitni að viðbrögðum ýmissa í samfélaginu, þ.e. ráðandi afla og annarra stjórnmálaafla, sérstaklega stjórnarliðsins, sem hafa verið krampakennd, og síðan almennings sem hefur hlustað á, þá eru þetta ólík viðhorf og ólík viðbrögð. Almenningur hefur fagnað umræðunni sem Frjálslyndi flokkurinn hefur hrundið af stað. Sú umræða birtist m.a. í frumvarpinu sem felur í sér þrennt: Í fyrsta lagi að tryggja starfskjör og aðbúnað starfsmanna, í öðru lagi að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja sem stunda atvinnustarfsemi hér á landi og í þriðja lagi að auka skilvirkni eftirlits og gera stjórnvöldum kleift að hafa yfirsýn yfir vinnumarkaðinn.

Þetta er afleiðingin. En hvernig hafa viðbrögð sérstaklega stjórnarliða og málgagna stjórnarliðsins verið? Þau hafa verið krampakennd og ofsafengin. Ég leyfi mér að segja það og þá tek ég í raun vægt til orða. Ég vil nefna umræðu sem fram fór í Ríkisútvarpinu þar sem ágætur þingmaður, hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir, fór mikinn í pistli og sagði að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, sómamaður og formaður Frjálslynda flokksins, hefði verið að ala á útlendingahatri og ótta gagnvart útlendingum í ræðu sinni. Ég er með ræðu hv. þingmanns frá þingi Frjálslynda flokksins og það er ekkert í þeirri ræðu sem hægt er að færa því stað að hann hafi í nokkra veru flutt þess konar ræðu, langt því frá.

Síðan hafa ýmsir aðrir framsóknarmenn haldið áfram þessari delluumræðu. Ég vil nefna einn, hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson, sem hefur flutt hér furðulegar ræður og snúið út úr þeirri umræðu sem hefur m.a. getið af sér þetta mál. Þau eru ólík viðbrögð hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur og hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar. Hún hefur séð að sér. Hún dró orð sín til baka úr ræðustóli Alþingis, án þess að vísu að biðjast afsökunar á þeim, en ég virði hana fyrir það að hún dró þá delluumræðu til baka. En hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur ekki enn séð ástæðu til að gera það en hann hefur farið hér mikinn þar sem hann hefur m.a. fullyrt að Frjálslyndi flokkurinn sé að daðra og með leyfi, frú forseta, vil ég vitna í ræðu hv. þingmanns. Hann segir í ræðu á hv. Alþingi:

„Með því að daðra við útlendingahatur, m.a. á grundvelli sjúkdóma eða sakaferils manna, er verið að færa stjórnmálaumræður á Íslandi niður á lægra plan en áður hefur þekkst og ég vil biðja ágætan formann Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, í fullri einlægni að feta ekki frekar þennan veg og leggja ekki upp í þessa feigðarför."

Þar er hv. þingmaður að fjalla um ræðu sem flutt var á landsþingi Frjálslynda flokksins og það var nákvæmlega ekkert í ræðunni sem gaf tilefni til að gefa henni þessa einkunn, enda sá hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir ástæðu til að draga orð sín til baka. Hún gerði það, en hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur ekki enn gert það. Ég vona að hv. þingmaður sjái sóma sinn í því að gera það einfaldlega. Það er oft betra að koma í ræðustól og segja: Ég fór offari. Það var ekkert í málinu sem gaf tilefni til að vera með þvílíka einkunnagjöf. Þess vegna væri réttast fyrir hv. þingmann að gera það einfaldlega. Auðvitað er það erfitt en málaflokkurinn á það svo sannarlega skilið að fá betri umræðu og sanngjarnari en fram hefur farið.

Ég vil minna á að ríkisstjórnin samdi skýrslu, Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Ef ríkisstjórnin meinti eitthvað með því að ætla að gera eitthvað í málaflokknum væri skýrslan rædd á Alþingi. En það á ekki að gera það. Hún hefur ekki enn þá komist á dagskrá og það sýnir auðvitað forgang ríkisstjórnarinnar og hvað hún sýnir þeim málaflokki lítinn áhuga. Ég get lofað því að fólkið í landinu hefur áhuga á málinu. Það hefur nefnilega áhuga á málinu þó svo að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hafi það greinilega ekki, hann er á leiðinni burtu úr þingsalnum. Fólkið í landinu hefur áhuga á málinu (Gripið fram í.) vegna þess að það vill að náð verði einhverjum tökum á þessum málum og að umræðan fari fram með málefnalegum hætti. Það kemur m.a. fram í þeirri umsögn sem kom og var lesið upp úr frá Afli – Starfsgreinafélagi Austurlands. Fram kemur í nýlegri umsögn frá þeim að ástandið er óviðunandi. Við eigum að ræða það og hafa kjark til þess en vera ekki að úthrópa umræðuna og vera jafnvel að spyrja aðra stjórnarandstöðuflokka hvort þeir geti starfað með þessum Frjálslynda flokki, eins og kallað hefur verið eftir í umræðunni. Þetta er einfaldlega málefnaleg umræða sem þarf að fara fram, þ.e. hvort að við ætlum að bjóða upp á ástand þar sem verða stundum félagsleg undirboð og það ástand sem kemur fram í umsögn Afls – Starfsgreinafélags Austurlands.

Mér finnst að alþingismenn skuldi launahreyfingunni betri umræðu um þessi mál og þeir ættu ekki að forðast hana eins og Framsókn og Sjálfstæðisflokkur gera með því að taka ekki einu sinni þessa stefnu sína á dagskrá. Hún virðist ekki þola það, það má ekki ræða hana þannig að stjórnarandstaðan geti komið sjónarmiðum sínum og athugasemdum að. Það þola hinir háu herrar í stjórnarliðinu ekki, heldur vilja þeir frekar halda sérblaðamannafundi þar sem engin gagnrýnir ríkir og menn fá fjölmiðla sem geta jafnvel lyft þessu á stall.

Það er annar handleggur vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði það að umræðuefni að við værum gagnrýnir á það hvernig fjölmiðlar landsins hefðu fjallað um þessi mál. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði að fjölmiðlar hefðu einnig tekið þátt í því að úthrópa umræðuna. Ég get tekið undir það. Ég get einnig tekið undir það þegar maður verður vitni að því að hver leiðarahöfundurinn á fætur öðrum varar við umræðunni, umræðu sem fólkið í landinu vill að fari fram og það frumvarp sem við ræðum er afrakstur af. Það er engin spurning um það í mínum huga að umræðan þarf að fara fram og með miklu málefnalegri hætti en raun ber vitni.

Einnig finnst mér það vera mjög athyglisvert sem fram kemur í umsögn Verkalýðsfélagsins á Akranesi, hvort ekki eigi að veita verkalýðsfélögunum einhvern þátt í því að geta fylgt eftir starfsfólki sem er langt að komið, að það

hafi full réttindi á vinnumarkaði, og að verkalýðshreyfingin hafi eftirlitshlutverk. Mér finnst það koma vel til greina að verkalýðshreyfingin komi inn með beinni hætti. Hvers vegna segi ég það? Vegna þess að dæmin sanna það og dæmin sýna það einnig og umsagnir alls staðar að af landinu að þessi mál þurfa að fara í betri farveg.

Ég er ekki viss um að við leysum þessi mál hér. Menn geta mögulega farið með frumvarpið, ef það verður að lögum, í gegnum næstu kosningar og sagt: Jú, það voru samþykkt lög, en ég er ekki viss um að þetta séu tækin, þau þurfa að vera betri til að tryggja að félagsleg undirboð verði ekki. Við sættum okkur ekki við að fólk búi í gámum, skipum eða þaðan af verri aðstæðum, sem leggur þjóðfélaginu lið og tekur þátt í að vinna erfiðustu störfin sem í boði eru í þjóðfélaginu, jafnvel fyrir laun sem Íslendingar sætta sig ekki við.

Við ætlum ekki að búa til samfélag á Íslandi þar sem Íslendingar, sem tala íslensku, verða herraþjóð og síðan einhverjir aðrir sem búa jafnvel við algjörlega óviðunandi aðstæður og eru í raun utan við lög og rétt. Mér finnst ekki spennandi framtíðarsýn að horfa upp á það. Ég hafna einnig þeirri framtíðarsýn sem fram hefur komið hjá ýmsum, svo sem hugmyndafræðingum Samfylkingarinnar, að flytja inn margar milljónir manna ... (**MÁ:** Hvað rugl er þetta, Sigurjón?) Það kom fram í máli Ágústs Einarssonar sem samdi sérstaka bók þar sem hann greindi frá því að hann vildi flytja inn 3–10 milljónir manna til að gera Ísland að hagkvæmu landi til að búa í. Við hefðum yfir svo miklum náttúruauðlindum að ráða en fámennið gerði það að óhagræði að búa hér og nýta þær. Þegar fram koma slíkar hugmyndir eigum við að ræða þær með gagnrýnum hætti. Þetta er ekki sú framtíðarsýn sem ég sé fyrir mér, alls ekki, og ég vona að svo sé um fleiri hv. þingmenn.

[15:59]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Frá því að við settumst saman á þing, ég og hv. þm. Sigurjón Þórðarson, hefur hann verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Mér líkar ágætlega við Sigurjón Þórðarson og ég kann ágætlega við svona ákveðinn og ferskan blæ sem hann bar í þingið af samræðum alþýðufólks á vinnustöðum, í náttúrunni og á götunum. Ég hef vanist því að hlusta á Sigurjón og renna í gegnum kannski stundum svolitla móðu, komast að því hvað hann er í raun að meina og ég er yfirleitt sammála Sigurjóni. Ég er það að vísu ekki í þessum málum með innflytjendur og útlendinga þó kannski sé einhver lína okkar á milli sem við gætum fundist á.

Ég verð hins vegar að mótmæla því að það sé með einhverjum hætti hugmynd á vegum Samfylkingarinnar að hingað til Íslands flytji 3, 10 eða 150 milljónir manna sem nú er 300 þús. manna þjóð og hefur séð hann svartari því við höfum reyndar verið enn þá fámennari, við höfum á liðnum öldum jafnvel verið í 30–40 þús. Við skulum vona að Íslendingum haldi áfram að fjölga, þó hóflega. En það að halda því fram að einhver í Samfylkingunni eða einhver á vegum Samfylkingarinnar boði þetta fagnaðarerindi, 3–10 milljónir, er rangt.

Ég hef ekki lesið það sem Ágúst Einarsson, rektor á Bifröst, þar áður forseti viðskiptadeildar Háskóla Íslands, hefur sagt um þetta í sínum ritum. Vel má vera að hann hafi eitthvað minnst á þetta. Ágúst er hugmyndaríkur maður og hefur nýst okkur vissulega vel í Samfylkingunni svo sem samfélaginu öllu, en hann heldur engu svona fram á vegum flokksins og enginn í flokknum hefur tekið undir það svo ég viti.

Ég vil að þetta sé á hreinu og síðan má hv. þm. Sigurjón Þórðarson halda áfram að tala eins og honum sýnist.

[16:01]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ég sagði í ræðu minni var að þetta væru hugmyndir Ágústs Einarssonar, sem er rektor Bifrastar og hefur verið framarlega í flokki, m.a. í framtíðarhópi Samfylkingarinnar. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann í Samfylkingunni andmæla hugmyndum hans um að flytja inn 3–10 milljónir manna. Í von um að það sé ekki mjög þokukennt fyrir hv. þm. Mörð Árnason að fara í gegnum þetta þá eru þetta einmitt hugmyndir sem koma frá Samfylkingunni.

Ágúst Einarsson flutti þetta mál í Silfri Egils og gaf síðan út bók þar sem þessar skoðanir koma fram. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann í Samfylkingunni andmæla þessum hugmyndum. Ég gæti best trúað að slíkar hugmyndir, að flytja hér inn 3–10 milljónir manna til þess að gera Ísland hagkvæmt, ættu hljómgrunn innan Samfylkingarinnar. En ef þetta er ekki skoðun Samfylkingarinnar þá væri ágætt að það kæmi hér skýrt fram.

[16:03]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Það er sennilega rétt hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að enginn úr Samfylkingunni hefur mótmælt eða andæft þessum hugmyndum. Ég hef ekki kynnt mér þessa grein sem hv. þingmaður hlýtur að vera að tala um. En þar hlýtur að vera um einhverjar bollaleggingar að ræða því þetta er svo fjarri öllum raunveruleika að einhverjir í flokkum eða annars staðar ætli sér að flytja inn 3–10 milljónir manna.

Ég hef að vísu heyrt menn tala um það, bæði á okkar tímum og fyrr á síðustu öld, hver gæti verið fræðilega heppileg tala íslensku þjóðarinnar. Hvort við ættum að vera eins og hálf milljón, svona eins og það sé í boði, eða hvort milljón mundi kannski vera í lagi eða hvort við ættum að vera færri eða fleiri. Þetta eru svona meira spekúlasjónir út í bláinn.

Við erum stödd á þeim tímamótum að við eigum ekki bara að sætta okkur við það heldur fagna því að hingað flytji inn fólk af erlendum uppruna. Það á að taka vel á móti því fólki og við eigum að gera það að íslenskum borgurum um leið og við tileinkum okkur það besta úr menningu þess og aukum við okkur víðsýni og fjölhæfni.

En ég held að það sé enginn flokkur eða enginn stjórnmálamaður á Íslandi, sem lætur sér detta það í hug að það eigi að breyta samsetningu íslensku þjóðarinnar með einhverjum þeim hætti sem helst væri að kenna við þá félaga Hitler og Stalín. Ég tek það bara illa upp, jafnvel frá mínum góða vini, hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni, að hann skuli vera að hjakka á þessu í ræðu sinni. Hann hefur um margt betra

að tala og á að láta meira að segja Ágúst Einarsson, fræðimann, njóta þess sem hann á en vera ekki að reyna rugla honum saman við stefnu okkar í Samfylkingunni.

[16:05]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nú gott að heyra að þingmenn Samfylkingarinnar hafni algerlega þessari framtíðarsýn hugmyndafræðingsins sem hefur nú lagt mikið í púkkið hjá Samfylkingunni. Vil ég minna m.a. á fiskveiðistefnu Samfylkingarinnar sem virðist að einhverju leyti vera þjökuð af þessum hugmyndum sem fram hafa komið um að búa til einsleitt kvótakerfi fyrir mismunandi fiskimið.

Ég sætti mig ekki við það þegar verið er að ræða hér málefnalega um mál útlendinga að Hitler og Stalín sé blandað inn í þá umræðu. Ég skil bara ekkert hvað hv. þingmaður er að fara, frú forseti, og hvað það kemur málinu við. Við erum að ræða hugmyndir sem hafa komið fram af málsmetandi fólki eða frá fólki sem samfylkingarmenn segja að sé málsmetandi og tekið er mark á þar innan dyra, þ.e. hugmyndir um að flytja inn útlendinga í milljónatali.

Mér finnst þetta bara vera vitleysa. Ég vona að hv. þingmaður taki undir þá skoðun mína. Ég vona að hann komi hér upp í ræðu og fari í gegnum það hvort hann sé sammála þeirri framtíðarsýn eða ekki, ég náði þessu ekki alveg. Mér finnst það bara vera vitleysa þegar menn leggja svona í púkkið í umræðu um þennan alvarlega og mikilvæga málaflokk. Við erum að ræða um óheft innstreymi fólks og hvernig við eigum að fylgja því eftir að það séu tæki til þess að fólk sem komi inn á vinnumarkaðinn líði ekki fyrir félagsleg undirboð, að þá megi ekki taka hér inn í umræðuna þær hugmyndir sem hafa komið frá Samfylkingunni. Það er ekkert hægt að ræða það öðruvísi.

Þetta er því miður þannig. Er þetta afstaða hv. þm. Marðar Árnasonar? Tekur hann undir þessar hugmyndir eða hafnar hann þeim? Ég hafna svona vitleysishugmyndum.

[16:07]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vona nú að hv. þm. Mörður Árnason vilji hlýða á mál mitt því mig langar aðeins til að setja hann inn í þessa hluti. Mér heyrist á mæli hans að þessar hugmyndir sem við höfum verið að taka eftir í Frjálslynda flokknum hafi farið fram hjá honum. Hann hlustar væntanlega á mig og tekur þetta þá sem ákveðin varnaðarorð. Því mig grunar, virðulegi forseti, að þetta séu kannski hugmyndir sem sumir í þjóðfélaginu séu að hugsa þessa dagana, þ.e. að fara í markvissar aðgerðir til að fjölga þjóðinni stórkostlega.

Mér finnst að við ættum að ræða það vegna þess að margt af því sem til að mynda prófessor Ágúst Einarsson, núverandi rektor á Bifröst, bendir á, þ.e. grundvöllurinn fyrir þessum hugmyndum, er svo sem alveg til staðar. Þá á ég við að Ísland er mjög auðugt land til að mynda af náttúruauðlindum. Ég efast í sjálfu sér ekkert um að þetta land með öllum sínum gögnum og gæðum gæti borið tíu sinnum fleiri íbúa en nú eru í landinu og jafnvel enn fleiri. Það er því alveg einnar messu virði, virðulegi forseti, að við stöldrum aðeins við, veltum þessu aðeins fyrir okkur og ræðum þessa hluti.

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni las ég upp úr kennslubók eftir Ágúst Einarsson prófessor, Rekstrarhagfræði, af bls. 427, þar sem hann skrifar á síðustu síðu bókarinnar svona hugleiðingu þar sem hann veltir þessari framtíðarsýn fyrir sér.

Ég man eftir því þegar þessi bók kom út vegna þess að ég man eftir því að þá kom Ágúst Einarsson í viðtal hjá Agli Helgasyni í þættinum Silfur Egils. Þetta var 30. október árið 2005. Það vill nú svo til, virðulegi forseti, að ég er með þetta viðtal fyrir framan mig. Mig langar til að lesa aðeins byrjunina á því vegna þess að þar fór Ágúst yfir hugmyndir sínar sem ég held að við þurfum að ræða. Ég ætla svo sem ekkert endilega að fara að skattyrðast við hv. þm. Mörð Árnason, enda á hann í sjálfu sér enga sök á þessum hugmyndum en hann hefði kannski gott af því að hlusta á þetta en Egill Helgason segir í upphafi þáttarins, með leyfi forseta:

„Ágúst Einarsson prófessor er kominn hingað. Hann var að gefa út bók sem nefnist Rekstrarhagfræði. Mikið af þessu eru stærðfræðiformúlur og fleira sem við skiljum ekkert í en þarna er reyndar tæpt á mörgum málum sem eru mjög forvitnileg og snerta samtíma vorn. Mig langar til að fara yfir svona örfáa hluti. Meðal þess sem þú segir í bókinni Ágúst, er „að við Íslendingar þurfum að verða milljónaþjóð“.“

Ágúst Einarsson svarar: Já, ég segi það. Ég er náttúrlega fyrst og fremst að skrifa rekstrarhagfræði og fjalla um markaðinn, um framboð og eftirspurn o.s.frv. Í bókinni dreg ég upp svipmyndir sem tengja fræðin því sem er að gerast í kringum okkur. Eitt af því sem ég bendi á eru breytingar sem hafa orðið á Íslandi, þ.e. að 63% af þjóðinni búa á höfuðborgarsvæðinu og ég fór að skoða hvernig þetta er annars staðar í heiminum. Þetta er eiginlega einsdæmi, Ísland er eiginlega orðið borgríki án þess að við höfum tekið eftir því, það eru bara fimm þjóðir af 160 þjóðum í heiminum sem eru með stærra hlutfall af íbúum sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Þá spyr Egill Helgason: Þá erum við að tala um að ójafnvægi, ef svo hægt er að segja, milli landsbyggðar og höfuðborgar sé eiginlega hvergi meira en hérna.

Ágúst Einarsson svarar: Nei, það má eiginlega bara segja að landsbyggðin sé horfin og ef við förum aðeins út fyrir, tökum t.d. Akranes, Suðurnesin og Árborgarsvæðið, þá eru þetta 72% af þjóðinni. Þetta er einsdæmi í heiminum. En við erum samt enn þá að tala um þéttbýli og dreifbýli þótt við séum orðin borgríki og þetta er svo merkilegt ef við hugsum til þess að höfuðborgarsvæðið er aðeins 1% af flatarmáli landsins. 99% af landsvæðinu eru eiginlega ekki nýtt til búsetu en 25% af Íslandi er á svæði sem er frá sjávarmáli upp í 200 metra hæð og það er byggingarland.

Egill Helgason: Fyrr á öldum bar Ísland tæplega 50 þús. manns. Það var svona það sem heitir „breaking-point“ en nú ertu að tala um að hér geti búið 3–10 milljónir manna.

Ágúst Einarsson svarar: Já, það er mjög einfalt, atvinnuhættirnir hafa breyst. Ísland sem svona sjálfsbjargarland, það bar ekki meira á árum áður en við nýtum aðeins 5% af ræktanlegu landi á Íslandi. Það er enginn vandi að koma

fyrir milljón manns á höfuðborgarsvæðinu, ef við hefðum sama þéttbýli og er í útlöndum. Það gæti önnur milljón manns búið á Reykjanesi. Það er ekkert vandamál að koma milljón manns fyrir á Suðurlandsundirlendinu. Það sem ég dreg þarna fram þegar við hugsum aðeins til framtíðar, er að þrjú af stærstu vandamálum mannsins verða: Skortur á byggilegu svæði, skortur á vatni og skortur á orku. Það er svo merkilegt þegar við hugsum um það að við Íslendingar eigum þetta allt. Við eigum nóg byggingarland. Við eigum nóg af vatni og við sitjum hér á orkuauðlindum sem er djúphiti sem á eftir að nýta, það tekur einhverja áratugi, en við erum á plötuskilum og tiltölulega mjög grunnt sem þarf að bora, þannig að við erum með þrjár af framtíðarauðlindum. Auðvitað eigum við að nýta þetta til að bjóða fólk velkomið hingað. Það er þess vegna sem ég segi: Við eigum að stefna að því að tífalda íbúafjöldann.

Egill Helgason: Við gerum það bara ekkert sisvona, menn munu eignast jafnmörg börn og menn gerðu í þinni fjölskyldu. — Þá fer prófessorinn aðeins yfir systkinafjölda sinn sem er kannski aukaatriði en segir síðan, með leyfi forseta:

„Við eigum að fá útlendinga hingað, gera þá að Íslendingum, hjálpa þeim að aðlagast og það er ekkert mál að fá fjölda fólks til landsins. Af því að þú varst að tala um Pólverja áðan, þessa merkilegu pólsku bræður, þá starfa og búa hér fjölmargir Íslendingar sem voru upprunalega Pólverjar, eða Pólverjar sem eru að verða Íslendingar. Þetta er t.d. þjóð. Þriðjungur af pólsku þjóðinni býr erlendis. Það eru ekki allir sem vita það, en það er fjöldi fólks í heiminum sem vill mjög gjarnan koma í það umhverfi sem hér er. Það er ekkert mál fyrir okkur að hér séu 3–10 milljónir manns. Þetta er líka spurning um það hvort við höfum yfirleitt rétt á því að sitja á öllum þessum auðlindum í heimi fátæktar og örbirgðar, sitja á öllum þessum vatnsforða, sitja á öllu þessu byggingarlega svæði sem hér er, sitja á þessum orkuauðlindum. Getum við það ef við hugsum 20–30 ár fram í tímann?“

Við grípum svo niður í viðtalið síðar þar sem Ágúst Einarsson segir varðandi landbúnaðarkerfið og fleira, með leyfi forseta:

„Já, við erum með kerfi sem er eins og í mörgum löndum þar sem landsbyggðin er mjög sterkur og stór þáttur. Það er algengast að svona 5–25% af þjóð búi á höfuðborgarsvæði. Hér eru þetta 63% og við eigum að ræða svolítið út frá því vegna þess að við sjáum líka hvað er að gerast á landsbyggðinni. Íbúum þar er alltaf að fækka en samt tölum við um að við getum jafnvel snúið þessu við. Það hefur engin þjóð í heiminum getað gert. Við þurfum að setja þetta í alþjóðlegt samhengi og það er þess vegna sem ég vil líka draga upp þessa þætti eins og orkuna og vatnið. Stríð fortíðarinnar voru út af olíu, járni, námum, öll nýlendustríðin sem voru síðustu 200 árin, en stríð næstu áratuga, því það verður alltaf barist því miður, þau verða út af vatni, þau stríð verða út af búsetu. Hvar ætlum við að koma þeim 2 milljörðum manna sem íbúum jarðarinnar mun fjölga um á næstu 25 árum?“

Mig langaði aðeins til að grípa niður í þetta viðtal. Viðtalið er reyndar til hjá upplýsingaþjónustu Alþingis og hv. þm. Mörður Árnason og fleiri geta nálgast það þar og geta lesið það sér til fróðleiks og skemmtunar.

Ég verð að segja að mér hugnast alls ekki þessi framtíð, þ.e. ef við förum út í einhverjar svona aðgerðir, langt, langt í frá. Því fer svo víðsfjarri. Kemur ekki til greina, segi ég. En það má vel vera að prófessorinn hafi kastað þessu fram til að vekja umræðuna. Ég skal ekki segja. En grundvallarhugsunin á bak við þetta er sennilega alveg rétt því á Íslandi eru gríðarleg auðæfi, auðæfi sem við sem búum á landinu í dag gerum okkur kannski ekki fyllilega grein fyrir. Það mætti eflaust hugsa sér að það væri hægt að fara í einhverjar svona aðgerðir. En eins og ég segi, þá held ég að afskaplega fáir Íslendingar séu sammála því að við eigum að gera það.

En mig langaði bara til að koma hér upp þegar ég heyrði að þessi orðræða var komin í gang, virðulegi forseti, og greip með mér þessa ágætu kennslubók og þetta viðtal og langaði til að lesa það upp þannig að þingheimur hefði að minnsta kosti heyrt af þessum hugmyndum. Því ég verð að segja það, miðað við hvernig þróunin er núna, þá grunar mig það svona innst inni að minnsta kosti, að í þessu þjóðfélagi séu öfl sem gjarnan verði tilbúin til að fara út í svona aðgerðir til þess einmitt að keyra hér áfram og byggja upp enn stærra hagkerfi og reyna að búa til þjóð í landinu sem passar betur við landið, gögn þess og gæði.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[16:17]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég lofa að vera ekki lengi í ræðustól. Ég verð að viðurkenna á mig að ég hef ekki lesið mikið í bókinni Rekstrarhagfræði eftir Ágúst Einarsson, hvorki byrjunina né endinn. Ég hafði ekki heyrt þetta um Silfur Egils. Ég hef hins vegar, eins og ég sagði áðan, heyrt þessar hugleiðingar fyrr, þessar spekúlasjónir bæði fyrr og síðar, um hve marga menn Ísland ber og hvað væri hæfilegt til að samfélagið væri menningarlegt, skemmtilegt og gott o.s.frv. að hér byggju margir. Þetta eru spekúlasjónir sem ég alltaf tekið sem hugarleikfimi sem sé út í bláinn.

Ágúst Einarsson var þingmaður Þjóðvaka á kjörtímabilinu 1999–2003 og síðan varaþingmaður á næsta kjörtímabili þar á eftir fyrir Samfylkinguna. Ágúst Einarsson er traustur og góður jafnaðarmaður og ég veit ekki betur en að hann sé enn í Samfylkingunni. Ég vona það. Hann hefur a.m.k. ekki skilist frá henni í neinum grundvallaratriðum. Ég hygg hins vegar að þarna sé það ekki stjórnmálamaðurinn Ágúst Einarsson sem er að tala heldur hinn hugmyndaríki fræðimaður, rekstrarhagfræðingurinn og viðskiptaprófessorinn Ágúst Einarsson. Hann hefur að sjálfsögðu allt það málfrelsi sem honum sýnist.

Það sem ég var að tala við hv. þm. Sigurjón Þórðarson um var að málrófi fræðimannsins má ekki blanda saman við stefnu Samfylkingarinnar. Ég tel það, við skulum orða það kurteislega, ekki rétt og ekki sanngjarnt af Sigurjóni Þórðarsyni að gera það, halda því fram að hugmyndir um innflutning 3–10 millj. manna til Íslands á næstunni séu á vegum Samfylkingarinnar.

Ég endurtek það sem ég sagði áður. Við erum uppi á þeim tímum að við verðum nauðug viljug að sætta okkur við eða fagna því, eftir því sem menn vilja, að hér verði

stærri hluti þjóðarinnar en áður af erlendum uppruna. Ég tel það hreint ágætt. Ég tel að því fylgi margir kostir ef við kunnum að bregðast við og læra af mistökum annarra og góðri reynslu þar sem hún er fyrir hendi í grannlöndum okkar. Það eigum við að reyna að gera. Ég vona að Frjálslyndi flokkurinn geti hjálpað til við það þótt hann hafi farið nokkuð geyst í málin, skulum við segja til að halda áfram fullri kurteisi og eðlilegum samskiptaháttum í ræðum á þinginu.

Ég tel sjálfsagt að þetta haldi áfram og sé ekki hvaða ráð Frjálslyndi flokkurinn hefur til að stöðva það, eins og hann talar mikið um. Þá þyrfti að ganga úr alþjóðasamtökum sem við erum aðilar að. Ég legg hins vegar mikla áherslu á að við vörumst hættuna af félagslegum undirboðum, sem vissulega er fyrir hendi, og af því að hér verði einangruð þjóðarbrot eða minnihlutahópar í andstöðu við hluta af því samfélagi sem fyrir er í hinu íslenska samfélagi. Á hinn bóginn eru hættur sem stafa af því sem ég hef stundum kallað öfga-líberalisma í þessum efnum. Hann gengur út á að menn eigi nánast að skammast sín fyrir að vera Íslendingar, leggja af íslenska tungu í samskiptum sínum við útlent fólk og leggja litla áherslu á það að þeir sem hingað koma og vilji gerast Íslendingar læri íslensku o.s.frv.

Ég vara líka við því að erlent fólki sem hér sest að og verður Íslendingar fái ekki að vita að fyrir hendi er einhvers konar huglægur samningur sem síðan er staðfestur í kerfinu og reglugerðum sem við setjum meðal þjóðarinnar, milli þeirra sem fyrir eru og þeirra sem aðflytjast. Þeir sem fyrir eru taki á móti gestum sínum og nýjum fjölskyldufélögum með hæfilegum hætti og setji sér að gleðjast og hagnast á þeim fjölbreytileik sem í samfélagið kemur með þeim en gestirnir gerist á móti aðilar að íslensku samfélagi með öllu því sem því fylgir og tileinki sér hina þjóðlegu menningu okkar að því leyti sem þeim hentar og taki mark á undirstöðum íslensks samfélags sem byggjast á mannréttindum og virðingu sem við höfum reynt að leggja stund á. Ég ætla ekki að fara að nefna dæmi um hið gagnstæða en þau er að finna í grannlöndunum víðs vegar og ýmis mistök hafa verið gerð þar á undanförnum áratugum sem við eigum að geta lært af.

Síðan er vert að nefna annað mál, ég skal ekki lengja þingfundinn með því að ræða það lengi, en það getur, eins og ýmsir hafa bent á, komið til þess að við stöndum beinlínis frammi fyrir vanda af því tagi sem við ræddum. Að það sé ekki spurning um okkar vilja eða afstöðu heldur þurfum við beinlínis að horfa framan í stórkostleg vandamál sem stafa af þeirri loftslagsvá sem stendur fyrir dyrum. Menn hafa spáð því að ef okkur takist ekki, og þá tala ég í 1. persónu fleirtölu um nánast allt mannkyn, að draga úr losun og koma jörðinni aftur á sína braut hvað þetta varðar geti orðið miklir fólksflutningar af þeim svæðum sem verst verða úti og á þau svæði sem skást komast af. Sem betur fer, í miðjum hörmungunum, lítur út fyrir að Ísland sé í hópi hinna síðarnefndu. Þar eigum við að vísu við það vandamál að stríða sem Golfstraumurinn er. En hvernig hafstraumarnir fara út úr þeirri þróun sem fram undan er vita menn mjög illa og þau fræði eru kannski þau hæpnustu í loftslagsfræðunum enda hafa menn haft ýmsar spár þar uppi.

Þetta gæti gerst. Ég vona að svo verði ekki og við berum gæfu til þess á Íslandi og í öllum heiminum að forða okkur frá þessari vá. En hún er auðvitað allt annað en það sem rekstrarhagfræðingurinn var að ímynda sér í rekstrarhagfræði og þjóðhagfræðilegum hugarloftfimleikum sínum.

[16:26]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að við ættum að ræða þetta í fúlustu alvöru og ekki að líta á málið eins og það sé einhver hugarleikfimi út í loftið. Ég held að prófessorinn hafi að mörgu leyti rétt fyrir sér, sérstaklega þegar hann talar um möguleika landsins og möguleikana sem gæði landsins geta fært okkur. Ég held að það sé alveg rétt að Ísland geti borið meiri mannfjölda en það gerir í dag. Það er rétt hugsun en hvort það sé rétt að mannfjöldinn verði búinn til eins og prófessorinn leggur til, um það er ég honum algjörlega ósammála.

Ég held að við ættum að staldra við og velta þessu fyrir okkur. Sumum kann að finnast þetta skemmtilegar pælingar en það er líka mjög mikil alvara á bak við þetta. Við í Frjálslynda flokknum höfum kallað eftir því að við gerum ekki sömu mistök og nágrannaþjóðirnar, t.d. í þessum málaflokki, þ.e. innflytjendamálunum, þar sem margir segja að Evrópa hafi hreinlega sofið á verðinum og ekki rankað við sér fyrr en of seint, þegar vandamálin voru orðin svo mikil að menn áttu í vandræðum með að ráða við þau. Ég held að við ættum að reyna að læra af reynslu nágrannaþjóðanna með því að ranka við okkur í tíma.

Ég hvet hv. þingmenn til að fara inn á vef Hagstofunnar, hagstofan.is, og skoða nýjustu tölur yfir mannfjöldaþróun á Íslandi eftir ríkisfangi og fæðingarlandi. Þær tölur eru afskaplega merkilegar. Þær eru fyllilega þess virði að menn setjist yfir þær og ræði þær, hvað hugsanlega liggur í þeim til framtíðar. Það er skylda okkar sem erum þjóðkjörnir fulltrúar á Alþingi Íslendinga að ræða þessa hluti. Við eigum að gera það og ekki að vera hrædd við að taka þessa umræðu.

[16:28]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég tek undir það að við eigum að ræða þessa hluti. Kannski höfum við gert of lítið af því. En við eigum að ræða þá út frá öðrum grunnforsendum en þeim sem Frjálslyndi flokkurinn hefur rekist á í eftirmála rekstrarhagfræðings þar sem hann setur upp hagfræðilegt líkan og leyfir sér, væntanlega meðvitað, að gleyma menningarlegum og félagslegum þáttum o.s.frv.

Niðurstaðan mín er þessi, sem ég skal nefna enn einu sinni. Það er ekki pólitískt umræðuefni að hingað flytji 3–10 milljónir manna á næstunni. Þeir sem vilja gera það að pólitísku umræðuefni skulu setja það á borðið en sleppa því að kenna þær hugmyndir við Samfylkinguna.

[16:29]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu ætti það að vera pólitískt umræðuefni. Ég hlýt að kalla eftir svörum við því frá hv. þm. Merði Árnasyni: Hvernig ætlar hann að koma í veg

fyrir að þetta geti gerst? Hann lýsti því yfir áðan, ég heyrði a.m.k. ekki betur og hann leiðréttir mig ef ég fer með rangt mál, að hann teldi að þetta ætti að vera nokkurn veginn með þeim hætti sem það er í dag, þ.e. opið.

Við erum náttúrlega ekki nema 300 þús. á Íslandi. Við erum eins og eitt hverfi í Varsjá. Við erum ekki fleiri en svo. Ég held að þessir hlutir geti gerst mjög hratt ef við verðum ekki vakandi. Skoðum tölurnar yfir þá sem eru komnir hingað núna. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra, samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar, eru karlmenn á besta aldri. Ég geri ráð fyrir að langflestir þessara karlmanna eigi fjölskyldur í sínum heimalöndum. Það kæmi mér ekki á óvart að þeir væru að íhuga að flytja hingað með fjölskyldur sínar. Mér finnst eðlilegt að þeir séu að hugsa um það vegna þess að þótt íslenskt þjóðfélag sé ekki fullkomið að okkar mati, þá held ég að fólk frá fátækum löndum, sem sér íslenskt samfélag og hvernig okkur hefur tekist að byggja það upp með ótrúlegum dugnaði og krafti á tiltölulega stuttum tíma, búa hér til velferðarkerfi, menntakerfi, heilbrigðiskerfi og annað þar fram eftir götunum, að þessu fólki finnist það nánast verið komið í hið eina sanna draumaland.

Ég held að það sé þannig. Við getum ekki komið í veg fyrir það ef mikill fjöldi fólks, eins og ég segi, ákveður að flytja búferlum hingað til Íslands. Síðan vaknar spurningin um hversu hratt tekst að byggja upp atvinnulíf, íbúðarhúsnæði og annað sem þarf til að rúma það fólk sem hingað kæmi. Það er síðan annað úrlausnarefni en ég á ekki von á því að það þyrfti að taka svo ofboðslega langan tíma. Við sjáum að hér rísa íbúðahverfi í borgríkinu, sem bæði Ágúst Einarsson og formaður Framsóknarflokksins hafa talað fjálglega um. Hér rísa íbúðahverfi nánast hraðar en hönd á festir. Hér geta því hlutirnir gerst mjög hratt og óvænt ef við höldum ekki vöku okkar (Forseti hringir.) og ef við höfum ekki kjark til að ræða þessi mál og helst gera eitthvað í þeim.

[16:31]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég vitna ekki mikið í þann mann en nú held ég að kominn sé tími til að vitna í Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, þar sem hann sagði af sinni snilli að skrattinn væri ekki gott veggskraut. Ég held að við nálgumst ekki umræðuna, svo ég noti vinsæla klisju í íslensku, með því að draga upp einhverjar hryllingsmyndir eða framtíðarsýnir úr rekstrarhagfræðinni. Ég held að þau úrlausnarefni sem við stöndum nú frammi fyrir verði ekki útkljáð með þeim hætti.

Má ég þá líka benda á að það er tvennt ólíkt þegar Ágúst Einarsson talar um að æskilegt væri að hér byggju 3 eða 10 milljónir og gerir það út frá módelum sem hann setur upp í rekstrarhagfræði og hefur, eins og ég segi, viljandi gleymt að taka með í reikninginn menningarlega þætti, félagslega og (Gripið fram í.) ekki síst íslenskulega og tungumálalega þætti.

Hitt er svo annað og allt öðruvísi þegar hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson eða sá sem hér talar ímyndar sér það sem gæti gerst við hamfarir, raunverulegar náttúruhamfarir í framtíðinni. Segja verður um það að ef slíkt mundi gerast mundu auðvitað vera notuð þau verkfæri sem til staðar eru í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til að hægja á og vernda samfélagið fyrir þeim hættum sem því gætu fylgt. En við yrðum að sjálfsögðu líka, svo það sé klárt, að taka á okkur sammannlega ábyrgð sem vel stæð þjóð.

Ég get huggað hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson með því að ég held að þetta sé ekki alveg á næstunni, a.m.k. ekki á næsta kjörtímabili.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Um fundarstjórn.***

Mælendaskrá í athugasemdum.

[16:34]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég geri athugasemd við fundarstjórn forseta í morgun varðandi umræður um störf þingsins þar sem forsetinn fór ekki eftir mælendaskrá heldur hleypti forsætisráðherra á mælendaskrána þó að hann væri ekki skráður þar og setti annan þingmann á undan mér þó svo sannarlega hafi sá þingmaður ekki beðið um orðið á undan mér.

Hæstv. forseti útskýrði mál sitt í morgun með þeim hætti, virðulegi forseti, að forseti gefi þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess þá er dagskrármál er tekið fyrir. Þó geti hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra sem á hlut að máli og framsögumann til þess að ræður með og á móti málefni skiptist á.

Einnig gat forseti þess að hv. formaður Samfylkingarinnar hefði óskað eftir að ræða málið aftur og einn þingmanna úr flokki hennar vék í staðinn af mælendaskrá. Að sjálfsögðu getur forseti gefið ráðherrum og einkum og sér í lagi hæstv. forsætisráðherra tækifæri til að ræða hér málin. Þetta var efnislega það sem forseti sagði í morgun til útskýringar á ákvörðun sinni.

Ég vil vitna til fyrri ákvarðana og útskýringa forseta, sama forseta, af athugasemd um sama tilefni. 26. febrúar síðastliðinn segir forseti eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Forseti hefði haldið að hún þyrfti ekki að útskýra hvaða reglur giltu um umræðu um störf þingsins og að hv. þingmanni eins og öðrum hv. þingmönnum væri kunnugt um það. Það er auðvitað þannig að sérstök regla gildir um þennan þátt í þingsköpum og þingmenn eru einfaldlega teknir á mælendaskrá í þeirri röð sem þeir óska eftir að taka til máls. Forseti spyr ekki hv. þingmenn að því hvað þeir ætla að ræða um efnislega."

Þetta var svar hæstv. forseta 26. febrúar, að röð gildi og ekkert annað. Þingmenn fá orðið samkvæmt þeirri röð sem þeir biðja um það.

12. febrúar, virðulegi forseti, er einnig að finna í þingtíðindum að athugasemd hafi verið gerð við fundarstjórn forseta af þessu sama tilefni. Þá sagði forseti líka, með leyfi forseta:

„Um þetta vill forseti segja að sú regla gildir í þessari umræðu að þingmenn eru teknir á mælendaskrá í þeirri röð sem þeir biðja um orðið."

Ég vil því ítreka athugasemdir mínar, virðulegi forseti, og óska eftir því að forseti geri sér ekki mannamun á þingmönnum eftir því hvort þeir eru í Frjálslynda flokknum eða

einhverjum öðrum flokki og eftir því hvort þeir eru ráðherrar eða ekki.

### *Málefni aldraðra, 2. umr.*

Stjfrv., 559. mál (greiðslur fjármagnstekjuhafa í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 834, nál. 1045.

[16:38]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1045 um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Nefndarálitið er frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og m.a. fengið á sinn fund fulltrúa frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og fulltrúa frá fjármálaráðuneyti. Með frumvarpi þessu er lagt til að þeir sem hafa fjármagnstekjur greiði gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra en skv. 10. gr. gildandi laga eru þeir undanþegnir gjaldinu. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Auk mín skrifa undir nefndarálitið hv. þingmenn Ásta Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ellert B. Schram, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Kristján L. Möller, Ingvi Hrafn Óskarsson, Sæunn Stefánsdóttir og Þuríður Backman. Hv. þm. Valdimar L. Friðriksson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti heilbrigðis- og tryggingaefndar.

[16:39]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá formanni hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar skrifuðu hv. þingmenn Samfylkingarinnar, Kristján L. Möller og Ellert B. Schram, ásamt þeirri sem hér stendur, undir álit nefndarinnar án fyrirvara, enda var það fyrir tilstilli og ötulan málflutning hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur við umræðu um annan nefskatt sem þá var til umræðu, en ég þarf líklega ekki að geta þess að greiðsla í Framkvæmdasjóð aldraðra er nefskattur. Þegar verið var að ræða nefskatt til Ríkisútvarpsins ohf. kom það mjög til umræðu og vakin var sérstök athygli á því að þeir sem eingöngu greiddu fjármagnstekjuskatt greiddu hvorki þennan nefskatt né aðra nefskatta sem eru til staðar í skattkerfi okkar.

Þegar þessi umræða fór fram var bent á það samhliða þessu sem ég vil ítreka hér, þó að ég hafi ekki talið ástæðu til að setja fyrirvara á þetta nefndarálit sem ég er náttúrlega innilega sammála, að slíkir nefskattar þar sem ákveðin upphæð er greidd alveg óháð því hversu háar tekjur fólk er með eru óréttlátur skattur. Það er erfiðara fyrir lágtekjufólk, fátækt fólk, að þurfa að greiða 6.314 kr. á ári í slíkan skatt en fólk sem er með háar tekjur. Þetta vil ég ítreka hér og mun gera það í hvert skipti sem við ræðum nefskatta vegna þess að ég tel að skattar eigi að fara eftir því hversu háar tekjur fólk hefur. Reyndar er tekið tillit til þess hér að fólk með tekjur undir ákveðnum mörkum greiðir ekki þennan skatt og það er auðvitað alveg sjálfsagt, enda eru það svo lágar upphæðir að þær eru varla til framfærslu. Einnig greiða þeir ekki þennan skatt sem eru yfir 70 ára aldri og börn undir 16 ára aldri.

Ég vil reyndar gera aðeins að umtalsefni Framkvæmdasjóð aldraðra vegna þess að við erum að ræða greiðslur í þann sjóð. Þessi breyting gerir það að verkum að í sjóðinn koma á næsta ári 16 millj. kr. meira og gjaldendurnir sem bætast við eru 2.600, þ.e. ef miðað er við forsendur um tekjur frá árinu 2007. Ég vil nefna það hér vegna háværrar gagnrýni okkar í Samfylkingunni á það að stór hluti af greiðslum í Framkvæmdasjóð aldraðra hefur ekki skilað sér í uppbyggingu á þjónustu við aldraða, hefur ekki skilað sér í uppbyggingu hjúkrunarrýma. Það er ástæða til að gagnrýna það. Þó svo að lögum hafi verið breytt um áramótin verður þeim peningum samt ekki skilað í það sem þeir voru ætlaðir fyrr en eftir næstu kosningar. Aðeins helmingurinn af greiðslunum fyrir árið 2007 á að fara úr sjóðnum en gert var ráð fyrir að þær ættu allar að fara í uppbyggingu. Breytingin sem var gerð um áramótin á ekki að verða fyrr en um næstu áramót, þá á þetta að skila sér.

Við vitum alveg hvernig ástandið er í þessum málum, 400 manns í brýnni þörf bíða eftir hjúkrunarrými. Langt yfir 900 manns eru í þvingaðri samvist með öðrum á hjúkrunarheimilum, með mörgum í herbergi. 70 manns voru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fyrir tveimur vikum sem komast ekki þaðan út af því að ekki eru til hjúkrunarrými. Lítið hefur gerst frá því um þarsíðustu áramót í þessum málaflokki, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, annað en að tekin hefur verið ein skóflustunga. Ekki hefur bæst við eitt einasta hjúkrunarrými á öllu höfuðborgarsvæðinu og ég held á öllu landinu, allt síðasta ár, allt árið 2006. Tekin hefur verið ein skóflustunga á þessu ári en ekki er gert ráð fyrir neinum peningum í það hjúkrunarheimili sem skóflustungan var tekin fyrir. Hjúkrunarheimili fyrir 110 manns á höfuðborgarsvæðinu var lofað 2002. Þáverandi heilbrigðisráðherra skrifaði undir samning með borgarstjóranum í Reykjavík um að það hjúkrunarheimili yrði komið í gagnið 2005. Skóflustunga fyrir heimilið var tekin fyrir nokkrum vikum. Það er allt á sömu bókina lært í þessum efnum, að öllu sem snýr að Framkvæmdasjóði aldraðra. Helmingurinn af fjármagni til sjóðsins hefur farið í annað, í rekstur eða aðra styrki.

Annað sem ég vil gagnrýna er hversu erfitt er að fá upplýsingar um það sem borgað hefur verið úr sjóðnum til annarra verkefna en í rekstur eða uppbyggingu. Ég hef ítrekað lagt fram fyrirspurnir um þennan sjóð og í dag liggur fyrir fyrirspurn sem hæstv. heilbrigðisráðherra átti að vera búin að svara skriflega fyrir a.m.k. rúmum mánuði ef ekki tveimur mánuðum, að ég held. Ekkert bólar á því svari. Kannski verður um það svar eins og það síðasta sem ég fékk frá hæstv. ráðherra á síðasta ári en þá þurfti ég að kalla ítrekað eftir svörum frá hæstv. ráðherra um það hverjir hefðu fengið greitt úr sjóðnum. Svarinu var dreift í miklu hasti á síðasta starfsdegi þingsins í fyrra þannig að ekki var nokkur leið að koma hér upp, ekki einu sinni undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins því að maður gat ekki fengið orðið til að spyrja nánar út í þær upplýsingar sem komu fram í því svari. Þar kom t.d. fram að búið væri að eyða þeim gögnum sem fjalla um styrki úr sjóðnum frá árinu 1998 og þaðan af eldri vegna þess að ekki er skylt að

geyma bókhaldsgögn, eins og segir í svarinu, lengur en í sjö ár. Öll gögn um það hverjir hafa fengið styrki fyrir 1998 eru glötuð, þau gögn eru ekki til. Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að efast um að öll gögn um umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraðra séu bókhaldsgögn. Það hljóta að vera til bréf til þeirra sem sóttu um styrki þar sem þeim er svarað um að þeir hafi fengið styrkina. Ekki eru það eingöngu bókhaldsgögn.

Ég tel fulla ástæðu til að fá umræðu um þetta og kalla eftir nánari svörum um það hvernig farið hefur verið með þessa peninga. Ég hef líka bent á að í því svari sem ég fékk á síðasta degi þingsins í fyrra kemur líka fram að það tók svo langan tíma að svara mér vegna þess að búið var að setja gögnin sem þó voru til frá 1999 og fram til 2004 í svo kirfilega geymslu að það gekk erfiðlega að finna þau. Þegar þau loksins komu í leitirnar kom í ljós að þeir sem voru að fá peninga úr þeim sjóði sem átti að vera til uppbyggingar á hjúkrunarheimilum, á hjúkrunarþjónustu fyrir aldraða, þeir peningar eru að fara í allt mögulegt, reyndar er það ekki skýrt nákvæmlega en þeir sem hafa verið að fá úr sjóðnum eru ýmsir aðilar, eins og t.d. Óperukórinn, hann fékk hálfa milljón árið 2004, og Lionsklúbbur Búðardals fær líka hálfa milljón. (**Gripið fram í:** Í Búðardal?) Já, já, hann fær það 2004, í Dölunum fengu þeir hálfa milljón. Það voru ýmsir fleiri, ég ætla ekki að telja þá alla upp því þetta er langur listi. Hér er nefnd sem hefur verið mjög vinsæl hjá sjóðnum sem ég veit ekki við hvað hefur verið að vinna en hún heitir nefnd um breytta ímynd. (**Gripið fram í:** Ráðherrans?) Ég velti því fyrir mér hver sú vinna hefur verið um breytta ímynd, hvort það var ímynd ráðherrans sem þá var að störfum eða breytt ímynd aldraðra eða breytt ímynd hjúkrunarheimila. Hér er styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra til Kvenréttindafélagsins og Ungmennafélags Íslands. (Gripið fram í.) Fjöldinn allur af einstaklingum hefur fengið styrki, Ólafur Laufdal (Gripið fram í.) fær styrk árið 1999 og ýmsir fleiri. Ýmis fyrirtæki hafa líka verið í fastri áskrift hjá sjóðnum en ég ætla ekki að fara að tína þau öll til. Það er mjög athyglisvert að fara yfir þennan lista um hverjir fengu greiðslur úr sjóðnum.

Eitt enn sem ég gagnrýni er að þeir sem fengu úr sjóðnum höfðu ekki hugmynd um, sumir hverjir, að þeir væru að fá greiðslur úr þessum sjóði. Þeir sóttu um styrk til heilbrigðisráðuneytisins til ýmissa verkefna og fengu þann styrk en það kom aldrei fram að þær greiðslur sem þeim voru veittar kæmu úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Þetta tel ég vera gagnrýnivert svo ég segi ekki meir.

Ég hef áður gert að umtalsefni bækling hæstv. heilbrigðisráðherra um sýn hennar á málefni aldraðra sem kom út í sumar og sendur var til allra eldri borgara á kostnað þessa framkvæmdasjóðs. Ég get náttúrlega tínt til ýmislegt fleira. Einnig hefur verið bent á að ef þessir sérstöku styrkir sem hafa runnið úr sjóðnum á undanförnum árum til ýmissa aðila úti í bæ, og án efa til ágætisverkefna en áttu að fara í uppbyggingu á hjúkrunarheimilum, ef þessir peningar, þetta eru yfir 60 millj. kr., hefðu skilað sér í uppbyggingu t.d. í skammtímavist fyrir alzheimersjúklinga. Það er eitt sérhæft rými á landinu fyrir skammtímavist alzheimersjúklinga, á Landakoti. Það eru fleiri rými fyrir alzheimersjúklinga en sérhæfð rými voru fjögur fyrir tveimur árum, þeim fækkaði niður í tvö í fyrra og eru orðin eitt núna. Þau voru á Landakoti innan um mjög veika sjúklinga og ég vil benda á að margir yngri sjúklingar og margir alzheimersjúklingar sem eru ekki orðnir mjög veikir eiga enga samleið með þeim sem þar eru. Ástandið er afleitt. Einnig er löng bið eftir dagvist fyrir þessa sjúklinga og hægt hefði verið að leysa brýnasta vanda þessa hóps fyrir þá fjármuni sem hafa verið að fara í styrki.

Ég vil gjarnan kalla eftir því hjá hæstv. forseta að hlutast verði til um það að hingað komi svar við fyrirspurn minni um Framkvæmdasjóð aldraðra sem hefur legið fyrir og átti að vera búið að svara fyrir löngu, þannig að svarið berist þinginu áður en þingi verður slitið fyrir kosningar. Það er mjög mikilvægt að fá þau svör inn í þingið áður en þinghaldi lýkur og menn fara í kosningabaráttuna.

Virðulegi forseti. Við erum að ræða um Framkvæmdasjóð aldraðra og þann hluta laga um málefni aldraðra sem snúa að sjóðnum eins og greinilega hefur komið fram. Ég geri ekki athugasemd við þá breytingu sem verið er að gera en ég tel fulla ástæðu til að ræða málefni sjóðsins ítarlega í ljósi þess hvernig hann hefur skilað sér. Á eftir munum við ræða annað frumvarp til laga þar sem við erum að breyta fyrirkomulagi á því hvernig vistunarmat fer fram. Við fulltrúar Samfylkingarinnar í heilbrigðis- og tryggingarnefnd höfum einnig skrifað undir það mál og gerum ekki athugasemdir við það breytta fyrirkomulag. Við vitum að ekki hefur verið samræmi í því hvernig vistunarmat hefur farið fram, allt of margir hafa verið að sinna því mati. Þannig hefur fólk sem hefði e.t.v. getað verið lengur heima verið komið með vistunarmat einhvers staðar, eins og bent var á í nefndinni. Ég þori að fullyrða að á höfuðborgarsvæðinu er ekki fólk í bið eftir plássi á hjúkrunarheimili sem ekki ætti að vera þar, það er alveg öruggt, vegna þess að við vitum hvernig vandinn er þar. Ég fór yfir það áðan, hann er mjög stór og þjónustan er ekki sem skyldi, hún þyrfti að vera á einni hendi.

Við í Samfylkingunni leggjum mjög ríka áherslu á að þjónusta við aldraða, heimaþjónusta, félagsleg þjónusta, heimahjúkrun, þurfi að vera á einni hendi, hún þarf að vera í nærþjónustunni, hún þarf að vera hjá sveitarfélögunum. Við munum beita okkur fyrir því í ríkisstjórn eftir kosningar, komumst við þangað, að gerðar verði þær breytingar á þeim málum, að þessi málaflokkur verði á einni hendi, hann verði fluttur til sveitarfélaganna þar sem menn treysta sér til að taka við honum. Sömuleiðis höfum við lýst því yfir að við ætlum að leysa biðlistavandann, við ætlum að leysa hjúkrunarvanda aldraðra þannig að sómi sé að þeirri þjónustu sem eldri borgurum er veitt hér á landi. Ástandið í þessum málaflokki er áfellisdómur yfir núverandi ríkisstjórn. Við munum sjá til þess að þeir peningar sem koma til uppbyggingar í gegnum Framkvæmdasjóð aldraðra skili sér í uppbyggingu, en ég minni líka á að það dugir skammt að byggja upp hjúkrunarrými ef ekki er séð til þess að þjónustan sé til staðar. Það þarf að sjá til þess að fá hæft fólk og það fái borgað sómasamlega fyrir þá mikilvægu vinnu sem það innir af hendi á hjúkrunarheimilunum og að sjálfsögðu sömuleiðis í heimaþjónustunni. Ég vildi koma þessu að í umræðunni um málefni aldraðra.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég enn einu sinni gagn-

rýna það hvernig staðið hefur verið að samráði við samtök eldri borgara í þessum málaflokki. Samtök eldri borgara hafa kallað eftir því ítrekað og ályktað um það á öllum sínum fundum að lög um málefni aldraðra verði endurskoðuð í heild sinni. Ekki hefur verið orðið við því. Í fyrra spurði ég hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hún hygðist beita sér fyrir heildarendurskoðun á málefnum aldraðra. Hún svaraði því neitandi þá. Núna þegar fór að nálgast kosningar sneri hæstv. ráðherra við blaðinu og tilkynnti í haust að hún ætlaði að setja nefnd á laggirnar til að endurskoða málaflokkinn, allan lagabálkinn um málefni aldraðra. Í dag þegar nokkrar vikur eru til kosninga er ekki enn farið að kalla nefndina saman. Ekki er búið að ganga frá nefndarskipaninni og það er ekki farið að kalla hana saman. Það var ástæðan fyrir því að samtök aldraðra neituðu að koma fyrir heilbrigðisnefnd til að ræða þær lagabreytingar sem við erum með á dagskrá í dag, bæði breytinguna sem sneri að skattlagningunni og sömuleiðis breytinguna sem sneri að vistunarmatinu. Það var ekki vegna efnislegra atriða heldur vegna þess að þau voru að mótmæla því hvernig ríkisstjórnin og hæstv. heilbrigðisráðherra hefur komið fram við þau, ekki eingöngu sá sem nú situr heldur þeir sem hafa verið í heilbrigðisráðuneytinu á undanförnum árum.

Ég tek undir með þeim þegar þau gagnrýna þetta og væri ástæða til að ríkisstjórnarflokkarnir og fulltrúar þeirra læsu yfir ályktanir frá samtökunum því að þar er gagnrýnt harðlega hvernig komið hefur verið fram við eldri borgara, sérstaklega hvað það varðar að ekki hefur verið orðið við því, eins og lofað var, að farið yrði í endurskoðun laganna um málefni aldraðra. Það er ekki tími til þess núna fram að kosningum, þetta er meiri vinna en svo, og þeir hafa ekki verið kallaðir að borðinu.

Eins og kom fram hjá mér fyrr í ræðu minni geri ég ekki athugasemdir við þær lagabreytingar sem hér er verið að gera, enda skrifum við fulltrúar Samfylkingarinnar undir bæði nefndarálitin sem snúa að þessum lagabreytingum.

[17:00]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langaði í stuttu andsvari að benda hv. þingmanni á að á síðustu árum hefur skapast mjög sterk hefð fyrir því að hafa samráð við Landssamband eldri borgara og fulltrúa eldri borgara varðandi málefni þeirra sem hefur leitt til þess að árið 2002 og síðan aftur síðastliðið sumar var gert samkomulag um að hrinda ákveðnum hugðarefnum þeirra í framkvæmd. Það átti við atriði sem sneru bæði að þjónustu við aldraða og að lífeyrismálum þeirra og jafnframt að öðrum þáttum sem þeir lögðu ríka áherslu á að færu í gegn.

Ég held að við munum það öll sem lásum blöðin 18. eða 19. júlí á síðasta ári að aldraðir fögnuðu þessu samkomulagi og töldu það vera til mikilla framfara. Við munum líka eftir því að það kom ákveðið bakslag í fögnuð þeirra eftir á þegar einhver atriði sem þeir voru ekki alveg sáttir við komu í ljós. En sú aðferð að hafa samráð við Landssamband eldri borgara og finna úrlausnir á hugðarefnum þeirra er rétta aðferðafræðin og ég held að hún hafi þegar upp er staðið leitt til mikilla framfara í málaflokki þeirra. Hið sama er að gerast núna varðandi málefni öryrkja. Í þessari viku var kynnt skýrsla um nýjar áherslur varðandi málefni öryrkja og örorkulífeyri sem Öryrkjabandalagið hefur fagnað og er gjörbylting í málefnum þeirra og áherslum í málaflokki þeirra.

[17:02]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir að það á að hafa samráð. Það á að hafa samráð við samtök eldri borgara, það á að hafa samráð við þá hópa sem voru hér til umræðu, öryrkja og aldraða, en samráðið hefur ekki verið nákvæmlega eins og hv. þingmaður lýsti yfir. Samráðið í Ásmundarnefndinni endaði þannig að menn vilja ekki kalla það samning. Þeir segja að þetta hafi verið yfirlýsing, þetta var ekki samningur, þeir voru píndir, þeim var stillt upp við vegg. Þetta eru þeirra eigin orð, bæði í fjölmiðlum og í nefndinni. Þeim var stillt upp við vegg, þeir voru neyddir til að samþykkja þetta vegna þess að þeir vildu ekki að þjónustuþátturinn, aukin þjónusta við aldraða yrði sett út af borðinu. Þeim var hótað, að þeirra sögn og nú er ég bara að hafa eftir það sem þeir upplýstu okkur um, þeim var hótað því að þjónustuþátturinn, sem þeir voru mjög ánægðir með, yrði settur út af borðinu ef þeir tækju ekki lífeyristilboði frá Ásmundi Stefánssyni og félögum og kyngdu því. Þannig var allt það samráð. Í samráðinu var líka lofað að fara yfir ýmsa lagasetningu. Það hefur ekki verið orðið við því. Ég leyfi mér þess vegna að mótmæla því að þarna hafi verið gerður einhver samningur.

Varðandi öryrkjana og skýrsluna sem verið var að kynna þá gefst ekki tími til að ræða það mál í stuttu andsvari því að þar er ýmislegt sem full ástæða væri til að ræða ítarlega á Alþingi. Auðvitað er jákvætt að það eigi að fara að taka á endurhæfingarþættinum. Ég er algjörlega sammála því en annað í örorkumatinu sem felst í þeirri skýrslu og þeim yfirlýsingum leyfi ég mér að efast um að öryrkjar almennt séu sáttir við.

[17:05]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að þræta frekar við hv. þingmann um samkomulagið sem gert var í sumar. Eins og hv. þingmaður man þegar við kölluðum til aðila þess samkomulags og þá sem stóðu að samkomulaginu, m.a. Ásmund Stefánsson, og spurðum nákvæmlega út í hvað þarna fór fram, hvers konar samskipti fóru á milli manna, þá var alveg ljóst að skilningur manna á þeim samskiptum var mjög mismunandi. Ég held að það hafi ekkert upp á sig að reifa það neitt frekar. Þetta er að baki en aðferðafræðin er góð. Ég held að við getum verið sammála um það.

Varðandi hins vegar skýrsluna sem kom fram í vikunni um málefni öryrkja, þá kemur mér á óvart að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir ætli að setja sig í einhverja skotstöðu varðandi það samkomulag vegna þess að Öryrkjabandalagið hefur lýst því yfir að það standi heils hugar bak við þær tillögur sem þar eru fram settar. Það verður því fróðlegt að heyra hv. þingmann fara í andstöðu við Öryrkjabandalagið í því máli. Ég tel þvert á móti að það mál sé til mikilla framfara og komi til móts við helstu kröfur Öryrkjabandalagsins

og öryrkja sjálfra um að þeim gefist tækifæri til að taka virkari þátt í samfélaginu en verið hefur án þess að til tekjuskerðingar komi. Að þeir fái að njóta þess að vinna í samræmi við krafta þeirra og starfsgetu og vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

[17:07]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því að það á að hafa samráð en ég verð að segja að ég var hissa á hv. þingmanni að vekja máls á vinnunni í Ásmundarnefndinni. (Gripið fram í.) Við vitum alveg hvernig það mál var. Það kom fram í andsvarinu. Ég er hissa á því.

Það er alveg rétt að Ásmundur og félagar hans töldu sig hafa gert samning þegar þeir komu fyrir heilbrigðis- og tryggingarnefnd en ég held að a.m.k. 14 manns, fulltrúar eldri borgara, sem sátu þar fyrir framan okkur hafi verið algjörlega sammála um að þeim hefði verið stillt upp við vegg og að þeir hafi ekki átt neinn annan kost en að taka þessu. Þeir litu á þetta sem yfirlýsingu og fyrsta skref. Þeir lýstu því einnig yfir að þeir ætluðu strax um haustið að sækja næsta skref. Það var því greinilegt að fulltrúar eldri borgara litu allt öðruvísi á þetta svokallaða samkomulag eða samning en fulltrúar stjórnvalda. Eldri borgarar litu á þetta sem yfirlýsingu og fyrsta skref.

Varðandi öryrkjana og skýrsluna sem verið var að kynna um nýtt örorkumat, þá hef ég fengið þau viðbrögð frá mjög mörgum úr hópi öryrkja og frammámanna þeirra að þeir séu ákaflega ósáttir við örorkumatsþáttinn og telja að breytingin geti bitnað illa á ákveðnum hópi öryrkja. Við skulum bara ræða skýrsluna, hún hlýtur að koma fyrir þingið. Ég tek fyllilega undir með Öryrkjabandalaginu um endurhæfingarþáttinn og það sem snýr að honum. Það er löngu tímabært og hefði átt að gerast miklu fyrr en nokkrum vikum (Forseti hringir.) fyrir kosningar að fólk sem misst hefur starfsþrek fái endurhæfingu til (Forseti hringir.) að komast aftur út í atvinnulífið.

[17:09]

**Útbýting:**

Húsnæði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, 453. mál, svar heilbrrh., þskj. 1035.

Vextir og verðtrygging, 618. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1091.

[17:09]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Við ræðum frumvarp um málefni aldraðra þar sem lagt er til að þeir sem einungis greiði fjármagnstekjuskatt greiði jafnframt gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefur það ekki verið í lögum hingað til. Ég fagna því frumvarpinu, að menn ætli að koma þessu á, máli sem stjórnarandstaðan hefur margoft ýtt við.

Það er svolítið sérstakt að það virkar alltaf eins og að það séu að koma leiðréttingar varðandi þá sem einungis greiða fjármagnstekjuskatt, þeir eru undanþegnir í einu og öðru. Nú síðast var það í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um RÚV ohf. þar sem í ljós kom að þeir sem greiða einungis skatt af fjármagnstekjum eru jafnframt undanþegnir nefskatti til Ríkisútvarpsins. Þetta kemur því fyrir oftar en einu sinni.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að taka undir flest allt sem fram kom í ræðu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra og nýtingu á honum. Það liggur við að hægt sé að segja að ríkisstjórnin hafi nánast sukkað með sjóðinn, hún hefur af einhverjum óskiljanlegum ástæðum brotið lög og reglur um það hvernig nýta eigi sjóðinn. Líkast til er eitt svartasta dæmið þar þegar hæstv. heilbrigðisráðherra sá ástæðu til að nota sjóðinn til þess að gera það sem margir mundu kalla kosningabækling.

Ég ætla jafnframt að leyfa mér að taka undir orð hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur varðandi svörin sem þingmaðurinn kallaði eftir um það í hvað fjármunir í sjóðnum hefðu farið. Ég verð að viðurkenna að mér finnst það hálfgert yfirklór að ætla að setja lög um það núna að eftir næstu kosningar megi ekki sukka með sjóðinn eins og ráðherrarnir hafa gert.

Varðandi málefni aldraðra almennt þá verð ég að viðurkenna að ég er afskaplega hissa á hv. þingmanni Sjálfstæðisflokksins, Ástu Möller, að leggja í andsvör til að reyna að bera í bætifláka fyrir aðkomu Sjálfstæðisflokksins að málefnum aldraðra. Ég held að allri þjóðinni sé ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn og ríkisstjórnin er gjörsamlega með allt niður um sig í þeim málum. Það er rétt sem hér hefur verið nefnt á að það voru viðræður milli ríkisstjórnarinnar og samtaka eldri borgara og eins og alþjóð veit var talað um að gert hefði verið samkomulag en við fyrsta tækifæri var það allt þverbrotið. Það dylst engum og ég held að menn ættu ekki að eyða tíma á hinu háa Alþingi í að reyna að snúa sig út úr þeim staðreyndum.

Hvers vegna í ósköpunum ríkisstjórninni er svona illa við aldraða í landinu veit ég ekki, fólkið sem skapaði það þjóðfélagsástand sem er í dag, þá hagsæld sem hér ríkir o.s.frv., grunn að þeirri hagsæld. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég skil ekki af hverju þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru enn og aftur að eyða tíma sínum í það að reyna að afsaka gjörðir sínar og reyna að telja Alþingi og öðrum trú um að þeir hafi unnið vel fyrir þennan þjóðfélagshóp. Það hlýtur að liggja í augum uppi þegar stórir hópar aldraða velta því fyrir sér að koma með sitt eigið framboð til Alþingis að þeir eru ósáttir. Þetta væri ekki að gerast og þessi umræða hefði ekki verið í gangi á undanförnum mánuðum nema af því að aldraðir eru ósáttir við sitjandi ríkisstjórn. Það eitt ætti að duga öllum til að átta sig á hve illa í rauninni hefur verið farið með þennan þjóðfélagshóp að hann sér sig knúinn til að stefna að eigin framboði til þess að ná málum sínum fram.

Embætti umboðsmanns aldraðra er nokkuð sem við ættum eflaust að taka upp. Það mál hefur oft verið lagt fram af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni en því miður hefur það aldrei hlotið náð fyrir augum ráðherranna. Er það miður því að ég held að það væri afskaplega nauðsynlegt að aldraðir hefðu sinn eigin umboðsmann til að verja sig fyrir óréttlæti sem alla vega núverandi ríkisstjórn hefur beitt þá, ég tala ekki um ef núverandi ríkisstjórn heldur velli, sem ég vissulega vona ekki því að ég get þá ekki séð að aldraðir eigi von á betra.

Hvað varðar Framkvæmdasjóð aldraðra þá held ég,

herra forseti, að við ættum að taka alveg sérstaka umræðu um hann, fyrr en seinna, og fara vandlega ofan í það mál þar sem verið er að veita úr sjóðnum til hinna ótrúlegustu hluta, eins og hv. þingmaður nefndi áðan, í stað þess að nota hann til að byggja upp hjúkrunarrými o.fl. fyrir aldraða.

[17:15]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til umræðu er frumvarp sem varðar Framkvæmdasjóð aldraðra þar sem lagt er til að þeir sem borga fjármagnstekjuskatt greiði gjöld í Framkvæmdasjóð aldraðra. Mig langaði að minna hv. þingmann á að þegar farið var að nota Framkvæmdasjóð aldraðra til annarra verkefna en uppbyggingar hjúkrunarheimila, þ.e. að einhverjum hluta til rekstrarverkefna, sem verður reyndar hætt núna á næsta ári, var Sighvatur Björgvinsson heilbrigðisráðherra fyrir Alþýðuflokkinn. Hv. þingmaður er reyndar nýfarinn úr þeim flokki þannig að hann getur ekki algerlega þvegið hendur sínar af því að það var í tíð Alþýðuflokksins og (Gripið fram í.) Sighvatur Björgvinsson var heilbrigðisráðherra.

En varðandi Sjálfstæðisflokkinn og málefni aldraðra þá er Sjálfstæðisflokkurinn stoltur af því hvernig búið hefur verið að öldruðum, þeim áföngum sem við höfum náð á þessu kjörtímabili. Ég bendi m.a. á að hvergi í heiminum er hærra hlutfall hjúkrunarheimilisplássa en hér á Íslandi. Hins vegar er það þannig að skorturinn á hjúkrunarheimilisplássum er í Reykjavík og við hvern er að sakast? Hvar er ábyrgð sveitarfélaganna í þessum efnum? Það vill þannig til að það er R-listinn í Reykjavík sem stóð fyrir því að ekki varð fjölgun á hjúkrunarheimilisplássum í Reykjavík. Þeir gengu ekki fram til að sækjast eftir því að fleiri hjúkrunarheimili yrðu byggð. Þar stóðu önnur sveitarfélög út um allt land sig miklu betur. Ef hv. þingmaður vill skoða við hvern er að sakast skal hann horfa í eigin rann, fyrrverandi rann þó ekki sé annað, þegar hann studdi R-listann í Reykjavík.

[17:18]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að svara fyrir Sighvat Björgvinsson. Ég vil hins vegar minna hv. þm. Ástu Möller á að þegar Sighvatur Björgvinsson var við völd fór Sjálfstæðisflokkurinn með sjálft fjármálaráðuneytið. Þannig að síðustu 16 ár, það er sama hvað þingmaðurinn segir, hefur Sjálfstæðisflokkurinn borið alla ábyrgð á þessu máli. Síðustu 16 ár hefur hann gersamlega hunsað málefni aldraðra, vilja þeirra og þarfir. Ekki er við mig að sakast.

R-listinn er heldur ekki mitt mál og ég efast reyndar um að þær sveitarstjórnir þar sem sjálfstæðismenn hafa verið við völd hafi neitt staðið sig betur en Sjálfstæðisflokkurinn í ríkisstjórninni. Síðustu 16 árin hefur Sjálfstæðisflokkurinn meira og minna farið með fjármál í landinu í gegnum fjármálaráðuneytið og það er því algerlega á ábyrgð Sjálfstæðisflokksins hversu illa er staðið að málefnum aldraðra. Það geta þeir ekkert þvegið af sér, enda verður mönnum væntanlega refsað 12. maí.

[17:19]

**Ásta Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera umhugsunarefni að það er skortur á hjúkrunarrýmum í Reykjavíkurborg sem er vandamálið. Það þekkir hv. þingmaður og er alkunn staðreynd. (Gripið fram í.) Þingmaðurinn hlýtur aðeins að skoða staðreyndir í því ljósi.

Mig langaði jafnframt að benda á, í tilefni orða hv. þingmanns um að hann teldi að Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekki staðið sig nægilega vel, að nýlega bárust upplýsingar, m.a. frá fjármálaráðuneytinu, þess eðlis að í samanburði við Norðurlöndin eru kjör aldraðra sambærileg. Við skulum halda því til haga. Gífuryrðin eru orðin svo mikil hjá stjórnarandstöðunni, henni er orðið svo umhugað um að komast í ríkisstjórn að hún notar öll tækifæri til að skjóta yfir markið með gífuryrðum, láta sannleikann liggja á milli hluta og ýkja og nota öll þau gömlu trikk. Staðreyndin er sú að kjör aldraðra eru sambærileg við það sem gerist á Norðurlöndum.

Ég vildi jafnframt benda á, og því erum við mjög stolt af, þær breytingar sem voru gerðar um áramótin á lífeyrisgreiðslum til aldraðra. Dregið er úr tekjutengingu, þ.e. verið er að skilja að lífeyrissjóðsgreiðslur til hjóna þannig að lífeyrissjóðsgreiðslur maka hafa ekki áhrif á tekjur hins aðilans frá almannatryggingakerfinu. Það hefur komið í ljós að þetta hefur sérstaklega gagnast konum. Tekjur kvenna í hjónabandi á lífeyrisaldri hafa í mörgum tilfellum aukist verulega. Þetta hefur verið baráttumál aldraðra um langt skeið og þetta er sérstakt fagnaðarefni í tilefni þess að í gær var baráttudagur kvenna. Ég tel að full ástæða sé til að benda sérstaklega á það. Kjör kvenna á ellilífeyrisaldri hafa batnað.

[17:21]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu alltaf rétt að fagna því sem vel er gert en það er afskaplega erfitt að fagna því sem hefði átt að gerast fyrir 10–20 árum og ríkisstjórnin rétt slefast til þess að gera núna korteri fyrir kosningar.

Minnst var á Reykjavíkurborg og reynt að klína öllum vandamálum á R-listann. Hjúkrunarrými vantar á fleiri stöðum en í Reykjavík og m.a. þar sem sjálfstæðismenn eru við völd, í Mosfellsbæ, Kópavogi og víðar. Ég hef ekki verið með nein gífuryrði en ef ég væri í ríkisstjórn væri ég ekki sáttur við, eins og ég sagði áðan, að menn væru að laga til í einhverjum málum rétt fyrir kosningar þegar Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að vera við völd í 16 ár. Ef þetta eru svona gífurlega góðar lagfæringar sem hv. þm. Ásta Möller er að tala um, af hverju var þá ekki löngu búið að gera þær? Er þingmaðurinn virkilega sáttur við hvernig farið hefur verið með aldraða síðustu áratugina? Nei, það þurfti að gera þessar lagfæringar, við erum sammála um það. Af hverju var þá ekki löngu búið að því? Hvernig stendur á því? Hvernig stendur á því að það er gert núna korteri fyrir kosningar?

Að vera að tala um gífuryrði hjá mér. Eru þetta ekki bara kosningabrellur? Hvað hefur verið gert með Framkvæmdasjóð aldraðra síðustu áratugina? Hvað er verið að gera annað en sukka með hann þar sem síðasta greiðslan úr

honum er kosningabæklingur fyrir heilbrigðisráðherra? Er hv. þingmaður sáttur við það? (**ÁMöl:** Gífuryrði.) Þetta eru ekki gífuryrði. Hún hefur nánast viðurkennt það sjálf. Þetta er sukk með sjóði og það er engin ástæða fyrir hv. þingmann í Sjálfstæðisflokknum að reyna að hreykja sér af góðum verkum fyrir aldraða. Það koma nokkur kosningaloforð núna. Fyrir fjórum árum komu líka kosningaloforð, sem vandlega hefur verið farið yfir í dag, en þau voru svikin. Hvers vegna skyldum við ekki ætla að þessi loforð verði alveg eins svikin?

[17:23]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við fjöllum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Tekin er út úr þeim lögum 10. gr. sem fjallar um Framkvæmdasjóð aldraðra og verið er að bæta í skatttekjur sjóðsins með því að taka nefskatt af því fólki sem hefur tekjur af fjármagni.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að æ fleiri hafa tekjur af fjármagni og jafnvel þannig að þeim fer fjölgandi þeim öldruðum sem hafa eingöngu þær tekjur, það háar fjármagnstekjur að greiðslur úr almannatryggingakerfinu falla niður vegna hárra tekna. Það er gott út af fyrir sig en enn og aftur sýnir það hve bilið á milli ríkra og fátækra breikkar stöðugt því að enn fleiri eru þeir sem hafa eingöngu lífeyrisgreiðslur almannatryggingakerfisins og þær duga því miður, eins og hér kemur fram, ekki fyrir framfærslu. Það er staðreynd. Það er enn þannig að þrátt fyrir þessar breytingar eiga börn að 16 ára aldri — ég hefði talið að eðlilegt væri að miða við 18 ára aldur — og þeir sem eru 70 ára í lok tekjuárs ekki að greiða þennan nefskatt. Nefskattur er í eðli sínu mjög óréttlátur skattur eins og ég hef margtekið fram. Við ræddum það m.a. í umræðum um Ríkisútvarpið og tekjustofna þess, að nefskattur kemur alltaf þyngra niður á þeim sem lægri tekjur hafa eðli máls samkvæmt.

Miðað er við að þeir sem hafa lægri tekjur en 1 millj. og 80 þús. kr. greiði ekki þennan nefskatt enda eru það það lágar tekjur að þær duga ekki til framfærslu. Þetta beinir enn og aftur sjónum okkar að þeirri staðreynd að við erum með persónuafslátt sem er of lágur í dag. Skattleysismörkin þyrftu í dag að liggja kringum 150 þús. krónurnar til þess að það væri nálægt framfærslumörkum og þó er það í lægri kantinum.

Hæstv. forseti. Við í stjórnarandstöðunni höfum ekki tekist á um upphæðir eða skattleysismörk varðandi þessa breytingu. Það gerðum við í upphafi þings og eins við afgreiðslu fjárlaga. Við styðjum þessa breytingu þannig að þeir sem hafa tekjur af fjármagni greiði nefskatt eða fastan skatt í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Síðan er það annað mál hvernig Framkvæmdasjóður aldraðra hefur verið notaður og nýttur mörg undanfarin ár. Hann var settur á vegna brýnnar þarfar á að fara í uppbyggingu hjúkrunarheimila og var fyrstu árin eingöngu nýttur til þess. Þegar ástæða þótti til að styrkja rekstur hjúkrunarheimila var gripið til þess ráðs að skerða hlutfall til framkvæmda og æ stærri hlutur fór í rekstur og síðan til annarra hluta sem tengdust öldrunarmálum. Allt að helmingur af sjóðsframlaginu hefur farið í annað en uppbyggingu. Nú verður þetta liðin tíð á næsta ári og er það vel. Við í stjórnarandstöðunni höfum kallað eftir því við afgreiðslu fjárlaga á hverju einasta ári að þessu verði hætt, að fjármagnið verði notað til uppbyggingar.

Mikilvægt er að horfa til þess að uppbygging á þjónustu við aldraða snýst um fleira en hjúkrunarheimili eins og við höfum þekkt þau fram til þessa. Það er mikilvægt að uppfylla þá brýnu þörf sem er í dag á höfuðborgarsvæðinu en síðan er mikilvægt að horfa til þess að aukin krafa er um annars konar þjónustu í annars vegar búsetuformi eða þjónustu við aldraða til lengri tíma. Ég tel að framkvæmdasjóðurinn eigi í framtíðinni að styrkja byggingu þjónustuíbúða og sérstakra búsetuúrræða á móti sveitarfélögunum. En það verður verk nýrrar ríkisstjórnar að gera það og verða þar með við kröfu aldraðra um annars konar þjónustu, meiri og betri nærþjónustu, annars konar uppbyggingu heldur en eingöngu hjúkrunarheimila. Að meiri áhersla verði lögð á þjónustuíbúðir og sérstök búsetuúrræði þannig að auðveldara verði að aðstoða fólk við að búa sem lengst í eigin íbúð eða búa út af fyrir sig.

Nú erum við eingöngu að taka eina grein út úr lögum um málefni aldraðra Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að Landssamband eldri borgara og Samtök aldraðra hafa mótmælt því, og sýnt mótmæli í verki með því að koma ekki á boðaðan fund í hv. heilbrigðis- og trygginganefnd, að enn og aftur sé verið að taka eina grein út úr lögunum, að ekki sé farið af stað með þau loforð að fara í heildarendurskoðun á lögunum. Það var hluti af þeim loforðum sem hæstv. ríkisstjórn gaf, og var í þessum svokallaða samningi sem var gerður á síðasta ári, að fara í heildarendurskoðun á lögum um málefni aldraðra. Það er mjög brýnt og þar tel ég að náið samráð verði að vera á milli ríkisstjórnar og aldraðra og það verði að hlusta á þarfir aldraðra og hvaða hugmyndir þeir hafa í sínum eigin málum.

Áðan var þess getið að sárlega vantar meiri og betri þjónustu fyrir alzheimersjúklinga og þá ekki síður fyrir yngri alzheimersjúklinga. Það vantar dagvistir og það vantar hvíldarinnlagnir og þetta er á fleiri stöðum en hér á höfuðborgarsvæðinu þó að hér sé þjónustan brýnust. Varðandi alzheimersjúklingana þá vantar líka betri þjónustu sem getur verið í formi liðveislu eða meiri félagsþjónustu sveitarfélaganna. Enn og aftur fer þetta að snúast um peninga og þjónustu sveitarfélaganna. Ef við viðurkennum að samkvæmt samanburði við önnur lönd séu fleiri hjúkrunarheimili á íbúa hér en á öðrum Norðurlöndunum, ef við miðum okkur við þau, er ljóst að til þess að vera á svipuðu þjónustustigi þurfum við að auka nærþjónustuna og þjónustu sem er á vegum sveitarfélaganna.

Komið hefur fram í svari hæstv. heilbrigðisráðherra og verið rætt á þinginu að sveitarfélögin hafi dregið úr félagsþjónustu við aldraða. Hæstv. forseti. Ég get því miður ekki vitnað akkúrat í svarið, það hefur legið fyrir í nokkra daga, en ég man það ekki nákvæmlega. Það á að hafa komið fram að sveitarfélögin hafi dregið úr þjónustu við aldraða og það segir mér eingöngu eitt, hversu bág fjárhagsstaða sveitarfélaganna er. Ekkert sveitarfélag hefur áhuga á því að draga úr þessari þjónustu. Það hefur enginn áhuga á því að koma öldruðum inn á hjúkrunarheimili eða dvalarheimili ef ekki er þörf á því. En það hefur aftur á móti verið ákveðin til-

hneiging í þá átt að aldraðir fari inn á dvalarheimili eða hjúkrunarheimili frekar en að veita nærþjónustuna. Það er eingöngu vegna þess að sveitarfélögin vantar fjármagn til þess að geta sinnt þessu betur, þau vantar fjármagn til þess að greiða fólki laun til að vera í þessari þjónustu. Dæmi eru um að það sé vilji hjá sveitarfélögunum að sinna þessu betur en þau hafa hreinlega ekki tök á því að greiða laun til þess að halda fólki í öldrunarþjónustunni. Þar með brestur þessi þjónusta.

Ég tel brýnt fyrir næstu ríkisstjórn að skoða þessa hluti, þ.e. ef við meinum eitthvað með því að stuðla eigi að því að aldraðir og öryrkjar lifi sem lengst í eigin húsnæði eða við þær aðstæður að þau búi út af fyrir sig. Ef við viljum að nærþjónustan sé sterkari verða líka tekjustofnar sveitarfélaganna að vera sterkari. Ekki er eingöngu verið að horfa á Framkvæmdasjóð aldraðra heldur sveitarsjóðina, hæstv. forseti.

[17:36]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Hér erum við að fara yfir mál sem snertir ríkjandi skattstefnu á Íslandi og ræða mjög óréttlátan skatt. Þetta er nefskattur. Hingað til hefur hann ekki lagst á hluta landsmanna, þ.e. þá 2.200 sem hafa eingöngu tekjur af fjármagni og hafa þess vegna ekki greitt þennan skatt vegna þess að hann hefur verið miðaður við laun.

Þetta frumvarp er að einhverju leyti í átt til þess að auka réttlætið. Þótt þetta sé hænuskref er það samt að koma kerfinu þannig að þeir 2.200 einstaklingar sem hafa tekjur eingöngu af fjármagni verði einnig látnir greiða í þennan sjóð, þennan sjóð sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur að vísu orðið uppvís að því að misnota með því að greiða eitthvert kynningarefni úr honum. En látum það vera.

Hugsum um vegferð þessa skattkerfis. Hvers konar þróun er þetta að verða, að koma hérna á einhverjum nefskatti? Við sjáum að Ríkisútvarpið er að fara sömu leið, rukka nefskatt. Og hér erum við að fara í nefskatt sem leggst með sömu krónutölu á lág laun og há laun. Þess vegna verður hlutfallsleg skattbyrði miklu meiri á þá sem hafa lágu launin. Þó að þetta sé ekki há upphæð endurspeglast í þessu frumvarpi og þessum lögum skattstefna ríkisstjórnarinnar, þ.e. að leggja hlutfallslega þyngri byrðar á þá sem hafa lágu launin en minni byrðar á þá sem hafa háu launin.

Við getum tekið dæmi af manni sem var í fréttum í dag sem hefur á þriðju milljón í mánaðarlaun. Þessi skattur svarar til langt innan við 1% af mánaðarlaunum forstjóra Granda en hjá þeim sem hefur 200 þús. kr. í mánaðarlaun eru þetta kannski 3% af launum. Með þessari skattlagningu er verið að þyngja skattbyrðina hjá þeim sem eru með lágu launin og aflétta skattbyrðinni af þeim sem hafa háu launin.

Þetta hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar og það hefur komið fram í rannsóknum, m.a. í Háskóla Íslands, að skattbyrðin hefur þyngst mest hjá þeim tekjuhópum sem hafa lægstu launin, þ.e. þeim 20% sem hafa lægstu launin í samfélaginu. Hjá einum hópi hefur skattbyrðin minnkað, þeim sem hefur allra hæstu tekjurnar.

Þetta er þróun sem mér hugnast ekki og ekki okkur í Frjálslynda flokknum. Þó að þetta mál sé að einhverju leyti í átt til réttlætis, þ.e. að þeir sem hafa eingöngu tekjur af fjármagni séu látnir greiða nú 6 þús. kr. í þennan sjóð, er samt sem áður meginmálið eftir, meginóréttlætismálið, sem er að þeir sem hafa eingöngu tekjur af fjármagni greiða ekki krónu til sveitarfélaganna, nánast ekki nema þá e.t.v. til að taka rusl frá húsinu, fasteignagjöld og fyrir ýmsa þjónustu. Það kemur ekki neitt til sveitarfélagsins. Það er algerlega óþolandi. Því er ekkert breytt í þessu frumvarpi. Það er þó verið að færa það í átt til þess réttlætis að þeir sem hafa tekjur eingöngu af fjármagni séu látnir greiða í þennan sjóð.

Ég verð að fagna þessu skrefi þó að það fari í þennan sjóð og ekki sé búið að taka fyrir það að féð renni í aðra þætti en sjóðnum er ætlað að sinna, svo sem eins og útgáfustarfsemi fyrir Framsóknarflokkinn og ráðherra hans. Það er algerlega óþolandi. Það er sérstaklega ólíðandi í því ástandi sem ríkir í málefnum aldraðra í dag, þ.e. að öldruðum sé gert að búa í þvingaðri sambúð á herbergjum með ókunnugum. Það er óþolandi. Mér finnst þetta þannig mál að það sé til skammar fyrir Íslendinga og við eigum ekkert að sætta okkur við það. Að heyra í umræðunni þegar hv. þm. Ásta Möller fer að kenna R-listanum um ástandið, þvílíkt endemi að leyfa sér það.

Auðvitað hlýtur ástandið að vera á ábyrgð stjórnvalda sem hafa ráðið hér mjög lengi, allt of lengi. Vonandi sjá landsmenn að sér og losa okkur við þessa ríkisstjórn. Við getum ekki sætt okkur við það að aldraðir búi við þessar aðstæður. Þetta er algerlega ólíðandi.

Ef við setjum þetta í samhengi við annað sem við verjum peningum okkar í, svo sem sendiráð, eru 1.770 millj. kr. á fjárlögum í þá starfsemi, m.a. í sendiráð í Suður-Afríku. Ekki veit ég til hvers það er. Það er eflaust forgangsverkefni hjá framsóknarmönnum að sinna því en ég get ekki skrifað undir það. Mér finnst það vera verkefni sem við ættum að ýta neðar á forgangslistann. Fyrst eigum við að sinna því fólki sem hefur skilað sínu til þjóðfélagsins, öldruðum, og láta mæta afgangi þau gæluverkefni að búa til í fjarlægum heimshlutum skrifaðstöðu fyrir fólk sem er inn undir hjá stjórnvöldum, svo sem í Jóhannesarborg, undir því yfirskini að því sé ætlað að afla fylgis við það að við komumst inn í öryggisráðið. Mér finnst það ekki vera þess háttar verkefni sem við eigum að einbeita okkur að.

Þegar við ræðum þetta frumvarp finnst mér réttmætt að fara yfir það hvers vegna fjármagnseigendur greiða ekkert til sveitarfélaganna, þeir sem hafa eingöngu tekjur af fjármagni. Þetta er stór hópur, 2.200 manns. Í minni samfélögum blasir óréttlætið við, einhver sem hefur selt atvinnuréttinn, kvótann frá byggðarlaginu sínu, þannig að vinnufúsar hendur fá ekkert að gera og fólk þarf að flytjast í burtu eða sættast á að sækja vinnu um langan veg.

Viðkomandi fjármagnseigandi hefur hins vegar kannski á þriðja tug milljóna árlega í tekjur en ekkert af þeim krónum ratar til sveitarfélagsins, ekki ein króna. Að vísu fara 10% til ríkisins í formi fjármagnstekjuskatts en þetta er eitt af því sem við ættum að ræða samhliða þessu máli hér, að þessi 2.200 manna hópur sé einnig látinn greiða gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Ég ætlaði ekki að vera margorður um þetta frumvarp.

Ég tel það til bóta þó að þetta sé bara örlítið hænuskref í því að gera skattkerfið réttlátara en við búum við í dag.

[17:44]

**Ellert B. Schram:**

Herra forseti. Hér er á dagskrá tiltölulega einfalt og skiljanlegt frumvarp sem felur í sér að þeir sem borga fjármagnstekjuskatt skuli í framtíðinni borga sérstakan nefskatt til Framkvæmdasjóðs aldraðra vegna þess að þeir sem borga fjármagnstekjuskatt hafa hingað til komist hjá því. Ummæli síðasta ræðumanns um fjármagnsskattinn almennt, sem t.d. rennur ekki til sveitarfélaga og þarfa þeirra, eru tímabær. Það er tilefni til að fjalla ítarlega um það fyrirkomulag. Ég tók þátt í því í heilbrigðisnefnd að vinna þetta mál til þingsins til afgreiðslu og samþykktar vegna þess að þetta er upplagt og eðlilegt mál.

Það sem rak mig hingað í ræðustól voru ummæli hv. þm. Ástu Möller sem var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins við þessa umræðu, að því er virtist. Hún kvað upp úr með að Sjálfstæðisflokkurinn hefði staðið sig vel í málefnum eldri borgara og var ekki annað að heyra, ég held að hún hafi sagt það orðrétt, en að við gætum öll verið mjög stolt af þeim áföngum og afrekum sem unnin hefðu verið á þessum vettvangi á undanförnum árum. Ég segi nú bara: Heyr á endemi. Ég gat ekki orða bundist vegna þessara yfirlýsinga hv. þingmanns.

Ég sótti aðalfund Félags eldri borgara þarsíðustu helgi. Þar var fullt hús af fólki, glæsilegum eldri borgurum. Þar var náttúrlega flutt skýrsla stjórnar og dreift ýmsum skjölum og upplýsingum. Það má segja að tekið hafi allan eftirmiðdaginn að rekja raunir þessa félags í samskiptum sínum við stjórnvöld, svo langur var sá listi af óleystum málum. Hið sama má segja um Landssamband eldri borgara. Hér var vitnað til þess áðan að það hefði gert samkomulag eða samning við ríkisstjórnina um breytingar til hagsbóta fyrir aldraða. Landssamband eldri borgara hefur margtekið fram að þetta hafi verið samkomulag eða stefnuyfirlýsing stjórnvalda sem Landssambandið neyddist til að skrifa undir, ella hefði ekkert verið gert í réttlætisátt fyrir þeirra hönd. Í framhaldinu hafa forustumenn Landssambands eldri borgara í marga mánuði skrifað greinar, komið fram í fjölmiðlum og látið þau orð falla að þetta hafi ekki verið nema hænuskref í átt að því að bæta hagsmuni þeirra.

Þegar fulltrúar annars stjórnarflokksins lýsa yfir stolti sínu yfir þeim áföngum og afrekum sem unnin hafi verið á þessum vettvangi held ég að það sé alveg nauðsynlegt að rifja upp hvernig ástandið er. Ég hef tiltölulega nýlega komist á þann aldur að teljast til eldri borgara og ellilífeyrisþega. Fyrir vikið hef ég gert mér far um að kynna mér þessi mál og ástandið gagnvart þeim hópi íslenskra borgara, íslenskra þegna.

Hvað kemur þá í ljós? Tryggingabætur til handa einhleypingi sem ekki hefur neinar tekjur geta mestar orðið 126 þús. kr. á sama tíma og Hagstofa Íslands reiknar út í neyslukönnun að lágmarksframfærsla sambærilegs einhleypings nemi yfir 200 þús. kr. Hagstofan hefur gefið það út á þrykki. Hér er um að ræða neyslukönnun sem hún leggur til viðmiðunar. Þarna er náttúrlega geigvænlegur munur á sem sýnir hvernig búið er að því fólki sem komið er að ævikvöldi. Í hvert skipti sem einstaklingur sem kominn er á þennan aldur aflar sér tekna úti á vinnumarkaðnum eru bætur hans skertar. Þær eru líka skertar vegna lífeyrisgreiðslna sem fólk hefur áunnið sér eftir áratuga starfsævi. Það veldur því að menn eru farnir að tala um ríkisvaldið sem stærsta lífeyrisþegann. Í hvert skipti sem einhver aflar sér tekna úti á markaðnum er dregið af honum í bótunum sem hann hefur átt rétt á og á að geta notið góðs af, þrátt fyrir að þiggja lífeyrissjóðsgreiðslur sem eru líka greiðslur sem hann hefur áunnið sér á langri starfsævi og viðkomandi hefur þar að auki verið lögskylt að safna.

Þá er enn að nefna þá ellilífeyrisþega sem eru svo „óheppnir" að vera giftir maka á vinnumarkaðnum. Hann er tekjuskertur líka. Hver einasta króna sem kemur á heimilið með þeim hætti að hinn makinn vinni sér inn þá peninga veldur því að hann fær krónu minna úr almannatryggingunum.

Nú hælir ríkisstjórnin sér af því að hækka frítekjumarkið upp í 25 þús. kr. á mánuði. Það eru öll afrekin sem vísað var til áðan.

Skattleysismörkum er haldið niðri, eru nú 90 þús. kr. en ættu að vera a.m.k. 136 þús. kr., ef miðað væri við launavísitölu. Þessi lágu skattleysismörk bitna fyrst og fremst á því fólki sem hefur lágar tekjur og ellilífeyrisþegar og eldra fólk er að langstærstum hluta í þeim hópi.

Aðbúnaðurinn gagnvart eldra fólki er slíkur að um 400 manns á höfuðborgarsvæðinu eru á biðlistum eftir að að fá pláss á þjónustu- eða dvalarheimilum. Þetta fólk þarf hundruðum saman að búa við að flytjast í tvíbýli eða fjórbýli. Svona trakteringar eru til skammar. Þrátt fyrir þessar staðreyndir koma stjórnarliðar í ræðustól og eru stoltir af því hvernig þeir hafa staðið að þessum málum.

Ég gæti haldið áfram upptalningu á kjörum og högum sem eldri borgurum eru búnir. Framkvæmdasjóður aldraðra er ein sorgarsaga og kannski snýr þetta mál helst að honum. Framkvæmdasjóður aldraðra hefur af hálfu stjórnvalda verið notaður til annarra þarfa en þeirra sem hann var upphaflega settur á laggirnar til, þ.e. til að fjármagna byggingu þjónustu- og dvalarheimila. Í Reykjavík hefur t.d. ekkert verið byggt af slíku húsnæði í fleiri ár vegna þess að Framkvæmdasjóður aldraðra hefur ekki lagt fram fé til þess þótt hann gegni því hlutverki samkvæmt lögum.

Ég vildi segja, herra forseti, að lokum, að eitt gott hefur þó komið út úr þessari umræðu. Það er yfirlýsing talsmanns Sjálfstæðisflokksins um að þetta ástand sé gott. Það sannar að þetta fólk, ef það kemst áfram til valda, mun ekkert betur gera vegna þess að það er ánægt með ástandið eins og það er. Það telur bara að þetta sé í fínu lagi og lýsir því yfir að unnin hafi verið afrek á þessum vettvangi. Með öðrum orðum er ekki hægt að búast við því að nein átök verði eða róttækar breytingar á því sem snýr að eldra fólki af því að menn eru sáttir við stöðuna eins og hún er í dag. Ég held að þetta sé ágæt aðvörun til kjósenda. Það er nauðsynlegt að koma þessum sjónarmiðum á framfæri gagnvart íslensku þjóðinni og eldri borgurum, að Sjálfstæðisflokkurinn, og væntanlega hinn stjórnarflokkurinn líka, eru sallarólegir og ánægðir með það sem þeir hafa gert og sjá ekki ástæðu til að taka á í þessum málum. Ég er hins vegar sannfærður um að það þurfi að gera gagnvart þeim sívaxandi fjölda Íslend-

inga á efri árum sem þurfa aðstoð til að búa sér viðunandi ævikvöld.

[17:55]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði að við hefðum gert gott í að taka upp 25 þús. kr. á mánuði í tekjur sem mundu ekki skerða bætur frá Tryggingastofnun. Hann gleymir að fyrir áramót, í desember, var líka tekið upp að 60% af tekjum aldraðra kæmu til skerðingar en ekki 100%. Það þýðir í reynd að skerðingin er 24% en ekki 45% eins og verið hefur. Þetta var mikið baráttumál eldri borgara og náðist fram. Það eru ekki bara 25 þús. krónurnar heldur allar tekjur sem skerðast minna en verið hefur. Skerðingin er miklu minni en var og að hámarki 24%.

Hv. þingmaður gat um annað sem ég var dálítið undrandi á og ég vildi gjarnan fá að vita nánar hvaðan hann hefur það. Hann sagði að Hagstofan hefði reiknað út 200 og eitthvað þúsund sem lágmarksframfærslu. Nú hefur það verið vandamálið á Íslandi að menn hafa ekki fengið upplýsingar um hvað menn þyrftu að lágmarki til framfærslu enda er svo erfitt að skilgreina hvað þarf, þarf maður bíl, þarf maður utanlandsferð o.s.frv.? Mér er ekki kunnugt um þetta. Ég veit hins vegar að Hagstofan reiknar út meðalframfærslukostnað fyrir einstakling, það er allt, allt annar handleggur. Það hlýtur hv. þingmaður að skilja. Ég býst ekki við því að það sé meiningin.

Síðan talaði hann um áunnar bætur úr Tryggingastofnun. Fyrir langa löngu var tekin upp tekjutrygging hjá Tryggingastofnun til að tryggja þeim sem lægstar hafa tekjurnar ákveðnar lágmarkstekjur ef þeir hefðu ekki tekjur annars staðar. Þetta heitir tekjutrygging og almannatryggingar tryggja mönnum þessar tekjur ef þeir hafa ekki tekjur annars staðar frá, t.d. frá lífeyrissjóði.

[17:57]

**Ellert B. Schram** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði eða talaði um tvennt. Annars vegar var spurt hvaðan ég hefði upplýsingar um þessa lágmarksframfærslu. Ég er að vísu ekki með þær upplýsingar fyrir framan mig en ef mig brestur ekki minni er hægt að finna þær á vef Hagstofu Íslands. Þar eru upplýsingar samkvæmt neyslukönnun sem Hagstofan hefur gert, upplýsingar um þá lágmarksframfærslu eða framfærslu, það getur verið að talað hafi verið um framfærslu en ekki meðalframfærslu. En annaðhvort þarf einstaklingur á að halda framfærslu fyrir brýnustu þörfum til að geta lifað af mánuðinn frá fyrsta degi til þess síðasta. Það er væntanlega hugsunin á bak við þessa könnun og þar er talað um 210 þús. kr. eftir skatt. Þetta má sannreyna.

Þessar 25 þús. krónur sem ríkisstjórnin ákvað á dögunum fyrir áramótin við afgreiðslu fjárlaga er það sem ég hef vitnað í, þ.e. frítekjumarkið, án þess að það skerði bæturnar. Ég hef ekki dregið dul á að ég hef rætt um hinar almennu ellilífeyrisbætur plús tekjutryggingu og heimilisuppbót. Þegar allt er saman talið er það samkvæmt upplýsingum mínum 126 þús. kr. sem viðkomandi ellilífeyrisþegi getur fengið, hafi hann ekki neinar aðrar tekjur.

Ég tel að með þessu hafi ég endurtekið það sem ég var að tala um áðan og hef þessar tölur uppi samkvæmt bestu vitund.

[17:59]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég efast enn um þessa lágmarksframfærslu upp á 210 þús. kr. Ég hygg að þar eigi þingmaðurinn við neyslukönnun sem gerð var meðal 100 fjölskyldna af öllum tekjustigum. Þar er reiknað út hvað þessar fjölskyldur eyða til framfærslu og tekið af því meðaltal. Ég hygg að það sé málið en það verður bara að láta á það reyna.

Varðandi 25 þús. kr. þá kom frumvarpið þannig fram. En í meðförum þingsins og með vilja ríkisstjórnarinnar var tekin inn sama regla og hjá öryrkjum, að 60% af tekjum koma til skerðingar en ekki 100%, sem þýðir það að skerðingin er 24% yfir allar tekjur sem ellilífeyrisþeginn hefur. Maður sem er með 100 þús. kr. á mánuði í tekjur er í hæsta lagi skertur um 24 þús. kr., ekki 45 þús. kr., sem skerðingin var áður. Þessi skerðing var því stórlega minnkuð með þessari breytingu í meðförum Alþingis og það tel ég vera mikið hagsmunamál fyrir eldri borgara sem geta unnið. Það vill svo til að íslenskir eldri borgarar eru óvenjusprækir á mælikvarða Norðurlandabúa og vinna óvenju mikið. Það er því rangt að tala aðeins um 25 þús. krónurnar.

Varðandi Tryggingastofnun, tekjutrygginguna þar, hv. þingmaður kom ekki inn á það, þá er það ekki áunninn réttur. Tekjutryggingin hjá almannatryggingum, fái menn tekjur annars staðar þurfa þeir ekki tekjutryggingu. Þannig er tryggingin hugsuð. Hún er hugsuð fyrir þá sem ekki hafa neinar tekjur og ekki með lífeyri úr lífeyrissjóði. Þess vegna heitir það líka tekjutrygging.

[18:01]

**Ellert B. Schram** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég leyfði mér hér fyrr á þinginu að flytja tillögu eða frumvarp um breytingar á skattalögum þess efnis að fólk sem þægi lífeyrisgreiðslur borgaði skatta í samræmi við fjármagnstekjuskatt. Enda sé þar um að ræða að mínu mati sams konar sparnað og á sér stað þegar menn leggja fé sitt inn á bankabækur til ávöxtunar.

Þá stóð hv. þm. Pétur Blöndal upp og andmælti þeim tillöguflutningi og þeim hugmyndum sem að baki frumvarpinu stóðu. Nú gerist það enn og aftur að hann kemur hingað upp, hv. þingmaður, og gerir athugasemdir við efnisinntak ræðu minnar og þá punkta sem ég hef lagt fram. Þó við getum þráttað um hvort ég hafi reiknað með tekjutengingu eða ekki eða hvort ég hafi reiknað rétt út hvert frítekjumarkið væri eða ekki get ég ekki dregið aðra ályktun af ummælum og afstöðu þingmannsins en þá að hann sé sömu skoðunar og hv. þm. Ásta Möller um að ástandið sé harla gott.

En ef við hættum nú karpinu um það hvort þetta er reiknað svona eða hinsegin er niðurstaðan samt sú að mínu mati, að kjör og hagur eldri borgara er meira og minna til skammar. Við ættum að sjá sóma okkar í að rétta þessu fólki hjálparhönd með þeim breytingum á kerfinu sem við höfum vald til þess að gera. Ég vænti þess að í næstu kosningum víki kjósendur frá því fólki sem nú situr á Alþingi (Forseti hringir.) og er enn að telja sjálfu sér og öðrum trú um að ástandið sé harla gott.

[18:04]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Erindi mitt í ræðustól er nú ekki mikið enda hafa félagar mínir, hv. þingmenn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Ellert B. Schram, flutt prýðilegar ræður. Þess er að minnast úr þeim hópi að upphafsmaður málsins er nú eiginlega hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hún benti á þetta misræmi í umræðum um Ríkisútvarpið ohf. eða Ríkisútvarpið úff, eins og það mun vera kallað hingað og þangað. En sá nefskattur sem þar átti að innheimta átti að vera sá sami og í Framkvæmdasjóð aldraðra og þar með átti ekki að innheimta nefskatt, og á ekki enn, því þeim lögum verður að breyta, af þeim sem eingöngu hafa fjármagnstekjur.

Þuríður Backman og Sigurjón Þórðarson, hv. þingmenn, hafa talað hér snjallt mál einnig um þetta efni og almennt um málefni aldraðra. Það hefur hv. þm. Ásta Möller líka gert en því miður einungis í andsvörum þannig að það verður að leiðrétta hjá henni þann misskilning að það hafi að einhverju leyti verið Reykjavíkurborg að kenna að ekki hafi komist í gagnið þau áform um uppbyggingu hjúkrunarheimila sem lögð voru drög að með undirritun þeirra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Jóns Kristjánssonar, núverandi hv. þingmanna, þá borgarstjóra og heilbrigðisráðherra, vorið 2002. Það var ósköp einfaldlega þannig að Sjálfstæðisflokkurinn var á móti þessari undirritun, hún fór mjög í taugarnar á honum vegna þess að hún var í námunda við kosningar. Ættum við nú kannski að hugleiða það betur núna þegar búið er að lofa, ég man ekki hve mörgum, tugum milljarða hér á nokkrum vikum og eru þó margar vikur eftir til kosninga.

Fjármálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins æ síðan, nú í fimm ár, hafa trassað að setja fé í þetta verkefni. Það fé var strax til reiðu hjá Reykjavíkurborg ef ríkissjóður stæði við sitt. Ég ætla rétt að ítreka þetta þannig að þessu verði ekki ósvarað. En það var ekki auðvelt að koma þessari athugasemd á framfæri á réttum stað í umræðunni þar sem hv. þm. Ásta Möller hélt þessu fram í andsvari.

Það er þannig að það sem við hér erum að ræða um er nefskattur. Nokkuð sem á sér orðið langa sögu, því miður vil ég segja. Nefskattar eru óvenjuleg skattheimta vegna þess að þegar nefskattur er innheimtur er ekki gert ráð fyrir því að tekið sé tillit til tekna fólks eða aðstæðna. Nú er að vísu með þennan nefskatt að þar er það raunar gert. Hann er sem sé hálfur nefskattur og að einhverju leyti tekjuskattur vegna þess að það fólk sem hefur tekjur undir ákveðnum mörkum borgar hann ekki og fólk yfir ákveðnum aldri borgar hann ekki heldur. En hann er fyrst og fremst nefskattur að því leyti að þeir sem hafa lágar tekjur, en þó yfir mörkum sem tilgreind eru, borga jafnmikið og þeir sem hafa háar tekjur. Þetta er óheppileg skattheimta. Hefur reynst það meðal þeirra þjóða allra sem lagt hafa á slíkan skatt.

Þess er skemmst að minnast úr umræðunni um RÚV að þar skrifaði ríkisskattstjóri sem þá var ágæta umsögn og minntist á bændauppreisnir í Englandi og afsögn Thatcher sem dæmi um afleiðingar nefskatta. Hér á Íslandi hefur nefsköttum verið beitt nokkrum sinnum, þó yfirleitt tímabundið. Hann á sér frægt upphaf á Íslandi, nefskatturinn, vegna þess að sú saga er til úr Landnámu, að ég hygg, eða hvort það var Heimskringla, að þegar Íslendingar voru að berjast við vondan kóng utan landsteina tóku þeir sig saman um að yrkja níðvísu um kónginn og það átti hvert nef að gera. Þessi nefskattur var vel reiddur af hendi og varð til þess að efla samstöðu þjóðarinnar og koma kónginum í skilning um að hér ætti hann ekkert erindi.

Nefskattar eru að öðru leyti óheppilegir eins og ég ræddi áðan. Ég tel að þeir eigi því aðeins við að um sérstakt, tímabundið átak sé að ræða. Þannig að þjóðin sé með nefskattinum að reiða fram nánast eins og gjöf í söfnun fyrir góðu málefni. Menn sætta sig við að gera það einu sinni, tvisvar eða þrisvar. En umfram það á ekki að leggja á nefskatta því ef um fasta skattheimtu er að ræða er eðlilegt að hún fari eftir tekjum manna og aðstæðum öllum samkvæmt þeim kerfum sem við höfum byggt inn í skattheimtu okkar og flestir telja eðlileg.

Nú er það svo að hér er um ákaflega verðugt málefni að ræða og þessi skattur hefur lifað lengi. Því miður eru ekki horfur á því að við náum þeim árangri í verkefnum sem varða framkvæmdir fyrir aldraða að hægt sé að leggja niður skattheimtuna. Öldruðum fjölgar sem hlutfalli af þjóðinni og væntanlega verður það svo um áratugi þá sem næstir eru að framkvæma þarf meira og byggja meira fyrir þann hóp. Og til þess þarf fé. Þar að auki gerist það að sjálfsögðu að kröfur manna aukast um þessa hluti og okkur þykir ekki sæma að veita þá þjónustu sem þó þótti skárri en ekkert fyrir 10 árum, 20, 30 eða 40.

Það gerðist nú fyrir þrýsting stjórnarandstöðunnar fyrir skömmu að samþykkt voru á þinginu lög um það að hætta þeirri vitleysu sem upp var tekin þegar harðnaði á dalnum í upphafi tíunda áratugarins, að veita fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra til rekstrar. Þessu var ekki hætt þegar ástandið skánaði heldur var því haldið áfram og framkvæmdasjóðurinn þannig í raun og veru innlimaður inn í fjárveitingakerfi ríkisins í staðinn fyrir að standa utan við það eins og að var stefnt í upphafi.

Þessu er nú lokið og ég held að þetta hafi ekki verið þeim til sóma sem stóðu að þessu þann tíma sem þetta var. Við fáum það alltaf framan í okkur, við jafnaðarmenn, að ágætur heilbrigðisráðherra hafi gert þetta í upphafi. Ég ætla ekki að afsaka hann nema með því að þá voru fjármál ríkisins með öðrum hætti en þau eru núna. Og þessi ágæti heilbrigðisráðherra átti nú m.a. þátt í því að þau bötnuðu með því að standa heill og óskiptur að framfaramálum sem velsæld okkar á núna rót í, t.d. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég verð að segja að í þessu ljósi þykir mér höfuðið bitið af skömminni með þeim upplýsingum sem nýlegar eru fyrir þingmönnum öllum að ég held, eða flestum, að minnsta kosti mér, og fram komu í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur á þinginu í fyrravor, að veittir hafi verið, öll þau ár sem upplýsingar náðu til, frá árinu 1999, sérstakir styrkir úr þessum framkvæmdasjóði. Þeir voru, þannig að það sé á hreinu, árið 1999 12,5 millj., árið 2000 5,9 millj., árið 2001 heilar 27,2 millj., 2002 12,2 millj., 2003 10,8 millj. og 2004, sem er síðasta árið sem þetta nær til, 10,8 millj. einnig.

Þetta er ekki há upphæð þegar litið er á heildarfjármagn í sjóðnum. En þetta eru milljónir sem hefðu getað nýst bet-

ur og áttu að nýtast betur. Þetta eru fjármunir sem áttu að nýtast betur úr Framkvæmdasjóði aldraðra, sem gert er að fjármagna framkvæmdir, á þessum tíma og enn, og rekstur stofnana fyrir aldraða. Þannig að hér er um misnotkun að ræða. Misnotkun þeirra heilbrigðisráðherra sem sátu á þessum tíma sem hér er ljós, frá 1999–2004 og áfram 2005, 2006 og 2007, því enn er þetta við lýði. Þegar þessi listi er lesinn, sem er ákaflega ófullkominn, vegna þess að ekki er getið um þau verkefni sem fénu er úthlutað til heldur eru mannsnöfn eða stofnana aðeins sett niður, er augljóst að ekki er um nein þau verkefni að ræða sem tengjast framkvæmdum eða jafnvel ekki rekstri stofnana aldraðra með neinum beinum hætti. Sum þessara verkefna eru alveg augljóslega þannig að þau tengjast öldruðum ekki nokkurn skapaðan hlut eða virðast ekki gera.

Þar er ekki því góða fólki um að kenna sem fær þessa styrki vegna þess að það sótti alls ekki um styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Það er þó þannig að heilbrigðisráðherrarnir hafa ekki beinlínis opnað framkvæmdasjóðinn og auglýst styrkveitingar úr honum heldur hafa þeir notað hann sem einhvers konar vasapeninga í ráðuneytinu, aukalega fjármuni sem þeir gætu seilst í til þess að þurfa ekki að neita ýmsum væntanlega góðum óskum um fé til margs konar verkefna á heilbrigðissviði. Það skulum við að minnsta kosti telja því að hér eru kórar og kvikmyndaframleiðendur og hinir og þessir sem kynni að vera nokkuð torvelt að tengja beinlínis við heilbrigðismál. Hér er t.d. Ungmennafélag Íslands sem ég vona að hafi gert sér gott af þessu fé og geri ég ráð fyrir að það verkefni sé fullkomlega styrkhæft. En ekki kemur hér fram að það hafi beinlínis tengst öldruðum enda heitir félagið Ungmennafélag Íslands.

Höfuðið af þessari skömm, þannig að það sé nú rifjað upp, og á að rifja upp í hvert einasta sinn sem Framkvæmdasjóður aldraðra kemur til umræðu á þinginu, beit núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, fyrir aðeins nokkrum vikum þegar hún gaf út kosningaáróður fyrir sig og fyrir Framsóknarflokkinn með styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Það er algerlega ótrúlegt að þetta skuli eiga sér stað á árinu 2007 eftir þá umræðu sem farið hefur fram undanfarin missiri og undanfarna áratugi um þörfina á bættum siðum í stjórnmálum á Íslandi og þörfina á gagnsærri og opinni stjórnsýslu.

Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur kosið að verja þessa gerð sína með kjafti og klóm frekar en að játa á sig skömmina og viðurkenna hreinskilnislega að gerð hafi verið mistök sem sjálfsagt sé að leiðrétta. En þetta er sem sé þannig að það fé sem Íslendingar, skattborgarar, sennilega 10, 20, 30 eða 40, voru krafðir um og létu af hendi af frjálsum vilja og með glöðu geði, vegna þess að þetta er einn þeirra skatta sem menn borga hvað örast, fór ekki í framkvæmdir fyrir aldraða, fór ekki í hjúkrunarheimili eða aðrar stofnanir fyrir aldraða. Þeir fóru heldur ekki í að reka stofnanir fyrir aldraða í nokkra daga. Þeir fóru ekki einu sinni í rannsóknir eða söng eða einhver önnur málefni, blaðaútgáfu, kvikmyndir eða hvað það hefur nú verið, sem einhvern veginn tengjast öldruðum eða tengjast að minnsta kosti heilbrigðismálum. Heldur fóru þeir í það, forseti, nefskattur þessara skattborgara rann til þess að borga kosningaáróður fyrir stjórnmálamanninn Siv Friðleifsdóttur, núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, og fyrir flokk hennar Framsóknarflokkinn.

Ég fagna því að þessar breytingar skuli hafa orðið á framkvæmdasjóðnum. Þær voru dagsettar þannig að styrkirnir eru enn veittir og reksturinn er enn borgaður úr sjóðnum og á að gera til næstu áramóta. Það sýnir fávisku mína að ég er ekki enn fullviss um hvort þessum styrkveitingum hefur í raun og veru verið rutt í burtu úr þessum sjóði. En þeir dugðu þó til þess að stjórnmálamanninum Siv Friðleifsdóttur, hæstv. heilbrigðisráðherra, og flokki hennar, Framsóknarflokknum, tókst að krækja sér þar í bita, sem er lýst með frægum orðum jafnaðarmanns sem nú er látinn: Ef löglegt, þá algerlega siðlaust.

[18:20]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni að nefskattur er ófélagslegur og ósanngjarn og ætti eiginlega ekki að vera við lýði. Hins vegar get ég ekki tekið undir með honum í deilu hans á hæstv. heilbrigðisráðherra þar sem um er að ræða upplýsingarit og ég held að kerfið sé það flókið að ekki veiti af að upplýsa fólk um það sem þar er að gerast.

Gjaldið sem við ræðum hér, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, er þess eðlis að ef menn hafa einni krónu meira í tekjur umfram eina milljón og 80 þúsund rúmar borga þeir 6.300 kr. Ef menn hafa einni krónu minna borga þeir ekki neitt. Þetta er afskaplega ósanngjarnt en það er enn þá ósanngjarnara þegar maður hefur í huga að gjaldið til RÚV hangir með á spýtunni. Ég benti á þetta í sambandi við umræðuna um RÚV að þar borga menn ekki 6 þús. kr. heldur um 19 þús. kr., ef ég man rétt. Ein króna getur því orðið dýrkeypt þegar svo er komið málum.

Ég hef margoft bent á að það væri miklu heilbrigðara og eðlilegra að tengja þessa tvo skatta við persónuafsláttinn sem er líka nefskattur, það er nefskattur sem hver Íslendingur fær og það væri mjög eðlilegt og mjög sanngjarnt að tengja þessa þrjá skatta saman, persónuafsláttinn, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og gjaldið til RÚV. Svo mætti skipta því með lögum á milli þessara aðila, það er enginn vandi.

Það sem ég ætlaði að tala um er fyrirvari. Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara og fyrirvari minn lýtur að því að fjármagnstekjur, sem mér finnst mjög eðlilegt að komi til skoðunar í þessu sambandi, eru metnar að fullu. Í öðrum dæmum, t.d. í skattlagningu á fjármagnstekjur þá er sá skattur 10% í staðinn fyrir 20% meðalskatt á atvinnutekjur sem var þegar fjármagnsskattur var settur á. Skattur á atvinnutekjur hefur reyndar hækkað ívið síðan, sennilega í 25% af meðaltekjum, þ.e. meðalskatturinn á tekjur fólks, vegna þess að tekjur hafa hækkað svo mikið að það eru fleiri sem borga hærri skatt. Þar var hugsunin sú að fjármagnstekjur ættu vegna eðlis síns að vera skattlagðar til helmings á við launatekjur og var bent á, man ég eftir, að t.d. þegar verðbólga er nokkur eins og núna, 7%, og ef fólk er með 5% fjármagnstekjur af innstæðum þá sé það í raun inni að tapa, þá er það að borga skatt af tapi. Sama á við um húsaleigu, þar er ekki tekið tillit til kostnaðar og skatta á

húsnæðið þannig að tekjur af húsnæði eru aldrei jafnháar og jafnmiklar og leigutekjurnar gefa tilefni til þó að þær séu skattlagðar að fullu eða 10%. Sama á við um arð og söluhagnað af hlutabréfum, því að þar er áhætta og mjög margir hafa tapað á hlutabréfamarkaði þó að það fari yfirleitt ekki hátt, menn guma ekki af því þótt þeir tapi á deCODE eða öðru eða á fyrirtækjum sem víða verða gjaldþrota, það kemur ríkinu ekkert við og menn geta t.d. ekki dregið það frá launatekjum sínum.

Af þessum ástæðum var ákveðið að líta á fjármagnstekjur sem hálfgildi við launatekjur. Það er ekki gert í frumvarpinu og það finnst mér ósanngjarnt. Ef við tökum dæmi af gömlum manni sem hefur vexti af sparisjóðsbók sinni, hann er búinn að spara dágott inn á hana og á engar aðrar eignir, hann getur hæglega farið upp fyrir milljón í vöxtum og þá á hann að borga þetta gjald þó að þeir vextir séu í reynd ekki raunvextir og alls ekki sambærilegt við annan sem hefði þetta sem tekjur, því að inneiginin hans rýrnaði vegna verðbólgu og það gerist alltaf, jafnvel þegar verðbólgan er mjög lítil. Ég vildi skoða það í nefndinni að taka bara helming af fjármagnstekjum inn í dæmið eins og er hjá Tryggingastofnun varðandi skerðingu á bótum. Þar eru atvinnutekjur teknar að fullu af þeim nema hjá öldruðum og öryrkjum þar sem aðeins 60% eru tekin af þeim en það er önnur saga, en fjármagnstekjur að hálfu með nákvæmlega sömu hugsun að baki. Mér finnst því dálítið stílbrot í þessu að taka fjármagnstekjurnar að fullu.

Herra forseti. Það hefur nokkuð verið rætt hér í gegnum tíðina um fólk sem borgar bara af fjármagnstekjum og hefur engar aðrar tekjur. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvaða fólk þetta er, hvaða hópar þetta eru. Ég hef ekki fengið svar við því almennilega. Hins vegar fékk ég svar við því um daginn þegar maður hafði samband við mig og kvartaði yfir því að móðir sín fengi engar bætur úr Tryggingastofnun, þær væru skertar að fullu. Ástæðan var sú að móðir hans hafði selt lítið einbýlishús sem hún átti á 40 milljónir sem hún fékk greiddar án þess að borga skatta, án þess að borga fjármagnstekjuskatt. Hún lagði þá peninga inn til ávöxtunar og fór á heimili fyrir aldraða. Hún fékk vegna mjög góðrar ávöxtunar, 20%, 8 milljónir í fjármagnstekjur af þessari upphæð. Þar með var hún komin upp fyrir mörkin hjá Tryggingastofnun, helmingurinn af þessum tekjum, 4 milljónir, var tekinn til frádráttar og hún fékk engar bætur úr Tryggingastofnun en var með 8 milljónir í fjármagnstekjur. Þar er komið dæmi um einstakling sem hefur bara fjármagnstekjur en engar tekjur, hún var ekki með nein réttindi í lífeyrissjóði, ég spurði ekki af hverju.

Það eru eflaust til önnur dæmi sem við þurfum að skoða og ég er alveg á því að þetta þurfi að skoða. Mér finnst ekki eðlilegt að þessar tekjur séu ekki skattaðar, a.m.k. eins og að menn vinni eitthvað. Þetta þarf að skoða en þegar um eldra fólk er að ræða gerum við náttúrlega ekki ráð fyrir að það sé að vinna heldur sé með bætur.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði að ég og hv. þm. Ásta Möller héldum því fram að kerfið væri harla gott. Það held ég ekki, ég held að enginn búist við því að búið sé að finna endanlega lausn á öllum vanda aldraðra eða öryrkja. Hins vegar hefur verið unnið mjög mikið að því á undanförnu kjörtímabili að laga stöðu aldraðra og það er það sem hv. þingmaður átti við og ég nefni alveg sérstaklega frumvarpið sem samþykkt var í desember þar sem skerðingar aldraðra voru minnkaðar stórlega ef þeir vinna eitthvað meðfram þar sem minnkuð voru áhrif tekna maka o.s.frv. Það hafði mjög mikil áhrif, enda kostaði það ríkissjóð marga milljarða eins og þar kom fram. Staðan er ekkert harla góð og það er ýmislegt sem enn má vinna til hagsbóta fyrir aldraða þó að staða þeirra sé mjög misjöfn eins og koma fram í því dæmi sem ég nefndi áðan.

[18:28]

**Útbýting:**

Störf á landsbyggðinni, 603. mál, svar samgrh., þskj. 1050.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–14. og 18.–26. mál.

Fundi slitið kl. 18:30.

---

# 86. FUNDUR

mánudaginn 12. mars,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 430. mál, þskj. 518, nál. 1028. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
3. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 573. mál, þskj. 851, nál. 1029. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
4. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 591, nál. 993, brtt. 994. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, stjfrv., 541. mál, þskj. 810, nál. 991, brtt. 992. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Málefni aldraðra, stjfrv., 559. mál, þskj. 834, nál. 1045. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Stjórnarskipunarlög, frv., 683. mál, þskj. 1064. — 1. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.

**Fjarvistarleyfi:**
Bjarni Benediktsson, 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

**Lagt fram á lestrarsal:**
Viðaukar og bókanir við fríverslunarsamning EFTA og Egyptalands frá utanríkisráðherra.
Ályktun búnaðarþings um þjóðlendumál.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[15:01]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**
Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá 1. þm. Norðvest., Sturlu Böðvarssyni, dagsett þann 9. mars sl.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindagerðum og get ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Guðjón Guðmundsson, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Guðjón Guðmundsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

## *Afturköllun þingmáls.*

[15:02]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**
Borist hefur svohljóðandi bréf frá hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde, dagsett í dag:

„Ég hef ákveðið að kalla aftur mál nr. 415, frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, er lagt var fram á yfirstandandi þingi, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis."

[15:02]

**Útbýting:**
Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 449. mál, nál. utanrmn., þskj. 1094.
Breyting á XIX. viðauka við EES-samninginn, 572. mál, nál. utanrmn., þskj. 1093.
Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 571. mál, nál. utanrmn., þskj. 1092.
Fjármálafyrirtæki o.fl., 690. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1088.
Hafnalög, 366. mál, brtt. GHall, þskj. 1102.
Kauphallir, 692. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1090.
Sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum, 211. mál, svar menntmrh., þskj. 1103.
Stjórn fiskveiða, 459. mál, nál. sjútvn., þskj. 1098; brtt. sjútvn., þskj. 1099.
Vegalög, 437. mál, nál. samgn., þskj. 1095; brtt. samgn., þskj. 1096.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Bókhald fyrirtækja í erlendri mynt.*

[15:05]

**Kristján L. Möller:**
Hæstv. forseti. Í lögum frá árinu 2006 hafa fyrirtæki haft heimild til að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli. Frá því að þetta var samþykkt hafa fjölmörg fyrirtæki nýtt sér þetta, þar á meðal einn banki, Straumur-Burðarás, sem sótti um 31. október 2006 og fékk leyfi 5. desember 2006 fyrir því að færa bókhald sitt í erlendri mynt. En þá brá svo við að maður úti í bæ sem er fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, núverandi seðlabankastjóri, rumskaði og kom í fréttir og sagði m.a. að það hefði aldrei verið ætlun löggjafans að þetta mundi gilda um banka og bankastarfsemi á Íslandi. Það er auðvitað ekki rétt vegna þess að það var aldrei talað um það og er hvergi hægt að finna það í neinum gögnum.

Davíð Oddsson kom svo fram 11. febrúar þegar það fréttist að Straumur-Burðarás hygðist jafnvel ganga enn lengra, skrá hlutafé sitt í evrum og andmælti túlkun seðlabankastjórans með hálfgerðum dulbúnum hótunum. Þá urðu skyndileg sinnaskipti hjá hæstv. ríkisstjórn, og þremur dögum seinna gaf fjármálaráðherra út reglugerð sem takmarkar þetta mjög og setur uppgjörið í töluvert mikið uppnám. Þess vegna langar mig í byrjun, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. forsætisráðherra út í þetta. Ég var í Þjóðleikhúsinu eins og hann þegar hann tók við skýrslu um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi þar sem m.a. var fjallað svo um markmið og verkefni, með leyfi forseta:

„Nefndin hafði það verkefni að skoða lög og reglur um fjármálastarfsemi, fjármagnsmarkað, skattheimtu og félagaumsvif út frá því sjónarmiði hvort gera þurfi umbætur á löggjöf til að ýta undir alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi ...".

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að þetta er frá nefnd sem fyrrverandi forsætisráðherra skipaði og ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort þessar tæknilegu hindranir sem ríkisstjórnin er að setja upp séu liður og markmið í því að koma hér á alþjóðlegri fjármálastarfsemi og hvernig þetta harmóneri saman við það verkefni.

[15:07]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**
Virðulegi forseti. Ég átti von á því að í þessum fyrirspurnatíma eins og tveimur hinum síðustu mundu þingmenn Samfylkingarinnar beina til mín spurningum um kjaramál kennara. Það vill nefnilega þannig til að nú hafa grunnskólakennarar og launanefnd sveitarfélaganna náð samkomulagi og ég átti von á því að þingmenn Samfylkingarinnar kæmu hér til að fagna slíku samkomulagi eins og þeir hafa mjög borið það mál fyrir brjósti.

Nei, Samfylkingin er sjálfri sér lík. Hún kemur ekki með slíka spurningu en ég vil nota tækifærið og lýsa ánægju minni með það samkomulag sem náðst hefur fyrir milligöngu ríkissáttasemjara um þetta atriði.

Hvað varðar spurningu hv. þingmanns er því til að svara

að sú reglugerð sem fjármálaráðherrann gaf út var auðvitað til fyllingar á lögunum og um þetta mál hafði ekki áður verið gefin út nein reglugerð. Ég er sá ráðherra sem flutti þetta frumvarp á sínum tíma, þekki sæmilega vel til þessara mála og þess vegna er mér kunnugt um það að sú reglugerð sem út var gefin er í fullu samræmi við þessi lög og ekkert upp á það að klaga. Það sem málið snýst um er að skilgreina svokallaðan starfrækslugjaldmiðil þeirra fyrirtækja sem hafa kosið að nýta sér þann möguleika í lögum að gera upp í erlendri mynt. Það eru sem betur fer mjög mörg fyrirtæki sem hafa séð sér hag í því, reyndar flest hver í bandaríkjadollurum en allnokkur í evrum.

Reglugerð fjármálaráðherra gengur ekki út á neitt annað en að kveða skýrt á um það að starfrækslugjaldmiðillinn svokallaði skuli vera sá gjaldmiðill sem stærstur er og raunverulega er sá gjaldmiðill sem viðkomandi fyrirtæki notar en að viðkomandi fyrirtæki geti ekki valið sér einhvern gjaldmiðil úr einhverjum gjaldmiðlavendi eftir hentugleikum. Um það snýst þetta mál. Það er ekkert við reglugerð fjármálaráðuneytisins að athuga. Spurning þingmannsins, (Forseti hringir.) virðulegi forseti, var út í hött.

[15:09]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Svar hæstv. forsætisráðherra var alveg út í hött. Ég fagna því að sjálfsögðu að nú skuli vera búið að semja við kennara og ætli það hafi ekki verið m.a. fyrir tilstilli þingmanna Samfylkingar hér á Alþingi þar sem þeir tóku upp þetta mál. Ekki má heldur gleyma framgöngu bæjarstjórans í Hafnarfirði, Lúðvíks Geirssonar, til að liðka fyrir málinu. Þá var ýtt við stjórnvöldum og málið klárað.

Virðulegi forseti. Það er búið að vera ánægjulegt að eiga orðastað við hæstv. forsætisráðherra um kennaramál. Ég fagna niðurstöðunni sem sagt.

Í þessari skýrslu sem ég vitna til er m.a. talað um helstu veikleika Íslands. Þar kemur fram takmarkað traust fjárfesta á gjaldmiðli landsins. Svo kemur undir liðnum „ógnanir": Efnahagslegur óstöðugleiki vegna sveiflna í gengi íslensku krónunnar. Það er það, virðulegi forseti, sem ég var að spyrja út í, gagnvart Straumi-Burðarási í þessu tilfelli, og vegna þess sem kom fram á aðalfundi, (Forseti hringir.) að það fyrirtæki hyggist flytja úr landi. Þess vegna spyr ég forsætisráðherra: (Forseti hringir.) Er ríkisstjórnin að setja upp hindranir og reka fjármálafyrirtæki úr landi, eins og Vinstri grænir vildu reyndar?

[15:10]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um það að Straumur-Burðarás eða önnur fjármálafyrirtæki hafi í hyggju að flytjast úr landi. Spurningin sem þingmaðurinn spurði í upphafi og var út í hött var um það hvort þessi reglugerð sem hann hefur gert að umtalsefni gengi þvert gegn tillögum nefndar um að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð. Ég tel þá spurningu út í hött. Það er alls ekki unnið gegn þeim áformum, heldur er þvert á móti á öðrum vettvangi á vegum ríkisstjórnarinnar verið að vinna að því að hrinda slíkum tillögum í framkvæmd.

[15:11]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Það er ákaflega furðulegt við öll svör hæstv. forsætisráðherra við þessari spurningu hvað hann tekur þetta óstinnt upp. Hann segir þetta allt saman út í hött.

Mér finnst reglugerðin og þær tæknilegu hindranir sem er verið að setja hér alveg út í hött. Og það virðist vera starfandi í landinu nokkurs konar yfirforsætisráðherra sem hefur komið fram og tjáð sig um þetta mál, vitnað í afgreiðslu frá Alþingi sem er ekki rétt, komið svo með dulbúnar hótanir og fjármálaráðuneytið og ríkisstjórnin verða við óbeinum fyrirmælum nokkrum dögum seinna. Og það hefur m.a. í för með sér að aðalfundi Straums-Burðaráss talaði forstjórinn um að ef þetta gengi eftir gæti fyrirtækið ekki annað en flutt starfsemi sína úr landi. Þess vegna er alveg út í hött hvernig hæstv. forsætisráðherra bregst við þessu, en það er greinilegt að það kemur við kaunin á honum.

Spurningin er sem sagt þessi: Eigum við Íslendingar að þurfa að búa við það að þegar Davíð Oddsson, hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, hnerrar sé það dæmi um að Sjálfstæðisflokkurinn sé kominn með kvef?

[15:12]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Frú forseti. Þetta mál kemur ekki sérstaklega við nein kaun hjá mér. Það er allt í góðu lagi með þessa reglugerð og hún mun ekki standa í vegi fyrir því að unnið verði að því að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð. Það er hins vegar athyglisvert með hvaða hætti Samfylkingin tekur hér upp málefni fjármálastofnana og ýmissa fjársterkra aðila í þjóðfélaginu. Það boðar gott upp á samstarfið í kaffibandalaginu í framtíðinni, er það ekki?

*Atvinnu- og byggðamál á Vestfjörðum.*

[15:13]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Á fundi á Ísafirði í gær var samþykkt svofelld ályktun, með leyfi forseta:

„Opinn borgarafundur, haldinn í Hömrum á Ísafirði sunnudaginn 11. mars 2007, skorar á fulltrúa Vestfirðinga á Alþingi og í sveitarstjórnum, hvar í flokki sem þeir standa, að taka höndum saman, leggja flokkspólitísk ágreiningsefni til hliðar og sameinast um þau brýnu úrlausnarefni sem við blasa í atvinnu- og byggðamálum hér á Vestfjörðum. Fundurinn krefst þess að stjórnvöld standi við margítrekuð loforð og stefnumótun um uppbyggingu Ísafjarðar sem eins af þremur byggðakjörnum utan höfuðborgarsvæðisins. Enn fremur að þessu svæði verði settar sanngjarnar leikreglur með ákvörðunum um nauðsynlegar framkvæmdir í samgöngumálum, tilfærslu opinberra starfa og eðlilegt aðgengi að fjármagni. Mikið vantar á að þetta landsvæði njóti jafnræðis á við aðra landshluta varðandi samgöngur, fjarskipti, flutningskostnað, menntunarkosti og almenn skilyrði í atvinnulífi. Beinir fundurinn því til frambjóðenda stjórnmálaflokkanna í Norðvesturkjördæmi að mæta til kosningabaráttunnar nú í vor með haldbærar tillögur um framtíð byggðar á Vestfjörðum. Við köllum eftir samstöðu þings og þjóð-

ar gagnvart þeim vanda sem Vestfirðingar standa nú frammi fyrir."

Því miður er þetta ekki fyrsti fundurinn sem haldinn er vegna þess að ástand á Vestfjörðum sé með þeim hætti að þar fækkar fólki og atvinna minnkar. Þess vegna vil ég minna á það að við stöndum núna frammi fyrir meira en 20% fólksfækkun á Vestfjörðum frá 1995. Ég legg þess vegna þá spurningu fyrir hæstv. forsætisráðherra hvort hann sé tilbúinn til að leggjast á árarnar með fólkinu á Vestfjörðum, með þingmönnum kjördæmisins, m.a. í sérstöku átaki til að efla atvinnulíf, menntun og samgöngur á Vestfjörðum. Að því viljum við gjarnan vinna og ég vildi gjarnan heyra álit forsætisráðherra á þessari ályktun og því hvernig þingmannahópnum yrði tekið ef hann næði saman um ákveðna tillögu til forsætisráðherrans.

[15:15]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég er með þessa ályktun hér í höndunum eins og hv. þingmaður og vil segja fyrir mitt leyti að mér finnst hún málefnaleg og innlegg í þann vanda sem við er að fást á Vestfjörðum. Hið beina tilefni ályktunarinnar og fundarins er væntanlega það að tiltekið einkafyrirtæki, Marel, hefur tilkynnt ráðstafanir til hins verra á sínum vegum fyrir vestan. Ber vissulega að harma það. Ég get fullvissað hv. þingmann og þingheim allan um að það er fullur vilji til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að fara yfir þessi mál með þeim hætti að árangri geti skilað fyrir Vestfirði og munum við ræða sérstaklega í ríkisstjórninni á morgun hvernig best verður að því staðið.

[15:16]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. forsætisráðherra lýsir því yfir að þetta vandamál verði sérstaklega tekið til umræðu í ríkisstjórninni. En ég spyr aftur og einnig hvort forsætisráðherra sé tilbúinn til þess að ræða við þann hluta af þingmannahópi Vestfjarða sem yrði kjörinn til þess að ræða við ríkisstjórnina um ákveðna stefnumótun og ákveðnar tillögur ef þingmannahópurinn næði saman um slíkt.

Ég geri mér vel grein fyrir því að í aðdraganda kosninga er þetta ekki auðvelt viðfangsefni fyrir okkur í stjórnmálaflokkunum, hvar í flokki sem við stöndum. Ég tel hins vegar að það sé tilraunarinnar virði að reyna að ná saman með ríkisstjórninni í aðgerðum vegna þess að á Vestfjörðum er ástandið ekki viðunandi, hefur reyndar lengi verið óviðunandi að mörgu leyti. Það er alveg nauðsynlegt að bregðast við því með markvissum og skipulögðum aðgerðum.

[15:17]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Ég vil aðeins bæta því við, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin er að sjálfsögðu tilbúin til samstarfs við þingmenn kjördæmisins um það sem mætti verða til lausnar í þessu máli. Ég bendi á að þrír þingmenn kjördæmisins sitja í ríkisstjórninni þannig að það eiga að vera hæg heimatökin. (Gripið fram í.)

Ég tel að það sem hv. þingmaður leggur inn í þessa umræðu sé jákvætt. Ég fagna því að þetta er ekki gert með stóryrðum eins og oft er. Við munum sannarlega fara vel og vandlega yfir það með hvaða hætti best verður að þessu staðið. Ég þakka hv. þingmanni fyrir það frumkvæði að taka þetta hér upp.

*Stuðningur við innrásina í Írak.*

[15:18]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Fyrir þinginu liggur tillaga til þingsályktunar frá formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar um að ríkisstjórninni verði falið að taka Ísland með formlegum hætti út af lista þeirra 30 þjóða sem studdu innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak vorið 2003. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefur ekki viljað verða við þessu og jafnvel fullyrt að þessi listi sé ekki til. Hæstv. iðnaðarráðherra og formaður Framsóknarflokksins sagði í umræðu á þinginu fyrir fáeinum dögum að listinn væri í reynd ekkert annað en fréttatilkynning úr Hvíta húsinu, einhliða tilbúinn af Bandaríkjastjórn. Varaformaður Framsóknarflokksins hefur af svipuðu tilefni lýst því yfir að Íslendingar hafi verið misnotaðir, óafvitandi, af Bandaríkjastjórn í þessu efni.

Hæstv. forseti. Nú er hægt að sýna fram á að þetta er ekki rétt. Fyrir því eru óyggjandi heimildir. Í DV í marsmánuði árið 2003 er allítarlegt viðtal við páverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson þar sem hann er spurður út í þessi efni. Hann segir að Bandaríkjastjórn hafi verið fullkunnugt um staðfastan stuðning íslensku ríkisstjórnarinnar við yfirvofandi hernað, við hernaðaráformin.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Þegar við fengum boð um að fá að vera í hópi hinna staðföstu bandalagsþjóða svikumst við að sjálfsögðu ekki undan merkjum."

Með öðrum orðum barst formleg beiðni og við henni var orðið. Það er óumflýjanlegt, hæstv. forseti, að þessar upplýsingar liggi fyrir í þinggögnum. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra hvort hann geti staðfest (Forseti hringir.) að hér sé rétt farið með af hálfu forvera hans í embætti forsætisráðherra Íslands.

[15:20]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Enn á ný taka stjórnarandstæðingar upp þetta sama mál. Það liggur fyrir að ákvörðun var tekin af til þess bærum aðilum árið 2003 um að Íslendingar heimiluðu hér yfirflug, heimiluðu lendingar og veittu 300 millj. kr. framlag, á fjáraukalögum að mig minnir, til uppbyggingar í Írak. (**Gripið fram í:** 90 milljónir ...) Allt hefur þetta legið fyrir um langa hríð og verið margrifjað upp. Þetta voru þær ákvarðanir sem teknar voru hér af hálfu íslenskra yfirvalda.

Um hvernig nákvæmlega var staðið að lista Bandaríkjastjórnar um hinar staðföstu þjóðir er mér ekki kunnugt. Satt að segja skiptir það harla litlu máli núna, árið 2007. Það liggur fyrir, eins og ég hef sagt hér í þessum ræðustól, að við létum það átölulaust af okkar hálfu að við værum í hópi þessara ríkja með Dönum og fjöldamörgum öðrum vina- og

bandalagsþjóðum okkar í Evrópu, eins og Bretum og Spánverjum, og mörgum þjóðum í Mið- og Austur-Evrópu. Þessar staðreyndir liggja fyrir, virðulegi forseti.

Hvað vakir fyrir þingmanninum með því að vera að rifja þetta upp núna verður hann sjálfur að segja frá.

[15:22]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Rétt skal vera rétt. Framsóknarflokkurinn er að sveipa þessi mál reyk, hann reynir að þvo hendur sínar í málinu. Við skulum ekki drepa umræðunni á dreif. Það sem fyrrverandi forsætisráðherra, forveri hæstv. ráðherra, segir í blaðaviðtali er að formlegt boð hafi borist íslenskum stjórnvöldum og að ákvörðun hafi verið tekin um að verða við því boði og fá að vera með á listanum yfir hinar staðföstu þjóðir.

Ef þetta er rétt falla dauð og ómerk orð fulltrúa Framsóknarflokksins um að flokkurinn hafi verið misnotaður og ekkert vitað hvað var í reynd að gerast. Hvort það skiptir máli að fara rétt með skal hæstv. ráðherra eiga við sjálfan sig.

*Áhrif hvalveiða á ímynd Íslands.*

[15:23]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Í fyrri viku voru sagðar af því fréttir að hæstv. utanríkisráðherra hefði verið á ársfundi Útflutningsráðs og sagt þar að hún teldi rétt að áður en ákvarðanir yrðu teknar um framhald hvalveiða frá Íslandi yrði gerð könnun á áhrifum hvalveiðanna á ímynd Íslands og íslenska viðskiptahagsmuni. Þetta þyrfti að gera mjög vandlega og hafa samráð við atvinnulífið, eins og ráðherrann sagði, um næstu skref í þessum efnum.

Ég fagna þessum ummælum hæstv. utanríkisráðherra og vil í framhaldi af þeim spyrja ráðherrann hvort hún telji með þessu að hvalveiðarnar hafi haft slæm áhrif á ímynd Íslands sem ferðamannalands og viðskiptalands og hvenær megi vænta þessarar könnunar af áhrifum hvalveiða á ímynd Íslands. Hefur ráðherra tekið ákvörðun um að þær fari fram á sínum vegum eða að utanríkisráðuneytið stjórni þeim? Hyggst hún hefja þær í tíma þannig að hægt sé að nota þær við þá ákvörðun sem þarf að taka áður en næsta veiðitímabil á hafinu gengur í garð?

[15:25]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Það er hárrétt eftir haft hjá hv. þingmanni, ég lét þessi orð falla á fundi hjá Útflutningsráði og hef reyndar gert það líka áður. Ég tel reyndar að miklu fleiri séu þeirrar skoðunar og almennt séu menn þeirrar skoðunar að áður en ný ákvörðun verði tekin í sambandi við hvalveiðar og sérstaklega þá veiðar á stórhveli þurfi að liggja fyrir svona u.þ.b. hvaða áhrif það hefði á ímynd þjóðarinnar og hvaða áhrif það hefði á atvinnulífið og viðskiptalífið að við höldum áfram hvalveiðum.

Það hafa borist fréttir af því, og eiginlega má segja óskir frá ákveðnum fyrirtækjum sem eru stór á markaðnum og telja, réttilega, að ímynd Íslands breytist í sambandi við starfsemi þeirra, sem er þá á alþjóðavísu, við það að við höfum hafið hvalveiðar. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það að gera könnun á áhrifunum er ekkert einfalt mál. Engu að síður eigum við einstaklinga sem eru sérstaklega menntaðir á því sviði að reyna að átta sig á hlutum sem þessum og ég tel alveg sjálfsagt að nýta sér þá krafta til þess að við förum ekki út í frekari veiðar — og þá er ég að tala um nýjar ákvarðanir, það er í sjálfu sér ekki búið að ljúka þeim veiðum sem samþykktar hafa verið — nema við vitum meira um áhrifin.

[15:27]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Ég fagna þessu svari eins langt og það náði. Ég saknaði þess þó að ráðherrann skyldi ekki tilkynna hvenær þessar rannsóknir hæfust á vegum utanríkisráðuneytisins. Ég skil það svo að hún hafi í þessu svari í raun og veru sagt frá því að utanríkisráðuneytið ætlaði að standa að þeim.

Ég fagna því líka sem áhugamaður um þessi mál að ráðherrann skuli óbeint hafa tekið undir þá gagnrýni mína á skýrslu frá samgönguráðherra um þetta efni, sem barst þinginu 17. mars 2005 en beðið var um af minni hálfu og átta annarra samfylkingarmanna 16. okt. 2003, að hún sé gagnslaust plagg. Það er greinilegt að þessi skýrsla hefur ekki nýst við þær athuganir sem utanríkisráðherra hefur reynt á þessum áhrifum. Ég hvet hana til að segja okkur frá því hvenær hún (Forseti hringir.) ætli að hefja þetta starf og með hvaða ráðum það verði gert.

[15:28]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Eins og þingheimi er kunnugt er ekki langt í næstu kosningar og ég tel að í rauninni verði það verkefni nýrrar ríkisstjórnar að velta þessum hlutum fyrir sér. Ég reikna að sjálfsögðu með að sitja í henni. (Gripið fram í.) Ég tel ekki að þessi vinna hefjist fyrir kosningar.

[15:28]

**Mörður Árnason:**

Ég verð að viðurkenna, forseti, að þetta veldur mér nokkrum vonbrigðum vegna þess að ég taldi liggja í svari ráðherrans áðan að hún ætlaði einmitt að hefjast handa fyrir kosningar. Það hefur auðvitað vakið athygli í þessu máli að sú ákvörðun sem tilkynnt var að ríkisstjórnin hefði á sínum tíma tekið virðist hafa verið ákvörðun eins manns, hæstv. sjávarútvegsráðherra Einars K. Guðfinnssonar.

Frá því að hún var tekin hafa þrír ráðherrar Framsóknarflokksins gert við hana sérstakar athugasemdir, fyrst hæstv. umhverfisráðherra sem lýsti fyrirvara sínum við ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar á sínum tíma, næst hæstv. landbúnaðarráðherra sem gerði alvarlegar athugasemdir við afleiðingar þessarar ákvörðunar hæstv. sjávarútvegsráðherra á markaði fyrir landbúnaðarvörur erlendis. Loks hefur Valgerður Sverrisdóttir í raun og veru lýst því yfir að þessar hvalveiðar hafi slæm áhrif á ímynd Íslands erlendis og þar með á athafnir atvinnulífsins ytra.

Ég spyr: Er ríkisstjórnin einhuga um þessa ákvörðun hæstv. sjávarútvegsráðherra?

[15:30]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Nú fór hv. þingmaður ekki alveg rétt með í lokaræðu sinni. Ég hef aldrei sagt að þessar hvalveiðar hafi haft slæm áhrif á ímynd Íslands. Ég hef hins vegar sagt að það þurfi að rannsaka það áður en frekari ákvarðanir verði teknar um frekari veiðar.

Hvað varðar það hver tekur ákvörðun sem þessa er það þannig að ríkisstjórn Íslands er ekki fjölskipað stjórnvald. Það er bara einn ráðherra sem fer með hvern málaflokk og í þessu tilfelli er það hæstv. sjávarútvegsráðherra sem fer með málaflokkinn og tekur þessa ákvörðun formlega. Að sjálfsögðu, eins og fram hefur komið, var ákvörðun sjávarútvegsráðherra rædd í ríkisstjórn — og það oftar en einu sinni.

### *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.*

Stjtill., 430. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 518, nál. 1028.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BHar, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.

13 þm. (ÁMM, ÁMöl, BjarnB, EMS, GHH, GuðjG, HBl, KolH, MS, MF, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1110).

### *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.*

Stjtill., 573. mál (endurtryggingar). — Þskj. 851, nál. 1029.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]

Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BHar, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, IHÓ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb.

16 þm. (ÁMM, ÁMöl, BjarnB, EMS, GuðjG, HBl, ISG, JóhS, KolH, LB, MS, MF, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1111).

### *Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 450. mál (EES-reglur). — Þskj. 591, nál. 993, brtt. 994.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 994,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 994,2 samþ. með 52 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 994,3 samþ. með 51 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
7.–9.gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 994,4 samþ. með 52 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
11.–13. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 994,5 (ný 14. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
15.–31. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

### *Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 541. mál (heildarlög). — Þskj. 810, nál. 991, brtt. 992.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:36]

**Dagný Jónsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við erum að greiða atkvæði um frumvarp sem treystir innviði vinnumarkaðarins. Við erum að tryggja að þau lágmarkskjör, tryggingar og aðbúnaður sem á íslenskum vinnumarkaði gilda nái yfir starfsmenn fyrirtækja sem hafa staðfest þau í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Eftir að takmarkanir um frjálsa för féllu niður þann 1. maí 2006 hefur dregið úr eftirspurn eftir starfsfólki þjónustufyrirtækja. Þar með talið starfsmannaleigna sem helst hafa tengst neikvæðri umræðu um slæma meðferð starfsmanna.

Fram hefur komið hjá gestum nefndarinnar að þessi þróun sé góð. Frumvarpið er framsækið og vel til þess fallið að

vernda réttindi starfsmanna þjónustufyrirtækja til jafns við launþega sem eru í beinu ráðningarsambandi við íslensk fyrirtæki.

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frumvarpi og vil í lokin þakka nefndarmönnum í hv. félagsmálanefnd fyrir afar gott samstarf í málinu.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 992,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
5.–7. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 992,2 samþ. með 49 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
9.–18. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 992,3 (ný 19. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 992,4 (ný grein, verður 20. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 992,5–6 samþ. með 50 shlj. atkv.
20.–21. gr. (verða 21.–22. gr.), svo breyttar, samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

## *Málefni aldraðra, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 559. mál (greiðslur fjármagnstekjuhafa í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 834, nál. 1045.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BHar, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMM, ÁMöl, BjarnB, BjörgvS, EMS, GuðjG, HBl, MS, MF, SigurjÞ, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:41]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þetta mál sprettur upp af athugun hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að nefskattar af þessu tagi, þessi hér og líka nefskatturinn sem á að renna til RÚV ohf., voru ekki ætlaðir þeim sem eingöngu hafa fjármagnstekjur.

Þetta var hárrétt athugasemd og brugðist út af fyrir sig snarplega við henni. Ég greiði frumvarpinu fúslega atkvæði mitt, þó í því trausti að Siv Friðleifsdóttir, hæstv. heilbrigðisráðherra, noti ekki þetta aukna fé til þess að efna í frekari kosningabaráttuplögg fyrir sjálfa sig. Ég segi já.

2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

## *Stjórnarskipunarlög, 1. umr.*

Frv. GHH (forsrh.) og JónS (iðn.- og viðskrh.), 683. mál (þjóðareign á náttúruauðlindum). — Þskj. 1064. [15:43]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem ég flyt sem þingmannafrumvarp, ásamt hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Lagt er til að við stjórnarskrána bætist ný grein sem verði 79. gr. og orðist svo, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign, þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila skv. 72. gr. Ber að nýta þær til hagsbóta þjóðinni, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Ekki skal þetta vera því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum.“

Áður en ég vík nánar að efni tillögunnar vil ég leyfa mér að gera nokkra grein fyrir aðdraganda þessa máls og nokkrum almennum atriðum í tengslum við breytingar á stjórnarskránni eins og þær hafa yfirleitt gengið fyrir sig á undanförnum árum.

Undanfarna áratugi hafa breytingar á stjórnarskránni yfirleitt gerst að undangengnu samráði og samstarfi allra þingflokka á Alþingi, ýmist í formlegum stjórnarskrárnefndum eða við óformlegri aðstæður, t.d. á vettvangi formanna þingflokka.

Þannig var um stjórnarskrárbreytingarnar 1991 þegar deildaskipting Alþingis var afnumin, 1995 þegar mannréttindakaflanum var breytt og 1999 þegar núverandi kjördæmaskipan var tekin upp en einnig þegar þingmönnum var fjölgað í 63 og kosningareglum breytt árið 1983.

Má segja að um þessar breytingar allar hafi verið góð samstaða milli þingflokka þótt hún hafi ekki verið alger því að einhverjir þingmenn greiddu atkvæði gegn umræddum breytingum. Segja má því að rík hefð sé fyrir góðri samstöðu um stjórnarskrárbreytingar hin síðari ár, og jafnvel á öllum lýðveldistímanum ef undan er skilin kjördæmabreytingin 1959 sem einn flokkur á Alþingi, Framsóknarflokkurinn, lagðist eindregið gegn.

Það var í þessum anda sem Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, fól nýrri stjórnarskrárnefnd í ársbyrjun 2005 að vinna að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar en í skipunarbréfi hennar var þó einkum vikið að endurskoðun ákvæða í I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar. Frá því í febrúar á þessu ári hefur hins vegar legið fyrir sú niðurstaða hjá stjórnarskrárnefndinni að aðeins yrði gerð ein tillaga til forsætisráðherra um stjórnarskrárbreytingu og lýtur hún að núgildandi 79. gr. um það hvernig staðið skuli að breytingum á stjórnarskránni. Sú tillaga barst mér með bréfi formanns nefndarinnar 5. febrúar sl. Er sú tillaga nú til athugunar hjá formönnum stjórnmálaflokkanna eftir nokkrar breytingar af minni hálfu. Náist um það samkomulag mun sú tillaga til breytingar á stjórnarskránni lögð fram í sérstöku frumvarpi til stjórnarskipunarlaga af formönnum allra flokka í samræmi við fyrri hefðir í þessum efnum.

Víkur þá sögunni að frumvarpi því sem nú er á dagskrá og við formaður Framsóknarflokksins flytjum. Vil ég fyrst

rifja upp að í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnarflokka frá 1995 er að finna svohljóðandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Stefnt er að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar og að stjórn fiskveiða og rétti til veiða skuli skipað með lögum."

Árið 2003 þegar gefin var út nýjasta stefnuyfirlýsing núverandi ríkisstjórnar sagði svo um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá."

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktaði síðan í október 2005 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Verði ákvæði um þjóðareign á auðlindum sett í stjórnarskrá skal gæta jafnræðis varðandi allar auðlindir í þjóðareigu. Jafnframt skal kveðið á um rétt þeirra sem auðlindirnar nýta."

Flokksstofnanir Framsóknarflokksins munu hafa ályktað í svipaða veru.

Þess má einnig geta að í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks 1991 sagði að stjórnskipuleg staða sameignarákvæða laga um stjórn fiskveiða yrði tryggð.

Þegar fyrir lá að ekki yrði niðurstaða að sinni um þetta atriði í starfi stjórnarskrárnefndar frekar en um önnur stærri atriði í stjórnarskránni sem þar eru til endurskoðunar gerðu margir, og þar á meðal ég, ráð fyrir því að málið mundi bíða frekara nefndarstarfs á nýju kjörtímabili þar sem leitað yrði breiðrar samstöðu í anda þeirra vinnubragða sem ég hef rakið fyrr í ræðu minni. Hefði það ekki síst verið mikilvægt í ljósi þess að málið varðar grundvallarspurningar um nýtingu auðlinda Íslands og eignarréttindi yfir þeim, bein og óbein, og fyrir liggur að uppi eru mjög skiptar skoðanir í þjóðfélaginu varðandi þessi atriði, og viðhorf fræðimanna misvísandi.

Fljótlega kom í ljós að ekki höfðu allir hugsað sér það sama í þessu efni hvað málsmeðferð varðar. Keyrði um þverbak þegar leiðtogar stjórnarandstöðuflokkanna efndu til blaðamannafundar í þinghúsinu fyrir viku síðan til þess gagngert að bjóða Framsóknarflokknum „upp í dans", virðulegi forseti, út af þessu máli og reyna þar með að reka fleyg milli flokka á Alþingi í máli sem yfirleitt hefur verið reynt að ná samstöðu um eins og dæmi þau sanna sem ég hef rakið.

Andspænis vinnubrögðum af þessu tagi áttu stjórnarflokkarnir aðeins eitt svar og það var að leggja fram sitt eigið frumvarp sem nú er komið hér á dagskrá.

Ég vil enn leyfa mér að treysta því að einhver hugur hafi fylgt máli hjá stjórnarandstöðunni þegar gengið var eftir því að frumvarp þetta kæmi fram og því jafnframt heitið að greiða götu slíks máls í þinginu. Vil ég því segja að þó svo að aðdragandinn sé óvenjulegur og tími skammur til þingloka er enn mögulegt að afgreiða þetta mál ef allir sýna þann vilja sinn í verki sem mest hafa um hann talað að undanförnu.

Vík ég nú, virðulegi forseti, að frumvarpi því sem til umræðu er. Efnisgrein frumvarpsins kveður á um að náttúruauðlindir Íslands skuli vera þjóðareign. Um er að ræða stefnuyfirlýsingu sem vísar til fullveldisréttar þjóðarinnar yfir náttúruauðlindum til lands og sjávar. Enn fremur vísar hugtakið til sameiginlegrar ábyrgðar þjóðarinnar allrar á náttúruauðlindum enda eiga Íslendingar allt undir því að skynsamlega sé farið með þessi sameiginlegu verðmæti.

Með náttúruauðlindum er fyrst og fremst vísað til auðlinda sjávar og hafsbotnsins, hálendisins, orku fallvatna, grunnvatns, jarðhita, málma og annarra hagnýtanlegra jarðefna. Eins og fram kemur í greinargerð er það eftirlátið löggjafanum að afmarka nánar hvað felst í hugtakinu náttúruauðlind.

Með þessari yfirlýsingu er ekki verið að slá eign ríkisins á allar náttúruauðlindir í landinu og til að fyrirbyggja túlkun í þá veru er sérstaklega tekið fram í 1. málsl. 1. gr. frumvarpsins að gætt skuli réttinda einstaklinga og lögaðila samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að eignarrétturinn sé friðhelgur. Þar getur verið um að ræða rétt eigenda fasteigna og lands til veiði, jarðhita, nýtingar vatns, virkjunarréttindi og fleira. Þar getur einnig verið um að ræða atvinnu- og afnotaréttindi sem njóta verndar sem óbein eignarréttindi. Má taka sem dæmi afréttarnot bænda og sveitarfélaga sem sérstaklega eru viðurkennd í 5. gr. þjóðlendulaga eða réttindi útgerðarmanna sem fyrst og fremst eru atvinnuréttindi en geta sem slík notið verndar sem óbein eignarréttindi.

Þá kemur fram í 1. gr. frumvarpsins að nýta beri náttúruauðlindir Íslands til hagsbóta þjóðinni. Eins og verið hefur ber að útfæra þetta nánar í löggjöf. Þarna er fyrst og fremst um stefnuyfirlýsingu að ræða sem þó getur haft þýðingu, m.a. að því leyti að þarna er kominn mælikvarði á það hvaða kröfur löggjöf um auðlindanýtingu þarf að uppfylla. Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma hvaða skipulag henti best til að nýta þessar auðlindir þjóðarinnar. Með slíku ákvæði er löggjafinn hins vegar bundinn við að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi við setningu slíkrar löggjafar en í þjóðarheill er þá einnig fólginn sá hlutlægi mælikvarði sem lagður er á þær kröfur sem löggjöf um auðlindanýtingu þarf að uppfylla.

Slík löggjöf þarf að tryggja að auðlindir nýtist til hagsbóta þjóðinni allri. Löggjöf sem t.d. mundi leiða til þess að allur arður af auðlind færi úr landi mundi því stangast á við þetta ákvæði. Augljóst er að ákvæðið getur t.d. haft mikla þýðingu gagnvart Evrópusambandinu ef Ísland sækti einhvern tímann í framtíðinni um aðild að því.

Loks segir í 1. gr. að ofangreint sé því ekki til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á náttúruauðlindum. Þar er vísað til auðlinda sem ekki eru í einkaeigu. Slíkar auðlindir eru því annaðhvort í ríkiseigu eða eigendalausar. Þarna er um að ræða t.d. fiskimiðin umhverfis landið, hafsbotninn sem lýstur hefur verið ríkiseign, sbr. lög nr. 73/1990, hálendið að því leyti sem um þjóðlendu er að ræða, vatnsafl og jarðvarma að því marki sem þær auðlindir eru ekki í einkaeigu.

Um þessar auðlindir sem ríkið hefur ráðstöfunarrétt yfir, annaðhvort sem beinn eigandi eða á grundvelli almennra valdheimilda, gildir samkvæmt frumvarpinu að heimila má afnot eða hagnýtingu þeirra. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að ráðstafa mætti þessum sameiginlegu auðlindum með varanlegum hætti til einkaaðila.

Skoða verður í hverju tilfelli hvað felst nánar í tiltekið í

slíkum afnota- eða hagnýtingarheimildum. Það hlýtur fyrst og fremst að vera mat löggjafans hverju sinni hvaða skilmálum hann bindur slíkar afnota- eða nýtingarheimildir. Fyrirvari af því tagi sem er að finna í 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, um að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki óafturkallanlegt forræði viðkomandi yfir þeim, er í góðu samræmi við þá stefnumörkun sem felst í þessu stjórnarskrárfrumvarpi. Mun samþykkt þess fyrirsjáanlega styrkja enn frekar fyrirvarann í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Hlýtur að koma til skoðunar í framhaldinu hvort setja eigi hliðstæða fyrirvara eftir því sem við á í lög um auðlindanýtingu á öðrum sviðum.

Ef við berum frumvarpið saman við tillögur auðlindanefndar frá árinu 2000 hefur að mati flytjenda þessa máls tekist vel að varðveita kjarnann í þeim tillögum. Ekki þótti hins vegar ástæða að okkar mati til þess að gera skilyrðislaust kröfu um að tekið skyldi gjald fyrir afnot af auðlindum þótt það verði að sjálfsögðu heimilt. Er það í samræmi við umræður sem átt höfðu sér stað innan stjórnarskrárnefndar, samanber áfangaskýrslu nefndarinnar sem ég hyggst leggja fram á sérstöku þingskjali innan tíðar. Verður það því áfram mat löggjafans hverju sinni að hvaða marki taka eigi gjald fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum.

Spyrja má hvaða áhrif þetta frumvarp hafi á fiskveiðistjórn í landinu. Því er til að svara að í fyrsta lagi er ekki ætlunin að hrófla við atvinnuréttindum útgerðarinnar sem að einhverju marki kunna að njóta óbeinnar eignarréttarverndar, samanber ummæli í greinargerð. Samþykkt frumvarpsins veldur því ekki neinni röskun á núverandi réttarstöðu. Það leiðir af jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, eignarréttar- og atvinnufrelsisákvæðum hennar og grunnreglum um meðalhóf að eftir sem áður verður ekki hægt að gera fyrirvaralausar og geðþóttakenndar breytingar á réttindum sem menn hafa notið í góðri trú um alllangt skeið.

Í öðru lagi er ætlunin að koma í veg fyrir að atvinnu- og afnotaréttur útgerðarinnar sem byggist á veiðiheimildum þróist með tímanum yfir í beinan eignarrétt. Sumir fræðimenn hafa haldið því fram að þrátt fyrir fyrirvara í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna festist eignarrétturinn í sessi eftir því sem tíminn líði og veiðiheimildir gangi kaupum og sölum. Þessu mun frumvarpið afstýra.

Því hefur verið haldið fram að ákvæðið sem við leggjum til sé merkingarlaust og hafi í besta falli litla þýðingu. Því er ég algerlega ósammála. Í þessu sambandi er ef til vill þýðingarmest að átta sig á því að meginmarkmið frumvarpsins er að árétta fullveldisrétt þeirrar þjóðar sem landið byggir yfir þeim sameiginlegu auðlindum sem velferð hennar verður reist á um langa framtíð. Tilgangur þess er að renna styrkari stoðum undir auðlindastýringu í núgildandi löggjöf og löggjöf sem sett verður um þetta efni í framtíðinni.

Hér er því ekki um nein niðurnjörvuð eignarréttindi að ræða, heldur miklu fremur pólitíska stefnuyfirlýsingu sem áréttar fullveldisrétt ríkis og þjóðar yfir þeim auðlindum á íslensku forráðasvæði sem ekki lúta eignarrétti annarra og að þær skuli nýttar með heildarhagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Í því felst að ríkisvaldið megi veita heimildir til afnota þeirra og nýtingar eins og verið hefur.

Virðulegi forseti. Undanfarna daga hefur verið gagnrýnt hversu hratt þessi tillaga var unnin. Ég hef sagt að vissulega megi til sanns vegar færa að æskilegt hefði verið að lengri tími hefði gefist til að ræða í þaula hvernig skynsamlegast væri að orða ákvæði af þessu tagi sem flestir eru sammála um að eigi erindi í stjórnarskrá. Á hitt ber að líta að umræður hafa staðið um auðlindamálin árum saman og tillaga auðlindanefndar um orðalag slíks ákvæðis hefur legið fyrir í sjö ár. Frumvarp okkar er reist á þeirri tillögu. Tekinn er kjarninn úr hverri hinna þriggja málsgreina sem auðlindanefndin lagði til. Býr þar að baki það viðhorf að ákvæði stjórnarskrár eigi að vera stutt og gagnorð og eftirláta eigi löggjafanum töluvert svigrúm til að útfæra þær grunnreglur sem þar er að finna.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til sérnefndar um stjórnarskrármálefni.

[15:59]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að bíða með að ræða ýmis atriði sem hæstv. forsætisráðherra lét sér um munn fara varðandi frumvarpið þangað til í ræðu minni síðar í dag. Mig langar að varpa nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra, í fyrsta lagi: Af hverju er þetta frumvarp þingmannafrumvarp en ekki ríkisstjórnarfrumvarp?

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hann: Hvenær hyggst hann leggja fram þá breytingartillögu sem varðar 79. gr. sem hann gerði hér að umræðuefni?

Í þriðja lagi, hæstv. ráðherra rifjaði það upp að stjórnarskrárbreyting af þessum toga þyrfti mikils undirbúnings við og mikillar umræðu. Hins vegar hefði ekki, eins og hann segir í ræðu sinni, náðst samstaða um það í stjórnarskrárnefndinni. Staðreyndin er að það var einungis einn flokkur sem lagðist gegn þessu ákvæði í stjórnarskrárnefndinni og það var Sjálfstæðisflokkurinn. Fyrst hæstv. ráðherra segir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi núna dregist á það að leggja fram frumvarp af þessu tagi, hvers vegna í ósköpunum féllst þá ekki Sjálfstæðisflokkurinn á að ráðist væri í vinnuna í tíma eins og ég og formaður Samfylkingarinnar á sínum tíma lögðum til þegar við áttum bæði sæti í nefndinni? Þá hefði verið hægt að undirbúa þetta og gera þetta almennilega þannig að bragð yrði að en yrði ekki mönnum til skammar. Hvers vegna lagðist Sjálfstæðisflokkurinn gegn því í stjórnarskrárnefndinni að nefndin sameinaðist um ákvæði af þessi tagi? Og ef hæstv. ráðherra hefur tíma mætti hann svara því hvort það hefði þá verið yfirlýsing og íhlutun stjórnarandstöðunnar í kjölfar stjórnarslitahótunar Framsóknarflokksins sem olli því ein að þessi skyndilega samstaða náðist meðal stjórnarflokkanna.

[16:01]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður veit hefur sú venja skapast að frumvörp til breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins séu flutt sem þingmannafrumvörp, gjarnan af formönnum þingflokka eða formönnum stjórnmálaflokka. Þeirri venju er haldið. Við formenn stjórnarflokkanna flytjum þetta mál sem þingmannafrumvarp en um það er að öðru leyti ekkert sérstakt að segja. Það hefur enga sérstaka þýðingu.

Varðandi frumvarp það sem hv. þingmaður nefndi sem varðar núverandi 79. gr. stjórnarskrárinnar þá lét ég þess getið að ég gerði ráð fyrir að það gæti komið fram sem þingmannafrumvarp frá formönnum allra flokka. Það var rætt á fundi formanna flokkanna á fimmtudaginn var. Þá var lögð fram ný útgáfa af því frumvarpi. Ég veit ekki betur en að formenn allra flokka séu með það til vinsamlegrar athugunar.

Hvað varðar starfið í stjórnarskrárnefnd hyggst ég ekki munnhöggvast við hv. þingmann út af því en auðvitað hefði Sjálfstæðisflokknum ekki verið neitt að vanbúnaði að fallast á tillögu í nefndinni eins og þá sem hér er lögð fram í frumvarpsformi, ef samkomulag hefði verið um það. Málið snerist um að ná einhvers konar samkomulagi um tillöguna en það kom ekki fram af hálfu hv. þingmanns hvaða afstöðu hann hefur til málsins. Styður hann tillöguna eða gerir hann það ekki?

[16:02]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Afstaða mín til þessa máls mun koma fram í ítarlegri umræðu af minni hálfu í dag. Fyrst varðandi þá staðreynd að hér er um þingmannafrumvarp að ræða en ekki ríkisstjórnarfrumvarp þá vil ég rifja upp að hæstv. þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson lagði fram frumvarp í ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks vorið 1995 um sameign á auðlindinni í sjónum. Það var ríkisstjórnarfrumvarp ef ég man rétt. Kann að vera að ekki hafi verið samstaða í ríkisstjórninni um þetta mál? Gæti verið að hæstv. heilbrigðisráðherra sem hótaði slitum á ríkisstjórn hafi ekki getað fellt sig við þetta? Gæti það verið ástæðan fyrir þessu?

Mig grunar það. Það er misklíð í ríkisstjórninni. Hæstv. heilbrigðisráðherra hótaði því að slíta henni og það kom fram í Morgunblaðinu að hún hefði verið beygð af þessum herramönnum sem hér sitja. Hæstv. forsætisráðherra þorir hins vegar ekki að upplýsa það hvers vegna fulltrúum Sjálfstæðisflokksins var bannað í stjórnarskrárnefnd að fylgja fordæmi hv. þm. Bjarna Benediktssonar sem samþykkti tillögu (Forseti hringir.) sem við hefðum öll getað fallist á. Var það kannski hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) sem bannaði þeim það?

[16:03]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Vangaveltur hv. þingmanns um tilurð þessa frumvarps eru fullkomlega tilhæfulausar. Það er eins og fyrri daginn. Það er gaman að velta sér upp úr formsatriðum þegar menn hafa ekkert efnislegt til málanna að leggja. Frumvarp þetta er þingmannafrumvarp. Við hefðum auðvitað getað flutt það sem ríkisstjórnarfrumvarp, fyrir því var engin fyrirstaða og þingflokkar stjórnarflokkanna beggja standa á bak við málið sem við formennirnir flytjum.

Það er ótrúlegt að byrja þessa umræðu á því að velta sér upp úr formsatriðum varðandi það hverjir flytja málið. Það er flutt sem þingmannafrumvarp í samræmi við gamla venju um það efni eins og ég rakti í framsögu minni.

[16:04]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt, þegar menn leggja fram frumvarp til breytinga á stjórnarskránni, að vandað sé til verka. Það er lykilatriði. Fara þarf mjög vandlega yfir þær tillögur sem koma fram og því er sá aðdragandi sem þetta mál hafði nokkuð sem menn staldra við.

Það er samt ekki það sem ég ætlaði að beina til hæstv. forsætisráðherra. Mér fannst ærlegt og heiðarlegt af honum að lýsa því yfir í framsöguræðu sinni að yfirlýsing í frumvarpinu, um að náttúruauðlindir Íslands skuli vera þjóðareign, hafi lítið sjálfstætt gildi heldur sé hún almenn stefnuyfirlýsing. Í því felst vitaskuld að efnisatriði ákvæðisins og kjarni er það sem kemur í framhaldinu. Ekki verður annað lesið út úr þessum orðum — það þýðir lítið að vísa til greinargerðar — en að heimilt sé að afhenda einstaklingum varanlega réttinn yfir náttúruauðlindum. Annað verður ekki lesið úr þessu, virðulegi forseti.

Sá sem hér stendur sat í auðlindanefndinni á sínum tíma og stóð að þeirri tillögu sem hún lagði til um stjórnarskrárbreytingu. Þá var lögð mikil áhersla á að hafa tillöguna nákvæma svo að vitað væri hvað við væri átt með stjórnarskrárákvæðinu en hér, virðulegi forseti, virðist mér allt skilið eftir opið. Það var ærlegt og heiðarlegt af hæstv. forsætisráðherra að lýsa því yfir í umræðunni að þessi stefnuyfirlýsing í fyrstu orðum frumvarpsins hafi litla efnismerkingu.

[16:06]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið hv. þingmann að lesa vel og vandlega greinargerð frumvarpsins og lesa síðan vel og vandlega framsöguræðu mína þegar hann hefur tíma til.

[16:06]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki var mikið kjöt á beinunum í þessu andsvari.

Það er athyglisvert í þessu samhengi að vísa til þess að einn helsti hugmyndafræðingur þessarar ríkisstjórnar, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, ritaði grein í Wall Street Journal fyrir tveimur eða þremur árum þar sem hann lýsti því yfir að ekki hefði tekist nægilega vel að tryggja séreignarrétt á náttúruauðlindum eins og Davíð Oddsson, þáverandi hæstv. forsætisráðherra, vildi ná fram. Því spyr ég hæstv. forsætisráðherra: Er sú tillaga sem hér liggur fyrir tilraun til að ná fram þeirri hugmyndafræði sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson, einn helsti hugmyndafræðingur ríkisstjórnarinnar, hefur haft um að tryggja séreignarrétt á náttúruauðlindum? Svo virðist vera, virðulegi forseti, eins og textinn liggur fyrir.

[16:08]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið við þessari spurningu er: Nei. Það kemur skýrt fram í greinargerðinni og kom skýrt fram í framsöguræðu minni. En hv. þingmaður getur ekki litið fram hjá því, eins og viðurkennt er í tillögugreininni, að mikið af náttúruauðlindum eru nú þegar í einkaeigu. Menn eiga ýmis réttindi í gegnum fasteignir sínar, jarðir eða lönd.

Þau verða ekki frá þeim tekin þótt ýmsir þingmenn kannski vilji það. (**LB:** Var einhver að tala um það?)

[16:09]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í upphafi umræðunnar tel ég að rétt að skerpa svolítið á henni. Í greinargerð með frumvarpinu er vikið að 72. gr. stjórnarskrárinnar í niðurlaginu, með leyfi forseta:

„Með ákvæðinu er til dæmis ekki haggað við eignar- og afnotaréttindum þeirra sem hagnýta jarðir og ýmis fasteignatengd réttindi eða stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda."

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvers vegna ekki sé sett inn í tillögur ríkisstjórnarinnar það skýra ákvæði að þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi. Það varð þó niðurstaða, ef ég man rétt, úr starfi auðlindanefndar á sínum tíma. Ég spyr einnig: Hvers vegna er ekki skilgreining í tillögunni á þeim eignum sem ekki falla undir slíkt ákvæði, þ.e. fasteignarréttindi manna eða vatn?

Tilefni þess að ég spyr, hæstv. forseti, er að mér sýnist að með þessari tillögu ríkisstjórnarinnar sé í raun verið að festa í sessi til framtíðar það sem menn kalla óbein eignarréttindi útgerðarmanna sem hafa haft völd til þess á undanförnum árum að selja og leigja aflaheimildir án þess að þurfa að taka tillit til byggða eða byggðaþróunar í landinu. Þess vegna nægir hæstv. forsætisráðherra ekki að vitna í sameignarákvæðið í lögunum um stjórn fiskveiða. Framkvæmdin hefur verið önnur.

[16:11]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Í tilefni af þessum fyrirspurnum hv. þingmanns vil ég leyfa mér að vitna í framsöguræðu mína frá því áðan. Þar segi ég, með leyfi forseta:

„Um þessar auðlindir sem ríkið hefur ráðstöfunarrétt yfir, annaðhvort sem beinn eigandi eða á grundvelli almennra valdheimilda, gildir samkvæmt frumvarpinu að heimila má afnot eða hagnýtingu þeirra. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að ráðstafa mætti þessum sameiginlegu auðlindum með varanlegum hætti til einkaaðila."

[16:11]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyrði þessi orð en ég heyrði einnig vangaveltur hæstv. forsætisráðherra um að margir lögspekingar teldu að hinn langi notkunarréttur útgerðarmanna á varanlegu framsali og leigu væri smátt og smátt að festa rétt þeirra til nýtingar í sessi, þ.e. eignarrétt eða óbeinan eignarrétt.

Ég held að úr því að það er meining forsætisráðherrans, sem hann ítrekaði hér úr ræðu sinni, að svo eigi ekki að vera í framtíðinni að íslenskir útgerðarmenn eigi fiskinn í sjónum, óveiddan, eigi að marka því skýran lagatexta í frumvarpinu sem hér er um að ræða.

Ég held að það hljóti að vera hlutverk nefndarinnar sem fær þetta mál til meðferðar, að lagfæra það.

[16:12]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur lagt fram sjónarmið sitt hvað þetta varðar. Ég vil leyfa mér að endurtaka það sem ég sagði áðan um þetta atriði, ef það skyldi hafa farið fram hjá einhverjum, með leyfi forseta:

„Sumir fræðimenn hafa haldið því fram að þrátt fyrir fyrirvara í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna festist eignarréttarinn í sessi eftir því sem tíminn líði og veiðiheimildir gangi kaupum og sölum. Þessu mun frumvarpið afstýra."

[16:13]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Í því frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem hér liggur fyrir og er flutt af formönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eru að mínu viti fjögur meginatriði. Í fyrsta lagi er það mikilvægt í sjálfu sér, og um það hefur verið víðtæk samstaða meðal þingmanna úr öllum flokkum, að binda í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á okkar helstu auðlindum. Þegar ég segi að þetta sé mikilvægt er það vegna þess að þjóðareign hefur ákveðna merkingu, skilgreinda merkingu, sem m.a. var gefið inntak í vinnu auðlindanefndar á árinu 2000. Það sem er kannski kjarninn í því ákvæði sem þar er að finna er tvennt, virðulegur forseti, annars vegar skýrt ákvæði um að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Í öðru lagi séu þetta eignir og landsréttindi sem ekki séu í einkaeigu fyrir. Þetta eru tvö meginatriðin í þjóðareignarhugtakinu eins og það kom fram hjá auðlindanefndinni. Þetta er það sem þingmenn úr öllum flokkum hafa fallist á, og féllust á í skýrslu og álitsgerð auðlindanefndar.

Í öðru lagi hljótum við að gagnrýna mjög harkalega hér í umræðum í dag hvernig þessi tillaga formanna stjórnarflokkanna er fram komin, hvernig hana bar að, þ.e. það var engin viðleitni af þeirra hálfu til að ná samstöðu þvert á stjórnmálaflokkana á þingi og að auki kemur tillagan inn í þingið á lokadögum þess þegar mjög lítið ráðrúm er til þess að fjalla um hana.

Ég skildi forsætisráðherra svo hér áðan, í framsöguræðu hans, að ástæðan fyrir því hvernig þessa tillögu bar að og hvernig hún kom hér inn hafi verið sú að þeir hafi verið komnir í svo þrönga stöðu, stjórnarflokkarnir, vegna þess hvernig stjórnarandstaðan tók á málinu, að stjórnarandstaðan hefði verið búin að hrekja þá þannig út í horn að þeir hefðu ekki átt neinn kost annan en að bræða sig saman með einhverja tillögu sem þeir geta síðan ekki komið sér saman um þegar upp er staðið hvað merkir, sú hafi verið ástæðan. Ef við hefðum ekki hrakið þá út í þetta horn hefði væntanlega engin tillaga komið fram, þá hefðu þeir væntanlega aldrei staðið við sinn stjórnarsáttmála.

Ég vil rifja upp fyrir hæstv. forsætisráðherra upphaf málsins, og ég vona að hann hjálpi mér við þá upprifjun. Ef ég man það rétt skeði það í tengslum við flokksþing Framsóknarflokksins að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður Framsóknarflokksins, sagði að ástæðan fyrir því að þessu máli var ekki lokið í stjórnarskrárnefnd hefði verið sú að þetta væri hluti af stjórnarsáttmálanum og þess vegna ættu þessir tveir herramenn að leysa það sín á milli en ekki

einhver stjórnarskrárnefnd, ekki einhverjir fulltrúar allra þingflokka. Það var skýringin hjá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formanni Framsóknarflokksins, að í rauninni væri þetta bara eitthvað sem þeir tveir ættu að koma sér saman um og öðrum kæmi ekki við. Það var þá sem stjórnarandstaðan ákvað að blanda sér í málið og segja: Auðvitað kemur okkur þetta við. Við erum þeirrar skoðunar að það eigi að binda þetta í stjórnarskrána, við viljum hafa áhrif á það hvernig þetta er orðað.

Þess vegna steig stjórnarandstaðan fram og hélt blaðamannafundinn og bauðst til að leggja ríkisstjórninni lið í þessu mikilvæga máli. En hún sló á þá útréttu hönd. Þessir tveir herramenn verða bara að eiga það við sig ef þetta er meingallað frumvarp og kemur hér fram á lokadögum þingsins. Það var af því að þeir vildu ekki nýta sér stjórnarskrárnefndina og ákváðu að hafa þetta bara sín á milli og helst ekki koma fram með það ef þeir hefðu komist upp með það.

Þetta er hvernig málið ber að, virðulegur forseti.

Í þriðja lagi vil ég nefna orðalag ákvæðisins eins og það er í frumvarpinu. Orðalag ákvæðisins skapar mikla réttaróvissu vegna mismunandi túlkunar á því. Það höfum við heyrt í umræðunni undanfarna daga, ýmist segja menn að þetta hafi enga þýðingu, þetta sé bara eins og eitthvert plat — ég hef heyrt það haft eftir ýmsum stjórnarþingmönnum að þetta sé merkingarleysa, það segja sumir, gott og vel. Aðrir segja: Þetta hefur umtalsverða þýðingu, það er verið að koma í veg fyrir að einkaeignarréttur myndist á sjávarauðlindinni. Það er merkingin í þessu, og ég heyrði að forsætisráðherra ýjaði að því í ræðu sinni áðan að þannig væri það. Það þýðir að mjög skiptar skoðanir eru uppi um hvað þetta þýðir. Þetta er í raun eins og óútfylltur tékki, víxill, sem dómstólunum verður síðan ætlað að túlka. Og þeir eiga tvo mismunandi valkosti í þeim efnum. Þannig að orðalag ákvæðisins skapar réttaróvissu og það er vont, virðulegur forseti.

Í fjórða lagi vil ég nefna, og það er mín skoðun og okkar í Samfylkingunni á þessu ákvæði eins og það birtist okkur og eftir að hafa þaullesið frumvarpið og borið undir ýmsa sérfræðinga í stjórnarskipunarlögum, að í raun sé verið að stjórnarskrárbinda réttinn til að úthluta þjóðareign án þeirra takmarkana sem eru núna í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Það er engin takmörkun í stjórnarskrárákvæðinu sjálfu eins og það kemur hérna fyrir, engin takmörkun á úthlutunarheimildum. Það segir okkur að það er komin rétthærri réttarheimild inn í stjórnarskrána sem er algjörlega án þeirra takmarkana sem núna eru í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Með þessu móti teljum við að verið sé að stjórnarskrárbinda réttinn til að úthluta þjóðareign án takmarkana.

Þetta er kannski það sem er varhugaverðast við þetta frumvarp eins og það liggur hér fyrir. Samantekið þarf í fyrsta lagi að setja inn ákvæði í stjórnarskrána um þjóðareign og það á að vera vel skilgreint þannig að enginn velkist í vafa um það hvað felst í hugtakinu þjóðareign. Í öðru lagi ber málið að með slæmum hætti, í þriðja lagi skapar það réttaróvissu og í fjórða lagi er verið að stjórnarskrárbinda réttinn til að úthluta þjóðareign.

Það mál sem hér er á ferðinni er stórt pólitískt mál. Þetta hefur verið deilumál hjá þjóðinni sem hefur deilt um aflamarkskerfið í sjávarútvegi allt frá árinu 1983. Eins og menn muna voru þau einungis sett til eins árs í senn fyrstu sjö árin eftir að þau voru sett. Það breyttist hins vegar 1990 og síðan þá hafa fallið dómar í Hæstarétti Íslands þar sem segja má að annars vegar jafnræðisregla stjórnarskrárinnar og hins vegar atvinnufrelsisákvæði hennar hafi brotið upp ákveðna lykilþætti kvótakerfisins. Það vekur sérstaka athygli að ekkert er gert með þessi tvö ákvæði stjórnarskrárinnar í því frumvarpi sem hér er um að ræða, atvinnufrelsisákvæðið eða jafnræðisregluna. Það er ekkert kveðið á um þau, bara einkaeignarréttinn.

Kvótakerfið var mjög umdeilt á sínum tíma. Það má segja að Framsóknarflokkurinn beri höfuðábyrgð á kvótakerfinu og Sjálfstæðisflokkurinn sé síðan fyrir sitt leyti andlegt heimili þeirrar hugmyndafræði sem keyrt hefur áfram auðsöfnun einstakra manna í kvótakerfinu á kostnað byggðanna í landinu í næstum aldarfjórðung. Í sjálfu sér er það ekki kvótakerfið sjálft sem er vandamálið heldur hvernig kvótanum var úthlutað á sínum tíma, í upphafi. Ég held að við getum öll verið sammála um að þó að farið sé að fenna í sporin hafi þjóðin samt aldrei sætt sig við að kvótanum væri úthlutað einhliða til útgerða en hvorki var sjómönnum, landverkafólki né byggðarlögum ætlaður nokkur réttur til kvóta né til auðlindarentu. Ég var einmitt á fundi á Ísafirði í gær þar sem staðan á Vestfjörðum var rædd og ég held að Ísfirðingar geti sagt hina dökku ófrelsissögu kvótakerfisins. Allt frá því að kerfið var tekið upp hefur sigið verulega á ógæfuhliðina á því svæði.

Fyrir síðustu kosningar komu auðlindamálin upp eins og endranær og þá kallaði þjóðin eftir því að staðið yrði við öll stóru orðin um rétt þjóðarinnar í þessu máli. Framsóknarflokkurinn sá sig þá tilneyddan og ég geri ráð fyrir því að hann hafi átt frumkvæðið að því að setja inn í stjórnarsáttmálann ákvæði um að binda þjóðareign í stjórnarskrána. Hann beitti sér hins vegar ekkert í málinu framan af kjörtímabili, ekki neitt. Síðan var skipuð stjórnarskrárnefnd í upphafi árs 2005 með miklum lúðrablæstri, mjög metnaðarfull vinna með heimasíðu, ráðstefnum og fundarhöldum, kallað eftir hugmyndum fólks. Svo þegar upp er staðið er það eina sem kemur út úr því ein tillaga um að breytingar á stjórnarskránni skuli bornar undir þjóðaratkvæði og hún hefur ekki enn ratað inn í þingið þrátt fyrir að sæmileg sátt hafi verið um hana í stjórnarskrárnefnd og hún hafi verið í líklega þrjár vikur núna á borði forsætisráðherra.

Framsóknarflokkurinn beitti sér ekkert í þessu máli með stjórnarskrárnefndina af því að hann leit svo á að þetta væri bara eitthvert mál sem þessir tveir herramenn ættu að leysa sín á milli. Eftir æpandi þögn Framsóknarflokksins um auðlindamál í stjórnarskrárnefnd varð svo skyndilega háreysti á dögunum í liðinni viku og í dag stendur Alþingi frammi fyrir verkefni sem á sér líklega ekki fordæmi í stjórnmálasögu landsins. Af hverju segi ég að þetta eigi sér ekki fordæmi í stjórnmálasögu landsins? Jú, vegna þess að ég held að það sé einsdæmi í stjórnmálasögunni að flokkar í ríkisstjórn leggi fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga með þessum hætti, með þeim aðdraganda sem er á þessu máli. Ég held líka að það brjóti gegn þeirri áratugalöngu föstu hefð sem hér hefur verið á því að leita sem víðtækasts samráðs um stjórnarskrárbreytingar. Það var ekki gert í þessu

máli. Og eina ferðina enn þegar ríkisstjórnin kemur fram með svona frumvörp vara allir lögfræðingar við því sem sett er inn í frumvarpstextann. Og núna vara þeir við af því að þetta skapar réttaróvissu.

Virðulegur forseti. Flutningsmönnunum, sem eru í senn formenn og ráðherrar, formönnum tveggja stjórnmálaflokka og ráðherrum í ríkisstjórninni, virðist vera alvara með því að henda frumvarpi eins og þessu inn í þingið þegar fimm dagar eru eftir, þrír og hálfur þingdagur í raun eftir af starfi Alþingis. Það hefði eitthvað verið sagt ef stjórnarandstaðan hefði staðið svona að verki.

Það sem er hins vegar verst í þessu er að það er verið að svara réttlætiskröfu frá fólkinu í landinu með blekkingu eins og þetta frumvarp lítur út. Formenn stjórnarflokkanna segja þetta sögulegar sættir og tímamót í 25 ára deilu en þeir eru í rauninni, virðulegur forseti, eins og svikalæknar sem eru að gefa lyfleysur í stað eðlilegra lyfja. (Gripið fram í.) Já, við getum kallað það þannig ef mönnum sýnist svo. (Gripið fram í.) Ég veit að ýmsir hv. stjórnarþingmenn hér í salnum mundu margir fremur vilja láta sig hverfa en að taka þátt í afgreiðslu þessa máls. Svo mikið veit ég, virðulegur forseti.

Þetta frumvarp er illa samið, það er óskýrt, þverstæðukennt og í vondu samræmi við íslenska lagahefð. Ég er sannfærð um að ef í þinginu væri starfandi laganefnd hefði þetta frumvarp ekki hlotið náð fyrir augum slíkrar laganefndar. Því miður er það ekki svo í þinginu, þetta er þingmannafrumvarp og ef hér hefði verið laganefnd hefði það að sjálfsögðu átt að fara fyrir slíka nefnd. Mér er stórlega til efs að það hefði komist í gegnum þá síu.

Ég sagði að þetta væri í vondu samræmi við íslenska lagahefð, óskýrt og þverstæðukennt frumvarp. Ég ætla aðeins að skýra það út.

Hugtakið þjóðareign sem auðlindanefnd sú sem lauk störfum árið 2000 lagði til sem sérstaka nýja tegund eignarréttar er hér tekið upp í orði kveðnu en án nokkurrar skilgreiningar í ákvæðinu sjálfu eða greinargerð. Hugtakið sjálft er ekki útskýrt. Allir lögfræðingar sem ég hef rætt við eru sammála um að þetta sé stór ávísun á réttaróvissu. Í stjórnarskrárákvæðinu, þessari grein þessa frumvarps, er hin óskilgreinda þjóðareign samstundis takmörkuð af 72. gr. stjórnarskrár sem verndar einkaeignarréttinn. Lögfræðingum sem ég hef borið þetta undir ber saman um að þetta skapi ákveðinn óskapnað í lögskýringu. Hver eru hin eiginlegu mörk þjóðareignar- og einkaeignarréttar? Vegur 72. gr. stjórnarskrár þyngra hér í skýringu en allar aðrar greinar stjórnarskrárinnar, þar með talin atvinnufrelsisákvæðið og jafnræðisákvæðið?

Í ákvæðinu eins og það kemur hérna fyrir eru allir lykilþættir þjóðareignarhugtaksins úr auðlindanefndinni frá 2000 felldir út. Ég hjó eftir því orðalagi hjá hæstv. forsætisráðherra að hann sagðist hafa tekið upp meginhugsunina í þremur málsgreinum tillögunnar eins og hún kom frá auðlindanefnd. Þetta fannst mér mjög merkileg útlistun hjá hæstv. forsætisráðherra, hann hefði tekið upp megininntakið í þremur málsgreinum tillögunnar eins og hún kom frá auðlindanefnd. Það er bara ekki nóg, virðulegur forseti, vegna þess að það sem er aðalatriðið í tillögu auðlindanefndar er sjálf skilgreiningin á þjóðareignarhugtakinu sem er ekki að finna í þessu frumvarpi eins og það liggur fyrir. Og hvað segir hér í tillögu auðlindanefndar sem þverpólitísk sátt var um? Þar er lagt til að tekið sé upp nýtt stjórnarskrárákvæði sem mundi hljóða svo, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.“

Svo segir, og þarna kemur kjarninn í þessu:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi,“ — þar kemur auðlindarentan — „að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.“

Þetta er kjarninn í hugtakinu þjóðareign, þetta er skilgreiningin sem ekki er að finna í frumvarpinu sem hér liggur fyrir, virðulegur forseti.

Ég segi því enn og aftur að með ákvæðinu eins og það er hér sé verið að stjórnarskrárbinda réttinn til að úthluta þjóðareign án þeirra takmarkana sem eru í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Og ég held að fyrirvarinn sem er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sé kominn í ákveðið uppnám eftir að þessi breyting hefur verið gerð á stjórnarskránni og það sé komin rétthærri réttarheimild inn í stjórnarskrána en er í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Þetta er kannski það alvarlega, eins og ég hef margsagt, í þessu máli.

Eins og í starfi stjórnarskrárnefndar lýsi ég því yfir fyrir hönd Samfylkingarinnar að við styðjum það fullkomlega að þjóðareignarhugtakið komi inn í stjórnarskrá og sé útfært með þeim hætti sem auðlindanefndin frá árinu 2000 skildi við það. Um það varð sátt og þetta er mjög svipað og var síðan líka góð sátt um í stjórnarskrárnefnd en sem náði síðan aldrei að verða að veruleika af einhverjum ástæðum sem ég ekki þekki. Fulltrúar allra flokka áttu aðild að auðlindanefndinni, nei, að vísu var Frjálslyndi flokkurinn ekki með í nefndinni, en það varð víðtæk samstaða og þar starfaði fólk af heilindum. Það var mikilvæg niðurstaða sem þar náðist og ég tel að við hefðum átt að byggja á þeirri vinnu og byggja á þeim tillögum sem lágu fyrir í stjórnarskrárnefnd. Þá hefði verið hægt að ná víðtækri sátt í þinginu um þetta mál.

En við eigum engan hlut að þessari gjörð eins og hún liggur hér fyrir. Hana mega þeir eiga sem til hennar hafa efnt en við munum að sjálfsögðu taka þátt í málefnalegri umræðu um þetta og vinnu í þeirri sérnefnd, stjórnarskrárnefnd hér í þinginu, sem mun fá málið til umfjöllunar.

[16:33]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka formanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrir mjög áheyrilega og góða ræðu. Ég get tekið undir flest í henni enda er flest þar í anda þess sem við í Frjálslynda flokknum höldum fram. Þó var eitt sem ég hnaut um, hvað varðar kvótakerfið, að það væri í sjálfu sér ekki vandamál. Ég tel einmitt að það sé vandamál og sérstaklega frjálsa

framsalið. Við sjáum afleiðingar þess m.a. á Ísafirði. Í gær var haldinn stór fundur vegna þess að Vestfirðingar hafa misst frá sér aflaheimildir og mér finnst einmitt kvótakerfið vera vandamál í sjálfu sér, þ.e. frjálsa framsalið, og að ekki sé hægt að líta fram hjá því.

Einnig verðum við að líta á það að upphafleg markmið þessa kerfis hafa mistekist, þ.e. að byggja upp fiskstofnana og ekki síður að tryggja byggð í landinu. Þetta kerfi er algerlega misheppnað í mínum huga, það er í raun ekki hægt að horfa fram hjá því í þessari umræðu.

[16:35]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði í ræðu minni að það hefðu verið deilur allt frá því að kvótakerfið var sett á en jafnframt hélt ég því fram að það væri kannski ekki kvótakerfið sjálft sem væri vandamálið, heldur hvernig kvótanum var úthlutað á sínum tíma og hvernig staðið var að málum þegar kvótakerfinu var komið á, og að þjóðin hefði aldrei getað sætt sig við það hvernig kvótanum var einhliða úthlutað til útgerðarfélaganna en ekki til byggðarlaga, ekki til sjómanna, ekki til landverkafólks sem fékk hvorki hlutdeild í sjálfum kvótanum né í auðlindarentunni. Þetta var inntakið í því sem ég sagði og ég benti einmitt á Vestfirði í þessu sambandi, að þeir gætu sagt skuggahliðina á þessu máli. Ég held að það sé ekki sjálft kvótakerfið, heldur útfærsla þess og hvernig staðið var að verki.

[16:36]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vakti athygli í síðustu viku þegar fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna þriggja lýstu því yfir að þeir væru tilbúnir til að greiða fyrir því á Alþingi að ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum yrði tekið upp í stjórnarskrá. (Gripið fram í.) Þá kom m.a. fram hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar að hægt væri að setja inn í stjórnarskrána ákvæði með því orðalagi sem notað væri í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem stæði: Ákvæði um auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Það verði sem sagt bundið í stjórnarskrá.

Fram kom hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar, sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var nú ekki hluti af, að mikilvægt væri að ljúka þessum breytingum og það væri hægt að gera með tiltölulega einföldum hætti ef vilji væri fyrir hendi, svo öllu sé til haga haldið.

Þessi vilji stjórnarandstöðunnar kom auðvitað fram á föstudaginn þegar stjórnarandstaðan lagðist gegn því að afbrigði yrðu veitt til að málið kæmist hér á dagskrá og lýsir það best ringulreið stjórnarandstöðunnar í málinu. Það er miður, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan skuli hafa valið þá leið að tefja með þeim hætti fyrir afgreiðslu málsins. Það sem ég vil hins vegar fá að vita er hvernig Samfylkingin og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ætla að haga málum sínum hvað þetta atriði snertir á þeim dögum sem eftir lifa þinghaldsins. Ætlar Samfylkingin að koma í veg fyrir afgreiðslu málsins á þessu þingi?

[16:38]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi varðandi þau orð þingmannsins að stjórnarandstaðan hefði verið tilbúin til þess að setja inn í stjórnarskrána ákvæði og taka orðalagið frá stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þá er auðvitað ekki hægt að taka það nákvæmlega eins og það stendur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna þess að það er einfaldlega ekki tækt með þeim hætti inn í stjórnarskrána. Það sem í því fólst, og það á þingmanninum að vera alveg ljóst, var að stjórnarandstaðan var tilbúin til þess að einskorða sig við að þetta næði til auðlinda sjávar eins og segir í stjórnarsáttmálanum. Auðlindanefndin gekk út frá því að þetta væru almennar náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki væru háð einkaeignarrétti, þetta væri víðtækara en svo að það næði til auðlinda sjávar.

Við vorum hins vegar tilbúin til málamiðlunar til að reyna að liðka fyrir þessu og ná um þetta sátt, að setja inn ákvæðið eins og það er takmarkað í stjórnarsáttmálanum um auðlindir sjávar, að við mundum einskorða okkur við það. Ástæðan er einfaldlega sú að það er mikilvægast á því stigi sem við erum núna. Það er sú auðlind sem er ekki undir neinum einkaeignarréttarákvæðum, hvorki lögaðila, einstaklinga né ríkis. Þess vegna er mikilvægt að taka á auðlindum sjávar og við vorum tilbúin til að takmarka okkur við það ef það hefði getað orðið til samkomulags.

Hvort við í Samfylkingunni ætlum síðan að standa í vegi fyrir því að þetta mál fari í gegnum þingið áskil ég mér bara allan rétt, ágæti þingmaður, til að hlusta á þau rök sem munu koma fram frá stjórnlagafræðingum okkar í þessari umræðu og meta stöðuna eftir að búið verður að fjalla um þetta í þingnefnd. Til þess hlýtur starf þingnefndarinnar að vera, að varpa frekara ljósi á málið.

[16:40]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hafi ég skilið hv. þingmann rétt vill Samfylkingin beina sjónum sínum að þessu leyti eingöngu að auðlindum sjávar en ekki að öðrum náttúruauðlindum. Þess vegna hlýt ég að spyrja hv. þingmann hvort það sé til einföldunar og geti orðið til þess að hv. þingmenn Samfylkingarinnar styðji frumvarpið ef eingöngu yrði tekið á auðlindum sjávar sem við erum bæði sammála um að séu ekki háð einkaeignarrétti nokkurs aðila.

Þess vegna óska ég eftir því að hv. þingmaður upplýsi þingheim um það hvort það megi verða til þess að Samfylkingin gangi í lið með stjórnarflokkunum og styðji þá viðleitni Framsóknarflokksins sem stjórnarandstaðan var tilbúin til að gera í síðustu viku, ef eingöngu verður fjallað um auðlindir sjávar í stjórnarskránni.

[16:42]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að í fyrsta lagi eigum við ekki að fara að semja hér um stjórnarskrána í pontu, í ræðum og andsvörum, það sé kannski betra að gera það einhvern veginn öðruvísi, við ættum að sýna stjórnarskránni þá virðingu að hún sé ekki í einhverju uppboðsferli í þingsalnum. (Gripið fram í.) Ég sagði mjög skýrt, virðuleg-

ur forseti, og eitthvað hefur þingmaðurinn misskilið ef hann telur að Samfylkingin vilji eingöngu beina sjónum sínum að auðlindum sjávar. Það voru alls ekki mín orð. Ég sagði að við hefðum verið til samkomulags um það, ef það hefði mátt liðka fyrir málinu, að láta þetta einvörðungu ná til auðlinda sjávar. Við viljum hins vegar hafa þetta ákvæði víðtækara. Við viljum hafa það með þeim hætti sem gengið var frá því í auðlindanefndinni. Hitt bauð ég fram og sagði að það hefði verið hugmynd stjórnarandstöðunnar að reyna að ná sáttum og málamiðlun með þessum hætti.

[16:43]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem eyddi töluverðum tíma í að reyna að útskýra eða skilgreina merkingu hugtaksins þjóðareign, gerði það á þann hátt að um einhvers konar sölubann væri að ræða. Ég hef reyndar aldrei heyrt þá skilgreiningu áður á því hugtaki og geri ekki ráð fyrir að neinir fræðimenn á sviði lögfræði sem bera einhverja virðingu fyrir sjálfum sér eða greininni taki undir þá skilgreiningu. En gott og vel, hún er a.m.k. komin fram, og ef við gefum okkur að í þjóðareignarhugtakinu sé einhver merking langar mig til að spyrja hv. þingmann, vegna þess að ég heyrði að gríðarlegur áhugi var á því hjá þingmanninum að inn í stjórnarskrána yrði tekið einhvers konar ákvæði sem fjallaði um þjóðareign: Hverju vilja hv. þingmaður og Samfylkingin ná fram með því að setja í stjórnarskrá slíkt ákvæði? Hver er tilgangurinn með því að setja slíkt ákvæði í stjórnarskrána, að mati formanns Samfylkingarinnar? Ef við beinum sjónum okkar að fiskveiðistjórnarkerfinu, mundi Samfylkingin vilja styðja slíkt ákvæði til að breyta núverandi stjórnkerfi fiskveiða? Væri það t.d. til þess að nota slíkt ákvæði í baráttunni fyrir því að svokölluð fyrningarleið í sjávarútvegi yrði tekin upp á Íslandi sem mælir fyrir um það að aflaheimildir séu gerðar upptækar bótalaust? Væri það einn tilgangurinn með því að setja slíkt ákvæði í stjórnarskrá, eða hvað vakir fyrir Samfylkingunni og hv. formanni flokksins þegar hún mælir fyrir um að hún sé áhugasöm (Forseti hringir.) um að taka slíkt ákvæði um þjóðareign inn í stjórnarskrána?

[16:45]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé mikilvægt að á öllum okkar auðlindum, hvaða nafni sem þær nefnast, sé eignarhaldið skilgreint. Ég held að það sé mikilvægt, virðulegur forseti og hv. þingmaður, að eignarhaldið sé skilgreint. Annaðhvort verða auðlindir að vera í einkaeigu, eigu einstaklinga eða lögaðila eins og gildir um ýmsar náttúruauðlindir, eða að þær verða að vera í ríkiseigu, eins og gildir t.d. um þjóðlendurnar. Þær eru í ríkiseigu. Eina auðlindin sem hefur hingað til ekki verið undirorpin eignarréttarákvæðum er sjávarauðlindin. Hún hefur ekki verið það heldur verið skilgreind sem þjóðareign í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og það ríkir ákveðin óvissa um hvað í því felst. Þess vegna er mikilvægt að þetta sé skilgreint.

Munurinn á þjóðareign og venjulegri ríkiseign er sá að þjóðareignina má ekki láta varanlega af hendi. Það er hægt að gera breytingar sem leiða auðvitað af almannahagsmunum á því hvernig með þjóðareignina er farið.

Þetta er mikilvægt, virðulegur forseti, að komi í lög. Allar eigur eiga með einhverjum hætti að vera með skilgreint eignarhald. Það var hugmynd auðlindanefndar að þetta gæti náð til þjóðlendna, náð til náttúruauðlinda í þjóðlendum með nákvæmlega sama hætti. Þá væri t.d. ekki hægt, innan þjóðlendna, að láta með varanlegum hætti af hendi jarðhita eða vatnsréttindi innan þjóðlendna heldur væri hægt að úthluta nýtingarréttinum til tiltekins afmarkaðs tíma og taka gjald fyrir. (Forseti hringir.) Þetta er grundvallaratriði, virðulegur forseti.

[16:47]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er í sjálfu sér sammála hv. þingmanni um að mikilvægt sé að skilgreina eignarhald á auðlindum í lögum. Það er ótækt að óvissa sé um hver eigi hvað og hver eigi ekki. Ég hlýt þó að gera þá kröfu til hv. þingmanns að hún skýri það út, fyrst hún er svo áhugasöm um að ákvæðið um þjóðareign sé tekið upp í stjórnarskrána, hver tilgangurinn með slíkri lögfestingu ætti að vera, t.d. í sjávarútvegi sem er nærtækt dæmi og sú atvinnugrein sem helst er rætt um í þessu sambandi.

Hver skyldi vera tilgangurinn með því að setja slíkt ákvæði í stjórnarskrána að mati hv. þingmanns og Samfylkingarinnar? Er hann hugsanlega sá að rústa núverandi fyrirkomulag (Forseti hringir.) stjórnkerfis fiskveiða eða er einhver annar tilgangur?

[16:48]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ábyrgur stjórnmálaflokkur eins og Samfylkingin rústar auðvitað aldrei atvinnugrein eða fyrirkomulag sem viðgengst í einni atvinnugrein. Það á auðvitað þingmaðurinn að vita. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þingmaðurinn er áhugamaður um að útgerðarmenn eigi kvótann. Hann er áhugamaður um að þetta sé einkaeignarréttur þeirra. Þar erum við einmitt á öndverðum meiði, ég og hv. þingmaður. Ég vil koma í veg fyrir það að þeir geti slegið eign sinni á kvótann og tel því mikilvægt að fá þetta ákvæði inn. (**SKK:** ... skoðanir sjálfur.) Við eigum ekki að afhenda kvóta varanlega eða án gjalds.

Ég hygg að hv. þingmaður vilji að hægt verði að afhenda sjávarauðlindirnar varanlega til útgerðarmanna án þess að gjald komi fyrir. Það er það sem hann vill tryggja að geti gerst. Þar erum við á öndverðum meiði, virðulegur forseti. Ef þetta er skoðun þingmannsins, sem ég held að ég fari nokkuð rétt með, þá hlýt ég líka að spyrja: (Forseti hringir.) Hvað eruð þið, ágætu stjórnarþingmenn, að meina með ákvæðinu eins og það ratar núna inn í stjórnarskrána? Hvert eruð þið að fara? Hverju viljið þið ná fram með þessu?

[16:50]

**Útbýting:**

Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, 617. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1107.

Framganga lögreglu gagnvart mótmælendum við Kára-

hnjúka, 695. mál, þáltill. KolH og SJS, þskj. 1108.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 669. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1104.

Heyrnar- og talmeinastöð, 274. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1109.

Neytendavernd, 616. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1106.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 693. mál, frv. umhvn., þskj. 1097.

Úrvinnslugjald, 694. mál, frv. umhvn., þskj. 1105.

Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., 644. mál, nál. sjútvn., þskj. 1100; brtt. sjútvn., þskj. 1101.

[16:51]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Það er óhjákvæmilegt að ræða fyrst lítillega aðstæður eða bakgrunn þessa máls, ekki síst vegna framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra. Ég verð að segja hvað varðar þann inngang að ræðu hans held ég að hann sé einhver sá vandræðalegasti sem seinni tíma þingsagan geymi, þegar hæstv. forsætisráðherra var að reyna að útskýra hvers vegna það væri réttlætanlegt og hvernig það hefði gerst að hæstv. ráðherra ásamt með formanni hins stjórnarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefði soðið saman þetta frumvarp og hent því hér inn í þingið eins á sig komnu og raun ber vitni.

Það var ágætt að fá þann inngang sem rakti það að þetta er einsdæmi í sögu lýðveldisins. Það er einsdæmi í sögu lýðveldisins að menn hyggist standa að stjórnarskrárbreytingum með þessum hætti, að formenn tveggja tiltekinna flokka taki sig saman og komi með svona snöggsoðið mál inn á þing á lokadögum og ætli því afgreiðslu. Ég verð að gera alvarlegar athugasemdir við þær söguskýringar hæstv. forsætisráðherra, sem voru einnig mjög vandræðalegar, að þetta hafi verið framkallað af þeirri gjörð stjórnarandstöðunnar að bjóða ríkisstjórninni upp á samstarf um að koma sameignarákvæðum á auðlindum inn í stjórnarskrá. Hæstv. forsætisráðherra orðaði það þannig að það hefði keyrt um þverbak þegar stjórnarandstaðan hélt blaðamannafund og bauð ríkisstjórninni samstarf um þetta mál. (**Forsrh.:** Framsóknarflokknum.) Nei. (**Forsrh.:** Sagði ég.) Já, og það er rangt. Það verður að gera þær kröfur til hæstv. forsætisráðherra að hann fari rétt með skjalfesta hluti. Ég er hér með yfirlýsingu stjórnarandstöðunnar í höndunum sem boðsend var til hæstvirtra ráðherra og kynnt fjölmiðlum þennan dag. Henni lýkur á orðunum, með leyfi forseta:

„Þingflokkar stjórnarandstöðunnar lýsa sig reiðubúna til samstarfs við ríkisstjórnina um framgang málsins á þeim grundvelli.“

Hvergi er Framsóknarflokkurinn þarna nefndur á nafn. (**Forsrh.:** Hverjum var boðið upp í dans?) Hin opinberlega yfirlýsing þarna er (**Landbrh.:** Hvað með dansinn?) sú ...

Virðulegi forseti. Nú hef ég tæpar 20 mínútur til ráðstöfunar og ég legg til að hæstv. ráðherrar hemji sig og hlusti á það sem ég hef hér að segja, komi svo í andsvör við mig og taki aftur til máls eftir þörfum. Þetta er greinilega mjög viðkvæmt en ég held að það væri skilvirkari stjórn á vinnubrögðum (Gripið fram í.) hér í þinginu.

Það er ósköp einfaldlega þannig, frú forseti, að það er átakanlegt að heyra hæstv. forsætisráðherra lýðveldisins reyna að leita skjóls og afsaka vinnubrögð sín í þessu máli, sem eru forkastanleg, með því að stjórnarandstaðan hafi, að undangengnum yfirlýsingum forustumanna Framsóknarflokksins úr þessum ræðustóli og að loknu flokksþingi Framsóknarflokksins þar sem hótað var stjórnarslitum, lýst sig reiðubúna til að afgreiða þetta mál á þeim forsendum sem yfirlýsing okkar ber vitni um. Ábyrgðin hverfur þar með ekki af herðum forsætisráðherra, Geirs H. Haardes, hvað það varðar að sjóða saman á 1–2 sólarhringum í hrossakaupum milli stjórnarflokkanna frumvarp til laga að breytingum á stjórnarskipunarlögum um mjög vandasamt og flókið mál og henda því inn í þingið án nokkurrar viðleitni til samstarfs við aðra aðila. Lykilorð í yfirlýsingu stjórnarandstöðunnar eru tvö, samstarf og ríkisstjórnin. Við buðum ríkisstjórninni til samstarfs á þessum grunni, ríkisstjórninni, við buðum upp á samstarf. Það fylgdi með að við biðum í framhaldinu viðbragða frá ríkisstjórn. Þetta lá alveg skýrt fyrir.

Það er orðin meiri viðkvæmnin ef ríkisstjórnin hrekkur svona óskaplega við, hún hefur kannski verið orðin tæpari en maður átti von á.

Varðandi þetta þarf í rauninni ekki að hafa um það frekari orð. Ég verð þó að segja, virðulegi forseti, að ég er undrandi á því að hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, sem hefur opinberlega trekk í trekk, svo að ég fari ekki að vitna í viðræður okkar formanna stjórnmálaflokkanna á fimm manna fundum, lýst því að það væri auðvitað mjög erfitt að ætla að standa svo bratt að stjórnarskrárbreytingum eins og t.d. afgreiðsla á sameiginlegri niðurstöðu stjórnarskrárnefndar væri hér á nokkrum dögum fyrir þinglok. Er það ekki rétt eftir haft (Gripið fram í.) að hæstv. forsætisráðherra hafi sagt það um niðurstöðu sem búið var að þaullesa og ræða og bræða saman og skoða með aðstoð sérfræðinga vikum saman? Hvað má þá segja um þetta?

Frú forseti. Ég hef aldrei séð aumari greinargerð fyrir stjórnarskipunarlagafrumvarpi nokkurn tímann. Hafa þó kannski einstöku þingmenn sem hafa flutt slíkt sem æfingu leyft sér að fara frekar einfaldlega yfir lögskýringarnar, en ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Er hann stoltur af lögskýringunum sem hér er að finna í greinargerð með þessu frumvarpi, ef svo skyldi kalla? Hvar eru nú ábyrgu orðin og yfirlýsingarnar um að menn verði að vanda mjög til verka? Hvernig líður íhaldsmönnunum sem voru fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnskipunarnefnd, handhafar og málsvarar hinnar þjóðlegu íhaldssemi sem vildu geirnegla svoleiðis allar aðferðir við að breyta stjórnarskránni, þær þyrftu að vera svo vandaðar og það þyrftu að vera í þessu svo sterkar bremsur til að ekkert væri gert í fljótræði? (**Gripið fram í:** ... formaðurinn ...) Hvernig líður hv. þm. Birgi Ármannssyni með þessi vinnubrögð? Vill kannski hv. þingmaður aðeins koma hérna á eftir og útlista það fyrir okkur?

Staðreyndin er sú að efnisákvæði þessa frumvarps eru ákaflega mótsagnakennd. Það má þegar af þeirri einu ástæðu spyrja hvort málið sé tækt til afgreiðslu svona. Það er í raun og veru innbyggð mótsögn í þessa einu málsgrein sem þarna er á ferðinni. Hvort eru menn að gera, festa í sessi raunverulega þjóðareign, sameign, á náttúruauðlindunum eða vernda hin einstaklingsbundnu réttindi, bein og

óbein? Hvort eru menn að gera? Eða halda menn að það sé hægt að gera hvort tveggja í sömu málsgreininni, svo að segja næstum í sömu setningunni? Að segja eitthvað í fyrri hluta setningar en draga svo aðeins til baka í seinni hlutanum, er það þannig lögfræði sem menn vilja ástunda? Er það þannig ákvæði sem menn vilja hafa í stjórnarskrá?

Ég verð líka að segja, frú forseti, að ég spyr mig: Er mönnum alvara? Er formönnum stjórnarflokkanna alvara í því að þetta sé afgreiðslutækt mál og það jafnvel á 2–3 sólarhringum? Ég hef engin áform heyrt um að breyta starfsáætlun Alþingis en menn tala hér eins og það eigi að ljúka þingi á fimmtudag eða föstudag. Er þetta í alvöru? Er hinn ábyrgi hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, í alvöru að ætlast til þess að þetta verði afgreitt á þessum grunni?

Til að hafa það á hreinu, frú forseti, er Vinstri hreyfingin – grænt framboð að sjálfsögðu mjög áfram um það að sameignarákvæði á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar komi inn í stjórnarskrár. Keppikefli okkar hefur verið að slík ákvæði væru samtengd við umhverfisákvæði og þannig voru hlutirnir unnir í stjórnarskrárnefnd, að inn í stjórnarskrá kæmu samtengd auðlinda- og umhverfisákvæði. Það væri að mínu mati efnislega besta niðurstaðan og að því höfum við keppt.

Mér er málið kannski dálítið skylt vegna þess að ég hygg að ég sé, ásamt með tveimur þáverandi félögum í þingflokki, upphafsmaður að því að koma á dagskrá þingsins, í tengslum við fiskveiðistjórnarlögin, hugsuninni um sameign þjóðarinnar á auðlindum sjávar. Þannig var að veturinn 1983–1984, þegar kvótalögin voru sett, flutti ég ásamt með hv. þingmönnum Geir Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni í fyrsta sinn hér á þingi breytingartillögu sem fól það í sér, með leyfi forseta, eins og segir á þskj. 242:

„1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga.“

Þetta var að vísu kolfellt og það liðu allmörg ár þangað til þetta kom inn í lög, líklega 1987, og var síðan styrkt í sessi með viðbótarsetningu sem var samin í ríkisstjórn sem ég var þátttakandi í, 1990, að úthlutun réttinda á þessum grunni myndaði ekki óafturkræft eða varanlegt forræði. Ég hef ekki breytt um skoðun í þeim efnum. Ég er jafnáfram um það nú og ég var fyrir rúmum 23 árum að það sé alveg tryggt að þjóðin eigi saman þessa auðlind og aðrar sem ekki eru þegar komnar í einstaklingsbundna einkaeigu.

Nú er það svo að tiltekin sameiginleg gæði í þessu landi eru sannarlega sameiginleg. Þess vegna er það að mínu mati furðulegur málflutningur að halda því fram að þjóðin geti ekki átt neitt saman og slíkt sé marklaust. Það er fjarstæðukennt og gengur gegn veruleikanum, gengur gegn alþjóðlegum rétti og gegn viðurkenndum hlutum í þeim efnum. Það er ekki bara þannig að þjóð geti átt hluti saman, mannkynið getur átt hluti saman og á þá saman. Það er viðurkennt.

Síðan er líka viðurkennt að sumir hlutir eiga sig sjálfir, þeir gera það í raun og veru. Margir telja kannski að það sé einmitt sú hugsun sem sé of mikið að láta undan í heiminum í dag. Hver á t.d. lífríkið? Geta menn slegið eign sinni á það? Á það sig ekki sjálft í raun og veru, lífið, aðrar tegundir? Getur maðurinn slegið einstaklingsbundinni eða einkabundinni eign sinni á aðrar lífverur? Er það í eðli sínu rökrétt? Það má efast um það.

En íslenska þjóðin telst samkvæmt lögum, og það er þó vel að í lögum er a.m.k. á þremur eða fjórum stöðum algerlega tekið skýrt fram að þjóðin eigi hluti saman, eða ríkið fyrir hönd hennar. Það eru fiskstofnar á Íslandsmiðum, sbr. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Það eru auðlindir á og í hafsbotni á grundvelli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þar er að vísu þannig frá málinu gengið að íslenska ríkið er eigandinn fyrir hönd þjóðarinnar. Það er í þjóðlendulögunum þar sem sama skipan er valin. Og það má segja að á ýmsum fleiri sviðum liggi það nokkuð ljóst fyrir að ríkið eða þjóðin sameiginlega eigi hlutina. Það er. t.d. ekki um það deilt að loftið, útvarpsbylgjur og tíðnisvið er sameiginlegt. Það getur enginn slegið eign sinni á það.

Ég vil líka spyrja, frú forseti: Halda menn ekki að þjóðinni finnist að hún eigi Þingvelli saman? Ætli það ekki, þjóðarhelgidómur? (**Gripið fram í:** Það er bara í lögum.) Ég held að það sé bara í lögum. (**Gripið fram í:** Sameign.) Það er sameign. Hvaða raus er þetta um að þjóðin geti ekki átt hluti saman? Leggjum það til hliðar og glímum við efni málsins sjálfs sem er hvernig við göngum þá frá því í stjórnarskrá. Það er sannarlega ástæða til, en það má ekki vera neitt gerviákvæði, það má ekki vera neitt brelluákvæði, það má ekki vera þannig að það sé verr af stað farið en heima setið. Hver er að mínu mati megintilgangurinn, og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, með því að ná slíku ákvæði inn í stjórnarskrá? Jú, það kom að hluta til fram í máli forsætisráðherra þótt í framhjáhlaupi væri. Það er að koma alveg tryggum stjórnarskrár- og lagaskorðum við því að úthlutun og afnotaréttur gagnvart sameiginlegum auðlindum myndi ekki smátt og smátt eignarrétt og óafturkræft forræði. Það var að mínu mati mjög mikilvægt að ná því inn í lögin um stjórn fiskveiða 1990 vegna þess að þá var þegar byrjuð umræðan um það að árleg, sem þá var að vísu, úthlutun veiðiheimildanna mundi smátt og smátt mynda hefðarrétt. Það er að mínu mati stærsta gildið í þessum efnum, auk þess sem það er auðvitað bara lagalega og pólitískt rétt að ganga þannig frá málum.

Auðvitað er nauðsynlegt í þessu sambandi að menn ræði hlutina sem það sem þeir eru. Hvað er eignarréttur einstaklinga? Hann er ekki náttúrulögmál, ekki eitt af náttúrulögmálunum. Hann er sögulegt og pólitískt hugtak, fyrirbæri, menningarbundið fyrirbæri ef menn vilja kalla það svo, vegna þess að þegar mannkynssagan er skoðuð hafa verið á þessu ýmis form í gegnum tíðina og eru enn þann dag í dag, fornar menningarþjóðir margar gengu þannig frá hlutum að þar átti enginn neitt, það áttu allir allt saman. Frumbyggjum í Ástralíu mundi aldrei detta í hug að einstaklingur gæti slegið eign sinni á veiðilendur, þær eru sameiginleg eign, sameiginlegur tilverugrundvöllur samfélagsins. Við þurfum ekki alla leið til Eyjaálfu, förum yfir Grænlandssund þar sem Inúítar ganga þannig frá málum enn þann dag í dag að enginn getur átt land — af því að það er sameiginleg veiðilenda, sameiginlegt fyrir líf og tilveru viðkomandi þjóðar.

Í Alaska, í sjálfu guðs eigin landi kapítalismans — hvernig er gengið frá málum í Alaska? Þeir yrðu langleitir ef þeir fengju Sigurð Líndal í heimsókn, þar sem veiðirétt-

urinn er almenningur. Ætli það ekki? Og hvað er miðjan í Mývatni? Hver á hana? Ja, hún á sig kannski sjálf. Hún er almenningur samkvæmt dómum. Ef einhver á hana er það þjóðin, annars á hún sig kannski sjálf og best að það sé þannig. Hvað er Svalbarði, hver á hann? Ekki Norðmenn, ég veit ekki til þess að ríkisstjórn ætli að skrifa upp á það, er það nokkuð? Er hún ekki að undirbúa málaferli til að einmitt afsanna það að Norðmenn eigi Svalbarða? Hver á Svalbarða? Enginn, hann er terra nullius, hann á sig þá sjálfur ef út í það er farið. Eða, sem líka er góð nálgun, mannkynið á hann saman. Það er ekkert því til fyrirstöðu, það verða engin rök sótt í það að þjóðin geti ekki átt svona eignir saman, og það á hún einmitt að gera. Þess vegna er það fullkomlega á sínum stað að glíma við það viðfangsefni að koma því með skilvirkum hætti inn í lög og stjórnarskrá. En að vinna svona að því, frú forseti, er auðvitað að byrja mjög á öfugum enda. Ég verð að segja alveg eins og er að mér eru það talsverð vonbrigði að hæstv. forsætisráðherra skuli skrifa upp á vinnubrögð af þessu tagi.

Það er út af fyrir sig hægt að reyna að skilja hvernig svona hlutir gerast ef menn eru í örvæntingu, örvæntingin elur oft af sér fáránlega hluti, þangað er oft að rekja rót margra hluta sem menn sjá eftir á að voru mistök og fljótræði hið mesta. En ég bara trúi því ekki að menn ætli að bera það á borð að örvæntingin í stjórnarherbúðunum, sem myndaðist á fáeinum sólarhringum fyrir og um flokksþing Framsóknarflokksins, sé gjaldgeng ástæða til þess að standa svona að málum, að umgangast stjórnarskrá og vandasöm viðfangsefni þar með léttúð af þessu tagi. Ég læt segja mér það þrisvar að menn ætli í raun og veru að gangast við því að slíkt sé verjanlegt og réttlætanlegt og fara þá leið allar götur til enda.

Þetta mál þarf að skoðast mjög vel og það er engin afsökun þó að skammt lifi starfstíma Alþingis. Ef menn ætla sér þá í alvöru að afgreiða þetta mál taka menn sér í það þann tíma sem til þess þarf að gera það sómasamlega og það sé skýrt hvað menn eru að gera og að menn leiki sér ekki með hluti af þessu tagi. Það er mikið í húfi. Hvers konar upplit er á stjórnmálalífinu í landinu gagnvart þjóðinni ef allt sem á undan er gengið í formi átaka um þessi mál og í ljósi hins sögulega aðdraganda þess að stjórnarflokkarnir lömdu þetta inn í stjórnarsáttmála sinn til þess að reyna að kaupa sér einhvern frið gagnvart óánægjunni í landinu er þá boðlegt að gera það svona? Halda menn að menn bæti ráð sitt með því? Halda menn að frekar verði borin virðing fyrir þeim með þeim hætti? Það leyfi ég mér mjög að efast um. Ég held að þjóðin sjái algerlega í gegnum það. Ég held að stjórnarliðar gerðu rétt í að hugsa nú mjög sinn gang og velta því fyrir sér hvort þá væri ekki verr af stað farið en heima setið ef hin almenna niðurstaða af skoðun málsins verður sú að þetta sé sýndarmennska, að þetta sé í besta falli þá merkingarlaust og skaðlaust ákvæði, í versta falli heldur verra, séð frá sjónarhóli hugmyndanna um að reyna að sætta þjóðina eitthvað á hlutina með því að ganga frá því að auðlindir sjávarins séu sameign.

Bara til að koma því svo að í leiðinni, talandi um auðlindir sjávar vegna þess sem hér var rætt fyrr, að þegar það bar á góma á blaðamannafundi stjórnarandstöðunnar sögðum við að ef ekki næðist samstaða um víðtækari skilgreiningu mætti taka það til skoðunar að afgreiða eingöngu þann hlutann sem sneri að auðlindum sjávarins — ég held að ég hafi reyndar nefnt strax auðlindum sjávar og hafsbotns — sem áfanga á þeirri leið að koma inn í stjórnarskrá almennu ákvæði um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum og mín afstaða er sú að þetta eigi að taka til allra náttúruauðlinda, landsréttinda og gæða sem ekki eru fyrir í sannanlegri einkaeign einhvers aðila.

Þau geta verið mjög margvísleg og þess vegna verður að vera hægt að útfæra það síðan nánar í lögum eins og alltaf hefur verið ætlunin, og allt frá því að auðlindanefnd setti sína hluti á blað árið 2000. Þá bíður auðvitað mikil og vönduð lagaskilgreining og lagavinna til að fylla upp í ákvæði sem eðli málsins samkvæmt geta tæpast orðið tæmandi. Auðvitað getum við reynt að telja upp auðlindir sjávar og hafsbotns, þjóðlendur, almenninga, Þingvelli eða hvað það nú væri sem við viljum hafa þarna undir. En það verður seint tæmandi, hygg ég. Það geta komið til sögunnar ný óefnisleg verðmæti sem við ákveðum að hafa sameign þjóðarinnar sem við endilega sjáum ekki fyrir okkur hver eru í dag.

Hér þarf að vanda til verka, frú forseti, en það er illa til þess stofnað hér í upphafi af hálfu (Forseti hringir.) ríkisstjórnarinnar.

[17:11]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var um margt athyglisverð ræða hjá hv. þingmanni. Nú er það svo að bæði beinn eignarréttur og óbein eignarréttindi njóta verndar skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar og þetta er í sjálfu sér ágætlega útskýrt í 3. mgr. í greinargerð með því frumvarpi sem við erum að ræða. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að ræða það frekar.

Við hv. þingmaður erum sammála um að auðlindir náttúrunnar, og þar með taldar auðlindir hafsins, séu í þjóðareign en það breytir því hins vegar ekki að heimilt er að mæla fyrir um það í almennum lögum hvernig þessar náttúruauðlindir skuli nýttar. Ég vek athygli hv. þingmanns á síðustu málsgrein í greinargerð með frumvarpinu þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er með frumvarpinu áréttað að þótt ríkisvaldið hafi heimildir til að mæla með lögum fyrir um nýtingu auðlinda til hagsbóta fyrir þjóðina sé slíkt ekki því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum. Eðli málsins samkvæmt leiða slíkar heimildir ekki til óafturkallanlegs forræðis einstakra aðila yfir þeim, sbr. 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga, nr. 116/2006, þótt þær kunni að njóta verndar sem óbein eignarréttindi.“

Örvænting stjórnarandstöðunnar kom fram þegar hún neitaði að taka málið hér á dagskrá sl. föstudag og mér heyrðist enn þá vera einhverjar vöflur á hv. þingmanni með hvort ætti að afgreiða málið á þessu þingi. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hv. þingmann hvort hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ætli að koma í veg fyrir afgreiðslu málsins á þessu þingi og leggjast þar með á sveif með Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Sambandi ungra sjálfstæðismanna.

[17:13]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef maður reynir að ræða þetta mál málefnalega við hv. þingmann, sem ég hef iðulega gert tilraunir til, þótt það hafi komið fyrir lítið, mundi ég svara fyrri hluta ræðu hans á þá leið að ég hef einmitt verið mjög hugsi yfir því hvers vegna 1. gr. frumvarpsins er nú þannig sett saman að eingöngu er vitnað í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ef við skoðum niðurstöður auðlindanefndar er hún með í huga a.m.k. þrjár meginreglur stjórnskipunar landsins, þ.e. jafnræðisregluna, atvinnufrelsið og vissulega einkaeignarréttinn. Hér er hins vegar valin sú leið að vitna aðeins í eina þeirra. Það má spyrja sig hvers vegna. Hefur það lagalegt gildi, hefur það þýðingu að sú leið er valin? Það má velta því fyrir sér ef jafnframt hefði verið vitnað í 75. gr. eða hverjar þær eru, hinar greinarnar, þá hefði málið verið í meira jafnvægi milli þeirra þátta þarna í stjórnarskipuninni sem þarf að leita jafnvægis gagnvart, þ.e. jafnræði þegnanna, atvinnufrelsið og eignarréttur. Sú leið er ekki valin hér.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða, virðulegur forseti, við hv. þingmann um eitthvað sem hann kallar örvæntingu stjórnarandstöðunnar. Ef einhver á að vera í örvæntingu í þessu máli er það auðvitað ríkisstjórnin, enda er hún það. Ég hef satt best að segja ekki alllengi orðið vitni að aumkunarverðari tilburðum í pólitík en þeim þegar ríkisstjórnin og einstakir þingmenn reyna nú að leita skjóls á bak við stjórnarandstöðuna í þessu máli og reyna að varpa ábyrgðinni á þessum vinnubrögðum af herðum sér yfir á stjórnarandstöðuna. Höfum við eitthvað með það að gera? Er þetta ekki (**Gripið fram í:** Auðvitað.) ríkisstjórnin? Eru þetta ekki flutningsmennirnir? (Gripið fram í.) Er það þá svona hroðalega alvarlegur hlutur að bjóða hæstv. landbúnaðarráðherra upp? Ég held að hann ætti þá ekki að fara á dansleiki oftar á ævinni. (**ISG:** Hvað þá ...)

[17:16]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi varðandi ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi í 75. gr. og jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar er nauðsynlegt að hv. þingmaður upplýsi þingheim um það hvort hann telji að frumvarpsgreinin eins og hún er nú leiði til þess að þessar greinar verði upphafnar, þ.e. að frumvarpsgreinin og væntanlega 79. gr. stjórnarskrárinnar verði þá rétthærri en 65. og 75. gr. og réttindi manna njóti ekki lengur verndar samkvæmt þeim greinum.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, svaraði hv. þingmaður ekki þeim spurningum sem ég beindi til hans áðan. Ætlar Vinstri hreyfingin – grænt framboð að leggjast gegn stjórnarskrárbreytingum á þessu þingi? Ætlar Vinstri hreyfingin – grænt framboð að leggjast á sveif með Landssambandi íslenskra útvegsmanna og ætlar Vinstri hreyfingin – grænt framboð að leggjast á sveif með Sambandi ungra sjálfstæðismanna og koma í veg fyrir afgreiðslu þessa máls hér á þinginu? Eða ætla menn að reyna að ræða þetta mál málefnalega og komast að sameiginlegri niðurstöðu með stjórnarflokkunum í umræðum hér á þinginu og í vinnu sérnefndar um stjórnarskrármál?

[17:17]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fullyrti í máli mínu ekkert um það hvort það hefði gildi að hér er eingöngu vitnað í eina tiltekna grein stjórnarskrárinnar öfugt við það sem auðlindanefnd gerði á sínum tíma. Ég spurði hins vegar hvort það væri tilviljun og hvort það hefði gildi. Það má vel velta fyrir sér hvort ekki hefði verið eðlilegra að gera þeim þá öllum jafnhátt undir höfði. Ég hefði frekar kosið það, það hefði þá verið hafið yfir allan vafa að þarna væri verið að raska nokkru.

Varðandi afstöðu til þessa máls og hver okkar afstaða verður til meðferðar þess hér í þinginu veit ég að svar mitt mun valda hv. þingmanni miklum vonbrigðum — hann mun hugsanlega ekki skilja það — vegna þess að svarið er: Við munum skoða þetta mál mjög vandlega efnislega og ábyrgt og það ræður afstöðu okkar til þess hvað varðar atkvæði og/eða afgreiðslu þess.

Þetta mál er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, það er hún sem afþakkaði samstarf um það. Það eru formenn stjórnarflokkanna sem brutu hér órofa hefð lýðveldistímans með að henda inn stjórnarskrárbreytingu af þessu tagi án þess svo mikið sem að tala við aðra stjórnmálaflokka í landinu. Sá er veruleikinn. Sú afsökun, það skjól, að þeir hafi neyðst til þess af því að stjórnarandstaðan sendi frá sér fréttatilkynningu og bauð henni upp á samstarf er einhver sú aumkunarverðasta sem ég hef nokkurn tíma heyrt. Það er bara þannig, það blasir við. (Gripið fram í.)

Jafnvel útúrsnúningameistari stjórnarliðsins, hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, mun ekki fá því breytt að þessi veruleiki blasir við öllum. Hann er algerlega kristaltær, hann er skjalfestur og liggur fyrir í tímasettri atburðarás þessa máls. Ábyrgðin er þarna og hvergi nema þarna, á herðum hæstv. forsætisráðherra og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, og ég spái því að þegar frá líður verði þeir ekkert sérstaklega stoltir af þessum kafla í stjórnmálaþátttökusögu sinni.

[17:19]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það er ekki úr vegi að fara hér nokkrum orðum um aðdraganda þessa máls. Ef ég man rétt eru þau orð að setja eigi inn í stjórnarskrána ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar búin að standa lengi í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Það er ekki að koma upp núna, hæstv. forseti, í marsmánuði á árinu 2007 þannig að ríkisstjórnin er búin að hafa langan tíma til að koma með ákvæði hér inn í hv. Alþingi í þessa veru hafi vilji hennar og ásetningur verið að gera slíkt.

Lögin um stjórn fiskveiða hafa í langan tíma valdið miklum ágreiningi, nánast frá því að þau voru sett eða við fórum að vinna eftir þeim á árinu 1984. Í fyrsta lagi hefur ágreiningurinn snúist um það að aðeins vissum hluta þeirra manna sem stunduðu þessa atvinnugrein, þ.e. íslenskum útgerðarmönnum, var fenginn rétturinn. Hann hefur í þeirra höndum fengið að þróast þannig, með vilja meiri hluta löggjafans á hverjum tíma, að í dag selja íslenskir útgerðarmenn sín á milli veiðiréttinn eða leigja hann og fénýta að

öllu leyti og loka þannig í raun og veru af það sem menn tala um sem almennt atvinnufrelsi í öðrum atvinnugreinum, þ.e. að 75. gr. sé virt um það að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa sér og þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Kvótalögin voru á sínum tíma sett á vegna þess að menn töldu almannarök fyrir því að þurfa að draga úr fiskveiðum. Jafnframt var reynt að útfæra þau þannig að það mætti halda uppi sem mestri atvinnu í landinu og bendi ég framsóknarmönnum alveg sérstaklega á að lesa ræðu hæstv. fyrrverandi forætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar sem hann flutti þegar lagafrumvarpið var hér til umræðu á sínum tíma árið 1984. Þá var meginmarkmiðið auðvitað að halda uppi fullri atvinnu í landinu og dreifa aflaheimildum þannig að hagur sjávarbyggða og hagur fólks í þeim gæti verið sem mestur. Með ýmsum hætti var leitast við að fiskiskipin gætu haldið áfram veiðum og að atvinnu yrði haldið uppi í byggðarlögunum.

Það hefur svo gerst í tímans rás, hæstv. forseti, að nýtingin á veiðiheimildunum og samþjöppun hefur leitt til þess að atvinnuréttur byggðanna og atvinnuréttur fólksins í sjávarbyggðunum hefur verið fyrir borð borinn. Eignir fólks í sjávarbyggðum hafa verið gerðar verðlausar og atvinna fólksins hefur horfið í sumum byggðum. Það er ekkert atvinnuöryggi til í byggðunum og þar fyrir utan þurfa þeir sem vilja reyna að komast af stað í þessari atvinnugrein að gerast leiguliðar þeirra sem aflaheimildirnar hafa í dag, þ.e. útgerðarmanna. Megnið af því verðmæti sem þeir draga úr sjó gengur sem sagt sem greiðsla fyrir að fá að stunda þessa atvinnu sem öllum ætti þó að vera frjáls. Þó að menn hafi viðhaldið þessum lögum er ekki hægt að færa fyrir því rök að endalaust megi takmarka atvinnufrelsi manna eins og gert hefur verið varðandi sjávarauðlindirnar, fiskstofnana, með því að láta vissa menn hafa þar forgang og að þeir fái því ráðið. Það er auðvitað ekki við íslenska útgerðarmenn að sakast, það er við okkur að sakast sem höfum sett lögin, þeir sem hafa stutt þau á hverjum tíma bera auðvitað ábyrgð á því.

Í lögum um stjórn fiskveiða segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Ef það er skýr vilji ríkisstjórnarflokkanna að tryggja það inn í framtíðina að ekki myndist frekari einkaeignarréttur á auðlindum sjávar eða náttúruauðlindum en orðið er, þ.e. þeim náttúruauðlindum sem menn hafa ekki bein eignarráð *yfir eins og menn hafa eignarráð yfir löndum sínum* og jörðum, eiga menn auðvitað að setja inn í tillöguna ákvæði um það að náttúruauðlindirnar séu sameign íslensku þjóðarinnar, þjóðareign, eins og það var skilgreint í skýrslu auðlindanefndar á sínum tíma. Þó tek ég það fram hér, hæstv. forseti, að Frjálslyndi flokkurinn átti ekki aðild að svokallaðri auðlindanefnd. Menn eiga að setja það inn og skilgreina að þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi. Þannig mundu menn styrkja það ákvæði sem núna er í lögunum um stjórn fiskveiða, að veiðiheimildir séu í lögum þessum sameign íslensku þjóðarinnar og myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði.

Með því að gera það ekki, hæstv. forseti, — verð ég nú að taka fram að ég er ekki lögfróður maður en tel að ég geti lesið ágætlega textann og hafi í gegnum tíðina fylgst nokkuð vel með því hvernig þessi lög um stjórn fiskveiða hafa þróast — eru menn í raun og veru að veikja það ákvæði sem núna er í lögum um stjórn fiskveiða sem segir fyrir um það að veiðiheimildirnar myndi ekki „eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum". Þá væri verið að veikja sameignarákvæðið. Þess vegna hlýtur það að vera krafa að við vinnslu á því máli sem hér er til umræðu verði sérstaklega hugað að því að taka inn í tillögurnar ákvæði sem segir að eigi megi selja eða láta varanlega af hendi þjóðareign og hafa svo skilgreiningu á þjóðareigninni. Sú skilgreining er reyndar til í skýrslu auðlindanefndar að ég hygg þó að ég sé ekki með hana hér fyrir framan mig.

Við í Frjálslynda flokknum höfum gert upp hug okkar í því að verulega þurfi að lagfæra þá tillögu sem ríkisstjórnin er hér með. Við munum leggja fram breytingartillögu við þetta mál sem tekur þá til þess að náttúruauðlindir Íslands, sem eru þjóðareign, skuli ekki mega selja eða láta varanlega af hendi, það sé alveg skýrt markmið, og að einnig sé tekið tillit til þess að jafnræðisreglan og atvinnufrelsið sé virt í 65. gr. og 75. gr. stjórnarskrárinnar ásamt því að vitna til 72. gr. Þetta höldum við að sé alveg bráðnauðsynlegt, hæstv. forseti, vegna þess að það ríkir ekki jafnrétti í þessum málum. Það getur enginn haldið því fram í þessum sal að það sé jafnrétti milli manna á Íslandi til að sækja fiskinn í sjóinn, það er ekki svo. Menn þurfa að greiða öðrum handhafa en ríkinu, sem er þó talið eiga sameignina, gjald, miklu hærra gjald en það sem hér hefur oft verið kallað auðlindagjald eða auðlindarenta. Það er ekki neinum manni bjóðandi að ætla að reyna að koma undir sig fótunum í útgerð með því að þurfa að greiða öðrum aðila 180 kr. leiguverð fyrir kílóið.

Þess vegna er það mikið mál, hæstv. forseti, að við tryggjum þetta í lagagreinunum ef það ákvæði sem hér er á að verða að lögum. Við munum leggja það til í Frjálslynda flokknum að þetta verði gert skýrara og markvissara en hér er sett á blað frá ríkisstjórninni.

Að sjálfsögðu má veita einstaklingum og lögaðilum tímabundna heimild til afnota eða nýtingar á auðlindum og þá gegn gjaldi. Það er eðlilegt og sjálfsagt. Eignarréttur íslensku þjóðarinnar á auðlindum sínum verður þó að vera tryggður. Þess vegna var það sem við þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar lýstum því yfir í síðustu viku að við værum tilbúnir að leggja ríkisstjórninni lið við að koma ákvæði inn í stjórnarskrána sem tryggði að náttúruauðlindir Íslands væru þjóðareign og hana mætti ekki láta af hendi eða selja varanlega. Það er vegna þess, hæstv. forseti, að það er ekki jafnrétti í reynd í þessum málum og það er heldur ekki virkt atvinnufrelsi í þessari grein. Við viljum tryggja það enn frekar en nú er að í fyrsta lagi sé ljóst að íslenska þjóðin eigi þennan rétt, í öðru lagi að horft sé til jafnréttissjónarmiða og í þriðja lagi að atvinnufrelsið verði virt. Það er ekki boðlegt að áratugum saman sé mönnum nánast lokuð

leiðin inn í sjávarútveginn vegna þess hvernig fyrirkomulagið er við nýtingu þessara náttúruauðlinda.

Það er ekki að ástæðulausu sem lögin um stjórn fiskveiða, kvótalögin, hafa verið svo umdeild á undanförnum árum. Það er vegna þess að menn sjá afleiðingarnar, menn sjá óvissuna. Við búum til byggðaáætlanir, við samþykkjum byggðaáætlanir, við búum til áætlanir um að byggja upp hér í landinu en á sama tíma drögum við undan sjávarbyggðunum rétt þeirra til að bjarga sér. Slík útfærsla er algjörlega óásættanleg. Tillagan verður sem sagt að styrkja þau ákvæði sem fyrir eru í lögum um stjórn fiskveiða, um sameignarrétt þjóðarinnar, að öðrum kosti er verr af stað farið en heima setið, hæstv. forseti.

Við höfum sagt um sjávarútvegsstefnuna almennt í Frjálslynda flokknum í fyrsta lagi

að í reynd verði það virt að fullu að fiskimiðin séu sameign íslensku þjóðarinnar,

að réttur byggðanna til nýtingar aðliggjandi fiskimiða sé virtur,

að jafnræði og sanngjörn samkeppnisskilyrði ríki í sjávarútvegi, bæði í veiðum og vinnslu,

að eðlileg nýliðun sé möguleg þannig að framtak dugmikilla einstaklinga fái notið sín og

að lög um fiskveiðistjórn tryggi hagkvæma og skynsamlega nýtingu fiskimiðanna.

Við í Frjálslynda flokknum teljum að því miður nái ekki núverandi löggjöf þeim markmiðum og sú framkvæmd sem fylgt hefur í kjölfarið og við höfum þurft að búa við í mörg undanfarin ár. Okkur hefur ekki tekist að byggja upp okkar aðalfiskstofna og við sitjum uppi með það að meðaltalsaflinn sem úthlutað er til veiðanna á hverju ári í þorski liggur á bilinu 160–190 þús. tonn árum og áratugum saman.

Það er oft talað um það, hæstv. forseti, að íslenskir útgerðarmenn hafi verslað með þennan rétt sín á milli og þar af leiðandi hafi þeir myndað sérstakan eignarrétt. Það er auðvitað rétt að það þarf að hafa af því áhyggjur og þess vegna þarf að setja inn í stjórnarskrána ákvæði eins og ég mæli hér fyrir. Það er vegna þess m.a. að smátt og smátt getur myndast hefðarréttur á þeirri aðferð sem notuð hefur verið og þar með eignabönd og þarf ekki að vitna lengra en í lög um hefð frá 1905 þar sem fjallað er um hefðarréttinn og hvernig hann kemur til. Þess vegna er það að þegar til stendur að setja inn í stjórnarskrána ákvæði eins og við ræðum hér þarf það að vera ákaflega skýrt, svo skýrt að enginn efist um það að ákvæðinu sé ætlað að styrkja eignarréttarákvæði íslensku þjóðarinnar og það sé verið að festa það í sessi að íslenska þjóðin eigi auðlindirnar, hún geti auðvitað ráðstafað þeim með lögum til nýtingar en að öðru leyti eigi hún auðlindirnar og geti tekið fyrir þær gjald.

Þetta held ég að sé meginmál við umræðu þessa máls. Ég tel að það sé betra heima setið en að fara með ákvæðið í gegnum Alþingi eins og það er fram sett hér í tillögu formannanna þrátt fyrir þær skýringar sem hæstv. forsætisráðherra gaf áðan.

Hæstv. forseti. Ævinlega koma út skýrslur af og til sem sýna byggðaþróun á Íslandi. Ég er hér með eina sem kom út í janúar 2007 og hún sýnir svart á hvítu, því miður, að það er mikil fækkun í mörgum byggðum, einkum þeim byggðum sem hafa byggt afkomu sína m.a. á sjávarútvegi, mikil fækkun íbúa á Vestfjörðum og á norðausturhorni landsins svo að dæmi séu tekin, reyndar einnig á suðausturhorni landsins. Það getur enginn með sannleika í hjarta haldið því fram að fiskveiðistjórnarlögin hafi ekki áhrif á byggðirnar í landinu og að ekki ástæða sé til að huga að þessum lögum. Við í Frjálslynda flokknum höfum þess vegna alveg skýra afstöðu um það að þessum lögum um stjórn fiskveiða þurfi að breyta og þegar við setjum inn ákvæði í stjórnarskrána sem lúta að þessum rétti, nýtingarréttinum og sameign þjóðarinnar, þurfi það að vera það skýrt að það sé ekki neinum vafa undirorpið hvað við erum að gera. Að okkar viti eigum við að festa eignarréttarákvæði þjóðarinnar í sessi og enn fremur þarf að endurskoða margt annað í sambandi við lögin um stjórn fiskveiða.

Á fundi nýverið þar sem við vorum að fjalla um mál og málefni sagði ég m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ákvæði um auðlindir landsmanna, sem teljast sameign þeirra, á að setja í stjórnarskrá sem og það að þjóðin njóti arðs af auðlindum sínum. Um nýtingu auðlinda þarf að gæta jafnræðis og marka þarf nýtingunni réttlátar lagareglur sem tryggja atvinnurétt fólks í sjávarbyggðum."

Það er auðvitað óviðunandi til framtíðar að eingöngu atvinnuréttur íslenskra útgerðarmanna hafi verið viðurkenndur með lögunum um stjórn fiskveiða og þeir eigi þar nánast allan rétt. Fiskvinnslufólkið í byggðunum á engan rétt, það getur ekki varið eignir sínar, ekki selt þær þegar atvinnuréttinum er farinn, þetta er eignaupptaka á bæði atvinnurétti þess og afkomu.

[17:38]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður gerði að umtalsefni 1. mgr. laga um stjórn fiskveiða. Þar segir að auðlindin í hafinu sé sameign íslensku þjóðarinnar. Hv. þingmaður heldur því fram með sterkum rökum að það veiki þetta sameignarákvæði í fiskveiðistjórnarlögunum ef því er ekki skotið inn í stjórnarskrárákvæðið og fortakslaust kveðið á um það að ekki megi selja eða framselja með varanlegum hætti þessa eign.

Ég er algerlega sammála hv. þingmanni en ég tel að það veiki líka sameignarákvæðið sérstaklega að ríkisstjórnin skuli hafa birt mjög skýra stefnubreytingu varðandi þetta núna. Báðir stjórnarflokkarnir sem nú sitja að völdum hafa áður lýst því yfir, bæði í auðlindanefndinni og sömuleiðis í undirhópi stjórnarskrárnefndar, að þeir séu sammála því að vinna beri að því að taka upp í stjórnarskrá ákvæði þar sem það kemur algerlega skýrt fram að ekki megi framselja eða láta með varanlegum hætti af hendi þjóðareignina. Enn fremur hafa þeir ljáð samþykki sitt við því í báðum þessum nefndum að einungis megi láta afnotaréttindin af höndum tímabundið. Nú gerist það hins vegar að þeir leggja fram mál þar sem þeir hafa tekið þetta til baka. Þeir leggja fram tillögu þar sem búið er að taka til baka þessi lykilákvæði þeirra og ekki er hægt að túlka það öðruvísi en sem stefnubreytingu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það eitt og sér veikir að mínum dómi verulega sameignarákvæðið sem er að finna í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga, þannig að ill var hin fyrsta för þeirra í þessu máli. Ég vona, frú forseti, að það takist að koma vitinu fyrir þessa ágætu menn. Það hefur stundum tekist þótt erfitt sé.

[17:40]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa langt svar við þessari ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Ég er sammála honum um það að við eigum að stefna til þess að tryggja sameignarákvæðið en alls ekki að veikja það og öll för í þá veru er af hinu verra.

[17:41]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að árétta það fyrir hv. þingmanni þá fjallar þetta frumvarp um að setja inn ákvæði í stjórnarskrána um þjóðareign á náttúruauðlindum, þar með taldar auðlindir hafsins, þ.e. um eign þjóðarinnar. Hitt er svo annað mál hvernig lögum um stjórn fiskveiða, og þar með hvernig eign þjóðarinnar er hagnýtt, er háttað hverju sinni. Ég vara sterklega við því að við blöndum þessu tvennu saman, þ.e. annars vegar stjórnarskrárákvæðinu um þjóðareignina og hins vegar lögum um hvernig nýta eigi þessa auðlind.

Það vakti hins vegar athygli mína að hv. þingmaður sagði að betra væri heima setið en af stað farið. Þetta veldur mér nokkrum áhyggjum. Nú liggur fyrir að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins, eins og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar, hafa tafið afgreiðslu málsins á þinginu með því að koma í veg fyrir að það yrði tekið á dagskrá á föstudag. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann hvort hv. þingmenn Frjálslynda flokksins ætli að koma í veg fyrir afgreiðslu málsins á þingi og hvort svo sé komið að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins ætli að ganga þar í lið með Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Er virkilega svo komið, hæstv. forseti?

[17:43]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er heldur leiðinlegt þegar svona ungir menn muna ekki á milli þriggja daga. Við sögðum í stjórnarandstöðunni á föstudaginn að við værum tilbúnir að funda á laugardaginn til þess að tala um þetta mál. Ég vænti þess að hæstv. forseti viti það. (**GÓJ:** Af hverju ekki á föstudag?) Það var reyndar að ákvörðun hæstv. forseta þingsins að funda ekki á laugardag og þess vegna geri ég heldur lítið úr ummælum hv. þingmanns um að við höfum lagst á eitt með það að reyna að tefja málið og vænti þess að hann athugi betur hvað hann var að segja.

[17:44]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi hefur hv. þingmaður ekki fremur en aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar skýrt það út af hverju málið var tekt til umræðu á laugardegi en ekki föstudegi. Það er auðvitað æskilegt að hv. þingmaður reyni að skýra það út fyrir þingi og þjóð hvernig á því stóð að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar töldu ástæðu til að tefja fyrir afgreiðslu málsins með því að vilja ekki ræða málið á föstudegi en vildu ólmir koma og ræða það á laugardegi. Þetta eru auðvitað engin rök, hæstv. forseti.

Hv. þingmaður vék sér algerlega undan því að svara hinni spurningu minni. Hún sneri að því hvort Frjálslyndi flokkurinn ætlaði að koma í veg fyrir afgreiðslu málsins á þessu þingi og ganga þar með í lið með Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að hv. þingmaður svari því skýrt og skorinort og af fullri hreinskilni.

[17:45]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var einfaldlega svo að þessu máli var dreift hér á fimmtudag og við áttum fund með hæstv. forsætisráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra sama dag, kl. sex, minnir mig. Við vildum gjarnan fá að kynna okkur málið og töldum að ekki væru efni til þess af okkar hálfu að fara inn í umræðu um það á föstudegi án þess að fá að fara yfir það og ræða það við lögmenn og skiptast á skoðunum um skilning á textanum. Við ætluðum varla að trúa því að þetta væri eins í pottinn búið og okkur virðist síðar að hafi verið.

Hvort að við leggjumst eitthvað sérstaklega á sveif með LÍÚ þá ætla ég ekki að taka neina sérstaka afstöðu með því. Hins vegar get ég alveg lýst því yfir að LÍÚ er ekki sökudólgur í þessu máli. Það eru lögin sem við setjum á hv. Alþingi sem gera það að verkum að menn eru smátt og smátt að telja sig eignast hér eignarrétt út á aðferðina sem er notuð. Það er við því sem við vörum. Við erum engir sérstakir óvinir LÍÚ eða vinir, LÍÚ eru bara hagsmunasamtök í þessu landi eins og önnur hagsmunasamtök. Við leggjumst hvorki gegn þeim né með þeim, við leggjumst með þjóðinni í þessu máli, alveg einarðlega með þjóðinni, það er hún sem á þennan rétt og það er það sem okkur sem þingmönnum sem sverjum eið að stjórnarskránni ber að vernda, hv. þingmaður. (Gripið fram í.)

[17:47]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)**:

Hæstv. forseti. Frumvarp það sem hér er til umræðu fjallar um þjóðareign Íslendinga á náttúruauðlindum Íslands. Frumvarpið er sögulegur og mikilvægur áfangi sem hefur að baki áralangan aðdraganda. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir vandaða framsögu hans og ekki síður fyrir samstarfið við undirbúning málsins.

Frumvarpið er útfærsla á sameiginlegri niðurstöðu beggja stjórnarflokkanna sem náðist reyndar fyrir mörgum árum og hefur verið rædd og undirbúin um langt árabil. Nægir í því efni að vísa til álitsgerðar svonefndrar auðlindanefndar sem út kom í september árið 2000. Frumvarpið sem hér er rætt er beinlínis byggt á ákvæði stjórnarsáttmálans en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar."

Texti frumvarpsins sýnir nokkrar markverðar breytingar og viðbætur frá orðum stjórnarsáttmálans. Eru þær helstar að í frumvarpinu er fjallað almennt um allar náttúruauðlindir Íslands en ekki aðeins um auðlindir sjávar. Kveðið er á um þjóðareign en ekki sameign. Vísað er til réttinda samkvæmt eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar og kveðið er á um heimildir til afnota eða hagnýtingar á auðlindunum samkvæmt lögum.

Megintilgangur frumvarpsins er að staðfesta eign þjóðarinnar á auðlindunum og að staða nýtingarheimilda haldist

óbreytt þannig að nýtingarheimildir, t.d. fiskveiðiheimildir, verði ekki, hvorki nú né síðar, háðar beinum eignarrétti heldur séu og verði áfram afturkræfur afnotaréttur. Ummæli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í þessari umræðu um einhvers konar stefnubreytingu í þessu efni eru alveg fráleit.

Í greinargerð er þetta m.a. orðað svo að nýtingarheimildir, og ég vitna orðrétt: „munu ekki leiða til beins eignarréttar". Enn fremur segir í greinargerðinni, og ég vitna aftur: „Eðli málsins samkvæmt leiða slíkar heimildir ekki til óafturkallanlegs forræðis einstakra aðila yfir þeim, sbr. 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga, nr. 116/2006, þótt þær kunni að njóta verndar sem óbein eignarréttindi."

Hér verður því ekki, hvorki nú né síðar, um beinan eignarrétt eða neins konar fullnaðarafsal að ræða varðandi nýtingarheimildir einstaklinga og lögaðila á auðlindunum enda þótt þær geti notið verndar sem óbein eignarréttindi. Jafnframt er auðvitað ljóst að löggjafarvald Alþingis er ótvírætt til að ákvarða nánara um tilhögun og nánari útfærslu vegna afnota og hagnýtingar samkvæmt sérstökum lögum sem löggjafinn kann að kjósa að setja um þau efni.

Það er mjög mikilvægt að kveða á um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskránni. Með slíkum hætti eru settar skýrar grundvallarreglur um þetta úrslitamikilvæga málefni þjóðarinnar. Þar með er fyllsta öryggi tryggt og stöðugleiki um þessi mikilvægu réttindi og eigur þjóðarinnar.

Stjórnarskrárákvæðið sem hér er til umræðu er almennt, stutt og skýrt eins og vera ber í stjórnarskrá. Það er stefnumiðað í þeim skilningi að unnt er að draga víðar samfélagslegar og lagalegar ályktanir af því eins og vera ber um stjórnarskrárákvæði.

Eins og margsinnis hefur komið fram eru kunn dæmi um hugtakið „þjóðareign" sem ríkisvaldið annast um. Nægir í því efni að vísa til þingsályktunar Alþingis frá 2. júní 1998 og til tillögu auðlindanefndar að stjórnarskrárákvæði frá árinu 2000.

Það er vel viðeigandi líka að þetta hugtak og ákvæði styðst við lögin um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47/2004. Þar segir m.a. að Þingvellir séu, og ég leyfi mér að vitna í lagatextann, „ævinleg eign íslensku þjóðarinnar".

Rökræður lögfræðinga um þessi hugtök, sameign þjóðar eða þjóðareign eða ríkiseign eða önnur sambærileg, hafa lengi staðið og munu vafalaust halda áfram um langt árabil inn í framtíðina. Það er ekki verkefni löggjafans að hlaupa eftir þeim, beygja sig fyrir þeim eða bíða eftir því sem aldrei verður, nefnilega að lögspekingar komist að einni sameiginlegri niðurstöðu. Löggjafinn er uppspretta laganna og réttarins og verkefni lögspekinga er það helst síðan að vinna áfram á þeim lagalega grundvelli sem löggjafinn mótar. Mér dettur ekki í hug að gera lítið úr rökræðum lögspekinga enda þótt ég telji ástæðu til að minna á eðlilega hlutverkaskiptingu í lýðræðis- og þingræðisþjóðfélagi.

Viðfangsefnið „þjóðareign" má einnig nálgast með öðrum hætti til skýringar og skilnings. Hugtakið og raunveruleikinn þjóðareign felur það nefnilega líka í sér að eignartilkalli allra annarra aðila, nú eða síðar, er hafnað og hrundið. Eignartilkalli einkaaðila, hvort sem eru einstaklingar, lögaðilar, samtök eða aðrir, stórfyrirtæki, gróðaöfl eða erlendir aðilar, hugsanlegu eignartilkalli eða yfirráðatilburðum allra slíkra er hafnað og hrundið í eitt skipti fyrir öll. Sú höfnun skiptir mjög miklu máli og það öryggi sem stjórnarskráin veitir. Hér verður því ekki um neins konar réttaróvissu að ræða.

Fullveldisréttur og sameiginleg ábyrgð allrar íslensku þjóðarinnar á náttúruauðlindum ættjarðarinnar eru ítrekuð og verða samkvæmt frumvarpinu staðfest í stjórnarskrá Íslands. Þetta er sögulega mikilvægur atburður í gervallri sögu íslensku þjóðarinnar. Með þessu öðlast náttúruauðlindir Íslendinga nýja stöðu. Auðlindir þjóðarinnar á Íslandsmiðum fá nýja stöðu, t.d. andspænis erlendum samningsaðilum. Nægir að minna á það að fiskveiðikerfi Evrópusambandsins grundvallast á því að ekki var um eiginlegan skilgreindan eignarrétt að ræða á fiskstofnum við strendur Evrópu. Meðal annars þess vegna eru ákvæði um fiskveiðistjórn Evrópusambandsins ólík viðhorfum þar á bæ til auðlinda í og á jörðu, náma, skóga, fljóta o.s.frv.

Með því stjórnarskrárákvæði sem hér verður sett öðlast náttúruauðlindir Íslands alveg nýja og trausta stöðu með staðfestingu í stjórnarskrá Íslands. Þetta er meginefni frumvarpsins, þjóðareign á auðlindum og óbreytt staða nýtingarheimilda sem ekki geta og ekki munu leiða til beins eignarréttar heldur eru og verða áfram afturkallanlegar samkvæmt lögum þar um.

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur verið rætt og um það ritað og fjallað árum saman. Nú fer það til umfjöllunar í þingnefnd og er þess að vænta að hún geti lokið áliti á skömmum tíma með vandaðri málsmeðferð. Málið hefur verið rætt og verður áfram rætt meðal lögspekinga og áhugamanna á komandi árum og áratugum og þarf þetta í sjálfu sér ekki að tefja afgreiðslu Alþingis á þessu frumvarpi.

Flutningsmenn frumvarpsins og ríkisstjórnin hafa boðið og bjóða stjórnarandstæðingum sem fyrr til samstarfs um þetta mál. Var það m.a. gert á fundi formanna flokkanna í síðustu viku. Miðað við ummæli og yfirlýsingar margra hv. þingmanna má ætla að slíkt geti vel orðið. Þannig sögðu forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, á fjölmiðlafundi fyrir nokkrum dögum að þeir væru reiðubúnir til að aðstoða og styðja við frumvarp sem byggt yrði beinlínis á orðum stjórnarsáttmálans. Í frétt um þennan fjölmiðlafund kemur m.a. fram að fyrir liggi nú þegar „fullnægjandi grundvöllur til að ljúka málinu" eins og þar segir orðrétt.

Í frásögn Morgunblaðsins um fjölmiðlafundinn segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Sögðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar, sem jafnframt hafa verið fulltrúar hennar í stjórnarskrárnefnd, að í raun væri hægt að setja inn í stjórnarskrána ákvæði með því orðalagi sem notað er í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem stendur, „ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá".

Þá tóku fulltrúar stjórnarandstöðunnar fram að þar sem mikilvægt væri að ljúka þessum breytingum væri mögulegt að gera það með svo einföldum hætti ef vilji væri fyrir hendi ..."

Nú er slíkt frumvarp einmitt fram komið til umfjöllunar og afgreiðslu. Verður því að vænta þess að hv. þingmenn allra flokka muni að sjálfsögðu styðja þetta frumvarp sam-

kvæmt þessu og í samræmi við m.a. fréttatilkynningu þingflokka stjórnarandstöðunnar frá 5. mars sl. Reyndar var þessi fjölmiðlafundur stjórnarandstæðinga öðrum þræði sýning á ömurlegum óheilindum eins og ég nefndi á fyrra fundi í þinginu. Ég vona að stjórnarandstæðingar hafi nú sjálfir áttað sig á því að óheilindi af því tagi hitta aðeins þá sjálfa fyrir.

Hæstv. forseti. Við erum reiðubúin til að setja þetta alveg að baki og ganga til heiðarlegs samstarfs við alla um afgreiðslu þessa mikilvæga máls. Við leggjum mjög þunga áherslu á fullnaðarafgreiðslu þess á þinginu. Við hljótum að trúa því að hv. stjórnarandstæðingar gangi til samstarfs um þetta mikla mál. Inntak frumvarpsins er alveg ljóst, enn og aftur, þjóðareign á náttúruauðlindum ættjarðarinnar og óbreytt staða nýtingarheimilda þannig að óbein eignarréttindi sem þegar kunna að vera fyrir hendi munu ekki breytast, hvorki nú né síðar, og ekki leiða til beins eignarréttar. Heimildirnar eru og verða framvegis afturkræfar og ekkert fullnaðarafsal.

Þetta er það stefnumið sem ríkisstjórnin hafði sett sér. Miðað við yfirlýsingar annarra stjórnmálamanna hlýtur að myndast um það víðtæk sátt. Ég heiti á alla hv. þingmenn að veita þessu merka máli brautargengi til fullnaðarafgreiðslu.

[17:59]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hélt hér fram að þetta frumvarp mundi ekki leiða til óafturkallanlegs forræðis einstakra aðila og las sérstakar setningar úr greinargerðinni þar að lútandi. Ég spyr hæstv. ráðherra hvers vegna hann hafi ekki lesið það sem segir síðar á sömu blaðsíðu og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með ákvæðinu er til dæmis ekki haggað við eignar- og afnotaréttindum þeirra sem hagnýta jarðir og ýmis fasteignatengd réttindi eða stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda."

Þetta er algjörlega þveröfugt við það sem stendur fyrr á síðunni. Þetta er nú það ákvæði í greinargerðinni sem stendur hvað mest í mér, ásamt að vísu nokkrum öðrum. Hæstv. ráðherra býður til samstarfs. Ja, stjórnarandstaðan er til samstarfs, og grundvöllurinn er fyrir hendi. Það er skýrsla auðlindanefndar og sá röklegi aðdragandi að tillögunum sem þar er að finna. Þar voru meginákvæðin tekin út í þessu frumvarpi. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju voru þau tekin út?

[18:00]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þau ákvæði sem hv. þingmaður er að tala um eru að sjálfsögðu sett með lögum. Þetta er almennt, stutt og skýrt ákvæði. Eins og ég tók oftar en einu sinni og oftar en tvisvar sinnum fram er málið einmitt þetta, heimildirnar haldast eins og þær eru, þær öðlast ekki beinan eignarrétt með hefð, heldur er komið hreinlega og sterklega og opinberlega í veg fyrir það með ákvæði um að um þjóðareign verði að ræða.

[18:01]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Hæstv. ráðherra segir að þetta leiði ekki til beins eignarréttar. Er það þá þannig að hæstv. ráðherra væri reiðubúinn til að slá í gadda til samkomulags við stjórnarandstöðuna að í meðferð þingsins gætum við náð sátt um að sett yrði inn í ákvæðið að auðlindir í þjóðareigu mætti ekki selja eða láta með varanlegum hætti af hendi? Sömuleiðis að hægt væri að láta afnotaréttinn af hendi tímabundið gegn gjaldi ef slíkar aðstæður skapast?

Ef hæstv. ráðherra er reiðubúinn til að taka það inn í ákvæðið er að myndast samstarfsgrundvöllur milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Svo langar mig að spyrja hæstv. ráðherra, af því að honum varð tíðrætt um samráð og samstarf: Af hverju var stjórnarandstöðunni ekki boðið til samstarfs um þetta mál? Var það vegna þess að hann þurfti þrisvar sinnum að koma með tillögu til hæstv. forsætisráðherra og var í öll skiptin gerður afturreka? Mátti stjórnarandstaðan ekki verða vitni að því? Er það kannski (Forseti hringir.) ástæðan?

[18:02]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áður, við höfum þegar boðið stjórnarandstöðunni til samstarfs um þetta mál, og ég heyri á fulltrúum stjórnarandstæðinga hér í umræðunni að þeir vilja taka það til skoðunar. Nú fer þetta mál til umræðu í nefnd sem fjallar um það og við bjóðumst til að halda áfram að líta þar á allar hliðar þessa máls.

[18:02]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum að reyna að átta okkur á því hvað þetta þýðir, þetta ákvæði eða þessi hugmynd sem hér er fram borin. Mig langar að beina einni spurningu til hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og hún er svona: Hvaða náttúruauðlindir verða ekki afhentar varanlega ef löggjafinn í framtíðinni ákveður að gera það, hver er með öðrum orðum vörn stjórnarskrárinnar gagnvart misvitrum alþingismönnum framtíðarinnar sem ákveða að afhenda náttúruauðlindir varanlega með lögum? Hvaða náttúruauðlindir eru það sem löggjafinn getur ekki afhent fari þetta ákvæði inn í stjórnarskrá?

[18:03]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú setur hv. þingmaður mig í nokkurn vanda. Hann er löglærður en ekki ég. (**Gripið fram í:** Þú ert flutningsmaður.) Ég hef skilið hugtakið þannig að það sé vörn í því að stjórnarskrárákvæðið geri ráð fyrir því að þjóðareignin haldist. Ég hef heyrt lögskýringar um það að með lögum megi taka einstaka eign út úr þjóðareigninni og ráðstafa henni síðan, en þjóðareignin sé heildstætt hugtak og það megi ekki gera það með öðrum hætti en þá þeim sem ég nefndi.

Nú var ég að vitna til lögfræðinga sem ég hef spurt um þetta, lögfræðinga sem unnu með auðlindanefnd sem skilaði áliti sínu í september árið 2000, að þjóðareignin verður ekki tekin, framseld óafturkallanlega eða varanlega, en lög-

gjafinn getur tekið einstaka eign út úr til annarrar ráðstöfunar.

Ég tek það sérstaklega fram að þetta hef ég eftir lögfræðingum (Forseti hringir.) sem þekkja þetta betur en ég geri.

[18:04]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þjóðareign í dag er algjörlega óskilgreind, það er ekkert inni í þjóðareigninni. Það er löggjafinn sem skilgreinir það. Hugmyndir auðlindanefndar gengu út á það á sínum tíma að stjórnarskráin veitti því vernd að löggjafinn skyldi ekki í framtíðinni taka tilteknar auðlindir og afhenda þær varanlega án gjalds eða með gjaldi.

Svar hæstv. ráðherra, sem er annar flutningsmaður þessa máls, er í reynd á þann veg að verði þetta ákvæði að lögum er aðeins um yfirlýsingu að ræða sem hefur ekkert raunverulegt efnisinnihald. Löggjafinn getur tekið hvaða náttúruauðlindir sem er og afhent þær varanlega án gjalds ef löggjafinn ákveður svo, hvað svo sem það kann að hafa í för með sér fyrir komandi kynslóðir í landinu. Það er, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) mjög gott að þetta skuli hafa komið fram (Forseti hringir.) í andsvari frá hæstv. ráðherra. Fyrir það þakka ég.

[18:06]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru náttúrlega hreinar rangfærslur (**Gripið fram í:** Nú?) sem hv. þingmaður leyfir sér að gamni sínu að fara með. Ég vitnaði til þess sem ég hef heyrt eftir lögfræðingum, prófessorum við Háskóla Íslands, að til sé undanþága frá því að þjóðareigninni verði ekki ráðstafað með varanlegum hætti. Það er meginreglan. Ég tók fram að ég væri að vitna til þess sem lögfræðingar hafa sagt mér. Það eru hreinar rangfærslur að draga þær ályktanir af þessu sem hv. þingmaður gerði.

[18:06]

**Forseti (Jón Kristjánsson)**:

Ég sé ekki að á þingmanninn hafi verið bornar þær sakir að hann þurfi að bera af sér sakir.

[18:07]

**Lúðvík Bergvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því að bera af mér sakir vegna þess að hæstv. ráðherra fullyrti að ég hefði haldið fram rangfærslum að gamni mínu í jafnalvarlegri umræðu og hér er.

Það kom skýrt fram að hæstv. ráðherra talaði um að þjóðareignir yrðu ekki afhentar þrátt fyrir að skýrt lægi fyrir að engin skilgreining væri til á hugtakinu þjóðareign. Þetta væri, eins og einhver þingmaður mundi orða það, nánast tómt mengi sem þýðir að efnisinnihaldið er ekkert. Það er eðlilegt að þingmaður geri kröfu til þess að hæstv. ráðherra sem leyfir sér að tala á þennan hátt útskýri mál sitt á málefnalegan hátt en hegði sér ekki eins og hann gerði hérna. Því óskaði ég eftir því að fá að bera af mér sakir, virðulegi forseti.

[18:08]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan að þetta væri skýrt og stutt ákvæði. Það sem mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um er þetta: Með því að breyta ákvæðinu frá þeirri tillögu sem bæði auðlindanefnd og undirnefndin í stjórnarskrárnefnd höfðu, þ.e. að þjóðareign ætti að snúast um landsréttindi og náttúruauðlindir sem ekki væru háð einkaeignarrétti og yfir í það að verið væri að tala um þjóðareignir allra landsmanna, líka einkaeignir, segir hæstv. ráðherra að þetta sé skýrt ákvæði. Ég bið um betri og skýrari útskýringu á því hvort ekki sé hættulegt að menn fari að tala um þjóðareign á jörðinni hans Jóns á Hóli eða (Forseti hringir.) ánni hans Guðmundar.

[18:09]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessu var skýrt svarað í fyrri umræðum á þessum fundi í dag, að einkaeignarréttarákvæðin í 72. gr. ná yfir þetta og eiga að tryggja eigur manna. Ekki er um það að ræða að ganga á þann rétt.

[18:09]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að öllum sé ljóst að menn ætla ekki að fara að ganga á eignir manna sem eru stjórnarskrárvarðar. Ég var að spyrja um ákvæðið sem á að setja inn í stjórnarskrána, um þjóðareign. Þegar menn útvíkka það með þessum hætti rugla þeir almenning í landinu gjörsamlega í því hvað séu þjóðareignir, með því að búa til ákvæði sem hefur merkingu af þessu tagi, nær yfir allar auðlindir þjóðarinnar, einstaklinganna, fyrirtækjanna og allra. Að koma svo í ræðustól og halda því fram að þarna sé nú aldeilis skýrt að orði kveðið finnst mér algjörlega fáránlegt. Ég tel að úr því að upp á það er boðið og af því að hæstv. ráðherra lýsti innihaldi þessa ákvæðis með hætti sem ég get alveg fellt mig við hljótum við að geta náð samstöðu um að breyta þessari 1. gr. með þeim hætti að hún passi við innihaldið. Svoleiðis á það að vera. Ef menn setja meðal í flösku á að standa utan (Forseti hringir.) á flöskunni hvað er í henni.

[18:11]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna yfirlýsingu þingmannsins um það að um þetta sé í rauninni samstaða og ég fullvissa hann um að það er fullt samræmi þarna.

[18:11]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra byggðamála fullyrti í umræðunni að verið væri að gerbreyta lagalegri stöðu og um einhverja grundvallarbreytingu væri að ræða, um auðlindanýtingu og fiskveiðiauðlindirnar. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða breyting verður fyrir t.d. leiguliða sem þarf nú að greiða 70% af því sem hann aflar sér fyrir leigu til að fá að nýta og renna fyrir fisk? Verður um einhverja grundvallarbreytingu að ræða fyrir þann sjómann? Verður einhver grundvallarbreyting fyrir þann sjómann sem

hyggur á útgerð og þarf að borga tífalda ársveltu fyrir að fá að nýta þessa auðlind? Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra greindi okkur nú frá því í hverju grundvallarbreytingin er fólgin. Það væri mjög fróðlegt, herra forseti.

[18:12]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg augljóst að hv. þingmaður er að leika sér að því að drepa umræðunni á dreif með því að (Gripið fram í.) fara yfir í aðra sálma. (**MÁ:** Svaraðu honum.)

[18:12]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hver er að drepa umræðunni á dreif? Mér finnst spurningin réttmæt. Hér spyr ég einfaldrar spurningar: Hver verður grundvallarbreytingin fyrir þann sem stundar þennan atvinnuveg? Hæstv. ráðherra treystir sér ekki til að svara því, alls ekki. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra ef hann treystir sér til þess að koma á ný í pontu og svara, sem ég er alls ekkert viss um miðað við hve stuttaralegt svar hans var í andsvarinu: Getur hann fallist á þá breytingartillögu sem við í Frjálslynda flokknum hyggjumst leggja fram, þ.e. um að Íslendingar standi jafnfætis gagnvart því að jafnræðisregla gildi við nýtingu fiskveiðiauðlindar landsmanna? Getur hann fallist á það? Getur hann fallist á að atvinnufrelsi í þessum atvinnuvegi verði tryggt? Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra byggðamála (Forseti hringir.) svari þessari spurningu.

[18:13]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur áður komið fram í umræðunni að ákvæði um atvinnuréttindi og jafnræðisregla halda auðvitað gildi sínu samkvæmt stjórnarskrá. Ég skal viðurkenna að ég var kannski heldur stuttorður í fyrri andsvörum mínum. Samkvæmt ákvæðinu er að sjálfsögðu fjallað um spurningu hv. þingmanns í þeim lögum sem löggjafinn kýs og kann að kjósa að setja um þessi efni.

[18:14]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Mér finnst að allt önnur staða sé að skapast í þessari umræðu eftir að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur rétt fram sáttahönd sem mér finnst að hugsanlega sé hægt að taka í. Hæstv. ráðherra hefur lýst innihaldi frumvarps og margt sem hann hefur sagt er þess eðlis að við í Samfylkingunni gætum fallist á það, en ákvæðið þyrfti hins vegar að gæða betra innihaldi. Ég held að í nefnd væri hægt að fara langt með það að ná samkomulagi.

Ég get hins vegar ekki annað en rætt líka ummæli hæstv. forsætisráðherra frá því fyrr í dag þegar ég spurði hann hvernig á því stæði að um þingmannafrumvarp væri að ræða en ekki stjórnarfrumvarp. Ég rifjaði það upp að þegar forveri hans, hæstv. forsætisráðherra, lagði fram frumvarp í tíð ríkisstjórnar Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks síðla vors 1995, sem fól einmitt í sér sameign á auðlindum, var um ríkisstjórnarfrumvarp að ræða. Hugsanlega er munurinn á þessu frumvarpi og því frumvarpi sem þá var lagt fram sá að um frumvarp hæstv. forsætisráðherra ríkti full samstaða í ríkisstjórninni. Margt bendir hins vegar til þess að í núverandi ríkisstjórn ríki ekki full samstaða um þetta frumvarp. Það er óhjákvæmilegt annað en það verði hreinsað upp í þessari umræðu, herra forseti, hvort ástæðan fyrir því að tveir hæstv. ráðherrar leggja frumvarpið fram sem þingmannafrumvarp en það komi ekki fram sem ríkisstjórnarfrumvarp sé sú að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi ekki stutt frumvarpið.

Það kom fram í blaði allra landsmanna, Morgunblaðinu, nú á dögunum að þaggað hefði verið niður í hæstv. heilbrigðisráðherra og stuðningsmönnum hennar, hún hafði þó áður á flokksþingi Framsóknarflokksins hótað stjórnarslitum ef ekki yrði gengið að kröfum framsóknarmanna. Hún var beygð á bak aftur af hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formanni Framsóknarflokksins, og hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformanni flokksins, þannig að margt bendir til þess að um þetta ríki úlfúð og óeining innan ríkisstjórnarinnar. Það er þess vegna, herra forseti, ekki spurning um form eins og hæstv. forsætisráðherra kallar það í skætingstóni í dag (Gripið fram í.) heldur spurning um raunverulega undirstöðu ríkisstjórnarinnar. Eða, herra forseti, skyldi hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformaður Framsóknarflokksins, telja að það sé einungis formsatriði hvort frumvarp sem tveir formenn stjórnarflokkanna leggja fram njóti stuðnings allra í ríkisstjórninni eða hvort það sé yfir höfuð þingmeirihluti fyrir ríkisstjórninni? Það getur vel verið að hæstv. forsætisráðherra kalli það formsatriði. Það er ekki formsatriði fyrir þá sem unna þingræði og það er ekki formsatriði fyrir þessa þjóð.

Það kom hins vegar alveg skýrt fram líka í máli hæstv. forsætisráðherra að eina ástæðan fyrir því að hann dróst á það að leggja frumvarpið fram var sú að hann taldi að stjórnarandstaðan hefði hugsanlega getað sett krók utan um hæla Framsóknarflokksins með því að bjóðast til samstarfs í málinu. Það var alveg skýrt hjá hæstv. forsætisráðherra.

Það er líka algerlega óhjákvæmilegt að rifja upp frammistöðu Sjálfstæðisflokksins í málinu. Þeir birtu þjóðinni yfirlýsingu um það, þegar ríkisstjórnin hóf göngu sína í upphafi kjörtímabils, að þeir mundu ásamt Framsóknarflokknum beita sér fyrir því að í stjórnarskrá yrði sett ákvæði um þjóðareign á sameiginlegum auðlindum. Ég sat í stjórnarskrárnefnd hæstv. forsætisráðherra og veit hvað gerðist þar. Þar var það einn flokkur sem barðist gegn því að slíkt ákvæði yrði tekið upp í vinnu nefndarinnar og það var Sjálfstæðisflokkurinn. Enginn annar flokkur en Sjálfstæðisflokkurinn setti beinlínis hnefann í borðið undir þeim skýringum að sjálfsögðu að um heildarendurskoðun væri að ræða. Það var Sjálfstæðisflokkurinn sem barðist gegn því áður en vinnan hófst að ákvæði af þessu tagi yrði tekið inn í vinnu nefndarinnar. Ég rifja það upp að stjórnarandstöðuna þurfti til til þess að lýsa því yfir, bréflega og í fjölmiðlum, að hún tæki ekki sæti í stjórnarskrárnefnd nema þetta mál og ýmis önnur yrðu undir. Það var Sjálfstæðisflokkurinn sem barðist þá gegn því en það má Framsóknarflokkurinn eiga, og sérstaklega hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður stjórnarskrárnefndar, að hann brást vel við. Það var forsenda þess að við tækjum þátt í starfinu að því yrði lýst yfir af hálfu formanns stjórnarskrárnefndar að ýmis önnur

ákvæði en einungis þau sem lutu að I. og II. kafla stjórnarskárinnar yrðu undir og var þar sérstaklega getið um þjóðareign á náttúruauðlindum. Málið fór því í stjórnarskrárnefnd vegna atfylgis og hörku stjórnarandstöðunnar. Það er rétt að það komi fram. Það var bara Sjálfstæðisflokkurinn sem barðist gegn því.

Hins vegar eru greinilega skiptar skoðanir innan Sjálfstæðisflokksins því að fyrr á árum, árið 2000 þegar auðlindanefndin svokallaða skilaði tillögu sinni, skrifuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins allir undir tiltekna tillögu að nýju stjórnarskrárákvæði þar sem inni voru ákvæði sem við hefðum viljað sjá í frumvarpinu í dag og hefðum þá glöð getað samþykkt það. Þetta skiptir máli vegna þess að afstaða Sjálfstæðisflokksins, sem þá var í auðlindanefndinni greinilega beygður til fylgis við þjóðareign af því tagi sem hefur innihald — hann hefur skroppið frá því, hann brá fæti fyrir það í stjórnarskrárnefnd og hann er núna að beita sér fyrir því að hér er lagt fram ákvæði sem því miður fullnægir ekki þeim kröfum sem verður að gera til hefðbundinna frumvarpa, hvað þá frumvarpa að breytingum á stjórnskipunarlögum, á stjórnarskránni sjálfri. Það er algerlega nauðsynlegt að þetta komi fram. Hitt er svo annað mál að mér finnst ekki að Framsóknarflokkurinn hafi starfað af fullum heilindum í þessu máli gagnvart samstarfsflokki sínum. Það vil ég að komi alveg skýrt fram.

Á sínum tíma var skipaður sérstakur undirhópur í stjórnarskrárnefnd sem átti m.a. að fjalla um auðlindamál. Sá undirhópur var undir forsæti hv. þm. Bjarna Benediktssonar. Það er fróðlegt í áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar að lesa fundargerðir þess undirhóps og þá afurð sem frá honum kom. Þar er nákvæmlega frá því greint hvað var rætt í nefndinni, sagt frá því að það hafi verið sammæli allra, þar á meðal hv. þm. Bjarna Benediktssonar, að slíkt ákvæði yrði tekið upp í stjórnarskrána. Síðan er því lýst í fundargerðum hvernig þessari vinnu vindur fram og að lokum kom fram tillaga undirhóps sem var undir forustu Bjarna Benediktssonar og þar er bókstaflega talað byggt á öllum þeim rökum sem var að finna í auðlindanefndinni frá árinu 2000. Þar m.a. eru þessi þrjú atriði sem skipta öllu máli og hér hafa verið rakin í dag, m.a. að ekki megi láta af höndum, selja eða framselja varanlega auðlindir sem eru í þjóðareigu og sömuleiðis að einungis megi láta afnotaréttinn af hendi tímabundið og gegn gjaldi. Þetta skiptir ákaflega miklu máli. Hvað veldur því að síðan er kippt í einhverja spotta? Það er vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn er að gæta sérhagsmunanna, hann er að gera það. En á þessum tíma í starfi nefndarinnar hefði Framsóknarflokkurinn ekki þurft annað en blaka auga til þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefði óhjákvæmilega orðið að verða sammála tillögu af þessu tagi en það gerði Framsóknarflokkurinn ekki. Þetta nefni ég vegna þess að mér finnst, þó ég sé stjórnarandstæðingur, að Framsóknarflokkurinn hafi ekki komið fram af fullum heilindum, alls ekki gagnvart sínum samstarfsflokki en ekki heldur gagnvart okkur sem börðumst fyrir þessu máli í stjórnarskrárnefnd.

Mér finnst það lykilmál í þessari umræðu að fram komi rök ríkisstjórnarinnar fyrir því að hafa ekki í því ákvæði sem hér liggur fyrir það sem var meginkjarninn í tillögunni sem við félagarnir í undirhópi stjórnarskrárnefndar, ég og hv. þm. Bjarni Benediktsson, vorum sammála um og síðan allir utan einn í auðlindanefnd árið 2000 — og það er vert að rifja upp að sá sem smíðaði rökin fyrir tillögunni frá auðlindanefnd árið 2000 var fulltrúi framsóknarmanna, Eiríkur Tómasson prófessor og fremsti spekingur okkar í stjórnskipunarfræðum. Hann bjó til þau rök. Þess vegna reka enn brýnni nauður en ella Framsóknarflokkinn til að skýra af hverju grundvallarþættirnir sem þar var að finna eru horfnir út.

Hæstv. forsætisráðherra sagði í dag að í því ákvæði sem hér er til umræðu væri að finna kjarnann úr auðlindatillögunni frá árinu 2000. Herra forseti. Þetta er tóm vitleysa hjá hæstv. forsætisráðherra. Hann er það greindur og upplýstur maður að hann hlýtur að vera að tala gegn betri vitund. Það eru þrír þættir sem eru sameiginlegir bæði í tillögu auðlindanefndar og undirhópsins sem starfaði undir forustu hv. þm. Bjarna Benediktssonar, sem nota bene skilaði einungis vinnuskjali sem sumir hafa kallað formlegt en það hafði ekki aðra stöðu en vinnuskjal svo öllu sé til haga haldið. Vinnuskjal til stjórnarskrárnefndarinnar sjálfrar.

Tillögurnar eiga þrennt sameiginlegt. Í fyrsta lagi var skýrt skilgreint að einungis réttindi og auðlindir sem ekki væru háðar einkaeignarrétti féllu undir þjóðareign. Í öðru lagi var rækilega tekið fram í meginákvæði beggja tillagnanna að það sem fellur undir þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi. Í þriðja lagi er skýrt tekið fram í báðum þessum tillögum að einungis mætti veita heimild til að nýta auðlindir að því tilskildu að heimildin væri tímabundin eða henni mætti breyta með hæfilegum fyrirvara. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður Framsóknarflokksins, verður að skýra út fyrir okkur sem hann er að kalla til samstarfs í dag um þetta mál af hverju þessi lykilatriði eru tekin út úr frumvarpinu. Ég viðurkenni fúslega, herra forseti, að ég les þá staðreynd að þessir lykilþættir eru teknir út úr frumvarpinu saman með því sem segir í athugasemd við 1. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Með ákvæðinu er til dæmis ekki haggað við eignar- og afnotaréttindum þeirra sem hagnýta jarðir og ýmis fasteignatengd réttindi eða stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda."

Þetta er algert lykilatriði fyrir mig vegna þess að ég les þetta saman þannig að þetta frumvarp sé í reynd útbúið mjög sniðuglega til að geta þjónað tveimur herrum, tvenns konar markmiðum, þ.e. að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra getur sagt með nokkrum rökum að frumvarpið veiti ekki óafturkallanlegt forræði yfir auðlindum til nokkurra einstaklinga en á hinn bóginn geti hæstv. forsætisráðherra eða hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem segir að þetta sé þykjustufrumvarp, sagt að þetta breyti ekki neinu í krafti þessarar setningar sem er mikilvægur skýringartexti við ákvæðið sjálft og segir bókstaflega talað að með frumvarpinu sé ekki haggað við afnotaréttindum þeirra sem stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda. Með þessu tel ég að það sé erfitt að hrekja þá ályktun að með þessu sé verið að búa til frumvarp sem sé á þann veg að þegar tímar líða geti sumir beinlínis sagt að yfirráð nokkurra einstaklinga sem nú hafa með kvótann að gera séu í reynd orðin stjórnarskrárvarin. Það er það sem ég hef mest við þetta að athuga.

Þegar ég les frumvarpið er það sérstaklega vont, finnst

mér, að lesa mismunandi texta í greinargerð, texta sem ganga í þveröfuga átt. Þetta sést, herra forseti, á því að bera saman nokkrar setningar. Á tveimur stöðum í frumvarpinu er fjallað um heimildir til að nýta auðlindir og giska sterklega er sagt að eðli máls samkvæmt leiði slíkar heimildir, eins og formaður Framsóknarflokksins hefur undirstrikað, ekki til óafturkallanlegs forræðis einstakra aðila yfir þeim. Síðan stendur í textanum að ákvæði frumvarpsins eigi ekki að hagga við afnotaréttindum þeirra sem stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda. Það er meira að segja hnykkt á þessu, herra forseti, með því að vísa í eignarréttarákvæði í 72. gr. Þegar ég les þetta saman við það sem búið er að taka úr því sem Framsóknarflokkurinn áður taldi að væri lykilatriði velti ég því fyrir mér, þarna eru tvær mögulegar skýringar á ákvæðinu, hvora skýringuna á að taka gilda. Hvort ber að skilja ákvæðið þannig að menn eignist ekki óafturkallanlegt forræði yfir auðlindunum eða þannig að ekki verði haggað við núverandi veiðiheimildum? Þetta gengur í tvær áttir og það er ekki hægt að skýra ákvæðið á báða þessa vegu. Það er gert í greinargerðinni og það er ég ósáttur við. Ég tel að það skapi enn frekari óvissu.

Þessir textar liggja í gerólíkar áttir, þeir tryggja gerólík réttindi, annars vegar ákveðin forréttindi þeirra sem hafa veiðiheimildir í dag og hins vegar það sem ég hef sjálfur kallað almannahagsmuni. Það er hægt að túlka þetta algerlega út frá því á hvorum vængnum maður stendur og það er þess vegna sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gat alveg sagt það sem hann sagði í sjónvarpsþætti með mér á föstudagskvöldið, að þetta væri bara þykjustufrumvarp og það breytti ekki neinu. Mér finnst, herra forseti, að túlkun hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sé í versta falli rétt en í besta falli er ákvæðið með núverandi skýringum algerlega merkingarlaust. Mér finnst sem sagt að það sé til þess fallið að auka réttaróvissu en ekki að draga úr henni.

Í dag er það þannig að það er alveg skýrt, bæði samkvæmt dómnum sem vísað var í frá árinu 2000 og samkvæmt álitsgerðinni sem Þorgeir Örlygsson og Sigurður Líndal veittu 1998 til auðlindanefndar, að ef aðstæður breytast væri t.d. hægt með lögum að gerbreyta núverandi stjórnkerfi fiskveiða. Það væri t.d. hægt að gefa frjálsar veiðar á einstökum tegundum, jafnvel frjálsar veiðar á öllum tegundum ef þannig aðstæður skapast. Þetta segja Sigurður Líndal og Þorgeir Örlygsson fullum fetum svo fremi sem það sé gert með löngum aðdraganda. Mér finnst hins vegar að greinargerðin gefi ekki tilefni til þess að standa undir þessari túlkun og það er það sem ég sjálfur geri að meginágreiningi við þetta fyrir utan að mér finnst að hugtakið þjóðareign sé óskilgreint. Það er einungis sagt að með hugtakinu þjóðareign sé lögð áhersla á sameiginlega hagsmuni allra Íslendinga. Frumvarpið er útþynnt enn frekar með því að hugtakið náttúruauðlindir er heldur ekki skilgreint. Einungis er sagt að það taki til hvers kyns náttúrugæða án tillits til þess hvort um er að ræða auðlindir sem séu beinlínis háðar einkaeignarrétti eða auðlindir sem enginn á. Það þýðir að sauðkindin og hænsnin á næsta bæ eru allt í einu búin að fá sérstakan sess í stjórnarskránni af því að það eru auðlindir sem mér finnst þó ekki koma þessu máli neitt við. Það þarf að skýra það sérstaklega af hverju þessi sérkennilega skilgreining er á náttúruauðlindum? Af hverju er þjóðareign ekki skilgreind?

Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur sagt að hann vilji samstarf og ég get alveg sagt það fullum fetum að hæstv. ráðherra lýsti áðan frumvarpi og ákvæði með ákveðnu innihaldi sem ég tel að sé ekki bara skref í átt að sameiginlegri niðurstöðu heldur stökk. Ég tel að ekki vanti mikið upp á að ég gæti stutt það, og við í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni, sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra lýsti áðan ef það væri gætt í búning frumvarpsákvæðis. Þetta er þess vegna eitt af því sem þarf að skoða. Ef hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra er að meina það sem hann sagði hér áðan þá er grundvöllur til að ná saman um þetta. Ég er búinn að berjast árum saman fyrir þessu ákvæði. Þetta er það sem ég lagði mesta áherslu á sem fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórnarskrárnefnd en ég vil ekki að það ákvæði sem við samþykkjum að lokum sé verra en núverandi staða. Það má ekki skilja okkur eftir í þeirri trú að allt í einu sé hægt að verja t.d. núverandi stjórnkerfi fiskveiða með betri hætti en hægt er í dag. Útgerðarmenn hafa rök, tætingsleg að vísu, sem þeir finna stoð hér og hvar í lögum og hefð en ef þetta er komið inn í stjórnarskrá óttast ég að þeir hafi miklu sterkari rök og því er ég á móti. Þess vegna segi ég: Ég er reiðubúinn til samstarfs við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra á grundvelli þess innihalds sem hann lýsti áðan.

[18:34]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson mælti spaklegast allra hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað í dag. Hann gat þess að ekki yrði hreyft við afnotarétti manna af auðlindum. Það er í sjálfu sér rétt hjá hv. þingmanni. Slíkt er gert í almennum lögum. Vilji menn á annað borð hreyfa við afnotarétti þá gerist það annars vegar með eignaupptöku, sem ríkið þarf þá að bæta, eða með almennri eignaskerðingu, sem er bótalaus eins og Þorgeir Örlygsson og Sigurður Líndal hafa nefnt.

En hv. þingmaður gat þess að hægt væri að ná samkomulagi um málið og hann hefur gengið lengst allra þingmanna stjórnarandstöðunnar í að lýsa vilja til sátta í málinu. Ég fagna því að hann skuli snúa af vegi þess upphlaups sem hann stóð fyrir í síðustu viku. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann muni beita sér fyrir því að málið verði leyst í friði og sátt á næstu dögum.

[18:36]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það situr vel á hv. þingmanni að tala um upphlaup annarra. Aldrei fer hann í nokkur upphlaup.

En herra forseti. Ég get ekki annað heldur en lesið ákveðna stefnubreytingu út úr því að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn sameinast um að taka úr auðlindatillögunni frá árinu 2000 það tvennt sem mér þótti mest hald í varðandi þjóðareignina, þ.e. ákvæðið um að þjóðareignina mætti ekki selja eða láta varanlega af hendi og að hana mætti einungis afhenda til notkunar tímabundið.

Ég les þetta saman við það ákvæði sem ég hef rifjað upp úr greinargerð. Vissulega yrði því að lögum stýrt en þetta tvennt les ég saman. Ég óttast að þetta geti leitt til þess að

miklu ríkari efni verði til þess að túlka bæði stjórnarskrá og lög með þeim hætti að það hefðarhald sem nú er á sumum auðlindum verði að lokum að formlegu eignarhaldi (Forseti hringir.)

[18:37]

**Guðjón Ólafur Jónsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta sé ástæðulaus ótti hjá hv. þingmanni. Ég vil sérstaklega vekja athygli hans á síðustu málsgreininni í greinargerð með frumvarpinu. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er með frumvarpinu áréttað að þótt ríkisvaldið hafi heimildir til að mæla með lögum fyrir um nýtingu auðlinda til hagsbóta fyrir þjóðina sé slíkt ekki því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum."

Þetta er gert í dag, til að mynda með lögum um stjórn fiskveiða. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eðli málsins samkvæmt leiða slíkar heimildir ekki til óafturkallanlegs forræðis einstakra aðila yfir þeim, sbr. 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga, nr. 116/2006, þótt þær kunni að njóta verndar sem óbein eignarréttindi."

En ég fagna því að hv. þingmaður sé tilbúinn til samstarfs við ríkisstjórnarflokkana. Ég vænti þess að hann hafi vit fyrir bæði þingmönnum Samfylkingarinnar og öðrum hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar. (Forseti hringir.)

[18:38]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski von til að ég hafi vit fyrir þeim. Það hefur komið fyrir að mér hafi jafnvel tekist að hafa vit fyrir hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni. Það stendur ekki á mér varðandi samstarf. Ég vil ná samstöðu um þetta. Ég vil gera það á grundvelli ákvæða sem við vorum sammála um, flokkar okkar beggja, í auðlindanefndinni árið 2000 sem skrifað var undir af hendi sem tilheyrði Framsóknarflokknum. Það stendur ekki á okkur.

Bara svo ég tali alveg út úr pokanum. Ég vil að þetta sé alveg skýrt þannig að ef löggjafinn í framtíðinni kýs að breyta stjórnkerfi fiskveiða verulega, ef aðstæður breytast, þá eigi hann að geta það. Ég gæti svo í betra tómi sagt hv. þingmanni frá því að ég tel að það sé hægt í veigamiklum atriðum án þess að það baki ríkissjóði mikil útgjöld. En ég tel hins vegar að ef ráðist yrði í miklar breytingar þá kynni að skapast hætta á fébótaábyrgð. En þá eru leiðir fram hjá því.

Allt um það. Ég les þetta saman þannig að það sé stefnubreyting hjá þeim herrum (Forseti hringir.) sem náðu samkomulagi þegar þeir læstu krumlunum saman í reykfyllta bakherberginu. (Forseti hringir.) Ég veit ekki hvar það var.

[18:39]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi nota tækifærið til að ítreka það sem ég hef áður sagt í andsvörum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson út af lýsingum hans á störfum í stjórnarskrárnefnd. Hann velur þar úr það sem hentar og túlkar með sínum hætti þegar hann talar um formleg vinnuskjöl og annað. Það liggur auðvitað fyrir að þeir undirhópar sem hann vísar til lögðu eingöngu fram umræðugrundvöll fyrir nefndina en voru ekki með formlega tillögugerð eða þess háttar, þannig að því sé haldið til haga.

Hins vegar verð ég nú að lýsa mig ósammála síðasta andsvaranda, hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni, um að gætt hafi einhvers sérstaks sáttatóns í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Mér fannst hann hafa hér allt á hornum sér og gera sem mest úr ágreiningi í málinu. Ég deili ekki þessu sjónarmiði (Forseti hringir.) sem kom fram hjá hv. þingmanni.

[18:40]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki hissa á að hv. þingmaður vilji ekki finna sáttatón hjá mér. Það liggur alveg fyrir úr fjölmiðlum að hv. þingmaður vill ekki ná sátt um þetta fremur en hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem hefur tekist þokkalega að ala þessa ungu menn upp pólitískt, hefur sagt að þetta sé þykjustufrumvarp. Það er skilningur hæstv. forsætisráðherra. Hann lýsti því í dag að þetta breytti engu. Þetta er bara til að þykjast. Þetta er bara gert til að plata Framsóknarflokkinn af því Sjálfstæðisflokkurinn er bestur í því. Hann hefur mesta reynslu í því.

Hins vegar er það alveg rétt sem hv. þingmaður sagði, ég vil bara undirstrika það, að þessi tillaga frá undirhópi stjórnarskrárnefndar var vinnuskjal. Það var notað í áfangaskýrslu að beiðni hv. þingmanns. Ég fellst alveg á það og líka á að það hafi verið umræðugrundvöllur. Það er alveg hárrétt. Það hafði enga aðra formlega stöðu.

En eigi að síður þá var það undir forustu einhvers efnilegasta (Forseti hringir.) þingmanns Sjálfstæðisflokksins sem þessi umræðugrundvöllur varð til.

[18:42]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að rifja upp að þegar málið var til umfjöllunar í stjórnarskrárnefnd var það tekið fyrir ásamt fjölmörgum öðrum atriðum sem þar voru til meðferðar. Það tókst ekki að ljúka umfjöllun um það mál og voru ekki lagðar fram formlegar tillögur og formlegum tillögum var ekki hafnað.

Hins vegar kom þar fram, eins og hefur komið fram í þessari umræðu, að í ýmsum atriðum er skilningur manna á einstökum ákvæðum í þessu sambandi, einstökum orðum og hugtökum, ekki sá sami. Við töldum að það væri mikilvægt að ná niðurstöðu um það í stjórnarskrárnefndinni. Það tókst ekki.

Ég tel hins vegar að frumvarpið sem hér liggur fyrir hjálpi okkur töluvert í þá átt að ná skilningi á þeim hugtökum sem þarna er verið að nota. Ég held að frumvarpið sem slíkt feli í sér miklu skýrari reglu en ýmsar aðrar hugmyndir sem hafa verið á sveimi.

Hins vegar er erfitt að ræða þetta við hv. þm. Össur Skarphéðinsson (Forseti hringir.) vegna þess að hann vill ekki sjá neina niðurstöðu og finnst engin önnur niðurstaða tæk en sú sem hann hefur lýst (Forseti hringir.) þannig að það sé í þeim tilgangi að taka fiskveiðiheimildir til baka,

eins og hann hefur lýst yfir í fjölmiðlum.

[18:43]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að það sem fyrir mér vakir er að löggjafinn hafi heimildir til þess, algerlega skýrar og fortakslausar, ef sú staða kæmi upp í framtíðinni að hann kysi að gera það sem hv. þingmaður lagði mér í munn.

Hitt er alveg rétt, að ég vil gjarnan fara þá leið, eins og margoft hefur komið fram, að veiðiheimildir verði innkallaðar í áföngum, t.d. yfir nokkurra áratuga skeið. Ég vil upplýsa hv. þingmann um að þá skoðun er að finna líka víða í Sjálfstæðisflokknum.

Fyrst menn eru að rifja upp störfin stjórnarskrárnefndar er rétt að það komi alveg skýrt fram að það var bara Sjálfstæðisflokkurinn sem lagðist gegn því að þetta mál yrði afgreitt. Það er hægt að lesa það í fundargerðum stjórnarskrárnefndar á vefnum að formaður nefndarinnar kallaði eftir því hvort samstaða væri um að leggja fram ákvæði um þjóðareign. Það er bara einn flokkur sem lagðist gegn því. Það var Sjálfstæðisflokkurinn og garmurinn hann Ketill fylgdi á eftir því hann þorði ekki að standa í lappirnar. (Forseti hringir.) Kannski man hann ekki lengur hvernig á að gera það því að það er svo langt síðan (Forseti hringir.) hann gerði það síðast.

[18:44]

**Bjarni Benediktsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera athugasemd við það hvernig hv. þingmaður hefur túlkað niðurstöðu vinnuhópsins og á hvaða forsendum vinnuhópurinn skilaði þeirri tillögu sem hann gerði, þ.e. vinnuhópurinn um auðlindamálið, til stjórnarskrárnefndarinnar.

Það er alveg augljóst að í stjórnarskrárnefnd, ekki í vinnuhópnum, þurfti að gera tillögu um hugmyndir auðlindanefndar. Það er algerlega augljóst. Þess vegna tók ég þátt í því í vinnuhópnum að leggja til við nefndina að umræða færi fram á þeim vettvangi um þessar tillögur.

Við skulum hafa í huga að í áfangaskýrslunni kemur fram að fundargerðir vinnuhópanna þurfi að skoða í samhengi við þær umræður sem urðu í nefndinni. Eins og sjá má af áfangaskýrslunni þá voru þær umræður allar á byrjunarstigi og kom (Forseti hringir.) fram strax á fyrstu stigum að gera þyrfti bæði lögfræðilega (Forseti hringir.) og hagfræðilega úttekt á stöðunni.

[18:45]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson má ekki gera of lítið úr sjálfum sér. Það er alveg rétt hjá honum að hann tók þátt í starfi nefndarinnar. Hann gerði meira en það, hann veitti því forustu og það var afgreidd tillaga frá þessari nefnd.

Það er alveg rétt sem kemur fram hjá þeim manni sem nú situr í stóli hæstv. forseta. Við skulum bara fallast á að það var umræðuvettvangur, umræðugrundvöllur, það var vinnuskjal. (Gripið fram í.) Það breytir ekki hinu að í því sagði, með leyfi forseta, og þetta er umræðugrundvöllurinn sem hv. þm. Bjarni Benediktsson lagði til við nefndina:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum."

Þar segir líka síðar, gert undir forustu hv. þm. Bjarna Benediktssonar:

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi að því tilskildu (Forseti hringir.) að það sé tímabundið."

Skýrara getur þetta (Forseti hringir.) ekki verið. Þetta var gert undir forustu þessa efnilegasta þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

[18:47]

**Bjarni Benediktsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá er þetta komið á hreint að tillaga vinnuhópsins var efnislega tillaga auðlindanefndarinnar og til þess lögð fram í stjórnarskrárnefndinni að hún fengi þar tilhlýðilega umræðu, sem því miður gat aldrei farið fram. (**Gripið fram í:** Af hverju?)

Mig langar til að beina þeirri spurningu til hv. þingmanns hvort hann telji að núverandi fyrirkomulag fiskveiðistjórnar á Íslandi veiti þeim sem fara með veiðiheimildir enga stjórnarskrárvernd. Eiga þeir sem stunda sjávarútvegsstarfsemi á Íslandi enga vernd í 72. gr. stjórnarskrárinnar að mati hv. þingmanns?

Hvað ætlar hv. þingmaður að gera fái menn hugmyndir auðlindanefndarinnar inn í stjórnarskrá? Ætlar hann að fara út í tímabundnar heimildir eða ætlar hann að innkalla heimildirnar og hvað á þá að fyrna réttindin á löngum tíma?

[18:48]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við séum alveg sammála um það, ég og hv. þm. Bjarni Benediktsson, að við stóðum saman að tillögu sem við töldum þá báðir að gæti orðið umræðugrundvöllur. Ég get ekki á einni mínútu eða hálfri gefið hér viðhlítandi útskýringar á því hvernig ég vildi sjá þetta kerfi vera. En ég get alveg svarað spurningu hans um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Ég er þeirrar skoðunar að núverandi handhafar kvótans hafi töluvert hald í því. Ég held líka að eftir því sem tímanum vindur fram aukist það hefðarhald þeirra, sem ég hef svo kallað, á þessari auðlind.

Hv. þingmaður spyr hvernig ég vilji úthluta auðlindum. Það fer allt eftir eðli auðlindanna. Ég vil fara eftir allt öðru kerfi varðandi auðlindina í hafinu heldur en t.d. varðandi þær auðlindir sem er að finna í loftinu, losunarheimildir, eða í jarðhita (Forseti hringir.) og vatnsaflsréttindum í þjóðlendum sem við eigum saman.

[18:49]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um þjóðareign á auðlindum. Hér hefur verið komið nokkuð inn á aðdraganda þessa máls og þátt stjórnarskrárnefndar í því þannig að ég kýs að dvelja örlítið við það hvers vegna mál-

ið kom ekki út úr stjórnarskrárnefnd eða tillögur um það.

Stjórnarskrárnefnd var skipuð fyrir tveimur árum í kjölfarið á miklum átökum á Alþingi um mál sem m.a. snertu stjórnarskrána og ég verð að segja að þau átök settu auðvitað svip á starf nefndarinnar upphaflega. Við eyddum löngum tíma í að ræða kaflann um forseta Íslands og Alþingi og ríkisstjórn. Það var ljóst að ekki var vilji fyrir því, og ég undanskil engan flokk þar, í nefndinni að tína út einhver ákvæði úr stjórnarskránni og breyta þeim.

Fljótt kom sú leiðsögn til okkar að þarna ætti að fara fram heildarendurskoðun. Það hefur reyndar verið rakið hér að erindisbréfið var um I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar en ákveðið var áður en nefndin tók til starfa að þar skyldi allt vera undir. Ég undirstrika að það var ekki samkomulag um annað í nefndinni þegar leið á störf hennar en að þarna væri um heildarendurskoðun að ræða. Það var ljóst og ég stýrði nefndinni með það í huga.

Að lokum varð samkomulag um eitt atriði eins og fram hefur komið. Það hafði sérstöðu að því leyti að það varðaði það hvernig staðið skyldi að stjórnarskrárbreytingum. Það var sérstaklega rætt að hægt væri að kjósa sérstaklega um stjórnarskrárbreytingar. Það væri ótvírætt að þjóðin væri stjórnarskrárgjafinn og breytingunum yrði kippt út úr þeim farvegi að vera kosningamál og önnur dægurmál skyggðu á stjórnarskrárbreytingar. Forsætisráðherra var síðan sent erindi um þetta, eins og hann kom að í framsöguræðu sinni áðan.

Það mál sem hér er til umræðu, ákvæði um þjóðareign á auðlindum, kom vissulega til umræðu í nefndinni eins og hér var rakið en um það gengu ekki neinar atkvæðagreiðslur þar í ljósi þess að samkomulag var um það í nefndinni að ekki væru tekin út einstök ákvæði að undanskildu ákvæðinu um stjórnarskrárbreytingar sem ég gat um.

Það kom líka í ljós og ég gerði grein fyrir því að þarna væri um að ræða ákvæði sem væru að hluta til efnisleg í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og ég átti von á að það yrði tekið upp á vettvangi ríkisstjórnarinnar eins og gert hefur verið og þetta mál er nú komið hér til umræðu.

Varðandi heildarendurskoðunina vil ég vitna í drög að áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar og þar segir svo með leyfi forseta:

„Á seinni stigum vinnu nefndarinnar komu fram tvenns konar sjónarmið um hvernig endurskoðun stjórnarskrárinnar skyldi háttað. Annars vegar að leggja ekki til neinar breytingar nema sem hluta af heildarendurskoðun og hins vegar að freista þess að ná samstöðu um breytingar eða nýmæli sem ekki virtist mikill efniságreiningur um. Niðurstaðan var þó sú að leggja að þessu sinni aðeins til breytingar á 79. gr. þar sem mælt er fyrir um hvernig breytingum á stjórnarskrá skuli háttað í framtíðinni. Nefndarmenn álíta þó rökréttan I. áfanga í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Er nánar gert grein fyrir þeirri breytingu í meðfylgjandi frumvarpi. Verði sú breyting samþykkt er um leið lagður grunnur að því að endurskoðaða stjórnarskrá megi bera undir þjóðaratkvæði. Endurskoðun stjórnarskrár mundi því öðlast ótvíræðari lýðræðislega staðfestingu heldur en raunin væri ef hún yrði afgreidd með núgildandi hætti."

En hvað felst í því frumvarpi sem lagt hefur verið fram núna? Það hefur verið rætt um hvaða áhrif það frumvarp sem er hér til umræðu hefur á sjávarútveginn. Ég held því fram og það er alveg ótvírætt að tilgangur með þessu frumvarpi að ekki eigi að styrkja þau atvinnuréttindi í sjávarútvegi sem nú eru en það á ekki að veikja þau heldur. Það á ekki að hafa áhrif á þau atvinnuréttindi í sjávarútvegi sem nú eru. Hins vegar er megintilgangurinn í frumvarpinu sá að þær nýtingarheimildir sem nú eru verði ekki beinn eignarréttur í framtíðinni. Ég held að það séu engar deilur um það innan stjórnarflokkanna. Ég hef ekki trú á því að stjórnarandstaðan sé þeirrar skoðunar heldur að málin eigi að þróast þannig.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins segir svo, með leyfi forseta, um 1. gr.:

„Er með þessu áréttað að ýmsar auðlindir eru og hafa lengi verið annaðhvort háðar einkaeignarrétti eða þá að einstaklingum og lögaðilum hefur verið úthlutað heimildum til nýtingar þeirra á grundvelli lagasetningar. Eru tekin af tvímæli um að ekki sé haggað við slíkum eignar- eða afnotarétti. Með ákvæðinu er til dæmis ekki haggað við eignar- og afnotaréttindum þeirra sem hagnýta jarðir og ýmis fasteignatengd réttindi eða stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda. Hins vegar eru einnig tekin af tvímæli um að óbein eignarréttindi tengd nýtingarheimildum sem þegar eru fyrir hendi munu ekki leiða til beins eignarréttar."

Þetta er auðvitað kjarni málsins. Þetta er tilgangurinn með frumvarpinu og ég hygg að þjóðin sé nokkuð sammála um að binda í stjórnarskránni ákvæði þess efnis enda hefur það komið fram, m.a. í skoðanakönnun sem birt er í Fréttablaðinu í morgun, að 66% þjóðarinnar eru fylgjandi því að binda í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á auðlindum.

Ég heyri það á ræðum stjórnarandstöðunnar í dag, svona þegar rykið sest, að stjórnarandstaðan er fylgjandi megintilgangi laganna. Ég á von á að stjórnarandstaðan vilji koma til samstarfs um þetta þegar rykið sest og þegar 1. umr. er lokið og málið fer til nefndar og menn geta skoðað það í nefnd. Ég tel að þarna sé stigið farsælt skref. Ég viðurkenni auðvitað að tíminn er ekki langur en ég tel að hægt sé að vinna gott verk í þessu þó að hann sé ekki lengri.

Ég mótmæli því að Framsóknarflokkurinn hafi ekki starfað af heilindum í þessu máli. (**Gripið fram í:** Ekki gagnvart Sjálfstæðisflokknum.) Ég mótmæli því að Framsóknarflokkurinn hafi ekki gert það. Ég reyndi í samræmi við það að haga öllum störfum mínum í stjórnarskrárnefnd í að samræma sjónarmiðin, fá menn saman í ályktanir um breytingar á stjórnarskránni. Því það er rétt sem fram hefur komið, og m.a. í framsöguræðu forsætisráðherra, að stjórnarskrárbreytingar hafa í langflestum tilfellum byggst á þverpólitísku samkomulagi utan breytinga á kjördæmaskipan, eins og fram kom. Ég tel mig hafa unnið algjörlega í þeim anda.

Það lá alltaf ljóst fyrir að ákvæðið sem hér er til umræðu var í stjórnarsáttmálanum. Ég lýsti áhyggjum mínum af því en ég tel að ég hafi ekki komið aftan að neinum í þessu máli sem formaður stjórnarskrárnefndar og þegar stjórnarskrárnefndinni sleppti og þetta ákvæði var komið í meðferð formanna stjórnarflokkanna náðu flokkarnir saman um þá niðurstöðu sem hér er.

[19:01]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson varði lengstum tíma í að ræða um þær breytingar á stjórnarskránni sem að einhverju leyti gufuðu upp og mun minni tíma í þær breytingar sem menn deila um innan stjórnarliðsins hvort séu raunverulegar breytingar eða ekki. Ég veit eða tel mig vita að Jón Kristjánsson beri fyrir brjósti hag sjávarbyggða sem hafa farið gríðarlega illa út úr kvótakerfi Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks og mig langar að spyrja hv. þingmann hverju þetta breyti t.d. fyrir Stöðvarfjörð eða Bakkafjörð svo að einhver dæmi séu tekin, þessar grundvallarbreytingar sem hæstv. byggðamálaráðherra þykist vera að bera hér fram. Hann segir að þetta séu grundvallarbreytingar og skjóti nýjum og traustum stoðum undir það hvernig nýtingu þessara sjávarauðlinda verður háttað.

Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hv. þingmanni hverju þetta breyti t.d. fyrir Stöðvarfjörð, Bakkafjörð eða Djúpavog, byggðir sem hafa farið gríðarlega illa út úr stjórnarstefnu Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Mér finnst hann skulda fólkinu í þessum byggðum nokkrar skýringar á því hvaða breytingar Framsóknarflokkurinn er að boða. Eru þetta sýndarbreytingar eða eru þetta raunverulegar breytingar, herra forseti?

[19:03]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gæti auðvitað tekið langa umræðu við hv. þingmann um kvótakerfið, þýðingu þess fyrir atvinnulíf á Íslandi, en hins vegar er engin ástæða til þess í tengslum við þetta mál. Við erum hér að skapa ramma, við erum að festa eign þjóðarinnar í stjórnarskrá. Síðan skipum við fiskveiðiheimildunum og fiskveiðimálum með lögum. Það höfum við gert. Þá er ástæða til að ræða hvaða áhrif kerfið hefur á einstök byggðarlög.

Hitt vil ég fullyrða að kvótakerfið í heild á þátt í því að við erum með einn fremsta og tæknivæddasta sjávarútveg í heimi sem hefur staðið undir verðmætasköpun okkar árum saman og staðið undir því að við höfum getað sótt fram til þess góða efnahags sem við nú höfum.

Auðvitað eru erfiðleikar á einstökum stöðum, (Gripið fram í.) vissulega, og það er ekkert sjálfsagt mál og ég gæti rætt við hv. þingmann um það. Í heild hefur þetta kerfi þó reynst okkur vel.

[19:04]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algerlega ósammála hv. þingmanni. Þetta mál á einmitt að skoðast í ljósi þess hve illa kvótakerfið hefur gefist. Ég er á því að hv. þingmaður ætti að líta til þeirra staða sem ég benti á. Þar er fólkið sem hann er umbjóðandi fyrir. Þetta kerfi hefur gefist afskaplega illa og að heyra hv. þingmann halda því fram að þetta sé einhver undirstaða fyrir tækninýjungar og þróun þessa útvegs er af og frá.

Staðreyndirnar blasa við. Skuldir sjávarútvegsins hafa aukist, þær hafa þrefaldast á síðustu 12 árum og á meðan hafa tekjurnar ekkert aukist. Hvað eru menn að tala um einhvern árangur af þessu þegar við veiðum helmingi færri þorska en við gerðum áður en við tókum þetta kerfi í gagnið? Kerfið var búið til til þess að byggja upp fiskstofnana (Forseti hringir.) og einnig til að tryggja byggð í landinu. Hvorugt þessara markmiða hefur gengið eftir og það eru staðlausir stafir að halda því fram, (Forseti hringir.) sama hvernig á það er litið, herra forseti.

[19:06]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man þá tíð þegar ekkert kvótakerfi var, þá var hægt að veiða alveg (**SigurjÞ:** Hversu nákvæm ...?) eins og menn lysti. Þá var ástandið þannig, ég man að það var árið 1983, að allir togarar á Austurlandi sigldu í höfn vegna þess að útgerðin var að fara á hausinn. Þetta var þegar mátti veiða eins og menn lysti. Þá var aflinn 500 þús. tonn og verðmætasköpunin hlutfallslega margfalt minni en núna er. Þetta kannski sýnir málið í hnotskurn, ef menn á annað borð vilja horfa aftur í tímann. Menn kenna kvótakerfinu um allt en ástandið var svona áður en kvótakerfið hélt innreið sína hér í þessu landi.

Ég fyrirgef hv. þingmanni því að hann er ungur að árum og man kannski (Forseti hringir.) ekki þessa tíð. (Gripið fram í.)

[19:07]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson er sérstakur trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar í stjórnarskrárnefnd, hann var formaður hennar og undir forustu hans kostaði nefndin kapps um að vinna fyrir sem opnustum tjöldum. Hún efndi til ráðstefna, birti líka ýmsar álitsgerðir sem sérfræðingar unnu fyrir hana á vef sínum. Hún birti á vef sínum áfangaskýrsluna sem nefndin sameinaðist um að senda hæstv. forsætisráðherra og á vefnum er líka að finna tillögu undirhóps stjórnarskrárnefndar sem fjallaði um auðlindir. Í anda þessa gegnsæis, af því að ég veit að hv. þingmaður vill vera heiðarlegur og ærlegur, langar mig til þess að spyrja hann eftirfarandi.

Í einni fundargerða stjórnarskrárnefndarinnar, frá í nóvember ef ég man rétt, kemur fram að rætt var um þjóðareign á sameiginlegum auðlindum. Samkvæmt fundargerð spurði hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður stjórnarskrárnefndar, hvort hægt væri að ná samstöðu um að afgreiða frá nefndinni tillögu um að slíkt ákvæði yrði tekið upp í stjórnarskrá.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Fulltrúar hvaða flokks lögðust gegn því sem leiddi svo til þess að það varð ekki að niðurstöðu?

[19:08]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu minni áðan var ekki samkomulag í stjórnarskrárnefnd um annað en að fram færi heildarendurskoðun á stjórnarskránni og ég vann í þeim anda. Þetta ákvæði féll þar innan. Ég vann í þeim anda að það yrði heildarendurskoðun eins og ég áleit að samkomulag væri um í nefndinni.

Hitt hef ég aldrei dregið fjöður yfir að ég hafði áhyggjur af þessu ákvæði vegna þess að það var í stjórnarsáttmálan-

um, enda var það síðan tekið upp á vegum stjórnarflokkanna þegar nefndin hafði skilað tillögum sínum.

[19:09]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson kemur mér á óvart. Hann brestur kjark til að upplýsa hvaða flokkur það var sem lagðist gegn því að ákvæði um þjóðareign yrði afgreitt frá nefndinni. Ég hef fulla heimild til þess að spyrja vegna þess að í opinberri fundargerð nefndarinnar kemur fram að hv. þingmaður, formaður stjórnarskrárnefndarinnar, spurðist sérstaklega fyrir um það á fundi nefndarinnar hvort hægt væri að ná samstöðu um það. Það var ekki neitt annað mál fyrir utan breytingar á 79. gr. sem spurst var fyrir um.

Þess vegna er eðlilegt að formaður stjórnarskrárnefndarinnar upplýsi þingið um það hvaða flokkur það var sem lagðist gegn því. Á þeim fundi kom fram að Samfylkingin, Vinstri grænir og Frjálslyndir vildu taka það sérstaklega. Hvað olli því að það var ekki gert? Hvaða flokkur lagðist gegn því? Hv. þingmaður ætti að svara því ærlega.

[19:11]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef margtekið það fram að það gengu aldrei atkvæði í nefndinni um þetta mál. (**Gripið fram í:** ... spurði ...) Það voru uppi ýmsar skoðanir á því í nefndinni og það komu fram frá öllum flokkum skoðanir þess efnis að það þyrfti að skoða þetta mál betur, þær skoðanir komu vissulega fram. Þær komu frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, þær skoðanir komu frá fleiri flokkum að leggja þyrfti álit auðlindanefndar til grundvallar, eins og það var orðað. Það kom vissulega fram við þessa umræðu og ég held að hv. þingmaður sé kominn dálítið fram úr sér að væna mig um eitthvert undirferli í þessu efni.

[19:12]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni hvað það varðar að almennt eru menn þeirrar skoðunar að þeir vilja ná sátt í þessu. Ég held að það sé vilji mikils meiri hluta þingsins að festa í stjórnarskrá ákvæði um að sameign eða þjóðareign á náttúruauðlindum verði tryggð, þar sem einnig verði tryggt að þessar auðlindir verði ekki afhentar varanlega. Þetta held ég að sé sá sáttagrunnur sem stjórn og stjórnarandstaða gætu vissulega mæst á. Nákvæmlega á þessum grunni mættust stjórn og stjórnarandstaða í auðlindanefnd fyrir sjö árum.

Það sem mig langaði að spyrja hv. þingmann um er: Hvaða auðlindir eru það, þ.e. fari þetta ákvæði inn í stjórnarskrá, sem löggjafinn getur ekki í framtíðinni afhent varanlega eða undirorpið séreignarrétti ef hann svo kýs? Með öðrum orðum, hvaða vörn er fyrir þjóðina í þessu stjórnarskrárákvæði gagnvart þeim vilja löggjafans sem hugsanlega kann að fæðast í óskilgreindri framtíð gegn því að auðlindir verði ekki afhentar varanlega?

[19:14]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður átti, ef ég man rétt, sæti í auðlindanefndinni sem setti frá sér álit sem hefst þannig:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar."

Ég reikna með að auðlindanefndin hafi gengið út frá svipuðum forsendum og flutningsmenn þessa frumvarps, að þessum réttindum sé ráðstafað með lögum, að það sé í lagasetningu hvaða auðlindir þarna er um að ræða. Hins vegar hef ég auðvitað skoðanir á því hvað telst til náttúruauðlinda, það eru m.a. orkan og fiskimiðin og hvers konar réttindi þeim tengd.

[19:15]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi svarað þessu skýrt. Ég held að framsóknarmenn hafi ákveðna skýringu eða skilning á því hvað séu náttúruauðlindir. En vandinn er sá að það hefur ekki tekist að ná saman um ákvæði sem raunverulega kemur í veg fyrir að löggjafinn í framtíðinni afhendi þessar eignir varanlega. Með vísan til auðlindanefndarinnar sem skilaði af sér árið 2000, þá var þar gert tvennt sem er ekki inni í þessu ákvæði. Í fyrsta lagi var neikvæð skilgreining á því hvað teljist til náttúruauðlinda og það sem teldist til náttúruauðlinda og var þjóðareign skyldi aldrei afhent varanlega án gjalds. Þetta var lykilatriði þannig að það sem er varið af þjóðareign gæti löggjafinn ekki afhent varanlega, það yrði stjórnarskrárgjafinn að gera. Það er m.a. af þessum ástæðum sem ég tel að fyrstu orðin í þessu stjórnarskrárákvæði og ég er reyndar sammála því sem kom fram í ræðu hæstv. forsætisráðherra, þetta er fyrst og fremst stefnuyfirlýsing en hefur ekkert raunverulegt innihald. Af þessu hef ég áhyggjur og ég held að það gæti náðst sátt um það ef þetta ákvæði skýrist enn betur.

[19:16]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála hv. ræðumanni um að þetta ákvæði sem hér er til umræðu hafi ekkert raunverulegt innihald. Tilgangurinn í því, sem að mínu mati er langsamlega mikilvægastur, er að ákvæðið á að koma í veg fyrir að það skapist varanlegur eignarréttur á auðlindum vegna hefðar. Það finnst mér vera meginákvæðið í þessu og það finnst mér vera ákvæði sem hv. þingmenn í stjórn og stjórnarandstöðu ættu að geta komið sér saman um.

En ég verð að segja og endurtek það að þegar rykið sest eftir þessa umræðu þá held ég að það hljóti að vera hægt að ná niðurstöðum um þetta.

[19:18]

**Forseti (Birgir Ármannsson)**:

Nú verður gert hlé á þingfundinum til kl. 9. Gert er ráð fyrir að nefndarfundir standi til kl. um það bil hálfníu en frá

hálfníu til níu hefur komið fram ósk frá a.m.k. einum þingflokki um að fá svigrúm til þingflokksfundar.

[Fundarhlé. — 19:18]

[21:01]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum stjórnarskrá Íslands og tillögu sem liggur fyrir þinginu um breytingu á henni og eins og hér hefur komið fram þá eru það oddvitar stjórnarflokkanna sem flytja málið, hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson.

Menn hafa rætt nokkuð aðdraganda þess að við fengum þetta frumvarp á borð núna í blálokin á þinghaldinu, að því er við töldum, því samkvæmt áætlun þingsins er gert ráð fyrir að hlé verði gert á þinghaldinu síðar í þessari viku, á fimmtudag ef ég man rétt. Nei, þá tóku þeir sig til þessir ágætu ráðherrar og hittust á tveimur, þremur næturfundum og úr varð sá texti sem við höfum fyrir framan okkur. Það er óvenjulegt að flutt sé frumvarp í nafni tveggja manna en ekki ríkisstjórnarinnar og minnir svolítið á annað mál sem einnig var til umræðu í dag. Það var Íraksmálið og listi hinna viljugu þjóða sem þeir véluðu um á sínum tíma, þáverandi hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddsson og þáverandi hæstv. utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson. Að sjálfsögðu eru þessi mál gerólík og óskyld en vinnubrögðin áþekk að sumu leyti.

Hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson sagði að hann tryði því að hægt yrði að tryggja í senn að málið fengi skjóta afgreiðslu og vandaða málsmeðferð. Þá spyr ég: Stendur enn til að ljúka þinghaldinu nú um miðjan mánuðinn? Stjórnarandstaðan hefur fyrir sitt leyti boðist til þess að lengja þinghaldið, að því leyti sem við ráðum einhverju um það þá erum við reiðubúin til slíks en í mínum huga er það alveg ljóst að ef við ætlum að tryggja vandaða málsmeðferð þá verður að lengja þinghaldið. Röksemdir hæstv. ráðherra voru á þá lund að hér væri byggt á mjög traustum grunni. Málið hefði fengið umfjöllun í auðlindanefndinni árið 2000 og einnig hefði stjórnarskrárnefnd á vegum þingsins, sem sett var á laggirnar á árinu 2005, unnið að þessum málum.

Vandinn er bara sá að þetta er ekki eins og hvert annað lagafrumvarp sem fær umfjöllun í fagnefnd á vegum þingsins. Hér erum við að tala um stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og hver einasti þingmaður þarf að þekkja vel til málsins þannig að þetta er ekki spurning um að starfsnefnd komi að málinu og afgreiði það frá sér. Nei, við verðum að tryggja vandaða málsmeðferð í þingsalnum. Allir þingmenn þurfa að vera þar með í ráðum.

Það sem er athyglisvert við þá umræðu sem hefur spunnist í tengslum við þetta frumvarp til stjórnarskipunarlaga er hve óljóst málið er. Það liggja heilar hjarðir lögfræðinga á vegum hagsmunasamtaka yfir þessu frumvarpi til að ráða í hvað það raunverulega þýðir. Við heyrðum í fréttum Ríkisútvarpsins um helgina að framkvæmdastjóri LÍÚ hafði uppi slík orð, hann sagði að sérfræðingar sambandsins væru að reyna að átta sig á því hvað þetta þýddi í reynd. Menn velta því fyrir sér hvort það geti verið að í stað þess að tryggja og treysta auðæfi þjóðarinnar í þjóðareign, náttúruauðlindir Íslands í þjóðareign, þá sé í reynd verið að stjórnarskrárbinda hið umdeilda fiskveiðikerfi sem við búum við, kvótakerfið. Þetta eru gagnstæð sjónarmið sem fram hafa komið. Ég er því mjög fylgjandi að treysta sameign þjóðarinnar eða þjóðareign á náttúruauðlindum Íslands. Mér finnst það skipta mjög miklu máli. Og það er annað og meira en orðin tóm og á að vera annað og meira en orðin tóm. Ég held t.d. að ef það gerðist á næstu árum og áratugum að Íslendingar gengju í ríkjabandalag á borð við Evrópusambandið, sem ég er aldeilis ekki fylgjandi, þá væri mikilvægt að hafa í stjórnarskránni ákvæði sem tryggðu það að náttúruauðlindir Íslands til lands og sjávar væru þjóðareign. Þetta skiptir því afar miklu máli.

Ég hef hlustað af athygli á þá umræðu sem fram hefur farið hér í dag. Sérstaklega þóttu mér athyglisverð orðaskipti hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og hæstv. viðskiptaráðherra Jóns Sigurðssonar, þegar þingmaðurinn beindi þeirri spurningu til ráðherrans á hvern hátt þessi texti sem hér er lagt til að verði felldur inn í stjórnarskrá Íslands, festi náttúruauðlindirnar í eign þjóðarinnar. Ég man ekki nákvæmlega hvernig hann spurði en það var á þessa leið. Hæstv. ráðherra sagði m.a., með leyfi forseta:

„Ég hef skilið hugtakið þannig að það sé vörn í því að stjórnarskrárákvæðið geri ráð fyrir því að þjóðareignin haldist. Ég hef heyrt lögskýringar um það að með lögum megi taka einstaka eign út úr þjóðareigninni og ráðstafa henni síðan, en þjóðareignin sé heildstætt hugtak og það megi ekki gera það með öðrum hætti en þá þeim sem ég nefndi."

Hvað þýðir þetta? Á þjóðareignina, með öðrum orðum auðlindirnar, ber að líta sem heildstætt fyrirbrigði en engu að síður er hægt að taka tiltekna einstaka þætti og ráðstafa þeim með öðrum hætti. Hvað þýðir þetta? Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Síðan segir hæstv. viðskiptaráðherra, með leyfi forseta:

„Ég vitnaði til þess sem ég hef heyrt eftir lögfræðingum, prófessorum við Háskóla Íslands, að til sé undanþága frá því að þjóðareigninni verði ekki ráðstafað með varanlegum hætti. Það er meginreglan."

Hvað þýðir þetta? Er hægt með öðrum orðum að ráðstafa þjóðareigninni á annan hátt en þann sem menn eru að tala hér fyrir þegar þeir hafa talað fyrir þessu frumvarpi? Hér eru frumvarpshöfundarnir, flutningsmennirnir, komnir að því er mér finnst í hálfgerðan mótsagnarhnút og við umræðuna verður að skýra hvað átt er við. Lögspekingum þykir orðalagið í greininni orka tvímælis og á hvern hátt er vísað til náttúruauðlinda, annars vegar sem þjóðareignar og hins vegar er tengingin við 72. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um einkaeignarrétt. Það er ekki vísað í aðrar greinar sem taka á umhverfisrétti og öðrum þáttum, þarna er vísað í einkaeignarréttinn. Þjóðareignin er sem sagt skilyrt á þennan hátt ... (Gripið fram í.) já, og þá vaknar sú spurning hversu skýr þessi hugtök öll eru þegar öllu er á botninn hvolft. Við erum nefnilega að verða vitni að breytingum varðandi eignarréttarákvæðið í íslenskri lagasmíð almennt.

Við ræddum ítarlega um eignarrétt á vatni, það mun hafa verið á síðasta ári, síðastliðið haust, og menn deildu og voru ekki á eitt sáttir. Stjórnarmeirihlutinn sagðist ekki vera

að breyta einu eða neinu. Í reynd væri verið að laga vatnalögin frá 1923 að því sem hefði verið dómapraxís. Það væri enginn eðlismunur annars vegar á frumvarpinu sem samþykkt var með fyrirvara og tímasetningum í haust og hins vegar vatnalagafrumvarpinu frá 1923. Við vorum mörg á öndverðum meiði við þennan skilning og töldum að menn væru að festa eignarréttarákvæðin í sessi og hverfa frá þeirri hugsun sem við töldum að vatnalögin frá 1923 byggðu á að verulegu leyti og reyndar öll lög um náttúruauðlindir Íslands í aldanna rás, að hverfa frá nýtingarréttarhugsuninni yfir í einkaeignarréttarhugsun.

Þetta hefur reyndar verið að gerast á undanförnum árum með hinni alræmdu lagasmíð frá 1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem eru einhver hrikalegustu lög, einhver mestu mistök sem hér hafa verið gerð að festa í sessi eignarrétt einkaaðila á heitu vatni, nánast alla leið til Kína. Það eru strangari einkaeignarréttarlegar heimildir í íslenskri auðlindalöggjöf en við finnum jafnvel í Bandaríkjunum, allt þetta er á fljúgandi ferð, það er verið að festa einkaeignarréttinn í sessi. Síðan fáum við þessa grein sem fjallar um auðlindir til sjávar og í landinu og auðvitað skiptir mjög miklu máli hvaða skilning menn leggja í þetta ákvæði og í þessa samsuðu þegar menn fella þarna saman annars vegar þjóðareignarhugtakinu og hins vegar einkaeignarréttarhugtakinu.

Þetta eru hlutir sem þarf að sjálfsögðu að ræða mjög vel og það er mikill misskilningur hjá hæstv. iðnaðarráðherra og formanni Framsóknarflokksins að það sé hægt að fara í gegnum slíka umræðu á nokkrum klukkutímum. Menn voru í alvöru að biðja stjórnarandstöðuna um það fyrir helgina, ég held það hafi verið á fimmtudag, að veitt yrðu afbrigði til þess að hespa málinu af í hvelli. Og í þinginu erum við enn að ræða um að ljúka þinghaldinu í þessari viku. Það er verið að ræða um það á fundum með formönnum þingflokka. Er engin alvara á bak við þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og formanna stjórnarflokkanna? Eru þetta bara einhver sýndarvinnubrögð?

Við höfum boðið það að þinghaldið verði lengt og við setjumst af alvöru yfir þessi mál. Ég er alveg sannfærður um að á þinginu er yfirgnæfandi meiri hluti fyrir því að festa í sessi í stjórnarskrá Íslands traust ákvæði um þjóðareign á auðlindum til lands og sjávar, ég er alveg sannfærður um það. En þá verðum við líka að tryggja vönduð vinnubrögð.

Ég hef aðeins imprað á nokkrum þáttum. Við erum búin að fara rækilega í gegnum þann texta sem fylgir þessu frumvarpi. Við höfum kallað til sérfræðinga og munum gera enn. Og við munum leggja allt sem við getum fram til þess að vinna í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar verði sem vönduðust og verði sem best en ég frábið mér sýndarvinnubrögð, ég frábið mér einhverja sýndarmennsku í tengslum við þetta grafalvarlega og mikilvæga mál.

Það á einhvern tíma eftir að verða rifjað upp hvernig tildrög þess voru að þetta frumvarp kom hingað inn á borð þingmanna í blálokin á þinghaldinu. Það var Framsóknarflokkurinn sem vildi draga athygli að sér vegna slaks gengis í skoðanakönnunum og bjó til þessa uppákomu og síðan lífgjafinn, Sjálfstæðisflokkurinn, sem kom með opinn faðminn og á einum eða tveimur næturfundum kokkuðu formenn stjórnarflokkanna þetta upp. Þetta er veruleikinn í málinu, þetta er raunveruleikinn og það er þetta sem minnti mig svo óhugnanlega mikið á mál sem kom upp á svipuðum tíma árs árið 2003. Það var þegar þeir Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson urðu ásáttir um að setja Ísland á lista hinna viljugu þjóða, nokkuð sem sérstaklega Framsóknarflokkurinn hefur neitað mjög ákaft að hafi verið gert en hefur verið upplýst með tilvísun í gögn að raunverulegt boð og ósk kom frá Bandaríkjunum og þessir leiðtogar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins ákváðu að verða við því boði.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Ástæða þess að ég rifja upp Íraksmálið er að sjálfsögðu einvörðungu vegna vinnubragða formanna stjórnarflokkanna. Þessi mál eru að sjálfsögðu með öllu óskyld en þegar við gerum breytingar á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins þá vöndum við til verka.

[21:19]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum mikilvægt alvörumál sem er frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Ég vil hefja ræðu mína á því að lýsa því yfir að ég varð eiginlega svolítið hissa þegar þetta mál kom allt í einu upp núna á lokadögum kjörtímabilsins. Hvers vegna skyldi ég hafa orðið hissa? Jú, ég varð hissa vegna þess að hún rifjaðist einmitt upp fyrir mér stefnuræða sú sem þáverandi hæstv. forsætisráðherra flutti hér í þessum sal þann 27. maí árið 2003. Þá var þetta kjörtímabil, sem nú er senn á enda, nýhafið. Þá voru aðeins örfáir dagar frá kosningum og ég held að það sé óþarfi að rifja það upp að í þeirri stefnuræðu flutti hæstv. þáverandi forsætisráðherra í raun og veru stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.

Ég man vel hvað stóð í þeim stjórnarsáttmála og þegar ég frétti af þessu máli fór ég og skoðaði þennan stjórnarsáttmála. Ég las hann yfir og staldraði að sjálfsögðu við kaflann um sjávarútvegsmálin sem öðrum þræði eru jú einnig byggðamál. Ég las þær fáu línur þar sem vikið var að þessum mikilvægu málaflokkum. Þær línur hljóða svo, með leyfi forseta:

„Leitast verður við að styrkja hagsmuni sjávarbyggða, til dæmis með því að kanna kosti þess að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga og lögaðila, að nýta tekjur af veiðigjaldi til uppbyggingar þeirra, takmarka framsal aflaheimilda innan fiskveiðiársins, auka byggðakvóta og taka upp ívilnun fyrir dagróðrarbáta með línu. Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá."

Þarna var það þá komið eins og rúsínan í pylsuendanum, síðasta setningin átti nú að verða að lögum, hún átti að fara í sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Rétt fyrir kosningar kom þetta allt í einu.

Hvað með öll hin málin? Hvað með setninguna um það að leitast verði við að styrkja hagsmuni sjávarbyggða? Hefur það verið efnt? Ég segi nei. Ég segi nei, virðulegi forseti, það hefur ekki verið efnt. Litla fingri hefur ekki einu sinni verið lyft. Við sáum átakanlegt dæmi um það í gær þegar haldinn var fjölmennur fundur á Ísafirði þar sem þjóðin fékk að heyra neyðarkall frá Vestfjörðum. Fjölmennur

borgarafundur, og þjóðin fékk að heyra neyðarkall frá Vestfjörðum. Skyldi kannski engan undra.

Það var líka talað um að kanna ætti kosti þess að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga og lögaðila að fiskveiðiheimildum. Hefur það verið efnt? Nei, ekki eitt orð um það á kjörtímabilinu, ekki eitt einasta orð. Litli fingurinn er hvergi sjáanlegur heldur í þessu máli.

Síðan sagði að nýta ætti tekjur af veiðigjaldi til uppbyggingar sveitarfélaga. Virðulegur forseti. Það hefur líka verið svikið. Það hefur ekkert heyrst af þessu, ekki sést nein viðleitni til þess að þetta yrði að veruleika.

Takmarka framsal aflaheimilda innan fiskveiðiársins? Ég kannast ekki við það. Ég fæ ekki séð að hróflað hafi verið við framsalinu með einum eða neinum hætti, langt í frá.

Auka byggðakvóta? Nei.

Línuívilnunin, taka upp ívilnun fyrir dagróðrarbáta með línu? Kannski svona aðeins, en ekki meira en það. Bara pinkupons. Það var efnt með miklum semingi, það þurfti nánast að draga ríkisstjórnarflokkana gólandi að borðinu og neyða þá til þess að standa þótt ekki væri nema við þetta loforð. Það var gert með hangandi hendi og settar í kringum það ótal reglur, stífar reglur, vegna þess að það þótti í raun og veru afskaplega vont mál að ætla að reyna að rétta byggðunum hjálparhönd með þessum hætti. Jafnvel þótt fyrir lægi samþykkt frá landsfundi Sjálfstæðisflokksins um *þetta mál, jafnvel þótt hún lægi fyrir voru stjórnarflokkarnir* mjög tregir til þess þó að sýna einhverja viðleitni til að efna þetta loforð.

Síðan kemur ákvæðið um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar og það verði bundið í stjórnarskrá. Þetta þykjast flokkarnir vera að efna núna, reyndar var það Framsóknarflokkurinn sem reið á vaðið í óþökk Sjálfstæðisflokks með yfirlýsingum á flokksráðsfundi sínum, held ég að sú samkoma hafi verið kölluð. Nú höfum við hér frumvarpið sem hefur verið borið inn á hið háa Alþingi af tveimur fulltrúum framkvæmdarvaldsins. Virðulegi forseti. Þetta er mjög óvenjulegt. Ég held að það sé einsdæmi að tveir fulltrúar framkvæmdarvaldsins, þ.e. sitjandi ráðherrar, annars vegar hæstv. forsætisráðherra og hins vegar iðnaðar- og viðskiptaráðherra, beri inn á borð hér á hinu háa Alþingi frumvarp til breytingar á sjálfri stjórnarskránni þegar aðeins nokkrar klukkustundir eru eftir af þingtíma miðað við starfsáætlun, kannski í samráði við þingflokka stjórnarflokkanna en alls ekki í samráði við þingflokka stjórnarandstöðunnar. Mér er tjáð af þeim sem hafa meiri þingreynslu en ég að hefð sé fyrir því að þegar kjörnir fulltrúar þjóðarinnar á löggjafarsamkomunni fara í þá vinnu að hrófla við helgustu lagasetningu þjóðarinnar sé það yfirleitt gert í sátt, þingflokkarnir setjist niður og ræði leiðir til þess að gera breytingar á stjórnarskránni, vonandi til bóta, og það síðan gert í sátt og sameiningu.

Hér höfum við hins vegar, virðulegi forseti, eins og ég sagði áðan, tvo fulltrúa framkvæmdarvaldsins. Annar þeirra er ekki einu sinni kjörinn á þing, hann hefur ekki umboð frá kjósendum til lagasetninga í þessu landi því að hann er ekki kjörinn þingmaður, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra Jón Sigurðsson. (**ÖS:** Má ekki bæta úr því?) Þetta er mjög undarlegt. Má ekki bæta úr því? segir hv. þingflokksformaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson. Ja, ég skal ekki segja, kjósendur virðast a.m.k. ekki vera mjög fíknir í að bæta úr því miðað við niðurstöður skoðanakannana í vetur. Það er kannski vafaatriði hvort umbætur fáist á því í kosningunum fram undan. Ég skal ekki segja, kjósendur ráða, kjósendur í þessu landi eiga að ráða og ég hygg að þeir muni hafa sitt að segja um þann gjörning sem nú er að *fara fram á hinu háa Alþingi.*

Það er nefnilega þannig, virðulegi forseti, að kjósendur fylgjast með. Kjósendur eru þeirrar skoðunar að menn eigi að vanda sig á hinu háa Alþingi og menn eiga sérstaklega að vanda sig þegar þeir fara að hrófla við stjórnarskránni. Þá hygg ég að ekki dugi að koma með frekar illa orðaða og vanhugsaða tillögu um breytingu þar sem ekkert smáræði er lagt undir, sjálfar náttúruauðlindir Íslands. Ég hefði haldið að það hefði verið farsælla að reyna að ná þá lendingu í þessu máli með því að ræða við alla flokka á Alþingi. Það er einu sinni svo að þó að við sem sitjum í stjórnarandstöðu séum þar að mörgu leyti valdalaus erum við ekkert verri fulltrúar þjóðarinnar en þau sem eru í stjórnarmeirihluta. Við erum ekkert verri fulltrúar þjóðarinnar en þau. Við sitjum líka hér í umboði kjósenda, við sitjum líka hér í umboði þjóðarinnar. Mér finnst afskaplega dapurlegt að við skulum ekki einu sinni vera spurð þegar á að fara að breyta okkar helgustu löggjöf sem er stjórnarskrá lýðveldisins.

Mér finnst það ekki sæmandi vinnubrögð. En nóg um það, virðulegi forseti. Við í þingflokki Frjálslynda flokksins höfum setið yfir þessu máli og skoðað það, við höfum gert það allt frá því að því var dreift í þinginu og veltum því fyrir okkur. Við höfum hug á því að ef á annað borð á að fara í það að setja inn einhver ákvæði um náttúruauðlindir Íslands og að þær skuli vera þjóðareign sé gríðarlega mikilvægt að tekið sé tillit til fleiri ákvæða stjórnarskrárinnar en 72. gr. sem segir svo, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Þetta er eina ákvæðið sem stjórnarherrarnir, eða þeir tveir ráðherrar sem hafa borið fram þetta frumvarp, telja ástæðu til að sé minnst á í þessum texta.

Við í Frjálslynda flokknum viljum draga inn 65. gr. stjórnarskrárinnar sem er ekki síður mikilvæg en eignarréttarákvæðið. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna."

Okkur þykir það mjög mikilvægt að þessi regla, jafnræðisreglan, skuli vera dregin inn í þetta vegna þess að við teljum að það sé mjög mikilvægt að hamrað sé á því að allir þegnar landsins skuli hafa jafnan rétt þegar kemur að möguleikum til þess að nýta okkar sameiginlegu náttúruauðlindir. Við viljum líka draga inn 75. gr. og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess."

Virðulegi forseti. Þegar við skoðum framkvæmd t.d.

fiskveiðistjórnarlaganna, sem óhjákvæmilega hljóta að dragast inn í þessa umræðu, hljótum við að sjá að eins og málum er háttað í dag er töluvert langt í frá að bæði jafnræðisreglan sé virt en líka reglan um frelsi til atvinnu. Því miður. Þarna erum við kannski komin að kjarna málsins í deilunum um fiskveiðistjórnarkerfið. Ég hygg að svo sé.

Það er einu sinni þannig að þegar við lítum um öxl og skoðum fiskveiðistjórnarkerfið, sem við höfum búið við núna í rúmlega 20 ár, er svo sem ekki mikil ástæða til að vera með stórkarlaleg húrrahróp eða fagnaðarlæti. Ég hygg að einungis þeir sem eru blindir á staðreyndir sjái ekki að þetta kerfi hefur ekki skilað tilætluðum árangri, það hefur hins vegar valdið mikilli úlfúð í þjóðfélaginu og deilum sem ekki sér fyrir endann á enn þá. Mér sýnist sem þetta mál, kvótamálið, sem snýst að verulegu leyti um grundvallarsjónarmið, muni enn eina ferðina verða kosningamál hjá okkar þjóð. Það mál er hvergi útkljáð enn.

Í upphafi ræðu minnar minntist ég á fund sem haldinn var á Ísafirði í gær. Mér finnst að sá fundur ætti að verða öllum þingmönnum umhugsunarefni, við ræddum hann aðeins í fyrirspurnatíma í dag þar sem formaður Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, las upp ályktun fundarins og kallaði eftir svörum frá hæstv. forsætisráðherra. Þar er grafalvarlegt mál á ferðinni því að staðreyndin er einfaldlega sú að fjölmargar af byggðum landsins eru komnar að fótum fram. Ég tel að ástandið sé svo alvarlegt að þessar byggðir muni ekki þola fjögur ár í viðbót undir núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, þær muni hreinlega ekki gera það. (**ÖS:** Þetta batnar í vor.) Það batnar í vor með nýrri ríkisstjórn, það batnar þegar kaffibandalagið tekur vonandi við. Fáum okkur vatn upp á það. Það þarf nefnilega að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið frá grunni vegna þess að við höfum ekki náð árangri. Við höfum ekki náð árangri með tilliti til byggða landsins, við höfum ekki náð árangri með tilliti til fiskstofnanna. Ég tel heldur ekki að við höfum náð árangri þegar við skoðum t.d. stöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Sjávarútvegurinn er sokkinn í skuldir, því miður. Það fara gríðarlegir peningar úr greininni á hverju ári í að borga af lánum og borga vexti. Það fara líka gríðarlegir peningar t.d. í kvótaleigu.

Það var hringt í mig í gærkvöldi vestan af fjörðum. Það var maður sem býr í sjávarþorpi sem ætti að vera með blómlegri byggðum á Íslandi. Hann sagði: Héðan fara á hverju ári 400 millj. kr. í kvótaleigu, og til viðbótar erum við sennilega að borga afborganir og vexti af lánum vegna kvótakaupa upp á 600 millj. Þetta eru miklir peningar fyrir svona lítið byggðarlag. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvernig staða þessara byggða væri ef þær væru ekki undirseldar þessu oki. Hvernig væri staðan í þessu litla þorpi ef milljarður kr. hefði ekki tekinn úr hagkerfi þorpsins á einu ári og fluttur eitthvað annað? Það væri sennilega bullandi velsæld í þessu þorpi en því miður er það ekki þannig í dag og mér finnst sárt til þess að vita að svona skuli staðan vera.

Mér finnst óréttlátt að byggðir þessa lands skuli ekki fá að njóta náttúruauðlinda sinna á jafnræðisgrundvelli. Þetta er ekkert lýðskrum eða bull eins og ég hygg að kannski formaður Framsóknarflokksins telji að það sé og hugsanlega líka formaður Sjálfstæðisflokksins. Þetta er það ekki. Það er hins vegar mikið umhugsunarefni að við skulum hafa komið málum þannig fyrir að ástandið í sjávarbyggðum allt í kringum landið, sem liggja við ríkustu fiskimið landsins, skuli vera eins og Kristinn Pétursson fiskverkandi lýsti í gær í Silfri Egils. Ég var þátttakandi í þeim umræðuþætti en þar sagði hann söguna einfaldlega eins og hún er. Hann er mjög duglegur maður, hefur rekið fyrirtæki sitt við mjög erfiðar aðstæður í mörg ár, jafnvel þótt það sé statt við ströndina þar sem undan eru ein ríkustu fiskimið í Norður-Atlantshafi. Hann sagði: Ég er í pattstöðu, fyrirtækið mitt er lokað, það er ekki gjaldþrota, ég get ekki opnað rekstur, það er allt stopp.

Ég hlýt að spyrja, virðulegi forseti: Hvernig í ósköpunum stóð á því að okkur Íslendingum tókst að klúðra málum með þessum hætti? Hvernig í ósköpunum stendur á því að okkur tókst að búa til svona kerfi sem hefur sannarlega eytt byggðum landsins, hvernig í ósköpunum stendur á því að við höfum búið til kerfi sem hefur haft svo hroðalegar afleiðingar að ung kona kemur á flokksþing Framsóknarflokksins þann 3. mars sl. og flytur þar ræðu og segir, með leyfi forseta:

„Þegar ég horfi á byggðir landsins í dag þá verður mér oft hugsað til hugtaks úr sálfræði sem er lært hjálparleysi. Landsbyggðin er einfaldlega búin að ganga í gegnum það mörg áföll að í dag á hún erfitt með að bjarga sér, því reynslan segir okkur að þó við björgum okkur úr einum aðstæðum, þá virðumst við alltaf lenda á sama stað aftur og lendum í enn einu áfallinu."

Og síðar sagði þessi unga framsóknarkona:

„Staðreyndin er því miður sú að máttarstólpar samfélaganna fyrir vestan eru farnir að riða til falls og tala um að gefast upp. Þegar svo er, þá er eitthvað að. Síðustu vikur hef ég upplifað raunverulegan ótta vegna heimilis míns og ég hef ekki verið ein að upplifa þennan ótta. Það hefur raunverulegur ótti gripið um sig í samfélaginu."

Alvarlegir hlutir eru að gerast, virðulegi forseti, þegar ungir Íslendingar tjá sig með þessum hætti. Þá er fólk komið á ystu nöf.

[21:39]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Verkefni stjórnmálamanna á sviði auðlindanýtingar er risavaxið. Stefnumörkun hvað varðar verndun lands og náttúru og þar með hvaða auðlindir skuli nýta og hvernig og hver skuli annast eignarhald þeirra, slík stefnumörkun liggur ekki fyrir í löggjöf landsins.

Stjórnarflokkarnir hafa ekki unnið að því verki sem skyldi þrátt fyrir að öllum sem leiða huga sinn að þessum málefnum sé þörfin ljós. Ástæður þessa viljaleysis eru þær að í báðum stjórnarflokkunum eru áhrifamikil öfl að verki sem hafa verið að vinna að því að koma í veg fyrir að ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að auðlindir sjávar verði bundnar í stjórnarskrá og nái fram að ganga.

En hvers vegna er þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum? Ákvæðið er þar vegna þess að þjóðin hefur aldrei sætt sig við þá einkavæðingu fiskstofna sem felst í framsali veiðiréttarins. Þetta hefur komið skýrt í ljós í könnunum og umræðum árum saman um fiskveiðistjórnarkerfið.

Síðast í dag var kynnt könnun sem Fréttablaðið lét gera

og samkvæmt henni segist meiri hluti þjóðarinnar, býsna stór, 66% vera hlynntur því að gerð verði stjórnarskrárbreyting þess efnis að auðlindir séu skilgreindar sem þjóðareign. Minnstur stuðningurinn við þetta er í Sjálfstæðisflokknum. Þar eru þó 62,4% sem styðja að slíkt ákvæði sé sett í stjórnarskrána. Þetta er ekkert nýtt. Fréttablaðið var að spyrja alvöruspurningar. Var að spyrja um það hvort fólk vildi að sett yrðu alvöruákvæði í stjórnarskrána um að þær auðlindir væru þjóðareign.

Ég ætla að vitna í könnun sem birt var í Morgunblaðinu á árinu 2004. Þar var spurt um hvort menn væru ánægðir með kvótakerfið. Þar voru menn í raun og veru að svara sömu spurningunni og hér var svarað. Einungis 18% þjóðarinnar voru ánægð með kerfið. 65% vildu breyta, voru á móti eignarhaldsfyrirkomulaginu sem felst í hinu frjálsa framsali. Þannig að það er ekkert breytt. Svona hefur þetta verið allan tímann.

En stjórnarflokkarnir hafa ekki hlustað á þetta fólk í landinu. (**Gripið fram í:** Hver kom framsalinu á? Hvaða ríkisstjórn var það?) Hv. þingmaður, við skulum ræða um það atriði, það er alveg nógur tími til þess. Það rann nú upp fyrir ýmsum býsna seint hvað þetta frjálsa framsal þýddi í raun og veru, en það rann samt upp fyrir þeim. Það er orðið ljóst í augum almennings í landinu fyrir löngu og almenningur í landinu hefur svarað í ýmsum könnunum. Framsóknarflokkurinn stóð í miklu sáttaferli í aðdraganda síðustu kosninga. Undir forustu núverandi formanns Framsóknarflokksins náðist sátt um að setja alvöruákvæði í stjórnarskrána um að þessi auðlind, þ.e. sjávarútvegsauðlindin, ætti að vera í þjóðareign til framtíðar.

Sá vilji hefur allan tímann verið skýr. Þó svo að Framsóknarflokkurinn hafi forustu fyrir þessu þá var það nú samt þannig að þar voru flestir ánægðir með fyrirkomulagið í kvótakerfinu. 40% af framsóknarmönnum voru sáttir við það. Það var langhæsta prósenta sem hægt var að finna hjá nokkrum stjórnmálaflokki. En það voru líka 40% á móti og Framsóknarflokkurinn náði þeirri sátt sem ég er hér að vitna til.

En þessi sátt var kynnt fyrir fólkinu í landinu með þeim hætti að menn skildu hana svona, þ.e. að alvöruákvæði kæmu í stjórnarskrána. Nú skulum við bara skoða hver sáttaniðurstaða formanna stjórnarflokkanna er. Út á hvað gengur hún?

Ég hlustaði á hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra í dag og þegar hann lýsti innihaldi ákvæðisins sem er í frumvarpinu var ég honum sammála. Hann lýsti innihaldinu eins og að ákvæðið væri með þeim hætti sem lofað var. Ef menn eru sammála um hvað þeir eru að meina, hvers vegna eru þeir þá ekki líka sammála um það hvað þeir segja um það í lagatextanum sjálfum?

Það var þannig að auðlindanefndin lagði til alveg skýrt ákvæði á sínum tíma og það sama ákvæði birtist síðan sem vinnuskjal frá undirhópi í stjórnarskrárnefndinni. En þá var stigið á bremsurnar, þá kom Sjálfstæðisflokkurinn til og steig á bremsurnar og Framsóknarflokkurinn lét ekki fara mikið fyrir sér þá. Síðan rumskuðu menn þar um slóðir og töldu að það væri rétt að huga að því að standa við fyrirheitin frá því fyrir síðustu kosningar. En hver er svo þessi niðurstaða? Í stað skýrs orðalags um það að þessar auðlindir eigi að vera þjóðareign til framtíðar og að þær eigi að skilgreina sem slíkar, einungis sé um að ræða auðlindir þar sem ekki er um að ræða einkaeignarrétt af neinu tagi, það séu sem sagt auðlindir utan einkaeignarréttar, er komið ákvæði sem segir að allar auðlindir á Íslandi séu þjóðareign. Þar er um að ræða auðlindir sem einstaklingar eiga. Það eru auðlindir af öllu tagi sem hægt er að tala um á Íslandi. Er þetta svo skýrt ákvæði? Ég mundi segja nei. Ég mundi segja að þetta ákvæði væri mjög óskýrt og ruglandi fyrir almenning í landinu og gæti valdið verulegum vanda hvað varðar framtíðina þegar menn ætla að skilgreina hvað þeir eiga við með þessu ákvæði. Þegar Alþingi á að setja lög á grundvelli þessa ákvæðis hlýtur maður að spyrja: Í hvaða tilgangi er verið að gera þetta ákvæði svona óskýrt þegar fyrir liggja tillögur um ákvæði sem inniheldur nákvæmlega það sem um hefur verið talað, þ.e. að Alþingi ætli að leggja það til sem breytingu á stjórnarskránni að tilteknar skilgreindar auðlindir verði þjóðareignir til framtíðar? Við ætlum börnunum okkar og barnabörnum að eiga þessar auðlindir saman eins og við eigum þær núna.

Hvers vegna skyldu menn fara í þennan leiðangur sem felst í því að búa til ákvæði sem er óskýrt með þeim hætti sem raun ber hér vitni? Jú, ástæðan er sú að það var samið um þetta ákvæði milli stjórnarflokkanna, Framsóknarflokkurinn þurfti að ná samkomulagi við Sjálfstæðisflokkinn um þetta ákvæði, í staðinn fyrir að menn setjist hér saman, allir þingmenn á Alþingi Íslendinga, og reyni að ná samkomulagi um það sem til stendur að gera. Það vill bara svo til að allir flokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi hafa lýst því yfir að þeir vilji setja slíkt ákvæði í stjórnarskrána. Það ætti því að vera a.m.k. messunnar virði að setjast yfir þetta en þá ákveða stjórnarflokkarnir sem sagt að gera þetta saman tveir. Það hefur að vísu komið fram í dag að menn telja koma til greina að fara yfir þetta sameiginlega og reyna að leita einhverra sátta. Ég tel að það sé alveg hægt að finna sátt í þessu máli. Úr því að menn eru sammála um innihaldið, hvers vegna ættu þeir ekki að geta orðið sammála um hvað stendur í sjálfri lagagreininni svo að ekkert fari á milli mála? Ég tel fráleitt að það verði gengið þannig frá þessu ákvæði að það verði um það nokkur vafi hvað verið sé að fara.

Þetta er ekki það sem forustuöflin í stjórnarflokkunum tveimur komu sér saman um á sínum tíma og settu í stjórnarsáttmálann. Þetta er ekki það sem Framsóknarflokkurinn lofaði flokksmönnum sínum og kjósendum fyrir síðustu kosningar. Er þetta það sem ríkisstjórnin lofaði kjósendum? Ég segi nei. Er þetta það sem fólst í spurningu Fréttablaðsins sem ég var að lýsa hérna áðan? Ég segi líka nei við því. Er þetta það sem auðlindanefndin lagði til í skýrslu sinni árið 2000? Nei. Er þetta það sem undirnefndin í stjórnarskránni lagði til? Nei.

Framsóknarflokkurinn lofaði kjósendum að auðlindir sjávar yrðu þjóðareign í alvöru. Fylgjendur hans hafa örugglega skilið það þannig og þjóðin sömuleiðis. Ríkisstjórnin lofaði þjóðinni að auðlindir sjávar yrðu þjóðareign í alvöru og fólkið sem svaraði Fréttablaðinu var að svara spurningu sem var borin fram í alvöru um alvöruþjóðareign á auðlindum. Til þess að það geti verið eiga menn ekki að tala um að það sé þjóðareign sem einhver bóndi á í sínu

landi, einhver bústofn sem bóndi á, hvort sem það eru kýr eða hænsni. Það nær ekki nokkru tali að menn skuli vera komnir út á þá braut að tala um þjóðareign með þeim hætti sem gert hefur verið núna eftir að ríkisstjórnin skilaði þessu frá sér.

Sporin hræða líka. Getur verið að menn séu á sömu brautum og menn voru hér á Alþingi þegar lögin um samningsveð voru sett? Getur það verið? Hvað var þá gert? Þá var sett inn í löggjöf á Alþingi ákvæði sem er nú 3. gr. laganna um samningsveð. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar." — Í framhaldinu segir: — „Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti."

Hvað þýðir þetta á mannamáli? Þetta þýðir að menn hafa jafngildi veðsetningar á veiðirétti þó svo að menn hafi sett í lögin að það væri bannað að veðsetja veiðirétt. Svona voguðu menn sér að koma fram í löggjöf á Alþingi Íslendinga. Seint hefði maður trúað því að menn væru tilbúnir til þess að fara í sömu göngu við setningu ákvæða í stjórnarskrá lýðveldisins. En getur það verið að menn séu að hugsa þetta með sama hætti, þ.e. að þetta ákvæði sem lagt er til að verði í stjórnarskránni sé hugsað út frá þeim vilja að þjóðareignin sem við erum að tala um, þ.e. fiskstofnarnir við landið, geti verið óðalsréttur og eign útgerðarmanna inn í framtíðina þrátt fyrir þetta ákvæði — eða vegna þess? Ef þjóðin ætlar að eiga eitthvað til framtíðar verða ríkisvaldið og Alþingi að gæta þess eignarréttar fyrir hönd þjóðarinnar alveg eins og einstaklingar gæta síns eignarréttar. Það er enginn undansláttur sem hægt er að hafa á slíku. Það var þess vegna sem auðlindanefndin sagði á sínum tíma í sínum afskilnaði að það yrði að skilgreina þessar auðlindir og ákveða til hve langs tíma þær væru látnar af hendi í hendur aðila sem nýttu þær eða gera það með uppsegjanlegum hætti. Eins og því er lýst í tillögum auðlindanefndarinnar er ekki hægt að misskilja það. Það þýðir að það er skylda þess sem fer með eignarhaldið fyrir hönd þjóðarinnar að segja slíkum samningum upp til þess að ekki missist eignarréttur eða hefðarréttur á nýtingunni. Sú er í raun og veru niðurstaðan.

Ef menn eru hér með ákvæði sem er hægt að líta þannig á að þeir aðilar sem nú hafa, samkvæmt þessu ákvæði, þessar svokölluðu þjóðarauðlindir til nýtingar og er hægt að skilja ákvæðið þannig að þeir geti haft þá nýtingu með höndum inn í óendanlega framtíð án þess að til staðar séu ákvæði sem gilda um það er í raun og veru ekki um þjóðareign að ræða, heldur óðalsrétt viðkomandi aðila. Ég hef þann grun að ýmsir lesi þetta ákvæði með gleraugum af þessu tagi. Með því að kalla allar auðlindir Íslendinga þjóðareignir er blandað saman annars vegar þeim þjóðareignum sem hægt væri að líta á sem eignir þjóðarinnar sjálfrar til framtíðar og eignum einstaklinga og rugla þannig það sem um er að ræða. Frá því að þessi umræða kom upp eftir að auðlindanefndin skilaði af sér höfum við alltaf litið þannig á að við værum að ræða um auðlindir sem þjóðin sjálf ætlaði að eiga og væru skilgreindar sem slíkar. Ef þessi tillaga sem hér er til staðar þar sem allar auðlindir hafa sama heitið, verða allar kallaðar þjóðarauðlindir, er að mínu viti a.m.k. mikil hætta á því að menn missi tökin á því sem þarna stóð til að gera. Hvers vegna skyldu menn vilja gera það?

Nú er ekkert vandamál að finna orðalag sem segir nákvæmlega það sem innihaldslýsing hæstv. viðskiptaráðherra veitti okkur að heyra í dag. Það er samt þannig að ef menn meina hlutina eins og þeir segja þá er líka full ástæða til að gera kröfu um það að lagatextinn segi það sama og það sé ekki misskilið hvað er á ferðinni. Menn hafa talað um hvort stjórnarandstaðan sé tilbúin til samstarfs um þetta mál. Auðvitað erum við tilbúin til samstarfs um að ganga þannig frá þessum ákvæðum að allir geti vitað nákvæmlega hvaða áhrif verða af þeim. Það er ekki nóg að setja það í einhvern texta eða halda um það ræðu hér. Við höfum stjórnarskrána í höndunum. Eru menn sífellt að draga upp ræðurnar sem voru haldnar á Alþingi þegar hún var sett? Ég held ekki. Stjórnarskráin á að vera skorinorð og skýr og í henni á að standa nákvæmlega það sem menn ætlast til að sé þar inni.

Hér er á ferðinni tillaga um óskýrt orðalag og ég tel að það yrði Alþingi til sóma að taka á þessum málum með þeim hætti (Forseti hringir.) að það yrði ekki misskilið.

[21:59]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Herra forseti. Mér hefur heyrst hér í dag að stjórnarandstaðan tali a.m.k. tveimur röddum. Annars vegar er gagnrýnt að undirbúningur frumvarps þessa sé ekki nægjanlega mikill og góður, að málið sé óljóst eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson tók m.a. til orða. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson talar um að stjórnarandstaðan hafi ekki verið spurð. Í hinu orðinu liggur fyrir að stjórnarandstaðan lýsti sig reiðubúna fyrir rétt rúmri viku til að greiða fyrir því að ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti yrðu tekin upp í stjórnarskrá. Ég geri ráð fyrir að sú yfirlýsing standi enn. (Gripið fram í.) Hins vegar var það sameiginlegt mat þingflokka stjórnarandstöðunnar varðandi undirbúning málsins að sá efniviður sem fyrir liggur í áliti auðlindanefndar frá árinu 2000 og í tillögum stjórnarskrárnefndar um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál myndi fullnægjandi grundvöll til að ljúka málinu.

Ef þetta heitir ekki að tala tveimur röddum veit ég ekki hvað það er í mæltu máli. Látið hefur verið að því liggja að markmiðið með frumvarpinu sé eitthvað allt annað en segir í framsöguræðu forsætisráðherra, í athugasemdunum með lagafrumvarpinu og m.a. í flokksþingsályktunum Framsóknarflokksins að skuli vera markmiðið. Markmiðin eru fyrst og fremst þau tvö með frumvarpinu, að tryggja eignarhald þjóðarinnar á öllum náttúruauðlindum Íslands sem ekki eru háðar einkaeignarrétti og svo hitt markmiðið, að kveða upp úr með það að veiðiheimildir eru afnota- og hagnýtingarréttur en ekki beinn eignarréttur.

Af öllu þessu sem ég hef tiltekið, framsöguræðu forsætisráðherra, athugasemdum með frumvarpinu — (**Gripið fram í:** Ekki laga...) og það er alveg ljóst að það er líka af-

staða okkar framsóknarmanna, allra sem eins, eins og sýnir sig í stjórnarsáttmálanum og í ályktunum flokksþings okkar, að það er eindregin og mikil samstaða um að eignarhald þjóðarinnar á náttúruauðlindunum skuli binda í stjórnarskrá. Að mínu mati fer þetta ekkert á milli mála. En þegar svona reglur eru settar, stjórnarskránni er breytt eða lögum almennt, þarf fyrst og fremst að vera ljóst hvert markmiðið er. Ég hefði talið að allir þeir þingmenn sem nú sitja á Alþingi hefðu getað verið sammála um þessi markmið og þá er líka orðinn grundvöllur að því að stjórnarflokkarnir og stjórnarandstaðan standi saman að þeirri breytingu á stjórnarskipunarlögum sem hér er lögð til.

Ef menn eru sammála um markmiðin eiga þeir að geta verið samstiga, ég tel það gerlegt og mjög gerlegt að stjórn og stjórnarandstaða standi saman að þeirri breytingu sem frumvarp þetta leggur til hér á þingi.

Ég held að lykilatriðið í öllu þessu máli felist í hugtakinu þjóðareign. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til þingsályktunar Alþingis um skipun opinberrar nefndar um auðlindagjald frá 2. júní 1998 og í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til tillögu auðlindanefndar að stjórnarskrárákvæðinu frá árinu 2000. Hugtakið er skýrt mjög vel í skýrslu auðlindanefndar og ég sé engin rök til annars vegna þessarar tilvísunar í frumvarpinu en að byggja á þeim skýringum til fyllingar um merkingu hugtaksins þjóðareign í því frumvarpi sem við eigum hér að vera að ræða. Auðlindanefnd lagði til á sínum tíma þjóðareignina sem nýtt form á eignarrétti. Auðlindanefndin lagði það til í því skyni fyrst og fremst að samræma mismunandi reglur að íslenskum rétti um eignarhald á þeim landsréttindum og náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti. Þá er verið að tala um þjóðlendur, auðlindir í jörðu, hafsbotninn og nytjastofna í sjó.

Með þessu heiti og þar með yfirlýsingu um að landsréttindi og auðlindir séu eign þjóðarinnar er jafnframt komið í veg fyrir að aðrir geti eignast beinan eignarrétt að þeim, t.d. fyrir hefð, og í því felst þá sérstaklega munurinn gagnvart hugtakinu fullveldisréttur sem fylgir annars sömu heimildum.

Þarna erum við komin að markmiðinu. Markmiðið er akkúrat þetta gagnvart fiskveiðistjórnarkerfinu að eignarhaldið færist ekki smám saman yfir á handhafa veiðiheimilda í skjóli hefðarréttar. Þess vegna er það alveg rétt núna þegar hér er haft á orði í umræðunni að einhver hefði sagt að þetta breytti engu fyrir þá sem fara núna með heimildirnar. Það er hins vegar verið að horfa til framtíðar. Fræðimenn hafa bent á að ef ekkert verður aðhafst um að binda þjóðareignina í stjórnarskrána megi halda því fram að menn hafi fyrir hefð eignast beinan eignarrétt yfir auðlindinni.

Um inntak þjóðareignar gagnvart hefðbundnum eignarrétti ríkisins felst líka í þjóðareigninni að landsréttindum og náttúruauðlindum að hún verði ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Fyrirmyndina um heiti og hugsun þessa er að finna í lögunum um friðun Þingvalla. Nauðsynlegt er að byggja þann skilning í hugtakið til þess að takmarka heimildir löggjafans til að selja eða láta varanlega af hendi land eða auðlindir. Þetta er nauðsynlegt vegna 40. gr. stjórnarskrárinnar (**Gripið fram í:** Þetta er ekki ...) sem bannar sölu eða annað afsal fasteigna ríkisins nema heimild sé fengin með lögum frá Alþingi. (**Gripið fram í:** Þetta er bara ekki í ...) Vegna 40. gr. er nauðsynlegt að binda inn í hugtakið þjóðareign að um sé að ræða ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. (Gripið fram í.)

Lokamálsliður 1. gr. frumvarpsins sem við ræðum gerir hins vegar ráð fyrir því að hægt sé að veita einkaaðilum, einstaklingum og lögaðilum heimildir til afnota eða hagnýtingar á auðlindum þjóðarinnar samkvæmt lögum. Frá þessum lokamálslið er sjálfgefið að álykta og gagnálykta að óafturkræf ráðstöfun eða varanlegt afsal sé óheimilt. Það er eðlileg lögskýring en þjóðlendulögin ganga út frá þessu sama og þau eru dæmi um það að eignarráðum ríkisins séu settar skorður og þau ganga út frá því að eignarrétti á landi innan marka þjóðlendna sé ekki afsalað varanlega. Þau heimila hins vegar einstaklingum og lögaðilum að veita megi heimild til hagnýtingar lands og annarra réttinda í þjóðlendum. Eins og segir í lokamálsgrein almennra athugasemda með frumvarpinu leiða eðli málsins samkvæmt slíkar heimildir til afnota eða hagnýtingar ekki til óafturkallanlegs forræðis yfir þeim þótt þær kunni að njóta verndar sem óbein eignarréttindi.

Það verður líka að telja að í þjóðareigninni felist, eins og það var útlistað af auðlindanefnd, að heimild til afnota eða hagnýtingar sé lögskipuð, hvernig heimildin verði nýtt fari eftir lögum frá Alþingi. Einnig er það talið felast í þessu að annað tveggja þurfi að vera, þ.e. tímabundin heimild sem veitt er til afnota eða hagnýtingar eða að hæfilegur fyrirvari þurfi að vera á breytingum á þessari heimild.

Loks er talið felast í þessu að gjald sé tekið fyrir afnot eða aðra hagnýtingu og að það gjald renni til þjóðarinnar. Annar málsliður efnisgreinar frumvarpsins lýtur að þessu þar sem segir að náttúruauðlindirnar skuli nýta til hagsbóta fyrir þjóðina. Að mínu mati felst jafnframt í þessu krafa um hagkvæma nýtingu. Í þessu felst líka krafa um að nýtingin sé á grundvelli sjálfbærrar þróunar svo að tryggt sé að nýtingin verði til hagsældar fyrir þjóðina á hverjum tíma, bæði fyrir þjóðina í nútíð og um alla framtíð.

Löggjafanum er samkvæmt frumvarpinu ætlað það hlutverk að skilgreina nánar hvernig nýtingu náttúruauðlindanna skuli háttað og jafnframt er löggjafanum samkvæmt frumvarpinu ætlað að ákvarða hvað séu náttúruauðlindir en af athugasemdunum með frumvarpinu er ljóst að gengið er út frá mjög víðum skilningi þar sem segir að undir ákvæðið falli hvers kyns hagnýting á náttúrunni, hvort sem er dauðum eða lífrænum efnum, plöntum eða dýrum og í ákvæðinu felist að hagnýta eigi nytjastofna sjávar, hvers kyns auðlindir í jörðu og landgrunni, vatns- og vindafl, jarðnæði og gróður, villt og alin dýr o.s.frv., til hagsbóta fyrir þjóðina. Ég vil, herra forseti, í þessu samhengi jafnframt árétta vegna þess að við erum ekki einungis að tala um fiskveiðiauðlindina, að festa eign þjóðarinnar á henni í stjórnarskrána, heldur náttúruauðlindir þjóðarinnar almennt, að *náttúruvernd og friðlýsingar eru ein tegund nýtingar*, náttúruvernd og friðlýsingar eru ein tegund auðlindanýtingar og ég minni í því samhengi m.a. á stefnumörkun með frumvarpi iðnaðarráðherra sem gerir ráð fyrir verndar- og nýtingaráætlunum, svokallaðra virkjanakosta. Það frumvarp gerir einmitt ráð fyrir að Alþingi lögfesti og löggjafarvaldið fari með því með sameiginlega ábyrgð allrar þjóðarinnar á

nýtingu náttúruauðlinda Íslands sem eign okkar og jafnframt eign komandi kynslóða.

Þetta var það sem ég vildi segja um þetta ágæta frumvarp sem hér liggur frammi. Ég ætla að endurtaka það að ég tel að ef þingmenn eru almennt sammála um markmið frumvarpsins, geta verið sammála vegna tilvísana frumvarpsins til skýrslu auðlindanefndar og tillagna hennar, á ekkert að vera því til fyrirstöðu að þingmenn geti orðið sammála um hvernig staðið verði að þessari breytingu á stjórnarskipunarlögum. Það er markmiðið sem er meginatriðið með þessu og ég tel að með athugasemdunum í frumvarpinu og þeim gögnum sem frumvarpið vísar til fari það ekkert á milli mála að meginmarkmiðið er að tryggja eignarhald þjóðarinnar á öllum náttúruauðlindum landsins sem ekki eru háðar einkaeignarrétti og svo það að kveða upp úr með það að veiðiheimildir eru afnota- eða hagnýtingarréttur, þær eru ekki beinn eignarréttur, og loks að koma í veg fyrir að hægt sé að hefða þessar heimildir sem beinan eignarrétt.

[22:12]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt ég sé sammála flestum þeim markmiðum sem hæstv. umhverfisráðherra rakti hérna áðan get ég ekki fallist á að málið sé svona einfalt. Hæstv. ráðherra virðist nefnilega vera að tala um eitthvert allt annað frumvarp en það sem hér er til umræðu. Hæstv. ráðherra sagði að ef við værum sammála um markmið frumvarpsins, og ég er sammála því markmiði sem hún lýsti, og ef við værum sammála tilvísuninni í álitsgerð auðlindanefndar hlytum við að geta orðið sammála um frumvarpið. Það er röng ályktun.

Ég er sammála markmiðinu sem hæstv. ráðherrann lýsti, eins og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra gerði líka fyrr í dag, en það er ekki hægt að uppfylla aðra forsendu hæstv. ráðherra nema breyta frumvarpinu. Það eru engar tilvísanir í það sem máli skiptir í auðlindanefnd. Ef hæstv. ráðherra er að bjóða upp á að því verði breytt í meðferð þingsins er ég til í það en ég get ekki samþykkt frumvarpið eins og það lítur út. Hæstv. ráðherra sagði réttilega að þjóðareign væri lykilhugtak en í frumvarpinu er hins vegar hugtakið útþynnt. Það má jafnvel orða það þannig að hugtakið sé ekki einu sinni skilgreint, og það veit hæstv. ráðherra sem er lögfræðingur að erfitt er að byggja lög á hugtökum sem lögin skilgreina ekki. Það er yfirleitt kafli í hverjum einustu lögum þar sem grunnhugtök lagabálksins eru skilgreind. Það er hvergi að finna skilgreiningu á hugtakinu þjóðareign. Þess í stað er einungis sagt að með hugtakinu þjóðareign sé lögð áhersla á þá ríku sameiginlegu hagsmuni sem allir Íslendingar hafa af því að nýta auðlindir skynsamlega.

Náttúruauðlindir eru líka skilgreindar mjög sérkennilega. Þjóðareign á náttúruauðlindum á að taka til náttúruauðlinda sem enginn á en líka þeirra sem menn hafa einkaeignarrétt á. Þar með er hugtakið þynnt mjög út og andlagið, þ.e. þjóðareignin sjálf, finnst ekki í frumvarpinu. Það er stóri gallinn á þessu og þess vegna verður að breyta því (Forseti hringir.) ef við eigum að verða sammála.

[22:15]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Ég vil, frú forseti, fyrst vekja athygli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á því að í athugasemdunum með frumvarpinu er beinlínis verið að vísa til skýrslu auðlindanefndarinnar. Það er umfjöllun í athugasemdunum um galla við það að nota heitið „sameign þjóðarinnar" og rök eru færð fyrir því að nota heitið „þjóðareign" og m.a. vísað til skilnings og þess sem lá til grundvallar niðurstöðu auðlindanefndar sem lýtur að heitinu „þjóðareign". Vegna þessarar tilvísunar til viðbótar þeim texta sem er í frumvarpinu sjálfu sé ég ekki annað en að það sé eðlilegt að fylla út ákvæðin með þessu. Það er hægt að koma þeim skýringum að í nefndaráliti með frumvarpinu og ég sé ekkert því til fyrirstöðu.

Hins vegar varðandi það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á áðan, að talað væri um að náttúruauðlindir Íslands skyldu vera þjóðareign og síðan segir „þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila skv. 72. gr.", er þar vitaskuld verið að vísa til bæði beinna og óbeinna eignarréttinda eins og hér hefur verið kallað eftir í umræðunni. Við værum ekki að tala um þjóðareign á hvers konar eignum, yrðum að undanskilja einkaeignarréttindi og það er beinlínis gert með þessari tilvísun hér í 72. gr. vegna þess að hún verndar ekki bara beinan eignarrétt, hún verndar líka óbeinan eignarrétt og mér heyrist að það hafi verið það sem vantaði upp á að við hv. þingmaður skildum hvort annað í þessari umræðu.

[22:16]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra hefur misskilið mig, ég geri ekki neinar sérstakar athugasemdir við það hvernig fjallað er um vísanir í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar lýsir hæstv. ráðherra því yfir að það sé hægt að koma að öðrum skýringum úr auðlindanefndaráherslunni sem vantar í frumvarpið. Er verið að bjóða upp á það? Er verið að bjóða upp á það að þetta frumvarp verði í vinnu nefndarinnar skýrt með tilliti til megininntaks auðlindaskýrslunnar? Ef svo er skal ég athuga málið. Þá skal ég athuga hvort fyrir mína parta er hægt að samþykkja 1. gr. eins og hún er, en þá þarf að koma fram í nefndaráliti sameiginlegur skilningur á því að verið sé að ræða um réttindi og auðlindir sem eru ekki háðar einkaeignarrétti og að þær falli undir þjóðareign.

Í öðru lagi þarf að taka það alveg skýrt fram, sem reyndar hæstv. ráðherra sagði margsinnis í ræðu sinni áðan að hún væri sammála, að það sem fellur undir þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi. Þetta er megingalli á greinargerð frumvarpsins, því þetta kemur þar hvergi fram. Ef hæstv. ráðherra segir samt sem áður með einhverjum lagatúlkunum að það komi fram, gott og vel, ef hún telur að það eigi að koma þar fram skulum við bara segja það skýrum orðum.

Í þriðja lagi þarf að koma þar fram að það megi veita heimildir til að nýta auðlindir að því tilskildu að heimildin sé tímabundin og eftir atvikum, og eðli og nýtingarstigi auðlindarinnar, að gjald skuli fyrir taka. Þetta þarf að koma alveg skýrt fram. Ef hæstv. ráðherra er til í þann dans að

þetta komi fram í álitsgerðinni getum við meira en talað saman.

[22:18]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Með því, frú forseti, að í greinargerð með frumvarpinu er vísað m.a. til tillögu auðlindanefndar að stjórnarskrárákvæði frá árinu 2000 finnst mér mjög eðlilegt að horft sé þangað og byggt á þeim skýringum sem þar eru um þjóðareignina. Auðlindanefndin setur á sínum tíma fram heitið „þjóðareign" sem nýtt form á eignarrétti. Ég get ekki séð hvert annað við ættum að horfa með skýringu á því hugtaki. Við hljótum að horfa til þess með skilning okkar á þessu frumvarpi og hvað það er sem það segir.

Varðandi gjaldtökuna vek ég athygli á því, sem ég tel að ég hafi komið inn á í ræðu minni áðan, að hér segir að nýta skuli þessar náttúruauðlindir til hagsbóta fyrir þjóðina. Það er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að gjald skuli koma fyrir.

Að lokum vil ég vekja athygli á því sem ég líka sagði, og þetta eru bein viðbrögð við andsvari hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að í lokamálsliðnum segir að ekkert sé því til fyrirstöðu „að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum". Ef við gagnályktum frá því er annars konar ráðstöfun en tímabundin til afnota eða hagnýtingar ekki heimil. Það er bundið einungis við afnot eða hagnýtingu sem er tímabundin.

Í öðru lagi vil ég segja að hv. stjórnarandstaða hefur í ræðum fyrr í dag lýst sig reiðubúna til samstarfs um þetta mál, útilokar það ekki að hér geti stjórn og stjórnarandstaða náð saman um þessa breytingu á stjórnarskránni og þá er meginmarkmiðið það, sem ég ætla að stjórnarandstaðan sé sammála okkur um að tryggja, að ekki sé hægt að hefða veiðiheimildirnar sem beinan eignarrétt. Það er það sem hér hefur staðið upp úr mönnum að væri meginmálið og það er alveg skýrt í þessu frumvarpi að er ætlunin að koma í veg fyrir og að festa eignarhald þjóðarinnar (Forseti hringir.) á náttúruauðlindunum. (Gripið fram í.)

[22:21]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef ég skil ræðu hæstv. ráðherra rétt var hún að segja að markmið þessa frumvarps væri að koma í veg fyrir að það myndaðist hefðarréttur og þá var hún að einhverju leyti að draga úr ákvæðinu í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, þ.e. að úthlutun myndaði ekki eignarrétt. Þetta frumvarp virðist komið í mikilli skyndingu inn í þingið og því langar mig að spyrja: Hvað telur hæstv. ráðherra að nú þegar hafi myndast mikill eignarréttur? Ef marka má ræðu hæstv. byggðamálaráðherra, formanns Framsóknarflokksins, sem er nú örugglega hér í húsinu, má ætla að þetta hafi verið ákaflega vel undirbúið og þess vegna hlýtur þetta að liggja ljóst fyrir hjá hæstv. umhverfisráðherra, sem er lögfræðingur, sem vill að einhverju leyti koma í veg fyrir þá þróun að þarna myndist hefðarréttur.

[22:22]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki einungis vilji umhverfisráðherra að koma í veg fyrir að hefðarréttur myndist, heldur er það markmið frumvarpsins í sjálfu sér. Fræðimenn hafa bent á að það sé réttaróvissa á þessu sviði, á grundvelli fiskveiðistjórnarlaganna. Þegar verið er að tala um að festa eignarhald þjóðarinnar á auðlindunum í stjórnarskránni er beinlínis markmiðið að koma í veg fyrir þessa óvissu, að samræma löggjöf sem lýtur að eignarhaldi þjóðarinnar, binda eignarhald þjóðarinnar á þessum náttúruauðlindum í stjórnarskrá og koma í veg fyrir að útgerðarmenn geti hefðað og eignast beinan eignarrétt á veiðiheimildunum. Það fer ekkert á milli mála.

Varðandi undirbúning þessa máls vil ég annars vegar vísa í hina miklu vinnu auðlindanefndar þar sem var þverpólitísk sátt um að þetta skyldi vera niðurstaðan, m.a. til að eyða réttaróvissu, og svo get ég hins vegar hvað varðar Framsóknarflokkinn vísað í merkilega vinnu sem unnin var á vegum Framsóknarflokksins með aðkomu fjölda flokksmanna þar sem sáttin fólst m.a. í því að við festum eignarhaldið á fiskveiðiauðlindunum í stjórnarskránni.

[22:23]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst miður að verða vitni að því að hæstv. umhverfisráðherra er hér að grafa undan merkingu og skilningi landsmanna á lögunum eins og fólkið í landinu hefur skilið þau, a.m.k. skiljum við í Frjálslynda flokknum ekki þessi lög svo að hér hafi myndast einhver eignarréttur, alls ekki. Við höfnum einfaldlega þessari úthlutun sem gengur út á að viðhalda hér kerfi sem hefur ekki skilað öðru en tjóni fyrir þjóðina, landsbyggðina, eins og landsmenn hafa orðið vitni að. Á Ísafirði var haldinn neyðarfundur vegna stöðu mála þar af völdum kerfisins.

Mér finnst ábyrgðarhluti þegar ríkisstjórnin kemur hingað með eitthvert frumvarp þar sem hún getur ekki skýrt út hversu mikill eignarréttur hafi myndast, hversu mörg prósent hafi myndast við það að ekki hafi verið hreyft við þessu óréttlætismáli allan þennan tíma. Hæstv. ráðherra skuldar þjóðinni svolítið skýrari svör: Hversu mikill eignarréttur telur hún að hafi myndast?

Síðan er annað mál sem mig langar að koma inn á. Hæstv. ráðherra segir í ræðu sinni að einhverjir menn séu að tala um að þetta frumvarp þýði allt annað en hún leggur í merkingu þess sem ég get tekið að einhverju leyti undir, við eigum að taka af öll tvímæli um að þjóðin ráði yfir auðlindum sínum. Það eru hins vegar ekki einhverjir menn sem halda þessu fram, heldur þingmenn og samherjar ráðherrans í ríkisstjórninni og þeir halda þessu fram á opinberum vettvangi. Mér finnst ekki sanngjarnt þegar við erum að ræða um grundvallarlög að tala um þessa menn sem einhverja menn úti í bæ. Þetta eru stuðningsmenn þessa frumvarps sem hér er lagt fram og ef stuðningsmennirnir leggja svo mismunandi merkingu í það sem stendur í þessu plaggi (Forseti hringir.) finnst mér ekki hægt að kalla þá einhverja menn úti í bæ.

[22:26]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að halda því til haga að það sem við erum að tala um hér er að festa eignarhaldið á náttúruauðlindunum, þar á meðal fiskveiðiauðlindinni, í stjórnarskrána, það sé meginreglan. Ákvæðið gengur út frá því að síðan sé hægt með lögum að veita afnota- eða hagnýtingarrétt á þessu ákvæði.

Hv. þingmaður er hér í andsvörum sínum að rugla þessu tvennu saman, annars vegar þjóðareigninni sem verður að binda í stjórnarskrána og vilji er til að binda í stjórnarskrána, m.a. til að koma í veg fyrir að hægt sé að hefða þennan rétt sem bein eignarréttindi, en ákvæðið gerir jafnframt ráð fyrir því að hagnýtingunni eða afnotunum skuli skipað með lögum eins og Alþingi hefur gert með fiskveiðistjórnarlögunum. Þarna er verið að rugla saman og tala um í sömu andránni tvo óskylda hluti sem ég held að sé ekki til að skýra þá umræðu sem hér fer fram. (Gripið fram í.)

[22:27]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskrá. Því er um mjög stórar og miklar hugmyndir að ræða sem ætlað er að hafa varanleg eða mikil áhrif.

Mig langaði í upphafi ræðu minnar að geta þess að síðasti ræðumaður, hæstv. umhverfisráðherra, fór að mínu mati ágætlega yfir það hvert er markmið Framsóknarflokksins. Ég skynjaði það á þann veg að það sem hæstv. ráðherra sagði sé það sem Framsóknarflokkurinn vildi sagt hafa. Vandinn er á hinn bóginn sá að textinn sem kom út úr vinnu formanna stjórnarflokkanna er allt annar en það markmið og sú skýring sem hæstv. ráðherra lagði út af í ræðu sinni.

Hvað er líklegt að komi út úr vinnu sem er unnin undir hótunum um stjórnarslit? Hversu líklegt er að vinna sem er unnin undir þeim formerkjum sé unnin heiðarlega og ærlega með það að markmiði sem hæstv. umhverfisráðherra lýsti? Það er alveg ljóst að textinn er einhvers konar málamiðlun milli tveggja flokka sem hafa algerlega andstæða sýn á það hvernig skipa eigi málum.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa margir hverjir lýst því fjálglega að sá texti sem er til umræðu hafi í raun enga merkingu og sé þýðingarlaus. Það er alveg fráleitt að taka ekki mark á þeim orðum. Því eins og ég lýsti áðan held ég að Framsóknarflokkurinn vilji raunverulega tryggja að náttúruauðlindir verði í þjóðareign nema þær sem eru háðar eða undirorpnar einkaeignarrétti. Það er markmiðið sem lagt er upp með og það er markmiðið sem ég ætla að tala út frá og það er markmiðið sem ég trúi að mikill meiri hluti á þingi vilji ná. Spurningin snýst hins vegar um textann sem liggur fyrir og við erum að leggja út af. Ekki hvað menn langaði að hafa í þeim texta, hvað menn vildu sagt hafa eða hvað auðlindanefnd hugsanlega meinti því sá texti er ekki hér. Hvaða texti er það sem við höfum fyrir framan okkur?

Ef við förum aðeins yfir í Sjálfstæðisflokkinn þá vitnaði ég fyrr í dag í athyglisverða grein sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson skrifaði í Wall Street Journal 29. janúar árið 2004. Þar lýsti hann ágætlega vel heppnaðri, að hans sögn, róttækri og yfirgripsmikilli frjálshyggjutilraun á Íslandi undanfarin tólf til sextán ár, jafnvel með betri árangri en í Bretlandi Thatcher, Nýja-Sjálandi eða í Chile eins og Hannes Hólmsteinn kemst að orði. Ég leyfði mér að þýða þetta og biðst þá afsökunar ef eitthvað er ekki alveg sem skyldi. En ég gerði þetta eftir bestu getu. Í greininni segir Hannes eftirfarandi, með leyfi forseta:

„En margt er enn ógert. Heilbrigðis- og menntakerfið er í opinberum rekstri. Svo er einnig um ýmsa þjónustu, nokkrar útvarps- og sjónvarpsstöðvar og virkjanir og raforkukerfið. Menn sem standa herra Oddssyni nálægt, þ.e. hæstv. fyrrv. forsætisráðherra, telja að áherslu eigi að leggja á lækkun tekjuskatts einstaklinga og styrkingu séreignarréttarins, bæði að því er varðar fjármagn og náttúruauðlindir landsins.“

Um er að ræða einn helsta hugmyndafræðing Sjálfstæðisflokksins til langs tíma á þessu sviði. Hann leggur megináherslu á að tryggja séreignarréttinn að því er varðar nýtingu á náttúruauðlindum. Ég held að í þessum orðum kristallist það sem Sjálfstæðisflokkurinn raunverulega meinar sem er allt annað en hæstv. umhverfisráðherra rakti í sinni ágætu ræðu, og get ég tekið undir flest það sem þar kom fram, en textinn sem við ræðum er allt öðruvísi.

Það er alveg ljóst að textinn sem við erum með er einhvers konar málamiðlun milli þessara tveggja flokka og í reynd leggja flokkarnir mismunandi áherslu og túlkun í það sem hér stendur. Hæstv. forsætisráðherra sagði að fyrst og fremst væri um stefnuyfirlýsingu að ræða en hæstv. iðnaðarráðherra færði önnur sjónarmið fram sem ekki er hægt að túlka á sama hátt.

Ef við byrjum á því að fara aðeins yfir þann texta sem liggur fyrir sem er kjarnaatriðið, ekki hvaða vinna var unnin í einhverjum flokkum, ekki hvaða vinna var unnin í einhverjum nefndum, ekki hvað menn vildu sagt hafa, heldur sá texti sem hér er. Hér segir:

„Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign.“

Lykilhugtakið hlýtur að vera „að vera í þjóðareign“.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur mjög skýrt fram að það verður löggjafans að fylla inn í það hugtak. Það er tekið fram a.m.k. í tvígang að það verður fyrst og fremst löggjafans að fylla inn í það hugtak og skýra hvað átt er við með orðinu þjóðareign. Það kemur mjög skýrt fram að það verður löggjafans að gera það.

Reyndar er það þannig að löggjafinn getur afhent náttúruauðlindir kjósi hann svo og það hefur hann gert. Ef þetta ákvæði fer óbreytt í gegn er breytingin sú að það er þá orðin stjórnarskrárvarin heimild að afhenda náttúruauðlindir. Það er ekki svo núna. Því má segja að verði þessi breyting að lögum hafi Alþingi stjórnarskrárvarða heimild til þess að afhenda náttúruauðlindir.

Reynum að átta okkur á því hvað átt er við með orðinu þjóðareign. Eins og textinn liggur fyrir og eins og greinargerðin segir er það Alþingis eða löggjafans að fylla inn í það hugtak. Í hugmyndum auðlindanefndar á sínum tíma, sem talsvert hefur verið vitnað til, var hugtakið þjóðareign skilgreint á neikvæðan hátt. Það var nokkuð skýrt hvað væri í þjóðareign, hvað í því fælist, auk þess sem löggjafinn gæti bætt inn í það hvað í hugtakinu fælist. En í þeim hug-

myndum var sleginn ákveðinn varnagli á þann hátt að það sem færi í þjóðareign yrði ekki afhent varanlega til einkaeignarréttar, þ.e. að það yrði, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson komst ágætlega að orði, einhvers konar sölubann á náttúruauðlindum eins og auðlindanefnd lagði upp með. (**Gripið fram í:** Eins og rjúpurnar?) Ég veit ekkert hvort það hefur eitthvað með rjúpnasölu að gera en gott og vel. Kjarnaatriðið er einmitt það að einhvers konar sölubann væri á náttúruauðlindum. Í þessu felst einmitt grundvallarágreiningurinn milli allra flokka á þinginu og Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn er einn eftir með þessar hugmyndir og hann hefur augljóslega haft tögl og hagldir þegar þessi texti var saminn a.m.k. þegar maður hlýðir á orð framsóknarmanna, hv. þingmanna, á Alþingi. Þó að það sé löggjafans að skilgreina hvað er í þjóðareign er ekkert sem kemur í veg fyrir það í þeim texta sem hér um ræðir að löggjafinn taki það síðan aftur úr þjóðareign og ráðstafi því á einhvern hátt. Það er í reynd engin vörn í þessu stjórnarskrárákvæði gegn því að náttúruauðlindir verði í þjóðareign í þeim skilningi sem auðlindanefnd lagði í hugtakið í upphafi.

Ég hef í nokkur skipti reynt að fá svör við því, m.a. frá flutningsmanni, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hvaða náttúruauðlindir er tryggt að verði áfram í þjóðareign miðað við ákvæðið eins og það liggur fyrir. Ég er með útprentun á svarinu sem hæstv. ráðherra gaf í dag. Það er alveg ljóst að hann hefur þann eðlilega skilning, eða a.m.k. hefur sá skilningur borist honum til eyrna eins og hann orðaði það, að það megi taka út úr þjóðareign það sem einu sinni hefur verið sett inn. Það sé löggjafans að taka þetta út.

Þá stendur eftir spurningin: Hverju náum við fram? Hverju náum við fram með því að breyta stjórnarskránni á þennan hátt? Ef engin varanleg vörn er gegn því að löggjafarsamkundan, hvort sem er núna eða í framtíðinni, taki ákvörðun um að afhenda þessar náttúruauðlindir? Á þinginu eru uppi mismunandi viðhorf, mismunandi skoðanir og mismunandi hugmyndafræði um það hvernig fara skuli með slíkar náttúruauðlindir, hvort þær skuli vera í einkaeign eða hvort þær skuli vera í þjóðareign? Það er eðlilegt og ég ber fulla virðingu fyrir þeim viðhorfum sem þar búa að baki. Ég er hins vegar sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti á þinginu vill tryggja þetta varanlega í þjóðareign. Um það á umræðan að snúast og við eigum að tryggja það. Við eigum að tryggja að það markmið náist. Það markmið næst ekki með þeim texta sem hér liggur fyrir.

Þá vaknar spurningin, og ég leyfi mér að vísa aftur í ræðu hæstv. umhverfisráðherra, vegna þess að ég er svo til sammála öllu því sem þar kemur fram, hefði textinn verið á annan veg: Ef menn raunverulega meina það sem þar kom fram hvers vegna ekki að skrifa það í textann? Hvers vegna skrifa texta sem tryggir ekki vernd á auðlindum, sem tryggir ekki eignarrétt þjóðarinnar á þeim auðlindum sem við viljum að séu áfram í þjóðareign? Það er hin stóra spurning. Af hverju gerum við þetta þá ekki eins og við vildum hafa þetta? Í því liggur sáttin milli stjórnar og stjórnarandstöðu, að þessu markmiði verði náð.

Það segir sig sjálft, án þess að ég ætli að fara að rekja aðdraganda málsins, það hafa aðrir gert og þekkja án efa betur, að það að ætla að breyta stjórnarskránni á síðustu dögum undir hótunum um stjórnarslit hlýtur að vera afbrigðilegt. Það getur ekki verið að við þær aðstæður nái menn þeirri bestu lausn sem hugsast getur. Það er alveg ljóst af þeim texta sem liggur fyrir að sú hefur orðið niðurstaðan.

Það er líka fleira sem gerir það að verkum að hugtakið þjóðareign, eins og það birtist í frumvarpinu, hefur litla sem enga merkingu. Ég leyfi mér að vitna til álitsgerðar auðlindanefndar á bls. 25. Þar er m.a. tekið skýrt fram, með leyfi forseta:

„Vegna þess að þjóðin er ekki lögaðili og þar með bær til að vera eiginlegur eigandi að lögum með sama hætti og ríkið er nauðsynlegt að kveða nákvæmlega á um það að handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds, þ.e. Alþingi og stjórnvöld, fari með allar þær eignarréttarheimildir sem í hinu nýja eignarformi felast í umboði þjóðarinnar.“

Svo segir áfram:

„Að öðrum kosti yrði eignarréttur þjóðarinnar merkingarlaus.“

Það er nákvæmlega þetta sem sá mæti lögspekingur Sigurður Líndal hefur verið að segja: Eins og þetta hugtak liggur fyrir er það algerlega merkingarlaust. Ég er þeirrar skoðunar að ef menn ætla að afgreiða hlutina svona þá þýði þetta ekki neitt. Þá hafi þetta enga þýðingu jafnvel þó að nefndir innan Framsóknarflokksins hafi unnið gott starf. Sá texti er bara ekki hér.

Hér er verið að segja: Alþingi skilgreinir þjóðareignarhugtakið og Alþingi getur tekið út úr þjóðareignarhugtakinu það sem það vill gera. Með öðrum orðum er ekki verið að tryggja kynslóðum framtíðarinnar aðgang að náttúruauðlindum eða tryggja að þær endi ekki í einkaeign eða njóti séreignarréttar. Það er það sem þessi texti segir. Það þýðir ekkert að tala um einhvern texta sem er ekki hér. Það þýðir ekkert að tala um einhverjar hugmyndir sem eru ekki á blaði. Það þýðir ekkert að tala um að það gæti verið gaman að skrifa öðruvísi nefndarálit.

Það sem skiptir öllu máli, og það er sjálfstæðismönnum löngu ljóst, er sá texti sem fer í stjórnarskrána. Allt annað er gott og blessað. Það að ætla að setja í stjórnarskrá ákvæði eins og það sem hér um ræðir, merkingarlaust að mínu viti, er ekki til þess fallið að ná sáttum. En það er hins vegar athyglisvert, og gerir það kannski að verkum að menn þurfa ekki að ljúka þessum umræðum án þess að hafa nokkra bjartsýni með í för, að Framsóknarflokkurinn meinar allt annað en þessi texti segir. Sjálfstæðismenn eru ekkert að rugla með þetta. Þeir eru alveg með það á hreinu hvað þeir vilja. Þeir vilja hafa þetta merkingarlaust. Þeir mega eiga það að þeir hafa náð því fram, það er í anda þeirra hugmyndafræði.

Það þýðir ekkert fyrir framsóknarmenn að halda því fram að tillaga þeirra snúist um allt annað en það sem stendur í textanum. Umræðan hefur að mínu viti dregið þetta mjög skýrt fram í dag. Hún hefur líka dregið fram að menn eiga ekki að ráðast í breytingar á stjórnarskrá við þær kringumstæður sem voru uppi þegar annar stjórnarflokkurinn uppgötvaði að fáir, ef þá nokkrir, vilja kjósa hann. Þá var talið rétt að vera með uppþot og hóta jafnvel stjórnarslitum ef menn fengju ekki sitt fram. Ekki er líklegt að

vinnubrögð af því tagi leiði til góðrar niðurstöðu og það er nákvæmlega sú niðurstaða sem liggur fyrir að mínu viti, hún er ekki góð. Það er mín hugmyndafræði.

Ég sé framan í hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, hann brosir talsvert vegna þess að sjálfstæðismenn hafa náð því fram sem þeir vildu, að tefla fram ákvæði, segjast hafa náð einhvers konar samkomulagi, en niðurstaðan er á engan hátt á þann veg sem að var stefnt, þ.e. að tryggja að náttúruauðlindir verði varanlega í eigu þjóðarinnar að undanskildum þeim sem nú eru undirorpnar einkaeignarrétti.

Þetta er mín niðurstaða, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) en ég sé þó að meiri hluti þingsins gæti auðveldlega náð saman ef fyrir því væri vilji.

[22:47]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var eitt atriði sem mér kom í hug undir ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, 4. þm. Suðurkjördæmis, sem hann vék raunar ekki að í ræðu sinni. Hann fjallaði töluvert um hugtakið „þjóðareign" og velti fyrir sér ýmsum þáttum í því sambandi. Ég mun kannski hafa tækifæri til að koma nánar inn á það síðar.

En ég velti einu fyrir mér í þessu sambandi. Nú er hv. þingmaður og flokkur hans mjög áhugasamur um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ég velti fyrir mér hvort hv. þingmaður hafi velt fyrir sér hvort þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrá, t.d. fiskveiðiauðlindinni, snerti með einhverjum hætti möguleika Íslands ef pólitískur vilji yrði til að gerast aðili að Evrópusambandinu, með þeim afleiðingum að fiskveiðiréttindi, t.d. utan 12 mílna, yrðu sameign eða háð sameiginlegum afnotarétti allra aðildarríkja Evrópusambandsins.

Ég held að það væri forvitnilegt að fá þann vinkil inn í umræðuna. Ég veit að hv. þingmaður er mikill áhugamaður um þessi mál og gott væri að fá þann flöt á umræðunni upp og eiga orðastað við hann um það.

[22:49]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var einmitt að velta því fyrir mér, þegar hv. þingmaður óskaði eftir því að veita andsvar, hvar hann skyldi bera niður. Ég átti helst von á því að hann kæmi inn í þetta stjórnarskrárákvæði og fjallaði um það efnislega. Nei, það var ekki þannig, hann endaði i Brussel. Ég veit ekki hvort það var til að finna nýjan flöt á umræðunni eða hvað er í gangi en hann a.m.k. ákvað að fara til Brussel og koma þaðan og spyrja: Hvað ef við gerðumst aðilar að Evrópusambandinu, ef ég skildi hann rétt? Mundi ákvæði um þjóðareign auðlindarinnar koma í veg fyrir það? Er það ekki nokkuð réttur skilningur á spurningunni?

Virðulegi forseti. Ég hefði haldið að þegar við værum búin að festa ákvæði í stjórnarskrá sem skilgreindi að náttúruauðlindir væru þjóðareign þá stæðum við einfaldlega betur að vígi í viðræðum við Evrópusambandið.

Ég vissi ekki að hv. þingmaður hefði mikinn áhuga á því að ganga í Evrópusambandið. Það er algerlega nýtt í þessari umræðu og kannski ákveðin tíðindi. En eftir á að hyggja, þótt hv. þingmaður hafi komið mér á óvart með fyrirspurn sinni, hvert hann leiddi umræðuna og hvaðan hann kom að henni, þarf ekki að koma á óvart þegar menn hafa svona málstað að verja að þeir flýi eins og fætur toga til Brussel og reyni að nálgast umræðuna þaðan.

[22:51]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að játa að mér finnst ómaklegt að láta eins og þessi áhugaverði vinkill á málinu komi þessari umræðu ekki við. Það liggur fyrir að hv. þingmaður og flokkur hans hafa áhuga á hvoru tveggja, annars vegar að fara í Evrópusambandið með því sem því fylgir og hins vegar að koma ákvæði um þjóðareign með tilteknum skilmálum inn í stjórnarskrá.

Ég velti fyrir mér hvort í þessu felist mótsögn eða hvort þetta sé með einhverjum hætti samrýmanlegt. Mér fannst hv. þingmaður ekki svara spurningunni. Mér fannst hann frekar svara spurningunni á þá leið að stjórnarskrárákvæði kynni að vera með einhverjum hætti umsemjanlegt eða háð samningum við Evrópusambandið, væri einhvers konar tæki í samningum við Evrópusambandið. Ég veit ekki hvort ætti þá undan að láta, Rómarsáttmálinn eða ákvæði í stjórnarskrá Íslands.

[22:52]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir athyglisvert að hv. þm. Birgir Ármannsson skuli ætla að gæta hagsmuna Evrópusambandsins í væntanlegum og hugsanlegum aðildarviðræðum við það. Nú veit ég að hv. þingmaður er vel að sér í Evrópumálum. Hann þekkir mætavel — ef við eigum að halda þessari umræðu áfram sem hefur ekkert að gera með þetta stjórnarskrárákvæði — að hvert einasta ríki sem hefur gengið í Evrópusambandið er með stjórnarskrá. Þetta hefur í raun ekkert með það að gera.

En af því að hv. þingmaður tekur þetta upp finnst mér vert að benda á að það hefur aldrei verið markmið Evrópusambandsins að ganga svo að þeim löndum sem vilja ganga þar inn að það gangi á þeirra helstu hagsmuni eða komi þeim á kné. Það hefur aldrei verið markmiðið í slíkum samningum. Meðal annars má vísa til þess að í samningaviðræðum fékk sumarbústaðaeign í Danmörku undanþágu á sínum tíma. Meðal annars var fundin upp ný skilgreining á heimskautalandbúnaði sem talin var þjóna hagsmunum norðurhéraða Svíþjóðar og Finnlands.

Upp koma margvísleg sjónarmið í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Ég trúi ekki að hv. þingmaður hafi með fyrirspurn sinni verið að reyna að tryggja þannig hagsmuni Evrópusambandsins að það eigi meiri möguleika á að komast í sjávarauðlindina, eins og ég skildi hann, ef við mundum ekki lögfesta ákvæði í þá veru sem hæstv. umhverfisráðherra vill að við lögfestum í stjórnarskrá.

Svona skil ég hv. þingmann. En ég skil hins vegar vel að hann flýi af hólmi á þinginu (Forseti hringir.) og fari til Brussel í þessari umræðu.

[22:55]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér afar athyglisvert frumvarp frá tveimur hæstv. ráðherrum, þ.e. forsætisráðherra og

iðnaðarráðherra, formanni Sjálfstæðisflokksins og formanni Framsóknarflokksins, frumvarp sem blaðamenn Fréttablaðsins í morgun segja að einungis 29% aðspurðra í skoðanakönnun telji að Alþingi hafi nægan tíma til að afgreiða áður en þing verður rofið. (**KHG:** Það eru jafnmargir og bera virðingu fyrir þinginu.) Já, það eru jafnmargir og bera virðingu fyrir þinginu, segir hv. Kristinn H. Gunnarsson. Það er spurning hvort þetta séu sömu 29 prósentin, við skulum nú láta það liggja milli hluta. Það segir reyndar líka á forsíðu Fréttablaðsins í dag að meiri hluti stuðningsfólks allra flokka utan Framsóknarflokksins telji að Alþingi hafi ekki nægan tíma fyrir þingslit til að afgreiða þetta frumvarp hæstvirtra ráðherra. Það má eflaust leggja út af þessu á ýmsa lund. Sannleikurinn er auðvitað sá að hér er um umdeilt mál að ræða, mál sem verðskuldar mikla vinnu og mikla umræðu og fær langa umræðu í þinginu í dag eins og eðlilegt hlýtur að teljast.

Það rifjast upp fyrir mér, virðulegi forseti, að ég var á fundi þann 1. mars sl. hjá Verkfræðingafélagi Íslands og Tæknifræðingafélagi Íslands þar sem fjallað var um nýtingu náttúruauðlinda. Þar kom fram í máli fleiri en eins fyrirlesara að umfram allt þyrfti að fara með gát þegar íhugaðar væru grundvallarbreytingar á nýtingu náttúruauðlinda okkar. Þó að téður fundur hafi fyrst og fremst fjallað um nýtingu þeirra auðlinda sem eru fallnar til orkuvinnslu, þ.e. vatnsafls og jarðvarma, fundust mér skilaboð fyrirlesaranna afar skýr og almenn og þau voru öðru fremur þessi: Þegar taka á ákvörðun um stefnu til framtíðar um nýtingu takmarkaðra auðlinda er nauðsynlegt að gefa sér þann tíma sem þarf. Óðagot, einkum stjórnmálamanna, getur hæglega skaðað hagsmuni þjóðarinnar þegar til langs tíma er litið. Þetta eru mikilvæg skilaboð sem ég tel eðlilegt að bera inn í þennan sal í þessari umræðu og þetta er allt mikilvægt í ljósi þessa máls og þess hvernig það ber að.

Þann 4. janúar 2005 tilkynnti forsætisráðuneytið um skipan nefndar sem ætlað var það hlutverk að gera tillögu um breytingar á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Í skipunarbréfi þeirrar nefndar kom m.a. fram að endurskoðunin yrði einkum bundin við I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar og þau ákvæði í öðrum köflum hennar sem tengjast sérstaklega ákvæðum þessara þriggja kafla. Talað var um að stefnt yrði að því að frumvarp til breytinga á stjórnarskránni mundi liggja fyrir, eins og segir í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu þann 4. janúar, með leyfi forseta:

„... svo tímanlega að unnt verði að samþykkja það á Alþingi fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar sem fram eiga að fara vorið 2007. Báðum nefndum" — þ.e. sem skipaðar voru, sérfræðinganefndinni og þingmannanefndinni — „er ætlað að hefja störf sín hið fyrsta og ljúka störfum ekki síðar en í byrjun árs 2007."

Það gekk eftir eins og hæstv. forseti, sem nú situr á forsetastóli, veit mætavel því að það var undir hans stjórn sem þessi nefnd starfaði. Eftir mikið starf sem ég efa ekki að hafi verið unnið af alúð og mikilli samviskusemi — meira að segja iðkaði nefndin þau fyrirmyndarvinnubrögð að allt það starf sem þar var unnið, fundargerðir og gögn sem lögð voru fram, var aðgengilegt á sérstakri heimasíðu nefndarinnar og var allt opið fyrir áhugasama sem gátu fylgst með framvindu starfsins og lagt sitt til málanna og gert athugasemdir og komið skilaboðum til nefndarinnar — lauk hún störfum þann 19. febrúar sl.

Hvernig lauk hún störfum? Jú, eins og hæstv. forseti veit, skilaði hún áfangaskýrslu þar sem gefið var yfirlit yfir starfið undanfarin tvö ár og í þeirri áfangaskýrslu, sem er afar athyglisverð ásamt með fylgigögnum, kemur fram að nefndin telji sig þurfa lengri tíma til að ljúka þeirri heildarendurskoðun sem að var stefnt. Samt sem áður lagði nefndin til eina yfirvegaða tillögu sem var það eina sem nefndin náði endanlegri sátt um, þ.e. tillögu sem fól það í sér að breyta ætti 79. gr. stjórnarskrárinnar, og nefndin lagði fram frumvarp eða uppkast eða drög að frumvarpi í því skyni að þessari 79. gr. yrði breytt.

Um hvað fjallar 79. gr. stjórnarskrárinnar, hæstv. forseti? Hún fjallar um þjóðaratkvæðagreiðslur og hvernig breyta eigi stjórnarskrá Íslendinga, stjórnarskrá lýðveldisins.

Í henni segir, með leyfi forseta:

„Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg."

Svona hljóðar, hæstv. forseti, núverandi 79. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Stjórnarskrárnefndin lagði til að þessari grein yrði breytt. Nefndin segir í tilkynningu sem gefin var út eftir miðjan febrúar sl. að ef sú breyting sem hún lagði til næði að fá samþykki Alþingis yrði um leið lagður grunnur að því að bera megi endurskoðaða stjórnarskrá undir þjóðaratkvæði og að endurskoðuð stjórnarskrá mundi þá öðlast ótvíræðari lýðræðislega staðfestingu en raunin yrði ef hún væri afgreidd með núgildandi hætti.

Eins og hæstv. forseti veit hefur þetta frumvarp ekki litið dagsins ljós í þingsölum og ég verð að segja að ég er furðu lostin yfir því að hæstv. ráðherrar sem flytja það frumvarp sem hér er til umfjöllunar skuli leyfa sér að sniðganga vilja þessarar nefndar sem starfaði í tvö ár af heilindum og einlægni, skilaði niðurstöðu, og ég spyr: Hvar er hugmynd nefndarinnar? Hvar er frumvarp sem byggir á tillögu nefndarinnar? Af hverju erum við ekki að ræða það hér?

Mér þykir það í hæsta máta undarlegt að sniðgengið skuli það samráð sem mér finnst vera til fyrirmyndar og var staðið vel að og við stóðum öll á bak við og í stað þess að fara að þeirri tillögu sem nefndin komst að niðurstöðu um ræðum við hér einhverja tillögu frá hæstv. ráðherrum Geir H. Haarde og Jóni Sigurðssyni um að náttúruauðlindir Íslands skuli vera í þjóðareign, þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila samkvæmt 72. gr. Sömuleiðis að nýta eigi þessar náttúruauðlindir okkar til hagsbóta þjóðinni eftir því sem nánar væri kveðið á um í lögum og að þetta skuli ekki vera því til fyrirstöðu, segir í greininni, að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum.

Þetta á ekkert skylt við niðurstöðuna sem téð stjórnarskrárnefnd náði í vinnu sinni. Hins vegar vann stjórnarskrárnefndin mjög mikið í því að skoða nákvæmlega ákvæðið sem lýtur að þjóðareign náttúruauðlinda og hvað segir um það í niðurstöðum og fundargerðum nefndarinnar? Við skulum fletta því upp, hæstv. forseti.

Í sérfræðinganefndinni sem starfaði með þingmannanefndinni áttu sæti Eiríkur Tómasson lagaprófessor, Kristján Andri Stefánsson lögfræðingur, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, og Björg Thorarensen lagaprófessor. Björg Thorarensen lagaprófessor átti einnig sæti í þeim vinnuhópi nefndarinnar sem fjallaði um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál. Þegar lesnar eru þær fjórar fundargerðir þessa vinnuhóps sem aðgengilegar eru á áðurnefndri heimasíðu kemur í ljós að menn veltu þar fyrir sér á afar yfirvegaðan hátt með hvaða hætti setja mætti ákvæði sem væri almenns eðlis, næði til allra náttúruauðlinda okkar og tryggði að þær yrðu sameign þjóðarinnar. Af hverju fylgja hæstv. ráðherrar ekki forskriftinni sem vinnuhópurinn komst að niðurstöðu um og Björg Thorarensen, lagaprófessor við Háskóla Íslands, bjó í tillöguform í þeirri vinnu? Þessari spurningu hefur ekki verið svarað við þessa umræðu. Það hlýtur að vera krafa okkar sem sitjum á löggjafarsamkundunni og krafa þjóðarinnar að fá svör um það frá hæstv. ráðherrum hvers vegna ekki var tekinn útgangspunktur í þeirri vinnu sem stjórnarskrárnefndin innti af hendi.

Það er athyglisvert að skoða hvað það var sem vinnuhópurinn um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál skoðaði fyrst og fremst. Hann skoðaði m.a. breytingu á norsku stjórnarskránni og finnsku stjórnarskránni og ræddi í því sambandi við sérfræðing á borð við Aðalheiði Jóhannsdóttur lagaprófessor, sérfræðing í umhverfisrétti, en hún taldi og hefur vikið að því í greinum, m.a. greinum sem við höfum verið að skoða í umhverfisnefnd Alþingis síðustu daga, að það væri eðlilegt að taka tillit til þriggja meginþátta þegar þessi mál væru skoðuð og þessa þrjá meginþætti hafa hæstv. ráðherrar, þessir herramenn sem leggja fram þetta frumvarp, algerlega sniðgengið. Þeir hafa kosið að sniðganga ráðleggingar sérfræðinganna sem gengu út á það að meginháerslan yrði lögð á þátttökuréttindi almennings, rétt manna til þess að hafa áhrif á ákvarðanir sem vörðuðu umhverfi, í öðru lagi á regluna um sjálfbæra þróun, í þriðja lagi tilvísun í líffræðilega fjölbreytni og samninginn sem við höfum undirgengist og höfum fengið ákúrur fyrir að hafa ekki leitt í lög, samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika.

Í þessu sambandi var bent á í nefndinni að hugtakið „sjálfbær þróun" væri nokkurs konar yfirhugtak sem væri rétt að telja sem meginmarkmið en á eftir kæmu hin tvö. Síðan yrði inntak hugtakanna, sem er mjög víðtækt, skýrt nánar í greinargerð. Sömuleiðis var lögð áhersla á það í vinnu nefndarinnar að framsetning umhverfisákvæðis í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands hlyti að að felast í því að lýsa þessum markmiðum, þessum yfirmarkmiðum, en jafnframt yrði þá tilgreint í stjórnarskrárákvæðinu að nánar væri hægt að mæla fyrir um þessi ákvæði í sérstökum lögum.

Það eru mér mikil vonbrigði, hæstv. forseti, þegar við fáum inn á okkar borð frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem varða þessi grundvallaratriði, sem eru mér og samþingmönnum mínum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði mikið hjartans mál og ríma við stefnuyfirlýsingu flokks okkar, að um þau skuli vélað með þeim hætti sem raun ber vitni. Hér er eitthvert orðalag í tillögugreininni, sem hæstv. ráðherrar gera ráð fyrir að verði 79. gr., sem virðist vera almenns eðlis og virðist eiga við um þá þætti sem sérfræðingar í stjórnarskrárnefndinni fjölluðu um en svo þegar greinargerðin er lesin er hún öll meira og minna sértæk og á að því er virðist eingöngu við sjávarauðlind okkar.

Hvað segir svo sérfræðingurinn Björg Thorarensen lagaprófessor í fjölmiðlum þegar hún er spurð hvernig henni lítist á þetta frumvarp. Hæstv. forseti, ég tel ástæðu til að líta í gagnasafn Morgunblaðsins. Í innlendum fréttum Morgunblaðsins frá því á laugardaginn var er rætt við téða Björgu Thorarensen og sú er ástæðan fyrir því að ég vitna til orða hennar hér að ég er þeim hjartanlega sammála og mér þykir rétt að styðja sjónarmið mín með skoðunum prófessorsins og orðum hennar. Hún segir að sér finnist ákvæðið fyrst og fremst óskýrt og að það svari engum spurningum. Við skulum hafa það í huga að hér talar lagaprófessor sem starfaði í sérfræðinganefndinni sem starfaði með stjórnarskrárnefndinni sem við skipuðum í febrúar 2005. Hún segir að þetta sé dæmigert um skort á að tekin sé skýr pólitísk ákvörðun um innihald ákvæðisins og síðan eigi að leysa úr álitaefnum að því er virðist þegar ágreiningur kemur upp. Hún segir að það beri ekki með sér gott skipulag við samningu stjórnarskrárákvæðisins. Spurð hvort og þá hvaða réttaráhrif ákvæðið geti haft, segir hún ómögulegt að segja til um það, og ég vil vitna beint í prófessorinn, með leyfi forseta:

„Eftir því sem mér skilst er markmiðið að styrkja þá reglu sem kemur fram í lögunum um stjórn fiskveiða og kannski að girða fyrir að þróunin verði sú að einstaklingseignarréttur stofnist á auðlindunum með sérstöku tilliti til sjávarauðlindanna."

Hverju svara hæstv. flutningsmenn prófessornum að þessu leyti? Ætlast þeir kannski til að ákvæðið girði fyrir að þróunin verði sú að einstaklingseignarréttur stofnist á auðlindunum með sérstöku tilliti til sjávarauðlindanna? Eða hverju svara þeir því sem prófessorinn segir í áframhaldi? Með leyfi forseta:

„Þetta er almennt ákvæði en skýringarnar við það eru að langmestu leyti bundnar við sjávarútveginn og fiskveiðistjórnarlögin. Það er dálítið ankannalegt í ljósi þess hversu ákvæðið er víðtækt, að lítið sem ekkert er lagt út af ýmsum öðrum náttúruauðlindum en fiskveiðiauðlindinni, sem nýtur ákveðinnar sérstöðu. Ég er þeirrar skoðunar að það þyrfti að ígrunda þetta betur." — Segir prófessor Björg Thorarensen.

Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, tek ég undir þessi orð hennar og bendi á að annar prófessor í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskóla Íslands, Ragnhildur Helgadóttir, tekur í sömu frétt í Morgunblaðinu, 10. mars 2007, í nákvæmlega sama streng. Ragnhildur segist hafa áhyggjur af mjög sérsniðnum ákvæðum í stjórnarskrá sem séu þó almennt orðuð og hún segir orðrétt:

„Hvaða áhrif hefur ákvæðið á aðrar auðlindir? Þegar þetta er gert með svona miklum hraða vekur það áhyggjur

af því að menn hafi ekki hugsað fyrir afleiðingum þess að þetta gildir almennt.“

Þar með er ég aftur komin að því sem ég byrjaði á í ræðu minni, hæstv. forseti — mér finnst hafa liðið ótæpilega á ræðutíma minn en ég treysti því samt að klukkan hér hafi gengið á eðlilegum hraða — þ.e. ég nefndi óðagotið. *Mér finnst hæstv. ráðherrar hafa gerst sekir um flaustur og óðagot* og mér finnst ekki verra að geta þeim orðum mínum til stuðnings vitnað til orða þeirra prófessora sem hér var vitnað í, prófessors Bjargar Thorarensen sem þekkir málið inn og út af því að hún tók virkan þátt í vinnu stjórnarskrárnefndarinnar sem skipuð var, stjórnarskrárnefndarinnar sem við öll hér, eftir því sem ég best veit, bundum miklar vonir við að næði einhverri niðurstöðu sem sátt gæti orðið um. Sú litla niðurstaða sem hún náði er síðan eitthvað sem þessir hæstv. ráðherrar hafa vísað út af borðinu.

Mér sýnist hæstv. ráðherrar hafa steypt öllu á stél og ákveðið að sniðganga þá tillögu sem þó náðist sátt um, hafi ákveðið að sniðganga líka þær ráðleggingar og leiðbeiningar sem urðu til hjá stjórnarskrárnefndinni um nákvæmlega þessa þætti sem þeir virðast þó vera að tala um í greininni sinni. Ég vil ljúka máli mínu á því að minna þessa hæstv. ráðherra á hvað þetta er víðtækt ákvæði. Ef orðanna hljóðan er lesin og engin greinargerð fylgdi þá er þetta ákvæði sem fjallar um náttúruauðlindir sem eru ekki bara lífríkið í hafinu, vatnsföllin, jarðhitann og efnanámur, eins og kannski virðist í fljótu bragði, því að í auðlindaskýrslunni frá árinu 2000 skýrir Geir Oddsson, í sinni merku greinargerð sem birt er með þeirri skýrslu, þær þannig að í raun megi skilgreina alla náttúruna, jarðveginn, plönturnar, dýrin, andrúmsloftið, sólina og vatnið sem mögulega náttúruauðlind. Geir segir að almennt megi segja að hlutar náttúrunnar verði ekki að náttúruauðlind fyrr en þeir gegna einhverju skilgreindu hlutverki í efnahagsstarfsemi mannlegs samfélags eða í neyslu einstaklinga. Þannig geta náttúruauðlindir orðið til við nýja notkun á náttúrunni, snjór er t.d. náttúruauðlind, segir Geir Oddsson, í augum þeirra sem reka skíðasvæði. Náttúruauðlindir geta á sama hátt horfið eins og gúanó á eyjum undan strönd Suður-Ameríku.

Ég spyr hæstvirta ráðherra: Heyrir snjórinn til því ákvæði sem hér er lagt til að verði samþykkt, þeirri breytingu sem hæstv. ráðherrar leggja til að gerð verði á núgildandi 79. gr. stjórnarskrárinnar sem reyndar er gert ráð fyrir að verði sú 80?

Eins og ég sagði finnst mér þetta vera óðagot og mér þykir það mjög miður því að hér er verið að fjalla um afar víðtækt og mikilvægt (Forseti hringir.) mál sem ég held að þjóðin verðskuldi að fái betri umfjöllun um en hér virðist eiga að fást.

[23:15]

**Birgir Ármannsson:**

Herra forseti. Við höfum í dag átt langar og ítarlegar umræður um það frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins sem hæstv. forsætisráðherra og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafa lagt fram á þingi. Það hefur komið fram í máli fjölmargra hv. þingmanna í dag að þetta frumvarp á sér auðvitað rætur í umræðum sem átt hafa sér stað á undanförnum árum, og m.a. hefur í þessum umræðum oft verið vísað til starfs og viðfangsefna stjórnarskrárnefndar sem hefur starfað frá janúar 2005 og stundum með nokkuð glannalegum skýringum og túlkunum.

Það er rétt að ítreka það sem hv. síðasti ræðumaður rifjaði upp, að þetta stjórnarskrárstarf hófst með tilvísan til nokkurra tiltekinna kafla stjórnarskrárinnar en að kröfu forustumanna stjórnarandstöðunnar var áréttað að þeir mundu ekki taka þátt í þessu starfi nema að um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar yrði að ræða. Auðvitað var á það fallist enda var markmiðið með því starfi að ná utan um það og mynda góða sátt um heildarendurskoðun og að nefndin byggði verklag sitt og viðfangsefni á þeim forsendum.

Komið hefur fram að auðlindaákvæði af einhverju tagi var meðal þessara viðfangsefna og um það nokkuð fjallað í nefndinni á ýmsum fundum en hins vegar vil ég, til að það komi skýrt fram í þessari umræðu, minna á að það var langt í frá eina viðfangsefni þeirrar nefndar.

Í vetur lá fyrir að ekki tækist að ljúka þeirri heildarendurskoðun sem að var stefnt. Þar á meðal voru lausir endar í sambandi við þetta ákvæði og raunar fjölmörg önnur. Í sumum tilvikum var alllangt á milli manna, í sumum tilvikum var skemmra á milli en þegar ljóst var að heildarendurskoðuninni yrði ekki lokið varð niðurstaða nefndarinnar að svo stöddu sú að skila tillögu til forsætisráðherra um breytingu sem varðaði aðferðina við að breyta stjórnarskrá sem nú er í 79. gr. og hefur það atriði verið í viðræðum milli formanna stjórnmálaflokkanna eins og hv. þingmönnum er kunnugt um.

Hins vegar varð áfram umræða um þetta auðlindaákvæði og eins og menn þekkja lyktaði þeim málum með því frumvarpi sem hér liggur frammi. Af ummælum hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar í þessum umræðum er ekki alveg ljóst hvernig þeir taka þessu frumvarpi og þá er rétt að fram komi enn og aftur að fyrir nákvæmlega einni viku töldu forustumenn stjórnarandstöðunnar ekkert því til fyrirstöðu að taka frumvarp af þessu tagi til meðferðar í þinginu. Þess vegna hljóma ummæli þeirra í dag um að málið sé algjörlega ótækt með þessum fyrirvara dálítið ankannalega. Það eru ekki nema sjö dagar síðan það var ekki nema sjálfsagt af þeirra hálfu að taka þetta mál til umfjöllunar. Maður veltir fyrir sér hvort maður eigi að taka meira mark á því sem þeir sögðu fyrir viku eða hvort maður eigi að taka mark á því sem þeir segja í dag um það efni. Þetta hljómar a.m.k. ekki eins og að málflutningurinn sé mjög samkvæmur sjálfum sér í þessum atriðum. Maður veltir fyrir sér hvort útspil stjórnarandstöðunnar fyrir viku hafi eingöngu verið tilraun til að hafa áhrif á einhverja atburðarás, verið einhver leikflétta í þeim tilgangi að ná fram því markmiði sem oft hefur komið fram og iðulega af hálfu stjórnarandstöðunnar, hún vill með einhverjum hætti reyna að búa til bil milli stjórnarflokkanna. (Gripið fram í.) Maður hlýtur að velta fyrir sér hvort ummæli þeirra þá (Gripið fram í.) beri að skoða í því ljósi. (**SigurjÞ:** Er hætt ...?) Ég held að sá vandræðagangur sem hefur verið í viðbrögðum stjórnarandstöðunnar við þessu frumvarpi endurspegli eiginlega fyrst og fremst þau vonbrigði sem stafa af því að henni tókst ekki að búa til þá gjá milli stjórnarflokkanna sem hún vonaðist til með sérstökum tilboðum sínum fyrir nokkrum dögum. (**Gripið fram í:** Nóttin er ung.) (**Gripið fram í:** ... tala um ákvæðin.)

Svo að við víkjum að ákvæðinu sem auðvitað er meginviðfangsefni okkar hér veltir maður líka fyrir sér hvort það hafi í rauninni verið eina forsenda stjórnarandstöðunnar, fyrir utan hugsanlega þetta að skapa bil milli stjórnarflokkanna, að fá fram einhverja breytingu sem ætti með einhverjum róttækum hætti að breyta réttarástandi sem nú er fyrir hendi, breyta réttindum sem nú njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Það hefur mátt skilja ýmsar ræður á þann hátt og í ræðunum hefur jafnframt komið fram mismunandi skilningur á eignarréttindum. Ég vísa m.a. í því sambandi til ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem mér fannst almennt láta í ljósi efasemdir um eignarréttindi og gildi þeirra. Ég velti fyrir mér hvort samkomulag af hálfu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og flokksfélaga hans byggi eingöngu á því að sett verði inn ákvæði sem feli í sér einherja veikingu eignarréttinda eða hvort hann geti fallist á einhverja aðra útfærslu. Í því birtist ákveðinn vandi sem er í þessu — (**SJS:** ... viðhorf stjórnarandstöðunnar.) Þetta er skýringarræða á m.a. viðhorfum stjórnarandstöðunnar (Gripið fram í.) enda finnst mér rétt að gera henni nokkur skil nú þegar fjölmargar ræður hafa verið fluttar í þessu máli. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Össur Skarphéðinsson hittir auðvitað naglann á höfuðið í því sambandi. Það er nefnilega ljóst að þó að margir hafi talað mjög hástemmt um mikilvægi þess að fá ákvæði um sameign þjóðarinnar, þjóðareign eða eitthvað í þá veru inn í stjórnarskrá hefur það valdið ákveðnum vandkvæðum í þessari umræðu hve mismunandi merkingar menn leggja í slík hugtök. Þetta er auðvitað ekki ný umræða og það er ekki nýtt að álitamál séu fyrir hendi í því sambandi. Það má t.d. minna á að frá því að niðurstaða auðlindanefndar kom út haustið 2000 hafa ýmsir lögfræðingar velt fyrir sér þeirri merkingu sem felst í orðinu og hugtakinu þjóðareign í þeim texta sem þar liggur fyrir. Þessari umræðu var ekki lokið þá og verður kannski ekki lokið í þessari umræðu. Hins vegar verð ég að segja varðandi það atriði sérstaklega að mér finnst þetta frumvarp og sú greinargerð sem liggur því til grundvallar fela í sér skýringar á því hugtaki sem eiga að mínu mati að geta orðið til þess að ákvæði af þessu tagi gangi upp.

Vandamálið í sambandi við hugtök eins og þjóðareign er nákvæmlega þetta, það hefur verið mismunandi túlkun á lögfræðilegum þáttum í því sambandi. Menn hafa túlkað það með mismunandi hætti. Síðan hefur það stundum verið notað með allt öðrum hætti í pólitískri umræðu. Það var m.a. á þeim punkti sem við lentum í ágreiningi eða a.m.k. komu fram mismunandi sjónarmið innan stjórnarskrárnefndar þegar það var til umræðu.

Ég tel, herra forseti, að ákvæði frumvarpsins að þessu leyti og þær skýringar sem koma fram í fyrirliggjandi greinargerð séu verulega til skýringar á þessu og að í því felist það að þegar ákvæði af þessu tagi verði túlkað liggi nokkuð ljóst fyrir hver stjórnarskrárviljinn er í málinu, vilji stjórnarskrárgjafans. Það held ég að sé mjög til framdráttar þessari umræðu og þessu máli. Hins vegar er líka gott í sjálfu sér að ef fram kemur í umræðunni að sumir hv. þingmenn hafi einhverja aðra sýn á það er nauðsynlegt að við ræðum það og förum yfir það. Það er rétt sem hefur komið fram að það er grundvallaratriði að stjórnarskrá feli í sér sem fæst vafamál, að sem fæst vafaatriði séu þar inni falin, og skýringar í greinargerð hvað þetta varðar ættu að geta hjálpað okkur í þessu sambandi. Hins vegar verð ég að segja að athugasemdir ýmissa hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar um það efni benda til þess að mínu mati að skilningur þeirra á þessum hugtökum og þessari hugtakanotkun stafi fyrst og fremst af því að þeir hafa áhuga á því og það er hvatinn að aðkomu þeirra að málinu að þeir vilja með einhverjum hætti nýta stjórnarskrána eða stjórnarskrárbreytingu til að breyta einhverju réttarástandi sem er fyrir hendi í dag. Mér finnst það bæði endurspeglast í ræðum sem hér hafa verið fluttar og eins í ýmsum athugasemdum sem fram hafa komið í fjölmiðlum að ýmsir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar líta í rauninni á þessa stjórnarskrárbreytingu sem einhverja leið til að koma í kring breytingum á réttarástandi og það litar viðhorf þeirra í málinu. Nægir í því sambandi að vísa til ummæla sem hv. 1. þm. Reykv. n., Össur Skarphéðinsson, hefur haft uppi í þessu sambandi og ég vísaði til í andsvari fyrr í dag. Hv. þm. sagði í viðtali við Jóhann Hauksson á þeirri merku útvarpsstöð Útvarpi Sögu fyrir rétt um viku að hann liti á það sem tilgang svona stjórnarskrárbreytingar að skapa það réttarástand að hægt væri að taka einhver réttindi til baka, eins og hann orðaði það, og þar með að ná fram einhverjum breytingum. Þegar þetta liggur fyrir kristallast kannski hvað menn líta silfrið misjöfnum augum. Menn hafa ólík sjónarmið í þessum efnum. Jafnvel þótt menn noti stundum sömu hugtökin eða sömu orðin í orðræðunni kann að búa að baki mismunandi vilji.

Yfir þetta verður auðvitað farið í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar. Það eru atriði í þessu þar sem menn þurfa að ná fram einhverjum sameiginlegum skilningi og menn þurfa að velta upp þeim álitamálum sem kunna að koma upp í þessu sambandi. Ég vil nota þetta tækifæri til að segja fyrir mína parta að ég vænti þess að það sama eigi við um aðra sem sitja í þeirri nefnd sem fær þetta til meðferðar og mun auðvitað nálgast verkefnið með það fyrir augum að vinna málið vel. Eins og fram hefur komið í máli margra hv. þingmanna hljótum við að nálgast stjórnarskrána og breytingar á henni af virðingu, og vanda til verka. Ég held að allir sem koma að því verki muni nálgast það út frá því sjónarmiði.

[23:30]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var sérkennileg ræða. Hv. þingmaður fór í gegnum feril málsins og síðan hvað stjórnarandstaðan vildi í umræðunni.

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvert markmiðið er með frumvarpinu. Mig langar að vitna til ræðu sem hæstv. forsætisráðherra flutti á LÍÚ-þingi þar sem hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Brýnasta verkefnið er að treysta þá sátt sem er um núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Eyða þarf enn frekar óvissu um réttarstöðu útgerðarmanna, þannig að ljóst liggi fyrir að réttindi þau sem þeir nú kaupa á markaði muni ekki á einni nóttu verða af þeim tekin.“

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort þetta sé markmiðið með þessum stjórnarskrárbreytingum, þ.e. að festa kerfið og eignarhaldið enn frekar í sessi, eins og hæstv. forsætisráðherra boðaði á þingi LÍÚ í haust.

[23:32]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held það hafi komið skýrt fram af hálfu flutningsmanna frumvarpsins í umræðum fyrr í dag að tilgangurinn með því er ekki sá að veita mönnum meiri réttindi en þeir njóta í dag og ekki að veita þeim minni réttindi. Ég held að sá skilningur frumvarpshöfunda liggi skýrt fyrir og ég get út af fyrir sig fallist á það.

Ég held hins vegar að almennt séð, í hinni pólitísku umræðu, væri til bóta ef deilum um sjávarútvegsmál og um fiskveiðistjórnarkerfið mundi linna. Ég held að hv. þm. Sigurjón Þórðarson, sem er áhugamaður um að umbylta núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, ætti að einbeita sér að annarri lagasetningu en stjórnarskránni til að reyna að ná fram þeim markmiðum sínum að umbylta því kerfi.

[23:33]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Svar hv. þingmanns kemur mér mjög á óvart. Hæstv. ráðherra byggðamála flutti ræðu í dag og sagði að um grundvallarbreytingu væri að ræða. Síðan kemur hv. þingmaður og segir að ekki sé um neina breytingu að ræða. Maður spyr: Hvað er í gangi? Hvað ætla menn sér með þessa stjórnarskrárbreytingu? Það virðist ekkert að gerast ef marka má hv. þm. Birgi Ármannsson. Síðan segir hæstv. ráðherra byggðamála að um grundvallarbreytingu sé að ræða.

Ég spyr: Hvað með fólkið í landinu sem þarf að leigja aflaheimildir fyrir 70% af tekjunum af aflanum? Er þetta einhver breyting fyrir það? Er þetta breyting fyrir byggðir landsins, sem blæðir? Ég vil spyrja hv. þingmann að því. Þeir flokkar sem hafa komið þessu óréttláta kerfi á skulda fólki ákveðin svör. Það þýðir ekkert að halda ríkisstjórnarfundi til að fresta málunum. (Forseti hringir.) Fólkið í landinu þarf svör og þolir ekki þetta (Forseti hringir.) kerfi áfram.

[23:34]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Hæstv forseti. Ég held að hv. þingmaður ætti að velta fyrir sér hvort hann geti ekki komið þeim breytingum sem hann vill gera á fiskveiðistjórnarkerfinu í kring með öðrum hætti en í gegnum stjórnarskrána. Það eru ábyggilega margar leiðir til að ná þeim markmiðum sem hv. þingmaður hefur í þeim efnum aðrar en að breyta stjórnarskránni. Ég held að það sé skýrt að með því að fá ákvæði af þessu tagi inn í stjórnarskrá yrði undirstrikað að auðlindir þjóðarinnar séu í þjóðareign. Það útilokar hins vegar ekki að einstaklingar eða lögaðilar geti átt réttindi sem njóta eignarréttarverndar. Það er undirstrikað í ákvæðinu að með þessu frumvarpi sé ekki ætlunin að breyta þeim réttindum. Ætlunin er ekki að auka þau og það er ekki að draga úr þeim. Það er kannski kjarni málsins.

Ég verð hins vegar að hvetja hv. þingmann til að skoða hvort hann getur náð hugmyndum sínum fram með öðrum hætti en þeim að gera stjórnarskrána að átakavelli í því sambandi.

[23:35]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða þótt hún hafi ekki komið inn á það ákvæði sem hér er til umræðu. Fyrr í kvöld talaði hæstv. umhverfisráðherra og skýrði á sinn hátt hvað felst í ákvæðinu, m.a. að markmiðið sé að tryggja eignarhald þjóðarinnar á náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti. Auðlindirnar verði ekki afhentar varanlega og þá helst ekki nema gegn gjaldi, eins og hæstv. umhverfisráðherra skýrði það. Hann fór reyndar mjög víða og leitaði víða fanga, m.a. á nefndarfundum Framsóknarflokksins o.s.frv.

Mig langaði að spyrja hv. þingmann hvort þessi skilningur hæstv. umhverfisráðherra sé sá sami og skilningur hv. þingmanns. Ef svo er sýnist mér að hér gæti myndast góð sátt. Ef allir flokkar hafa sama skilning á því hvað menn ætla að að gera er auðvelt að breyta textanum á þann veg.

[23:37]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eiga orðastað við hæstv. umhverfisráðherra fyrir milligöngu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar.

Ég undirstrika að það sem kemur fram í greinargerð er að mínu mati til skýringar á þeim ákvæðum sem er að finna í frumvarpinu. Ég held að það þurfi ekki að leita lengra. Hins vegar er það hárrétt sem hæstv. umhverfisráðherra vakti athygli á í umræðunni, að auðvitað verður tillaga af þessu tagi ekki til í tómarúmi. Hún hlýtur að byggjast á umræðum og starfi sem átt hefur sér stað á undanförnum árum um þessi efni.

[23:37]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski þurfti ég ekki að spyrja. Það er ljóst að hv. þingmaður hefur allt annan skilning á ákvæðinu en hæstv. umhverfisráðherra. Það kom glöggt fram í andsvari hans.

Ég ætla að reyna, virðulegi forseti, örlítið betur. Reyna að draga fram skilning hv. þingmanns á hugtakinu þjóðareign. Er það réttur skilningur, sem komið hefur fram í umræðunni, að hugtakið verði fyllt af löggjafanum, þ.e. að það verði löggjafans að færa inn hvað felist í hugtakinu þjóðareign, að það verði þá löggjafans, eins og hæstv. byggðamálaráðherra orðaði það í dag, að ákveða hvaða náttúruauðlindir ekki eiga þar heima? Með öðrum orðum þýðir þetta að það er í raun engin varanleg vernd fyrir náttúruauðlindir að löggjafinn afhendi þær einkaaðila sem einkaeign.

[23:39]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að greinargerð frumvarpsins svari spurningum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar afskaplega vel að þessu leyti. Á bls. 2 í frumvarpinu er vísað til þess að með hugtakinu sé m.a. vísað til fullveldisréttar og sameiginlegrar ábyrgðar allrar þjóðarinnar á náttúruauðlindum Íslands og tekið sérstaklega fram að ekki sé haggað við réttindum einstaklinga og lögaðila sem njóti verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Síðar í frumvarpinu, í skýringum við 1. gr., er ítrekað að með hugtakinu þjóðareign sé lögð áhersla á þá ríku sameiginlegu hagsmuni sem allir Íslendingar hafi af nýtingu auðlinda og sagt að það sé á forræði lýðræðislega kjörinna fulltrúa hverju sinn að ákveða í hverju það er fólgið.

Auðvitað verður að ætla löggjafanum ákveðið svigrúm í þessum efnum. Stjórnarskrárákvæði er ætlað að standa til lengri tíma en ekki að veita öll svör í öllum tilvikum. (Forseti hringir.) En þar er undirstrikað á hvaða forsendum löggjafinn þarf að taka afstöðu til þeirra mála.

[23:40]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður er velviljaður maður og hann tók að sér í sjálfboðavinnu að útskýra afstöðu stjórnarandstöðunnar til þessa máls. Hann fór um hana mörgum orðum. Út af fyrir sig er sjálfsagt að þakka slíkt innlegg í málið. Við getum út af fyrir sig líka reynt að gera það sjálf (Gripið fram í.) sem erum í stjórnarandstöðunni.

Ég er þó á því að það dýpki þessa umræðu meira og gefi henni meira gildi að hv. þingmaður útskýri aðdraganda og undirbúning stjórnarfrumvarpsins og hversu vel menn hafi vandað til verka. Ég hef hlustað á hv. þm. Birgi Ármannsson halda margar hjartnæmar ræður um nauðsyn þess að vanda til verka þegar stjórnarskrá er breytt og ekki megi vera of mikil lausung í því, að menn þurfi að vanda sig og taka sér góðan tíma í slíkt. Ég hef hlustað á margar slíkar ræður í stjórnarskrárnefnd. Ég vil því biðja hv. þingmann um að fara yfir það með mér (Forseti hringir.) hvernig vandað var til verka í sambandi við þetta frumvarp.

[23:41]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi undirbúning málsins þá vísa ég til þess sem kom fram í framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra í dag. Ég geri ekki athugasemdir við það enda þekkir hann betur til forsögu málsins en ég.

Hins vegar er það hárrétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í andsvari sínu, að ég hef lagt á það mikla áherslu að vandað sé til verka í sambandi við stjórnarskrárbreytingar. Raunar er það líka rétt sem hv. þingmaður sagði, að ég er í hjarta mínu yfirleitt frekar á móti því að breyta stjórnarskránni. Mér finnst að menn eigi að fara afskaplega varlega í það. En það er svona almennt viðhorf sem kemur þessu máli ekkert sérstaklega við.

[23:42]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú kannast ég við minn mann. Þessa ræðu hef ég heyrt áður og kann því vel þegar fulltrúi hinna vönduðu og yfirveguðu íhaldssemi varar við allri lausung í þessum efnum. Ég tók líka eftir því að hv. þingmaður vísaði í greinargerð stjórnarfrumvarpsins og taldi hana út af fyrir sig svona nokkuð fullnægjandi lögskýringu. Það kemur mér á óvart. Þar vísa ég aftur til vinnu og kynna minna af hv. þingmanni í stjórnarskrárnefnd. En hann hefur ásamt mér og mörgum fleirum lagt áherslu á að fylgigögn með stjórnarskrárbreytingum, þar á meðal og ekki síst greinargerð frumvarpsins sjálfs, þurfi að vera skotheld og sérstaklega vönduð.

Við höfum eytt í það löngum tíma í stjórnarskrárnefnd að ræða hvernig væri útlistað og tekið á öllum vafaatriðum sem kynnu að koma upp í sambandi við túlkun ákvæða þegar um stjórnarskrárbindingu er að ræða. Því vil ég jafnframt biðja hv. þingmann að gefa mér faglegt álit sitt á lögfræðilegu gildi og lögskýringargildi þeirrar miklu greinargerðar sem fylgir frumvarpinu.

[23:43]

**Birgir Ármannsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þau ákvæði sem ég vísaði til í ræðu minni áðan hafi verið allskýr. (Gripið fram í.) Ég viðurkenni hins vegar að við þessa umræðu hafa menn varpað fram mismunandi sjónarmiðum um einstök atriði í því sambandi. Ég þykist vita að þau sjónarmið muni koma fram í nefndarstarfinu sem við eigum fyrir höndum og hlökkum að sjálfsögðu öll til.

Ég held að það verði mjög áhugavert að fara í það mál og velta upp þeim álitamálum sem þar kunna að verða fyrir hendi. Það sem skiptir máli er að úr því starfi komi skynsamleg niðurstaða þar sem góður skilningur liggur fyrir á þeim atriðum sem um er að ræða. Ég verð hins vegar að segja að mér finnst að í ræðum hv. þingmanns og annarra talsmanna stjórnarandstöðunnar í dag hafi birst mjög mismunandi skilningur á einstökum hugtökum og orðanotkun í þessu sambandi. Það má vera að nefndarstarfið (Forseti hringir.) verði til þess að skýra þau mál frekar.

[23:45]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja hið sama um hv. þingmann og hann sagði sjálfur um frumvarpið sem hér liggur undir, hann er allskýr.

Hv. þingmaður vísaði í samtal sem átt var við mig á Útvarpi Sögu og af því tilefni langar mig að rifja það upp að með dómi Hæstaréttar frá árinu 2000 er 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga skýrður þannig að hann feli í sér að úthlutun aflaheimilda myndi ekki óafturkallanlegt forræði einstakra manna fyrir þeim.

Ég vil líka vekja athygli á því að í álitsgerð prófessoranna Þorgeirs Örlygssonar og Sigurðar Líndals, sem var gerð fyrir auðlindanefnd haustið 1998, kemur fram að þeir telja að samkvæmt núgildandi lögum sé ekkert því til fyrirstöðu að innkalla úthlutaðar veiðiheimildir í áföngum á löngu tímabili.

Frú forseti. Það eru engar breytingar sem ég vil gera á núverandi stjórnkerfi fiskveiða sem ekki falla undir þetta tvennt.

[23:46]

**Útbýting:**

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 669. mál, brtt. EOK, þskj. 1121; brtt. JBjarn, þskj. 1124.

Heilbrigðisþjónusta, 272. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1117.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 697. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 1116.

Upplýsingar í ökuskíteini um vilja til líffæragjafar, 696. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 1115.

[23:47]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég hef tekið eftir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er farinn að þreytast enda kominn á miðjan aldur og hefur kannski ekki sama úthald til svona umræðna og þeir sem yngri eru. Ég hef því ákveðið að halda ekki mjög langa ræðu um frumvarpið, honum til dýrðar. Ég sé mig samt knúinn til þess að tæpa á nokkrum atriðum sem ég tel að skipti máli.

Það er rétt (Gripið fram í.) sem hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem hér kallar fram í, sagði í upphafi ræðu sinnar að það verkefni sem við ræðum og viðfangsefni þessa frumvarps er gríðarlega umfangsmikið, um það er engin spurning. Ákvæðið mælir fyrir um það að náttúruauðlindir Íslands skuli vera þjóðareign. Þegar ákvæðið er skoðað er engin spurning að það nær til gríðarlegra hagsmuna, leyfi ég mér að segja. Allar náttúruauðlindir landsins eru undir, ekki bara fiskimiðin eins og kannski geta má af umræðunni heldur allar aðrar náttúruauðlindir og þar á ég við orkuna í landinu, vatnsföllin og hitann. (Gripið fram í.) Og hænsnin, segir hv. þm. Ögmundur Jónasson. Ég er nú ekki viss um það en ég gæti nefnt dúninn og fleira, þannig að gríðarlegir hagsmunir eru í húfi.

Þetta frumvarp er frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Eins og við vitum öll er stjórnarskráin grundvallarlög, mikilvægustu lög lagasafnsins sem hafa réttaráhrif eins og önnur lög. Því er mikilvægt að vandað sé til verka eins og hv. þm. Birgir Ármannsson sagði. Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir því að einhver leiti réttar síns gagnvart því sem þar kemur fram einhvern tímann í náinni framtíð. Þá er mikilvægt að ákvæðið sé skýrt þannig að dómsúrlausnir framtíðarinnar séu í samræmi við yfirlýstan tilgang löggjafans.

Hæstv. forsætisráðherra hefur lýst því yfir í ræðu sinni, og það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að markmiðið sé tiltölulega skýrt en það verður verkefni okkar í nefndinni að kanna það og fara yfir það hvort orðalag ákvæðisins sé skothelt og í takti við vilja löggjafans. Við höfum séð ýmsar dómsúrlausnir sem hafa kannski ekki verið í samræmi við vilja löggjafa þess tíma þegar ákvæðin voru sett og leyfi ég mér að nefna t.d. Valdimarsdóminn, sem ég veit að hv. þm. Sigurjón Þórðarson þekkir vel, öryrkjadóminn og fleiri dóma. Það er mikilvægt að vandað sé til verka þannig að efnisinntakið sé skýrt og enginn velkist í vafa um það.

Eins og ég gat um áðan kveður frumvarpið á um það að náttúruauðlindir Íslands skuli vera þjóðareign, en síðan segir:

„... þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila skv. 72. gr."

Ég verð að segja það frumvarpshöfundum og flutningsmönnum til hróss að ég tel það afar gott og einkar mikilvægt að inni í ákvæðinu sé fjallað um 72. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. um vernd eignarréttarins. Það er geysilega mikilvægt þegar menn eru að fjalla um hugtök eins og þjóðareign að það sé alveg skýrt að menn ætli að standa vörð um eignarréttinn.

Ég hef tekið eftir því í umræðunni að ekki eru allir fulltrúar allra stjórnmálaflokka hér á Alþingi sammála mér um þetta eins og t.d. Samfylkingin. Ég get ekki séð að Samfylkingin beri mikla umhyggju fyrir eignarréttinum. (Gripið fram í.) Ég skildi hv. þm. Össur Skarphéðinsson í andsvari í dag á þann veg að hann teldi t.d. að þær aflaheimildir sem við höfum verið að fjalla um í tengslum við þessa umræðu njóti hreinlega ekki neinnar verndar þrátt fyrir að við vitum að gríðarlegir hagsmunir eru í húfi. Við vitum að útgerðarmenn hafa fjárfest í aflaheimildum fyrir hundruð milljarða. Virðingarleysi hv. þingmanns gagnvart eignarréttinum sést líka í stefnu Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálunum, þ.e. í fyrningarleiðinni sem Samfylkingin tók upp á sína arma og ætlaði að fara með inn í síðustu kosningabaráttu en heyktist síðan á því og minntist ekki á fyrningarleiðina þegar fór að líða að kosningum.

Út á hvað gengur fyrningarleiðin? Hún gengur út á það að gera upptækar aflaheimildir á einhverjum tilteknum tíma bótalaust og það er nú ekki mikil virðing fyrir eignarréttinum. Það er alltaf gaman að skoða söguna og ég er hér með úrklippu úr stefnuskrá Alþýðuflokksins sem var samþykkt á 37. flokksþingi flokksins í október 1976 og þar sér maður hvaðan þessar hugmyndir eru komnar.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Skilgreining eingarréttarins í íslenskum lögum er sprottin úr þjóðfélagi og hugmyndaheimi liðins tíma og er um margt í andstöðu við þjóðarhag og hugsjónir jafnaðarstefnunnar."

Þetta kemur berlega fram í áherslum Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hélt því fram fyrr í þessari umræðu að ég væri þeirrar skoðunar að afhenda ætti einhverjum tilteknum þjóðfélagshópum auðlindir þessa lands. Ég verð nú að nota þessa ræðu til þess að nefna það að ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að gefa eitt eða neitt, alls ekki, hvort sem það eru eigur þjóðarinnar eða ríkisins eða hvernig sem menn líta á það. Ef hv. þingmaður hefur haldið því fram að ég sé þeirrar skoðunar og ef hún er þeirrar skoðunar að útvegsmenn hafi fengið eitthvað gefins er ég ekki viss um að þeir séu sáttir við þann málflutning og þá vísa ég til þeirra fjárfestinga sem hafa átt sér stað í sjávarútvegi og þeirrar skuldsetningar sem greinin hefur farið út í vegna þeirra. Það hefur enginn fengið neitt gefins í sjávarútvegi frá því að kvótakerfinu var komið á fót. Aflaheimildirnar hafa skipt um hendur í eðlilegum viðskiptum, hv. þingmaður. En þegar menn líta eignarréttinn þessum augum er náttúrlega ekki von til þess að sátt náist um þessi mál milli stjórnmálaflokka.

Í nefndinni sem fjallar um þetta mál þurfum við að skoða inntak greinarinnar og þýðingu hugtaksins þjóðareign sem hv. þingmenn hafa í umræðunni í dag reynt að skýra með þeim hætti að um sé að ræða einhverjar tilteknar eignir sem séu í eigu þjóðarinnar og ekki megi selja. Auðvitað verður þetta rætt í nefndinni en þegar menn hafa verið að fjalla um hugtakið þjóðareign, og þá á ég við fræðimenn, hafa fyrst og fremst tveir skýringarkostir helst verið nefndir. Það er annars vegar að í hugtakinu felist stefnuyfirlýsing um fullveldisrétt ríkisvaldsins, þ.e. reglur um meðferð og nýtingu auðlinda sem ríkisvaldinu er náttúrlega heimilt að grípa til í ljósi valdheimilda sinna. Ég get ekki betur séð en að þetta frumvarp undirstriki þennan fullveldisrétt og það

sé markmið flutningsmanna að styrkja hann í sessi.

Síðan eru hinir, eins og prófessor Sigurður Líndal, sem hafa haldið því fram að ákvæðið um þjóðareign sé merkingarlaust hugtak í skilningi eignarréttarins og það er í sjálfu sér ekkert skrýtið. Það er verið að tala um þjóðareign og þá hljóta menn að víkja að því hvað felst í eigninni í eignarréttarlegum skilningi. Sigurður hefur sagt: Þjóðin getur ekki átt neitt. Hann vísar til þess að heimildir þjóðarinnar sem eiganda nái ekki til þess að ráðstafa eigninni, hagnýta hana, hafa í sínum umráðum, skuldfesta hana eða vernda, ekki í eignarréttarlegum skilningi. Á mannamáli mundi þetta útleggjast þannig að ég sem hluti af þjóðinni gæti ekki á grundvelli þessa ákvæðis farið niður á Austurvöll og selt minn hlut eða veðsett hann vegna þess að ég vildi kaupa mér nýja íbúð. Þetta er í stórum dráttum grundvallarhugmyndin á bak við kenningar Sigurðar Líndals.

Ég ætla svo sem ekkert að fella neina dóma um það hvort sú kenning er rétt í eitt skipti fyrir öll. Þetta eru gild sjónarmið að mínu mati sem við þurfum að taka til skoðunar í nefndinni sem fjallar um þessi mál og við eigum að gera það með opnum huga. Ég ítreka það sem ég hef sagt, og tek undir með hv. þm. Birgi Ármannssyni og öðrum sem hafa fjallað um málið, að þetta er stórt mál og umfangsmikið sem þarf á vandaðri og faglegri umræðu að halda í nefndinni. Ég lýsi mig reiðubúinn til þess að standa að slíkri umfjöllun.

[23:58]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ítrekað komið fram í umræðunni að stjórnarskrárákvæði eiga að vera skýr. Ég get ekki betur heyrt en að stjórnarliðar sem leggja þetta fram leggi að einhverju leyti mismunandi merkingu í þetta. Þó vil ég að hv. þingmaður skeri úr um hvort hann leggi sömu merkingu í þetta ákvæði og hæstv. umhverfisráðherra sem flutti ágæta ræðu um það að með ákvæðinu væri verið að koma í veg fyrir að hefðarréttur væri að myndast. Það væri fróðlegt að fá álit hv. þingmanns vegna þess að hann er lögfræðingur. Ef einhver hefðarréttur hefur myndast, hvað er það há prósenta sem hefur þá myndast af þeirri úthlutun sem hefur farið fram?

[23:59]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að játa það fyrir hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að ég var ekki svo heppinn að heyra ræðu hæstv. umhverfisráðherra og ætla ekki frekar en hv. þm. Birgir Ármannsson að eiga orðastað við hæstv. ráðherra í gegnum millilið. Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni að stjórnarskrárákvæði eiga að vera skýr. Það er verkefni okkar sem munum fjalla um frumvarpið í nefndinni að kalla til sérfræðinga á þessu sviði til þess að vega það og meta hvort ákvæði frumvarpsins samræmast þeim markmiðum sem fram koma í greinargerðinni, vegna þess að ég tel að þau markmið sem þar eru sett fram séu tiltölulega skýr. Það er bara spurning hvort orðalag ákvæðisins sé það líka.

[00:00]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður að hv. þingmaður hafi ekki hlýtt á þessa umræðu. Við sem höfum gert það og hlýtt á hana alla með athygli vegna þess að við áttum okkur ekki alveg á frumvarpinu og höfum þess vegna viljað hlýða á stjórnarliða, höfum spurt hér spurninga, skýrra og einfaldra spurninga, til að átta okkur á hver sé eiginlega vilji stjórnarliða með frumvarpinu en það hefur ekki komið fram skýrt svar.

Mig langar að spyrja hv. þingmann annarrar spurningar. Í þessu ákvæði segir að nýta eigi auðlindina til hagsbóta fyrir þjóðina en nú bendir ýmislegt til þess, m.a. reynsla okkar, að kerfið sem við búum við hafi ekki verið til góðs. Við fáum miklu minna úr auðlindinni en áður en við tókum kvótakerfið upp. Það er óumdeilt. Við veiðum helmingi færri þorska en við gerðum fyrir daga þessa kerfis. Þess vegna langar mig að spyrja hv. (Forseti hringir.) þingmann hvort ekki bendi ýmislegt til þess í ljósi þessa ákvæðis (Forseti hringir.) að við ættum að varpa þessu kerfi fyrir róða eftir gildistöku ákvæðisins, ef það verður þá að stjórnarskrárákvæði.

[00:02]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að mótmæla þessum meldingum um að ég hafi ekki hlýtt á umræðuna. Ég hef hlustað á nánast hverja einustu ræðu sem hér hefur verið haldin þrátt fyrir að ég geti játað að ég var ekki svo heppinn að hlusta á alla ræðu hæstv. umhverfisráðherra.

Auðvitað á að nýta auðlindir hér við land til hagsbóta fyrir þjóðina. Ég tel að það hafi verið rétt. Vilji stjórnarliða er alveg skýr í þessu máli. Hann er sá að grafa ekki undan þeim réttindum sem menn hafa aflað sér. Ég veit hins vegar að hv. þm. Sigurjón Þórðarson vill gera það. Hann vill breyta stjórnkerfi fiskveiða. Það er hins vegar ekki rétt hjá honum að þetta kerfi hafi ekki verið gjöfult vegna þess að hv. þingmaður á að vita að áður en kvótakerfi í sjávarútvegi var tekið upp var sú atvinnugrein rekin á gengisfellingum.

[00:03]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður valdi í ræðu sinni sömu leið og hv. þm. Birgir Ármannsson valdi áðan, þ.e. að fjalla lítið ef nokkuð um það ákvæði sem er hér til umræðu heldur fara almennum orðum um það hvað einhverjir kunna að meina um að þetta þýði o.s.frv.

Hv. þingmaður sagði einnig að það væri afar mikilvægt að stjórnarskrárákvæði væru skýr, að það kæmi skýrt fram hvað við væri átt. Hann sagði að það væru þó tveir skýringarkostir varðandi þetta tiltekna ákvæði. Sá fyrri var einhvers konar almenn stefnuyfirlýsing, sem síðan verður væntanlega að fylla og skýra. Seinni skýringarkosturinn var sá að þetta væri merkingarlaust með öllu.

Þetta voru þeir tveir skýringarkostir sem hv. þingmaður gefur um innihald þess frumvarps sem við ræðum hér en lét það fylgja með að mikilvægt væri að stjórnarskrárákvæði væru skýr.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé mjög auðvelt að

draga þá ályktun af þessum orðum hv. þingmanns að ákvæðið hefði í raun og veru ekki neinar breytingar í för með sér. Því spyr ég hv. þingmann hvort það sé rétt skilið hjá mér að skilningur hv. þingmanns sé þá hinn sami og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að hér sé um að ræða innihaldslaust ákvæði, merkingarlaust, sem að óbreyttu mun ekki hafa nein áhrif á eignarrétt á auðlindum hér á landi.

[00:05]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt ég deili ekki þeirri skoðun með hv. þingmanni og hans flokki að rétt sé að gera aflaheimildir í sjávarútvegi upptækar bótalaust, eins og hv. þingmaður og flokkur hans vilja gera við mismikla ánægju útgerðarmanna í Vestmannaeyjum að ég tel, þá er ég ekki þeirrar skoðunar að þetta ákvæði sé innihaldslaust. Ég tel að þetta ákvæði, eins og öll önnur ákvæði stjórnarskrárinnar, muni hafa réttaráhrif og á þeim verði byggt. Ég tel líka skýrt hvert markmið frumvarpshöfunda og flutningsmanna frumvarpsins er sem er í sjálfu sér ekki mjög frábrugðið því sem fram kemur í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Þetta frumvarp er tilraun í þá átt að upphefja það ákvæði eins og hæstv. forsætisráðherra hefur skýrt ágætlega út.

Það er síðan verkefni þeirrar nefndar sem mun fjalla um þetta mál að fara yfir það með sérfræðingum og hagsmunaaðilum á öllum sviðum að meta það hvort orðalag ákvæðisins sé í samræmi við þau markmið sem lýst er í greinargerðinni. Hins vegar er alveg augljóst að verði frumvarpið að lögum mun ákvæðið ekki verða innihaldslaust, það er alveg skýrt.

[00:06]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að við erum ósammála um að gefa eigi náttúruauðlindir í eigu þjóðarinnar eða afhenda þær án gjalds. Við erum ósammála um það. Hv. þingmaður og flokkur hans vilja fara þá leið að afhenda og gefa náttúruauðlindir. Við viljum hins vegar tryggja ákvæði þess efnis í stjórnarskrá að það sé einungis hægt að afhenda þær gegn gjaldi eins og auðlindanefndin komst að á sínum tíma.

Ég skynjaði það í ræðu hv. þingmanns að hann er í raun og veru sama sinnis og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að hér sér fyrst og fremst um að ræða einhvers konar niðurstöðu vegna hótana Framsóknarflokksins um stjórnarslit. Það varð einhvern veginn að lenda málinu (Forseti hringir.) og að hér sé fyrst og fremst á ferðinni sýndarmennska sem hafi í (Forseti hringir.) raun og veru enga merkingu.

[00:08]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að svara þessu síðasta sem fram kom hjá hv. þingmanni. Það er alrangt að ég sé þeirrar skoðunar að gefa eigi náttúruauðlindir og afhenda þær án þess að endurgjald komi fyrir. Eignir ríkisins eiga ekki að ganga til manna með einhverjum gjafagerningum og hafa ekki gert og ég hef aldrei stutt slíkar hugmyndir.

[00:08]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður slær því föstu að samþykkt þessa frumvarps mundi hafa réttaráhrif. Ég er heldur betur sammála honum um það. Hins vegar kann okkur að greina á um hvers konar réttaráhrif það muni hafa.

Hver telur hv. þingmaður að þau áhrif verði, verði frumvarpið samþykkt? Hv. þingmaður taldi síðan að ég vildi afturkalla allar veiðiheimildir án bóta og um það efni vísa ég til ræðu minnar fyrr í dag. Ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson höfum t.d. bent á leiðir sem fela það í sér að hægt væri að innkalla kvótann með bótum án þess að við höfum endilega verið að lýsa yfir miklu fylgi við þá stefnu, en það eru leiðir til þess.

Hins vegar nefndi hv. þingmaður læriföður sinn, Sigurð Líndal prófessor. Það liggur auðvitað ljóst fyrir að Sigurður Líndal prófessor hefur manna gleggst sýnt fram á það að samkvæmt núgildandi lögum er ekkert því til fyrirstöðu að innkalla úthlutaðar veiðiheimildir í áföngum á löngu tímabili og endurúthluta þeim gegn gjaldi sem kynni þá eftir atvikum að vera tímabundið þar sem allir ættu jafnan rétt á að bjóða í þær.

Ekkert sem ég hef sagt, hvorki fyrr né síðar, um veiðiheimildir, stjórnarskrá og þjóðareign gengur lengra en það sem lærimeistari hans hefur sagt. Ég veit að hv. þingmaður gjörþekkir þetta því að hann er uppalinn í lögfræðinni undir handarjaðri hans. Ég er viss um að jafnmikill áhugamaður og hv. þingmaður a.m.k. bregður upp mynd af sér að hann sé um þjóðareign og stjórnarskrá, hlýtur að hafa lesið álitsgerð Sigurðar Líndals og prófessors Þorgeirs Örlygssonar árið 1998. Þar er þetta einfaldlega (Forseti hringir.) klappað í stein.

[00:11]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, jú, það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir, ég hef lesið þessa álitsgerð Sigurðar Líndal. Ætli ég hafi ekki lesið allt sem frá þeim ágæta lærimeistara mínum hefur komið, sérstaklega hvað varðar þessi atriði. Það er alveg rétt hjá honum og ég er alveg sammála því að ríkið getur í skjóli valdheimilda sinna innkallað allar veiðiheimildir. Ríkið þyrfti væntanlega að greiða einhverjar bætur ef það yrði gert en því er það heimilt. (**Gripið fram í:** Ekki ef ...) Hitt er svo annað mál hvort rétt sé að fara þá leið og ég hugsa að við nafnarnir, ég og lærifaðir minn, séum þeirrar skoðunar, öfugt við hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að ekki sé rétt að fara þá leið. Vegna þess að við, öfugt við hv. þingmann, berum virðingu fyrir réttindum manna, hvort sem það eru atvinnuréttindi, nýtingarréttur eða eignarréttur.

Hv. þingmaður spurði mig síðan að því hver réttaráhrif þessa ákvæðis væru. Ég skal segja hv. þingmann það, ég tel að réttaráhrif þessa ákvæðis verði þau sem hæstv. forsætisráðherra lýsti í ágætri framsöguræðu sinni. Það verður síðan verkefni okkar í nefndinni að meta hvort þeim verði náð með orðalagi þess frumvarps sem við ræðum hér.

[00:12]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður vísaði til hæstv. forsætis-

ráðherra sem svari við spurningu minni um hver réttaráhrifin yrðu. Ég hneigist til þess að telja að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafi ekki nokkra minnstu hugmynd um hver þessi réttaráhrif yrðu. Af máli hæstv. forsætisráðherra í dag mátti ekki ráða annað en að allt yrði óbreytt. Það er svona svipað og einn af lærimeisturum hv. þingmanns, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, hefur sagt, ekkert mun breytast allt stendur óhaggað. Þetta er þykjustufrumvarp. Það var nú dómur hans.

Það breytir ekki hinu að það liggur fyrir að samkvæmt óbreyttum lögum væri hægt að innkalla veiðiheimildir án bóta ef það er gert með hæfilega löngum fyrirvara. Það er bara í gadda slegið. Við getum síðan deilt um hvort það sé rétt leið og hugsanlega ekki verið sammála.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: (Forseti hringir.) Hver er afstaða hans til þessa frumvarps? Ætlar hann að samþykkja (Forseti hringir.) það?

[00:14]

**Sigurður Kári Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skulda hv. þingmanni engin svör um það með hvaða hætti ég mun greiða atkvæði í þessu máli. Hv. þingmaður getur ekki krafið mig neinna svara um það þrátt fyrir að hann telji sig mikinn og sé 1. þingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður.

Ég mun einfaldlega fara faglega yfir þetta mál í nefndinni en ég er viss um að hv. þm. Össur Skarphéðinsson mun fylgjast spenntur með ljósinu þegar ég greiði atkvæði en hann verður að bíða þangað til.

[00:15]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. (**ÖS:** Láttu hann hafa það ...) Nú tökum við á. Þetta frumvarp hér til stjórnarskipunarlaga sem hefur verið rætt í dag og hæstv. forsætisráðherra hefur mælt fyrir er, eins og fram hefur komið í ræðum, sérstakt fyrir það að einungis tveir flokkar leggja það fram, stjórnarflokkarnir. Það er flutt af forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Hér hefur komið fram að með þessum vinnubrögðum er á vissan hátt brotin hefð eða a.m.k. góðar vinnureglur og siðvenjur sem hafa ríkt um stjórnarskrárbreytingar almennt, þ.e. að þær séu unnar og undirbúnar í samkomulagi þingflokka á Alþingi hverju sinni og að þar sé ekki flanað að breytingum eða lagðar fram óunnar eða lítt unnar tillögur eins og hér er verið að gera. Það hefur verið hyllst til að ná víðtæku samkomulagi um grundvallarbreytingar, um breytingar á stjórnarskránni, og þá frekar verið gætt íhaldssemi í þeim efnum til að fara þar ekki fram með ósætti.

Sú sátt er rofin með þessu frumvarpi af hálfu ríkisstjórnarflokkanna og verða það að teljast afar óábyrg vinnubrögð, ekki síst af því að hér hefur starfað stjórnarskrárnefnd sem allir þingflokkar hafa átt aðild að og skilaði einmitt áliti nú á dögunum. Það verður því að teljast furðulegt að ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, skuli undir lok kjörtímabilsins fara fram hjá stjórnarskrárnefnd með einhliða tillögur eins og hér er um að ræða.

Það hefur ekki gefist vel að mínu mati, herra forseti, þegar stjórnarskránni hefur verið breytt í ósætti eða ekki verið fullt samkomulag um breytingarnar. Ég minni á kjördæmabreytingarnar sem gerðar voru á árunum 1999–2000 þar sem veruleg breyting var gerð bæði á kjördæmaskipaninni og á fulltrúum þingmanna í einstöku kjördæmum og í framhaldi af því á kosningalögum. Við sjáum hvaða staða er í Reykjavík, Reykjavík var skipt upp í tvö kjördæmi til að uppfylla þau áform sem þar voru keyrð í gegn og nú vita menn ekki hvernig á að skipta áfram, hvort það á að skipta eftir götum eða póstnúmerum þegar verið er að skipta Reykjavík í kjördæmi á grundvelli þeirra kjördæmabreytinga sem gerðar voru fyrir átta árum.

Önnur kjördæmi lenda í því að þar fækkar kannski um einn þingmann við hverjar kosningar vegna breytinganna sem settar voru inn. Breytingar á stjórnarskránni sem gerðar eru í ósátt eru sjaldnast mjög gáfulegar, eins og kjördæmabreytingin sannar. Nægir að benda á eins og ég gat um áðan hvernig staðan er í Reykjavík, menn vita ekki hvort á að skipta Reykjavíkurkjördæmi eftir pósthólfi 105 eða 108, 101 eða 103. Það sjá allir hvers konar rugl þetta er.

Hér kemur þá líka frumvarp til breytingar á stjórnarskránni sem er að vísu ekki unnið með sama hætti og þá en er samt lagt fram í ósætti. Það er líka deilt um það hér, og bæði lærðum og leikum sýnist sitt hvað um það hvort með þessu frumvarpi sé einhverju breytt — eða ekki, hvort aðeins sé verið að staðfesta það ástand sem er á eignarhaldi og nýtingu á auðlindum landsins eða hvort verið er að gera á þessu grundvallarstjórnskipulegar breytingar. Þarna eru þá uppi sjónarmið sem eru andstæð hvort öðru. Það bendir mjög ákveðið til og sýnir hversu léleg vinnubrögð eru að baki þessu frumvarpi að um leið og það kemur fram skuli skapast um það deilur hvort það sé gagnslaust, hvort það aðeins staðfesti óbreytt ástand eða hvort það hafi einhver réttarfarsleg áhrif. Það er ljóst að þegar frumvarpið fer frá Alþingi inn í nefnd bíður þeirrar nefndar mikið starf við að reyna að skilja hvað þetta frumvarp felur í sér.

Ég ætla aðeins að víkja að efnisatriðunum. Í 1. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign."

Það hefur komið fram í umræðunni að menn eru alls ekkert á einu máli um hvað séu náttúruauðlindir. Í álitsgerð svokallaðrar auðlindanefndar sem skilaði skýrslu í september árið 2000 er reynt að nálgast umræðuefnið, nálgast það hvað séu náttúruauðlindir. Með leyfi forseta ætla ég að vitna til þess hvað þar er verið að tala um. Þar er talað um land, land til beitar, land til nýbygginga, ýmis hlunnindi, jarðorkulindir, jarðveg, land til urðunar, námur, friðlýst land, skordýr, land til skógræktar, land til útivistar, útsýni, landslagsheildir o.fl., villt dýr og örverur. Allt eru þetta náttúruauðlindir sem eru í landi.

Náttúruauðlindir í ferskvatni: fiskar sem villt dýr, ómengað vatn, vatnsból, vatnsföll, útivist og örverur.

Í hafi: efni á hafsbotni og neðan hans, hafið sem viðtaki úrgangs, nytjastofnar, siglingaleiðir, sjávarföll, útivist.

Í andrúmsloftinu: hreint loft, andrúmsloft sem viðtaki útblásturs, rafbylgjur, vindorka.

Í lífríkinu: vistkerfi, stofnar, erfðaefni.

Það er býsna víðtækt sem í þessari álitsgerð er talið upp

sem náttúruauðlindir. Ég held að það gæti orðið mjög fróðlegt að heyra með hvaða hætti sérfræðingar og leikir og lærðir sem munu koma á fund þeirrar nefndar sem fær þetta til umfjöllunar koma til með að skilgreina hugtakið „náttúruauðlind". Ég býst við að það sé jafnvel bara einstaklingsbundið hvernig slíkt gildishlaðið hugtak er skilgreint. Það er a.m.k. ekki auðskýrt og ekki er gerð tilraun í þessu frumvarpi til að skýra hvaða merking er lögð í orðið náttúruauðlind.

Áfram stendur hér þó skrifað, ég byrja frá byrjun, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign, þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila skv. 72. gr." — þ.e. í stjórnarskránni þar sem vikið er að eignarréttarákvæðunum.

Nú er það svo með þessar náttúruauðlindir að ef maður skoðar þær er ekki svo þægilegt að sjá hvernig hægt er að taka til réttinda einstaklinga hvað það varðar og kem ég að því aðeins síðar.

Áfram stendur svo í greininni:

„Ber að nýta þær til hagsbóta þjóðinni, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum."

Það er svo sem gott og blessað, en ber okkur engin önnur skylda gagnvart þessum náttúruauðlindum, hinum fjölbreyttu náttúruauðlindum, en bara að nýta þær? Er þetta alfarið *nýtingarstjórnarskrá, nýtingarstjórnarskráratriði* sem þarna er verið að setja? Að mínu mati er fráleitt að nálgast þessa umræðu með þeim hætti. Þetta er gamaldags nálgun og alls ekki í takt við nútímaafstöðu til náttúruauðlindarinnar þar sem allar þjóðir leggja nú áherslu á að náttúrauðlindir séu, ef þær eru nýttar, nýttar á sjálfbæran hátt og það sé lagt til grundvallar í allri umgengni við náttúruauðlindirnar. Að mínu viti hefði átt að standa þarna til viðbótar, ef það væri í takt við nútímaáherslur, nútímaskilning, kvaðir og skyldur: Ber að varðveita þær eða vernda þær og nýta á sjálfbæran hátt. Þessi ofboðslega harða nýtingarárátta og nýtingarnálgun, með fullri virðingu fyrir þörfinni á að nýta náttúruauðlindina, er alls ekki í takt við þær nútímakröfur sem við gerum til umgengni við lífríkið hér á jörðu.

Áfram segir í greininni:

„Ekki skal þetta vera því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum."

Það er fráleitt, finnst mér, og mikið ábyrgðarleysi að ætla að fara að keyra inn svona nýtingareignarréttarákvæði eins og þetta án þess að samtímis séu þá tekin inn öll almenn sjónarmið sem lúta að umhverfisrétti og sjálfstæðum rétti náttúrunnar. Við erum bara gestir á Hótel Jörð og höfum þess vegna mjög takmarkaðan rétt til að slá undir eignarréttarákvæðum eign okkar á náttúruauðlindirnar. Árátta stjórnvalda hefur verið mjög mikil í því að láta sameiginlegar eignir og auðlindir af hendi, annaðhvort gegn gjaldi eða ekki. Við erum t.d. nýbúin að fjalla hér um frumvarp um vatnsréttindi til handa Búrfellsvirkjun, til Landsvirkjunar, sem sömu hæstv. ráðherrum, ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, datt í hug. Þeir fluttu hér frumvarp um að afhenda Landsvirkjun land og vatn úr þjóðlendum. Í dag munu þeir reyndar hafa séð að sér eða séð hversu heimskulegt þetta var, eða treystu sér ekki lengur til að halda málinu inni og drógu það til baka. Hér voru fluttar hástemmdar ræður, ég minnist ræðu fyrrverandi forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar sem var nærri því trúarræða þegar hann flutti ræðuna fyrir um ári um það að gefa Landsvirkjun land inni í þjóðlendum í kringum Búrfellsvirkjun. Það er oft lítil trygging í þessu.

Hér hefur verið rætt um að þetta frumvarp sé bara að festa í sessi núverandi kerfi. Ef það er svo held ég að það hljóti að vera mjög óréttlátt og það er ekki hægt að styðja það. Við höfum rætt hér um fiskveiðiauðlindina og það hvernig fiskveiðiheimildirnar hafa færst yfir á hendur örfárra manna og farið er að umgangast þær sem eignir. Þá eru það útgerðaraðilar eða eigendur fiskveiðiheimilda sem hafa fengið að koma fram sem slíkir. Íbúar sjávarbyggðanna sem hafa ekki hvað síst átt þátt í að gefa þessum náttúruauðlindum verðgildi standa uppi gjörsamlega réttlausir. Ég mundi halda að það stríddi gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og að jafnræðisreglan væri ofar þessu eignarréttarákvæði sem verið er að höfða til hér varðandi nýtingu á fiskveiðiheimildunum. Ef þetta frumvarp hér á að leiða til þess að festa núverandi kerfi í sessi, þ.e. að svipta íbúa sjávarbyggðanna algjörlega aðgengi að réttindum til að nýta auðlindirnar fyrir ströndum landsins, er þetta vont frumvarp. Þá er útilokað að styðja slíkt. Frekar ættum við að vinna að því að þessar náttúruauðlindir yrðu verndaðar og nýttar í þágu íbúanna og við gætum spurt hvort frumbyggjaréttur strandhéraðanna varðandi náttúruauðlindir, hvort sem er til lands eða sjávar, ætti ekki að fara inn í stjórnarskrá í stað þessarar hörðu eignarréttarnálgunar sem ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins leggur svona mikla áherslu á.

Í lokin á þessari stuttu ræðu minni vil ég bara velta því upp hvað það getur oft og tíðum verið lítil vörn fyrir náttúruna að vera í forsjá aðila sem hugsa fyrst og fremst um harða nýtingu og markaðssetningu hennar. Það getur farið svo að þeir aðilar selji eða láti hana af hendi. Í mínum huga á náttúran sig sjálf og við höfum fyrst og fremst umgengnisrétt við hana. Okkur ber skylda til að umgangast hana af virðingu og með sjálfbærum hætti. Mér er t.d. minnisstætt þegar ég heyrði einu sinni sögu um að í borginni Athens í Bandaríkjunum væri gríðarlega stórt óaldursgreint eikartré sem er einkennistákn byggðarinnar. Það átti að fara að leggja hraðbraut einmitt þar sem þetta tré stóð. Hópur íbúa mótmælti og sagði að tréð ætti að vera þarna, þetta væri einkennistákn þeirra og það mætti ekki höggva. En ekkert stoðaði, hraðbrautin varð að koma þarna. Íbúarnir fóru þá að fletta upp í gömlum skjölum og fundu að landeigandinn sem átti landið á sínum tíma hafði óttast að eitthvað slíkt gæti beðið þessa mikla trés þannig að hann hafði mörgum áratugum áður þinglýst þeim gjörningi að tréð ætti sig sjálft og að enginn mætti hrófla við því, engin tímabundin jarðnesk mannvera mætti hrófla við þessu náttúruvætti. Þeir sem vildu leggja hraðbrautina leituðu til dómstóla um það hvort þetta gæti staðist. Jú, það stóðst, það var þinglýstur gjörningur að tréð ætti sig sjálft og þá hafði enginn með það að ráðast gegn því.

Ætli það sé ekki skylda okkar að fara að huga að því að náttúran á sig sjálf og á að njóta þess réttar? Okkur ber skylda til þess að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika

náttúrunnar. Þegar hér eru lögð til svona hörð eignarréttar- og nýtingarákvæði finnst mér vanta það meginsjónarmið sem ætti að standa í stjórnarskránni, þ.e. umhverfisréttinn, rétt náttúrunnar, rétt hins líffræðilega fjölbreytileika, hinn eilífa rétt hins síkvika lífs sem enginn getur slegið eign sinni á en okkur ber skylda til að varðveita, umgangast og verja.

Þess vegna ofbýður mér þessi orðanálgun hér þar sem eingöngu er rætt um hvernig megi nýta náttúruauðlindir þjóðarinnar, alfarið hin harða nýtingarstefna og hugsað um einstaklingsvarinn rétt til að nýta auðlindirnar. Auðvitað er nauðsynlegt að nýta þær en okkur ber líka skylda til að setja verndun og sjálfbæra umgengni við hana jafnhátt nýtingarhugsjóninni.

Herra forseti. Ég vildi bara drepa á það að mér finnst þessi nálgun í umræðunni og nálgun um náttúruauðlindirnar (Forseti hringir.) ekki vera sæmandi nútímanum.

[00:35]

**Ingvi Hrafn Óskarsson:**

Virðulegi forseti. Í tilefni af því að aðalumræða dagsins hefur verið frumvarp til stjórnarskipunarlaga þar sem fjallað er um tillögu um þjóðareign er kannski við hæfi að rifja upp hvaðan hugmyndin er sprottin en í fyrstu stjórnarskrá Sovétríkjanna frá 1918 sagði m.a. að allt land væri yfirlýst þjóðareign.

Jafnframt sagði, með leyfi forseta:

„Allir skógar, auðlindir jarðar, vatnsföll, allir dauðir hlutir eða lifandi eru þjóðareign."

Þess vegna ætti kannski ekki að koma á óvart að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gumaði af því fyrr í dag að hafa fyrstur manna komið þessu hugtaki inn í umræðuna um sjávarútvegsmál á Íslandi.

Það er ljóst að þetta ákvæði sovésku stjórnarskrárinnar er býsna ólíkt eignarréttarákvæðum vestrænna lýðræðisríkja, sérstaklega, svo dæmi sé tekið, stjórnarskrá Bandaríkjanna þar sem segir að engan megi svipta lífi, frelsi eða eign án réttmætrar málsmeðferðar og laga. Stjórnarskrá Sovétríkjanna afnam allan einstaklingseignarrétt en sú bandaríska setur hann á stall með dýrmætustu mannréttindum eins og stjórnarskrá Íslands. Þessi ólíku ákvæði endurspegla þá hugmyndafræðilegu gjá sem var á milli þessara ríkja. Saga 20. aldarinnar var raunar mótuð af átökum og togstreitu milli þeirra ólíku hugmynda sem búa að baki þessum tveimur stjórnarskrárákvæðum.

Í dag stöndum við andspænis þessari hugmyndafræðilegu togstreitu með svolítið sérstæðum hætti. Í einu og sama ákvæðinu í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er að finna ákvæði sem inniheldur hugtakið „þjóðareign" sem á hugmyndafræðilegan bakgrunn í Sovétríkjunum sálugu en jafnframt er hnykkt á friðhelgi eignarréttarins með tilvísun til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Það hefði e.t.v. ekki breytt miklu þótt fyrirmyndin í Sovét-stjórnarskránni hefði verið nýtt og því lýst yfir, eins og þar segir, að „allt land, skógar, auðlindir jarðar og vatnsföll" séu þjóðareign en síðan bætt við í anda þeirrar bandarísku að engan skuli þó svipta eignum án réttmætrar málsmeðferðar og laga. Það segir sig sjálft að slíkt ákvæði getur valdið vandkvæðum um skýringu og það er einmitt það sem margir hafa bent á. Þess vegna er ákaflega mikilvægt í þeirri vinnu sem fram undan er að vinna að því að fyrir liggi góð skýringargögn með frumvarpinu, ef að lögum verður.

Markmið frumvarpsins er mikilvægt, að sátt náist um auðlindanýtingu, sérstaklega kvótakerfið. Það er göfugt markmið. En mun það duga til að ná fram sáttum? Það er ekki ljóst en viðbrögð stjórnarandstöðunnar í dag hafa ekki beinlínis verið hjálpleg. Eftir umræðu dagsins er ljóst að krafa stjórnarandstöðunnar virðist vera sú að sett verði hreinræktað þjóðnýtingarákvæði. Hv. þm. Jóhann Ársælsson talaði um að það þyrfti alvöruþjóðareignarákvæði. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson talaði um að það þyrfti að endurskoða skipulag sjávarútvegsmála frá grunni. Krafa stjórnarandstöðunnar virðist því byggjast á því að að búa þurfi til stjórnarskrárákvæði sem afnemi nýtingarrétt útgerðarmanna og afnemi frjáls viðskipti á þessu sviði. Það getur aldrei orðið sátt á þeim grundvelli, það getur ekki orðið sátt um sósíalisma á Íslandi.

Stjórnarskipunarlög hafa tvenns konar þýðingu og þar með talið það ákvæði sem hér er til umræðu. Annars vegar setja þau almenna löggjafanum skorður um hvers konar lög megi setja. Almenn lög mega ekki stangast á við stjórnarskrá og lög á að túlka til samræmis við hana. Því er afar brýnt að ákvæði stjórnarskrárinnar séu skýr og afdráttarlaus. Það er verkefni þingsins nú og þeirra þingnefnda sem munu fjalla um það frumvarp sem liggur fyrir að fjalla ítarlega og með vönduðum hætti um málið og skýra ítarlega hvað felst í umræddu ákvæði.

Fyrsta spurningin sem takast þarf á við er: Hvað felst í hugtakinu „þjóðareign"? Hugtakið er skýrt nokkuð vel í frumvarpinu og virðist geta vísað til hvers konar eigna, náttúruauðlinda, hvort sem þær eru í einkaeigu, í eigu ríkisins eða lúta ekki beinum eignarrétti eða óbeinum. Í annan stað er mikilvæga tilvísun að finna í ákvæðinu til réttinda skv. 72. gr. og það þarf að vera mjög skýrt að sú tilvísun þýði að réttindi skv. 72. gr. standi óhögguð og að þrátt fyrir að ákvæðið taki gildi haldi eignarréttarvernd samkvæmt þeirri grein stjórnarskrárinnar fullu gildi.

Ástæða er til að benda á að margar vísbendingar og yfirlýsingar eru í greinargerðinni sem benda til þess að þjóðareignarákvæðið eigi hins vegar að takmarka þýðingu 72. gr. þegar til framtíðar er litið. Það er sérstaklega setningin sem ítrekað hefur verið vísað til í umræðunni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar eru einnig tekin af tvímæli um að óbein eignarréttindi tengd nýtingarheimildum sem þegar eru fyrir hendi munu ekki leiða til beins eignarréttar."

Ástæða er til að velta því fyrir sér hvaða almennu þýðingu, og þá ekki bara varðandi sjávarútveginn eins og hér hefur verið rætt, þessi yfirlýsing muni hafa. Hvaða þýðingu hefur þetta ákvæði t.d. varðandi lög um hefð? Eru þau með þessari breytingu orðin andstæð stjórnarskrá? Þau eru einmitt dæmi um nýtingu, að nýting geti leitt til beins eignarréttar. Þetta er atriði sem þarf að skoða og skýra í meðförum þingnefnda.

Í framhaldinu er einnig rétt að velta fyrir sér stöðu réttinda til hagnýtingar og afnota sem koma til eftir að lögin eru sett. Munu þau ekki njóta eignarréttarverndar skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar? Einnig þarf að skoða sérstaklega

hvaða takmarkanir ákvæðið, eins og það liggur fyrir nú, muni setja á heimildir Alþingis til þess að móta reglur til framtíðar um réttindi einstaklinga og lögaðila. Eru takmörk sett fyrir því, nái frumvarpið fram að ganga, að löggjafinn, Alþingi, geti mótað reglur um nýtingu takmarkaðra auðlinda sem fela í sér heföbundnar eignarréttarheimildir? Slíkar reglur eru fallnar til þess að stuðla að hagkvæmri nýtingu náttúruauðlinda. Þetta er atriði sem þarf að fjalla um í nefndarstörfum og þar held ég að sé rétt að gefa 3. málslið frumvarpsins sérstakan gaum. Þar er kveðið á um að einkaaðilum megi veita heimildir til afnota og hagnýtingar á þjóðareignum. Spurningin er hvort það verði mögulegt að gagnálykta frá þessum orðum. Þýðir þetta að einkaaðilum megi ekki veita eignarréttindi af neinum toga yfir þjóðareignum, aðeins takmörkuð og tímabundin afnotaréttindi?

Þegar haft er í huga hversu víðtækt þjóðareignarhugtakið er samkvæmt frumvarpinu virðist þetta geta þýtt að engar náttúruauðlindir sem nú eru háðar einkaeignarrétti eða eru háðar einkaeignarrétti ríkisins verði framseldar til einkaaðila. Í því samhengi er mikilvægt að velta fyrir sér stöðu þjóðlendna en eignarréttarleg staða þeirra er afar sérstæð. Í greinargerð sem fylgdi skýrslu auðlindanefndar, greinargerð frá Þorgeiri Örlygssyni fyrrverandi lagaprófessor, þar sem hann fjallaði um stöðu auðlinda að íslenskum rétti segir um stöðu þjóðlendna, með leyfi forseta:

„Þótt þjóðlendur séu sagðar eign ríkisins, er á því byggt í lögunum, að ekki beri að fara með þjóðlendur eins og heföbundnar eignir ríkisins, svo sem einstakar lóðir eða jarðir, heldur fari ríkið í þessu tilviki með varðveislu og forræði sameiginlegra gæða þjóðarinnar, þó svo að taka verði tillit til hagsmuna þeirra, sem þegar hafa áunnið sér réttindi til nytja innan þeirra.“

Eitt af þeim atriðum sem sérstaklega þarf að gefa gaum er einmitt þessi staða þjóðlendna, hvort það frumvarp sem nú liggur fyrir til stjórnarskipunarlaga muni setja ráðstöfun þjóðlendna sérstakar hömlur.

Alþingi sækir vald sitt til stjórnarskrárinnar, stjórnarskráin er grundvöllur ríkisvaldsins og mannréttindaverndar. Þess vegna er gríðarlega brýnt að vel sé staðið að öllum breytingum og þær séu vandlega unnar. Það er verkefni þingsins næstu daga og ekki síst þingnefnda sem fá málið til umfjöllunar að stuðla að því að vandað sé til verka og ákvæði frumvarpsins séu fullskýrð. Það er erfitt verkefni, ekki síst í ljósi þess að markmið og sýn þingmanna í málinu er býsna ólík. Það er ljóst að málflutningur ýmissa þingmanna hefur verið á þá lund að tilgangur ákvæðisins eigi beinlínis að vera sá að veikja eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar, en það er fullkomlega ljóst að slíkar hugmyndir geta ekki stuðlað að sátt í málinu.

[00:45]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fiskveiðistjórn snýst líka um fólk. Hún snýst ekki bara um það að stýra einhverjum veiðum á fiski. Við erum að tala um lífsafkomu fólks. Þegar hv. þingmaður talar um einhverja sátt, við hverja er hann að sættast? Er hann að sættast við fólkið sem er svipt afkomumöguleikum sínum og heilu landsvæðunum eins og við urðum vitni að, og fólk á Vestfjörðum benti á að ríkisvaldið hefði með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi svipt það atvinnuréttinum? Það hefur ekki í rauninni tök á því að afla sér viðurværis á þeim stöðum, m.a. vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn eru búnir að gera atvinnuréttinn að söluvöru.

Mig langar að spyrja hv. þingmann þegar hann talar um sátt hvort hann eigi við þetta fólk, t.d. fólkið á Bakkafirði sem hefur verið svipt atvinnuréttinum og húseignir þess verðfelldar eins og ágætur maður benti á í sjónvarpsviðtali í gær, Kristinn Pétursson, fyrrverandi þingmaður.

Um hvaða sátt er hv. þingmaður að tala? Er hann að tala um sátt Sjálfstæðisflokksins við nokkra aðila innan LÍÚ? Eða er hann að tala um sátt við þjóðina? Eða er Sjálfstæðisflokknum algerlega sama um að sætta þjóðina og þau ólíku sjónarmið sem uppi eru? Fólkið í landinu sættir sig ekkert við þetta. Það sættir sig ekkert við það að heilu landshlutarnir séu lagðir í eyði af Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum.

[00:46]

**Ingvi Hrafn Óskarsson** *(andsvar)*:

Eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson talar finnst mér ekki benda til þess að það sé mikill sáttahugur í honum. Sáttin snýst auðvitað um að móta reglur á þessu sviði sem stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlindanna og að staðið sé að því með sem bestum hætti.

Það er náttúrlega gríðarleg einföldun í málinu þegar þingmaðurinn talar eins og að hægt sé að kenna kvótakerfinu um allar breytingar í búsetumynstri á landinu. Það er stórkostleg einföldun og hvorki hægt að tala um málið né leggja það upp með þeim hætti.

[00:47]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að Sjálfstæðisflokkurinn hefur engan hug á því að sættast við fólkið á Vestfjörðum. Honum virðist nánast skítsama um fólkið á landsbyggðinni. Það er eins og að það komi honum ekkert við. Það er bara kerfið, að það gangi upp. Mér misbýður að menn horfi svona á lífsafkomu fólks og eignir verða að engu, eins og við erum því miður að verða vitni að víða á landsbyggðinni.

Ég átta mig í rauninni ekki á því hvað Sjálfstæðisflokkurinn er að fara. Og að tala um að ég hafi ekki sáttahug kemur úr hörðustu átt. Sjálfstæðisflokkurinn talar niður til fólksins eins og að það skipti engu máli. Það hafa komið út opinberar skýrslur sem hafa sýnt fram á samhengi þess að þegar aflaheimildir hafa horfið úr byggðum hefur fólkið farið á eftir þeim.

Ég vil líka spyrja hv. þingmann hvers vegna við erum að halda þessu kerfi gangandi, kerfi sem skilar minni afla en fyrir daga þess. Eigum við ekki að leita leiða til að komast út úr svona kerfi, leita leiða til að auka atvinnufrelsi? Ég hefði talið að Sjálfstæðisflokkurinn ætti að vera í fararbroddi hvað það varðar.

Nei. Sjálfstæðisflokkurin er miklu frekar að halda einhverju kerfi í heiðri, kerfi sem hefur ekki skilað neinu, kerfi sem hefur komið í veg fyrir nýliðun og komið af stað verð-

hruni eigna. Og ég spyr. Er Sjálfstæðisflokknum nákvæmlega sama um landsbyggðina?

[00:49]

**Ingvi Hrafn Óskarsson** *(andsvar)*:

Í fyrsta lagi er spurt hvers vegna eigi að halda í núverandi kerfi. Svarið er einfalt: Það hefur reynst ákaflega vel og hefur átt mikinn þátt í efnahagslegri velsæld þjóðarinnar.

Í annan stað er spurt hvort sjálfstæðismönnum sé sama um landsbyggðina. Ég heyrði að hv. þingmaðurinn ræddi sérstaklega um Vestfirði. Ég er einmitt uppalinn þar og fylgist auðvitað vel með því sem þar gerist. Það er alger óþarfi að tala með þeim hætti sem þingmaðurinn gerði hér áðan, eins og að þar sé allt í volli. (Gripið fram í.) Þar eru mikil tækifæri, og mikil uppbygging hefur verið á því svæði sem hefur verið mjög ánægjulegt að fylgjast með á síðustu árum. Það er auðvitað rétt að undanfarna daga hefur verið rætt um ákveðin áföll í atvinnulífinu. En það er mjög langsótt, sérstaklega það sem hefur verið rætt síðustu daga, að tengja það kvótakerfinu. Það er fráleitt. (**Gripið fram í:** Fráleitt.)

[00:50]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hv. þingmaður fjalla með athyglisverðum hætti um þjóðlendurnar. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann telji að það hafi verið tilviljun að hæstv. forsætisráðherra dró til baka fyrsta þingmálið sem fram hefur komið og gengur út á að breyta þjóðlendu í séreign. Það gerðist í dag. Við upphaf þingfundar í dag kom yfirlýsing frá hæstv. forsætisráðherra þar sem hann dró þetta þingmál til baka, þingmál sem hefur reyndar verið lagt fram tvisvar. Það gekk út á að afhenda sem séreign til Landsvirkjunar þetta land sem búið er að dæma að sé þjóðlenda. Það væri þess vegna fróðlegt að heyra svör við því hvort þarna geti verið eitthvert samhengi á milli.

Síðan langaði mig að spyrja hv. þingmann hvort hann telji eðlilegt, ef um er að ræða þjóðareign samkvæmt þessum ákvæðum sem hér er verið að ræða, að aðilar sem fá nýtingarrétt á slíkum þjóðareignum geti eignast einhvers konar hefðarrétt á þeirri nýtingu. Og hvort honum finnist það fara saman annars vegar að tala um þjóðareign og hins vegar um einhvers konar óðalsréttindi eða hefðarréttindi til nýtingarinnar. Er það ekki þjóðareign bara í plati sem þannig hagar til um?

[00:53]

**Ingvi Hrafn Óskarsson** *(andsvar)*:

Ég þekki ekki til forsögu þess frumvarps sem hv. þingmaður minntist á og mér er ekki kunnugt um nein tengsl milli þess og þess frumvarps sem hér er til umræðu. Hið eina sem ég hef bent á er að þingnefndir þurfi að skoða stöðu þjóðlendna í ljósi frumvarpsins.

Varðandi þjóðareignarhugtakið er um að ræða, eins og hefur komið fram í umræðunni, tvenns konar nálgun í túlkun á því ákvæði. Það er sú nálgun sem er að finna í frumvarpinu, þjóðareignarhugtakið byggist á því að um sé að ræða tilvísun í stjórnskipuleg yfirráð ríkisvaldsins til þess að setja almennar reglur um auðlindanýtingu. Þar af leiðandi er hinn skýringarkosturinn útilokaður sem á rætur að rekja til sovésku stjórnarskrárinnar, eins og ég vísaði til áðan, þ.e. einhvers konar sameignarhugtaks sem í reynd mundi þýða eignarréttur ríkisvaldsins, ef um einhvers konar eignarrétt væri að ræða.

[00:54]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ekki hægt að skilja orð hv. þingmanns nema á einn veg, þ.e. að þjóðareign í þeim skilningi að þjóðin eigi eitthvað sameiginlega til framtíðar, samkvæmt þessu frumvarpi, sé þá ekki til, hún sé ekki möguleg.

Það er í sjálfu sér mjög gott að menn átti sig á því að hér sé sá skilningur ríkjandi hjá þeim sem hafa þann skilning. Það er mjög til bóta ef það kemur fram hjá öllum þeim sem líta þannig á málið að í raun og veru sé ekki um neins konar þjóðareignarréttindi að ræða sem þarna geti orðið til vegna þess að ákvæðið eigi eiginlega ekki að þýða það.

Ég hef hins vegar skilið það af þeim útskýringum sem menn hafa verið með hér að það sé meiningin að með einhverjum hætti verði til tvenns konar réttindi sem séu kölluð þjóðareignir, annars vegar þjóðareignir sem eru kallaðar svo en eru séreignir manna eða fyrirtækja í landinu. Hins vegar einhver réttindi sem sett verði sérstök lög um og eigi að heita að séu sameiginlegar eignir landsmanna eða ríkisins.

Þess vegna er mjög mikil ástæða til að reyna að átta sig á því með hvaða hætti menn aðgreina þessa hluti eða hvort skilningurinn er sá að þjóðareign sé ekki til eins og mér finnst mega lesa út úr orðum hv. þingmanns.

[00:56]

**Ingvi Hrafn Óskarsson** *(andsvar)*:

Ég held að það sé alveg ljóst eftir þá umfjöllun sem hefur verið um frumvarpið hér í dag að ekki er um að ræða eignarréttarlegt hugtak í hefðbundnum skilningi, ekki eignarréttarlegt hugtak sem tengist þessum hefðbundnu eignarheimildum. Þetta er almenn stefnuyfirlýsing um það hvernig ríkisvaldið muni beita rétti sínum til að móta reglur, það eigi að vera í þágu allra landsmanna o.s.frv. eins og hér hefur verið rætt.

[00:56]

**Forseti (Birgir Ármannsson)**:

Að gefnu tilefni minnir forseti á þá reglu þingskapa að ávarpa beri forseta við upphaf ræðu.

[00:56]

**Útbýting:**

Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 280. mál, nál. iðnn., þskj. 1119; brtt. iðnn., þskj. 1120.

Varnir gegn landbroti, 637. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1122; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1123.

Vátryggingarsamningar, 387. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1126.

[00:57]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Nú ræðum við breytingu á stjórnarskránni og klukkan er að verða eitt eftir miðnætti. Mér finnst það mjög merkilegur tími til að verða vitni að því að ríkisstjórn Íslands, eða réttara sagt tveir hæstv. ráðherrar hennar, skuli leggja fram breytingu á stjórnarskránni með svo skömmum aðdraganda. Maður veltir því óhjákvæmilega fyrir sér hvers vegna það er. Ég hef velt þessu fyrir mér í allan dag vegna þess að hér hafa menn ekki verið á eitt sáttir um hvað þessar breytingar fela í sér, ekki færri en 3–4 skýringar hafa verið á því.

Eru þessir háu herrar í ríkisstjórninni að forðast aðra umræðu? Er hæstv. forsætisráðherra, sem ber ábyrgð á efnahagsmálum, að forðast umræðu um verðbólguna? Er hann að forðast umræðu um viðskiptahallann eða er hann að forðast umræðu um það að lækkunin á virðisaukanum skilar sér ekki til neytenda? Það er a.m.k. ekki mjög skýrt hvað felst í þessu frumvarpi. Við höfum orðið vitni að því að hv. þm. Birgir Ármannsson hefur haft eina skýringu um það að þetta breyti ekki neinu hvað varðar eignarhaldið, en hæstv. ráðherra byggðamála segir að þetta sé meiri háttar breyting, grundvallarbreyting. Þegar hann er síðan spurður hver breytingin sé og hvað hún hafi í för með sér fyrir fólkið í landinu, sem líður fyrir vont kerfi — sérstaklega eru það byggðir landsins sem líða mjög fyrir það vonda kerfi sem Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur hafa staðið vörð um — getur hann hvorki nefnt eitt né neitt, ekki eitt atriði, ekki eitt einasta atriði um að þetta raunverulega bæti stöðu fólks. Mér finnst það merkilegt þegar menn tala um grundvallar- og meiri háttar breytingu.

Síðan er skýring hæstv. umhverfisráðherra sem er einnig lögfræðimenntuð og segir að hér sé verið að stöðva eitthvert ferli, það að hefðarréttur myndist á nýtingarréttinum. Þegar maður síðan spyr hæstv. ráðherra hversu langt ferlið er komið fást engin svör. Síðan þegar spurt er til hvaða gagna sé verið að vísa um þá vinnu sem fram hefur farið við þetta ákvæði er jafnvel vísað inn í einhverja nefnd í Framsóknarflokknum. Það sjá allir að þessar breytingar sem til stendur að gera á grundvallarlögum íslenska lýðveldisins eru mjög hroðvirknislegar. Þetta er allt mjög óljóst.

Við í stjórnarandstöðunni erum ekki ein um það, alls ekki, að meta þetta ástand svona. Í blöðunum hefur verið vitnað í tvo sérfræðinga í stjórnskipunarrétti, Björgu Thorarensen og Ragnhildi Helgadóttur, sem báðar eru prófessorar í stjórnskipunarrétti, önnur við lagdeild Háskólans í Reykjavík og hin við Háskóla Íslands. Öllum ber saman um að þetta sé óljóst. Enda er ég alveg sannfærður um það eftir að hafa hlýtt á stjórnarliða koma með margar skýringar á því hvað er í gangi og það kemur ekkert einhlítt svar, alls ekki eins og ég rakti í ræðu minni.

Síðan þegar maður veltir fyrir sér hvað er að gerast vaknar spurningin: Eru menn að forðast umræðuna, forðast umræðuna um þau mál sem ég tíundaði hér fyrst um bágt efnahagsástand, viðskiptahallann og þá óstjórn sem ríkir? Eða er Framsóknarflokkurinn að einhverju leyti að bjarga andlitinu gagnvart fólkinu á landsbyggðinni og reyna að búa til hér eitthvað um að þeir vilji eitthvað halda í fiskveiðiauðlindina, hún verði ekki gefin eins og þeir gáfu sjálfum sér Búnaðarbankann? Ég veit ekki betur en að það standi jafnvel til að setja fleira í gjafapakka, svo sem Landsvirkjun. Þó að það sé ekki í orði veit maður að það verður á borði ef þessir flokkar halda áfram.

Við verðum að muna að áður en Landssíminn var seldur var aldrei talað um að það ætti að selja hann. Það stóð til að einhverju leyti að tryggja að a.m.k. grunnnetið yrði áfram í eigu þjóðarinnar. Síðan breyttist þetta, það er ekkert að marka þetta fólk sem kemur hér, ekki nokkurn skapaðan hlut, því miður. Maður vildi gjarnan geta treyst orðum fólks sem ber upp breytingar á stjórnskipan landsins eða á grundvallarreglum landsins. Því miður er það ekki hægt. Mér finnast vinnubrögðin hjá hæstv. forsætisráðherra hafa verið óábyrg í þessu máli og ég verð að lýsa ákveðinni furðu.

Ef við ætlum að ná sátt um þetta sjávarútvegsmál er ekki hægt að gera eins og Sjálfstæðisflokkurinn vill, að ætla bara að ná sátt við afar fáa, þ.e. þá sem hafa yfir aflaheimildunum að ráða núna. Mér sýnist það vera markmiðið. Síðan þegar hér er rætt við hv. þingmenn eins og Sigurð Kára Kristjánsson og Ingva Hrafn Óskarsson og fleiri koma alls konar öfugmæli út úr þeim eins og jafnvel að það sé gott ástand á Vestfjörðum. Það heyrði ég í ræðu sem var flutt rétt áðan, það væri jafnvel bara meiri háttar gott ástand, eitthvert ólag kannski en í heildina séð bara uppbygging á Vestfjörðum. Ég spyr hvort menn fylgist ekkert með því sem er að gerast, ekki einu sinni orðum hæstv. forsætisráðherra sem þykist ætla að gera eitthvað og í öllu falli ræða málin í hæstv. ríkisstjórn á morgun. Það virðist ekki þurfa mikið að gera hvað varðar málefni Vestfjarða ef marka má hv. þingmann sem talaði á undan mér.

Mér finnst að við verðum aðeins að velta fyrir okkur grundvellinum á þessu kerfi. Fiskveiðistjórn á að snúast um fólk en ekki bara kerfið sjálft. Þetta kerfi sem við búum við gengur ekki upp, alls ekki. Upphafleg markmið þess, hæstv. forsætisráðherra, var að byggja upp fiskstofnana. Núna sitjum við uppi með helmingi minni afla af þorski en fyrir daga kerfisins. Að auki átti það að tryggja byggð í landinu, og þeir sem fara um byggðir landsins sjá að það hefur alls ekki tekist.

Síðan hafa komið hér alls kyns fullyrðingar um að þetta hafi skilað einhverri hagræðingu, meiri háttar blóma fyrir sjávarútveginn. Það er einfaldlega ekki rétt. Ef þessir háu herrar lesa Hagtíðindi sjá þeir að útflutningsverðmæti sjávarafurða hafa skroppið saman. Það kemur fram í Hagtíðindum sem voru gefin út 17. júlí 2006, að á undanförnum árum hafi skroppið saman það sem flutt er út af fiski í krónum talið. Það er bara á milli áranna, síðustu þriggja ára, og ekki hefur þetta þá skilað okkur meiri tekjum í aðra hönd, alls ekki. Það kemur hér fram að tekjur árið 2002 eru vel yfir 120 milljarða í útflutningsverðmætum en 2005 eru það rétt rúmlega 100 milljarðar. Ég spyr: Hvar er ágóðinn fyrir þjóðina að halda þessu gangandi? Menn verða að fara að koma með einhver svör um það en ekki bara að tala í einhverjum frösum, menn verða að koma með eitthvað orðum sínum til vitnis. Því miður gera menn það ekki og komast allt of oft upp með það að tala í frösum.

Þetta kerfi hefur ekki skilað neinum árangri. Það er ekki hægt að stýra veiðum úr fiskstofnum sem eru staðbundnir

víða undan landinu með einum heildarkvóta, það sér hver maður. Ég vona að hæstv. byggðamálaráðherra sé að hlusta því að við hann vil ég segja: Ef við legðum t.d. af allar veiðar í Bakkaflóa, eins og mér sýnist vera að gerast, a.m.k. ef marka mátti Kristin Pétursson í Silfri Egils í fyrradag, væri bara útséð um frekari útgerð þar vegna þess að verið væri að selja veiðiréttinn. Ég spyr hæstv. ráðherra byggðamála: Telur hann að ef við hættum að veiða fisk í t.d. Bakkaflóa syndi þeir þá á miðin út af Vestfjörðum ef þar er meira veitt vegna þess að menn hætta að veiða við Bakkaflóa, þeir bara syndi í skarðið sem myndast ef menn taka minna úr Bakkaflóa? Auðvitað gerist það ekki, en samkvæmt kerfinu á að heita að það gangi upp. Við eigum ekki að sætta okkur við svona vitleysu, það er alveg af og frá.

Það sem er kannski sárast í þessu öllu er að við í Frjálslynda flokknum höfum varað við þessu. Við höfum bent á það hver framvindan yrði í byggðamálum landsmanna ef þetta kerfi héldi áfram. Við höfum sagt að þá yrði samþjöppunin meiri, það mundi skapa meiri óvissu í byggðunum. Við getum séð það vegna þess að hv. þm. Jón Kristjánsson talaði um að fyrir daga kvótakerfisins hefði verið hér mikil óáran. Það er ekki rétt hjá honum og menn eru að búa til einhverja grýlu úr ástandi sem var fyrir daga kvótakerfisins.

Ég bendi hv. þingmanni á það og þeim sem hlýða á mál mitt að einmitt á árunum 1960–1980 byggðust mörg þessara þorpa upp sem síðan fóru illa út úr kvótakerfinu. Af því að ég sé að hæstv. heilbrigðisráðherra, sem er nú annt um Siglufjörð, stendur hér upp vil ég benda henni á að þegar kvótakerfið var sett á voru um 2 þús. manns búsettir á Siglufirði. Núna getur enginn hafið útgerð þar (Gripið fram í.) vegna þess að það þarf að greiða svo háa upphæð fyrir leyfið. Núna eru íbúar rétt rúmlega 1.300 þannig að eyðingarmáttur kerfisins hefur verið gríðarlegur og ekki nóg með það, heldur er þessi staða í rauninni verri í mörgum byggðum landsins vegna þess að það vantar orðið ungt fólk inn í byggðirnar.

Auðvitað er þetta að einhverju leyti stefna Framsóknarflokksins, a.m.k. hugmyndafræðings hans sem birti þær hugmyndir sínar og framtíðarsýn fyrir Ísland að gera það að borgríki. Nú er hann orðinn hæstv. byggðamálaráðherra og kom kannski vel á vondan að vera lentur í því starfi og hafa birt þá sýn sína að koma öllu fólki fyrir á höfuðborgarsvæðinu. Mér finnst að hann ætti að verja örlitlum tíma í að kanna hvort þetta kerfi skili þjóðinni einhverju gagni. Ef maður skoðar bara útflutningstölur og verðmæti sjávarafurða sést að það hefur dregist saman þannig að heildarhagsmunir þjóðarinnar hafa augljóslega tapað á þessu kerfi.

Það eru til byggðir og bæir sem hafa talið sig koma jafnvel ágætlega út úr kerfinu, eins og Akureyri. Síðan er það þannig að meira að segja á slíkum stöðum veldur það óvissu, það veldur gríðarlegri óvissu. Við sáum í byrjun ársins að á einni nóttu voru öll skip Brims skráð í Reykjavík. Þar ríkir augljós óvissa. Við eigum að líta frekar til þess hvernig við getum breytt kerfinu í stað þess að halda áfram vitleysunni. Stjórnvaldsaðgerðir, hvort sem eru á sviði heilbrigðismála eða hvaða málaflokks sem er, eiga að snúast um fólk. Þannig eigum við líka að hugsa um fiskveiðarnar en því miður virðist vera svo kerfislægur hugsunargangur bæði hjá Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum að að einhverju leyti þora menn ekki að taka hagsmuni heildarinnar og skoða það kerfi sem menn hafa í gangi og flytja þess vegna einhverjar sýndartillögur. Það hefur komið fram hér í umræðum í dag að það eru margar mismunandi skoðanir uppi um það hvað þessi breyting á stjórnarskránni þýði í raun og veru. Því miður.

Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á það að þetta kerfi girði algerlega fyrir nýliðun. Ég hefði talið að ungir og efnilegir hv. þingmenn eins og Ingvi Hrafn Óskarsson og Birgir Ármannsson ættu að líta til þess að breyta kerfinu til að nýliðar gætu tekið þátt í þessum útvegi. Því miður virðist sem þeir frekar þá herði á, herði miklu frekar á að festa kerfið í sessi og loka meira að segja skemmtibátana af inni í því. Það er verið að setja skemmtibátana líka inn í kvótakerfið, hugsið ykkur, skemmtibátana, þeir mega ekki einu sinni vera í firði. Það er meira að segja lokað fyrir það að ferðaþjónustan geti nýtt sér fiskveiðiauðlindina vegna þess að þessir flokkar, bæði Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur, eru alltaf að hugsa um þessa þröngu hagsmunaklíku sem hefur nú yfir nýtingu fiskimiðanna að ráða en alls ekki heildarhagsmuni þjóðarinnar. Því miður.

Aftur að því þegar menn tala um þennan gríðarlega árangur. Ég er búinn að fara yfir það og vitna í opinber gögn um að tekjur eru ekki að aukast. Það er líka annað sem er að gerast, skuldir útgerðarinnar eru að aukast og hafa þrefaldast á örfáum árum, á síðustu 11 árum. Út úr atvinnugreininni hefur runnið upphæð sem svarar til tveggja Kárahnjúkastíflna. Auðvitað hefur þetta valdið mikilli þenslu í samfélaginu sem hefur ekki verið tíunduð eins og áhrifin af stóriðjunni. Þetta er eitt af því sem þarf að gaumgæfa, þetta kerfi er langt frá því að standast einhverja skoðun.

Því miður virðist sem menn reyni að þagga niður líffræðilega grundvöllinn að þessu. Það er eins og að ekki megi skoða það með gagnrýnum hætti hvort við getum að einhverju leyti stýrt fiskveiðum með öðrum hætti þegar við höfum dæmin fyrir okkur, t.d. í Færeyjum þar sem menn stýra fiskveiðum með sóknarstýringum í staðinn fyrir að ákveða heildarkvótann fyrir fram eins og við gerum hér. Ég hef líkt þessu við það að við mundum ákveða fyrir fram hvað við ætluðum að taka upp úr kartöflugörðum landsins, það væri heildarkvóti á því hvað við ætluðum að taka upp. Það gengur ekki upp.

Að lokum skora ég á stjórnarmeirihlutann að koma sér saman um einhverja merkingu á því hvað þeir eru í rauninni að gera. Hér hafa komið upp margar skoðanir á þessum athöfnum, á þessari fyrirhuguðu lagasetningu, það sé nákvæmlega ekki neitt, það séu grundvallarbreytingar og það sé verið að koma í veg fyrir að frekari eignarréttur eða nýtingarréttur myndist. En því miður hafa ræður stjórnarliða ekki verið mjög upplýsandi um það og sumir hafa varið löngum tíma í að reyna að túlka ræður stjórnarandstöðunnar.

Við í Frjálslynda flokknum erum allir af vilja gerðir til þess að gera fiskveiðiauðlindina að þjóðareign, raunverulegri þjóðareign sem tryggi að almenningur geti nýtt hana og hafi jafnan aðgang á jafnræðisforsendum. Það er það sem þetta ætti að snúast um. Í staðinn fyrir það er hér flutt hver ræðan á fætur annarri þar sem menn tala í einhverri

lögfræðilegri þoku um eignarrétt og nýtingarrétt og hefðarrétt og maður sem er ekki með háskólagráðu á sviði lögfræði á fullt í fangi með að átta sig á því hvað menn eru í rauninni að fara. Þegar maður búinn að kryfja það virðast margar skoðanir vera uppi, a.m.k. virðist hæstv. ráðherra byggðamála vera allt annarrar skoðunar um það hvað sé í gangi en ráðherra umhverfismála.

Ég get ekki séð annað en að með þessu frumvarpi sé forsætisráðherra að stefna að því sem hann boðaði á LÍÚ-þingi í haust, þ.e. að festa þetta kerfi og reyna að tryggja í sessi (Forseti hringir.) eignarhald þeirra sem hafa nú nýtingarréttinn.

[01:18]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Klukkan er langt gengin í tvö, þetta hefur verið löng umræða í dag enda er málið mikilvægt og eðlilegt að menn vilji ræða um það. Ég vil byrja á því að draga fram í upphafi aðdragandann að þessu máli og hvernig það lítur út gagnvart okkur framsóknarmönnum.

Við höfum um langa tíð stutt almennt aflamarkskerfið. Framsóknarflokkurinn hefur átt þar talsverðan hlut að máli og við teljum að margir góðir kostir séu við kerfið eins og það hefur verið notað á Íslandi. Sjávarútvegur okkar heldur uppi mikilvægri atvinnu, hefur skilað mikilvægum tekjum inn í þjóðarbúið og með þessu kerfi höfum við getað byggt upp fyrirtæki sem geta keppt á alþjóðamörkuðum í sölu sjávarafurða þvert á það sem við sjáum í sjávarútvegi margra annarra landa þar sem sjávarútvegur er á heljarþröm. Þar er sjávarútvegurinn styrktur en ekki öfugt, hér höfum við haft tekjur af sjávarútvegi. Það er ótvírætt að mínu mati að aflamarkskerfið hefur marga góða kosti. Framsóknarflokkurinn hefur talið það kerfi skila miklum árangri. Við höfum hins vegar verið í miklum umræðum í flokknum um þetta kerfi. Áður hefur verið vitnað í nefndarstarf sem átti sér stað á vegum flokksins og þar var alveg skýrt að við vildum ná fram ákvæði í stjórnarskránni um að sjávarútvegsauðlindin væri þjóðareign. Við höfum ekki viljað að kvótinn yrði eign útgerðarmanna.

Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, var formaður í þeirri nefnd, leiddi það nefndarstarf af miklum myndarskap á þeim tíma. Ég tók þátt í því ásamt fjölmörgum öðrum flokksmönnum þannig að það var alveg ljóst hver vilji okkar var og hefur verið um langan tíma, þ.e. að setja ákvæði um að sjávarútvegsauðlindin sé sameign þjóðarinnar, þjóðareign. Við höfum viljað setja það í stjórnarskrá.

Íslendingar vilja það almennt eins og maður hefur skynjað andrúmsloftið. Íslendingar vilja ekki almennt að kvótinn þróist í eign útgerðarinnar. Nú var búið að semja um þetta á sínum tíma milli stjórnarflokkanna, þess vegna ratаði ákvæðið inn í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna. Það var samið um að þetta ætti að fara í stjórnarskrá milli Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

Eins og ákvæðið kemur núna inn í þingið er það víðtækara og það er eðlilegt að mörgu leyti. Bæði hefur Framsóknarflokkurinn ályktað á þá leið og líka Sjálfstæðisflokkurinn að náttúruauðlindir almennt ættu að flokkast sem þjóðareign, þ.e. ekki ætti bara að taka sjávarútveginn út úr heldur ætti að gæta jafnræðis gagnvart öðrum náttúruauðlindum. Það er eðlilegt að þetta beri að með þessum hætti, það kemur hingað inn í þingið með víðtækari hætti.

Okkur í Framsóknarflokknum hefur verið núið því um nasir að þetta sé eitthvert mál sem kemur núna korteri fyrir kosningar, eins og það heitir á góðu máli. Það er þó ekki þannig eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni. Hann var spurður um þetta í þættinum Ísland í dag á Stöð 2 ekki alls fyrir löngu og þar kom hann því mjög skýrt á framfæri að hann skýrði hæstv. forsætisráðherra frá því strax fyrir jól að við framsóknarmenn hefðum mjög miklar áhyggjur af þessu ákvæði og vildum efna það sem stendur í stjórnarsáttmálanum um þetta og flokkarnir voru sammála um á sínum tíma. Það er alveg ljóst að hann gerði grein fyrir þeim þunga sem var í málinu og segir síðar í viðtalinu að hann hafi margsagt samstarfsflokknum frá því að mikil undiralda væri í Framsóknarflokknum út af þessu máli og að menn vildu standa við þetta.

Hann segir líka að það sé alveg ljóst að þetta er ekkert nýtt mál og það hefur verið ljóst í nokkurn tíma. Þetta eru orð hv. þm. Jóns Kristjánssonar sem stýrði starfi stjórnarskrárnefndar. Þetta er ekki mál sem hefur verið órætt og sem menn þekkja lítið til enda hefur stjórnarandstaðan sjálf lýst því að við höfum góðan tíma til að fara í þetta mál, stjórnarandstaðan lýsti því að hún væri tilbúin til að greiða fyrir því að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti væru settar inn sem þjóðareign í stjórnarskrána og hún væri líka tilbúin til að taka beint orðalag upp úr stefnuyfirlýsingunni í stjórnarskrá. Stjórnarandstaðan sagði í tengslum við blaðamannafund sem hún hélt um þetta mál að nú þegar lægi fyrir grundvöllur til að ljúka málinu. Ég tel (Gripið fram í.) að menn hafi almennt gefið út þau skilaboð í stjórnarandstöðunni að hægt sé að klára þetta mál, svo framarlega sem vilji er fyrir hendi. Það er auðvitað grundvallaratriði. Við höfum vilja til þess að fara í málið og þess vegna ber það hér að.

Komið hefur fram í ræðum sumra að ákvæðið þýði ekki neitt. Ég er ekki sammála því og mér þótti vænt um að heyra að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson staðfesti að þetta ákvæði hefði að sjálfsögðu áhrif. Það hefur réttaráhrif. Það var gott að heyra að við erum sammála um að þetta hefur áhrif.

Ég vil líka aðeins gera að umtalsefni það sem Morgunblaðið hefur sagt um þetta mál. Það hefur mjög lengi talað fyrir því (**MÞH:** Mogginn lýgur aldrei.) — hér er kallað inn í að Mogginn ljúgi aldrei en það er reyndar ekki alveg þannig. Á föstudaginn var flennistór fyrirsögn á forsíðunni: Jón, Guðni og Jón stóðu þétt saman gegn Siv, en sú fyrirsögn er algjörlega úr lausu lofti gripin og innihald fréttarinnar eftir því. Það er annað mál. Morgunblaðið hefur gert þetta mál að umtalsefni um nokkurt skeið og hefur fylgst með því. Það var mjög athyglisverður leiðari í Morgunblaðinu 20. janúar á þessu ári og í honum segir, með leyfi forseta:

„Það skiptir miklu máli að þessi tillaga komi fram nú.“ — Ég skýt hér inn að hér er verið að tala um að setja ákvæði sem um var samið í stjórnarsáttmálanum inn í stjórnarskrá. Svo segir áfram í leiðaranum:

„Enn eru á ferðinni menn í þessu samfélagi, sem gera

sér hugmyndir um að þeir geti komið því fram, að fiskimiðin verði gerð að einkaeign útgerðarmanna. Þess vegna skiptir máli, að ákvæðið um sameign þjóðarinnar á auðlindum sjávar verði tekið upp í stjórnarskrá. Með því móti einu er hægt að koma endanlega í veg fyrir allar tilraunir til þess að fámennur hópur manna sölsi undir sig þessa miklu eign íslensku þjóðarinnar, sem á að vera sameign hennar um aldur og ævi.

Formenn stjórnarflokkanna verða að taka af skarið í þessu máli. Þeir eru ábyrgir fyrir því gagnvart kjósendum að staðið sé við stjórnarsáttmálann. Þeir hafa ekki komið fram með nein haldbær rök fyrir því að ekki sé hægt að standa við þetta ákvæði stjórnarsáttmálans. Þeir verða að standa við sitt."

Nú er það gert, þ.e. komin er fram tillaga og um hana er góð samstaða. Fyrr í dag var spurt af hverju þetta mál kæmi ekki fram sem ríkisstjórnarfrumvarp og mér fannst verið að ýja að því að e.t.v. væri ekki samstaða um málið innan stjórnarflokkanna. Innan þingflokks Framsóknarflokksins stöndum við þétt við bakið á formanni okkar í þessu máli og sá texti sem nú liggur fyrir hindrar, eins og hér hefur margítrekað komið fram í ræðum og m.a. í ræðu formanns Framsóknarflokksins, að honum samþykktum að eignarréttur skapist á auðlindum, svo sem á fiskveiðiauðlindinni. Þetta er alveg skýrt.

Ef þingmönnum finnst ákvæðið óskýrt er eðlilegt að skoða það í nefnd eins og hefðbundið er með önnur mál sem hingað koma inn. Ég á von á því að nefndin vinni þetta vel.

Ég á svolítið erfitt með að rýna í viðhorf sumra útgerðarmanna af því að mér heyrist sumir þeirra telja að afnotaréttur sé aðalmálið, þ.e. að hægt sé að nýta þessa náttúruauðlind eins og fiskveiðiheimildirnar með arðbærum hætti. Svo eru aðrir sem vilja að þessi náttúruauðlind, fiskstofnarnir, verði í einkaeigu, vilja sem sagt meira en afnotaréttinn. Þessi afnotaréttur er eins og við vitum afturkallanlegur, þ.e. ef menn kjósa að fara þá leið. Það verður löggjafinn á hverjum tíma að ákveða en okkur finnst eðlilegt að sá möguleiki sé fyrir hendi, þ.e. þetta er ekki endanlegur afnotaréttur. Við höfum ekki kosið að styðja það að innkalla veiðiheimildirnar, það höfum við ekki gert. Það er eðlilegt að sá réttur sé fyrir hendi. Þetta er ekki endanleg afhending á afnotarétti, svo er ekki, hvað þá afhending á eignarrétti, alls ekki.

Virðulegur forseti. Inntak frumvarpsins er þannig að náttúruauðlindir okkar verða þjóðareign, það er ekki verið að breyta með því aflamarkskerfinu eins og mér finnst að margir rugli inn í umræðuna, en náttúruauðlindir verða þjóðareign þannig að óbein eignarréttindi sem þegar eru fyrir hendi munu ekki breytast og þar er verið að ræða um afnotaréttinn. Þessi óbeinu eignarréttindi breytast ekki með þessari gerð en þau réttindi leiða ekki til beins eignarréttar. Heimildirnar eru og verða áfram afturkræfar að frumvarpi okkar samþykktu. Markmiðið er að koma í veg fyrir að hefðarréttur myndist.

Mér finnst þetta hafa komið mjög skýrt fram í framsöguræðum. Ég tel að framsöguræður skipti máli og greinargerðin sömuleiðis. Allt þetta sýnir a.m.k. mér að hér er markmiðið skýrt og það hefur m.a. formaður Framsóknarflokksins dregið ítrekað fram, bæði í umræðum hér og einnig á opinberum vettvangi fjölmiðlanna. Megintilgangur frumvarpsins er að staðfesta eign þjóðarinnar á auðlindunum þannig að nýtingarheimildir, t.d. fiskveiðiheimildir, verði ekki háðar beinum eignarrétti heldur séu áfram afturkræfur afnotaréttur þannig að veiðiheimildirnar verði áfram afturkallanlegar samkvæmt lögum. Þetta er sem sé alvöruþjóðareign að mínu mati.

Í greinargerðinni segir líka orðrétt um nýtingarheimildirnar að þær muni ekki leiða til beins eignarréttar. Eðli málsins samkvæmt leiða slíkar heimildir ekki til óafturkallanlegs forræðis einstakra aðila yfir þeim, sbr. 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, nr. 116/2006, þótt þær kunni að njóta verndar sem óbein eignarréttindi. Ég tel, virðulegur forseti, að þetta sé skýrt og það er mikilvægt að setja þetta grundvallarmál í stjórnarskrá.

Ég tel að stjórnarandstaðan ætti að leggjast á sveif með þessu máli. Ég sé ekki alveg rökin fyrir því að hún ætti ekki að gera það. Það er verið að tryggja þjóðareign að þeim náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti. Að öðrum kosti er talið að hefðarréttur geti skapast og það viljum við ekki. Ég hef skilið stjórnarandstöðuna þannig að hún vilji það heldur ekki.

Ég tel hins vegar að umræðan um aflamarkskerfið geti flækt huga manna. Ég hef heyrt að það hafi gerst í umræðunum en við erum ekki að tala um breytingar á því kerfi í þessu frumvarpi. Löggjafinn getur áfram haft það eins og hann vill. Við erum að tala um að ekki skapist hefðarréttur á einhvers konar eign á auðlindunum. Þá hefur umræðan mest verið um fiskveiðiauðlindina. Ég tel mjög mikilvægt að þetta ákvæði sé komið inn í þingið og ég er mjög ánægð með hvernig haldið var á því máli af Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum, það náðist sameiginleg niðurstaða um að færa þetta mál hingað inn í lok þings. Það er eðlilegt að það beri að í lok þings. Við stöndum við stjórnarsáttmálann.

Auðvitað óskar maður þess að stjórnarandstaðan taki þátt í að afgreiða málið til þess að það sé skýrt að það bíði ekki um einhver ár án þess að vera leyst. Ég tel að ábyrgð stjórnarandstöðunnar sé ansi mikil í þessu sambandi, virðulegur forseti. Ef ekki næst að klára þetta mál, og klifað er á því sýknt og heilagt að þetta sé eitthvað óskýrt, tel ég að færa megi rök fyrir því að það tímabil verði lengra og lengra sem ekki er skýrt að um sé að ræða þjóðareign, þ.e. þessar náttúruauðlindir, og eigi ekki að skapa eignarrétt. Ég tel að það sé óæskilegt að við höfum þá stöðu uppi til framtíðar litið.

Ég vona að stjórnarandstaðan ásamt stjórnarflokkunum sameinist um að vinna þetta mál vel í nefndinni sem taka mun til starfa. Ef eitthvað þarf að skýra þurfa menn að skoða það vel í nefndinni. Mér finnst ekki að við getum útilokað það á þessari stundu að reynt verði að skýra þessi ákvæði. Maður heyrir að það er kallað eftir því hjá einstaka þingmönnum. Af minni hálfu er ég ánægð með þessa niðurstöðu og tel mikils um vert að málið sé komið fram. Ég vona að við getum sameinast um að klára það á yfirstandandi þingi þó að það sé viðkvæmt. Að sjálfsögðu er þetta grundvallarmál en ég tel að umræðan sé það þroskuð að við eigum að geta klárað það.

[01:37]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra sagði að aflamarkskerfið, réttara sagt kvótakerfið öðru nafni, hefði sannað gildi sitt. Ég bendi hæstv. ráðherra á að það er bara alls ekki rétt. Aflinn núna er helmingi minni en fyrir daga kerfisins, verðmæti sjávarafurða hefur dregist saman á síðustu árum eða staðið í stað, það kemur fram í opinberum skýrslum. Síðan hafa skuldir sjávarútvegsins aukist og helsti ráðgjafi ríkisstjórnarinnar á sviði þorskveiðiráðgjafar segir að með óbreyttu kerfi eða óbreyttri sókn sé hætta á því að þorskstofninn deyi út. Þetta eru hans eigin orð.

[01:37]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að við hv. þm. Sigurjón Þórðarson verðum ekki sammála um þessi mál. Okkur hefur tekist, m.a. vegna kosta aflamarkskerfisins, að byggja upp fyrirtæki á Íslandi sem eru að keppa á alþjóðamörkuðum í sölu sjávarafurða. Ég held að allir sem skoða fyrirkomulagið annars staðar sjái að þar er sjávarútvegurinn ekki rekinn með hagnaði og er ekki í góðri samkeppnisstöðu. Kostir aflamarkskerfisins eru ótvíræðir að okkar mati. Hér hafa vaxið upp mjög öflug fyrirtæki sem skila miklu inn í þjóðarbúið. (Gripið fram í.) Þetta hefur verið farsælt kerfi fyrir okkur þannig að við höfum talið kostina vera mun fleiri en gallana og þess vegna höfum við stutt það.

[01:39]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra vitnaði ekki í nein gögn en sagði að sjávarútvegurinn væri að keppa á alþjóðlegum markaði. Öll sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi keppa á alþjóðlegum markaði, þannig er það og þetta eru engin rök í málinu, alls engin, a.m.k. ekki veigamikil.

Síðan hvað varðar þessi fyrirtæki, sum hver, sem hafa farið í gegnum margar hagræðingar, svo sem Grandi, skulda tvöfalda veltu sína. Ég mundi segja að það væri ekki gott ástand, alls ekki. Vegna þess að hæstv. ráðherra fór út um víðan völl og vitnaði til ástands sjávarútvegs í öðrum löndum vil ég benda hæstv. ráðherra á að það gengur bara afskaplega vel í Færeyjum að reka sjávarútvegsfyrirtæki þar og einnig gengur það ágætlega í Noregi. Þetta eru engin rök. Upphafleg markmið kerfisins voru að byggja upp fiskstofnana og tryggja byggð í landinu, (Forseti hringir.) hvorugt þessara markmiða hefur gengið eftir þannig að kerfið hlýtur að fá falleinkunn, (Forseti hringir.) a.m.k. á forsendum kerfisins sjálfs.

[01:40]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Með aflamarkskerfinu hefur tekist að hagræða mjög verulega í sjávarútveginum og ég held að allir sjái það sem vilja vera réttlátir að með þessu kerfi náum við miklu meira út úr þeim afla sem kemur upp úr sjó en ef slíkt kerfi væri ekki fyrir hendi. Með kerfinu er hægt að færa fiskveiðiheimildir á milli aðila og menn gera það til að hámarka nýtinguna á fiskiskipaflota sínum. Með þessu kerfi er aflinn fullnýttur eins og hægt er. Þetta skapar líka samstöðu um að reyna að horfa til framtíðar varðandi þennan stofn. Menn hafa hagsmuni af því að nýta afurðina vel og fá sem hæst verð fyrir hana. Þetta hefur skapað mikinn stöðugleika í greininni. (Forseti hringir.) Þetta er það sem við teljum hafa skilað miklu í þjóðarbúið.

[01:41]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra sagði að hún teldi að það gæti orðið samstaða um það að skýra þau ákvæði sem mönnum finnst óskýr í vinnu þeirrar nefndar og afgreiðslu Alþingis sem mun fjalla um málið.

Ég vil bera upp spurningu við hæstv. ráðherra. Ég er út af fyrir sig sammála því að það sé heppilegt að þetta ákvæði sé víðtækara en bara um sjávarútvegsauðlindina en það sem menn hafa verið að tala um í því samhengi eru fyrst og fremst auðlindir sem eru sameiginlegar auðlindir okkar og eiga að vera það til framtíðar litið en í frumvarpinu er þetta ákvæði miklu víðtækara. Þar er verið að tala um auðlindir sem eru háðar einkaeignarrétti. Það sem við höfum talað um er að auðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti verði þjóðareign og ég spyr hæstv. ráðherra hvort (Forseti hringir.) hún sé mér ekki sammála um að það eigi að vera skilgreiningin.

[01:42]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að þær auðlindir sem rætt er um þegar við erum að tala um þjóðareign eða sameign séu þær sem eru sameign, þ.e. þær sem ekki eru háðar einkaeignarrétti. Um þær sem eru háðar einkaeignarrétti hlýtur að gilda annað, a.m.k. eins og ég skil málið. Þá eru þær einkaeign og geta þar af leiðandi ekki verið í þjóðareign. Ég tel að hér sé um að ræða þær náttúruauðlindir sem við lítum svo á að séu einhvers konar þjóðareign eða sameign þjóðarinnar, þ.e. að þær (Gripið fram í.) séu ekki einkaeign, séu ekki háðar einkaeignarrétti.

[01:43]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er bara nákvæmlega sammála hæstv. ráðherra um þetta atriði. Þannig á þetta að vera en hér hafa menn talað aldeilis á annan veg. Ákvæðið er líka á annan veg, það er meira að segja skýrt á annan veg í greinargerðinni, ákvæðið á við um allar auðlindir á Íslandi hvort sem þær eru í einkaeign eða ekki samkvæmt þeim skýringum sem hér hafa komið fram í dag. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að svoleiðis á það ekki að vera. Þess vegna þurfa menn að skýra þetta í meðförum nefndarinnar og afgreiðslu Alþingis þannig að ekki fari á milli mála að það sé sá skilningur sem hér er á ferðinni sem hæstv. ráðherra og við í stjórnarandstöðunni höfum öll.

[01:45]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst það bara liggja í orðanna hljóðan, ef eitthvað er einkaeign og er sem sagt háð einkaeignarrétti, er eign einhvers einkaaðila, er það ekki þjóðar-

eign. Þannig bara skil ég orðanna hljóðan.

[01:45]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra hengdi sig mikið í stjórnarandstöðuna og gerði mikið með það að stjórnarandstaðan hlyti að veita þessu frumvarpi, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, brautargengi á grundvelli yfirlýsinga sinna frá því á dögunum. Hér er um mikinn misskilning eða mistúlkun að ræða af hálfu hæstv. ráðherra. Það sem stjórnarandstaðan þarna gerði var að hún bauð ríkisstjórninni upp á samstarf. Því tilboði var ekki tekið, það var ekkert með það gert. Formenn stjórnarflokkanna sömdu sitt eigið frumvarp og hentu því inn á þing án samráðs við aðra.

Þegar vísað er í að efniviður sé til staðar til að ljúka málinu er vitnað beint í tillögur auðlindanefndar og vinnuhóp stjórnarskrárnefndar. Þetta frumvarp byggir ekki á því. Það víkur í mjög veigamiklum atriðum einmitt frá framsetningu auðlindanefndar árið 2000 því að hér er ekkert minnst á að auðlindina megi ekki selja, hér er ekkert minnst á að úthlutun verði að vera tímabundin og vel afmörkuð og (Forseti hringir.) henni megi breyta. Það er m.a. það sem við erum að gagnrýna og gerir þetta frumvarp mjög tortryggilegt.

[01:46]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skildi blaðamannafund stjórnarandstöðunnar þannig að hún væri að bjóða Framsóknarflokknum upp á samstarf. (**Gripið fram í:** ... ríkisstjórninni.) Það kom fram, ef ég man rétt, hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í umræðum um þennan fund. Mér skildist líka að stjórnarandstaðan hefði þar lýst sig tilbúna til að greiða fyrir því að náttúruauðlindirnar yrðu settar inn sem ákvæði í stjórnarskrá sem þjóðareign. Stjórnarandstaðan sem var þarna á fundinum var líka tilbúin til að taka orðalag beint upp úr stefnuyfirlýsingunni í stjórnarskrána sem eitthvert svona lágmark. Þannig skildi ég þennan fund (Gripið fram í.) og fylgdist ég bara ágætlega með honum. Ég tel að ég hafi alveg skilið það rétt að þarna var stjórnarandstaðan einungis að tala til Framsóknarflokksins.

[01:47]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Þó að Framsóknarflokkurinn sé merkilegur var það ekki þannig að bara hafi verið talað til hans. Hæstv. heilbrigðisráðherra virðist ekki frekar en hæstv. forsætisráðherra hafa lesið yfirlýsinguna. Það er algerlega skýrt að þar er talað um samstarf, það er boðið upp á samstarf — það var ekki þegið — og það er talað um ríkisstjórnina. Það er vitnað í þann efnislega grundvöll sem fólginn er í niðurstöðu auðlindanefndar á sínum tíma sem hér er ekkert gert með og frumvarpið byggir ekkert á, og í öðru lagi þá í álit vinnuhóps stjórnarskrárnefndar sem heldur er ekkert gert með. Þvert á móti er í mjög veigamiklum atriðum vikið frá þessu.

Það er algerlega ljóst að það sem hugur manna í stjórnarandstöðunni stendur til er að setja raunverulegt sameignarákvæði á þessum auðlindum inn í stjórnarskrá en ekki eitthvert brelluákvæði sem kannski verður þegar upp er staðið túlkað jafnvel þannig að það veiki frekar en hitt þó þann sameignaranda sem er t.d. í lögunum um stjórn fiskveiða, lögum um eignarhald ríkisins á hafsbotninum, (Forseti hringir.) í þjóðlendulögunum (Forseti hringir.) og því sem er til að styðjast við í lögum um sameign þjóðarinnar á tilteknum auðlindum.

[01:49]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skildi það þannig að þessi blaðamannafundur hefði aðallega verið haldinn til að ræða við framsóknarmennina, þannig skildi ég málið og heyrði hvernig menn ræddu á þeim fundi um stöðuna sem þá var uppi.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni, það má ekki setja lög sem eru andsnúin því sem við erum að segja hér. Við segjum bara mjög skýrt, og þetta hefur formaður Framsóknarflokksins sagt skýrt í umræðunum og fleiri þingmenn, hæstv. ráðherra Jónína Bjartmarz og núna ég sem er að tala hér fyrir hönd Framsóknarflokksins líka, hver meginntilgangur þessa frumvarps er, að tryggja að litið sé á náttúruauðlindirnar sem sameign þjóðarinnar, (Gripið fram í.) þjóðareign, og að við séum að tryggja að ekki skapist hefðarréttur á þeim nýtingum sem núna eru fyrir hendi eins og á fiskveiðiheimildinni, fiskveiðiauðlindunum. (**MÞH:** ... sjálfstæðismenn ...) (Forseti hringir.) Þetta er meginmarkmiðið. (Gripið fram í.)

[01:50]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra að hún vitnaði í Morgunblaðið, málgagn Sjálfstæðisflokksins, einhvern leiðara í því blaði og notaði hann til að styrkja fullyrðingu sína um að hér væri verið að standa við ákvæði í stjórnarsáttmála.

Hæstv. ráðherra hefur setið í ríkisstjórn lengstan hluta kjörtímabilsins, verið þingmaður allt kjörtímabilið, verið ritari Framsóknarflokksins framan af því og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvernig standi á því að við svo lítið af loforðum sem eru í stjórnarsáttmálanum hvað varðar sjávarútveginn og hinar dreifðu byggðir landsins hefur verið staðið. Ríkisstjórnin lagði af stað með ýmis fyrirheit í upphafi kjörtímabilsins. Hafa þau loforð sem ekki hafa verið efnd (Forseti hringir.) — og þau eru fjölmörg — nokkru sinni verið rædd í þingflokki (Forseti hringir.) Framsóknarflokksins og í ríkisstjórn?

[01:51]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ekki að það hafi verið staðið við eitthvað lítið í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið staðið við nánast allt sem þar er. Ég er reyndar ekki með hana hér til að krossa við það allt saman.

Eins og ég lýsti í ræðu minni er ákveðinn aðdragandi að þessu ákvæði. Ég lýsti því hvernig umræðan var á vettvangi Framsóknarflokksins um aflamarkskerfið og þjóðareign á m.a. fiskveiðiheimildunum. Þetta hefur verið okkur mikil-

vægt mál. Það hefur ítrekað komið fram, kom fram hjá hæstv. landbúnaðarráðherra Guðna Ágústssyni og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra Jóni Sigurðssyni á fimmtudaginn fyrir hálfum mánuði að við legðum mikinn þunga í þetta mál, að ná fram tillögu hér á þinginu. Það höfum við gert og nú er hún komin fram. (Forseti hringir.) Ég tel að það sé bara vel af sér vikið að hún skuli vera komin fram.

[01:52]

**Magnús Þór Hafsteinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við getum alveg farið yfir svikalista ríkisstjórnarinnar hvað varðar sjávarútvegsmál. Hann er langur og hann er ljótur en það er hægt að fara yfir hann á einni mínútu, þeim tíma sem ég hef:

Að styrkja hagsmuni sjávarbyggða — svikið.
Forkaupsréttarákvæði kvóta — svikið.
Veiðigjald til sveitarfélaga — svikið.
Takmarka framsal frá sveitarfélögum — svikið.
Auka byggðakvóta — svikið.
Línuívilnun — einungis efnt að hálfu.
Auðlindir í stjórnarskrá — sennilega allt í plati.

[01:53]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvað ég á að munnhöggvast við hv. þingmann. Við erum ekki að efna að hálfu loforðið um ákvæði í stjórnarskrá, við erum að gera okkar ýtrasta til að ná því fram. Ég held að enginn velkist í vafa um að Framsóknarflokkurinn hefur lagt sig allan fram í því máli.

Hér höfum við rætt það í þinginu, ekki síst formaður og varaformaður flokksins eins og ég gat um áðan, að við legðum þunga í þetta mál. Ég held að það fari ekki fram hjá neinum að það höfum við gert og ég tel að árangurinn sé góður. Við erum búin að ná samstöðu við Sjálfstæðisflokkinn um að þetta ákvæði komi hérna inn og 1. umr. er núna að klárast, það fer núna í nefnd og mér heyrist að menn séu opnir fyrir því að skoða hvort eitthvað þurfi að breyta þar orðalagi til skýringar. Ég tel að menn geti gert það ef þeir kjósa svo í nefndinni og mér heyrist líka að aðrir þingmenn í stjórnarflokkunum hafi tekið undir það.

Ég tel að við séum að leggja allan okkar þunga í að koma þessu máli (Forseti hringir.) farsællega fyrir og ég vona að stjórnarandstaðan (Forseti hringir.) verði með í þeirri vinnu sem fram undan er.

[01:54]

**Útbýting:**

Heilbrigðisþjónusta, 272. mál, brtt. þskj. 1118.

Trjáræktarsetur sjávarbyggða, 51. mál, nál. landbn., þskj. 1127.

[01:55]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Þetta hefur að mörgu leyti verið athyglisverð umræða þar sem hún hefur upplýst fákunnáttu ráðamanna um aðalútflutningsveg þjóðarinnar, sjávarútveginn. Meira en helmingur af vöruútflutningi landsmanna kemur úr sjávarútvegi. Þegar maður verður vitni að svo furðulegum fullyrðingum úr jafnvel munnum hæstvirtra ráðherra að skipan þessara mála okkar hafi tryggt okkur mikla velsæld, fyrirtækjum í þeirri grein hagsæld og að þessi atvinnugrein hafi orðið til góða um hvernig við höfum hagað hér málum opinberast skýrt að menn þekkja ekki staðreyndir málsins og hafa ekkert velt fyrir sér hlutunum.

Maður bendir t.d. á að tekjur sjávarútvegsins hafi staðið í stað eða dregist saman og það er ekkert gert með það. Það er jafnvel sagt í framhaldinu að fyrirtækin blómstri. En hvað segja fréttir? Hér er stærsta sjávarútvegsfyrirtækið og það eru 2 þús. millj. í tap á síðasta ári, 2 milljarðar. Það er hagsældin þar. Það eru í kringum 5–6 millj. á dag, virka sem helga, sem fyrirtækið tapar. Það er ekki hægt að segja að þetta sé eitthvað meiri háttar jákvætt.

Ef við lítum þá á efnahagsreikninga þessara fyrirtækja eru skuldirnar gríðarlegar, jafnvel tvöföld veltan. Það er ekki að sjá að þessi fyrirtæki blómstri. Það sem er þó verst í þessu ástandi sjávarútvegsins er að það er komið í veg fyrir nýliðun. Það er mjög slæmt, það að vera með atvinnuveg þar sem engin nýliðun er hlýtur að enda illa, menn hljóta að sjá það. Þegar ástandið er eins og það er nú, engin menntun í fiskvinnslu og aðsókn að sjómannaskólum dregst saman, ættu einhverjar viðvörunarbjöllur að hringja hjá stjórnvöldum. Svo er þó alls ekki. Menn koma hér með einhverjar fullyrðingar, jafnvel hv. þingmenn, um að ástandið sé jafnvel blómlegt á Vestfjörðum og að ekki sé hægt að rekja eitt eða neitt til sjávarútvegsins um ástandið þó svo að það hafi verið til umfjöllunar. Meðal annars rakti Kristinn Pétursson það hversu illa kerfið hefur farið með ákveðin byggðarlög en samt sem áður reyna menn að spila einhverja falska plötu um að allt sé í himnalagi.

Meira að segja sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar segja að með áframhaldandi sams konar nýtingu sé hætta á að fiskstofninn, þorskurinn, deyi út við Íslandsstrendur. Björn Ævarr Steinarsson hélt því fram í fyrrahaust. Menn ættu að spyrja sig hvort það sé björgulegt þegar þeir sem búa til líffræðilegar forsendur fyrir kerfið gefa því þennan dóm. Ég er að vísu ekki sammála viðkomandi fiskifræðingi, alls ekki, en það er önnur saga. Þetta er þó sá fræðingur sem kerfið hvílir á og sem stjórnvöld taka hvað mest mark á.

Ég bendi líka á að þetta kerfi er alls ekki forsenda þess að við náum að hámarka verðmæti úr aflanum, langt í frá. Það væri miklu nær að setja fisk á markað þannig að þeir sem treysta sér til að vinna hann fyrir hvað hæst verð gætu þá sótt hann þangað. Nei, það er ekki gert, heldur hefur Sjálfstæðisflokkurinn ítrekað komið í veg fyrir að fiskverð sé markaðstengt og að fiskur fari á markað. Það er enn einn þátturinn í því að koma í veg fyrir nýliðun. Það er líka skoðun mín að þegar hægt er að króa hráefnið svona af valdi það líka gríðarlega óeðlilega háu kvótaverði. Ef það skipti engu máli fyrir fiskvinnsluna, hún hefði greiðan aðgang og þyrfti ekkert að vera í tengslum við útgerð skipti minna máli hver fiskaði vegna þess að sú fiskvinnsla sem gæti þá búið til hvað mest verðmæti úr hráefninu fengi aflann. Það er ekki gert, heldur hafa menn kerfi sem króar aflann af og tryggir alls ekki að þeir sem geta búið til hvað mest úr hráefninu hafi aðgang að aflanum.

Síðan er enn einn þátturinn sem er neikvæður fyrir afla-

markskerfi og kvótakerfi, það að kvótakerfið hvetur til brottkasts. Það er óumdeilt að þar sem menn stýra veiðum með sóknarstýringu er enginn hvati til brottkasts. Þá er ekkert endilega hvati til að sækja í stærsta fiskinn eins og hér er, heldur er hvatinn að sækja í sem mest verðmæti á sem stystum tíma. Þá er miklu frekar sótt í allar stærðir í stað þess að menn sæki í stærsta fiskinn eins og kerfið er hér uppbyggt.

Það eru fleiri þættir sem ættu að hringja einhverjum viðvörunarbjöllum hjá stjórnvöldum, t.d. eftirlitsþátturinn. Þegar menn eru komnir með eftirlit sem slagar hátt í 1 þús. millj. ætti það að hringja einhverjum viðvörunarbjöllum hjá stjórnvöldum um að kerfið sé svo óréttlátt og vitlaust að það þurfi gríðarlegt eftirlitsbákn til þess að heiðarlegir og duglegir menn haldi reglurnar.

Ungur þingmaður Framsóknarflokksins flutti tillögu um að flytja Fiskistofu út á land og þá kom upp úr dúrnum að á annað hundrað manns eru að fylgjast með kerfinu. Það er alveg ótrúlegt að verða vitni að því hvað þjóðin er komin í mikla þvælu með stýringu sína á fiskveiðum. Þetta kerfi snýst orðið um allt annað en að tryggja hag heildarinnar. Það er miklu fremur rekið áfram á einhverjum hugmyndafræðilegum forsendum.

Hér voru þeir sem eru í stjórnarandstöðu og vildu fá að ræða þessi hluti af skynsemi sakaðir jafnvel um einhver kommúnísk viðhorf. Ég segi við stjórnarliða að það kerfi sem hér er rekið er ekkert annað en áætlanabúskapur í undirdjúpunum þar sem menn eru að byggja upp þorskstofna sem þeir vita ekkert hvað eru stórir. Út frá einhverjum reiknilíkönum telja þeir að þeir séu visst stórir en raunvitneskjan er afar rýr. Mér finnst vafasamt þegar menn fara í svona kerfi sem hefur valdið mikilli biturð og sárindum víða um land og það rekið áfram á einhverjum hugmyndafræðilegum forsendum þó svo að ekki standi steinn yfir steini í nokkrum röksemdum fyrir kerfinu, ekki fiskifræðileg, a.m.k. ekki á forsendum kerfisins sjálfs. Það kemur fram að helsti sérfræðingurinn segir að óbreytt stefna geti leitt til útdauða. Síðan er það hagræðingin, það er gríðarleg skuldasöfnun hjá fyrirtækjunum, tekjur dragast saman eða standa í stað á síðustu árum og það er engin nýliðun í kerfinu.

Þegar menn tala um að ástandið hafi verið eitthvað svo slæmt fyrir daga kerfisins er það alrangt. Ef eitthvað lék sjávarútveginn illa var það fastgengisstefna sem var rekin hér á ákveðnu árabili en ég er á því að stjórnvöld skuldi betri röksemdir fyrir því að halda óbreyttu kerfi. Þeir sem lesa þingtíðindi, fara í gegnum þessa umræðu og verða vitni að rökstuðningi t.d. hæstv. heilbrigðisráðherra sjá að rökin eru vægast sagt veigalítil og nánast engin.

[02:05]

**Útbýting:**

Embætti landlæknis, 273. mál, nál. þskj. 1128.

[02:05]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hugur minn stendur svo sem ekki til þess að lengja umræðuna mikið en ég get þó eiginlega ekki orða bundist við lok hennar sem virðast nú ætla að verða, eftir að hafa fylgst með henni hér í allan dag. Ég verð að segja alveg eins og er að svo ruglingslegar hafa túlkanir orðið að hefði hér verið einhver áhugasamur laganemi á pöllunum og ætlað að reyna að átta sig á hvað í frumvarpinu væri fólgið og hver raunveruleg réttaráhrif af lögtöku þess mundu verða, spái ég því að honum væri nokkur vandi á höndum að gera grein fyrir niðurstöðu umræðunnar.

Staðreyndin er sú, það er algerlega ljóst, eftir þessa umræðu að stjórnarliðar hafa hér verið á hlaupum í umræðunni til að reyna að túlka málið þannig sem þeir telja koma best út fyrir sig og flokka sína í aðdraganda kosninga. Það er heldur lágt risið á því þegar maður verður þess var að svo langt er seilst í þeim efnum að meira að segja stjórnarskráin er undir þegar menn eru að reyna að bjarga sér í land varðandi þann málflutning sem þeir hafa haft uppi eða loforð við kjósendur í einhverjum stjórnarsáttmálum. Óvissan og ruglingurinn í þessum málum er til muna meiri en hann var fyrir tilkomu þessa frumvarps, það er held ég hverjum manni ljóst sem hefur fylgst með umræðunni.

Svo bætir nú ekki úr skák það sem menn kalla hér greinargerð með frumvarpinu. Ég mundi ætla að þessi áhugasami lögfræðinemi á fyrsta ári, sem ég tók sem dæmi áðan, væri hann til og hefði hann með sæmilega kunnáttu á netinu tekið sig til hefði hann gert betur á tveimur til fjórum tímum að tína saman efnivið í greinargerðina, sem er auðvitað ekkert annað en pínulitlir bútar sem sóttir eru í greinargerðir með frumvörpum um lög um stjórn fiskveiða á sínum tíma og annað í þeim dúr. Það er engin sjálfstæð lögfræðileg greining á bak við það hvað í þessu máli er fólgið, engin, greinargerðin er aumkunarverð satt best að segja.

Það sem veldur mér kannski mestri umhugsun í þessum efnum er sá sláandi munur sem er á framsetningu málsins í frumvarpi formanna stjórnarflokkanna og ítarlegrar, vel rökstuddrar niðurstöðu auðlindanefndar á sínum tíma. Það er sú staðreynd að inn í frumvarpið vantar mörg kjarnaatriðin af niðurstöðu auðlindanefndar.

Þar er í fyrsta lagi málið afmarkað við náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Hér er hins vegar í greinargerð með frumvarpinu gefið í skyn að allt sé undir án slíkra takmarkana.

Í öðru lagi er sagt í niðurstöðu auðlindanefndar að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Því er sleppt hér. Þó að veita megi þeim heimildir til afnota eða hagnýtingar þá skal það vera gegn gjaldi, sagði auðlindanefnd á sínum tíma, og að því tilskildu að hún sé tímabundin, þ.e. heimildin, og henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Þessu er sleppt í frumvarpinu. Hvers vegna? Það er ekkert sem vísar til þess í sjálfu sér að um slíka skýra tímabundna og afmarkaða heimild skuli vera að ræða og að innibyggt sé að löggjafinn geti eftir því sem hann sér ástæðu til gert breytingar á fyrirkomulaginu. Sá réttur veikist sem menn hafa þó talið sig hafa, t.d. á grundvelli 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða til að gera slíkar breytingar.

Síðan verð ég að segja að ég sakna líka mjög þeirrar nálgunar sem var í niðurlagsorðum þessarar málsgreinar í tillögum auðlindanefndar á sínum tíma þar sem sagt var að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign bæri að nýta á

sem hagkvæmastan hátt, að sjálfsögðu, en á grundvelli sjálfbærrar þróunar og að arðinum skuli varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim.

Hvað er hér verið að segja? Í raun var hugsunin að lögtaka meginreglur umhverfisréttarins inn í sjálf ákvæðin sem fjölluðu um heimildir til afnota af auðlindinni. Það hefur ekki verið gert í íslenskum rétti. Það liggja að vísu fyrir núna í frumvarpi, sem sjálfsagt dagar hér uppi, fyrstu tilburðir í langan tíma til að lögtaka meginreglur umhverfisréttarins eins og þær voru fram settar í Ríó á sínum tíma, en þetta var útgangspunktur og hugsun auðlindanefndar.

Þegar maður ber þetta saman og hefur í huga að auðlindanefnd á sínum tíma vísaði í öll hin samtengdu ákvæði stjórnarskrárinnar sem hér þarf að hafa í huga, þ.e. að sjálfsögðu einkaeignarréttinn samkvæmt 72. gr. en líka jafnræðisregluna og einnig atvinnuréttindin, þá voru hlutirnir þar settir í allt annað samhengi og hafðir í miklu meira jafnvægi en hér er gert. Hafandi hlustað á t.d. túlkanir hvers þingmannsins úr stjórnarherbúðunum á fætur öðrum, eins og ungu lögfræðinganna úr Sjálfstæðisflokknum sem hér komu upp í röðum, verð ég að segja alveg eins og er að mér líst ekki allt of vel á málið.

Ég segi líka að sú nefnd sem á að taka við málinu þarf heldur betur að vanda til verka og má ekki bregðast rannsóknarskyldu sinni því að ég öfunda ekki þá menn sem ætla að fá að fara með það á bakinu að standa að afgreiðslu þessa frumvarps hafi það ekki verið vel og rækilega unnið og bera ábyrgð á því hvað þeir eru í raun að samþykkja. Ég ætla það að mönnum sé nú ekki sama, jafnvel þó pólitísk nauð þeirra sé mikil — og það væri gott ef hv. þm. Jóhann Ársælsson stæði ekki í vegi milli mín og formanns Framsóknarflokksins því að ég hef gaman af því að horfa á hann þegar ég segi þetta — ég ætla það að ábyrgð manna sé þó sú, þó að pólitísk nauð þeirra sé mikil, að þeim sé ekki sama um þær stjórnarskrárbreytingar sem þeir ætla að taka ábyrgð á með atkvæði sínu. Hver veit hvað kann út úr því að koma ef menn gera þetta svona og kasta höndum til verkanna. Eða ætla menn þá bara að láta það ráðast, láta kylfu ráða kasti og dómstólana um það að reyna að finna einhvern veginn út úr því hvað Alþingi Íslendinga hafi þá verið hér að gera?

Ég þarf ekki að endurtaka orð mín frá því fyrr í umræðunum um vinnubrögðin í aðdraganda málsins, þau eru auðvitað mjög dapurleg. Það er mjög dapurlegt að órofa hefð lýðveldistímans um að flokkar leiti samstöðu í aðdraganda málflutnings af þessu tagi, að hún skuli hafa verið rofin með þessum hætti, það er auðvitað mjög dapurlegt. Og það að svona lagað sé soðið saman í (**Gripið fram í:** Ertu búinn að gleyma fjölmiðlafundinum?) hrossakaupum á örfáum klukkutímum ef ekki sólarhringum — ég hef engu gleymt, hv. þingmaður. (**Gripið fram í:** Steingleymt.) Ég hef engu gleymt í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Það er alveg greinilegt.) Ég er með yfirlýsinguna þaðan í höndunum og er tilbúinn til að standa við hvert orð sem í henni stendur. Kostur hennar er sá, herra forseti, að hún er mjög skýr. Hún tilgreinir efnisforsendur málsins, bindur þær við álit auðlindanefndar frá 2000 og vinnuhóp stjórnarskrárnefndar og býður upp á samstarf, sem var ekki þegið, og talar þar um ríkisstjórnina en ekki Framsóknarflokkinn, svo það sé bara enn einu sinni endurtekið og haft á hreinu. Menn eiga að venja sig á að vitna rétt í skriflegar heimildir. Það er mönnum ekki til sóma að reyna að snúa út úr þeim. Menn eru mikið í því þessa dagana, sérstaklega talsmenn flokka sem hafa lítið fram að færa frá eigin brjósti, að reyna að snúa út úr annarra orðum og gera þeim upp skoðanir en það er öllu verra ef menn lenda meira að segja út í það fúafen að reyna að afflytja og rangtúlka skriflegar heimildir sem liggja fyrir.

Þessi yfirlýsing er algerlega skýr. Hún er hérna, ég er með hana í höndunum. Það er svo barnalegt af talsmönnum stjórnarliðsins, sérstaklega Framsóknarflokksins, að reyna að afflytja hana sem nokkuð getur verið og sýnir auðvitað hinn hörmulega málstað og málatilbúnað ríkisstjórnarflokkanna í þessu, að þeir eru á þeim rosalega flótta í skjól af þessari yfirlýsingu frá stjórnarandstöðunni. Eða er stjórnarandstaðan bara búin að taka völdin? Er ríkisstjórnin orðin viljalaust verkfæri í höndum stjórnarandstöðunnar? Er það það sem formaður Framsóknarflokksins er að segja? Hvernig á maður að fá einhvern botn í þetta? Nei, þetta er frumvarp frá ríkisstjórninni, þetta er komið út úr hinni pólitísku nauð sem varð á stjórnarheimilinu í kringum landsfundarhelgi framsóknarmanna. (Gripið fram í.) Öll ábyrgð þessa máls er á herðum stjórnarflokkanna og verður ekki þaðan tekin. Þaðan koma þeir henni ekki. Ég skil þá vel, herra forseti, að þá langi til þess, ég skil vel hina löglærðu menn í þeirra röðum að þeim líði illa og t.d. fyrrum formanni í stjórnarskrárnefnd og -vinnu hér, Geir H. Haarde, sem er stoltur af framlagi sínu til þeirra hluta t.d. á árinu 1995 þegar þá var gerð stjórnarskrárbreyting. Hvernig var hún gerð? Að undangenginni mjög ítarlegri og vandaðri vinnu og góðri sátt allra flokka. Það er hægt að vera stoltur af slíku en ekki (Forseti hringir.) þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 02:16.

---

# 87. FUNDUR

þriðjudaginn 13. mars,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 683. mál, þskj. 1064. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frv., 693. mál, þskj. 1097. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

3. Úrvinnslugjald, frv., 694. mál, þskj. 1105. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

4. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 686. mál, þskj. 1069. — 1. umr.

5. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Egyptalands, stjtill., 684. mál, þskj. 1067. — Fyrri umr.

6. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 449. mál, þskj. 577, nál. 1094. — Síðari umr.

7. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 571. mál, þskj. 849, nál. 1092. — Síðari umr.

8. Breyting á XIX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 572. mál, þskj. 850, nál. 1093. — Síðari umr.

9. Trjáræktarsetur sjávarbyggða, þáltill., 51. mál, þskj. 51, nál. 1127. — Síðari umr.

10. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 464. mál, þskj. 643, nál. 1070, brtt. 1071. — 2. umr.

11. Almenn hegningarlög, stjfrv., 465. mál, þskj. 644, nál. 1009. — 2. umr.

12. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 466. mál, þskj. 645, nál. 1052. — 2. umr.

13. Vísitala neysluverðs, stjfrv., 576. mál, þskj. 854, nál. 1061. — 2. umr.

14. Lögmenn, stjfrv., 653. mál, þskj. 972, nál. 1051. — 2. umr.

15. Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., stjfrv., 654. mál, þskj. 980, nál. 1072, brtt. 1073. — 2. umr.

16. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 669. mál, þskj. 1020, nál. 1104, brtt. 1121 og 1124. — 2. umr.

17. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 637. mál, þskj. 945, nál. 1122, brtt. 1123. — 2. umr.

18. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 432. mál, þskj. 520, nál. 1077, brtt. 1078. — 2. umr.

19. Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, stjfrv., 643. mál, þskj. 961, nál. 1079. — 2. umr.

20. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 459. mál, þskj. 624, nál. 1098, brtt. 1099. — 2. umr.

21. Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., stjfrv., 644. mál, þskj. 962, nál. 1100, brtt. 1101. — 2. umr.

22. Opinber innkaup, stjfrv., 277. mál, þskj. 287, nál. 1053, brtt. 1054 og 1080. — 2. umr.

23. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 618. mál, þskj. 918, nál. 1091. — 2. umr.

24. Neytendavernd, stjfrv., 616. mál, þskj. 916, nál. 1106. — 2. umr.

25. Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, stjfrv., 617. mál, þskj. 917, nál. 1107. — 2. umr.

26. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 515. mál, þskj. 778, nál. 1010, brtt. 1011. — 2. umr.

27. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 280. mál, þskj. 293, nál. 1119, brtt. 1120. — 2. umr.

28. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 281. mál, þskj. 294, nál. 1057, brtt. 1058. — 2. umr.

29. Æskulýðslög, stjfrv., 409. mál, þskj. 460, nál. 1074, brtt. 1075. — 2. umr.

30. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, stjfrv., 431. mál, þskj. 519, nál. 1030 og 1041. — 2. umr.

31. Námsgögn, stjfrv., 511. mál, þskj. 772, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.

32. Málefni aldraðra, stjfrv., 560. mál, þskj. 835, nál. 1046. — 2. umr.

33. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 272. mál, þskj. 281, nál. 1117, brtt. 1118. — 2. umr.

34. Embætti landlæknis, stjfrv., 273. mál, þskj. 282, nál. 1128, brtt. 1134. — 2. umr.

35. Heyrnar- og talmeinastöð, stjfrv., 274. mál, þskj. 283, nál. 1109. — 2. umr.

36. Fjarskipti, stjfrv., 436. mál, þskj. 547, nál. 1039, brtt. 1040. — 2. umr.

37. Vegalög, stjfrv., 437. mál, þskj. 548, nál. 1095, brtt. 1096. — 2. umr.

38. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 430, nál. 1047, brtt. 1048. — 2. umr.

39. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 1112. — 3. umr.

40. Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, stjfrv., 541. mál, þskj. 1113. — 3. umr.

41. Málefni aldraðra, stjfrv., 559. mál, þskj. 834. — 3. umr.

42. Sameignarfélög, stjfrv., 79. mál, þskj. 1082. — 3. umr.

43. Hafnalög, stjfrv., 366. mál, þskj. 1083, brtt. 1102. — 3. umr.

44. Orkustofnun, stjfrv., 367. mál, þskj. 953. — 3. umr.

45. Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, stjfrv., 378. mál, þskj. 954, brtt. 995. — 3. umr.

46. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 385. mál, þskj. 1084. — 3. umr.

47. Lokafjárlög 2005, stjfrv., 440. mál, þskj. 956 (sbr. 562). — 3. umr.

48. Tekjuskattur, stjfrv., 685. mál, þskj. 1068. — 1. umr.

49. Skipulögð leit að krabbameini í ristli, þáltill., 221. mál, þskj. 222. — Fyrri umr.

50. Umferðarlög, frv., 195. mál, þskj. 196. — 1. umr.

51. Þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum, þáltill., 553. mál, þskj. 825. — Fyrri umr.

52. Áfengislög, frv., 67. mál, þskj. 67. — 1. umr.

53. Umferðarlög, frv., 96. mál, þskj. 96. — 1. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 6. þm. Suðvest.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[10:30]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti tilkynnir að um kl. 1.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um áform um breytt rekstrarform Iðnskólans í Reykjavík. Málshefjandi er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:31]

**Útbýting:**

Embætti landlæknis, 273. mál, brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1134.

Verðbréfaviðskipti, 691. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1089.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Afstaða VG til virkjunar í neðri hluta Þjórsár – stækkun álversins í Straumsvík.

[10:31]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sagði í þingsal 22. nóvember 2005 að virkjanir í neðri hluta Þjórsár væru mjög hagkvæmar og mjög eðlilegur virkjunarkostur og, það sem meira er, að þær væru meira og minna tilbúnar. Þann 13. febrúar 2007 sagðist hv. þingmaður hins vegar algerlega vera á móti virkjunum í neðri hluta Þjórsár.

Ég hef á undanförnum vikum í þrígang reynt að knýja hv. þingmann til að skýra þessa breyttu afstöðu sína til virkjana í neðri hluta Þjórsár. Ég tók málið fyrst upp á þingi 22. febrúar, þá 28. febrúar og loks 1. mars sl. Hv. þingmaður hefur ekki vikið einu einasta orði að því eða reynt að skýra út þessa breyttu skoðun sína á virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Síðast þegar málið var tekið upp, 1. mars, var hv. þingmaður næstur á eftir mér í ræðustól og vék ekki einu einasta orði að þessu efni. Þetta var ótrúlega kauðskt svo að eftir var tekið þannig að þögnin var í raun og veru ærandi. Ég skil vel að hv. þingmanni þyki þetta mál óþægilegt og vilji helst komast hjá því að ræða það en málið verður ekki þagað í hel. Þess vegna leita ég eftir því í fjórða skiptið að hv. þingmaður skýri afstöðu sína fyrir þingi og þjóð.

Það verður að hafa í huga að um er að ræða væntanlegt forsætisráðherraefni stóra kaffibrandarans, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Staðreyndin er nefnilega sú að Vinstri hreyfingin hefur verið á kafi í stóriðju- og virkjunaráformum allt frá því að hv. þm. Ögmundur Jónasson greiddi atkvæði með síðustu stækkun Ísals þegar hún var hér á Alþingi. Það má taka vinstri græna á Akranesi, vinstri græna á Akureyri og vinstri græna á Húsavík sem allir óska eftir stóriðjuuppbyggingu og virkjunarframkvæmdum. Það er hræsni og (Forseti hringir.) tvískinnungur Vinstri grænna í stóriðju- og virkjunarmálum og það er það sem hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon þarf að skýra út fyrir þingi og þjóð.

[10:34]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég hef í tvígang ef ekki þrisvar reynt að svara þessum sömu framsóknarútúrsnúningum. Þegar hæstv. utanríkisráðherra og fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir kom með þetta hér svaraði ég því strax og fór yfir málið. Ég hef gert a.m.k. eina ef ekki tvær tilraunir til að ræða þetta mál efnislega og með rökum við hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson (Gripið fram í.) sem hefur hins vegar verið með öllu tilgangslaust. Hv. þingmaður virðist vera það sem kallað er rökheldur og þá er málið eiginlega úr mínum höndum. Ég fæ ekkert við því gert ef Framsóknarflokkurinn og þessi talsmaður hans vill umgangast hlutina og staðreyndir mála með þessum hætti.

Afstaða mín og míns flokks er skýr í þessu máli. Við viljum stöðva allar frekari stóriðjuframkvæmdir og þær stórvirkjanir sem þeim tengjast. Það gildir um stækkun álvers í Straumsvík og það gildir um virkjanir í neðri hluta Þjórsás. Þar til viðbótar bætist að andstaða heimamanna og umhverfisverndarfólks við þessar virkjanir er að harðna mjög þegar útfærsla þeirra liggur fyrir og það er orðið ljóst hversu miklu raski þær valda í nærumhverfinu. Við deilum þessum sjónarmiðum með heimamönnum og umhverfisverndarsinnum.

Virðulegur forseti. Það er brjóstumkennanlegt þegar flokkar sem ekkert hafa fram að færa frá eigin brjósti, enga stefnu til að tala fyrir, eyða tíma Alþingis dögum og vikum saman í að reyna að snúa út úr orðum annarra (Gripið fram í.) og umgangast hlutina með þessum hætti. Er nema von að aumingja Framsóknarflokkurinn tapi fylgi þegar málstaður hans og málafylgja er með þessum hætti og talsmennirnir ekki öflugri og burðugri í hans þágu en hér gefur að líta, frú forseti.

[10:36]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hinn 31. mars ganga Hafnfirðingar til atkvæðagreiðslu um stækkun álversins í Straumsvík. Stofnuð hafa verið grasrótarsamtök, Sól í Straumi, sem beita sér gegn þessum áformum álhringsins. Á hinn bóginn hafa einnig verið stofnuð samtök fyrir hinu öndverða, einstaklingar og hópar sem eru fylgjandi því að álverinu verði heimiluð stækkun beita sér fyrir þeim málstað. Um þetta er ekkert nema gott að segja. Þetta er gangur lýðræðisins.

En það er aðkoma Alcans, auðhringsins, sem ég vil gera að umræðuefni. Ég vitna í grein sem í dag birtist í Morgunpósti VG eftir Gest Svavarsson. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sá sögulegi atburður hefur nefnilega orðið á Íslandi, sennilega í fyrsta sinn, að purkunarlaust er notað fjármagn erlendra auðhringa til þess að hafa áhrif á viðhorf kjósenda. Athæfið er fullkomlega siðlaust og skammarlegt. Hvar annars staðar finnast sambærileg dæmi þess að þeir sem eiga hagsmuna að gæta troði sér — með góðu eða illu — inn í samfélagið eins og Alcan gerir nú í Hafnarfirði?"

Og Gestur Svavarsson minnir á að á Alþingi hafi verið til umfjöllunar nýjar reglur sem setja skorður við aðkomu fyrirtækja að starfsemi stjórnmálaflokka til að koma í veg fyrir að skoðanir og ákvarðanir verði keyptar. Ég vitna í lokaorð greinargerðar Gests Svavarssonar þar sem segir, með leyfi forseta.

„Ég fer þess vegna fram á að Alcan fari út úr kosningabaráttunni, dragi sig til baka með alla sína milljarða — og láti Hafnfirðinga í friði."

Nú spyr ég: Ætlar einhver þeirra sem nú verma ráðherrabekkina á Íslandi að tala fyrir hönd lýðræðisins? (Forseti hringir.) Vilja þeir setja valdi auðsins skorður?

[10:38]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegi forseti. Það hefur verið nokkuð athyglisvert að fylgjast með orðaskiptum hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég minni á að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur hvað eftir annað — ég hugsa að það skipti ekki tugum, frekar hundruðum — heimtað svör af hinum og þessum ráðherrum við öll möguleg og ómöguleg tækifæri. Ég minni á að hv. þingmaður hefur ekki vandað ráðherrum kveðjurnar ef þeir hafa ekki komið og svarað þegar hv. þingmaður hefur viljað.

En við sjáum hér hvernig hann bregst við sambærilegum hlutum þegar menn spyrja um sinnaskipti hv. þingmanns í þessu máli, sinnaskipti. Það er kannski kominn tími á að hann fari aðeins að gera upp sín mál. Ég hvet þingheim og aðra til að lesa t.d. bók fyrrverandi formanns Alþýðubandalagsins, hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, t.d. bls. 262 þar sem hún fer yfir raunverulegar umhverfisáherslur gamla Alþýðubandalagsins og hvernig hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon beitti sér fyrir því að umhverfismál færu ekki úr landbúnaðarráðuneytinu yfir í umhverfisráðuneytið á sínum tíma. (**Landbrh.:** Þetta var skuggaráðuneytið.) Nákvæmlega, þetta var gert til að kaupa menn til liðs við ríkisstjórnina, það hafði ekkert með umhverfismál að gera, nákvæmlega ekki neitt. (**Landbrh.:** Rétt hjá þér.) Ef við förum aðeins líka í sögu Vinstri grænna, af því að þeir eru svo gríðarlega mikið á móti stóriðju núna, beittu þeir sér ásamt Samfylkingunni fyrir því að t.d. Orkuveita Reykjavíkur færi út í stóriðju. Slíkt liggur alveg fyrir skjalfest og það er bara eðlilegasta mál í heimi að hv. þingmaður þurfi að svara þessum hlutum. Það er hins vegar ágætt að vita af því, hv. þm. Ögmundur Jónasson, hvernig menn ætla að haga sér ef þeir (Forseti hringir.) kæmust kannski til valda. Þá á ekki að svara spurningum.

[10:40]

**Halldór Blöndal:**

Frú forseti. Það er alltaf skemmtileg upprifjun að heyra hv. þm. Steingrím J. Sigfússon í stjórnarandstöðu tala á móti álveri og tala á móti stóriðju. Sá var ekki tónninn í honum í þetta eina skipti sem hann var ráðherra, heldur var þá farið um landið allt til að bjóða upp á álver hér og álver þar eins og hv. þingmaður man, m.a. við Dysnes við Eyjafjörð, eins og hv. þingmaður man úr þeirri ríkisstjórn, ég tala nú ekki um þegar Hjörleifur Guttormsson ferðaðist með helstu trúnaðarvini sína á Austfjörðum upp um öll öræfi til að sýna þeim virkjunarstaði og sýndi þeim hvar álver ætti að standa við Reyðarfjörð.

Staðreyndin er auðvitað sú að Vinstri grænir og Alþýðubandalagið gamla eru mjög klofin í þessu máli. Það fer eftir hagsmunum á hverjum stað hvernig talað er. Ég þekki vel flokksbræður hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar fyrir norðan og það er síður en svo að þeir tali allir einum rómi á móti álveri við Húsavík frekar en vinstri grænir gerðu þegar þeir óðu um alla Hellisheiðina með R-listanum í Reykjavík eins og auðveldlega má sjá ef maður nennir upp á heiðina.

Auðvitað er staðreyndin sú, ef við horfum t.d. til Húsavíkur, að það er ekki auðvelt að benda á fyrirtæki sem getur skotið þar fótum undir atvinnulíf með þeim hætti að ungt fólk sækist eftir að koma aftur til heimabyggðar sinnar. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur reynt að útskýra sjónarmið sín í Skarpi. Það var ekki skarplega skrifað sem hann sagði í þeim pistli og lítt traustvekjandi fyrir fólk á Húsavík sem nú veltir fyrir sér framtíð staðarins. Nú er flokkur Steingríms J. Sigfússonar orðinn næsta stór í skoðanakönnunum. Við skulum vona að hann hafi þrek og þroska til að fylgja því eftir ef svo ólíklega fer að hann fái svo mörg atkvæði sem spáð er.

[10:43]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Heldur þóttu mér aumar skýringar hv. þm. Steingríms Jóhanns Sigfússonar. Þetta er það sem á góðri íslensku mundi heita yfirklór og hét það í minni heimasveit. Enn undarlegra þótti mér þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson kom í ræðustól og fór að ræða um stækkun Ísals, maðurinn sem m.a. lýsti því hér yfir í atkvæðaskýringu, með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður svo ekki fram hjá því horft að þessi framkvæmd mun skipta miklu máli fyrir atvinnulíf þjóðarinnar og atvinnustigið í landinu."

Þetta sagði hv. þm. Ögmundur Jónasson þegar hann studdi síðast stækkun Ísals. En liðleskjan hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat ekki einu sinni greitt atkvæði á móti, hann sat hjá. Menn verða að hafa það í huga að vinstri grænir úti um allt land styðja stóriðjuuppbyggingu og virkjanir. Vinstri grænir á Akranesi vilja stóriðju á Grundartanga, Vinstri grænir á Akureyri vilja stóriðju á Húsavík, Vinstri grænir á Húsavík vilja stóriðju á Húsavík og Vinstri grænir í Reykjavík voru fremstir í flokki við að koma upp Hellisheiðarvirkjun í nágrenni höfuðborgarinnar. Þar fór fremstur í flokki gjaldkeri Vinstri grænna, einn af framkvæmdastjórnarmönnum Vinstri grænna sem sat í stjórn Orkuveitunnar, Tryggvi Friðjónsson.

Eins og ég sagði áðan eru tvískinnungurinn og hræsnin sem fram koma í málflutningi vinstri grænna þegar vikið er að stóriðju- og virkjunarmálum forkastanleg. Það er það sem menn verða að hafa í huga núna þegar forsætisráðherraefni stóra kaffibrandarans, hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon, reynir að klóra yfir breyttar skýringar sínar og breytta afstöðu sína til virkjana í neðri hluta Þjórsár. (**KolH:** Nú ... framsókn...)

[10:45]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skýrir sjálfur út afstöðu sína, ég ætla ekki að vera svo djarfur að taka þátt í þeim leik. Hið hlálega í þessu máli er hins vegar það að hér ryðjast upp í stólinn brandarakallar úr Framsóknarflokknum, flokki sem að stefnu til verðskuldar heitið rekald, flokki sem nýverið skilgreinir hugtakið þjóðareign þannig að það sé skynsamleg hagnýting náttúruauðlinda á borð við fiðurfé og sauðfé, að þeim flokki, hækju íhaldsins í 16 ár, skuli þykja það aðfinnsluvert hjá öðrum að skipta um skoðun. (**Gripið fram í:** ... í fjögur ár.)

[10:46]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það er hálfaumkunarvert að fylgjast með tilburðum formanns Vinstri grænna þar sem búið er að stökkva þeim manni á flótta undan fyrri ummælum sínum um virkjanir hér á landi.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í fyrra að það kæmi vel til greina að virkja neðri hluta Þjórsár, nefndi þá kosti sérstaklega þegar hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra spurði hvað hv. þingmaður vildi gera í þeim efnum, hann væri á móti öllu. Þá nefndi hv. þingmaður Þjórsá. Nú er allt annað og hv. þingmaður á hröðum flótta undan þeim ummælum sínum sem hann getur ekki staðið við hér í dag.

Málið er að trúverðugleiki Vinstri grænna í umhverfismálum er enginn. Þeir stóðu að uppbyggingu gríðarlegra framkvæmda á Hellisheiði. Það er búið að leggja Hellisheiði í rúst með miklum framkvæmdum þar (Gripið fram í.) og meira að segja er það svo að á meðan á þeim framkvæmdum hefur staðið hefur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hamast á Austfirðingum í þeirri uppbyggingu sem þar á sér stað. Nú er komið að Þingeyingum. Það má ekki gera neitt á Húsavík vegna þess að það er svo gríðarleg þensla og mikill uppgangur á því svæði. Hér er verið að tala um formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem er þingmaður m.a. fyrir Þingeyinga.

Hv. þingmaður á eftir að koma fram með trúverðuga stefnu í atvinnumálum, m.a. á norðausturhorni landsins. Búið er að hamast á Austfirðingum allt þetta kjörtímabil, allt sem miður hefur farið að mati hv. þingmanns í efnahagslífi þjóðarinnar hefur verið Austfirðingum að kenna og þeim framkvæmdum sem þar hafa átt sér stað — og sé ég að hv. þm. Þuríður Backman hlær mikið að þessu. Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í byggðamálum á þeim svæðum er engin og gerð hefur verið aðför að þeim byggðum sem þar standa ekki svo sterkum fótum. Við stjórnarliðar viljum standa vörð um þessar byggðir en VG segir: Stopp, stopp.

[10:48]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Eftir því sem meira er talað um atvinnumál og pólitík hér í þinginu kemur betur og betur í ljós að sósíalistarnir, gömlu kommarnir, eru búnir að yfirtaka Samfylkinguna líka. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er orðinn forsætisráðherraefni þessarar þjóðar, til hamingju með það, hv. þingmaður, og forsætisráðherra Samfylkingarinnar einnig.

Hins vegar er það makalaust að hlusta á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon halda því fram að Framsóknarflokkurinn beiti hér málþófi. Hann er aðeins með fimm þingmenn hér í þinginu og þeir tala vikum og mánuðum saman hvern einasta vetur í málæði um allt og ekkert, eru á móti öllu. Og nú hefur það komið í ljós að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem studdi eitt mál fyrir tveimur árum, að virkja í neðri hluta Þjórsá, er orðinn á móti því líka. Þessi flokkur getur nú breytt um stefnu og það er auðvitað eðlilegt, menn geta verið vitrari í dag en þeir voru í gær.

En staðan er sú að íslensk pólitík stendur frammi fyrir því, samkvæmt skoðanakönnunum, að hún er að fara 20 ár til baka. Það verður pólitísk óvissa á Íslandi ef þetta heldur áfram svona. Það hvarflar aldrei að mér að hin skynsama íslenska þjóð vilji eyðileggja þá miklu vegferð til velsældar og hagsældar sem hefur verið lagður grunnur að í tólf ár af þeim flokkum sem nú fara með völdin á Íslandi.

Ég trúi því að það muni renna upp ljós fyrir þjóðinni að fyrir ofan höfuðið á Vinstri grænum er eitt rautt merki. Það þýðir stopp, ekki bara stopp í stóriðjuframkvæmdum, heldur stopp á útrás fyrirtækjanna, stopp á hagsældina. Eina úrræðið verður gamla úrræði kommanna, að skatta fólkið og fyrirtækin til að láta aðra hafa þá peninga. Við stöndum frammi fyrir þeirri stórpólitísku stöðu á Íslandi og þetta verður þjóðin að gera upp við sig: Hvað vill hún, hvað vill hún ekki? Ég veit að hún vill ekki Samfylkinguna og Vinstri græna í meirihlutastjórn á Íslandi eins og skoðanakannanir eru að segja. (Gripið fram í.)

[10:50]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég er ekki viss um að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi farið alveg nógu langt til baka. Ég gæti trúað að að einu leyti yrðu íslensk stjórnmál nær því að fara 30 ár til baka en 20 ár. 1978 var nefnilega Framsóknarflokkurinn minnsti flokkur landsins, minnstur á Alþingi. Það skyldi nú ekki vera að að þessu leyti gæti sagan átt eftir að endurtaka sig og við upplifum Framsóknarflokkinn í svipuðu hlutverki og svipuðum styrkleika hér á næsta kjörtímabili og hann var eftir kosningar 1978? (Gripið fram í.)

Ég get ekki gert framsóknarmönnum þann greiða, sem ég veit að þeir mundu helst vilja af mér þiggja, að hætta að vera til. Ég veit það og ég finn að tilvera mín og tilvist í íslenskum stjórnmálum veldur miklu hugarangri í Framsóknarflokknum, það leynist engum manni sem með þessum umræðum hefur fylgst. Ég sting upp á að Framsóknarflokkurinn horfist í augu við það að þeim veruleika fær Framsóknarflokkurinn ekki breytt. Framsóknarflokkurinn ræður því að sjálfsögðu hvernig hann hagar sínu máli, en mér stjórnar hann ekki. Ég tala fyrir sjónarmiðum mínum og útskýri mín mál og ég hvet þá sem vilja leggja sig eftir efni máls að lesa ræður mínar í heild en notast ekki við tilvitnanir af því tagi sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson greip til hér um daginn þegar hann sleppti aftan af setningu í tilvitnun vegna þess að hún passaði ekki inn í samhengið. Ég man ekki eftir því áður að þannig hafi verið vitnað í mál mitt, að menn sleppi aftan af setningu sem ekki passar inn í samhengið, það er óvenjulegt.

Það er kostulegt að heyra Framsóknarflokkinn, sem fyrir fjórum árum hamaðist við að reyna að sannfæra þjóðina um að við værum á móti öllum virkjunum, á móti öllum framkvæmdum, (**GÓJ:** Er það ekki rétt?) snúa nú við blaðinu og segja að við séum með öllu. (**GÓJ:** Er það ekki rétt?) Ég held að þjóðin sjái í gegnum þetta og skoðanakannanir benda með skýrum hætti til þess að hún geti alveg hjálparlaust (Forseti hringir.) gert upp hug sinn í þessu máli.

[10:53]

**Útbýting:**

Vegalög, 437. mál, brtt. JBjarn, þskj. 1135.

### *Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.*

Frv. GHH (forsrh.) og JónS (iðn.- og viðskrh.), 683. mál (þjóðareign á náttúruauðlindum). — Þskj. 1064.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

Frv. vísað til stjórnarskrárn. án atkvgr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2.–3. dagskrármáls og brtt. 1135. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv.

### *Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 1. umr.*

Frv. umhvn., 693. mál. — Þskj. 1097.

[10:56]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):**

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að hafa mörg orð um frumvarpið sem ég mæli hér fyrir. Þetta er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og tengist breytingunum á virðisaukaskatti sem lækkaði úr 24% í 7% á matvælum og ýmsum vörum eins og þekkt er orðið. Lækkun á álagningu virðisaukaskatts á matvæli hefur áhrif á rekstrargrundvöll Endurvinnslunnar hf. og leiðir til þess að félagið verður af umtalsverðum tekjum, en Endurvinnslan er það fyrirtæki sem heldur utan um umbúðagjald af einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur.

Í fyrsta lagi er lagt á svokallað skilagjald sem nú er 8,04 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu og til viðbótar því er lagt á umsýslugjald sem standa á undir rekstri kerfisins og er upphæð gjaldsins mismunandi eftir umbúðategundum. Fjárhæð umsýslugjaldsins er einnig án virðisaukaskatts. Endurvinnslan hf. fær greitt í gegnum ríkisbókhaldið framangreind gjöld sem innheimt eru í tolli eða hjá innlendum framleiðendum auk virðisaukaskattsins. Þegar lögin voru sett var virðisaukaskatturinn fremur nýr og aðrar starfsreglur giltu þá um greiðslur.

Skilagjald á einnota umbúðir var fram til 1. mars sl. 10,00 kr. og skiptist þannig að skilagjald án virðisaukaskatts voru áðurnefndar 8,04 kr. og virðisaukaskatturinn 1,96 kr. Lækkun virðisaukaskatts á matvæli hefur í för með sér umtalsverða tekjuskerðingu fyrir Endurvinnsluna hf. sem felst einkum í því að ef skilagjald verður áfram 8,04 kr. mun innheimt skilagjald af einnota umbúðum af öðrum drykkjum en áfengum drykkjum vera 8,60 kr. í stað 10,00 kr. Skilagjald af umbúðum áfengra drykkja verður áfram 10,00 kr. Breyting á virðisaukaskatti á matvæli hefur jafnframt áhrif á uppreikning umsýslugjalds þar sem fjárhæðir þess eru einnig án virðisaukaskatts og tekjur Endurvinnslunnar hf. af umsýslugjaldi eru þóknun ásamt virðisaukaskatti. Umsýslugjald er grunnforsenda rekstrartekna félagsins. Í ljósi þessa er lagt til í frumvarpi þessu að breyting verði gerð á lögunum til að leiðrétta þau áhrif sem lækkunin hefur.

Framangreindar breytingar eiga ekki að leiða til raunhækkunar á innheimtum gjöldum heldur að tryggja að Endurvinnslan hf. fái það sama og hún fékk fyrir lækkun virðisaukaskattsins. Í frumvarpinu er miðað við hvað gjöldin þurfa að hækka miðað við 7% virðisaukaskatt. Vert er að benda á að virðisaukaskattur lækkar ekki á áfengi en um 15% af þeim umbúðum sem koma inn eru flöskur undan áfengi. Að mati Endurvinnslunnar hf. og fjármálaráðuneytisins er illframkvæmanlegt að setja mismunandi gjald á vöru eftir því hvort umbúðirnar bera 7% virðisaukaskatt eða 24%. Því er lagt til að sama gjald verði lagt á allar drykkjarvöruumbúðir og að Endurvinnslan hf. fái alltaf 7% af virðisaukaskattinum en í þeim tilvikum sem hann sé í raun 24% fari afgangurinn í ríkissjóð. Með breytingunum er Endurvinnslunni hf. gert fært að standa áfram undir lögbundnu skilagjaldi að upphæð 10,00 kr. sem það var hækkað upp í nýverið en við það jukust skil á einnota drykkjarvöruumbúðum.

Lagt er til að lögin taki þegar gildi.

Eins og ég nefndi, virðulegi forseti, er ekki um neina stefnubreytingu að ræða hvað þetta varðar. Hins vegar er mikilvægt að þær breytingar sem voru á virðisaukaskatti verði ekki til þess að það dragi úr skilum á einnota umbúðum og þess vegna er frumvarpið fram komið, það er til þess að sama upphæð fari í það gjald áfram eins og nú er til þess að sá árangur sem við höfum náð við að ná inn einnota umbúðum viðhaldist og helst aukist. Eins og kemur fram í greinargerðinni var skilagjaldið nýlega hækkað um í 10,00 kr. sem jók skilin mikið á einnota umbúðum. Ég þarf ekki að fara yfir það með þingheimi um mikilvægi þess að við náum árangri á því sviði. Ég hef trú á því að það sé góð eining innan þingsins að við viðhöldum því og gerum helst betur.

Virðulegi forseti. Þetta er fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Þetta er ein af afleiðingunum af þeim góðu virðisaukaskattslækkunum og er til þess fallið að koma í veg fyrir að það verði til þess að tekjur af endurvinnslu á einnota umbúðum minnki.

[11:01]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlýddi á mál hv. þingmanns. Mér þótti það giska flókið og skildi ekki allt sem hann sagði. Mig langar hins vegar til að varpa þeirri spurningu til formanns umhverfisnefndar hvernig stendur á því að nefndin flytur þetta. Eins og ég skil málið er það partur af þeim breytingum sem ráðast verður í vegna breytinga á virðisaukaskatti. Hæstv. ríkisstjórn hefur lagt hér fram ýmiss konar þingmál til þess að ná fram markmiðum sem hún lýsti. Þýðir þetta að menn hafi gleymt þessu máli og þetta sé til marks um að heimavinna hæstv. ríkisstjórnar hafi ekki verið nægilega vel unnin? Hér hleypur umhverfisnefnd til þess á lokaspretti þingsins miðað við starfsáætlun og flytur þetta mál. Hvað veldur því? Af hverju er það ekki ráðherrann sem flytur málið?

Sömuleiðis langar mig til að spyrja út í eitt tæknilegt atriði sem hv. þingmaður nefndi hér og hugsanlega hef ég misskilið hann, ég tek það fram, en ég skildi það svo að í einhverjum tilvikum væri um að ræða stöðu þar sem er 24,5% virðisaukaskattur en sá hluti sem nemur 7% fer í gegnum endurvinnsluna í tengslum við skilagjöld en afgangurinn rennur í ríkissjóð. Getur hv. þingmaður skýrt út fyrir mér hvað í þessu felst? Er þarna um að ræða einhvers konar dulda skatttöku sem tengist þessu máli sem verður þá hugsanlega að liggja ljósar fyrir? Eins og ég sagði er hugsanlegt að ég hafi misskilið hv. þingmann og ekki heyrt í þeim klið sem var hérna áðan. Hv. þingmaður getur kannski skýrt þetta út fyrir mér. Í öllu falli vildi ég gjarnan fá að vita af hverju málið er flutt af nefndinni en ekki af fagráðherranum.

[11:03]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Þetta er eitt af þeim málum sem mikilvægt er að koma í gegn. Ég þekki ekki sögu þess af hverju það er nefndin sem gerir það, en þegar kemur að úrvinnslugjöldum og öðru slíku þá hefur umhverfisnefndin séð um það og t.d. er núna mál strax á eftir þessu um úrvinnslugjald, þ.e. breytingar á því, og við höfum flutt ansi margar breytingar á því í gegnum tíðina.

Varðandi spurninguna um 24,5% og 7% kemur fram í greinargerðinni að að mati Endurvinnslunnar hf. og fjármálaráðuneytisins er illframkvæmanlegt að setja mismunandi gjald á vöru eftir því hvort umbúðirnar bera 7% virðisaukaskatt eða 24,5%. Því er lagt til að sama gjald verði lagt á allar drykkjarvöruumbúðir og að Endurvinnslan fái allt að 7% af virðisaukaskattinum en í þeim tilfellum þegar hann er í raun 24,5% þá fari afgangurinn í ríkissjóð.

Með breytingunum er Endurvinnslunni hf. síðan gert kleift að standa áfram undir lögbundnu skilagjaldi að upphæð 10 kr. sem var hækkað nýverið en við það jukust skil á einnota drykkjarvöruumbúðum. Ef þetta skýrir málið eitthvað er það gott, annars er þingmanninum velkomið að spyrja frekar út í þetta. Mér sýnist samt sem áður að allt málið sé þannig að það beri keim af því að þetta fyrirkomulag sé nokkuð í anda eldri tíma. Þar getur hv. þm. Össur Skarphéðinsson kannski útskýrt og farið yfir það með þingheimi hvernig þetta kom til á sínum tíma. Ég hef trú á því að hann hafi komið að þessu á einhverjum tímapunkti.

[11:05]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Sökum þingæsku hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar fer hann hér villur vegar. Ég kom ekki að því á sínum tíma, heldur var það þvert á móti þannig að ég var undanfari einkavæðingarinnar sem hér hefur átt sér stað í hinu íslenska samfélagi. Þegar ég var umhverfisráðherra lagði ég til að það sem mig minnir að þá hafi verið komið niður í 15% hlut ríkisins í fyrirtækinu yrði selt, þessu yrði komið af höndum ríkisins. Ég taldi að það ætti ekki að eiga þetta, málið var komið á það stig þá að þetta gat séð um sig sjálft án aðkomu ríkisins.

Við notum yfirleitt fyrstu umræður um mál í þinginu til að grafast fyrir um og rannsaka mál. Hjá mér vöknuðu spurningar við mál hv. þingmanns og ég geri í sjálfu sér engar athugasemdir við það þótt hann eigi kannski erfitt með að skýra flókin tæknileg atriði. Ég kann hugsanlega að misskilja það enn en mér sýnist sem sagt að í sumum tilvikum sé um það að ræða að ofan á úrvinnslugjaldið leggist virðisaukaskattur sem í sumum tilvikum rennur þá beint til ríkisins. Þetta hefur kannski verið svona áður, ég er ekki kunnugur því. Í öllu falli virðist mér sem þarna kunni að vera um nýja skattheimtu að ræða þó að hin raunverulega upphæð sem tekin er með þessum hætti inn til ríkisins, þ.e. mismunur á 24,5% og 7% vaski á tilteknar umbúðir, sem er þá stofninn að því sem ríkið fær.

Ég hefði gjarnan viljað ræða það og skoða. Ég hef, eins og hv. þingmaður kannski man, mjög oft fett fingur út í þetta tiltekna atriði. Af því að málið er flutt hér af nefndinni eru engin tækifæri fyrir mig til að skoða þetta. Væntanlega þýðir flutningur nefndarinnar að það fer ekki aftur til nefndar þannig að þetta er dæmi um færibandavinnslu sem fer hér í gegn og menn eru ekki klárir á hvað í því felst. Ég rifja aðeins upp að þegar aðrir menn voru umhverfisráðherrar fluttu þeir sjálfir frumvarp af þessu (Forseti hringir.) tagi.

[11:07]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gleðst yfir því að heyra að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi verið fylgjandi einkavæðingu. Ég vona að það verði sem oftast og sem mest á þingferli hans og ferli hans í stjórnmálum og þakka honum fyrir að vekja athygli á því.

Ég sé ekkert sem mælir — (**ÖS:** Þú ert að horfa á manninn sem einkavæddi Síldarvinnsluna á ...) Virðulegi forseti. Ég vissi að hv. þingmaður væri stór í þinglegu samhengi en hér vekur hann athygli á því að hann er auðvitað miklu stærri en sá sem hér stendur hafði einu sinni hugsað sér.

Hvað sem því líður er ekkert sem mælir gegn því að ef eitthvað er óljóst, hvort sem er í máli mínu eða kemur fram í greinargerðinni, að við skoðum þetta mál og ef málefnalegar ábendingar sem við þurfum að fara betur yfir koma fram er auðvitað sjálfsagt að gera það og við höfum öll tök á því eins og þingreyndur maður þekkir mjög vel, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þannig að ég hvet hann til, ef það er eitthvað í þessu máli sem þarf að skoða betur, að benda á það. Við höfum tækifæri til þess og við vinnum hratt í þinginu eins og allir þekkja þegar svo ber undir. Að sjálfsögðu, ef eitthvað þannig kemur fram að við þurfum að skoða það og setja það í nefndina, þá höfum við tækifæri til þess. Það er ágætisfólk í hv. umhverfisnefnd sem er alveg fært um að fara yfir það og hefur farið í mörg svona mál í gegnum tíðina.

[11:09]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Þetta frumvarp flytur umhverfisnefnd. Það er rétt sem fram kom í umræðum áðan að það er óvenjulegt að nefndir flytji frumvarp af sjálfsdáðum. Þó hefur verið gripið til þess í neyðartilvikum og þannig stendur á að við í umhverfisnefnd höfum sýnt Úrvinnslusjóði og málefnum hans

sérstakan skilning.

Það er þannig að yfirleitt þarf á hverju hausti, stundum nokkrum sinnum á þingi, að flytja frumvörp sem varða þennan sjóð og þessi gjöld vegna þess að skatt má ekki setja á nema með lögum. Við höfum tekið þá afstöðu að fylgja þessu ákvæði stjórnarskrárinnar til hins ýtrasta og ekki gefið neinn afslátt af því þótt menn hafi farið fram á slíkt. En það þýðir að fara þarf í gegnum þennan formlega gang mörgum sinnum.

Síðara frumvarpið sem við flytjum í dag, það næsta, þar sem breytt er lögum um úrvinnslugjald, er mjög sígilt dæmi um slíkt frumvarp. Þannig stendur á því að þar urðu einhver mistök í úrvinnslu hjá, að ég hygg, Umhverfissjóði, án þess að ég ætli að kasta sökinni beint þangað. Þau mistök eru að minnsta kosti á okkar ábyrgð í umhverfisnefnd og hlýðir þess vegna að við flytjum það frumvarp.

Ég verð hins vegar að segja að ég er nokkuð efins um það frumvarp sem við ræðum nú, hvort rétt var hjá umhverfisnefnd að fallast á að flytja það sjálf. Þetta er ekki frumvarp sem kemur til af mistökum eða leiðréttingum á þessum flóknu talnadálkum í lögunum sem alltaf þarf að breyta. Af hverju þarf alltaf að gera það? Jú, það er vegna þess að Úrvinnslusjóði er ekki ætlað að færa fé til ríkissjóðs heldur er honum ætlað annað hlutverk, að útfæra mengunarbóta- eða mengunargreiðsluregluna með þeim hætti að þeir borgi sem eru ábyrgir fyrir menguninni, að þeir borgi það sem þeim ber en ekki meira en það. Þess vegna er sífellt flökt á þessum útreikningum, þó minna og minna með hverju ári, þar sem menn öðlast meiri reynslu og verða færari við að reikna þetta út.

Það sem hér er um að ræða er hins vegar annað. Eins og ég segi, ég held að það hafi kannski ekki verið rétt hjá okkur í umhverfisnefnd að fallast á að flytja þetta frumvarp sjálf því hér er um mistök ríkisstjórnarinnar að ræða. Mistök ríkisstjórnarinnar við að koma fram þeim skattbreytingum sem hún sjálf lagði til. Ekki er eingöngu um að ræða mistök ríkisstjórnarinnar heldur líka mistök á þinginu, ekki er gefinn tími til almennilegra vinnubragða, forseti, eins og vera ætti á þjóðþingi, heldur þarf að hlaupa fram og aftur. Á dagskrá dagsins í dag, 13. mars, eru t.d. um 50 mál að ég hygg, (**Gripið fram í:** 53.) 53 mál er sagt hér í salnum, þar af aðeins eitt atkvæðagreiðslumál þannig að við erum í fyrsta máli af 52 sem forseti og félagar hans í þinginu ætla að afgreiða í dag. Það er mikil afgreiðsla.

Þessi mál eru með ýmsum hætti. Þau eru komin úr nefndum flest nema þau tvö sem nefnd flytur. Þau eru samkomulagsmál sem heföi verið hægt að semja við stjórnarandstöðuna um að afgreiða hratt og vel ef aðrir þættir þinghaldsins fram undan lægju fyrir. En þarna eru líka ágreiningsmál, meira að segja mál þar sem stjórnarandstöðunni hefur ekki unnist tími til að setja fram minnihlutaálit eða flytja breytingartillögur. Enginn fyrirvari er gefinn, forseti, um slík mál. Ekki er látið af því vita að þetta sé á dagskrá á morgun eða sé fram undan. Því er bara prýst á dagskrána í því trausti að menn af einhverri óskiljanlegri ábyrgðartilfinningu standi sína plikt. Þessi vinnubrögð eru ámælisverð og ég fordæmi þau. Ég vil nota svo sterkt orð.

Ég er hér á fyrsta kjörtímabili, hvort þau verða fleiri, það vitum við ekki. En ég hef undrast margt á þessu fyrsta kjörtímabili þótt ég teldi mig hafa vitað töluvert um störf Alþingis. Þessi vinnubrögð eru á þann veg að þau eru fyrir neðan allar hellur. Þau tvö frumvörp sem við flytjum nú eru talandi, lýsandi, æpandi dæmi um það hvernig þingið starfar og hver virðing er borin fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar og ráðherranna sem hér sitja.

Ég tel, eftir þær örlitlu umræður sem hafa farið fram, að þetta frumvarp verði að koma aftur í nefnd. Við verðum að fá um það umsagnir eða að minnsta kosti fá gesti á fund. Þar ber mest á þeirri skattheimtu sem fer fram í frumvarpinu. Það er undarlegt, og ég biðst afsökunar á því að tala þannig um eigið frumvarp, en það fór með einhverjum hætti fram hjá mér að hér væri frumvarp beinlínis um aukna skattheimtu í ríkissjóð þar sem ekki á að gera mun á 7% virðisaukaskatti og 24% virðisaukaskatti, af tæknilegum ástæðum. Afgangurinn á að renna í ríkissjóð.

Vegna þess að nefndin var véluð til að flytja þetta frumvarp, forseti, fær frumvarpið ekki umsögn hjá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins eins og þurft hefði og við verðum að fá slíka umsögn í nefndinni. Því þessi skattheimta, þótt ekki virðist hún vera stórkostleg, er auðvitað þannig að þingið getur ekki leyft sér að leggja á skatt — það veit hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson líka og er ekki ánægjulegt fyrir hann út af fyrir sig, miðað við málflutning hans á árum áður, að standa að slíku frumvarpi — án þess að gera sér grein fyrir því hversu mikil sú skattheimta er. Hvert á sá skattur að renna? Rennur hann með einhverjum hætti aftur í Úrvinnslusjóð eða rennur hann aftur, og þá með hvaða hætti, til almennings? Þessu er ósvarað í þeirri greinargerð sem ég er hér talinn standa að. Ég tel að við verðum ósköp einfaldlega að bæta um betur, umhverfisnefndarmenn, og fá þetta á hreint til þess að við getum mætt spurningum og gagnrýni í 2. og 3. umr. um málið.

Ég verð svo að segja almennt um umbúðir og úrvinnslumál, að þrátt fyrir allt hefur þessi breyting, þetta skref til nýs umhverfishagkerfis á Íslandi, gengið vel. Ár frá ári hafa bæst við í þetta kerfi umbúðir utan af ýmsum vörum og ég tel að það sé gott fólk sem stendur að þessu. Fagfólk, sem hefur sótt sér þekkingu og reynslu þangað sem hún fæst best. Það má hins vegar ekki stöðvast í þessu og þó við höfum ekki gert það á þessu þingi, þar sem mikið hefur verið að gera, eins og ég sagði áðan, forseti, þá eigum við auðvitað að halda áfram.

Í fréttum um daginn var sagt að söfnun rafhlaðna gengi ákaflega illa. En hún á sér enga hagræna hvata og fer eingöngu þannig fram að hægt er að setja á stöku staði, ég hygg á bensínstöðvar fyrst og fremst, rafhlöður án þess að fá nokkurt endurgjald fyrir þær. Það er sem sé ekkert úrvinnslugjald á þeim. Þetta trassa menn ósköp einfaldlega. Skil á rafhlöðum, ætli ársnotkun á rafhlöðum fylli ekki þennan gamla sal, eru sáralítil. En rafhlöður, eins og við vitum, geyma spilliefni, eiturefni, þó mismikið eftir því hvers eðlis þær eru. En engin þeirra er eðli málsins samkvæmt laus við slíkt. Ég spurði um þetta í fyrri umræðu um úrvinnslugjald en fékk þá engin svör frá þeim ráðherra sem flutti frumvarpið að því sinni. En það er rétt að hafa í huga að þetta er eitt af þeim verkefnum sem við þurfum að sinna á næsta þingi eða næstu þingum.

Við höfum líka rætt mikið um dagblöð. Ég furða mig á

því að ekkert skuli hafa gerst meira í dagblaðamálunum. Það er sjálfsagt að taka upp þá umræðu og hér er ágætistækifæri til þess við umræður um ekki óskylda hluti. Það þarf að hafa stjórn í því efni og frumkvæði sveitarfélaganna í því að safna dagblöðum virðist ekki ganga, ekki skila sér. Hver heimilismaður á hvaða einasta heimili á landinu, þó sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, kannast við þann vanda sem dagblöð og auglýsingapésar af öllu tagi skapa. Daglega koma miklir hlaðar af blöðum, sérstaklega í fjölbýlishús eins og ég bý í. Og morgunverk þess sem fyrstur kemur niður er að krjúpa fyrir framan útidyrnar og hirða þetta allt saman í bunka. Morgunblaðið, og stundum kemur eitthvert fasteignablað með því án þess að óskað hafi verið eftir, það er þó áskriftarblað. Fréttablaðið í sjö eintökum í mínu húsi og Blaðið í sjö eintökum. Síðan koma aukablöð með þessu og svo auglýsingabæklingar um hitt og þetta sem hægt er að kaupa í Kringlunni og Smáralind. Þetta verkefni reiða menn nú fúslega fram á Laugavegi 49, hver um sig, eftir því hver er fyrstur úr húsi eða niður að dyrum. En síðan hleðst þetta upp við hlið þessara útidyra þangað til fórnfúsir menn taka að sér að rimpa þetta saman og fara með það út í tunnu, flestir. En þó eru nokkrir íbúar í þessu húsi sem sinna skyldu sinni af kostgæfni sem borgarar jarðar og sæta færis að setja þetta í þá sérstöku söfnunarkassa sem sveitarfélag mitt þó hefur til reiðu, að vísu í nokkurri fjarlægð frá húsinu.

Þetta er saga sem næstum allir þekkja. Og ríkisvaldið og frammistaða þess í þessu efni er nánast engin. Það er engu af að hrósa. Hvers vegna? Þá fara menn að flækja málin með þátttöku sveitarfélaganna í verkefninu. En vera kann að hin raunverulega ástæða séu einhvers konar hagsmunir, hugsanlega blaðaútgefenda, sem standa á móti. Ég verð að viðurkenna að ég hef ákveðna samúð með hagsmunum blaðaútgefenda og tímarita, vegna þess að ekki er einungis um venjuleg viðskipti að ræða heldur líka drjúgan þátt af menningar- og menntalífi þjóðarinnar, fullkomlega ómissandi. Á litlu málsvæði eins og við Íslendingar myndum verður almannavaldið að sjá svo um að vel sé búið að útgáfu allri, ekki síst dagblöðum og tímaritum.

Við höfum sem betur fer haft tækifæri til þess á kjörtímabilinu, forseti, að fara í gegnum þá umræðu, einkum þó í hinu fræga máli sem félagar hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar stóðu fyrir og forustumenn hans á þeim tíma og reyndar sumir enn, og kallað var fjölmiðlamálið. Það hafðist þó út úr fjölmiðlamálinu að nokkuð rækileg umræða náðist um gildi fjölmiðlanna allra, þar á meðal dagblaða og tímarita, fyrir íslenska menningu og fyrir íslenskt þjóðlíf, sem ég er ekki viss um að allir hafi áttað sig á. Að minnsta kosti ekki þeir sem stóðu í þessum stóli og mæltu fyrir álögum, miðstýrðu ríkiskerfi nánast, sem átti að sveipa alla fjölmiðlana í.

Það lagaðist reyndar seinna, forseti, með síðara fjölmiðlafrumvarpinu sem svo er kallað. En af því er það að frétta að vegna hins undarlega vinnufyrirkomulags og skipulags á þinginu, sem á sér aðra rótina að minnsta kosti í þjösnagangi og virðingarleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart því starfi sem hér er unnið, hefur það frumvarp aðeins verið tekið fyrir í menntamálanefnd í frumvinnu eða forvinnu, með þeim hætti að fulltrúar þess hæstv. ráðherra sem flutt hefur frumvarpið hafa komið á fund nefndarinnar og fjallað um það. En síðan höfum við þurft að leggja það til hliðar til þess að fjalla um önnur mál, sem þóttu kannski ekki brýnni en að minnsta kosti aðeins einfaldari, og höfum ekki komist í þetta mál í vetur, sem er nú þinginu ekki til sóma og sérstaklega á þessu kjörtímabili, sem þegar frá líður verður kannski ekki síst minnst fyrir hinar miklu og harðvítugu deilur um fjölmiðlafrumvarpið sem stóðu hér á fyrsta og öðru þingi þess.

Enn fremur höfum við talað töluvert um Úrvinnslusjóðinn og rætt um það hvernig heppilegt stjórnarfyrirkomulag væri á honum. Ég held að það sé best að ég endurtaki það hér, áður en þessari ræðu lýkur, að ég hef í engu breytt um skoðun á því að stjórnarfyrirkomulag það sem sett var upp í byrjun sé ekki heppilegt. Neytendur hljóti að eiga einhvers konar aðkomu að þessum sjóði og það sé eðlilegt að fleiri en aðeins fulltrúar atvinnurekenda og ríkisins sitji þar. Ég tel eðlilegt að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar sitji þar í stjórn eða að minnsta kosti í námunda við stjórnina. En ég skal hins vegar viðurkenna að stjórnin, sú sem nú situr, hefur staðið sig vel og þegar um það er að ræða þá rekur engar nauðir til að breyta því kerfi. Ég vil hins vegar halda því vakandi að þetta er einn af göllunum á Úrvinnslusjóðnum.

Forseti. Ég vil fyrir hönd nefndarinnar biðjast afsökunar á því að þetta plagg sem geymir frumvarp til laga, það sem við erum að ræða um, og greinargerð með því, er í raun og veru ekki sómasamlegt að stafsetningu. Þar eru þrjár villur sem ég rekst á bara við fyrstu yfirsýn. Það ber allt þess merki, bæði efnislega og að frágangi, að vera flutt í miklu hasti og miklum flýti og ég tel það mjög miður að það skuli vera svo.

Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi. Ég tel að nefndin þurfi að skoða frumvarpið aftur, leiðrétta ásláttarvillurnar í því en ekki síður fara vandlegar yfir það en við gáfum okkur tíma til í upphafi. Þar er sérstaklega um að ræða þá skattheimtu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom sínu glögga auga á að felst í frumvarpinu. Við þurfum að rannsaka hve mikil hún er og hvort ekki er hægt að komast hjá henni. Ef það er ekki hægt þurfum við líka að athuga hvert þetta á að renna þannig að ekki séu brotnar þær grunnreglur sem þetta kerfi allt saman byggist á. Ég á hér síðari ræðu hugsanlega og mun þá halda áfram að fjalla um frumvarpið en tel að að sinni hafi ég sagt nóg.

[11:29]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þingmanni Merði Árnasyni sem gerði þá játningu að okkur í umhverfisnefndinni hefðu yfirsést ákveðnir hlutir þegar þetta mál var lagt fyrir nefndina. Okkur yfirsást að hér væri gert eitthvað annað en að leiðrétta þá lækkun sem virðisaukaskattslækkunin margumrædda hefur í för með sér á skilagjaldsskyldar umbúðir og úrvinnslu þeirra. Hér lítur út fyrir að sé um nýja skattheimtu að ræða. Endurvinnslan hf. þarf áfram umsýsluþóknun til að standa undir rekstri starfseminnar, ég dreg það ekki í efa, en það breytir ekki því ekki að málið var ekki kynnt þannig í umhverfisnefnd enda ekki við því að búast þegar nefndin situr í blóðspreng á síðustu dögum þessa þings við að afgreiða gríðarlega stór og

flókin mál á tíma sem er í raun kreistur undan blóðugum nöglunum á starfsmönnum þingsins sem reyna að útdeila þessum litla tíma á milli nefndanna og gengur mjög illa að fá það svigrúm sem þarf til þess að afgreiða þau viðamiklu mál sem fyrir liggja.

Ég nefni mál eins og losun gróðurhúsalofttegunda, mál sem er fullur vilji í nefndinni til að vinna vel og skila vel til 2. umr. Ég nefni mál eins og Vatnajökulsþjóðgarð og breytingu á náttúruverndarlögum. Þessi þrjú mál eru viðamikil og taka tíma. Það skiptir verulegu máli að nefndin reyni að sinna því starfi sínu sem best hún má og þá er afar önugt að umhverfisráðherra hæstv. skuli ætlast til að nefndin flytji frumvarp af þessu tagi sem er þröngvað með skóhorni á milli þyngri og erfiðari mála sem nefndin er í blóðspreng við að vinna að og reyna að skila til 2. umr.

Það er kapítuli út af fyrir sig, hæstv. forseti, hvernig staðið hefur verið að vinnunni af hálfu ríkisstjórnarinnar í allan vetur. Ég vil sérstaklega beina augum mínum að hæstv. umhverfisráðherra og þeim málum sem komið hafa frá ráðuneyti umhverfismála. Svo háttaði til lengi framan af vetri að umhverfisnefnd þurfti ekkert að funda og gat ekki fundað vegna þess að engin stjórnarþingmál voru komin til nefndarinnar og hv. formaður nefndarinnar sá ekki ástæðu til að vera eyða tíma nefndarinnar í að fjalla um stjórnarandstöðumál, þ.e. þingmannamál frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar. (Gripið fram í.) Reyndar voru nokkur slík mál inni í nefndinni. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum var eitt þeirra og friðlýsing Jökulsár á Fjöllum annað. (**Umhvrh.:** Rammaáætlun um náttúruvernd.) Hún kom reyndar aðeins síðar, en á fyrstu mánuðum þingsins voru þessi tvö mál í nefndinni. (Gripið fram í.) Til upprifjunar fyrir hv. þm. Guðlaug Þ. Þórðarson kom stækkun friðlandsins í Þjórsárverum inn í nefndina 10. október, og friðlýsing Jökulsár á Fjöllum reyndar síðar, en fékkst ekki rædd fyrr en í lok janúar.

Lengi framan af blasti við nefndinni var að hún hefði ekki nægan fjölda mála til að nýta fundartíma sinn. Á fyrstu tveimur og hálfum mánuði starfstíma þingsins, þ.e. alveg fram að jólahléi, voru einungis fimm fundir haldnir í umhverfisnefnd. Síðan gerist það að hæstv. umhverfisráðherra gubbar inn málum eftir jól. Þá koma til nefndarinnar stór og viðamikil mál, t.d. meginreglur umhverfisréttar, sem er vísað til nefndarinnar 15. febrúar og losun gróðurhúsalofttegunda, sem ekki er vísað til nefndarinnar fyrr en 2. þessa mánaðar og frumvarp til laga um breytingu á náttúruverndarlögum sem sömuleiðis er vísað til nefndarinnar 2. mars ásamt tveimur viðamiklum málum sem við höfum ekki haft tækifæri til að líta á, enda mun það hafa verið ætlun hæstv. umhverfisráðherra að þau mál yrðu einungis sett til kynningar inn í nefndina svo að nefndin gæti sent þau til umsagnar. Þar er um að ræða frumvarp til heildarlaga um skipulagslög og sömuleiðis mannvirkjalög.

Þótt hæstv. umhverfisráðherra hafi í orðu kveðnu gefið til kynna að hún legði þetta til nefndarinnar eingöngu til skoðunar þá sagði hún engu að síður í flutningsræðum sínum að hún teldi sjálfsagt og vildi í sjálfu sér helst af öllu að nefndin tæki málin til skoðunar. Það var ekki í neinu sambandi við þann veruleika sem blasti við nefndinni. Auðvitað hefur nefndin ekki haft tækifæri til að líta á þau veigamiklu mál enn sem komið er og þurfa þau að sjálfsögðu að bíða næsta þings.

Þetta gefur þá mynd að umhverfisnefnd hefur þurft að búa við þær aðstæður að hæstv. ráðherra hefur komið allt of seint með sín mál inn í þessa nefnd. Það leiðir síðan af sér að nefndinni er núna gert að flytja, ekki bara eitt frumvarp, ekki bara tvö heldur þrjú frumvörp: þ.e. það sem hér er um rætt, breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða; það sem verður rætt á eftir, breyting á lögum um úrvinnslugjald og í þriðja lagi breytingu á lögum um brunavarnir þar sem er um að ræða flutning verkefna Brunamálastofnunar. Það mál dúkkaði allt í einu upp hjá umhverfisnefnd á síðasta fundi, fullbúin hugmynd að frumvarpi þar sem breytt er nokkuð mörgum greinum umræddra laga. Nefndin hefur ekki haft svigrúm til þess að fjalla um það mál svo neinu nemi enda, eins og ég hef áður vikið að, upptekin við önnur mál.

Hæstv. forseti. Þetta sýnir í hnotskurn hvert ástandið er hjá þessari ríkisstjórn. Málin koma of seint inn í nefndirnar. Þingmenn og þingflokksformenn hafa ekki það svigrúm sem eðlilegt getur talist til að vinna þessi flóknu mál. Svo verður lagasetningin með þeim hætti sem þessi frumvörp bera með sér, hún er flaustursleg, unnin í óðagoti og gerðar vitleysur. Það eru gerðar vitleysur í máli eins og þessu, um breytingu á lögum til að lækka virðisaukaskatt á matvælum. Þar yfirsést mönnum, starfsmönnum ráðuneyta og hæstv. ráðuneytum að breytingarnar komi til með að hafa áhrif á endurvinnslu og skilagjaldið. Sömuleiðis eru gerðar villur í lögunum um úrvinnslugjald, sem við afgreiddum frá Alþingi fyrir nokkrum vikum af því að hér er fljótaskrift á öllu. Hvernig halda menn þá að takist til með stærri mál? Ég nefni t.d. auðlindafrumvarp hæstv. iðnaðarráðherra sem var afgreitt í flaustri úr iðnaðarnefnd í gær. Ég nefni heilbrigðislög sem afgreidd voru frá heilbrigðisnefnd í gær. Það má nefna þau mál sem við erum við það að afgreiða út úr umhverfisnefndinni í flaustri af því að við höfum haft ónógan tíma til að skoða þau og þau koma illa undirbúin inn í nefndirnar.

Þetta er ástandið á þessum síðasta þingvetri ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Er að furða þótt þjóðin sé farin að átta sig á því hvers lags sleifarlag er á hlutunum og er furða að fólk sé farið að kalla eftir breytingum í samfélaginu, þótt ekki væri nema til þess að tryggja að þeir sem sýsla með lagasetningu fyrir hönd þjóðarinnar nái að vinna verk sín með sóma?

Málið um brunavarnirnar verður tekið fyrir á hálftímafundi í hádeginu hjá umhverfisnefnd. Mér var að berast í hendur miði með fundarboði frá kl. eitt til hálftvö. Á meðan þingmenn eiga að fá tíma til að snæða skulum við sett yfir það frumvarp sem hæstv. umhverfisráðherra var í lófa lagið að flytja fyrr í vetur meðan tími var til.

Hæstv. forseti. Þetta var ekki svo mikið um efni frumvarpsins sem hér um ræðir en manni rennur í skap að sjá þetta, að umhverfisnefnd skuli stillt upp við vegg og látin flytja þrjú þingmál sem eru með þessum hætti komin í okkar hendur. Varðandi málið sjálft verður að skoða hvaða áhrif hækkunin á þessu umsýslugjaldi hefur á verðið til neytenda af því að nú höfum við nýverið gumað af því að hér sé verið að lækka vöruverð með virðisaukaskattslækk-

uninni. En eigi síðan að hækka umsýslugjaldið á þeim nótum sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir erum við þá ekki að tala um að þar með hækki aftur þær drykkjarvörur sem um ræðir? Ég fæ ekki betur séð. Um það sagði hv. formaður nefndarinnar ekkert í flutningsræðu sinni en spurningin er þessi: Hvaða áhrif hefur þetta á verð til neytenda? Þeirri spurningu verður að svara og þó ekki sé nema til þess að fá henni svarað verður þetta mál að koma aftur til umfjöllunar inni í nefndinni.

Varðandi ábyrgð stjórnvalda í þeim efnum að draga úr myndun sorps og úrgangs vil ég segja að komið hefur í ljós, sérstaklega í þéttbýlinu, kannski helst í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu, að neytendur eru margir hverjir afar fúsir og viljugir til að flokka sorp og skila á endurvinnslustöðvar, á gámastöðvar. En það er ekki stjórnvöldum að þakka. Stjórnvöld hafa staðið sig slælega í fræðslu og hvatningu sem eðli málsins samkvæmt þarf í þessum efnum. Til þess að breyta hegðun og hugarfari fólks bera stjórnvöld ábyrgð. Í orði kveðnu hafa þau gengist við henni því að í stefnu ríkisstjórnarinnar, um velferð til framtíðar, sem er stefna um sjálfbæra þróun til ársins 2020, viðurkennir ríkisstjórnin að stjórnvöld beri fræðsluhlutverk og hvatningarhlutverk sem þurfi að sinna. Hins vegar hafa þessi sömu stjórnvöld ekki staðið sig í stykkinu í þeim efnum. Fjármunir hafa verið af skornum skammti, ef nokkrir, til þessara þarfa þannig að þessu veigamikla hlutverki stjórnvalda hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Ég tel því að stjórnvöld beri hér ábyrgð á því að neytendur bregðist við og leggi sitt af mörkum til þess að draga úr urðun sorps. Þar þurfa að koma til ýmis úrræði sem spennandi er að takast á við sem kosta nokkra fjármuni og vinnu sem menn virðast hafa verið að spara sér. Það er auðvitað ámælisvert í sjálfu sér.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að halda lengri ræðu um þetta. Ég ítreka bara það sem ég hef sagt að það er nauðsynlegt að nefndin fái málið aftur inn og fari yfir ákveðna þætti þess sem ég hef gert grein fyrir í mínu máli. Ég sé svo sem ekki hvar tíminn til þess á að koma ef ríkisstjórnin ætlar að standa við starfsáætlun þingsins sem gerir ráð fyrir því að þinghaldi ljúki á fimmtudag, sem mun vera ekki á morgun heldur hinn.

[11:41]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum. Ég get ekki annað en tekið undir þá gagnrýni sem hefur komið fram frá öðrum nefndarmönnum í umhverfisnefnd en ég kannast varla við að það hafi verið farið yfir þetta mál í nefndinni. Þó kann það að vera vegna þess að ég var frá um tíma vegna veikinda.

Ég hef ýmsar spurningar sem ég vildi gjarnan fá svör við áður en umræðunni lýkur. Ég las greinargerðina og á að heita einn af flutningsmönnum málsins en ég átta mig ekki alveg á hvaða afleiðingar þetta hefur á verð á þeim drykkjarvörum sem er verið að fjalla um hérna. Mun þetta hækka verð til neytenda? Hvaða afleiðingar hefur þetta? Ég get ekki annað en sagt en að ég verð að taka undir með félögum mínum í stjórnarandstöðunni í nefndinni. Ég tel ástæðu til þess að nefndin taki málið inn aftur að lokinni þessari umræðu og fari betur yfir málið. Fulltrúar neytenda þurfa að koma á fund nefndarinnar og jafnvel frá Endurvinnslunni. Þetta mál þarf að skýra betur.

Það eru reyndar aðeins tveir dagar eftir af þinginu miðað við starfsáætlun þess. Það á greinilega að afgreiða mikið af málum og eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á áðan er fundað stíft og a.m.k. er ég boðuð á tvo fundi í hádeginu til að bæði afgreiða mál og fjalla um mál. Þar má nefna umhverfisnefndarfundinn þar sem mál um brunavarnir er til umfjöllunar, mál sem er tiltölulega nýkomið inn í nefndina og annað eftir því.

Ég tek undir þá gagnrýni sem hefur komið fram í umræðunni um vinnubrögðin í nefndinni. Nefndin var að miklu leyti verklaus fyrri hluta vetrar en undir lokin ryðjast inn stórmál sem hefði verið mikilvægt að fá fyrr inn og skoða vel. Við erum náttúrlega að súpa seyðið af því hvernig til hefur tekist erum með annað þingmál, næsta mál á eftir, þar sem er verið að breyta lögum vegna mistaka. Það er ömurlegt að þurfa að standa frammi fyrir því að vegna fljótaskriftar í vinnslu nefndar á málum þurfi að hlaupa til og leiðrétta málin eða leiðrétta lögin eftir að þau eru gengin hér í gegn. Ég tek undir gagnrýni félaga minna á þessi vinnubrögð.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu neitt en tek heils hugar undir gagnrýnina. Ég fer fram á að málið komi til nefndarinnar og skýrðir verði ýmsir þættir sem að þessu snúa. Það er greinilegt að þegar ríkisstjórnin hljóp til og lækkaði virðisaukaskattinn hefur málið ekki verið hugsað til enda. Þarna eru þættir sem hefði auðvitað átt að taka inn í þá lagasetningu. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína lengri en ítreka að málið fari aftur til nefndarinnar og við fáum svör við þeim spurningum sem hafa verið bornar fram um málið.

[11:46]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Örfá orð um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Frumvarpið er í rauninni skattahækkunarfrumvarp, eða skattafrumvarp. Frumvarp sem ber keim af því sem hefur einkennt skattstefnu ríkisstjórnarinnar. Þeir þykjast lækka skatta á hærri tekjur og færa það síðan yfir í skatta sem neytendur borga.

Ég er hlynntur því að tekið sé gjald sem tengist umhverfismálum, eins konar umhverfisskattur eins og verið er að leggja til, þ.e. verið er að hækka grunn á skilagjaldi vegna einnota drykkjarumbúða. Það er verið að hækka það allnokkuð. Í frumvarpinu eru raktar ástæður fyrir því. Þær ástæður eru nefndar að breyting hafi orðið á löggjöf um virðisaukaskatt og virðisaukaskattur hafi verið lækkaður og það hafi getað skert tekjustofna Endurvinnslunnar hf. Ég vil halda því til haga að sú stofnun, Endurvinnslan hf., þótt hún sé hlutafélag, er fyrirtæki á vegum ríkisins. Hún er fyrirtæki sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Og eins og stendur í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2007, á bls. 427, með leyfi forseta:

„Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið

fjármagnað með ríkistekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir. Áætlað er að á árinu 2007 muni gjöldin skila 840 millj. kr. tekjum og er það 60 millj. kr. hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga."

Nú fylgir engin áætlun með frumvarpinu um það hver tekjustaða Endurvinnslunnar hf. er, hvort þetta sé nauðsynleg breyting til þess að standa undir breytingum á rekstrarkostnaði hennar.

Ég tel, herra forseti, að áður en breytingar eru samþykktar á gjöldum hjá fyrirtæki sem er í eigu ríkisins og er á fjárhagslegri ábyrgð ríkisins — þó svo það sé með markaðan tekjustofn, þá er þetta fjárhagslega fullkomlega á ábyrgð ríkisins, og allt bara gott um það í sjálfu sér. En við getum ekki breytt tekjustofnum með röksemdinni „af því bara", heldur verður að sýna fram á að breyting á gjöldum sé nauðsynleg vegna starfsemi og fjárhags Endurvinnslunnar hf. Fyrir því eru engin rök færð hér. Ég hefði viljað sjá reikning — sjálfsagt verður það þegar málið kemur í umhverfisnefnd, þá verða náttúrlega reikningsskil Endurvinnslunnar hf. lögð fram — þannig að fjárhagslegur og fjármálalegur rökstuðningur sé fyrir hækkun á gjöldum. Ég er alveg hissa á því ef umhverfisnefnd hefur ekki áður en hún flutti þetta frumvarp m.a. leitað umsagnar fjármálaráðuneytisins, hvaða áhrif þessar breytingar hafa á tekjur og gjöld stofnunarinnar.

Það er mjög mikilvægt að vel sé haldið utan um þessi verkefni ríkisins. Við höfum fengið athugasemdir frá Ríkisendurskoðun um hliðstæða starfsemi þar sem verið er að innheimta gjöld á þessum grunni án þess að tilgreindar hafi verið forsendur eða nauðsyn þess. Þetta á við um ýmsar stofnanir eins og talið er upp í fjárlagafrumvarpinu.

Þegar lagt er til að hækka gjöld eða breyta gjöldum, eins og verið er að leggja til, hækka skilagjaldið, verður það að vera gert á reiknuðum forsendum, á grunni rekstrarkostnaðar og þarfa viðkomandi stofnunar nema þá að það sé pólitísk ákvörðun að hafa þetta almennan skattstofn. Það eru þá rök út af fyrir sig en er ekki hluti af þessu máli. Það væri hægt að hafa þetta sem almennan skattstofn sem rennur í ríkissjóð. Þá eru það pólitísk rök. En hér er ekki verið að leggja þau rök heldur er ástæðan „af því bara".

Fyrir þessu verða að vera rök. Fyrir þessu verða að vera reikningsskil. Og þau vantar með þessu frumvarpi sem hlýtur að verða að koma fram áður en það fær frekari umfjöllun í þinginu.

[11:54]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil biðja hv. þingmenn að lesa greinargerðina. Á bls. 2 segir í byrjun seinni málsgreinar:

„Framangreindar breytingar eiga ekki að leiða til raunhækkunar á innheimtum gjöldum heldur að tryggja að Endurvinnslan hf. fái það sama og hún fékk fyrir lækkun virðisaukaskattsins."

Gjöldin voru tengd virðisaukaskattinum þannig að þau lækka virðisaukaskattinn og þar af leiðandi voru minni gjöld til Endurvinnslunnar. Þetta kom fram í framsögu og þetta kemur fram í greinargerð.

Ég vil líka leiðrétta hv. þm. Jón Bjarnason, hann hefur augljóslega ekki fylgst alveg nógu vel með, út af úrvinnslumálunum. Við höfum flutt hverja lækkunartillöguna á fætur annarri og þegar allt er talið varðandi úrvinnslugjöldin — ég ætla ekki að fara með töluna núna vegna þess að ég man hana ekki. Ég fór með hana síðast í framsögunni. Varðandi breytinguna á úrvinnslugjaldinu eru þetta mjög háar lækkanir. (**ÁRJ:** Háar lækkanir?)

Alla jafna varðandi úrvinnslugjaldið eru gríðarlega miklar lækkanir eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, sem situr í umhverfisnefnd, þekkir mjög vel. Þess vegna skiptir máli, virðulegi forseti, að menn fari rétt með þá hluti. Sem betur fer hefur þetta gengið það vel og kerfið virðist vera það skilvirkt að það hefur skilað sér í lækkunum til neytenda. (Gripið fram í.) Þetta er eins og ég segi, þetta er leiðréttingarmál sem er tekið fyrir í hv. umhverfisnefnd og er búið að flytja fyrir hönd nefndarinnar. Ég tel hins vegar mikilvægt að allir þingmenn séu vel upplýstir um gang mála. Ef einhverjar spurningar eru hlýtur að vera hægt að koma þeim svörum til nefndarmanna og annarra þingmanna.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem lítið er eftir af þinginu og við verðum að taka mörg mál fyrir eins og við þekkjum. Við vildum gjarnan hafa lengri tíma til þess en það er ekki valkostur nú frekar en oft áður, bæði í tíð þessarar ríkisstjórnar og annarra. Þess vegna ættum við að nýta tímann eins vel og hægt er.

[11:56]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að gera beinar athugasemdir þó þurfi að hækka þessi gjöld. Eins og stendur í a- og b-lið:

„Í stað fjárhæðarinnar „6,43 kr." kemur: 9,35 kr. Í stað fjárhæðarinnar „3,40 kr." kemur: 3,96 kr. o.s.frv."

Ég er ekki beint að setja út á þessar hækkanir. Þær geta átt sín rök.

En mér finnst eðlilegt, og það er ábending og ráð til hv. umhverfisnefndar, að fá fjárhagslega stöðu Endurvinnslunnar upp á borðið um leið og verið er að taka ákvarðanir um að breyta þessu gjaldi.

Það er sagt að tekjugrunnur geti breyst, magntölur breyst o.s.frv. Það er í hæsta máta eðlilegt að nefndin vinni þetta þannig að hún viti nákvæmlega hver fjárhagsstaða og hvert rekstrarumfang fyrirtækisins er þegar verið er að ákveða breytingar á grunni tekjustofns þess.

Það eru góð og sjálfsögð vinnubrögð. Þetta er ábending hvað þetta mál varðar til umhverfisnefndar — ekki síst þarf að óttast þegar mál er sett á mikla hraðferð — um að menn gæti að grunninum sem mál af þessu tagi byggjast á og þeirri eftirlitsskyldu sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmd verkefna fyrirtækisins Endurvinnslunnar hf.

[11:58]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi var farið yfir þetta í nefndinni. Í örstuttu máli er þetta röklega samhengi með þessum hætti og þess vegna koma hækkanirnar fram. Áður fyrr fékk Endurvinnslan virðisaukaskattinn endurgreiddan eða millifærslu hvað það varðaði. Þegar hann fer úr 24,5% í 7% lækkar skilagjaldið eðli málsins samkvæmt.

Þar af leiðandi hækka menn gjaldið á móti. Eins og ég

nefndi eiga framangreindar breytingar ekki að leiða til raunhækkunar á innheimtugjöldum heldur tryggja Endurvinnslunni hf. það sama og hún fékk fyrir lækkun virðisaukaskattsins. Það á ekki að leiða til raunhækkunar.

[11:59]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er verið að breyta útsöluverði á þessum vörum sem þetta tekur til, á einnota umbúðum um drykkjarvörur o.s.frv. Það er verið að breyta verði. Það er verið að lækka virðisaukaskatt. Það getur þess vegna leitt til magnaukningar og á grunni magnaukningar getur Endurvinnslan haldið tekjum sínum uppi.

Ekki er ólíklegt að neyslan hafi aukist. Var ekki verið að lækka gjöld á gosdrykkjum og sykurdrykkjum? Umdeilt mál reyndar í þinginu. Atriði sem gekk þvert á ráð Lýðheilsustöðvar sem lagðist gegn því að verið væri að lækka stórlega verð á gosi og öðrum sykurdrykkjum.

En þetta getur leitt til magnaukningar þannig að Endurvinnslan getur í sjálfu sér haldið uppi tekjustofnum sínum á grunni þess. Því er það ekkert sjálfgefið, þó svo að þessi vörugjöld lækki og grunnurinn lækki hvað það varðar, að það þurfi að hækka hann með öðrum hætti beint á móti.

Þetta er bara ábending. Hlutirnir eiga samhengi, bæði í magni og verði eins og í þessu tilviki. Þetta er ábending til hv. umhverfisnefndar um að skoða þessi mál. Það er ekki alltaf sjálfgefið að það þurfi að taka allar hækkanir inn eins og verið er að leggja til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:01]

## *Umræður utan dagskrár.*

Áform um breytt rekstrarform Iðnskólans í Reykjavík.

[13:30]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við fréttum af því fyrst í fjölmiðlum fyrir 4–5 vikum að til stæði að sameina Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólann í Reykjavík undir heitinu 2T Tækniskólinn og stofnað um hann einkahlutafélag. Hugmyndirnar hafa verið kynntar af skólastjórum skólanna og þeir gefið út bækling til að sýna á spilin sem eru til staðar. Í honum segir að Fjöltækniskóli Íslands og Iðnskólinn ætli að sameinast í nýjum og öflugum skóla, þetta verði einkarekið félag með faglega sjálfstæðum skólum atvinnugreina, þarna kemur fram að skólinn eigi að vera í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði og að bakhjarlar hans séu Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök íslenskra kaupskipaútgerða, Samorka, Samtök iðnaðarins og Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík.

Nú vil ég, virðulegi forseti, í upphafi taka það fram að auðvitað geta margir kostir verið samfara því að sameina Iðnskólann í Reykjavík og Fjöltækniskólann þó að ég telji það ekki vera neitt náttúrulögmál í sjálfu sér að tvær kröftugar stofnanir þurfi endilega að vera sterkari sameinaðar. Hvað liggur hér að baki? Með hvaða hætti er t.d. gert ráð fyrir að hinir nýlega einkavæddu Stýrimannaskóli og Vélskóli Íslands renni saman við stærsta opinbera framhaldsskóla þjóðarinnar, Iðnskólann í Reykjavík? Hvers vegna kemur hugmyndin upp og hvenær er gert ráð fyrir að breytingarnar gangi í garð? Hver verður svo aðkoma Alþingis að þessum breytingum?

Með sameiningu Iðnskólans og Fjöltækniskólans sjá menn fyrir sér að til verði öflugur starfsmenntaskóli með yfir 2.000 nemendur. Er hinum eftirsóknarverða ávinningi m.a. lýst í grein eftir Loft Árnason, stjórnarmann í Samtökum iðnaðarins, í Morgunblaðinu 24. febrúar sl. Þar talar Loftur um öflugan skóla atvinnulífsins, að forsendur verði fyrir meira námsframboði og kennsluaðferðir í samræmi við kröfur og þarfir nútímafyrirtækja. Hann talar um sameiningu sambærilegra deilda og samþættingu á ólíku námi en í lok greinarinnar segir hann að rekstrarbreyting af þessu tagi gefi tækifæri til „endurnýjunar hugarfarsins“. Þarna liggur, virðulegur forseti, að mínu mati mikil skammsýni og jafnvel misskilningur sem ég tel hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnina ala á.

Ég fæ ekki annað séð en að einmitt allt þetta sé hægt að gera innan hins sameinaða skóla þó að hann fái ekki einkennisstafina ehf. aftan við nafn sitt, bara ef vilji er fyrir hendi og sett er það fjármagn í reksturinn sem til þarf. Ef þau öflugu samtök sem að þessum skóla ætla að standa vilja leggja metnaðarfullum menntamálayfirvöldum til fjármuni sem ríkisstjórnin telur sig ekki geta reitt fram án þeirra og ef þessi samtök vilja í alvöru eiga meiri aðkomu að iðnnámi en þau hafa í dag fæ ég ekki betur séð en að um það megi gera samkomulag við menntamálaráðherra og menntamálaráðuneytið. Það er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja með hvaða hætti þessi ríkisstjórn hefur vanrækt framhaldsskólana síðustu árin og ekki síst brugðist ákalli starfsmenntaskólanna um aukna fjármuni og aukið vægi í menntakerfinu.

Virðulegur forseti. Ehf. er ekki forsenda fyrir því að áhugasamt starfsfólk fái tækifæri til að eiga hlutdeild í breytingum sem leiða til ávinnings fyrir nemendur, starfsfólk og atvinnulíf. Ehf. er ekki forsenda fyrir því að góðar hugmyndir fæðist eða fái brautargengi í námsframboði Iðnskólans í Reykjavík. Til þess að virkja áhugasamt starfsfólk og áhugasama nemendur sem vilja hafa áhrif á vinnustaðinn sinn þarf framsýn og flink stjórnvöld, stjórnvöld sem taka öflugar menntastofnanir að sér og sinna þeim í stað þess að koma þeim af sér með öllum ráðum yfir til einkaaðila sem í fyllingu tímans munu vart geta staðist freistinguna að leggja skólagjöld á nemendur og verðleggja hvert viðvik sem nemendur þurfa að fá skólann til að leggja af mörkum. Slíkt ráðslag viljum við vinstri græn forðast og við leggjum því áherslu á öflugt og fjölbreytt opinbert skólakerfi þar sem frumkvæði og hugmyndir fólks fá notið sín og gert er vel við fólk í kjörum og aðbúnaði.

Hæstv. forseti. Forsvarsmenn skólanna tveggja og talsmenn ehf.-unar vilja meira. Þeir tala fyrir því að stofnaður verði svokallaður fagháskóli sem bjóði upp á háskólanám í tilteknum iðn- og starfstengdum greinum. Hér er um metnaðarfulla hugmynd að ræða sem ég sé ekki annað en að verðskuldi að koma til alvarlegrar skoðunar á Alþingi Íslendinga því að þjóðkjörna fulltrúa á Alþingi þarf til að

samþykkja fjárútlát til slíkra verkefna. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari spurningunni um það með hvaða hætti hún sjái slíkan fagháskóla verða til. Hver verða tengsl væntanlegs fagháskóla og hins nýja sameinaða skóla og hvernig tengist hugmyndin um stofnun fagháskóla aðkomu einkaaðila að rekstri Iðnskólans í Reykjavík? Jafnvel þótt Iðnskólinn í Reykjavík verði einkavæddur undir hatti hins einkavædda (Forseti hringir.) Fjöltækniskóla, er þá ekki fullt tilefni til að yfirvöld menntamála skoði hvort stofna megi fagháskóla sem hluta af hinu opinbera skólakerfi?

[13:36]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Hugmyndir um sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans hafa verið til umræðu um nokkurt skeið eins og kom fram á Alþingi fyrir nokkru síðan og þá jafnframt hugmyndir um breytt rekstrarform hins nýja skóla, þ.e. ef af sameiningu verður. Sameining Stýrimannaskólans eins og við þekkjum og Vélskólans í Fjöltækniskóla Íslands tókst að flestra mati með ágætum og skilaði okkur öflugri og nútímalegri skóla sem nýtist jafnt nemendum sem atvinnulífinu mun betur. Ekki síst er það vegna þeirra nánu tengsla, og ég vil undirstrika þau, Fjöltækniskólans við samtök sjávarútvegsins sem hann er orðinn jafnöflugur og raun ber vitni.

Öflugt iðnnám er hverju samfélagi lífsnauðsynlegt og forsenda þess að hér dafni blómlegur iðnaður og atvinnulífið sjálft. Bein aðkoma atvinnulífsins að iðnnámi er ótvíræður kostur og því hef ég talið ástæðu til að skoða óskir atvinnulífsins um að yfirtaka rekstur Iðnskólans með jákvæðum hug. Ég tel að þetta geti orðið til þess að efla enn frekar þá miklu nánd sem verður að vera og er nauðsynleg á milli vinnumarkaðarins og iðn- og verknámsins. Þeir hagsmunir sem við eigum að hafa að leiðarljósi eru vitaskuld hagsmunir nemenda og hagsmunir iðn- og verknáms. Ef sameining, ákveðnari skuldbinding atvinnulífsins og breytt rekstrarform skilar sér í betra námi er í mínum huga rétt að taka það skref.

Í menntamálaráðuneytinu hafa menn á undanförnum vikum skoðað kosti þess og galla að breyta rekstrarformi Iðnskólans í Reykjavík og sameina hann Fjöltækniskólanum. Ég hef ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem falið verður það verk að undirbúa formlega sameiningu þessara tveggja skóla að því gefnu að viðunandi niðurstaða fáist í þeim álitaefnum sem upp kunna að koma í ferlinu. Þau verkefni sem þarf að skoða og leysa eru mörg, t.d. varðandi starfsmannamál, húsnæðismál og markmið og stefnu hins nýja skóla. Ég vil ítreka á ný að forsenda sameiningar hlýtur að vera að nýr skóli sé á öllum sviðum betur í stakk búinn til að takast á við þau verkefni sem honum eru falin og búa enn betur að jafnt nemendum sem starfsfólki en nú er raunin.

Hvað varðar beina aðkomu Alþingis að málinu tek ég fram að ekki þarf lagabreytingu til að sameining þessara tveggja skóla gangi eftir. Þessu er því ólíkt farið og við sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík — sem vinstri grænir voru á móti — og við væntanlega sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands þar sem í þeim tilvikum hefur þurft að nema úr gildi lög um viðkomandi stofnun. Engin sérlög eru til um einstaka framhaldsskóla og breyting á rekstri þeirra því ekki háð breytingu á lögum.

Ég tek jafnframt fram að þegar hafa þessar hugmyndir verið kynntar stjórnmálahreyfingum, verkalýðshreyfingunni, kennurum og fleirum. Ég fagna hins vegar þeirri umræðu sem við erum að taka hér í dag um málið og því tækifæri sem þingmönnum gefst til að láta í ljósi skoðun sína á málinu. Sömuleiðis vil ég taka fram að ef af sameiningu verður kæmi það að sjálfsögðu til kasta Alþingis að samþykkja og þá um leið að ræða fjárheimildir til hins nýja skóla. Í þeim hugmyndum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir að hann verði rekinn með áþekkum hætti og t.d. Fjöltækniskólinn og Verslunarskóli Íslands, þó með þeim fyrirvara að ekki verði innheimt gjöld af nemendum umfram það sem gert er í dag.

Þingmaðurinn spyr einnig um tengsl þessara hugmynda við hugmyndir um svokallaðan fagháskóla. Um það vil ég segja að ég lít svo á að þarna sé um tvær ólíkar hugmyndir að ræða. Það kann vel að vera skynsamlegt að skilgreina sérstaklega nám sem er umfram framhaldsskólanám með sérstökum hætti, og að mínu mati nauðsynlegt. Nú þegar er að finna margvíslegt slíkt nám í íslenska skólakerfinu, nám sem er í raun hvorki framhaldsskólanám né formlegt háskólanám til háskólagráðu. Háskólarnir hafa til að mynda heimild til að leyfa öðrum að sinna ákveðnum námsháttum samkvæmt hinum nýju rammalögum um háskóla. Sú umræða er hins vegar sérstakt metnaðarfullt viðfangsefni sem ég tel ekki rétt að blanda saman við mat á því hvort rétt sé að sameina skólana tvo sem um er að ræða.

Þær hugmyndir sem kynntar hafa verið einkennast af miklum metnaði og framsýni fyrir hönd Iðnskólans og iðnnáms í landinu. Þær hafa sömuleiðis fengið góðan hljómgrunn meðal þeirra hagsmunaaðila sem rætt hefur verið við þótt vissulega verði ávallt skiptar skoðanir meðal einstaklinga um mál sem þessi. Ráðuneytið hefur enn sem komið er ekki staðið að neinni formlegri kynningu á málinu meðal starfsfólks og nemenda, enda ekki fyrr en nú sem ég hef ákveðið að taka það formlega skref að vinna enn frekar að málinu. Skólameistarar skólanna hafa hins vegar kynnt þessar hugmyndir á eigin forsendum fyrir starfsfólki og nemendum skólans að viðstöddu starfsfólki menntamálaráðuneytis.

Ég tek einnig fram, frú forseti, að nemendur beggja skóla hafa sérstaklega fagnað þessum hugmyndum. Ef þetta skref er til þess fallið að efla starfs- og iðnnám tel ég rétt að taka það að því gefnu (Forseti hringir.) að hagsmuna Iðnskólans og nemenda hans verði gætt.

[13:41]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það mál sem hér hefur fyrirsögnina „Áform um breytt rekstrarform Iðnskólans í Reykjavík" er í rauninni þrjú mál í einu, jafnvel fjögur eða fimm, fyrir utan átakanlegan trassaskap ríkisvaldsins á þessu sviði í tíð núverandi ríkisstjórnar. Auðvitað hefur trassaskapurinn samt staðið lengur, reyndar áratugum saman.

Í fyrsta lagi er hér hugmynd um að sameina Iðnskólann í Reykjavík og Fjöltækniskólann. Það virðist vera gott mál, svo framarlega sem húsnæðis- og skipulagsþættir eru í lagi. Sameining getur styrkt starfið í báðum skólum og gefið nemendum þeirra aukin tækifæri, en þeir eru til fyrir nemendur sem við gleymum stundum í umræðunni.

Í öðru lagi er tillaga um að stofna til fagháskóla ofan á framhaldsskólana tvo. Það er góð tillaga sem við samfylkingarmenn höfum áður tekið undir og borið fram, m.a. í umræðunni um Tækniháskólann og HR, en þá skorti einmitt átakanlega heildarsýn um skipulag starfsnáms á framhalds- og háskólastigi. Ég er ekki undrandi á því að menntamálaráðherra hafi tekið þeirri hugmynd fremur illa í ræðu sinni áðan. (**Menntmrh.:** Það er ekki rétt.)

Í þriðja lagi er það svo þetta rekstrarform sem hér er kallað. Við jafnaðarmenn höfum hitt skólastjórana tvo út af þessu og líka nokkra forustumenn kennara í Iðnskólanum en það eina sem við höfum handfast eru fréttir í fjölmiðlum og nokkur útprent, lítill bæklingur með einstökum setningum, eins konar stikkorðum, og við höfum ekki aðra afstöðu til þess en þá að það þarf sterk rök til að taka opinberan skóla og setja hann í annarra hendur. Þau rök hafa enn ekki komið fram. Fátæklegar heimildir benda þó til þess að þetta áformaða hlutafélag hér sé líkara sjálfseignarstofnun en venjulegu fyrirtæki á markaði og málið virðist vera af nokkuð öðru tagi en gegndi um HR og THÍ á sínum tíma, t.d. er því lofað að ekki verði skólagjöld við skólana. Það eru ekki til lög um Iðnskólann í Reykjavík, hvað þá Fjöltækniskólann en það á ekki að hindra Alþingi í því að ræða málin miklu rækilegar en við höfum tækifæri til nú. Ég treysti því að menntamálaráðherra gefi Alþingi, því næsta, (Forseti hringir.) og næstu ríkisstjórn tækifæri til þess að ákveða nánar um þetta mál.

[13:43]

**Dagný Jónsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að taka þetta mál hér upp enda hefur það ekkert verið rætt á vettvangi þingsins. Það er mikilvægt að hafa gott samráð við alla og ekki væri verra fyrir framgang málsins að gera hv. menntamálanefnd grein fyrir stöðu mála þegar þessi nefnd hefur störf þó svo að enginn efist um vald ráðherra, eins og kom fram áðan, til ákvörðunar í þessum málum.

Það deilir enginn um það að sú sameining sem lá til grundvallar Fjöltækniskólanum hefur heppnast vel og hún er án efa fyrirmynd þessarar vinnu. Þar gerði ríkið samning við Menntafélagið ehf. og getur alltaf gert breytingar á honum. Hins vegar er umhugsunarefni hvort ríkið eigi að gefa frá sér rekstur Iðnskólans. Ég veit að á bak við félagið eru áhugasamir og ábyrgir einstaklingar, fagsamtök og atvinnulífið en það væri líka möguleiki að gera tilraunaverkefni og láta þessa aðila sitja við stjórnvölinn ásamt ríkinu án þess að hreyfa við rekstrarforminu.

Það verður að liggja fyrir sjálfstæð skoðun ríkisins á því hvort fara eigi í breytingar á rekstrarformi. Ég viðurkenni hér, virðulegi forseti, að ég hef ekki myndað mér endanlega skoðun á þessu máli enda hefur ekki verið tekin afstaða til þess innan Framsóknarflokksins. Ég legg áherslu á að menn hafi að leiðarljósi eflingu þessara skóla, fjölbreyttara námsúrval og að iðn- og starfsnámi verði gert hærra undir höfði eins og svo oft er talað um. Öll breiddin verður að fá að halda sér, mikilvægt er að þrengja ekki aðgang nemenda og að sjálfsögðu að ekki standi til að auka gjaldtöku nemenda á nokkurn hátt.

[13:45]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka frummælanda, hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að taka þetta mál hér upp. Ef hæstv. menntamálaráðherra hyggst sameina Iðnskólann í Reykjavík við Fjöltækniskólann, stærsta framhaldsskóla landsins, þá er hún væntanlega að einkavæða Iðnskólann. Það hljóta að vera mikil tíðindi, frú forseti. Miðað við þær upplýsingar sem hafa komið fram í umræðunni virðist samráði vera ábótavant í þessu máli, það er ekki samráð við kennara, það er ekki samráð við samtök iðnaðarmanna og það er ekki samráð við Alþingi. Það er rétt eins og Alþingi komi þetta hreinlega ekki við og ég efast um að það sé rétt, frú forseti, þar sem við erum að ræða um að einkavæða stærsta framhaldsskóla landsins, Iðnskólann í Reykjavík, sem telur tvö þúsund nemendur.

Samtök iðnaðarmanna hafa ályktað af þessu tilefni þar sem þeir segja m.a., með leyfi forseta:

„Fundurinn krefst þess að tryggt sé að jafnræði gildi milli aðila vinnumarkaðarins þegar ákveðið verði um áframhald málsins og aðild að stjórnun skólans. Miðstjórnin telur það algjöra forsendu þess að samstaða geti orðið um málið að það ríki jafnræði milli samtaka atvinnurekenda og samtaka iðnaðarmanna um aðkomu."

Jafnframt segja þeir:

„Til að iðnnám sé sem best í takt við atvinnulífið hverju sinni þarf að vera þríhliðasamstarf skóla, samtaka launamanna og samtaka atvinnurekenda í hverjum iðngreinaflokki."

Kennarar hafa líka látið í sér heyra og á fjölmennum fundi hjá þeim í Iðnskólanum mótmæltu þeir þessum áformum með 84% greiddra atkvæða og það er spurning hvort mark verði tekið á því. Verður haft samráð við kennara Iðnskólans í þessu máli og hver er síðan reynslan af rekstrarformi Fjöltækniskólans, frú forseti? Er komin næg reynsla og hver mun hafa faglegt eftirlit með þessum málum í framtíðinni?

[13:47]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Iðnskólinn í Reykjavík er einn stærsti framhaldsskóli landsins. Hann er með yfir tvö þúsund nemendur, 2.200 nemendur, og sérgreinar hans eru einmitt iðn- og tæknimenntun. Iðnskólinn hefur verið flaggskip iðnmenntunar og starfsmenntunar í landinu.

Hins vegar hefur iðnmenntun og starfsmenntun átt undir högg að sækja á síðustu árum, sérstaklega undir stjórn núverandi ríkisstjórnar. Okkur er minnisstætt frá því í haust þegar fjármagn til framhaldsskólanna var skorið niður á einu bretti um 400 millj. kr. Það var síðan þingið sem beitti atbeina sínum til þess að lækka þá upphæð, en niðurskurðaráformin lágu klárt fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Við þekkjum þetta um allt land þar sem starfsmenntun og iðnmenntun hefur átt undir högg að sækja til að halda hlut sínum hvort sem er í fjölbrautaskólum eða í sérstökum iðnmenntaskólum. Vandi iðnmenntunar er þess vegna skilningsleysi stjórnvalda og fjárskortur. Það var minnst hér á að það þyrfti hugarfarsbreytingu varðandi Iðnskólann. Já, það vantar hugarfarsbreytingu stjórnvalda gagnvart iðnmenntun í landinu. Það er mjög fátækleg aðferðafræði að ætla að svelta skóla, svelta Iðnskólann til einkavæðingar, til þess að segja: „Bíddu, það er allt betra en að vera í svona fjársvelti og ef við eigum meiri hljómgrunn hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar með því að einkavæða skólann verðum við þá ekki að gera það?"

Nei, það þarf miklu meiri metnað en hér er á ferðinni af hálfu ráðherrans. Að efla iðnmenntun, það er markmiðið. Ég spyr ráðherrann: Er það ætlun ráðherrans að keyra þetta í gegn nú fyrir vorið? Ég efast um að hún hafi lagalegar heimildir til þess að keyra í gegn einkavæðingu á einum stærsta iðnskóla landsins. Ég líka spyr framsóknarmenn sem voru nýverið að álykta á flokksþingi sínu að tíma einkavæðingar á almannaþjónustu væri lokið: Ætla (Forseti hringir.) þeir að samþykkja einkavæðingu á rekstri stærsta iðnskóla landsins, frú forseti?

[13:50]

**Sigurður Kári Kristjánsson:**

Frú forseti. Síðan ég settist hér inn á þing fyrir tæpum fjórum árum hafa menn mikið rætt um mikilvægi þess að efla starfs- og verknám og það hefur sannarlega margt verið gert í þeim málaflokki. Nú nýverið kom út ný skýrsla sem ber yfirskriftina „Nýr framhaldsskóli, skýrsla starfsnámsnefndar", þar sem eru metnaðarfullar tillögur fyrir framtíð starfsnámsins þar sem m.a. er lagt til að aðgreining náms í framhaldsskólum í bóknám og starfsnám verði afnumin og starfsnáminu lyft á hærri stall.

Nú eru komnar fram hugmyndir um að sameina tvo verknámsskóla, Iðnskólann í Reykjavík og Fjöltækniskólann. Ég held að þetta sé akkúrat það sem menn eigi að gera til þess að efla þessar námsgreinar og efla starfsnámið. Ég held að það sem starfsnámið þurfi sé öflugur, metnaðarfullur starfsmenntaskóli og það er það sem menn stefna að. Ég held að það sé akkúrat það sem starfsnámið þurfi, tengingu við atvinnulífið, eins og áform eru uppi um varðandi þennan nýja skóla.

Ég er þess vegna ákaflega hlynntur hugmyndum um að sameina þessa skóla og spurningin sem menn þurfa fyrst og fremst að spyrja sig og taka afstöðu til er: Á að sameina þessa skóla og efla starfsnámið eða ekki? Fókusinn hjá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er hins vegar á allt aðra hluti. Þeim finnst það vera aukaatriði en rekstrarformið aðalatriðið. Þau mega ekki sjá einkahlutafélag utan um skólastofnanir eða annan rekstur. En þetta eru allt saman aukaatriði.

Ég get ekki séð að það hafi þvælst mikið fyrir Háskólanum í Reykjavík, Verslunarskólanum eða Fjöltækniskólanum að vera reknir á hlutafélagaformi. Aðalatriðið er, hvað ætlum við að fá út úr þessu? Annaðhvort vilja menn efla starfsnámið eða ekki. Ég vil gera það og ég skora á hæstv. menntamálaráðherra (Forseti hringir.) að hraða áformum sínum um að sameina þessa skóla.

[13:52]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Samfylkingin hefur lengi gagnrýnt það hvernig nauðsynleg uppbygging verk- og tækninám hefur mætt algjörum afgangi hjá menntamálaráðherrum Sjálfstæðisflokksins. Það er því alveg ljóst að eitthvað þarf að gera og nú er þolinmæði atvinnulífs og forstöðumanna skólanna þrotin. Því er þessi fyrirhugaða sameining til komin. Þessi sameining getur að mínu mati vel komið til greina sem liður í því að breyta fyrirkomulagi verk- og tæknináms hér á landi. Þetta þarf auðvitað að skoða í menntapólitísku samhengi.

Það hefur komið fram í máli skólameistara Iðnskólans í Reykjavík að hann vilji byggja upp fagháskólastig innan skólans. Er þetta viðhorf í samræmi við það sem fram kom í skýrslu starfsnámsnefndarinnar um brýna vöntun á slíku skólastigi hér á landi. Því er ég hjartanlega sammála, það sárvantar slíkt skólastig hér á landi. Fagháskólastig, þar sem til verður eðlilegt framhald af iðn- og verknámi sem á sama tíma styrkir það nám á framhaldsskólastigi.

Í ljósi þessa þykir mér vert að rifja hér upp að ekki er langt síðan hæstv. menntamálaráðherra lagði niður slíkan fagháskóla með niðurlagningu Tækniháskóla Íslands. Þar var Tækniháskólinn gefinn Háskólanum í Reykjavík. Sameining Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík var afar vanhugsuð og stórkostleg menntapólitísk mistök. Tækniháskólinn, sem var í raun fagháskóli, er horfinn og því þarf að stofna nýjan. Óðagotið við sameiningu var slíkt að hæstv. menntamálaráðherra var ekki til viðræðu við okkur í Samfylkingunni á sínum tíma um að skoða mögulega sameiningu Tækniháskólans við aðra skóla en Háskólann í Reykjavík. Sameining Tækniháskólans við t.d. iðnskólana hefði því getað verið mun betri kostur en nei, ráðherrann var ekki til viðræðu um neitt annað en sameina hann HR sem hefur skilið eftir eyðu í skólakerfinu sem þarf nú að fylla með nýjum fagháskóla. Þetta er að mínu mati skýrt dæmi um þann flumbrugang sem oft einkennir störf hæstv. menntamálaráðherra.

Ég segi því: Vöndum til verka, höfum víðtækt samráð við atvinnulífið og þá einnig samtök launamanna. Hefjumst handa við uppbyggingu öflugs verk- og tækninám á framhaldsskólastigi og á fagháskólastigi. Látum 16 ára sinnuleysi Sjálfstæðisflokksins lokið og nýja tíma taka við. (Forseti hringir.) Við í Samfylkingunni erum tilbúin til þessara verka.

[13:54]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við erum hér að ræða mjög mikilvægt mál, hvernig við ætlum að efla starfs- og verknám í landinu. Ég vara við að við förum einhverjar flýtileiðir og förum vanbúnar eða vanhugsaðar leiðir. Við höfum orðið vitni að því að núverandi hæstv. menntamálaráðherra hefur lagt í leiðangra án þess að vera búin að hugsa það til enda hvernig hún ætli að lenda málum og án nokkurs samráðs við þá sem starfa í menntastofnunum. Þá vil ég minna á þegar stytta átti nám til stúdentsprófs um eitt ár en það mál hefur ein-

hvern veginn gufað upp í höndunum á hæstv. ráðherra.

Varðandi það mál sem við ræðum nú og er mjög mikilvægt, þá eigum við að fara rækilega yfir hvernig til hefur tekist t.d. við Fjöltækniskólann, vegna þess að ég hef heyrt að margt gott fari þar fram og margt sé ágætt en það er vissulega áhyggjuefni hversu fáir innrita sig á skipstjórnarsvið. Það er áhyggjuefni fyrir Íslendinga sem eru fiskveiðiþjóð í miðju Atlantshafinu að svo fáir sæki þetta nám. Mér finnst að við þurfum að fara yfir þessa hluti, hvernig við eigum að efla aðsókn að skólanum. Ég er ekkert viss um að sú leið sem hér er bent á, að sameina hann Iðnskólanum, sé best, ekkert endilega, það geta verið aðrar leiðir. Það ætti einmitt að vera forgangsatriði að kanna hvaða leiðir komi til greina.

Það virðist því miður vera svo að Sjálfstæðisflokkurinn forðist umræðu um undirstöðuatvinnugrein útflutnings Íslendinga, t.d. sjávarútvegsins, og þegar talið berst að því þá er talið fært að allt öðru. Ég vil nefna hér að ég hef ítrekað spurt hæstv. ráðherra út í fiskvinnslunámið, hvort það eigi að koma því á legg á ný og það hafa engin svör komið frá hæstv. ráðherra.

Ég vil ítreka að það er margt gott sem fram fer í báðum skólunum og það kemur vel til greina að skoða ýmislegt en ég er ekkert endilega viss um að þær hugmyndir (Forseti hringir.) sem hér eru séu lykillinn að því að lenda þessu í góðri sátt vegna þess að því miður, þegar (Forseti hringir.) farið er af stað í einhverjum flýti þá er lendingin (Forseti hringir.) ekki alltaf farsæl.

[13:57]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra svörin þó að ég sé svo sem ekki alls kostar ánægð með þau. Mér þykir það miður að sjálfstæðismenn skuli ævinlega telja það vera sáluhjálparatriði að eina leiðin til þess að gera einhverjar breytingar í menntakerfinu sé að einkavæða. Það virðist vera sáluhjálparatriði hjá sjálfstæðismönnum að iðnnámið sé sett inn á þessa braut.

Úr því að menntamálaráðherra lýsir því yfir að hún hafi tekið formlega ákvörðun um að stofna starfshóp um þetta mál þá vil ég segja að á meðan staðan er sú að ungt fólk sem er þess fýsandi að fara í iðnnám á þess ekki kost að eiga val á iðnnámi nálægt heimabyggð sinni, stór hluti þess fólks þarf að sækja námið langt, þá finnst mér ekki réttlætanlegt að hið opinbera ætli að firra sig þeirri ábyrgð sem það hefur hingað til borið á iðnnáminu og færa starfsemina í hendur einkaaðila.

Virðulegi forseti. Mér finnst skorta menntapólitík og menntastefnu í orð hæstv. menntamálaráðherra. Það er eins og hér sé tilraunastarfsemi í gangi og úr því að einhverjir eru tilbúnir til að taka við Iðnskólanum, einhverjir einkaaðilar og samtök úti í bæ eru tilbúin að taka við Iðnskólanum, sem hefur verið sveltur af þessum sömu stjórnvöldum árum saman, því að Iðnskólinn hefur verið að knýja á um leiðréttingar og lagfæringar á ýmsum málum sem lúta að fjárveitingum til skólans, þá finnst mér það óforsvaranlegt, hæstv. forseti, að menntamálaráðherra skuli láta þetta gerast og láta sér vel líka án þess að nokkur menntapólitísk sé tekin afstaða í þessum málum.

Í kraftmikilli ræðu hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur sagði hún að Tækniháskólinn, sem eðli máls samkvæmt var fagháskóli, hafi verið lagður niður og nú eigi að stofna nýjan skóla. Þetta sýnir auðvitað í hnotskurn skort á menntastefnu, skort á menntapólitík og meðvitund hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar varðandi iðnnámið. Það er því löngu, löngu orðið tímabært að linni, hæstv. forseti, og ég tek undir með þeim þingmönnum sem hér hafa sagt að við getum varla beðið vorsins að fá nýja ríkisstjórn í stólana.

[13:59]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Margt athyglisvert hefur komið hér fram. Það er ekki bara að stjórnarandstaðan tali tungum tveim heldur tungum þrem. Vinstri grænir hafa sína stefnu, þeir eru einfaldlega á móti einkaaðilum í rekstri á skólastarfi. Þeir greiddu atkvæði á móti sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík, sem var studd dyggilega af atvinnulífinu. Svo koma hér þingmenn upp og segja að það hafi ekkert samráð verið haft við atvinnulífið. Atvinnulífið vildi m.a. fá þessa sameiningu í gegn og það er gott að hér sé dregið fram, frú forseti, að Samfylkingin, stjórnarandstaðan gat ekki stutt sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík. Hún gat ekki stutt metnaðarfulla rammalöggjöf sem allt háskólasamfélagið hefur fagnað. Ekki gat Samfylkingin stutt það, hvað þá Vinstri grænir. Nú er komið að því að við erum að hlusta á það sem atvinnulífið, sem skólasamfélagið er að tala um, það þarf að efla enn frekar iðn- og starfsnám. Við ákváðum það á sínum tíma að stofna starfsgreinaráðin, af hverju? Til þess að efla tengingarnar við atvinnulífið. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu þurftum við að hafa betri tengingar við atvinnulífið.

Nú tel ég að það sé rétt að taka næsta skref og skoða þetta með formlegum hætti. Við höfum verið að skoða þetta með óformlegum hætti, verið að hlusta á það sem kennarar hafa að segja, við höfum upplýst Kennarasambandið um gang mála, og þess vegna tel ég rétt að taka formlegt skref í þá veru að skoða þessa sameiningu, vinna að henni með það í huga að hafa fullt samráð við þá aðila sem málinu tengjast. En enn og aftur kemur það í ljós að þegar til kastanna kemur hefur Samfylkingin — hér voru tveir talsmenn Samfylkingarinnar, frú forseti, og þeir gátu ekki einu sinni komið sér saman um það að taka afstöðu til málsins heldur voru með eitthvert yfirlætislegt blaður. Tveir talsmenn Samfylkingarinnar voru hér og töluðu tungum tveim. Enda geta þeir ekki tekið afstöðu með því hvort einkaaðilar séu góðir í rekstri skóla eða ekki, þeir treysta sér ekki til þess. (Gripið fram í.) Þeir treysta sér ekki til þess að taka afstöðu með því að segja að fjölbreytt rekstrarform geti leitt til þess og þessu tilviki stuðlað að því (Gripið fram í.) að við fáum hér öflugra iðn- og starfsnám. (Forseti hringir.) Þess vegna vil ég hvetja menn til þess að vinna að þessu máli, að stjórnarandstaðan komi (Forseti hringir.) enn frekar að þessu máli og ég tek (Forseti hringir.) undir með þingmanni Framsóknarflokksins (Forseti hringir.)

**(Forseti** (JóhS)**:** Ræðutíminn er búinn.)

og tel það einboðið að við tökum öflug skref til þess að efla iðn- og starfsnám.

[14:01]

**Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Það er mjög mikilvægt að hv. þingmenn og ráðherrar einnig haldi sig við tilskilinn ræðutíma eins og hann er ákveðinn í þingsköpum.

## *Úrvinnslugjald, 1. umr.*

Frv. umhvn., 694. mál (umbúðagjald og prósentutölur). — Þskj. 1105.

[14:02]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):**

Virðulegi forseti. Ég flyt fyrir hönd umhverfisnefndar frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum. Hér er um að ræða mjög tæknilegan hlut og það var vitað er við gengum frá frumvarpinu á sínum tíma, þ.e. þegar við gengum frá lögunum um úrvinnslugjald á sínum tíma, að við mundum verða oft í þessum sal að flytja frumvarp til laga um breytingu á hinum ýmsu gjöldum.

Til að setja þingheim í snertingu við það hversu tæknilegt þetta er ætla ég að gera þingheimi það að lesa eftirfarandi breytingu á viðaukum við lögin, að minnsta kosti hluta af þeim, virðulegi forseti.

„a. Í stað umbúðanúmeranna 03019; 03026; 03035; 03036; 06031; 06041; 08026; 17019; 20096; 20097; 21021; 82013; 85176 ... kemur: 030190; 030260; 030350; 030360; 060310; 060410; 080260; 170190; 200960; 200970; 210210; 820130; 851760 ...“ — O.s.frv.

„b. Umbúðanúmerið 1701999 og síðara umbúðanúmeranna 2009 falla brott.

c. Hlutfallstölur við umbúðanúmerin 3923; 481910; 481920; 481930; 481940; 481950 verða: 1,0%, 100,0%; 100,0%, 0,0%; 100,0%, 0,5%; 100,0%, 0,5%; 100,0%, 0,0%; 100,0%, 4,0%.

d. Við bætast eftirfarandi umbúðanúmer ásamt hlutfallstölum: 46, 0,0%, 0,0%; 48115101, 100,0%, 0,0%; 48115901, 100,0%, 0,0%; 48116001 100,0%, 0,0%; 62, 0,0%, 0,0%.“

Ef einhver er að velkjast í vafa, virðulegi forseti, um að hér sé um tæknilegt mála að ræða þá held ég að þessi upplestur hafi gert þeim það ljóst að þannig er þeim málum fyrir komið.

[14:05]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. formanni umhverfisnefndar fyrir þessa skemmtilegu lesningu. Ég hef sennilega ekki í annan tíma brosað jafnmikið undir ræðuhöldum hv. þingmanns. En ég tek undir með honum. Auðvitað er rétt að það er ekki einfalt mál að fara í þessi lög og það væri ekki heiðarlegt af mér að segja: Hvað, gastu ekki séð þetta í fyrsta skipti sem við tókum þetta í gegn? Ég vil bara segja það að löggjöf af þessu tagi er auðvitað afar flókin og þess vegna skiptir verulegu máli að hæstv. ráðherrar undirbúi löggjöf af þessu tagi betur en hv. umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, gerði í þessu tilfelli.

Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem við lendum í nákvæmlega þessu sama, að þegar við breytum þeirri löggjöf sem hér um ræðir fer það í handaskolum og leiðrétta þarf það skömmu síðar. Þetta er því fyrst og fremst brýning til hæstv. ráðherra og embættismanna í ráðuneytunum. Það er ekki forsvaranlegt að láta löggjöf af þessu tagi birtast hér einum eða tveimur dögum fyrir jólahlé og ætlast til þess í alvöru, eins og gert var hér, að það verði bara afgreitt einn, tveir og þrír í gegnum þingið. Það tókst ekki. Við þurftum að afgreiða þetta í janúar. Gerðum það þá með dágóðu hraði og við vorum ekkert að teygja málin í umhverfisnefnd. Við lítum á þetta svipuðum augum. Það er auðvitað nauðsynlegt að koma þeim breytingum sem um er að ræða í gegn. En það verður að gera þá kröfu að málin séu undirbúin betur en raun ber vitni.

Það eru í raun og veru alfa og omega alls í lagasetningu að málin séu vel undirbúin. Því kynnast nú þingmenn þessa dagana afar vel. Mér skilst að stjórnlaganefndin okkar sem á að fara yfir það frumvarp sem mælt var fyrir hér í gær, frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskránni, hafi fengið á klukkutímafundi í hádeginu í hendur möppur með 800 blaðsíðna lesefni. Mér skilst að það hljóti að verða að afgreiða það mál gegnum þingið á morgun eða hinn ef starfsáætlun á að standast. Þetta eru auðvitað ekki boðleg vinnubrögð.

[14:07]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Já. Ég ætla að taka undir gagnrýni á vinnubrögðin hjá hæstv. umhverfisráðherra. Sýnir bara að það hefur verið kastað til þess höndunum og hroðvirknislega staðið að verki. Því þarf að gera svona leiðréttingar eins og hér liggja fyrir.

En í ljósi þess hversu flókið og tæknilegt þetta mál er þá hefði ég nú talið að skýring hefði þurft að vera með greininni, með frumvarpinu þannig að þeir sem sjái þetta frumvarp til laga viti um hvað það fjallar annað en þær tölur sem formaður hv. umhverfisnefndar las upp og las reyndar ekki upp allar.

Í greinargerðinni segir í tveimur línum, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á viðauka XVIII við lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Er um lagfæringar á umbúðanúmerum og prósentutölum að ræða.“

Hvaða umbúðanúmer eru þetta? Það hefði kannski þurft að skýra það aðeins hérna út hvaða umbúðir utan um hvað þetta er o.s.frv. Því hérna er náttúrlega bara greinin og leiðréttingin. Það hefði kannski átt að skýra þetta aðeins betur sérstaklega í ljósi þess hvað þetta er tæknilegt. Það er ekki fyrir nokkurn mann sem fer í gegnum þingskjöl að skilja út á hvað þetta gengur. Þetta er bara eins og hvert annað reikningsdæmi eða reikningsþraut. Ég hefði því talið ástæðu til að skýra þetta aðeins betur fyrir þeim sem koma að málinu en þekkja ekki til þess.

Annars tel ég ekki mikla ástæðu til að ræða þetta neitt frekar en þegar hefur verið gert. En ég vil aftur gagnrýna vinnubrögðin í umhverfisráðuneytinu í vetur, hvernig málum hefur verið háttað þar, hversu seint þau hafa komið til nefndarinnar og hvernig þingmenn sem sitja í umhverfisnefnd hafa þurft að vinna þessi mál nánast á handahlaupum.

Síðast núna rétt áðan á næstsíðasta degi þingsins var að

koma inn nýtt mál sem nefndarmönnum er ætlað að flytja og munu flytja. En það er alveg dæmi um vinnubrögðin hjá ríkisstjórninni í umhverfismálum í vetur.

[14:10]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ég held að það hafi viljað hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni til happs að hann þurfti ekki að lesa þetta magnaða frumvarp upp í morgun þegar framtíðarkjósendur hans, börnin úr Borgaskóla, voru hér viðstödd á pöllunum því þetta hlýtur að hafa hljómað þeim afskaplega einkennilega í eyrum og ekki mikið glætt áhuga þeirra á Alþingi.

En mig langar svona rétt úr því að það eru búið að opna hér umræður um úrvinnslugjald, frú forseti, að spyrja hv. formann umhverfisnefndar út í sjóðinn, þ.e. Úrvinnslusjóðinn. Hvernig staðan er á þeim sjóði í dag? Við erum að tala um greiðslur í sjóðinn. Hvernig er staðan á þeim sjóði og í hvað fara tekjur hans? — Nú bara sló alveg út. Ég held að spurningin sé ekkert lengri.

[14:12]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Valdimari Leó Friðrikssyni fyrir fyrirspurn hans (Gripið fram í.) og áhuga hans á málinu. Til að halda þessu til haga var alltaf vitað að við þyrftum að koma með þessi mál oft hér inn. Þetta er eins og nafnið gefur til kynna, þetta er svona sambærilegt eins og tollnúmer. Þau eru mjög mörg og það þótti bara öruggara af því hér er í rauninni um gjöld að ræða, að löggjafinn mundi afgreiða þau í hvert skipti sem einhver breyting yrði. Það er auðvitað óheppilegt ef þarf að gera það oft, en þó var alveg ljóst að það þyrfti að vera.

Hv. þingmaður spyr um sjóðinn, hvernig hann standi o.s.frv. Skemmst er frá því að segja að hann stendur mjög vel sem hefur gert það að verkum að við höfum verið að lækka gjöld mjög mikið á þessu kjörtímabili. Raunar er hugmyndin sú í örstuttu máli að hver flokkur standi undir sér, ef þannig má að orði komast, t.d. bifreiðarnar, úrvinnslugjaldið af þeim eða á einstaka vöruflokkum.

Það þýðir að þegar verður sjóðamyndun, sem hefur gerst í mörgum tilfellum, þá hefur löggjafinn eða nefndin beitt sér fyrir því eftir uppáskrift frá Úrvinnslusjóði að viðkomandi gjald er lækkað. Það hefur svona verið almenna reglan þó líka sé dæmi þess að menn hafa þurft að hækka það á ákveðnum flokkum, því hugmyndin er ekki sú að millifært sé innan sjóðsins heldur verði hver flokkur að standa undir sínu, ef þannig má að orði komast.

Ef þetta hefur svarað spurningu hv. þm. þingmanns, virðulegi forseti, er það vel, annars svara ég öðrum ef þetta er ekki nógu skýrt eða um fleiri spurningar er að ræða.

[14:14]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka ágætt svar en tel nauðsynlegt að spyrja enn frekar. Er það ekki rétt ábending hjá mér að sjóðurinn standi í raun það vel að ástæða sé til að lækka þessi gjöld enn frekar?

[14:14]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek fram að nú er ég að ræða þetta mál út frá minni, ég er ekki með gögnin fyrir framan mig. Nefndin hefur mjög oft á þessu kjörtímabili fengið stöðu sjóðsins hverju sinni og síðan hafa verið gerðar breytingar í kjölfarið á því.

Eins og ég segi hefur verið mjög ánægjulegt að taka þátt í að lækka þessi gjöld mjög myndarlega á ýmsum vörum. Ef þarf að lækka þau á fleiri vörum eða meira, þá væri gott að fá þær ábendingar.

Stjórn sjóðsins hefur verið, held ég, ágætlega vakandi yfir því að sjá til þess að hér myndist ekki einhverjir sjóðir, sem ekki er hugmyndin með þessu fyrirkomulagi, ef þannig má að orði komast. Ég held að það sé sjálfsagt að ef einhverjar ábendingar eru um slíkt að taka þær til greina. Þetta er að vísu, eins og ég segi, tekið fyrir í nefndinni og búið að taka fyrir í nefndinni nokkuð oft, og sem betur fer hefur það verið verkefnið fram til þessa að lækka gjöldin.

Hv. þingmaður þarf að koma kannski með aðeins nákvæmari fyrirspurn um á hvaða sviðum hægt væri að lækka gjöldin og þá væri örugglega hægt að kanna það. En ég get ekki lofað hv. þingmanni svari núna. Eins og hv. þingmaður veit er sá sem hér stendur mikill áhugamaður um lækkun skatta og gjalda þannig að ég er svo sannarlega til í að skoða það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 1. umr.*

Stjfrv., 686. mál (metangasbifreiðar). — Þskj. 1069.

[14:16]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á vörugjaldi af bifreiðum sem nýta metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Er lagt til að umræddar bifreiðar verði undanþegnar vörugjaldi tímabundið til ársloka 2008. Það er til samræmis við gildistíma tímabundinna undanþágna vörugjalda af vetnis- og rafmagnsbifreiðum samkvæmt núgildandi lögum. Gert er ráð fyrir að fyrir árslok 2008 verði mótuð heildarstefna um skattlagningu bifreiða sem nýta umhverfisvæna orkugjafa.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að gera metangasbifreiðar ákjósanlegri kost en nú er við val á bifreið og er lagt til að framangreindar bifreiðar verði nú að fullu undanþegnar vörugjaldi en hingað til hafa þær notið 240.000 kr. eftirgjafar af vörugjaldi. Ætla má að þær aðgerðir sem hér eru lagðar til muni stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og jafnframt koma í veg fyrir þá sóun orku sem felst í því að nýta ekki hauggasið á bifreiðar.

Til að sporna við misnotkun er lagt til að óheimilt verði að fjarlægja metangasbúnað eða gera breytingar á eldsneyt-

isgeymum bifreiða sem notið hafa niðurfellingar vörugjalds samkvæmt frumvarpinu. Ákvæðinu er m.a. ætlað að koma í veg fyrir að fluttar verði inn metangasbifreiðar sem síðan verði eingöngu notaðar sem bensínbifreiðar.

Reikna má með því að undanþágan leiði til þess, að teknu tilliti til afleiddra áhrifa á virðisaukaskatt, að lækkun á söluverði slíkra bifreiða verði á bilinu 25–30% eftir því hvort um er að ræða smábíla eða stærri jeppa. Samkvæmt lauslegum útreikningum má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af miðlungsstórum fólksbíl verði hátt í 500 þús. kr. lægri en ef greitt væri fullt vörugjald og virðisaukaskattur af því. Þó þarf að hafa í huga að samkvæmt bráðabirgðaákvæði í gildandi lögum er heimilt að fella niður 240 þús. kr. af vörugjaldi á bifreiðum af þessum toga þannig að mismunur eftir afgreiðslu þessa frumvarps yrði þá um 250 þús. kr. á meðalfólksbíl. Afar erfitt er að spá fyrir um það í hvaða mæli fyrirtæki og einstaklingar muni kaupa bifreiðar með þessum búnaði í kjölfar slíkrar verðlækkunar.

Hauggasi hefur á undanförnum árum verið safnað saman á urðunarsvæði Sorpu í Álfsnesi og það hreinsað og metan skilið úr hauggasinu til notkunar á bifreiðar. Metan er skæð gróðurhúsalofttegund, um tuttugu sinnum öflugri en koltvísýringur. Það er því æskilegt að metaninu sé safnað saman og brennt, og eytt þannig sem gróðurhúsalofttegund.

Flestir bifreiðaframleiðendur bjóða eina eða fleiri tegundir metangasbifreiða. Í þeim eru venjulegar bensínvélar sem breytt er smávægilega svo þær geti einnig brennt metani en jafnframt eru fáanlegar bifreiðar sem eingöngu ganga fyrir metani.

Í dag eru um 50 bifreiðar hér á landi sem ganga fyrir metangasi að hluta eða öllu leyti. Með því að fjölga metangasbifreiðum má koma í veg fyrir þá sóun á orku sem felst í því að nýta ekki hauggasið sem orkugjafa.

Metan er selt á einni dælustöð á höfuðborgarsvæðinu og er undanþegið eldsneytisgjöldum. Verð á metani er því mjög hagstætt og svarar til þess að bensínlítrinn kostaði tæpar 80 kr.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að það muni ekki hafa teljandi áhrif á kostnað skattkerfisins og umsýslu þessara mála frá því sem nú er.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[14:20]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hæstv. fjármálaráðherra flytur hér, um að framlengja frest á vörugjöldum af svokölluðum metanbílum, er góðra gjalda vert en það vekur athygli mína að í frumvarpinu er aðeins talað um metangasbíla en eingöngu er hægt að fá metangas á höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki fáanlegt annars staðar og þó að þetta sé auðvitað sjálfsögð niðurfelling gagnast hún eingöngu þar.

Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvers vegna svokallaðir tvinnbílar koma ekki inn í þetta undanþáguákvæði. Þá er ég að ræða um bíla sem ganga bæði fyrir bensíni og rafmagni. Það mundi gagnast fleiri Íslendingum en eingöngu þeim sem nota metangasbíla út frá því sem ég sagði áðan um það hvar hægt er að fá áfyllingu. Spurning mín í fyrsta andsvari við hæstv. ráðherra er annars vegar um tvinnbílana og hins vegar tek ég eftir því að niðurfellingin á vörugjaldinu féll niður að mig minnir 1. janúar eða 1. desember síðastliðinn, þessi undanþága, og þá er spurningin: Hvað hefur verið að gerast á þessum tíma, fram að þessum tíma ef þetta frumvarp verður nú samþykkt? Er gat þarna á milli? En fyrst og fremst er varðar spurning mín tvinnbílana.

[14:21]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og augljóst er fjallar þetta frumvarp um metangasbíla en ekki um tvinnbíla en þar er auðvitað talsverður munur á um hvers konar bifreiðar er að ræða.

Annars vegar erum við að nýta hauggasið sem verður til hjá okkur og er í sjálfu sér hættuleg lofttegund vegna gróðurhúsaáhrifa og síðan sparar það okkur auðvitað að brenna öðru eldsneyti og losunin verður þannig minni.

Tvinnbílarnir ganga alla vega flestir fyrir hefðbundnu bensíni og svo framleiða þeir sjálfir rafmagn sem þeir hlaða á geyma og nýta síðan meðan það endist. Þeir eru út af fyrir sig allra góðra gjalda verðir en ég held að þeir hafi sem slíkir ekki sömu jákvæðu umhverfislegu áhrifin sem við erum að reyna að ná með því að ýta undir notkun á metangasbílum. Ég á hins vegar von á því að á síðari stigum í vinnslu þeirrar stefnu sem unnið er að á vegum ríkisins muni tvinnbílarnir koma inn í þá umræðu.

Tvinnbílarnir nýta, eins og ég segi, bæði hefðbundna eldsneytisgjafa og svo framleiða þeir orku. Þeir framleiða orkuna þegar þeir hemla og það gerist frekar í styttri ferðum. Hins vegar þegar þeir eru í langkeyrslu og búnir að nýta rafmagnið brenna þeir að mestu leyti hefðbundnum eldsneytisgjöfum.

[14:24]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna auðvitað því frumvarpi sem hér er fram komið en vek aftur athygli á því að þessar metangasbifreiðar verða fyrst og fremst fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Tvinnbílarnir mundu gagnast Íslendingum öllum, sama hvar þeir búa. Þess vegna segi ég að enn einu sinni er verið að koma með frumvarp sem skekkir svolítið samkeppnishæfni landsmanna, ef svo má að orði komast. Íbúar landsbyggðarinnar sitja ekki við sama borð hvað þetta varðar. Það er rétt að hafa það í huga. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til að taka tvinnbílana inn líka og byrja á að lækka vörugjald af þeim.

Hæstv. ráðherra talar um markmiðin sem hér eru sett fram, þ.e. umhverfisleg markmið. Má ég aðeins, virðulegi forseti, vekja athygli þingheims og hæstv. ráðherra á því að undanfarið hefur átt sér stað alveg óheyrilegur innflutningur á svokölluðum pallbílum sem eru 5 tonn og yfir og eru flokkaðir sem vörubílar, litlir vörubílar. Þeir bera ekkert vörugjald, ekki neitt. Þetta eru bensínhákar með 6 og upp í 7,3 í slagrými og eyða upp undir 25 lítrum af bensíni í innanbæjarkeyrslu.

Væri ekki full ástæða til þess, og ég spyr hæstv. fjármálaráðherra út í það, að breyta þessu ákvæði og hækka

e.t.v. vörugjaldið og koma þá á móts við tvinnbílana og lækka vörugjaldið þar í staðinn þannig að nettóstaða ríkissjóðs væri söm, vegna þess að ég veit og hef oft heyrt hæstv. fjármálaráðherra tala um að honum sé mjög umhugað um það.

Virðulegi forseti. Ég tók þetta sem dæmi, pallbíla sem flokkaðir eru sem vörubílar, 5 tonn og stærri. Ef við tökum pallbíla sem eru undir 5 tonn bera þeir aðeins 13% vörugjald meðan fólksbílar bera 30% og stærri fólksbílar og jeppar 45% vörugjöld.

Hefur ekki komið til tals, virðulegi forseti, að breyta þessu með pallbílana, þessa bensínháka, vegna þeirra sjónarmiða sem koma fram í þessu frumvarpi sem eiga að vera umhverfisvæn og umhverfislega sinnuð?

[14:26]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef þessi tilraun sem við erum að gera hér gengur vel og það verður góð sala á þessum bílum er ég alveg sannfærður um að bensínstöðvum sem afgreiða metangas mun fjölga og það mun þá verða í samræmi við það hversu margar bifreiðar eru á svæðunum hvort sú þjónusta er veitt þar eða ekki.

Varðandi hins vegar pallbílana þá eru þeir flokkaðir á þennan hátt vegna þess að þeir eru almennt taldir vera atvinnutæki (Gripið fram í.) og notaðir að miklu leyti í atvinnuskyni þó að auðvitað sé erfitt að banna mönnum að nota slíkar bifreiðar í einhverjum öðrum tilgangi. Ég sé ekkert rosalega mikið af þeim í miðbæjarakstri alla vega og hef heyrt á þeim sem vinnu sinnar vegna þurfa að nota þessa bíla að þeir séu betur hæfir í langkeyrslur en í innanbæjarsnatt. Enda þótt þau sjónarmið sem hv. þingmaður nefndi hér hafi komið upp hafa þau sjónarmið sem ég nefndi í upphafi varðandi hlutverk þessara bifreiða orðið ofan á og ef við færum að breyta þessari skattlagningu værum við að hafa íþyngjandi áhrif á þá starfsemi sem slíkar bifreiðar eru almennt notaðar til.

[14:27]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að fram er komið þingmál um að breyta vörugjaldi á bifreiðar sem nýta metangas og minni á að Norðurlandaráð hefur sent leiðbeiningar til aðildarlandanna um að fara þessa leið, að minnka vörugjöld á bifreiðar sem nota vistvænt eldsneyti.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra í ljósi þess að þarna er eingöngu um að ræða bifreiðar sem geta tekið eldsneyti á höfuðborgarsvæðinu, á einni stöð, og minni á það í leiðinni að höfuðborgarbúar vilja líka getað keyrt út á land og taka eldsneyti þar. Er hæstv. ráðherra tilbúinn að setja inn í þetta frumvarp ákvæði sem snýr að tvinnbílunum? Þó að þeir noti heföbundið eldsneyti menga þeir helmingi minna, þeir búa til sitt rafmagn sjálfir og nýtast alls staðar á landinu og líka í langferðir. Ég hef reynslu af tvinnbíl í tvö ár og þetta eru einstaklega vistvænir bílar.

Í umræðum um umhverfismál og aðgerðir vegna loftslagsbreytinga af völdum gróðurhúsalofttegunda, hvöttu sérfræðingar sem töluðu á Norðurlandaráðsþinginu Íslendinga til að fara þá leið að auka notkun tvinnbíla og grípa til ráðstafana eins og þeirra sem hér er verið að leggja til og snúa að metanbílunum. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn að svara þessu ákalli frá sérfræðingum í loftslagsmálum og taka tvinnbílana hér inn? Því að þessir sérfræðingar sögðu að þetta væri ein áhrifaríkasta og árangursríkasta leiðin sem hægt væri að fara á Íslandi.

[14:30]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er óskaplega gott að vita að það skuli vera svona mikið af sérfræðingum til úti í heimi sem vita svona mikið um aðstæður hérna hjá okkur á Íslandi. Mjög uppörvandi að þeir skuli vera svona hvetjandi.

Hins vegar held ég að tvinnbílarnir séu annars eðlis en metangasbílarnir eins og ég fór yfir áðan. Ég sé a.m.k. ekki í hendi mér að sama ætti endilega að gilda um þá þótt ég telji að það geti verið ástæða til þess að gera tiltekna hluti varðandi þá og hugsanlegt að það komi fram á síðari stigum í því sem við erum að vinna þessa dagana. En ég held a.m.k. ekki að tímabært eða rétt sé að taka þá inn í þetta frumvarp.

[14:31]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Það er nú ástæðulaust, virðulegi forseti, fyrir hæstv. ráðherra að vera svona úrillur og stúrinn þótt talað sé um aðgerðir til sporna við áhrifum af losun gróðurhúsalofttegunda.

Ríkisstjórnin er nýbúin að vera með stefnumörkun í loftslagsmálum. Það hvarflar nú að manni þegar hæstv. ráðherra tekur svona í að sömu ívilnanir verði gerðar gagnvart þeim sparneytnu bifreiðum sem allir landsmenn geta notað sér að hér sé um sýndarmennsku að ræða, að það sé sýndarmennska í ríkisstjórninni að vera með yfirlýsingar um vilja til að grípa til aðgerða vegna áhrifa og hlýnunar vegna gróðurhúsalofttegunda og það eina sem ríkisstjórnin vill síðan gera í málinu er að taka vörugjaldið af bifreiðum sem nýta metangas, sem er góðra gjalda vert. En það eru örfáar bifreiðar.

Það geta fáir landsmenn nýtt sér þetta vegna þess að það er aðeins ein orkustöð og hún er hér á höfuðborgarsvæðinu. Tvinnbílana geta allir nýtt sér og þeir skila mestu. Af því að hæstv. ráðherra var að gera lítið úr sérfræðingum sem höfðu talað á Norðurlandaráðsþingi þá er hér um að ræða Færeyinginn Boga Hansen sem er mjög virtur sérfræðingur og hefur mikla þekkingu á aðstæðum á Íslandi. Hann hefur komið hingað nokkrum sinnum og talað um þessi mál.

Hann hvetur okkur til að grípa til þessara ráðstafana, að lækka gjöld á tvinnbílum til þess að koma til móts við þær kröfur sem er verið að gera um minnkun útblásturs vegna bifreiða. Og við gætum náð verulegum árangri ef við mundum fjölga þannig bifreiðum sem nýta bæði rafmagn og heföbundið bensín en menga helmingi minna en venjulegur fjölskyldubíll gerir í dag.

[14:33]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vissi nú ekki að ég hefði verið að gera lítið úr einum eða einum, hvorki sérfræðingum né öðrum

og er ástæðulaust fyrir hv. þingmann að túlka ummæli mín á þann hátt. Ekki tók ég eftir því sjálfur að ég væri úrillur eða stúrinn. Hv. þingmaður ætti bara að sjá mig þegar ég er virkilega úrillur og stúrinn. Hún hefði kannski gaman af því að sjá það.

Eins og ég er nú þegar búinn að fara yfir hérna tvisvar ef ekki þrisvar í umræðunni, þá eru tvinnbílarnir annars eðlis tæknilega en metangasbílarnir. (**ÁRJ:** Þeir eru vistvænir engu að síður.) Þeir eru engu að síður vistvænir. Það er alveg rétt. Þeir eru hins vegar miklum mun líkari hinum hefðbundnu bifreiðum sem við þekkjum og nota í grunninn sama eldsneytið þó að þeir bæði framleiði og noti rafmagn líka, til að spara eldsneytið.

En þessi virkni á sér líka sérstaklega stað í þéttbýlinu þar sem mikið er um að það sé bremsað og stoppað og krafturinn sem þá verður til við mótstöðuna nýtist til að framleiða rafmagnið. Þetta nýtist síður á langferðum, þá er raunverulega um notkun á hefðbundnum eldsneytisgjöfum að ræða.

Þannig að við erum einfaldlega að tala um bifreiðar sem eru annars eðlis en um ræðir í frumvarpinu. Þær eru allra góðra gjalda verðar og alls ekki ólíklegt að þær muni koma fram í því sem við erum að vinna þótt á annan hátt verði.

Það er eins og það sé svolítil lenska hjá stjórnarandstöðunni að ef komið er fram með eitthvað gott og jákvætt, þá er svona tekið undir það en það þarf (Forseti hringir.) alltaf að koma með eitthvað annað líka.

[14:35]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er sannarlega ástæða til að staldra við og skoða ofan í kjölinn trúverðugleika umhverfisstefnu ríkisstjórnarinnar. Því við höfum orðið vitni að því að það hafa verið sett fram markmið varðandi losun gróðurhúsalofttegunda og við verðum vör við það í aðdraganda kosninga að Sjálfstæðisflokkurinn reynir ítrekað að gefa sig út fyrir að vera að fara inn á nýja braut í þessum efnum, í umhverfismálunum. Fálkinn birtist grænn á forsíðu Morgunblaðsins og menn spyrja hvort málningin haldi vatni. Það er því alveg eðlilegt að hæstv. ráðherra sé spurður út í það hversu djúpt þessi stefnubreyting sjálfstæðismanna risti.

Þetta frumvarp er til marks um að stefnubreyting sé í farvatninu. En ég tek undir það með þeim þingmönnum sem hér hafa komið í andsvar við hæstv. ráðherra að það er auðvitað ekki farið alla leið og það er mjög miður og óskiljanleg sú tregða sem kemur í ljós í orðum hæstv. ráðherra varðandi það að vilja ekki heimila að þessi ívilnun gildi fyrir allar bifreiðar sem spara okkur losun í þeim mæli sem t.d. tvinnbílarnir gera og aðrir bílar, aðrar bifreiðar sem nota vistvæna orkugjafa.

Samkvæmt gildandi reglum þá er í gildi bráðabirgðaákvæði í lögum sem gerir það heimilt að fella niður 240 þús. kr. af vörugjaldi bifreiða, ef ég man rétt, sem eru rafbílar, þ.e. þetta gildir eingöngu um rafbílana. Nú hristir nú hæstv. ráðherra höfuðið. En það er til ívilnum í vörugjaldi vegna þeirra bíla sem taldir eru hafa lítil sem engin áhrif á umhverfið í útblæstri. Ég hefði talið að sú ívilnun hefði verið ástæða fyrir stærri skref í þessum efnum. Og þess vegna hefði ég viljað sjá að frumvarpið sem hér er talað fyrir næði yfir allt það sem upp á vantar.

Ég lýsi því líka yfir að mér finnst nokkuð miður að hér skuli lýst yfir að þetta sé einungis tímabundin ráðstöfun og það ekki til mjög langs tíma því gert er ráð fyrir að hún gildi einungis fram til loka ársins 2008. Hvers vegna? Jú. Vegna þess að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að vera búin að ljúka heildarstefnu um skattlagningu bifreiða sem nýta umhverfisvæna orkugjafa fyrir árslok 2008.

Setjum nú svo að Sjálfstæðisflokkurinn verði ekki í ríkisstjórn á næsta kjörtímabili. Þá getum við og kjósendur sagt með réttu að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki staðið sig í umhverfismálum á því kjörtímabili sem nú er rétt liðið. Hins vegar getum við líka sagt og séð, og það er þá augljóst, að Sjálfstæðisflokkurinn, sem nú reynir að lofa bót og betrun fram í tímann, þ.e. með öðrum orðum að Sjálfstæðisflokkurinn sé að reyna að ganga í augun á kjósendum vegna þess að kjósendur vilja fá útspil af þessu tagi nú í aðdraganda kosninga. Ég tel að skoða þurfi þennan frumvarpsflutning hæstv. ráðherra í því ljósi.

Auðvitað eru breytingarnar sem hér koma fram af hinu góða. Þær eiga eftir að verða til verulegra hagsbóta fyrir neytendur. Það kemur fram í fylgiskjali með frumvarpinu frá fjármálaráðuneytinu, fjárlagaskrifstofu, að það megi gera ráð fyrir að þessi undanþága leiði til þess að teknu tilliti til afleiddra áhrifa á virðisaukaskatt að lækkun á söluverði þeirra bifreiða sem hér um ræðir, sem sagt metangasbílana, verði á bilinu 25–30% eftir því hvort um er að ræða smábíla eða jeppa. Þannig að hér er um verulega hagsbót fyrir neytendur að ræða og í sjálfu sér sáralítil áhrif á ríkissjóð þegar á heildina er litið. Breyting af þessu tagi getur ekki talist útlátamikil fyrir ríkisstjórnina og ríkissjóð og þess vegna ætti ríkisstjórninni ekkert að vera að vanbúnaði og hefði reyndar fyrir löngu síðan átt að vera búin að marka sér ákveðna stefnu í þessum málum sem næði til allra bifreiða sem aka um á vistvænum orkugjöfum.

Á slíkum tíma vakningar í umhverfismálum og umræðu um áhrif útblásturs á heilsu manna og áhrif stórra bíla á loftgæði í borgum eða þéttbýli, þá hefði ég talið ástæðu til þess að taka hér stærri skref. Metangasið er afurð sem verður til vegna athafna mannanna. Metangas verður til, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, á öskuhaugum þar sem fólk lætur frá sér úrgang. Það er einungis á öskuhaugunum eða urðunarstaðnum á Álfsnesi sem til þessa hefur tekist að virkja metangasið eins og Sorpa hefur gert uppi á Álfsnesi. Það hefur verið gaman að fylgjast með því sem þar er gert og það starf hefur allt verið til fyrirmyndar.

Hins vegar vantar talsvert upp á að starfsmenn Sorpu nái að fanga allt það metangas sem fellur til á urðunarstaðnum þannig að enn má bæta verulega þá tækni sem þar um ræðir. Ég hefði talið að það hefði verið fullsæmandi fyrir hverja ríkisstjórn að taka þátt í því sem Sorpa hefur verið að gera þarna upp frá og tryggja að það mætti ná enn betri árangri en nú er varðandi það að fanga sem mest af því metangasi sem til fellur.

Einnig má varpa hérna fram spurningunni um það hvernig ástatt sé á öðrum urðunarstöðum því metangasið verður til á þeim urðunarstöðum sem verið er að nota og reyndar þeim sem aflagðir eru. Þannig að það er spurning hvort ekki þurfi hér stefnumörkun í þeim efnum, frá ríkis-

stjórninni, á hvern hátt megi fanga metangasið frá öðrum urðunarstöðum en þeim sem er upp í Álfsnesi. Þá mundum við líka vera að horfa fram á það að fólk á landsbyggðinni, á öðrum landshornum en einungis á suðvesturhorninu, ætti þess kost á aka um á metanbílum.

Ég vil nota tækifærið, hæstv. forseti, í þessari umræðu og vekja athygli á frumvarpi sem ég hef lagt fram hér á Alþingi á þskj. 1044 en þar legg ég til breytingu á lögum þeim sem við erum að fjalla um hér, þ.e. lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleiru, nr. 29/1993. Frumvarp mitt gengur út á það að stóru pallbílarnir, bensínhákarnir, eins og þeir voru nefndir í ræðu rétt áðan, njóti ekki þeirra ívilnana sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur leitt í lög að þeir geri í dag.

Ég man ekki hvort síðasta breyting á þessum lögum sem ívilnaði pallbílum var gerð fyrir einum þremur, fjórum árum síðan. Þá var því mótmælt af okkur þingmönnum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að opnað yrði fyrir gríðarlegt flóð stórra bíla inn í umferðina, bíla sem menga meira en smáir bílar. Bíla sem spæna upp malbikið af mun meira afli en smærri bílar. Bíla sem í alla staði eru óæskilegir inn í almennri umferð.

Sjálfstæðisflokkurinn skellti skollaeyrum við þeim varnaðarorðum. Það hafa þeir gert allt til dagsins í dag. Enn bólar ekkert á neinum áformum Sjálfstæðisflokksins varðandi breytingar í þá veru sem ég legg til í frumvarpi mínu á þskj. 1044.

Nú háttar svo til að þingi er rétt að ljúka og það er auðvitað ljóst að ég kem ekki til með að ná þessu máli mínu inn í nefnd svo ég hyggst misnota aðstöðu mína hér í umræðum um þetta frumvarp hæstv. ráðherra sem varða sömu lög og gera í örfáum orðum grein fyrir því sem það innifelur.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að gerðar verði breytingar á 4. gr. laganna og varða breytingar skilgreiningu á stærð og þunga þeirra bifreiða sem njóta undanþágu frá fullu vörugjaldi. En það er svo að samkvæmt þessum lögum þá skal greiða vörugjald í ríkissjóð af ökutækjum sem eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum og í 3. gr. er kveðið á um að gjald þetta sé ýmist 30% eða 45%, allt eftir sprengirými aflvélarinnar. Í 4. gr. laganna er svo mælt fyrir um undanþágur og eftirgjafir frá innheimtu gjaldsins. Þau sjónarmið sem búa að baki niðurfellingu eða lækkun gjalds eru einkum þau að það eigi að styðja við atvinnurekstur.

Virðulegi forseti. Þau sjónarmið skil ég. Og ég tel mjög mikilvægt að við stöndum vörð um atvinnureksturinn og ákveðin undanþága nái til atvinnurekstrarins. Jafnvel þótt það verði einhverjir einstaka bílar, eins og við sjáum t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem sveitarfélög, sérstaklega Reykjavík rekur í einhverjum tilfellum bíla sem eru af svona millistærð þar sem starfsmenn borgarinnar hafa tvær sætaraðir til að sitja í bílnum. Bílar af þessu tagi mundu að öllum líkindum þurfa að bera hærri vörugjöld en þeir gera í dag. Ég verð að segja að í mínum huga þá eru slíkir bílar það fáir að ég held að það sé ekki mikill skaði skeður í þeim efnum miðað við ávinninginn sem við fengjum af því að fá full vörugjöld aftur á stóru bílana, á pallbílana sem eru til einkanota.

Það hefur, eins og ég sagði áðan, borið á því í auknum mæli að slíkir stórir bílar séu í almennri umferð. Þótt hæstv. fjármálaráðherra segist ekki sjá mikið af þeim í miðbænum þá vil ég segja við hæstv. ráðherra, sem ég efa að sé jafnmikið á gangi í miðbænum og ég sem venjulega geng til vinnu úr vesturbænum og hingað í gegnum miðbæinn og sé mjög mikið af þeim, að ég ráðlegg hæstv. ráðherra að líta betur í kringum sig. Þeir eru hér á hverju strái.

Þessi ökutæki eru ýmist alveg undanþegin vörugjaldi eða bera einungis 13% vörugjald. Þetta er í hæsta máta óeðlilegt ef við meinum eitthvað með því sem við erum að setja hérna fram um stefnumörkun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Það er því ekki að ófyrirsynju að það er ráðist á ríkisstjórnina og sagt að hún sé ótrúverðug í umhverfismálum meðan lög af því tagi sem ég hef lýst eru við lýði og þeim fæst ekki breytt.

Með frumvarpinu sem ég legg fram á þskj. 1044 geri ég ráð fyrir því að ökutæki sem njóti undanþágunnar séu þau ökutæki sem einungis eru notuð til vöruflutninga og komi þannig í veg fyrir að bifreiðar sem notaðar eru í almennum akstri verði fluttar inn á þessum lágu vörugjöldum.

Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið varðandi hagræna hvata í umhverfismálunum og skattalega stýringu í þeim efnum. Hér hafa verið sett lög um grænt bókhald og ríkisendurskoðun hefur sett fram græna endurskoðun á ríkisreikningi og ákveðnir kaflar í fjárlagafrumvarpinu hafa verið birtir, grænir kaflar, þ.e. um áhrif fjárlaganna beinlínis á umhverfið og umhverfismál. Í öllum þessum pappírum og allri þessari stefnumörkun er fjallað um hagræna hvata til þess að reyna að draga úr neikvæðum áhrifum gjörða mannanna á umhverfið.

Hér er dæmigert tækifæri fyrir ríkisstjórnina til að beita hagrænum hvötum, til þess að stýra neyslu fólks inn á þær brautir sem hafa minni áhrif á umhverfið. Ég skil ekki að hæstv. ráðherra skuli ekki taka fagnandi því tækifæri og setja fram metnaðarfyllra mál en hann núna gerir.

Þess vegna bendi ég honum á frumvarp mitt og ef það mál sem hæstv. ráðherra er hér að tala fyrir nær í gegn á þessu þingi, á þeim tveimur dögum sem samkvæmt starfsáætlun lifa eftir af þingstörfum, þá væri nú ekkert úr vegi að leyfa þingmálinu mínu á þskj. 1044 að fljóta með. Ég hvet hæstv. ráðherra til að mæla með því að þær hugmyndir séu teknar upp í frumvarp hans í formi breytingartillagna frá nefndinni. Þannig væri hægt að taka stærra skref en gert er ráð fyrir í upprunalegu skjali hæstv. ráðherra.

Ég tel að átaks sé þörf í þessum efnum. Ég heyri það frá Bretlandi þar sem flokkar heyja nú kosningabaráttu að menn slást afar hart í grænu málunum og það er búið að setja upp mælistikur í fjölmiðlum um það hverjir bjóði nú best, hvort það séu frjálslyndir, Verkamannaflokkurinn eða íhaldsmennirnir, þeir keppast allir við að bjóða gull og græna skóga. Menn setja fram metnaðarfull markmið þar í landi um að það sé raunverulegur möguleiki að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um helming og jafnvel meira fyrir miðja þessa öld. Menn eru að reyna að átta sig á því í alvöru og eru með sérfræðinga í vinnu við það að sjá á hvern hátt slík markmið geti náðst. Sannleikurinn er auðvitað sá að það komast allir að sömu niðurstöðu í þeim efnum. Markmið af þessu tagi nást ekki nema með róttækum aðgerðum og þær beinast fyrst að samgöngumálunum.

Það mál til komið að ríkisstjórnin átti sig á því og vakni og sinni kalli tímans í þessum efnum og taki hér á málum af róttækari hætti og af meiri metnaði en mál hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir.

Það er spurning um hvort græni fálkinn ætlar að vera við lýði alla kosningabaráttuna eða hvort málningin vaskist af honum í fyrstu átökum eftir að við þingmenn og stjórnmálamenn förum að takast á þarna úti á akrinum þegar þing er farið heim og hinn eiginlegi kosningaslagur byrjar.

Ég vona að hv. formaður umhverfisnefndar hafi verið að hlusta á mál mitt því ég held að ég hafi hér lög að mæla og ég hvet hann til að styðja þær hugmyndir sem ég hef talað fyrir og ræða við hæstv. ráðherra sinn um að taka leiðsögn minni, að leyfa frumvarpinu mínu á þskj. 1044 að fljóta hérna með.

Stefnan Sjálfbær Norðurlönd var nefnd hér af hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, og það ekki að ófyrirsynju því ríkisstjórnin hefur í sjálfu sér skuldbundið sig til þess að fylgja þeirri hugmyndafræði sem Norðurlöndin hafa verið að setja fram á undanförnum árum, í nokkrum tölusettum liðum og þar eru samgöngumálin mjög ofarlega á baugi.

Íslenskir ráðherrar hafa undirritað þær hugmyndir sem þar eru til staðar og íslenskri þýðingu af þeim stefnumiðum hefur verið dreift. Þannig að íslenskri þjóð á að vera það alveg ljóst undir hvaða merki ríkisstjórn okkar og ráðherrar eru að gangast. Það er því ekki seinna vænna að þjóðin banki í bakið á ráðherrum sínum og rukki þá um greiðslur loforðanna og fylgist með og sjái til þess að stefnunni sem hægt er að undirrita á Norðurlöndunum sé framfylgt líka hér.

Menn geta gengið á undan með góðu fordæmi á Íslandi, í þessu landi þar sem við höfum það jafngott og raun ber vitni. Okkur er ekkert að vanbúnaði og sleifarlag eitt gerir það að verkum að ríkisstjórnin skuli draga lappirnar í þessum efnum. Ég hvet því hæstv. fjármálaráðherra til þess að fara nú í föt þeirra ráðherra sem hafa gengið lengst á Norðurlöndunum og þess vegna félaga sinna, pólitískra sálufélaga í Íhaldsflokknum í Bretlandi, og ganga með þeim þessa vegferð og fara af alvöru í aðgerðir sem geta dregið umtalsvert úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Við Íslendingar eigum sömu heimtingu og aðrar þjóðir á því að ríkisstjórnin leggi sitt af mörkum til að bæta hér loftgæði. Það getur hún gert á afdrifaríkan hátt með því að nýta sér hagræna hvata til bættra umhverfismála. Málið sem hæstv. ráðherra talar fyrir hér er af því tagi en það þarf að gera meira til þess að það dugi.

[14:52]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það er auðvitað hægt að sýna fordæmi hér á landi og það hefur verið gert. Hv. þingmaður þarf ekkert að hafa áhyggjur af því, án þess að ég ætli að fara út í líkingamál hennar að þessu sinni, að Sjálfstæðisflokkurinn standi ekki við stefnu sína eða þau mál sem hann ber fyrir brjósti. Ég ætla að leyfa mér að nefna þó ekki væri nema eitt dæmi um þetta og það er sú stefna sem mótuð hefur verið hjá Orkuveitunni undir forustu sjálfstæðismanna þar sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður umhverfisnefndar, er stjórnarformaður. Þar hefur verið mótuð stefna um notkun vistvænna bifreiða með mælanlegum markmiðum næstu árin. Ég vil vekja athygli á því að sú stefna var ekki mótuð þegar vinstri græn voru í meiri hlutanum í borgarstjórn. Þetta er stefna sem mótuð var þegar sjálfstæðismenn voru komnir þar í forustu. (**KolH:** Þetta er rangt.)

[14:53]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að Sjálfstæðisflokkurinn skuli hafa tekið upp þráðinn og haldið áfram að vinna þá vinnu sem hafin var innan Orkuveitunnar og hófst í raun og veru með vottun fyrirtækisins og undirgöngu undir ISO-staðalinn. Það starf er til fyrirmyndar sem þar hefur verið unnið, virkilega til fyrirmyndar. Hæstv. ráðherra má alveg viðurkenna að það voru stjórnvöld í Reykjavíkurborg sem gengu á undan með góðu fordæmi, ekki bara Sjálfstæðisflokkurinn, vegna þess að það starf var byrjað áður en Reykjavíkurlistinn lét af störfum í borginni.

Þar var t.d. búið að ákveða, vegna þess líka að ISO-vottunin gerir það að verkum að Orkuveitan var í tíð Reykjavíkurlistans farin að versla við Hópbifreiðir sem er umhverfisvottað fyrirtæki. (**GÞÞ:** Þetta tengist ekki neitt. Þú ert að rugla saman.) Ég er ekki að rugla saman, ég veit allt um þetta vegna þess að ég þekki vel til þessa máls. Áður en Sjálfstæðisflokkurinn kom til starfa í Orkuveitunni sem leiðandi afl var búið að stíga metnaðarfullt skref í þessum efnum.

Hæstv. ráðherra vill drepa því máli á dreif sem ég hóf umræðu um, ég er að reyna að beina kastljósinu að ríkisstjórninni og Sjálfstæðisflokknum í ríkisstjórn og ég spyr: Hvers vegna getur ekki hæstv. ráðherra lagt til að gengið sé lengra í þeim efnum sem hér er verið að fjalla um og að tekin séu róttækari skref?

[14:55]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki vil ég efast um að hv. þingmaður hafi góðan hug þegar umhverfismálin koma á dagskrá og vilji gjarnan að hlutirnir gangi hratt fram þar en þetta minnir mig aðeins á það þegar einhver kemur með góða og snjalla hugmynd og annar kemur og segir: Já, mér var einmitt búið að detta þetta hug. Það getur vel verið að honum hafi dottið það í hug en hann kom bara ekki fram með hugmyndina og framkvæmdi hana ekki.

Það sem skiptir máli í þessu er að framkvæma hlutina. Ef eitthvað er hægt að segja um Sjálfstæðisflokkinn þá framkvæmir hann þá hluti sem hann talar um. Hann talar um þá hluti sem honum dettur í hug og hann framkvæmir þá hluti sem hann talar um. Því geta kjósendur ævinlega treyst.

[14:56]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra vill meina að framkvæmdamennirnir séu í Sjálfstæðisflokknum. Það má til sanns vegar færa ef horft er suður í Kópavog þar sem framkvæmdamaðurinn Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi, hefur tekið til hendinni í Heið-

mörk, reyndar við lítinn fögnuð umhverfisverndarsamtaka og þeirra sem láta sér annt um umhverfið. Það er því ekki það sama að framkvæma og framkvæma. En ég get alveg lofað hæstv. ráðherra því að þegar við vinstri græn fáum tækifæri til að setjast í ráðherrastóla og véla með þau mál sem nú eru á verksviði og borði hæstv. ráðherra munu verða tekin róttækari skref. Þá mun verða gengið lengra í að nýta sé hagræna hvata til að tryggja að hér sé iðkuð sú stefna sem menn í orði kveðnu segjast vilja keyra, þ.e. það verða sett mælanleg markmið um það á hvern hátt dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda og við munum byrja á samgöngunum.

[14:57]

**Guðlaugur Þór Þórðarson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir margt sem kom fram í máli hennar en ég vil hvetja þingmanninn til að fara rétt með. Mér finnst það afskaplega ósanngjarnt ef hv. þingmaður ætlar að tala af einhverri einurð um umhverfismál að fara ekki rétt með. Það fyrsta sem nýr meiri hluti gerði í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur var að setja umhverfismál á oddinn. Síðan hefur verið unnið markvisst að því. Það var ekki gert áður hjá Orkuveitu Reykjavíkur eða fyrirrennurum hennar í tíð R-listans. Það var mjög margt gott gert í umhverfismálum, bæði hjá Orkuveitunni og fyrirrennurum hennar, enda afskaplega umhverfisvæn fyrirtæki. Eina fyrirtækið á landinu, mér vitanlega, sem er með mælanleg markmið við að kaupa inn vistvæna bíla er Orkuveita Reykjavíkur.

Hvenær var það gert? Það var gert undir forustu sjálfstæðismanna alveg á sama hátt og var farið í það, áður en það varð lögbundið verkefni, að hreinsa strandlengjuna í tíð sjálfstæðismanna. Á sama hátt og farið var í að gera göngu- og hjólreiðastíga í tíð sjálfstæðismanna. Á sama hátt og menn fóru út í útivistarsvæðin, hvort heldur það var Elliðaárdalur eða Heiðmörkin eða það síðasta sem er Úlfljótsvatn, sem við björguðum frá fyrirætlunum R-listans um að koma þar upp frístundabyggð með 600 bústöðum.

Þetta eru staðreyndir og þarna er munurinn á því að framkvæma eða bara tala. Ég hvet hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur til að kynna sér þessi mál og fara að ekki að blanda saman ISO-stöðlum og mælanlegum markmiðum við að setja bílaflota fyrirtækisins yfir á vistvænt eldsneyti, ekki rugla því saman. Enginn heldur því fram að ekki hafi einhvern tímann verið gert eitthvað gott á þessum 12 árum hjá vinstri mönnum en það liggur alveg hreint og klárt fyrir (Forseti hringir.) hvenær fyrirtækið hóf að setja áherslur númer eitt, tvö og þrjú (Forseti hringir.) á umhverfismálin.

[14:59]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé enga ástæðu fyrir hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson til að æsa sig hér upp úr skónum af þessu tilefni. Ég vísa því til föðurhúsanna að ég hafi farið rangt með. Ef ég les bak við æsinginn í hv. þingmanni sýnist mér við vera tala um nákvæmlega sömu hluti. Meðan Reykjavíkurlistinn fór með stjórn Orkuveitunnar voru mjög margir hlutir gerðir hjá Orkuveitunni sem horfðu til betri vegar í umhverfismálum, m.a. fékk fyrirtækið ISO-vottunina sem er af umhverfislegum toga, þ.e. það var meðvitund í umhverfismálum innan Orkuveitunnar í tíð Reykjavíkurlistans. Er hv. þingmanni fyrirmunað að viðurkenna það? Mér heyrðist honum vera það í raun og veru með orðum sínum áðan.

Ég viðurkenni fúslega að það skref sem tekið var eftir að hv. þingmaður var orðinn stjórnarformaður, sem fólst í því að setja bifreiðar Orkuveitunnar yfir á vistvæna orkugjafa, var til fyrirmyndar. Mér finnst ekki erfitt að viðurkenna það. Ég skil því ekki þennan æsing í hv. þingmanni.

[15:00]

**Guðlaugur Þór Þórðarson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir orð hennar hér. Það sem ég er afskaplega ósáttur við er þegar menn hafa, og það hafa vinstri menn stundum gert, lagt málin upp með þeim hætti að sjálfstæðismenn hafi ekki áhuga á umhverfis- og náttúruvernd. Það sem menn gagnrýna sjálfstæðismenn harðlega fyrir er að við höfum ekki talað nógu mikið um hvað við höfum gert.

Varðandi fyrirtækin þá eru þau stærstu umhverfisverkefni okkar Íslendinga, þ.e. veitufyrirtækin í Reykjavík og annars staðar á landinu. Núna byggjum við á þekkingu, hátækniþekkingu sem er eftirsóknarverð um allan heim og er ásókn í og nú þegar erum við farin að selja þá þekkingu.

Það er auðvitað löngu fyrir mína tíð og tíma hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, sem þessi fyrirtæki fóru að stíga stór skref í umhverfismálum. En það sem við höfum gert, og það er gott að hv. þingmaður er meðvituð um það, frá því við tókum við þessum frábæru fyrirtækjum, að við höfum lagt alla áherslu á umhverfismál, sem m.a. komu fram í Úlfljótsvatnsmálinu, sem m.a. komu fram um mælanleg markmið varðandi bílana, sem m.a. kom fram í því að við erum að fara í samvinnu eða farnir í samvinnu við háskólana um umhverfis- og orkurannsóknir til að viðhalda þessari þekkingu sem heimurinn þarf á að halda núna ef menn ætla að ná einhverjum árangri í loftslagsmálum. Þetta er allt að því séríslensk þekking sem snýr að vinnslu á umhverfisvænum orkugjöfum, og sérstaklega þá heitu vatni.

Það má skamma okkur fyrir ýmislegt, m.a. það að hafa ekki talað um þetta. En ég er afskaplega sáttur við það og finnst það sanngjarnt af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að hún gengst við því og það er ekkert sjálfgefið þegar menn eru í pólitík og ég þakka hv. þingmanni fyrir það.

[15:02]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Úr því ég er farin að gleðja hv. þingmann ætla ég að gleðja hann meira. Vegna þess að ég var algerlega sammála honum varðandi Úlfljótsvatnsmálið frá fyrsta degi. Ég var ósátt við hvernig haldið var á því máli í Reykjavíkurlistanum og hv. þingmaður veit það alveg að á endanum voru það auðvitað Vinstri grænir sem studdu Sjálfstæðisflokkinn í því sem að lokum varð ofan á. Ég held að við getum alveg viðurkennt það þegar fólk er búið að opna augu sín og nær saman um málin, þá fæst oft farsæl niðurstaða. Það fékkst í því máli og ég fagna því. Ég skammast mín ekkert fyrir það að mitt fólk skipti þó um

skoðun. Það kom til liðs á endanum. Þar var slysið ekki orðið.

En í heildina er þessi umræða um umhverfismál auðvitað þess eðlis að við erum að átta okkur á því að við þurfum að vera öll trúverðug í umhverfismálum, allir flokkarnir. Ég er ekki að slá mig hér til riddara umfram aðra. Ég er hins vegar stolt af því að vera í flokki sem var stofnaður fyrir átta árum og vildi keyra hin grænu sjónarmið inn í umræðuna á Íslandi. Mér finnst okkur hafa gengið vel. Ég fagna því þegar aðrir flokkar og aðrir stjórnmálamenn koma til liðs og leggjast á sveifina. Því að á endanum verður þetta auðvitað sameiginlegt markmið okkar allra og á endanum hljótum við að ná því að standa saman um hin róttæku skref sem við í því máli sem við ræðum höfum nú verið að brýna hæstv. fjármálaráðherra til að gera.

[15:04]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Við erum að ræða hérna mjög alvarleg mál sem eru afleiðingar hlýnunar á umhverfið okkar og á heiminn. Við erum að ræða til hvaða aðgerða við getum gripið til þess að sporna við. Við vitum að þær loftslagsbreytingar sem eru orðnar sýnilegar nánast hvar sem er verða ekki stöðvaðar og tími til athafna er núna. Þess vegna eigum við ekki að eyða orku okkar hér í það hvað einhver vildi gera einhvern tímann. Það þarf að gera hlutina núna.

Þess vegna erum við auðvitað að ræða það við hæstv. fjármálaráðherra þegar hann leggur hér fram ágætisfrumvarp um að breyta eða lækka vörugjald á bifreiðum sem nýta metangas, að verulegu leyti, í stað bensíns eða dísilolíu a.m.k. tímabundið, og vitnar í greinargerð með því máli til nýsamþykktrar stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum þar sem kveðið er á um að grípa skuli strax til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Og bendir á þá leið sem hann leggur til í þessu frumvarpi. En það verður að segjast eins og er að ekki er verið að gera mikið. Þetta er pínulítið skref en við vitum að við verðum að vera mun róttækari í aðgerðum okkar.

Ég benti á það áðan í andsvari við hæstv. ráðherra að ekki þarf síður að taka á sparneytnum bifreiðum. Orkusparnaðurinn er áhrifaríkastur gegn loftslagsbreytingum. Það er orkusparnaðurinn sem skilar sér. Við vitum að alvarleg teikn eru á lofti í umhverfismálum. Jöklarnir eru að hopa þrisvar sinnum hraðar en á 9. áratugnum. Yfirborð sjávar hækkar og það ku vera um það fréttir, ég held í fyrrakvöld, að yfirborð sjávar væri að hækka mun meira en menn gerðu ráð fyrir vegna þess að jöklarnir á skautunum bráðna mun hraðar en vísindamenn höfðu áætlað. (**PHB:** Ekki á norðurskautinu.) Á suðurskautinu aðallega en það er einnig á norðurskautinu.

Það er að brotna frá stór íshella á suðurskautinu sem er verulegt áhyggjuefni, ef ég vitna í fréttaflutning af því ég er náttúrlega ekki sérfræðingur í þessum málum og hlusta bara á það sem vísindamenn segja. Það að íshellur séu að brotna frá stórum ísmassa gerir það að verkum að skriðjöklar eiga auðveldara með að renna í haf fram og bráðnun eykst mun meira.

Hver skýrslan á fætur annarri hefur komið fram undanfarið einmitt um þessi mál. Ég ætla að minna á Stern-skýrsluna og ACIA-skýrsluna sem var tekin fyrir hjá Norðurskautsráðinu á síðasta og þarsíðasta ári og við höfum fjallað mikið um í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd Norðurlandaráðs. Þar er verið að benda á mikilvægi þess að þjóðir heims bregðist strax við og dragi á allan hátt úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þó svo að við séum hér með hreinustu orkuna og hitum hús okkar með jarðhita verðum við engu að síður að bregðast við.

Hér er eitt lítið skref sem hæstv. fjármálaráðherra leggur til. En við erum að hvetja til frekari aðgerða og bendum á tvinnbílana. Þeir bílar sem ég geri að umtalsefni eru bílar sem eyða eða menga helmingi minna en litlir fjölskyldubílar. Þetta eru bílar sem geta tekið eldsneyti hvar sem er á landinu vegna þess að þeir ganga fyrir bensíni en framleiða sitt eigið rafmagn meðan þeir keyra.

Allt þetta tal hæstv. ráðherra um að þeir eyði miklu bensíni þegar tekið er af stað eða bremsað er bara tóm vitleysa. Ég keyri á svona bíl á hverjum einasta degi. Þegar maður tekur af stað er yfirleitt keyrt á rafmagninu og það heyrist ekki nokkur skapaður hlutur í bílnum. Það er bara tóm della að halda hinu fram. Ég efast um að hæstv. ráðherra hafi nokkurn tímann keyrt á svona vistvænum bíl, á svona tvinnbíl. Ég hvet hann til að gera það og skipta yfir.

Ég veit að margir þeir sem hafa haft umhverfismálin í hávegum fögnuðu því þegar þeir heyrðu að fella ætti niður aðflutningsgjöld á metangas- og vetnisbílum til að stuðla að því að minnka útblástur á koltvísýringi. En þeir urðu jafnsvekktir þegar þeir heyrðu af því að ekki ætti það sama að gilda um vistvænar bifreiðar sem hefur náðst góður árangur um, tvinnbílana sem hafa gefist mjög vel hér á landi. Ég tek undir það. Ég varð fyrir verulegum vonbrigðum og ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra ætli að láta frumvarpið verða að lögum án þess að taka þá leið inn í frumvarpið, þ.e. að lækka vörugjöldin, aðflutningsgjöldin af tvígengisbílunum þannig að sama gildi um það. Því ef svo er verður náttúrlega að segja eins og er að stefna ríkisstjórnarinnar og allt tal um að ríkisstjórnin ætli að grípa til ráðstafana til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er eins og hjóm eitt ef menn eru ekki tilbúnir að grípa til aðgerða sem fleiri geta notfært sér en þeir sem eru á höfuðborgarsvæðinu og ætla sér ekki að keyra út af því. Vegna þess að metan er ekki hægt að kaupa á bílana nema á einni stöð hér á höfuðborgarsvæðinu og hvergi annars staðar á landinu.

Við getum tekið sem dæmi að ef eigandi metangasbíls hygðist nú fara á bíl sínum til Norðurlanda þar sem hann ætti nú að geta keypt sér eldsneyti og keyrt um Norðurlöndin því þar er verið að gera átak í þessum efnum, þá kæmist hann ekki einu sinni á bílnum á Seyðisfjörð þar sem hann tæki ferjuna með bílinn yfir til Evrópu. Þannig er nú ástandið í þeim efnum. Þetta er því ákaflega lítið skref þó ég taki undir með hæstv. ráðherra að án efa muni sölustöðum metans fjölga þegar fleiri verða komnir á þá bíla. En það er ekki beint hvatning til almennings, þó verið sé að fella niður innflutningsgjöldin, að skipta yfir á þá bíla þegar menn vita að þeir geta aðeins keypt eldsneyti á bílinn á einum stað, og það er á höfuðborgarsvæðinu.

Ég nefndi í andsvari áðan þá miklu áherslu sem Norðurlöndin leggja á að nota vistvænt eldsneyti fyrir bifreiðar í ljósi þeirra aðgerða sem við verðum að grípa til til að

sporna við áhrifum af loftslagsbreytingunum eða af gróðurhúsaáhrifunum. Þar hafa menn tekið undir þá áskorun frá Norðurlandaráði að verða við því að koma á bættara aðgengi að vistvænni orku og koma einnig með aðgerðir í þá veru að hagkvæmara verði að keyra eða ferðast án þess að menga eins og gert er í dag.

Ég nefndi áðan Boga Hansen, sem leggur ríka áherslu á það og bendir okkur Íslendingum á að nýta þá leið sem tvinn-bílarnir eru. Af því að ég var að vitna í fréttir um vistvæna bíla var einmitt verið að segja frá því í fréttum um helgina að nú væri að verða til sá möguleiki að þeir sem væru á þessum tvígengisbílum eða tvinnbílum gætu fljótlega ef ekki bara á næstu mánuðum nýtt bílana þannig að þeir gætu hlaðið þá rafmagni yfir nótt. Stungið þeim í samband og nýtt rafmagnið enn meira en nú er gert. Sérstaklega í ljósi þessa er mikilvægt að við tökum inn í frumvarpið lækkun á þeim vistvænu bílum sem ég nefndi.

Ég vil líka nefna það, virðulegi forseti, að Samfylkingin hefur í stefnu sinni um Fagra Ísland lagt mjög ríka áherslu á að lækka gjöld á vistvænum bifreiðum og þeim bifreiðum sem nýta vistvæna orku til að draga úr mengun á útblæstri á $CO_2$. Ég geri ráð fyrir að fulltrúar okkar í efnahags- og viðskiptanefnd, sem munu fá málið til umfjöllunar að lokinni þessari umræðu, muni leggja til breytingartillögu þar sem þessar bifreiðar verði teknar inn og fái sams konar meðferð og metangasbílarnir, því annað væri óeðlilegt.

Af því að ég var að tala um umræðuna um loftslagsbreytingarnar sem voru hér í vetur og nú í janúar á Norðurlöndunum þar sem Bogi Hansen benti á áhrif loftslagsbreytinganna á Norðurlöndunum, þá talaði hann t.d. um ýmislegt sem gæti haft áhrif á líf okkar á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum í ljósi þeirra breytinga sem óheftur útblástur af gróðurhúsalofttegundum gæti haft. Meðal annars nefndi hann mikla þurrka á stórum svæðum á jörðinni, eyðimerkurnar mundu færast til sem gerði það að verkum að óbyggilegt yrði á svæðum þar sem mjög fjölmennt er eða fjölbýlt í dag. Það mundi verka þannig að þeir sem gætu flust milli svæða mundu gera það og flytja norður eftir. Hann spáði því að fram undan væru mestu þjóðflutningar sem nokkurn tímann hefðu átt sér stað á jörðinni eftir að slíkar breytingar færu að aukast. Hann var með ákveðna framtíðarsýn sem var ekki beint fögur, sérstaklega sem sneri að þeim stöðum þar sem miklir hitar yrðu og hungursneyð. Nicholas Stern hefur líka bent á að við umræddar breytingar muni það hafa í för með sér að flóð og hækkandi yfirborð sjávar muni gera hundrað milljónir manna heimilislausar og bráðnun jökla muni valda vatnsskorti hjá einum sjötta mannkynsins.

Auðvitað er það hroðaleg tilhugsun að þetta skuli vera það sem blasir við komandi kynslóðum ef ekkert verður að gert. Þess vegna verðum við öll að leggja okkar af mörkum. Þess vegna verðum við á Íslandi að leggja það að mörkum að minnka útblástur bifreiða. Draga úr gjöldum á þær bifreiðar sem menga minnst. Þar nefni ég þessa tvígengisbíla eða tvinnbílana sérstaklega, af því ég þekki þá persónulega. Ef fleirum verður gefinn kostur á að keyra á slíkum bifreiðum verður minni útblástur og því minni áhrif gróðurhúsalofttegunda.

Mig langar að nefna fleiri atriði, en ég sé að tími minn styttist óðum, sem við þurfum að grípa til. Ég velti fyrir mér: Er hæstv. ráðherra — ég sé hann ekki hérna í salnum, virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hann hlýðir á mál mitt einhvers staðar annars staðar eða hvort hann nennir ekki að hlusta þegar konur eru að ræða hér við hann um grafalvarleg mál.

(**Forseti** (SAÞ)**:** Ráðherra er í húsinu.)

Hann er í húsinu, en er hann að hlýða á mál mitt? Það er spurningin. Því ég er auðvitað að taka til máls til að koma ákveðnum skilaboðum til hæstv. ráðherra.

Ég á ekki sæti í hv. efnahags- og viðskiptanefnd þannig að ég get ekki komið þessum sjónarmiðum mínum eða spurningum áleiðis til ráðherrans þar. Því nota ég nota tímann hér. (**Gripið fram í:** Formaðurinn situr hérna.) Ég sé að formaðurinn situr þarna en ég veit ekki hvort hann mun koma þessum athugasemdum til skila, ég vona það. Mig langar til að fá svar við því við 1. umr. málsins hvort hæstv. ráðherra hyggst grípa til aðgerða til að minnka áhrif umferðar á heilsu fólks og þar á ég við svifryksmengun sem hefur verið að plaga mjög verulega bæði höfuðborgarbúa og íbúa á Akureyri, eins og fréttir hafa bent á.

Talað hefur verið um að til að draga úr því ástandi ætti ef til vill að banna notkun nagladekkja eða skattleggja sérstaklega þá sem eru á nagladekkjum. Ég hefði gjarnan viljað, virðulegi forseti, fá svör við því hjá hæstv. ráðherra hvort hann væri með í bígerð einhverjar slíkar aðgerðir, einhverja slíka skattlagningu eða stýringu til að draga úr þeirri mengun sem svifrykið er.

Ég sat fund í borginni, í Hlíðahverfi, þar sem slíkrar mengunar gætir einna mest nú á dögunum. Þar var læknir sem er sérfræðingur í lungnasjúkdómum og fleiri sjúkdómum sem svifrykið veldur. Hann benti á hversu alvarleg þessi mengun væri og hún hefði m.a. í för með sér aukna tíðni á hjartaáföllum. Börn sem á Íslandi sofa úti og búa við hinar stóru umferðaræðar þar sem slíkrar mengunar gætir mest væru mörg hver með ýmsa öndunarkvilla. Börn á leikskólum sem standa nálægt þessum stóru stofnbrautum sem menga hvað mest ættu líka í öndunarerfiðleikum og það kæmi fyrir að ekki væri hægt að setja börn út að leika sér þegar ástandið væri sem verst bæði hér í borginni og á Akureyri. Ég hefði gjarnan viljað fá svör við því hjá hæstv. ráðherra í umræðunni hvort hann væri með einhver slík áform á prjónunum, að skattleggja slíkt.

Mig langar aðeins, af því að nú er tíma mínum senn að ljúka, að nefna atriði sem kom fram í umræðunni áðan um að við nýttum ekki allt það metangas sem við gætum hér á höfuðborgarsvæðinu, þyrftum að beita betri aðferðum við að nýta það. Í vetur gafst mér kostur á að skoða verksmiðjur sem nota sorp til metangasframleiðslu. Það var ótrúlega snyrtilegt að koma og skoða slíkar verksmiðjur. Þetta var í Lettlandi. Þær eru auðvitað víðar, bæði í baltnesku löndunum og á Norðurlöndunum, þar sem metangasið er nýtt.

En mig langar til að vara við einu sem kom einmitt fram í umræðunni um umhverfismálin á Norðurlandaráðsfundunum núna í janúar, sem var að sums staðar þar sem menn eru að nota þessa vistvænu leið, metangasið, til að keyra bifreiðar, þá væri verið að flytja það inn frá þróunarlöndum og það mengaði meira en það minnkaði mengun að flytja það langar leiðir frá Suður-Ameríku eða öðrum fjarlægum

slóðum, auk þess sem það hefði ýmsan útblástur gróðurhúsalofttegunda í för með sér, bæði flutningurinn og vinnslan á því í öðrum heimsálfum.

Við þurfum því að huga að ýmsu í þessum efnum (Forseti hringir.) en ég hefði gjarnan viljað fá svör frá hæstv. ráðherra við spurningum mínum.

[15:24]

**Kristján L. Möller:**

Hæstv. forseti. Frumvarpinu sem hæstv. fjármálaráðherra hefur flutt, um breytingu á lögum nr. 29 frá 1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleira, þá hefði ég kosið að hæstv. fjármálaráðherra væri hér. Ég hyggst spyrja hann nokkurra spurninga, bæði út í þetta mál og mál sem snúa að sama efni, þ.e. skattlagningu á tækjum, bifreiðum og öðru slíku. Ég óska eftir því að hæstv. forseti geri ráðstafanir til að hæstv. fjármálaráðherra verði viðstaddur, a.m.k. eftir smástund þegar ég kem að þeim kafla í ræðu minni.

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp er ágætt. Það snýst um það að aflétta öllum vörugjöldum af bílum sem nota metangas, m.a. til að nota meira af því metangasi sem fellur til og safnast á höfuðborgarsvæðinu. Það er nú notað á í kringum fimmtíu bifreiðar sem allar eru á höfuðborgarsvæðinu. Þessu frumvarpi er ætlað að fjölga þeim um helming eða meira. Talað er um að nægjanlegt gas gæti fengist af sorphaugunum á Álfsnesi til að fullnægja þörfum 4.000 smærri ökutækja. Það er auðvitað besta mál. Metanið er mjög skæð gróðurhúsalofttegund, um tuttugu sinnum öflugri en koltvísýringurinn og því mjög gott að þetta verði beislað með mest og nýtt í bifreiðar sem hægt yrði að nota á höfuðborgarsvæðinu til þess að spara jarðefnaeldsneyti til samgangna.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, í stuttu andsvari mínu er metan aðeins selt á einni dælustöð á höfuðborgarsvæðinu. Það er að sjálfsögðu undanþegið eldsneytisgjöldum þannig að verð á metani er mjög hagstætt og svarar til þess að bensínlítrinn kosti tæpar 80 kr. í staðinn fyrir 120 kr. Enginn má skilja orð mín þannig að ég sé eitthvað andvígur málinu, ég ítreka og segi að þetta er hið besta mál. En ég vek jafnframt athygli á því að þetta gagnast ekki öllum landsmönnum. Þetta er ekki fyrir þá sem búa annars staðar en hér á höfuðborgarsvæðinu. Sú niðurfelling, sú ívilnun sem hér er gerð vegna metangasbílanna er aðeins fyrir höfuðborgarbúa.

Þess vegna hefði ég talið, eins og kom fram í andsvari mínu við ræðu hæstv. ráðherra áðan, að inn í þetta gætu blandast fleiri mál, fyrst framlengja á það ákvæði sem hér er inni til ársloka 2008, eins og talað er um, þegar ríkisstjórnin hefur lokið endurskoðun sinni á skattlagningu á bifreiðanotkun og bifreiðainnflutningi.

Ég hef talað um hina svokölluðu tvinnbíla. Ég mótmæli því sem hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan, að þegar ríkisstjórn komi með eitthvað gott þá sé það rakkað niður eða óskað eftir meira. Ég er að tala um tvinnbílana út frá þessu jafnræðissjónarmiði. Þetta er verulegur afsláttur af vörugjöldum sem gagnast fyrirtækjum, eins og hér hefur komið fram, eins og Orkuveitu Reykjavíkur til að minnka kostnað hvað þetta varðar. En ég bendi á að þetta gagnast ekki öllum.

Ég tel að tvinnbílarnir hefðu átt að koma þarna inn. Bílar sem bæði ganga fyrir bensíni og rafmagni þótt hæstv. fjármálaráðherra segi að þeir séu ekki eins umhverfisvænir og metangasbílarnir. Það er rétt en það eru engu að síður bílar sem eru betri heldur en eingöngu bensínbílar eða eingöngu dísilbílar. Ég hygg að í framtíðinni muni rafmagnsbílar sennilega verða ofan á í leitinni að umhverfisvænum orkugjafa. Rafmagnsbílar munu gagnast mjög vel í bæjum og borgum. Þegar fólk kemur heim verður farartækinu einfaldlega stungið í samband um leið og bílnum er lagt. Hann verður hlaðinn til næsta dags meðan það er mjög takmarkað hvar maður fær keypt vetni eða metangas.

Þess vegna, virðulegi forseti, spurði ég hæstv. fjármálaráðherra hvers vegna tvinnbílar kæmu ekki þarna inn líka, þó að í fyrstu atrennu yrði ekki gengið eins langt, með fullkomna niðurfellingu vörugjalda en þó í átt að því. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra aftur hvort hann telji ekki fulla ástæðu til að koma til móts við þetta sjónarmið og taka tvinnbílana inn. Til að byrja með mætti stíga fyrsta skrefið í átt að því að lækka vörugjöld af þeim. Þeir eiga sannarlega að vera með lægri vörugjöld heldur en bensín- eða dísilbílar.

Fjármálaráðherra er þekktur fyrir að vilja fá mikla skatta í ríkissjóð. Hann vill ekki gefa mikið eftir og stundum þarf næstum því að taka á því með töngum, svo maður noti dýralæknamál. Ég spurði hví við notuðum ekki tækifærið á Alþingi og í ríkisstjórn, í þessu tilviki fyrir hennar hönd hæstv. fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptanefnd, umhverfisnefnd og við þingmenn, og gerðum þetta almennilega með því að skoða t.d. málið með vörugjöld af pallbílum sem eru fimm tonn og stærri, bílum sem flokkast sem vörubílar og bera ekkert vörugjald.

Við sjáum mikið af slíkum bílum á höfuðborgarsvæðinu og á þjóðvegum landsins, amerískum stórum og miklum bílum, bensínhákum sem eyða allt upp í 25 lítra á hundrað kílómetra, með slagrými 6 lítra og upp í 7,3 lítra. Það er í raun og veru rangtúlkun að kalla þetta vörubíla. Vörubílar til atvinnurekstrar hétu þeir áður og sú hugsun hefur haldist. Síðan hefur tækninni fleygt fram og bílarnir orðið stærri svo það er ekki alltaf vegna atvinnurekstrar að þessir bílar eru fluttir inn.

Virðulegi forseti. Mig langar að geta um að vegna vinnu minnar í samgöngunefnd við samgönguáætlun fékk ég hér sundurliðun frá Umferðarstofu á skráðum ökutækjum 31. desember 2006, eða við síðustu áramót. Þá kemur í ljós að það sem er flokkað sem B 15, vörubifreið 1, eru tæplega 5 þús. bifreiðar í landinu. Nú hef ég ekki nákvæmlega hvað það var fyrir nokkrum árum en ég er viss um að þessum bílum hefur fjölgað mjög. Ég tala nú ekki um, í framhaldi af því þegar vörugjöld af þessum bílum voru lækkuð og mikill innflutningur hófst. Síðan eru það sem kallað er vörubifreiðar 2 í umferðarskrá. Það eru stærri bílar og þar eru komnir tæplega 6 þús. bílar á umferðarskrá.

Virðulegi forseti. Þó ég sé ekki mikill talsmaður skattahækkana þá er engu síður, varðandi þessa litlu pallbíla, í sömu andrá og við erum að ræða vörugjöld af ökutækjum vegna stefnu um að að minnka losun gróðurhúsalofttegunda af samgöngum og bifreiðanotkun sem sannarlega er mikils vert og gott og verðugt verkefni. En þá verðum við að vera

sjálfum okkur samkvæm og taka þessa pallbíla inn í. Þess vegna ítreka ég spurninguna um hvort hæstv. fjármálaráðherra vill ekki beita sér fyrir því að við skoðum þessi mál saman, þ.e. tvinnbíla í samhengi við þessa miklu bensínháka, litla pallbíla sem hafa flætt inn í landið.

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma að öðru. Þar kemur að þeim þætti þar sem ég óskaði sérstaklega eftir nærveru hæstv. fjármálaráðherra vegna umræðunnar um vörugjöld. Eins og hér kemur fram er megintilgangurinn að auka notkun metangasbíla til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda af samgöngum.

Slíkt hefur áður verið gert, virðulegi forseti, og þá á ég auðvitað við upptöku olíugjaldsins sem tekið var upp 1. júlí 2005, sem ég hef nokkrum sinnum áður rætt um. Ein af meginforsendum þess að leggja niður þungaskattskerfið og taka upp olíugjaldið var það að auka notkun dísilknúinna bifreiða á vegum landsins. Eins og kemur fram í flutningsræðu þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, Geirs H. Haardes, voru það ein aðalrökin fyrir þeim breytingum.

Þessu átti m.a. að ná fram með því að dísilolían yrði töluvert ódýrari en bensínið sem yrði hvati til þess að kaupa dísilknúna bíla, fjölga þeim á íslenskum vegum og þar með minnka útgjöld þjóðarbúsins vegna eldsneytiskaupa. Þetta átti að vera ódýrara en bensínið en það hefur hins vegar ekki gengið eftir. Það verður að segjast að viljandi eða óviljandi voru rangar tölur notaðar um olíunotkun Íslendinga þegar olíugjaldið var ákveðið 45 kr.

Það er vert að hafa í huga, virðulegi forseti, að fyrst þegar olíugjaldsfrumvarpið kom fram, flutt af þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, töluðu menn um olíugjald upp á 36,50 kr. sem hafði þá verið uppreiknað 39,50. En alltaf voru menn að leika sér með tölur sem ríkissjóður fékk af þungaskatti deilt í ímyndaða sölu af olíu og þannig varð olíugjaldið fundið. Það var ekki nóg með það heldur var olíugjaldið, þessar 45 kr., sett á og líka haldið áfram með þungaskattskerfið á tæki sem eru 10 tonn og þyngri. Þá kem ég að því sem ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í og vona að hann svari á eftir. Þetta háa olíugjald hefur gert það að verkum að olían hefur, nánast frá því að þetta var tekið upp, verið dýrari heldur en bensínið. Oft eru þetta nokkrar krónur. Í dag virðist verðið næstum því á pari þrátt fyrir að við höfum þrisvar tekið hér í gegnum Alþingi lækkun upp á 4 kr., komið olíugjaldinu niður í 41 kr. en samt sem áður er munurinn á olíu og bensíni óhagstæður.

Þetta hefur gert það að verkum, virðulegi forseti, að eitt af meginmarkmiðum olíugjaldsfrumvarpsins hefur ekki náðst. Þó svo að dísilbílum hafi eitthvað fjölgað þá eru þeir enn miklu færri hlutfallslega en í öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Má ég líka minna á, virðulegi forseti, að dísilbílar eru yfirleitt töluvert dýrari heldur en bensínbílar.

Í samgönguáætlun kennir ýmissa grasa í fylgigögnum og viðbótarupplýsingum. Þar kemur m.a. fram í sambandi við tekjur af olíugjaldi að gert var ráð fyrir því að tekjur Vegagerðarinnar mundu lækka talsvert frá því sem verið hafði. Þess vegna hækkaði núverandi ríkisstjórn á sama tíma bensíngjaldið, um 6 eða 7%, ef ég man rétt, til að vega upp á móti áætluðu tekjutapi vegna olíugjaldsbreytinganna. Í gögnum sem fylgja samgönguáætlun kemur fram hver reynslan var af fyrsta ári olíugjaldsins, og nú bið ég hæstv. fjármálaráðherra að taka vel eftir vegna þess að ég ætla að spyrja hann hvernig í ósköpunum þetta gat gerst.

Reynslan af fyrsta ári olíugjaldsins er sú að tekjur hafa orðið mun meiri en áætlað var. Það var gert ráð fyrir því að salan gæti numið um 74 millj. lítra á ári en sölutölur á fyrsta árinu sýna að salan var rúmlega 125 millj. lítra eða 70% meira en áætlað hafði verið, meira en 70% meira. Salan fór úr 74 millj. lítrum sem voru tölurnar sem fjármálaráðuneytið notaði þegar það var að deila í selda olíulítra til að finna út hvað olíugjaldið ætti að vera á lítra. (**Gripið fram í:** Þetta eru lægstu skattar í Evrópu.) Virðulegi forseti. Þetta hefur gert það að verkum að olían er dýrari en ætlað var þannig að dísilbílum hefur ekki fjölgað eins og ætlað var. Megintilgangur þessa frumvarps, sem ég er að fjalla um, hefur því ekki náðst, þ.e. að minnka losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið. Þetta blandast inn í málið þegar ríkisstjórnin kemur með mál eins og þetta, þegar ríkisstjórnin setur fram fögur markmið og maður minnist þeirra markmiða sem ekki náðust með breytingunni á þungaskattskerfinu yfir í olíugjald.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna, virðulegi forseti, með því að fara út í þetta. Ég veit að hæstv. fjármálaráðherra er mjög illa við að ræða um hvernig olíugjaldsbreytingin hefur farið út í verðlagið hvað varðar flutningskostnað og annað slíkt og er sérstaklega íþyngjandi fyrir íbúa landsbyggðarinnar, sem ég hef oft gert að umtalsefni. Á sama hátt munu metangasbílarnir sem hér er rætt um eingöngu gagnast á höfuðborgarsvæðinu.

Virðulegi forseti. Spurning mín til hæstv. fjármálaráðherra, út af þeim röngu gögnum sem unnið var út frá, varðandi selda lítra á olíu er þessi: Hvernig stendur á því að svona getur átt sér stað? Var það ekki þannig að olíugjaldið var sett of hátt af skattheimtumanni ríkissjóðs, hæstv. fjármálaráðherra? Þar af leiðandi hafa þau markmið sem áttu að nást með því að fjölga dísilbílum í landinu, þ.e. að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, ekki náðst.

Virðulegi forseti. Ég hef trú á að hæstv fjármálaráðherra svari þessu á eftir, í lok umræðunnar og eins því sem ég spurði um áðan varðandi metangasbíla og notkun þeirra á höfuðborgarsvæðinu, hvort ekki væri sanngjarnt að taka tvinnbíla, rafmagns- og bensínbíla, hér inn en hækka um leið vörugjöldin af bensínhákunum, litlu pallbílunum sem ég hef gert að umtalsefni, sem menga alveg óstjórnlega mikið vegna þess hvað þeir eyða miklu bensíni. Ég hygg, virðulegi forseti, að hluti af vandanum sé að við erum að flytja inn notaða bíla frá Bandaríkjunum sem Bandaríkjamenn eru hættir að nota, sennilega vegna þess hve mikið þeir menga umhverfið.

[15:42]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að óhætt sé að segja að þessi umræða hafi farið út um víðan völl. Sumt af því sem nefnt hefur verið er alls ekki ókunnugt en ég held að hv. þm. Kristjáni L. Möller sé kunnugt um að frá því að núverandi löggjöf var sett um bensín- og olíugjald hefur verð á dísilolíu á heimsmarkaði hækkað og verið hærra en jafnvel verð á bensíni sem fram að þeim tíma var mjög óvenjulegt. Um

þetta hefur verið fjallað mjög víða ekki bara úr þessum ræðustóli heldur getur hv. þingmaður lesið um þetta í mörgum merkum greinum í tímaritum, bæði innlendum og erlendum. Það er meginskýringin á því að dísilolía hefur verið dýrari hér en menn ætluðu áður og hún hefði verið enn þá dýrari ef ekki hefði komið til sú lækkun á olíugjaldinu sem hann nefndi í ræðu sinni. Það er því ekki hægt að segja að stjórnvöld hafi ekki reynt að bregðast við stöðunni til að ná fram upprunalegum markmiðum.

Hvað varðar rangar tölur þá kannast ég ekki við að notaðar hafi verið rangar tölur í þessu sambandi. Ef hv. þingmaður er með þær verður hann að reyna að sýna mér fram á það á einhvern sannfærandi hátt, ég held samt að það sé sennilega betra að við gerum að einhvers staðar annars staðar og einhvern veginn öðruvísi en að hann þylji upp tölur úr þessum ræðustóli. Þessi umræða kemur reyndar harla lítið við því frumvarpi sem hér er til umræðu nema í hinum víðasta skilningi.

[15:44]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í sambandi við rangar tölur hvað varðar olíugjaldið þá hef ég bent á að þau áform sem sett voru fram í þáverandi samgönguáætlun, vegalögum og annars staðar, stemmdu heldur ekki saman við það sem kom fram í fjárlagafrumvarpi hæstv. ráðherra. Þar munaði töluvert miklu og sá munur hefur ekkert gert nema að aukast. Ég vil geta þess, virðulegi forseti, að ég er að ræða þetta hér vegna þess að olíugjaldið hefur hækkað mjög verð á dísilolíu og gerir það miklu hærra en það ætti að vera ef olíugjaldið hefði verið sett lægra og þess vegna er sá efnahagslegi hvati sem átti að fylgja upptöku þessa gjalds, m.a. til að minnka losun óæskilegra gróðurhúsalofttegunda af bifreiðanotkun landsmanna, ekki gengið eftir. Það er þetta sem ég er að tala um og því segi ég að þeir 50 millj. lítra sem þarna munaði eða eru í olíugjaldinu eru hvorki meira né minna en að gefa ríkissjóði 2 milljarða. Má ég t.d. benda á eitt að bara virðisaukaskatturinn af þessari aukningu er hvorki meira né minna enn 400 millj. kr. á ársgrundvelli. Ég er einfaldlega að spyrja hæstv. ráðherra út í það vegna þess að það var greinilega unnið með kolrangar tölur í fjármálaráðuneytinu, viljandi eða óviljandi, að olíugjaldið var sett af þannig að hinn efnahagslegi hvati rann út í sandinn sem kemur svo í ljós í því að dísilbifreiðum hefur ekki fjölgað eins mikið og ætlað var og þau áform nást ekki.

Hvað varðar heimsmarkaðsverðið þá er það eitthvað sem við vissum en spurningin getur kannski verið sú: Eru tölurnar sem ég nefndi hér varðandi olíugjaldið ekki full ástæða til þess, virðulegi forseti, að hæstv. fjármálaráðherra beiti sér fyrir frekari lækkun á olíugjaldinu til að auka líkur á því að landsmenn skipti meira yfir í dísilknúna bíla og þá kannski alveg sérstaklega litla dísilknúna bíla?

[15:47]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því, eins og fleiri þingmenn sem tekið hafa til máls, að fagna frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum. Hér er verið að stuðla að því að auka notkun metangass á bíla með því að fella niður vörugjald af bílum sem nota metangas. Ég tel að þetta sé mjög jákvætt en sé því miður ekki nema hluta af miklu stærri heild sem við þurfum að skoða. Ég skil vel kvartanir hæstv. fjármálaráðherra yfir því að við séum að teygja umræðuna út fyrir það sem efni frumvarpsins hljóðar upp á. En þetta er bara svo lítið brot af miklu stærra máli og þó svo við fögnum því öll að þessi leið skuli vera farin þá vantar svo miklu meira upp á.

Hæstv. forseti. Til að nefna það aðeins frekar varðandi metangasið þá getum við spurt í fyrsta lagi: Hvers vegna erum við að þessu öllu saman? Hvers vegna erum við að leggja mismunandi gjald á eldsneyti? Hvers vegna er verið að stuðla að því að leggja mismunandi gjöld á bifreiðar? Hvers vegna er verið að hafa áhrif á það hvernig ökutæki og aksturslag landsmanna er? Svarið er einfalt. Það er vegna þess að við vitum í dag, sem við vissum ekki fyrir 20–30 árum, þ.e. almenningur, þó margir vísindamenn hafi á þeim tíma verið farnir að sýna fram á breytingar á andrúmsloftinu, að þetta er þróun sem maðurinn sjálfur stuðlar að. Með brennslu á olíu og lífrænum efnum erum við að auka útblástur efna sem við köllum í dag gróðurhúsalofttegundir sem valda hlýnun loftslags. Ef ekkert verður að gert mun það hafa ófyrirséðar afleiðingar fyrir allt mannkyn, bæði hvað varðar lofthjúpinn og hafið og búsetuskilyrði á jörðinni. Okkur ber skylda til að horfa til þessa og skoða hvað við getum gert. Sem betur fer er mjög margt sem við getum gert hér á landi og haft áhrif á að sé gert hnattrænt.

Metangasið er, eins og fram kemur í frumvarpinu, mjög mengandi gas hvað snertir gróðurhúsalofttegundir og áhrif þess á hlýnun gufuhvolfs og jarðar og okkur ber að gera allt sem í okkar valdi stendur til að draga úr losun metangass. Það er hægt að gera með margvíslegum hætti og þar sem metangasið myndast við rotnun lífrænna efna er í fyrsta lagi mjög þarft að við stundum miklu betur flokkun á úrgangi og stuðlum að betri nýtingu á lífrænum efnum til moltugerðar og eins að við skipuleggjum urðunarstaði þannig að hægt sé að einangra og nýta metangasið sem frá þeim kemur. Ég tel mikilvægt, og það hefði átt að koma fram í greinargerð, að hafa einhverja framtíðarsýn á það hvernig nota eigi metangas á öðrum stöðum en eingöngu í Sorpu í Reykjavík eða fyrir höfuðborgarsvæðið. Svo gott sem þetta er þá erum við með urðunarstaði vítt og breitt um landið og það er hluti af þessum pakka. Til þess að hvetja til notkunar á metangasi á bifreiðar þarf að koma til stuðningur við önnur sveitarfélög til þess að vinna metangasið og nýta það sem orkugjafa víðar um landið en ekki síður að horfa á þessa heildarmynd, að einangra metangasið og brenna það þannig að það valdi ekki þessari mengun í gufuhvolfinu sem það gerir þegar það fer óbeislað út í andrúmsloftið. Þetta hvort tveggja varnar því að það fari út í andrúmsloftið og þar að auki á að nýta það til brennslu á bifreiðar. Það þyrfti þá að stuðla að því að það sé mikið á hinum stærri sorpurðunarstöðum úti um land.

Hvað varðar aðrar tegundir bíla og aðrar tegundir orku þá tek ég undir það sem hér hefur komið fram, að við höfum í dag hina svokölluðu tvinnbíla sem nota bæði rafmagn og bensín sem uppfylla þau skilyrði sem stjórnvöld hafa lagt fram og eru í ýmsum alþjóðlegum samningum að hvetja til notkunar á sparneytnum bílum sem nota vistvæna

orku. Það eru tvinnbílarnir svo sannarlega því bæði nota þeir vistvæna orku, sem sé rafmagnið, og síðan eru þeir mjög sparneytnir þannig að bensínnotkunin er lítil. Til að sýna trúverðugleika tel ég að á því tímabili sem hér er rætt um, til ársloka 2008, sem á að vera eins og ég skil þetta frumvarp til að meta árangurinn af lækkuðum vörugjöldum á bíla sem nota metangas, þá tel ég alveg tvímælalaust að bæta ætti tvinnbílunum undir þessar sömu ívilnanir. Það verður að nota hagræna hvata til þess að fá almenning til þess að nota vistvæna bíla og vistvæn ökutæki.

Við Íslendingar höfum verið nokkuð bjartsýn hvað það varðar að reyna notkun vetnisbifreiða og höfum haft almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu sem hafa gengið fyrir vetni. Því miður virðist þróun á því sviði ganga hægar en bjartsýnir menn höfðu vonað og ég tel að það verði lengra í það að vetnisbílar verði almennt komnir á götuna. Ef þetta verða raunhæfir möguleikar í framtíðinni þá hvet ég líka til þess að vatnsorka og hin hreina orka sem við búum yfir, vatnsorka í rennslisvirkjunum og eins gufuafli, verði nýtt m.a. í þessu sambandi. Við höfum takmarkaðar orkulindir og við margnýtum ekki sömu orkuna til mismunandi hluta. Ég tel að okkar hreinu orku væri vel varið í framtíðinni með slíkri tækni.

Hvað varðar olíugjaldið og það að hvetja til þess að almenningur noti frekar dísilbíla, og þá sérstaklega minni dísilbíla, þá er alveg ljóst að verðmunur á dísilolíu og bensíni er allt of lítill til þess að hagrænir hvatar séu til staðar. Þegar lagt var upp með breytinguna á þungaskatti yfir í olíugjald var hugmyndin sú að það yrði hvati til notkunar á dísilolíu og hvati til að auka þá hlutdeild dísilbíla en það hefur ekki orðið. Dísilbílar eru í eðli sínu enn dýrari í framleiðslu en bensínbílar en nýrri bílar eru mengunarlitlir en það sem hefur áhrif er hið háa olíugjald þannig að það er enn þá lítill sem enginn hvati til þess að auka hlutdeild lítilla og sparneytinna dísilbíla sem ég tel að þurfi að skoða sérstaklega í þessari heildarsýn.

Ég styð frumvarp hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur hvað varðar litla vörubíla eða pallbíla eða það sem er miklu frekar litið á sem ígildi stórra jeppa með litlum palli en það eru bílar, flestir amerískir litlir pallbílar, sem hefur fjölgað mjög á götunum. Þetta voru á tímabili vinsælir fjölskyldubílar, bensínhákar framleiddir í Bandaríkjunum þar sem lítil gjöld eru lögð á bensín og þar af leiðandi hefur almenningur ekki mikinn áhuga á því að velja sér eða hvetja til framleiðslu á sparneytnum bifreiðum. Það voru margir sem notfærðu sér það að tollar voru lægri á þessum tegundum bíla og á því tímabili sem gengi krónunnar var hátt og það var mjög hagstætt að versla frá Bandaríkjunum jókst innflutningur á þessum bílum. Ég leyfi mér að fullyrða, hæstv. forseti, að langflestir þeirra eru notaðir sem fjölskyldubílar, sem stórir og kraftmiklir jeppar. Ég hef ekki séð neina útlekt á þessu. Ég hef eingöngu séð hvernig þeir eru notaðir á götum borgarinnar, þar virðast þeir ekki vera fyrirtækjabílar og notaðir sem aflmiklir fjölskyldubílar í stað jeppa. Auðvitað þarf að horfa á þennan lapsus í löggjöfinni og stuðla ekki að því eða hvetja a.m.k. ekki til þess að innflutningur á þessum bensínhákum sé langt umfram það sem eðlilegt er.

Það væri margt fleira hægt að segja í þessu sambandi en það er alveg ljóst að það að vera umhverfisvænn fyrir hæstv. fjármálaráðherra kemur við pyngjuna því að ríkissjóður hefur miklar tekjur af innflutningi á bensíni og olíu og tekur af þeim mikla tolla og skatta þannig að ef fjármálaráðherra er að hvetja til breytinga annaðhvort á vörugjöldum eða virðisaukaskatti af bifreiðum eða til notkunar á vistvænni ökutækjum er ríkissjóður á sama tíma að tapa tekjum. En það er spurning, hæstv. forseti, hvort hæstv. fjármálaráðherra sé ekki svo víðsýnn, eða a.m.k. sá fjármálaráðherra sem við tekur í nýrri ríkisstjórn, að horfa á heildaráhrifin og horfa á umhverfisáhrifin, horfa á mengunina og horfa á alþjóðlegar skuldbindingar og sjá að þegar dæmið er gert upp þá muni minni tekjur af olíuinnflutningi og sölu beint í ríkissjóð skila sér í gróða á öðrum sviðum.

[16:02]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um að lækka vörugjald á metangasbílum þó að umræðan hafi snúist um flest annað. Vil ég benda hv. þingmönnum á að við erum á síðustu dögum þingsins og ef menn ætla að gera sér einhverja von um að frumvarpið verði afgreitt þurfa þeir að stytta mál sitt. Ég er formaður í þeirri nefnd sem þetta mál kemur til og ég mun allt gera sem ég get til að reyna að koma því í gegn.

Ný skýrsla, dökk skýrsla, um hitnun jarðar, sem segir til um það að 90% líkur séu á því að sú kenning sem hún byggir á sé rétt, og þá eru náttúrlega 10% líkur á því að hún sé röng, gefur okkur tilefni til að taka okkur tak í umhverfismálum og sérstaklega varðandi losun koldíoxíðs og metangass, sem er víst tuttugu sinnum skaðlegra, og gera allt til þess að reyna að hindra hitnun jarðar. Þetta frumvarp er liður í því. Ég vil líka benda á að menn geta framleitt olíur úr jurtum sem líka dregur úr mengun.

Frumvarpið gengur lengra en menn hafa talað um hér í dag því að það fellir ekki aðeins niður vörugjöld af metangasbifreiðum heldur afnemur það hámarkið sem var 240 þús. kr. á rafmagnsbíla og vetnisbíla en þetta á allt að gilda út árið 2008. Þá vona ég að menn hafi unnið frumvarp sem tekur á þessum málum í heild sinni, líka varðandi tvinnbíla og eins varðandi það að skipta skattlagningu á orku, brennsluorku, í tvennt, þ.e. að skattleggja mengunarþáttinn, sem þá gildir náttúrlega fyrir allar olíur, jafnt þær sem notaðar eru á skipum sem og bíla og flugvélar, og svo notkunarþáttinn, sem byggir á notkun á vegum sem er annar handleggur. Menn hafa í rauninni eingöngu notað notkunarþáttinn til þess að skattleggja brennsluolíur og þá aðallega brennsluolíu sem notuð er til að hreyfa farartæki.

Þessi skýrsla er hvati fyrir okkur til að reyna að vinna gegn þessum losunum og þar mundi ég vilja benda á ýmsar markaðslausnir eins og t.d. að taka upp losunarkvóta. Þó að ég sé ekki hlynntur því að stýra hegðun fólks þá er þvílík vá fyrir dyrum, ef þessi kenning reynist rétt, sem hefur áhrif á líf og dauða milljóna manna að við þurfum að gera ýmislegt til að vinna gegn því. Ég er hlynntur því að nota markaðslausnir og tel að alþjóðlegir kvótar sem verða væntanlega teknir upp muni vinna að því. Þetta getur verið hlutlaust gagnvart ríkissjóði þannig að hann innheimti annars vegar kvóta af orkugjöfum sem valda losun og þeir peningar verði síðan notaðir til að greiða niður eða styrkja t.d.

skógrækt eða jarðrækt ýmiss konar, landgræðslu, en einnig til þess að örva vinnslu á metangasi og öðrum þeim þáttum sem minnka losun. Það er því verk að vinna á næstu tveimur árum, fyrir árslok 2008. Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að vinna duglega að því og líka á hv. þingmenn, bæði þessa þings og þess þings sem kosið verður, að vinna að lagasetningu í þessu skyni.

Nokkuð hefur verið rætt um áhrif þessarar skýrslu og ég hygg að hún muni hafa mjög mikil áhrif á Íslandi, efnahagslega mikið í plús vegna þess að mengunarskattar á bensín og olíur muni hækka verð á mengunarlausum orkugjöfum mjög mikið í heiminum, þ.e. á raforku sem við Íslendingar framleiðum án mengunar. Það mun verða mikill þrýstingur á Íslendinga frá umhverfisverndarsamtökum, sterkum umhverfisverndasamtökum, frú forseti, sem munu krefjast þess að Íslendingar virki hvern einasta foss hér á landi. Ég hugsa að við munum þurfa að standa í ístaðinu til þess að verja þá fossa og þau landsvæði sem við viljum ekki virkja, t.d. Gullfoss og Dettifoss o.s.frv. sem ég get ekki hugsað mér að séu virkjaðir. En það mun koma krafa um það frá erlendum umhverfissamtökum, ef þessi kenning reynist rétt, að sem mest verði virkjað á Íslandi, líka með jarðvarma og þá bæði til þess að framleiða ál, sem ég mér finnst kannski komið nóg af, en einnig fyrir annan orkufrekan iðnað, eins og t.d. geymslu á gögnum og annað slíkt. Þetta mun svo hafa enn meiri áhrif á hækkun á orkufyrirtækjum á Íslandi sem eiga orkuna og vil ég minna þar á sölu ríkisins á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja.

Ég ætla ekki að vera mjög langorður en ég má til með að tala um Sjálfstæðisflokkinn og umhverfismál því að sumir hafa reynt að láta líta þannig út eins og sá flokkur hafi ekki áhuga á umhverfismálum. Allir Íslendingar hafa áhuga á umhverfismálum, hver einasti. Sjálfstæðisflokkurinn er ekkert undanskilinn því. Hann hefur meira að segja verið í fararbroddi á mjög mörgum sviðum, enda kannski eðlilegt sem stærsti flokkur landsins, t.d. stóð hann að grænu byltingunni í Reykjavík sem mikið var rætt um á sínum tíma. Hann er kominn með grænt bókhald og hann hefur líka staðið að umhverfisvænum virkjunum eins og Kárahnjúkum sem er mjög gott fyrir heimsbyggðina, frú forseti, að Kárahnjúkavirkjun komst í gagnið.

Það hefur að meira að segja sýnt sig, og ég hef reiknað það út, að eftir að Kárahnjúkavirkjun er komin í gagnið spara Íslendingar heimsbyggðinni meiri koldíoxíðmengun en þeir losa sjálfir með öllum sínum bílum, iðnaði, flugvélum og skipum, vegna þess að ál er framleitt á Íslandi án rafmagns sem framleitt er með brennsluefnum en u.þ.b. 28% af raforku í heiminum er framleitt með brennsluefnum, og sá sparnaður í losun hér á landi er meiri en allt það sem við losum sjálf.

Svo vil ég minna á að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, sem hæstv. umhverfisráðherra, lagði grunninn að því að Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður. Sjálfstæðisflokkurinn hefur því verið mjög mikið í fararbroddi í þessum efnum eins og hér hefur komið fram í umræðunni varðandi Orkuveitu Reykjavíkur.

Ég legg til að menn reyni að flýta þessu máli. Ég er því miður nú þegar búinn að tala of lengi en ég vonast til að þingmenn hv. styðji mig í því að vinna hratt að framgangi þessa máls í hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

[16:10]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Það eru nokkur atriði í því sem mig langar rétt að minnast á auk þess að kíkja aðeins á umsögn sem okkur þingmönnum hefur nú þegar borist um þetta mál.

Mér finnst það frumvarp sem hér hefur verið lagt fram mjög jákvætt þar sem talað er um að lækka vörugjöld af bílum sem nota metangas að verulegu leyti í staðinn fyrir bensín eða olíu en lagt er til að þessar bifreiðar verði undanþegnar vörugjaldi tímabundið til ársloka 2008. Að vísu hefur verið talað um það í umræðunni að í framtíðinni eigi síðan að koma með heildarstefnumótun en að setja þarna einungis eitt og hálft ár hlýtur að vera svolítið spurningarmerki fyrir þá sem hafa áhuga á að kaupa metangasbifreiðar.

Það hefur komið fram hér að metangas er einungis selt á einni dælustöð á höfuðborgarsvæðinu þannig að landsbyggðin hefur í sjálfu sér ekki kost á að nýta það, a.m.k. ekki dags daglega. Eins og segir í umsögn eru u.þ.b. 50 bifreiðar hér á landi í dag sem ganga fyrir metangasi. Það vekur athygli mína að þar sem frumvarpið gengur út á það að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda skuli það ekki ná til svokallaðra tvinnbíla, þ.e. bíla sem ganga bæði fyrir bensíni og rafmagni. En hvað varðar tvinnbílana þá höfum við þingmenn þegar fengið eina umsögn um frumvarpið frá bifreiðaumboði sem selur slíka bíla, Toyota. Þar er komin áralöng góð reynsla af notkun þessara bifreiða og hefur umboðið nú þegar selt yfir 160 eintök. Mig langar að vitna aðeins í þessa umsögn frá bifreiðaumboðinu en þar segir, með leyfi forseta, um þetta frumvarp:

„Frumvarpið kveður m.a. á um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum á metan- og vetnisbílum. Núverandi aðstæður á markaðnum leyfa eingöngu áfyllingu þessara orkugjafa á höfuðborgarsvæðinu. Þarna er augljóslega um mismunun milli byggðarlaga að ræða, þ.e. að eingöngu íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga þess kost að njóta þessarar niðurfellingar í bílakaupum sínum.

Fjöldi metan- og vetnisbíla sem fáanlegir eru til sölu til neytenda er takmarkaður. Áhrif þessara aðgerða stjórnvalda í átt að fjölgun umhverfisvænni bifreiða með hjálp niðurfellingar aðflutningsgjalda eru því einnig dæmd til að verða takmarkaðri en ella. Tvinnbílar ganga bæði fyrir bensíni og rafmagni sem gerir neytendum það kleift að keyra á umhverfisvænni hátt en almennt gerist með hefðbundna bensín- og dísilbíla óháð búsetu. Þá gerir hönnun þeirra einnig ráð fyrir sem bestri nýtingu hins vistvæna tvinnkerfis í borgarakstri. Tvinnbílar ættu því tvímælalaust að njóta sömu niðurfellingar og aðrir bílar í þessu frumvarpi."

Ég geri þessi orð að mínum, frú forseti, og skora á hv. formann efnahags- og viðskiptanefndar að taka þessar ábendingar með í umræðuna í nefndinni um þetta frumvarp.

[16:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að fagna því frum-

varpi sem hér er til umræðu um breytingu á vörugjöldum af ökutækjum og eldsneyti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umsagnar og mun auðvitað reyna eins og hægt er á þeim skamma tíma sem er til stefnu að greiða fyrir málinu. En ég vil þó eins og margir aðrir sem hafa talað á undan mér leggja áherslu á að ég tel að þetta frumvarp gangi allt of skammt og það hefði átt að stíga miklu stærra skref en hér er gert, ekki síst í ljósi þeirrar miklu umræðu sem orðið hefur út af gróðurhúsaáhrifum og hve mikilvægt er að fara í aðgerðir sem stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda sem koma í veg fyrir þá sóun orku sem felst í að nýta ekki hagstæðari orkugjafa en við höfum gert og því eigum við að reyna að stuðla að því eins og kostur er og ég hefði því ætlað að þetta mál hefði gengið nokkuð lengra en raun ber vitni.

Við höfum fjallað um þessi mál áður í efnahags- og viðskiptanefnd. Það var fjallað um þetta á 125. löggjafarþingi, fyrir átta árum, og þá lögðum við í stjórnarandstöðunni til að gengið yrði mun lengra en þá var gert og að meira yrði fellt niður af gjöldum en þá stóð til til þess að jafna samkeppnishæfni slíkra bifreiða. Við lögðum einnig til að þetta mundi gilda í lengri tíma en ráðherra hafði gert ráð fyrir, enda kom í ljós að ráðherra flutti þetta mál síðan aftur þegar heimildin rann út og flutti það líka síðast á 130. löggjafarþingi. Í það skipti var gengið ögn lengra í að fella niður gjöldin en áður hafði verið gert og nú er þetta mál komið inn á þing á nýjan leik. Ég vil því undirstrika að við í Samfylkingunni höfum viljað ganga miklu lengra en hæstv. ríkisstjórn hefur gert í því að fella niður gjöld af slíkum bifreiðum.

Í stefnumótun okkar í Samfylkingunni hefur einmitt verið lagt til að það yrði heimild til að fella niður öll opinber gjöld af ökutækjum sem eru knúin öðru eldsneyti en hefðbundnu bensíni og olíu. En það hefur ekki náð fram að ganga í þessari hæstv. ríkisstjórn sem hefur viljað fara hina skemmri leið í þessu efni.

Það ber auðvitað að harma, virðulegi forseti, vegna þess að samgöngur eiga stóran hlut í losun gróðurhúsalofttegunda og því skiptir verulegu máli að stærri hluti eldsneytis sem rennur til samgangna byggist á umhverfisvænum orkugjöfum og er mikilvægt að auka samkeppnishæfni slíkra ökutækja sem ganga fyrir endurnýjanlegu eldsneyti. Ökutæki sem byggja á umhverfisvænum orkugjöfum eru miklu dýrari en ökutæki sem ganga fyrir hefðbundnum orkugjöfum eða bensíni og því á að kappkosta eins og við leggjum til í Samfylkingunni að öll opinber gjöld falli niður af slíkum ökutækjum. Okkur ber skylda til þess þegar við stöndum frammi fyrir þeirri ógn sem er af losun gróðurhúsalofttegunda og hefur komið fram í viðamiklum skýrslum um þetta efni og mig undrar að ekki hafi verið stigið stærra skref í þessu efni en raun ber vitni í frumvarpinu.

Ég sé að í greinargerð með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því fyrr en í árslok 2008 að mótuð verði heildarstefna um skattlagningu bifreiða sem nýta umhverfisvæna orkugjafa. Ég tel að ríkisstjórnin hefði átt að drífa fyrr í því þarfa verki að móta slíka heildarstefnu um skattlagningu bifreiða sem nýta umhverfisvæna orkugjafa. Ef hæstv. ráðherra hefði séð ástæðu til að vera viðstaddur umræðu um sitt eigið frumvarp þá hefði hann getað svarað þessu.

Ég hefði líka viljað fá fram afstöðu hæstv. fjármálaráðherra til þess sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu og í greininni sjálfri en þar kemur fram að til að sporna við misnotkun er lagt til að óheimilt verði að breyta bifreiðum sem notið hefðu niðurfellingar vörugjalda samkvæmt 3. gr. frumvarpsins á þann hátt að dregið verði úr vistvænum eiginleikum hennar. Hér stendur að tollstjórar hafi eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis og meðal verkefna þeirra er að kanna hvort gerðar hafi verið óheimilar breytingar á bifreiðum sem notið hafa niðurfellingar samkvæmt frumvarpi þessu. Í því skyni geta þeir kannað eldsneytisgeyma og vél ökutækis.

Ég hefði viljað fá nánar lýst og kalla eftir því í starfi nefndarinnar hvernig eigi að framfylgja því eftirliti sem hér er lagt til til að sporna við þeirri misnotkun sem hér er lýst. En það skýrist væntanlega í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á þessu máli. Það er ýmislegt sem þarf að skýra og það eru ýmsir sem við þurfum að fá til umsagnar eða til viðtals við nefndina af því að það eru ýmsar spurningar sem þetta frumvarp kallar fram. Og þótt stutt lifi af þessu þingi þá við verðum að gefa okkur tíma til þess, virðulegi forseti, að kalla til þá aðila sem nauðsynlegt er að komi fyrir nefndina í þessu máli.

Hér er verið að auka niðurfellinguna á þessum gjöldum, það er verið að tala um að gjaldið verði 500 þús. kr. lægra en það er nú. Það er talað um að í dag séu 50 bifreiðar hér á landi sem ganga fyrir metangasi að hluta eða öllu leyti og maður veltir fyrir sér þegar verið er að auka niðurfellingu á þessum gjöldum hvað megi ætla að það verði margir sem muni nota sér hagræði af slíkri niðurfellingu og skipta yfir í orkuvænni bifreiðar. Það kemur hins vegar fram hjá hæstv. ráðherra að hann gerir ekki ráð fyrir að margir nýti sér þetta eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Ekki er talið að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á kostnað skattkerfisins við umsýslu þessara mála frá því sem nú er.“

Síðan kemur fram, með leyfi forseta:

„Þó þarf að hafa í huga að samkvæmt bráðabirgðaákvæði í gildandi lögum er heimilt að fella niður 240 þús. kr. af vörugjaldi á bifreiðar af þessum toga þannig að mismunurinn eftir afgreiðslu þessa frumvarps yrði þá um 250 þús. kr. á meðalfólksbíl, sem svarar til um 12,5 millj. kr. tekjutaps fyrir hverjar 50 bifreiðar sem fluttar væru inn til landsins.“

Ekki er gerð nein tilraun til þess að meta hve mikill fjöldi þeirra yrði í ljósi þessarar niðurfellingar.

Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað gera athugasemd við það að tvinnbílarnir séu ekki inni í þessu frumvarpi og ekki gert ráð fyrir því að draga úr skattlagningu þeirra bifreiða og mér finnst að í bréfi sem þingmenn hafa fengið þar sem Toyota á Íslandi fjallar um þetta frumvarp til niðurfellingar á vörugjaldi á metan- og vetnisbílum, sé það rökstutt mjög vel að full ástæða sé til að taka tvinnbílana inn í þetta frumvarp sem mundi skila okkur meiri árangri í því að koma á vistvænni orkugjöfum á bifreiðar. Í bréfi frá Toyota þar sem þeir fagna því að þetta frumvarp sé lagt fram og fyrirætlanir stjórnvalda að fella niður aðflutningsgjöld á metan- og vetnisbílum þá kemur fram, með leyfi forseta:

„Þegar hins vegar í ljós kom að ekki var ætlunin að

flokka tvinnbíla með þeim bifreiðum sem njóta munu þessarar niðurfellingar fundum við okkur knúna til að benda á ákveðna þætti sem betur mættu fara í frumvarpinu eins og það er sett fram í núverandi mynd. Frumvarpið kveður m.a. á um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum á metan- og vetnisbílum. Núverandi aðstæður á markaðnum leyfa eingöngu áfyllingu þessara orkugjafa á höfuðborgarsvæðinu.“

Það er einmitt mjög athyglisvert að það skuli sett fram vegna þess að þetta mun þá eingöngu gagnast þeim sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Þarna er augljóslega um mismunun milli byggðarlaga að ræða. Það eru eingöngu íbúar höfuðborgarsvæðisins sem eiga þess kost að njóta þessarar niðurfellingar á bílakaupum sínum. Fjöldi metan- og vetnisbíla sem fáanlegir eru til sölu til neytenda er takmarkaður. Áhrif þessara aðgerða stjórnvalda í átt að fjölgun umhverfisvænna bifreiða með hjálp niðurfellingar aðflutningsgjalda eru því einnig dæmd til þess að verða takmarkaðri en ella. Tvinnbílar ganga bæði fyrir bensíni og rafmagni sem gerir neytendum kleift að keyra á umhverfisvænni hátt en almennt gerist með hefðbundna bensín- og dísilbíla, óháð búsetu. Þá gerir hönnun þeirra einnig ráð fyrir bestri nýtingu hins vistvæna tvinnkerfis í borgarakstri. Tvinnbílar ættu því tvímælalaust að njóta sömu niðurfellingar og aðrir bílar í frumvarpinu.“

Síðan kemur, með leyfi forseta:

„Það er einlæg skoðun okkar að það frumvarp sem vísað er í hér að ofan og sem leggja á fyrir Alþingi á komandi dögum sé langan veg frá því að hámarka möguleika á aukinni vitund og verki í átt að vistvænum akstri ef tvinnbílar fá ekki notið sömu niðurfellingar og t.d. metan- og vetnisbílar. Tvinnbílar eru raunhæfur kostur þegar kemur að vistvænum kaupum neytenda á bifreiðum. Þeir menga minna en hefðbundnir bensín- og dísilbílar og á notkun þeirra er komin áralöng reynsla og val neytenda á því að gerast vistvænir ökumenn einskorðast ekki við tilraun orkugjafans innan eins byggðarlags eins og í tilviki metans- og vetnisbifreiða.“

Ég held að þetta séu röksemdafærslur sem þingmenn hljóta að taka alvarlega og skoða í nefndinni sem fær málið til umfjöllunar. Það verður vissulega fróðlegt að heyra hvað hv. umhverfisnefnd segir um þetta frumvarp og þá tillögu sem hér hefur komið fram um að bæta tvinnbílunum líka við sem fengju þá niðurfellingu á gjöldum. Af því að hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar er hér í salnum vil ég beina því til hans að hann beiti sér fyrir því að hv. umhverfisnefnd fái þetta frumvarp til umsagnar ásamt þeirri tillögu sem hér hefur komið fram og væntanlega verður send öllum þingmönnum, að niðurfelling á þessum vörugjöldum nái líka til tvinnbílanna.

[16:27]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér ræðum við jákvætt mál, þ.e. um að fella niður vörugjöld af ökutækjum sem nota vistvænt eldsneyti. Ég ætla að taka undir að það er jákvætt í sjálfu sér. En við í Frjálslynda flokknum hefðum náttúrlega viljað að þetta væri metnaðarfyllra og niðurfelling vörugjalda næði til fleiri vistvænna ökutækja en eingöngu þeirra sem nota metan.

Hér hafa verið fluttar margar ágætar ræður. Ég hlýddi á einn stjórnarliða lýsa því að Ísland væri í fararbroddi í umhverfismálum. En ef maður lítur yfir staðreyndir málsins og þróun notkunar á olíu, jarðefnaeldsneyti eins og það heitir á fínu máli, þá kemur í ljós að við höfum ekki dregið úr notkuninni á síðustu árum. Það er langt frá því, öfugt við það sem mætti ætla af ræðum ýmissa stjórnarliða.

Ég komst yfir ágæta skýrslu sem var gefin út fyrr á þessu ári um stefnu í eldsneytismálum einkabifreiða. Þar eru tillögur um aðgerðir stjórnvalda frá stýrihópi vettvangs um vistvænt eldsneyti. Þetta er góð skýrsla. Þar kemur fram að Íslendingar hafa nálægt tvöfaldað notkun sína á olíu á bifreiðar og tæki. Það er því af og frá að við séum að þróast inn í meiri háttar vistvænt samfélag. Það er ekki rétt. Miðað við þá stefnu sem verið hefur á síðustu tveimur áratugum væri forgangsverkefni okkar að koma veg fyrir aukninguna.

En það skiptir máli þegar við fjöllum um svo mikilsverðan málaflokk sem umhverfismálin eru er að líta á umhverfismálin sem tækifæri, tækifæri til að gera betur og hafa í huga að til að ná árangri í umhverfismálum þarf ekki eingöngu bönn og mótmæli. Það getur einnig þýtt gróða. Ef menn ná árangri í umhverfismálum þá fylgir því oft að það er vegna þess að menn hafa farið betur með verðmæti. Menn fara betur með hráefni, nýta olíu og annað mun betur en áður. Menn eiga kannski líka að líta á að velheppnaðar aðgerðir í umhverfismálum fela jafnvel í sér ágóða og gróða fyrir þá sem ná árangri.

Góðum árangri í umhverfismálum fylgir oft hagnaður fyrir fyrirtækið. Vinnuumhverfi verður jafnframt þægilegra og betra. Ég vil nefna t.d. málningariðnaðinn. Menn hafa tekið úr umferð ýmis efni sem hafa verið skaðleg heilsunni. Þegar upp er staðið hafa allir hagnast á því. Menn hafa tekið í notkun vistvænni efni sem valda ekki skaða þeim sem með þau vinna.

En þegar menn velta fyrir sér þeim hugtökum sem eru í umræðunni, sjálfbærri þróun, vistvænt, að oft eru þessi hugtök á reiki, hvað nákvæmlega er átt við, að ég tali nú ekki um Staðardagskrá 21. Stundum er erfitt að átta sig á því hvað átt er við þegar farið er með þessi hugtök. Menn slá um sig með frösum og síðan þegar til kastanna kemur stendur ekki mikið eftir.

Lítum t.d. á hvað telst vistvænt. Skoðum t.d. hvað sparar útblástur, t.d. á koltvísýringi og hvað sparar olíu. Það er að stytta leiðir. Það gæti t.d. verið mjög vistvænt út frá því sjónarmiði að fara með veg yfir miðhálendið og stytta leiðina milli Reykjavíkur og Akureyrar, ef menn horfa eingöngu á þann þáttinn. En ýmsir sem kenna sig við að vera grænir í hugsun og vistvænir mundu alls ekki skrifa undir að það væri vistvæn leið þótt hún sé vistvæn út frá því sjónarmiði að hún sparar mögulega orku og örugglega útblástur sem er grunaður um að valda hærra hitastigi á jörðinni.

En fleira má nefna. Ég er ekki viss um að ýmsir sem eru á móti Kárahnjúkavirkjun mundu telja það vistvæna orku ef þeir mundu stinga tvinnbílnum sínum í samband á Austurlandi og taka orku úr Kárahnjúkum, að þeir væru þá að nýta vistvæna orku með því. Ég er ekki sannfærður um að þeir væru tilbúnir að skrifa undir það að virkjunin við Kárahnjúka sé vistvæn. En vissulega er hún vistvæn út frá því sjónarmiði að menn spara með þeirri orku olíu og mögu-

lega losun á koltvísýringi.

En ég vil ítreka að ef við ætlum að ná árangri í þessum málaflokki þá þarf að ræða um krónur og aura og beita einmitt hagrænum aðgerðum eins og þetta frumvarp felur að einhverju leyti í sér, að fella niður vörugjöld á þeim farartækjum sem nota metan, sem er vistvænna heldur en að nota olíu og bensín.

Það er vert að ræða ýmislegt í þessu sambandi. Mér finnst, þegar við ræðum um umhverfismál að frasarnir geti þvælst fyrir málaflokknum og ekki bara frasar heldur einnig markmið sem eru í raun það háleit að ég er ekki viss um að nokkur maður ætli sér í raun að ná þeim. Ég á m.a. við markmið ríkisstjórnarinnar um að draga út útblæstri á koltvísýringi fyrir árið 2050 svo hlaupi á tugum prósenta. Það er einfaldlega ekki raunhæft út frá þróuninni og hvaða aðgerðir þarf að fara í til að ná þeim markmiðum. Það er varasamt að setja óraunhæf markmið. Það getur einfaldlega leitt til þess að þeim sem eiga að ná þessum markmiðum falli allur ketill í eld og ekkert verði úr neinu.

Í greinargerð frumvarpsins er ef ég man rétt tekið fram að samþykkja eigi áætlun fyrir árið 2008 til að taka myndarlega á þessum málaflokki og vinna að heildarstefnu. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt vegna þess að hér er um nokkuð flókið verkefni að ræða sem þarf að gaumgæfa. Menn hafa rætt um olíugjaldið og við sem höfum starfað á Alþingi síðustu árin vitum að allar breytingar eru gríðarlega flóknar hvað það varðar að hreyfa við sköttum og gjöldum í þessum málaflokki.

Ég vil að lokum minna á að það er gríðarlega mikilvægt að líta á umhverfismálin með jákvæðum hætti. Við lítum á umhverfismálin sem tækifæri til þess að gera betur fremur en kostnað eða hindrun fyrir því að ná markmiðum okkar. Þau eru miklu fremur ákveðin leið til að ná betri árangri, spara hráefni. Það má jafnvel hagnast á þeim. Ég held að það sé mjög mikilvægt til að ná árangri á þessu sviði, það sé ákveðin beita fyrir fólk, að ef það fari vel með umhverfið þá fái það einhverjar krónur aukalega í vasann.

[16:37]

**Útbýting:**

Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 385. mál, brtt. GHall, þskj. 1143.

Efling lýðheilsu á Íslandi, 699. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1149.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 464. mál, brtt. ÁÓÁ o.fl., þskj. 1138.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 515. mál, nál. 2. minni hluta iðnn., þskj. 1150.

Samkeppnislög, 522. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1132; brtt. þskj. 1133.

Sóttvarnalög, 638. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1145; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1146.

Starfstengdir eftirlaunasjóðir, 568. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1130; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1131.

Störf á landsbyggðinni, 599. mál, svar heilbrrh., þskj. 1137.

Vátryggingarsamningar, 387. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1125.

Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, 523. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1129.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Egyptalands, fyrri umr.*

Stjtill., 684. mál. — Þskj. 1067.

[16:39]

**Utanríkisráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu þar sem leitað er heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og Arabíska lýðveldisins Egyptalands, sem undirritaður var í Davos í Sviss 27. janúar 2007.

Samningurinn við Egyptaland er áttundi fríverslunarsamningurinn sem EFTA-ríkin gera við ríki fyrir botni Miðjarðarhafs sem tekur þátt í Barcelona-ferlinu, sem er svæðisbundið samstarf ríkja Evrópusambandsins og Miðjarðarhafsríkja. Samningaviðræðurnar tóku tíu ár og þeim lauk í október 2006. Mikil áhersla hefur verið lögð á að EFTA-ríkin og Egyptaland fullgildi samninginn hið fyrsta svo hann komist til framkvæmda. Samningurinn nær fyrst og fremst til vöruviðskipta.

Samkvæmt samningnum fella Egyptar niður tolla á vörur aðrar en landbúnaðarvörur í áföngum. Þá felur samningurinn í sér tollkvóta fyrir flestar mikilvægustu sjávarafurðir Íslands. Kvótarnir stækka eftir ákveðnu fyrirkomulagi á sex ára tímabili sem að lokum leiðir til fullrar fríverslunar.

Af þeim sökum standa vonir til þess að samningurinn muni skapa aukin tækifæri fyrir viðskipti með sjávarafurðir milli Íslands og Egyptalands. Þá kann Egyptaland einnig að verða áhugaverður markaður fyrir aðrar útflutningsvörur Íslendinga.

Ákvæði eru einnig í samningnum um vernd hugverkaréttinda, fjárfestingar, þjónustustarfsemi, greiðslu- og fjármagnsflutninga, samkeppnismál, tækni- og fjárhagsaðstoð, stofnanaákvæði, samráð og lausn ágreiningsmála. Með tvíhliða samningi hvers EFTA-ríkis fyrir sig við Egyptaland eru tollar á tilteknum landbúnaðarvörum lækkaðir eða felldir niður, t.d. fær Ísland markaðsaðgang fyrir lifandi hross til Egyptalands og 2000 tonna tollkvóta fyrir lambakjöt.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.*

Stjtill., 449. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 577, nál. 1094.

[16:42]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Lilju Sturludóttur frá fjármálaráðuneyti.

Umsögn um málið barst frá Landssamtökum lífeyrissjóða.

Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að hagkvæmum fjárfestingum og tryggri ávöxtun, tryggja réttindi sjóðfélaga og annarra rétthafa, gera kleift að bjóða þjónustu yfir landamæri, stuðla að faglegri stjórnun, tryggja samkeppni, koma á gagnkvæmri viðurkenningu eftirlitsaðila innan ESB, skapa forsendur fyrir öflugri innri markaði fyrir lífeyrissparnað o.fl.

Samkvæmt a-lið 2. gr. tilskipunarinnar eru stofnanir sem stýra almannatryggingakerfi og falla undir reglugerð EBE nr. 1408/71 undanþegnar gildissviði hennar. Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggist á þeirri reglugerð og fellur þar af leiðandi utan gildissviðsins nema að því marki sem ekki er um skyldubundnar starfstengdar lífeyrisgreiðslur að ræða.

Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi. Fjármálaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði til að innleiða efni þessarar tilskipunar. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis afgreiddi málið frá sér með nefndaráliti 8. mars síðastliðinn og mælti með samþykkt frumvarpsins. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir hana rita auk mín hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Drífa Hjartardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.*

Stjtill., 571. mál (félagaréttur). — Þskj. 849, nál. 1092.

[16:44]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2006, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Markmið tilskipunarinnar er að auðvelda hlutafélögum samruna milli landa en lagalegir og stjórnsýslulegir erfiðleikar hafa hamlað á þessu sviði þrátt fyrir það lagaumhverfi sem áður hefur verið komið á með EES-gerðum á sviðinu. Til þess að reglur tilskipunarinnar eigi við um samruna þarf að vera um samruna hlutafélaga frá minnst tveimur EES-ríkjum að ræða.

Lagafrumvarp sem ætlað er að innleiða efni tilskipunarinnar í íslenskan rétt hefur verið til meðferðar á Alþingi og mælti efnahags- og viðskiptanefnd með samþykkt þess á fundi 8. mars síðastliðinn. Nefndin vekur athygli á að verði það mál að lögum er enn eftir að innleiða ákvæði 16. gr. tilskipunarinnar sem er á málefnasviði félagsmálaráðuneytis en lagafrumvarp verður ekki lagt fram fyrr en á haustþingi. Frestur til að innleiða tilskipunina í íslenskan rétt er til 15. desember 2007, sbr. 19. gr. hennar. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir hana rita auk mín hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Drífa Hjartardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breyting á XIX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.*

Stjtill., 572. mál (neytendavernd). — Þskj. 850, nál. 1093.

[16:47]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 92/2006, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson og Atla Frey Guðmundsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Tryggva Axelsson frá Neytendastofu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 92/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á XIX. viðauka, Neytendavernd, við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB), nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, reglugerð um samvinnu um neytendavernd.

Reglugerð 2006/2004 varðar samvinnu milli innlendra yfirvalda sem ábyrgð bera á framkvæmd laga um neytendavernd. Meginmarkmið hennar er að tryggja eftirfylgni við lög á sviði neytendaverndar og virkni innri markaðarins með því að koma á samstarfi stjórnvalda yfir landamæri en gildissvið reglugerðarinnar nær aðeins til brota á löggjöf um neytendavernd. Samvinna stjórnvalda felst í ýmiss konar aðstoð, t.d. virkri miðlun upplýsinga, rannsókn, heimsókn á starfsstöð fyrirtækis eða jafnvel beitingu þvingunarúrræða.

Lagafrumvörp sem ætlað er að innleiða reglugerðina í

íslenskan rétt hafa verið til meðferðar á Alþingi, þskj. 916, 616. mál og þskj. 917, 617. mál og mælti efnahags- og viðskiptanefnd með samþykkt þeirra á fundi 8. mars sl.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir hana rita Jón Kristjánsson, formaður og framsögumaður, Össur Skarphéðinsson, Drífa Hjartardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Íslenskur ríkisborgararéttur, 2. umr.*

Stjfrv., 464. mál (próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 643, nál. 1070, brtt. 1071.

[16:50]

**Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, með síðari breytingum. Þetta nefndarálit er frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Hér er á ferðinni frumvarp sem leggur til töluverðar breytingar á gildandi lögum um efnið og ber þar helst að nefna að skilyrði sem útlendingar þurfa að uppfylla til að geta öðlast íslenskt ríkisfang eru samræmd og tengd skilyrðum fyrir búsetuleyfi hér á landi. Sú meginregla er áréttuð að valdheimildir og veitingar á íslensku ríkisfangi er að meginstefnu til hjá Alþingi. Þá eru lögð til nokkur ný skilyrði þess að veita megi íslenskt ríkisfang með stjórnvaldsákvörðun, hnykkt á skilyrðum sem hafa verið tíðkuð í framkvæmd og lagt til að sett verði nýtt ákvæði í lögin sem lýtur að því þegar umsækjandi veitir rangar upplýsingar. Loks er lagt til að lögunum verði skipt í kafla.

Ég tel ástæðu til að fara yfir nokkur atriði úr nefndarálitinu þar sem eins og áður segir er um töluverða breytingu að ræða á gildandi lögum um efnið. Eins og fram kemur í nefndarálitinu ræddu nefndarmenn stöðu flóttamanna, þ.e. fólks sem hefur fengið dvalarheimili hér á landi af mannúðarástæðum, en margir umsagnaraðilar sem nefndin leitaði til gerðu stöðu þessa fólks að umtalsefni í umsögnum sínum og á fundum með nefndinni var farið yfir þörfina fyrir sérstakt tillit til þessara aðila.

Eins og segir í nefndaráliti er þessum aðilum t.d. oft illmögulegt að sanna með fullnægjandi hætti hverjir þeir eru og fólk sem hefur þurft að flýja heimaland sitt getur verið í þeirri aðstöðu að það þurfi að þiggja framfærslustyrk frá sveitarfélagi og slíkt getur valdið vandkvæðum þegar kemur að því að uppfylla skilyrði þess að geta sótt um ríkisborgararétt, eins og lesa má af gildandi lögum um efnið.

Af þessum ástæðum velti nefndin því fyrir sér hvort bæta ætti við frumvarpið undanþáguheimild til handa dómsmálaráðherra um að taka sérstakt tillit til aðstæðna þessa hóps en með hliðsjón af þeirri meginreglu frumvarpsins að öll vafamál skulu fara fyrir Alþingi ákvað meiri hlutinn að ráðast ekki í þá breytingu. Það er því niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að þingið verði alltaf í aðstöðu til þess að meta sérstakar aðstæður eins og þær sem þessir aðilar eru í og út frá því gengið að þegar tilefni er til muni þingið víkja frá þeim skilyrðum laganna sem koma í veg fyrir að viðkomandi geti fengið leyfinu úthlutað frá ráðuneytinu.

Þó er lögð til ein tiltekin breyting á frumvarpinu sem kemur til móts við þessi sjónarmið. Þannig segir í 6. tölulið 1. mgr. b-liðar 5. gr. frumvarpsins að gert er ráð fyrir því að flóttamaður sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna hafi verið búsettur hér í fimm ár til að geta sótt um íslenskt ríkisfang. Meiri hlutinn telur eðlilegt að ákvæðið taki einnig til þeirra sem hafa fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Hér er um að ræða fámennan hóp til viðbótar sem ætti færi á að sækja um réttinn eftir fimm ár í stað sjö og taldi nefndin enga ástæðu til að gera greinarmun á þessum tveimur hópum.

Nefndin tók til sérstakrar umræðu þau nýju skilyrði sem lagt er til að umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt uppfylli svo unnt sé að veita ríkisfangið með stjórnvaldsákvörðun og einkum þá meginreglu að umsækjendur skulu hafa sýnt fram á nokkra kunnáttu í íslensku. Meiri hlutinn bendir á að ekki eru gerðar kröfur um íslenskukunnáttu þeirra sem óska eftir dvalar- eða búsetuleyfi hér á landi en telur eðlilegt að gerðar séu ríkari kröfur til þess að útlendingar sem óska eftir íslenskum ríkisborgararétti sýni fram á lágmarkskunnáttu í íslenskri tungu með hliðsjón af mikilvægi hennar fyrir aðlögun þeirra í samfélaginu. Þannig telur meiri hlutinn að ástæða sé til að leggja áherslu á að íslenskukunnátta fyrir útlendinga verði byggð upp þannig að unnt verði að standa við tímamörk í gildistökuákvæði frumvarpsins, sé miðað við að skyldan til að standast próf í íslensku taki gildi 1. janúar 2009. Jafnframt bendir meiri hlutinn á mikilvægi þess að framboð kennslunnar verði nægjanlegt og aðgengilegt öllum þeim sem hana vilji sækja.

Fyrir liggur ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja 100 millj. kr. sérstaklega til þessa málefnis þannig að meiri hluti nefndarinnar er vongóður um að fyrirætlanir í þessu efni geti gengið eftir.

Nefndin tók til umræðu ákvæði 1. mgr. e-liðar 5. gr. frumvarpsins sem kveður á um að hafi umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt gefið rangar upplýsingar sem lágu til grundvallar við ákvörðun um ríkisborgararétt sé dómsmálaráðherra heimilt að svipta viðkomandi umsækjanda ríkisfangi enda verði hann ekki ríkisfangslaus við það. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa skoðað þetta ákvæði sérstaklega og þá einkum með hliðsjón af 46. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem kveður á um að engan megi svipta íslenskum ríkisborgararétti, að verulegur vafi væri á því hvort ákvæði frumvarpsins stæðist stjórnarskrá og eins og segir í nefndaráliti vísar meiri hlutinn m.a. til rits Gunnars G. Schrams lagaprófessors, Stjórnskipunarréttar, þar sem fram kemur að þeir sem hafa fengið ríkisfang verði ekki sviptir því aftur þótt þeir brjóti af sér og heldur ekki þótt þeir hafi aflað þess með vísvitandi röngum upplýsingum. Meiri hluti nefndarinnar leggur sem sagt til að þetta ákvæði frumvarpsins verði fellt brott.

Nefndin ræddi einnig hvort ástæða væri til að hverfa frá því fyrirkomulagi að heimila tvöfaldan ríkisborgararétt og ég ætla að leyfa mér að vísa til nefndarálitsins varðandi þau

sjónarmið sem þar voru uppi.

Loks tók nefndin til sérstakrar umræðu hvort ástæða væri til að breyta verklagi við meðferð ríkisréttarumsókna sem lagðar eru fyrir Alþingi eftir gildistöku ákvæða frumvarpsins. Fram til þessa hefur svo háttað til að þær umsóknir sem óskað hefur verið eftir þinglegri meðferð á hafa verið sendar til allsherjarnefndar sem hefur fjallað um þær í sérstakri undirnefnd og undirnefndin hefur síðan borið tillögur sínar undir allsherjarnefndina sem lagt hefur fyrir þingið frumvarp um þá einstaklinga sem veita á íslenskt ríkisfang. Þess er að vænta að málum af þessum toga muni fjölga nokkuð í náinni framtíð verði frumvarpið að lögum og þar sem með þessu máli er verið að undirstrika þá meginreglu að þingið fari með veitingu ríkisborgararéttar þá telur meiri hluti nefndarinnar að þingið þurfi að taka það til sérstakar skoðunar hvort ástæða sé til að breyta þingsköpum þannig að skipuð verði sérstök sérnefnd um ríkisborgararéttarmál sem þá mundi fjalla um þessar umsóknir. Auðvitað er sá möguleiki enn þá opinn að allsherjarnefnd fari með þessi mál og eftir atvikum taki þau til umfjöllunar í nefndinni sjálfri eða haldi núgildandi verklagi um að fjalla um þetta í undirnefnd en í öllu falli held ég að ástæða sé til við þá breytingu sem nú er að verða á þessum málum að taka þetta til skoðunar. Hefði auðvitað farið best á því ef allsherjarnefnd hefði haft rýmri tíma til að kafa ofan í þennan þátt málsins.

Þar sem frumvarpið sjálft gerir ekki neinar tillögur í þessu efni sendir nefndin málið aftur inn á þingið með ábendingum um að það þurfi að huga að þessu og í sjálfu sér er auðvitað ágætur tími fyrir þingið til að taka þetta mál til skoðunar og það er að sjálfsögðu að mínu áliti engin hætta hér á ferð þó að haldið verði áfram við núgildandi verklag. Hins vegar er full ástæða til að nota þessi tímamót til að huga að þessu sérstaklega. Ég geri einnig ráð fyrir því að eftir atvikum muni þá vera ýtt á eftir því af hálfu nefndarinnar ef það verður þá ekki einfaldlega tekið upp af forsætisnefnd í tilefni af ábendingu nefndarinnar eins og hún kemur fram í þessu nefndaráliti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á þskj. 1071. Undir þetta nefndarálit skrifa Bjarni Benediktsson, Guðjón Ólafur Jónsson, Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Sigurjón Þórðarson en Björgvin G. Sigurðsson og Kjartan Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[17:01]

**Guðrún Ögmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hv. formaður allsherjarnefndar hefur mælt fyrir nefndaráliti frá meiri hluta allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Ég tel að það ætti kannski að prenta nefndarálitið upp því að mér skildist að við værum á málinu með fyrirvara. Ég var að vísu ekki við lokaafgreiðslu nefndarálits í nefndinni en var hins vegar við afgreiðslu breytingartillögu í nefndinni. Formaður nefndarinnar hefur farið yfir meginatriðin sem rædd voru vegna þessara mála en við fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni höfum þegar lagt til tvær breytingar við frumvarpið.

Í fyrsta lagi varðandi flóttafólk og dvalarleyfi af mannúðarástæðum en það var heilmikið rætt í nefndinni og margar umsagnir hnigu að því að það þyrfti að skoða sérstaklega, eins og hv. formaður gerði hér grein fyrir. Við leggjum til breytingu í þá veru, um dvalarleyfi af mannúðarástæðum og að tekið sé sérstakt tillit til aðstæðna flóttamanna.

Í öðru lagi varðandi fjárhagsaðstoð en í núgildandi lögum, áður en þessar tillögur komu fram, mátti fólk ekki hafa þegið fjárhagsaðstoð síðustu tvö ár til þess að geta sótt um íslenskan ríkisborgararétt. Í því frumvarpi sem hér á verða að lögum og nefndarálitið lýtur að er talað um þrjú ár. Það er búið að lengja þann tíma um eitt ár. Við erum ekki sammála því og þar sem ég sat í þeirri nefnd sem samdi það frumvarp sem hér er verið að afgreiða þá var það greinilega gert á síðustu metrunum en ég missti af því. Þess vegna er sú breytingartillaga flutt að tvö ár í þessu tilviki sé alveg ríflegur tími fyrir það til að geta sótt um íslenskan ríkisborgararétt. Það eru yfirleitt mjög skýrar ástæður fyrir því af hverju viðkomandi einstaklingar fá fjárhagsaðstoð. Það getur verið að þeir séu illa tryggðir. Þeir fái ekki bætur frá Tryggingastofnun vegna veikinda og þá hafi komið til kasta sveitarfélaga í þessum efnum. Jafnframt hef ég alltaf lagt áherslu á að horfa á félagsþjónustu sveitarfélaga sem neðsta öryggisnetið og það eigi í rauninni alltaf að skoða þau mál sérstaklega ef fólk hefur þurft að nýta sér slíka aðstoð.

Síðan þekkja allir umræðuna um íslenskunámið, það skilyrði á ekki að taka gildi fyrr en eftir tvö ár en við munum ekki taka afstöðu til þess við lokaafgreiðslu málsins. Ég læt því máli mínu lokið, herra forseti.

[17:04]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt og eins og kom fram í máli hv. formanns nefndarinnar, Bjarna Benediktssonar, er ég áheyrnarfulltrúi í allsherjarnefnd. Þetta er eitt af þeim málum sem við tókum nokkurn tíma í að skoða í nefndinni. Það sem skiptir máli í þessu tilliti að mínu mati eru í raun og veru þeir þættir sem lúta að íslenskukennslunni og kröfunni um íslenskukunnáttu þeirra sem sækja um og fá íslenskan ríkisborgararétt en í c-lið 5. gr. frumvarpsins eru tilgreind ýmis skilyrði sem umsækjandi um ríkisborgararétt þarf að uppfylla. Meðal annars þarf hann að hafa staðist próf í íslensku samkvæmt kröfum sem dómsmálaráðherra setur í reglugerð og þar segir jafnframt að í reglugerð skuli kveðið á um undanþágur fyrir þá sem telja verði ósanngjarnt að gera þessa kröfu til. Í athugasemd við 5. gr. segir að einkum hljóti að koma til greina að undanþiggja þá einstaklinga skilyrði um íslenskukunnáttu sem flust hafi til landsins eftir miðjan aldur og sömuleiðis fólk sem býr við einhverja fötlun sem veldur því að krafan um íslenskukunnáttu kann að vera óraunhæf. Ég er sátt við þau sjónarmið sem getið er um í athugasemdum við frumvarpið en ég tel að við þurfum að hafa í huga ýmsa þætti þessara mála þegar ríkisborgararétturinn er skoðaður. Ég held að það sé nauðsynlegt að við tökum tillit til ýmissa annarra hópa en þeirra sem taldir eru í texta greinargerðarinnar. Þar er ég með í huga fólk sem kemur frá málsvæði sem er ger-

ólíkt okkar íslenska eða norræna málsvæði, sömuleiðis held ég að viðurkenna þurfi að það kunna að vera tilfelli þar sem fólk er hvorki læst né skrifandi á eigið tungumál. Ég sé því ekki annað en að þessi undanþáguheimild verði að vera svo rúm að þar sé horft af allri sanngirni á málin.

Við fengum umsögn frá Mannréttindaskrifstofu sem var efnismikil og góð. Það skiptir verulegu máli þegar fjallað er um mál af þessu tagi að við eigum stofnanir og skrifstofur á borð við Mannréttindaskrifstofu Íslands. Það skiptir verulegu máli fyrir okkur þingmenn sem sitjum í nefndunum að fá það sjónarhorn sem Mannréttindaskrifstofan varpar á meginþætti þessa máls því að sjónarhorn hennar er að mínu mati þess eðlis að það skiptir verulegu máli fyrir nefndina að taka til umfjöllunar þá vinkla sem þar er varpað upp. Þetta á t.d. við um það sem segir um ríkisfangslausa í umsögn Mannréttindaskrifstofu og sömuleiðis um frystingu ríkisborgararéttar sem hv. þm. Bjarni Benediktsson kom að í sínu máli.

Varðandi það sem lýtur að íslenskukunnáttunni þá segir eftirfarandi í umsögn Mannréttindaskrifstofu, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum við þetta ákvæði segir að þeir sem undanþegnir verða þessu skilyrði" — og þá er talað um skilyrði til íslenskukunnáttu — „hljóti einkum að vera þeir sem flust hafa til landsins nokkuð eftir miðjan aldur auk þeirra sem búa við einhverja fötlun sem gerir kröfu um góða íslenskukunnáttu óraunhæfa. Mannréttindaskrifstofan tekur undir þetta en leggur til að sérstakt tillit verði tekið til flóttafólks og þeirra sem fengið hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum þar sem þessir einstaklingar hafi gjarnan þurft að þola miklar raunir sem geta skert getu þeirra til íslenskunáms. Þá ber einnig að taka tillit þeirra sem koma frá málsvæðum sem eru mjög ólík okkar og þeirra sem ekki eru ólæsir og skrifandi við komuna til Íslands."

Nefndin ákvað að taka mið af þessari umsögn Mannréttindaskrifstofu sem taldi varhugavert að lögfesta slíkt ákvæði að svo stöddu jafnvel þó að því hafi verið ætlað að taka gildi 2009. Mannréttindaskrifstofa notaði tækifærið í umsögn sinni og fagnaði auknum fjárframlögum stjórnvalda til íslenskukennslu en enn sem komið er telur skrifstofan að framboð námsleiða einkum á landsbyggðinni sé takmarkað og telur að námskeiðin sem í boði eru séu kostnaðarsöm. Mannréttindaskrifstofa leggur áherslu á að verði skilyrðið um íslenskukunnáttu lögfest þá sé brýnt að tryggt sé að framboð, aðgengi og gæði íslenskunámskeiða sé þannig háttað við gildistöku að sanngjarnt sé að gera kröfu um skilgreinda íslenskukunnáttu við veitingu ríkisborgararéttar.

Skrifstofan leggur það til í umsögn sinni að farið verði að dæmi Norðmanna en í Noregi mun það vera svo að það er valkvætt hvort umsækjendur þreyta próf til að sýna fram á tungumálakunnáttu eða leggja fram sönnun um að þeir hafi sótt tiltekinn fjölda námskeiða í málinu.

Varðandi þetta og sérstaklega stöðu tungumálakennslunnar annars staðar á Norðurlöndunum þá er ljóst að bæði Danmörk og Noregur hafa staðið sig afar vel í þeim tilboðum sem útlendingum standa til boða og þar eru bæði fjölbreytt námsframboð og sömuleiðis mikil greiðsluþátttaka stjórnvalda og munu kennslustundirnar sem veittar eru endurgjaldslaust vera á milli 2.000 og 3.000 talsins á sama tíma og við höfum verið að puða við að ýta þeim upp í milli 100 og 200. Við sjáum að hér er himinn og haf á milli þess sem ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa verið að leggja í þetta miðað við það sem við höfum verið að gera á Íslandi.

Minni hluti nefndarinnar, þ.e. hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Björgvin G. Sigurðsson, leggja fram breytingartillögu við málið og einmitt við 5. gr. Þar er gert ráð fyrir að við a-lið greinarinnar bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hafi gert grein fyrir þessari breytingartillögu í máli sínu áðan en ég heyrði því miður ekki ræðu hennar þannig að ég tel ástæðu til að fara um þetta nokkrum orðum en tillagan gerir ráð fyrir því að við a-lið 5. gr. bætist svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að taka sérstakt tillit til aðstæðna flóttamanna og fólks sem veitt hefur verið dvalarleyfi af mannúðarástæðum."

Ég er fylgjandi þessari breytingartillögu og sömuleiðis þeirri tillögu sem þeir hv. þingmenn sem að breytingartillögunni standa leggja fram í b-lið hennar: „Í stað orðanna „þrjú ár" í 5. tölul. 1. mgr. c-liðar komi: tvö ár." En í 5. tölul. segir:

„Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi sl. þrjú ár. Er umsækjanda skylt að sýna fram á að hann hafi framfært sig með löglegum hætti hér á landi og er dómsmálaráðuneytinu heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum því til staðfestingar."

Um þetta vil ég segja, hæstv. forseti, að ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt í mjög mörgum tilfellum og kannski langflestum að það kunni að koma þeir tímar að útlendingar sem hér eru að reyna að fóta sig og eru komnir hingað til að gerast íslenskir ríkisborgarar þurfi að leita til stjórnvalda með framfærslustuðning og ekkert óeðlilegt við það, þannig að takmarkanir af þessu tagi eru að mínum dómi óeðlilegar og mér finnst sómi að því að við höfum þær sem allra minnstar. Við verðum að hafa ákveðið svigrúm í þessum efnum þannig að hægt sé að meta hvert tilvik. Ég skil vel og það er ekkert óeðlilegt þótt reynt sé að vinsa úr ef um er að ræða fólk sem misnotar sér kerfið en við verðum að reyna að sjá í gegnum fingur við það og skoða hvert tilvik með opnum huga og sýna þá mannúð sem eðlileg hlýtur að teljast í þeim tilvikum sem hér er um rætt.

Við vinstri græn höfum verið að vinna að því í vetur að endurnýja innflytjendastefnu okkar. Við samþykktum á landsfundi okkar fyrir þremur vikum ályktun sem varðaði innflytjendamálin og förum þar yfir helstu þætti á hvern hátt við teljum eðlilegt að búið sé að innflytjendum á Íslandi. Þar komum við inn á þau atriði sem ég hef nefnt í mínu máli, bæði íslenskukennsluna og þau tilfelli þegar fólk þarf að sækja um félagslegan stuðning.

Varðandi íslenskukennsluna er það okkar mat að forsenda þess að innflytjendur geti tekið þátt í íslensku samfélagi sé færni í íslensku og við teljum alveg nauðsynlegt að það séu skilgreind ákveðin grunnmarkmið í íslenskunámi fyrir innflytjendurna þar sem verði sett ákvæði um lágmarkstímafjölda og tímaramma sem þeim standi til boða endurgjaldslaust. Við teljum að allir innflytjendur eigi rétt á

ókeypis íslenskukennslu í samræmi við þau grunnmarkmið sem sett verða og að tryggja þurfi sérstaklega aðgengi að íslenskunámi þeim sem hvorki eru á vinnumarkaði né í skóla, því að það er auðvitað eðlilegt að fólk finni tilboðin ef um skólafólk er að ræða og jafnvel útivinnandi fólk, því að fyrirtæki eru í auknum mæli að bjóða upp á íslenskunám í vinnutíma, sem er auðvitað af hinu góða og til fyrirmyndar mjög víða. Það verður þó að efla og auka þau tilboð sem fólki standa til boða í vinnutímanum, við þurfum að viðurkenna að það sé eðlilegt að fólk fái svigrúm og tækifæri til að stunda það nám í vinnutíma en ekki utan hans því að með því að gera kröfu um að fólk sé í ströngu námi utan vinnutíma erum við að taka það frá fjölskyldu og hinum samfélagslegu skyldum. Við þurfum að átta okkur á að þarna þarf að vera ákveðið svigrúm og ég veit að atvinnurekendur eru í auknum mæli að opna augu sín fyrir þessu og gera þarna bragarbót.

Í grunnstefnumiðum okkar teljum við að þetta þurfi að vera rýmilegt, eins og ég sagði áðan, að veita þurfi ákveðið svigrúm í þessum efnum og að íslenskukunnáttan eigi ekki að vera ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir ríkisborgararétti heldur að við horfum á hvert einstakt tilvik og metum það. Það er einnig nauðsynlegt að setja viðmið um námsefni og kennsluaðferðir, sérstaklega um það sem hentar fullorðnum í þessu tilliti og viðurkenna að ekki á það sama við um börn og fullorðna.

Hæstv. forseti. Ég tel að hér sé verið að gera ákveðnar leiðréttingar og bætur á lögunum um íslenskan ríkisborgararétt.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill biðja um hljóð í salnum, að það séu ekki fundir vítt og breitt um salinn. (**Gripið fram í:** Við erum að þjálfa þol ræðumannsins.) Það þarf ekki að þjálfa þol ræðumannsins, hv. þingmaður. Það á að gefa ræðumanni hljóð. )

Takk fyrir, virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu og hef svo sem fullt þol og gæti þess vegna talað undir skvaldri í þær 12–13 mínútur sem ég á eftir af eðlilegum ræðutíma miðað við þann tíma sem gefinn er í ræður um lagafrumvörp, en ég þykist hafa komið meginsjónarmiðum okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að í þessu máli og segi þar með máli mínu lokið.

[17:18]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Við í allsherjarnefnd fórum þokkalega vel yfir þetta mál, fengum fjölmargar umsagnir og allmarga gesti. Eins og stendur í frumvarpinu sjálfu er í rauninni að einhverju leyti verið að samræma þær kröfur sem eru gerðar til leyfis til að fá búsetu annars vegar og leyfis til að fá ríkisborgararétt hins vegar. Í sumum tilfellum voru gerðar vægari kröfur hvað varðar ríkisborgararétt en búsetuleyfið. Eins og komið hefur fram, bæði við 1. umr. þessa mál og í máli þingmanna sem hafa talað í dag, eru hér nokkur nýmæli. Í sumum tilfellum er verið að þrengja réttinn til að fá ríkisborgararétt í öðrum ekki. Þetta eru nokkur nýmæli sem mig langar að fara yfir.

Lítum á 3. tölul. c-liðs 5. gr. sem lýtur að kröfum um að umsækjandi hafi staðist próf í íslensku samkvæmt kröfu sem dómsmálaráðherra setur í reglugerð. Þetta er eitt af þeim efnisatriðum sem við skoðuðum nokkuð vel í nefndinni og voru skoðanir skiptar hvað þetta varðar. Í greininni kemur einnig fram að setja skuli í reglugerð þær undanþágur sem eru frá þessu skilyrði fyrir þá sem teljast verður ósanngjarnt að gera slíkar kröfur til. Ég kallaði ítrekað eftir því hjá allsherjarnefnd að fá drög að þessari reglugerð. Fulltrúar ráðuneytisins töldu sig ekki færa um að sýna okkur slíkt. Ég held að þeir hafi fullyrt að slíkt hafi ekki verið fyrir hendi. Það er vissulega bagalegt. Það er alveg ljóst að ráðherrarnir fá allmikið vald í þessari reglugerðarheimild og hægt er að ímynda sér efnisatriði reglugerðarinnar með ýmsum hætti. Það hefði skipt miklu máli að við hefðum fengið einhvers konar hugmynd um hvað á að standa í reglugerðinni í ljósi þess hvað ráðherra fær mikið vald til að ákveða þessar undanþágur.

Íslenskuskilyrðið, eins og ég segi, er umdeilt. Mér sýndist þó flestir umsagnaraðilar vera tiltölulega sáttir við grundvallaratriðið. Á það var bent, það þurfti að draga það sérstaklega fram, að tryggja þarf, ef menn vilja fara þessa leið á annað borð, að framboð af íslenskukennslu sé til staðar og það sé frambærilegt, og sé til staðar um allt land. Það þarf einnig að tryggja að sú kennsla sé ókeypis. Í þriðja lagi þarf að tryggja að slík kennsla geti átt sér stað í vinnutíma fólks. Það hefur ítrekað komið fram í samtölum við samtök innflytjenda og nýbúa á Íslandi að það er grundvallaratriði til að aðlagast samfélaginu að ná einhverjum tökum á íslensku. Einnig hefur ítrekað verið bent á að ef sú kennsla á að fara fram eftir vinnutíma minnka líkurnar á að viðkomandi einstaklingar hafi einfaldlega tíma og svigrúm til að sinna því námi. Þetta er auðvitað atriði sem við verðum að hafa í huga ef við ætlum að stíga þau skref sem hér er mælst til að við gerum, þ.e. að gera það beinlínis að skilyrði fyrir ríkisborgararétti að umsækjandi hafi staðist próf í íslensku.

Þetta þarf allt að komast í lag áður en gildistaka á þessu ákvæði rennur upp en eins og kemur fram í frumvarpinu mun þetta ákvæði ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2009. Það er því einhver tími til að huga að undirbúningi þessarar íslenskukennslu og að sama skapi að ræða þær undanþágur sem ráðherra mun ákveða í reglugerðinni.

Mér finnst gagnrýnisvert að ætlast sé til þess að við í allsherjarnefnd samþykkjum ákvæðið án þess að hafa fyrir framan okkur reglugerðina. Mörg fordæmi eru fyrir því að drög að reglugerð fylgi frumvörpum. Það hefði verið afskaplega hentugt í þessu tilviki.

Við sjáum, ef við förum aðeins yfir umsagnir helstu umsagnaraðila, að Mannréttindaskrifstofa Íslands segir, hvað varðar íslenskuskilyrðið, með leyfi forseta:

„Hér er kveðið á um að umsækjandi um ríkisborgararétt hafi staðist próf í íslensku samkvæmt kröfu sem dómsmálaráðherra setur í reglugerð. Þá segir að í reglugerð skuli jafnframt mælt fyrir um undanþágur frá þessu skilyrði fyrir þá sem telja verður ósanngjarnt að gera þessar kröfu til. Í athugasemdum við þetta ákvæði segir að þeir sem undanþegnir verða þessu skilyrði hljóta einkum að vera þeir sem flust hafa til landsins nokkuð eftir miðjan aldur auk þeirra sem búa við einhverja fötlun sem gerir kröfu um góða íslenskukunnáttu óraunhæfa. Mannréttindaskrifstofan tekur

undir þetta en leggur til að sérstakt tillit verði tekið til flóttafólks og þeirra sem fengið hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum þar sem þessir einstaklingar hafi gjarnan þurft að þola miklar raunir sem geta skert getu þeirra til íslenskunáms. Þá ber einnig að taka tillit til þeirra sem koma frá málsvæðum sem eru mjög ólík okkar og þeirra sem ekki eru læsir og skrifandi við komuna til Íslands. Þá má í þessu samhengi benda á að í finnskri löggjöf er sérstaklega kveðið á um táknmálskunnáttu. Þannig væri til bóta að íslenskt táknmál skilgreindist sem jafngildi hefðbundinnar íslenskukunnáttu við mat á hvort umsækjandi uppfylli skilyrði laganna.

Mannréttindaskrifstofa leggst ekki gegn kröfu um íslenskukunnáttu en telur varhugavert að lögfesta slíkt ákvæði að svo stöddu, jafnvel þó því sé ætlað að taka gildi 2009."

Ef við skoðum einnig hvað Rauði krossinn segir um þetta tiltekna skilyrði, um íslenskuprófið, þá stendur hér, með leyfi forseta:

„Rauði kross Íslands leggst ekki gegn þessu sjónarmiði í sjálfu sér en vill beina þeim tilmælum til allsherjarnefndar að íhuga vandlega hvort slíkt ákvæði sé endilega tímabært. Fram til þessa hefur aðgengi útlendinga að íslenskunámi verið ábótavant. Bæði hafa námskeið verið kostnaðarsöm og framboð ef til vill ekki nægjanlegt. Heildarstefnumótun í íslenskukennslu fyrir útlendinga hefur skort en nú má vænta breytinga í þeim efnum ef marka má nýlega samþykkt ríkisstjórnarinnar um að leggja aukna fjármuni til málaflokksins. Enn er þó ekki ljóst hvernig skipulagi íslenskukennslu fyrir útlendinga verður háttað í landinu."

Litlu síðar í umsögninni stendur, með leyfi forseta:

„Þá er mikilvægt að komið verði til móts við þá umsækjendur sem voru ólæsir við komuna til Íslands, bæði hvað varðar kennslu og hvernig íslenskukunnátta þeirra er metin við umsókn um ríkisborgararétt."

Þriðji umsagnaraðilinn sem mér finnst ástæða til að draga sérstaklega fram er Alþjóðahús. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum með framangreindu ákvæði segir að einkum hljóti að koma til greina að undanþiggja þá skilyrði um íslenskukunnáttu sem flust hafa til landsins eftir miðjan aldur auk þeirra sem búa við einhverja fötlun. Undir þetta tekur Alþjóðahús, en leggur til að jafnframt verði tekið tillit til þeirra sem koma frá gerólíku málsvæði sem og þeirra sem hvorki eru læsir né skrifandi á eigið tungumál en hvorir tveggja eiga erfitt um vik við íslenskunámið.

Þá telur Alþjóðahús vænlegra að í stað þess að umsækjendum verði gert að standast próf í íslensku þá eigi þeir fremur að uppfylla skilyrði um námskeiðssókn, eins og áskilið er í norskum lögum um ríkisborgararétt og á við um búsetuleyfi samkvæmt útlendingalögunum."

Sjónarmið þessara umsagnaraðila eru nokkuð skýr. Þeir slá ákveðna varnagla við umræddu skilyrði. Vilja að sjálfsögðu sjá myndarlegt framboð á íslenskukennslu, eins og við öll væntanlega, og við þurfum að huga mjög fljótlega að því ef við gerum þetta að lögum. En nóg um þetta atriði frumvarpsins.

Það er eftirtektarvert að rauður þráður er í flestum umsagnanna og ég get fullyrt að í umsögnum frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rauða krossinum og Alþjóðahúsi er gerð krafa um að bætt verði í frumvarpið sérstöku ákvæði sem gerir ráð fyrir að ráðherra geti tekið tillit til flóttamanna og þeirra sem fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Við höfum haft hug á að leggja fram slíka breytingartillögu við 3. umr. um að slík heimild verði færð ráðherra, þ.e. að ráðherra hafi svigrúm til mats í mjög sérstökum tilvikum sem lúta að flóttamönnum og þeim einstaklingum sem fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum þegar kemur að veitingu ríkisborgararéttar. Ekki er verið að opna á almenna heimild fyrir ráðherra en hins vegar finnst okkur rök umsagnaraðila sannfærandi hvað þetta varðar.

Ég ítreka að þetta er mjög þröngur hópur, flóttamenn annars vegar og einstaklingar sem fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum hins vegar. Í meðförum nefndarinnar kom fram að aðeins hefur einn einstaklingur fengið pólitískt hæli á Íslandi undanfarinn áratug. Þar fyrir utan eru hinir svokölluðu kvótaflóttamenn. Einstaklingar sem fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum hafa, að því er mig best minnir, verið u.þ.b. fimm á ári, stundum enginn. Ekki er um mikinn fjölda að ræða. Aðstæður þessa hóps geta hins vegar verið það sérstakar að eðlilegt sé að ráðherra hafi svigrúm til að taka tillit til þess. Ég vil einnig minna á að þeir einstaklingar sem ekki uppfylla skilyrði fyrir ríkisborgararétti hafa alltaf möguleika á því að skjóta máli sínu til þingsins. Alþingi hefur enn það vald að veita ríkisborgararétt þó að sá einstaklingur sem í hlut á uppfylli ekki þau skilyrði sem eru í lögunum. Ekki er verið að hrófla við því valdi og ég tel mikilvægt að það komi fram. En ég ítreka að ég boða breytingartillögu um að sett verði heimild fyrir ráðherra til að taka tillit til þessara sérstöku aðstæðna.

Það er fróðlegt að skoða, ég tek hér af handahófi það sem Rauði krossinn segir hvað þetta varðar, með leyfi forseta:

„Rauði krossinn beinir þeim tilmælum til allsherjarnefndar að dómsmálaráðherra verði heimilt að taka til greina sérstakar aðstæður flóttamanna og annarra umsækjenda sem hefur verið veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum þegar metið er hvort slíkir umsækjendur uppfylli skilyrði laga um veitingu ríkisborgararéttar."

Þetta er efnislega sama athugasemd og finna má í grein eftir grein hjá lykilumsagnaraðilum og hagsmunaaðilum sem starfa hvað mest með útlendingum og innflytjendum hér á landi. Mér finnst eðlilegt að Alþingi taki tillit til þeirra athugasemda og stígi þetta skref.

Mig langar einnig að boða aðra breytingartillögu sem verður lögð fram við 3. umr. Hún lýtur að 5. tölul. c-liðs 5. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi sl. þrjú ár. Er umsækjanda skylt að sýna fram á að hann hafi framfært sig með löglegum hætti hér á landi og er dómsmálaráðuneytinu heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum því til staðfestingar."

Í stuttu máli er verið að lengja tímabilið sem kemur til skoðunar. Í núverandi lögum er miðað við tvö ár. Frumvarpið gerir ráð fyrir að einstaklingur hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélögum sl. þrjú ár. Við teljum enga ástæðu til að lengja þetta tímabil. Ýmsar ástæður geta verið

fyrir því að einstaklingur þarf að þiggja framfærslustyrk og því finnst okkur rétt að hafa þetta eins og það er núna, þ.e. tveggja ára tímabil. Ég bendi einnig á að í fyrri breytingartillögunni, sem ég boðaði áðan, verður einmitt veitt svigrúm fyrir ráðherra að ganga fram hjá þessu skilyrði í tilviki flóttamanna og einstaklinga sem fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Ég ítreka að þeir einstaklingar sem ekki fá ríkisborgararétt hjá ráðherra og ráðuneytinu hafa tök á að leita til þingsins.

Mannréttindaskrifstofa segir varðandi þetta atriði, með leyfi forseta:

„Hér er sá tími sem umsækjandi um ríkisborgararétt má ekki hafa þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi lengdur úr tveimur árum í þrjú ár. Mannréttindaskrifstofan telur þrjú ár of langan tíma og leggur til að áfram verði miðað við tvö ár."

Við gerum ráð fyrir því í breytingartillögu okkar sem verður kynnt við 3. umr.

Rauði krossinn segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er lagt til að sá tími sem umsækjandi skal hafa verið án framfærslustyrks sveitarfélags verði lengdur úr tveimur árum í þrjú ár fyrir umsókn um ríkisborgararétt. Gerir Rauði krossinn athugasemdir við ofangreint enda kunna að vera fyrir því ýmsar réttlætanlegar ástæður að umsækjandi þurfi að óska eftir framfærslu frá sveitarfélagi, sem oft kann að vera tímabundin aðgerð.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur réttilega fram að upp geta komið tilvik þar sem umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt þurfi á opinberri framfærslu að halda. Í athugasemdum með frumvarpinu eru tiltekin tilvik vegna bágs efnahags þegar umsækjandi kemur til landsins eða vegna veikinda."

Rauði krossinn fjallar ítarlegar um þetta. Alþjóðahús er á svipuðum slóðum í athugasemd sinni.

Aftur tel ég réttlætanlegt að taka tillit til athugasemda þessara lykilaðila hvað þennan málaflokk varðar. Það er rétt að benda á það að sumir umsagnaraðilar, þar á meðal BSRB, höfðu athugasemdir um skilyrði sem lýtur að 4. tölul. c-liðs 5. gr. um að árangurslaust fjárnám hafi ekki verið gert hjá umsækjanda sl. þrjú ár, bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta eða hann í vanskilum með skattgreiðslur.

Auðvitað eru sum þessara skilyrða allströng. Hér er að einhverju leyti verið að samræma þau skilyrði sem eru fyrir veitingu ríkisborgararéttar og veitingu búsetuleyfis. Við þurfum því að huga að því á hvaða vegferð við erum. Regluramminn þarf vissulega að vera skýr og skynsamlegur en við þurfum að huga að mörgum öðrum hlutum þegar kemur að þessum málaflokki í heild sinni.

Það er sérstakt fagnaðarefni að samstaða náðist í nefndinni um nokkrar breytingar, m.a. sem lýtur að e-liðnum, breyting á 11. gr. sýnist mér. Það átti að vera hugmyndin að hægt væri að svipta viðkomandi umsækjanda ríkisborgararétti, en það kemur skýrt fram í stjórnarskrá að það er ekki heimilt. Ekki er heimilt að svipta einstakling ríkisborgararétti eftir að hann hefur verið veittur. Samstaða náðist um að taka þetta út. Það var einnig fagnaðarefni að samstaða náðist um að taka að einhverju leyti tillit til fólks sem fær dvalarleyfi af mannúðarástæðum þegar kemur að 6. tölul. b-liðs 5. gr. Þar segir:

„Flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, hafi verið hér búsettur sem slíkur í fimm ár."

Hér hefur einnig verið ákveðið að taka tillit til einstaklinga sem fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum.

Ég hef lokið yfirferð minni. Ég ítreka að við þurfum að vanda okkur afskaplega vel og bjóða upp á frambærilega kennslu í íslensku ef við ætlum að gera það að skilyrði fyrir ríkisborgararétti. Sem betur fer höfum við einhvern tíma í það en tíminn er fljótur að líða. Gildistaka þessa ákvæðis er síðar en hinna ákvæðanna. Þær tvær breytingartillögur sem ég boðaði verða lagðar fram við 3. umr., hin fyrri um að tekið verði tillit til flóttamanna og þeirra sem fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum og sú sem lýtur að því að lengja ekki það tímabil sem litið er til, hvort einstaklingur hafi fengið framfærslustyrk frá sveitarfélagi eða ekki, hafa það tvö ár en ekki þrjú. Við teljum að ekkert kalli á að stíga þurfi það skref á þessu stigi.

Þetta er málaflokkur sem alltaf þarf að vera í umræðunni og í endurskoðun. Við höfum oft tekist á um málefni útlendinga. Ég man að á fyrsta ári mínu sem þingmaður tókumst við harkalega á um þær breytingar sem voru gerðar á útlendingalögunum, svokallaða 24 ára reglu og 66 ára reglu, um öfuga sönnunarbyrði o.s.frv. Þar endurspeglaðist grundvallarmunur á stjórnarandstöðuflokkunum og ríkisstjórnarflokkunum. Við munum að sjálfsögðu stefna að því að breyta því að einhverju leyti til baka þegar við loks komumst í ríkisstjórn, sérstaklega hvað varðar 24 ára regluna. Ég get nokkurn veginn fullyrt að sú regla fari í bága við ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Þetta þarf allt að skoða í samhengi og ég legg til að lokum að við förum varlega en tökum ekki gagnrýnislítið upp þær breytingar sem eiga sér stað í Danmörku og í Noregi á sínum tíma. Ríkisstjórnir þeirra landa, eins og t.d. í Noregi, það hefur reyndar breyst núna, en núverandi ríkisstjórn í Danmörku er varin af flokki sem hefur róttæka stefnu hvað þetta varðar. Við þurfum að huga vel að þeim fyrirmyndum sem við veljum í þessum málaflokki.

[17:37]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Hér erum við að ræða frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt og það er skemmst frá því að segja að við í Frjálslynda flokknum styðjum það, og það gerum við sérstaklega í ljósi þess að hér er verið að samræma reglur til veitinga búsetuleyfis og síðan ríkisfangs. Hér er mest um eðlilegar breytingar að ræða og það er einfaldlega sjálfsagt að ef fólk öðlast einhver réttindi þurfi það að takast á hendur einhverjar skyldur. Það er sjálfsagt mál að gera þá kröfu til þeirra sem verða íslenskir ríkisborgarar að þeir öðlist einhvern grunn í íslensku máli eins og fram kemur í þessu frumvarpi. Ég vek athygli á því að á bls. 5 í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að forsenda þess að hægt var að fara þessa leið er að nýlega voru veittir meiri fjármunir í þennan málaflokk, þ.e. kennslu íslensku. Og það má rekja það til þess að við í Frjálslynda flokknum höfum lagt áherslu á að varðandi aðlögun útlendinga þurfi að taka til í þeim málaflokki. Við sjáum afrakstur af því birtast m.a. í þessu frumvarpi og

það gerir hæstv. dómsmálaráðherra kleift að leggja fram þetta frumvarp. Þessi nauðsynlega umræða sem við í Frjálslynda flokknum fórum af stað með er að skila sér með vitrænni hætti í löggjöf landsins með því að verið er að samræma ýmsar reglur eins og fram kemur í þessu frumvarpi sem við styðjum heils hugar.

Ég ætla ekki að orðlengja þessa umræðu meira en ítreka enn og aftur að hér er um frumvarp að ræða sem við í Frjálslynda flokknum styðjum.

[17:39]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi gera athugasemd við og það er íslenskukennslan, ekki það að ég hafi á móti henni, síður en svo. Mér finnst mjög mikilvægt að kenna útlendingum íslensku en það þarf líka að kenna þeim um menningu og siði íslenskrar þjóðar. Þannig er að hjá ýmsum þjóðum og í ýmsum ríkjum er mismunandi menning og mismunandi siðir og ég tel mjög brýnt að fólk sem kemur hingað til lands, jafnvel frá mjög ólíkum menningarsvæðum með mjög ólíka siði, læri sem best og mest um íslenska siði og íslenska menningu þannig að það nái að fóta sig sem best hér á landi.

Auk þess legg ég til að sú íslenskukennsla sem hér er verið að byggja upp verði byggð upp hratt og vel á netinu og verði sem ódýrust, líka fyrir þá útlendinga sem ekki sækja um ríkisborgararétt heldur koma hingað til að starfa. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það fólk læri líka íslensku þannig að það geti bjargað sér og læri enn fremur íslenska siði, íslenska menningu og á íslenskt stjórnkerfi.

[17:41]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ekki það að ég ætli að lengja þessa umræðu mikið en það vill oft henda þegar mikið gengur á í þinginu að við þingmenn náum ekki að taka með okkur alla pappírana okkar í ræðustól. Mig langar aðeins til að undirstrika örfáa þætti í sjónarmiði okkar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs varðandi þetta mál sem mér tókst ekki að gera í fyrri ræðu minni, í fyrsta lagi vegna þess að ég hafði þá ekki með mér nefndarálit meiri hlutans og átti þess ekki kost að hlusta á ræðu hv. þm. Bjarna Benediktssonar, framsögumanns meiri hluta nefndarinnar. Eftir að hafa litið yfir nefndarálitið sé ég að það eru nokkur atriði sem mig langar til að undirstrika um sjónarmið mín í þessum efnum.

Varðandi þá stöðu sem flóttamenn hafa sem nýtur ákveðinnar sérstöðu í þessu frumvarpi finnst mér mikilvægt að undirstrika að það sé sambærileg aðstaða sem þeir eru í sem hafa hlotið hér dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Mér þykir í öllu falli nauðsynlegt að dómsmálaráðherra hafi ákveðnar heimildir samkvæmt þessum lögum til að veita undanþágu, ekki bara á grundvelli þess að viðkomandi uppfylli skilyrði flóttamannasamningsins sem getið er um í greinargerð með frumvarpinu, heldur líka að hann hafi heimild til að veita þeim undanþágu sem mannréttindaskrifstofa nefnir og þar á meðal eru þeir sem hafa hlotið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Það er mjög mikilvægt að dómsmálaráðherra hafi samkvæmt lagatextanum þá heimild. Þess vegna styð ég væntanlega breytingartillögu sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson talaði um í ræðu sinni og boðaði að mundi koma fram við 3. umr.

Mér finnst líka mikilvægt að undirstrika að Alþingi hefur auðvitað alltaf þann möguleika að þó að fólk uppfylli ekki skilyrðin sem þessi lög setja hefur viðkomandi alltaf tækifæri til þess að sækja beint um til Alþingis. Þá er líka mjög mikilvægt að einu skilyrði sé fullnægt í ráðuneytinu, nefnilega því að fólki sé gerð grein fyrir þessum rétti, að það hafi alltaf þann rétt að fara með mál fyrir Alþingi beint. Við höfum oft rekið okkur á það í kerfinu okkar að upplýsingar til fólks sem á ákveðinn rétt komast ekki til þess þannig að ég held að það sé mjög nauðsynlegt að undirstrika það hér við hæstv. dómsmálaráðherra og sömuleiðis starfsmenn ráðuneytisins að þessi réttur fólks sé undirstrikaður og því gerð grein fyrir því að það geti tekið mál sín beint til Alþingis.

Varðandi 6. tölul. 1. mgr. b-liðar 5. gr. sem gerir ráð fyrir því að flóttamaður sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi geti sótt um ríkisfang eftir fimm ár í staðinn fyrir sjö vil ég segja að ég er sammála þeirri niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar sem telur eðlilegt að ákvæðið taki einnig til þeirra sem hafa fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Í nefndaráliti meiri hlutans segir að meiri hlutinn leggi áherslu á það að íslenskukennsla fyrir útlendinga verði byggð upp þannig að unnt verði að standa við tímamörk í gildistökuákvæði frumvarpsins sem miðar við að skyldan til að standast próf í íslensku taki gildi 1. janúar 2009 og jafnframt bendir meiri hlutinn á mikilvægi þess að framboð kennslunnar verði nægjanlegt og aðgengilegt öllum þeim sem hana vilja sækja. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni er ég sammála prinsippinu í þessu máli en mér finnst skipta verulegu máli að menn sjái fyrir sér í alvöru á hvern hátt við getum staðið okkur og staðið við þau tímamörk sem um ræðir. Það þarf að sýna reglugerð í þessum efnum. Það verður að vera trúverðugt takmark, og leið að því markmiði þarf að vera skýr og öllum ljós til þess að maður geti skrifað undir það sem hér stendur, ella hefur þessi yfirlýsing lítið gildi. Það er mjög mikilvægt að brýna meiri hlutann til að tryggja að reglugerðin sem um ræðir komi sem allra fyrst og að sýnt sé á þau spil sem ættu að vera til staðar í menntamálaráðuneytinu í þeim efnum.

Varðandi síðan 1. mgr. e-liðar 5. gr. sem meiri hlutinn gerir ráð fyrir að falli brott, þetta ákvæði um þegnflæminguna, lýsi ég yfir stuðningi við þá breytingartillögu. Það gerði ég ekki í fyrri ræðu minni. Síðan varðandi það hvort ástæða væri til að hverfa frá því fyrirkomulagi að heimila tvöfaldan ríkisborgararétt er ég sátt við þá afgreiðslu sem meiri hlutinn leggur til. Hann telur sem sagt ótímabært að ráðast í að gera breytingar varðandi þetta atriði að svo komnu máli en telur rétt að umræðunni verði haldið áfram og málið skoðað ofan í kjölinn í náinni framtíð. Ég er sátt við það og lýsi ánægju með það að meiri hlutinn skuli gera ráð fyrir að þetta verði með þessum hætti. Ég hefði talið fullkomlega óeðlilegt og ekki réttlætanlegt að fara í gegn með breytingu á þessum ákvæðum laganna án þess að hugmynd þar að lútandi hefði verið send út til umsagnaraðila. Þetta væri það veigamikil breyting að ég teldi algerlega óraunhæft og óréttlætanlegt að fara með slíka breytingu í gegn án þess að umsagnaraðilar kæmu að því máli. Ég er

sátt við þessa endanlegu niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar. Þó svo að hæstv. dómsmálaráðherra hafi í 1. umr. um þetta mál hvatt nefndina til að taka atriðið til skoðunar taldi ég ekki tímabært að fara út í breytingar að svo komnu máli.

Að lokum, hæstv. forseti, lýsi ég yfir stuðningi við það sem segir í niðurlagi nefndarálits meiri hlutans, þ.e. þar sem „fjöldi þeirra mála þar sem óskað verður eftir meðferð Alþingis á umsóknum um íslenskan ríkisborgararétt mun væntanlega aukast töluvert við gildistöku ákvæða frumvarpsins telur meiri hlutinn rétt að íhuga hvort ekki sé ástæða til að breyta þingsköpum þannig að skipuð verði sérstök sérnefnd um ríkisborgaramál sem hafi það hlutverk að fjalla um þessar umsóknir". Ég verð að segja að mér þykir ekki óeðlilegt að slík nefnd sé sett á laggirnar þó svo að ég lýsi því jafnframt yfir að sú undirnefnd sem starfað hefur hjá allsherjarnefnd og hefur haft með þessi mál að gera hingað til hafi auðvitað staðið sig afar vel í störfum sínum, en það verður líka að horfa til þess að hér er um nokkuð sérhæfð mál að ræða og ekki óeðlilegt að þessi mál fái sérstaka skoðun í sérstakri nefnd.

Nú hef ég, hæstv. forseti, gert grein fyrir meginsjónarmiðum mínum varðandi nefndarálit meiri hlutans. Að öðru leyti undirstrika ég það sem ég hef áður sagt varðandi stuðning við breytingartillögur frá minni hluta nefndarinnar, bæði þær sem komið hafa fram og þá sem líta mun dagsins ljós við 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Trjárœktarsetur sjávarbyggða, síðari umr.*

Þáltill. GHj o.fl., 51. mál. — Þskj. 51, nál. 1127.

[17:48]

**Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd um tillögu til þingsályktunar um trjárœktarsetur sjávarbyggða. Fyrsti flutningsmaður tillögunnar er Guðjón Hjörleifsson. Nefndin hefur fjallað um málið og hefur samþykkt að afgreiða tillöguna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Mógilsá – rannsóknastöð skógræktar, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Vestmannaeyja, Veðurstofu Íslands og Þorbergi Hjalta Jónssyni.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra verði falið að hefja undirbúning að stofnun trjárœktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum sem hafi það markmið að rannsaka særoks- og loftslagsbreytingar á trjágróðri og trjárœkt á eyjum í Norður-Atlantshafi, einkum Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Grænlandi.

Ekki er óeðlilegt að Vestmannaeyjar séu valdar í þessu skyni til að setja niður trjárœktarsetur því Vestmannaeyjar eru mjög heppilegur staður vegna aðstæðna og þeirra rannsókna sem þegar hafa farið fram þar. Árið 1989 hófust tilraunir með það markmið að finna heppilegan trjágróður fyrir strandsvæði á Íslandi. Á Heimaey eru ákjósanleg skilyrði til rannsókna á vexti og þroska trjágróðurs við sjó. Þar er mikil og löng reynsla af trjárœkt og á Stórhöfða er ein stærsta veðurstöð landsins með m.a. mælingar á saltstyrk í lofti auk venjulegra athugana. Stöðin er einnig vel þekkt í veðurfræðirannsóknum, einkum á sviði storma og særoks. Í Vestmannaeyjum er allstórt og samheldið samfélag og því er bæði mannafli og nauðsynleg þjónusta á staðnum. Í bænum eru bæði grunn- og framhaldsskólar og því möguleikar á gagnvirkum tengslum við skólastarf. Rannsóknastofnanir eru í bænum, m.a. setur Háskóla Íslands og náttúrustofa.

Þeir áhersluþættir sem aðallega er gert ráð fyrir í starfsemi trjárœktarseturs sem yrði staðsett í Vestmannaeyjum er m.a. spálíkan fyrir áhrif særoks á trjágróður, tilraunir með arfgerðir og aðferðir fyrir trjárœkt í sjávarbyggðum, rannsóknir á áhrifum særoks og loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi við Norður- Atlantshaf, einkum náttúruleg birki- og víðivistkerfi, rannsóknir á orsökum saltskemmda og eðli særoksþols hjá trjágróðri, tilraunir með hagkvæmar aðferðir til að koma upp skógi á berangri, og miðlun þekkingar á trjá- og skógrækt við Norður-Atlantshaf.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. En undir nefndarálitið rita Drífa Hjartardóttir, formaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jón Kristjánsson, Gunnar Örlygsson, Jóhann Ársælsson, Birkir J. Jónsson, Jón Bjarnason og Guðjón Hjörleifsson.

[17:52]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. Drífu Hjartardóttur um umsagnir. Hún nefndi umsagnaraðila sem hefðu gefið umsögn um málið. En ég heyrði ekki að í máli hennar hefði komið fram á hvern hátt umsagnaraðilar hefðu tekið á málinu. Hvers konar umsagnir fékk nefndin varðandi málið frá þeim helstu aðilum sem hv. þingmaður nefndi?

[17:52]

**Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er því miður ekki með umsagnirnar hérna hjá mér en þær voru mjög jákvæðar. Og það sem er svo ágætt við þetta verkefni er að í mörg ár eru búnar að fara fram rannsóknir einmitt á þessu sviði í Vestmannaeyjum.

Ég tel að afskaplega ánægjulegt sé fyrir Alþingi að samþykkja þetta því eins og við vitum er atvinnulíf mjög einhæft í Vestmannaeyjum og þetta yrði eitthvað sem við getum gert til að efla atvinnulífið og auka fjölbreytnina í rannsóknastarfi. Vestmannaeyjar eru reyndar alveg afskaplega ákjósanlegur staður á allan hátt til ýmissa rannsóknastarfa.

[17:53]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bara til að segja það, ég vildi forvitnast um umsagnirnar og nú hef ég fengið þær í hendur, ég kem því til með að vera búin að renna yfir þær augum áður en ég kem með ræðu mína. Mér nægir þetta að sinni.

[17:54]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög áhugavert mál sem hefur ör-

ugglega verið grandskoðað af hv. þingmanni, formanni landbúnaðarnefndar. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þingmann hvað hún áætli að kostnaðurinn sé við þessa nýju stofnun sem verið er að leggja til að verði sett á fót í Vestmannaeyjum.

[17:54]

**Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú ekki mjög auðvelt að svara því á þessari stundu. Þetta verður bara að skoðast þegar búið er að ákveða að þetta verði gert. Þá verði tekið má segja mið af öðrum setrum sem eru víða á landinu. En ég get ekki sagt neina ákveðna tölu í þessu. Þetta er það sem ráðherra kemur til með að skoða þegar hann er búinn að fá þessa samþykkt í sínar hendur.

[17:55]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Eins og ég sagði í andsvari er þetta mjög áhugavert mál en það væri auðvitað æskilegt áður en menn leggja af stað með svona mál að það væri að einhverju leyti kannað hver fyrirhugaður kostnaður er við þetta.

En mér finnst líka þegar við erum að ræða um fjölbreytta atvinnuuppbyggingu, t.d. í Vestmannaeyjum og víða um land í sjávarbyggðum landsins, að þá séu oft einhverjar svona tillögur sem eru, því miður, sýndartillögur. Það er ekki endilega einhver meining á bak við það sem er verið að gera. Það er búið að svipta þessar byggðir oft og tíðum atvinnuréttinum. Það getur enginn hafið á ný atvinnu í sjávarútvegi. Búið er að festa allt atvinnulífið niður í kvótum og síðan koma stjórnarliðar ef til vill með eitthvert setur.

Ég get nefnt dæmi um að í kjördæmi mínu spretta upp fjölmörg setur. Það er Ísakssetur á Blönduósi, sem er að mörgu leyti gott setur. Það er Síldarminjasafnið á Siglufirði, sem verið er að setja mikla fjármuni í og allt gott um það að segja, eins og þetta verkefni. En að einhverju leyti sér maður að markmiðið er, því miður, að deyfa. Verið er að deyfa þau höft sem verið er að leggja á sjávarbyggðirnar og manni blöskrar stundum hvað er gengið langt.

Þó að þetta setur skapi kannski örfá störf, það hefur nú ekki komið fram í andsvörum hvað mörg störf er verið að búa til í Vestmannaeyjum, þá væri miklu betri aðgerð t.d. að lækka fargjaldið með Herjólfi. Það væri miklu betur til þess fallið að bæta búsetuskilyrði í Vestmannaeyjum.

Ég vil upplýsa hv. þingmenn Suðurkjördæmis, bæði þann sem flytur málið og formann landbúnaðarnefndar, að gjaldið í Færeyjum, ferjugjaldið, er helmingi lægra en sambærilegt gjald í Vestmannaeyjum með Herjólfi milli lands og Eyja. Stjórnarflokkarnir eru því miður að leggja gríðarleg atvinnuhöft á þessar byggðir og koma síðan með einhver setur sem mögulega koma og mögulega ekki. Það er oft og tíðum verið að boða eitt og annað sem þetta, einhverjar aðgerðir en það sem mundi muna um fyrir Vestmannaeyinga, eins og alla sem eru í sjávarbyggðunum, er að aflétta þeim atvinnuhöftum sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa lagt á þessar byggðir.

Ég vil minna á að margir Vestmannaeyingar búa við það að þurfa að leigja til sín aflaheimildir. 70% af því sem þeir afla sér inn fer í leigu. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi ástand og mér finnst að hv. þingmenn stjórnarliðsins ættu að einbeita sér að þeim málum og aflétta þeim atvinnuhöftum.

Því miður hefur maður meira að segja orðið vitni að því, hæstv. forseti, að þessi atvinnuhöft ganga svo langt að það er búið að banna unglingum að leggja línu í fjöruna heima hjá sér vegna þess að það mun mögulega opna einhverja glufu á kvótakerfinu.

Ég er að segja, og það er mín skoðun, að svona tillaga þótt hún sé góð, að fara í rannsóknir í Vestmannaeyjum, er ekki það verkefni sem skiptir öllu máli fyrir sjávarbyggðirnar hvort sem það eru Vestmannaeyjar eða aðrir staðir. Það eru samgöngumálin. Og þegar þetta er eina afrekið sem stjórnarliðar koma með, þ.e. svona trjáræktarsetur, þá er maður furðu lostinn. Ég hefði miklu frekar viljað að atvinnuhöftunum væri aflétt og menn færu í að skoða t.d. kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. En það má ekki skoða.

Þeir flokkar sem leggja fram þetta litla mál um trjáræktarsetur, sem mögulega verður, hafa ekki einu sinni kannað það hvað eiga að vera mörg störf og hver kostnaðurinn er við þetta. Og þá spyr maður sig auðvitað: Hver er meiningin á bak við svona tillögur ef menn hafa ekki einu sinni kannað það?

Ég er nefnilega ekki viss um að á bak við sé mikil meining, því miður. En það verður fróðlegt að heyra hvort hv. formaður landbúnaðarnefndar hafi aflað sér einhverra gagna um kostnaðinn á meðan ég hef haldið þessa ræðu. Fólk hlýtur að hafa einhverjar hugmyndir um kostnaðinn og fjölda starfa sem menn eru að leggja til að verði stofnuð í nýjum ríkisstofnunum í Vestmannaeyjum. Það hlýtur að vera. Menn geta ekki verið að leggja fram tillögur þing eftir þing um trjáræktarsetur í Vestmannaeyjum án þess að hafa nokkra hugmynd um hvað á að búa til mörg störf. Ekki eina einustu hugmynd. Það kemur ekki fram í andsvörum. En ég vona svo sannarlega að hv. formaður landbúnaðarnefndar geri okkur grein fyrir því.

En það er nú svo að því miður eru það ekki bara Vestmannaeyingar sem hafa tapað á því kerfi sem menn eru að leiða talið frá með tillögu sem þessari, heldur er það þjóðin öll. (Gripið fram í.) Menn reyna að afsaka þetta með einhverju hagræðingartali. En það hefur komið fram og er óumdeilt að verðmæti útflutts sjávarfangs hefur lækkað í krónum talið á síðustu árum til ársins 2005. Samt sem áður treysta stjórnarliðar sér ekki til að ræða það heldur koma með tillögu sem snýr að trjáræktarsetri í Vestmannaeyjum. Mér finnst það vera svolítið sérstök forgangsröðun þegar maður verður vitni að því að neyðaróp berast í rauninni hringinn í kringum landið frá sjávarbyggðunum.

Í Silfri Egils í gær eða fyrradag var verið að ræða að í rauninni væri öll fiskvinnsla á norðausturhorninu að leggjast af. Vestfirðingar héldu sinn neyðarfund og stjórnarliðar koma hér með þingsályktunartillögu um trjáræktarsetur. Hvað ætla þeir að fara með vestur á firði? (**Gripið fram í:** ... gera fyrir landsbyggðina? Talaðu bara niður til þeirra.)

Herra forseti. Hér er gripið fram í og sagt að verið sé að tala niður til þess sem verið er að gera á landsbyggðinni. Það er alls ekki verið að því. (**Gripið fram í:** Jú.) Alls ekki.

Ég er að tala um hlutina eins og þeir eru. Ég veit og heyri að það er sárt fyrir hv. þingmann að heyra það vegna þess að það er sannleikurinn og sannleikanum verður oft hver sárreiðastur. Það sannast í þessu máli að menn þola í rauninni ekki að ræða þessa hluti, þessar meginspurningar sem hvíla á fólkinu. Það eru samgöngurnar og það er rétturinn til að stunda atvinnuna. En það treysta stjórnarliðar sér ekki til að ræða. Þeir koma með trjáræktarsetur sjávarbyggða og hafa ekki einu sinni kannað hvað þetta er stórt batterí sem þeir ætla að koma upp í Vestmannaeyjum.

[18:04]

**Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg með ólíkindum að landsbyggðarþingmaður skuli koma og tala niður þingmál þegar verið er að gera tillögu um eitthvað á landsbyggðinni. Ég ætla bara að minna hv. þingmann á að menn vissu kannski ekki hvað Galdrasafnið Hólmavík ætti að kosta þegar það var sett á stofn og í þessu tilviki er það þannig að bæjarstjórnin mun koma að þessu og bæjarfélagið alveg eins og er annars staðar á landinu þar sem hefur verið komið upp alls konar starfsemi, það má nefna Draugasetrið og eitt og annað til að efla ferðamennsku. Þegar hv. þingmaður talar um að þetta sé sýndartillaga þá er það af og frá, þetta er alvörutillaga. Ég skil í raun og veru ekki samhengið á milli þess hjá þingmanninum, að bera þetta saman við kvótakerfið.

Kvótastaðan í Vestmannaeyjum er mjög góð og þegar hann talar um að það hafi ekkert verið gert fyrir Vestmannaeyinga í samgöngumálum þá er það alrangt því núna er verið að leggja meiri pening í rannsóknir á jarðgöngum til Vestmannaeyja. Það er nánast tilbúin hönnun á Bakkafjöru og það er útboð á fluginu núna. Það er búið að laga aðstöðuna á Bakkaflugvelli fyrir flugið til Vestmannaeyja, það eru tvær ferðir á dag með Herjólfi sem var ekki fyrir nokkrum missirum, það er því ýmislegt verið að gera. Tillögur um trjáræktarsetur eru settar fram af fullri alvöru þótt það sé ekki nákvæmlega vitað hvað það kostar. Þetta mun byrja hægt og rólega og vinda síðan upp á sig. Þetta er eins og með margt annað, það er ekki hægt að útlista það nákvæmlega. Menn munu svo sækja um á fjárlög til þess að fá stuðning í þetta verkefni og það er bara nákvæmlega eins og önnur verkefni víða á landsbyggðinni.

[18:06]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sérkennilegt að heyra hv. þingmann segja að ég sé að tala niður landsbyggðina. Ég er að tala um hlutina eins og þeir eru. (**DrH:** Þú ert að tala þetta verkefni niður.) Það er ekki hægt að breyta landsbyggðinni í eitthvert safn um gamla tíma eins og Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn eru að gera. Það þýðir ekkert að ætla að fara að svipta fólk atvinnuréttinum og hafa síðan bara söfn um liðna tíma eða einhver setur hér og þar. Það gengur ekki upp. Það þarf að leyfa fólki að stunda þá atvinnu sem þessir staðir hafa byggst upp á. Það er deginum ljósara að það þarf að gera ef menn ætla að hafa byggð í öllu landinu. Það þýðir ekkert að vera að dreifa svona setrum sem hafa enga þýðingu.

Við verðum að skoða þessa greinargerð sem er afskaplega stutt. Ég veit ekki hvort hún er upp á 15 línur eða hvað. En hvað kemur þetta loftslagsbreytingum við? (**DrH:** Það er nú mjög mikið.) Ég get ekki séð að þetta komi loftslagsbreytingum við, alls ekki nokkurn skapaðan hlut. En þetta er bara lítið mál til að drepa í rauninni erfiðleikum byggðanna á dreif, herra forseti, og ég vona svo sannarlega að maður verði vitni að því að stjórnarþingmenn komi með alvörumál fyrir landsbyggðina en ekki svona sýndartillögur.

[18:07]

**Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla bara að vona að kjósendur hv. þingmanns hafi hlustað á hann. Nú leggur hann til að öll söfn á landinu séu lögð niður því það sé ekki í lagi að vera með söfn. Hvað haldið þið að það séu mörg setur og söfn í kjördæmi hv. þingmanns sem hafa fengið stuðning frá Alþingi þar sem einmitt er verið að efla störf í hinum dreifðu byggðum þar sem orðið hefur fólksfækkun og minni atvinna? Ég vil bara nefna það þegar talað er illa um byggðasöfnin, að t.d. á Byggðasafnið í Skógum sem er á Suðurlandi og ég vona að hv. þingmaður komi þangað einhvern tíma, það er byggða- og samgöngusafn, þangað koma milli 30 og 40 þúsund gestir á ári. Þetta safn veitir 12–15 manns vinnu allt árið um kring að jafnaði. Ég held að kjósendur hv. þingmanns ættu að hlusta á hann þegar hann talar um að það þýði ekki að vera að koma með setur um þetta eða hitt. Vill hann þá ekki losna við Sauðfjársetrið, Galdrasafnið, söfnin í Reykholti og í Búðardal, og önnur söfn og setur sem við höfum verið að styðja hér á Alþingi? Það voru allir þingmenn sem stóðu að þessari tillögu og það vildi bara þannig til að Magnús Þór Hafsteinsson var ekki inni á fundinum þegar þetta var tekið út en hann hefði örugglega verið samþykkur þessu máli.

[18:09]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði það í upphafi að þetta væri áhugavert mál og það getur verið það. En þegar maður verður vitni að því að sá sem flytur málið hefur ekki einu sinni kannað hvað þetta muni kosta, veit ekkert um það heldur kemur hér með málið og hefur ekki hugmynd um það, þá fer maður að spyrja sig: Hvaða meining er á bak við það? Ég get alveg fullvissað hv. þingmann um að kjósendur á landsbyggðinni eru farnir að sjá í gegnum þetta. Þeir eru farnir að sjá í gegnum það þegar stjórnarliðar koma færandi hendi með einhver söfn um liðna tíma og fara síðan (Gripið fram í.) og loka af að fólk geti mætt í vinnuna án þess að borga einhverjum sem stundaði þá atvinnu fyrir 10 eða 20 árum 70% af því sem það aflar. Þetta er það sem Sjálfstæðisflokkurinn býður upp á. Ég vonast svo sannarlega til þess að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn fari að sjá að sér, þó að það sé kannski ekki mikil von til þess, en þetta gengur ekkert upp. Síðan koma þeir með einhverjar tillögur sem þeir eru ekki einu sinni búnir að reikna út og hafa ekki hugmynd um hvað kosta.

Ég vil minna á hv. þingmann á að þegar verið er að setja okkur sem búum á landsbyggðinni í það að við séum þiggj-

endur þá er það ekki sanngjarnt vegna þess að tæplega 30% af skatti landsmanna er aflað á landsbyggðinni en 15% er varið þar. Þannig að þegar menn koma hér færandi hendi með eitthvað sem þeir vita ekki einu sinni hvað kostar og þykjast vera að bera einhver störf inn á borð til þeirra, þegar er búið að svipta þessar byggðir réttinum til að nýta auðlindir þjóðarinnar, þá finnst mér það í rauninni vera fyrir neðan allar hellur.

[18:11]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þetta voru nokkuð kostuleg orðaskipti hv. formanns landbúnaðarnefndar og hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar og athyglisverð umræða um atvinnu í sjávarbyggðum. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um trjáræktarsetur sjávarbyggða og auðvitað tengist það að hluta til atvinnu í sjávarbyggðum. Það vekur athygli þegar maður skoðar flutningsmenn tillögunnar að þar eru ásamt og með hv. flutningsmanni, Guðjóni Hjörleifssyni, hv. formaður landbúnaðarnefndar, Drífa Hjartardóttir, þingmaður sama kjördæmis, hv. þm. Kjartan Ólafsson úr sama kjördæmi og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson einnig úr sama kjördæmi. Svo getur að líta Jón nokkurn Bjarnason, hv. þingmann í Norðurlandskjördæmi vestra, sem stendur að baki Sunnlendingum í þessari tillögu — (**Gripið fram í:** Norðvesturkjördæmi.) Norðvesturkjördæmi. Það skyldi nú ekki vera að við Vinstri græn hefðum ákveðnar taugar til hugmynda af því tagi sem þingsályktunartillagan fjallar um.

Skemmst er frá því að segja að sjávarbyggðirnar eiga í vök að verjast og ég get verið sammála mörgu af því sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson sagði. Það verður að horfa á hlutina heildstætt og skoða grundvallaratvinnuvegina og flutningsmenn þessarar tillögu vita vel að trjáræktarsetur í Vestmannaeyjum kemur ekki til með að skipta sköpum fyrir atvinnustig í byggðinni. En hins vegar væri það verulega þarft verkefni að reyna að skjóta styrkari stoðum undir þær stofnanir og þau setur sem nú þegar starfa á landsbyggðinni og þá er ég að tala um háskólasetrin sem verið er að koma niður vítt og breitt og ég er að tala um náttúrustofur landshlutanna. Hvort tveggja hefur átt athygli okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og það vill svo til að í Vestmannaeyjum eru bæði háskólasetur og náttúrustofa.

Eitt af því sem við höfum gagnrýnt stjórnvöld fyrir varðandi náttúrustofurnar er að þarna eru örlitlir vinnustaðir sem eru eðli máls samkvæmt afar veikir nema til komi stuðningur frá fleiri aðilum. Það hefur verið þannig í Vestmannaeyjum að menn hafa komið sér saman um húsnæði og háskólasetrið og náttúrustofan eru í mjög nánum tengslum. Verkefni af því tagi sem þingsályktunartillagan fjallar um kemur svo til viðbótar og ég tel það vera af hinu góða.

Hins vegar get ég tekið undir umsögn Veðurstofunnar sem bendir á að það sé kannski ekki alveg sjálfgefið að sett sé á fót sérstök stofnun utan um þetta verkefni. Veðurstofan bendir á að Náttúrustofa Suðurlands gæti sem slík hæglega sinnt verkefni af þessu tagi og þá í nánu samstarfi við Skógrækt ríkisins og/eða skógræktarfélög á Suðurlandi og segir að vilji sé til að sinna þessum rannsóknum í Vestmannaeyjum. Þá telur Veðurstofan heppilegra að auka umsvif náttúrustofanna í umhverfisvöktun og umhverfisrannsóknum frekar en að setja nýja stofnun á laggirnar þar. Veðurstofan hefur m.a. viðrað þá hugmynd að margs konar umhverfisvöktun sem nú fer fram á Stórhöfða á hennar vegum verði unnin í samstarfi við Náttúrustofu Suðurlands þegar Siglingastofnun hættir mönnun vitans á Stórhöfða seint á þessu ári. Engu að síður styður sú stofnun verkefnið sem slíkt. Þegar ég les þessa umsögn finnst mér hún afar skynsamleg en ég velti því fyrir mér hvort sú leið sem flutningsmenn leggja til sé hin rétta og hvort ofan á verður að gera þetta með þeim hætti sem flutningsmenn tillögunnar leggja til eða á þann hátt sem Veðurstofan orðar það að í sjálfu sér megi skoða báða kostina.

Rannsóknarstofan á Mógilsá, sem gert er ráð fyrir að haldi utan um verkefnið, getur það vissulega líka en ég er ekki frá því að því væri enn betur fyrir komið hjá Náttúrustofunni því að náttúrustofurnar þurfa verulega á því að halda að til þeirra sé litið þegar ný verkefni ber á góma.

Annað atriði í umsögn Veðurstofunnar er afar athyglisvert og mig langar að gera það að umtalsefni í ræðu minni og hv. þm. Össur Skarphéðinsson fylgist auðvitað grannt með. (**ÖS:** ... yfirmaður Veðurstofunnar.) Einmitt, og hefur stutt hana með ráðum og dáð í ræðu og riti æ síðan. En Veðurstofan vekur athygli þingheims á því að hér sé fyrst og fremst um að ræða verkefni á sviði umhverfismála og telur því eðlilegra að málið heyri undir ráðuneyti umhverfismála frekar en landbúnaðarráðuneytið. Hér er hreyft athyglisverðu máli og ég tek undir með Veðurstofunni að það sé erfitt að sjá að markmiðið með rannsóknarverkefninu sé að fara að stunda ræktun nytjaskóga í umhverfi þar sem særok er tíðast og vindhraðinn mestur en nytjaskógar heyra eins og við öll vitum undir landbúnaðarráðuneytið og er eðlilegasti hlutur í heimi. Landbúnaðarráðuneytið er eðli málsins samkvæmt atvinnuvegaráðuneyti. Ég sé ekki á tillögu nefndarmanna að verið sé að hugleiða að fara út í nytjaskógrækt heldur rannsóknarverkefni sem er af umhverfislegum toga. En þarna rekum við okkur á að skörun verkefna milli þessara ráðuneyta tveggja, landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis, er eilífðarmál sem er eðlilegt að við tölum um á hinu háa Alþingi.

Mín skoðun er sú, og ég hef vikið að því í bæði greinaskrifum og úr þessum ræðustóli, að tímabært sé orðið að styrkja verkefnisstöðu umhverfisráðuneytisins. Að mínu mati hefur umhverfisráðuneytið að mörgu leyti verið hornreka og stofnanir þess. Það hefur að mörgu leyti átt erfitt uppdráttar þau ár sem það hefur starfað og mér finnst orðið tímabært að við færum rannsóknarverkefni undan atvinnuvegaráðuneytunum eins og t.d. landbúnaðarráðuneytinu og sjávarútvegsráðuneytinu undir umhverfisráðuneytið þannig að umhverfisráðuneytið hafi með rannsóknir að gera hvort sem það eru rannsóknir á landi, í hafi, á ströndum eða hvar sem það er í lífríkinu. Þessi tillaga gefur okkur tilvalið tækifæri til að ræða um þessa verkaskiptingu og velta því upp í alvöru hvort þarna sé ekki kjörið tækifæri til að efla verkefnastöðu umhverfisráðuneytisins og svo kann í framhaldi af því að fara svo að atvinnuvegaráðuneytin sem mundu þá missa rannsóknarstofur til umhverfisráðuneytisins mundu sameinast og hvort það væri þá ekki hin ákjósanlegasta leið til að fækka ráðuneytum og draga úr umsvif-

um Stjórnarráðsins. Þessi sakleysislega tillaga hefur í sér fólgna ákveðna kjarna sem gætu spírað og farið í skemmtilegar áttir. Mér finnst Veðurstofa Íslands hafa talsvert til síns máls í umsögn sinni og finnst skipta máli að hennar sé sérstaklega getið hér.

Aðrar umsagnir eru jákvæðar eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir gat um í andsvari við mig áðan. Það má nefna Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá og sömuleiðis er Skógrækt ríkisins. Skógrækt ríkisins segir að með þessu fyrirkomulagi sé verið að fela Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá að reka þetta trjáræktarsetur í Vestmannaeyjum og það muni gerast með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum. Í umsögninni kemur fram ákveðin ósk um að peningar fylgi þessu verkefni og auðvitað er til lítils að setja svona á laggirnar nema því fylgi fjármunir.

Og þá vil ég segja nokkur orð um fjárveitingar til verkefna af þessu tagi. Nú vitum við það sem höfum tekið þátt í umræðu um fjárlög árum saman að hugmyndir af þessu tagi, viðkvæmar hugmyndir sem eiga sér rætur í fámennum samfélögum á landsbyggðinni, koma til umfjöllunar hjá fjárlaganefnd, fá ákveðið brautargengi. Oft eru það landsbyggðarþingmennirnir sjálfir sem veita stuðning í gegnum fjárlaganefnd en það vill brenna við að fjárveitingar til þessara verkefna séu handahófskenndar og ekki nægilega markvissar. Ég bryni stjórnvöld, sem kannski verða ekki hin sömu eftir kosningar í vor, og vonandi ekki, og hvet þau til að gera áætlanir um markvissari uppbyggingu að þessu leyti því verkefni af þessu tagi þurfa að hafa svigrúm til að vera til.

Við þurfum að átta okkur á því og viðurkenna hvað við erum mikilvæg fyrir atvinnustöðu, menntunarstöðu og búsetuskilyrði í smærri byggðum en það má ekki vera á þennan handahófskennda hátt sem við höfum verið að styðja þessi verkefni hingað til. Það hefur líka viljað brenna við að settir eru peningar úr ríkissjóði í verkefni sem jafnvel eiga sér ekki lífsvon og fá ekki þann stuðning sem nauðsynlegur er í samfélögunum, jafnvel eru dæmi þess að verið sé að gera verkefnum af þessu tagi bjarnargreiða með fjárveitingum á fjárlögum. Fjárveitingarnar eru þá jafnvel ónógar og standa ekki undir því sem verkefnið útheimtir og verkefnið verður því alltaf á brauðfótum. Allt of mörg dæmi eru um að verkefni af þessu tagi sem hafa verið sett á laggirnar hafa ekki náð að skjóta rótum og hafa ekki náð að verða sú lyftistöng sem þau hafa kannski haft alla möguleika á ef unnið hefði verið á markvissari hátt.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mikið lengra mál um þetta en vil þó í lokin segja að þar sem um þingmannatillögu er að ræða, sem er fremur framarlega á dagskrá þessa fundar, vil ég vekja athygli þingheims á því að á síðustu dögum þingsins er ákveðinn fengur að því fyrir almennan þingmann að koma tillögu í gegnum þingið. Það er að gerast hér að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson er að fá tillögu sína til síðari umr. og að öllum líkindum samþykkta við atkvæðagreiðslu á morgun og ég amast ekki við því. Mér finnst það hið besta mál en vek um leið athygli á því að við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum legið í nefndum með tillögur okkar árum saman og ekki fengið settar á dagskrá með þeim forgangi sem hv. þm. Guðjón Hjörleifsson nýtur hér. Ég nefni til sögunnar tillögu eins og þá sem ég hef flutt hvað eftir annað með stuðningi úr öllum flokkum um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Af hverju næ ég ekki þeirri tillögu úr umhverfisnefnd? Eða tillögu sem við höfum líka flutt, Vinstri græn, og nýtur stuðnings þingmanna úr öllum flokkum, m.a. hv. þingmanns, fyrrum forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Ég beiti þrýstingi á hverju ári við að reyna að fá þá tillögu afgreidda úr umhverfisnefnd en hvorki gengur né rekur. Mér finnst tilefni til þess að vekja athygli á því að menn sitja ekki við sama borð á Alþingi Íslendinga og það er miður. Við ættum að geta á hverju vori afgreitt ákveðinn fjölda þingmannatillagna frá þinginu og þar ættu að skiptast á stjórnarþingmenn og þingmenn stjórnarandstöðu. Við eigum ekki að vera feimin við að opna þau mál og ræða hreint út hversu margar tillögur þingmanna eiga að fara í gegn og hverjar þær séu. Við eigum að koma okkur saman um þannig hluti.

Ég nefni líka, vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal var nefndur á nafn, að hann á eina merka tillögu sem við Vinstri græn höfum verið að reyna að ná úr nefnd og það er tillaga af svipuðu tagi og þessi um stuðning við ferðaþjónustu á Melrakkasléttu sem mér finnst sjálfsagt að afgreiða nú. Ég vona að hv. þm. Halldór Blöndal nái þeirri tillögu í gegn og ég vona líka að við Vinstri græn náum tillögunni um stækkun friðlands í Þjórsárverum úr umhverfisnefnd og ekki síður tillögunni um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Að svo mæltu vil ég lýsa því yfir að ég kem til með að styðja þessa tillögu og óska trjáræktarsetri í Vestmannaeyjum alls góðs, fagna því að það skuli vera opnaður möguleiki á samvinnu við Hjaltland, Orkneyjar og Shetlandseyjar sem eru ævintýralönd eins og Ísland og Færeyjar. Ég held að hér sé hið skemmtilegasta verkefni í uppsiglingu og við eigum eftir að sjá fleiri Gaujulunda í Vestmannaeyjum verða afrakstur af þessu verkefni.

[18:26]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Þingsályktunartillaga um trjáræktarsetur sjávarbyggða sem ég ásamt fleirum er flutningsmaður að er komin til síðari umræðu. Fyrsti flutningsmaður tillögunnar er hv. þm. Guðjón Hjörleifsson. Aðrir flutningsmenn eru auk mín hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson og Lúðvík Bergvinsson. Þótt aðrir flutningsmenn séu þingmenn Suðurkjördæmis vil ég lýsa yfir ánægju minni með að fá að vera meðflutningsmaður á tillögunni, ekki síst málefnisins vegna. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að stofnun trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum sem hafi það markmið að rannsaka særoks- og loftslagsbreytingar á trjágróðri og trjárækt á eyjum í Norður-Atlantshafi, einkum Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Grænlandi."

Ég tel að þetta verkefni sé merkilegt. Þó að flutt sé tillaga um að stofna trjáræktarsetur og henni vísað til ráðherra til að vinna úr má vel vera að ráðherra finni málinu annan farveg eins og komið hefur fram í máli hv. þingmanna. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir minntist á það áðan að þegar farið verður að vinna málið í smáatriðum getur mönnum fundist eins gott að byggja það upp sem verkefnasvið t.d.

við Náttúrustofu Suðurlands, sem er í Vestmannaeyjum. En það er eðlilegt að tillagan sem slík beini sjónum afmarkað að þessu verkefni með því að stofna sérstakt trjáræktarsetur. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að önnur nálgun á hina endanlegu framkvæmd gæti verið inni í myndinni.

Í tengslum við þessa tillögu hefur verið nefnt að hún sé lítil í samanburði við uppbyggingu atvinnulífs í heild sinni, fyrir samfélag upp á nokkur þúsund, þrjú, fimm, tíu eða fimmtán þúsund manns. Þessi tillaga er í sjálfu lítil í því samhengi en hún er heldur ekki hugsuð þannig. Hún er þó engu að síður mikilvæg hvað varðar sjálft verkefnið. Þetta er hluti af náttúru og menningarsamfélagi hverrar byggðar á jörðinni. Það að fá verkefni af þessu tagi á svæði eins og Vestmannaeyjar er menningarauðgandi fyrir utan allar rannsóknirnar sem þar yrðu stundaðar.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir velti fyrir sér stjórnsýslulegri stöðu verkefnisins og það má velta því fyrir sér hvar verkefnið mun endanlega vistast en skógræktin heyrir formlega undir landbúnaðarráðuneytið. Því er alveg eðlilegt að málið sé a.m.k. vistað þar á þessu stigi. Landbúnaðarráðuneytið er líka, ef rétt er á málum haldið, eitt allsherjarumhverfisráðuneyti. Starfssvið þess er jú verndun og nýting landsins gæða. Það er alveg hárrétt að hér er vikið að víðtækari athugunum en þeim sem lúta að trjárækt. Það má segja að vikið sé að rannsóknum á vistfræði, vistkerfum og áhrifum ýmissa ytri þátta, ekki bara á tré heldur líka á annan gróður þótt sjónum sé einkum beint að trjám.

Eitt af því sem mér finnst styðja það að verkefnið sé sett upp í Vestmannaeyjum, áhrif særoks og annarra þátta sem einkum fylgja nálægð við sjóinn er rannsóknastöðin í Surtsey þar sem rannsakað hefur verið landnám dýra og gróðurs. Þar hefur býsna mikil þekking náð að byggjast upp. Ég er þeirrar skoðunar að rannsóknir á uppbyggingu lífríkis í Surtsey hefðu alfarið átt að fara undir náttúrustofu í Vestmannaeyjum og háskólasetrið þar þótt aðrir sérfræðingar hefðu komið að því að vinna þau verk og væru í samstarfi við aðrar rannsóknarstofnanir. En það skiptir miklu máli að rannsóknir á þessum vettvangi séu á ábyrgð heimamanna, njóti metnaðar þeirra til að standa vel að málum og að þeir njóti jafnframt þeirrar faglegu uppbyggingar og þekkingar sem slíkt starf býður upp á. Ég tel mikilvægt, varðandi verkefni af þessu tagi, sem lúta að rannsóknum á heimaslóð, þótt þau hafi svo miklu víðtækari skírskotun, að ábyrgðin og forsjáin sé í höndum heimafólks en byggt upp í samstarfi við aðra aðila.

Ég get rifjað það upp að í starfi mínu sem skólastjóri á Hólum lagði ég mikla áherslu á, eins og þingmenn hafa heyrt, sjálfstæði skólans til að taka að sér verkefni sem hann hefur síðan gert samninga við aðra um. Skólinn hefur ekki þurft að búa yfir allri fagþekkingunni sjálfur en ábyrgðin á verkefninu, ráðningar þeirra sem fóru með mestu ábyrgðina voru á höndum skólans. Þannig gat stofnunin byggt upp þekkingu sína. Vandamál setra er einmitt ósjálfstæði þeirra. Þau eru oft útibú frá miðlægri stofnun allt annars staðar og þrátt fyrir mikinn velvilja í garð verkefnanna verður metnaðurinn ekki hinn sami í uppbyggingu starfsins þar.

Þetta er vandamál háskólasetranna. Við getum tekið háskólasetrið á Ísafirði sem dæmi, af því höfum fjallað um það þessa dagana í tengslum við að efla og styrkja byggð á Ísafirði og menningar- og rannsóknastarf. Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar að háskólasetrið þar, háskólinn eða hvaða nöfnum sem menn vilja nefna það, eigi að vera sjálfstæð stofnun, heyra undir ríkið, njóta faglegs styrks og metnaðar heimafólks. Önnur verkefni sem koma á Ísafjörð, t.d. á vegum Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu og annarra stofnana, ættu að tengjast háskólasetrinu á Ísafirði. Starfsmennirnir ættu að vera ráðnir þar en samningar gerðir um verkefnin við þær stofnanir sem í hlut eiga. Fjármagnið ætti að fara beint frá ríkisvaldinu til viðkomandi stofnunar sem hefði það til ráðstöfunar og gæti gert samninga við aðra. Þegar þetta er byggt upp á útibúaformi, Hafrannsóknastofnun ræður starfsmanninn og hefur yfir honum að segja og hann gerir síðan samstarfssamning við háskólasetrið, verður þetta alltaf laust í reipunum og sá metnaður sem þarf verður ekki til.

Ég tel mjög mikilvægt, þegar við ræðum þessa uppbyggingu í Vestmannaeyjum, að þótt stílað sé upp á fullkomið faglegt samstarf við alla þá aðila sem komið geta að málum sé verkefnið sem slíkt vistað hjá heimaaðila, hvort sem það er trjáræktarsetur eða náttúrustofa í Vestmannaeyjum. Hvort tveggja væri á ábyrgð heimamanna, stofan gæti tekið að sér verkefni, fengið fjármagn á fjárlögum og unnið það í samstarfi við aðrar stofnanir.

Mér þykir mikilvægt að koma þessu að, við erum að byggja upp setur um allt land, útibú frá öðrum stofnunum, og við eigum í hreinustu vandræðum með að tryggja þeim örugga umgjörð, hvort sem það er háskólasetur á Húsavík, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Ísafirði eða nýstofnað setur í Stykkishólmi. Heimafólk hefur miklar væntingar til þessara setra og löngun og metnað til að byggja upp störf og viðfangsefni á þeim sviðum sem krefjast sérmenntunar. Ef þetta eru útibú er veikleikinn sá, hvort sem er frá Háskóla Íslands eða öðrum góðum stofnunum, að fjárhagsleg ábyrgð og ábyrgð á ráðningum er á hendi fjarlægs aðila. Það verður þannig. Ég tel afar mikilvægt varðandi þróun þessara mála að búa þessum stofnunum sjálfstæði. Þær þurfa að vaxa og dafna á þeim forsendum sem heimamenn geta byggt upp, þ.e. á forsendum fólksins sem þar vinnur og á forsendum atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi.

Ég legg áherslu á að trjáræktarsetrið í Vestmannaeyjum gæti fengið mörg góð verkefni sem er vel er hægt að vinna á litlum stofnunum. Stórar stofnanir eru í sjálfu sér ekkert betri en litlar stofnanir til að takast á við ný verkefni, fjarri því. Litlar stofnanir hafa oft og tíðum miklu meiri sveigjanleika til að taka á málum á nýjan hátt. Þær hafa sveigjanleika, viðbragðsflýti, stuttar boðleiðir og þannig mætti áfram telja. Nýsköpunin verður oftast í litlum stofnunum, í litlum fyrirtækjum. Menn skyldu fara varlega á tímum eins og núna þegar menn tala um að allt þurfi að vera svo stórt. Menn tala um að sameina þurfi Kennaraháskólann og Háskóla Íslands til að ná fram stærðarhagkvæmni. Drottinn minn dýri. Ef menn tíunda það sem vandamál er eitthvað annað að. Ég er ekki á móti því að stofnanir séu stórar en stærðin er sjaldan lausn á viðfangsefnum eða verkefnum sem fólki finnst ekki ganga upp. Þá er eitthvað annað að.

Í mínu starfi reyndi ég að ef stofnunin og það starfsfólk-

ið þar hefði klára sýn, vilja og metnað til starfans þá sótti það samstarf til að byggja upp starf sitt. Það er miklu meiri hætta á að maður tapi því ef það fer inn í stærri stofnanir. Þá getur maður tapað því frumkvæði og þeim sveigjanleika sem nauðsyn er á til að slík fyrirtæki fái þrifist. Menn eiga að horfa á hina faglegu hlið. Það er oftast metnaður einstaklinganna, metnaður fólksins sem næst stendur, sem ræður framvindu mála.

Herra forseti. Þetta er ágætt mál sem við ræðum vegna þess hvað það býður upp á mikla möguleika í samfélagi eins og í Vestmannaeyjum, í samstarfi við þá aðila sem þar eru fyrir á fræðilegum og vísindalegum vettvangi. Það skiptir einnig máli til að njóta og eiga aðgang að þekkingu og reynslu þess fólks sem hefur búið við þær aðstæður áratugum saman. Menn skyldu ekki gera lítið úr alþýðuþekkingu hvað varðar áhrif veðurfars, særoks o.s.frv. á lífríkið.

Ég fer að láta ræðu minni lokið. Ég ítreka að það er ekki stærð stofnana sem skiptir máli. Það eru metnaður og möguleikar einstaklinganna og þess samfélags sem utan um þá stendur sem vegur þyngst. Sjálfstæði og möguleikar heimafólks til að bera ábyrgð á verkefnum og þróa áfram ræður oft og tíðum úrslitum. Þetta verða mín lokaorð mín í þessari umræðu, um trjáræktarsetur sjávarbyggða með aðsetur í Vestmannaeyjum með þeim verkefnum sem talin eru upp í þingsályktunartillögunni.

Látum verkefnið byggjast upp og eflast á forsendum þess fólks sem tekur það að sér og ber það fram en ekki missa það inn í einhverja óskilgreinda hít stærri stofnana. Við getum samt notið faglegs styrks og samstarfs annarra stofnana, hvort sem þær eru stórar eða litlar, hér á landi eða annars staðar. Við njótum styrks þeirra í formi samstarfs. Ef við förum þá leið tel ég að þetta mál geti átt sér farsæla framtíð, hvert svo sem verður umfang þess og hvort sem það verður vistað til frambúðar hjá landbúnaðarráðuneytinu eða öðrum ráðuneytum.

[18:45]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir miklum stuðningi við þetta mál, trjáræktarsetur sjávarbyggða, sem ljóst er að verður afgreitt frá Alþingi sem tillaga til landbúnaðarráðherra um að stofna trjáræktarsetur sjávarbyggða í Vestmannaeyjum til að rannsaka áhrif veðurfars og særoks á trjárækt. Þetta er hið þarfasta og besta mál. Farið hefur verið efnislega yfir það í umræðum í dag og engin ástæða til að endurtaka það en mikilvægt er að byggja upp traustan þekkingargrunn á þessu sviði. Hér segir að 82% Íslendinga búi þar sem særok hefur haft mikil áhrif á gróður og veðurfar eins og gefur að skilja við strendur landsins. Það er því jákvætt mál að byggja upp spálíkan sem segir til um áhrif særoks á gróður og trjárækt og finna leiðir til að byggja upp og kynbæta tegundir sem dafna við slíkar aðstæður þar sem harðgerður trjágróður einn getur komið til greina, saltþolinn víðir eins og hér er nefndur sem dæmi um tegund sem hægt er að prófa.

Ég vildi rétt nefna það líka, sem einnig er ánægjuefni, að hér er tillaga til þingsályktunar sem kallast þingmannamál frá hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni. Ég óska honum til hamingju með að ná því máli fram. Það er ánægjulegt að þingmannamál sé afgreitt úr nefnd, og birtir nú aftur yfir eftir skamma stund í myrkrinu í þingsal, því að það varpar skugga á störf Alþingis og er ámælisvert að á hverjum einasta vetri er fluttur mikill fjöldi þingmannamála, nokkur frá stjórnarliðum en mikill fjöldi frá stjórnarandstæðingum, og það vita allir að málin sofna nánast öll í nefnd, nema hérna eitt mál sem verður afgreitt úr nefndinni við síðari umr. og svo væntanlega frá Alþingi, í staðinn fyrir að ná einhverri sátt um að stytta ræðutíma og afgreiða málin almennt úr nefnd, þau sem hafa fengið þá vinnu í nefndunum sem viðunandi er og Alþingi greiði svo atkvæði um málin að lokum, felli mál og vísi áfram. Það er löstur á starfsemi Alþingis og partur af þeirri afleitu stöðu að einungis 29% þjóðarinnar lýsa yfir trausti á störfum Alþingis, það er þetta vinnulag meðal annars. Það er mjög æðisgenginn ræðutími í einstökum málum en þingmannamál og málefni stjórnarandstöðunnar ná aldrei fram að ganga hversu góð sem þau eru og hversu mikil samstaða sem er um þau þvert á alla flokka.

Að miklum fjölda mála standa flutningsmenn úr öllum flokkum, enda eru örugglega 70–80% allra mála sem koma inn á Alþingi þverpólitísk á gamla kvarðann hægri og vinstri. Það efast ég ekkert um. Þetta mál er gott dæmi um það, trjáræktarsetur sjávarbyggða. Þetta er þverpólitískt mál sem gerir ekkert annað en bæta búsetuskilyrði á Íslandi, efla byggðir landsins og er mjög gott mál fyrir Vestmannaeyjar o.s.frv. Um flest mál má segja sömu sögu. Þetta eru þverpólitísk umbóta- og þjóðþrifamál sem hægt væri að ná samstöðu um að afgreiða með skynsamlegum ræðutíma og knappri umræðu í staðinn fyrir að hafa þá lensku að drepa öll hin stórgóðu mál í nefndum.

Við erum líklega á næstsíðasta degi þessa kjörtímabils alls. Fyrir tveimur árum munaði engu að afgreitt yrði úr allsherjarnefnd þekkt þingmál hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar um afnám fyrningarfrests vegna kynferðisbrota. Stórgott mál sem nokkuð breið og mikil samstaða er um og þúsundir hafa skrifað undir áskorun til Alþingis um að klára. Það munaði engu að málið yrði afgreitt úr nefnd og sett á dagskrá Alþingis við þinglok fyrir tveimur árum en því var hafnað af þeim ástæðum einum að ekki væri hefð fyrir því að afgreiða mál stjórnarandstæðinga úr nefndum hversu góð sem þau væru og hversu mikið þjóðþrifamál allir teldu þau.

Það er leiðinlegt að þetta kjörtímabil skuli taka enda án þess að afgreidd hafi verið ný lög um þingsköp sem lengja starfstíma Alþingis, frá 15. september til 15. júní í staðinn fyrir gömlu viðmiðunina um sauðburð í maí og göngur og réttir í október, og að ekki skuli hafa náðst samstaða um nýtt form á ræðutíma og afgreiðslu mála og því fylgi að þingmannamál stjórnar og stjórnarandstöðu, sama hver situr í meiri hluta í þinginu, séu afgreidd úr nefndum inn á Alþingi þar sem þingmenn greiða atkvæði um málin. Þannig fengi fulltrúalýðræðið notið sín. Mál þeirra fulltrúa sem fólkið kýs á löggjafarsamkunduna færu til 2. og 3. umr. og Alþingi afgreiddi málin í staðinn fyrir að svæfa þau í nefnd af því einu að hefð er fyrir því á Íslandi. Norræna módelið er að mörgu leyti til mikillar fyrirmyndar hvað þetta varðar. Þar eru góð mál einfaldlega afgreidd í gegnum þjóðþingið, burt séð frá því hver flytur þau eða frá hvaða flokki þau eru

komin. Það er Alþingi til vansæmdar með hvaða móti þessum málum er fyrir komið og ástæða til að nota það tilefni sem nú gefst til að ræða það, þegar við fögnum því að tillaga til þingsályktunar um trjáræktarsetur sjávarbyggða, flutt af fimm þingmönnum þriggja flokka, er afgreidd úr nefnd til síðari umr. og svo væntanlega þannig að Alþingi hafi sent frá sér ályktunina til landbúnaðarráðherra um að ganga í það verkefni að stofna setrið. Ástæða er til að nota þetta tækifæri til að brýna Alþingi og halda því til haga að það vinnulag sem hér hefur tíðkast er Alþingi til vansæmdar og er ástæða til að gerbreyta því.

Það er vonandi að ný ríkisstjórn og nýr meiri hluti á Alþingi, sá þingbundni meiri hluti sem veitir ríkisstjórninni meiri hluta á næsta ári, hver sem hann verður, láti það verða eitt af sínum fyrstu málum að breyta þingsköpum og vinnulagi Alþingis þannig að hægt sé að endurreisa og endurheimta traust þjóðarinnar. Það traust hefur hrunið. Við vitum öll ástæðurnar fyrir því. Þær eru margvíslegar. Það er ekki einungis það að framkvæmdarvaldið hafi á síðustu árum farið offari gagnvart löggjafarvaldinu og löggjafinn virki á köflum áhrifalítil afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið. Vinnulagið á þinginu er líka ámælisvert og ástæða til að skora á Alþingi að endurskoða það. Það er engum til sóma hvernig mál hafa þróast og ástæða til að taka það til gagngerrar endurskoðunar í því eina þingmannamáli á þessum vetri, og eina af kannski tveimur til þremur á fjögurra ára kjörtímabili, sem er afgreitt úr nefnd til lokaafgreiðslu. Ég veit ekki hvort þau mál skipta hundruðum. Þingmannamálin skipta alla vega tugum, ná því líklega að vera 100, kannski 200. Það er erfitt að segja, kannski vel yfir það og eitt, tvö, þrjú mál hljóta þá náð fyrir augum meiri hlutans að fá afgreiðslu úr þinginu. Það er ámælisvert um leið og það er fagnaðarefni að þessi tillaga hafi náð fram að ganga, hafi hlotið náð fyrir augum meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar. Svo mætti vera um mörg önnur mál. Þá mundu störf Alþingis ganga miklu betur og verða öllum til meiri sóma en er við lok þessa kjörtímabils.

[18:53]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum þingsályktunartillögu flutta af fimm hv. þingmönnum. Ég tek undir orð hv. síðasta ræðumanns, það er ánægjuefni þegar mál þingmanna komast úr nefndum og til afgreiðslu. Því miður skeður það sjaldan. Það er ekki skemmtilegt að sitja uppi með það árum saman að áhugaverð mál sem eru lögð fram af þingmönnum fá ekki framgang. Það er sérstaklega reynsla stjórnarandstöðuþingmanna sem búa við það að þeirra mál, þótt góð séu og jafnvel þó að þau séu flutt af þingmönnum allra flokka, fá ekki framgang. Ég óska hv. 1. flutningsmanni, vini mínum og nafna, hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni, til hamingju með að þetta mál skuli koma til afgreiðslu og fá þinglega meðferð.

Menn geta haft ýmsar skoðanir á því hvað best sé að efla í atvinnulegu tilliti í sjávarbyggðum, eins og vissulega hefur komið fram í þessari umræðu. Samflokksmaður minn, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, vék réttilega að því að fiskveiðar og samgöngur vega þyngst hvað varðar atvinnurekstur í sjávarbyggðum og við hefðum frekar átt að efla hag byggðanna hvað það varðar, og skal ekki gert lítið úr þeim orðum. En það breytir því ekki að þó að lítil mál séu á ferð, við getum notað það orð um þetta mál svona í upphafi, eru þau mörg hver áhugaverð. Sum verkefnin eru ekki stór í sniðum þegar þau hefjast en oft skjóta áhugaverð mál sprotum og vaxa og leiða af sér ýmislegt sem menn sáu kannski ekki fyrir. Hér er lagt upp með það að skoða sérstaklega trjárækt í sjávarbyggðum og einkanlega vitnað til þess í ályktuninni að skoða trjágróður og rannsaka þar sem mikið særok og loftslagsbreytingar geta breytt gróðurfari. Meðal annars er talað um eyjar í Norður-Atlantshafi, Ísland, Færeyjar, Hjaltland, Orkneyjar og Suðureyjar á Grænlandi o.s.frv., og ég tek undir það efni tillögunnar sem varðar samstarf við önnur lönd. Við hljótum að geta lært af öðrum þjóðum ef þær hafa staðið fyrir rannsóknum eins og við erum að leggja af stað með. Ég vænti þess að menn kynni sér það í aðdraganda stofnunar þessa trjáræktarseturs. Að afla sér þekkingar annars staðar eykur líkur á að betur verði að verki staðið. Ég vænti þess að svo verði.

Það vekur hins vegar athygli mína, hæstv. forseti, að enginn úr þingflokki hæstv. landbúnaðarráðherra leggur málinu lið sem flutningsmaður (**DrH:** Ráðherra er samþykkur þessu.) Ég er upplýstur um það í frammíkalli, af hv. þm. Drífu Hjartardóttur, að sjálfur landbúnaðarráðherra hafi gefið vilyrði sitt fyrir því að þetta gæti náð fram að ganga. Það er fróðlegt að fá þær upplýsingar úr salnum því það er nefnilega yfirleitt þannig að ráðherrarnir stoppa mál þingmanna og á það við um þingmál stjórnarþingmanna en þó enn frekar um mál þingmanna stjórnarandstöðunnar. Mál þingmanna stjórnarandstöðunnar liggja hér oft árum saman vegna þess að ráðherrar vilja ekki hleypa þeim í gegn, þau eru endurflutt og mælt fyrir þeim og margir taka þátt í umræðum en þau fá ekki framgang. Ráðherrarnir vilja ekki hleypa málum fram. Um þetta eru dæmi og menn hafa séð það að ...

(**Forseti** (JónK)**:** Ég vil spyrja hv. þingmann, af því að við ætluðum að gera hlé kl. 7, hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.)

Herra forseti. Ég hugsa að ég eigi eftir eina og hálfa mínútu þannig að ég óska eftir að fá að ljúka máli mínu.

(**Forseti** (JónK)**:** Þá mun hv. þingmaður ljúka máli sínu.)

Ég held að það sé mjög áhugavert að velta því upp að það þurfi að taka upp breytingar á meðferð þingmála að því er þetta varðar. Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður, Björgvin G. Sigurðsson, sagði að því leyti til.

Það mál vel vera að eftir að hafa kynnt sér málin, sem ég vænti að menn geri og skoði vel m.a. með tilliti til þess sem unnið hefur verið að á eyjunum í Norður-Atlantshafi sem nefndar eru í upphafi tillögunnar, finni menn að standa eigi öðruvísi að málum en hér er lagt til. Ef til vill finnst mönnum að stofna eigi sérstakt trjáræktarsetur og verkefnið geti þess vegna tengst Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum. Eigi að síður held ég að vel megi hugsa sér að hafa þetta eins og hér er gert ráð fyrir og það verði þá til þess að efla almennt vísindastarf og náttúrustarf í Vestmannaeyjum.

Hæstv. forseti. Ég held að sú tillaga sem hér er sé ein af þeim litlu tillögum sem menn sjá ekki endilega fyrir fram

að muni leiða mikið af sér, en hún getur gert það. Ekki verða allar tillögur sem koma fram á þingi að framtíðarverkefnum en sumar hafa vissulega orðið það. Við tökum stundum þá áhættu að samþykkja mál sem við vitum ekki fyrir fram til hvers leiða en koma svo til með að skila talsverðri þekkingu og fleiri störfum og jafnvel sjálfbærri starfsemi. Það er það sem við stefnum að í hinum dreifðu byggðum landsins, m.a. með því að færa verkefni inn á svæðin eða kaupstaðina og efla þannig víðtæka þekkingu og stuðla að fjölbreyttum störfum á landsbyggðinni. Þetta er eitt af þeim verkefnum, hæstv. forseti.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson vísaði áðan í það að ríkisstjórnin hefur staðið fyrir ákveðinni stefnu varðandi sjávarbyggðirnar sem við í Frjálslynda flokknum erum ekki sammála. Vissulega eru það sjávarútvegsstefnan, atvinnustefnan og samgöngur sem vega þyngst hvað varðar framtíð þessara staða. Eigi að síður held ég að það málefni sem hér er verið að ræða sé alveg þess virði að því sé fylgt eftir.

[19:02]

**Útbýting:**

Fjöldi þeirra sem sótt hafa meðferð við áfengis- og vímuefnavanda, 423. mál, svar heilbrrh., þskj. 1148.

Staða fólks við fyrstu íbúðarkaup, 477. mál, svar félmrh., þskj. 1144.

[Fundarhlé. — 19:02]

[21:17]

**Útbýting:**

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 669. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1153.

Hafnalög, 366. mál, þskj. 1083.

Tæknifrjóvgun, 530. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1156; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1157.

[21:18]

**Guðjón Hjörleifsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. landbúnaðarnefnd með hv. þm. Drífu Hjartardóttur í broddi fylkingar fyrir að taka þessa þingsályktunartillögu út úr nefnd og til afgreiðslu þingsins.

Hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson hefur sýnt mikinn og jákvæðan skilning á málinu og á stóran þátt í framgangi þess. Hér er um að ræða stofnun trjáræktarseturs með aðsetur í Vestmannaeyjum en stefnt er að því að mynda sameiginlegt rannsókna- og þekkingarsvæði við Norður-Atlantshaf fyrir fræðasvið sem tengist skóg- og trjárækt. Við Íslendingar munum með þessu taka forustuhlutverk á sviði ræktunar við erfið skilyrði.

Afar takmarkaðar rannsóknir hafa farið fram erlendis á áhrifum særoks á tré, skóga eða annan gróður. Með stofnun slíks seturs er ljóst að það skýtur fleiri stoðum undir þekkingarsamfélag í Vestmannaeyjum.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur fagnað fyrirliggjandi þingsályktunartillögu og mun af fremsta megni styðja við og leggja málinu lið eins og því verður við komið á hverjum tíma.

Landfræðileg lega Vestmannaeyja gerir þær einstaklega hentugar til að hýsa slíkt setur. Í Vestmannaeyjum er þegar starfandi öflugt rannsókna- og fræðasetur sem myndar klasa utan um slíka starfsemi þannig að samlegðaráhrif af nábýli við aðrar sambærilegar stofnanir geta orðið allnokkur.

Það má heldur ekki gleyma því að sú mikla rannsóknarvinna sem unnin hefur verið í veðurathugunarstöðinni á Stórhöfða mun styrkja starfsemi trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum en þar hefur m.a. verið safnað upplýsingum um mengun, loftslagsbreytingar og fleira í viðbót við feikilega öflugan gagnagrunn með veðurfræðilegum gögnum.

Í Vestmannaeyjum hefur áhugi á skógrækt farið vaxandi og má í því samhengi benda á að á síðustu fimm árum hafa verið gróðursettar á milli 30 og 35 þús. trjáplöntur, bæði af skógræktarfélaginu og starfsmönnum bæjarins.

Virðulegi forseti. Það er von mín og trú að sjávarbyggðir við ysta haf komi til með að njóta góðs af trjáræktarsetri í Vestmannaeyjum. Umsagnir um þetta mál voru allar mjög jákvæðar. Hvað varðar umræðu hérna fyrr í dag varðandi kostnað og útfærslu er afgreiðsla málsins með þeim hætti að málið fer til landbúnaðarráðherra sem ég veit að ætlar að vinna málið í góðri samvinnu við heimamenn. Að lokum þakka ég alþingismönnum fyrir góða umræðu um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almenn hegningarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 465. mál (aukin refsivernd lögreglu). — Þskj. 644, nál. 1009.

[21:23]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem stafar frá allsherjarnefnd. Nefndin hefur fengið á sinn fund ýmsa sérfræðinga til að fara yfir helstu efnisatriði málsins.

Í þessu frumvarpi er lagt til að refsihámark 106. gr. hegningarlaga sem tekur til brota gegn valdstjórninni verði hækkað úr allt að sex ára fangelsi í allt að átta ára fangelsi þegar um er að ræða brot gegn opinberum starfsmanni sem hefur heimild samkvæmt lögum til líkamlegrar valdbeitingar. Með þessari breytingu er stefnt að því að refsingar fyrir brot gegn þessum aðilum verði þyngri, en eins og fram kemur í fylgiskjali I með frumvarpinu hefur sú refsivernd sem veitt er með ákvæði 106. gr. ekki endurspeglast nægjanlega vel í dómaframkvæmd. Í fylgiskjali I með frumvarpinu er sem sagt að finna dómareifanir, reifanir af helstu dómum á árunum 2003–2006 þar sem einstaklingar hafa verið sakfelldir fyrir brot gegn tilvitnaðri grein hegningarlaga.

Nefndin tók til sérstakrar umræðu hvort bæta ætti við frumvarpið bundinni refsihækkunarheimild sem mælti fyrir um tiltekna lágmarksrefsingu fyrir alvarleg brot þar sem efasemdir voru uppi meðal nefndarmanna um að það mundi nægja eitt og sér að hækka hámarksrefsingu fyrir þau brot sem frumvarpið tekur til. Þetta á sérstaklega við í ljósi þess að refsiramminn virðist illa nýttur af dómstólum og þar sem

þetta segir í nefndaráliti er verið að vísa til fylgiskjals I þar sem er að finna dómareifanir eins og áður segir. Ég ætla að leyfa mér að lesa dæmi upp úr fylgiskjali I, á blaðsíðu 8 í frumvarpinu, sem er dómur Héraðsdóms Reykjaness frá 26. október 2004. Ég tek þetta dæmi bara hér af handahófi.

„A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið lögreglumann, sem var við skyldustörf, með krepptum hnefa í andlitið með þeim afleiðingum að hann marðist í andliti, vör sprakk og fjarlægja þurfti tönn sem losnaði. Tekið var fram að sakaferill A hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár."

Þetta er einungis eitt af mörgum dæmum úr dómaframkvæmd sem nefndin fór yfir. Á fundum með sérfræðingum var því velt upp hvort tryggt væri að sú leið sem valin er í þessu frumvarpi, þ.e. að hækka refsihámarkið, væri betur til þess fallin en aðrar leiðir, til að mynda sú að setja í frumvarpið bundna refsihækkunarheimild, þ.e. sem mælir fyrir um tiltekna lágmarksrefsingu. Er niðurstaða nefndarinnar sú að frumvarpið gefi þrátt fyrir allt nægjanlega skýr skilaboð um þyngri dóma fyrir brot af því tagi sem hér um ræðir.

Af þeirri ástæðu leggur nefndin ekki til að svo stöddu að bundinni lágmarksrefsingu verði bætt við ákvæði frumvarpsins, en leggur áherslu á að breytingin nái tilgangi sínum og að þyngri refsingum verði beitt í málum af þessu tagi.

Ég rek augun í prentvillu á þskj. 1009 og vænti þess að þingskjalið verði prentað upp þar sem fjallað er um bundna hámarksrefsingu en ætti að standa bundin lágmarksrefsing.

Að þessu sögðu leggur nefndin til að þetta frumvarp verði samþykkt og ég þakka nefndarmönnum fyrir gott samstarf í nefndinni um þetta mál sem ég tel að sendi mjög mikilvæg skilaboð.

[21:28]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Um þetta mál var samstaða í allsherjarnefnd og við yfirferð um málið varð þetta niðurstaðan sem hv. formaður nefndarinnar rakti. Það er mikilvægt að mati okkar í minni hlutanum einnig að þegar lögreglumenn og þeir sem eru handhafar lögregluvalds með einhverjum hætti, tollgæslumenn og aðrir, verði fyrir árásum af einhverju tagi séu við því hertar refsingar.

Með vaxandi róstum sem löggæslumenn hvers konar lenda í um helgar og tengjast skemmtanalífi landans er mikilvægt að í rauninni sé undirstrikuð sú vernd sem löggæslumenn eiga og þurfa að njóta við störf sín. Þess vegna teljum við þessa breytingu mikilvæga og styðjum hana eindregið.

Þá var rætt, eins og hv. formaður gat um, um refsirammann og mikilvægi þess að ná fram hækkaðri hámarksrefsingu o.s.frv. Niðurstaðan varð að svo langt yrði gengið nú en ekki gripið til frekari ráðstafana en hér eru lagðar til og teljum við það mjög jákvætt fyrir löggæslumenn og aðra handhafa lögregluvalds að þetta mál nái hérna fram að ganga til að styrkja stöðu lögreglumanna í starfi sínu og þeirra sem vinna við þessi oft erfiðu og hættulegu störf.

Þegar við vitum að glæpir harðna og ofbeldið eykst er mikilvægt að efla um leið vernd fyrir þá sem vinna þessi mikilvægu störf. Sérstaklega er litið til alvarlegra afbrota og harkalegra í fíkniefnaheiminum þar sem æ oftar er gripið til vopna sem hafa gífurlega alvarlegar afleiðingar. Eins og lögreglumaður sagði í viðtali á Stöð 2 um daginn er einungis tímaspursmál hvenær byrjað verður í undantekningartilfellum að hleypa af byssum í átökum í næturlífinu o.s.frv. Það er mikilvægt að lögreglumenn njóti ríkrar verndar og aukinnar og þess vegna er sú grein frumvarpsins mjög mikið fagnaðarefni og studdum við hana eindregið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 2. umr.*

Stjfrv., 466. mál (eignarhald prestssetra, skipan sóknarpresta). — Þskj. 645, nál. 1052.

[21:31]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Stafar nefndarálitið frá allsherjarnefnd sem hefur fjallað um málið og fengið til sín ýmsa gesti.

Í frumvarpinu er lagt til að íslenska ríkið afhendi þjóðkirkjunni til eignar prestssetur samkvæmt samkomulagi þar að lútandi frá 20. október 2006. Jafnframt er lagt til að biskupi Íslands verði fengið vald til að skipa sóknarpresta í embætti í stað dóms- og kirkjumálaráðherra eins og nú er.

Nefndin fagnar því að með frumvarpinu skuli vera leyst úr þeim ágreiningi sem verið hefur milli ríkis og kirkju um eignarhald á prestssetrum og leggur til að frumvarpið verði samþykkt, en þó gera þeir Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson og Sigurjón Þórðarson fyrirvara við nefndarálit nefndarinnar.

[21:32]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Margt í frumvarpinu styðjum við sem gerum fyrirvara með undirskrift okkar undir nefndarálit þetta, sá sem hér stendur og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, og þá gerði hv. þm. Sigurjón Þórðarson einnig fyrirvara við málið.

Eitt af því sem við gerum fyrirvara við var að í frumvarpinu er lagt til að íslenska ríkið afhendi þjóðkirkjunni til eignar prestssetur samkvæmt samkomulagi þar að lútandi frá 20. október 2006.

Við gerum fyrirvara við þetta og ræddum í nefndinni hvort það væri eðlilegt að þjóðkirkjunni — hinni svokölluðu þjóðkirkju, við gerðum einnig athugasemdir við það orðalag að í trúfrjálsu landi gæti verið eitthvað sem héti þjóðkirkja — væru afhent til eignar prestssetur samkvæmt samkomulagi. Hvort ekki væri eðlilegra að við þær breytingar sem væru að eiga sér stað á samskiptum íslenska rík-

isins og kirkjunnar ætti kirkjan ekki jarðeignir eða miklar landeignir, heldur prestssetur samkvæmt því fyrirkomulagi sem er, prestsbústaði eða eitthvað svoleiðis, en væri ekki eigandi og handhafi mikilla landa þar sem væru ýmis ákvæði.

Til eru sérstakir prestakvótar eða kirkjukvótar til sauðfjárræktar. Sumum af þeim jörðum fylgja heilmiklar nytjatekjur. Fyrir þessu öllu eru góð og gild rök þegar litið er til fortíðar og þeirrar stöðu sem kirkjan hafði þá, þegar stór hluti af starfi prestsins var hvers konar búskapur í sveitunum. Einu rökin sem komu fram í nefndinni þegar við vorum að ræða þetta mál við fulltrúa kirkjunnar voru þau að þetta gerði það að verkum að presturinn ætti lögheimili og byggi á staðnum raunverulega. Er þá verið að tala um presta úti á landi sem væru ekki búsettir t.d. í Reykjavík og kæmu austur, norður, vestur, suður til að þjónusta sóknarbörnin.

Það þótti okkur heldur veigalítil rök í sjálfu sér og lögðum það til að þetta yrði endurskoðað og nútímalegra form fundið á þessu þannig að jarðeignir kirkjunnar heyrðu sögunni til við þessar samningsgerðir og þessa uppfærslu á samskiptum ríkis og kirkju. Eftir þau væri kirkjan ekki eigandi mikilla lendna.

En um það var ekki sátt í nefndinni og ekki gengið neitt lengra með það mál, enda um önnur ákvæði frumvarpsins samstaða og sátt. Þetta mál á sér mikla og langa forsögu, hefur þróast mjög og verið til mikillar umræðu innan kirkjunnar eins og þekkt er af fréttum af prestaþingum og kirkjuráðstefnum hvers konar. Þess vegna m.a. skrifuðum við undir málið með fyrirvara.

[21:35]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þar sem ég á ekki sæti í allsherjarnefnd og veit ekki nákvæmlega um umfjöllun á þessu máli, um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, langar mig til að forvitnast aðeins meira um málið. Það er í fyrsta lagi um breytingar á skipan embætta, þ.e. að sú breyting verði að valdið sé fært frá dóms- og kirkjumálaráðherra til biskups um skipan í embætti sóknarprests. Nú hafa prestarnir verið opinberir embættismenn og ráðherra borið ábyrgð á þeim sem slíkum. Ég vil aðeins fá nánari upplýsingar um hvaða breytingar þetta hefur í för með sér gagnvart prestunum sem slíkum.

Varðandi prestssetur og prestsjarðir vitum við að það sem hefur hindrað það að margar ríkisjarðir væru seldar eða boðnar til sölu er að ekki hefur verið samkomulag á milli ríkisvaldsins og kirkjunnar um hvernig með skuli fara, bæði prestssetur og jarðir sem taldar hafa verið hluti af prestssetrum áður.

Í 6. gr. segir, með leyfi forseta:

„Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins, samkvæmt samningum um kirkjueignir milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, sem prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, svo og prestsbústaðir, ...“

Í II. kafla athugasemda er upptalning á þessum jörðum, hvaða jarðir verði eign þjóðkirkjunnar og hvaða jarðir verði ekki eign þjóðkirkjunnar. Ég velti bara fyrir mér hinum pólitísku afleiðingum þessa gjörnings, því mér finnst að það hefði þurft að fylgja með nákvæmlega hvaða jarðir — hér eru bara taldar upp þær jarðir sem þjóðkirkjan á að eiga áfram, en aðrar jarðir sýnast mér ekki taldar upp, þ.e. þær jarðir sem eiga að fara undir ríkissjóð.

Ég óttast það svolítið ef það er í farvatninu að opna skyndilega á heimild fyrir ríkissjóð til að selja fjölda jarða. Ég vil spyrja framsögumann og formann allsherjarnefndar: Hvaða áhrif hefur þetta frumvarp á stöðu þeirra jarða og jarðaparta sem áður var deilt um og voru hluti af prestssetrum og tilheyrðu þá þjóðkirkjunni að þeirra mati en fer með þessum samningi undir ríkið? Hversu margar jarðir og jarðaparta er hér um að ræða?

Við höfum upplifað það á síðustu árum að ríkið, undir forustu landbúnaðarráðherra, hefur verið að falbjóða fjölda jarða. Mig minnir að á síðustu fjárlögum sem afgreidd voru núna fyrir síðustu jól, væru einar 65 jarðir og jarðapartar auglýstir til sölu. Og þegar við í ofanálag erum að horfa upp á miklar breytingar á eignarhaldi á jörðum almennt, talað er um að viss hætta geti verið á að fjöldi jarða fari úr landbúnaðarnotum eða fari í óskyld not, þannig að það verði mjög erfitt fyrir þá sem búa eða stunda landbúnað að halda því áfram, bæði af félagslegum ástæðum og einnig af því landið er tekið út úr landbúnaðarnotkun.

Samkvæmt síðustu jarðalögum sem samþykkt voru fyrir um þremur árum var einmitt rýmkað mjög um söluheimildir á jörðum og létt af flestöllum kvöðum sem hvíldu á jarðar- og landeigendum, öfugt við það sem gert er víða í nágrannalöndunum þar sem eru mjög ákveðnar kvaðir lagðar á landeigendur, jarðeigendur, bæði hvað varðar meðferð lands og aðgengi almennings að landi og ekki síður líka nýtingu landsins.

Mér finnst það geta verið mjög alvarlegt ef þetta lagafrumvarp sem hér er verið að samþykkja opnar allt í einu á heimild ríkisvaldsins til að fá fjölda jarða til sölu. Ég vil því spyrja: Er það meiningin? Hve margar jarðir eru þar sem nú hverfa þá úr eigu þjóðkirkjunnar sem talið var og yfir til ríkissjóðs og geta síðan verið seldar áfram? Fylgja því heldur engar kvaðir hvað varðar meðferð á landi?

Margar þessar jarðir eru líka hluti af menningararfi þjóðarinnar. Þær eru mikilvægar í samfélögunum hvað það varðar. Viss trygging fyrir því að þær jarðir hafa ekki farið í almenna sölu eru deilur um óljóst eignarhald. Meðan við sitjum uppi með ríkisstjórn sem hugsar mest um hvað hún geti einkavætt og hvað hún geti selt, þá finnst mér mjög hættulegt ef hér er verið að opna fyrir mjög víðtækar heimildir um sölu á jörðum.

Ég vil líka spyrja hvað varð í þessari umræðu um jarðaskiptin. Var þá tekið á málefnum kristfjárjarða? Ég sé þær ekki nefndar í þessu samkomulagi um kristfjárjarðir en allmargar jarðir á Íslandi voru einmitt kristfjárjarðir, þ.e. kristfé, sem voru dánargjafir, jarðir eða jarðapartar eða aðrar arðberandi eignir sem gefnar voru til framfærslu fátækra, oftast sálugjafir.

Gjafir þessar voru í upphafi kallaðar sálugjafir, sálubú eða kristbú og virðast hafa verið eins konar framfærslustofnanir fyrir fátækt, umkomulaust fólk. En síðan hafi þetta breyst þannig að framfærsla fátækra hafi orðið að kvöð á jörðinni og var þá venjulega um einn ómaga að ræða og gjaldið sem gekk til ómagans var kallað kristfé og jarðir með slíkum kvöðum kristfjárjarðir. Jarðir þessar urðu síðan nokkurs konar sjálfseignarstofnanir, kristfjárstofnanir eða kristfjárjarðir.

Ég sé ekki minnst á þessar jarðir í lögunum og vonandi eru þær þá bara gersamlega undanþegnar þar. Enda má segja að þær hafi ekki verið hluti af prestssetrum eða jörðum prestssetra. Engu að síður hefur umræðan um kristfjárjarðir og hver ætti að hafa ráðstöfun á þeim komið hér inn á Alþingi hvað eftir annað. Alþingi hefur stundum gerst svo frekt að selja þær úr þeirri upprunalegu stöðu sem þær höfðu þótt það hafi reyndar yfirleitt verið með sérstökum lagaheimildum. Ég vildi þess vegna spyrja hvort þessi lög taki eitthvað til þessara jarða því ef ætlunin er sú að lögin taki líka til kristfjárjarða þá hefði ég viljað ræða það miklu ítarlegar.

Ég vildi líka spyrja hvernig það sé með úttektir á þessu, hvort búið sé að gera úttekt eignarlega séð. Það er nokkuð á hreinu að væntanlega er ekki gert ráð fyrir því að þær jarðir sem eru áfram prestssetur og prestssetrasjóður fer með gangi kaupum og sölum. En þó vil ég spyrja formann allsherjarnefndar, hvaða söluheimildir verða eða hvernig verður með möguleika á að selja prestssetur eða prestssetursjarðir? Þó að þessi skil séu orðin milli ríkis og kirkju hvað varðar jarðeignir, er það þannig að kirkjan geti farið að selja prestssetrin á frjálsum markaði undan prestum eða þar sem prestakall leggst af? Getur þá kirkjan selt þær jarðir og látið þær ganga kaupum og sölum?

Ég vil áfram vara við of frjálsum heimildum í sölu á þessum jörðum. Mörg prestssetur og jarðir sem tengjast þeim geyma og varðveita mikinn og ríkulegan menningararf þjóðarinnar. Saga þjóðarinnar er mjög samofin prestssetrunum og þeim mannvirkjum og þeim mannvirkjaleifum sem þar eru. Þess vegna er ekki einhlítt að vörsluaðilar, hvort sem það er ríkið eða kirkjan, eigi að fá mjög frjálsan rétt til þess að selja þær jarðir. Ég held að það verði að gera þá kröfu, hvort sem það er kirkjan eða ríkið sem á jarðirnar að þeir umgangist þær á þennan hátt.

Nú er hæstv. landbúnaðarráðherra kominn hér og sá sem hefur verið hvað drýgstur að fá heimildir fyrir sölu á ríkisjörðum. Mig minnir að það séu einar 65 jarðir og jarðapartar sem hann hefur fengið heimild til að setja á sölulista á núgildandi fjárlögum og í ofanálag er búið að rýmka mjög heimildir jarðalaga til þess að selja jarðir. Það hefur verið dregið úr kvöðum á jarðareigendum þannig að þær kvaðir sem fylgdu í ábúð á jarðalögum sem voru mjög skýrar kvaðir á jarðeigendur hafa verið felldar burtu. Þess vegna hef ég nokkrar áhyggjur af því ef landbúnaðarráðherra fær allt í einu fjölda jarða sem hann gæti farið að ráðskast með og selja.

Þess vegna er ágætt að hæstv. landbúnaðarráðherra sem getur skýrt út fyrir okkur hvernig staðan er með slíkar jarðir, skuli vera kominn í salinn. Ég ítreka því spurningu mína til hæstv. landbúnaðarráðherra sem ég veit að þekkir þetta mjög vel og hefur komið að þessum samningum milli ríkis og kirkju um jarðirnar. Hvernig er því háttað með þær jarðir sem ríkið mun fá til ráðstöfunar eftir að þessir samningar eru komnir í gildi? Hvað eru það margar jarðir og hvernig er með þær jarðir og ráðstafanir á þeim? Fær ríkið heimild til að selja þær eins og hvert annað fylgifé?

Eins vil ég líka spyrja hvort þetta breyti einhverju um stöðu prestssetranna. Getur þjóðkirkjan farið að selja þær og versla með þær eins og lausafé, þ.e. þær jarðir sem nú eru orðnar skilgreindar eignir þjóðkirkjunnar? Ég vil vara við því og ítreka að mörg af prestssetrunum eru ekki bara jarðir, þau geyma líka sögu og menningararf þjóðarinnar og það ber að umgangast þau sem slík og ekki eðlilegt að þau séu nein verslunarvara. Ég tel mikilvægt að vera með íhaldssemi hvað varðar frjálsa sölu á þessum jörðum. Ég er hér með mjög ítarlega greinargerðir sem ég get þá vikið að í seinni ræðu minni.

Af því að hæstv. landbúnaðarráðherra sem þekkir þessi mál mjög vel er kominn þá spurði ég líka hvort lögin muni hafa einhver áhrif á kristfjárjarðirnar, á fátækrajarðirnar, jarðir sem hafa stöðu sjálfseignarstofnunar og eru í rauninni þannig að enginn jarðneskur aðili á þær sem slíkar.

Við höfum deilt um það hér á Alþingi hvaða heimildir Alþingi hafi til þess að samþykkja lög um sölu kristfjárjarða. Alveg sama hvaða afstöðu við höfum til einkavæðingar eða sölu á jörðum almennt. Um þetta hefur verið þannig gjörningur um aldir að okkur ber lagaleg og siðferðisleg skylda til þess að virða hann. Við erum ekkert frekar umkomin til þess nú á fyrstu árum 20. aldar að virða ekki þennan gjörning með kristfjárjarðir en menn hafa verið önnur undanfarin 800 eða 900 ár.

Það er því gott að hæstv. landbúnaðarráðherra er kominn til að upplýsa mig og aðra sem hafa áhuga á þessum málum og stöðu þeirra hvort þessi lagabreyting eða samningur breyti einhverju um stöðu umræddra jarða.

Ég get farið að stytta orð mín. Ég vitnaði í 6. gr. þessara laga, þ.e. um breytingu á 62. gr. núgildandi laga um stöðu og starfshætti þjóðkirkjunnar þar sem verið er að fjalla um að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir eru eign íslenska ríkisins, samkvæmt samningum um kirkjueignir milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

Mér finnst þetta mjög athyglisvert. Það eina sem menn leggja áherslu á í þessu samhengi er að andvirði seldra jarða skuli renna í ríkissjóð, eins og það sé eina setningin sem þeim aðilum sem eru að semja þessi lög finnist skipta máli. Ekkert um það hver staða þessara jarða verður eftir skiptin, sem ég hefði viljað að hefði verið kveðið nánar á um og er í sjálfu sér stórmál.

Í II. kafla samkomulagsins segir eftirfarandi:

„Hér að neðan eru tilgreindar þær eignir, prestssetursjarðir eða prestsbústaðir sem afhentar verða þjóðkirkjunni til yfirráða frá 1. janúar 2007."

Þær jarðir og eignir sem verði afhentar þjóðkirkjunni eru svo taldar upp. Í III. kafla kemur síðan annar listi:

„Hér eru tilgreindar þær 20 eignir, sem prestssetrasjóður hefur keypt eða byggt og verða eign þjóðkirkjunnar."

Hins vegar kemur hvergi fram listi yfir þær jarðir sem

við þetta samkomulag fara til ríkisins. Um þetta vil ég líka spyrja en ég hugsa að það sé hæstv. landbúnaðarráðherra sem viti þetta einna best því hann þekkir þessi jarðamál svo vel.

Þarna var ákveðinn fjöldi prestssetra og jarða sem voru tengdar prestssetrum. Mér hefði fundist að til þess að myndin væri heildstæð þá væri hér líka upptalning á þeim jörðum sem samkvæmt samkomulaginu rynnu til ríkissjóðs. Mér finnst það skorta verulega. Ég bið því hæstv. ráðherra eða hv. formann allsherjarnefndar að svara þessu en hv. formaður allsherjarnefndar hefur með mál þetta að gera og hann hlýtur að hafa kannað það hvaða eignarbreytingar eða hvaða réttarskýringu á stöðu eigna var hér verið að gera. Ég er mjög ánægður með að sjá lista yfir hvaða eignir skuli tilheyra þjóðkirkjunni eftir þetta. En ég vil þá líka fá að sjá hvaða eignir ríkið fær í sína forsjá og umsjá við þessa breytingu.

Frú forseti. Ég vil líka spyrja um ábúðarlögin og jarðalögin hvað varðar búsetuskyldu og réttindi þeirra sem búa á prestssetrum. Þó að réttindi þeirra hafi verið skert mjög við síðustu endurskoðun og gjörbyltingu á ábúð og jarðalögum þá var þetta einmitt atriði sem deilt var um, þ.e. að hve miklu leyti væri hægt í gegnum jarða- og ábúðarlögin að setja kvaðir, sértækar almennar kvaðir á ábúendur prestssetra vegna þess að þjóðkirkjan hefði jú yfirráð yfir prestssetrunum og þess vegna væri ágreiningur um hvað væri hægt að setja af kvöðum, ábúð af jarðalögum á ábúendur prestssetra.

Til þess að fá þetta mál í heild sinni þá finnst mér að það eigi að koma hér fram. Um þetta var deilt við setningu jarðalaganna núna síðast en á því var ekki tekið. Jarðalögin, ábúðarlögin voru því afgreidd án þess að þessi réttarstaða ábúanda á prestssetrum eða jörðum í eigu þjóðkirkjunnar væri skýrð og þau afgreidd, það er kannski of mikið að segja í ágreiningi, en þau voru a.m.k. afgreidd þannig að þjóðkirkjan taldi sig hafa rétt til byggingar á þessum jörðum, taldi sig hafa rétt til þess að leigja þær en ekki landbúnaðarráðuneytið.

Þess vegna vildu þeir meina að þeir gætu sett sínar eigin reglur um úthlutun og ábúð á prestssetursjörðum. Lögin koma ekki inn á það, en var þó í umfjöllun í ábúðar- og jarðalögunum einmitt vísað til þess að þessi atriði mundu skýrast þegar búið yrði að ganga frá samningnum milli ríkis og kirkju um jarðirnar. Ég sé það ekki hafa verið gert. Ég sé ekki að það hafi verið gert í frumvarpinu, tekið á réttarstöðu þeirra sem sitja prestsjarðir, kannað hvaða réttarstöðu þeir hafi sem ábúendur, leigjendur eða hvað það mundi kallast.

Mér finnst hreinlega ófært ef skilningur minn er réttur og vísa aftur til þess að við afgreiðslu ábúðar- og jarðalaganna á sínum tíma var sagt að þau atriði yrðu skýrð þegar gengið væri frá samningum milli ríkis og kirkju um jarðirnar. Ég þykist vita að hæstv. landbúnaðarráðherra viti þetta því að hann er jú sá sem fer með þessi mál. Ég get m.a. lesið upp álitsgerðir sem komu frá þjóðkirkjunni varðandi þau ákvæði ábúðar- og jarðalaga að ábúendur á prestssetrum ættu að hlíta þeim og þeim ákvæðum sem þar væru.

Frú forseti. Mér sýnist allsherjarnefnd hafa skautað mjög létt yfir þau atriði sem lúta að eignarhaldi og meðferð og ráðstöfun á kirkjujörðum og tengdum jörðum og hvernig með skuli fara eftir að samningurinn hefur verið gerður. Reyndar sýnist mér kveðið á um að sett verði upp einhver nefnd sem fari yfir deiluatriði. Það er svo sem gott og blessað en ég sé hvergi talað um réttarstöðu þeirra manna sem þar búa.

Það eru að sjálfsögðu undantekningar eða vísað til að prestssetursjarðir sem afhentar eru miði við landamerki jarða eins og þau eru talin vera í dag og er þjóðkirkjunni kunnugt um að niðurstöður óbyggðanefndar og/eða dómstóla um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, kunni að breyta þeim landamerkjum. Það er svo sem alveg eðlilegt.

Í 8. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Nú rís ágreiningur um efni eða túlkun samkomulagsins milli aðila þess, t.d. varðandi eignir, landamerki, hlunnindi eða ítök einstakra prestssetursjarða, og skal þá þriggja manna gerðardómur útkljá slík deilumál, enda verði gerðardómsmál höfðað fyrir árslok 2010.

Gerðardómurinn skal skipaður einum fulltrúa tilnefndum af fjármálaráðuneytinu, einum tilnefndum af þjóðkirkjunni og einum skipuðum af Héraðsdómi Reykjavíkur.“

Mér finnst mjög athyglisvert að landbúnaðarráðuneytið sem fer almennt með meðferð jarða, hlunnindi og annað sem heyrir undir jarðir — og þar inni er langmest þekking og reynsla í því að véla með þessi mál — skuli ekki eiga aðild að málinu, kannski af því að það er viðtakandi jarðanna. Verður ekki landbúnaðarráðuneytið viðtakandi þeirra jarða sem þjóðkirkjan er að afhenda, eða hver eru skilin sem verða á að jarðir sem var áður ágreiningur um eða tilheyrðu þjóðkirkjunni fari til ríkisins? Er það þá ekki landbúnaðarráðuneytið sem tekur við forsjá yfir jörðunum? Ég sé ekki í fljótu bragði í frumvarpinu hvaða stjórnvald muni taka við jörðunum. Mér finnst eðlilegt að landbúnaðarráðuneytið geri það, það fer með annars jarðir. Ég spyr hæstv. landbúnaðarráðherra hvort svo sé ekki. Ég hef ekki kynnt mér þessi lög svo rækilega. Ég er aðallega að rifja upp þá umræðu sem varð þegar við settum jarðalögin fyrir nokkrum árum þar sem allar þær jarðir sem kirkjan taldi sig eiga eða var ágreiningur um milli ríkis og kirkju féllu í raun utan við ýmis ákvæði jarðalaganna og gert var ráð fyrir að tekið yrði til þeirra við samningsgerðina.

Ég get hvergi séð, a.m.k. ekki í fljótu bragði, í frumvarpinu að landbúnaðarráðuneytið sé sá aðili sem fyrir hönd ríkisins taki við jörðunum. Vel má vera að mér sjáist yfir það en ég vona að hér sé ekki verið að fara einhverja rugleið, að það sé einhver annar aðili, fjármálaráðuneytið eða einhver slíkur, sem eigi að taka við jörðunum sem koma þegar samningarnir taka gildi. Þetta eru helstu atriðin. Þó vil ég spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra eins, af því að hér stendur t.d. þetta:

„Allar kröfur kirkjunnar á hendur ríkinu vegna annarra eigna sem deilt hefur verið um á milli ríkis og kirkju og snúa að eldri prestssetrum, nýbýlum, hjáleigum og öðrum útskiptum eignum og réttindum allt frá árinu 1907 falla niður eða teljast umsamdar. Sama gildir um kröfur vegna prestssetra eða tengdra réttinda sem ríkið hefur selt á þessu tímabili.“

Nú þykist ég vita að einmitt landbúnaðarráðuneytið hafi

farið með þessi mál. Þá vil ég spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hver hafi verið aðkoma hans og ráðuneytisins að málinu sem verið er að fjalla um. Eins og stendur í athugasemdunum hafa sjónarmið kirkjunnar verið talsvert frábrugðin sjónarmiðum ríkisins að þessu leyti. „Kirkjan hefur í viðræðunum byggt sinn málflutning á að ósamið væri um ýmsar aðrar eignir og réttindi en færðust til prestssetrasjóðs með lögum um prestssetur. Þar ber helst að nefna það sjónarmið að nýbýli, hjáleigur, útskipt landsvæði og tengd réttindi sem einhvern tímann hefðu tilheyrt prestssetrunum allt frá setningu laga nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, ættu einnig að teljast eign kirkjunnar."

Það er einmitt þetta sem um var deilt. Ég vildi vita hvað hefði þá orðið um jarðirnar og hver tekið við þeim.

Frú forseti. Ég get komið að þessu aftur ef svör hæstv. ráðherra verða með þeim hætti að ég ákveði að ræða þetta frekar. Mér er mjög hugleikið einmitt að við setningu jarðalaganna var stórum köflum varðandi ráðstöfun og meðferð jarða ýtt til hliðar og beðið eftir samningnum sem mér sýnist síðan ekki koma hér fram.

[22:09]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Alltaf verður mér það ljósara og ljósara að vinstri grænir, og hv. þm. Jón Bjarnason er auðvitað sósíalisti og vill að allt land sé eign ríkisins og harmar hluti sem ég eiginlega botna ekkert í.

Ég tel að ég hafi unnið mjög mikilvægt verk sem landbúnaðarráðherra síðustu ára. Það eru mörg hundruð jarðir sem bændur hafa setið og átt kauprétt á, þeir hafa keypt þær fyrir sig og sitt fólk og verið betur settir á eftir. Það hefur verið fagnaðarefni og margar jarðir sem ekki er kaupréttur á hafa síðan verið seldar með lögum frá þinginu. Þær hafa líka farið í mjög góðar hendur og verið setnar af duglegu fólki. Hreyfingin í sveitina hefur verið mikilvæg. Ég hef sannarlega hvatt bændur sem sitja ríkisjarðirnar til þess að eignast þær og talið það mikilvægt.

Síðan er spurning með þetta sem hv. þingmaður minnist á, að aðkoma landbúnaðarráðuneytisins að samningum ríkis og kirkju var í sjálfu sér engin en það hefur verið ágætissamstarf á milli jarðadeildar og prestssetrasjóðs. Hitt er annað mál að kirkjan heldur nú eftir prestssetursjörðum. Þeim fylgir ekki hjá kirkjunni neinn kaupréttur eða ábúð með þeim hætti sem er á ríkisjörðum sem jarðadeildin fer með en þar eru prestar sem fá leigusamninga og eiga ekki kauprétt. Kirkjujarðir ýmsar heldur svo kirkjan í sem eiga sér sögulegt gildi og eru mikilvægar fyrir kirkjuna og starf hennar. Hvað kristfjárjarðirnar varðar eru þær sennilega margar bundnar líka á baksamningum við sveitarfélögin, eins og við þekkjum öll, ég kann bara ekki að fara vel með það allt saman hér. Það hefur mikið verið að gerast í jarðamálum (Forseti hringir.) og ég held að kirkjan sé betur sett og fari vel með sínar jarðir eins og jarðadeildin hefur gert.

[22:11]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir að koma hér og skýra atriði eftir því sem föng eru. Athugasemdir mínar snúa ekkert að því hvort það séu góðir aðilar sem fá jarðirnar eða hvað. Þær snúast bara um lagalega réttarstöðu jarðanna eftir samninginn. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það sé skýrt. Ég spurði m.a. hvort það væri ekki réttur skilningur hjá mér að samningurinn breytti engu um svokallaðar kristfjárjarðir, þær haldi áfram sinni stöðu sem kristfjárjarðir. Eins og hæstv. ráðherra minntist á eru sumar í ráðstöfun sveitarfélaga, í öðrum tilvikum er sérstök nefnd sem ráðstafar þeim. Það er ýmis háttur á en lögin breyta engu um stöðu þeirra og taka ekki tillit til þeirra.

Jarðirnar sem falla til ríkisins voru áður í ágreiningi á milli ríkis og þjóðkirkju en þær jarðir sem falla til þjóðkirkjunnar eru taldar upp og er bara gott mál. Ég velti hins vegar fyrir mér hvort ekki hefði verið eðlilegt líka að það hefði verið listi yfir þær eignir sem fallið hafa til ríkisins úr þeim potti sem var ágreiningur um. Það hefði verið eðlilegt að greint hefði verið frá því líka.

Eins og við ræddum um í jarðalögunum á sínum tíma var talið eðlilegt að þegar búið væri að ganga frá samningnum milli ríkis og kirkju kæmi ákvæði í jarðalögin sem lyti að sérskilyrðum sem jarðirnar sem væru í eigu þjóðkirkjunnar lytu. Það var a.m.k. í umræðunni þegar gengið var frá jarðalögunum á sínum tíma.

[22:14]

**Útbýting:**

Frestun á fundum Alþingis, 700. mál, stjtill. forsrh., þskj. 1161.

Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 588. mál, nál. samgn., þskj. 1158; brtt. samgn., þskj. 1159.

Æskulýðslög, 409. mál, brtt. minni hluta menntmn., þskj. 1160.

[22:14]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það er sennilega orðið fullseint að andæfa þessu frumvarpi en ég verð þó að fagna því að tveir nefndarmanna, félagar mínir, hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson og Ágúst Ólafur Ágústsson, hafa skrifað undir samþykki sitt með fyrirvara sem gerð var grein fyrir áðan.

Of seint, segi ég, ekki vegna þess að klukkan sé nú orðin nokkuð margt, sem ég vil þó benda forseta á, og þó ekki verið að ræða nema 5. málið, að ég hygg, á þessari löngu dagskrá. Of seint, ekki endilega vegna þess að lítið sé eftir af þinginu og af þeim sökum ekki fært að hafa hér uppi málatilbúnað, því að þótt lítið sé eftir af þinginu þá er alveg ósamið og málum fullkomlega óskipað hér þessa síðustu daga og er af þeim ástæðum ekkert í vegi að hefja þá baráttu sem hverjum sýnist um hvaða mál sem vera skal. Of seint vegna þess að menn hafi gefist upp fyrir þessum samningum eða þeirri skipan sem hefur verið komið á hér frá í raun og veru 1997 má segja. Ekki endilega vegna þess, því þessir samningar verða auðvitað einhvern tímann teknir upp aftur. En of seint sennilega vegna þess að þessi pappír sem við erum að fjalla um markar lokaslaufuna á þeim viðræðum og því samkomulagi sem forstöðumenn ríkis annars vegar og hins vegar hinar lútersk-evangelísku kirkjudeildar á Íslandi hafa verið að smíða í allmörg ár og því er lýst yfir í athugasemdum að þetta sé hin endanlega lúkning á a.m.k. hluta af þeim málum. Ég sé ekki betur en að hér sé í raun og veru verið að reka smiðshöggið á þetta samkomulag,

sem á sér hápunkt í samkomulaginu 1997 og í lögunum sem samþykkt voru á því sama ári.

Ég tel, forseti, enn árið 2007 að með þessu samkomulagi hafi ríkið samið af sér og fulltrúar ríkisins ekki staðið sig í að gæta hagsmuna almennings í landinu gagnvart kirkjudeildinni. Ég segi þetta ekki kirkjudeildinni til hnjóðs eða þjóðkirkjunni á nokkurn hátt til lasts en ég tel að hér hafi verið farið fram af ónógum undirbúningi og menn hafi sætt sig við forna hugsun í þessu og ekki gengið fram með þeim hætti sem eðlilegt hefði verið þar sem ætti að miða við það til frambúðar hver skyldi vera staða ríkisins annars vegar og þeirrar merkilegu menningarstofnunar sem þjóðkirkjan nefnist oft hins vegar.

Ég tel að í þessu samkomulagi, í þessum lokaþætti þeirrar nýju skipunar sem tekin var upp að ég held árið 1907, það er a.m.k. ártal sem er miðað við, hefði átt að stefna að því að ríki og kirkja væru aðskild sem tvær sjálfstæðar einingar sem hefðu sín á milli það eitt samband sem menn væru sammála um báðum megin. Að öðru leyti hefði kirkjan sitt verksvið, það sem hún kýs sem frjáls félagasamtök, en ríkisvaldið gætti almannahagsmuna í öllum samskiptum sínum við þessa kirkjudeild eins og aðrar deildir, bæði með því að ákvarða um eignir sem eitt sinn voru sameiginlegar eða voru deilumál og síðan með samningum um þau verkefni sem talið væri heppilegt að kirkjudeildin annaðist á vegum ríkisins eða með einhverjum hætti í þess þágu, á sama hátt að breyttu breytanda, og að breyttu breytanda skiptir hér miklu máli, og aðrar kirkjudeildir. Það skiptir máli vegna þess að þetta er auðvitað stærsti söfnuðurinn á landinu og þó að hlutfall hans af þjóðarheildinni hafi minnkað nokkuð á undanförnum áratugum og einkum á síðustu árum af ýmsum ástæðum, þá held ég að hlutfallið sé enn á milli 85 og 90 af hundraði en nær þó ekki tölunni 90. En þetta er auðvitað með þeim hætti að ríkisvaldið hlýtur að taka sérstakt tillit til þessarar kirkjudeildar og mundi gera það jafnvel þótt kirkjudeildin væri ekki negld niður í stjórnarskrá sem einhvers konar þjóðkirkja Íslendinga.

Nú er það eitt mál hversu því er háttað og annað það sem hér er um að ræða, að ríkisvaldið og þjóðkirkjan eru að reyna að skipta með sér þessum gömlu eignum sem rifist hefur verið um í marga áratugi. Ég tel einfaldlega — og ég sagði þetta árið 1997 þegar ég var hér inni sem varamaður og var svo heppinn að Þorsteinn Pálsson, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, var að mæla fyrir því frumvarpi sem að lögum varð þá um vorið — að menn hafi farið rangt af stað í þetta. Í stað þeirrar heildarlínu sem hér varð um að ríkið tæki við eignum kirkjunnar, einkum jarðeignum, en sæi þess í stað um að borga starfsmönnum kirkjunnar laun nánast um aldur og ævi — að þetta hafi verið röng aðferð og miklu betri aðferð hefði verið sú að ríkið gerði hreinlega upp við kirkjuna. Ég geri mér alveg grein fyrir því að kirkjan hefði farið fjárhagslega mjög vel út úr því dæmi en gerði það í eitt skipti fyrir öll, auðvitað með einhvers konar samningum sem tækju til ákveðins tíma, á þann hátt að kirkjan væri sjálf ábyrg fyrir greiðslum til sinna manna og sæi sjálf um það hvar þeir sætu, hve margir þeir væru og hvaða störfum þeir sinntu.

Þetta tel ég enn þá og þess vegna er ég ósáttur við þann lokasamning sem hér var gerður þar sem enn er verið að blanda saman kirkjueignum og ríkiseignum þó að hér sé farin öfug leið við það sem síðast var gert. Vegna þess að það sjónarmið sem áður ríkti var að ríkið tæki til sín eignirnar en borgaði í staðinn prestunum og öðrum þjónum kirkjunnar en hér hefur ríkið að kröfu kirkjunnar látið kirkjunni eftir bæði prestssetur, íbúðir og heilar jarðir sem víða skipta mjög miklu máli. Ég held að síðasti hv. ræðumaður hafi kannski ekki áttað sig á þessu í sinni ágætu þulu að það er þetta sem er fyrst og fremst verið að gera.

Sé nú samningurinn skoðaður í athugasemdunum, forseti, og athugað hvað ríkið fær í sinn hlut og hvað kirkjan fær í sinn hlut þá er það þannig að samkomulaginu er lýst þar í meginatriðum. Það er á síðu 3 í þeirri gerð textans sem hér liggur fyrir. Í fyrsta lagi eru kirkjunni afhent til fullrar eignar og ráðstöfunar prestssetur og prestssetursbústaðir sem hún fékk til umsýslu árið 1993 með fasteignum o.s.frv. þannig að ríkið lætur kirkjunni þetta eftir. Í öðru lagi falla umframkröfur kirkjunnar á undanförnum árum niður. Það má telja ríkinu til tekna en það er í raun og veru það eina sem ríkið fær úr þessum samningi fyrir utan það að ríkið fær viðurkennt eignarhald sitt og þjóðarinnar, því það er þjóðareign, á jörðinni Þingvöllum og kirkjunni þar. Það má segja að ríkið hafi hér fyrst og fremst fengið, a.m.k. að efnislegum gæðum, í sinn hlut þann stað Þingvelli og þá góðu og gömlu kirkju sem þar stendur og má segja að til nokkurs sé unnið þótt ekki séu þessi samningsafrek kannski stórkostleg.

Ríkið fellst enn fremur á, og á því græðir mótparturinn, að hækka framlag sitt til kirkjumálasjóðs um 3% af því gjaldi sem nú er greitt til sjóðsins. Síðan kemur í fylgiskjali sjálft samkomulagið sem er í raun og veru verið að staðfesta. Þar eru taldar upp jarðir á næstum því heilli opnu sem sumar eru myndarlegustu og stærstu jarðir á landinu en aðrar minni. Sumt af þessu er í raun og veru aðeins íbúðarhús. Eðlilegra hefði verið að mínu viti að skipta þessu með öðrum hætti, að ríkið hefði jarðirnar í sinni eigu áfram þótt kirkjan eignaðist sínar fasteignir í íbúðarhúsunum sem ekki er undarlegt. Ég skil í raun og veru ekki hvað kirkjunni kemur til að sækja þetta mál með þessum hætti.

Það var svo, forseti, að prestar fengu umbun sína af prestsverkum og af sínu mikla embætti með því að setjast að á jörð. Þeir tóku hana í raun og veru að léni fyrir 1907 og skiluðu henni síðan aftur til kirkjunnar, sem varð þá ekki greind frá ríkinu, með því að gerð var úttekt á jörðinni og húsum hennar eins og hún var þegar presturinn tók við og síðan önnur þegar presturinn fór frá og presturinn þurfti að jafna það sem í milli bar ef jörðin var orðin fátæklegri eða húsin léleg en ættingjar hans og hann sjálfur högnuðust ef því var öfugt farið. Síðan lifði presturinn á jarðargróðanum og þeim hlunnindum sem fylgdu jörðinni. Stundum var þessu þannig háttað, og var í raun og veru hluti af miðaldaskipulagi okkar, lénsveldinu á Íslandi, að presturinn fékk ekki aðeins jörð heldur í raun og veru heilt hérað til umráða. Ég þekki það ofurlítið af því að ég starfaði með Herði Ágústssyni að bókinni um Laufás. Þar var það frá fornu að presturinn, sem var yfirleitt einhver mestur valdsmaður á Norðurlandi fyrir utan biskupinn sjálfan á Hólum, fékk ekki einungis Laufás heldur fylgdu Laufási leigujarðar allar og presturinn í Laufási var þannig héraðshöfðingi og í raun og

veru lénsherra á þeim parti landsins sem þá skipti miklu máli.

Þetta er ekki reyndin lengur. Í raun og veru getur maður ekki komið auga á hvers vegna kirkjan á að eiga miklar jarðir. Það er varla mjög nútímalegt að prestum sé ætlaður búskapur auk þeirra launa sem þeir fá frá ríkinu fyrir embættisverk sín. Ég sé ekki betur en að þjóðkirkjan sé hér með að eignast þessar jarðir sem hreina eign, sem hún hljóti að láta ganga kaupum og sölum ef þar eru þeir fjármálasnillingar sem þessi kirkjudeild er vön að njóta í sínu starfi og hefur gert frá fornu fari. Mér er í sjálfu sér óskiljanlegt af hverju kirkjan vill þetta nema þá að hún hafi séð sér leik á borði gagnvart slökum samningamönnum ríkisins í þessu efni.

Ég get tekið undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að ég tel það ekki heppilegt að þessar jarðir fari með þessum hætti af stað í viðskiptum. Ég tel að þær hefðu verið betur komnar í höndum ríkisins vegna þess að ríkið hefði a.m.k. borið ábyrgð á því að þær yrðu nýttar til hefðbundins landbúnaðar eða til landbúnaðarnota en færu ekki í þá hringekju sem jarðir eru nú að stefna í hér á landi þar sem menn kaupa þær til alls annars en landbúnaðar og gera þær jafnvel að miklu strangari einkaeign en þær hafa nokkurn tímann verið álitnar áður.

Ég ætla ekki að þessu sinni að tala lengur um þetta mál en vil þó af því að þessi ræða kann að þykja nokkuð dapurleg — að hér eru sem sé hörmuð afdrif þessa máls og vakin athygli á því að þeim þurfi í framtíðinni að skipa með öðrum hætti, sem ég held að verði nú smám saman þegar þjóðkirkjan svokallaða verður sjálfstæð kirkjudeild og ríkið verður borgaralegt ríki sem gerir ekki upp á milli þegna sinna eftir trúarbrögðum — fagna þeirri breytingu sem hefur gerst í þessu frumvarpi og á lítið skylt við hina og hún er sú að biskup skipar í öll prestsembætti, til þess var kominn tími fyrir löngu. Það er auðvitað framþróunin í þessu máli, í þeim hæga aðskilnaði ríkis og kirkju sem í raun og veru stendur yfir, að kirkjan fái sitt og ríkið sitt í samræmi við orð hins forna höfðingja, Hvíta-Krists, að keisarinn hafi það sem keisarans er og guð það sem guðs er.

[22:32]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni af því að ég skrifaði undir álit þetta sem áheyrnarfulltrúi í allsherjarnefnd án fyrirvara, þ.e. lýsti því yfir að ég hefði ekki fyrirvara um málið, langar mig til að skýra það hér í örfáum orðum. Ég er í meginatriðum samþykk og sammála því prinsippi sem hv. þm. Mörður Árnason lýsti í ræðu sinni, þ.e. því að hér sé vélað þannig um hluti að kirkjan fái í sinn hlut prestssetrin og eftir því sem mér skildist á gestum nefndarinnar þær lóðir sem undir prestssetrunum eru. Það var ekki skilningur minn að hér skiptu stórar jarðir um hendur, þ.e. færu úr eigu ríkisins og yfir til kirkjunnar. Ég vil lýsa því hér yfir svo að það fari inn í þingtíðindi og sé ljóst hver skilningur minn á þessu máli er.

Ef um það væri að ræða að hér færu stórar jarðir á milli, að stórar jarðir færu frá ríki og yfir til kirkjunnar, lýsi ég því yfir að mér finnst það ekki rétt ráðslag og það var ekki það sem mér skildist á þeim gestum sem fyrir nefndina komu.

Ég mun síðan kanna milli 2. og 3. umr. hvað nákvæmlega er upp á teningnum í þessum efnum og athuga hvort ég kem á endanum til með að að setja fyrirvara við þetta mál og afgreiðslu þess. Það kann sem sé vel að vera. Í öllu falli er sá skilningur á meginlínum sem hv. þingmaður lýsti á þessu máli sömuleiðis minn skilningur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vísitala neysluverðs, 2. umr.*

Stjfrv., 576. mál (viðmiðunartími, EES-reglur). — Þskj. 854, nál. 1061.

[22:35]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breyting á vísitölu neysluverðs. Nefndin hefur með hefðbundnum hætti fjallað um þetta mál og fengið á sinn fund gesti.

Í frumvarpinu er lagt til að vísitala neysluverðs verði reiknuð miðað við verð um miðjan mánuð en ekki verð í upphafi mánaðar eins og verið hefur. Frumvarpið er til komið vegna reglugerðar ráðs Evrópusambandsins nr. 701/2006 um að samræma tíma verðsöfnunar fyrir samræmda vísitölu neysluverðs, en hún tekur gildi 1. janúar 2008. Nefndin aflaði sér upplýsinga frá utanríkisráðuneyti um að reglugerðin hefði verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í nóvember 2006 og að sex mánaða frestur til afléttingar stjórnskipulegs fyrirvara væri fram í apríl. Þetta kemur ekki fram í frumvarpinu.

Nefndin vekur athygli á því að samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp af hálfu viðskiptaráðherra sem breytir lögum um vexti og verðtryggingu af sömu ástæðum og raktar eru hér að framan. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lögmenn, 2. umr.*

Stjfrv., 653. mál (EES-reglur). — Þskj. 972, nál. 1051.

[22:37]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Hér mæli ég fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum um lögmenn. Þetta er tiltölulega einfalt mál sem er til komið vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA við að tvær tilskipanir Evrópusambandsins er varða þjónustu evrópskra lögmanna hér á landi séu ekki réttilega innleiddar í íslenskan rétt.

Nefndin kynnti sér afstöðu Lögmannafélags Íslands til

málsins og félagið gerir ekki athugasemdir við sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA. Nefndin vekur athygli á því að með breytingunni er ekki haggað við þeirri meginreglu réttarfarslaga að íslenska sé þingmálið.

Frumvarpið leggur það til að heimild lögmanns á Evrópska efnahagssvæðinu til að fara með mál fyrir dómstólum hér landi verði ekki lengur bundin við að hann þurfi að starfa með hérlendum lögmanni í þinghöldum.

Nefndin telur ástæðu til þess að leggja til að þetta frumvarp verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., 2. umr.*

Stjfrv., 654. mál (leyfisveitingar sýslumanna). — Þskj. 980, nál. 1072, brtt. 1073.

[22:38]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Hér mæli ég fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa og fleira. Á fund nefndarinnar komu ýmsir aðilar, m.a. frá dómsmálaráðuneyti og Sýslumannafélagi Íslands, Lögreglustjórafélagi Íslands og embætti ríkislögreglustjóra.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem varða útgáfu leyfa af hálfu sýslumanna og lögreglustjóra. Við gildistöku laga nr. 46/2006, um breytingu á lögreglulögum, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, urðu umfangsmiklar breytingar á skipan lögreglumála. Ein afleiðing þeirra breytinga er að nú fara 11 sýslumenn ekki lengur með lögreglustjórn í umdæmum sínum. Frumvarpið er lagt fram með það í huga að almenningur geti áfram sótt sömu þjónustu við útgáfu leyfa í sínu byggðarlagi, hvort sem sýslumaður hefur einnig með höndum lögreglustjórn eða ekki. Nefndin leggur til þá breytingu á 3. gr. frumvarpsins að í stað þess að allir sýslumenn á landinu nema sýslumaðurinn í Reykjavík, en í stað hans lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, gefi út ökuskírteini verði útgáfunni fundinn miðlægur staður hjá embætti ríkislögreglustjórans. Þetta helgast m.a. af því að það er heppilegra í samskiptum við erlenda aðila að hafa einn útgefanda að öllum íslenskum ökuskírteinum, auk þess sem þetta fyrirkomulag tryggir að hér á landi verði einn sameiginlegur gagnagrunnur fyrir útgefin ökuskírteini.

Nefndin leggur til að ákvæði b- og c-liðar 14. gr. frumvarpsins sem breytir 7. gr. vopnalaga verði látin bíða heildarendurskoðunar vopnalaga. Hvetur nefndin til þess að slík endurskoðun fari fram svo fljótt sem verða má.

Þá tekur nefndin fram að í athugasemdum við frumvarpið er á tveimur stöðum að finna smávægilegar villur, annars vegar í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins þar sem vísað er til embættis lögreglustjórans og sýslumannsins á Suðurnesjum í stað embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli eins og rétt er. Hins vegar ætti í athugasemdum við c-lið 12. gr. frumvarpsins að standa að útgáfa innflutningsleyfa í atvinnuskyni verði falin lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu en ekki „þeim“ eins og þar stendur.

Á þskj. 1073 er að finna breytingartillögur nefndarinnar. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, en þó ber að geta þess að þeir hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og Ellert B. Schram hafa skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara sem lýtur að ákvæðum vopnalaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Skipulögð leit að krabbameini í ristli, fyrri umr.*

Þáltill. DrH o.fl., 221. mál. — Þskj. 222.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Umferðarlög, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 195. mál (hlífðarfatnaður bifhjólamanna). — Þskj. 196.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum, fyrri umr.*

Þáltill. LRM o.fl., 553. mál. — Þskj. 825.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Áfengislög, 1. umr.*

Frv. GAK o.fl., 67. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 67.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Umferðarlög, 1. umr.***

Frv. HjÁ o.fl., 96. mál (hægri beygja á móti rauðu ljósi). — Þskj. 96.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 16.–48. mál.

Fundi slitið kl. 22:44.

# 88. FUNDUR

miðvikudaginn 14. mars,
kl. 7.50 síðdegis.

**Dagskrá:**
Almennar stjórnmálaumræður.

## *Samúðarkveðjur.*

[19:50]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Áður en gengið er til dagskrár vil ég fyrir hönd Alþingis og alþingismanna senda samúðarkveðjur þeim sem eiga um sárt að binda eftir hið hörmulega sjóslys sem varð sl. nótt þar sem tveir sjómenn fórust. Enn á ný erum við minnt á hve óblíð náttúran getur verið þeim sem sækja afla á Íslandsmið.

## *Almennar stjórnmálaumræður.*

[19:51]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Gengið er til dagskrár og fyrir tekið eina dagskrármálið, almennar stjórnmálaumræður, sem útvarpað verður og sjónvarpað héðan úr Alþingishúsinu.

Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir og hefur hver þingflokkur tíu mínútur í fyrstu umferð, sex mínútur í annarri og sex í síðustu umferð.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn flokkanna verða:

Fyrir Samfylkinguna tala í fyrstu umferð Ingibjörg Sólrún Gísladóttur, 9. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, í annarri umferð Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvesturkjördæmis, en í þriðju umferð talar Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurkjördæmis.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn tala í fyrstu umferð Geir H. Haarde forsætisráðherra, í annarri Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, en í þeirri þriðju Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra.

Ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verða í fyrstu umferð Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðausturkjördæmis, í annarri umferð Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, en Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, í þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk tala Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra í fyrstu umferð, Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, í annarri, en í þriðju umferð Birkir Jón Jónsson, 9. þm. Norðausturkjördæmis.

Fyrir Frjálslynda flokkinn talar í fyrstu umferð Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurkjördæmis, en Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvesturkjördæmis, í annarri og Valdimar L. Friðriksson, 9. þm. Suðvesturkjördæmis, og Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðausturkjördæmis, í þriðju umferð.

[19:53]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Gott kvöld, ágætu tilheyrendur. Ég vil byrja á því að taka undir samúðarkveðjur forseta Alþingis til ættingja og vina þeirra sjómanna sem fórust undan Vestfjörðum sl. nótt. Eins og forseti okkar sagði minnir þetta okkur á þau óblíðu náttúruöfl sem við höfum átt við að etja á Íslandi í árhundruð sem oft hafa krafist mikilla fórna en hafa líka fært okkur gott land til varðveislu, land sem hefur gert okkur að því sem við erum.

Það er komið að þinglokum, virðulegur forseti, og það er komið að lokum þessa kjörtímabils. Það liggur núna í loftinu krafa um breytingu í landstjórninni, krafa um áherslubreytingu, nýja sýn á samfélagið, nýja sýn á þau verkefni sem við stöndum andspænis.

Það verkefni sem setur mestan svip á þingheim núna við þinglok er boðuð breyting á stjórnarskránni. Þessi breyting á rót sína að rekja aftur til þess tíma sem fiskurinn í sjónum, þessari sameiginlegu auðlind íslensku þjóðarinnar, var úthlutað til útgerðarinnar án þess að byggðirnar, sjómennirnir eða landverkafólkið ætti þar nokkra hlutdeild að. Þá reis upp sú háværa réttlætiskrafa að bundið yrði í stjórnarskrá að enginn gæti slegið eign sinni á auðlindina, auðlindir þjóðarinnar mætti ekki láta af hendi með varanlegum hætti og þjóðin ætti að njóta arðs af þeim.

Nú er þessari réttlætiskröfu svarað með sjónhverfingu á lokadögum þingsins, sjónhverfingu þar sem stjórnarskráin er leiksoppur og þau grundvallargildi sem þjóðin hefur haft í heiðri í aldir. Það sama gerðist í Íraksmálinu árið 2003, það sama gerðist í fjölmiðlamálinu árið 2004, það eru grundvallargildi hjá þjóðinni sem eru höfð að leiksoppi. Stjórnvöld sem haga sér með þessum hætti lítilsvirða lýðræðið og þar með þjóðina.

Það er stundum sagt að það sé enginn munur á flokkum en í tillögu stjórnarflokkanna kemur einmitt fram sá grundvallarmunur sem er á þeim og Samfylkingunni. Verði tillaga stjórnarflokkanna að veruleika er í raun verið að stjórnarskrárbinda nýtingarréttinn á þjóðareign án nokkurra takmarkana, án þess að settar séu nokkrar varnir í stjórnarskrána gegn því að nýtingarrétturinn leiði í raun ekki til einkaeignarréttar.

Samfylkingin hefur alltaf boðað að auðlindir þjóðarinnar eigi að vera í þjóðareign, þær sem ekki eru á annað borð í einkaeigu. Samfylkingin hefur boðað að jafnræðisregla eigi að gilda þegar ákveðið er hverjir fái heimildir til að nýta þessar auðlindir. Slíkar heimildir séu með öðrum orðum veittar á réttlátan og sanngjarnan hátt gegn gjaldi sem rennur til þjóðarinnar. Í þessu máli takast nefnilega á tvær grundvallarhugsjónir í stjórnmálum liðinna alda, annars vegar jafnaðarstefnan sem hefur almannahagsmuni að leiðarljósi, og hins vegar einstaklingshyggjan sem gengur út frá sérhagsmunum.

Þrátt fyrir þetta, virðulegur forseti, og þrátt fyrir að það sé tekist hart á hér um stjórnarskrána þýðir það samt ekki það að ríkisstjórnin hafi ekkert gott gert. Hún hefur auðvitað gert margt ágætlega eins og allar ríkisstjórnir á öllum

tímum. Ýmsar réttarbætur hafa náðst fram fyrir tilstuðlan stjórnarflokkanna, við skulum ekki horfa fram hjá því og við skulum ekki vanmeta það. Vandinn er hins vegar að pólitískt útsýni ríkisstjórnarinnar hefur verið mjög takmarkað. Hún hefur lagt alla áherslu á viðskiptalífið, á einkavæðinguna, á virkjanaframkvæmdir og á stóriðju og hún hefur ekki verið vakandi fyrir kjörum og líðan fólksins í landinu. Þar hafa safnast upp erfið vandamál og brýn úrlausnarefni sem þola enga bið.

Þetta hefur ekki gerst, virðulegur forseti, fyrir ásetning stjórnarþingmanna, það er ekki vegna þess að þeim gangi í sjálfu sér ekki gott til, þetta hefur gerst vegna andvaraleysis. Þetta eru vanrækslusyndirnar. Alvarlegustu vanrækslusyndirnar snúa að hópum sem veikast standa í okkar samfélagi, fólki sem býr í þeim byggðum sem hefur verið að blæða út smátt og smátt á umliðnum árum, þetta snýr að öryrkjum, þetta snýr að öldruðum og þetta snýr að börnum og unglingum þessa lands.

Við erum aftur og aftur minnt á það að um 400–600 aldraðir eru í brýnni þörf fyrir hjúkrunarheimili en komast ekki inn, fá ekki úrlausn sinna mála. Við erum líka minnt á það æ ofan í æ að 900 aldraðir búa núna á hjúkrunarheimilum og hafa ekki einu sinni sérherbergi eins og gerð er þó krafa um að unglingar hafi á heimavistarskólum. Þetta er auðvitað ekki boðlegt, virðulegur forseti.

Við heyrum líka fregnir af því núna æ ofan í æ að talsverður fjöldi af okkar unga fólki og börnunum okkar eigi í verulegum vandræðum. Á síðasta ári bárust 4.000 tilkynningar um áhættuhegðun, um vímuefnaneyslu, um afbrot barna og unglinga. Til Barna- og unglingageðdeildarinnar leituðu 5.000 börn og unglingar. Þetta segir okkur að vandinn er verulegur, þetta er alvarleg staða. Þetta segir okkur það að á tímum mikillar athafnasemi, þenslu og gróða hafa stjórnvöld ekki sýnt því fólki ábyrgð og umhyggju sem okkur þykir þó vænst um, þ.e. foreldra okkar og börn. Þessar kynslóðir þurfa að eiga sér sterka málsvara í næstu ríkisstjórn og sá málsvari er Samfylkingin.

Samfylkingin sækir hugmyndir sínar og lausnir til hinnar norrænu jafnaðarstefnu sem hefur lagt grunninn að þeim velferðarsamfélögum sem standa öðrum samfélögum sterkari og framar, bæði hvað varðar réttlæti og samkeppnishæfni. Þessi samfélög höfum við Íslendingar verið að fjarlægjast í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Samfylkingin er flokkur jafnaðar og frelsis, við viljum öflugt velferðarkerfi en við viljum líka sterkt atvinnulíf, jafnræði atvinnugreina og heilbrigða samkeppni, af því að það er forsenda þess að lífskjör verði almennt góð í landinu. Það voru jafnaðarmenn sem áttu stærstan þátt í því að byggja upp velferðarkerfið á fyrri hluta síðustu aldar og nú þarf jafnaðarflokkinn Samfylkinguna til að endurreisa þetta velferðarkerfi.

Mikilvægasta verkefnið sem við stöndum andspænis er að uppræta þá hneisu sem felst í biðlistum aldraðra fyrir hjúkrun. Samfylkingin vill gera það strax. Á næstu tveimur árum þurfa að komast hér í notkun 300 ný hjúkrunarrými og það þarf að bæta verulega heimahjúkrunina þannig að fólkið geti búið heima sem lengst. Það þarf, virðulegur forseti, líka að tryggja að aldraðir og öryrkjar geti unnið og þeim sé gert kleift að vinna og þeim sé ekki refsað með því að skerða lífeyrinn þeirra ef þeir taka þátt í vinnumarkaðnum. Það þarf, virðulegur forseti, líka að draga úr skattlagningu lífeyrisgreiðslna hjá öldruðum sem er auðvitað ekkert annað en uppsafnaður ævisparnaður fólks.

Í atvinnulífinu þarf að auka skilning á því að börn eiga rétt á tíma foreldra sinna ekkert síður en fyrirtækin og aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld þurfa að vinna að því sameiginlega að draga úr lengd vinnutímans. Álagið á foreldra er of mikið og kröfurnar eru of miklar. Brýnast er þó að mæta þeim mikla fjölda barna sem býr við mikla óhamingju vegna geðraskana, vegna erfiðra aðstæðna og vegna vímuefnaneyslu. Sum þessara barna eru í bráðri hættu og það er íslensku samfélagi til vansæmdar að þau þurfi að bíða mánuðum saman eftir brýnni úrlausn sinna mála. Það á við í þessu máli eins og með hina öldruðu að Samfylkingin mun aldrei sætta sig við þetta ástand.

Það eru mörg stór verkefni á velferðarsviðinu sem bíða úrlausnar og það er vandasöm sigling fram undan í efnahagsmálum en þetta vex mér ekkert í augum, virðulegur forseti, því að ég er sannfærð um að það er mjög bjart fram undan í íslensku samfélagi. Við erum að fara inn í langvarandi hagvaxtarskeið og þá skiptir meginmáli að tryggja það að vöxturinn sé stöðugur og í jafnvægi og allir njóti góðs af honum. Vaxtagleðin má ekki verða til þess að landið sporðreisist, hún má ekki verða til þess að rífa niður stoðir samfélagsins og eyðileggja náttúruauðlegð landsins og fegurð. Við eigum að setja hagvexti á Íslandi þann ramma að hann byggi á virkjun hugaraflsins, góðri menntun, þekkingu á endurnýjanlegum orkugjöfum, sókn á alþjóðamörkuðum, fegurð og hreinleika landsins, jafnvægi milli landsbyggðar og höfuðborgar, og hagvöxturinn á líka að byggja á fallegu mannlífi þar sem við látum okkur hvert annað varða.

Virðulegur forseti. Í kosningunum í vor er kosið um framtíðina. Það verður kosið um það hvaða flokkur er best í stakk búinn til að takast á við þau fjölmörgu viðfangsefni sem bíða landsins okkar í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem fer mjög vaxandi á komandi árum, alþjóðlegri samkeppni ríkja. Það verður kosið um það hvaða flokkur hefur þá framsýni sem þarf við þær aðstæður. Það verður kosið um hvaða flokkur er best í stakk búinn til að tryggja sem mestan jöfnuð í lífskjörum fólks í landinu. Það verður kosið um hvaða flokkur hefur lausnir á mikilvægustu verkefnum stjórnmálanna. Ég óttast ekki þann dóm. Ég er sannfærð um að það er mikil þörf fyrir frjálslynda, skynsama jafnaðarstefnu á Íslandi. Samfylkingin, jafnaðarflokkur Íslands, er tilbúin til að taka við stjórnartaumunum og endurreisa velferðarsamfélagið á Íslandi. — Ég þakka áheyrnina.

[20:05]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Það líður að þinglokum og ekki leynir sér að alþingiskosningar eru fram undan. Ég tel mikilvægt að kosningabaráttan fari prúðmannlega fram og menn gleymi því ekki í hita leiksins að eftir kosningar þarf að vera grundvöllur fyrir traustri, framfarasinnaðri meirihlutastjórn sem getur fylgt eftir þeim góða árangri sem náðst hefur á undanförnum árum.

Það framfaraskeið sem þjóðin hefur búið við undanfarin tólf ár er hægt að framlengja um langt árabil ef rétt er staðið

að verki. En það er líka hægt að binda enda á það þannig að við taki stöðnun og verri lífskjör. Ég er ekki í vafa um hvað þjóðin vill í því efni. Það er hins vegar brýnt að gera sér grein fyrir því að það er ekki sjálfgefið að lífskjörin haldi áfram að batna. Framfarir koma ekki af sjálfu sér.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð boðar stopp á flestum sviðum. Stopp þýðir afturför.

Samfylkingin boðar frestun á flestum sviðum. Það jafngildir frestun á framförum.

Ótti við breytingar skilar okkur engu. Það verða ekki áframhaldandi framfarir í landinu ef stjórnmálamenn draga allan kjark úr fólki, segja að allt sé að fara á versta veg og hvetja athafnamenn til að halda að sér höndum. Verðmætin verða til í atvinnulífinu og það er lífsspursmál að það fái að dafna og geti þannig bætt hag landsmanna. Þeir sem beint og óbeint leggja stein í götu framþróunar í atvinnulífinu, eins og vinstri flokkar á Íslandi hafa alla tíð gert, eru að vinna gegn hagsmunum almennings. Í þessum efnum er hvorki gott að vera alltaf á móti, eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð, né tala tungum tveim eins og hin sundurlynda Samfylking.

Það er ekki góð tilhugsun að þessir tveir flokkar komist saman einir í ríkisstjórn en sá möguleiki virðist fyrir hendi. (Gripið fram í.)

Góðir tilheyrendur. Traust og öflugt atvinnulíf er eitt og sér ekki nægilegt til að skapa hér það fyrirmyndarþjóðfélag sem við viljum keppa að. Það er líka mikilvægt að úr þeim verðmætum sem skapast í þjóðfélaginu verði spilað þannig að þeir sem verst eru settir fái sinn eðlilega skerf af þjóðarkökunni. Að því hefur ríkisstjórnin unnið með myndarlegum hætti undanfarin missiri, m.a. í samstarfi við eldri borgara og öryrkja. Um síðustu áramót komu mikilvægar umbætur í þessum efnum til framkvæmda.

Grunnur sjálfstæðisstefnunnar byggir á frjálsræði til athafna og atvinnuuppbyggingar sem er forsenda öflugrar verðmætasköpunar og þess að hægt sé að gera vel við þá sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti í lífinu. Hvort tveggja eru hornsteinar í stefnu okkar. Við höfum gert verulegt átak í að bæta kjör hinna verst settu og munum halda því áfram. Ég fagna sérstaklega tillögum um úrbætur í málefnum öryrkja sem nýlega var skilað til mín. Þær voru unnar í góðu samstarfi og marka tímamót.

Gáum líka að því, góðir tilheyrendur, hvað sú stefna ríkisstjórnarinnar þýðir að efla hagvöxt og hagþróun. Hvað er hagvöxtur? Hagvöxtur er fleiri og betri skólar, meiri vísindastarfsemi og rannsóknir. Hagvöxtur er öflugri heilbrigðisþjónusta og bættur hagur aldraðra. Hagvöxtur er allt þetta og miklu meira. Hann leiðir til þess að við getum gert betur í þessum grundvallarmálaflokkum og mörgum fleirum. Grundvöllur velferðarinnar er verðmætasköpunin. Sem betur fer hefur það verið gæfa okkar Íslendinga lengst af að skilja samhengið þarna á milli.

Frú forseti. Undanfarna daga hefur verið deilt hér í þinginu um stjórnarskrármál. Við formaður Framsóknarflokksins höfum lagt fram frumvarp um að í stjórnarskrá komi ákvæði um þjóðareign á auðlindum eins og fjölmargir hafa kallað eftir. Þegar óvissa ríkti um það hvort ríkisstjórnarflokkarnir næðu saman um að leggja fram tillögu til breytinga á stjórnarskrá í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmála flokkanna þar að lútandi bauðst stjórnarandstaðan til þess að greiða fyrir málinu svo að þingheimur stæði sameinaður að stjórnarskrárbreytingunni. En þegar frumvarp í þessa veru var lagt fram, m.a. í trausti þess að um slíka breytingu ríkti góð sátt í þinginu, breyttist afstaða stjórnarandstöðunnar skyndilega. Finnur hún nú málinu flest til foráttu eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns.

Vissulega er óvenjulegt að breytingar séu gerðar á stjórnarskrá með þeim hætti sem hér er lagt til. Af hálfu stjórnarflokkanna hefur það verið forsenda fyrir því að festa ákvæðið um eign þjóðarinnar yfir auðlindum í stjórnarskrá að slíkt ákvæði mundi ekki breyta réttindum þeirra sem nú þegar eiga eða nýta auðlindir og ekki ógna þeim stöðugleika sem grundvallaratvinnugreinum okkar er nauðsynlegur. Það er æskilegt að um ákvæði stjórnarskrárinnar sem geymir grundvallarlög Íslands ríki sem mestur einhugur meðal kjörinna fulltrúa þjóðarinnar. Ég leyfi mér að vona að enn sé ráðrúm til að ná samstöðu hér á Alþingi um það frumvarp sem við formenn stjórnarflokkanna höfum lagt fram um þjóðareign á auðlindum Íslands en því miður gaf ræða hv. síðasta ræðumanns ekki góðar vonir í því efni.

Frú forseti. Fyrir ári síðan stóðum við Íslendingar andspænis mikilli óvissu í öryggis- og varnarmálum okkar þegar Bandaríkjastjórn tilkynnti að hún hygðist kveðja herlið sitt heim. Nú, ári síðar, er ljóst að okkur hefur tekist að vinna vel úr þeirri óvæntu stöðu sem upp kom. Nýtt samkomulag Íslendinga og Bandaríkjamanna frá því í október sl. byggir ofan á hinn gamla varnarsamning ríkjanna og viðræður við aðrar grannþjóðir sýna að við þær er hægt að ná auknu samstarfi á grundvelli gagnkvæmra hagsmuna. Við blasir svo einnig að á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli hafa skapast gríðarleg tækifæri til nýrrar atvinnusköpunar, t.d. með öflugu alþjóðlegu skólastarfi og er stutt í að sú mynd skýrist.

Ríkisstjórnin brást við breyttum aðstæðum í varnarmálum af yfirvegun og skynsemi og hefur tryggt varnarlega stöðu Íslands eins vel og hægt er í breyttum heimi. Mér er kunnugt um að það hefur vakið eftirtekt og ánægju víða meðal vina og bandalagsþjóða. Jafnframt þessu hafa innlendar öryggisstofnanir líkt og Landhelgisgæslan og lögreglan verði stórefldar.

Ný og stórmerkileg skýrsla Evrópunefndar staðfestir að Íslendingar hafa einnig verið á réttri leið í Evrópumálum og ekkert knýr á um breytingar á núverandi skipan sem byggir á EES-samningnum.

Virðulegi forseti. Umræða um umhverfismál hefur verið áberandi hér á landi á síðustu missirum. Ástæða er til að fagna aukinni áherslu á þessi mál en því miður er umræðan að sumu leyti á villigötum. Það er orðið tímabært að við Íslendingar leggjum áherslu á þau tækifæri sem við eigum á sviði umhverfismála og sinnum þeim brýnu úrlausnarefnum sem við okkur blasa hvarvetna.

Íslenskt hugvit og sérþekking íslenskra orkufyrirtækja er nú orðin eftirsóknarverð um heim allan. Íslendingar standa öðrum þjóðum langtum framar í beislun endurnýjanlegra orkugjafa. Yfir 70% af allri orkunotkun Íslendinga er frá endurnýjanlegum orkulindum en í OECD-ríkjunum er þetta hlutfall langt innan við 10 af hundraði.

Þjóðir heims líta í æ ríkari mæli til endurnýjanlegra

orkugjafa í baráttu sinni gegn mengun andrúmsloftsins. Þjóðarauður okkar í þessum efnum er því ekki einungis falinn í fallvötnunum og þeirri orku sem býr í iðrum jarðar, heldur einnig og ekki síður í þeirri sérþekkingu sem við höfum fram að færa og heimsbyggðin kallar eftir. Við Íslendingar höfum tækifæri til að ná afgerandi forustu á aðrar þjóðir á sviði orkumála. Útrás íslenskra orkufyrirtækja sem byggja á íslensku hugviti og sérþekkingu er þegar hafin og þar liggja gríðarleg tækifæri. Á dögunum var opnuð íslensk hitaveita í Kína sem nýtir jarðvarma til hitunar og gæti orðið stærsta hitaveita í heimi.

Umhverfismál eru miklu stærri málaflokkur en svo að þau eigi eingöngu að snúast um virkjanir og álver eins og ætla mætti af umræðunni á stundum. Hin glæsilega Kárahnjúkavirkjun er ekki eini mælikvarðinn á afstöðu til umhverfisverndar. Virkjanir og stóriðja eru mikilvægur hluti af þessum málaflokki en hvorki upphaf hans né endir.

Frú forseti. Íslenskt efnahagslíf stendur afar vel um þessar mundir. Lífskjör fólksins í landinu hafa batnað meira á undanförnum árum en nokkru sinni fyrr. Staða ríkissjóðs er gríðarlega sterk, umtalsverður tekjuafgangur er af rekstri hans og skuldir hans hverfandi. Þessi umskipti hafa ekki gerst af sjálfu sér heldur hefur hér verið að verki markviss pólitísk stefnumörkun sem unnin hefur verið í góðu samstarfi ríkisstjórnarflokkanna, pólitísk hugmyndafræði sem gengur út á að virkja kraft einstaklingsframtaksins þjóðinni allri til hagsbóta. Í þessum anda hefur m.a. á síðustu árum verið ráðist í umfangsmestu skattalækkanir Íslandssögunnar.

Frú forseti. Jón Þorláksson, fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins, hitti á sínum tíma naglann á höfuðið þegar hann sagði, með leyfi forseta:

„Þeir menn sem vilja láta félagsheildina eða ríkisvaldið setja sem fyllstar reglur um starfsemi einstaklinganna, banna margt, leyfa fátt og skipulagsbinda allt, þeir gæta miður að hinu að um leið og einstaklingurinn er sviptur frelsinu þá er venjulega þar með kæfð löngun hans til að beita kröftunum, og frost kyrrstöðunnar færist yfir þjóðlífið.“

Ég minntist í upphafi á þá kosti sem í boði eru í komandi kosningum. Kjósendur verða að átta sig á því að kannanir benda til þess að það sé raunveruleg hætta á vinstri stjórn. Ríkisstjórnin leggur verk sín óhrædd í dóm kjósenda. Sjálfstæðisflokkurinn er tilbúinn að takast á við ný verkefni með nýrri forustu og nýjum einstaklingum á framboðslistum um allt land en með sömu árangursríku stefnuna að leiðarljósi. Umbóta- og uppbyggingarstarfi núverandi ríkisstjórnar er hvergi nærri lokið, það væri dapurlegt að sjá því snúið upp í andhverfu sína eftir næstu kosningar. — Góðar stundir.

[20:16]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Virðulegur forseti. Góðir landsmenn.

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Þannig kvað hið góða skáld og náttúrufræðingur Jónas Hallgrímsson hvers 200 ára ártíðar við minnumst nú. Það er enginn vafi á því í mínum huga að væri Jónas Hallgrímsson á dögum ætti íslensk náttúra og umhverfi allt í honum öflugan liðsmann. Maður sem gat ort á þann hátt um gróður jarðarinnar, sá fegurðina í hinu smáa sem og í hinu stóra og hrikalega, eins og hann gerði, maður sem gat ort innblásinn á sumarnótt um hamfarirnar þegar logi reiður lauk við að steypa upp ógnarskjöldinn bungubreiða sem vakir yfir Þingvöllum úr norðri, hvað gæti hann verið annað en umhverfisverndarsinni?

Jónas er ekki á meðal vor en andi hans er með okkur og ljóð hans lifa. Þau eiga að vera okkur sem þjóð hvatning til þess að bregðast ekki skyldu okkar, gæslumannshlutverkinu gagnvart því fagra landi og þeirri dýrmætu náttúru sem okkur hefur verið falin til umsjár.

Í vor eru mikilvæg tímamót, einhverjar afdrifaríkustu kosningar sem fram hafa farið í landinu um langt skeið verða 12. maí nk. Þar verða umhverfismálin m.a. uppgjörsmál. Þjóðin þarf að svara því hvort hún er sátt við þá stórvirkjana- og álvæðingarstefnu sem fylgt hefur verið undanfarin ár og stendur til að fylgja órofið á næstunni fái ríkisstjórnin styrk til þess. Eða viljum við láta staðar numið um sinn a.m.k., staldra við og endurmeta hlutina? Fyrir því berst Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Við viljum að ekki verði teknar frekari ákvarðanir um stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmdir næstu árin, þess í stað njóti íslensk náttúra griða og hagkerfi og efnahagslíf og vinnumarkaður fái tíma til að jafna sig. Það er ekki ávísun á stöðnun. Það er ávísun á heilbrigt efnahags- og atvinnulíf í jafnvægi og það er ávísun á ábyrga umhverfisverndarstefnu.

Í þessum málaflokki hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð algera sérstöðu. Við höfum staðið vaktina á hverju sem gengur og við þurfum því ekki að hlaupa út í búð og kaupa málningu þegar vindurinn hefur snúist og stóriðjustefnan er orðin óvinsæl. Nú er svo komið að meira að segja heiðblátt merki Sjálfstæðisflokksins, fálkinn, hefur verið fluttur til í dýraríkinu, er orðinn að kamelljóni og skiptir litum eftir þörfum.

Ekki eru síður aumlegir tilburðir framsóknarmanna til að skola af sér álrykið og skvetta yfir sig grænu. Á Alþingi og í blaðagreinum hamast nú framsóknarmenn, sjálfsagt samkvæmt fyrirmælum frá spunameisturunum, og segja að við vinstri græn séum nú meira og minna með allri stóriðju. Fyrir fjórum árum vorum við óalandi og óferjandi af því að við vorum á móti öllu. Í gær ósköpuðust nokkrir þingmenn Framsóknar hér í salnum yfir því sem við styddum. Það gleymdist að vísu að láta Guðna Ágústsson vita. Hann kom hérna í ræðustólinn og fór með gömlu plötuna um að við værum á móti öllu. (**Gripið fram í:** Þið eruð það.) Og nú spyr ég ykkur, framsóknarmenn góðir: Hvernig ætlið þið að hafa þetta? Hvort erum við með öllu eða á móti öllu? (**Gripið fram í:** Á móti öllu.) Viljið þið ekki fara að gera þetta upp við ykkur eða væri kannski gáfulegast að hætta þessu? Haldið þið að þjóðin kaupi þetta? Nei, auðvitað ekki. Stefna okkar liggur fyrir skýr og einörð og þjóðin veit fyrir hvað við stöndum hvað sem öllum framsóknarútúrsnúningum líður.

Það er ekki síður afdrifaríkt að í vor verði kosið um ís-

lenska velferðarsamfélagið, kosið um það hvers konar samfélag menn vilja að þróist á Íslandi á komandi árum. Vilja menn norrænt velferðarsamfélag á Íslandi eða ekki? Ef svarið er já þá kjósa þeir ekki flokka sem hafa keyrt samfélagið á fullri ferð í aðra átt. Eitt af brýnustu verkefnum nýrrar ríkisstjórnar er að ganga til viðræðna við samtök aldraðra og öryrkja og aðra þá hópa sem ekki hafa borið sanngjarnan hlut frá borði og bæta hag þeirra.

Annað forgangsmál hlýtur að vera að rjúfa kyrrstöðuna í jafnréttismálum. Þar teflir Vinstri hreyfingin – grænt framboð sínum róttæku kvenfrelsisáherslum. Við ætlum ekki að sætta okkur við þá kyrrstöðu, þá uppgjöf og það aðgerðaleysi sem einkennt hefur baráttuna gegn kynbundnum launamun og öðrum brotalömum í jafnréttismálum. Við viljum segja klámi, vændi og mansali stríð á hendur og unna okkur engrar hvíldar fyrr en konur njóta fulls frelsis og fullra mannréttinda.

Við þurfum líka að kjósa um utanríkismálin í vor. Þjóðin er ekki búin að gleyma skammarlegum stuðningi stjórnarflokkanna undir forustu þáverandi formanna, Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, við Íraksstríðið.

Við þurfum að kjósa um atvinnu- og byggðamál, hið fullkomna metnaðarleysi ríkisstjórnarinnar í þeim efnum sem Vestfirðingar hafa m.a. minnt á með kraftmiklum hætti að undanförnu. Landsbyggðin hefur mætt tómlæti og áhugaleysi. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er ríkisstjórn svikinna loforða um jöfnunaraðgerðir í byggðamálum eins og t.d. því að jafna flutningskostnað. Við þurfum að hlúa að fjölbreytni og nýsköpun í atvinnulífinu. Við þurfum að verja menninguna fyrir frekari einkavæðingu og endurheimta Ríkisútvarpið.

Það er deginum ljósara að ríkisstjórnin er þreytt og komin að fótum fram. Hún gerir núna hverja örvæntingarfullu tilraunina af annarri til að framlengja líf sitt og nýjasti leiksoppurinn í þeim efnum er sjálf stjórnarskrá lýðveldisins. Ekki er nú hátt risið á því, hæstv. forsætisráðherra, að reyna að skríða í skjól af stjórnarandstöðunni með þau vinnubrögð sem þú berð ábyrgð á.

Svo kemur gamli hræðsluáróðurinn. Það lét ekki á sér standa. Ríkisstjórn sem sjálf er ber að afglöpum í hagstjórn, sem sjálf er að glutra niður árangri þjóðarsáttarinnar, sem sjálf hefur misst upp verðbólguna, sem sjálf ber ábyrgð á Íslandsmeti í viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun, fer út í hræðsluáróðurinn: Það fer hér allt í voll ef einhverjir aðrir en við fáum að stjórna. Eða glundroðakenningin, ætli hún eigi ekki eftir að koma, um að stjórnarandstaðan muni aldrei geta unnið saman? Ríkisstjórn sem sjálf er á þriðja forsætisráðherranum og fjórða utanríkisráðherranum á þessu kjörtímabili kemur örugglega með glundroðakenninguna. (Gripið fram í.) Nei, góðir landsmenn, við skulum ekki óttast þá sem kasta steinum úr glerhúsi. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur ábyrgar tillögur okkar vinstri grænna í efnahagsmálum, fjármálum ríkis og sveitarfélaga og skattamálum og það er engu að kvíða í þeim efnum af okkar hálfu.

Eitt er mikilvægt og það er að það verða engar breytingar nema hér náist fram stjórnarskipti. Haldi ríkisstjórnin meiri hluta, þó að hann verði naumur, situr hún áfram, það er kristaltært. En það er stemning í samfélaginu fyrir að breyta, því að almenningur er búinn að fá meira en nóg af einkavæðingu. Hann er ekki búinn að gleyma Írak, við erum ekki búin að gleyma Ríkisútvarpinu, ekki búin að gleyma illdeilunum við aldraða og öryrkja. Landsbyggðin man svikin loforð um jöfnunaraðgerðir í byggðamálum og niðurskorna vegáætlun.

Góðir landsmenn. Mér segir svo hugur að nú verði hún til í vor, velferðarstjórnin, græna stjórnin. Vinstri hreyfingin – grænt framboð býður fram alla krafta sína, einbeitni sína og sigurvilja sinn til að svo verði. Við erum gæfusöm þjóð að eiga okkar stórkostlega land og alla þá möguleika sem í því eru fólgnir, auðlindum þess, fegurð þess og hreinleika, og við eigum okkur sjálf, stærstu auðlindina, mannauðinn. Ég segi við ykkur, góðir landsmenn: Nú skulum við kveðja veturinn og ganga saman út í vorið, grænt og hlýtt vor í íslenskum stjórnmálum og í íslensku þjóðlífi. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:25]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur. Við tökum undir samúðarkveðjur hæstv. forseta vegna sjóslysanna sem orðið hafa.

Ríkisstjórnin hefur náð góðum árangri á kjörtímabilinu. Horfur í efnahagsmálum staðfesta það. Atvinnuöryggi er tryggt, kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings vex áfram. Viðskiptahalli minnkar stórlega á þessu ári. Verðbólga minnkar á árinu niður að markmiði Seðlabankans. Þannig lýkur þeirri þenslu sem ágerðist eftir að viðskiptabankarnir geystust inn á fasteignalánamarkaðinn.

Nýjustu upplýsingar benda til þess að góð afkoma sé almennari um allt samfélagið hér á landi en í langflestum öðrum OECD-ríkjum. Jafnframt benda upplýsingar til þess að tekjuskipting sé jafnari hér en í langflestum öðrum Evrópulöndum. Málflutningur stjórnarandstöðunnar lýsir neikvæðum viðhorfum, vanmati á nútímalegum aðstæðum Íslendinga og að sumu leyti úreltum afturhaldssjónarmiðum.

Ríkisstjórnin hefur nýlega ítrekað velferðar- og félagsmálastefnu sína. Hún hefur staðið að miklum umbótum í velferðarkerfunum. Auk þess nýtur almenningur nú ávaxtanna af lækkun virðisaukaskatts af matvöru og fleiri vörum og þjónustu. Í samræmi við samkomulag við samtök aldraðra hafa framlög til velferðarkerfanna verið stóraukin og enn þá meira er fram undan. Áfram verður dregið úr tekjuskerðingum og aðstoð við heimadvöl aldraðra aukin. Aukning fjárframlaga nemur tæpum 30 milljörðum kr. á komandi missirum. Þetta er eitt stærsta átak í málefnum aldraðra, öryrkja og annarra lífeyrisþega sem um getur.

Í byggðamálum er þeirri stefnu fylgt að fela heimamönnum í vaxandi mæli forsjá með vaxtarsamningum fyrir landshluta. Í byggðamálum þarf þó að taka betur á og ber þar fyrst að nefna Vestfirði og Norðurland vestra og auk þess svæði á Norðaustur- og Suðausturlandi. Gerðir hafa verið samningar sem tryggja stöðu landbúnaðarins og umbætur í samgöngumálum eru á döfinni. Unnið hefur verið að jafnréttismálum. Á sviði umhverfismála eru margir stórmerkir áfangar að nást, t.d. Vatnajökulsþjóðgarðurinn, og ný staða í utanríkismálum hefur verið skilgreind.

Brátt lýkur mestu framkvæmdum Íslandssögunnar á

Austurlandi og þær fara að færa þjóðinni arð, atvinnu og lífskjör. Um þessar framkvæmdir hefur margt verið sagt af lítilli hófsemi. Það er fullvissa mín að þær öfgar munu hverfa þegar þjóðin fer að njóta ávaxtanna af þessum framkvæmdum. Ekki síst verða þessar framkvæmdir til að styrkja og efla atvinnulíf og allt mannlíf á landsbyggðinni.

Nú hafa orðið þau tímamót að mörkuð er leið til þjóðarsáttar um auðlindastefnu með undirbúningi heildaráætlunar um nýtingu og vernd auðlinda og fagurrar náttúru. Þessi heildaráætlun um nýtingu og vernd auðlinda og fagurrar náttúru mun marka tímamót. Tímabili virkrar stóriðju og virkjanastefnu stjórnvalda er lokið fyrir nokkru en nú er fram undan að taka skrefin inn í framtíðina með slíkri heildaráætlun sem setur ramma um framkvæmdir, um nýtingu og vernd sem sameiginlegt heildarverkefni metnaðarfullrar þjóðar.

Hæstv. forseti. Stjórnarflokkarnir hafa náð niðurstöðu um auðlindaákvæði í stjórnarskrá Íslands í samræmi við áralangar umræður og rannsóknir og á grundvelli stjórnarsáttmálans. Auðlindaákvæði í stjórnarskrá tryggir að náttúruauðlindir Íslands verða um aldur og ævi þjóðareign og öllu hugsanlegu tilkalli og yfirráðatilburðum annarra er hafnað og hrundið. Jafnframt er tryggt að staða nýtingarheimilda verður óbreytt þannig að þær leiða ekki til beins eignarréttar heldur verða áfram afturkræfur afnotaréttur. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fór með rangfærslur um þetta hér áðan. Þetta er áfangi í sögu íslensku þjóðarinnar og íslenska ríkisins. Náttúruauðlindir ættjarðarinnar fá sama sess og þjóðgarðurinn á Þingvöllum við Öxará. Stjórnarandstæðingar höfðu á fjölmiðlafundi óskað eftir einmitt þessari niðurstöðu, að einfalt og skýrt ákvæði á grundvelli stjórnarsáttmálans yrði afgreitt nú fyrir þinglok og sett í stjórnarskrá. Enn á ný viljum við nota þetta tækifæri til að heita á hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að koma til samstarfs við stjórnarflokkana um þetta mikilvæga mál.

Framtíðarsýn framsóknarmanna er skýr og glæsileg. Við viljum áfram stefna að framþróun og þroskun þekkingarsamfélags með menntasókn og batnandi og fjölgandi lífstækifærum fyrir alla þjóðina og allar byggðir landsins. Við viljum að Íslendingar hafi þann þjóðarmetnað að hér séu og verði menntun, lífskjör og lífstækifæri með því sem best gerist í heiminum og hér verði áfram samkeppnisfært atvinnu- og viðskiptalíf, umhverfismál og orkunýting til fyrirmyndar og glæsilegt gróandi þjóðlíf og menningarlíf. Andstæðingar framsóknarmanna reyna að gera lítið úr þessari framtíðarsýn en tilraunir þeirra bera rangfærslum vitni. Áróður þeirra fellur um sjálfan sig eins og margendurtekið málþóf þeirra á Alþingi hefur svo berlega sannað.

Nú lítur svo út sem stjórnarandstæðingar trúi því að loforð um útgjaldaveislu á kostnað ríkissjóðs gangi í augu almennings. En almenningur á mikilla hagsmuna að gæta í því að glutra ekki niður þeim árangri sem náðst hefur á síðustu árum. Því verður ekki trúað að almenningur láti blekkjast af fagurgala fyrir kosningar.

Erindi Framsóknarflokksins hefur aldrei verið eins brýnt við íslensku þjóðina og einmitt nú. Framsóknarflokkurinn er frjálslynt og alhliða framfaraafl á miðju stjórnmálanna. Við erum samvinnufólkið sem getur leitt samfélagsöflin að árangursríku samstarfi. Íslendingar þurfa að njóta ábyrgðar og festu sem framsóknarmenn hafa fram að færa. Styrkur Framsóknarflokksins sker úr um það hvers konar stjórnarstefna verður ráðandi í landinu eftir kosningarnar.

Á næstu árum þarf að framfylgja samræmdri auðlindastefnu sem mótuð verður með heildaráætlun um nýtingu og vernd. Þá þarf að framfylgja víðtækum ákvörðunum um umbætur og framþróun velferðarkerfanna í samræmi við óskir þeirra sem mestra hagsmuna hafa að gæta. Við þurfum að framfylgja metnaðarfullri stefnu í menningarmálum, fræðslu og vísindamálum og umhverfismálum. Við þurfum að halda áfram á markaðri braut í málefnum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjanna. Við þurfum að starfa áfram undir kjörorðum framsóknarmanna um vinnu, vöxt og velferð, og við eigum að leggja sérstaka áherslu á að tryggja hér langvarandi jafnvægi og varanlegan stöðugleika í efnahags- og atvinnumálum.

Ég heiti á allt framsóknarfólk að leggjast á eitt. Við héldum glæsilegt flokksþing fyrir skemmstu og þar stilltum við saman strengi fyrir þá baráttu sem fram undan er. Það var glæsilegur hópur framsóknarfólks af öllu landinu sem þar mótaði stefnu okkar.

Ég heiti á alla landsmenn að hugsa sig vel um í komandi kosningum og velja þá sem eru traustir og ábyggilegir og ábyrgir. Framsóknarmenn eru þeir sem þeir segjast vera. Þjóðin þekkir störf, árangur og áræði framsóknarmanna til margra ára. Lífskjör langflestra landsmanna hafa aldrei verið betri en þau eru nú. Sóknarfæri þjóðarinnar hafa aldrei verið slík sem þau eru nú. Íslenska útrásin og íslenska undrið vekja aðdáun erlendis. Ólíkt því sem orðið hefur í mörgum nágrannalöndum okkar hefur atvinnuöryggi verið tryggt á Íslandi og mikil aukning í almennum kaupmætti fólks. Í þessum efnum urðu þáttaskil þegar framsóknarmenn komust til valda. Atvinnuöryggi og afkomuöryggi eru grundvallaratriði í stefnu framsóknarmanna. Þessi mál eiga að ráða úrslitum um stjórnarstefnu að mati okkar. Þvert á móti því sem stundum er sagt hér er Ísland á alþjóðavettvangi viðurkennt að flestu leyti til fyrirmyndar um orkumál og umhverfisvernd.

Við skulum ekki glata því sem áunnist hefur, við skulum sækja fram saman á miðjunni. Sláist í sóknarför með framsóknarmönnum. — Ég þakka áheyrnina.

[20:35]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Ágætu landsmenn. Fyrir tæpum fjórum árum var stefnuræða forsætisráðherra lesin úr þessum ræðustól. Ræðan var jafnframt stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar, þ.e. Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem tekist hafði með naumindum að endurnýja umboð sitt í þingkosningum árið 2003. Formenn stjórnarflokkanna hafa dregið inn í þingið frumvarp um að setja ákvæði um þjóðareign náttúruauðlinda í stjórnarskrá. Hér kemur nýting sjávarauðlindarinnar strax í umræðuna. Hún er uppspretta mikilla auðæfa og skiptir höfuðmáli fyrir byggðir landsins.

Rifjum upp hvað ríkisstjórnarflokkarnir sögðust ætla að gera í sjávarútvegsmálum á kjörtímabilinu sem nú er að renna skeið sitt á enda. Þetta var sagt í stjórnarsáttmálanum:

„Leitast verður við að styrkja hagsmuni sjávarbyggða,

til dæmis með því að kanna kosti þess að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga og lögaðila, að nýta tekjur af veiðigjaldi til uppbyggingar þeirra, takmarka framsal aflaheimilda innan fiskveiðiársins, auka byggðakvóta og taka upp ívilnun fyrir dagróðrarbáta með línu. Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá."

Hvað af þessu hefur verið efnt? Nánast ekki neitt. Það eina sem hefur verið efnt af þessu er hin svokallaða línuívilnun en einungis að litlu leyti og með miklum semingi.

Núna loksins þegar fjögur ár eru liðin og einungis nokkrir dagar eftir af kjörtímabilinu koma stjórnarflokkarnir með illa undirbúna tillögu um breytingu á stjórnarskránni. Þingmenn stjórnarliða tala meira að segja um í sömu andrá að þetta sé eiginlega alveg merkingarlaust ákvæði og maður hefur það á tilfinningunni að þetta sé eiginlega bara sett fram í gamni.

Á sama tíma og það blasir við að ríkisstjórnin hefur ekki gert neitt á kjörtímabilinu til að rétta hlut sjávarbyggðanna stöndum við frammi fyrir því að hin svokallaða uppbygging þorskstofnsins virðist hafa mistekist gjörsamlega og byggðunum blæðir út. Það er nú þannig, góðir landsmenn, að það skiptir öllu máli fyrir okkur sem þjóð að landið sé í byggð. Á þessu höfum við í Frjálslynda flokknum hamrað allt kjörtímabilið. Við viljum losa byggðirnar við drápsklyfjar kvótakerfisins og færa þeim aftur atvinnufrelsið og nýtingarréttinn sem af þeim hefur verið tekinn. Við viljum byrja þá vegferð með því að auka frelsi minni báta til veiða. Þessi atvinnutæki skapa flest störf í heimabyggð. Það er óumdeilt. Þau skipta miklu máli.

Ágætu landsmenn. Frjálslyndi flokkurinn hefur einn flokka óhikað og af festu tekið upp hreinskipta umræðu um málefni innflytjenda. Málefni þeirra eru víða í ólestri. Fólk býr í atvinnuhúsnæði, skráning og eftirlit er gloppótt, brotið er á réttindum fólks, íslenskukennslan er af skornum skammti og svona getum við haldið áfram að telja. Umræðan hefur skilað árangri. Ríkisstjórnin hefur aukið fé til íslenskukennslu og hún reynir að bæta lagaumhverfið sem snýr að erlendum starfsmönnum hér á landi. En betur má ef duga skal. Mjög mikið innstreymi hefur verið af fólki hingað til lands og aldrei meira en síðustu mánuði. Við þekkjum tölurnar. Fjöldinn er nú um 20 þús. manns, nálgast 15% af vinnuafli hér á landi.

Það er varla ofmælt að segja að Ísland upplifi nú í fyrsta sinn aðstæður sem aldrei hafa komið upp áður þar sem mikill fjöldi erlends fólks mun keppa við Íslendinga um vinnu. Iðnaðarmenn, iðnverkafólk og fólk í verslun og þjónustu finnur æ betur fyrir því að nú er komin upp áður óþekkt staða á íslenskum vinnumarkaði þar sem þeir sem eru fyrir í landinu mæta samkeppni frá erlendum nýbúum. Afleiðingarnar eru að hópar launafólks hér á landi eru að dragast aftur úr í kjörum. Að sjálfsögðu hefur það víðtæk þjóðfélagsáhrif þegar þúsundir erlendra nýbúa setjast að hér á landi í atvinnuleit til lengri og skemmri tíma. Íslendingar eru fámenn þjóð og viðkvæm fyrir því þegar hömlulausir aðflutningar eiga sér stað eins og við höfum upplifað á undanförnum missirum og munum væntanlega gera áfram ef ekkert verður að gert.

Við í Frjálslynda flokknum ætlum að takmarka á ný frjálst flæði launafólks frá nýjum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hér er ekki verið að tala um að loka landinu eða reka fólk í burtu heldur eingöngu lögð áhersla á það að sökum smæðar þjóðarinnar er það okkur Íslendingum nauðsynlegt að stýra sjálf flæði erlendra nýbúa til landsins. Ef við í Frjálslynda flokknum fáum umboð kjósenda til að setjast í ríkisstjórn ætlum við að láta reyna á ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem veitir heimildir til að taka upp takmarkanir á frjálsri för launafólks. Okkur er nauðsyn að verja íslensk gildi og menningararf og takmarka innflutning fólks við félagslega og fjárhagslega getu þjóðarinnar til að halda uppi því velferðarkerfi sem hefur verið byggt upp af miklum dugnaði undanfarna áratugi þótt alltaf megi gera betur. Yfirvöld í okkar litla landi verða að hafa stjórn á því hverjir og hvað margir innflytjendur koma til landsins. Öllum sem sækja hér um dvalarleyfi ber að skuldbinda sig til að hlíta íslenskum lögum og stjórnarskrá og nema íslensku.

Góðir landsmenn. Mikilvægt er að virkja innlent vinnuafl frekar og betur en nú er gert. Þannig getum við nýtt betur þann mannauð sem er fyrir í landinu. Breyta á skattkerfi, t.d. ósanngjörnum skerðingarreglum sem bitna nú harðast á eldri borgurum og öryrkjum sem og því hvernig skattbyrði hefur þróast gagnvart lágtekjufólki. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur stundað linnulaust auðmannadekur allan sinn valdatíma. Nú er komið að alþýðu landsins. Við ætlum að koma okurflokkunum frá. Venjulegt fólk á að fá að njóta skattalækkana. Ekki bara þeir sem þegar hafa meira en nóg á milli handanna. Við viljum koma fólki út úr þeirri fátæktargildru sem stjórnvöld hafa skapað með stefnu sinni í skatta- og peningamálum. Hækka á skattleysismörk í 150 þús. kr. og heimila bótaþegum að afla sér tekna án þess að bætur til þeirra séu skertar.

Frjálslyndi flokkurinn leggur áherslu á nauðsyn þess að verðtrygging á lánsfé verði afnumin til hagsbóta fyrir almenning, t.d. fyrir ungt fólk sem er að eignast sína fyrstu íbúð. Lánsfé á að vera í boði á svipuðum kjörum og í nágrannalöndunum. Við sættum okkur ekki við að verðlag á nauðsynjum hér á landi sé hærra en annars staðar í okkar heimshluta. Við ætlum að berjast fyrir því að verslun verði frjáls með allar vörur sem leyfðar eru á innlendum markaði.

Góðir landsmenn. Að lokum heiti ég því að Frjálslyndi flokkurinn muni, komist hann til valda, beita sér fyrir því að gera stórátak til að bæta hag aldraða og öryrkja í landinu. Ísland er gott og ríkt land og býr yfir stórkostlegum möguleikum. Hér á enginn að þurfa að búa við skort.

Ágætu landsmenn. Ég vil að lokum nota tækifærið til að koma á framfæri samúðarkveðjum til ættingja og vina þeirra sem fórust og urðu að lúta í lægra haldi fyrir náttúruöflunum í mynni Ísafjarðardjúps í gærkvöldi. Guð geymi minningu góðra drengja. — Góðar stundir.

[20:44]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Skýrustu afleiðingarnar af 12 ára setu hægri flokkanna í ríkisstjórn er hröð þróun íslensks samfélags í átt að ójöfnuði sem þekkist hvergi á Norðurlöndunum. Við erum á hraðri leið frá norrænu velferðarsamfélagi í átt að ójöfnu markaðssamfélagi á

bandaríska vísu. Við jafnaðarmenn höfum því verk að vinna á öllum sviðum samfélagsins.

Nú þegar kjörtímabilinu er að ljúka vil ég nota tækifærið og fara aðeins yfir það hvernig búið er að barnafólki hér á landi. Foreldrar á Íslandi vinna einn lengsta vinnudag í Evrópu og mikið álag er á barnafólki. Þetta álag hefur áhrif á fjölskylduna alla og þá ekki síst börnin sjálf. Byrðarnar sem hvíla á barnafólki eru allt of miklar og við í Samfylkingunni viljum gera það að forgangsverkefni í nýrri ríkisstjórn að létta þessar byrðar og búa þannig börnunum okkar, framtíðinni, örugg og ánægjuleg uppvaxtarár.

Að reka heimili á Íslandi í dag er erfitt og það er líka dýrt. Fyrst vil ég nefna að matarverð er með því hæsta sem gerist í Evrópu. Lækkun matvælaverðs hefur verið baráttumál okkar jafnaðarmanna árum saman og nú loksins, tveimur mánuðum fyrir kosningar, lækkaði ríkisstjórnin matvælaverðið eftir aðgerðaleysi í 142 mánuði. Auðvitað var gott að ríkisstjórnin tók loksins við sér, en þetta var of lítið og of seint. Enginn annar flokkur hefur barist jafnötullega fyrir lækkun matvælaverðs og Samfylkingin og við höfum ítrekað lagt fram útfærðar tillögur um hvernig megi lækka verðið tvöfalt meira en nú hefur verið gert á handahlaupum rétt fyrir kosningar.

Góðir landsmenn. Ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hefur þrengt svo að barnafólki að okkur jafnaðarmönnum blöskrar. Settar eru á laggirnar fjölskyldunefndir til skrauts en hvað gerist raunverulega á meðan? Á meðan gerir ríkisstjórnin hver efnahagsmistökin á fætur öðrum og afleiðingarnar eru m.a. hæstu vextir í heimi og sögulegar hæðir í húsnæðisverði. Núna þarf ungt fólk að eiga fimm milljónir í eigið fé til að geta keypt sína fyrstu íbúð en þurfti árið 2002 einungis að eiga eina milljón til kaupa á sambærilegri íbúð. Þetta eru miklar fjárhæðir sem þetta unga fólk þarf að brúa og oftast með lánum og yfirdrætti á ofurvöxtum.

Ofan á þetta hafa efnahagsmistök ríkisstjórnarinnar leitt af sér háa verðbólgu sem fór hátt í 10% í lok sumars. Þeir sem sitja með verðbólguna í fanginu eru almenningur í landinu sem horfir á húsnæðislánin sín bólgna út. Það er óverjandi að almenningur sitji með verðbólgukostnaðinn í fanginu með þessum hætti á meðan þeir sem bera ábyrgð á verðbólgunni, ríkisstjórnin, lítur undan.

Fasteignalánum kemst fólk ekki svo glatt undan. Það þurfa jú allir þak yfir höfuðið. En hvað gerði ríkisstjórnin? Hún keyrði húsnæðisverð upp úr öllu valdi með vondum ákvörðunum og bætti svo gráu ofan á svart með því að skerða vaxtabæturnar um einn milljarð á kjörtímabilinu. Okkar jafnaðarmanna bíður nú það stóra og mikilvæga verkefni að afnema stimpilgjöld, ráðast gegn verðbólgunni og endurreisa vaxtabótakerfið.

Góðir landsmenn. Við í Samfylkingunni munum halda baráttunni áfram þangað til að Íslendingar standa jafnfætis nágrannaþjóðum okkar í matvælaverði, vöxtum og verðbólgu.

Hátt húsnæðisverð, heimsins hæstu vextir, há verðbólga og himinhátt matvælaverð er langt frá því að vera það eina sem leggst á íslensku barnafjölskylduna. Hér bera barnavörur hæsta virðisaukaskatt, leikskólagjöld og dagvistunargjöld í grunnskólum eru há, endurgreiðsla námslána leggst þungt á þá sem hafa stundað nám, tannlæknakostnaður vegna barna og fullorðinna er hár og svona mætti lengi telja. Allur þessi kostnaður leggst af fullum þunga á einu bretti á barnafólk hér á landi. Þessu hefur ríkisstjórnin ekki sýnt neinn skilning og skert barnabætur um 10 milljarða frá árinu 1995 og lækkað verulega tannlæknakostnað og þátttöku í tannlæknakostnaði barna. Barnafólk í lágtekjuhópi og ekki síður barnafólk í millitekjuhópi finnur þetta á sínu eigin skinni á hverjum einasta degi og er nauðbeygt til að leggja á sig allt of mikla vinnu til að ná endum saman.

Við í Samfylkingunni viljum lækka virðisaukaskatt á barnavörum, endurreisa vaxtabótakerfið, endurreisa barnabótakerfið, breyta þriðjungi námslána í styrk að námi loknu, afnema stimpilgjöld, lækka matvælaverð og ráðast gegn verðbólgunni af fullum þunga.

Þegar byrðar fjölskyldunnar eru þyngdar úr öllu hófi líkt og núverandi ríkisstjórn hefur gert undanfarin ár ná afleiðingar þess uggvænlega langt í framtíðina. Framtíð okkar allra býr í börnunum. Okkar skyldur eru að búa þeim örugg og ánægjuleg uppvaxtarár þar sem þeim er gert kleift að taka við keflinu og byggja framtíðina. Úrelt afturhaldssjónarmið? Þetta er ekki það. Þetta eru ekki úrelt afturhaldssjónarmið heldur skýr framtíðarsýn þar sem hagur fólksins í landinu er leiðarljós.

Góðir landsmenn. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur sýnt í verki að hún hefur ekki skilning á þessum verkefnum. Samfylkingin er frjálslyndur jafnaðarflokkur sem stendur vörð um hag heimilanna í landinu. Það munum við sýna í verki fáum til þess ykkar umboð eftir kosningarnar 12. maí. — Góðar stundir.

[20:50]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Góðir Íslendingar. Í kosningunum í vor stöndum við frammi fyrir mikilvægri ákvörðun, líklega mikilvægari en flestir gera sér grein fyrir. Þá verður ákveðið hvort við höldum áfram á braut efnahagslegra og samfélagslegra framfara eða skiptum alfarið um kúrs og eigum þá á hættu stöðnun, samdrátt og atvinnuleysi.

Síðastliðinn áratugur hefur verið mesta hagsældar- og framfaratímabil Íslandssögunnar. Íslenskt samfélag er ríkara og fjölbreyttara hvort sem litið er til menningarlegra mælikvarða eða peningalegra. Margt af því sem við teljum vera sjálfsagt í dag, valkostirnir og tækifærin, var það hins vegar ekki fyrir nokkrum árum og verður það heldur ekki lengur ef hér kemst til valda ríkisstjórn undir forustu vinstri flokka sem hafa ávallt skilað auðu eða verið á móti þegar framfaramál hafa komið hér til atkvæðagreiðslu á undanförnum árum. Þegar þetta er sagt er ekki verið að reyna að slá pólitískar keilur heldur eru þetta raunverulegar staðreyndir og það er af mörgu að taka.

Hér í salnum er stjórnarandstaða sem studdi ekki rammalöggjöf um háskóla, ein mikilvægustu lög sem samþykkt hafa verið á sviði skólamála í seinni tíð. Hér í salnum er stjórnarandstaða sem vildi ekki veita sjálfstæðum grunnskólum eins og Ísaksskóla, barnaskóla Hjallastefnunnar eða Landakotsskóla tækifæri. Hér í salnum er stjórnarandstaða sem vildi ekki sameiningu Háskólans í Reykjavík og

Tækniháskólans eða samkeppni og sjálfstæða skóla á háskólastigi. (Gripið fram í.) Hér er stjórnarandstaða sem var á móti skattalækkunum, á móti einkavæðingu ríkisfyrirtækja og vill helst reka stórfyrirtækin með vel menntuðu fólki úr landi. Vel að merkja hér er líka stjórnarandstaða með leiðtoga og mikinn höfðingja sem var á móti frjálsu útvarpi og treysti þjóðinni ekki til að kaupa bjór, en það er önnur saga. En fyrst og síðast er í salnum stjórnarandstaða sem er að meginstefnu til á móti efnahagslegum umbótum sem voru nauðsynlegar fyrir íslenskt samfélag, íslenskar fjölskyldur, íslenskar barnafjölskyldur sem aðrar. Og kostulegt nokk er hér hins vegar einnig stjórnarandstaða sem gefur út háa kosningatékka á grundvelli þessara umbóta, á grundvelli þess hagvaxtar sem skapaður hefur verið á síðustu árum. Það er kannski besti vitnisburður þess að vel hefur tekist til við stjórn efnahagsmála.

Þegar skyggnst er undir yfirborðið kemur nefnilega fljótlega í ljós að málflutningur stjórnarandstöðunnar byggist ekki á hugmyndum sem stuðla að uppbyggingu heldur því einu að vera á móti, vilja banna eða einfaldlega segja pass. Umræða um umhverfismál á t.d. ekki að vera skálkaskjól til að leggjast gegn allri framþróun atvinnulífsins og íslensks samfélags. Íslenskt samfélag hefur ávallt allt frá landnámi byggt á nýtingu náttúrugæða, hvort sem um er að ræða fiskimið, landgæði, jarðhita eða vatnsafl. Við verðum hins vegar einnig að muna að náttúran sem slík er gæði sem verður að umgangast af alúð, umhyggju og varfærni. Það hefur sannkölluð vitundarvakning orðið meðal þjóðarinnar um mikilvægi umhverfismála og það er fagnaðarefni, eitthvað sem þótti sjálfsagt eða eðlilegt fyrir nokkrum árum er það ekki lengur í dag. Viðmiðin breytast og gildismatið líka.

Sátt er að myndast um það í samfélaginu að rétt sé að hægja á ferðinni í virkjunarmálum og meta hvert skref sem tekið verður af enn frekari kostgæfni en áður. Um það mun hins vegar aldrei ríkja sátt að ekkert verði nokkurn tíma frekar gert, að við Íslendingar leggjum árar í bát og hættum að róa til framtíðar. Það er hins vegar ekkert sem knýr nú fram nýjar stóriðjuframkvæmdir þótt huga verði að eðlilegri framþróun þeirra fyrirtækja sem þegar eru starfandi eins og Alcan á Íslandi. Hér er ekki atvinnuleysi heldur þvert á móti, hér er ekki efnahagslegur samdráttur heldur þvert á móti. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum fyrst og fremst að nýta jarðvarma, gufuafl og nýja tækni ef til frekari framkvæmda kemur. Hér á Íslandi hefur orðið til einstök þekking á því sviði og við stöndum þar framar flestum öðrum þjóðum. Sú þekking nýtist ekki einungis við jarðhitaverkefni heldur er þekkingin sem slík orðin að verðmæti og alþjóðlega eftirsóttri auðlind.

Það er tímanna tákn að nú er verið að undirbúa tvær menntastofnanir á háskólastigi sem hyggjast hasla sér völl með nýtingu íslenskrar vísinda- og orkuþekkingar að leiðarljósi. Önnur þeirra verður starfrækt á Akureyri í tengslum við Háskólann á Akureyri og hefur verið einstaklega spennandi að fylgjast með þróun og þeim mikla metnaði sem lagður hefur verið í verkefnið. Ég hef þegar tjáð fulltrúum Háskólans á Akureyri að ég sé reiðubúin til að nýta heimildir í lögum til að gera skólanum kleift að ráðast í byggingu Borga með því að vera hluthafi í félaginu Þekkingarvörður. Hin menntastofnunin verður staðsett á Suðurnesjum og er í samstarfi við háskólastofnanir og orkufyrirtæki en báðir skólarnir verða í nánu samstarfi og með beinni aðild fyrirtækja á þessu sviði. Hvar stæðu þessi verkefni ef hér hefði verið við völd stjórn sem ávallt legðist gegn öllu og það ekki bara einu sinni heldur alltaf.

Samgöngumál hafa verið fyrirferðarmikil og er það vel. Hér áður fyrr voru það fyrst og fremst landsbyggðarþingmenn sem tóku til máls þegar samgönguáætlun var til umræðu. Nú brenna samgöngumálin ekki síður á íbúum höfuðborgarsvæðisins. Hér hefur fólksbifreiðum fjölgað gríðarlega eða um 78% á síðustu 10 árum og eru nú orðnar 135 þúsund af 200 þúsund bílum. Hvernig ætla menn að bregðast við þessu á næstu 10 árum? Eins og R-listinn gerði í Reykjavík hér á árum áður, þ.e. að berja höfðinu við stein, staðnaður og algerlega kjarklaus til ákvarðanatöku, neita að viðurkenna að Íslendingar aka um á einkabílum og gera þar með ekki neitt? Eða eigum við að grípa til aðgerða sem taka mið af raunveruleikanum en ekki draumsýn um land án bíla? Ég fagna því sérstaklega tillögu meiri hluta samgöngunefndar um að leggja aukið fjármagn til frekari samgönguframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu og tel raunar að meta verði hvort enn frekari framkvæmda sé þörf hér á næstu árum en nú eru ráðgerðar.

Góðir Íslendingar. Framfarir eru eilífðarverkefni. Við Íslendingar erum metnaðarfullir, við erum kappsamir og viljum áfram vera í fremstu röð þeirra landa sem við alla jafna berum okkur saman við. Til að svo verði áfram þarf að hafa kjark og dug til að taka ákvarðanir er leiða til fjölgunar tækifæra fyrir einstaklingana, fyrir fyrirtækin og fyrir fjölskyldurnar. Sú ábyrgð er mikil og það er ábyrgð sem við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir og þorum að axla áfram.

[20:58]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Góðir Íslendingar. Við komum saman í skugga hins skelfilega slyss í mynni Ísafjarðardjúps. Ég votta aðstandendum sjómannanna tveggja mína dýpstu samúð.

Á kosningavori er eðlilegt að við þingmenn horfum yfir svið stjórnmálanna með tilliti til þess sem fram undan er á næstu vikum. Við vinstri græn teljum merkileg tækifæri liggja í þessum kosningum. Við blasa nýir tímar. Í hugum okkar flestra eru það spennandi tímar, tímar uppstokkunar og breytinga en umfram allt tímar tækifæra.

Við Íslendingar höfum að mörgu leyti verið heppin. Forlögin hafa farið um okkur nokkuð mjúkum höndum og margt í samfélaginu hefur gengið vel upp á síðkastið. Við sem störfum í stjórnmálum gerum það vegna þess að við viljum hafa áhrif á samfélagið, taka þátt í að bæta það sem er til staðar og greiða nýjum hugmyndum braut. Við teljum okkur hafa eitthvað til málanna að leggja og við viljum láta gott af okkur leiða. Oft erum við sammála um markmið og jafnvel leiðir. Þegar svo er vekur það sjaldnast mikla athygli en hins vegar er það yfirleitt fréttaefni þegar við tökumst á. Handhafar fjórða valdsins, fjölmiðlarnir, gera jafnvel út á það stundum að fá okkur til að munnhöggvast og slást en mér er til efs að málunum sem við berum fyrir brjósti sé slíkt til framdráttar. Það er miklu nær að það nái

til fjöldans sem sett er fram af yfirvegun og stolti.

Við vinstri græn erum stolt af okkar stefnu. Við höfum lagt okkur fram um að koma okkar pólitík til skila á skýran og greinargóðan hátt og af skoðanakönnunum upp á síðkastið má sjá að kjósendur virðast kunna okkur þakkir fyrir þetta og við erum þakklát fyrir meðbyrinn þó að það verði auðvitað niðurstaða kosninganna sem á endanum skiptir máli. Það gleður okkur auðvitað að finna þetta jákvæða andrúmsloft og við leyfum okkur að líta á það sem viðurkenningu á því að við séum á réttri leið og að þau mál sem við setjum á oddinn séu mál málanna. Og hver eru þá mál málanna?

Öflugt velferðarsamfélag þar sem félagslegt jafnrétti ríkir og grunnþjónusta er gjaldfrjáls, kvenfrelsi sem tryggir að konur eigi jafnan aðgang og jafnan rétt í samfélaginu á við karla. Lykillinn að slíku samfélagi er að kynbundnum launamun verði útrýmt, að kjör kvennastétta verði bætt stórlega og tekið verði mið af þörfum barnanna og fjölskyldnanna við mótun samfélagsins.

Menningarmálin. Við höfum lagt áherslu á aðgengi að fjölbreyttum menntunartækifærum án skólagjalda og við höfnum ábyrgðarleysi stjórnarflokkanna sem sjá þau tækifæri helst í menntakerfinu að einkavæða það. Við teflum fram ögrandi hugmyndum að nýsköpun í atvinnulífi um land allt af að því að við teljum öflugar dyggðir vera sameiginlegt hagsmunamál þjóðarinnar. Kraftmikið og hugmyndaríkt starf frumkvöðla í ferðaþjónustu kemur upp í hugann til dæmis.

Efnahagslegur stöðugleiki er líka á dagskrá hjá okkur. Við viljum draga úr þenslu og leita jafnvægis á ný og réttlátt skattkerfi skiptir okkur máli, skattkerfi sem er öflugur burðarás samneyslunnar, skattkerfi sem er nýtt til tekjuöflunar og til að draga úr misskiptingu.

Síðast en ekki síst eru það grænu málin. Við vinstri græn höfum viljað koma hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar á dagskrá og það hefur tekist. Skilningur fólks er að aukast á því hvernig umhverfismálin, samfélagsmálin og efnahagsmálin fléttast saman í eina órjúfanlega heild þar sem hver þáttur í vefnum skiptir jafnmiklu máli og enginn má bera annan ofurliði. Með öðrum orðum, ákvarðanir er varða okkur öll þurfa að taka jafnt tillit til þessara þátta. Ef björt framtíð á að blasa við börnunum okkar þá verður það í gegnum sjálfbæra þróun. Hinir flokkarnir hafa áttað sig á því að það þýðir ekki lengur að skila auðu í umhverfismálum og við vinstri græn fögnum því. Við erum sannfærð um að það verður kosið um grænu málin í vor og það verða þeir kjósendur sem eru tilbúnir að forgangsraða í þágu náttúruverndar sem ráða niðurstöðu kosninganna. Þeir kjósendur sem kjósa með grænni framtíð verða þeir sem ráða úrslitum. Þeir verða í sigurliðinu. Já, þetta eru málin sem við vinstri græn höfum lagt áherslu á. Þetta er það sem við stöndum fyrir og þjóðin virðist vera með á hreinu, hreinar línur.

Nokkur orð um stjórnarskrármál. Formenn stjórnarflokkanna kusu að fara leið sundurlyndis í því mikilvæga máli. Það lýsti mikilli skammsýni. Þingmál þeirra félaga fær falleinkunn hjá sérfræðingum og jafnvel þingmenn stjórnarflokkanna lýsa efasemdum. Við vinstri græn erum þess ekki fýsandi að náttúruauðlindir þjóðarinnar séu ofurseldar einkaeignarrétti, hvorki vatnið né fiskurinn. Við erum fylgjandi því að réttur þjóðarinnar til heilnæms umhverfis sé skilgreindur í stjórnarskrá, að öll eigum við rétt á að lifa í umhverfi sem er laust við heilsuspillandi mengun sem teflir lífsgæðum okkar í voða. Við teljum að veruleg lífsgæði séu fólgin í óspilltri náttúru. Þau verðmæti þarf að viðurkenna. Í hana sækjum við lífsfyllingu, unað og kyrrð. Allt þetta er okkur nauðsynlegt til að geta lifað innihaldsríku lífi. Það er sjálfsagt að leita leiða til að skilgreina þennan rétt en það þarf að gerast í sátt. Það er tímabært að við opnum augu okkar fyrir því sem raunverulega skiptir máli í lífinu. Fuglasöngur og öræfakyrrð eru þar á meðal, samverustundirnar með okkar nánustu, með fólkinu sem okkur þykir vænt um, með börnunum okkar og foreldrum okkar, eru þar á meðal og tíminn sem er alltaf af svo skornum skammti er þar á meðal. Stjórnmál þurfa að hafa pláss fyrir þessa þætti. Við þurfum að gefa okkur tíma til að njóta.

Góðir Íslendingar. Það eru nýir tímar fram undan, ný ríkisstjórn í spilunum. Við vinstri græn sjáum ótal tækifæri í kosningunum í vor. Við erum bjartsýn og við erum vongóð þegar við horfum til vorsins með sól í sinni og sól í hjarta, sannfærð um að það verður ekki bara Sól í Straumi í vor og ekki bara sól á Suðurlandi, það verður sól um allt Ísland. — Góðar stundir og græna framtíð.

[21:05]

**Sæunn Stefánsdóttir:**

Gott kvöld, góðir Íslendingar. Það er sagt að fáir landsmenn nenni að horfa á umræður frá Alþingi og því er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvers vegna það er. Hvers vegna skyldi fólk ekki hlusta og horfa á umræður milli þingmanna og stjórnmálaflokkanna — umræður um þeirra eigin framtíð og framtíðarhorfur komandi kynslóða?

Margir segja að þetta sé ekki skemmtiefni og fólk kjósi að horfa á eitthvað annað í staðinn — umræðurnar séu jafnvel leiðinlegar. Mér finnst líklegra að það sé vegna þess að það telji að lítið sé á þessum umræðum að græða.

Ástandið er skítt, segir stjórnarandstaðan. Það hefur aldrei verið betra, segir stjórnin. Hvernig á fólk að átta sig á hvað er satt í hverju máli? Ég tek fram að hér eiga allir sök. Fjölmiðlar líta gjarnan á það sem hlutverk sitt að veita stjórnvöldum aðhald og skilgreina sig sem hluta af stjórnarandstöðunni. Það er vel og við kvörtum ekki undan því, það frekar herðir okkur í því að standa okkur vel.

En það aðhald þarf stjórnarandstaðan líka.

Ég get því ekki látið hjá líða að nefna nokkur dæmi um stjórnarandstöðuna í þeirri vissu að hún haldi til haga því sem aðfinnsluvert er hjá okkur í stjórnarflokkunum. Margir í stjórnarandstöðu hafa haldið þeim leik áfram að reyna að telja þjóðinni trú um að hér sé hörmulegt ástand í ýmsum málum, þótt hið gagnstæða sé oftast raunin. Fjölmiðlar eru lítt gagnrýnir á stórkarlalegar yfirlýsingar og stefnumið stjórnarandstæðinganna sem sum hver eru atlaga að efnahagslegum undirstöðum samfélagsins.

Mér er spurn, tók enginn eftir yfirlýsingu Steingríms J. Sigfússonar um að rétt sé að hætta við Kárahnjúkavirkjun og láta álverið á Reyðarfirði standa ónotað? Þetta mundi kosta samfélagið hundruð milljóna og verða fjárhagsleg byrði á hvert einasta mannsbarn í landinu og kollkeyra rík-

issjóð þannig að vísast yrði hér áralöng kreppa. Enginn hefur beðið Vinstri græna um að leggja fram útreikninga um hvað þetta mundi kosta og hvaða áhrif það mundi hafa.

Hæstv. forseti. Mér þætti vænt um að Vinstri grænir veittu skýr svör í þessu máli. Fáist þau ekki er auðvitað ekkert að marka þessar yfirlýsingar.

Bankana úr landi, sagði þingflokksformaður Vinstri grænna. Hjá þeim vinna þúsundir sem eiga afkomu sína undir atvinnunni eins og við flest. Hvað á að verða um þetta fólk? Væntanlega á það að „gera eitthvað annað" sem í hnotskurn er atvinnumálastefna Vinstri grænna.

Guð hjálpi bönkunum, sagði annar þingflokksformaður og hafði uppi opinberar hótanir um stríð gegn þeim kæmist hann og flokkur hans til valda. Hvað á hann við? Ég skal svara því, ég held að hann meini ekkert með þessu, en þá stendur eftir spurningin: Hvað gengur fólki eiginlega til með slíku óráðshjali?

Undanfarin missiri hefur umhverfisumræða verið fyrirferðarmikil í íslensku samfélagi og fer vel á því. Stundum hefur atgangurinn þó verið svo mikill og einhliða að margir landsmenn virðast nú halda að við séum vondir umhverfissóðar. Því fer þó fjarri. Um daginn var lítil frétt í fjölmiðlum um að Evrópusambandið hefði sett sér göfugt langtímamarkmið í umhverfismálum og ætlaði að ná því að notkun hreinna og endurnýjanlegra orkugjafa yrði um 20% í framtíðinni. Athugið að þetta er langtímamarkmið. Á Íslandi er þessi notkun yfir 70% og erum við langfremst í heimi.

Má ég endurtaka, með leyfi forseta, 70% — fremst í heimi. Ekki er að sjá að þetta hafi vakið mikil viðbrögð hjá þeim sem hæst tala um umhverfismál, eða vakið umræðu í fjölmiðlum.

Upphlaup, upphrópanir, ásakanir.

Stjórnmál og yfirlýsingar af þessu tagi eru stjórnmál gærdagsins. Allir flokkar eru sekir um þetta. Það sjáum við þegar við lítum yfir farinn veg. Ég held að kjósendum sé farið að finnast nóg um. Ég held, hæstv. forseti, að þetta sé ein ástæðan fyrir því skerta trausti sem kjósendur segjast bera til Alþingis. Ég held að þeir vilji ekki stjórnmál gærdagsins. Það er alvarlegt í meira lagi þegar tvær mikilvægustu stofnanir hins borgaralega samfélags, löggjafarsamkoman og dómstólarnir, njóta trausts innan við 40 af hundraði aðspurðra í skoðanakönnunum.

Við lifum á efnahagslegu blómaskeiði. Margir hafa efnast vel, ríkissjóður er nær skuldlaus, kaupmáttur okkar allra hefur aukist ár frá ári í 12 ár, en á sama tíma fer traustið á stofnanir samfélagsins þverrandi. Við eigum að staldra við og hlusta. Ég veit að mörg okkar hafa áhyggjur og vilja snúa þessu við og við eigum að sameinast um það.

Ég vil leggja þá merkingu í þessa niðurstöðu að almenningur sé að kalla eftir því að stjórnmál snúist meira um inntakið en minna um ásýndina, minna um fjárhæðir og tölfræði, meira um hugsjónir okkar, framtíðarsýn og það hvernig við raunverulega viljum búa í haginn fyrir fjölskyldur þessa lands.

Góðir tilheyrendur. Mikilvægt er að þingið endurspegli þá þjóð sem það er hluti af. Stjórnmál gærdagsins eru að þingmenn flokka séu allir af sama kyni og allir á sama aldri. Stjórnmál morgundagsins eru að sá mannauður sem býr í báðum kynjum, fólki á öllum aldri og með mismunandi menntun og reynslu sé nýttur. Lista okkar framsóknarmanna fyrir komandi kosningar skipa til að mynda nákvæmlega jafnmargir karlar og konur. Þrjár konur og þrír karlar leiða lista. Þrjár konur og þrír karlar eru ráðherrar fyrir flokkinn okkar. Ungt fólk skipar um þriðjung sæta listanna. Við sýnum jafnréttið í verki en tölum ekki einungis um það á tyllidögum.

Frú forseti. Stjórnmál morgundagsins snúast um það að fjárfesta í fólki. Hvernig ætlum við að tryggja einstaklingunum, fjölskyldunum og börnunum tækifæri til að njóta sín í leik og starfi? Stjórnmál morgundagsins snúast um að halda áfram að bæta aðgang allra landsmanna að menntun sem uppfyllir ekki einungis þarfir atvinnulífsins fyrir öfluga og skapandi starfskrafta, heldur þarfir manneskjunnar sjálfrar til að vaxa og þroskast. Stjórnmál morgundagsins snúast um að fjárfesta í fjölskyldum og þeim verðmætum sem fólgin eru í samverustundum foreldra, barna og barnabarna.

Stjórnmál morgundagsins snúast um að axla ábyrgð á sjálfum sér og skapa samfélag þar sem aðrir fá að njóta sín. — Ég þakka þeim sem á hlýddu.

[21:12]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti, góðir landsmenn. Nú þegar komið er að lokum kjörtímabilsins og alþingiskosningarnar fram undan er rétti tíminn fyrir eldhúsdagsumræðu og pólitíska hreingerningu, gera upp kjörtímabilið og draga fram verkefnin fram undan.

Fyrsta verkefnið verður að þvo af okkur ósómann af Íraksmálinu, draga Íslendinga út úr hópi hinna fúsu stríðsþjóða og lýsa yfir andstöðu við feigðarflan Bandaríkjamanna í Írak. Að undanförnu hefur því verið haldið fram af einstökum ráðherrum að stuðningurinn hafi að vísu verið mistök, en hafi verið rétt ákvörðun byggð á röngum forsendum. Þessu er ég algerlega ósammála, allar forsendur málsins lágu fyrir í upphafi.

Yfirlýsingar ráðherranna eru hins vegar til marks um að þeir þora ekki eða vilja ekki viðurkenna að þeir tóku og studdu ranga ákvörðun vitandi vits. Þeir tóku ranga ákvörðun en brestur kjark til að viðurkenna það og reyna að telja þjóðinni trú um að þeir hafi gert rétt en verið blekktir með röngum forsendum. Þetta dugar ekki, ráðherrarnir verða að ganga alla leið, viðurkenna mistök sín og biðja íslensku þjóðina afsökunar á þeim.

Í hinni pólitísku hreingerningu sem fram undan er þarf að gera upp við stjórnarhætti valdsmannanna sem í Íraksmálinu fóru gegn lögum og sniðgengu utanríkismálanefnd Alþingis og fóru gegn þingræðinu og tóku ákvörðun um stuðning án samráðs við þingflokka og gengu gegn skýrum almannavilja, sem í fjölmiðlamálinu breyttu Alþingi í verkfæri sem var beitt til að ná sér niðri á einstaklingum og fyrirtækjum sem forustumönnum ríkisstjórnarinnar var í nöp við, valdsmanna sem lögðu niður Samkeppnisstofnun eftir að stofnunin hafði sektað olíufélögin fyrir verðsamráð gegn almenningi, valdsmanna sem einkavæddu verðmætar ríkiseignir eftir starfsreglum sem ráðherrarnir sjálfir settu og gátu sveigt og beygt eftir hentugleika hverju sinni, valdsmanna sem leyndu Alþingi upplýsingum í Byrgismálinu og

kepptust við að vísa frá sér ábyrgð, og loks þegar ekki varð lengur undan því vikist að viðurkenna að lög voru sniðgengin sögðust axla ábyrgð með því einu að lýsa því yfir að framvegis yrði lögum fylgt.

Ég held að almenningur vilji ekki svona stjórnvöld og vilji ekki þingmenn sem líta á það sem hlutverk sitt að vera í slíku liði og spila með valdinu hvað sem öðru líður. Ég held að almenningur vilji kjósa sér þingmenn sem verja almannahagsmuni fyrir sérhagsmunum og geri ríkisstjórn á hverjum tíma að starfa eftir þeim leikreglum sem settar hafa verið.

Virðulegi forseti. Það verkefni sem er fram undan er að sjá til þess að helstu auðlindir landsmanna verði áfram sameign þjóðarinnar og það tryggt að arðurinn af nýtingu þeirra verði nýttur í almannaþágu. Mikil verðmæti eru í orkuauðlindinni og þau munu fara vaxandi á komandi árum. Þeir sem munu fá að nýta þá auðlind í framtíðinni verða að greiða fyrir það til almennings. Eðlilegt er að orkan sé nýtt til atvinnuuppbyggingar heima í héraði og arðurinn af nýtingunni skiptist milli ríkis og sveitarfélaga. Orkan í Þingeyjarsýslunum á að vera bæði landsmönnum öllum og Þingeyingum til gagns, svo dæmi sé nefnt.

Á næsta kjörtímabili mun það ráðast hvort réttindin sem ríkið ræður yfir verði komin til einkaaðila um sölu Landsvirkjunar eins og ríkisstjórnin áformar eða hvort tekst að almannavæða arðinn af orkuauðlindinni. Þessi réttindi eru gríðarlega verðmæt og fyrir nýtingu þeirra verða greiddir tugmilljarðar króna á hverju ári, rétt eins og nú er gert í sjávarútvegi. Það sér hver maður að þeirri óhæfu sem viðgengst þar verður að linna. Áætlað er að bestu manna yfirsýn að lítið sjávarþorp á Vestfjörðum greiði árlega um hálfan milljarð króna fyrir leigu á veiðiheimildum og aðra álíka fjárhæð fyrir þær veiðiheimildir sem hafa verið keyptar á undanförnum árum. Þessir peningar renna ekki til viðkomandi sveitarfélags eða ríkisins til brýnna samfélagslegra verkefna. Nei, öðru nær. Sá sem fær peninginn í sinn vasa hefur engar skyldur og borgar litla skatta af tekjunum. Kannski engan skatt ef hann nýtir sér rúm lagaákvæði um frestun skattgreiðslna.

Leiguútgerðarmaðurinn greiðir stærstan hluta tekna sinna sem hann fær fyrir að veiða og selja fiskinn til leigusalans. Hann heldur kannski eftir um þriðjungi af tekjunum og þarf að greiða af því bæði laun og allan kostnað við útgerðina. Svona fyrirkomulag í einni atvinnugrein er nú til dags algjörlega óþekkt í hinum vestræna heimi þar sem menn vilja byggja velferð almennings á atvinnufrelsi einstaklinga. Ég gæti sem best trúað að fógetinn í Nottingham sem við þekkjum úr sögubókum um Hróa hött og félaga hans hafi aldrei náð viðlíka arðráni eins og viðgengst í íslenskum sjávarútvegi.

Það þarf engan að undra að sjávarbyggðir landsins séu í miklum vanda. Kallað er eftir sértækum aðgerðum á Norðurlandi vestra, og á Vestfjörðum sjá menn fram á hrun byggðanna á næstu árum að óbreyttu.

Á þeim 12 árum sem núverandi ríkisstjórn hefur verið við völd hefur fólki fækkað um 21% á Vestfjörðum. Neyðarkalli forustumanna sveitarfélaganna um aðgerðir til úrbóta í atvinnu- og samgöngumálum er svarað eftir fimm vikur — með því að skipa nefnd. Áhugaleysi ríkisstjórnarinnar er best lýst með vaxtarsamningunum sem hún býður fram. Fjárhæðin til atvinnuuppbyggingar sem stendur til boða er svo hraksmánarleg að á Norðurlandi vestra neita sveitarstjórnarmenn að skrifa undir samning. Á Vestfjörðum leggur ríkisstjórnin til heilar 10 millj. kr. á ári í þrjú og hálft ár. Af einhverjum óþekktum ástæðum telja ráðherrarnir að hægt sé að vinna þrekvirki í atvinnumálum fyrir upphæð sem dugar ekki fyrir kjallaraíbúð í Reykjavík.

Það þarf vaxtarsamning þessarar ríkisstjórnar í heila öld til að ná 1 milljarði kr. til atvinnuuppbyggingar, og það er samt ekki nema 0,5% af þeirri fjárhæð sem álversuppbyggingin á Austurlandi kostar. Það mun taka 200 aldir fyrir Vestfirðinga að safna fyrir einu álveri. Ég er hræddur um að jafnvel Þyrnirós verði orðin útsofin ef það á að bíða eftir ríkisstjórninni. Landsmenn hafa ekki til þess tíma að bíða eftir stjórnarflokkunum. Það er eitt af verkefnunum fram undan að skipta um ríkisstjórn, á um það verður tekist í komandi alþingiskosningum.

Kostirnir eru skýrari en oftast nær áður.

Að mörgu leyti eru svipaðar aðstæður uppi og voru 1971 eftir 12 ára setu viðreisnarstjórnarinnar. Stjórnarflokkarnir eru nú staðráðnir í því að halda áfram enn eitt kjörtímabilið og halda áfram einkavinavæðingu sinni og sérhagsmunagæslu. Frjálslyndi flokkurinn mun leika lykilhlutverk í komandi alþingiskosningum. Ef honum mun ganga vel mun ríkisstjórnin falla. Ef honum gengur síður á ríkisstjórnin möguleika á að halda velli. Stjórnarandstaðan á það sameiginlega verkefni fram undan að fella ríkisstjórnina frá völdum og taka við. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[21:21]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Kosningarnar í vor eru sögulegt tækifæri fyrir ykkur til að velja nýja ríkisstjórn frjálslyndrar jafnaðarstefnu. Í þeirri ríkisstjórn gegnir Samfylkingin lykilhlutverki og ríkisstjórn hægri flokkanna biðst nú vægðar hjá almenningi en hún er ekki á vetur setjandi, henni verður að koma frá völdum.

Það er rótgróið viðhorf hjá flestum Íslendingum að þeir séu frjálsir einstaklingar og jafningjar hverra sem er að manngildi. Auður og vald, titlar og embætti fá þar engu um breytt. Þess vegna á frjálslynd jafnaðarstefna hljómgrunn á meðal landsmanna, henni fylgir andblær framfara og framsýnnar hugsunar. Henni fylgir ekki stjórnlyndi og forsjárhyggja heldur trú á getu einstaklingsins til að spjara sig sé jafnt gefið í upphafi. Í frjálslyndri jafnaðarstefnu felst sú meginskoðun að einstaklingurinn fái best notið sín í sanngjörnu, sterku samfélagi. Enginn er eyland og við njótum okkar best í góðum og heilbrigðum félagsskap á heimili, vinnustað eða vettvangi áhugamálanna.

Framleiðslan, þjónustan og smáreksturinn eiga sem mest að lúta samkeppnislögmálum en almannavaldið á í meginatriðum að annast mennta- og velferðarþjónustu og grunnveitu almannakerfisins, þar með talið að tryggja öllum Íslendingum aðgang að háhraðanettengingu frá heimilum sínum. Ríkisvaldið þarf jafnan að vera tilbúið að grípa inn í með lausnir þegar markaðurinn bregst og leysir ekki verkefnið sem honum var falið, t.d. við myndun sáttmála

um nýtt jafnvægi á milli höfuðborgar og landsbyggðar.

Frelsi og velferð er megininntakið í frjálslyndri jafnaðarstefnu, þess vegna er hún uppspretta þekkingarleitar, nýsköpunar og félagslegra umbóta. Í samfélagi þekkingarinnar en menntunin eitt helsta jöfnunartækið og Samfylkingin mun beita sér fyrir því að hæfileikar allra nemenda verði virkjaðir og sem flestir Íslendingar sem þess æskja fái annað tækifæri til náms. Í anda frjálslyndrar jafnaðarstefnu setur Samfylkingin fram margvíslegar tillögur um úrbætur í félags- og velferðarmálum og bendir á lausnir í brýnum vandamálum sem steðja að. Við viljum að aldraðir Íslendingar njóti virðingar og þakklætis, sanngjarnt samfélag sýnir öldruðum það í verki. Það er ósvinna að aldraðir Íslendingar eyði ævikvöldi sínu í það að berjast fyrir réttindum sínum.

Við ætlum að takast á við fíkniefnavandann, samræma og efla meðferðarúrræði, forvarnastarf og fíkniefnameðferð í fangelsum. Við viljum að ríkið auglýsi störf án staðsetningar til þess að jafna tækifærin á landinu öllu. Við viljum efla hag heimilanna með afnámi stimpilgjalda, sanngjörnu verði á vörum og þjónustu og ókeypis skólabókum í framhaldsskólum. Við ætlum að bæta fyrir vanrækslusyndir ríkisvaldsins í samgöngumálum með auknum fjárfestingum í samgöngum og umferðaröryggi.

Erindi okkar jafnaðarmanna er að skapa þjóðfélag sem tryggir öryggi og lífsgæði með meiri áherslu á umhyggju, aukinn jöfnuð og mildara samfélag. Við munum halda merki frjálslyndrar jafnaðarstefnu og lýðræðis hátt á lofti í kosningunum og hlökkum til að mæta kjósendum í byrjun gróandans og í hressandi vorgolunni. Þetta verður gott vor. — Góðar stundir.

[21:25]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Íslensk þjóð hefur blómstrað á undaförnum árum og góðæri og hagsæld hefur verið meiri hér á landi en áður hefur þekkst. Sú staðreynd er í raun óumdeild.

Eitt mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma er að tryggja gott atvinnuástand og sífellt betri lífskjör. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til því að laun einstaklinga hafa hækkað mikið, atvinnuleysi mælist nú aðeins rétt yfir 1%. Á sama tíma hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann að teknu tilliti til skatta og verðlagsþróunar aukist um hartnær 50% á síðasta áratug. Sú aukning er langt umfram það sem aðrar þjóðir geta státað af.

Íslenskum fyrirtækjum hefur vegnað vel, bæði hér heima og erlendis og vöxtur þeirra og útrás hefur kallað á fleira vel menntað starfsfólk með góð laun. Það er ánægjuefni þegar fyrirtæki ná slíkum árangri enda er hagur fyrirtækjanna um leið hagur þjóðarinnar.

Eins og áður segir er hagsæld og velmegun þjóðarinnar staðreynd sem ekki er deilt um. Hins vegar er deilt um hvort tekist hafi að skipta þeirri hagsæld með sanngjörnum hætti milli landsmanna allra. Þar sem við getum ekki öll fengið stórkostlegar hugmyndir, hrundið þeim í framkvæmd og grætt stórfé á skömmum tíma er öruggt að ákveðnir einstaklingar hafa hagnast meira en almenningur hefur almennt gert. Hins vegar hefur verkefni ríkisstjórnarinnar verið að gæta þess að allir njóti þess góðæris sem hér hefur verið á síðustu árum.

Nýjustu alþjóðlegar kannanir sem hér hafa verið gerðar hafa sýnst fram á að hagsæld á Íslandi hefur verið meiri en annars staðar í Evrópu. Þær hafa ekki aðeins staðfest það, þær hafa einnig staðfest og sýnt fram á að jöfnuður hér á landi hefur verið meiri en víðast hvar annars staðar. Þær hafa í raun staðfest að sú umræða um aukinn ójöfnuð og misskiptingu í þjóðfélaginu er röng og þær forsendur sem talsmenn þeirrar umræðu hafa notað eru einnig rangar. Þrátt fyrir háværa umræðu um stöðu aldraðra að undanförnu hafa þær kannanir og aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið einnig sýnt fram á að aldraðir hér á landi hafa það mun betra en jafnaldrar þeirra víðast hvar annars staðar. Má rekja það til þess að ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á að koma hluta góðærisins til bæði aldraðra og öryrkja. Í því samhengi má nefna árangursríkt og vel heppnað samstarf stjórnvalda og Landssambands eldri borgara sem leiddi til sameiginlegrar yfirlýsingar og í kjölfarið breytingar sem skila munu öldruðum og öryrkjum um 30 milljörðum kr. í bættum kjörum á næstu fimm árum.

Frú forseti. Þær breytingar sem orðið hafa hér á landi á síðustu árum hafa leitt til þess að fyrirtæki hafa vaxið og dafnað og hagur þeirra hefur batnað. Um leið hafa tekjur ríkisins af starfsemi fyrirtækja aukist og það hefur gert mögulegt að lækka álögur á einstaklinga og heimilin.

Í nýlegri grein sem Guðjón Sigurðsson, formaður MND-samtakanna, ritaði í Morgunblaðið um stækkun álversins í Straumsvík segir Guðjón, með leyfi forseta:

„Ég er heimtufrekur á alla aðstoð frá bæjarfélögum og ríki, vil meiri og betri þjónustu," segir Guðjón um leið og hann hvetur til ráðdeildar í ríkisrekstri, áframhaldandi atvinnuuppbyggingar sem skila mun auknum tekjum til þjóðfélagsins. Ég tek undir með Guðjóni. — Góðar stundir.

[21:29]

**Ögmundur Jónasson:**

Gott kvöld, góðir landsmenn. Tíminn er afstæður, 12 ár í sögu þjóðar eru ekki langur tími, 12 ára stjórnarseta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er hins vegar langur tími, allt of langur tími. Vissulega hefur ýmsu þokað fram á við á þessum þremur kjörtímabilum, í sumum tilvikum fyrir tilstilli stjórnvalda, oftar þó þrátt fyrir þau. Staðreyndin er nefnilega sú að á undanförnum áratug höfum við notið góðs af alþjóðlegri uppsveiflu, svo samtengt og næmt er hið alþjóðlega hagkerfi að sveiflurnar ríða nú yfir heiminn allan nær samstundis en eru ekki einskorðaðar við einstök lönd og svæði í þeim mæli sem áður var. Mín kynslóð og þaðan af eldri kynslóðir þekkja hagsveiflurnar, hæðirnar og hinar óvægnu lægðir. Undir lok 9. og í byrjun 10. áratugar síðustu aldar var lægð, samdráttur með fjöldaatvinnuleysi um nánast allan hinn iðnvædda heim, og af þessu fóru Íslendingar ekki varhluta. Í ofanálag geisaði hér óðaverðbólga.

En okkur tókst með sameiginlegu og samstilltu átaki verkalýðssamtaka, atvinnurekenda og félagslega þenkjandi stjórnvalda að ná tökum á verðbólgunni og afstýra efnahagslegri kollsteypu í landinu. Kjörorðið var jöfnuður og samtakamáttur, allir skyldu leggjast á árarnar, enda gengið út frá því að allir væru á sama bátnum. Talað var um þjóð-

arsátt af því tilefni, enda lagður grunnur að framförum og uppbyggingu þjóðfélagsins. Á 10. áratugnum urðu stjórnarskipti og var þjóðarskútunni nú stýrt til hægri. Minni áhersla var lögð á jöfnuð og sanngjörn skipti og því miður tókst þeim ríkisstjórnum sem fóru með völdin á þeim árum sem nú fóru í hönd undir forustu Sjálfstæðisflokksins ekki að spila þannig úr kortunum að allir þjóðfélagshópar gætu vel við unað. Þrátt fyrir efnahagslegan meðbyr voru nú stórir hópar hreinlega skildir eftir. Þeir urðu út undan.

Það er ömurlegt til þess að hugsa að á tímum efnahagslegs uppgangs skuli fátækt vera við lýði í samfélagi okkar. Það er dapurleg niðurstaða 12 ára valdasetu Framsóknarflokksins og 16 ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins.

Það þarf sterk bein til að takast á við samdrátt í efnahagslífinu. Það þarf líka, og kannski ekki síður, sterk bein til að þola uppgang og þenslu. Það skiptir máli að halda höfði, fara með gát, ætla sér hvorki of né van.

Þetta hafa ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ekki kunnað. Hér hefur verið spennt og þanið til hins ýtrasta án tillits til aðstæðna. Allt skyldi gert á sama tíma og með öfgafullu offorsi. Stóriðjustefnuna þekkja menn. Það er langur vegur frá því að reisa eina eða tvær álverksmiðjur í landinu og til að gera álframleiðslu að uppistöðuatvinnuvegi á Íslandi. Þetta er enn fráleitara nú þegar hægt er að sýna fram á með útreikningum að virðisaukinn af álframleiðslu er hlutfallslega minni en af flestum öðrum atvinnuvegum, fórnarkostnaður náttúrunnar ómældur og ruðningsáhrifin gagnvart öðrum atvinnurekstri gífurleg. Því meira ál, þeim mun minna af annarri atvinnustarfsemi.

Góðir landsmenn. Verkefnið fram undan er að tryggja að allir fái sinn réttmæta skerf og að kaupmáttaraukning verði varanleg og vaxandi. Kaupmáttur verður að vera raunverulegur og byggður á vel reknu þjóðfélagi og vel reknum fyrirtækjum en ekki einvörðungu byggður á lánsfé. Það var hér áður fyrr kallað að byggja hús sitt á sandi. Nú, í aðdraganda þessara kosninga, er mörgum mikið niðri fyrir. Verið er að endurskilgreina hugtök eins og frjálslyndi og íhaldssemi, öfgar og hófsemi. Mér hefur sýnst tilhneiging til að snúa hefðbundinni merkingu þessara orða á hvolf. Vinstri græn hafa staðfastlega talað fyrir hófsemi og gætni í efnahagsmálum og það eru sérstaklega framsóknarmenn sem kalla einmitt þetta öfgar. Þeir sem ekki vilja leggja allt undir strax og undir eins og fara hratt í fjárfestingar, hvort sem er í stóriðju eða á fjármálamarkaði, eru kallaðir íhaldsmenn. Áhættufíklarnir eru hins vegar kallaðir raunsæismenn.

Þetta er slæm þróun. Allt of mikið af þeirri áhættu sem íslenskt þjóðfélag er að taka allt of hratt er á ábyrgð ríkisins og þjóðarinnar allrar. Þetta gildir um virkjanir, um stóriðju, og þetta gildir líka um banka- og fjármálastarfsemi.

Vinstri græn vilja að fyrirtækin í landinu standi í samkeppnisrekstri en samfélagið sjái um rekstur þeirrar þjónustu sem ekki er fallin til samkeppni. Við viljum halda sköttum hóflegum en réttlátum þannig að engum séu gefnir eftir skattar af ótta við að þeir fari burt í fússi.

Stefna sjálfstæðismanna og framsóknarmanna mótast af fjandskap við samfélagsrekna þjónustu, en um leið af óhóflegum ríkisafskiptum. Síðan er það auðmannaóttinn. Framsókn og Sjálfstæðisflokkur láta stjórnast af auðmannaótta. Auðmannaótta gætir vissulega í fleiri stjórnmálaflokkum en óttinn er ekki góður ráðgjafi og afskiptasemi er ekki góður stjórnunarmáti. Hlutverk stjórnvalda er að reyna að jafna sveiflur, tryggja réttlæti, jafnvægi í efnahagslífi og gæta þess að innra stoðkerfi þjóðfélagsins virki. Við horfum núna á stjórn sem einkennist af ótta við þá sem þarf að hafa hömlur á, óðagot í ákvörðunum sem varða grundvöll ríkisins, stefnuleysi í umhverfismálum, undirgefni, hégóma og bruðl í utanríkismálum, óheiðarleika gagnvart eldri kynslóðinni og svik gagnvart öryrkjum.

Það þarf sterka þjóð til að bera slíka ríkisstjórn á bakinu.

Vinstri græn vilja tryggja að Landsvirkjun spóli ekki upp öllu íslenska hálendinu, að einstaklingum séu sköpuð skilyrði til atvinnurekstrar, m.a. með eðlilegum vöxtum og lánskjörum, einfaldari starfsreglum og vel rekinni og öflugri samfélagsþjónustu. Við viljum að eldri kynslóðin geti átt góð efri ár, við viljum kvenfrelsi, jafnrétti milli kynja, stétta og landshluta. Þetta er í hnotskurn meint öfgastefna Vinstri grænna. Veruleikinn er að sjálfsögðu sá að við viljum hófsemi í nýtingu náttúruauðlinda í stað rányrkju, (Forseti hringir.) frjálslyndi í markaðs- og atvinnumálum í stað einokunar og fákeppni, róttækni í bættri umönnun ungra og aldinna (Forseti hringir.) í stað stöðnunar og varfærni og íhaldssemi í ríkisfjármálum og þegar kemur að varðveislu menningarverðmæta og íslenskrar (Forseti hringir.) tungu.

Þessi ríkisstjórn hefur tekið að sér að gefa græðginni að éta. Það er til marks um hennar hófsemi og hennar skynsemi, (Forseti hringir.) en græðgin verður aldrei södd eins og kunnugt er.

Góðir landsmenn. Er ekki rétt að vísa henni aftast í röðina (Forseti hringir.) næstu fjögur árin og kalla á hófsemina? Hún hefur (Forseti hringir.) meira vit á næringu og leyfir öðrum að njóta með sér. — Góðar stundir.

[21:37]

**Birkir J. Jónsson:**

Frú forseti. Góðir landsmenn. Það sem hefur einkennt þessa umræðu hér í kvöld er hvað stjórnarandstaðan á þingi hefur verið grútmáttlaus í umræðu um efnahagsmál, enda er það svo að núverandi ríkisstjórn hefur náð einstökum árangri á undanförnum 12 árum í efnahagsstjórninni. Hagur almennings og fyrirtækja hefur stórbatnað á umræddu tímabili, kaupmáttur íslensks almennings hefur aukist um 60% á tímabili og fyrirtækin skila methagnaði. Því er erfitt að hlusta á hv. þm. Ögmund Jónasson sem telur þetta vera varhugaverða þróun. Verðbólga fer nú minnkandi, viðskiptahallinn hefur snarminnkað og atvinnuleysið er í sögulegu lágmarki. Jafnframt þessum árangri höfum við náð því að ríkissjóður er í dag nánast skuldlaus. Til samanburðar var það þannig árið 1998 að ríkissjóður greiddi sem samsvaraði öllum framlögum til menntamála í vaxtagjöld. Hér er um gríðarlegan viðsnúning að ræða á stuttum tíma.

Á nýafstöðnu flokksþingi okkar framsóknarmanna, sem var glæsilegt, lögðum við fram áherslumál okkar. Við ályktuðum um fjöldann allan af málum og mikið í velferðarmálum. Samþykkt var á flokksþinginu að frá og með 1. janúar árið 2008 yrðu skattleysismörk hækkuð í 100 þús. kr. sem mun koma sér sérstaklega vel fyrir hina tekjulægstu

í samfélaginu. Málefni aldraðra og öryrkja voru mikið til umræðu á flokksþinginu enda hefur það verið mikið í umræðunni í þjóðfélaginu að undanförnu. Nú er það svo að lífeyrisþegar eru svo sannarlega ekki einsleitur hópur, margir í þeim hópum hafa það mjög gott. Hins vegar getum við ekki litið fram hjá því að ákveðnir hópar meðal lífeyrisþega eiga mjög erfitt með að ná endum saman í dag. Ég vil að við horfum til þessara hópa, skilgreinum þá og það verði viðfangsefni okkar í framtíðinni að bæta kjör þeirra sem verst hafa það í samfélaginu. Nú er lag, ríkissjóður er skuldlaus og við getum gert svo margt, margt meira en við gátum áður fyrr. Til þess að reka öflugt velferðarkerfi þurfum við að reka öfluga atvinnustefnu, og þar er kannski sérstaklega mikill munur á okkur framsóknarmönnum og mörgum í stjórnarandstöðunni hér á þingi. Við þurfum að reka öfluga atvinnustefnu en ekki einhverja stopp/stopp-stefnu eða start/stopp-stefnu. Þar er ásteytingarsteinninn og menn telja, sumir, að eftir 12. maí, ef Vinstri grænir verða í forustu í ríkisstjórn, verði breyting á atvinnustefnunni, enda hafa fulltrúar þeirra í þessari umræðu boðað það. Það verður stopp/stopp-stefna í atvinnumálunum. Menn munu sækja sér kenningar til sósíalismans og handstýra íslensku atvinnulífi ef Vinstri grænir komast að völdum.

Fyrst og fremst á að kæla hagkerfið. Og hvað mun það þýða? Það mun þýða minni tekjur fyrir ríkissjóð, minni tekjur fyrir sveitarfélögin í landinu, leiða til þess að íslenskum ríkissjóði verður aftur steypt í botnskuldir og það mun á endanum leiða til þess að skattar munu hækka á aldraða og öryrkja og alla aðra þjóðfélagshópa. Það munu allir tapa á þessari stefnu Vinstri grænna.

Er það svo að á kjördegi sé það víst að þjóðin vilji hverfa af braut uppgangs í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar og fallast á þessa öfgastefnu sem er afturhvarf til fortíðar?

Hæstv. forseti. Það er mikill uppgangur á Austurlandi í dag. Austurland er land tækifæranna í dag og ég fullyrði, og Austfirðingar vita það, að ef núverandi stjórnarandstaða hefði verið við völd síðustu fjögur ár væri engin uppbygging á stóriðju á Austurlandi. Það er á hreinu. Um leið og ég óska Vestfirðingum alls góðs í þeirri miklu varnarbaráttu sem þeir heyja nú í byggðamálum vil ég benda á að fleiri landsvæði heyja varnarbaráttu en Vestfirðir. Norðausturhorn landsins er mjög veik byggð, fólk heyr þar líka sína varnarbaráttu. Það óskar eftir því að fá að nýta náttúruauðlindir sínar til að styrkja og efla atvinnulíf sitt. Með Vaðlaheiðargöngum og álveri á Bakka við Húsavík verður gjörbylting í atvinnumálum á Norðurlandi eystra, miklu meiri bylting en fólk grunar. Álverið verður þjónustað frá Akureyri og mörg hundruð ný störf verða til á svæðinu. Þetta kalla ég byggðastefnu, hæstv. forseti, en ekki „eitthvað annað" eins og allir tala um.

Ég vil standa með Þingeyingum, Eyfirðingum og Akureyringum í þessari uppbyggingu en hvað segja samfylkingarmenn og Vinstri grænir hér á þingi? Það er stopp, það er stopp. Þetta eru skilaboðin til hinnar dreifðu byggða.

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn erum skýr valkostur í litrófi stjórnmálanna. Við leggjum áherslu á öfluga atvinnustefnu sem stendur undir öflugu velferðarkerfi, besta velferðarkerfi í heimi. Íslenskri þjóð hefur aldrei vegnað eins vel, og þar hefur Framsóknarflokkurinn komið að máli. Við höfum áfram verk að vinna til að gera enn betur. Við erum reiðubúin til að halda verkinu áfram. — Góðar stundir.

[21:43]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Ágætu tilheyrendur. Alþingi er að glata trausti þjóðarinnar. Í niðurstöðu þjóðarpúls Gallups þann 1. mars sl. kemur fram að aðeins 29% þjóðarinnar beri traust til Alþingis, færri en nokkru sinni frá því að slíkar mælingar hófust fyrir um 14 árum. Þetta hlýtur að vera okkur áhyggjuefni og umhugsunarefni núna á lokadögum þingsins. Ýmsar ástæður koma upp í hugann þegar maður veltir þessu fyrir sér, eins og t.d. starfstími þingsins. Starfstíminn nær einungis yfir hluta úr árinu og þrátt fyrir að þingmenn viðurkenni að þinghaldið sé of stutt flýja stjórnarliðar yfirleitt af hólmi þegar fram koma tillögur frá stjórnarandstöðunni um að lengja starfstímann. Með hverju ári sem líður eykst togstreitan milli ráðherranna í ríkisstjórninni og milli ríkisstjórnarinnar og ákveðinna þjóðfélagshópa, t.d. aldraða og öryrkja. Svo mikil er togstreitan orðin að aldraðir og öryrkjar telja sig þurfa að fara í eigið þingframboð til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Togstreitan milli ráðherranna í þessari þreyttu ríkisstjórn bitnar á málaflokkum þeirra og þjónustu við almenning.

Svikin kosningaloforð eru hluti af ástæðunni fyrir minnkandi trausti á Alþingi. Korteri fyrir kosningar er ýmsu lofað en korteri eftir kosningar er svo flest svikið í skjóli stjórnarsáttmála meiri hlutans.

Það er nánast orðin regla frekar en undantekning að þingmannamál séu ekki afgreidd frá Alþingi, þá minnkar traustið. Þegar ráðherrar láta svæfa mál í nefndum eða stinga þeim undir stól minnkar traustið á Alþingi. Þegar ójöfnuðurinn eykst í þjóðfélaginu minnkar traustið. Þegar fátækt er orðin viðvarandi minnkar traustið. Þegar ráðherrar og stjórnarliðar neita að axla ábyrgð í málum eins og t.d. í Byrgismálinu minnkar traustið.

Ágætu landsmenn. Það þarf að endurheimta virðingu Alþingis, færa þarf löggjafarvaldið aftur frá ráðherrunum til þingsins. Þegar formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fá sektarkennd 23 árum eftir að forverar þeirra gáfu kvótann okkar og reyna að keyra í gegn á örfáum dögum illa ígrundaðar breytingar á stjórnarskrá þjóðarinnar er Alþingi endanlega rúið öllu trausti.

[21:45]

**Sigurjón Þórðarson:**

Kæru landsmenn. Frjálslyndi flokkurinn er afl hugsjóna. Frjálslyndi flokkurinn mun beita sér af alefli gegn sérhagsmunaklíkum sem hafa sópað til sín ríkiseigum og stefna í að gera það áfram, svo sem stefnir í að sópa til sín raforkunni og orku landsmanna. Núverandi stjórnarflokkar hafa setið allt of lengi. Valdaþreyta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks er dekur við sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna.

Hver man ekki eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, algerlega óábyrgum aðgerðum? Svo eru menn að boða hér einhverja ábyrgð og deila á stjórnarandstöðuna,

jafnvel maður eins og hv. formaður fjárlaganefndar deilir á stjórnarandstöðuna fyrir ábyrgðarleysi, maður sem hefur sýnt af sér vítavert kæruleysi í meðferð opinbers fjár. Þá er ég að tala um Byrgið, ágætu þingmenn. (Gripið fram í.)

Við í Frjálslynda flokknum sjáum bjartari framtíð fyrir okkur þar sem við setjum í öndvegi hagsmuni heildarinnar, við teljum skynsamlegt að byggja allt landið og við teljum skynsamlegt fyrir þjóðina að búa til sátt um sjávarútveginn, sátt sem snýr að því að sætta þjóðina við breytt fiskveiðistjórnarkerfi en snýr ekki eingöngu að því að sætta núverandi handhafa kvótans við eitthvert kerfi sem hefur skilað þjóðinni engu öðru en tjóni.

Við sjáum bjarta framtíð fyrir landsmenn ef þessum flokkum sérhagsmuna verður velt úr valdasessi. Við eigum einfaldlega að horfa á þau tækifæri sem bjóðast ef við breytum þessu kerfi sem hefur valdið landsbyggðinni sárindum og þjóðinni minni afla og minni verðmætasköpun. Við í Frjálslynda flokknum höfum þor og dug til að gera mun betur og breyta þeirri stefnu sem hefur verið viðvarandi nú á síðustu árum svo allt of lengi og skilað þjóðinni ekki öðru en tjóni, sérstaklega hinum dreifðu byggðum.

[21:48]

**Útbýting:**

Almenn hegningarlög, 20. mál, nál. allshn., þskj. 1151; brtt. allshn., þskj. 1152; brtt. ÁÓÁ o.fl., þskj. 1206.

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 2006, 702. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1176.

Barnabætur og barnabótaauki, 659. mál, svar fjmrh., þskj. 1180.

Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, 648. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1177.

Erlendir ríkisborgarar án lögheimilis, 396. mál, svar dómsmrh., þskj. 1184.

Fjárframlög til aðila utan ríkiskerfisins, 507. mál, svar fjmrh., þskj. 1114.

Fóðurkostnaður í loðdýrabúum, 586. mál, svar landbrh., þskj. 1155.

Íslensk alþjóðleg skipaskrá, 667. mál, nál. samgn., þskj. 1201; brtt. samgn., þskj. 1202.

Íslenska friðargæslan, 443. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1197; brtt. meiri hluta utanrmn., þskj. 1198.

Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, 78. mál, brtt. JónK, þskj. 1140.

Minning tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta, 704. mál, þáltill. GHH o.fl., þskj. 1200.

Opinber störf á landsbyggðinni, 337. mál, svar iðnrh., þskj. 1154.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 542. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1189; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 1190.

Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., 655. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1191; brtt. meiri hluta utanrmn., þskj. 1192.

Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, 84. mál, brtt. JónK, þskj. 1142.

Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, 574. mál, nál. samgn., þskj. 1163;

Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, 574. mál, brtt. samgn., þskj. 1164.

Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, 575. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1165;

Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, 575. mál, brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1166;

Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, 575. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1205.

Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, 77. mál, brtt. JónK, þskj. 1139.

Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, 668. mál, nál. allshn., þskj. 1203.

Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, 541. mál, brtt. DJ, þskj. 1199.

Starf Íslands á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 2006, 698. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 1147.

Störf á landsbyggðinni, 600. mál, svar iðnrh., þskj. 1182.

Störf á landsbyggðinni, 606. mál, svar viðskrh., þskj. 1183.

Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 591. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1188.

Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, 36. mál, nál. samgn., þskj. 1178.

Útflutningsaðstoð, 656. mál, nál. utanrmn., þskj. 1193; brtt. utanrmn., þskj. 1194.

Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, 83. mál, brtt. JónK, þskj. 1141.

Vátryggingarsamningar, 387. mál, brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1204.

Veiting ríkisborgararéttar, 701. mál, frv. allshn., þskj. 1162.

Þjóðskjalasafn Íslands, 642. mál, nál. menntmn., þskj. 1195; brtt. menntmn., þskj. 1196.

Fundi slitið kl. 21:49.

---

# 89. FUNDUR

fimmtudaginn 15. mars,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður, í stað Árna Páls Árnasonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

2. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frv., 693. mál, þskj. 1097. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Úrvinnslugjald, frv., 694. mál, þskj. 1105. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 686. mál, þskj. 1069. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Egyptalands, stjtill., 684. mál, þskj. 1067. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 449. mál, þskj. 577, nál. 1094. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

7. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 571. mál, þskj. 849, nál. 1092. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

8. Breyting á XIX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 572. mál, þskj. 850, nál. 1093. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

9. Trjáræktarsetur sjávarbyggða, þáltill., 51. mál, þskj. 51, nál. 1127. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

10. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 464. mál, þskj. 643, nál. 1070, brtt. 1071. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Almenn hegningarlög, stjfrv., 465. mál, þskj. 644, nál. 1009. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 466. mál, þskj. 645, nál. 1052. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

13. Vísitala neysluverðs, stjfrv., 576. mál, þskj. 854, nál. 1061. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

14. Lögmenn, stjfrv., 653. mál, þskj. 972, nál. 1051. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., stjfrv., 654. mál, þskj. 980, nál. 1072, brtt. 1073. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Skipulögð leit að krabbameini í ristli, þáltill., 221. mál, þskj. 222. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

17. Umferðarlög, frv., 195. mál, þskj. 196. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

18. Þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum, þáltill., 553. mál, þskj. 825. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

19. Áfengislög, frv., 67. mál, þskj. 67. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

20. Umferðarlög, frv., 96. mál, þskj. 96. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

21. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 669. mál, þskj. 1020, nál. 1104 og 1153, brtt. 1121. — 2. umr.

22. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 637. mál, þskj. 945, nál. 1122, brtt. 1123. — 2. umr.

23. Almenn hegningarlög, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 1151, brtt. 1152 og 1206. — 2. umr.

24. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 701. mál, þskj. 1162. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

25. Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, stjfrv., 668. mál, þskj. 1019, nál. 1203. — 2. umr.

26. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 432. mál, þskj. 520, nál. 1077, brtt. 1078. — 2. umr.

27. Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, stjfrv., 643. mál, þskj. 961, nál. 1079. — 2. umr.

28. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 459. mál, þskj. 624, nál. 1098, brtt. 1099. — 2. umr.

29. Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., stjfrv., 644. mál, þskj. 962, nál. 1100, brtt. 1101. — 2. umr.

30. Opinber innkaup, stjfrv., 277. mál, þskj. 287, nál. 1053, brtt. 1054 og 1080. — 2. umr.

31. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 618. mál, þskj. 918, nál. 1091. — 2. umr.

32. Neytendavernd, stjfrv., 616. mál, þskj. 916, nál. 1106. — 2. umr.

33. Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, stjfrv., 617. mál, þskj. 917, nál. 1107. — 2. umr.

34. Starfstengdir eftirlaunasjóðir, stjfrv., 568. mál, þskj. 844, nál. 1130, brtt. 1131. — 2. umr.

35. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 387. mál, þskj. 429, nál. 1125, brtt. 1126 og 1204. — 2. umr.

36. Samkeppnislög, stjfrv., 522. mál, þskj. 788, nál. 1132, brtt. 1133. — 2. umr.

37. Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, stjfrv., 523. mál, þskj. 789, nál. 1129. — 2. umr.

38. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 591. mál, þskj. 876, nál. 1188. — 2. umr.

39. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 515. mál, þskj. 778, nál. 1010 og 1150, brtt. 1011. — 2. umr.

40. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 280. mál, þskj. 293, nál. 1119, brtt. 1120. — 2. umr.

41. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 542. mál, þskj. 812, nál. 1189, brtt. 1190. — 2. umr.

42. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 281. mál, þskj. 294, nál. 1057, brtt. 1058. — 2. umr.

43. Æskulýðslög, stjfrv., 409. mál, þskj. 460, nál. 1074, brtt. 1075 og 1160. — 2. umr.

44. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, stjfrv., 431. mál, þskj. 519, nál. 1030 og 1041. — 2. umr.

45. Námsgögn, stjfrv., 511. mál, þskj. 772, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.

46. Þjóðskjalasafn Íslands, stjfrv., 642. mál, þskj. 960, nál. 1195, brtt. 1196. — 2. umr.

47. Málefni aldraðra, stjfrv., 560. mál, þskj. 835, nál. 1046. — 2. umr.

48. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 272. mál, þskj. 281, nál. 1117, brtt. 1118. — 2. umr.

49. Embætti landlæknis, stjfrv., 273. mál, þskj. 282, nál. 1128, brtt. 1134. — 2. umr.

50. Heyrnar- og talmeinastöð, stjfrv., 274. mál, þskj. 283, nál. 1109. — 2. umr.

51. Sóttvarnalög, stjfrv., 638. mál, þskj. 946, nál. 1145, brtt. 1146. — 2. umr.

52. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 530. mál, þskj. 799, nál. 1156, brtt. 1157. — 2. umr.

53. Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, þáltill., 36. mál, þskj. 36, nál. 1178. — Síðari umr.

54. Fjarskipti, stjfrv., 436. mál, þskj. 547, nál. 1039, brtt. 1040. — 2. umr.

55. Vegalög, stjfrv., 437. mál, þskj. 548, nál. 1095, brtt. 1096 og 1135. — 2. umr.

56. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 430, nál. 1047, brtt. 1048. — 2. umr.

57. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, stjfrv.,

588. mál, þskj. 873, nál. 1158, brtt. 1159. — 2. umr.

58. Íslensk alþjóðleg skipaskrá, stjfrv., 667. mál, þskj. 1013, nál. 1201, brtt. 1202. — 2. umr.

59. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, stjtill., 574. mál, þskj. 852, nál. 1163, brtt. 1164. — Síðari umr.

60. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, stjtill., 575. mál, þskj. 853, nál. 1165 og 1205, brtt. 1166. — Síðari umr.

61. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 443. mál, þskj. 566, nál. 1197, brtt. 1198. — 2. umr.

62. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 648. mál, þskj. 967, nál. 1177. — Síðari umr.

63. Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., stjfrv., 655. mál, þskj. 981, nál. 1191, brtt. 1192. — 2. umr.

64. Útflutningsaðstoð, stjfrv., 656. mál, þskj. 982, nál. 1193, brtt. 1194. — 2. umr.

65. Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, þáltill., 69. mál, þskj. 69, nál. 983. — Frh. síðari umr.

66. Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, þáltill., 77. mál, þskj. 77, nál. 984, brtt. 1139. — Síðari umr.

67. Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, þáltill., 78. mál, þskj. 78, nál. 985, brtt. 1140. — Síðari umr.

68. Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, þáltill., 83. mál, þskj. 83, nál. 986, brtt. 1141. — Síðari umr.

69. Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, þáltill., 84. mál, þskj. 84, nál. 987, brtt. 1142. — Síðari umr.

70. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 1112. — 3. umr.

71. Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, stjfrv., 541. mál, þskj. 1113, brtt. 1199. — 3. umr.

72. Málefni aldraðra, stjfrv., 559. mál, þskj. 834. — 3. umr.

73. Sameignarfélög, stjfrv., 79. mál, þskj. 1082. — 3. umr.

74. Hafnalög, stjfrv., 366. mál, þskj. 1083, brtt. 1102. — 3. umr.

75. Orkustofnun, stjfrv., 367. mál, þskj. 953. — 3. umr.

76. Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, stjfrv., 378. mál, þskj. 954, brtt. 995. — 3. umr.

77. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 385. mál, þskj. 1084, brtt. 1143. — 3. umr.

78. Lokafjárlög 2005, stjfrv., 440. mál, þskj. 956 (sbr. 562). — 3. umr.

79. Tekjuskattur, stjfrv., 685. mál, þskj. 1068. — 1. umr.

80. Minning tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta, þáltill., 704. mál, þskj. 1200. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[10:31]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá þingflokksformanni framsóknarmanna, Hjálmari Árnasyni, dagsett 14. mars sl.:

„Þar sem Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvesturkjördæmis, er lasinn og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í kjördæminu, Herdís Á. Sæmundardóttir framhaldsskólakennari, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Herdís Á. Sæmundardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Menntunarmál blindra og sjónskertra.

[10:32]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins til að ræða við hæstv. menntamálaráðherra um menntunarmál blindra og sjónskertra en því miður vannst ekki tími til að afgreiða svar ráðherra við fyrirspurn minni um efnið.

Þurfa blindir menntun? spyr Blindrafélagið, og ekki að ástæðulausu. Aðeins einn kennsluráðgjafi sinnir ráðgjöf við kennara um það hvernig kenna skuli um 100 blindum og sjónskertum nemendum á öllum skólastigum. Það sér hver maður að einn ráðgjafi til að sinna svo miklum þörfum hjá svo stórum hópi er hvergi nærri fullnægjandi. Þetta hefur legið fyrir nokkuð lengi en ágerst eftir að sérstök blindradeild var lögð niður í upphafi þessarar aldar.

Í upphafi þessa kjörtímabils skipaði hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfshóp til að fara yfir þennan vanda. Í ágúst 2004 skilaði starfshópurinn niðurstöðu. Meginniðurstaða starfshópsins var að stofna þyrfti þekkingarmiðstöð í málefnum blindra og sjónskertra til að aðstoða skólana við að kenna blindum börnum.

Síðan eru núna liðin þrjú skólaár og engin þekkingarmiðstöð er enn komin á fót. Hingað hafa komið erlendir sérfræðingar og sagt okkur að aðstöðuleysi blindra skólabarna sé hér einstætt miðað við þau lönd sem við berum okkur saman við. Hér sjáum við viðtöl við foreldra blindra barna sem taka fjölskyldur sínar upp með rótum og flytjast búferlum til annarra landa til að flýja vonda þjónustu okkar í íslenska skólakerfinu, ekki bara til Norðurlandanna heldur líka suður til Mið-Evrópu. Við hljótum að spyrja hvernig á því stendur að kerfið skuli enn ekki hafa brugðist við og að þremur árum eftir að starfshópurinn skilaði ráðherra niðurstöðunum sé enn ekki komin á fót sú stofnun sem óskað er eftir.

Nú er kjörtímabilið að verða búið. Hæstv. menntamálaráðherra hefur (Forseti hringir.) tvo mánuði til stefnu og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún muni fyrir lok kjörtímabilsins tryggja stofnun þekkingarmiðstöðvar til að þjóna þessum blindu skólabörnum.

[10:34]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir að hreyfa þessu máli. Ég hef eins og fram kom í máli hans reynt að svara fyrirspurninni hans en hann ekki séð sér fært að vera viðstaddur þegar svo var þannig að nú er kærkomið tækifæri til að fara aðeins yfir hið mikilvæga mál sem menntun sjónskertra og blindra er.

Það er rétt sem kom fram, nefnd skilaði tillögum á sínum tíma en það eru fleiri tillögur sem komu fram en eingöngu um þekkingarmiðstöðina. Eftir þeim hefur verið unnið og meðal annars var mikið fagnaðarefni þegar nokkrir aðilar, menntamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og síðan Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, komu sér saman um að fjármagna sérkennsluráðgjöf. En hvað segir þetta okkur, að þrír aðilar þurfi að koma að slíkum málum? Það segir okkur að þetta fer flest í gegnum kerfið og að margir aðilar þurfa að koma að þessu máli. Og það er miður þegar mikill vilji er til staðar innan kerfisins að við getum þá ekki náð að samþætta hlutina betur. Þess vegna er núna kærkomið tækifæri til að segja frá því þegar ég var á fundi í lok febrúar, mig minnir að það hafi verið 26. febrúar, þar sem mér voru kynntar m.a. niðurstöður í skýrslu frá erlendum sérfræðingum sem m.a. við styrktum Blindrafélagið til að fá hingað til lands. Það eru mjög athyglisverðar niðurstöður og koma heim og saman við margt það sem kom fram í nefndinni á sínum tíma.

Á þeim fundi voru líka borgarstjórinn, heilbrigðisráðherra og fleiri sem allir lýstu eindregnum vilja sínum til að fara í það að framkvæma. Þess vegna greip ég tækifærið og ákvað í samráði við m.a. Blindrafélagið að skipa nefnd, ekki bara eina nefndina enn, heldur framkvæmdahóp sem hefur það hlutverk að setja hlutina í þann farveg að þeir komist til framkvæmda. Hluti af því er þekkingarmiðstöðin sem hv. þingmaður kom inn á því að blindir, eins og allir aðrir í samfélaginu, eiga að fá sína menntun og það aðgengi að menntun sem við viljum að öllum einstaklingum sé skaffað hér á landi.

[10:36]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Hver er staðan í baráttu margra hópa fyrir réttindum sínum? Baráttu fatlaðra? Baráttu blindra og sjónskertra? Baráttu aldraðra, öryrkja? Hún er ákaflega dapurleg. Aldraðir eyða ævikvöldi sínu í baráttu fyrir réttindum sínum, blindir og sjónskertir verja drjúgum hluta skólagöngu sinnar á öllum skólastigum í baráttu við menntamálaráðherra íslenska lýðveldisins og íslensku ríkisstjórnina um að fá þá grunnþjónustu að þeir geti fengið lágmarksmenntun út úr skólagöngu sinni.

Staðan er einfaldlega sú að réttindi eru brotin á blindum og sjónskertum börnum og nemendum á öllum skólastigum. Sú er staða málsins. Það var líka staða málsins þegar hópurinn skilaði af sér fyrir þremur árum niðurstöðu um að það þyrfti þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta til að ráðleggja kennurum í skólum landsins. Síðan þá hefur ekkert gerst, sinnuleysi hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar um málefni blindra og sjónskertra er með ólíkindum. Hæstv. menntamálaráðherra svaf á verðinum. Það eru þrjú ár síðan hópurinn skilaði af sér. Það eru tveir mánuðir þangað til kjörtímabilið er á enda. Það er þriðja kjörtímabil ríkisstjórnar þessara tveggja flokka og það er að sjálfsögðu áfellisdómur yfir stöðu málsins að foreldrar þurfi að flýja land með börn sín séu þau blind eða sjónskert og vilji þeir fá viðunandi menntun fyrir þau. Skólakerfið okkar hefur brugðist blindum og sjónskertum börnum. Sú er staða málsins í dag.

Hvað segir hæstv. menntamálaráðherra? Jú, að sjálfsögðu á að veita þeim sömu grunnþjónustu. Auðvitað á að gera það, en orðunum fylgja engar efndir af því að verkin tala yfir ríkisstjórninni sem er að fara frá eftir tvo mánuði. Sú er staða málsins og staðreyndin er að ekkert hefur verið gert í þessum málum þremur árum eftir að nefndin skilaði af sér. Þremur árum seinna er staðan enn þá sú að það er verið að brjóta réttindi á blindum og sjónskertum börnum á öllum skólastigum.

[10:39]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er dapurlegt að þurfa að standa hér og reka á eftir hæstv. menntamálaráðherra í því efni sem hér er um rætt, að koma af stað þekkingarmiðstöð fyrir blind og sjónskert börn. Því miður er þetta ekki einsdæmi því að við þekkjum að málefni heyrnarskertra og heyrnarlausra hafa líka verið látin reka á reiðanum hjá þessari ríkisstjórn.

Nú hefur borið svo við í menntamálanefnd að að öllum líkindum verður stórt og viðamikið frumvarp hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um réttarstöðu heyrnarlausra og réttarstöðu táknmálsins ekki afgreitt frá menntamálanefnd á þessu þingi þrátt fyrir að í orði kveðnu sé veruleg samstaða þingmanna úr öllum flokkum um það mál. Dæmið sem hér er tekið um þekkingarmiðstöð fyrir blind eða sjónskert börn er af sama toga. Í orði kveðnu eru þessi stjórnvöld öll af vilja gerð — en hvar eru efndirnar? Sleifarlagið er ófyrirgefanlegt. Hæstv. menntamálaráðherra verður að grípa í taumana, tala mun skýrar og ekki bara setja nefnd sem hún segir að eigi að vera aðgerðanefnd. Hér þarf aðgerðir og það strax. Auðvitað erum við að gera þetta allt of seint. Eins og ég segi er algerlega nauðsynlegt að við komum þannig fram að öllum sé tryggt aðgengi að þessu samfélagi. Blindum og sjónskertum börnum er ekki tryggt aðgengi að því öðruvísi en komið sé til móts við þær óskir sem þau hafa sett fram í þeim efnum.

[10:40]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Menntun sjónskertra og blindra snýst ekki eingöngu um rétt þeirra til kennslu við hæfi, heldur er þetta hreinlega spurning um mannréttindi þeirra einstaklinga sem búa við þessa fötlun. Það er alveg ljóst að allt frá því að sérdeild Álftamýrarskóla var lögð niður hefði önnur þjónusta þurft að koma í staðinn, eitthvað annað en að vísa menntun þessara barna og unglinga yfir í hið almenna skólakerfi, grunnskólana og framhaldsskólana. Þó að við Álftamýrarskóla starfi nú einn sérfræðingur til að sinna stuðningi við kennara er það engan veginn nóg. Tæplega

200 börn og unglingar þurfa á sérstakri aðstoð að halda og það sjá allir að það dugar ekki að hafa einn sérfræðing til að sinna þessum stóra hópi. Það gengur heldur ekki að við séum með sérdeild í hverjum einasta skóla því að sem betur fer er þetta ekki það algeng fötlun að það sé ástæða til að hafa sérdeild í hverjum skóla.

Sérfræðiþekkingin þarf að vera til staðar og öllum hefur verið ljóst að svona miðstöð, þekkingarmiðstöð, þarf að vera rekin af myndarskap og það að borgin, ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga komi að þessu máli á ekki að vera til að tefja. Þarfirnar eiga að ganga fyrir, greiðsluþátttaka þessara aðila og hvernig hún skiptist á svo að koma á eftir. Fyrst og fremst á að greina þarfirnar og þjónustuna og (Forseti hringir.) síðan á að ganga frá hinu á eftir.

[10:43]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Eftir að vandinn hefur legið fyrir árum saman var skipaður starfshópur. Starfshópurinn vann og hann skilaði niðurstöðu og það leið eitt ár og það leið annað ár og það er að líða þriðja árið — og þá gerðist það. Það var skipaður annar starfshópur. Og eftir tvo mánuði er kjörtímabilið búið.

Ég trúi því sem hæstv. menntamálaráðherra segir, að hér séu mörg kerfi sem þurfi að vinna saman og það gangi illa og það taki tíma og margir beri ábyrgð og það sé flókið og hún sé öll af vilja gerð. Virðulegur forseti. Þegar kerfið er þungt og silalegt og þegar kerfið virkar ekki og þegar réttindi eru brotin, ekki síst á börnum, þarf einmitt að taka af skarið. Og þegar kerfið virkar ekki í menntamálum fyrir hina verst settu er það menntamálaráðherrann yfir Íslandi sem þarf að taka af skarið — og enginn starfshópur. Það sem menntamálaráðherrann á Íslandi þarf að gera áður en hann lætur af embætti eftir tvo mánuði er að gefa út um það yfirlýsingu hér í þessum ræðustól að hann muni sjá til þess að stofnuð verði þekkingarmiðstöð til að þjóna þessum börnum. Og fyrir menntamálaráðherra, ríkisstjórn, ríkissjóð og Alþingi er þetta smámál. Þetta er spurningin um 3–4 stöðugildi.

Fyrir þau börn sem hér eiga hlut að máli er þetta hins vegar stórmál og ekki síður fyrir aðstandendur þeirra. Ég hvet hæstv. menntamálaráðherra til að sýna sinn góða vilja í verki, og til að taka af öll tvímæli um það að því ástandi sem ég held að fólk úr öllum flokkum geti verið sammála um að sé ekki boðlegt ljúki, og þegar skólaárið hefjist í haust geti blind og sjónskert skólabörn treyst því að aðstoð verði hægt að sækja í þekkingarmiðstöð sem þjónar þeim.

[10:45]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Frú forseti. Það er auðvitað dæmigert fyrir forgangsröðun hjá núverandi ríkisstjórn að við þurfum á síðasta starfsdegi þingsins að kalla eftir sjálfsagðri þjónustu við blinda og sjónskerta og ýmsa aðra hópa sem eiga við fötlun að stríða því að velferðarþjónustan og ríkisstjórnin hefur brugðist þessu fólki.

Á dögunum var fréttaflutningur af því að gefin hefðu verið tæki til að auðvelda blindum börnum að sjá og ná einhverri færni vegna fötlunar sinnar. Þar kom fram að nú hafi þessi tæki beðið í sjö mánuði vegna þess að húsnæði vantaði og það var vísað á nefnd þriggja ráðuneyta sem ekki hefði skilað niðurstöðu sinni. Ég vil af tilefni þessarar umræðu hér spyrja hæstv. ráðherra, vegna þess að ráðuneyti hennar var eitt af þeim sem nefnt var í þessu sambandi: Hversu lengi eiga þessi tæki að bíða og hversu lengi eiga þessi blindu börn, sem eru u.þ.b. 30, ef fréttin var rétt, að bíða?

Ég ítreka það hér að þessi ríkisstjórn hefur tvo mánuði til aðgerða. Það er búið að tala nóg, það þýðir ekki að vísa til einhverra aðgerðahópa, ráðherra verður að grípa til aðgerða. Ég hvet hana til þess að leysa þennan vanda með tækin sem eru enn í kössunum. Það er ástæðulaust að láta þessi börn bíða og líða fyrir það.

[10:47]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er nákvæmlega verið að gera það sem hv. þingmaður sagði áðan. Það er verið að taka af skarið. Það er alveg ljóst að það eru þarfirnar sem þurfa að ganga fyrir og kerfið verður einfaldlega að laga sig að þörfunum. Það er þess vegna sem ég skipaði framkvæmdahóp sem hefur það markmið að koma þekkingarmiðstöð á laggirnar en það er ekki menntamálaráðuneytið eitt og sér sem stendur að slíkri þekkingarmiðstöð. Þess vegna hef ég ákveðið að fara þessa leið í samráði við Blindrafélagið þar sem að koma þeir aðilar sem þurfa að koma að, sem eru sveitarfélögin, þ.e. Reykjavíkurborg.

Borgarstjóri er búinn að lýsa yfir sínum vilja, grípa þarf þann vilja. Heilbrigðisráðherra er búinn að lýsa yfir sínum vilja, grípa þarf þann vilja og nýta hann. Félagsmálaráðherra líka. Þess vegna eigum við að nýta þann vilja sem er til staðar núna og fara í þessar aðgerðir, nota þann vilja sem er til staðar að menn eru reiðubúnir, á grundvelli faglegrar skýrslu sem hefur verið unnin, m.a. af þessum erlendu sérfræðingum, til að fara í þær aðgerðir sem við þurfum á að halda til þess að öllum börnum landsins verði sinnt. Um það erum við sammála og þess vegna ætlum við að halda áfram að fara eftir þeim tilmælum sem koma m.a. fram í skýrslunni til að sinna þörfum þeirra barna sem við erum að ræða um hér í dag.

[10:48]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að óska hæstv. menntamálaráðherra til hamingju með enn einn starfshópinn. Það er bara búið að tala nóg, það er staðreynd málsins.

Núna, um mitt árið 2007, eru einstakir hópar fatlaðra Íslendinga að berjast dag hvern fyrir því sem er almennt viðurkennt sem grundvallarmannréttindi þeirra, þ.e. jafnt aðgengi á við aðra Íslendinga að skólagöngu og annarri grunnþjónustu í íslensku velferðar- og skólakerfi. Þetta eru sjálfsögð mál og þess vegna getur það ekki flokkast undir neitt annað en blaður að hlusta á það að stjórnvöld ætli að skipa enn einn starfshópinn, fá vilja þessara og hinna aðilanna og allir séu fullir af velvilja. Þetta er, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar sagði áðan, spurning um smáaura. Þetta er spurning um örfá stöðugildi, stærsta spurningin er hins veg-

ar um pólitíska vilja. Þetta er spurning um pólitíska metnað íslensku ríkisstjórnarinnar til að búa þannig um hnúta að allir þessir hópar, hvort sem þeir eru blindir, fatlaðir eða skertir að einhverju öðru leyti, hafi jafnt aðgengi að samfélaginu á við okkur hin sem erum það ekki.

Við vitum að hv. þingmaður frjálslyndra og óháð nú, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, hefur flutt þingmál sitt um táknmálið og réttindi heyrnarlausra mörgum sinnum á Alþingi og við erum nokkur í salnum sem höfum flutt það með henni. Það er að sjálfsögðu verið að gera hana að aðhlátursefni með því að gefa henni vonir um það aftur og aftur að málið verði afgreitt úr menntamálanefnd því það verður það örugglega ekki. Það er ekki á dagskrá hinna 80 mála sem fyrir þinginu liggja í dag. Það er ekkert sem bendir til þess að þetta mál, sem er eitt mesta mannréttindamál sem liggur fyrir þinginu, verði afgreitt úr menntamálanefnd. Það er ástæða til að nota tækifærið nú á síðasta opinbera starfsdegi þingsins til að skora á hæstv. menntamálaráðherra og forseta þingsins að beita sér fyrir því, að ég tali ekki um hv. formann menntamálanefndar, að málið verði (Forseti hringir.) afgreitt úr þeirri nefnd og málið verði gert að lögum.

[10:50]

**Útbýting:**

Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 385. mál, þskj. 1084.

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 561. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1207.

### *Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður, í stað Árna Páls Árnasonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.*

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Páll Halldórsson eðlisfræðingur.

Þar sem varamaður hafði verið kosinn aðalmaður lagði forseti til að kosinn yrði nýr varamaður. Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Heiða Björg Pálmadóttir lögfræðingur.

### *Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frh. 1. umr.*

Frv. umhvn., 693. mál (grunnur skilagjalds). — Þskj. 1097.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.

### *Úrvinnslugjald, frh. 1. umr.*

Frv. umhvn., 694. mál (umbúðanúmer og prósentutölur). — Þskj. 1105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

### *Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 1. umr.*

Stjfrv., 686. mál (metangasbifreiðar). — Þskj. 1069.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Egyptalands, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 684. mál. — Þskj. 1067.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.*

Stjtill., 449. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 577, nál. 1094.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]

Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GAK, HHj, ISG, IHÓ, JÁ, JBjarn, JBjart, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SF) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1211).

***Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.***

Stjtill., 571. mál (félagaréttur). — Þskj. 849, nál. 1092.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GAK, HHj, ISG, IHÓ, JÁ, JBjarn, JBjart, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SF) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1212).

***Breyting á XIX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.***

Stjtill., 572. mál (neytendavernd). — Þskj. 850, nál. 1093.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:57]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HerdS, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GAK, HBl, HHj, ISG, IHÓ, JÁ, JBjarn, JBjart, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SF) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1213).

***Trjáræktarsetur sjávarbyggða, frh. síðari umr.***

Þáltill. GHj o.fl., 51. mál. — Þskj. 51, nál. 1127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:57]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (ÁRJ, GÓJ, SæS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GÞÞ, HHj, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JBjart, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GÓJ) greiddi ekki atkv.
22 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÞÞ, HHj, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JBjart, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SF, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1214).

***Íslenskur ríkisborgararéttur, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 464. mál (próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 643, nál. 1070, brtt. 1071.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1071 samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr., inngmgr., a–b og 1.–2. tl. c-liðar, svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

5. gr., 3.–5. tl. c-liðar, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS, ÞKG.
20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, EMS, GAK, IHÓ, JÁ, JBjarn, JBjart, KHG, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SF, VF) fjarstaddir.

5. gr., 6. tl. c-liðar og d–e-liðir, svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
6.–8. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

***Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 465. mál (aukin refsivernd lögreglu). — Þskj. 644, nál. 1009.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

***Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 466. mál (eignarhald prestssetra, skipan sóknarpresta). — Þskj. 645, nál. 1052.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞSveinb.
7 þm. (JBjarn, KolH, MÁ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, EMS, GAK, HBl, IHÓ, JÁ, JBjart, KHG, MÞH, SigurjÞ, SF, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:04]
**Kolbrún Halldórsdóttir:**
Hæstv. forseti. Við greiðum atkvæði um frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Við 2. umr. um málið komu upp ákveðin álitamál sem ég lýsti yfir í umræðunni að ég óskaði eftir eða vildi gefa mér svigrúm til að kanna betur á milli umræðna, 2. og 3. umr. Það var í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem þessum álitamálum var varpað fram. Við ætlum að gefa okkur tíma milli umræðnanna til að skoða nánar þá þætti sem þar var komið inn á og munum því við þessa atkvæðagreiðslu málsins sitja hjá, hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

2.–7. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, LB, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, JBjarn, KolH, MÁ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, EMS, GAK, IHÓ, JÁ, JBjart, KHG, KLM, MÞH, SigurjÞ, SF) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

***Vísitala neysluverðs, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 576. mál (viðmiðunartími, EES-reglur). — Þskj. 854, nál. 1061.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:06]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. og ákvæði til brb. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

***Lögmenn, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 653. mál (EES-reglur). — Þskj. 972, nál. 1051.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:07]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

***Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., frh. 2. umr.***

Stjfrv., 654. mál (leyfisveitingar sýslumanna). — Þskj. 980, nál. 1072, brtt. 1073.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:08]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1073,1 (ný 3. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
4.–13. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1073,2 samþ. með 49 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
15.–21. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

***Skipulögð leit að krabbameini í ristli, frh. fyrri umr.***

Þáltill. DrH o.fl., 221. mál. — Þskj. 222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Umferðarlög, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 195. mál (hlífðarfatnaður bifhjólamanna). — Þskj. 196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. LRM o.fl., 553. mál. — Þskj. 825.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Áfengislög, frh. 1. umr.***

Frv. GAK o.fl., 67. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 67.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Umferðarlög, frh. 1. umr.***

Frv. HjÁ o.fl., 96. mál (hægri beygja á móti rauðu ljósi). — Þskj. 96.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 24. og 80. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

***Um fundarstjórn.***

Þingstörfin fram undan.

[11:13]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Fyrir þessum fundi liggja 80 dagskrármál. Á borðum og í hillum í hliðarherbergi eru allir rekkar að fyllast, rúma ekki þau mál sem verið er að skófla inn á borðin og inn í þingsalinn, en ég vek athygli hæstv. forseta þingsins á því að samkvæmt starfsáætlun á þinghaldi að ljúka í dag. Nú viljum við fá botn í þessi mál.

Á þinghaldi að ljúka í dag eða á að framlengja þinghaldið?

Ég vek einnig athygli á því að sérnefnd um stjórnarskrá Íslands hefur setið að störfum á maraþonfundum til þess að ræða þær tillögur sem formenn stjórnarflokkanna báru inn á borð Alþingis fyrir fáeinum dögum. Mér býður í grun að hér sé á ferðinni pólitískur loddaraleikur, sviðsettur af Framsóknarflokknum. (Gripið fram í.) Hvert verður framhald þessa máls? Við krefjumst svara frá forseta Alþingis um verkstjórnina hér á síðustu dögum þingsins, eða síðustu klukkutímum þingsins ef við eigum að taka starfsáætlun þess alvarlega. Við höfum boðið, af hálfu stjórnarandstöðunnar, að lengja þinghaldið til þess að við getum fjallað á vandaðan hátt um stjórnarskipunarlög Íslands. Við eigum að sýna stjórnarskrá lýðveldisins þá virðingu sem henni ber. Við frábiðjum okkur allan loddaraleik í þeim efnum.

[11:14]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að nefndir Alþingis hafa verið afkastamiklar og eru búnar að afgreiða frá sér mörg mál sem eru komin á dagskrá og mörg þingskjöl eru komin í hliðarherbergi. Mér finnst ekkert hægt að finna að slíku, mér finnst ánægjulegt að nefndir þingsins hafi getað lokið afgreiðslu svo margra góðra mála.

Hvað varðar síðan lyktir þingstarfa er ljóst að enn er margt ógert í þinginu en ég geri ráð fyrir, og hef gert ráð fyrir, að forustumenn flokkanna og þingflokkanna og forseti Alþingis muni í dag tala saman um þau mál og kanna hvort grundvöllur er fyrir einhvers konar samkomulagi um hvernig megi ganga hér frá málum þannig að allir hafi fullan sóma af. (**MÁ:** Talarðu fyrir hönd forseta Alþingis?) (**Gripið fram í:** Hver stjórnar þinginu?)

[11:16]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Það er að sjálfsögðu forseti Alþingis sem stjórnar Alþingi (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) ef hv. þingmönnum hefur ekki verið það ljóst. Hæstv. forsætisráðherra er hins vegar í sérstökum tengslum við forseta í þessu sambandi. Það verður hugað að fundi á eftir.

[11:16]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Það mun ekki standa á okkur í stjórnarandstöðunni að greiða fyrir þingstörfum til þess að hægt sé að ljúka þeim málum sem sátt næst um, en til þess að sátt náist þurfa menn að tala saman. Það er út af fyrir sig ágætt að hæstv. forsætisráðherra hlutist til um að hér verði haldnir fundir með oddvitum þingflokka, og flokka eftir atvikum, til að reyna að ná þeirri sátt. Ekki hefur enn verið boðað til neins fundar um það. Hins vegar vildi ég benda hæstv. forseta á að enn starfar sérnefnd um stjórnarskrármál og hún hefur ekki enn lokið fyrstu yfirferð sem felst í því að kalla fyrir nefndina ýmsa sérfræðinga. Hefur ekki verið hlaðið á

nefndina neinum miklum óskum af okkur í stjórnarandstöðunni. Það eru aðrir sem hafa haft veg og vanda af því.

Það er hins vegar alveg ljóst að ef nefndin á að geta lokið störfum þarf hún að fá verulegt rými til að geta farið yfir þau gögn sem henni hafa borist og umsagnir, og freista þess eftir atvikum að ná samstöðu um málið. Það vantar ekki viljann hjá okkur í stjórnarandstöðunni til þess. Það kann að vera að hann skorti einhvers staðar annars staðar. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. forseta hvort hún hygðist með einhverjum hætti fresta fundum þingsins í dag til að gefa stjórnarskrárnefndinni færi á að hittast — eða hvenær á að leyfa sérnefndinni að fá tíma til að fara yfir þessi mál? Í fyrsta kasti þarf hún að ljúka því að kalla fyrir sig ýmsa aðila sem nefndarmenn hafa óskað eftir en hún á síðan algerlega eftir að ræða málið. Til þess þarf hún drjúgan tíma sýnist mér miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið innan nefndarinnar. Á þetta vildi ég í fullri vinsemd benda hæstv. forseta til þess að sjálfsögðu að greiða fyrir þingstörfum.

[11:18]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er ekki nógu góður bragur á því að við skulum hér vera stödd þann dag sem starfsáætlun þingsins gerir ráð fyrir að þingi verði lokið og við vitum ekki hversu lengi á að halda áfram. Ég er þó ekki að kveinka mér undan því álagi sem alltaf fylgir síðustu dögum þings. Það er eðlilegt og undir það göngumst við.

Hins vegar hlýtur líka að teljast eðlilegt að rætt sé við stjórnarandstöðuna fyrr en nú virðist eiga að gera. Hæstv. forsætisráðherra lætur okkur vita hér að til standi að ræða við stjórnarandstöðuna þegar líður á daginn. (**Gripið fram í:** Það er gaman að því.) Já, já, það er allt í fína að eiga von á því. Auðvitað munum við ekki skorast undan að mæta á þann fund frekar en við skorumst undan því að mæta á fundi í nefndum þingsins til að taka út fjöldann allan af málum í miklum ágreiningi, sum hver, svo að ég upplýsi hæstv. forsætisráðherra um ýmislegt af því sem er að gerast í nefndum þingsins. Það hefur gerst síðustu tvo daga sem við í raun og veru héldum að kæmi ekki til, það hafði ekkert bent til þess að mikil ágreiningsmál yrðu tekin út úr nefndunum á síðasta sprettinum. En það hefur nú verið gert.

Í ljósi þessa alls hlýtur að vera eðlilegt að hæstv. forseti Alþingis kalli stjórnarandstöðuna til samráðsfundar um þetta áður en lengra er haldið. Það hlýtur að vera eðlilegt að gera kröfu um slíkt af því að við viljum öll ljúka þinghaldinu í sátt. Ef við náum ekki sátt um það hvernig þinghaldinu á að ljúka, hvernig ætlum við þá að ná sátt um önnur mál stærri sem eru í sérnefndum?

[11:20]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hvernig hyggst forseti þingsins stýra þinghaldinu í dag? Hvenær verða formenn þingflokka kallaðir til samráðs, eða a.m.k. samræðu, um þinghaldið í dag? Ég vil fá að vita þetta núna.

[11:21]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Eins og hér hefur komið fram eru 80 mál sett á dagskrá í dag. Samkvæmt þeirri starfsáætlun Alþingis sem gildir enn á þingi að ljúka í dag. Hæstv. forsætisráðherra svaraði því ekki að það ætti neitt að breyta þinglokum þannig að það verður þá að skoðast sem óbreytt að þinglok eigi að verða í dag. Hæstv. forsætisráðherra var spurður og taldi ekki neinar breytingar þar á.

Hins vegar tilkynnti forsætisráðherra forseta þingsins að til stæði að kalla saman þingflokksformenn til að fara yfir dagskrána. Ég spyr hæstv. forseta hvort ekki sé ráð ef ljúka á þinghaldi í dag að gera nú þegar þinghlé og forseti og forsætisráðherra fari ásamt formönnum þingflokka yfir dagskrána og hvað sé brýnt að afgreiða, annað geti þá beðið sumarþings. Ef við ætlum við að ljúka þinginu í dag, eins og dagskráin segir til um, sýnist mér þörf á að fara yfir þessa dagskrá nú þegar.

Ég legg til við hæstv. forseta þingsins að gert verði nú þegar hlé á störfum þingsins, forsvarsmenn þingflokkanna kallaðir saman og farið yfir þessi mál eins og hér er ýjað að að standi til að gera.

[11:23]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti gerir ráð fyrir því að fylgja hinni prentuðu dagskrá er hér liggur fyrir en mun að sjálfsögðu kanna hvenær unnt verður að halda fund með formönnum þingflokka og forseta.

[11:23]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég geri enga athugasemd við það að hér sé fylgt prentaðri dagskrá. Ég vil einungis ítreka það sem ég benti á áðan, við erum í miðjum klíðum í sérnefndinni um stjórnlagafrumvarpið. Við þurfum í sjálfu sér ekki mikinn tíma til að ljúka fyrstu yfirferð, þ.e. fyrirtöku, en hins vegar tel ég að það sé nokkurra klukkustunda vinna í bara því að komast til botns í því hvort hægt sé að ná samstöðu um að breyta málinu og leggja það þannig fyrir þingið.

Ég spyr hæstv. forseta með tilliti til þess að hún telur sjálf að hér sé samkomulag um mjög mörg mál og ætti að vera auðvelt að ljúka þeim: Hvenær ætlar forseti að gefa tíma fyrir sérnefndina til að starfa og komast a.m.k. að einhvers konar niðurstöðu um framhald málsins? Ég held að það mundi flýta fyrir þinglokum og hugsanlega leiða til þess að hægt yrði að ljúka þingi fyrir miðja næstu viku, og hugsanlega fyrir helgi ef það væri hægt að gefa sérnefndinni færi á að a.m.k. láta glitta til botns í því máli. (Gripið fram í.)

[11:24]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill upplýsa það að ekki hefur borist nein beiðni frá sérnefnd um stjórnarskrármál um að gera hlé á fundum þingsins til að hún hafi ráðrúm til að halda fleiri fundi í þessari nefnd. (**ÖS:** Kannski er formaðurinn ...) Að sjálfsögðu mun forseti taka það til skoðunar ef slík beiðni berst.

[11:25]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Í dag dugði ekkert minna en blað upp á stærðina A-3 til að koma fyrir öllum málum sem eru á dagskrá á þessum 89. fundi. 80 mál eru á þessu skjali (**Gripið fram í:** 20 búin.) og ég held að flestir þingmenn hljóti að vera mjög hugsi yfir því hvernig í ósköpunum við ætlum að komast í gegnum þetta og samtímis halda áætlun. Ég hygg að þjóðin spyrji sig hins sama, a.m.k. hef ég fengið fjölmörg símtöl bæði frá fjölmiðlum en líka frá almenningi þar sem spurt hefur verið hvenær þessu þingi ljúki, og líka með hvaða hætti.

Ég átti satt best að segja von á því í gær að formenn þingflokka yrðu kallaðir á fund til hæstv. forseta Alþingis til að ræða um þinglokin og fara yfir það hvernig við ætluðum að lenda þessum stóra pakka sem við höfum fyrir framan okkur. Ég sem þingflokksformaður Frjálslynda flokksins varð ekki var við að það bærist nein beiðni um það eða kall um það að þingflokksformenn ættu að koma til fundar til að ræða þetta sem er þó mjög brýnt, verð ég að segja, því að við höfum fyrir framan okkur mörg mjög stór mál. Þetta er ekki allt í sátt, það er líka ágreiningur. Það má búast við því að fjölmargir þingmenn þurfi að tjá sig bæði vel og lengi um mörg þeirra mála sem eru hér á dagskrá og eru núna fyrst að koma til 2. umr., stór og þung þingmál sem skipta að sjálfsögðu miklu máli.

Ég vildi leggja fram þá tillögu eða hugmynd að fundi yrði nú frestað og formenn þingflokka kallaðir á fund hjá forseta þar sem við settumst niður og reyndum að fara yfir það og gera upp hug okkar til þess hvaða mál við teljum að okkur sé rétt og skylt að reyna að afgreiða héðan sem fullbúin lög og þingsályktanir en vinsa hitt úr sem frekar má bíða, þau mál sem kannski eru ekki orðin nægilega þroskuð í vinnuferli okkar á Alþingi til þess að verða að lögum og geta því hæglega beðið haustsins. Ég held að það væri skynsamlegt, virðulegi forseti, að reyna að vinna þetta svona. Sú staða sem við stöndum frammi fyrir núna þar sem við höfum þennan mikla fjölda mála fyrir framan okkur, þar sem við vitum ekki hvernig við ætlum að fara að því að ljúka þessu þingi, er mjög slæm og (Forseti hringir.) ekki til mikils sóma fyrir Alþingi.

[11:28]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti þakkar fyrir góðar ábendingar hv. þingmanns en forseti ber fullt traust til hv. þingmanna um að ljúka hér þingstörfum svo að sómi sé að, enda vanir menn.

## *Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 2. umr.*

Stjfrv., 669. mál (sauðfjársamningur). — Þskj. 1020, nál. 1104 og 1153, brtt. 1121 og 1124.

[11:29]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson og Atla Má Ingólfsson frá landbúnaðarráðuneyti, Jóhannes Sigfússon, Jóhönnu Pálmadóttur, Fanneyju Ólöfu Lárusdóttur og Björn Elíson frá Landssamtökum sauðfjárbænda, Gunnar Sæmundsson frá Bændasamtökum Íslands, Jóhannes Gunnarsson og Ólaf Klemensson frá Neytendasamtökunum og Stefán Úlfarsson frá ASÍ. Þá hefur nefndinni borist umsögn frá Samtökum verslunar og þjónustu.

Frumvarp þetta er samið á grundvelli samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar milli ríkis og Bændasamtaka Íslands frá 25. janúar 2007. Samningurinn er gerður á grundvelli 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og er markmið hans einkum að efla framþróun innan sauðfjárræktar, stuðla að sjálfbærri nýtingu, tryggja jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar, bæta afkomu sauðfjárbænda og styrkja landsbyggðina. Gildistími er til sex ára frá 1. janúar 2008.

Í samningnum er gerð grein fyrir því hvernig heildarframlög ríkisins til sauðfjárbænda skuli skiptast milli mismunandi flokka, þ.e. beingreiðslu, gæðastýringar, ullarnýtingar, markaðsstarfs og birgðahalds, nýliðunar- og átaksverkefna og svæðisbundins stuðnings. Bændasamtök Íslands munu hafa umsjón með ráðstöfun á hluta þessa fjár og setja sér verklagsreglur um úthlutun greiðslna sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Heildarframlög ríkisins munu lækka ár frá ári út samningstímann, þ.e. munu fara úr 3.348 millj. kr. á ári í upphafi og verða á lokaári samningsins 3.197 millj. kr.

Samningurinn gerir ráð fyrir að reglur um greiðslumark og aðilaskipti að því haldist óbreyttar. Skráð greiðslumark er ákveðið viðmið sem veitir handhafa rétt til beingreiðslna úr ríkissjóði í réttu hlutfalli við tiltekinn fjölda ærgilda. Greiðslumarkið er bundið við lögbýli og er framsal þess milli lögbýla heimilt að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Lagt er til að jöfnunargreiðslur verði framvegis umreiknaðar í greiðslumark og mun heildargreiðslumark því aukast í samræmi við það og verða 368.457 ærgildi. Heildarbeingreiðslur á ári munu að öðru leyti skiptast hlutfallslega eins milli lögbýla og á árinu 2007. Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar munu aukast og greiðslur vegna ullarframleiðslu haldast óbreyttar sem lýsir áframhaldandi áherslu samningsaðila á ullargæði. Aukin áhersla verður lögð á markaðsstarf sauðfjárbænda en þó munu framlög til þessa flokks, að meðtöldu birgðahaldi, lækka á samningstímanum. Framlög til nýliðunar hafa ekki verið útfærð. Af framangreindu leiðir að hlutfall samningsfjárhæðar sem greitt er beint til bænda hækkar á samningstímanum. Þá er í samningnum að finna sérstakt ákvæði um búskaparlok sem felur í sér að bændur sem orðnir eru 64 ára eiga þess kost að láta af framleiðslu en halda óskertum beingreiðslum.

Í samningnum er gengið út frá því að hvor samningsaðili geti óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum samningsins og einnig er fyrirvari gerður um endurskoðun ef forsendur breytast í kjölfar samningaviðræðna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Þrátt fyrir að frumvarp þetta sé samið á grundvelli samnings um skilyrði sauðfjárræktar er í því einnig að finna nokkrar breytingar á ákvæðum laganna sem ekki leiðir beint af efni samningsins, samanber t.d. 16. og 22. gr. frumvarpsins. Hins vegar ber að geta þess að í tengslum við afnám útflutningsskyldu er lagt til í 21. gr. að samningsskylda Bændasamtaka Íslands og sláturleyfishafa um verkaskiptingu við slátrun og verkun sauðfjár- og stórgripaafurða til sölu á erlendum markaði verði felld brott.

Við umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að veigamesta breytingin og sú sem mestur styr hefur staðið um varðar afnám útflutningsskyldu kindakjöts frá 1. júní 2009. Bændasamtökin hafa lýst yfir þeirri skoðun sinni að þrátt fyrir að samkomulag hafi tekist um þetta umdeilda atriði hafi ekki staðið til að leggja fram lagabreytingu þessa efnis fyrr en á hausti komanda. Að öðru leyti eru samningsaðilar á einu máli um að nýi samningurinn sé gegnsærri en gildandi samningur sem jafnframt á að leiða til þess að lagatextinn verði skýrari. Því til stuðnings má benda á þær greinar frumvarpsins sem varða breytingar á fyrirkomulagi gæðastýringar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Bjarnason og Gunnar Örlygsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Jón áskilur sér jafnframt rétt til að koma fram með eða styðja breytingartillögu.

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Undir nefndarálitið rita Drífa Hjartardóttir, Jón Kristjánsson, Gunnar Örlygsson, með fyrirvara, Guðmundur Hallvarðsson, Birkir J. Jónsson, og Jón Bjarnason, með fyrirvara.

[11:35]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka formanni landbúnaðarnefndar fyrir þetta nefndarálit. Eins og kom fram við 1. umr. um málið deila menn ekki um að full þörf er á stuðningi við sauðfjárbændur og full ástæða til að veita verulega fjármuni til þess. Það er hins vegar spurning um hvernig farið er að og ég hlýt að spyrja formann landbúnaðarnefndar: Hvernig stendur á því að það Alþingi sem nú er verið að senda heim og hefur lokið kjörtíma sínum, sem var fyrir árin 2003 til vorsins 2007, á hér á síðasta degi sínum að taka til afgreiðslu fyrirkomulag stuðnings við sauðfjárbændur og samning við þá sem taka á gildi á miðju ári 2008 og gilda til ársins 2014? Er það ekki óeðlilegt að það þing sem núna er að fara heim, verður umboðslaust eftir tvo mánuði, sé að binda svo mikilvægan málaflokk til svo langs tíma í samningum í stað þess að eftirláta það nýju þingi sem kjörið verður í maí og þeirri nýju ríkisstjórn sem þá verður mynduð, þannig að hún hafi fullt forræði á jafnmikilvægum málaflokki eins og þessum? Eða er eitthvað sem rekur okkur til þess að afgreiða þetta núna eina mínútu í miðnætti?

[11:37]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar spyr hvort þörf sé á því að ganga frá samningi við bændur núna áður en þessu kjörtímabili lýkur. Þannig er með búskapinn að það þarf alltaf svolítinn fyrirvara á öllu. Menn geta ekki tekið mjög afdrifaríkar ákvarðanir með stuttum fyrirvara, menn verða að vita nokkuð fram í tímann hvernig samningar eru. Ég tel því að það skipti afskaplega miklu máli að gengið sé frá sauðfjársamningi núna. Í vor byrjar sauðburður og í haust þarf að ákveða ásetning og fleira þannig að menn verða að vita alltaf eitthvað fram í tímann hvernig framtíðin er og bændur leggja mikla áherslu á að þessi samningur verði samþykktur núna. Það er búið að gera þennan samning milli Bændasamtakanna og ríkisvaldsins og ég held að pólitískt séð skipti það kannski ekki öllu máli en ég held að það skipti mestu máli fyrir þessa atvinnugrein að hún hafi þann stöðugleika að hún viti hvernig framtíðin lítur út nokkur ár fram í tímann.

[11:38]

**Helgi Hjörvar** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég tók fram í fyrra andsvari mínu deila menn ekki um að styðja þarf við sauðfjárbændur en vandinn við það fyrirkomulag sem við höfum haft hefur verið sá að það virðist ekki hafa gagnast sauðfjárbændum til að hafa þá framfærslu sem við hljótum að ætla að þurfi á okkar tímum né heldur neytendum til að njóta þess vöruverðs sem við gerum kröfu til árið 2007. Það hlýtur auðvitað að segja hverjum skynsömum manni að það gefi fullt tilefni til að yfirvega vel og endurskoða með hvaða hætti staðið er að þessum stuðningi.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti að mér finnst það vont verklag þegar þing sem er að fara frá og ríkisstjórn sem er að fara frá semur til lengri tíma en eins kjörtímabils inn í framtíðina, í þessu tilfelli þing sem er að hætta í maí 2007 semur fyrir tímabilið frá síðari hluta árs 2008 og fram til ársins 2014. Ég tel að miklu betur færi á því — því auðvitað þurfa menn að skipuleggja sig fram í tímann — að ný ríkisstjórn hefji kjörtímabil á að gera samninga til viðlíka tíma og kjörtímabilin eru, fjögur ár, því að umboð okkar nær einfaldlega fram í maí og við verðum að ætla því þingi sem hér kemur saman í haust svigrúm til ákvarðana og endurskoðunar í jafnmikilsverðum málum og þessu og sérstaklega þegar þessi fjárstuðningur, sem út af fyrir sig er ekki deilt um, hefur ekki verið að skila meiri árangri en raun ber vitni, hvorki fyrir sauðfjárbændur né fyrir neytendur.

[11:40]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sama umræðan kemur alltaf upp á þingi varðandi bændur og framfærslu sauðfjárbænda. Ég verð bara að upplýsa hv. þingmann um að það hefur gerbreyst. Það hefur gerbreyst undanfarin ár. Búin hafa verið að stækka, en mesta byggðaaðgerðin sem við getum gert í rauninni fyrir þessar veiku byggðir okkar er þessi sauðfjársamningur. Ég lít á hann sem mikla byggðaaðgerð. Ef við

lítum á svæði eins og Strandir, Norðvesturland, Norðausturland, norðausturhornið, Suðurland og Suðausturland, þá byggir t.d. Suðausturland afkomu sína að mestu leyti á sauðfjárrækt og ferðaþjónustu. Það er bara þannig og ef sauðfjárræktin leggst af í þeim héruðum þá verður mjög erfitt að halda uppi einhverri byggð og í rauninni er sauðfjárræktin sú atvinnugrein sem eiginlega tengir ferðaþjónustuna mest á því svæði. Ég lít þannig á að þetta sé mikil byggðaaðgerð og mikilvægt sé að þessi samningur verði að veruleika og það er afskaplega mikilvægt að bændur geti skipulagt sig fram í tímann og þess vegna dugir ekki að koma með samning í haust sem á að taka gildi um áramót 2008.

[11:42]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek alveg undir þau orð að sauðfjárræktin í landinu er gríðarlega mikilvæg til nýtingar landkosta okkar, til að tryggja öfluga búsetu vítt og breitt um landið og einnig er úrvinnsla úr sauðfjárafurðum gríðarlega mikill þáttur í matvælavinnslu okkar og tækniþróun. Einnig eru það miklir hagsmunir fyrir neytendur að eiga trygga og örugga framleiðslu og framboð á hollum matvörum, enda hefur það sýnt sig í nýlegri könnun að íslenskir neytendur leggja mikla áherslu á öflugan íslenskan landbúnað og góðar og hollar vörur sem hann framleiðir og vill eiga tryggan aðgang að þeim.

Ég tek líka undir að gera þarf samninginn með nokkrum fyrirvara því að ferlið er langt í landbúnaðinum. Þess vegna spyr ég hv. þm. Drífu Hjartardóttur: Hvers vegna var farið gegn vilja bænda með að ríkið eða ráðherra mundi áfram hafa heimild til að grípa til skipulegs útflutnings, ef á þyrfti að halda, til að tryggja öryggi framleiðslunnar, markaðarins og framtíðarhagsmuni neytenda með aðgengi að þessum vörum? Ég er með bréf, sem ég kem að í seinna andsvari mínu, sem undirstrikar vilja bænda í þessum efnum og ég spyr því hv. þingmann: Hvers vegna samninganefndin og reyndar landbúnaðarnefnd, ég lagði til í landbúnaðarnefnd að við tækjum þetta upp þar, hafnaði því að taka útflutningsskylduna inn sem heimild.

[11:44]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bara þannig að í þessum samningi sem var undirritaður fyrir hönd beggja aðila á útflutningsskyldan að falla niður 2009. Þannig er gengið frá því. En það er alveg rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni að bændur vildu ekki að það kæmi inn í lagatexta fyrr en á næsta ári. Það er alveg hárrétt. En samningurinn lítur svona út eins og hann var lagður fyrir Alþingi og undirritaður af þessum aðilum, og það er rétt að þeir gerðu athugasemdir við þetta en ég ber ekki ábyrgð á samningnum sem slíkum. Það gerir fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og Bændasamtök Íslands.

[11:45]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Eitt af stærstu ágreiningsmálunum við samningsgerðina var hvort áfram skyldi vera heimild til að beita útflutningsskyldu til að tryggja öryggi markaðarins, framleiðslunnar og framboðsins til lengri tíma gagnvart neytendum. Bændum var stillt upp við vegg hvað þetta varðaði, af hálfu hins hluta samninganefndarinnar, þ.e. hluta ríkisins, var þetta eitt af skilyrðunum sem þeir eiga að uppfylla en þá töldu þeir sig samt vera með það í hendi að lagatextanum sem varðaði útflutningsskylduna yrði ekki breytt fyrr en eftir ár eða á næsta þingi. Þannig var þetta kynnt meðal bænda eins og kemur fram í bréfi sem hluti samninganefndar bænda skrifaði undir þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í öllu kynningarferlinu var bændum greint frá þessu," — þ.e. að lagaákvæði varðandi útflutningsskylduna kæmi ekki inn fyrr en á næsta ári þannig að við hefðum þá eitt ár til að meta það hvort það skyldi falla út eða ekki. „Á þessum fundi voru annars vegar fulltrúar bænda og hins vegar fulltrúi landbúnaðarráðherra eða aðstoðarmaður hans og tóku undir þetta sjónarmið, eða mótmæltu ekki." — Síðan koma lögin með allt öðrum hætti en höfðu verið kynnt þarna, þ.e. lagaákvæðið um að fella útflutningsskylduna strax niður kemur nú inn í þetta frumvarp. Ég leyfi mér að vitna til síðustu orða í bréfi þessara samningamanna þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við undirrituð mótmælum þessu harðlega og skorum á landbúnaðarnefnd Alþingis að sjá til þess að við áðurnefnd fyrirheit verði staðið."

Það var fullkomlega útlátalaust við feril þessa máls að láta lagaákvæðið hvað þetta varðaði bíða til næsta árs og meta þá stöðuna upp á nýtt ef á þyrfti að halda. Ég flyt breytingartillögu þess efnis, (Forseti hringir.) frú forseti.

[11:47]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hv. þm. Jón Bjarnason heldur áfram að ræða þetta mál en það kom fram í landbúnaðarnefnd að vegna þess að þetta er sett inn í lögin núna voru þetta 300 millj. inn í samninginn til að mæta þessari stöðu hjá bændum. Það voru settar 300 millj. kr. inn í samninginn í staðinn. Ef það á að breyta þessu hefði þurft að taka þann samning upp og lækka um þessar 300 millj., taka þær til baka.

[11:48]

**Frsm. minni hluta landbn. (Anna Kristín Gunnarsdóttir)**:

Virðulegi forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti frá minni hluta landbúnaðarnefndar. Meginákersla og markmið Samfylkingarinnar er að stuðningur við landbúnaðinn nýtist bændum og íslenskum neytendum, skapi framþróun í greininni og sé árangursríkur stuðningur við atvinnulíf á landsbyggðinni.

Samningur sá milli ríkis og Bændasamtaka Íslands frá 25. janúar sl. um starfsskilyrði sauðfjárræktar sem er grundvöllur þessa frumvarps nær hvorki markmiðum um aðlögun greinarinnar að innlendum markaði né um nýbreytni í atvinnulífsmálum dreifbýlisins og skilur bændur eftir í óvissu um kjör sín þegar útflutningsskyldu verður aflétt árið 2009. Ekki verður séð að markaðsstarf erlendis skili bændum tekjum fyrir framleiðslu sína og útflutningur því hvorki til

hagsbóta fyrir bændur né neytendur.

Samfylkingin styður beinan stuðning við landbúnað en gerir skýra kröfu um árangur, til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Stuðningurinn verður að skila sér í góðri afkomu bænda og lágu verði til neytenda. Þau markmið vill Samfylkingin tryggja með gerð slíkra samninga.

Rétt hefði verið við gerð samningsins að stíga frekari skref í átt að óframleiðslutengdum stuðningi við búvöruframleiðslu og gerð samninga um nýsköpun í atvinnustarfsemi í dreifbýli landsins.

Markmiðsgreinar frumvarpsins eru jákvæðar en stangast á innbyrðis, t.d. er vandséð hvernig það fer saman að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein á sama tíma og offramleiðsla er í greininni fyrir íslenskan markað og að erlendir markaðir skili ekki viðunandi verði fyrir framleiðendur. Hvernig á að efla markaðsvitund innan greinar sem er jafnframleiðslustýrð og samningurinn ber vitni um? Hvernig á að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar þegar útflutningsskyldu hefur verið aflétt án þess að framleiðslan minnki? Og hvernig er þá fyrirhugað að tryggja sauðfjárbændum viðunandi afkomu? Engar áætlanir eru uppi um hvernig upplýsingar um árangur gæðastýringar í sauðfjárrækt og um uppruna afurðarinnar eiga að berast til neytenda sem er þó neytendum áhuga- og hagsmunamál. Hvorki eru ákvæði í samningnum um stuðning við nýmæli í landbúnaðarframleiðslu né þróun heimagerðra afurða sem bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn sækjast þó eftir.

Niðurfelling útflutningsskyldu er jákvæðasta ákvæði þessa samnings fyrir íslenska neytendur en skapar um leið óvissu fyrir framleiðendur. Þeirri óvissu þarf að létta án þess að skapa hættu á verðhækkun á innanlandsmarkaði.

Ámælisvert er að verið er að binda hendur tveggja næstu ríkisstjórna þrátt fyrir að samningurinn eigi ekki að ganga í gildi fyrr en átta mánuðum eftir að ný ríkisstjórn tekur við völdum. Landbúnaðarnefnd kom ekkert að málum á vinnslustigi samningsins, engin umræða var í nefndinni um markmið með samningnum eða útfærslur hans.

Að þessu áliti standa Anna Kristín Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Jóhann Ársælsson.

[11:52]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Á þskj. 1121 er breytingartillaga sem ég flyt við þetta frumvarp. Eins og ég boðaði hér við 1. umr. gengur hún út á það að slá varnagla, fara ekki eins óvarlega og ég gat um við 1. umr., að taka útflutningsskyldu skilyrðislaust af án þess að nokkur möguleiki væri fyrir ríkið eða samtök bænda að hafa nokkur áhrif á þróun verðlagningar þessara hluta þegar þar að kemur. Ég tel fullkomið ábyrgðarleysi að ganga þannig frá þessum samningi vitandi það að við eigum von á því að aukinn innflutningur á kjötvöru geti haft þau áhrif að hér geti orðið mikil verðlækkun á afurðum sauðfjárbænda þannig að þeir verði skildir eftir í algjörri óvissu.

Ég hefði ætlað að við 1. umr. kæmi fram skilningur hjá mörgum þingmönnum, m.a. hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur, formanni landbúnaðarnefndar, um að svo mætti ekki vera. Eigi að síður er skilað inn nefndaráliti meiri hlutans þar sem segir að nefndin leggi til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Ég á ákaflega erfitt með að koma því fyrir mig, virðulegi forseti, hvers vegna landbúnaðarráðherra vill ekki hafa í lögunum þann varnagla sem ég legg til með þessari breytingartillögu. Hvernig í ósköpunum stendur á því að hæstv. ráðherra vill þetta ekki? Hann veit ekki frekar en nokkur annar hvernig hlutirnir verða hér 2009 og 2010, hann hefur ekki hugmynd um það og getur ekki vitað það.

Ég lít á það sem mikið kæruleysi og mjög ámælisvert að ganga svona frá hlutum. Það var hárrétt, virðulegi forseti, sem kom fram hjá formanni landbúnaðarnefndar, hv. þm. Drífu Hjartardóttur, þegar hún taldi upp þau landsvæði á Íslandi sem ættu kannski allt sitt undir því að sauðfjárræktin fengi að halda velli. Það var hárrétt upptalning. Hún fór í gegnum það og hversu gríðarlega þýðingu sauðfjárræktin hefur fyrir byggð í landinu. Eigi að síður vill hún ekki breyta þessu þannig að við höfum möguleika á að grípa til aðgerða ef til þess þyrfti að koma, við vitum það ekki. Það er algjörlega útgjaldalaust að gera þetta. Það kom mjög skýrt fram, virðulegi forseti, í umsögnum Bændasamtaka Íslands. Það kom mjög skýrt fram í samningaviðræðunum við ríkið að það var eindreginn vilji samninganefndarinnar að við hefðum þessa varnagla. Það kom líka mjög skýrt fram við landbúnaðarnefndina, við yfirferð á þessum hlutum, að það er skýr vilji samtaka bænda að hafa þennan varnagla. Eigi að síður er þetta afgreitt svona, lagt til að frumvarpið skuli afgreitt óbreytt.

Aðspurð hér áðan, virðulegi forseti, sagði hv. formaður nefndarinnar að samningurinn væri svona og þess vegna gæti Alþingi ekki breytt honum. Síðan hvenær hefur Alþingi ekki heimild til að breyta samningi, ég tala nú ekki um þegar eindregin tilmæli samningsaðilans, samtaka bænda, eru að svo verði gert? Þetta vekur óneitanlega furðu mína. Ég skil ekki, eins og ég sagði áðan, hvaða kjarkleysi það er hjá hæstv. landbúnaðarráðherra að vilja ekki hafa þessa heimild. Ég bara skil það ekki. Ég skil ekki heldur hvaða ábyrgðarleysi það er af hálfu meiri hluta landbúnaðarnefndar að verða ekki við beiðni bænda. Algjörlega útgjaldalaust fyrir ríkið að öllu leyti. Það sýnir þvergirðingshátt að vilja ekki koma til móts við vilja þeirra. Vilji þeirra er alveg skýr og vilji þeirra er eðlilegur vegna þess að þeir hafa ástæðu til að óttast um hag sinn í þeirri óvissu sem framtíðin ber í skauti sér. Það er ekkert skrýtið. Það er mjög eðlilegt og mjög sjálfsagt.

Þess vegna furða ég mig á þessu, virðulegi forseti, ég ítreka það við þingheim og bið menn að skoða þetta á yfirvegaðan hátt. Hér er ekki um neitt pólitískt mál að ræða. Hér er ekkert sem skiptir máli gagnvart stuðningi við eina ríkisstjórn, eða ekki stuðningi. Hér er um það að ræða að Alþingi Íslendinga komi til móts við eðlilega og sjálfsagða beiðni bænda, útgjaldalausa. Ég bið menn að hugleiða þetta mjög vel áður en kemur til atkvæðagreiðslu. Ég bið menn að styðja þessa tillögu mína vegna þess að hún er bara sett fram af eðlilegri varkárni til þess að geta þá mætt því sem framtíðin ber í skauti sér ef svo fer, annars ekki.

[11:58]

**Frsm. minni hluta landbn. (Anna Kristín Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að mínu mati hefur enginn hag af of-

framleiðslu sauðfjárafurða eða offramleiðslu í þessum geira nema sláturhúsin. Þau eru þannig fyrir tilverknað stjórnvalda að þau þurfa að hafa mikið sauðfé til að slátra og þar bera stjórnvöld vissulega mikla ábyrgð. Hins vegar langar mig til að spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson hvers vegna hann vilji ekki frekar styðja að búháttabreytingum í sveitum en viðhalda of mikilli framleiðslu fyrir íslenskan markað eins og það hlýtur að þýða ef bændur telja nauðsynlegt að flytja út ákveðið hlutfall af framleiðslu sinni. Það hlýtur að þýða að þeir viti að þeir framleiða of mikið fyrir íslenskan markað.

[11:59]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil ekki hvers vegna ég fæ þessa fyrirspurn, af hverju ég vilji ekki styðja búháttabreytingu hjá bændum. (**Gripið fram í:** Já.) Hvar hefur það komið fram að ég vilji ekki styðja hana? Ég veit engin dæmi þess að það hafi komið fram hjá mér að ég vilji ekki styðja hana. (Gripið fram í.) Ég minni þingheim á það, virðulegi forseti, að ég ásamt tveim öðrum mönnum stóð í því hér í nokkur ár að vera flutningsmaður þess að halda áfram að styðja loðdýraræktina svo að hún dæi ekki út því að hún ætti mikla möguleika á Íslandi. Það var orðið við þeim tilmælum okkar og þeim tillögum sem hafa síðan orsakað það að loðdýraræktin er núna rekin hér algjörlega styrklaus, stendur traustum fótum og styrkir byggðir landsins. Þessi fyrirspurn er fráleit og ýjar að því að ég hafi ekki hvenær sem er verið tilbúinn að styðja búháttabreytingar hjá bændum ef þess væri nokkur kostur.

Hins vegar vil ég geta þess að ég á von á því að menn biðji um þýðingar á því hvað það var sem framsögumaður minni hluta flutti hér áðan, hv. þm. Anna Kristín. Hvað í ósköpunum var þessi minni hluti að segja? Hvaða texti var það sem hún las upp og hvaða Íslendingur er það sem getur skilið hvað hún vildi sagt hafa? Það væri nær að ég spyrði hana til hvers í ósköpunum þessi ræða var haldin sem hún flutti sjálf.

(**Forseti** (SP): Þingmanninum ber að ávarpa hv. þingmann með fullu nafni.)

[12:01]

**Frsm. minni hluta landbn. (Anna Kristín Gunnarsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var gott að heyra að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er áhugasamur um búháttabreytingar og mun styðja þær ef tillögur um þær koma fram. Ég dreg hins vegar þá ályktun að hann sé meiri áhugamaður um að viðhalda ástandinu í sauðfjárræktinni eins og það er frekar en að hraða breytingum vegna þess að tillaga hans lýtur að því að viðhalda ástandinu en ekki að breyta um form á atvinnu þeirra sem nú stunda sauðfjárrækt, en það þarf að gera að einhverju leyti.

Það er hárrétt hjá hv. formanni landbúnaðarnefndar, Drífu Hjartardóttur, að sauðfjárrækt er undirstöðuatvinnugrein í vissum hlutum landsins. Það er sorglegt að rifja upp að einmitt í þeim sömu sveitum eru meðaltekjur mjög lágar og með þeim allra lægstu á landinu. Á Norðurlandi vestra, þar sem sauðfjárrækt er mjög ríkur þáttur í atvinnulífi, er hagvöxtur sennilega hátt í tíu prósent undir landsmeðaltali ef við tökum allan tímann fram að síðustu áramótum. Hagvöxtur var 1% neikvæður á ári til ársins 2004 og hefur örugglega verið a.m.k. 1% neikvæður á ári á þeim tíma sem síðan er liðinn.

[12:02]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú meira en að segja það að breyta um búskap. Það er meira en að segja það. Sauðfjárrækt á sér margra alda sögu á landi. Hún er búgrein með þannig rótum að þú haggar henni ekkert. Hún er ekki komin til af tilviljun. Hún er komin til vegna þess að íslensk náttúra hentar slíkri búgrein.

Íslenskir sauðfjárbændur eru þeir aðilar í dreifbýlinu sem hafa dýpstar ræturnar til landsins og eru því mesta viðnámið þegar svo stendur sem nú er og dreifbýlið stendur svo veikt sem dæmin sanna. Það er ekki hægt að taka landbúnaðinn og segja: Nú ætlum við að gera þetta einhvern veginn allt öðruvísi.

Til allrar hamingju hefur tekist og er að takast að setja á stofn loðdýrarækt sem ég hef mikla trú á að muni á komandi árum hafa umtalsverða þýðingu. En það gerist ekki eins og hendi sé veifað. Þetta er búgrein sem krefst gerhygli og kunnáttu. Það gerist ekki þannig að allt í einu segi menn: Hér er komin ný búgrein. Það er margra áratuga vinna á bak við það. Þar eigum við möguleika.

Í dag og um ókomna framtíð skulum við vera viss um að sauðfjárræktin hefur grundvallarþýðingu fyrir byggðir landsins.

[12:04]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Við ræðum um samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar og breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem honum tengjast. Samningurinn sem liggur til grundvallar er gerður á milli fulltrúa Félags sauðfjárbænda annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Þetta er samningur um umgjörð sauðfjárræktarinnar hvað ríkið varðar, bæði hvað snertir fjárhagslegan stuðning við atvinnugreinina, við framleiðsluna og skilgreinda þætti hennar, og þær skyldur og kvaðir sem lagðar eru á greinina á móti. Þetta er því tvíhliða samningur. Hann kveður að sjálfsögðu á um ákveðin markmið sem ég held að sé ágætt að rifja upp. Það er ágætt að hafa klárt að markmið samningsins eru tilgreind í 1. gr. hans. Þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu sauðfjárafurða eru:

a. að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda,

b. að stuðla að nýliðun í hópi sauðfjárbænda og styrkja búsetu í dreifbýli,

c. að sauðfjárrækt sé stunduð í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og sjálfbæra landnýtingu,

d. að örva markaðsvitund bænda og afurðastöðva og halda jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar,

e. að stuðla að framþróun í sauðfjárrækt."

Þetta er hin pólitíska yfirlýsing sem samningurinn grundvallast á.

Áður en ég vík að öðrum þáttum þessa máls vil ég geta þess að í nýgerðri skoðanakönnun frá Gallup um afstöðu þeirra til íslensks landbúnaðar sem spurðir voru kom fram að sterk samstaða er meðal þjóðarinnar og vilji til að standa að baki öflugum íslenskum landbúnaði. Þetta finnum við sem erum mjög tengdir greininni og fylgjumst með umræðunni. Hvernig svo sem það yrði gert verða stjórnvöld og Alþingi að útfæra. En skilaboðin eru afar skýr, að þjóðin vill öflugan og sterkan landbúnað, framboð af hollum og góðum landbúnaðarvörum og að sjálfsögðu á eins lágu verði og mögulegt er. Ég held að það sé nokkuð sem við eigum að taka höndum saman um að varðveita. Varðveita þessa ímynd, varðveita þessa kröfu og þær væntingar sem við erum sammála um að hafa beri til íslensks landbúnaðar og standa vörð um.

Ég sagði við 1. umr. að ég teldi að jafnframt hefði í markmiðslýsingu samningsins átt að tilgreina hagsmuni allra neytenda. Hagsmunir neytenda varðandi landbúnaðarframleiðsluna eru hin stóra krafan. Taka hefði átt á þeim væntingum í samningnum þannig að umgjörðinni um greinina væri lokað. Gjörðin sem við viljum mynda líkt og sáttmála um búsetuna, sjálfbæra nýtingu landkostanna, framleiðsluna og hollustuna og framboð vörunnar til neytenda, allt þetta hangir saman í einni stórri heild sem við viljum (**JÁ:** Sex ára áætlun.) standa vörð um.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson kallar: Sex ára áætlun. Það er í sjálfu sér ekki löng áætlun í landbúnaði. Við sem þekkjum framleiðsluferlið í landbúnaði vitum að það er býsna langt. Ekki er hægt að reka landbúnað á stöðugum skyndisamningum. Það er sama hversu mjög fólk langar til að vinna hratt. Framleiðsluferlið er langt frá því að hús eru byggð og frá því að land er ræktað, frá því að fé er sett á í sauðfjárræktinni og þar til það fer svo aftur að skila lömbum til slátrunar. Þetta er langur tími.

Framleiðsluferlið er býsna langt og því mjög mikilvægt að öll samningsumgjörð sem greininni er búin og hún skyldug til að fara inn í sé líka til langs tíma, hvort sem við erum ánægð eða óánægð með einstaka þætti hennar og vildum hafa þá öðruvísi. Annað væri að mínu viti óábyrgt. Að sjálfsögðu má endurskoða ýmsa þætti innan þessa tímabils enda eru ákvæði um það. Ég segi þetta, frú forseti, til að menn átti sig á því að landbúnaðurinn hefur sérstöðu. Þetta er ekki eins og vörusala þar sem hægt er að breyta umgjörðinni með skömmum fyrirvara, án þess að ég mæli með slíkum vinnubrögðum almennt.

Hitt skal líka tekið fram, að þessi samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar er einhliða unnin af meiri hluta ríkisstjórnarinnar. Aðkoma minni hlutans og annarra þingflokka að samningsgerðinni er engin. Við vitum í sjálfu sér um hvað umræðan snýst á hverjum tíma en þetta hef ég gagnrýnt. Ég hefði talið að það skipti máli að reyna að skapa eins mikla þjóðarsátt og þjóðarvitund um þá umgjörð sem landbúnaðinum er sköpuð í formi samninga milli ríkisins og búgreinanna. Pólitískir flokkar ættu að vinna saman að því. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ítrekað flutt tillögu þess efnis á undanförnum þingum. Ég minnist þess meira að segja að hæstv. landbúnaðarráðherra, sem tekst oft vel upp, hafi í einni af sinni ágætu ræðum, líklega við setningu búnaðarþings fyrir tveimur eða þremur árum, minnst á að skipa þyrfti nefnd með sem breiðastri aðild samtaka atvinnulífs, samtaka bænda, samtaka neytenda og þingflokka um að taka á framtíðarskipan landbúnaðarmála.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, lögðum á 130. löggjafarþingi svohljóðandi tillögu til þingsályktunar varðandi þessi mál, um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum. Flutningsmenn voru allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Tillagan hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og Bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis.“

Ég held að einmitt slík nálgun eins og við leggjum til hér, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sé hin rétta og mjög mikilvægt að einmitt svona sé unnið. Við sjáum það og ég vísa aftur til þeirrar skoðanakönnunar sem birt var nýverið um afstöðu svarenda, sem voru býsna margir, til íslensks landbúnaðar þar sem yfir 90% af þeim sem voru spurðir telja miklu varða að hér sé stundaður öflugur og góður landbúnaður með framleiðslu hollra vara og ríkuleg áhersla lögð á að landið sé í byggð. Þetta er líka mjög sterk vísbending um að við eigum að standa saman og vinna saman að þeirri umgjörð að tryggja að svo verði.

Þess vegna gagnrýni ég þau vinnubrögð sem hæstv. landbúnaðarráðherra ber ábyrgð á fyrir hönd stjórnvalda og fjármálaráðuneytisins að leita ekki víðtækara samstarfs um gerð samningsins. (**JÁ:** Við hverja?) Við okkur t.d., hv. þm. Jóhann Ársælsson. Mér finnst að aðrir þingflokkar eigi að eiga aðgang að því þegar verið er að gera samninga sem eru eins konar þjóðarsáttarsamningar um landbúnaðinn og verður, eðli málsins samkvæmt, að gilda allmörg ár fram í tímann vegna þess að eðli landbúnaðarins er með þeim hætti að það er ekki verjanlegt að breyta umgjörð hans í stórum dráttum, a.m.k. ekki þannig að það komi mjög hratt til framkvæmda, því að framleiðsluferlið er langt og búseta fólks sem á afkomu sína undir sauðfjárrækt er með þeim hætti að það getur ekki verið að sveiflast til og frá eftir ramma ríkisins um landbúnaðinn.

Þetta vildi ég nefna hér og tillögur okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði miða einmitt að því að efla íslenskan landbúnað á þeim forsendum sem ég hef nefnt. Ég hef áhyggjur af þeirri þróun sem er víða í íslenskum landbúnaði, þ.e. fækkun býla í byggð, fækkun framleiðenda, æ dreifðari búseta sem gerir ekki aðeins framleiðsluna ótryggari heldur líka þann félagslega bakgrunn og félagslega styrk sem sú atvinnugrein þarf að eiga að baki sér. Það er alveg hárrétt að ýmsir nýir koma í staðinn og flytja inn þótt þeir stundi ekki landbúnaðarframleiðslu. Það er í sjálfu sér gott mál, þeir eru virkir þátttakendur í samfélaginu, en það er mjög mikilvægt að einmitt þessi félagslegi grunnur land-

búnaðarins sé treystur, og því færri framleiðendur sem verða þeim mun meira óöryggi verður að baki framleiðslunnar.

Þess vegna hef ég lagt til og flutt tillögu á Alþingi sem kveður á um að sett verði ákveðið þak á bústærðir hvað varðar þátttöku ríkisins t.d. í beingreiðslum. Við þekkjum það í sjávarútvegi að þar er samþjöppunin orðin býsna mikil. Sumum finnst hún óhóflega mikil og hún er það. Þar gripu menn þó til þess seint og um síðir að setja þak á kvótaeign lögaðila, hámark, og einmitt þegar verið var að breyta lögum um aflahlutdeildir smábáta eða smærri báta í því kerfi var á síðasta ári sett í lög hámark á hlutdeild þess lögaðila að heildaraflamarki sem var í þeim flokki. Þetta er því víða svona og ég held að það sé fyllilega tímabært að við hugum einnig að þessu innan landbúnaðargreinanna og gerum það í tíma áður en það orðið of seint, áður en samþjöppunin er orðin svo mikil að erfiðara verður að koma að til þess að beita stýritækjum eða hafa umgjörð um.

Við hljótum öll að viðurkenna að það er óréttlátt að áskrift á beingreiðslum frá ríkinu, hvort heldur það er til sauðfjárræktar eða ég tala nú ekki um til mjólkurframleiðslu, sé alveg óháð bústærð. Komin er takmörkun á beingreiðslum vegna mjólkurframleiðslu og þó að hún sé ekki mikil þá lækkar hluturinn á hverja framleiðslueiningu eftir ákveðna bústærð og inn kemur annar stuðningur eins og á grip og þess háttar. Þar er þetta að byrja að koma inn og sumir hafa talið að það hefði jafnvel mátt koma sterkar inn þegar samningurinn var gerður.

Ég tel að þetta hefði líka átt að koma inn í sauðfjársamninginn, ekki vegna þess að sauðfjárbúin séu nú þegar orðin svo stór að það þurfi að fara að takmarka það þess vegna, heldur að einmitt áður en slík þróun gengi miklu lengra væru sett slík mörk á þátttöku ríkisins í beingreiðslum til sauðfjárbúa sem miðuðust við einhverja ákveðna stærð og færu svo lækkandi úr því, því að ef stærðarhagkvæmnin er fyrir hendi ætti hún leysa af væntingarnar og kröfurnar um beingreiðslur. Þetta mundi líka virka sem hvati á að halda dreifðri byggð og dreifðri framleiðslu sem er líka fólgin í því. Ég hef flutt tillögu á Alþingi um að þetta verði gert og vísa til ályktana hinna ýmsu búgreinafélaga hvað þetta varðar þar sem þau telja þetta eðlilegt. Þetta er aðgerð sem ríkisvaldið verður að taka en einstök búgrein getur ekki gert. Ég get vitnað hér í ályktun, þó að hún lúti að svínakjötsframleiðslunni, þar sem varað er við að framleiðsla svínakjöts fari á örfáar hendur. Ég ætla, frú forseti, að lesa ályktunina til að árétta þessi sjónarmið. Þetta er erindi frá Svínaræktarfélagi Íslands frá árinu 2004 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Framleiðsluöryggi, samkeppni og sjálfbær þróun í íslenskum landbúnaði:

Búnaðarþing 2004 samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnvalda að skipuð verði nefnd til að kanna umgjörð og starfsskilyrði kjötframleiðslunnar í landinu. Markmiðið verði að leita leiða til að tryggja, eftir því sem unnt er, að íslensk kjötframleiðsla verði rekin á forsendum sjálfbærrar þróunar og að framleiðendur og neytendur búi við ákveðið framleiðsluöryggi og lágmarkssamkeppnisskilyrði. Reynt verði að finna leiðir til að hindra fákeppni í kjötframleiðslu hér á landi.

Sérstaklega verði hugað að eftirfarandi:

1. Að sett verði þak á hámarkshlutdeild hverrar framleiðslueiningar innan sömu framleiðslugreinar, í því skyni að ná fram markmiðum um framleiðsluöryggi og til að hindra fákeppni.

2. Að komið verði á fót sérstöku innra eftirliti með því að vara sé ekki seld langtímum saman undir sannanlegu kostnaðarverði.“ — Þarna er verið að vitna til þess að niðurboð var á kjöti þegar heilu bankarnir ráku kjötbúin, svínabúin, og gátu þess vegna ákveðið hvaða verð var á því hverju sinni. Við munum þann tíma og sá tími getur þess vegna komið aftur. — „Jafnframt verði hugað að breytingum á samkeppnislögum í sama tilgangi.

3. Að öll kjötframleiðsla í landinu lúti sömu grundvallarskilyrðum varðandi starfsleyfi.

4. Að skilyrði verði sett í starfsleyfi bús, um að það hafi yfir að ráða nægilega stóru landi til að dreifa á búfjáráburði, í samræmi við íslenskar aðstæður.“

Þarna eru tilgreind atriði sem snerta landbúnað framtíðarinnar, sjónarmið sem hefði einmitt átt að koma líka í sauðfjársamninginn.

Búnaðarþing ályktar svo áfram árið 2004, með leyfi forseta:

„Búnaðarþing árið 2004 beinir því til landbúnaðarráðherra að skipuð verði nefnd til að kanna umgjörð og starfsskilyrði landbúnaðarins. Markmiðið verði að tryggja, eftir því sem unnt er, að íslenskir framleiðendur og neytendur búi við ákveðið framleiðsluöryggi.“ — Segja má að sauðfjársamningurinn hafi það að hluta til að markmiði. Það er alveg rétt.

„Sérstaklega verði hugað að eftirfarandi:

1. Að sett verði hámarkshlutdeild einstaka framleiðslueininga innan hverrar framleiðslugreinar, byggt á öryggis- og umhverfissjónarmiðum fyrir neytendur og framleiðendur.“ — Þarna eru sem sagt dregnir saman hinir sameiginlegu hagsmunir bæði neytenda og framleiðenda hvað þetta varðar.

„2. Að opinbert eftirlit með búvöruframleiðslu verði samræmt um land allt. Einnig að skilyrði starfsleyfa verði samræmd í þeim greinum þar sem þeirra er krafist.

3. Að starfsleyfisskyld bú geti sýnt fram á að þau hafi nægilegt land til dreifingar á búfjáráburði, eða að þau geti ráðstafað honum á annan viðunandi hátt, í samræmi við íslenskar aðstæður og umhverfissjónarmið.“

Í þessum ályktunum er verið að draga mun sterkar inn umhverfissjónarmiðin varðandi íslenskan landbúnað en það sem við sjáum í þeim samningi sem hér er.

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda ályktar, 7. apríl árið 2005, með leyfi forseta:

„Skilyrði fyrir greiðslum úr sauðfjársamningi er að greiðsluþegi hafi fasta búsetu á svæðinu (innan 50 km) þar sem framleiðslan fer fram. Sé sauðfjárbú rekið af lögaðila skal einn af eigendum, sem á að lágmarki 25% af félaginu, hafa búsetu á svæðinu þar sem framleiðslan fer fram.“

Þarna eru þeir að leggja áherslu á fjölskyldubúin og að þau séu í eigu og forsjá þeirra sem sitja og búa á jörðunum, það sé meginreglan.

Síðan kemur í ályktun frá búnaðarþingi einnig, 10. maí 2005, með leyfi forseta:

„Búnaðarþing 2005 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að skipa starfshóp sem fái það hlutverk að meta hvort setja eigi reglur, og þá hvers konar, um hámarkshlutdeild framleiðslueininga í beingreiðslum í landbúnaði.“ — Akkúrat það sem ég er að benda á að hefði átt að skoðast við gerð sauðfjársamningsins. — „Hópurinn fái enn fremur það hlutverk að meta hvort þörf sé á aðgerðum sem beinast gegn samþjöppun á eignarhaldi bújarða. Stjórn Bændasamtaka Íslands leiti eftir því við Landssamband kúabænda, Landssamtök sauðfjárbænda og Samband garðyrkjubænda að þau tilnefni einn mann hvert í starfshópinn og að tveir komi frá stjórn Bændasamtaka Íslands.“

Nú er mér kunnugt um að Bændasamtökin hafa skipað nefnd til að kanna samþjöppun á jörðum en í þessu áliti þeirra, um að setja hámark á hlutdeild einstakra lögaðila í búgreinum til beingreiðslna, benda þeir á að fara ætti að horfa til þess. Það er reyndar þegar komið í mjólkurframleiðslunni, lítillega, eins og ég vék að áðan. Ég hefði talið að það ætti líka að færa það í sauðfjársamninginn áður en búin eru orðin það stór að mönnum finnist orðið óþægilegt að fara að beita slíkum aðgerðum. Þetta er að mínu viti mjög mikilvægt til að búa sáttmála milli ríkisins og búgreinarinnar þá umgjörð sem eðlileg er.

Ég ætla síðan, frú forseti, að víkja aðeins frekar að samningnum með tilliti til þeirra markmiða sem í honum eru og hvar veikleikarnir eru. Í 4. gr. samningsins er tíundað að hluti fjármagnsins skuli renna til svæðisbundins stuðnings. Talað er um 43 millj. kr. á ári sem renni til svæðisbundins stuðnings. Það er vissulega pólitísk yfirlýsing um að sauðfjárræktin sé mjög mikilvæg fyrir búsetu og atvinnulíf á tilteknum svæðum. Það vitum við sem þekkjum vel til að það er einmitt svo. Ég verð að segja að mér finnst upphæðin vera allt of lág. Upphæðin sem kæmi þarna inn til jöfnunar ætti að vera hærri. Einnig hef ég grun um að reglurnar sem gilda um úthlutun á þessu fjármagni, þetta var upprunalega bundið við u.þ.b. 7.500 ærgildi sem samið var um að færi í þennan svæðisbundna stuðning, séu með þeim hætti að einmitt þau bú sem helst þyrftu á þessu að halda hafi ekki eðlilegan aðgang að stuðningnum en fyrst og fremst er hann lágur.

Síðan er gert ráð fyrir að verja 80 millj. kr. á ári í nýliðun og átaksverkefni. Reglurnar í því eru reyndar ekki tilgreindar nákvæmlega en þær eru sjálfsagt útfærðar sérstaklega. Af þessum 80 millj. kr. er gert ráð fyrir því að til nýliðunar í stétt sauðfjárbænda verði varið 35 millj. kr. á ári í formi styrkja til bústofnskaupa, bæði til frumbýlinga og við ættliðaskipti á jörðum. Þarna er einmitt nefnt það atriði sem ég tel langveikast varðandi sauðfjárræktina. Það eru möguleikarnir til nýliðunar og möguleikarnir til ættliðaskipta á jörðum. Þegar framleiðslurétturinn, greiðslumarkið gengur kaupum og sölum og það verður að leysa það út með fjármagni, jarðaverð hefur hækkað gríðarlega og öll umgjörðin um það að stofna bú, þá er það ekkert smámál fyrir nýjan aðila að koma inn í búskap, hvort sem er til að taka við jörðinni, því þá verður oft að leysa út eignarhluta annarra á markaðsvirði eða kaupa sig inn og þetta er orðinn einn erfiðasti þátturinn varðandi landbúnaðinn, þ.e. hvað erfitt er með nýliðun. Atvinnugrein sem hafa verið búin þau skilyrði að nýliðun sé mjög erfið er á hættulegri braut. Ég held að ef við eigum að uppfylla þær pólitísku væntingar sem gerðar eru, en þær komu m.a. fram í skoðanakönnun sem ég var að vitna til sem var gerð meðal almennings í landinu sem vill öflugan, traustan og góðan landbúnað til framtíðar, þá verðum við heldur betur rækilega að huga að þessum hinum veikasta þætti í sauðfjárræktinni, sem er möguleiki til nýliðunar.

Illu heilli lögðu menn niður Lánasjóð landbúnaðarins, lögðu hann inn í markaðspúkkið í peningaheiminum. Lánasjóðurinn hafði einmitt það hlutverk að veita lán, kannski það pólitíska stóra hlutverk að veita sérstök lán til bygginga og búskapar í sveitum. Ég man að við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs lögðum til að lánasjóðnum væri breytt í þá veruna að hann væri til stuðnings nýliðunar í sveitum. Ég er enn þeirrar skoðunar að það hefði átt að gera. Nú er verið að reyna að koma fátæklega til móts við þetta í sauðfjársamningnum með því að tileinka þar ákveðið fjármagn til nýliðunar og til að taka við búum. Menn eru að átta sig á því gapi sem varð þegar þeir misstu lánasjóðinn og eru núna aftur að reyna að koma þessu inn í, þ.e. að ríkið komi að stuðningi við nýliðun og nýja bændur en þetta er bara svo ósköp smátt. Það sér hver heilvita maður að 35 millj. kr. á ári til þessa atriðis, þó að það sé virðingarverð viðleitni þá dugir það á engan hátt að mínu mati til að taka á þeirri þörf sem þarna er. Skortur á nýliðum og möguleikum nýrra til að koma inn í landbúnaðinn er einmitt ein mesta ógn þessarar búgreinar sem við viljum að sé öflug og eftirsótt og möguleikarnir til að koma inn í hana séu líka fyrir hendi. Þetta vil ég nefna, frú forseti.

Sama er með þennan svæðisbundna stuðning. Við tölum um það og hæstv. landbúnaðarráðherra hefur meira að segja gert það og oft talað vel um hina pólitísku þýðingu sauðfjárræktarinnar fyrir búsetu í landinu. Hvað það varðar erum við sammála. En þá þurfum við líka að láta það sjást í verki og möguleikarnir til þess eru einmitt í gegnum svona sauðfjársamning. Ég tel hann einum um of framleiðslutengdan en taka ekki nægilegt tillit til þeirra pólitísku markmiða sem sett eru um möguleika sauðfjárræktarinnar og eflingu hennar og þar á meðal er líka svæðisbundinn stuðningur. Við vitum að mörg svæði sem standa nokkuð veikt hvað atvinnu varðar eru mjög háð því að sauðfjárræktin sé, þ.e. þar sem menn sækja aðra atvinnu en sauðfjárræktina. Við viljum ekki að þessi svæði fari í eyði, við viljum halda þeim í byggð. Við viljum viðhalda öflugu mannlífi og þar er sauðfjárræktin og atvinnugreinar tengdar henni grunnurinn.

Þess vegna held ég að okkur öllum finnist sá stuðningur sem hérna er veittur sérstaklega til svæðisbundins stuðnings, upp á 43 millj. kr. á ári, allt of lágur. Við hefðum viljað sjá þar hærri tölur til þess að koma til móts við þessa þörf og koma til móts við þá pólitísku sýn sem við viljum standa vörð um um byggðir landsins, búsetu og uppbyggingu sauðfjárræktarinnar. Ég tel að þarna hefðu átt að vera nokkuð aðrar áherslur.

Síðasta málið sem ég ætla síðan að víkja að, frú forseti, er útflutningsskyldan. Á undanförnum árum var gerður samningur um og sett í lög að landbúnaðarráðherra gæti á grundvelli ákveðinna forsendna gripið til og skyldað framleiðendur og afurðastöðvar til að flytja út ákveðinn hluta

framleiðslunnar til að tryggja stöðugleika bæði á innlendum markaði og líka til að tryggja stöðugleika í framleiðslu í greininni.

Við vitum að í sauðfjárrækt getur framleiðslan breyst á milli ára, bara vegna breytinga á árstíðum, breytinga á veðri og breytinga á heyskap, þó að það sé æ minna eftir því sem tæknin er meiri, en engu að síður er það. Skattlagning og verðástandið í þjóðfélaginu sem sauðfjárbændur hafa kannski engin bein áhrif á getur verið með þeim hætti að neyslan á vörunni getur sveiflast til. Það eru ýmis atriði sem bændur hafa ekki bein áhrif á sem geta samt haft mikil áhrif á framleiðsluna þannig að hún sveiflast til á milli ára. Áfram höfum við það sem markmið að tryggja að hér sé alltaf á boðstólum og uppfyllt eftirspurn eftir hollum og góðum landbúnaðarvörum og þá verðum við líka að búast við að geta tekið á okkur svona sveiflur án þess að það skerði tekjuafkomumöguleika einstakra bænda eða þeir fari að taka það persónulega á sig. Þess vegna var þessi útflutningsskylda sett á, að landbúnaðarráðherra hefði heimild til þess að beita henni, til að tryggja jöfnuð í slíkum sveiflum ef á þyrfti að halda.

Síðan hafa menn rætt um möguleika á útflutningi á ákveðnu verði en að meginstofni er þetta pólitísk aðgerð. En nú er gripið til þess að fella brott heimild ráðherrans til þess að beita útflutningsskyldu. Það hafa samtök bænda bent á að sé mikið óráð og ég tel að ef við horfum á hagsmuni neytenda þá sé það líka mikið óráð að fella niður útflutningsskylduna því það skapar bara hættu á enn þá meiri sveiflum og áhættu innan greinarinnar. En þetta var einmitt eitt af þeim atriðum sem steytti á í samningum milli sauðfjárbænda og ríkisins. Eftir því sem mér hefur verið tjáð hafa fulltrúar ríkisins nánast sett hnefann í borðið og sagt að ef samningar ættu að nást um aðra þætti samningsins þá væri það krafa af hálfu ríkisins að útflutningsheimildin væri felld niður.

Ég skil þetta ekki og mér finnst þetta mjög óábyrgt af hálfu stjórnvalda, því það er svo útlátalítið að hafa þessa heimild inni. Það þarf ekki að beita henni nema í þeim tilvikum þar sem bæði hagsmunir framleiðenda og neytenda geta beðið hnekki. Þetta er þá hluti af þeirri umgjörð sem við viljum skapa greininni til að tryggja bæði öryggi í framleiðslu og einnig öryggi gagnvart neytendum. Þess vegna var svo útlátalítið að hafa þessa heimild inni í lögum þó að farið yrði mjög sparlega í að grípa til hennar.

Bændur töldu að þó að þeir yrðu að láta undan og þeim væri stillt upp við vegg hvað útflutningsskylduna varðaði, þá töldu þeir sig samt vera búna að ná því að samningurinn kvæði á um að það eða það væri heiðursmannasamkomulag um að lögunum yrði ekki breytt á þessum vetri hvað það varðaði að afnema útflutningsskylduna heldur yrði beðið næsta vetrar. Þannig gæfist visst svigrúm til þess að átta sig á þessum forsendum. Þannig segja þeir að málin hafi verið kynnt meðal bænda, það hafi verið heiðursmannasamkomulag um að lögunum hvað varðaði útflutningsskylduna yrði ekki breytt. En síðan þegar lagafrumvarpið kemur fram þá er það einn liðurinn í því lagafrumvarpi sem við erum að tala um, að afnám útflutningsskyldunnar verði komið strax inn í lög. Í tilefni af því hafa þrír fulltrúar í félagi sauðfjárbænda, í samninganefndinni, sent frá sér eftirfarandi yfirlýsingu til landbúnaðarnefndar hvað þetta varðaði og ég vil fá að lesa hana upp, með leyfi forseta:

„Til landbúnaðarnefndar Alþingis, Drífa Hjartardóttir.

Við undirrituð sem störfuðum í samninganefnd bænda um nýgerðan sauðfjársamning gerum eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Við mótmælum harðlega þeirri breytingu sem kemur fram í 23. gr. frumvarpsins, en þar segir: „Frá og með 1. júní 2009 fellur útflutningsskylda kindakjöts skv. 29. gr. laga nr. 99/1993 brott.““

Þetta er sem sagt komið strax inn í frumvarpið. Og áfram segir í þessu erindi bændanna:

„Eftir að samninganefnd bænda hafði fallist á að útflutningsskylda kindakjöts skyldi falla niður frá og með 1. júní 2009 var alltaf samkomulag um að lagabreyting sem staðfesti þetta yrði lögð fram á haustþingi 2008 en ekki nú.“

Lagabreytingin var framan af í lagatextanum, ég er með eitt eintak þar sem það stendur: vinnuplagg, þannig að það þýðir ekkert að neita því ef einhverjum dettur það í hug. Þetta var síðan tekið út, eins og þeir segja á grundvelli þess að heiðursmannasamkomulag þurfi ekki að vera inni. Eins og segir í bréfinu, með leyfi forseta:

„Framan af var þetta ákvæði inni í samningstextanum en var fellt niður undir lokin eftir að lögfræðingur landbúnaðarráðuneytisins taldi það betra og mundi engu breyta þar sem fullt samkomulag væri um að þetta kæmi ekki fram fyrr en 2008. En nú bregður svo við að þetta er sett inn í lagatextann.“

Og áfram segir í bréfinu:

„Í öllu kynningarferlinu var bændum greint frá þessu. Á þessum fundum voru annars vegar fulltrúar bænda og hins vegar stundum landbúnaðarráðherra eða aðstoðarmaður hans og tóku undir þetta sjónarmið eða mótmæltu ekki.“

Síðan segir feitletrað í lok bréfsins:

„Við undirrituð mótmælum þessu harðlega og skorum á landbúnaðarnefnd Alþingis að sjá til þess að við áðurnefnt fyrirheit verði staðið.“

Undir þetta rita Gunnar Sæmundsson bóndi, Jóhanna E. Pálmadóttir bóndi og Fanney Ólöf Lárusdóttir bóndi.

Mér finnst þetta mjög alvarlegt óháð pólitískum skoðunum hvers og eins á því hvort útflutningsskyldan sé felld brott eða ekki. En ef þetta hefur verið með þeim hætti sem greint er frá hér, og ég hef enga ástæðu til að rengja og trúi ekki að neinn rengi það í sjálfu sér, er hægt að taka þetta ákvæði út og setja það inn í lagatexta á allt annan hátt en litið er á sem hluta af því samkomulagi sem gert var.

Ég hef því, frú forseti, ákveðið að leggja fram breytingartillögu sem er að mörgu leyti samhljóða breytingartillögu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Við höfum rætt þetta en ég var ekki alveg viss um að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mundi leggja fram breytingartillögu og lagði því mína fram. Hún er orðuð á annan hátt og ég vil leyfa mér að lesa hana hér upp, það sem lýtur að útflutningsskyldunni. Lagt er til að 2. gr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Í stað 3.–6. mgr. 29. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, sem hljóða svo:

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að tiltekið hlutfall dilkakjöts skuli flutt á erlendan markað. Slíka ákvörðun

skal aðeins taka ef ráðherra metur stöðu kjötbirgða, framleiðslu- og söluhorfur með þeim hætti að fyrirsjáanlegt sé verðhrun eða afkomubrestur hjá sauðfjárbændum og að fengnu áliti Bændasamtaka Íslands. Slíka ákvörðun skal tilkynna fyrir 1. ágúst ef hún á að gilda fyrir sláturtíð að hausti og getur hún gilt fyrir allt að tólf mánaða framleiðslu- og sölutímabil.

Hafi landbúnaðarráðherra ákveðið útflutningshlutfall skv. 3. mgr. er sláturleyfishafa skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun hans. Geri hann það ekki skal innheimta af honum gjald sem landbúnaðarráðherra ákveður og skal svara til mismunar á áætluðu heildsöluverði og viðmiðunarverði sem miðast við meðalverð fyrir útflutt dilkakjöt í heilum skrokkum undanfarna tólf mánuði. Allir framleiðendur dilkakjöts skulu taka þátt í þessum útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni."

Þarna legg ég áherslu á að þessi heimild sé inni fyrir ráðherra til að grípa til ef nauðsyn kallar og ef það er nauðsynlegt vegna greinarinnar, markaðarins og neytenda. Ég tel að okkur beri skylda til að hafa slík atriði inni. Þessi heimild hefur verið mikilvægur þáttur í umgjörð sauðfjárræktarinnar á undanförnum árum, þó að við vonum að ekki þurfi að beita henni. Það væri mjög óábyrgt að kippa henni burt í einu vetfangi. Samtímis er verið að rýmka heimildir til innflutnings á erlendum landbúnaðarvörum, sem eru samkeppnisvörur við sauðfjárræktina. Gott og vel. Við vitum ekki enn hver áhrif það hefur á stöðugleika innlendrar framleiðslu, innlendrar kjötvinnslu og matvælavinnslu o.s.frv.

Ef við viljum vera heiðarleg gagnvart greininni og gagnvart neytendum eigum við að halda þessari umgjörð með þeim hætti sem hún verið, þ.e. heimild ráðherra til að grípa inn í ef nauðsyn krefur, bæði hvað varðar hagsmuni framleiðenda og hagsmuni neytenda. Vonandi þurfum við ekki að grípa til hennar. Vonandi verða hlutir með þeim hætti að hagsmunir allra aðila verði tryggðir án þess en það væri mjög óábyrgt að hafa heimildina ekki til staðar.

Sá munur er á breytingartillögu minni og tillögu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem er efnislega á sömu lund og mín, að ég tel að ábyrgðin á heimildinni eigi að vera í höndum landbúnaðarráðherra en ekki Bændasamtakanna eins og hann leggur til. Varðandi útflutningsskylduna tel ég eðlilegt að við mundum kanna hvort ekki væri hægt að samræma þessi atriði.

Frú forseti. Ég hefði talið að hafa ætti samninginn um sauðfjárræktina á breiðari grunni. Tryggja hefði þurft aðkomu annarra þingflokka en ríkisstjórnarflokkanna. Það er mikill vilji, bæði á þingi og meðal allrar þjóðarinnar, til að standa vörð um öflugan íslenskan landbúnað. Það er enginn sem vill svara á þann veg að hann vilji ekki gera það. Þá er þetta líka mikilvægt fjöregg sem við erum saman með í höndum okkar. Nýgerð skoðanakönnun sýndi að yfir 90% þjóðarinnar, þeirra sem voru spurðir, vilja að staðinn sé vörður um öflugan íslenskan landbúnað og hollustu íslenskra landbúnaðarvara. Við eigum að halda vel utan um það fjöregg. Það er mjög dýrmætt. Við eigum því að standa saman, hafa meira samvinnu við gerð svona samninga en gert var varðandi þennan samning. Engu að síður geri ég ráð fyrir að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs muni styðja að málið fari hér í gegn. En ég legg áherslu á breytingartillöguna sem ég flyt um heimild til að breyta útflutningsskyldu. Ég tel hana mjög mikilvægan þátt í þessum samningi til að undirstrika þá ábyrgð og þær skyldur sem bæði þingið og þjóðin vill axla varðandi íslenskan landbúnað og íslensku sauðfjárræktina. Ég hvet þingið til að samþykkja tillöguna sem ég hef lagt fram.

[12:52]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eftir því sem ég hlusta meira á hv. þingmenn Vinstri grænna geri ég mér æ betur grein fyrir því hvað það er mikilvægt að þessir miklu samningar um sauðfjárbúskapinn og mjólkina skuli vera komnir í höfn og vera til ársins 2012 og 2013. Hv. þingmaður ber ekki meiri virðingu fyrir þeim samningum en svo að hann ætlar að fara með þá á allt annan hátt en aðra samninga. Ég ætla að spyrja hv. þingmann, af því að hann dreymir um að verða landbúnaðarráðherra: Ef það kæmi í hans hlut að semja slíkt mundi hann kalla fulltrúa frá öllum þingflokkum, stjórnar og stjórnarandstöðu, að þeirri samningagerð? Hann sagði þetta áðan berum orðum.

Ég hef haft þetta eins og gerist hjá verkalýðssamtökum, eins og BSRB. Þarna koma bændur að, fulltrúar landbúnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Ég sé að hv. formaður BSRB kinkar kolli og styður mig sennilega í þessari hugsun. En það er best að hv. þingmaður svari því.

Ég vil líka segja út af útflutningsskyldunni, sem hv. þingmaður talar mikið um, að það hefur legið fyrir að hún er mjög gagnrýnd í WTO, talin beinn stuðningur upp á 1,5–2 milljarða. Ísland sætir mikilli gagnrýni fyrir að landbúnaðarráðherra skuli úrskurða að kjöt fari á þennan markað og taka það út af markaði. Einnig liggur fyrir að slíkt er gagnrýnivert út af samkeppnislögum. Í þriðja lagi liggur það fyrir að lambið hefur vikið af markaðinum, eins og ég hef margfarið yfir, og tapað hlutdeild.

Nú liggur það fyrir í þessum samningum að ríkisvaldið mun mæta því ef sveiflur verða miklar. Það eru 300 milljónir á ári sem koma vegna þessa til bændanna, 1,8 milljarðar kr. til viðbótar inn í samninginn til að mæta sveiflunum svo bændurnir haldi sínu þó að verð lækki til neytenda. Ég tel því að þetta sé mjög farsæl lausn og um það var samstaða milli ríkisvalds og bænda að mæta þessu óhjákvæmilega atriði með þessu móti.

[12:54]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er rangt hjá hæstv. ráðherra að samstaða hafi verið milli bænda og ráðherra. Ég las upp bréf sem sýndi að ráðherra hefði, að mati bréfritara, ekki staðið við þá samninga sem þeir töldu sig vera með í höndum. Hann hefði verið beittur öðrum þrýstingi til að standa ekki við hann. Ég treysti alveg orðum þeirra bænda sem sendu þetta bréf inn. Þó að ég ætli ekki að bera brigður á orð hæstv. landbúnaðarráðherra þá treysti ég alveg orðum þeirra bænda sem rituðu undir þetta bréf. Ég skal bara segja það við hæstv. landbúnaðarráðherra og vil ekki taka undir að þeir séu að fara með ósannindi, ég geri það ekki.

Ráðherra talar um WTO-samninga. Þeir eru ekki í hendi og ekkert séð hver framvindan verður í því. Það er nú heldur slöpp röksemd hjá hæstv. ráðherra. Hagsmunir íslenskra bænda fara saman við hagsmuni bænda um allan heim, og hagsmunir íslenskrar landbúnaðarframleiðslu. Það skulum við hafa í huga.

Varðandi það að hæstv. ráðherra þurfi ekki aðkomu annarra aðila en sjálfs síns við að gera samninga við bændur vil ég benda á að hann er ekki almáttugur. Ég veit ekki betur en að mjög öflugur stuðningur hafi borist frá samtökum BSRB og frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem ályktaði þegar hæstv. landbúnaðarráðherra stóð hér upp í loft (Gripið fram í.) út af samningi um hið háa matvælaverð, sem nefnd er starfaði á vegum fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, Halldórs Ásgrímssonar, sem var óþarfari landbúnaðinum en margur annar — þá var stuðningur þessara aðila, þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og BSRB, mjög mikilvægur. (Forseti hringir.) Ég held að landbúnaðurinn hafi virkilega notið þess og einnig málflutningur hæstv. ráðherra.

[12:57]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil út af útflutningsskyldunni segja að þegar í ljós kom — ég ætla ekki að bera upp á þessa menn að þeir séu ósannindamenn, þeir mátu það sennilega svo að lagabreytingin yrði haustið 2008. Ég hringdi í Jóhannes Sigfússon, Harald Benediktsson og Gunnar Sæmundsson í Hrútatungu og skýrði þeim frá því að óhjákvæmilegt væri af lagatæknilegum ástæðum og ýmsum öðrum ástæðum að hafa þetta sólarlagsákvæði í samningnum sem um hefði verið samið til þess að þurfa ekki að taka búvörulögin upp haustið 2008. Ég skýrði þeim öllum frá því og að allt sem ég hef hér sagt yrði staðið við og kæmi þar fram. Um þetta var samið, 300 milljónir sem koma strax til framkvæmda árið 2008 þó að útflutningsskyldan sé þá á en svo fer hún út 2009.

Þeir hafa kannski metið þetta öðruvísi en þeir vita að ríkisvaldið stendur við allt sitt. Ég sé að nöfn þeirra Jóhannesar Sigfússonar og Haraldar Benediktssonar eru ekki á þessu blaði.

Ég er sannfærður um að hér er mjög góður samningur. Hv. þingmaður segir að WTO-samningar séu ekki í hendi, það er hárrétt, þeir eru enn ekki í hendi en menn eru að undirbúa sig undir það. Það er talið mjög mikilvægt í svona samningum að búgreinin sjálf nálgist markaðinn og haldi sjálf utan um sín mál, allar búgreinar haldi sjálfar utan um sín mál, að vald ráðherra samkvæmt lögum sé ekki að grípa inn í, gera þetta eða hitt til að koma kjöti á markaðinn. Bændurnir búa sig sjálfir undir það, hvað vilja þeir flytja út, hvernig og hvaða verð þeir fá. Þeir bera ábyrgð á því.

Þetta þykir eðlilegt og nú hafa sauðfjárbændur landsins samþykkt þessa samninga 90%. Engu að síður blasir hér við stórt tóm, hv. þingmaður hefur ekki svarað því að ef svo ólíklega vildi til að hann yrði landbúnaðarráðherra, hvernig hann ætli að standa að samningagerð. Ætlar hann að hafa alls konar fólk í þeim samningum, (Gripið fram í.) ekki virða bændurna eins og við gerum nú við þessa samningagerð?

[12:59]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Við heyrum að hér fer þreyttur landbúnaðarráðherra. Það er sjálfsagt að taka við af honum ef þannig æxlast. Ég treysti mér alveg til þess, get fullyrt það án þess að ég sé að kasta rýrð á störf hæstv. landbúnaðaráðherra, Guðna Ágústssonar.

Hinu hefur hæstv. ráðherra ekki svarað heiðarlega: Hvers vegna var ekki staðið við þau fyrirheit sem gefin voru varðandi gerð þessa sauðfjársamnings? Þeir bændur sem skrifuðu bréfið segja að ekki hafi verið talið nauðsynlegt að setja þetta inn í samningstextann vegna þess að fullt heiðursmannasamkomulag væri um að útflutningsskyldan yrði ekki leidd í lög fyrr en eftir ár. Það má vel vera að hæstv. ráðherra hafi ekki haft pólitískt bakland til að standa við þau fyrri loforð sem hann gaf bændum. Þá á hann að viðurkenna það og biðja þessa heiðursmenn og samninganefndina afsökunar. (**Landbrh.:** Það breytir engu.) Jú, það breytir því hvort maður stendur við heiðursmannasamkomulag sem gert er.

Ef hæstv. landbúnaðarráðherra ætlar að halda því hér fram að þessir ágætu bændur fari með ósannindi þá er ég ekki sammála því. (Gripið fram í.) Hæstv. landbúnaðarráðherra getur beðið afsökunar og sagt að hann hafi ekki haft afl til að gera meira, sem er kannski staðreyndin. Hann á að viðurkenna það ef það var ástæðan fyrir því að hann gat ekki staðið við þau orð sem samninganefndinni voru gefin.

[13:01]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur hér uppi athyglisverð sjónarmið hvað varðar útflutningsskylduna. Það virðist ekki sem hv. þingmaður hafi neinar áhyggjur af því hvaða verð neytendur fá hér á vörum. Það hefur verið reiknað út hjá WTO að menn séu að tala um 1,5 milljarða á ári sem bætast ofan á stuðning við bændur með því að hafa þessa útflutningsskyldu á.

Þar fyrir utan er útflutningsskyldan sennilega brot á samkeppnislögum og afar óeðlilegt fyrirkomulag. Ég bið menn bara að velta því fyrir þér ef tekið yrði upp á því að setja einhverjar svona reglur um aðrar atvinnugreinar þar sem einstakir framleiðendur í greininni væru skyldaðir til að flytja framleiðslu sína á aðra markaði en þeir kjósa að selja á (**Gripið fram í:** Og á lægra veði.) og á lágu verði.

Ég spyr bara: Finnst hv. þingmanni ekki nóg að ríkissjóður greiði 500 kr. með hverju einasta kílói af dilkakjöti sem er undir greiðslumarki? Finnst hv. þingmanni það ekki nóg? Eiga menn ekki að geta staðið í lappirnar og keppt á markaði með slíkan stuðning frá ríkinu upp á vasann?

Ég held að Vinstri grænir skuldi neytendum útskýringar á afstöðu sinni, að þeir skuli sækja fram hér og heimta að haldið verði uppi óeðlilegu kerfi sem þessi útflutningsskylda er, eingöngu til þess að bæta því ofan á þann stuðning sem fyrir hendi er í sauðfjárframleiðslunni. Hvað er hæstv. verðandi landbúnaðarráðherra að fara?

[13:03]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður vitnar til WTO sem er

skammstöfun fyrir einhver alþjóðleg samtök um verslun með þjónustu. Við vitum ekkert hvar það mál er statt. Við getum þess vegna ekki tekið mikið tillit til þess enda, eins og rætt var hér um manna á meðal áðan, hefur WTO ekki atkvæðisrétt meðal íslenskra neytenda. (Gripið fram í.)

Hagsmunir neytenda og hagsmunir framleiðenda fara saman um það að þessari búgrein séu sköpuð tilhlýðileg starfsskilyrði. Ég vitna til þeirrar góðu könnunar sem gerð var meðal neytenda hér á landi um að yfir 90% vilja öflugan landbúnað og holla og góða framleiðslu. Og auðvitað skiptir verð máli.

Okkur ber skylda til að standa vörð um þetta og til þess er þessi samningur. Einn mikilvægur þáttur hans er heimildin til útflutningsskyldu. Ekki útflutningur eins og hv. þingmaður nefndi, heldur heimildin sem mætti nota við mjög sérstakar aðstæður til að grípa til útflutningsskyldu ef það er nauðsynlegt fyrir hagsmuni bæði bænda og neytenda.

Þessi samningur er um hagsmuni allra þessara aðila sem þarna á að ná utan um. (Gripið fram í.) Menn geta deilt um vægi einstakra þátta innan þessa samnings en útflutningsskyldan hefur verið einn mikilvægasti þátturinn í þessari umgjörð. Við skulum vona að ekki þurfi að beita henni en það væri líka hrapallegt (Forseti hringir.) að ætla að kasta þessum möguleika frá sér.

[13:05]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hrapallegt að kasta þessum möguleika frá sér og nota ríkisvaldið til að skylda framleiðendur til að flytja út framleiðslu sína sem þeir geta selt á innanlandsmarkaði. Hv. þingmanni finnst hrapallegt að því vopni skuli vera kastað frá sér. Hann vill geta látið landbúnaðarráðherrann taka slíkar ákvarðanir sem brjóta örugglega í bága við samkeppnislög í landinu og eru þar fyrir utan gjörsamlega óviðunandi fyrirkomulag og ögrun við neytendur í landinu.

Þegar talað er um að það sé hagsmunum neytenda til góða að svona aðferðum sé beitt sem er bókstaflega beint gegn neytendum í landinu kemur það í veg fyrir að samkeppnin leiði fram það verð á markaðnum sem framleiðslan og framboðið á að skapa.

Ég held að hv. þingmaður þurfi að fara vandlega yfir þetta. Ég hef áhyggjur ef hann er virkilega að tala fyrir hönd Vinstri grænna í þessum efnum. Mér hefur sýnst að þar þykist menn vera að tala fyrir hönd neytenda líka. Það er sko ekki talað fyrir hönd neytenda þegar menn tala með þeim hætti sem hv. þingmaður hefur verið að gera. (**Gripið fram í:** Neytendur hafa atkvæðisrétt.) Neytendur hafa atkvæðisrétt og neytendur taka þátt í skoðanakönnunum. Það kemur í ljós í vor hvernig niðurstaðan verður.

Ég held þess vegna að það sé mjög gott að menn ræði þessi mál og fái það algjörlega á hreint á hvaða leið Vinstri grænir eru hvað varðar þessi mál. Eru þeir flokkur sem er tilbúinn til að horfa á hagsmuni neytenda eða eru þeir bara að hugsa um einstaka búgreinar eða eitthvað því um líkt eins og virðist vera augljóst af þeim orðum sem hv. þingmaður hefur verið hér með um þessa útflutningsskyldu? Ég hvet hann til að eyða nú nóttinni í að fara yfir þetta mál og velta fyrir sér á hvaða braut hann sé þar.

[13:07]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef hv. þingmaður velkist í vafa um stefnu Vinstri grænna í landbúnaðarmálum liggur hún fyrir. Ég hef m.a. rakið hana hér. Hins vegar get ég alveg skilið vandamál hv. þingmanns, ég veit ekki alveg um stefnu Samfylkingarinnar í landbúnaðarmálum. Hún er sérstök og kannski vantar meiri heild án þess að ég ætli nokkuð að ræða hana hér.

Hitt ætla ég að segja að það er verið að gera þennan samning um sauðfjárræktina. Menn geta deilt um hvort eigi að gera svona samning eða ekki. Það er pólitísk ákvörðun að svona samningur sé gerður. Hann hefur verið gerður undanfarin ár. Hann hefur tekið til ákveðinna þátta sem hafa snúið að framleiðendum, líka pólitískum markmiðum eins og búsetu og tryggingu á framboði á landbúnaðarvörum og enn fremur hafa þeir þar af leiðandi snúið líka að neytendum með framboði á hollum og góðum vörum.

Almenningur í landinu hefur sýnt það, m.a. í nýjustu Gallup-könnun, að yfir 90% af þjóðinni vilja standa vörð um þetta. Eigum við bara að segja að það komi okkur ekkert við? Eigum við bara að segja að þessi sameiginlegi vilji, þessi sterki vilji þjóðarinnar um öflugan íslenskan landbúnað, hollar landbúnaðarvörur, komi okkur bara ekkert við? Ég er ekki þeirrar skoðunar.

Ég tel að við eigum að búa þessari búgrein einmitt þá umgjörð sem standi undir þeim væntingum sem almenningur í landinu gerir, einmitt vegna hagsmuna almennings. Þá verðum við líka að vara okkar á því að grípa til aðgerða sem geta veikt þessa stöðu. Við skulum vona að ekki þurfi að grípa til þessarar heimildar um útflutningsskylduna en henni hefur verið beitt á undanförnum árum til að styrkja þennan grunn. Menn geta deilt um hvort það hafi verið rétt.

En fáránlegt er gagnvart greininni og neytendum að kippa henni bara allt í einu í burt, (Gripið fram í.) það er bara fáránlegt. (Forseti hringir.) Þess vegna verðum við að (Forseti hringir.) standa vörð um það að hún sé með nokkuð (Forseti hringir.) trausta umgjörð þótt útflutningsheimild sé, og vonandi þarf aldrei að beita henni.

[Fundarhlé. — 13:10]

[13:40]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Fjallar frumvarpið aðallega um samning við sauðfjárbændur.

Við getum haft skiptar skoðanir á því hvort og hvernig eigi að styrkja landbúnað hér á landi eða yfirleitt í heiminum, en það er viðurkennt að landbúnaður flestra landa þurfi ákveðinn stuðning. Það er m.a. gert til að tryggja framleiðslu á matvörum, að tryggja holla og góða matvöru og í rauninni að tryggja fæðuframboð í viðkomandi landi. Það þykir öllum þjóðum eðlilegt að hvert land sé sem næst því

að brauðfæða þjóð sína og tryggja það að framleiðsla á landbúnaðarvörum sé til staðar.

Margt hefur breyst á síðustu öld og núna á allra síðustu tímum þegar flutningar landshorna, landsvæða og heimsálfa á milli hafa aukist og nú er flogið með korn, sáðvöru og jafnvel viðkvæma vöru eins og grænmeti heimshornanna á milli. Hin svokallaða hnattvæðing stuðlar að því að hinar iðnvæddu þjóðir nýta sér markaði þar sem vinnuframlag er ódýrt og auðvelt að rækta eða framleiða þær vörur sem vantar í viðkomandi landi. Þar með hefur innflutningur á ýmsum vörum breyst, bæði útflutningur og innflutningur á vörum hefur breyst hin síðari ár. Þetta er að sumu leyti góð þróun en að mörgu leyti líka mjög slæm þróun fyrir heimsbyggðina með tilliti til þess að hinar ríku þjóðir eru oft að nota bágt ástand í þróunarríkjum til þess að fá ódýrt vinnuafl eða notfæra sér löggjöf sem er ekki það trygg eða það sterk að hún hindri að notað sé eiturefni eða vöru eins erfðabreytta framleiðslu þar sem viðkomandi efni eða vara væri bönnuð í þeim löndum sem varan er svo flutt til. Við sem búum í hinum sterkari og þróaðri iðnríkjum heims fleytum því rjómann af þessari þróun en vanþróaðri ríki þar sem vinnuaflið er ódýrt fá að vísu möguleika til atvinnutækifæra en að sama skapi er launum haldið niðri og verið að nota efni á mörgum stöðum sem eru ekki æskileg.

Þetta kemur aðeins inn á sauðfjársamninginn að því leytinu til að við verðum að horfa til þess að fylgja búskaparháttum og styrkjum nágrannalanda okkar og því sem viðgengst. Við þurfum líka að fylgja þeirri þróun og sjá með hvaða hætti best er að styrkja byggð í landinu og framleiðslu bænda án þess að það valdi háu vöruverði eða komi á einhvern annan hátt við búskap í sveitum landsins eða raski búskap. Beingreiðslur til bænda í þeirri mynd sem við höfum fram til þessa stundað, þ.e. framleiðsluhvetjandi greiðslur, eru á undanhaldi en þær eru í þessum samning. Greiðslur til bænda sem frekar stuðla að öruggari búsetu, ræktun og búsetu í sátt við umhverfið og sjálfbæra þróun, eru styrkir sem eru, að ég tel, styrkir framtíðarinnar og að því umhverfi verður Alþingi og bændastéttin að laga sig og bændur eru að því.

Það er önnur þróun í gangi og hún hefur náð bólfestu hér á landi, það er að ná tryggari framleiðslu með hagkvæmni stærðarinnar, þ.e. búin hafa verið að stækka og á það aðallega við um kjúklingabúin, svínaræktina og mjólkurframleiðsluna núna. Þessi þróun er greinilega að teygja anga sína í sauðfjárræktina líka, búum fækkar, búin stækka og beingreiðslurnar til sauðfjárbænda og til mjólkurframleiðslunnar, kvótinn, gengur orðið kaupum og sölu. Þar af leiðandi getur þetta kerfi okkar og sú þróun sem þarna hefur orðið einnig orðið til þess að búseta í sveitum veikist því að bændur verða færri þó að búin stækki og það hefur áhrif á búsetu annarra í viðkomandi sveitarfélagi og viðkomandi svæði getur veikst að þessu leyti.

Ef við erum sammála því að styrkja þurfi bændur til framleiðslu í sauðfjárræktinni og mjólkurframleiðslunni, þá skiptir líka máli hvernig við gerum það. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum tryggja örugga matvælaframleiðslu og við viljum standa þannig að verki að við getum verið örugg með að brauðfæða landsmenn. Við viljum tryggja matvælaöryggi og því viljum við stuðla að styrkjum til bænda og gera samninga við viðkomandi félög bænda eins og hér er verið að gera við bændur í sauðfjárframleiðslu. Eins og hæstv. landbúnaðarráðherra sagði fyrr í dag fara þessir samningar fram eins og hverjir aðrir samningar á milli launþega og atvinnurekanda eða hins opinbera. Þessir samningar eru ef til vill örlítið flóknari og snerta fleiri en eingöngu bændur, en það er mikilvægt að samningar sem þessir séu gerðir til langs tíma, hvort heldur það er í sauðfjárræktinni, mjólkurframleiðslunni eða skógræktinni þar sem framleiðsluferlið er á þann veg að bændur verða að vita hvernig samningarnir standa nokkur ár fram í tímann. Þetta er eðlilegt.

Mér þótti nokkuð miður að verða vitni að og hlusta á lestur bréfs frá fulltrúum sauðfjárbænda þar sem þeir rekja með hvaða hætti þeir telja að vanefndir séu í samningnum, að það sem þeim hafði verið lofað að yrði í samningnum hefði verið tekið út, þ.e. að í samningnum ætti áfram að vera kveðið á um útflutningsskylduna en það ákvæði yrði svo tekið upp aftur 2008 þegar komin væri einhver reynsla á aukinn innflutning á kjötvörum, því að þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar á niðurfellingu á tollum og heimild til innflutnings á kjötvörum munu hafa áhrif á sauðfjárframleiðsluna og eins á nautakjötsframleiðslu, svínakjötsframleiðslu og kjúklingaframleiðslu. Ef við höfum lært eitthvað af markaðsmálum þar sem offramboð er á íslenska markaðnum þá höfum við mörg dæmi en nýlegustu dæmin eru að öllum líkindum offramleiðsla bæði í kjúklingaframleiðslunni og þó sérstaklega í svínakjötsframleiðslunni sem var nærri búin að setja þá framleiðslu alla á hausinn. Af þeim sökum tel ég að það þurfi að varast allar kollsteypur. Ef aukinn innflutningur á kjöti hefur áhrif á sölu á íslensku lambakjöti á innanlandsmarkaði mun það hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Þar sem framleiðsluferlið er langt þurfa bændur að hafa möguleika á að aðlagast breyttum aðstæðum. Þar af leiðandi tel ég að útflutningsskyldan eða möguleikar til útflutnings sem stýritæki hefði átt að vera enn þá inni.

Hæstv. forseti. Þar sem ég tel að aukinn innflutningur á kjöti muni halda markaðnum í nokkurri óvissu þrátt fyrir samninginn tel ég að við þurfum sem neytendur að horfa á það innflutta kjöt sem kemur á markaðinn, við þurfum að skoða verðið. Við höfum örugglega möguleika á því að flytja inn kjöt sem er mun ódýrara en íslensk framleiðsla, hvort heldur það er svínakjöt, kjúklingakjöt eða nautakjöt. Þar með tel ég að hagsmunum neytenda sé ekki að öllu leyti borgið því að það sem mér finnst skipta miklu máli er að við höfum upplýsingar um það og að fyrir liggi hvers konar kjöt þetta er. Hvaða gæði erum við að flytja inn? Hægt er að benda á reynslu Dana, sem gerð var skil í einu dagblaðanna í gær eða fyrradag, sem ég hafði fengið upplýsingar um að Danir höfðu verið að berjast við sýkingar í kjúklinga- og svínakjötsframleiðslunni hjá sér, stafýlókokka- og kampýlóbaktersýkingar. Þeir fóru í mjög róttækar aðgerðir og réðust á vandann til þess að framleiða heilnæmari og betri vöru neytendum í hag. Danski markaðurinn er opinn fyrir innflutningi af Evrópska efnahagssvæðinu og þegar þeir fóru að skoða kjötvörur sem voru til sölu í verslunum í Danmörku kom í ljós að margt af því sem var þar í kjötborðunum var í raun ekki mannamatur. Kjötið var

yfirfullt af bakteríum og sýkt vara, hvort sem það kom þannig frá bóndanum, hvort það kom upp í sláturhúsinu eða hvort það magnaðist upp sýking á löngum flutningi eða hvernig það var en alla vega var mikill munur á gæðum vörunnar hvað þetta varðaði á danskri vöru og innfluttri en þarna var innflutta varan mun ódýrari. Þannig var verið að höfða til neytenda að það væri þeirra hagur að kaupa hið ódýra kjöt.

Þegar við horfum á íslenska framleiðslu fáum við því miður sem neytendur ekki að njóta þess að sjá hvað við höfum í höndunum þegar kemur að samanburði við innflutt kjöt því að það vantar allar merkingar. Eina sem við höfum eru verðmerkingarnar, annað hefur neytandinn ekki. Fyrir bóndann skila gæðin sér að einhverju leyti í verði til bóndans, allt of lítið að mínu mati, hvort sem hann er í gæðastýrði framleiðslu eða ekki. En þetta rennur allt saman út í sömu bakkana í kjötborðinu hvort heldur það er framleiðsla frá bónda sem er með gæðastýringu og tekur á sig það sem sú framleiðsla krefst eða hvort að það er frá bændum þar fyrir utan sem hafa ekki sama eftirlit og þessir bændur. Þetta er hluti af því sem ég hvet íslenska sauðfjárbændur og aðra bændur til að huga vel að, að ef að við ætlum að standast innfluttu kjöti einhvern snúning, þ.e. við vitum að barist verður um verðlagið. Við getum ekki keppt við vinnuafl sem tekur lægri laun, bændur og sérstaklega sauðfjárbændur geta ekki farið neðar hvað varðar afkomu og tekjur af sauðfjárræktinni. Við munum því að öllum líkindum verða með kjötverð sem er og verður hærra en á innfluttu kjöti og þá er það okkur auðvitað til vansa, bændastéttinni eða þeim sem hafa staðið í vegi fyrir því að koma vörunni til neytenda þannig að við getum vitað hvaða vöru við erum með í höndunum.

Þá vil ég nefna það líka að mér finnst metnaður í sauðfjárræktinni ekki vera nægilega mikill hvað varðar hlutfall lífrænt ræktaðrar vöru. Það verður að segjast eins og er að ég tel eðlilegt að sauðfjárbændur sjálfir hafi ekki mikinn metnað eða þörf eða áhuga á að fara út í slíka framleiðslu því að í fyrsta lagi vantar stuðninginn, það vantar hvatann og það vantar allt aðgengi bæði að sláturhúsum og markaði til þess að þessi framleiðsla verði áhugaverð og gefi eitthvað í aðra hönd. Ég tel að þetta séu hlutir sem við þurfum að skoða.

Hæstv. forseti. Ég ætla á eftir að fara nokkrum orðum um frumvarp sem ég hef flutt og hefur orðið eftir á borðinu mínu. Ég ætla að biðja hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um að rétta mér frumvarpið sem er í sæti nr. 29.

Hæstv. forseti. Ég bað hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að færa mér gögn sem liggja á borðinu mínu. Það er eðlilegt að ekki sé mikill áhugi hjá íslenskum bændum fyrir því að fara út í lífrænan landbúnað og þá í framleiðslu á lífrænt ræktuðum dilkum því að það er svo margt sem stendur í vegi fyrir því. Ég tel að hvað varðar lífræna framleiðslu eigi stjórnvöld og þá hæstv. landbúnaðarráðherra einnig sök á því að hafa ekki hvatt frekar til að taka einu skrefi lengra en gert er með gæðastýrði framleiðslu því að með henni er lagður mjög góður grunnur að því að fara út í lífrænt vottaða framleiðslu. Þarna tel ég vanta skilning, áhuga og metnað fyrir hönd þeirra bænda sem gætu farið í þessa framleiðslu.

Það skiptir miklu máli, hæstv. forseti, að það sé jafnvægi í sauðfjárframleiðslunni, jafnvægi á innanlandsmarkaðnum og eins hvað varðar útflutning, hvort sem hann er samkvæmt útflutningsskyldu eða að bændur finni sér sjálfir markaði. Auðvitað skiptir máli að hinn erlendi markaður sé með þeim hætti að fyrir kjötið fáist ásættanlegt söluverð. Það gengur ekki til lengri tíma að niðurgreiða þessa vöru en því miður höfum við þurft að gera það fram undir þetta til að koma henni hreinlega inn á markaðinn og þá sérstaklega Bandaríkjamarkað þar sem möguleikar eru til að fá ásættanlegt verð fyrir kjötið. Slíkir markaðir eru líka mjög viðkvæmir og ef bændur eiga að standa sjálfir í þeirri markaðssetningu og án útflutningsskyldu er eins gott að yfirvöld hafi heildræna sýn á aðrar aðgerðir sem geta þá kippt fótunum undan slíkum markaði, eins og t.d. hvalveiðar sem munu hafa og hafa haft áhrif á markaðssetningu á íslensku kjöti í Bandaríkjunum. Einnig það að fara varlega í innflutningi á erfðabreyttu fóðri því að nú er staðan sú að innflutningur á erfðabreyttu fóðri er alls ráðandi í fóðurblöndum og fóðri á markaði okkar og þó svo að meiri hlutinn af þessu fari í fóður til mjólkur- eða nautgripaframleiðslu og sérstaklega þá svína- og kjúklingaframleiðslunnar fer eitthvað af þessu erfðabreytta fóðri einnig í sauðfjárframleiðsluna. Ef sú vitneskja kæmist á leiðarenda og til neytenda er hætt við því að þessum veika markaði yrði endanlega kippt út. Það er ekki nóg að fara í markaðssetninguna og koma vörunni á markað erlendis. Það verður að gæta þess að kippa ekki undan henni fótunum. Það hefur enginn hvatt til þess að fara í offramleiðslu á dilkakjöti en gæðastýringin hefur og mun hafa m.a. takmarkandi áhrif á þá framleiðslu.

Eins og hv. þm. Jón Bjarnason kom hér inn á eru möguleikar til nýliðunar í þessari grein orðnir mjög erfiðir og takmarkaðir. Það hefur orðið fækkun á sauðfjárbúunum. Þau eru orðin stærri. Það er erfiðara fyrir nýliða að kaupa jarðir. Jarðaverð hefur hækkað og þar af leiðandi hefur orðið erfitt fyrir niðja bænda að taka við búum. Ofan á allt bættist svo að Lánasjóður landbúnaðarins var lagður niður þannig að möguleikar okkar til að nota hann til að veita lán til nýliðunar í sveitum eru úr sögunni. Ákvæði um að styrkja ákveðin svæði og veita styrki til nýliðunar eru inni í þessum samningi en þeir eru því miður lágir og þurfa örugglega endurskoðunar við þannig að ég hefði talið það öryggisatriði að endurskoða samninginn 2008 með tilliti til útflutningsskyldunnar og eins með tilliti til þeirrar upphæðar sem hér er getið hvað varðar nýliðun í greininni.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan liggur fyrir þinginu á þskj. 29, 29. mál, tillaga til þingsályktunar um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað. Hún er flutt af mér og þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Jóni Bjarnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni, og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum.“

Þessi tillaga hefur verið flutt fjórum sinnum áður, hefur ekki fengið afgreiðslu og aldrei verið útrædd og er því endurflutt hér óbreytt ásamt ítarlegri greinargerð. Í henni kem-

ur fram að lífrænn landbúnaður er styrktur mun meira annars staðar á Norðurlöndunum og víðast hvar í Evrópu en gert er hér á landi. Við sjáum það líka í verslunum í dag að innflutningur á lífrænt vottuðum vörum, þá sérstaklega matvörum, eykst dag frá degi. Nú er svo komið að í flestum matvöruverslunum landsins eru orðnar sérstakar deildir sem selja eingöngu lífrænt vottaðar vörur, hvort heldur er matvöru, snyrtivöru eða annað. Ég tel að íslenskir bændur séu í raun og veru að missa af lestinni. Af hverju eiga íslenskir bændur ekki að eiga stærri hlutdeild í þeirri söluaukningu sem er á lífrænt vottuðum vörum? Þarna eru tækifæri. Við höfum möguleika á að stuðla að sjálfbærri þróun, styrkari búsetu og verða við kröfu neytenda hvað varðar öryggi og hollustu. Við eftirlátum þessa þörf neytenda öðrum bændum í öðrum löndum og þar af leiðandi drögum við úr mikilvægum þætti sjálfbærrar þróunar, þ.e. bætum við mengun af löngum flutningi á þeim vörum sem hér eru seldar undir vottun lífrænnar framleiðslu. Því nær sem við erum markaðnum með þá framleiðslu því betra er það fyrir umhverfið og náttúruna.

Ég tel að við séum að missa af tækifæri. Við búum í tiltölulega hreinu landi, við búum við aðstæður þar sem í miklu meira mæli er hægt að nota jarðvarma fyrir lífræna ylrækt en gert er í dag. Auk þess virðist hlýnun andrúmsloftsins og hlýnun yfirleitt hafa náð til okkar og þar af leiðandi megi búast við því að öll útiræktun verði auðveldari. Margir bændur hafa verið hræddir við að ekki væri hægt að vera hér með lífrænt vottaða landbúnaðarframleiðslu vegna þess hversu norðarlega við búum en sauðfjárframleiðslan liggur mjög vel við lífrænni ræktun. Það vantar svo lítið upp á að sú vara sem framleidd er undir stjórn gæðastýringar nái þessu takmarki. Það er aðeins eitt sem stendur út af og það er áburðargjöfin. Ég tel að bændur þurfi miklu frekar hvatningu og stuðning til að fara út í þetta en að einhverjar aðrar takmarkanir eigi að hafa þar áhrif á. Og stuðningurinn þarf að vera til lengri tíma en tveggja ára. Hann þarf a.m.k. að vera til fimm ára til að koma á þessari framleiðslu svo að hún nái hérna fótfestu og sé í einhverjum mæli.

Hæstv. forseti. Ég hvet hæstv. landbúnaðarráðherra, þó að stutt sé eftir af þinginu og að öllum líkindum stutt eftir af embættisferli hans, til að taka á þessum stutta tíma sinnaskiptum og hvetja til og stuðla að því að inn í frumvarpið komi viðbótarákvæði um frekari stuðning til bænda sem fara í lífrænt vottaða framleiðslu, hvort heldur er sauðfjár eða aðra.

[14:11]

**Útbýting:**

Framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun, 664. mál, svar umhvrh., þskj. 1179.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 542. mál, brtt. minni hluta iðnn., þskj. 1219.

Skattamál einkahlutafélaga 2003–2005, 583. mál, svar fjmrh., þskj. 1186.

Staða umferðaröryggismála 2006, 703. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1181.

Styrkir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, 582. mál, svar heilbrrh., þskj. 1210.

Vátryggingarsamningar, 387. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1208.

[14:12]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þessi umræða er hluti af því máli, þeim þætti stjórnmála sem ég hef lagt hvað mesta áherslu á á síðastliðnum fimm árum og látið mig mest varða, þ.e. hagur heimilanna og matarverðið.

Er þess skemmst að minnast að snemma á þessu þingi, í upphafi þings í október, lagði Samfylkingin fram tillögu um að lækka matarverð með því að fella niður vörugjöld, lækka virðisaukaskatt og afnema tolla og gera það í samkomulagi við bændur og búa til samning um breytingar á stuðningi við þá.

Ljóst er að í löndum þar sem gerðar hafa verið grundvallarbreytingar á umhverfi landbúnaðar hefur framleiðsla aukist og starfsemi blómgast í tengdum framleiðslugreinum. En það er afar mikilvægt að gera breytingar í góðri sátt. Þess vegna lögðum við til að gerður skyldi ásættanlegur aðlögunarsamningur við bændur áður en tollar yrðu aflagðir og að samráð yrði haft um fyrirkomulag stuðnings í framtíðinni. Við vorum fullmeðvituð um það, virðulegi forseti, að þetta mundi taka ákveðinn tíma en brýnt væri að byrja á þessu og byrja að leggja línur upp á nýtt.

Núverandi landbúnaðarkerfi er gallað og það er dýrt. Bændur búa við þrengri kost en þeir þyrftu og stöðugt fækkar í sveitum landsins. Verðlags- og samkeppniseftirlit þarf að efla og fylgjast með verðmyndun til neytandans frá bóndanum sem í vissum tilvikum fær aðeins 20% eða 40% af útsöluverði í sinn hlut.

Lækkun matarverðsins kemur að sjálfsögðu öllum til góða. Þar vil ég ekkert undanskilja bændur sjálfa. Við skulum bara horfa á að þeir bændur sem eru í sauðfjárrækt þurfa eins og aðrar fjölskyldur kaupa allar vörur til heimilis síns. Því er fráleitt hvernig þessu máli hefur ævinlega verið snúið upp á eina stétt í landinu og ég harma það.

Lækkunin er sérstaklega mikil kjarabót fyrir barnafjölskyldur og það enginn vandi að taka á þessum málum vegna þess að peningar hafa flætt í ríkiskassann á allra síðustu árum en á sama tíma hefur dregið mjög úr stuðningi við fjölskyldur. Umhverfi fjölskyldunnar hefur því miður orðið þyngra og erfiðara en nokkru sinni áður, mitt í þessari velmegun. Ég vil sérstaklega taka fram að í eldhúsdagsumræðum í gær gerði Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, þetta einmitt að umtalsefni og hún gerði það vel. Hún dró það saman hvernig umhverfi ungrar barnafjölskyldu er, hvað varðar allan aðbúnað, allan stuðning hins opinbera og dró fram aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar.

Mikilvægt er í umræðu af þessu tagi að við höfum það alltaf að leiðarljósi að fjölskyldupólitík er jafnmikilvæg fyrir allar fjölskyldur hvar sem þær búa, hvort sem það er í þéttbýlinu eða í dreifbýlinu. Það á ekki að tala um okkur og þau eða segja við og þau. Þetta erum við öll. Við öll sem eigum hlut að máli.

Við höfum búið við heimsins hæsta verð og í allri umræðunni um það bregðast rökþrota stjórnmálamenn ævinlega við með því að fara að tala um bændur, að verið sé að ráðast á bændur. Við höfum aldeilis kynnst því í Samfylkingunni.

En loksins tók ríkisstjórnin við sér og áttaði sig á því að farið væri að halla undan fæti, að nokkuð ljóst væri orðið að það yrði erfitt að lifa af eftir næstu kosningar og eitt af því sem var brugðist við með var að taka loksins á honum stóra sínum og lækka matarverðið. En það varð einhvern veginn til hálfs. Virðisaukaskatturinn var lækkaður úr 14% í 7%. Vörugjöldin voru afnumin að hluta. Þau voru afnumin en þó ekki. Tollar pínulítið, án nokkurrar vinnu við kerfisbreytingar og þar með var verið að viðhalda flóknu stjórnkerfi og því viðhaldið að mikil uppsöfnunaráhrif verða sem þessir skattar ríkisins valda.

Ég hlýt, virðulegi forseti, að minna á að við helmingslækkun á tollum mundu tekjur ríkissjóðs minnka um 145 millj. kr. en samkvæmt skýrslu formanns matvælaverðsnefndar kæmu inn í ríkiskassann vegna veltuáhrifa um 900 millj. kr. til baka. Ef allir tollar væru felldir niður drægjust tekjur ríkissjóðs saman um 290 millj. kr. En vegna aukinnar veltu innan lands mætti reikna með tekjuaukningu ríkisins upp á 1.800 millj. kr., 1,8 milljarða. Það er nú ýmislegt sem hægt er að gera fyrir slíka fjármuni til þess að kerfisbreytingar gangi mjúklega fyrir sig og tryggi það örugglega að úr þeim verði sá stuðningur sem ætlast er til, eins og við höfum lagt til varðandi breytingar á stuðningi við bændur.

Það er alveg ljóst að bændur eru ofboðslega hræddir við umræðuna um lækkað matarverð. Þeir eru hræddir við allar breytingar sem snúa að þeim. Þeir eru hræddir við að eitthvað verði tekið í burtu sem þeir þekkja og annað komi ekki í staðinn. Við vitum það öll, vegna þess að við erum öll með bændur í fjölskyldum okkar og eigum bændur jafnvel að nánum vinum, og við þekkjum það vel að í sumum tilfellum skilar sáralítill hluti af verðinu sér til bóndans.

Sá samningur sem hér á að fara að afgreiða er enn á ný settur fram með sama hætti og áður að pukrast er með hann bak við luktar dyr og hann kemur skyndilega fram á sjónarsviðið þegar haldinn er blaðamannafundur til að kynna hann. Ekkert samráð var haft við fagnefnd Alþingis, ekkert samráð haft við aðra þingflokka til að tryggja stuðning við að samningurinn lifi og þetta sé gert í sátt en tryggt að engar breytingar verði þó að breytingar verði á ríkisstjórn. Allt gert með gamla laginu, svolítið til bænda en kerfið fær sitt. Kerfið fær sitt. Við, hagsmunaaðilar kerfisins, pössum kerfið okkar. Það er mottó núverandi ríkisstjórnar og stjórnarliðanna á Alþingi. Það er þyngra en tárum taki.

Og af því ég nefni það hversu lítill hluti af verðinu skilar sér til bóndans, þá ætla ég aðeins fara yfir það. Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, gerði á því könnun. Hún var ekki vísindaleg en hún leiddi margt fróðlegt í ljós og hún á fullt erindi inn í umræðuna. Hann kannaði hver munurinn á kílóverði til bóndans væri og til neytenda út úr verslun. Munurinn var æpandi. Bóndinn sem framleiðir heimsins besta lambakjöt, og það undirstrika ég hér, vegna þess að það er líka reynt í umræðunni að tala til okkar sem viljum fara aðra leið og hafa öðruvísi kerfi til hagsbóta fyrir alla, eins og við séum á móti hinni góðu, íslenskframleiddu vöru. Það er rangt.

Munurinn á kílóverði til bóndans og til neytenda var æpandi. Bóndinn sem framleiðir heimsins besta lambakjöt fékk aðeins 310 kr. fyrir hvert kíló — könnunin var gerð í fyrra — eða um 4.700 kr. fyrir 15 kílóa þungan skrokk. Ég trúði vart þeim tölum en samkvæmt könnun á verði á höfuðborgarsvæðinu kom þetta út. Og þegar skoðað var á hvaða verði lambakjöt var selt þegar búið var að saga það niður ófrosið í lambaframhryggjasneiðar, súpukjöt, kótilettur, lærissneiðar og slög og verðið á því var frá 2.515 kr. og upp í 11.198 kr. fyrir það magn sem menn settu fram, þá leiddi þessi skyndikönnun í ljós að 15 kílóa lambaskrokkur sem bóndinn fékk 4.700 kr. fyrir kostar ófrosinn og niðursagaður út úr búð um 23.000 kr. Um 23.000 kr. Verðgildi skrokksins hafði aukist um rúmar 18.000 kr. eða rúmlega 400% frá haga til maga. Bóndinn fékk 20% útsöluverðsins.

Hvaða kerfi er þetta? Hvaða aðra framleiðsluvöru er hægt að taka sem kæmist í hálfkvisti við það sem hér er á ferðinni? Og svo segja menn þegar við gagnrýnum þetta kerfi: Þau eru óvinir bænda. Sér er hver vinurinn, segir sú er hér stendur. Sér er hver vinurinn að bjóða upp á slíkt kerfi.

Þegar afkoman er skoðuð nánar og þegar maður reynir að átta sig á hvort þetta sé ábatasamur atvinnurekstur, því að allan tímann sem við ræðum þetta mál hér í þessum sal er komið upp og sagt: Þetta er allt að lagast. Búin eru að stækka. Umfangið er að aukast. Afkoman er betri. En maður veltir því fyrir sér, hvernig má það þá vera að þeir ábúendur sem maður þekkir sjálfur, þar eru yfirleitt bæði konan og maðurinn að reyna fyrir sér með aðra atvinnu meðfram búskap til að geta búið á býlinu sínu.

Hversu ábatasamur er nú atvinnureksturinn? Jú. Miðað við þessar tölur fær bóndi sem leggur inn 300 lömb að hausti eða um það bil 4.500 kíló af kjöti, samkvæmt þessu um 1,4 millj. kr. fyrir innleggið. 1,4 millj. fyrir 300 fjár. Þetta er kerfið sem stjórnarmeirihlutinn er að verðlauna. Þetta er kerfið sem þessi stjórnarmeirihluti heldur svo fast um að það má enginn að þessu koma né af því vita fyrr en blaðamannafundur er haldinn. Bóndinn fær hugsanlega 1,2 millj. kr. í greiðslu frá ríkinu. Ég ætla ekki að setja nafn á greiðslurnar því mér er alveg ljóst að þær eru flóknar. Þetta þýðir að bóndinn fær um 2,6 millj. kr. í heildartekjur miðað við það verð sem skyndikönnunin leiddi í ljós í fyrra.

Á meðan bóndinn fær 2,6 millj. kr. í sinn hlut að ríkisgreiðslunum meðtöldum kostar sama magn af kjöti 6,9 millj. kr. út úr búð miðað við framangreinda skiptingu í kjötflokka. Og reynið ekki að koma hér og telja mér trú um að þetta hafi verið einstök tilviljun, að þetta verð sé nú ekki almennt, að það sé miklu betra og miklu hærra.

En hvað gerir ríkið? Hvað gerir ríkið sem við í þessum sal erum að reyna að fá til að bregðast við breyttum tímum og breyttum kröfum og bregðast við þannig að bæði neytendur og bændur hafi sóma af? Ríkið fær af þessu 850 þús. kr. í virðisaukaskatt af útsöluverðinu eða sem nemur um það bil 70% af ríkisgreiðslunum. Þetta er alveg gasalega flott. Þetta er glæsilegt.

En þá vaknar spurningin: Hver ber ábyrgð á háu verði? Hver fær mismuninn? Hver getur og hver vill svara því? Það reyndi hv. þm. Samfylkingarinnar Jóhanna Sigurðardóttir, að leiða í ljós. Hún bar fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. landbúnaðarráðherra. Og skyldi maður nú hafa haldið að svörin við þeim mundu liggja ljós fyrir. Hver gerir samninga eins og þá sem við ætlum að fara að afgreiða áður en þingi lýkur öðruvísi en að hafa þessar upplýsingar á

hreinu? Við skulum skoða það.

„1. Hvernig skiptist verðmyndun á helstu tegundum landbúnaðarvara á árunum 2005 og 2006, annars vegar innlendra og hins vegar innfluttra, sundurliðað milli eftirfarandi þátta, bæði hlutfallslega og í krónum: a. framleiðenda, b. heildsöluálagningar, c. smásöluálagningar, d. opinberra gjalda?"

Mundu ekki allir þingmenn í þessum sal halda að nú kæmi svar sem segði að miðað við að framleiðsluverðið sé þetta, þá skiptist verðið svona og svona og svona og út kæmi útsöluverð? Nei. Ekki hér á Íslandi. Ekki hér á Alþingi. Ekki í svari frá þessum hæstv. landbúnaðarráðherra. Svarið er nefnilega svona, með leyfi forseta:

„Ekki liggja fyrir upplýsingar um þau atriði sem spurt er um hvað innlendar landbúnaðarvörur varðar, enda er verðmyndun þessara vara frjáls og óháð opinberum verðafskiptum. Þetta á þó ekki við um tilteknar mjólkurvörur, þ.e. nýmjólk, rjóma, undanrennu, skyr (ópakkað), smjör (allir flokkar), ost (17% og 26%) nýmjólkurduft og undanrennuduft, en á grundvelli 1. mgr. 13. gr. búvörulaga ákveður verðlagsnefnd búvara heildsöluverð þessara vara, þ.e. sömu vara og verðlagðar eru skv. 8. gr. búvörulaga að teknu tilliti til afurðaverðs til framleiðenda. Sjá auglýsingu um heildsöluverð þessara vara í Lögbirtingablaðinu, dags. 21. desember 2005, og auglýsingu um lágmarksverð á mjólk til framleiðenda í Lögbirtingablaðinu, dags. 28. desember 2005. Umbeðnar upplýsingar varðandi innfluttar landbúnaðarvörur liggja ekki fyrir hjá ráðuneytinu, en einhver hluti þeirra kann að fást hjá Hagstofu Íslands og Samkeppniseftirlitinu."

Svona er svarið um hvernig verðið skiptist frá framleiðendum og milli framleiðenda og heildsöluálagningar og smásöluálagningar opinberra gjalda. Svarið hefur verið lagt fram á hæstv. Alþingi, af vinum bænda.

„2. Ef framangreindar upplýsingar liggja ekki fyrir, telur ráðherra rétt að slíkar upplýsingar liggi fyrir, séu aðgengilegar og uppfærðar reglulega og er hann tilbúinn að beita sér sérstaklega fyrir því?"

Svar: „Að mati ráðherra er mikilvægt að fyrir liggi sem ítarlegastar upplýsingar um hagtölur í landbúnaði, landbúnaðarframleiðslu og verðmyndun landbúnaðarvara, m.a. í þeim tilgangi að auka sem mest gagnsæi og auðvelda ákvarðanatöku. Sama gildir um innfluttar landbúnaðarvörur og verðmyndun þeirra. Þær stofnanir sem sinna þessum málum einkum eru: Hagþjónusta landbúnaðarins, Hagstofa Íslands og Samkeppniseftirlitið. Hjá Hagþjónustu landbúnaðarins hefur á síðustu árum verið gert átak í að bæta upplýsingar um afkomu og stöðu bænda og eru þær upplýsingar í aðgengilegu formi á heimasíðu Hagþjónustunnar. Ráðherra er einnig kunnugt um nokkra bót á söfnun upplýsinga, hagtalna er heyra undir Hagstofu Íslands og varða áburðarnotkun, búfé og uppskeru, framleiðslu og kjötneyslu og veiðitalna, en það er mat ráðherra að þar þurfi að bæta um betur. Á heimasíðu Bændasamtaka Íslands er einnig að finna hagnýtar upplýsingar í þessu sambandi."

„3. Hafa Bændasamtökin óskað eftir því að í það verði ráðist að fá fram sundurgreindar upplýsingar um verðmyndun á landbúnaðarvörum?" — Það er mikilvægasta málið fyrir bændur miðað við það sem ég las upp um skyndikönnun sem gerð var síðastliðið sumar.

Svar: „Eftir því sem best er vitað hefur slík ósk ekki komið fram."

Hvað er að þessu fólki? Hér erum við að gera milljarða samning. Hann á að taka gildi 1. janúar 2008. Hann á að vera í gildi út árið 2013. Svo mikill stjórnmálamaður er ég að ég geri mér grein fyrir að það væri mjög erfitt að gera samning við einhverja tiltekna stétt og taka hann upp öðruvísi en það væri a.m.k. ríkur vilji til af beggja hálfu. Hvað vita menn svo um sundurliðaðar upplýsingar og hvað vita þeir um verðmyndunina? Ekki neitt og það hefur ekki verið beðið um það.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta svar svo hrikalegt varðandi þá umræðu sem við erum í að ég blygðast mín fyrir að vera að lesa svörin upp þó að ég geri það. Fjórða spurningin sem ég les upp er, með leyfi forseta:

„4. Telur ráðherra rétt að lögfest verði að hlutur bóndans í verði landbúnaðarvara verði sérstaklega skráður á þær vörur í verslunum?" — Sem væri væntanlega til þess að gera neytandann, kaupandann, meðvitaðan um stöðuna.

Þá telur ráðherra ekki rétt að það sé gert. Það yrði kostnaðarsamt bæði fyrir framleiðendur og neytendur og erfitt mál.

Virðulegi forseti. Það er mjög erfitt að ræða um þessi mál á Alþingi. Það er erfitt að ræða um matarverðið sem spannar alla matvöru í eldhúsinu okkar, hvort heldur sem það er kjöt framleitt hjá bóndanum eða kjöt framleitt sem eins konar iðnaðarvara, eins og segja má um kjúklinga og að sumu leyti um svín, eða alla hina vöruna sem er notuð og er orðin eðlileg og sjálfsögð neysluvara og valkostur. Ég tek það enn og aftur fram að á mínu heimili er lambakjötið í hávegum haft. Við vitum alveg hvað við munum halda áfram að kaupa hvernig svo sem er farið með að opna hér valkosti.

Samningurinn er ekki til góðs fyrir bændur og hann er ekki til góðs fyrir neytendur en það þyrfti núna árið 2007 að horfa í nýja tíma, í framtíðina, gera hlutina öðruvísi, með nýjum hætti, nákvæmlega eins og við vorum að reyna að taka eitt lítið skref í, Samfylkingin, með tillögum okkar og höfðum þó þau áhrif að ríkisstjórnin þykist ætla að gera það sama og við. Hún lækkar virðisaukaskattinn, hún lækkar vörugjöldin til hálfs og ætlar að lækka þau meira seinna, hún gerir pínulítið í tollum og ætlar að gera meira seinna. Hún segir því já, já, já við tillögum okkar þó að hún fari svona að og ýti vandanum á undan sér.

Ég get ekki annað, virðulegi forseti, út af umræðunni og aðbúnaðinum sem ég var að tala um áðan, aðbúnað fjölskyldnanna og útgjöld fjölskyldnanna, en nefnt raforkumálin. Samkvæmt svari hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formanns Framsóknarflokksins, Jóns Sigurðssonar, kom fram að 25% raforkunotenda hefðu fengið á sig hækkun á raforkuverði eftir að raforkulögunum var breytt. Hverjir skyldu það vera, þessi 25% sem lentu í verstu hækkuninni? Bændur og fólk í dreifbýli. Ég vona að þeir aðilar sem eiga eftir að taka ákvarðanir í þessum málum og ráða enn þá öllu og eru orðnir uppteknir af valdinu og því sem þeir mega, átti sig á því að raforkuhækkunin hefur komið allra verst niður á bændum, sauðfjárbændum.

Eitt versta dæmi sem kom fram í þeirri umræðu var að

það hafi orðið allt að 60% hækkun á raforkuverði í versta tilfellinu. Það er ekki verið að horfa heildstætt á mál. Það er ekki verið að taka á málum þannig að það verði nýir tímar hjá bændum. Það er ekki verið að taka á málum þannig að horft sé til neytenda. Nei. Það er verið að halda öllu í horfinu og ákveða að ákveðin stétt manna eigi sitt undir ákveðnum stjórnmálaflokkum. Það er það sem verið er að gera með svona samningi. Þessu viljum við breyta.

Virðulegi forseti. Ég ætla að segja það í lokin að varðandi stuðning við búsetu í dreifbýli og atvinnugreinar erum við Íslendingar ekkert öðruvísi en nágrannaþjóðir okkar og þjóðir í Evrópu sem styðja búsetu í dreifbýli undir ýmsum formerkjum, m.a. með stuðningi við landbúnað ýmiss konar. En hér eru aðgerðirnar svo fábreyttar og gefa viðkomandi svæðum og einstaklingum ekki nægilegt olnbogarými til þróunar og búháttabreytingar. Auk þess hafa, og það hefur margoft komið fram í umræðu um dreifbýlið, undirstöðuþættir eins og samgöngur verið vanræktir gróflega. Þetta kemur niður á þróun landsbyggðarinnar og stendur í vegi fyrir að hún eflist. Þetta hefur hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, aftur og aftur bent á í umfjöllun sinni um stöðu dreifbýlisins.

Það sem við höfum fyrst og fremst gagnrýnt varðandi búfjársamninginn og er líka gagnrýni mín fyrir utan það hversu mér finnst mikil skammsýni einkenna hann, það er að verið er að binda hendur tveggja næstu ríkisstjórna og það tæpu ári áður en núverandi samningur rennur út. Eðlilegra hefði verið, eins og margoft hefur komið fram, að drög lægju fyrir og gengið yrði frá samningi að lokinni myndun næstu ríkisstjórnar. En það hvarflar ekki að stjórnarflokkunum að neitt eigi að gera í einhverju víðtæku samkomulagi. Þeir eru orðnir svo helteknir af valdinu sem þeir hafa haft, Sjálfstæðisflokkurinn í 16 ár og hinn í 12, að þeim finnst að þeir ráði öllu, megi allt og þess vegna gera þeir hvað sem er. Það er það sem er að núna í þessu máli eins og öllum öðrum. Það sem daprast er þó er að þrátt fyrir mikla fjármuni sem í samningnum felast eru bændur kvíðafullir og þeir telja samninginn gallaðan og þeir eru hræddir við niðurfellingu á útflutningsskyldunni. Af hverju ætli þeir séu svona hræddir við það? Þeir eru svo hræddir um afkomu sína. Þeir eru hræddir og kvíðafullir varðandi samning sem þessir vinir bænda eru að gera. Þetta segir sitt.

Að lokum þetta, virðulegi forseti. Rekinn hefur verið linnulaus áróður stjórnarliða og áhangenda þeirra gagnvart Samfylkingunni og þeim sjónarmiðum sem hún hefur sett fram sem eru öðruvísi en þau sem stjórnarflokkarnir hafa sett fram hingað til þó að þeir séu svo að feta í fótspor okkar hægt og sígandi með sínum hálfu sporum. Linnulaus áróður og málflutningur okkar hefur verið affluttur freklega. Því vona ég að einhverjir úr þeirra hópi séu að fylgjast með umræðunni um búvörusamninginn í dag og hafi heyrt mál mitt um hvað það er sem Samfylkingin stendur fyrir og hvað er verið að afflytja í málflutningi hennar.

Það er algjört einkamál ríkisstjórnarinnar hvernig staðið er að samningnum, hvernig hann er útfærður og okkur kemur hann ekkert við. Það var ekki haft samráð við okkur, það var ekki haft samráð við landbúnaðarnefnd, það var ekkert talað við Alþingi fyrr en hann lá tilbúinn og hafður var um hann blaðamannafundur. Á okkur er heldur ekki hlustað með ábendingar. Þess vegna verður þetta bara umræða um samning sem ríkisstjórnin ræður. Ríkisstjórnin hefur því miður setið allt of lengi. Þetta er enn eitt dæmi um hvað hún er orðin valdasjúk og að það er farið að skorta lýðræðisleg vinnubrögð á Alþingi. Fyrst og fremst ætlum við að breyta því í kosningunum í vor.

[14:40]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ýmislegt sem ég get verið á móti í málflutningi hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur áðan. Eins get ég tekið undir margt með hv. þingmanni. Ég vil fyrir það fyrsta segja að við erum ekki heltekin af neinu valdi.

Þar sem hv. þingmaður var að ræða um matarverðið og verð til bóndans og neytandans, milliliðina sem koma þar að. Það er í raun með ólíkindum hver virðisaukinn verður frá framleiðanda og til neytenda. Vissulega væri mjög gott ef hægt væri að sjá það á matvörunni sem fólkið kaupir hvað fer til framleiðandans og hvað fer til neytandans því það er í sjálfu sér ekki eðlilegt að það verði svona mikill munur sem fer í milliliðina. Samningurinn er einmitt gerður við bændur. Þetta er í raun kjarasamningur við bændur. Þess vegna eru fulltrúar flokkanna ekki að ráðslagast um samninginn heldur eru það bændur, fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra sem gera samninginn.

Beingreiðslurnar fara beint til bóndans, jöfnunargreiðslurnar fara beint til bóndans. Þar er ekkert að fara í milliliðina. Það er líka athyglisvert þegar við ræðum um hátt matarverð á Íslandi að það eru aðeins 5% af íslenskri framleiðslu í matarkörfunni sem við kaupum. Annað er innflutt. Af hverju skyldu þá innfluttu matarvörurnar vera svona miklu dýrari hér en annars staðar? Það er alltaf verið að skella skuldinni á bændur en ég veit að hv. þingmaður gerir það ekki. Hún hefur verið mjög sanngjörn í málflutningi sínum hvað það varðar.

[14:42]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að þingmaður þekkir mjög vel til kjara bænda og mér heyrist og hefur alltaf heyrst að það sé styttra á milli sjónarmiða okkar en hún vill vera láta. Auðvitað á að vera hægt að sjá hvert verðið er til bænda. Við erum ekki að tala um hvernig greiðslur fara til bænda eða að greiðslurnar fari annað. Ég rakti það áðan hvernig þetta skiptist.

Við höfum heldur ekki verið að tala um bændur. Við höfum talað um matarverðið almennt og við höfum talað um hvað þurfi að gerast til að það verði breytingar. Við höfum bent á uppsöfnunaráhrifin sem skekkja alla verðlagningu. Þess vegna lagði formaður matvælanefndar til að vörugjöldin yrðu alveg tekin af þrátt fyrir að það færi út neyslustýring á sykri, hún yrði bara að vera annars staðar vegna þess að þetta er flókið og þetta er flókið í verslununum og í kerfi og stýrikerfi. Sama er með tollana. Það er ógrynni af tollnúmerum og um leið og búið er að létta þessu af lækka tollar á vörum til bænda. Tollar á innfluttar vörur lækka sem gera þær ódýrari. Ég er sannfærð um, eins

sannfærð og ég stend hér, að fólk mun áfram velja það besta. Þetta er kerfisbreyting sem skiptir máli.

Virðulegi forseti. Núna samkvæmt samningnum munu Bændasamtökin fá 3,2 milljarða á ári. Ég var að benda á að áætlað væri að niðurfelling tolla mundi skila í ríkiskassann um 1,8 milljörðum og það á einu ári. Það er engin smáfjárhæð sem hægt er að nota í breytingar og aðlögunarsamninga og kerfisbreytingu.

[14:44]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður sagði í ræðu sinni áðan að verið væri að gera samninginn núna, það væri nógur tími. Það er bara þannig, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, ef hv. þingmaður vildi hlusta á það sem ég hef að segja, að þá er það of seint að gera samninginn í haust 2007, samning sem þarf að taka gildi árið 2008 vegna þess, eins og ég sagði áðan í andsvari við hv. þm. Helga Hjörvar, að það er sauðburður í vor og síðan er sláturtíð að hausti og menn verða að geta hagað sínum ásetningi hvað á að velja til líflamba. Það gera menn í haust, það gera menn í ágúst/september en ekki þegar fara á að hleypa til í desember.

Lífkeðjan er svolítið löng og það verður að huga að hlutunum í tíma. Samningurinn er að mínu mati afar góður fyrir bændur og ekki síður fyrir ríkið og neytendur og það er mjög mikilvægt að hann nái fram að ganga núna. Bændur eru að fara í allt annað umhverfi núna með niðurfellingu tollanna. Þá verður mikil samkeppni á markaðnum, miklu meiri en menn hafa verið í áður. Þess vegna er þetta mjög mikilvægt. Ég vil nefna það því að hv. þingmaður vildi meina að það væru bara þingmenn stjórnarflokkanna sem hefðu samþykkt samninga við bændur, að þá minnir mig að það hafi verið svo þegar samningur við kúabændur var hér til afgreiðslu að þá hafi það bara verið einn þingmaður sem ekki vildi samþykkja þann samning. Allir aðrir voru sammála. Þannig er það í hv. landbúnaðarnefnd að þar erum við yfirleitt mjög sammála, allir þingmenn.

[14:46]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er samræða sem er mjög erfið. Hver samþykkir svo samningana sem þau hafa gert? Hvað gerist ef maður samþykkir þá ekki? Hvernig mat er haft á þeim flokkum sem ekki greiða einhverjum samningi atkvæði eða greiða ekki atkvæði gegn honum?

Við þekkjum þessa umræðu alla. Það sem við stöndum frammi fyrir er að hér eru gerðir tveir samningar, mjólkursamningur og sauðfjársamningur til sex ára upp á 3,3 milljarða á ári og ég benti á að við niðurfellingu tolla er áætlað — og þetta eru útreikningar frá forstjóra Hagstofunnar — að 1,8 milljarðar komi inn vegna breytinga á umsvifum. Við erum að tala þarna um 5 milljarða sem er hægt að setja á vogarskálina til að gera breytingar. Ef menn hugleiða að það eru að verða breytingar og ætla sér eitthvað með tollabreytingar hefði e.t.v. mátt framlengja þann samning um eitt eða tvö ár. Það er ekki gert. Núna er búinn til nýr samningur til sex ára þannig að hann rennur út árið 2013. Af hverju er bændur kvíðafullir? Þeir eru kvíðafullir af því að þeir eru ekki alveg sáttir við samninginn. Það er sama óöryggið í þeirra röðum eins og áður en samningurinn var gerður en það er búið að læsa þá líka inni í samningi.

[14:48]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var Alþýðuflokkur hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem innleiddi með forustuhlutverki matarskattinn á sínum tíma, líklega 1988, og barðist sérstaklega fyrir honum í tekjuþurrð ríkisins. Nú er staðan önnur og hægt að gefa þessa peninga eftir því að ríkissjóður er skuldlítill, nánast skuldlaus, og hefur aðra möguleika.

Ég vil hér segja: Hvaða kvíði er hjá bændum? 90% bænda studdu þennan samning í almennri atkvæðagreiðslu. Það sýnir að þeim líkar þessi samningur, þeir taka honum vel og þeir trúa á hann sem tækifæri fyrir sig til að styrkja búskap sinn o.s.frv. Jú, það fara 3,2 milljarðar að meðaltali á ári í sex ár í þennan samning sem kemur bændum til hagsbóta, styrkir búin og tryggir þau til framtíðar í endurskipulagningu, þýðir lægra verð á disk neytenda á þessu frábæra lambakjöti og bætir hag heimilanna, ekki hærri upphæð en feðraorlofið sem hér fer árlega til ungra feðra sem geta þá verið með börnum sínum. Þeir fá þessa upphæð úr ríkissjóði, 3,3 milljarða. Allir eru sammála um þá félagslegu aðgerð.

Ég verð að segja fyrir mig að bændur bera auðvitað ábyrgð á sláturhúsum sínum og sölustarfi. Kerfið fær mjög lítið af þessum peningum. Bændurnir fá þessar beingreiðslur nánast allar beint til sín og það er alveg ljóst að af 300 lömbum koma úr sláturhúsi eins og hv. þingmaður veit 1,4 millj., og 1,2 millj. úr beingreiðslunum, 2,6 millj. samtals. Þetta eru svona 200 ær, sem er ekki fullt starf. Þessi bóndi vinnur með, sækir tekjur í hlunnindi eða annað. Það verður að horfa á þetta í heild sinni án þess að reyna að rífa það niður og kenna öðrum um það (Forseti hringir.) að bændur bera, hæstv. forseti, ábyrgð á sölumálum sínum og vilja gera það sjálfir. Ríkið er ekki með puttana í því.

[14:50]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef alltaf svo gaman af því í þessari umræðu þegar menn fara að tala um það að 1988, fyrir 19 árum, hafi Alþýðuflokkurinn komið með matarskatt. Það var vegna þess að það var verið að breyta um kerfi, úr söluskattinum sem var orðinn svo hriplekur af því að menn voru orðnir svo flinkir við að nýta sér allar smugur í honum og yfir í virðisaukaskatt. Þá kom sú hugmynd fram hjá þáverandi fjármálaráðherra að vera með matvæli í einu skattþrepi, það yrði engin flækja á milli prósentustiga af reynslunni sem hafði verið af söluskattinum. Það mætti miklu andstreymi og það var horfið frá því.

Þá vil ég benda á að Danmörk sem við berum okkur mjög saman við á mörgum sviðum er með 25% virðisaukaskatt af allri matvöru. Samt er matur þar miklu lægri. Það er vegna þess að kerfið hjá þeim er allt öðruvísi. Danir eru ekki með þessa tolla, vörugjöld og allt það. En af því að ríkisstjórnin er búin að boða að hún ætli líka að lækka tolla og afnema þá á tilteknum tíma þó að hún sé ekki búin að segja á hve löngum tíma vil ég spyrja um tvennt:

Kom aldrei til álita vegna þeirrar stefnumörkunar að framlengja sauðfjársamninginn um eitt eða tvö ár? Svo vil ég spyrja ráðherrann hvort það sé virkilega rétt að Bændasamtökin hafi ekki óskað eftir sundurliðun á verðmyndun landbúnaðarvöru.

[14:52]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mun hafa verið í ríkisstjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks — forsætisráðherra þess tíma, Davíð Oddsson, lauk hinum fyrsta alþjóðlega GATT-samningi með ákvæðinu um innflutning á erlendum landbúnaðarvörum — að sú stefna var mörkuð að þetta gerðist á löngum og hægfara tíma og að landbúnaðurinn gæti búið sig undir breytinguna. Það er auðvitað sú vegferð sem við erum enn á í WTO-samningum. Þar liggur ekkert fyrir enn þá í næstu lotu. Hún er þegar búin að taka 3–4 árum lengri tíma en hún átti að gera.

Það er ljóst mál að Bandaríkjamenn, Frakkar, Bretar, öll þessi ríki eru að hugsa um sinn landbúnað. Allar þær 149 þjóðir sem þar sitja yfir málum eru að hugsa um sinn landbúnað, vilja halda í sinn landbúnað eins og íslenska þjóðin var að staðfesta nú í skoðanakönnun fyrir stuttu að hátt í 94% þjóðarinnar vilja standa vörð um íslenskan landbúnað. Stefnumörkunin er enn skýr. Tollar munu sjálfsagt lækka í gegnum WTO-samninga (**RG:** ...samning ...) en það mun gerast þannig að bændurnir búa sig undir og geta frekar mætt þeim málum með svona samning á bak við sig. Það kom aldrei annað til greina af minni hálfu og ríkisstjórnarinnar en að gera langtímasamning við íslenska bændur svo að þeir gætu búið sig undir þá framtíð. Við erum ekki að fara í neina holskeflu eins og Samfylkingin hefur boðað í gegnum tíðina og gerði í sumar þegar fylgið féll af henni af því að hún réðist á bændurna og fólkið í afurðastöðvunum. (**ÖS:** Af hverju ...?) Það var hennar slys. Við erum rísandi (**Gripið fram í:** Rísandi?) flokkur og verðum stór með vorinu þegar þjóðin fer að hugsa. Hún veit sem er að hún vill ekki kaffibandalagið. (Forseti hringir.) Hún vill ekki kaffibandalagið til valda.

[14:54]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég man alveg eftir stórfyrirsögnum í tilteknum blöðum um að Samfylkingin ætlaði að leggja samfélag bænda í rúst. Svoleiðis fyrirsögn kom ekki skömmu síðar þegar stjórnarflokkarnir eltu okkur í tillöguflutningnum. Ég geri mér alveg grein fyrir þessum hlutum. Ég heyri að í raun og veru hefur aldrei verið neitt annað í stöðunni en að vera með allt óbreytt. Ég tek það þannig að þó að núna sé tal um tollalækkanir er í raun og veru engin ákvörðun hjá þessum flokkum um að taka á neinu.

Mér finnst mjög alvarlegt að hæstv. landbúnaðarráðherra skuli ekki hafa svarað fyrirspurn minni um það hvort það sé virkilega rétt sem stendur í svari við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur að Bændasamtökin hafi ekki óskað eftir sundurliðun á verðmyndun á landbúnaðarvörum. Þetta er grundvöllur að því að geta tekið á þessari óhagstæðu skiptingu og þar sem hæstv. landbúnaðarráðherra svarar mér ekki hlýt ég að ganga út frá því að svarið sem er á borðum okkar sé rétt. Ég álasa Bændasamtökunum fyrir það, ég álasa þeim fyrir að kalla ekki eftir þessari sundurliðun þannig að það liggi fyrir á hverjum tíma hvað bóndinn fær lítið af heildarverðinu á meðan alltaf er svo sagt að háa matarverðið sé bóndanum að kenna. Hér segi ég úr ræðustól Alþingis: Það hefur aldrei komið frá Samfylkingunni að hátt matarverð sé bóndanum að kenna. Það er afflutningur á stefnu okkar af öðrum sem eru hræddir við hana.

[14:56]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Við 1. umr. um þetta mál áttum við nokkurn orðastað, ég og hæstv. landbúnaðarráðherra. Ég setti samninginn sem hér er til umræðu í samhengi við ýmsa aðra samninga sem gerðir hafa verið og skoðaði hvernig að slíkum málum er staðið. Ég tengdi það ráðherraræðinu sem því miður hefur farið vaxandi undanfarin ár. Við höfum kynnst því vel í fjárlaganefndinni þar sem þessir samningar koma flestir til skoðunar. Við sjáum því mjög vel í fjárlaganefndinni alla þessa samningagerð og hvernig ráðherraræðið hefur aukist ár frá ári. Nú eru gerðir samningar stórir og flóknir um ýmsa hluti til langs tíma. Það er rétt, svo það valdi ekki misskilningi, að auðvitað getur verið eðlilegt að samningar séu gerðir til langs tíma. Það er t.d. mjög eðlilegt gagnvart sauðfjárbændum að nægur fyrirvari sé þegar málið snýst um framtíðaráform þeirra, t.d. um bústofn og stærð hans. Það er líka eðlilegt að það sé gert til nokkuð langs tíma þannig að fjárfestingar og annað þess háttar geti tekið mið af slíku. Þetta er allt saman eðlilegt.

En það sem er óeðlilegt, sem ég vék að í ræðu minni við 1. umr., er að engir aðrir skuli koma að slíkum samningum en viðkomandi ráðherrar. Nú geri ég ráð fyrir því að ráðherrum líði vel með vald sitt og vilji sýna það og nýta svona eins og kostur er. (**Landbrh.:** Þetta er líkt og með kjarasamninga.)

Hæstv. ráðherra. Ef við skoðum líkingu við kjarasamninga þá sem hæstv. ráðherra vill gera þá er meginreglan þar sú að samið sé milli viðsemjenda. En vissulega kemur ríkisvaldið oft að lausn kjarasamninga sem þriðji aðli, nema þegar ríkisvaldið semur við ríkisstarfsmenn, þá er það nú yfirleitt samninganefndin sem kemur að því. (**Landbrh.:** Þeir eru æðimargir.) Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra. Þeir eru æðimargir. En ég er ekki viss um að þeir séu margir til svo langs tíma sem hér er gert. Ég er ekki viss um að þeir séu mjög margir sem eru gerðir til svo langs tíma (Gripið fram í.) að hægt sé að líkja því saman. Hér er um flóknara fyrirbæri að ræða sem þarf að skoða í því samhengi.

Ég nefni þetta ekki síst vegna þess að á fundi í fjárlaganefnd í gær var dreift nýrri skýrslu frá ríkisendurskoðun þar sem er samantekt á skuldbindandi samningum ráðuneyta og styrkveitingum ríkissjóðs á árinu 2006. Þar er farið yfir alla þá samninga sem gerðir eru með þeim hætti og þar með er samningur sá sem við ræðum hér. Til að gefa örlitla mynd og ég ætla mér ekki, frú forseti, að ræða þessa skýrslu í smáatriðum heldur aðeins að setja hana í samhengi, eru 19 samningar yfir milljarð. Nítján samninganna sem gerðir hafa verið eru yfir milljarð. Þarna eru miklir peningar á ferðinni og um margs konar samninga að ræða. Undir land-

búnaðarráðuneytinu segir, með leyfi forseta:

„Alls eru skráðir átta samningar sem ráðuneytið hefur gert og nema skuldbindingar ríkissjóðs vegna þeirra 34,4 milljörðum kr. á tímabilinu 2006–2010. Stærstu samningarnir eru vegna mjólkurframleiðslu og framleiðslu á sauðfjárafurðum, 29,2 milljarðar kr. Aðrir stórir samningar eru við Bændasamtök Íslands, 3,2 milljarða kr. skuldbinding á tímabilinu, og við Samband garðyrkjubænda 1,7 milljarða kr. skuldbindingu á tímabilinu.“

Þetta er sem sagt yfirlit yfir þá samninga sem landbúnaðarráðuneytið hefur gert og það er eðlilegt að þessir stærstu samningar séu nefndir hér. Þeir vega auðvitað mjög þungt. En það sem þeir hafa fram yfir mjög marga aðra samninga að þeir koma þó fyrir Alþingi. Þeir eru lagðir fram til umræðu sem er því miður ekki hægt að segja um alla samninga sem gerðir eru. Það ber auðvitað að þakka hæstv. ráðherra að slíkt sé gert og færi betur á að aðrir hæstv. ráðherrar tækju hæstv. landbúnaðarráðherra til fyrirmyndar að því leyti.

Því er hins vegar ekki að neita að samningar landbúnaðarráðuneytisins eru háir eins og ég sagði áðan. Þessir tveir stærstu eru við mjólkurframleiðendur og sauðfjárbændur. Þeir vega þungt. En hér segir líka í skýrslunni, þegar samningarnir eru flokkaðir, þá er talað um samninga sem gerðir eru við samtök og þar segir, með leyfi forseta:

„Aðeins er um að ræða samtök bænda og hafa verið gerðir þrír samningar við þá um mjólkurframleiðslu, framleiðslu sauðfjárafurða og garðyrkju. Áhættan hér liggur fyrst og fremst í þeim fjárhæðum sem um ræðir og hve flóknir samningarnir eru. Nauðsynlegt er að skoða framkvæmd þeirra árlega.“

Ég held að tvær síðari setningarnar skipti gífurlega miklu máli. Það er annars vegar er um mjög flókna samninga að ræða og síðan þarf að tryggja að framkvæmd þeirra sé skoðuð reglulega, t.d. árlega eins og Ríkisendurskoðun segir. Þetta var eitt af því sem ég nefndi í ræðu minni við 1. umr. Það væri mjög nauðsynlegt að meta árangur slíkra samninga og meta allar hliðar málsins.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra, vegna væntanlega kennslustunda í merkum stjórnmálaskóla Framsóknarflokksins, datt ofan í áróðurstækni, þ.e. þá að draga ályktanir af orðum mínum í aðra átt heldur en eðlilegt hefði verið að skilja þau. Ég sagði að meta þyrfti árangur samninganna þegar um slíkar upphæðir er að ræða, í báða enda eins og ég orðaði það. Ég hélt því fram að framsóknarmenn skildu að það væri mikilvægt að skoða báða enda. En ég átti ég við að annars vegar væri endinn sem sneri að bændunum sjálfum, hvernig skilar þetta sér til bænda, og síðan hinn endinn, þ.e. hvernig skilar þetta sér síðan til neytenda.

Þá kom gamalkunnur ræðubútur frá hæstv. ráðherra um að bændunum væri kennt um hátt matvöruverð, sem hvarflaði ekki að nokkrum manni. Ég held að það sé varla til sá maður, nema einhver áróðursmeistari Framsóknarflokksins sem hefur hugmyndaflug í að tengja hlutina þannig saman.

Það blasir við að bændurnir fá ef eitthvað er of lítið fyrir framleiðsluna en ekki öfugt. Skýringin á hinu háa matarverði er því annars staðar en hjá bændunum sjálfum. Það er m.a. þess vegna sem ég sagði að það þyrfti að skoða báða enda. Það getur vel verið að hægt sé að auka hlut bænda án þess að auka fjármagnið í samninginn og um leið megi lækka matarverð.

Ég tel að það séu sameiginlegir hagsmunir neytenda og bænda að lækka matarverð. Það styrkir stöðu íslensks landbúnaðar ef hægt verður að lækka verðið á þeim vörum. Ég held ég hafi einmitt sagt það í fyrri ræðu minni og get endurtekið að íslenskar landbúnaðarafurðir hafa auðvitað gæðin fram yfir flestar aðrar. Staða þeirra á markaði er þar af leiðandi mun sterkari, sé verðið á þeim ekki íþyngjandi hátt.

Hluti af þeim vanda sem snýr að íslensku samfélagi er of hátt matarverð og eðlilegt að minna á tilraun til þess um síðustu mánaðamót að lækka og það virðist vera að það hafi tekist býsna vel í matvöruverslunum að fá lækkunina fram þrátt fyrir að ýmsir hafi haft af því áhyggjur. En það er hins vegar meira áhyggjuefni að veitingahúsin skuli ekki hafa tekið þátt í því að sama skapi.

En frú forseti, varðandi slíka samninga sem þann sem við ræðum hér, flókinn samning til langs tíma, er auðvitað eðlilegt að viðhöfð séu önnur vinnubrögð við gerð slíkra samninga. Það er eðlilegt að það komi fleiri aðilar að borði. Það er ekki eðlilegt að ráðherrann einn með völdu aðstoðarfólki gangi frá slíkum samningum. Ég held að vinnubrögðin væru betri ef tryggð yrði meiri aðkoma að því, m.a. mætti kalla fulltrúa þingflokka til við slíka iðju í undirnefnd þar sem málið yrði kynnt og leitað hugmynda.

Ég geri mér grein fyrir því að allar samningaviðræður eru flóknar. Þess vegna er ekki síður mikilvægt að baknefndir séu að störfum til að tryggja sem mesta sátt, ég tala nú ekki um vegna þess að við vitum að það er breytingaskeið fram undan. Það er breytingaskeið fram undan í þessum málum. Við þurfum að vanda okkur við það. Enginn vill að bændur fari illa út úr þeim breytingum. Það er auðvitað eðlilegt að í samningum sé fyrirvari um niðurstöðu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í þeim samningum sem þar er unnið að. Eðlilegt væri að við skoðuðum hvernig við ætlum að mæta því.

Þessi iðja, sem hefur verið stunduð allt of lengi og það verður því miður líklega bara verkefni sagnfræðinga að velta því fyrir sér hvernig það hefur skilað sér í hag bænda, að binda málin í svo þröngum hópi, þessa samningagerð. Vert væri að skoða hvort ekki væri á stundum gott að fá einhverja nýja hugsun við hlutina en vera ekki of fastir í sama farinu.

Gleymum því ekki, frú forseti, að hér er auðvitað stigið ákveðið skref þótt lítið sé, þ.e. að taka útflutningsskylduna af. Hún hefur valdið að vísu nokkrum deilum, meira að segja í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar. Hæstv. ráðherra sér væntanlega sjálfur um þann slag. En í þingstörfunum er farið að bera of mikið á að ráðherraræði. Þegar það kemur fram í þessari mynd þá er Alþingi stillt upp við vegg.

Það liggur ljóst fyrir að ef breytingartillaga frá einum hv. stjórnarþingmanna yrði samþykkt þá yrði samningurinn ekki lengur við lýði. Þá þyrfti að taka upp nýjar samningaviðræður og endurtaka alla kosninguna og ferlið sem slíkt. Menn hafa í raun og veru ekki þessa möguleika. Það er enginn möguleiki í raun og veru að koma með breytingartillögur og setja allt málið í uppnám. Málið er í raun frágengið. Það er búið að ganga frá því og ekkert nema leik-

araskapur að fara með málið í gegnum umræður, í nefndarstörf o.s.frv. vegna þess að engu er hægt að breyta. Þetta er allt saman frágengið. Hæstv. ráðherra hefur geirneglt allt. Hann hefur engan áhuga sýnt á því að taka með sér neina aðra en sérvalda aðstoðarmenn með sér. Þeir virðast vera í svipuðum þankagangi og hæstv. ráðherra. Það er skortur á nýrri hugsun í málinu. Ég hélt þó að ýmsir hefðu á því áhuga að reyna að finna betri lausnir. Vegna þess að það er þó sameiginlegt mat, trúi ég flestra, að hag bænda þurfi að bæta og eðlilegt að menn leiti allra leiða til þess.

Það hefur sigið látlaust á ógæfuhlið ráðherraræðisins undanfarin ár. Ég er viss um að hæstv. ráðherra gæti rifjað þetta upp með mér því hann hefur lengri þingreynslu en ég. Ég hef ekki verið hér nema í um átta ár og hef séð margt gerast á þeim tíma. Ég trúi því að þessi þróun hafi hafist fyrr. Ef hæstv. ráðherra leyfði sér þann munað að velta fyrir sér stöðu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds þá trúi ég að honum mundi bregða mjög hversu hallað hefur á löggjafarvaldið í þeim samanburði.

Frú forseti. Ég ætla ekki að tala mjög lengi um þetta mál þó brýnt sé og stórt. Ég vildi aðeins tengja þessa umræðu inn á þetta svið. Ég held að á haustdögum, ef ekki strax á sumarmánuðum, verði lagður sérstakur grunnur að því að snúa við þeirri óheillaþróun sem við höfum horft upp á of lengi, þar sem framkvæmdarvaldið hefur aukið hlut sinn á kostnað löggjafarvaldsins.

[15:13]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður gerir mikið úr ráðherraræði. Ég hef litið á mig sem þjón þjóðarinnar í starfi mínu sem landbúnaðarráðherra en ekki herra. Ég hef leitað eftir samkomulagi og oft náð góðri samstöðu um mál á þingi. Það sýnir sig að samstaða ríkir um íslenskan landbúnað. Fyrir það vil ég allt saman þakka.

Hins vegar er það undarlegt sem fram kemur, hér bæði hjá Vinstri grænum og Samfylkingunni, að þeir álíta að í samningsgerð við bændur, sauðfjárbændur, kúabændur og bændur almennt og þess vegna verkalýðshreyfinguna, eigi fulltrúar flokkanna á Alþingi Íslendinga að sitja við samningagerð. Ég væri engum samningi búinn að ljúka ef svo væri. Þar fyrir utan sjá allir að þetta væri mjög óeðlilegt fyrirkomulag. Það er eðlilegt að framkvæmdarvaldið geri samning við stéttarfélög, samtök bænda, við sjómenn og fleiri. Þannig hefur það verið áratugum saman.

Þetta er ný krafa sem sýnir náttúrlega að sósíalistarnir í báðum flokkum, gömlu kommarnir í báðum flokkum, hafa náð völdum bæði í Samfylkingunni og Vinstri grænum. Sannleikurinn er auðvitað sá að blessaður Pútín sjálfur í Rússlandi er framsýnni í efnahagsmálum en þessir flokkar á Íslandi.

Það liggur auðvitað fyrir að þessir samningar hafa skilað sér til bænda. Megnið af þessum upphæðum fara beint til bænda. Neytendur njóta þess. Ég hef kallað aðila vinnumarkaðarins að samningagerð, t.d. í kringum mjólkina. Vikum og mánuðum saman fóru þeir yfir síðasta samning. En hins vegar er hér kominn samningur til Alþingis. Hann verður staðfestur hér og ég vona að um hann ríki mikil samstaða.

[15:16]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það væri hægt að hafa langt mál um þróunina sem ég gerði að umtalsefni áðan, þ.e. hvernig framkvæmdarvaldið hefur stöðugt verið að færa sig upp á skaftið á kostnað löggjafarvaldsins. Ég geri ráð fyrir að hæstv. landbúnaðarráðherra fái betri tíma til að velta því fyrir sér þegar fer að hægjast um eftir 12. maí og geti þá í rólegheitum skoðað þessa þróun. Eins og ég sagði áðan hef ég trú á því að hæstv. ráðherra muni bregða nokkuð þegar hann fer að skoða stöðuna, hvernig hún var þegar hann kom fyrst inn á þing og hvernig hún er í dag hvað þetta varðar.

Það er greinilega erfitt fyrir hæstv. ráðherra að setja sig í þær stellingar að það sé hægt að hafa eitthvert samráð varðandi samningagerð sem þessa. Það eru til ýmsar útgáfur af því. Ekki er verið að ætlast til þess í þessu sambandi að fulltrúar allra flokka séu í þeirri samninganefnd sem hittir t.d. fulltrúa bænda heldur væri hægt að hafa samráðsnefnd sem baknefnd sem hægt væri að fara með mál til og ræða. Þannig væri hægt að skapa samstöðu um málið og koma nýrri hugsun að. Hins vegar er það alveg ljóst að ábyrgðin mun liggja hjá meiri hlutanum.

Það er alveg rétt, þannig að ég gleymi því ekki, að ég hugsa að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi náð samstöðu um mjög mörg mál með alls konar samráði (**Landbrh.**: Gott.) og trúlega fleiri mál en margir aðrir hæstv. ráðherrar. Ég held samt sem áður að hæstv. ráðherra nái ekki langt með þennan merkilega áróður sinn sem mér liggur við að segja að sé sögulegur því að nú er árið 2007 og ég hélt að Rússagrýlan væri dauð. En lengi lifir hjá einum.

[15:18]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni hlý orð í minn garð og raunar ágætan stuðning í mörgum málum í þinginu. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í þennan góða samning. Hann verður bændum mikilvægur og neytendum einnig og framtíð sauðfjárræktarinnar. Hann kemur inn á byggðasvæði sem sannarlega þurfa á þessum stuðningi að halda og mun á næstu sex til sjö árum skapa miklu sterkari sauðfjárrækt í landi sem er eitt besta sauðfjárræktarland heims með frábærar afurðir.

Hv. þingmaður velti því upp að ég myndi tímana tvenna og það er rétt. Ég kom fyrst inn á þing árið 1987, gríðarlega erfið ár frá 1987–1991, allt að fara norður og niður, erfiðleikar í fyrirtækjunum og samdráttur í þjóðfélaginu, gríðarleg kreppa frá 1991–1995 og miklir erfiðleikar, atvinnuleysi og landflótti. Svo komu síðustu 12 ár hagsældar með jafnri og sterkri þróun þannig að Ísland er á ný búið að ná sér í fremstu röð á mörgum sviðum og menn horfa til þessa lands hvernig þetta hefur gengið. Útrás fyrirtækjanna, ný tækifæri og störf hafa haft gríðarlega mikið að segja. Ég hygg að þjóðin muni ekki kjósa gegn þessari hagsæld 12. maí. Þess vegna trúi ég því að hún muni átta sig, blessuð þjóðin. Hún kann sitt fag þegar kemur að kosningum. Hún kýs ekki gegn hagsmunum sínum heldur vill þessa þróun áfram. Hún mun ekki treysta kaffibandalaginu til að taka við og það væri náttúrlega einstakt ef sósíalistarnir á Íslandi næðu völdum 12. maí og færu að stjórna.

[15:20]

**Einar Már Sigurðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það verður að segjast eins og er að það fer hæstv. landbúnaðarráðherra miklum mun betur þegar hann dettur í kosningagírinn heldur en þegar hann fer í Rússagrýluna. Það var heldur hjáróma málflutningur. Hinn hefðbundni framsóknaráróður, sem hæstv. ráðherra hefur stundað í nokkrum kosningum, er greinilega kominn í gang og nú á að treysta á þjóðina, að hún muni sjá að allt er fagurt sem fram undan er ef Framsóknarflokkurinn fær áfram að velgja stólana.

Það verður að segjast eins og er, frú forseti, að litla trú hef ég á því að spádómar hæstv. ráðherra rætist. Ég held að því miður, hans vegna og hans flokks, sé tími Framsóknarflokksins liðinn sem slíkur og sé nú nær því að menn í flokknum einbeiti sér að því að reyna að endurreisa hlutina frá því þegar Framsóknarflokkurinn (Gripið fram í.) var vinstri flokkur eins og hann var á tímabili. Það er liðin tíð. En það er sérkennilegt ef hæstv. landbúnaðarráðherra, sem ég hélt að teldi sig svona til vinstri vængs Framsóknarflokksins, er úr ræðustól Alþingis farinn að biðja um að ríkisstjórnin núverandi megi sitja áfram. Ég verð að segja eins og er, frú forseti, að ég taldi alveg fullvíst að hæstv. landbúnaðarráðherra væri búinn að fá nóg í íhaldsvistinni og teldi að tími væri kominn til breytinga. Ég heyrði að 2. maður á lista hjá hæstv. ráðherra bað, í sjónvarpsþætti frekar en útvarpsþætti, um að Framsóknarflokkurinn yrði aftur stimplaður vinstri flokkur og mætti aftur komast í samstarf með betri aðilum en þeim sem hæstv. ráðherra situr nú í bandalagi við. Nú veit ég ekki hvort Framsóknarflokkurinn á Suðurlandi er klofinn en þeir eru ekki einu sinni sammála í 1. og 2. sæti um væntanlegt stjórnarsamstarf. Það eru aldeilis tíðindi, hæstv. ráðherra.

[15:22]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í þessar umræður enda hafa tveir talsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gert það prýðilega og gert grein fyrir afstöðu okkar til þessa máls, hv. þm. Jón Bjarnason og Þuríður Backman. Við viljum standa vörð um öflugan landbúnað og hlaupumst ekki undan merkjum í þeim efnum. Við lítum á það sem samtengt hagsmunamál búgreinarinnar, úrvinnsluiðnaðarins og neytenda í landinu að fundin sé farsæl sambúð þessara aðila og við styðjum og stuðlum að því að hér sé landbúnaður og tiltekið matvælaöryggi eins og nálæg lönd yfirleitt gera. Það má segja að aðstæður okkar og Norðmanna séu að mörgu leyti hliðstæðar í þessum efnum og annarra landa þar sem menn standa við bakið á búskap við hánorrænar aðstæður. Reyndar er það svo að víða um heim og víðast hvar er landbúnaður í einhverjum mæli studdur. Aðeins örfá lönd reka hann án nokkurra styrkja og þá fyrst og fremst lönd sem hafa einstaklega hagstæð náttúruskilyrði og hagstæðar aðstæður og þá er yfirleitt um að ræða mjög þróaðan stórbúskap sem er þó rekinn á öðrum forsendum en þeim sem hefðbundinn evrópskur og vestur-evrópskur landbúnaður hefur gjarnan verið að hann er samtvinnaður menningu og búsetu og byggð viðkomandi landa og almennt viðurkennt að hann býr við nokkuð sérstakar aðstæður og um hann gilda sérstakar reglur.

Þá er og til þess að líta að heimsverslun með matvæli er langt frá því að vera á hreinum samkeppnisforsendum. Víða eru enn við lýði útflutningsstyrkir sem bjaga verðmyndun og skekkja. Tiltölulega lítill hluti heimsframleiðslunnar hefur þannig áhrif á verðmyndun á þessu sviði og það er löngu viðurkennt og tekist á um það víða á alþjóðavettvangi að á þessu sviði gilda flóknar og sérstakar reglur. Enn má bæta því við sem snýr að umhverfismálum og umhverfishlið þessarar atvinnugreinar en hún er ræktunarstarf og nýtir lífrænar auðlindir og búpening þannig að allt hangir þetta saman með ýmsum hætti.

Ég gæti farið út í langa efnisumræðu um þennan samning, virðulegi forseti, og stöðuna í íslenskum landbúnaði og hefði alveg skap í mér til að gera það og hef ýmislegt um það að segja. Ég þykist alveg vera umræðuhæfur á því sviði, reynslu minnar og þekkingar vegna. En það sem knúði mig til að biðja um orðið voru orðaleppar hæstv. landbúnaðarráðherra.

Mér finnst með endemum að hæstv. landbúnaðarráðherra skuli aftur og aftur í þessari umræðu um búvörusamning, um faglegt og mikilvægt pólitískt málefni þeirrar atvinnugreinar hverrar málefni hann fer með í Stjórnarráði Íslands koma inn í umræðurnar með hreint pólitískt skítkast og orðaleppa af því tagi að það er hæstv. ráðherra til stórkostlegrar minnkunar. Hvaða erindi á það inn í umræður um búvörusamning að fara að væna menn um þröngsýni, afturhaldssemi, kommúnisma eða hvað það nú er sem hæstv. ráðherra telur einna verstu ónefnin sem hann geti skellt á menn? Og halda menn að það væri ekki meiri reisn yfir því fyrir landbúnaðarráðherra lýðveldisins að reyna að vera málefnalegur og reyna að svara yfirveguðum ræðum sem fluttar hafa verið með einhverjum rökum og einhverjum málefnum? Hæstv. landbúnaðarráðherra ræður að vísu mjög illa við slíkar umræður, það er vel þekkt. Og þá bregður hann yfirleitt annað tveggja á það að segja aulabrandara og flissa sig út úr umræðunni eins og hann væri staddur á þorrablóti eða hann fer í pólitískt skítkast og orðaval af því tagi sem hann viðhafði áðan og trekk í trekk undir þessari umræðu, aðallega í andsvörum að vísu. Fyrst við hv. þm. Jón Bjarnason, svo við hv. þm. Einar Má Sigurðarson og reyndar í fleiri tilvikum hér. Það er ekki stórmannlegt.

Nú getum við að sjálfsögðu eftir því sem við viljum fært pólitískan eldhúsdag inn í umræður um einstök þingmál eins og hér er þá verið að gera af hálfu hæstv. landbúnaðarráðherra. Honum nægði greinilega ekki gærkvöldið. En það vil ég segja við hæstv. landbúnaðarráðherra að ef hann ætlar að tosa fylgi Framsóknarflokksins eitthvað upp held ég að hann ætti að reyna að nota einhverjar árangursríkari aðferðir en þessar. Auðvitað er það deginum ljósara að ríkisstjórnin er farin á taugum. Það leyndi sér ekki í umræðunum í gærkvöldi að þar töluðu hræddir menn þar sem voru ráðherrar ríkisstjórnarinnar, röðuðu sér á mælendalistana og notuðu nánast allan ræðutíma sinn í að hamast í stjórnarandstöðunni, höfðu lítið fram að færa frá eigin brjósti og höfðu greinilega misst trúna á og kjarkinn hvað það varðar að þeir hefðu eitthvað það fram að færa af eigin ágæti og afrekum sem dygði til þess að þjóðin mundi kjósa þá og

fela þeim aftur völdin í landinu. Nei, það var hvað stjórnarandstaðan væri hættuleg. Allur málflutningurinn gengur út á það. Og hæstv. landbúnaðarráðherra er hér enn við sama heygarðshornið.

Hann segir að vísu að þegar þjóðin fari að hugsa sig um, eins og hann orðaði það hér áðan, muni fylgi Framsóknarflokksins vaxa. Ætli það sé ekki akkúrat öfugt? Ætli það sé ekki einmitt vegna þess að þjóðin hefur verið að hugsa sig um sem Framsóknarflokkurinn er að verða að engu og verðskuldað. Það er nefnilega þannig, frú forseti, að kjósendur eru fullfærir um að meta hlutina sjálfir og þeir þurfa ekki og allra síst hjálp Framsóknarflokksins til þess og leiðbeiningar og leiðsögn um það hvern þeir eiga að kjósa í vor. Framsóknarflokkurinn á að reyna að vera maður til þess, ef svo má að orði komast, að bera ábyrgð á verkum sínum en hlaupa ekki í felur, hlaupa ekki í stjórnarandstöðu og þá geta kjósendur dæmt um það hvort þeir telji að hann hafi staðið sig þannig að hann verðskuldi mikið traust og trúnað. Það er sem betur fer allt sem bendir til þess að Framsóknarflokkurinn fái rækilega ráðningu, sem hann á skilið, rétt eins og hann fékk í sveitarstjórnarkosningunum sl. vor og leið hans niður á við í íslenskum stjórnmálum sem hefur verið samfelld, a.m.k. síðan 1995, haldi áfram.

Framsóknarflokkurinn er á góðri leið með að gera sjálfan sig að næstminnsta ef ekki minnsta flokki landsins og hann hefur við engan að sakast nema sjálfan sig. (**Landbrh.:** Er þetta ekki um búvörusamninga?) Ég er að nota það tækifæri sem þú bauðst upp á, hæstv. landbúnaðarráðherra, að fara í almennan pólitískan eldhúsdag og ef þú þolir ekki að þér sé svarað ættirðu að vera í einhverju öðru starfi. Það er bara þannig. Hæstv. landbúnaðarráðherra ætti þá að fá sér eitthvað annað að starfa. Ég er alveg ófeiminn við að ræða við Framsóknarflokkinn um þessa hluti en ég fer fram á það okkar allra vegna að við reynum að hafa umræðuna sæmilega málefnalega. Það er ekki stórmannlegt (**Landbrh.:** Byrjaðu þá.) þegar menn eru að tapa að kenna andstæðingunum um. Ég lærði snemma þá lexíu sem íþróttamaður að það þýddi lítið að væla undan því ef maður var of seinn að hlaupa. Þegar ég var að æfa frjálsar íþróttir og hlaupa í millivegalengdum á Nýja-Sjálandi hafði ég einn besta frjálsíþróttaþjálfara heimsins og þar var við ramman reip að draga þar sem voru millivegalengdahlauparar Nýsjálendinga. Ég varð oft að sæta því að vera alllangt frá því að koma fyrstur í mark. Einhvern tíma var ég að bera mig upp undan því við þjálfarann að ég hefði lítið roð við þessum miklu görpum og þá sagði hann að þeir væru svo rosalega sterkir hlauparar. Þá sagði þessi ágæti maður: Steingrímur, veistu það að það er ekki vegna þess að þeir séu of fljótir að hlaupa, það er vegna þess að þú ert of seinn að hlaupa og það er það sem á við Framsóknarflokkinn. Það þýðir ekkert fyrir Framsóknarflokkinn að væla undan því að andstæðingar hans séu of sterkir. Það er hann sem er of veikur.

[15:31]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Dæmi nú hver fyrir sig. Var þetta málefnaleg umræða um búvörusamning? Hér hafa að vísu farið fram mjög málefnalegar umræður af hálfu flokkssystkina hv. þingmanns og margra annarra. Hins vegar hafa pólitískar glettur, sérstaklega á milli mín og Samfylkingarinnar, komið upp og eru ekki til skaða í umræðunni.

Einhvern tíma orti skáld: Fullur af illu einu/illyrðin sparar síst. Hér hefur hv. þm. Steingrímur Sigfússon sýnt að hann þolir enga gagnrýni, stekkur upp á nef sér og verður fokvondur ef við hann er komið. Í 24 ár hefur þessi hv. þingmaður skammað allt og alla með stóryrðum. Nú er búvörusamningsumræðan hans um sauðfjárræktina sú að hann þolir ekki einhverjar pólitískar glettur sem hér hafa gengið og hann kemur inn í umræðuna alveg eins og snúið roð. Mér er nákvæmlega sama því að ég hef engar áhyggjur af stöðu Framsóknarflokksins. Hann mun ná fylgi sínu. Þjóðin mun auðvitað átta sig á því að menn sem boða það sem hv. þingmaður og flokkur hans boðar eiga ekki að komast til valda á Íslandi. Þeir eru best settir í stjórnarandstöðu eins og slíkir flokkar eru auðvitað um allan heim.

Hæstv. forseti. Hér hefur í dag farið fram mjög málefnaleg 2. umr. um búvörusamninginn og nú sjá allir og ég bið þingheim og þá sem fylgdust með umræðunni að sjá í hvers lags skapi hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er. Um leið og hann fær smágagnrýni verður hann öskuillur og fýkur upp í ræðustólinn með enn þá meiri svívirðingum en nokkru sinni fyrr. Ég skal að vísu viðurkenna að mér þykir vænt um hv. þingmann og tel hann til vina minna og ég veit að hann hefur heilmikla þekkingu á landbúnaðarmálum enda verið landbúnaðarráðherra sjálfur, sveitadrengur að uppeldi og (Forseti hringir.) heill í garð landbúnaðarins. Ég hef aldrei dregið það í efa.

[15:34]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bjóst ekki við því að hv. þm. Guðni Ágústsson þyldi að tekið væri aðeins á honum. Það sannaðist auðvitað. Það er nefnilega svo undarlegt með hæstv. landbúnaðarráðherra að hann telur að hann eigi að hafa einkarétt á tilteknum hlutum, hann eigi að hafa einkarétt á því að kalla andstæðinga sína hér ónefnum, gera þeim upp skoðanir, kenna þá við kommúnisma, einræði, afturhald, þröngsýni og guð má vita hvað. En um leið og aðeins er tekið á móti hæstv. landbúnaðarráðherra er hann hrokkinn í þennan gír. Það er ekki þannig að hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson hafi einn leyfi til þess og geti búið við friðarskyldu hvað það varðar að það megi ekki anda á hann á móti. Þannig finnst framsóknarmönnum að þetta eigi að vera, þeir megi úthúða öðrum, snúa út úr og gera þeim upp skoðanir en um leið og tekið er eitthvað á móti er allt í uppnámi á framsóknarheimilinu.

Það er svo undarlegt með þá framsóknarmenn að þeir halda að þeir njóti einhverrar friðhelgi. Það er ekki búið að friðlýsa tegundina enn þá. Það er ekki svo að það megi ekki anda á hana, eða hvað? Ég held að hæstv. landbúnaðarráðherra verði bara að una því að stundum sé tekið á móti honum þegar hann kemur með sinn venjulega stíl eins og hann hefur gert aftur og aftur í umræðunni. Það var landbúnaðarráðherra sem hóf þennan leik, það var landbúnaðarráðherra sem kom með pólitískt skítkast í umræðuna aftur og aftur í andsvörum og það er við hann að sakast ef menn kvarta undan því að þetta hafi sett ljótan svip á umræðuna sem

hefur að öðru leyti fjallað um þetta faglega mál, búvörusamninginn.

Vegna þess sem hér var rætt um að það væri eitthvað óeðlilegt að vekja athygli á því að um málið hefði ekki verið haft mikið þverpólitískt eða faglegt samráð vil ég segja að svo er að sjálfsögðu ekki. Það er fullkomlega eðlilegt í ljósi þess að hér er ekki bara um samning að ræða, hér er um stefnumótun og starfsgrundvöll heillar atvinnugreinar að ræða og það er eðlilegt að menn veki athygli á því að æskilegt væri að reyna að leita um slík málefni sem víðtækastrar samstöðu og þverpólitískrar sáttar, enda var það iðulega gert á árum áður.

[15:36]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tíð hv. þingmanns sem landbúnaðarráðherra hygg ég að gerður hafi verið einn búvörusamningur. Ég hygg að hann hafi staðið að honum með svipuðum hætti og gert er við þennan búvörusamning.

Ég vil segja um orð hv. þingmanns að framsóknarmenn hafa ekki staðið mikið í því að verja sig. Þeir hafa þolað mikla gagnrýni, ósvífna umræðu af hálfu vinstri grænna og margra annarra, mjög ósvífna og ódrengilega umræðu. Framsóknarmenn (Gripið fram í.) eru drengskaparmenn og hafa látið mikið yfir sig ganga. Nú segir hv. þingmaður að ég sé meistari útúrsnúninganna, ég hafi einkarétt á að skamma aðra og nefni menn ónefnum. Hver hefur oftast nefnt menn og ráðherra ónefnum, kallað þá druslur og ég veit ekki hvað? Auðvitað vita þeir sem fylgjast með íslenska þinginu að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem er prýðilegur ræðumaður tekur oft ljótari orð upp í sig en nokkur annar í þessum þingsal. Það má hann eiga. Það hef ég ekki tamið mér úr þessum ræðustól og ég hef reynt að vera málefnalegur þó að ég sé óhræddur við að fara í pólitískar glettur við þá sem hér eru og takast á um stefnu Framsóknarflokksins og stefnumið. Ég endurtek að ég vorkenni hv. þingmanni hversu litla gagnrýni hann þolir.

Ég minntist á blessaðan Pútín áðan. Ætli það hafi ekki farið fyrir brjóstið á honum? Pútín sem er mjög framsýnn maður og er að reyna að breyta Rússlandi er aðdáunarverður. Hann vildi auðvitað að sín staða í sínu landi væri eins og hún hefur verið hjá Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum síðustu árin, vaxandi hagsæld og velmegun. Ég minntist á blessaðan Pútín. Kannski hefur það farið fyrir brjóstið á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, svo viðkvæmur er hann vegna fortíðar sinnar, þessi hv. þingmaður, og þeirra skoðana sem hann hafði. Menn vita hvernig Austur-Evrópa fór. Hún fór illa vegna þess að pólitíkin (Forseti hringir.) tók frelsið af fólkinu. (Forseti hringir.) Hér hafa Íslendingar frelsi og mikla möguleika, (Forseti hringir.) og hagsældin hefur verið mikil síðustu árin, hæstv. forseti.

[15:38]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi búvörusamninginn 1991 var einmitt reynt að skapa mjög víðtæka sátt á bak við hann. Grunnur að þeim samningi var lagður í víðtæku samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Eftir föngum var leitað pólitísks samstarfs um það mál líka. Sá samningur var í raun skilgetið afkvæmi þjóðarsáttarinnar og það er ágætt að halda því til haga að bændur áttu stóran hlut í þjóðarsáttinni, og samstarf landbúnaðarins við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins skipti á þeim tíma mjög miklu máli. Þannig varð t.d. verðlagning búvara stór liður í því að ná niður verðlagi og verðbólgu í kringum 1990 og ætli landbúnaðarráðherra hafi ekki eitthvað komið þar við sögu.

Varðandi orðræðuna að öðru leyti telur hæstv. ráðherra sig sjálfsagt mjög orðprúðan þegar hann ber á aðra að þeir séu kommúnistar í hinum austur-evrópska skilningi sem hæstv. ráðherra vitnar þar til. Ég tel að það sé alvarlegur áburður á menn ef það er það sem hæstv. ráðherra á við, að hann ýi að því að maður eigi eitthvað sammerkt með flokkseinræðisharðstjórum kommúnistaríkja Austur-Evrópu eins og þau urðu verst. Ég frábið mér að mér sé líkt við slíkt. Ég á ekkert skylt við það hugarfar. (Gripið fram í.) Sem lýðræðissinnuðum róttækum vinstri manni á Íslandi, einlægum þingræðis- og lýðræðissinna finnst mér það alveg fráleitur áburður.

Hæstv. landbúnaðarráðherra finnst þetta allt í lagi. Hann slengir þessu hér fram og er svo hissa þegar honum er aðeins svarað, vælir þá eins og þeir framsóknarmenn gjarnan gera ef eitthvað er tekið á þeim. Ég verð bara að fara að fá einhverja leiðsögn um það hvað má yfirleitt segja við framsóknarmenn og hvað ekki til þess að þeir hrökkvi ekki af hjörunum.

[15:40]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég hef fylgst nokkurn veginn með umræðunni. Ég varð satt að segja dálítið hissa á því þegar inn í hana var dregið pólitískt ástand í Austur-Evrópu fyrr á tíð. Þar höfðu menn uppi nokkuð sem kallað var áætlunarbúskapur. Hann var hugsaður þannig að það voru einstakar grunngreinar sem um var gerð áætlun fram í tímann. Fimm ára áætlanir voru þekktar, jafnvel sex ára áætlanir, sjö ára áætlanir eða eitthvað svoleiðis þar sem ríkið hafði fingurna í öllu saman, þ.e. hvernig reka ætti viðkomandi atvinnugreinar.

Hvað skyldi vera innifalið í þeim búfjársamningi sem við erum með í höndunum? Er ekki hægt að halda því bókstaflega fram að ríkið sé með fingurna víða í þessum atvinnurekstri í landbúnaði á Íslandi? Er ekki hægt að halda því fram að þetta sé ríkisrekinn atvinnurekstur að mörgu leyti þegar meira en helmingurinn af því sem bændur fá fyrir vinnu sína er greiddur úr ríkissjóði? Það eru ekki mörg ár frá því að hér voru framlög á fjárlögum til að byggja haughús í sveitum. Slík framlög voru á fjárlögum eftir að ég kom á þing, einhvern tímann á árunum 1992–1994. Þá voru afgreiddir slíkir styrkir til þessa atvinnurekstrar í landinu.

Nei, ég held að menn ættu ekki að tala um landbúnað á Íslandi eins og þar sé fullt frelsi og þar sé staðið að því með sama hætti og í öðrum atvinnugreinum. Það er ekki þannig. Þessi atvinnurekstur er meira og minna undir handarjaðri ríkisins og búinn að vera alla tíð. Það eru ekki allir sáttir við að það skuli vera þannig. Hvar er frelsi bændanna? Hafa menn frelsi til framleiðslu? Nei, menn hafa ekki frelsi til framleiðslu einfaldlega vegna þess að frelsi getur ekki

verið til staðar nema að til staðar sé markaður sem dugar fyrir þeim tölum sem framleiðslan hefur. Verðið sem menn fá fyrir viðbótarframleiðsluna dugar ekki til þess.

Þess vegna geta menn ekki talað um fullt frelsi til samkeppni og framleiðslu í landbúnaði. Kerfið er ekki þannig, það er þannig að það er skammtað til aðilanna og menn hafa haldið þannig utan um þetta að þeir hafa ætlast til þess að hægt væri að stýra framleiðslunni og stuðningnum til bænda. En bæði kerfin, bæði mjólkurframleiðslan og sauðfjárafurðaframleiðslan, eru úr sér gengin af því að menn hafa leyft einhverju pínulitlu frelsi að koma þar inn sem þýðir að það er ekki hægt að halda áfram inn í framtíðina með fyrirkomulagið eins og það er. Reyndar hefðu menn átt að endurskoða það kerfi hvernig svo sem á stæði núna en það bólar ekkert á því í samningunum. Hér er haldið áfram með sama hætti inn í framtíðina eins og menn hafa gert í fortíðinni.

Það er það sem ég tel ámælisverðast í þessum samningi sem er þetta langur og inn í framtíðina, alveg til ársins 2013, að hér eru ekki stigin nema pínulítil skref inn í framtíðina.

Það eina sem skiptir verulegu máli í þessum samningi er að menn hopa frá þeirri útflutningsskyldu sem á bændum hvílir. Menn hafa auðvitað komist að raun um að hún getur ekki gengið upp. Það er ekki hægt að nota hið opinbera með þeim hætti sem var gert með þessari útflutningsskyldu. Það er ekki hægt að segja við framleiðendur í landinu: Þið skuluð flytja framleiðslu ykkar út. Jafnvel við framleiðanda sem getur selt allt sitt kjöt á markaði innan lands. Hann skal vera skyldugur til að flytja út kjöt. Ég er algjörlega sammála hæstv. landbúnaðarráðherra um að þessu þurfti að breyta. Það er jákvætt í þessum samningi.

Ég er á þeirri skoðun að á ferðinni sé samningur sem menn hefðu átt að vanda sig meira við. Af hverju skyldu menn hafa stokkið til og klárað þennan samning með þessum hætti? Svörin hafa ekki komið. Ég tel að svörin við þessu séu þau að þeir sem ráða ríkjum á ríkisstjórnarbænum og í forustu Bændasamtakanna hafi talið það öruggara ef þeir ættu að fá að halda áfram á sömu braut og þeir hafa verið á að gera þennan samning og ganga frá honum áður en þessi ríkisstjórn snýr upp tánum í vor.

Það held ég að sé ástæðan fyrir því að menn telji að svona mikið liggi á við að ljúka þessari samningsgerð. Ekki þurfti að gera það vegna þess að ekki væri nógur tími til að ganga frá þessum málum eftir að nýtt þing hefði verið komið saman að hausti. Samningurinn sem í gildi er rennur ekki út fyrr en um áramót.

Ég hafði svo sem ekki ætlað mér að halda langar ræður um þennan samning. Ég er búinn að segja það sem ég ætlaði að segja um hann við 1. umr. Ég vil þó til öryggis endurtaka það sem ég tel ástæðu til að gera í hverri ræðu sem samfylkingarmenn halda sem er það að við viljum hjálpa landbúnaðinum á Íslandi inn í framtíðina. Við leggjum ekki til að stuðningurinn verði tekinn af honum. En við gerum það að skilyrði að þær aðferðir sem eru notaðar til að hjálpa landbúnaðinum verði ekki til þess að hækka verð á öðrum vörum á markaði á Íslandi. Það er lágmarksskilyrði fyrir því að við getum stutt landbúnaðarstefnuna. Við sjáum ekkert eftir þeim fjármunum sem er verið að nota til að styðja landbúnaðinn í landinu en við getum ekki sætt okkur við að það verði til að halda uppi verðlagi á matvörum hér í landinu, á öðrum vörum en landbúnaðurinn framleiðir og selur.

Þarna þurfa menn að finna sáttaleið og líka aðferðir sem duga landbúnaðinum inn í framtíðina. Við viljum auðvitað að hér sé landbúnaður. Þegar menn tala um þá skoðanakönnun sem Bændasamtökin létu fara fram — það þurfti ekkert að gera hana. Það vita allir að fólk á Íslandi vill að hér séu framleiddar landbúnaðarvörur. En það er ekki hægt að nota slíka könnun sem einhvers konar sönnun fyrir því að viljum að það séu notaðar innflutningshömlur og annað slíkt til að hækka almennt vöruverð í landinu. Það er bara ekki þannig. Íslendingar eru tilbúnir að standa við bakið á bændum og framleiðslu þeirra og greiða hana niður en við erum ekki tilbúin til að greiða niður kjöt til útflutnings á aðra markaði. Hvað skynsemi er í því þegar menn fá ekki hærra verð en raun ber vitni á þeim mörkuðum?

Hér hefur mikið verið rætt um þessa útflutningsskyldu og vinstri grænir virðast t.d. mjög harðir á því að það eigi að halda uppi því kerfi sem segir auðvitað sitt um það hvers konar afstöðu þeir hafa til neytenda í landinu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég bara skil það ekki. Hvernig í ósköpunum stendur á því að þeir átta sig ekki á því að þessi útflutningsskylda hækkar vöruverð í landinu um 1,5 milljarða á ári samkvæmt mati WTO? Auðvitað þurfum við að hætta slíku, fyrir nú utan að það er full ástæða að halda að það sé brot á samkeppnislögum að vera með þessa útflutningsskyldu.

Þessa umræðu þurfa menn að taka. Ég trúi því að menn komist að þeirri niðurstöðu að þær aðferðir sem við höfum búið við á undanförnum árum sem hafa valdið hér háu vöruverði á öðrum vörum en landbúnaðurinn framleiðir séu ótækar og við verðum að leita annarra leiða.

Ef þessi ríkisstjórn lifir ekki af kosningarnar í vor tel ég fulla ástæðu til þess að gera mér góðar vonir um það að bændur á Íslandi verði meira en tilbúnir til að ræða aðrar leiðir til stuðnings við landbúnað en þær sem hafa verið hafðar uppi fram að þessu. Ég tel reyndar að þeim hafi aldrei verið nein hætta búin af hálfu Samfylkingarinnar þó að þeir hafi kosið að ráðast gegn henni vegna þeirra tillagna sem hún setti fram. Það var svolítið öðruvísi þegar ríkisstjórnin kom með sínar þótt þær væru af sama tagi. Þetta er pólitíkin á Íslandi sem menn þurfa að búa við en það er alveg ástæða til þess að ræða um hana.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti, en ég taldi ástæðu til að kveðja þennan búvörusamning með þessum hætti.

[15:52]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi eitthvað misskilið viðhorf okkar í þessum efnum ef hann leggur út af því þannig að okkur sé það eitthvert sérstakt keppikefli og kappsmál að halda við útflutningsskyldum um aldur og ævi. Það er allt annað mál að hafa heimildir til þess að mögulegt sé að grípa inn í ef þannig aðstæður skapast tímabundið, t.d. hér á kjötmarkaði, að til hreinna vandræða horfir.

Ég veit að hv. þingmaður þekkir það vel til þessara mála

að hann man það ástand sem t.d. skapaðist hér á kjötmarkaði um skeið og varð engum til framdráttar eða til góðs og ekki heldur neytendum. Þetta kostaði samfélagið allt mikla fjármuni vegna þess að hlutir fóru algjörlega úr böndunum. Það urðu fjöldagjaldþrot í vissum kjötgreinum og umtalsvert þjóðhagslegt tap í raun og veru af því ástandi sem þar skapaðist.

Sem betur fer hefur kjötmarkaðurinn jafnað sig og almennt hefur landbúnaðarmarkaðurinn leitað og náð miklu betra jafnvægi nú síðustu árin. Það á að vera öllum fagnaðarefni og vonandi getur það haldist þannig. Vonandi reynir ekkert á einhverja sameiginlega útflutningsskyldu hjá bændum.

En vegna þess hvernig kerfið er uppbyggt og vegna þess hversu óskaplega viðkvæmur þessi markaður er þá hafa margir áhyggjur af þessari mögulegu stýringu sem þarna hefur getað átt sér stað, að henni verði alveg varpað fyrir róða og engin tæki eða möguleikar séu til að grípa inn í ef svona ástand virðist vera að skapast. Í mínum huga eru það að minnsta kosti aðalrökin fyrir því að æskilegt væri að hafa möguleika til inngrips af þessu tagi jafnvel þótt við getum verið sammála um að það sé ekki æskilegt að þurfa það. Ég held að það sé ekki, a.m.k. ekki eins ég hugsa það, markmið í sjálfu sér eða keppikefli eða eitthvað sem menn vilji gera. Spurningin er hvort það skaðar einhvern að það séu möguleikar til þess ef svona aðstæður skapast.

[15:54]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það ástand sem hv. þingmaður vísaði til á markaðnum var auðvitað erfitt og vont fyrir þá sem áttu hlut að máli. En ég vil þá beina þeirri spurningu til hv. þingmanns hvort hann telji að það hefði átt að taka upp slíka útflutningsskyldu á aðrar greinar. Telur hann yfirleitt að þessi aðferð gangi ef framleiðendur af einhverjum ástæðum lenda í vandræðum vegna offramleiðslu eða kunna ekki fótum sínum forráð á markaðnum? Á þá ríkið að koma til og gera það að skyldu að einstakir framleiðendur taki vörur af markaði og flytji út?

Ég er algjörlega andvígur svona aðferðum, að hið opinbera geti gripið inn með þessum hætti og tel það hið mesta óráð. Það er ekki verið að banna bændum að flytja út kjöt af neinu tagi þó að þessi útflutningsskylda sé tekin af. Það er hins vegar verið að hverfa frá þessari aðferð sem ég tel að gangi ekki.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef aldrei botnað í því hvers vegna neytendur og þeir aðilar sem bera hag neytenda mest fyrir brjósti, verkalýðsfélög og aðrir, hafa ekki mótmælt því harðar en þeir hafa gert að nota slíkar aðferðir við að skammta framboð á markað. Mér finnst þær ekki boðlegar og þær eru að öllum líkindum líka lögbrot.

[15:56]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ef við viljum fjalla um þessi mál af sanngirni þá verðum við auðvitað að hafa í huga sérstöðu landbúnaðarins og alveg sérstaklega þeirra tveggja greina hans sem eru bundnar af búvörusamningum. Þeir samningar eru ekki bara samningar um tiltekinn ríkisstuðning, þeir eru líka um leið starfsgrundvöllur þeirra greina.

Að mínu mati er í raun og veru ekki hægt að líkja landbúnaðinum, og þá sérstaklega sauðfjár- og mjólkurframleiðslunni, saman við neina aðra atvinnustarfsemi.

Nú getum við lengi deilt um það hvernig það kerfi er og af hverju það er eins og það er. Staðreyndin er auðvitað sú að það eru sögulegar, pólitískar, landfræðilegar og byggðarlegar ástæður fyrir því að hlutirnir eru eins og þeir eru. Það á sér allt sínar skýringar ef við viljum leita þeirra í sögunni.

Menn hafa að mínu mati verið að vinna sig út úr þeim hlutum og í rétta átt, meira og minna samfellt síðastliðin tuttugu ár eða svo. Sérstaklega má þó segja að það hafi verið frá því á ofanverðum 9. áratugnum, með samningum og aðgerðum sem þá var farið í til þess að draga úr offramleiðslu sem þá var mjög mikil og var ríkisstyrkt og flutt út með miklum kostnaði, til þess ástands sem nú er og er náttúrlega til muna heilbrigðara en hlutirnir voru þá. Svo við tölum ekki um hversu lítið brot af ríkisútgjöldunum rennur til þessara verkefna í dag borið saman við það sem var hér fyrir ekkert óskaplega löngum tíma og við munum báðir, ég og hv. þingmaður.

En ég held að hlutirnir hafi þokast mjög langt í rétta átt. Það hefur orðið mikil hagræðing í landbúnaðinum og matvælaiðnaðinum. En það má vissulega betur gera. Það er sameiginlegt viðfangsefni og sameiginlegt keppikefli og ég held að það sé farsælast að reyna að gera það í samstarfi. Samstarfi aðila vinnumarkaðarins, neytenda og bænda og reyna að hafa sem mestan frið um þetta mál. Það er okkar viðhorf.

[15:58]

**Jóhann Ársælsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er algjörlega sammála síðustu orðum hv. þingmanns. Auðvitað þurfa menn að leita að friði um þessi mál. Sá friður hlýtur að verða fundinn með því að hann sé á milli allra aðila. Ég tel að sáttin eigi að vera um það að íslenskur landbúnaður, t.d. sá landbúnaður sem við erum að tala um í þessum samningi, sé styrktur í því augnamiði að hann sinni innanlandsmarkaði. Ef menn vilja síðan flytja út þessa vöru þá verði það að vera með þeim hætti að menn fái fyrir hana það verð sem til þarf.

Útflutningsbætur voru lagðar af á sínum tíma eins og hv. þingmaður nefndi. En sannleikurinn er sá að við erum farin að greiða með útflutningi á undanförnum árum. Verðið á þeim vörum sem hafa verið fluttar úr landi segir okkur að þarna sé í raun og veru verið að styrkja útflutning. Það tel ég ekki vera neinn frið um.

Mér finnst ekki heldur getað verið friður um að nota aðferðir eins og þær sem felast í útflutningsskyldunni, einfaldlega vegna þess að sú stýring inn á markaðinn sem þannig er fengin er mjög óeðlileg og mér finnst líka að menn þurfi að horfa í eigin barm hér á löggjafarsamkomunni og svara því hvort þeir telji það koma til greina að nota löggjöf í landinu til þess að skylda einstaka framleiðendur til þess að flytja vöru sína úr landi, jafnvel þó að þeir geti selt hana á innanlandsmarkaði. Það er aðferð sem ég

get engan veginn skrifað upp á að geti gengið upp.

Það er þess vegna sem ég hef verið á móti þessu fyrirkomulagi ekki síður en af hinni ástæðunni. En menn verða auðvitað að bera virðingu fyrir hagsmunum neytenda í þessu líka. Sú stýring á markaðnum sem þarna er á ferðinni er metin af öðrum aðilum en mér þar sem (Forseti hringir.) menn halda því fram að um 1,5 milljarða sé að ræða á ári. (Forseti hringir.)

[16:00]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér erum við að ræða samning við þá stétt eða þann hóp fólks í landinu sem stendur hvað verst Mér finnst merkilegt að verða vitni að því að hæstv. landbúnaðarráðherra komi í þessa umræðu og gefi það í skyn að ef breyting verður á stjórn landsins muni það hafa slæmar afleiðingar fyrir þennan atvinnuveg. Ég held að fólk sem starfar í landbúnaði, bændur, ætti að velta því fyrir sér hvernig þróunin hefur verið á síðustu árum, hvort hún hafi verið fram á við eða hvort miðað hafi aftur á bak, hvort fólk hafi það betra í þessum atvinnuvegi nú en það hafði áður en hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, tók við völdum. Ég er sannfærður um að fólk mun örugglega segja að ástandið sé ekkert betra. Þess vegna furða ég mig á því að hæstv. landbúnaðarráðherra komi hér og tali eins og ástandið standi og falli með Framsóknarflokknum. Það má miklu frekar dæma það út frá ástandi landsbyggðarinnar, að lífsskilyrðum hafi miklu frekar hrakað á landsbyggðinni og meðal annars hjá sauðfjárbændum.

Það er óumdeilt að Framsóknarflokkurinn hefur leikið byggðir landsins gríðarlega illa og einnig þann hóp sem hér um ræðir og við erum að fjalla um og hefur samþykkt þennan samning. Við í Frjálslynda flokknum erum talsmenn landsbyggðarinnar og teljum að þó svo við ætlum að fallast á þennan samning þá sé hann ekki algóður. Hann er mjög gallaður. Einn helsti gallinn við samninginn er sá að verið er að úthluta styrkjum, stórum hluta af þeim peningum sem við erum að tala um hér, sem er upp á um 19 milljarða samtals, eftir því hvernig bústarf manna var í byrjun 9. áratugarins. Það er sem sagt verið að úthluta styrkjum eftir því hvernig menn framleiddu fyrir liðlega 20 árum. Það er auðvitað gagnrýnisvert að verið sé að útdeila miklum opinberum fjármunum út frá svo gömlum tölum, út frá því hvernig menn framleiddu fyrir 25 árum.

Ég vil einnig taka upp hanskann fyrir bændur í umræðunni um hátt matarverð, sem hefur blandast inn í umræðuna um þennan samning, og minna enn og aftur á það að innlend hefðbundin landbúnaðarframleiðsla er ekki nema einn þriðji af matarreikningi heimilanna. Þegar menn tala um og halda því á lofti að hátt verð á innlendum landbúnaðarvörum valdi miklum búsifjum hjá heimilum landsmanna, þá er það ekki alveg rétt. Ef menn skoða þetta grannt er þetta einn þriðji, eins og ég sagði áðan, af matarreikningi heimilanna.

Síðan verðum við líka að líta til þess að þegar lækkanir hafa komið til, svo sem nýlegar lækkanir á virðisaukaskatti, þá hefur það ekkert skilað sér til heimilanna og má færa rök fyrir því að þó svo að miklar lækkanir fengjust á afurðum bænda þá þarf það ekki endilega að skila sér til neytenda eins og markaðurinn er nú um stundir.

Það sem mér finnst að við verðum að athuga þegar við ræðum landbúnaðarmál er hvernig stjórnvöld hafa staðið sig á síðustu árum. Þau hafa staðið sig afar illa og leikið í rauninni sauðfjárbændur mjög grátt. Það hefur verið gefið í skyn að verið sé að fara í einhverja hagræðingu með fækkun sláturhúsa og opinberir fjármunir hafa verið notaðir, hugsið ykkur, í að loka atvinnutækjum á minni stöðum á landinu og úrelda sláturhús. Það hefur verið gert með þeim hætti að hæstv. landbúnaðarráðherra, sem lætur stundum í það skína að hann sé einhver brjóstvörn bænda, sem hann er alls ekki, telur að þetta sé leið til að komast að hagræðingu. Hver hefur árangurinn verið? Hann hefur ekki verið góður. Þetta hefur ekki skilað sér í vasa bænda. Hvað notuðu menn þegar þeir voru að rökstyðja að fara ætti í þessa úreldingu? Hvaða rök notuðu menn? Menn notuðu einhverja útreikninga sem voru gerðir fyrir sláturhús sem höfðu sameinast undir nafni Goða og höfðu farið þráðbeint á hausinn. Þetta eru útreikningarnir en hæstv. landbúnaðarráðherra kemur ekki og segir okkur frá því hvað þetta hafi í rauninni komið sér betur fyrir bændur eða hvað þá neytendur. Það kemur ekkert fram. Honum dettur ekki í hug að rökstyðja það og vissulega er öfugsnúið að Sjálfstæðisflokkurinn, sem kennir sig við frelsi í viðskiptum, stundum, skuli nota opinbera peninga til þess að úrelda og loka atvinnutækjum.

Rökstuðningur þessara flokka, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, var m.a. sá að verið væri að uppfylla einhverjar Evrópureglur. Það var í rauninni bara plat og mjög ódrengilegt og ósvífið að þeir flokkar skuli nota þá röksemd vegna þess að landbúnaður er algerlega undanþeginn Evrópureglum og við getum hagað okkar málum eins og við viljum. Þar að auki er mun meira frelsi í Evrópusambandinu til að vera með heimasláturhús eða minni sláturhús þar sem ekki eru gerðar eins ríkar kröfur og hér. Hér erum við að setja upp kröfur sem eru mjög strangar og þær eru það strangar að það eru hvað hörðustu reglur sem hæstv. landbúnaðarráðherra gat fundið í Evrópusambandinu, sem eru í rauninni ekkert annað en viðskiptahindranir, til að koma í veg fyrir innflutning. Evrópusambandið setur strangar reglur um hvernig sláturhús eiga að líta út sem eru að flytja sláturafurðir á milli markaða og langt að. Þær reglur tók landbúnaðarráðherra upp en hann tók aldrei fram að hægt er að kaupa jafnvel heimaslátraðar afurðir í Frakklandi á mörkuðum. Hægt er að kaupa í Lúxemborg kjöt sem er slátrað í minni húsum. Hann tók það ekki fram heldur kom og setti í rauninni viðskiptahindranir á minni byggðir og neyddi þær til að loka sláturhúsunum og rétta þeim sem voru eigendur skuldanna þær upphæðir sem þeir höfðu veðsetningu fyrir í húsunum. Þetta er í rauninni byggðaeyðingarstefna sem Framsóknarflokkurinn hefur staðið fyrir á síðustu árum. Mér finnst þetta vera fyrir neðan allar hellur, sérstaklega vegna þess að það hefur kostað það að flytja hefur þurft sláturfé um langan veg, mjög langar leiðir, alla leið af Vestfjörðum og í Skagafjörðinn og í Húnavatnssýslurnar og síðan af Austfjörðum og alla leið í Skagafjörðinn, um mörg hundruð kílómetra leiðir sem er verið að flytja sláturdýr. Þetta er í raun ómannúðleg meðferð á dýrum að flytja þau svo langt í ljósi þess að reglurnar sem farið er eft-

ir eru hálfrar aldar gamlar eða frá 1957. Það er reglugerðin sem hæstv. landbúnaðarráðherra starfar eftir og síðan deilir hann út styrkjum að miklu leyti eftir 25 ára gömlum viðmiðum. Þetta lýsir auðvitað hvernig hæstv. landbúnaðarráðherra hefur komið hlutunum fyrir en það er ekki af einhverjum illvilja heldur er það miklu frekar að hann hefur ekki komið hlutunum í verk. Það er mikið að gera í að halda ræður í veislum og hafa gamanmál en að fara að snúa sér að verkefnum dagsins í landbúnaðarráðuneytinu. (**Gripið fram í:** Ertu að tala um framsóknarmann?) Ég er að tala um hæstv. landbúnaðarráðherra. Ég hélt að ekki léki vafi á því hverjum ég væri að lýsa.

En þetta er alvarleg staða, sérstaklega í ljósi þess að byggðirnar standa víða og falla með þessari atvinnugrein. Við í Frjálslynda flokknum höfum haft ýmsar efasemdir t.d. um hvernig hæstv. landbúnaðarráðherra deilir út styrkjum til mjólkurframleiðslu, af því að ég sé hv. þm. Drífu Hjartardóttur í salnum sem þekkir vel til þessara mála. (Gripið fram í.) Í sjálfu sér er það í lagi ef það bitnar ekki á öðrum verkum. En mér finnst þetta vera alvarleg mál sem við erum að ræða vegna þess sauðfjárræktin er víða undirstaðan í hinum dreifðu byggðum þannig að það skiptir afar miklu máli að sátt sé um þá atvinnugrein og hún fái að vaxa og dafna og ekki sé verið að setja einhver óþarfahöft á greinina.

Ég hef sjálfur lagt það til að við eigum frekar að aflétta reglum og auka frelsi í atvinnugreininni. Það sé miklu nær í stað þess að flytja inn þunglamalegar Evrópureglur um hvernig eigi að slátra þannig að safna þurfa öllum gripum saman á örfáum stöðum á landinu. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því að þetta sé rétt og það væri óskandi að hæstv. landbúnaðarráðherra gæti rökstutt það hverju þetta hafi skilað, en hann er kannski staddur í einhverju öðrum verkum, frú forseti. Er hann í húsinu?

(**Forseti** (SAÞ)**:** Landbúnaðarráðherra er í húsinu.)

Ég treysti því að hann sé þá að hlusta. En ég held að ekki sé á vísan að róa með það frekar en að hann standi vörð um hagsmuni bænda en hann hefur ítrekað sannað það að hann gerir það ekki. Það hefur hann sýnt m.a. í þjóðlendumálunum, þar hefur hann ekki sinnt því kalli bænda þar sem hæstv. fjármálaráðherra hefur gengið mjög hart fram í kröfum um eignarland þeirra og hefur ekki tekið að nokkru tilliti til þinglýstra gagna og virðist fara hringinn í kringum landið á meðan hæstv. landbúnaðarráðherra er í einhverju öðru og virðist ekki hafa áhyggjur af því. En samt sem áður kemur hann hér og skammar stjórnarandstöðuna og telur að hagur bænda muni að einhverju leyti versna þó að stjórnarskipti verði. Ég get alveg fullyrt að ég er sannfærður um að hagur bænda væri miklu betur borgið ef Frjálslyndi flokkurinn færi með þau málefni. Við mundum ekki sætta okkur við að hægt væri að safna saman t.d. styrkjum, að kaupa upp styrki til mjólkurframleiðslu. Til dæmis að það sé óheft hvað hægt væri að styrkja eitt bú mikið. Mér finnst það vera vitleysa. Ef einhver ákveður t.d. að kaupa upp greiðslumark í mjólk þannig að búið mundi framleiða eina milljón lítra árlega mundi það þýða að til þessa eina bús rynnu allt að 50 millj. kr. af skattfé. Þetta grefur undan kerfinu og grefur undan þeirri sátt sem þarf að vera um stuðning til bænda.

Ég er sannfærður um að margir gera sér ekki grein fyrir að landsbyggðin skiptir afar miklu máli fyrir hag Reykjavíkur. Það er nefnilega þannig að drjúgur hluti af því skattfé sem tekið er á landsbyggðinni rennur til höfuðborgarinnar. Það er í rauninni ekki nema helmingurinn af því skattfé sem tekið er af landsbyggðinni sem er varið aftur á landsbyggðinni, þannig að það er nettótilflutningur á fjármagni af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar. Það er í sjálfu sér eðlilegt. Hér eru ýmsar stofnanir, svo sem sjúkrahús og menntastofnanir sem ekki eru á landsbyggðinni. En það þarf að veita landsbyggðinni meira frelsi og því miður hefur Framsóknarflokkurinn algerlega klikkað í því. Eitt skýrasta dæmið er þegar Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa svipt bændur réttinum til að nýta eignarlönd sín.

Ég ræddi áðan um þjóðlendurnar sem hafa valdið mikilli ólgu víða en ég er að tala um að þessir flokkar hafa svipt bændurna réttinum til útræðis. Þetta hefur skaðað byggðir víða. Á Ströndum má nefna að þar hafa bændur haft nytjar af ýmsu. Þar hefur verið sauðfé en síðan hafa menn róið til fiskjar en búið er að taka það af þeim bara til að passa kvótann fyrir vini stjórnarflokkanna, fyrir vini Framsóknarflokksins og vini Sjálfstæðisflokksins. Þeim er alveg sama um þessa bændur sem missa spón úr aski sínum. Þetta skiptir líka afar miklu máli ef frelsi væri, t.d. á norðausturhorninu, fyrir bændur að fá að róa til fiskjar, ég tala ekki um að fá að leggja net fyrir hrognkelsi í fjöruborðinu. Nei, það er búið að taka þetta af þeim og við í Frjálslynda flokknum skiljum ekki hvers vegna, hvers konar mannvonska þetta er.

Ég ræddi þetta einhvern tíma við hæstv. landbúnaðarráðherra og hann taldi það dónaskap að ræða þetta. Ég hef aldrei heyrt það á nokkrum manni að hann telji það vera dónaskap að færa það í tal ef einhver er sviptur eignum sínum. Mér finnst það vera alvarlegt — og ég sé að hæstv. landbúnaðarráðherra er kominn og er ekki seinna vænna því ég er að fara að ljúka ræðu minni — en það er óneitanlega furðulegt að Framsóknarflokkurinn sem kenndi sig einhvern tíma við samvinnuhugsjón og að standa vörð um dreifbýlið skuli standa í því að svipta menn útræðisrétti sínum, svipta menn að fá að nýta eignarlönd sem ná út fyrir stórstraumsfjöruborð, en það gerir Framsóknarflokkurinn og sýnir í rauninni hversu flokkurinn er kominn langt frá uppruna sínum. Hann er mögulega — ég veit ekki hvort hann er Evrópuflokkur en hæstv. landbúnaðarráðherra hefur, ef mig misminnir ekki, talað gegn því meðan sterkir leiðtogar flokksins sem virðast vera komnir jafnvel ofar í valdapíramída flokksins ráða meiru um gang mála þar, svo sem hæstv. utanríkisráðherra sem virðist vera einlægur Evrópusinni, en það væri fróðlegt að fá það hér nánar, hvort hann telji, hæstv. ráðherra, að við munum að einhverju leyti tengjast meira því sambandi eins og raddir koma innan úr Framsóknarflokknum, að menn vilji einlæglega fara þar inn eða skoða inngöngu. Fróðlegt væri að heyra það. En mér finnst það vera alvarlegt að hæstv. ráðherra skuli koma hér og færa fram mál en hann skuli ekki gera það með betri rökum, vera jákvæðari í garð þeirra sem hafa tekið undir að það þurfi að styðja bændur vegna þess að hann hefur ekki staðið vaktina hvað varðar hag dreifbýlisins. Það er merg-

urinn málsins og má segja að það megi rekja til þeirrar stefnu sem fyrrum hugmyndafræðingur Framsóknarflokksins hefur kynnt í Borgfirðingabók árið 2004 að stefnt skuli að borgríki. Hugmyndafræðingur Framsóknarflokksins sagði að stefnt skyldi að því í merkri grein sem hann ritaði í Borgfirðingabók.

Ég er ekki sammála þessari sýn framsóknarmanna. Þessi hugmyndafræðingur er núna orðinn að formanni flokksins og má sjá þess merki að sú hugmyndafræði hefur verið í gangi um nokkurt skeið. Það er einfaldlega svo að alltaf er grafið meira og meira undan landsbyggðinni. Þetta er mjög sérstakt en þegar maður les þessa grein eftir núverandi formann Framsóknarflokksins, sem er frá árinu 2004, þá fær maður samhengi í hlutina. Þetta er bara stefnan sem var kynnt í orði 2004 og hefur verið á borði nú á síðustu árum. Þetta er einfaldlega stefna flokksins sem við í Frjálslynda flokknum sættum okkur ekki við. Við teljum einfaldlega að skynsamlegt sé að nýta allt landið. Það er skynsamlegt að leyfa bændum að renna fyrir fisk í fjöruborðinu. En Framsóknarflokkurinn er á móti því og hann vill líka taka af þeim eignarlönd og setja í rauninni lönd þeirra í gíslingu eins og hefur komið fram í ákalli landeigenda af Norðausturlandi nýlega. Mér finnst vera sérkennilegt að verða vitni að því að Framsóknarflokkurinn skuli standa í slíkum verkum. En maður er orðinn ýmsu vanur eftir að hafa starfað í fjögur ár á Alþingi, maður er farinn að venjast því að þetta eru verk framsóknarmanna og það virðist ekki skipta neinu máli þó þeir skipti út formanni sínum. Það var formaður áður sem trúði á að safna saman kvóta og atvinnurétti á fárra hendur og það væri lykillinn að því að þjóðinni vegnaði betur. Síðan kalla þeir nýjan formann inn í flokkinn og hann heldur áfram sömu stefnu, þ.e. að reyna að búa til þannig kerfi að atvinnuréttinum sé safnað saman og landsbyggðinni blæðir.

Við í Frjálslynda flokknum höfnum þessu. Við teljum þetta óskynsamlegt og við eigum einfaldlega að snúa af þeirri braut og rökin eru, eins og ég sagði áðan, að það er til hagsældar fyrir borgarbúa að landsbyggðin fái að blómgast og dafna. Það er bara þannig vegna þess, eins og ég sagði, að meiri fjármunir renna af skattfé landsbyggðarinnar og suður á höfuðborgarsvæðið heldur en renna aftur til baka. Sýnt hefur verið fram á það í rannsókn sem gerð var á Bifröst og við í Frjálslynda flokknum viljum fara rækilega í gegnum það og fá þá fram raunverulega sátt um byggðamál og vonandi að hún fáist innan tíðar með nýrri stjórn. Ég verð að segja við íbúa landsbyggðarinnar og sérstaklega sauðfjárbændur að þeir hafa reynt Framsóknarflokkinn allt of lengi. Nú á að leyfa nýjum aðilum að komast að og stjórna þessu miklu betur. Það er miklu auðveldara að gera það en halda áfram í sama gamla framsóknarfarinu.

[16:23]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Áðan var ég skammaður af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir það að verja Framsóknarflokkinn og minnast eitthvað á aðra flokka. Nú hlustum við hér alveg á dæmalausa ræðu um ekki neitt og svívirðingar um Framsóknarflokkinn og rangtúlkanir fram og til baka. Auðvitað þarf ég ekki að verja Framsóknarflokkinn við svona aðstæður því að hann hefur ekkert gert af sér. Þetta er náttúrlega bara makalaus málflutningur sem hér hendir hv. þingmann að tala um allt og ekkert. Hann er að tíunda inn í umræðu um sauðfjársamning grein sem Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, skrifaði. Þar hygg ég að hann hafi verið að skrifa um það sem hefur verið að gerast allt frá Holtavörðuheiði og austur á Hvolsvöll, hjá 70–80% þjóðarinnar, þróun sem allir flokkar berjast gegn og vilja hafa öðruvísi. Minn formaður nefnir t.d. mjög mikið jarðgangagerð til þess að styrkja byggðir og laga, ef ég á að fara út í þá umræðu.

Ég ætla ekki að deila við hv. þingmann. Ég vil hins vegar segja þegar hann minnist á Evrópusambandið að ég hygg að hinn mikli samningur, EES-samningurinn, sem var auðvitað deilt um og varð að veruleika, sé okkar viðskiptabrú. Ég vil halda mig við hann og sé hann sem okkar viðskiptabrú til Evrópu og eftir honum verðum við að vinna. Við erum auðvitað þátttakendur í alþjóðasamningum eins og WTO. Þaðan kemur ýmislegt í þróun mála hingað. Ég vil bara biðja um að ekki sé verið að flengjast um þennan víða völl og tala um allt annað. Það var sagt við mann þegar maður var barn: Segðu satt og stattu við orð þín. Ég held að það væri betra að ræða við mig meðan ég er hér heldur en að vera að fjalla um einhverjar greinar sem ekki eru hér til umræðu. Gangi (Forseti hringir.) hv. þingmanni vel í hans málum en ég ætla ekki að deila við hann um svona himinskautaræðu.

[16:26]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var ekki með neinar svívirðingar. Ef ég hef verið með svívirðingar eða eitthvað ómaklegt vil ég biðja framsóknarmenn afsökunar á því. Ég held að svo hafi ekki verið, ég var einfaldlega að segja satt og rétt frá, því miður.

Vera má að það séu svívirðingar að mati ýmissa framsóknarmanna að hlusta á það en það er það ekki. Það er bara þannig að sannleikanum verður stundum hver sárreiðastur og mér finnst það vera alvarlegt þegar framsóknarmenn gera sér ekki grein fyrir því að það vantar í rauninni 1.500 manns í íbúatölu Þingeyjarsýslu síðasta áratuginn ef hún hefði verið með sama hætti og annars staðar á landinu. Þetta er afleiðing stjórnarstefnu Framsóknarflokksins.

Sama má segja um Vestfirði, þar hefur fækkað um 20% núna á örfáum árum. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að Framsóknarflokkurinn hefur lagt atvinnuhöft á byggðirnar. Við í Frjálslynda flokknum erum ekki sátt við þessa stefnu og ég veit að margir framsóknarmenn, sem eru enn þá eða telja sig vera framsóknarmenn, eru líka ósáttir við þetta. Þess vegna erum við m.a. að sjá þessa málamyndabreytingu eða hvað þetta er. Fólk deilir um hvort þetta sé raunveruleg breyting eða hvort verið sé að festa ýmislegt í sessi og þá á ég við stjórnarskrárákvæðið um nýtingu auðlinda þjóðarinnar. Þetta kemur auðvitað við hjartað í framsóknarmönnum, þeir sætta sig ekki við þetta. Þetta er í rauninni afleiðing af stjórnarstefnunni. Menn hafa séð að Framsóknarflokkurinn hefur grafið undan byggðunum og fólkinu hefur fækkað. Þetta svíður hinum almenna borgara á Íslandi þegar hann fer (Forseti hringir.) um landið.

[16:28]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einhvern tímann var sagt: Segðu sömu lygina aftur og aftur og menn fara að trúa fyrir rest. Þetta er auðvitað málflutningur sem er fyrir neðan allar hellur.

Nú minnist hv. þingmaður á Þingeyjarsýslur. Hér erum við að ræða sauðfjársamning sem mun skipta miklu máli fyrir Þingeyjarsýslur, stuðning til að skapa blómleg bú, öfluga atvinnugrein sem þar á mikinn hljómgrunn. Framsóknarflokkurinn hefur staðið fyrir og stjórnarflokkarnir Kárahnjúkavirkjun og stóriðju á Reyðarfirði. Alla daga er verið að skammast yfir því en Austurland hefur risið og þjóðin eignast þar fyrirtæki sem verður góð mjólkurkýr í framtíðinni og mun hafa hag af. Vissulega höfum við reynt margt til þess að efla byggðir landsins og þurfum ekkert að sitja undir svona umræðu.

Sannleikurinn er sá að staða atvinnulífs á Íslandi, um allt land, er auðvitað miklu öflugri en hún var fyrir tólf árum þegar menn fluttu burt af Íslandi. Nú hafa menn þúsundum saman flutt heim og fengið störf í samræmi við sína menntun og sitt hæfi og (Gripið fram í.) sest að úti á landsbyggðinni og hvar sem er. Við skulum átta okkur á að þróunin hefur verið í rétta átt.

Hitt er svo allt annað mál, hv. þingmaður, að það eru alltaf verkefni til að takast á við og hvað kvótakerfið varðar, sem hv. þingmaður er með á heilanum, þá hafa allir flokkar að því komið. Sjávarútvegurinn er mjög sterkur í dag og hefur verið sterkur og verið að efla sig þrátt fyrir þá gengisþróun sem hér hefur verið síðustu árin. Hins vegar þarf auðvitað að skoða þær byggðir sem standa ekki sterkt og það er hið eilífa verkefni sem (Forseti hringir.) við stjórnmálamennirnir erum að fara í.

[16:30]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst miður að hæstv. landbúnaðarráðherra telji að ég sé að fara með rangt mál og kalli það jafnvel lygi, en það sem ég er að vitna í, frú forseti, eru einfaldlega tölur frá Hagstofu Íslands. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann taki ekki mark á Hagstofu Íslands. Þetta eru tölur frá Hagstofu Íslands sem sýna fólksfækkunina sem er bein afleiðing af stefnu Framsóknarflokksins.

Af því að við erum að tala um þennan samning og afleiðingar hans fyrir byggðir landsins, þá verð ég að segja að hæstv. landbúnaðarráðherra ætti fara t.d. á Kópasker og sjá hvernig samningurinn hefur í raun þyngt og heft allar reglur fyrir sláturhúsið þar algjörlega að óþörfu. Hann hefur ekki verið góður fyrir byggðina þar og í rauninni þrengt að henni. Stefna Framsóknarflokksins hefur meira að segja meinað unglingum á Kópaskeri að leggja línu í fjöruna. Svo langt gengur þessi stefna Framsóknarflokksins. Maður er alveg gáttaður á því að hægt sé að bjóða upp á það núna árið 2007 að meina börnum að leggja línu í fjöru vegna þess að þau geti mögulega fengið fisk sem er búið að merkja kvótavinum sem styðja flokkana.

Þetta er sárt en þetta er satt. Ég vona að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi vit á að taka orð sín aftur um það að ég hafi sagt eitthvað í ræðu minni áðan sem er ósatt. Því miður er svo ekki. Þetta er sannleikur (**Landbrh.:** Þú baðst afsökunar.) sem er sár fyrir framsóknarmenn. Þeir hafa einfaldlega (Forseti hringir.) leikið byggðirnar mjög grátt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:32]

**Útbýting:**

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 649. mál, nál. utanrmn., þskj. 1224.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 650. mál, nál. utanrmn., þskj. 1225.

Fjöldi starfa í einstökum atvinnugreinum, 674. mál, svar hagstrh., þskj. 1217.

Hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum, 590. mál, svar umhvrh., þskj. 1220.

Íslendingur í Greensville-fangelsinu, 687. mál, svar utanrrh., þskj. 1209.

Múlavirkjun á Snæfellsnesi, 657. mál, svar umhvrh., þskj. 1221.

Samningar um gagnkvæma réttaraðstoð, 652. mál, nál. utanrmn., þskj. 1226.

Samningur um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, 640. mál, nál. utanrmn., þskj. 1223.

Tengsl Íslands og Evrópusambandsins, 705. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1222.

## *Varnir gegn landbroti, 2. umr.*

Stjfrv., 637. mál (valdmörk milli ráðherra). — Þskj. 945, nál. 1122, brtt. 1123.

[16:34]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti, frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson frá landbúnaðarráðuneyti, Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Svein Runólfsson frá Landgræðslu ríkisins og Helga Jóhannesson og Gunnar Gunnarsson frá Vegagerðinni.

Markmið frumvarpsins er að leiðrétta yfirsjónir sem urðu við gerð nýju vatnalaganna, nr. 20/2006, sem taka eiga gildi í haust.

Með hliðsjón af meginreglu eignarréttar, „vötn skulu renna sem að fornu hafa runnið," er fasteignareiganda ekki heimilt að breyta vatnsfarvegi nema sérstök heimild standi til þess í lögum. Í 14. og 22. gr. nýju vatnalaganna er fjallað um tiltekin úrræði sem fasteignareigandi getur gripið til þegar árfarvegur breytist af völdum náttúrulegra aðstæðna og þegar yfir vofa spjöll af völdum landbrots eða árennslis vatns og enn fremur um íhlutunarvald ráðherra þegar svo háttar til.

Iðnaðarráðherra verður ætlað að fara með yfirstjórn mála samkvæmt nýju vatnalögunum og mun að þeim óbreyttum vera sá ráðherra sem vísað er til í framangreindum lagagreinum. Þá er ráðgert að Orkustofnun muni sinna veigamiklu stjórnsýslu- og eftirlitshlutverki á grundvelli

laganna og ber að tilkynna til hennar um allar framkvæmdir í eða við vötn vegna vatnsnýtingar. Þessi skipan mála er í athugasemdum frumvarpsins ekki talin samræmast að öllu leyti þeirri tilhögun sem mælt er fyrir um í 6. tölul. 9. gr. reglugerðar nr. 3/2004, um Stjórnarráð Íslands, þar sem fram kemur m.a. að landbúnaðarráðherra fari með málefni áveitna, fyrirhleðslna og framræslu.

Meiri hluti nefndarinnar fellst á þau meginsjónarmið sem fram koma í athugasemdum en telur þó ástæðu til að leggja til eftirfarandi breytingar:

1. 1. mgr. 2. gr. verði breytt. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að hugsunin að baki gildistökuákvæði frumvarpsins hafi verið sú að leiðrétta mistök sem urðu þegar eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra í 55. gr. gildandi vatnalaga var felld niður við gildistöku laga nr. 64/2003, um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði. Nefndin telur eigi að síður eðlilegra að gildistaka frumvarpsins fari saman við gildistöku nýju vatnalaganna.

2. 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. falli brott. Samþykkt þessa ákvæðis hefði það í för með sér að iðnaðarráðherra fengi rýmkaðar heimildir til eignarnáms í því skyni að annast nauðsynlegar framkvæmdir til vatnsveitugerðar, áveitugerðar, orkunýtingar o.s.frv. sem ekki virðist vera í samræmi við tilgang frumvarpsins.

3. Við 2. gr. bætist nýr töluliður til samræmis við óskir Landgræðslu ríkisins. Landgræðsla ríkisins er umsjónaraðili með gerð fyrirhleðslna samkvæmt lögum um landbrot og er tilgangurinn að veita stofnuninni ákveðið svigrúm til athafna án þess að henni beri að tilkynna um það til Orkustofnunar.

Að lokum skal tekið fram að það er skilningur meiri hluta nefndarinnar að fasteignareigendur fari með þær heimildir sem 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins fjallar um þrátt fyrir að Landgræðsla ríkisins sé undir ákveðnum kringumstæðum framkvæmdaraðili í skilningi laga um varnir gegn landbroti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Drífa Hjartardóttir, Jón Kristjánsson, Gunnar Örlygsson, Birkir J. Jónsson og Guðjón Hjörleifsson.

[16:38]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég á sæti í landbúnaðarnefnd og tók þátt í að fjalla um þetta mál þar. Við fulltrúar Samfylkingarinnar skrifuðum ekki undir þetta nefndarálit og því er kannski ástæða til að fara nokkrum orðum um málið nú við 2. umr.

Eins og ýmsir muna kannski er hér verið að gera breytingar á lögum sem ekki hafa tekið gildi. Það eru vatnalögin sem urðu afar umdeild á síðasta þingi og urðu tilefni mikilla átaka milli stjórnar- og stjórnarandstöðu sem enduðu með því að um sátt náðist um að gildistakan yrði ekki fyrr en í október 2007. Þau lög eru á margan hátt þannig að í þeim er fólgin stefnubreyting sem var ákaflega umdeild og var mjög erfitt að fá menn til að viðurkenna að fælist í þessari lagabreytingu. Það er reyndar dapurlegt að umræða um slíkt grundvallarmál skuli hafa farið fram með þeim hætti að menn fengust aldrei til að viðurkenna í raun og veru hver breytingin væri. Sagt var að þetta væri einungis formleg breyting en hún er það aldeilis ekki. Í þessu er fólgin mjög mikil breyting frá því sem var í gömlu vatnalögunum frá 1923. Breytingin felst í raun og veru í því að í stað þess að lög um þessi efni, um vatn og það sem því tilheyrir í þessari lagasetningu, séu sett þannig að í þeim komi fram hvað sé leyfilegt þá er málinu snúið við. Það felst mjög mikil breyting í þessu, því að með því að telja upp í lögunum hvað sé leyfilegt að gera hefur Alþingi möguleika á að grípa inn í með lagabreytingum ef eitthvað nýtt hefur gerst sem er ástæða til að taka á í lögum.

Eftir þessa breytingu, ef þessi lög taka gildi, þá er ástæða til að hafa áhyggjur af því að menn geti sótt ríkið til skaðabóta vegna lagabreytinga sem leiða af einhverjum nýjum veruleika sem kemur upp hvað þessi efni varðar. Slíkt er ekki hægt á grundvelli þeirra laga sem nú eru í gildi frá 1923. Það er þess vegna ástæða til að minna á það núna, þegar menn eru byrjaðir að gera breytingar á þessum lögum áður en þau taka gildi, að þau fela þetta í sér.

Þeir flokkar sem eru í stjórnarandstöðu lýstu því yfir að þeir ætluðu sér að afnema þessi lög ef þeir gætu einhverju um það ráðið eftir næstu kosningar. Ég hef fulla ástæðu til að trúa því að það verði gert en auðvitað get ég ekki spáð fyrir um niðurstöður kosninganna. Ég tel að menn þurfi að skoða þessi mál mjög vandlega og fara yfir þau að nýju og setja lögin út frá sömu grundvallarsjónarmiðum og menn höfðu þegar vatnalögin frá árinu 1923 voru sett. Það var vönduð lagasetning sem hefur staðið tímans tönn betur en flest annað sem sett hefur verið í lög á Íslandi. Það ættu menn að virða þegar verið er að fást við jafnmikilvæg mál og þau sem hér um ræðir og skoða hvernig það sem best hefur dugað hefur verið gert. Menn tóku sér langan tíma til að vinna að þeirri lagasetningu og niðurstaðan varð sú sem raun ber vitni. Það var ekki þannig núna. Nú var farið af stað á vegum ríkisstjórnarinnar og tekinn til þess tiltölulega stuttur tími að ljúka endurskoðun á þessum lögum og gera á þeim þá grundvallarbreytingu sem ég nefndi áðan.

Ég ætla ekki að fara yfir vatnalögin í ræðu minni núna en ég vildi bara nefna þetta vegna þess að hér er til umræðu breyting á vatnalögunum. Hæstv. landbúnaðarráðherra rankaði við sér á göngum Alþingis undir lokin á þeirri löngu umræðu sem varð um vatnalögin. Hann áttaði sig allt í einu á því að verið væri að færa eitthvað frá honum af því sem er á valdsviði hans. Nú er hann að reyna að ná því til baka. Vill ekki fara með þá skömm á bakinu heim af þessu þingi, síðustu ferðina úr stól landbúnaðarráðherra, að sitja uppi með það að hafa sofið á verðinum og ekki passað upp á það sem hann átti að passa upp á. Það er auðvitað dapurlegt fyrir hann.

Ég sé ekki betur en að ríkisstjórnin öll sé að ganga í lið með honum. Það er eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar núna þegar kemur að lokadögum Alþingis að hysja upp um landbúnaðarráðherrann og reyna að koma þessu inn í lög sem ekki hafa tekið gildi. Það er kannski hægt að virða það að fólk vilji láta landbúnaðarráðherranum líða betur. En ég tel að margt annað mikilvægara bíði afgreiðslu Alþingis á

síðustu dögum þingsins en þetta mál, sérstaklega í því ljósi að það eru mjög litlar líkur á því að það reyni nokkurn tímann á þennan lagatexta því að hann á ekki að taka gildi fyrr en um leið og vatnalögin sem ættu taka gildi á næsta hausti ef þau verða ekki afnumin. Þess vegna ágætt að rifja þetta upp núna.

Ég ætla ekki að hafa mjög langa ræðu. Það stóð aldrei til enda bíða mörg verkefni þeirra sem eru að vinna í nefndum og að undirbúningi mála í þinginu. Mér skilst að nú eigi að fara að halda fund í þeirri sérnefnd sem er að fjalla um stjórnarskrána og það er náttúrlega gríðarlega mikilvægt ef þar er einhver möguleiki á að ná sátt um það mál sem þar er til meðferðar. Ég er satt að segja ekkert allt of bjartsýnn á að von sé til að sátt náist um það en það skal a.m.k. ekki standa á okkur samfylkingarmönnum að ganga til þess verks og reyndar veit ég að sú afstaða er uppi í öllum stjórnarandstöðuflokkunum að það mál eigi að ganga fyrir.

Nú hef ég fengið miða í ræðustólinn þar sem segir að sú nefnd eigi að koma saman eftir 12 mínútur. Ég hef þann heiður að fá að sitja á þeim fundi þannig að ég ætla að leyfa mér að ljúka ræðu minni hér, hæstv. forseti, og láta þetta duga um þessa tilraun til að hysja upp um landbúnaðarráðherrann okkar.

[16:47]

**Jón Bjarnason:**

Virðulegi frú forseti. Það frumvarp sem hér er flutt, um varnir gegn landbroti, er í sjálfu sér fyrst og fremst frumvarp til breytinga á svokölluðum vatnalögum. Vatnalögum sem ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins lagði svo ríka áherslu á að koma í gegnum þingið á síðastliðnum vetri, eða fyrir um ári síðan. Þetta er því mjög kyndug leið til að breyta öðrum lögum til þess að ná fram breytingum á nokkrum þáttum vatnalaganna. Þarna eru atriði sem lúta að, eins og hérna hefur verið gerð grein fyrir, breytingu á vatnsfarvegum sem samkvæmt lögum um varnir gegn landbroti heyrðu undir aðra aðila, heyrðu undir landbúnaðarráðuneytið.

En á ákafanum og offorsinu sem var hér á síðastliðnum vetri í að einkavæða vatnið, þar sem iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins gekk fram af miklu kappi í að fá samþykkt lög sem fólu í sér einkavæðinguna á vatni og vatni sem auðlind, þá sást hún ekki fyrir að einhverju leyti og tók undir iðnaðarráðherrann mál sem hafa heyrt undir landbúnaðarráðherra.

Við bentum á þetta í umræðum á Alþingi fyrir ári síðan og ég minnist þess að hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, kom hér í þá umræðu fyrst og benti á það misræmi sem þarna væri á ferðinni, þ.e. að það væri verið að færa rannsóknir og eftirlit og leyfisveitingar hvað varðaði árfarvegi vegna landbrots, vegna fiskgengdar og sitthvað fleira sem heyrði undir landbúnaðarráðherra, undir einkavæðingarlögin um vatn.

Þegar hæstv. landbúnaðarráðherra var spurður þá kom hann af fjöllum og virtist ekki einu sinni sjálfur hafa lesið það lagafrumvarp sem hann stóð þó að sem ráðherra í ríkisstjórn, um einkavæðinguna á vatni, sem var eitt umdeildasta mál á síðastliðnum vetri. Þetta kom honum í opna skjöldu eins og svo margt annað og þingmenn sem hér voru minnast þess hvernig ástatt var hjá hæstv. ráðherra. Þegar iðnaðarráðherra var spurður álits þá minnir mig að iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins fyndist í hæsta máta eðlilegt að öll þessi mál færu undir iðnaðarráðherra.

Við þingmenn stjórnarandstöðunnar buðumst þá til þess að rétta hlut framsóknarráðherrans Guðna Ágústssonar og flytja strax breytingartillögu við vatnalögin sem tryggðu að þessir málaflokkar sem lutu að vatnsfarvegum til áveitna og til verndar landbroti og til fiskgengdar færu aftur undir landbúnaðarráðherra. En hann hafði ekki dug í sér til þess þá og af því varð ekki. Svo er núna gripið til þess af hæstv. landbúnaðarráðherra, og það má því segja honum svona til hróss að á síðustu dögum sínum sem landbúnaðarráðherra vill hann fara að reyna að draga þessa vitleysu í land, vitleysuna sem fór með inn í vatnalögin. (Gripið fram í.) Ja, þegar menn seint og um síðir sýna viðleitni í þá átt, sérstaklega þegar þeir sjá að tími þeirra er útrunninn, þá á að leyfa mönnum að njóta pínulítils sannmælis. Ég geri það, frú forseti. Hann hefur flutt hér frumvarp þar sem kveðið er á um að þau atriði sem fóru undan landbúnaðarráðherra og inn í vatnalög iðnaðarráðherra verði að nokkru leyti flutt til baka.

Í sjálfu sér geri ég ekki efnislegar athugasemdir við það þótt menn reyni að bæta þar úr. En hitt ber að hafa í huga að hér er verið að flytja lagabreytingar við allt önnur lög því hér er verið að flytja tillögu til breytingar á lögum um vatnalögin. Ég vil benda forseta á það og forseti ætti að beita sér í því að svona vinnubrögð séu ekki viðhöfð á þinginu, að láta önnur lög taka yfir ágalla laga sem heyra undir annan ráðherra. En þá er flutt hér frumvarp um að breyta vatnalögunum.

Hefði ekki verið bara eðlilegra að flytja hér breytingartillögu við vatnalögin? Þau lög eru svo meingölluð þó að þau séu ekki enn komin til framkvæmda. Eins og við munum eftir á síðasta þingi var það m.a. fyrir kröfu samstilltrar stjórnarandstöðu, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins hér á þingi að samið var um að gildistöku ákvæða þeirra yrði frestað til, að mig minnir, 1. nóvember 2007, þ.e. eftir næstu kosningar. Jafnframt lýstu þeir þrír flokkar sem stóðu mjög þétt saman hvað þetta mál varðaði, yfir því að það yrði þeirra fyrsta verk að afnema einkavæðinguna á vatnsauðlindinni.

Maður veltir fyrir sér í þessu sambandi að Framsóknarflokkurinn sem hefur nú leitt þessa einkavæðingu, leitt einkavæðinguna í orkumálunum, leitt einkavæðinguna í raforkunni, leitt einkavæðingu vatnsins, var svo að mig minnir að samþykkja á flokksþingi sínu um daginn að nú væri einkavæðingunni lokið. Nú mundu þeir gera hlé á frekari einkavæðingu um sinn að minnsta kosti.

Mér sýnist reyndar allt vera á fullu í þeim efnum. Átti ekki að fara að einkavæða hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja og selja það hæstbjóðanda? Í staðinn fyrir að ef ríkið vildi losa sig við hlutinn í Hitaveitu Suðurnesja þá væri hann afhentur viðkomandi sveitarfélögum sem eiga hinn hlutann. Nei, þá er valið að einkavæða það og setja á opinberan markað. Þannig að mér finnst nú ekki fara saman orð hæstv. iðnaðarráðherra og núverandi formanns Framsóknarflokksins annars vegar og hins vegar orð hans á flokks-

þinginu þegar hann var að tala um að nú ætti að fara að hægja á einkavæðingunni. Einkavæðing Iðnskólans er t.d. á fullu, að því er kom fram máli ráðherra fyrir nokkru síðan, þannig að einkavæðingin er nú á fleygiferð þó að framsóknarmenn segi um eitthvað að það sé ekki einkavæðing, þá er það náttúrlega eins og annað sem þeir segja í þeim efnum.

En hefði ekki verið rétt að taka öll vatnalögin upp núna og við hefðum þá sameinast um að taka einkavæðingarákvæðin alveg út úr vatnalögunum? Ég held að fátt sé þjóðinni óvelkomnara en að við förum að einkavæða vatnið. Að óbreyttu, þ.e. verði þessi ríkisstjórn áfram, þá koma þau lög til framkvæmda sem voru samþykkt á síðasta þingi, þ.e. að auðlindin vatn verði færð í einkaeignarrétt og eignfærð sem slík.

Frú forseti. Lögin sem nú á að setja eru mjög skondin því þetta er þá frumvarp til breytinga á lögum um varnir gegn landbroti sem lúta að vatnalögunum sem eru ekki enn komin til framkvæmda. Það er því verið að flytja tillögu til breytinga á lögum sem ekki eru komin til framkvæmda og koma vonandi aldrei til framkvæmda. Þetta eru mjög skrýtin vinnubrögð af hálfu Alþingis. Ég varpa eiginlega þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort forseti telji það eðlileg vinnubrögð, að vera að flytja hér frumvarp til breytinga á lögum við allt önnur lög, lög sem ekki eru einu sinni komin til framkvæmda og koma vonandi aldrei til framkvæmda. Ég dreg í efa að svona lagað sé nú bara stjórnsýslulega rétt.

Annars ef ég ætti að rifja upp umræðuna um vatnið, um einkavæðingu á vatni, sem fór fram í fyrra, vatnalögin þar sem var kveðið svo á um að allt vatn skuli verða einkaeign, og svo skuli það renna til sjávar. Að allt vatn hvort sem það væri í fljótandi eða föstu formi skyldi getað lotið einkaeignarréttindum. Við gætum svo sem endurtekið (Forseti hringir.) þá umræðu hér, frú forseti. En við getum látið það bíða næstu ræðu minnar.

(**Forseti** (SAÞ): Forseti hyggst gera hlé á þessum fundi í eina klukkustund og spyr hv. þingmann hvort komið sé að lokum í ræðu hans.)

Tuttugu sekúndur. Frú forseti. Þetta frumvarp sem hér er verið að tala um, breytingu á lögum um varnir gegn landbroti er algjörlega óþarft. Vatnalögin sem slík verða numin úr gildi og þegar þar að kemur og við höfum skipt um ríkisstjórn í vor þá verður þetta allt fært til betri vegar.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:59]

[18:25]

**Útbýting:**

Félagsþjónusta sveitarfélaga við aldraða árin 2004–2006, 666. mál, svar félmrh., þskj. 1228.

Fjarnámssetur, 361. mál, svar menntmrh., þskj. 1187.

Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, 69. mál, brtt. JónK, þskj. 1229.

## *Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.*

Frv. allshn., 701. mál. — Þskj. 1162.

[18:26]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga frá allsherjarnefnd um veitingu ríkisborgararéttar. Nefndinni bárust 36 umsóknir um ríkisborgararétt á þessu þingi en samkvæmt 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 18 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni og ég leyfi mér að vísa til 1. gr. frumvarpsins um nöfn þeirra einstaklinga.

Virðulegi forseti. Ég mælist til þess að málið fari ekki til allsherjarnefndar eftir þessa umræðu þar sem málið stafar frá nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, 2. umr.*

Stjfrv., 668. mál. — Þskj. 1019, nál. 1203.

[18:27]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Nefndin fjallaði um þetta mál á reglulegum fundum og fékk til sín fulltrúa frá forsætisráðuneyti og Barnaverndarstofu.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Einnig er í frumvarpinu mælt fyrir um stöðu nefndarinnar og valdheimildir hennar sem er nauðsynlegt til þess að hún geti rannsakað mál með tilhlýðilegum hætti.

Þetta frumvarp er til komið vegna nýlegrar umfjöllunar um rekstur vistheimilisins Breiðavíkur á árunum 1950–1980, en rétt þykir að kanna jafnframt hliðstæðar stofnanir og sérskóla sem börn dvöldu í.

Nefndin bendir á að frumvarpið girðir ekki fyrir að rannsókn nefndarinnar taki til einkaheimila sem börn hafa verið vistuð á fyrir tilstuðlan opinberra aðila. Jafnframt telur nefndin mikilvægt að í nefndina verði skipaður að lágmarki einn aðili með sérþekkingu á sviði barnaverndarmála.

Nefndin fagnar frumkvæði ríkisstjórnarinnar að því að hefja framangreinda rannsókn en bendir á að jafnframt er rétt að taka mið af þeim upplýsingum sem þegar eru komnar fram þannig að þær geti orðið stjórnvöldum að leiðarljósi við farsæla stjórn og eftirlit með barna- og unglingameðferðarheimilum.

Ég vil jafnframt láta þess getið hér að þetta mál fór ekki víða til umsagnar. Nefndin hefur haft afar skamman tíma til að vinna að málinu þar sem það er seint fram komið á þessu þingi. En ég læt þess getið í þessari umræðu að mér hafa munnlega borist athugasemdir frá Blaðamannafélaginu af því tilefni að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að upplýsinga-

lög gildi ekki um málið. Fyrir mitt leyti breytir það ekki afstöðu minni til frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Tveir nefndarmanna gerðu fyrirvara við samþykki sitt.

[18:30]

**Valdimar L. Friðriksson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er í sjálfu sér ágætt frumvarp á ferðinni. Ég fór yfir það í ræðu minni í gær þegar það var lagt fram. En það stendur enn í mér að í athugasemdum við lagafrumvarpið segir á blaðsíðu 3, með leyfi forseta:

„Þá skal nefndin leggja á það mat hvort og þá hvernig skuli brugðist við af hálfu stjórnvalda gagnvart þeim sem kunna að hafa í reynd sætt illri meðferð, ef könnunin leiðir slíkt í ljós."

Þetta stendur svolítið í mér, frú forseti, að lagt skuli mat á hvort bregðast eigi við þegar niðurstaðan verður ljós. Varðandi nefndarálitið, sem ég veit að hefur verið unnið hratt, kemur ekkert fram varðandi þetta. Ég hefði haldið að kveða þyrfti skýrt á um að stjórnvöld ætluðu að bregðast við þegar niðurstöður væru komnar.

Ég verð að viðurkenna, frú forseti, að þetta orðalag á bls. 3 stendur afskaplega mikið í mér. Mér þykir það mjög neikvætt í þessu tilfelli.

[18:31]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki viðstaddur 1. umr. þessa máls. Ég er því að heyra þessar athugasemdir hv. þingmanns í fyrsta sinn núna. En ég leyfi mér einfaldlega að benda á að þessi nefnd mun skila af sér niðurstöðum sem verða að sjálfsögðu í engu bindandi fyrir stjórnvöld. Hún er til ráðgjafar fyrir stjórnvöld.

Ég vek jafnframt athygli á því að þótt allsherjarnefnd geri tillögu um að í nefndina verði skipaður sérfróður aðili á sviði barnaverndarmála þá er einnig gert ráð fyrir því frumvarpinu að nefndin geti kallað sér til aðstoðar sérfróða aðila. Ég vænti þess að ekki síst á grundvelli sérfræðikunnáttu nefndarmanna eða þeirra sem hún kallar til komi til álita að tillögur um ráðstafanir stjórnvalda komi fram, að lagt verði á það sérfræðilegt mat að hve miklu leyti slíkt getur komið til álita í ljósi útkomunnar.

Jafnframt er rétt að benda á að nú þegar hafa stjórnvöld gripið til vissra ráðstafana sem ætlað er að tryggja þeim sem vistaðir voru á þessum barna- og unglingaheimilum aðstoð eftir því sem þörf krefur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Opinber innkaup, 2. umr.*

Stjfrv., 277. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 287, nál. 1053, brtt. 1054 og 1080.

[18:36]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)**:

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um opinber innkaup frá efnahags- og viðskiptanefnd, á þingskjali 1053. Nefndin hefur fengið til sín gesti og umsagnir eins og getið er um í nefndaráliti.

Nefndin ræddi talsvert um það til hvaða aðila reglur frumvarpsins taka en líkt og í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir því að sveitarfélögin undirgangist þær skyldur sem kveðið er á um í 2. þætti laganna um opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES.

Nefndin ræddi um að það að fara þyrfti rólega í sakirnar, enda eðlilegt að gætt sé sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaga. Fram kom á fundum nefndarinnar að við setningu gildandi laga hafi verið um það rætt að reglur um opinber innkaup undir framangreindum viðmiðunarfjárhæðum ættu einnig að gilda um sveitarfélögin. Ekki náðist samstaða um það á þeim tíma og var skipuð nefnd til að fjalla um málið sem hefur ekki enn lokið störfum.

Sveitarfélögin sýsla með opinbert fé líkt og ríkið og töldu margir gesta nefndarinnar í ljósi þess ekki við það unað að sveitarfélögunum væri í sjálfsvald sett hvort þau undirgengjust þær auknu skyldur við opinber innkaup sem felast í 2. þætti laganna. Nefndin er sammála þessu, einkum í ljósi þess að mikið hefur verið rætt um hvort sveitarfélögin muni taka við sífellt fleiri verkefnum af ríkinu. Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu í því skyni að stíga hóflegt skref í átt að því að reglur um opinber innkaup taki til sveitarfélaganna. Þannig verði kveðið á um það berum orðum í lögunum að sveitarfélögum sé heimilt að beita reglum 2. þáttar frumvarpsins um innkaup sín. Geri þau það ekki beri þeim sjálfum að setja sér reglur um innkaup.

Nefndin leggur þó til nokkurn aðlögunartíma, þ.e. til 1. janúar 2008. Nefndin hvetur einnig til þess að sú nefnd sem fjármálaráðherra skipaði í febrúar 2002 til að gera tillögur um gildissvið laga um opinber innkaup gagnvart sveitarfélögunum ljúki verkefni sínu og skili tillögum hið fyrsta. Á fundum nefndarinnar var fjallað um rammasamninga og þá hættu sem þeir geta haft í för með sér að tiltekin fyrirtæki eða bjóðendur verði útilokaðir frá markaðnum eða þá að nýir aðilar komist ekki inn á markaðinn. Ríkið er langstærsti kaupandinn og á sumum sviðum sá eini og varða því miklu þeir hagsmunir sem eru fólgnir í því að gera rammasamning. Rammasamningar sem slíkir teljast ekki andstæðir samkeppnislögum en hins vegar er það metið í hvert og eitt sinn hvort svo teljist vera. Hvað þessi atriði varðar þá skiptir tímalengd rammasamnings miklu.

Í 3. mgr. 34. gr. frumvarpsins er kveðið á um að gildistími rammasamnings megi ekki vera lengri en fjögur ár, nema í undantekningartilfellum sem skulu helgast af málefnalegum ástæðum. Fram kom á fundum nefndarinnar að við samningu frumvarpsins hafi verið gengið út frá því að lög um opinber innkaup takmarki ekki gildissvið samkeppnislaga. Ræddi nefndin jafnframt þá stöðu sem upp getur komið ef kaupanda samkvæmt rammasamningi bjóðast jafngóðar vörur á mikið lægra verði, t.d. 30% lægra, á almennum markaði, t.d. á netinu. Telur nefndin eðlilegt að tekið sé mið af slíkum tilfellum í rammasamningnum sjálfum.

Nefndin ræddi einnig ákvæði 75. gr. frumvarpsins um tilkynningu og rökstuðning höfnunar tilboðs og annarra ákvarðana. Telur nefndin eðlilegt að með hliðsjón af 45. gr.

um forsendur kaupanda fyrir vali tilboðs verði hverjum bjóðanda tilkynnt hvernig tilboð hans hafi verið metið, svo og um mat á því tilboði sem tekið var. Skal þá litið til upptalningar í 45. gr. frumvarpsins en þar eru í 1. mgr. taldar upp fjölbreyttar forsendur sem geta komið til greina við mat á tilboði, þ.e. ekki aðeins lægsta verð. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ýmislegt annað en verð megi skoða þegar kaupandi tekur ákvörðun um innkaup. Má í þessu sambandi nefna 43. gr. þar sem kaupanda er veitt heimild til að kveða á um sérstök skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings. Þetta eru einkum skilyrði varðandi félagsleg og umhverfisleg atriði. Þá er í 44. gr. kveðið á um að kaupanda sé heimilt að upplýsa í útboðsskilmálum hvar þátttakendur eða bjóðendur geti aflað sér upplýsinga um skyldur sínar varðandi skatta, umhverfisvernd, réttindi launþega, vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða í því sveitarfélagi þar sem verk verður unnið eða þjónusta innt af hendi. Þess ber þó að geta að forsendur fyrir vali tilboðs verða ávallt að tengjast hinu keypta eins og fram kemur í 1. mgr. 45. gr. Þar eru, líkt og rakið hefur verið áður, taldar upp í dæmaskyni forsendur sem geta legið til grundvallar mati á fjárhagslegri hagkvæmni. Þetta eru atriði eins og gæði, tæknilegir eiginleikar, umhverfislegir eiginlegar og rekstrarhagkvæmni og ég vísa til þess.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Svanhvít Aradóttir, Lúðvík Bergvinsson, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson og Sæunn Stefánsdóttir.

[18:42]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um opinber innkaup, mikill lagabálkur og að mörgu leyti vandað frumvarp sem byggist á mikilli vinnu. Ég geri athugasemdir við þær forsendur sem frumvarpið er reist á að sumu leyti. Með frumvarpinu eru settar reglur sem eiga að gilda um ríkisstofnanir sem bjóða út starfsemi sína. Ég er sammála því að um það þurfi að gilda skýrar og gagnsæjar reglur. En í ljósi þeirrar einkavæðingaráráttu sem hefur fest rætur í Stjórnarráði Íslands hlýtur maður að skoða þetta frumvarp með hliðsjón af reynslunni.

Eitt af því sem ég staldra við í upphafi er hið mikla vald sem fært er til ráðherra um að bjóða út starfsemi. Ég vek t.d. athygli á niðurlagi 21. gr. frumvarpsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum sé skylt að bjóða út innkaup sín eða gera þau í samræmi við þau innkaupaferli sem kveðið er á um V. kafla laganna."

Ráðherra getur með öðrum orðum með miðstýrðu reglugerðarvaldi ákveðið að ríkisstofnanir bjóði út þess vegna alla starfsemi sína. Finnst mönnum þetta vera eðlilegt? Er þetta í anda þeirrar valddreifingar sem stundum er boðuð að stofnanir geti sjálfar tekið ákvörðun um með hvaða hætti þær skipuleggja starfsemi sína?

Við höfum fylgst með því hvernig þrengt var að Húsnæðisstofnun t.d. eða Íbúðalánasjóði, eins og hann heitir núna, þar sem pólitísk yfirvöld vildu þrengja að þeirri stofnun, gengu þar erinda bankanna sem hafa ásælst íbúðalánamarkaðinn. Þar var ekkert spurt hvað væri hagkvæmast fyrir Íbúðalánasjóð. Þar var bara spurt hvað þjónar pólitískum markmiðum, hinni pólitísku lund Sjálfstæðisflokksins í því sambandi.

Finnst okkur þess vegna eðlilegt að festa það í lög um opinber innkaup að ráðherra, þess vegna ráðherra Sjálfstæðisflokksins, einkavæðingarráðherra, fái reglugerðarvald til að skipa ríkisstofnunum sem heyra undir ráðuneyti hans að einkavæða starfsemi sína? Ég hef um þetta miklar efasemdir.

Síðan er hitt og það er hin hliðin á þeim peningi að ef á annað borð er ráðist í útboð er ekki óeðlilegt að um það gildi gagnsæjar reglur. Reyndar er það eitt sem menn voru ekki alveg sáttir við í umfjöllun og afgreiðslu málsins að hið sama er ekki látið ganga yfir sveitarfélögin sem líka eru opinberir aðilar og látið er ganga yfir ríkið. Sveitarfélögin andmæltu því mjög að þau heyrðu undir þessi lög en lýstu því þó yfir, eða fulltrúi sveitarfélaganna, að þau teldu eðlilegt að þau settu sér reglur hvað útboð snertir.

Nú er ég ekki þeirrar skoðunar að það eigi að vera skylt undir öllum kringumstæðum að bjóða öll verk sveitarfélaga á Íslandi út, þess vegna á hinu Evrópska efnahagssvæði eins og okkur ber að gera. Það geta verið aðstæður uppi í sveitarfélagi þar sem það vill beina viðskiptum til fyrirtækja sem eru á svæðinu. Ég er alveg opinn fyrir þeirri hugsun. Þegar á hinn bóginn ráðist er í útboð er eðlilegt að um það gildi gagnsæjar og skýrar reglur. Þetta er nokkuð sem kom fram í nefndinni.

Síðan er það sem er náttúrlega verst að þættir sem ég tel að ættu að vera samþættir inn í allt þetta frumvarp eru þar aðeins í eins konar aukasetningum. Ég er að tala um umhverfisþætti og félagslega þætti. Áherslan í frumvarpinu er á verðlag fyrst og fremst en ekki á þá þætti sem verkalýðshreyfingin í Evrópu og á Íslandi hefur lagt áherslu á.

Mig langar í þessu sambandi til þess að vísa í mjög ítarlegar og efnismiklar athugasemdir sem efnahags- og viðskiptanefnd barst frá BSRB. Í umfjöllun BSRB segir m.a. með leyfi forseta:

„Með nýju frumvarpi um opinber innkaup, byggðu á tilskipun Evrópusambandsins um sama efni, gefst tækifæri til að styðja ný sjónarmið og nýtt gildismat í innkaupum opinberra aðila þar sem aukin áhersla er lögð á sjálfbæra þróun og félagsleg gildi. Þó það sé vissulega mikilsvert að öllum þeim sem bjóða í verk eða þjónustu sé gert jafnhátt undir höfði að gefnum þeim forsendum sem kaupandi (hið opinbera) vill að séu uppfylltar, þá ber að hafa í huga að í raun er kaupandi að uppfylla þarfir almennings með kaupunum og þær þarfir séu fjölbreyttari en svo að skynsamlegt sé að einvörðungu sé beitt mælistiku „fjárhagslega hagkvæmasta kostsins" eða að ódýrasta tilboði sé tekið. Stjórnvöld geta, án þess að meginreglur um jafna aðstöðu bjóðenda eða kröfum um gegnsæi sé fórnað með nokkrum hætti, nýtt sér opinber innkaup í þágu umhverfisstefnu, lýðheilsu, félags-

legrar samhæfingar, atvinnumála og réttinda launafólks svo dæmi séu tekin. Ljóst er að stefna í opinberum innkaupum er öflugt stjórntæki enda eru kaup ríkisins á vöru og þjónustu talin nema um 90 milljörðum króna á ári eða sem svarar um 58% af útgjöldum ríkissjóðs vegna rekstrar og fjárfestinga. Þá má ekki gleyma innkaupum á vegum sveitarfélaganna.“ — Segir í þessari álitsgerð frá BSRB um frumvarpið.

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði í löggjöf um opinber innkaup geta haft jákvæð eða neikvæð áhrif á að markmið sjálfbærrar þróunar náist þar sem opinber innkaup vega þungt í hagkerfinu. Möguleikar á að setja kröfur t.d. um strangari hávaðamörk, minni losun koltvíoxíðs, að réttindi launafólks séu virt sem og reglur um aðbúnað á vinnustað, um aðgengi fatlaðra, sanngjörn viðskipti og um atvinnu þeirra sem standa höllum fæti, geta leitt til aukinnar sjálfbærni og breytt viðmiðunum hvort sem er í opinbera eða einkageiranum. Opinber yfirvöld bera mikla ábyrgð á að allir borgarar njóti fjárfestinga þeirra, að þeir búi í félagslega og umhverfislega heilbrigðu samfélagi þar sem allir eru taldir með og njóti atvinnu og félagslegrar verndar. Ef þessi atriði eru ekki höfð í huga í upphafi innkaupaferlis er hætta á að kostnaður þjóðfélagsins verði hærri en ella.

Þau jákvæðu áhrif sem þannig má ná fram með víðsýnni stefnu í opinberum innkaupum einskorðast ekki við Ísland heldur hafa þau áhrif um heiminn allan að segja má þar sem aðföng opinberra aðila á Íslandi eiga uppruna sinn að miklu leyti í öðrum löndum. Þannig má setja viðmið af siðrænum toga og umhverfislegum við innkaup og hægt er t.d. að takmarka innkaup við þá aðila sem sannarlega virða launakjör og réttindi launafólks við framleiðslu eða framkvæmd, sama hver sem uppruni aðfanganna er.

Tilskipun Evrópusambandsins um opinber innkaup og frumvarp ríkisstjórnarinnar um sama efni opna á möguleika í þessa átt sem BSRB fagnar og leggur ríka áherslu á að verði nýttir til fulls. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að sem skýrast verið kveðið að orði í lagafrumvarpinu í þessum efnum. Þar skortir nokkuð á.

Þá er ekki óeðlilegt að ætla að ný lagasetning um opinber innkaup kalli á endurskoðun á innkaupastefnu og útvistunarstefnu ríkisins eftir því sem tilefni eru til og endurskoðun á áherslum í stefnu og starfi Ríkiskaupa, jafnframt sem hugað verði að samræmdri framkvæmd slíkra mála á vettvangi sveitarfélaga.“

Síðan er spurt í þessari álitsgerð, með leyfi forseta:

„Er kröfum félagasamtaka um félagslegar, siðrænar og umhverfislegar áherslur í opinberum innkaupum fylgt?

Kröfur verkalýðshreyfingarinnar, eins og frá Evrópusambandi verkalýðsfélaga (ETUC), Evrópusambandi starfsfólks í almannaþjónustu (EPSU), en BSRB á aðild að þessum samböndum báðum, GMB í Bretlandi, samtaka fatlaðra í Evrópu, (European Disability Forum) sem Öryrkjabandalag Íslands er aðili að, Eurocities, The European Environmental Bureau, European Fair Trade Association og fleiri félagasamtaka, eru þær að einstök ríki nýti sér til fulls það svigrúm sem tilskipunin um opinber innkaup gefur yfirvöldum að taka tillit til umhverfis, félagslegra og siðrænna þátta í innkaupum og þess verði krafist að farið verði að lögum um félagsmál og umhverfismál og eftir alþjóðlegum sáttmálum. Krafa ofangreindra samtaka, og þar er BSRB á sama máli, er að þetta verði gert algjörlega skýrt í lögum hvers lands um opinber innkaup.

Víða í tilskipun Evrópusambandsins um opinber innkaup er að finna heimildir til að taka tillit til slíkra þátta og um leið er svigrúm fyrir einstök þjóðríki sem innleiða tilskipunina til að skýra þessar heimildir og skerpa í landslögunum.“

Þetta er ekki gert í frumvarpinu í nægilega ríkum mæli nema síður sé.

Í álitsgerðinni eru síðan ábendingar þar sem lagðar eru til breytingar á einstökum greinum frumvarpsins og má nefna t.d. 43. gr., þar sem segir:

„Kaupanda er heimilt að kveða á um sérstök skilyrði, einkum varðandi félagsleg og umhverfisleg atriði, sem tengjast framkvæmd samnings, enda séu þessi skilyrði í samræmi við reglur EES-samningsins og hafi verið tilgreind í útboðsauglýsingu eða útboðsskilmálum.“

Hvers vegna á að orða greinina á þann hátt, að kaupanda sé heimilt að gera þetta? Hér vil ég taka undir það sem fram kemur í álitsgerð BSRB, að eðlilegt væri að breyta orðalagi þessarar greinar og segja, með leyfi forseta:

„Kaupandi skal kveða á um sérstök skilyrði, einkum varðandi félagsleg og umhverfisleg atriði, sem tengjast framkvæmd samningsins.“

Hvers vegna er ekki hægt að hafa orðalag greinarinnar með þessum hætti ef við viljum á annað borð styrkja hin félagslegu sjónarmið og umhverfisþættina og gera þá að forsendum í útboðsstefnu hins opinbera? Það er greinilega ekki vilji til þess af hálfu meiri hlutans á Alþingi.

Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég tel að frumvarpið eigi að bíða. Ég tel að frumvarpið eigi að bíða þar til eftir komandi alþingiskosningar. Mér finnst alveg fullkomlega óásættanlegt að setja ríkisstofnunum reglur um útboð með ríkri reglugerðarheimild fyrir ráðherra til að skipa ríkisstofnunum að bjóða út alla starfsemi sína, einkavæða hana, og forsóma síðan algjörlega þá þætti sem ég er að vekja athygli á, umhverfið, umhverfisþættina og hina félagslegu þætti.

Nei. Það segir í lagagrein að fyrirtækjum sé heimilt að horfa til félagslegra þátta og umhverfisþátta en ekki skylt, eins og verkalýðsfélögin um alla Evrópu og samtök fatlaðra eru að óska eftir og er hægt að gera ef vilji löggjafans er fyrir hendi.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort ráðgert sé, eins og mér var sagt, að gera hlé á þessum fundi í kvöldmatartímanum.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill upplýsa að gert er ráð fyrir kvöldmatarhléi núna frá klukkan sjö til klukkan hálfníu.)

Það er langt í frá að ég hafi lokið ræðu minni.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Þá óskar forseti eftir því að hv. þingmaður geri hlé á ræðu sinni og taki til við framhald ræðu sinnar að þingfundarhléi loknu eða þegar málið verður tekið aftur á dagskrá.)

Umræðu frestað.

***Varnir gegn landbroti, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 637. mál (valdmörk milli ráðherra). — Þskj. 945, nál. 1122, brtt. 1123.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:00]

**Útbýting:**

Meginreglur umhverfisréttar, 566. mál, nál. umhvn., þskj. 1234.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 542. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1227.

Þingsköp Alþingis, 706. mál, frv. SP o.fl., þskj. 1235.

[Fundarhlé. — 19:00]

[20:51]

**Útbýting:**

Bókmenntasjóður, 513. mál, nál. menntmn., þskj. 1237; brtt. menntmn., þskj. 1238.

Losun gróðurhúsalofttegunda, 641. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1240.

Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 42. mál, nál. menntmn., þskj. 1239.

Skipulögð leit að krabbameini í ristli, 221. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1241.

Út af dagskrá voru tekin 23., 26.–29. og 31.–80. mál.

Fundi slitið kl. 20:52.

---

# 90. FUNDUR

fimmtudaginn 15. mars,
að loknum 89. fundi.

**Dagskrá:**

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 700. mál, þskj. 1161. — Ein umr.
2. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 669. mál, þskj. 1020, nál. 1104 og 1153, brtt. 1121. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 637. mál, þskj. 945, nál. 1122, brtt. 1123. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 701. mál, þskj. 1162. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, stjfrv., 668. mál, þskj. 1019, nál. 1203. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frv., 693. mál, þskj. 1097. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
7. Úrvinnslugjald, frv., 694. mál, þskj. 1105. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
8. Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, stjfrv., 643. mál, þskj. 961, nál. 1079. — 2. umr.
9. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 459. mál, þskj. 624, nál. 1098, brtt. 1099. — 2. umr.
10. Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., stjfrv., 644. mál, þskj. 962, nál. 1100, brtt. 1101. — 2. umr.
11. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 432. mál, þskj. 520, nál. 1077, brtt. 1078. — 2. umr.
12. Opinber innkaup, stjfrv., 277. mál, þskj. 287, nál. 1053, brtt. 1054 og 1080. — Frh. 2. umr.
13. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 618. mál, þskj. 918, nál. 1091. — 2. umr.
14. Neytendavernd, stjfrv., 616. mál, þskj. 916, nál. 1106. — 2. umr.
15. Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, stjfrv., 617. mál, þskj. 917, nál. 1107. — 2. umr.
16. Starfstengdir eftirlaunasjóðir, stjfrv., 568. mál, þskj. 844, nál. 1130, brtt. 1131. — 2. umr.
17. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 387. mál, þskj. 429, nál. 1125 og 1208, brtt. 1126 og 1204. — 2. umr.
18. Samkeppnislög, stjfrv., 522. mál, þskj. 788, nál. 1132, brtt. 1133. — 2. umr.
19. Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, stjfrv., 523. mál, þskj. 789, nál. 1129. — 2. umr.
20. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 591. mál, þskj. 876, nál. 1188. — 2. umr.
21. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 515. mál, þskj. 778, nál. 1010 og 1150, brtt. 1011. — 2. umr.
22. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 280. mál, þskj. 293, nál. 1119, brtt. 1120. — 2. umr.
23. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 542. mál, þskj. 812, nál. 1189 og 1227, brtt. 1190 og 1219. — 2. umr.
24. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 281. mál, þskj. 294, nál. 1057, brtt. 1058. — 2. umr.
25. Æskulýðslög, stjfrv., 409. mál, þskj. 460, nál. 1074, brtt. 1075 og 1160. — 2. umr.
26. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, stjfrv., 431. mál, þskj. 519, nál. 1030 og 1041. — 2. umr.
27. Námsgögn, stjfrv., 511. mál, þskj. 772, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.
28. Þjóðskjalasafn Íslands, stjfrv., 642. mál, þskj. 960, nál. 1195, brtt. 1196. — 2. umr.
29. Málefni aldraðra, stjfrv., 560. mál, þskj. 835, nál. 1046. — 2. umr.
30. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 272. mál, þskj. 281, nál. 1117, brtt. 1118. — 2. umr.
31. Embætti landlæknis, stjfrv., 273. mál, þskj. 282, nál. 1128, brtt. 1134. — 2. umr.

32. Heyrnar- og talmeinastöð, stjfrv., 274. mál, þskj. 283, nál. 1109. — 2. umr.

33. Sóttvarnalög, stjfrv., 638. mál, þskj. 946, nál. 1145, brtt. 1146. — 2. umr.

34. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 530. mál, þskj. 799, nál. 1156, brtt. 1157. — 2. umr.

35. Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, þáltill., 36. mál, þskj. 36, nál. 1178. — Síðari umr.

36. Fjarskipti, stjfrv., 436. mál, þskj. 547, nál. 1039, brtt. 1040. — 2. umr.

37. Vegalög, stjfrv., 437. mál, þskj. 548, nál. 1095, brtt. 1096 og 1135. — 2. umr.

38. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 430, nál. 1047, brtt. 1048. — 2. umr.

39. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, stjfrv., 588. mál, þskj. 873, nál. 1158, brtt. 1159. — 2. umr.

40. Íslensk alþjóðleg skipaskrá, stjfrv., 667. mál, þskj. 1013, nál. 1201, brtt. 1202. — 2. umr.

41. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, stjtill., 574. mál, þskj. 852, nál. 1163, brtt. 1164. — Síðari umr.

42. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, stjtill., 575. mál, þskj. 853, nál. 1165 og 1205, brtt. 1166. — Síðari umr.

43. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 443. mál, þskj. 566, nál. 1197, brtt. 1198. — 2. umr.

44. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 648. mál, þskj. 967, nál. 1177. — Síðari umr.

45. Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., stjfrv., 655. mál, þskj. 981, nál. 1191, brtt. 1192. — 2. umr.

46. Útflutningsaðstoð, stjfrv., 656. mál, þskj. 982, nál. 1193, brtt. 1194. — 2. umr.

47. Almenn hegningarlög, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 1151, brtt. 1152 og 1206. — 2. umr.

48. Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, þáltill., 69. mál, þskj. 69, nál. 983, brtt. 1229. — Frh. síðari umr. *Ef leyft verður.*

49. Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, þáltill., 77. mál, þskj. 77, nál. 984, brtt. 1139. — Síðari umr.

50. Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, þáltill., 78. mál, þskj. 78, nál. 985, brtt. 1140. — Síðari umr.

51. Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, þáltill., 83. mál, þskj. 83, nál. 986, brtt. 1141. — Síðari umr.

52. Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, þáltill., 84. mál, þskj. 84, nál. 987, brtt. 1142. — Síðari umr.

53. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 1112. — 3. umr.

54. Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, stjfrv., 541. mál, þskj. 1113, brtt. 1199. — 3. umr.

55. Málefni aldraðra, stjfrv., 559. mál, þskj. 834. — 3. umr.

56. Sameignarfélög, stjfrv., 79. mál, þskj. 1082. — 3. umr.

57. Hafnalög, stjfrv., 366. mál, þskj. 1083, brtt. 1102. — 3. umr.

58. Orkustofnun, stjfrv., 367. mál, þskj. 953. — 3. umr.

59. Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, stjfrv., 378. mál, þskj. 954, brtt. 995. — 3. umr.

60. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 385. mál, þskj. 1084, brtt. 1143. — 3. umr.

61. Lokafjárlög 2005, stjfrv., 440. mál, þskj. 956 (sbr. þskj. 562). — 3. umr.

62. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 464. mál, þskj. 1215, brtt. 1138. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

63. Almenn hegningarlög, stjfrv., 465. mál, þskj. 644. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

64. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 466. mál, þskj. 645. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

65. Vísitala neysluverðs, stjfrv., 576. mál, þskj. 854. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

66. Lögmenn, stjfrv., 653. mál, þskj. 972. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

67. Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., stjfrv., 654. mál, þskj. 1216. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

68. Tekjuskattur, stjfrv., 685. mál, þskj. 1068. — 1. umr.

69. Minning tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta, þáltill., 704. mál, þskj. 1200. — Fyrri umr.

70. Þingsköp Alþingis, frv., 706. mál, þskj. 1235. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

71. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 561. mál, þskj. 836, nál. 1207. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

72. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 649. mál, þskj. 968, nál. 1224. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

73. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 650. mál, þskj. 969, nál. 1225. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

74. Samningar um gagnkvæma réttaraðstoð, stjtill., 652. mál, þskj. 971, nál. 1226. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

75. Samningur um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, stjtill., 640. mál, þskj. 951, nál. 1223. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

76. Meginreglur umhverfisréttar, stjfrv., 566. mál, þskj. 842, nál. 1234. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

77. Losun gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 641. mál, þskj. 957, nál. 1240. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

78. Bókmenntasjóður, stjfrv., 513. mál, þskj. 776, nál. 1237, brtt. 1238. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

79. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 42. mál, þskj. 42, nál. 1239. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

80. Skipulögð leit að krabbameini í ristli, þáltill., 221. mál, þskj. 222, nál. 1241. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

[20:52]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Við höfum á undanförnum dögum og ekki síst núna í dag orðið vitni að mjög undarlegri atburða-

rás. Eins og menn muna gerðist það hérna fyrir viku síðan, nákvæmlega á fimmtudaginn í síðustu viku, að dreift var í þinginu með miklum lúðrablæstri frumvarpi til stjórnarskipunarlaga þar sem fyrsti flutningsmaður var hæstv. forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins og meðflutningsmaður formaður Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Þá höfðu þessir tveir flokkar komið sér saman um það, að því er þeir sögðu á blaðamannafundi og við okkur formenn stjórnmálaflokkanna, að gera breytingu á stjórnarskránni. Þeim var auðvitað bent á það strax í upphafi að breytingartillaga þeirra sem þá lá fyrir stæðist hvorki að formi né innihaldi. Og ef hún yrði að veruleika mundi skapast hér mikil réttaróvissa.

Nú hefur þetta verið staðfest af öllum þeim sérfræðingum sem hér hafa verið kallaðir til. Engu að síður var ákveðið að setja þetta sjónarspil allt af stað. Þetta var sjónarspil, hæstv. forseti, þar sem bæði þing og þjóð var haft að fífli. Það eru kallaðir til sérfræðingar, safnað saman gögnum, fólk var látið verja í þessa vinnu hundruðum vinnustunda en það var aldrei meiningin hjá þessum flokkum að gera neitt með þetta. Þetta var sjónarspil til að reyna að bæta eitthvað stöðu sína í augum þjóðarinnar á síðustu dögum þingsins. Það er örvæntingarfull ríkisstjórn sem þannig stendur að verki.

Virðulegur forseti. Ég segi bara: Lengi skal manninn reyna. Gleymum því ekki hver var fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps. Það var hæstv. forsætisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins. Gleymum því ekki hver var meðflutningsmaður. Það var hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður Framsóknarflokksins. (**Gripið fram í:** Hvað með ...?) Þeir koma hér með stjórnarskrártillögu sem hefði gert það eitt að skapa réttaróvissu í landinu. Þeir gera það þegar fjórir þingdagar eru eftir. (**Gripið fram í:** Hvað með ...?) Svona haga menn sér ekki. (Forseti hringir.) Svona umgangast menn ekki lýðræðið, hæstv. forseti.

[20:55]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Hér hefur ekkert sjónarspil átt sér stað. Hafi verið sjónarspil á ferðinni var það hinn alræmdi blaðamannafundur stjórnarandstöðunnar hér 5. mars sl. sem hv. þingflokksformaður Samfylkingarinnar hannaði.

Við lögðum fram í góðri trú tillögu sem við héldum að samstaða gæti orðið um. Við gerðum heiðarlega tilraun til að finna lausn sem allir gætu sætt sig við. Það er greinilegt að stjórnarandstaðan hafði ekki áhuga á þeirri lausn þó að hún sé útfærsla á því sem stendur í stjórnarsáttmálanum og búið hafi verið að segja af hálfu stjórnarandstöðunnar að hún gæti fellt sig við slíka lágmarksbreytingu.

Við ætlum ekki að knýja fram stjórnarskrárbreytingu í krafti þess meiri hluta sem við höfum á Alþingi að baki ríkisstjórninni gegn stjórnarandstöðunni. Það ætlum við ekki að gera. Og í ljósi þess að ekki er samstaða um þetta mál og í ljósi þess jafnframt að fram hafa komið margvísleg lögfræðileg sjónarmið, að vísu misvísandi og ekki öll í eina átt, er eðlilegt að menn taki þetta til frekari athugunar í stjórnarskrárnefndinni og fari yfir öll þau sjónarmið sem upp hafa komið og hið nýja efni sem lagt hefur verið fram í sérnefndinni um stjórnarskrármál.

Af þessu drógum við þess vegna þá ályktun, við formenn stjórnarflokkanna, að rétt væri að fara þá leið sem ákveðin var í sérnefndinni í dag. Sú er niðurstaða málsins. Gremja formanns Samfylkingarinnar hlýtur að beinast að þeim sem héldu hér blaðamannafund þann 5. mars og hrundu þessu öllu af stað.

[20:57]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Gönuhlaup hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli er hennar, og hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar hafa við enga að sakast nema sjálfa sig. Það sér öll þjóðin. Það sér hver heilvita maður, eins og sagt er. Að ætla að reyna að skríða með þessum hætti í skjól af stjórnarandstöðunni og kenna henni um mál sem er alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, alfarið, eru einhverjar mestu kúnstir sem maður hefur lengi séð. Ekki er það stórmannlegt.

Þetta mál strandar ekki hér á þingi eða inni í sérnefnd vegna stjórnarandstöðunnar. Okkur er ekkert að vanbúnaði að halda þar áfram fundum og ræða málið. Það liggur algerlega fyrir. Við höfum boðið upp á að þess vegna mætti lengja þingið ef þyrfti. Það eru stjórnarflokkarnir sem eru sjálfir búnir að stranda þessu í eigin höndum. Þeir hafa haldið á þessari heitu kartöflu allan tímann. Hún hefur aldrei farið úr lófum þeirra. Það er eins aumkunarvert og nokkuð getur verið að ætla að reyna að kenna stjórnarandstöðunni um þetta eins og mér er sagt að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafi verið að reyna í fjölmiðlum í dag.

Það er einfaldlega þannig að hæstv. ríkisstjórn verður að horfast í augu við eigin uppgjöf, eigin niðurlægingu, eigin gönuhlaup í þessu máli og getur ekki kennt öðrum um það. Þessi vinnubrögð eru blettur á ferli þessara ágætu manna, að umgangast stjórnarskrá lýðveldisins af þessari léttúð, en þó er vissulega hægt að hrósa þeim fyrir eitt, það að sjá að sér. Þeir mundu frekar vaxa en hitt ef þeir væru menn til að viðurkenna það og vera ekki að reyna að kenna öðrum um.

Ef þeir hefðu bein til þess að standa í lappirnar og taka það á sig að þeir gerðu alvarleg mistök — þeim varð á og í raun og veru ættu þeir að biðja þing og þjóð afsökunar á þessu frumhlaupi — væri hægt að reyna að gleyma þessu dapra máli.

[20:59]

**Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Meginatriði þeirrar atburðarásar sem við höfum upplifað í dag er að stjórnarandstaðan er uppvís að því að ganga algerlega á bak orða sinna, svíkja öll sín orð og öll sín ummæli. Hún hélt fjölmiðlafund undir forustu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar 5. mars sl. Þar gerði hún stjórnarflokkunum tilboð. Á fundinum, eins og fram kom í fjölmiðlum, lýsti hún meira að segja nánar inntaki þeirra hugmynda sem hún hafði, og frumvarp okkar formanna stjórnarflokkanna er mjög í samræmi við það. Síðan kemur í ljós að hún getur ekki staðið við eitt einasta orð af því sem hún segir. (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Hún ætlar að nota stjórnarskrá (Forseti hringir.) lýðveldisins sem bitbein í pólitísku tafli af fullkomnu ábyrgðarleysi og þess vegna er sneypuför (Gripið fram í.) og óvirðing stjórnarandstöðunn-

ar algjör í þessu máli.

Við hins vegar lýstum því margsinnis yfir að við vildum víðtæka sátt í málinu. Við vildum samstöðu um málið og þess vegna er mjög eðlileg sú atburðarás af okkar hálfu sem verður í dag þegar búið er að setja öll þingstörfin í gíslingu út af þessu. (Gripið fram í.) Sneypa stjórnarandstöðunnar er algjör í þessu (Forseti hringir.) máli.

(**Forseti** (JónK)**:** Ég ætla að biðja hv. þingmenn að gefa ræðumönnum hljóð.)

[21:00]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Þessi síðasta ræða hjá formanni Framsóknarflokksins var með miklum ólíkindum. Hann lýsti atburðarás sem ég hygg að fáir eða engir í þessum sal kannist við. Það var alveg ótrúlegt að hlusta á þetta. (Gripið fram í.)

Málið er að stjórnarflokkarnir settu í stjórnarsáttmála sinn fyrir fjórum árum klausu um að auðlindir sjávar ættu að vera sameign íslensku þjóðarinnar og að það yrði bundið í stjórnarskrá. Fjögur ár hafa þessir flokkar haft til að undirbúa það að efna þetta loforð eða koma því í framkvæmd, fjögur ár. Það er núna fyrst, fjórum dögum fyrir þinglok, sem kemur illa ígrunduð og illa orðuð tillaga um það hvernig þessu skuli háttað. Það er ekkert samráð haft um þetta við fulltrúa stjórnarandstöðunnar, ekkert. Tveir fulltrúar framkvæmdarvaldsins, tveir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, koma með þetta frumvarp inn í Alþingi. Annar þeirra er ekki einu sinni kosinn á þing og hefur ekki umboð frá kjósendum til lagasetningar í þessu landi. Þetta eru vinnubrögðin hjá þessum háu herrum, þetta er það sem blasir við.

Hvers vegna skyldi þetta vera? Jú, það er verið að reyna að draga fjöður yfir það að ríkisstjórnin, sem nú fer að syngja sitt síðasta, södd lífdaga, geti dregið athyglina frá því að hún hefur varla staðið við einn einasta staf í því sem stóð í stjórnarsáttmálanum um það sem hún ætlaði að gera hér í byggðamálum og sjávarútvegsmálum. Það er hin nakta, ískalda staðreynd sem blasir við okkur, það blasir við okkur núna, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) að þetta hafa verið eintóm svik. Ég hvet sérstaklega þingmenn Sjálfstæðisflokksins til að lesa yfir stjórnarsáttmálann (Forseti hringir.) og fara yfir það lið fyrir lið hvernig þeir hafa svikið allt sem þeir lofuðu. Það sést líka best á því í hvaða ástandi sjávarbyggðir landsins eru núna eftir 12 ára setu þessarar ríkisstjórnar.

(**Forseti** (JónK)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að hafa hljóð og gefa ræðumönnum hljóð í salnum.)

[21:03]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Þetta er einhver dapurlegasti dagur sem ég hef verið hér í þinginu. Þetta er ömurleg niðurstaða. Stjórnarflokkarnir lofuðu fólki — eftir hvað? — eftir miklar umræður í aðdraganda síðustu kosninga lofuðu stjórnarflokkarnir því að það skyldi sett ákvæði í stjórnarskrána um sameign á auðlind þjóðarinnar í hafinu. Þetta eru efndirnar.

Þeir höfðu þetta í stjórnarskrárnefnd og sendu þangað fulltrúa sem voru alfarið á móti því að gera þennan hlut. Síðan var málið sett fast í nefndinni. Það var ekki bara Sjálfstæðisflokkurinn sem gerði það, Framsóknarflokkurinn lét það auðvitað yfir sig ganga vegna þess að í hans röðum er fólk sem vill þetta ekki heldur þó að því hafi verið lofað.

Það er nákvæmlega sama niðurstaðan sem varð núna í sérnefndinni, þar birtist samtrygging Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í þessu máli. Þar var neitunarvald Sjálfstæðisflokksins viðurkennt í málinu, eins og þeir höfðu í stjórnarskrárnefndinni. (**Gripið fram í:** Samfylkingin ...) Fyrir fram var vitað að sú niðurstaða sem var send inn í þingið gæti aldrei gengið. Það vissu sjálfstæðismenn enda hafa þeir hlegið hér í öllum hornum að Framsóknarflokknum. Auðvitað gekk það ekki að lýsa yfir þjóðareign á sauðkindinni eða hænsnunum eins og var þarna. Auðvitað gekk það ekki, það vissu allir. Framsóknarflokkurinn lét það samt yfir sig ganga og aumingjadómurinn fylgir þeim inn í næstu kosningar.

Ég er hræddur um að hæstv. landbúnaðarráðherra eigi erfitt með að útskýra þetta ákvæði sem hann ætlaði að setja í stjórnarskrána um hænsnin og sauðkindina. Þetta er niðurstaðan, þetta eru efndirnar sem fólkinu var lofað fyrir síðustu kosningar. Og það verður örugglega rifjað upp í (Forseti hringir.) aðdraganda kosninganna fram undan.

[21:05]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það hefur verið sérstakt, svolítið sérkennilegt, að fylgjast með framvindu stóra stjórnarskrármálsins á Alþingi. Stóra stjórnarskrármálið er svo stórt að það er nú að engu orðið. Stóra stjórnarskrármálið skrifast á ábyrgð formanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Það var svo vanreifað, svo illa undirbúið að það fékk falleinkunn hjá nánast öllum sérfræðingum sem komu á fund þeirrar nefndar sem fjallaði um málið fyrir þingið.

Hvers vegna kom stóra stjórnarskrármálið yfirleitt á dagskrá Alþingis? Við fengum skýringuna á því áðan úr munni hæstv. forsætisráðherra landsins. Það var stjórnarandstaðan sem hratt málinu af stað vegna fréttamannafundar sem efnt var til. Með öðrum orðum, það var vegna pólitískrar stöðu sem upp var komin að þetta sjónarspil var sett á fjalirnar. Þar lék Framsóknarflokkurinn aðalhlutverkið, Sjálfstæðisflokkurinn hannaði leiktjöldin og skrifaði leikritið en fórnarlambið átti að vera stjórnarskrá Íslands.

Eru þetta sæmandi vinnubrögð? Það finnst mér ekki. (**Gripið fram í:** ... þjóðarinnar.)

[21:07]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Hótanir um stjórnarslit, næturfundir, nætursendlar, hávaði, fjölmiðlafár og læti, kannast einhver við þessa atburðarás? (Gripið fram í.) Veit einhver til þess að haft hafi verið samband við stjórnarandstöðuna? Veit einhver til þess að aðrir hafi tekið þátt í þessu leikriti? Er þessi atburðarás ekki skýr? Hún hefur verið skrásett í öllum fjölmiðlum.

Svo koma núna tveir hæstv. ráðherrar og lýsa því yfir að það sé stjórnarandstaðan sem væntanlega ber ábyrgð á hótunum um stjórnarslit, næturfundum, nætursendlum og öllu því sem þessu tengist. Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé mesta sneypuför sem nokkrir ráðherrar hafa farið í áratugi. Það er leitun að öðru eins ef nokkru verður jafnað til því að

rétt er að hafa í huga að við erum að tala um breytingar á stjórnarskránni sjálfri, því skipulagi íslensku þjóðarinnar sem geymir æðstu reglur um skipulag íslensku þjóðarinnar og stofnanir.

Þeir hlupu hér inn, strákarnir, eftir þessa fundi undir hótunum um stjórnarslit og ætluðu að breyta þessu og gera það hratt og örugglega. Ef ég man rétt er sólarhringur síðan hæstv. iðnaðarráðherra lýsti því yfir að þetta væri svo skýrt og einfalt að það ætti að rúlla í gegn. Að vísu komu 20 sérfræðingar fyrir sérnefndina og lýstu þessu sem handónýtu sem minnir mig, virðulegi forseti, á orð formanns Sjálfstæðisflokksins fyrir nokkrum árum þegar fjármálaráðherra vildi (Forseti hringir.) hrekkja blaðburðarbörn, þá sagði hann: (Forseti hringir.) Svona gerir maður ekki.

Svona gerir maður ekki.

[21:09]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Það er vægast sagt mjög sérkennilegt að verða vitni að þessari atburðarás. Hér kom hæstv. iðnaðarráðherra í vikunni og sagði að um grundvallarbreytingu væri að ræða, meiri háttar breytingu. Síðan fóru menn að deila um hvað þetta þýddi. Það komu upp raddir, m.a. úr barka hæstv. umhverfisráðherra, um að þetta væri til þess að koma í veg fyrir að það myndaðist einhver eignarréttur og þess vegna væri nauðsynlegt að setja þetta ákvæði inn í stjórnarskrána.

Svo voru aðrir sem sögðu að þetta væri sýndarákvæði og nú sýnist mér sem stjórnarforingjarnir séu orðnir sammála um að þetta hafi bara verið sýndarákvæði og ákveðið að draga það til baka. En mér finnst að þeir skuldi þjóðinni betri ástæðu fyrir því að draga þetta til baka en að benda á blaðamannafund sem var haldinn áður en þetta ferli þeirra fór í gang. Þetta er fáránlegt og maður spyr sig hvort hæstv. forsætisráðherra ætli að láta taka sig alvarlega — ætlar hann að gera það? — með því að koma með svona skýringu. Mér finnst alveg úr út kortinu að benda á að það sé blaðamannafundur sem fór fram áður en þeir settu fram þetta frumvarp. Hvers konar vitleysa er þetta?

Ég er alveg hættur að skilja þetta og ég vona að hæstv. forsætisráðherra útskýri þetta. Þetta er kannski álíka og efnahagsaðgerðirnar hans, (Forseti hringir.) þegar hann dró úr þenslu á þeim svæðum þar sem ríkti samdráttur. Ég veit það ekki.

[21:11]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Ég verð enn að ítreka óskir mínar til þingmanna um að hafa hljóð og gefa ræðumönnum hljóð í salnum.

[21:11]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig gott að það skuli vera hægt að hlæja í þingsalnum í kvöld. Kannski má hafa eitthvert gaman af þeim skringilegheitum sem hafa verið í kringum þetta mál. Fram hjá hinu verður þó ekki litið að það er mjög alvarlegt hvernig staðið hefur verið að málum í þinginu á undanförnum dögum og hvernig formenn tveggja stjórnarflokka, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ætluðu sér að umgangast stjórnarskrána hér á þessum síðustu dögum þingsins.

Ég hef orðið vör við það að ýmsir ungir lögspekingar í hópi þingmanna sem sitja hér á fremsta bekk virðast hafa nokkurt gaman af þessu öllu saman. Það finnst mér dálítið sérkennilegt að horfa upp á, að ungir lögspekingar í hópi þingmanna skuli ekki bera meiri virðingu fyrir stjórnarskránni en raun ber vitni af þessari umfjöllun. (**Gripið fram í:** Er verið að ræða ...?)

Það kom fram, hæstv. forseti, hér í máli iðnaðar- og viðskiptaráðherra að þeir hefðu ekki viljað knýja fram — og ég held að það hafi komið fram hjá forsætisráðherra líka — að þessir tveir menn hefðu ekki viljað knýja fram breytingu á stjórnarskránni í andstöðu við stjórnarandstöðuna, þeir hefðu viljað hafa samstöðu um málið. Nei. Þeir vildu ekki hafa neina samstöðu um málið. Þeir vildu ekki í raun og sannleika setja ákvæði inn í stjórnarskrána sem gat tryggt þjóðareign á auðlindinni svo að ekki væri hægt að framselja auðlindina með varanlegum hætti. Þeir vildu það ekki. Þess vegna settu þeir þetta sjónarspil hér á svið.

Þeir reyndu aldrei að ná samstöðu, þeir höfðu aldrei samband, hvorki formlega né óformlega, við forustuna í stjórnarandstöðunni um það með hvaða hætti væri hægt að ganga frá þessu máli. Þeir vildu enga samstöðu, þeir vildu sjónarspil, þeir fengu það og þeir hafa haft þing og þjóð að fífli í þessu máli. Þeir eru ekki menn að meiri.

## *Frestun á fundum Alþingis, ein umr.*

Stjtill., 700. mál. — Þskj. 1161.

[21:14]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 15. mars 2007 eða síðar, ef nauðsyn krefur."

Tillagan skýrir sig sjálf.

[21:14]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Virðulegur forseti. Ég vil bara vekja athygli á því að það er forsætisráðherra sem flytur hér og mælir fyrir tillögu til þingsályktunar um heimild til frestunar á fundum Alþingis. Hann gerir það væntanlega af fúsum og frjálsum vilja og það er áhugavert að skoða orð hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra í því samhengi. Það er ekki samkvæmt ósk eða pöntun frá stjórnarandstöðunni að hæstv. forsætisráðherra leggur hér fram þingfrestunartillögu og hið sama gildir að sjálfsögðu um þau mál sem hér voru til umfjöllunar áðan.

Ég verð að leyfa mér að nota tækifærið, frú forseti, þó að það varði ekki þetta dagskrármál beint að lýsa mikilli undrun minni á því að formaður Framsóknarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, skuli bera stjórnarandstöðuna þeim sökum hér, fullkomlega að ósekju og út í

loftið, að menn gangi á bak orða sinna. Ég heyrði ekki betur en að það væri það sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra segði hér áðan. (Gripið fram í.) Þetta er rétt eftir haft, já? (**Iðnrh.:** Það er líka satt.) Við erum að ganga á bak orða okkar? (**Iðnrh.:** Það er rétt.)

Hvaða orð eru það, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem stjórnarandstaðan er að ganga á bak? (Gripið fram í.) Ég man ekki betur en að ég hafi hlustað á hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra svara fjölmiðlum því til að það hefði einmitt aldrei komið til greina að ræða við stjórnarandstöðuna um stjórnarskrárbreytingafrumvarp þeirra tvímenninganna vegna þess að það stæði í stjórnarsáttmálanum og auðvitað færu þeir ekki að semja við stjórnarandstöðuna um hann.

Ég mæli með því að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra fari að gera upp við sig hvaða útgáfu af þessari sögu hann ætlar að halda sig við. (**Iðnrh.:** Rétta.) Já, og er það sem sagt það rétta? Hvort er það rétt sem þú sagðir í fjölmiðlum að það hefði aldrei komið til greina, hæstv. ráðherra, að tala við stjórnarandstöðuna af því að — (**Gripið fram í:** ... orðum sínum.) Ég er að því, (**Gripið fram í:** ... forseta.) ég leiðrétti mig í sömu setningunni, má ég það ekki? (Gripið fram í.) Virðulegur forseti. Ég vil gjarnan að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra fari að koma sér niður á einhverja eina útgáfu af þessari sögu. Í öðru orðinu segir hann að það hafi aldrei staðið til að ræða þetta við stjórnarandstöðuna — sem er rétt og þeir ekki gerðu, eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir réttilega rakti hér áðan. Það liggur algerlega fyrir, eða ætlar hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að segja að við ljúgum því líka að það var aldrei talað við okkur, aldrei? Þeir hentu þessu frumvarpi inn á borð þingsins án þess að ræða það einu orði við aðra stjórnmálaflokka. Það er staðreynd málsins.

Þetta mál er alfarið í höndum ríkisstjórnarinnar, á hennar ábyrgð eða formanna stjórnarflokkanna (Gripið fram í.) og það er engin leið fyrir þá að kenna öðrum um það. Það eru þeir sem hér leggja til að fundum Alþingis ljúki nú og í krafti þess meiri hluta sem þeir hafa hér á þessari samkomu. Hvers konar málflutningur er það eiginlega (**Gripið fram í:** Hvaða máli ...?) að ætla að kenna minni hlutanum um? Það er eitthvað það aumingjalegasta sem ég hef upplifað í þingsögunni að menn skuli ekki vera menn til að viðurkenna eigin mistök og klúður heldur reyna endalaust að kenna öðrum um það og það á svo fjarstæðukenndan hátt að það tekur engu tali eins og hér er.

Ég ætlast til þess að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hugsi sinn gang og velti fyrir sér hvort hann geri ekki réttast í því að draga þessar sveru ásakanir til baka, að stjórnarandstaðan hafi gengið á bak einhverra orða sinna. Það hefur hún ekki gert (**GÓJ:** Þú vildir ekki ræða málið í síðustu viku.) og það er ómaklegt og ómerkilegt að halda svona löguðu fram. Og ekki vex vegur manna sem ætla að reyna að bjarga sér í land með þessum hætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:19]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, GÓJ, GAK, GÖrl, HHj, MF, MÁ, SF, ÞKG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1253).

## *Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 669. mál (sauðfjársamningur). — Þskj. 1020, nál. 1104 og 1153, brtt. 1121.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:20]

**Jón Bjarnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem lýtur að þeim sauðfjársamningi sem gerður hefur verið milli sauðfjárbænda og ríkisins.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðjum öflugan landbúnað hér á landi og að um hann sé staðinn vörður. Reynt sé að tryggja eftir fremsta megni starfsskilyrði og öryggi greinarinnar, bæði hvað varðar framleiðendur og ekki síst hagsmuni neytenda í þeim efnum.

Það hefur sýnt sig í nýgerðri skoðanakönnun sem gerð var af Gallup að yfir 90% þjóðarinnar vill öflugan landbúnað og að sterk, holl og góð landbúnaðarframleiðsla sé hér á boðstólum. Sá samningur sem hér um ræðir hefur það að markmiði, en þó vil ég taka fram að samningurinn er gerður af ríkisstjórninni og við þingmenn og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum ekki átt aðkomu að þeim samningi öðruvísi en hér í umræðunum. Ýmislegt þar mundum við hafa haft öðruvísi hefðum við fengið að ráða þó svo að við styðjum markmið samningsins í heild sinni.

Ég leyfi mér að vísa til þingmála sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt á Alþingi um landbúnaðarmál og áherslur þeirra í þeim efnum — sem við munum þá taka inn í stefnumörkun okkar og vinnu á seinni stigum þegar hér hefur verið skipt um ríkisstjórn.

Eitt atriði er þó sem við getum ekki fellt okkur við. Það er að ekki skuli hafa verið staðið við fyrirheit sem Bændasamtökunum og samtökum sauðfjárbænda voru gefin um að áfram yrði haldið inni heimild fyrir ráðherra að hafa útflutningsskyldu á kjöti. Þetta var loforð sem bændum var gefið. Við flytjum því breytingartillögu um það við þessa afgreiðslu.

Frú forseti. Við þingmenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum samninginn í heild sinni með þeim

fyrirvörum sem ég hef gert grein fyrir.

[21:22]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Sauðfjársamningurinn sem er grundvöllur þessa frumvarps sem hér er til atkvæða er niðurstaða viðræðna milli ríkisstjórnarinnar og forustu Bændasamtakanna. Samfylkingin hefði kosið annars konar samning þar sem hefði verið horft til framtíðar í stuðningskerfi landbúnaðarins og við teljum að samningurinn nái ekki markmiðum um aðlögun greinarinnar að innlendum markaði né heldur nýbreytni í atvinnumálum dreifbýlisins.

Samfylkingin er fylgjandi beinum stuðningi við landbúnaðinn en hún gerir skýrar kröfur um árangur til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Þessi árangur verður að skila sér í góðri afkomu bænda og lágu verði til neytenda. Við erum þeirrar skoðunar að með þessum samningi sé verið að læsa bændur inni í stöðnuðu kerfi landbúnaðarins til ársins 2013 og binda hendur næstu ríkisstjórnar.

Við höfum því ýmislegt við þetta að athuga, virðulegur forseti, en ég vil þó taka fram að við teljum að jákvætt skref sé stigið í samningnum fyrir neytendur með niðurfellingu á útflutningsskyldu. Þess vegna, virðulegur forseti, styðjum við ekki þær breytingartillögur sem hér koma fram um að taka útflutningsskylduna upp aftur í samninginn og munum greiða atkvæði gegn þeim breytingartillögum.

Hins vegar hvað varðar samninginn að öðru leyti þá er samningurinn gerður. Við virðum þá niðurstöðu sem í honum felst en við sitjum hjá við afgreiðslu samningsins á grundvelli þess sem ég hef hér sagt.

1. gr. samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HerdS, HjÁ, IHÓ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MÞH, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, VS, ÞBack, ÖJ.

**nei:** PHB.

14 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, RG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁÓÁ, GÓJ, GAK, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, MF, MÁ, SKK, SF, SæS, VF, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1121 felld með 46:6 atkv. og sögðu

**já:** EOK, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

**nei:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, HerdS, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.

11 þm. (ÁÓÁ, GÓJ, GAK, GÖrl, HBl, HHj, MF, MÁ, SF, SæS, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1124 kölluð aftur.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SP, SæS, VS.

21 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, PHB, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁÓÁ, GÓJ, GAK, GÖrl, HBl, HHj, MF, MÁ, SKK, SF, VF, ÞKG) fjarstaddir.

3.–24. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HerdS, HjÁ, IHÓ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MÞH, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÖJ.

17 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, PHB, RG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, GÓJ, GAK, GÖrl, HBl, HHj, MF, MÁ, SKK, SF, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

## *Varnir gegn landbroti, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 637. mál (valdmörk milli ráðherra). — Þskj. 945, nál. 1122, brtt. 1123.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[21:29]

**Jón Bjarnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er að koma til atkvæðagreiðslu frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti. Í rauninni eru þetta breytingar á svokölluðum vatnalögum sem voru keyrð hér í gegn af hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins á síðasta þingi. Það er athyglisvert að í nefndarálitinu sem fylgir segir, með leyfi forseta:

„Markmið frumvarpsins er að leiðrétta yfirsjónir sem urðu við gerð nýju vatnalaganna, nr. 20/2006, sem taka eiga gildi í haust.“

Frú forseti. Við buðumst til þess í hv. landbúnaðarnefnd að taka enn fleiri yfirsjónir út úr þessum vatnalögum. Við buðumst til þess að taka enn fleiri yfirsjónir. Ég held að það sjónarmið hafi átt meira að segja samúð í nefndinni.

Fyrir okkur er frumvarpið svona meira og minna út í bláinn því það hefði átt að taka sjálf vatnalögin upp í heild sinni en ekki að vera flytja frumvarp um allt annað mál til þess að breyta vatnalögunum, sem ekki eiga að taka gildi fyrr en 1. nóvember 2007 og vonandi taka aldrei gildi. Þetta eru breytingar við lög sem vonandi taka aldrei gildi og eru ekki einu sinni í gildi nú. Við sjáum því á þessu hversu vitlaust þetta er í raun og allt er þetta til að klóra yfir yfirsjónir sem urðu við afgreiðslu vatnalaganna og hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra keyrði hér í gegn.

Um efni frumvarpsins er í sjálfu sér margt gott að segja. En það sem gerist í málinu er að vatnalögin í heild sinni

verða tekin upp í sumar af nýju þingi og nýrri ríkisstjórn. Þessi tillöguflutningur er því fullkomlega óþarfur.

1. gr. samþ. með 33:15 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SæS, VF, VS.
**nei:** AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, RG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁÓÁ, GÓJ, GAK, GÖrl, HBl, HHj, MF, MÁ, SF, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1123 samþ. með 33:13 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SæS, VF, VS.
**nei:** AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖg, ISG, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, LB, RG, ÞSveinb.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁÓÁ, GÓJ, GAK, GÖrl, HBl, HHj, JóhS, MF, MÁ, SF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 33:15 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SæS, VF, VS.
**nei:** AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, RG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁÓÁ, GÓJ, GAK, GÖrl, HBl, HHj, MF, MÁ, SF, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

### *Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.*

Frv. allshn., 701. mál. — Þskj. 1162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

### *Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 668. mál. — Þskj. 1019, nál. 1203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:33]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:34]
Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 6.–7., 48., 62.–67. og 70.–80. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 52 shlj. atkv.

### *Útflutningsaðstoð, 2. umr.*

Stjfrv., 656. mál (fjármögnun Útflutningsráðs). — Þskj. 982, nál. 1193, brtt. 1194.

[21:36]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti utanríkisnefndar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um útflutningsaðstoð nr. 160/2002. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Martin Eyjólfsson og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti.

Nefndin sendi málið til umsagnar hjá efnahags- og viðskiptanefnd og barst nefndinni umsögn 12. mars síðastliðinn. Þá bárust nefndinni frá utanríkisráðuneyti gögn og upplýsingar um starfsemi Útflutningsráðs.

Tilgangur frumvarpsins er annars vegar að tryggja áframhaldandi fjármögnun Útflutningsráðs en heimild til innheimtu markaðsgjalds fellur niður frá og með 1. janúar 2008. Hins vegar eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi og skipan funda samráðsnefndar atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð.

Í umsögn efnahags- og viðskiptanefndar er lögð áhersla á að innheimta markaðsgjalds verði ekki framlengd lengur en til 2. janúar 2010. Jafnframt er vakin athygli á því að kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis um frumvarpið er ekki í samræmi við efni þess þar sem umsögnin gerir ráð fyrir að markaðsgjald verði innheimt til frambúðar sem var upphaflega hugmyndin samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur fengið.

Í nefndinni var rætt um hvort rétt væri að fela utanríkisráðherra svo víðtækt vald að ákveða upp á sitt eindæmi hverjir sætu í samráðsnefnd skv. 1. gr. laganna. Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi að í 1. gr. verði kveðið á um að fulltrúar heildarsamtaka atvinnulífsins á Íslandi skuli eiga sæti í samráðsnefndinni.

Í öðru lagi leggur nefndin til að heimild ráðherra til að

setja reglugerð um starfsemi nefndarinnar verði gerð skýrari og honum m.a. heimilað að útfæra nánar hvaða samtök það eru sem eigi aðild að henni á hverjum tíma.

Í þriðja lagi er svo lagt til að innheimta markaðsgjalds verði aðeins framlengd til ársins 2010.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Ég vil geta þess að nefndin tók frumvarpið til umræðu á fundi sínum í kvöld og ákvað að flytja breytingartillögu við það sem verður flutt fyrir 3. umr., að innheimta markaðsgjalds verði framlengd til ársins 2013. Væntanlega er þá breytingartillagan dregin til baka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, frh. síðari umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 69. mál. — Þskj. 69, nál. 983, brtt. 1229.

[21:40]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu sem ég flyt um tillögu til þingsályktunar um samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum. Í umræðu um tillöguna fyrr í þessari viku kom fram gagnrýni á orðalag og breytingartillagan er um að tillögugreinin orðist svo:

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um skipti á ræðismönnum. Ríkisstjórnin er hvött til að ræða við landsstjórnirnar um möguleikann á því að reka sameiginlegar ræðismannsskrifstofur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, síðari umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 77. mál. — Þskj. 77, nál. 984, brtt. 1139.

[21:42]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um samvinnu vestnorrænna landa og upplýsingamiðlun í baráttu gegn reykingum. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svohljóðandi breytingartillögu sem ég flyt um að tillögugreinin orðist svo:

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að auka samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands í baráttunni gegn reykingum. Upplýsingamiðlun milli landanna verði efld og haldin námsstefna fyrir vestnorrænar heilbrigðisstéttir um málið.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þessari breytingu.

[21:42]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa fullum stuðningi við tillöguna til þingsályktunar um að koma hér á virkri samvinnu og samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands og efla samvinnu og upplýsingamiðlun milli þessara landa í baráttunni gegn reykingum.

Ég tel að okkur hafi hér á Íslandi gengið bærilega að vinna bug á reykingavenjum landans og með þekkingu okkar getum við stutt Grænlendinga og Færeyinga og þá kannski sérstaklega Grænlendinga þar sem reykingar eru mikið vandamál og tíðni reykinga er mikil. En ég tel einnig að við þurfum að styrkja samvinnu okkar við hin Norðurlöndin til þess að vera sá stuðningur sem í þessari þingsályktunartillögu felst, þ.e. til að vera stuðningur við Færeyjar og Grænland þá þurfum við einnig að leita stuðnings til hinna Norðurlandanna.

Hæstv. forseti. Í baráttunni gegn reykingum höfum við notið stuðnings frá Norðurlöndunum, frá Noregi, með námsefni sem hefur farið inn í grunnskóla landsins. Þetta er námsefni sem þarf að uppfæra og fylgja eftir og styðja skólana í að nota. Til þess þurftum við stöðugt að sinna þessum verkefnum og nú er það í höndum Lýðheilsustofnunar að gera það. En þetta er töluvert mál og það þarf að efla og viðhalda þessum tengslum og hinum góða vilja Norðmanna til þess að uppfæra og þýða þetta námsefni sem þeir hafa. Ég tel að við getum síðan miðlað reynslu okkar áfram.

En við höfum ekki afl hér á landi til að vinna alfarið ein að *bæði námsefni fyrir skólana og eins að stuðningsefni* fyrir Lýðheilsustofnun og heilbrigðisstofnanir og starfsmenn sem eru að hjálpa fólki að hætta að reykja, efni til þess að nota í þessum tilgangi, þannig að við þurfum jafnhliða að styrkja tengsl okkar við Norðurlöndin til þess að geta svo stutt aðra.

Annars tek ég hjartanlega undir þessa þingsályktunartillögu og hvet til þess að námsstefnan eða ráðstefnan fyrir heilbrigðisstéttir vestnorrænu þjóðanna verði undirbúin sem fyrst og þegar það verður komið á verði því svo haldið áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, síðari umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 78. mál. — Þskj. 78, nál. 985, brtt. 1140.

[21:46]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti utanríkisnefndar um tillögu til þingsályktunar um kennslu vestnorrænnar menningar í grunnskólum. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með orðalagi sem er í breytingartillögu sem ég flyt á þingskjali 1140 um að tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að skora á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að tekin verði upp kennsla í grunnskólum landanna um sögu, þjóðfélagsgerð, menningu og tungumál vestnorrænna nágrannaþjóða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, síðari umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 83. mál. — Þskj. 83, nál. 986, brtt. 1141.

[21:47]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti utanríkisnefndar um tillögu til þingsályktunar um útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, Hoyvíkur-samningsins.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson frá Vestnorræna ráðinu og Berglindi Ásgeirsdóttur og Friðrik Jónsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að ræða möguleikann á því að löndin geri með sér samkomulag um að útvíkka fríverslunarsamninginn sem Færeyjar og Ísland hafa gert með sér. Með ályktun nr. 1/2006 sem Vestnorræna ráðið samþykkti á ársfundi 21. ágúst 2006 var samþykkt að skora á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að gera samkomulag um útvíkkun fríverslunarsamningsins.

Markmið Hoyvíkur-samningsins er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja og tekur samningurinn til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar, samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa auk fleiri atriða. Við fullgildingu samningsins á 132. löggjafarþingi, lýsti nefndin þeirri skoðun sinni í nefndaráliti (þskj. 1223, 683. mál) að samningurinn væri mikilvægur áfangi í samvinnu og auknum viðskiptum milli Vestur-Norðurlanda og lagði áherslu á að kannað yrði að veita Grænlandi aðild að samningnum eins og 11. gr. hans gerði ráð fyrir og mynda þannig eitt vestnorrænt efnahagssvæði.

Nefndin áréttar fyrri afstöðu sína og leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita Jón Kristjánsson, Jón Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Bjarni Benediktsson.

[21:49]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég lýsi stuðningi við það mál sem hv. þm. Jón Kristjánsson mælti hér fyrir við síðari umræðu málsins. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að gera allt sem við getum til að efla tengslin við frændþjóðir okkar til austur og til vesturs. Sérstaklega fagna ég þeim samningi sem hér er verið að slá endanlega í gadda í þessari útfærslu. Þegar þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, fór til Færeyja og lýsti þessum samningi, sem þá var einhver víðtækasti og er enn þá víðtækasti samningurinn sem við höfum gert á sviði utanríkisviðskipta, þá tiltók hann það sérstaklega, sem mér þótti mjög vænt um, að ein grein þessa samnings gerði það að verkum að hægt væri að útvíkka hann og láta hann ná til Grænlands. Það er eiginlega ástæðan fyrir því að ég kem hingað upp vegna þess að hér á undan, fyrr á þessari dagskrá, var þingsályktunartillaga sem með vissum hætti tengdist þessari. Hún var um gagnkvæm ræðismannskipti. Þessi samningur, Hoyvíkur-samningurinn og ræðismannsskiptin eru auðvitað greinar á sama meiði, meiði samstarfs og aukinna samskipta við Færeyinga og Grænlendinga.

Ef hv. starfandi formaður nefndarinnar mætti á mál mitt hlýða langaði mig til að varpa til hans spurningu (Gripið fram í.) sem varðar samskipti okkar við Færeyinga og Grænlendinga. Ég spurði hv. þingmann um daginn og vona að hann misvirði það ekki við mig þó að ég taki það upp undir þessum dagskrárlið: Hvað líður auknum samskiptum okkar við Grænlendinga? Ég spurði hv. þingmann þá hvort nokkuð væri að frétta úr stjórnarherbúðunum varðandi það að við létum Grænlendinga njóta sömu virðingar og Færeyinga með því að koma þar upp ræðismannsskrifstofu.

Eins og kom fram í umræðum á fyrri stigum málsins hljóp utanríkisráðuneytið til og gekk frá slíkri skrifstofu í Færeyjum án þess að búið væri að ganga frá málinu hér. Ég spurði þá hv. þm. Jón Kristjánsson, sem mælti fyrir málinu, hvort eitthvað slíkt væri á döfinni, hvort einhverjar fregnir væru af samsvarandi aukningu á tengslum við Grænland. Hv. þingmaður hafði ekki neinar spurnir af því þá. Fyrst hann er hér í forsvari fyrir utanríkismálanefnd langar mig til að spyrja hv. þingmann, sem nú hefur lagt við hlustir, hvort nokkuð sé að frétta af auknum tengslum okkar við Grænlendinga á því sviði.

Ég var að segja, herra forseti, svo ég rifji aðeins upp fyrir hv. þingmanni, sem er kominn hér inn, að það væri mikið gleðiefni að við hefðum gengið frá þessum Hoyvíkur-samningi í því formi sem liggur fyrir. Sömuleiðis fagnaði ég því að þáverandi forsætisráðherra hefði lýst því yfir þegar hann kynnti samninginn í Færeyjum, það var Davíð Oddsson, að hægt væri líka vegna sérstaks ákvæðis að láta hann ná yfir til Grænlendinga síðar. Því fagnaði ég alveg sérstaklega. En af því, eins og fram hefur komið á fyrri stigum þessa máls, að ég er ákafur talsmaður þess að við eflum tengsl okkar við grannann í vestri, þá langar mig til að spyrja hv. þingmann eins og ég spurði hann þá, hvort einhverra fregna væri að vænta af því við kæmum upp ræðismannskrifstofu í Grænlandi.

Ég veit, herra forseti, að það er ekki undir nákvæmlega þessum dagskrárlið heldur öðrum sem við ræddum örlítið fyrr á fundinum en mér þætti ákaflega vænt um ef hv. þingmaður gæti upplýst mig eitthvað um þetta. Hugsanlega hefur hæstv. utanríkisráðherra, sem þá var fjarri, í tilefni af umræðunni sem hér varð allnokkur á dögunum, fyrir örfáum dögum, upplýst hann um stöðu þess máls.

Mikil skelfing yrði ég glaður og kátur fyrir mína hönd og hv. þingmanns, að ógleymdum Grænlendingum, ef svo væri, herra forseti, og gengi ég jafnvel mun friðsælli til hvílu í nótt.

[21:54]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þingmaður gangi rólegur til hvílu í nótt en ég verð því miður að segja honum að ég hef ekki nýjar fréttir af þessu máli síðan við áttum orðastað um það síðast. Sá undirbúningur við Grænland hefur gengið hægar en við Færeyjar. Hins vegar lýsti ég því yfir og ég er enn þá þeirrar skoðunar og veit að hæstv. utanríkisráðherra er líka þeirrar skoðunar að vinna beri að því að koma upp ræðismannsskiptum við Grænland á sama hátt og við Færeyjar. Ég kann ekki að segja frá því og vil ekki fullyrða á þessari stundu hvenær það verður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, síðari umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 84. mál. — Þskj. 84, nál. 987, brtt. 1142.

[21:55]

**Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti utanríkisnefndar um tillögu til þingsályktunar um sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson frá Vestnorræna ráðinu og Berglindi Ásgeirsdóttur og Friðrik Jónsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi beini þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, móti sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd. Með ályktun nr. 4/2006 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 21. ágúst 2006 samþykkti ráðið að beina þeim tilmælum til ríkisstjórna Íslands, Færeyja og Grænlands að mótuð yrði sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd sem svæði en í því fælist m.a. sameiginleg markaðssetning og aukið samstarf um ferðamálamenntun.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað er talið brýnt að loftferðasamningar verði teknir til endurskoðunar og endurnýjunar til að auka möguleika ferðaþjónustuaðila við að gera Vestur-Norðurlönd að raunhæfum og aðlaðandi valkosti í ferðaþjónustu og gildir það einkum um flugumferð til og frá Grænlandi.

Nefndin vekur athygli á því að rétt sé að taka þetta atriði til sérstakrar skoðunar við stefnumótunina.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingartillögu á þingskjali 1142 um að tillögugreinin orðist svo:

Alþingi beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að hún móti í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.

Þetta er aðeins breyting á orðalagi en ekki efnisbreyting.

Undir nefndarálitið rita Jón Kristjánsson, Jón Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Bjarni Benediktsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, 3. umr.*

Stjfrv., 450. mál (EES-reglur). — Þskj. 1112.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, 3. umr.*

Stjfrv., 541. mál (heildarlög). — Þskj. 1113, brtt. 1199.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Málefni aldraðra, 3. umr.*

Stjfrv., 559. mál (greiðslur fjármagnstekjuhafa í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 834.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Sameignarfélög, 3. umr.*

Stjfrv., 79. mál (heildarlög). — Þskj. 1082.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Hafnalög, 3. umr.*

Stjfrv., 366. mál (gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1083, brtt. 1102.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Orkustofnun, 3. umr.***

Stjfrv., 367. mál (tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl.). — Þskj. 953.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, 3. umr.***

Stjfrv., 378. mál (áfrýjunarnefnd neytendamála, faggilding). — Þskj. 954, brtt. 995.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 3. umr.***

Stjfrv., 385. mál (heildarlög). — Þskj. 1084, brtt. 1143.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Lokafjárlög 2005, 3. umr.***

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 956 (sbr. þskj. 562).

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Minning tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta, fyrri umr.***

Þáltill. GHH o.fl., 704. mál. — Þskj. 1200.

[22:01]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar þess efnis að Alþingi feli forsætisráðherra að skipa nefnd til að undirbúa hvernig minnast eigi þess að 17. júní 2011 verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Lagt er til að í nefndinni eigi sæti fulltrúar stjórnmálaflokka á Alþingi, fulltrúi skrifstofu Alþingis og fulltrúi Hrafnseyrarnefndar. Geri ég ráð fyrir að óskað verði tilnefninga í nefndina að loknum komandi alþingiskosningum.

Nefndinni er ætlað að gera fyrstu tillögur eigi síðar en í árslok 2008 en vinna síðan að undirbúningi hátíðarhalda á árinu 2011. Henni er jafnframt ætlað að leita eftir tillögum frá stofnunum og samtökum sem tengjast minningu Jóns Sigurðssonar forseta.

Flutningsmönnum tillögunnar, sem eru formenn allra stjórnmálaflokka á Alþingi, þykir tilhlýðilegt að Alþingi hafi frumkvæði að því að 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar verði minnst á verðugan hátt.

Íslenska þjóðin hefur sýnt minningu Jóns Sigurðssonar margvíslegan sóma í gegnum tíðina. Undir forustu Hrafnseyrarnefndar hefur fæðingarstaður hans, Hrafnseyri við Arnarfjörð, verið byggður upp. Þar var árið 1980 opnað safn til minningar um Jón Sigurðsson. Þar er að finna ljósmyndasýningu um líf hans og starf.

Jónshús við Øster Voldgade í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá 1967 er það var gefið í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur og þar er nú félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn.

Á árinu 2011 verða jafnframt liðin 100 ár frá stofnun Háskóla Íslands en skólinn var stofnaður á aldarafmæli Jóns forseta. Þess má vænta að háskólinn efni til hátíðarhalda af því tilefni. Það kemur þá í hlut þeirrar nefndar sem hér er gerð tillaga um að leita eftir samstarfi við háskólann ef það þykir henta.

Meðal þess sem afmælisnefndinni er ætlað að huga að í aðdraganda hátíðarhaldanna á árinu 2011 er að efla kynningarstarf um þjóðfrelsishetjuna Jón Sigurðsson, huga að framtíðaruppbyggingu á Hrafnseyri og bæta umhverfi staðarins. Enn fremur að ráðast í endurnýjun á safni Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri sem staðið hefur óbreytt 26 ár. Loks er að nefna endurbætur safns Jóns Sigurðssonar og konu hans, Ingibjargar Einarsdóttur í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Það má því gera ráð fyrir, virðulegi forseti, að tilhlýðilegt þyki að minnast afmælis Jóns Sigurðssonar í Reykjavík, á Hrafnseyri við Arnarfjörð og í Kaupmannahöfn.

Ég legg til, virðulegi forseti, að tillögu þessari verði vísað til síðari umr. en ekki er lagt til að málinu verði vísað til nefndar.

[22:04]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég vil í örstuttu máli lýsa fyllsta stuðningi mínum við þessa prýðilegu tillögu sem flutt er hér sameiginlega af öllum formönnum íslensku stjórnmálaflokkanna sem sæti eiga á Alþingi.

Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur. Þannig stendur Jón Sigurðsson í minningu okkar Íslendinga og það er mjög við hæfi að á 200 ára afmæli hans verði gripið til margvíslegra hátíðarhalda á þeim tímamótum. Sömuleiðis ber að rifja það upp að árið 1911 var Háskóli Íslands settur á stofn beinlínis til þess að minnast einmitt frumkvæðis forseta, sem reyndar á sínum tíma sat hér lengst allra sem gegnt hafa því starfi.

Jón Sigurðsson var forustumaður á hinu endurreista Alþingi Íslendinga. Í minningu allra og hugum allra Íslendinga er hann órjúfanlegt tákn sjálfstæðis okkar, baráttu fyrir fullveldinu og hans ber að minnast með sem mestum sóma. Því vil ég segja að ég fagna þessari tillögu og ég fagna því sérstaklega að sóma hans er sérstök virðing sýnd með því að auk þess sem flokkarnir og forseti þingsins tilnefna í nefndina þá á Hrafnseyrarnefnd jafnframt kost á því að tilnefna einn til þess að sjá um þau verk sem hrint verður í framkvæmd til þess að minnast þessara tímamóta. Það var

einmitt á lýðveldisárinu sem sú nefnd var á stofn sett, eða a.m.k. samþykkt á Alþingi þó að hún hafi tekið til starfa árinu síðar, og hún hefur með margvíslegum hætti sýnt þessum syni sínum, eða a.m.k. syni Hrafnseyrar við Arnarfjörð, sóma eins og vera ber.

Ég fagna þessu framtaki þingsins.

[22:07]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa mikilli ánægju með þessa tillögu sem hér hefur verið lögð fram og tek undir orð hæstv. forsætisráðherra. Það er vissulega tilefni til þess og ástæða til að halda vel upp á þessi tímamót, þetta afmæli sem er fram undan og undirbúa það vel. Það er mjög vel viðeigandi að tengja þarna saman í fyrsta lagi safnið á Hrafnseyri, í öðru lagi safnið í Kaupmannahöfn og í þriðja lagi afmæli Háskóla Íslands. Fer mjög vel á því að vinna vel að þessum undirbúningi eins og fram kom í framsöguræðu forsætisráðherra.

[22:08]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil í fáeinum orðum lýsa yfir ánægju með þennan tillöguflutning og stuðningi við ályktunina. Ég held að það sé verðugt verkefni að taka saman efni um Jón Sigurðsson, kannski ekki hvað síst um skoðanir hans og sjónarmið sem hann setti fram og notaði svo vel í þjóðfrelsisbaráttunni, að sannfæra Íslendinga um mátt þeirra og megin og möguleika á að stefna í átt til frelsis sem þjóð og áhersla hans á viðskiptafrelsi og ávinning af því að taka upp breytingar á því sviði frá því sem lengi hafði verið á hér á landi fram að þeim tíma. Ekki síst held ég að mikilvægt sé að leggja áherslu á hugmyndir hans og hugsjónir þegar minnst er tveggja alda afmælis hans.

Í öðru lagi held ég að það sé vel við hæfi að þjóðin sýni staðnum mikla virðingu eins og vert er á þessum tímamótum, bæði með húsbúnaði og öðrum aðbúnaði á staðnum, aðkomu að honum, vegum og öðru sem þarf að vera í góðu lagi til þess að landsmenn og aðrir gestir eigi greiða leið að staðnum. Ég vil stinga því að, virðulegi forseti, vegna þess að að skiptir miklu máli fyrir staðinn að menn hugi mjög vandlega að samgöngumálum, að samgöngum við Hrafnseyri sem eru með þeim hætti að það er mikil þörf á að þar verði breyting á frá því sem nú er, ekki bara hvað varðar vegi sem liggja að staðnum, hvort heldur það er yfir Hrafnseyrarheiði eða inn með firðinum, heldur þarf líka að huga að varanlegri vegagerð sem þingmenn kjördæmisins og hæstv. ríkisstjórn hafa lagt áherslu á í þeirri tillögu að samgönguáætlun sem liggur fyrir þinginu.

Í þriðja lagi held ég, virðulegi forseti, að það sé rétt sem minnst er á í greinargerðinni að tengja hátíðarhöldin við aldarafmæli Háskóla Íslands. Það var jú eitt af merkjum þess að Íslendingar voru að verða sjálfstæð þjóð og sækja sér þann kraft sem þarf til að rísa undir því að flytja heim til Íslands háskólann og menntunina sem var auðvitað að mörgu leyti forsenda þeirra framfara sem síðar urðu og hafa verið samfellt á þeirri öld sem er að verða liðin frá þeim tíma. Grundvöllurinn að framförum og sjálfstæði þjóðarinnar liggur auðvitað mjög mikið í menntuninni og háskólanum sem komið var á fót á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Ég held að það væri verðugt verkefni að huga að því að halda áfram á þeirri braut og huga að háskóla á Vestfjörðum, á Ísafirði, og tengja það við tveggja alda afmæli Jóns Sigurðssonar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en í fjarveru formanns Frjálslynda flokksins, sem er einn af flutningsmönnum, sting ég þessum orðum inn í umræðuna en legg að lokum áherslu á að sem mest verði gert úr því sem ég hygg að sé merkasta framlag Jóns Sigurðssonar sem eru hugmyndir hans og stefnumál sem voru Íslendingum svo mikil hvatning á framfarabraut sinni.

[22:12]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Virðulegur forseti. Það getur naumast verið ágreiningsefni að við Íslendingar ætlum okkur að halda á lofti minningu Jóns forseta sem svo er kallaður, Jóns Sigurðssonar forseta, og það er eðlilegt að undirbúa það vel og leita um það samstarfs við alla helstu aðila sem tengjast með einum eða öðrum hætti störfum hans eða minningu. Þá kemur náttúrlega fyrst í hug Hrafnseyri og sú starfsemi sem þar er eða aðstaða og gera má auðvitað talsvert betur við það sem þar er þó gert.

Í öðru lagi verður manni hugsað til Kaupmannahafnar og Jónshúss og hvaða verkefnum væri eðlilegt að tengja þetta hátíðarhald þar í borg og aðstöðunni í sjálfu Jónshúsi.

Í þriðja lagi eru það auðvitað störf Jóns, en hann kom víða við og það væri hægt að hugsa sér að tengja á þessum tímamótum atburði sem tengdust bókmenntaarfinum og bókaútgáfu en um það var hann eins og kunnugt er mikill áhugamaður og fékk reyndar sína forsetanafnbót í upphafi frá því að vera þar í forsvari.

Það má svo líka segja að ýmislegt sem í verkum hans, skoðunum og hugsjónum fólst verðskuldi það að því sé haldið til haga. Hann var án efa með merkari fræðimönnum á þessu sviði ef út í það er farið og lagði auðvitað grunn að sjálfstæðisbaráttunni, hugmyndafræðilegan og sögulegan grunn með ýmsum hætti sem nýttist Íslendingum vel eins og kunnugt er. Það má vel flokka hann með stórmennum sögunnar sem leitt hafa þjóðir sínar áleiðis til sjálfstæðis á friðsamlegan hátt og unnið sínum málstað með rökum og mannviti en ekki með einhverjum öðrum aðferðum. Þó að það liggi svo sem í hlutarins eðli að Íslendingar hefðu seint endurheimt sjálfstæði sitt í átökum með vopnavaldi eða öðrum slíkum aðferðum, stærðarmunar og aðstöðumunar vegna, þá er það engu að síður virðingarvert hvernig forustumenn Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni stóðu að málum og hvernig þeir undirbyggðu málstað Íslands á fræðilegan og faglegan hátt þannig að fullur sómi var alltaf að og þar ber náttúrlega nafn Jóns Sigurðssonar langhæst.

Alþingi og ríkisstjórn og stofnanir eins og Háskóli Íslands, sem var stofnaður á aldarafmæli Jóns og á þar með 100 ára afmæli 2011 eins og kunnugt er, koma því til með að eiga þarna góðan hlut að máli. Ég held að það sé þar af leiðandi ánægjulegt að á lokaþingi þessa kjörtímabils og nú á þessum dögum, sem hafa sumpart verið nokkuð stormasamir í samskiptum milli manna og flokka, sé þó eitt og eitt gott mál að fá brautargengi sem mikil sátt og eining ríkir

um. Vonandi tekst þetta hátíðarhald vel og verði engar uppákomur í tengslum við það eins og hefur þó hent stundum þegar Íslendingar hafa verið að halda hátíðleg tímamót í sögu sinni og þarf ekki langt til baka til að finna viss dæmi um það. En hér ganga vonandi allir í takt og í sátt og samlyndi til þess starfs að undirbúa veglegt hátíðarhald í tengslum við 200 ára fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta.

[22:16]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Ég vildi bara koma örstutt inn á þessa ágætu þingsályktunartillögu sem hér er flutt, tillögu til þingsályktunar um minningu tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta en 17. júní 2011 verða 200 ár liðin frá fæðingu hans. Ég tek undir að þetta er mjög góð og metnaðarfull tillaga og verðskuldað. Það sem ég vildi árétta er að þó að við höfum starfsemi til minningar um Jón Sigurðsson á fæðingarstað hans á Hrafnseyri við Arnarfjörð og að sett var á stofn safn á vegum Hrafnseyrarnefndar á Hrafnseyri 1980, og það var í sjálfu sér veglegt á sínum tíma þegar það var komið í gang, en ég verð að segja hreinskilnislega að mér finnst verulega skorta á að það sé búið út eins og skyldi. Mér sýnist að búnaður þar og sýningin hafi staðið í stað og að veruleg þörf sé á að gera átak í að efla þá sýningu, efla þá starfsemi og styrkja þá minningu sem tengd er Hrafnseyri og Jóni Sigurðssyni.

Hrafnseyri er líka merkilegur staður fyrir það að þar bjó Hrafn Sveinbjarnarson, einn af elstu læknum þjóðarinnar og hann innleiddi hér læknislist. Þó svo að hann hafi verið veginn og það hafi verið hrapalleg vígaferli á sínum tíma var Hrafn Sveinbjarnarson einn af merkilegustu mönnum síns tíma hér á landi og sú læknislist, sú kúnst og sú þekking sem hann bar inn í landið og iðkaði hér, væri virkilega þess virði að því væru gerð skil og færi vel saman að það væri tengt við starfsemina á Hrafnseyri.

Ég vil bara ítreka þetta og þó að við stefnum að því og það sé gott mál að minnast 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar 17. júní 2011 þá getum við svo sannarlega strax í dag farið að taka til hendi og vinna að því að efla stað eins og Hrafnseyri í minningu bæði Jóns Sigurðssonar og eins væri vel til fallið að á þeim sama stað væri minningu Hrafns Sveinbjarnarsonar líka gerð skil.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þjóðskjalasafn Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 642. mál (öryggismálasafn). — Þskj. 960, nál. 1195, brtt. 1196.

[22:20]

**Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Menntamálanefnd Alþingis hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Hreinsson prófessor, Val Árnason skrifstofustjóra frá menntamálaráðuneyti, Viðar Hreinsson og Sumarliða Ísleifsson frá Reykjavíkurakademíunni, Kjartan Ólafsson sagnfræðing og Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Guðna Th. Jóhannessyni sagnfræðingi, Kjartani Ólafssyni sagnfræðingi, Reykjavíkurakademíunni og þjóðskjalaverði.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði sérstakt safn, öryggismálasafn, sem á að varðveita öll skjöl og skráðar heimildir sem verið hafa í vörslum skilaskyldra aðila og snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991. Frumvarpið byggist á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði á síðasta ári á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi í júní 2006. Nefndinni var meðal annars falið að gera tillögur um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að framangreindum gögnum og er frumvarpið afrakstur starfs nefndarinnar.

Í frumvarpinu er skilgreint hverjir geti talist til fræðimanna í skilningi þess, en það eru þeir sem hafa stundað fræðirannsóknir í hug- eða félagsvísindum og birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi. Í ljósi athugasemda sem frumvarpinu fylgja og viðræðna við gesti telur nefndin ljóst að hugtakið „fræðimaður“ skuli skýrt rúmt við beitingu laganna, enda hafa fjölmargir aðrir en menn með próf í eiginlegum hug- og félagsvísindum stundað sagnfræðilegar rannsóknir. Nefndin telur einnig að hugtakið „hug- og félagsvísindi“ eigi að túlka rúmt og bendir meðal annars á að þær heimildir sem um er að ræða kunna að verða fróðlegt rannsóknarefni fyrir lögfræðinga.

Nefndin ræddi hvort fræðimanni væri heimilt að hafa samband við menn sem hann kæmist að að hefðu sætt eftirliti og kanna hvort þeir vildu gefa upplýsingar þótt þeir hafi kosið að njóta nafnleyndar. Í frumvarpinu er ekki að finna sérstakt ákvæði um þetta. Nefndin lítur svo á að þetta sé tvímælalaust heimilt, enda verði gætt fyllsta trúnaðar, en telur ekki þörf á að taka það fram í sjálfum frumvarpstextanum.

Nefndin bendir á að eðlilegt sé að þeir sem vilja kynna sér gögn í hinu nýja öryggismálasafni geti gert það um leið og skráningu tiltekinna skjala sé lokið en þurfi ekki að bíða uns lokið er skráningu allra skilaskyldra skjala.

Nefndin telur rétt að náinn vandamaður látins einstaklings njóti sama réttar til aðgangs að gögnunum og hann hefði notið sjálfur skv. 1. mgr. c-liðar 1. gr. (19. gr.) og leggur því til breytingu þess efnis. Til að gæta samræmis leggur nefndin einnig til breytingu á 5. mgr. b-liðar 1. gr. (18. gr.) enda telur nefndin mikilvægt að tryggja réttarstöðu náins vandamanns látins einstaklings við þær aðstæður sem þar er fjallað um þannig að opinber birting umræddra upplýsinga verði háð samþykki. Með nánum vandamanni getur eftir atvikum verið átt við eftirlifandi maka hins látna, börn, barnabörn eða systkini. Leita ber eftir afstöðu þessara aðila eftir ákveðnu fyrirkomulagi. Ef maki veitir samþykki eða synjar þess er sú ákvörðun endanleg en að maka gengnum bæri að leita eftir afstöðu barna, síðan barnabarna ef engin börn eru á lífi og loks systkina ef ekki eru niðjar á lífi. Nefndin telur að ekki sé ástæða til að taka tillit til afstöðu til annars vandamanns nema sérstaklega standi á. Fallist Þjóðskjalasafn Íslands ekki á að þær aðstæður séu fyrir hendi er sú ákvörðun kæranleg til menntamálaráðherra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með

þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali nr. 1196.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Sigurrós Þorgrímsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Mörður Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Kristjánsson og sá sem hér stendur en hv. þm. Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eins og sjá má af nefndarálitinu var alger sátt innan nefndarinnar um að afgreiða málið með þessum hætti. Enginn hv. þingmanna gerir fyrirvara við afgreiðsluna, enda var samstarfið í nefndinni hvað þetta mál varðaði afskaplega gott og ber að þakka nefndarmönnum fyrir það.

[22:26]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók til máls um þetta frumvarp við 1. umr. og hafði á því sterkar skoðanir en ég kem hingað upp til að þakka hv. formanni nefndarinnar og nefndarmönnum öllum fyrir þær breytingar sem þeir hafa gert á frumvarpinu. Þó að ég hefði töluvert önnur viðhorf til málsins í heild en ýmsir af sjálfstæðismönnunum, einkum þeir sem í yngri kantinum eru, lýsti ég hins vegar mikilli ánægju með tillögur nefndarinnar á sínum tíma, þ.e. hinar svokölluðu kaldastríðsnefndar. Mér fannst hún fara mjög lipurlega í málið og gera tillögur sem voru jafnvel mun rýmri en við höfðum umþenkt sem samþykktum þetta mál upphaflega með þingsályktunartillögu á síðasta þingi. Kaldastríðsnefndin kom fram með skilgreiningu á fræðimönnum sem mér fannst rýmka verulega aðganginn og var ánægður með það.

Nú heyri ég að menntamálanefnd hefur bætt um betur og hún hefur í reynd útvíkkað aðgang að gögnum sem varða látna menn töluvert. Ég er mjög ánægður með það. Ég hlýddi á mál hv. þingmanns og formanns nefndarinnar og fannst sem að þarna hefði verið vel að verki staðið. Ég vildi einungis segja það, því að ég hafði eins og ég sagði sterkar skoðanir á þessu máli við 1. umr. og ég þakka hv. þingmönnum og nefndarmönnum fyrir þetta.

Almennt verð ég að segja að tillögugerðin í málinu öllu er mjög jákvæð. Hins vegar hefði ég auðvitað viljað að samþykkt hefði verið tillaga eða hugmynd sem við í Samfylkingunni vorum með um að gerð hefði verið allsherjarúttekt á þessu máli. Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson með því máli, a.m.k. ekki að svo stöddu. Hugsanlega kann sá andi að koma yfir mig þegar líður á umræðuna en ég þakka honum fyrir þetta.

[22:28]

**Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla svo sannarlega ekki að gera ágreining við hv. þm. Össur Skarphéðinsson um það sem frá honum fór í tengslum við þetta mál. Ég lít þannig á að þökkum hans sé beint til allrar nefndarinnar enda var nefndin, eins og ég sagði áðan, sérstaklega samstiga í þessu máli hvað varðar þær breytingar sem hún leggur til á frumvarpinu og á þar enginn skilið meira þakklæti en annar. Ég held að allir hafi lagt jafnmikið af mörkum í þá áttina en ég þakka hv. þingmanni fyrir ummæli hans.

[22:29]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Það er óhætt að segja að vel hafi farið fyrir þessu máli í vinnu nefndarinnar þar sem það tengist máli sem sprakk með miklum hvelli í íslensku samfélagi fyrir tæpu ári þegar bók Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings kom út, Óvinir ríkisins. Þar greindi Guðni frá nokkuð umfangsmiklum hlerunum og njósnum, má segja, og alvarlegum brotum á friðhelgi þekktra forustumanna af vinstri væng stjórnmálanna og verkalýðsbaráttu Íslendinga um miðbik síðustu aldar og fram eftir öldinni miðri. Var aðgangsharka stjórnvalda gagnvart þessum einstaklingum mjög alvarlegt mál sem vakti mikla athygli og um það var deilt víða, hér á Alþingi sem og úti í samfélaginu. Talið barst að ásökunum um sérstakar njósnadeildir einstakra stjórnmálaflokka o.s.frv. sem leiddi til þess að í júní 2006 var samþykkt hér þingsályktunartillaga um skipan nefndar sem var falið að gera tillögur um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að framangreindum gögnum. Eins og hv. formaður nefndarinnar sagði er frumvarpið afrakstur þess starfs.

Það er fagnaðarefni hvernig í rauninni var farið með hugtakið fræðimaður þar sem við töldum mikilvægt að svonefndir alþýðusagnfræðingar ættu ekki síðri aðgang að þessum gögnum, þessu sérstaka öryggismálasafni þar sem varðveita má öll skjöl og skráðar heimildir sem hafa verið í vörslum skilaskyldra aðila og snerta öryggismál Íslands, hvorki meira né minna, innra og ytra öryggi á árunum 1945–1991. Hér er um að ræða stórmál og mjög mikilvægt að það sé sátt um aðganginn að þessum gögnum. Þetta kallar á mikla rannsóknarvinnu sem mun sjálfsagt taka mörg ár, lögfræðinga, sagnfræðinga og alþýðusagnfræðinga, fræðimanna sem stunda slíkar rannsóknir hver sem formleg menntun þeirra er. Hún á ekki að skipta nokkru einasta máli ef það er starfi þeirra og markmið með fræðagrúskinu að vinna í slíkum gögnum. Það er fagnaðarefni að hugtakið fræðimaður sé skýrt rúmt við beitingu laganna eins og segir hérna, enda hafi fjölmargir aðrir en menn með próf í eiginlegum hug- og félagsvísindum stundað sagnfræðilegar rannsóknir. Nefndin telur einnig að hugtakið hug- og félagsvísindi eigi að túlka rúmt og bendir m.a. á þær heimildir sem um er að ræða og kunna að vera fróðlegt rannsóknarefni fyrir lögfræðinga. Það má heldur ekki einskorða aðganginn að hinu mikla öryggismálasafni við sagnfræðinga með formlega sagnfræðimenntun, með fullri virðingu fyrir þeim, heldur verður að gæta þess að aðrir fræðimenn, sjálfmenntaðir alþýðufræðingar sem og fræðimenn á sviði lögfræði, mannfræði og heimspeki þess vegna, heimspekingar og mannfræðingar, fái aðgang. Það eru ekkert margir í þeim stéttum en þeir hafa örugglega áhuga á að koma að rannsóknum á þessum málum. Þetta er stórmerkilegt mál og þessar gröfu hleranir og þessi grófu friðhelgisbrot á einkalífi manna kalla á viðamiklar rannsóknir. Það er makalaust að lesa lýsingar á því hvernig gengið var fram gagnvart mönnum eins og Hannibal Valdimarssyni og mörgum öðrum þekktum vinstri mönnum og verkalýðssinnum á þessum tíma.

Þegar þetta mál sprakk með þeim hvelli sem það gerði í fjölmiðla- og þjóðmálaumræðu á sínum tíma var svo sem

ekki útlit fyrir að það fengi neitt sérstaklega farsælan endi sem yrði sátt um, eins og þetta frumvarp sem hér liggur fyrir. Það er ástæða til að taka undir þakkir til allra sem að því komu fyrir málefnalega vinnu þar sem bæði meiri hluti og minni hluti nefndarinnar lagði sig fram um að ná sátt um málið og sérstaklega með breytingum á aðgangi að safninu og skilgreiningum á hugtakinu fræðimaður þannig að ekki væri verið að loka skjölin af gagnvart þeim sem gætu haft og eiga að hafa aðgang að þeim rétt eins og þeir sem eru með formlega menntun. Það hefði getað falist í hugtakinu ef það væri skilgreint og notað mjög þröngt.

Ég er ánægður með þessar málalyktir og megi þær verða til þess að fjölga rannsóknum á þessum alvarlegu og merkilegu tímum í sögu íslenska lýðveldisins, fyrstu 20–30 árunum í lýðveldissögunni, frá lýðveldisstofnun og fram eftir áratugum, þegar kalda stríðið var í hámarki og öll stjórnmálaumræða einkenndist af þeim miklu og djúpstæðu átökum sem voru í samfélaginu á þessum tíma. Átökin skýra að sjálfsögðu að miklu leyti þá makalausu tillögu að ganga svo harkalega gegn friðhelgi manna að fara að hlera síma þeirra, bæði á heimili og vinnustað, svo ótrúlegt sem það nú er. Þessar hleranir áttu sér einnig stað á heimilum og það var fylgst mjög grannt með þessum mönnum. Það var bókstaflega njósnað um þessa einstaklinga þannig að þetta er grafalvarlegt mál sem ber að leiða til lykta. Hér er verið að gera það og það er ánægjuefni að svo varð úr sem varð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórn fiskveiða, 2. umr.*

Stjfrv., 459. mál (úthlutun byggðakvóta). — Þskj. 624, nál. 1098, brtt. 1099.

[22:36]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá sjávarútvegsnefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Múla Jónasson og Arndísi Ármann Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Friðrik J. Arngrímsson og Björgólf Jóhannsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Aðalstein Þorsteinsson frá Byggðastofnun, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og útgerðarmennina Gísla Jón Kristjánsson, Arnar Kristjánsson og Hauk Jónsson. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Byggðastofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Siglingastofnun Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Ísafjarðarbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Grundarfirði, Húnaþingi vestra, Vestmannaeyjabæ, Akureyrarbæ, Langanesbyggð, Norðurþingi, Reiknistofu fiskmarkaða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands og Félagi skipstjórnarmanna.

Tilurð frumvarpsins má rekja til nokkurra álita umboðsmanns Alþingis þar sem tilhögun á úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, hefur verið gagnrýnd. Að meginstefnu til fer úthlutun fram í þremur áföngum. Fyrst þarf að ákveða hve mörgum þorskígildistonnum, sem ráðherra hefur samkvæmt lagagreininni til ráðstöfunar, skuli úthlutað. Í annan stað þarf að ákvarða hversu miklar aflaheimildir komi í hlut hvers byggðarlags. Loks þarf að ákveða hvernig staðið skuli að framkvæmd úthlutunar aflaheimilda til einstakra skipa. Á fundum nefndarinnar kom fram að nokkur sátt virðist hafa ríkt um heildarmagn byggðakvótans og ráðstöfun hans til einstakra byggðarlaga en hvort tveggja hefur sjávarútvegsráðherra ákveðið á grundvelli ákveðinna forsendna og að teknu tilliti til þeirra röksemda sem búa að baki byggðakvóta. Á hinn bóginn er það skoðun umboðsmanns að nokkuð hafi skort á að úthlutun byggðakvóta til einstakra skipa hafi farið fram á grundvelli samræmdra reglna sem tryggi jafnræði meðal borgara landsins sem í hlut eiga. Er því haldið fram að sjávarútvegsráðherra hafi án þess að hafa viðhaft nægilegt eftirlit framselt einstökum sveitarstjórnum fullrúmar heimildir til íhlutunar við gerð úthlutunarreglna og töku ákvarðana um endanlega skiptingu aflaheimilda milli fiskiskipa innan byggðarlaga sinna. Slíkt valdaframsal stangist á við framangreinda lagagrein fiskveiðistjórnarlaga þar sem kveðið er á um ábyrgð ráðherra á framkvæmd úthlutunar.

Yfirlýstur tilgangur frumvarpsins er upprunalega sá að færa sveitarstjórnum ákvörðunarvald um úthlutun byggðakvótans til einstakra skipa en þó þannig að sjávarútvegsráðherra er falið að setja reglugerð um almenn samræmd skilyrði úthlutunar sem tekur til alls landsins. Af sjálfu leiðir að frjálst mat sveitarstjórna um þessi efni ræðst þá að miklu leyti af því hversu ítarlegar reglur eru settar í reglugerð og í annan stað í hve miklum mæli ráðherra heimilar sveitarstjórnum svigrúm til að taka mið af staðbundnum aðstæðum við setningu viðbótarskilyrða fyrir úthlutun, sbr. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að ákvarðanir sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta sæti endurskoðun sérhæfðrar úrskurðarnefndar sem þrír einstaklingar eiga sæti í.

Eins og ráða má af framangreindu er frjálst mat sveitarfélaga við úthlutun byggðakvóta til einstakra skipa háð því hversu ítarlegar reglur ráðherra setur. Þá hafa komið fram við umfjöllun nefndarinnar vissar efasemdir um hversu vel sveitarfélögin séu fær um að annast framkvæmd úthlutunar. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur til að mynda bent á að þótt vænta megi að sveitarfélög séu í ljósi staðbundinnar kunnáttu betur til þess fallin að annast verkefnið en ríkisvaldið kunni reynsla sumra sveitarfélaga af úthlutun að valda því að þau séu ekki hlynnt því að taka það að sér.

Framangreindar athugasemdir hafa leitt til þess að nefndin hefur ákveðið, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið, að leggja til nánar tilgreindar breytingar sem miða helst að því að renna tryggari stoðum undir þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið hjá ríkinu í stað þess að færa ákvörðunarvald í þessum efnum til sveitarfélaganna án þess þó að þau glati rétti sínum til íhlutunar.

Breytingarnar felast einkum í því að hlutverk Byggðastofnunar skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. fiskveiðistjórnarlaga

haldist óbreytt og að Fiskistofa taki að sér í stað sveitarfélaga að úthluta til fiskiskipa aflaheimildum sem koma í hlut einstakra byggðarlaga. Áfram er hins vegar gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um úthlutun aflaheimilda til einstakra byggðarlaga og að þar komi m.a. fram skilgreining á hugtakinu byggðarlag og viðmiðunar- og útreikningsreglur. Þá verði ráðherra heimilað, eins og núgildandi lög gera ráð fyrir, að gefa út reglugerð sem kveður á um hvaða botnfiskstegundir komi til úthlutunar, auk þess sem kveðið verði á um að aflaheimildir sem tilheyra byggðakvótanum skuli skiptast milli tegunda í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í tegundunum.

Enn fremur verði ráðherra falið að gefa út reglugerð fyrir landið allt um samræmd skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda til fiskiskipa innan hvers byggðarlags sem þó eru ekki að öllu leyti hin sömu og gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Honum verði auk þess heimilt að fallast á tillögur einstakra sveitarstjórna um sérstök skilyrði er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum svo fremi sem þau styðjast við málefnalegar og staðbundnar ástæður og þjóna hagsmunum viðkomandi byggðarlaga. Þá er lagt til að eftir að slíkar tillögur sveitarstjórna hafa borist ráðuneytinu verði því skylt að birta þær með aðgengilegum hætti, t.d. á heimasíðu sinni, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þess hvort fallist verður á þær eða ekki. Er þetta gert til að gefa þeim sem kunna að hafa ábendingar um efni tillagnanna kost á að kynna sér þær og gera athugasemdir við þær.

Virðulegi forseti. Áfram er gert ráð fyrir að framsal byggðakvóta sé að meginstefnu til óheimilt nema fram fari jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Framsalsbannið verður þó að skoða með hliðsjón af þeim áskilnaði sem nefndin leggur til, þ.e. að fiskiskip sem fær úthlutað einu tonni af byggðakvóta hafi landað, eða verði gert skylt að landa, til vinnslu tveimur tonnum innan hlutaðeigandi byggðarlags miðað við þorskígildi (tonn á móti tonni). Ráðherra verði falið að setja nánari reglur um útfærslu löndunar- og vinnsluskyldunnar, auk þess sem honum verður heimilað, að fengnum tillögum sveitarstjórna, að víkja skyldunni til hliðar ef fyrir liggur að sú tilhögun samræmist málefnalegum og staðbundnum þörfum byggðarlags. Þannig getur skyldan orðið meiri eða minni og eftir atvikum fallið niður ef aðstæður eru með þeim hætti. Mætti til að mynda hugsa sér að ráðherra heimilaði tilslakanir ef fiskiskip þyrftu í ríkum mæli að útvega sér aflaheimildir á leigumarkaði til að unnt væri að efna að fullu löndunar- og vinnsluskylduna. Einnig væri hugsanlegt að vikið yrði frá löndunarskyldu og/eða vinnsluskyldu ef engin löndunarstarfsemi eða vinnsla er fyrir hendi innan viðkomandi byggðarlags. Erfitt er að koma auga á allar málefnalegar og staðbundnar þarfir sem réttlætt geta frávik en ráðherra ber undir öllum kringumstæðum að meta þær sjálfstætt með hliðsjón af þeirri meginhugsun að byggðakvóta skuli að jafnaði nýta til þess að ná fram þeim margfeldisáhrifum sem að framan er getið til hagsbóta fyrir byggðarlögin.

Í tengslum við framangreint skal einnig tekið fram að á fundum nefndarinnar var lýst yfir almennri ánægju með þá tilhögun, sem lögð er til í b-lið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, að aflaheimildum megi ráðstafa til allt að þriggja ára í senn enda er hún til þess fallin að auka á festu í framkvæmd og auðvelda þeim sem fá úthlutað að gera ráðstafanir fram í tímann til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi byggðarlög. Forsenda þessa mun þó ávallt vera sú að viðkomandi útgerðir fullnægi skilyrðum úthlutunar á tímabilinu.

Nefndin leggur til að fallið verði frá áformum um að setja á stofn sérstaka úrskurðarnefnd og að í stað þess verði ákvarðanir Fiskistofu kæranlegar til sjávarútvegsráðuneytisins. Kærufrestur verði tvær vikur og það skilyrði sett að úthlutun fari eigi fram fyrr en að því tímamarki liðnu. Jafnframt er lagt til að ráðherra verði heimilt að fresta úthlutun til fiskiskipa í tilteknu byggðarlagi að hluta eða öllu leyti þar til lokið er afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.

Virðulegi forseti. Loks leggur nefndin til tvær breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Annars vegar þá að a-liður greinarinnar falli brott sem þýðir að 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. fiskveiðistjórnarlaga helst óbreyttur, auk þess sem ráðherra verði falið að setja reglugerð um ráðstöfun aflaheimilda samkvæmt þessum tölulið. Hins vegar leggur nefndin til breytingu á b-lið greinarinnar sem ætlað er að tryggja að sú ráðstöfun sem þar er mælt fyrir um hafi ekki áhrif á forsendur sem lagðar eru til grundvallar við úthlutun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna, sbr. og 3. og 4. mgr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson og Jón Bjarnason skrifa undir álitið með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið skrifa hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Jón Bjarnason, með fyrirvara, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara, og Kjartan Ólafsson.

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum frá sjávarútvegsnefnd við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

10. gr. laganna orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski og hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.

2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.

b. Til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.

Aflaheimildir samkvæmt þessari grein skulu skiptast milli tegunda í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í tegundunum og skulu dregnar frá leyfðum heildarafla þessara teg-

unda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeilda. Í reglugerðum sem ráðherra setur skv. 3. og 4. mgr. skal kveðið á um hvaða botnfiskstegundir komi til úthlutunar.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. tölul. 1. mgr.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. Þar skal kveðið á um skilgreiningu á byggðarlagi, viðmiðunar- og útreikningsreglur og aðrar reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga.

Ráðherra setur í reglugerð almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Skulu þau skilyrði m.a. varða skráningarstað, skráningartíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Eftir að slíkar tillögur sveitarstjórna hafa borist skulu þær birtar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu ráðuneytisins, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þeirra. Fallist ráðherra á tillögur sveitarstjórna um slík skilyrði staðfestir ráðuneytið tillögurnar og auglýsir þær í B-deild Stjórnartíðinda.

Framsal aflaheimilda, sem úthlutað er skv. 2. tölul. 1. mgr., er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Framsal aflaheimilda samkvæmt töluliðnum skal þó vera heimilt hafi fiskiskip efnt löndunar- og vinnsluskyldu í samræmi við 7. mgr.

Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.

Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa. Ákvarðanir Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til sjávarútvegsráðuneytisins. Kærufrestur er tvær vikur frá tilkynningu Fiskistofu um úthlutun eða höfnun umsóknar um úthlutun, og skal úthlutun ekki fara fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Skal ráðuneytið leggja úrskurð á kærur innan tveggja mánaða. Ráðuneytið getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda til skipa í tilteknu byggðarlagi verði frestað að hluta eða öllu leyti þar til það hefur lokið afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.

2. 2. gr. verði 3. gr.

3. Við 3. gr., er verði 2. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Á fiskveiðiárunum 2006/2007, 2007/2008 og 2008/2009 skal ráðstafa hluta þeirra aflaheimilda, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 10. gr., til þeirra byggðarlaga sem fengið hafa úthlutað aflaheimildum á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990, sem hér segir: 750 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2006/2007, 500 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2007/2008 og 250 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2008/2009 og skulu þær skiptast milli byggðarlaga í sömu hlutföllum og úthlutun samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu skiptist á fiskveiðiárinu 2005/2006. Úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessu ákvæði skal ekki hafa áhrif á ákvörðun um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., sbr. 3. og 4. mgr. sömu greinar. Um framkvæmd þessa ákvæðis gilda að öðru leyti ákvæði 2. mgr. og 5.–8. mgr. 10. gr. og reglur settar samkvæmt þeim.

Virðulegi forseti. Mikil og góð samstaða var í sjávarútvegsnefnd varðandi þessar breytingartillögur og voru þær einnig unnar í góðri sátt við hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég þakka nefndarmönnum fyrir gott starf í nefndinni og færi sérstakar þakkir hv. þm. Jóni Gunnarssyni sem vann mikið með mér í þessum málum og þessum breytingartillögum en hann var staddur erlendis á vegum Alþingis þegar málið var tekið út.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

[22:50]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál sem lýtur að úthlutun sérstakra aflaheimilda er nema allt að 12 þúsund lestum af óslægðum þorski til byggðaaðgerða er í sjálfu sér góð viðleitni innan þessa rangláta kerfis og minnir okkur enn á hversu kvótakerfið og það kerfi sem lýtur að framsali kvóta er hættulegt einstökum strandbyggðum og sýnir hvers konar órétti það kerfi beitir íbúana í strandhéruðunum sem hafa lagt sitt af mörkum til að skapa úr þessari auðlind verðgildi fyrir íbúana í sjávarþorpunum. En við þurfum nú að reyna að setja einhvern lepp eða bætur á það kerfi með reglum um úthlutun úr sérstökum byggðakvóta til þeirra byggðarlaga sem hafa lent í vanda vegna samdráttar á fiskveiðiheimildum.

Eitt það mikilvægasta fyrir hverja grein, ekki síst sjávarútveginn eins og allar aðrar greinar, er nýliðunin, að greiðar leiðir séu fyrir nýja aðila til að komast inn í greinina, unga sjómenn sem vilja komast inn í greinina og fá að spreyta sig þar og efla atvinnu sína.

Ég vil spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar: Hvernig víkur þessu við, þeim reglum sem hér eru settar, gagnvart möguleikum fyrir nýja aðila að koma inn í greinina? Þetta eru sjálfsagt þeir einu möguleikar sem nú eru hugsanlegir fyrir nýja aðila til að koma inn. (Forseti hringir.) En hvernig víkur því við?

[22:52]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega í öllum atvinnugreinum þannig varðandi fjárfestingar að menn þurfa yfirleitt að hafa eigið fé líka ef þeir ætla að fjárfesta. En ég tel vera möguleika á því að aðilar sem hafa verið með lítinn kvóta fái byggðakvóta til að veiða og ef leiguverð er með þeim hætti eða það hátt að ekki er svigrúm til að fara í fjárfestingu í því og menn vilja kannski eingöngu veiða byggðakvótann þá þurfa menn að færa rök fyrir því og láta sveitar-

stjórn senda erindi til ráðherra. Það er það helsta sem ég sé svigrúm í.

En varðandi þessa viðleitni og að þetta sé vitlaust kerfi og annað, þá tel ég að með þeirri breytingartillögu sem við erum að gera núna séum við að setja það í lög að menn megi veiða tonn á móti tonni og við erum að styrkja landvinnsluna. Seinast var úthlutað 4.010 tonnum til byggðanna sem gerir það að verkum að við erum að setja lög um að landað verði 8.020 tonnum til byggðarlaga og þau sett í landvinnslu og unnin heima en menn þurfa að vera búnir að landa þessu áður en þeir fá úthlutað. Þetta held ég að sé mjög sterkt. En það er eins og með allar aðrar atvinnugreinar að menn eru náttúrlega að veðja á fjárfestingar og menn þurfa að eiga eigið fé. Það eru dæmi um að menn hafa verið að fjárfesta í þessu og byrjað alveg kvótalausir, t.d. í Vestmannaeyjum, og eru nú komnir með fiskvinnslu á allan pakkann. En það þarf svolítinn kjark að fara í svona fjárfestingar.

[22:54]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi atvinnugrein, fiskveiðar, hefur einmitt í gegnum aldirnar byggst á frumkvæði og krafti einstaklinga, þó að núverandi kerfi, sem hefur verið byggt upp í kringum kvótakerfið, hafi miðað að því að brjóta það niður, hafi stöðugt miðað að því að fiskveiðiheimildir og réttur inn til að sækja sjóinn færist á hendur stórfyrirtækja. Það kerfi hefur lent harkalega á sjávarbyggðunum, hinum dreifðu sjávarbyggðum, sem stíluðu einmitt á einstaklingsframtakið. Hérna er ráðherra falið býsna mikið vald.

Ég styð frumvarpið innan þeirra marka að það sé betra en ekki innan þessa rangláta kerfis. En hefði ekki verið rétt að taka fram í nefndarálitinu og lýsa yfir áhyggjum yfir lítilli nýliðun í greininni og hvetja til þess að við úthlutun á heimildum verði horft til þess hvernig megi styrkja nýliðun, þ.e. nýja aðila til að koma inn í sjávarútveginn einmitt í þessum sjávarplássum.

[22:55]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu er mjög erfitt annars vegar að halda því fram að menn eigi að auka veiðiskylduna og minnka framsalið og hins vegar að gefa svigrúm hjá nýjum mönnum til að koma inn í greinina. Þetta skarast svolítið og við þurfum að hugsa þetta alveg rétt þannig að öll tannhjól grípi í þessu ferli. En engin launung er á því að oft eru samlegðaráhrif við breytingar, eins og við gerðum á smábátakerfinu. Skipum hefur fækkað, þau hafa stækkað og alveg ljóst, ég held að hv. þm. Jón Bjarnason viti af því í kjördæmi sínu að þar eru stærri skip komin og veiða á fleiri árstímum, það eru ekki sumarveiðar í dag á smáskipum eins og verið hefur.

[22:57]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. formanni sjávarútvegsnefndar að nefndin tók það frumvarp til laga sem lagt var fram við 1. umr. til gagngerðrar endurskoðunar og fór nánast í gegnum alla þá liði sem þar voru fram settir og gerði á þeim breytingar.

Ég og hv. þm. Guðjón Hjörleifsson erum gamlir sveitarstjórnarmenn og í því frumvarpi sem lagt var fram var gert ráð fyrir að sveitarfélögunum yrði falið að gerast hálfgerðir verktakar fyrir ráðuneytið í úthlutun á byggðakvóta. Sá sem hér stendur var ekki ánægður í sjálfu sér hvernig að því var staðið og sérstaklega ekki hversu lítið samráð var haft við sveitarfélögin þegar unnið var að gerð þeirrar breytingar sem ráð var fyrir gert í því frumvarpi sem fram var lagt. Ég vil því spyrja hv. þm. Guðjón Hjörleifsson hvort hann sé ekki sammála mér í því að ef á að fara að fela sveitarfélögum svona viðamikil verkefni eins og þarna er um að ræða, að affarasælla væri að eiga við þau samráð áður en slíkar breytingar eru gerðar en ekki setja það fram í frumvarpi eins og gert var og sveitarfélögin nánast eins og hver annar læsu það hvað ætlast væri til af þeim.

Hv. formaður sagði að tilgangurinn með þessu væri m.a. að styrkja landvinnsluna og átti þá við ákvæðið tonn á móti tonni og ég er sammála honum að með því er verið að auka það magn sem fer til vinnslu í landi á ákveðnum stöðum, en þó sýnist mér kannski að við þyrftum að slá betri varnagla varðandi það að vinnslan þyrfti ekki að borga í rauninni markaðsverð fyrir þann fisk sem svona kæmi því ef vinnslan þarf að gera það fer kannski lítið fyrir stuðningnum sem felst í því að færa byggðakvóta til byggðarlaga.

[22:59]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að ég og hv. þm. Jón Gunnarsson erum gamlir refir í sveitarstjórnum enda ræddum við mikið um þessi mál og ljóst var að menn voru nervusir í litlum sveitarfélögum að taka þetta að sér þar sem allir þekkja alla og jafnvel var það svo að kjörnir sveitarstjórnarmenn voru allir vanhæfir til að úthluta byggðakvóta. Ég hefði náttúrlega viljað sjá meira samráð við sveitarstjórnir í þessu máli en það virðist hafa gleymst því mér finnst þessi frumvörp sem unnin hafa verið fyrir nefndina einmitt yfirleitt hafa verið gerð í miklu samráði við hagsmunaaðila því þá er oft léttara að gera breytingar og snyrta þær til.

Menn greinir á og þeir hafa einmitt gert fyrirvara í frumvarpinu um Verðlagsstofu skiptaverðs um lágmarksverðið, hvernig það er fundið út. Sumum finnst það vera of lágt en við settum það þarna inn. Mér skilst á fulltrúum Landssamtaka smábátaeigenda að það sé einn aðili sem hafi gert athugasemdir, hann var ekki sáttur við þann byggðakvóta og veiðar miðað við það verð sem viðkomandi fiskvinnsla setti upp heima í héraði.

[23:00]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Á eftir gefst betra tækifæri en í stuttum andsvörum til að ræða efnisatriði málsins. En ein er sú spurning sem vaknar þegar farið er yfir frumvarpið. Við höfum ekki í höndunum endanlega reglugerð frá sjávarútvegsráðherra, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að samin verði. Mig langar að spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar, Guðjón Hjörleifsson: Hvaða aðstæður sér hann fyrir sér að réttlæti sérstakar reglur fyrir ákveðin sveitarfélög?

Í áliti umboðsmanns Alþingis var gert ráð fyrir að vera

þyrftu almennar reglur fyrir alla. Hér er gert ráð fyrir að hægt sé að veita sérstaka undanþágu og setja sérstakar reglur fyrir ákveðin sveitarfélög ef þau benda á að þau þurfi á því að halda. Mig langar því að spyrja hv. formann hvaða atriði hann sjái fyrir sér að geti kallað á slíkar reglur.

[23:01]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þær umsóknir sem berast ráðherra verði aðallega frá þeim sem ekki eru með vinnslu. Hægt er að nefna sveitarfélög sem hafa sameinast eins og gerðist í kjördæmi okkar hv. þm. Jóns Gunnarssonar, t.d. kvótann sem kemur á Eyrarbakka. Þar er ekki vinnsla.

Ég sé fyrir mér að nokkur slík dæmi muni koma til ráðherra. Einnig eru dæmi þess að verðlagsmál geti ruglað þetta. Þeir sem eru með lítinn kvóta og hafa ekki svigrúm til að skapa á móti gætu hugsanlega sótt um aðeins minna en tonn á móti tonni.

[23:02]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að málið sem við ræðum hér er ein af mörgum bótum kvótaflokkanna á stagbættu handónýtu kerfi sem hefur verið til meðferðar á Alþingi síðan það var búið til á sínum tíma. Nú er ljóst að einn stærsti þátturinn í því hve umdeilt og ranglátt kerfið er, sem veldur því að staðið hafa illvígar deilur um það frá því að framsalið var heimilað fyrir 18 árum, felst í því hvaða áhrif framsalið hafði á efnahag einstaklinga annars vegar og afkomu einstakra byggða hins vegar. Það er ljóst að sumar byggðir eru kvótaháar. Hv. formaður nefndarinnar er frá Vestmannaeyjum. Þar er kvótastaða góð. Það ræðst að sjálfsögðu af ýmsu. En í öðrum byggðum er búið að selja kvótann burt og búið að hirða frá þeim heimildirnar til að veiða fisk. Við þekkjum umræður um það makalausa ranglæti.

Hér er verið að ræða um úthlutun á byggðakvóta og það að koma á skárra fyrirkomulagi en er til staðar. Ég vil spyrja hv. formann nefndarinnar: Voru það ekki grundvallarmistök að svæðisbinda ekki veiðiheimildirnar með einhverjum hætti strax í upphafi þegar frjálsa framsalið á veiðiheimildunum var heimilað, þessi ranglætisrúlletta fór í gang og þetta makalausa kerfi tók að starfa með þeim hætti sem við þekkjum? Hefði ekki þurft að huga að því strax í upphafi að svæðisbinda heimildirnar og koma í veg fyrir þessa þróun? Sér hv. þingmaður einhverjar leiðir til að gera það betur en hér er rætt um?

[23:04]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott að þetta mál skuli bera á góma og ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir það. Í lögunum voru forkaupsréttarákvæði. Ef skip var selt gat sveitarfélag nýtt sér forkaupsrétt innan 30 daga. Ég lenti í því sem bæjarstjóri Vestmannaeyja að hafa milligöngu um að nýta forkaupsrétt varðandi fimm skip. Ekkert sveitarfélag gerði eins mikið af því og við þá. Þetta er mjög vandmeðfarið. Þá eru gerðir sjálfstæðir samningar og ekki er hægt að framselja kaupsamninginn. Síðan gerðist það, þegar menn voru svona harðir að reyna að halda skipum heima í héraði, að þeir stofnuðu hlutafélag í viðkomandi sveitarfélagi og fóru í kringum lögin.

Við ræddum það töluvert úti í Eyjum hvort koma ætti forkaupsréttarákvæðinu inn til sveitarfélaganna, að menn hefðu svigrúm til að halda aflaheimildum heima í héraði. En þeir sem stjórnuðu málum þá vildu það ekki og þetta hefur ekki mikið verið rætt síðan.

[23:05]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst að kvótakerfið er ein stór mistök, ein stór og alvarleg pólitísk mistök. Á þeim árum sem það hefur verið við lýði hafa hver mistökin verið gerð á fætur öðrum. Menn staga endalaust í kerfið og það versta af öllu er að það hefur ekki komið í veg fyrir rányrkju eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra ræddi oft um á sínum tíma. Kerfið hefur ekki byggt upp fiskstofnana og hefur verið dæmalaust ósanngjarnt gagnvart mörgum sjávarbyggðum. Sumar búa við háa kvótastöðu og mikla kvótaeign en aðrar er búið að leggja í rúst, að stórum hluta vegna fyrirkomulagsins með hið frjálsa framsal veiðiheimilda. Byggðafórnirnar eru miklar og margar byggðir hafa þurft að axla þungar byrðar. (Forseti hringir.) Ég spyr því hv. þingmann að því sama og áðan.

[23:06]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála þessu. Ég er mjög hrifinn af kvótakerfinu og held að það sé mjög gott. Við stjórnum veiðunum og við þurfum að verja ákveðna stofna. Sumir stofnar eru í lægð og aðrir á leiðinni upp og virkilega gaman að sjá það. Ég held að þessi stjórn okkar byggist líka á að fiskveiðum og fiskvinnslu er stjórnað á ársgrundvelli. Það væri mjög ábyrgðarlaust að veiða villt og opið. Menn mundu einnig veiða fiskinn á skemmri tíma og það mundi bitna á fiskvinnslunni.

Við þingmenn Suðurkjördæmis getum verið ánægðir með að aðilar í okkar kjördæmi ákváðu að lifa í þessu kerfi og vinna samkvæmt því. Þeir hafa verið mjög duglegir að veiða aflaheimildir. Til Vestmannaeyja var að koma nýsmíðað skip frá Póllandi og annað nýtt skip er á leiðinni. Menn eru mjög öflugir þar og svo kemur meiri hreyfing á þetta þegar við erum búin að ná stofnunum upp.

[23:08]

**Sigurjón Þórðarson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Nú er klukkan að ganga tólf. Mig langaði að spyrja hæstv. forseta hvað hann ætlaði að láta fundinn standa lengi. Ég veit að margir eiga eftir að setja sig á mælendaskrá og aðrir sem eru ekki komnir til þings hefðu gjarnan viljað taka þátt í þessari umræðu, t.d. hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.

Við ræðum hér mikilvægt mál, þ.e. byggðakvóta sem er eina vörnin sem eftir er fyrir byggðirnar við sjávarsíðuna sem víða standa illa. Mig langar því að spyrja hvort það sé við hæfi, þegar svo alvarleg mál eru rædd, að hafa þau svo seint dagskrá. Er það með ráðum gert að hafa þetta seint til þess að komast hjá því að umræðan fari fram í dagsljósi og

fái þá athygli sem henni ber? Mér finnst staðan víða á landinu það alvarleg að brjóta eigi þessi mál til mergjar í dagsbirtu. Það gengur ekki að ræða sjávarútvegsmálin í kringum miðnættið og hefja jafnvel umræðu um slík mál, sem snúast m.a. um byggðir landsins.

Það er kannski með ráðum gert að haga dagskránni þannig en ég sætti mig ekki við það. Mér finnst þetta ekki við hæfi, sérstaklega þegar fréttir berast, m.a. frá Bakkafirði um að byggðin sé jafnvel að leggjast af vegna þess kerfis sem við erum að ræða. Byggðakvótarnir eru þá eina vörnin og þá má ekki ræða í dagsbirtu. Er hægt að fá svör við því, herra forseti, hvað þessi fundur á að standa lengi yfir?

(**Forseti** (JónK)**:** Hefur hv. þingmaður lokið máli sínu?)

Nei, ég var nú eiginlega að bíða eftir svari frá hæstv. forseta.

(**Forseti** (JónK)**:** Ég verð að biðja hv. þingmann að ljúka máli sínu og síðan mun forseti taka til máls.)

[23:10]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Ég hef þau skilaboð um stjórn þessa fundar að samkomulag hafi verið um að ljúka þessu síðasta máli á dagskrá í kvöld. Fjórir eru á mælendaskrá og ætlunin er að ljúka þessu máli.

[23:11]

**Sigurjón Þórðarson** *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég spurði hvað þessi umræða ætti að taka langan tíma og hvenær henni ætti að ljúka. Nú upplýsti hæstv. forseti að fjórir væru á mælendaskrá. Ég verð að segja að í svo mikilvægri umræðu, í ljósi aðstæðna víða um land, finnst mér ekki við hæfi að ætla að ljúka málinu núna. Ég er sannfærður um að þegar umrætt samkomulag var gert hafi menn ekki trúað því að fundur ætti að standa um þetta mikilvæga mál fram á nótt.

Ég er gáttaður á Framsóknarflokknum, að vilja koma hlutum þannig fyrir. Ef flokkurinn meinar eitthvað með því að vera flokkur byggðanna. En það virðist breytt ef marka má rit formanns flokksins sem hann skrifaði á árum áður.

(**Forseti** (JónK)**:** Ég vil minna hv. þingmann á að hann er að ræða um fundarstjórn forseta.)

Ég er einmitt að ræða um að mér finnst ekki við hæfi að hæstv. forseti láti þessa umræðu standa svona lengi fram á nótt í ljósi þess hversu mikilvæg hún er. Hún er mikilvæg fyrir hinar dreifðu byggðir og mér þykir eiga að sýna efninu þá virðingu að ræða um málið í dagsljósi. Það er afstaða mín og ég vona að hæstv. forseti taki tillit til þess. Þetta er ekki við hæfi.

Því miður virðist raunin oft sú að þegar ræða á sjávarútvegsmál er þeim komið svo seint fyrir á dagskránni. Það er eins og stjórnarflokkarnir þori ekki að ræða þau í björtu. Það er eins og þeir vilji komast hjá því að þessi umræða fari út í þjóðfélagið. Það er ekki hægt að standa þannig að verki. Þingið á að sýna þessum málum sóma. Það er ekki við hæfi, hæstv. forseti, að hafa málið svo seint á dagskránni.

[23:13]

**Jón Gunnarsson:**

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Nánar tiltekið snýst þetta mál um svokallaðan byggðakvóta.

Áður en ég fer efnislega í að ræða frumvarpið sem hér liggur fyrir langar mig að nota tækifærið og taka undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni varðandi það hversu oft við lendum í því að ræða sjávarútvegsmál hér langt inn í nóttina. Þann tíma sem ég hef setið á þingi þá er það frekar regla en undantekning að mál er snerta sjávarútveg eru til umræðu síðla kvölds og oft og tíðum langt inn í nóttina. Því væri gott að sjá á morgun af því að mér skilst að þrjú mál sjávarútvegsráðherra séu til umræðu þá að þau fengju þá röð í dagskránni að það næðist að ræða þau fyrir eftirmiðdaginn og það verði sýnt með uppröðun á dagskrá að ekki sé viljandi verið að setja sjávarútvegsmálin aftast, inn á kvöldið og inn í nóttina. Þetta eru mál sem skipta meira máli en svo að sífellt þurfi að ræða þau í skjóli myrkurs.

Varðandi frumvarpið sem hér liggur fyrir, þá verð ég að segja eins og er, eins og fram kom í ræðu hv. framsögumanns Guðjóns Hjörleifssonar, að frumvarpið er nánast óþekkjanlegt eins og það liggur fyrir eftir vinnu nefndarinnar. Segja má að nánast öllum þeim yfirlýstu markmiðum sem fram komu í því frumvarpi sem lagt var fram og við ræddum við 1. umr. hafi verið breytt og í mjög veigamiklum atriðum. Því má segja að breytingar sem gerðar verða á byggðakvótanum eins og breytingartillögur liggja fyrir núna séu í eðli sínu minni en í því frumvarpi sem hæstv. sjávarútvegsráðherra lagði fyrir þingið.

Eitt af yfirlýstum markmiðum hæstv. sjávarútvegsráðherra með því að leggja fram frumvarpið var að mæta aðfinnslum sem komið höfðu frá umboðsmanni Alþingis varðandi það að reglur væru ekki nægilega samræmdar við úthlutun á byggðakvóta til einstakra sveitarfélaga. Hæstv. sjávarútvegsráðherra ætlaði að mæta því með að færa verkefnið til sveitarfélaganna og fela þeim í raun að úthluta byggðakvótanum en þó þannig að hæstv. sjávarútvegsráðherra ætlaði að setja um það allar reglur. Sveitarfélögin hefðu því, eins og ég sagði í stuttu andsvari áðan, verið í hlutverki verktaka þar sem þau hefðu tekið að sér það óvinsæla verkefni sem það oft og tíðum er að úthluta byggðakvóta án þess að geta í raun sjálf sett um það reglur með hvaða hætti þau ætluðu að úthluta þeim kvóta, heldur væru þau bundin af mjög stífum reglum frá hæstv. sjávarútvegsráðherra og hefðu lítið um það að segja en fengju í raun eingöngu það pappírshlutverk að úthluta kvótunum í orði en ekki á borði.

Því er ekki undarlegt að Samtök íslenskra sveitarfélaga geri alvarlegar athugasemdir við það hvernig þessu var stillt upp í frumvarpinu. Það sem meira var og kom á óvart var að í ljós kom að ekkert samráð hafði verið haft við sveitarfélögin eða samtök þeirra í undirbúningi á þessari veigamiklu breytingu. Það kom fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga að frumvarpið hefði verið samið og lagt fram á Alþingi án nokkurs samráðs við sambandið. Það er erfitt að gera sér grein fyrir af hverju það hefur gerst og ætla ég ekki hæstv. sjávarútvegsráðherra eða embættismönnum í sjávarútvegsráðuneytinu það að hafa viljandi tekið þá ákvörðun að hafa sveitarfélögin ekki með í ráðum heldur virðist eins og höfundar frumvarpsins hafi talið þetta svo sjálfsagða breytingu að ekki þyrfti að bera hana undir

sveitarfélögin eða samtök þeirra.

Það að ætla að færa þetta vald eða hlutverk, ég vil kalla það hlutverk frekar en vald því að valdið átti að vera afskaplega lítið í höndum sveitarfélaganna, í hendur sveitarfélaga að úthluta byggðakvótanum er í raun og veru ekki lítið mál og ég skil ósköp vel að forráðamenn sveitarfélaga hafi fengið kaldan hroll þegar þeir lásu í gegnum frumvarpið eins og það lá hér fyrir. Ekki er hægt að óska neinum sveitarstjórnarmanni þess að vera í því hlutverki að úthluta takmörkuðum gæðum eins og hér er um að ræða, að bera á því ábyrgð og þurfa að bera á því ábyrgð gagnvart þeim sem fengju úthlutun án þess í raun að ráða á nokkurn hátt eftir hvaða sjónarmiðum ætti að fara eða eftir hvaða reglum ætti að fara. Það hefði verið eðlilegra ef fela hefði átt þetta sveitarfélögunum að færa þetta þá alfarið til sveitarfélaganna, gera það í samráði við þau og ganga þannig frá lagatexta að úthlutun byggðakvóta væri hlutverk sveitarfélaganna og sveitarfélögin sjálf hefðu þá um það að segja með hvaða hætti þau mundu úthluta þeim kvóta.

Það má svo segja, hafandi í huga álit umboðsmanns Alþingis, að þá hefðu reglur um úthlutun á byggðakvóta í hverju sveitarfélagi fyrir sig kannski getað orðið mjög mismunandi og misræmið, sem þeir sem ætluðu að sækja eftir því að fá til sín byggðakvóta horfðu framan í, meira en er í núverandi lögum. Við sjáum það á mörgum sviðum að sveitarfélög hafa ákveðið vald og þau fara oft og tíðum mismunandi leiðir við að framkvæma lög og reglur og ef allir íbúar viðkomandi sveitarfélags sitja við sama borð þegar kemur að því að úthluta takmörkuðum gæðum þá hafa yfirleitt ekki verið gerðar neinar athugasemdir við það.

Ef þetta hefði farið í þann farveg sem frumvarpið gerði ráð fyrir að sveitarfélögin hefðu það hlutverk að úthluta byggðakvótunum án þess í raun að ráða nokkru um reglurnar, þá hefðu þau verið útsett fyrir þeirri hættu að ábyrgðin væri þeirra jafnvel þótt valdið væri takmarkað og þau gætu þess vegna lent í því að kærur leiddu til skaðabótaskyldu. Við vitum öll að kærur kosta fjármuni og sveitarfélögin hefðu væntanlega þurft að leggja talsverða fjármuni í það að verja ákvarðanir sínar sem hefðu samt verið teknar á grundvelli reglna sem þau hefðu lítið eða ekkert haft um að segja.

Það er því augljóst að frumvarpið bar í sér kostnað fyrir sveitarfélögin og það er nú einu sinni svo að til er samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að ef leggja á byrðar á sveitarfélögin í landinu beri að kostnaðarmeta slík frumvörp áður en þau eru lögð fram. Því hefði átt að fylgja því frumvarpi sem hér var lagt fram kostnaðarmat um áætlaðan kostnað sveitarfélaganna við framkvæmd þeirra laga. En eins og áður segir var í meðförum nefndarinnar gerð á þessu veigamikil breyting. Þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir gera ekki ráð fyrir að sveitarfélögin úthluti byggðakvótanum heldur muni Fiskistofa gera það í umboði sjávarútvegsráðuneytisins. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra setji reglur eða reglugerð um úthlutun byggðakvótans og það kemur til með að skipta nokkuð miklu máli hvernig sú reglugerð lítur út, bæði um hverjir það eru sem rétt eiga eða geta átt rétt á byggðakvóta og ekki síður um magn og skilyrði fyrir þeim kvóta sem úthlutað er.

Sveitarfélögin hafa í raun hafnað því að taka að sér það hlutverk að vera í verktöku fyrir sjávarútvegsráðuneytið við úthlutun á byggðakvóta en þó er gert ráð fyrir því í þeim breytingum sem nú liggja fyrir að einstök sveitarfélög geti óskað eftir því við ráðherra að settar verði sérstakar reglur varðandi úthlutun byggðakvóta í viðkomandi sveitarfélagi og þurfa þá að færa fram málefnaleg, staðbundin rök fyrir því að svo eigi að gera.

Í stuttu andsvari áðan fór ég yfir það með hv. formanni sjávarútvegsnefndar, Guðjóni Hjörleifssyni, hvaða aðstæður það gætu verið sem kölluðu á slíkar sérreglur. Hv. formaður svaraði því glögglega að það gæti verið að byggðarlög ættu rétt á úthlutun byggðakvóta samkvæmt þeim reglum sem gilda, jafnvel þrátt fyrir að fiskvinnsla væri ekki staðsett í viðkomandi byggðarlagi. Það þýddi að ekki væri hægt að uppfylla reglurnar sem settar eru í frumvarpinu um að landa beri afla í því byggðarlagi þar sem byggðakvóta er úthlutað. Auðvitað gera allir sér grein fyrir því að það er til lítils að landa afla í sveitarfélagi með enga fiskvinnslu og skikka hann í vinnslu á staðnum. Það færi illa með þann fisk ef þannig væri um hnútana búið og því nauðsynlegt að horfa til slíkra málefnalegra aðstæðna og ég held að enginn komi til með að deila um að þannig á það að vera.

Aftur á móti þegar kemur að hinni ástæðunni sem hv. formaður sjávarútvegsnefndar nefndi, um að það gæti verið erfiðleikum bundið að skila tonni á móti tonni til vinnslu í sveitarfélagi vegna fjárhagsaðstæðna þess sem byggðakvótann fengi eða einhverra slíkra aðstæðna, þá verð ég lýsa því yfir að þar ég er að mestu leyti ósammála hv. formanni sjávarúvegsnefndar vegna þess að úthlutun á byggðakvóta er úthlutun á miklum fjármunalegum gæðum.

Það að úthluta einu kílói af byggðakvóta til einhverrar ákveðinnar útgerðar þýðir í raun að verið er að greiða niður kílóið af fiskinum. Ef um þorsk er að ræða er verið að greiða niður eitt kíló af þorski um 170–180 kr. bara við það að úthluta einu kílói af byggðakvóta í þorski til viðkomandi. Það þýðir að útgerðin sem fær úthlutað byggðakvóta er í raun að fá forgjöf sem þessu nemur á aðrar útgerðir sem ekki fá úthlutað byggðakvóta. Með öðrum orðum, ríkið er þá að leggja þeirri útgerð sem fær úthlutun til fjármuni sem ætti að vera hægt að nýta til að leigja til sín kvóta til að uppfylla það skilyrði að landa tonni á móti tonni. Í raun og veru má segja að með því að fá úthlutað byggðakvóta og uppfylla þá skyldu að bæta við tonni frá sjálfum sér sé ríkið með úthlutun kvótans að greiða niður að hálfu allan þann kvóta sem um ræðir, því að byggðakvótinn er að fullu frír, það þarf ekki að leigja hann til sín. Það þarf að leigja eitt kíló á móti kílóinu af byggðakvótanum þannig að í raun er ríkið að veita þeirri útgerð forgjöf sem nemur hálfu verði kvótaleigunnar.

Ég segi bara eins og er að það er mikil spurning hvort sú útgerð sem ekki ræður við það að leggja eitt kíló á móti kílói af byggðakvóta eftir að vera búin að fá þessa forgjöf hefur í raun og veru nokkurn rekstrargrundvöll. Þá er það í raun spurning um hvort verið er að tjalda til meira en einnar nætur með því að úthluta slíkri útgerð byggðakvóta.

Hlutverk byggðakvótans er að reyna að hafa áhrif á það að mæta áföllum sem hafa orðið og eins að byggja upp. Það eru ákvæði í frumvarpinu eins og það var lagt fram, og það

er óbreytt í meðförum nefndarinnar, að það geti verið heimilt í ákveðnum tilvikum að úthluta byggðakvóta til þriggja ára. Það er gert með það í huga að hægt sé að horfa til framtíðar og byggja eitthvað upp, að byggðakvótinn skilji eitthvað eftir sig að þremur árum liðnum.

Ég leyfi mér að fullyrða að útgerð sem ekki gæti lagt eitt kíló frá sjálfri sér, þó að hún þurfi að leigja það til sín í vinnslu, á móti kílóinu sem kemur frá byggðakvótanum, byggir ekki á þeim grunni að hún sé að horfa til framtíðar og verði á vetur setjandi. Það er því stór spurning fyrir okkur sem sitjum á þinginu og þá sem koma til með að úthluta þessum byggðakvóta hvort rétt sé að veita þá miklu fjármuni sem felast í kvótanum til slíkra útgerða. Ég hef ákveðnar efasemdir um að það sé nægilega málefnaleg ástæða til að óska eftir sérmeðferð hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að útgerðarmaður báts eða skips, sem fær úthlutað til sín byggðakvóta, treysti sér ekki fjárhagslega til að leggja kíló á móti kílói.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að sett yrði á laggirnar úrskurðarnefnd sem hægt væri að kæra úthlutanir til. Með þeirri breytingartillögu sem gerð var í meðförum sjávarútvegsnefndar er gert ráð fyrir að leggja af þessa úrskurðarnefnd og að hægt verði að kæra úthlutun Fiskistofu beint til sjávarútvegsráðherra. Ég held að það sé til bóta einfaldlega vegna þess að þegar farið var að skoða hvaða heimildir slík úrskurðarnefnd hefði, ég tala ekki um ef hún tæki til úrskurðar ákvarðanir sveitarstjórna á hverjum stað, þá virtist gæta þar ákveðins misskilnings og úrskurðarnefndin hefði í raun aldrei getað gert neitt annað en að taka ákvörðun um hvort lögum og reglum hefði verið fylgt í einstökum úthlutunum en aldrei getað breytt þeim eða lagt eitthvað annað til eins og virtist vera gert ráð fyrir í frumvarpinu eins og það var lagt fram í upphafi.

Eins og fram kemur í nefndaráliti því sem hér liggur fyrir frá hv. sjávarútvegsnefnd var yfirlýstur tilgangur frumvarpsins upprunalega að færa sveitarstjórnum ákvörðunarvaldið um úthlutun byggðakvótans. En í ljósi þess að ekki var um neitt frjálst mat sveitarstjórna að ræða í því hvernig þær mundu úthluta þeim kvóta var, í góðu samstarfi í nefndinni og að sjálfsögðu í góðu samstarfi við þá sem lögðu fram frumvarpið, ákveðið að gera breytingartillögur um þetta og ég held að það sé til mikilla bóta að það hafi verið gert.

Eitt sem miklu máli skiptir varðandi frumvarpið sem hér liggur fyrir er heimild ráðherra til að gefa út reglugerð fyrir allt landið um samræmd skilyrði fyrir úthlutun á aflaheimildum. Það væri gott fyrir umfjöllunina í 2. umr. ef hægt væri að upplýsa okkur að einhverju leyti um hvaða meginreglur ráðherra hyggst setja í þeirri reglugerð sem sett verður á grundvelli laganna þegar þar að kemur.

Eitt sem fram kemur í frumvarpinu og er gott er hreint bann við framsali á byggðakvóta. Ég spurði um það við 1. umr. hvort eitthvað hafi verið um sóðaskap í kringum úthlutun á byggðakvótanum og átti þar við hvort um það hefði verið að ræða að útgerðir hefðu fengið úthlutað af byggðakvóta sem þær hefðu síðan ekki nýtt, heldur leigt áfram frá sér og þannig fénýtt byggðakvótann. Af þeim svörum sem fengust var ljóst að einhver grunur hafði verið um slíkt en ekki hafði verið beint í lögunum eins og þau voru hreint bann við framsali. Hér er þó verið að setja slíkt bann og það er algjörlega óheimilt, ef þetta verður að lögum, að framselja byggðakvótann. Þó er gert ráð fyrir að menn geti í jöfnum skiptum skipst á tegundum. Í því kerfi sem við búum við er það eðlileg hagræðingaraðgerð sem mér finnst ekki vera hægt að setja skorður við.

Reglan um að úthluta til þriggja ára í senn við sérstakar aðstæður getur líka verið til bóta. Þó felur hún í sér ákveðna hættu. Við erum að tala um ákveðið magn sem úthlutað er til byggðanna á grundvelli laga um byggðakvóta. Við höfum séð hvernig það hefur þróast. Þetta hefur þróast út í fast kerfi þar sem ákveðnum útreikningsreglum er beitt til að finna út hver réttur hvers byggðarlags er til byggðakvóta. Byggðakvótinn hefur verið minna notaður sem viðlagakvóti til að mæta einhverju óvæntu sem upp kemur, heldur hefur þetta meira og minna farið í það far að þetta eru fastar reglur um hvernig reikna á hlutdeild hvers byggðarlags í þeim byggðakvóta sem á að úthluta. Þannig hefur kvótanum að mestu leyti verið úthlutað. Ef úthluta á til þriggja ára í senn eftir slíkum reglum þýðir það einfaldlega það að uppistöðunni af byggðakvóta næstu þriggja ára verður úthlutað á næstunni og þá verður afskaplega lítið svigrúm innan þeirra greina sem eru í lögunum til að bregðast við nýjum áföllum, til þess að bregðast við með einhvers konar viðlagatryggingu í formi byggðakvóta eins og byggðakvótinn var í sjálfu sér hugsaður í árdögum þess að hann var settur á. Ég held því að við verðum að gera ráð fyrir að skoða það í fullri alvöru að eitthvað af þeim byggðakvóta sem meiningin er að úthluta verði ekki úthlutað til þriggja ára vegna þess að það gæti komið til, þess vegna á næsta fiskveiðiári, að grípa yrði til slíkra fyrninga eða slíkra aflaheimilda sem ekki væri hægt nema fara í það að bæta við kvóta vegna einhvers konar sérstakra ráðstafana.

Hugmyndin sem heyrðist á tímabili um fjögurra ára úthlutun hefði í sjálfu sér verið enn verri, ekki kannski vegna þess að fjögur ár sé langur tími heldur vegna þess að þá hefði í upphafi kjörtímabils verið hægt að úthluta öllum kvóta fram á næsta kjörtímabil sem dæmi. Því þarf að umgangast það af fullri varúð að mega úthluta til þriggja ára. Það á rétt á sér í einstökum tilvikum við einstakar aðstæður en ekki að það verði meginregla að öllum byggðakvótanum núna, af því að það á eftir að úthluta honum, verði rétt fyrir kosningar úthlutað til þriggja ára til að geta sagt: Sjáið þið hvað við erum góðir við byggðirnar. Við úthlutum hér ávísun til þriggja ára og svo og svo mikið magn af fiski þannig að allir sem eru í vandræðum í dag sjái fram á hvað þeir fá til næstu þriggja ára í senn. Ég vona satt að segja að menn beri gæfu til þess að umgangast þriggja ára regluna með því hugarfari að hún sé frekar undantekning til þess að byggja upp vegna ákveðinna aðstæðna á ákveðnum stöðum, en ekki til þess að úthluta meira og minna öllum byggðakvótanum til þriggja ára og þar með er það bara búið og ekki þurfi að hafa áhyggjur af því næstu þrjú árin.

Annað sem er til bóta í þeim breytingartillögum sem liggja fyrir eru tillögur um að ekki verði hætt við að úthluta byggðakvóta vegna aflabrests í skel og rækju. Eftir að hafa farið yfir málefnaleg rök þeirra sem höfðu fengið slíkar úthlutanir á sínum tíma og jafnvel þurft að setja frá sér aflaheimildir til að fá aflaheimildir í skel og rækju, að þá var

engin ástæða til þess að ganga fram með þeim hætti sem frumvarpið gerði ráð fyrir, að leggja það af á ákveðnu árabili.

Í samræmi við umsagnir sem komu inn gerir nefndin ráð fyrir að Byggðastofnun komi til með að hafa ákveðið hlutverk áfram. Samkvæmt frumvarpinu átti Byggðastofnun í raun ekki að hafa neitt hlutverk annað en að tilnefna fulltrúa í úrskurðarnefndina sem ákveðið hefur verið að gera tillögur um að leggja af. En nú er gert ráð fyrir að 10. gr. laganna orðist þannig að gert verði ráð fyrir því að Byggðastofnun komi að í samráði við að úthluta til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski. Líka til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Samkvæmt b-lið er heimilt að úthluta aflaheimildum til allt að þriggja ára í senn. Ég minni enn á það sem ég sagði á undan að ég tel að menn þurfi að ganga hægt um gleðinnar dyr þegar þar að kemur, en er jafnfullviss um að aðstæður muni koma upp á einstökum stöðum sem réttlæta og kalla á þriggja ára úthlutun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt mikið úr þessu. Eins og fram kom hjá hv. formanni sjávarútvegsnefndar var ég staddur á vegum Alþingis á erlendri grundu þegar þetta var tekið úr nefnd og gafst þar af leiðandi ekki tækifæri til að lesa endanlega yfir breytingartillögur eða nefndarálitið eins og það lá fyrir. Þó má segja að eins og umræðurnar voru í nefndinni á þeim fundum sem ég átti kost á að taka þátt í er verið að færa frumvarpið til betri vegar frá því sem áður var og þær breytingar sem lagðar eru til eru til bóta.

Byggðakvóti er þó og verður aldrei annað en plástur á sár. Plástur á aðstæður sem skapast vegna þess kerfis sem við störfum í. Segja má að byggðakvóti og úthlutun byggðakvóta sé í raun eina úrræðið sem stjórnvöld hafa í því kerfi sem við búum við til að mæta þeim aðstæðum sem geta komið upp, aðstæðum sem enginn sá fyrir eða aðstæðum sem skapast vegna þess að eitt einstakt fyrirtæki eða jafnvel einn einstaklingur tekur ákvörðun um að flytja kvóta í burtu frá sveitarfélagi, annaðhvort með því að flytja fyrirtæki eða selja kvótann í burtu. Það verður að vera til, að mínu mati, einhvers konar tæki til að taka á slíkum aðstæðum meðan við búum við kerfið eins og það er. Ég hef verið talsmaður þess að byggðakvóti þurfi frekar að vera meiri en minni til að mæta slíkum aðstæðum, en jafnframt verið talsmaður þess að byggðakvóti ætti ekki að vera úthlutun sem alltaf byggir á einhvers konar reiknireglu ár eftir ár vegna þess að oft og tíðum vill úthlutun á byggðakvóta við þær aðstæður verða útþynnt. Tiltölulega fá tonn lenda hjá sumum sveitarfélögum, fá tonn sem mjög erfitt getur verið að skipta milli fjölda útgerðarmanna, þess vegna smábáta sem fyrir eru á staðnum. Nær væri því að horfa til þess að mínu viti — jú, plásturinn verður að vera til. Hann á að vera nokkurs konar viðlaga- eða tryggingaratriði til að mæta raunverulegum vanda sem upp kemur og magnið sem úthlutað er á þeim grunni ætti að vera meira en það er í dag, því að þau 12 þús. tonn sem gert er ráð fyrir að úthluta samkvæmt öllum þeim greinum sem fyrir koma — ef ég man rétt eru það rúm 4 þús. tonn sem úthlutað er samkvæmt byggðakvótaviðlagahugsuninni.

Í öllum þeim breytingum sem við horfum á og öllum þeim flutningi á aflaheimildum sem horft er til er þetta ekki stór plástur en eftir sem áður afar verðmætur. Ég hef bent á það héðan úr pontu á hv. Alþingi að miklir fjármunir eru fólgnir í kvótanum fyrir þá sem hann fá. Þess vegna er alveg nauðsynlegt fyrir þá sem úthluta svona takmörkuðum gæðum að horfa til þess að þau raunverulega nýtist til að uppfylla þau markmið sem menn ætluðu sér í upphafi en verði ekki einhvers konar smáviðbótarkvóti sem allir reikna með alltaf að geta fengið úthlutað, því þá er þetta ekki orðið neitt öðruvísi en úthlutun á öðrum kvóta í sjálfu sér. Þá eru bara aðrar reglur sem um það gilda en þetta verður nánast alltaf fast og útreiknað og allir vita að þessi bátur fær 2 tonn og hinn báturinn fær 3 tonn o.s.frv. Það finnst mér ekki hafa verið tilgangur laganna á sínum tíma og tel enn að það eigi ekki að vera tilgangur laganna, en með þeim breytingum sem hér er verið að gera á því frumvarpi sem fram var lagt tel ég þó að þetta sé til bóta þó að fiskveiðistjórnarkerfi og þær breytingar sem verið er að gera á því hljóti alltaf að vera á ábyrgð þess meiri hluta sem situr og leggur breytingarnar fram.

Eftir sem áður hef ég aldrei reynt að komast undan því að ræða málefnalega þær breytingar sem fram koma og hef tekið þátt í störfum sjávarútvegsnefndar með það hugarfar að ég sit þar til að reyna að hafa áhrif á þær breytingar sem verið er að gera. Það hefur tekist ágætlega í góðu samstarfi við formann nefndarinnar og aðra nefndarmenn að ná niðurstöðu um breytingar og held ég að verklag og vinnubrögð í sjávarútvegsnefnd eins og það hefur verið á undanförnum tveimur árum gæti verið mörgum öðrum nefndum Alþingis til eftirbreytni því að ég tel að við séum að ná oft og tíðum betri árangri í þeirri lagasetningu sem verið er að gera vegna þess að menn eru tilbúnir að ræða saman í alvöru, á málefnalegum grunni um breytingar sem nauðsynlegt er að gera en ekki eingöngu verið í hanaslag eða verið að láta líta út fyrir einhvern ágreining sem ekki þarf að láta líta út fyrir. Við eigum að hugsa um þá sem koma til með að starfa eftir þeim lögum sem við setjum og ég held að við höfum verið að bæta frumvarpið fyrir þá.

[23:45]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. 10. þm. Suðurk. um að ég tel að vinnubrögðin í sjávarútvegsnefnd séu til mikillar fyrirmyndar og þar sé unnið mjög efnislega og út af fyrir sig biðst ég ekki afsökunar á því þó að frumvarp sem ég legg fram taki breytingum. Mér finnst það vera eðlilegur hlutur í starfi þingsins. Ég hef alltaf litið þannig á að það væri einmitt hlutverk nefndarinnar að fara yfir málin með það fyrir augum að reyna að bæta þau. Ég skal hins vegar viðurkenna að það var mér svona misjafnlega ljúft að bregðast við því sem fram kom en ég kaus hins vegar auðvitað að reyna að ná góðu samkomulagi um þetta mál sem skiptir heilmiklu.

Hv. þingmaður spurði mig nokkurra spurninga varðandi

efnisatriði reglugerðarinnar. Drögum um reglugerðina var dreift í sjávarútvegsnefnd og ég get nefnt fáein atriði sem þar er m.a. tæpt á. Það er með samræmdum hætti gengið út frá því um skráningu þeirra báta sem koma til greina við úthlutun á byggðakvótunum. Það eru útskýrð þau sérstöku skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda innan einstakra byggðarlaga sem gert er ráð fyrir þar. Það eru líka lagðar upp þær viðmiðanir um úthlutanir aflaheimilda til einstakra skipa þannig að t.d. ekkert fiskiskip geti fengið meira en 15 þorskígildislestir í sinn hlut til þess m.a. að tryggja að það verði tiltekin dreifing á byggðakvótanum innan byggðarlagsins. Þeim er sömuleiðis gert skylt að landa til vinnslu innan byggðarlagsins. Það er tryggt tiltekið lágmarksverð. Það eru settar fram kröfur um tryggingar fyrir greiðslum og þannig mætti áfram telja. Því tel ég að með þessu sé verið að reyna að tryggja eðlilega samræmingu milli einstakra verstöðva og um leið að tryggja að menn geti landað óhræddir og að byggðakvótinn nýtist sem best fyrir byggðarlögin.

[23:47]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma hér og fara aðeins yfir efnisatriði reglugerðar en það er alveg rétt að við í sjávarútvegsnefnd sáum drög að henni í vinnsluferlinu. Það eru nokkur atriði sem mig langar að spyrja aðeins betur út í varðandi reglugerðina því það skiptir máli eins og ég sagði í máli mínu hvernig hún verður uppsett. Það er spurning um lágmarksverð, spurning um hvernig verðleggja á aflann, hvort það sé hugmyndin að einhverjar skýrar verði reglur um það í reglugerð vegna þess, eins og ég hef sagt, að byggðakvóti er ekki bara fyrir þá útgerð sem hann fær í hendur heldur ætti ekki síður að horfa á byggðakvóta sem aðstoð við byggðarlagið í heild sinni og þar með þá vinnslu sem kemur til með að nýta þann afla. Það má segja að það sé kannski lítil hjálp í því fyrir vinnslu ef hún þarf að borga fullt markaðsverð fyrir þann afla sem kemur í gegnum byggðakvótakerfið því hún getur alveg eins náð sér í þann afla á fiskmarkaði á sama verði. Þá sæti í raun og veru allur hagnaður eða ábati af því að hafa fengið byggðakvóta úthlutað eingöngu hjá útgerðarmanninum og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geri ráð fyrir því að í reglugerðinni verði einhvers konar ákvæði um þetta. Eins langar mig að spyrja hvort það verði ekki örugglega á hreinu í reglugerðinni að komi fram kærur á úthlutun þá verði úthlutun frestað þannig að ekki verði um neina úthlutun að ræða ef kæra liggur fyrir fyrr en búið er að afgreiða kæruna, þannig að menn lendi ekki í því að úthluta kvóta, síðan komi kæra en svo sé jafnvel búið að veiða kvótann þegar úrskurðað er í kærunni.

[23:49]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að það er eðlilegt að gerðar séu sérstakar kröfur vegna verðlagningar á þessum fiski vegna þess að hér er um að ræða byggðalega úthlutun. Hér eru menn að fá í hendurnar aflaheimildir með alveg sérstökum hætti og þeim er ætlað nákvæmlega það sem hv. þingmaður sagði, að reyna að búa til eins mikla byggðalega vigt og hægt er og þess vegna er eðlilegt að gera alveg sérstakar kröfur í þeim efnum.

Ef um það verður að ræða að menn verði ósammála um fiskverðið þá er gert ráð fyrir því að það skuli ekki vera lægra en það verð sem ákveðið er af Verðlagsstofu skiptaverðs eða það sem er algengast við sambærilegar tegundir í viðkomandi byggðarlagi með tilliti til gæða. Ég held því að það sé nokkuð vel séð fyrir þessum hluta málsins.

Það er enn fremur þannig að ef um er að ræða kærur sem koma fram þá munu þær leiða til þess að ekki verður úthlutað byggðakvóta í því byggðarlagi þar sem kærurnar ná til. Það er mjög mikilvægt að þetta sé gert vegna þess að ef kærurnar leiða síðan til þess að það þurfi að endurúthluta þá verða menn auðvitað að hafa möguleika til þess. Það hefur vantað á að þetta væri til staðar og við höfum séð dæmi um það þar sem byggðakvóta hefur verið úthlutað og síðan hafa komið athugasemdir og það hefur ekki verið hægt að endurúthluta.

Ég vil líka vekja athygli á því sem kemur fram í breytingartillögum sjávarútvegsnefndar og það er það ákvæði að eftir að sveitarstjórn hefur gert tillögur sínar til ráðuneytisins þá er gert ráð fyrir því að þær tillögur liggi fyrir með opinberum hætti, m.a. á heimasíðu sjávarútvegsráðuneytisins um tiltekinn tíma. Ef menn hafa ástæðu til að gera athugasemdir þá liggja þessar tillögur a.m.k. frammi með opinberum hætti þannig að öllum eigi að vera þær aðgengilegar og að allir hafi sama rétt til þess að gera athugasemdir ef svo ber við.

[23:51]

**Útbýting:**

Dómstólar og meðferð einkamála, 496. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1249; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1250.

Íslenska friðargæslan, 443. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 1247; brtt. minni hluta utanrmn., þskj. 1248.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 464. mál, brtt. BjarnB, þskj. 1256.

Kostnaður ríkisins við rannsókn og rekstur Baugsmálsins, 629. mál, svar dómsmrh., þskj. 1230.

Losun gróðurhúsalofttegunda, 641. mál, brtt. minni hluta umhvn., þskj. 1251.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 279. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1255.

Sala áfengis og tóbaks, 26. mál, nál. allshn., þskj. 1254.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Egyptalands, 684. mál, nál. utanrmn., þskj. 1244.

Vísinda- og tækniráð, 295. mál, nál. allshn., þskj. 1245; brtt. allshn., þskj. 1246.

Þátttaka banka í óskyldum samkeppnisrekstri, 524. mál, svar viðskrh., þskj. 1236.

[23:52]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að fram fari nokkur umræða um þetta mál sem hér er til umræðu sérstaklega í ljósi þess að um er að ræða viðurlagaákvæði, viðbrögð til að reyna að bæta úr alvarlegum ágöllum þess kerfis sem við

styðjumst við varðandi stjórn fiskveiða, a.m.k. að nafninu til en er svo í reynd orðið allt annað. Fiskveiðum er ekki stjórnað eftir þessu kerfi fyrst og fremst til að byggja upp fiskstofnana eins og var yfirlýst markmið laganna í upphafi heldur af fjárhagslegum ástæðum.

Eins og kunnugt er þekkjum við það að í lögunum um stjórn fiskveiða er meginreglan sú að veiðar eru frjálsar. Íslendingar eru frjálsir menn í sínu landi eins og þeir hafa verið öldum saman en ráðherra er veitt heimild til að takmarka veiðar í einstaka fiskstofnum ef ástæða er talin til að gera slíkt vegna þess að stofnarnir beri ekki þá veiði sem ætla má að verði að öðrum kosti. Í raun og veru er meginreglan sú að veiðar eru frjálsar en með þeirri undantekningu að heimilt er að takmarka þær við þessar aðstæður.

Það hafa komið upp aðstæður þar sem ekki hefur verið þörf á því að halda áfram takmörkuðum veiðum og þá hefur ekki verið gripið til þess að afnema skömmtunarkerfið sem auðvitað undirstrikar það að í reynd er sjávarútvegsráðherra farinn að stjórna þessu með fjárhagslega hagsmuni í huga en ekki fiskverndunarhagsmuni. Gleggsta dæmið um það eru veiðar á úthafsrækju þar sem sókn hefur verið á löngum stundum lítil sem engin og eftir sem áður hefur verið úthlutað kvótum og þeim sem ekki hafa aflamark undir höndum þannig meinað að sækja í stofninn þó að engin sókn sé og engin veiði.

Kerfið er ákaflega óvinsælt, hefur löngum mælst hjá þjóðinni þannig að tveir af hverjum þremur eru óánægðir með það og jafnvel andvígir því og nýjasta könnun sem var birt fyrir nokkrum dögum dregur þar svipaða andstöðu fram og reyndar ívið meiri, um 70% landsmanna eru andsnúin kvótakerfinu. Það hlýtur auðvitað að segja sína sögu að þrátt fyrir 20 ára sögu kerfisins slær ekkert á óánægjuna með það og jafnvel þótt þeir sem helst tala fyrir kerfinu séu áhrifamiklir í þjóðfélaginu og haldi uppi miklum áróðri fyrir land og þjóð og ekki kannski bara innan lands heldur líka erlendis fyrir því hversu frábært þetta kerfi er, þá minnkar andstaðan ekki heldur kannski frekar að hún vaxi. Óánægjan er auðvitað sprottin af þeim rótum að þeir sem taka verðmætin fyrir nýtingu á veiðiheimildum eru ekki eigendurnir, eru ekki þjóðin, heldur einstaklingar sem eru í raun og veru búnir að fá í sínar hendur heimild til að afla sér tekna á annarra kostnað fyrir að gera ekki neitt. Það er auðvitað alveg frábært kerfi fyrir þá sem vilja hafa miklar tekjur fyrir litla vinnu, að geta fengið framselt til sín einhvers konar skattlagningarvald ríkisins og verið svona innheimtumenn fyrir hönd almannavaldsins án þess að þurfa að skila því sem þeir innheimta.

Hin ástæðan sem veldur viðvarandi óánægju eru afleiðingarnar af framsalinu sem bitna á fólki sem engan þátt á í ákvörðuninni en verður fyrir skaða, fyrst og fremst fjárhagslegum skaða, bæði vegna atvinnu sinnar og eigna. Það hefur ekki enn þá reynst vera vilji til að taka á þessum vanda. Það hefur verið gert til að reyna að lina þjáningar þeirra sem verða fyrir barðinu á kerfinu að koma upp svokölluðum byggðakvóta sem ég batt lengi vel vonir við að yrði hægt að efla með árunum til að bæta meira fyrir þann skaða sem af framsalinu verður en þær vonir hafa ekki ræst heldur hefur þetta orðið nokkurs konar friðþægingarkerfi með allt of litlu magni til að bæta mönnum upp, eða byggðarlögum sem verða fyrir tjóni. Því miður er þetta að festast í sessi sem einhvers konar friðþæging til þess að geta verið afsökun fyrir meginreglum kerfisins sem er orsökin fyrir óánægjunni. Þá verður byggðakvóti farinn að vinna gegn sínum upphaflega tilgangi þegar hann er kannski farinn að verða skálkaskjól fyrir þá sem ekki vilja breyta kerfinu.

Vandinn er auðvitað sá að menn hafa ekki tekið á rótum vandans. Fyrr eða síðar þarf að ráðast til þess verkefnis að skera upp þetta kerfi og finna sanngjarnari leikreglur ætli menn að skapa einhvern frið um þetta kerfi. Því miður eru ekki neinar vísbendingar uppi um það af hálfu núverandi ríkisstjórnar að nokkur vilji sé til þess að sækja fram til betra kerfis, heldur er slegin skjaldborg utan um sérhagsmuni stórútgerðarmanna og staðinn dyggur vörður um möguleika þeirra til þess að skattleggja aðra landsmenn, þá sem hugsa sér að hafa atvinnu af sjávarútvegi og hafa af því stórfelldar tekjur. Ég held að þeim sem fylgjast með ástandinu, t.d. vestur á fjörðum, blandist ekki hugur um að það þýðir ekkert lengur að bjóða mönnum einhverjar skóbætur á stagbætta flík. Það eina sem getur orðið mönnum til bjargar er að hverfa frá atvinnuhöftunum, hverfa frá kerfi þar sem menn eru fjötraðir í bönn og leyfi yfir í kerfi þar sem menn eru frjálsir. Það verður að innleiða markaðslögmál og atvinnufrelsi í þessari atvinnugrein eins og aðrar atvinnugreinar.

Það er með ólíkindum að flokkur eins og Sjálfstæðisflokkur skuli standa vörð um þetta kerfi. Ég held að mörgum mundi þykja það skrýtið ef menn innleiddu þetta kerfi í aðrar atvinnugreinar, sem væri alveg hægt. Það er hægt að gera þetta í öllum öðrum atvinnugreinum ef mönnum sýnist svo, úthluta leyfum og hafa þau framseljanleg, afhenda einstaklingum leyfi á grundvelli atvinnustarfsemi á tilteknu árabili og banna síðan öllum öðrum að stunda viðkomandi starfsleyfi nema þeir hafi keypt leyfi af þeim sem fékk úthlutað í upphafi. Þetta er hagfræðilega hægt. Hagfræðilegu rökin fyrir því að taka þetta upp í öðrum atvinnugreinum eru augljós. Ef kerfið er svona gott í sjávarútvegi, þá ættu menn að halda áfram í öðrum atvinnugreinum.

Ég bíð bara eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn taki upp á að innleiða þetta kerfi í iðngreinum, t.d. fyrir málara eða múrara, ákveði að hafa 300 múraraleyfi á Íslandi og banni öllum öðrum að stunda þá starfsemi jafnvel þótt þeir hafi til þess menntun. Menn yrðu að kaupa sig inn í greinina með því að kaupa einhvern múrarann út. Að öðrum kosti fengju þeir ekki að starfa í greininni.

Þannig er kvótakerfið í hnotskurn. Í þessum fjötrum er sjávarútvegurinn. Þess vegna er staðan í sjávarútveginum eins og hún er. Greinin er að sökkva í skuldir. Það má segja að skuldirnar nái nánast upp í mastur á íslenskum sjávarútvegi og sjávarbyggðir landsins eru að veslast upp ein af annarri. Meira að segja þær byggðir sem menn héldu löngum að væru varðar fyrir áhrifum kvótakerfisins vegna þess hversu fjölmennar þær væru, eins og Akureyri eða Akranes, mega búa við þær aðstæður sem önnur minni sjávarbyggðarlög hafa mátt þola, að kvótinn streymir frá þeim. Atvinnan minnkar, tekjur lækka og fólki fækkar. Þrátt fyrir það er enginn bilbugur á ríkisstjórninni að standa vörð um hagsmuni þeirra sem hafa undir höndum veiðiheimildir og með-

an svo er verður auðvitað engin breyting.

Ég held að það sé ástæðulaust að hafa mörg orð um fyrirkomulag byggðakvótans í þessum lögum vegna þess hversu lítilfjörlegt það er. Það beinir athyglinni frá aðalatriðum málsins. Menn þurfa að ráðast á kerfið sjálft og brjóta hagsmunina á bak aftur. Það er fullreynt að stjórnarflokkarnir ráða ekki við útvegsmannahagsmunina á Íslandi. Sá fámenni hópur útvegsmanna á Íslandi sem fylkir sér undir gunnfána LÍÚ er það öflugur innan beggja stjórnarflokkanna að forustumenn flokkanna ráða ekki við að halda sérhagsmununum niðri og almannahagsmunir verða að víkja fyrir sérhagsmunum.

Eiginlega eru einu frambærilegu rökin sem ég hef heyrt borin fram fyrir því að Íslendingar ættu að ganga í Evrópusambandið þau að Ísland sé svo fámennt land og að vegna fámennisins geti fámennir hagsmunahópar náð sterkum tökum á stjórnmálaflokkum landsins. Það endurspeglast gleggra í sjávarútveginum en í nokkrum öðrum atvinnugreinum. Rökin sem ég hef heyrt borin fram fyrir því að ganga í Evrópusambandið eru af þessum toga. Þá mundi meginlöggjöfin um fiskveiðarnar vera mótuð af aðilum innan Evrópusambandsins sem íslensku hagsmunirnir réðu ekki við. Þannig væru meiri líkur til þess að löggjöfin um þessa atvinnustarfsemi mótaðist af almennum leikreglum og almennum hagsmunum en sérhagsmunum.

Ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, eftir að hafa verið í nokkru návígi við þessa sérhagsmuni hér á landi í nokkur ár finnast mér þessi rök hljóma skynsamlega að mörgu leyti, eftir að hafa séð hversu sterk tök þessa hagsmunahóps eru á stjórnarflokkunum. Það felur auðvitað feigðina í sér þegar sérhagsmunir ráða yfir almannahagsmunum. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra og leiðir til ófarnaðar eins og dæmin sanna, eins og við sjáum í sjávarbyggðum landsins einni af annarri.

Þessar tillögur um byggðakvóta eru í sjálfu sér, þ.e. breytingarnar sem gerðar eru á frumvarpinu, að mínu viti í rétta átt. Þar er vikið til þess að hafa sambærilegar reglur um land allt í stað þess að fela hverri einstakri sveitarstjórn möguleika á að útfæra úthlutunina og skilyrðin með breytilegum hætti. Ég tel það til bóta að hafa sem mest samræmda framkvæmd á þeim hlutum og geri ekki athugasemdir við þessar breytingar. Fulltrúi okkar Frjálslyndra í sjávarútvegsnefnd hefur skrifað undir breytingartillögurnar með fyrirvara. En hann á þess ekki kost í dag að vera við umræðuna. Hann getur ekki gert grein fyrir afstöðu sinni í kvöld en væntanlega gerir hann það á morgun.

Ég vek hins vegar athygli á því hversu flókið kerfi þetta er orðið. Í breytingartillögunum er tekið fram hvernig á að standa að þessu. Þar segir í tillögunum að ráðherra eigi að setja reglugerð, almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda. Síðan eru tíunduð þau skilyrði sem m.a. á að setja ráðherra. Það eru sjö atriði sem ráðherra þarf að huga að. Hann þarf að huga að skilyrðum varðandi skráningarstað, skráningartíma, eignarhaldi, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverði fyrir fiskinn, tryggingum fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. Það er ekkert smávegis sem þarf að ákveða í reglugerð til þess að þessir hlutir geti gengið fyrir sig. Áður þarf ráðherrann að hafa ákveðið í annarri reglugerð skilgreiningar á því hvað sé byggðarlag og gert skilgreiningar á viðmiðunar- og útreikningsreglum og aðrar reglur um útflutning. Þetta er alveg óskaplega flókið kerfi og satt að segja ekki mönnum til mikils sóma á þeim tímum að menn sigla undir flaggi einfaldara Íslands að búa til svona reglugerðarsúpu.

Það er til marks um hvað kerfið er slæmt þegar menn þurfa svo flókin skilyrði fyrir úthlutun. Það er til marks um að menn séu á villigötum og kerfið sjálft sé vandinn og skapi þessar flóknu aðstæður. Ég held að menn muni fyrr eða síðar gefast upp á þessu byggðakvótafyrirkomulagi og að þar komi til hin augljósa staðreynd að í því er verðmætum útdeilt. Í raun er verið að útdeila peningum. Eins og við þekkjum, m.a. úr sögunni, og Egill Skallagrímsson forðum gerði sér grein fyrir því, er vísasta leiðin til að koma öllu í bál og brand að dreifa silfrinu. Hann hafði hugsað sér eins og menn þekkja að dreifa silfri sínu yfir Alþingi en skynsamir menn komu í veg fyrir það svo þingið leystist nú ekki upp í deilur um hvernig menn kæmust yfir silfrið sem hann hugðist sáldra yfir þingheim. En auðvitað verða áhrifin af þessu svipuð og Egill Skallagrímsson hugðist ná fram á Alþingi forðum.

12.000 þorskígildi eru miklir peningar. Þetta eru um 2 milljarðar kr. í aflaverðmætum miðað við meðalverð á þorski, óslægðum fiski upp á um 166 kr. á kíló, sem er það meðalverð sem ég finn frá Fiskistofu fyrir desember síðastliðinn og meðalverð af sölu, bæði beinni sölu og á mörkuðum. Ef við horfum á réttindin sjálf, en ekki fiskinn sem menn veiða, þá er miðað við 150 kr. leiguverð. Þá eru réttindin nær 1.800 millj. kr. á ári. Það eru verðmæti þessara réttinda. Auðvitað er vandasamt að deila út svona verðmætum sem eru í raun ekki annað en peningur. Ég held að þess vegna verði þetta svona flókið. Menn þurfa að setja svo margar reglur til að finna leiðir til að deila út slíkum verðmætum án þess að allt fari í bál og brand.

En það mun aldrei verða friður um svona fyrirkomulag af þeirri einföldu ástæðu að þeir sem þurfa að kaupa veiðiheimildirnar, sem er hin meginreglan í kerfinu í dag, að menn þurfi að afla sér veiðiheimilda með kaupum eða leigu, sætta sig ekki við að í kerfinu sé hluti veiðiheimildanna á floti sem eru afhentar mönnum án endurgjalds, sem jafnvel eru að gera út á sömu stöðum, á sama tíma, á sams konar bátum, með sömu veiðarfæri og veiða sams konar fisk og fá sama verð fyrir hann. Þeir eru þó misjafnlega staddir af því annar þarf að kaupa veiðiheimildina og útgerðarkostnaðurinn er þá meiri sem því nemur en hjá hinum sem fær veiðiheimildina afhenta án endurgjalds. Það fyrirkomulag að afhenda veiðiheimildir án endurgjalds inni í þessu kerfi eins og það er orðið verður aldrei til friðs.

Ég er eiginlega kominn á sömu skoðun og bæjarstjórn Vesturbyggðar komst á fyrir nokkrum árum þegar hún stóð frammi fyrir því að þurfa að útdeila kvóta, að eina leiðin sem mundi ekki skapa illindi og deilur í sveitarfélaginu væri einfaldlega að leigja veiðiheimildirnar á markaði og nota peningana í atvinnuuppbyggingu. Þá voru þeir útgerðarmenn sem tóku veiðiheimildirnar á leigu jafnsettir hinum sem voru að vinna í kerfinu. Ég held því miður að þetta verði niðurstaðan ef menn ætla að halda sig við byggðakvóta til einhvers lengri tíma, að menn endi þannig. Það verður mestur friður um það og sveitarfélag sem á að njóta

byggðakvótans í dag fengi peninga í staðinn fyrir veiðiheimildir. Væntanlega yrðu sett lög eða reglur um það hvernig eigi að nota þá peninga. Væntanlega verður skilyrðið að það fari til atvinnumála, jafnvel í sjávarútveg eða eitthvað slíkt. Almennt held ég að þessi leið hafi slíka annmarka í för með sér að hún standist ekki til lengri tíma, þessi fríkvótaúthlutunarleið.

Í öðru lagi vil ég nefna bætur til þeirra sem hafa réttindi til sérveiða sem þeir geta ekki nýtt sér af líffræðilegum ástæðum um lengri tíma. Þar á ég t.d. við hörpudisksrétthafa og innfjarðarrækjumenn. Þeir hafa fengið bætur til að vega upp á móti tekjutapi sem leiðir af því að geta ekki nýtt þessi réttindi sín. En þær bætur hafa verði skertar eða fyrndar á nokkrum árum. Það er svolítið merkilegt að ríkisstjórnin er hrifin af fyrningarleiðinni þegar kemur að þessum hópi manna. Þá er hægt að fyrna mjög hratt, 10% á ári, virðulegi forseti. Það stendur ekkert í fjárhagsáætlunum að fyrna aflaheimildir um 10% eða jafnvel meira þegar um er að ræða þessar sérveiðiheimildir. Það sannar að fyrningarleiðin er fær og ekki í andstöðu við stjórnarskrána eða ákvæði fiskveiðistjórnarlaganna, sé hún þegar framkvæmd í lögunum á grundvelli lagaheimilda í dag.

Ég held að fyrningin á bótum fyrir sérveiðiréttindin sé ósanngjörn vegna þess að hún leiðir til þess að þeir sem hafa réttindi en geta ekki nýtt sér muni að nokkrum árum liðnum standa uppi með þau réttindi óbreytt. Það er ekki hægt að nýta þau og fyrir það komi engar bætur. Mér finnst að huga þurfi að því að þeir njóti bótanna, fyrst á annað borð er talið sanngjarnt að þeir fái bætur, og þær eigi að vera föst tala þar til menn sjá fyrir endann á að hægt verði að stunda veiðarnar aftur eða að ríkið einfaldlega kaupi af þeim réttindin, sem út af fyrir sig væri leið sem menn ættu að íhuga í langvarandi ástandi líkt og með hörpudiskinn. Hið opinbera ákveður að banna veiðar á tegundum eða nýtingu réttinda um langan tíma og þá finnst mér koma til greina að ríkið kaupi réttindin inn af mönnunum og þeir geti snúið sér að því að koma sér fyrir í kerfinu í öðrum tegundum, afla sér annarra réttinda.

En ég benti a.m.k. á þennan ágalla sem ég hygg að sé enn á málinu þrátt fyrir breytingartillögurnar sem eru almennt til bóta, virðulegi forseti. Sérveiðimennirnir standa það höllum fæti vegna fyrningarinnar að ég tel það ósanngjarnt. Ég tel að þeir eigi sér málsbætur í sínum umkvörtunum sem rétt væri að Alþingi og ráðherra tækju til frekari athugunar.

Ég vek að lokum, virðulegi forseti, athygli á að skilyrðin sem sett eru fyrir nýtingu fríkvótans eða byggðakvótans, eru að mörgu leyti til að mæta þeirri gagnrýni sem almenna kvótakerfið sætir vegna framsalsins. Settar eru kvaðir á þá sem fá kvótann, um að þeir þurfi að veiða frá tiltekinni höfn, jafnvel landa í höfninni og fiskurinn sé unninn í viðkomandi byggðarlagi. Þessar reglur endurspegla að mínu viti gagnrýnina. Þær eru settar fram til að mæta henni. Þeir sem leggja þetta til telja þetta sanngjarnar kvaðir á hendur þeim sem hafa heimildirnar undir höndum.

Ég get tekið undir það. Ég held að þetta séu sanngjarnar kvaðir. Ég held að menn eigi að skoða þetta í stærra samhengi, þ.e. kerfið sjálft. Þessar kvaðir eru ekki bara sanngjarnar varðandi þau 3% veiðiheimildanna sem eru á byggðakvóta heldur fyrir allar hinar veiðiheimildirnar líka. Alþingi á ekki að setja þessar sanngjörnu reglur um 3% heimilda heldur á 100%. Þá þurfum við ekki 3%. Ef við hefðum þessar reglur um framsal eða takmarkanir á framsali í almenna kerfinu, sem mundu þýða að hluti aflaheimilda yrði festur við útgerðarstaði, ekki bara veiðarnar heldur jafnvel líka við vinnsluþátturinn, þá væri ekki sú staða í kerfinu sem við höfum horft upp á a.m.k. síðan 1991 eða 1990. Þá væri heldur ekki sú gagnrýni á kerfið sem verið hefur síðan sem er ein af meginástæðunum fyrir feiknalegri óánægju með kerfið.

Ég dreg þetta fram til að undirstrika að það þarf ekki að finna skynsamlegar reglur fyrir byggðakvótann heldur yfirfæra þær reglur á almennu leikreglurnar í kerfinu og hætta þeirri vitleysu, vil ég segja, virðulegi forseti, að úthluta mönnum réttindi á grundvelli þess að þeir hafi veitt, sem er sjónarmið sem ég get alveg tekið undir. En eigi að takmarka veiðar væri betra að réttindin féllu til þeirra sem hafa stundað veiðar. Síðan gera menn breytingu, gera mönnum kleift að framselja réttindin. Menn geta haft þau undir höndum um ótiltekinn tíma án þess að nýta þau. Án þess að gera það sem var forsenda þess að þeir fengu réttindin í sínar hendur, þ.e. að veiða. Heldur leigja þeir kvótann þannig að þriðji aðili raunverulega nýtir réttindin, nær í fiskinn en þarf að borga handhafanum fyrir það. Handhafinn gerir ekki það sem hann á að gera. Hann á að nýta þessar heimildir og hefur þær undir höndum til þess. Hann ber engin útgjöld og gerir ekki það sem er forsenda réttindanna en tekur við tekjunum. Hann er í þeirri stöðu að hafa undir höndunum heimildir sem hann getur breytt í peninga. Hann er orðinn hálfgerður skattheimtumaður. Það er eins og hann sé orðinn umboðsmaður almannavaldsins eða ríkisvaldsins, svona nokkurs konar fógeti í Nottingham sem getur ráðið sér menn til að vinna verkin og borga sér fyrir það stórfé.

Þetta fyrirkomulag getur ekki gengið, virðulegi forseti. Það sem ég hygg að geti gengið er að þeir sem hafi réttindin til að veiða noti þau til að veiða en ekkert umfram það. Noti þeir ekki réttindin sjálfir þá er það bara ríkið sem sér um að ráðstafa þeim. Þetta eru í hnotskurn vandamálin í kerfinu eins og ég sé það fyrir mér. Þegar menn hafa greint vandann er auðvitað tiltölulega einfalt að finna lausnina, a.m.k. þegar menn eru sammála um hver vandinn er.

Ég er ekki í neinum vafa um það fyrir mitt leyti hver vandinn er. Þess vegna er ég tiltölulega sannfærður um hvað gera ber til að skapa sæmilegan og góðan frið um aðstæður til að tryggja atvinnufrelsi í greininni þannig að greinin búi við sambærilegar aðstæður í markaðshagkerfi og aðrar atvinnugreinar þar sem frelsi ríkir og menn geta keppt hver við annan á grundvelli almennra reglna en ekki á grundvelli þess að hluti þeirra sem starfa í greininni geti sett hinum stólinn fyrir dyrnar.

[00:22]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að víkja að einu atriði í máli hv. þingmanns sem var að mínu mati efnislegt og rökstutt af hans hálfu þar sem hann vék að hinum svokölluðu rækjueða skelbátum. Það er alveg rétt að þegar heimildirnar voru

á sínum tíma teknar upp var sú ákvörðun tekin af þáverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra að skerða þær fyrst um þriðjung á ári hverju. Þessu var síðan breytt þegar menn sáu fyrir að ekki væri mikil von til þess að rækjan væri að ná sér á strik í innfjörðunum. Þá var þessi tíu ára skerðingarregla búin til einnig í þeirri von að innan tíu ára væri farið að rétta úr kútnum með rækjuna.

Ég tók hins vegar þá ákvörðun á síðasta hausti, þegar ákveðið var hvað færi í þessa aflabótapotta, að skerða ekki rækjubæturnar. Þær hafa því ekki verið skertar á þessu fiskveiðiári. Það er einfaldlega vegna þess að ég gerði mér grein fyrir því hve fyrningarleiðin er ómöguleg. Ég gerði mér grein fyrir því að fyrningarleiðin sem birtist þarna var að veikja þessar útgerðir. Hún gerði það að verkum að útgerðarmenn gátu ekki skipulagt sig fram í tímann, þeir höfðu ekki lánstraust. Þeir gátu ekki staðið í báðar fætur þegar þeir voru að reyna að skipuleggja sig fram í tímann og leita fjárhagslegrar fyrirgreiðslu til að byggja sig upp. Þetta voru annmarkarnir og ég sá að óvissan um veiðiréttinn var slæm. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að eðlilegt sé að þeir sem hafa veitt fái réttinn til að veiða.

Ég skal viðurkenna að á þessu máli er annmarki sem þarf að horfa til þegar farið verður að skoða þetta til frambúðar. Þegar við vorum að útdeila aflabótunum var það gert í ljósi byggðasjónarmiða. Við gerðum þetta vegna þess að rækjuveiðarnar voru svo mikilvægar fyrir tiltekin sjávarpláss. Núna standa mál hins vegar þannig að hluti af þessum skipum hefur verið seldur burtu en þau fá engu að síður þessar bætur. Það er óviðunandi fyrirkomulag og við þurfum að reyna að ná utan um það.

[00:25]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að hæstv. ráðherra hefur gripið til þess ráðs að stöðva fyrninguna á þeim bótum. Ég held að erfitt sé að réttlæta hana. Þó er að vísu sá annmarki á, eins og hann gat um, að opnað var fyrir það að hægt væri að framselja veiðiheimildirnar til aðila utan byggðarlagsins, til aðila sem ekki hafa ástundað veiðar í þessum fjörðum. Þá eru komnar upp svolítið sérstakar aðstæður, að aðili annars staðar að af landinu hefur keypt réttindin, er ekkert á staðnum, er ekki að hugsa um að skapa atvinnu eða nýta réttindin með einum eða öðrum hætti á staðnum en fær bætur og notar þær til atvinnusköpunar annars staðar. Það er í andstöðu við tilgang bótanna. Það er erfitt að finna réttu leiðina út úr þessu vegna þess að kerfið er allt í sjálfu sér með svo miklum innri mótsetningum. Ég hef skilning á því að hæstv. ráðherra eigi í vanda með að finna einstigi í gegnum þetta. Ég held að hæstv. ráðherra ætti fyrst og fremst að horfa á atvinnuhagsmuni á viðkomandi landsvæði eða í byggðarlagi þar sem sérveiðiréttindin hafa verið nýtt.

[00:26]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þingmanni að ég held að eðlilegt sé að horfa á atvinnuhagsmuni á þeim svæðum þar sem þessi veiðiréttur var upphaflega nýttur. Þegar ég lagði frumvarpið fram gerði ég ráð fyrir að aflabæturnar hyrfu inn í byggðakvótann. Með því var ég að reyna að opna á það að aflabæturnar yrðu smám saman að raunverulegum byggðakvótum. Það var sú hugsun sem lá að baki. Þá voru uppi efasemdir af hálfu þeirra sem höfðu notið þessara bóta um að það væri nægilega tryggt. Ég féllst á að eðlilegt væri að koma til móts við þau sjónarmið og þess vegna var breytingartillaga, sem sjávarútvegsnefnd hefur flutt, gerð við frumvarpið.

Þeir sem hafa verið að kaupa þessa gömlu rækju- eða skelbáta hafa keypt þá með veiðiréttinum, skel- eða rækjuréttinum, á viðkomandi svæðum. Þar sem verið er að bæta þennan skerta veiðirétt í rækju og skel fá þeir núna aflabætur í þessu formi. Það á við um þetta ár. Hins vegar er möguleiki á því, til að mynda við úthlutun á næsta fiskveiðiári, hver sem mun standa að því, að bregðast við þessu á einhvern hátt. Það er ekki alveg einfalt að gera það vegna þess að menn hafa tekið á sig ákveðnar skuldbindingar miðað við þær reglugerðir sem höfðu verið í gildi þar sem gert var ráð fyrir þessum fyrningum.

Ég held að þetta sé eitt af því sem takast þarf á við. Í hjarta mínu finnst mér það óréttlát úthlutun að sá sem hefur enga byggðarlega hagsmuni af bótunum skuli njóta þeirra. Ég tel því að það sé eitt af þeim verkefnum sem bíður okkar að reyna að taka á þessu. Nú er búið að úthluta, þær úthlutanir fóru fram á þessum grundvelli, án fyrningarinnar. Það er eðlilegt að finna leið út úr því svo að aflabætur tengdar rækju og skel fari inn í þær byggðir þar sem til þeirra var stofnað og þar sem hagsmunir felast í því að þær komi til nota fyrir atvinnulífið.

[00:28]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta. Hæstv. ráðherra hefur skýrt sjónarmið sín í þessu. Ég get að mörgu leyti tekið undir þau. En hans er vandinn að vinna í þessu skrýtna og flókna kerfi þar sem réttlætið er yfirleitt á haus og vandfundin leiðin út úr ógöngunum sem menn hafa ratað í. Hæstv. ráðherra á því alla mína samúð að reyna að athafna sig í slíku kerfi.

Mig langar að vekja athygli á staðreynd sem blasir við, sérstaklega varðandi sérveiðarnar og þá kannski helst innfjarðarrækjuveiðarnar. Þeim veiðum hefur árum og áratugum saman verið stjórnað, að svo miklu leyti sem ég þekki til, algjörlega samkvæmt ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar. Heildarkvótar hafa verið ákveðnir í samræmi við tillögur þeirra og veiðinni hefur verið stjórnað þannig að hún hefur verið nákvæmlega eins og lagt hefur verið til. Engu að síður er árangurinn af þessu öllu saman núll. Stofnarnir hrynja.

Þá hlýtur maður að benda á að jafnvel þó að áratugum saman sé farið eftir bestu vitneskju í fiskifræðilegum skilningi geta menn lent í þeirri stöðu sem gerst hefur varðandi innfjarðaveiðarnar, að þær eru nánast á öllum stöðum ógerlegar vegna þess að stofnarnir hafa hrunið. Hvað hefur þá gerst? Hefur ekki eitthvað brugðist? Eða blasir það við að það að stjórna veiðum með þeim hætti er engin trygging fyrir því að menn geti byggt upp stofna og varðveitt þá? Menn ættu kannski að horfa svolítið meira á þá staðreynd

þegar ákvarðanir eru teknar um nýtingu á stofni eins og þorskstofninum.

[00:31]

**Útbýting:**

Losun gróðurhúsalofttegunda, 641. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1243.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, 41. mál, nál. allsh., þskj. 1257.

[00:31]

**Sigurjón Þórðarson:**

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að ég er að hefja ræðu mína og klukkan er orðin hálfeitt eftir miðnætti. Mér finnst það vera íhugunarefni þegar við ræðum svo mikilvægt mál, sem úthlutun byggðakvóta er, að þessi tími sé valinn. Ég tel að það sé ekki tilviljun. Það er einfaldlega þannig að hæstv. sjávarútvegsráðherra virðist velja sér þennan tíma. Þetta virðist ekki vera tilviljun ef maður skoðar hvenær sjávarútvegsmál eru rædd í þinginu. Þau virðast nefnilega alltaf vera rædd í myrkri (**Gripið fram í:** Þau þola ekki dagsljósið.) og þola ekki dagsljósið. Ég vil að hæstv. forseti velti þessu fyrir sér. Ef við skoðum t.d. aðra ráðherra sem geta fært rök fyrir máli sínu en það getur hæstv. sjávarútvegsráðherra ekki. Það eru engin málefnaleg rök sem hann kemur með fyrir kerfinu. Þess vegna reynir hann að forðast umræðuna og fara með hana inn í myrkrið. Ég get nefnt annan hæstv. ráðherra sem færir rök fyrir máli sínu og gerir það af stolti þó maður sé ekki alltaf sammála honum, það er vinur minn hæstv. dómsmálaráðherra. Hvort sem það eru hlerunarmál eða fangelsismál kemur hann og ræðir þau í dagsljósi en hæstv. sjávarútvegsráðherra velur einhverra hluta vegna þennan tíma. Mín skoðun er sú að það sé vegna þess að hann hefur engin rök fyrir því að halda kvótakerfinu áfram.

Við í Frjálslynda flokknum höfum fyrirvara við málið. Fyrirvarinn lýtur að því að þetta er eina sem er til bjargar, eina viðlagaákvæðið sem er til bjargar í mjög óréttlátu kerfi sem hefur leikið byggðirnar grátt. Mig langar að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort hann ætli að taka á t.d. þeim vanda sem er uppi á Bakkafirði. Verður tekið á honum með frumvarpinu eða verður það tilviljunum háð hvort það verði gert? Hver er stefna hæstv. ráðherra hvað varðar byggðirnar í kringum landið? Það hefur nefnilega verið þannig að hæstv. ráðherra hefur í gegnum árin verið mikill gagnrýnandi á kerfið. — Er hæstv. ráðherra að hlusta?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti mun gera hæstv. ráðherra viðvart um að hv. þingmaður beini orðum til hans.)

Mér finnst hæstv. ráðherra vera brjóstumkennanlegur. Hann hefur verið einn helsti gagnrýnandi kvótakerfisins, gagnrýnt það fyrir hverjar einustu kosningar og lofað að betrumbæta kerfið en eftir kosningar hefur hann svikið það. Hann hefur sagt að hann ætli ekki að styðja ríkisstjórn sem hefur ætlað að halda áfram óbreyttu kvótakerfi en síðan hefur hann svikið það. Mér finnst það vera fyrir neðan allar hellur að manni sem er treyst fyrir landstjórninni skuli koma fram fyrir skjöldu fyrir hverjar einustu kosningar og boða breytingar en síðan rennur hann á rassinn með þau loforð sín og er núna kominn í stól sjávarútvegsráðherra.

Einnig má segja að sama staða sé uppi með formann sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson. Báðir þingmennirnir koma frá byggðum sem muna sitt skeið betra en nú er. Maður hefði haldið að þeim væri kappsmál að breyta kerfinu, leita eftir leiðum hvernig eigi að komast út úr því, skoða allar tillögur sem fram koma í þinginu — í staðinn fyrir að vera að lesa í blöðum — hlýða á ræður af athygli og leggja til að mál séu rædd í dagsljósinu. Þetta er ekki boðlegt og sýnir náttúrlega metnaðarleysi hæstv. sjávarútvegsráðherra að koma umræðum þannig fyrir að þær fari fram að næturlagi. Mér finnst þetta ekki vera boðlegt. Hann sýnir t.d. Bolungarvík og byggðunum hringinn í kringum landið gríðarlega lítilsvirðingu. Maður á ekki orð yfir að hann bjóði upp á þetta vegna þess að fólkið í viðkomandi byggðarlögum lítur á frumvarpið sem von.

Ég ræddi síðast við skipstjóra frá Siglufirði sem spurði um hvernig frumvarpinu miðaði. Ég sagði honum hver staðan væri, að þetta yrði rætt og ég vonaðist til að hægt væri að gera það í dagsljósi þannig að hann gæti fylgst með umræðunum. En það er eins og hæstv. ráðherra þoli ekki að fólk verði vitni að því hversu lítinn rökstuðning hann hefur uppi með því að fylgja kerfinu áfram.

Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á leiðir út úr þessu til að lina þjáningar þorpanna. Við höfum bent á að leyfa einfaldlega handfæraveiðar á minni bátum. Hvers vegna er það ekki gert? Vegna þess að hæstv. ráðherra er hræddur við að raska ró þeirra sem hafa yfir aflaheimildunum að ráða. Þetta gengur svo langt að hæstv. ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa meira að segja meinað unglingum að veiða í fjöru við sjávarþorp. Þetta er ótrúlegt en satt og þetta er skjalfest. Þess vegna velur einkaframtaksflokkurinn svokallaði að ræða þessi skuggamál í nóttinni. Því miður eru menn ekki að leita eftir leiðum út úr þessu.

Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á að skoða kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Það er ekki gert. Færeyingar hafa náð að stýra fiskveiðum sínum með ágætum árangri meðan við förum einhverja leið þar sem er byggt á landskvóta, þar sem fiskur sem dreginn er á Austfjörðum dregst frá því sem má veiða á Vestfjörðum. Kerfið gengur ekki líffræðilega upp og ef menn hefðu einhvern metnað fyrir hönd Austfjarða ættu menn auðvitað að leita leiða til að komast út úr kerfinu. En menn eru svo þægir í bandi þeirra sem hafa yfir aflaheimildum að ráða að þeir leita ekki einu sinni leiða út úr því. Það er átakanlegt.

Eins og ég sagði gengur kerfið út frá einhverjum hagfræðilegum rökum þar sem fiskstofnanir í kringum landið eru eitt mengi, en það hefur sýnt sig að hagrænu rökin hafa ekki gengið upp, enda eru stofnar staðbundnir og það hlýtur að þurfa að stýra veiðum út frá því. Þegar menn lenda í algjöru þroti er þetta stundum afsakað með því að þetta hafi skilað hagræðingu. En það er algjörlega af og frá að einhver hagræðing hafi orðið í greininni vegna þess að það sem gerst hefur er að skuldir útvegsins hafa aukist gríðarlega, þær hafa þrefaldast á rétt rúmum áratug og vel það jafnvel. Síðan hafa runnið gríðarlegir fjármunir út úr greininni. Menn hafa rætt í þinginu um að það séu jafnvel 10 milljarðar á hverju ári sem fara í leigu aflaheimilda. Jafnvel hefur verið slegið á hærri upphæðir. Þetta eru staðreyndir sem ég tel að ábyrgir stjórnmálamenn ættu að leita leiða til

að komast út úr. Samt sem áður virðist miklu frekar vera lagt í þá vinnu að koma algjörlega í veg fyrir umræðuna og jafnvel koma í veg fyrir rannsóknir sem geta hnikað hinum veika líffræðilega grunni sem kerfið byggir á.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á að einn helsti sérfræðingur Hafró, Björn Steinar Ævarsson, hélt því fram sl. haust í útvarpsviðtali að ef óbreytt kerfi héldi áfram með óbreyttri sókn væri stórhætta á því að þorskurinn dæi út. Þetta voru orð þess sérfræðings sem kerfið byggir á. Þetta gengur ekki upp á forsendum kerfisins. Síðan eru menn með frumvarpinu að stagbæta ónýtt kerfi í stað þess að leita leiða út úr kerfinu og stuðla að rannsóknum sem geta mögulega sýnt fram á að við þurfum ekki að fara í þessi atvinnuhöft, við þurfum þess ekki. Það sem manni finnst átakanlegast er að þeir sem koma í veg fyrir þetta eru einstaklingar sem koma frá byggðum sem hafa farið illa úr kvótakerfinu.

Veltum fyrir okkur hinum líffræðilegu forsendum kerfisins. Fram fóru merkingartilraunir, hæstv. sjávarútvegsráðherra, um miðjan 10. áratug síðustu aldar. Þær leiddu í ljós að reiknireglur kerfisins eru rangar. Það er einfaldlega svo að merktur var ákveðinn fjöldi af þorskum og ef veiðireglan segir til um að 25% veiðist árlega af þeim þorski sem er á slóðinni eða á fiskimiðunum í kringum landið, þá hefði líka 25% af merkjunum átt að skila sér. Það gerðist ekki og þegar merkin hættu að skila sér voru ekki nema 14% af merkjunum sem höfðu komist í hús hjá Hafrannsóknastofnun. Ef ábyrgur sjávarútvegsráðherra hefði heyrt af tilrauninni, eins og ég veit að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur heyrt af, enda hefur þessi merka tilraun verið kynnt, m.a. í fræðiritum Hafró, og síðan hef ég fjallað um þetta, ef hann væri ábyrgur mundi hann skoða þetta en hann gerir það ekki heldur reynir hann að komast hjá umræðum um þetta og leggur jafnvel Hafrannsóknastofnun til að fara hringinn í kringum landið og fara í enn meiri niðurskurð til að kanna það hvort uppbyggingin fari að skila sér sem menn hafa reynt vel á annan áratug að hefur ekki gengið eftir.

Hvernig væri að fara að leita leiða út úr þessu í stað þess að vera að halda í sömu vitleysuna, skoða það? Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að það verði jafnvel skoðað að sjá sveiflur fiskstofna sem eru ekki veiddir til að skoða hver áhrif veiða eru. Hvað hafa veiðar mikil áhrif? Ekki er verið að leita leiða út úr kerfinu heldur miklu frekar verið að setja fleiri og fleiri fisktegundir í kvóta og reyna með öllum mætti að festa kerfið í sessi þó svo að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sé því andsnúinn. Það er auðvitað alvarlegt mál.

Maður veltir fyrir sér ýmsu í sambandi við þessi mál. Hver verða t.d. eftirmæli hæstv. sjávarútvegsráðherra? Ég tel að sagan muni dæma hæstv. sjávarútvegsráðherra mjög hart. Það er átakanlegt að vera búinn að gagnrýna kerfið um áratuga skeið og vera síðan kominn í þá stöðu að geta breytt því, þó hann væri ekki einu sinni að breyta, hæstv. forseti, heldur bara leita leiða út úr þessum ógöngum, þá gerir hann það ekki. Hann jafnvel bregður fæti fyrir þá sem eru í sjálfstæðum rannsóknum og eru ekki alveg tilbúnir að skrifa upp á ýmislegt sem kemur frá Hafrannsóknastofnun sem er stýrt af hagsmunaaðilum. Það er rétt að það komi fram að í stjórn Hafró, vísindastofnunar, eru hagsmunaaðilar sem hafa hag af því að hafa óbreytt kerfi. Það ætti að vera gagnrýnisvert því menn ættu að taka fagnandi allri gagnrýni. Vísindin ganga út á gagnrýna hugsun en ekki að reyna að loka kennisetningar sínar af, heldur miklu frekar að fá gagnrýni og taka það sem er ekki hrakið og fagna miklu frekar gagnrýni. Það er því miður ekki gert og gefur þá þær efasemdir um að um raunveruleg vísindi sé að ræða. Raunveruleg vísindi mundu fagna gagnrýni, þau mundu boða gagnrýnendur á kennisetningarnar til fundar og skoða þær ofan í kjölinn. Það er ekki gert. Það er miklu frekar reynt að loka á umræðuna og sá hugsanagangur smitast því miður yfir í ríkisfjölmiðlana.

Ég get vitnað um að ég benti Ríkisútvarpinu á ákveðinn feil sem var í skýringum þess á því hvað hafði gerst í hafinu í kringum Kanada þegar fiskþurrð var þar snemma á 10. áratugnum. Þegar ég benti Ríkisútvarpinu á þá staðreynd lét það hjá líða að leiðrétta það þó svo að vísindagögn hafi verið send til vitnis um að það hefði rangt fyrir sér. Auðvitað fer maður þá að efast um hvers konar vinnubrögð eru á fjölmiðlunum ef menn leiðrétta ekki það sem rangt er farið með og taka fyrir það sem er satt og rétt og færð eru fullgild rök fyrir og jafnvel vísindapappírar. Þegar ég varð þess áskynja hvers konar vinnubrögð voru á Ríkisútvarpinu, þá datt mér helst í hug DV, því DV hafði þá reglu — þá á ég við gamla DV á tímabili — að leiðrétta ekki neitt jafnvel þó að það vissi að það væri rangt. Það var einmitt það sem kom upp í huga minn þegar ég varð þess áskynja að Ríkisútvarpið vildi ekki leiðrétta. Rúmlega viku seinna var rætt við fiskifræðinginn sem hafði sannarlega rangt fyrir sér. Hann sneri öllu við, og ekki nóg með það heldur hvarf ranga fréttin út af veraldarvefnum. Þetta eru vinnubrögð sem eiga ekki að líðast í ríkisútvarpi og ekki heldur í vestrænu samfélagi. Menn eiga auðvitað að greina frá því ef um leiðréttingu er að ræða og vera ekki að snúa sig út úr hlutunum. Það er því miður þannig að menn eru hræddir við stóru hagsmunina.

Ég er viss um að hæstv. sjávarútvegsráðherra er hræddur líka. Hann veit að það er ýmislegt rangt í ráðgjöfinni. Það getur ekki annað verið þegar menn eru búnir að vera að byggja upp þorskstofn svo áratugum skiptir og síðan erum við jafnvel að fara í niðurskurð enn á ný. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þingmaður? (**Gripið fram í:** ... byggðakvótann sem þú varst að ræða?) Byggðakvótinn er hluti af kerfinu sem ég er að ræða og mér finnst að við ættum að verja miklu meiri tíma í að ræða grundvöll kerfisins, hvers vegna við erum á rangri braut. Ég er sannfærður um að ef við mundum einfaldlega leyfa handfæraveiðar væri það miklu árangursríkara en að fara í þessar aðgerðir og leyfa einfaldlega veiðar á minni bátum. Það mundi aldrei ógna nokkurn tímann þorskstofninum eins og talað er um hann.

Hér var minnst á innfjarðarrækjuna og jafnvel má segja um aðra rækjustofna í kringum landið að veitt hefur verið minna en ráðlagt hefur verið. Samt sem áður hafa stofnanir verið að minnka. Það eru því miklu meiri líkur á að veiðarnar hafi minni áhrif en stofnlíkön ganga út á. Það er einmitt það sem ég benti á þegar fiskmerkingar sýna fram á að kannski er verið að veiða 7–8% árlega af veiðistofni en ekki 25%, að það sé miklu hærri náttúrulegur dauði en stofnlíkönin gera ráð fyrir. Auðvitað ætti ábyrgur sjávarútvegsráðherra á hverjum tíma að skoða þau rök en í stað

þess er haldið áfram fisktalningunni sem hefur því miður ekki skilað miklu. Ef við værum að tala um að þetta væri að skila meiri heildarafla og uppbyggingarstarfið hefði gengið eftir, þá gætum við verið að ræða einhvern byggðakvóta í alvöru. En þegar við ræðum þetta út frá grunni sem er tóm tjara er manni náttúrlega nóg boðið að standa í því að ræða einhvern byggðakvóta hér og þar þegar kerfið í heild sinni er mjög götótt, vægast satt.

Nú hefur ýsustofninn verið mjög vaxandi og ráðgjöfin á síðasta ári var sú að draga jafnvel úr, veiða minna en einhver aflaregla segði. Það var vegna þess að meðalþyngdin var eitthvað lægri en æskilegt væri. Auðvitað segja öll líffræðileg rök að ef dregur úr vexti fisks, hann vex ekki eins og hann á að sér þó nægilegt æti væri, þá ættum við að veiða meira í stað þess að friða fisk sem vex ekki. Auðvitað eigum við að snúa okkur að því að skoða hlutina út frá líffræðinni en ekki fisktalningu. Eftir áratuga árangursleysi er haldið áfram og jafnvel verið að reyna að bæla niður rannsóknir sjálfstæðra vísindamanna. Stofnuð eru einhver setur, að vísu í Ólafsvík, þar sem ekki er verið að ræða þessar meginspurningar heldur er verið að velta fyrir sér einhverju öðru, hvort plöntusvif sé að aukast eða minnka, en ekki er verið að velta fyrir sér hver meðalþyngd fiskstofnana er. Ef hæstv. sjávarútvegsráðherra væri ábyrgur mundi hann skoða hlutina með gagnrýnum huga og leita leiða út úr kerfinu. En það er ekki gert. Menn eru eins og kerfisþrælar og koma þess vegna með frumvörp sem snúa að því að stagbæta ónýtt kerfi.

Að ýmsu er að huga í kerfinu. Ég vil nefna eitt, vissulega gengur kerfið upp út frá lögfræðilegum sjónarmiðum, að deila út einhverri hlutdeild og mögulega líka út frá einhverri stjórnsýslu. En út frá líffræðinni, að stýra veiðum á fjölmörgum veiðisvæðum hringinn í kringum landið með einum landskvóta, það þarf ekki mikinn snilling til að sjá að það gengur ekki upp. Þetta veit hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hann veit þetta en á erfitt með að færa einhver rök fyrir því hvers vegna eigi að stýra þessu með einum landskvóta og reynir því að forða umræðunni frá kastljósinu og velur þess vegna að ræða byggðamálin að næturlagi.

[00:55]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur af hv. þingmanni að ég hafi kosið að ræða þetta frumvarp í kvöld. Ég hefði gjarnan viljað ræða það fyrr í dag og hafði satt að segja vænst þess að við gætum hafist handa við að ræða þetta mál miklu fyrr, miðað við dagskrána eins og hún var sett upp. En umræðan um ýmis önnur dagskrármál varð lengri og þegar kom að þessu máli í dag var ákveðið að taka önnur mál fram fyrir. Það var ekki vegna þess að ég eða aðrir sem stöndum að þessu frumvarpi hefðum kosið það, við vildum gjarnan að þetta mál yrði rætt sem mest og best vegna þess að ég held að þetta sé gott mál sem hefur verið vel unnið í hv. sjávarútvegsnefnd, enda er það þannig að það er að takast um það prýðileg sátt í meðferð þingsins, það standa allir þingflokkar að því og það væri mikill heiður og styrkur fyrir mig sem flutti málið upphaflega, og þá sem standa að því, að það gæti fengið sem mesta og besta athygli. Það var því ekki þannig að ég hefði sérstakan áhuga á því að ræða þetta hérna í kvöld. Ég get hins vegar skilið að hv. þingmaður hefði kosið að það væri rætt hér að kvöldi til vegna þess að hann er að gagnrýna þetta frumvarp þó að flokkur hans standi að því.

Eitt vakti athygli mína í máli hv. þingmanns. Hann sagði það sem hann hefur reyndar sagt mjög oft, að þessi fiskveiðistjórn eða fiskveiðiráðgjöf hafi ekki skilað neinu, einungis áratuga árangursleysi. Þetta var það sem hv. þingmaður sagði. Þetta er út af fyrir sig áhugaverð fullyrðing af hans hálfu en þá vil ég aðeins spyrja hv. þingmann nokkurs. Ég verð mjög var við það í máli starfandi sjómanna að þeir hafa aðra sögu að segja. Þeir telja að staðan með þorskstofninn sé allt önnur og miklu betri en hv. þingmaður segir og t.d. fulltrúar Hafrannsóknastofnunar segja. Þeir telja að þorskstofninn sé mjög vanmetinn, hann vaxi mjög hratt um þessar mundir og sé mun stærri en menn hafa talað um, sérstaklega eins og hv. þingmaður hefur talað. Ég spyr hv. þingmann: Er hann ósammála þessu? Telur hann að þessir sjómenn ofmeti (Forseti hringir.) og tali út í loftið og viti ekkert hvað þeir eru að tala um?

[00:57]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur verið upptekinn við annað en að hlýða á mig. Hann hefur verið of djúpt sokkinn í blaðið sitt. Það sem ég var einmitt að reyna að segja í ræðu minni var að á forsendu Hafrannsóknastofnunar væri svo illa komið fyrir þorskstofninum á forsendum kerfisins sjálfs. Ég met það ekki þannig, ég met það þannig að það sé hægt að veiða miklum mun meira úr stofninum. Það er miklu eðlilegra að við leitum leiða út úr þessu kerfi og skoðum ráðgjöf þeirra manna sem vilja veiða meira. Þeir eru í miklu meiri tengslum við sjómenn. Ég get einmitt tekið undir með sjómönnum, það er hægt að veiða miklu meira úr þessum stofni en gert er. Þetta kerfi gengur ekki upp, langt í frá. Það er út frá kerfinu sjálfu, þessu aflamarki sem er sett af Hafró, sem ég hef miklar efasemdir um og ég get fært mikil og góð rök fyrir því að Hafrannsóknastofnun er á villigötum, ég er sannfærður um að það er hægt að veiða miklu meira úr stofninum en gert er. Ég held að bæði sjómenn og Hafrannsóknastofnun og ég séum engu nær um hvað stofninn er akkúrat stór. Ég held að það sé mikilli óvissu háð. Það skiptir engu máli, herra forseti, að vita hvað stofninn er stór og hvað hann er akkúrat margir fiskar. Það sem skiptir máli við stjórn fiskveiða er vöxturinn en ekki nákvæmlega hvað stofninn er stór. Það hlýtur að vera vöxturinn sem skiptir máli en ekki hvað dýrastofnar eru stórir.

[00:59]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Hv. þingmaður segir að það sé auðvitað vöxtur stofnsins sem mestu máli skiptir (**SigurjÞ:** Já.) og það er einmitt það sem sjómenn hafa verið að tala um upp á síðkastið. Þeir telja að þorskstofninn vaxi núna miklu hraðar en oft áður og hann sé betur á sig kominn en áður. Ég veit að hv. þingmaður er þeirrar skoðunar að ef stofninn er í lægð sé það

vísasti vegurinn til að byggja hann upp að veiða meira til að skapa þá lífsrými fyrir þá einstaklinga sem eru eftir. Ég þekki alveg þessa líffræði sem hann heldur hér fram. Ég ætla ekkert að rífast við hann um það. Það sem ég var einfaldlega að segja er að mér finnst það ganga mjög illa upp þegar hv. þingmaður talar alltaf um að það sé áratuga árangursleysi, (Gripið fram í.) það hafi ekki skilað neinu. Hann talar núna á forsendum Hafrannsóknastofnunar, en það sem hv. þingmaður verður einfaldlega að reyna að svara er: Getur það verið að það sé þá þannig að þrátt fyrir þetta áratuga árangursleysi sem hann vísar til, og ég skal ekki þræta við hann að hann hafi verið að meina þá á forsendum Hafrannsóknastofnunar, sé það svo að þorskstofninn vaxi mjög hratt og stækki mjög mikið? Ég get ekki tekið undir það með hv. þingmanni að stærð þorskstofnsins skipti ekki neinu máli. Ég hefði haldið að það hlyti að skipta einhverju máli fyrir veiðina, afkomuna, veiðanleikann, hvernig gengi að veiða o.s.frv. hvort við værum með stóran eða lítinn stofn. Einhverju máli hlýtur það að skipta.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni í því að auðvitað er þetta allt óvissu undirorpið. Það er ekki heiglum hent að mæla stofnstærð fisks, það vitum við alveg, en að tala eins og hv. þingmaður gerir er alveg út úr kú. Mér finnst að hv. þingmaður sé bara kominn í mótsögn hérna. Hann talar annars vegar um árangursleysi og á sama tíma víkur hann sér undan því að svara þessari ábendingu sem ég færði inn í umræðuna sem er ábending starfandi sjómanna sem telja að ástandið í hafinu, ástand þorskstofnsins, sé miklu betra en margir hafa talið, eins og hv. þingmaður hefur talið, (Forseti hringir.) eins og Hafrannsóknastofnun og mjög margir hafa talið.

[01:01]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig ætti sjávarútvegsráðherra þjóðar að meta árangur fiskveiðistjórnar? Ég hefði talið að hann ætti að meta hann út frá því hvað fiskveiðistjórnin skilar mörgum fiskum á land. Það er hið eina sem ábyrgur sjávarútvegsráðherra ætti að hugsa um. (**Sjútvrh.:** ... margir sjómenn.) Hvað skilar þetta kerfi mörgum þorskum á land? Staðreyndin er sú, óumdeilt, að kerfið hefur skilað helmingi færri þorskum á land en fyrir daga þess. Skoðanir sjómanna á stærð stofnsins, eins og staðan er núna, skipta engu máli. Það sem skiptir máli er kvótinn sem hæstv. sjávarútvegsráðherra gefur út. Ef kvótinn sem hann gefur út samkvæmt þessu kerfi er lítill ætti það sömuleiðis að svara þeirri spurningu að kerfið er vont. Við í Frjálslynda flokknum teljum miklu skynsamlegra, að í stað þess að ákveða fyrir fram heildaraflann ætti að ákveða hversu mikið er sótt. Þá þarf ekki að hafa áhyggjur af því hvort fiskatalningin hafi verið rétt eða röng, það er einfaldlega svo að ef mikill fiskur er í sjónum gefur það mikinn afla. (**Sjútvrh.:** Þá er mikill fiskur í sjónum núna.) Þetta kerfi ... Hvað segir hæstv. sjávarútvegsráðherra? (**Sjútvrh.:** Þá er væntanlega mikill fiskur í sjónum núna. Það veiðist vel.) Veiðist vel, þá er mikill fiskur í sjónum, þannig er það. (Gripið fram í.) Þá þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því að ákveða fyrir fram hvað við ætlum að veiða á hverju ári. Þetta er svo vitlaust kerfi, þetta er álíka og að gefa út snemma að vori til hvað við ætlum að hafa mikla kartöfluuppskeru úr öllum kartöflugörðum landsins. (Forseti hringir.) Þetta gengur ekki upp og hefur ekki gengið upp. Þess vegna eiga menn að líta það mjög jákvæðum augum að fá tillögur og skoða þær ofan í kjölinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[01:04]

**Útbýting:**

Kjör einstæðra og forsjárlausra foreldra, 85. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1242.

Sala áfengis og tóbaks, 26. mál, brtt. KÓ, þskj. 1258.

Skattlagning kaupskipaútgerðar, 660. mál, nál. þskj. 1259.

Út af dagskrá voru tekin 6.–8., 10.–27., 29.–45., 47., 62.–68. og 70.–80. mál.

Fundi slitið kl. 01:05.

---

# 91. FUNDUR

föstudaginn 16. mars,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning varamanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður, í stað Björgvins E. V. Arngrímssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

2. Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, þáltill., 77. mál, þskj. 77, nál. 984, brtt. 1139. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

3. Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, þáltill., 78. mál, þskj. 78, nál. 985, brtt. 1140. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, þáltill., 83. mál, þskj. 83, nál. 986, brtt. 1141. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, þáltill., 84. mál, þskj. 84, nál. 987, brtt. 1142. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

6. Samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum, þáltill., 69. mál, þskj. 69, nál. 983, brtt. 1229. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

7. Útflutningsaðstoð, stjfrv., 656. mál, þskj. 982, nál. 1193, brtt. 1194. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, stjfrv., 450. mál, þskj. 1112. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

9. Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, stjfrv., 541. mál, þskj. 1113, brtt. 1199. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

10. Málefni aldraðra, stjfrv., 559. mál, þskj. 834. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

11. Sameignarfélög, stjfrv., 79. mál, þskj. 1082. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

12. Hafnalög, stjfrv., 366. mál, þskj. 1083, brtt. 1102. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

13. Orkustofnun, stjfrv., 367. mál, þskj. 953. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

14. Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, stjfrv., 378. mál, þskj. 954, brtt. 995. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

15. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 385. mál, þskj. 1084, brtt. 1143. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

16. Lokafjárlög 2005, stjfrv., 440. mál, þskj. 956 (sbr. þskj. 562). — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

17. Minning tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta, þáltill., 704. mál, þskj. 1200. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

18. Þjóðskjalasafn Íslands, stjfrv., 642. mál, þskj. 960, nál. 1195, brtt. 1196. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

19. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 459. mál, þskj. 624, nál. 1098, brtt. 1099. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

20. Almenn hegningarlög, stjfrv., 465. mál, þskj. 644. — 3. umr.

21. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 466. mál, þskj. 645. — 3. umr.

22. Vísitala neysluverðs, stjfrv., 576. mál, þskj. 854. — 3. umr.

23. Lögmenn, stjfrv., 653. mál, þskj. 972. — 3. umr.

24. Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., stjfrv., 654. mál, þskj. 1216. — 3. umr.

25. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 464. mál, þskj. 1215, brtt. 1138 og 1256. — 3. umr.

26. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 669. mál, þskj. 1020, brtt. 1124. — 3. umr.

27. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 637. mál, þskj. 1252. — 3. umr.

28. Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, stjfrv., 668. mál, þskj. 1019. — 3. umr.

29. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 648. mál, þskj. 967, nál. 1177. — Síðari umr.

30. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 649. mál, þskj. 968, nál. 1224. — Síðari umr.

31. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 650. mál, þskj. 969, nál. 1225. — Síðari umr.

32. Samningar um gagnkvæma réttaraðstoð, stjtill., 652. mál, þskj. 971, nál. 1226. — Síðari umr.

33. Samningur um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, stjtill., 640. mál, þskj. 951, nál. 1223. — Síðari umr.

34. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Egyptalands, stjtill., 684. mál, þskj. 1067, nál. 1244. — Síðari umr.

35. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 701. mál, þskj. 1162. — 2. umr.

36. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frv., 693. mál, þskj. 1097. — 2. umr.

37. Úrvinnslugjald, frv., 694. mál, þskj. 1105. — 2. umr.

38. Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, stjfrv., 643. mál, þskj. 961, nál. 1079. — 2. umr.

39. Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., stjfrv., 644. mál, þskj. 962, nál. 1100, brtt. 1101. — 2. umr.

40. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 618. mál, þskj. 918, nál. 1091. — 2. umr.

41. Neytendavernd, stjfrv., 616. mál, þskj. 916, nál. 1106. — 2. umr.

42. Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, stjfrv., 617. mál, þskj. 917, nál. 1107. — 2. umr.

43. Starfstengdir eftirlaunasjóðir, stjfrv., 568. mál, þskj. 844, nál. 1130, brtt. 1131. — 2. umr.

44. Samkeppnislög, stjfrv., 522. mál, þskj. 788, nál. 1132, brtt. 1133. — 2. umr.

45. Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, stjfrv., 523. mál, þskj. 789, nál. 1129. — 2. umr.

46. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 591. mál, þskj. 876, nál. 1188. — 2. umr.

47. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 561. mál, þskj. 836, nál. 1207. — 2. umr.

48. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 279. mál, þskj. 292, nál. 1255. — 2. umr.

49. Opinber innkaup, stjfrv., 277. mál, þskj. 287, nál. 1053, brtt. 1054 og 1080. — Frh. 2. umr.

50. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 387. mál, þskj. 429, nál. 1125 og 1208, brtt. 1126 og 1204. — 2. umr.

51. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 515. mál, þskj. 778, nál. 1010 og 1150, brtt. 1011. — 2. umr.

52. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 280. mál, þskj. 293, nál. 1119, brtt. 1120. — 2. umr.

53. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 542. mál, þskj. 812, nál. 1189 og 1227, brtt. 1190 og 1219. — 2. umr.

54. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 281. mál, þskj. 294, nál. 1057, brtt. 1058. — 2. umr.

55. Æskulýðslög, stjfrv., 409. mál, þskj. 460, nál. 1074, brtt. 1075 og 1160. — 2. umr.

56. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, stjfrv., 431. mál, þskj. 519, nál. 1030 og 1041. — 2. umr.

57. Námsgögn, stjfrv., 511. mál, þskj. 772, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.

58. Bókmenntasjóður, stjfrv., 513. mál, þskj. 776, nál. 1237, brtt. 1238. — 2. umr.

59. Málefni aldraðra, stjfrv., 560. mál, þskj. 835, nál. 1046. — 2. umr.

60. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 272. mál, þskj. 281, nál. 1117, brtt. 1118. — 2. umr.

61. Embætti landlæknis, stjfrv., 273. mál, þskj. 282, nál. 1128, brtt. 1134. — 2. umr.

62. Heyrnar- og talmeinastöð, stjfrv., 274. mál, þskj. 283, nál. 1109. — 2. umr.

63. Sóttvarnalög, stjfrv., 638. mál, þskj. 946, nál. 1145, brtt. 1146. — 2. umr.

64. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 530. mál, þskj. 799, nál.

1156, brtt. 1157. — 2. umr.

65. Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, þáltill., 36. mál, þskj. 36, nál. 1178. — Síðari umr.

66. Fjarskipti, stjfrv., 436. mál, þskj. 547, nál. 1039, brtt. 1040. — 2. umr.

67. Vegalög, stjfrv., 437. mál, þskj. 548, nál. 1095, brtt. 1096 og 1135. — 2. umr.

68. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 430, nál. 1047, brtt. 1048. — 2. umr.

69. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, stjfrv., 588. mál, þskj. 873, nál. 1158, brtt. 1159. — 2. umr.

70. Íslensk alþjóðleg skipaskrá, stjfrv., 667. mál, þskj. 1013, nál. 1201, brtt. 1202. — 2. umr.

71. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, stjtill., 574. mál, þskj. 852, nál. 1163, brtt. 1164. — Síðari umr.

72. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, stjtill., 575. mál, þskj. 853, nál. 1165 og 1205, brtt. 1166. — Síðari umr.

73. Þingsköp Alþingis, frv., 706. mál, þskj. 1235. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

74. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 443. mál, þskj. 566, nál. 1197 og 1247, brtt. 1198 og 1248. — 2. umr.

75. Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., stjfrv., 655. mál, þskj. 981, nál. 1191, brtt. 1192. — 2. umr.

76. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 432. mál, þskj. 520, nál. 1077, brtt. 1078. — 2. umr.

77. Almenn hegningarlög, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 1151, brtt. 1152 og 1206. — 2. umr.

78. Dómstólar og meðferð einkamála, stjfrv., 496. mál, þskj. 750, nál. 1249, brtt. 1250. — 2. umr.

79. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 295. mál, þskj. 308, nál. 1245, brtt. 1246. — 2. umr.

80. Meginreglur umhverfisréttar, stjfrv., 566. mál, þskj. 842, nál. 1234. — 2. umr.

81. Losun gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 641. mál, þskj. 957, nál. 1240 og 1243, brtt. 1251. — 2. umr.

82. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 42. mál, þskj. 42, nál. 1239. — Síðari umr.

83. Skipulögð leit að krabbameini í ristli, þáltill., 221. mál, þskj. 222, nál. 1241. — Síðari umr.

84. Sala áfengis og tóbaks, frv., 26. mál, þskj. 26, nál. 1254, brtt. 1258. — 2. umr.

85. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 41. mál, þskj. 41, nál. 1257. — Síðari umr.

86. Skattlagning kaupskipaútgerðar, stjfrv., 660. mál, þskj. 1002, nál. 1259. — 2. umr.

87. Tekjuskattur, stjfrv., 685. mál, þskj. 1068. — 1. umr.

[Fundarhlé. — 10:30]

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[11:04]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá 9. þm. Reykv. n. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, dagsett 15. mars sl.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Reykv. n., Ellert B. Schram fyrrverandi ritstjóri taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Ellert B. Schram hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Staða fjármálastofnana.

[11:05]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert að fylgjast með hvernig spunameistarar og leikstjórar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa reynt að breyta ásýnd þingmanna flokksins á þinginu í síðustu viku. Formaður flokksins, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skríður hér skælandi í ræðustól og kjökrar undan málflutningi okkar framsóknarmanna milli þess sem hann les upp 150 ára gömul ljóð sem segir meira en nokkuð annað um það á hvaða tímaskeiði flokkurinn er staddur.

Eins og menn vita hefur fyrir tilverknað ríkisstjórnarflokkanna byggst upp öflugur fjármála- og verðbréfamarkaður á Íslandi. Bankarnir velta þúsundum milljarða, skila ríflega 200 milljarða hagnaði, veita þúsundum vinnu, hálaunuð störf fyrir háskólamenntað ungt fólk. Bankarnir eru í fararbroddi fyrir útrás íslenskra fyrirtækja erlendis.

Nú eru hins vegar blikur á lofti hvað þetta varðar vegna yfirlýsinga gömlu alþýðubandalagskommanna sem ráða ríkjum bæði í Samfylkingunni og í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur ítrekað lýst því yfir að það sé honum að meinalausu þótt bankarnir fari úr landi. Þannig megi jafna kjörin með því að koma öllu þessu hálaunaða fólki úr landi og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafði frammi um daginn lítt duldar hótanir um að bankarnir skyldu nú vara sig þegar hann af lítillæti sínu væri orðinn hæstv. fjármálaráðherra. Það eru því blikur á lofti og það er óhjákvæmilegt að ræða um stöðu og starfsöryggi fjármálafyrirtækjanna áður en þingið fer heim á næstu dögum. Það verður að liggja ljóst fyrir hvort aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar ætli að styðja þá félaga, hv. þm. Ögmund Jónasson og Össur Skarphéðinsson í þessum efnum.

[11:07]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar lygaþvælu sem Framsóknarflokkurinn með formann sinn í broddi fylkingar reynir nú í örvæntingu sinni að sveipa um óheilindi sín og staðfestuleysi og vesöld í stjórnarskrármálinu þá vil ég taka fram fáein atriði.

Núverandi formaður Framsóknarflokksins leiddi fram sátt í flokki sínum um að sett yrði í stjórnarskrána ákvæði um þjóðareign á auðlindum sjávar. Flokkurinn lofaði svo kjósendum þessu fyrir síðustu kosningar. Hann fékk Sjálfstæðisflokkinn til að lofa þessu líka eftir kosningar og formaður Framsóknarflokksins og þáverandi forsætisráðherra

skipaði svo fyrir tveimur árum stjórnarskrárnefnd. Sjálfstæðisflokkurinn setti Þorstein Pálsson í nefndina. Þar með vissi Framsóknarflokkurinn að það stæði ekki til að standa við þetta. Það varð sem sagt niðurstaðan og þá komu fram öfl í Framsóknarflokknum sem vildu stoppa þetta mál af. Þetta lesist þannig að Sjálfstæðisflokknum var í raun og veru gefið neitunarvald í málinu inni í stjórnarskrárnefndinni.

Við sem fylgdumst með þessu töldum rétt að sannleikurinn fengi að koma í ljós og þrýstum á að málið kæmi fram. Þá hófst þetta sjónarspil sem þjóðin hefur orðið vitni að síðustu daga. Formaður Framsóknarflokksins, spámaðurinn sem leiddi flokkinn út úr eyðimörk ósættis í sjávarútvegsmálum birtist og sagði að þeir félagarnir í ríkisstjórninni mundu ná saman um þetta. Og sáttin birtist í frumvarpi sem þeir félagar fluttu einir og höfðu samið um það sín á milli, hleyptu engum að því og formaður Framsóknarflokksins kallaði eftir samstöðu annarra flokka um þetta innihald. Innihaldið var skoðað á þrem fundum í sérnefnd um stjórnarskrármál og enginn af þeim sérfræðingum sem kom til nefndarinnar taldi að það væri hæft í stjórnarskrána. Þannig var nú það. Á fjórða fundi nefndarinnar héldum við loksins að við fengjum tækifæri til að tala um að breyta þessu ákvæði. (Forseti hringir.) En þá birtust menn með yfirlýsingu um að nú væri búið að ná samkomulagi um að vísa þessu aftur inn í stjórnarskrárnefndina.

[11:10]

**Hjálmar Árnason:**

Hæstv. forseti. Það voru athyglisverðar þær ábendingar sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson dró hér fram, nefnilega þær ábendingar að virtir framamenn frá stjórnarandstöðunni hafi sett fjármálafyrirtæki hér nánast á dauðalista og vilji vísa vel reknum fjármálafyrirtækjum nánast úr landi. Við erum að ræða um þúsundir starfa, við erum að ræða um þá atvinnugrein sem hefur verið í hvað mestri sókn í íslensku atvinnulífi, skapað þúsundir starfa, færir ríkissjóði milljarða í tekjur og sveitarfélögunum milljónatugi. Við hljótum að spyrja: Hvað vakir fyrir leiðandi einstaklingum í stjórnarandstöðunni með slíkum ummælum um mikilvægar atvinnugreinar? Það skyldi þó ekki vera að hér glitti í gamalkunna hugsun, nefnilega þá hugsun að rekstur og góður rekstur fyrirtækja sé af hinu vonda. Þá hljótum við að spyrja: Á að halda áfram núna þegar styttist í kosningar, á þá að halda áfram og leggja inn í kosningar með þessa stefnu? Hvað næst? Það er mikið um útrásarfyrirtæki. Er það þá CCP, er það Marel eða eru það lyfjafyrirtækin? Verða þau næst? Vilja menn losa sig við þessi fyrirtæki, þessa anga út úr íslensku atvinnulífi?

Nú eru kosningar á næstu grösum og það er mjög mikilvægt að fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem hafa talað með þessum hætti geri grein fyrir því hvort þetta sé sú stefna. Er þetta útfærslan á stopp-stopp-stefnunni, rúststefnunni sem leggur íslenskt atvinnulíf aftur í rúst? Það hlýtur að vera krafa okkar að fá að heyra nánari útfærslu á þessum ógætilegu ummælum hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar.

[11:12]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er svolítið erfitt að átta sig á málflutningi Framsóknarflokksins þessa dagana. Talsmenn hans segja að menn kjökri undan þessum flokki. Ég held að í rauninni sé ástæða til þess að fella nokkur tár yfir aumkunarverðu hlutskipti þessa stjórnmálaflokks.

Staðreyndin er að sjálfsögðu sú varðandi fjármálastofnanir og banka að við vorum einörðustu talsmenn þess að tryggja í almannaeign a.m.k. einn banka sem kjölfestu í íslensku fjármálalífi. Staðreyndin er sú að þeir eru meira og minna komnir með eignarhaldið út fyrir landsteinana, búnir að koma sér fyrir í skattaparadísum. Þannig er eignarhald í Landsbankanum 70%. Eignarhald í Landsbankanum er komið frá Íslandi og það er að uppistöðu til í skattaparadísum. Straumur – Burðarás, þar er 60% eignarhald komið úr landi. En Framsóknarflokkurinn þjónar lund þeirra auðmanna sem hann hefur nært í stjórnarsetu sinni og það væri ástæða til þess áður en þing fer heim að rifja upp einkavinavæðinguna og spillinguna, sérstaklega þegar Framsóknarflokkurinn afhenti vildarvinum sínum dýrmætar þjóðareignir. Það væri ástæða til að rifja þetta allt saman upp. (**Landbrh.:** Ómerkilegt.) Hvað er ómerkilegt við þetta, hæstv. landbúnaðarráðherra? (**Landbrh.:** Tóm lygi.) Ég skal lofa hæstv. landbúnaðarráðherra því að áður en þing fer heim verði þetta rækilega rifjuð upp, þá verði spillingarsaga Framsóknarflokksins rækilega rifjað upp, hvernig hann hefur nært (Forseti hringir.) vildarvini sína á kostnað íslensku þjóðarinnar.

[11:14]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að það er raunveruleg hætta að sá sem hér talaði áðan verði næsti fjármálaráðherra þjóðarinnar. Það er raunveruleg hætta að hv. þm. Össur Skarphéðinsson eða Jóhanna Sigurðardóttir verði fjármálaráðherra þjóðarinnar. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom hér upp og er hreint og klárt búinn að fara yfir að það sé í góðu lagi að losna við þessa banka til þess að ná einhverri jöfnun (**ÖJ:** Hvaða útúrsnúningar eru þetta?) og ef við setjum þessa hluti í samhengi og spyrjum: Hverju voru bankarnir að skila, þeir 2.500 einstaklingar sem þar vinna, að skila í tekjuskatt bara fyrir fyrirtækið á síðasta ári? 11 milljörðum. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Hér heyrist akkúrat hver tónninn er. Hvað verður gert? Það á að losna við þetta auðmannalið, þá 2.500 manns sem vinna hjá bönkunum. Þeir geta bara farið. (**Gripið fram í:** Hvaða skilaboð voru þeir að senda bönkunum?) Svo við setjum þetta í eitthvert samhengi þá komu 30 milljarðar í skatttekjur af þessum stofnunum á síðasta ári. (Gripið fram í.) Fjármálageirinn er orðinn stærri en sjávarútvegurinn. Aldrei fyrr hefur verið jafnmikið tækifæri fyrir ungt fólk vegna þess að við erum komin með stóran og öflugan fjármálageira sem er í útrás. (Gripið fram í.) Öll framlög til vegamála, 2007–2010 eru 20 milljarðar, bara rekstrarkostnaður háskólans á einu ári er 8 milljarðar, tekjuskattur þessara fyrirtækja á einu ári borgar það og rúmlega það. En hér hóta vinstri menn hreint og klárt að við ætlum bara að losna við þessi fyrirtæki, losna við þau. Ekkert mál, þá náum við

alvörujöfnun, (Forseti hringir.) enginn vöxtur eða framför.

[11:16]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það sem er athyglisvert við þessa umræðu er að Framsóknarflokkurinn, sem einu sinni var flokkur dreifbýlisins, er að reyna að færa talið frá byggðunum sem hann hefur tekið atvinnuréttinn af og yfir á einhverja lygasögu sem verið er að búa til um að stjórnarandstaðan sé að hrekja bankana úr landi.

Þetta eru aðferðir sem mér finnst ekki vera við hæfi og menn ættu nú frekar að svara fyrir það hvers vegna þeir svíkja allt sem þeir lofuðu, allt sem þeir lofuðu byggðum landsins. Þegar á að ræða þær aðgerðir sem á að fara í, byggðunum til hjálpar, er farið með það inn í nóttina vegna þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra treystir sér ekki til að ræða þau mál hér í dagsbirtu.

Síðan kemur hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson og býr til einhverja lygasögu um að stjórnarandstaðan sé að flæma bankana úr landi. Mér finnst að hann ætti nú að koma með einhverjar röksemdir. Síðan er bullið og ruglið sem veltur upp úr stjórnarliðum hér þvílíkt að maður á eiginlega ekki orð yfir það (Gripið fram í.) hvað menn ætla að ganga langt í dellumálflutningi.

Ég vil upplýsa hv. þingmann um að það eru 3% mannafla sem vinnur í bönkum, og þeir afla 6% tekna í landinu. Þetta eru nú hlutföllin. (Gripið fram í.) Þegar verið er að búa hér til að allt standi og falli með þessu — ég held að menn ættu að velta því fyrir sér hvaða kjör almenningi eru boðin í þessum stofnunum? Eiga menn að vera ánægðir með að borga hæstu vexti í heimi, nánast, og vera með verðtryggingu og þvílík kjör sem íslenskum almenningi er boðið upp á? Það ættum við að ræða miklu frekar en þessar lygasögur sem verið er að búa til af Framsóknarflokknum, sem eru mjög ómerkilegar. Þær koma frá þeim flokki (Forseti hringir.) sem hefur notað stjórnaraðstöðu sína til að sölsa undir (Forseti hringir.) sig og sína (Forseti hringir.) bankastofnanir (Forseti hringir.) í landinu.

[11:19]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Ég bið hv. þingmenn um að gefa ræðumönnum frið til þess að tala. Þetta er ekki framboðsfundur heldur erum við hérna á löggjafarþinginu.

[11:19]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegi forseti. Þakka forseta fyrir viðeigandi athugasemd. Ríkisstjórnin er fallin og í fyrsta sinn í sögunni virðast Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur ekki geta myndað meiri hluta á Alþingi eftir kosningar vegna þess að aldrei í sögunni hafa þingmenn þessara flokka haldið jafnilla á spilunum.

Formaður Framsóknarflokksins er kolfallinn á fyrstu vorprófum sínum í stjórnmálunum. (**Gripið fram í:** Er Ingibjörg inni?) Hér koma hv. þingmenn stjórnarliðsins í örvæntingu og reyna með óvenjulega rætnum rógi, og ég vil leyfa mér að segja skítkasti í garð starfsbræðra sinna, að draga úr trausti og trúverðugleika þeirra og þingsins og þó einkum sér sjálfra.

Það er hætta á því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson verði fjármálaráðherrar, segja hér þingmenn. Vissulega. Það er vissulega möguleiki á því að þeir glæsilegu starfsbræður okkar, forustumenn jafnaðarmanna í áratugi (**Gripið fram í:** Jóhanna er nú ...) sem hér höfðu forgöngu um að við yrðum hluti af Evrópska efnahagssvæðinu, þvert gegn vilja Framsóknarflokksins, að við yrðum hluti af 400 milljóna markaði og lögðu hér grunninn að útrás íslenskra fyrirtækja sem við njótum enn þá ávaxtanna af — já, það er hætta á því að þessir glæsilegu fulltrúar okkar verði í fjármálaráðuneytinu að loknum kosningum.

Eina hættan fyrir fjármálakerfið í landinu segja greiningarfyrirtækin hvert á fætur öðru, alþjóðleg sem innlend, er ríkisstjórn Íslands. Síðast í morgun segir Fitch Ratings að vandinn í íslenska hagkerfinu og það sem leiðir til lækkunar á lánshæfi Íslands sé að ríkisstjórn Íslands geti ekki haldið utan um aðhaldið sem þarf að vera í ríkisfjármálunum á kosningaári. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Það minnki og minnki og þess vegna er hættan ríkisstjórnin en ekki hinir tilvonandi glæsilegu fjármálaráðherrar okkar (Forseti hringir.) jafnaðarmanna. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn fer rangt með.)

[11:21]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að trúa vinum mínum, hv. þingheimi fyrir því, að ef ég má velja, eins og mér virðist af hv. þingmönnum Framsóknarflokksins að ég megi velja mér ráðherraembætti, þá kynni eitthvað annað að vera ofar á forgangslista mínum en fjármálaráðuneytið. En ef það er vilji Framsóknarflokksins að ég taki það að mér og feti þar með í fótspor margra góðra manna, þar á meðal Che Guevara á Kúbu, þá skal ég íhuga það fyrir orðastað þeirra.

En af því að ummæli mín voru leidd hér inn í umræðuna er rétt að það komi fram að ég hef sagt að ef ég eða hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir yrðum bankamálaráðherrar yrði leitast við að fara betur með gjaldþrota fólk á Íslandi en hingað til hefur verið gert. Það var nú það eina sem ég sagði í tengslum við bankana.

Svo það liggi alveg ljóst fyrir tel ég að bankarnir séu eitt það glæsilegasta dæmi um breytingar á atvinnulífi Íslendinga og við höfum sagt það í Samfylkingunni að við viljum leggja mikið á okkur til að auka útrásarmöguleika okkar. Þar á meðal að afnema reglugerð hæstv. fjármálaráðherra sem hann setti samkvæmt skipun pólitísks seðlabankastjóra, sem virðist beinlínis miða að því að ýta í burtu fyrirtækjum sem ekki falla í kramið hjá Sjálfstæðisflokknum.

Frú forseti. Af hverju kom hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hingað upp? Hann kom hingað til að þyrla upp moldviðri til að draga athyglina frá því að formaður hans kom hér í gær og fór með ósannindi. Það er mjög sjaldgæft að formaður stjórnmálaflokks, jafnvel þó hann sé reynslulítill, komi hingað og fari beinlínis með ósannindi. Nákvæmlega á þessari stundu er stjórnarandstaðan með einn af sínum viðurkenndu og velmetnu blaðamannafundum til að hrekja þau ósannindi formanns Framsóknarflokksins. Þess vegna kom hv. þingmaður hingað, en hann gleymdi einu. Hann hefði kannski átt að segja frá (Forseti hringir.) síðustu skoð-

anakönnun sem sýnir samkvæmt (Forseti hringir.) Gallup að (Forseti hringir.) flokkur hans, frú forseti, (Forseti hringir.) er kominn niður í 6,3%, samkvæmt könnun Gallups. (Forseti hringir.)

[11:24]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti vill vekja athygli á því að hún gefur þingmönnum orðið í nákvæmlega þeirri röð sem þeir óska eftir að taka til máls. (Gripið fram í.)

[11:24]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Það verður nú að segjast eins og er að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa auðvitað reynt að dreifa þessari umræðu til að forðast að ræða efni málsins. Það sem ég sagði í fyrri ræðu minni var að við þyrftum að ræða það hér hvort aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar ætluðu að styðja hv. þm. Ögmund Jónasson og hv. þm. Össur Skarphéðinsson í því að berja á bönkunum, berja á fjármálafyrirtækjunum og hrekja fjármálafyrirtækin úr landi. Það er það sem þarf að ræða. (**ÖJ:** Ertu að tala um Finn Ingólfsson?)

Það er merkilegt, hæstv. forseti, að menn skuli vilja dreifa umræðunni með þessum hætti. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** ... Ólafsson.) (**Gripið fram í:** Ertu að tala um ...) Það er nefnilega þannig, hæstv. forseti, að það glittir víða í gamla afturhaldið frá Alþýðubandalaginu. Þessir hv. þingmenn, Ögmundur Jónasson og Össur Skarphéðinsson, eru báðir gamlir forustumenn úr Alþýðubandalaginu og báðir núna forustumenn í stjórnarandstöðuflokkunum.

Það verður að segjast alveg eins og er að meira að segja í Rússlandi mundi mönnum ekki detta svona vitleysa í hug. Það hlýtur að vera umhugsunarefni (**Gripið fram í:** ... Framsóknarflokknum ...) þegar jafnvel sjálfur Pútín Rússlandsforseti er orðinn framsýnni en þessir þingmenn gamla Alþýðubandalagsins, Ögmundur Jónasson, Össur Skarphéðinsson og Steingrímur J. Sigfússon. Það er umhugsunarefni, hæstv. forseti. (Gripið fram í.)

***Kosning varamanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður, í stað Björgvins E. V. Arngrímssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Kolbeinn Guðjónsson.

***Samvinna vestnorrænna landa í baráttunni gegn reykingum, frh. síðari umr.***

Þáltill. HBl o.fl., 77. mál. — Þskj. 77, nál. 984, brtt. 1139.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:28]

Brtt. 1139 (ný tillgr.) samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (GAK, HBl, IHÓ, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1260).

***Kennsla vestnorrænnar menningar í grunnskólum, frh. síðari umr.***

Þáltill. HBl o.fl., 78. mál. — Þskj. 78, nál. 985, brtt. 1140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]

Brtt. 1140 (ný tillgr.) samþ. með 56 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (GAK, HBl, IHÓ, LB, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1261).

***Útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands, frh. síðari umr.***

Þáltill. HBl o.fl., 83. mál. — Þskj. 83, nál. 986, brtt. 1141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]

Brtt. 1141 (ný tillgr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (ÁMM, GAK, HBl, IHÓ, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1262).

### *Sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, frh. síðari umr.*

Þáltill. HBl o.fl., 84. mál. — Þskj. 84, nál. 987, brtt. 1142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:30]
Brtt. 1142 (ný tillgr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (GAK, IHÓ, JÁ, LB, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1263).

### *Útflutningsaðstoð, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 656. mál (fjármögnun Útflutningsráðs). — Þskj. 982, nál. 1193, brtt. 1194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:31]
Brtt. 1194 kölluð aftur.
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

### *Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 450. mál (EES-reglur). — Þskj. 1112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:33]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (GAK, IHÓ, KJúl, SigurjÞ, SJS, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1264).

### *Skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 541. mál (heildarlög). — Þskj. 1113, brtt. 1199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:34]
Brtt. 1199 samþ. með 56 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (GAK, IHÓ, KJúl, LB, SJS, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1265).

### *Málefni aldraða, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 559. mál (greiðslur fjármagnstekjuhafa í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 834.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:34]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (GuðjG, GAK, HBl, IHÓ, KJúl, SJS, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1266).

***Sameignarfélög, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 79. mál (heildarlög). — Þskj. 1082.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:35]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (GuðjG, GAK, IHÓ, KJúl, SJS, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1267).

***Hafnalög, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 366. mál (gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1083, brtt. 1102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:35]
Brtt. 1102 samþ. með 57 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
6 þm. (GAK, IHÓ, KHG, SJS, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1268).

***Orkustofnun, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 367. mál (tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl.). — Þskj. 953.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:36]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GAK, KHG, SJS, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1269).

***Breyting á lögum á sviði Neytendastofu, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 378. mál (áfrýjunarnefnd neytendamála, faggilding). — Þskj. 954, brtt. 995.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:36]
Brtt. 995 samþ. með 55 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (HBl, KHG, SJS, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1270).

***Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 385. mál (heildarlög). — Þskj. 1084, brtt. 1143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:37]
Brtt. 1143 samþ. með 58 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HHj, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁMöl, GÖg, HBl, HerdS, KHG, SJS, SæS, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1271).

***Lokafjárlög 2005, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 956 (sbr. þskj. 562).

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:38]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg*, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.
25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (KHG, SJS, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei. ]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1272).

### *Minning tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta, frh. fyrri umr.*

Þáltill. GHH o.fl., 704. mál. — Þskj. 1200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:38]

Till. vísað til síðari umr. með 58 shlj. atkv.

### *Þjóðskjalasafn Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 642. mál (öryggismálasafn). — Þskj. 960, nál. 1195, brtt. 1196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:40]

Brtt. 1196 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (KHG, SJS, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:39]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Fyrir tæpu ári svipti sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson hulunni af njósnum og hlerunum á *íslenskum stjórnmálamönnum* og verkalýðsforustumönnum, íslenskum stjórnmálamönnum af vinstri væng stjórnmálanna, þekktum og nafnkunnum mönnum. Fram komu upplýsingar um það að um mjög grófar og umfangsmiklar hleranir hefði verið að ræða og að mjög harkalega hefði verið brotið á friðhelgi þessara manna, mjög gróf og alvarleg friðhelgisbrot.

Hér hefur náðst mjög ásættanleg niðurstaða um fyrirkomulag, varðveislu og aðgang að þessum gögnum. Hugtakið fræðimaður er skilgreint með mjög viðunandi hætti þannig að alþýðusagnfræðingar og fræðimenn úr mörgum ólíkum greinum geta óskað eftir aðgangi að safninu og komið að rannsókn á þessum gögnum sem skipta mjög miklu máli og draga fram hvaða atburðir áttu sér stað hér á dögum kalda stríðsins og hvernig þessum hlutum var fyrir komið. Því er það fagnaðarefni að þessi niðurstaða náðist í hv. menntamálanefnd.

1. gr., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

### *Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 459. mál (úthlutun byggðakvóta). — Þskj. 624, nál. 1098, brtt. 1099.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:48]

Brtt. 1099,1 (ný 1. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BjörgvS, JÁ, MÁ, SJS, SæS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:41]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um svokallaðan byggðakvóta sem er, eins og allir vita, í raun og veru viðlagaákvæði í lögunum um stjórn fiskveiða, viðlagaákvæði sem ætlað er að taka á þeim vanda sem skapast í sjávarbyggðum þar sem atvinnubrestur verður af einhverjum orsökum, m.a. vegna þess að veiðiréttarheimildir hafa verið seldar úr byggðarlagi eða veiðiréttur dottið niður í einstöku fisktegundum.

Þó að við í Frjálslynda flokknum séum ekki sammála þessari sjávarútvegsstefnu þá er viðlagaákvæðið um byggðakvótann eina vörn byggðanna og við munum styðja þetta mál en höfum auðvitað þann fyrirvara á að ef þessi aðgerð ætti virkilega að ná tilgangi sínum þyrfti slíkur byggðakvóti að vera miklu stærri, miklu fleiri tonn, ef taka ætti á vanda þeirra fjölmörgu byggða sem hafa farið illa út úr kvótakerfinu og framsalinu þar.

[11:43]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Virðulegi forseti. Við erum að greiða atkvæði um byggðakvóta. Það hlýtur þá að leiða hugann að því hvernig ríkisstjórnin hefur staðið við það sem hún ætlaði sér að gera í málefnum sjávarbyggðanna og í sjávarútvegsmálum á kjörtímabilinu. Í stjórnarsáttmálanum átti að styrkja hagsmuni sjávarbyggða — þetta hefur verið svikið. Það átti að styrkja forkaupsréttarákvæði kvóta fyrir sveitarfélög og lögaðila — þetta hefur verið svikið. Það átti að láta veiðigjald renna til sveitarfélaga — þetta hefur verið svikið. Það átti að takmarka framsal frá sveitarfélögum — þetta hefur verið svikið. Það átti að auka byggðakvóta — þetta hefur verið svikið. Línuívilnunin — einungis efnd að hálfu. Það átti að setja auðlindir í stjórnarskrá — það hefur líka verið svikið.

Þetta er árangurinn eftir fjögur ár, virðulegi forseti, núna á að skammta byggðunum eins og skít úr hnefa aðganginn að þeirra eigin auðlindum. Þetta er svívirðuverk, þetta er ekki réttlátt, þetta er ekki sanngjarnt. En, því miður, þetta er neyðarbrauð, (Forseti hringir.) okkur er stillt upp við vegg í þessu máli. Við segjum já í því en eingöngu vegna þess að

við viljum reyna að stuðla að því að rétta sjávarbyggðunum þá hjálparhönd sem þær þurfa á að halda.

[11:44]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við styðjum þetta mál en þó er þetta kerfi sem við búum við algjörlega ómögulegt. Þess vegna hefðum við talið miklu nær að þingið sameinaðist um að leita annarra leiða til að stýra fiskveiðum. Þetta kerfi hefur því miður ekki skilað nokkrum árangri. Við veiðum núna helmingi minna en við gerðum fyrir daga kerfisins og síðan þegar á að ræða stjórn fiskveiða virðist eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra þoli ekki þá umræðu, hann leitast við að láta hana fara fram að nóttu til vegna þess að hann er algjörlega röklaus í að færa fyrir því einhver rök að það eigi að halda þessu áfram. Hvers vegna eigum við ekki að leita nýrra leiða í stað þess að halda áfram með kerfi sem skilar minni afla? Síðast en ekki síst (Forseti hringir.) hafa tekjur sjávarútvegsins (Forseti hringir.) dregist saman á síðustu árum, frú forseti.

[11:45]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil við þessa umræðu og atkvæðagreiðslu fyrst og fremst þakka hv. sjávarútvegsnefnd fyrir mjög vel unnin störf að þessari lagasetningu. Það er enginn vafi á því að þau lög sem nú munu gilda um skipan byggðakvótans munu tryggja það að honum verður deilt út með markvissari hætti og er það líklegra til þess að skila góðum árangri fyrir byggðirnar í landinu. Að því er að sjálfsögðu stefnt.

Það er mjög ánægjulegt til þess að vita að einmitt um þetta mál sem oft hefur verið tekist á um í þinginu skuli hafa tekist svona breið og almenn pólitísk samstaða eins og við sjáum á atkvæðagreiðslutöflunum. Það er almenn samstaða um málið. Ég er að vísu sammála því sem sagt hefur verið að það er skaði að umræðan um þetta góða mál skyldi ekki hafa farið fram í dagsbirtu þannig að fleiri hefðu getað gert sér grein fyrir hversu gott mál er hér á ferðinni og sérstaklega hlýtt á mjög athyglisverðar yfirlýsingar hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar sem ég vonast til að þjóðin eigi eftir að fá að lesa, þótt síðar sé, vegna þess að þar var mjög brotið í blað og fitjað upp á mjög áhugaverðum hlutum sem ég held að eigi eftir að vekja athygli.

[11:46]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um frumvarp sem lýtur að stjórn fiskveiða og kveður á um byggðakvóta, úthlutunaraðferðir til að úthluta byggðakvóta til þeirra sjávarbyggða sem hafa farið sérstaklega halloka, m.a. út af núverandi fiskveiðistjórnarkerfi eða kvótakerfinu. Þetta er eina leiðin sem Alþingi hefur enn til að koma til móts við brýnar þarfir, koma til móts við möguleika til nýliðunar í fiskveiðum í gegnum byggðakvóta.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðjum þetta mál en höfum náttúrlega þann fyrirvara á að heildarfiskveiðistjórnarkerfi er ranglátt. Það kemur hart niður á smærri sjávarbyggðum sem eiga allt sitt undir því að geta nýtt auðlindirnar sem eru fyrir ströndum landsins, (Forseti hringir.) íbúunum öllum til heilla.

Brtt. 1099,2 (2. gr. verði 3. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 1099,3 (ný 3. gr., verður 2. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:50]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 73. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 54:1 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** HBl.

8 þm. (HHj, JÁ, LB, MÁ, SKK, SJS, SæS, ÞSveinb) fjarstaddir.

## *Almenn hegningarlög, 3. umr.*

Stjfrv., 465. mál (aukin refsivernd lögreglu). — Þskj. 644.

[11:51]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Við fjöllum um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Frumvarpið gengur út á það að bæta refsivernd lögreglunnar.

Ég vil lýsa því yfir í upphafi að ég styð frumvarpið mjög eindregið og tek þar undir sjónarmið sem fram hafa komið frá Landssambandi lögreglumanna og heildarsamtökum þeirra einnig. Landssambandið hefur sent Alþingi ítarlega greinargerð til að skýra málstað sinn og vísar til þess í greinargerðinni að í langan tíma hafi Landssamband lögreglumanna barist fyrir því að starfsumhverfi lögreglumanna verði bætt og dregið úr þeirri hættu sem felst í framkvæmd lögreglustarfa.

Í greinargerðinni er vísað í könnun sem framkvæmd var árið 2004 að beiðni Landssambands lögreglumanna, Lögregluskóla ríkisins, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélags Íslands og dómsmálaráðuneytis. Um var að ræða mjög víðtæka rannsókn og var öllum starfandi lögreglumönnum sendur spurningalisti sem varðar málefnið, starfsumhverfið og þá sérstaklega með tilliti til þeirrar hættu sem fylgir þessum störfum.

Markmið rannsóknarinnar var m.a. að kanna viðhorf lögreglumanna til starfsumhverfis síns og viðhorf til ýmissa mála er lúta að starfi þeirra. Ýmsar áhugaverðar niðurstöður komu úr könnuninni, en landssambandið segir að það

sem mesta athygli hafi vakið að þeirra dómi hafi verið hve ógnvænlega hátt hlutfall lögreglumanna hefði orðið fyrir hótunum eða ofbeldi í starfi. Fram kom í könnuninni að 64% lögreglumanna höfðu orðið fyrir hótunum sem þeir tóku alvarlega eða að þeir voru áreittir vegna starfs síns. Þá höfðu 54% lögreglumanna orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi sínu. Loks kom fram að í 41% tilvika hafði hótunum eða öðru alvarlegu áreiti verið beint að fjölskyldum lögreglumanna. Ég er ekki alveg viss um að menn geri sér almennt grein fyrir þessum ógnvænlegu tölum, að í 41% tilvika hafði hótunum verið beint að fjölskyldum lögreglumanna, þar sem hótað er alvarlegu áreiti.

Í greinargerðinni segir að Landssamband lögreglumanna hafi farið þess á leit við embætti ríkislögreglustjóra í lok árs 2005 að gerð yrði samantekt um fjölda skráðra mála sem vörðuðu ofbeldi gegn lögreglumönnum og hvernig afgreiðslu málin fengju. Í eftirfarandi samantekt, og hér vísa ég í greinargerð frá Landssamband lögreglumanna, kemur fram að í miklum meiri hluta mála hafi þeim lokið án ákærumeðferðar og dóms. Samtals voru málin á árinu 2005, óháð málsmeðferð, 60 talsins, 2004 voru þau 78, 2003 voru þau 87, 2002 voru þau 69 og 2001 voru þau 79. Í töflunni kemur fram að í verulegum mæli eru málin ekki til lykta leidd.

Landssambandið sendi hæstv. dómsmálaráðherra skýrslu þar sem gerð var grein fyrir óviðunandi vinnuumhverfi lögreglumanna og óskaði landssambandið eftir að ráðherra beitti sér fyrir að starfsumhverfi þeirra yrði bætt. Landssambandið segist hafa farið þess á leit að skoðað yrði hvort ekki þætti nauðsynlegt að herða refsingar vegna hótana og ofbeldis í garð lögreglumanna auk annarra úrræða sem líkleg væru til að ná árangri. Landssambandið hrósar hæstv. dómsmálaráðherra fyrir að leggja fram þessar breytingartillögur við almenn hegningarlög sem lúta sérstaklega að vernd lögreglumanna.

Landssambandið tekur djúpt í árinni og segir, með leyfi forseta:

„Nái breytingin fram er ljóst að um mikil tímamót verður að ræða varðandi réttindabaráttu lögreglumanna og miklar líkur á að starfsumhverfi lögreglumanna batni verulega."

Í athugasemdum við frumvarpið eru síðan reifaðar einstakar greinar þess og gerðar tillögur þar að lútandi sem ég ætla ekki að rekja í þessari stuttu ræðu minni.

Landssamband lögreglumanna hvetur til þess að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Ég ítreka stuðning minn við frumvarpið. Auðvitað hvílir geysileg ábyrgð á herðum lögreglumanna í sínu starfi og að sjálfsögðu þurfa þeir að fara mjög varlega með það vald sem þeim er falið, að það verði aldrei misnotað. Auðvitað þarf að hyggja að vernd þeirra sem taka t.d. þátt í mótmælum, andófi hvers kyns og koma þannig inn á verksvið lögreglunnar, ef við getum orðað það svo. Þarna þarf að sjálfsögðu alltaf að gæta mikillar hófsemi, en ég bendi á að lögreglumenn eru mjög meðvitaðir um þessa ábyrgð sína og minni t.d. á að Landssamband lögreglumanna hefur alltaf haft efasemdir um það, og ég veit ekki til þess að breyting hafi orðið þar á, að lögreglan bæri vopn, svo dæmi sé tekið. Lögreglumenn og samtök þeirra hafa haft efasemdir um slíka þætti.

Hitt er svo annað mál að þegar í ljós kemur í hve ríkum mæli lögreglumenn verða fyrir ofbeldi og áreiti, svo ekki sé á það minnst þegar fjölskyldur þeirra verða fyrir slíku áreiti, þegar haft er í hótunum við þær, þá ber okkur sem samfélagi að veita þeim þá lagavernd sem kostur er. Frumvarpið, þessi breyting á lögunum, hnígur í þá átt.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra um frumvarpið en lýsi yfir stuðningi mínum við það.

[12:01]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Hér erum við að ræða frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem eykur refsivernd lögreglumanna. Ég tek það fram í upphafi að við styðjum þetta mál, teljum það jákvætt skref í að auka refsivernd lögreglu sem hefur lengi kallað eftir lagabreytingum í þá átt sem hér er á ferðinni.

Til að byrja með langar mig auðvitað að setja þetta mál í það samhengi og það umhverfi sem lögreglumenn almennt starfa í. Eðli málsins samkvæmt er það hluti af starfi þeirra að setja sig í hættu og það er ólíkt öðrum opinberum starfsmönnum að það er hluti af starfsskyldu þeirra. Við sjáum að álag á lögreglumönnum er mikið. Það kom fram í meðförum nefndarinnar að samkvæmt könnun sem Landssamband lögreglumanna hefur gert er meðallífaldur lögreglumanna 10 árum lægri en annarra einstaklinga í þessu samfélagi. Það kom einnig fram að 1% stéttarinnar hefur svipt sig lífi. Þetta eru vísbendingar um að álag sé mikið á lögreglumenn og þetta er ákall til okkar um að standa okkur betur í að draga úr því álagi og tryggja öryggi þeirra á vettvangi.

Það eru miklir hagsmunir í húfi, bæði fyrir viðkomandi einstaklinga en það má heldur ekki gleyma því að á bak við lögregluvaldið liggja ákveðnir almannahagsmunir og ef ráðist er á lögreglumann er ekki bara verið að ráðast á hann sem einstakling, heldur líka á þessa almannahagsmuni. Þess vegna er það fullkomlega réttlætanlegt og skynsamlegt að þessi stétt búi við sérstaka refsivernd, að það varði þyngri refsingu að ráðast á lögreglumann en á aðrar stéttir. Ég held að slíkt sé til staðar í öllum löndum sem við berum okkur helst saman við. Almannahagsmunir eru hér að baki sem kalla á þessar sérstöku leiðir sem farnar eru í núverandi lögum og í þessu frumvarpi.

Það má heldur ekki gleyma annarri stétt sem verður fyrir ofbeldi, tollvörðum. Það kom fram í meðförum allsherjarnefndar að tollverðir verða fyrir ofbeldi eins og lögreglumenn, og kannski ekki síst fyrir svívirðingum og hótunum. Það var dregið sérstaklega fram í máli fulltrúa þeirra að oft er fjölskyldu tollvarðar hótað. Auðvitað gerist slíkt einnig í tilviki lögreglumanna og hugsanlega í æ meira mæli en áður en þetta finnst mér grafalvarlegt. Við höfum hér tvær stéttir sem sinna grundvallarstarfi í samfélagi okkar sem þurfa að búa við slíkt umhverfi. Kannski er aldrei hægt að koma alveg í veg fyrir það en í þeim tilvikum sem þetta kemur upp er að mínu mati nauðsynlegt að hart sé brugðist við. Við þurfum að finna einhvers konar úrræði gegn slíkum hótunum í garð fjölskyldna þessara einstaklinga, það er barátta sem við eigum aldrei að gefa eftir í.

Við sjáum líka að í þeim málum sem lúta að ofbeldi í garð lögreglu og hafa þó farið fyrir dómskerfið eru dómarn-

ir skammarlega vægir. Ég hef oft gagnrýnt dómstólana úr þessum ræðustóli og annars staðar, mér finnst dómstólar landsins vera að hunsa ákveðinn löggjafarvilja sem birtist í lögunum. Við erum búin að taka pólitíska ákvörðun um þann refsiramma sem dómstólar ákváðu síðan að hunsa. Þetta er að sjálfsögðu ekki eini málaflokkurinn sem þetta varðar. Skýrasta dæmið er að sjálfsögðu kynferðisafbrotin. Þar eru skammarlega vægir dómar eins og öll þjóðin áttar sig á og sér vikulega. Við þurfum að brjóta þennan vítahring. Það er ekki nóg að ná fram réttlæti, það þarf líka að líta út fyrir að réttlæti hafi verið náð. Ég held að hvorugt þessara skilyrða hafi verið uppfyllt hvað varðar þennan málaflokk og síðan kynferðisafbrotin. Við ræðum vonandi kynferðisafbrotin seinna í dag þar sem sérstakt frumvarp verður til umræðu hvað það varðar, ýmsar góðar réttarbætur þar á ferðinni.

Ef þetta frumvarp verður samþykkt fá dómstólar þau skýru skilaboð frá löggjafanum að taka harðar á því ofbeldi sem beitt er gegn lögreglumönnum. Það er viðurkennt í lögfræðinni að þegar löggjafinn ákveður að hækka hámarksrefsinguna eins og við erum að gera hér eru það skilaboð til dómstólanna um að þyngja refsingar. Það gefur einnig dómstólunum færi og möguleika á að komast upp úr þeim fordæmum sem þeir að sjálfsögðu líta til og eiga að líta til. Af því að fordæmi eftir fordæmi særir réttlætisvitund þjóðarinnar og fer í bága við þann vilja sem hér birtist þurfum við með einhverjum hætti að taka á því. Hér er farin sú leið að hækka einfaldlega hámarksrefsinguna til að koma þessum skilaboðum til dómstólanna.

En þetta eru ekki bara skilaboð til dómstóla, þetta eru líka skilaboð út í samfélagið um að það verði tekið hart á ofbeldi í garð lögreglumanna og tollvarða. Varnaðaráhrif löggjafarinnar geta verið mikil, bæði þau almennu og hin sértæku. Skilaboð löggjafans skipta miklu máli. Við þurfum að senda út þau skilaboð að okkur sé alvara með að bregðast við langvarandi vanda og ákalli lögreglumanna.

Það er einnig mikilvægt að huga að þeirri staðreynd að stór hluti þessara mála er látinn falla niður í meðförum ríkissaksóknara. Þessi mál eiga það einnig sameiginlegt með kynferðisbrotunum að mínu mati að allt of mörg mál sem þó komast til ríkissaksóknara eru látin falla niður. Á þetta bentu lögreglumenn í meðförum þessa máls í nefndinni og við þurfum einhvern veginn að hækka hlutfall þeirra mála sem rata til dómstólanna.

Ég vona að ég fari ekki rangt með en fulltrúar frá ríkislögreglustjóraembættinu bentu á að 90% þeirra mála sem hér er um að ræða eru látin falla niður hjá ríkissaksóknara. (**Gripið fram í:** Á hendur lögreglunni?) Já, á hendur lögreglunni, 90%. Þetta skrifaði ég a.m.k. eftir honum. Ef þetta er rangt dreg ég það til baka en þetta er auðvitað sláandi hlutfall ef rétt er. Þetta er annar angi af vandamálinu. Auðvitað veit ég að ríkissaksóknari getur verið í erfiðri aðstöðu þegar kemur að því að fara með svona mál til dómstóla en við skulum leyfa dómstólunum að skera úr vafaatriðum. Ég geri mér fulla grein fyrir því að ákæruvaldið er bundið þeirri reglu að fara ekki með mál af stað nema það sé líklegt til sakfellis. Ég átta mig vel á því en ég bendi einnig á að þau brot sem hér er um að ræða eru svokölluð samhverf brot. Hvað þýðir það? Það þýðir að það er ekki áskilið að það sé raunverulegt tjón. Það þarf ekki að sanna að það sé líkamlegt tjón eða tjón á eignum í samhverfum brotum. Þetta skiptir máli því að oft eru mál látin falla niður ef tjónsafleiðingar eru engar. Í málum samhverfra brota á hins vegar að fara af stað.

Þetta hefur líka þau áhrif, bæði hinir vægu dómar sem við sjáum hvað varðar ofbeldi gagnvart lögreglumönnum og síðan þetta háa hlutfall mála sem er látið falla niður hjá ríkissaksóknara, að draga hugsanlega úr hvatningu til lögreglumanna um að standa í málinu. Hugsanlega sjá þeir ekki ástæðu til að standa í því. En það á að sjálfsögðu ekki að þurfa og hér á ákæruvaldið að koma inn.

Ég fer að ljúka máli mínu þar sem ég styð frumvarpið og hef bent á nokkra þætti því til stuðnings. Vonandi mun þetta leiða til þess að ofbeldi í garð lögreglumanna og tollvarða minnki. Það er auðvitað markmiðið. Það eru væntanlega mörg skref sem þarf að taka í því. Hér er verið að taka eitt skref sem er nauðsynlegt að mínu mati. Síðan er það stóra spurningin um að auka almenna virðingu fyrir lögreglumönnum og tollvörðum. Við eigum að hafa það innprentað í vitund okkar og samfélag að sýna lögreglumönnum og tollvörðum tilhlýðilega virðingu. Þetta eru einstaklingar sem vinna afar mikilvægt starf í okkar samfélagi. Það er hluti af starfsskyldu þeirra að setja sig í hættu, og skilaboð okkar úr þessum sal þurfa að vera mjög skýr um að við munum ekki líða að það sé brotið á þessum einstaklingum.

[12:12]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það er skemmst frá því að segja að ég styð þetta frumvarp. Það er mikil bót fyrir þá sem hafa lögregluvald með höndum og nær til fleiri en lögreglumanna eins og fram hefur komið, til starfsmanna Tollgæslunnar og Landhelgisgæslunnar og síðan einnig fangavarða. Það er mjög mikilvægt að tryggja réttaröryggi þessara manna og það kemur einfaldlega fram í fylgiskjali með frumvarpinu að það ástand sem hér ríkir er óviðunandi. Það er vitnað í dóma þar sem fram kemur að árásarmaður sem sparkar í andlit lögreglumanns, brýtur gleraugu hans og félagi lögreglumannsins jafnvel bitinn í sömu árás þarf í raun ekki að sæta refsingu. Hann er dæmdur í fangelsi í 90 daga en fullnustu refsingar er frestað skilorðsbundið í tvö ár. Það eru allar líkur til þess að viðkomandi árásarmaður sleppi við að taka afleiðingarnar af svona hrottalegum árásum sem geta haft í för með sér lífshættulegan skaða. Það er óviðunandi og þessu þarf að breyta. Liður í því er að hækka refsirammann og þessi breyting mun þá hafa það í för með sér.

Ég vil hins vegar taka fram að ég er almennt ekki fylgjandi því að við leysum öll okkar þjóðfélagslegu vandamál með því að hækka refsingar og varpa fólki í fangelsi, hvort sem það er fyrir misnotkun fíkniefna eða ýmis önnur brot. Við verðum að leitast við að leysa það sem miður fer með margvíslegum hætti og takast ekki einungis á við vandamál þjóðfélagsins með því að varpa fólki í fangelsi. Samt sem áður verður að líta til þess að það ástand sem ríkir hér, að hægt sé að ráðast á lögreglumenn, tollverði og fangaverði án þess að það hafi einhverjar afleiðingar í för með sér fyrir viðkomandi árásarmenn, er ólíðandi og þess vegna verðum

við að breyta þar. Þetta er að mínu viti liður í því.

Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta frumvarp enda lít ég svo á að það sé nokkuð góð sátt um að þessu þurfi að linna í samfélaginu. Það leiðir auðvitað hugann að því hvernig er með svipuð ofbeldisbrot gegn almenningi. Mig grunar að víða sé pottur brotinn hvað það varðar. Ofbeldismenn virðast því miður komast upp með að ráðast á fólk án þess að það hafi í för með sér afleiðingar fyrir þá. Það er ekki tekið með nægilega skýrum hætti á ofbeldismönnum sem ráðast á fólk, hvort sem það eru lögreglumenn, tollverðir eða hinn almenni borgari. Það er eitt af því sem við eigum ekki að sætta okkur við, ofbeldi og síst gagnvart lögreglumönnum.

[12:16]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil segja nokkur orð um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Ég styð hjartanlega þær breytingar sem verið er að gera til að styrkja lögregluþjóna í sínum mikilvægu störfum. Það er mikilvægt að öryggisgæslan í landinu sé öflug og fagmannlega unnin því að eðli hennar er að stuðla að almannaheill *og öryggi þegnanna. Því er mjög alvarlegt ef ráðist er á lög*reglumenn, tollþjóna eða fangelsisverði sem eru að sinna störfum sínum af skyldurækni og við því eiga vitaskuld að vera harðari refsiákvæði og viðurlög en við öðrum brotum.

Hæstv. forseti. Það liggur þunnur þráður hvað varðar öryggisgæslu, þ.e. á milli þess að halda aftur af ofbeldismönnum og koma að óeirðum, vera í miðbæ Reykjavíkurborgar um helgar og finna óróa og ógn sem liggur í umhverfinu, og þess að sýna stillingu og bregðast rétt við og hugsanlega að bregðast við á þann hátt að það æsi upp eða efli andspyrnu og óróa og hugsanlega frekari árásir á lögregluna en þyrfti að vera. Þetta er vel þekkt. Sem betur fer höfum við fram undir þetta lifað í þjóðfélagi þar sem við höfum talið okkur geta gengið örugg um göturnar. Við höfum talið okkur örugg í miðbæ höfuðborgarinnar og annars staðar um helgar. En nú er það ekki svo. Ráðist er á blásaklaust fólk að tilefnislausu og það barið til óbóta. Eins verður lögreglan, sem sinnir gæslustörfum, fyrir miklu áreiti og hótunum. Er nú svo komið að lögregluþjónar þurfa að vera tveir á ferð hið minnsta og tilbúnir til þess að bregðast við áreiti sem var ekki hér fyrir fáum árum.

Við erum heldur ekki vön því að almenningur efni til mótmæla eða uppþota. Þau fáu mótmæli og uppþot sem hafa orðið eru skráð í Íslandssöguna, eins og þegar ríkisstjórnin og þingið kom okkur inn í NATO. Það er eitt helsta dæmið sem vitnað er til. En margt breytist, bæði betri vitund þjóðarinnar og vöktun á því sem okkur er kært — er ég þá að tala um umhverfismálin — og síðan sú alþjóðlega hreyfing eða vakning sem hefur verið víða erlendis hjá almenningi, þ.e. að fólk lætur í sér heyra ef því er misboðið. Nýlegustu uppþot eða mótmæli af þessum toga eru nýafstaðin í nágrannalandi okkar Danmörku, í Kaupmannahöfn, þar sem lögreglan stóð allt að því í bardaga hreinlega við hóp fólks sem ætlaði sér að verja þar húsnæði með öllum ráðum. Þar kom til snarpra átaka og í raun var hernaðarástand á ákveðnu svæði í Kaupmannahöfn og lögreglan þurfti meira að segja að kalla til liðsauka frá Svíþjóð. Þetta eru harkaleg viðbrögð við ákveðnum aðgerðum sem við megum búast við að berist hingað til lands. Við höfum reyndar orðið vör við það. Til dæmis hafa Íslendingar mótmælt kröftuglega. Helmingur þjóðarinnar lýsti sig andvígan Kárahnjúkavirkjun. Stór hópur fólks mótmælti á Austurvelli fyrir utan Alþingishúsið heilan vetur. Það mótmælti því að lög um Kárahnjúkavirkjun og stóriðju á Austurlandi yrðu samþykkt á Alþingi. Hópur fólks fór austur á land til að mótmæla virkjunarframkvæmdunum og langstærsti hluti þessa hóps kom til þess að mótmæla friðsamlega. Þau eru teljandi á fingrum annarrar handar atvikin sem segja mætti um að fáir einstaklingar hafi farið út fyrir friðsamlegan ramma. Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að halda því fram — eftir að hafa verið á svæðinu og heyrt frásagnir fólks af viðbrögðum lögreglunnar og öryggissveita á Austurlandi gagnvart þessu fólki sem var að stórum hluta ungt — að viðbrögð lögreglunnar hafi verið allt of harkaleg.

Þarna vil ég að við stöldrum við, hæstv. forseti. Um leið og við viljum vernda lögregluna og öryggisverði og tollverði fyrir ógnunum og hótunum og meiðingum þá er ljóst að staðreyndin er sú að ofbeldi leiðir af sér ofbeldi. Ef of harkalega er brugðist við, ef tekið er á móti þar sem eðlileg *mótmæli fara fram á friðsamlegan hátt og engin hætta er á* að mótmælendur valdi öðrum líkamlegu tjóni eða skaða, nema þá helst sjálfum sér, þá er mikilvægt að fara með gát. Við þurfum að gæta þess að sú vernd sem við viljum veita lögreglunni verði ekki til þess að styrkja stjórn lögregluembættanna, sýslumannsembættanna, þannig að þessu *verði haldið áfram og að viðbrögð við mótmælum verði* jafnharkaleg og þau voru gagnvart þessum hópi og einstaklingum fyrir austan. Þá er ég að tala um langstærsta hluta þeirra sem voru að mótmæla.

Hvað varðar vopnaburð þá tek ég undir og hvet til þess að farið verði að þeim vinnureglum sem komið hafa frá lögreglumönnum sjálfum, þ.e. að almennt verði enginn vopnaburður hjá lögreglunni heldur eingöngu hjá sérsveitum og að öllum slíkum æfingum verði haldið í skefjum.

Að þessu vildi ég koma í þessu máli, þ.e. að eins mikilvægt og það er að tryggja öryggi lögreglunnar þá er jafnmikilvægt að tryggja öryggi borgaranna og það að friðsamleg mótmæli séu viðurkennd og að farið sé að málum með virðingu og gát og ekki stuðlað að því að efna til eða æsa til frekari átaka en ástæða er til. Ofbeldi leiðir af sér ofbeldi.

Aðeins um stöðu lögreglunnar: Ég tel að á flestum sviðum þurfi lögregluembættin að fá liðsauka, sérstaklega í götulögregluna og eins til almennra starfa, til að geta sinnt því hlutverki sem þeim ber. Ég get aftur tekið dæmi af Austurlandi og þeim miklu umsvifum sem þar hafa verið undanfarin ár. Lögregluembættið þar hefði þurft að fá miklu meiri liðsstyrk til að sinna almennum eftirlitsstörfum, almennum löggæslustörfum, til þess að fylgjast með þeirri miklu umferð, þeim miklu þungaflutningum og þeim mikla fólksfjölda sem komið hefur inn á svæðið við þær sérstöku aðstæður sem ríkja þegar vinnubúðir eru reistar fyrir mörg þúsund manns. Ég tel að svæðið hefði þurft á miklu fleiri lögregluþjónum að halda einmitt til þess að gæta hagsmuna almennings og stuðla að almennu öryggi borgaranna og sérstaklega umferðarinnar.

[12:27]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Ég vil draga fram nokkur önnur atriði í seinni ræðu minni og ítreka stuðning minn við frumvarpið eins og ég gerði í fyrri ræðu minni í morgun og við málið sjálft þegar það var til 1. umr. fyrir nokkrum vikum.

Eins og fólk áttar sig á þá er hér verið að gera tímabærar breytingar sem auka refsivernd tiltekinna stétta hér á landi. Ég minntist sérstaklega á lögreglumenn og tollverði áðan. En það er ástæða til að draga það fram að frumvarpið tekur einnig til fangavarða sem líka búa við lakari refsivernd en sú stétt á skilið. Mér finnst ástæða til að draga það sérstaklega fram og setja það jafnvel í samhengi við þá stöðu sem nú er uppi í fangelsismálum þjóðarinnar. Fangaverðir standa nú í kjarabaráttu sem ástæða er til að huga að. Það er ábyrgðarhluti að leyfa ástandinu að þróast með þeim hætti að fangaverðir telji sig knúna til að ná fram eðlilegum kröfum á þann hátt sem blasir við. Það er alveg ljóst að ef við ætlum að halda hér uppi frambærilegri, nútímalegri og skilvirkri fangelsisþjónustu þurfum við að gera vel við fangaverði. Sú stétt starfar við mjög erfiðar aðstæður eins og lögreglumenn og tollverðir og starfsmenn Landhelgisgæslunnar, en þetta mál nær að sjálfsögðu til þeirra, þeirra sem fara með lögregluvald eða heimild til líkamlegrar valdbeitingar. En það er ástæða til að draga fangaverðina sérstaklega fram þar sem fangelsismálin eru öll í umræðunni, ekki bara kjarabarátta fangavarða. Ég vil úr þessum ræðustól varpa fram þeirri hvatningu að þau mál verði leyst sem fyrst. Það gengur ekki að horfa hlutlaus á það ástand sem þar er að þróast. Ég ákalla stjórnvöld til að bregðast við með einhverjum hætti hvað þetta varðar. Við þurfum að borga þessari stétt mannsæmandi laun. Hún þarf að fá eðlilegt endurgjald fyrir sína ómetanlegu vinnu. Fáir geta ímyndað sér hvernig það er að starfa innan fangelsismúranna eins og fangaverðir gera. Þeir lenda í alls konar aðstæðum sem fólk á eflaust erfitt með að átta sig á.

Staða fangavarða tengist stöðunni líka almennt í fangelsismálum. Í áratugi hefur verið barist fyrir nýju fangelsi og ekki hefur legið á okkur í Samfylkingunni að tala fyrir nauðsyn þess að svo sannarlega þarf að taka til hendinni hvað það varðar. Við þurfum að bæta fangelsisaðstöðu hér á landi. Sú staða kom upp, að mig minnir síðasta sumar, að fangelsi landsins bókstaflega fylltust. Það er ótækt hjá sjöttu ríkustu þjóð í heimi. Tölur sem ég fékk frá upplýsingaþjónustu Alþingis í sumar sýndu að við verjum minni fjármunum í fangelsismálaflokkinn en aðrar Norðurlandaþjóðir. Það er líka ákveðin áminning um að við þurfum að gera betur í þessum málaflokki. Við þurfum að bæta kjör fangavarða. Við þurfum að hefja uppbyggingu á fangelsum sem fyrst. Við þurfum að huga að innri málefnum fangelsisins, eins og við höfum oft bent á. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur ekki síst verið í fararbroddi þess að bæta meðferðarúrræði innan fangelsa og bæta þau úrræði sem þurfa að vera fyrir hendi innan fangelsa svo að þeir sem fara í fangelsi komi ekki út verri menn eftir að afplánun lýkur. Alltaf þarf að haldast í hendur að kjör fangavarða þurfa að vera í lagi, að við þurfum að fá gott fólk til starfa þar, að þetta þarf að vera spennandi starfskostur með sanngjörnum launum, að við þurfum almennilega aðstöðu hvað varðar byggingarnar, bæði aðstöðu fyrir fanga og fangaverði og fyrir fjölskyldur fanga því ekki á að refsa fjölskyldu fanganna. Þetta þarf allt að vera í lagi. Ég tel að við getum gert það svo sé pólitískur vilji fyrir því.

Ítrekað hefur komið fram hjá öllum að menn vilja byggja nýtt fangelsi. En enn hafa ekki fengist nauðsynlegar fjárveitingar. Ég veit að ráðist hefur verið í ákveðnar endurbætur á þeim fangelsum sem fyrir eru og þau skref sem stigin hafa verið eru að sjálfsögðu jákvæð. Við fögnum þeim. En við þurfum að stíga stærri skref og leysa þessi mál í eitt skipti fyrir öll. Það er nú ein af grunnforsendunum fyrir ríkisvaldinu að hafa öfluga löggæslu og hluti af þeirri löggæslu er að hafa almennilega fangelsisþjónustu. Því miður stöndum við okkur ekki alveg nógu vel hvað varðar þó að mörg jákvæð skref hafi verið stigin.

Ég vildi í seinni ræðu minni draga þetta sérstaklega fram og nota tækifærið, fyrst við erum að ræða þessi mál, til að beina sjónum manna að baráttu fangavarða þessa dagana. Ég ítreka hvatningu mína til þeirra sem þar ráða að nauðsynlegt er að ná saman og leysa þann vanda svo að allir geti borið höfuðið hátt eftir þær samningaviðræður.

[12:34]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég kem einungis til að lýsa stuðningi við þetta frumvarp og þær breytingar sem verið er að gera. Allt það sem hv. þm. Ágúst Ólafur mælti áðan fyrir hönd Samfylkingarinnar er fullkomlega réttmætt. Frelsi einstaklingsins verður aldrei varið nema með lögum. Réttarríkið sem skiptir okkur svo miklu máli hvílir á sterkum lögum og við þurfum menn til að framfylgja lögunum. Þetta er rammi og umgerð réttarríkisins.

Það hefur komið fram við umfjöllun nefndarinnar um þetta mál að lögreglumenn sæta í vaxandi mæli áreiti og ofbeldi í starfi sínu og reyndar þeir sem gegna skyldum störfum eins og tollverðir. Í starfi sínu lenda þeir líka í margvíslegu umhverfi sem gerir það að verkum að þeir þurfa oft sjálfir að grípa til harðra aðgerða. Þá er oft erfitt að finna það einstigi sem feta verður. Það mæðir mjög og reynir á dómgreind manna. Ég tel að okkur sem felum lögreglumönnum að sinna þessum mikilvægu störfum beri að skapa þeim mjög trygga og trausta refsivernd. Þess vegna styð ég það fullkomlega að verið sé að auka hana með þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Ég er almennt talað, frú forseti, ákaflega ánægður með lögregluliðið. Mér finnst það hafa þróast vel og í vaxandi mæli tekur það þátt í ýmsum samfélagslegum verkefnum. Ég er t.d. ánægður með þær áherslur sem ég hef lesið og heyrt af hendi nýs lögreglustjóra í hinu nýja sameinaða lögregluumdæmi á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að áherslurnar sem hafa komið fram í kjölfar breytingarinnar, sem ég hef reyndar stutt árum saman, séu ákaflega jákvæðar.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson rakti áðan ýmsar upplýsingar sem komu fram við vinnu nefndarinnar sem leiddi til þess að mér brá í brún. Það kemur í ljós að lögreglumenn, tollverðir svo ekki sé nú minnst á fangaverði sem frumvarpið tekur líka til, eru í vaxandi mæli andlag ofbeldis af hálfu þeirra sem þeir þurfa að kljást við í starfi sínu.

Áreitið sem þeir verða fyrir og álagið sem fylgir því miður breyttum samfélagsháttum hefur leitt til þess að það sér á andlegri heilsu þeirra. Það kemur t.d. í ljós, sem ég hafði ekki hugmynd um, að lögreglumenn búa að meðaltali við 10 árum skemmri lífaldur en aðrar stéttir og þó ég hafi ekki handbærar tölur yfir tollverði og fangaverði þá ímynda ég mér að það sjái líka á heilsu þeirra manna sökum þess mikilvæga og erfiða starfs sem þeir sinna. Þetta finnst mér vera dæmi sem við hljótum að láta hafa áhrif á okkur og upplýsingar sem hljóta að verða til þess að við verðum að taka höndum saman um að treysta ramma þeirrar umgjarðar sem þessar mikilvægu starfsstéttir starfa innan.

Oft og tíðum er hart deilt á þessa menn vegna þess að þeir þurfa í okkar umboði stundum að beita hörku og krafti og jafnvel valdi til að stilla til friðar og sjá til þess að lögum sé framfylgt. Samfélagið hefur þróast með þeim hætti að ofbeldi fer því miður hvarvetna vaxandi, líka á okkar litla og saklausa landi. Þetta eru þær stéttir sem lenda öðrum stéttum frekar í því að takast á við skipulagða glæpastarfsemi, sem teygir anga sína líka til litla Íslands, í hinu alþjóðlega umhverfi. Fregnirnar sem við lesum í fjölmiðlum bera í vaxandi mæli blæ af þessu breytta umhverfi. Því segi ég það að þegar hér liggur fyrir tillaga um að styrkja umhverfi þeirra með því að efla og auka refsivernd þeirra styð ég það alveg heils hugar og fullkomlega. Þetta eru stéttir sem oft og tíðum njóta ekki sannmælis. Lögregluliðið er einn af grundvallarásunum sem sér til þess að samfélag okkar fari eftir ferlum réttarríkisins og við verðum að hugsa til þeirra manna sem þar eru í framlínunni og oft og tíðum uppskera vanþakklæti og stundum mjög harðar ásakanir sem eins og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson reifaði áðan eru í fæstum tilvikum á rökum reistar. Það þýðir ekki að þessir ágætu starfsmenn ríkisins verði ekki að gæta sín í hvívetna, en það finnst mér þeir hafa gert. Málsvarar þeirra sem hafa talað máli þeirra hafa gert það af samfélagslegri ábyrgð og mér sýnist sem þróunin á öllu í kringum löggregluliðið hafi verið mjög jákvæð. Þess vegna, frú forseti, *lýsi ég eindregnum stuðningi við að þetta mál verði samþykkt* og ég tel að Alþingi eigi að efla og glæða skilning sinn á mikilvægi þessara starfa sem því miður liggur oft í láginni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vísitala neysluverðs, 3. umr.*

Stjfrv., 576. mál (viðmiðunartími, EES-reglur). — Þskj. 854.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lögmenn, 3. umr.*

Stjfrv., 653. mál (EES-reglur). — Þskj. 972.

[12:41]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Hér er á ferðinni lítið mál, ákveðin leiðréttting sem talið er nauðsynlegt að gera í ljósi skuldbindinga okkar vegna Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta mál eins og mörg önnur mál var unnið tiltölulega hratt í nefndinni en við ákváðum að styðja málið í því ljósi að við fengum upplýsingar um að Lögmannafélaginu hefði verið gert viðvart um hvað væri á ferðinni og að þeir styddu þessar breytingar. Ég vil taka það sérstaklega fram að við styðjum þetta mál í því ljósi að sátt sé um þessar breytingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., 3. umr.*

Stjfrv., 654. mál (leyfisveitingar sýslumanna). — Þskj. 1216.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Íslenskur ríkisborgararéttur, 3. umr.*

Stjfrv., 464. mál (próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 1215, brtt. 1138 og 1256.

[12:42]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

*Frú forseti. Hér er á ferðinni frumvarp um breytingu á* lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Ég fór ítarlega yfir afstöðu Samfylkingarinnar til þessa máls við 2. umr. en mig langar hins vegar að koma inn á nokkur atriði við 3. umr. málsins og það ber kannski hæst í máli mínu í dag við þessa umræðu að ég mun mæla fyrir breytingartillögu sem ekki var mælt fyrir við 2. umr.

Eins og komið hefur fram, bæði í greinargerð og í máli mínu áður og annarra hv. þingmanna, er verið að ákveða hér að mörgu leyti ákveðin nýmæli sem lúta að reglum um veitingu ríkisborgararéttar. Í sumum tilfellum stóðum við frammi fyrir því að það voru jafnvel gerðar vægari kröfur til að fá búsetuleyfi en að fá ríkisborgararétt og það virðist vera eitt af markmiðum þessa frumvarps að samræma þar á milli. Hins vegar eru hér nokkur atriði sem eru umdeild ef svo mætti segja og ég dró fram sérstaklega í máli mínu við 2. umr. málsins. Ég ætla ekki tala eins lengi og ég gerði þá þar sem komið hefur verið inn á þetta áður. Hins vegar er rétt að draga það fram að 3. tölul. c-liðar 5. gr. sem gerir ráð fyrir að umsækjandi ríkisborgararéttar þurfi að standast próf í íslensku er nýmæli. Reyndar frestast gildistaka þessa töluliðar til 2009 en engu að síður er ætlast til að við sam-

þykkjum þetta hér. Í þessum tölulið er mælt fyrir um að ráðherra hafi heimild til að setja reglugerð um undanþágu frá þessu skilyrði.

Ég kallaði ítrekað eftir því í allsherjarnefnd að fá drög að þeirri reglugerð eða að fá einhverja hugmynd um hvers konar undanþágur væru væntanlegar. Ekki var orðið við því og með þeim rökum að slíkt væri einfaldlega ekki til á þessum tímapunkti. Mér finnst bagalegt að hafa ekki fengið þær upplýsingar. Það er líka alveg ljóst að ef við ætlum að gera það að skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar að einstaklingar þurfi að standast próf í íslensku þá þarf námsframboð að sjálfsögðu að vera fyrir hendi og ég held að flestir séu sammála um að svo er ekki í dag. Hins vegar liggur fyrir pólitískur vilji eflaust allra stjórnmálaflokka og þar á meðal ríkisstjórnarflokkanna um að bæta framboð á kennslu í íslensku og það er fagnaðarefni en það er auðvitað forsenda fyrir því ef við ætlum að setja slík skilyrði eins og hér er ætlast til.

Það þarf líka að huga að því að gera kennsluna aðgengilega fyrir viðkomandi hópa og þar er lykilatriði í mínum huga að kennslan þurfi að eiga sér stað á vinnutíma. Ekki er hægt að ætlast til að þeir einstaklingar sem eru í þessu ferli fari í íslenskukennslu á kvöldin eftir vinnutíma, enda held ég að það mundi ekki skila eins góðum árangri. Hér þarf að huga sérstaklega að því hvernig við framkvæmum þetta skilyrði, íslenskuprófið, kennslu o.s.frv. Undanþágurnar sem ráðherra mun hafa vald til að ákveða skipta sömuleiðis máli, hvaða hópar munu geta fengið undanþágu frá þessu skilyrði. Það er auðvitað langur listi sem hægt er að ímynda sér að væri réttlætanlegt að fengi undanþágu frá þessu skilyrði. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við skoðuðum sérstaklega og mér finnst rétt að draga fram.

Ég fór ítarlega við 2. umr. yfir athugasemdir Rauða krossins, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Alþjóðahúss hvað þetta varðar en það er eftirtektarvert að meginhagsmunaaðilar þessa málaflokks, Mannréttindaskrifstofan, Rauði krossinn og Alþjóðahúsið, eru mjög einhuga um þær athugasemdir sem þessir aðilar hafa við frumvarpið. Ein af athugasemdunum laut að því að heimila þyrfti ráðherra að taka sérstakt tillit til aðstæðna flóttamanna og fólks sem veitt hefur verið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Við í stjórnarandstöðunni teljum ástæðu til að verða við því og höfum þess vegna lagt fram breytingartillögu hvað þetta varðar. Breytingartillagan er á þskj. 1138 og þar stendur, með leyfi forseta:

„Við 5. gr.

a. Við a-lið bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að taka sérstakt tillit til aðstæðna flóttamanna og fólks sem veitt hefur verið dvalarleyfi af mannúðarástæðum.“

Efnislega er þessi breyting svipuð og þær athugasemdir sem Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn og Alþjóðahúsið gerðu, að setja þyrfti þessa heimild í lögin. Ég átta mig fyllilega á því að þeir einstaklingar sem uppfylla ekki skilyrðin eiga alltaf það úrræði að geta leitað til þingsins. Það breytist ekki með þessu frumvarpi. Varðandi þessa tvo hópa, þ.e. flóttamenn annars vegar og fólk sem veitt hefur verið dvalarleyfi af mannúðarástæðum hins vegar, þá tel ég ríkar ástæður til að hafa það svigrúm hjá ráðherra að hægt sé að taka tillit til aðstæðna þeirra.

Það er líka rétt að huga að því að þetta eru ekki stórir hópar. Þær upplýsingar komu fram í allsherjarnefnd að einungis einn einstaklingur hefur fengið dvalarleyfi sem pólitískur flóttamaður á Íslandi undanfarinn áratug. Þar fyrir utan eru auðvitað hinir svokölluðu kvótaflóttamenn sem samið er sérstaklega um. Við fengum þær upplýsingar varðandi fólk sem fengið hefur dvalarleyfi af mannúðarástæðum að það séu hugsanlega fimm einstaklingar á ári og stundum jafnvel enginn. Hér er því ekki verið að opna á almenna heimild fyrir stóra hópa hvað þetta varðar. Það er einfaldlega verið að taka tillit til sérstöðu þessara hópa sem er alveg augljós og það er ástæðulaust að fara sérstaklega í það hver sérstaða flóttamanna er annars vegar og fólks sem hefur fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum hins vegar. Okkur finnst einfaldlega rétt að bæta þessu í frumvarpið og gera þetta að lögum. Þetta rímar 100% við álit þeirra sem vinna með útlendingum og innflytjendum og þess vegna ættum við að taka þetta skref að okkar mati.

Seinni liður breytingartillögu okkar lýtur að 5. tölul. 1. mgr. c-liðar frumvarpsins sem fjallar um eitt af skilyrðunum til að fá ríkisborgararétt en þar segir, með leyfi forseta: „Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi sl. þrjú ár.“ Í núgildandi lögum eru þessi viðmið tvö ár. Við sjáum ekki ástæðu til að lengja þetta tímabil í þrjú ár og leggjum því til þá breytingu að í staðinn fyrir þrjú ár komi tvö ár, eins og nú er.

Það er einnig rétt að það komi fram að Samfylkingin studdi ekki þessi skilyrði við 2. umr. Þá er ég að tala um skilyrðin um að umsækjendur hafi staðist próf í íslensku og þetta skilyrði í 5. tölulið sem lýtur að því að einstaklingur megi ekki hafa þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðustu þrjú ár. Við studdum ekki heldur 4. tölulið við 2. umr. um að ekki megi veita einstaklingi sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá síðustu þrjú ár ríkisborgararétt. Afstaða okkar rímar sömuleiðis við afstöðu þeirra hagsmunaaðila sem ég talaði um. Að sjálfsögðu þurfa að vera ákveðin skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar hér á landi og það er auðvitað ákveðið hagsmunamat hversu langt á að ganga en við höfum einfaldlega ákveðið að taka tillit til þessara athugasemda sem eru vel rökstuddar í umsögnum þeirra aðila sem hér hafa verið taldir upp. Vonandi verður meiri hlutinn sammála okkur í dag þegar við greiðum atkvæði um þessar tvær breytingar sem við í Samfylkingunni leggjum til í breytingartillögu okkar.

Það voru líka ákveðnar breytingar afgreiddar við 2. umr. sem öll nefndin var sammála um, sem voru mjög jákvæðar breytingar. Í upprunalega frumvarpinu var heimild til að svipta einstakling ríkisborgararétti en þar hafði mönnum láðst að lesa stjórnarskrána þar sem þetta er einfaldlega bannað. Það var ánægjulegt að við náðum saman í allsherjarnefnd að taka þetta út, enda er stjórnarskráin mjög skýr hvað þetta varðar, ekki er hægt að svipta einstakling íslenskum ríkisborgararétti ef hann er á annað borð búinn að fá hann. Það var samhljóða afstaða okkar í allsherjarnefnd og þingsins, þar sem þetta var samþykkt í vikunni, að taka þetta út.

Það er líka ánægjulegt við 6. tölul. b-liðar 5. gr. frum-

varpsins að tekið er tillit til flóttamanna, að flóttamaður sem hefur verið búsettur hér sem slíkur í fimm ár geti fengið íslenskan ríkisborgararétt. Hér bættum við einnig við fólki sem fengið hefur dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Þetta er breyting sem var þverpólitísk samstaða um. En eftir stendur breytingartillagan sem við leggjum fram og kemur vonandi til afgreiðslu í dag eða á morgun, annars vegar um að dómsmálaráðherra sé heimilt að taka sérstakt tillit til aðstæðna flóttamanna og fólks sem hefur fengið hér dvalarleyfi af mannúðarástæðum og hins vegar um skilyrðið að umsækjandi hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðustu þrjú ár verði tvö ár, þ.e. við teljum ekki ástæðu til að þrengja þetta skilyrði með þeim hætti sem frumvarpið leggur til og við höfum ekki fengið nein sérstök rök fyrir því af hverju miða á við þrjú ár. En aftur tek ég fram að Samfylkingin og Vinstri grænir, að ég tel, studdu ekki þessa þrjá liði, 3., 4. og 5. tölulið í c-lið 5. gr. Það er ágætt að það komi fram.

Annað er ágætt í þessu frumvarpi eins og í flestum frumvörpum. Það er alltaf hægt að finna eitthvað jákvætt en við viljum iðulega ganga aðeins lengra en ríkisstjórnarflokkarnir og gera málin enn betri og vonandi verða þær breytingar sem við leggjum til samþykktar því að þær munu gera þetta frumvarp að enn betra máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 3. umr.*

Stjfrv., 669. mál (sauðfjársamningur). — Þskj. 1020, brtt. 1124.

[12:54]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Hér er að hefjast 3. umr. um þetta stóra mál sem gengur undir nafninu framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum. Hér er um að ræða samning ríkisvaldsins við sauðfjárbændur um fyrirkomulag á stuðningi við búvöruframleiðslu á næstu árum.

Samningurinn hefur verið gagnrýndur fyrir margt, t.d. fyrir það að hann bindi hendur næstu tveggja ríkisstjórna þar sem hann nái yfir það mörg ár og ýmis önnur atriði hafa verið gagnrýnd einnig. Hann hefur verið gagnrýndur fyrir skort á lýðræðislegu samráði. Samningurinn kom fullmótaður inn í landbúnaðarnefnd Alþingis. Samráð við aðra utan bændasamtakanna og landbúnaðarráðuneytis var að sjálfsögðu of lítið. Það er sjálfsagt að vinna í samráði við aðra í málum með slíku fyrirkomulagi og þess freistað að ná sem bestri og víðtækastri sátt milli neytenda annar vegar og framleiðenda vörunnar hins vegar.

Það er mín skoðun og okkar jafnaðarmanna að styðja eigi íslenskan landbúnað beint. Það á að styðja með beinum hætti við atvinnulíf í dreifbýli og sveitum. Þess vegna styð ég að samningar eins og þessir séu almennt gerðir. Ég held að atvinnulíf og mannlíf í dreifbýli standi höllum fæti víða og tilvist þess hvílir að sumu leyti á gerð slíkra samninga og þátttöku hins opinbera í atvinnulífi þar. Að sjálfsögðu er óskastaðan í framtíðinni að íslensk búvöruframleiðsla, eins og annar atvinnurekstur, fái þrifist án stuðnings hins opinbera. Að sjálfsögðu er það markmið bændanna sjálfra og alla annarra.

Staðan er einfaldlega sú að stjórnvöld hafa í mörgum málum brugðist byggðunum. Þau hafa brugðist þeim á ýmsa vegu. Kvótakerfið og frjálst framsal veiðiheimilda fyrir 18 árum, árið 1989, kippti fótunum undan tilvist margra byggða. Það rústaði heilu landsvæðin afkomumöguleikum að stórum hluta og hafði mjög alvarleg og afgerandi áhrif á byggðaþróun í landinu.

Þá hefur stuðningurinn við landbúnaðinn í fyrsta lagi ekki verið nægjanlegur og engin umræða hefur átt sér stað um það meðal stjórnarflokkanna tveggja sérstaklega, hvernig eigi að koma þessum stuðningi fyrir í framtíðinni. Eins og ég sagði viljum við í Samfylkingunni styðja beint við bændur og við atvinnulíf á landsbyggð og í dreifbýli. Við teljum sjálfsagt mál að ræða það eins og önnur pólitísk viðfangsefni hvernig þeim stuðningi sé best fyrir komið.

Þróunin hefur verið sú að dregið hefur úr framleiðslutengdum stuðningi og stuðningurinn verið tengdur við aðra þætti framleiðslunnar. Segja má að byggðatengdur stuðningur hafi verið aukinn og framleiðslutengdur stuðningur verið minnkaður. Þessi samningur er þannig samsettur að hann er kannski 60% framleiðslutengdur og 40% búsetutengdur eða byggðatengdur. Það er mjög jákvæð þróun að mínu mati. Ég hef ekki áhyggjur af því að minni framleiðslutenging verði til að skaða greinina með neinum hætti heldur þvert á móti til að styrkja hana.

Ég held að við eigum að auka við byggðatengdan stuðning, almennan stuðning við atvinnulíf og nýsköpun í dreifbýli og sveitum án þess að afnema að fullu hinn framleiðslutengda. Ég held hins vegar að þróunin eigi að vera í þá átt og er þannig út um allt. Auðvitað eru önnur lögmál í öðrum löndum og misjafnt hvernig menn telja stuðningnum best fyrir komið. Hvernig honum verður best fyrir komið hér. Það gefur augaleið. Við búum við séríslenskar aðstæður.

Hér er harðbýlt að mörgu leyti og aðstæður til landbúnaðar oft erfiðar. Við verðum að taka tillit til þess. Það er stuðningur við það meðal þjóðarinnar og við jafnaðarmenn styðjum það heils hugar að tryggt sé að í landinu fari fram öflug og skynsamleg matvælaframleiðsla en að hún standi að sjálfsögðu sem sterkustum fótum þannig að þær greinar fái þrifist eins og önnur atvinnustarfsemi í landinu, sem mest á frjálsum markaði þar sem samkeppnislögmálin virki og duglegir og öflugir framleiðendur fái notið sín o.s.frv.

En staðan er þannig, að hluta til út af kyrrstöðu og metnaðarleysi Framsóknarflokksins í byggðamálum, að það þarf að styðja byggðirnar beint og afgerandi. Þar þyrfti frekar að gefa í en að draga úr Það er ég algerlega sannfærður um.

Stjórnarflokkarnir hafa brugðist í mörgum þáttum á síðustu tólf árum, ekki síst á síðasta kjörtímabili. Það muna allir eftir Íraksstríðinu og eftir stuðningi ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, eða öllu heldur Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, við innrásina í Írak. Menn þekkja veru okkar á lista hinna vígfúsu þjóða.

Allir muna eftir fjölmiðlalögunum, þegar brjóta átti á bak aftur fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypu af því að hún

var ekki þóknanleg stjórnvöldum og stjórnarherrum þeirra daga. (Forseti hringir.) Það fór nú sem fór.

(**Forseti** (RG): Forseti vill inna ræðumann eftir því hvort líkur séu á að hann ljúki brátt ræðu sinni eða hvort hann óski að gera hlé á ræðunni vegna matarhlés.)

Við skulum gera hlé, frú forseti.

(**Forseti** (RG): Þá óskar forseti eftir því við þingmann að hann haldi ræðu sinni áfram að loknu matarhléi.)

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:30]

**Björgvin G. Sigurðsson** (frh.):

Frú forseti. Ég held áfram þar sem frá var horfið í ræðu minni um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvörum, 3. umr. Umræðan hefur bæði við 1. og 2. umr. verið mjög athyglisverð og að sjálfsögðu beinst að því sem mestu máli skiptir, að hér er verið að gera langtímasamning um framleiðslu við sauðfjárræktendur inn í framtíðina.

Við segjum í áliti minni hluta landbúnaðarnefndar, sem þrír fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni undirrita, að megináherslan og markmið Samfylkingarinnar sé að stuðningurinn við landbúnaðinn nýtist bændum og íslenskum neytendum. Það er útgangspunktur hjá okkur. Við viljum styðja með beinum hætti við atvinnulíf í dreifbýli. Við viljum styðja með beinum hætti við búvöruframleiðslu og íslenska bændur. Á því leikur enginn vafi. Við í Samfylkingunni styðjum það að gerður sé búvörusamningur sem þessi við bændur og framleiðendur íslenskra búvara. Það er alveg á hreinu. En við viljum að sjálfsögðu hafa aðkomu að því hvernig samningurinn er gerður, hvert innihald hans sé og hvert markmiðið er með samningnum, hvernig við teljum að því sé best náð. Við viljum semja við bændur og við viljum styðja við atvinnulíf og mannlíf á landsbyggðinni. Ég er sannfærður um að hér þarf að vera stuðningsfyrirkomulag við byggðir og búvöruframleiðslu. Byggðirnar margar hverjar eru það veikar og standa það höllum fæti að það þarf að styðja við þær.

Ríkisstjórn Íslands hefur brugðist byggðunum með margvíslegum hætti. Þó að ráðist hafi verið í gríðarlega miklar stóriðjuframkvæmdir á einstökum stað, eins og þekkt er fyrir austan, þá hefur dreifbýlið orðið eftir og þau svæði sem eru lakar sett á landinu núna eru þau svæði þar sem sauðfjárræktin t.d. er hvað útbreiddust eins og fyrir norðvestan. Þar er hagvöxturinn frægi mínus 10–30%, en hefur verið á suðvesturhorninu 20% og rúmlega það á tímabili. Þar hefur ekki verið neinn hagvöxtur. Þar hefur verið viðvarandi samdráttur þar sem landbúnaður er aðalatvinnuvegurinn. Mjólkurframleiðslan hefur staðið ágætlega. Á Suðurlandsundirlendinu og sumum hlutum Vesturlands hefur orðið gífurleg samþjöppun hjá mjólkurframleiðendum. Búin hafa stækkað verulega. Áður var, eins og þekkt er, meðalstærð kúabúa um 100–150 þúsund lítra ársframleiðsla af mjólk. Nú eru þessi stærstu bú að framleiða 500, 600, 700 og 800 þúsund lítra af mjólk á ári. Þetta er þróun innan greinarinnar. Um leið er að sjálfsögðu verið að skuldsetja greinina mjög mikið af því að á bak við þetta liggja mikil kvótakaup, sem hlýtur að vera rannsóknarefni í sjálfu sér hvernig það muni leika greinina síðar. Þess vegna verður erfitt að hreyfa við því kerfi því að yngri bændur sem eru að stækka og ætla að búa áfram hafa fjárfest fyrir verulegar fjárhæðir, fyrir milljarða kr. í það heila í kaupum á framleiðsluréttindum, fjárfest í kaupum á ríkisstuðningnum. Þannig er kerfið uppbyggt. Við viljum semja við bændur og styðja við atvinnulíf á landsbyggðinni og við viljum halda og byggja upp sátt á milli neytenda og framleiðenda. Þess vegna á að gera samninga eins og hér eru gerðir og markmiðin eru að sjálfsögðu þau að efla landsbyggðina. Stuðningurinn við landsbyggðina stendur því að mörgu leyti til grundvallar að það sé byggt og búið sé á mörgum svæðum Íslands. Ef stuðningurinn yrði tekinn af í einu vetfangi eða dregið mjög harkalega úr honum mundi það örugglega hafa mjög alvarleg áhrif á byggðina og allar breytingar á stuðningi við byggðir og búvöruframleiðslu þarf að sjálfsögðu að gera í samráði við bændur en það á hins vegar alveg hiklaust að fara í slíkt samráð og þróa stuðninginn áfram.

Eins og ég gat um áður en matarhlé var gert hefur stuðningurinn verið að minnka. Framleiðslutengdi stuðningurinn hefur hlutfallslega minnkað. Hann er líklega einhver 60% af þessum samningi, þ.e. bein framleiðslutenging. Hitt er tengt öðrum þáttum, gæðastýringu og fleiru sem er mjög jákvætt að mínu mati. Ég held að það eigi einmitt að tengja búvöru- og byggðastuðninginn við ýmislegt annað en beina framleiðslu án þess að við hverfum algerlega frá því að framleiðslustyrkja líka. En við eigum að þróa þetta kerfi hiklaust áfram af því að ég tel að til framtíðar litið þurfum við að styðja við byggð og búvöruframleiðslu á Íslandi. Mér blandast ekki hugur um það. Hins vegar er spurningin um hvernig það er gert og hvaða fjárhæðum við verjum til þess. Það er viðfangsefni stjórnmálamannanna og það er það sem við erum að ræða um núna í 3. umr.

Umræðan hefur verið nokkuð athyglisverð. Hér hefur verið farið um víðan völl byggðamálanna eins og eðlilegt er. Þetta er, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður sjálfstæðismanna, sagði við 1. umr. um málið, stærsta einstaka byggðaaðgerðin sem við ráðumst í. Það er þessi tiltekni samningur og því er mjög eðlilegt að við ræðum almennt um stöðuna í byggðamálum og áhrif byggðastuðningsins o.s.frv. og hvernig við getum leitast við að ná okkar ýtrustu markmiðum með byggðastuðningnum, sem eru þau að út um allt Ísland sé öflug byggð sem standi hvað traustustum fótum og auðvitað hlýtur það að vera framtíðarmarkmið okkar að landbúnaðurinn, eins og önnur atvinnustarfsemi á Íslandi, fái þrifist sem best með sem minnstri aðkomu stjórnvalda, að landbúnaðurinn þrífist sem mest og best án stuðnings og á frjálsum markaði. Það er að sjálfsögðu framtíðarmarkmiðið. En það er svo langt frá því að við séum að ná því markmiði vegna þess að á síðustu árum og í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur staðan á þeim svæðum þar sem atvinnulífið hvílir á t.d. sauðfjárrækt, versnað. Þar er hagvöxturinn enginn, þenslan er engin, þar er samdráttur upp á tugi prósentna o.s.frv. Því þarf að styðja við þær byggðir og það þarf hiklaust að styðja við þetta atvinnulíf. Það er það sem við eigum að gera en við eigum að sjálfsögðu að endurskoða það hvernig við náum því markmiði í samráði og sátt við bændur.

Megináhersla og markmið Samfylkingarinnar er að stuðningurinn við landbúnaðinn nýtist bæði bændum og ís-

lenskum neytendum. Við viljum byggja upp sátt og samstöðu um þennan stuðning á milli þeirra sem búa í þéttbýli og dreifbýli. 70% þjóðarinnar býr á suðvesturhorninu og við viljum að sjálfsögðu viðhalda sátt og ná sátt á milli þeirra sem hér búa og þeirra sem búa úti á landi og þeirra sem framleiða. Að sjálfsögðu þarf að vera þokkaleg sátt þarna á milli. Við viljum skapa framþróun í greininni og það sé árangursríkur stuðningur við atvinnulíf og mannlíf á landsbyggðinni. Það er algert grundvallarmarkmið. Í nefndaráliti minni hluta segir, með leyfi forseta:

„Samningur sá milli ríkis og Bændasamtaka Íslands frá 25. janúar sl., um starfsskilyrði sauðfjárræktar, sem er grundvöllur þessa frumvarps nær ekki“ ýtrustu [innskot mitt] „markmiðum um aðlögun greinarinnar að innlendum markaði né um nýbreytni í atvinnumálum dreifbýlisins og skilur bændur eftir í óvissu um kjör sín þegar útflutningsskyldu verður aflétt árið 2009. Ekki verður séð að markaðsstarf erlendis skili bændum tekjum fyrir framleiðslu sína og útflutningur því hvorki til hagsbóta fyrir bændur né neytendur.“

Af þessu tilefni vildi ég einmitt spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvernig liði þessu markaðsstarfi t.d. í Bandaríkjunum. Ég er ekki að varpa rýrð á það því ég held að slíkt markaðsstarf geti vel skilað góðum árangri þegar fram líða stundir. Ég held að menn eigi ekki að láta kjafta sig frá slíku markaðsstarfi ef þeir hafa trú á því á annað borð. Auðvitað á ekki að standa í slíku markaðsstarfi upp á punt eða vera að sóa í það fjármunum ef það er ekki líklegt til að skila neinum árangri. En mér þætti fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra landbúnaðarmála gera stuttlega grein fyrir hvernig staðan er í því starfi, hvað hefur verið lagt til þess, hverju hefur það skilað og hvaða pólitísku væntingar bindur hæstv. ráðherra við markaðsstarfið? Á að halda því áfram? Erum við að horfa á það einhvers staðar lengst inni í framtíðinni? Það þarf ekki að beintengjast útflutningsskyldunni sem slíkri þó margir hengi það saman að með afnámi hennar hafi sú starfsemi verið lögð til hliðar, sem hefur verið að eiga sér stað og þekkt er úr íslenskri þjóðmálaumræðu og það hefur endurspeglast kannski í henni að það eru ekki margir sem hafa mikla trú á þessu, það liggur algerlega fyrir.

Ég hef mjög opinn huga fyrir því að við vinnum markaðsstarf erlendis upp á að það skili bæði bændum og íslensku samfélagi alls konar ábata þegar fram líða stundir. Þetta eru risastórir markaðir, t.d. í Bandaríkjunum, og ef við kæmumst á annað borð inn á hann með einhverjum sómasamlegum hætti gætum við örugglega haft af því verulegan ábata og framleitt fyrir hann. Það er hins vegar spurning hvað sé nóg því að í því samhengi er íslensk sauðfjárrækt að sjálfsögðu agnarsmá í sjálfu sér og spurning hvað við getum staðið undir mikilli framleiðslu o.s.frv. En það er að sjálfsögðu sóknarfæri fyrir greinina. Það er að sjálfsögðu sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað ef við getum komið fullunnum landbúnaðarvörum okkar og framleiðslu erlendis og haft af því verulegan ábata þannig að sá stuðningur sem við erum að ræða um hérna, byggðastuðningur og búvöruframleiðslustuðningur, skili sér með þeim hætti inn í þjóðarbúið aftur, af því að auðvitað skilar þessi stuðningur sér með beinum hætti mjög hratt inn í ríkiskassann aftur. Það er ekki eins og verið sé að sópa þessum fjármunum burt þannig að þeir komi ekki aftur til íslenskrar þjóðar. Þeir koma allir aftur með einum eða öðrum hætti og sumir beint í gegnum virðisaukaskatt o.s.frv.

Forsendurnar fyrir byggðastuðningi eru til staðar. Byggðirnar standa margar hverjar mjög veikt og það er miður. Það þarf að styðja við bakið á þessum atvinnuháttum eins og staðan er núna og við eigum að styðja við bakið á atvinnulífi og nýsköpun á landsbyggðinni með mjög markvissum og markmiðssettum hætti svo hann skili sér klárlega til bæði framleiðenda og neytenda. Þess vegna eigum við óhikað að ræða fyrirkomulagið á stuðningnum þó svo hæstv. landbúnaðarráðherra eigi það til að rjúka upp til handa og fóta í hvert skipti sem minnst er á að þróa eigi byggðastuðninginn á einhvern hátt. Það sem ég er að segja er að við í Samfylkingunni styðjum það að byggðir og búvöruframleiðsla séu studd myndarlega þannig að það skipti máli. En við áskiljum okkur að sjálfsögðu fullan rétt til að ræða það, meira að segja við hæstv. landbúnaðarráðherra hvernig þeim stuðningi sé fyrir komið. Ég tek bara áhættuna af því hvernig hæstv. ráðherra bregst við opnum umræðum um það mál, hvernig eigi að styðja við bakið á íslenskri búvöruframleiðslu.

Útgangspunkturinn er þessi: Hafa menn pólitíska metnað og pólitískan vilja til að styðja við byggðir og búvöruframleiðslu með beinum hætti? Ef svarið við því er já, eins og það er hjá mér, hljótum við að spyrja næstu spurningar: Hvernig eigum við að koma stuðningnum fyrir og hvað eigum við að verja miklu fjármagni til þess? Það er það sem við eigum að ræða um þegar við höfum svarað hinni spurningunni, að sjálfsögðu. Þess vegna hafa allar umræðurnar, 1., 2. og nú vonandi 3. umr. ef skapast umræða aftur í dag um málið, verið mjög árangursríkar, fínar og málefnalegar milli allra stjórnmálaflokkanna. Hér hafa margir alþingismenn, þingmenn kraga, Reykjavíkur og landsbyggðar tekið mjög málefnalegan þátt í umræðunni. Hér hafa menn ekki farið upp með gífuryrði og skammir um gerð slíks samnings. Hér hefur verið málefnaleg umræða um hvort réttlætanlegt sé að gera svona samning inn í framtíðina og binda hendur ríkisstjórna næstu ára, fjármagnið sem við leggjum til o.s.frv. Það er algerlega sjálfsagt mál að við íslenskir alþingismenn ræðum það með beint og opinskátt hvernig við gerum slíkan samning af því að við fáum samninginn í hendur mjög mótaðan. Hann fer þannig inn í landbúnaðarnefnd. Landbúnaðarnefnd kemur ekki að frumgerð samningsins og síðan komum við að honum í umræðunum núna þremur, og það er hið besta mál.

Þess vegna segi ég, eins og segir í nefndaráliti frá minni hluta landbúnaðarnefndar og þrír alþingismenn Samfylkingarinnar undirrita, með leyfi forseta:

„Samfylkingin styður beinan stuðning við landbúnað en gerir skýra kröfu um árangur, til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur“

Þetta er alger kjarna- og lykilsetning í allri pólitískri umræðu um þetta mál. Við styðjum beinan stuðning við landbúnað en við gerum skýra kröfu um árangur, bæði til hagsbóta fyrir neytendur og framleiðendur. Þetta er algert grundvallaratriði og þetta er útgangspunkturinn. Svo ræðum við um hvernig stuðningnum er fyrir komið. Og eins og

við segjum hérna:

„Stuðningurinn verður að skila sér í góðri afkomu bænda og lágu verði til neytenda. Þau markmið vill Samfylkingin tryggja með gerð slíkra samninga."

Tvíhliða samningur fyrir bændur og neytendur að sjálfsögðu. Ég tel að svona samningur geti vel skilað þeim ábata til hvorra tveggja sem við leggjum hér upp með, neytenda og framleiðenda. Ég er alveg sannfærður um það. Það á ekki að þurfa að stangast á að mínu mati. Þess vegna er svona stuðningur pólitískt réttlætanlegur og pólitískt nauðsynlegur af því að byggðirnar standa veikar margar hverjar og þurfa á stuðningi að halda, atvinnulífið í sveitum. Það er alveg á hreinu. Og breytingar á stuðningsfyrirkomulagi, búvöruvernd eða búvörustuðningi á að sjálfsögðu að gera í samráði við framleiðendurna og bændurna sjálfa, að sjálfsögðu, í samráði við fólkið í sveitunum og dreifbýlinu. Fyrir það fólk erum við að vinna eins og alla aðra Íslendinga.

Samfylkingin vill jafna tækifæri allra Íslendinga til ákveðinna grunngæða, samgangna, menntunar, fjarskipta, heilbrigðisþjónustu og að sjálfsögðu er búvöru- og byggðastuðningurinn partur af því. Hann er partur af stuðningskerfi þjóðfélagsins sem við jafnaðarmenn berjumst fyrir. Við viljum byggja upp stuðnings- og velferðarkerfi sem skilar sér með mjög margvíslegum hætti til baka. Ég er algjörlega sannfærður um að einn af þáttum sem mynda það sem við jafnaðarmenn köllum sáttmála um nýtt jafnvægi á milli landsbyggðar og höfuðborgar er stuðningur við byggðir og búvöruframleiðslu með beinum hætti eins og verið er að ræða hér í dag. Ég er algjörlega sannfærður um það. Þess vegna viljum semja við bændur og þess vegna viljum við styðja við atvinnulíf og framleiðslu í sveitum og í dreifbýli þar sem við getum náð sátt og samstöðu milli neytenda og framleiðenda um það hvernig stuðningnum er komið fyrir, hve miklum fjármunum er varið í hann og hvað við fáum út úr honum. Fyrirkomulag stuðningsins er pólitískt útfærsluatriði sem á að vinna í samráði við bændur.

Öflug byggðastefna er eitt af stærstu baráttumálum okkar jafnaðarmanna fyrir komandi kosningar, að efla mannlíf og atvinnulíf í dreifbýli á Íslandi. Það er eitt af okkar stærstu baráttumálum og eitt af því sem við höfum einsett okkur að gera, förum við í ríkisstjórn eftir sextíu daga, að ráðast í öflugan stuðning við landsbyggðina á Íslandi og móta og byggja upp öfluga byggðastefnu sem unnið er eftir. Byggðastefnu með pólitískum markmiðum sem tekur til allra þátta byggðamála, menntunarmála, heilbrigðismála, samgöngumála, fjarskiptamála — háhraðanettengingar, fjarskiptasamband eru grundvallargæði í dag. Raforkuverðið, stuðningurinn við það sem kallað er flutningskostnaður, þetta þarf allt að skoða, þetta eru allt grundvallarþættir.

Við viljum að bændur og framleiðendur, garðyrkjubændur, njóti lágs raforkuverðs. Það er ekki bara stóriðjan sem á að sitja að tombóluverði á raforku. Að sjálfsögðu eiga íslenskir neytendur og bændur, og ekki síst þeir sem framleiða græna vöru, gróðurhúsabændur, græna stóriðjan sem svo er stundum kölluð, að njóta lágs raforkuverðs. Það er besti búvöru- og byggðastuðningurinn við þá grein. En hér erum við að ræða annan stuðning, en allt tengist þetta með einum eða öðrum hætti. Það þarf líka að gæta að sanngirni og jafnvægi á milli tiltekinna tegunda búvöruframleiðslunnar.

Hér er nefnt að rétt hefði verið við gerð samningsins að taka frekari skref í átt að óframleiðslutengdum stuðningi — sem er þó verulegur og stór skref hafa verið stigin í þá átt. Það eru líklega ekki, eins og ég sagði áðan, nema liðlega 60% af samningnum beintengd við framleiðslu — og gerð samninga um nýsköpun í atvinnustarfsemi í dreifbýli. Þetta segjum við í nefndaráliti. Þetta eru þau pólitísku markmið sem við viljum fá fram með slíkum samningi.

Svo er að sjálfsögðu rætt um það hvort réttlætanlegt sé að binda hendur næstu ríkisstjórnar þrátt fyrir að samningurinn eigi ekki að ganga í gildi fyrr en átta mánuðum eftir að ný ríkisstjórn tekur við völdum í vor. Að því leyti er það ólánleg tímasetning hjá hæstv. landbúnaðarráðherra að gera þennan samning á lokadögum þingsins þegar nánast enginn tími er til umfjöllunar um hann í landbúnaðarnefnd. Ég efast ekkert um að þar hefur verið vel unnið þann stutta tíma sem gafst. Það efast ég ekkert um. En auðvitað eiga svona stórir samningar sem skipta mjög miklu máli, rétt eins og mjólkurframleiðslusamningurinn sem kom þó inn fyrir nokkrum árum, að koma fyrr inn svo að ekki þurfi að vera ræða þá þegar jafnvel er komið fram yfir síðasta opinbera starfsdag þingsins.

Það sem mestu máli skiptir þó er að ræða um pólitískan metnað og pólitískan vilja til að styðja við byggðir og búvöruframleiðslu á Íslandi. Það er eitt af því sem mestu skiptir að mínu mati í allri stefnumótun okkar jafnaðarmanna í Samfylkingunni fyrir komandi kosningar, að móta og bera fram öfluga byggðastefnu. Byggðastefnu sem nær yfir alla þá þætti sem ég hef nefnt, aðgengi að menntun, öflugt háskólanám úti á landi — hefur verið kallað net háskólastofnana víðs vegar um landið og til þess tekið hve þau svæði þar sem háskólastofnanir hafa náð alvörufótfestu, eins og í Borgarfirði, á Akureyri, á Hvanneyri og víðar, hafa notið þess í miklum mæli. Ég held því að uppbygging slíkra stofnana sé jafnvel enn mikilvægari en við höfum gert okkur grein fyrir á síðustu árum.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi samgangna um allt land, uppbyggingu safn- og tengivega, aðgreiningu akreina á fjölförnustu vegunum o.s.frv. Samgöngur skipta miklu máli. Ég held t.d. að fólksflóttinn frá Vestmannaeyjum, þar sem fækkað hefur um eitt þúsund manns á tíu árum, sé vegna þess að samgöngur á milli lands og Eyja eru hörmulegar á nútímalega vísu. Þær eru einfaldlega ófullnægjandi. Unga fólkið sættir sig ekki við þær. Við verðum að halda öflugu samgönguátaki á lofti. Ég veit að pólitískur vilji er fyrir því í öllum flokkum en það er spurning hve menn setja það framarlega á stefnuskrána og í forgangsröðun ríkisfjármunanna og þeirra peninga sem við getum varið til uppbyggingar á grunnkerfum almannaveitnanna allra. Almannaveiturnar tengjast fjarskiptum að mjög miklu leyti og það er áríðandi að leysa þann vanda sem netsambandsleysið er á stórum svæðum á Íslandi. Þúsundir Íslendinga eru enn þann dag í dag, árið 2007, án háhraðatengingar frá heimili sínu.

Við þurfum líka að gera það sem við samfylkingarmenn höfum sett fram undir liðnum störf án staðsetningar þar sem við ætlum að vista mikinn fjölda opinberra starfa sem

verða til á næstu árum hér og hvar um landið, störf sem tengjast ekki staðsetningu á einum stað frekar en öðrum. Vistun slíkra starfa víðs vegar um landið skiptir mjög miklu máli og það er fín innspýting út á land til þeirra byggða sem mest þurfa á því að halda. Það er engin spurning að það er mjög mikilvægt í lítið og fámennt byggðarlag að fá kannski nokkur öflug opinber stöðugildi. Það getur skipt verulega miklu máli. Við þekkjum margfeldisáhrifin sem verða þegar tiltekin fjölbreytni er komin í atvinnusamsetningu á einstaka staði, áhrifin verða strax mjög mikil. Það skiptir því mjög miklu máli að það sé pólitískt markmið ríkisstjórnar að vista störf án staðsetningar hér og hvar um landið.

Við höfum farið yfir pólitísk markmið með þeim stuðningi sem frumvarp um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum er. Ég hef komið því skýrt til skila hver stefna Samfylkingarinnar, pólitískur vilji og metnaður, er í málinu. Það er mjög ánægjulegt hvað umræðan hefur orðið bæði málefnaleg og mikil án þess að ganga út í neinar öfgar um mál sem skiptir byggðir landsins að sjálfsögðu miklu máli. Það gefur augaleið. Mörgum þykir stuðningurinn allt of hár o.s.frv. Við þekkjum þá umræðu. Fara þarf fram vönduð og ítarleg umræða um markmið og fyrirkomulag á slíkum stuðningi. Megináhersla og markmið okkar jafnaðarmanna er að stuðningurinn við landbúnaðinn nýtist bændum og íslenskum neytendum, skapi framþróun í greininni, eins og segir í nefndaráliti okkar, og sé árangursríkur stuðningur við atvinnulíf á landsbyggðinni. Það er okkar meginmál. Síðan segir hér, ég ætla að endurtaka það og undirstrika, með leyfi forseta:

„Samfylkingin styður beinan stuðning við landbúnað en gerir skýra kröfu um árangur, til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Stuðningurinn verður að skila sér í góðri afkomu bænda og lágu verði til neytenda. Þau markmið vill Samfylkingin tryggja með gerð slíkra samninga."

Ég er sannfærður um að þessi tvö pólitísku markmið, að efla stöðu, afkomu og hag framleiðenda og sanngjarnt verð til neytenda, fara fullkomlega saman. Þessi tvö markmið á að tvinna saman og ekki á að láta eins og samningurinn komi öðrum við en ekki hinum. Samningurinn snertir alla landsmenn. Við verjum verulegum opinberum fjármunum til búvöru- og byggðastuðnings og þess vegna á að fara fram mjög opinská og hreinskiptin pólitísk umræða um málið. Það gefur augaleið og er algjörlega sjálfsagt mál.

[13:55]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einhvers staðar segir: Batnandi manni er best að lifa. Maður sér hvað þessar umræður eru þroskandi. Nú stendur 3. umr. yfir og nú heldur hv. þingmaður bestu ræðu sína um landbúnaðarmál, fer margoft yfir stefnumið Samfylkingarinnar. Maður veit að í húsi þeirra eru margar vistarverur og skiptar skoðanir. En ég fagna þessari ræðu, hún er ólík þeim ræðum sem hv. þingmaður flutti við 1. og 2. umr. Ég fagna því og tek undir margt af því sem fram kom í máli hv. þingmanns.

Hver vegur að heiman er vegurinn heim, segir í fallegum texta. Vissulega spurði hv. þingmaður mig um markaðsstarf í Bandaríkjunum sem fram hefur farið í ein fimm, sex ár og þróast með þeim hætti að Whole Foods-búðirnar hafa mikinn áhuga á því að eiga viðskipti við íslenska bændur og þeir dásama mjög íslenskan fjölskyldubúskap. Það sýnir sig að þar eigum við mikla möguleika, lambakjötið hefur fengið mikla athygli og er selt þar á háu verði sem vonandi skilar því á einhverjum tíma að bændurnir hafi eitthvað út úr því. Skyrið, ostarnir og smjörið er í miklum hávegum haft. Ein dós af skyri er seld út úr búð á Íslandi á 80 kr. en kostar 200 kr. í Bandaríkjunum. Þeir líta á skyrið með sama hætti og við, sem mikla hollustuvöru. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta er auðvitað langtímamarkmið. Áformssjóðurinn var stofnaður í framhaldi af því að Íslendingar lögðu allar útflutningsbætur af, fyrstir þjóða í Evrópu. Þetta eru 25 millj. kr. á ári og fara eðlilega ekki allar í þetta verkefni en þær hafa verið eins konar markaðssjóður landbúnaðarins sem ríkið lét landbúnaðinum í hendur.

[13:58]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir að koma til þessarar umræðu og veitir ekki af. Umræðan er mikilvæg.

Það þarf að gefa meiri gaum að markaðsstarfi erlendis, ég held að það geti skilað okkur mjög miklu. Það skiptir miklu máli fyrir íslenskan landbúnað að við höfum úthald til að standa í verkefninu á meðan við erum að ná þeim árangri sem við stefnum að. Við þurfum því að hafa markmiðssetningar algjörlega á hreinu. Hvað erum við tilbúin til að setja mikla fjármuni í þetta og hverjar eru væntingarnar? Hverju viljum við sjá að markaðsstarfið hafi skilað t.d. eftir áratug ef við tölum um prósentur, aukningu í prósentum talið á íslenskum búvörum sem fara á þennan markað, hvort sem það er skyr, smjör eða kjöt? Hvaða markmiðum teljum við okkur þurfa að ná til að réttlætanlegt sé að standa í þessu tiltekna markaðsstarfi erlendis?

Það er að sjálfsögðu svolítið á floti fyrir mörgum hvað við erum að gera þarna, hvað við erum að setja mikla fjármuni í þetta og hvaða væntingar við gerum okkur um árangur. Getum við búist við því að framleiðsla á ákveðinni kjöttegund aukist um 50%, 100% á tíu árum eða tuttugu árum? Landbúnaðurinn er svo lítill hjá okkur að það þarf kannski ekki að opnast svo stór gátt á markaði, t.d. í Bandaríkjunum, til að við getum farið að framleiða það sem telst gígantískt magn á okkar mælikvarða. Það væri mjög fróðlegt að fá fram hjá hæstv. landbúnaðarráðherra einhverja slíka pólitíska markmiðssetningu um hvað við eigum að setja í þetta af fjármunum og hvað við viljum fá út úr starfinu eftir nokkur ár. Þá getum við staðið saman um að standa í lappirnar og ljúka verkefninu þar til það er orðið ábótasamt.

[14:00]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er mjög góð spurning hjá hv. þingmanni og hann segir vissulega það sem rétt er. Menn verða að hafa úthald. Það er hárrétt. Hlutir af þessu tagi gerast ekki á einni nóttu. Við þekkjum það með sjávarútveginn og fiskinn. Menn fóru í þetta ferðalag þar fyrir 50, 60, 70 árum

og Ísland hefur fyrir bragðið uppskorið ríkulega. Ég held að menn eigi að halda Áforms-sjóðnum eins og hann er. Fyrirtækin, sífellt sterkari, mjólkuriðnaður, sláturhús og afurðastöðvar verða að leggja fram þróunarfé á móti. Menn eiga að halda áfram á þessari braut. Í gegnum þessar lúxusverslanir, þar sem fólk biður um vörur frá landi sem skilar hollum og hreinum afurðum, eigum við að ná hæsta verði í heimi fyrir okkar afurðir. Það er gaman að vera í þessum búðum þegar bestu ostameistarar Bandaríkjanna segja að Höfðingi og Dímon séu bestu ostar heimsins. Þá roðna Frakkar. Það er líka gaman þegar þeir segja að íslenskt smjör, með karótínvítamíni úr grasinu og heyinu sem kýrin étur, sé fallegasta og besta bökunarsmjör heimsins. Svo koma ferðamenn út á þessi viðskipti og úr verða mikil viðskipti á mörgum sviðum við Ísland.

Ég held að það sé hárrétt hjá hv. þingmanni að við þurfum að setja okkur markmið. Ganga hægt og rólega fram eins og gert er. Á fimm til tíu árum getur með þeim hætti verið að bændur hafi verulega mikið út úr þessum mörkuðum og það verði þjóðinni mjög mikilvægt. Bændur þurfa virkilega á því að halda að auka frelsi sitt og stækka markaðinn. Þarna eru þeir að vinna Íslandi mikið gagn og ná tengslum við fólk sem kemur aftur og aftur til að heimsækja sveitirnar, dást að íslenskum landbúnaði og Íslandi.

[14:02]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held einmitt að forsendur séu fyrir slíku markaðsstarfi. Þær felast í því að við drögum það skýrt fram hverjar séu væntingarnar og markmiðin með því að ráðast í þetta. Það er auðvelt að kjafta starf af þessu tagi niður og gera lítið úr því ef ekki liggja fyrir allar upplýsingar. Það þarf að draga skýrt fram hvernig standa eigi að málum og hvað við viljum fá út úr starfinu. Ef starf af þessu tagi sem er unnið markvisst og af metnaði og krafti, ég efast ekkert um að þetta starf er þannig innt af hendi, skilar allt í einu verulegum árangri getur það bókstaflega haft byltingarkennd áhrif á íslenska búvöruframleiðslu. Það er bara þannig.

Auðvitað getur verið að starfið skili ekki árangri. Við sem höfum staðið í hestamennsku og hrossarækt, eins og ég hef gert meðfram öðrum störfum og námi alla mína tíð, vitum að útflutningur á íslenska hestinum erlendis hefur skipt gífurlegu máli fyrir íslenskan landbúnað og íslenska hrossarækt. Tugþúsund íslenskra hesta, taminna og ótaminna, hafa verið flutt út. Það markaðsstarf sem áður var unnið af frumkvöðlum og grasrótarfólki hefur verið unnið markvissar nú og hefur orðið miklu öflugri grein sem stutt hefur verið við á síðustu árum. Ég er að mörgu leyti ánægður með hvernig hæstv. landbúnaðarráðherra hefur stutt við bakið á þeirri grein. Það er til fyrirmyndar. Það hefur skilað árangri. Það þarf að byggja yfir þá grein hvort sem það er með beinum hætti, t.d. reiðhallir til að hægt sé að stunda greinina allt árið, eða með eflingu markaðsstarfs erlendis o.s.frv.

Það má ekki vanmeta mikilvægi markaðsstarfs erlendis fyrir íslenskan landbúnað í heild sinni. Við megum ekki láta kjafta okkur frá góðum verkefnum. En við verðum að hafa algerlega á hreinu hver markmiðin eru, hverjar væntingarnar eru og hvaða ábata við teljum okkur geta náð, og þá á að fara í verkefnið af fullum krafti.

[14:05]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum þennan búfjársamning í 3. umr. og er ástæða til þess að árétta það sem áður hefur verið sagt. Í gær var atkvæðagreiðsla eftir 2. umr. Margir hafa komið að máli við mig síðan og ég hef orðið þess var að það hefur farið fram hjá mjög mörgum um hvað við ræddum og deildum. Ástæða er til að fara í gegnum þetta aftur og ítreka það sem hefur verið sagt þannig að menn megi fá glögga mynd af því sem við erum að ræða. Í gær voru greidd atkvæði um breytingartillögu sem ég hef lagt fram og hún var kolfelld. Ég held að hún hafi fengið fimm eða sex atkvæði. Ég tel nauðsynlegt að fara yfir þetta, virðulegi forseti, mér er málið skylt af því ég flutti tillöguna. Mér er það alveg óskiljanlegt hvernig allur þessi her þingmanna gat sameinast um að vera á móti tillögunni.

Við skulum fara yfir þetta enn og aftur. Við erum að styrkja sauðfjárrækt, sauðfjárrækt sem hefur grundvallarþýðingu fyrir byggð í landinu. Þar sem byggðin er veikust er sauðfjárræktin þýðingarmest. Menn deila um það, og við þekkjum þær deilur, hvort styrkir til sauðfjárræktar séu mikill kostnaður fyrir ríkið og samfélagið eða ekki. Ég hef margsinnis haldið því fram, og er reiðubúinn að halda því fram eins oft og þurfa þykir, að svo sé ekki. Ég tel mig geta fært fyrir því veigamikil rök að ef íslenska ríkið hættir að styðja sauðfjárrækt, með þeim afleiðingum sem öllum mega vera ljósar, kæmu mjög stórir kalblettir í byggð á Íslandi. Það hefði í för með sér meiri kostnað fyrir samfélagið en sem nemur því sem við verjum núna til sauðfjárræktar. Óhemjukostnaður mundi fylgja þeirri upplausn, upplausn samfélags okkar, sem væri þá ekki hægt að koma í veg fyrir. Er nú upplausnin nóg, hélt ég virðulegi forseti, eru nú félagsleg vandamál okkar nóg í þessu gnægtarsamfélagi þó við færum ekki að taka steininn úr með svo heimskulegum aðgerðum.

Þá skulum við fara yfir það um hvað verið er að deila varðandi breytingartillögu mína. Í fyrri búvörusamningum hafði ráðherra heimild til að skylda alla framleiðendur til þess að flytja út ákveðið magn af sauðfjárafurðum á ári. Tilgangurinn mátti vera öllum ljós, til að að forða því að verð félli á innlendum markaði svo mikið að búskapurinn gæti ekki við það unað. Þetta gætum við aldrei gert nema með lagavaldi. Slíkt væri aldrei hægt að gera á öðrum forsendum en þeim vegna þess að allir verða að vera undir þessa sök seldir.

Það hefur komið fram áður, virðulegi forseti, að þessi útflutningsskylda er reiknuð í Genf af WTO sem styrkur, sem jafngildi styrks. Nefndar hafa verið á undanförnum árum 1.600 millj. kr. og 1.800 millj. kr. annað árið. Þetta er reiknaður styrkur. Ríkið hefur hins vegar engan kostnað af þessum útflutningi. Hann er alfarið á kostnað framleiðenda, ríkið kemur þar hvergi nærri. Það er hins vegar rétt að í beintengingunni borgar ríkið á framleitt kjötkíló ef það fullnægir réttum gæðaflokkum, burt séð frá því hvort það er síðan selt innan lands eða utan. En engum dettur í hug að reikna það sem útflutningsstyrki og það gerir það heldur enginn.

Það er rangt, sem víða má heyra og víða má sjá skrifað, þegar menn segja sem svo að landbúnaðurinn eigi að fylgja almennum markaðslögmálum og lifa við það. Það ágæta fólk sem ég þekki svo vel í röðum ungra sjálfstæðismanna hefur margsinnis gert slíkar samþykktir. Það er eflaust fallegt og vel meint en staðreyndin er sú, virðulegi forseti, að í Vestur-Evrópu, Vesturheimi, er landbúnaður hvergi á frjálsum markaðslögmálum. Í öllum þróuðum löndum styrkja viðkomandi ríkisstjórnir á einn eða annan hátt framleiðslu sína. Þau gera það á mjög mismunandi hátt með mjög mismunandi aðferðum en alls staðar er það gert vegna þess að viðhorfið í öllum þessum ríkjum er hið sama og á Íslandi, að það borgi sig og það beri að styðja innlenda landbúnaðarframleiðslu. Þetta er viðhorf allra ríkja.

Síðan er það mismunandi hvernig þetta er reiknað. Þeir sem ráða ferðinni um það hvernig reikna skuli eru að sjálfsögðu Evrópusambandið og Bandaríkin. Þau ráða öllu. Þau ráða öllu í þeim útreikningi. Þau koma því auðvitað þannig fyrir að þeirra eigin útflutningsstyrkir eru ekki reiknaðir sem styrkir. Allur sá mikli frumskógur af víkjandi lánum, þessu kerfi í Bandaríkjunum þar sem allir útflytjendur fá víkjandi lán í stórkostlegum stíl, þeir flytja út milljónir og aftur milljónir tonna af landbúnaðarafurðum, er ekki reiknaður sem styrkur. Ekkert af því er reiknað sem styrkur. Af því að það passar ekki Bandaríkjamönnum.

Sama er með Evrópusambandið. Það hefur mjög víðtækt kerfi þar sem það kaupir upp landbúnaðarafurðir í stórkostlegum stíl þegar verð þeirra á innlendum markaði fer niður fyrir fyrir fram ákveðið lágmark. Kaupir allt upp. Síðan er farið með þessa vöru annaðhvort sem þróunaraðstoð, gjafir eða til þess að rugla heimsmarkaðinn. Eru þannig að margra áliti að vinna þriðja heiminum stórkostlegt ógagn með því að rugla verðmyndunina. Ekkert af þessu telst styrkur til landbúnaðar í Evrópu. Ekki ein einasta evra, eins og ég hef áður farið yfir, virðulegi forseti.

Það kerfi sem við höfum notað, þ.e. þessi skylda á útflutningnum til þess að halda uppi verði innan lands, sannarlega rétt, hún er reiknuð sem ígildi styrks. Því hafa fulltrúar landbúnaðarráðuneytisins verið að agnúast yfir. Þeir hafa fyrst og fremst viljað losna við útflutningsskylduna og lagt á það mjög ríka áherslu. Það var meginmarkmið samninganefndar ríkisins að fá útflutningsskylduna út. Hvernig má það vera að þessi mín ágæta ríkisstjórn, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, þar sem Guðni Ágústsson, hæstv. landbúnaðarráðherra, fer fyrir landbúnaðarmálum, stendur að slíkri samningsgerð? Hverjum er verið að þjóna með því og hvaða nauð rekur mína ágætu ríkisstjórn til slíkra vinnubragða?

Það sem um er að ræða, virðulegi forseti, svo ég fari enn og aftur yfir það gagnvart breytingartillögunni sem var felld í gær með svo miklum atkvæðamun, er þetta: Breytingartillagan gekk út á það eitt, nákvæmlega það sama og samninganefnd bænda hafði beðið um, að setja varnagla í lögin. Slá þann varnagla í lögin að sú heimild væri til staðar fyrir landbúnaðarráðherra að grípa til þess að skylda til útflutnings ef það væri dómur bændasamtakanna að þannig horfði um verðmyndun, þannig horfði í birgðamálum, að vá væri fyrir dyrum. Þetta var beiðni samninganefndarinnar. Allrar. (**Landbrh.:** Nei.) Þeir báðu um það, það liggur fyrir skriflega, virðulegi forseti, og skiptir engu máli þó menn mjálmi eitthvert nei hérna, það er hægt að leggja það fram og auglýsa upp á vegg. Þannig að þetta fer nú ekki á milli mála.

Ég vil þá fara yfir það enn og aftur, af hverju var þá þessi breytingartillaga felld? Ég geri það vegna þess að það vildi nú þannig til, virðulegi forseti, að annar hv. þm. Jón Bjarnason hafði nefnilega flutt nokkurn veginn alveg sömu breytingartillöguna, að vísu aðeins öðruvísi orðaða. Við vissum hvorugur um hinn, eins og sagt var. Hún er nokkurn veginn alveg eins. Hún var dregin til baka eftir 3. umr. og kemur nú til atkvæðagreiðslu við 3. umr. Þetta er nokkurn veginn nákvæmlega sama tillagan og því gefst mönnum nú kostur á að greiða aftur atkvæði hafi þeir ekki skilið um hvað þetta var, þ.e. í hið fyrra skipti þegar tillagan var felld.

Tillagan er um þetta. Við vitum að það eru breytingar fram undan, það eru pólitískar yfirlýsingar og við vitum að það mun verða breyting á varðandi innflutning á landbúnaðarafurðum. Við erum í víðtækum samningaviðræðum í Genf, hjá WTO, um þessi heimsviðskipti. Við vitum að það verður þannig að eflaust munu tollar lækka, eflaust munu innflutningshömlur víkja. Þess vegna vitum við það, við vitum ekki hvenær, en við vitum að í framtíðinni er von á slíkum breytingum.

Það er því ekkert óeðlilegt, virðulegi forseti, að samtök bænda beri nokkurn ugg í brjósti um þróunina. Það er ekkert óeðlilegt við það. Það er líka algerlega kostnaðarlaust af hálfu ríkisins að hafa slíka varnagla. Það kostar ríkið ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ef svartsýnismenn um þróun verðlagsins — og ég segi nú frá því að fyrir liggja ýmsar markaðskannanir á því og markaðsspár, og því miður benda þær til þess að það sé ekki hagstætt íslenskum framleiðendum. Ef þær reynast hins vegar rangar og verðlagið verður þokkalegt þannig að við má lifa á komandi árum, hvað gerir þá til að hafa slíka varnagla í lögunum? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Hann er þá bara þarna og nýtist ekki. Alveg eins og öryggisventill á gufukatli, kemur ekki að sök þó að ketillinn springi aldrei. Menn setja nú slíka ventla á fyrir því. Kemur að engri sök. Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti. Hvernig stóð á því að þessi mikli her þingmanna hér í gær gat allur ýtt á rauða takkann?

Tökum dæmi um þann góða flokk Samfylkinguna. Hér áðan var flutt mjög falleg og mjög góð og mjög rétt ræða af hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni þar sem hann fór í gegnum landbúnaðarmálin á óvenjulega viðkvæman og skilningsríkan hátt, í ræðu sem ég þakka sérstaklega fyrir. Hann segir þar að það sé stefna Samfylkingarinnar að bæði bændur og neytendur njóti styrkjanna og það sé um leið skýr krafa að menn nái árangri báðum til hagsbóta.

Hvað hefur nú gengið eftir á undanförnum árum, virðulegi forseti? Við höfum verið að styrkja landbúnaðinn. Við skulum taka mjólkurframleiðsluna fyrst. Í þeim geira báru menn gæfu til þess mjög snemma að veita leyfi til þess að framselja styrkina. Það var mjög þýðingarmikið að veita það leyfi að það væri framsal á styrkjunum enda hafði það í för með sér þann árangur að búin hafa verið styrkjast og vaxa. Mjög mikil hagkvæmni í mjólkurframleiðslunni hefur aukist mjög mikið. Búin eru orðin mjög stór.

Það er auðveldast til að átta sig á því að það hefur sann-

arlega náðst árangur með því að bera saman verðþróunina t.d. á einum lítra af mjólk og einum lítra af kóka kóla. Sjáið þið hvað kemur þar. Auðvitað hefur landbúnaðurinn verið að stuðla að mjög mikilli hagræðingu. Hann hefur skilað neytendum mjög, mjög mikilli lækkun á raunvirði landbúnaðarafurða. Staðið sig mjög vel.

Sama er um sauðfjárræktina þó að þar hafi þróunin ekki verið jafnskörp og í mjólkurframleiðslunni. Ég kenni því um, virðulegi forseti, fyrst og fremst að þar voru menn lengi vel að þráast við að veita leyfi til að selja eða framselja styrkina sem var mjög nauðsynlegt til að þrýsta á um hagræðinguna. Búa til stór og hagkvæm bú. Það þýðir ekkert nema að horfast í augu við það að það er með stórum og hagkvæmum búum sem við vitum að landbúnaðurinn á að geta þrifist og á að geta staðist samkeppnina, hið gamla búskaparlag með mjög litlum búum og fáum skepnum, það heyrir sögunni til og verður ekki til frambúðar.

Hvernig má þá standa á því að slíkur flokkur sem hv. þm. Björgvin Sigurðsson lýsti svo fagurlega áðan að hefði þessi markmið, hvernig gat slíkur flokkur sameinast um að segja nei við þessari tillögu, að allir yttu á rautt og sögðu meira að segja frá því að það hafi verið flokkssamþykkt? Til hvers gerðu þeir þessa flokkssamþykkt?

Tillagan gengur út á það að vera öryggisventill ef illa fer í verðþróuninni því þá getur ekki nema tvennt skeð: Annaðhvort að búin gefist upp, (Gripið fram í.) að það skapist hér landauðn í mörgum héruðum sem hefur óskaplegan kostnað fyrir ríkið í för með sér, eða hitt að það kemur nýr pólitískur þrýstingur á að hækka raungildi styrkjanna miklu meira en þeir eru núna. Af hverju getur flokkur eins og Samfylkingin sem hefur svo fagra stefnu eins og hv. þingmaður lýsti, af hverju gat hann þá tekið flokkslega afstöðu til þess að allir skyldu vera á móti þessari tillögu? Hvernig á nokkur maður að geta skilið þetta? (**Gripið fram í:** Hvað með þinn eigin flokk?)

Svo skulum við snúa okkur að mínum eigin flokki. Það er líka alveg rétt. Við skulum fara yfir það að Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft það sem meginkjörorð í áratugi að það skyldi vera stétt með stétt og byggð með byggð. Sjálfstæðisflokkurinn hefur á hverjum einasta landsfundi sínum gert það að samþykkja mjög öflugar yfirlýsingar um stuðning við landbúnað Íslands. En Sjálfstæðisflokkurinn hefur í gegnum áratugina hér á þinginu staðið að því og verið fordæmdur af mörgum að ætla sér og vilja að standa með íslenskum landbúnaði. Hvernig má það þá vera að þessi flokkur minn gerði í gær það sama og Samfylkingin, að allir þingmenn nema ég yttu á rauða takkann? Hvernig má þetta vera? Hvað gengur á fyrir fólki? Hvernig hafa menn misskilið þetta svona voðalega?

Ef við tökum þá Framsóknarflokkinn, flokk hins hæstv. landbúnaðarráðherra sem fyrir einhvern misskilning, við skulum segja bara misskilning, hefur leitt okkur út í þessa röngu ákvörðun að neyða bændur í þennan samning og þeir fylgja þá hæstv. ráðherra sínum. Framsóknarflokkurinn er flokkur sem hefur talið það aðalsmerki sitt frá því að hann var stofnaður að hann ætlaði að standa vörð um landbúnaðinn og var reyndar stofnaður um það á sínum tíma. Þeir greiða allir sem einn atkvæði gegn þessari breytingartillögu. Hver einasti þeirra fylgir hæstv. landbúnaðarráðherra í þeirri ógæfu sem hann er búinn að reka þá í.

Hvernig má þetta vera? Ég skil það ekki, virðulegi forseti. En ég bendi mönnum á að það gefst aftur tækifæri í atkvæðagreiðslu við 3. umr., þá verður nákvæmlega eins tillaga borin fram. Það er tillaga hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Ég skora á menn að koma þá og styðja þá tillögu úr því að neyð þeirra í gær byggðist á svo miklum misskilningi eins og sumir þeirra vilja vera láta. Þá gefst tækifæri til þess að leiðrétta það.

Það er ástæða til þess að árétta þetta hér vegna þess að við stöndum frammi fyrir því sem réttilega er sagt, að byggðamál á Íslandi standa allt of veikt og þróun þeirra hefur verið mjög hættuleg þó að vissulega sé það rangt að engin byggðastefna sé á Íslandi. Það er mikil byggðastefna á Íslandi. (**HBl:** Það þarf nú konu til.) Hún bara dugar ekki til.

Ég hlustaði t.d. í gær á mjög skrýtna frétt. Hún var þannig að rannsóknarnefnd við Háskólann á Akureyri hefði komist að þeirri niðurstöðu að það væri engin byggðastefna á Íslandi. Þetta var rannsóknarhópur við Háskólann á Akureyri. Hvað skyldi nú Háskólinn á Akureyri vera? Háskólinn á Akureyri er frá A til Ö, frá upphafi bara byggðastefna. Ekkert nema byggðastefna og við megum vera stolt af því af því hann hefur staðið sig vel, mjög vel og er kjarnastofnun í að byggja þetta land.

En hann hefði aldrei orðið til nema vegna þess að það eru byggðasjónarmiðin, að standa að því að byggja upp Akureyri, Eyjafjörð, Norðurland og landið allt, sem er grunnhugsunin í því vegna þess að menn gerðu sér grein fyrir því að byggðirnar fengu ekki staðist öðruvísi en að æðri menntun fengi að þrífast þar. (**JBjarn:** Pólitísk ákvörðun.) Pólitísk ákvörðun frá upphafi til enda og mun alltaf verða okkur til sóma. Það er hin margslungna byggðastefna sem við verðum að halda og eigum að efla og erum að efla með þessum sauðfjársamningi þrátt fyrir þessi mistök með útflutninginn, við skulum átta okkur á því. Samningurinn á að gilda og við eigum að standa vörð um hann vegna þess að það er mikill sparnaður fyrir ríkið. Það er mjög mikil þörf á því fyrir okkur til að viðhalda okkur hér sem þjóð sem við ættum að vera stolt af og höfum ástæðu til að vera stolt af.

Ég ítreka, virðulegi forseti, að það gefst tækifæri til að greiða þessu öllu saman atkvæði nú við 3. umr. og þá geta menn áttað sig á því um hvað er að ræða. Þá geta menn áttað sig á því að við erum sannarlega að gera allt sem við getum til að treysta þessar byggðir.

[14:26]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða eins og ræður þingmannsins hv. eru um þessi mál sem önnur. Það er dapurlegt að heyra hann lýsa þeim svikum sem hann upplifir greinilega af hendi Sjálfstæðisflokksins til stétta og byggða, að stétt með stétt og byggð með byggð, það væri búið. Það mátti skilja á hv. þingmanni að það hafi verið svik hvernig Sjálfstæðisflokkurinn kaus í þessu máli í gær.

Ég spurði hins vegar sérstaklega eftir því við 1. umr. um málið hvaða afleiðingar hæstv. landbúnaðarráðherra hefði talið að algjört afnám útflutningsskyldunnar mundi hafa. Svörin voru þau að þau voru talin vera hverfandi og lítil

En auðvitað er það svo að komi upp það ástand í greininni sem hv. þingmaður lýsir, þá verður fyrirkomulag stuðningsins að sjálfsögðu endurskoðað. Svo hefði ég haldið að það væri miklu eðlilegra að styrkja með beinum og skýrum hætti við framleiðsluna í stað þess að hafa hluti eins og útflutningsskylduna, sem getur komið þannig fram að framboð á vörunni haldist niðri og þar með verðið uppi. Það er því alveg hægt að færa rök fyrir því að það sé mjög ósanngjarnt gagnvart neytendum þó svo að það gæti verið keppikefli fyrir framleiðendur að geta gripið til hennar.

En komi þetta ástand upp þegar skyldan fellur niður að fullu, þ.e. eins og hv. þingmaður lýsir, þá þarf að endurskoða stuðningsfyrirkomulagið og skoða hvort þá þurfi að rífa í einhvern neyðarhemil og þá með hvaða hætti það væri gert, og hvort þá þurfi að endurskoða samninginn eða endurskoða hvernig við styrkjum greinina. Ég tel að það hafi ekki þurft að hafa þann neyðarhemil inni eins og hv. þingmaður lýsir og um það var ekki sátt í þinginu, eins og kom mjög dramatískt fram í atkvæðagreiðslunni í gær.

Þannig að náum við ekki markmiðum okkar sem eru sameiginleg hjá mér og hv. þingmanni, um að (Forseti hringir.) styrkja og styðja við byggðir og bú og búvöruframleiðslu, þá verðum við að sjálfsögðu að endurskoða það.

[14:28]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig hafa farið nákvæmlega yfir þetta. Allar þjóðir eru með stuðning við landbúnaðinn. Allar þjóðir eru með útflutningsstuðning þó að það sé ekki kallað útflutningsstuðningur.

Virðulegi forseti. Ef menn telja t.d. að Evrópuaðferðin sé betri en sú aðferð sem við erum að nota, telja menn það að við förum að láta ríkið kaupa upp t.d. sauðfjárafurðirnar, kindakjöt, við það að verðið fari niður fyrir eitthvert lágmark? Halda menn að það sé ódýrara fyrir ríkið? Halda menn að það sé betri aðferð?

Ég er sannfærður um það, virðulegi forseti, að sú aðferð að fara Evrópuleiðina er miklu verri og miklu kostnaðarsamari en sú leið sem við erum að fara. Í öðru lagi nefndi ég dæmi um hvernig Bandaríkin og Kanada standa sig. Þar eru menn með þessi víkjandi lán sem eru auðvitað ekkert nema styrkir. Ég er viss um að það er miklu óhagstæðara að gera þetta eins og þeir eru að gera heldur en við þó að það séu ekki kallaðir styrkir hjá WTO. Það eru ekki kallaðir styrkir en það eru stórkostlegir styrkir.

Þess vegna segi ég það að sú aðferð sem við höfum notað er eðlileg og hún hefur reynst vel. Ég tel það óvarlegt miðað við þær markaðskannanir og markaðsspár sem hafa verið gerðar að setja ekki þennan öryggisventil inn.

Svo segir hv. þingmaður að við getum þá gripið til þess seinna. Það er ekkert víst að við getum gripið til þess seinna. Ef ekki þarf á því að halda þá er það kostnaðarlaust að hafa það inni. Ef á því þarf að halda þá er það þar og kemur þá til nota. Mér finnst þetta mjög skýrt og ég skil ekki af hverju menn geta ekki fallist á svo einfalda hluti eins og mér finnst þetta vera.

[14:30]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem eftir stendur er að meginmarkmið og áherslur okkar með samningsgerðinni og samningum sem þessum er að styðja við landbúnaðinn og ég ítrekaði áðan að Samfylkingin styður beinan stuðning við landbúnaðinn með ákveðnum árangurskröfum til hagsbóta fyrir bæði framleiðendur og neytendur. Ég held að sá ábati komi fram til hvorra tveggja sé rétt á málum haldið. Ég dreg það ekki í efa.

Ég lýsti því hérna áðan hvernig það er algjört grundvallaratriði að mínu mati að styðja við bæði byggð og búvöruframleiðslu á Íslandi. Byggðirnar, margar hverjar, standa veikt og veikar en oft áður og að sjálfsögðu er alvarlegur skortur á samræmdri og öflugri byggðastefnu þótt að sjálfsögðu hafi einnig margt verið gert. Ég held að Háskólinn á Akureyri sé eitt það árangursríkasta sem við höfum gert eins og þingmaðurinn nefndi, það hefur verið ráðist í stórbrotnar stóriðjuframkvæmdir á ákveðnu svæði og svo á eftir að koma í ljós hverju það skilar. Mörg svæði eru auðn í byggðamálum, svæði sem byggja á búvöruframleiðslu einni saman en ekki öðrum atvinnuháttum, ekki hvað síst sauðfjárræktinni, standa hvað veikast. Þar er engin þensla og enginn hagvöxtur, þar er samdráttur og neikvæður hagvöxtur upp á 10–30% á ári. Það er mjög alvarleg staða, og að þessum byggðum er sótt. Þess vegna eigum við að styðja þær byggðir og styrkja myndarlega og frekar að styrkja þær frekar en að draga úr því eins og staðan er núna. Við eigum að sjálfsögðu að ræða hvernig við gerum það. En að útflutningsskylda eða heimild til hennar skipti þar öllu máli tel ég ekki vera en þurfi að rífa í handbremsuna, rífa í neyðarhemilinn verðum við að sjálfsögðu að endurskoða stöðu mála og endurskoða samninginn.

Það stendur eftir að þó svo að þessi hemill sé ekki settur inn með þessum hætti verður bara að taka málið upp í heild sinni komi sú staða upp í greininni sem hv. þingmaðurinn lýsir.

[14:32]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna sjónarmiðum hv. þingmanns. Mér finnst þau mjög góð og mjög rétt. Hins vegar skil ég ekki af hverju hann, sem hefur þessa skoðun eins og hann hefur lýst svo ágætlega, vill ekki nota tækifærið sem hann fær núna við lok 3. umr. til að styðja tillögu hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem er nákvæmlega eins og tillagan sem ég flutti hér í gær og var felld. Nú hafa menn tækifæri til að leiðrétta sig. Ekki er verið að taka neina áhættu, það er bara verið að gera samninginn tryggari, það er verið að gera þetta að ósk bænda, það er verið að gera þetta til þess að menn séu þá rórri um afkomu sína og framtíð en þeir eru, það getur aldrei leitt til neins nema til góðs. Ég treysti því og vona að hv. þingmaður sem svo fagurlega mælti og svo réttilega um byggðirnar og landbúnaðinn noti þá tækifærið og styðji tillögu hv. þm. Jóns Bjarnasonar þegar þar að kemur. Ég treysti því og svo að félagar hans og vinir í hans flokki, og ég vona að mjög margir flokksbræðra minna, sjálfstæðismanna, sjái að sér og geri slíkt hið sama við næstu atkvæðagreiðslu.

[14:34]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúinn til að fara í örstutta ræðu eftir að vinur minn, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, hefur hér talað. Ræða hans er auðvitað byggð á misskilningi því að ég þekki hann ekki að öðru en góðu samstarfi og heiðarleika. Ég veit að hann vill hafa það sem réttara er í allri umræðu. Það þýðir ekki að halda því hér fram að bændur hafi ekki gert þann samning sem þeir gerðu við ríkisvaldið. Hv. þingmaður er upptekinn af útflutningsskyldunni svokölluðu. Í þessum góða samningi liggur það fyrir og liggur fyrir í umræðunni við bændur að útflutningsskyldan standi mjög völtum fótum, það sé mjög tvísýnt um framtíð hennar, ekki síst vegna WTO-samninga sem geti skollið á nánast á þessu ári eða því næsta, fyrr en varir og þá sé útflutningsskyldan úti. Svo vitum við líka hitt sem ég hef margsagt, að hún er í andstöðu við samkeppnisreglur hér heima fyrir og mjög einkennilegt líka að landbúnaðarráðherra skuli vera nánast svona eins og frystihússtjóri einnar búgreinar sem ákvarðar og tekur ákvörðun um að hluti af þessari afurð skuli á erlendan markað. Nú var ekki einhlít regla um þetta eins og hv. þingmaður sagði. Stór hluti bænda, eða töluverður hluti, var undanþeginn útflutningsskyldu, það voru bændur sem bjuggu við svokallaða 0,7-reglu. Bændur voru í tveimur hópum hvað þetta varðaði þá útflutninginn í gegnum árin.

Í viðræðum við bændur sem vildu eðlilega halda í þessa reglu eða geta mætt framtíðinni kom það upp í þessum viðræðum að þeir töldu að — nú er gríðarlega gott ástand á kjötmarkaðnum, frekar vantar lambakjöt í dag og engin frystihús eru troðfull af kjöti eins og var hér áður. Bændur voru að hugsa um framtíðina og töluðu um að auðvitað gæti það komið upp að það sköpuðust vandræði. Ljóst er að gerð búvörusamninga hefur verið með þeim hætti að greinarnar færist nær markaðnum, beri ábyrgð á sínum markaði. Mikið hefur verið gert til að hagræða í afurðastöðvum landbúnaðarins á síðustu árum, þar á meðal sláturhúsunum. Nú eru nánast þrjár stórar keðjur eftir og tvö til þrjú lítil sláturhús. Bændurnir sjálfir með afurðastöðvum sínum mega og geta staðið saman að markaðssetningu og útflutningi. Þeir ráða við það og það er nánast sá pallur sem þeir þurfa að hugsa um að búa til með félagshyggju sinni. Þegar þeir fóru að hugleiða það að ef útflutningsskyldan færi gæti komið offramboð á markaðinn og verð fallið ræddu þeir það við fulltrúa ríkisvaldsins og til að mæta því strax varð þessi samningur til eins og hér hefur verið rakið í umræðunum, að ef það gerðist mundi auðvitað verðið á lambakjöti lækka til neytenda og bændur mundu í slíku verðfalli tapa hluta af afurðum sínum. Þess vegna var samningurinn hækkaður um 10%.

Það koma 300 milljónir á ári til að mæta því að útflutningsskyldan fer út, til þess að bændur haldi sínum hlut. Um þetta sömdu þeir, 1,8 milljarða, og sú greiðsla sem ekki er skert, þessar 300 milljónir, kemur strax inn á árinu 2008. Þetta varð niðurstaðan, um þetta var samið, og margir bændur hafa sagt við mig: Það var mikilvægt að ná þessu ákvæði fram, við erum betur undir framtíðina búnir með þessa peninga en ef við hefðum kannski staðið frammi fyrir því á árinu að útflutningsskyldan hefði samkvæmt erlendum samningum WTO farið bara hreint út og þeir hefðu staðið frammi fyrir því.

Ríkisstjórnin skildi hvað um var að vera. Þess vegna getur þetta verið með þeim hætti að bændurnir halda sínu þó að breyting verði. Þeir vissu allan tímann að þetta ákvæði átti að fara út, það var enginn að tala um að þeirra háa heimild ætti að standa í lögunum. Heimild er reiknuð í WTO-samningunum sé hún til staðar sem vald landbúnaðarráðherra. Hún er metin á 1,5–2 milljarða í beinum stuðningi. Bændurnir vissu að það færi út, en auðvitað varð misskilningur í því, og það er alveg hárrétt og þess vegna er þetta bréf hér frá ákveðnum hluta samninganefndarinnar, að þegar þetta var að gerast var reiknað með því að þetta mundi gerast með þeim hætti að lagabreytingin yrði sérstaklega flutt haustið 2008, eins og samkomulagið staðfesti, þá yrði sérstakt frumvarp um þessa breytingu. Bændurnir vilja standa við samninga sína. Þeir eru ekki með neina aðra hugsun í þeim, þeir vissu að endalok útflutningsskyldunnar færu út úr lögum 1. júní 2009. Niðurstaðan varð svo sú þegar farið var að semja þetta frumvarp og ganga frá búvörusamningnum að af lagatæknilegum ástæðum og ýmsum öðrum ástæðum þótti einfaldara að hafa allan samninginn og allar þessar gerðir inni í samningnum. Allt annað hefði verið flókin vegferð og vegferð sem hefði kannski verið sú að haustið 2008 hefðu menn nánast farið að rífa þennan samning upp á ný. Í staðinn eru menn með hann örugglega út árið 2013 sem er gríðarlega mikið atriði.

Hér eru engin svik í tafli eins og sumir halda fram. Hér hefur verið staðið við allt sem bændur sömdu um í þessum samningum. Þessi (Gripið fram í.) breyting lögum samkvæmt er í gildi til 1. júní 2009, útflutningsskyldan, þá fer hún út. Allt sem um það var samið er inni í þessu og ástæðulaust að vera að vefengja það eða tortryggja.

Ég vil hafa það alveg á hreinu, ég ræddi það við hæstv. forsætisráðherra í hvaða búning þetta mál væri komið. Niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú að hann féllst á þetta og taldi mikilvægt að þetta allt saman væri inni í samningnum í lagagjörðinni hér í þinginu. Ég frábið mér allar umræður um að við höfum ekki staðið hér við það sem verið var að semja um og bændurnir vita að þeir sömdu um þetta með þessum hætti. Þeir hafa útflutningsskylduna til 1. júní 2009, þá fer hún út í sólarlagsákvæðum, 0,7-reglan fer út á sama tíma og þeir sitja allir við sama borð vorið 2009. Þetta vil ég hafa alveg á hreinu, í þessu eru engin svik. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þeir sem bréfið skrifuðu reiknuðu með hinu sem ég var að segja hér, að sérstök lagabreyting kæmi. Ég sé í sjálfu sér ekki hverju hún breytir því að ég þekki íslenska bændur ekki að öðru en því að standa við gerða samninga, ég tala nú ekki um þegar komið er til móts við þetta viðhorf þeirra og áhyggjur með þeim hætti að bæta í upphafi 300 milljónum inn í samninginn og þær koma á hverju einasta ári til að mæta þessari hugsun og auðvitað líka til að styrkja byggðirnar og búin.

Bændur eru hér með mjög góðan samning og ég trúi því að sauðfjárræktin muni mjög styrkjast á þessum árum. Ísland er eitt af sérstæðustu og bestu sauðfjárræktarlöndum heimsins.

Ég vil að þetta komi fram og þessum misskilningi sé eytt, að menn séu ekki á pólitískum refaveiðum, að við sé-

um að svíkja eitthvað eða gera það öðruvísi en við sömdum um. Við erum að gera nákvæmlega það sama og við sömdum um, það er allt í þeim pakka sem um var samið og kemur til framkvæmda á tilteknum tíma eins og samningarnir segja.

Ég hvet hins vegar bændur til að bera ábyrgð og þeir vilja bera ábyrgð á markaðssetningu sinni, bæði innan lands og erlendis, og þeir gera það í gegnum afurðastöðvar sínar. Ég vil líka segja hér, af því að útflutningsskyldan hefur líka haft það í för með sér að lambakjötið hefur vikið út af markaðnum og misst hlutdeild: Ég þekki það, hv. þm. Jón Bjarnason, því að árið 2002 fór ég gegn þeirri tillögu sem Bændasamtökin gerðu mér um útflutningsskyldu og vildu að útflutningsskyldan yrði hátt í 40%, líklega 37%. Mig minnir að ég hafi ákvarðað hana 26% eða 27%. Þetta var áfall fyrir sláturleyfishafana sem ætluðu að senda lambakjötið úr landi og selja kjúklinga og svínakjöt í staðinn. Lambið átti sem sé að víkja eins og alltaf út af markaðnum af því að það fæst þó verð fyrir það úti í heimi þótt það sé ekki nægilegt. Þetta varð til þess að lambakjöt fór að seljast í ríkari mæli, skapaði sér olnbogarými og tókst á á markaðnum en vék ekki til hliðar. Útflutningsskyldan hefur á sér ýmsar hliðar sem geta gert það að verkum að sá atvinnuvegur, þessi elsti atvinnuvegur Íslendinga, var í þeirri hættu að víkja fyrir búgreinunum sem nánast eru orðnar verksmiðjur á okkar mælikvarða.

Það er heldur ekkert gott. Ég veit að enginn þekkir lögmál markaðarins betur en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem hefur getið sér frægan orðstír bæði í þjóðarsáttarsamningum sem bjargvætturinn frá Þingeyri — nei Flateyri. Ekki má mér verða hér á, að nefna skakkt þorp í þessari umræðu miðað við fjallið forðum. — Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er vinur landbúnaðarins og stuðningsmaður og ég hef átt einstakt samstarf við hann, þess vegna finnst mér frekar leiðinlegt ef við förum að vera í þessu hnútukasti. Svona er staðreynd málsins eins og ég hef hér rakið. Ég bara segi við íslenska bændur: Þessi langtímasamningur er sauðfjárræktinni gríðarlega mikilvægur. Hún er í dag að þróast eins og kúabúin, öflugra ungt fólk sér mikil tækifæri í þessari atvinnugrein, þessir 3,3 milljarðar sem eru álíka upphæð og — ég hef nefnt það áður — fer í feðraorlofið á ári, munu gera það að verkum að ungt fólk á mikil tækifæri í þeirri búgrein, ekki síst á byggðasvæðum þar sem víðáttan er mikil og möguleikarnir meiri í sauðfjárræktinni. Þetta sjáum við, verið er að byggja fjárhús, þetta fólk er að búa sig undir þessa atvinnugrein sem mikla framtíðaratvinnugrein og aðalatvinnugrein sína því að sannarlega hefur sauðfjárræktin verið aukabúgrein með öðru. Slík þróun mun fylgja þessum samningi, við sjáum að landbúnaðurinn verður í miklum friði næstu árin hvað sem um pólitíkina má segja, og bændurnir geta unað glaðir við það og ég vona og trúi að þeir styrki bú sín og efli þau í byggðunum.

[14:48]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bændur geta unað glaðir við sitt, voru lokaorð hæstv. landbúnaðarráðherra í þessum ræðustóli rétt áðan. Er það nú svo? Vafalaust gagnvart einhverjum þáttum en ekki öllum. Því langar mig að minnast á nokkur atriði við hæstv. landbúnaðarráðherra, sem jafnframt er varaformaður Framsóknarflokksins sem oft hefur kennt sig dálítið við bændur og verið illa við að bændur kjósi eitthvað annað en þann flokk, sem betur fer virðast margir bændur vera að fara frá því. Þessi atriði snúa að rekstrarskilyrðum bænda, bæði hvað varðar bú þeirra og heimili, eins og raforkukostnaðinum sem hæstv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir að breyta á þann hátt að formaður Framsóknarflokksins hefur lýst yfir í þessum ræðustól að 25% þegna landsins hafi fengið á sig hækkun á raforkuhitakostnaði vegna upptöku breytinga sem urðu á raforkulögunum í landinu.

Þetta hefur komið allra verst við bændur. Ég trúi því að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi fengið lýsingar á því frá bændum hver kostnaðurinn hafi verið. Ég er hér með versta dæmið sem ég hef séð. Það eru reikningar sem sýna 60% hækkun. Ég hef sagt að þetta séu kaldar kveðjur Framsóknarflokksins til bænda og fólks í dreifbýli. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvers vegna Framsóknarflokkurinn ætli ekkert að gera til að lagfæra þetta vegna þess að hann ætlar ekkert að gera það. Þögn er sama og samþykki. Formaður Framsóknarflokksins hefur verið spurður út í þetta hér en ekkert svar fæst.

Virðulegi forseti. Ég hef áður talað um það að við sem sátum í iðnaðarnefnd þegar verið var að vinna þetta mál vorum leynd gögnum viljandi eða óviljandi. Nú vil ég segja frá því að ég hef komist að því af samtölum við mann í þessum geira að gögnum var haldið viljandi frá iðnaðarnefnd, (Forseti hringir.) gögnum sem hefðu kveikt aðvörunarljós fyrir okkur (Forseti hringir.) hvað þetta varðar.

[14:50]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þetta sem gerir íslenska þingið kannski svolítið sérstakt. Hér er verið að ræða um samninga og góðan samning við sauðfjárbændur og þá kemur upp umræða um raforkuverðið.

Það er náttúrlega ljóst að núverandi ríkisstjórn hefur veitt mikinn stuðning inn á köldu svæðin með framlögum úr ríkissjóði til að greiða niður raforku á þeim svæðum. Hitt er annað mál að þarna kom til reglugerð samkvæmt EES-samningi og tók hér yfir svæðið. Ég hef þetta ekki á minni könnu og ætla ekki að svara fyrir það í þessari umræðu, enda heyrir málaflokkurinn ekki undir mig.

Ég hef staðið í því, hv. þingmaður, að reyna að bæta lífskjör bænda og styrkja þau á öllum sviðum og er sannfærður um að staða bænda er bæði efnahagslega önnur og betri en hún var fyrir átta árum. Það kom í ljós í Gallup-könnun að þjóðin stendur mjög fast að baki bænda og ég er stoltur af því og ánægður með þá stöðu fyrir þeirra hönd því að þeir eru eitthvert duglegasta og besta fólkið í landinu.

[14:51]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt könnun sem birt var stendur þjóðin á bak við bændur en ekki Framsóknarflokkinn sem betur fer. Ég tók eftir því að hæstv. landbúnaðarráðherra vísar þessu máli frá sér og segir að það sé ekki á sinni könnu. Ég tek þetta til umræðu hér vegna þess að við erum

að ræða rekstrarskilyrði sauðfjárbænda. Við erum að ræða hvernig gengur að reka þessi bú og ég er að benda á að aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar í þessu tiltekna máli, sem er ekki svo lítill hluti af rekstrarkostnaði bænda, hefur stórhækkað.

Það getur vel verið að hæstv. landbúnaðarráðherra haldi að hann hafi bætt lífsskilyrði bænda og hafi e.t.v. gert það með vinstri hendinni en þar fara ekki saman hugur og hönd því að með þeirri hægri versna kjör bænda vegna þess sem ég hef sagt.

Ég spyr hæstv. landbúnaðarráðherra: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Hvað ætlar Framsóknarflokkurinn að gera til að bæta hag bænda hvað þetta varðar? Eða eiga þessar köldu kveðjur Framsóknarflokksins til (Forseti hringir.) bænda hvað varðar rekstrarskilyrði búanna, þ.e. raforkukostnað, að standa eftir?

[14:53]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei nokkurn tímann sakað hæstv. landbúnaðarráðherra um svik í þessu máli, ekki nokkurs staðar, ekki drepið á það. Ég hef hins vegar undrað mig á því hvernig á því stóð að samningsmarkmið ríkisstjórnarinnar við bændur voru eins og þau voru. Ég hef furðað mig á því.

Þessi samningsmarkmið voru aldrei kynnt fyrir þingflokki Sjálfstæðisflokksins og ég veit að þau voru aldrei kynnt fyrir þingflokki Framsóknarflokksins, eða svo er mér sagt. Ég hef spurt hvernig það megi vera að þetta sé sett svona upp og bændum sagt að það sé óumflýjanlegt sem verið er að gera.

Það er nefnilega þannig, virðulegi forseti, að síðast þegar samið var komu fulltrúar landbúnaðarráðuneytisins líka á vettvang með þá heimsendaspá að nú væru alveg að ganga í gildi samningar, sem hétu þá GATT, þeir heita núna WTO, að nú væri verið að falla frá öllum styrkjum og þetta væri alveg handan við hornið. Þetta eru náttúrlega bara draugasögur og er hvergi nálægt því sem er að gerast í heiminum. Þessar viðræður eru allar stopp í dag. Hinir stóru samningar Evrópubandalagsins við bændur um uppkaup á lágmarksverðum gilda út árið 2014. Hvernig stóð á því að það rak svo mikil nauður til að taka þetta út úr samningunum núna á Íslandi, að vera kaþólskari en páfinn? Kannski það. Það er nú oft viðhorfið hjá okkur að vera kaþólskari en páfinn. Það rak engin nauður til þess.

Ég hef verið að hneykslast á þessu, ég hef spurt hvernig það mátti vera. Hvaða nauður rak til þess? Ég hef aldrei látið að því liggja, ekki í einu einasta orði, að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi ekki staðið við það sem hann samdi. Aldrei nokkurn tíma ýjað að þessu. Það er mikill misskilningur ef hann heldur það.

[14:55]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér líður eins og ég hafi fengið heilbrigðisvottorð. Nú liggur það hér fyrir að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur klofið sig frá samstarfsmanni sínum í þessu, hv. þm. Jóni Bjarnasyni, og segir að þarna sé ekki um nein svik að ræða.

Það liggur auðvitað fyrir, hv. þingmaður, að markmiðin voru þau sem ég sagði. Bændum var gerð grein fyrir því, eins og ég hef margsagt, að útflutningsskyldan væri litin mjög miklu hornauga og hún færi örugglega út í WTO-samning og WTO-samningar geta komið fyrr eða síðar. Kannski koma þeir síðar, ég veit ekkert um það. Þess vegna var heiðarlegt að búa atvinnugreinina undir það í fyrsta lagi að fara að huga að því hvernig hún stæði að markaðssetningu sinni á útflutningi, vildi hún standa í því, með afurðastöðvum og skipuleggja það, og ekki síður að gera það sem ég hef hér rakið, að koma strax til móts við atvinnugreinina ef verðfall yrði á innanlandsmarkaði, ef verð til neytenda lækkaði í einhverju offramboði eða átökum á kjötmarkaði, sem er ekki til staðar í dag en getur hins vegar komið áður en varir. Ég ætla ekkert að þræta fyrir það. Því var niðurstaðan sú sem komið hefur fram í umræðunni og ég gat um að 300 millj. kr. fara beint til bænda strax á árinu 2008 til að mæta þeirri sveiflu og á hverju einasta ári kemur þessi upphæð til að mæta þessari sveiflu ef af henni verður.

Í þessu frumvarpi er því sólarlagsákvæði um að útflutningsskyldan fari út 1. júní 2009. Hún er inni áfram þegar við afgreiðum þetta mál en fer út með sólarlagsákvæði. Ég veit að bændur segja það hvar sem hv. þingmaður kemur, (Forseti hringir.) að við þann samning sem gerður var við þá hafi verið staðið á allan hátt. Þannig þekki ég íslenska bændur.

[14:57]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst hver ósk Bændasamtakanna var. Það er alveg ljóst hvað sagt var þegar síðasti samningur var gerður, að nú væri að bresta á það samkomulag í heimsviðskiptastofnuninni að allir styrkir yrðu að fara út. Það var líka sagt núna vitandi að Evrópa er með þessa styrki og að þeir eru í gildi alveg út árið 2014.

Það var engin nauður sem rak til þess, virðulegi forseti, að gefa ekki bændum kost á því að halda þessu áfram. Embættismennirnir í landbúnaðarráðuneytinu virðast ráða ferðinni, þeir vilja losna við þessa styrki og eru að vinna að því og þeim tókst það.

Ég er að fara fram á það, virðulegi forseti, að þingið breyti þessu til þess að við eigum þennan varnagla ef svo fer, sem ég er ekkert viss um að verði, að á því þurfi að halda.

Það liggur hins vegar líka fyrir að við vitum ekkert (Forseti hringir.) hvort nokkurn tíma verða samningar hjá WTO. Það getur vel verið að þeir verði aldrei.

[14:58]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kann heldur ekki við það þegar hv. þingmaður fer með rangfærslur hvað embættismenn varðar. Það hefur enginn í landbúnaðarráðuneytinu verið að tala um að styrkirnir væru að fara út. (Gripið fram í.) Hins vegar hefur verið sagt að sá stuðningur sem kallaður er beinn stuðningur og er framleiðsluhvetjandi muni verða að lækka jafnvel um helming þegar þetta tekur gildi. Sauðfjársamningar okkar eru á vettvangi WTO kallaðir grænir samningar. Þegar útflutningsskyldan er farin út, sem hefur verið að angra þann samning, verður hann enn grænni en hann var

áður og líklegri til að hafa þann frið.

Ég vil bara bera til baka að mínir menn hafi verið að tala um að styrkir væru að fara út. Það er ekki rétt. (**EOK:** Þeir eru að fara.) Hins vegar er rétt að stuðningsfyrirkomulag í Evrópu og víðar er að breytast, færast meira í grænt horf og óbeina styrki sem eiga ekki að koma við framleiðsluna. (Forseti hringir.) Það er hárrétt en ég læt nú þessum deilum við vin minn, hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, lokið.

[15:00]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra virðist misskilja málið. Hann talar um að viðhalda útflutningsskyldu. Málið snýst um heimild til að hafa hana inni. Þar er gríðarlegur munur á, sú heimild sem hefur verið síðan 1996, er einn hluti af ramma sauðfjárræktarinnar sem sauðfjárbændur benda á að sé mjög mikilvægt að hafa inni til að tryggja stöðugleika í greininni, einnig til að tryggja stöðugleika gagnvart neytendum. Það er hið alvarlega.

Bændur hafa staðið við sína samninga. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra. Ráðherra minntist á þjóðarsáttina. Hverjir tóku á sig stærsta hlutinn í þjóðarsáttinni? Voru það ekki einmitt sauðfjárbændur á þeim tíma? Mjólkurbændur hafa tekið á sig verðstöðvun um nokkurt skeið. En mér sýnist ekki sem aðilar í verslun hafi tekið á sig verðstöðvun.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvers vegna stóð hann ekki við gefin loforð og vilyrði í garð samninganefndar bænda varðandi heimild um að útflutningsskylda færi ekki út úr lögunum? Þannig var samningurinn kynntur, meira að segja af landbúnaðarráðherra sjálfum.

[15:02]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit að ég sannfæri ekki hv. þingmann. Hann vill halda þessari umræðu áfram og með þessum hætti. Hann veit í hjarta sínu að hann fer með rangt mál.

Hér er staðið við allt sem segir í samningnum. Útflutningsskyldan er inni áfram þegar þetta verður að lögum, til 1. júní 2009. Bændurnir sömdu um það vegna aðstæðna sem þeir sáu að gætu verið fram undan í WTO-samningum, að útflutningsskyldan færi út. Þeir sömdu um það gegn þessum upphæðum sem ég hef rakið hér, 300 millj. kr. á ári til að mæta þeim sveiflum að hún færi út.

Hins vegar varð það niðurstaða eins og ég hef rakið, af lagatæknilegum ástæðum og ýmsu öðru, að menn vildu þegar til kom hafa þetta allt inni í frumvarpinu þannig að búgreinin og þessi samningur hefðu frið út árið 2013 eins og líkur eru á núna. Það getur vel verið að það væri erfitt að taka hana upp. Og hafi menn ætlað sér eitthvað annað haustið 2008 hefði það getað þýtt stórdeilur um samninginn. Ég held að allir hljóti að sjá að þótt menn hafi einhvern tímann sagt að frumvarp yrði flutt haustið 2008, o.s.frv., þá er þetta bara heiðarlegt. Þetta sólarlagsákvæði kemur til framkvæmda og er eins og um var samið.

Hv. þm. Jón Bjarnason og aðrir þurfa ekkert að búa til einhverja svikaumræðu og halda því fram. Því bændurnir skilja hygg ég betur markaðsmálin en hv. þingmaður. Þeir vita að þeim er mjög mikilvægt sjálfum og afurðastöðvum þeirra, sem hafa verið styrktar stórlega á síðasta ári og eru sterkari en nokkru sinni fyrr til að annast öll sín markaðsmál og bera ábyrgð á útflutningi til útlanda og því að lambið geti hiklaust keppt á innanlandsmarkaði (Forseti hringir.) og þurfi ekki sífellt að minnka hlutdeild til þess sífellt.

[15:04]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við vitum að bændum var stillt upp við vegg hvað þetta varðar. (**Landbrh.:** Rangt.) Ég leyfi mér að vitna í orð hæstv. landbúnaðarráðherra frá í gær, í andsvari við mig. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég hringdi í Jóhannes Sigfússon, Harald Benediktsson og Gunnar Sæmundsson í Hrútatungu og skýrði þeim frá því að óhjákvæmilegt væri af lagatæknilegum ástæðum og ýmsum öðrum ástæðum að hafa þetta sólarlagsákvæði í samningnum sem um hefði verið samið til þess að þurfa ekki að taka búvörulögin upp haustið 2008."

Ég velti reyndar fyrir mér af hverju hæstv. ráðherra hringdi ekki líka í þær tvær konur sem voru í samninganefndinni, þær Jóhönnu Pálmadóttur og Fanneyju Ólöfu Lárusdóttur. Ráðherra taldi nóg að hringja (**Landbrn.:** Þetta er ómerkilegt.) í þessa þrjá karlmenn. (**Landbrn.:** Þetta er ómerkilegt.)

Ég tel að heiðarlegra væri fyrir hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) að biðjast bara afsökunar á að komast ekki lengra með samninginn.

[15:05]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég virði þessar konur mikils. Þetta er ómerkileg umræða af hálfu hv. þingmanns. Hins vegar fóru þeir fyrir samninganefndinni Haraldur Benediktsson og Jóhannes Sigfússon og ég vildi láta þá vita í hvaða stöðu málið væri. Gunnar vinur minn Sæmundsson í Hrútatungu hafði margoft rætt þetta mál við mig sem aðrir höfðu ekki gert. Við höfðum tekist á um það og deilt eins og menn gera. Ég vildi láta hann vita, af því hann hafði rætt það við mig, í hvaða stöðu þetta mál væri og koma þar beint framan að honum.

Hér er bara ómerkilegur málflutningur hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að reyna að búa hér til eitthvað móment um að ég hafi ekki hringt í konurnar. Þetta er óheiðarleg pólitík, hæstv. forseti.

[15:06]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka honum Einari Oddi Kristjánssyni, hv. þingmanni úr Norðvesturkjördæmi, fyrir góða ræðu og skeleggt innlegg í þessa umræðu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. En þar á að innleiða og taka inn nýjan búvörusamning sem færi inn í lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Hann lýsti því vel hvers vegna hann og hv. þm. Jón Bjarnason hafa lagt fram næstum samhljóða breytingartillögu um að halda inni ákvæði um útflutningsskyldu á dilkakjöti. Einar Oddur lagði fram sína breytingartillögu við 2. umr. og sú tillaga var felld. Nú er eftir önnur slík sem verð-

ur lögð fram við 3. umr., breytingartillaga frá Jóni Bjarnasyni sem fjallar líka um þennan varnagla, að halda möguleika á útflutningsskyldu inni að sinni.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti því svo ágætlega, að þegar búinn er til gufuketill þá er settur á hann gufuventill þótt ekki sé búist við að hann springi. En ventillinn er eftir sem áður og hugsanlega þarf ekki að nota hann. En hann er þarna af öryggisástæðum. Ég tel að miðað við aðstæður, sem eru óvissar á næsta ári og næstu tveimur árum hvað varðar stöðu íslensks lambakjöts á innanlandsmarkaði, mjög skynsamlegt að hafa þennan varnagla þó vonandi þurfi ekki á að reyna. En betra er að hafa hann.

Með útflutningsskyldunni er krafa til íslenskra yfirvalda um að stuðla að og styrkja markaðssetningu á íslensku lambakjöti erlendis. Þegar við erum að bera saman mismunandi kjötframleiðslu hér á landi þá hefur íslenska lambakjötið óneitanlega sérstöðu. Það er markaðsvara sem hvergi er hægt að framleiða nema hér, við þær aðstæður að lömbin eru sett á fjöll og hafa þar af leiðandi sinn ákveðna keim. Það væri erfiðara og nær ómögulegt að reyna að koma á markað erlendis kjúklinga- og svínakjöti, eingöngu miðað við stærð markaðarins hér og enn stærri markaði í nágrannalöndunum, að ég tali ekki um þegar lengra er farið.

Svo mikill verksmiðjubúskapur er þó ekki enn orðinn hér á landi og verður vonandi ekki á næstu árum. Nema að svo illa fari að erlendir markaðir verði orðnir varasamir vegna sýkingarhættu, að það verði eftirsótt að komast í íslenskt kjúklinga- og svínakjöt vegna hreinleikans. Ég óska þeim framleiðendum alls góðs í markaðssetningu erlendis. En ég veit ekki til þess að það sé í undirbúningi eða bígerð. En það gæti verið.

Með útflutningsskylduna hefur hið opinbera einnig ákveðnar skyldur gagnvart markaðssetningu. Mörg okkar óskuðu þess að markaðssetningin hefði gengið betur, að hærra verð yrði á íslenska dilkakjötið. En raunin hefur verið að það hefur þó verið hækkandi og vonin hefur verið sú að sá markaður yrði það tryggur að það þyrfti ekki að koma til, hvorki útflutningsskyldu eða stuðnings við markaðssetningu.

En eins og við vitum er sá markaður mjög ótryggur þar sem enn hefur ekki náðst markaðssetning nema í einni mjög stórri verslunarkeðju og það má því lítið út af bregða til að markaðshlutdeild okkar í Bandaríkjunum hrynji.

Hæstv. forseti. Hér hefur verið vitnað til stöðu okkar og útflutningsskyldunnar og það sé orðið tímabært að huga að breytingum hvað varðar styrki til landbúnaðar. Það er alveg rétt. Því WTO, sem eru alþjóðasamtök í landbúnaðarframleiðslu, hafa verið nokkur undanfarin ár að vinna að alþjóðasamningum hvað varðar styrki til landbúnaðarframleiðslu. Hugmyndafræðin er þá önnur. Hugmyndafræðin er að byggja meira á svokölluðum grænum styrkjum eða styrkjum sem styrkja búsetu og eru ræktunarstyrkir og í raun og veru á þeirri hugmyndafræði að bændur séu umsjónarmenn lands og náttúru.

En það hefur gengið mun hægar hjá WTO að koma þessum samningum á en áætlað var og er hugsanlegt að samstaða þróunarríkjanna og þriðja heimsins sé að skila sér. Hin sterkari ríki, iðnríkin, hafa ekki getað fylgt eftir hugmyndum um alþjóðavæðinguna eins og þau hefðu óskað sér og þessir samningar hafa tekið lengri tíma.

Trúlega er ástæðulaust að hafa þessa svipu yfir, að þessir samningar séu að bresta á. Ég held að þeir séu í sjálfu sér ekkert að bresta á. Auðvitað á öll samningagerð hér á landi að miða að breyttri hugmyndafræði en ég held að við eigum ekki að þurfa að aðlaga okkur með það sama að samningum sem eru ekki einu sinni í höfn og munu örugglega, þegar þeir komast í höfn, hafa einhvern tíma til aðlögunar. Hugsanlega erum við að tala um tíma sem er nær þeim tíma sem sá sauðfjársamningur sem við ræðum hér um mun renna út.

En eins og hæstv. landbúnaðarráðherra sagði í sinni stuttu ræðu var gert ráð fyrir ákveðnu óöryggi á markaðnum. Árið 2009 á að hætta við útflutningsskylduna og ég tel að þar hefði hæstv. ráðherra mátt bæta við að búið er að samþykkja breytingu á tollum á innflutningi á kjöti, heimildir til innflutnings hafa verið auknar, innflutningskvóti er hækkaður og verið var að fella niður tolla á innfluttu kjöti. Nú er alveg víst að innflutningur á kjöti verður í nýja veru. Hvar væri þá markaðssetningin? Það væri þá í ódýrari vöru. Það er þá spurning hvaða kjöti sú ódýrari vara ryður út. Það er gagnvart slíkum breyttum aðstæðum sem sauðfjárbændur standa og í rauninni ekkert síður bændur sem eru í framleiðslu á hvíta kjötinu því að þetta mun örugglega koma við þá líka.

En segjum nú svo, hæstv. forseti, að markaðurinn verði ótryggur og umtalsverður innflutningur verði, eða að neytendur taki vel við sér og það verði góð sala á auknu magni af innfluttu kjöti. Það kemur auðvitað niður á þeirri framleiðslu sem núna er í landinu. Ef við lítum á sauðfjárbændur sem eru með kjöt í hærri verðlagningu fyrir neytendur þá blasir bara tvennt við, það er annaðhvort verðfall, verðhrun á lambakjötinu, með þeim afleiðingum að bændur verða gjaldþrota eða verða að bregða búi, eða þá að bændur fari í stórfelldan niðurskurð. Þetta mun einnig hafa áhrif á búsetu og afkomu sauðfjárbænda. Það er því einungis tvennt í dæminu.

Ég tel að 300 milljónir á ári sé ekki há upphæð til að mæta þessu mikla óöryggi. Miðað við fjárhagsafkomu sauðfjárbænda skil ég hæstv. landbúnaðarráðherra að fara að ráðum lögfróðra manna og vilja ekki af lagatæknilegum ástæðum taka upp samninginn 2008, eins og hann var búinn að lofa bændum, og taka þá inn þetta ákvæði að afnema útflutningsskylduna, því að þessar 300 milljónir til sauðfjárbænda, miðað við þá hörmulegu stöðu sem margir þeirra eru í, tel ég að hafi gefið tilefni til þess að 2008 sé ótti hæstv. landbúnaðarráðherra yfir því að samningnum yrði illilega ruggað ekki ástæðulaus. Það gæti sem sé mjög trúlega komið í ljós að umræddar 300 milljónir væru engin ofrausn inn í sauðfjársamninginn án þess að taka tillit til markaðsóöryggis sem er fram undan. Ég skil því hæstv. landbúnaðarráðherra að vilja ekkert rugga skútunni með það að gefa bændum ekki tækifæri til þess að taka upp samninginn 2008 ef meta ætti stöðu þeirra á þeim tíma.

En það er margt fleira sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefði getað haft áhrif á til þess að styrkja stöðu sauðfjárbænda annað en þessi sauðfjársamningur. Hann hefði getað staðið betur með bændum með því að standa að því að sú ríkisstjórn sem fer að fara frá gætti þess að bændur og þeir

sem eru að hefja búrekstur fái hagstæð lán, að það verði auðveldara fyrir bændur að endurnýja á býlum sínum og koma nýjum ábúendum að. Hann hefði getað beitt sér fyrir því að lækka rafmagnskostnað hjá bændum sem er alveg að fara með kúabændur og sérstaklega ylræktina. Hann hefði getað beitt sér fyrir því að ríkisstjórnin sæi fyrir betri og ódýrari fjarskiptum sem hindra það að margir bændur geta stundað eðlileg samskipti og verið í vinnu meðfram búi sem byggist á góðu fjarskiptasambandi. Hann hefði getað beitt sér fyrir því að hraustlegar yrði tekið á hvað varðar samgöngur um allt land og síðast en ekki síst hefði hann getað beitt sér fyrir því að flutningskostnaður væri lægri fyrir bændur og alla landsmenn.

Ég veit ekki hvað hæstv. landbúnaðarráðherra hefur beitt sér í þessum málum en eitt er víst að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki gert það og m.a. þess vegna er staða margra sauðfjárbænda mjög erfið og er ekki eingöngu sauðfjársamningnum um að kenna heldur miklu frekar og jafnframt öllu ytra umhverfi sem snýr að íbúum í dreifbýli.

[15:22]

**Jón Bjarnason:**

Herra forseti. Við ræðum hér við 3. umr. lög um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, það sem fyrst og fremst lýtur að lagabreytingum til þess að standa að baki nýgerðum samningi milli ríkisins og sauðfjárbænda. Hv. þm. Þuríður Backman fór yfir nokkur atriði sem ég hefði viljað minnast á varðandi mikilvægi sauðfjárræktarinnar, sauðfjárbúskaparins, fyrir atvinnulíf og búsetu í landinu. Það er að sjálfsögðu ekki einkamál sauðfjárbænda eða þeirra byggða þar sem sauðfjárrækt er stunduð, þetta er jú mál allra landsmanna. Það er ánægjulegt til þess að vita í nýlegri skoðanakönnun sem Gallup gerði hve sterkur samhugur er meðal þjóðarinnar gagnvart því að halda hér öflugum íslenskum landbúnaði og hve sterkur samhugur er um að hann sé stundaður, umhverfisvænn, í sátt við landið, í sátt við nýtingu auðlindanna á sjálfbæran hátt. Það er líka ánægjulegt að sjá hve neytendur og allur almenningur í landinu leggur ríka áherslu á að eiga aðgang að hollum og góðum landbúnaðarvörum á sem besta verði. Það má eiginlega líta á það sem forréttindi á vissan hátt að eiga aðgang að hreinum og hollum matvælum, eins og íslenskar landbúnaðarvörur eru.

Þessi eindregna ósk samfélagsins um að staðinn sé vörður um íslenskan landbúnað hlýtur að hafa áhrif á þær lagasetningar sem við setjum á Alþingi gagnvart íslenskum landbúnaði, gagnvart rekstrar- og starfsskilyrðum, framleiðsluöryggi í íslenskum landbúnaði, hvaða lög og reglur við setjum. Það er mikilvægt að halda utan um og standa undir þeirri ábyrgð, skyldum og væntingum, sem íslenskt samfélag gerir til þingsins um að það standi að baki íslenskum landbúnaði. Hagsmunir landbúnaðarins og hagsmunir einstaklinganna og fjölskyldna þeirra sem stunda landbúnað fara saman með hagsmunum neytenda hvar sem er á landinu enda eru bændur og fjölskyldur þeirra líka mikilvægir neytendur landbúnaðarafurða. Þá er líka mikilvægt í umræðunni hér og verður aldrei ofgert að undirstrika mikilvægi matvælavinnslu og iðnaðar hvers konar sem tengist úrvinnslu og meðferð landbúnaðarvara. Einmitt á þeim svæðum þar sem atvinnulíf er hvað brothættast er þessi úrvinnsla hvað mikilvægust. En samt verður að undirstrika að gagnvart þjóðinni allri, gagnvart öllum íbúum landsins, er mikilvægt að við höfum innlendan og öflugan matvælaiðnað.

Það er undir þessum formerkjum sem við ræðum samning sem verið er að gera milli ríkisins og sauðfjárbænda. Sauðfjárbændur, sem þekkja stöðu sinnar greinar náttúrlega best, lögðu í upphafi samningsgerðarinnar, eða samningsferlisins, fram sín samningsmarkmið og áherslur sem þeir töldu að væri mikilvægt að hafa til grundvallar við samningsgerðina, bæði frá hagsmunum þeirra séð og ekki hvað síður frá hagsmunum neytenda og sameiginlegum hagsmunum þjóðarinnar allrar.

Svo virðist sem engin þeirra samningsmarkmiða sem þeir lögðu upp með hafi náð fram að ganga, það höfum við rætt um. Áður en ég kem að því atriði sérstaklega vil ég undirstrika það sem verður kannski aldrei of oft gert, að í þjóðarsáttarsamningunum svokölluðu sem gerðir voru, þar sem allir tóku höndum saman, bændur, launþegar, atvinnurekendur og ríkisvaldið, í að stöðva óðaverðbólgu, koma á jafnvægi í verðlagsmálum, koma á jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar, í þjóðarsáttarsamningum sem skiptu gríðarlega miklu máli áttu bændur ekki hvað sístan hlut að máli. Þeir lögðu fram mikla fórn og ekki síst sauðfjárbændur sem höfðu kannski af hvað minnstu að taka. Þar var boðin verðstöðvun og hreinlega lækkun á umsömdu verði til þess að þjóðarsáttin mætti verða — því auðvitað höfðu þeir hagað því eins og aðrir, að stöðva óðaverðbólgu og það óöryggi sem var í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Margar aðrar stéttir hafa fengið þetta bætt, fengu þetta bætt á seinni stigum að hluta eða öllu leyti, þ.e. þá skerðingu sem þeir tóku á sig hvað varðar laun eða önnur kjör. Ég held að ef grannt er skoðað sjái menn að bændur, ekki hvað síst sauðfjárbændur, hafa kannski fengið hvað minnstan hlut til baka, sem hafði þó verið lofað að kæmi þegar efnahagsástandið leyfði. Öllum var lofað því að þá mundu þeir fá þessa kjaraskerðingu eða frestun á kjörum til baka eftir því sem tök væru á. Þessar endurgreiðslur eða endurbætur á kjörum sauðfjárbænda skiluðu sér ekki að fullu. Ég held því að þegar grannt er skoðað muni menn sjá að sauðfjárbændur og bændur um allt land hafa kannski lagt mest af mörkum varanlega til þess að koma á verðhjöðnun og stöðva óðaverðbólguna á sínum tíma. Mér finnst stjórnvöld kannski ekki gera sér fyllilega grein fyrir þessu eða halda því á lofti sem skyldi og huga að því þegar við nú erum að semja um umgjörð þessarar greinar.

Eins og hæstv. landbúnaðarráðherra sagði í ræðu sinni áðan hafa bændur staðið við sína samninga. Þeir hafa tekið á sig skuldbindingar en ég minnist þess ekki að bændur hafi ekki staðið við þá samninga sem þeir hafa gert þó að það hafi oft og tíðum verið þeim erfitt að gangast undir ýmsar þær skyldur og kvaðir sem þeir samningar gátu haft í för með sér. Nú hafa mjólkurframleiðendur, eins og við þekkjum, tekið á sig verðstöðvun til að takmarka verðhækkanir á matvöru í landinu. Ég hef ekki séð aðra aðila gera það, samtök verslunarinnar eða afurðastöðvarnar, sláturleyfishafana, ég hef ekki séð að þeir tilkynntu neytendum að af þeirra hálfu væri verðstöðvun. Ég hef ekki séð að matvöru-

verslanir hafi tilkynnt einhverja verðstöðvun. Ég frétti af því gagnstæða, að verðhækkanir á kjöti, og einmitt innlendri framleiðslu, séu aldrei meiri en verið hafi nú á síðustu mánuðum. Hækkanir sem ekkert hafa skilað sér til framleiðenda. Það er því að ýmsu að hyggja þegar menn tala um heildarumgjörð þessarar greinar og matvælaframleiðslunnar í heild hvað þetta varðar. Menn skulu tala af gát og virðingu um hlut íslenskra sauðfjárbænda bæði í matvælaframleiðslu og í því að halda lágu verði og góðri vöru á markaði. Það eru aðrir sem taka þá skerfinn til sín að stórum hluta þegar verð til neytenda hækkar á þessum vörum.

Víkjum aftur að samningnum. Hann er umgjörð um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar til næstu ára. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni um þetta efni í gær að mörg þau atriði sem þarna er verið að semja um hefðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljað hafa öðruvísi. Við höfum flutt mörg þingmál um stefnu okkar í landbúnaðarmálum og varðandi það að tryggja öflugan og fjölbreyttan landbúnað, öfluga búsetu í sveitum landsins og framboð á hollum og góðum vörum til neytenda. Við lögðum til og endurfluttum þá tillögu að Alþingi mundi kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að vera stjórnvöldum og Bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og setja fram tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitunum.

Það er alvarlegt hve byggðin er veik í mörgum sveitum. Það er mjög alvarlegt. Við ættum að mínu viti að vera að vinna að þjóðarsátt um að verja og efla byggðina frekar en að láta hana stöðugt vera á undanhaldi í þeirri þjóðfélagsþróun og við þá efnahagsstjórn sem ríkisstjórnin hefur rekið. Þess vegna fluttum við tillöguna um að þetta væri sameiginlegt átak. Það sem er ánægjulegt að sjá er að skoðanakannanir frá Gallup, sem voru birtar nú á dögunum, um viðhorf þjóðarinnar til landbúnaðar eru samhljóða áherslum okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þjóðin er sammála því að okkur ber skylda til þess að standa vörð um og efla íslenskan landbúnað og búsetu og byggð í sveitum landsins.

Það eru stjórnvöld sem eru þessu kannski hvað andvígust eins og við höfum séð á tillöguflutningi þeirra og hvernig staðið hefur verið að málum undanfarið. Og verkin tala. Stórkostleg fækkun íbúa í mörgum byggðum landsins er hrein afleiðing af stefnu ríkisstjórnarinnar. Það væri hægt að fara um það mörgum orðum. Ég kem kannski að því síðar.

Einn þáttur hefur verið í umgjörð íslenskrar sauðfjárræktar og búvöruframleiðslu og var tekinn upp árið 1996 sem liður í því að búa atvinnugreininni stöðugleika og einnig til að tryggja til lengri tíma framboð á hollum og góðum landbúnaðarvörum. Það er heimild til ráðherra til að beita útflutningsskyldu á dilkakjöti til að taka af sveiflur í framleiðslunni og ná þar með jafnræði. Sú útflutningsskylda kom hart niður á mörgum bændum og eins og hæstv. landbúnaðarráðherra kom inn á í ræðu sinni þurfti að setja á milli 30–40% af framleiðslunni í útflutning. Þetta var samt bara heimild sem ráðherra hafði, það var hann sem bar hina pólitísku ábyrgð á því hvenær henni skyldi beitt að fenginni umsögn Bændasamtakanna og fleiri aðila.

Það er enginn sem óskar eftir því að endilega þurfi að standa að útflutningi með þessum hætti. Verulegt fjármagn var lagt í markaðsstarf erlendis á þessum vörum þó að mönnum hafi fundist það skila misjöfnum árangri. Þetta var eitt af þeim atriðum sem samtök bænda lögðu áherslu á að yrði áfram hluti af samningnum, þ.e. að ráðherra hefði heimild til að beita útflutningsskyldu ef þannig aðstæður sköpuðust að það væri talið mikilvægt og nauðsynlegt, bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Ég legg áherslu á að það eru ekki síður langtímahagsmunir neytenda að hér ríki stöðugleiki hvað framleiðslu í sauðfjárrækt varðar.

Svo virðist vera sem stjórnvöld hafi ekki haft skilning á þessum þætti og eftir því sem komið hefur fram þá sögðu fulltrúar ríkisins í samninganefndinni að lokum að ekki yrði gerður samningur ef heimild til útflutningsskyldu yrði inni. Sauðfjárbændur stóðu þá frammi fyrir miklum vanda því að framleiðsluferlið er langt í sauðfjárræktinni, nokkur ár, og því mikilvægt að starfsumgjörð greinarinnar búi við festu til nokkurra ára þannig að framleiðendur viti hvað um er að ræða. Þeim var nauðugur einn kostur að semja undir þessum kröfum ríkisins. Engu að síður vöruðu þeir mjög við þessu og lögðu áherslu á að þó að þetta væri sett upp sem samningsmarkmið, að heimild til að beita útflutningsskyldu félli niður 1. júní 2009, yrði lagaheimildin áfram inni, heimildarákvæði til ráðherra til að beita því sem stýritæki í vissum neyðartilvikum. Svo virðist sem samninganefnd ríkisins, eða a.m.k. landbúnaðarráðuneytið, hafi fallist á þetta.

Við í landbúnaðarnefnd fengum bréf varðandi þetta mál, undirritað af nokkrum fulltrúum í samninganefndinni. Ég held að það sé mjög mikilvægt, af því að hæstv. ráðherra hefur borið brigður á að rétt sé með farið, að ég endurtaki þetta bréf. Það er jú visst áræði af fulltrúum bænda í samninganefndinni að senda frá sér þetta bréf til að það sé staðfest hver voru samningsmarkmið sauðfjárbænda og hvað ekki gekk eftir af því sem þeir töldu sig hafa vilyrði fyrir. Bréfið er stílað á hv. landbúnaðarnefnd, formanninn Drífu Hjartardóttur, og er dagsett 5. mars 2007. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Við undirrituð sem störfuðum í samninganefnd bænda um nýgerðan sauðfjársamning gerum eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Við mótmælum harðlega þeirri breytingu sem kemur fram í 23. gr. frumvarpsins en þar segir: „Frá og með 1. júní 2009 fellur útflutningsskylda kindakjöts skv. 29. gr. laga nr. 99/1993 brott. Fram til 1. júní 2009 gilda ákvæði 3.–6. mgr. 29. gr. og 74. gr. laga nr. 99/1993, eftir því sem við á.““ — Áfram segir í bréfi frá fulltrúum í samninganefnd bænda:

„Eftir að samninganefnd bænda hafði fallist á“ — takið eftir orðalaginu, þeir áttu ekki annars úrkosta, þeim var stillt upp við vegg — „að útflutningsskylda kindakjöts skyldi falla niður frá og með 1. júní 2009 var alltaf samkomulag um að lagabreyting sem staðfesti þetta yrði lögð fram á haustþingi 2008 en ekki nú. Framan af var þetta ákvæði inni í samningstextanum“ — ég vek athygli á því, forseti, því þetta er allt öðruvísi en hæstv. ráðherra hefur greint frá — „en var fellt niður undir lokin eftir að lögfræð-

ingur landbúnaðarráðuneytisins taldi það betra og mundi engu breyta þar sem fullt samkomulag væri um að þetta kæmi ekki fram fyrr en 2008. Nú bregður svo við að þetta er sett inn í lagatextann."

Og áfram segir í bréfinu, með leyfi forseta:

„Í öllu kynningarferlinu var bændum greint frá þessu. Á þessum fundum voru annars vegar fulltrúar bænda og hins vegar stundum landbúnaðarráðherra eða aðstoðarmaður hans og tóku undir þetta sjónarmið eða mótmæltu ekki."

Og lokaorðin í bréfinu frá fulltrúum bænda í samninganefndinni við ríkið eru:

„Við undirrituð mótmælum þessu harðlega og skorum á landbúnaðarnefnd Alþingis að sjá til þess að við áðurnefnd fyrirheit verði staðið."

Undir bréfið rita fyrir hönd samninganefndar bænda þrír af fimm í nefndinni: Gunnar Sæmundsson, Jóhanna Pálmadóttir og Fanney Ólöf Lárusdóttir.

Ég tel að heimild til útflutningsskyldu eigi að vera inni og er sammála bændum hvað það varðar. En sama hvaða skoðun maður hefur á því þá ber manni samt að standa við þau fyrirheit og vilyrði og það heiðursmannasamkomulag sem gert er með þessum hætti. Það þarf þá a.m.k. að tilgreina hvers vegna það er ekki hægt. Ég tek því afdráttarlaust undir orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, sem hann hafði í umræðum í dag og um sama mál í gær, þar sem hann benti á að sauðfjárræktin leikur lykilhlutverk í atvinnulífi í mörgum byggðum og úrvinnslan og störf tengd henni skipta þar höfuðmáli. Fyrir neytendur skiptir það líka höfuðmáli að framleiðsluöryggi sé tryggt. Einn af þessum þáttum var heimildin til útflutningsskyldu til að tryggja jöfnuð ef sveiflur yrðu, sú heimild hefur verið til staðar síðan 1996. Það er enginn að fagna því að beita þurfi henni með þeim hætti að leiði til verðskerðingar en hún hefur samt verið hluti af þessari umgjörð.

Þess vegna leyfi ég mér að flytja hér tillögu sem er mjög lík þeirri tillögu sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutti í gær, hún lýtur að sama máli en er þó aðeins öðruvísi, með leyfi forseta:

Við 2. gr. frumvarpsins, þ.e. það sem lýtur að því að heimild til útflutnings gildi, þar komi tvær nýjar málsgreinar sem hljóði svo:

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að tiltekið hlutfall dilkakjöts skuli flutt á erlendan markað. Slíka ákvörðun skal aðeins taka ef ráðherra metur stöðu kjötbirgða, framleiðslu- og söluhorfur með þeim hætti að fyrirsjáanlegt sé verðhrun og afkomubrestur hjá sauðfjárbændum og að fengnu áliti Bændasamtaka Íslands. Slíka ákvörðun skal tilkynna fyrir 1. ágúst ef hún á að gilda fyrir sláturtíð að hausti og getur hún gilt fyrir allt að tólf mánaða framleiðslu- og sölutímabil.

Hafi landbúnaðarráðherra ákveðið útflutningshlutfall skv. 3. mgr. er sláturleyfishafa skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun hans. Geri hann það ekki skal innheimta af honum gjald sem landbúnaðarráðherra ákveður og skal svara til mismunar á áætluðu heildsöluverði og viðmiðunarverði, sem miðast við meðalverð fyrir útflutt dilkakjöt í heilum skrokkum undanfarna tólf mánuði. Allir framleiðendur dilkakjöts — ég vek athygli á því, allir framleiðendur dilkakjöts — skulu taka þátt í þessum útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni.

Þetta er þá breytingartillaga mín. Ég vek athygli á því að verið er að gera samning við alla sauðfjárbændur, alla sauðfjárframleiðsluna og þess vegna er mjög eðlilegt að allir sauðfjárbændur taki að sér og axli ábyrgð og skyldur og ávinning af samningnum. Áður var það eins og hæstv. landbúnaðarráðherra benti réttilega á að útflutningsskyldan gat komið misjafnt niður á bændum eftir því í hvers konar ramma innan sauðfjársamningsins þeir voru staddir. En með þessari tillögu er gert ráð fyrir að það sé jafnt yfir alla.

Ég vek líka athygli á því að með þessari heimild er líka hægt að grípa inn í afurðasölufyrirtækin, sláturhúsin, með því að þau eru þá öll orðin skyldug til þess að vinna saman með þessum hætti. Ég held reyndar að eitt af stóru vandamálunum hjá okkur nú sé hin gríðarlega samþjöppun sem orðin er í sláturhúsum í landinu. Það er búið að leggja af slátrun í heilum landshlutum. Á Vestfjörðum er ekkert sláturhús og víðar um land, t.d. á Austurlandi. Það er verið að flytja fé langar, langar leiðir í slátrun sem ekki er talið gott og auk þess sem ýmsir matarmenningarlegir þættir hverfa úr byggðunum ef slátrunin fer þaðan burtu. Fyrir utan atvinnu- og iðnaðarmöguleika.

Hæstv. ráðherra minntist á hagræðingu, það væri mikil hagræðing að því fækka sláturhúsum. Ég heyri bændur kalla eftir því og spyrja hvenær hagræðingin í sláturhúsunum komi til með að skila sér til þeirra. Þeim hefur verið lofað hinum og þessum verðhækkunum gegn því að sláturhúsunum þeirra verði lokað. Ég heyri marga bændur segja að það hafi nú farið heldur lítið fyrir því að þeir hafi fengið eitthvað af þeim hagræðingaraðgerðum.

Peningarnir sem landbúnaðarráðherra ráðstafaði til einstakra sláturhúsa til þess að loka, þeir hefðu kannski verið betur komnir beint í nýja atvinnustarfsemi. Tökum t.d. lokun sláturhússins á Kirkjubæjarklaustri. Ég held að það hafi verið röng aðgerð að fara að borga sláturhúsunum sérstaka peninga fyrir að loka sláturhúsinu á Klaustri. Ég held að það hafi ekki verið nein góð byggðaaðgerð. Ég segi bara alveg eins og er. Það getur hver haft sína skoðun á því. Og við stöndum kannski frammi fyrir enn þá meiri samþjöppun í sláturhúsa- og afurðastöðvum hér á landi.

Það má vel vera að menn finni fyrir því hagræðingarrök og að hægt sé reikna slíkt út. En ég er ekki viss um að þegar á heildina er litið þá sé hagsmunum neytenda og hagsmunum framleiðenda best borgið með því að hér séu bara eitt eða tvö sláturhús. Ég er ekki viss um það og er reyndar viss um að svo er ekki og það er sannfæring mín. Þessi umgjörð skiptir neytendur og framleiðendur líka máli. Að hér sé þannig umhverfi að hvorki komist á einokun né fákeppniskringumstæður sem mönnum finnst vera komið býsna langt nú þegar.

Það eru hvorki hagsmunir framleiðenda né neytenda að hér verði aukin fákeppni og einokun á þeim sviðum. Mönnum finnst nóg að í versluninni og ein ástæðan fyrir háu vöruverði er talin vera fákeppni. Það eru því mörg atriði sem hafa áhrif.

Virðulegi forseti. Í lokin vil ég ítreka að sú tillaga sem ég flyt nú er frábrugðin tillögu hv. þm. Einars Odds Krist-

jánssonar sem var flutt hér í dag að því leyti til að ég tel að landbúnaðarráðherra eigi að bera hina pólitísku ábyrgð á þeirri aðgerð ef beitt er útflutningsskyldu þótt hann þiggi þar ráð og leiðbeiningar annarra aðila. En landbúnaðarráðherra eigi að bera ábyrgð á því og eins og eðlilegt er í samráði við bændasamtökin og það sé bara eðlilegur hluti af þeirri samningsumgjörð sem verið er að setja hér um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar.

Ég skora á hv. alþingismenn að hugsa sinn gang vel þegar tillagan kemur til atkvæðagreiðslu. Sauðfjárræktin skiptir svo gríðarlegu máli í byggða- og atvinnulegu tilliti með svo margþættum hætti. Hún skiptir neytendur líka gríðarlegu máli eins og hefur komið fram í nýjustu skoðanakönnunum. Við eigum að hlusta rækilega á ráð bænda sem lögðu þetta eindregið og afdráttarlaust til. Bændur hafa staðið við alla sína samninga eins og hæstv. landbúnaðarráðherra kom að hér áðan. Þeir hafa lagt sitt af mörkum þegar kallað hefur verið eftir framlagi þeirra til þjóðarsáttar. Eigum við ekki líka að hlusta á ráð þeirra um hvernig þeir telja að þessari grein og framleiðslu sé best borgið fyrir hagsmuni allrar þjóðarinnar, neytenda og framleiðenda? En ekki einhverjum skammsýnum stjórnmálamönnum eins og virðist hafa orðið ofan á hjá ríkisstjórninni sem telur sig vita betur hvað sé sauðfjárræktinni fyrir bestu, betur en það fólk sem þar er í forustu og leggur góð ráð til sem ríkisstjórnin ákveður að hafa að engu.

[15:54]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að biðja hv. þm. Jón Bjarnason að skýra kannski betur fyrir mér breytingartillögu þá sem hann flytur og er efnislega í þá veru að áfram verði útflutningsskylda eða ráðherra heimilt að grípa til þess að skylda bændur til að flytja á erlendan markað tiltekið hlutfall af dilkakjöti. Mér finnst eiginlega vera þrennt sem kemur til álita í þessu og þarf að velta fyrir sér.

Í fyrsta lagi þá nær skyldan í dag til allra framleiðenda, líka þeirra sem ekki starfa samkvæmt þeim samningi sem bændasamtökin hafa við ríkið. Útflutningsskyldan gerir það því að verkum að bónda sem framleiðir kindakjöt án nokkurs stuðnings er gert skylt að flytja tiltekið hlutfall af framleiðslu sinni á erlendan markað. Með öðrum orðum þá er honum meinaður aðgangur að íslenskum markaði þó að hann sé á engan hátt tengdur kerfinu sem er tilefni til þess að grípa til skyldunnar.

Í öðru lagi spyr ég hv. þingmann hvort í tillögu hans um að hafa áfram útflutningsskyldu felist, ef hún verður samþykkt, að fjárhæðir í samningnum verði lækkaðar sem nemur þeim 300 millj. kr. sem settar voru inn í samninginn til þess að bæta bændum það tekjutap sem er áætlað að þeir verði fyrir vegna þess að aukin samkeppni á innlendum markaði mun væntanlega leiða til lægra verðs fyrir þá. Þannig að bændunum í raun og veru er bættur skaðinn af samkeppninni með þessum 300 millj. en neytendur njóta góðs af því.

Ég spyr því hv. þingmann ef hann ætlar að koma í veg fyrir samkeppnina hvort hann ætli þá að taka þessar fjárhæðir út úr samningnum.

[15:56]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson notar nú orð sem ég nota ekki. Ég segi ekki að koma í veg fyrir samkeppni. Ég segi ekki útflutningsskylda. Ég tala hér um heimild til útflutningsskyldu. Á því er verulegur munur og þegar menn tala um þetta þá verða þeir að tala um það þannig að þeir skilji það.

Ég bendi á að þetta eru eindregnar tillögur bænda. Og þeir telja sig hafa þetta vilyrði alveg fram á síðasta klukkutíma samningslotunnar. Þannig að ég bendi á að það er eitt það mikilvægasta að maður stendur við vilyrði sem gefin eru í samningnum. Þeir hafa örugglega sín rök fyrir því. Ég dreg ekki í efa að þessir samningamenn, Gunnar Sæmundsson í Hrútatungu, Jóhanna Pálmadóttir á Akri og Fanney Ólöf Lárusdóttir á Klaustri, vita hvað þeir eru að segja.

Við erum hér fyrst og fremst að tala um útflutning. Að það sé heimild til hans og það er alveg rétt að í tillögu minni legg ég til að hann komi á alla. Þetta sé á vissan hátt félagsleg aðgerð. Það er alltaf þannig í félagslegum aðgerðum að einhverjum finnst á sig hallað persónulega og hann telur að hann hefði á einhverjum tímapunkti eða undir einhverjum kringumstæðum getað haft betur með því að standa utan félagslegrar ábyrgðar. Við þekkjum það alveg.

En ef við horfum á heildina þá er það jú í sjálfu sér félagshyggjan sem ber hópinn best fram. Það er það sem þarna er lagt til. Ég ítreka að ég tek mark á fulltrúum sauðfjárbænda sem leggja þetta til, þeir þekkja þessa grein mjög vel (Forseti hringir.) og þekkja líka markaðsaðstæður, ábyrgð og skyldur.

[15:58]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal nú ekki blanda mér í deilur um það bréf sem hv. þingmaður hefur lesið upp bæði í gær og í dag. En eins og ég skil það efni er ekki ágreiningur um að samkomulag hafi verið um að afnema útflutningsskylduna. Ágreiningurinn lýtur að því að bréfritarar telja ráðherrann hafa lofað því að flytja ekki tillöguna um að afnema hana núna heldur síðar. En samkomulag hafi verið um að afnema útflutningsskylduna. Þannig skil ég efnið og ég bið hv. þingmann um að leiðrétta mig ef ég hef misskilið þetta.

En ég vek athygli á því að hv. þingmaður svaraði ekki spurningunni sem ég lagði fyrir hann um fjárhæðirnar í samningnum. Er hv. þingmaður að leggja til að fjárhæðirnar, þessar 300 millj. kr. á ári, sem settar eru inn í samninginn til að mæta tekjutapi bænda vegna aukinnar samkeppni á sölu á kjötmarkaði, verði teknar út úr samningnum ef fallist verður á tillögu hans um að viðhalda útflutningsskyldunni? Það fer saman. Það er óumdeilt að það fór saman í samningsferlinu að þessir peningar komu inn í samninginn til mótvægis við áhrifin af því að afnema útflutningsskylduna.

Ef hv. þingmaður vill ekki lækka fjárhæðirnar þá er hann einfaldlega að leggja til að neytendurnir borgi meira fyrir sína vöru sem nemur þessum fjárhæðum og skattgreiðendur borgi meira sem nemur þessum fjárhæðum vegna þess að samningurinn er áfram með þeim inni. Það er út af fyrir sig sjónarmið. En þá er það ljóst í hverju munurinn

liggur af hálfu hv. þingmanns.

Að lokum vil ég segja að ég er ósammála honum í því að það eigi að leggja hömlur á atvinnufrelsi manna til að stunda sauðfjárrækt. Kjósi maður að stunda þá atvinnugrein án nokkurs stuðnings af hálfu ríkisins, þá á honum að vera frjálst að gera það og eiga aðgang að íslenskum (Forseti hringir.) mörkuðum.

[16:00]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo að samningsmarkmið og kröfur sauðfjárbænda lágu fyrir um að þeir vildu að heimild til útflutnings væri inni. Þegar sýnt var fram á að það gengi ekki upp, eins og ég hef rakið og get gert aftur, vildu þeir að hún yrði a.m.k. ekki felld úr lögum fyrr en haustið eftir þannig að menn gætu metið aðstæðurnar þangað til. Við erum samtímis að rýmka fyrir innflutningi á landbúnaðarvörum og það er eðlilegt að við látum þetta gerast í áföngum. Þetta eru eðlileg varnaðarorð og varnaðartillögur manna sem þekkja mjög vel til greinarinnar.

Hvort það eru 300 millj. kr. eða hvað, við erum ekki aðilar að samningnum. Mér finnst það mjög lítið að verja 30 eða 40 millj. kr. eða hvað það nú er í að styrkja nýliðun í landbúnaði, mér finnst það allt of lág upphæð og mér finnst upphæðin í samningnum í sjálfu sér ekkert há. Ég er ekki sammála þingmanninum í því að það séu ekki hagsmunir neytenda að standa vörð um öfluga íslenska sauðfjárrækt. Hann talar um þetta sem skatta á neytendur. Ég er ekki viss um að bændur séu sammála hv. þingmanni um að þessi stuðningur inn í samninginn sé hreinn skattur á neytendur. Ég er ekki viss um að bændur séu sammála þingmanninum í því. Þetta eru tillögur Félags sauðfjárbænda eða samningsaðila þeirra. Hvernig hefði farið með þessar 300 millj. kr.? Ég er ekki að semja hér. Ég er einungis að flytja eindregna áherslu samninganefndar eða Félags sauðfjárbænda sem ég styð.

[16:03]

**Útbýting:**

Framfærslugrunnur Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 633. mál, svar menntmrh., þskj. 1232.

Tónlistarskólar, 406. mál, svar menntmrh., þskj. 1136.

Vatnajökulsþjóðgarður, 395. mál, nál. umhvn., þskj. 1277.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 686. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1279.

[16:03]

**Kristján L. Möller:**

Herra forseti. Við 3. og síðustu umræðu um lagafrumvarp sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur flutt, sem er út frá sauðfjársamningnum, vildi ég í lokin leggja orð í belg. Ég sakna þess að hæstv. landbúnaðarráðherra skuli ekki vera í salnum. Ég mun óska eftir því í lok máls míns að hann verði hér viðstaddur vegna þess að ég hyggst bera fyrir hann nokkrar spurningar.

Margt hefur blandast inn í þessa umræðu og sem dæmi má taka matvælaverð. Hver ber ábyrgð á háu matvælaverði á Íslandi? Einnig má nefna byggðastefnu. Hver ber ábyrgð á fólksfækkun í sveitum landsins og mörgum landshlutum? Á Vestfjörðum hefur fækkað um 20% á 10 eða 20 árum. Það hefur fækkað um þúsund manns í Vestmannaeyjum sl. 10 ár og þannig mætti lengi telja. Auðvitað er farið um víðan völl og málin rædd.

Þessi samningur um stuðning við sauðfjárrækt á Íslandi er vissulega einhvers konar byggðastyrkur við mörg svæði þar sem erfiðleikar eru mestir og kannski ekki mikið um aðra atvinnu eða annan rekstur. Þetta er líka menningarstyrkur, það má setja það þannig fram, til þess að halda í sauðfjárrækt og stuðla að því að við Íslendingar verðum sjálfum okkur nógir hvað varðar framleiðslu á lambakjöti, þessu heimsins besta kjöti sem sannarlega er framleitt hér. Hvergi hefur maður fengið betra lambakjöt en hér á Íslandi.

En ég hyggst fara yfir þessa þætti og blanda inn í þetta byggðamálum og þessum samningi, rekstrarskilyrðum sauðfjárbænda og annarra bænda og rekstrarskilyrðum fólks sem býr úti á landi. Ég hef áður vitnað í grein sem ég skrifaði á síðasta ári eftir samtal mitt við sauðfjárbónda sem vakti athygli mína á því að hann fengi rétt um 310 kr. fyrir hvert kíló af innlögðu lambakjöti eða rétt um 4.700 kr. fyrir 15 kílóa þungan skrokk. Ég trúði vart mínum eigin eyrum þegar bóndinn var að lýsa þessu og það gerði það að verkum að ég gerði mér far um að skoða hvar mismunurinn væri. Það er himinn og haf á milli þessara 310 kr. til þess sem maður borgar úti í búð. Greinin hét einfaldlega: Hver fær mismuninn? og kem ég að því síðar hverjir svöruðu og hvaða mismun maður gat fengið út úr þessu.

Lausleg könnun mín, virðulegi forseti, leiddi í ljós að þessi 15 kílóa lambaskrokkur, sem bóndinn fékk 4.700 kr. fyrir, var seldur út úr búð, ófrosinn og niðursagaður eftir kúnstarinnar reglum, fyrir rétt um 23 þús. kr. Verðgildið hafði sem sagt aukist um rúmar 18 þús. kr. eða um rúmlega 400% frá bónda til neytanda. Er rétt að vekja athygli á því að hlutur bóndans var einungis um 20% af útsöluverði. Hlutur bóndans var lítið eitt hærri en hlutur ríkissjóðs í virðisaukaskatti af vörunni seldri út úr búð. Mér reiknast til að virðisaukaskattur til ríkissjóðs af þessum umræddu lambaskrokki hafi verið um 2.200 til 2.300 kr. eða tæpar 200 kr. á kíló. Mér sýndist sem svo að miðað við heildarframleiðslu lambakjöts á ári fengi ríkissjóður til baka í virðisaukaskatt um 70% af beingreiðslum þess árs.

Ég spurði líka hvort menn teldu þetta ábatasaman atvinnurekstur og komst að þeirri niðurstöðu að svo er ekki. Ég tók dæmi af bónda sem leggur inn 300 lömb að hausti, eða um 4.500 kg af kjöti, og fær fyrir það 1,4 millj. kr. og rétt um 1,2 millj. kr. í beingreiðslur eða rétt um 2,6 millj. kr. í heildartekjur. Það átti sem sagt að nægja bóndanum og fjölskyldu hans til lífsviðurværis og reksturs og viðhalds húsakosts og tækja. Ég spurði hvort þetta hljómaði freistandi, hvort einhver vildi taka yfir slíkan rekstur og hvort menn héldu að hann væri ábatasamur. Ég fékk ekki svar við þessum spurningum mínum frá þeim sem ræða þessi mál en ég fékk viðbrögð við greininni frá einum aðila. Fyrrverandi formaður Bændasamtakanna skrifaði grein en sú grein var eingöngu um skiptingu kjöts, hvernig ætti að saga það niður. Eins og ég sagði var það eingöngu bitamunur í orðsins fyllstu merkingu. Útreikningar mínir voru ekki vefengdir þó að þeir hafi ekki verið hávísindalegir. Ég tek skýrt fram

að þeir eru ekki fullkomlega réttir, það getur verið spurning hve mikið fer í verðlausa hluti, en engu að síður gefa þeir góða vísbendingu.

Ég sem sagt fékk viðbrögð sem voru engin viðbrögð við því hver fengi mismuninn. Ég hef hins vegar fengið símtal frá aðila sem vinnur í sláturhúsi og í því kom fram að sláturhúsið tók á þessu sama ári 160 kr. í kostnað á hvert kíló. Þá voru komnar 310 kr. til bóndans, 160 kr. til sláturhússins og mismunurinn var verslananna og þeirra sem vinna kjötvörur — í því tilviki sem hér um ræðir held ég að kjötið sé mest sagað niður í búðum. Ég gat ekki séð annað en það væri verslunin sem tæki mismuninn og auðvitað geta alls konar ástæður verið fyrir því. Ein ástæðan, sem m.a. var nefnd einhvern tíma í fréttum, var sú að sú kvöð er á þeim sem framleiða kjöt að þeir taki það þegar komið er fram yfir síðasta söludag og sennilega fargi því. Það leiðir hugann að því hvort reglurnar séu of strangar eða hvernig þessu er fylgt eftir. Ég hef ekki hugmynd um það en það væri fróðlegt að vita hve miklu af lambakjötsframleiðslu ársins er hent vegna þess að hún fer fram yfir síðasta söludag, ef það er þá þannig. Ég mundi reyndar halda að það væri ekki.

Niðurstaða mín er sú, virðulegi forseti, að það er ekki bóndinn sem ber ábyrgð á háu verði á landbúnaðarvörum út úr búð. Hann framleiðir heimsins besta lambakjöt og tekur nánast ekkert fyrir það. Ég sagði í greininni að íslenskir neytendur stæðu í mikilli þakkarskuld við bændur fyrir að framleiða þetta ágæta kjöt og taka ekkert fyrir það og ég segi það enn einu sinni.

Virðulegi forseti. Það eru fleiri þættir sem snúa að rekstrarskilyrðum bænda heldur en það sem gert er í samningi milli Bændasamtaka og ríkisins í stuðningi við viðkomandi grein, hvort sem það er sauðfjársamningurinn eða mjólkursamningurinn sem við gerðum fyrir nokkrum árum. Það er fleira í þessu. Það er ýmislegt í ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar, meðvitað og ómeðvitað, sem gerir það að verkum að lífskjör bænda og landsbyggðarfólks versna. Á ég þá við hinar miklu skattahækkanir sem ég hef oft kallað landsbyggðarskatta og ýmsar álögur sem koma hvað verst niður á landsbyggðarfólki. Í þessu tilviki ætla ég að gera bændur að umtalsefni af því að við erum að ræða samning við þá. Við erum að ræða kaup og kjör bænda og um rekstrarskilyrði þeirra alveg eins og við ræðum um rekstrarskilyrði annarra fyrirtækja, hvort sem er banka, skipafélaga eða hvers sem er.

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir mikilli skattahækkun á flutningastarfsemi sem er mikilvægur þáttur í rekstrarkostnaði hvers býlis, við aðföng og við að koma frá sér vörum, annars vegar vegna reksturs og hins vegar almennri matvöru. Þar hefur skattlagning hins opinbera hækkað mjög mikið undanfarin ár og alveg sérstaklega nú síðustu tvö þrjú ár eða frá því að þungaskattskerfinu var breytt og olíugjald tekið upp. Ég hef sagt það áður, og hef aldrei fengið svar þó að ég hafi talað við hæstv. fjármálaráðherra um það, að þegar fjármálaráðuneytið var að gera þessa kerfisbreytingu voru einfaldlega notaðar vitlausar tölur við að deila seldum olíulítrum í þungaskattinn og út úr því kom miklu hærra olíugjald en þurfti. Það er staðfest í samgönguáætlun að mismunur er hvorki meira né minna en 50 milljónir lítra, það er sem sagt 70% meira sem kemur inn af olíugjaldi heldur en reiknað var með. Það er vegna þess að það gleymdist að nota 50 millj. lítra af seldri olíu til að deila í þungaskattinn til þess að fá út hvar olíugjaldið átti að vera. Þetta hefur farið þráðbeint út í verðlagið, stórhækkað flutningskostnað, stórhækkað rekstrarkostnað heimilanna og þá alveg sérstaklega bænda vegna þess að ofan á þetta voru bændur áður með afslátt á þungaskatti sem var felldur niður við þessa breytingu. Þess má geta að ríkisstjórnarflokkarnir felldu breytingartillögu frá okkur jafnaðarmönnum á þingi um það að bændur mundu njóta sömu kjara.

Við töldum afsláttinn sem bændur fengu af þungaskattinum á sínum tíma einfaldlega hluta af starfskjörum þeirra. En hann datt út þegar olíugjaldið var tekið upp. Hækkandi flutningskostnaður hefur komið inn í umræðuna, en helmingurinn af því er ekki annað en skattheimta til ríkissjóðs, vegna baráttu Vestfirðinga fyrir umbótum. Ríkisstjórnin brást við með því að skipa enn eina nefnd til að fjalla um vanda Vestfjarða því að fyrirtækin verða að fara, m.a. út af háum flutningskostnaði. En það á að skipa enn eina nefnd til að fara í gegnum þetta.

Má ég, virðulegi forseti, minna á að í aðdraganda alþingiskosninga 2003 tóku þrjú ráðuneyti sig til, þ.e. samgönguráðuneytið, fjármálaráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, og skipuðu nefnd til að fara í gegnum flutningskostnað sem skilaði skýrslu og tillögum til ríkisstjórnar. Því var lofað í kosningabaráttunni að gera ætti eitthvað með hana en eftir kosningar hefur það auðvitað allt verið svikið eins og svo margt annað.

Ég lagði fram fyrirspurn á hinu háa Alþingi um að fá að sjá þessa skýrslu. Það er ákaflega merkilegt, virðulegi forseti, að þáverandi ráðherra byggðamála, Valgerður Sverrisdóttir, neitaði að birta skýrsluna í svari við fyrirspurninni og neitaði að fjalla um þær tillögur sem þar voru lagðar fram. Það var ákaflega furðulegt, virðulegi forseti, en er í takt við það sem áður hefur gerst í þessum málum.

Virðulegi forseti. Ég ætla einnig að gera að umtalsefni skilyrði bænda og dreifbýlisfólks til að senda unglinga sína til náms eins og aðrir Íslendingar. Eðli málsins samkvæmt þarf nánast alltaf að senda námsmenn, börn og unglinga, um langan veg á næsta stað þar sem ríkið rekur framhaldsskóla. Við viljum ekki reka framhaldsskóla í hverju þorpi á landinu heldur er þeim dreift um landið og þangað safnast saman nemendur. Á móti höfum við viljað jafna kostnað fólks af því að senda unglingana sína til náms fjarri heimili. Það eru dæmi um að kostnaður við að senda ungling að heiman í framhaldsskóla geti verið á bilinu 500–600 þús. kr. á ári, fyrir einn ungling. Það eru töluverðir peningar og viðkomandi heimili þarf sennilega að þéna upp undir milljón eða rúmlega það til að eiga þessar 500–600 þús. kr. svo hann geti staðið jafnfætis íbúum á þeim stöðum þar sem framhaldsskóli er rekinn af ríkissjóði, greiddur byggingarkostnaður, kennaralaun og rekstrarkostnaður þar sem sumum íbúum nánast dugar að ganga yfir götuna í skólann. Þetta höfum við viljað jafna út með því sem stundum er kallað dreifbýlisstyrkur en ég kýs frekar að nota nafnið jöfnunarsjóður til náms. Sá styrkur hefur ekki verið hækkaður fjölmörg undanfarin ár. Á tímum verðbólgunnar hefur hlutfall styrksins alltaf lækkað og gert fólki erfiðara um vik að senda unglinga til náms. Þetta finnst mér ósanngjarnt,

virðulegi forseti. Þetta er hluti af rekstrardæmi heimilanna. Þetta er sanngjarnt jafnréttismál, snýst um jafnrétti og jafnræði sem við eigum auðvitað að vera stolt af og viljum hafa á Íslandi, eins og við teljum okkur gera en vantar oft mikið á.

Virðulegi forseti. Fleira snýr að rekstrarskilyrðum bænda. Þar kem ég inn á vegamál. Framlag á vegáætlun til tengivega og safnvega hefur lækkað hlutfallslega — í ár er framlag til tengivega rétt um 640 millj. kr. og 350 millj. kr. til safnvega — þegar það er haft í huga, virðulegi forseti, að það er ekkert smáræðis vegakerfi á Íslandi, eða rétt um 13 þús. kílómetrar alls. Ef við förum bara í landsbyggðarkjördæmin þrjú þá sjáum við það að stofnvegir eru þar í kringum 4 þús. km, tengivegir eru í kringum 4 þús. km og safnvegir rétt í kringum 2 þús. km. Þessi upphæð sem ég nefndi áðan, tæpur milljarður, á að fara til tengivega og safnvega á ári, í að byggja upp þetta mikla vegakerfi. Það er auðvitað ástæðan fyrir því að fjölmargar sveitarstjórnir og hagsmunasamtök fólks vítt og breitt um landið hafa sent samgöngunefnd áskorun, kvartanir og bréf þar sem hvatt er til vegabóta á þeirra svæði, eingöngu til þess að fólk komist á milli staða. Spurningin er ekki um á hvaða tíma og á hvaða hraða fólk kemst, eins og það snýst um á höfuðborgarsvæðinu, heldur yfir höfuð hvort fólk komist milli staða eða komi framleiðslu sinni, mjólk eða öðru yfir höfuð frá viðkomandi býli og í næsta kaupstað. Það er dálítið mikið atriði, virðulegi forseti, og rétt að hafa í huga að lítið fé hefur verið sett í þessa vegi sem gerir auðvitað að verkum að ástand þeirra er eins og það er.

Að lokum vil ég koma að því, virðulegi forseti, sem við þingmenn jafnaðarmanna höfum oft tekið til umræðu, þ.e. háhraðatengingar. Ég minnist þess þegar fjarskiptalög voru sett fyrir nokkrum árum. Þá þótti það mjög merkilegt hjá okkur, og við vorum í raun öll mjög stolt af því, þegar við settum upp svokallaða alþjónustu eða ISDN-samband sem átti að vera á hverju heimili. En vegna örra breytinga og framþróunar vorum við rétt búin að samþykkja lögin þegar það var orðið úrelt. Nú er ekki hægt að bjóða upp á slíkt samband, það er einfaldlega allt of hægvirkt. Það er lágmark að hafa ADSL-tengingu, háhraðatengingu sem er auðvitað í mjög mörgum dreifðum byggðum landsins og hjá bændum mjög léleg. Það skekkir samkeppnishæfni þeirra, bæði gagnvart bændum sem vilja stunda fjarnám eða unglinga sem vilja sækja sér gögn vegna skólagöngu, sem auðvitað færist mjög í vöxt. Þarna situr fólk einfaldlega ekki við sama borð. Hið sama gildir um bændur í þeim sveitum þar sem ferðaþjónusta er rekin. Á mörgum stöðum er ekki boðið upp á þetta og háir það auðvitað starfseminni, að ég tali ekki um GSM-sambandið.

Virðulegi forseti. Því miður varð hæstv. landbúnaðarráðherra frekar fýldur yfir því að ég skyldi spyrja hann í andsvari út í raforkukostnað og þá svakalegu hækkun sem hæstv. ríkisstjórn hefur leitt yfir bændur og búalið og fólk í dreifbýli, allt að 60% hækkun. Ég óska eftir að hæstv. landbúnaðarráðherra verði kallaður í salinn í lok ræðu minnar svo að ég geti spurt hann nokkurra spurninga. Hann hefur þá tækifæri til að svara þeim en ég geri það, virðulegi forseti, vegna þess að ég kann því illa að í fyrirspurn minni áðan og í stuttu andsvari, spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra, varð hann eins og ég sagði hvumpinn. Hann tók ekki þátt í því andsvari og svaraði ekki spurningu minni. Mér finnst það mjög alvarlegt og hæstv. landbúnaðarráðherra verður að venja sig af því að fara í fýluköst þegar nefndir eru þeir hlutir sem hann vill ekki heyra. (**LB:** Er ekki of seint að ala hann upp?) (**JBjarn:** Nei, það er aldrei of seint.) Nei, það er aldrei of seint og verður áfram hlutverk okkar að reyna að gera framsóknarmanninn, hæstv. landbúnaðarráðherra Guðna Ágústsson, að betri manni þótt það kunni að ganga erfiðlega. Engu að síður held ég að nauðsynlegt sé að ræða þessi mál við hann þannig að hann geri sér grein fyrir því hvernig málin eru stödd og hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram við það fólk sem minnst mátti við að fá svona högg á sig eins og í raforkukostnaðinum. Hann sem ráðherra getur ekki vísað því frá og sagt að það sé ekki á hans sviði. Það var einfaldlega þannig að það var flokkssystir hans, hæstv. núverandi utanríkisráðherra Valgerður Sverrisdóttir, sem var iðnaðarráðherra á þessum tíma. Af því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er í salnum má minna á að hann var formaður iðnaðarnefndar á þessum tíma. Ég hygg að hann geti staðfest það sem ég hef sagt og hef sagt áður, að þau gögn sem iðnaðarnefnd fékk frá iðnaðarráðuneytinu á sínum tíma þegar verið var að vinna þessi mál voru mjög furðuleg. Það voru fögur markmið um jöfnun raforkukostnaðar og okkur var sagt að búast mætti við 1–2% hækkun á raforkukostnaði vegna þessara tilskipana og breytinga á raforkukerfi okkar Íslendinga. Staðreyndin er allt önnur.

Ég ætla að segja það sem ég sagði í andsvari áðan. Ég hef staðið í þeirri trú að það hafi jafnvel verið óviljandi að þau gögn komu ekki til okkar en síðustu daga hef ég komist að í samtölum við menn sem vinna í þessum geira að það hafi verið viljandi. Þetta voru gögn sem sneru að niðurgreiðslum á raforkukostnaði og á húshitunarkostnaði. Ég er viss um að ef þau gögn hefðu komið til iðnaðarnefndar sem þar var unnið með þá hefðum við aldrei afgreitt málið þar eins og gert var.

Nú sé ég að hæstv. landbúnaðarráðherra er kominn í salinn. Í lok ræðu minnar hyggst ég leggja tvær, þrjár spurningar fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra. Þær snúa að rekstrarskilyrðum bænda og rekstrarskilyrðum fólks á landsbyggðinni. Hæstv. ráðherra hælir sér mjög af þessum samningi, sem er ágætur og eins og ég áður hef sagt stuðningur við þessa atvinnugrein. Við getum kallað þetta byggðastyrki til margra verst stöddu svæði landsins. En sumt í rekstrarskilyrðum þessarar greinar er mjög íþyngjandi.

Fyrsta spurning mín, virðulegi forseti, til hæstv. landbúnaðarráðherra varðandi raforkukostnaðinn. Ég sagði áðan að ég hefði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu í 3. umr. En ég kunni því illa í stuttu andsvari við ráðherrann þegar ég spurði hann út í raforkulagakostnaðinn að hann svaraði því ekki í seinna andsvari sínu. Hann kaus frekar að sitja kyrr. Í 1. umr. um þetta mál, þegar ég ræddi það, kaus hæstv. landbúnaðarráðherra að ganga úr salnum.

Út af fyrir sig skil ég vel að það sé erfitt fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformann Framsóknarflokksins, ráðherra í þessari ríkisstjórn, að fá þessar spurningar. En ég vil auðvitað taka það skýrt fram að það er ekki garmurinn hann Ketill, það er ekki bara Framsóknarflokkurinn, sem

ber ábyrgð á þessu. Sjálfstæðisflokkurinn gerir það líka. En staðreyndin er sú að við þessa raforkulagatilskipun sem innleidd var og breytingu á raforkulögum þá hefur það gerst samkvæmt svari hæstv. iðnaðarráðherra að 25% þegna þessa lands fengu hærri húshitunarkostnað við þessa kerfisbreytingu. Ég ætla að stytta svar hæstv. ráðherra og rifja upp að varið er um milljarði í niðurgreiðslur á húshitun og 230 millj. kr. komi inn vegna þessarar breytingar. Þá var jafnframt sagt að ef þær dygðu ekki yrði að hækka þær. Í gögnum og skýrslum sem send voru iðnaðarráðuneyti kom fram að fyrirsjáanlegt væri, þá eins og þeir segja, að miklar hækkanir yrðu nema til aukinna niðurgreiðslna kæmi. Spurning mín er einfaldlega til hæstv. landbúnaðaráðherra: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera gagnvart þessu? Hvernig á að koma til móts við bændur og búalið hvað þetta varðar? Á þetta bara að standa svona og þeir bændur sem hafa fengið á sig þessar miklu hækkanir, allt að 60% hækkun, eiga þeir að búa við það óbætt?

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég spyrja um það sem snýr að flutningskostnaði og þeim miklu hækkunum sem dunið hafa á íbúum sem þurfa mikið á flutningum að halda, þ.e. flestum íbúum landsbyggðarinnar sem eðli málsins samkvæmt þurfa að greiða mest í flutningskostnað vegna þess að öllu er skipað hér á land. Aðgerð ríkisstjórnarinnar við kerfisbreytingu á þungaskatti yfir í olíugjald hefur stórhækkað flutningskostnað. Fyrir síðustu kosningar, virðulegi forseti, tóku þrjú ráðuneyti sig saman og létu útbúa fína skýrslu, að mér skilst, sem alþingismenn hafa ekki fengið að sjá. En því var lofað fyrir síðustu kosningar af núverandi ríkisstjórnarflokkum að þetta yrði gert eftir kosningar en síðan hefur ekkert verið gert. Og spurning mín til hæstv. landbúnaðarráðherra, vegna þess að þetta íþyngir mjög landbúnaði í landinu, bæði aðföng og flutningur á vöru frá bændum: Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera að því leyti gagnvart bændum og búaliði?

Þriðja spurning mín, virðulegi forseti, snýr einnig að bændum. Ég ræddi um þann sjálfsagða hlut að bændafólk sitji við sama borð og aðrir þegnar þessa lands við að senda unglinga sína í framhaldsskóla sem kostar 500–600 þús. kr. fyrir hvern ungling. En svokallaður dreifbýlisstyrkur sem getur aldrei orðið hærri en kannski 150 þús. kr. á móti hefur ekki hækkað í fjölmörg ár. Því hefur ekki komið til tals hjá hæstv. ríkisstjórn að hækka framlag í þennan jöfnunarsjóð til að koma betur til móts við það fólk sem býr í dreifðustu byggðum landsins og þarf að senda unglinga sína í skóla eins og hver annar? Það er skiljanlegt að fólk vilji senda börn sín til náms.

Þetta eru þær spurningar, virðulegi forseti, sem ég ber upp við lok máls míns í 3. umr. um þetta mál. Ég vildi leggja þær fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformann Framsóknarflokksins og óska þess að hann gefi okkur svör og lýsi sýn sinni á þessi mál.

[16:32]

**Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo erfitt í svona umræðum þegar verið er að ræða um sauðfjársamning að þá kemur þessi hv. þingmaður aftur og aftur með málaflokka sem heyra undir önnur ráðuneyti og hafa verið í vinnslu og eru í vinnslu. Ég verð að segja fyrir mig að ég ber mikla virðingu fyrir verkum iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem raforkuverðið heyrir undir, og fjármálaráðherra sem fer með þetta hvað þungaskattinn og flutningskostnaðinn varðar. Unglingar í framhaldsskóla heyra undir hæstv. menntamálaráðherra. Allt er þetta í vinnslu og skoðun sem þessir hæstv. ráðherrar gætu svarað við þessa umræðu. En ég læt ekkert teygja mig inn í þá umræðu. Hér er verið að ræða um sauðfjársamning, hv. þingmaður, (Gripið fram í.) og þá klára menn auðvitað þá umræðu. Hér er á dagskrá ákveðið mál, frumvarp (**Gripið fram í:** Er þetta viðkvæmt?) um ... Það er ekkert viðkvæmt. Þetta er ekkert viðkvæmt. Auðvitað liggur fyrir að hagsældin á Íslandi hefur verið mikil og að kjör allra landsmanna hafa stórbatnað á síðustu árum. (**Gripið fram í:** ... seinn á ferðinni.) Ja, vegna frelsis og vegna svo margra hluta. Hér hefur sannarlega verið góðæri í efnahagsmálum og menn hafa brotið í blað í sögunni og ný þróun er hafin á svo mörgum sviðum. Landsbyggðin eins og hún leggur sig hefur líka notið þess þó ég viðurkenni það vel að það eru auðvitað svæði á landsbyggðinni sem ég mundi vilja taka með sértækum aðgerðum og skoða nánar.

Sannarlega er það nú svo að hér standa menn upp og hafa rifist yfir álveri á Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjun dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð þó það hafi bætt kjör alls fólksins þar. Menn deila um það sem Húsvíkingarnir eru að hugsa og Þingeyingarnir þannig að það er engin heil brú í þessari umræðu. Ég ætla ekki að láta teygja mig út (Forseti hringir.) í það í þessari umræðu, hæstv. forseti, að svara því sem heyrir undir aðra hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.)

[16:34]

**Kristján L. Möller** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir yfir höfuð að koma í andsvar og reyna að svara spurningum mínum, sem hann gerir þó ekki. Hann skýtur sér frá því að svara og tala um þessi atriði sem auðvitað snúa að bændum og fólk í dreifbýli. Við erum að ræða um stóran og mikinn samning sem er töluvert mikið framlag ríkissjóðs til þessarar atvinnugreinar sem er að stærstum hluta beingreiðslur og annað slíkt. En á sama tíma tekur hæstv. ríkisstjórn sem hæstv. landbúnaðarráðherra situr í, ákvarðanir í ráðuneytum um að leggja hin og þessi frumvörp fram sem íþyngja bændum eins raun ber vitni um. Það er allt að 60% hækkun í raforkukostnaði. Svo er stórhækkun í þungaskatti, olíugjaldi og flutningskostnaði. Það eru einna verstu landsbyggðarskattar sem lagðir eru á. Svo er það jöfnunarsjóður til náms sem auðvitað snýr mest að fólki í dreifbýli. Hann hefur ekkert hækkað undanfarin fimm, sex ár. Þetta eru verk hæstv. ríkisstjórnar sem hæstv. landbúnaðarráðherra situr í og ber ábyrgð á alveg eins og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra sem hæstv. ráðherra kýs að vísa málinu til. Auðvitað er þetta á þeirra borði.

En hefur hæstv. landbúnaðarráðherra andmælt því sem þarna hefur verið gert, bæði því sem hefur verið gert til skattahækkunar og því sem ekki hefur verið gert, sem hefur gert það að verkum að „rekstrarskilyrði“ bændabýla, fólks í dreifbýli hafa stórversnað með þeim landsbyggðarsköttum

sem lagðir hafa verið á og með framlagi til dæmis jöfnunarsjóðs framhaldsskólanema sem ekkert hefur hækkað undanfarin ár og að verðgildi auðvitað rýrnar og rýrnar og ekkert skeður?

[16:36]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Umræða um landbúnaðarmál hefur orðið óvenjulífleg bæði í dag og í gær og farið yfir flest svið atvinnugreinarinnar og að mörgu leyti snúist um grundvallarafstöðu ræðumanna til greinarinnar, stýringar, stuðnings og verðmyndunar. Það hefur að mörgu leyti verið fróðlegt að fylgjast með umræðunni. Hún hefur verið upplýsandi og málefnaleg og mér finnst ástæða til að vekja athygli á því og þakka ræðumönnum fyrir framlag þeirra til hennar.

Ég vil með fáeinum orðum blanda mér í umræðuna og reyna að lýsa dálítið minni sýn til þessarar atvinnugreinar sem er enn þá býsna mikilvæg í íslensku efnahagslífi og býsna stór hluti af sjálfsvitund Íslendinga og ekki hvað síst þegar horft er til búsetu og þess vilja landsmanna almennt að landið sé byggt og vel byggt sem víðast. Ég vil vekja athygli á fáeinum atriðum sem mér finnst ástæða til að draga fram til þess að minna á hversu vel bændur hafa staðið sig á undanförnum árum og áratugum og landsmenn hafa notið þess í lífskjörum sem þeir hafa náð árangri í í sínum störfum.

Ef skoðuð er hlutdeild innlendrar búvöru í útgjöldum heimila og hlutdeild matvælakaupa í útgjöldum heimila og borið saman hvernig það er miðað við erlendar þjóðir sem standa okkur nálægt og hvernig þetta hefur þróast á undanförnum árum þá kemur margt fróðlegt í ljós. Í fyrsta lagi kemur í ljós ef við skoðum útgjöld íslenskra heimila til matvælakaupa að þau eru um þessir mundir um 14%, þ.e. um 14% af útgjöldum heimilanna eru vegna matvælakaupa. Þá er bæði átt við kaup á innlendum matvælum og erlendum matvælum. Þá ber að hafa í huga að erlendi hluturinn er stærri hér á landi en víðast hvar annars staðar í nágrannalöndum okkar og stærri hluti af matvælakaupum heimilanna er í raun byggður á innflutningi á vöru sem engar hömlur eru á, hvorki með tollum eða öðru banni.

Hlutur þessara útgjalda hjá íslenskum heimilum er um 14% eins og ég gat um sem er lægra hlutfall en hjá þjóðum sem búa við lægri kaupmátt en við, t.d. Portúgal þar sem þetta hlutfall er um 20%. Meðalfjölskylda í Portúgal ver um einum fimmta af útgjöldum sínum til kaupa á matvælum sem eru væntanlega að mestu leyti framleidd þar í landi en á Íslandi aðeins um 14%. Mikill árangur íslenskrar bændastéttar endurspeglast í þessum tölum. Hlutfallið hér á landi er líka mun lægra en gerist á Spáni og Grikklandi og Ítalíu og norðlægum löndum eins og Frakklandi og Noregi. Ég held að menn eigi að hafa þessar staðreyndir í huga þegar þeir meta frammistöðu íslensks landbúnaðar og ræða um það eins og eðlilegt er þegar fjallað er um frumvarp eins og það sem hér liggur fyrir og lýtur að stuðningi við sauðfjárrækt.

Í öðru lagi er innlendi hlutinn, útgjöld heimila til innlendrar framleiðslu í búvöru, aðeins rétt liðlega 5% á síðasta ári af útgjöldum heimilanna og hefur lækkað verulega á síðustu tíu árum frá því að vera tæplega 7% þá eða um 7%. Þetta er því árangur innlendra framleiðenda, vinnsluaðila og seljenda sem hlýtur að segja okkur að atvinnugreinin og þeir sem vinna úr hinni framleiddu vöru og selja hana standa sig vel í alþjóðlegum samanburði. Ég held að full ástæða sé til að draga þetta fram vegna þess að þegar menn ræða um mál af þessum toga sem lýtur fyrst og fremst að stuðningi við framleiðslu þá vilja þeir kannski um of beina athyglinni að því og að greinin sé í vanda, fái ekki þrifist nema stuðningurinn sé fyrir hendi. En það þarf að skoða myndina í heild sinni og þetta er í raun heildarmyndin, þ.e. að atvinnugreinin, bæði sá þáttur hennar sem nýtur stuðnings ríkisvaldsins, mjólkurframleiðsla og lambakjötsframleiðsla og aðrar greinar landbúnaðar sem ekki eru á neinum slíkum samningum standa sig í raun mjög vel. Það er framleidd góð vara á hagstæðu verði fyrir íslenska neytendur þannig að ef við tökum málið í heild sinni getum við sagt að staðan sé nokkuð góð. Menn geta verið nokkuð ánægðir með þróunina á síðustu árum og það er að mörgu leyti merkilegt í ljósi þess viðhorfs sem ríkti til landbúnaðar fyrir ekki svo mörgum árum síðan hversu miklar breytingar hafa orðið í landbúnaði. Nýjar greinar hafa skotið rótum í landbúnaði og náð að dafna. Atvinnugreinin hefur breikkað og viðhorf almennings til hennar hefur orðið miklu jákvæðara en áður.

Af því að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur lítið verið hrósað í þessari umræðu þá vil ég þó nefna það að ég tel að hann eigi sinn þátt í þessari jákvæðu breytingu á viðhorfi almennings til greinarinnar og viðhorfum bænda til starfs síns á síðustu árum. Það hafa margir lagt hönd á plóg í þeim efnum og ráðherrann er einmitt einn af þeim.

Atvinnugreinin er mikilvæg sem sést af því að um 5.300 störf eru beint tengd við landbúnað eða þjónustu við greinina. Þetta er nokkuð mikið. Ef við setjum þetta í álverssamhengi eins og gjarnan er gert um þessar mundir og dreginn upp ávinningurinn af því í atvinnulegu tilliti fyrir þjóðarbúið og einstök landsvæði — ef reist er álver þá fylgja því eðlilega ný störf sem ekki eru til í dag — þá kemur í ljós að þetta samsvarar um 15 álverum á stærð við álver Norðuráls í Hvalfirði. Menn skyldu því ekki tala um atvinnugreinina á þeim nótum að hún sé orðin svo smá í íslensku hagkerfi að þó að ákveðinn hluti hennar legðist af eða breyttist verulega þá skiptu þær breytingar litlu máli. Það er öðru nær. Breytingar mundu skipta miklu máli.

Ef við horfum kannski fram í tímann og veltum fyrir okkur hvernig viljum við sjá atvinnugreinina þróast, í hvaða átt, þá er svar mitt mjög skýrt í þeim efnum. Ég vil sjá atvinnugreinina þróast til atvinnufrelsis. Í þessari grein eins og öllum öðrum atvinnugreinum gengur best þegar menn eru frjálsir í sinni atvinnu, menn geti stundað þá atvinnu sem þeir kjósa og eru ekki bundnir bönnum eða boðum í of miklum mæli.

Verslun var atvinnugrein sem lengi var bundin í opinbera klafa, úthlutað með leyfum sem konungar eða ráðamenn útdeildu og völdu aðila til að stunda þá starfsemi og reynslan af því fyrirkomulagi situr enn í íslensku þjóðinni og kannski öðrum þjóðum líka. Við höfum séð að frjáls verslun felur í sér hagsæld fyrir almenning. Frjáls verslun og samkeppni er fyrirkomulag sem við vitum að er líklegri til að skila árangri og ávinningi fyrir almenning en annað

fyrirkomulag sem styðst við höft og bönn.

Almennt hefur í landbúnaði hérlendis og erlendis verið mikið stuðst við takmarkanir á innflutningi og viðskiptum á vörum á milli landa og styðst það að vísu m.a. við heilbrigðisástæður. Það eru gild sjónarmið að fara varlega í þeim efnum til að fyrirbyggja að sjúkdómar berist á milli landa sem mun geta gerst, en að því frátöldu er þróunin í átt til frelsis með viðskipti á þessum vörum eins og öðrum vörum. Það mun verða ofan á í alþjóðlegum samningi hjá WTO og EFTA og Íslendingar hafa t.d. ævinlega lagt mjög mikla áherslu á fríverslun með fiskafurðir og talið það skipta sig miklu máli að verslunarfrelsið væri sem víðtækast í heiminum. Það gæfi íslensku þjóðinni mesta hagsæld af þeirri atvinnugrein sem fiskveiðar og fiskvinnsla er. Ég vil því gjarnan sjá þessa atvinnugrein eins og aðrar þróast í þá áttina og ég spái því að það muni gerast og heyri það auðvitað á forustumönnum Bændasamtakanna og öðrum sem um þessi mál fjalla, að þeir telja að þróunin verði í þessa átt og eins hitt að draga úr opinberum stuðningi við framleiðslu. Ég held að þetta sé framtíðarsýn sem sé tiltölulega almenn samstaða um meðal íslenskra stjórnmálaflokka. En það er í þessu eins og öðru að breytingar þurfa auðvitað að fara fram með þeim hætti að þær skaði ekki hagsmuni fólks. Breytingar eru gerðar til að ná fram ávinningi en ekki til að valda tjóni. Þess vegna verða þær að fara fram með hæfilegri aðlögun og fyrirvörum þannig að ávinningur náist fram en ekki tjón. Frjálslyndi flokkurinn hefur stutt hina almennu samningsgerð um stuðning við mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu og gerir það í þessu sem fyrr þó að við leggjum áherslu á atvinnufrelsi. Segja má að það sé gæfa í landbúnaðinum umfram það sem gerðist í sjávarútvegi að menn eru frjálsir að því að stunda landbúnað hér á landi. Þeir sem vilja geta verið með sauðfé og framleitt sitt kjöt til sölu og þeir sem vilja vera með mjólkurframleiðslu geta það og þurfa ekki að vera undir samningum ríkisins ef þeir kjósa svo og framleitt vöru sína án þess að ríkið stöðvi það. Það held ég að sé gæfa landbúnaðarins sem muni hafa það í för með sér að hann verði í minni vandræðum vegna kvótakerfis sem þar hefur verið komið á heldur en er í sjávarútvegi og stefnir þar í meiri vandræði eftir því sem tímar líða fram.

Við sjáum það t.d. í mjólkurframleiðslu að stuðningurinn sem þar er veittur til framleiðenda hefur ansi mikið gengið til þess að fjármagna kaup á réttindum og endar að nokkru leyti hjá viðskiptabönkunum í formi vaxtagreiðslna fyrir þau réttindi. Bóndinn sem framleiðandi nýtur því ekki góðs af stuðningi ríkisins nema þá að nokkru leyti. Ég skal ekki leggja mat á að hve miklu leyti ríkisstuðningurinn fer í að standa undir fjármagnskostnaði en mér sýnist á tölum um útgjöld mjólkurframleiðenda og sé hversu stór fjármagnskostnaðurinn er í þeim útgjöldum, þá hljóti það að vera umtalsverður hluti. Þá er ríkisstuðningurinn eiginlega farinn að verða stuðningur við bankakerfið fremur en stuðningur við bændur. Þess vegna er kvótakerfi af þessum toga vandmeðfarið, sérstaklega ef það er lokað, þá leiðir það til þeirrar niðurstöðu eins og við sjáum í mjólkurframleiðslunni og enn betur í sjávarútveginum. Þess vegna er skynsamlegt að opna í þeim efnum fyrir aðra framleiðendur og koma sér smám saman út úr kerfi af þessum toga. Stuðningurinn á að beinast að því að menn finni sér framleiðslu sem skilar meira af sér eða er beinlínis stuðningur við búsetu, landvörslu og annað slíkt fremur en að halda uppi kerfi sem er í raun til þess eins að fjármagna réttindi sem ganga kaupum og sölum.

Virðulegi forseti. Í frjálsu markaðshagkerfi ræðst verðlag á vöru eftir kaupmætti þeirra sem eru á markaðnum. Það eru að verða algild sannindi. Sama vara og er seld hérlendis er seld á allt öðru verði í öðrum löndum þar sem kaupmáttur er miklu lægri. Dæmi eru um vörur, t.d. fatnað, nákvæmlega sömu vörur sem eru seldar hér og í öðrum löndum, t.d. suðrænum löndum, þar sem kaupmáttur er miklu lægri en hér, þá er verðlagið á vörunni mjög ólíkt þó að þetta sé nákvæmlega sama varan. Það sem heldur aftur af seljendum er fyrst og fremst samkeppni. Ef samkeppnin er lítil og kaupmáttur hár er hætta á að verðlagið verði mjög hátt.

Ef við skoðum þennan þátt hérlendis en verðlag hérlendis hefur verið dálítið gagnrýnt á undanförnu ári, þ.e. að verðlag hérlendis á landbúnaðarvörum sé mun hærra en gerist að meðaltali í Evrópusambandinu, þá er myndin ekki sú sem dregin hefur verið upp og er í raun og veru miklu betri fyrir íslenskan landbúnað. Ég vildi í fáum orðum nefna það til að halda því til haga vegna þess að okkar landbúnaður er þrátt fyrir allt að framleiða vöru á tiltölulega hagstæðu verði og það er allnokkur samkeppni í sölu á vörunum þannig að verðlagið í innlendu landbúnaðarframleiðslunni er ekki úr takt við það sem gerist um aðra vöru.

Nefnt hefur verið að verð á mjólk, ostum og eggjum, þ.e. innlendri framleiddri landbúnaðarvöru, sé um 46% hærra en að meðaltali í 15 Evrópusambandslöndum. Það er til marks um það kerfi sem menn hafa stuðst við sem byggir að nokkru leyti á vernd greinarinnar fyrir innflutningi sem leiðir til hás verðlags. Það er ekki algildur sannleikur því að skoðun á innflutningi eða verðlagi á vöru sem er algerlega frjáls innflutningur á, eins og fatnaði og skóm, leiðir í ljós að meðalverð hér á landi er 49% hærra en í Evrópusambandslöndunum 15, þ.e. það er hærra yfir meðalverði Evrópusambandsins heldur en innlenda mjólkurframleiðslan. Brauð og kornvörur sem ekki eru tollaðar eru 67% hærri hérlendis en meðalverðið í Evrópusambandslöndunum 15 og hótel- og veitingakostnaður 82% hærri. Þetta sýnir okkur að landbúnaður stendur sig að mörgu leyti betur en aðrar atvinnugreinar sem búa ekki við innflutningsverð og bendir einmitt á að þar er kannski frekar skortur á samkeppni til að halda verði niðri en í landbúnaðinum eða vörum framleiddum af honum.

Þetta vildi ég draga fram, virðulegi forseti, til að mönnum væri ljóst að fyrirkomulag í landbúnaði skilaði okkur ekki hærra verði eða eins háu verði og menn hafa viljað vera láta. Greinin framleiðir góða vöru á tiltölulega góðu verði, sérstaklega í alþjóðlegum samanburði.

Ég vil að lokum segja um þann samning sem hér liggur fyrir að það er vissulega gagnrýni vert að ríkisstjórn ákveði tveimur mánuðum áður en hún lætur af störfum að lögfesta samning til sex ára sem gildir fyrir allt komandi kjörtímabil og fram á það næsta á eftir. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn kýs að binda komandi þing og í raun ganga fram hjá vilja kjósenda. Hið eðlilega væri auðvitað að bíða með að

afgreiða svona mál þar til að afloknum kosningum og það er ekki neitt sem kallar á það í sjálfu sér að afgreiða málið núna. Hins vegar má segja að ríkisstjórnin hafi þau rök á móti að nokkuð góð samstaða er hjá stjórnmálaflokkunum um samninginn þannig að ekki eru miklar líkur á því að hann yrði mikið öðruvísi eftir kosningar í nýrri ríkisstjórn en í þeirri sem nú situr. Kannski eru þessar athugasemdir þá ekki eins alvarlegar í því ljósi. En engu að síður hefði ég talið eðlilegra að ríkisstjórnin hefði látið það vera að gera svona langan samning skömmu fyrir þingkosningar.

Hér er nokkuð deilt um hvort eigi að afnema útflutningsskyldu eða ekki. Ég vil segja um það að auðvitað getur útflutningsskylda átt rétt á sér eins og hún hefur verið þar sem framleiðsla er umfram það sem hægt er að selja á innlendum markaði en þetta verður alltaf flóknara og flóknara eftir því sem tíminn líður og eftir því sem stærri hluti af framleiðslu landbúnaðarins er utan við kerfi af þeim toga sem er í sauðfjárræktinni. Hvernig á sauðfjárræktin að geta selt afurðir sínar undir svona skilyrðum í samkeppni við svínakjöt, nautakjöt eða kjúklingakjöt sem ekki eru á neinum samningi við ríkið? Framleiðendur og seljendur geta einfaldlega lækkað verðið, mætt samkeppninni með þeim hætti en lambakjötið mætir samkeppninni með því að taka ákvörðun um að það verði flutt út, sem er auðvitað sama og ákvörðun um að minnka markaðshlutdeild lambakjötsins.

Það að koma í veg fyrir samkeppni leiðir auðvitað líka til þess að neytendur þurfa að borga hærra verð. Ekki er eðlilegt að standa þannig að málum til lengri tíma að hafa fyrirkomulag sem beinlínis miðar að því að hafa verðið hærra en ella mundi vera. Þess vegna held ég að afnám útflutningsskyldunnar sé skynsamlegt í þeirri stöðu og hluti af þeirri þróun sem á að vera í atvinnugreininni til þeirra átta sem við viljum fara. Bændum er bætt upp það tap sem talið er að þeir verði fyrir vegna aukinnar samkeppni. Í samninginn eru settar fjárhæðir sem eiga að mæta því sem talið er að þeir tapi á aukinni samkeppni sem leiðir til lækkunar á verði á afurðum þeirra. Þegar upp er staðið fá þeir að meðaltali eða að jafnaði sömu tekjur og ella væri en neytendur fá vöru sína á lægra verði sem þessu nemur. Þeir sem leggja til að útflutningsskyldan verði áfram eru þá að leggja til að þær fjárhæðir séu teknar út úr samningnum aftur, um 300 millj. kr. á ári, og að neytendur borgi þessa fjárhæð umfram það sem ella væri á hverju ári. Ég er ekki viss um að það sé skynsamlegt að standa þannig að málum og setja ákvæði sem þar að auki skyldar framleiðendur sem kjósa að starfa utan við samninginn við ríkið til að selja hluta af framleiðslu sinni á erlendum markaði á verði sem skilar þeim ekki þeim tekjum sem þeir þurfa að fá. Hvar er nú stjórnarskrárvarða ákvæðið um atvinnufrelsi manna ef menn leggja til að fela einum ráðherra þá heimild í reglugerð að skylda þá til að selja vöru sína á erlendum mörkuðum á verði sem er óviðunandi? Tillaga um útflutningsskyldu á aðila sem ekki einu sinni vilja vera undir samningnum nær auðvitað ekki nokkurri átt, virðulegi forseti.

Ég læt þessu þá lokið sem almennri umfjöllun um atvinnugreinina og viðhorf til hennar þar sem ég hef svolítið verið að lýsa sjónarmiðum mínum. Ég vil að lokum segja og árétta það að ég tel að atvinnugreinin hafi staðið sig vel á undanförnum árum og áratug og alveg greinilegt að landbúnaðurinn er í mikilli framför og bændur eru í miklum sóknarhug. Það er mikil breyting frá því sem var fyrir nokkrum árum, virðulegi forseti.

[17:03]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Við erum að ræða mikilvægan samning sem snertir kjör landsbyggðarfólks mikið. Eins og fram hefur komið vinna mörg þúsund manns við þessa atvinnugrein eða tengt henni þannig að hér er um gríðarlega mikilvægt mál að ræða.

Ég ætla eins og fyrri ræðumaður að hrósa hæstv. landbúnaðarráðherra örlítið. Hann á hrós skilið því að þegar við erum að ræða þessi málefni landsbyggðarinnar treystir hann sér til að ræða þau mál í björtu. Það er ekki svo með hæstv. sjávarútvegsráðherra sem á svo erfitt með að ræða sín mál að hann velur helst fundartíma upp úr kvöldmat og jafnvel undir miðnætti og fram í nóttina. Það er ákveðið hraustleikamerki hjá hæstv. ráðherra að treysta sér til að ræða málaflokkinn í björtu og mér finnst að við eigum að virða það við hann.

Það er ýmislegt um þennan samning að segja. Ég hef áður haldið ræðu um hann sem fór eitthvað fyrir brjóstið á hæstv. landbúnaðarráðherra. Það var þegar ég minntist á stefnu formanns Framsóknarflokksins sem boðaði borgríki fyrir tveimur árum og fleira sem okkur í Frjálslynda flokknum hugnaðist ekki í stefnu Framsóknarflokksins í málefnum landsbyggðarinnar. Þá nefndi ég það sérstaklega að svipta ætti bændur útræðisrétti sínum sem okkur hugnast ekki og sérstaklega ef svipta á þá rétti til að nýta fjöruborðið sem þeir eiga þó með lögum og loks hve Framsóknarflokkurinn gengur hart fram hvað varðar þjóðlendurnar. Þetta fór eitthvað fyrir brjóstið á hæstv. ráðherra og hann kallaði þetta svívirðingar en það er því miður ekki svo því að þetta er allt skjalfest, m.a. í Borgfirðingabók. Þessi framtíðarsýn formanns Framsóknarflokksins hefur því miður birst í stefnu ríkisstjórnarinnar á umliðnum árum.

Við ræðum hér mikilvægan samning eins og áður segir, þ.e. stuðning við framleiðslu á tæplega 9 þúsund tonnum af lambakjöti. Um það bil 2 þúsund bændur framleiða þetta kjöt og það skiptir því miklu máli hvernig við úthlutum þessum styrkjum. Mér finnst það jákvæð þróun hvað þennan samning varðar að verið er að fara úr beingreiðslum sem byggja á mjög gömlum framleiðsluréttindum sem menn áunnu sér fyrir liðlega 25 árum, því að það er auðvitað ekki hægt að vera að úthluta opinberu fjármagni út frá einhverjum réttindum sem menn áunnu sér fyrir liðlega aldarfjórðungi. Vissulega hafa menn að einhverju leyti keypt þessi réttindi en samt er þetta í rauninni grunnur sem gengur ekki upp. Þetta eru peningar sem nema í kringum 1,5 millj. á hvert býli árlega og það er athyglisvert þegar maður veltir fyrir sér styrkjum til landbúnaðarins að þetta virðist vera svipað hlutfall og til grænmetisframleiðenda, að þetta sé svipuð upphæð og á hvern framleiðanda þar. Þetta er sambærileg upphæð hvað það varðar.

Við verðum að hafa það í huga í umræðu um landbúnaðarmál að styrkir til landbúnaðar hafa dregist gríðarlega saman sem hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs. Ég tel að margir sem hafa sig mjög í frammi í umræðunni og jafnvel í um-

ræðuþáttum geri sér ekki grein fyrir þessu og telji enn að landbúnaðurinn sé gríðarlegur baggi á ríkissjóði en svo er alls ekki. Ef fjárlög ríkisins eru skoðuð sést að útgjöld til bænda eru liðlega 3% af heildarútgjöldum ríkisins en voru í kringum 8% eða rúmlega það á níunda áratugnum. Þetta hefur dregist gríðarlega saman og er nær þreföld minnkun á ekki lengri tíma. Það skal ekki sagt hvort þetta er þreföld lækkun í krónum talið heldur hefur líka annað gerst sem er það að útgjöld ríkisins hafa bólgnað út til ýmissa annarra málaflokka sem Framsóknarflokkurinn hefur stýrt, eins og t.d. utanríkisráðuneytið þar sem menn eru að opna sendiráð í fjarlægum heimshlutum fyrir einhverja sem eru nátengdir flokknum. Mér dettur strax í hug sendiráð í Suður-Afríku sem maður botnar í rauninni ekkert í að verið sé að leggja í. Útgjöld til landbúnaðarins hafa dregist saman, það er rétt að hafa það í huga í umræðu um hann og sýna þessum málaflokki fulla sanngirni hvað það varðar. Hann er ekki sá baggi sem hann var áður á samfélaginu heldur hafa útgjöld til hans minnkað gríðarlega. Eins og kom fram í umræðunni hefur sá hluti útgjalda heimilisins sem fer í matarkaup minnkað á síðustu árum og er núna rétt liðlega 13% og þar af eru útgjöld vegna innlendra landbúnaðarvara rétt liðlega 5%. Þetta er því ekki sú upphæð sem munar hvað mest um fyrir heimilin í heimilisbókhaldinu. Það er af og frá þó svo að stundum hafi verið látið að því liggja í umræðunni .

Ýmsir hafa farið mjög geyst í umræðunni og ég vil sérstaklega nefna hv. þm. Einar Odd Kristjánsson sem flutti mjög langa ræðu um útflutningsskylduna. Maður furðar sig í rauninni á að slík ræða um að koma á einhverri útflutningsskyldu komi frá aðila í flokki sem boðar viðskiptafrelsi. Það er mjög öfugsnúið en auðvitað er það eins og margt annað sem Sjálfstæðisflokkurinn boðar nú á síðustu árum sem er mjög öfugsnúið eins og það að vilja viðhalda kvótakverfi í sjávarútvegi þó að sýnt sé að það er algerlega árangurslaust og að koma á verðlagningu í sjávarútvegi sem styðst ekki við markaðslögmál. Það er kannski eftir öðru hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, þegar öllu er á botninn hvolft og málflutningur hans er skoðaður þá er hann kannski mjög lítið fyrir það að eðlileg markaðslögmál ráði, því miður. Við í Frjálslynda flokknum teljum það til bóta að útflutningsskyldan verði lögð niður og að bændum verði bætt upp sú mögulega skerðing sem verður á kjörum einhverra þeirra við það. Sumir komast eflaust betur af eftir að útflutningsskyldan er tekin af með þessu framlagi sem er aukið til bænda í þessum samningi vegna þess. Það er því ýmislegt jákvætt um það að segja.

Auðvitað hefur dreifbýlið farið mjög illa út úr stjórnartíð Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Því er ekki á móti mælt. Það er orðinn meiri munur á kjörum fólks á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Það er orðinn gríðarlegur munur og það er rétt að taka fram að núna munar u.þ.b. hálfri milljón króna á meðaltekjum Norðlendinga og höfuðborgarbúa. Stefna stjórnvalda hefur í rauninni miðað að því að hefta sjávarútveginn, sem hefur verið aðalatvinnugrein landsbyggðarinnar, og draga þannig úr störfum og uppbyggingu starfa á landsbyggðinni. Það hefur valdið því að laun þar hafa dregist aftur úr og eru nú um hálfri milljón króna lægri á Norðurlandi eystra en á höfuðborgarsvæðinu

Annað hefur líka valdið þessu sem er rétt að taka fram vegna þess að menn hafa verið að ræða kjör íbúa í landinu og það er skattastefnan. Skattastefna ríkisstjórnarinnar hefur valdið því að kjör meðaljónsins og -gunnunnar á Norðurlandi eystra hafa versnað við skattbreytingarnar. Ef þessar skattbreytingar hefðu farið í að hækka skattleysismörk og persónuafsláttur hefði fylgt launaþróun þá má vel áætla að meðalfjölskylda fyrir norðan hefði úr að spila liðlega 200 þús. kr. hærri upphæð árlega. Skattastefnan hefur því leikið landsbyggðarfólkið mjög grátt. Þetta er ekki endilega bundið við þá sem búa á landsbyggðinni heldur má í rauninni segja sömu sögu um alla sem eru með meðaltekjur og lægri tekjur að munurinn er þessi. Það eru liðlega 240 þús. kr. árlega sem þessir tekjuhópar hefðu úr meiru að spila árlega í beinhörðum peningum ef skattastefnan hefði verið önnur. Þetta eru staðreyndir sem sýna það að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hugsa ekki um hag venjulegs launafólks, langt í frá, heldur hafa skattbreytingarnar í raun allar verið á þá leið að lyfta undir þá sem höfðu meira fyrir. Það er mjög sérkennilegt en þetta er sú stefna sem þeir velja og hafa með því aukið misskiptinguna í landinu með stjórnvaldsaðgerðum og skattbreytingum.

Það sem mig langar að ræða að lokum af því að við erum að ræða kjör dreifbýlisins er óbilgirnin sem birtist þegar verið er að úthluta styrkjum til ungra námsmanna sem búa á landsbyggðinni og umsóknarfresturinn er útrunninn. Hvað gerist þá? Unga fólkið er svipt styrknum og það gerir hæstv. menntamálaráðherra. Það eru dæmi um það. Ég fékk bréf úr Þingeyjarsýslu um dæmi þar sem kerfið vinnur svona grimmilega, ungur maður sótti um styrk en umsóknartíminn var liðinn og þó að hann væri í námi og hefði skilað sínu námi vann kerfið sitt verk og svipti þessa fjölskyldu öllum rétti til dreifbýlisstyrkjar sem nemur 90 þús. kr. fyrir önnina. Mér finnst það vera nokkuð grimmúðlegt að geta ekki sýnt meiri sveigjanleika en þetta gagnvart fólki sem býr á landsbyggðinni.

Þetta birtist því miður víðar. Það eru ljósritaðar heilu reglugerðirnar beint frá Brussel, Evróputilskipanir, og þær síðan látnar gilda hér alveg óbreyttar og þá er ég að tala um rafmagnið. Menn ljósrita að því er virðist heilu reglugerðabálkana frá Brussel og innleiða það sem eitthvert regluverk fyrir íslenskan rafmagnsmarkað. Það hefur því miður komið mjög illa út og valdið hækkunum, tugprósentahækkunum hjá bændum landsins. Ég heyrði það á andsvari hæstv. landbúnaðarráðherra að hann vildi leiða þetta hjá sér og ég skil það vel, hann vildi leiða það hjá sér að svara fyrir þetta. Mér finnst í rauninni að það sé kannski ekki aðalatriðið að menn svari fyrir þetta heldur bæti þetta, breyti þessu og komi þessu í samt lag. Mér finnst það vera aðalatriðið að láta ekki þessa reikninga hækka upp úr öllu valdi á hverju ári. Mér finnst það ekki vera líðandi.

Að lokum vil ég segja að við í Frjálslynda flokknum styðjum þennan samning og munum greiða honum atkvæði okkar. Hér er eflaust ýmislegt sem útfæra mætti með öðrum hætti eins og gæðastýringuna en maður hefur heyrt margan bóndann kvarta yfir því að þetta sé mjög flókið kerfi og erfitt að átta sig á þessum greiðslum. Ég tel að einfalda þurfi kerfið og gera það skýrara þannig að þeir sem vinna í því átti sig í raun betur á því hvað þar fer fram. En að lok-

um er rétt að ítreka það að við í Frjálslynda flokknum styðjum þennan ágæta samning.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Varnir gegn landbroti, 3. umr.*

Stjfrv., 637. mál (valdmörk milli ráðherra). — Þskj. 1252.

[17:20]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Komið er til 3. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti. Hér er verið er að leiðrétta þau lög sem samþykkt voru síðasta vetur, þ.e. svokölluð vatnalög. Það er ansi skemmtilegt að sjá orðalag í nefndarálitinu. Ég vænti þess að forseti hafi sérstaklega tekið eftir því að í nefndarálitinu segir að þar sé verið að leiðrétta — ég man ekki hvernig orðalagið er — mistök sem voru gerð við setningu vatnalaganna á síðastliðnum vetri. Þau mistök voru varðandi verkefni sem hingað til hafa heyrt undir landbúnaðarráðuneytið og landbúnaðarráðherra og verið nánast óaðskiljanlegur hluti af verkefnum landbúnaðarráðuneytisins alla vega á meðan þessi skipan ráðuneyta er. Þegar þetta er skoðað nánar kemur í ljós að þau heyra þar undir.

Ég hef í sjálfu sér ekkert efnislega við það að athuga þó að þessi breyting sé gerð. En vatnalögin eru ekki enn komin til framkvæmda þannig að ástæðulaust er að flytja þessa breytingartillögu. (Gripið fram í.) Við höfum boðið það að taka öll vatnalögin upp því að vatnalögin sem voru samþykkt á síðasta vetri og fólu í sér einkavæðingu á auðlindinni vatni, voru eitt harðasta málið sem tekist var á um á síðasta þingi. Að lyktum, til þess að forða því að allt þinghald færi endanlega í uppnám út af óbilgjarnri kröfu iðnaðarráðherra (**HBl:** Það verður nú að tala vel fyrir málinu.) um einkavæðingu á vatni, var endanlega sæst á að taka málið út gegn því að gildistökuákvæðinu yrði frestað til 1. nóvember 2007, þ.e. eftir að búið verður að skipta þessari ríkisstjórn út sem verður gert í kosningunum núna 12. maí. Þá lýstu félagshyggjuflokkarnir, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn því yfir að fyrsta verk þeirra yrði að koma í veg fyrir að vatnalögin, eins og þau væru úr garði gerð, tækju nokkurn tímann gildi. Með áformum um að einkavæða vatnið er jú vegið að grundvallarréttindum lífs á jörðinni. (**HBl:** Hvaða bölvuð vitleysa er þetta!)

Ég minnist þess einmitt í því sambandi að þegar við heimsóttum Palestínu og Ísrael fyrir um tveimur árum sáum við að stríðið var um vatnið. Ísraelsmenn reyndu að koma í veg fyrir að Palestínumenn fengju vatn. Þeir vildu alla vega hafa það í hendi sér hvort þeir fengju vatn eða ekki. Uppi á allmörgum húsum voru svartir tankar, vatnsgeymar, og sagði leiðsögumaðurinn okkur að þetta væru hús Palestínumanna og þeir væru að safna rigningarvatni. Svo komum við upp í Gólanhæðirnar og þar var verið að safna vatni í dunka. Þá sögðu þeir okkur að Ísraelsmenn teldu sig eiga vatnið, eiga vatnið sem auðlind, og ekki bara vatnið á jörðinni heldur rigninguna líka. Þeir reyndu að bjarga sér með því að safna rigningarvatni en okkur var sagt að Ísraelsmenn vildu skattleggja þá fyrir það og að þeir teldu sig eiga rigningarvatnið líka.

Hliðstæða hluti var ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að reyna að leiða í lög á síðasta ári með vatnalögum þar sem kveðið var á um einkavæðingu á vatni og að vatn yrði háð séreignarrétti. (Gripið fram í.) Um þetta var einmitt deilt. Ákafinn var svo mikill í einkavæðingunni á vatninu að iðnaðarráðherra hafði seilst svo langt inn á verksvið landbúnaðarráðherra að landbúnaðarráðherra ofbauð. Ég minnist þess að hæstv. landbúnaðarráðherra kom af fjöllum í umræðum hér á þingi því að hann hafði ekki lesið þetta umdeildasta lagafrumvarp. Hann kom af fjöllum þegar honum var bent á að verið væri að taka heilu, stóru málaflokkana undan landbúnaðarráðuneytinu þrátt fyrir að fyrir lægju umsagnir. Ég minnist umsagna frá Landgræðslunni og frá Veiðimálastofnun. Ég minnist umsagnar frá veiðimálastjóra. Ég minnist umsagnar frá Landssambandi veiðifélaga. Allir þeir lögðust mjög eindregið gegn því að flytja þessi verkefni frá landbúnaðarráðherra til iðnaðarráðherra. Landbúnaðarráðherra hafði engu að síður ekki gert sér grein fyrir þessu.

Við í stjórnarandstöðunni buðumst strax til þess í fyrra að hjálpa ráðherra til að rétta hlut sinn. En þá fékk hann því ekki framgengt meira að segja vegna andstöðu samráðherra sinna og samflokksráðherra, hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra sem taldi það í hæsta máta eðlilegt að allt vatn í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi færi undir umsjá iðnaðarráðherra. Við lögðum líka áherslu á það í þeirri umræðu að sett yrðu svokölluð vatnsverndarlög, lög um verndun vatns, þ.e. að áður en samþykkt yrðu lög um að allt vatn skyldi heyra undir iðnaðarráðherra þá mundi umhverfisráðherra flytja lagafrumvarp um vatnsvernd. Þá var okkur sagt að þau væru rétt að koma fram, vatnsverndarlög.

Ég minnist þess ekki, frú forseti, að lög um vatnsvernd hafi nokkuð komið fram. Er það misminni hjá mér? Hafa lög um vatnsvernd komið fram? Þó höfum við undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar um vatnsvernd, um vernd á vatninu sem auðlind fyrir allt líf á jörðinni. Boðað var að hæstv. umhverfisráðherra væri að koma fram með slíkt lagafrumvarp. En ekkert bólar á slíku enn. (Gripið fram í.) Við sjáum því hvernig staðið hefur verið að þessum málatilbúnaði öllum. Það væri fróðlegt að fá að heyra frá núverandi (Gripið fram í.) umhverfisráðherra hvað lögum um vatnsvernd líði sem hv. þingmaður og fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, lofaði að yrðu flutt hér á síðasta vetri, þ.e. frumvarpi til laga um vatnsvernd.

Ég var sannfærður um eindreginn vilja þáverandi hæstv. umhverfisráðherra, Sigríðar Önnu Þórðardóttur, til að flytja frumvarp um vatnsvernd eins og umhverfisráðherra bar að gera. En eitthvað hefur gerst þannig að ekki hefur hæstv. ráðherrann fyrrverandi fengið vilja sínum framgengt hvað það varðar og ekki heldur næsti umhverfisráðherra Framsóknarflokksins sem var látinn taka við af henni. Ekki hefur hún komið fram með neitt frumvarp um vatnsvernd. Enn stöndum við í sömu sporum og þá. Ekki hefur á nokkurn hátt verið staðið við loforð um að vatnsverndarlög væru að

koma fram.

Ég vil spyrja hæstv. umhverfisráðherra, ef hún heyrir mál mitt, því nú fer að styttast í þinglok: Hvenær er þess að vænta að vatnsverndarlög komi fram, frumvarp til vatnsverndarlaga? Ég veit að hæstv. forseti sá sem nú er í forsetastóli, fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra Sigríður Anna Þórðardóttir, lagði mikinn þunga á það í máli í sínu í umræðunni um vatnalögin að frumvarp til laga um vatnsvernd kæmi fram og yrði í raun meðhöndlað og unnið nokkuð samtímis því sem unnið yrði að vatnalögunum. Ekkert bólar á því enn.

Nú erum við þegar farin að draga til baka heilu kaflana í vatnalögunum með því orðalagi að hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra hafi orðið á yfirsjón við afgreiðslu þeirra á sínum tíma og því sé nauðsynlegt að flytja núna frumvarp til að lappa upp á þær yfirsjónir. En í stað þess að taka vatnalögin sjálf og breyta þeim, sem hefði verið eðlilegast, er sá kostur valinn að flytja frumvarp til breytinga á lögum sem heyra undir allt annan ráðherra og eru nánast um allt annað málefni til þess að ná fram breytingum á vatnalögum sem heyra undir iðnaðarráðherra. Allt er þetta nú heldur vandræðalegt (Gripið fram í.) og sýnir hvílíkt ofurkapp fyrrverandi iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins lagði á að ná undir sig öllu vatni. Hún gekk erinda virkjunarsinnanna, stóriðjusinnanna. Hún gekk þeirra erinda að vilja selja vatnið sem auðlind og virtist ekkert heilagt í þeim efnum.

Einnig var flutt hér frumvarp, sem var mjög athyglisvert, þar sem afhenda átti Landsvirkjun vatnsréttindi og land við Búrfell, land sem var meira að segja búið að úrskurða að væri þjóðlenda. Í miðri þjóðlenduumræðunni kom forsætisráðherra, fyrst fyrrverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson og flutti málið hér af trúarhita. Ég minnist orðaskipta sem við áttum við hæstv. þáverandi forsætisráðherra. Ég minnist þess að hann var einlægur virkjunarsinni. Hann vildi virkja Jökulsárnar í Skagafirði og fannst það mikil skammsýni hjá þeim sem hér stendur að vilja friða þær. Eins fannst honum eðlilegt að afhenda Landsvirkjun land og vatnsréttindi við Búrfell til eignar, svo hún gæti eignfært það, þ.e. fært það út úr þjóðlendu.

Sá hæstv. forsætisráðherra sem tók við af honum, Geir H. Haarde, flutti svo sama mál fyrr í vetur. Ég minnist orðaskipta sem ég átti þá við hæstv. ráðherra. Honum fannst það líka í hæsta máta eðlilegt að afhenda Landsvirkjun land út úr þjóðlendu og vatnsréttindi til eignar við Búrfell. Ég var ekki sammála. Því lyktaði með því að ríkisstjórnin sá að sér, baðst afsökunar og dró málið til baka. Hún sá hvers konar ógöngur hún var komin í. Svona hefur ríkisstjórnin verið rekin til baka í hverju málinu á fætur öðru sem hefur lotið að einkavæðingu á auðlindinni vatni.

Því hefði verið ástæða til að taka ekki bara út þessi tvö atriði sem eru túlkuð sem yfirsjónir í vatnalagafrumvarpinu heldur endurskoða öll vatnalögin sem ekki eru enn komin til framkvæmda. (**HBl:** Af hverju flytur þú þá ekki frumvarp um það?) Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal enda hafa þeir flokkar sem munu taka við næstu ríkisstjórn lýst því yfir að þeir muni koma í veg fyrir að þetta frumvarp nái nokkurn tímann fram að ganga. Gildistökuákvæðið var sett 1. nóvember og þá verður búið að skipta um ríkisstjórn. Þeir flokkar hafa lýst því formlega yfir að fái þeir einhverju ráðið verði þessi lög endurskoðuð og þessi ákvæði numin úr gildi.

Frumvarpið sem verið er að flytja hér fjallar um að færa hluta af verkefnum sem færð voru yfir til iðnaðarráðherra með vatnalögunum aftur yfir til baka til landbúnaðarráðherra. Þetta er krókótt leið til að játa á sig þær yfirsjónir sem þar voru gerðar og væri miklu eðlilegra að við tækjum bara upp öll vatnalögin frekar en að vera að flytja frumvarp sem tekur til eins eða örfárra þátta sem mönnum voru mislagðar hendur með.

Frú forseti. Ég vildi bara koma því að að það væri nær að við ræddum hér frumvarp til laga um vatnsvernd. Því var búið að lofa. Því var lýst yfir að það yrði lagt fyrir þingið fyrir ári síðan að mig minnir. En það hefur ekki litið dagsins ljós. Ekki hef ég séð það. Ég veit að þáverandi umhverfisráðherra lýsti því einlæglega yfir að verið væri að vinna að frumvarpi um vatnsvernd. En sjálfsagt hefur hin harða iðnaðar- og nýtingarstefna ríkisstjórnarinnar komið í veg fyrir að það yrði lagt fram. Það finnst mér miður. En það segir kannski allt sem segja þarf um hug og gjörðir ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum. Þar er hugsað um það eitt hvernig tryggja megi séreignarréttinn á sameiginlegri auðlind en ekki hvernig vernda eigi hana og varðveita og bera fram til næstu kynslóða.

Frú forseti. Þetta frumvarp sem lýtur að breytingum á vatnalögum er því að mínu viti óþarft og það er mjög skondið að það skuli nú koma inn á þingið með þessum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, 3. umr.*

Stjfrv., 668. mál. — Þskj. 1019.

[17:39]

**Ellert B. Schram:**

Virðulegi forseti. Þegar þetta mál var lagt fram fyrir nokkrum vikum bar svo við að ég var hér viðstaddur sem varamaður á þingi. Þá kvaddi ég mér hljóðs og gerði nokkrar athugasemdir við frumvarpið sem fjallar um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Athugasemdir mínar gengu út á það að frumvarpið væri bæði of þröngt og gengi of skammt. Átti ég þá við tvennt, annars vegar það að heimildin tekur ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laga þessara og það gerir líka ráð fyrir að nefndin fjalli um og kanni starfsemi stofnana þar sem börn voru vistuð á tilteknu tímabili.

Eftir 1. umr. málsins var því vísað til nefndar eins og lög gera ráð fyrir og nú liggur fyrir nefndarálit sem lagt hefur verið fram og tekið fyrir. Ég sé að í því nefndaráliti hafa allir nefndarmenn, sem voru til staðar þegar málið var afgreitt, skrifað undir með þeirri undantekningu að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur fyrirvara.

Ég vildi af þessu tilefni, þegar svo ber við að ég er aftur mættur til leiks og þetta mál kemur hér á dagskrá, nota

tækifærið til að endurtaka athugasemdir mínar um frumvarpið og ítreka að ég tel mikla nauðsyn á því að sú athugun sem þar er talað um verði miklu ítarlegri en gert er ráð fyrir. Mér finnst það mikill annmarki á þessu annars ágæta frumvarpi sem ég eftir atvikum styð, svo langt sem það nær, og bendi á að komið hefur fram margvísleg gagnrýni og full ástæða er til að stofnanir sem starfa að þessum málum, sem ganga undir nafninu vist- og meðferðarheimili, séu teknar til frekari athugunar þar sem um er að ræða vistun á fullorðnu fólki. Þarf ég ekki að hafa mörg orð um þá ástæðu. Ég held líka að ástæðulaust sé að undanskilja stofnanir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, það á eitt yfir alla að ganga. Ég tel að það sé grundvallarnauðsyn á því að þessi málaflokkur sé tekinn til ítarlegrar endurskoðunar og athugunar vegna þess að brotalamir eru augljósar.

Ég vildi, frú forseti, koma þessum athugasemdum mínum enn og aftur að við þessa lokaumræðu. Ég lýsi eftir atvikum yfir stuðningi mínum við þetta nefndarálit og afgreiðslu þessa máls en hef þann fyrirvara á sem ég hef ítrekað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.*

Stjtill., 648. mál (raforkuviðskipti). — Þskj. 967, nál. 1177.

[17:45]

**Frsm. meiri hluta utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Martin Eyjólfsson og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Guðjón Axel Guðjónsson og Lárus Ólafsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Þingsályktunartillagan er flutt til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um möguleika Íslands til að fá undanþágur frá tilteknum reglum framangreindra gerða vegna smæðar markaðarins og einangrunar. Iðnaðarráðuneytið skilaði nefndinni greinargerð um innleiðingu raforkutilskipunar í íslenskan rétt þar sem nánar er gerð grein fyrir aðdraganda að upptöku gerðanna í EES-samninginn, innleiðingu þeirra í íslenskan rétt og möguleikum Íslands á undanþágum frá einstökum ákvæðum gerðanna. Meiri hluti nefndarinnar og raunar nefndin öll leggur áherslu á að undanþáguheimildir gerðanna verði nýttar eins og kostur er fyrir íslenska raforkumarkaðinn. Innleiðing gerðanna kallar á lagabreytingar hér á landi.

Hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Jón Gunnarsson rita undir álitið með fyrirvara, en Steingrímur J. Sigfússon var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að málið verði samþykkt.

[17:47]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Eins og fram kom hjá hv. framsögumanni, Halldóri Blöndal, kom upp við umræðu málsins í utanríkismálanefnd spurningin um það sem þessi þingsályktunartillaga fjallar um, að Ísland muni eða eigi möguleika á að nýta undanþágu frá ákvæðum gerðarinnar um hinn innri raforkumarkað, hvort ekki hafi verið uppi sambærilegt skilyrði þegar við innleiddum hér tilskipun Evrópusambandsins og breyttum raforkulögum.

Svör embættismanna sem komu til nefndarinnar voru á þann veg að við hefðum í raun átt þess kost að sækja um undanþágu frá kröfum um að aðskilja flutning og dreifingu og sölu rafmagns. En ákvörðun hefði verið tekin um það í iðnaðarráðuneytinu að gera það ekki. Raforkulögin fóru á sínum tíma hér fyrir Alþingi og reynt var þrisvar sinnum að koma raforkulögunum í gegnum þingið. Í hin fyrri tvö skipti var lítið gert úr því að möguleiki væri á undanþágu frá ákvæðunum um að aðskilja flutning, dreifingu og sölu, en í þriðja skiptið sem raforkulögin komu hér fyrir var víst í greinargerð talað um að möguleiki væri á að sækja um undanþágu.

Ég hygg að það hafi kannski farið fram hjá mörgum hv. þingmönnum að þannig væri vegna þess að verið var að flytja málið í þriðja skipti og menn ekki að lesa sig í gegnum greinargerðina alveg frá upphafi til enda. Svo virðist sem þarna hafi verið breyting á áherslu, þ.e. að möguleikinn á því að sækja um undanþágu hafi verið dreginn skýrar fram í þriðja skiptið sem málið kom hér fyrir.

Við nefndarmenn óskuðum eftir að fá skýringar á því hvernig þetta hefði átt sér stað og hvað hafi orðið til þess að sú ákvörðun hafi verið tekin í ráðuneytinu að gera ekki ráð fyrir að nýta undanþágumöguleika sem tilskipun Evrópusambandsins gerði ráð fyrir og við fengum í hendur, ég held að það hafi verið í gær frekar en í fyrradag, nokkuð þykkan doðrant frá iðnaðarráðuneytinu þar sem farið var yfir málið. Ég verð að viðurkenna að ekki hefur gefist tími til þess í önnum þingsins að lesa í gegnum þann mikla pappír sem við fengum sem svar við tiltölulega einfaldri spurningu.

Ég held að það sé full ástæða fyrir hv. þingmenn að gefa sér tíma til að velta því fyrir sér hvort það geti verið að á þeim tíma sem við breyttum raforkulögum hafi verið gert minna úr möguleikum okkar til að sækja um undanþágu en raunin var í tilskipun Evrópusambandsins.

Ég man í umræðunum sem hér fóru fram var margoft spurt hvernig í ósköpunum stæði á því að Ísland, þessi einangraði markaður sem ekki væri tengdur neinum öðrum raforkumarkaði, þyrfti að taka upp þessa gerð frá Evrópusambandinu og yfirleitt voru svörin þau að hugsanlega hefðum við getað fengið undanþágu ef við hefðum nægjanlega snemma í vinnuferlinu áttað okkur á því hvað hefði verið á ferðinni og óskað eftir undanþágum á því stigi.

En svo núna þegar þingsályktunartillagan er lögð fram er það dregið fram að í raun sé möguleiki á því fyrir Íslendinga, vegna þess hvernig kerfið hér sé skilgreint, að sækja um undanþágu frá því að þurfa að aðskilja flutninginn, sölu na og dreifinguna. Með öðrum orðum, þessi aðskilnaður sem hefur orðið til þess að hækka raforkuverð á Íslandi, því

það held ég að sé óumdeilt hjá flestum að rafmagnsverð fyrir meginþorra heimila á Íslandi hefur hækkað við þessa aðgerð, hefði kannski ekki þurft að koma til og hið mikla fyrirtæki Landsnet sem á orðið allt flutnings- og dreifingarkerfi á Íslandi hefði ekki þurft að verða til ef við hefðum sótt eftir undanþágum frá tilskipun Evrópusambandsins.

Ég vildi, þó að það tengist ekki beint þessu máli, og þó, nefna þetta því umræðan í utanríkismálanefnd varð nokkuð mikil um þetta og svör embættismannanna sem komu fyrir nefndina voru ekki alveg hrein og tær. Við erum búin að fá skriflegt svar fá embættismönnunum um hvað var á ferðinni þegar raforkulögin voru tekin hér fyrir. Sá pappír er það mikill að vöxtum að það þarf að gefa sér góðan tíma til að lesa í gegnum hann, því eins og flestir vita er það þannig að þegar tekið er beint upp úr Evrópugerðum vill það oft verða tyrfinn texti og þarf að lesa hann margoft til að átta sig almennilega á hvað verið er að segja með þeim orðum, sem þó eru íslensk, er standa á blaðinu.

Umræðu frestað.

### *Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.*

Stjtill., 649. mál (fjármálaþjónusta og neytendavernd). — Þskj. 968, nál. 1224.

[17:53]

**Frsm. utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálamálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Martin Eyjólfsson og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Áslaugu Árnadóttur og Ólöfu Emblu Einarsdóttur frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Tilgangur þessarar tilskipunar er að auka virkni innri markaðarins og stuðla að háu stigi neytendaverndar með því að samræma lög, reglur og stjórnvaldsfyrirmæli um óréttmæta viðskiptahætti sem skaða hagsmuni neytenda og að mæla fyrir um fulla samræmingu á þeim sviðum sem tilskipunin tekur til. Innleiðingin mun m.a. fela í sér að útlista þarf nákvæmlega hvers konar viðskiptahættir teljist óréttmætir, villandi eða uppáþrengjandi. Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þarf að innleiða efni hennar fyrir 12. júní næstkomandi. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað verður lagafrumvarp hins vegar ekki lagt fram fyrr en á haustþingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.*

Stjtill., 650. mál (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum). — Þskj. 969, nál. 1225.

[17:55]

**Frsm. utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Martin Eyjólfsson og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Bjarnheiði Gautadóttur frá félagsmálaráðuneyti.

Innleiðing tilskipunar þessarar kallar á lagabreytingar og samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað er gert ráð fyrir að gera þurfi breytingar á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og að lagafrumvarp verði lagt fram innan tíðar en frestur til að innleiða efni tilskipunarinnar er til 30. apríl á næsta ári.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samningar um gagnkvæma réttaraðstoð, síðari umr.*

Stjtill., 652. mál (EES-reglur). — Þskj. 971, nál. 1226.

[17:57]

**Frsm. utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Þessi tillaga er um staðfestingu samninga milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs og gagnkvæma réttaraðstoð og staðfestingu ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Martin Eyjólfsson og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta tvo samninga, eins og ég gat um áður, milli Íslands, Noregs og ríkja Evrópusambandsins um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs og gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum. Þá er leitað heimildar Alþingis til að samþykkja ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins um það hvaða ákvæði samningsins frá 1995 um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins og samnings frá 1996 um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins teljist vera þróun á Schengen-gerðunum samkvæmt samningnum um þátttöku lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur fengið er

gert ráð fyrir að ekki verði horfið frá þeirri tilhögun sem ríkt hefur að íslenskir ríkisborgarar verði ekki framseldir til annarra ríkja.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samningur um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, síðari umr.*

Stjtill., 640. mál. — Þskj. 951, nál. 1223.

[17:59]

**Frsm. utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Þessi tillaga er um staðfestingu samnings milli Íslands annars vegar og Danmerkur og Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingiríði Lúðvíksdóttur frá utanríkisráðuneyti. Nefndin hafði farið ítarlega yfir stöðu málsins á fundi 31. janúar áður en skrifað var undir samninginn og fengið þá til sín á fund Tómas H. Heiðar og Grétar Má Sigurðsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja sem gerður var í Kaupmannahöfn og Reykjavík 1. og 2. febrúar 2007.

Allt frá útfærslu efnahagslögsögunnar í 200 sjómílur árið 1975 hefur verið ágreiningur um hvar draga ætti miðlínu milli Íslands og Færeyja. Með samningi þessum er lokið með formlegum hætti afmörkun efnahagslögsögu Íslands gagnvart lögsögu nágrannalandanna en áður hafði verið gengið frá afmörkun efnahagslögsögunnar gagnvart lögsögu Jan Mayen, Grænlands og Bretlands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Egyptalands, síðari umr.*

Stjtill., 684. mál. — Þskj. 1067, nál. 1244.

[18:01]

**Frsm. utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Þessi tillaga fjallar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og arabíska lýðveldisins Egyptalands. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Friðrik Jónsson og Einar Gunnarsson frá utanríkisráðuneyti.

Fríverslunarsamningurinn er fyrst og fremst til vöruviðskipta en einnig eru ákvæði um vernd hugverkaréttinda, fjárfestingar, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga, samkeppnismál og fleira. Á vörusviðinu er kveðið á um að Egyptar felli niður tolla á aðrar vörur en landbúnaðarvörur í áföngum auk þess sem kveðið er á um tollkvóta fyrir flestar mikilvægustu sjávarafurðir Íslands. Kvótarnir verða stækkaðir í áföngum á sex ára tímabili uns fullri fríverslun verður komið á.

Sérhvert EFTA-ríki gerir tvíhliða samkomulag við Egyptaland um lækkun eða niðurfellingu tolla á tilteknar landbúnaðarvörur og mun Ísland t.d. fá markaðsaðgang fyrir lifandi hross til Egyptalands og 2000 tonna tollkvóta fyrir lambakjöt.

Viðskipti milli Íslands og Egyptalands undanfarin ár hafa verið lítil en fullgilding fríverslunarsamningsins eykur vafalaust möguleika á frekari viðskiptum. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:02]

**Útbýting:**

Atvinnumál fatlaðra, 534. mál, svar félmrh., þskj. 1185.

Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, 648. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 1291.

Einstaklingar í kynáttunarvanda, 497. mál, svar forsrh., þskj. 1218.

Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, 7. mál, nál. utanrmn., þskj. 1290.

Hlutafélög o.fl., 516. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1275; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1276.

Lokun iðjuþjálfunardeildar geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, 679. mál, svar heilbrrh., þskj. 1286.

Lögheimili og brunavarnir, 707. mál, frv. umhvn., þskj. 1282.

Námsframboð og afdrif starfsmanna eftir sameiningu Tækniháskólans við Háskólann í Reykjavík, 680. mál, svar menntmrh., þskj. 1287.

Náttúruvernd, 639. mál, nál. umhvn., þskj. 1281.

Ný störf á vegum ríkisins á landsbyggðinni, 506. mál, svar iðnrh., þskj. 1233.

Störf á landsbyggðinni, 602. mál, svar menntmrh., þskj. 1231.

Umferðarlög, 195. mál, nál. þskj. 1292.

Vatnajökulsþjóðgarður, 395. mál, brtt. umhvn., þskj. 1278.

Vegagerð í Hrútafjarðarbotni, 609. mál, svar samgrh., þskj. 1284.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 686. mál, brtt. KolH, þskj. 1288.

### *Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.*

Frv. allshn., 701. mál. — Þskj. 1162.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 2. umr.***

Frv. umhvn., 693. mál (grunnur skilagjalds). — Þskj. 1097.

[18:05]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frumvarpið sem umhverfisnefnd flutti. Hins vegar varð nokkur umræða um það þegar það var flutt og af því tilefni er rétt að upplýsa þingheim um að nefndin fór yfir málið aftur á fundi sínum. Niðurstaða nefndarinnar var sú að þetta væri gott mál og mikilvægt að það næði fram að ganga. Í örstuttu máli þá gengur þetta út á að hér er um að ræða lækkun, eða sem sagt það kom til vegna lækkunar á virðisaukaskatti úr 24,5% í 7%, þar sem virðisaukaskatturinn var endurgreiddur til Endurvinnslunnar, virðulegi forseti, en þar af leiðandi lækkaði skilagjald til Endurvinnslunnar en það hafði verið 10 kr. Til að sjá til þess að það verði áfram 10 kr., vegna þess að það er vilji löggjafans og held ég allra þeirra sem hafa áhuga á að góð skil séu á þessum vörum, þá er skilagjaldið hækkað sem því nemur þannig að Endurvinnslan fái áfram 10 kr.

Í rauninni er ekki rétt, virðulegi forseti, að segja að það sé Endurvinnslan sem fái 10 kr., því auðvitað eru það þeir sem skila dósum og öðru slíku sem fá það þegar þeir koma því í réttar hendur.

Það ánægjulega hefur skeð að það hafa verið mjög mikil og góð skil. Ég held að ég fari rétt með að þetta sé heimsmet þegar kemur að skilum sem menn vilja m.a. þakka 10 kr. skilagjaldi.

Þannig að niðurstaða nefndarinnar var sú að hér væri um gott mál að ræða sem sé mikilvægt að fari hér í gegnum þingið núna og mér var falið sem formanni nefndarinnar að upplýsa þingheim um það.

[18:07]

**Össur Skarphéðinsson:**

Frú forseti. Ég vil bara þakka hv. þingmanni Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir að koma þessum mikilvægu skilaboðum til þingheims. Ég er einn af þeim sem hafa látið sig varða miklu hagsmuni Endurvinnslunnar. Ég hef eins og margir hægri grænir barist fyrir því gegnum árin að endurvinnslugjaldið yrði fært yfir á fleiri flokka en bara þá flokka íláta sem nú eru undir.

Við umræðuna fyrir nokkrum dögum spurði ég hv. þingmann hvort í þessu fælist að ríkisstjórnin væri að heimta einhvers konar leyniskatta líka. Ég heyrði það á máli hv. þingmanns að ákveðinn munur væri á ílátum eftir virðisaukaskattsgjaldflokkum. Sum eru í 24,5%, önnur í 7%.

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort það hafi komið í ljós við rannsókn nefndarinnar og ef svo væri hvort hann gæti upplýst mig um það hversu miklu sú upphæð nemur samtals, ef hann hefur svar við því.

[18:08]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina og einlægan áhuga á málefninu sem er mikilvægt. Það er skemmst frá því að segja að það er ákveðið flækjustig í þessu sem er til komið vegna þess, eins og þingheimur man, að þegar kom að lækkun á virðisaukaskattinum þá ákváðu menn að láta það kerfi sem er til staðar varðandi áfenga drykki halda sér. Það þýðir að virðisaukaskatturinn er áfram 24% á áfengum drykkjum.

Í stuttu máli gengur þetta út á að ákveðið skilagjald er sett á viðkomandi dollur, kerfið var hér og þess vegna er þetta til komið. Síðan kemur virðisaukaskattur ofan á það og hann er endurgreiddur. Þegar virðisaukaskatturinn er lækkaður úr 24% í 7% þá er það lægri upphæð og þar af leiðandi eru menn að hækka skilagjaldið þannig að þetta kom í sama stað niður.

Eftir standa áfengisdósirnar. Það er enginn munur á dósum hvort þær eru undir bjór eða kók eða hvað annað. Það er mat Endurvinnslunnar að þar af leiðandi sé ekki hægt að fara að taka það eitthvað sérstaklega út úr þar sem um er að ræða alveg sömu vörurnar, því fara þær á sama stað og unnar eins o.s.frv.

Það þýðir að það munar 16–20 millj. kr., ef ég man rétt, sem munu þá skilast í ríkissjóð ef áætlanir ætla að ná fram að ganga.

Hins vegar er, svo því sé algjörlega til haga haldið, gert ráð fyrir því að endurnýja þessi lög og ef ég man rétt þá er miðað við að það verði gert ekki síðar en 1. janúar 2008. Þess vegna vildu menn frekar tjalda til einnar nætur, ef þannig má að orði komast, og hafa þetta eins einfalt (Forseti hringir.) og það gæti orðið frekar en að fara að breyta þessu í grundvallaratriðum.

[18:11]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil bara þakka hv. þingmanni fyrir skýr svör. Þau sýna að hann og nefndin hafa lagt sig í framkróka við að skilja þetta flókna mál. Ég hafði ekki greind til þess við hina fyrri umræðu en nú eftir að hv. þingmaður hefur skýrt málið fyrir mér þá liggur það ljóst fyrir.

Í fyrri ræðu sinni sagði hv. þingmaður að Íslendingar ættu sennilega heimsmet í skilum vegna þessa gjalds. Ég tel að svo sé og hafi verið um langan aldur, þetta hefur lukkast einstaklega vel.

Án þess að tefja umræðuna langar mig til að spyrja hv. þingmann hvort hann teldi ekki a.m.k. messunnar virði að skoða hvort ekki ætti að útfæra þetta á aðrar umbúðir. Ég hef löngum verið talsmaður þess að skilagjald væri líka sett á ýmiss konar pappaumbúðir eða blöndu af pappa og plasti, t.d. fernur sem eru undir ýmiss konar mjólkurvarning sem við sjáum víðs vegar á dreif, því miður á stöðum þar sem ekki á að vera neitt slíkt. Skilagjaldið hefur bersýnilega þjónað mjög vel þeim tilgangi sínum að vera hagrænn hvati til þess að fá menn til að skila svona.

Hvað segir hv. þingmaður við því? (**HBl:** Fernur undir ávaxtasafa, til dæmis.) Til dæmis, alls konar bland. Sömuleiðis af því hv. þingmaður segir að hér sé tjaldað til einnar nætur — ég vona að það sé ekki einkunnin sem hann gefur hæstv. ríkisstjórn í umhverfismálum — en fyrst á að endurskoða lögin, sagði hann ekki 2008?, er þá ekki mál til komið að hv. þingmaður taki undir með fyrrverandi umhverfis-

ráðherra varðandi þann part sem íslenska ríkið á enn þá í þessu batteríi öllu, að honum verði fyrirkomið í höndum einkaaðila og þetta verði allt saman selt? Ég hef verið þeirrar skoðunar.

[18:12]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni aftur fyrir innlegg hans í umræðuna. Hv. þingmaður veit að svar mitt við því að ríkið eigi að selja þessi 18,5% er einfalt. Það er já og alveg löngu kominn tími á það.

Varðandi málið í heild sinni og þessi mál í heild sinni þá má segja að við séum með tvöfalt kerfi. Við erum með úrvinnslusjóðinn sem er með ökutækin, kælimiðlana, hjólbarðana, pappa og pappírsumbúðir, og plastumbúðir ýmiss konar, kvikasilfursvörur og lýsisgeyma, vörur í ljósmyndaiðnaði, prentliti og rafhlöður. Þar er það þannig að menn greiða þetta í raun bara í vörunni og innheimta þetta með öðrum hætti. En síðan eru það þessar dósir og dollur og plastflöskur. Þetta hefur gengið vel í það heila og sérstaklega þar sem kemur að þáttum varðandi skilagjaldið.

Það er ánægjulegt vegna þess hvernig eignasamsetningin í Endurvinnslunni er. Það má t.d. nefna að gosdrykkjaframleiðendur skilja þetta mjög vel og það kom fram í nefndinni að þegar menn hafa farið út í vöruframleiðslu sem hefur ekki passað inn í það sem við erum með þá hafa þeir beitt framleiðendur þrýstingi þannig að þeir skipti því út sem hefur gengið eftir.

Við eigum eftir mjög stóran þátt sem eru mjólkurvörurnar. Það er skoðun mín og ég er sammála hv. þingmanni, ef ég skildi hann rétt, að það er mál sem við þurfum að taka á. Alveg lykilatriði. Það er gott að heyra viðhorf hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hvað þetta varðar. Ég lýsi mig sammála sjónarmiðum hans. Ég tel að margt gott hafi gerst í þessum málaflokki, sérstaklega sem snýr að Endurvinnslunni, og ánægjulegt að við eigum met hvað þetta varðar. Ég held að skilin séu núna um 86%, hafa rokkað frá 80–86%. Við eigum að taka fleiri vörur en þessar og ganga eins frá þeim málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Úrvinnslugjald, 2. umr.*

Frv. umhvn., 694. mál (umbúðanúmer og prósentutölur). — Þskj. 1105.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, 2. umr.*

Stjfrv., 643. mál (ólöglegar veiðar). — Þskj. 961, nál. 1079.

[18:15]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steinar Inga Matthíasson og Sigríði Norðmann frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Hafnasambandi Íslands, Fiskistofu, Landssambandi smábátaeigenda og Persónuvernd. Enn fremur hefur nefndinni borist tilkynning frá ríkissaksóknara.

Frumvarp þetta er samið á grundvelli tillagna starfshóps sem skipaður var fulltrúum nokkurra ráðuneyta og er liður í baráttunni við að uppræta ólöglegar fiskveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands og utan hennar. Er því einkum ætlað að veita íslenskum stjórnvöldum styrkari og skýrari heimildir til að grípa til aðgerða gegn veiðum erlendra skipa sem ekki samrýmast nánar tilgreindum alþjóðareglum á úthafinu.

Í frumvarpinu er það gert skýrara að skipum sem færð hafa verið inn á svarta lista svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana fyrir ólöglegar veiðar verði með sama hætti og erlendum skipum sem stundað hafa veiðar án leyfis úr stofnum sem flakka inn og út úr íslensku lögsögunni óheimilt að koma til íslenskra hafna. Frumvarpið miðar einnig að því að koma í veg fyrir aðgengi slíkra skipa að ýmiss konar þjónustu hvort sem hún er veitt í íslenskri höfn, innan fiskveiðilandhelgi Íslands eða utan hennar. Þá eru Fiskistofu og sjávarútvegsráðuneytinu í frumvarpinu fengnar víðtækar heimildir til gagnaöflunar við framkvæmd laganna. Loks felur frumvarpið í sér að erlend skip sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum samkvæmt íslenskum lögum um fiskveiðar eða nánar tilgreindum alþjóðareglum skuli ekki eiga þess kost að fá útgefin tímabundin leyfi til veiða í fiskveiðilandhelginni.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að verði frumvarpið að lögum muni það m.a. nýtast íslenskum stjórnvöldum í baráttunni gegn ólöglegum karfaveiðum á Reykjaneshrygg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita Guðjón Hjörleifsson, Jóhann Ársælsson, Hjálmar Árnason, Jón Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Jón Bjarnason.

Virðulegi forseti. Ég legg til að lokinni 2. umr. verði málinu vísað til 3. umr.

[18:18]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er um að ræða lítið frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Eftir sem áður er efni frumvarpsins eingöngu um veiðar og vinnslu erlendra skipa

utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Ég benti á þetta í meðförum sjávarútvegsnefndar og spurði embættismenn sjávarútvegsráðuneytisins hvort ekki væri rétt að fara að huga að því að setja sérstök lög varðandi það sem er utan lögsögunnar. En ég fékk þau svör að við hefðum nú kannski ekki heimild til þess að vera að setja lög um það sem þar er og því væri þessu skotið inn í lögin.

En það hljómar samt ankannalega að vera með lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi og það eina sem fram kemur í frumvarpinu eru veiðar slíkra skipa utan landhelgi.

Annað sem umræða varð um í nefndinni var að nú hlyti að verða algjörlega nauðsynlegt að efla Landhelgisgæslu Íslands þar sem hún á vera með meira eftirlit og skipta sér meira af umræddum skipum og mér heyrðist vera samhljómur um það í nefndinni að full ástæða væri til þess.

En mig langar að spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar, Guðjón Hjörleifsson, hvort hann sé ekki sammála mér í því að nauðsynlegt sé að efla Landhelgisgæsluna verulega frá því sem nú er, m.a. til þess að hún geti sinnt því aukna hlutverki sem hér er verið að leggja til að hún eigi að sinna, því að Landhelgisgæslan er jú lögreglan okkar á sjónum og það er alveg ljóst að verði þetta frumvarp að lögum eru lagðar talsverðar starfsskyldur á herðar Landhelgisgæslunni og því langar mig að spyrja hv. þm. Guðjón Hjörleifsson hvort ekki sé nauðsynlegt í beinu framhaldi af þessu og samhliða því að efla Landhelgisgæsluna verulega.

[18:20]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir þetta. Þetta var réttmæt athugasemd varðandi heitið á lögunum en okkur var tilkynnt að þetta passaði kannski best inn í þessi lög.

Ég er sammála því að það þarf að efla Gæsluna enn frekar og hún er það mikilvæg fyrir okkur bæði í eftirliti og öryggisþáttum þannig að við þurfum að efla starfsemi hennar. Hún er mikilvæg fyrir allt samfélagið okkar.

[18:20]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nú einu sinni svo með veiðar þessara skipa sem eru að veiða rétt utan landhelgi, t.d. á karfamiðum á Reykjaneshrygg, rétt utan 200 mílna markanna, að ýmsar sögur eru um að þau skip séu að læða sér inn fyrir mörkin og jafnvel koma inn í fiskveiðilandhelgina okkar vegna þess að það sé öllum ljóst að eftirlitið sé takmarkað, eftirlitið sé lítið og við séum ekki í stakk búin til að verjast því að þau skip komi inn í fiskveiðilögsöguna og athafni sig hér.

Það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir sjálfstæða þjóð sem á í vandræðum með að byggja upp fiskstofna sína ef við höfum svo ekki þau tæki og tól og það fjármagn sem þarf til að ganga eftir því að eftir reglum sé farið innan landhelginnar þó ekki væri annað. En oft hefur maður horft á það svolítið hissa hversu lítið við höfum sinnt eftirlitinu einmitt með landhelgislínunni þarna suður á Reykjaneshrygg. Við hljótum að þurfa að efla þetta eftirlit verulega og það gerist náttúrlega ekki nema með auknu fjármagni til Landhelgisgæslunnar.

Síðan þarf Gæslan að fá mun betri aðstöðu en hún hefur í dag, bæði fyrir flugflota sinn og skip. Það liggur í hlutarins eðli að við eflum starfsemi Landhelgisgæslunnar með því að flytja hana á Suðurnes, á Keflavíkurflugvöll með flugflotann og skipin í hafnir á Suðurnesjum því þar er aðstaða til að taka við Gæslunni og engin ástæða til að vera að eyða miklum fjármunum í að skapa aðstöðu sem er til heldur að veita fjármuni í aukið eftirlit og aukinn tækjakostnað til að sinna eftirlitinu.

[18:22]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að menn eru að læðast hér inn í landhelgina og við erum með þessu að taka á sjóræningjaveiðum. Við erum að reyna að skerpa lögin til að styrkja rétt Landhelgisgæslunnar til að hafa eftirlit og hugsanlega að fara í aðgerðir á hafi úti eins og við þekkjum frá því í gamla þorskastríðinu þegar klippurnar voru notaðar. Þetta verður því bara sterkara.

Ég er sammála hv. þm. Jóni Gunnarssyni að við eigum að horfa til Suðurnesja. Þar er öll aðstaða til staðar ef Gæslan verður flutt.

[18:23]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er frumvarp til laga um breytingar á lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og síðan nefndarálit sem fjallar um veiðar og vinnslu erlendra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hv. þm. Jón Gunnarsson benti á. Í sjálfu sér styð ég þá nálgun og málið sem slíkt. En ég velti því áfram fyrir mér, eins og ég gerði í nefndinni, hvaða raunverulega möguleika við höfum til að taka á slíkum málum ef brotaviljinn er einbeittur. Við höfum verið að tala um alþjóðlega samninga, færa skip til hafnar. Þá þarf nú heldur betur að styrkja Landhelgisgæsluna ef hún á að geta tekið skip með einbeittan brotavilja til hafnar. Við erum aðilar að alþjóðasamningum hvað þetta varðar og auðvitað getum við leitað réttar okkar þar.

Ég heyrði ráðherra, hvort það var hæstv. sjávarútvegsráðherra eða nýskipaður utanríkisráðherra, sem sagði hreinlega að mig minnir opinberlega, hvort sem það var í gríni eða alvöru, að kannski yrði að fara að beita klippunum aftur. Fara að beita klippunum aftur og sló sér upp á því.

Ég vil spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar hvaða aðferðir höfum við til að beita í þessum málum? Megum við beita klippunum? Eigum við að fara að beita klippunum? Eigum við að fara að setja klippur um borð í varðskipin, eins og mig minnir að hæstv. utanríkisráðherra hafi sagt á síðastliðnu sumri? Eigum við að fara að setja klippurnar í skipin? Er það löglegt eða er það ólöglegt?

[18:25]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum með frumvarpinu einmitt að tryggja réttarstöðu eftirlitsaðila okkar til að þeir geti komið sterkari inn og tekið kannski betur á en oft áður.

Varðandi alþjóðasamninga er náttúrlega mikilvægt að

við reynum að ná meira samkomulagi og samvinnu við aðrar þjóðir til að taka á sjóræningjaveiðum. Þetta er kannski upphafið og ákveðið frumkvæði sem við höfum tekið.

Hvað viðvíkur klippunum held ég að það sé kannski síðasta úrræðið. Við gætum þurft að nota þær en ég er ekki nógu sterkur lagalega séð hvernig það mundi virka. Ég tel að réttur okkar sé mjög mikill að beita klippunum innan landhelgi okkar.

[18:26]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mátti til með að víkja að þessu því ég held örugglega að það hafi verið núverandi hæstv. utanríkisráðherra sem hafi einmitt komið með þetta í fréttum, að það yrði bara að fara að beita klippunum aftur. Nú veit ég ekki hvað það er svo sem skynsamlegt innlegg af hálfu utanríkisráðherra inn í umræðuna í sjálfu sér en sýnir okkur kannski að við þurfum þá að vera reiðubúin til að láta það fylgja alvöru málsins.

Ég hef líka velt fyrir mér hinum umhverfislegu áhrifum. Þarna er oft og tíðum verið að veiða á svæðum sem eru mjög viðkvæm eins og karfamiðin og -svæðin eru, bæði hvað varðar botninn og eins þær fisktegundir sem verið er að veiða sem eru, að sumir segja, jafnvel í útrýmingarhættu eða hætta sé á því að stofninn skerðist verulega og tímgunarmöguleikar hans skertir, sömuleiðis umgengnin við lífríkið, við hafsbotninn.

Mér finnst allt þetta vera atriði sem við þurfum að taka með þegar við erum að tala um ólöglegar veiðar, ólöglegar veiðiaðferðir o.s.frv. Ég vildi draga þessa þætti inn í umræðuna. Það er ekki bara rétturinn til að veiða sem getur verið brotinn heldur líka með hvaða hætti það er gert og úr hvaða stofnum veitt er.

Mér finnst mjög alvarlegt þegar sjóræningjaskip, eins og hv. þingmaður kallar þau, eru að stunda ekki aðeins ólöglegar veiðar heldur líka veiðar á stofnum og tegundum sem ber að vernda eða eru í þeirri hættu að umgangast verður þær með þeim hætti. Þetta með klippurnar sem hæstv. utanríkisráðherra minntist á, kannski verður bara setja þær raunverulega um borð í skipin?

[18:28]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já. Ég tek undir þetta. Það verður að koma í ljós hvort við þurfum að beita klippunum eða ekki. En við erum náttúrlega að tala um að skerpa og hafa styrkari og skýrari heimildir til að grípa til aðgerða gegn þessum veiðum.

Það sem er nýtt í þessu líka er að við erum að koma í veg fyrir aðgengi þessara skipa með ýmiss konar þjónustu hvort sem hún er veitt í íslenskri höfn, innan fiskveiðilandhelgi Íslands eða utan hennar. Það held ég að sé líka hluti af því umhverfi sem við erum að reyna að styrkja og ég tel frumvarpið mjög mikilvægt í því.

[18:29]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að setja í lög ákvæði um að styrkja eftirlitshlutverk okkar og fylgja eftir eftirliti með veiðum í lögsögunni og þá í næsta nágrenni hennar eða eftir því sem við höfum heimildir til. Ég tel að í sjálfu sér sé ekkert óeðlilegt við að við reynum að styrkja stöðu okkar hvað varðar eftirlit með veiðum.

En við veiðar í Atlantshafinu eru ýmsar reglur í gildi og ekki þær sömu í öllum löndum. Má þar t.d. nefna veiðar á NAFO-svæðinu, þ.e. Norðvestur-Atlantshafinu, þar sem veiðisvæðinu er skipt í ákveðin hólf eða skápa sem dregnir eru eftir lengdar- og breiddargráðum. Einkum hafa t.d. Kanadamenn notað slíka veiðiráðgjöf og veiðistýringu. Þeir hafa ákveðin svæði þar sem þeir heimila ákveðnar veiðar og veiðistýringin hefur verið með ýmsum hætti. Á ákveðnum svæðum er bann við veiðum vissra tegunda en annars staðar hefur veiðin miðast við að menn mættu stunda ákveðinn fjölda veiðidaga. Þetta er m.a. þekkt við rækjuveiðarnar á Flæmska hattinum þótt við Íslendingar höfum kosið að hafa þar kvóta fyrir veiðar okkar eigin skipa. Hins vegar er það ekkert launungarmál að m.a. Íslendingar hafa flaggað út skipum undir fána annarra ríkja til að nýta sér svokallað dagafyrirkomulag á hinum ýmsu svæðum í Norðvestur-Atlantshafinu við veiðar á rækju og ýmsum fiskstofnum, karfa og grálúðu svo eitthvað sé nefnt.

Veiðireglurnar eru ýmsar. Sum skipanna sem stunda veiðar á Reykjaneshrygg, þar sem mest ber á að skip stundi veiðar með svörtu leyfi og reyndar engu leyfi, eru samt sem áður með leyfi til að stunda veiðar á ákveðnum NAFO-svæðum. Takmarkað leyfi er til veiða við Nýfundnaland o.s.frv. Mér sýnist að við séum að byggja það upp að ná betur utan um eftirlit með veiðum sem við teljum að samrýmist ekki alþjóðastýringunni á veiðum á úthafinu og veiðum á stofnum sem teljast ýmist innan eða utan lögsögu, eins og t.d. úthafskarfa.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að frumvarpið verði til þess að hafa megi virkara og betra eftirlit með þessum veiðum. Þá held ég að tilganginum sé náð, sérstaklega ef tekst að fylgja því eftir að það dragi úr ólöglegum veiðum úr sameiginlegum stofnum eins og við höfum t.d. á Reykjaneshryggnum, þar sem veiðunum er skipt upp milli nokkurra þjóða og magninu í raun skipt upp og magnið ákveðið. Annars staðar hefur veiðst, t.d. verið karfaveiðar í Síldarsmugunni. Enginn veit hvernig þær veiðar þróast á næstu árum en þar hefur orðið vart við úthafskarfa og einhver veiði hefur verið stunduð þar þótt hún virðist ekki hafa þolað mikla sókn og lítið sé vitað um útbreiðslu stofnsins á því svæði.

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta mál sé í sjálfu sér þannig vaxið að eðlilegt sé að það gangi fram. Við horfum til þess að þurfa væntanlega að efla eftirlit og það gerum við að sjálfsögðu ekki nema við eflum Landhelgisgæsluna sem er eftirlitsaðilinn. Efla þarf skipakost og flugeftirlit til að ná betri yfirsýn yfir hvaða veiðar eiga sér stað í og við lögsöguna. Stundum hafa verið brögð að því, a.m.k. berast af því fréttir annað slagið, að menn séu ansi sókndjarfir inn fyrir lögsöguna á Reykjaneshrygg ef eftirlitsskip hafa ekki sést þar. Það kostar auðvitað fjármuni fyrir okkur og kannski stærri og öflugri skipakost í framtíðinni að sinna þessum verkefnum vel.

Ég held að frumvarpið sem hér um ræðir efli þann grunn auk þess sem hægt yrði að fylgjast með afla þessara skipa,

hvar honum er landað og hverjir þjóni skipunum. Mér sýnist að við séum að stíga, að vísu lítið skref en þó skref í þá átt að efla eftirlit og eftirfylgni með þessum veiðum.

[18:35]

**Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):**

Ég vildi þakka fyrir þær góðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið í þinginu. Ég átti von á því miðað við þær umræður sem hafa farið fram um þessi mál áður.

Það er ástæða til að undirstrika alvöru þessa máls og er kannski ekki öllum ljóst hvað hér getur verið í húfi. Bæði eru miklir hagsmunir í húfi vegna veiða skipa sem hafa neikvæð áhrif á stofninn og taka þannig tekjur frá íslenskum sjómönnum, útvegsmönnum og íslenska þjóðarbúinu. Hitt er einnig ástæða til að undirstrika en það er að enginn vafi er á því að tilkoma þessara skipa og veiða hefur grafið undan markaði fyrir fiskafurðir okkar á erlendum mörkuðum. Þessi fiskur hefur verið falboðinn á lægra verði vegna þess að menn hafa ekki getað rakið uppruna hans. Áhrifin hafa fremur orðið til að lækka verð á íslenskum afurðum þannig að óbeinu áhrifin sem við getum kannski ekki mælt í rauninni hafa verið heilmikil.

Það er mikilvægt fyrir okkur að taka á þessum málum af fyllstu festu. Við höfum verið í ákveðinni forustu í þessum efnum undanfarin ár. Það hefur vakið athygli. Það er ljóst að mikil vakning hefur verið í þessa veru meðal margra þjóða, strandríkja og hjá erlendum valdhöfum á vettvangi. Síðast á fundi hjá FAO fyrir fáum dögum voru þessi mál mikið til umræðu. Það er alveg ljóst mál að hér erum við bæði þátttakendur í alþjóðlegri þróun en líka á vissan hátt í forustu í þeim efnum. Þess vegna er það mjög mikilvægt að einmitt við skulum leiða í lög breytingar sem er ætlað að herða róðurinn fyrir okkur áfram

Ég tek síðan undir það sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði og hv. þm. Jón Gunnarsson við 1. umr. um málið, að það er ástæða til að hyggja að því hvernig við getum fylgt þessu eftir. Það er gert á margan hátt. Efla þarf þyrluþjónustu Landhelgisgæslunnar, kaupa nýtt varðskip og allt er það liður í að reyna að gæta réttar okkar sem strandveiðiríkis og til að nýta þennan mikilvæga stofn sem úthafskarfinn er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., 2. umr.*

Stjfrv., 644. mál (eftirlitsheimildir). — Þskj. 962, nál. 1100, brtt. 1101.

[18:37]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir um nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Múla Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Valtý Þór Hreiðarsson frá Verðlagsstofu skiptaverðs, Gísla Rúnar Gíslason frá Fiskistofu, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva, Félagi skipstjórnarmanna, Persónuvernd, Fiskistofu, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Verðlagsstofu skiptaverðs er í lögum um stjórn fiskveiða falið mikilvægt úrræði sem ætlað er að stuðla að því að útgerðir sem flytja aflamark yfir á skip sín standi réttilega við gerða samninga um fiskverð sem haft er til viðmiðunar í uppgjöri á aflahlut áhafnar. Kemur þar fram að forsenda fyrir flutningi aflamarks sé sú að stofan hafi staðfest að fyrir liggi fullnægjandi samningur. Með þessu úrræði er dregið úr líkum á að sjómenn séu látnir bera kostnað af kaupum eða leigu á kvóta þannig að aflahlutur þeirra reiknist af lægra verði en fiskverði.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að veita Verðlagsstofu skiptaverðs auknar heimildir til að hafa eftirlit með því að samningar um fiskverð séu réttilega efndir. Er þar tekið af skarið um að stofan geti við framkvæmd eftirlits lagt áherslu á athugun einstakra mála með tilheyrandi gagnaöflun en þurfi ekki að einskorða sig við úrtakskannanir. Rannsókn getur farið fram ýmist eftir ábendingu eða að eigin frumkvæði stofunnar en leiði hún í ljós að fiskverðssamningur hafi verið vanefndur miðast hlutverk stofunnar almennt við að gefa út rökstutt álit og leggja það í hendur útgerð og áhöfn að leysa málið. Megintilgangur frumvarpsins er aftur á móti að styrkja heimildir stofunnar til að synja staðfestingar af sömu ástæðum þegar hennar hefur verið óskað í tilefni af kvótaframsali. Verður þeirri kvöð ekki jafnað til álits heldur íþyngjandi ákvörðunar sem ber að taka og undirbúa í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Við umfjöllun nefndarinnar var m.a. rætt um hvernig Verðlagsstofu skiptaverðs hefði gengið að rækja hlutverk sitt á grundvelli núgildandi laga, hvort frumvarpið væri vel til þess fallið að leysa þann vanda sem því væri ætlað og hver staða smábátaútgerðar væri gagnvart þeim lögum sem um stofuna giltu.

Nefndin áréttar að frumvarpinu, sem samið er með aðkomu Landssambands íslenskra útvegsmanna og samtaka sjómanna, er ætlað að styrkja eftirlitsheimildir Verðlagsstofu skiptaverðs og um leið stöðu sjómanna gagnvart útgerð. Með tilliti til jafnræðisreglu þjónar það lögmætu markmiði. Enn fremur er það skoðun nefndarinnar að lögin um Verðlagsstofu skiptaverðs taki jafnt til skipa hvort sem þau eru í aflamarki eða krókaaflamarki og má því til stuðnings vísa m.a. til 5. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Af þeirri ástæðu og að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið og hagsmunaaðila leggur nefndin til að nefndarmönnum í úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna verði fjölgað um tvo í því skyni að Landssamband smábátaeigenda eignist þar fulltrúa og samtök sjómanna fái viðbótarfulltrúa til mótvægis við þá breytingu.

Nefndin telur að 2.–4. efnismálsliður 3. gr. frumvarpsins

eigi betur heima í nýrri grein sem bætt verði við lög nr. 13/1998 í stað 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Eðlilegra þykir að forsendur þær sem Verðlagsstofa skiptaverðs byggir staðfestingu sína á í tilefni af framsali aflamarks komi fram í þeim lögum sem um hana gilda. Samfara þessari breytingu er lögð til lítils háttar orðalagsbreyting á 1. gr. frumvarpsins. Loks leggur nefndin til að gildistökuákvæði frumvarpsins verði breytt þannig að það taki gildi um næstu áramót. Með því er Landssambandi smábátaeigenda gefinn kostur á að laga sig að þeim breytingum sem að framan er lýst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson og Jón Bjarnason skrifa undir álitið með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Auk mín skrifa undir álitið hv. þm. Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Jón Bjarnason, með fyrirvara, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara og Kjartan Ólafsson.

Virðulegi forseti. Ég kynni síðan breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, frá sjávarútvegsnefnd:

„1. Við 1. gr. Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða“ í síðari málslið efnismálsgreinar komi: skv. 6. gr. a.

2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

a. (3. gr.)

Við lögin bætist ný grein er verður 6. gr. a og orðast svo:

Verðlagsstofa skiptaverðs skal að beiðni Fiskistofu og í tilefni af framsali aflamarks skv. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, staðfesta að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum sem fullnægir kröfum laga þessara. Leiði athugun skv. 6. gr. í ljós að útgerð skips hafi ekki gert upp við skipverja í samræmi við samning um fiskverð skal stofan ekki veita staðfestingu sína nema úr hafi verið bætt eða hlutaðeigandi útgerð sett fullnægjandi tryggingu fyrir réttu uppgjöri. Þá skal Verðlagsstofa skiptaverðs ekki veita staðfestingu sína hafi útgerð skips ekki veitt upplýsingar eða afhent gögn sem stofan hefur krafist á grundvelli 5. gr. Ákvörðun um synjun staðfestingar skv. 1. mgr. lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og sætir kæru til sjávarútvegsráðuneytisins.

b. (4. gr.)

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Í nefndinni eiga sæti níu menn skipaðir af ráðherra. Af þeim skulu Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Félag vélstjóra og málmtæknimanna tilnefna einn fulltrúa hvert og einn fulltrúa sameiginlega. Þá skal Landssamband íslenskra útvegsmanna tilnefna þrjá fulltrúa og Landssamband smábátaeigenda einn fulltrúa. Loks skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar en að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

3. Við 3. gr., er verði 5. gr. 2.–4. efnismálsl. falli brott.

4. Við 4. gr., er verði 6. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.“

Virðulegi forseti. Ég þakka samnefndarmönnum í sjávarútvegsnefnd fyrir gott samstarf í nefndinni og samstöðu um breytingartillögur sem almennt er sátt um. Breytingartillögurnar eru gerðar í góðri sátt við hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég vil sérstaklega þakka hv. alþingismanni Jóni Gunnarssyni fyrir hans framlag í þessu máli en Jón var staddur erlendis á vegum þingsins þegar þingið lauk afgreiðslu málsins.

Virðulegi forseti. Þar sem þetta er síðasta mál sjávarútvegsnefndar á þessu kjörtímabili vil ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherrum, Árna M. Mathiesen og Einari K. Guðfinnssyni, fyrir gott samstarf. Ég vil þakka samnefndarmönnum mínum í sjávarútvegsnefnd fyrir gott samstarf og árangursríkt. Við höfum unnið saman sem einn maður í þeim málum sem nefndin hefur fengið til umfjöllunar. Við höfum ekki alltaf verið sammála en við höfum reynt af fremsta megni að ná sameiginlegri niðurstöðu um breytingar til hins betra en þær hafa alltaf verið gerðar í góðri sátt við hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég legg til að lokinni 2. umr. að þessu máli verði vísað til 3. umr.

[18:44]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. formanni sjávarútvegsnefndar fyrir orð hans í garð nefndarinnar og minn garð einnig. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs. Verðlagsstofan er eins og allir vita tæki til að ganga úr skugga um að sjómenn hafi tryggingu fyrir lágmarksverði á skipum sem þeir róa á. Eitt meginhlutverk Verðlagsstofunnar hefur verið að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótaleigu eða kvótakaupum.

Ég lýsti því við 1. umr. að mér finnst Verðlagsstofa skiptaverðs ekki hafa verið að sinna starfi sínu almennilega undanfarin ár. Þá horfi ég tvö ár aftur í tímann Mig langar að spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar hvort hann telji að Verðlagsstofan hafi staðið sig eins og hún hefur lögheimildir til. Að mörgu leyti eru þær breytingar sem við erum að gera á lögunum um Verðlagsstofuna núna gerðar til þess að ýta við stofnuninni, að hún fari að sinna því hlutverki sem hún hefur að að mínu viti hingað til haft lögheimildir til að sinna.

Ég verð að segja eins og er, að miðað við það sem gerst hefur hjá Verðlagsstofu þá hefur hún minnt á bréfalúgu til að taka við samningum um verð fremur en að hún sé raunverulega að leggja á það mat hvort það verð sem fram kemur sé hið rétta. Við fengum upplýsingar um það í nefndinni að meðalverð í þeim samningum sem Verðlagsstofa er að blessa í þorski eru 140 kr. sem er innan við helmingur af því verði sem gengur og gerist á frjálsum markaði. Því langar mig að spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar: Er hann ánægður með hvernig Verðlagsstofa hefur unnið undanfarin tvö ár?

[18:46]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp er gert til þess að reyna að skerpa og efla starfsemi Verðlagsstofunnar. Ég er alveg sammála því að starfsemin er ekki mikil og spurningin er líka alltaf hvort menn séu að skila sínu eða ekki. Það fer líka töluvert eftir frumkvæðinu, það þýðir ekki eingöngu að bíða eftir að erindi komi inn um lúguna. Ég held að það sé mjög mikilvægt.

Það eru eiginlega ótrúlega fá mál sem hafa komið til Verðlagsstofu miðað við umræðu um þátttöku sjómanna í kaupum eða leigu á afla. Ég man eftir meðalverði, þá voru einhverjar reglur í gangi og mig minnir að hv. þm. nafni minn, Guðjón Arnar Kristjánsson, hafi sagt að það væri einhver 76%-regla sem væri útreikningsregla fyrir þetta lágmarksverð sem er gefið út. Við vorum einmitt að samþykkja það í gær varðandi byggðakvótann til viðmiðunar. En ég þekki þær reglur ekki alveg nákvæmlega.

[18:47]

**Jón Gunnarsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst hv. formaður sjávarútvegsnefndar Guðjón Hjörleifsson ekki svara spurningu minni nægjanlega skýrt. Ef við horfum til ársskýrslu Verðlagsstofu fyrir árið 2006 þá kemur í ljós að þrjú mál bárust úrskurðarnefnd og vörðuðu þrjú skip.

Kostnaður við rekstur Verðlagsstofu skiptaverðs var rúmar 20 millj. kr. það ár. Málsettar skoðanir, sem eru kallaðar svo, þ.e. mál sem hafa verið tekin fyrir og skoðuð, voru ef ég man rétt á árinu 2006, 33. Í lok skýrslunnar frá Verðlagsstofu skiptaverðs kemur fram að verkefnaleysi hrjái stofnunina.

Því veltir maður fyrir sér á sama tíma og maður horfir á að Verðlagsstofan nýtir sér ekki þær heimildir sem hún hefur í lögum til eftirlits og til þess að grípa inn í ef um er að ræða óeðlilega lágt fiskverð eða um er að ræða að ekki sé gert upp við sjómenn í samræmi við þá samninga sem lagðir eru fram, að hún ætti að geta haft kappnóg að gera.

Einhverra hluta vegna hefur Verðlagsstofan samt ekki nýtt sér þær lögheimildir sem hún hefur. Til dæmis er hér verið að skerpa á því í nefndaráliti að Verðlagsstofu beri að ganga eftir því að samningar um fiskverð komi frá bátum í krókaaflamarkskerfinu, þ.e. smábátunum. Hingað til hefur hún ekki gert það þó að lög kveði skýrt á um að henni beri að kalla eftir samningum á öllum skipum þar sem verið er að flytja aflamark á milli skipa, hvort sem það er hið hefðbundna aflamark eða krókaaflamarkið. Því verður ekki hjá því vikist að spyrja áleitinna spurninga eins og þeirra hvort það geti verið að þarna sé pottur brotinn í starfseminni.

[18:49]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þm. Jóni Gunnarssyni að miðað við rekstur stofunnar upp á 20 millj. kr. og þau litlu verkefni sem hún er að sinna þá tel ég að ef ekki rætist úr með þessum lögum þá eigum við að skoða hvort við eigum að sameina eftirlitsþáttinn inn í eitthvert annað fyrirtæki eða reyna að auka eftirlitsþátt Verðlagsstofu og láta þá hafa þá nóg að gera. Því það er alltaf hægt að hagræða í ríkisrekstri og þetta er hluti af því.

Ég tel að þarna hafi verið allt of lítil starfsemi og kannski eru menn allt of ragir við að leita til Verðlagsstofu þegar þá greinir á og kannski leysa þeir mál sín heima í héraði varðandi þátt sjómanna og ná einhverjum öðrum samningum.

En í þessum lögum er líka tekið tillit til þess að við vitum að það voru til samningar þar sem menn voru að semja um mjög lágt fiskverð, lægra verð en markaðsverð. Menn töldu það vera hluta af því að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. En þau örfáu mál sem eru samkvæmt reikningum og skýrslu Verðlagsstofu eru óeðlilega fá.

[18:51]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér hefur alltaf fundist þetta mál með Verðlagsstofu skiptaverðs afar furðulegt allt saman. Þetta er sennilega ein afleiðing af kvótakerfinu og ein af bótunum sem verið er að lappa upp á í kringum kvótakerfið og að sjómenn hafa ítrekað verið notaðir til þess að fjármagna af launum sínum leigu eða kaup á kvóta.

Í greinargerðinni segir einmitt að nokkur brögð muni hafa verið að því að útgerðir hafi ekki gert upp við áhafnir sínar í samræmi við gerða samninga um fiskverð og Verðlagsstofa hafi ekki haft nægilega virk úrræði til að bregðast við þegar slík mál hafa komið upp.

Svo koma hér upplýsingar um að þetta séu örfá mál sem komi þarna inn. Ég vil bara ítreka eins og ég gerði í nefndinni og spyrja: Er Verðlagsstofa rétta stofnunin til að sjá um þetta eftirlit? Mér finnst það vera lögreglumál þegar mönnum eru ekki greidd laun.

Ég vil spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar hve mörg lögreglumál hafi orðið. Menn eru teknir í búðum fyrir að stela einni kókflösku og auðvitað er það ólöglegt og á ekki að gera það. En þegar verið er að hýrudraga sjómenn og brjóta þar með á þeim lög eða stela af þeim hluta af launum þeirra, er það ekki lögreglumál?

Ég spyr þess vegna hv. formann sjávarútvegsnefndar: Hve mörg lögreglumál hafa orðið þegar vitnað er í það í (Forseti hringir.) í greinargerð með lögunum að mikil brögð séu að þessu?

[18:53]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum forstöðumanns Verðlagsstofu hafa engin lögreglumál komið upp. Þetta eru fá mál og þau má kannski leysa á þeim tíma sem menn hafa í þessu.

En þegar menn leita réttar síns þá tel ég að það sé algengt að menn fari með málið í gegnum stéttarfélag sitt og síðan verður það dómsmál ef menn ná ekki sáttum.

[18:54]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Sýnir þetta ekki í heild sinni hvað þetta er gagnslaust? Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður hafi heyrt eins og ég að sjómenn telji að þeir séu beittir afarkostum ef þeir fari og klagi undan því að þeir séu skyldaðir til þess að taka þátt í kvótaleigu eða kvótakaupum og þá eigi þeir á

hættu að missa plássið. Stuðningur stéttarfélags þeirra er nú ekki meiri en svo. Ég er varla einn um að hafa heyrt þetta sagt.

Ég get nefnt dæmi um það ef út í það er farið, þar sem sjómenn hafa reynt að leita réttar síns í þessu og málsatvik voru talin svo óljós og stuðningur stéttarfélagsins var ekki meiri en svo að það eina sem viðkomandi hafði upp úr krafsinu var að hann var rekinn af skipinu.

Og þótt ég styðji þessar veiklulegu tilraunir til að styrkja þetta eftirlitskerfi þá er fjarri því að mér finnist þetta vera kerfi sem virkar. Fyrir mér er þarna bara verið að beita sjómenn þjófnaði. Það er verið meira og minna að hálflögleiða hann með því að búa til einhverja úrskurðarnefnd. Hún hefur fengið þrjú eða fjögur mál. Það virðist ekki vera neitt stórmál á ferðinni og ástæðulaust að vera taka það inn í þingið ef það er raunveruleikinn.

En raunveruleikinn er bara allt annar. Ég spyr því hv. þingmann: Finnst honum þetta frumvarp raunverulega vera að taka á þeim raunveruleika sem er? Það er að útgerðir eru að hýrudraga sjómenn með því að láta þá taka þátt í kvótakaupum eða kvótaleigu.

[18:56]

**Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Verðlagsstofa tekur á þeim málum sem koma inn. En það koma kannski allt of fá mál inn. Maður þekkir ekki hvað mikið af málum eru kannski leyst annars staðar eða eru ekki kærð til Verðlagsstofu.

En hagsmunaaðilar sem ég hef rætt við segja að það hafi minnkað mjög mikið að sjómenn taki þátt í kvótakaupum eða kvótaleigu. Það var töluvert um þetta áður en þeir segja að þetta hafi minnkað.

Ég tel að með þessu frumvarpi séum við að styrkja heimildir Verðlagsstofu til þess að fylgja eftir eftirliti og í kjölfar umræðunnar sem nú er byrjuð getum við kannski verið sammála um að það vanti meira frumkvæði í starfsemi hjá þeim sem vinna hjá Verðlagsstofu, að menn eigi ekki eingöngu að bíða eftir því að fá kæruna inn. Þeir eiga kannski að fara meira í eftirlitsþáttinn utan stofunnar.

[18:57]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Hér ræðum við einn angann af annmörkum kvótakerfisins sem er sá að útgerðarmenn hafa það sterk tök á verðmyndun og þeir hafa nýtt sér þær leiðir sem lögin bjóða upp á að þeir geta hlunnfarið sjómenn um hlut sinn af andvirði fisksins sem þeim ber að öðru jöfnu réttur til að fá laun af og eins hafa þeir orðið uppvísir að því á fyrri tíð að þvinga launþegana, sjómenn, til að taka þátt í að greiða fyrir leigu á kvóta til þeirra báta sem þeir hafa verið ráðnir á.

Reynt hefur verið að bregðast við þessu með því að setja á fót sérstaka eftirlitsstofnun, eina af nokkrum, til þess að fylgjast með þessu kerfi. Það er kannski lýsandi fyrir það hversu meingallað þetta kerfi er að hafa þurft litlar eftirlitsstofnanir til að fylgjast með mönnum, ekki bara Fiskistofa heldur líka þessi stofa, Verðlagsstofa skiptaverðs. Hún á að geta aflað sér upplýsinga um það verð sem útgerðarmaður sem seljandi og kaupandi ákveður að selja fiskinn á en það ákvarðar auðvitað hlut og laun sjómannsins.

Þetta er töluvert vandamál eins og margir þekkja og hefur verið minnst á í andsvörum. Verð í beinum viðskiptum er allt annað en verð á mörkuðum. Verðmyndun þar sem farið er fram hjá eðlilegum markaðslögmálum er óeðlileg. Við sjáum t.d. á upplýsingum um meðaltalsverð frá Fiskistofu í desembermánuði að í beinni sölu var meðaltal á óslægðum þorski 124 kr. á kíló en á mörkuðum 204 kr. Þarna munaði 80 kr. eða líklega um 40% í meðaltalsverði á óslægðum þorski eftir því hvort markaðslögmálin ákvörðuðu verðið á fiskinum eða beinir samningar milli útgerðarmanns og fiskkaupanda sem stundum eru þar að auki sami aðilinn.

Það þýðir einfaldlega að sjómenn sem róa eftir þessum kjörum fá auðvitað lægra verð sem því nemur, sem nemur því að meðalverð í beinum viðskiptum er lægra en á mörkuðum. Þetta hefur haft víðtæk áhrif um land allt eins og menn geta kannski ímyndað sér. Til dæmis eru ein áhrifin þau að aðsókn að skipsrúmum í bátum þar sem menn selja meira og minna í beinum viðskiptum á verði sem er miklu lægra en fæst á mörkuðum er minni en á bátum þar sem launin eru ákvörðuð á mörkuðum. Þar munar töluvert miklu. Við sjáum líka að útvegsmenn hafa stundum brugðist við því með því að sækja sér vinnuafl sem sættir sig við lægri laun en íslenskir sjómenn. Ég get nefnt að á tveimur stórum línubátum sem ég þekki til, þar sem eru 12–13 manns um borð, eru erlendir sjómenn eða útlendingar í 7 til 8 plássum af þessum 13, þ.e. að nánast allar hásetastöðurnar eru mannaðar Pólverjum og yfirmannastöðurnar Íslendingum. Það er vegna þess að Íslendingarnir sætta sig ekki við þau laun sem í boði eru en þau eru ákvörðuð af útvegsmanninum og því verði sem hann vill borga sjálfum sér fyrir fiskinn. Íslendingarnir fara í aðra vinnu eða í önnur pláss og þá er brugðist við því með því að ráða erlent vinnuafl sem sættir sig við þessi laun. Þetta er auðvitað dæmi um það þar sem verið er að þrýsta launakostnaði niður og útgerðarmaðurinn nær að lækka launakostnað útgerðar sinnar með þessu móti.

Ég held að allir hljóti að vera sammála um að þetta sé ekki æskileg þróun. Það er ekki eðlilegt að launþegar séu berskjaldaðir í þessu tilliti, að þeir eigi það alveg undir útvegsmanni hvaða laun þeir hafi. Þeir geta ekki treyst á að eðlileg markaðslögmál ráði því hvað fæst fyrir fiskinn og eins og hér var komið inn á áðan er stundum ekki vænlegt að gera athugasemdir við það verð sem ákvarðað er fyrir fiskinn. Menn hafa ekki alltaf mikið upp úr því að gera athugasemdir og reyna að fá leiðréttingu sinna mála. Þetta er einn af slæmu ókostunum við kvótakerfið að útvegsmaðurinn hefur alla þræði í hendi sinni. Hann hefur heimildirnar undir höndum. Hann getur meira að segja ákvarðað verðið fyrir fiskinn og launþegarnir og aðrir sem hlut eiga að máli hafa ekki tök á að rétta hlut sinn nema ef menn færu þessa leið í gegnum Verðlagsstofu skiptaverðs og það er allur gangur á því hvað menn telja mikinn árangur mögulegan í þeim efnum.

Hér er ég með viðtal við einn af stórútgerðarmönnum landsins frá Vestmannaeyjum, sem birtist í Dagblaðinu 9. febrúar, þar sem hann lýsir glaðhlakkalega hvernig hann nýtir sér löggjöfina og segir einfaldlega í fyrirsögn: „Við

fáum aðra til þess að veiða fyrir okkur.“ Útvegsmaður sem fær veiðiheimildir á grundvelli þess að hafa stofnað til þeirra með veiðum fær leyfi til þess að nýta heimildirnar til annars en að veiða, til þess að ráða til sín aðra til að veiða fyrir sig á þeim kjörum sem hann ákveður. Fyrir vikið fá sjómenn hans þá ekkert í sinn hlut, þeir fá engin vinnulaun eða laun fyrir að nýta þá aflaheimild sem aðrir veiða. Þessi ágæti útgerðarmaður segir beinlínis að hann hagi sinni útgerð iðulega þannig að hafa meiri veiðiheimildir undir höndum en skip hans ráði við að veiða og það sé gert í því skyni að geta fengið aðra til að veiða, það sé einfaldlega hagkvæmara fyrir hann að gera það svo.

Það kom fram á fundi á Ísafirði fyrir skömmu, líklega síðasta sunnudag, að það sé talið að um 35 þús. tonn í þorskígildum hafi verið seld eða flutt frá Vestfjörðum og að útvegsmenn þar hafi aðeins keypt í staðinn eða fengið inn á svæðið um 10 þús. tonn á móti. Það eru því um 25 þús. tonn sem eru nettóflutningur af svæðinu yfir á önnur svæði. Ef við skoðum hvað þetta eru miklir peningar fyrir þá sem gera út, stunda þessa atvinnustarfsemi, og miðum við 150 kr. á kíló af þorski í leigu af kvóta þá eru þessi 35 þús. tonn, ef þau ættu að leigjast öll, um 5,5 milljarðar kr. Ef halda ætti uppi sama atvinnustigi, sama krafti í atvinnulífinu kostar það 5,5 milljarða kr. Það er skatturinn sem menn þurfa að borga einstaklingum sem hafa veiðiheimildir undir höndum og hafa það svigrúm að nýta þær ekki. Það er von að eitthvað láti undan þegar menn skipa svo málum að fela nokkrum aðilum vald til að afla sér tekna með þessu móti. 5,5 milljarðar kr. eru býsna mikið fé og ef þessar veiðiheimildir yrðu keyptar sem hlutdeildir mundu þær kosta um 90 milljarða kr. Þessar aflaheimildir mundu kosta nánast langleiðina upp í Kárahnjúkavirkjun. Það sér hver maður að slíkt er gríðarlegt fé og er auðvitað ekki á lausu. Það blandast engum hugur um að í slíku kerfi með svona framsali, algerlega skilyrðislaust, lætur atvinnulífið einfaldlega undan síga þar sem menn hafa þurft að reiða sig mjög á sjávarútveginn.

Til skamms tíma héldu menn að stórir staðir eins og Akranes og Akureyri mundu ævinlega fljóta ofan á í þessu ágæta kerfi okkar en nú er svo komið að á Akranesi er útgerðin meira og minna komin út úr bænum og á Akureyri gerðist það í byrjun ársins að eigandi Útgerðarfélags Akureyrar, sem heitir núna Brim, ákvað að flytja allan kvótann frá Akureyri til Reykjavíkur. Það voru engar smátölur. Það voru um 18.200 tonn í þorskígildum talið sem fluttust með fjórum togurum frá Akureyri til Reykjavíkur. Skýringin sem eigandinn gaf var einfaldlega sú að hann væri að flýja óvild Sjómannafélags Eyjafjarðar en það sér hver maður hvað eigandinn var að gera. Hann var einfaldlega að segja við félagsmenn í Sjómannafélagi Eyjafjarðar að annaðhvort væru forustumenn félagsins eins og hann vildi hafa þá, þeir sætu og stæðu eins og hann vildi, eða hann færi í burtu með allar heimildirnar og auðvitað færi vinnan á eftir.

Það er ekki hægt, virðulegi forseti, að una slíku kúgunarkerfi þar sem menn leynt og ljóst nota aðstöðuna sem þeir hafa til þess að kúga aðra. Þess vegna er ekki friður um þetta kvótakerfi, þess vegna eru um 70% landsmanna á móti þessu kerfi og munu vera það áfram þar til að gerðar verða þær breytingar á kerfinu sem menn sækjast eftir.

Þetta mál mun áfram verða kosningamál í öllum kosningum, bæði núna og framvegis, þar til menn taka á þessu óréttlæti sem er innbyggt í núverandi löggjöf um stjórn fiskveiða. Þjóðin mun aldrei sætta sig við að búa til einhverja greifa og fursta sem hafa í hendi sinni það vald að geta skaðað stórlega hagsmuni fjölda fólks, bæði atvinnulega og eignalega, og hafa gert það. Um það verður aldrei friður, virðulegi forseti. Menn skulu ekki láta sig dreyma um að það takist að beygja alla íslenska stjórnmálamenn undir vald kvótagreifanna, hversu valdamiklir sem þeir kunna að vera í stjórnarflokkunum.

Það skýrir hvers vegna svona mikill þungi hefur verið í umræðunni að undanförnu um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins þess efnis að koma þar inn ákvæðum sem fyrirbyggja að útvegsmenn geti með tímanum litið svo á að þeir eigi þessar fiskveiðiheimildir um aldur og ævi og breytingar sem síðar kunni að verða gerðar verði háðar þeim annmarka að þurfa að borga þeim fullar bætur fyrir. Það er eðlilegt að þjóðin krefjist þess að slíkar breytingar séu gerðar. Það er að sama skapi fyrirsjáanlegt að vegna þess hversu sterkir hagsmunir eru innan dyra í stjórnarflokkunum báðum hafi þvælst fyrir og tekist að koma í veg fyrir að nokkur árangur varð af þessu starfi og fyrirheitum og í raun og veru afhjúpað það sem suma grunaði að vísu, að það væri engin alvara hjá einstökum talsmönnum stjórnarflokkanna í því að til stæði að breyta stjórnarskránni til að tryggja hagsmuni almennings.

Skýrasta dæmið eru auðvitað yfirlýsingar hæstv. heilbrigðisráðherra sem lýsti því yfir að ef þetta ákvæði kæmi ekki inn í stjórnarskrá mundi ríkisstjórnin trosna upp og verða minnihlutastjórn, sem voru auðvitað skýr skilaboð ráðherrans um að Framsóknarflokkurinn færi úr ríkisstjórninni. En hvað kom á daginn? Hann stóð að því að koma í veg fyrir að málið næði fram að ganga og situr auðvitað áfram í ríkisstjórn eins og ekkert sé og heilbrigðisráðherra ekkert síður en aðrir ráðherrar flokksins. Þetta er eitt af því ömurlegasta sem maður hefur séð í stjórnmálum um langa hríð, að yfirlýsing af þessu tagi reynist svona bersýnilega innihaldslaus og almenningi ljóst að aldrei var nein meining í þessum orðum. Þetta var bara sjónarspil til að reyna að bjarga andlitinu fyrir kosningar.

Ég er eiginlega alveg hissa á því að hæstv. heilbrigðisráðherra skuli sitja enn þá í ráðherrastólnum og þora að láta sjá sig í þingsalnum, því að eftir slíkar yfirlýsingar ætti hver maður sem kann að skammast sín að halda sig fjarri fyrst um sinn á meðan aðeins fennir í sporin. En svo er ekki og ráðherra mætir hér glaðhlakkaleg til starfa áfram í þeirri ríkisstjórn sem hún sagði fyrir fáeinum dögum að mundi trosna upp og verða minnihlutastjórn ef ákvæðið næði ekki fram að ganga í stjórnarskrá.

Það er rétt að þingmenn muni eftir þessum orðum og kjósendur verða auðvitað minntir á þau hvern einasta dag þannig að þeir gleymi því ekki hvað menn sögðu og hvað menn stóðu við. Svo kemur formaður Framsóknarflokksins og bítur höfuðið af skömminni með því að lýsa því hér yfir að stjórnarandstaðan hafi komið í veg fyrir að þetta ákvæði næði fram að ganga. Daginn eftir að hann hafði sjálfur lýst því yfir að það stæði aldrei til að fleyta þessu máli í gegnum þingið með stuðningi stjórnarandstöðunnar vegna þess

að þetta væri ríkisstjórnarmál.

Framsóknarmenn verða auðvitað að svara því hér í þessari umræðu, hvernig ætla þeir að svara kjósendum fyrir þessar yfirlýsingar sem þeir hafa gefið síðustu daga og þar áður? Hvernig ætla þeir að útskýra yfirlýsingar sínar fyrir kjósendum?

Hvernig má það vera, virðulegi forseti, að handhafar kvótans hafi svona sterk tök í stjórnmálaflokki að hann hættir að hugsa um almannahagsmuni, hættir að hugsa um hagsmuni venjulegs fólks, sjómanna, fiskvinnslufólks en hugsar bara um þá sem eiga kvótann?

Það hefur vakið sérstaka athygli mína að í þessari umræðu um stjórnarskrárbreytinguna hefur því verið haldið fram af hálfu ráðherra, t.d. hæstv. umhverfisráðherra, að óbreytt löggjöf væri ófullnægjandi. Hún mundi leiða til þess fyrr eða síðar að fiskveiðiheimildirnar yrðu að varanlegri eign sem ekki væri hægt að taka af útvegsmönnum án bóta. Þess vegna yrði þetta ákvæði að ná fram að ganga, til að stöðva eignamyndun útvegsmanna.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur líka sagt svipað. En nú þegar málið liggur fyrir þá hljótum við að spyrja: Hvernig ætla framsóknarmenn og ríkisstjórnin að stöðva eignamyndun útvegsmanna sem samkvæmt þeirra eigin skilningi á sér stað á hverjum einasta degi undir óbreyttum lögum? Hver verður staðan eftir fjögur ár þegar menn fara að huga að því næst að breyta stjórnarskránni í fyrsta lagi? Verður þá að þeirra mati og hæstv. sjávarútvegsráðherra staðan orðin svo að eignamyndun útvegsmanna verði svo langt komin að ekki verði aftur snúið?

Ríkisstjórnin verður auðvitað að svara þessu fyrst hún fór af stað í þennan leiðangur undir þessu yfirskini og hætti svo við. Þá verður hún að svara spurningunni um hvernig eigi þá að stöðva eignamyndunarkröfu útvegsmanna sem mun að óbreyttu eiga sér stað a.m.k. næstu fjögur árin til viðbótar því sem orðið er. Það er ekki hægt að halda því fram fyrir fáeinum dögum að það þurfi að leggja fram frumvarp um breytingu á stjórnarskránni einmitt vegna þess að hættan sé þessi og þetta sé að gerast og segja svo að núna sé þetta allt í lagi næstu fjögur árin.

Auðvitað er það ekki hægt. Menn verða að sjá hvað stjórnarflokkarnir eru að gera, með þessum málflutningi eru ráðherrar ríkisstjórnarinnar að tala eignamyndun útvegsmanna áfram. Þeir eru að gefa þær lögskýringar að eignamyndun útvegsmanna eigi sér stað. Þegar þeir ákvarða að málið nái ekki fram að ganga eftir að hafa gefið þessar skýringar, þá eru þeir búnir að festa það upp á vegg svo allir sjái þá lögskýringu ríkisstjórnarinnar að næstu fjögur árin haldi eignamyndun útvegsmanna áfram.

Þetta eru nánast eins og fyrirmæli frá ríkisstjórninni til dómstóla um að þeir skuli að lokum hundskast til þess að fara að dæma útvegsmönnunum kvótann til ævarandi eignar, sem dómstólum ber að gera ef þeir fara eftir yfirlýsingum ráðherranna.

Dómstólar hafa auðvitað úr fleiru að moða, þeir fá fyrirmæli úr fleiri áttum en bara úr beinum yfirlýsingum. Þeir fá þau líka úr því frumvarpi sem formenn stjórnarflokkanna fluttu vegna þess að þó að yfirskinið væri að það ætti að festa endanlega í sessi eignarhald þjóðarinnar á fiskstofnunum og nýtingarrétti á þeim, þá kom í ljós að það var annað sem fólst í frumvarpinu þegar að var gáð.

Ég er hérna með álit tveggja sérfræðinga sem komu fyrir sérnefnd um stjórnarskrármálið, Eiríks Tómassonar og Bjargar Thorarensen, sem eru nú bærilega virtir lögfræðingar hvor á sínu sviði og gáfu álit fyrir nefndinni skriflega sem ég er með hér í höndum. Þar kemur fram ákaflega athyglisverð ábending.

Þeir minna á ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sem kveður á um það í 3. málslið 1. gr. að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt þeim lögum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þeir minna á það. En segja, eftir að hafa lesið og velt málinu fyrir sér, með leyfi forseta:

„Með skírskotun til fyrirvarans í 1. málslið 1. gr. frumvarpsins“ — þ.e. stjórnarskrárfrumvarpsins — „um að gætt skuli réttinda einstaklinga og lögaðila samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og í ljósi þess að ekki eru settar neinar skorður við ráðstöfunarrétti á náttúruauðlindum í þjóðareign í frumvarpinu né heldur gerður áskilnaður um tímabundna eða afturkallanlega heimild til handa einkaaðilum til afnota eða hagnýtingar þeirra auðlinda í 3. málslið 1. gr. frumvarpsins, er sá möguleiki fyrir hendi að ákvæði frumvarpsins verði skýrð á þann veg að þau séu ósamrýmanleg fyrirvaranum í 3. málslið 1. gr. laga nr. 116/2006. Verði frumvarpið tekið óbreytt upp í stjórnarskrá og yrði þessi skýringarkostur ofan á, sem styðst eins og áður segir við orðalag frumvarpsins, gengi umræddur fyrirvari í berhögg við stjórnarskrána sem er rétthærri réttarheimild en sett lög. Ef svo færi mundi réttur þeirra, sem ráða yfir veiðiheimildum ótvírætt styrkjast í eignarréttarlegum skilningi.“

Þessir tveir sérfræðingar eru að benda á að ef frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórnarskránni hefði verið samþykkt þá hefði það veikt ákvæðið í lögunum um stjórn fiskveiða sem ég las upp áðan og kveður á um að úthlutun á réttindum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði, mundi þá veikja þann fyrirvara í lögunum og jafnvel upphefja hann alveg, vegna þess að inn í stjórnarskrá væri komið ákvæði sem væri rétthærra en lögin. Það ákvæði vísar í eignarréttinn.

Í því ljósi verða menn að skoða hvað ríkisstjórnin var að gera. Hún var að reyna að plata þingið til þess að samþykkja breytingar á stjórnarskránni sem mundu gefa útvegsmönnum spilin upp í hendurnar og krefjast þess að þeir ættu veiðiheimildirnar. Það var ekki bara að ríkisstjórnin gerði það í frumvarpinu heldur komu yfirlýsingar ráðherranna til viðbótar til þess að tryggja að það færi ekki á milli mála hvernig dómstólar ættu að skilja það sem væri að gerast að óbreyttu.

Nú blasir málið þannig við eftir að þetta frumvarp fór ekki lengra í bili að þegar dómstólarnir næst fá mál til umfjöllunar þar sem er verið að skera úr um eignarréttinn, þá munu þeir sem það mál sækja og vilja fá eignarréttinn viðurkenndan fyrir útvegsmenn draga fram yfirlýsingar ráðherranna.

Þetta eru engir smáaðilar þegar þarf að gá að lögskýringum, því ráðherrar eru þeir sem framkvæma lögin og túlka þau. Þegar fleiri en einn ráðherra hefur ítrekað lýst því yfir að eignamyndun sé í gangi að óbreyttu þá hljóta dómstólar auðvitað að hlusta á það. Við skulum vona að

þeir taki ekki allt of mikið mark á því en við getum ekki verið viss um það.

Hvers vegna skyldi nú þessi atlaga hafa verið gerð fyrir útvegsmenn, fyrir einkaeignarrétti útvegsmanna af ríkisstjórninni? Það er ákveðin skýring á því. Hún er sú að fyrir ári síðan var fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur mál af þessum toga þar sem reyndi á eignarrétt útvegsmanna. Þá var niðurstaða Héraðsdóms sú, og leyfi ég mér að vitna í dómsorð Héraðsdómsins sem féll 7. febrúar 2006, með leyfi forseta:

„Í 2. málslið 1. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, segir að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Af þessu leiðir, að veiðiheimildir samkvæmt lögunum eru ekki varðar af ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar."

Þetta er niðurstaða Héraðsdóms fyrir einu ári, að 72. gr. verji ekki eignarrétt útvegsmanna. Einmitt þess vegna þurfti ríkisstjórnin núna að koma inn í stjórnarskrána tilvísun í 72. gr., til þess að geta upphafið þennan héraðsdóm. Vegna þess að hafi einhver eignamyndunum verið þá var dregið skýrt strik í febrúar í fyrra, í Héraðsdómi Reykjavíkur, sem sagði alveg skýrt: Útvegsmenn eiga ekki þessar veiðiheimildir. Þessum dómi var áfrýjað til Hæstaréttar sem vísaði málinu frá fyrir skömmu þannig að útvegsmenn fóru sneypuför fyrir dómstólum að þessu leytinu til.

Þess vegna er málið komið af stað. Vegna þess að það liggur fyrir dómsniðurstaða í málinu. Það er ástæðan fyrir öllu þessu brambolti hæstv. ríkisstjórnar núna, þ.e. að reyna að komast fram hjá skýrum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Ríkisstjórnin gerir sér grein fyrir því sem eðlilegt er að það er ekki hægt að óbreyttum lögum. Það verður að breyta þeim og hún gerir sér líka grein fyrir því að það er ekki nóg að breyta lögum til að komast fram hjá þessum dómi, það verður að breyta stjórnarskrá.

Þess vegna var málið svona útbúið eins og var um dagginn, það átti að opna leiðina aftur. Og ráðherrarnir gerðu sitt til að opna leiðina með yfirlýsingum sínum.

(**Forseti** (SAÞ)**:** Forseti hyggst gera matarhlé á þessum fundi núna um hálfáttaleytið og spyr þess vegna hv. þingmann hvort komið sé að lokum í ræðu hans.)

Það getur alveg verið það, virðulegi forseti. Ég er alveg til í að hliðra fyrir forseta eins og mögulegt er og ljúka máli mínu bara á örfáum orðum ef forseti fellst á það.

(**Forseti** (SAÞ)**:** Það væri akkur í því.)

Það er vissulega hægt að hafa mun lengra mál um þetta stóra viðfangsefni sem þingið hefur haft hér til umfjöllunar alla vetur sem ég hef setið á þingi og mun gera það áfram meðan menn hafa þessi þrælalög hér í gildi. En ég er búinn að koma því að sem ég taldi mikilvægast í umræðunni, dómi Héraðsdóms um forræði þjóðarinnar yfir þessum eignarheimildum og að útvegsmenn eigi þær ekki sem ég hygg að varpi ljósi á tilraunir ríkisstjórnarinnar og auðvitað útvegsmannaaðalsins í gegnum stjórnarflokkana, til þess að hnekkja skýrri niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur.

Umræðu frestað.

[19:30]

**Útbýting:**

Ökupróf, 646. mál, svar samgrh., þskj. 1285.

[Fundarhlé. — 19:30]

### *Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 465. mál (aukin refsivernd lögreglu). — Þskj. 644.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:09]

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (BjörgvS, EMS, EBS, GuðjG, HBl, JÁ, KJúl, LB, RG, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1294).

### *Vísitala neysluverðs, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 576. mál (viðmiðunartími, EES-reglur). — Þskj. 854.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:09]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (BjörgvS, EMS, EBS, GuðjG, HBl, JÁ, KJúl, LB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1295).

### *Breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl., frh. 3. umr.*

Stjfrv., 654. mál (leyfisveitingar sýslumanna). — Þskj. 1216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:10]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ,

GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (BjörgvS, EMS, EBS, GuðjG, HBl, JÁ, KJúl, LB, MÞH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1296).

### *Lögmenn, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 653. mál (EES-reglur). — Þskj. 972.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:10]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BjörgvS, EMS, EBS, GuðjG, HBl, KJúl, LB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1297).

### *Íslenskur ríkisborgararéttur, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 464. mál (próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 1215, brtt. 1138 og 1256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[20:11]

**Ágúst Ólafur Ágústsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við greiðum atkvæði um frumvarp um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Þeir þingmenn Samfylkingarinnar sem sitja í allsherjarnefnd hafa lagt fram breytingartillögu sem kosið verður um á eftir. Þetta eru tvær breytingartillögur, sú fyrri gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra verði heimilt að taka sérstakt tillit til aðstæðna flóttamanna og fólks sem veitt hefur verið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Þeir sem helst koma að þessum málaflokki, hvort sem litið er til Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rauða krossins eða Alþjóðahúss, mælast til að við gerum þessa breytingu, að taka tillit til þeirrar sérstöðu sem þessir tveir hópar hafa. Ég vona að þingheimur hér geti verið sammála okkur og samþykkt þessa tillögu.

Seinni breytingartillagan okkar lýtur að því að í 5. tölul. c-liðar 5. gr. er gert ráð fyrir að umsækjandi sem á að fá ríkisborgararétt geti framfleytt sér hérlendis og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðustu þrjú árin. Þetta er breyting frá núgildandi lögum í ljósi þess að nú er viðmiðið tvö ár. Hér er tímabilið lengt í þrjú ár og við teljum enga ástæðu til að svo sé gert.

Ef þessar breytingartillögur okkar verða felldar mun Samfylkingin sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins í heild sinni.

[20:12]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég sit í allsherjarnefnd sem áheyrnarfulltrúi og við höfum sammælst í gegnum meðferð málsins, ég og hv. þingmenn Samfylkingarinnar, þannig að ég og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs styðjum báðar breytingartillögur Samfylkingarinnar í málinu og teljum það vera afar dapurleg skilaboð til útlendinga sem vilja búa hjá okkur á Íslandi að fólki skuli gert erfiðara fyrir með því að hækka þetta viðmið í þrjú ár varðandi það að fólk hafi þurft að leita sér aðstoðar vegna fjárhagserfiðleika. Eðli málsins samkvæmt er eðlilegt að það komi upp á í lífi fólks sem er að koma undir sig fótunum í nýju landi og nýrri menningu.

Við teljum eðlilegt að þingheimur hugleiði hvort b-liður breytingartillögunnar sé ekki þess eðlis í ljósi þess sem sagt hefur verið um nýja ríkisborgara á Íslandi að það eigi að hverfa frá þrengingunni og fylgja þeirri breytingartillögu sem hér er lögð fram. Sömuleiðis varðandi aðstæður flóttamanna og fólks sem hefur fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum, að hluta til er meiri hlutinn að leggja til að farið verði að umsögn Mannréttindaskrifstofu en ekki að öllu leyti, einungis að litlum hluta.

Hér eru tvær mjög góðar breytingartillögur á ferðinni og munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs styðja þær.

[20:14]

**Bjarni Benediktsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það liggja frammi tvær breytingartillögur sem hér hefur verið farið yfir. Ég vil af því tilefni árétta að þetta mál byggist á ákveðinni grunnforsendu sem er sú að einungis í ákveðnum afmörkuðum vafalausum tilvikum muni dómsmálaráðuneytið framvegis afgreiða umsóknir um ríkisborgararétt. Í öllum öðrum tilvikum fari málin til þingsins til afgreiðslu. Þetta mun hafa það í för með sér að þingið mun í auknum mæli taka endanlega afstöðu til veitingar ríkisborgararéttar. Það er verið að færa aftur til þingsins það vald að fara með þessi mál, draga til baka heimildir sem fyrir skömmu síðan voru veittar dómsmálaráðuneytinu til að ráða þessum málum til lykta.

Þetta felur það í sér að það er óskynsamlegt að opna síðan aftur glufur á málið með þeim hætti sem breytingartillögurnar gera ráð fyrir með því að færa síðan dómsmálaráðherra heimild til að leggja mat á það hvort skilyrðin eru uppfyllt eða ekki. Það er í andstöðu við meginmarkmið frumvarpsins. Ég vek athygli á því að ráðuneytinu er í fyrsta lagi alltaf heimilt að senda mál til þingsins til endanlegrar afgreiðslu og því má halda fram að ráðuneytinu sé beinlínis skylt að gera það þegar einhver vafi leikur á því hvort skilyrði laganna séu uppfyllt. Auk þess geta umsækjendur alltaf óskað eftir því að mál séu send til þingsins til endanlegrar afgreiðslu. Þannig er það tryggt í þessu máli að fullt tillit er hægt að taka til þeirra einstaklinga sem búa við þær aðstæður sem breytingartillagan gerir ráð fyrir, þ.e.

þeirra sem eru hér sem flóttamenn eða njóta stöðu flóttamanna eða hafa fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Það er engin hætta á því verði málið afgreitt án breytinga að ekki sé hægt að taka tillit til þessara aðila. Það er beinlínis óskynsamlegt að opna fyrir einhverjar matskenndar ákvarðanir í máli eins og þessu sem er einmitt ætlað að draga skýrari línur en gilda í dag.

Brtt. 1138 felld með 36:20 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÞÞ*, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG.

7 þm. (BjörgvS, EBS, GuðjG, GÖg, KJúl, LB, SæS) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei. ]

Brtt. 1256 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjörgvS, EBS, GuðjG, GÖg, JÁ, KJúl, LB, SæS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, IHÓ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, JóhS, JGunn, KLM, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjörgvS, EBS, GuðjG, GÖg, HjÁ, JÁ, KJúl, LB, SæS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1298).

### *Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 669. mál (sauðfjársamningur). — Þskj. 1020, brtt. 1124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:19]

Brtt. 1124 felld með 48:7 atkv. og sögðu

**já:** EOK, HBl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

**nei:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

2 þm. (EMS, JGunn) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB, SKK) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MÞH, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

**nei:** PHB.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, MF, MÁ, RG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB, SKK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [20:20]

**Pétur H. Blöndal:**

Frú forseti. Ég hef mikla trú á íslenskum bændum og mikla trú á íslenskum landbúnaði. En því miður hefur sú stétt búið við niðurnjörvað sovétkerfi í hálfa öld eða lengur. (**Landbrh.:** Það er rangt.) Það heldur bændum niðri og hefur skert lífskjör þeirra mjög verulega.

Á síðustu árum hefur reyndar eitthvað losnað um þetta en þessi búvörusamningur er hluti af hinu gamla kerfi. Hann er líka slæmur fyrir neytendur vegna þess að verðið (Gripið fram í.) fyrir landbúnaðarvörur er of hátt. Hann er líka slæmur fyrir skattgreiðendur því að þeir borga helling með þessu kerfi. Ég segi nei. (**HHj:** Hvaða ríkisstjórn gerir þetta?)

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1299).

### *Varnir gegn landbroti, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 637. mál (valdmörk milli ráðherra). — Þskj. 1252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:22]

Frv. samþ. með 34:15 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

**nei:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, MF, MÁ, RG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1300).

***Skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 668. mál. — Þskj. 1019.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:22]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB, MÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1301).

***Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.***

Stjtill., 649. mál (fjármálaþjónusta og neytendavernd). — Þskj. 968, nál. 1224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:23]
Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (BJJ, BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB, SigurjÞ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1302).

***Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.***

Stjtill., 650. mál (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum). — Þskj. 969, nál. 1225.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:23]
Tillgr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
6 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1303).

***Samningar um gagnkvæma réttaraðstoð, frh. síðari umr.***

Stjtill., 652. mál (EES-reglur). — Þskj. 971, nál. 1226.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:24]
Tillgr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
6 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1304).

***Samningur um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, frh. síðari umr.***

Stjtill., 640. mál. — Þskj. 951, nál. 1223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:25]
Tillgr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, KolH, LB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1305).

***Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Egyptalands, frh. síðari umr.***

Stjtill., 684. mál. — Þskj. 1067, nál. 1244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:25]
Tillgr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
6 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1306).

***Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.***

Frv. allshn., 701. mál. — Þskj. 1162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:26]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

***Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frh. 2. umr.***

Frv. umhvn., 693. mál (grunnur skilagjalds). — Þskj. 1097.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:27]
1. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

***Úrvinnslugjald, frh. 2. umr.***

Frv. umhvn., 694. mál (umbúðanúmer og prósentutölur). — Þskj. 1105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:28]
1. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

***Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 643. mál (ólöglegar veiðar). — Þskj. 961, nál. 1079.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:29]
1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 6., 21. og 40.–87. mál.

Fundi slitið kl. 20:29.

---

# 92. FUNDUR

föstudaginn 16. mars,
að loknum 91. fundi.

**Dagskrá:**

1. Kosning varamanns í yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis, í stað Guðmundar W. Stefánssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
2. Kosning varamanns í yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis, í stað Halldóru B. Jónsdóttur, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13 . gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
3. Kosning aðalmanns í stað Fannýjar Gunnarsdóttur og varamanns í stað Guðmundar Geirs Sigurðssonar í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
4. Útflutningsaðstoð, stjfrv., 656. mál, þskj. 982. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Minning tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta, þáltill., 704. mál, þskj. 1200. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
6. Þjóðskjalasafn Íslands, stjfrv., 642. mál, þskj. 1273. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 459. mál, þskj. 1274. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 466. mál, þskj. 645. — 3. umr.
9. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 648. mál, þskj. 967, nál. 1177 og 1291. — Frh. síðari umr.

10. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 701. mál, þskj. 1162. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frv., 693. mál, þskj. 1097. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Úrvinnslugjald, frv., 694. mál, þskj. 1105. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, stjfrv., 643. mál, þskj. 961. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., stjfrv., 644. mál, þskj. 962, nál. 1100, brtt. 1101. — Frh. 2. umr.

15. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 618. mál, þskj. 918, nál. 1091. — 2. umr.

16. Neytendavernd, stjfrv., 616. mál, þskj. 916, nál. 1106. — 2. umr.

17. Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, stjfrv., 617. mál, þskj. 917, nál. 1107. — 2. umr.

18. Starfstengdir eftirlaunasjóðir, stjfrv., 568. mál, þskj. 844, nál. 1130, brtt. 1131. — 2. umr.

19. Samkeppnislög, stjfrv., 522. mál, þskj. 788, nál. 1132, brtt. 1133. — 2. umr.

20. Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, stjfrv., 523. mál, þskj. 789, nál. 1129. — 2. umr.

21. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 591. mál, þskj. 876, nál. 1188. — 2. umr.

22. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 561. mál, þskj. 836, nál. 1207. — 2. umr.

23. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 279. mál, þskj. 292, nál. 1255. — 2. umr.

24. Opinber innkaup, stjfrv., 277. mál, þskj. 287, nál. 1053, brtt. 1054 og 1080. — Frh. 2. umr.

25. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 387. mál, þskj. 429, nál. 1125 og 1208, brtt. 1126 og 1204. — 2. umr.

26. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 515. mál, þskj. 778, nál. 1010 og 1150, brtt. 1011. — 2. umr.

27. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 280. mál, þskj. 293, nál. 1119, brtt. 1120. — 2. umr.

28. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 542. mál, þskj. 812, nál. 1189 og 1227, brtt. 1190 og 1219. — 2. umr.

29. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 281. mál, þskj. 294, nál. 1057, brtt. 1058. — 2. umr.

30. Æskulýðslög, stjfrv., 409. mál, þskj. 460, nál. 1074 og 1315, brtt. 1075 og 1160. — 2. umr.

31. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, stjfrv., 431. mál, þskj. 519, nál. 1030 og 1041. — 2. umr.

32. Námsgögn, stjfrv., 511. mál, þskj. 772, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.

33. Bókmenntasjóður, stjfrv., 513. mál, þskj. 776, nál. 1237, brtt. 1238. — 2. umr.

34. Málefni aldraða, stjfrv., 560. mál, þskj. 835, nál. 1046. — 2. umr.

35. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 272. mál, þskj. 281, nál. 1117, brtt. 1118. — 2. umr.

36. Embætti landlæknis, stjfrv., 273. mál, þskj. 282, nál. 1128, brtt. 1134. — 2. umr.

37. Heyrnar- og talmeinastöð, stjfrv., 274. mál, þskj. 283, nál. 1109. — 2. umr.

38. Sóttvarnalög, stjfrv., 638. mál, þskj. 946, nál. 1145, brtt. 1146. — 2. umr.

39. Tæknifrjóvgun, stjfrv., 530. mál, þskj. 799, nál. 1156, brtt. 1157. — 2. umr.

40. Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, þáltill., 36. mál, þskj. 36, nál. 1178. — Síðari umr.

41. Fjarskipti, stjfrv., 436. mál, þskj. 547, nál. 1039, brtt. 1040. — 2. umr.

42. Vegalög, stjfrv., 437. mál, þskj. 548, nál. 1095, brtt. 1096 og 1135. — 2. umr.

43. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 430, nál. 1047, brtt. 1048. — 2. umr.

44. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, stjfrv., 588. mál, þskj. 873, nál. 1158, brtt. 1159. — 2. umr.

45. Íslensk alþjóðleg skipaskrá, stjfrv., 667. mál, þskj. 1013, nál. 1201, brtt. 1202. — 2. umr.

46. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, stjtill., 574. mál, þskj. 852, nál. 1163, brtt. 1164. — Síðari umr.

47. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018, stjtill., 575. mál, þskj. 853, nál. 1165 og 1205, brtt. 1166. — Síðari umr.

48. Þingsköp Alþingis, frv., 706. mál, þskj. 1235. — 1. umr.

49. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 443. mál, þskj. 566, nál. 1197 og 1247, brtt. 1198 og 1248. — 2. umr.

50. Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., stjfrv., 655. mál, þskj. 981, nál. 1191, brtt. 1192. — 2. umr.

51. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 432. mál, þskj. 520, nál. 1077, brtt. 1078. — 2. umr.

52. Almenn hegningarlög, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 1151, brtt. 1152 og 1206. — 2. umr.

53. Dómstólar og meðferð einkamála, stjfrv., 496. mál, þskj. 750, nál. 1249, brtt. 1250. — 2. umr.

54. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 295. mál, þskj. 308, nál. 1245, brtt. 1246. — 2. umr.

55. Meginreglur umhverfisréttar, stjfrv., 566. mál, þskj. 842, nál. 1234. — 2. umr.

56. Losun gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 641. mál, þskj. 957, nál. 1240 og 1243, brtt. 1251. — 2. umr.

57. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 42. mál, þskj. 42, nál. 1239. — Síðari umr.

58. Skipulögð leit að krabbameini í ristli, þáltill., 221. mál, þskj. 222, nál. 1241. — Síðari umr.

59. Sala áfengis og tóbaks, frv., 26. mál, þskj. 26, nál. 1254, brtt. 1258. — 2. umr.

60. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 41. mál, þskj. 41, nál. 1257. — Síðari umr.

61. Skattlagning kaupskipaútgerðar, stjfrv., 660. mál, þskj. 1002, nál. 1259. — 2. umr.

62. Tekjuskattur, stjfrv., 685. mál, þskj. 1068. — 1. umr.

63. Vatnajökulsþjóðgarður, stjfrv., 395. mál, þskj. 439, nál. 1277, brtt. 1278. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

64. Náttúruvernd, stjfrv., 639. mál, þskj. 947, nál. 1281. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

65. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 686. mál, þskj. 1069, nál. 1279, brtt. 1288. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

66. Hlutafélög o.fl., stjfrv., 516. mál, þskj. 779, nál.

1275, brtt. 1276. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

67. Umferðarlög, frv., 195. mál, þskj. 196, nál. 1292. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

68. Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, þáltill., 7. mál, þskj. 7, nál. 1290. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

69. Lögheimili og brunavarnir, frv., 707. mál, þskj. 1282. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Nefnd um ferðasjóð fyrir íþróttahreyfinguna.

[20:31]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Frú forseti. Undanfarin þing hefur komið fram tillaga til þingsályktunar um að ríkið setji á stofn ferðasjóð fyrir íþróttahreyfinguna. Þessi tillaga hefur jafnoft verið svæfð en nú ber svo við að þingsályktunin hefur getið af sér nefnd sem hæstv. menntamálaráðherra fól að gera úttekt á ferðakostnaðinum og leggja drög að stofnun ferðasjóðs.

Í svari ráðherra við fyrirspurn minni þann 2. nóvember sl. kom fram að nefndin ætti að skila af sér 1. febrúar á þessu ári og því langar mig til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra rétt áður en þingi lýkur: Hver var niðurstaða þessarar nefndar og hvað líður stofnun ferðasjóðsins?

[20:32]

**Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):**

Frú forseti. Það er rétt sem kom fram og nefndin hefur nýverið skilað ágætri skýrslu um ferðasjóð íþróttafélaga sem er fyrst og fremst til þess að styrkja svæði á landsbyggðinni sem eiga sérstaklega erfitt með að halda uppi íþróttastarfsemi sökum fjarlægðar við höfuðborgarsvæðið og mikils ferðakostnaðar sem leiðir til þess, eins og við þekkjum, hv. þingmenn, að erfiðlega gengur að halda úti íþróttastarfi og veita börnum alls staðar út um land tækifæri til að sinna íþróttum.

Nefndin er nýbúin að skila af sér og ég kynnti skýrsluna núna í vikunni fyrir ríkisstjórninni og hún er þar til umræðu og afgreiðslu. Það er verið að fara yfir ítarlegar tillögur nefndarinnar og ég bind vonir við að hægt verði að afgreiða þetta mál út úr ríkisstjórn innan tíðar.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Lánshæfismat ríkissjóðs.

[20:33]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Í gær urðu þau tíðindi að alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lækkaði lánshæfiseinkunn ríkissjóðs í erlendri og innlendri mynt úr AA- og AAA í A+ og AA+. Lækkunin nemur sem sagt einu stigi og eru horfur sagðar stöðugar. Sömuleiðis er matið á skammtímaskuldbindingum lækkað og sjálf landseinkunnin er lækkuð um einn flokk.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem alþjóðleg matsfyrirtæki lækka lánshæfiseinkunn Íslands. Í greinargerð Fitch Ratings segir að þeir taki mið af nýjustu gögnum um greiðslujöfnuð og hreina erlenda stöðu þjóðarbúsins sem bendi til þess að staða Íslands gagnvart útlöndum hafi versnað verulega, og hér er væntanlega vísað til stórfelldrar aukningar erlendra skulda og hreinna erlendra skulda. Stórauknar vaxtagreiðslur til útlanda eigi nú sinn þátt í því að viðskiptahalli mælist meiri en ella. Enn fremur segir að íslenska hagkerfið sé að þeirra mati illa undirbúið undir aukna áhættufælni á alþjóðamörkuðum og hærra vaxtastig erlendis. Fitch telur auknar líkur á harðri lendingu í umhverfi þar sem aðlögunarbyrði þanins efnahagslífs hvílir að mestu á peningastefnu Seðlabankans sem skili sér í hærri vöxtum.

Ekki verður nú sagt, virðulegur forseti, að lesningin sé mjög falleg. Það alvarlega er kannski ekki lækkunin sjálf heldur veruleikinn sem á bak við hana liggur, þær bláköldu staðreyndir sem matsfyrirtækin vísa í. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Telur hæstv. ráðherra enn að allt sé í himnalagi og engin ástæða til að hafa áhyggjur af neinu eins og ætla hefur mátt af málflutningi þeirra undanfarið, ráðherranna? Eða er það kannski þannig að þessi lækkun á lánshæfismati Íslands sé stjórnarandstöðunni að kenna eins og flest sem ríkisstjórnin er að klúðra þessa dagana?

[20:35]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Þrjú fyrirtæki meta lánshæfi íslenska ríkissjóðsins. Tvö þeirra hafa nýverið lækkað okkar einkunn sem þó er enn þá mjög góð miðað við mörg önnur ríki. Þriðja fyrirtækið, sem þekkir nú best til hér á landi og er með starfsfólk í sinni þjónustu sem hefur fylgst með íslenskum málum afar lengi, metur Ísland í hæsta gæðaflokki, þ.e. í AAA-flokknum. En auðvitað er það ekkert gamanmál þegar einkunn lækkar eins og gerðist í gær og það ber að taka alvarlega. Viðbrögð markaðarins í dag og síðdegis í gær eru hins vegar með þeim hætti að það er ekki að sjá að þar hafi orðið veruleg eða varanleg viðbrögð við þessari lækkun og það er ánægjulegt.

Hins vegar er rétt að hafa í huga að matsfyrirtækið Fitch er formlega að meta lánshæfiseinkunn ríkissjóðs. Í því felst að sjálfsögðu mat á því hvort ríkissjóður er líklegur til að standa í skilum með skuldir sínar. Auðvitað er hann mjög líklegur til þess því að hann er orðinn nánast skuldlaus og ekki líklegur til að þurfa að taka lán í útlöndum og nýta sér lánshæfismatið. Það sem matsfyrirtækið gerir hins vegar er að leggja mat á þjóðarbúið í heild og byggir mat sitt á því að skuldastaða Íslands við umheiminn er há, ekki vegna þess að ríkissjóður hafi verið að taka lán í útlöndum heldur vegna þess að einkaaðilarnir, sérstaklega fjármálastofnanirnar, hafa tekið mikið af lánum erlendis. Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á þeim lántökum að öðru leyti en því að fyrir rúmlega tíu árum var heimilað að flytja fjármagn hömlulaust á milli Íslands og annarra landa.

Málið er það að matið er gott. Við viljum hins vegar gjarnan að það hækki aftur en forsendurnar fyrir þessu mati eru að mörgu leyti undarlegar að mínum dómi og eiga ekki fyllilega við rök að styðjast.

[20:38]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Það eru tíðindi sem við hljótum að þurfa að

taka alvarlega þegar við heyrum að alþjóðleg matsfyrirtæki lækki lánshæfismat á ríkissjóði Íslands. Það eru alvarleg tíðindi þegar staða Íslands gagnvart útlöndum versnar verulega.

Hæstv. forsætisráðherra sagði hér áðan að ríkið bæri ekki ábyrgð á lántökum fjármálastofnana og það er alveg rétt hjá hæstv. forsætisráðherra. En hvað segir Fitch Ratings þegar verið er að fara yfir forsendur fyrir því að lækka lánshæfismatið á ríkissjóði? Jú, það má lesa úr því að meginástæðan fyrir lægra mati nú er mikil aukning á viðskiptahalla, aðallega vegna þess að erlendar vaxtagreiðslur hafa aukist mikið. Viðskiptahallinn nam 27% af landsframleiðslunni árið 2006 samanborið við rúm 16% árið 2005. Það sem Fitch Ratings segir er að ríkissjóður bregst ekki við þeirri miklu þenslu sem er hér á landi. Ríkissjóður stýrir ekki efnahagsmálum á þann hátt sem þarf að gera þegar þensla eins og nú er ríkir á Íslandi.

Hæstv. forsætisráðherra getur ekki sagt að ríkissjóður sé stikkfrí og það sé í raun ekki ríkissjóði að kenna þó að lánshæfismatið á sjóðnum sé lækkað af þessu alþjóðlega matsfyrirtæki. Það er skylda ríkisstjórnar á hverjum tíma að bregðast við því ástandi sem uppi er í efnahagsmálum og það er skylda ríkisstjórnar að bregðast við með þeim hætti að draga úr opinberum útgjöldum á sama tíma og einkageirinn eykur útgjöld sín. Það hefur þessi ríkisstjórn ekki gert og því horfum við nú framan í versnandi lánshæfismat á ríkissjóðnum og þjóðarbúinu í heild og við verðum, ríkissjóður verður að bregðast við en getur ekki látið reka á reiðanum þó að (Forseti hringir.) kosningar séu fram undan.

[20:40]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Frú forseti. Aðhald á ríkissjóði hefur verið mjög mikið á undanförnum árum, eitt það mesta sem um getur í þessum heimshluta. Slakað hefur verið á aðhaldinu á þessu ári en vaxtagreiðslur og afborganir erlendra lána sem hafa áhrif á viðskiptahallann núna tengjast ekki því sem er að gerast á þessu ári.

Á ríkissjóður að banna greiðslur á vöxtum og afborgunum? Hvaða afleiðingar hefði það í för með sér? Nei, frú forseti, það sem skiptir máli í þessu samhengi er hvaða áhrif þessi breyting getur haft í för með sér. Hún hefur að sjálfsögðu engin áhrif á ríkissjóð því að ríkissjóður er ekki að taka nein lán og þar af leiðandi skiptir þetta ekki máli fyrir hann en þetta getur haft áhrif á lántökur bankanna vegna þess fjármagns sem þeir síðan lána á innlendum markaði. Það þýðir að vextirnir hækka og það þýðir að það styður við þá stefnu sem Seðlabankinn hefur rekið með því *að hafa vexti háa, og það hefur einmitt verið umræðuefni* margra hv. þingmanna að vaxtahækkanir Seðlabankans séu ekki að skila sér. Þetta þarf ekki að vera neikvætt. Þarf það að vera neikvætt ef matið hjá Fitch styður við stefnu Seðlabankans? Hins vegar getur það verið neikvætt ef lántökukostnaður bankanna vegna lánveitinga þeirra erlendis hækkar og þá skaðar það samkeppnisstöðu þeirra á þeim mörkuðum. En lánveitingar bankanna á þeim mörkuðum og öryggi þeirra lánveitinga og tryggingarnar á bak við þær lánveitingar hafa nákvæmlega ekkert með efnahagsástandið á Íslandi að gera. Það er auðvitað ýmislegt sem huga þarf að í þessu sambandi en það eru áhrifin sem skipta máli eins og ég fór yfir og þau, frú forseti, eru engin fyrir ríkissjóð.

[20:42]

**Helgi Hjörvar:**

Virðulegur forseti. Tvö af þremur virtustu matsfyrirtækjum heims hafa lækkað lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins og hæstv. forsætisráðherra kemur í ræðustól og segir að forsendur þeirra séu undarlegar. Hvað ætli Geir H. Haarde finnist undarlegt? Skyldi það vera sú niðurstaða beggja fyrirtækjanna, sem er sama niðurstaða og stjórnarandstöðunnar hér í umræðum í allan vetur, að það sé skortur á aðhaldi í ríkisfjármálum sem valdi hér miklu um? Að á kosningaári sé aðhaldi í ríkisfjármálum enginn gaumur gefinn og því séu vextir Seðlabankans eina stýritækið?

Það er ástæða til að hafa áhyggjur af því, enda eru stýrivextir Seðlabankans met í þeim löndum sem við berum okkur saman við, og það er ástæða til að hafa áhyggjur af því að heimilin í landinu og fyrirtækin í landinu geti ekki til langframa þolað svo háa stýrivexti og svo mikla vaxtabyrði. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af þessum tíðindum vegna þess að á heimsmarkaðnum fer áhættufælni vaxandi í kjölfar þess að menn telja kínverska markaðinn jafnvel hafa verið ofmetinn. Í framhaldi af fréttum af vanskilum á fasteignalánum á Bandaríkjamarkaði fer áhættufælni vaxandi og það er hætta á því að vextir á heimsmarkaði vaxi og eftir þá óhóflegu skuldsetningu sem við höfum farið í gegnum getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf.

Niðurstaðan sem við okkur blasir er ákaflega skýr, að andvaraleysi ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og aðhaldsleysi í ríkisfjármálum er núna að skila okkur inn á gulu ljósi.

[20:44]

**Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):**

Hæstv. forseti. Enginn dregur í efa mikil áhrif matsfyrirtækjanna þriggja, Standard & Poor's, Moody's og Fitch, en það er mjög mikilvægt að beita varúð við ályktanir og túlkanir á því sem frá þeim koma. Þau meta í fyrsta lagi ríkissjóð, í öðru lagi hagkerfið í heild sinni og í þriðja lagi banka og fjármálastofnanir og það hefur margsinnis komið fyrir að þau meta ekki á sama hátt, komast ekki að sams konar niðurstöðum á sama tíma um sama efni og það eru aðgreindir sérfræðingahópar í þessum fyrirtækjum sem vinna þessar matsgerðir og það virðist vera lítið samband þeirra á milli. Af öllum þessum ástæðum er ástæða til að beita varúð við ályktanir og túlkun þess sem frá þeim kemur.

*Það mat sem hér er til umræðu snýst um ríkissjóð en í* raun og veru má segja að það snúist alveg eins og jafnvel frekar um ytri skilyrði og ytri stöðu hagkerfisins. Þar er ekki gert mikið úr þeirri hjöðnun sem við höfum séð verða hér samkvæmt þjóðhagsáætlun og upplýsingum frá Hagstofu. Það kemur líka í ljós að það áfall sem ýmsir héldu að kæmi af þessu mati varð ekki því að gengi íslensku krónunnar hefur hækkað aftur og sama gerist með úrvalsvísitöluna. Í þessu mati koma fram sérstaklega ábendingar um einkaneyslu og viðskiptahalla en hvort tveggja, samkvæmt gögnum Hagstofu og þjóðhagsáætlunar og þjóðhagsreikn-

inga, sýnist vera á réttri leið um þessar mundir.

Ríkissjóður stendur ákaflega vel og hefur brugðist við og í raun og veru má segja að þarna sé verið að taka undir með ríkisstjórninni og Seðlabankanum um nauðsyn aðhalds og jafnvægis.

[20:46]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Það sem skiptir mestu máli í þessari umræðu er hvort við séum borgunarmenn fyrir þessum miklu skuldum og þessari háu erlendu skuldasöfnun. Það er einmitt það sem hæstv. forsætisráðherra lagði áherslu á í ræðu sinni. Síðan koma tveir aðrir ráðherrar og reyna að rugla myndina eins og hæstv. viðskiptaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra og fara að tala um að ríkissjóður standi vel.

Þjóðarbúið er gríðarlega skuldugt og ég vona að ráðamenn horfist í augu við að það eru alvarleg tíðindi þegar þjóðarbúið skuldar 5.000 milljarða samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands og að þessar skuldir hafa aukist um 2.000 milljarða frá árinu 2005. Þetta eru alvarleg tíðindi. Það sem hafa verður í huga í sambandi við þetta er að skammtímaskuldir eru 1.000 milljarðar, sem nema heilli þjóðarframleiðslu, og hættan er einmitt sú að þessi tíðindi skerði vaxtakjör sem Íslendingum bjóðast á alþjóðamarkaði, þannig að þetta mun koma illa við almenning vegna hærri vaxta. Hæstv. fjármálaráðherra fagnar þessu og telur að þetta vinni með ríkisstjórninni en ég er ekki sammála því. Einnig hafa hreinar skuldir þjóðarbúsins aukist gríðarlega og aukist meira en gert var ráð fyrir í spám þessara matsfyrirtækja og þess vegna erum við að fá lægri einkunn (Forseti hringir.) og við eigum að bregðast við þessu með öðrum hætti en útúrsnúningum.

[20:48]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Ég verð að segja að frekar finnst mér rýr huggunin sem hæstv. forsætisráðherra á sér í þessu máli að eitt af þremur matsfyrirtækjum hafi ekki lækkað matið á Íslandi enn þá.

Enn undarlegri er málflutningur hæstv. fjármálaráðherra um að þetta komi ríkissjóði ekki við, þetta sé allt í lagi af því að ríkissjóður sé ekki virkur lántakandi á markaði. Hefur þeim yfirsést það, hæstv. ráðherrum, að það er talað um að líkurnar hafi aukist verulega á harðri lendingu í hagkerfinu? (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvernig fjármálaráðherrar almennt upplifa sig en það væri undarlegt ef það kæmi ríkissjóði ekki við ef hörð lending yrði í hagkerfinu. Hvað er það? Það er ávísun jafnvel á verulegan samdrátt og ætli það komi þá ekki eitthvað við tekjurnar hjá ríkissjóði? (Gripið fram í.) Hér er náttúrlega ekki fjallað um hlutina með ábyrgum hætti. Auðvitað geta menn gjammað hérna fram í ef þeim finnst þetta grínefni, gamanefni. Veruleikinn er sá að skuldabyrði þjóðarbúsins er að þyngjast alveg gríðarlega. Við erum orðin viðkvæmari og viðkvæmari gagnvart erlendum vöxtum og hvert ár í viðbót sem þjóðarbúið er keyrt áfram í viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun gerir þessa stöðu enn þá brothættari. Það er veruleikinn.

Það er því brýnna en nokkru sinni fyrr að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þar er ríkisstjórnin ekkert að leggja af mörkum. Hún lætur vaða á súðum og reynir að finna sér afsakanir í því að þetta sé allt í góðu lagi. Það var ómögulegt að heyra annað á málflutningi ráðherranna áðan.

Þá er það hvað? Það er sama afskiptaleysisveruleikafirringarstefnan áfram. Það er „Laissez-faire"-stefnan áfram í staðinn fyrir að horfast í augu við það að svona getur þjóðarskútan ekki siglt mörg ár í viðbót. Skuldaaukningin á síðasta ári er auðvitað gríðarleg og hreinar erlendar skuldir vaxa hratt. Með öðrum orðum, það er ekki nálægt því eignamyndun á móti lántökunni (Forseti hringir.) sem bætist við á hverju ári.

***Kosning varamanns í yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis, í stað Guðmundar W. Stefánssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Kristján H. Theódórsson.

***Kosning varamanns í yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis, í stað Halldóru B. Jónsdóttur, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Halldóra Guðmundsdóttir.

***Kosning aðalmanns í stað Fannýjar Gunnarsdóttur og varamanns í stað Guðmundar Geirs Sigurðssonar í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmaður:*

Ása Ólafsdóttir hæstaréttarlögmaður.

*Varamaður:*

Óðinn Elísson héraðsdómslögmaður.

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:54]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þskj. í 4.–7., 10.–13. og 63.–69. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 52 shlj. atkv.

***Útflutningsaðstoð, 3. umr.***

Stjfrv., 656. mál (fjármögnun Útflutningsráðs). — Þskj. 982.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:55]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1307).

***Minning tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta, síðari umr.***

Þáltill. GHH o.fl., 704. mál. — Þskj. 1200.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:55]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, GÓJ, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1308).

***Þjóðskjalasafn Íslands, 3. umr.***

Stjfrv., 642. mál (öryggismálasafn). — Þskj. 1273.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:56]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1309).

***Stjórn fiskveiða, 3. umr.***

Stjfrv., 459. mál (úthlutun byggðakvóta). — Þskj. 1274.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:56]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, JÁ, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1310).

***Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.***

Frv. allshn., 701. mál. — Þskj. 1162.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:57]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1311).

***Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 3. umr.***

Frv. umhvn., 693. mál (grunnur skilagjalds). — Þskj. 1097.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:57]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ,

IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, HBl, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1312).

### *Úrvinnslugjald, 3. umr.*

Frv. umhvn., 694. mál (umbúðanúmer og prósentugjald). — Þskj. 1105.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:58]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, HBl, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1313).

### *Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, 3. umr.*

Stjfrv., 643. mál (ólöglegar veiðar). — Þskj. 961.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:58]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, GÓJ, HBl, KJúl, LB, MÞH, MF, RG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1314).

### *Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., frh. 2. umr.*

Stjfrv., 644. mál (eftirlitsheimildir). — Þskj. 962, nál. 1100, brtt. 1101.

[20:59]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Ég hyggst taka til máls þegar hljóð verður komið á í salnum. (Forseti hringir.)

**(Forseti** (SP)**:** Forseti biður hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Fyrir liggur nefndarálit frá sjávarútvegsnefnd þar sem gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar á því frumvarpi sem fyrir liggur.

Verðlagsstofan er eins og flestir vita tæki til að fylgjast með fiskverði, fylgjast með því að lágmarksverð sé virt, tæki sem sett var á í tengslum við kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna til að koma í veg fyrir að sjómenn tækju þátt í kvótakaupum. Með aukningu á viðskiptum með leigukvóta hafði það ágerst verulega að sjómenn væru látnir taka þátt í leigu á fiskveiðiheimildum og hún dregin frá verði áður en til skipta kom. Það má segja að það að setja Verðlagsstofu skiptaverðs á laggirnar hafi verið samkomulagsatriði milli útvegsmanna og sjómanna í kjarasamningum. Hugmyndin á bak við Verðlagsstofu skiptaverðs er góð og full ástæða var til að setja hana á laggirnar á þeim tíma sem henni var komið á.

Í lögunum sem um Verðlagsstofu skiptaverðs gilda núna eru þessari stofnun veittar afar víðtækar heimildir til að sinna hlutverki sínu. Hún hefur leyfi til þess að afla ítarlegra gagna um fiskverð og fylgjast með þróun þess. Hún á að vinna mjög skipulega úr þeim upplýsingum sem hún aflar sér og birta upplýsingar um fiskverð og afurðaverð og horfur um þróun á þessu tvennu.

Í lögunum segir að við athugun einstakra mála geti Verðlagsstofa skiptaverðs krafið ansi marga aðila um upplýsingar, sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umboðsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla, um upplýsingar sem hún vill fá til að geta sinnt hlutverki sínu. Meira að segja má segja að heimildir í 5. gr. laga um Verðlagsstofu skiptaverðs gangi það langt að hún geti við athugun einstakra mála krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum. Hún getur krafist upplýsinga frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum sem og bönkum og sparisjóðum. Víkur þá skylda banka og sparisjóða um bankaleynd. Þessi stofnun sem sett var á laggirnar hefur afar víðtækar heimildir til að sinna hlutverki sínu.

Það hefur komið í ljós við skoðun málsins að Verðlagsstofa hefur nýtt afar illa þær lögformlegu heimildir sem hún hefur. Verðlagsstofan hefur nánast virkað eins og bréfalúga fyrir samninga sem skrifað er undir milli sjómanna og útvegsmanna, lágmarkssamninga um fiskverð sem sendir eru til Verðlagsstofu. Uppfylli þeir þau skilyrði sem Verðlagsstofa setur eru gefin boð um að það sé allt í lagi að flytja aflaheimildir til viðkomandi skips því að í gangi sé samningur milli sjómannanna og útgerðarmannsins um lágmarksverð á fiski.

Þrátt fyrir að Verðlagsstofa hafi heimildir til þess að ákveða sjálf að ráðast í athuganir virðist hún ekki hafa gert mikið af því, heldur eingöngu farið í úrtakskannanir og sinnt svo málum sem til hennar hefur verið beint og hefur því í raun ekki nýtt, eins og ég sagði áðan, þær heimildir sem hún hefur í gildandi lögum til að rækja hlutverk sitt, passa upp á að sjómenn séu ekki látnir taka þátt í kvótakaupum og fylgjast með því að sjómenn fái uppgerð laun í

samræmi við þá samninga sem gilda milli útgerðar og sjómanna á hverjum tíma.

Við fengum upplýsingar um það í sjávarútvegsnefndinni að meðalverð á þorski í þeim samningum sem nú liggja inni hjá Verðlagsstofu skiptaverðs sé í kringum 140 kr. Á grundvelli þessara samninga heimilar Verðlagsstofan það að flutt sé aflamark frá einu skipi til annars þrátt fyrir að vita að í dag er verðið á aflaheimildum mun hærra en þarna kemur fram. Útgerðaraðili sem ætlar að leigja til sín eitt kíló af þorski þarf í dag að borga fyrir það í kringum 180 kr., þ.e. leyfi til að sækja eitt kíló af þorski einu sinni í sjóinn. Samningurinn sem liggur inni hjá Verðlagsstofu skiptaverðs segir að það eigi að skipta á grundvelli verðs sem er 140 kr. Lágmarksverðið sem Verðlagsstofa skiptaverðs stimplar er sem sagt mun lægra en kostar að flytja þetta eina kíló sem verið er að sækja um leyfi fyrir yfir á skipið sem um ræðir.

Þarna er eitthvað ekki í lagi og engin svör hafa fengist við því hvernig á því getur staðið að fjöldi útgerða sækist eftir því að borga fyrir eitt kíló af þorski 170–180 kr. en ætla sér að sækja það sama þorskkíló og selja á 140 kr.

Þetta gengur einfaldlega ekki upp og ætti að vera ástæða fyrir Verðlagsstofu skiptaverðs til að hringja bjöllum og ráðast í einhverja athugun á því hvernig í ósköpunum geti staðið á því að svona margir útgerðarmenn hafi áhuga á að leigja til sín heimildir á verði sem er mun hærra en það verð sem þeir segjast fá fyrir aflann sem þeir ætla að sækja í sjóinn.

Annað sem Verðlagsstofa skiptaverðs hefur ekki gert er að kanna og tryggja að samningar liggi fyrir áður en aflamark er flutt yfir á smábáta eða báta í krókaaflamarkskerfinu. Það hefur Verðlagsstofa ekki gert þrátt fyrir að hafa um það skýrar heimildir í þeim lögum sem nú þegar gilda. Niðurstaða sjávarútvegsnefndar var að leggja á það sérstaka áherslu að auðvitað gildir hið sama um flutning á öllu aflamarki, alveg sama hvort það er í stóra aflamarkskerfinu eða í krókaaflamarkskerfinu, í öllum tilvikum þyrfti að liggja fyrir samningur um lágmarksverð milli sjómanna á viðkomandi bát og útgerðarmanns bátsins.

Við vitum að það hefur orðið mikil breyting á útgerð þessara báta í krókaaflamarkskerfinu. Áður reri einn eigandi á smábát, var ekki með launaða menn um borð. Sú rómantíska mynd hefur breyst, þessir bátar eru orðnir mun stærri og mun fleiri menn eru um borð. Sjómenn eru orðnir í auknum mæli launamenn um borð í krókaaflamarksbátum og auðvitað á að gilda það sama um flutning á aflamarki til þeirrar tegundar báta eins og annarra.

Með því að leggja áherslu á þetta gerði nefndin sér grein fyrir því að það yrði að taka tillit til þess í úrskurðarnefndinni og að fulltrúar Landssambands smábátaeigenda og sjómanna á þeim bátum yrðu að eiga fulltrúa í henni. Hér liggja fyrir breytingartillögur þess efnis og aðlögunartími gefinn til áramóta þannig að Landssambandi smábátaeigenda og þeim sjómönnum sem á þessum bátum eru gefist tími til að búa sig undir það nýja umhverfi sem verið er að taka upp og skýrt er enn frekar í nefndaráliti sjávarútvegsnefndar. Í raun er verið að segja Verðlagsstofu skiptaverðs að henni beri að fara að lögum og skoða flutning á aflamarki frá öllum tegundum skipa innan beggja kerfanna.

Það vekur athygli hversu fá mál koma til úrskurðar hjá úrskurðarnefndinni, sérstaklega þegar maður hefur það í huga sem ég sagði áðan um þá samninga sem inni liggja með mjög lágu verði á t.d. þorski og lægra verði en getur gengið í nokkrum rekstri. Einungis þrjú mál bárust til úrskurðarnefndar á árinu 2006. Kostnaður við að reka Verðlagsstofu skiptaverðs er í kringum 20 millj. kr. á árinu sem var að líða og við hljótum að spyrja okkur á þinginu hvort rétt sé að halda úti jafndýrri stofnun til að sinna hlutverki sem vissulega er mikilvægt en hún virðist hafa sinnt frekar illa á undanförnum árum.

Í ársskýrslu Verðlagsstofu fyrir árið 2006 segir að verkefnaleysi hrjái starfsemina. Það er undarlegt í ljósi þess að Verðlagsstofan hefur allar heimildir til að ráðast í athuganir, vinna á fullu í því að gæta hagsmuna sjómanna og tryggja að þeir séu ekki látnir taka þátt í kvótakaupum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Það mætti fara mörgum orðum um starfsemina eins og hún er og þær nauðsynlegu breytingar sem þurfa að verða til þess að Verðlagsstofa skiptaverðs fari að sinna hlutverki sínu þannig að bragur sé á.

Það er vonandi að það gerist með breytingu á lögunum og að allir aðilar geri sér grein fyrir því að þessi stofnun er þarna til þess að hafa þau áhrif að sjómenn séu ekki látnir taka þátt í kvótakaupum og það komi ekki niður á kaupi þeirra þó að útgerð þurfi að leigja til sín aflaheimildir. Um það hafa allir alltaf verið sammála og það þýðir ekki að horfa á staðreyndir sem segja að raunverulega myndin sé allt önnur og gera svo ekkert í því.

Það eru lög að sjómenn eigi ekki að taka þátt í kvótakaupum, við erum með stofnun til að fylgja því eftir og henni ber að gera það. Takist ekki að tryggja það verðum við að breyta því kerfi sem nú er við lýði og nýta betur þá fjármuni sem settir eru í þetta eftirlit. Vonandi sjáum við það með þeirri breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs sem verið er að gera núna. Vonandi sjáum við breytingu á starfsemi stofnunarinnar.

[21:11]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér mál sem tengist kvótakerfinu og verðmyndun sjávarfangs. Það mál á sér margar hliðar og þær eru sumar þannig vaxnar að það er erfitt að fá rökrænt samhengi í þær hvernig málin geta gengið upp. Nægir þar að draga fram þá staðreynd sem vikið var að hér áðan, m.a. í máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar, þar sem bent var á að meðalverð á þorski í verðsamningum Verðlagsstofu skiptaverðs er um 140 kr. en þegar menn leigja óveiddan fisk í sjó þarf að borga fyrir hann um 180 kr. í dag.

Þetta er náttúrlega nánast, hæstv. forseti, óframkvæmanlegt. Ef maður hefði reynt að segja einhverjum manni þessa sögu fyrir 30 árum hefði maður sennilega lent inni á Kleppi, hefði maður sagt einhverjum að leigja ætti þorsk á 180 kr. og fara svo á sjó og fá fyrir hann 140 kr. Ég þori að fullyrða að ekki nokkur einasti Íslendingur hefði trúað manni ef maður hefði reynt að bera þetta á borð fyrir 20–30 árum.

Það er náttúrlega þess vegna sem það er svo, þrátt fyrir

að maður muni nú hundskast til, hæstv. forseti, fyrirgefðu orðalagið, að samþykkja þetta mál, að ég hef enga trú á því í raun og veru að þetta sé lausnin sem verið er að koma með hér. Það er nefnilega búið að gera álíka tilraunir í nokkuð mörg ár að reyna að ná fram eðlilegri verðlagningu í gegnum Verðlagsstofu skiptaverðs og tryggja þar með eðlilegt verð fyrir aflann til útgerða og sjómanna, m.a. með því lagi að koma í veg fyrir að svokölluð leiga og/eða sala á afla milli útgerðarmanna hafi áhrif á kaup sjómanna og hvað þá heldur, hæstv. forseti, það sem reyndustu útgerðarmenn í þessum bransa kalla kínversku aðferðina, sem ég ætla nú ekkert að skýra hér út fyrir hv. landsliði, en hún felst í ákveðnu leigufyrirkomulagi þar sem menn taka á milli sín ákveðna hluti á ákveðnum tímapunkti og færa hann svo til baka aftur eftir hentugleikum þegar ákveðin dagsetning er komin, þ.e. fiskveiðiáramótin.

Það sem við hins vegar stöndum frammi fyrir þegar við skoðum þessi verðlagsmál í heild sinni er þetta og við hljótum öll að staldra við það að það sem gæti í rauninni leyst þessi mál er að fiskur væri almennt verðlagður á ferskfiskmörkuðum. Í þessu tilfelli erum við fyrst og fremst að tala um verðlagningu á ferskum fiski sem landað er til vinnslu hér innan lands í beinum viðskiptum svokölluðum, þar sem útgerð gerir verðsamning við einhvern kaupanda og sá verðsamningur þarf að vera viðurkenndur af Verðlagsstofu skiptaverðs um að hann nái ákveðnu hlutfalli sem reyndar sýnir sig að vera allt of lágt í viðmiðun Verðlagsstofu skiptaverðs þegar meðalverðssamningarnir eru á 140 kr. en meðalverð á mörkuðunum liggur sennilega á bilinu 220–230 kr. og hærra, hæstv. forseti, núna á vertíðinni þegar fiskurinn er fullur af hrognum og lifrarmikill. Ég hygg að núna meðan vertíðin gengur yfir séum við jafnvel að tala um verð þar sem þetta meðalverð upp á 140 kr. er nær því að vera um helmingur verðsins sem fæst á fiskmarkaði.

Þetta eru staðreyndir málsins og segja okkur að verðmyndunarkerfið, sem við bjuggum til fyrir mörgum árum um Verðlagsstofu skiptaverðs til að reyna að koma í veg fyrir að sjómenn væru látnir taka þátt í kvótaleigu eða kvótakaupum, hefur ekki tekist. Með frumvarpinu á þó að reyna að bæta aðeins í og efla starfsemina og gera hana markvissari. En ég verð að segja, hæstv. forseti, að þó svo að við munum nú greiða þessu máli atkvæði hef ég ekki mikla trú á að þetta sé sú lausn sem muni nást til framtíðar. Það eru margar ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi fá allir sjómenn á frystiskipum allt annað verð. Þeir fá heimsmarkaðsverð, það verð sem fæst fyrir unna vöru eða lítið unna vöru eftir því hvað er verið að vinna með fiskinn um borð í frystiskipunum. En hann er seldur úr landi eða á einhverja markaði, ef til vill hér innan lands, t.d. til veitingahúsa í litlu magni, miðað við það heildarmagn sem frystiskipin veiða en á því verði sem fæst fyrir hann á heimsmarkaði og sjómenn fá skipt úr því verðmæti, heimsmarkaðsverðinu. Og enginn getur jú ætlast til þess að fá skipti úr verði sem er umfram það verð sem endanlega fæst fyrir afurðirnar upp úr sjónum. Við sem höfum verið að fjalla um þetta teljum, og sá sem hér stendur hefur nú gert það í nokkur ár áður en hann kom á Alþingi, að það sé eðlileg verðmyndun og menn geti fallist á hana.

Sama má segja um ferskan fisk sem er fluttur út í gámum. Hann er fluttur á uppboðsmarkað erlendis og seldur þar á því verði sem Evrópumarkaðurinn er tilbúinn að borga fyrir hann. Þar lítum við einnig svo á að þegar verið er að reyna að ná hæsta verði fyrir aflann, það sama á við, hæstv. forseti, um þann afla sem seldur er á fiskmörkuðum innan lands, fyrir hann fæst, eins og ég sagði áðan, miklu hærra verð en næst í samningum Verðlagsstofu skiptaverðs og er í raun og veru það verð sem bestu verkendur hér innan lands treysta sér til að kaupa fiskinn á á hverjum tíma miðað við að þeir séu að gera úr honum hámarksverðmæti í vinnslu sinni og meðferð.

Það eru að stórum hluta þær fiskvinnslur sem kaupa nánast allan afla sinn á uppboðsmörkuðum sem ekki eru með neinum hætti tengdar útgerð, svokallaðar fiskvinnslustöðvar án útgerðar. Þessi fyrirtæki hafa á undanförnum árum fundið marga markaðsholuna sem gefið hefur hámarksverð og hærra verð en t.d. stóru fyrirtækin hafa fundið þótt stóru fyrirtækin með sína sterku kvótastöðu hafi svo sótt inn í þá verðsamninga eftir á þegar frést hefur af þeim. Þar eru fyrirtækin oft í harðri samkeppni.

Því hefur verið haldið fram, hæstv. forseti, að á undanförnum árum hafi dregið úr þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Minna hafi borið á því á undanförnum árum að sjómenn væru látnir taka þátt í kvótaleigu eða kvótakaupum. Þessu vil ég mótmæla, hæstv. forseti, vegna þess að ég lít svo að á verðsamningar sem eru að meðaltali með þorskverð upp á 140 kr. eins og gefið er upp af Verðlagsstofu skiptaverðs, þar sé í raun og veru falin kvótaleiga og kvótakaup. Jafnvel þó að viðkomandi útgerð landi í sína eigin fiskvinnslu og inn á fyrirtækið sé ekki leigt eitt einasta kíló. Þá segir verðið okkur það að í rauninni er verið að taka mið af því sem ella gæti fengist. Og þar er sá sem veiðiheimildirnar hefur að reikna sér ákveðinn arð, um það bil helming þess arðs sem kostar að leigja heimildirnar, svona um það bil. Miðað við 140 kr. verð er alveg hægt að halda því fram að sá sem veiðiheimildirnar hefur, ef það er bæði útgerð og fiskvinnsla sem býr til verðsamning og meðalverðið er um 140 kr., þá eru menn í raun og veru að taka til sín miðað við markaðsverðið um það bil 80 kr., hæstv. forseti. Ætli það sé ekki nálægt því að vera helmingur þess meðalverðs sem var á óveiddum fiski á leigumarkaðnum á þessu fiskveiðiári, þ.e. framan af árinu þótt verðið sé orðið nokkru hærra núna þegar farin er að verða vöntun á markaðnum og það sé komið upp í 180 kr.

Þetta er nú staðreynd máls, hæstv. forseti. Þess vegna er það auðvitað svo að við náum ekkert að leysa þetta vandamál með þessari aðferð þó væntanlega verði eitthvað bætt í í störfum Verðlagsstofu skiptaverðs með þeim heimildum sem Verðlagsstofan hér fær. En ég vil líka segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að miðað við lögin sem í gildi voru gat Verðlagsstofan gert meira. Það liggur bara fyrir að mínu viti. Það var hægt aðhafast meira í að vinna í málunum á undanförnum árum en raun ber vitni um.

En hér er sem sagt verið að taka af tvímælin um það að Verðlagsstofan fái meira vald til þess að afla sér upplýsinga og fylgjast með verðsamningum og kalla inn upplýsingar þó hún verði að vísu að gæta meðalhófsreglu eins og kemur fram í nefndarálitinu. Þar segir að tilgangurinn með frumvarpinu sé að veita Verðlagsstofu skiptaverðs auknar heim-

ildir til að hafa eftirlit með því að samningar um fiskverð séu réttilega efndir.

Guð láti gott á vita, hæstv. forseti, ef það tekst. Það segir einnig að megintilgangur frumvarpsins sé aftur á móti að styrkja heimildir stofunnar til að synja staðfestingar af sömu ástæðum þegar hennar hefur verið óskað í tilefni af kvótaframsali, þ.e. ef ekki eru á viðeigandi verðsamningar o.s.frv. Ég vænti því þess, hæstv. forseti, að þótt ég hafi nú ekki mikla trú á þessu fyrirbæri þá sé þetta þó til bóta en lýsi þeirri skoðun minni og okkar í Frjálslynda flokknum að við teljum þetta ekki framtíðarlausn, hæstv. forseti, og teljum að þessi mál verði eingöngu leyst í framtíðinni með því að fiskur sé almennt verðmyndaður hér á fiskmörkuðum og þar fái allir það raunvirði fyrir aflann sem raunverulega er hægt að borga fyrir hann. En menn geti ekki búið sér til þá aðstöðu, sem ég hef hér getið um, að þeir hafi veiðiheimildir og fiskvinnslu geti búið sér til fiskverð sem er ekkert í námunda við það sem meðalverðið er og ætti að vera.

Ég held ég hafi dregið, hæstv. forseti, fram það sem ég vildi aðallega segja um þetta mál og við munum ekki leggjast gegn málinu. Við munum samþykkja málið í Frjálslynda flokknum. Einnig er verið að taka fyrir Landssamband smábátaeigenda og lögin öðlast gildi 1. janúar, gefin aðlögun til þess. Og við væntum þess vissulega að það verði einhver árangur af þessu en ég er fullur efasemda um að svo verði. Framtíðarsýn okkar er sú að um þetta verði markaðsöflin að sjá um fyrst og fremst, klára þetta mál. Þannig held ég að framtíðin verði að vera, hæstv. forseti.

[21:25]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs hefur verið rætt allítarlega, bæði við 1. umr. og einnig í nefnd. Hér hafa verið fluttar mjög ágætar ræður um málið. Ég vísa t.d. til ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar áðan.

Ég tek undir þau orð um þetta kerfi Verðlagsstofu skiptaverðs, mér finnst það bara vera úrelt og ekki virka. Það ber að vera kerfi sem tryggir að samningar við sjómenn séu haldnir og ekki sé hægt að þvinga þá í þátttöku á leigu fyrir kvóta eða kaup á kvótum.

Það er nú svo að ef brotavilji er fyrir hendi af hálfu útgerðar í þessum efnum er mjög erfitt að koma í veg fyrir hann með einhverjum svona aðgerðum. Ég hef áður bent á það í umræðunni að kvótakerfið og framsal í kvótakerfinu býður þessu heim, að sjómönnum sé látið blæða, látnir taka þátt í kvótabraskinu. Stundum getur það komið upp, og hægt er að beita þá þeim þvingunum að ef þeir ekki geri það fái skipið ekki aflaheimildir og þá fá þeir ekki atvinnuna sína. Þegar þvingunaraðgerðir eru til þá er auðvitað hægt að beita þeim ef brotaviljinn er fyrir hendi.

Nú er ekki sanngjarnt að segja að allar útgerðir geri svona og bara fjarri því. Og það er fjarri mér að halda því fram að svo sé. Ég hef heyrt um margar útgerðir sem standa sig vel og enginn er að væna þær um að vera að beita þeim brögðum sem við nú erum að reyna að setja lög til að vernda gegn, sem betur fer. Við skulum vona að meginþorri útgerða í landinu sé með þeim hætti að ekki þurfi stöðugt að setja ný og ný lög um hvernig megi passa upp á að þær brjóti ekki lögin. Meginþorri útgerða er vafalaust þannig. En engu að síður eru tilvik, og við þekkjum mörg þau alvarlegu tilvik sem eru í umræðunni, en þau virðast hvorki hafa komið inn á borð Verðlagsstofu né lögreglu. Það segir okkur einungis að þetta kerfi er ekki virkt. Hér er veikluleg tilraun til að styrkja núverandi kerfi sem hefur sýnt sig að stendur sig engan veginn. Við skulum vona að það skili einhverju öðru en því að verða dýrara í rekstri. Þegar eru 20 millj. kr., það hefur verið upplýst hér, í rekstrarkostnað á þessu kerfi sem virðist ekki skilvirkara en þetta. En við skulum vona að það verði.

Frú forseti. Þetta kvótakerfi, framsal á kvóta sem við höfum búið við, er ranglátt og býður þessari hættu heim. Frumvarp þetta er viðleitni til að takast á við það innan þessara laga sem hér eru sett, en ég efast um að það virki með þeim hætti sem menn vonast eftir. Við styðjum þó þá viðleitni með fyrirvara um að við teljum kvótakerfið vera ranglátt og að það bjóði þessum hættum heim áfram. En við styðjum þá viðleitni sem hér er verið að leggja til, frú forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vextir og verðtrygging, 2. umr.*

Stjfrv., 618. mál (verðsöfnunartími vísitölu). — Þskj. 918, nál. 1091.

[21:29]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti.

Frumvarpinu er ætlað að bregðast við nýjum verðsöfnunartíma vísitölu neysluverðs vegna innleiðingar á reglugerð frá Evrópusambandinu en gerðin mælir fyrir um samræmt tímabil fyrir söfnun verðupplýsinga fyrir hina samræmdu neysluverðsvísitölu EES-svæðisins.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Frú forseti. Ég ætla rétt aðeins að geta um hugleiðingar í kringum þetta. Það sem er að gerast er að í mars 2008, þ.e. næsta ár, mun vísitalan ekki lengur miðast við verðupptöku 1. og 2. febrúar eins og verið hefur, heldur um miðjan janúar. Þetta þýðir að vísitalan frestast um 16 daga.

Þetta þýðir jafnframt að allar verðtryggðar skuldir og eignir landsmanna verða eilítið verðminni en skyldi fyrir bragðið. Það er mjög erfitt að átta sig á því hvernig þetta kemur út ef þetta yrði reiknað langt fram í tímann. En ef við göngum eingöngu frá þessum punkti í mars 2008 og

þeirri spá sem nú er gert ráð fyrir, 3–4% verðbólgu, þá er þetta um það bil 1,5 prómill sem það skiptir máli, sem maður getur litið þannig á að allar verðtryggðar eignir og skuldir landsmanna rýrni. En að sjálfsögðu dreifist það yfir langan tíma. Og að hluta til líka húsnæðisverð.

Ég vildi bara að þessar athugasemdir kæmu fram. Þetta hefur mikið verið rætt og m.a. við lífeyrissjóði og aðra og þar á bæjum telja menn ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Neytendavernd, 2. umr.*

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 916, nál. 1106.

[21:32]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um samvinnu stjórnvalda um neytendavernd, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson og Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið.

Lagt er til að með frumvarpinu verði reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/ 2004, um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, innleidd í íslenska löggjöf.

Nefndin leggur til að við frumvarpið bætist ákvæði þar sem skýrt verði kveðið á um gildissvið laganna. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Lög þessi gilda um innbyrðis aðstoð stjórnvalda aðildarríkja EES-samningsins vegna brota á þeim ákvæðum um neytendavernd sem falla undir lögin og eiga uppruna sinn í öðru ríki en afleiðingar þess koma fram í.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, 2. umr.*

Stjfrv., 617. mál (EES-reglur, neytendavernd). — Þskj. 917, nál. 1107.

[21:33]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem nauðsynlegt er að gera til að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004, um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, en fyrir þinginu liggur nú frumvarp til laga um innleiðingu á þeirri reglugerð.

Breytingar frumvarpsins miða að því að tryggja að þau stjórnvöld sem fara með framkvæmd þeirra laga sem reglugerðin tekur til og tilnefnd hafa verið af Íslands hálfu sem lögbær stjórnvöld hafi þær heimildir sem gerð er krafa um í reglugerðinni. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja eftirfylgni við lagaákvæði á sviði neytendaverndar, einkum þegar um viðskipti yfir landamæri er að ræða.

Nefndin leggur til að þær heimildir Neytendastofu til vettvangsrannsókna, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, nái einnig til heimildar Neytendastofu til að leggja hald á gögn sem kunna að finnast við vettvangsrannsókn. Þá leggur nefndin til að nokkur ákvæði falli brott þar sem þau hafa verið færð yfir í annað frumvarp sem hún hefur haft til meðferðar (378. mál).

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

Á eftir orðunum „lög þessi taka til“ í 1. efnismgr. 1. gr. komi: og lagt hald á gögn.

II.–IV. kafli falli brott.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Starfstengdir eftirlaunasjóðir, 2. umr.*

Stjfrv., 568. mál (EES-reglur). — Þskj. 844, nál. 1130, brtt. 1131.

[21:36]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Nefndin fékk á sinn fund gesti eins og getið er um á þskj. 1130 og málið sem um er að ræða er enn fremur skýrt í því þingskjali.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu í samræmi við umsögn Fjármálaeftirlitsins um það, það er að við frumvarpið bætist þrjú ákvæði sem fjalli um varasjóð, upplýsingaskyldu og eftirlit. Slík ákvæði er að finna í tilskipuninni en voru ekki tekin upp í frumvarpið. Á það má benda að um þessar mundir eru engir slíkir sjóðir starfræktir hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sér-

stöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson.

[21:37]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Eins og hér kom fram þá er ég í hópi þeirra nefndarmanna sem skrifa undir þetta nefndarálit. En frumvarpið fjallar um starfstengda eftirlaunasjóði.

Þetta er eitt af þeim málum sem tengjast aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði enda fylgir hér sem fylgiskjal tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins frá því í júní árið 2003.

Það gildir um þetta eins og margt sem frá Evrópusambandinu kemur að við eigum ekki annarra kosta völ en fallast á þetta þó að í sumum tilvikum séu áhöld um hvort við höfum gengið of langt. Á dagskrá þingsins fyrr í dag var vikið að raforkutilskipun Evrópusambandsins sem kom fram í tilskipun og fyrir þingið á tíunda áratug síðustu aldar. Við vorum þá mörg með efasemdir um að það væri hyggilegt að samþykka þá tilskipun og spurðum hvort ekki væri eðlilegra að leita eftir undanþágu.

Þáverandi hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, taldi að við gætum ekki fengið undanþágu en nú hefur komið í ljós að svo var. Við þekkjum það t.d. núna með raforkumarkaðinn, ég held að Malta hafi fengið sérkjör hvað þetta snertir og er þá vísað til þess að efnahagseiningin sé smá og sama á að sjálfsögðu við um Ísland. Ég vildi vekja athygli á því að þetta er af sama meiði. Þetta er tilskipun frá Brussel sem við eigum fárra annarra kosta völ en að samþykkja.

Hins vegar er eitt sem ég vildi ræða í þessu samhengi. Það er hugmyndin um starfstengda eftirlaunasjóði, hversu heppilegt fyrirkomulag það yfirleitt er. Í vetur kom fram hugmynd hjá fulltrúum stórfyrirtækja á Íslandi að þau settu á laggirnar starfstengda lífeyrissjóði þannig að öllum starfsmönnum — ég man nú ekki hvaða fyrirtæki það var, var það ekki FL-group sem setti fram þá hugmynd að allir starfsmenn FL-group greiddu inn í starfstengdan lífeyrissjóð?

Þessi umræða fléttaðist síðan inn í fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og ég fyrir mitt leyti hef um það miklar efasemdir að fyrirtæki fái slíkt tangarhald á starfsfólki sínu og ráðstöfun fjármuna þess. Þannig að ég er með ákveðnar efasemdir um þessa hugmynd, um starfstengda eftirlaunasjóði.

Ég held að Íslendingar hafi farið réttu brautina þegar við breyttum lífeyrislöggjöfinni eða grunnlöggjöf um lífeyrissjóð á árinu 1996. Sú löggjöf tók gildi í ársbyrjun 1997. Þá var tekin ákvörðun um að efla lífeyrissjóðakerfið en stefna að því í framtíðinni að færa ýmislegt sem nú er í almannatryggingum yfir á herðar lífeyrissjóðanna.

Það er eitt sem stundum vill gleymast í þessari umræðu. Það er sú stóra spurning hvort hægt sé að geyma peninga. Menn sjá stundum lífeyrissjóði fyrir sér eins og eins konar söfnunarbauka, sparigrísi, sem menn setji peninga í og geymi þar til á þeim þarf að halda. Þannig eru lífeyrissjóðirnir ekki. Lífeyrissjóðirnir þurfa þegar þar að kemur að færa fjármuni til á nákvæmlega sama hátt, þótt leiðin sé önnur, og í gegnumstreymisskattkerfi. Peningana þarf að taka út úr atvinnulífinu og færa þá yfir til lífeyrissjóða og þá þarf atvinnulífið að hafa burði til þess að greiða vexti eða arð til lífeyrissjóðanna.

Það er á þeirri forsendu sem ég hef verið hvatamaður þess að lífeyrissjóðirnir gæti hófsemi í vaxtastefnu sinni. Þeir mega ekki reisa of stífar kröfur á hendur heimilum og fyrirtækjum vegna þess að atvinnulífið verður að standa traustum fótum, stoðir þess þurfa að vera traustar, til þess að það geti risið undir þessari ábyrgð.

Mér finnst menn oft hugsa of þröngt og gleyma því að þegar lífeyrissjóðirnir eru orðnir eins fyrirferðarmiklir í fjármálakerfi þjóðar og lífeyrissjóðirnir okkar eru þá ber þeim að hafa víðan sjóndeildarhring og hugsa um hagsmuni samfélagsins alls, ekki síst þegar vaxtaákvarðanir eru teknar. Ég var andvígur því ákvæði sem sett var inn í lífeyrissjóðalögin á sínum tíma, lögin frá 1996, þar sem segir að lífeyrissjóðirnir skuli ávallt leita eftir hæstu ávöxtun sem býðst hverju sinni að því tilskildu að fjárfestingin væri traust.

Lífeyrissjóðunum ber alltaf að leita eftir hæstu ávöxtun. Þannig hafa vaxtahækkanir líka verið réttlættar. (**PHB:** Bestu.) Bestu, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal og leitar þannig greinilega, eins og ég hef reynt að gera í túlkun þessa ákvæðis, að einhverjum leiðum fram hjá því að alltaf sé leitað eftir hæstu ávöxtun. Besta ávöxtun gæti þá rúmast innan þeirrar skilgreiningar sem ég er að reyna að draga hér upp. Það hafa nú hins vegar ekki allir verið á þessu máli í stjórnum lífeyrissjóða eins og dæmin sanna. Sjónarhornið er iðulega að mínum dómi of þröngt. Hvers vegna er ég að nefna þetta? Jú. Þrengst yrði sjónarhornið hjá hinum starfstengdu lífeyrissjóðum sem er tengt og nátengt fyrirtæki eða starfsgrein, þá væntanlega.

Það má hafa mörg orð um þetta málefni, lífeyrissjóðina og lífeyrissjóðakerfið. En ég sé að fleiri þingmenn hafa óskað eftir orðinu og ég mun hugsanlega taka aftur til máls í þessari umræðu um mjög mikilvægt málefni.

[21:46]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var afskaplega áhugaverð pæling hjá hv. þingmanni, heimspekileg, og minnir mig á það að árið 1979 flutti hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson frumvarp sem ég hafði samið fyrir hann um Lífeyrissjóð Íslands, gegnumstreymissjóð. Rökin í því frumvarpi voru einmitt þau að það skipti ekki máli þegar heil þjóð er að spara hvort það er gegnumstreymi eða söfnun. Það frumvarp dagaði reyndar uppi.

Hv. þingmaður talaði um ávöxtunina, það má segja að öll ávöxtun sé eins á góðum og gegnsæjum markaði. Ef það eru háir vextir er fólgin í því áhætta. Ríkisskuldabréf eiga að gefa tóninn, það er hin raunverulega besta ávöxtun. Þess vegna er þetta orðað þannig í lögunum. Ég man sérstaklega eftir því að þetta er orðað sem besta áhætta og besta ávöxtun miðað við áhættuna. Áhætta og vextir tengjast því alltaf.

Ég tek alveg undir með hv. þingmanni að þegar heil þjóð er farin að spara og lána sjálfri sér er þetta náttúrlega ekkert annað en tilflutningur. Það er alltaf hinn vinnandi

maður sem á endanum borgar lífeyrinn. Hann sér alltaf um kynslóðirnar bæði fyrir framan sig og aftan. Þetta er hinn svokallaði kynslóðasamningur. Ég ætla ekki að fara nánar út í það svona seint að kvöldi á næstsíðasta degi þingsins, en það er áhugavert einmitt að ræða það hver stendur undir öllum bótum í þjóðfélaginu. Það er á endanum alltaf hinn vinnandi maður.

[21:48]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú bregður svo við að við erum sammála í lífeyrismálum, ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal, hvað varðar samskipti kynslóðanna. En ég vil benda á eitt, að þegar við tölum um ávöxtun þá erum við ekki bara að tala um vexti. Við erum einnig að tala um hlutabréf og annars konar fjárfestingar.

Eitt af því sem ég hef viljað horfa til í fjárfestingum lífeyrissjóðanna er að þeir reyni að beina fjárfestingum sínum í farvegi sem eru uppbyggilegir fyrir samfélagið. Þetta hefur gerst í Þýskalandi og víðar þar sem lífeyrissjóðir hafa fjárfest í húsnæði, eru stóreigendur á því sviði. Ég hef verið með hugmyndir um hvernig hægt væri að ná þessu markmiði. Fyrst yrði að koma félögunum á laggirnar þannig að þau gætu plumað sig og sýnt fram á að þau væru arðsöm fyrirtæki. Þá væri komið að lífeyrissjóðunum að fjárfesta hugsanlega í slíkum fyrirtækjum. (Gripið fram í.) T.d. í orkuveitum. Þar er vandinn sá, að meðan þú ert með kröfu í lögum að þú hlaupir alltaf eftir hæstu eða bestu ávöxtuninni, þá eru lífeyrissjóðirnir ekki áreiðanlegur eða traustur bakhjarl fremur en í öðrum.

Hver skyldi hafa grætt mest á fjárfestingum í fjármálafyrirtækjum þegar sviptingar hafa verið þar? Lífeyrissjóðirnir. Hvers vegna? Hvers vegna hafa þeir verið öflugustu braskararnir? Vegna þess að þeir hugsa um það eitt að ná í arð af fjárfestingunni sinni en eru (Forseti hringir.) ekki að hugsa um völd í viðkomandi stofnunum.

Niðurstaðan er sem sagt þessi, að lífeyrissjóðirnir eru (Forseti hringir.) ekki traustir bakhjarlar í orkuveitum eins og hv. þingmaður talar um af þessum sökum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Losun gróðurhúsalofttegunda, 2. umr.*

Stjfrv., 641. mál (heildarlög). — Þskj. 957, nál. 1240 og 1243, brtt. 1251.

[21:52]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta umhverfisnefndar um frv. til laga um losun gróðurhúsalofttegunda. Eins og fram kemur í nefndarálitinu fengum við nokkra gesti til að ræða málið og einnig bárust umsagnir.

Í örstuttu máli, virðulegi forseti, þá er í frumvarpi þessu fellt inn efni laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda en í þeim lögum er kveðið á um þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi um bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Í öðru lagi er í þeim lögum ákvæði um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir og í þriðja lagi er þar kveðið á um upplýsingaskyldu fyrirtækja sem losa verulegt magn gróðurhúsalofttegunda. Ákvæði þessara laga munu að mestu haldast óbreytt.

Helsta nýmæli sem kveðið er á um í frumvarpinu er að tveimur flokkum atvinnurekstrar, annars vegar staðbundinni orkuframleiðslu með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega og hins vegar staðbundinni iðnaðarframleiðslu sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, verði óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012, nema aflað sé losunarheimilda vegna losunar koldíoxíðs.

Lagt er til að þriggja manna úthlutunarnefnd, sem skipuð verði af umhverfisráðherra og í munu sitja fulltrúar iðnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis og fjármálaráðuneytis, geri áætlun um úthlutun losunarheimilda vegna atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið laganna. Nefndin hefur það hlutverk að gera áætlun um úthlutun á losunarheimildum fyrir skuldbindingartímabilið, þ.e. fimm ár. Atvinnurekstur sem þegar er starfandi eða mun hefja starfsemi fyrir upphaf skuldbindingartímabilsins mun hafa forgang.

Samkvæmt frumvarpinu er kveðið á um margþætt hlutverk Umhverfisstofnunar. Eins og samkvæmt lögum um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda er stofnuninni ætlað að sjá um bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, auk skráningarkerfisins þar sem losunarheimildir Íslands eru færðar inn. Við þessi verkefni bætist að Umhverfisstofnun er falið að fara yfir umsóknir sem berast frá atvinnurekstri um losunarheimildir, að sjá um reikninga atvinnurekstrar og annarra lögaðila í skráningarkerfinu og fara yfir skýrslur atvinnurekstrar um losun koldíoxíðs.

Undir þetta skrifa og leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt sá sem hér stendur og hv. þingmenn Guðjón Ólafur Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kjartan Ólafsson og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Meiri hlutinn telur að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref í þá átt að móta lagaumgjörð um þennan mikilvæga málaflokk og búa til stjórntæki fyrir stjórnvöld til að skapa skilyrði fyrir því að staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.

[21:54]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði vonast eftir meiri upplýsingum í framsöguræðu nefndarformanns, talsmanns meiri hlutans í málinu um það hvernig meiri hlutinn sjái fyrir sér að mögulegir stórlosendur á tímabilinu sem þurfa þá að afla sér heimilda ef þeir eiga að hefja hér starfsemi, hvernig þeim verði það mögulegt í ljósi stöðu þessara mála bæði innan lands og í alþjóðlegu samhengi, í ljósi þess hvernig ástandið er t.d. hjá Evrópusambandinu þar sem nokkur upplausn er nú í þessum málum, eins og kunnugt er, og markaðurinn ekki að virka sérstaklega vel

Hvernig sér ríkisstjórnin eða meiri hlutinn fyrir sér að þetta gangi fyrir sig í þeim tilvikum? Er þetta ekki bara ávísun út í loftið á eitthvað sem kannski liggur alls ekki fyrir að geti gengið fyrir sig. Hvernig eiga þessir stórlosendur

að afla sér þeirra heimilda og hvernig fer það fram í samhengi við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands að þessu leyti?

[21:55]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég áttaði mig ekki alveg á hvað hv. þingmaður var að fara. Það var ekki nokkur aðili sem hafði áhyggjur af því að við værum ekki að uppfylla þau skilyrði sem við höfum undirgengist með Kyoto-sáttmálanum með frumvarpinu. Í raun var það þannig að þær stofnanir sem eiga að halda utan um þetta eins og Umhverfisstofnun lögðu mjög hart að nefndinni að samþykkja frumvarpið.

Um er að ræða tímabilið 2008–2012. Ef hv. þingmaður er að spyrja þann sem hér stendur hvað muni gerast eftir þann tíma og hver þróunin verður getur sá sem hér stendur eðli málsins samkvæmt ekki svarað því.

Það liggur alveg hreint og klárt fyrir og við þekkjum það að við stöndum betur en aðrar þjóðir þegar kemur að loftslagsmálum og ef menn ætla að ná einhverjum árangri á því sviði verða menn að fara íslensku leiðina. Um það er ekki deilt. Þegar við berum okkur saman við önnur svæði, t.d. Evrópusambandið, er staða okkar sem betur fer góð.

Hins vegar er alveg ljóst að ef menn ætla að ná árangri í loftslagsmálum í heild sinni verða mun fleiri aðilar að koma inn en einungis þær þjóðir sem núna hafa undirskrifað Kyoto-sáttmálann. Jafnvel þó að allt útstreymi frá þeim löndum, ríkjum, sem hafa skrifað undir Kyoto-sáttmálann, það væri skrúfað fyrir allt saman, þá mundi það duga lítt miðað við þær spár sem eru uppi, mjög lítið, varðandi útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Þetta er bara liður í því og nauðsynlegt tæki fyrir þau eftirlitskerfi sem við erum með til þess að hafa stjórn á útstreymismálunum. Út á það gengur frumvarpið.

[21:58]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er að sjálfsögðu að spyrja um stöðu þessara mála innan ramma gildandi samkomulags, Kyoto, fram til ársins 2012. Við vitum öll að framtíðin er óráðin þó að allt hnígi í þá átt að menn muni vilja taka miklu stærri skref á næsta tímabili til samdráttar í losun.

Hér er um samning að ræða sem Ísland er aðili að og er þjóðréttarlega skuldbindandi í þeim skilningi. Ég held að það sé mjög ódýr leið, ef ég má orða það svo, að ætla að vísa ábyrgðinni yfir á fyrirtækin og segja að þau verði að kaupa sér losunarkvóta, það sé bara þeirra mál, því skuldbindingin er þjóðréttarleg. Ísland hefur undirgengist þetta og ef þarna er verið að vísa á viðskipti samkvæmt einhverju regluverki sem tæpast er til eða alls ekki til og óvíst er að muni nokkuð virka eða verði nokkuð til staðar er þetta þá í raun og veru ekki feluleikur, hálfgerður flótti, til þess að reyna að láta líta svo út sem við séum að taka á þessum málum þó við séum kannski alls ekki að gera það?

Ríkisstjórnin er auðvitað í grenjandi vandræðum með framgöngu sína í málinu vegna þess að það hafa ekki verið settir neinir fyrirvarar í undirbúningsferlin hjá stóriðjufyrirtækjunum sem eru að undirbúa gríðarlega aukningu í losun. Auðvitað eru það gríðarlega afdrifarík mistök að hafa ekki sett strax fyrirvara þannig að fyrirtækjunum væri það ljóst að óvissa væri um það hvort þau gætu nokkuð hafið hér starfsemi vegna þess að þessi mál yrði að leysa. Eða ætlum við að standa þannig að málum að í lokin á tímabilinu, jafnvel þó að losunin sleppi vegna meðaltalsreglunnar, séum við komin langt út fyrir öll mörk í fullkominni óvissu um hvað við tekur eftir 2012?

Þetta verkar á mig eins og hálfgerður kattarþvottur og þess vegna var ég að vona að hv. þingmaður gæti útskýrt: Hvað hefur ríkisstjórnin fyrir sér í því að þetta muni yfir höfuð ganga?

[22:00]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki á því hvað hv. þingmaður er að fara þegar hann talar um að ríkisstjórnin sé í grenjandi einhverju, ég náði ekki hvað það var. Það er aukaatriði. Og að halda því fram að það sé ábyrgðarlaust að vísa þessu á fyrirtækin, það er mjög sérkennilegt. Það hefði verið ábyrgðarlaust ef við hefðum vísað þessu á ríkissjóð. Það hefði verið ábyrgðarlaust. Algerlega ábyrgðarlaust. Það er alveg ljóst að samkvæmt þessu frumvarpi, verði það að lögum, er ábyrgðin fyrirtækjanna. Það er ekki á ábyrgð ríkisins að sjá til þess að þau hafi losunarheimildir um alla framtíð. Það er lykilatriði. Það er algerlega lykilatriði.

Ég trúi því ekki að hv. þingmaður sé fylgjandi því að ríkissjóður ætli að gangast í ábyrgðir. (Gripið fram í.) Það er það sem hv. þingmaður segir, að við séum að vísa þessu til fyrirtækja. Þá er þetta alveg rétt. Því ríkissjóður á ekki að bera ábyrgðina. (Gripið fram í.) Annaðhvort eru það fyrirtækin sem bera ábyrgð á losun sinni eða ríkissjóður. Það liggur fyrir að hér er farin sú leið að vísa þessu á fyrirtækin hreint og klárt. Þannig að þeim sé ljóst að þau verða að hafa heimildir fyrir sinni losun. Það er lykilatriði. Síðan getum við haft allar skoðanir á því hvort við ætlum að vera með mikla losun, litla, enga, hvort við ætlum að hafa eitt álver, ekkert álver, hvað þetta heitir allt saman. Aðalatriðið er þetta. Að fyrirtækjum sé ljóst, þau fyrirtæki sem ætla að starfa, að þau verði sjálf að sjá um losunarheimildir sínar. Það er lykilatriði.

Ef við berum okkur saman við önnur lönd, sem er mjög gott, og sérstaklega hvet ég menn til þess að skoða samanburð við Evrópusambandið, kemur margt athyglisvert í ljós í því samhengi.

[22:02]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Mörður Árnason)**:

Forseti. Þetta mál, það er rétt að segja það í byrjun, er merkilegt. Vegna þess að í því er í fyrsta sinn hérlendis brugðist með lögum við þeirri loftslagsvá sem þegar ógnar aðstæðum manns og náttúru á jörðinni og markar af okkar hálfu upphaf baráttu gegn loftslagsbreytingum þeim sem hættulegar eru og auðvitað líka aðlögun að þeim tíma sem í vændum er.

Það verður líka að segja að frumvarpið er vel samið og greinilegt að hér hafa góðir fagmenn verið að verki, vænt-

anlega starfsmenn umhverfisráðuneytisins. Þá verð ég í þriðja lagi að segja að þetta er ekki gott frumvarp vegna þess að í því er að vísu brugðist við loftslagsvá að orðinu til en í raun og veru er verið að skapa stjórnvöldum leið til þess að sleppa fram hjá skuldbindingum sem þau hafa tekist á hendur fyrir hönd íslensku þjóðarinnar með þjóðum veraldar í þessu efni.

Það er ástæðan til þess að minni hluti umhverfisnefndar gat ekki orðið samferða meiri hlutanum í afstöðu sinni til málsins. Meiri hlutinn gerði það að vanda að taka einfaldlega undir það sem að honum var rétt og það kemur ágætlega fram í því stutta og efnislitla nefndaráliti sem var hér lesið áðan í stuttri og efnislítilli ræðu formanns hv. umhverfisnefndar.

En nefndarálit okkar er öllu lengra og við það eru fest nokkrar umsagnanna, þær sem einkum snerta það mál sem við gerum athugasemdir við, þannig að menn fyrtist nú ekki aðrir sem umsagnir sendu alveg ágætar. Ég bendi m.a. á vandaðar umsagnir Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar um málið, auðvitað þann þátt þess sem sérstaklega snýr að þeim og ber ekki hæst í hinni almennu umræðu um málið þó það séu ákaflega merkileg fræði og merkileg framtíð sem gæti blasað við í þeim efnum.

Minnihlutaálit okkar er svona:

Markmið frumvarpsins er í 1. gr. sagt vera að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Skilyrði þessi á með frumvarpinu að skapa á þann hátt að stjórnvöld fá lagaheimild til að úthluta stóriðjufyrirtækjum losunarkvóta og eru laus allra mála gagnvart stóriðjunni þegar þeim kvóta sleppir.

Hér er fyrst og fremst um að ræða losunarheimildir samkvæmt undanþáguákvæðinu við Kyoto-bókunina, 14/CP.7, eins og hún heitir, en einnig verður úthlutað til stóriðju hluta af almennum losunarkvóta Íslendinga á fyrsta Kyototímabilinu, 2008–2012. Treyst er á að hlutdeild annarra uppsprettna en stóriðju verði á þessum tíma minni en svo að gangi á stóriðjukvótann, sem alls er talinn 10,5 millj. tonna af koltvísýringi, $CO_2$, og koltvísýringsígildum. Þar af teljast 8 millj. tonna heimilar samkvæmt undanþáguákvæðinu (1,6 millj. tonna á ári) en 2,5 millj. tonna koma af almenna kvótanum, sem samtals er rúmar 18,5 millj. tonna á tímabilinu eða rúmlega 3,7 millj. tonna á ári.

Þessum heimildum, 10,5 milljónum tonna, skal úthlutað árlega en þó ekki í jöfnum skömmtum á hverju ári heldur er gert ráð fyrir að úthlutunarnefndin geti úthlutað fleiri losunarheimildum á síðari hluta tímabilsins en hinum fyrri. Og reyndar öfugt ef í það færi en samkvæmt eðli máls er hér gert ráð fyrir því að þær verði færri á fyrri hluta tímabilsins en að lokum þess. Losun stóriðju samkvæmt undanþáguákvæðinu getur því verið umtalsvert meiri á síðasta Kyotoárinu, árið 2012, en að meðaltali á tímabilinu.

Fyrirtækin sem um sækja fá heimildirnar ókeypis. Þegar fer að þynnast í heimildabirgðunum skal nefndin úthluta samkvæmt matskenndum reglum sem miðast við að fyrstur fái sá sem fyrstur kemur. Fyrirtæki sem ekki hefur náð frísæti í kapphlaupinu getur aflað sér meiri kvóta með því að kaupa losunarheimildir erlendis. Auk þess er hægt að afla sér aukaheimilda með bindingu í gróðri eða með samstarfi í þróunarríkjum og Austur-Evrópuríkjum einkum, samkvæmt svokölluðum sveigjanleikaákvæðum Kyoto-bókunarinnar.

Minni hluti umhverfisnefndar fagnar því að loksins skuli komið fram frumvarp sem gerir íslenskum stjórnvöldum kleift að hafa hemil á losun frá stóriðju, segjum við hér í nefndarálitinu eftir að hafa stuttlega lýst meginatriðunum í frumvarpinu. Við teljum hins vegar að frumvarpinu sé verulega áfátt í mikilvægum atriðum og flytjum breytingartillögur sem ætlað er að bæta úr helstu ágöllunum.

Í fyrsta lagi. Við gagnrýnum að í frumvarpinu er í raun ekki kveðið á um neins konar árangur við samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Tengsl frumvarpsins við nýlega loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar eru engin. Þar er talað um samdrátt um 50–75% árið 2050, eftir 43 ár, miðað við losunina 1990 en í frumvarpinu er í raun gert ráð fyrir verulegri aukningu losunar á Íslandi til 2012 og jafnvel eftir þann tíma. Þetta stríðir gegn markmiðum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og stríðir gegn skuldbindingum Íslendinga með þeim samningi. Ríkisstjórnin er óspör á fögur fyrirheit fyrir hönd næstu kynslóða í loftslagsstefnuplagginu. En þegar kemur að stóriðjuáformum í þessu frumvarpi gleymast hinar háleitu hugsmíðir.

Í öðru lagi. Við teljum óheppilegt að blandað sé saman úthlutun samkvæmt undanþáguákvæðinu og úthlutun úr almenna kvótanum, og gagnrýnum að tekinn sé af handahófi hluti almenna kvótans og settur til stóriðjuúthlutunar. Vissulega er rökrétt að til slíkrar úthlutunar séu settar losunarheimildir í samræmi við losun frá verunum í Straumsvík og á Grundartanga fyrir 1990. Ekki er hins vegar eðlilegt að reikna með úthlutun til stóriðju úr almenna kvótanum umfram það, nema um sérstök tilvik sé að ræða. Fyrir þeim ætti þá að gera ráð sérstaklega, svo sem Sementsverksmiðjunni, sem rætt hefur verið um í þessu sambandi en lítið fjallað um í frumvarpi hæstv. ráðherra, og hugsanlegri rafskautaverksmiðju á Katanesi sem þegar hefur fengið starfsleyfi en efast er um að í gagn komist. Og má bæta við að flestir þeir sem ég hef heyrt í vona nú að það verði ekki.

Þessi staða er sérlega óheppileg vegna þess að gert er ráð fyrir að losunarheimildirnar séu ókeypis en að fyrirtækin sem ekki komast í fríriðilinn þurfi að kaupa sér heimildir. Gallarnir verða hins vegar þolanlegri ef samþykktar eru breytingartillögur okkar um gjaldtöku og takmörkun á aukaheimildir. Í nafni einfaldleikans höfum við því ekki borið fram beinar breytingartillögur við þetta.

Í þriðja lagi. Við höfnum reikningskúnstum með þær heimildir sem fylgja undanþáguákvæðinu. Vissulega er það rétt að heimildirnar á Kyoto-tímabilinu, 2008–2012, miðast við meðaltal áranna fimm. Með þeirri reglu var raunar reynt að koma í veg fyrir í samningunum að rustaríki fyndu sér þá löglegu leið fram hjá skuldbindingum sínum að losa mikið hluta af tímabilinu en lækka sig síðan niður í lokin, ef miðað hafði verið við síðasta árið.

Með því að treysta á uppsöfnunaraðferðina, með þessari reikningskúnst, fer ríkisstjórnin á svig við skuldbindingar Íslendinga. Ljóst er að sú stóriðja sem nú er ákveðin, þ.e. Alcan án stækkunar umfram 1990-losun, Járnblendið umfram 1990-losun án frekari stækkunar, Norðurál og Fjarðaál, mundi að meðtaldri stækkun í Straumsvík losa meira í

lok Kyoto-tímabilsins en nemur ársmeðaltalinu 1,6 millj. tonna. Í athugasemdum við frumvarpið segir að heildarlosun sem fellur undir undanþáguákvæðið frá framangreindum verum fullbyggðum auk álvera í Helguvík og við Húsavík yrði 2,7 millj. tonna, 1,1 millj. tonna meiri en ársmeðaltal samkvæmt undanþáguákvæðinu.

Ég endurtek. Í athugasemdum við frumvarpið segir beinlínis að ein þeirra sviðsmynda eða „scenarioa" sem reiknað hefur verið út og er mjög sennilegt, eitt af því sem er sennilegt að gerist, þó að menn kunni að hafa aðra löngun, er það að heildarlosun sem fellur undir undanþáguákvæðið frá verunum sem ég taldi áðan, auk álveranna í Helguvík og á Húsavík, yrði samtals 2,7 millj. tonna, 1,1 millj. tonna meiri en gert er ráð fyrir að meðaltali á þessum árum fimm samkvæmt hinu fræga undanþáguákvæði sem stundum er kallað íslenska ákvæðið en ég hef nú nefnt stundum íslensk/mónakóska ákvæðið vegna þess að það eru tvö ríki í heiminum sem hafa tilkynnt að þau vilji nýta sér það. Það eru stórveldin Ísland og Mónakó. Svona er þetta.

Þetta þýðir það, forseti, að menn væru auðvitað komnir langt yfir þetta meðaltal 1,6 millj. sem að vísu er heimilt en í ársbyrjun 2013 eru menn sem sé með þessar 2,7 millj. ef ekki í ársbyrjun 2013, þá á árinu 2014, 2015, 2016 eftir því hvað þessi ver eru ör í uppbyggingu og má í raun og veru einu gilda. Hér segir líka:

Að vísu er ekki líklegt að losunin gæti orðið svo mikil árið 2012 vegna byggingarhraðans en mundi ná því marki næstu árin þar á eftir. Þótt heildarlosun árin 2008–2012 næði enn ekki þeim 8 millj. tonna sem leyfð eru á tímabilinu er augljóst að íslensk stjórnvöld væru með þessu að misvirða skuldbindingar sínar þar sem varla væri unnt að koma þessari losun niður fyrir meðaltalsmörkin á næstu árum frá 2013 þegar almennt er búist við dagskipun um verulegan samdrátt í þeim samningi sem nú er verið að hefja viðræður um. Með kúnstum af þessu tagi kynnu Íslendingar að verða settir í skammarkrók samkvæmt Kyoto-bókuninni og gert að draga meira úr losun en ella. Verra væri þó jafnvel að þjóðin og stjórnvöld hennar yrðu talin meðal skussa og rusta í alþjóðlegum umhverfismálum. Það veikti virðingu þjóðar og ríkis, ímynd, viðskiptavild alls kyns og samningsstöðu.

Í þýsku lögfræðiáliti sem skrifað var fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands eru lokaorðin þessi, í þýðingu Markmáls sem samtökin létu útbúa, með leyfi forseta:

„Til að sinna skyldum sínum samkvæmt alþjóðalögum, en þó einkum og sér í lagi samkvæmt ákvæði 14/CP.7, er Íslandi heimilt að nýta að fullu undanþáguna um þær 8 milljónir tonna af $CO_2$ sem veitt var og ber ekki skylda til að sækja um á ári hverju að fá til ráðstöfunar 1,6 milljónir tonna af $CO_2$. Þrátt fyrir þetta" — segja Þjóðverjarnir — „getur ríkisstjórnin ekki sótt um að auka umfang verkefnisins og útblástur sem fellur undir þetta ákvæði með það fyrir augum að skapa óbreytt ástand (status quo)" — í frumtexta — „og heimila landi að undanskilja iðnaðinn frá reglugerð um útblástur. Slíkt myndi brjóta í bága við þá skyldu Íslands að draga úr útblæstri til lengri tíma litið. Ef Ísland reyndi að semja á ný um svipaðar undanþágur fyrir næsta samningstímabil myndi það ganga á svig við og vera andstætt skuldbindingum þess samkvæmt alþjóðalögum."

Ég kýs að endurtaka þessa setningu vegna þess að hún er mikilvæg, með leyfi forseta:

„Ef Ísland reyndi að semja á ný um svipaðar undanþágur fyrir næsta samningstímabil myndi það ganga á svig við og vera andstætt skuldbindingum þess samkvæmt alþjóðalögum. Slíkt gæti einnig orðið efniviður í hugsanlega kröfu um ábyrgð ríkisins þar sem slíkt væri ekki í samræmi við að sýna kostgæfni við að hindra og lágmarka tjón af völdum loftslagsbreytinga."

Það má spyrja sig hvað þetta álit þýsku lögfræðinganna þýðir. Þar kemur tvennt til greina. Ef Íslendingar fara óvarlega þá getur auðvitað vel verið að í gang fari refsiákvæði Kyoto-samningsins. Það segja þó vísir menn að það sé ólíklegt, í fyrsta lagi að Íslendingar fari svo óvarlega og í öðru lagi að menn mundu beita því. En það er auðvitað alveg ljóst ef þetta fer svona að menn fara ekki bara yfir heldur bara verulega yfir þau mörk sem sett eru að meðaltali jafnvel þó þeir færu ekki yfir heildartöluna þá mundu Íslendingar ekki njóta neinnar vildar í samningunum framvegis og eiga þó við það að stríða að eftir það sem fyrirhugað er núna í stóriðju, sem umhverfisráðherra hefur sagt sem frægt er að sé ekki vandinn heldur lausnin, þá er hætt við að hin fræga umhverfisásýnd Íslendinga brotni niður gagnvart tölum um meðallosun á íbúa sem yrði þá sennilega komin í það sem stundum er kallað topp tíu listinn og jafnvel komin í topp fimm listann.

Uppsöfnun losunarheimilda, segjum við hér í nefndarálitinu, stríðir gegn markmiðum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og skuldbindingum Íslands gagnvart þeim samningi.

Við leggjum því til að við úthlutun losunarheimilda samkvæmt undanþáguákvæðinu verði miðað við að losun sé ekki meiri en 1,6 milljón tonn á síðasta ári Kyoto-tímabilsins, 2102.

Hér er fyrsta efnislega breytingartillaga okkar. Hér hefur henni verið lýst. Hún felst í því að við úthlutunina skuli þess gætt að árið 2012 sé ekki meiri heildarlosun frá stóriðju á Íslandi samkvæmt undanþáguákvæðinu en nemur meðaltalinu á þessum fimm árum. Það er gert til þess að næsta ár, árið 2013, verði síður hætta á því að á Íslandi sé losað meira af koltvísýringi samkvæmt þessu ákvæði en nemur þessu meðaltali og er gert beinlínis til að bæta samningsstöðu Íslendinga og sjá til þess að núverandi ríkisstjórn brjóti ekki með ráðslagi sínu í raun þann samning sem hér er um að ræða og geri okkur torvelt að fara í næsta tímabil.

Í fjórða lagi. Losunarheimildir Íslendinga á Kyoto-tímabilinu eru takmörkuð verðmæti.

Ég kýs að nota það orð hér og við í nefndarálitinu í staðinn fyrir takmörkuð gæði, hvað þá auðlindir, vegna þess að þau orð eiga miklu síður við um það sem hér er um að ræða. En „takmörkuð verðmæti" hljóta menn að fallast á að geti gilt um þessar heimildir.

Sjálfsagt er að skapa hagræna hvata sem víðast til að draga úr notkun losunarheimildanna. Hætt er við að með úthlutun gjaldfrjálsra losunarheimilda sé ýtt undir hefðarhald á þessum heimildum, að fyrirtækin sem úthlutað verður ókeypis kvóta telji sig eiga hann með nokkrum hætti og geri á þeim grunni kröfur í framhaldinu, eftir árslok 2012. Saga fiskveiðistjórnar á Íslandi undanfarna áratugi sýnir vel

hætturnar sem í þessu felast.

Andrúmsloft fellur undir náttúrugæði í skilningi auðlindanefndarinnar sem skilaði skýrslu sinni árið 2000. Þar er vísað til þess að með tímanum kynni að vera æskilegt að fella andrúmsloft eins og aðrar nýtanlegar auðlindir sem ekki eru í einkaeign undir þjóðareign. Þetta kannast menn við úr umræðu síðustu daga. Sá tími virðist nú runninn upp þar sem réttur til að nýta auðlindina andrúmsloft með þeim hætti sem frumvarpið fjallar um er orðinn takmarkaður og eftirsóttur. Í því ljósi er allsendis óhæft að úthluta þeim rétti án reglna um jafnræði og endurgjald.

Við tökum í þessum efnum undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Orkustofnunar, þar sem talið er, með leyfi forseta:

„... mjög mikilvægt að strax í upphafi sé mótuð heildarstefna um þá aðferðafræði sem notuð verði til framtíðar við úthlutun og hugsanlegt endurgjald fyrir þau takmörkuðu gæði sem til verða við takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda.“

Orkustofnun lýsir áhyggjum sínum af því að með þessu sé verið, með leyfi forseta:

„... að skapa fordæmi um varanlega ráðstöfun á losunarkvótum á grundvelli sögulegra viðmiða, án endurgjalds“.

Þetta kannast menn líka við. Hér hljómar saga fiskveiðistjórnarmála.

Minnt er á það kerfi framseljanlegra losunarkvóta sem nú er verið að koma upp innan Evrópusambandsins og að lokum væntanlega á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, og bent á að hinar takmörkuðu losunarheimildir hafi þegar fengið á sig verðgildi, með leyfi forseta:

„Löggjafarvaldið verður því að vera sér meðvitað um að með úthlutun á losunarheimildum“ — segir Orkustofnun — „nú kunni að vera lagður grunnur að fyrirkomulagi sem muni hafa afleiðingar langt fram yfir það tímabil sem frv. þetta fjallar um, þ.e. árin fram til 2013.“

Ég ætla að lesa þessa setningu aftur ef vera kynni að hæstv. umhverfisráðherra hefði ekki heyrt hana. Orkustofnun segir, með leyfi forseta:

„Löggjafarvaldið verður því að vera sér meðvitað um að með úthlutun á losunarheimildum nú kunni að vera lagður grunnur að fyrirkomulagi sem muni hafa afleiðingar langt fram yfir það tímabil sem frv. þetta fjallar um, þ.e. árin fram til 2013.“

Það sem hér er auðvitað verið að segja á ákaflega kurteislegan hátt, þann hátt sem hæfir virðulegri ríkisstofnun eins og Orkustofnun, er að ef menn samþykkja þetta frumvarp óbreytt þá leggja þeir sig í þá hættu að hafa þar með samþykkt gjafakvóta til tiltekinna fyrirtækja sem þau verði mjög treg að láta af hendi og kunni að lokum að líta á sem sína eign. Allt þekkjum við þetta einmitt úr hinni löngu og erfiðu sögu fiskveiðistjórnar sem er ekki lokið og átti hér á umliðnum dögum einn í senn dapurlegasta og fyndnasta, hlægilegasta, kaflann í sinni sögu.

Að nefndarálitinu á ný: Við leggjum til að hugsað verði til framtíðar í þessum efnum og strax komið á fót skipan sem miðast við að losunarheimildirnar séu takmörkuð verðmæti í þjóðareigu sem afhentar eru til tímabundinnar nýtingar gegn gjaldi. Þessi skipan er í góðu samræmi við mengunarbóta- eða greiðslureglu sem væntanlega verður lögleidd á þessu þingi sem ein af meginreglum umhverfisréttar.

Nú er það að vísu í tvísýnu. En það er að minnsta kosti ekki vegna andstöðu okkar við þessar meginreglur í stjórnarandstöðunni sem þær kunna að þurfa að bíða hér á löggjafarþinginu.

Eðlilegt er að miða við að gjaldsupphæð sé hverju sinni sem næst markaðsverði. Gjaldsupphæð sem hér er lögð til, 100 kr. fyrir losunarheimildina á ári, miðast við 10% af markaðsverði á losunartonni innan ESB nú.

Hér þarf kannski nánari útskýringu. Eins og menn vita sem hafa aðeins fylgst með þessum málum þá hefur saga losunarheimilda sem vöru, eða sem að minnsta kosti sem verðmætis sem borgað er fyrir, sem keypt er og seld innan Evrópusambandsins, þ.e. hún hefur rokkað nokkuð til. Upphaflega var nokkuð hátt eða hærra verð á þessum heimildum. Um nokkra hríð var verðið um tíu evrur, rétt fyrir neðan tíu evrur. Þegar ég gúgglaði verðið inn um daginn á tölvuna þá fékk ég átta dollara. Það var svona fyrir þremur vikum eða svo, á einum stað. En nú mun verðið vera allmiklu lægra, sem nemur einni evru. Menn búast nú ekki við að það standi lengi. En við verðum að taka mark á því sem hér segir enda erum við ekki að setja gjaldsupphæð til þess einkum að ríkið hagnist, ekki að sinni, heldur til þess að skapa grundvöll að því kerfi sem Orkustofnun meðal annars óskar eftir. Það er síðan að sjálfsögðu ætlunin að löggjafinn fylgist með þessu verði í samvinnu við ráðuneytið og hækki það og lækki eftir því sem þurfa þykir miðað við heimsmarkað eða einkum markaðinn innan Evrópusambandsins og ef til vill á öllu Evrópska efnahagssvæðinu þegar fram líða stundir.

Við höldum áfram að lýsa örlítið hvers vegna við miðum við 10%: Árið 2008 fá samsvarandi fyrirtæki þar aðeins 90% af losunarheimildum gjaldfrítt og þurfa því að draga saman um 10% eða kaupa losunarheimildir sem því nemur. Þess er vænst að verðið hækki ytra á næstu árum og er eðlilegt að fylgja þeirri þróun eftir með nýrri lagasetningu um gjaldið þegar þurfa þykir, jafnvel fyrir hverja úthlutun, eins og tíðkast um önnur gjöld sem Alþingi ákveður. Vel kann svo að vera að í framtíðinni þyki uppboðsleið heppilegri við úthlutun losunarheimilda, einkum ef hún verður víðtækari en nú er fyrirhugað. Því álver í vinnslu hefur í sjálfu sér ekki mikinn möguleika á að draga saman notkun sína eða losun sína innan árs og möguleikinn fyrir álver felst auðvitað hvað koltvísýringinn varðar einkum í því að þróa nýja tækni sem kæmi í stað kolarafskautanna sem nú eru notuð. Það er auðvitað það sem álverin hafa hikað við að gera. Það er kostnaðarsamt að koma þeirri tækni áleiðis. Því er haldið fram meðal þeirra sem með þessu fylgjast að þau séu treg til þess meðal annars vegna þess að þau ætli sér áður að fullnýta alla þá ódýru orku sem í heiminum finnst sem er auðvitað ástæðan fyrir því að álverin eða álfyrirtækin eru nú að flýja Evrópu og þá hluta Bandaríkjanna þar sem raforkan er dýr og setjast að á, mér liggur við að segja, þróunarsvæðum hvað þetta varðar, svo sem á Íslandi þar sem stjórnvöld auglýstu fyrir aðeins fáum árum að hér væru „lowest energy prices“, segi ég á alþjóðaviðskiptatungumálinu, lægsta orkuverð í heimi, nánast útsöluverð eða eins konar brunaútsöluverð.

Í frumvarpinu er miðað, segir í nefndarálitinu, við árlega úthlutun losunarheimilda og er ekki líklegt að heimildir verði framseldar innan ársins nema þá í sérstökum tilvikum. Ekkert mælir í sjálfu sér gegn slíkri sölu, vegna þess að þá er ekki verið að selja eignir heldur í raun bara verið að selja afgang af heimildum innan árs eins og við þekkjum úr fiskveiðiumræðunum, en búa þarf svo um hnúta að hægt sé að skila heimildum aftur á kaupverði, að leggja heimildirnar inn.

Ég gleymdi að geta þess að þessi kafli var auðvitað um aðra breytingartillögu okkar, þá að tekið verði gjald fyrir heimildir þær sem úthlutað verður, 10,5 milljónir tonna samkvæmt frumvarpinu, sem er tala sem við út af fyrir sig breytum ekki þó við efumst um hana eins og áður segir. Þetta er ein af þremur breytingartillögum sem við hér flytjum, auk orðalags sem skýrt verður síðar.

Í fimmta lagi: Við teljum afar óheppilegt að leyfa fyrirtækjum sem ekki telja sig fá nægar losunarheimildir við úthlutun að kaupa ótakmarkaðan aukakvóta erlendis. Eins og mál standa nú yrði úthlutunarkerfi losunarheimilda eina stjórntækið sem almannavaldið hefði til að stýra þróun og frekari uppbyggingu stóriðju á landinu, en með leyfi því sem í frumvarpinu felst til að kaupa losunarheimildir óhindrað að utan væru öll bönd brostin. Ekki má gleyma að þetta er einnig siðferðilegt álitamál og varðar meðal annars ímynd og orðspor þjóðarinnar. Áður en lagt er á þá braut að heimila kaup á losunarheimildum erlendis þarf að fara fram grundvallarumræða um hvort Ísland eigi að verða miðstöð stóriðju sem rekin er á erlendum losunarheimildum. Losun á hvert mannsbarn er þegar orðin veruleg á Íslandi og ef heldur fram sem horfir gætu Íslendingar við lok Kyoto-tímans lent í hópi þeirra þjóða sem mest menga að höfðatölu og værum þar með orðin helstir ábyrgðarmenn loftslagsvárinnar sem losunin veldur.

Þá er ljóst að óheft kaup að utan ykju þrýsting á enn frekari uppbyggingu stóriðju, sem nú þegar hefur krafist mikilla umhverfisfórna í íslenskri náttúru vegna orkuöflunar, auk þeirra beinu skaðlegu áhrifa sem stóriðja hefur á næsta umhverfi sitt. Við tökum undir með Náttúrufræðistofnun sem segir í umsögn sinni að það sé „siðferðilega rangt að heimila fyrirtækjum sem hér starfa kaup á losunarheimildum erlendis fyrir atvinnustarfsemi sem getur spillt íslenskri náttúru".

Við leggjum því til að kaup losunarheimilda að utan séu háð samþykki Alþingis hverju sinni.

Þetta er þriðja tillaga okkar. Við leggjum ekki til að þau verði bönnuð. Við viljum sýna skilning og skapa svigrúm til þeirra aðstæðna sem upp geta komið hér á næstu árum í því kapphlaupi sem ríkisstjórnin hefur skapað með stóriðjustefnu sinni milli álfyrirtækjanna. Við erum ekki í sjálfu sér að dæma það fyrir fram hvernig það verður en við erum að segja að það eigi að vera háð samþykki Alþingis hverju sinni með þeim hætti að óski fyrirtæki eftir kaupum á erlendum losunarheimildum eða komi hér með slíkar losunarheimildir í vasanum þá skuli umhverfisráðherra leggja það mál fyrir þingið til samþykktar eða synjunar hverju sinni.

Um bindingu í gróðri (og hugsanlega í bergi í framtíðinni) gegnir öðru máli, enn fremur um erlent samstarf. Á skrifstofu loftslagssamningsins í Bonn er nú unnið að því hörðum höndum að semja reglur um bindingu og lítur út fyrir að þær verði viðamiklar og strangar. Ólíklegt er að hér verði um verulega umfangsmikil verkefni að ræða á þessu sviði — og þá er átt við gróðurinn því að hitt er auðvitað það langt fram í tímann að erfitt er að ræða það í alvöru á þessu stigi — en ákvæðið um gróðurbindingu gæti þó reynst landgræðslu- og skógræktarverkefnum talsverð lyftistöng. Þess verður að gæta í því sambandi að ekki sé ráðist í gróðurbindingu þvert á náttúruverndarsjónarmið, og sjálfsagt er einnig að leggja slík sjónarmið til grundvallar erlendu samstarfi. Við leggjum því fram breytingartillögu þá sem bent er á í umsögn Náttúrufræðistofnunar um að gæta slíkra sjónarmiða við hagnýtingu sveigjanleikaákvæðanna.

Hér höfum við farið yfir þau fimm atriði sem við teljum athugunarverð og aðfinnsluverð í þessu frumvarpi og þær þrjár breytingartillögur, þrjár og hálfa, fjórar raunar, sem við leggjum fram. Lokaorð okkar í nefndarálitinu eru þessi:

Nái þetta frumvarp fram að ganga óbreytt kann það að leiða til þess að samningsmarkmið ríkisstjórnarinnar í viðræðum um framhald Kyoto-bókunarinnar taki öðru fremur mið af hagsmunum stóriðju en ekki þeim brýnu hagsmunum íslensku þjóðarinnar að vinna með öðrum innan alþjóðasamfélagsins að því markmiði að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og vinna með því gegn hættulegum loftslagsbreytingum.

Þá ber að hafa í huga að Íslendingar eiga þess kost að verða í fararbroddi við að draga úr brennslu jarðefnaeldsneytis með nýtingu endurnýjanlegrar og umhverfisvænnar orku. Til að nýir orkugjafar eða orkuberar leysi jarðefnaeldsneyti af hólmi í samgöngum og fiskveiðum þarf mikla innlenda orkuframleiðslu. Gáleysisleg ákvæði frumvarpsins um uppsöfnun og innflutning losunarheimilda ýta undir enn frekari stóriðju sem gæti tekið upp orkuöflunarleiðir sem ella væru nýttar til þess arna.

Að samþykktum þeim breytingartillögum sem hér eru lagðar til getur frumvarpið markað þáttaskil í starfi Íslendinga gegn loftslagsvá í heiminum. Það getur einnig skapað stjórnvöldum skilyrði til að virða með sóma skuldbindingar Íslendinga samkvæmt Kyoto-bókuninni og undanþáguákvæðinu frá Marrakesh. Með breytingartillögunum væri einnig dregið úr þeim vanda sem skipan mála að frumvarpinu óbreyttu skapar Íslendingum við lok Kyoto-tímabilsins. Frumvarpið svo breytt legði grundvöll að skynsamlegum og framsýnum samningsmarkmiðum Íslendinga í komandi viðræðum um næsta tímabil eftir árslok 2012.

Hér stendur í nefndarálitinu ártalið 2102 en ég óska eftir að það verði rækilega leiðrétt hjá þeim sem það geta, 2012, við enda Kyoto-tímans. Hins vegar kann að vera, forseti, að Kyoto-bókunin hafi áhrif til ársins 2102 og ekki ósennilegt að þá séum við enn að glíma við þennan vanda, vonandi þó leifar hans og komin m.a. í hagkerfi og samfélag sem tekur mið af þeirri hættu sem nú steðjar að okkur. Allt annað samfélag að ég vona, þó að það verði vonandi líka byggt á grundvallargildum í íslensku samfélagi og vestrænum samfélögum, allt annað hagkerfi þó að ég telji að það verði líka byggt á grunngildum heiðarlegrar samkeppni og samfélagslegrar ábyrgðar sem er ekki lengur pólitískur kostur heldur samfélagsleg þörf.

Ég ætla að lokum, forseti, að lesa úr nokkrum umsögn-

um sem þessu nefndaráliti fylgja. Fylgiskjöl með þessu nefndaráliti eru umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands. Ég gat þess áðan að fleiri merkar umsagnir hefðu borist okkur um þetta frumvarp en þessar fjalla aðallega um það efni sem ég er hér að lesa upp í nefndaráliti okkar í minni hlutanum.

Í umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands, sem áður var vitnað til, segir þetta m.a., með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun Íslands vill einnig nota þetta tækifæri til að lýsa ánægju með nýja loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem umhverfisráðherra kynnti hinn 5. febrúar sl. Eitt af meginmarkmiðum loftslagsstefnunnar er að „nettólosun gróðurhúsalofttegunda minnki um 50–75% til 2050 miðað við nettólosun árið 1990“ Þessa metnaðarfullu markmiðs sér þó því miður ekki stað í umræddu lagafrumvarpi sem gerir ráð fyrir því að Ísland fullnýti Kyotoheimild til að auka losun gróðurhúsalofttegunda til 2012 um 10% miðað við 1990 og fullnýti íslenska ákvæðið svokallaða, sem nemur um 1.600 tonnum af koltvísýringi.“ — Hér er átt við 1,6 millj. tonna af koltvísýringi. — „Fyrirhugaður samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda fram til 2050 hefst því á mikilli aukningu í losun þessara sömu lofttegunda sem dregur vissulega úr trúverðugleika loftslagsstefnunnar og eykur þrýstinginn á atvinnulíf og samfélag eftir 2013.

Náttúrufræðistofnun leggst gegn opinni heimild atvinnurekstrar, þar með talið stóriðju, til að afla sér losunarheimilda með öðrum hætti „svo sem með fjármögnun verkefna á sviði bindingar kolefnis í gróðri og jarðvegi ... eða með kaupum á losunarheimildum erlendis frá“.“

Síðan bendir stofnunin m.a. á að innlend uppgræðslu- og skógræktarverkefni geti, þó að þau séu jákvæð, einnig verið andstæð náttúruverndarsjónarmiðum og leggur að lokum fram þá tillögu sem við höfum gert að okkar, að atvinnurekstri sé heimilt að afla sér þessara losunarheimilda að teknu tilliti til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða.

Umsögnin frá Orkustofnun er merkileg. Ég hef oft staðið í þessum stól og kannski ekki vikið nógu góðu að Orkustofnun. Ég held þó að ég hafi alltaf tekið fram að ég ber mikla virðingu fyrir þeirri stofnun og því mikla starfi og þeim faglegu vinnubrögðum sem þar eru alla jafna sýnd. Ég hef hins vegar gagnrýnt að þeirri stofnun séu falin verkefni sem ekki eiga þar heima heldur ættu betur heima og væru heppilegar niðurkomin hjá undirstofnunum umhverfisráðuneytisins og í því hefur gagnrýni mín falist en ekki á Orkustofnun sjálfa.

Hér segir Orkustofnun m.a. að „í lögum um losun gróðurhúsalofttegunda ætti að marka heildarstefnu um alla þá starfsemi sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis en ekki taka aðeins tvo þætti fyrir. Í því sambandi bendir stofnunin á að u.þ.b. þriðjungur losunar kemur frá samgöngum og annar þriðjungur frá skipaflota landsmanna. Því telur stofnunin mjög mikilvægt að tekið verði á losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis í heild í stað þess að fjalla um afmarkaða hluta.“

Þetta er, forseti, í raun og veru svipuð gagnrýni og við höfum í frammi og fleiri á þessi lög. Að í þeim sé eingöngu verið að bjarga stjórnvöldum á Íslandi frá klandri sem þau lenda í ef þau búa sér ekki til verkfæri til þess að úthluta heimildum samkvæmt undanþáguákvæðinu. Í raun og veru er ekki í þessu frumvarpi verið að takast á við loftslagsvána eða reyna raunverulegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Orkustofnun orðar þetta kurteislega. Við tökum undir þessa gagnrýni en, eins og ég sagði áðan, í nafni einfaldleikans sættum við okkur hins vegar við þann ramma sem þetta ágætlega samda frumvarp setur í kringum stóriðjuna.

Enn merkari kafli og kannski kjarninn í þessari umsögn er svona:

„Orkustofnun telur einnig varhugavert að fjalla um og lögfesta losunarheimildir og kvótasetningu með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu. Stofnunin telur mjög mikilvægt að strax í upphafi sé mörkuð heildarstefna um þá aðferðafræði sem notuð verði til framtíðar við úthlutun og hugsanlegt endurgjald fyrir þau takmörkuðu gæði sem verða til við takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. Stofnunin hefur af því áhyggjur að með 11. gr. frumvarpsins, ef að lögum verður, sé verið að skapa fordæmi um varanlega ráðstöfun á losunarkvótum á grundvelli sögulegra viðmiða, án endurgjalds. Í því sambandi verður að hafa í huga að stefnt er að almennu kerfi framseljanlegra losunarkvóta innan Evrópusambandsins og þá væntanlega jafnframt innan EES. Þau takmörkuðu gæði sem felast í losunarheimildum hafa þegar fengið á sig verðgildi, og líklegt er að verðmæti slíkra kvóta muni fara vaxandi. Löggjafarvaldið verður því að vera meðvitað um að með úthlutun á losunarheimildum nú kunni að vera lagður grunnur að fyrirkomulagi sem muni hafa afleiðingar langt fram yfir það tímabil sem frumvarp þetta fjallar um, þ.e. árin fram til 2013.“

Ég vek enn athygli á því að hér eru ekki einhverjir hálfvitar í lopapeysum með fjallagrös að tala, einhverjir terroristar sem vaða hér uppi og eyðileggja vinnuvélar með maurasýru eða einhverjir stórhættulegir þjóðníðingar sem ekkert kunna fyrir sér og sitja á kaffihúsum í Reykjavík seint og snemma, heldur er það Orkustofnun sjálf og forustumenn hennar, þau Elín Smáradóttir og Þorkell Helgason, sem marka þessa stefnu og gera þessar athugasemdir við frumvarpið.

Ég vil líka til glöggvunar lesa þingheimi einn kaflann í fylgiskjali með umsögninni, þ.e. fyrirlesturinn „Orkumál á krossgötum – Hvert stefnir? – Hvað viljum við?“ sem var ávarp sem Þorkell Helgason orkumálastjóri flutti á hádegisverðarfundi í kjölfar ársfundar Samorku 9. febrúar 2007, en þetta hafa forustumenn Orkustofnunar lagt með umsögninni. Ég ætla að lesa hér 11. kafla ávarpsins til þess að skýra það sem Orkustofnun byggir á með umsögn sinni. Hann heitir Losunarkvótar og er svona, með leyfi forseta:

„Öll gæði sem eru takmörkuð eða þarf að skammta með einhverjum hætti fá á sig verðmæti. Ég sagði fyrr að farsælasta leiðin til að kljást við loftslagsmálin væri að það kæmust á víðtækir losunarkvótar sem verða virtir til fjár. Evrópusambandið er þegar búið að taka upp kvótakerfi að hluta og boðað hefur verið frumvarp hérlendis þar sem fyrstu skrefin að slíku kerfi eru stigin.“ — Þetta er reyndar sagt áður en frumvarpið verður til og óljóst hvort þau hafi verið stigin, a.m.k. er niðurstaða Orkustofnunar sú að það geti farið í alveg öfuga átt. — „Kannski þarf allt að hafa

sína þróun og það kann að vera eðlilegt að fara hægt í setningu losunarkvóta. En í samræmi við það sem ég hef þegar sagt um ráðstöfun annarra takmarkaðra gæða vil ég leggja áherslu á að þegar í byrjun verði ferlið hugsað til enda. Verði kvótakerfi á losun víðtækt í heiminum og þrengt að losuninni svo einhverju nemur fá þessir kvótar hátt verðgildi; kannski 50–100 evrur á tonnið, en ekki aðeins þær 20 evrur eða svo sem verðið er í nú." — Og hefur lækkað mjög síðan. — „En hvað merkir það þá fyrir okkar stöðu á orkumarkaðnum? Auðvitað að hún batnar. Verðmæti orkulinda okkar getur því stóraukist við það að mannkynið taki á loftslagsvandanum. Það kann því að fara fyrir okkur í væntanlegum „hernaði í þágu loftslagsins" — hér er Þorkell væntanlega að vitna í Bill Clinton, að ég held, — „eins og í seinni heimsstyrjöldinni að við græðum á öllu saman!" — Segir orkumálastjóri, með bros á vör.

„En hvar kemur gróðinn fram? Í fyrirlestri sérfræðings Hydro fyrir nokkrum missirum kom fram að losunarkvótaverð upp á 10 evrur á tonnið gæti leitt til kostnaðarhækkunar á áltonni upp á 100 evrur, sem auðvitað þarf ekki að þýða sömu hækkun á álverði, en gefur þó vísbendingu um líklega þróun. Við þetta batnar auðvitað staða álframleiðslu þar sem rafmagnið er unnið án koltvísýringslosunar. Þá leyfi ég mér að spyrja: Ef almennt losunarkvótakerfi kemst á hver á þá að njóta ábatans af því að markaðsstaða raforkugeirans og áliðnaðarins hérlendis kann að batna umtalsvert? Mér finnst það ekki nóg að segja: „Ja, fyrst skulum við nú sjá ágóðann verða til, áður en við förum að ráðstafa honum", eins og sagt var fyrir aldarfjórðungi um hugsanlegan fiskveiðiarð. Er ekki betra að ræða um leikreglurnar áður en mönnum fer að hitna í hamsi!" Spyr orkumálastjóri í þessu fróðlega erindi.

Ég vil í þriðja lagi vekja athygli á umsögn Landverndar en henni fylgdu til umhverfisnefndar glæruútprent sem voru nokkuð merk. Þar er innlegg í þá umræðu sem hér hefur nokkuð viðgengist undanfarið, þ.e. hvort Íslandi beri siðferðisleg skylda til þess að verða eins konar reykháfur veraldar. Sú umræða hefur meira að segja skilað sér til hæstv. umhverfisráðherra í þeim frægu orðum hennar að álver á Íslandi séu ekki hluti af vandanum, heldur hluti af lausninni. Lausnin er þá sú að Ísland taki að sér vegna manngæsku sinnar og ábyrgðar gagnvart heimsbyggðinni að setja hér upp stóran reykháf og að hann sé ekki endilega kyntur með kolum heldur með þessari endurnýjanlegu orku.

Landvernd vekur athygli á því í glæru nr. 7 að álfyrirtækin sækja auðvitað hingað vegna orkuverðsins sem sé ákaflega lágt hér á landi. Hér er glæra af vef Alcoa m.a. þar sem Alain Belda, forstjóri þess fyrirtækis, talar um að orkuverð á Íslandi sé helmingurinn af 30 dollurum á megavattstund. Þetta var víst tekið fljótt af vefnum og má ekki tala um mikið hér á landi því eins og við vitum er það eitthvert allra helgasta leyndarmál á Íslandi hvert orkuverðið er sem við notum til samninga við álverin, þó það viti auðvitað allir í áliðnaðinum og er eitthvert heimskulegasta leyndarmál og bjánalegasta viðskiptatrúnaðarmál sem ég hef nokkurn tíma komist í kynni við.

Það sem Landvernd gerir í glærum sínum er líka það að þeir fara í umræðuna og taka mark á þeim forsendum sem hún gefur sér, þ.e. að það beri að hlusta á þau rök, og ég get tekið undir það, sem menn hafa borið fram um þetta. Ég verð að vísu að segja strax að ég tel að á móti þeim rökum verði að vega umhverfisspjöll á Íslandi. Ég hef ekki orðið var við það þrátt fyrir greinar nokkurra Íslendinga um þetta, orkumálastjóra fyrrverandi og annarra orkuáhugamanna. Ég hef ekki séð heimsbyggðina standa hér í stúkusætum í kringum okkur og hvetja okkur til þess að taka að okkur reykháfshlutverkið, heldur þvert á móti. Það sem ég verð var við er það að útlendir menn segja við okkur að það sé óskynsamlegt, það sé óábyrgt af okkur sem erum gæslumenn þessarar merkilegu náttúru á þessu einstæða landi að fórna henni í þessu skyni og biðja okkur alveg öfugt um að standa okkur í að gæta náttúrunnar og reyna að afla okkur fjár og hafa grundvöll atvinnulífsins í samræmi við það en ekki þvert á það. En rökin eru fyrir hendi og þá verður líka, segir Landvernd, að skoða allt ferlið.

Hún minnir á að til þess að framleiða 1 tonn af áli þarf 2 tonn af súráli. Minnir á það að súrálsnámurnar, nú ætla ég ekki að fara að lýsa þeim eins og gert var um daginn úr þessum stóli, en súrálsnámurnar eru niðurkomnar í heimshlutum nokkuð fjarri okkur, ein er held ég í Jamaíka, önnur í Gínea-Bissá og í enn öðrum heimshlutum. Menn verða því auðvitað að reikna ekki bara með kostnaði, heldur fyrst og fremst losun koltvísýrings frá jarðefnaeldsneyti sem til fellur við flutninginn. Þegar menn verða búnir að leggja þetta allt saman fer dæmið að líta aðeins öðruvísi út en gert er í hinum, mér liggur við að segja, kristilegu greinum orkuáhugamanna sem um þetta fjalla.

Þetta var útúrdúr sem kom til af því að þeir lögðu fram þessar merkilegu glærur og sögðu með þeim m.a. þetta, að álframleiðsla á Íslandi væri í hnattrænu samhengi óhagstæðara en álframleiðsla í þeim heimshlutum þar sem bæði er að finna vatnsafl og báxítnámur. Þetta er fróðlegt innlegg í umræðu sem þyrfti auðvitað að taka á þinginu og í samfélaginu öllu á þessum miklu umhverfistímum okkar.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal, þannig að ég haldi áfram í útúrdúrum, hefur með sínum mikla reikniheila komist að þeirri niðurstöðu að það sem við þurfum að gera næst sé að verja okkur fyrir umhverfisverndarmönnum, flokkum umhverfisverndarmanna sem muni í framtíðinni krefjast þess að við virkjum hér hverja sprænu til þess að verða þessi reykháfur heimsins. Það er skemmtileg framtíðarsýn hjá Pétri H. Blöndal og kannski ætti hann að fá einhvern til að skrifa úr því kvikmyndahandrit því hún er eiginlega svo góð að maður sér fyrir sér smekklega litla hryllingsmynd um það hlutskipti Íslendinga að verjast umhverfisverndarsinnum sem hér koma og vilja reisa reykháfa í landinu. Greenpeace-menn í miklum flokkum og væntanlega vinur okkar, Paul Watson, sem hér kæmi með sitt skip að neyða upp á okkur álverksmiðjum og öðrum spúandi eiturverksmiðjum af öðru og verra tagi.

Landvernd er hins vegar ekki bara að fræða okkur um þessa hluti heldur eru þeir auðvitað líka að tala um frumvarpið í sjálfri umsögninni. Þeir segja að hvað varði 9. gr. um áætlun um úthlutun losunarheimilda þá sé athyglisvert að á tímabilinu 2008–2012 verði samkvæmt frumvarpinu til úthlutunar 10,5 milljón tonn af koltvísýringi eða sem nemur, og þá deila þeir með fimm í þá tölu, 2,1 milljón tonna á ári. Á bak við þá tölu eru m.a. 8 milljón tonn af koltvísýr-

ingi sem eru til úthlutunar samkvæmt svokölluðu íslensku ákvæði Kyoto-bókunarinnar, eða sem nemur 1,6 milljónum tonna á ári. Þetta fór ég í gegnum áðan.

Síðan segja þeir þetta:

„Ljóst er að losun á fyrstu árum tímabilsins verður úthlutun talsvert undir 2,1 milljón tonna, sem er meðal úthlutunarheimild á ári yfir tímabilið. Til þess að fullnýta þær losunarheimildir, sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta, þyrfti því markvisst að auka losun gróðurhúsalofttegunda umtalsvert eftir því sem líður á tímabilið. Ekki fæst betur séð en að þessi mörk mundu t.d. rúma stækkun álvers í Straumsvík, álver í Helguvík og Húsavík og jafnvel einnig í Þorlákshöfn, svo fremi sem einhverjar þessara eininga eru gangsettar tiltölulega seint á tímabilinu.“

Landvernd gerir hér ekki annað en að framlengja varfærnisleg orð athugasemdanna með frumvarpinu sem er, eins og ég sagði áður, vel unnið og vel skrifað miðað við það flókna mál sem frumvarpið fjallar um og athugasemdirnar eru að reyna að skýra.

Landvernd heldur áfram og leggur þetta út af þessum staðreyndum:

„Svo virðist sem ekki sé vilji til þess að nýta það tækifæri sem þessi lagasetning felur í sér til þess að stemma stigu við fyrirsjáanlega hraðri uppbyggingu stóriðjunnar með tilheyrandi virkjunum, háspennulínum, landraski, spjöllum og losun gróðurhúsalofttegunda. Fullt tilefni er til þess að staldra við í þeim efnum …

Nú er ráð að læra af reynslunni áður en lengra er haldið. Víða skortir á grunnrannsóknir og grundvallarupplýsingar til þess að hægt sé að taka góðar ákvarðanir um frekari uppbyggingu stóriðjunnar. Vonir standa til að með 2. áfanga rammaáætlunar verði breyttar og betri forsendur til ákvarðanatöku og því hlýtur að vera skynsamlegt að staldra við fáein ár, enda gríðarlegir hagsmunir í húfi, til langs tíma litið.“

Þessi orð er mér unun að bera í þingið þar sem menn hafa verið með glósur bæði um minn flokk og aðra flokka í stjórnarandstöðu vegna þess að þeir hafa sett fram áætlanir um það að hér eigi að hinkra í stóriðjumálum. Sjálfstæðisflokkurinn er reyndar farinn að taka undir það utan þingsalarins og sett fram tillögur sem við í Samfylkingunni höfum kallað Fagra Ísland eða hluti af tillögum sem við í Samfylkingunni höfum kallað Fagra Ísland um að þessari vinnu við rammaáætlun um vatnsafl og jarðvarma verði með nokkrum hætti snúið í raunverulega rammaáætlun um náttúruvernd áður en frekari ákvarðanir séu teknar í stóriðjuefnum. Það er auðvitað engin furða að Landvernd sé á svipuðum slóðum því auðvitað sækjum við til þeirra manna sem hér hafa best unnið í umhverfismálum undanfarin ár og áratugi.

Ég vil lesa lokaorð Landverndar. Öll umsögnin er prýðilegur texti og athyglisverð, en þeir segja þetta að lokum:

„Það er einlæg von Landverndar að þær háu úthlutunarheimildir sem lagðar eru til í frumvarpinu, þ.e. 10,5 milljón tonn á tímabilinu 2008–2012, verði lækkaðar umtalsvert. Verði mörkin ekki lækkuð í meðferð þingsins þá hljóta landsmenn allir að vona að stjórnvöld nýti ekki þessar umfangsmiklu heimildir til hlítar. Til þess þyrfti að koma óhemju mikil uppbygging stóriðju með tilheyrandi orkuverum og háspennulínum. Uppbygging sem óhjákvæmilega mundi setja mark sitt á dýrmæta náttúru landsins vítt og breitt ófæddum kynslóðum til handa.“

Hér lýkur umsögn Landverndar.

Forseti. Að lokum vil ég minna á og benda á ræki lega umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands. Kannski ræki legasta af þeim umsögnum sem fjalla um málið almennt. Enn einu sinni tek ég fram að þó ég lesi ekki úr umsögnum Skógræktarinnar og sérstaklega Landgræðslunnar þá eru þær einnig mjög merkar.

Ég ætla aðeins að lesa að sinni, umræðan er rétt að hefjast, það sem Náttúruverndarsamtök Íslands segja um andstæð markmið. Það er svona:

„Meginmarkmið loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar er „að minnka nettólosun GHL“ — gróðurhúsalofttegunda — „um 50–75% fram til 2050, miðað við árið 1990.““ — Þetta er tilvitnun í hina frægu stefnumörkun í loftslagsmálum frá því í febrúar 2007 á sama tíma og verið var að semja frumvarpið. — „Með nettólosun er átt við losun að frádreginni bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu.

Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að útstreymi frá „stóriðju“ frá 1990 sem gæti fallið undir skilgreiningar íslenska ákvæðisins gæti aukist um allt að „1,1 millj. tonna umfram árlegar heimildir Íslands á tímabilinu 2008–2012 samkvæmt því ákvæði.““

Síðan rekja Náttúruverndarsamtökin beint úr frumvarpinu þær tölur sem þar eru kynntar til sögu um losun frá þeim álverum sem nú eru annaðhvort þegar í gangi eða eru að hefja starfsemi sína og reikna með stækkun í Alcan. Minna má á það að ef ekki verður af henni nemur hún nokkurn veginn Húsavík og Helguvík samanlagðri. Þeir segja síðan þetta:

„Þannig virðist íslenska ákvæðið“ — sem ég kalla hér undanþáguákvæðið og við í nefndaráliti okkar, þ.e. ákvæðið frá Marrakesh — „hafa laðað til sín fjárfestingar í stóriðju án þess að á móti komi trúverðug áform um samdrátt í útstreymi GHL. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum álverum, í Helguvík og á Bakka á Húsavík. Hvorugt hefur fengið starfsleyfi en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samtals mundu þessi tvö álver auka útstreymi GHL á Íslandi um 820 þúsund tonn á ári. Þar af gætu 750 þúsund tonn fallið undir hið íslenska undanþáguákvæði en það skiptir tæpast máli því heimildir Íslands verða löngu uppurnar þann 1. janúar 2013.“

Náttúruverndarsamtökin minna á það lögfræðiálit sem þau létu vinna og hafa látið þýða í lokaorðin sem ég las áðan. Um leið og þau fagna frumvarpinu á svipaðan hátt og við höfum gert í stjórnarandstöðunni sem því skrefi sem það vissulega er — fyrsta skrefinu að því að taka mark á loftslagsvánni og reyna að standa við skuldbindingar sínar frá Kyoto og Marrakesh — vara þau alvarlega við þeim atriðum sem ég hef gagnrýnt. Ég bendi á þessa góðu umsögn sem ágætisinngang í þau fræði jafnframt

Ég lýk hér ræðu minni, forseti. Hún hefur tekið nokkuð langan tíma enda er um feikilega stórt mál að ræða og ég minni á að við höfum sett fram þrjár breytingartillögur sem ég bið þingheim að kynna sér og veit að þingheimur bregst vel við því á þeim tíma sem eftir er til þingloka. Að þeim breytingartillögum samþykktum getur frumvarpið verið

verulegt skref fram á við í baráttu okkar gegn loftslagsvá með þá ábyrgð á herðum sem við berum gagnvart öllu mannkyni. Þó að við séum smá erum við hluti af því og við eigum ekki að lifa í eilífri undanþágutilveru eins og ríkisstjórnin virðist stefna að bæði fyrr og síðar.

[23:03]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og vant er á síðustu dögum þings koma til umræðu dagskrármál sem útheimta talsvert mikla efnislega yfirferð ef vel ætti að vera. Við skulum ekki gleyma því að þegar sett eru flókin lög á löggjafarsamkomunni er eðlilegt að umræður um mál séu teknar með í lögskýringum hvers konar. Hann er því afar þreytandi, sá plagsiður þessarar ríkisstjórnar, að koma með mikil umræðumál í kippum undir lok þinghalds sem í sjálfu sér skrúfar fyrir allar vitrænar umræður um málin. Annaðhvort ræða menn málin og flytja ræður fram á nótt, eins og nú er þegar klukkan er farin að ganga tólf. Þingheimur bíður þá óþreyjufullur eftir því að þinghaldi ljúki og menn eru því í blóðspreng við að ljúka afgreiðslunni á tíma sem er óboðlegur, sé efni frumvarpanna sem hér fara í gegn skoðað.

Málið sem hér um ræðir fékk allt of litla umfjöllun í umhverfisnefnd, fyrst og fremst vegna þess hversu seint það var fram komið. Málinu var ekki dreift fyrr en undir lok febrúar og ekki tekið inn í nefndina fyrr en í byrjun mars. Það gefur augaleið að á þeim fáu dögum sem liðnir eru frá því að nefndin tók málið til umfjöllunar hefur ekki verið mikill tími til að fjalla um það svo vel geti talist. Ég leyfi mér að fullyrða, frú forseti, að hér er um vanreifað mál að ræða sem útheimtir mun meiri umfjöllun en þetta mál hefur fengið og er það afar miður. Enda ekki um neitt smámál að ræða.

Sannleikurinn er sá að við okkur blasir gríðarlegt vandamál sem er kannski ekki þörf á að fara um mörgum orðum. Samt má geta þess að nýja skýrslan frá milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna IPCC sem kynnt var í síðasta mánuði staðfestir að yfirvofandi loftslagsbreytingar munu valda gríðarlegri hlýnun á heimsvísu eða á bilinu 1,1 gráðu til 6,4 gráðu hærri meðalhita á næstu 100 árum. Skýrslan sú staðfestir að þessar loftslagsbreytingar séu af manna völdum, sem útölumenn hafa reynt að halda fram að sé ekki, alveg fram á þennan dag. Þess er skemmst að minnast er hæstv. fyrrv. forsætisráðherra gat þess í ræðustóli Alþingis um árið að menn væru að mála skrattann á vegginn með því að hrella alþýðu manna með hrakspám um áhrif loftslagsbreytinga. Hæstv. fyrrv. forsætisráðherra Davíð Oddsson talaði um það í ræðum sínum að menn væru að mála skrattann á veginn og hafði á orði að skrattinn væri heldur leiðigjarnt veggskraut. Það eru aðeins örfá ár síðan þessi orð voru mælt úr ræðustól en nú er svo komið að menn fara ekki lengur í grafgötur um hver áhrifin eru eða hvert þau má rekja.

Í viðleitni sinni við að koma böndum á loftslagsbreytingarnar hafa þjóðir heims gert með sér samning, loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og við hann Kyoto-bókunina, sem gerð er grein fyrir í málum sem tengjast þessu þingmáli, þ.e. í nefndaráliti minni hluta a.m.k., í frumvarpinu sjálfu og greinargerð með því.

Skuldbindingar okkar samkvæmt Kyoto-bókuninni og loftslagssamningnum eru þess eðlis að við skuldbindum okkur til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þess vegna gagnrýnum við í stjórnarandstöðunni nýlega stefnumörkun í loftslagsmálum og frumvarpið sem við ræðum um hér. Þegar þessi tvö skjöl eru borin saman er gagnrýni okkar sú að markmiða í stefnumörkuninni um samdrátt sjái ekki stað í frumvarpi um losun gróðurhúsalofttegunda. Það er afar ámælisvert, frú forseti, þegar um jafnalvarleg mál er að ræða eins og þau sem hér er um fjallað, að ekki skuli vera samræmi á milli þess sem langtímastefnumörkunin felur í sér og þingmálsins sem á að spanna og ná utan um framkvæmdina á þessum málum. Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er þess getið að íslensk stjórnvöld ætli sér að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar samkvæmt loftslagssamningnum og Kyoto-bókuninni, leita allra hagkvæmra leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og jafnframt segja þau að markvisst eigi að stuðla að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, að í stað jarðefnaeldsneytis muni koma endurnýjanleg orka í auknum mæli, loftslagsvænt eldsneyti eða vistvænir orkugjafar. Sömuleiðis segir ríkisstjórnin að hún vilji stuðla að því að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og breyttri landnotkun.

Fjallað er um rannsóknir á nýsköpunarsviði loftslagsmála. Þessa þætti á að efla og styðja við útflutning á íslensku hugviti á sviði endurnýjanlegrar orku og tækni auk þess sem undirbúa á aðlögun að loftslagsbreytingum, jafnhliða því sem leitað verði leiða til að draga úr hraða þeirra og styrkleika. Svo kemur rúsínan í pylsuendanum: Meginmarkmið með stefnumótuninni er að minnka losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi um 50–75% frá árinu 1990, sem er viðmiðunarár loftslagssamningsins, til ársins 2050.

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þetta markmið ríkisstjórnarinnar. Ég lít á það sem metnaðarfullt og mikilvægt en ég harma um leið að þess skuli ekki sjá stað í því frumvarpi sem við hér ræðum. Tvískinnungurinn í málflutningi ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálunum er hörmulegur, frú forseti. Ef við værum að ræða þessi mál undir eðlilegum kringumstæðum stæðu fréttamenn í röðum og biðu þess að hæstv. umhverfisráðherra skýrði þennan tvískinnung í stefnu ríkisstjórnarinnar og talaði tæpitungulaust um hvernig ríkisstjórnin getur lagt það til að fara 1,1 millj. tonna fram úr meðaltalslosuninni sem við fengum í undanþáguákvæðinu við Kyoto-bókunina þegar fyrsta bókunartímabilinu lýkur.

Í lok árs 2012 verðum við komin 1,1 millj. tonna fram úr þeim ramma sem Kyoto-bókunin setti okkur. Með öðrum orðum munu íslensk stjórnvöld, ef heldur fram sem horfir varðandi þessi stóriðjumál, þau verk sem nú eru í pípunum og ríkisstjórnin hefur lagað til landsins, sprengja alla ramma. Þessi ríkisstjórn og hæstv. umhverfisráðherra þarf að svara því hver er forsendan fyrir stefnumörkuninni til langs tíma þegar skammtímaáætlunin er jafnsubbuleg og raun ber vitni. Ef við værum að ræða þetta mál undir eðlilegum kringumstæðum stæðu fjölmiðlamenn í röðum og óskuðu þess að hæstv. umhverfisráðherra skýrði þessi mál. Þess vegna harma ég að hæstv. ríkisstjórn skuli stýra þessu máli inn í þennan farveg , að það skuli svo seint fram kom-

ið að það fái ekki tíma í umhverfisnefnd til eðlilegrar umfjöllunar og að það skuli síst af öllu gefinn tími til að ræða það í þingsölum þannig að málinu fylgi efnisleg umræða og skoðanaskipti fólks úr öllum flokkum.

Allt er þetta hið snautlegasta, hæstv. forseti. Meðferðin á málinu er hálfgrátleg og sama má segja um rök hæstv. umhverfisráðherra í þessum málum þegar hún hefur svarað gagnrýni okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem við höfum komið fram með vegna þessa tvískinnungs alls, þá er varnarræða hennar afar ósannfærandi.

Hæstv. ráðherra Jónína Bjartmars svaraði í þingræðu í febrúar, sennilega 11. febrúar síðastliðinn, þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði hana um losunina sem gera má ráð fyrir að verði frá stóriðjunni á tímabilinu 2008–2012, að stóriðja á Íslandi væri ekki hluti af loftslagsvandanum, stóriðja á Íslandi væri hluti af lausninni vegna endurnýjanlegra orkugjafa okkar. Ég leyfi mér að segja úr þessum ræðustól, virðulegi forseti, heyr á endemi. Að umhverfisráðherra á Íslandi skuli leyfa sér að halda því fram að stóriðja á Íslandi geti verið hluti af lausninni á loftslagsvandanum.

Hæstv. ráðherra til upplýsingar þá er lausnin á þessum loftslagsvanda, eftir því sem færustu vísindamenn segja, samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda. Að sigla með súrál frá Jamaíku eða Ástralíu þvert yfir heimshöfin með ómældri losun á koltvísýringi upp til Íslands til að bræða það hér, og losa áfram af verksmiðjunum, jafnvel þótt lítil losun verði af raforkuframleiðslunni, er ekki lausnin á loftslagsvandanum. Þetta er hluti af vandamálinu. Við verðum þannig samábyrg með þeim sem menga mest, skussunum sem ekki ætla að taka á sig ábyrgð í loftslagsmálunum með því framferði sem við höfum sýnt og því ábyrgðarleysi sem ríkisstjórnin hefur sýnt í þessum efnum.

Þetta er ríkisstjórnin sem segir í öðru orðinu að stóriðjustefnan sé liðin undir lok, ekki sé lengur rekin stóriðjustefna á Íslandi. Auðvitað er þetta mál hið versta fyrir ríkisstjórnina og auðvitað er þetta málið sem á stóran hlut í því fylgistapi sem skoðanakannanir eru að sýna að hrjái Framsóknarflokkinn þessa dagana og það skyldi engan undra þegar menn leyfa sér að varpa fram sjónarmiðum sem eru jafnuppfull af hroka gagnvart vandamálinu og tvískinnungi gagnvart því hvernig á að takast á við það.

Virðulegi forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram á Alþingi þingmál sem hefur að geyma okkar helstu sjónarmið í þessum efnum og hvernig við sjáum skynsamlegast að takast á við þennan vanda. Því þingmáli var dreift á Alþingi einhvern tíma í október eða nóvember, held ég, a.m.k. fljótlega í byrjun þings. Þingmálið er að finna á þskj. 259 og er tillaga til þingsályktunar um loftslagsráð. Í því þingmáli álítum við að einfaldast sé og skynsamlegast fyrir okkur að setja á fót loftslagsráð sem hafi tiltekin verkefni með höndum, m.a. það að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda á markvissan hátt og annarra þeirra efna sem geta haft skaðleg áhrif á andrúmsloft og loftslagsþróun. Loftslagsráð af þessu tagi þyrfti líka að hafa með höndum verkefni sem fæli það í sér að meta líkleg áhrif loftslagsbreytinga á þjóðarhag og þjóðaröryggi, því að þó að í stórum erlendum skýrslum sé hægt að fá talsvert miklar upplýsingar um áhrif loftslagsbreytinganna, líkleg áhrif loftslagsbreytinganna á t.d. náttúru- og vistkerfi þá er þjóðunum í sjálfu sér uppálagt hverri og einni að meta þau áhrif sem hlýnunin og áhrif á vistkerfið geta síðan á endanum haft á samfélag, á þjóðarhag og þjóðaröryggi. Þetta þarf að skoða á landsvísu og við Íslendingar þurfum auðvitað að skoða þetta eins og aðrar þjóðir.

Loftslagsráð að mati okkar Vinstri grænna þyrfti líka að vera til ráðgjafar um rannsóknarþörf og viðbrögð á sviðum sem mestu varða m.a. um mannvirkjagerð, um skipulag byggðar, samgöngur, atvinnuhætti, þróun lífríkis. Það nægir að nefna núna gríðarleg áform um uppbyggingar á landfyllingum rétt vestan við okkur sem fræðimenn og fræðingar ýmiss konar hafa verið að vara við, bæði erlendir og innlendir. Það er eðlilegt að hið opinbera setji á laggirnar einhvers konar stofnun sem kanni þetta með hlutlægum hætti og leggi á þetta mat hvað sé skynsamlegt í þessum efnum, hvað sé eðlilegt að heimila eða hægt að fara í ef tekið er mið af þeim spám sem vísindamenn hafa komið fram með og hvað sé í rauninni ófæra í þessum efnum.

Loftslagsráð getur líka miðlað fræðslu og rækt alþjóðatengsl sem orðið geti viðfangsefni ráðsins til framdráttar og sömuleiðis er gert ráð fyrir því í tillögu okkar Vinstri grænna að loftslagsráð geti beint að eigin frumkvæði tilmælum til opinberra aðila og annarra eftir því sem tilefni þykir til. Þetta er þekkt módel þar sem við getum nefnt sem dæmi hvernig stjórnvöld hafa tekist á eða eru að reyna að takast á við jafnréttismálin þar sem komið er á einhverju ákveðnu opinberu batteríi þar sem jafnréttisfulltrúar mynda með sér tengingu sem á að skoða jafnréttismálin í opinbera kerfinu. Við getum nefnt Staðardagskrá 21 þar sem sveitarfélög hafa með sér ákveðið samstarf sem á að meta umhverfisáhrifin af framkvæmdum í sveitarfélögum og það hvernig sveitarfélög geta staðist þær kröfur sem gerðar eru til okkar varðandi sjálfbæra þróun. Loftslagsráð gæti samkvæmt hugmyndum okkar haft innan borðs fulltrúa þingflokkanna á Alþingi, fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, frá ráðuneytunum og opinberum stofnunum, frá samtökum á vinnumarkaði og frá umhverfisverndar- og neytendasamtökum og svo gerum við ráð fyrir að þetta loftslagsráð skili skýrslu um störf sín til Alþingis eigi sjaldnar en annað hvert ár. Við höfum með þessu máli okkar afar efnismikla greinargerð sem fjallar m.a. um brýnustu verkefni alþjóðasamfélagsins í þessum málum, m.a. hvernig draga þurfi úr heildarlosun og hvernig þáttur Íslands hingað til hefur þróast og losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis, hversu lagasetningu hér hefur verið ábótavant og hversu sorglegur skortur hefur verið á afstöðu núverandi ríkisstjórnar til mótunar framtíðarstefnu í þessum efnum.

Ráðleysið sýnir sig ekki síst í því að í fyrra þegar við fengum til umfjöllunar frumvarp til laga um skráningu á losun gróðurhúsalofttegunda, frumvarp sem var gert að lögum á síðasta þingi en verður nú breytt með því að það er innifalið í þessu frumvarpi hér, þá fengum við einmitt frá Orkustofnun umsögn og því frumvarpi fylgdi meira að segja uppkast að öðru frumvarpi þar sem sameinað var í eitt áætlun um losunina, þ.e. með hvaða hætti ætti að skrá losunina og sömuleiðis svipuð ákvæði og er að finna í þessu frumvarpi, þannig að ein af stofnunum okkar opinbera kerf-

is var á síðasta ári búin að skila til umhverfisnefndar tillögu að frumvarpi sem hafði að geyma sömu og svipuð prinsipp og loksins er verið að leggja fram hér af ríkisstjórninni.

Farið var vel yfir það af hv. þm. Merði Árnasyni áðan þegar hann fór yfir nefndarálitið hvernig Náttúruverndarsamtökin og Landvernd hafa tjáð sig í þessum efnum. Það má líka nefna að Umhverfisstofnun hefur tjáð sig um þessi mál bæði í fyrra og eins núna. Ef ég glugga í það sem Umhverfisstofnun sagði um málið sem varðar skráningu gróðurhúsalofttegunda frá því í fyrra þá töldu starfsmenn Umhverfisstofnunar og forstjóri hennar afar mikilvægt að ráðist yrði í markvissa vinnu sem miði að því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda, tekur sem sagt undir þær kröfur sem í orði kveðnu eru settar fram í stefnumörkun til langs tíma. Umhverfisstofnun segir að það þurfi að setja lagalega bindandi losunarmörk ásamt því að útfæra reglurnar um losunarheimildirnar. Þetta var allt saman komið fram fyrir löngu síðan og stjórnvöld bregðast þess vegna afar slælega við og hægt að mínu mati þar sem hvatningin hefur verið til staðar frá öllum stofnunum í kerfinu, að ekki sé talað um umhverfisverndarsamtökunum sem hafa reynt að brýna hæstv. ríkisstjórn árum saman í þeim efnum ásamt okkur sem hér höfum farið fremst í flokki stjórnmálaflokka í þessum málaflokki, við Vinstri græn.

Það er ágætt að rifja upp, hæstv. forseti, að í norrænu samstarfi höfum við skuldbundið okkur og ráðherrar okkar hafa undirritað metnaðarfull markmið ekki hvað síst í umhverfismálunum og þar með loftslagsmálunum og það er ekki lengra síðan en í janúar sl. sem á fundi Norðurlandaráðs var haldið málþing sem fjallaði um norræna orkustefnu sem svar við hnattrænum áskorunum á sviði loftslagsmála þar sem farið var yfir það hvernig ríkari hluti heimsins, þar með talin Norðurlöndin, er valdur að mestum hluta gróðurhúsalofttegunda og fram kom á fundinum að ríku löndin, bæru ákveðnar skyldur í þessum efnum, Norðurlöndin ekki hvað síst. Okkur bæri að ganga á undan með góðu fordæmi og endapunkturinn var að minnka losun. Það er nauðsynlegt þar sem þekkingin er til staðar og þar sem fjármagnið er til staðar að tekið sé betur á heldur en raun ber vitni og á þessu málþingi voru norræn stjórnvöld áminnt um það að standa saman og sýna í verki pólitískan vilja og pólitíska getu til að minnka losunina. Þetta eru málin sem Norðurlandaráð segir að verði efst á baugi í Norðurlandaráðsþinginu í Ósló í lok október og á því þingi verður örugglega gerð grein fyrir þeim stefnumiðum sem norrænar ríkisstjórnir hafa sett sér. Ég geri ráð fyrir að þar verði skoðað á hvern hátt Norðurlöndin geta í sjálfu sér gengið á undan með samþættingu þessara mála, þ.e. hvernig Norðurlöndin geta á róttækan hátt farið fyrir ríkjum veraldarinnar með því að búa til marktæka stefnu fyrir lönd sín um hvernig megi draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Mér þykir miður, hæstv. forseti, að ekkert skuli benda til þess að ríkisstjórn Íslands geti verið í flokki með þessum framsæknu ríkisstjórnum sem Norðurlandaríkisstjórnirnar ætla sér að reyna að vera. Íslenska ríkisstjórnin getur ekki með hreinni samvisku gengið á undan eða farið í þennan flokk þeirra þjóða sem þykjast ætla að ganga á undan með góðu fordæmi þegar verið er að auka losun gróðurhúsalofttegunda á þeim nótum sem hér hefur verið gerð grein fyrir í nefndaráliti minni hluta umhverfisnefndar.

Hæstv. forseti. Ég sé svo sem ekki ástæðu til að lengja umræðuna mjög. Ég tek undir allt það sem hv. þm. Mörður Árnason sagði í framhaldi af því sem hann sagði þegar hann fylgdi úr hlaði nefndaráliti okkar. Mér finnst einungis erfitt að þessar aðstæður skuli vera með þeim hætti sem raun ber vitni. Mín tilfinning er alltaf í lok þings sú að stjórnarandstaðan, sem eðli máls samkvæmt og lýðræðið gerir ráð fyrir að sé eitthvert aðhald á ríkisstjórnina, hafi ekki þau tæki og þau tól í höndunum sem eru nauðsynleg til að veita ríkisstjórninni aðhald þegar hægt er að setja á okkur þá pressu sem raun ber vitni í lok þinghalds hvert einasta ár. Sjónarmið þau sem við setjum fram í umræðunum, eins og t.d. í þessari tilteknu umræðu um loftslagsbreytingarnar og frumvarp hæstv. umhverfisráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda fær ekki þá athygli sem það verðskuldar, það fær ekki þá umræðu sem það verðskuldar og sjónarmið okkar verða auðvitað hunsuð við afgreiðslu þess. Það er ekki beint uppörvandi að ræða málið við þessar aðstæður en maður setur undir sig hausinn og lætur sig hafa það.

Við Íslendingar einblínum mjög á orkunotkun. Okkur hefur ekki lánast að setja upp metnaðarfull markmið um að spara orku. Mér dettur í hug af því að ég var að horfa á fréttir í kvöld þar sem kom fram að við værum í óða önn að reyna að setja upp háskóla, tvo frekar en einn á sviði orkurannsókna. Tveir orkuháskólar í bígerð á Íslandi, kom fram í sjónvarpsfréttum í kvöld. Það að við skulum beina athyglinni svo mjög að orkunni og orkuframleiðslu segir mér að við séum með nokkuð skakkan fókus í þessum efnum og ég er sannfærð um að við værum að ná miklu lengra í því að breyta hugarfari þjóðarinnar ef við einblíndum frekar á umhverfismálin og á sjálfbæra þróun. Ef við settum upp tvo háskóla, sem einbeittu sér að sjálfbærri þróun og rannsóknum á sjálfbærri þróun, mundi það skipta meira máli fyrir umhverfi veraldarinnar og fyrir upplýsingu og fyrir meðvitund þjóðarinnar frekar en að einblína einlægt á orkuna, orkuframleiðsluna og orkunotkunina því sannleikurinn er sá að leitun er að þeirri þjóð á byggðu bóli sem eyðir jafnmikilli orku og Íslendingar gera.

Athyglisvert var að lesa grein í Morgunblaðinu í lok febrúar þar sem fjallað var um þessi mál. Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs, fjallaði í viðtali við blaðið um það hvernig Íslendingar gætu lækkað raforkureikning landsins verulega með afar einföldum aðgerðum. Hann sagði að almenn raforkunotkun á Íslandi, að stóriðjunni undanskilinni, næmi 2.681 gígavattstund og hann taldi raunhæft að það mætti spara 15% af því án þess að það kæmi nokkuð niður á lífsgæðum eða framleiðslu. Meðalraforkunotkun heimila er um 4,5 megavattstundir á ári, sagði Sigurður Ingi Friðleifsson. Því gæti 15% sparnaður numið 6.000 kr. á heimili sem er kannski ekki há fjárhæð en á móti kemur að ástæðulaust er með öllu að eyða í óþarfasóun. Sigurður Ingi segir að þetta sjáist best á því þegar heildarnotkun okkar er skoðuð en þá komi í ljós að slíkur sparnaður sem hann er að leggja þarna til næmi sem svaraði 402 gígavattstundum, sem í peningum talið gæti numið um 3,2 milljörðum kr. Það munar um minna, virðulegi forseti, á þessum síðustu og verstu tímum. Ef dugur væri í ríkisstjórninni og ef hún meinti eitthvað með lang-

tímaáætlunum í loftslagsmálunum og þeirri stefnumörkun sinni í loftslagsmálum, sem út kom í síðasta mánuði, þá hefði fylgt með þeirri stefnumörkun öflug tímasett áætlun um hvernig við ætluðum að draga úr orkusóun. Ljóst er að langtímamarkmið okkar er og þarf að vera að draga úr gróðurhúsalofttegundum um a.m.k. 50% fyrir miðja 21. öldina. Það er nauðsynlegt að setja bindandi losunarmörk og útfæra þær reglur sem hér er byrjað að vinna að á yfirgripsmeiri hátt en raun ber vitni og vitna ég þar kannski sérstaklega til þeirra reglna sem þarf að setja varðandi bindingu í gróðri en eins og kemur fram í nefndaráliti minni hlutans er það enn óskoðað mál. Ekki er ólíklegt að skrifstofa loftslagssamningsins í Bonn setji fram um það mál ákveðnar hugmyndir eða réttara sagt framkvæmanlegar hugmyndir sem geti verið nýtilegar, en ég efast um að þau verkefni sem hægt væri að setja á legg hér af því tagi verði umfangsmikil. Mér finnst það ofurbjartsýni af þeim sem hafa verið að vinna fréttir af ljósvakamiðlunum upp á síðkastið og hafa verið að setja niður græna fótboltavelli vítt og breitt um Ísland, sem eiga að sýna hversu mikið sé hægt að binda eða þurfi að binda í gróðri til að vega upp á móti stóriðjunni. Ég minnist þess þegar ég hef sótt fundi og málþing á erlendum vettvangi um loftslagsmál hafa ævinlega verið varnaðarorð uppi varðandi bindinguna í gróðrinum og nauðsynlegt sé að fara þar með mikilli gát. Eftir því sem kom fram í upplýsingum frá umhverfisráðuneytinu í meðförum nefndarinnar á málinu er ljóst að flækjustig slíkrar vinnu er gríðarlega hátt. Slíkt er því enn að miklu leyti fugl í skógi og langt í land að útfærðar reglur líti dagsins ljós í þeim efnum en auðvitað er nauðsynlegt að unnið sé að slíku og á endanum náð lendingu í þeim efnum.

Það er skoðun mín að Ísland hafi haft tækifæri til að vera í hópi þeirra forustuþjóða sem ég nefndi áðan í þessum málum en því miður hefur stóriðjustefnan sett okkur stólinn fyrir dyrnar með það, því að á alþjóðavettvangi á þjóð, sem leyfir sér að gera það sem við erum að gera með því að fara út fyrir alla þá ramma sem við þó höfum skuldbundið okkur til að vera innan, ekki skilið góða einkunn í loftslagsmálunum. Núverandi ríkisstjórn fær í mínum huga falleinkunn. Um það vitna þau áform sem gerð er grein fyrir í fylgiskjölum og athugasemdum með frumvarpinu og við höfum gagnrýnt málefnalega í stjórnarandstöðunni í efnismiklu nefndaráliti sem hefur að geyma umsagnir málsmetandi aðila í þessum málaflokka sem styðja sjónarmið okkar.

[23:34]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Mörður Árnason):**

Forseti. Þótt mál mitt hafi ekki verið stutt þegar ég mælti fyrir áliti minni hlutans um þetta þingmál þá bar það nokkuð brátt að. Ég hef það mér til afsökunar í síðara innleggi mínu í kvöld að það var verið að ræða mál nr. 18, 19 eða 20 á dagskránni og þá birtist allt í einu á sjónvarpsskjánum sem var í námunda við mig formaður umhverfisnefndar. Ég horfði á hann svolitla stund og fannst ég eitthvað kannast við manninn en vissi ekki alveg hvað hann var að tala um en uppgötvaði síðan að hann var að tala um losun gróðurhúsalofttegunda. Ég hljóp hingað upp og setti mig á mælendaskrá og hafði ekki undirbúið mál mitt meira en það sem nefndarálitið lýsti. Ég tel því rétt að gera eina leiðréttingu, leiðrétta eitt atriði sem ég minntist á hér áðan og gera tveimur umsögnum aðeins betri skil og skal vera stuttorður um hvort tveggja.

Leiðréttingin felst í því að ég bar upp á Þorkel Helgason að hann hefði verið að vitna í Bandaríkjaforsetann Bill Clinton þegar hann var þvert á móti að vitna í George W. Bush. Það er nú nokkur munur á og sjálfsagt að hafa það nákvæmlega rétt. Þorkell hefur fyrirlestur sinn frá ársfundi Samorku 2007 einmitt með því að rifja það upp að fyrir níu árum hafi hann í fyrsta sinn farið á heimsþing Alþjóðaorkuráðsins, sem svo sannarlega væri gaman að sækja, sem þá var haldið á miklum orku- og olíuslóðum í Texas og hátíðarræðumaður var George W. Bush sem þá var þar ríkisstjóri. Þorkell heldur, eða er a.m.k. búinn að festa það í minni sér, að styrktaraðili þingsins, eins og sagt er á góðri íslensku, hafi verið fyrirtækið Enron. Hann hefur greinilega gaman af því að hvor tveggja sé nokkuð á fallandi fæti, annars vegar fyrirtækið Enron og hins vegar George þessi Bush sem þá var ríkisstjóri í olíuríkinu Texas. Hann leggur nokkuð út af því í ræðu sinni um orkumál á þessum loftslagstímum.

Ég ætlaði líka að gera skárri skil þeim niðurstöðum sem felast í glæruútprenti Landverndar en þær fylgja umsögn þeirra nokkuð rækilegar en ég gaf til kynna áðan. Mig langar að lesa niðurstöðurnar. Þetta eru sjö atriði, punktar, og hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Álframleiðsla á Íslandi er í hnattrænu samhengi óhagstæðari en álframleiðsla í þeim heimshlutum þar sem bæði er að finna vatnsafl og báxítnámur.

2. Flutningur á hráefnum heimshorna á milli veldur losun gróðurhúsalofttegunda.

3. Með því að nýta „íslenska ákvæðið“ í þágu áliðnaðar stuðla Íslendingar að aukinni losun gróðurhúsalofttegunda með óþarfa flutningi á hráefnum.

4. Ef ákvæðið væri notað í iðngrein þar sem framleiðsla hérlendis mundi draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda horfði málið öðruvísi við.

5. Við getum hins vegar lagt okkar af mörkum í formi þekkingar og aðstoðað við uppbyggingu í heimshlutum þar sem hráefni og vatnsafl eru til staðar.

6. Miðað við samfélagsþátt sjálfbærrar þróunar eiga undirboð Íslands á orkuverði heldur ekki rétt á sér. Ætla má að samfélög í sumum þeim álfum sem eiga vatnsafl og báxít hafi ríkari þörf fyrir uppbygginu af þessu tagi en velmegunarlandið Ísland.

7. Líta ætti á heimildina um 1,6 milljónir tonna sem hámarksheimild á síðasta ári tímabilsins en ekki sem meðaltal á samningstímanum.“

Ég tel að ég hafi þurft að gera umsögn Landverndar þessi skil úr því að ég hóf máls á henni og las hér úr henni. Þessar niðurstöður, það sem sést á glærunum, eru svo sannarlega sjálfur kjarni umsagnarinnar og ég tek undir hvern einasta punkt og get staðið við það því að við í minni hluta nefndarinnar höfum gert þann síðasta þeirra að einum af þremur eða fjórum breytingartillögum okkar í málinu.

Hæstv. umhverfisráðherra hefur verið svo kurteis að sitja hér í þessari umræðu sem er auðvitað viðeigandi að hún geri. Hún þarf þess ekki samkvæmt ströngum þingvenjum því að málið er ekki lengur á hennar forræði heldur

á forræði þingsins og framsögumaður nefndarálits meiri hlutans er ábyrgðarmaður í málinu að þingvenju. En þar sem ráðherra er viðstaddur vil ég lesa þann kafla úr umsögn Náttúruverndarsamtakanna sem ég hefði átt að gera meira úr í framsöguræðu minni en hann fjallar um samningsmarkmið Íslands. Ég tel ástæðu til að hæstv. umhverfisráðherra upplýsi það hér við þessa umræðu, þegar við ræðum um að stíga þetta skref og hvert á að stíga, upplýsi okkur um áætlanir sínar og ríkisstjórnarinnar þann tíma sem eftir lifir — starf ríkisstjórnar miðast ekki eingöngu við líf hennar heldur við landsins gagn og nauðsynjar og þarf að halda áfram hvað sem líður kosningum og stjórnarskiptum. Ég tel ástæðu til að hún upplýsi okkur um afstöðu ríkisstjórnarinnar í þeim viðræðum sem eru að hefjast á næstunni um tímabilið eftir að Kyoto-tímabilinu, 2008–2012, lýkur.

Í umsögn Náttúruverndarsamtakanna segir, með leyfi forseta:

„Forustumenn ríkisstjórnar Íslands hafa lýst yfir að markmið Íslands sé að afla heimilda til frekari uppbyggingar stóriðju á Íslandi. Þáverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, lýsti því yfir á Alþingi 6. febrúar 2006, að: „Það liggur fyrir að við höfum heimild til að byggja stóriðju sem samsvarar 1.600 þús. tonnum af $CO_2$. Það ákvæði gildir til 2012. Hvað tekur við eftir 2012 vitum við ekki. Ég hef svarað því mjög skýrt að við hljótum að gera þá kröfu áfram að geta nýtt okkar endurnýjanlegu auðlindir og tekið þátt í því að minnka mengun í heiminum með því að framleiða rafmagn með vistvænum hætti á Íslandi. Það vil ég að sé alveg skýrt.““

Þessi ummæli, svo að ég skreppi út úr greinargerðinni, eru náttúrlega á þann veg að það sem hann er í raun og veru að segja, ekki það sem hann í sjálfu sér segir þegar hann segir að þetta sé alveg skýrt, er þannig að hann ætli sér í raun að halda áfram kröfugerð af Íslands hálfu um frekari undanþáguákvæði á næsta Kyoto-tímabili.

Náttúruverndarsamtökin segja síðan áfram:

„Umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, hefur ítrekað lýst yfir sams konar skilningi á hlutverki Íslands og í stefnuræðu sinni við setningu Alþingis sl. haust lagði forsætisráðherra, Geir Haarde, áherslu á sérstöðu Íslands. Flest bendir því til að frumvarp þetta sé biðleikur nema skýrt komi fram í athugasemdum við það á hvern hátt það tengist loftslagsstefnu stjórnvalda og samningsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar á vettvangi Kyoto-bókunarinnar.“

Með athugasemdum tel ég að umsagnarritarinn eigi kannski við ræðurnar um frumvarpið og nefndarálitin við það en ekki hinar eiginlegu athugasemdir sem við köllum svo í okkar þingslangri.

Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Brýnt er að fram komi sá skilningur löggjafans að íslenska undanþáguákvæðið verði ekki endurtekið og að álfyrirtæki á Íslandi verði í framtíðinni að finna leiðir til að draga verulega úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda eða bæta fyrir losun með öðrum hætti. Á sama hátt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu að þau fyrirtæki geri sem ekki rúmast innan losunarheimilda Íslands 2008–2012.

Það má ekki gerast að ríkisstjórnin fari aftur fram með kröfur um undanþágur fyrir orkufrekan iðnað á Íslandi í anda þess ákvæðis sem samþykkt var á 7. fundi aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Marrakesh árið 2001. Slíkt samningsmarkmið samrýmist hvorki yfirlýstum tilgangi lagafrumvarps þessa né loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar.“

Þetta segir m.a. í umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands og ég framlengi þessar staðhæfingar og þessar spurningar til hæstv. umhverfisráðherra sem hér er stödd. Í fyrsta lagi óska ég eftir því að hún greini okkur frá því með hvaða hætti þetta frumvarp tengist loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar og hvernig á því stendur að fyrsta skrefið í þeirri stefnu er að auka losun sem á að minnka um 50–75% árið 2050 frá því sem var árið 1990, fyrir 17 árum.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðherra: Hver eru samningsmarkmið ríkisstjórnarinnar í þeim viðræðum sem eru að hefjast, eða eru í raun og veru hafnar má segja, um næsta tímabil eftir það sem við kennum við Kyoto?

[23:44]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Mér finnst eðlilegt í þessari umræðu að bregðast við einhverjum þeim atriðum sem komið hafa fram í ágætri framsöguræðu Marðar Árnasonar af hálfu minni hluta umhverfisnefndar og reyna að svara einhverjum af þeim spurningum eða álitaefnum sem hv. þingmaður hafði orð á í ágætri og yfirgripsmikilli ræðu sinni. Ég vil byrja á því að segja að mér finnst ánægjulegt að minni hluti umhverfisnefndar fagnar frumvarpinu, tilgangi þess og efni, í grundvallaratriðum eins og kemur fram í áliti minni hlutans þótt hann leggi fram breytingartillögur við það.

Tengingin við loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar er vissulega til staðar. Ef hér verður áframhaldandi uppbygging stóriðju í áliðnaði er í fyrsta lagi ljóst að hún þarf að hlíta ströngustu mögulegum skilyrðum um lágmörkun losunar. Íslensk álver sem framleiða á heimsmarkaði losa aðeins um þriðjung til fjórðung af gróðurhúsalofttegundum miðað við meðalálver í heiminum og til lengri tíma munu þau þurfa að gera enn betur og m.a. þróa tækni um kolefnalaus rafskaut á næstu árum eða áratugum. Ég hef fulla trú á að svo geti orðið. Losun frá álverinu í Straumsvík á framleitt tonn af áli hefur minnkað um tvo þriðju eða meira frá 1990 og markmið stjórnvalda um 50–75% minnkun losunar til 2050 eru mjög sterk skilaboð til atvinnulífsins og almennings um að hefja markvissa þróun í átt að loftslagsvænni atvinnustarfsemi. Ef árangur þjóðfélagsins í heild verður jafngóður á næstu 40 árum og áliðnaðarins á Íslandi á sl. 15 árum næst þetta markmið.

Mig langar að nefna, frú forseti, varðandi það atriði að losunarheimildin sé takmörkuð gæði — minni hlutinn leggur til að að gjald verði lagt á losunarheimildir stóriðju á komandi skuldbindingartímabili og vitnar þar til kerfis ESB máli sínu til stuðnings. Þar er þó miklum meiri hluta heimilda úthlutað ókeypis en fyrirtækjum er gert að minnka losun með samdrætti eða með kaupum á heimildum þeirra sem ná að minnka meira en þeir þurfa. Það verður að leggja áherslu á það að áliðnaðurinn er ekki inni í kerfi ESB. Því má segja að minni hlutinn sé að krefjast sérstakrar skattlagningar á stóriðju á Íslandi sem er ekki fyrir hendi í ESB varðandi þá starfsemi sem fellur undir það frumvarp sem hér um ræðir. Engin tilefni eru til slíks og við megum ekki

gleyma því í þessu samhengi að íslensk ákvæði setja stóriðju mjög þröng skilyrði þannig að losun hér verður að vera eins lítil og besta fáanlega tækni gerir á annað borð mögulegt. Þetta hefur kostnað í för með sér fyrir fyrirtækin og með frumvarpinu verða settar nýjar kvaðir á stóriðjufyrirtæki. Þau geta fengið úthlutað heimildum af þeim kvóta sem Ísland fær úthlutað frá skrifstofu Kyoto-bókunarinnar en losun umfram það þurfa fyrirtækin að greiða á markaðsvirði. Við verðum að hafa það í huga í allri umræðunni um þetta mál að í dag eru engar hömlur á losun koldíoxíðs frá stóriðju en með samþykkt frumvarpsins eru settar slíkar hömlur sem verða til þess að stjórnvöld hafa tæki til að tryggja að við stöndum við Kyoto-skuldbindinguna. Við megum ekki gleyma því grundvallaratriði sem frumvarpið gengur út frá.

Jafnframt hefur minni hlutinn haft á orði að það sé óheppilegt að blanda saman úthlutun samkvæmt undanþáguákvæðinu og úthlutun úr almenna kvótanum og gagnrýnir að tekinn sé af handahófi hluti almenna kvótans og settur til stóriðjuúthlutunar. Ég viðurkenni að útreikningurinn á bak við þetta er vissulega nokkuð flókinn en því fer hins vegar fjarri að tölurnar séu teknar af handahófi og er ítarlegar skýringar að finna um þetta í frumvarpinu (**Gripið fram í:** Það er ekki svo.) eins og ég veit að hv. nefndarmenn í hv. umhverfisnefnd kannast við. Við höfum líka í framsögu um þetta mál farið nokkuð nákvæmlega yfir hvað liggur þarna að baki. En svo háttar til að ef einungis er úthlutað af kvótanum í íslenska ákvæðinu þá kemur upp sú skrýtna staða að greina þarf á milli losunar í tveimur verksmiðjum, álverinu í Straumsvík og Járnblendiverksmiðjunni, þar sem hluti hennar var til staðar 1990 en annar hluti fellur þá undir íslenska ákvæðið sem nær eingöngu til nýframkvæmda eða stækkunar eftir 1990. Þetta er mun flóknara í framkvæmd en sú leið sem er valin í frumvarpinu, að úthluta losunarheimildum sem duga fyrir allri losun frá þessum verksmiðjum. Með því að setja takmarkanir á losun frá stórum verksmiðjum, bæði af því sem fellur undir íslenska ákvæðið og hinu sem fellur undir almennar skuldbindingar Íslands, er líka verið að setja strangari öryggisgirðingar utan um losun stóriðju en ef eingöngu væri litið til íslenska ákvæðisins. Ef takmarkanir í ókeypis losun næðu eingöngu til íslenska ákvæðisins væri t.d. engin lagaleg heimild til að takmarka losun frá starfsemi sem fellur ekki undir skilyrði þess. En sá hluti sem fellur undir almennu heimildirnar dugar eingöngu til losunar stóriðju sem var fyrir hendi fyrir 1990 auk sementsverksmiðjunnar sem að öllum líkindum þarf á heimildum að halda og hugsanlegrar rafskautaverksmiðju á Katanesi sem þegar hefur starfsleyfi. Hér er því um að ræða strangar öryggisgirðingar sem alls ekki eru settar af handahófi.

Það er ýmislegt annað, frú forseti, sem ég hefði viljað koma inn á og bregðast við sem kom fram í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar, sem framsögumanns minnihlutaálitsins, og þó ætla ég til þess að reyna að stytta mál mitt að nefna nokkur almenn atriði varðandi stóriðju- og loftslagsmál í tilefni af ræðu bæði hv. þm. Marðar Árnasonar og Kolbrúnar Halldórsdóttur og segja að það er full ástæða til að fara með gát varðandi bæði virkjun og stóriðju og það á sérstaklega við vegna náttúruverndarsjónarmiða. Við megum ekki rasa um ráð fram við virkjun fallvatna og háhitasvæða og breyta ásýnd landsins meira og hraðar en við kærum okkur um. Margir eru eindregnir andstæðingar stóriðju af öllu tagi af þessum sökum en við megum hins vegar ekki láta slíka andstöðu blinda okkur gegn staðreyndum. Virkjun fallvatna og jarðhita getur verið neikvæð frá náttúruverndarsjónarmiðum en nýting endurnýjanlegrar orku er jákvæð frá loftslagssjónarmiðum.

Tilgangur og grunnur þessa frumvarps er að setja stóriðju skorður vegna skuldbindingar okkar samkvæmt Kyotobókuninni og það sendir líka skilaboð fyrir framtíðina um, og nú tel ég mig vera að svara fyrirspurnum hv. þingmanna, að almennt megi búast við þrengingu um heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna nýrra alþjóðlegra skuldbindinga. Frumvarpið getur þess vegna ekki á nokkurn hátt talist hvetjandi til frekari uppbyggingar stóriðju hér á landi.

Þetta ætla ég, frú forseti, að láta duga sem svar vegna þess hversu háttar með tíma og hversu mikil áhersla er lögð á undir lok þingsins að menn tali stutt svo að hægt sé að flýta fyrir þingstörfum en ekki tefja þau.

[23:53]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)*:

Forseti. Ég kannast ekki við að hæstv. umhverfisráðherra þurfi að taka tillit til sérstakra tilmæla um að tala stutt. Það hefur enginn skipað hæstv. umhverfisráðherra að tala stutt. Þvert á móti er það alger vanvirða við — þetta er sérkennileg uppákoma, forseti, að sjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur í háarifrildi við hæstv. umhverfisráðherra en ég stöðva í andsvari mínu, get ekki annað.

Á þeim stutta tíma sem ég á eftir vildi ég koma því að að það er gersamlega út í hött að kalla það skattlagningu sem við höfum lagt til, sérstaklega þegar sá sem það gerir hefur hugsað sér að gefa þann kvóta sem hér um ræðir án nokkurs gjalds en láta síðan næstu fyrirtæki sem koma þar á eftir borga þannig að þá er verið að skattleggja án jafnræðis. En það sem við erum þó að gera er það að við gætum fulls jafnræðis í þeirri gjaldheimtu sem við flytjum tillögu um að ráði orkumálastjóra sjálfs.

Ég vildi hins vegar spyrja beint um þetta: Merkilegt er að hæstv. umhverfisráðherra minntist á kolefnalaus rafskaut vegna þess að það er tækniþróun sem kynni að vera að skila árangri á næstunni. Gallinn við það er skortur á fjármagni álfyrirtækjanna. Eins og ég rakti í ræðu minni áðan vilja álfyrirtækin ekki takast almennilega á við þetta verkefni vegna þess að þau fá enn þá afar ódýra raforku í löndum eins og Íslandi. Ég vil spyrja hæstv. umhverfisráðherra: Hefur hún með einhverjum hætti hvatt til að þetta verði gert? Hefur hún staðið fyrir stjórnvaldsaðgerðum með einhverjum hætti til að það verði gert eða telur hún að frumvarpið stuðli með einhverjum hætti að því þar sem hún ætlast til að kvótinn verði frír sem hún afhendir flestum þeim fyrirtækjum sem nú starfa?

[23:55]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég náði ekki alveg öllu andsvari hv. þingmanns vegna anna utan dyra. Hv. þingmaður bar fyrst og

fremst í tal hvort ætlunin væri að úthluta þessum kvóta frí-um og í nefndaráliti minni hluta umhverfisnefndar hefur verið komið inn á að það sé rétt með þessi takmörkuðu gæði að þau séu seld, að menn þurfi að greiða fyrir þau.

Í svari mínu áðan gerði ég grein fyrir því að innan Evrópusambandsins, sem horft hefur verið til, er áliðnaðurinn ekki inni í kerfinu og versluninni með kvótann en það er vissulega svo að þar sem menn fara fram yfir þessar heimildir þurfa menn að greiða fyrir það á markaðsverði, þær heimildir sem þeir kaupa annars staðar frá sem er í sjálfu sér heldur ekki einfalt heldur mjög flókið fyrirbæri. Ég tel að þetta séu til lengri tíma litið fyrstu skrefin, sem m.a. orkumálastjóri hefur bent á, sem við eigum að taka. Eins háttar hjá Evrópusambandslöndunum mörgum, allt að því 90% af losunarheimildum eru fríar fyrir þau fyrirtæki sem falla undir það kerfi en fyrirtækin greiða þá fyrir það sem þau þurfa umfram það sem þau fá úthlutað frítt.

[23:57]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Mörður Árnason)** *(andsvar)*:

Forseti. Það ætti kannski að reyna að hafa gæslu við þingdyr þannig að ráðherrar geti fylgst með umræðum án afskipta aðvífandi hv. þingmanna. Um Evrópusambandið er það að segja að hafi ráðherra fylgst með málum áðan þá er gjaldheimild okkar einmitt miðuð við þá staðreynd að undir 2008 fá fyrirtækin í Evrópu úthlutað 90% af sínum losunarheimildum ókeypis. Við gerum ráð fyrir öðru kerfi, m.a. vegna þess að við erum fyrst og fremst með álver og svigrúm þeirra til hegðunar gagnvart losunarheimildum er hreinlega annað en þeirra fyrirtækja sem miðað er við í Evrópusambandinu. Þar eru álver vissulega ekki inni í kvótanum. Það eru sérstakar ástæður til þess, m.a. sú að þeim er að fækka mjög í Evrópu og sú líka að þau eru ekki talin svara þessum hagræna hvata sem kerfið þar á að koma upp. Við teljum þess vegna heppilegast hér, og á bak við það lá auðvitað ákveðin hugsun, að vera með sömu gjaldheimtuna á alla, að gera þetta sem sé þannig. Við gerum okkur grein fyrir að þau geta ekki dregið saman á þessu fyrsta tímabili — en kannski mætti hvetja þau til þess beinlínis að draga saman. Þar með tengist það þeirri spurningu sem ég var að leggja fyrir ráðherrann, vegna þess að hún minntist á þessa merkilegu þróun, þessa merkilegu tækni sem kynni að vera að koma upp, að rafskaut í áliðnaði séu kolefnislaus og þar með sé hægt að draga verulega úr losun í áliðnaðinum, hvað hefur ráðherra gert til að hvetja álfyrirtæki hér eða hvað hyggst hæstv. ráðherra gera til að hvetja álfyrirtæki hér til að taka þátt í þessari þróun?

[23:59]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi kolefnislausu rafskautin þykist ég vita að íslensk álfyrirtæki taka þátt í þessari alþjóðlegu þróun og þeirri tilraunastarfsemi sem fer nú þegar fram, hefur ekki tekist sem skyldi, með því að þróa þessi skaut og með það að markmiði að draga úr gróðurhúsalofttegundum.

Að öðru leyti vil ég segja að ég get á margan hátt tekið undir með Þorkeli Helgasyni og þessari framtíðarsýn. Þetta eru takmörkuð gæði losunarheimildirnar og við hljótum með því að markaðssetja þetta lengra fram í tímann. Ef við horfum lengra fram í tímann, ég tel okkur vera að taka fyrstu skrefin í þá áttina, hljótum við jafnframt að vera með því að beita eins konar hagrænum stjórntækjum á álverin til þess að þau leggi meira á sig til að þróa hvers konar tækni, bæði álbrennslan og hvers konar önnur stóriðja, til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. En hvað umhverfisráðherra hér hefur sérstaklega gert við tiltekin tvö álver? Það hefur svo sem ekki verið mikið en ég veit að þetta eru alþjóðleg fyrirtæki og á vegum þeirra er verið að leitast við að þróa þessa tækni með það að markmiði að draga úr losuninni og verðlagningin á kvótanum, losunarheimildin, markaðssetningin, hlýtur að leiða til þess að þau leggja meira á sig í þá veru.

[00:00]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ágæt ræða hæstv. umhverfisráðherra áðan gaf það auðvitað til kynna sem við höfum verið að reyna að halda fram í umræðunni, að hér sé fullt tilefni til að skiptast á skoðunum um þetta viðamikla mál sem við í stjórnarandstöðunni fögnum í grunninn þó við gagnrýnum ákveðna þætti þess, eins og fram hefur komið.

Ég saknaði þess úr ræðu hæstv. umhverfisráðherra að við fengjum að vita eitthvað um það hver samningsmarkmið íslenskra stjórnvalda koma til með að verða á næsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar. Fyrsti fundurinn að því er mér skilst varðandi undirbúning þess tímabils verður haldinn í haust á Balí og ég vil endilega fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvaða áform íslensk stjórnvöld séu með uppi í þeim efnum.

Ég er sammála hæstv. ráðherra í því sem hún sagði að almennt mætti búast við þrengingum í þeim almennu skuldbindingum sem gert er ráð fyrir að þjóðríki undirgangist. Ég er sammála því að hægt sé að búa til kraftmikinn markað með losunarheimildirnar en það skiptir mestu máli að þrengja sviðið, draga úr losuninni og hafa minna til skiptanna. Markmiðið er að draga úr.

Það væri líka forvitnilegt að vita hvort hæstv. ráðherra hafi einhverjar skoðanir á þeim tillögum sem við höfum lagt fram í stjórnarandstöðunni varðandi greiðslu fyrir losunarheimildirnar. Í breytingartillögu okkar við 9. gr. gerum við ráð fyrir að atvinnurekstur þurfi að greiða 100 kr. fyrir hverja losunarheimild sem honum er úthlutað og að Umhverfisstofnun verði fengin umsýsla með því gjaldi og gjaldið eigi síðan að renna í ríkissjóð og ónýttar losunarheimildir sé hægt að leggja aftur inn og skal þá fjárhæðin endurgreidd. Mér fyndist ágætt ef hæstv. ráðherra vildi aðeins tjá sig um þessar tillögur.

[00:02]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef þegar haft orð á því að það eru skýr skilaboð m.a. í frumvarpinu til atvinnurekstrarins, að mönnum beri að stíga varlega til jarðar. Öll merki eru um að gerðar verði strangari kröfur, kröfur til meiri takmarkana á nýju skuldbindingartímabili Kyoto og það eru þau skilaboð sem m.a. er verið að gera með frumvarpinu.

Svo vil ég aðeins leiðrétta hv. þingmann, að samninga-

viðræður hafa þegar hafist og það er meira að segja gert ráð fyrir að þeim ljúki ekki seinna en árið 2009 þannig að fyrirtæki geti sett sig í stellingar gagnvart því sem tekur við eftir að samningstímabilinu lýkur. Áherslan er lögð á að það verði ekki seinna en 2009 sem þessu ljúki. Það er því tiltölulega skammur tími til stefnu en viðræðurnar eru farnar af stað og það eru auðvitað sterk skilaboð um hvaða reglur muni gilda eftir árið 2012, m.a. í þeim markmiðum sem ríki heims hafa sett sér, Evrópusambandsríkin, íslenska stefnumörkunin og ýmis önnur. Mér sýnist það því gefa til kynna hvert við stefnum.

Síðan aðeins varðandi losunarheimildirnar og verðlag þeirra, þá er líka rétt gagnvart markaðnum að halda því til haga, þetta er afskaplega óstöðugur markaður innan ESB og ein losunarheimild í dag leggst á 1,25 evrur þannig að þetta er ekki verðlagt hátt. Verðið var allt að því hundraðfalt hærra en svona lítur markaðurinn út í dag. Í grunninn er ég mjög sammála því og tel nauðsynlegt að við komum á þessum hagrænu hvötum og verðleggjum heimildirnar til lengri tíma litið.

[00:05]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Spurningarnar voru tvær, önnur um greiðslurnar og það kemur í ljós í svari hæstv. ráðherra að þegar til lengri tíma er litið, þ.e. seinna, sé rétt að leggja gjald á þær. Ég spyr þá aftur: Hvers vegna ekki strax? Er ekki tækifærið einmitt núna? Verður það ekki miklu erfiðara seinna? Ég vil fá svar við því hvort hæstv. ráðherra geti ekki haft skilning á því sjónarmiði sem við höfum sett fram í minni hlutanum, að setja þurfi gjald á heimildirnar frá fyrsta degi.

Hver samningsmarkmið íslenskra stjórnvalda verði eða séu í viðræðunum sem eru þegar hafnar, og ég þakka fyrir leiðréttingarnar frá hæstv. ráðherra, ég sakna þess að við fáum svör við því. Það hlýtur þá að vera búið að setja í hendur samningamanna okkar einhver markmið, einhverjar hugmyndir. Við skulum ekki gleyma því að í lok skuldbindingartímabils nr. 1, 31. desember 2012, verðum við, ef fram heldur sem horfir og áformin um álverin sem verið er að vinna að orkuöflun fyrir nái fram að ganga, þá verðum við að losa 1,1 millj. tonna umfram meðaltalstöluna sem gildir fyrir þetta fimm ára tímabil. (Gripið fram í.)

Síðan vil ég segja það, hæstv. forseti, í lok andsvarsins, að ef öll áform um stóriðjuuppbyggingu ná fram að ganga þýðir það hvorki meira né minna en við verðum búin að átjánfalda álframleiðslu okkar árið 2012 miðað við árið 1990 úr 90 þús. tonnum í 1,5 millj. tonna. Þar með verður Ísland mesta álframleiðsluland í heimi og ég spyr hæstv. umhverfisráðherra: Er hún stolt af þeirri framtíðarsýn sem álfyrirtækin eru að búa til fyrir Ísland?

[00:06]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi losunarkvótana og einhverja framtíðarsýn varðandi það, þá vil ég leggja áherslu á það sem fram kemur m.a. í fylgiskjali með nefndaráliti minni hluta umhverfisnefndar þar sem vísað er í Þorkel Helgason. Ég deili með honum þeirri framtíðarsýn þar sem hann bendir á að þar hefur kvótakerfið verið tekið upp að hluta. Hann bendir líka á í frumvarpi sem hann nefnir að hafi verið boðað hérlendis að þá séu fyrstu skrefin að slíku kerfi tekin.

Eins og ég sagði áðan í fyrra andsvari þá er verið að tala um heimildir sem álfyrirtækin þurfa umfram losunarheimildirnar sem þau fá og byggja á áætlun sem gerð er til fimm ára, að það eru fyrstu skrefin, menn borga fyrir það á markaðsverði. Þetta eru fyrstu skrefin sem m.a. Þorkell Helgason leggur til að við tökum en hann tekur það líka fram í ágætri ræðu sem fylgir með sem fylgiskjal að það þurfi allt að hafa sína þróun og það kunni að vera eðlilegt að fara hægt í setningu losunarkvóta. Ég tel okkur því vera að taka mjög markviss fyrstu skref í þessu samhengi.

Um samningsmarkmið Íslands að öðru leyti hef ég sagt það að frumvarpið er til að standa við þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar samkvæmt Kyoto til að setja losunarheimildunum takmark. Frumvarpið felur ekki í sér nokkuð varðandi samningsmarkmið okkar, en það er ávísun á það hvað tekur við og að fyrirtæki skuli búast við frekari þrengingum sem segir nokkuð um það hverjar eða hvaða rekstrarforsendur eru fyrir ýtrustu áfomum um álver á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[00:08]

**Útbýting:**

Endurskoðun stjórnarskrárinnar, 709. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1293.

Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 591. mál, brtt. PHB, þskj. 1316.

Æskulýðslög, 409. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1315.

## *Náttúruminjasafn Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 281. mál (heildarlög). — Þskj. 294, nál. 1057, brtt. 1058.

[00:09]

**Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)**:

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti frá hinum ýmsu stofnunum og samtökum sem gerð er grein fyrir í nefndarálitinu.

Frumvarpið var lagt fram á 132. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram á ný með smávægilegum breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði höfuðsafn á sviði náttúrufræða, Náttúruminjasafn Íslands, og er það í samræmi við fyrirmæli safnalaga, nr. 106/2001. Í 5. gr. þeirra er kveðið á um að höfuðsöfn skuli stofna með lögum þar sem nánar sé kveðið á um starfsemi þeirra og í 5. mgr. 5. gr. er Náttúruminjasafn Íslands sérstaklega tilgreint sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Í bráðabirgðaákvæði segir hins vegar að ákvæði 5. mgr. 5. gr. komi ekki til framkvæmda fyrr en sett hafi verið sérlög um safnið í samræmi við ákvæði laganna.

Frú forseti. Nefndin leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu:

Nefndin telur afar mikilvægt að verksvið Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar séu skýrt afmörkuð. Nefndin leggur því til breytingu á 8. gr. frumvarpsins, sem varðar breytingu á 5. mgr. 5. gr. safnalaga, nr. 106/2001. Með þeirri breytingu er hlutverk Náttúruminjasafns Íslands skilgreint á þá leið að það annist söfnun gripa, skrásetningu þeirra og varðveislu, kynni náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda með sýningum og fræðslustarfi og annist rannsóknir á starfssviði sínu, sbr. 2. gr., einkum 2. mgr. Með þeim hætti er safninu fengið rannsóknarhlutverk samkvæmt safnalögum, svo sem eðlilegt má telja fyrir höfuðsafn. Ekki er lagt til að safnið stundi grunnrannsóknir eða almennar náttúrufarsrannsóknir, t.d. með vöktun, sem eru á verksviði Náttúrufræðistofnunar.

Náttúruminjasafni Íslands er ætlað að fjalla um náttúrufyrirbæri sem ekki eru á verksviði Náttúrufræðistofnunar og er því nauðsynlegt að eiga jafnframt samstarf við aðrar rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða, svo sem Háskóla Íslands, Hafrannsóknastofnun, Íslenskar orkurannsóknir, Landbúnaðarháskóla Íslands, náttúrustofur, Orkustofnun, Veðurstofu Íslands og Veiðimálastofnun. Ljóst er þó að samstarfið við Náttúrufræðistofnun Íslands verður safninu einkar mikilvægt, sem og afnot af safnkosti þess og nýting þeirra rannsókna sem þar eru stundaðar.

Í öðru lagi, frú forseti, leggur nefndin til þrjár breytingar á 2. gr. Í fyrsta lagi leggur nefndin til skýrara orðalag í upphafi 2. mgr. Þannig er lagt til að í stað orðsins „sýningarmunir" verði talað um muni sem henta starfsemi safnsins. Ástæðan er sú að allir munir sem eru hjá söfnum eru skráðir og flokkaðir sem safnmunir. Með orðalaginu „að munir henti starfsemi safnsins" er nefndin að skerpa skilin á milli safnahlutverks Náttúruminjasafnsins annars vegar og vísindastarfs Náttúrufræðistofnunar hins vegar, sem einnig felst að hluta til í söfnun. Ekki er gert ráð fyrir að stefnt sé sérstaklega að því að á Náttúruminjasafni Íslands verði komið upp sérstöku vísindasafni heldur byggist safneign þess sjálfs á þeim munum sem best henta fræðslu- og sýningarstarfi þess, sbr. 2. mgr. 2. gr. Þá er lögð til orðalagsbreyting í 2. mgr. á rannsóknarhlutverki safnsins þannig að ljóst sé að það skuli stunda svokallaðar safnarannsóknir á starfssviði sínu. Að lokum er lögð til orðalagsbreyting í 4. mgr.

Í þriðja lagi leggur nefndin til tvær breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Sú fyrri er að ekki verði kveðið á um í 1. mgr. að Náttúrufræðistofnun annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu Náttúruminjasafnsins, og er hún í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 8. gr. frumvarpsins þar sem skerpt er á skilum á milli starfssviða þessara stofnana. Með síðari breytingartillögu nefndarinnar er lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr.

Í fjórða lagi er lögð til orðalagsbreyting á 5. gr. frumvarpsins þannig að í stað orðsins „starfsemi" verði fjallað um þekkingu forstöðumanns á starfssviði safnsins. Ekki þykir rökrétt að ætla umsækjanda um starf forstöðumanns sérstaka þekkingu á sjálfri starfsemi safnsins frá degi til dags. Hins vegar er eðlilegt að gera kröfur um staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins.

Að lokum leggur nefndin til þá breytingu á ákvæði til bráðabirgða að orðin „en ekki vísindagildi" falli brott þar sem hægt er að fullyrða að gripir sem hafa fyrst og fremst sýningargildi geti einnig haft vísindagildi.

Í tilefni af ákvæði til bráðabirgða vill nefndin benda á að hinn 16. júní 1947 gerðu stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags og menntamálaráðuneytið með sér samning, og fylgir samningurinn nefndarálitinu á bakhlið skjalsins. Í samningnum var m.a. kveðið á um að stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags afhenti ráðuneytinu f.h. ríkissjóðs náttúrugripasafn félagsins til fullrar eignar og umráða, ásamt sjóði þeim er félagið hafði myndað í því skyni að reisa safninu hús, svo og bækur, áhöld, skjöl og allt annað, er safninu hafði fylgt og fylgir. Auk þessa afhenti félagið einnig allt það er varðaði fuglamerkingastarfsemi félagsins og útgáfu vísindaritsins Acta naturalia islandica. Fram kom í samningnum að í staðinn hafi menntamálaráðuneytið m.a. skuldbundið sig til að láta Hinu íslenska náttúrufræðifélagi í té ókeypis eitt herbergi í hinni nýju náttúrugripasafnsbyggingu. Telur nefndin eðlilegt að tekið sé tillit til þessa samnings við ákvörðun um safnkost Náttúruminjasafns Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir og fram koma í sérstöku þingskjali, nr. 1058.

Undir þetta nefndarálit rita, ásamt mér, hv. þingmenn Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson Kjartan Ólafsson, Mörður Árnason, Sæunn Stefánsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég nota tækifærið og þakka nefndarmönnum fyrir mikið og gott samstarf varðandi frumvarpið. Þó svo að það hafi verið ágreiningur á fyrri stigum við vinnslu málsins tel ég að við vinnslu nefndarinnar hafi náðst býsna góð sátt um öll meginatriði frumvarpsins. Ég vona að það leiði til þess að staðið verði myndarlega að uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands og haldið verði vel á spöðunum varðandi það að koma þaki yfir þá safnmuni sem ríkinu voru afhentir til eignar með samningnum árið 1947 sem hér fylgir. En enn og aftur þakka ég nefndarmönnum í menntamálanefnd fyrir afar gott samstarf við vinnslu málsins.

[00:18]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ólíkt því máli sem við ræddum áðan um losun gróðurhúsalofttegunda hlaut þetta mál nokkuð góða og vandaða umfjöllun í hv. menntamálanefnd og ég er þakklát fyrir að heyra að hv. formaður nefndarinnar sendir hér þakkarkveðjur til þeirra sem unnu málið með honum.

Hins vegar vil ég segja í upphafi míns máls að það er að sjálfsögðu fagnaðarefni að nú skuli loksins hilla undir að áratugalangri baráttu fyrir Náttúruminjasafni Íslands ljúki. Það er sannarlega orðið tímabært að endahnútur verði bundinn á þá baráttu og í sjálfu sér vona ég og læt í ljósi þá einlægu ósk að tekið verði myndarlega á í þessum efnum og stofnað af framsýni og fagmennsku öflugt safn á sviði náttúruvísinda sem getur tryggt að þeir vísindamenn sem starfa að náttúruvísindum geti vel við unað. Þeir ferðamenn

sem koma hingað til Íslands og vilja kynnast náttúru Íslands í gegnum öflugt, kraftmikið, framsækið og nútímalegt safn, fái það. Ég held því að gríðarlega miklar vonir séu bundnar við þá stofnun sem á grundvelli þessara laga þarf að rísa.

Hitt er svo aftur annað mál að þegar frumvarpið leit dagsins ljós á Alþingi var það nokkuð gagnrýnt að efnisatriði frumvarpsins voru nokkuð óljós og veik. Segja mátti að frumvarpið væri lítið annað en umgjörð utan um starf forstöðumanns safnsins. Þetta er í sjálfu sér í samræmi við það sem virðist vera orðin lenska í menntamálaráðuneytinu. Frá hæstv. menntamálaráðherra koma frumvörp eftir frumvörp sem gera ráð fyrir að hitt og þetta sé sett á laggirnar og stofnað sé til þessarar og hinnar ríkisstofnunarinnar, en það má sama sem ekkert segja um fyrirkomulag eða skipulag viðkomandi stofnana en því meiri áhersla er lögð á að ráðinn sé forstöðumaður sem fái frjálsar hendur til að véla með málefni stofnunarinnar að vild.

Þetta er að mínu mati veik löggjöf, veik prinsipp í svona málum. Þegar verið er að setja á laggirnar ríkisstofnanir sem eiga að standa undir lögbundnum verkefnum, þá skiptir verulegu máli að verkefnin séu skilgreind í lögunum og stofnuninni sé sett kannski ekki ítarleg skipulagsskrá í lögunum en engu að síður að skipulag stofnunarinnar sé að ákveðnu marki að minnsta kosti bundið í lagatextann.

Eins og hv. formaður nefndarinnar gat um skrifaði ég undir frumvarpið með fyrirvara og fyrirvarar mínir lúta að m.a. þessu sem ég hóf mál mitt á að segja. En þó eru hér aðrir þættir sem mig langar til að gera frekari grein fyrir.

Samningur Hins íslenska náttúrufræðifélags og menntamálaráðherra, Eysteins Jónssonar, frá 16. júní 1947, sem er fylgiskjal með nefndarálitinu, sýnir okkur tilurð þessa máls sem við hér ræðum. Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags var búin að vinna að því lengi að reyna að koma þeim munum og gripum sem til voru í fórum félagsins inn í einhvers konar safnaform. Á endanum varð til sá samningur sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson las, og þar kemur í ljós að félagið leggur þar fram ákveðinn sjóð upp á 82.000 kr. rúmar sem félagið hafði safnað „í því skyni að reisa safninu hús, svo og bækur, áhöld, skjöl og allt annað, er safninu hafði fylgt og fylgir“ kæmist undir þak og gæti þá orðið vísir að metnaðarfullu náttúruminjasafni.

Þessi samningur gaf mönnum fyrirheit um að eitthvað ætti að fara að gerast. Menn héldu það um miðja síðustu öld í alvöru að ríkisstjórnin ætlaði að taka af afli á málefni safnsins. Það gekk því miður ekki eftir. Við vitum nú við hvaða kost þetta safn býr í fórum Náttúrufræðistofnunar Íslands sem hefur við afar þröngan kost reynt að setja upp sýningu, sem er glæsileg að því leytinu til miðað við það húsnæði sem hún er í, sem er afar lítið og hentar engan veginn markmiðinu, að þá er sú litla sýning sem þar er í glerskápum afar athyglisverð og hefur reynst skólabörnum og öðrum sem vilja sækja það heim reglulega vel. Ég þekki það sjálf hafandi komið þangað nokkrum sinnum og skoðað þá muni sem þar eru. Það sem við sjáum þar er auðvitað hluti af því sem Hið íslenska náttúrufræðifélag ánafnaði ríkinu á sínum tíma. En þar er, eins og ég segi, húsakostur slíkur að þar fer ekki þannig um safnið að nægilegur sómi sé að því.

Safninu fylgdi líka gríðarlega mikið vísindasafn og bækur og annað sem er auðvitað ekki til sýnis en er engu að síður geymt í geymslum Náttúrufræðistofnunar. Talandi um geymslur Náttúrufræðistofnunar Íslands þá könnumst við vel við það að sumarið 2006, síðasta sumar, glataðist gífurlegt magn af verðmætum sýnum sem voru í vísindasafni Náttúrufræðistofnunar þegar rafmagn fór af frystigeymslum sem teknar höfðu verið á leigu undir hluta safnsins og í haust og vetur lá við tjóni á óbætanlegum náttúrumunum þegar sprungu í tvígang vatnsrör í húsnæðinu á Hlemmi. Þetta segir meira en mörg orð, virðulegi forseti, um þær aðstæður sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur verið gert að búa Náttúruminjasafninu.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur þurft að búa við fjársvelti svo árum skiptir. Ár eftir ár hafa komið inn á Alþingi óskir um aukna fjármuni til stofnunarinnar og það að húsnæðisvandi stofnunarinnar verði leystur á viðunandi hátt. En allt hefur komið fyrir ekki. Stærsti hluti vísindasafnsins er í geymslum einhvers staðar úti í bæ. Fuglshamir og vísindagögn í frystigeymslum og stór hluti þessara verðmæta er svo geymdur í óviðunandi húsnæði á Hlemmi.

Það er auðvitað mjög miður að stjórnvöld skuli ekki hafa gripið fyrr í taumana en raun ber vitni í þessum efnum. En betra er seint en aldrei. Og núna kortéri fyrir kosningar þá skal hæstv. menntamálaráðherra tryggja það að hún geti komið með frumvarp til laga og nýsett lög rétt áður en kosið verður, varðandi mál sem hún hefur dregið lappirnar í frá því hún tók við embætti. Því auðvitað hefur verið legið í henni eins og öðrum menntamálaráðherrum um að gera bragarbót í þessum efnum en hingað til hefur verið skellt skollaeyrum við því. En núna, eins og ég segi, á kosningavetri er allt í einu gerð bragarbót og þetta frumvarp lítur dagsins ljós.

Eitt af því sem þvælst hefur fyrir okkur í menntamálanefnd í vinnu við málið er aðskilnaður safnsins og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Sá aðskilnaður er kominn til vegna safnalaganna sem kveða á um þrjú höfuðsöfn en safnalögin eru lög nr. 106 frá 31. maí 2001. Þau kveða á um þrjú höfuðsöfn sem eru þá Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Þetta er búið að vera í lögunum frá 2001 að Náttúruminjasafn Íslands sé eitt af höfuðsöfnum íslensku þjóðarinnar þó ekki hafi nú glitt í stofnun þess fyrr en nú. Sem sýnir auðvitað hvaða hugur hefur fylgt máli hjá núverandi hæstv. ríkisstjórn. Þegar safnalögin voru sett eru það orðin tóm í 5. gr. safnalaganna þar sem segir að Náttúruminjasafn Íslands sé höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafn Íslands eigi að annast söfnun, skrásetningu, varðveislu, kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda.

Það er auðvitað vandkvæðum bundið eðli málsins samkvæmt þegar skilja á að rannsóknarstofnun á borð við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruminjasafn sem samkvæmt safnalögum á nú að heyra undir menntamálaráðherra. Það þekkja það allir sem kynnst hafa því hvernig vélað er um hluti og hvernig ráðherrar reyna að skipta á milli sín málaflokkum, að það getur reynst ansi snúið. Ég er hrædd um að það geti reynst snúið í þessu tilfelli. Það fengum við að heyra og sjá í umsögnum málsaðila í menntamálanefnd.

Í því sambandi ég ætla að byrja á að vitna í bréf sem starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands skrifaði hæstv. umhverfisráðherra, Jónínu Bjartmarz, þann 25. janúar síðastliðinn. Það bréf varðar húsnæðismál Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem segir um aðbúnaðinn, með leyfi forseta:

„Aðalstarfsemi Náttúrufræðistofnunar í Reykjavík er nú í 1.800 fermetra húsnæði á þremur hæðum við Hlemmtorg. Þar er afgreiðsla, skrifstofur 35 starfsmanna, bókasafn, rannsóknastofur og vísindasöfn, auk sýningarsafns" — sem ég gat um áðan — „sem þar hefur verið í tveimur herbergjum um áratugaskeið. Meginhlutanum af vísindasöfnum stofnunarinnar, en þau eru mikilvæg undirstaða í rannsóknastarfi hennar, hefur hins vegar vegna þrengsla verið komið fyrir til bráðabirgða í 600 fermetra iðnaðarhúsnæði við Súðarvog. Í starfsstöð stofnunarinnar á Borgum á Akureyri vinna átta manns og er húsnæðismálum þar vel fyrir komið. Stjórnvöldum hefur um langt skeið verið ljóst að brýnt sé að leysa húsnæðisvanda stofnunarinnar í Reykjavík en fjárveitingar hafa ekki fengist til úrbóta."

Í kjölfar þeirra óhappa sem ég gat um í máli mínu áðan fagna starfsmenn því að svo virðist sem hreyfing sé komin á málið. Þeir láta í ljósi ósk sína og hvetja eindregið til þess að allar áætlanir um betra húsnæði fyrir starfsemi stofnunarinnar og nýtt húsnæði fyrir Náttúruminjasafn miði að heildstæðri framtíðarlausn enda þótt framkvæmdum kunni að verða áfangaskipt, allt eftir aðstæðum, og að starfsemi þessara stofnana, sem eru greinar af sama meiði, sem er öflun og miðlun þekkingar í náttúru landsins verði skoðuð í því ljósi. Í því sambandi leggja starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands eftirfarandi til í bréfinu til hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„1. Fundin verði framtíðarlausn á húsnæðismálum Náttúrufræðistofnunar Íslands, vísindasöfnum hennar og Náttúruminjasafns.

2. Náttúrufræðistofnun ásamt vísindasöfnum sínum og Náttúruminjasafni Íslands verði á sama stað eða í nánum tengslum hvort við annað.

3. Starfsemi þessara stofnana verði í höfuðborg landsins."

Þeir vísa í því sambandi til fylgiskjals sem fylgir bréfinu með eftirfarandi rökstuðningi, með leyfi forseta:

„Safnalög og frumvörp um náttúruminjasafn: Með safnalögum, nr. 106/2001, voru sett í fyrsta sinn rammalög um starfsemi safna á Íslandi en samkvæmt þeim skulu starfa þrjú höfuðsöfn í landinu: Þjóðminjasafn, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands.

Með safnalögum færðist yfirstjórn allra minjasafna, þar með talið Náttúruminjasafns, til menntamálaráðherra en umhverfisráðherra fer áfram með starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í safnalögum er gert ráð fyrir því að Náttúruminjasafn skuli vera höfuðsafn á sviði náttúrufræða, verða öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu í náttúrufræði; annast söfnun, skrásetningu, varðveislu, kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda. Rannsóknir á náttúru Íslands eru eftir sem áður verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 60/1992, og gerir frumvarp menntamálaráðherra um Náttúrugripasafn Íslands ráð fyrir sérstöku samkomulagi um náið samstarf Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns, sbr. 3. gr."

Síðan fer starfsfólkið yfir hlutverk Náttúruminjasafns Íslands og gerir þar að umfjöllunarefni fræðsluhlutverkið sem er að miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Starfsfólkið viðurkennir að það sé eitt mikilvægasta hlutverk safnsins sem því miður hafi verið vanrækt. Það hefur kannski fyrst og fremst verið vegna hins bágborna húsakosts sem ekki hefur verið hægt að hafa til sýnis nema lítið brot af því sem til er af munum og erfitt að taka á móti fjölmennum hópum í þetta litla húsnæði við Hlemmtorg.

Svo segir um fræðsluhlutverkið í rökstuðningi starfsfólks Náttúrufræðistofnunar að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir því að gripir úr vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar verði nýttir til sýninga og fræðslu. „Því er mikilvægt" — segir starfsfólkið — „að um þetta verði náin samvinna milli Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins." Í greinargerð með frumvarpinu sem þau vitna til í bréfi sínu er þess einmitt getið að mikilvægt sé að þessar stofnanir samnýti húsnæði til varðveislu gripa, forvörslu og rannsókna.

Það er augljóst að fræðsluhlutverki Náttúruminjasafnsins, segir starfsfólkið í rökstuðningi sínum, verði best sinnt á þéttbýlasta svæði landsins, eins og gildir um hið höfuðsöfnin. Þess er getið að borgarráð Reykjavíkur hafi einmitt ályktað í sömu veru. Og þess er getið í bréfinu að á deiliskipulagi Háskólareits sé gert ráð fyrir lóð undir Náttúruhús sem ætlað var að hýsa m.a. Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt vísindasöfnum og náttúrugripasafni. Lóðin er í Vatnsmýrinni, við hliðina á Öskju, kennsluhúsnæði Háskóla Íslands í náttúrufræðum. Sá staður er að mati þessa starfsfólks afar heppilegur fyrir þessa starfsemi.

Nú fer þetta sjónarmið starfsmannanna alveg saman við niðurstöður nefndar sem skilaði ályktun og tillögum um úrlausn í þessum málum og það var ekki fyrsta nefndin sem starfaði til að reyna að finna niðurstöðu í þessi mál. Þessi nefnd skilaði af sér tillögum árið 1991, hún skilaði þessari svokölluðu bláu skýrslu sem þeir sem hafa fjallað um Náttúruminjasafn og Náttúrufræðistofnun Íslands í gegnum tíðina er vel kunn. Þessi skýrsla gerir einmitt ráð fyrir því að reist verði náttúruhús í Reykjavík í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og hugsanlega fleiri aðila og í kjölfarið á þessari vinnu var einmitt tekin frá sú lóð sem starfsfólk Náttúrufræðistofnunar getur um í rökstuðningi sínum .

Starfsfólkið fjallar einnig um fræðasamfélagið í bréfi sínu og segir, með leyfi forseta:

„Helstu rannsóknastofnanir í náttúruvísindum eru auk Náttúrufræðistofnunar og Háskóla Íslands: Hafrannsóknastofnunin, Íslenskar orkurannsóknir, Veiðimálastofnun, Veðurstofa Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands. Meginþunginn í starfsemi allra þessara stofnana, annarra en Landbúnaðarháskólans, er í Reykjavík enda þótt þær hafi einnig starfsstöðvar annars staðar á landinu.

Íslenska fræðasamfélagið í náttúruvísindum er fámennt og hefð fyrir nánu samstarfi vísindamanna og stofnana í rannsóknum og kennslu. Á síðustu sjö árum hafa árlega útskrifast 37–50 stúdentar úr líffræði, 12–19 úr landafræði og 6–16 úr jarðfræði við Háskóla Íslands. Þeir sem hyggja á

rannsóknatengt framhaldsnám gera það oftar en ekki í samvinnu við eða á vegum þeirra rannsóknastofnana sem áður eru nefndar. Ljóst er að stúdentar í náttúrufræðum mundu hafa mikið gagn af öflugu Náttúruminjasafni sem og af vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar. Samstarf þessara stofnana mundi þannig bæði efla kennslu í náttúrufræðum á háskólastigi og rannsóknir á vegum Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar."

Í tengslum við þessa röksemdafærslu, hæstv. forseti, setti ég fram hugmynd í nefndinni þegar vinna við frumvarpið stóð yfir um það að búnar yrðu til í lagatexta tengingar á milli Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og annarra vísindastofnana. Ég vildi reyndar að ákveðnar rannsóknastofnanir yrðu nafngreindar í frumvarpinu og lagði til hugmynd sem var rædd og reifuð í nefndinni og mig langar til að geta í máli mínu. Hún var orðuð með þessum hætti:

Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóli Íslands og Hafrannsóknastofnun eru ásamt öðrum opinberum stofnunum sem samið er sérstaklega við vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins. Stofnanirnar skulu styðja við fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsóknir á þess vegum með því að veita safninu, eftir því sem um semst, aðgang að safnkosti og vísindalegum gögnum og rannsóknarniðurstöðum til afnota. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um samstarf viðkomandi stofnana.

Með þessari tillögu, hæstv. forseti, taldi ég jafnframt að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins eins og hæstv. menntamálaráðherra lagði það fram væri óþarft en í því er eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður nefndarinnar, gat um áðan getið um það að gert skuli samkomulag á milli Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar um tengsl og samvinnu þessara stofnana. Ég teldi algerlega eðlilegt og nánast einboðið að samkomulag af því tagi yrði líka gert við nafngreindar tilteknar stofnanir sem ég hefði talið að ættu að vera Háskóli Íslands og Hafrannsóknastofnun. Ég byggi þessa tillögu mína á áðurnefndri skýrslu sem gerði ráð fyrir þessum nánu tengslum.

Nú er það auðvitað svo, að Hafrannsóknastofnun Íslands er líka á sama hátt og Náttúrufræðistofnun Íslands öflug rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða og náttúruvísinda. Náttúran sem Hafrannsóknastofnun rannsakar er að hluta til í þágu atvinnuveganna, þ.e. fiskveiðanna, en að hluta til bara dæmigerð rannsóknarstofnun sem gerir grunnrannsóknir á lífríki sjávar, á hafinu sem slíku og vistkerfi þess. Ég lít svo á og tel að ég fari með rétt mál þegar ég segi að Hafrannsóknastofnun búi yfir gríðarlega miklu safni vísindagagna og eflaust muna sem mundu sóma sér afar vel í nýju Náttúruminjasafni Íslands. Ég hefði því talið verulegan feng að því að hafa þessar stofnanir nafngreindar inni í lagatextanum. Það er kannski vegna þess að ég tel eins og ég sagði í upphafi máls míns að kveða þyrfti nánar á um skipulag og útlit þessarar stofnunar í frumvarpstextanum eða í lagatexta en hæstv. menntamálaráðherra telur þörf á.

Ég ætla að ljúka við að vitna í rökstuðning starfsmanna Náttúrufræðistofnunar Íslands sem auk þess að fjalla um fræðsluhlutverkið og fræðasamfélagið í bréfi sínu fjalla líka um landkynninguna og þann þátt sem lýtur að landkynningu í starfsemi safns af þessu tagi. Þar segja starfsmennirnir að flestir þeirra erlendu ferðamanna sem hingað komi geri það í þeim tilgangi að kynna sér náttúru landsins. Þetta er auðvitað stutt með rökum. Við höfum rannsóknir um þetta sem sýna hvað það er sem dregur erlenda ferðamenn í langflestum tilfellum hingað til landsins og það er náttúra Íslands. Þeir sem ekki komast upp á öræfi til að kynna sér hana þar sem hún er í öllu sínu veldi kysu auðvitað að eiga aðgang að glæsilegu nútímalegu náttúruminjasafn. Ég tek því undir þau sjónarmið þessara starfsmanna Náttúrufræðistofnunar að gott náttúrufræðisafn gæti orðið afar mikilvægt í landkynningarskyni. Þar sem flestir ferðamenn hafa viðkomu í höfuðborginni má búast við að rekstrargrundvöllur safnsins verði einna best tryggður þar og lýsi ég stuðningi við þau sjónarmið einnig.

Þetta dreg ég fram, hæstv. forseti, til að sýna hversu augljóst það er að Náttúrufræðistofnun Íslands og væntanlegt Náttúruminjasafn þurfi að finna lausn á því hvernig stofnanirnar verði aðskildar og hvernig þær verði í samstarfi. Ég geri ráð fyrir að þetta sé mikil vinna og vandasamt verk og það hefði getað auðveldað þessa vinnu og þetta vandasama verk ef fleiri stofnanir hefðu verið til kallaðar formlega í lagatexta til þess að vera þessir vísindalegu bakhjarlar Náttúruminjasafnsins.

Af því að ég hef verið að vitna til hugmynda starfshóps sem skipaður var á 10. áratugnum og skilaði tillögum sínum um Náttúruhús 1991 er kannski rétt að geta þess að starfshópurinn gerði tillögu í nokkuð mörgum liðum sem gekk að sumu leyti svipaðar brautir og þetta frumvarp sem við fjöllum um hér en að sumu leyti örlítið aðrar. Það er forvitnilegt að sjá að starfshópurinn fór svo langt að reikna út hvað það mundi kosta að byggja svona metnaðarfullt hús og komst að niðurstöðu um það að í heild yrði Náttúruhús í Reykjavík um 6.800 fermetrar og áætlaður byggingarkostnaður yrði rúmar 860 millj. kr. á verðlagi í júní 1991. Þar af var gert ráð fyrir að hluti náttúrusafns yrði rúmir 3.800 fermetrar og áætlaður byggingarkostnaður með innréttingum í sýningarsölum rúmar 590 millj. en húsnæði Náttúrufræðistofnunar yrði áætlað tæpir 3.000 fermetrar og kostnaður rúmlega 270 millj. kr. Á móti þeim fjárfestingum var talið að losna mundi 1.520 fermetra húsnæði stofnunarinnar við Hlemmtorg í Reykjavík.

Af því að við höfum yfir að ráða afar öflugri upplýsingadeild á Alþingi Íslendinga óskaði ég eftir því við upplýsingadeildina að þessar tölur yrðu framreiknaðar til þess að við sæjum í hendi okkar út frá verðlagi dagsins í dag við hvað menn hafi verið að miða 1991. Það er forvitnilegt þegar litið er á þetta að tölurnar verða með framreikningi, miðað við hækkun vísitölu íbúðarhúsnæðis — framreikningurinn er reyndar svolítið flókinn, hann kemur til mín í tvennu lagi, annars vegar er getið um það að vísitala íbúðarhúsnæðis hafi hækkað um 98,1% frá júní 1991 til mars 2007 og hins vegar að vísitala íbúðarhúsnæðis hafi hækkað um 93% fyrir sama tímabil og ef við förum ákveðinn milliveg milli vísitölu iðnaðarhúsnæðis þá erum við kannski á einhverju svæði sem gæti talist raunsætt og þá eru 860 millj. sem heildarkostnaðurinn var áætlaður 1991 1 milljarður og 660 millj. fyrir heildarkostnað við Náttúruhús í Reykjavík sem hýsa ætti Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrugripasafn. Þar af yrði safnhlutinn 1,1 milljarður og í

hlut Náttúrufræðistofnunar kæmi 521 millj. Þetta er til gamans gert að geta þess að þarna hafa menn verið að tala um gríðarlega háar upphæðir sem við sjáum þegar búið er að framreikna þær og það er rétt að geta þeirra hér og nú til þess að við áttum okkur á því hversu stórt verkefni er fyrir dyrum.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kemur í ljós að menntamálaráðuneytið hafði ekki lagt fyrir fjárlagaskrifstofu áætlanir um uppbygginguna eða rekstur Náttúruminjasafnsins og frumvarpið veiti takmarkaðar upplýsingar sem hægt sé að byggja á kostnaðarmat. Þó kemur fram að ráðinn verði forstöðumaður og að gripir sem tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands, sem hafi fyrst og fremst sýningargildi, verði á forræði safnsins og æskilegt sé að kanna möguleika á að stofnanirnar tvær sameinist um húsnæði og aðstöðu og geri samkomulag um ýmis atriði, svo sem varðandi sýningu á gripum í vísindasafni Náttúrufræðistofnunar og fleira.

Úr því að engar áætlanir liggja fyrir gefur fjármálaráðuneytið sér afar einfaldar forsendur við gerð kostnaðarmats til að gefa grófar hugmyndir um áætlaðan kostnað. Þar kemur í ljós að forstöðumannsstaðan eigi að kosta 7–8 millj. á ári og útgjöldin vegna lágmarksskrifstofubúnaðar sé 1–2 millj. kr., verði fleira fólk ráðið megi vænta að útgjöld aukist um 3–10 millj. kr. fyrir hvert starf, að reikna megi með 4–6 starfsmönnum og rekstrarkostnaður geti numið 30–50 millj. kr. Ekki gerir fjárlagaskrifstofan ráð fyrir að byggt sé yfir safnið þannig að hér eru ekki tilgreindir neinir 1,5 milljarðar króna eða svo í húsbyggingu. Ég held að við verðum öll að átta okkur á þeirri skuldbindingu sem við, löggjafinn, Alþingi Íslendinga erum í raun að undirrita með því að samþykkja þessi lög. Kannski fyrst og fremst þess vegna samþykki ég frumvarpið og fagna því að þetta verði að lögum. Ég sé fyrir mér að hugmyndinni sem starfshópurinn skilaði 1991 verði að einhverju leyti fylgt þar sem gerð var metnaðarfull áætlun um náttúruhús í Vatnsmýrinni.

Ég ætla ekki að vera að lengja mál mitt með því að vera að fara yfir skýrslu starfshópsins. Hún er afar fróðleg og sýnir hversu langt menn hafa verið búnir að hugsa þetta. Ég ráðlegg þeim sem eiga eftir að vinna við þetta mál áfram að kynna sér vel niðurstöðurnar. Ég tel að í þeim séu fólgnir ákveðnir lyklar að þessu máli, hvernig megi vinna það svo vel fari.

Ég tek undir með umsagnaraðilum sem létu í ljós þær skoðanir að mikilvægt væri að vel tækist til við verkaskiptingu og samstarf Náttúrufræðistofnunar Íslands og hins væntanlega Náttúruminjasafns þótt ég hefði kosið að fleiri stofnanir yrðu teknar með. Ég vænti þess, svo notuð séu orð úr umsögn Veðurstofu Íslands, að strax verði hafist handa við að koma upp metnaðarfullu náttúruminjasafni sem stendur undir nafni og hæfir mikilvægi og fegurð íslenskrar náttúru. Hér segir, með leyfi forseta: „Það má ekki seinna vera og vonandi verður tekið á þessu verkefni af slíkum myndarbrag að 100 ára aðgerðaleysi verði eftir á talið réttlætanlegt.“ — Sannarlega, hæstv. forseti, tek ég undir þessi orð. 100 ára aðgerðaleysi í málefnum Náttúruminjasafns Íslands er dökkur skuggi sem stjórnvöld hafa ekki náð að reka af sér fyrr en nú. Það er vonum seinna, verð ég að segja, og nauðsynlegt að áformin og fyrirheitin sem fólgin eru í frumvarpinu verði efnd sem allra fyrst, af miklum glæsibrag og af raunsæi. Það þarf að tryggja að nýtt náttúruminjasafn á Íslandi verði eins og draumar manna hafa staðið til frá því að menn fóru að orða þessar hugmyndir í upphafi. Árið 1947 gaf Hið íslenska náttúrufræðifélag ríkinu til eignar safnmuni sem það hafði þá komið upp.

Ég hefði haft gaman af því að vitna í nokkrar umsagnir. Það er fróðleikur í umsögnum sem nefndinni bárust og sjónarmið sem þar bárust eru þarft innlegg í umræðuna en eins ömurlega og hér háttar til, hæstv. forseti, er ekki svigrúm fyrir efnisumfjöllun um þetta mál því miður. Slík efnisumfjöllun ætti að vera og snautlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli láta okkur ræða þetta mikilvæga og metnaðarfulla mál um miðja nótt á Alþingi Íslendinga örfáum stundum áður en menn þykjast ætla að fresta þinginu. Þetta ber ekki vott um mikla reisn í störfum þingsins og ítreka ég og undirstrika enn gagnrýni mína á þá sem hér fara með stjórn.

Ég held að ég láti það verða lokaorð mín í stað þess að lesa úr umsögnum eða geta þeirra frekar. Það munu kannski aðrir ræðumenn gera á eftir mér. Ég ítreka enn og undirstrika þá von mína að hér verði haldið þannig á málum að það líði ekki langur tími þangað til við getum litið glæsilegt náttúruminjasafn og ég heiti því ef við í stjórnarandstöðunni komum til með að eiga hlut að ríkisstjórn á næstu missirum þá verður þetta eitt af forgangsmálunum sem við komum til með að beina kastljósinu að.

[00:52]

**Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég kem í ræðustól öðru sinni til að vekja athygli á því að á bls. 2 í nefndaráliti hefur slæðst inn örlítil villa. Þar er málsgrein sem hefst á orðunum „Í öðru lagi“ en ef menn skoða þann hluta nefndarálitsins, þá segir hérna í næstsíðustu setningunni: „Þá er lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr. á rannsóknarhlutverki safnsins þannig að ljóst sé að það skuli stunda svokallaðar safnarannsóknir á starfssviði sínu.“ Textinn á að vera þannig að safnið stundi rannsóknir á starfssviði sínu þannig að orðið „svokallaðar“ og forliðurinn „safna“ á undan orðinu „rannsóknir“ falli út.

Ég vildi vekja athygli á þessu, herra forseti, og hef óskað eftir því að þetta nefndarálit verði prentað upp með þessari leiðréttingu.

[00:53]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hér er til umræðu frumvarp sem verður væntanlega samþykkt á morgun, eftir helgi eða hvenær sem þinglok verða í vor. Við höfum náð að verða sammála um þetta í menntamálanefnd með breytingum sem við gerðum tillögu um og verður gerð grein fyrir í nefndarálitinu.

Það er rétt sem fram kom hjá formanni nefndarinnar að samstarf um þetta tókst vel þrátt fyrir ýmsar blikur á lofti í upphafi og á meðan á þessu stóð. Það er dæmi um hvernig menn geta náð árangri í sínu starfi þegar menn ná saman yfir þessar hefðbundnu línur stjórnar og stjórnarandstöðu.

Þá er að vekja athygli á því að með samþykkt þessa frumvarps er aðeins stigið lítið skref í áttina að því sem stefnt hefur verið að, að því að koma upp náttúruminjasafni. Að því hefur verið stefnt í áratugi. Sú saga er orðin dapurleg. Ég ætla ekki að rekja hana frekar. Það er gert í at-

hugasemdum við frumvarpið ágæta vel og laglega.

En eins og ég sagði í 1. umr. um málið snýst frumvarpið fyrst og fremst um að ráða einn mann. Það verður lítið meira sem frumvarpið í raun gerir og má minna á umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins í því sambandi þar sem hún segir, ekki til að gagnrýna frumvarpið heldur til að skýra hvernig umsögn hennar er til komin, að samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins liggi engar áætlanir fyrir um uppbyggingu og rekstur náttúruminjasafnsins. Þar segir ekkert um fjölda og samsetningu starfsliðs. Það sé ljóst að þessi eini maður sem ráðinn verði samkvæmt frumvarpinu hljóti að vinna að áætlunum um stefnu, húsnæði og uppbyggingu safnsins en fjármálaráðuneytið hafði litlar forsendur til að meta kostnað við þessa áætlanagerð. Þetta er eins fátæklegt og verða má, frá menntamálaráðuneytinu eins og við höfum vakið athygli á í 1. umr., við stjórnarandstæðingar. Þó er þetta skref fram á við. Það er sem sé komið á fót svolítilli löggjöf um þetta safn og það starf hafið sem halda þarf gangandi á næsta kjörtímabili við að gera þessar áætlanir og undirbúa stofnun safnsins.

Vandinn við þetta safn er að það sprettur með nokkrum hætti út úr stofnun sem fyrir er og heitir Náttúrufræðistofnun Íslands sem varðveitir mikið vísindasafn á sínum eigin vegum, sem að hluta til byggist á hinu forna Náttúrugripasafni sem Náttúrufræðistofnun má segja að varðveiti eða hafi orðið til utan um það safn þegar það kom til ríkisins.

Þetta eru nokkuð flókin mál og verða enn flóknari við að söfn á Íslandi í ríkiseigu — eða í þjóðareigu og ríkisumsjón, sem væri réttara að segja, þótt ordalagið sé öðruvísi af einhverri kreddu í frumvarpinu, ég hirði ekki um það og hef ekki nennt að skeyta um það í umfjöllun um þetta mál — að slík söfn heyri undir menntamálaráðuneytið. En Náttúrufræðistofnun heyrir samkvæmt eðli máls undir umhverfisráðuneytið. Þess vegna er hætt við að í þeim samskiptum sem Náttúrufræðistofnun og Náttúruminjasafn eiga í framtíðinni, ef þau gerast stríð eða upp kemur einhver misskilningur, að við bætist sá núningur sem getur orðið á milli ríkisstofnana, núningur sem upp kemur í mannlegum samskiptum, og magnist upp vegna þess að hér eru tveir húsbændur, annars vegar umhverfisráðherra, hins vegar menntamálaráðherra.

Mér er minnisstætt úr nefndarstarfinu að við fengum fjölmarga ágæta gesti sem sögðu sína skoðun á málinu. Mér er kannski minnisstæðast þegar kom að Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði og hún lýsti skoðun sinni á því hvað gera ætti í þessu, sem ég var ekki endilega sammála að öllu leyti en hún sagði að lokum: Hvað sem þið gerið, reynið þá að hafa hreinar línur í þessum efnum, hreinar línur um hlutverk og um stjórnskipan þannig að ekki skapist af því vandræði í framhaldinu. Þessi orð hennar höfðu nokkur áhrif á mig, m.a. vegna þess að ég hafði fylgst úr fjarlægð með atburðum sem hafa orðið einmitt á sviði Margrétar Hallgrímsdóttur og kollega hennar innan þjóðminjavörslu og fornleifafræði og í tengdum greinum þar sem nú er loksins að komast á þokkalegur friður eftir nánast áratuga úfa sem þar höfðu verið uppi.

Ég held ég megi segja að við fórum eftir þessum ráðleggingum Margrétar og reyndum að skilja sundur sem mest mátti verða hlutverk Náttúruminjasafnsins annars vegar og hins vegar Náttúrufræðistofnunar og þess vísindasafns sem Náttúrufræðistofnun styðst við. Þá verður að bæta við eða skjóta inn að tengsl vísindasafns Náttúrufræðistofnunar og starfsins á Náttúrufræðistofnun eru meiri en alla jafna er með þau söfn sem a.m.k. ég þekki best og kannski flestir, þ.e. söfn eins og Þjóðminjasafnið eða Árnasafn þar sem sjálft safnstarfið er nú nokkuð aðskilið frá rannsóknum og fræðslustarfi. En í Náttúrufræðistofnun verður varla á milli skilið vegna þess að vísindasafnið er auðvitað heimildasafn sem náttúrufræðingarnir þurfa að hafa beinan aðgang að til alls kyns sýnatöku og skoðunar og geta ekki virt fyrir sér safnið úr fjarlægð eða lesið úr safninu á netinu eins og menn geta í handritarannsóknum nú orðið, eða haft í raun og veru flest gagn sem hafa má af safnmunum með því að hafa séð hann kannski einu sinni á ævinni eða skoðað hann í bókum eins og háttar til um fornleifafræði og skyldar greinar.

Við höfum náð þessum árangri með því að byrja á safnalögunum, eins og rakið var í framsöguræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, og tiltaka að Náttúruminjasafnið uppfylli rannsóknarskyldu sína sem höfuðsafn með því að rannsaka á starfssviði sínu og við höfum síðan með því bent á starfssviðið með sérstakri tilvísun.

Starfssviðið kemur fram í 2. gr. og þó einkum í 2. mgr. 2. gr. þar sem segir að Náttúruminjasafnið safni munum sem henti starfsemi þess, skrái þá og varðveiti. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings og annast rannsóknir á starfssviði sínu, sem er það sem að framan er nefnt.

Þar með er ljóst að Náttúruminjasafnið fæst ekki við grunnrannsóknir á sviði náttúrufræða og ekki sértækar rannsóknir á því sviði í sjálfu sér heldur fæst safnið fyrst og fremst við rannsóknir sem varða fræðslu og sýningarhlutverk safnsins. Það fæst við safnfræðilegar rannsóknir sem kalla má. En auk þess fæst það auðvitað við rannsóknir sem varða samband manns og náttúru sem ekki er grunn- eða kjarnaverkefni Náttúrufræðistofnunar eða annarra þeirra stofnana sem við höfum komið okkur upp til að rannsaka náttúruna.

Þetta höfum við gert og síðan vann nefndin í því að útfæra þessa hugsun í gegnum frumvarpsbálkinn og í raun og veru leit nefndin svo á að um safnkostinn gegndi sama máli. Þar eiga líka að vera hreinar línur. Við gerum ráð fyrir því að Náttúrufræðistofnun og Náttúruminjasafn geri með sér samning um afnot af safnkostinum. Í fyrsta lagi um það hvað Náttúruminjasafnið eigi að hafa í sinni vörslu eða hvort það eigi að hafa eitthvað í sinni vörslu af þeim safnkosti sem Náttúrufræðistofnun Íslands er yfir og þá hvað. Við bendum á að hafa til hliðsjónar samninginn sem Eysteinn Jónsson og Sigurður Þórarinsson skrifuðu undir, þetta er skemmtilegt að sjá á blaði, frá 1947. En hann verður nú aðeins hafður til hliðsjónar því málin hafa breyst ansi mikið síðan.

Ég vil segja í þessu sambandi og tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um að Náttúruminjasafnið verður

að hafa safnlegt samstarf við fleiri stofnanir og nýta sér náttúrugripasöfn annarra rannsóknarstofnana en Náttúrufræðistofnunar. Í sjálfu sér tel ég ekki nauðsynlegt að Náttúruminjasafnið hefji starf sitt á því að koma sér upp víðtækum safnkosti. Ég held að nútímalegt safn þurfi í raun og veru ekki á slíku að halda, geti það verið í samstarfi við vísindasöfn og annars konar söfn í því efni, og það eigi ekki að gera sér erfitt fyrir með því að hefja mikla söfnun muna og gripa heldur eigi það að byggja á því sem fyrir er. Ég get ímyndað mér það, þótt ég sé ekki að mæla með því fyrir þetta safn, að Náttúruminjasafn Íslands sé hægt að reka án þess að safnið eigi nokkurn einasta safngrip í sjálfu sér, hafi það trygga samninga um afnot af gripum og munum til langs tíma og skamms í öðrum söfnum og þá sérstaklega vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þannig að við vorum að reyna að útfæra hinar hreinu línur í þessu máli líka.

Ég vil svo halda áfram og taka undir með félaga mínum í nefndinni, hv. þingmanni Kolbrúnu Halldórsdóttur, um að næstu skref sem stíga þarf er að það þarf að gera áætlanir um uppbyggingu safnsins, um safnstefnuna. Það þarf að gera samninga við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar stofnanir og rannsóknarmiðstöðvar og það þarf að ganga rösklega í að leysa húsnæðismál Náttúruminjasafnsins annars vegar og hins vegar Náttúrufræðistofnunar Íslands og vísindasafna þess.

Nú ætla ég ekki að fara að kalla á neina ráðherra til þess að gera þetta, enda eru þeir ekki viðstaddir, heldur lýsa því yfir fyrir mína hönd að ég tel þetta mál vera næsta stórverkefnið í menningarframkvæmdum á Íslandi og held ég geti sagt það án þess að ég sé hátíðlegur að þetta sé að verða sameiginlegt álit flestra þeirra stjórnmálamanna sem láta sig þetta varða. Að minnsta kosti líti stjórnarandstöðuflokkarnir svo á að það verði hlutskipti þeirra ef þeir komast í stjórn í menningarmálum, og umhverfismálum reyndar líka, að koma þessu mjög rækilega af stað.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en segja um ræðu Kolbrúnar Halldórsdóttur að öðru leyti, sem var prýðileg, að ég gat þó ekki fylgt henni í óskum hennar um að setja inn í lögin miklar upptalningar um aðrar rannsóknarstofnanir. Ég taldi það óþarft og væri nóg að minnast á það í nefndarálitinu. Ég sá ekki hvaða tilgangi það þjónaði, m.a. vegna þess að frumvarpið er auðvitað fyrst og fremst svolítil beinagrind sem á eftir að setja inn í líffæri og utan á vöðva og skinn og setja heilann í höfuðkúpuna og gera annað það sem galdrameistarar gera til þess að smíða nýjar lífverur. Það er nú töluvert eftir í það hvað Náttúruminjasafnið varðar. Ég veit ekki alveg hvort þessi samlíking er algerlega smekkleg en hún varðar svona nokkurn veginn það efni máls sem við ræðum hér, náttúruna og samhengi hennar.

Að lokum hefur mér verið bent á vanda sem við áttum ekki við í menntamálanefnd og er ekki í frumvarpinu en er þó í safnalögum. En þar segir að forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, og vísindasafna hennar þar með, sitji í safnaráði. Það er mikilvægt starf sem fer fram í safnaráði. En þar á hann að sitja — ég er nú ekki með orðalagið hér í pontu — þangað til Náttúruminjasafnið er sett á stofn. Ég geri mér satt að segja ekki alveg grein fyrir því hvort Náttúruminjasafnið hefur verið sett á stofn við samþykkt þessa frumvarps sem laga. En ég tel þó að það sé ekki og þess vegna liggi fyrir að menn þurfi að finna, verði þetta frumvarp að lögum, þann heppilega áfanga í þeirri vinnu sem fram undan er til þess að geta kallað hann stofnsetningu Náttúruminjasafns og þar með taki forstöðumaður þess við af forstöðumanni Náttúrufræðistofnunar Íslands í safnalögunum.

Ég vek athygli á þessum vanda og legg til þessa túlkun á honum eins langt og hún nær því það er sennilega ekki heppilegt fyrir hinn nýja forstöðumann sem fær mikil verkefni að glíma við að þurfa þar að auki að setjast í safnaráð án nokkurra safnmuna, án húsnæðis, og án nokkurra starfsmanna. Hins vegar er eðlilegt að sá sem gætir hins mikla vísindasafns Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar með hins gamla eða forna náttúrugripasafns, sé fulltrúi náttúrugeirans í því ráði þangað til nýr maður getur tekið við.

Að lokum þetta. Eitt af því sem við ræddum og hugleiddum í nefndinni var nafn þessa safns, Náttúruminjasafn Íslands, sem áður gekk undir nafninu Náttúrugripasafnið. Mönnum þykir það eitthvað betur við hæfi að kalla þetta náttúruminjar en náttúrugripi. Ef til vill er átt við að það séu ekki aðeins hamir af fuglum eða einstakir þeir gripir sem við þekkjum úr slíkum söfnum frá fornu fari sem átt er við, heldur alls kyns minjar aðrar. En nafnið er ekki alveg heppilegt. Það er í fyrsta lagi dálítið langt og stirt og þar að auki er skýringin á náttúruminjum í lögum, sem má segja að séu á næsta bæ, í náttúruverndarlögunum, ekki heppileg að þessu leyti því náttúruminjar samkvæmt þeim eru annars vegar náttúruverndarsvæði eða náttúrusvæði og hins vegar lífverur og kerfi þeirra o.s.frv. Þess vegna er nokkuð óljóst hvað þetta þýðir.

Okkur datt í hug að þetta safn gæti heitið Náttúrusafn Íslands en vorum nú ekki nógu djörf til þess að leggja það til í breytingartillögum okkar þannig að ég sendi þá hugmynd hér með til framtíðar og getur vel verið að hún gangi upp. Því eflaust þarf að bæta þau lög sem úr þessu verða verulega þegar búið er að marka safninu stefnu, útvega því húsnæði og koma því í þann gang sem vert er fyrir íslenska menningu og íslenska náttúru.

[01:13]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ákvað bara að nýta mér andsvarsformið til að segja hér eins og eina replikku, svo ég leyfi mér nú að sletta, í tilefni af síðustu orðum hv. þm. Marðar Árnasonar, ég gleymdi að geta þessara hugleiðinga okkar með nafnið. En ég tek undir orð hv. þingmanns um að þingmenn hugleiði hvort við eigum ekki að láta safnið heita Náttúrusafn Íslands.

Mér finnst það hljóma vel og mér finnst það gefa góða mynd af því sem við erum að reyna að sjá fyrir okkur. Því við sjáum fyrir okkur húsrými í höfuðstað Íslands, a.m.k. við flest sem vorum að vinna við þetta í nefndinni, þar sem náttúru Íslands verða gerð skil á nýstárlegan hátt vonandi í formi margmiðlunar og sýningargripa og samspils arkitektúrs hússins og ljóss og skugga og þess sem skapar gott og gefandi húsnæði.

Ég held að það færi vel á því að slíkt safn héti Náttúrusafn Íslands. Ég bið því hv. þingmenn að hugleiða hvort við

ættum ekki að koma með breytingartillögu eða vísa því til menntamálaráðherra að það verði hugleitt að það verði nafnið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samkeppnislög, 2. umr.*

Stjfrv., 522. mál (viðurlög við efnahagsbrotum). — Þskj. 788, nál. 1132, brtt. 1133.

[01:15]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, en það er að finna á þskj. 1132. Á því þingskjali kemur fram hvaða gestir heimsóttu nefndina, að nefndin hafi fengið umsagnir og enn fremur er lýsing á frumvarpinu.

Hvað varðar refsiábyrgð einstaklinga vegna brota gegn samkeppnislögum er með frumvarpinu lagt til að tiltekin samráðsbrot verði lýst refsiverð, sbr. 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Er einnig lagt til að sú háttsemi sem miðar að því að spilla sönnunargögnum og torvelda rannsókn á samkeppnisbrotum verði lýst refsiverð. Þá er lagt til að ákvæði samkeppnislaga um sektir eða fangelsi nái einungis til einstaklinga og að fyrirtæki sæti stjórnvaldssektum vegna brota gegn samkeppnislögum. Er lagt til að refsihámark vegna brota einstaklinga verði hækkað úr fjórum árum í sex.

Í 2. mgr. 2. gr. er mælt fyrir um skyldu Samkeppniseftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja vegna brota á samkeppnislögum. Í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. er lagt til sérstakt ákvæði um álagningu stjórnvaldssekta vegna brota samtaka fyrirtækja. Ákvæðið er svohljóðandi: „Ef brot samtaka fyrirtækja tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers fyrirtækis sem á fulltrúa í stjórn samtakanna.“ Nefndin telur óheppilegt að tengja sektarfjárhæð og -innheimtu við setu í stjórn líkt og lagt er til með þessu ákvæði. Fólk er kosið í stjórn sem einstaklingar en ekki sem fulltrúar einhverra fyrirtækja auk þess sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að fyrirtæki þyrftu að sanna sakleysi sitt, þ.e. að hafa ekki tekið þátt í samráði samtaka, til að sleppa við sektir. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ef samtökin greiddu ekki sektina væri unnt að krefja hvert það fyrirtæki sem átti fulltrúa í stjórn samtakanna um greiðslu sektarinnar án þess að sök þeirra væri sönnuð. Leggur nefndin því til breytingu á frumvarpinu á þann veg að fjárhæð sektar nemi ekki hærri fjárhæð en 10% af heildarveltu hvers aðila sem er virkur á þeim markaði sem brot samtakanna nær til. Lagt er til að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk en þetta tímamark miðast við varðveislu bókhaldsgagna, samanber lög um bókhald, nr. 145/1999.

Herra forseti. Eitt af verkefnum nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum var að fjalla um hlutverk eftirlitsaðila og verkaskiptingu þeirra á milli, þar á meðal skil milli annars vegar þeirra sem er heimilt að beita stjórnvaldssektum og hins vegar lögreglu og ákæruvalds. Markmið tillagna nefndarinnar lýtur meðal annars að því að eyða óvissu um verkaskiptingu. Í 5. gr. frumvarpsins eru sett ákvæði um verklag við rannsókn mála sem beinast bæði gegn einstaklingum og fyrirtækjum og um samskipti milli samkeppnisyfirvalda og lögreglu og ákæruvalds. Lagt er til að brot gegn samkeppnislögum sæti einungis opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins til lögreglu. Hér er um að ræða ákveðna takmörkun á valdi ríkissaksóknara og lögreglu til rannsóknar sakamála, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 25. gr. og 2. málsl. 5. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála. Nefndin telur mikilvægt að Samkeppniseftirlitið gæti samræmis við afgreiðslu mála og gæti að jafnræði sakborninga.

Í 2. mgr. 5. gr. er kveðið á um að varði meint brot á lögunum bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Samkeppniseftirlitið með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort sá hluti málsins sem varðar refsiábyrgð einstaklings skuli kærður til lögreglu. Nefndin tekur undir það sjónarmið sem fram kom í minnisblaði saksóknara efnahagsbrota til nefndarinnar að ekki komi til greina að Samkeppniseftirlitið kæri til lögreglu mál þar sem meint brot varða einungis atvik, eitt eða fleiri, sem bersýnilega eru framin af gáleysi. Tilgangur ákvæðisins er því sá að ljóst sé að aðeins alvarlegustu málin, þau sem framin eru af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, verði kærð til lögreglu.

Í 3. mgr. 5. gr. er kveðið á um heimild Samkeppniseftirlitsins til að falla frá kæru á hendur einstaklingi hafi hann, eða fyrirtæki sem hann er í stjórn í eða starfar fyrir, haft frumkvæði að því að veita Samkeppniseftirlitinu upplýsingar eða gögn. Við umfjöllun nefndarinnar um þetta atriði kom fram að ákvæðið mætti skilja sem svo að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að afturkalla kæru sem send hefur verið til lögreglu með þeim afleiðingum að mál verði fellt niður hjá lögreglu. Nefndin leggur til að orðalag þessa ákvæðis verði breytt í þá veru að Samkeppniseftirlitið geti ákveðið að kæra ekki einstakling sem hefur haft frumkvæði að því að veita upplýsingar eða gögn.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og lúta að verklagi byggjast á því markmiði frumvarpsins að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana þegar bæði refsing og stjórnsýsluviðurlög liggja við broti. Með þessu er stefnt að því að mál tiltekins aðila sé ekki rannsakað á sama tíma hjá bæði stjórnvaldi og lögreglu.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingunum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Drífa Hjartardóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, 2. umr.*

Stjfrv., 523. mál (viðurlög við efnahagsbrotum). — Þskj. 789, nál. 1129.

[01:22]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði en það er að finna á þskj. 1129. Á því þingskjali eru enn fremur taldir upp þeir gestir sem komu á fund nefndarinnar og þess getið að nefndinni hafi borist umsagnir.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum, þskj. 788, 522. mál. Frumvörpin byggja á starfi nefndar sem forsætisráðherra skipaði um viðurlög við efnahagsbrotum en formaður nefndarinnar var dr. Páll Hreinsson.

Í nefndarálitinu eru lýsingar á frumvarpinu og vísa ég til þess.

Kveðið er á um það í frumvarpinu að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri ákæru ef kæra þar að lútandi berst lögreglu frá Fjármálaeftirliti. Einungis meiri háttar brot sæta kæru til lögreglu og er það sérstaklega skilgreint í frumvarpinu hvenær brot teljast meiri háttar. Fjármálaeftirlitinu ber að gæta jafnræðis og er sérstaklega kveðið á um það í frumvarpinu að gæta skuli samræmis við úrlausn sambærilegra mála. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Drífa Hjartardóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 2. umr.*

Stjfrv., 591. mál (samsköttun sambúðarfólks, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 876, nál. 1188.

[01:24]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatta af fjármagnstekjum, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Dórotheu Jóhannsdóttur, Jón Guðmundsson, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti og Steinþór Haraldsson frá embætti ríkisskattstjóra. Nefndinni bárust einnig umsagnir um málið.

Með frumvarpinu eru lagðar til þríþættar breytingar. Er í fyrsta lagi lagt til að inn í skattalöggjöf verði bætt ákvæðum um svonefnda starfstengda eftirlaunasjóði en nú er til meðferðar í þinginu frumvarp um heimild til starfrækslu slíkra sjóða hér á landi (568. mál). Lagt er til að starfstengdir eftirlaunasjóðir verði undanþegnir skattskyldu og staðgreiðslu á fjármagnstekjur á sama hátt og lífeyrissjóðir. Jafnframt er lagt til að í skattalegu tilliti verði farið með framlag launagreiðanda til starfstengdra eftirlaunasjóða og skattlagningu einstaklinga sem greiða í slíkan sjóð með sama hætti og gildir um greiðslur í lífeyrissjóð og til aðila sem hafa heimild til að taka á móti viðbótarlífeyrissparnaði. Í öðru lagi er lagt til að lögaðilum með takmarkaða skattskyldu á Íslandi sem eru heimilisfastir í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins verði heimilt að draga móttekinn arð frá skattskyldum tekjum. Hingað til hafa þessir aðilar greitt 15% afdráttarskatt af arði. Áfram mun verða til staðar heimild til að halda eftir 15% tekjuskatti af arðgreiðslum til lögaðila sem eru heimilisfastir í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á skilyrðum fyrir samsköttun sambúðarfólks. Ástæðan er sú að með 11. gr. laga nr. 65/2006, um breytingu á lögum sem varða réttarstöðu samkynhneigðra, var sú breyting gerð að skráning óvígðrar sambúðar í þjóðskrá varð fortakslaust skilyrði þess að samsköttun samkvæmt lögum um tekjuskatt væri heimil. Þessi breyting mun standa í vegi fyrir því að fjöldi sambúðarfólks sem hefur verið samskattað á liðnum árum en er ekki skráð í sambúð uppfylli skilyrði til samsköttunar. Breytingin hefði jafnframt haft áhrif á ákvörðun vaxta- og barnabóta. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Birgir Ármannsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara. Hv. þm. Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Birgir Ármannsson, með fyrirvara, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Möller og Sæunn Stefánsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 2. umr.*

Stjfrv., 561. mál (ríkisstarfsmenn hjá alþjóðlegum stofnunum). — Þskj. 836, nál. 1207.

[01:27]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins en það er að finna á þskj. 1207.

Í nefndarálitinu kemur fram hvaða gestir heimsóttu nefndina og einnig að umsagnir hafi borist. Þá er þar lýsing á málinu.

Fram kom í umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frumvarpið að sú lækkun sem hér sé lögð til hefði þýtt 1,7 milljörðum kr. lægri eignir sjóðsins nú ef reiknað væri með 7,5% viðbótarframlagi í stað 9,5% á árunum 1997–2006. Einnig kom fram að sé einungis litið tilið-

gjaldagreiðslna á árinu 2006 hefði lægra iðgjald haft í för með sér um 100 millj. kr. lægri eignastöðu sjóðsins og þá samsvarandi hækkun á bakábyrgð ríkissjóðs. Nefndin bendir á að sú hækkun á iðgjaldi vinnuveitenda í lífeyrissjóð sem kveðið er á um í lögum nr. 167/2006 sem öðluðust gildi 1. janúar 2007 var almenn og stafaði annars vegar af auknu langlífi þjóðarinnar og hins vegar af aukinni örorku í þjóðfélaginu. Nefndin telur að eðlilegt hefði verið að fara aðra leið en þá sem hér er lögð til og hvetur til þess að áðurnefnt samkomulag, sem gert var vegna flutnings grunnskólans, verði endurskoðað.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Er annars vegar lagt til að lokamálsliður 1. gr. frumvarpsins falli brott enda er slíkt ákvæði þegar í 1. mgr. 7. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þar sem fram kemur að stjórn sjóðsins setji samþykktir í samræmi við lög sjóðsins og önnur lög um lífeyrissjóði. Hins vegar er lagt til að sá hluti gildistökuákvæðisins sem kveður á um afturvirkni 2. gr. verði í ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið enda er um tímabundið ákvæði að ræða. Tilgangur þess er sá að sveitarfélögin fái endurgreitt það sem þau hafa greitt frá áramótum, umfram það sem samið var um á sínum tíma, þ.e. við flutning grunnskólans. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem nefndar eru í álitinu.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Undir álitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara, Kjartan Ólafsson, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

[01:31]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um skýringu á því að ég undirrita þetta með fyrirvara. Ég get stutt 1. gr. frumvarpsins sem heimilar að sjóðfélagi sem dvelur erlendis á vegum ríkisins til starfa hjá alþjóðastofnun geti haldið tengslum sínum við B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þetta er í sjálfu sér ekki óeðlilegt.

Fyrirvari minn lýtur að 2. gr. sem á rót að rekja í samkomulag sem gert var á sínum tíma milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við flutning grunnskólans. Þar tók ríkið á sínar herðar að greiða tiltekinn kostnað við flutninginn sem nú á að færa í bókhald lífeyrissjóðsins. Eðlilegra hefði verið að þetta yrði gert beint úr ríkissjóði en ekki farin sú leið sem valin er í frumvarpinu. Þetta kom fram í umræðu í nefndinni og var reyndar ríkjandi sjónarmið þar og áhersla lögð á þetta frá okkar hendi að við teldum eðlilegra að hafa annan hátt á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 2. umr.*

Stjfrv., 279. mál (hlutverk og starfsemi sjóðsins). — Þskj. 292, nál. 1255.

[01:33]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndarálitið er að finna á þingskjali 1255. Þar er getið um þá gesti sem komu á fund nefndarinnar og einnig að umsagnir hafi borist. Svo er lýsing á frumvarpinu en það er lagt fram samhliða frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (þskj. 293, 280. mál) og frumvarpi forsætisráðherra til laga um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð (þskj. 308, 295. mál).

Í því frumvarpi sem iðnaðarnefnd hefur haft til umfjöllunar er gert ráð fyrir að tryggingardeild útflutnings verði vistuð innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hefur iðnaðarnefnd lagt til breytingu á því frumvarpi þannig að tryggingardeild útflutnings muni áfram vistast hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Þykir því einsýnt að hv. efnahags- og viðskiptanefnd leggi til breytingar á frumvarpinu í þeim tilgangi að þau ákvæði falli brott sem kveða á um brottfall þeirra ákvæða laganna sem fjalla um tryggingardeild útflutnings. Þá er í frumvarpinu lagt til að vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði lögð niður og verður eigið fé hennar hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs, að sjóðnum verði heimilt að gera afleiðusamninga og að aðeins Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með reikningum sjóðsins og eignum en ekki Fjármálaeftirlitið jafnframt. Að lokum skal nefnt að lagt er til að ákvæði laganna um refsinæmi brota verði fellt brott.

Í umsögnum og í umræðum í nefndinni var vakin athygli á því að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins var upphaflega myndaður að hluta úr eigin fé Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs sem runnu í Fjárfestingarbanka Atvinnulífsins (FBA) og viðkomandi starfsgreinar töldu eign sína. Þetta skýrir t.d. tilnefningar í stjórn sjóðsins en tveir af fimm stjórnarmönnum eru skipaðir annars vegar af samtökum atvinnufyrirtækja í iðnaði og hins vegar af samtökum atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi.

Jafnframt var rætt um það í nefndinni að ráðherra staðfesti reglur um mat á fjárfestingartækifærum, auk umsókna um lán og ábyrgðir. Segja má að þetta sé grundvöllur þess að ráðherra geti sinnt sínu eftirlitshlutverki en það er ekki ætlunin að ráðherra hafi afskipti af störfum sjóðsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með áðurnefndum breytingum sem fram koma á þingskjalinu sem ég gat um.

Hv. þingmenn Ögmundur Jónasson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir og Jóhann Ársælsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara, Dagný Jóns-

dóttir, Jóhann Ársælsson, með fyrirvara, Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson og Birkir J. Jónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Opinber innkaup, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 277. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 287, nál. 1053, brtt. 1054 og 1080.

[01:36]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um opinber innkaup frá hv. frá efnahags- og viðskiptanefnd en það er að finna á þingskjali 1053. Á því þingskjali er að finna hvaða gestir komu á fund nefndarinnar og að umsagnir hafi borist frá fjölda aðila.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögum um opinber innkaup. Því er lýst í þessu nefndaráliti sem er að finna á þingskjali 1053.

Nefndin ræddi talsvert um það til hvaða aðila reglur frumvarpsins taki en líkt og í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að sveitarfélögin undirgangist þær skyldur sem kveðið er á um í 2. þætti laganna um opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES. Nefndin ræddi um að fara þyrfti rólega í sakirnar, enda eðlilegt að gætt sé sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaga. Fram kom á fundum nefndarinnar að við setningu gildandi laga hafi verið um það rætt að reglur um opinber innkaup undir framangreindum viðmiðunarfjárhæðum ættu einnig að gilda um sveitarfélögin. Ekki náðist samstaða um það á þeim tíma og var skipuð nefnd til að fjalla um málið sem hefur ekki enn lokið störfum. Sveitarfélögin sýsla með opinbert fé líkt og ríkið og töldu margir gesta nefndarinnar í ljósi þess ekki við það unað að sveitarfélögunum væri í sjálfsvald sett hvort þau undirgengjust þær auknu skyldur við opinber innkaup sem felast í 2. þætti laganna. Nefndin er sammála þessu, einkum í ljósi þess að mikið hefur verið rætt um hvort sveitarfélögin muni taka við sífellt fleiri verkefnum af ríkinu. Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu í því skyni að stíga hóflegt skref í átt að því að reglur um opinber innkaup taki til sveitarfélaganna. Þannig verði kveðið á um það berum orðum í lögunum að sveitarfélögum sé heimilt að beita reglum 2. þáttar frumvarpsins um innkaup sín. Geri þau það ekki beri þeim sjálfum að setja sér reglur um innkaup. Nefndin leggur þó til nokkurn aðlögunartíma, þ.e. til 1. janúar 2008. Nefndin hvetur einnig til þess að sú nefnd sem fjármálaráðherra skipaði í febrúar 2002 til að gera tillögur um gildissvið laga um opinber innkaup gagnvart sveitarfélögunum ljúki verkefni sínu og skili tillögum hið fyrsta.

Á fundum nefndarinnar var fjallað um rammasamninga og þá hættu sem þeir geta haft í för með sér að tiltekin fyrirtæki eða bjóðendur verði útilokaðir frá markaðnum eða þá að nýir aðilar komist ekki inn á markaðinn. Ríkið er langstærsti kaupandinn og á sumum sviðum sá eini og varða því miklu þeir hagsmunir sem eru fólgnir í því að gera rammasamning. Rammasamningar sem slíkir teljast ekki andstæðir samkeppnislögum en hins vegar er það metið í hvert og eitt sinn hvort svo teljist vera. Hvað þessi atriði varðar þá skiptir tímalengd rammasamnings miklu. Í 3. mgr. 34. gr. frumvarpsins er kveðið á um að gildistími rammasamnings megi ekki vera lengri en fjögur ár, nema í undantekningartilfellum sem skulu helgast af málefnalegum ástæðum. Fram kom á fundum nefndarinnar að við samningu frumvarpsins hafi verið gengið út frá því að lög um opinber innkaup takmarki ekki gildissvið samkeppnislaga. Ræddi nefndin jafnframt þá stöðu sem upp getur komið ef kaupanda samkvæmt rammasamningi bjóðast jafngóðar vörur á mikið lægra verði, t.d. 30% lægra, á almennum markaði, t.d. á netinu. Telur nefndin eðlilegt að tekið sé mið af slíkum tilfellum í rammasamningnum sjálfum.

Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Svanhvít Aradóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara, og Sæunn Stefánsdóttir.

[01:41]

**Ögmundur Jónasson** (frh.):

Hæstv forseti. Góð vísa er aldrei of oft kveðin, segir einhvers staðar og fróðlegt að heyra þessa upprifjun á nefndaráliti með frumvarpinu sem er að mörgu leyti hin ágætasta smíð. Frumvarpshöfundum hafa engu að síður verið settar pólitískar skorður. Frumvarpið, eins og fram hefur komið, fjallar um opinber innkaup og hvaða reglur skuli gilda um þau þegar ríkið eða ríkisstofnanir eru annars vegar.

Þegar ég gerði hlé á ræðu minni við umræðuna í gær hafði ég farið nokkuð yfir gagnrýni mína á frumvarpið og ætla ég ekki að endurtaka það eða hafa um þetta langa ræðu nú. Ég áskil mér allan rétt að gera það við 3. umr. málsins en þó vil ég í örfáum orðum nefna þá þætti sem ég gagnrýni helst.

Í fyrsta lagi eiga reglurnar einvörðungu að gilda um ríkið og ríkisstofnanir en ekki um sveitarfélög og stofnanir sveitarfélaga. Þetta var reyndar gagnrýni sem fram kom í nefndinni og þó ég sé ekki áhugasamur um að knýja sveitarfélög í öllum tilvikum til að ráðast í útboð á verkefnum þá finnst mér hins vegar mikilvægt að þegar það á annað borð er gert, þá gildi um það skýrar og gagnsæjar reglur og út á það gengur frumvarpið. Það hefði því í sjálfu sér verið eðlilegt að eitt yrði yfir alla látið ganga.

Síðan má deila um það hvaða upphæðir eru lagðar til grundvallar. Hvenær ríkisstofnunum er gert að fara í útboð. Ég er þeirrar skoðunar að upphæðirnar sem hér eru lögbundnar séu einfaldlega of lágar. Talað er um að öll innkaup á vörum yfir 5 millj. kr. skuli fara í útboð og á verkum er talað um 10 millj. kr. grunnupphæð. Allt sem er á þeirri upphæð eða yfir skal fara í útboð.

Ég hefði talið að þessar upphæðir hefðu gjarnan mátt vera hærri og bendi á að viðmiðunarupphæðir fyrir opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu eru mun hærri, 14

millj. kr. fyrir yfirvöld á vegum ríkisins eins og það heitir og síðan upp í 22 millj. kr. Þetta er því eitt atriði sem ég gagnrýni.

Síðan hefði ég viljað setja í 1. gr. sem skýrir tilgang laganna skilgreiningu sem er víðari en sú sem hér er að finna. 1. gr. frumvarpsins hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja jafnræði fyrirtækja við opinber innkaup, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu."

Á eftir orðunum „virkri samkeppni" í 1. gr. vil ég bæta við, með leyfi forseta:

„efla umhverfisvernd og félagslegar og siðrænar áherslur við opinber innkaup með sjálfbæra þróun í huga."

Þetta er breytingartillaga sem ég flyt við frumvarpið og er í þeim anda sem verkalýðshreyfingin í Evrópu, samtök neytenda og samtök fatlaðra leggja áherslu á að sett verði í regluverk af þessu tagi. Við teljum að samþætta eigi umhverfisþáttinn í löggjöf af þessu tagi svo og hinar félagslegu áherslur. Í frumvarpinu er vissulega heimildarákvæði þar að lútandi. Ríkisstofnunum er heimilt að taka tillit til slíkra þátta. Ég ætla ekki að orðlengja þetta mjög og ekki að rekja einstakar greinar hvað þetta snertir en það er heimilt að setja slíkar kröfur eða fyrirvara eða hvað það á að kalla í útboðsgögn, en ég tel að þetta eigi að vera skylt. Það eigi að vera skylda að taka tillit til kjarasamninga og síðan margvíslegra félagslegra þátta.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég hef áður gert grein fyrir breytingartillögunni við frumvarpið sem við leggjum fram og ég áskil mér allan rétt til þess að skýra sjónarmið mín betur við 3. umr. málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 2. umr.*

Stjfrv., 515. mál (rannsóknir á kolvetnisauðlindum). — Þskj. 778, nál. 1010 og 1150, brtt. 1011.

[01:47]

**Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Það er frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að lesa hér upp allt nefndarálitið. Ég vísa til þingskjals 1010. En frumvarp þetta fjallar um breytingar á ákvæðum um lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Það frumvarp sem hér er til umræðu fjallar um réttindi og skyldur leyfishafa, leyfisveitingar og ýmis stjórnsýsluverkefni sem eru færð frá iðnaðarráðuneyti yfir til Orkustofnunar. En jafnframt er í þessu frumvarp gert ráð fyrir að styrkari stoðum verði skotið undir ýmsar gjaldtökuheimildir.

Hér er um að ræða verkefni sem fyrst fremst lýtur að leit að olíu. Ég vísa enn til þingskjals 1010, en 1. minni hluti gerir hins vegar tillögu um tvær breytingar á frumvarpinu. Það er annars vegar í c-lið 5. gr. frumvarpsins þar sem er fjallað um leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsinga. 1. minni hluti var þeirrar skoðunar að eins og frumvarpið hljómar þá væru það heldur rúmar heimildir og leggur til þær breytingar á ákvæðinu þess efnis að birta skulu tilkynningu í Lögbirtingablaði annars vegar og hins vegar í stjórnartíðindum Evrópusambandsins þar sem fram komi afmörkun viðeigandi svæðis ásamt leiðbeiningum um hvar veittar séu frekari upplýsingar um leyfisveitingar á svæðinu.

Hin breytingin sem 1. minni hluti leggur til eru á ákvæði 13. gr. frumvarpsins varðandi þagnarskyldu starfsmanna Orkustofnunar. 1. minni hluti telur að trúnaðarskylda á gögnum á rannsóknarleyfistíma þurfi ekki að vera eins fortakslaus og gert er ráð fyrir í frumvarpinu og að heimilt ætti að vera að semja við umsækjendur um heimildir til rýmri aðgangs að og notkunar á rannsóknargögnum, eins og rakið er í þingskjali 1011.

Ég vísa að öðru leyti til þingskjala 1010 og 1011 varðandi þær breytingartillögur og nefndarálit sem 1. minni hluti leggur til. Undir það rita, auk þess sem hér stendur, hv. þingmenn Sigríður A. Þórðardóttir, Kjartan Ólafsson og Birgir Ármannsson.

[01:50]

**Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson):**

Hæstv. forseti. Í athugasemdum sem fylgdu þessu frumvarpi segir:

„Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru að skýrar er kveðið á um stjórnsýsluhluta laganna. Í núgildandi lögum þykir skorta ítarlegri ákvæði um réttindi og skyldur leyfishafa sem og leyfisveitanda. Með frumvarpinu er stefnt að því að eyða allri hugsanlegri óvissu um réttindi og skyldur aðila. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á eignarrétti kolvetnisauðlinda sem áfram eru, og munu vera, í eigu íslenska ríkisins, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Samkvæmt lögum nr. 13/2001 er iðnaðarráðherra, í samræmi við eignarrétt íslenska ríkisins, leyfisveitandi vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Hins vegar er lagt til að heimilt verði að semja um að handhafi vinnsluleyfis verði eigandi þess kolvetnis sem hann framleiðir."

Þessi tillaga er í 2. gr. frumvarpsins og það sem í henni felst virðist vera aðalástæðan fyrir því að frumvarpið er flutt. Með þeirri aðferð sem þarna er lögð til breytist sú ótvíræða þjóðareign sem er á kolvetni í séreign við vinnsluna og eigandinn, íslenska þjóðin, tekur í raun alla áhættu af mismunandi rekstri þeirra fyrirtækja sem vinna kolvetni. Þessi aðferð þarfnast gaumgæfilegrar athugunar. Fulltrúar Samfylkingarinnar gerðu tilraunir til þess í nefndarstarfinu að kalla fram upplýsingar um hvernig gjaldtakan yrði í raun ákveðin og settu fram þá skoðun að samræmis yrði að gæta á milli þessa frumvarps og frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem einnig er til meðferðar í nefndinni, þ.e. 542. mál. Um þetta voru skiptar skoðanir og fulltrúar stjórnarflokkanna töldu ekki ástæðu til að samræma meðferð þessara auðlinda. Samfylkingin telur að við meðferð auðlinda í þjóðareign eigi að gilda leiðsögn auðlindanefndar frá árinu 2000 en á þeirri leiðsögn byggði sú nefnd sem samdi fyrrnefnt mál nr. 542. Vandséð er að sú leið sem er

opnuð með 2. gr. frumvarpsins með samningum um skattgreiðslur samræmist stefnumörkun auðlindanefndar frá árinu 2000. Til þess að endanlega sé hægt að kveða upp úr með það þyrftu að liggja fyrir útfærðar tillögur um þessa aðferð. Slíku var ekki til að dreifa. Gjaldtaka vegna væntanlegrar nýtingar er á forræði fjármálaráðuneytisins. Á vegum þess er nú vinnuhópur að skoða leiðir til gjaldtöku. Það er ekki hægt að bera saman þau úrræði í þessu efni sem fram koma í 542. máli við reglur sem ekki hafa verið settar.

Þá eru í 5. gr. frumvarpsins allt of víðtækar heimildir til Orkustofnunar til að úthluta svæðum til rannsókna og vinnslu kolvetna án auglýsinga. Gríðarleg verðmæti geta legið í auðlindum á og undir hafsbotni. Rétturinn til að rannsaka þau og nýta getur verið afar mikils virði. Alþingi verður því að gæta mikillar varúðar við framsal valds til ráðstöfunar slíkra verðmæta.

Annar minni hluti leggur til að frumvarpinu verði vísað frá.

Undir þetta rita hv. þingmenn Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson og Katrín Júlíusdóttir.

[01:54]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Virðulegi forseti. Það væri nú gaman að ræða hér stundarlangt um olíuleitarmál okkar og líkurnar á því að það kunni að finnast olía, eða að minnsta kosti gas einhvers staðar í nágrenni við Ísland, í íslensku sérefnahagslögsögunni. Það væri nú gaman því það er sem betur fer þannig frá málum gengið að auðlindir í og á hafsbotni og öllu íslensku yfirráðasvæði eru sameign þjóðarinnar eins og vinsælt er að kalla það nú til dags. (Gripið fram í.)

Að vísu er í þessu tilviki skýrt fram tekið að ríkið fari með eignarhaldið fyrir hönd þjóðarinnar. En sameign er það auðvitað engu að síður. Kannski er það ekki eins fjarlægur möguleiki og manni fannst það nú yfirleitt að hér gætu átt eftir að finnast nýtanlegar olíuauðlindir eða gasauðlindir. Aðallega er það vegna þess að verðþróun á jarðefnaeldsneyti kann að gera það að verkum að áhugi glæðist á því að leita og leggja fjármuni í rannsóknir, að einfaldlega með hækkandi olíuverði verði það mögulega áhættunnar virði að leita að vinnanlegum olíulindum eða gaslindum á hafsvæðinu þá væntanlega norður og norðaustur af landinu.

Hér er sem sagt verið að lappa upp á lög sem þegar eru í gildi um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þau hafa verið í gildi um nokkurra ára skeið og nú sýnist mönnum ástæða til að endurskoða þau lög og setja inn í þau ný ákvæði. Væntanlega vegna þess að sá möguleiki kunni að vera nær að á þau reyni beinlínis.

Fram að þessu hafa í raun engar eiginlegar rannsóknir sem miða að því að afmarka möguleg vinnslusvæði eða staðsetja mögulegar tilraunaboranir farið fram heldur eingöngu forrannsóknir og kannanir með bergmálsmælingum eða endurvarpsmælingum. Þær rannsóknir eru síðan yfirleitt unnar af aðilum sem síðan hyggjast selja þær öðrum ef til leitar komi. En það er út af fyrir sig alveg hægt að taka undir það og viðurkenna að hugsanlega er sá tími nær okkur en maður hefði haldið fyrir nokkrum árum síðan að einhverjir fari að hyggja á alvörurannsóknir þarna og til þess geti jafnvel komið að sótt verði um leyfi til þess að fara út í tilraunaboranir og mögulegar vinnslutilraunir.

Þá kemur auðvitað að því hvernig eigi að framselja leyfi til slíks frá ríkinu, sem eins og hér stendur, er óumdeilanlega eigandi að auðlindum hafsbotnsins. Ég verð nú að taka það fram, af því það er tekið fram hér í nefndaráliti og frumvarpinu að ekki séu lagðar til breytingar á eignarrétti kolvetnisauðlinda, að þá liggur við að maður segi að þakka skyldi það nú að ekki sé verið að leggja það til. Það hefði farið vel saman við auðlindaákvæðið fræga sem átti að setja inn í stjórnarskrána en nú er farið sína leið að hrófla eitthvað við þessum eignarrétti ríkisins.

Það er hins vegar stórkostlega vandasamt mál hvernig um það er búið ef ríkið framselur vinnsluleyfi, nýtingarleyfi á sameiginlegri auðlind eins og þessari. Það er líka mikil spurning um það hvort menn vilji ekki að einhverju leyti hafa möguleika á að stýra vinnslunni í farveg sem þýðir uppbyggingu þekkingar og mögulega aðild innlendra aðila að slíkri vinnslu, jafnvel þó hún sé fjármagnsfrek. Sú leið var valin í Noregi eins og allir vita og Norðmenn eiga nú í dag einhver ríkustu fyrirtæki heims þar sem er ríkisolíufyrirtækið Statoil og eignarhaldsfyrirtæki sem á miklar auðlindir í formi vinnsluréttinda sem það hefur leigutekjur af, nýtir í gegnum það að fá aðra til samstarfs um vinnsluna.

Danir fóru aðra leið. Þeir framseldu þessi réttindi beint í hendur einkafélaga og fyrir vikið byggðist þar af leiðandi ekki upp sjálfstæður iðnaður og sjálfstæð þekking, eignarhald, með sama hætti og gerðist í Noregi. Flestir eru nú þeirrar skoðunar sem borið hafa saman þessar tvær ólíku aðferðir sem frændþjóðir okkar þarna fóru að Norðmenn hafi reynst hyggnari og ekki feimnir við að beita ríkisvaldinu í því skyni að tryggja að í höndum Norðmanna sjálfra yrði öflugur iðnaður á þessu sviði á sama tíma og Danir seldu einfaldlega hinu ágæta fyrirtæki AP Möller-Maersk réttindi sín í Norðursjó og þar hafa þau verið síðan og þróunin orðið allt önnur.

Ég hef verið talsmaður þess þar sem þessi mál hefur borið á góma að við fylgjum frekar fordæmi Norðmanna. Ég mundi vilja ganga frá því mjög tryggilega að menn hefðu í sínum höndum möguleika á að fara mismunandi leiðir eftir því hverjar aðstæður kynnu að verða þegar á það reyndi að hugsanlegu hygðu einhverjir á raunverulegar rannsóknir og jafnvel tilraunaboranir og mögulega vinnslu.

Ég er því að mörgu leyti sammála því sem segir í nefndaráliti 2. minni hluta. Þar sem ég er áheyrnarfulltrúi í iðnaðarnefnd á ég ekki beina aðild að því en ég er að mörgu leyti sammála því að þarna séu ýmis ákvæði sem ástæða væri til að skoða betur. Í raun mundi ég vilja gera beinar breytingar á sjálfum lögunum til að hafa öflugri stýritæki í höndum ríkisins og valkvæðar leiðir í þessu sambandi til að ríkið gæti skilyrt útgáfu leyfa þannig að það áskildi sér til dæmis rétt til þess að mynda eignarhlut í vinnslufyrirtækjum í stað þess að taka leigugjald þá gerðist það í krafti eignar á auðlindinni meðeigandi að þeirri starfsemi sem þarna færi fram og tryggði þannig að arðurinn skilaði sér inn í efnahagslífið og til þjóðarinnar í gegnum hennar sameiginlega sjóð.

Það er nú mjög í tísku að stofna sjóði. Það er eins og stundum gleymist að landsmenn eiga saman einn ágætan sjóð og hann heitir ríkissjóður. Það er til dæmis verið að

tala um að stofna einhvern auðlindasjóð og var það til umræðu hér úti í bænum í gær, sem á víst að segja því kominn er laugardagur, á iðnþingi. Framsóknarmenn hafa tekið miklu ástfóstri við þessa hugmynd að stofna auðlindasjóð og telja það vera að kanadískri fyrirmynd. Það kann svo sem að vera ágætishugmynd í sjálfu sér. En það er ástæðulaust að gleyma því að við eigum einn ágætan sjóð saman sem heitir ríkissjóður. Það er ósköp einföld (Gripið fram í.) leið ef menn vilja veita arð af einhverri starfsemi sem ríkið getur gert tilkall til vegna þess að um nýtingu á sameiginlegri auðlind sé að ræða að gera það í gegnum ríkissjóð, sjóðinn okkar allra. Hann má vel njóta þess.

Það er hægt að eyrnamerkja tekjur sem til hans berast á mismunandi hátt og binda þann tekjustofn tiltekinni ráðstöfun án þess að þurfa að stofna um það sérstakan sjóð. Þannig gæti það til dæmis verið í þessu tilviki að það væri ágætt að hugsa sér að mögulegur arður sem sprytti af vinnslu auðlinda á þessu sviði færi til sérstakra skilgreindra verkefna sem gætu verið til dæmis frekari rannsóknir og/eða stuðningur við uppbyggingu þekkingar og tækniþróun á þessu sviði o.s.frv.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál mikið með tilliti til aðstæðna hér, ágæti forseti, þótt margt mætti rabba um í þessu sambandi sem full ástæða væri til. Ég er sem sagt hallur undir þá skoðun sem sett er fram í áliti 2. minni hluta iðnaðarnefndar, að þetta frumvarp þurfi betri athugunar við og að ástæðulaust sé að flana neitt að þessum breytingum. Í sjálfu sér rekur ekkert þannig á eftir málinu vegna þess að augljóslega eru mánuðir og væntanlega ár til stefnu til þess að vanda þá breytingu á löggjöf sem þarf að vera klár þegar til stykkisins kemur eða kannski ef, er nú enn rétt að segja því auðvitað er enn ósýnt um hvort á það muni reyna að menn freisti gæfunnar í sambandi við olíu eða gasvinnslu við þær að mörgu leyti erfiðu aðstæður á þeim svæðum á milli Íslands og Jan Mayens sem líklegust eru í þessu sambandi að gefa eitthvað af sér.

Þó ber að hafa í huga, eins og áður sagði, að margt er að breytast í þessum efnum og þar á meðal og ekki síst það að eftirspurn eftir olíuvörum vex gríðarhratt í heiminum á sama tíma og vinnslan nær varla að fylgja eftir þeirri þróun. Nú er svo komið að menn finna minna af vinnanlegum olíuauðlindum á ári hverju heldur en sem nemur vextinum þannig að þeir eru beinlínis farnir að ganga á þekktan forða. Þá fer það væntanlega að gerast nokkuð hratt. Hvort olíuna þrýtur á 50, 100 eða 150 árum er erfitt að segja á þessu stigi málsins. En slík er stærðargráðan. Til eru þeir sem halda að ástandið sé í raun orðið miklu alvarlegra en menn hafa almennt áttað sig á meðal annars vegna þess að risinn sjálfur, Sádi-Arabía sé að kikna undan því að skaffa olíu í því magni inn á heimsmarkaðinn sem menn hafa gert þar undanfarna áratugi.

En það er nú önnur saga og ástæðulaust að fara út í þá sálma meir hér að þessu sinni. En ég hyggst sem sagt greiða atkvæði þeirri frávísunartillögu sem er í nefndaráliti 2. minni hluta með vísan til þess sem ég hef hér sagt að málið þurfi að skoðast betur.

[02:06]

**Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Hjálmar Árnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var víða komið við í ræðu hv. þingmanns. Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir að jarðfræðingar spá því að í raun sé það aðeins tímaspursmál hvenær við munum finna olíu innan íslenskrar efnahagslögsögu. Að sjálfsögðu gengur frumvarpið sem við erum að fjalla um út á það að vera búin að skapa ákveðna umgjörð utan um olíuumhverfið þegar að því kemur að við munum ramba niður á olíu eða gas innan íslenskrar efnahagslögsögu.

Þess vegna er ástæða til að afgreiða einmitt þennan ramma þannig að þeir sem fara í þennan mikla áhættubransa viti að hverju þeir ganga og út á það gengur frumvarpið.

Steinar Guðlaugsson, starfsmaður Orkustofnunar, sem kom til nefndarinnar eins og hv. þingmaður man, er líklega sá Íslendingur sem er fróðastur um þá möguleika sem við eigum á þessu sviði. Ég freistast til þess að trúa orðum hans, enda er hann Grindvíkingur og sannur heiðursmaður og góður vísindamaður. Í máli hans kom m.a. fram að sú leið sem er verið að fara með frumvarpinu er mjög sambærileg við þá leið sem farin hefur verið á Norðurlöndum.

Hins vegar hefði ég viljað spyrja hv. þingmann af því mér fannst hann taka nokkuð jákvætt í þessa möguleika á olíu- eða gasvinnslu í íslenskri efnahagslögsögu, en við vitum að þeirri vinnslu fylgir afskaplega mikill útblástur koltvísýrings og annað þar fram eftir götunum. Ég spyr því: Fer það ekki svolítið á skjön við almenna stefnu Vinstri grænna í umhverfismálum?

[02:08]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg til að ræða langt inn í nóttina við hv. þingmann um þetta ef út í það er farið, hvort við Íslendingar eigum að taka þann pól í hæðina að við viljum láta liggja óhreyfðar í jörðu eða í hafsbotni þær auðlindir sem kunna að vera hér af kolvetnisefnum og í tengslum við þá umræðu um útblástur og gróðurhúsalofttegundir.

Nú er það væntanlega þannig að olía og gas verður áfram nýtt í einhverjum mæli. Það er líka spurning um hvaða viðmiðunarreglur menn setja um það. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður þekkir umræðuna frá Noregi þar sem hörð átök hafa staðið t.d. um hvort leyfa eigi þar byggingu frekari gasvinnslustöðva öðruvísi en að þær séu útbúnar hreinsun frá byrjun. Sú tækni er ekki almennilega komin í gagnið en er væntanleg og þá er sá möguleiki vel hugsanlegur að menn geti stundað þessa vinnslu án beinnar losunar í vinnsluferlinu sjálfu.

Vissulega er eftir sú staðreynd að þegar síðan til notkunar á eldsneytinu kemur, þá losna gróðurhúsalofttegundir. En það fylgir allri notkun á jarðefnaeldsneyti. Spurningin hvort uppruni þeirra er héðan frá Íslandi eða einhvers staðar annars staðar er sjálfstætt mál í sjálfu sér og yrði væntanlega innan einhverra samninga og takmarkana sem við Íslendingar yrðum þarna aðilar að. Við höfum því enga afstöðu tekið til þess að ekki megi halda áfram rannsóknum á þessum möguleika af einhverjum slíkum ástæðum.

En ég get alveg lofað hv. þingmanni því að við munum

sjá til þess eftir því sem okkar afl frekar leyfir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að að því marki sem menn kunna að athafna sig á þessum sviðum verði það gert á þann hátt sem ýtrast samræmist ströngustu umhverfiskröfum á hverjum tíma.

Auðvitað koma líka upp spurningarnar um möguleg óhöpp og slys á hafsvæðum sem kunna að vera verðmæt vegna fiskveiðimöguleika. Sú deila er líka vel þekkt frá Noregi, svo við nefnum það nú einnig í þessu samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 2. umr.*

Stjfrv., 280. mál (heildarlög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands). — Þskj. 293, nál. 1119, brtt. 1120.

[02:11]

**Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Um nefndarálit þetta vísa ég til þingskjals 1119. Nefndin fékk til sín fjölmarga gesti eins og rakið er á umræddu þingskjali.

Í frumvarpi þessu er lagt til að þrjár stofnanir verði sameinaðar í eina, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, og er þeirri miðstöð ætlað að taka við hlutverki Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og leggja höfuðáherslu á nýsköpun og atvinnuþróun á Íslandi. Í þingskjali þessu er fjallað um hvert hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar er ætlað.

Eftir að nefndin hafði farið vel yfir þetta mál og fengið til sín fjölmarga gesti og skriflegar umsagnir, eins og rakið er í þingskjali 1119, var það niðurstaða nefndarinnar að leggja til breytingar á frumvarpinu. Breytingarnar eru einkum fólgnar í því að í stað þess að leggja til að þrjár stofnanir verði sameinaðar, þ.e. Byggðastofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun, leggur nefndin til að það verði Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun, þær tvær stofnanir sem vinna hlið við hlið á Keldnaholti, verði sameinaðar en Byggðastofnun verði haldið utan við þessa sameiningu. Fyrir því eru raktar ástæður sem um er getið og raktar á þingskjali 1119.

Jafnframt minnir nefndin á að hlutverk Byggðastofnunar er mikilvægt og nauðsynlegt er að taka starfsemi hennar til gaumgæfilegrar athugunar og ekki síst með það í huga að efla starfsemi Byggðastofnunar.

Þetta var sameiginleg niðurstaða hv. iðnaðarnefndar og undir þetta rita, auk þess sem hér stendur, Sigríður A. Þórðardóttir og aðrir hv. þingmenn Kjartan Ólafsson, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Katrín Júlíusdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, sem að vísu hefur fyrirvara, Gunnar Örlygsson og Kristinn H. Gunnarsson, sem einnig hefur fyrirvara. Steingrímur Jóhann Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og ritar undir þetta álit, en þó einnig með fyrirvara.

[02:14]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta er nánast sögulegt frumvarp eða öllu heldur sögulegar málalyktir sem hér eru að verða því nú er að ljúka meira en ársgamalli sögu sem hófst með því að frumvarp sem að stofni til mun hafa verið undirbúið og samið til þess að sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun sem unnið hafði verið um allangt skeið og eftir því sem best er vitað allgóð sátt var orðin um, að þegar frumvarpið var í drögum fékk þáverandi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og byggðamálaráðherra Valgerður Sverrisdóttir þá ágætu hugmynd, eða kannski slæmu hugmynd, að láta Byggðastofnun fá far með þessari sameiningu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar. Þannig var nefnilega að málefni Byggðastofnunar voru og eru og hafa verið í hinni mestu útideyfu hjá ríkisstjórninni um langt árabil og verður að segjast eins og er að það er mikil sorgarsaga hvernig farið hefur verið með þá stofnun um alllangt árabil. Má segja að hún hafi aldrei almennilega borið sitt barr eftir að hún var flutt vistaskiptum frá forsætisráðuneytinu og undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og frá Sjálfstæðisflokknum og til Framsóknarflokksins.

Stofnunin var líka flutt norður á Sauðárkrók fyrir allmörgum árum og þó það kunni að hafa verið og sé að mörgu leyti góð hugmynd urðu ýmsir hlutir til þess að hún hefur átt erfitt uppdráttar. Þar urðu miklar deilur, væringar og mannaskipti og síðan hefur verið illa að henni búið hvað varðar rekstrarfé og möguleika til að sinna sínu hlutverki. Það var svo illa komið fyrir tæpu einu og hálfu ári eða fyrir 15–18 mánuðum að stofnunin sá sig knúna til þess að hætta lánastarfsemi einfaldlega vegna þess að fjárhagur hennar leyfði ekki lengur að hún lánaði út fé miðað við reglur um lágmarks eigið fé fjármálastofnana. Það tókst að vísu svo undarlega til að ráðherra skipaði stofnuninni engu að síður að halda áfram að lána þótt hún mætti ekki gera það samkvæmt reglum.

Svo kom þessi hugmynd um að hún fengi far á þessum vagni sameiningar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar. Frumvarpið sem flutt var á síðasta þingi bar þess auðvitað augljós merki að þarna hafði verið klastrað saman í raun tveimur óskyldum þáttum. Annars vegar sameiningu þessara rannsókna- og þjónustustofnana sem eru, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar, og hins vegar Byggðastofnunar og byggðamálunum sem slíkum. Þetta fór auðvitað illa, var hroðvirknislega og illa unnið og málið strandaði í fyrra eins og allir vita.

En ósköpin komu aftur fram og það er loksins núna undir lok þessa þings sem stjórnarliðið og meiri hlutinn viðurkenna þessa vitleysu upp á sig og draga allt saman til baka. Eftir stendur þá, ef breytingartillögur iðnaðarnefndar verða samþykktar, í grunninn upphaflega frumvarpið um sameiningu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar. Það er ágæt hugmynd og ef góð samstaða er um það hjá viðkomandi aðilum er sjálfsagt að greiða götu þess. Vissulega má færa fyrir því rök að það sé ekki endilega sjálfgefið að þær stofnanir passi vel saman. Þó gera þær það að ýmsu leyti og hugmyndin hefur jafnframt

verið að þær kunni að færa sig um set og flytja sig í nágrenni við háskólasamfélagið í miðbænum. Það kann einnig að verða starfseminni til styrktar.

Þá standa eftir málefni Byggðastofnunar. Þó hér sé vissulega farið fögrum orðum um það í nefndarálitinu að efla þurfi þá starfsemi og huga að henni þá örlar auðvitað hvergi á því enn þá. Núverandi ríkisstjórn er að ljúka sínum líftíma og hefur haft ærinn tíma til þess að reyna að gera eitthvað af viti í byggðamálum en verður varla úr þessu. Auðvitað skilur hún við málaflokkinn í uppnámi og hörmulega illa að því búið hvað varðar fjárhag og úrræði þeirra aðila sem eiga þarna að vera sinna verkum. Sú starfsemi er öll óskaplega veikburða, bæði Byggðastofnun að segja má, þó afkoman hafi heldur batnað eins og formaður iðnaðarnefndar er hér að upplýsa með frammíköllum. Svo má líka nefna hversu veikburða starfsemi atvinnuþróunarfélaganna er víða um landið og sár þörf er á því að efla þá starfsemi.

Fyrirvari minn lýtur sem sagt að tvennu: Annars vegar því, svo ég útskýri það í lok máls míns, að það eru vissulega uppi sjónarmið sem ekki eru öll einboðin hvað það varðar að sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun og þau þekkir maður. Þó miklu fremur að því að ég tel auðvitað að byggðamálin, Byggðastofnun og verkefni hennar og sá málaflokkur hafi stórskaðast af þessu hringli. Ábyrgðina af því verður auðvitað að senda beint þangað sem hún á heima og það er hjá ríkisstjórninni, hjá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherrum fyrrverandi og núverandi sem (Gripið fram í.) bera alla ábyrgð á því að nú er búið að fara næstum eitt og hálf ár í þetta rugl. Auðvitað hefur Byggðastofnun hangið í lausu lofti á meðan og enginn hefur vitað hvernig stjórnskipulag og fyrirkomulag þessara mála yrði. Það er stórkostlega ámælisvert að menn skuli hafa látið þennan málaflokk, ofan á allt sem á undan var gengið og varðar óvissu og deilur og það sem ég hef hér rakið, fjársvelti o.s.frv., að þá skuli Byggðastofnun hafa þurft að lenda í þeim hremmingum að þessi skyndihugmynd um að sulla henni í þetta samhengi, láta hana fá far með þessari sameiningu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar skuli hafa kostað eitt og hálft ár í viðbót í hangandi óvissu um þessi mál. Auðvitað er ekki hátt á þessu risið. (Gripið fram í.) Ég veit að hv. þm. Hjálmar Árnason er mér algerlega sammála um að þetta er búið að vera til verulegs álitshnekkis fyrir þá sem hér bera pólitíska ábyrgð á að hafa haft þetta svona í útideyfu og hringli.

Fyrirvari minn lýtur því að því og auðvitað hefði verið æskilegt ef iðnaðarnefnd hefði haft til þess tíma og bolmagn (**Gripið fram í:** Og döngun.) og döngun í sér til þess já, þakka ábendinguna um heppilegt orð í þessu samhengi, að taka almennilega á málum Byggðastofnunar og setja hnefann í borðið og heimta að búið yrði miklu betur að henni þannig að hægt væri að setja einhvern kraft í þessa hluti. En það er búið með það og útséð um það að núverandi ríkisstjórn mun ekki gera það og það bíður nýrrar ríkisstjórnar og betri eins og mörg önnur brýn verkefni að taka til hendinni í þessum efnum.

Mín trú er sú að það muni vora vel í pólitíkinni á Íslandi og að við fáum kraftmikla ríkisstjórn (Gripið fram í.) sem m.a. og ekki síst setji stóraukinn kraft í það á nýjan leik að jafna aðstæður í byggðamálum og hefja nýtt uppbyggingarskeið á landsbyggðinni svipað og þegar voraði eftir kulda viðreisnarstjórnarinnar sálugu og allt fór á fulla ferð í landsbyggðinni í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar. Eins og menn muna var síðasta virkilega jákvæða tímabilið í uppbyggingu og þróun á landsbyggðinni áttundi áratugurinn þegar menn nutu góðs af þeim fjölþættu ráðstöfunum sem vinstri stjórnin sem sat að völdum frá 1971–1974 setti í gang. Við verðum því væntanlega að sætta okkur við það að þetta verkefni bíði nýrrar ríkisstjórnar alfarið og illa skilur ríkisstjórnin við að þessu leyti. Það verður að segjast.

[02:22]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég skrifaði ekki undir þetta með fyrirvara einfaldlega vegna þess að við vorum búin að ræða þetta mál í iðnaðarnefnd bæði í fyrravetur og aftur í vetur og allan tímann héldum við því fram, samfylkingarfólkið, að þetta væri röng leið sem lagt var til í frumvörpunum, þ.e. að sameina þessar þrjár stofnanir, Iðntæknistofun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Byggðastofnun. Nú hefur það orðið niðurstaðan að gera það ekki heldur fara þá leið sem iðnaðarnefnd leggur núna til, þ.e. að þær tvær stofnanir sem upphaflega hafði verið unnið að að sameina yrðu sameinaðar, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun.

Að setja Byggðastofnun í þetta var auðvitað, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, afskaplega umdeilanlegt og var auðvitað, hvað eigum við að segja, endipunktur á endalausum vandræðagangi og aðför að Byggðastofnun í gegnum tíðina. Það er óskapleg hörmungarsaga sem ég ætla ekki að fara yfir hér að næturlagi en er auðvitað ástæða til að rifja upp oft og mörgum sinnum svo menn læri það.

Ég ætla hins vegar að minna á að það hafa ekki allir verið sammála um þessa vegferð. Þegar fjallað var um byggðaáætlun á síðasta þingi varð um það samstaða að styrkja Byggðastofnun og fela henni aukið vægi hvað varðar framgang byggðaáætlunar og líka gefa um leið fjárlaganefnd Alþingis möguleika til þess að standa við bakið á Byggðastofnun og þeim málum sem þurfa á fjármunum að halda vegna byggðamála. Ég hef því þá trú að nú muni Byggðastofnun aftur rísa upp til þess að verða það verkfæri sem hún á að vera til þess að vinna að byggðamálum. Ef Íslendingar ætla á annað borð að sinna byggðaþróun og byggðamálum þarf auðvitað til þess verkfæri og Byggðastofnun átti að vera til þess. En sú ríkisstjórn sem hefur setið á undanförnum árum hefur helst viljað nota öll önnur verkfæri til þess að vinna að byggðamálum en Byggðastofnun og verið í því að hluta hana niður, flytja hingað og þangað og finna upp verkefni í byggðamálum sem Byggðastofnun hefur alls ekki átt að koma nálægt. Um það eru mörg dæmi og það er með eindæmum hvernig unnið hefur verið að þessum málum í gegnum tíðina.

Ég lít þannig á að þessi vegferð sem núna endar með þessari niðurstöðu iðnaðarnefndar sé til marks um það að menn ætli nú að snúa af þessari braut og nota Byggðastofnun til þess sem henni er ætlað. Ég trúi því að sú ríkisstjórn sem sest að völdum eftir næstu kosningar muni nota Byggðastofnun til þess að vinna að byggðamálum, byggða-

áætlunina til að skerpa áherslurnar til að vinna að byggðamálunum og að hún muni veita fjármuni til þess að standa við bakið á hinum veiku byggðum landsins þannig að Byggðastofnun fái bæði hlutverk og möguleika til þess að sinna því.

Ég ætla ekki að hafa mörg um þessi mál en ég fagna þessari niðurstöðu vegna þess að það er full ástæða til þess þegar menn snúa af röngum brautum að hæla þeim þó fyrir það að viðurkenna að þeir hafi verið í ófæru og vitleysu og að þeir hafi viðurkennt að ástæða væri til að snúa af brautinni. Það er gert með þeirri niðurstöðu sem varð í iðnaðarnefnd og ég tel ástæðu til þess að koma hér og fagna henni.

[02:27]

**Útbýting:**

Heilbrigðisþjónusta, 272. mál, brtt. ÞBack, þskj. 1317.

Stofnun Hreindýrastofu á Austurlandi, 708. mál, þáltill. ÞBack og HBl, þskj. 1289.

Störf á landsbyggðinni, 594. mál, svar forsrh., þskj. 1283.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–9., 25., 28., 30.–55. og 57.–69. mál.

Fundi slitið kl. 02:29.

---

# 93. FUNDUR

laugardaginn 17. mars,
kl. 9.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., stjfrv., 644. mál, þskj. 962, nál. 1100, brtt. 1101. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 618. mál, þskj. 918, nál. 1091. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Neytendavernd, stjfrv., 616. mál, þskj. 916, nál. 1106. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, stjfrv., 617. mál, þskj. 917, nál. 1107. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Starfstengdir eftirlaunasjóðir, stjfrv., 568. mál, þskj. 844, nál. 1130, brtt. 1131. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Losun gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 641. mál, þskj. 957, nál. 1240 og 1243, brtt. 1251. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 281. mál, þskj. 294, nál. 1057, brtt. 1058. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Samkeppnislög, stjfrv., 522. mál, þskj. 788, nál. 1132, brtt. 1133. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, stjfrv., 523. mál, þskj. 789, nál. 1129. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 591. mál, þskj. 876, nál. 1188. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 561. mál, þskj. 836, nál. 1207. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 279. mál, þskj. 292, nál. 1255. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Opinber innkaup, stjfrv., 277. mál, þskj. 287, nál. 1053, brtt. 1054 og 1080. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
15. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 515. mál, þskj. 778, nál. 1010 og 1150, brtt. 1011. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
16. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 280. mál, þskj. 293, nál. 1119, brtt. 1120. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
17. Störf án staðsetningar á vegum ríkisins, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.
18. Bókmenntasjóður, stjfrv., 513. mál, þskj. 776, nál. 1237, brtt. 1238. — 2. umr.
19. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, stjfrv., 431. mál, þskj. 519, nál. 1030 og 1041. — 2. umr.
20. Námsgögn, stjfrv., 511. mál, þskj. 772, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.
21. Æskulýðslög, stjfrv., 409. mál, þskj. 460, nál. 1074 og 1315, brtt. 1075 og 1160. — 2. umr.
22. Málefni aldraðra, stjfrv., 560. mál, þskj. 835, nál. 1046. — 2. umr.
23. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 272. mál, þskj. 281, nál. 1117, brtt. 1118 og 1317. — 2. umr.
24. Embætti landlæknis, stjfrv., 273. mál, þskj. 282, nál. 1128, brtt. 1134. — 2. umr.
25. Heyrnar- og talmeinastöð, stjfrv., 274. mál, þskj. 283, nál. 1109. — 2. umr.
26. Sóttvarnalög, stjfrv., 638. mál, þskj. 946, nál. 1145, brtt. 1146. — 2. umr.
27. Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, þáltill., 36. mál, þskj. 36, nál. 1178. — Síðari umr.
28. Fjarskipti, stjfrv., 436. mál, þskj. 547, nál. 1039, brtt. 1040. — 2. umr.
29. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 430, nál. 1047, brtt. 1048. — 2. umr.
30. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, stjfrv., 588. mál, þskj. 873, nál. 1158, brtt. 1159. — 2. umr.
31. Íslensk alþjóðleg skipaskrá, stjfrv., 667. mál, þskj. 1013, nál. 1201, brtt. 1202. — 2. umr.
32. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, stjtill., 574. mál, þskj. 852, nál. 1163, brtt. 1164. — Síðari umr.
33. Vegalög, stjfrv., 437. mál, þskj. 548, nál. 1095, brtt. 1096 og 1135. — 2. umr.
34. Þingsköp Alþingis, frv., 706. mál, þskj. 1235. — 1. umr.
35. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv.,

466. mál, þskj. 645. — 3. umr.

36. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 648. mál, þskj. 967, nál. 1177 og 1291. — Frh. síðari umr.

37. Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., stjfrv., 655. mál, þskj. 981, nál. 1191, brtt. 1192. — 2. umr.

38. Almenn hegningarlög, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 1151, brtt. 1152 og 1206. — 2. umr.

39. Dómstólar og meðferð einkamála, stjfrv., 496. mál, þskj. 750, nál. 1249, brtt. 1250. — 2. umr.

40. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 295. mál, þskj. 308, nál. 1245, brtt. 1246. — 2. umr.

41. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 42. mál, þskj. 42, nál. 1239. — Síðari umr.

42. Skipulögð leit að krabbameini í ristli, þáltill., 221. mál, þskj. 222, nál. 1241. — Síðari umr.

43. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 41. mál, þskj. 41, nál. 1257. — Síðari umr.

44. Skattlagning kaupskipaútgerðar, stjfrv., 660. mál, þskj. 1002, nál. 1259. — 2. umr.

45. Vatnajökulsþjóðgarður, stjfrv., 395. mál, þskj. 439, nál. 1277, brtt. 1278. — 2. umr.

46. Náttúruvernd, stjfrv., 639. mál, þskj. 947, nál. 1281. — 2. umr.

47. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 686. mál, þskj. 1069, nál. 1279, brtt. 1288. — 2. umr.

48. Hlutafélög o.fl., stjfrv., 516. mál, þskj. 779, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.

49. Umferðarlög, frv., 195. mál, þskj. 196, nál. 1292. — 2. umr.

50. Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, þáltill., 7. mál, þskj. 7, nál. 1290. — Síðari umr.

51. Lögheimili og brunavarnir, frv., 707. mál, þskj. 1282. — 1. umr.

### *Minning Ingólfs Guðnasonar.*

[09:36]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Ingólfur Guðnason, fyrrverandi sparisjóðsstjóri og alþingismaður, andaðist miðvikudaginn 14. mars. Hann var áttatíu og eins árs að aldri.

Ingólfur Albert Guðnason var fæddur 27. febrúar 1926 í Vatnadal í Suðureyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Foreldrar hans voru hjónin Guðni Albert Guðnason, bóndi í Vatnadal, og Kristín Jósepsdóttir húsmóðir.

Ingólfur Guðnason lauk prófi frá Héraðsskólanum á Reykjum í Hrútafirði árið 1945 og brottfararprófi frá Samvinnuskólanum 1947. Árið 1956 sótti hann þriggja mánaða námskeið í Bandaríkjunum í meðferð og viðhaldi landbúnaðarvéla.

Að loknu námi í Samvinnuskólanum var Ingólfur starfsmaður Kaupfélags Vestur-Húnvetninga á Hvammstanga til 1949. Á árunum 1950–1959 vann hann við og rak lengst af bifreiðaverkstæði á Laugarbakka í Miðfirði. Hann var sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu 1959–1995.

Ingólfur Guðnason var hreppstjóri Hvammstangahrepps 1960–1995, í hreppsnefnd Hvammstangahrepps 1966–1970 og formaður skólanefndar Reykjaskóla frá 1971. Í alþingiskosningunum 1979 var hann í kjöri fyrir Framsóknarflokkinn í Norðurlandskjördæmi vestra og var einn þriggja þingmanna flokksins í kjördæminu til 1983, sat á fjórum þingum. Hann sat fundi Evrópuráðsins á vegum Alþingis 1980–1983.

Ingólfur Guðnason naut hylli og trausts heima í héraði eins og ráða má af þeim störfum sem honum voru falin þar. Hann var starfsamur og íhugull og lagði gott til mála á Alþingi sem annars staðar.

Ég bið þingheim að minnast Ingólfs Guðnasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

### *Varamaður tekur þingsæti.*

[09:39]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá formanni þingflokks Samfylkingarinnar, Össuri Skarphéðinssyni, dagsett í dag, 17. mars:

„Þar sem Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest., er veik og getur ekki sótt þingfundi óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Jón Kr. Óskarsson, taki sæti hennar á Alþingi á meðan.“

Jón Kr. Óskarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

### *Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., frh. 2. umr.*

Stjfrv., 644. mál (eftirlitsheimildir). — Þskj. 962, nál. 1100, brtt. 1101.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:40]

Brtt. 1101,1 samþ. með 50 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HerdS, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JKÓ) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, EOK, EBS, GHall, GÖg, HBl, HHj, IHÓ, JÁ, JBjart, KHG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1101,2 (tvær nýjar greinar, verða 3.–4. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1101,3 samþ. með 50 shlj. atkv.

3. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1101,4 (ný 4. gr., verður 6. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

***Vextir og verðtrygging, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 618. mál (verðsöfnunartími vísitölu). — Þskj. 918, nál. 1091.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:43]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

***Neytendavernd, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 916, nál. 1106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:43]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1106 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–3. gr. (verða 3.–4. gr.) og fylgiskjal samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

***Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 617. mál (EES-reglur, neytendavernd). — Þskj. 917, nál. 1107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:44]
Brtt. í nál. 1107,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1107,2 (3.–5. gr. falli brott) samþ. með 48 shlj. atkv.
6.–13. gr. (verða 3.–10. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

***Starfstengdir eftirlaunasjóðir, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 568. mál (EES-reglur). — Þskj. 844, nál. 1130, brtt. 1131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:46]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1131,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1131,2 (tvær nýjar greinar, verða 6.–7. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
6.–10. gr. (verða 8.–12. gr.) og fylgiskjal samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

***Losun gróðurhúsalofttegunda, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 641. mál (heildarlög). — Þskj. 957, nál. 1240 og 1243, brtt. 1251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
[09:48]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Loftslagsmálin eru í brennidepli stjórnmálanna úti um allan heim. Áhrifin af hlýnun lofthjúps jarðar blasa við og menn líta á þau sem mikið alvörumál. Þess vegna þykir okkur mjög miður að mál af þessu tagi sem við hér greiðum atkvæði um skuli koma á dagskrá í skjóli nætur í lok þings þegar ekki er tími til að fara í þær umræður sem málið verðskuldar og ég hefði haldið að allir flokkar hefðu áhuga á að taka.

Þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna ganga út á það að við drögum umtalsvert saman í losun gróðurhúsalofttegunda eins og allar aðrar þjóðir sem skuldbundu sig samkvæmt Kyoto-bókuninni.

Í loftslagsstefnu stjórnvalda eru sett upp töluleg markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda á þessari öld. Þeirra markmiða sér þó ekki stað í því máli sem við hér afgreiðum. Það er afar miður en það helgast auðvitað af stóriðjustefnunni sem hefur lifað og dafnað í skjóli þessara stjórnvalda frá 1995 þegar Ísland var markaðssett á alþjóðamarkaði sem gósenland fyrir stórfyrirtæki sem vildu kaupa ódýra orku.

Ef öll þau áform ganga eftir sem nú eru í pípunum, meira eða minna með stuðningi stjórnvalda, hefur álframleiðsla á Íslandi við lok skuldbindingartímabils 1 í Kyotobókuninni sautjánfaldast, úr 90 þús. tonnum árið 1990 í 1,5 millj. tonna árið 2012.

Þetta er ekki metnaðarfullt markmið. Málið sem við hér afgreiðum ber þess vitni. Það er mjög miður að ekki skyldi vera hægt að takast á um málið í þingsal meðan dagsbirtu naut, heldur tala hér inn í nóttina í þessu máli.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill að metnaðarfull markmið séu sett í loftslagsmálum. Við komum til með að sitja hjá við afgreiðslu þessarar aumu stefnu ríkisstjórnarinnar.

[09:51]

**Mörður Árnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Tveir hæstv. ráðherrar, Geir Haarde og Jónína Bjartmarz, kynntu á dögunum loftslagsstefnu til framtíðar, stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Hún er þannig að árið 2050, þegar við erum öll dauð sem hér sitjum, á að vera bú-

ið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50–75% frá 1990. Mönnum þykir þetta mikið en í raun og veru er þetta lítið miðað við það sem viðgengst í Evrópu á þessum tíma.

Upphafið að þessu mikla framlagi Íslands til loftslagsmála á að vera það að fram til ársins 2012, á fyrsta Kyotótímabilinu, á að auka losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Það er hið háleita markmið Geirs Haardes og Jónínu Bjartmarz og þeirra ríkisstjórnar sem hér situr, hæstv. veri hún og hv. þeir þingmenn sem henni fylgja.

Í þessu frumvarpi er vissulega stigið merkilegt skref í loftslagsmálum vegna þess að þetta er í fyrsta sinn sem úthlutað er loftslagskvótum. En hvernig er þeim úthlutað? Þeim er úthlutað þannig að ekki er tekið gjald fyrir þá og í umsögn orkumálastjóra þýðir það að verið er að búa til kerfi eins og í fiskveiðunum. Hættan er sú að það myndist eignakvóti á loftslagsheimildum hér. Það er farið á svig við Marrakech-ákvæðið, við undanþáguákvæðið sem stundum er kallað íslenskt, okkur þá til háðungar, með því að það á að losa miklu meira á síðara árinu, 2012, en á fyrri árunum sem þýðir að árið 2013 erum við komin jafnvel næstum því helming, a.m.k. þriðjung, fram yfir þá losun sem okkur er heimilt samkvæmt þeim samningum sem við höfum gert.

Við höfum flutt um þetta þrjár breytingartillögur og af þeim ástæðum að þingið lét sér sæma að þessi merkilegu framtíðarmál og þessar skrýtnu fyrirætlanir voru rædd hér um miðnæturbil í gærkvöldi munum við kalla þessar breytingartillögur til 3. umr. þannig að þingheimur geti allur tekið þátt í því að fjalla um þessi framtíðarmál íslensku þjóðarinnar og mannkynsins alls.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BJJ, EMS, EBS, GÖg, HBl, HHj, IHÓ, KHG, KLM) fjarstaddir.

2.–16. gr. og ákv. til brb. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BJJ, EOK, EMS, EBS, GHall, GÖg, HBl, HHj, IHÓ, KHG, KLM) fjarstaddir.

Brtt. 1251 kölluð aftur til 3. umr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

### *Náttúruminjasafn Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 281. mál (heildarlög). — Þskj. 294, nál. 1057, brtt. 1058.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:55]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1058,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1058,2 samþ. með 53 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1058,3 samþ. með 55 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1058,4 samþ. með 55 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1058,5 samþ. með 54 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

### *Samkeppnislög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 522. mál (viðurlög við efnahagsbrotum). — Þskj. 788, nál. 1132, brtt. 1133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:58]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1133,1 samþ. með 56 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1133,2 samþ. með 55 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
6.–7. gr. og ákvæði til brb. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

### *Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 523. mál (viðurlög við efnahagsbrotum). — Þskj. 789, nál. 1129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:00]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–23. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

***Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 591. mál (samsköttun sambúðarfólks, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 876, nál. 1188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:01]

1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

***Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 561. mál (ríkisstarfsmenn hjá alþjóðlegum stofnunum). — Þskj. 836, nál. 1207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:02]

Brtt. í nál. 1207,1 samþ. með 58 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1207,2 (ný 5. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1207,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

***Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 279. mál (hlutverk og starfsemi sjóðsins). — Þskj. 292, nál. 1255.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:03]

Brtt. í nál. 1255,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1255,2 samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
3.–10. gr. (verða 2.–9. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1255,3 (11. gr. falli brott) samþ. með 57 shlj. atkv.
12.–14. gr. (verða 10.–12. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1255,4 samþ. með 55 shlj. atkv.
15. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

***Opinber innkaup, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 277. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 287, nál. 1053, brtt. 1054 og 1080.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:06]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Í þessu lagafrumvarpi eru skilgreindar reglur um útboð á vegum ríkisins og ríkisstofnana. Við þetta frumvarp er sitthvað að athuga. Það er prýðilega smíðað í tæknilegu tilliti en hin pólitíska forskrift var slæm að því leyti að ekki var tekið nægilegt tillit til umhverfisþátta og félagslegra sjónarmiða. Öllu heldur mætti segja að ekki er gert skylt að taka tillit til þessara þátta við útboð á vegum ríkisins.

Í 1. gr. þessa frumvarps er tilgangurinn skýrður. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja jafnræði fyrirtækja við opinber innkaup, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu.“

Allt er þetta ágætt. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum bæta við 1. gr. eftirfarandi, þannig að á eftir virkri samkeppni komi, með leyfi forseta:

„... efla umhverfisnefnd og félagslegar og siðrænar áherslur við opinber innkaup með sjálfbæra þróun í huga.“

Þessi hugsun á að vera samþætt öllum greinum frumvarpsins í samræmi við kröfur sem fram hafa verið settar af hálfu verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu. Þær eru í samræmi við kröfur sem settar hafa verið fram af hálfu umhverfissamtaka og af hálfu annarra almannasamtaka, t.d. samtaka fatlaðra o.s.frv. Ég vísa þar í evrópsk samtök sem Öryrkjabandalag Íslands á aðild að.

Það er annað sem er gagnrýnivert í þessu frumvarpi. T.d. má deila um það hvort viðmiðunarupphæðir séu ekki of lágar. Þær eru 5 millj. kr. Séu vöruinnkaup yfir 5 millj. kr. skulu þær fara í útboð og verkleg þjónusta sem fer yfir 10 millj. kr. skal fara í útboð. Þetta eru þrengri skilyrði en almennt tíðkast í Evrópusambandsríkjunum. Við skulum hafa í huga að útboð geta verið mjög kostnaðarsöm.

Þá vil ég vekja athygli á 21. gr. frumvarpsins. Þar er ráðherra veitt reglugerðarheimild til að skipa ríkisstofnunum að fara með alla sína þjónustu í útboð. Það er einnig mjög varhugavert.

Brtt. 1080 felld með 30:22 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

2 þm. (GÓJ, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ, KHG, MÞH, MÁ, SæS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

16 þm. (ÁRJ, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, KHG, KLM, MF, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ, JKÓ, MÁ, SæS) fjarstaddir.

Brtt. 1054,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞKG, ÖS.

10 þm. (JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ, MÁ) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BJJ, EBS, GAK, GÖg, HHj, IHÓ, JÁ, JKÓ, MÁ, SÞorg, VF) fjarstaddir.

3.–6. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (JÁ, JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BJJ, EBS, GAK, GÖg, HHj, IHÓ, JóhS, MÁ) fjarstaddir.

Brtt. 1054,2–17 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BJJ, EBS, GAK, GÖg, HHj, IHÓ, MÁ) fjarstaddir.

7.–107. gr. og viðauki, svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (JÁ, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BJJ, EBS, GAK, GÖg, HHj, IHÓ, MÁ, RG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

## *Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 515. mál (rannsóknir á kolvetnisauðlindum). — Þskj. 778, nál. 1010 og 1150, brtt. 1011.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:14]

Till. í nál. 1150 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 32:25 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

6 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:13]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Þessi atkvæðagreiðsla snýst um að með þessu frumvarpi mun heimilt að semja um það við handhafa vinnsluleyfis að þeir verði eigendur kolvetnis sem unnið er á hafsbotni. Með þeirri aðferð sem þarna er lögð til breytist ótvíræð þjóðareign á kolvetni í séreign við vinnsluna og eigandinn, íslenska þjóðin, tekur alla áhættu af mismunandi rekstri þeirra fyrirtækja sem vinna kolvetni.

Það lá fyrir að engar tillögur voru til frá fjármálaráðuneytinu sem á að fara með þessa gjaldtöku. Því var ekki hægt að fara yfir það hvernig staðið yrði að gjaldtökunni auk þess sem Orkustofnun eru færðar mjög víðtækar heimildir til að úthluta svæðum til rannsókna án auglýsinga. Það er þess vegna sem við leggjum til að þessu máli verði vísað frá. Hér er illa að verki staðið.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, LB, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JBjarn, JGunn, KolH, KHG, KLM, MF, RG, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ, JóhS, MÞH, MÁ, SJS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ) fjarstaddir.

Brtt. 1011,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ, MÁ) fjarstaddir.

6.–12. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ) fjarstaddir.

Brtt. 1011,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EBS, GÖg, HHj, HerdS, IHÓ) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ, JKÓ, SigurjÞ) fjarstaddir.

14.–17. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ, JKÓ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

## *Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 280. mál (heildarlög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands). — Þskj. 293, nál. 1119, brtt. 1120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:18]

**Herdís Á. Sæmundardóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég kem hér upp til þess að lýsa stuðningi við þær breytingartillögur sem hér eru lagðar til við frumvarp um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Þær lúta að því að taka Byggðastofnun út úr þeirri sameiningu stofnana sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ég get tekið undir mjög margt af því sem fram kemur í frumvarpinu sjálfu. Það er í sjálfu sér afar gott markmið að samræma og samhæfa allt það starf sem iðnaðarráðuneytið fer með og lýtur að stoðkerfi atvinnulífsins í þeim tilgangi að efla sóknarkraft og tryggja hámarksárangur starfsins.

Það er jafnframt ástæða til að draga sérstaklega fram og halda á lofti þeim góðu áformum sem í frumvarpinu felast sem er að koma upp þekkingarsetrum um land allt og draga þar til samstarfs ýmsa aðila á viðkomandi svæðum, eins og t.d. háskóla, ýmsar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

Í frumvarpinu er mikil frumkvöðla- og nýsköpunarhugsun og svo að ég vitni beint í frumvarpið, með leyfi forseta, eru þekkingarsetur á landsbyggðinni „þungamiðja atvinnusóknar sem einkum byggist á helstu styrkleikum atvinnulífsins á viðkomandi svæði“.

Þetta er sú hugmyndafræði sem vaxtarsamningarnar byggja á og þetta er sú hugmyndafræði sem við eigum að byggja á til framtíðar. En þrátt fyrir að ýmislegt sé gott í

frumvarpinu hef ég þó haft sitthvað við það að athuga. Þær athugasemdir hafa fyrst og fremst lotið að hinni hefðbundnu starfsemi sem Byggðastofnun hefur haft með höndum og sem ég tel afar mikilvæga fyrir byggðirnar og fyrirtækin í landinu. Þeirri starfsemi var að mínu mati ekki gert nógu hátt undir höfði í frumvarpinu. Það hefði með öðrum orðum þurft að tryggja betur það hlutverk sem Byggðastofnun hefur í dag gagnvart fyrirtækjum og fólki á landsbyggðinni.

Ég er þó afar ánægð með að niðurstaða skuli vera komin í málið og í framhaldinu tel ég brýnt að vinda sér í það verkefni að „efla Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála“ svo að ég vitni beint í byggðaáætlun, með leyfi forseta.

Þetta er einmitt eitt af þremur markmiðum sem stjórnvöld skulu hafa samkvæmt stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009 sem samþykkt var á vorþingi 2006. Sú efling á að fela í sér möguleika Byggðastofnunar til að setja aukinn kraft í atvinnuþróunarstarfið, í rannsóknarstarfið og nýsköpunarstarfið, að byggja upp þekkingarsetur um land allt og starfa af auknum krafti í anda þeirrar hugmyndafræði sem frumvarpið byggir á og sem ég fór yfir áðan. (Forseti hringir.)

Ég vil að lokum hvetja hæstv. ríkisstjórn til að fylgja þessum markmiðum í byggðaáætlun fast eftir.

[10:22]

**Jóhann Ársælsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vísa til þess sem hv. ræðumaður sem var á undan mér sagði í lok ræðu sinnar, þ.e. hún vitnaði í markmið byggðaáætlunar. Þar var gert ráð fyrir því að Byggðastofnun fengi aukið hlutverk og þar með að fjárlaganefnd Alþingis fengi með samþykkt þessarar byggðaáætlunar í raun og veru það hlutverk og þá ábyrgð að sjá til þess að fjármunir væru til staðar til að framkvæma það sem ætlast er til af Byggðastofnun.

Það mál sem við erum hér að greiða atkvæði um er búið að vera undarlegt og taka ýmsar beygjur. Sá hv. ræðumaður sem var hér í ræðustólnum á undan mér er ein af þeim sem mættu á fund iðnaðarnefndar til að mæla með því að málið yrði afgreitt með þeim hætti sem það lá fyrir, að Byggðastofnun yrði sameinuð með hinum stofnununum. En eftir tvo vetur í þæfingi í iðnaðarnefnd hefur niðurstaðan orðið sú sem hér ber raun vitni, þ.e. að menn eru hættir við allt saman. Við fögnum því. Við styðjum það að þessar tvær stofnanir sem nú á að sameina og búið var að ná góðri samstöðu um að sameina fái frið til þess að halda áfram því ferli sem hafði verið sett af stað.

Ég trúi því að það verði þeirri starfsemi til heilla en ég trúði því aldrei að það gæti orðið byggðamálunum til heilla að setja þau inn í þá óskyldu starfsemi sem þarna á að fara fram.

Það verður auðvitað að segjast eins og er að þegar menn snúa frá villu síns vegar verður maður að fagna því, þakka fyrir það og votta þeim virðingu sína fyrir það að hafa viðurkennt að þetta væri röng og vitlaus leið. Ég trúi því að í framhaldi af þessu sameinist menn um að styrkja Byggðastofnun og hætta þeirri vegferð sem hefur verið farin undir forustu Framsóknarflokksins gegn byggðamálunum í landinu, gegn Byggðastofnun, með því að tvístra þeim verkefnum út um allt eins og gert hefur verið í stað þess að nota þá stofnun sem til þess var stofnuð að styðja byggðamálin.

[10:24]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég er sammála þeim tveim síðustu ræðumönnum sem hér hafa talað og lýst ánægju sinni með breytingar á þessu frumvarpi, þar á meðal stjórnarþingmanninum sem talaði áðan.

Það er sérstakt fagnaðarefni að þetta arfavitlausa stjórnarfrumvarp sem búið er að þvælast fyrir fótum manna á Alþingi í tvö ár skuli nú loksins vera að gufa upp. Sú vitlausa hugmynd að troða Byggðastofnun og byggðamálunum inn í annars ágæta áætlun um að sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun er sem sagt slegin af með breytingartillögum iðnaðarnefndar.

Það hefur farið eitt og hálft ár í þetta þóf, í þessa vitleysu, og á meðan hafa málefni Byggðastofnunar hangið í lausu lofti og í raun hefur þetta skapað óþarfa óvissu og töf um málefni rannsóknastofnananna líka.

Það verður að segjast alveg eins og er að það er dapurlegt í hvers konar reiðarinnar útideyfu málefni Byggðastofnunar og byggðamálin hafa verið í tíð þessarar ríkisstjórnar upp á síðkastið. Í raun og veru hafa þau meira og minna verið munaðarlaus eða á hrakhólum frá því að þau voru flutt vistaskiptum úr forsætisráðuneytinu í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, frá Sjálfstæðisflokknum til Framsóknarflokksins.

Ekki geta þeir framsóknarmenn nú verið sérstaklega stoltir af afrekum sínum á þessu sviði sem þeir standa hér frammi fyrir fullkominni uppgjöf með þetta síðasta sprell. Það er alþekkt að hér átti Byggðastofnun, eins og eitthvert vandræðabarn, að fá far með þessari sameiningu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar og var skotið á skjön inn í þegar tilbúið frumvarp um það mál, enda sást þegar lesið var það frumvarp sem kom hér inn á borð okkar í fyrrahaust og aftur í haust, sem var alveg stórmerkilegt, þ.e. að menn skyldu ekki sjá að sér eftir ófarirnar sem það frumvarp fékk í fyrra. En menn vildu láta berja á sér tvisvar áður en þeir gæfust upp og það er auðvitað þeirra val.

Það alvarlega er að byggðamálin hafa liðið stórkostlega fyrir þetta ástand, fyrir þessa óvissu, fyrir deilur og alls konar hringl sem hefur verið í þessum málaflokki um langt árabil. Byggðastofnun hefur verið allt of veik. Hún hefur á köflum verið við það að komast í þrot og ekki getað sinnt starfi sínu eins og frægast varð auðvitað í fyrra þegar hún tók þá ákvörðun, á réttum grunni, að hætta útlánastarfsemi þar sem hún fullnægði ekki lengur skilyrðum fjármálastofnana varðandi eigið fé. Henni var skipað að halda áfram að lána engu að síður sem er kafli út af fyrir sig en tímans vegna fer ég ekki nánar út í það mál hér.

Það er þó bót í máli að þessari óvissu er eytt og menn hafa snúið frá þessari vitleysu. Eftir stendur að taka þarf til hendi í byggðamálum á Íslandi og það verk bíður næstu ríkisstjórnar.

1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 1120,1 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

6 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EBS, GÖg, HHj, IHÓ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:28]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Hér er lögð til hvílu afleit hugmynd sem átti að verða bjargráð í byggðamálum en er kannski besti vitnisburðurinn um það umkomuleysi sem umlukt hefur byggðamálin í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Á meðan varnarsvæðunum á landsbyggðinni blæðir út er ríkisstjórnin í svona leikfimi með byggðamálin, svona glannaskap eins og hér um ræðir. Það tók 2–3 ár að berja þetta mál til þess sem hér er lagt til, að það verður ekkert úr því. Því ber að sjálfsögðu að fagna. Þetta var afleitt mál og hér er það lagt til hvílu. En það er góður vitnisburður eða öllu heldur grafalvarlegur vitnisburður um óreiðuna, uppnámið og uppgjöf þessarar ríkisstjórnar í byggðamálum. Það er að sjálfsögðu afleit staða í þeim málum sem áttu að verða hvað mikilvægust þegar upp var lagt í vegferðina. Þess vegna er það fagnaðarnefni að þessi sameining verði að engu.

2. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 1120,2–19 samþ. með 58 shlj. atkv.

2.–26. gr. (verða 2.–17. gr.) og ákv. til brb. I–IV, svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

### *Bókmenntasjóður, 2. umr.*

Stjfrv., 513. mál (heildarlög). — Þskj. 776, nál. 1237, brtt. 1238.

[10:31]

**Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá menntamálanefnd um frumvarp til laga um bókmenntasjóð og fleira.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Myndstefi, þýðingarsjóði, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Landskerfi bókasafna hf., Rithöfundasambandi Íslands, Bókasafnssjóði höfunda, Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna og Félagi íslenskra bókaútgefenda. Einnig barst nefndinni skýrsla um endurskoðun á stuðningi ríkisins við bókmenntir frá menntamálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að stofnaður verði bókmenntasjóður sem taki við hlutverki Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og þýðingarsjóðs. Þess er vænst að með því verði stuðningur ríkisvaldsins við bókmenningu í landinu einfaldari og skilvirkari. Hins vegar eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á fyrirkomulagi greiðslna fyrir afnot á bókasöfnum, m.a. með tilliti til fyrirspurna frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Nefndin leggur áherslu á að með frumvarpinu er átt við bókmenntir í víðum skilningi þannig að undir ákvæði þess falla jafnt skáldverk sem vönduð fræðirit, handbækur, orðabækur og menningarsöguleg rit.

Í lögum um Menningarsjóð var styrkveiting til útgáfu bundin því skilyrði að hið útgefna rit væri á íslensku. Í a-lið 2. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir slíku skilyrði. Nefndin lítur svo á að styrkveitingar úr sjóðnum til rita á öðrum tungum en íslensku verði þó að styðjast við sérstök og veigamikil rök, sem t.d. gætu tengst menningarstarfi meðal nýbúa eða tilteknu kynningarátaki íslenskra bókmennta erlendis.

Nefndin telur skynsamlegt að sameina bókmenntasjóðina þrjá í einn. Þá leggur nefndin áherslu á að við ákvarðanir um úthlutun og í skipulagi sjóðsins þurfi að gæta þess hlutverks sem fyrri sjóðir höfðu hver um sig, auk þess nýmælis að styrkja útgáfu frumsaminna skáldverka. Einnig væntir nefndin þess að við næstu fjárlagagerð verði litið til hins metnaðarfulla hlutverks sem sjóðnum er ætlað að rækja skv. 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að höfundar bóka á erlendum málum og bóka sem þýddar hafa verið á íslensku fái greiðslur skv. 4. gr. fyrir notkun bóka þeirra á bókasöfnum. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kom fram að sú breyting væri lögð til vegna fyrirliggjandi álits Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þess efnis að tungumálaskilyrði 3. gr. laga um Bókasafnssjóð höfunda, nr. 33/1997, væri í andstöðu við 4. gr. EES-samningsins þar sem bann væri lagt við hvers konar mismunun á grundvelli þjóðernis eða ríkisfangs, sbr. 1. mgr. 5. gr. tilskipunar um útláns- og leigurétt. Í umsögnum um frumvarpið sem menntamálanefnd hafa borist frá ýmsum hagsmunaaðilum er eindregið lagst gegn því að vikið sé frá skilyrði 3. gr. gildandi laga um Bókasafnssjóð höfunda, um að bók hafi verið rituð á íslensku, á þeirri forsendu að rík menningarleg rök standi til þess að viðhalda beri núverandi fyrirkomulagi sem feli í sér mikilvægan stuðning við útgáfu bóka á íslensku. Þá hefur í umsögnum til menntamálanefndar verið til þess vísað að málarekstur fari nú fram á hendur Norðmönnum af hálfu ESA og á hendur Svíum, Dönum og Finnum, af hálfu framkvæmdastjórnar ESB, eins og nánar er rakið í athugasemdum með frumvarpinu, um það álitaefni hvort menningarleg rök heimili að vikið sé frá meginreglu EB- og EES-réttar um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis eða ríkisfangs, með setningu tungumálaskilyrðis vegna greiðslu fyrir afnot af bókum á bókasöfnum. Þjóðirnar hafa haldið fram vörnum um menningarleg rök fyrir umræddu tungumálaskilyrði. Nefndin telur mikilvægt að Norðurlönd tali einu máli gagnvart framangreindum eftirlitsstofnunum og standi sameiginlega vörð um tungumál norrænna menningarsvæða. Í ljósi framangreinds telur nefndin að ekki sé á þessu stigi tímabært að gera þær breytingar sem lagðar voru til í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins og leggur því til að við bætist skilyrði um útgáfu verka á íslensku og er orðalagi málsgreinarinnar breytt í heild til

samræmis við það.

Frú forseti. Loks leggur nefndin til þá breytingu á 5. gr. frumvarpsins að nefndarmönnum í úthlutunarnefnd verði fjölgað um tvo í því skyni að Myndstef (Myndhöfundasjóður Íslands) eignist þar fulltrúa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem ég hef rakið og sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita ásamt mér hv. þingmenn Sigurrós Þorgrímsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Kjartan Ólafsson, Mörður Árnason, Herdís Á. Sæmundardóttir og Kolbrún Halldórsdóttir.

Með öðrum orðum, nefndarmenn voru sammála um afgreiðslu málsins með þessum hætti. Enginn hv. þingmaður gerir fyrirvara við nefndarálitið. Ég vil nota tækifærið og þakka nefndarmönnum í menntamálanefnd fyrir sérstaklega ánægjulegt samstarf hvað þetta mál varðar og þá samstöðu sem hefur ríkt í nefndinni.

[10:38]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Mál það sem við ræðum er sett fram af hæstv. menntamálaráðherra að því er segir í markmiðsgrein frumvarpsins til „að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og búa íslenskri bókmenningu hagstæð skilyrði.“ Ekki skal ég andmæla því markmiði og lýsi auðvitað yfir stuðningi við þau sjónarmið sem liggja þarna að baki. Á hitt skal benda að ríkisstjórninni hefur gengið það heldur brösuglega að fylgja eftir markmiðum af þessu tagi þegar um er að ræða stuðning við menningu og listir.

Þannig hefur það verið reynt á löggjafarsamkundunni að útbúa svipað fyrirkomulag og þegar styrkveitingar til tónlistar eru annars vegar þar sem við fyrir röskum tveimur árum settum lög um tónlistarsjóð og settum honum yfirstjórn og markmiðið var einmitt þetta, að efla íslenska tónlist og tónlistarsköpun og koma styrkveitingum frá hinu opinbera og ríkissjóði til tónlistarmála í einfaldan og skýran farveg. Það eru að hluta til markmið þessa frumvarps líka hvað varðar bókmenntirnar.

Hins vegar hefur ekki tekist nægilega vel til að mínu mati með tónlistarsjóðinn vegna þess að fjárlaganefnd hefur ekki getað á sér setið og heldur áfram að úthluta ómarkvisst og án nokkurra úthlutunarreglna eða auglýsinga styrkjum til tónlistarmála sem hefur orðið til þess að nú er orðinn til við hliðina á tónlistarsjóðnum, sem átti að taka til sín alla þessa ómarkvissu úthlutun og setja undir einn hatt, annar sjóður sem fjárlaganefnd úthlutar úr án auglýsinga og án nokkurra úthlutunarreglna. Auðvitað er sú hætta til staðar einnig hér. Það er ekki nægilega vel að verki staðið í þessum efnum og vilji Alþingis þarf þá að koma í ljós og vera skýrður fyrir þingmönnum ekki síst þeim sem starfa í fjárlaganefnd sem þurfa að taka mið af þeirri stefnumörkun sem hér er sett.

Í annan stað vil ég segja að ef við ætlum að efla stórlega íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og búa bókmenningu í landinu hagstæð skilyrði þurfum við einnig að skoða þá fjármuni sem til þessara mála renna. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að það fé sem varið hefur verið samkvæmt fjárlögum til bókmennta úr nokkrum sjóðum á vegum menntamálaráðuneytisins renni í Bókmenntasjóð. Í fjárlögum 2007 er gert ráð fyrir 37,3 millj. kr. í framlag í bókmenntasjóðinn og sú upphæð kemur í stað 13 millj. kr. framlags sem veitt var til Menningarsjóðs, 12,5 millj. kr. sem var veitt til þýðingarsjóðs, 10 millj. kr. til Bókmenntakynningarsjóðs og 2,6 millj. kr. til ýmissa framlaga menntamálaráðuneytisins. Það er svo hlálegt að þegar lagðar eru saman þessar tölur og þær bornar saman við 37,3 milljónirnar sem bókmenntasjóðurinn á að fá fyrsta árið, þá skortir 800 þús. kr. upp á að framlagið sé jafnhátt í krónum talið sem ætlað er til hins nýja bókmenntasjóðs og þess sem ætlað var til hinna sjóðanna sérgreindu. Við spurðum um þetta á fundi menntamálanefndar hverju sætti og svarið var það að hagræðingarkrafa væri gerð. Það er því byrjað brösuglega. Menn falla í fyrsta spori, að mínu mati, þegar yfirlýsingin og markmiðið um eflingu bókmenntanna og aukna vegferð þeirra í þessu tilliti er í raun sniðgengið strax í fjárlögum ársins 2007. Ég segi því: Er það nema von að maður hafi hér nokkra vantrú, en ég sé þó ekki ástæðu til að vera andvíg frumvarpinu því í sjálfu sér er ég mjög fylgjandi því að fjárveitingar af þessu tagi séu veittar í einfaldan og gagnsæjan farveg. Mér finnst skipta verulegu máli að úthlutanir til list- og menningarstarfsemi séu auglýstar og um þær farið eftir ákveðnum reglum. Fram fari faglegt jafningjamat við borð sjóðstjórna og ég geri ráð fyrir að við séum í sjálfu sér að feta inn á þá braut en þá þurfum við, sem á löggjafarsamkomunni störfum, að viðurkenna þá stefnumörkun og beygja okkur undir hana og lýsa yfir stuðningi við hana, ekki síst í verki og vinnubrögðum.

Varðandi það sem kemur fram í nefndarálitinu um breytingu á úthlutunarnefndinni þar sem gert er ráð fyrir að fjölgað verði um tvo í því skyni að Myndstef, Myndhöfundasjóður Íslands, eignist þar fulltrúa, þá lagði ég mikla áherslu á það í nefndinni að svo yrði, því mér fannst afar snautlegt eins og gert var ráð fyrir í upphaflegum frumvarpstexta, að Myndstef skyldi ekki eiga aðild að þeirri úthlutunarnefnd þar sem Myndstef hefur átt fulltrúa í stjórn Bókasafnssjóðsins hingað til.

Myndstef sendi okkur umsögn um málið og vakti athygli okkar á því að hér væri kannski verið að fara á svig við góða vinnuvenju. Myndstef vakti athygli okkar á því að lögin um Bókasafnssjóð höfunda fjölluðu um greiðslur til höfunda vegna útlána á verkum þeirra á bókasöfnum. Þar væri um að ræða rithöfunda fræðibókahöfunda og þá myndhöfunda sem eiga myndir í verkum sem eru til útlána í íslenskum söfnum. Þar væri um að ræða í sjálfu sér greiðslur sem væru hugsaðar sem bætur vegna afnota almennings af þessum verkum, sem sagt afnotagjöld frekar en nokkur höfundagjöld og þeim greiðslum væri síðan skipt á milli höfunda eftir ákveðnum reglum. Í sjóðsskipaninni, eins og hún hefur verið hingað til, er verið að tryggja að allir þeir höfundar sem eiga vernduð verk í bókum, sem eru til útlána í bókasöfnum, hafi fulltrúa í stjórn sjóðsins. Ég tek undir rök Myndstefs í þessum efnum og er ánægð með það að menntamálanefnd skuli hafa gert það sömuleiðis og gert þá bragarbót sem getið er um í breytingartillögu á þingskjali 1238.

Um þá grein frumvarpsins sem fjallar um afnotagreiðsl-

ur á bókasöfnum og þá ákvörðun eða kannski þann misskilning sem virðist hafa verið hér til staðar við 1. umr. málsins og þegar málið kom til nefndar varðandi rétt höfunda sem búsettir væru í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins, rétt þeirra til greiðslna vegna notkunar bóka þeirra í bókasöfnum sem rekin eru á kostnað ríkisins, þá vil ég segja þetta: Ég lít svo á að með breytingartillögunni við 2. mgr. 4. gr. hafi verið komið til móts við þau sjónarmið sem okkur voru kunngjörð í nefndinni og lít svo á að hér hafi verið gerð sú bragarbót sem nauðsynleg er. Hins vegar vegna hins knappa tíma sem gefinn er til að ræða málið þá held ég að eðlilegt sé að við hlustum á sjónarmið þeirra sem höfðu athugasemdir við þetta mál. Þar nefni ég kannski fyrst og fremst Rithöfundasamband Íslands og er eðlilegt að við hlustum á það. Þegar þessi þingskjöl eru komin á vef Alþingis áttar fólk sig þá á því sem verið er að gera hér, þeirri breytingu sem lögð er til varðandi 4. gr. Við hlýddum á sjónarmið sem þeir sem best þekkja til hafa fram að færa í þessum efnum. En að því gefnu að hér sé um breytingu að ræða sem kemur til móts við sjónarmið Rithöfundasambands Íslands og annarra þeirra sem gerðu athugasemdir við upphaflegu 4. gr. sé ég ekki ástæðu til annars en að styðja þetta frumvarp í trausti þess að það verði á endanum til þess að bókmenntir og bókaútgáfa í landinu fái aukinn byr undir vængina og að henni verði þannig búið að segja megi að hún búi við hagstæð skilyrði, eins og markmiðssetning 1. gr. segir.

[10:47]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Í tilefni af lokaorðum formanns menntamálanefndar, hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, ætla ég á eftir að þakka honum fyrir ágæta stjórn og forustu í ýmsum málum í menntamálanefnd og vil lýsa því yfir að ástæða hefði verið til að eiga samleið í fleiri málum með þeim ágæta þingmanni, knáum og vöskum sem hann er þegar svo ber til að kreddur og valdstjórn samþingmanna hans ráða ekki gerðum hans í menntamálanefnd og annars staðar á þeim vettvangi þar sem hann hefur haslað sér völl. Það var svo í þessu máli að um það tókst ágætt samstarf í nefndinni sem og um ýmis önnur mál sem við höfum verið svo gæfusöm að ná saman um. Þegar það gerist hefur verið ánægjulegt að sinna nefndarstörfum á þessum vettvangi og satt að segja hefur manni stundum fundist, sem er óvenjuleg tilfinning á þinginu, að maður sé að gera gagn. Svo er auðvitað um þetta mál en þá verður nú að segja eins og er að hér er verið að sameina þrjá sjóði í einn. Um það meginmarkmið eru flestir sammála en lengra nær það því miður ekki.

Það er svolítið furðulegt að vita til þess að sjálfur hæstv. menntamálaráðherra skuli hafa skrifað langa grein sem ratað inn á miðopnu Morgunblaðsins þar sem ráðherrann hrósaði sér af þessu frumvarpi sem meiri háttar átaki í þágu bókmenntanna í landinu og ætlar að veifa því í kringum sig í kosningabaráttunni sem vitni um framsýni og athafnasemi ríkisstjórnarinnar á þessu sviði. En staðreyndin er sú að þegar frumvarpið er orðið að lögum fylgja því þau fyrirheit að fé til hins nýja bókmenntasjóðs sé minna en til þeirra þriggja sjóða sem hann er stofnaður úr, 800 þús. kr. minna fer í þennan eina sjóð en þá þrjá sem fyrir voru, þýðingarsjóð, Menningarsjóð og Bókmenntakynningarsjóð. Þá er ekki talinn sá liður sem í athugasemdum við frumvarpið er sérstaklega tiltekið að eigi að renna í sjóðinn sem er sérstakur fjárlagaliður sem ætlaður er til útgáfumála sem ákvarðanir hafa verið teknar um í menntamálanefnd en þó einkum í fjárlaganefnd til ýmissa verkefna, sumra ágætra og þarfra og annarra sem verða að flokkast undir gæluverkefni og verkefni af þeim toga að þau hafa ekki fengið nægilega faglega umfjöllun, sum hver. Það er ekkert í hendi um það hvert það fé fer og þó að saga þessa fjárlagaliðar og saga styrkveitinga frá Alþingi til útgáfumála sé nokkuð brösótt tel ég að þingið, menntamálanefnd og fjárlaganefnd, eigi að hafa yfir nokkru fé að ráða til að geta fyllt í eyður sem skyndilega myndast eða til að bjarga málum sem annars kynnu að lenda fyrir borð. Ég held að þessi liður sé hvergi í húsi sjóðsins.

Það er um frammistöðu hæstv. menntamálaráðherra að segja í þessu efni að það sem hún gerði var að taka tillögur nefndar sem voru allgóðar og fagmenn höfðu staðið að, fulltrúar höfunda og útgefenda, og skera þær þannig niður við trog að lítið varð eftir nema þessi samdráttur þriggja sjóða í einn. Það sem heyrt hefði til starfsmönnum menntamálaráðuneytisins í þessu efni var auðvitað vanrækt, nefnilega það að fara yfir styrkveitingar til bókmennta og útgáfu á vegum ríkisins, á vegum ráðuneytanna og undirstofnana þeirra allra, og reyna að ná einhverri stjórn og einhverri yfirsýn yfir þau mál í heild. Það er auðvitað ekki gert hér þannig að við hliðina á þessum eina sjóði eru ýmsir aðrir smásjóðir í gangi, ýmsar ríkisútgáfur bóka og rita, ritraðir sem sumar eru aldeilis prýðilegar og eru gefnar út hingað og þangað, smástyrkir sem menn hafa í áskrift í ýmsum ráðuneytum og undirstofnunum þeirra. Þetta er ekkert tekið saman eða reynt að meta í þessu frumvarpi og við réðum ekki við það í menntamálanefnd að þessu sinni að fara yfir það.

Fróðir menn hafa sagt mér að samtals nemi styrkir til þessara verkefna, sem enginn hefur heildarsýn yfir eða metur í samhengi við önnur verkefni, a.m.k. svipaðri upphæð og þeirri sem rennur nú til sjóðanna þriggja og á að renna til þessa eina sjóðs. Það er því ekki ástæða til að fyllast stolti eða hrósa sjálfum sér eins og hæstv. menntamálaráðherra er þó tamt en auðvitað þarf hver að hafa sitt og metur sitt framlag á sínu starfssviði og sín verk eftir því áliti sem menn hafa um eigið ágæti og eftir þeim skammti af sjálfsgagnrýni sem hverjum og einum er í brjóst borin. Það er hins vegar skref í áttina að því sem verða skal sem menntamálanefnd hefur hér sameinast um og menntamálanefnd hefur líka orðið sammála um að minnast með hógværum og kurteislegum hætti eins og hæfir í texta sem heil nefnd semur að benda á þennan augljósa galla að fé er ekki til staðar, með þeirri setningu í nefndarálitinu að nefndin vænti þess, með leyfi forseta, „að við næstu fjárlagagerð verði litið til hins metnaðarfulla hlutverks sem sjóðnum er ætlað að rækja skv. 2. gr. frumvarpsins.“ Þetta þýðir auðvitað að stórefla þarf sjóðinn og setja í hann miklu meiri peninga ef hann á að verða að því gagni sem ætlunin er.

Það háttar svo til að í stað nokkuð vel skilgreinds hlutverks sjóðanna þriggja sem á að sameina í þennan — þeir skipta með sér verkum og síðan eru lög um þá sem tiltaka

hlutverk þeirra tiltölulega nokkuð nákvæmlega — þá hefur sjóðstjórn frjálsar hendur og það má vel vera að það sé ágætt. Ég saknaði þess sjálfur að stjórnin skyldi ekki fá einhvers konar leiðbeiningar um það hvernig standa ætti að úthlutun en við treystum þeim aðilum sem tilnefna í sjóðstjórnina til þess að gæta hófs og jafnræðis í þeim efnum og fremja bókmenntir í landinu og útgáfu í landinu eins og þeim best sýnist, en segjum líka í nefndarálitinu vegna þessarar áhyggju að nefndin leggi áherslu á, með leyfi forseta, „að við ákvarðanir um úthlutun og í skipulagi sjóðsins þurfi að gæta þess hlutverks sem fyrri sjóðir höfðu hver um sig, auk þess nýmælis að styrkja útgáfu frumsaminna skáldverka."

Í sjóðstjórn af þessu tagi er ástæða til a.m.k. að leggja áherslu á að sjóðstjórnin hafi þetta í huga þannig að fé verði eftir til þeirrar útgáfu og þeirra bókmenntaverka sem stundum fara halloka. Ég er hér sérstaklega að tala um hlutverk þýðingarsjóðs sem hefur skipt gríðarlegu máli fyrir útgáfu á þýddum bókum og fyrir opnun til annarra menningarheima sem í því felst, svo miklu máli að ég giska á að a.m.k. helmingur þeirra skáldverka sem hafa komið út í þýðingum væri ekki fyrir hendi ef ekki hefði verið stofnaður þýðingarsjóður á sínum tíma af mikilli framsýni. Það verður auðvitað að gæta þess að þessi stuðningur og þetta menningarframtak haldi áfram í hinum nýja sjóði.

Maður hlýtur auðvitað að hugsa með þessum hætti þegar í ljós kemur að féð er ekki einungis hið sama og í sjóðunum þremur heldur hefur beinlínis verið skorið niður þannig að fyrsta sjóðstjórnin á mjög erfitt verkefni fyrir höndum. Hún þarf þar að auki að gæta þess að það er nýmæli, það er nýtt hlutverk sem þessum sjóði er falið og er merkilegt hlutverk miðað við það sem áður var og það er eins og segir í nefndarálitinu að styrkja útgáfu frumsaminna skáldverka. Útgáfa þeirra hefur ekki notið stuðnings þó að gerð skáldverkanna hafi auðvitað gert það oft og tíðum vegna Launasjóðs rithöfunda og annars stuðnings við höfundana sjálfa. Ef vel er á haldið og fé fæst til getur þetta styrkt mjög útgáfu skáldverka sem af einhverjum ástæðum lenda utan við það að vera í kjörhlutverki á markaði. Bókaútgáfa er auðvitað viðskipti og hlýtur að lúta markaðslögmálum að mestu leyti þó að menn hafi auðvitað framið ótrúleg afrek í því fyrr og síðar að gefa út bækur þvert á öll markaðslögmál liggur mér við að segja en þeir menn hafa líka margir og þau fyrirtæki orðið illa úti og þarf ekki að rekja þá sorglegu sögu sem þar er á bak við. Ef undir þetta ákvæði koma peningafætur gæti það mjög styrkt menn t.d. til að gefa út bækur nýrra höfunda, til að gefa út bækur sem hafa ekki mikinn markað, svo sem ljóðabækur, að ég minnist ekki á leikrit en útgáfa leikrita á íslenskum bókamarkaði er nánast horfin, er nánast aflögð vegna þess að fáir kaupa og þess vegna telja bókaútgefendur sig ekki geta látið fé í það.

Þetta þarf að hugsa áfram. Hér er hvorki hugsað fyrir í peningum né í skipulagi sjóðsins, a.m.k. ekki eins og stendur, að hann geti styrkt metnaðarfull verk á sviði handbóka og þó sérstaklega orðabóka, sem við þurfum svo sárlega á að halda. Sú útgáfa krefst fjár af því tagi og í þeim mæli að það verður erfitt fyrir sjóðstjórn að marka einhvern bás sem sæmandi þykir ef ekki koma til stórauknar fjárveitingar. Ég tel að í raun hefði þurft að vera hér annar sjóður eða a.m.k. sérstök deild í þessum sjóði sem væri ætlað það hlutverk. Útgáfa orðabóka og handbóka, sem þeim eru skyldar, ég á við alfræðiorðabækur og ýmislegt af því tagi, er á jaðri þess að tilheyra bókmenntum. Slík útgáfa á fremur heima í málstefnu stjórnvalda þar sem haldið er utan um íslenska tungu og sótt og varist og þess gætt að á Íslandi eru töluð fleiri tungumál en íslenska í hópum nýbúa. Menn þurfa að sinna því menningarhlutverki sem verður sífellt meira áríðandi, að halda opnum dyrum og gluggum til næstu landa og ekki aðeins þannig að við föllum í hinn ensk-ameríska heim sem af ýmsum viðskiptaástæðum og pólitískum ástæðum stendur opinn heldur höldum sambandi við aðrar menningarheildir í Evrópu og utan hennar.

Ég vil segja að stór galli á þessu frumvarpi er að þetta eru tvö frumvörp í einu. Frumvarp til laga um bókmenntasjóð og fleira stendur á forsíðunni og satt að segja er þetta annars vegar frumvarp til laga um bókmenntasjóð og hins vegar frumvarp til laga um fleira. Það fer illa saman í einu frumvarpi að stofna annars vegar þennan bókmenntasjóð úr þeim þremur sem fyrir voru og hafa síðan sérstakan kafla um afnot af greiðslum fyrir bókasöfnum, sem kemur þessu máli ekki við nema að því leyti að hvort tveggja snertir bækur. Þetta hefði auðvitað miklu fremur átt heima í tveimur frumvörpum. Ég skil ekki enn af hverju hæstv. menntamálaráðherra og starfsmenn hennar í menntamálaráðuneytinu demba þessu saman. Það mætti ímynda sér, ef menn ætla að einfalda hlutina, að demba saman fleiri lagabálkum ef það er meiningin í því að búa til einfaldara Ísland eða auka skilvirkni og hagkvæmni. En þetta er fráleitt því að þessi efni tengjast nánast ekki.

Um afnot af bókasöfnum er það að segja að menntamálanefnd hefur með stuðningi bæði umsegjenda og stuðningi menntamálaráðuneytis að vissu leyti snúið frumvarpinu af þeirri átt sem það stefndi í, að við ættum að fara inn í evrópskar reglur átakalítið. Við höfum gætt þess að halda áfram samstöðu með norrænum þjóðum öðrum og varið það hlutverk og þær forsendur sem þær hafa í sameiningu sett sjóðum af þessu tagi. Það er engin ástæða til að gefa eftir í bili og ekki fyrr en í fulla hnefana í þessu máli.

Í lokin er vert að vekja athygli á því sem menn kunna að reka sig á, að greiðslur fyrir afnot af bókasöfnum eru misjafnar eftir því hvort um er að ræða frumhöfunda eða þýðendur. Þetta er hins vegar ekki nýtt ákvæði í þessu frumvarpi heldur er tekinn upp í frumvarpið sá munur sem áður var í reglugerð. Þó er hlutur þýðenda bættur að því leyti að í reglugerðinni skilst mér, ég hef ekki séð hana sjálfur en fékk upplýsingar um þetta, er miðað við að þýðendur fái einn þriðja af greiðslu höfundar en í frumvarpinu eru þetta tveir þriðju þannig að þetta er skref fram á við fyrir þann mikilvæga hóp rithöfunda sem þýðendur eru.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Þetta er orðið nógu langt. Ég þakka aftur fyrir ágæt störf í nefndinni sem var sammála um að gera þær umbætur á þessu frumvarpi sem hægt væri í þeim fljótheitum sem nefndin þurfti að starfa við á síðari hluta þessa þings. Ég vona að hægt verði að stíga fleiri skref í þessu efni á næsta kjörtímabili, strax við næstu fjárlagagerð þannig að frumvarpið öðlist líf og vængi og taki sig til flugs sem lög um að styðja og styrkja íslensk-

ar bókmenntir og menningu.

Forseti. Hér ætla ég að hætta en verð þó að geta þess í blálokin að í frumvarpinu eru ekki tekin upp þau skilyrði sem voru í lögum um Menningarsjóð, að hann skyldi einungis styðja útgáfu á íslenskri tungu. Frumvarpið er að þessu leyti opið og sérstaklega um það fjallað í greinargerð að þetta sé úti og reyndar ekki mikil rök fyrir því færð. Menntamálanefnd var sammála um að það væri í sjálfu sér rétt stefna og ekki ástæða til að útiloka bækur eða rit á annarri tungu frá því að njóta styrkja úr sjóðnum, en það yrði að vera í sérstökum tilvikum þar sem við erum að tala um íslenskar bókmenntir og íslenska tungu. Við nefnum sem dæmi að þau sérstöku og veigamiklu rök sem verði að liggja að baki styrkveitinga úr sjóðnum til rita á öðrum tungum en íslensku gætu t.d. tengst menningarstarfi meðal nýbúa eða tilteknu kynningarátaki íslenskra bókmennta erlendis. Það er álit nefndarinnar.

Ég beini þessu til sjóðstjórnar sem kosin yrði samkvæmt þessum lögum, að ekki eigi að nota fé úr sjóðnum til útgáfu rita á erlendri tungu, hversu merk sem þau eru, nema sérstakar ástæður séu fyrir því. Vísindarit á erlendum tungum gefin út á Íslandi, rituð af íslenskum höfundum sem þekkja íslenskt málefni, eiga allt gott skilið. Það getur þurft að styrkja þau með einhverjum hætti og það getur verið eðlilegt að gera en það á ekki að gera úr þessum bókmenntasjóði heldur með öðrum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 519, nál. 1030 og 1041.

[11:09]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti úr stjórnsýslunni, frá háskólunum, úr fræðimannasamfélaginu og í rauninni úr öllum áttum sem varðar þetta mál. Nefndin fékk jafnframt fjölmargar umsagnir sem nefndarmenn hafa farið ítarlega yfir í tengslum við vinnuna. Fyrir þessu er gerð grein á nefndaráliti meiri hlutans. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það nákvæmlega.

Frú forseti. Með frumvarpinu er lagt til að Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinist undir nafni Háskóla Íslands og að lögin taki gildi 1. júlí 2008. Fram að gildistöku laganna munu háskólarnir vinna að undirbúningi að sameiningu skólanna samkvæmt sérstakri sameiningaráætlun sem unnin var af starfshópi sem skipaður var af menntamálaráðherra og fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal I. Á fundum nefndarinnar hefur komið fram að starfshópnum sé m.a. ætlað að leggja fram tillögur um breytingar á deilda- og skoraskiptingu innan skólans. Í því sambandi ræddi nefndin um stöðu Kennaraháskóla Íslands innan Háskóla Íslands við fyrirhugaða sameiningu og meiri hlutinn leggur áherslu á að Kennaraháskóli Íslands öðlist þar sérstakan sess. Meiri hlutinn telur þó mikilvægt að starfshópurinn um skipulagsbreytingar innan Háskóla Íslands hraði störfum sínum eftir föngum svo að fyrir liggi sem fyrst hver staða Kennaraháskóla Íslands og kennaramenntunar verði innan stjórnskipulags skólans eftir sameininguna.

Meiri hlutinn telur að margvíslegir kostir fylgi framangreindri sameiningu og má þar einkum nefna meginmarkmið frumvarpsins um að efla kennaramenntun. Samstarf og sérfræðiþekking nýtist báðum háskólunum og efli þar með og styrki starfsemi þeirra. Við sameininguna hafi háskólarnir tækifæri til að samþætta og skapa aukna möguleika fyrir rannsóknir á sviði uppeldis- og menntunarfræða. Því er ljóst að samlegðaráhrif verða mikil við sameiningu þessara háskóla.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Sigurrós Þorgrímsdóttir, Svanhvít Aradóttir, Kjartan Ólafsson og Sæunn Stefánsdóttir.

[11:12]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að segja að ég er hlynntur þessu máli og hef verið um árabil. Ég hef talað fyrir því í þinginu nokkur ár að skoða beri hvort sameina eigi háskóla í eigu hins opinbera ef það eru efnisleg rök fyrir því. Hv. nefndarformaður nefndi áðan að þetta mál væri ekki síst til þess gert að styrkja og efla kennaramenntun í landinu. Undir það tek ég heils hugar.

Við þurfum að breyta og efla kennaramenntun í landinu með það að markmiði að kennarar fái aðgang að enn þá betri menntun og starf þeirra verði með þeim hætti á eftir að það leiði til hærri launa. Aukin menntun kennara þýðir hærri laun.

Við þekkjum það frá Finnlandi að þegar þeir fóru þá leið fyrir nokkrum áratugum, þegar þeir brugðust við hruni Sovétríkjanna og þeim efnahagslegu afleiðingum sem þeir stóðu frammi fyrir, þá fóru þeir í miklar fjárfestingar á öllum skólastigum í sínu landi og lögðu lykiláherslu á að lengja og efla kennaramenntun þannig að flestir kennarar væru með masterspróf. Þetta leiddi að sjálfsögðu til aukinnar menntunar kennara og þeir urðu betur launaðir en áður, mun betur launaðir en víðast þekkist annars staðar.

Við þekkjum að kjaradeilur við kennara og laun þeirra hafa leitt til þess að stéttin er undirlaunuð og hefur verið það um árabil. Það hefur jafnframt afdrifaríkar afleiðingar á skólakerfið. Það hefur leitt til þess að skólakerfið er ekki eins öflugt og það væri ef kennarar væru ánægðir og sáttir við kjör sín og hefðu sanngjörn laun. Þeir eru undirlaunaðir vil ég fullyrða. Kennaranám er að mínu mati of stutt. Ég tel að við eigum að lengja það þannig að úr verði fjögurra ára nám með masterspróf o.s.frv. Telur hv. formaður nefndarinnar, af því að hann talaði um að þetta ætti að efla og styrkja kennaramenntun, að í náinni framtíð verði þetta til þess að kennaramenntun standi lengur og þær breytingar komi fram í menntun kennara?

[11:15]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alveg sannfærður um að þessi sameining mun styrkja og efla kennaranám á háskólastigi og að þau samlegðaráhrif sem munu nást af sameiningunni muni leiða til þeirrar niðurstöðu og að sameiningin muni líka leiða til þess að rannsóknir á þessu sviði verði öflugri og umfangsmeiri en nú er.

Ég tel líka að þessi sameining og þær fyrirætlanir sem eru á borðinu muni leiða til dýpra og fyllra háskólanáms og að það muni á endanum leiða til þess að kennaranám lengist úr fjórum árum í fimm og verði með sambærilegum hætti og aðrar námsgreinar, þ.e. að lagt verði upp með þriggja ára BA-nám og í kjölfarið tveggja ára nám til mastersprófs.

Ég tel að það sé í spilunum og að á endanum munum við sjá fram á öflugri og betri kennaramenntun en nú er.

[11:16]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(andsvar)*:

Ég þakka hv. formanni fyrir prýðilegt andsvar. Nefndin vann mjög vel í málinu og hv. nefndarformaður vann mjög gott starf ásamt félögum sínum. Ég þakka honum fyrir prýðilegt starf í þessu máli eins og svo mörgum öðrum í nefndinni. Ég er ánægður með það viðhorf hans að hann telji að þetta eigi að leiða til þess að kennaranámið breytist þannig að það verði undirstöðunám, þriggja ára réttindanám, en svo geti stúdentarnir gengið beint inn í tveggja ára mastersnám því til viðbótar.

Ég er sannfærður um að ein mikilvægasta leiðin til að efla skólakerfið okkar allt saman, upp úr og niður úr, er að efla menntun kennara. Að sjálfsögðu á það við um leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Það leiðir til þess að þeir verða einfaldlega betur launaðir, fá sanngjarnari laun. Ég held að þetta haldist í hendur og að viðhorfið til stéttarinnar breytist með mjög jákvæðum hætti, bæði stemmningin í stéttinni sjálfri og viðhorfið til stéttarinnar almennt. Reynslan frá Finnlandi þar sem þeir fóru í að efla kennaramenntunina með mjög stórbrotnum hætti segir það. Það varð til þess að skólakerfið batnaði til muna. Sérhæfing kennaranna jókst eðlilega eftir því sem námið lengdist, þeir urðu öflugri fræðimenn á eftir, öflugri leiðbeinendur og kennarar. Ég held að það sama muni gerist hér.

Ég er ekki í neinum vafa um að ef við ætlum að efla skólakerfið með myndarlegum eða stórbrotnum hætti verður markmið næstu missira að setja mikið púður í kennaramenntunina þannig að fyrirkomulagið verði almennt eins og við höfum rætt hér. Ég tel að sameining Kennaraháskóla og Háskóla Íslands sem ég er almennt mjög hlynntur eigi að leiða til þess að kennaramenntunin breytist. Ég held að sameining þessara skóla geti orðið þeim báðum mjög til góðs og háskólamenntun almennt í landinu.

[11:18]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þingmanni um að þeim mun betur sem við búum að kennurum þessa lands og kennaranáminu þeim mun betra verði menntakerfið. Ég held að við séum algjörlega sammála um það. Ég held að það skref sem stigið er með þessu frumvarpi og þessari sameiningu sé akkúrat skref í þá átt.

Ég vil líka nota tækifærið, frú forseti, og þakka hv. þingmanni hlý orð í minn garð. Ég get endurgoldið honum þau með því að segja að ég hef verið afar ánægður með störf hans og annarra nefndarmanna í tengslum við þetta mál. Ég tel að nefndarmenn hafi unnið af mjög miklum heilindum. Þrátt fyrir að það séu tvö nefndarálit, frá meiri og minni hluta, leggja samt bæði meiri og minni hluti til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og að þessir tveir skólar verði sameinaðir. Einhver áherslumunur er hjá meiri og minni hluta varðandi ýmis útfærsluatriði en engu að síður erum við sammála um að þetta sé skref í rétta átt og ég fagna því. Forsvarsmenn þeirra tveggja skóla sem í hlut eiga eru sammála um að stíga eigi þetta skref.

Ég vildi koma þessu á framfæri. Ég held að við höfum unnið gott starf í nefndinni og að þar hafi allir lagt sitt af mörkum og unnið af miklum heilindum. Ég vænti þess, eins og aðrir nefndarmenn, að þessi sameining verði til framfara fyrir kennaramenntun í landinu.

[11:21]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson)**:

Frú forseti. Ég geri grein fyrir áliti minni hluta menntamálanefndar um það frumvarp sem hér liggur fyrir um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Það er ljóst, eins og komið hefur fram í umræðunum, að forsvarsmenn beggja þessara skóla hafa lagt áherslu á það ferli sem hér er verið að samþykkja enda hefur verið unnið að þessu til nokkuð langs tíma. Hugmyndirnar eru hins vegar algjörlega sjálfsprottnar í stofnununum sjálfum. Það er afar mikilvægt að því sé haldið til haga að þessar hugmyndir sem eiga sér mjög langan aðdraganda eru ættaðar úr skólunum sjálfum. Um nokkurra ára skeið hafa átt sér stað samræður á milli forsvarsmanna skólanna og nú hefur verið fjallað um þessa hugmynd á öllum póstum hjá stofnununum og allir eru sammála því að í þetta ferli verði farið. Með frumvarpinu má segja að verið sé að fella þetta í lagalegt ferli og gert ráð fyrir því að sameiningin fari formlega fram hinn 1. júlí 2008.

Aðferðafræðin sem valin er er sú að geyma ákvarðanir um allt sem getur valdið deilum eða átök geta orðið um, þær ákvarðanir verði bara teknar þegar að því kemur hverju sinni. Það er virt aðferðafræði en hin aðferðin hefði getað verið sú að byrja á að ákveða formið og með hvaða hætti þetta yrði allt saman gert. En þetta er sú leið sem ákveðin hefur verið sem þýðir um leið að í raun er hægt að fara til baka ef slíkir erfiðleikar koma upp að þeir verði ekki leystir. Á þessu stigi er þó engin ástæða til að ætla slíkt. Þetta er mjög langt ferli því að stofnanirnar eru stórar og viðamiklar og það kom m.a. fram hjá gestum að það gæti verið allt að 10–15 ára ferli sem tæki að ljúka málinu og láta skólana falla algjörlega saman.

Eins og ég sagði áðan á eftir að taka ansi margar ákvarðanir, m.a. á eftir að taka ákvörðun um það með

hvaða hætti skipulagi Háskóla Íslands verður breytt. Það þýðir að til þingsins þarf aftur að koma frumvarp þar sem tekið verður á þeim hlutum. Þá má segja að í raun og veru komi þetta mál aftur til þingsins og þá verður hægt að gera stöðumat á því og meta tillögurnar um breytt skipulag Háskóla Íslands í samræmi við það. Þær hugmyndir sem þar eru uppi eru á þann veg að skipta skólunum upp í nokkra skóla eða einingar eftir mismunandi sviðum en það er óþarfi á þessu stigi að ræða það sérstaklega. Þar er gert ráð fyrir að ákveðið svið sinni uppeldis- og kennslufræðum, væntanlega í sérstakri einingu. Svo er spurning um útfærslu á því hvernig þessir hlutir verða tengdir saman.

Það er rétt að geta þess að svo virðist vera, og kom fram á fundum með gestum nefndarinnar, sem áherslumunur sé á milli starfsfólks skólanna varðandi skipulag kennaranámsins. Það hefur sínar sögulegu skýringar vegna þess að stuðst hefur verið við hvort sitt líkanið, ef við getum orðað það svo, við skipulag kennaranáms annars vegar í Háskóla Íslands, eftir svokölluðu raðnámslíkani, og hins vegar í Kennaraháskóla Íslands þar sem námið hefur alla tíð verið skipulagt út frá samþættu líkani.

Raðnámslíkanið gerir ráð fyrir því að nemendur öðlist fyrst þekkingu í tiltekinni fræðigrein en síðan bætist uppeldisgreinar við. Samþætta líkanið gerir hins vegar ráð fyrir að uppeldisgreinar séu samþættar öðrum fræðigreinum. Þetta er auðvitað hvort sitt módelið og það kom fram hjá fulltrúum starfsmanna Kennaraháskólans að þeir leggja mikið upp úr því að það fyrirkomulag haldist. Í raun og veru kom fram hjá fleirum mikilvægi þess að bæði líkönin væru til staðar þannig að kennaranámið yrði ekki einsleitara en það er í dag, heldur væri fjölbreytileikanum haldið áfram. Ég held að það sé alveg ljóst að hægt er að færa rök fyrir hvoru tveggja.

Við í minni hlutanum gerum þannig séð ekkert upp á milli í þessum efnum en teljum afar brýnt að um þetta fari fram viðamikil og fagleg umræða. Hér er auðvitað verið að leggja grundvöllinn að skipulagi kennaranáms til framtíðar. Það er afar mikilvægt að við þessa sameiningu verði kennaranámið sem slíkt eflt. Það blasir við að fjölmargir möguleikar eru til þess að efla kennaranámið og eins að setja meiri þunga á uppeldismenntunina í hinum sameiginlega skóla. Það má ekki gleyma því að ýmsar hefðir í kennslu eru mjög misjafnar innan þessara stofnana og það má ekki gera lítið úr því að háskólakennsla er líka mikilvæg sem fræðigrein, þ.e. kennslan sem slík en ekki bara einstök fræði. Það er ábyggilegt að þar má ekki síður bæta úr en á öðrum skólastigum.

Frú forseti. Fjölmörg atriði önnur þarf að athuga rækilega eins og fram kemur í ýmsum þeirra umsagna sem borist hafa um frumvarpið, þar á meðal um stöðu kennaramenntunar í alþjóðlegu samhengi. Þá má ekki gleyma því að Bandalag íslenskra námsmanna vakti sérstaka athygli á því að eðlilegt væri að náið samráð yrði haft við stúdenta við hina væntanlegu sameiningu. Við í minni hlutanum tökum sérstaklega undir þá kröfu stúdentanna.

Með frumvarpinu er aðeins stigið fyrsta skrefið í sameiningu skólanna tveggja og endurskipulagningu kennaramenntunar í landinu. Við í minni hlutanum treystum því að vinnubrögð forustumanna og starfsliðs skólanna verði vönduð og lýðræðisleg í framhaldinu og leggjum þess vegna til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir nefndarálitið rita, auk mín, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir.

[11:28]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns ritar minni hluti menntamálanefndar, þ.e. hv. þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna, sérálit í málinu þó svo að við leggjum til að frumvarpið verði samþykkt. Það er kannski ekki algengt í þingsölum að svo sé en við sáum ástæðu til að koma ákveðnum sjónarmiðum til skila sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur gert grein fyrir í máli sínu.

Þeir sem í þessum sal starfa og þeir sem hafa starfað í menntamálanefnd bera auðvitað hag kennaramenntunar í landinu fyrir brjósti. Við höfum öll lýst því að það sé verulega mikilvægt að efla kennaramenntunina og gera hana þannig úr garði að hún verði sem best á hverjum tíma og ekki bara menntun almennra grunnskólakennara, heldur ekki síður menntun leikskólakennara, þroskaþjálfa og kennara annarra þeirra greina sem kenndar eru og kenndar hafa verið í Kennaraháskóla Íslands.

Kennaraháskóli Íslands hefur sjálfur sótt þetta mál fast og einnig Háskóli Íslands. Þar hafa farið saman tvær sterkar stofnanir sem sækja málið af sinni hálfu fast og hafa tekið þátt í því undirbúningsferli sem fram hefur farið, bæði sjálfstætt og síðan í því vinnuferli sem menntamálaráðherra setti í gang þegar fýsileikanefndin var sett á laggirnar, sú sem getið er um í athugasemdum með frumvarpinu.

Í samfélaginu er ákveðin tilhneiging til að fækka stofnunum. Margar stofnanir sem renna saman telja sig standa betur eftir sameiningu en áður. Það er því ekki auðvelt fyrir okkur sem stöndum utan við að færa fram rök gegn því sjónarmiði. Það sem veldur okkur þó kannski hugarangri eða vandræðum í þessum málum er að meta það námsframboð og þá menntun sem sameinuð stofnun mun veita. Það er afar erfitt að meta fyrir fram hvort menntun kennara verður betri eftir sameiningu en áður. Það sem skiptir máli er að fullur sómi sé að námsframboðinu og að í nýrri stofnun verði námsframboðið betra og öflugra en áður, þ.e. að sameiningin verði á endanum til styrkingar fyrir námið og námsframboðið með hag menntunarinnar og nemenda að leiðarljósi.

Í vinnu nefndarinnar barst okkur bréf frá prófessor við Háskóla Íslands, Jóni Torfa Jónassyni, bréf sem hann skrifaði Félagi háskólakennara vegna þessa frumvarps. Því bréfi fylgja fylgibréf sem Jón Torfi Jónasson hefur m.a. skrifað deildarforseta félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, Ólafi Þórði Harðarsyni. Jón Torfi Jónasson fer yfir sjónarmið sín í þessum efnum. Hann hefur ákveðnar efasemdir um að hér sé stigið farsælt skref. Hann segir í bréfi sínu að Kennaraháskóli Íslands sé að mörgu leyti öflug stofnun og nú þegar í mikilli þróun til umbóta. Hann segir að hann telji það ekki vera verkefnum stofnunarinnar til framdráttar að stíga það skref sem frumvarpið gerir ráð fyrir, raunar þvert á móti.

Rök Jóns Torfa eru fyrst og fremst þau að kennara-

menntun Kennaraháskóla Íslands, sem er viðamikið sjálfstætt verkefni, sé betur komin í sjálfstæðu þróunarferli en innan vébanda Háskóla Íslands. Hann byggir sjónarmið sín á ýmsu sem hann hefur kynnt sér varðandi þróun háskóla í Evrópu og í Bandaríkjum Norður-Ameríku og segir að reynslan sýni að viðurkenning háskólastarfs á grundvelli afkasta í rannsóknum verði ekki aðeins skynsamlegt keppikefli flestra háskóla og háskólastarfsmanna heldur verði slík viðurkenning stundum allsráðandi markmið þannig að flest annað sé látið víkja. Jón Torfi segir að þessi staðreynd ráði þróun háskólakerfa einstakra skóla og einnig deilda innan skóla víða um lönd, hún sé að mörgu leyti eðlileg þegar til lengri tíma er litið en hann telur mikilvægt að hún gerist innan mun fjölbreytilegra reglukerfis en almennt rúmast innan einnar stofnunar eins og Háskóla Íslands. Þess vegna hefur Jón Torfi Jónasson talið það skynsamlegt að á Íslandi væru fjölmargir háskólar, hver með sitt reglukerfi vegna þess hve ráðrík regluveldin eru. Hann telur þá stefnu stjórnvalda sem birtist í þeim gögnum sem hér liggja fyrir og hér eru rædd, að setja alla ríkisháskólana inn í sama reglukerfið með sameiningu, afar misráðna. Hann telur sömuleiðis að ásókn Háskóla Íslands í stærri köku sem fæst með sameiningu stofnananna endurspegli ekki skynsamlega framtíðarsýn um uppbyggingu fjölbreytilegrar háskólamenntunar á Íslandi.

Hæstv. forseti. Ég kýs að nefna þetta hér án þess að fara í smáatriðum ofan í sjónarmið Jóns Torfa Jónassonar, prófessors við Háskóla Íslands, en ég verð að segja að mér finnst rök hans afar sannfærandi. Ef ég hefði haft tök á að fjalla um þau ein og sér við þá sem sækja mjög fast að af sameiningu verði hefði ræða mín annað inntak en hún hefur í raun. Eins og ég sagði áðan er ekki einfalt að fara gegn þessum vilja sem virðist mjög eindreginn og ákafur, bæði innan Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Ég hef því ákveðið að láta málið fara áfram með samþykki mínu á þeim nótum sem lýst er í nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar sem eins og ég sagði áðan leggur ekki stein í götu málsins, heldur styður það þó að hún hafi kosið að gera sérálit um það.

[11:35]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Ég ætla að segja nokkur orð um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sem hér liggur fyrir, um að kannað sé hvort hagkvæmt sé að það skuli vera sett í eitt ferli.

Í fyrsta lagi vil ég fagna þeirri tillögu í 3. gr. þar sem segir að við gildistöku laga þessara flytjast störf ótímabundið ráðinna kennara, sem uppfylla skilyrði 18. gr. laga um háskóla og annarra ótímabundið ráðinna starfsmanna Kennaraháskóla Íslands, yfir til hins sameinaða háskóla, Háskóla Íslands, sjálfkrafa.

Þetta finnst mér gott af því að það stríðir gegn því sem við höfum fyrr verið að takast á um við sameiningu stofnana. Ég minnist þess þegar verið var að breyta um hluta af nafni Hólaskóla af hálfu landbúnaðarráðuneytisins, að þá var kveðið á um að öllum starfsmönnum yrði sagt upp og þetta væri svo mikið ný stofnun. Þetta er því miklu skynsamlegra hjá menntamálaráðherra en t.d. landbúnaðarráðherra var með í sínum stofnunum. Mér finnst því þetta ákvæði gott og eðlilegt og sjálfsagt þegar í svona aðgerð er farið, hvort sem hún verður síðan endanlega farin eða ekki.

Þau atriði sem ég vil hins vegar nefna er að ég er ekki viss um að það sé kennaramenntun eða starfsemi Kennaraháskóla Íslands farsælt að vera að sækjast eftir sameiningu við Háskóla Íslands eða verða stærri eining. Fólk verður að muna það að styrkur skóla á Íslandi er oft og tíðum smæðin, hvað þeir eru smáir. Þeir er viðbragðsfljótir. Smæðin felur í sér styrk viðbragðsflýtis. Smæðin felur líka í sér það að hver einstaklingur fær meira svigrúm, meiri hvatningu til að takast á við hlutina. Í alþjóðlegu samhengi eru allir skólar á Íslandi smáir. Þegar menn eru að tala um einhverja stóra skóla á Íslandi, þá er það ekki svo. Í alþjóðlegu samhengi eru þeir smáir. Það er smæðin, viðbragðsflýtirinn og styrkur einstaklingsins sem er einmitt styrkur þessara skóla.

Ég hef ítrekað sem skólastjóri við Hólaskóla, sem er einmitt kominn með viðurkennda háskólagráðu, sem er ánægjulegt, orðið að berjast við þessi þröngsýnissjónarmið að nauðsynlegt sé að sameina allt í einhverja stóra einingu. Það sé forsenda fyrir því að eitthvað þróist áfram o.s.frv. Ég get bara sagt hér, frú forseti, að ef okkur á Hólum hefði ekki tekist að verjast þessari árättu, þessari klisju um að sameining sé nauðsynleg eru miklar líkur á að Hólaskóli væri ekki til. Sömu rök voru t.d. um Háskólann á Akureyri. Ég minnist þeirrar umræðu þegar verið var að stofna Háskólann á Akureyri að þá var talið útilokað að hann gæti verið sjálfstæður og að hann yrði að vera hluti af Háskóla Íslands. Ég minnist mjög harðrar umræðu um málið. Ég held að flestir þeir sem vilja veg Háskólans á Akureyri sem bestan, að engum þeirra mundi detta í hug að nauðsynlegt væri fyrir hann að sameinast Háskóla Íslands, heldur væri styrkur hans fólginn í því að vera sjálfstæður skóli, njóta þeirrar hvatningar og styrks sem felst í því að þurfa að berjast á eigin forsendum.

Ég veit ekki annað en að Kennaraháskólanum hafi gengið vel, starfið er metnaðarfullt og allt þar hefur gengið mjög vel. Það er góður rekstur á starfi skólans o.s.frv. Ég sé því engar, enda eru ekki tilgreindar neinar eiginlegar ástæður fyrir því að nauðsynlegt sé að sameina þessa skóla. (**Gripið fram í:** Það eru allir sammála þessu.) Já, það eru allir sammála. Ég þekki þennan farveg. Þegar ég var að verja sjálfstæði Hólaskóla voru allir sammála um hann nema nánast við heimamenn. Ég þekki alveg svona röksemdafærslu. (**SKK:** Það eru allir sammála þessu nema þú.) Ég er ekki að lýsa mig ósammála þessu. Ég segi bara að þessi röksemdafærsla er ekki alltaf rétt. (Gripið fram í.) Ég kem hér upp vegna þess að þessari röksemdafærslu er stöðugt beitt á minni skóla úti á landi, hvort sem það er háskóli á Hólum, háskóli á Bifröst, háskóli á Hvanneyri, háskóli á Akureyri, stofnun háskóla á Vestfjörðum á Ísafirði, að þeir séu of litlar einingar til að mynda háskóla.

Háskóli byggist á fólki og þeim nemendum sem þar eru á hverjum tíma og styrkur þeirra er oft smæðin og viðbragðsflýtirinn. Þetta er einmitt atriði sem Jón Torfi Jónasson bendir á í greinargerð sinni um málið. Ég ætla ekki að fara að leggja stein í götu málsins um að Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands fái að sameinast, en ég vara við því að fólk beri allt of miklar væntingar til þess að allt

breytist til batnaðar.

Vandinn hefur verið fjársvelti þessara stofnana. Vandinn hefur verið það á undanförnum árum í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur menntakerfið verið fjársvelt. Þróunarmöguleikar hafa verið sveltir, takmarkaðir. Það hefur leitt til þess að ýmsar stofnanir hafa leitað annarra ráða og haldið að það geti hjálpað þeim út úr vandræðunum. Við höfum fengið hvert einkavæðingarfrumvarpið á fætur öðru. Hugmyndir ráðherra um að einkavæða skólakerfið og að í gegnum það fái það fjármagn, sem er líka jafnfráleitt.

Ég vil því ljúka þessum orðum mínum, frú forseti, á að segja fólki sem heldur að sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands leysi eitthvað eða sé eitthvert bjargræði til framtíðar, þá vil ég vara við miklum væntingum í því. Styrkur svona skóla er að eiga sinn eigin styrk og það er hann sem á að standa vörð um og engin sameining kemur í staðinn fyrir þann styrk sem við ræktum innan hverrar stofnunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Námsgögn, 2. umr.*

Stjfrv., 511. mál (heildarlög). — Þskj. 772, nál. 1065, brtt. 1066.

[11:43]

**Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti menntamálanefndar um frumvarp til laga um námsgögn. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund þá aðila sem tilgreindir eru í nefndarálitinu.

Með frumvarpinu er lagt til að aukið verði framboð og fjölbreytileiki námsgagna og að þau verði í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Frumvarpið felur í sér þriggja stoða fyrirkomulag. Í fyrsta lagi mun Námsgagnastofnun starfa áfram með svipuðu fyrirkomulagi og nú er. Í öðru lagi er stofnaður námsgagnasjóður sem lýtur eingöngu að grunnskólum og er ætlað að veita fé til námsgagnakaupa grunnskólanna og þar með auka úrval námsefnis. Í þriðja lagi er komið á fót þróunarsjóði námsgagna en hlutverk hans er einkum að styðja við nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsefnis á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Við umfjöllun nefndarinnar var m.a. rætt um 5. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lýtur að fjárhagslegum aðskilnaði hjá Námsgagnastofnun vegna sölu á námsgögnum í frjálsri samkeppni við aðra aðila á almennum markaði frá lögbundnu hlutverki stofnunarinnar að leggja grunnskólum til námsgögn. Slíkur áskilnaður er nú þegar í samkeppnislögum og er ákvæðið einnig í samræmi við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, nr. 40/2006. Við fjárhagslegan aðskilnað er mikilvægt að kostnaðargreining fari fram hjá Námsgagnastofnun og er því um reikningslega útfærslu að ræða. Námsgögn verða ekki að samkeppnisvöru fyrr en Námsgagnastofnun tekur ákvörðun um að setja þau á frjálsan markað. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var m.a. tekið fram að viðskipti samkeppniseiningar Námsgagnastofnunar við óskylda aðila, svo sem sala á námsefni útgefnu af stofnuninni til bóksala, verð og viðskiptakjör, skulu vera almenn og gagnsæ. Hvers konar mismunun samkeppniseiningarinnar í verði og viðskiptakjörum er óheimil byggist hún ekki á skýrum, hlutlægum og málefnalegum forsendum. Samkvæmt þessu er gengið út frá því að sérstök eining innan stofnunarinnar sjái um frjálsa markaðinn og í raun sé um óskylda aðila að ræða.

Frú forseti. Nefndin ræddi sérstaklega um 6. gr. frumvarpsins er lýtur að sérstökum námsgagnasjóði, einkum með hliðsjón af því hvort æskilegra væri að í stað sjóðsins fengju sveitarfélögin fjármagn sem þau mundu síðan úthluta grunnskólunum með sama hætti og öðru fjármagni. Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri skólanna og hafa tekið við verkefnum grunnskóla að undanskilinni útgáfu námsgagna. Sveitarfélögin telja við nánari skoðun að það fyrirkomulag námsgagnasjóðs sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sé betra með hliðsjón af áherslum á aukið sjálfstæði skólanna og leiði jafnframt til minni miðstýringar.

Umræða fór fram í nefndinni um gæðamat námsgagna. Aðilum er heimilt á grundvelli 8. gr. frumvarpsins að óska eftir því að menntamálaráðuneytið meti hvort viðkomandi námsgögn séu hæf til notkunar í kennslu ef þeir efast um að námsgögnin uppfylli réttmætar gæðakröfur eða samrýmist markmiðum aðalnámskrár. Þessi heimild á einnig við um þau námsgögn sem hafa verið keypt fyrir það fé sem úthlutað er á grundvelli 6. gr. frumvarpsins um námsgagnasjóð. Menntamálaráðherra setur úthlutunarreglur og er tekið fram í athugasemdum við greinina að úthlutun eigi að einskorðast við kaup á námsgögnum sem uppfylla réttmætar gæðakröfur eða samrýmast markmiðum námskrár. Nefndin telur rétt að benda á í þessu sambandi að í fyrsta lagi er eingöngu um að ræða kaup á námsgögnum en ekki hlutum sem nýtast við kennslu, svo sem myndvörpum og þess háttar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ekki fari fram sérstakt fyrirframmat á gæðum námsgagna heldur er gengið út frá því að námsgögnin uppfylli gæðakröfur við úthlutun. Ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum eru því lagðar í hendur skólastjórnendum en aðilar geta beint kvörtun til ráðuneytisins á grundvelli 8. gr. ef þeir telja að gæðakröfur séu ekki uppfylltar. Í því sambandi telur nefndin rétt að árétta að heimildin er ekki takmörkuð við ákveðna aðila heldur geta allir beint kvörtun til ráðuneytisins, m.a. þeir sem eru áhugamenn um skólastarf o.fl.

Frú forseti. Enn fremur var umræða hjá nefndinni um fjárveitingu í námsgagnasjóð og þróunarsjóð námsgagna. Þrátt fyrir að þróunarsjóðurinn fái það hlutverk að veita fé til námsefnisgerðar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi er ekki gert ráð fyrir neinni skerðingu á framlagi til framhaldsskólastigsins frá því sem nú er. En á fundum nefndarinnar komu fram áhyggjur í þá veru að hlutur smærri greina á framhaldsskólastigi gæti orðið rýr úr sameiginlegum sjóði. Nefndin mælist til að sérstaklega verði hugað að þessum greinum sem oftar en ekki tengjast iðn- og verknámi. Í umsögn fjármálaráðuneytisins er 100 millj. kr. aukning á fjárveitingu til námsefnisgerðar sem ráðuneytið áformar að veita til hinna nýju sjóða. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk frá ráðuneytinu er fyrirhugað að veita þessar 100 millj. kr. í námsgagnasjóð á þessu ári en gert verði ráð fyrir framlagi í þróunarsjóð námsgagna á

fjárlögum næsta árs. Á fjárlögum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi til námsefnisgerðar á framhaldsskólastigi.

Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu að fenginni ábendingu Félags íslenska framhaldsskóla, þess efnis að Félagi íslenskra framhaldsskóla verði heimilt að tilnefna einn aðila í stjórn þróunarsjóðs námsgagna samkvæmt 7. gr. í stað þess að einn stjórnarmaður komi úr hópi skólameistara framhaldsskóla án tilnefningar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita, ásamt mér, hv. þingmenn Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Kjartan Ólafsson, Mörður Árnason, Sæunn Stefánsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Með öðrum orðum má segja að það sé fullt hús í málinu. Nefndarmenn eru allir sammála um að ljúka málinu með þessum hætti með þeirri breytingu sem lögð er til og ég vil að lokum þakka nefndarmönnum í menntamálanefnd kærlega fyrir ánægjulegt og gagnlegt samstarf í tengslum við málið.

[11:50]

**Einar Már Sigurðarson:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, að varðandi þetta mál og reyndar ýmis fleiri hefur samstaða og samvinna í menntamálanefnd verið mjög til fyrirmyndar. Flestum stundum hafa verið viðhöfð þau vinnubrögð að leitað hefur verið sátta og reynt að gera mál sem best úr garði og þá er ekki nein hræðsla við að gera breytingar eða vekja athygli á að eitthvað megi betur fara þótt ekki hafi allt verið fullkomið sem til nefndarinnar kom.

Það eru auðvitað eðlileg og sjálfsögð vinnubrögð að skila málum þannig að þau verða betri en þegar þau voru fyrst framlögð. En þetta er eitt af þeim málum einmitt sem algjör samstaða náðist um í nefndinni og ég mun því ekki halda hér langa ræðu en tel rétt að undirstrika aðeins nokkur atriði.

Það hefur verið þrýstingur á að Námsgagnastofnun héldi ekki alveg jafnsterkri stöðu gagnvart útgáfu námsgagna í grunnskólum og verið hefur. Þess vegna er gert ráð fyrir ákveðnu millistigi og það virðist hafa tekist nokkuð víðtæk sátt um að eðlilegt sé að stíga slíkt skref. Í því felst að Námsgagnastofnun starfi áfram með svipuðu fyrirkomulagi og nú er en alger aðskilnaður sé hafður á námsgögnum sem fari á hinn almenna markað, bæði fjárhagslegur aðskilnaður og tryggt sé að námsgögn séu seld á eðlilegu verði miðað við kostnað og annað þess háttar. Þetta verður náttúrlega vandmeðfarið og eðlilegt að fylgst verði með þessu til að sjá hvernig þetta þróast. Aðilar sem koma að þessu máli hafa sætt sig við þetta fyrirkomulag og telja eðlilegt að breyta fyrirkomulaginu í þessa átt. En það verður auðvitað að fylgjast vel með þannig að engin mistök verði gerð.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur námsgagnasjóður sem snýr eingöngu að grunnskólunum og er ætlaður grunnskólum til að kaupa námsgögn. Þetta er sá háttur sem ég hef nokkrar efasemdir um vegna þess að þarna er verið að útbúa hliðarkerfi við hið hefðbundna kerfi sem er viðhaft varðandi dreifingu fjármagns til sveitarfélaga vegna grunnskólarekstursins. Það er stór hluti af jöfnunarsjóði sem fer til sveitarfélaganna af ýmsum ástæðum, vegna grunnskólans. Þarna eru hins vegar námsgögnin tekin alveg sérstaklega út úr og sett í sérstakan sjóð. Eins og segir í sameiginlegu nefndaráliti okkar þá ræddum við hvort eðlilegt væri að gera þetta eða hvort ekki væri í raun og veru hægt að láta þessa fjármuni bara inn í stóra pottinn og þeim væri þannig dreift til sveitarfélaganna. Þá tækju sveitarfélögin í raun og veru ákvörðun um með hvaða hætti þetta yrði.

Í dag er það misjafnt eftir sveitarfélögum hvernig þetta er, sum sveitarfélög hafa gengið það langt að þau láta skólann í raun og veru hafa frelsi, þá er bara áætlaður ákveðinn kostnaður á skólahaldið og síðan er það skólinn sem tekur ákvörðun um hvernig því fjármagni er skipt á milli liða. Önnur sveitarfélög ganga mun lengra og eyrnamerkja fjármunina í ákveðna þætti. Ef þetta væri inni í stóra pakkanum þá gætu þau auðvitað haldið því áfram. En með þessu er sem sagt séreyrnamerkt fjármagn til námsgagnanna. En sveitarfélögin blessuðu þetta sem sagt og þá er þetta þar af leiðandi á þeirra ábyrgð og því eðlilegt að þau hafi þá ákvörðunartöku og þess vegna höfum við skrifað undir það og við treystum því að þau leysi þetta mál með sóma.

Eins og ég sagði áðan lít ég svo á að þetta sé ákveðið millistig. Við munum væntanlega eftir nokkur ár fá þessi mál aftur hér inn og þá verður komin reynsla á þetta fyrirkomulag og þá verður trúlega hægt að móta þetta, eigum við að segja, betur til framtíðar. Því það er auðvitað erfitt að sjá fyrir alla hluti sem upp geta komið.

Í þriðja lagi felst í þessu frumvarpi að komið verði á fót svokölluðum þróunarsjóði námsgagna og er hlutverk hans að styðja við nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsefnis á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Þannig háttar til að það hefur verið slíkur sjóður fyrir framhaldsskólann vegna námsefnisgerðar en nú er þessu steypt í einn sjóð og hin skólastigin tekin saman. Það verður auðvitað að geta þess að það er aukið fjármagn í þetta sem vonandi verður til þess að ekki verði skerðing á því sem fer til framhaldsskólans því það er full þörf á því að það fjármagn sé frekar aukið en minnkað því eins og við vitum er fjöldi námsgreina í framhaldsskólunum kenndar í afar fámennum áföngum. Það á sérstaklega við í sumu iðn- og verknámi þar sem sumar greinarnar eru jafnvel ekki einu sinni kenndar á hverju ári og liggur ljóst fyrir að það verður mjög seint sem markaðurinn mun leysa þá námsefnisútgáfu.

Þess vegna er mjög brýnt að vel verði utan um það haldið að fjármagn verði ekki skert og frekar aukið því það má alveg eins búast við að meiri flóra verði á þessu sviði í framtíðinni en verið hefur.

Í nefndinni náðist samstaða um að leggja til eina mikilvæga breytingu, að mínu mati, við frumvarpið. Í upphaflega frumvarpinu var af einhverjum ástæðum, sem ég ætla ekki að færa rök fyrir, gert ráð fyrir að menntamálaráðherra tilnefndi í stjórn þróunarsjóðsins án tilnefningar einn úr

hópi skólameistara framhaldsskóla. Fyrirkomulagið var þannig að hæstv. menntamálaráðherra átti sjálfur að handvelja þann skólameistara sem ætti að sitja þarna. Aðrir stjórnarmenn, fyrir utan þann stjórnarmann sem menntamálaráðherra tilnefnir sem formann, voru tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambandi Íslands.

En það náðist samstaða um það í nefndinni, sem er rétt að fagna, að Félag íslenskra framhaldsskóla var sett á sama sess í trausti og var einnig treyst fyrir því að tilnefna einn mann í stjórnina. Þar af leiðandi má segja að stjórnarmenn sitji allir við sama borð hvað tilnefningu varðar nema sá sem hæstv. ráðherra tilnefnir sem formann.

*Frú forseti.* Mér finnst ekki ástæða til þess að orðlengja þetta meira. Eins og fram kom í upphafi þá stendur öll nefndin að þessu nefndaráliti. Það er rétt að ítreka að það er fagnaðarefni þegar svo er haldið um mál í nefndum að slík samstaða náist.

[11:58]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um námsgögn. Ég tók þannig til orða við 1. umr. málsins að ég hefði ákveðnar efasemdir um það. Sjónarmið mín eru fyrst og fremst þau að Námsgagnastofnun, sú stofnun sem hefur verið svelt fjárhagslega árum saman, fái nú loks ákveðna úrlausn sinna mála, þ.e. námsefnisgerðin sjálf fái úrlausn í því rausnarlega aukna framlagi sem hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja í námsgagnagerðina, en þá mega þeir fjármunir ekki fara beint til hinnar sveltu stofnunar, Námsgagnastofnunar, heldur fara þeir í sjóði þaðan sem verður útdeilt með ákveðnum hætti, sem ég í sjálfu sér set mig ekki upp á móti, en mér finnst ákveðin hætta fólgin í þessu og ákveðin yfirlýsing í þessu af hálfu hæstv. menntamálaráðherra að Námsgagnastofnun fær ekki kannski þá umbun eða þá viðurkenningu fyrir biðlundina sem hún þó hefur sýnt, biðlundina eftir því að greitt sé úr og leyst úr þessum málum og námsgögn fái þann sess í fjárlögum íslensku ríkisstjórnarinnar og íslenska ríkisins sem eðlilegt getur talist.

Ég vil segja það hér, virðulegi forseti, að ég vona sannarlega að þessi ráðstöfun verði til góðs og komi til með að þjóna markmiði sínu og Námsgagnastofnun verði ekki að engu á fyrsta degi eftir þessa breytingu. Ég held að það sé afar mikilvægt að við séum á varðbergi gagnvart þeirri tilhneigingu sem er í öllu kerfinu núna til einkavæðingar allra þátta og þetta er auðvitað liður í þeirri breytingu og er tímanna tákn. Efasemdir Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs eru því mjög klárar og ljósar og þær eru á þessum grunni reistar. Ég hef ekki áhyggjur af því sem ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins kallaði þegar hann kom fyrir nefndina, þ.e. miðstýrt ráðstjórnarlegt kerfi, sem hefur verið við lýði í námsgagnagerð upp á síðkastið. Námsgagnastofnun hefur boðið út verkefni, hefur átt samstarf við einkaaðila á sviði námsgagnagerðar og hefur keypt námsefni víða að. Það sem hefur hins vegar verið til staðar hjá Námsgagnastofnun er ákveðið gæðamat og gæðaeftirlit sem eðli málsins samkvæmt þeir sem um þessi mál véla og hafa á þeim áhuga hafa áhyggjur af núna í þessum breytingum. Þar á meðal er Kennarasamband Íslands en sambandið segir í umsögn til menntamálanefndar um málið — um leið og það ítrekar sjónarmið sitt að í stjórn Námsgagnastofnunar sé „rétt að sitji einn fulltrúi háskóla sem veitir kennaramenntun, tilnefndur sameiginlega af viðkomandi háskólum“ — hvað varðar gæðamat og gæðaeftirlit að ekki sé ljóst af lestri 6. gr. eða í greinargerðinni um hana hvernig tryggja eigi að við úthlutun fjármuna samkvæmt úthlutunarreglum verði gæði þeirra námsgagna sem keypt verða fyrir hið úthlutaða fé í hávegum höfð og nægilega mikil til þess að sómi verði að. Kennarasambandið vitnar til greinargerðar með frumvarpinu en í greinargerð á bls. 14 stendur, með leyfi forseta:

„Þá er lagt til að menntamálaráðherra setji sjóðnum úthlutunarreglur. Gert er ráð fyrir að í þeim yrði m.a. kveðið á um skilyrði fyrir ráðstöfun fjárveitinga úr sjóðnum, þ.e. að slík ráðstöfun yrði einskorðuð við kaup á námsgögnum sem teljast uppfylla réttmætar gæðakröfur og samrýmast markmiðum aðalnámskrár.“

Þá segir Kennarasambandið í tengslum við þetta að það hljóti að þurfa að verða skýrt á hvern hátt þetta gæðamat fari fram og það fái í raun ekki staðist, ef marka má orðanna hljóðan í 6. gr., að það sé í raun eitthvert mark takandi á því sem stendur í greinargerðinni. Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Kennarasambandið telur brýnt að skýrt verði hvort þetta fái staðist þar sem ætla má að fyrst verði úthlutað fé og síðan keypt fyrir það efni eða með öðrum orðum hvort og hvernig umræddu gæðamati eða eftirliti verði komið fyrir á þessu stigi málsins.“

Ég vil geta þess að við spurðum um þetta í viðræðum við ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins og hann viðurkenndi að ákveðin mistök hefðu orðið við prentun greinargerðarinnar þar sem á ákveðnu stigi við samningu frumvarpsins hefði hugmyndin verið sú að fara þá leið sem segir eða má skilja í greinargerð um 6. gr. en í raun og veru hafi lendingin á endanum orðið önnur. Ráðuneytisstjórinn viðurkennir því að greinargerðin sé ekki í samræmi við 6. gr. heldur endurspegli hún einhvern ákveðinn fasa í umræðu nefndarinnar en hafi ekki verið í samræmi við endanlegar niðurstöður hennar. Endanleg niðurstaða er í rauninni það sem speglast í 6. gr., nefnilega það að gæðamatið fari fram eftir á. Það er sjónarmið ráðherrans og ráðuneytisins að gæðaeftirlitið, sem nú fer fram hjá Námsgagnastofnun, verði fært til og fari í sjálfu sér til foreldra og kennara og þeir muni í sjálfu sér verða hinir endanlegu eiginlegu eftirlitsgjafar þegar þessar breytingar hafa gengið eftir.

Ég er svo sem þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að setja í lagatexta endanlegar reglur um gæðamatið en ég geri mér grein fyrir að kennarar hafa afar mikið um það að segja á hvern hátt það eftirlit fer fram sem nauðsynlegt er að eigi sér stað.

Um hinar fámennari greinar vil ég einungis taka undir það sem kemur fram í umsögn Félags íslenskra framhaldsskóla til nefndarinnar. Þar óttast félagið að með tilkomu þróunarsjóðs námsgagna, sem er sameiginlegur fyrir leik- og grunnskóla á framhaldsskólastigi, verði hlutur smærri greina afskiptur og hlutur iðn- og starfsmenntunar verði þar rýr. Í nefndarálitinu, sem við stöndum sameiginlega að, er þessa getið og látin í ljósi sú ósk að tekið verði tillit til

hinna fámennari greina og nauðsynlegt sé að standa vörð um að þær fái sinn sess í kerfinu og það sé ekki meiningin nema síður sé að rýra eitthvað hlut þeirra.

Ég tel að niðurstaða nefndarinnar sé ásættanleg, breytingartillagan sem lögð er til sé af hinu góða og auðvitað fagna ég þeim yfirlýsingum sem komið hafa frá hæstv. menntamálaráðherra um fjármögnun þessara sjóða beggja, að þróunarsjóðurinn verði ekki tómur heldur eigi að setja í hann fjármuni því það er auðvitað grundvallarskilyrðið fyrir því að hér sé vel að verki staðið. Við skulum vona að þetta sé djúpur vilji Sjálfstæðisflokksins að svona sé að málum staðið þó svo að hv. þingmenn hafi svo sem haft ansi langan tíma til að leiðrétta mál af þessu tagi, þá er það kannski ekki of seint núna. Það er alla vega verið að gera það með myndarlegum hætti og ég lýsi eingöngu stuðningi við þá aðgerð sem hér er í farvatninu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Æskulýðslög, 2. umr.*

Stjfrv., 409. mál (heildarlög). — Þskj. 460, nál. 1074 og 1315, brtt. 1075 og 1160.

[12:06]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um æskulýðsmál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund þá gesti sem tilgreindir eru í álitinu.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um æskulýðsmál en núverandi lög eru frá 1970 og orðin barn síns tíma. Tilgangur laganna er fyrst og fremst að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi.

Nefndin ræddi á fundum sínum meðal annars um 10. gr. frumvarpsins er fjallar um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi. Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi og er nú lagt fram með einni efnisbreytingu á 10. gr. Í greininni er nú kveðið á um að óheimilt verði að ráða þá einstaklinga sem hafa hlotið refsidóm fyrir brot á ávana- og fíkniefnalögum á síðastliðnum fimm árum. Með þessu er ekki hafnað öllum þeim sem hafa einhvern tímann á lífsleiðinni brotið gegn framangreindri löggjöf en snúið við blaðinu. Slíkir aðilar geta jafnvel í einhverjum tilvikum unnið að forvörnum.

Þá ræddi nefndin ýmis sjónarmið varðandi 10. gr. Annars vegar hvort eðlilegt sé að tiltaka sérstaklega kynferðisbrot og brot á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni, einkum með hliðsjón af öðrum alvarlegum brotum, svo sem manndrápi eða þjófnaði, en slík brot eru ekki undanskilin. Hins vegar hvort í þessu sambandi ætti að takmarka upptalningu brota og miða eingöngu við ákvæði 36. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Niðurstaða meiri hlutans er sú að ekki sé tilefni til að breyta 10. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn telur jafnframt að rétt sé að tiltaka sérstaklega brot á ákvæðum ávana- og fíkniefnalöggjafar á síðastliðnum fimm árum með hliðsjón af eðli slíkra brota og takmarka þá hættu að vettvangur slíkra brota sé við æskulýðsstarfsemi.

Frú forseti. Meiri hluti nefndarinnar beinir þó jafnframt þeim tilmælum til þeirra sem annast ráðningar á þessu sviði að tryggja að ráðningarferlið sé vandað. Meiri hlutinn telur þó ekki ástæðu til að lögfesta ákvæði þess efnis.

Sú kostnaðarumsögn sem tilgreind er í frumvarpinu er efnislega röng þar sem þau mistök áttu sér stað að eldri umsögn sem fylgdi með frumvarpinu á 132. löggjafarþingi var sett inn í frumvarpið í stað nýrrar kostnaðarumsagnar. Rétt kostnaðarumsögn er því fylgiskjal með nefndarálitinu.

Lögð er til sú breyting á 12. gr. frumvarpsins að skipunartími ráðgjafarnefndar æskulýðsrannsókna verði þrjú ár í stað tveggja. Nefndinni barst sú ábending að eðlilegt væri að lengja skipunartímann með hliðsjón af því að gefa nefndarmönnum meira svigrúm til að setja sig vel inn í starfsemina á þessu sviði, einkum í ljósi þess að nefndinni er ætlað að vera ráðgefandi fyrir ráðherra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta nefndarálit rita ásamt mér hv. þingmenn Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Kjartan Ólafsson og Sæunn Stefánsdóttir en hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

[12:10]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason):**

Forseti. Ég flyt álit minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til æskulýðslaga.

Þegar samið er frumvarp til að leysa af hólmi 37 ára gömul lög mætti ætla að vandað yrði til verka. Svo er því miður ekki um frumvarp til æskulýðslaga sem hér liggur fyrir. Þrátt fyrir heiti frumvarpsins er því einungis ætlað að ná til takmarkaðs hluta æskulýðsstarfs, og sýn frumvarpsflytjanda á æskulýðsmál virðist í heild nokkuð þröng, jafnvel gamaldags í neikvæðri merkingu þess orðs. Um þetta bárust nefndinni fjölmargar ábendingar í umsögnum og við heimsóknir gesta til nefndarinnar.

Skynsamlegast væri að vísa frumvarpinu frá í núverandi mynd og semja nýtt frumvarp um æskulýðsmál, sem tæki til miklu fjölbreyttara starfs en þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Minni hluti nefndarinnar telur þó rétt að freista þess heldur að ná fram breytingartillögum við frumvarpið nú og sníða þannig af því augljósustu galla þar sem telja má nokkur ákvæði þess ávinning miðað við gildandi lög frá 1970. Ýmis æskulýðssamtök hafa af þeim ástæðum hvatt til þess að frumvarpið verði samþykkt á þessu þingi.

Verulegur ágalli á frumvarpinu eru ákvæði í 10. gr. þess þar sem útilokaðir eru frá atvinnu við skipuleg æskulýðsstörf tveir hópar sakamanna. Á sú útilokun einnig við sjálfboðið starf af þessu tagi. Við teljum þetta ákvæði ganga allt of langt við að útiloka fólk frá vinnu og verður að efa að slíkt ákvæði standist meðalhófsreglu sem virða ber við stjórnsýslu. Í greininni er fyrirskipað að útilokaðir frá þessum störfum séu annars vegar ævilangt, þeir sem hafa gerst brotlegir við kafla XXII í hegningarlögum, um kynferðisbrot, og hins vegar fimm ár eftir dóm, þeir sem hafa gerst brotlegir við fíkniefnalögin (nr. 65/1974). Raunar eru alvar-

legustu brot á fíkniefnasviði undanskilin, og hefur ekki komið í ljós hvaða efnisleg rök liggja þar að baki. Ég á hér við 173. gr. hegningarlaga og 173. gr. a hegningarlaga. Vera kann að um sé að ræða dæmi um slæleg vinnubrögð frumvarpsflytjanda við undirbúninginn. Það dæmi ætti þá einnig við um vinnubrögð meiri hluta menntamálanefndar.

Telja má sjálfsagt að hafa í æskulýðslögum ákvæði svipuð þeim sem er að finna í 36. gr. barnaverndarlaga (nr. 80/2002) en þar er bannað að ráða til starfa við umönnun barna og hjá barnaverndaryfirvöldum menn sem hafa brotið af sér samkvæmt kafla XXII ef brotið beinist gegn einstaklingi undir 18 ára aldri. Skal um þetta bent á rökstuðning í athugasemdum um 36. gr. við frumvarpið til barnaverndarlaga (þskj. 403 á 127. löggjafarþingi).

Enn hafa hins vegar ekki komið fram rök fyrir því að hin tilteknu brot önnur á hegningarlöggjöf séu ástæða til atvinnubanns eins og þess sem lagt er til í frumvarpinu. Brot á öðrum ákvæðum í kafla XXII en þeim sem beinast gegn börnum og brot á fíkniefnalögunum hlýtur að þurfa að athuga í samhengi við almenn afbrot, og sýna fram á að þau séu æskulýð sérstaklega skeinuhætt. Þetta má einnig orða með þeim hætti að sé almennum kynferðisafbrotamönnum meinað ævilangt að sinna æskulýðsstarfsemi hljóti að koma sterklega til álita að láta slíkt bann ná einnig til morðingja, til ræningja, til manna sem hafa gerst sekir um heimilisofbeldi, til fjárglæframanna. Ef fíkniefnabrotamenn teljast óheppilegir í æskulýðsstarfi fimm árum eftir að dómur er kveðinn upp yfir þeim — hver eru þá skilyrðin um drykkjumenn eða áfengissjúklinga?

Rétt er að hafa í huga að brot gegn XXII. kafla hegningarlaga og gegn fíkniefnalögunum eru ekki öll jafnalvarleg, en engin aðgreining þeirra er reynd í frumvarpinu, athugasemdum með því eða í rökstuðningi meiri hluta menntamálanefndar.

Því hefur verið borið við í umræðu um þessi mál að allur sé varinn góður. Börn eigi heimtingu á að njóta vafans þegar um þá brotamenn er að ræða sem frumvarpið tekur til. Spyrja má hvort börn eigi þá ekki að njóta vafans þegar um er að ræða morðingja, ræningja, fjárglæframenn, ofbeldismenn á heimili og drykkjumenn — sem ekkert er um fjallað í frumvarpinu.

Almennt getur ekki talist heppilegt að fyrrverandi sakamenn gæti barna eða sjái um æskulýðsstarf, þótt á því kunni að vera undantekningar. Með sömu undantekningu og í barnaverndarlögum hlýtur þó að teljast eðlilegt að forstöðumönnum í æskulýðsstarfi sé falinn lokadómur um þetta — um leið og brýnt er fyrir þeim að sýna aðgát við val starfsfólks og móttöku sjálfboðaliða.

Þess má geta að starfsmenn menntamálaráðherra voru beðnir að taka saman lista um ámóta starfsbann í íslenskum lögum og reglum annars vegar og hins vegar í svipuðum lögum hjá grannþjóðunum. Sá listi barst aldrei, og er ókannað hver fordæmi eru fyrir ákvæði af þessu tagi í lögum og reglum. Munu þau fátíð í lögum og reglum þótt vinnureglur séu víða hafðar um ráðningu fólks og mjög af öðru tagi en í þessu frumvarpi. Benda mætti á ákvæði laga um fjármálafyrirtæki til hliðsjónar þar sem gert er ráð fyrir að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hafi ekki verið dæmdir vegna brota sem tengjast atvinnustarfsemi. Verður að segja að þau skilyrði eru nokkuð af öðru tagi og nokkuð fjarri þeim sem hér er um að ræða. Athyglisvert er að engin ákvæði af þessu tagi er að finna í lögum um leikskólakennara og grunnskólakennara. Í vinnu sem stendur yfir við endurskoðun þeirra laga mun eingöngu miðað við að bæta við þau ákvæði samhljóða 36. gr. barnaverndarlaga.

Sú sérkennilega staða gæti komið upp við samþykkt þessa frumvarps að miklu strangari lagakröfur yrðu gerðar um atvinnu og sjálfboðastarf við æskulýðsstarfsemi en hjá barnaverndaryfirvöldum og þeim heimilum og stofnunum sem barnaverndarlögin ná yfir, og miklu strangari en gilda um kennara og annað starfsfólk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla — þar sem þó er þungamiðja alls barna- og æskulýðsstarfs í landinu.

Þá ber að hafa í huga að þessi ákvæði frumvarpsins fela í sér refsiþyngingu án þess að farið hafi fram nein umræða um þörf á þeim auknu refsingum. Minnt skal á að um það ævilanga eða tímabundna atvinnubann og bann við sjálfboðnu starfi sem lagt er til í frumvarpinu gilda ekki ákvæði hegningarlaga um atriði sem hafa áhrif á refsihæð (kafli VIII, einkum 74. gr.) heldur leggst þessi aukarefsing ofan á refsidóminn sjálfan án nokkurs tillits til mildandi aðstæðna. Til dæmis er ekkert tillit tekið til þess hvort heldur menn hafa verið dæmdir í langan fangelsisdóm fyrir alvarleg afbrot eða hvort menn hafa verið dæmdir í refsingu skilorðsbundið, jafnvel börn sem hafa verið dæmd til refsingar fyrir afbrot sem þau hafa gerst sek um frá 15–18 ára aldri. Þetta ævilanga bann sem hér er um að ræða í öðrum hlutanum og það fimm ára bann við meðalafbrotum sem um er að ræða í hinum hlutanum, þegar þyngstu afbrotin í fíkniefnakaflanum eru undanskilin af einhverjum dularfullum ástæðum, gildir um alla, alla jafnt. Það gildir um barn milli 15 og 18 ára sem hefur fengið skilorðsbundinn dóm jafnt og um harðnaðan fullorðinn sakamann sem dæmdur er til þyngstu refsingar 8, 10, 12 og 16 ár.

Ég vík frá þessu og til rannsóknarþáttar frumvarpsins. Óánægja kom fram í umsögnum fræðimanna og rannsóknastofnana um ákvæði 12. gr. sem fjallar um rannsóknir. Hún beindist fyrst og fremst að því að enginn fulltrúi rannsóknarsamfélagsins skuli sitja í ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir. Þessi krafa byggist ekki síst á því að æskulýðsrannsóknum hefur verið skipað hér með öðrum hætti en í grannríkjum og ekki á þann veg að allir séu sáttir við, samanber ummæli í umsögnum frá rannsakendum. Minni hlutinn telur sjálfsagt að verða við þessum óskum, og leggur til að ráðherranum sé látið nægja að skipa einn fulltrúa án tilnefningar í fimm manna nefnd, ráðgjafarnefndina, en Félagsfræðingafélag Íslands skipi þar einn fulltrúa. Ekki er til neinn sameiginlegur vettvangur þeirra sem fást við æskulýðsrannsóknir en treysta má fagfélagi félagsfræðinga til að halda á þessum hagsmunum þótt hópur rannsakenda nái út fyrir ramma hinnar eiginlegu félagsfræði.

Minni hlutinn er samþykkur breytingartillögu meiri hlutans um að lengja skipunartíma þessarar nefndar úr tveimur árum í þrjú.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til telur minni hluti nefndarinnar viðunandi fyrir Alþingi að samþykkja þetta frumvarp en hvetur til að slík lög yrðu endurskoðuð sem allra fyrst, taki til alls æskulýðsstarfs og verði nútíma-

legur rammi stjórnsýslu ríkisvaldsins á þessu mikilvæga sviði.

Undir þetta nefndarálit rita nöfn sín Mörður Árnason, sá sem hér stendur, og hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Breytingartillögurnar sem við flytjum eru tvær. Annars vegar leggjum við til nýja 3. mgr. í 10. gr. laganna sem orðist svo, nákvæmlega eins og í barnaverndarlögunum:

„Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum sem 2. gr. tekur til, og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.“

Það er rétt að vekja athygli á því að þetta er að breyttu því sem þarf að breyta nákvæmlega sú grein sem samþykkt var á Alþingi í barnaverndarlögum fyrir, ég man ekki hvort það er heldur þremur eða fimm árum,

Hin breytingartillagan er við 12. gr. Þar er lagt til að 2. og 3. málsl. 2. mgr. orðist svo:

„Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu Æskulýðsráðs, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Félagsfræðingafélags Íslands. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar.“

Forseti. Það væri full ástæða til að rekja í lengra máli kjarnann í umsögnum þeim sem borist hafa og frekari rökstuðning við þær breytingartillögur sem við höfum flutt en aðstæður eru þannig að nú leggjast allir á eitt að greiða fyrir störfum þingsins og ég ætla ekki að hafa þetta mál miklu lengra. Ég vil taka fram í tilefni af nýlegum óvönduðum árásum á flutningsmenn þessara breytingartillagna og á minni hluta nefndarinnar að þeim verður svarað þótt ekki verði það á þeim vettvangi sem hér um ræðir, úr ræðustól Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Málefni aldraðra, 2. umr.*

Stjfrv., 560. mál (vistunarmatsnefndir). — Þskj. 835, nál. 1046.

[12:23]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1046 um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérstakar vistunarmatsnefndir leggi faglegt einstaklingsbundið mat á þörf aldraðra einstaklinga fyrir vistun í dvalar- eða hjúkrunarrými eða önnur úrræði í stað þjónustuhópa. Markmið frumvarpsins er að stuðla að auknu samræmi við gerð vistunarmats aldraðra og tryggja eins og kostur er faglegar og samanburðarhæfar niðurstöður vistunarmats um allt land.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið skrifa auk mín hv. þingmenn Ásta Möller, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Ellert B. Schram, Pétur H. Blöndal, Kristján L. Möller, Ingvi Hrafn Óskarsson, Sæunn Stefánsdóttir og Þuríður Backman, með fyrirvara.

[12:24]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Við erum að ræða breytingu á lögum um málefni aldraðra og eins og kom fram þegar mælt var fyrir nefndarálitinu skrifum við hv. þingmenn Samfylkingarinnar í heilbrigðisnefnd undir þetta mál án fyrirvara. Hér er verið að einfalda og breyta framkvæmd vistunarmats. Aftur á móti væri full ástæða til að ræða ítarlega um lögin um málefni aldraðra því að núna í lok þingsins er verið að breyta þessum lögum á tveimur stöðum án þess að þau séu skoðuð í heild. Það var búið að lofa samtökum aldraðra heildarendurskoðun og kalla átti saman nefnd strax í haust til þess. Það er ekki enn búið að því. (**GÓJ:** Það er búið núna.) Það er búið núna, segir formaður nefndarinnar, en það hefur þá bara gerst núna á síðustu dögum.

Síðan eru atriði sem hefði þurft að taka á eins og að færa verkefni til sveitarfélaganna og loks málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þegar við afgreiddum þetta mál út úr nefndinni hafði mér ekki borist svar um greiðslur úr framkvæmdasjóðnum sem mér barst núna í vikunni. Ég verða að benda — er hæstv. heilbrigðisráðherra ekki stödd hér húsinu?

(**Forseti** (JónK)**:** Hæstv. heilbrigðisráðherra mun ekki vera í húsinu.)

Þá verð ég að eiga orðastað við formann nefndarinnar um þessi mál en það kom í ljós eftir að við höfum afgreitt málið úr nefndinni að greiðslur fyrir framkvæmd vistunarmats eru ekki eins og segir í fylgiskjali frá fjármálaráðuneytinu en þar segir að nú sé það þannig að vistunarmatið og framkvæmd þess sé kostað af sveitarfélögunum en við þessa breytingu verði þetta greitt úr ríkissjóði og muni verða ódýrara en áður.

Aftur á móti þegar ég fór að skoða svar sem ég fékk í vikunni um hvaða styrkir hefðu verið greiddir úr Framkvæmdasjóði aldraðra á vegum ráðuneytisins kemur í ljós að landlæknisembættið fékk á síðasta ári, 2006, tvo styrki og þar stendur: Landlæknisembættið, framkvæmdir á vistunarmati. Það fara 4 millj. kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra til landlæknisembættisins til að framkvæma vistunarmatið. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið og þessa breytingu segir að sveitarfélögin greiði þetta mat en að eftir að þessi lagabreyting verður gengin í gegn á þinginu muni ríkissjóður annast það. Það er hvergi talað um það að Framkvæmdasjóður aldraðra hafi verið að greiða fyrir vistunarmat. Ég hafði ekki hugmynd um það og það kom ekki fram í nefndinni þegar við ræddum þetta mál. Ég hafði ekki hugmynd um það fyrr en ég fór að lesa þetta svar sem mér var að berast frá hæstv. ráðherra um alla þá fjölmörgu styrki sem hafa komið úr framkvæmdasjóðnum.

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að fram komi

skýring á þessu máli áður en við ljúkum umræðu um þetta þingmál. Þarna er verulegt misræmi á ferðinni sem þarfnast skýringa. Ég óska eftir því áður en þessari umræðu lýkur að skýringar komi á því hvernig á því standi að í umsögn fjármálaráðuneytisins sé talað um að sveitarfélögin greiði vistunarmatið. Í svari frá ráðherra um styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra kemur fram að framkvæmd á vistunarmatinu sé greidd þaðan með styrk til landlæknisembættisins upp á 4 millj. kr., og síðan að það muni greitt úr ríkissjóði framvegis. Þetta þarfnast skýringa og ég fer fram á að fá þær áður en þessari umræðu lýkur.

Eins og ég sagði áðan erum við þingmenn Samfylkingarinnar sammála þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Það er verið að einfalda framkvæmd á vistunarmatinu, verið er að færa það úr 43 nefndum, eða 45 held ég þegar allt tínist til, á mun færri hendur sem mun auðvitað auka samræmið hvað þetta varðar.

[12:30]

**Útbýting:**

Vegalög, 437. mál, brtt. GHall, þskj. 1328.

[12:30]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Hér er enn og aftur verið að breyta lögum um málefni aldraðra. Ég tek undir með hv. þingmanni að það er kominn tími til að fara yfir löggjöfina í heild sinni eins og hefur verið lofað mörg undanfarin ár og nýlega hefur hæstv. heilbrigðisráðherra gefið aftur yfirlýsingar um að nú skuli farið í heildarendurskoðun á lögunum. Er það gott því ég tel að næsti hæstv. heilbrigðisráðherra geti þá tekið við boltanum og gert það sem *núverandi ríkisstjórn* hefur ekki treyst sér til. Það er kannski hluti af þessari heildarsýn. Breytingarnar eru ekki miklar í texta en geta verið töluverðar hvað varðar framkvæmd vistunarmatsins. Ég tek undir að það er mikilvægt að gera það faglega og að það sé samræmi í vinnubrögðum og hér er verið að leitast við að gera það.

Fyrirvari minn er sá að í lögum um heilbrigðisþjónustu sem við komum til með að taka fyrir sem næsta mál á dagskrá er gert ráð fyrir nýjum heilbrigðisumdæmum og þau geta verið stór. Það er ekki búið að setja það niður, það er sem sé samkomulagsatriði hversu stórum svæðum ákveðnar vistunarmatsnefndir eiga að sinna. Landfræðilega geta sum svæðin orðið mjög stór. Nú tala ég út frá reynslu frá Austurlandi. Ef við tökum Heilbrigðisstofnun Austurlands sem eina þjónustustofnun sem nær alveg frá Bakkafirði og niður á Djúpavog, þá væri ekki óeðlilegt að það væri ein vistunarmatsnefnd fyrir svæðið. Hún getur líka verið miklu, miklu stærri vegna þess að svæðið getur verið miklu stærra en þetta. Þá er það spurningin: Hver á að framkvæma úttektina? Ekki verða það aðilarnir sem sjá um matið. Það eru einhverjir aðrir sem gera úttektina. Ég held að það verði að huga að því í leiðinni að það sé vel skoðað hverjir eigi að gera það og hvort hægt sé að bæta þeirri vinnu ofan á aðra hjá viðkomandi stofnunum.

Ég hef annan fyrirvara, hæstv. forseti. Sá fyrirvari snýr að sveitarfélögunum því í dag þegar þjónustuhópar aldraðra eru bundnir við starfsemi hverrar sveitarstjórnar þá fer þetta saman að vistunarmatið er jú gert en síðan kemur þjónustuframboð viðkomandi sveitarfélags og vistunarmöguleikar hjá viðkomandi sveitarfélagi. Við vitum alveg að fleiri hafa hugsanlega verið vistaðir á dvalarheimilum en hefði nauðsynlega þurft eða á hjúkrunarheimilum sem nauðsynlega hefðu þurft heilsu sinnar vegna. En þar sem hefur háttað þannig til í sveitarfélaginu, jafnvel í dreifbýlum sveitarfélögum, þá hefur það verið talið hentugra fyrir alla að hinn aldraði væri á dvalarheimili og að hann fengi þar hjúkrun eða inni á hjúkrunarheimili.

Ef matið á að vera faglegt, sem það á að vera, og eingöngu vistað samkvæmt því, þá trúi ég að það muni koma töluverður kostnaður yfir á sum sveitarfélög sem verða þá að auka félagsþjónustu sína að sama skapi. Nú er ég ekki að segja að það sé akkúrat sú þróun sem við viljum og að þannig þjónustu viljum við hafa. En það verður að taka tillit til þess hvað varðar tekjustofna sveitarfélaganna að þeir hafi tök á því að veita nærþjónustuna ef henni hefur ekki verið sinnt fyllilega fram að þessu. Ég veit að sveitarfélög vilja sinna þessu en þetta er spurning um möguleika. Enn er verið að loka hjúkrunarheimilum, t.d. á Djúpavogi sem sveitarfélagið á í rekstrarerfiðleikum með. Hvað á að gera? Á að loka? Hvert á að senda fólkið ef sveitarfélagið hefur ekki tök á að sinna félagslegu þjónustunni í nærþjónustunni? Ég vil því benda á að þetta getur líka haft þessar afleiðingar.

[12:36]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Það er með nokkurri undrun sem ég hlustaði rétt áðan á þau skilaboð að hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, *væri ekki viðstödd, ekki í húsinu og gæti ekki* verið viðstödd umræðuna. Hér eru fimm mál, málefni aldraðra, heilbrigðisþjónusta, embætti landlæknis, Heyrnar- og talmeinastöð og sóttvarnarlög, sem öll eru til 2. umr. Fimm mál.

Ég er ekki í nefndinni og er ekki að hæla mér af mikilli færni eða kunnáttu í heilbrigðismálum. Ég hef ekki haft tækifæri til þess á þinginu, verið í öðru. En mér sýnast þetta allt vera hin merkustu mál og þess virði að taka um þau einhverja umræðu. Mér finnst lágmark að hæstv. heilbrigðisráðherra sé viðstaddur hana. Ég vil spyrja forseta hvort heilbrigðisráðherra sé ef til vill væntanleg eða hvaða ástæður séu fyrir fjarvist heilbrigðisráðherra á seinasta degi þingsins þegar allir eru að reyna að taka höndum saman um að greiða fyrir þingstörfum.

(**Forseti** (JónK)**:** Hæstv. heilbrigðisráðherra mun ekki vera í húsinu. Mér er ekki kunnugt um hvað veldur fjarvistum hennar. Hins vegar mun ég gera ráðstafanir til að láta hana vita af þeim óskum sem fram hafa komið í umræðunni.)

Forseti. Ég tel þá að sterklega komi til greina að fresta umræðu um málið og setja hin fjögur ásamt þessu síðar á dagskrá fundarins eða fresta þeim til næsta fundar þegar heilbrigðisráðherra sér sér fært að vera viðstödd úr því engar skýringar eru nefndar. Menn geta haft skýringar, að sjálfsögðu. Geta verið í lögmætum forföllum af einhverju tagi, en engar skýringar eru nefndar og ráðherra er ekki á fjarvistarskrá og væri sæmst að vera hér og taka þátt í þeim

umræðum sem hér fara fram.

Ég ætlaði að spyrja vegna þess að hér er um að ræða málefni aldraðra og þau lög sem fjalla m.a. um Framkvæmdasjóð aldraðra, þá ætlaði ég að spyrja betur um það sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir benti á, að í fyrirspurn sinni gefur heilbrigðisráðherra aðrar upplýsingar en gefnar eru í athugasemdum við frumvarp sama hæstv. ráðherra um kostnað við tiltekna hluti sem um er að ræða.

Ég ætlaði líka að gefa heilbrigðisráðherra færi á að svara úr þessum ræðustól því sem hún gat ekki svarað blaðamanni Fréttablaðsins í dag um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra til annars en framkvæmda og til annars en rekstrar sem menn hafa gagnrýnt nægjanlega og á að hætta. Í Fréttablaðinu í dag er sagt frá því að Óperukórinn hafi fengið sérstakan styrk til þess að syngja á árinu 2006, held ég það sé. Það er auðvitað leiðinlegt að Óperukórinn dragist fullkomlega að ósekju í málið og þeir aðrir sem hér eru taldir upp og við höfum rætt reyndar áður í þessum sal, Ungmennafélag Íslands, Söngskólinn í Reykjavík, Tónaljón, Lionsklúbburinn í Búðardal og Kvenréttindafélag Íslands. Það er sérkennilegt að þau þurfi að sæta því að vera í fréttum vegna styrkveitinga af hálfu hæstv. heilbrigðisráðherra úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Rétt er að minna á það að í Framkvæmdasjóð aldraðra borga menn að ég held með glaðara geði en ella sitt fé, 6.314 kr. á ári. Þegar úthlutað er úr sjóðnum milli 600.000 og 700.000 kr. standa þar á bak við 100 Íslendingar sem hver um sig hafa reitt fram 6.314 kr., til hvers? Til að gleðja heilbrigðisráðherra? Til þess að gefa henni möguleika á að afhenda styrki út um borg og bí? Til þess að kosta kosningaáróður Framsóknarflokksins og heilbrigðisráðherra? Nei. Til þess að leggja sitt fram í gott málefni sem eru framkvæmdir fyrir aldraða. Framkvæmdir fyrir aldraðan föður og móður, fyrir afa og ömmu. Framkvæmdir sem við eigum eftir að njóta góðs af ef við verðum svo heppin að komast á þann aldur — og framkvæmdir sem samfélagið allt græðir á og hagnast á með ýmsum hætti — og við ætluðum það ekki í styrkúthlutanir af þessu tagi.

Forseti. Ég tel, nema að hér verði undirtektir undir það að fresta þessu máli og hinum fjórum sem eftir eru þangað til heilbrigðisráðherra lætur sér sæma að koma til þings, að óhjákvæmilegt sé að taka málið upp í 3. umr. Ég vil segja það í leiðinni að þar er ekki við mig að sakast eða aðra hv. þingmenn, heldur eingöngu við heilbrigðisráðherra sem með því að mæta ekki í þingsal tekur ekki þátt í þeirri samvinnu um að greiða fyrir þingstörfum sem við gerum öll hin.

[12:41]

**Forseti (Jón Kristjánsson):**

Ég vil taka það fram að ef hæstv. heilbrigðisráðherra kemur ekki við þessa umræðu þá mun ég ræða við hana fyrir 3. umr. málsins þannig að hún geti þá verið hér við 3. umr.

[12:42]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í andsvari við hv. þm. Mörð Árnason taka undir með honum að það er nauðsynlegt að ráðherra komi. Það vantar skýringar á peningalegum þætti frumvarpsins. Það vantar skýringar á ýmsu öðru. Full ástæða væri einnig fyrir hæstv. ráðherra að gefa skýringar á úthlutununum úr sjóðnum sem ég var að fá svar við. Sömuleiðis hvort hún er enn þá að veita styrki úr sjóðnum út og suður núna rétt fyrir kosningar.

Ég tek undir með hæstv. forseta að málinu verði ekki lokið fyrr en ráðherra hefur komið hér og skýrt ýmsa þætti sem eru óljósir eftir að ég fékk þetta svar um úthlutanir úr framkvæmdasjóðnum og ýmsum fleiri þáttum sem ráðherra þarf að svara áður en við afgreiðum málið.

Ég nota andsvarsformið hér vegna þess að ég ætla ekki að eyða ræðutíma mínum í þetta nema ef ráðherra kæmi og gæti gefið skýringar því ég er með nokkrar aðrar spurningar til hæstv. ráðherra áður en við afgreiðum málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.***

Stjfrv., 272. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 1117, brtt. 1118 og 1317.

***og***

***Embætti landlæknis, 2. umr.***

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 282, nál. 1128, brtt. 1134.

***og***

***Heyrnar- og talmeinastöð, 2. umr.***

Stjfrv., 274. mál (heildarlög). — Þskj. 283, nál. 1109.

[12:44]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndarálitum á þskj. 1117 um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, á þskj. 1128 um frumvarp til laga um embætti landlæknis og á þskj. 1109 um frumvarp til laga um Heyrnar- og talmeinastöð.

Þingskjal 1117 er nefndarálit um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, eins og ég gat um áðan. Þetta er allítarlegt og mikið mál sem hefur fengið mjög vandaðan undirbúning, fyrst af hálfu stjórnskipaðrar nefndar hæstv. heilbrigðisráðherra sem var skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka og auk þess fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila og skilaði líklega ein 15 manna nefnd sameiginlegri niðurstöðu og tillögu að frumvarpi. Áður höfðu þeirri nefnd borist ríflega 100 umsagnir um tillögur sínar sem aftur leiddu til þess að gerðar voru nokkrar lagfæringar á málinu áður en það kom til þingsins.

Hæstv. forseti. Heilbrigðisnefnd hefur farið mjög ítarlega og vel ofan í málið og fengið til sín fjölda gesta eins og sjá má á nefndarálitinu á þskj. 1117 og sömuleiðis komu til nefndar fjölmargar umsagnir eins og þar er nánar rakið og ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að fjalla um frekar.

Góð samstaða myndaðist í málinu og við í heilbrigðisnefnd lögðum áherslu á að ná sátt um þau atriði sem enn var nokkur ágreiningur um. Hann varð einkum við lækna en ágætissátt náðist í þeim efnum, m.a. með því að hnykkja á faglegri ábyrgð lækna í frumvarpinu.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til, hæstv. forseti, að rekja nefndarálitið frekar. Nefndin leggur til allmargar breytingar sem voru m.a. til að mæta sjónarmiðum sem fram komu á fundi nefndarinnar, bæði frá einstökum nefndarmönnum og ekki síður frá gestum nefndarinnar. Á þskj. 1118 er að finna breytingartillögu frá nefndinni. Ég vil í því sambandi einkum benda á 5. tölulið sem fjallar um fagstjórnendur og nýtt orðalag á 10. gr. Sömuleiðis 13. gr. varðandi fagráð og loks vil ég vekja athygli á 26. gr., 16. tölul., en lagt er til að ný grein komi á eftir 26. gr. frumvarpsins, um skráningu óvæntra atvika. Ég vil jafnframt vekja athygli á d-lið 12. gr. þar sem fjallað er um nýtt orðalag að því er varðar ráðgjafarnefnd Landspítala.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta mál en tengt því eru hin tvö málin sem eru til umfjöllunar, þ.e. annars vegar nefndarálit um frumvarp til laga um embætti landlæknis, sem er á þskj. 1128 og er samþykkt af öllum nefndarmönnum í heilbrigðis- og trygginganefnd en nefndin leggur til nokkrar breytingartillögur sem er að finna á þskj. 1134. Hins vegar er á þskj. 1109 að finna nefndarálit um frumvarp til laga um Heyrnar- og talmeinastöð og leggur nefndin til að það frumvarp verði samþykkt með minni háttar breytingum eins og fram kemur á þskj. 1109.

Ég vil geta þess að undir nefndarálit á þskj. 1117, um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, skrifa auk mín hv. þingmenn Ásta Möller, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, með fyrirvara, Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara, Pétur H. Blöndal, Kristján L. Möller, með fyrirvara, Drífa Hjartardóttir og Sæunn Stefánsdóttir. Þuríður Backman var fjarverandi við afgreiðslu málsins eins og fram kemur í nefndarálitinu.

Að nefndaráliti á þskj. 1128, um frumvarp til laga um embætti landlæknis, standa auk mín hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Kristján L. Möller, Gunnar Örlygsson og Sæunn Stefánsdóttir. Hv. þm. Þuríður Backman var fjarverandi við afgreiðslu málsins en hv. þm. Valdimar L. Friðriksson sem sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi er samþykkur álitinu.

Að nefndaráliti á þskj. 1109 standa auk mín hv. þingmenn Ásta Möller, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Kristján L. Möller, Drífa Hjartardóttir og Sæunn Stefánsdóttir. Hv. þm. Valdimar L. Friðriksson sat fundi nefndarinnar um þau mál sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti nefndarinnar. Hv. þm. Þuríður Backman var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að hafa þetta mikið lengra, hæstv. forseti. Ég tel að hér sé um mjög stórt mál að ræða og er sérstaklega ánægður með að heilbrigðis- og trygginganefnd hafi náð að afgreiða þessi þrjú mál. Ég vil nota tækifærið sérstaklega til að þakka samstarfsmönnum mínum í nefndinni, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu sem komu með fjölmargar ábendingar og ég tel að þessi mál eins og þau liggja fyrir nefndinni séu afrakstur af mjög góðri samvinnu allra nefndarmanna. Ég er mjög þakklátur fyrir það hversu vel tókst í þeim efnum og tel að allir geti vel við unað, enda er mikil samstaða um þessi mál í nefndinni.

[12:52]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. formanni heilbrigðis- og trygginganefndar skrifum við undir þessi mál og erum sammála þessum nefndarálitum í umræddum málum sem við erum að taka fyrir saman um heilbrigðisþjónustu, embætti landlæknis og Heyrnar- og talmeinastöðina. Aftur á móti skrifum við undir nefndarálitið um frumvarp um heilbrigðisþjónustu með fyrirvara. Ég vil taka undir með hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni að þetta er mjög mikilvæg lagasetning sem hér er að verða. Lögð var gífurlega mikil vinna í þetta, mikið nefndarstarf fór fram, mikill fjöldi kallaður til til að vinna sérstaklega að heilbrigðisþjónustulögunum og án efa mun þetta hafa í för með sér allmargar framfarir í heilbrigðisþjónustu hér á landi.

Ég ætla að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef á málinu um heilbrigðisþjónustu og hann er sá að með þessum lögum er verið að leggja niður stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ég hef ekki verið sátt við þá breytingu og þess vegna rita ég undir nefndarálitið með fyrirvara.

Aftur á móti er að koma inn annars konar stjórn með svipuðu hlutverki nema þar eru fulltrúar neytenda kallaðir til og það er mjög jákvætt. Ég er hlynnt því og mér finnst það mikilvægt. En í ljósi reynslu minnar af störfum á þingi að heilbrigðismálum hef ég talið aðganginn að stjórnarnefndinni og þeim upplýsingum sem þar koma fram vera mjög mikilvægan, sérstaklega fyrir þingmenn í stjórnarandstöðu, því að þeir hafa ekki jafngreiðan aðgang að upplýsingum í heilbrigðisþjónustunni og stjórnarliðar sem hafa ráðuneytin nánast vinnandi með sér. Það er minn fyrirvari við þessa lagasetningu.

Það er rétt að hópur lækna var mjög ósáttur við frumvarpið eins og það var þegar það kom inn í þingið. Ég vona að okkur hafi tekist að koma til móts við þá gagnrýni sem kom fram hjá þeim læknum og að vinnan í heilbrigðisþjónustunni og á Landspítalanum geti verið í sátt eftir að frumvarpið verður að lögum. En í fyrirvara mínum var ég einnig áhyggjufull vegna þess hve læknafélögin voru andvíg ákveðnum þáttum í frumvarpinu. Við fulltrúar í heilbrigðis- og trygginganefnd sátum fund hjá Læknafélaginu í vetur þar sem þeir gerðu grein fyrir gagnrýni sinni á málið en vonandi hefur tekist að koma til móts við þá gagnrýni þannig að allir geti verið sáttir við málið.

Þetta er mjög mikilvæg lagasetning og ég þakka öllum í nefndinni fyrir gott samstarf og fagna því að okkur hefur tekist að ná þessum málum fram í þó þetta mikilli sátt.

[12:56]

**Útbýting:**

Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 591. mál, brtt. EOK, þskj. 1329.

Umræðu frestað.

***Störf án staðsetningar á vegum ríkisins, fyrri umr.***

Þáltill. ÖS o.fl., 43. mál. — Þskj. 43.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:58]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:59]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1328–1329. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 13:00]

***Heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 272. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 1117, brtt. 1118 og 1317.

*og*

***Embætti landlæknis, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 282, nál. 1128, brtt. 1134.

*og*

***Heyrnar- og talmeinastöð, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 274. mál (heildarlög). — Þskj. 283, nál. 1109.

[13:30]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu og þau tvö mál sem þeim lagabálki fylgir, þ.e. frumvarp til laga um Heyrnar- og talmeinastöðina og frumvarp til laga um embætti landlæknis. Ástæðan fyrir því að frumvörpin fara saman er sú að í núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu eru ákvæði bæði um Heyrnar- og talmeinastöðina og eins um landlækni. Með þeim breytingum sem nú er verið að gera þykir eðlilegt að hafa sérstakt frumvarp um landlæknisembættið og taka Heyrnar- og talmeinastöðina út úr lögunum og hafa um þá starfsemi sérstök lög.

Hvað varðar landlæknisembættið vil ég segja það að ef af afgreiðslu málsins verður, frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu, sem ég veit að er vilji fyrir á þinginu, þá mun hlutverk landlæknisembættisins aukast til muna frá því sem nú er. Embættið fær fleiri verkefni, úttektaraðili verður á öllum umsögnum um starfsemi bæði nýrra heilbrigðisstofnana og eins þeirra sem vilja endurnýja rekstrarsamning sinn. Þetta er og verður að öllum líkindum töluvert starf hjá embættinu fyrir utan það að gerðar eru meiri kröfur til faglegs eftirlits og *ný verkefni* bætast við landlæknisembættið.

Ég tel að til þess að geta sinnt þessum nýju vekefnum eins og lögin gera ráð fyrir þurfi í fyrsta lagi að fjölga starfsmönnum hjá embættinu og m.a. að hafa þar starfandi lögfræðing sem tekur á þeim málum sem eins er víst að verður vísað til embættisins og það þarf að fást við, laga sem snúa að lagatæknilegum úrlausnarefnum. Eins er verið að efla neytendavernd, réttindi sjúklinga. Landlæknisembættið hefur umsjón með kvörtunarmálum og utanumhald á ýmsum skrám, svo sem sjúkraskrám og nú nýrri skrá um óhöpp í heilbrigðisþjónustunni þannig að eftirlitshlutverk landlæknisembættisins er mikið. Ráðgefandi hlutverk landlæknisembættisins verður jafnvel enn meira við gildistöku nýrra laga því það verður á verksviði landlæknis að móta leiðbeiningar um faglegt starf heilbrigðisstarfseminnar, stofnana og eins varðandi faglegar kröfur sem gera á til heilbrigðisstarfsmanna. Hann á að gefa út leiðbeinandi reglur um hvaða kröfur þurfi að uppfylla til þess að geta rekið heilbrigðisþjónustu hvort sem hún er á vegum ríkisins, sveitarfélaga eða einkaaðila og hvaða skilyrði sú starfsemi þarf að uppfylla. Svo á hann að hafa eftirlit með þessari þjónustu allri þannig að þetta ætti að vera umtalsverð styrking á því embætti.

Ég fagna því að allt sem er í heilbrigðisþjónustunni sé styrkt og því hvet ég næstkomandi og næstverðandi ríkisstjórn, hver sem hún verður, skora á hana að gæta vel að því að landlæknisembættinu verði vel sinnt, sem sagt í fyrstu skrefunum og það hafi mannskap til að sinna þessum mikilvægu verkefnum.

Eins er með Heyrnar- og talmeinastöðina. Ég fagna því að henni skuli enn vera fundinn staður með sérstakri löggjöf og gætt sé að því að hún sé enn þá rekin af fjárlögum því ákveðnir hópar, sérstaklega börn og unglingar, þurfa mjög mikla og sérstaka þjónustu sem væri ábyrgðarleysi að vísa yfir á frjálsan markað. Þetta er þjónusta sem getur og á að vera neytendum gjaldfrjáls eða gjaldlítil þannig að ég fagna því að Heyrnar- og talmeinastöðin skuli hafa fengið að vera því það er alveg ljóst að það eru líka uppi mjög sterkar og ákveðnar raddir um það að leggja hana niður í núverandi mynd og koma allri þjónustunni yfir í einkarekstur eins og er einnig starfandi. Ég tel að sú þjónusta sem er á hinum frjálsa markaði og eins Heyrnar- og talmeinastöðin styrki hvor aðra.

Síðan ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri um þessi tvö frumvörp þó ég telji að frumvarp til laga um embætti landlæknis hefði átt skilið góðan tíma og góða yfirferð í 2. umr. um þetta mikilvæga frumvarp og mikilvæga embætti. Þar sem þetta er síðasti dagur þingsins er okkur settur mjög þröngur tímarammi til að fara yfir mál sama af hvaða toga þau eru.

Ég vil, hæstv. forseti, fá að segja það að ég tek undir orð formanns heilbrigðis- og tryggingaefndar hvað varðar undirbúninginn að frumvarpinu til laga um heilbrigðisþjónustu. Það er búinn að vera góður aðdragandi. Undirbúningsnefndin vann í um tvö og hálft ár og margir komu þar að. Þetta var fjölmenn nefnd. Þar áttu hinir pólitísku flokkar allir sinn fulltrúa og margir voru kallaðir til. Þau drög sem

nefndin skilaði af sér voru send út til umsagnar. Töluverðar breytingar voru gerðar á drögunum áður en niðurstaðan birtist í frumvarpsformi. Þetta tel ég allt af hinu góða. Vinnunni var ekki hætt fyrr en samkomulag náðist um niðurstöðuna og það er mjög eðlilegt að það hafi ekki allir verið sáttir, haft aðra sýn á löggjöfina en fram kemur í frumvarpinu. Því tel ég það miður, hæstv. forseti, að málið skyldi hafa verið tekið út þann dag sem ég var forfölluð. Ég sat fund á vegum þingsins í Helsinki þennan dag og var því löglega forfölluð en það þýðir að ég og Vinstri hreyfingin – grænt framboð getum ekki skilað nefndaráliti með frumvarpinu og þar af leiðandi ekki skýrt álit okkar á frumvarpinu og höfum ekki möguleika á að láta koma fram pólitískan vilja. Þetta vil ég segja, hæstv. forseti, því það hefði verið hægt að hafa það skjalfest hvaða sýn við höfum á málið. Því verð ég að taka nokkrar mínútur til að fara yfir málið.

Ég tel sem sé undirbúningsvinnuna við frumvarpið jákvæða og margir sem komu að henni. Ég tel að 3. gr. um að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaðurinn sé einn mikilvægasti þátturinn í frumvarpinu. Ég tel einnig mjög jákvætt og gott að það skuli vera komið í frumvarpið að heimilt sé að vista á hjúkrunarheimilum einstaklinga sem eru yngri en 67 ára. Ég tel það líka mjög mikilvægt og áreiðanlegt að komið sé í frumvarpið skráning óvæntra atvika, þ.e. óhappa sem verða í heilbrigðisþjónustunni eins og á öðrum stöðum en við höfum ekki skráð sem skyldi fram til þessa og þar af leiðandi ekki haft jafnmikla möguleika á að, eins og vonandi í framtíðinni, læra af mistökum okkar.

Hvað varðar vinnuna í nefndinni var frumvarpið lagt fram í lok október og talað fyrir því í nóvemberbyrjun og sent út til umsagnar. Umsagnarferlið var þar til þing kom saman 15. janúar og það sér það hver maður að tíminn sem við höfum haft í nefndinni er ekki mjög langur. Þetta eru tæpir tveir mánuðir og fjöldi mála sem eru inni. Ég verð þó að segja að ég, eins og aðrir nefndarmenn, vann að þessum málum af heilum hug og lagði það til sem ég hafði þekkingu og vit á og út frá minni pólitísku sýn. Tekið hefur verið tillit til margra athugasemda og er það allt af hinu góða og ég tel að þær fjölmörgu breytingartillögur sem koma frá nefndinni séu allar jákvæðar og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum styðja þær allar.

Þrátt fyrir þá jákvæðni sem ég er búin að lýsa sagði ég það strax í byrjun þegar við tókum málið til afgreiðslu í nefndinni að þetta væri eitt af þeim málum sem ég teldi að væri gott að lifði lengur en einn vetur. Ég er að meina að þingsköp okkar leyfðu það að við hefðum mál til lengri vinnslu en á einu þingi. Ég segi þetta, hæstv. forseti, fyrir það að við erum að móta algerlega nýja stjórn á heilbrigðisþjónustunni. Það er allt önnur framkvæmd en er í dag og mikil óvissa um það hvernig framhaldið verður vegna þess að það er það mikið skilið eftir í reglugerðarheimildum að ég hefði talið heppilegt að taka inn breytingarnar núna, afgreiða síðan ekki málið, senda þetta aftur út og taka það sem sé þannig að þetta fengi meiri kynningu og við tækjum það svo aftur upp á sumarþingi og afgreiddum það þá. Þetta var mín skoðun og ég tek undir með Læknafélagi Íslands að mál af þessu tagi og þetta mál þurfi lengri tíma til skoðunar, til gerjunar, bara meðferð málsins.

Þar sem ég er þeirrar skoðunar finnst mér það mjög miður að ofan á allt annað skulum við svo lenda í því að vera að afgreiða á lokadegi þingsins mál sem okkur er ekki mögulegt að ræða eða fara í gegnum. Mér finnst að það sé þinginu og þingstörfum til vansa að fara með svo mikið mál í raun umræðulaust í gegn á þinginu. Hefði það komið fram á öðrum tíma þá hefði ég haldið að þetta væri mál sem hefði verið rætt í a.m.k. tvo daga á þingi við 2 umr. en ekki í einhvern hálftíma eða klukkutíma núna.

Að þessu leyti vísa ég afgreiðslu málsins og ábyrgðinni alfarið yfir á ríkisstjórnarflokkana og ríkisstjórn en ég vil, hæstv. forseti, gera grein fyrir breytingartillögum frá mér. Ekki gefst tími til að fara í hverja grein fyrir sig en hvað varðar frumvarpið í heild tel ég að vald ráðherra verði mjög mikið með þessu frumvarpi. Í raun ætti frumvarpið að heita frumvarp til laga um stjórnun heilbrigðisþjónustu. Þetta er stjórnunarþátturinn. Það vantar allt innihaldið. Innihaldið á að koma með reglugerðum. Reglugerðirnar þekkjum við ekki og vitum ekki hvernig verða þannig að þetta ætti í raun og veru að vera frumvarp til laga um stjórn heilbrigðisþjónustu. Þegar kemur að stefnumörkun segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra markar stefnu um heilbrigðisþjónustu innan ramma laga þessara.“

Það er ekkert kveðið á um eftir hverju hæstv. ráðherra á að fara. Það er ekki einu sinni vísað til heilbrigðisáætlunar sem Alþingi samþykkir eða Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar eða einhverra markmiða. Það er sem sagt ráðherra sem ræður. Það er þessi opnun og allsherjarvald ráðherra sem ég set spurningarmerki við. Með því að hafa þótt ekki væri nema að ráðherra bæri að móta stefnu sína um heilbrigðisþjónustu samkvæmt heilbrigðisáætlun hefði það verið mun skýrara, eða settur meiri rammi utan um málið.

Hvað varðar II. kaflann og skipulag heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisumdæmi er það nýmæli að það á að skipta landinu upp í heilbrigðisumdæmi. Í sjálfu sér er þetta ný hugsun og ég vona að hún þróist á jákvæðan hátt en í frumvarpinu segir ekkert um það hversu stór þessi heilbrigðisumdæmi eigi að vera. Ef þau eru landfræðilega mjög stór verður stjórnarþátturinn erfiðari og hætt við að sú þróun haldi áfram að frekar verði horft á þjónustuna út frá hagkvæmnissjónarmiðum en þjónustunni sem slíkri. Þess vegna hefði verið mjög æskilegt að það væri alveg skýrt hvað teldist til grunnþjónustu sem ætti að vera hjá öllum. Það er farið í það í þessu frumvarpi en ég tel að það hefði þurft að vera enn skýrara en er hér.

Síðan kemur að því sem lýtur að fagstjórnun og ábyrgð fagmanna, sama hvort um er að ræða lækna, hjúkrunarfræðinga eða annarra fagstétta. Eins og frumvarpið leit fyrst út var alveg greinilegt að það var verið að setja þessa stjórn heilbrigðisþjónustunnar í ramma venjulegra fyrirtækja. Ég lít hins vegar svo á að heilbrigðisþjónustan sé ekki eins og hver önnur þjónusta, heldur eigi hún að hafa sérstöðu í stjórnkerfinu hvað varðar stjórnun og aðkomu fagaðila að henni. Ég er með breytingartillögu við 10. gr. um fagstjórnendur þar sem ég reyni af veikum mætti að styrkja stöðu yfirlækna og eins deildarhjúkrunar með því að ítreka eða draga betur fram faglega ábyrgð. Ég leyfi mér að sleppa í þessari grein tilvísan til forstöðumanns stofnunarinnar af því að annars staðar er alveg sérstök grein um ábyrgð for-

stöðumanns og ég tel að þegar verið er að ræða um fagstjórnun þurfum við ekki að taka það aftur fram. Forstöðumaður er alfarið yfir stofnuninni, ber rekstrarlega og alla aðra ábyrgð á henni þannig að það er ekki að því að gá.

Það hefði mátt styrkja stöðu deildarstjóranna enn betur með því að taka fram að það væri einnig á þeirra ábyrgð að starfsemi hverrar deildar væri sem hagkvæmust og markvissust. Þar sem þessi breytingartillaga var unnin seint hef ég eftir á fengið ábendingu um þetta sem segir manni líka hvað það býður hættunni heim að vera að vinna að afgreiðslu máls á svo skömmum tíma.

Ég er með aðra breytingartillögu við 13. gr. þar sem ég legg til að fagráð verði á háskóla- og kennslusjúkrahúsum, svæðisbundnum heilbrigðisstofnunum og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, þ.e. að þar skuli vera starfandi læknaráð, hjúkrunarráð og eftir atvikum önnur fagráð. Svæðisbundnar heilbrigðisstofnanir eru stórar, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurlands, og ef að líkum lætur verða fleiri slíkar stofnanir stórar. Ég tel að við þær eigi skilyrðislaust að vera fagráð.

Hvað varðar 20. gr. er ég með breytingartillögur við stjórn Landspítalans og legg til, eins og kom fram hjá mörgum sem lögðu fram umsagnir og komu fyrir nefndina, að ekki sé nóg að hafa forstjórann einan á toppnum, það sé heldur ekki nóg að hafa með honum ráðgjafarnefnd sem samkvæmt frumvarpinu er óskilgreind nema að þar á að vera fulltrúi neytenda. Ég legg til að yfir Landspítalann verði sett níu manna stjórn og jafnmargir til vara til fjögurra ára. Þar hef ég til hliðsjónar stjórn Tryggingastofnunarinnar og í breytingartillögu minni segir til um hlutverk þessarar stjórnar. Ég nefni að tveir skuli vera tilnefndir af starfsmannaráði Landspítalans en samkvæmt frumvarpinu á að leggja niður öll starfsmannaráðin. Þeirra er ekki getið en á vinnustað eins og Landspítalanum með nokkur þúsund starfsmenn tel ég óráð annað en að þess sé getið einhvers staðar að þar sé heimilt að hafa starfsmannaráð og að þar eigi fulltrúar starfsmanna að eiga aðild að stjórn Landspítalans, svo og fulltrúi tilnefndur af Öryrkjabandalaginu. Ég nefni Öryrkjabandalagið því að það er regnhlíf yfir öryrkja. Það verður enginn öryrki nema af einhverjum sjúkdómum þannig að ég tel að það gæti verið heppilegur vettvangur.

Hæstv. forseti. Ég gæti haft mjög langa framsögu og eins og ég sagði hefði ég viljað geta rætt þetta mál og farið vel yfir það við 2. umr. Ég er alveg sannfærð um að fleiri í heilbrigðis- og tryggingaefnd og aðrir hefðu viljað ræða málið og mér finnst ósvinna að fara með stórt mál sem hefur svo miklar breytingar í för með sér í gegnum þingið á svo skömmum tíma og geta ekki rætt það.

Fjórða breytingartillaga mín snýr að gildistökunni. Verði frumvarpið að lögum eiga þau að taka gildi 1. september. Ég tel þá dagsetningu allt of skammt undan. Verðandi heilbrigðisráðherra á eftir að semja 15 reglugerðir um allt sem lýtur að þjónustunni sjálfri, um þjónustuna sjálfa og hvað þessi stjórnunarrammi á að halda utan um. Að ætla sér ekki lengri tíma en til 1. september nk. gengur ekki þannig að ég legg til að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2008.

[13:57]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Virðulegi forseti. Allt frá því að þetta frumvarp var fyrst kynnt í haust í þingflokki Sjálfstæðisflokksins hef ég haft allar efasemdir um að við værum á réttri braut. Ekkert hefur gerst síðan sem hefur fengið mig til að skipta um skoðun, enda geri ég almennt lítið af því. Það er rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að með réttu ætti þetta frumvarp að heita frumvarp um stjórnsýslu í heilbrigðismálum.

Vegna þess hvaða dagur er í dag, lokadagurinn hérna, ætla ég alls ekki að fara að ræða þetta mál efnislega en frekar þá upp á síðari tíma sagnfræði, herra forseti, ætla ég að ítreka þá skoðun mína að ég er á móti þessu frumvarpi og tel að við séum á mjög rangri braut. Efnislega mætti fara ofan í það með einni setningu, þeirri að í nútímastjórnun sem við eigum að leggja mjög mikla áherslu á er gengið út frá því að það sé aldrei brýnna en núna að samhæfa á öllum sviðum faglega og fjárhagslega ábyrgð. Því flóknara sem viðfangsefnið er, þeim mun brýnna er að vel takist til. Flóknasta stjórnunin sem við fáumst við er einmitt á hátæknisjúkrahúsum og þess vegna er það mitt álit, virðulegur forseti, að við ættum að doka hér við og hugsa þetta mál allt öðruvísi en verið er að gera. Efnislega ætla ég ekki að fara ofan í þetta, ég stóð aðeins upp til að ítreka fyrri sjónarmið mín sem flokkssystkinum mínum úr Sjálfstæðisflokknum er mætavel kunnugt. Ég undirstrika að ég hef ekki breytt um skoðun.

[13:59]

**Ásta Möller:**

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um þrjú frumvörp, frumvarp um heilbrigðisþjónustu, um embætti landlæknis og um Heyrnar- og talmeinastöð sem í dag eru í einum lagabálki sem eru lög um heilbrigðisþjónustu. Fram hefur farið mikil vinna við þessi frumvörp og þau hafa farið í gegnum nálarauga embættismanna, stjórnmálamanna úr öllum flokkum, hagsmunasamtaka neytenda, Samtaka atvinnulífsins, ASÍ og fagfélaga og þetta var niðurstaða þessara nefnda.

Mér er málið sérstaklega skylt því að ég var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í þessari nefnd og þykir leitt að heyra að félagi minn í Sjálfstæðisflokknum, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, er ekki sammála þessu frumvarpi. Ég tel, sem reyndar er rétt hjá honum, að þetta frumvarp sé meira um skipulag heilbrigðisþjónustunnar en um heilbrigðisþjónustuna sjálfa. En það eru fleiri lög í landinu sem gilda um heilbrigðisþjónustuna, eins og lög um réttindi sjúklinga, lög um heilbrigðisstarfsmenn svo sem læknalög, sem skapa jafnframt ramma um faglegan hluta heilbrigðisþjónustunnar. Frumvarpið sem við erum að fjalla hér um skapar ramma um skipulag og eftirlit með þjónustunni. Þetta er í rauninni frumvarp um skipulag, stjórnun, ábyrgð og verkaskiptingu innan heilbrigðisþjónustunnar og hvernig staðið skuli að eftirlit með þjónustunni og þar er sérstaklega gert hátt undir höfði og gert ítarlegra ákvæðið um hlutverk landlæknis í þeim efnum. Ég tel að þetta frumvarp, þegar það verður að lögum, geti ef vel er á málum haldið leitt til endurnýjaðrar sóknar í heilbrigðisþjónustu og gert góða heilbrigðisþjónustu enn betri.

Í tilefni af orðum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar áðan þá deili ég ekki þeirri skoðun hans að þetta frumvarp sé ekki til bóta. Ég tel einmitt að nútímastjórnunarhættir verði hafðir í heiðri innan heilbrigðisþjónustunnar. Við erum með þessu frumvarpi að skýra enn frekar ábyrgð á þjónustunni. Ég fullyrði að það er ekkert í þessu frumvarpi sem kemur í veg fyrir að við náum því markmiði sem hv. þingmaður nefndi áðan, þ.e. að nýta dreifistýringu og auka faglega og rekstrarlega ábyrgð innan hverrar einingar.

Það eru mörg nýmæli í þessu frumvarpi sem gaman væri að spjalla um. En sökum samkomulags um það hvernig störfum verður háttað í dag mun ég nefna aðeins örfá atriði sem ég tel vera veigamikil. Meðal annars kveður þetta frumvarp á um það hvert sé hlutverk Landspítala – háskólasjúkrahúss og sjúkrahússins á Akureyri. Í dag er í rauninni mjög fátt um það sagt í lögum hvert hlutverk þeirra er en í þessu frumvarpi er nákvæmlega kveðið á um það hvert hlutverk þeirra er og hver staða þeirra er innan heilbrigðiskerfisins og hvaða stuðning þau eiga að veita annarri heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er almennt kveðið á um samstarf sjúkrastofnana og hvaða grunnþjónustu á að veita í öllum landshlutum og litið er á hana sem nærþjónustu. Þjónusta í landshlutunum er samhæfð sem nærþjónusta þannig að fólk getur gengið að tiltekinni þjónustu vísri á sínu svæði og jafnframt verið nokkuð öruggt um það hvert það eigi að leita varðandi aðra og flóknari þjónustu.

Ég er þeirrar skoðunar að það skipulag sem þetta frumvarp kveður á um leiði til markvissari heilbrigðisþjónustu og meiri sveigjanleika í þjónustunni en hingað til hefur verið gert ráð fyrir. Jafnframt gefur það möguleika á aðlaga betur þjónustu í heimabyggð við þarfir þeirra sem þar búa. Það verður meiri samhæfing í þjónustu í héraði. Það verður meiri samnýting á fagfólki. Það verður auðveldara að fá fagfólk til starfa á þessum svæðum. Það gefst möguleiki á að fá sérhæfðari þjónustu annars staðar að, m.a. í farandþjónustu. Þjónustan við fólkið tekur mið að þörfum fólksins en ekki öfugt. Ég er alveg sannfærð um að skipulagið sem við leggjum upp með í þessu frumvarpi mun leiða til betri nýtingar fjármagns.

Annað atriði sem ég tel vert að tala um er að betur er kveðið á um sjálfstæða aðila innan heilbrigðisþjónustunnar. Það má segja að sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn hafi varla verið nefndir á nafn innan heilbrigðisþjónustunnar en það er gert í þessu frumvarpi og staða þeirra ákvörðuð og hvernig staðið skuli að því að stuðla að því að rekstur þeirra og þjónusta sé með þeim hætti sem við viljum taka þátt í og hún komi til góða sem viðbót við þá skipulegu heilbrigðisþjónustu sem er á vegum opinberra aðila. Það er jafnframt kveðið fastar á um heimildir til samninga við sjálfstæða aðila um rekstur í heilbrigðisþjónustu og hvernig staðið skuli að slíkum málum.

Að öllu samanlögðu tel ég í fáum orðum sagt að það frumvarp sem við erum að fjalla um núna og munum greiða atkvæði um á eftir feli í sér aukin tækifæri fyrir heilbrigðisþjónustuna, bæði fyrir fagfólkið og jafnframt til að þróa þjónustuna í meira mæli en hingað til.

Eitt að lokum. Ég vil nefna að stjórnarnefnd ríkisspítalanna sem með þessu frumvarpi er lögð niður í því formi sem hún hefur verið fram til þessa er í rauninni eina stjórn heilbrigðisstofnunar sem ekki hefur verið aflögð fram til þessa. Þess í stað kemur fagstjórn eða ráðgjafarnefnd öllu heldur sem verður skipuð níu aðilum, fulltrúum neytenda. Gagnrýnt hefur verið að þarna sé verið að skipta út fulltrúum ráðherra og fulltrúum stjórnmálaflokka fyrir fulltrúa neytenda en burt séð frá því tel ég að fulltrúar neytenda séu betur til þess fallnir að mæla fyrir munn neytenda, draga fram áhyggjuefni og umkvartanir neytenda varðandi þjónustu og skipulag þjónustu á viðkomandi sjúkrahúsi. Ég held að við getum fagnað því.

Jafnframt vil ég nota þetta tækifæri til að fagna því þetta frumvarp er komið fram. Þar liggur mikil vinna að baki. Ég vil endurtaka það aftur og svara athugasemdum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að það fer fyrst og fremst eftir þeirri hugmyndafræði sem stofnunin er rekin eftir á hverjum tíma hvort dreifistýring er notuð eða ekki, það þarf ekki að kveða á um það í lögum. Það er nóg að vita að slíkar stjórnunarkenningar eru hafðar til hliðsjónar í nútímarekstri og það er sú lína sem gefin hefur verið í ríkisrekstri, að nota dreifistýringu. Ég tel að þetta frumvarp gefi mikla möguleika í þá veru og mikla möguleika á auknu samstarfi við sjálfstæða aðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sóttvarnalög, 2. umr.*

Stjfrv., 638. mál (stjórnsýsluleg staða sóttvarnalæknis o.fl.). — Þskj. 946, nál. 1145, brtt. 1146.

[14:07]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Guðjón Ólafur Jónsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti heilbrigðis- og tryggingaefndar á þingskjali 1145 um frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Frumvarpið er tvískipt. Annars vegar var lagt til að stofnað yrði sérstakt embætti sóttvarnalæknis og hins vegar sneri frumvarpið að því að laga íslenskan rétt að nýrri alþjóðaheilbrigðisreglugerð sem samþykkt var á vegum alþjóðaheilbrigðisþingsins og öðlast gildi 15. júní 2007.

Sátt var um það í heilbrigðis- og tryggingaefnd að fella á brott ákvæði um embætti sóttvarnalæknis og koma breytingartillögur þar að lútandi fram á þingskjali 1146.

Að öðru leyti leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Auk mín skrifa undir nefndarálitið hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Kristján L. Möller, Guðjón Hjörleifsson og Þuríður Backman.

Hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og var samþykkur áliti hennar.

[14:09]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég tel að fljótlega þurfi að fara í heildarendurskoðun á sóttvarnalögum með tilliti til þeirrar óvissu sem virðist vera um stöðu sóttvarnalæknis en það verður

hreinlega að gefa sér betri tíma en hv. heilbrigðis- og trygginganefnd hafði til þess að fara yfir málið. Frumvarpið kom mjög seint fram og ef einhver áhöld eru um það hvort staða sóttvarnalæknis sé sérstakt embætti eða hvort styrkja megi stöðu sóttvarnalæknis innan landlæknisembættisins þarf það meiri skoðun en nokkra klukkutíma í heilbrigðis- og trygginganefnd. Þess vegna hvet ég til þess að þetta mál verði tekið fljótlega upp aftur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, síðari umr.*

Þáltill. HBl og ArnbS, 36. mál. — Þskj. 36, nál. 1178.

[14:10]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég flyt hér nefndarálit um tillögu til þingsályktunar um úttekt á stöðu og möguleikum á uppbyggingu ferðaþjónustu á Melrakkasléttu.

Greinargerð hv. þingmanna Halldórs Blöndals og Arnbjargar Sveinsdóttur sem fylgdi þessari tillögu til þingsályktunar er athyglisverð og ætla ég að vitna aðeins til upphafs þeirrar greinargerðar. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Áður var talið búsældarlegt á Melrakkasléttu og sagt að þar þyrfti lítið fyrir lífinu að hafa. Á vorin gætu menn lagst upp í loft og æðurin yrpi ofan í þá. Þeir þyrftu ekki annað en leggjast á vatnsbakkann og þá synti silungurinn upp í þá. Og þegar vetur settist að var sóttur raftur í fjöruna og honum stungið inn um vegginn í eldstæðið og síðan ýtt inn eftir þörfum og eftir því sem brynni. Fjörubeit var hvergi betri og voru sjóarær teknar í fóstur fyrir bændur sem bjuggu lengra inn til landsins. Enn eru á vörum fólksins sögur af Sveinungsvíkurhvalnum sem rak á fjöruna þar í harðindunum upp úr 1870 og komu bændur með sleða úr Kelduhverfi og austan úr Vopnafirði til að sækja sér lífsbjörgina."

Virðulegi forseti. Margt merkilegt hefur gerst í þessum landshluta og er full ástæða til að taka undir þessa þingsályktunartillögu en nefndin hefur sent frá sér svohljóðandi álit:

Með tillögu þessari er lagt til að samgönguráðherra í samvinnu við landbúnaðarráðherra og ráðherra byggðamála skipi nefnd sérfróðra manna og heimamanna til að gera úttekt á því hvernig unnt sé að byggja upp ferðaþjónustu á Melrakkasléttu. Í því sambandi er lagt til að horft verði til náttúru svæðisins, sögustaða og hlunninda og hvernig vekja megi athygli á Melrakkasléttu sem vænlegum kosti fyrir ferðamenn.

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hjálmar Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðjón A. Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Guðmundur Hallvarðsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Kristján L. Möller, Kjartan Ólafsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Jón Kristjánsson.

[14:13]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil aðeins fagna því að þessi tillaga fái þó þá afgreiðslu að henni er vísað til ríkisstjórnarinnar og við treystum því að það sé með jákvæðum hætti, þ.e. að ríkisstjórn sé í raun og veru falið að vinna úr þessari tillögu af velvilja. Þetta er gagnmerk tillaga og hv. þm. Halldór Blöndal á hrós skilið fyrir þá umhyggju sem hann hefur sýnt þessu máli.

Það skyldi nú ekki eiga eftir að fara svo að undur og stórmerki og dásemdir Melrakkasléttunnar reynist ein af vannýttum og óþekktum eða lítt þekktum auðlindum Íslands? Staðreyndin er sú að Melrakkasléttan er stórkostleg. Hún fóstrar gagnmerkt lífríki. Þar er unaðslegt á vorin þegar allt iðar af lífi og hvergi, fullyrði ég, er fegurra að taka sér miðnæturbíltúr um Jónsmessuna en fyrir Sléttu, eins og við segjum, með sólina vel uppi yfir sjólokunum norðan við heimskautsbaug. Þar leynast bæði náttúrugersemar og merk saga. Þar er Þorgeir Hávarsson heygður í grjóthaugi miklum og þar iðar silungur í mörgum vötnum og þar fram eftir götunum.

Reyndar mætti gjarnan að mínu mati útvíkka svæðið og taka möguleika norðausturhornsins alls undir og ég veit reyndar að tillögumenn hafa haft það í huga. Svipað má segja um Langanes. Þar eru að opnast miklir möguleikar með bættum vegi alla leið á Langanesfont og þar liggur önnur undraveröld lítt þekkt enn þá af þorra landsmanna.

Sannarlega veitir byggðinni á þessum slóðum ekki af að hlúð sé að þeim möguleikum sem þar finnast og vonandi bregður nú til hins betra með bættum samgöngum sem loksins hillir undir með vegi þvert yfir utanverða Öxarfjarðarheiði eða Hólaheiði og Seljaheiði um Hófaskarð og tengingu til Raufarhafnar. Bættar samgöngur eru að sjálfsögðu hluti af því að leggja grunn að atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu og öðru slíku.

Ég hefði auðvitað helst kosið að þessi tillaga hefði verið samþykkt hér en næstbesti kosturinn er, hygg ég, sá sem hér er lagður til að henni sé vísað til ríkisstjórnar og það styðjum við í trausti þess að ríkisstjórnin taki við málinu með jákvæðu hugarfari.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Fjarskipti, 2. umr.*

Stjfrv., 436. mál (öryggi í fjarskiptum og aukin neytendavernd). — Þskj. 547, nál. 1039, brtt. 1040.

[14:16]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, frá samgöngunefnd.

Nefndin fékk fjölda gesta á sinn fund og fjöldi umsagna barst til nefndarinnar.

Megintilgangur þessa frumvarps er að auka öryggi í fjarskiptum og neytendavernd og styrkja þau ákvæði fjarskiptalaga, nr. 81/2003, sem fjalla um vernd persónuupp-

lýsinga og friðhelgi einkalífs. Meðal þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er rýmkun á skilgreiningu hugtaksins fjarskiptaþjónusta með því að fella tölvupóstsþjónustu og netaðgang þar undir. Einnig er lagt til að kveðið verði á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að skjalfesta hvernig staðið er að upplýsingaöryggi. Þá er lagt til að bannað verði að koma fyrir njósnahugbúnaði, vefhlerunarbúnaði eða öðrum slíkum búnaði í endabúnaði notenda án vitundar þeirra og að reglur um óumbeðin fjarskipti verði einnig látnar gilda um smáskilaboð. Auk framangreinds eru lögð til ýmis ákvæði um neytendavernd, m.a. um að fjarskiptafyrirtækjum sé óheimilt að semja við áskrifendur um lengri binditíma en sex mánuði.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagðar eru til smávægilegar orðalagsbreytingar í b-lið 8. gr. frumvarpsins.

2. Lagt er til að 3. mgr. b-liðar 9. gr. frumvarpsins verði skipt upp í tvær málsgreinar þannig að síðari málsliður ákvæðisins verði sérstök málsgrein. Er þetta gert í því skyni að tryggja skýrari framsetningu ákvæðisins.

3. Auk þess er lagt til að bætt verði við ákvæðið að notandi hafi rétt til að hafna notkun njósnahugbúnaðar, vefhlerunarbúnaðar eða annars slíks búnaðar sem komið er fyrir í endabúnaði hans til að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnum hans. Er þetta í samræmi við ákvæði 3. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um vinnslu persónuupplýsinga og einkalífsvernd í fjarskiptum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Kristján L. Möller, Guðjón Hjörleifsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Jón Kristjánsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

[14:19]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Með þessu frumvarpi er verið að setja lítil internetþjónustufyrirtæki undir lagasetninguna sem nær yfir símafyrirtæki sem veita internetþjónustu líka. Þessi litlu internetfyrirtæki hafa með sér samtök sem heita Inter. Inter var ekki kallað til umsagnar til að byrja með heldur á síðari stigum þannig að athugasemdir þeirra bárust þann dag sem málið var tekið úr nefndinni.

Hv. formaður samgöngunefndar var nú svo vinsamlegur að kalla ráðuneytismenn aftur inn til umræðu um málið vegna þeirra athugasemda sem fram komu. En athugasemdirnar lutu að þremur atriðum, þ.e. að binditímanum sem reyndar öll fyrirtækin gerðu athugasemd við og vildu hafa heldur lengri. Önnur athugasemdin var að litlu fyrirtækin töldu að með þessari nýju lagasetningu væri verið að setja þau undir gjaldtöku fyrir þjónustu sem þau nytu ekki. Og í þriðja lagi vildu þau fá inn í frumvarpið ákvæði sem heimilaði þeim að gera samning við viðskiptavini sína um að sía frá ruslpóst en í rauninni er ákvæði í lögunum sem banna að ruslpóstur sé síaður frá.

Þau bentu á að það gæti orðið þrautin þyngri fyrir lítil og veikburða fyrirtæki sem þessi litlu internetfyrirtæki eru flest ef þau lentu í málaferlum, að standa undir lögfræðikostnaði. En niðurstaðan eftir samræður við samgönguráðuneytið, eða fulltrúa þess, varð sú að fyrirtækjunum væri heimilt að gera samninga við viðskiptavini sína þannig að þeir merktu við það hvort heimilt væri að sía frá ruslpóst, sem er reyndar mjög mikilvæg og góð þjónusta fyrir allan almenning sem þessi fyrirtæki veita.

Nauðsynlegt er að mínu mati að það komi fram á Alþingi að þessum fyrirtækjum er heimilt að gera slíka samninga þannig að það staðfestist hér að það er skilningur löggjafans að þetta sé heimilt, því mér heyrðist að það kæmi ekki fram í máli hv. formanns samgöngunefndar áðan.

Mitt mat er reyndar það að hægt hefði verið að koma fyrir grein í lögunum sem heimilaði ótvírætt að hægt væri að gera samninga um þess konar þjónustu sem í þessu felst en fulltrúar ráðuneytisins vildu ekki fallast á það.

En binditíminn er sem sagt sex mánuðir þrátt fyrir að öll fyrirtækin vildu gjarnan hafa hann lengri. Rök þeirra fyrir því að vilja hafa tímann lengri eru þau að með binditíma er einfaldlega verið að láta viðskiptavininn borga nýjan búnað á einhverjum tilteknum tíma. Það er ekkert öðruvísi. Eftir því sem tíminn er styttri þarf viðskiptavinurinn væntanlega að borga hann á hærra verði á mánuði. En auðvitað eru svo önnur rök á móti þessu, þ.e. að viðskiptavinurinn á að eiga hægt um vik að færa sig á milli þjónustuaðila og njóta þjónustunnar þar sem hún er best.

En það sem ég hefði helst viljað koma til móts við í lagasetningunni er þetta með ruslpóstinn, heimildina til að sía hann út og tel nauðsynlegt að það komi fram í máli okkar sem í nefndinni sitjum að samkvæmt okkar skilningi, skilningi löggjafans, er heimilt að gera samning við viðskiptavininn um það efni.

[14:23]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvar mitt felst eiginlega í því að staðfesta orð hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur varðandi ruslpóstinn og samkomulag notenda þjónustunnar við þann sem hana veitir. Í umræðunni kom jafnframt upp skilgreiningin á ruslpósti. Hvað er ruslpóstur? Það er einföld skýring, það er bara óumbeðinn póstur. Það er ruslpóstur. Menn hafa hingað til getað samið um að þjónustufyrirtæki síuðu slíkan póst frá. En hins vegar er það rétt, eins og hv. þingmaður kom inn á, að það eru ekki allir sem vita það, en með orðum hv. þingmanns og þeim sem ég segi hér, þá er rétt að í skilgreiningu laganna er fyrirtækjunum heimilt að gera samkomulag og samninga við notendur um að ruslpóstur sé síaður frá til þess að losna við óþægindi af honum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umferðarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 388. mál (ökuskírteini, hert viðurlög). — Þskj. 430, nál. 1047, brtt. 1048.

[14:25]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgöngunefnd um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið á fékk á sinn fund fjölda gesta og margar umsagnir bárust.

Markmið þessa frumvarps er að gera auknar kröfur til ungra ökumanna með bráðabirgðaskírteini og að herða viðurlög við hrað- og ofsaakstursbrotum. Í því skyni er í m.a. lagt til að bráðabirgðaskírteini gildi í þrjú ár í stað tveggja ára og að lögreglustjóri geti sett akstursbann á byrjanda, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, hafi hann fengið fjóra eða fleiri punkta í ökuferilsskrá vegna umferðarlagabrota. Þá er lagt til að viðurlög við hraðakstursbrotum verði hert til muna og að hlutfallslega hærri sektum verði beitt þegar akstur hefur í för með sér aukna hættu, svo sem við akstur stærri ökutækja. Sama á við þegar ekið er á 140 km hraða á klukkustund eða meira eða þegar ekið er á tvöföldum hámarkshraða en í síðarnefnda tilvikinu er jafnframt lagt til að ökumaður verði sviptur ökurétti tímabundið. Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að mælt verði fyrir um heimild og í vissum tilvikum skyldu lögreglu til að gera vélknúið ökutæki upptækt vegna stórfelldra og ítrekaðra umferðarlagabrota.

Nokkur umræða varð um upptökuákvæði frumvarpsins í nefndinni, m.a. um það hvort ákvæðið færi á svig við eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Nefndin leggur til breytingar á þessu ákvæði frumvarpsins til samræmis við framkomnar athugasemdir um ákvæðið, m.a. frá refsiréttarnefnd en í umsögn nefndarinnar er lagt til að kveðið verði skýrar á um til hvaða tilvika ákvæðið taki. Í umsögn refsiréttarnefndar var jafnframt skýrt kveðið á um það að ákvæði frumvarpsins um upptöku skyldi ekki ná til ökutækis þess sem ekki er við brot riðinn þar sem slík heimild kynni að ganga nærri stjórnarskrárvörðum eignarrétti eiganda ökutækis, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, samanber lög nr. 62/1994.

Töluverð umræða varð einnig í nefndinni um þær reglur sem gilda um hleðslu og frágang farms. Nefndin telur nauðsynlegt að tryggja betur eftirfylgni við slíkar reglur. Þá telur nefndin að herða þurfi viðurlög við brotum á reglum um hleðslu og frágang farms þannig að brot gegn reglunum varði punkt í ökuferilsskrá. Nefndin leggur enn fremur áherslu á mikilvægi þess að ábyrgð á hleðslu og frágangi farms verði bæði hjá eiganda ökutækis og ökumanninum sjálfum.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Með breytingu á 2. gr. gildandi umferðarlaga, nr. 50/1987, með lögum nr. 84/2004, voru lítil vél- og rafknúin farartæki, hvort sem þau voru knúin með rafmótor eða sprengihreyfli, sem ekki voru hönnuð til hraðari aksturs en 15 km á klukkustund skilgreind sem reiðhjól. Þar undir falla m.a. vélknúin hlaupahjól. Framangreind breyting hefur reynst vel en efri hraðamörk ákvæðisins hafa hins vegar þótt of lág. Þess vegna er lagt til að breyta c-lið skilgreiningarinnar á hugtakinu reiðhjól í 2. gr. gildandi umferðarlaga þannig að efri hraðamörk framangreindra ökutækja verði hækkuð úr 15 km á klukkustund í 25 km á klukkustund. Nefndin telur eðlilegt að skilgreina hjól sem ekki eru hönnuð til hraðari aksturs en 25 km á klukkustund sem reiðhjól í stað léttra bifhjóla enda eru síðarnefndu ökutækin skráningarskyld og ætluð til notkunar í almennri umferð. Í umferðarlögum er hins vegar tekið fram að ekki megi aka reiðhjólum á akbraut. Nefndin telur auknar líkur á slysahættu ef lítil vél- og rafknúin farartæki sem ekki eru hönnuð til hraðari aksturs en 25 km á klukkustund eru notuð í almennri umferð.

2. Lagt er til að ákvæði 9. mgr. 1. gr. frumvarpsins um heimild ráðherra til að setja reglur um takmörkun á heimild byrjanda til að stjórna ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna, á tilteknum tímum sólarhringsins, takmörkun á fjölda farþega yngri en 20 ára og um takmörkun á afli hreyfils ökutækis verði fellt niður. Mikil umræða hefur orðið um framangreint ákvæði í nefndinni og er niðurstaða nefndarinnar sú að réttast sé að fella ákvæðið brott úr frumvarpinu. Nefndin telur varhugavert að mæla fyrir um slíkar íþyngjandi aðgerðir í lögum gegn einum hópi í þjóðfélaginu. Auk þess telur nefndin að illmögulegt yrði að framfylgja ákvæðinu.

3. Lagt er til að í 2. mgr. 64. gr. a gildandi umferðarlaga verði tiltekið að réttur til einkamerkis gildi í átta ár og að skráður eigandi ökutækis skuli fram að 65 ára aldri greiða sama gjald vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis. Í c-lið 4. mgr. 26. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 75/2003, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að réttur til einkamerkis skuli endurnýjaður á átta ára fresti og að fyrir endurnýjun skuli greiða sérstakt gjald. Af lögmætisreglu íslensks réttar leiðir að nauðsynlegt er að slíkt ákvæði sé í umferðarlögum. Er þessi breyting gerð til samræmis við álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4843/2006. Þá þykir sanngjarnt að ökumenn 65 ára og eldri séu undanþegnir gjaldi vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis. Frá 65 ára aldri fá ökumenn ökuskírteini útgefin til ákveðins tíma og eftir 80 ára aldur er þeim gert að endurnýja ökuskírteini sitt árlega. Með hliðsjón af framangreindu þykir eðlilegt að einstaklingar á þessu aldursskeiði þurfi ekki að greiða fyrir rétt til einkamerkis þar sem ökuskírteini þeirra gildir í skemmri tíma en átta ár.

4. Lögð er til breyting á 3. gr. frumvarpsins þannig að þar verði kveðið á um að ráðherra geti sett reglur um flokkun og notkun viðurkennds hlífðarfatnaðar og annars hlífðarbúnaðar ökumanna og farþega bifhjóla. Í þeim reglum skuli m.a. kveðið á um hvaða kröfur séu gerðar til slíks búnaðar.

5. Í 4. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að við ákvörðun sektar vegna brota gegn 37. og 38. gr., sbr. 5. mgr. 100. gr. umferðarlaga, skuli sekt ákveðin mun hærri en ella á vegi þar sem hámarkshraði er takmarkaður við minni hraða en 80 kílómetra á klukkustund ef hraðinn er 30% meiri en heimilt er. Lagt er til að ákvæðið verði fellt brott þar sem hætt er við að ósamræmi í hraðamerkingum milli einstakra sveitarfélaga og að viðmiðunin í ákvæðinu

sé til þess fallin að valda ruglingi hjá ökumönnum.

6. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðurlög vegna hraðakstursbrota þegar ekið er tvöfalt hraðar en heimilt er skuli vera að minnsta kosti sex mánaða ökuleyfissvipting. Í núgildandi reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, nr. 930/2006, er m.a. kveðið á um sviptingu í mánuð þegar ekið er á meira en 60 km hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er 30 km á klukkustund og þriggja mánaða sviptingu þegar ekið er á meira en 140 km hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er 70 km á klukkustund. Samkvæmt framangreindri reglugerð er að hámarki hægt að svipta einstakling ökurétti í þrjá mánuði þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er. Með hliðsjón af framkomnum athugasemdum um þetta ákvæði frumvarpsins og þeirri verulegu þyngingu viðurlaga sem í ákvæðinu felst er lagt til að miða ökuleyfissviptingu þegar ekið er tvöfalt hraðar en heimilt er við þrjá mánuði í stað sex mánaða.

7. Lögð er til sú leiðrétting að í stað orðsins „reglum“ í 3. mgr. a-liðar 6. gr. frumvarpsins verði sagt „lögum“.

8. Lagðar eru til breytingar á 7. gr. frumvarpsins um heimild eða skyldu til að gera vélknúið ökutæki upptækt í tilteknum tilvikum. Við gerð þessara breytinga var, eins og áður segir, að mestu farið að áliti refsiréttarnefndar um upptökuákvæði frumvarpsins. Þá þykir einnig eðlilegt að í 2. mgr. a-liðar 7. gr. frumvarpsins sé kveðið á um skyldu til að gera vélknúið ökutæki upptækt þegar eigandi ökutækis hefur verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna og viðkomandi hefur tvisvar síðustu þrjú árin fyrir brotið verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna sem hefur haft í för með sér sviptingu ökuréttar. Nefndin telur eðlilegt að umferðarlöggjöf sé þannig úr garði gerð að hægt sé að grípa til sértækra aðgerða gegn sífbrotamönnum í umferðinni. Nefndin áréttar þó mikilvægi þess að framangreindu ákvæði verði einungis beitt í undantekningartilvikum þegar brýna nauðsyn ber til og í samræmi við 72. gr. stjórnarskrárinnar, um friðhelgi eignarréttar.

9. Í álitum umboðsmanns Alþingis hefur margsinnis verið bent á óskýrar gjaldtökuheimildir, m.a. að óljóst sé hvaða kostnaðarliðum viðkomandi gjaldi sé ætlað að standa undir. Með vísan til þessa er lagt til að þeir kostnaðarliðir sem ætlað er að liggja til grundvallar útreikningi þeirra gjalda sem Umferðarstofu er heimilt að innheimta skv. 1. mgr. 114. gr. umferðarlaga verði nánar tilgreindir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristján L. Möller var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara, Guðjón Hjörleifsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Jón Kristjánsson og Guðjón Arnar Kristjánsson, með fyrirvara.

[14:36]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar þá skrifum við fulltrúar Samfylkingar undir þetta nefndarálit með fyrirvara. Við erum að mestu leyti mjög ánægð með þá niðurstöðu sem náðist í nefndinni. Eins og komið hefur fram var mikil umræða um þetta mál í hv. samgöngunefnd og ýmsar breytingar sem við náðum sem betur fer samstöðu um að gera í nefndinni.

Fyrirvari okkar varðar kannski helst að til framtíðar þarf að huga að hinu svokallaða punktakerfi, bæði útfærslu og eftirfylgni þess. Þetta er ábending, ekki bara til löggjafans heldur líka til hæstv. samgönguráðherra sem hefur mjög mikið reglugerðarvald í sínum höndum í því kerfi. Við viljum koma því til skila að það sé tímabært að endurskoða hvernig því er framfylgt, hvernig það skilar sér og hvort það er eitthvert ósamræmi í því hvernig refsingar eru samkvæmt punktakerfinu. Því viljum við koma á framfæri.

Annað sem var reyndar rætt mjög lauslega í nefndinni og er í sjálfu sér ekki umfjöllunarefni þessa frumvarps en hefur m.a. verið gert á Norðurlöndunum við álagningu umferðarsekta, sérstaklega hraðaksturssekta, er að víða hefur því verið þannig komið fyrir að þær eru tekjutengdar. Sú umræða er vart hafin hér á landi.

Við jafnaðarmenn í Samfylkingunni hyggjum að alveg sé tímabært að fara að skoða hvernig hægt væri með einhverju móti að tekjutengja slíkar sektir því við vitum að sektir við sumum umferðarlagabrotum eru það lágar að það er vart hægt að segja að menn finni mjög fyrir þeim. Ég tala nú ekki um ef fólk er sterkefnað. Þessu vil ég koma hér á framfæri.

Að öðru leyti erum við samþykk því sem fram kemur í nefndarálitinu og teljum það mikið framfaraskref að herða viðurlög við ofsaakstri sem er auðvitað ekkert annað en áhættuhegðun af verstu sort sem skapar almannahættu og hefur leitt af sér hræðileg slys eins og við vitum. Þess vegna teljum við að fullu tímabært að herða refsingar við ofsaakstri eins og fyrir liggur.

Einnig viljum við fagna því að inn í frumvarpið, í breytingartillögum með því, hefur ratað mál frá hv. þm. Samfylkingarinnar Jóhönnu Sigurðardóttur um að hægt verði að setja reglur um flokkun og notkun viðurkennds hlífðarfatnaðar og annars hlífðarbúnaðar ökumanna og farþega bifhjóla. Þetta er nokkuð sem bifhjólamenn, m.a. Sniglarnir, hafa beðið um mjög lengi og er mikið öryggismál fyrir ökumenn bifhjóla úti á vegum landsins.

Nokkuð var rætt í samgöngunefndinni um hleðslu og frágang farms. Eins og hv. þingmenn vita þá hefur mikil umfjöllun verið í fjölmiðlum um frágang og hleðslu farms á flutningabílum hérlendis, sérstaklega í dagblöðum undanfarin missiri. Við vorum öll sammála um það í nefndinni að ekki mætti slaka á neinum öryggiskröfum hvað þessi mál varðar. Reyndar kom það fram að samkvæmt reglugerðum og leiðbeiningum þeim sem t.d. vöruflutningabílstjórar fara eftir þá eru reglurnar mjög skýrar. Það þarf hins vegar að vera hægt að fylgja því þannig eftir að atvinnubílstjórar komist ekki upp með að hlaða bíla sína með þeim hætti að hætta geti stafað af eins og dæmin sanna.

Mikil umræða varð í samgöngunefndinni um það

ákvæði sem síðar náðist samstaða um að fella út úr frumvarpinu. Það var að taka þannig sérstaklega á ungum ökumönnum að hægt væri að banna þeim akstur bifreiða á tilteknum tíma sólarhrings eða takmarka fjölda farþega þeirra á tilteknum aldri. Auðvitað er það þannig að það eru ákveðin rök sem hníga til þess að slíkar aðgerðir gætu borið árangur. Okkur þótti hins vegar ósanngjarnt, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, að setja inn í lög ákvæði sem refsaði þarna stórum hópi ungra bifreiðarstjóra vegna hegðunar ekki margra, oftast örfárra ungra karla.

Við trúum því að hægt sé að ná til þessa hóps með öðrum ráðum. Auðvitað verður að gera það meðvitað og með öflugri fræðslu, það kostar peninga og um það þarf vitundarvakningu í samfélaginu. En það á ekki bara við um unga bílstjóra. Ég tel það eiga við um bílstjóra á öllum aldri, það þarf að efla umferðaröryggi með aukinni fræðslu og koma því þannig til skila til íslenskra ökumanna og þeirra sem aka bifreiðum á vegum landsins að það sé á allra ábyrgð að aka eins og menn og fylgja lögum og standa ekki í ofsaakstri eða öðru slíku.

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég fá að segja um þetta mál og fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. samgöngunefnd eru sammála þessari afgreiðslu með þeim fyrirvara sem ég tiltók.

[14:42]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir kom hér inn á varðandi skilaboð í þessu frumvarpi til ökumanna. Það eru skilaboð til þeirra að harðara verði tekið á ökuníðingum og þeim sem aka glannalega á vegunum. Það eru skilaboð til þeirra sem eru í farmflutningum að ganga betur frá farmi því annars muni koma til öðruvísi og meiri sektir en verið hefur áður. Það er vel.

Ég vil líka geta þess vegna orða hv. þingmanns varðandi mál sem Jóhanna Sigurðardóttir flutti, að inn í þessa breytingartillögu eru komin ágæt efnisatriði varðandi þingsályktunartillögu frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur vegna aukins hraða á rafmagns- eða vélknúnum tækjum eins og ég hef komið að áður.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að hér eru með beinum hætti skýr skilaboð út í umferðina um að harðara verði tekið á ökuníðingum og þeim sem ekki ganga frá farmi á flutningabílum sínum. Það er alveg ótrúlegt að fylgjast með og sjá hvernig á hefur verið haldið nú um margra mánaða skeið, kæruleysi og um leið er þetta náttúrlega ekkert annað en ögnun við umferðina.

[14:44]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Frú forseti. Ég kem hér upp undir þessum dagskrárlið til þess að vekja sérstaka athygli á 1. lið í breytingartillögu samgöngunefndar sem varðar reiðhjól og heimild til þess að hafa rafmótora sem rafknúin reiðhjól eru knúin með, þannig úr garði gerð að þau geti farið í 25 kílómetra hraða á klukkustund en ekki einungis 15 kílómetra hraða eins og er í núgildandi lögum.

Hugmynd af þessu tagi var reifuð á þskj. 310 á yfirstandandi löggjafarþingi í frumvarpi sem ég lagði fram og er eitt af hinum klassísku stjórnarandstöðuþingmannamálum sem komast ekki á dagskrá þingsins.

Mér hefði fundist verulegur bragur að því að ríkisstjórnin hefði nú ákveðið í tengslum við framlagningu og afgreiðslu þessa frumvarps frá samgöngunefnd um breytingar á umferðarlögum að frumvarp mitt yrði samþykkt og auðvitað lít ég svo á að verið sé að gera það. Ég kýs að líta svo á að ég sé að fá hér heilt frumvarp afgreitt frá samgöngunefnd. Ég sé að hv. formaður nefndarinnar nikkar og ég hef heyrt hann nefna nafn mitt í ræðustóli tengt þessu ákvæði.

En mig langar til að nota tækifærið og segja í örfáum orðum frá þeim grundvallaratriðum sem mér finnst að liggi hér að baki. Við höfum gert samanburð á löggjöf Norðurlandanna og hér og við sjáum að það er mjög erfitt að bera löggjöfina saman. Finnar hafa þó farið þá leið sem hér er lögð til þannig að nú erum við að samþykkja finnsku leiðina í reiðhjólamálunum. Þetta byggist á því að framleiðendur vél- og rafknúinna reiðhjóla gefa yfirleitt upp hraðann sem er 20–24 kílómetrar á klukkustund. Mótorarnir eru þannig útbúnir að þeim verður ekki ekið hraðar og hjólum af þessu tagi hefur fjölgað mjög í Evrópu nú á seinni árum.

Það kemur tvennt til. Annars vegar fjölgar þeim sem kjósa að nota hjól sem samgöngutæki í evrópskum borgum og vonandi verður þetta ákvæði einnig til þess að þeim fjölgi hér á landi sem kjósa að nota hjól sem samgöngutæki. Og sömuleiðis má segja að eldra fólk í nágrannalöndum okkar kýs í auknum mæli að nota reiðhjól af þessu tagi sem útivistartæki, t.d. fólk sem hefur kannski ekki nægan líkamsstyrk til að nota hefðbundið fótstigið reiðhjól.

Einnig hafa rafknúin reiðhjól reynst þeim vel sem vegna einhvers konar fötlunar skortir líkamlegan styrk til að nota fótstigið reiðhjól. Þannig að menn sjá að hér er um mikið þarfaþing að ræða, reiðhjól sem getur komist upp í 25 kílómetra á klukkustund.

Síðan má segja að í ljósi aukinnar mengunar frá bifreiðum í þéttbýli sé það mikilvægt að lagaákvæðið hvetji fólk til þess að nýta reiðhjól sem samgöngutæki í auknum mæli. Þá þarf að gæta þess að vél- og rafknúin reiðhjól séu ekki útilokuð og nauðsynlegt að sem flestir geti tekið þátt í þeirri samgöngubyltingu sem þarf að eiga sér stað svo við náum tökum á samdrætti í útstreymi koldíoxíðs frá samgöngum.

Ég lít svo á að lagafrumvarp þetta sé viðleitni í þá átt og vil einungis ítreka það hér að ég fagna því að það skuli nú hafa ratað í heild sinni inn í breytingartillögur samgöngunefndar og trúi því og vona að þess verði ekki langt að bíða að við gerum hér öfluga og metnaðarfulla áætlun um hjólreiðastíga í þéttbýli og þess verði skammt að bíða að öllum stofnbrautum í þéttbýli sem greiddar eru af opinberu fé úr ríkissjóði fylgi hjólreiðastígar.

[14:48]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Við ræðum um frumvarp til breytinga á umferðarlögum. Ég skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara og vil gera grein fyrir honum í nokkrum orðum.

Meginefni frumvarpsins gengur út á að herða á aðgerðum til að taka á svokölluðum ofsaakstri. Út af fyrir sig er ég sammála því að herða þurfi á því þegar menn aka sýnilega með því lagi að beinlínis stafi stórkostleg hætta af. Ég hef í sjálfu sér ekki athugasemdir við að herða á þeim viðurlög-

um sem snúa að slíku athæfi.

Ég hef hins vegar hugsað um það varðandi þessi mál almennt, hæstv. forseti, að í raun og veru held ég að það sé nauðsynlegt að huga að því að opna hér það sem við getum kallað kappakstursbrautir eða akstursíþróttabrautir þar sem ungu fólki, sem á kraftmiklar bifreiðar eða mótorhjól, bifhjól, geti fengið að keppa, stunda æfingaakstur eða annan akstur sem er ekki háður takmörkuðum hámarkshraða eins og er vissulega á þjóðvegunum, sem er bráðnauðsynleg allsherjarregla vegna vegakerfisins og samgangna.

En því er ekki að heilsa, hæstv. forseti, að hér á landi sé til kappakstursbraut í þeim skilningi sem við sjáum víða erlendis, þar sem menn hafa æfingabrautir og kappakstursbrautir og geta fengið að keppa sín á milli eða æfa sig í akstri.

Ég held að við þurfum að huga að því, hæstv. forseti, að stuðla að gerð einhvers konar brauta hér á landi þar sem menn geta fengið að keppa á þessum tækjum sín á milli. Þar með kæmi jafnframt upp sú eðlilega krafa að einhver skilgreining yrði sett á það hvers konar ökutæki séu almennt notuð á þjóðvegum þótt það geti verið mjög snúið að setja þá reglu. Það er samt svo að menn spyrja sig bara þeirrar skynsamlegu spurningar: Hvað höfum við að gera með sportbíla á þjóðvegunum, sem eru 300–400 hestöfl, til þess að keyra á almennum þjóðvegum? Hvað höfum við að gera með það til notkunar á almennum þjóðvegum?

Menn kaupa sér tæki, tiltölulega litla bíla sem oft eru aðeins ætlaðir fyrir tvo farþega eða að hámarki fjóra og er þá yfirleitt þröngt um þá sem aftur í eru. Þetta eru sérhannaðir bílar til að fara mjög hratt sem er alls ekki það akstурslag sem við heimilum á neinum þjóðvegum. Við höfum heldur ekki neinar þær brautir hér á landi þar sem menn geta fengið að spreyta sig á þessum ökutækjum.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að taka verður á þessu í framtíðinni þótt ekki sé hægt að segja að ég sé með beina útfærslutillögu á því. Ég vil þó láta þess getið, hæstv. forseti, að ég hyggst koma fram með breytingartillögu við 3. umr. inn í umferðarlögin þar sem sett yrði skilgreining á orðinu akstursíþróttabraut eða kappakstursbraut. Það væri í 2. gr. laganna þar sem talað er um akbraut, með skilgreiningu á því og síðan akrein, með skilgreining á því. Í þriðja lagi verður þá kappakstursbraut eða akstursíþróttabraut og skilgreining á því.

Í mínum huga er slík braut sérbyggð akbraut sem ætluð er til hraðaksturs bifreiða eða bifhjóla og þar sem stunda má akstursíþróttir eða æfingasvæði þar sem mönnum er beinlínis heimilað að stunda hraðakstur. Ég held að það þurfi að vera hægt að beina því fólki, sem við beinum þessum lagabreytingum að, inn á einhver þau svæði þar sem fólk getur fengið að keppa. Það fer ekkert á milli mála, hæstv forseti, að fjöldi fólks á landinu hefur mikinn áhuga á akstursíþróttum. Það sjáum við af áhorfi á Formúluna, á torfæruakstur og ýmislegt fleira. Menn hafa mikinn áhuga á akstursíþróttum.

Ég held, hæstv. forseti, að við þurfum að finna lausnir þar sem beina megi fólki inn á akturssvæði þar sem það fær að keppa sín á milli. Þar með losnum við væntanlega við að menn séu nánast í kappakstri á þjóðvegunum, bæði innan borgar og utan.

Bæði lögreglan og við á Alþingi vitum að menn mæta til ákveðinnar aksturskeppni á þjóðvegum landsins löngu eftir miðnætti, þegar umferðin er dottin niður. Þeir mæla sér mót á ákveðnum svæðum landsins þar sem þeir þenja fákana hver á móti öðrum og keppa í að komast sem hraðast eftir þjóðvegunum þegar öll önnur umferð er dottin niður. Þeir eru með vöktuð svæði norðan og sunnan við til þess að láta vita ef lögreglan kemur inn á svæðið eða önnur umferð.

Þetta er vegna þess að það eru engar svona brautir til staðar, hæstv. forseti. Þess vegna er ég að benda á þetta. Ég held að við eigum að huga að þessu vandamáli. Marka inn í umferðarlögin hugtakið akstursíþróttabraut eða kappakstursbraut og að finna því svo tekjustofn, hvernig megi byggja upp slíka braut. Það er full ástæða til að huga að því. Samkvæmt því sem ég veit best þá sýnist mér að um 2 milljarðar kr. komi í tekjur til ríkisins af akstri mótorhjóla í gegnum bensíngjald, innflutningsgjöld af mótorhjólum og bifhjólum og hvað þá ef skilgreindar væru sérstaklega það sem við köllum hraðakstursbifreiðar, litlar bifreiðar með mikinn hestaflafjölda.

Það væri hægt að hugsa sér að marka ákveðna tekjustofna af gjöldum af þessum bifreiðum, m.a. til að koma þessum bifreiðum af þjóðvegunum og búa þá til íþróttasvæði og þjálfunarsvæði þar sem menn geti notað þessi tæki, eins og menn eru stundum að spreyta sig við á götum borgarinnar og landsins, en þá algjörlega með ólögmætum hætti að sjálfsögðu. En freistingin er til staðar og þess vegna er þessi mikli hraðakstur stundum langt um fram það sem talist getur eðlilegt hæstv. forseti.

Ég vildi vekja athygli á þessu. Ég vænti þess að hv. alþingismenn hafi skilning á því að setja a.m.k. skilgreiningarákvæði inn í umferðarlögin þannig að síðar megi vinna að því að hér verði búin til eða opnuð sérstök akstursíþróttasvæði eða keppnissvæði. Ég held að vænlegt væri að taka það upp í umræðum við íþróttahreyfinguna sem hefur þegar stofnað til, ef ég veit rétt, sambands akstursíþróttamanna og við þurfum að byggja upp svona aðstöðu. Ég tel að það muni draga úr hraðakstrinum þegar slík aðstaða verður til staðar, a.m.k. gæti lögreglan vísað mönnum á svæði þar sem þeir gætu fengið að spreyta sig á meiri hraða en ætlast er til að menn fari á um þjóðvegi landsins, hvort sem það er í borg eða byggð.

Þetta vildi ég nú sagt hafa, hæstv. forseti, og ætla ég svo sem ekki að tala meira um þetta núna. En það er fjölmargt sem ég vildi víkja að, t.d. að festingu farms og hvernig að því er staðið. Þar mætti nefna fleira en það sem oft hefur verið nefnt, að sérstakar grindur eða stálsúlur þurfi til að halda farmi kyrrum. Auðvitað kann það að þurfa í sumum tilvikum. En fyrst og fremst þarf frágangur farmsins að vera tryggur. Það er hægt að tryggja frágang farms og festa hann vel með ýmsu fleiru heldur en hliðarsúlum þótt þær kunni vissulega að vera nauðsynlegar í sumum tilvikum. Við höfum séð að bifreiðar aka um þjóðvegi landsins, m.a. með svokölluðu ræsi í vegagerð, þar sem aðeins er um eina festingu að ræða, eitt strekkiband, svo rúllar þetta til hliðanna eftir því hvernig bíllinn beygir.

Það eru mörg dæmi um slíkt því miður og sjálfsagt að beina því til ökumanna og þeirra sem eiga flutningabifreiðar að huga betur að festingu farms og tryggja hann. En það

er nú svo að oft koma fáir óorði á fjöldann og það á jafnt við um vöruflutningabifreiðar eins og þá sem keppa í hraðakstri á þjóðvegum landsins. En þessi tilvik eru fleiri en svo að hægt sé að horfa á aðgerðarlaus, hæstv. forseti.

Það er hins vegar eitt atriði sem mig langar til að nefna í lok ræðu minnar. Það varðar punktakerfið. Ég tel að það þurfi að skoða þetta punktakerfi betur, einkanlega varðandi unga menn sem lenda í að fá punkta. Mér sýnist, eins og lögin eru uppsett, að menn gætu endað með bráðabirgðaakstursskírteini nánast alla ævina. Það er kannski ekki alveg eins og við vildum hafa það. Það er spurning hvort ekki ætti að endurskoða þetta punktakerfi. Hversu alvarleg eru brotin og hvaða áhrif á kerfið hafa?

Einnig held ég að það sé tímabært, hæstv. forseti, að velta fyrir sér hvort sektir eigi að einhverju leyti að vera tekjutengdar. Sá sem hefur miklar tekjur finnur minna fyrir sektinni. Hún kemur ekki við hans afkomu og líf ef hann er mjög tekjuhár en sekt hefur kannski mikið að segja gagnvart þeim sem tekjulægri eru. Áhrifin af sektargreiðslunni eru mjög mismunandi eftir því hver tekjustaða fólks er. Þetta er samt vandrötuð braut, hæstv forseti, þótt menn geti auðvitað skoðað að fara hana.

Að lokum vil ég minna á reglur sem eru mjög umdeildar, varðandi aksturs- og hvíldartíma vörubifreiðastjóra sem keyra um langan veg á þjóðvegum landsins við mismunandi aðstæður. Ég hef í tvígang komið af Vestfjörðum með tiltölulega stuttu millibili og sú leið sem vöruflutningabifreiðarnar, t.d. í Ísafjarðardjúpi, fyrir Reykjanes og Vatnsfjörð og síðan inn Mjóafjörð, þar sem er gamall og slitinn malarvegur, er nánast ófær. Ef veghaldari ætti að ákveða á honum aksturslagið þá mundi hann sjálfsagt bara loka veginum. Ég held að það væri ekkert flóknara. Honum yrði bara lokað, enda er vegurinn nánast óökufær. Hann verður það væntanlega á þessu vori áfram vegna þess að hann hefur ekki burðarþol til að taka við flutningum sem um hann fara.

Þetta kemur inn á hvíldartímann og aksturstímann vegna þess að aksturstíminn miðast við færð og þann hraða sem hægt er að keyra á eftir vegunum. Þegar menn eru komnir niður í 20 kílómetra hraða á löngum vegarköflum lenda þeir yfir aksturstímanum sem miðað er við og þá er farið að beita sektarákvæðum út á vegakerfi sem býður alls ekki upp á að menn fylgi neinum reglugerðum. Þetta er sannleikur, hæstv. forseti, og mjög erfitt fyrir þéttbýlisbúa sem aldrei fara af götum Reykjavíkur að skilja um hvað málið snýst.

[15:04]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Örfá orð um þetta mál, breytingu á umferðarlögum. Ég er áheyrnarfulltrúi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð í hv. samgöngunefnd. Ég styð frumvarpið en vil þó slá nokkra varnagla.

Ég styð það sjónarmið að auka beri umferðaröryggi með öllum tiltækum ráðum innan þeirra sanngjörnu marka sem það er hægt. Frumvarpið miðar í sjálfu sér að því. Ég vil þó vara við því að verið sé að setja lög og reglur um þessa þætti sem aðra sem ekki er hægt, eða illmögulegt, að framkvæma. Slíkt verður marklítið. Menn verða að halda sig innan þeirra marka í laga- og reglugerðarsetningu að koma í veg fyrir að um leið og maður er genginn út úr húsi sé maður nánast sjálfkrafa farinn að brjóta lögin. Það þarf að gæta hófs í lagasetningum eins og með þetta ákvæði sem var í frumvarpinu, um að takmarka að næturlagi akstur þeirra sem eru nýkomnir með bílpróf. Það má vel vera að mörg slys verði vegna aksturs unglinga að næturlagi en það er fráleitt að mínu mati að innleiða svona lagað í lög enda felldi samgöngunefnd það út úr frumvarpinu. Það er sjálfsagt að vera með öll þau öryggisatriði sem hægt er en varast samt þessa ofboðslegu löngun til að setja lög og reglur og boð og bönn um allt sem ekki er síðan hægt að framfylgja með eðlilegum og skynsamlegum hætti.

Varðandi flutning á farmi, sem hér hefur verið rætt um, tel ég að þar þurfi að setja skýrari reglur um öryggi farms á stórum bílum. Margir þeirra eru hlaðnir á stöðvum, bílstjórarnir koma ekkert endilega nálægt því hvernig hlaðið er af því að þeir eru ráðnir sem bílstjórar eingöngu. Ekki er nú kaupið of hátt hjá þeim og stundum er meira að segja skipt um bílstjóra á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur, annar bílstjóri getur þurft að taka við á miðri leið. Mér finnst að það eigi að setja ábyrgðina líka yfir á eigendur bílanna og þá sem gera þá út, að þeir fari eftir reglum. Þetta tel ég mjög mikilvægt að sé tekið inn. Það er erfitt að gera hliðstæðar kröfur til bílstjóra og skipstjóra, þá verður a.m.k. að hafa laun í samræmi við það, þ.e. ef bílstjórinn ætti að bera eins mikla og víðtæka ábyrgð á bíl og farmi og skipstjórar gera á skipi. Þá þarf líka að taka það inn í starfslýsingar og starfsreglur bílstjóranna og greiða þeim kaup samkvæmt því. Gott og vel, það má vel skoða það.

Ég tek svo undir þau orð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um það að vegirnir verða að bera þá umferð sem um þá fer. Það þyrfti að setja öryggisstuðla á vegi í miklu ríkari mæli en nú er þannig að stórir bílar og miklir flutningar fari ekki um vegi sem þeir bera ekki út frá öryggissjónarmiðum. Okkur gengur afar hægt að koma samgöngumálum í landinu í viðunandi horf, vegáætlanir eru skornar niður og í ljósi þess þurfum við að stilla umferðina af miðað við þá vegi sem við höfum svo að þeir beri hana.

Frú forseti. Ég styð frumvarpið og þær breytingartillögur sem bornar eru fram.

[15:08]

**Útbýting:**

Íslenskur ríkisborgararéttur, 464. mál, þskj. 1215.

Láglendisvegir, 15. mál, nál. samgn., þskj. 1330.

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, 80. mál, nál. allshn., þskj. 1334.

Störf án staðsetningar á vegum ríkisins, 43. mál, nál. iðnn., þskj. 1335.

Umferðarlög, 178. mál, nál. samgn., þskj. 1333.

Þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum, 553. mál, nál. samgn., þskj. 1331.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 2. umr.***

Stjfrv., 588. mál (heildarlög, leyfisveitingar). — Þskj. 873, nál. 1158, brtt. 1159.

[15:09]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgöngunefnd um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta og jafnframt fengið nokkrar umsagnir varðandi frumvarpið.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi lög um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, V. og VIII. kafla áfengislaga, nr. 75/1998, og lög um heimild til að marka skemmtunum og samkomum tíma, nr. 120/1947. Megintilgangur frumvarpsins er að einfalda leyfisveitingar til reksturs veitinga- og gististaða og draga úr þeim fjölda leyfa, gagna og umsagna sem umsækjendur þurfa nú að afla til að hefja slíkan rekstur.

Töluverð umræða varð í nefndinni um 17. gr. frumvarpsins um tækifærisleyfi. Nefndin áréttar að umrætt ákvæði gildi einungis um skemmtanir og atburði sem fara fram utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni. Undir ákvæðið falla því ekki atburðir og skemmtanir á vegum sveitarfélaga, t.d. bæjarhátíðir og æskulýðs- og íþróttahátíðir sem ekki eru haldnar í atvinnuskyni, en í slíkum tilvikum er aðgangur ekki seldur að skemmtun eða atburði. Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Á 2. mgr. 3. gr., 4. mgr. 7. gr., 5. mgr. 18. gr., 4. mgr. 21. gr. og í síðari málslið ákvæðis til bráðabirgða I eru lagðar til orðalagsbreytingar.

2. Lagt er til að á eftir orðinu „persónuvernd“ í 4. mgr. 9. gr. komi „og meðferð persónuupplýsinga“ í samræmi við fullt heiti laganna.

3. Lagt er til að í 4. tölul. 3. mgr. 17. gr. verði tiltekið að sá sem standi fyrir skemmtun greiði kostnað af ráðstöfunum sem lögreglustjóri ákveður í samráði við umsækjanda. Eðlilegt þykir að lögreglustjóri hafi samráð við umsækjanda í slíkum tilvikum enda geta slíkar ráðstafanir lögreglustjóra verið annað en löggæsla.

4. Í síðari málsl. 1. mgr. 18. gr. er kveðið á um að tímabundin áfengisleyfi verði eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftar en fjórum sinnum ár hvert vegna sama staðar. Lögð er til sú breyting að í stað orðalagsins „almennt ekki oftar en fjórum sinnum ár hvert“ komi „almennt ekki oftar en tólf sinnum ár hvert“. Nefndin tekur undir framkomnar athugasemdir í umsögnum sem nefndinni hafa borist um að hugsanlegt sé að ákvæðið eins og það er sett fram geti haft veruleg áhrif á svæðum þar sem ekki er fullnægjandi húsnæði með rekstrarleyfi, en íbúar á svæðinu komi að jafnaði saman oftar en fjórum sinnum á ári, sér og öðrum til skemmtunar.

5. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. getur leyfishafi verið einstaklingur eða lögaðili og í viðurlagaákvæði frumvarpsins, þ.e. 22. gr., er m.a. fjallað um refsiábyrgð leyfishafa. Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að á eftir 2. mgr. 22. gr. komi ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að gera megi lögaðila sekt samkvæmt reglum II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. sama ákvæðis.

6. Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að sú tryggingarskylda sem liggur til grundvallar leyfi til áfengisveitinga skv. 14. gr. gildandi áfengislaga, nr. 75/1998, falli niður við gildistöku laganna verði frumvarpið að lögum. Nefndin leggur til breytingar á framangreindu ákvæði þannig að innheimtumanni ríkissjóðs verði heimilt að fella niður tryggingar sem grundvallast á 14. gr. áfengislaga við gildistöku laganna hafi leyfishafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á því tímamarki. Hafi leyfishafi hins vegar verið úrskurðaður gjaldþrota við gildistöku laganna skal tryggingin halda gildi sínu og skiptastjóri innheimta hana hjá ábyrgðaraðila. Er þessi breyting gerð svo að þeir sem hafa leyfi til sölu og veitingar áfengis beri ekki einir starfsstétta kostnað af ábyrgð sem er skilyrði starfsleyfis þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara. Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu. Guðjón A. Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið, sem dagsett er 13. mars 2007, rita hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Kristján L. Möller, Guðjón Hjörleifsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Jón Kristjánsson.

[15:15]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Það eru sérstaklega tvö atriði sem ég vildi gera hér að umræðuefni varðandi frumvarpið um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Það er í fyrsta lagi 4. gr. um flokkun veitingastaða þar sem þeir eru flokkaðir eftir hvað er þar á boðstólum.

Veitingastaðir flokkast með eftirfarandi hætti: Staðir án áfengisveitinga, umfangslitlir áfengisveitingastaðir og umfangsmiklir áfengisveitingastaðir. Síðar í greininni stendur:

„Á veitingastöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Leyfisveitandi getur þó heimilað í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum að fram fari nektardans í atvinnuskyni á veitingastað, að fengnum jákvæðum umsögnum umsagnaraðila skv. 10. gr. Á slíkum stöðum er sýnendum óheimilt að fara um á meðal áhorfenda og jafnframt eru hvers konar einkasýningar bannaðar.“

Ég gerði þetta atriði að umtalsefni í hv. samgöngunefnd og spurði þá gesti sem komu þangað hvort það væri að ósk fulltrúa atvinnulífsins þar að hafa þetta ákvæði inni.

Þá minnist ég einnig þess að síðast þegar þessi lög voru til samþykktar fyrir nokkrum árum og þetta ákvæði kom inn gerði ég alvarlegar athugasemdir við það ákvæði að þarna væri nánast verið að lögleiða stétt fólks sem gerði út á nektardans. Því það stendur þarna, nektardans í atvinnuskyni. Það er því verið að lögleiða atvinnustétt með þessum hætti.

Ég minnist þess að í umræðunni þá sem þingheimur lagði einhvern annan skilning í en ég, sagði ég: Maður stofnar ekki stéttarfélag nema gerðir séu um það kjarasamningar. Mér vitanlega hafa ekki verið búnir til neinir sérstakir kjarasamningar eða að hvaða stéttarfélagi þetta fólk á aðild, sem samkvæmt þessu lagafrumvarpi getur stundað nektardans í atvinnuskyni. Ég gerði athugasemdir við þetta í nefndinni. Á það var bent að það væri í höndum sveitarfélaganna að taka afstöðu til þess hvort þetta væri leyft.

Ég geri áfram athugasemdir við þetta ákvæði og tel að það sé komið inn með óeðlilegum hætti. Ef lögleiða á nektardans í atvinnuskyni skulu menn búa honum þá lagalegu umgjörð sem honum ber ef það er á annað borð samþykkt af löggjafans hálfu.

Ég vil taka það fram og ég er alveg sama sinnis og ég var fyrir líklega sjö árum þegar þetta var samþykkt á sínum tíma. Ég gerði þá athugasemdir við þetta atriði og geri enn, ég tel að þetta ákvæði eigi ekki að vera. Það er ekki vilji minn eða flokks míns að leyfa hér nektardans í atvinnuskyni. Þetta vildi ég láta koma fram. Þó að þetta hafi ekki komið fram í fyrirvara mínum, þá var þetta rætt í nefndinni og athugasemdir mínar komu þar fram.

Hitt atriðið sem ég vildi aðeins minnast á og hv. framsögumaður kom inn á er varðandi tækifærisleyfin þar sem í frumvarpinu var kveðið á um að hægt væri að skylda þann sem stæði fyrir hátíðahöldum að greiða löggæslukostnað samkvæmt ákvörðun lögreglunnar. Í 4. lið 17. gr. stendur að sá sem fyrir skemmtun stendur greiði kostnað af ráðstöfunum sem lögreglustjóri ákveður. Um þetta var tekin töluvert mikil umræða í nefndinni, eins og hv. formaður samgöngunefndar kom inn á. Við þekkjum það þegar verið að halda bæjarhátíðir, íþróttahátíðir, sérstaklega úti um land, hefur lögreglustjórinn komið með kvaðir á að svo og svo mikil löggæsla þurfi að vera til staðar og að þeir sem halda hátíðirnar verði að greiða þær.

Ég minnist þess t.d. þegar unglingamót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki fyrir nokkrum árum og Skagfirðingar töldu sig vera búna að búa góða umgjörð utan um unglingalandsmótið, bæði hvað varðaði eftirlit og annað því um líkt, þá kom tilkynning frá ríkislögreglustjóra í gegnum sýslumann um að skaffa verði þessa og þessa löggæslu og að mótshaldarar verði að greiða það.

Ég man að flestir mótmæltu þessu og sýslumaður gat lítið í málinu gert. Honum var þröngur fjárhagslegur stakkur skorinn og fékk þá skipun frá dómsmálaráðherra að hann yrði annaðhvort að innheimta gjald eða taka þetta af fjárveitingum sínum, sem voru þá litlar eftir. Þannig höfum við hvað eftir annað rekið okkur á bæði ósanngirni og mismunun hvað það varðar þegar verið er að leggja þetta á lítil samfélög á landsbyggðinni sem vilja halda hátíðir, hvort sem það eru íþróttahátíðir, æskulýðshátíðir eða bæjarhátíðir, og þau orðið að lúta oft og tíðum kröfum lögreglustjóra hvað þetta varðar. Sýslumennirnir fjárvana og stundum hefur orðið að hætta slíkum hátíðum.

Þetta var því tekið út þótt kannski hefði mátt gera það enn betur og enn ákveðnara að jafnræði gilti og lögreglan hefði ekki alfarið sjálftökurétt í að leggja gjald á þá sem halda æskulýðshátíðir, útihátíðir eða bæjarhátíðir. Það var því dregið mjög úr því og ég styð það.

Frú forseti. Önnur atriði frumvarpsins styð ég. Ég vil þó vekja athygli á að hvergi er minnst á orðið bændagisting. Ég spurði eftir því en fékk ekki svör við því hvers vegna það væri ekki inni. Að öðru leyti eru mörg góð atriði í frumvarpinu sem ég get stutt.

[15:22]

**Þórunn Sveinbjarnardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég skrifa ein samfylkingarmanna í hv. samgöngunefnd undir nefndarálitið með fyrirvara. Fyrirvari minn lýtur að breytingu sem aðrir í nefndinni leggja til og greint er frá í nefndaráliti í 4. lið breytingartillagna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í síðari málsl. 1. mgr. 18. gr. er kveðið á um að tímabundin áfengisleyfi verði eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftar en fjórum sinnum ár hvert vegna sama staðar.“

Aðrir nefndarmenn en ég leggja til að lögð verði til breytingin að í stað þess að hafa fjögur skipti verði þau tólf. Nokkuð var um þetta fjallað í nefndinni. Þetta er kannski ekki stórmál í sjálfu sér og ég get alveg skilið hvaða sjónarmið liggja að baki þess að fjölga skiptunum. Hins vegar finnst mér fullvel í lagt að fara úr fjórum skiptum í tólf og auk þess tel ég að þetta ákvæði eitt og sér með svona mörgum skiptum vinni hreinlega gegn markmiðum laganna, af því þetta eru auðvitað undanþáguákvæði um tímabundið leyfi til þess að halda skemmtun þar sem ekki er viðurkenndur veitingastaður. Ég tel að í raun gangi það gegn hagsmunum þeirra lögaðila sem eiga mestra hagsmuna að gæta samkvæmt þessum lögum.

Ég vildi einungis gera grein fyrir þessum fyrirvara. Hann er ekki stór og hann er minn einvörðungu, en ég vildi gera hann við afgreiðslu frumvarpsins.

Hvað varðar ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, sem er áheyrnarfulltrúi í hv. samgöngunefnd, verð ég nú að segja að við ræddum það atriði ekki mjög mikið í nefndinni. Það kom til tals, en ég skil frumvarpið svo, og þannig var það útskýrt fyrir okkur, að meginreglan skv. 4. gr. frumvarpsins er sú að óheimilt sé að bjóða upp á nektardanssýningar. Það sé óheimilt samkvæmt lögunum.

Síðan er gefin útgönguleið úr því og ég veit alveg hvað hv. þm. Jón Bjarnason er að tala um í því sambandi. Þar sögðu umsagnaraðilar, fyrst og fremst sveitarfélögin sem hafa samkvæmt frumvarpinu neitunarvald sem umsagnaraðilar, það er nóg að þau ein segi nei, eða einn umsagnaraðilanna geri það, þá verður leyfið ekki veitt, en þau sögðu: Það nægir okkur. Ef við viljum ekki þessa starfsemi, þá leyfum við hana ekki. Auðvitað útilokar það ekki það, eins og ég veit að við erum sammála um, ég og hv. þm. Jón Bjarnason, að sé viljinn fyrir hendi þá sé það hægt. En þá held ég að við hefðum kannski átt aðeins fyrr í ferli þessa máls, og ég get alveg tekið þá sök á mig eins og aðrir í nefndinni, að við hefðum þá kannski átt að semja um það breytingartillögu eða fara í umræðu með öðrum hætti en gert var, því það var rétt svona snert á því í nefndinni. Það þyrfti hins vegar og alveg örugglega meiri umræðu og svolitla yfirlegu að banna það með öllu. Væntanlega erum við mjög mörg hér inni sem værum alveg til í að styðja slíka breytingu. Algerlega.

En ég ætla að segja að lokum, af því hv. þm. Jón

Bjarnason gerði þetta hér að umræðuefni, að mér finnst ábendingin alveg réttmæt og fullrar skoðunar virði. En við verðum bara að vona að við sem erum þeirrar skoðunar náum saman um að breyta þessu eftir kosningarnar í vor.

[15:27]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem töluðu um 4. gr. í frumvarpinu. En mig langar til að lýsa yfir ánægju með það sem kemur fram hér í umræðunni að sveitarfélögin hafi í sjálfu sér neitunarvald gagnvart þessu. Það er auðvitað mjög mikilvægt og ber að undirstrika það.

Það sem er hins vegar ekki nógu skýrt í frumvarpsgreininni eins og hún er er að hin almenna regla sé að nektarsýningar séu bannaðar. Það segir í frumvarpstextanum eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Á veitingastöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.“ — En svo kemur strax í næstu setningu: „Leyfisveitandi getur þó heimilað í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum að fram fari nektardans í atvinnuskyni á veitingastað, að fengnum jákvæðum umsögnum umsagnaraðila ...“ — Sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir minntist á í máli sínu.

Ef athugasemdin við 4. gr. í frumvarpstextanum er lesin er ekkert talað um að almenna reglan sé bann. Það er mjög alvarlegt. Mér þykir því mjög gott að fá það undirstrikað hér af hv. þingmönnum sem starfa í nefndinni að almenna reglan sé sú að nektardans sé bannaður á veitingastöðum. Eins og segir í skýringartexta með 4. gr. er þetta miklu veikara. Þar segir einungis: „Í gildandi lögum er gert ráð fyrir flokki veitingastaða sem kallast „næturklúbbar“ þar sem heimilt er að fram fari nektardans. Þar sem flokkun frumvarpsins byggist á öðrum sjónarmiðum en í gildandi lögum er kveðið á um það í 4. mgr. að heimila megi slíkan dans á veitingastöðum í stað þess að slíkt falli undir ákveðinn flokk. Ekki eru gerðar efnislegar breytingar á þeirri heimild sem er í gildandi lögum fyrir slíku en rétt þykir til áréttingar að taka fram að einkadans sé bannaður og sýnendum sé óheimilt að fara um meðal áhorfenda en samsvarandi ákvæði er í lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar og eru þeir „næturklúbbar“ sem eru starfandi dag bundnir af því.“

Hér er því veikur texti til staðar. En mér þykir gott að fá þessa undirstrikun frá hv. þingmönnum vegna þess að við stöndum auðvitað frammi fyrir því í Reykjavíkurborg, eins og fram kemur í nýjasta hefti Krónikunnar, að vændi sé stundað á Íslandi í tengslum við nektarstaðina. Þar kemur fram að á höfuðborgarsvæðinu séu nú starfræktir að minnsta kosti sex nektarstaðir, þar af fjórir í miðbæ Reykjavíkur, og þrátt fyrir þrálátan orðróm og ásakanir þess efnis að þar fari fram skipulegt vændi hafi yfirvöldum ekki tekist að sanna það.

Ljóst er að hér er við ákveðið vandamál að etja sem hv. samgöngunefnd þarf að vera sér meðvituð um og við sem hér í þessum sal sitjum þurfum að gera bragarbót á. Ég tek undir með hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, það munum við gera svo um munar þegar ný ríkisstjórn tekur við völdum í vor.

[15:30]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Farið hefur verið ágætlega yfir málið. Ég vil eingöngu hnykkja á ákvæðinu um tækifærisleyfi í 17. gr. og skýringunni með þeirri grein. Eins og komið hefur fram hjá öllum ræðumönnum var töluvert rætt um hana, þ.e. heimild sýslumanna til að rukka fyrir slík tækifærisleyfi. Í skýringum með 17. gr. var m.a. talið upp að þetta ætti ekki við um þjóðhátíðardaginn, menningarnótt í Reykjavík, Reykjavíkurmaraþon og sjómannadaginn enda væru slíkir atburðir almennt ekki í atvinnuskyni eða aðgangur seldur að þeim.

Í nefndinni varð töluverð umræða um aðrar útihátíðir, sambærilegar við menningarnótt í Reykjavík. Þar kom enn einu sinni fram óánægja með að útihátíðir víðast hvar úti á landi skuli rukkaðar um verulegan löggæslukostnað meðan dæmi er um hátíðir á höfuðborgarsvæðinu eins og menningarnótt, sem ekki er rukkað fyrir.

Við jafnaðarmenn, sem við erum flest í hjarta okkar, vildum að jafnt gengi yfir alla. Þess vegna var fjallað um þetta í nefndaráliti, með leyfi forseta:

„Töluverð umræða varð í nefndinni um 17. gr. frumvarpsins um tækifærisleyfi. Nefndin áréttar að umrætt ákvæði gildi einungis um skemmtanir og atburði sem fara fram utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni. Undir ákvæðið falla því ekki atburðir og skemmtanir“ — svo kemur það sem ég vil hnykkja á — „á vegum sveitarfélaga, t.d. bæjarhátíðir og æskulýðs- og íþróttahátíðir sem ekki eru haldnar í atvinnuskyni, en í slíkum tilvikum er aðgangur ekki seldur að skemmtun eða atburði.“

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að þetta skuli koma inn sem lögskýring í nefndarálit, þ.e. túlkun nefndarinnar á þessu atriði. Með samþykkt frumvarpsins lít ég svo á að um allar bæjarhátíðir, sama hvar þær eru haldnar á landinu, muni gilda hið sama, að ekki verði rukkað fyrir þær eins og gert hefur verið hingað til. Það kom líka fram í nefndinni. Ég ræddi m.a. um ágæta bæjarhátíð í mínum heimabæ, þ.e. Síldarævintýrið, sem nánast var hætt við í fjölmörg ár vegna þess að einn aðili rukkaði svo mikið og var að gera út af við þetta, þ.e. sýslumaðurinn sem rukkaði löggæslukostnað fyrir hönd dómsmálaráðuneytis.

Með þessu er það skoðun mín, og vonandi allra sem í nefndinni voru, að allir sitji við sama borð hvað þetta varðar, sama í hvaða bæ viðkomandi bæjarhátíð er haldin, hvort sem hún er í Reykjavík eða á Raufarhöfn, Siglufirði, Suðurnesjum eða á öðrum (**Gripið fram í:** Dýrafirði eða Skagafirði.) stöðum á landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Íslensk alþjóðleg skipaskrá, 2. umr.*

Stjfrv., 667. mál (heildarlög). — Þskj. 1013, nál. 1201, brtt. 1202.

[15:33]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég flyt nefndarálit frá samgöngunefnd

um frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá. Eflaust þekkja þeir sem hafa haft áhuga á þessu máli hinn langa feril sem liggur að baki þessum lögum. Jafnframt því að samgönguráðherra hefur lagt fram frumvarp um íslenska alþjóðlega skipaskrá hefur fjármálaráðherra lagt fram frumvarp um sérstaka skattalega meðferð kaupskipa sem skrá sig á íslenskri alþjóðlegri skipaskrá. Það má segja að tuttugu ára áfanga sé loksins náð þótt sitt sýnist hverjum um lagaumhverfið. En vonandi mun þetta leiða til að kaupskip verði aftur skráð á Íslandi.

Við fengum marga gesti á okkar fund, alla þá sem málið snýr að. Við fórum svo aftur yfir málið fengum gestina aftur að borðinu auk fulltrúa frá Alþýðusambandinu. Málið var reifað þar og að þeim fundi loknum lá eftirfarandi álit fyrir, með leyfi forseta:

„Megintilgangur frumvarps þessa er að stuðla að skráningu kaupskipa á Íslandi, en með kaupskipi er átt við hvert það skip sem flytur farm og/eða farþega gegn endurgjaldi í siglingum milli landa og farmflutningum innan lands og er 100 brúttótonn eða stærra. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á stofn íslensk alþjóðleg skipaskrá sem verði vistuð hjá Siglingastofnun Íslands. Á skipaskrá verður heimilt að skrá kaupskip í millilandasiglingum og er markmiðið fyrst og fremst að kaupskip íslensku útgerðanna skrái skipin sín hér á landi í stað þess að þau séu skráð erlendis og sigli undir erlendum þjóðfána. Með frumvarpinu er jafnframt stefnt að því að erlendar kaupskipaútgerðir sjái hag sinn í því að skrá skip sín hér á landi.

Samhliða frumvarpi þessu leggur fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um skattlagningu kaupskipaútgerðar, 660. mál, sem varðar þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera á skattalögum til að tilgangi með stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár verði náð. Nefndin leggur m.a. til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til leiðrétting á 1. mgr. 4. gr. og síðari málslið 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um skilyrði skráningar kaupskipa á Íslandi á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

2. Lagt er til að 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins um kjör skipverja í áhöfn kaupskips verði felld niður.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Hv. þm. Hjálmar Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðjón A. Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir álitið rita auk mín hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Kristján L. Möller, Kjartan Ólafsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Jón Kristjánsson.

[15:36]

**Jón Bjarnason** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að frumvarp um íslenska skipaskrá sé komið á þann rekspöl að við séum að afgreiða það á þinginu, þ.e. frumvarp um íslenska alþjóðlega skipaskrá. Málið hefur verið í umræðunni nokkuð mörg ár án þess að nokkuð fengist að gert. Þrátt fyrir baráttu formanns hv. samgöngunefndar Guðmundar Hallvarðssonar og allra samgöngunefndarmanna, sem hafa ítrekað tekið málið upp, hefur það ekki fengið framgang. Skipin hafa farið úr landi. Það er því fagnaðarefni að við skulum ná þessum áfanga og vonandi skilar það því að kaupskipin koma aftur inn.

Við höfum deilt um 11. gr. eins og hún var sett fram í frumvarpinu þar sem kveðið var á um að ráðningar skipverja gætu verið með ýmsu móti, meira að segja var kveðið á um það í greinargerðinni að útgerð skipsins gæti samið einhliða við einstaka skipverja. Ég vildi aðeins hnykkja á og spyrja hv. þingmann hvort sá skilningur minn væri réttur, að eins og við afgreiðum málið falli slíkt burt þannig að eðlilegir samningar gildi og ráða þurfi alla skipverja samkvæmt kjarasamningum en ekki einhliða samningum milli útgerðar og einstaklingsins. Ég vil árétta að ég tel mikilvægt að starfsmenn á kaupskipum séu ráðnir á íslenskum kjarasamningum. Það er mitt sjónarmið.

[15:39]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Jóns Bjarnasonar vildi ég vitna til síðustu málsgreinar 11. gr., sem hann gat um. Í frumvarpinu segir:

„Um kjör skipverja í áhöfn kaupskips fer eftir þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið við stéttarfélög viðkomandi ríkja þar sem skipverji á lögheimili. Kjarasamningur gildir einungis fyrir félaga í því stéttarfélagi og ríkisborgara þess ríkis sem stéttarfélag á lögheimili í, enda eru þeir ekki í öðrum stéttarfélögum sem gerður hefur verið kjarasamningur við."

Síðan kom breytingartillaga í nefndinni sem var á þann veg að fyrir þá sem ekki væru á þessum kjarasamningum yrði miðað við lágmarkskjör eftir ITF-samningum, samningum Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins. Í viðræðum okkar við aðila, fulltrúa sjómanna, útgerðarmanna og Alþýðusambandsins, varð úr að 4. málsgr. 11. gr. var felld út og jafnframt sambærileg ákvæði í umsögninni.

Það er því rétt að eins og getið er um í tillögunni á 4. málsgr. 11. gr. að falla brott. Þess er sérstaklega getið í nefndarálitinu.

[15:40]

**Kristján L. Möller:**

Virðulegi forseti. Ég sagði í umræðum um þetta mál: Loksins, loksins! Loksins kemur þetta fram og hefði betur komið fram tíu árum fyrr. En betra er seint en aldrei. Og þó, ef til vill er ekki nógu langt gengið. Í svari við spurningu til fulltrúa skipafélaganna á fundi samgöngunefndar kom fram að ekki væri nógu langt gengið í skattalegu hagræði til að skipin mundu flytjast heim í alþjóðlega íslenska skipaskrá. Það er synd ef svo verður. Ég vona sannarlega að þetta gangi og skipafélögin sjái hag sinn í því að koma með skipin aftur heim og skrá þau hér.

Ég vil líka taka undir og fagna því að síðasta málsgrein 11. gr., sem var mikið deiluefni milli aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega voru fulltrúar ASÍ sem kom fram á fundi nefndarinnar henni mótfallnir. Sú málsgrein er felld út og þannig komið til móts við afstöðu ASÍ.

Rétt í lokin þá segi ég, þótt það falli frekar undir efnahags- og viðskiptanefndarfrumvarpið en tengist þessari

skattlagningu kaupskipaútgerðar, að ég fagna því sem þar er verið að gera, veita skattaívilnun fyrir atvinnustarfsemina til þess að freista þess að fá hana heim aftur.

Ég vona að svigrúm skapist til að skipafélög, sem koma þá inn á hina alþjóðlega íslenska skipaskrá, taki upp strandsiglingar á ný, með eða án ríkisaðstoðar. Það er brýnt að strandsiglingar verði teknar upp á ný, bæði til að taka flutninga af þjóðvegunum og létta umferð af þeim, m.a. vegna umferðaröryggis.

Hér er stigið skref í skattalegri ívilnun til atvinnurekstrar sem ég fagna mjög. Ég vil líka segja, virðulegi forseti, að hér er komið fordæmi fyrir skattalegri ívilnun til atvinnustarfsemi sem ég held að við getum notað okkur síðar meir ef við viljum létta undir með atvinnurekstri, t.d. á svæðum sem eiga í erfiðleikum. Hér er komin forskrift frá hæstv. fjármálaráðherra. Ég hef barist fyrir þessu lengi og hvatt til þessa og ég fagna því að frumvarpið skuli komið fram.

[15:43]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil eins og aðrir þeir sem hér hafa talað fagna framkomnu frumvarpi eins og ég gerði reyndar við 1. umr. Ég verð að segja að á mig runnu tvær grímur á tímabili. Mótmæli þau og rök sem fram voru borin fyrir nefndina af hálfu ASÍ og fleiri aðila vinnumarkaðarins voru þess eðlis að ekki hefði verið hægt að samþykkja frumvarpið óbreytt. Sem betur fer tókst að laga það ákvæði.

Við erum með mál í höndunum eftir um það bil tuttugu ára meðgöngu, eftir því sem fram kom í máli sumra sem komu á fund nefndarinnar. Það kom jafnframt fram hjá þeim að skattalegt hagræði væri ekki jafnmikið og liti út fyrir í frumvarpinu frá fjármálaráðherra og það yki ekki líkur á að skipin skiluðu sér heim. Það væri ekki nóg með að skattalega hagræðið væri minna en í þeim löndum sem skipin eru skráð í nú þegar, eins og t.d. í Færeyjum, heldur væru skipafélögin búin að leggja í umtalsverðan kostnað við að skrá skipin sín í nýjum löndum. Það kostar t.d. eina og hálfa milljón að skrá skip, bara skráningargjaldið, í Færeyjum. Þess utan er ýmiss konar annar kostnaður. Það þarf heilmikið að hanga á spýtunni til að skipafélögin velji að koma heim með skipin aftur.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég vona að fjármálaráðuneytið lagi lagaheimildir sínar þannig að það megi raunverulega laða skipafélögin heim aftur. Mér finnst mjög leiðinlegt að vita til þess að ekkert skip sigli undir íslenskum fána í dag. Mér finnst ekki sómi af því fyrir íslenska þjóð.

[15:45]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég kem bara til að lýsa stuðningi við frumvarpið. Tók það reyndar fram við 1. umr. málsins að ég teldi að það væri meira en tímabært að þetta mál kæmi hér til umræðu og afgreiðslu í hv. Alþingi. Í raun og veru er saga útflöggunar kaupskipa meira en 25 ára gömul, aldarfjóðungsgömul, og lengi hefur verið talað um að eitthvað þyrfti að gera til að bregðast við þeirri þróun sem hér hefur átt sér stað síðastliðin 25 ár og hefur að lokum leitt til þess að ekkert íslenskt kaupskip er skráð undir íslenskum fána. Nú er verið að reyna að snúa þessari þróun við og er loksins komið fram frumvarp, fylgifrumvarp þessa frumvarps um skattalegt hagræði sem fjármálaráðherra hafa mælt hér fyrir sem er í raun og veru forsenda þess að menn sjái sér hag í því að flagga þessum skipum heim á nýjan leik.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að við séum að stíga það skref að skipafélögin sjái sér á nýjan leik hag í því að flagga skipunum heim aftur og þó að vissulega kunni að verða einhver tregða í því þá er það nú svo í atvinnugrein eins og siglingum að þar er mikil þróun og margt að breytast, menn eru að skipta um skip, kaupa og selja o.s.frv. Ég vænti þess því að innan tiltölulega fárra ára verði aftur skráð kaupskip á Íslandi sem eru í siglingum að og frá landinu og þjónusti þjóðina eins og verið hefur og þarf að vera um ókomna framtíð fyrir eyþjóð að geta treyst á að þar séu eðlilegir og öruggir flutningar.

Ég tel það fagnaðarefni að þetta mál nái nú fram að ganga og vænti þess að það verði til þess að hér fjölgi störfum og þekking aukist á nýjan leik og það verði aftur eftirsóknarvert fyrir íslenska sjómenn að afla sér menntunar til siglinga á farskipum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vegalög, 2. umr.*

Stjfrv., 437. mál (heildarlög). — Þskj. 548, nál. 1095, brtt. 1096, 1135 og 1328.

[15:48]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti samgöngunefndar um frumvarp til vegalaga.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta og enn fremur fjölmargar umsagnir.

Markmið þessa frumvarps er að skilgreina nánar ábyrgð á veghaldi og stuðla að öruggari samgöngum. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru m.a. eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lögð til breytt flokkun vega þar sem m.a. er kveðið á um stöðu almennra stíga. Í öðru lagi er lagt til að vegamálastjóri hafi skýra heimild til að framselja veghald til þriðja aðila. Í þriðja lagi er lagt til að heimild til gjaldtöku vegna byggingar og reksturs samgöngumannvirkja verði almenn í stað þess að mælt verði fyrir um sérstaka lagasetningu fyrir slíka gjaldtöku vegna einstakra verkefna hverju sinni. Í fjórða lagi er lagt til að heimilt verði að veita fé til almennra stíga af fjárveitingum til vegagerðar. Í fimmta lagi er lagt til að hlutverk Vegagerðarinnar sem umsagnaraðila um áhrif skipulags á umferð um þjóðvegi verði skýrt nánar. Í sjötta lagi eru skyldur Vegagerðarinnar til að vanda sérstaklega til undirbúnings ákvörðunar um eignarnám áréttaðar þannig að réttaröryggi borgaranna sé tryggt. Í sjöunda lagi eru reglur um girðingar með vegum einfaldaðar og kveðið á um heimild fyrir Vegagerðina til að taka þátt í kostnaði við gerð ganga fyrir búfé.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í stað orðsins „sveitarstjórn“ í 1. og 2. mgr. 14. gr., 2. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 52. gr. komi „sveitarfélag“.

2. Lagt er til að í c-lið 2. mgr. 18. gr. verði tiltekið að aukist umferð verulega umfram það sem gert var ráð fyrir þegar skipulag var staðfest eða þegar af öðrum ástæðum mátti ekki reikna með að umferðarhávaði yrði yfir leyfilegu hámarki beri Vegagerðin að minnsta kosti helming kostnaðar. Í framangreindum tilvikum þykir eðlilegt að sveitarfélag og veghaldari beri að mestu leyti saman áhættuna af þessu og þar með þeim kostnaði af hávaðavörnum sem nauðsynlegar reynast vegna þess að umferð eykst umfram það sem spáð var. Í samræmi við þetta er lagt til að Vegagerðin greiði að lágmarki helming kostnaðar í slíkum tilvikum og að Vegagerðin og viðkomandi sveitarfélag nái samkomulagi um þann kostnað sem eftir stendur.

3. Lagt er til að 20. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að kveðið verði á um að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skuli skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þar með talið kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda sé lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Með þessari breytingu leggur nefndin til að veghaldara verði heimilt að leggja á skráðan eiganda fasteignar að taka þátt í hluta kostnaðar við lagningu nýs héraðsvegar að fasteign hans. Meðal helstu raka fyrir þessu er að forræði og ákvörðunarvald í skipulagsmálum og búsetuþróun innan sveitarfélags er í höndum viðkomandi sveitarfélags yfir veghaldi héraðsvega. Samkvæmt gildandi lögum er sveitarfélagi heimilt að leggja á gatnagerðargjald til að standa straum af gatnagerð í þéttbýli. Eðlilegt þykir að réttarstaða íbúanna sé sambærileg hvað snertir vegtengingu og kostnað vegna hennar, hvort sem búseta er í dreifðri eða þéttri byggð, og er með þessari breytingu stefnt að því. Því er lagt til að veghaldari hafi hliðstæða heimild til þess að fara fram á kostnaðarhlutdeild við lagningu vegar í dreifðri byggð sem byggist á raunkostnaði. Þannig er veghaldara heimilt að leggja á skráðan eiganda fasteignar að greiða helming raunkostnaðar af lagningu nýs héraðsvegar. Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða skiptist kostnaðarhlutdeildin í samræmi við það. Nefndin telur eðlilegt að samráð verði haft við fasteignareiganda um gerð og legu vegar enda kemur hann til með að taka þátt í kostnaði við hann.

4. Lagt er til að í 2. mgr. 28. gr. verði sérstaklega tiltekið að sveitarstjórn sé óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar um legu þjóðvega ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér. Með þessari breytingu er leitast við að tryggja að sveitarstjórn taki við beitingu skipulagsvalds síns fullt tillit til sjónarmiða um umferðaröryggi þegar lega þjóðvega er ákveðin. Nefndin telur þessa breytingu nauðsynlega í ljósi skýrra markmiða umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda um fækkun umferðarslysa og kröfu þjóðfélagsins almennt um að umferðaröryggi njóti forgangs á öllum sviðum. Í þessu sambandi ber að nefna að gert er ráð fyrir að tillögur Vegagerðarinnar um umferðaröryggi séu studdar viðurkenndu mati á umferðaröryggi mismunandi valkosta og m.a. stuðst við sérstaka umferðaröryggisrýni sérfræðinga á því sviði. Í samræmi við framangreint er lagt til að fellt verði út orðið „umferðaröryggis“ í 3. mgr. 28. gr.

5. Lagt er til að í stað orðanna „ákvörðun eignarnámsbóta“ í 2. mgr. 38. gr. komi „framkvæmd eignarnáms“ í samræmi við rétt heiti laganna.

6. Lagt er til að fyrirsögn 59. gr. verði Refsing í stað Viðurlög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Kristinn H. Gunnarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er andvígur áliti þessu.

[15:54]

**Kristján L. Möller:**

Hæstv. forseti. Undir nefndarálit um frumvarp þetta til vegalaga sem hér er til 2. umr. eftir vinnu samgöngunefndar skrifa ég ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar með heföbundnum fyrirvara.

Ég vil nefna að einn af þingmönnum okkar jafnaðarmanna, Einar Már Sigurðarson, var í þeirri undirbúningsnefnd sem vann að gerð þessa frumvarps og það er tvímælalaust til bóta á mjög mörgum sviðum. Síðan tek ég eftir því að komið hafa fram breytingartillögur eftir á sem gera frumvarpið kannski enn betra þannig að víðtækari sátt verður um það, sem ég fagna auðvitað.

Ég ætla aðeins á þeim örstutta tíma sem við höfum fyrir þetta mál að fagna sérstaklega því sem tekið var tillit til í því sem ég sagði við 1. umr. málsins, þ.e. þar sem ég gagnrýndi mjög að sveitarfélög sem sannarlega fara með skipulagsvald gátu skipulagt vegi að þjóðvegum. Ég tók sem dæmi Borgarnes þar sem hæstv. landbúnaðarráðherra keyrir oft um en í Borgarnesi voru gerð vegamót sem ég held að ekki séu til að auka umferðaröryggi og þess vegna var það tekið inn í nefndarálitið og inn í frumvarpið að sveitarstjórnum sé óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar um legu þjóðvega ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér.

Þetta er veigamikið atriði og er kannski merkilegasta breytingin sem gerð var. Hún er tvímælalaust til bóta vegna þess að við getum ekki látið það gerast áfram að hagsmunir skarist milli skipulags sveitarfélaga og almennra vegfarenda, umferðaröryggismála og Vegagerðarinnar. Ég fagna því að það sé komið hér inn.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef áður sagt styðjum við þingmenn Samfylkingarinnar þetta frumvarp og teljum það tvímælalaust til bóta.

[15:56]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Frumvarp til vegalaga kemur nú til 2. umr. og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur greint frá því að ég sem áheyrnarfulltrúi í samgöngunefnd gat ekki stutt álitið.

Það eru tvö meginatriði sem ég get ekki stutt. Annars vegar það sem fram kemur í 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Vegagerðin skuli við framkvæmd vegamála leitast við að bjóða út alla hönnun, nýbyggingar, við-

hald, þjónustu og eftirlit. Ég get ekki stutt þetta. Með þessari grein er verið að vega að starfsemi Vegagerðarinnar um allt land, útibúum hennar á Ísafirði, á Hólmavík, á öllum þeim stöðum þar sem hún hefur útibú og þykir sumum nóg að gert í að hagræða og einkavæða burt þau verkefni sem þessar deildir hafa haft með höndum.

Ef þetta frumvarp yrði að lögum óbreytt mundi það ekki bara þýða að Vegagerðinni bæri að gera það heldur væri henni skylt að einkavæða verkefnin út frá þessum stöðvum. Er nú ekki nóg að gert við að einkavæða opinber störf frá Vegagerðinni á Ísafirði, frá Vegagerðinni á Hólmavík og svo hringinn í kringum landið? Er ekki nóg að gert þó að við séum ekki að samþykkja lög sem skylda Vegagerðina til að einkavæða þessi störf út og burt?

Þetta er eitt atriðið sem ég gat ekki stutt. Reyndar skal ég taka fram að ég á von á því að fyrir 3. umr. komi breytingartillaga sem fellir þessa grein burt. Ég á von á því að menn hafi séð að sér, að þarna væri verið að fara fullkomlega gegn hagsmunum íbúa hinna dreifðu byggða og reyndar Vegagerðarinnar sem slíkrar. Þetta var ástæðan. Svona fór málið út úr nefnd og ég gat þess vegna ekki stutt það.

Hitt atriðið sem ég gat heldur ekki stutt var það sem kveðið er á um bæði í 14. gr. og 17. gr. sem var heimildin til að þess að einkavæða einstaka vegi. Einkavæða uppbyggingu og viðhald á vegum, fela það fyrirtækjum eða öðrum slíkum og ráðherra í rauninni og vegamálastjóra gefið frjálst val í þeim efnum. Ég get ekki heldur stutt það. Síðan í 17. þar sem verið er að heimila einkaaðilum, félögum og fyrirtækjum mjög rúm ákvæði til gjaldtöku, opna heimild til mjög rúmra ákvæða til gjaldtöku af umferð. Ég get ekki stutt það. Þjóðvegirnir eiga að vera sameign þjóðarinnar. Við eigum að hafa manndóm til að byggja þá upp með þeim hætti og gjaldtaka á ekki að vera sú leið sem við veljum til að fjármagna byggingu og rekstur þjóðvega.

Þetta eru þau meginatriði sem ég set út á í frumvarpinu og þess vegna gat ég ekki stutt það. En ég vil taka fram að ég vænti þess að á milli 2. og 3. umr. komi breytingartillögur frá meiri hlutanum sem lúta að þessu atriði einnig og gera það í nokkru aðgengilegra.

Ég fagna þeim atriðum sem hér koma inn þó að í litlu sé, um hjólreiðastíga og rétt þeirra í samgöngukerfinu þannig að þeir eru viðurkenndir sem hluti af því. Í öðru lagi vil ég líka fagna því að hér komið inn baráttumál Vinstri grænna. Hv. þm. Þuríður Backman hefur flutt ítrekað tillögur á Alþingi um að undirgöng komi undir vegi sem víðast til að hægt sé að koma búfé á milli svæða þegar vegurinn sker slík lönd. Hér er komið ákvæði um að það skuli nú vera hluti hinnar skipulögðu vegagerðar.

Fleiri atriði í þessu frumvarpi til vegalaga eru ágæt og alveg hægt að styðja. En þau meginatriði sem ég nefndi, annars vegar einkavæðingin og hins vegar skyldan á Vegagerðina að bjóða út og rústa starfsemi útibúa hennar, hvort heldur það er á Ísafirði, Hólmavík eða annars staðar, eru alveg afleit og ég gat ekki stutt þau. En vonandi fáum við breytingartillögur sem leiðrétta þetta, frú forseti.

[16:01]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins tjá afstöðu mína. Ég hafði fyrirvara um þetta mál og hann sneri m.a. að því að það væri ekki skylda hjá Vegagerðinni að bjóða út hönnun, viðhald og vegagerð þannig að miðað við þau orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar áðan þá vænti ég þess að það gangi eftir að þetta verði lagfært á milli 2. og 3. umr.

Einnig hafði ég nokkrar áhyggjur af því sem varðar svokallaða héraðsvegi, hæstv. forseti, en nú á að heimila að ákveðnir aðilar sem eiga hús á viðkomandi svæðum skuli vera skyldaðir til að greiða helming í lagningu slíkra vega. Þó að ég skilji í sjálfu sér hugsunina á bak við það þá er það hins vegar svo að byggð er sett niður miðað við skipulagslög og skipulag í viðkomandi sveitarfélögum. Það ætti því auðvitað að koma fram krafa frá sveitarfélögum og afstaða sveitarfélagsins varðandi staðsetningu íbúabyggðar, sérstaklega ef um nýbyggingar er að ræða mjög fjarri samgöngukerfi landsins, um það hvernig með eigi að fara og hvaða kvaðir fylgi því að reisa slík býli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:03]

**Útbýting:**

Almenn hegningarlög, 710. mál, frv. KolH, þskj. 1336.
Umferðarlög, 388. mál, brtt. GAK, þskj. 1337.

## *Almenn hegningarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 20. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 20, nál. 1151, brtt. 1152 og 1206.

[16:04]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum frá allsherjarnefnd. Hér er um að ræða endurskoðun á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna og hefur nefndin fengið á sinn fund fjölmarga aðila eins og sjá má á þskj. 1151 og leitað umsagna mjög víða. Þetta mál lá frammi á fyrra þingi til kynningar og hefur síðan verið til vinnslu í allsherjarnefnd í allan vetur.

Í frumvarpinu eru lagðar til töluverðar breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Þannig er lagt til að skilgreining á hugtakinu nauðgun verði rýmkuð mjög frá því sem nú er þannig að önnur kynferðisnauðung og misnotkun á bágu andlegu ástandi, sem og það að þolandi geti ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans teljist nauðgun. Þá er lagt til að lögfestar verði lögmæltar refsiþyngingarástæður fyrir nauðgun, svo sem ungur aldur þolanda, og að lögfest verði almennt ákvæði um refsiábyrgð vegna kynferðislegrar áreitni. Eitt af nýmælum frumvarpsins er tillaga um að refsing fyrir samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára verði þyngd þannig að refsimörkin verði þau sömu og fyrir nauðgun. Einnig er lagt til að lögfest verði ákvæði um heimild til refsilækkunar eða refsibrottfalls ef sá sem gerist sekur um samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en 14 ára er sjálfur á svipuðum aldri og þroskastigi og barnið. Síðast en ekki síst eru lagðar til tvær veigamiklar breytingar, annars vegar að

fyrningarfrestur kynferðisbrota byrji ekki að líða fyrr en brotaþoli er orðinn 18 ára í stað 14 ára eins og nú er, og hins vegar að áskilnaður hegningarlaga um refsinæmi þess að stunda vændi sér til framfærslu falli niður.

Nefndin fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og telur þær horfa til mikilla réttarbóta fyrir þolendur kynferðisbrota. Ég vil nefna hér sérstaklega að það er samdóma álit allra í allsherjarnefnd að þetta frumvarp hafi verið sérstaklega vel undirbúið, greinargerðin mjög ítarleg og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka Ragnheiði Bragadóttur sérstaklega fyrir þá samvinnu sem hún hefur haft við nefndina og fyrir hennar störf þar sem innlegg hennar hefur reynst ómetanlegt.

Nefndin ræddi einstök ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Þau atriði sem komu til hvað mestrar skoðunar voru fyrningarfrestur kynferðisbrota, refsinæmi vændiskaupa og kynferðislegur lágmarksaldur. Einnig ræddu nefndarmenn um skilgreiningu á hugtakinu nauðgun og hvort samræma ætti 8.–10. gr. frumvarpsins, sem breyta 200., 201. og 202. gr. almennra hegningarlaga um kynferðisbrot gegn börnum, þannig að sama refsing væri fyrir brot gegn öllum framangreindum ákvæðum.

Nefndin ræddi þrjár leiðir varðandi fyrningarreglu 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Í fyrsta lagi þá leið sem farin er í 1. gr. frumvarpsins að miða fyrningarfrest við þann dag þegar brotaþoli nær 18 ára aldri í stað 14 ára aldurs eins og gert er í gildandi lögum. Þannig mundu alvarlegustu kynferðisbrotin sem tilgreind eru í núgildandi 194.–202. gr. almennra hegningarlaga sem framin eru gegn börnum eigi fyrnast fyrr en að liðnum 15 árum eftir 18. afmælisdag brotaþola, eða þegar hann nær 33 ára aldri. Þetta var fyrsta leiðin sem kom til álita. Í öðru lagi var rætt í nefndinni um þá leið sem umboðsmaður barna lagði til í umsögn sinni en þar var við það miðað að fyrningarfrestur allra kynferðisbrota gegn börnum væri í 15 ár frá 18 ára afmælisdegi þeirra óháð alvarleika brotanna og ég sé að í nefndaráliti hefur þessi 15 ára áskilnaður greinilega fallið niður. Í þriðja lagi var rætt um þá leið sem áður hefur verið lögð til í sérstöku frumvarpi að kynferðisbrot gegn börnum verði öll ófyrnanleg.

Nefndin telur þá leið sem lögð er til í frumvarpinu mikið framfaraskref. Kynferðisbrot gegn börnum eru meðal alvarlegustu glæpa sem framdir eru. Nefndin telur hins vegar ekki rétt að fara þá leið að láta öll kynferðisbrot gegn börnum lúta sama fyrningarfresti með þeim rökum að þótt öll kynferðisbrot gegn börnum séu ógeðfelld eru þau þó misalvarleg. Þrátt fyrir þá meginreglu almennra hegningarlaga að eingöngu brot sem varða hámarksrefsingu geti talist ófyrnanleg telur nefndin rétt að stíga það skref að gera alvarlegustu kynferðisbrot gegn börnum ófyrnanleg. Þolendur brotanna eiga að jafnaði erfitt með að koma fram og greina frá því ofbeldi sem þeir hafa þurft að þola í því skyni að leita sér hjálpar og eru oft ekki færir um það fyrr en mörgum árum eða jafnvel áratugum eftir að ofbeldinu linnir. Jafnvel þótt fyrningin hefjist ekki fyrr en við 18 ára aldur er ekki að mati nefndarinnar með öllu tryggt að komið sé að fullu til móts við þessi sjónarmið. Því leggur nefndin til breytingu þess efnis að sök fyrir brot gegn ákvæðum 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. laganna verði ófyrnanleg. Fyrningarfrestur vegna brota gegn öðrum ákvæðum kynferðisbrotakafla hegningarlaganna byrji hins vegar að líða við 18 ára aldur brotaþola. Með breytingunni er tekið tillit til sérstöðu réttarstöðu barna sem verða fyrir grófu kynferðisofbeldi. Í þessu sambandi bendir nefndin á að á árinu 1997 lagði fyrrverandi umboðsmaður barna það til við þáverandi dómsmálaráðherra að tekið yrði upp ákvæði í almenn hegningarlög um að kynferðisbrot gegn börnum fyrndust ekki. Börn hefðu eðlilega ekki sömu hæfileika til að gera sér grein fyrir aðstæðum eða átta sig á því að um refsivert athæfi hefði verið að ræða þegar þau voru beitt kynferðislegri misnotkun og hefðu oft enga möguleika á að kæra brot innan þess fyrningarfrests sem gilti samkvæmt lögum. Nefndin bendir á að sönnun í kynferðisbrotamálum hefur hingað til verið erfið og verður erfið áfram þrátt fyrir afnám fyrningarfrests á grófustu brotunum gegn börnum. Sönnunarbyrðin verður eftir sem áður í höndum ákæruvaldsins sem metur hvort fram komnar upplýsingar séu nægilegar eða líklegar til sakfellis.

Ég vil bæta hér við í fyrsta lagi að slík breyting á lögunum í þessu efni með þeirri viðbót sem nefndin leggur til er veruleg, þ.e. sem sagt bæði verið að hækka viðmiðunaraldur fyrningarfrests úr 14 í 18 ár og upphafstími fyrningarfrests mun því í öllum meginþorra mála hefjast við 18 ára aldurinn. Með því er tekið verulegt tillit til þeirra sjónarmiða sem ég hef áður rakið en því til viðbótar er hér verið að leggja það til að í allra grófustu tilvikunum, í alvarlegustu brotunum verði fyrningarfresturinn felldur niður, þ.e. að slík brot verða ófyrnanleg. Þetta mun mögulega í framkvæmd kalla á einhver tilvik þar sem farið verður fram á rannsókn og athugun með ákærumöguleika í gömlum málum en engu að síður telur nefndin rétt að gera þessa breytingu þrátt fyrir að einhverjir annmarkar kunni að fylgja því í framkvæmd og er vísað til þeirra sjónarmiða og raka sem ég hef þegar vitnað til.

Nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar ákvæði 2. gr. frumvarpsins sem rýmkar verulega ákvæði núgildandi 194. gr. almennra hegningarlaga um nauðgun og fellir einnig undir það ólögmæta kynferðisnauðung samkvæmt 195. gr. núgildandi laga og misneytingu samkvæmt 196. gr. þeirra. Nefndin fagnar því að með breytingunni verður minni áhersla lögð á ofbeldisþátt nauðgunar. Nefndin velti því hins vegar fyrir sér hvort það væri nægilega tryggt með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að sú háttsemi að notfæra sér aðstöðumun, sem hingað til hefði verið heimfærð undir 195. gr. laganna, væri refsiverð, þ.e. hvort hugtakið hótun næði fyllilega yfir það sem í réttarframkvæmd hefði verið talið felast í ólögmætri nauðung og hvort með breytingunum væri í raun verið að þrengja verknaðarlýsingu núgildandi ákvæða. Samkvæmt upplýsingum frá Ragnheiði Bragadóttur prófessor fellur háttsemi undir núgildandi 194. gr. ef beitt er ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að hafa kynmök. Undir núgildandi 195. gr. fellur aðferðin „annars konar ólögmæt nauðung“, þ.e. ef beitt er hótunum um eitthvað annað en ofbeldi til þess að koma fram kynmökum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sú háttsemi sem nú fellur undir 195. gr. sem ólögmæt kynferðisnauðung muni eftir samþykkt þess falla undir 194. gr. sem nauðgun. Í stað orðalagsins „ofbeldi eða hótun um

ofbeldi“ í núgildandi 194. gr. kemur „ofbeldi eða hótunum“ samkvæmt 2. gr. frumvarpsins og þar undir falla allar hótanir. Þau tilvik sem hingað til hafa verið dæmd sem brot gegn 195. gr. mætti kalla að notfæra sér aðstöðumun. Þó hefur alltaf orðið að felast einhvers konar hótun í því, ella hefðu brotin ekki verið felld undir 195. gr. Í nefndaráliti er vísað til bókar Jónatans Þórmundssonar sem ég ætla ekki að fara yfir. Með hliðsjón af meginreglunni um að refsiákvæði þurfi að vera skýr og til að taka af allan vafa í þessum efnum leggur nefndin engu að síður til þrátt fyrir framangreint að verknaðarlýsing 2. gr. frumvarpsins verði svofelld: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun ...“

Nefndin fagnar sérstaklega þeirri refsiþyngingarreglu sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins og verður að 195. gr. almennra hegningarlaga. Þar er lagt til að það verði virt til þyngingar refsingar fyrir brot gegn 194. gr. laganna ef þolandi nauðgunar samkvæmt henni er barn yngra en 18 ára, ef ofbeldi geranda er stórfellt og ef brot er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt.

Í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á ákvæði 197. gr. almennra hegningarlaga um refsiábyrgð starfsmanna á tilteknum stofnunum vegna samræðis eða annarra kynferðismaka við vistmenn á stofnununum. Nefndin ræddi sérstaklega hvort bæta þyrfti þjónustustofnunum fyrir fatlaða einstaklinga inn í upptalninguna, það að refsivernd ákvæðisins eins og það er sett fram í frumvarpinu einskorðaðist við vistmenn stofnana og tæki því t.d. ekki til andlega fatlaðs fólks sem starfaði daglangt á þjónustustofnunum, og einnig hvort meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga á vegum einkaaðila gætu fallið undir ákvæði greinarinnar. Nefndin bendir í þessu sambandi á að ákvæðið á fyrst og fremst við stofnanir þar sem menn vistast gegn vilja sínum eða þurfa á sérstakri umönnun að halda. Hvað varðar þær aðstæður þegar fatlað fólk er þjónustuþegar á sólarhringsstofnun eða heimili bendir nefndin á að það býr að vissu marki við aðrar aðstæður en það andlega fatlaða fólk sem getur þó sinnt vinnu að einhverju marki, t.d. á þjónustustofnunum. Refsivernd samkvæmt öðrum ákvæðum hegningarlaga tekur að sjálfsögðu til þess fólks eins og annarra. Að öðru leyti ætla ég að leyfa mér að vísa til nefndarálits varðandi þessa þætti frumvarpsins.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að í 199. gr. almennra hegningarlaga verði áskilið að hver sá sem gerist sekur um kynferðislega áreitni skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum. Með frumvarpinu er lagt til að skilgreining hugtaksins kynferðisleg áreitni verði rýmkuð þannig að það taki ekki eingöngu til líkamlegrar snertingar eins og verið hefur heldur einnig til einhliða athafna sem fela í sér stöðugt áreiti. Nefndarmenn ræddu í þessu sambandi um refsimörk ákvæðisins sem lagt er til í frumvarpinu og hvort eðlilegt mætti teljast að kynferðisleg áreitni samkvæmt greininni varðaði allt að 2 ára fangelsisrefsingu en brot gegn blygðunarsemi samkvæmt 209. gr. laganna varðaði sektum eða fangelsi allt að 4 árum. Nefndarmenn vörpuðu því fram hvort kynferðisleg áreitni yrði ekki að teljast alvarlegri háttsemi en brot gegn blygðunarsemi á borð við það þegar maður berar sig fyrir öðrum. Með hliðsjón af því að vægustu brot gegn 209. gr. varða 30 daga til 6 mánaða fangelsi eða sektum — hér er um að ræða svokölluð sérrefsimörk sem gilda ef brot er smávægilegt — sem eru vægari en refsimörk 7. gr. frumvarpsins telur nefndin að ekki sé þörf á því að svo komnu máli að breyta refsimörkum 199. gr.

Nefndin ræddi um ákvæði 8., 9. og 10. gr. frumvarpsins sem breyta refsilágmörkum 200., 201. og 202. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara er alltaf ákært fyrir það brot sem telst vera alvarlegast þegar um kynferðisbrot gegn börnum er að ræða. Því mun það ekki valda vandkvæðum í framkvæmd þótt refsiramminn í 202. gr. sé að einhverju leyti annar en fyrir brot gegn 200. og 201. gr. eins og segir í nefndaráliti.

Með hliðsjón af ábendingu frá ríkissaksóknara leggur nefndin til breytingu á ákvæði 9. gr. frumvarpsins sem breytir 201. gr. almennra hegningarlaga þannig að tryggt verði að hún taki til aðstæðna á borð við þær þegar stjúpafi brýtur gegn stjúpbarnabarni sínu. Þessi breyting er einkum lögð til með hliðsjón af því hversu fjölbreytt fjölskyldumynstur getur orðið eins og samfélagið hefur þróast að þessu leytinu til. Er því lögð til breyting í samræmi við þetta.

Nefndin ræddi svokallaðan kynferðislegan lágmarksaldur eða lögaldur sérstaklega. Skv. 202. gr. núgildandi hegningarlaga er hann 14 ár. Það kom hins vegar fram í umsögnum og máli gesta sem komu fyrir nefndina að almennt teldu menn 14 ár of lágan aldur í þessu sambandi. Svo ungt barn væri ekki fært til að ákveða sjálft hvort það hefði mök við lögráða einstakling eða ekki. Sá sem eldri væri hlyti að nota sér þann aðstöðumun sem fælist í auknum þroska og lífsreynslu, a.m.k. væri veruleg hætta á því. Þá vísaði Barnaverndarstofa til nýrrar rannsóknar sem sýndi að ungt fólk á Íslandi byrjaði seinna að lifa kynlífi en áður hefði verið talið og að meira en helmingur svarenda í rannsókninni vildi hækka kynferðislegan lágmarksaldur, einkum stúlkur. Barnaverndarstofa taldi að þetta mætti túlka sem ósk stúlkna um frekari vernd í þessum efnum. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og bendir jafnframt á að 15 ár eru algengt aldursviðmið í íslenskri löggjöf. Sakhæfisaldur er 15 ár, barn öðlast stöðu aðila í barnaverndarmáli 15 ára og í vinnulöggjöfinni er eitt meginviðmiðið varðandi vinnu barna 15 ár. Íslensk löggjöf sker sig í raun úr í þessum efnum, en víðast erlendis, t.d. á annars staðar á Norðurlöndum, er kynferðislegur lágmarksaldur miðaður við 15 eða 16 ár. Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til breytingu á ákvæði 10. gr. frumvarpsins sem breytir 202. gr. almennra hegningarlaga þess efnis að kynferðislegur lágmarksaldur verði framvegis miðaður við 15 ár í stað 14 ár eins og verið hefur. Tillögur lágu fyrir nefndinni um að færa viðmiðunarmörk þessi upp í allt að 16 ár en niðurstaðan er sú að stíga þetta skref að þessu sinni.

Í 12. gr. frumvarpsins er ákvæði 206. gr. almennra hegningarlaga sem fjallar um vændi breytt á þann veg að það að stunda vændi sér til framfærslu er gert refsilaust. Eftir stendur áskilnaður um að sá sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra skuli sæta fangelsi allt að 4 árum. Nefndin fagnar þessari breytingu og telur eðlilegt að stíga það skref að gera sölu á vændi refsilausa. Vændi er ein birtingarmynd kynferðisofbeldis og þeir sem það stunda

gera það að jafnaði af neyð. Miklar umræður spunnust meðal nefndarmanna um það með hvaða hætti taka ætti á vændi í hegningarlögum og gerðu sumir nefndarmanna fyrirvara við stuðning sinn við málið vegna þeirrar leiðar sem hér er farin. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til rökstuðnings fyrir breytingartillögunni eins og hann birtist í nefndarálitinu.

Við meðferð málsins barst nefndinni áskorun um að álykta um þörfina á því að dómstólar nýttu þann refsiramma sem fyrir hendi væri í nauðgunarmálum betur. Þetta sjónarmið fékk allnokkurn hljómgrunn í nefndinni og hjá mörgum gestum. Undanfarið hefur gætt tilhneigingar hjá dómstólum að þyngja refsingar í þessum málum og nefndin fagnar þeirri þróun. Um þetta atriði vil ég kannski segja að lokum að auðvitað er alltaf matsatriði hvora leiðina á að fara þegar verið er að senda þau skilaboð til dómstóla að menn vilji sjá þyngri refsingar, sérstaklega þegar dómstólar þiggja ekki að nýta refsirammann nema að mjög takmörkuðu leyti þá er um tvær leiðir að velja, þ.e. annars vegar að setja lágmarksrefsingu við viðkomandi brotum og hins vegar að hækka refsirammann, hækka hámarksrefsinguna og senda með því mjög skýr skilaboð um að þinginu þyki refsingar í viðkomandi málaflokki vera of vægar og að meginstefnu til er valið að fara þá leið. Þetta er ekki eina málið sem er dæmi um þetta því að við höfum á þinginu jafnframt verið að þyngja refsingar við brotum gegn opinberum starfsmönnum, þ.e. þeim sem hafa valdbeitingarheimild, lögreglumönnum og öðrum í svipaðri stöðu og ég tel að þetta sé mun skynsamlegri leið en ég legg engu að síður áherslu á það að með þessu máli er verið að senda mjög skýr skilaboð til dómstólanna um að það skuli taka harðar á brotum af þessu tagi, enda ber þingmálið það allt mjög skýrlega með sér.

Ég hef gert grein fyrir öllum helstu efnisatriðum þessa máls og tek það að lokum fram að nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir og liggja frammi á þskj. 1154.

Málið var afgreitt í fjarveru Sigurjóns Þórðarsonar og Guðjón Ólafur Jónsson gerði fyrirvara um stuðning sinn við nefndarálit þetta. Aðrir nefndarmenn styðja málið. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk álitinu með fyrirvara.

[16:25]

**Ágúst Ólafur Ágústsson:**

Frú forseti. Hér er verið að ræða breytingu á almennum hegningarlögum og eins og komið hefur fram hefur talsverð vinna verið lögð í þetta mál innan allsherjarnefndar þar sem vinnan hófst í raun í fyrra.

Í frumvarpinu eru heilmiklar réttarbætur og ég held að ástæða sé til að draga þær sérstaklega fram og fagna þeim. Það fyrsta sem ég vil nefna er það stóra skref sem öll allsherjarnefndin leggur til að verði tekið og það er sú leið að afnema fyrningarfrest í alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með þá þverpóliltísku samstöðu sem myndaðist í nefndinni um að taka þetta skref. Ég held að það væri farsælt ef við tækjum fleiri skref í þá átt að gera þennan málaflokk þverpólitískan. Ég vil leyfa mér að kalla þennan dag afskaplega stóran. Ég held að þetta séu ein þýðingarmestu lögin sem samþykkt munu verða á yfirstandandi þingi því að þau taka til mikilvægustu hagsmuna hvers einstaklings sem er eigin heilsa og rétturinn til að ná fram rétti sínum og upplifa réttlæti.

Ég lagði fyrst fram frumvarp um að afnema fyrningarfrest í kynferðisafbrotum gegn börnum fyrir fjórum árum. Þetta var fyrsta þingmál mitt á þinginu. Safnast hafa 23 þúsund undirskriftir til stuðnings frumvarpinu og fjöldi hagsmunaaðila hefur lýst yfir stuðningi við málið. Má þar nefna umboðsmann barna, Barnaverndarstofu, barnaverndarnefnd Reykjavíkur, stjórn Barnaheilla, Samtök um kvennaathvarf, Mannréttindaskrifstofu Íslands og nánast hverja einustu kvennahreyfingu í landinu. Það ber sérstaklega að þakka þessum aðilum og þeim einstaklingum sem barist hafa fyrir þeim réttarbótum sem við sjáum í frumvarpinu.

Það er mjög mikilvægt að þetta frumvarp taki tillit til þeirrar sérstöðu sem kynferðisafbrot gegn börnum hafa. Við vitum að einstaklingar sem verða fyrir barðinu á barnaníðingum sækja sér aðstoð og rétt sinn seint á lífsleiðinni. Samkvæmt tölfræði Stígamóta eru 40% þeirra sem leita til Stígamóta eldri en 30 ára en samkvæmt núgildandi lögum eru öll kynferðisafbrot gegn börnum fyrnd þegar einstaklingurinn er orðinn 29 ára.

Upprunalega frumvarpið gerði ráð fyrir fjögurra ára lengingu sem þýddi að þessi brot mundu fyrnast við 33 ára aldur þolandans en nú hefur náðst þverpólitísk samstaða innan nefndarinnar um að afnema fyrninguna í alvarlegustu brotunum sem lúta að börnum. Í því felast þau skilaboð að við viljum ekki láta barnaníðinga njóta þess aðstöðumunar sem þeir hafa gagnvart börnum hvað þetta varðar. Ef við höfum fyrningu í þessum málaflokki er enn hætta á að við upplifum það að sjá sýknu vegna kynferðisofbeldis gegn börnum. Það er því mjög stórt skref sem hér er verið að taka en í því sambandi ber að minnast að nú þegar eru til ófyrnanleg brot í íslenskri löggjöf. Má þar nefna mannrán, ítrekuð rán, landráð, manndráp o.s.frv. Það er mjög ánægjulegt að alvarleg kynferðisafbrot gegn börnum séu nú komin í flokk ófyrnanlegra brota. Ég held að hver einasti þingmaður geti fagnað þessari niðurstöðu en ég held að almenningur fagni henni sömuleiðis og ekki síst þeir einstaklingar sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi. Ég held að hagsmunahópar þessa málaflokks hvort sem það er Blátt áfram, Stígamót, Kvennaathvarfið, Femínistafélag Íslands eða önnur hafi líka ástæðu til að fagna. En ég vil líka nefna þá einstaklinga sem hafa komið fram í þessari umræðu og sagt sína sögu. Margir hverjir hafa lent í fyrningu. Ég held að þáttur þeirra til að ná fram þeim réttarbótum sem við erum að ná hér í dag skipti alveg gríðarlega miklu máli. Við skulum hafa það í huga að það þarf ótrúlegt hugrekki til að koma fram með sína sögu eftir að hafa verið beittur kynferðislegu ofbeldi.

Ég held að með því skrefi sem hér er verið að taka hafi réttarvernd barna í þessu þjóðfélagi verið stórlega aukin. Það er ótrúlega mikilvægt að einstaklingur sem beittur hefur verið kynferðislegu ofbeldi fái ekki þau skilaboð frá kerfinu að hann geti ekki leitað réttar síns vegna þess að tímafrestur sé runninn út. Þegar þetta frumvarp er orðið að

lögum munu þessir einstaklingar ekki búa við þá stöðu, þannig að enn og aftur fagna ég þeirri breytingu sem hér er lögð fram og þeirri þverpólitísku samstöðu sem hefur náðst.

Það er líka margt annað ánægjulegt í þessu frumvarpi svo sem breytingar á nauðgunarákvæðinu. Við erum í raun og veru að sameina þrjú nauðgunarákvæði í eitt. Margir hafa talað fyrir þessu og bent á þann galla í lögum að það telst t.d. ekki nauðgun ef einstaklingi sem er þroskaheftur eða rænulaus er nauðgað. Hér verður breyting á og það er afskaplega mikilvægt. Það er líka mjög mikilvægt að benda á að sú leið sem hér er farin dregur úr vægi verknaðaraðferðarinnar. Bent hefur verið á það í umræðunni að við ættum að draga úr vægi hennar því að verndarhagsmunirnir séu í aðalhlutverki. Nauðgun er brot gegn kynfrelsi og það þarf að setja í öndvegi. Hins vegar er sú leið sem hér er farin til batnaðar og mun bæta þetta umhverfi til muna að mínu mati.

Það er líka ánægjulegt að meiri hluti allsherjarnefndar hefur bætt við sem hluta á skilgreiningu á nauðgun hugtakinu „ólögmæt nauðung". Þetta er m.a. það sem ríkissaksóknari benti á að þyrfti helst að bæta inn í ljósi þess að það þyrfti að vera alveg tryggt að það næði yfir þá verknaði sem nauðganir eru.

Varðandi vændishluta hefur ekki náðst samkomulag um að lögfesta sænsku leiðina. Við höfum ítrekað talað fyrir því að hana beri að fara og við munum halda áfram að berjast fyrir henni. Þegar minnst er á sænsku leiðina komumst við ekki hjá því og er fullkomlega rétt að minnast á baráttu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur fyrir þeirri leið. Hún hefur staðið mjög framarlega í ýmsum réttarbótum hvað þetta varðar og ég veit að barátta hennar fyrir því að lögfesta sænsku leiðina heldur áfram. Í þessu samhengi má einnig nefna önnur baráttumál sem hún hefur dregið fram á yfirstandandi þingi eins og svokallaða austurríska leið o.s.frv. og ég hlakka til að verða samferða henni í þeirri baráttu.

Allsherjarnefnd leggur til hækkun á kynferðislegum lágmarksaldri. Þetta er mikilvægt skref. Við erum að hækka hann úr 14 árum í 15. Danir eru með 15 ára viðmið, Svíar með 15, Bretar með 16 þannig við erum að nálgast hin Norðurlöndin hvað þetta varðar. Þessi breyting mun sömuleiðis hafa mjög praktíska breytingu samkvæmt því fólki sem starfar á þessu sviði.

Loks vil ég draga fram að verið er að þyngja refsingar fyrir kynferðisafbrot gegn börnum til muna og í fyrsta skipti erum við að setja lágmarksrefsingu fyrir kynferðisafbrot gegn börnum. Við erum að samræma refsingar fyrir kynferðislega misnotkun á börnum og refsingar fyrir nauðgun. Samkvæmt núgildandi lögum er hámarksrefsing fyrir kynferðislega misnotkun á barni 12 ár en fyrir nauðgun á fullorðnum einstaklingi frá einu ári upp í 16. Það er sérstaklega ánægjulegt að í þessu frumvarpi er tekið það skref að samræma þarna á milli þannig að þetta mun án efa hafa þær jákvæðu afleiðingar að við munum sjá réttlátari dóma fyrir kynferðisafbrot gegn börnum.

*Ég vil einnig draga fram að lagabreytingar eru ekki allt.* Við þurfum að hafa hugann við félagsleg úrræði. Við þurfum að huga að fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk, kennara og börnin sjálf. Allar stéttir og hagsmunaaðilar þurfa að standa saman til að ná tökum á þessum vanda, ná tökum á því ofbeldi sem því miður viðgengst í samfélagi okkar eins og öllum öðrum samfélögum.

Að lokum vil ég segja að ég tel þetta mjög góðan dag því að allir eru sammála í þessum sal að ég tel um þær góðu réttarbætur sem hér er verið að lögfesta og ég held að við munum öll hér inni halda áfram að berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Ég vil kalla þennan dag dag réttlætis og ég er mjög stoltur af því skrefi sem þjóðþingið mun taka hér í dag.

[16:33]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hans góðu orð í tengslum við málið og jafnframt vil ég nota tækifærið og þakka nefndarmönnum í allsherjarnefnd fyrir mjög gott samstarf. Það skal segjast alveg eins og er að þetta var langviðamesta málið sem við höfðum til umfjöllunar í nefndinni í vetur og skyldi engan undra þegar fyrir nefndinni liggur þetta 50 síðna frumvarp.

Ég vil ítreka aftur þakkir mínar til Ragnheiðar Bragadóttur sem aðstoðaði nefndina við að greina einstök lögfræðileg álitaefni sem tengjast þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér. Ragnheiður kom einnig, eins og ég gat um áðan, okkur til aðstoðar við að greina ábendingar umsagnaraðila. Þetta hefur verið heilmikil vinna sem hefur m.a. byggst á góðu samstarfi við hana en ekki síður í nefndinni.

Ég vil geta þess jafnframt að fyrir nefndinni lágu ýmis önnur mál sem eiga ýmist beina eða óbeina skörun við það mál sem hér er til umfjöllunar og þá ýmist kynferðisbrotakaflann beint eða óbeint eða önnur ákvæði hegningarlaganna með einum eða öðrum hætti.

Ég vil geta þess að í tengslum við afgreiðslu málsins varð nefndin sammála um það að frumvarp sem lá fyrir þinginu um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, svokallað brottvísunar- og heimsóknarbannsmál sem oft er kennt við hina austurrísku leið, yrði tekið til umfjöllunar í nefndinni. Nefndin varð ásátt um það í tengslum við afgreiðslu þess máls sem við fjöllum um að beina því til ríkisstjórnarinnar að kanna hvort rétt væri að fara þá leið að íslenskum lögum. Jafnframt varð nefndin sammála um það að annað þingmál sem fjallar um Evrópuráðssamninginn um fórnarlamba- og vitnavernd yrði sent til ríkisstjórnar til frekari skoðunar. Það mál snýst um að fullgilda þann samning og taka til skoðunar með hvaða hætti það verður best gert að íslenskum lögum. Í því tiltekna frumvarpi er í sama efni gengið ívið lengra en samningurinn áskilur og það fer þá til skoðunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar með hvaða hætti heppilegast þykir að innleiða þann samning. Þetta eru sem sagt í heildina gríðarlega umfangsmikil og stór mál. Við höfum jafnframt afgreitt út úr nefndinni frumvarp sem fjallar um aðgerðir gegn mansali.

Ég vil segja að bæði hjá einstökum þingmönnum á hinu háa Alþingi og ekki síður fyrir frumkvæði dómsmálaráðuneytisins *er búin að fara fram gríðarlega mikil skoðun og* vinna í þeim málaflokkum sem undir ráðuneytið heyra. Við höfum verið með mörg mikilvæg framfaramál til skoðunar á kjörtímabilinu og mér finnst það mikið fagnaðarefni að við skulum hafa náð saman um þær breytingar sem er að

finna í frumvarpinu.

Ég ítreka það sem fram kom í fyrra máli mínu að auðvitað eru efnisatriði í málinu sem menn þekkja sem fylgst hafa með frumvarpinu sem flokkarnir hafa ekki verið að fullu einhuga um. Ég get nefnt til að mynda fyrningar kynferðisbrota og auðvitað ekki síður það hvernig við eigum að taka á vændismálum. Menn þekkja það sem fylgst hafa með þeirri umræðu að það hafa bæði legið frammi þingmál um að fara hina svokölluðu sænsku leið og jafnframt hefur dómsmálaráðherra sett á laggirnar sérstaka nefnd til að skoða það hvaða aðgerðum við ættum helst að beita til þess að berjast gegn vændi. Það var gert á kjörtímabilinu og sú nefnd skilaði af sér. Eftir alla þessa umræðu kom frumvarpið með þeim tillögum sem þar er að finna og eins og ég gat um áðan er greinargerðin með málinu sérstaklega ítarleg. Þegar við skoðum til að mynda vændiskaflann í frumvarpinu eru dregnir fram í umræðuna allir helstu kostir og gallar þess að fara þá leið sem hér er valin. Jafnframt eru kostir og gallar sænsku leiðarinnar teknir til umfjöllunar. Allt er þetta vegið og metið og í frumvarpinu er lögð til ákveðin leið sem nefndin afgreiddi frá sér með þeim hætti sem nú liggur fyrir í nefndarálitinu. Ekki eru allir e.t.v. á eitt sáttir en í þeim tilgangi að koma málinu í heild sinni áfram tókst samkomulag í nefndinni sem ég tel að sé afskaplega mikilvægt.

[16:39]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Vissulega má taka undir það að það sé ákveðinn áfangasigur þegar málið var afgreitt frá nefndinni með þeim breytingartillögum sem við það hafa verið gerðar og með þeim ákvæðum sem horfa til framfara. Það var ekki sársaukalaust að ná því samkomulagi sem hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði frá í ræðu sinni því eins og glöggir áhugamenn um þingstörf hafa tekið eftir hefur breytingartillaga minni hlutans, sem dreift var á þskj. 1206, verið dregin til baka, en hluti af þeirri breytingartillögu var breytingartillaga sem á rætur sínar að rekja til vændisfrumvarpsins svokallaða, þ.e. breytingartillaga sem gerir ráð fyrir því að sá sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skuli sæta sektum eða fangelsi, allt að einu ári. Sú tillaga hefur nú verið dregin til baka en í staðinn náðist samkomulag um að setja inn breytingartillögu sameiginlega frá allri nefndinni um það að fyrningarfresturinn í allra alvarlegustu málunum, ofbeldismálum gegn börnum, félli niður. Því ber að fagna.

Eins og ég segi, það samkomulag var knúið fram með vilja meiri hluta nefndarinnar. Ég er ekki alls kostar sátt við þessar málalyktir, hefði kosið að tillagan sem gerir kaup á vændi refsivert fengi að ganga til atkvæða en hafði ekki stuðning fyrir því sjónarmiði mínu í nefndinni. Það verður því að bíða betri tíma að sú tillaga komi til afgreiðslu en ég er algerlega sannfærð um að fylgi við þá tillögu hefur aukist verulega á þeim árum sem ég hef flutt hana hér og á þeim tíma sem kvennasamtök á Íslandi hafa barist fyrir því að þessi leið yrði farin. Við höfum í fórum okkar áskorun til alþingismanna frá 14 kvennahreyfingum á Íslandi sem skora á okkur að hvetja til þess að þessi leið verði farin, þ.e. að ábyrgðin af vændinu sé sett á herðar þeim sem ber ábyrgðina, á herðar þeim sem býr til eftirspurnina, á herðar kúnnanum sem kaupir vændiskonuna. Þetta er mannréttindamál í mínum huga. Mér finnst rétt að benda fólki á að veruleikinn sem við horfum á í vændismálum á Íslandi er fréttaefni á síðum blaðanna í dag.

Krónikan, nýtt vikutímarit, er með stóra og mikla úttekt á vændi á Íslandi. Hún segir það skipulagt og hún segir það útbreitt og það er athyglisvert þegar málið er skoðað að þau rök sem við höfum fært fram, sem höfum verið að berjast fyrir hinni sænsku leið, þ.e. að ekki sé unnt að gera neinn greinarmun á vændi annars vegar og mansali hins vegar, eru algerlega staðfest í úttekt blaðsins. Aldrei verður dregin nein vitræn lína á milli vændis og mansals. Þess vegna er það svo að vilji þingmenn á Alþingi Íslendinga og ríkisstjórnin í alvöru berjast gegn mansali, eins og menn segja í orði kveðnu, þá verða menn að leggja til atlögu við vændið. Til þess er til ákveðin aðferð sem hefur reynst öflug í Svíþjóð og tregðan við að innleiða hana hér er mér áhyggjuefni. Ég lýsi yfir því að baráttan fyrir því að hún nái fram að ganga er ekki búin, henni er ekki lokið, ekki á meðan við lesum um það að á Íslandi starfi klúbbar sem þyki með því allra harðasta í vændisheiminum í dag og vitað sé til þess að kynlífsathafnir séu teknar upp á myndbönd og oftar en ekki séu fíkniefni höfð þar um hönd. Einn viðmælandi Krónikunnar, sem þekkir til þessa heims, segir að stundum sé stofnað til klúbbanna í kringum eina eða tvær vændiskonur, oftast erlendar, sem komi hingað til lands í stuttan tíma í senn og þá í boði þess sem heldur utan um rekstur klúbbsins. Reglulega komi svo nýjar vændiskonur og er þá boðað til nýrrar samkomu klúbbmeðlima.

Hæstv. forseti. Ef þetta er ekki mansal þá má ég hundur heita. Hér er lýst mansali í miðbæ Reykjavíkurborgar. Við sem höfum tök á því að reisa lagaskorður við því að þetta haldi áfram hlaupum undan sem gungur værum. Það er mjög miður. En eins og ég segi, baráttunni er ekki lokið. Vændisheimurinn á Íslandi — ég veit ekki hvort ég á að segja að hann hafi fengið byr undir báða vængi, það er kannski ekki rétt eða gott að nota það hugtak — fer vaxandi, hætturnar í honum aukast, hann verður viðbjóðslegri með hverjum deginum sem líður og ábyrgðin á því að skyggnast inn í þennan heim og uppræta það sem þar fer fram er á okkar herðum.

Hæstv. forseti. Ég viðurkenni og tek undir að málið hefur verið nokkuð vel unnið í nefndinni, og ekki bara nokkuð vel, það hefur tekið langan tíma og hefur verið afar vel unnið í nefndinni. Þó að ég sé ekki sátt við hv. formann allsherjarnefndar akkúrat núna á lokasprettinum hef ég verið mjög sátt við vinnuna og vinnulagið í nefndinni sem hefur verið vandað. Mjög vel hefur verið farið ofan í hvert einasta atriði sem hefur valdið hugarangri eða áhyggjum og tilefni hefur verið til að skoða vel. Þess vegna vil ég líka meina að tilefni sé til langrar umræðu og lýsi því yfir að mér sýnist óviðunandi að við þingmenn, sem erum kosin lýðræðislegri kosningu til að standa vörð um ákveðnar hugsjónir og ákveðin sjónarmið, skulum æ ofan í æ vera rekin inn í þá kró að geta ekki talað um okkar hjartans mál með eðlilegum hætti vegna þess að hv. meiri hluti á Alþingi kýs að láta megnið af málunum bíða til síðustu tveggja daganna og gubba þeim svo hér í gegn í afar óvandaðri vinnu. Þetta er ekki líðandi og skömm að því að svona skuli gerast ár

eftir ár eftir ár. Ég lít svo á að við eigum að fá notið okkar lýðræðislega réttar til að ræða þau mál sem okkur liggja á hjarta en eins og ég segi, hér verð ég að stytta mál mitt mjög í ljósi þess sem liggur fyrir með samningi um að þinghaldi skuli ljúka í dag.

Ég fagna þeirri rýmkun sem verið er að leggja til í frumvarpinu, sérstaklega varðandi 2. mgr. 2. gr., þ.e. að það skuli einnig teljast nauðgun og varða við sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. greinarinnar að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til að hafa við hann samræði eða kynferðismök eða ef þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Þetta er gríðarleg bót.

Ég þakka sömuleiðis fyrir og fagna því að fyrningarfresturinn í alvarlegustu brotunum gegn börnum skuli vera afnuminn og að þau brot fyrnist ekki. Ég fagna hækkuðum lögaldri og tek undir það sem hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði í máli sínu þegar hann skýrði þá breytingu. Ég fagna því að fellt skuli niður refsinæmi þess að stunda vændi sér til framfærslu. Þó tel ég að með því að gera það einhliða og innleiða ekki um leið ábyrgð kaupandans séum við að skapa okkur ákveðna hættu. Ég held að úr því að refsinæmi fyrir vændi liggur nú hvergi, hvorki hjá þeim sem selur sig né hjá þeim sem kaupir, heldur eingöngu hjá millilið ef um millilið er að ræða, séum við að skapa ákveðna hættu á því að erfitt verði að leiða til lykta fyrir dómi mál af því tagi þar sem hvorugur aðilinn er að baka sér sök.

Réttarvernd kynfrelsis er ekki tryggð, virðulegi forseti, með lögunum og það finnst mér vera mesta áhyggjuefnið. Ég talaði fyrir því í nefndinni að við skoðuðum ofan í kjölinn greinar og tillögur sem komið hafa fram frá hæstaréttarlögmanninum Atla Gíslasyni, varaþingmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem hefur skrifað nokkuð margar og efnismiklar greinar um kynfrelsi og hefur stutt mál sitt afar góðum rökum. Hann telur að þar sem við séum í 1. mgr. 194. gr. að leggja svona mikla áherslu á verknaðaraðferðina sé verið að gera of lítið úr varanlegum andlegum afleiðingum nauðgana, þær skipti minna máli fyrir vikið. Atli Gíslason segir í grein sem hann skrifar í Morgunblaðið þann 19. febrúar 2006, með leyfi forseta:

„Er efnisleg breyting hvað verknaðaraðferðina varðar næsta lítil frá gildandi nauðgunarákvæði. Er það reyndar staðfest í efnismikilli greinargerð með frumvarpinu þar sem meðal annars er tekið fram að eldri dómar í nauðgunarmálum hafi áfram fordæmisgildi varðandi refsinæmi háttseminnar. Það vekur athygli að í greinargerðinni er engu að síður staðhæft að með frumvarpinu sé dregið úr núgildandi áherslu á verknaðaraðferðir og meginákersla lögð á að með nauðgun fari fram kynmök án samþykkis."

Hæstv. forseti. Það væri tilefni til að fara betur ofan í rökstuðning og röksemdafærslu Atla Gíslasonar varðandi þessa þætti. Hann rekur í greininni tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 3. maí 2002 um varnir gegn ofbeldi sem beinist gegn konum en þar er mælst til þess að hvers kyns kynferðisleg háttsemi gagnvart konu sem ekki er samþykk henni skuli verða refsiverð og einnig þótt þolandinn berjist ekki á móti. Sú regla er lögfest í ýmsum engilsaxneskum ríkjum, svo sem á Englandi og Írlandi. Í ljósi þessara tilmæla og grunnhugsunar að baki mannréttindaákvæðinu um friðhelgi einkalífs telur Atli Gíslason að frumvarp dómsmálaráðherra fullnægi ekki þeim skuldbindingum ríkisins að tryggja friðhelgi kvenna til líkama og sálarlífs, að kynferðislegur sjálfsákvörðunarréttur þeirra verði virtur í reynd.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég reyndi að fá gesti nefndarinnar til að ræða rök Atla Gíslasonar og okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu tiltekna máli. Ég fann það mjög fljótt að bæði dómskerfið, refsiréttarnefnd, laganefnd Lögmannafélagsins og fleiri sem um þetta atriði voru spurð voru ekki komin það langt í umræðunni, eða ekki búin að opna það mikið á röksemdafærsluna sem að baki liggur, að ég teldi umhverfið sem á að starfa eftir þessum lögum vera orðið nægilega þroskað til þess að taka við breytingu af því tagi sem ég hefði viljað leggja hér til til þess að réttarvernd kynfrelsis yrði tryggð með þessum lögum. Ég stend því að frumvarpinu og breytingunni á 194. gr. laganna þó að ég hefði viljað fara öðruvísi að og ganga þar lengra til móts við þær hugmyndir sem Atli Gíslason hefur kynnt og lagt fram. Sem sagt, ég tel mikilvægt að við höldum áfram að vinna að því að réttarvernd kynfrelsis verði leidd í lög á Íslandi.

Undir það tekur fjöldi umsagnaraðila. Ég nefni sem dæmi umsögn frá UNIFEM á Íslandi þar sem því er fagnað að minni krafa skuli gerð á ofbeldisþætti nauðgunar með því að nú hafi „hótun" komið í stað „hótun um ofbeldi". UNIFEM telur þó æskilegra að skilyrða ekki nauðgunarhugtakið á þann hátt sem hér er gert. Nauðgunarhugtakið sé enn tengt við verknaðinn, þ.e. ofbeldi eða hótun. Orðið nauðgun ætti ekki að þurfa að skilgreina frekar, samanber orðið þjófnaður eða orðið vændi sem standi sannarlega ein og sér án frekari skilgreiningar í núgildandi löggjöf.

Þetta var tilvitnun í umsögn UNIFEM á Íslandi sem send var okkur nefndinni meðan við fjölluðum um málið.

Hæstv. forseti. Í lok máls míns langar mig aðeins til að fara örfáum fleiri orðum um það sem ég tel að heyri til okkar friðar varðandi baráttuna gegn mansali sem við höfum tekið þátt í í orði kveðnu, baráttu sem ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa háð á þessum vettvangi. Á vettvangi Norðurlandaráðs hefur það aftur og aftur komið fram, og verið undirstrikað í samþykktum Norðurlandaráðs, að það sem skortir fyrst og fremst hjá ríkisstjórnum Norðurlandanna í þessum efnum séu í sjálfu sér ekki alþjóðlegir samningar því þeir eru til staðar. Öll þessi ríki hafa fullgilt þá eða öllu heldur flest því ekki höfum við fullgilt Palermo-samninginn enn eins og kom í ljós í máli hv. þm. Bjarna Benediktssonar áðan. Það sem skortir til að við getum borið höfuðið hátt, allar Norðurlandaþjóðirnar, í þessum efnum er fjármagn og pólitískur vilji, segja samþykktir og ábendingar frá Norðurlandaráði aftur og aftur. Ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa reynt að standa upp og reka af sér þetta slyðruorð. Ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs, Finnlands og ég held Svíþjóðar líka hafa allar gefið út aðgerðaráætlanir gegn mansali og ég veit að Danir eru a.m.k. komnir með áætlun nr. tvö í gildi en í dönsku áætluninni, sem gilt hefur frá 2003–2006, voru lagðar á ári hverju á þessu þriggja ára tímabili 10 millj. danskar krónur í baráttuna gegn mansali.

Ég spyr hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, í fyrirspurnatíma á Alþingi Íslendinga fyrir skemmstu, hvort

við ætlum ekki að fara að gera einhverja aðgerðaráætlun í þessum efnum. Þann 24. janúar 2006 svarar hann fyrirspurnum mínum á þann hátt að hann hafi sem ráðherra frekar látið verkin tala en sitja við að semja áætlanir. Hann tiltekur þau verk sem hann er stoltastur af í þessum efnum og telur að hann sé að vinna í þágu baráttunnar gegn mansali en það eru breytingarnar á lögreglulögunum og upptaka greiningardeilda og annarra slíkra þátta. Ég vil leyfa mér að gagnrýna hvernig hæstv. dómsmálaráðherra hefur staðið að þessum málum, hversu linur hann hefur verið í að fylgja fordæmi Norðurlandaþjóða. Hann segir í umræðum við mig á þinginu 24. janúar að hann telji mikilvægara að kröftum ráðuneytisins verði varið til að vinna að slíkum umbótamálum frekar en að setjast niður og semja einhverjar áætlanir. Hann segir að ef hann ætti að setjast niður og semja áætlanir í staðinn fyrir að beita sér fyrir því sem hann hefur gert á þessu sviði væri ástandið ekki eins gott og raun ber vitni. Ég vil þá benda hæstv. ráðherra á að skoða Krónikuna og lesa sér til um alvarleika þess sem er að gerast í miðbæ Reykjavíkurborgar í skjóli nætur.

Hæstv. forseti. Liðið hefur á tíma minn og þingmenn eru farnir að ókyrrast vegna þess að hér á að vera atkvæðagreiðsla kl. 5. Ég vil að lokum taka fram að ég hefði viljað að málinu hefði lyktað öðruvísi en því er að lykta. Ég harma að ekki skyldi hafa náðst samkomulag um að setja breytingartillögu okkar minni hluta allsherjarnefndar í atkvæðagreiðslu á þinginu til að kanna hversu mikið fylgi er við þá tillögu. En ég sit uppi með það. Ég sit uppi með þann harm í brjósti. Ég hef einnig tekið þá ákvörðun að halda áfram að berjast fyrir þessum málum á þessum vettvangi sem öðrum hér eftir sem hingað til.

[16:57]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einungis örstutt athugasemd. Ég ætla ekki að fara í mikla umræðu um vændismálin en í tilefni af því að hv. þingmaður lét þess getið að refsinæmið vegna vændis lægi í raun og veru hvergi þá hlýt ég að þurfa að benda sérstaklega á 12. gr. frumvarpsins sem tekur á vændismálunum en þó ekki með þeim hætti sem hv. þingmanni þóknast best. Í samhengi við þá blaðagrein sem hv. þingmaður tók til sem dæmi um vændi sem ætti sér stað á Íslandi þá er tilvitnaðri lagagrein, 12. gr. frumvarpsins, sérstaklega beint gegn slíkri milligöngu um vændi í raun og veru. Jafnframt er ákvæði frumvarpsins um bann gegn opinberri auglýsingu ætlað að taka á bæði kaupanda- og seljendahliðinni. Þannig skiptir það ekki máli hvar auglýsing birtist og hvort hún stafar frá þeim sem býður fram vændið, sækist eftir vændinu eða hefur milligöngu um birtingu vændisins. Allt er þetta refsivert. Ég vek athygli á þessu í tilefni af orðum hv. þingmanns um að hvergi sé tekið á refsinæmi vændis í frumvarpinu.

[16:58]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Refsinæmið hvílir á milliliðnum eins og kom fram í máli hv. þingmanns. Það hvílir ekki á kaupandanum og það hvílir ekki á seljandanum. Ég er afar sátt við að þeir og þær sem leiðast út í vændi skuli ekki þurfa að sitja undir því að íslensk lög telji að þau fari með sök að lögum. Það er bráðnauðsynleg réttarbót og henni fagnaði ég í ræðu minni. En ég tel brýnt að í staðinn verði refsinæmið sett á herðar þess sem kaupir, þess sem býr til eftirspurnina, því það eru ekki alltaf milliliðir. Sannleikurinn er sá að það eru karlarnir sem í krafti stöðu sinnar og peninga hafa val en ekki þeir eða þær sem leiðast út í vændi og ábyrgðin á að vera á herðum þess sterka, þess sem hefur valið til að kaupa ekki aðgang að líkama annars fólks. Það er þetta sem ég gagnrýni.

[16:59]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd af þessu tilefni. Ég veit að við hv. þingmaður verðum seint sammála einmitt um þetta en ég vek athygli á því að sænska leiðin, sú leið sem hv. þingmaður vill að verði farin hér á landi, er tekin til rækilegrar skoðunar í þessu þingmáli. Það er ekki eins og skautað hafi verið fram hjá þeim álitaefnum sem hún hefur rakið í máli sínu en niðurstaðan í frumvarpinu er sú að nauðsynlegt sé að gera frekari rannsóknir á vændi áður en lagabreyting í samræmi við það sem gert er í Svíþjóð verður innleidd á Íslandi. Það kemur líka fram í frumvarpinu, og ég vil taka undir það sem þar segir, að önnur úrræði eru til og væntanlega mun áhrifaríkari til að draga úr vændi en að refsa kaupendum þess. Það er kjarni málsins. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir þegar við ræðum um sænsku leiðina er fyrst og fremst þessi: Er sú breyting á lögum, að gera kaupin refsiverð, betri en aðrar leiðir sem við getum mögulega farið til að draga úr vændi?

[17:01]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þingmanni að þetta er spurningin sem við stöndum frammi fyrir og ég veit að við erum ósammála um hana. En ég finn samt sem áður, eins og ég sagði í ræðu minni, á öllum mínum beinum að fylgi við umræddа aðferð er þó að aukast.

Ég er sannfærð um að við eigum eftir að koma til fylgis við þessa leið, (**RG:** Breytum þessu í næstu ríkisstjórn.) Breytum þessu í næstu ríkisstjórn, segir hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og ég tek náttúrlega undir það.

Auðvitað er ég sammála hv. þingmanni að það hefur ekki verið skautað fram hjá röksemdafærslunni. Við tókum umræðuna um þetta í fyrra og við tókum hana aftur núna í vetur. Við höfum farið í gegnum það aftur og aftur í nefndinni hver rökin eru með og hver rökin eru á móti. Því sem ég andmæli hins vegar hér er að ekki skuli vera sá dugur í hv. þingmönnum, meiri hluta allsherjarnefndar, að senda þessa tillögu hingað inn í Alþingi og leyfa þingheimi að greiða um hana atkvæði. Það er það sem við ættum að fá að gera hér.

Varðandi síðan hitt sem ég vil kalla skinhelgisákvæði meiri hlutans, þ.e. að bannað er að auglýsa blíðu sína. Það er bannað að auglýsa vændi. Við horfum á að það grasserar vændi í Reykjavík, hérna handan við Austurvöllinn. Við lesum um það í Krónikunni, góða úttekt á málinu, og það eina sem við höfum til málanna að leggja er: Það má ekki auglýsa. Mér finnst þetta ekki nógu gott. Við erum ekki

nægilega ábyrg þegar við getum ekki tekið betur á málunum en þetta.

[17:02]

**Valdimar L. Friðriksson:**

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju með frumvarpið og sérstaklega breytingartillögurnar og þakka hv. allsherjarnefnd fyrir. Til að stytta mál mitt þá lýsi ég yfir stuðningi við ræðu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar.

[17:03]

**Útbýting:**

Almenn hegningarlög o.fl., 39. mál, nál. allshn., þskj. 1338.

[17:03]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Með þessu frumvarpi á að vera bannað að auglýsa vændi. Ég spyr: Er ekki bannað að auglýsa bjór?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þingsköp Alþingis, 1. umr.*

Frv. SP o.fl., 706. mál. — Þskj. 1235.

[17:04]

**Flm. (Sólveig Pétursdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Frumvarp þetta er niðurstaða starfs sem hefur farið fram að undanförnu á vegum forseta og formanna þingflokka.

Upphafið má rekja til þess að þegar eftir breytingar á þingsköpum 1991, í kjölfar þess að deildir þingsins voru afnumdar, var ákveðið að stefna að endurskoðun þingskapanna þegar nokkur reynsla hefði fengist af þeim í einni málstofu. Hefur því verið safnað saman á undanförum árum ýmsum atriðum sem hafa þyrfti hliðsjón af þegar til endurskoðunarstarfsins kæmi og ýmist þyrfti að hafa skýrari eða breyta.

Á fundum mínum með formönnum þingflokkanna voru fleiri atriði þingskapanna til umræðu en hreyft er við í þessu frumvarpi, þar á meðal um ræðutíma, nefndaskipan og fleira, atriði sem miklu máli skipta um störf þingsins. En þar er hins vegar ágreiningur uppi og því eru þau atriði lögð til hliðar að þessu sinni. Í þessu frumvarpi því eingöngu lagðar til tæknilegar breytingar og breytingar sem samkomulag er um milli þingflokksformanna sem undirbjuggu málin með forseta.

Ég skal ekki leyna því að ég hefði kosið róttækari breytingar en eru í frumvarpinu í þá átt sem ég hef gert að umtalsefni nokkrum sinnum í ræðum hér á þinginu. Ég geri mér grein fyrir að samkomulag um þau atriði væri ekki í augsýn á þessu þingi. En ég legg áherslu á að áfram verði unnið að endurskoðun á starfsháttum þingsins en það kemur þá í hlut þess þings sem kosið verður í næstu kosningum að taka á því máli. Ég tel brýnt að þar leggist allir á eitt, stjórnarmeirihlutinn, hverjir sem hann skipa, stjórnarandstaðan og líka ríkisstjórnin.

Markmið okkar á að vera að bæta starfshætti hér á þinginu og treysta stöðu Alþingis og virðingu meðal þjóðarinnar. Ég vil geta þess sérstaklega að rætt var í hópi okkar flutningsmanna um starfstíma Alþingis og þær hugmyndir sem fram hafa komið hér í þinginu, m.a. á þingskjölum, um að lengja hann. Samstaða varð ekki um annan þingsetningardag að hausti en nú er, t.d. að flýta honum og hann yrði um miðjan september, en áfram verður kannað hvort lengja megi starfstíma þingsins með öðrum hætti.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um efnisatriði frumvarpsins. Með því eru ágætar skýringar á einstökum ákvæðum. Eins og málið er vaxið og það er samkomulagsmál milli þingflokkanna og efni þess er kunnugt þingmönnum legg ég ekki til að málið fari til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Bókmenntasjóður, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 513. mál (heildarlög). — Þskj. 776, nál. 1237, brtt. 1238.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:09]

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1238,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1238,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

## *Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 519, nál. 1030 og 1041.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:11]

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

2 þm. (JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, SigurjÞ, ÞKG) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK,

GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

2 þm. (JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, SigurjÞ, SJS, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

### *Námsgögn, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 511. mál (heildarlög). — Þskj. 772, nál. 1065, brtt. 1066.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:11]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1066 samþ. með 53 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

8.–10. gr. og ákv. til brb. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

### *Æskulýðslög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 409. mál (heildarlög). — Þskj. 460, nál. 1074 og 1315, brtt. 1075 og 1160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:13]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖS.

3 þm. (KolH, KLM, MÁ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, JÁ, SigurjÞ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

2.–9. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS.

21 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, KLM, SigurjÞ, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1160,1 felld með 27:24 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

12 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, EBS, GuðjG, GÁ, HBl, SigurjÞ, VF, ÞKG) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS.

21 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, KLM, SigurjÞ, ÞKG) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

22 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, KLM, MÞH, SigurjÞ, VF, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1160,2 felld með 27:24 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

12 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, EBS, GuðjG, GÁ, HBl, SigurjÞ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1075 samþ. með 52 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb.

16 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, LB, MF, MÁ, RG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, KLM, SigurjÞ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

13.–14. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS,

HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb.

19 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, SigurjÞ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

### *Málefni aldraða, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 560. mál (vistunarmatsnefndir). — Þskj. 835, nál. 1046.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:18]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

### *Heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 272. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 1117, brtt. 1118 og 1317.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:19]

**Þuríður Backman** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við greiðum atkvæði um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu. Með frumvarpinu er settur rammi um stjórnsýslu heilbrigðisþjónustunnar og ætti frumvarpið að bera nafn samkvæmt því. Að undirbúningi frumvarpsins hafa margir komið, og við afgreiðslu heilbrigðis- og tryggingarnefndar var málið sent út til fjölda félaga og hagsmunaaðila, og bárust nefndinni umsagnir og athugasemdir við flestar greinar frumvarpsins.

Nefndin fór vandlega yfir umsagnirnar og var góð samvinna allra í nefndinni við yfirferð og lagfæringar á frumvarpstextanum. Í frumvarpinu er vald ráðherra mikið en nær öllum ákvæðum um sjálfa þjónustuna er vísað í reglugerðir sem ráðherra setur. Þar til viðbótar er sjálf stefnumörkun heilbrigðisþjónustunnar einnig í höndum ráðherra, ekki einu sinni vísað til heilbrigðisáætlunar sem Alþingi samþykkir á hverjum tíma. Það fer því eftir pólitískum áherslum hvers ráðherra að ákveða hvort um miðstýringu eða valddreifingu verður að ræða í heilbrigðisþjónustunni. Það fer einnig eftir hverjum og einum heilbrigðisráðherra hvort rannsóknir og þróunarstarf verður eflt innan hverrar stofnunar og þar með lagður grunnur að nýbreytni, markvissari þjónustu og síðast en ekki síst góðri þjónustu við skjólstæðinga hverrar stofnunar eða hvort stuðlað sé að enn frekari einkavæðingu í allri heilbrigðisþjónustunni en með frumvarpinu er greinilega orðið við kröfum ýmissa aðila um einkarekstur á heilbrigðissviði eða hvort stefna eigi að stærri þjónustueiningum og stofnunum til að ná fram hagræðingu í rekstri.

Margir jákvæðir þættir eru í frumvarpinu og þá vil ég helst nefna að kveðið er á um að heilsugæslan verði fyrsti viðkomustaður, að heimild á vistun yngri en 67 ára á hjúkrunarheimilum verði leyfð, þetta á þá einkum við um unga alzheimersjúklinga, og skráningu óvæntra atvika er komið á. Þrátt fyrir það teljum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við svo veigamiklar skipulagsbreytingar á viðkvæmri þjónustu verði Alþingi að gefa málinu tíma, bæði í vinnslu og ekki síður í umræðu hér í sal og möguleika á að vinna að frumvarpinu milli 2. og 3. umr.

Til þess gefst ekki tími á síðasta degi stutts vorþings og vísum við því allri ábyrgð á afgreiðslu málsins á hæstv. ríkisstjórn. Hröð afgreiðsla heildarlaga um heilbrigðisþjónustu og tveggja frumvarpa sem þeim fylgja finnst mér hneisa fyrir Alþingi, og virðingarleysi við viðkvæma þjónustu, þjónustu sem að okkar mati á að styrkja með sérlögum enda er hún undanþegin samkeppnislögum. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum tilbúin til að axla ábyrgð í þessum málaflokki. Við höfum samfélagslega ábyrgð, þverfaglegt starf og þverfaglegt starf í þágu sjúklinga að leiðarljósi. (Gripið fram í.)

Fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hef ég lagt fram fjórar breytingartillögur til að styrkja faglega stjórnun og lýðræðislega stjórn (Forseti hringir.) Landspítalans.

[17:22]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við erum að setja rammalöggjöf um heilbrigðisþjónustuna. Búið er að leggja mikla vinnu í þetta frumvarp eins og komið hefur fram í umræðunni. Það er ýmis góð nýbreytni í því eins og t.d. að ungir hjúkrunarsjúklingar eigi sama aðgang að hjúkrunarrýmum og aðrir og ýmislegt fleira. Við samfylkingarmenn í heilbrigðis- og tryggingarnefndar höfum tekið þátt í vinnslu þessa máls og skrifuðum undir málið með fyrirvara. Við munum styðja öll ákvæði frumvarpsins en breytingartillögur frá Þuríði Backman mætti auðvitað skoða nánar. Ekki hefur gefist tími til þess og ekki var rætt í nefndinni neitt frekar um þau efni. Við munum sitja hjá við þau atriði en ég tel fulla ástæðu til að við skoðum þessi lög þegar komin verður einhver reynsla á þau og þá förum við yfir fleiri þætti sem snúa að málinu. Reynslan verður að leiða í ljós hvar þarf að taka frekar á þessum lögum.

[17:23]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Málið sem við nú greiðum atkvæði um er eitt best unna mál sem við höfum komið með inn í þingið í langan tíma. Það var unnið í stórri nefnd þar sem voru fulltrúar allra stjórnmálaflokka, fagaðilar og hagsmunaaðilar. Það var sent til umsagnar í sumar og það kom 101 umsögn inn, málið var unnið frekar og síðan kom það hingað inn í þingið og hefur fengið afar góða og faglega umfjöllun í hv. heilbrigðisnefnd.

Þaðan kemur það út á einu nefndaráliti, þ.e. það er ekki nefndarálit meiri hluta og svo annað nefndarálit minni hluta, einungis kemur eitt nefndarálit þannig að mér finnst hafa tekist afar vel til við vinnslu málsins í þinginu. (Gripið fram í.) Málið er mikilvægt, við erum að setja rammalöggjöf um heilbrigðisþjónustuna, skýra mjög leikreglur innan þjónustunnar. Hér er því um afar mikið framfaraskref að ræða í þjónustu okkar sem reyndar er meðal þeirrar bestu í heiminum eins og hv. þingmenn þekkja.

Ég þakka sérstaklega heilbrigðisnefnd fyrir vel unnin störf af því að þetta er afar stórt mál og ég veit að því verður fagnað innan heilbrigðisþjónustunnar að þetta mál sé í höfn. Ég er afar ánægð með að það skuli fá afgreiðslu hér í lok þings.

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (BjörgvS, EBS, JBjarn, KolH, LB, RG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, HjÁ, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1118,1 samþ. með 53 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

5.–6. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1118,2–4 samþ. með 54 shlj. atkv.

7.–9. gr., svo breyttar, samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1317,1 felld með 27:5 atkv. og sögðu

**já:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

22 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:28]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég ætla að fylgja þessari breytingartillögu minni úr hlaði og upplýsa að hún fjallar um að styrkja enn frekar fagstjórnendur, lækna og hjúkrunarfólk. Um þessa grein hafa verið mestu átökin við undirbúning frumvarpsins og þær breytingar sem í tillögunni felast eru til þess að styrkja þá faglegu stjórnun.

Brtt. 1118,5 (ný 10. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1118,6–7 samþ. með 53 shlj. atkv.

11.–12. gr., svo breyttar, samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1317,2 felld með 26:5 atkv. og sögðu

**já:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

21 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, HerdS, MF, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:30]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fagráðum til að styrkja framkvæmdastjóra stofnana og það er gert ráð fyrir að fagráðin séu við háskóla og á kennslusjúkrahúsum. Ég legg til að því verði bætt við að þau verði einnig á svæðisbundnum heilbrigðisstofnunum og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ég mismælti mig áðan þegar ég sagði að þetta væri eingöngu fyrir stjórnendurna, þetta er til að efla faglegt starf á þessum sviðum á stofnunum og þessi breyting er til þess að styrkja það og hafa það á þessum stærstu heilbrigðisstofnunum landsins.

Brtt. 1118,8 (ný 13. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, LB, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1118,9 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF,

SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, HjÁ, KHG, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HerdS, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

16. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1118,10–11 samþ. með 52 shlj. atkv.

17.–19. gr., svo breyttar, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1317,3 felld með 28:5 atkv. og sögðu

**já:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

20 þm. (AKG, ÁRJ, EBS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:33]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að til styrktar forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss skipi ráðherra níu manna ráðgjafarnefnd en ég tel eins og margir aðrir að það sé ekki nægilegt að hafa ráðgjafarnefnd við Landspítalann, það þurfi styrkari stjórn. Þessi tillaga fjallar um að ráðherra skipi níu manna stjórn Landspítalans og jafnmarga til vara til fjögurra ára. Þetta er að fyrirmynd Tryggingastofnunar ríkisins sem er stofnun sem ég tel að eins og Landspítalinn eigi að hafa sérstöðu og þurfi stjórn og þá með fulltrúum frá Alþingi, starfsmönnum og neytendum þjónustunnar, þ.e. fulltrúa frá sjúklingum.

Brtt. 1118,12 samþ. með 53 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1118,13–17 samþ. með 54 shlj. atkv.

21.–28. gr. (verða 21.–29. gr.), svo breyttar, samþ. með 54 shlj. atkv.

29. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, ÞKG) fjarstaddir.

30. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 48:5 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.

**nei:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1118,18–20 samþ. með 52 shlj. atkv.

31.–32. gr. (verða 32.–33. gr.), svo breyttar, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb.

5 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, SJS, ÞKG) fjarstaddir.

33. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, KHG, SJS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

34. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1118,21 samþ. með 53 shlj. atkv.
35.–36. gr., svo breyttar, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1317,4 felld með 27:5 atkv. og sögðu
**já:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.
20 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GÁ, HBl, MF, ÞKG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:38]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Breytingartillaga mín lýtur að gildistökunni. Ég legg til að horfið verði frá þeirri bjartsýni að þessi lög taki gildi 1. september nk. með tilliti til þess að þetta er rammi utan um stjórnsýslu heilbrigðisþjónustunnar. Eftir á að setja a.m.k. 15 ef ekki fleiri reglugerðir til að fylla upp í þjónustuna. Ég veit ekki hvernig það á að vera hægt að vinna málið með þeim hraða.

Nógu hratt unnum við í heilbrigðis- og tryggingarnefnd og þá sérstaklega hér í þessum sal í dag við að afgreiða þetta mál. Ég tel að úrvinnsla málsins og reglugerðarheimildirnar allar þurfi að vinnast á lengri tíma og því legg ég til að lögin taki gildi 1. janúar 2008. Ég held að það sé raunhæfara en 1. september 2007.

Brtt. 1118,22 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn*, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH*, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS*, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack*, ÖJ*, ÖS.
9 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, ÞKG) fjarstaddir.
[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði. ]
37. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1118,23 samþ. með 53 shlj. atkv.
38. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

### *Embætti landlæknis, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 282, nál. 1128, brtt. 1134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:40]
Brtt. 1134,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1134,2 samþ. með 54 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (ÖS*) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HBl, KHG, ÞKG) fjarstaddir.
[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já. ]

5. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1134,3–13 samþ. með 54 shlj. atkv.
6.–24. gr., svo breyttar, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1134,14 (ný fyrirsögn) samþ. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

### *Heyrnar- og talmeinastöð, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 274. mál (heildarlög). — Þskj. 283, nál. 1109.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:43]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1109,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
3.–8. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1109,2 (ný 9. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

### *Sóttvarnalög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 638. mál (stjórnsýsluleg staða sóttvarnalæknis o.fl.). — Þskj. 946, nál. 1145, brtt. 1146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:44]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1146,1 (3. gr. falli brott) samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1146,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
5.–10. gr. (verða 4.–9. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

***Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, frh. síðari umr.***

Þáltill. HBl og ArnbS, 36. mál. — Þskj. 36, nál. 1178.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:46]
Till. í nál. 1178 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 50 shlj. atkv.

***Fjarskipti, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 436. mál (öryggi í fjarskiptum og aukin neytendavernd). — Þskj. 547, nál. 1039, brtt. 1040.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:46]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1040,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1040,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
10.–12. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

***Umferðarlög, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 388. mál (ökuskírteini, hert viðurlög). — Þskj. 430, nál. 1047, brtt. 1048.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:48]
Brtt. 1048,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1048,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1048,3 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1048,4 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1048,5 samþ. með 51 shlj. atkv.
4. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1048,6 samþ. með 54 shlj. atkv.
5. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1048,7 samþ. með 52 shlj. atkv.
6. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1048,8 samþ. með 49 shlj. atkv.
7. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1048,9 (ný grein, verður 10. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
8. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

***Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 588. mál (heildarlög, leyfisveitingar). — Þskj. 873, nál. 1158, brtt. 1159.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:53]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1159,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HerdS, VF, ÞKG) fjarstaddir.

5.–6. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1159,2–9 samþ. með 52 shlj. atkv.
7.–28. gr. og ákvæði til brb. I–II, svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

***Íslensk alþjóðleg skipaskrá, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 667. mál (heildarlög). — Þskj. 1013, nál. 1201, brtt. 1202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
[17:55]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsfram boðs fagnar þessu frumvarpi og styður það. Nú er stigið mjög mikilvægt skref til þess að fá íslenska kaupskipaflotann heim. Ég þakka samgöngunefnd þingsins og formanni nefndarinnar fyrir að vinna ötullega að þessu. Þetta er tengt öðru máli sem er einnig á dagskrá í dag, þ.e. skattlagningu skipaútgerðar, en þar er gert ráð fyrir ívilnandi sáttum útgerðinni í hag. Nú ríður á að við styrkjum samtök sjómanna og verkalýðsfélögin í þá veru að þau fylgi því eftir að kjör sjómanna og farmanna um borð í þessum skipum hlíti eða séu í samræmi við íslensk lög og íslenska kjarasamninga.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1202,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1202,2 samþ. með 52 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
6.–10. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1202,3 samþ. með 53 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, HBl, HHj, HerdS, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, GÖrl, HjÁ, ÞKG) fjarstaddir.

12.–15. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÞH) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, GÖrl, HBl, ÞKG) fjarstaddir.

### *Vegalög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 437. mál (heildarlög). — Þskj. 548, nál. 1095, brtt. 1096, 1135 og 1328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:59]

**Jón Bjarnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er frumvarp til vegalaga að koma til 2. umr. Eitt af tilgreindum markmiðum í frumvarpinu var að vegamálastjóri hefði skýra heimild til að framselja veghald til þriðja aðila. Til viðbótar var lagt til að heimild til gjaldtöku vegna byggingar og reksturs samgöngumannvirkja verði almenn í stað þess að þurfa sérstaka lagasetningu. Í frumvarpinu eru því mjög sterk ákvæði til að einkavæða og framselja veghald í landinu. Í 4. gr. er m.a. kveðið á um að vegagerð skuli „við framkvæmd vegamála leitast við að bjóða út alla hönnun, nýbyggingar, viðhald, þjónustu og eftirlit."

Næði þetta fram að ganga mundi það m.a. koma hart niður á stöðum úti á landi, á starfsstöðvum Vegagerðarinnar, ef allt yrði boðið út og engin starfsemi þar fyrir hendi. Þess vegna hef ég og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboð ekki getað stutt þetta frumvarp eins og það er, sömuleiðis vegna gjaldtökunnar. Ég hef lagt fram breytingartillögu þar sem kveðið er á um að þetta verði afturkallað. Nú veit ég að í bígerð er að breytingartillaga komi inn milli 2. og 3. umr. sem taki af verstu þætti frumvarpsins. Ég mun kalla breytingartillögu mína til baka og fresta afgreiðslu hennar þangað til ég sé hver verða afdrif mála milli 2. og 3. umr.

Engu að síður getum við hvorki stutt 4. gr. sem felur í sér einkavæðingu á allri starfsemi Vegagerðarinnar, heimild til hennar, né svo opna heimild fyrir gjaldtöku á umferð, en við vonumst til að frumvarpið fái endurbætur milli 2. og 3. umr. þannig að við getum stutt það, herra forseti.

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1328,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.
1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÁ, GÖg, HBl, JBjart, SæS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
5.–13. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1135 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 1096,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1328,2 samþ. með 57 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÁ, ÞKG) fjarstaddir.

15.–16. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

17. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁ, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1096,2–9 samþ. með 58 shlj. atkv.
18.–60. gr., svo breyttar, samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

### *Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.*

Frv. SP o.fl., 706. mál. — Þskj. 1235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv.

### *Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 20. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 20, nál. 1151, brtt. 1152 og 1206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:07]

**Bjarni Benediktsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að greina frá því við atkvæðagreiðslu við 2. umr. málsins að mér sýnist þörf á að gera smávægilega breytingu við gildistökuákvæði frumvarpsins í tilefni af þeim breytingartillögum sem liggja frammi. Ég hyggst koma henni á framfæri við 3. umr.

[18:08]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Með frumvarpi því sem við nú greiðum atkvæði um eru lagðar til mjög umtalsverðar og markverðar breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Skilgreining hugtaksins „nauðgun" er rýmkuð og nær til hvers konar annars konar kynferðisnauðungar. Minni áhersla er lögð á ofbeldisþátt nauðgunar en meiri á sjálfsákvörðunarrétt, frelsi einstaklingsins og friðhelgi og í öndvegi er kynfrelsið sett. Allt eru þetta réttmætar og þýðingarmiklar breytingar sem víðtæk sátt ríkir um og horfir til mikilla réttarbóta fyrir þolendur kynferðisbrota.

Til viðbótar leggur frumvarpið til tvær breytingar, annars vegar um fyrningarfrest kynferðisbrota gegn börnum og er lögð til lenging frestsins og hins vegar er lagt til að fella niður refsinæmi þess að stunda vændi sér til framfærslu.

Um fyrningarfrest kynferðisbrota gegn börnum hefur verið deilt og tekist um á hvort afnema ætti fyrningarfrest í öllum kynferðisbrotum gegn börnum eða engum. Í meðförum allsherjarnefndar að þessu sinni hefur náðst sú málamiðlun, sú sátt sem ég lagði til með breytingartillögu á síðasta þingi, að afnema fyrningarfrest í alvarlegustu kynferðisbrotunum gagnvart börnum og lagt er nú til að þau fyrnist ekki.

Eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu er allur munur á nauðgun og þukli utan klæða og afleiðingum þessarar tveggja brota fyrir börn sem fyrir þeim verða. Ég fagna mjög þessari mikilsverðu breytingu sem hv. þingmenn allsherjarnefndar hafa náð sátt um. Þetta er stór dagur fyrir þolendur kynferðisbrota og þetta er stór dagur fyrir alla þá sem hafa látið sig þessi mál miklu varða.

Jafnframt er löngu tímabært að afnema refsinæmi þess að stunda vændi sér til framfærslu og það er víðtæk sátt jafnframt um þá breytingu sem hér er lögð til. Ég fer hins vegar ekki dult með það að ég ásamt mörgum fleirum hef lengi verið einarður stuðningsmaður þess að færa refsiábyrgðina frá seljandanum, þolandanum, sem oftast er kona og yfir á kaupanda vændis með öllum þeim rökum og ástæðum sem fyrir þeirri leið eru færðar í athugasemdum með frumvarpinu. Ég styð þá breytingu, herra forseti, á vændisákvæðinu sem spor í rétta átt.

[18:11]

**Björgvin G. Sigurðsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni eitt mikilvægasta lagafrumvarp sem við göngum til atkvæða um í dag. Hér eru lagðar til margar nauðsynlegar breytingar á kynferðisafbrotakafla íslenskra laga, og til stórtíðinda telst að hér er að myndast þverpólitísk samstaða um afnám fyrningarfrests við alvarlegustu kynferðisafbrotum gegn börnum. Fyrir því máli hefur varaformaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, barist í mörg ár. Hann hefur flutt um það sérstakt frumvarp á fjórum þingum og er sérstök ástæða til að óska hv. þingmanni til hamingju með þetta mál þótt að sjálfsögðu hafi margir aðrir lagt baráttu hans lið. 27 þúsund Íslendingar hafa undirritað áskorun til Alþingis um að þetta nái hér í gegn.

Hér er um að ræða mikinn sigur fyrir mannréttindabaráttu á Íslandi. Hér er um að ræða alvarlegustu og ljótustu glæpi sem framdir eru í veröldinni og að sjálfsögðu hlýtur það að vera öllum þeim mikið fagnaðarefni sem hafa barist fyrir breytingum á þessum lögum og að þessir kynferðisglæpir gagnvart börnunum verði aldrei fyrnanlegir þegar um er að ræða alvarlegustu glæpina. Að sjálfsögðu er það einnig sérstakt ánægjuefni þegar myndast þverpólitísk samstaða á hinu háa Alþingi á meðal allra stjórnmálaflokkanna um að standa saman að svo mikilvægum mannréttindabótum, svo mikilvægum lagabreytingum sem hér um ræðir. Það er til fyrirmyndar og það er ástæða til að óska Alþingi til hamingju með það á sínum síðasta starfsdegi á þessu kjörtímabili af því að allt of sjaldan nær Alþingi saman um að mynda þverpólitíska samstöðu um að mikilvæg réttindamál og mannréttindamál nái fram að ganga burt séð frá því hver hefur fyrir þeim barist og hver er upphafs- eða hvatamaður að málunum.

Hér er um að ræða frábært dæmi um samstöðu allra stjórnmálamanna og allra stjórnmálaflokka á Alþingi um að alvarlegustu kynferðisafbrotin gagnvart börnum fyrnist aldrei. Það er mikill sigur fyrir mannréttindabaráttunni og ég óska Alþingi aftur til hamingju með það.

Brtt. 1206 kölluð aftur.

Brtt. 1152,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1152,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1152,3 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, KLM, MÁ, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:14]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og ég lýsti í ræðu minni áðan hef ég ákveðnar efasemdir um orðun 1. málsl. í 194. gr. almennra hegningarlaga. Athugasemdir mínar lúta í fyrsta lagi að því að ég tel að hér hefði verið hægt að taka veigameira skref og stærra í átt til þess að tryggja verndarhagsmuni og réttarstöðu kynfrelsis kvenna. Ég er sömuleiðis efins um það að nefndin bæti þarna inn aftur orðalaginu „annars konar ólögmæt nauðung“ og vísaði ég í ræðu minni áðan til efasemda sem við fengum frá umsagnaraðilum. Ég sit hjá, og við gerum það, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, við þessa breytingartillögu en vegna þess að ég tel að við náum ekki lengra í þessu máli hér og nú ætlum við samt að styðja greinina þegar hún verður hún borin upp svo breytt til atkvæða.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

3.–8. gr. (verða 4.–9. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1152,4 samþ. með 54 shlj. atkv.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1152,5 samþ. með 53 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

11.–13. gr. (verða 12.–14. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

[18:17]

**Útbýting:**

Íslenska friðargæslan, 443. mál, frhnál. þskj. 1339; brtt. þskj. 1340.

Þingsköp Alþingis, 706. mál, brtt. SP, þskj. 1332.

Út af dagskrá voru tekin 32., 35.–37. og 39.–51. mál.

Fundi slitið kl. 18:18.

---

# 94. FUNDUR

laugardaginn 17. mars,
að loknum 93. fundi.

**Dagskrá:**

1. Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., stjfrv., 644. mál, þskj. 1280. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 618. mál, þskj. 918. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Neytendavernd, stjfrv., 616. mál, þskj. 1318. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, stjfrv., 617. mál, þskj. 1319. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Starfstengdir eftirlaunasjóðir, stjfrv., 568. mál, þskj. 1320. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Losun gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 641. mál, þskj. 957, brtt. 1251. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 281. mál, þskj. 1321. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Samkeppnislög, stjfrv., 522. mál, þskj. 1322. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, stjfrv., 523. mál, þskj. 789. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 591. mál, þskj. 876, brtt. 1316 og 1329. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 561. mál, þskj. 1323. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 279. mál, þskj. 1324. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Opinber innkaup, stjfrv., 277. mál, þskj. 1325. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 515. mál, þskj. 1326. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

15. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 280. mál, þskj. 1327. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Bókmenntasjóður, stjfrv., 513. mál, þskj. 1341. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

17. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, stjfrv., 431. mál, þskj. 519. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

18. Námsgögn, stjfrv., 511. mál, þskj. 1342. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

19. Æskulýðslög, stjfrv., 409. mál, þskj. 1343. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

20. Málefni aldraðra, stjfrv., 560. mál, þskj. 835. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

21. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 272. mál, þskj. 1344. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

22. Landlæknir, stjfrv., 273. mál, þskj. 1345. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

23. Heyrnar- og talmeinastöð, stjfrv., 274. mál, þskj. 1346. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

24. Sóttvarnalög, stjfrv., 638. mál, þskj. 1347. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

25. Fjarskipti, stjfrv., 436. mál, þskj. 1348. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

26. Umferðarlög, stjfrv., 388. mál, þskj. 1351, brtt. 1337. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

27. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, stjfrv., 588. mál, þskj. 1349. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

28. Íslensk alþjóðleg skipaskrá, stjfrv., 667. mál, þskj. 1350. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

29. Vegalög, stjfrv., 437. mál, þskj. 1352, brtt. 1135. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

30. Þingsköp Alþingis, frv., 706. mál, þskj. 1235, brtt. 1332. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

31. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, stjtill., 574. mál, þskj. 852, nál. 1163, brtt. 1164. — Síðari umr.

32. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 466. mál, þskj. 645. — 3. umr.

33. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 648. mál, þskj. 967, nál. 1177 og 1291. — Frh. síðari umr.

34. Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., stjfrv., 655. mál, þskj. 981, nál. 1191, brtt. 1192. — 2. umr.

35. Almenn hegningarlög, stjfrv., 20. mál, þskj. 1353. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

36. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 295. mál, þskj. 308, nál. 1245, brtt. 1246. — 2. umr.

37. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 42. mál, þskj. 42, nál. 1239. — Síðari umr.

38. Skipulögð leit að krabbameini í ristli, þáltill., 221. mál, þskj. 222, nál. 1241. — Síðari umr.

39. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 41. mál, þskj. 41, nál. 1257. — Síðari umr.

40. Skattlagning kaupskipaútgerðar, stjfrv., 660. mál, þskj. 1002, nál. 1259. — 2. umr.

41. Náttúruvernd, stjfrv., 639. mál, þskj. 947, nál. 1281. — 2. umr.

42. Vatnajökulsþjóðgarður, stjfrv., 395. mál, þskj. 439, nál. 1277, brtt. 1278. — 2. umr.

43. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 686. mál, þskj. 1069, nál. 1279, brtt. 1288. — 2. umr.

44. Hlutafélög o.fl., stjfrv., 516. mál, þskj. 779, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.

45. Umferðarlög, frv., 195. mál, þskj. 196, nál. 1292. — 2. umr.

46. Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, þáltill., 7. mál, þskj. 7, nál. 1290. — Síðari umr.

47. Lögheimili og brunavarnir, frv., 707. mál, þskj. 1282. — 1. umr.

48. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 443. mál, þskj. 566, nál. 1197 og 1247, frhnál. 1339, brtt. 1198, 1248 og 1340. — 2. umr.

49. Umferðarlög, frv., 178. mál, þskj. 178, nál. 1333. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

50. Láglendisvegir, þáltill., 15. mál, þskj. 15, nál. 1330. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

51. Almenn hegningarlög o.fl., frv., 39. mál, þskj. 39, nál. 1338. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

52. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 71. mál, þskj. 71. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

53. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, þáltill., 80. mál, þskj. 80, nál. 1334. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

54. Þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum, þáltill., 553. mál, þskj. 825, nál. 1331. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

55. Almenn hegningarlög, frv., 710. mál, þskj. 1336. — 1. umr.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Svar við fyrirspurn – frumvarp um vátryggingarsamninga.

[18:19]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil gera þingheimi grein fyrir upplýsingum sem mér hafa borist frá hæstv. fjármálaráðherra sem svar við fyrirspurn minni um þróun barnabóta á samstarfstíma Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá árinu 1995, en sem kunnugt er lofuðu þessir flokkar því að bæta verulega stöðu barnafólks og bæta í barnabæturnar. Þetta voru einhver sverustu kosningaloforðin sem Framsóknarflokkurinn gaf árið 1995, árið 1999 og fyrir kosningarnar 2003.

Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að ef miðað er við fast verðlag á árinu 2005, stöðu krónunnar þá, námu barnabætur rúmum 6,6 milljörðum 1995, svipað 1996, orðið lægra 1997, 1998 enn lægra, 1999 enn lægra, 2000 enn lægra, orðið rúmum tveimur milljörðum lægra, 2002 lægra, 2003 lægra, 2004 lægra og 2005 lægra. Það er síðan á árinu 2006 og 2007 sem farið er að bæta í í samræmi við gömlu trikkin að bæta í í tengslum við kosningar sem minnir okkur á að báðir þessir flokkar og ríkisstjórnin í heild sinni er farin að ávísa inn í framtíðina. Þar eru kosningaloforðin.

Hæstv. forseti. Ég vildi nota þetta tækifæri til að biðja Framsóknarflokkinn afsökunar á einu. Ég hafði heitið formanni flokksins því að taka upp umræðu um einkavinavæðingu Framsóknarflokksins í tengslum við einkavæðinguna. Því miður getur ekki orðið af þessu, við höfum samið um þinglokin í dag en ég heiti því að taka málið upp á komandi vikum í kosningabaráttunni. (**Utanrrh.:** Ég er stolt af þeirri umræðu.)

[18:21]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er svona hálfaumur yfir þessu svari sem hv. þingmaður var að vitna til. Þó að svarið sé rétt svo langt sem það nær þá nær það ekki nema til ársins 2005. Miðað við þær tölur sem samþykktar eru í fjárlögunum fyrir árið 2007 eru 8,5 milljarðar kr. í barnabætur og það er að raungildi það hæsta sem verið hefur síðan 1991 og sem hlutfall af landsframleiðslu er það það hæsta sem það hefur verið síðustu tíu árin. Það er búið að hækka ótekjutengdar barnabætur um 50% á tveimur árum og hækka viðmiðunarmörk á tekjutengdum barnabótum um 50% á tveimur árum.

Af því að ég verð eiginlega að þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu hér svo að ég gæti komið þessum

frekari upplýsingum á framfæri við þingheim, og ég veit að hann er áhugamaður um hvernig kjör barnafólks eru að þróast, þá langar mig til þess að upplýsa einnig um það að þær breytingar sem hafa verið gerðar á skattkerfinu á fyrstu þremur mánuðum ársins, því sem liðið er af þeim, leiða til þess að kaupmáttaraukning barnafólks, vegið meðaltal, hækkar um 8,6%. Það er kaupmáttur ráðstöfunartekna þegar tekið hefur verið tillit til skatta og verðlagsbreytinga.

Fyrir þá hins vegar sem telja að haglýsingar Fitch matsfyrirtækisins og þeirra mat á stöðunni hér sé það besta sem hægt er að fá eru þetta ekki vondar fréttir því að það er auðvitað það sem við höfum verið að gera núna á síðustu mánuðum til þess að bæta kjör þessa hóps (Forseti hringir.) sem þessir aðilar hafa verið að gera athugasemdir við (Forseti hringir.) og sumir hv. þingmenn hafa tekið undir að undanförnu.

[18:24]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Það er mjög vel við hæfi á þessum síðasta degi þingsins á kjörtímabilinu að ræða svar fjármálaráðherra um skerðingu á barnabótum þar sem ráðherrann staðfesti sjálfur það sem við höfum ítrekað haldið fram í Samfylkingunni, þá gífurlegu skerðingu sem orðið hefur á barnabótum á kjörtímabilinu sem er um 10 milljarðar frá árinu 1995 til 2005 og staðfest er í þessu svari. Þó að verið sé að bæta þetta á síðasta ári og þessu ári þá er eingöngu verið að skila litlu til baka af þeim tíu milljörðum sem hafa verið teknir af barnafólki, kannski innan við 20%.

Það sem verra er er líka það að núverandi ríkisstjórn hætti að greiða ótekjutengdar barnabætur nema til 7 ára aldurs en þegar hún tók við á árinu 1995 voru barnabætur greiddar til 16 ára aldurs. Það er auðvitað hrein skömm vegna þess að þeir sem eru með börn í grunnskóla vita að kostnaðurinn við börn í grunnskóla er ekkert minni en við börn á leikskólaaldri en þá er hætt að greiða barnabætur. Þetta er auðvitað hrein skömm fyrir ríkisstjórnina og þetta er minnismerki um svik stjórnarflokkanna við barnafjölskyldur, ekki bara í þessu máli heldur varðandi fæðingarorlofsgreiðslur, sem hafa verið verulega skertar á kjörtímabilinu og eru ekki 80% af launum heldur 72–74%.

Þetta eru líka svik við fjölskyldur að því leyti að því var heitið hér á þingi árið 1991 í samræmi við þingsályktunartillögu frá Alþingi að heildarstefna yrði mótuð í málefnum barna og unglinga og það hefur verið svikið þrátt fyrir að fyrir lægi vilji Alþingis í samþykktri þingsályktunartillögu að það verði gert. Ríkisstjórnin hefur farið illa með barnafjölskyldur (Gripið fram í.) og það verður sannarlega bætt (Forseti hringir.) þegar núverandi ríkisstjórn fer frá og við tekur ríkisstjórn okkar jafnaðarmanna.

[18:26]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég ætla að ræða hér um störf þingsins, allt annað mál en menn hafa rætt hér en það er að mér hefur borist til eyrna að frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga verði frestað og ég vil benda hv. þingheimi á hvaða afleiðingar það muni hafa.

Tilgangur þessa frumvarps var að eyða vafa á túlkun sem hefur risið um ákvæði 82. gr. laganna um vátryggingarsamninga sem komu til framkvæmda 1. janúar 2006. Tvær opinberar stofnanir, Persónuvernd og Fjármálaeftirlitið höfðu hvor sína túlkun á lögunum.

Mér sem formanni efnahags- og viðskiptanefndar barst þetta til eyrna og ég leitaði eftir því að ráðuneytið, ásamt þessum tveimur stofnunum, kæmist að niðurstöðu þannig að ekki ríkti sú réttaróvissa í landinu sem er vegna túlkunar þessara tveggja stofnana. Hér var lagt fram frumvarp á þinginu og það var unnið mjög vel í nefndinni. Nefndin fékk þrjá aðila, ráðuneytið og þessar tvær stofnanir til að fara í gegnum málið ítarlega og niðurstaðan er það frumvarp og þær breytingar sem við höfum hér til vinnslu í þinginu.

Ef þetta verður ekki samþykkt núna ríkir áfram réttaróvissa í landinu og áfram gilda núgildandi lög sem ég held að allir séu sammála um að séu verri en það sem hér er lagt til. Ég skora því á hv. þingmenn að taka sér tak og samþykkja þetta frumvarp og þær breytingar sem hv. efnahags- og viðskiptanefnd hefur gert á því.

[18:28]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. fjármálaráðherra segir að menn hafi verið að bæta í ótekjutengdar barnabætur á undanförnum árum. Staðreyndin er sú að ef við lítum á ótekjutengdu barnabæturnar fyrir árið 1991 voru þær, miðað við verðlag ársins 2003 5,3 milljarðar en á árinu 2003 1 milljarður rúmur. Menn eru því að bæta í eitthvað sem hafði verið lækkað verulega. Menn geta deilt um það hvernig samsetningin eigi að vera á milli tekjutengdra og ótekjutengdra barnabóta en þetta er staðreyndin og ég tek undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvað þetta snertir. (**JóhS:** ... til þessarar breytingar, verkalýðshreyfingin.) Það er rétt.

Síðan er náttúrlega athyglisvert þetta frammíkall hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra og núverandi utanríkisráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, sem væri stolt af því að taka þátt í einkavinavæðingarumræðunni á komandi vikum og fagnaði því að það yrði gert. Ég skal svo sannarlega sjá til þess að fögnuður hennar geti orðið mikill hvað það snertir. En ég held að það sé mjög mikilvægt að kjósendur átti sig á þeim stórfelldu svikum og blekkingum sem hér hafa verið í reynd afhjúpaðar, að á samstarfstíma Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa barnabæturnar verið stórlækkaðar þótt núna undir kosningarnar sé verið að bæta örlítið í til þess að blekkja kjósendur til fylgilags við þessa flokka að nýju.

[18:30]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það eru ákaflega sláandi upplýsingar sem hér liggja fyrir um feril þessarar ríkisstjórnar og reyndar allan feril Sjálfstæðisflokksins í þessum málum sem byrjar á því, strax á árinu 1992, að skerða barnabæturnar harkalega eftir að hann kemst til valda og færa úr ótekjutengda hlutanum yfir í tekjutengda hlutann. Þó tekur steininn úr þegar framsóknarmenn skipta inn á fyrir Alþýðuflokkinn eftir 1995 því að þá er gengið enn lengra í þessa átt og um skeið voru barnabætur á Íslandi nánast tekjutengdar að

fullu. Má ég þá minna á að hér skipta náttúrlega skerðingarmörkin máli. Tekjutengingin byrjar að virka mjög neðarlega þannig að skattalegt hagræði barnafjölskyldna hverfur hratt áður en hægt er að tala um háar tekjur í því sambandi. Um tíma, á þessu árabili frá 1996/1997 og fram að þessu, hefur Ísland verið í algerri sérstöðu hvað það varðar að meðaltekjufólk hefur nánast einskis skattalegs hagræðis notið þó að það sé með mörg börn. Ég þekki þess hvergi dæmi annars staðar í skattkerfinu að annaðhvort séu ekki skattafrádrættir eða beinar greiðslur sem vega í miklu ríkari mæli upp á móti auknum framfærslukostnaði barnmargra fjölskyldna.

Hér voru tekin risaskref aftur á bak hvaða það varðar að tryggja barnafjölskyldum sæmilega afkomu og jafna hlut þeirra borið saman við aðrar fjölskyldur í landinu en sú er auðvitað hugsunin með barnabótum eða skattalegu hagræði af þessu tagi. Þessi ferill er ósköp einfaldlega ríkisstjórninni til skammar og það bætir sáralítið hlut hennar þó að hún sýni núna örlítinn lit, knúin til þess af verkalýðshreyfingunni korteri fyrir kosningar.

[18:32]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Þær upplýsingar sem hér koma fram í svari hæstv. fjármálaráðherra eru gríðarlega mikilvægar. Þær staðfesta það sem við í Samfylkingunni og reyndar stjórnarandstöðunni allri höfum haldið fram, að í ríkisstjórnartíð Framsóknarflokksins er búið að kroppa samtals 10 milljarða af barnabótum, það er búið að taka 10 milljarða kr. frá barnafjölskyldum í landinu og við vitum öll hvert þær hafa verið færðar. Þær hafa verið færðar í skattalækkanir 10 prósentanna sem hafa hæstar tekjur á Íslandi. Þetta er það sem skiptir máli við þessar upplýsingar.

Framsóknarflokkurinn, sem heldur því fram að hann sé sérstaklega barnavinsamlegur, hefur tekið þátt í því að taka með þessum hætti 10 þús. millj. íslenskra króna frá barnafjölskyldum. Er það nema von, herra forseti, að það sjái undir iljar framsóknarmanna burt úr salnum samstundis og þessi umræða kemur upp. Þegar ég horfi hér yfir þéttskipaðan þingsal sé ég að það vantar bara fulltrúa eins flokks, Framsóknarflokksins. Hann flýr af hólmi þegar þessar upplýsingar koma fram. Hvar eru nú talsmenn Framsóknarflokksins úr fjárlaganefndinni þegar við ræðum þessa tölu, þá staðreynd að búið sé að taka 10 milljarða úr barnabótum frá 1995? Hvar eru þeir núna? Þeir eru flúnir vegna þess að þeir þora ekki að horfast í augu við sannleikann.

Svo kemur hæstv. fjármálaráðherra og gumar af því að búið sé að ákveða að hækka fyrir næsta ár, á kosningaári, en hverjir ráku hæstv. fjármálaráðherra, nánast klipu hann með töngum, til þess að gera þá breytingu sem verður á næsta ári? Það var verkalýðshreyfingin, það var partur af samningum milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar þannig að það er engin ástæða fyrir hæstv. ráðherra að hrósa sér af þessu.

[18:34]

**Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Hér er fólk að tala sem sér bara ekki til sólar, það bara sér ekki til sólar fyrir einu eða neinu. (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Sjáum til Sólar í Straumi.) Hækkanir á barnabótum voru ákveðnar fyrir rúmum tveimur árum á Alþingi þannig að það hefur ekkert með það að gera sem gerðist í sumar í tengslum við kjarasamningana — nema þá atriði sem ég gleymdi að nefna áðan sem er það að nú eru barnabætur greiddar til 18 ára aldurs. Það kom út úr þeim samningum, það skal viðurkennt.

Það sem skiptir mestu máli er að kaupmáttur þessara hópa batnar stórkostlega vegna ákvarðana sem stjórnarmeirihluti hér á Alþingi hefur tekið. Og hvað hafa hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar gert í því samhengi? (Gripið fram í.) Hafa þeir fagnað? (Gripið fram í.) Hefur hv. þingmaður fagnað? Ég minnist þess ekki. Þeir hafa gagnrýnt og hafa hlaupið eftir öllum þeim sem gagnrýna þetta. Þeir gerðu það síðast í gær. Heimur þessara aðila, herra forseti, virðist einskorðast við lýsingar frá greiningardeildum matsfyrirtækjanna úti í heimi. (**ÖS:** Tekurðu ekki mat á verkó?) (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður sem hér galar fram í tekur meira mark á greiningardeildunum úti í heimi en verkalýðshreyfingunni, það er alveg augljóst, og hann sér ekki til sólar. Ég verð að segja eins og vinur minn, Björn á Hofsstöðum, sagði: Drengir, sjáið þið ekki veisluna?

Þetta fólk sér ekki hvað hefur verið að gerast hér á undanförnum árum. Það sér það bara ekki, sennilega af því að það vill það ekki. (**ÖJ:** Hverjir eru í minni veislu?)

[18:36]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Málflutningur hæstv. fjármálaráðherra í þessum umræðum er honum ekki til mikils sóma. Ætli það sé ekki þannig að greiningardeildir (Gripið fram í.) erlendra banka og sérfræðiaðilar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, OECD og fleiri hafi í skýrslum sínum einmitt gagnrýnt ríkisstjórnina harkalega fyrir að gera — hvað? (Gripið fram í.) Að lækka skatta á hátekjufólki í miðri þenslunni. (Gripið fram í.) Ætli það sé ekki í þessum skýrslum, hæstv. fjármálaráðherra? (Gripið fram í.)

Það sem við erum að ræða hér í formi barnabóta — (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti biður þingmenn að gefa ræðumanni tækifæri til að ljúka máli sínu.)

Það sem við erum að ræða hér í formi barnabóta eru smáaurar í samanburði við þær stóru fjárhæðir sem ríkisstjórnin hefur mitt í þenslunni sett í umferð með því að lækka skatta á hátekjufólki og með því að lækka skatta á gróðafyrirtækjum. (Gripið fram í.) Og haltu þér nú rólegum augnablik, hv. þingmaður. Við vonuðum að einu sinni á þessu kjörtímabili yrði rætt um störf þingsins án þess að þú tækir þátt í því.

Varðandi barnabæturnar er það einfaldlega þannig að ríkisstjórnin á langt í land með að skila þeim 10 milljörðum sem hún hefur haft af barnafjölskyldum í landinu á þessum langa tíma. Það sem verst er er það að þær fjölskyldur sem urðu af bótunum á þessum langa tíma fá þær aldrei aftur. Þær eru búnar að ala upp börn sín við verri skilyrði en ella hefði orðið. Má ég minna á hvað tekjuskerðingarmörkin liggja neðarlega og að nú eru eingöngu greiddar ótekju-

tengdar barnabætur upp að sjö ára aldri?

Að síðustu vil ég minna á eitt, hið stórfellda kosningaloforð Framsóknarflokksins um barnakortin. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Hvar eru barnakortin?) Hvar eru barnakortin, hv. yfirgjammari? Var það orðið að fjölskyldukortum hjá Birni Inga Hrafnssyni? Nei, ætli það sé ekki þannig að Framsókn ætti að (Gripið fram í.) líta í eigin barm og skammast sín. (**GÓJ:** Hvenær á að hækka skattana?)

[18:38]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti vil gera athugasemdir við orðalagið „hv. yfirgjammari" sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Jafnframt gerir forseti athugasemdir við þann óróleika sem hefur verið á meðan hv. þingmaður flutti ræðu sína.

[18:39]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra kemst ekki undan því að viðurkenna að það var verkalýðshreyfingin sem knúði hæstv. ríkisstjórn til að skila örlitlu af því til baka sem ríkisstjórnin hefur skert barnabæturnar um á kjörtímabilinu. Þegar hæstv. ráðherra heldur því fram að barnabótunum hafi verið breytt þannig að þær séu nú greiddar til 18 ára aldurs barna gleymir hæstv. ráðherra að skýra það út fyrir fólki sem kannski er að hlusta á þessar umræður að það er alls ekki til allra barna, heldur eingöngu til þeirra sem hafa tekjutengdar barnabætur. Hin búa við það að barnabæturnar eru einungis greiddar til sjö ára aldurs barna. Þó er það þannig að kostnaður við grunnskólabörn er áætlaður um 250 þús. kr. á ári sem er engu minna en greitt er fyrir börn í leikskóla.

Ég er viss um að hæstv. ráðherra hefur ekki hugmynd um hvenær barnabætur byrja að skerðast hjá t.d. einstæðum mæðrum. Það var við 77 þús. kr. á síðasta ári og verkalýðshreyfingin knúði það upp í 90 þús. kr. Þá byrja barnabætur að skerðast, og kannski tvöfalt meira hjá hjónafólki.

Veit hæstv. ráðherra það að Ísland er eitt þriggja landa innan OECD sem greiðir ekki barnabætur til allra, heldur er með þær tekjutengdar? Yfirleitt eru þessar barnabætur ótekjutengdar. Og man ég rétt að landsfundur Sjálfstæðisflokksins hafi ályktað um að það ætti ekki að skerða barnabæturnar? Er það misminni hjá mér, hæstv. ráðherra?

Það er eins og það er, ráðherrar Sjálfstæðisflokksins fara aldrei eftir landsfundaályktunum, ekki frekar en gert er hjá framsóknarmönnum. (Gripið fram í.) Það var vel gert að minna framsóknarmenn á barnakortin (Forseti hringir.) sem þeir lofuðu 1999 (Forseti hringir.) og þeir hafa svikið, (Forseti hringir.) barnakortin eru ekki enn komin til framkvæmda.

## *Um fundarstjórn.*

Orð fjármálaráðherra.

[18:42]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að nota þetta tækifæri til að vekja athygli hæstv. forseta á því að ég hygg að hæstv. fjármálaráðherra hafi sagt eina sanna setningu hérna áðan, þ.e. þegar hann ávarpaði beint — sem hann auðvitað á ekki að gera, hæstv. forseti, undir þinni fundarstjórn — hv. þm. Ögmund Jónasson og sagði við hann: Ég hef bætt kjör þín.

Það er sennilega rétt því að við erum hátekjumenn hérna, þingmenn.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:44]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þskj. í 1.–30., 35. og 49.–55. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

[18:44]

**Útbýting:**

Almenn hegningarlög, 20. mál, brtt. BjarnB, þskj. 1354.

## *Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl., 3. umr.*

Stjfrv., 644. mál (eftirlitsheimildir). — Þskj. 1280.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:44]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, LB, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BJJ, EMS, GHall, GÁ, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, SF, SæS, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1355).

## *Vextir og verðtrygging, 3. umr.*

Stjfrv., 618. mál (verðsöfnunartími vísitölu). — Þskj. 918.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:45]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, LB, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, KLM, MF, SF, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1356).

### *Neytendavernd, 3. umr.*

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 1318.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:45]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, LB, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HHj, KHG, KLM, MF, SF, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1357).

### *Breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, 3. umr.*

Stjfrv., 617. mál (EES-reglur, neytendavernd). — Þskj. 1319.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:46]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, LB, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HHj, KHG, KLM, MF, SF, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1358).

### *Starfstengdir eftirlaunasjóðir, 3. umr.*

Stjfrv., 568. mál (EES-reglur). — Þskj. 1320.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:46]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, KÓ, KolH, LB, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HHj, HjÁ, JBjart, KHG, KLM, MÞH, MF, SF, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1359).

### *Losun gróðurhúsalofttegunda, 3. umr.*

Stjfrv., 641. mál (heildarlög). — Þskj. 957, brtt. 1251.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:47]

**Mörður Árnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Hér erum við að greiða atkvæði um frumvarp um losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. um að úthluta kvótum til stóriðjufyrirtækja. Við höfum borið fram við þetta frumvarp þrjár breytingartillögur, í raun fjórar, og þær gera ráð fyrir því að laga frumvarpið með þeim hætti að gjald verði tekið fyrir losunarheimildirnar, sem þar með teljast vera takmörkuð verðmæti í þjóðareigu, að ekki verði heimilt að fara yfir þær 1,6 millj. tonna sem til úthlutunar eru á hverju ári þannig að vígstaða Íslendinga og samningsstaða sé betri þegar kemur að næsta Kyoto-tímabili eftir það sem við erum núna að ganga inn í og að við stöndum með sóma og reisn við skuldbindingar okkar í baráttunni gegn loftslagsvánni. Í þriðja lagi að gæta þess að í svokölluðu sveigjanleikaákvæði verði gætt umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða.

Ef þessar tillögur verða samþykktar er hægt að kalla þetta frumvarp töluvert skref, jákvætt, í þann nýja heim sem blasir við í umhverfismálum og atvinnuháttum og í raun og veru inn í nýtt hagkerfi sem mótast af þeirri virðingu fyrir umhverfi sem nú er ekki lengur pólitískur kostur, þannig að ég vitni til ummæla Als Gores á Óskarsverðlaunahátíðinni, heldur siðferðileg skylda.

[18:49]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til atkvæða núna er eitt af stóru átakamálum samtímans. Hæstv. ríkisstjórn hefur sett sér markmið í losunarmálum og hefur kynnt þau, gerði það núna í febrúar, nýjustu endurnýjun á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og þar eru sett markmið sem gefa það til kynna að þessi ríkisstjórn ætli sér að draga umtalsvert úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum og alla þessa öld.

Þessarar stefnu sér hins vegar engan stað í því frumvarpi sem hér kemur til atkvæða. Þvert á móti ætlar ríkisstjórnin að auka gríðarlega losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju á þeim tíma sem var til fyrsta skuldbindingartímabils Kyoto-bókunarinnar varið. Ofan í kaupið fékk íslenska ríkisstjórnin heimild til að bæta við almenna losun 10% miðað við viðmiðunina árið 1990 þegar samið var í Kyoto. Íslenska ríkisstjórnin er hér ekki bara að hlaupast undan merkjum alþjóðasamfélagsins sem skuldbatt sig samkvæmt loftslagssamningnum að draga úr losun heldur er hún einnig að hlaupast undan eigin merkjum, þeim sem hún hefur reist í loftslagsstefnu sinni sem er nýkynnt.

Eins og hv. þm. Mörður Árnason gat um er enn tækifæri til að iðrast og breyta um kúrs í þessum málum. Það verður best gert með því að greiða atkvæði þeim breytingartillögum sem við í stjórnarandstöðunni, hv. þm. Mörður Árnason, við vinstri græn og samfylkingarþingmennirnir flytjum hér. Ég hvet hv. þingmenn til að skoða nú hug sinn um það hvort þeir ætli að leggjast á sveif með alþjóðasamfélaginu, með þeim sem lengst vilja ganga í þessum efnum, þ.e. til að vinna gegn hlýnun loftslagsins og neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga, hér er tækifærið.

[18:51]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Frumvarpið sem við greiðum nú atkvæði um setur stóriðju skorður um losun gróðurhúsalofttegunda vegna skuldbindinga okkar gagnvart Kyoto-bókuninni. Það er grunnur og tilgangur þessa frumvarps. Frumvarpið setur jafnframt skilaboð fyrir framtíðina um að almennt megi búast við að þrengi um heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna nýrra alþjóðlegra skuldbindinga eftir skuldbindingatímabilið 2008–2012. Það er mikilvægt að senda þau skilaboð strax að ókeypis losun koldíoxíðs út í andrúmsloftið er takmörkunum háð á heimsvísu og hér á Íslandi. Frumvarpið getur ekki á nokkurn hátt talist hvetjandi til frekari uppbyggingar stóriðju hér á landi. Markmið stjórnvalda um 50–75% minnkun losunar til 2050 eru sterk skilaboð til atvinnulífs og almennings um að hefja markvissa þróun í átt að loftslagsvænni atvinnustarfsemi og frumvarpið geymir skýr skilaboð um að stjórnvöldum er full alvara að taka þátt í alþjóðlegu átaki gegn loftslagsbreytingum og vera í fararbroddi ríkja heims í því átaki.

Það er full ástæða til að fara með fyllstu gát varðandi virkjanir og stóriðju og það á sérstaklega við vegna náttúruverndarsjónarmiða. Við megum ekki rasa um ráð fram við virkjun fallvatna og háhitasvæða og breyta ásýnd landsins meira og hraðar en við kærum okkur um.

Margir eru eindregnir andstæðingar stóriðju af þessum sökum. Við megum hins vegar ekki láta slíka andstöðu blinda okkur gegn staðreyndum. Virkjun fallvatna og jarðhita getur verið neikvæð frá náttúruverndarsjónarmiðum en nýting endurnýjanlegrar orku er jákvæð frá loftslagssjónarmiðum, hvort sem hún er til innanlandsnota eða til framleiðslu á alþjóðamarkaði.

Til þessa dags, herra forseti, eru engar hömlur á losun koldíoxíðs frá stóriðju en með samþykkt þessa frumvarps eru fyrst settar slíkar hömlur. Stjórnarandstaðan hér á Alþingi tel ég að kjósi að styðja ekki þetta frumvarp sem ég ætla að verði mörgum umhverfisverndarsamtökum mikil vonbrigði.

Brtt. 1251 felld með 29:19 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JKÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, RG, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

15 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GuðjG, GÁ, GÖg, HBl, HHj, JGunn, KLM, MF, SigurjÞ, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

19 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JKÓ, KolH, KHG, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, JGunn, KLM, SigurjÞ, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1360).

## *Náttúruminjasafn Íslands, 3. umr.*

Stjfrv., 281. mál (heildarlög). — Þskj. 1321.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:55]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, KLM, MF, SigurjÞ, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1361).

## *Samkeppnislög, 3. umr.*

Stjfrv., 522. mál (viðurlög við efnahagsbrotum). — Þskj. 1322.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:56]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, KLM, SigurjÞ, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1362).

### *Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, 3. umr.*

Stjfrv., 523. mál (viðurlög við efnahagsbrotum). — Þskj. 789.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:56]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, EBS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, KLM, SigurjÞ, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1363).

### *Tekjuskattur og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 3. umr.*

Stjfrv., 591. mál (samsköttun sambúðarfólks, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 876, brtt. 1316 og 1329.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:57]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég flyt breytingartillögu á þskj. 1329. Tilgangur hennar er að lögfesta breytingu á lögum um tekjuskatt. Þannig háttar til að skattlagning af arði af veiðifélögum hefur verið mismunandi í gegnum árin, þ.e. bændur sem stunda landbúnað hafa mátt greiða af þessu tekjuskatt en þeir sem ekki stunda landbúnað þurfa ekki að borga nema 10%. Þetta hefur áður komið til umræðu og ég ætla að fyrst og fremst fyrir mistök hafi ekki tekist að fá þetta lögfest. Þetta er réttlætismál sem menn hafa mörg ár rætt hér og því flyt ég þessa breytingartillögu núna.

Brtt. 1329,1 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1316 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1329,2 samþ. með 49 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, JÁ, JóhS, KHG, KLM, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1364).

### *Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 3. umr.*

Stjfrv., 561. mál (ríkisstarfsmenn hjá alþjóðlegum stofnunum). — Þskj. 1323.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:59]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HHj, KLM, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1365).

### *Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 3. umr.*

Stjfrv., 279. mál (hlutverk og starfsemi sjóðsins). — Þskj. 1324.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:00]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjarnB, EMS, GÁ, GÖg, HHj,

KLM, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1367).

### *Opinber innkaup, 3. umr.*

Stjfrv., 277. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1325.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:00]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÓJ, GÁ, GÖg, HBl, HHj, KLM, MÞH, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1368).

### *Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 3. umr.*

Stjfrv., 515. mál (rannsóknir á kolvetnisauðlindum). — Þskj. 1326.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HHj, KLM, MÞH, SæS, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1369).

### *Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 3. umr.*

Stjfrv., 280. mál (heildarlög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands). — Þskj. 1327.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HHj, KLM, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1370).

### *Bókmenntasjóður, 3. umr.*

Stjfrv., 513. mál (heildarlög). — Þskj. 1341.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjarnB, EMS, GÁ, GÖg, HHj, KLM, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1371).

### *Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 3. umr.*

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 519.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖS.

2 þm. (JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÓJ, GÁ, GÖg, HHj, JónK, KHG, KLM, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1372).

### *Námsgögn, 3. umr.*

Stjfrv., 511. mál (heildarlög). — Þskj. 1342.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:03]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖS.

2 þm. (JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HHj, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1373).

### *Æskulýðslög, 3. umr.*

Stjfrv., 409. mál (heildarlög). — Þskj. 1343.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:04]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, MF, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

21 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GAK, JÁ, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HHj, JóhS, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1374).

### *Málefni aldraðra, 3. umr.*

Stjfrv., 560. mál (vistunarmatsnefndir). — Þskj. 835.

[19:04]

**Mörður Árnason:**

Forseti. Hér hefst 3. umr. um þetta mál. Við 2. umr. sá hæstv. heilbrigðisráðherra því miður sér ekki fært að vera á staðnum og gat því ekki verið hér að svara þeim spurningum sem til hennar var beint á þeim tíma.

Forseti. Það er órói í salnum. Það er eins og þingmenn vilji ekki fylgjast með þeim umræðum sem eiga að fara fram um þetta mál.

En nú hefur hæstv. heilbrigðisráðherra séð sér fært að vera viðstödd og þess vegna vil ég gefa henni tækifæri til þess, alveg eins og ég ætlaði að gera í 2. umr. fyrr í dag, að svara til um það mál sem getið er um á forsíðu Fréttablaðsins í dag þar sem raktar eru staðreyndir úr nýju svari heilbrigðisráðherrans við fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Þannig er að í Framkvæmdasjóð aldraðra greiðir hver maður með nokkrum undantekningum 6.314 kr. á ári og fyrirsögn Fréttablaðsins í dag er þannig að Óperukórinn söng á kostnað aldraðra. Það kemur í ljós að Óperukórinn kannast ekkert við að hafa sungið á kostnað aldraðra heldur fékk hann styrk frá heilbrigðisráðuneytinu og vissi ekkert hvert hann var færður. Óperukórinn kannast við að hafa sungið á Landspítalanum en að það hafi ekkert tengst öldruðum á neinn hátt.

Aðrir sem hér eru taldir í blaðinu eru Ungmennafélag Íslands, Söngskólinn í Reykjavík, Tónaljón, Lionsklúbburinn í Búðardal, Kvenréttindafélag Íslands og fleiri og eiga ekkert skylt við þetta mál því þeir sóttu aldrei um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Þeir sóttu aldrei um að fá þessar 6.314 kr. sinnum eitthvað sem hver maður reiðir fram í þeirri vissu að hann sé að leggja peninga, nefskattinn sinn, í framkvæmdir fyrir aldraða, fyrir foreldra sína, fyrir afa og ömmu, fyrir sjálfan sig þegar þar að kemur, fyrir auðvitað allt aldrað fólk.

Ég vil gefa heilbrigðisráðherra færi á því að svara hvernig á þessu standi því að í Fréttablaðinu segir að heilbrigðisráðherra hafi ekki viljað tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. Það er kannski mannlegt, en ekki stórmannlegt, af ráðherranum.

Ég vil einnig spyrja ráðherrann hvort enn standi yfir úthlutanir af þessu tagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra þeim til háðungar sem þær fá því þeir eru settir inn í ákaflega vafasamt samhengi í þessum efnum. Það getur ekki verið gaman fyrir Garðar Cortes að þurfa að svara spurningum um það af hverju Óperukórinn sé að syngja fyrir fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

[19:07]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Við 2. umr. í dag varpaði ég fram spurningum vegna þessa þingmáls vegna þess að ósamræmis gætir milli þess hvað stendur í umsögn fjármálaráðuneytisins um vistunarmatið og svarsins sem ég fékk frá hæstv. ráðherra um styrki sem greiddir hafa verið úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins segir að kostnaður við vistunarmat sé greiddur af sveitarfélögunum. Við þá lagabreytingu sem nú er að verða mun þessi greiðsla koma úr ríkissjóði. En þegar ég fer að skoða svarið sem ég fékk í fyrradag um Framkvæmdasjóð aldraðra kemur í ljós að úr Framkvæmdasjóði aldraðra fóru 4 millj. kr. á síðasta ári til landlæknisembættisins og skýringin er framkvæmd á vistunarmati.

Þegar við afgreiddum þetta og skrifuðum öll undir nefndarálitið var ég náttúrlega ekki búin að fá þetta svar og trúði því sem stóð í umsögninni.

Ég vil gjarnan fá skýringar á því frá hæstv. ráðherra

hvernig á þessu standi, þ.e. 4 millj. kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra til framkvæmdar vistunarmats, en í umsögninni frá fjármálaráðuneytinu er þetta allt frá sveitarfélögunum og á að verða allt frá ríkinu á eftir. Áður en við afgreiðum þetta mál héðan vil ég gjarnan fá skýringar á þessum atriðum.

[19:09]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegi forseti. Hér er nú ekki neitt ósamræmi á ferðinni eins og reynt er að gefa í skyn. Við erum að breyta vistunarmatinu gagnvart öldruðum. Í dag fara yfir 40 þjónustuhópar aldraðra með vistunarmatið á hverju svæði fyrir sig og við erum að breyta því vistunarmati þannig að hóparnir verða miklu færri. Sex til níu hópar munu framkvæma þetta vistunarmat. Þetta er gert meðal annars vegna ábendinga Ríkisendurskoðunar um að færa vistunarmatið í faglegra horf þannig að það verði gert á svipaðan hátt hjá hverjum hópi. Því stórfækkum við hópunum og gerum þá faglegri.

Þjónustuhóparnir munu samt sem áður halda áfram að vinna í öðrum málum sem þeir sinna í dag. En vistunarmatið mun fara frá þeim. Það er sem sagt þetta vistunarmat sem er verið að tala um í frumvarpinu og hv. þingmaður er hér að vísa í kostnaðarumsögnina með, þ.e. vistunarmatið sem fer fram á hverjum stað. Það er verið að meta þá öldruðu áður en þeir fara inn á stofnun, þ.e. hvort þeir þurfi að fara á stofnun eða ekki. Um það vistunarmat er verið að tala. Þetta vistunarmat hefur verið greitt af sveitarfélögunum eða þessir þjónustuhópar og hér er um að ræða milljónatugi sem þetta almenna vistunarmat kostar. Sá kostnaður er sem sagt að færast af sveitarfélögunum yfir á ríkið og er það væntanlega til mikils léttis fyrir sveitarfélögin.

Það sem hv. þingmaður er síðan að telja hér upp varðandi nýlegt svar út af Framkvæmdasjóði aldraðra er allt annað mál. Það eru tæpar 4 millj. kr. sem eru miðlægt utanumhald utan um vistunarmatið. Það er ekki vistunarmatið sjálft heldur utanumhald. Á sínum tíma var það hjá Reykjavíkurborg. Síðan var þetta miðlæga utanumhald greitt af framkvæmdasjóðnum sjálfum. Núna verður það fært yfir til landlæknisembættisins. Það er talið eðlilegra að vista það þar af því að litið er á þetta vistunarmat sem biðlista, þ.e. eins og hvern annan biðlista.

Þarna er því um tvö eðlislega ólík mál þó þau séu ekki óskyld að ræða. Það er vistunarmatið sjálft, þ.e. þegar það er gert á hverjum stað fyrir sig gagnvart hverjum einstaklingi. Þar eru háu upphæðirnar, milljónatugir. Síðan er það utanumhaldið miðlæga. Það kostar tæpar 4 millj. eins fram kemur í svarinu sem hv. þingmaður var að vitna í.

Varðandi spurningu hv. þm. Marðar Árnasonar eftir að hann vitnaði í það að á forsíðu Fréttablaðsins komi fram að heilbrigðisráðherra vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað þá á ég von á því að það verði leiðrétt í Fréttablaðinu á morgun. Ég fór í viðtal við Fréttablaðið. Ég var ekki beðin um að tjá mig um málið. Hér er misskilningur á ferðinni.

Varðandi framkvæmdasjóðinn þá er það þannig að greiðslur úr honum fara má segja í fimm mismunandi verkefni. Það er í fyrsta lagi bygging þjónustumiðstöðva, dagvista og stofnana fyrir aldraða. Í það fara meginupphæðirnar. Sjóðurinn veltir í kringum milljarði á þessu ári. Í öðru lagi er það að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða. Í þriðja lagi er um að ræða viðhald húsnæðis, dagvistar, dvalar- og hjúkrunarheimila. Í fjórða lagi er það til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum, samanber 14. gr. laga um málefni aldraðra og í fimmta lagi annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Það hefur stundum verið kallað þróunarverkefni og önnur slík verkefni. Þeim lið er hv. þingmaður að velta fyrir sér.

Samkomulag hefur verið gert við Landssamband eldri borgara og fleiri aðila í Ásmundarnefndinni sem var að störfum í sumar og það verður hætt að taka fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs. Það er breytingin. Hinir liðirnir verða áfram inni í sjóðnum. Það er rekstrarliðurinn sem breytist og það verður gert í tveimur áföngum. Frá og með árinu 2008 hækkar framlagið sem getur farið til annarra verkefna sjóðsins um 230 millj. kr. Það eru miklar rangfærslur í þessari frétt sem hv. þingmaður vitnaði til og ég á von á því að það verði leiðrétt á morgun.

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að menn hafa túlkað þennan 5. lið varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra misjafnlega. Það er alveg ljóst. (Gripið fram í.) Þeir sem um hann hafa rætt. (Gripið fram í.) Þegar er hafin vinna í ráðuneytinu við að skilgreina þennan lið betur af því að ég tel eðlilegt að reglurnar um hann séu þess eðlis að menn skilji þennan lið á sama hátt.

[19:15]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar útskýringar. En finnst henni eðlilegt að landlækni sé greitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að halda utan um vistunarmatið, eins og kemur hér fram? Ég leyfi mér að hafa efasemdir um að það séu eðlilegar styrkveitingar úr Framkvæmdasjóði aldraðra til landlæknisembættisins eins og ýmsar aðrar greiðslur úr sjóðnum, sem ég hef mjög miklar efasemdir um.

Varðandi það sem hv. þm. Mörður Árnason nefndi um fréttina á forsíðu Fréttablaðsins veit ég að ýmsir styrkþegar sem hafa fengið styrki úr sjóðnum hafa ekki haft hugmynd um að þeir væru að fá greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra því að þeir sóttu um styrk til heilbrigðisráðuneytisins.

Mig langar í tilefni af þessu að nefna það hér, vegna þess að hæstv. ráðherra var spurð að því áðan hvort hún væri enn að veita styrki úr sjóðnum, að það er stjórn yfir sjóðnum sem samkvæmt lögunum ber að hafa frumkvæði að því hvaða styrki eigi að veita og beina því til ráðherra hvaða styrki eigi að veita. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hefur hún haft í hyggju að vera með styrkveitingar án þess að bera þær undir sjóðstjórn? Ég vil gjarnan fá upplýsingar um það áður en umræðunni lýkur hvort ráðherra sé að leggja til styrki úr sjóðnum án þess að bera það undir stjórn sjóðsins eins og segir í lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra.

[19:17]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég býst við að hv. þingmaður sé að velta fyrir sér framlagi til upplýsingaþjónustu um málefni aldraðra. Ég býst við því, af því að komið hefur bréf frá Landssambandi eldri borgara í ráðuneytið þar sem Landssamband eldri borgara hafnar því að taka það verkefni að sér, en ég hafði vonast til að landssambandið mundi gera það. Landssambandið hafnar því og mótmælir því að það verkefni, sem er þróunarverkefni, eigi að verða greitt úr framkvæmdasjóðnum eins og er áætlað, og fullyrðir í því bréfi að það mál hafi ekki verið tekið upp í samráðsnefndinni. Það er rétt sem fram kemur hér að samráðsnefndin er stjórn sjóðsins og leggur til í hvað framlögin eigi að fara.

Jón Helgason er formaður samráðsnefndar og ég hef fundað með honum ásamt samráðsnefndinni og það er alveg ljóst að það mál var til umfjöllunar í samráðsnefndinni. Þó að Landssamband eldri borgara fullyrði að svo hafi ekki verið þá fullyrðir formaðurinn að svo hafi verið og aðrir sem hafa verið á fundum nefndarinnar og ég hef rætt við. Það er því ekki rétt að það verkefni hafi ekki fengið umfjöllun.

Ég hef hins vegar velt því fyrir mér, virðulegur forseti, vegna þessarar umræðu, hvort ég eigi að hætta við þetta verkefni, bara sleppa þessu verkefni (**ÖS:** Við tökum nú af þér ómakið.) og láta ekki framkvæma það. Þetta er mjög gott verkefni og hægt er að koma því fyrir annars staðar, það er hægt að koma því fyrir úti á landi. Þetta er þjónusta sem mundi henta þar til dæmis. (Forseti hringir.) En vegna þessarar umræðu velti ég því fyrir mér hvort maður eigi ekki bara að sleppa því að fara í verkefnið.

[19:20]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér greinir ráðherrann og Landssamband eldri borgara á því að farið hafa fram þó nokkur bréfaskipti milli Landssambands eldri borgara og ráðherra vegna þess að ráðherra hefur lagt til að greitt verði úr sjóðnum 6,6 milljónir í þetta tilraunaverkefni sem ráðherrann nefndi í andsvari við mig og samkvæmt því sem segir í bréfi Landssambands eldri borgara hafi það ekki verið tekið upp í sjóðstjórninni, sem á að ákvarða hvaða greiðslur eigi að fara úr sjóðnum. Þarna greinir ráðherra og landssambandið á, sem á fulltrúa í sjóðnum og fulltrúi þess í sjóðnum kannast ekki við að sjóðurinn hafi fjallað um þetta eða lagt þetta til. Auðvitað þarf að leysa úr því hver hefur á réttu að standa. Það er náttúrlega ekki eðlilegt að ráðherra leggi til greiðslur úr sjóðnum ef sjóðurinn á að hafa frumkvæði að því.

Hvað varðar þetta tilraunaverkefni — ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að þetta er fínasta verkefni og nauðsynlegt, en ég veit ekki betur en að Tryggingastofnun ríkisins eigi að annast nákvæmlega það sem lagt er til í þessu tilraunaverkefni, þ.e. að upplýsa eldri borgara um réttindi sín o.s.frv. Hvers vegna er ekki bara almennileg fjárveiting til Tryggingastofnunar ríkisins til að hún geti sinnt upplýsingahlutverki sínu frekar en að taka peninga úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að koma á einhverju tilraunaverkefni, hversu gott sem það nú er? Tryggingastofnun ríkisins hefur þetta með höndum og getur vel annast það ef hún fær fjárveitingar til þess.

[19:22]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Samráðsnefndin, sem er stjórn sjóðsins, hefur fjallað um þetta verkefni þó að Landssamband eldri borgara telji að svo hafi ekki verið. Það fullyrðir formaður sjóðsins, Jón Helgason, ásamt öðrum sem ég hef rætt við sem hafa með sjóðinn að gera. Síðast þegar ég vissi af ætlaði formaðurinn að koma því skriflega á framfæri að sjóðurinn hefði fjallað um þetta mál í tilefni af staðhæfingum Landssambands eldri borgara.

Ég tel að þetta verkefni sé mjög gott og hefði gjarnan viljað koma því af stað. Það felst í því að menn geta hringt í ókeypis númer og fengið upplýsingar um þá þjónustu sem eldri borgurum stendur til boða. Ekki bara það sem Tryggingastofnun hefur með að gera, alls ekki, þar eru menn að fá upplýsingar um bætur sem þeir geta notið. Þarna yrði um miklu víðtækari upplýsingagjöf að ræða, líka upplýsingar um það sem Félagsþjónusta sveitarfélaga getur boðið upp á og ýmis önnur þjónusta. Þessu verkefni er hægt að koma fyrir þess vegna úti á landi, mér finnst þetta alveg kjörið verkefni til að hafa úti á landi, fyrst Landssamband eldri borgara hafnaði því að taka það að sér.

En vegna þessarar umræðu, sem ég tel vera út úr öllu korti, þá er ég virkilega að velta því fyrir mér að sleppa verkefninu. Ég tók það upp við samráðsnefndina sem taldi að ég ætti ekki að sleppa því að fara í verkefnið, en ég er enn að velta því fyrir mér hvort ég eigi að fara í verkefnið eða ekki.

[19:23]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Frammistaða hæstv. heilbrigðisráðherra í þessari umræðu og í þessu máli bendir til að hún hafi verið of lengi í ríkisstjórn. Hún er hætt að skynja muninn á sjálfri sér sem persónu og því embætti sem hún gegnir. Hún svarar hv. þingmanni með því að fyrst hv. þingmaður væri hér að væla um þetta og kvaka — fyrst Landssamband eldri borgara er með eitthvert múður bara hætti ég þessu verkefni. Þá fáið þið það bara framan í ykkur að ég hefni mín og hætti þessu drasli.

Hæstv. heilbrigðisráðherra er orðin þannig að hún metur það ekki hvaða fé hún er að fara með, hvort hún er að fara með almennt skattfé sem Alþingi hefur úthlutað til ákveðinna hluta, og hún hefur fengið hlut af því sem við köllum vasapeninga ráðherra og getur veitt úr, og hefur aðrar holur og glufur sem eðlilegt er að fara í til að útvega peninga, hún gerir ekki greinarmun á því og síðan þeim sem allir skattborgarar á Íslandi borga í 6.314 kr. á ári og heitir Framkvæmdasjóður aldraðra en ekki rekstrarsjóður aldraðra, sem við erum búin að leiðrétta, og heldur ekki uppbyggingaröldrunarþjónustusjóður aldraðra, heitir ekki söngsjóður aldraðra eða óperusjóður aldraðra, heldur Framkvæmdasjóður aldraðra. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur engan rétt til þess að taka fé úr honum nema til að veita það í framkvæmdir og einhver þau verkefni sem þeim tengjast algjörlega náið.

Það er sérkennilegt að heilbrigðisráðherra ætli að leiðrétta fréttina. Það getur vel verið að eitthvað hafi misfarist, ég ætla ekki að tala hér fyrir Fréttablaðið eða blaðamanninn, en það hefur varla misfarist í þessari frétt að Garðar

Cortes óperukórstjóri segist ekki hafa verið nokkurs staðar að syngja á öldrunarstofnunum, eins og heilbrigðisráðherra heldur fram, heldur var Óperukórinn að syngja á Landspítalanum.

Það er því rétt að endurtaka þá spurningu til heilbrigðisráðherra: Er verið að úthluta úr sjóðnum núna þessar vikurnar með sama hætti og hefur verið áður þegar Óperukórinn, (Forseti hringir.) Kvenréttindafélagið, Lionsklúbburinn, Tónaljón o.fl. (Forseti hringir.) fengu þessa (Forseti hringir.) styrki eins og þeir væru teknir af vasapeningum hjá ráðherranum?

[19:26]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Hv. þingmenn eru beðnir að virða þann knappa ræðutíma sem gefinn er í svörum og andsvörum.

[19:26]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í svari til hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur kemur fram í hvaða verkefni á að fara á þessu ári. Þar eru þau skilgreind. Þar er afgangur sem er óskilgreindur upp á um 4 millj. kr., ef ég man rétt, sem ekki er búið að negla niður núna í upphafi árs í hvað á að fara. Það fer þá í vinnslu í sjóðnum eftir því sem beiðnir koma inn í sjóðinn á næstunni. En það eru þarna minnir mig þrjú skilgreind verkefni sem hægt er að lesa um í viðkomandi svari.

[19:27]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Í svarinu er ekkert getið um það, eins og var þó á einhverju af fyrstu árunum, að sjóðurinn hefði veitt fé til þess að auglýsa styrkúthlutun úr sjálfum sér. Ég grandskoða að vísu ekki fjölmiðlana en ég hef ekki séð slíkar auglýsingar í blöðunum um að Framkvæmdasjóður aldraðra sé núna að úthluta styrkjum til kvikmyndatöku, söngstarfs og hins og þessa. Þó kann að vera og hefði kannski verið eðlilegra fyrir ráðherrann að svara því með Óperukórinn að hann hafi verið á öldrunarstofnun, þar sem 70 aldraðir eru nú á Landspítalanum vegna þess að þeir komast ekkert annað þó að þeir séu í rauninni ekki sjúklingar heldur þurfi að komast í betra húsnæði.

Með hinar 4 milljónir, sem enn eru eftir í sjóðnum þegar hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, hefur látið greipar sópa um hann á þeim þremur mánuðum sem liðnir eru, ætla ég bara að vona að farið verði vel með. Það er töluverður hópur af skattborgurum sem hver hefur reitt fram 6.314 kr. og myndað þessar 4 milljónir. Ég vona að það verði hugsað til þess hóps í heilbrigðisráðuneytinu þegar því fé verður úthlutað. Ég vona að því verði a.m.k. ekki úthlutað í kosningaáróður til Framsóknarflokksins eins og raunin hefur verið um fé úr þeim sjóði sem nýleg dæmi, því miður, sanna ábreifanlega.

[19:28]

**Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er svo fráleitur málflutningur að þrátt fyrir að þingmenn séu orðnir þreyttir hér á síðasta degi þingsins þá leyfi ég mér að koma upp og svara honum.

Að halda því fram að verið sé að nota fé í einhvern kosningaáróður er algjörlega fráleitt. Ég býst við að hv. þingmaður sé að vitna í upplýsingarit sem var gefið út á síðasta sumri um heildarstefnumótun í málefnum aldraðra sem var búið að kalla eftir. Að kalla það eitthvert kosningarit er algjörlega fráleitt og ég vísa því á bug.

Varðandi það sem á að greiða úr sjóðnum á þessu ári og kemur fram í því svari sem ég gat um áðan, sem eru um 15 millj. kr. af þessum lið, en sjóðurinn veltir um milljarði á þessu ári, þá á sú upphæð sem spurt er um að fara í upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir aldraða sem við höfum nú þegar rætt um — og ég er að velta fyrir mér að fara jafnvel ekki í vegna þess að umræðan er á þeim nótum. (Gripið fram í.) Alls ekki. Þetta á líka að fara í gagnagrunn á öldrunarsviði, þ.e. heildarlýsingar um þjónustu fyrir aldraða um allt land hjá landlæknisembættinu. Þetta á að fara í starfsnefnd um framtíðarstaðsetningu öldrunarmála, m.a. á könnun á flutningi málaflokksins til sveitarfélaga. Þessi framangreindu verkefni kosta 10,6 millj. kr. Þá standa eftir 4,4 millj. kr. sem verður ráðstafað í önnur verkefni sem stuðla að uppbyggingu í öldrunarþjónustu eins og við höfum gert áður. (**MÁ:** ... Framsóknarflokksins.) Það er því alveg á hreinu, virðulegur forseti, að hér er ekkert skrýtið á ferðinni og ég frábið mér þann málflutning sem hér hefur verið hafður í frammi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:32]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GAK, GÁ, GÖg, KolH, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1375).

## *Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.*

Stjfrv., 272. mál (heildarlög). — Þskj. 1344.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[19:33]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við greiðum atkvæði um mikinn lagabálk sem hefur verið lengi í vinnslu. Það er sitthvað gott í lögunum en við hefðum talið heppilegra að þau hefðu fengið enn meiri umfjöllun. Við tölum um lagasmíð, grundvöll sem á að gilda til langs tíma. Heilbrigðisþjónustuna á að

skipuleggja á grundvelli velferðarsjónarmiða en ekki viðskipta. Frumvarpið byggir að verulegu leyti á viðskiptahugsun. Það fjallar um kaupendur og seljendur, það fjallar um kaup og sölu. Að mínu mati þarf að hugsa langt fram í tímann og máta löggjöf af þessu tagi í heim þar sem viðskiptaöfl ásælast sífellt stærri hlut í velferðarþjónustunni og nýta sér lagalegar skilgreiningar oft frammi fyrir dómstólum. Hér skipta alþjóðlegir samningar og skuldbindingar máli. Ég vísa í því sambandi í átökin sem hafa átt sér stað um mótun og síðan skilgreiningar í þjónustutilskipun Evrópusambandsins og þá ekki síður í fyrstu ákvæði GATT-samninganna en þar er velferðarþjónustan undanskilin markaðsskuldbindingum nema þegar hún er skipulögð á viðskiptagrunni jafnvel þótt hið opinbera greiði fyrir þjónustuna. Við þurfum að hafa það í huga að þetta umhverfi er allt saman á hreyfingu og við þurfum að gæta að okkur og hugleiða hvert við viljum fara, hvort við ætlum að ýta þjónustunni út á markaðstorgið.

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EBS, GHH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GHj, GAK, GÁ, GÖg, HBl, JóhS, KolH, MF, MÁ, VF, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [19:35]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæði mínu. Í örstuttri ræðu í dag skýrði ég frá undirbúningi málsins en gagnrýndi harðlega þann hraða sem málið hefur hlotið og afgreiðslu í dag. Þetta er mál af þeirri stærðargráðu að það þarf að fá vandlega umræðu og tíma á þinginu eins og þær mörgu breytingartillögur sem komu frá heilbrigðis- og trygginganefnd gáfu til kynna.

Frumvarpið er niðurstaða og málamiðlun stjórnmálaflokka, fagaðila og síðast en ekki síst fulltrúa neytenda. Þetta er rammalöggjöf sem hægt er að breyta. Veldur hver á heldur og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum sýna samfélagslega ábyrgð ef okkur yrði falin ábyrgð á þessum málaflokki að alþingiskosningum loknum 12. maí.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1376).

### *Landlæknir, 3. umr.*

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 1345.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:38]

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GAK, GÁ, GÖg, KolH, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [19:37]

**Þuríður Backman:**

Hæstv. forseti. Sannarlega greiðum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði málinu atkvæði okkar en ég vil taka það fram enn og aftur, eins og ég rétt náði að nefna í dag, að þegar frumvarpið verður orðið að lögum verður að sjá til þess að landlæknisembættið fái nægilegan mannafla og m.a. þarf að ráða lögfræðing við embættið til þess að sinna þeim verkefnum sem við höfum hér með verið að fela embættinu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1377).

### *Heyrnar- og talmeinastöð, 3. umr.*

Stjfrv., 274. mál (heildarlög). — Þskj. 1346.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:38]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GAK, GÁ, GÖg, HBl, KolH, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1378).

### *Sóttvarnalög, 3. umr.*

Stjfrv., 638. mál (stjórnsýsluleg staða sóttvarnalæknis o.fl.). — Þskj. 1347.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:38]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK,

JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, KolH, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1379).

### *Fjarskipti, 3. umr.*

Stjfrv., 436. mál (öryggi í fjarskiptum og aukin neytendavernd). — Þskj. 1348.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:39]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, KolH, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1380).

### *Umferðarlög, 3. umr.*

Stjfrv., 388. mál (ökuskírteini, hert viðurlög). — Þskj. 1351, brtt. 1337.

[19:40]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég legg fram breytingartillögu um að bæta í umferðarlögin skilgreiningu á því hvað sé akstursíþróttabraut í 2. gr. laganna þar sem skilgreiningarnar eiga sér stað. Þar segir að akstursíþróttabraut sé sérstakt svæði sem ætlað sé til æfinga, þjálfunar og kappaksturs vélknúinna ökutækja.

Ég vék örlítið að því í dag að mér þætti skorta á það að hugsa til framtíðar varðandi það að koma upp einhverri aðstöðu fyrir það unga fólk sem margt vill keppa í akstursíþróttum og ef til vill draga þannig úr glannaakstri á þjóðvegum landsins. Hér er eingöngu verið að opna farveg fyrir það í umferðarlögum að á slíku sé til skilgreining.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:43]
Brtt. 1337 felld með 27:25 atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GÓJ, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, JBjart, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, IHÓ, JónK, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.
1 þm. (GHj) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HerdS, KolH, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, KolH, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1381).

### *Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 3. umr.*

Stjfrv., 588. mál (heildarlög, leyfisveitingar). — Þskj. 1349.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:44]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, KolH, KHG, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1382).

### *Íslensk alþjóðleg skipaskrá, 3. umr.*

Stjfrv., 667. mál (heildarlög). — Þskj. 1350.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:44]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb,

ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GAK, GÁ, GÖg, KolH, KHG, LB, SJS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1383).

### *Vegalög, 3. umr.*

Stjfrv., 437. mál (heildarlög). — Þskj. 1352, brtt. 1135.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:45]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið við umræðu í þinginu er þetta frumvarp gott um margt. Þrjár greinar frumvarpsins, 4., 14. og 17. gr., hafa hins vegar verið gagnrýndar. Nú hefur verið gerð breyting á alvarlegustu greininni, 4. gr. Þar hefur verið numið brott ákvæði sem hefði lögþvingað Vegagerð ríkisins til að einkavæða alla hönnun, allar nýbyggingar, allt viðhald, alla þjónustu, allt eftirlit. (**Gripið fram í:** Einkavæða vegina.) Og að einkavæða vegina, það er rétt, því að í frumvarpinu var ákvæði þess efnis að vegamálastjóri hefði heimild til að framselja vegina, þjóðvegina, til einkaaðila til frambúðar. Nú hefur verið komið með tillögu eða breytingu á frumvarpinu þess efnis að einvörðungu sé um að ræða tímabundna ráðstöfun. Þessu náðum við fram, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, að fá fram þessar breytingar á frumvarpinu og ég lít svo á að þær séu mjög mikilvægar því að það hefði haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir Vegagerðina og þjónustu Vegagerðarinnar vítt og breitt um landið ef löggjafinn hefði þvingað Vegagerðina til að bjóða út nánast alla starfsemi sína. Hér var ekki um að ræða heimildarákvæði heldur lögþvingun af hálfu löggjafans. Ég fagna því að ríkisstjórnin skuli hafa verið reiðubúin til að taka upp viðræður um breytingar á þessu frumvarpi. Ég tel þær ásættanlegar og við styðjum þess vegna frumvarpið í heild sinni.

[19:47]

**Jón Bjarnason** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið var samþykkt við 2. umr. breytingartillaga frá Guðmundi Hallvarðssyni við þá málsgrein sem fjallar um það að skylda Vegagerðina til að einkavæða alla sína þjónustu og við það hefur 4. gr. náttúrlega lagast mikið.

Ég hef gert grein fyrir þeim fyrirvörum sem við höfum varðandi 14. gr. Við erum alfarið á móti 17. gr. sem slíkri, en með þeirri takmörkun sem sett var inn í 14. gr., þ.e. að framsal á veghaldi megi einungis vera tímabundið, verður annað yfirbragð á þessu frumvarpi, en sú breytingartillaga sem ég flutti hljóðaði m.a. upp á það að allir þjóðvegir landsins skyldu í vera í þjóðareign og takmörkun á framsali vegamálastjóra. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti biður hv. þingmenn að gefa hv. þm. Jóni Bjarnasyni tækifæri til að ljúka máli sínu.)

Þakka þér fyrir. (Gripið fram í.) Það er greinilegt að þingmönnum Sjálfstæðisflokksins er kannski ekkert ljúft að fella þessi einkavæðingarákvæði burt úr lögunum en ég tel það fagnaðarefni og met meiri hlutann og ríkisstjórnina að verðleikum fyrir að hafa tekið þeim sinnaskiptum og gert það, þrátt fyrir að einstakir einkavæðingarsinnar innan Sjálfstæðisflokksins eigi bágt með að sitja undir því.

[19:49]

**Forseti (Birgir Ármannsson):**

Forseti vill spyrja hv. þm. Jón Bjarnason hvort breytingartillaga hans ... (Gripið fram í.) Breytingartillaga hv. þingmanns á þskj. 1135 er kölluð aftur og verður gengið til atkvæða.

Brtt. 1135 kom ekki til atkv.

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (ÁÓÁ, BJJ, EMS, GÁ, GÖg, HerdS, KolH, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1384).

### *Þingsköp Alþingis, 2. umr.*

Frv. SP o.fl., 706. mál. — Þskj. 1235, brtt. 1332.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:50]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–14. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1332 samþ. með 52 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
16.–33. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:52]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1354. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

***Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, síðari umr.***

Stjtill., 574. mál. — Þskj. 852, nál. 1163, brtt. 1164.

[19:53]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 frá samgöngunefnd.

Fjölmargir aðilar komu á fund nefndarinnar auk þess sem margar umsagnir bárust nefndinni.

Nefndin leggur ekki til breytingar á flugmálaáætlun. Nefndin leggur hins vegar til breytingar á siglingamálaáætlun og vegáætlun.

Siglingamálaáætlun: Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á siglingamálaáætlun í samræmi við ákvörðun sem tekin var á ríkisstjórnarfundi 9. mars sl. um að veita 1.600 millj. kr. viðbótarframlag til samgönguáætlunar fyrir árið 2009.

1. Lagðar eru til leiðréttingar á töflu 3-3 í kafla 3.2.1.1 Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar og töflu 3-7 í kafla 3.2.1.3 Sjóvarnargarðar.

2. Lagt er til framlag til byggingar grjótgarðs út að Tösku á Rifi í Snæfellsbæ og gerðar sandfangara. Með þessari framkvæmd næst að draga úr áhrifum norðaustan- og austanöldu innan Rifshafnar. Nauðsynlegt er að gera sandfangara til að draga úr sandburði. Heildarframkvæmdakostnaður er áætlaður 116,2 millj. kr. og þar af er framlag ríkissjóðs 70 millj. kr. og kemur til framkvæmda árið 2008.

3. Lagt er til framlag til dýpkunar innsiglingarrennu og innan hafnar á Vopnafirði. Dýpi innan hafna miðast við 8 m djúprist skip en skipin sem nú fara um höfnina rista yfir 9 m. Með dýpkun ná hin djúpristu nótaveiðiskip HB Granda að taka höfnina í meðalstórstraumsfjöru. Kostnaður við dýpkun er áætlaður 116,2 millj. kr., þar af er framlag ríkissjóðs 70 millj. kr. sem kemur til greiðslu 2008. Stefnt er að því að frestað verði til ársins 2008 að steypa þekju og koma fyrir lýsingu og lögnum til að unnt sé að hefja dýpkun þegar á þessu ári. Dýpkað verður í ár fyrir tæpar 58 millj. kr. og að ári fyrir rúmar 58 millj. kr.

4. Lagt er til að veittar verði 60 millj. kr. til stækkunar tollaðstöðunnar á Seyðisfirði á árinu 2008. Aðstaða tollvarða er talin of knöpp og er gert ráð fyrir að stækka húsið um 200 fermetra. — Rétt er að geta þess að samgöngunefnd fór fyrir einu og hálfu ári á Austfirði og skoðaði þar m.a. tollhöfn og í framhaldi af ferðinni sendi samgöngunefnd samgönguráðherra, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra erindi þar sem nefndin lagði til að sérstaklega yrði tekið til þessa máls sem hér er nú komið í framkvæmd.

5. Í breytingartillögu samgöngunefndar við frumvarp til breytingar á hafnalögum, nr. 61/2003, (sbr. þskj. 998, 366. mál) er lagt til að heimilt verði að veita styrki úr Hafnabótasjóði B-hluta vegna tjóns á upptökumannvirkjum. Með hliðsjón af þessari breytingu er nauðsynlegt að veita viðbótarfjármagn í Hafnabótasjóð, sem eftir sem áður gegnir því hlutverki að vera varasjóður ef tjón verður á hafnarmannvirkjum sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði. Því er lagt til að veitt verði 200 millj. kr. framlag úr ríkissjóði í Hafnabótasjóð árið 2008.

Vegáætlun: Frá því að tillagan var lögð fram á Alþingi hafa fulltrúar Vegagerðarinnar fundað með þingmönnum hvers kjördæmis og kynnt vegáætlun og rætt mögulegar breytingar. Fjárveitingum til almennra verkefna, tengivega og ferðamannaleiða hefur verið skipt á milli einstakra verkefna. Nefndin leggur m.a. til eftirfarandi breytingar á vegáætlun í samræmi við niðurstöður þessara aðila:

1. Kafli 4.2.1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæði:

a. Lagt er til að 5 millj. kr. færist frá hringvegi (lagfæring gatnamóta) til Hafravatnsvegar á árinu 2008 (Hringvegur–Úlfarsfellsvegur, hringtorg).

b. Lagt er til að 110 millj. kr. fjárveiting til Hlíðarfótar árið 2007 verði felld niður.

c. Lagt er til að fjárveiting til Hafnarfjarðarvegar (Kringlumýrarbraut–Miklabraut) hækki um 110 millj. kr. á árinu 2009. Einnig er lagt til 600 millj. kr. viðbótarframlag í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Því er samtals gerð tillaga um 710 millj. kr. hækkun á framlaginu.

d. Lagt er til að 110 millj. kr. færist frá árinu 2009 til ársins 2008 vegna Reykjanesbrautar (gatnamóta við Vífilsstaðaveg).

e. Lagt er til að 110 millj. kr. færist frá árinu 2008 til ársins 2007 vegna Nesbrautar (bráðabirgðagatnamóta við Kringlumýrarbraut).

2. Kafli 4.2.1.3 Verkefni á landsbyggð:

a. Lagt er til að 100 millj. kr. færist frá hringvegi á Suðurlandi (um Hornafjarðarfljót) til Reykjavegar (Biskupstungnabraut–Laugarvatnsvegur) á árinu 2010.

b. Lagt er til að fjárveiting til Vestfjarðavegar (Svínadalur–Flókalundur) lækki um 100 millj. á árinu 2010.

c. Lagt er til að fjárveiting til Strandavegar (Djúpvegur–Drangsnesvegur) hækki um 100 millj. á árinu 2010.

d. Lagt er til að fjárveiting til hringvegar á Norðausturlandi (við Egilsstaði) hækki um 50 millj. kr. á árinu 2007.

e. Lagt er til að fjárveiting til hringvegar á Norðausturlandi (Berufjarðarbotn) lækki um 50 millj. kr. á árinu 2010.

f. Lagt er til að fjárveiting til hringvegar á Norðausturlandi (Þvottár- og Hvalnesskriður) lækki um 50 millj. kr. á árinu 2007.

g. Lögð er til 50 millj. kr. fjárveiting til Norðfjarðarvegar (snjóflóðavarnir við Grænafell) á árinu 2010.

Þá leggur nefndin til eftirfarandi breytingar á vegáætlun í samræmi við ákvörðun sem tekin var á ríkisstjórnarfundi 9. mars sl. um að veita 1.600 millj. kr. viðbótarframlag til samgönguáætlunar fyrir árið 2009.

1. Lagt er til 200 millj. kr. framlag til Suðurstrandarvegar árið 2009. Með þessu viðbótarframlagi verður hægt að gera nýjan veg frá Þorlákshöfn vestur fyrir Selvog og munu þá helstu farartálmarnir á leiðinni verða úr sögunni þó svo að sjálfum veginum verði ekki að fullu lokið, en vegurinn getur sinnt hlutverki sínu jafnt fyrir þungaflutninga sem og almenna umferð.

2. Lagt er til að 200 millj. kr. viðbótarframlag verði veitt í veginn að Dettifossi þannig að heildarframlag á árinu 2009 til þess vegar verði 340 millj. kr. Með þessu framlagi verður unnt að fullgera veginn frá Norðausturvegi að Vesturdalsvegi.

3. Lagt er til að 100 millj. kr. viðbótarframlag verði veitt til vegarins um Fróðárheiði á árinu 2009. Lagðir hafa verið verulegir fjármunir í þennan veg og því er aðkallandi að ljúka honum til þess að vegurinn nýtist sem fyrst með eðlilegum hætti.

4. Lagt er til að 50 millj. kr. viðbótarframlag verði veitt á árinu 2009 til gerðar Þjóðbrautar á Akranesi sem telst til grunnnets og breytir aðkomuleið inn í bæinn að norðan. Ástæða þessarar tillögu er sú að veruleg uppbygging er fyrirhuguð á því svæði sem vegurinn mun liggja um og því aðkallandi að fjárveitingum til vegarins verði hraðað.

5. Lagt er til að veittar verði 50 millj. kr. á árinu 2009 til endurbóta á Miðfjarðarvegi sem er tengivegur. Ástand vegarins fram hjá Melstað er þannig að ekki verður undan því vikist að leggja til þessa viðbótarfjárveitingu.

6. Lagt er til 600 millj. kr. viðbótarframlag til gerðar mislægra gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar á árinu 2009. Viðbótarframlag þetta mun stuðla að því að unnt verði að ljúka þeirri framkvæmd fyrr en ella.

7. Lagt er til 400 millj. kr. viðbótarframlag til gatnamóta Hafnarfjarðarvegar og Vífilsstaðavegar á árinu 2009 til að bæta úr bágu umferðarástandi á þessum vegamótum.

Nefndin hefur fjallað sérstaklega um fjárframlög í samgönguáætlun til höfuðborgarsvæðisins. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu komu á fund nefndarinnar og lýstu yfir áhyggjum sínum af því hversu lítið fjármagn væri veitt í áætluninni til svæðisins. Lögðu þau til að fjárframlag á tímabilinu yrði tvöfaldað því annars mundi umferðarástand á svæðinu versna mjög. Nefndin telur að stefna beri að því að umferðarástand á svæðinu versni ekki á tímabilinu en tekur jafnframt fram að spá samtakanna um framtíðarástand hafi verið málað nokkuð dökkum litum. Jafnframt veltir nefndin því fyrir sér hvort fleira þurfi ekki að koma til en sífellt aukið framboð á stærri og afkastameiri umferðarmannvirkjum og því þurfi að fara að huga að eftirspurninni eða notkuninni sjálfri þegar fram líða stundir. Með nefndaráliti þessu er birt sem fylgiskjal yfirlýsing af hálfu fjármálaráðherra og samgönguráðherra um að í kjölfar undirbúnings og hönnunar stærstu umferðarmannvirkjanna á höfuðborgarsvæðinu, svo sem gatnamóta við Kringlumýrarbraut og á Hafnarfjarðarvegi, verði ákveðin sérstök fjáröflun til þess að hraða framkvæmdum við þau mannvirki á fyrsta tímabili samgönguáætlunar. Vænta má beinnar tillögu um þá sérstöku fjáröflun við næstu endurskoðun samgönguáætlunar fyrir árin 2009–2012.

Nefndin beinir þeirri áskorun til Vegagerðarinnar og viðkomandi aðila að fara vel yfir umferðaröryggismál við fjölförnustu ferðamannastaði landsins og þá sérstaklega við Geysi í Haukadal. Nefndin leggur til að Vegagerðin taki nú þegar upp viðræður við Ferðamálastofu Íslands til þess að bæta umferðaröryggi á þessum fjölfarna ferðamannastað.

Að lokum telur nefndin rétt að geta þess til að taka af öll tvímæli að tillaga um sérstaka fjáröflun til Vaðlaheiðarganga í samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 tekur til verkefna er tengjast undirbúningi ganganna.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Undir nefndarálitið rita Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara, Kristján L. Möller, með fyrirvara, Guðjón Hjörleifsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Jón Kristjánsson, Guðjón Arnar Kristjánsson, með fyrirvara.

[20:04]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur innleitt alveg nýtt fyrirbæri í samgöngumálin á Íslandi, einhvers konar kengúrusúlurit. Þetta fyrirbæri hagar sér þannig að á kosningaárum tekur súlan mikið stökk upp á við en síðan hrapar hún niður strax árið eftir. Núna við þessi tímamót á þessu kosningavori sjáum við þriðja stökkið hjá kengúrunni. Súlan hefur tekið mikið stökk upp á við og ef hæstv. ráðherra fær að ráða áfram mega landsmenn búast við því að kengúran hrapi til jarðar á næstu þremur árum.

Þetta er ekki þannig, virðulegi forseti, að það sé mismunandi þörf fyrir samgöngubætur á Íslandi, að þær séu alltaf langmestar á kosningaárum. Hins vegar er alveg gífurlega mikil þörf á samgöngubótum á Íslandi. Heildarakstur á þjóðvegum hefur aukist um 100% á 15 árum. Fjármagn til viðhalds vega hefur verið nær hið sama síðustu tíu árin og fyrir vikið eru þjóðvegir landsins meira og minna ónýtir. Sums staðar er það reyndar þannig að á heilum landsvæðum, eins og t.d. Vestfjörðum og norðausturhorninu, að þar eru landsmenn ekki komnir í nútímann enn þá. Þegar hæstv. samgönguráðherra talar um hinar miklu samgöngubætur á Íslandi hlýtur hann eiginlega að fara allt aftur á söguöld til að ná sér í samanburð. Það er auðvitað hægt að gera alla hluti góða í samanburði ef maður fer nógu langt aftur í tímann og leitar sér að nógu slæmum samanburði.

Hinni miklu umferðaraukningu sem ég var að segja frá áðan fylgja auðvitað auknar tekjur í ríkissjóð. Á síðasta kjörtímabili, síðustu fjórum árum hafa tekjur ríkissjóðs af umferð vaxið á milli 40 og 50% en á sama tíma hafa framlög til vegamála verið dregin saman um 22%, enda hefur núverandi ríkisstjórn skorið niður framlög til vegamála til samgöngubóta um 6 milljarða á því kjörtímabili sem nú er að líða. Fyrir utan þetta sem ég er að rekja hefur hæstv. samgönguráðherra notað samgönguáætlun sem refsitæki á höfuðborgarbúa vegna þess að þeir kusu Sjálfstæðisflokkinn af höndum sér fyrir 12 árum. Slysuðust til að kjósa þá yfir sig aftur síðast, en við skulum sjá hvernig það verður næst.

Vegna þess að landinu hefur verið illa stjórnað og mikill fólksflaumur verið til Reykjavíkur af landsvæðum sem halda sig illa er fyrir vikið komið mikið ófremdarástand í samgöngumálum í höfuðborginni. Þrjú svæði á landinu eru langverst stödd í samgöngumálum, höfuðborgarsvæðið og tengingarnar út frá því, Vestfirðir og Norðurland eystra eða norðausturhorn landsins. Á þessum tveimur síðarnefndu svæðum er það þannig að fólkið er enn þá að keyra á malarvegum. Það keyrir á stórhættulegum vegarköflum þar sem það má búast við grjóthruni ofan á sig, snjóflóðum og ég veit ekki hverju. Þær aðstæður sem fólkinu er gert að búa við gera það að verkum að landsvæðin eru ekki samkeppn-

ishæf. Þetta er mikill ábyrgðarhluti hjá einni ríkisstjórn að standa svona að verki ekki eitt kjörtímabil, ekki tvö, heldur þrjú kjörtímabil í röð. Sömu landsvæðunum er því látið blæða æ ofan í æ.

Virðulegi forseti. Það er kominn tími til þess að skipta um ríkisstjórn og það er svo sannarlega kominn tími til þess að skipta um samgönguráðherra.

[20:10]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg viðurkennt að það sem hefur gerst í umferðarmálum á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til fjölgunar bifreiða hefur kannski verið miklu meira en stjórnvöld gerðu sér grein fyrir. Eins og áður hefur komið fram er búið að vera mikið góðæri og bílaeign landsmanna er orðin miklu meiri en gert var ráð fyrir og allar umferðarspár hafa nánast sprungið.

Ég vildi þó aðeins, af því að hv. þingmaður kom inn á höfuðborgarsvæðið, geta þess sérstaklega og ég þykist vita að hv. þingmaður muni að 1994 þegar R-listinn komst til valda í Reykjavík voru mikil plön að undirbúningi frágangs og smíði mislægra gatnamóta Miklubrautar/Kringlumýrarbrautar, (Gripið fram í.) en það var tekið af dagskránni. Það var dálítið merkilegt.

Í annan stað er það svo með þessa blessuðu Sundabraut að þar hafa menn verið að kasta því fjöreggi á milli sín og ekki fundið þeim vegi endanlegan stað svo menn geti verið sáttir. Hins vegar er verið að vinna að því núna og vonandi tekur það einhvern enda svo hægt sé að fara að vinda sér í Sundabrautina. Til stendur að gera mislæg gatnamót Miklubrautar/Kringlumýrarbrautar og hefur verið unnið víða að því á öðrum stöðum eins og t.d. Breiðholtsbraut/Reykjanesbraut og fleiri staði mætti nefna. Stefna Vegagerðarinnar er að þeir sem aka eftir Sæbraut og Reykjanesbraut geti ekið í einum rykk alveg út að Hafnarfjarðarvegi án þess að þurfa að tefjast við nokkur gatnamót því á (Forseti hringir.) umferðarmestu gatnamótin á að setja mislæg gatnamót.

[20:12]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að benda hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni á það að umferðaraukning gerist ekki í einu vetfangi. Það er þróun eins og sjá má af línuritinu sem ég er með hérna. Hlutirnir eiga því alls ekki að koma á óvart.

Sama er að segja um flutning til höfuðborgarinnar. Það er þróun og það þarf auðvitað að hafa rænu á að bregðast við henni. Það er ekki borgaryfirvalda einna að bregðast við. Það þarf að gerast í samvinnu við ríkið og viljann til samvinnu af hálfu samgönguráðherra hefur skort þangað til núna en mér sýnist sem betur fer að viljinn sé að glæðast hjá hæstv. ráðherra.

Ég geri mér líka grein fyrir að það eru uppi góðar hugmyndir um að bæta ástandið í borginni. Það er hins vegar seint og um síðir sem á að koma peningur í það. Þó það hafi verið bætt inn milljarði núna, sem betur fer, eru áætlanir um t.d. göng undir Öskjuhlíðina mjög seint á dagskrá samkvæmt löngu samgönguáætluninni.

Það eru svo sannarlega mörg verkefni sem bíða, virðulegi forseti, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu, heldur, eins og ég benti á, ekki síst úti á landi. Skoðun mín er sú að á Vestfjörðum þurfi að fara í alveg sérstakt átak í samgöngumálum ef þingmenn hafa hugsað sér að þar verði byggð áfram því samgöngubætur eru algjör forsenda þess að allar aðrar aðgerðir í atvinnumálum og byggðamálum beri árangur til lengri tíma litið.

[20:14]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Hér er komin tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun með þeim viðbótum sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur mælt fyrir fyrir hönd samgöngunefndar.

Það verður að segjast eins og er að fátt hefur verið daprara á síðustu fjórum árum en framkvæmd núverandi ríkisstjórnar í vega- og samgöngumálum. Nokkuð metnaðarfull vegáætlun var samþykkt hér fyrir fjórum árum í aðdraganda kosninga sem strax um sumarið var skorin niður um tæpa 2 milljarða kr., strax á fyrsta ári. Síðan hefur þessi samgönguáætlun verið skorin niður á hverju ári þannig að heildarniðurskurður á áætluninni á þessu þriggja og hálfs árs tímabili nemur einhvers staðar á milli 6 og 7 milljörðum kr. óverðbætt. Til viðbótar þessu hafa svo verið skornir niður á þessu ári liðlega 2 milljarðar kr. sem áttu að fara til sértækra vegabóta fyrir söluandvirði Símans. Við sjáum á þessu hverjar efndirnar hafa verið í samgöngumálum, enda er það svo að árið 2006 eru framkvæmdir í vegamálum þær minnstu, bæði hvað varðar fjármagn í heild sinni og einnig sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, um árabil. Og þótt nú komi hér nokkuð metnaðarfull samgönguáætlun til næstu fjögurra ára skulum við líta á efndirnar hjá þeirri ríkisstjórn sem nú er búin að sitja í tólf ár. Hún hafði nákvæmlega sama háttinn á á fyrra kjörtímabili sínu við að skera niður. Trúverðugleiki núverandi ríkisstjórnar í vega- og samgöngumálum er því enginn að mínu mati.

Síðastliðið sumar þegar ríkisstjórninni þótti þenslan keyra um þverbak vegna stóriðjuframkvæmdanna var gripið til þess að fresta framkvæmdum þar sem þenslan var minnst, á Vestfjörðum og á Norðausturlandi. Þetta var nú nánd þessarar ríkisstjórnar við raunveruleikann. Trúir því nokkur að þessi ríkisstjórn hafi breyst eða breytist eitthvað þó að hún setji hér fram einhverja nýja samgönguáætlun? Nei, því trúir enginn, enda er ekki hægt að ætlast til þess. Þetta er eins gott að hafa í huga þegar við fjöllum um þá þingsályktun sem er til umfjöllunar um áætlaðar vegaframkvæmdir á næstu fjórum árum. Örfá atriði samt varðandi þessa áætlun.

Lagt er til að í henni sé sérstök fjármögnun, svona óskilgreind fjármögnun, mig minnir að til vegamála séu einhvers staðar 10 milljarðar kr. sem eigi bara að taka einhvers staðar, er kallað sérstök fjármögnun o.s.frv., sem er fullkomlega óábyrgt því að við vitum að allar framkvæmdir kosta fjármagn og ríkissjóður er ábyrgur fyrir því að framkvæmdir verði gerðar og útvegi fjármagn. Það má vel vera að ríkissjóður þurfi að taka lán í einhvern takmarkaðan tíma en ríkissjóður á að bera ábyrgð á þessum framkvæmdum en ekki að láta það vera eins og óútfylltan tékka hvernig það skuli fjármagnað. Þetta er einn af stóru veikleikunum fyrir utan það að ýjað er að einkavæðingu á vegum, einkavæð-

ingu á framkvæmdum, ýjað að því að það leysi málin að láta einhver fyrirtæki, einhverja einstaklinga fá vegarspotta til þess að byggja upp eða leggja eða innheimta gjöld af. Þetta er kolröng stefna og til skammar. Okkur ber að eiga þjóðvegina.

Frú forseti. Það er alveg ljóst að gera þarf stórátak í vegamálum. Það er efst á lista hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að strax að loknum kosningum, ef tekst að skipta um ríkisstjórn, sem við efumst ekkert um, verður þessi samgönguáætlun tekin upp. Hún verður tekin upp, hún verður endurskoðuð, það verður gert átak í samgöngumálum, í vegamálum, og staðið við þau. Ég horfi þá m.a. til Vestfjarða og Norðausturlands, til safn- og tengivega sem hafa fullkomlega verið vanræktir á undanförnum árum. Vegirnir inn til dala og út til stranda sem eru í rauninni lífæðar þessara byggða, t.d. vegurinn norður Strandir. Svona má áfram nefna vegi sem hafa fullkomlega verið vanræktir og þurfti ekki að skera niður fjármagn til á þessu ári, þessir vegir eru tilbúnir til þess að ráðist verði í þá. Aumingjaskapurinn í kringum vegamál og vegagerð sem verið hefur á undanförnum árum og heldur áfram á þessu ári er að mínu viti ríkisstjórninni til skammar. Eitt brýnasta verkefnið fyrir þjóðina er að gera stórátak í vegamálum og það verður aðeins gert með því að skipta um ríkisstjórn og endurskoða þessa vegáætlun af einhverjum myndarbrag. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (SAÞ): Forseti biður hv. þingmenn að hafa þögn í salnum.)

[20:20]

**Ellert B. Schram:**

Frú forseti. Ég hef mjög takmarkaðan tíma til þess að fara yfir þetta stóra mál en mér finnst hins vegar óhjákvæmilegt að kveðja mér hljóðs til þess fyrst og fremst að ræða aðeins um umferðar- og samgöngumál í höfuðborginni og á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst vegna þess að þegar þetta mál var lagt fram fyrr í vetur átti ég orðastað við hæstv. samgönguráðherra um þau vandamál sem blasa við í samgöngumálum á þessu svæði. Ég taldi og fullyrti að þær fjárveitingar sem rynnu til úrbóta í samgöngu- og vegamálum á því svæði væru allsendis ófullnægjandi og í engu samræmi við það sem borgarstjórn Reykjavíkur hafði t.d. lagt til. Hæstv. samgönguráðherra var bara nokkuð kotroskinn þegar hann svaraði þessum fullyrðingum mínum og ekki var hægt að skilja annað en að tillögurnar sem hann setti fram í þessari samgönguáætlun væru í fullu samræmi við óskir og þarfir borgarstjórnar Reykjavíkur og annarra á höfuðborgarsvæðinu.

Nú hefur komið í ljós að þetta er mikill misskilningur ef ekki beinlínis blekking af hálfu hæstv. ráðherra, og það er synd að hann skuli ekki vera hér viðlátinn til þess að hlusta á þessa gagnrýni. Ég fullyrði að þetta sé allt á hinum versta vegi með vísan til þess að hér kemur fram að samgöngunefnd kallaði til sín eða fékk á sinn fund bæjarstjóra og fulltrúa allra sveitarfélaganna hér á svæðinu og þar hefur ástandinu greinilega verið lýst þannig að hæstv. samgönguráðherra og ríkisstjórnin hafa séð sig knúin til þess að leggja fram örlítið meira fé, eða eitthvað í kringum einn milljarð í viðbót til þess kannski að bjarga brýnustu þörfunum. En samgöngunefndin sem er að leggja fram sitt álit núna hefur ekki meiri metnað til þess að takast á við þennan vanda en það sem segir á bls. 3 í nefndarálitinu: „Nefndin telur að stefna beri að því að umferðarástand á svæðinu versni ekki á tímabilinu ...“ Allt og sumt sem vakir fyrir nefndinni er svona neyðarbjörgun, að sjá til þess að ástandið versni ekki. Með öðrum orðum, það er ekki gert ráð fyrir að lagt sé í mikil átök eða miklar framkvæmdir heldur eigi aðeins að reyna að viðhalda ástandinu þannig að það versni ekki mjög mikið. Þetta kalla ég ekki metnaðarfulla framtíðarstefnu í ljósi þess að ástandið sem blasir við öllum, hvort sem þeir búa á höfuðborgarsvæðinu ekki, er algjört öngþveiti í samgöngumálum.

Nefnt hefur verið hér vandamálið að komast út úr bænum, bæði vestur og suður. Við höfum talað um Sundabrautina, Miklubrautina og Kringlumýrarbrautina. Við höfum talað um Hlíðarfótinn og um greiðari samgöngur vestur í bæ, í Tryggvagötunni, þar þarf að ráðast í miklar framkvæmdir. Öll þessi verkefni eru meira og minna í fullkominni upplausn. Ég held að síðasti naglinn í þessari líkkistu hæstv. ráðherra sé kannski sú yfirlýsing sem fylgir með nefndarálitinu þar sem það er beinlínis viðurkennt af hálfu ríkisstjórnarinnar og ráðherranna að gera þurfi sérstakt átak og greina það vandamál og þá stöðu sem nú er uppi á höfuðborgarsvæðinu. Hæstv. samgönguráðherra og hæstv. fjármálaráðherra gefa sem sagt frá sér yfirlýsingu um það að á næstunni þurfi að taka samgöngumálin á höfuðborgarsvæðinu til sérstakrar athugunar. Þeir eru svo örlátir að þeir ætla að reyna að tryggja fjármagn eða eins og segir í yfirlýsingunni að þeir muni leitast við að tryggja fjármagn, og ef og þegar eitthvert fjármagn á að koma þá er það ekki fyrr en 2009. Þetta er allt og sumt sem þeir hafa í hyggju að gera í þessum mikla vanda og ég fullyrði að þessi yfirlýsing er vottorð um að þessi mál eru í fullkomnum ólestri.

Ég held líka að það verði erfitt fyrir ágæta borgarstjórn í Reykjavík og borgarfulltrúa að standa við þær yfirlýsingar og loforð sín um að settur verði stokkur í Miklubrautina á þessu kjörtímabili. Það liggur fyrir að ekkert fé verður lagt í það verkefni samkvæmt þessari áætlun ef við erum að tala um stokkinn, og ef eitthvað kemur verður það ekki fyrr en 2009. Það verður því ekki miklu meira gert en rétt að hefja þær aðgerðir ef á annað borð verður ráðist í það. Hér er sem sagt öllu slegið á frest og þær fjárveitingar sem eru til samgöngumála í höfuðborginni og á svæðinu öllu eru nánast eins og upp í nös á ketti.

Þessum sjónarmiðum vildi ég koma að við þessa umræðu, frú forseti, og endurtaka þá skoðun mína að yfirlýsingin sem fylgir nefndarálitinu frá tveimur hæstv. ráðherrum er yfirlýsing um það hversu ástandið er bágborið.

[20:27]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir þessa lýsingu hv. þingmanns varðandi umferðina í Reykjavík, þar er ýmislegt sem betur má fara að mínu viti. Mér finnst líka, hv. þingmaður, og ber nú vel í veiði því að hér eru a.m.k. þrír þingmenn Reykjavíkur í salnum, að menn þurfi jafnvel að hugsa málin upp á nýtt.

Þegar maður horfir á áætlanir um það hvernig leysa eigi umferðarvandann í Reykjavík varðandi Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Hlíðarfót, held ég að það sé kallað, með göngum undir Öskjuhlíð og síðar auðvitað með Sundabrautinni eða fyrr eftir atvikum, þá ráðgera menn að breyta verulega landslaginu á Kringlumýrarbraut og byggja þar mislæg gatnamót, stór og mikil, og væntanlega ætla menn að byggja mislæg gatnamót á Háaleitisbraut, væntanlega á Grensásvegi og væntanlega á Lönguhlíð. Síðan á að byggja stokk á Miklubrautinni en það var upplýst í samgöngunefnd um daginn að kílómetri í stokk kostaði að lágmarki milljarð, minnir mig, meira en að búa til jarðgöng. Og ef ég man rétt voru nefndar tölur varðandi Kringlumýrarbraut upp á tæpa 4 milljarða, mislæg gatnamót.

Ég vildi bara beina einni hugmynd til hv. Reykjavíkurþingmanna, í fullri vinsemd og virðingu, með það að markmiði að horfa svolítið öðruvísi á þessi mál. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort ekki væri leið að hreyfa bara ekkert við þessum fernum gatnamótum sem ég taldi upp og fara hreinlega inn með jarðgöng fyrir austan Grensás undir holtið og koma upp með þau rétt fyrir austan Snorrabraut, við brúna þar, að hreyfa bara ekkert við yfirborðinu og þar með kæmist umferðin sem kæmi sunnan að og norðan að greiðlega um þau gatnamót sem fyrir eru og við værum búin að fá alvöruakstursbraut frá austri til vesturs til þess að flytja þá umferð. Þessu vil ég varpa fram til hv. þingmanna til að hugleiða fyrir framtíðina. Mér finnst menn ekki hugsa (Forseti hringir.) nógu langt inn í framtíðina.

[20:29]

**Ellert B. Schram** *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi hugmynd er ekkert vitlausari en hver önnur. (**PHB:** Hún er frá mér.) Já, jafnvel þó að hún komi frá hv. þm. Pétri Blöndal. Það getur nú oft komið eitthvað af viti frá honum, eins og ég hef orðið var við hér.

Reyndar er það þannig að samtökin sem kenna sig við Hlíðahverfið, sem hafa haft sig í frammi að undanförnu og hafa áhyggjur af samgöngumálum í Hlíðunum og í Austurbænum, hafa lagt til og talað um, bæði vegna sjónmengunar, hávaðamengunar og svifryks, að leggja beinlínis Miklubrautina í stokk alla leið frá Snorrabraut og austur að Grensásvegi. Ég held að það sé mikil skynsemi í því, því að eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur bent á að með því að fara með umferðina neðan jarðar skapast náttúrlega byggingarpláss þar sem vegirnir eru núna.

Ég held að það megi velta fyrir sér mörgum möguleikum í úrbótum á vegamálum á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst í ljósi þess hve miklir peningar renna í ríkissjóð vegna umferðar. Ríkissjóður hefur tekjur upp á 50 milljarða, skilst mér, vegna bíla eða umferðar og þá eru tollar af bílainnkaupum innifaldir. Þegar við erum að tala um vegáætlun upp á 14 milljarða þá er samt ýmislegt enn eftir í ríkissjóði sem ætti auðvitað að langmestu leyti að fara í það að bæta þau samgöngumál sem við erum að tala um (Forseti hringir.) vegna þess að það blasir alls staðar við og þessi mál eru, eins og ég sagði áðan, í fullkomnum ólestri.

[20:31]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég veit rétt um áætlanirnar varðandi Miklubraut og mislæg gatnamót þá ætla menn að gera mislæg gatnamót við Grensásveg og á Háaleitisbraut. Ég geri ráð fyrir að þessi mislægu gatnamót kosti um 1,5–2 milljarða hver, 4 milljarðar fari í Kringlumýrarbraut og sennilega 2 milljarðar í Lönguhlíð. Síðan ef menn ætla að byggja 1–2 km stokk er það milljarður fyrir hvern kílómetra, eftir því sem upplýst var um daginn í samgöngunefnd.

Ég vil minna menn á að í fullbúnum Fáskrúðsfjarðargöngum með öllum búnaði kostaði hver km tæpar 700 millj. Þannig að ef verið er að horfa á þetta í raunkostnaði kann einfaldlega að vera betra að velja að gera braut í jarðgöngum fyrir austan Grensás og að Snorrabraut og hleypa umferðinni þannig austur og vestur undir núverandi gatnakerfi. Það kann að vera hægt að gera það fyrir miklu minni fjármuni en verið er að tala um í öllum slaufunum sem ætlunin er að búa til og leyfa svo bara umferðinni að vera ofan á jörðinni sem þarf að komast þvert til suðurs og norðurs og kemur úr hverfunum og inn á núverandi Miklubraut sem yrði þá áfram ofan jarðar.

Þetta bendi ég á, hæstv. forseti, vegna þess að mér sýnist í fljótu bragði að í framtíðarverkefnum sem tengjast Miklubraut séu menn að tala um 12–14 milljarða þegar upp er staðið, þegar búið er að leysa það að ekki séu gatnamót með ljósum og menn geti keyrt á mislægum gatnamótum alla leið vestur í bæ eða austur um eftir því um hvort er að ræða. Þetta held ég að þingmenn Reykjavíkur ættu að hugleiða. Ég bendi á þetta vegna þess að ég er mikill áhugamaður um að leysa svona framtíðarvandamál með jarðgöngum.

[20:34]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Ég er búinn að koma því frá mér í andsvari við hv. þm. Ellert B. Schram sem ég vildi segja um Miklubraut og mislægu gatnamótin í Reykjavík, hef að vísu ekki vikið að Sundabrautinni sem er náttúrlega framtíðarsamgöngubót við Reykjavík og við landið, tenging Reykjavíkur við landið og tenging landsbyggðarbúa við Reykjavík. En nóg um það.

Í þessari stuttu ræðu sem ég hyggst flytja vil ég víkja aðeins að stöðu vegamála í mínu kjördæmi, Norðvesturkjördæmi. Sem betur fer er það sums staðar í þokkalegu lagi og horfur eru á að það verði enn betra innan mjög skamms tíma. Ég minni t.d. á Þverárfjallsveg sem mun væntanlega ljúka og tengja saman með verulegri styttingu byggðirnar við Húnaflóa annars vegar og hins vegar byggðirnar í Skagafirði auk þess sem vegalengdin frá Skagafirði til Reykjavíkur styttist um þó nokkuð marga kílómetra, að mig minnir um 30 km miðað við núverandi akstursleið.

Síðan er verið að lagfæra veginn í Borgarfirði þó þar hafi svolítið verið stoppað við vegna sigs á vegstæðinu en þar er verið að bæta vegina verulega til framtíðar. Einnig hefur verið gert mikið átak í kjördæminu á Snæfellsnesi. Í því flýtifé sem var að koma og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gerði grein fyrir, koma m.a. 100 millj. í Fróðárheiði á árinu 2009 til að flýta því að hægt sé að klára þann veg sem núna er reyndar innansveitarvegur með sameiningu sveitarfélaganna á nesinu og allt gott um það að segja.

Við höfum sem sagt notið þess að gera mjög merka og góða áfanga víða í vegakerfinu í Norðausturkjördæmi.

Vandinn er hins vegar sá að þar er mjög mikið eftir, vægast sagt, og þar búum við við algerlega ónýta vegi á sumum svæðum. Þess vegna horfa menn sérstaklega til þess að þar þurfi að gera verulegt átak eins fljótt og mögulegt er til þess að styrkja byggðina á svæðinu. Ég tala alveg sérstaklega um Vestfirði í þessu sambandi vegna þess að þar er ástandið verst. Það fer ekki á milli mála ef við lítum yfir Norðausturkjördæmi að þá er ástandið verst í okkar kjördæmi, Norðvesturkjördæmi, að því er varðar samgöngur. Þá er ég að tala um þær þjóðleiðir sem við þurfum að ferðast á til þess að komast á þjóðveg 1 annars vegar og hins vegar þær þjóðleiðir sem við þurfum að flytja nánast öll okkar aðföng á með flutningabílum í dag. Margir þessir vegir eru malarvegir enn þá, lélegir malarvegir, meira að segja svo lélegir að eins og ástandið hefur verið á þeim undanfarið hafa menn verið að keyra jafnvel á 20–40 km hraða út allan Ísafjörð, fyrir Reykjafjörð og fyrir Vatnsfjörð á leiðinni til Ísafjarðar eða frá Ísafirði. Það verður að segjast alveg eins og er að sá vegur er varla ökufær. Það er verið að hefja þar framkvæmdir og við væntum að þeim ljúki sem allra fyrst og vonandi lýkur þeim seint á árinu 2008 eða á árinu 2009 þannig að tengja megi saman á bundnu slitlagi þá kafla sem búnir eru í inndjúpi annars vegar og útdjúpinu hins vegar. Þetta er varðandi Djúpið.

Ef við horfum hins vegar á hvað er að milli byggðarlaganna á Vestfjörðum þá kannast allir við Óshlíðarveg og þarf ekki að fara mörgum rökum um það að sá vegur er hættulegur og búið er að ákveða að gera þar jarðgöng. Menn hefðu betur gert það fyrir 20 árum. Þá voru ýmsir á Vestfjörðum, m.a. sá sem hér stendur, áhugamenn um að fara frekar jarðgangaleið til Bolungarvíkur en að fara Óshlíðarleiðina, en hún var valin. Í svari sem ég fékk frá samgönguráðherra nýlega þegar ég spurði um viðhald vega á Vestfjörðum kom í ljós að viðhald á Óshlíð var tæpar 900 millj. — sagt og skrifað 900 millj. — á síðustu 12–14 árum, en viðhald í Vestfjarðagöngum eftir að þau voru tekin í notkun árið 1996 aðeins 82 millj. og hefur aldrei verið sett bundið slitlag í Vestfjarðagöng eftir að þau voru lögð, ekki frekar en í Hvalfjarðargöng með allri þeirri geysilegu umferð sem þar hefur verið. Þar hefur ekki verið sett nýtt slitlag eftir því sem ég veit best frá því að göngin voru tekin í notkun. Það segir okkur auðvitað að vegir sem eru í fjöllunum og fara undir fjöllin og eru með stöðugu hitastigi, ekki frosti, ekki úrkomu, ekki saltburði o.s.frv. endast miklu betur en gerist almennt.

Þess vegna eigum við, hæstv. forseti, að horfa til þessara lausna á þeim hlutum landsins þar sem fjallvegirnir eru erfiðastir og mestir að leysa okkur frá fjallaklifrinu og hættulegu hlíðunum og komast frekar undir fjöllin og ná fram styttingu í leiðinni.

Við fengum sem betur fer Vestfjarðagöng. Þau hefðu gjarnan mátt koma miklu fyrr til þess að það hefðu náðst af þeim meiri samlegðaráhrif milli byggðanna en varð kannski síðar vegna þess að byggðirnar voru farnar að veikjast. Hvað um það, þau hafa gerbreytt mannlífi og samskiptum fólks á norðanverðum Vestfjörðum, þ.e. milli Dýrafjarðar, Önundarfjarðar, Súgandafjarðar og Ísafjarðar, gerbreytt því og það hugsar sig enginn um í dag hvort hann langar í kaffi vestur á Flateyri vetur, sumar, vor eða haust, það tekur u.þ.b. korter. Það veltir því enginn fyrir sér í dag. En ef menn hefðu ætlað að gera það að vetrarlagi fyrir nokkrum árum hefði verið best fyrir þá að panta sér flug til Reykjavíkur og síðan aftur frá Reykjavík á Önundarfjarðarflugvöll og þá hefðu þeir kannski komist um kvöldmatarleytið í kaffi. Þannig var það, hæstv. forseti.

Á milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða er það enn þannig að það er ekki hægt að ferðast þar á milli. Hrafnseyrarheiði er alger farartálmi, búin að vera það lengi, áratugum saman og öllum verið það ljóst. Ég hygg að fyrsta áætlunin um að tengja svæðin saman hafi fæðst 1963 — 1963, sagt og skrifað — og ætli það verði fyrr en 2013 sem því lýkur ef við ætlum að halda þeim hraða sem nú er í samgönguáætlun að tengja þessi svæði saman, 50 árum eftir að hugmyndin fæddist um að tengja þau saman. Þetta er það sem við búum við.

Þetta gengur ekki, hæstv. forseti. Þess vegna hljótum við þingmenn Vestfjarða, sérstaklega í þeirri stöðu sem byggðirnar eru sums staðar í í dag, að reyna að þoka því framar þar sem bæði er búið að rannsaka berglögin og langt komið í að hanna legu jarðganganna milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar að reyna að þoka þeirri framkvæmd framar á framkvæmdatímann. Við hljótum að gera það til að reyna að ná þessum byggðum saman í eðlilegt samgönguumhverfi. Það er hægt með nútímatækni að ganga þannig frá samgöngum milli norðursvæðis og suðursvæðis Vestfjarða að það eigi ekki að taka nema 45–50 mínútur að aka frá Bíldudal til Ísafjarðar með heilsárssamgöngum sem allir geta treyst á.

Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti, um þennan hluta samgangna á Vestfjörðum sem byggja á því að tengja saman byggðirnar og reyna að efla þær, til að þær finni betur til styrks síns með því að hafa eðlileg og varanleg samskipti sín á milli.

Hæstv. forseti. Ég er búinn að geta um framkvæmdirnar í Djúpi en síðan er á Barðaströndinni svokallaður Vestfjarðavegur sem þarf að koma á bundnu slitlagi og gera til góða með nútímaaðferðum. Þar er m.a. verið að tala um að fara yfir þrjá firði og ná verulegri styttingu af veginum eins og hann er í dag. Margir þekkja Bjarkalund, þann veitingastað og það svæði og með þeirri aðgerð hygg ég að við værum ekki nema 15–20 mínútur að aka frá Bjarkalundi vestur á Skálanes en þangað erum við um klukkutíma í dag með því að fara yfir tvo hálsa og fyrir þrjá firði. Það sjá það allir í hendi sér hversu geysilegt stökk fram á við það væri þegar við værum komin á bundið slitlag í botni Kollafjarðar. Þá spyrja menn sig auðvitað: Og hvað svo? Hinum megin við, norðan við Kollafjarðarheiðina, er svo annað bundið slitlag í Ísafjarðardjúpi og þá mun auðvitað koma æpandi krafa á það að tengja þessa vegi saman þótt menn átti sig kannski ekki alveg á því í dag hvaða auðlegð felst í því að nýta þá vegi sem þarna eru fyrir þegar þeir eru komnir með bundið slitlag. Þá er akstursleiðin frá Ísafirði komin niður fyrir 400 km og á láglendisvegi alla leiðina.

Ég kalla það láglendisveg að eiga þess kost að fara yfir Heydal, fara um Skógasand og fara yfir Heydal, ef veður er svo, og Brattabrekka er ekki lengur bratta brekka. Þar erum við að horfa til þeirra áfanga sem þegar er lokið. Búið er að leggja bundið slitlag á Svínadal milli Búðardals og Saur-

bæjar. Við erum því vissulega að horfa til þess, Vestfirðingar, að gert verði átak og landsmenn séu sammála því að það beri að gera átak á Vestfjörðum í því að koma samgöngunum í viðunandi horf fyrir framtíðina vegna þess að menn deila ekki um að þetta þurfi að gera. Menn eru fyrst og fremst að velta fyrir sér forgangsröðuninni. Það er enginn að deila við okkur Vestfirðinga um að það þurfi að laga þessa vegi. Þetta er spurning um það að ná fram flýtingu á verkefnunum þannig að við náum að komast í 21. öldina og förum af hestagötuöldinni. Það er það sem við erum að tala um. (**JBjarn:** Þá þarf að skipta um ráðherra.) Það stendur væntanlega til, hv. þingmaður, að skipta um ráðherra og ég vænti þess að eftir alþingiskosningar í vor takist okkur að skipta um ríkisstjórn í landinu. Ég heyrði það á heitstrengingum hv. þingmanns áðan í pontu að hann vildi gera verulegt átak í því að takast á við þær samgöngubætur sem þyrfti að takast á við, m.a. á Vestfjörðum. Ég er honum sammála um það og það er líka annar hluti landsins, norðausturhornið, sem hefur setið eftir og þarf að gera átak í. (**Gripið fram í:** Það dugar að gera nýjan veg.)

Þetta vildi ég segja, hæstv. forseti, og þess vegna er það að við horfum til þess í fyrsta lagi að koma malarvegunum undir bundið slitlag og að komast í þá áfanga sem stytta vegalengdir milli fjarða og kaupstaða þannig að það verði varanlegar samgöngur. Ég veit að þingmenn sem eru vel kunnugir um land allt og hafa farið um þessa vegi átta sig á því hvað ég er að tala um og skynja hvað í því felst ef menn geta lagfært samgöngur á milli staða. Það er mönnum löngu orðið ljóst.

Einn vinur minn á Drangsnesi mælti einu sinni sérstaklega fyrir því að leggja veginn fljótt yfir Arnkötludal til að ná 40 km styttingu fyrir t.d. byggðirnar á Ströndum til Reykjavíkur. Arnkötludalurinn er mjög góð framkvæmd til að ná saman samtengingu byggðanna á Ströndum við byggðirnar í Dölum og eins til að stytta vegalengdir, það er ekki spurning. Það felst í því sama stytting og kom þegar Hvalfjarðargöngin voru gerð. Það munar jafnmikið um það fyrir Strandabúana og Dalafólkið að komast um Strandir til að eiga samskipti og okkur sem erum að koma norðan að til að geta farið yfir Arnkötludal eins og það munaði fyrir Vestfirðinga að komast undir Hvalfjörð á sínum tíma. Við erum að tala um 40 km. Það munar jafnmikið um það. Hver vildi þurfa að keyra fyrir Hvalfjörð í dag? Auðvitað enginn. Þó sagði einn vinur minn norðan af Ströndum þegar hann var að deila við vini sína um vegstæðið við Arnkötludal að ef þeir þyldu ekki styttinguna gætu þeir bætt sér það upp með því að keyra fyrir Hvalfjörð, þá næðu þeir tímanum.

Hæstv. forseti. Mjög brýnt er að taka á þessum málum og við getum ekki annað, þingmenn Norðvesturkjördæmis, en reynt eftir fremsta megni að setja þau í forgang svo við horfum til þess í framtíðinni að við færum okkur hratt fram í því að komast í eðlilegar samgöngur til samræmis við það sem er hér víðast hvar, sem betur fer. Við höfum að vísu enn þá þröskulda því við gerðum ein mistök á Vestfjörðum nýverið. Við fórum yfir Klettshálsinn sem að mínu viti voru alger mistök. Við áttum að fara undir Klettshálsinn, fara mun neðar með veginn og fara með holu í gegn sem yrði 2,5–2,6 km. Þá væri Klettshálsinn ekki sá farartálmi að um leið og hreyfir veður á Vestfjörðum þá heyrist tilkynning í útvarpinu: Ófært á Klettshálsi. Á splunkunýjum uppbyggðum vegi. Hvað um það. Við hljótum að horfa til þeirrar framtíðar að reyna að komast áfram í samgöngumálum okkar og það skiptir miklu máli fyrir byggðirnar á Vestfjörðum og íbúana að ná fram slíkum áföngum.

Þetta vildi ég segja, hæstv. forseti, og ætla ekki að lengja umræðuna en lýsi því yfir að ég er tilbúinn að vinna með þingmönnum Norðvesturkjördæmis og íbúum Vestfjarða að því að reyna að þoka þeim málum áfram eins og best verður á kosið og einnig í samstarfi við aðra þingmenn sem ég veit að skilja vel vanda okkar. Alveg á sama hátt og við landsbyggðarþingmenn áttum okkur á því að umferðaröngþveiti í Reykjavík getur ekki annað en vaxið og það verður að taka á því. Spurningin er: Hver er hagkvæmasta lausnin? Þess vegna fór ég upp í pontu áðan, landsbyggðarþingmaðurinn, og benti á þær hugmyndir sem ég held að séu raunhæfar til þess að ná fram betri samgöngubótum í Reykjavík en menn eru jafnvel að hugsa um í dag.

[20:50]

**Halldór Blöndal** *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég varð hálfundrandi á því að hv. þingmaður skyldi þó minnast á að kannski þyrfti að laga vegi úti á landi einhvers staðar víðar en á Vestfjörðum. (Gripið fram í.)

Ég vil á hinn bóginn vekja athygli hv. þingmanns á því að það sem brýnast er nú fyrir landsbyggðina er að ljúka hringveginum.

[20:50]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þm. Halldóri Blöndal um að ljúka þurfi hringveginum. Það er líka hægt að ná fram verulegri styttingu á hringveginum, t.d. ef við horfum á veginn á Austfjörðum um Öxi. Þá fáum við hvergi eins marga kílómetra í styttingu frá Reykjavík og inn á miðsvæði Austurlands en einmitt um þá leið.

Ég veit að hv. þm. Halldór Blöndal þekkir það jafn vel og ég að það væri ekki lítil samgöngubót fyrir Vopnfirðinga að komast undir fjöllin, yfir á láglendið austur í Héraðsflóa og tengjast þannig Egilsstöðum örskotsfljótt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 3. umr.*

Stjfrv., 466. mál (eignarhald prestssetra, skipan sóknarpresta). — Þskj. 645.

[20:51]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þetta frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar fjallar annars vegar um breyting á skipan embætta sóknarpresta þar sem þau eru færð til biskups í staðinn fyrir að áður staðfesti kirkjumálaráðuneytið það endanlega. Það ætla ég ekki að gera að umræðuefni.

6. gr. frumvarpsins fjallar um að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, séu eign íslenska ríkisins, samkvæmt samningum um kirkjueignir milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Í frumvarpinu er líka lögfestur samningur sem gerður var milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um prestssetur og afhendingu þeirra til þjóðkirkjunnar.

Það er alveg rétt að undanfarin ár hefur verið ágreiningur um hver ætti prestssetur, kirkjujarðir og býli sem áður hafði verið skipt út úr slíkum jörðum. Eftir að farið var að gera eignaskipti á milli ríkis og kirkju var talið nauðsynlegt að það yrði líka tekið með. Samningurinn sem hér um ræðir kveður á um að íslenska ríkið afhendi skilgreindar eignir til yfirráða til þjóðkirkjunnar, eins og segir í 3. gr. samningsins:

„Íslenska ríkið afhendir eignirnar til fullra yfirráða eins og þær eru nú ásamt þeim réttindum, skyldum og/eða kvöðum sem þeim fylgja með þeim takmörkunum sem nánar greinir í samkomulagi þessu. Þjóðkirkjan tekur við eignunum ásamt réttindum, skyldum og/eða kvöðum frá sama tíma."

Síðan eru taldar upp kirkjujarðir og prestssetur sem fara til þjóðkirkjunnar á þessum forsendum. Hér eru taldar upp í II. kafla Skeggjastaðir, Hof, Valþjófsstaðir, Desjamýri og síðan er farið vítt og breitt um landið í upptalningu á þeim jörðum sem fara til þjóðkirkjunnar til fullrar eignar og ráðstöfunar.

Ég hef ítrekað spurt og ekki fengið svar: Hvaða jarðir féllu til ríkisins í skiptum á jörðunum sem ágreiningur var um? Það liggur ekki fyrir. Þetta dæmi er mjög óklárt. Ég hef líka spurt hvaða ákvæði gildi um verslun með þessar jarðir. Margar þessara jarða sem færast nú til þjóðkirkjunnar með fullum yfirráðum og ráðstöfunarrétti eru nokkur mestu menningarsetur landsins. Ég treysti í sjálfu sér þjóðkirkjunni ágætlega til að fara með þau en hingað til hefur orðið að sækja um heimild til Alþingis hverju sinni sem til hefur staðið að selja jarðir í opinberri eigu, eigu ríkisins. Það hefur verið ákvörðun Alþingis hvort selja ætti ákveðnar jarðir eða ekki.

Þessar jarðir falla undir þjóðkirkjuna og þar með hefur Alþingi ekki neina forsjá yfir þeim, hvað um þær verður. Ég hefði talið að setja ætti fyrirvara um að ekki væri hægt að selja umræddar jarðir sem almennar verslunarvörur. Hérna eru t.d. Reykholt, Holt í Eyjafjallahreppi, Bergþórshvoll, Breiðabólsstaður, Oddi á Rangárvöllum og ég get talið fleiri jarðir sem fara til þjóðkirkjunnar til fullrar ráðstöfunar samkvæmt frumvarpinu.

Mér fyndist að slá ætti varnagla við því hvernig versla mætti með þessi stærstu menningarsetur landsins en það virðist ekki vera í frumvarpinu. Við vitum að menn hafa sóst eftir jörðum til kaups og það gæti verið freistandi fyrir kirkjuna, alveg eins og við höfum upplifað hjá ríkinu, að vilja selja jörð til að fjármagna önnur verkefni sín. Ég ítreka að þarna eru ein mestu menningarsetur landsins með mikla sögu og arfleifð. Þess vegna finnst mér að slá hefði átt varnagla við því að þessar jarðir mættu ganga kaupum og sölum.

Ég hef spurt formann allsherjarnefndar hvaða lög eða reglur giltu um þær jarðir, hvort einhverjar kvaðir væru á þeim og hvort einhvers staðar væru lög eða reglur sem lytu að meðferð þeirra. Hann hefur engu getað svarað, formaður allsherjarnefndar, enda virðist málið hafa farið tiltölulega lítið unnið, og nánast ekkert í gegnum allsherjarnefnd, a.m.k. verður ekki hægt að fá nein svör við því hvernig þetta hefur verið.

Ég hef vitnað til þess að landbúnaðarráðuneytið sem hefur farið með ríkisjarðir til þessa átti enga aðkomu að þessum skiptum. Þar hefur þó verið unnið við plagg, unnið að tillögu til þingsályktunar sem hefur verið kallað þjóðjarðir þar sem reynt hefur verið að skilgreina jarðir og menningarsetur á landinu sem hafa verið í umsjón landbúnaðarráðuneytisins og ekki má selja.

Í áráttu undanfarinna ára þar sem allt hefur verið falt hefur okkur stundum ofboðið hvað landbúnaðarráðuneytið hefur selt margar jarðir sem á eru menningarsetur. Hér er tillaga um hvaða jarðir mætti ekki selja. Í þessari úttekt starfsmanna landbúnaðarráðuneytisins er jafnframt hvatt til þess að aðrar opinberar stofnanir, önnur ráðuneyti, vinni hliðstæðar tillögur, formlegar skrár um eignir sínar, jarðir og annað, og leggi fyrir Alþingi tillögu um hvað megi ekki selja.

Þegar allt virðist vera falt nú á tímum hlýtur maður að spyrja sig hvort ekki séu einhverjar þessara jarða, einhver þessara menningarsetra, sem við viljum ekki að sé verslunarvara. Viljum við að Reykholt geti orðið verslunarvara? Nei, við viljum það ekki. (**Gripið fram í:** Snorri ...) Snorri var nú drepinn í Reykholti, því miður. Það voru yfirgangssamir sendiboðar erlends ríkis sem drápu hann þar. Ég er ekkert viss um að við vildum fá slíka fulltrúa erlendra aðila til að valsa um íslenskar stórjarðir, menningarsetur. Ekki aldeilis, hvort sem þeir hétu Gissur jarl eða eitthvað annað. (**ÖS:** Þú átt að færa betri rök fyrir þessu.)

Ég ítreka að ég tel eðlilegt að það séu gerð einhver skil á milli ríkis og kirkju. Þó vil ég taka fram að ég er mikill kirkjunnar maður, styð kirkjuna mjög afdráttarlaust og vil sem sterkust bönd á milli ríkis og kirkju.

Ég tel að trúfrelsi og starfsemi allra trúarsafnaða fari bara ágætlega með að hér sé starfandi sterk og umburðarlynd þjóðkirkja. Það kemur svo sem þessu máli ekkert við en það gerir það samt. Ef það verða eins og stefnt er að í þessu frumvarpi áfram skil á milli ríkis og kirkju skiptir ráðstöfunarréttur á þessum eignum okkur líka máli.

Ég vantreysti í sjálfu sér ekki þjóðkirkjunni til að fara með þessar eignir en ég hefði viljað sjá hliðstæða varnagla varðandi jarðir þjóðkirkjunnar eins og við höfum séð með jarðir ríkisins, að ekki mætti selja þær nema með samþykki Alþingis.

Ég ætla ekki að hafa um þetta lengra mál hér. Ég vil bara slá þessa varnagla. Ég hef ekki fengið svör við spurningum mínum hjá formanni allsherjarnefndar um hver umgjörð þessara mála er í rauninni. Það virðist ekki hafa verið kannað. Ekki hafa verið kallaðir á fund nefndarinnar fulltrúar Bændasamtakanna, þeir sem fara almennt með jarðir í landinu og hagsmuni þeirra, til þess að heyra sjónarmið þeirra. Það hefur ekki verið gert.

Ég tel þess vegna að þetta mál hefði mátt vinnast miklu betur í nefndinni og ég hefði reyndar talið eðlilegast að þessum hluta frumvarpsins hefði verið frestað, hvað varðar

skipti með jarðir, hefði verið farið ofan í þau. Þetta eiga að vera sömu hagsmunir og sömu sjónarmið sem gilda. Hvort sem það eru jarðir í eigu ríkisins eða þjóðkirkjunnar eiga þær að lúta sömu lögum hvað varðar meðferð og kröfur til landeigenda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.*

Stjtill., 648. mál (raforkuviðskipti). — Þskj. 967, nál. 1177 og 1291.

[21:02]

**Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta utanríkismálanefndar. Ég skila séráliti í þessu máli og stend ekki að afgreiðslu tillögunnar. Ástæðan er sú að þetta er hluti af svonefndri orkutilskipun Evrópusambandsins sem ég hef verið andvígur frá upphafi að Ísland gerðist aðili að. Við vöruðum við því strax á sínum tíma, nokkrir hér á þingi, þegar þessi smíð var í undirbúningi að þetta mundi henta Íslandi afar illa og hvöttum til þess að allt yrði gert sem hægt væri til þess að Ísland fengi varanlega og fulla undanþágu frá málinu.

Lítið var á það hlustað og að því er virðist því miður fremur lítið með það gert. Mikið andvaraleysi ríkti þegar upphaflega tilskipunin kom til staðfestingar á Alþingi. Það var í rauninni ekki fyrr en menn stóðu frammi fyrir bláköldum veruleikanum að það þurfti að umbylta öllum orkumálum, og skipulagi þeirra hér, að það fóru að renna tvær grímur á mann og annan og það fjölgaði hratt í því liði sem hefði gjarnan viljað vera betur vakandi á sínum tíma og leggja til að við hefðum staðið öðruvísi að málum. Ég hygg að það hafi fyrst og fremst verið ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem þá var á sinni tíð sem reyndum að vara við því í upphafi að út í þetta yrði farið.

Hér er síðan að koma breyting á tilskipuninni sem er auðvitað ekki veigamikil. En það athyglisverða er kannski að í tengslum við hana óskaði iðnaðarnefnd eftir ítarlegri upplýsingum um málið því þarna er m.a. verið að breyta hlutum sem lúta að stöðu lítilla og einangraðra kerfa, eins og það er kallað, eða örkerfa. Þá kemur í ljós, þegar betur er skoðað, að fjölmargar undanþágur af ýmsum toga hafa verið veittar frá tilskipuninni. Þannig er það að þegar þessi greinargerð, sem okkur barst síðan frá ráðuneytinu, og ekki vannst nú ráðrúm til að hafa sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti, en ég veit að menn geta orðið sér úti um hana þeir sem áhugasamir eru, en þegar henni er flett kemur í ljós að undanþágumöguleikarnir og sérskilyrði eru miklum mun útbreiddari en gefið var í skyn þegar málið var kynnt á sínum tíma þegar talað var eins og það hefði verið algerlega fullreynt að Ísland gæti fengið einhverja sérstöðu.

Það kemur t.d. í ljós að Lúxemborg fékk umtalsverða undanþágu sem það hefur síðan fengið framlengda. Er þó Lúxemborg bæði stærri orkumarkaður og auðvitað samtengdur um orkumarkaði meginlandsins. Eins og kunnugt er er einn helsti tilgangur tilskipunarinnar að greiða fyrir viðskipti með raforku yfir landamæri og gera allt meginland Evrópu að einum samtengdum samkeppnismarkaði á sviði raforkudreifingar. Sömuleiðis kemur í ljós að eyjarnar, bæði þær sem tilheyrt hafa Evrópusambandinu lengi eða um nokkurt skeið, eins og eyjar sem tengjast Portúgal og Spáni, sem og Kýpur, Malta og fleiri, hafa fengið umtalsverðar undanþágur, ekki eru gerðar sömu kröfur til þeirra og þær eru undanskildar mörgum köflum orkutilskipunarinnar.

Þá vakna spurningar um hvers vegna í ósköpunum ekki var mögulegt að gera eitthvað sambærilegt fyrir Ísland. Þó svo að Ísland kunni sem heild að liggja svolítið yfir mörkunum sem notuð eru til að skilgreina lítil og einangruð kerfi er t.d. ljóst að ef raforkuframleiðsla til stóriðju er tekin frá er almenni markaðurinn á Íslandi langt undir öllum viðmiðunarmörkum í þeim efnum. Þá hefði ein möguleg leið verið í þessum efnum fyrir Íslendinga að biðja um að þeirra almenni markaður gæti lotið öðrum reglum. Það er sem sagt þannig að Lúxemborg, Kýpur, Malta, Azoreyjaklasinn, Madeiraeyjaklasinn og fleiri svæði hafa fengið mismunandi tegundir af undanþágum eða sérframkvæmd hvað þetta varðar og bendir til þess að ef betur hefði verið róið á sínum tíma hefði mátt kalla hið sama fram fyrir Ísland.

Ég hygg að að hluta til séu þær upplýsingar sem við fengum á grundvelli þessarar greinargerðar frá ráðuneytinu mönnum nýjar fréttir. Ég verð að minnsta kosti að játa það að þó ég teldi mig hafa þekkt þokkalega til málsins þá kom mér á óvart hversu svigrúmið fyrir undanþágur eða sérframkvæmd var mikið. Það ber vissulega að halda því til haga, svo öllum sé nú gert rétt og satt til, að fulltrúar Íslands í viðræðum í undirbúningi tilskipunarinnar eða aðdraganda hennar á árunum 1995 og 1996 spurðu vissulega að því og bréfuðu það sömuleiðis að þeim kæmi spánskt fyrir sjónir að Ísland þyrfti að falla þarna alveg undir þar sem það væri ekki tengt raforkukerfi meginlandsins o.s.frv.

Þetta er rakið í greinargerðinni í V. kafla þar sem farið er yfir aðdraganda að upptöku tilskipunar 96 frá 92/EB í EES-samninginn og ég hvet áhugasama aðila til að kynna sér þær bréfaskriftir sem ná allt fram á árið 1997 eða 1998. Ég er enn þeirrar skoðunar, eins og ég hef verið, að það hafi verið mikil mistök fyrir okkur Íslendinga að lenda inni í þessu og það hefði verið mikið á sig leggjandi til að þurfa ekki að fara í þær breytingar á raforkumarkaðnum hér, alla vegana ekki með þeim hætti sem gert hefur verið, sem innleiðing orkutilskipunarinnar hefur haft í för með sér og nýju lögin um skipulag raforkumála sem sannanlega hafa leitt til umtalsverðrar hækkunar á raforkuverði. Og þar tilfinnanlegast sem síst skyldi, þ.e. í dreifbýlinu þar sem dreifbýlisgjaldskrár Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða gilda og þar sem er um að ræða raforkusölu til húshitunar.

Þetta liggur allt fyrir og það er ekki lengur deilt um það að afleiðingarnar af þessu urðu umtalsverðar hækkanir á raforkuverði. Ég var andvígur þessu ráðslagi frá byrjun og er það enn.

[21:08]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Það var fróðlegt að heyra þessar upplýsingar sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór með og ýtir undir þá umræðu sem fór fram á sínum tíma þegar við vorum að ræða raforkulögin og breytt fyrirkomulag á raforkumarkaði hér á landi, að það hefði í raun og veru ekki verið nein sérstök ástæða til þess fyrir Ísland að taka upp sama fyrirkomulag og var innan Evrópusambandsins að því er varðaði raforkumál. Allt tal um það og þær fullyrðingar sem hér voru bornar á borð, þá af hæstv. iðnaðarráðherra, virðast að mörgu leyti ekki hafa haft við nein sérstök rök að styðjast. Að við mættum ekki hafa undanþágu varðandi okkar eigin raforkumarkað.

Síðan er það svo, hæstv. forseti, og er ekki hægt að draga neina fjöður yfir það og engin ástæða til heldur, að í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á raforkumarkaði hefur raforkuverð á landsbyggðinni sérstaklega hækkað gífurlega. Ég var nýlega staddur norður í Bolungarvík og var að skoða reikninga hjá íbúa þar sem annars vegar var með reikningana fyrir íbúðarhúsnæði sitt og hins vegar fyrir verkstæði og verslunarhúsnæði. Þegar það var borið saman við sambærilegan rekstur, annars vegar í Garðabæ og hins vegar á Suðurnesjum, og raforkunotkun til ljósa annars vegar og hins vegar hitaorku, kom í ljós, gróft reiknað, að kostnaður við ljósanotkun var þrefaldur. Rafmagnskostnaður á Vestfjörðum fyrir sambærilegt húsnæði hér á Reykjavíkursvæðinu var þrefaldur.

Ekki munaði eins miklu á kyndingarkostnaðinum enda voru niðurgreiðslur fyrir kyndingarkostnað auknar nokkuð á köldum svæðum, m.a. vegna gagnrýni sem kom hér upp í kjölfar breytinganna á raforkulögunum og þeirra hækkana sem þá komu fram, því var reyndar haldið fram hér í umræðu, ég held bara í hálft annað ár, að það mundi í mesta lagi valda 3% hækkun. Í mesta lagi. Örfáum hundraðköllum eins og það var nú orðað. En staðreyndin er sú, hæstv. forseti, að þau dæmi sem maður hefur verið að skoða og sjá þau sýna þetta. Það er þrefalt raforkuverðið á Vestfjörðum annars vegar miðað við sambærilegar eignir hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Suðurnesjum fyrir rafmagn til ljósa. Það er tvöfalt miðað við kyndingarkostnað.

Þannig að þegar þetta bætist ofan á ýmislegt annað, eins og mikinn flutningskostnað vestur á firði o.s.frv. og til annarra landsvæða, eru kjör íbúanna náttúrlega ekkert sambærileg. Þau eru það einfaldlega ekki. Þetta er bara afleiðing af þeirri ákvörðun sem tekin var af ríkisstjórninni að fara í það far sem farið var með raforkumarkaðinn, og rétt að ítreka að það voru mikil mistök að fara þá leið sem farin var. Hún var ástæðulaus og leiddi til aukins kostnaðar. Það er að bitna allharkalega á íbúum hinna dreifðu byggða í dag og ekki sjáanlegt miðað við það sem tekið hefur verið upp til að minnka þann aðstöðumun, m.a. með niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði, að þar dragi meira saman á næstunni heldur en þegar er orðið með íbúum höfuðborgarsvæðisins og íbúum hinna dreifðu byggða.

Það er nú afleiðingin af stjórnarstefnunni og við sitjum uppi með það og væntanlega minnast kjósendur þess þegar kemur að kjörborðinu í vor hvernig að þessum verkum öllum var staðið og hvernig þeim var lýst á sínum tíma án þess að það fylgdu því neinar þær efndir sem hér voru bornar á borð fyrir menn varðandi kostnað og annað slíkt þegar þetta var gert. Þegar við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lögðum til að gildistöku raforkulaganna yrði frestað um eitt ár til þess að átta sig betur á því hvað þetta þýddi nú í raun og veru var það fellt af ríkisstjórnarflokkunum eins og menn muna. Menn töldu að engin ástæða væri til þess enda væru viðvörunarorð okkar til einskis að því er ríkisstjórnarfulltrúarnir töldu. En annað hefur nú komið í ljós og menn búa nú við skaðann af þessari lagasetningu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., 2. umr.*

Stjfrv., 655. mál. — Þskj. 981, nál. 1191, brtt. 1192.

[21:14]

**Frsm. meiri hluta utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Utanríkisnefnd hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Veturliða Stefánsson og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneytinu. Allsherjarnefnd skilaði nefndinni umsögn um málið samkvæmt beiðni.

Við brotthvarf varnarliðsins leituðu íslensk stjórnvöld eftir samstarfi við aðrar þjóðir um varnir landsins. Af þeim sökum er nauðsynlegt að lögfesta lágmarksreglur um framkvæmd tiltekinna þjóðréttarsamninga sem varða réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar og fleira.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 19. júní 1951 milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um réttarstöðu liðsafla þeirra og samning frá 19. júní 1995 milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins og annarra ríkja sem eru aðilar að Samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra ásamt bókunum við þann samning frá 19. júní 1995 og 19. desember 1997. Samningurinn frá 1951, svonefndur „SOFA"-samningur, er grundvallarsamningur í alþjóðlegri hernaðar- og friðargæslu og nauðsynlegt fyrir Ísland að fullgilda samninginn ef unnt á að vera að leita til annarra ríkja um aðstoð eða hafa samvinnu á þessu sviði. Hið sama gildir um samninginn um Samstarf í þágu friðar ásamt viðbótarbókunum hans.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er að finna heimild fyrir utanríkisráðherra til að ákveða með auglýsingu að ákvæði laganna skuli einnig gilda um annan erlendan liðsafla sem dvelur á Íslandi og fellur ekki undir þá samninga sem tilgreindir eru í 1. gr. Samkvæmt 69. gr. stjórnarskrárinnar er óheimilt að refsa mönnum nema fyrir hafi verið gild refsiheimild í lögum þegar verknaður var framinn. Að fengnu áliti allsherjarnefndar telur nefndin að ákvæðið fái staðist enda verði auglýsing ráðherra birt með fullnægjandi hætti, samanber lög nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Meiri hlutinn telur þó rétt að styrkja ákvæðið með því að hnykkja á því að heimild ráðherra taki aðeins til alþjóðasamninga sem eru skuldbindandi fyrir Ísland að þjóðarétti.

Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að það varði refsingu að skýra frá án leyfis, taka eða birta myndir af tilteknum mannvirkjum, búnaði eða aðgerðum. Gáleysisbrot og ásetningsbrot eru lýst refsiverð. Í áliti allsherjarnefndar er vakin athygli á því að rétt sé að gera þá kröfu að svæði þar sem slík mannvirki er að finna verði ætíð tryggilega merkt. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið og leggur til breytingar á 3. mgr. 6. gr. þess efnis að skýrt verði kveðið á um skyldu til að girða af bannsvæði eða merkja tryggilega það svæði sem ákvæðið nær til svo ekki fari á milli mála að sérstakar reglur gildi um það.

Flytur meiri hluti nefndarinnar breytingartillögur í samræmi við þetta. Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir rita undir nefndarálitið með fyrirvara. Meiri hlutinn leggur sem sagt til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á þingskjali 1192.

[21:17]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég sé enga ástæðu til að fullgilda þennan samning eða þessa samninga og get vísað til þess sem ég sagði um það mál í fyrri umræðu þegar ég tjáði mig um það.

Í raun er þá einu skýringu hægt að hugsa sér að gefa á því að við gætum þurft á því að halda, sé ásetningur eða vilji stjórnvalda að draga hingað erlendan herafla til heræfinga. Það er vandséð að á þessi ákvæði geti á nokkurn hátt reynt og allra síst nú ef við erum að taka hér ákvörðun um og sameinast um vonandi að skilgreina íslensku friðargæsluna sem hreina borgaralega starfsemi og minni líkur á að það reyni á réttarstöðu hennar sem liðs í einhverjum hernaðarlegum skilningi og gagnkvæmni þar um. Langeðlilegasta afgreiðslan á þessum málum af okkar hálfu væri því að vísa til fyrirvara okkar við inngöngu í Atlantshafsbandalagið og gera öðrum NATO-þjóðum og þá samstarfsþjóðum þeirra grein fyrir því að við hefðum ekki áform um að hér yrði erlendur herafli, hvorki til dvalar né við æfingar, og þá eru öll þessi ákvæði óþörf.

Það væri langeðlilegasta framkvæmd þessara mála eins og málin standa nú þegar erlendur her er farinn úr landinu og ekkert kallar á að við reynum að draga hingað á Íslandsstrendur og á íslenskt yfirráðasvæði erlendan her til þess að stunda eitthvert heræfingabrölt. Ég hef enga ástæðu til að ætla að aðrar aðildarþjóðir NATO hefðu gert við það neinar athugasemdir þó tilkynning af Íslands hálfu á þessum grundvelli og með vísan til fyrirvara okkar þegar við gengum í NATO hefði einfaldlega verið send og þar með tilkynnt að við hygðumst ekki aðhafast í þessu máli og ekki fullgilda þessa samninga.

Það er svona eiginlega hálfhallærislegt að Ísland sé að gera þetta núna. Meira en hálf öld er liðin frá því að þessi samningur var undirritaður af Íslands hálfu en aldrei fullgiltur af ástæðum sem við reyndar þekkjum. Það er engin sérstök ástæða og ekkert sem kallar á að gera það nú þannig að við erum andvíg þessum samningi og munum greiða atkvæði gegn fullgildingu hans.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, síðari umr.*

Þáltill. JónK o.fl., 7. mál. — Þskj. 7, nál. 1290.

[21:20]

**Frsm. utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þetta mál. Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Félaginu Ísland – Palestína, landlækni, Rauða krossi Íslands og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Að athuguðu máli telur nefndin rétt að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Íslenska friðargæslan, 2. umr.*

Stjfrv., 443. mál (heildarlög). — Þskj. 566, nál. 1197 og 1247, frhnál. 1339, brtt. 1198, 1248 og 1340.

[21:21]

**Frsm. utanrmn. (Halldór Blöndal):**

Frú forseti. Þetta mál fékk ítarlega athugun í utanríkismálanefnd. Nefndin fékk á sinn fund Bergdísi Ellertsdóttur og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Kristján Sturluson, Sólveigu Ólafsdóttur og Helgu Þórólfsdóttur frá Rauða krossi Íslands, Guðrúnu D. Guðmundsdóttur og Brynhildi G. Flóvenz frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Árna Múla Jónasson frá Íslandsdeild Amnesty International.

Málið var sent til umsagnar til ýmissa aðila eins og greint er frá í nefndaráliti meiri hlutans. Við afgreiðslu málsins náðist ekki samkomulag í nefndinni þannig að það var afgreitt með meiri hluta utanríkismálanefndar og vissi ágreiningurinn fyrst og fremst að orðalagi 1. gr. frumvarpsins. En nefndin var að öðru leyti sammála um breytingartillögur við frumvarpið.

Síðan eftir að minni hluti utanríkismálanefndar hafði lagt fram sína breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins var málið tekið fyrir að nýju í utanríkismálanefnd og náðist samkomulag um orðalag 1. gr. eins og skýrist á þingskjali 1340. Ég á von á því að minni hlutinn muni draga sína breytingartillögu til baka.

Um þetta er það að segja að í síðustu grein breytingartillögu nefndarinnar við 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Verkefni íslensku friðargæslunnar mega aldrei brjóta í bága við ákvæði mannúðar- og mannréttindasamninga.“

Þetta er nánar skilgreint í framhaldsnefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Helstu samningar sem hér um ræðir eru mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948, samningar Evrópuráðsins um mannréttindi og má þar helst nefna samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu), með breytingum og viðaukum, Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, ásamt bókunum, Genfarsamningana frá 1949 auk ýmissa samninga Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi.“

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til að rekja nákvæmlega þær breytingartillögur sem við flytjum. Gerð er glögg grein

fyrir þeim í nefndaráliti okkar. Eins og ég sagði náði utanríkismálanefnd saman um þetta mál. En hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ritar þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Það eru allt svo breytingartillögur á þingskjölum 1340 og síðan 1198 sem nefndin mælir með að verði samþykktar.

[21:25]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Eins og kom fram í máli framsögumanns og formanns utanríkismálanefndar þá ritaði ég undir álitið með fyrirvara og ég vil örstutt gera grein fyrir honum. Sá fyrirvari lýtur eingöngu að ákvæðum 3. gr. frumvarpsins eins og því verður nú væntanlega breytt á grundvelli samstöðu sem tekist hefur í utanríkismálanefnd. Það er greinin sem fjallar um heimildir friðargæsluliða til þess að bera vopn.

Þó það sé vissulega komið í annað og betra samhengi með þeirri breytingu á markmiðsgrein frumvarpsins sem nú hefur tekist samstaða um þá er það eftir sem áður þannig að það er og verður sjálfsagt alltaf verulegt álitamál hvort við viljum yfir höfuð fara út á þá braut að íslenskir ríkisborgarar við störf erlendis beri vopn. Ástæða þess að ég geng ekki lengra í málinu en svo að gera við það fyrirvara er einfaldlega sú að auðvitað er hægt að færa fyrir því rök að öryggi þeirra geti við einhverjar kringumstæður verið betur borgið með slíkum hætti. Þó má vissulega líka færa oft rök sem eru fullgild að jafnvel geti það orðið á kostnað öryggis þeirra að menn freistist til að vera við aðstæður eða hegða sér með öðrum hætti ef þeir telja sig hafa einhverja meinta eða ímyndaða vörn í vopnum sem kann svo að reynast lítil sem engin eða jafnvel verri en engin því auðvitað er það stundum þekkt að óvopnaðir friðargæsluliðar jafnvel njóta meiri friðhelgi og komast betur frá skærum en hinir sem vopnin bera. Fyrirvari minn lýtur sem sagt að þessu.

Að öðru leyti vil ég eingöngu segja að ég fagna því að samstaða tókst um að gera þær breytingar á markmiðsgrein frumvarpsins eða almennu ákvæðunum sem skilgreina hlutverk friðargæslunnar og verkefni friðargæsluliða erlendis. Sú samstaða er efnislega byggð á breytingartillögu okkar í minni hluta utanríkismálanefndar en með lagfæringum eins og síðan kemur fram á þingskjali 1340 og framsögumaður gerði grein fyrir. Þær breytingar ganga út á að taka af allan vafa að um er að ræða borgaralega skilgreinda starfsemi, að þetta er þátttaka í alþjóðlegri friðargæslu og að senda borgaralega sérfræðinga til starfa við friðargæsluverkefni. Síðan eru þau skilgreind í fjórum stafliðum eins og við gerðum í breytingartillögu okkar. Ég vil sérstaklega fagna d-liðnum sem ég gerði að umtalsefni hér við 1. umr. og lagði mikið upp úr, þ.e. þátttaka í fyrirbyggjandi verkefnum sem miða að því að hindra að ófriður brjótist út á svæðum þar sem óstöðugleiki ríkir.

Þetta opnar á möguleikann að senda fólk til stuðnings heimamönnum á svæðum þar sem ófriðlega horfir, án þess þó að átök hafi kannski brotist út og reyna að aðstoða við að ná niður spennu og koma á stöðugleika þar sem jarðvegur er til staðar fyrir það að alvarleg átök geti síðar brotist út. Þetta er hugsun sem er mjög að ryðja sér til rúms í friðargæslufræðum og friðargæsluumræðum og Norðurlöndin hafa verið í fararbroddi þeirra ríkja sem hafa þróað þessa hugmyndafræði. Ekki síst hefur verið um þetta mikil umræða innan Norðurlandaráðs sem ég hef tekið þátt í. Ég er því ákaflega ánægður með að sjá þessa grundvallarhugsun koma þarna inn. Hvort sem mikið á nú eftir að reyna á þetta eða ekki á næstu árum þá er alla vega þessi hugsun komin þarna á blað og í markmiðsgrein frumvarpsins. Með þessum fyrirvara munum við styðja þetta mál og fögnum þeirri samstöðu sem hefur tekist um það.

Ég vil bara að lokum segja að það er ákaflega mikilvægt vegna fólksins sem í hlut á og vinnur þessi vandasömu og stundum hættulegu störf að það ríki eins mikil pólitísk sátt og samstaða um verkefnin og það starf sem þarna er unnið því auðvitað er aldrei hægt að útiloka þá möguleika að hlutir geti farið úrskeiðis og erfiðir atburðir orðið, jafnvel mannslíf tapast og þá er mikilvægt að sem best samstaða sé um hlutina og ekki til að dreifa neinum djúpstæðum pólitískum ágreiningi eða hörðum átökum um það á hvaða grundvelli þessi starfsemi er byggð.

[21:29]

**Jón Gunnarsson:**

Frú forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa ánægju minni með að nú hilli undir sátt um að setja íslensku friðargæslunni lagaramma og sérstaklega eftir að málið var afgreitt upprunalega út úr utanríkismálanefnd í ágreiningi með meirihlutaáliti og minnihlutaáliti og ekki leit út fyrir að um lagasetningu á þessu sviði yrði að ræða á þessu þingi þar sem ágreiningur var í málinu.

Á grundvelli breytingartillagna sem unnar voru að mestu leyti af hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur og lagðar fram sem breytingartillögur okkar í minni hlutanum var ljóst að ekki bar mikið á milli minni hluta og meiri (Gripið fram í.) hluta. Því var haldið áfram að skoða hvort ekki næðist samstaða um að breyta 1. gr. í frumvarpinu með þeim hætti að allir aðilar gætu sætt sig við hana.

Niðurstaðan varð sú, eins og fram hefur komið, að það tókst og því erum við hér að horfa fram til þess að okkur takist að setja íslensku friðargæslunni lagaramma og eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni þá er það afar mikilvægt fyrir það fólk sem vinnur fyrir okkur í þessum störfum erlendis við erfiðar aðstæður oft og tíðum að um þessa starfsemi ríki bæði sátt hér heima og eins að lagaramminn um starfsemina sé skýr.

Því er mikilvægt að setja þau lög sem við erum hér að ræða og fagna ég því að samstaða hefur náðst og Samfylkingin mun standa að og styðja þetta frumvarp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almenn hegningarlög, 3. umr.*

Stjfrv., 20. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 1353, brtt. 1354.

[21:31]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp við 3. umr. rétt til að geta þess að við 2. umr. málsins voru gerðar breytingar í samræmi við tillögur allsherjarnefndar á málinu. Við það

breyttist röð þeirra greina sem frumvarpið hefur að geyma. Því mun ég við 3. umr. leggja fram viðbótarbreytingartillögu til að tryggja að tilvísun við gildistökuákvæði frumvarpsins til 1. gr. verði breytt til samræmis við þær breytingar sem voru gerðar eftir 2. umr. og að tilvísunin taki mið af þeim breytingum með því að þar verði ekki lengur vísað til 1. gr. frumvarpsins heldur er nauðsynlegt að breyta greininni þannig að hún vísi til 2. gr.

Þannig mun gildistökuákvæðið hvað varðar þau brot sem munu framvegis fyrnast frá 18 ára aldursmarki brotaþola gilda þannig að það gildi sem sagt einnig um brot sem framin eru fyrir gildistöku laganna, enda sé fyrningarfresturinn ekki hafinn. Fyrningarfrestur í málum má ekki vera byrjaður að líða til að 18 ára aldursmarkið samkvæmt lagafrumvarpinu taki gildi.

Hins vegar erum við að gera aðra breytingu hér eftir 2. umr. á málinu sem felur það í sér að hluti þessara brota, þ.e. alvarlegustu brota, verða ófyrnanleg og hvað þau brot snertir munu gilda almennar lögskýringarreglur um lagaskilin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vísinda- og tækniráð, 2. umr.*

Stjfrv., 295. mál (verksvið og heiti ráðsins). — Þskj. 308, nál. 1245, brtt. 1246.

[21:34]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín fulltrúa frá forsætisráðuneyti og gesti.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi Vísinda- og tækniráðs verði útvíkkuð með þeim hætti að auk þess að taka til umfjöllunar málefni vísinda, tækni og nýsköpunar hafi það einnig með höndum umfjöllun um málefni atvinnuþróunar. Þetta frumvarp er lagt fram samhliða frumvarpi iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem er 280. mál og frumvarpi viðskiptaráðherra um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem er 279. mál.

Iðnaðarnefnd hefur lagt til að frumvarpi til laga um Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði breytt þannig að í stað þess að Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Byggðastofnun sameinist verði það eingöngu tvær fyrstnefndu stofnanirnar sem sameinast. Því leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu þess efnis að horfið verði frá því að gera breytingar á starfsemi Vísinda- og tækniráðs og breyta heiti þess.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, síðari umr.*

Þáltill. DJ o.fl., 42. mál. — Þskj. 42, nál. 1239.

[21:36]

**Frsm. menntmn. (Dagný Jónsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég ætla örstutt að gera grein fyrir nefndarálitinu en í tillögunni er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi nefnd sem kanni leiðir til að aðstoða ungmenni við að taka skynsamlegar ákvarðanir í tengslum við náms- og starfsval.

Hv. menntamálanefnd tekur undir sjónarmið í greinargerð um að farsælar lausnir á vandamálum tengdum brottfalli úr skóla geti leitt af sér mikinn þjóðfélagslegan ávinning.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita allir hv. þingmenn í menntamálanefnd. Sem 1. flutningsmaður málsins, en það voru fleiri hv. þingmenn sem voru flutningsmenn, vil ég þakka kærlega fyrir að málið skuli vera afgreitt og vil segja að hægt er að nota þá vinnu sem verið er að ljúka við hvað varðar tíu punkta samkomulagið sem góðan grunn í þessari vinnu.

Vegna tímaleysis ætla ég ekki að fara í dýpri umræðu um þetta en vildi koma á framfæri þökkum og vona að þetta verði til að efla náms- og starfsráðgjöf hér í landinu og einnig vonast ég til að löggilding þessarar stéttar fáist fram.

[21:37]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Frú forseti. Það var ánægjulegt að samstaða náðist um það í menntamálanefnd að afgreiða þetta mál úr nefndinni þannig að það fái afgreiðslu hér.

Náms- og starfsráðgjöf er mjög af skornum skammti í íslenska skólakerfinu og verður þetta mál vonandi til þess að hún verði efld mjög, eins og hv. framsögumaður kom inn á áðan. Það vantar mikið upp á að fjöldi þeirra sé nægjanlegur eða þessu sé gert nógu hátt undir höfði í skólakerfinu. Brottfall er mjög hátt á Íslandi og eiginlega sérstaklega vandamál á Norðurlöndunum þar sem samkvæmt rannsóknum má ætla að hlutfall þeirra sem ekki ljúka framhaldsskólanámi eða neinu formlegu námi sé yfir 40% sem er gífurlega hátt og í rauninni óþekkt brottfall í samanburðarlöndum okkar.

Það sem talið er að við fengjum sérstaklega út úr aukinni starfs- og námsráðgjöf væri að nemendurnir væru miklu betur undir það búnir að taka ákvörðun um námsleið og hvaða nám þeir hafi í raun og veru áhuga á og telji við sitt hæfi og líklegir þá til að ljúka því námi. Við nefndum einnig fram eðlilegri dreifingu milli þeirra sem fara í bóknám og verk- og listnám hvers konar. Hér er því um að ræða mjög mikilvægt menntamál. Það er flutt í þriðja sinn og nær nú fram að ganga og óska ég hv. 1. flutningsmanni, Dagnýju Jónsdóttur, til hamingju með það. Lýsi ég aftur ánægju minni með að málið náði fram að ganga. Þetta er mjög þarft og gott mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, síðari umr.*

Þáltill. GHall o.fl., 41. mál. — Þskj. 41, nál. 1257.

[21:39]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan verði samþykkt. Í henni er gerð tillaga um að þjóðfána Íslendinga verði komið fyrir í þingsal Alþingis. Í greinargerð með tillögunni er enn fremur lagt til að fánanum verði komið fyrir þannig að hann verði sýnilegur við eða nærri forsetastól.

Ég gerði fyrir mitt leyti fyrirvara við nefndarálit þetta og ætla að gera í mjög stuttu máli grein fyrir honum. Hann byggir í fyrsta lagi á því að nefndin tók málið til mjög lauslegrar umfjöllunar og ég hefði kosið að nefndin hefði getað gefið sér betri tíma til að fara ofan í það. Fyrir lá myndræn hugmynd að því hvernig hægt væri að koma þjóðfánanum fyrir hér í þingsal. En fyrir mitt leyti á ég enn eftir að sannfærast um að það sé heppilegt. Set því þann fyrirvara við stuðning minn við málið að viðunandi niðurstaða geti fengist í það að finna þjóðfánanum heppilegan stað hérna í þingsalnum.

Að öðru leyti velti ég því fyrir mér hvort heppilegt hafi verið að stilla þessu máli fram sem þingmáli. Ef til vill hefði farið betur á því að það hefði komið til skoðunar að frumkvæði forsætisnefndar.

[21:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Frú forseti. Ég get tekið undir persónulegar efasemdir eða fyrirvara framsögumanns og deili ég þeim með honum. Ég hef ekki tekið mikla sannfæringu í málinu. Þetta þingmál er nokkuð gamall kunningi. Ég segi bara við þessar aðstæður að ég er ákaflega feginn því að Ísland skuli ekki eiga gunnfána. Það verður þá aldrei nema þjóðfáninn sem kemur inn í þingsalinn.

Auk þess hefði ég getað hugsað mér, í ljósi þess að í ár er 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar, að þriðja hlutnum yrði þá bætt við inn í þingsalinn og Jónas fengi að vera á veggnum hérna á móti þannig að þeir horfðust á yfir þingsalinn Jónas og Jón. Þá væri kannski gott að hafa fána einhvers staðar mitt á milli þeirra.

[21:42]

**Björgvin G. Sigurðsson:**

Virðulegi forseti. Rétt aðeins um málið. Ég er einn 33 flutningsmanna tillögunnar. Það var eitt af því sem við ræddum í stuttri yfirferð í nefndinni að það væru rök fyrir því að afgreiða málið til þingsins að 33 flutningsmenn væru að tillögunni sem eins og gefur augaleið er yfir helmingur þingmanna. Hún nýtur því mikils og þverpólitísks stuðnings. Ég held að flutningsmenn séu úr öllum flokkunum eða nánast öllum flokkunum.

Ég er sannfærður um að það yrði mjög til prýði að hafa íslenska þjóðfánann hérna þar sem hann væri sýnilegur, nálægt forsetanum. Ég hef engar efasemdir um það og styð tillöguna algjörlega fyrirvaralaust. Þetta er hið besta mál.

Að sjálfsögðu væri það ágætishugmynd að fá Jónas hingað í þingsalinn eins og Jón. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur nýlega vakið þjóðarathygli á prýðilegum ljóðmælum Jónasar þannig að það væri mjög Alþingi til prýði að fá hann hér í salinn líka.

En ég styð þessa tillögu og fagna því að hún er komin til Alþingis. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur flutt þessa tillögu nokkuð oft og núna síðast með fulltingi 33 þingmanna Alþingis. Sýnir það þverpólitíska og ágætan stuðning við málið. Ég fagna því og vona að þegar þing verður sett eftir kosningar eða næsta haust verði fáninn sýnilegur mjög nálægt forsetanum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Skattlagning kaupskipaútgerðar, 2. umr.*

Stjfrv., 660. mál (tonnaskattur og ríkisaðstoð). — Þskj. 1002, nál. 1259.

[21:44]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um skattlagningu kaupskipaútgerðar frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. En það er að finna á þskj. 1259.

Ég ætla hvorki að lesa um gesti sem komu á fund nefndarinnar né innihald frumvarpsins. Það er allt að finna á fyrrgreindu þingskjali. En ég vil geta þess að nefndin leggur til breytingu á skattstiga til einföldunar þannig að skattstofninn verði 30 kr. á hver 100 nettótonn að 25.000 nettótonnum. Af þeirri fjárhæð verði svo greiddur 18% skattur. Breytingin veldur mest 1.360 kr. lægri skatttekjum miðað við frumvarpið.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara, Ásta Möller og Sæunn Stefánsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 2. umr.*

Stjfrv., 686. mál (metangasbifreiðar). — Þskj. 1069, nál. 1279, brtt. 1288.

[21:46]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleira, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Nefndarálitið er að finna á þskj. 1279.

Á þingskjalinu kemur fram hvaða gestir komu til nefndarinnar og þar er frumvarpinu einnig lýst en það fjallar um að bifreiðar sem nota metangas séu undanþegnar vörugjöldum.

Í nefndinni var rætt um sambærilegar undanþágur fyrir aðrar tegundir bifreiða, t.d. svonefndar tvinnbifreiðar. Í ljós komu ákveðin vandkvæði við útfærslu á því. Nefndin vísar til þess að stefnt er að því að fyrir árslok 2008 verði mótuð heildarstefna um skattlagningu ökutækja sem nýta umhverfisvæna orkugjafa.

Ég vil geta þess að nefndin tók þetta mál inn til umfjöllunar áður en það var afgreitt til nefndarinnar til þess að reyna að koma því í gegn. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Ásta Möller, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

[21:49]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég styð þetta mál heils hugar og tel það af hinu góða. Ég tel það lið í því að takast á við skuldbindingar okkar varðandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. En ég hef leyft mér að gerast svo djörf þar sem ég flutti fyrir skemmstu, eða lagði hér fram á Alþingi, frumvarp til laga um breytingu á þessum sömu lögum sem kemur inn á sömu þætti, þ.e. hvernig megi með ákveðinni lagasetningu og fyrirsögn í lögum tryggja að þau ökutæki sem eru algengust á götunum valdi sem minnstum skaða á umhverfi.

Við höfum orðið vitni að því eftir að vörugjald á pallbílunum alræmdu, stóru bensínhákunum, var lækkað að þeir eru orðnir ótæpilega margir og frekir í umferðinni hér í þéttbýlinu. Á dögum svifryks og ótæpilegrar losunar gróðurhúsalofttegunda frá umferð tel ég einboðið að við nýtum þau hagrænu tæki sem við höfum til þess að reyna að takmarka bifreiðar af þessu tagi í umferðinni.

Á þskj. 1288 hef ég leyft mér að breyta frumvarpi mínu yfir í breytingartillögu við þetta frumvarp þar sem gert er ráð fyrir því að ökutæki af því tagi sem ég lýsti, þ.e. pallbílar sem eru innan ákveðinna þyngdarmarka, beri full vörugjöld en njóti ekki lengur þeirrar undanþágu sem þeir njóta í dag. Slík ráðstöfun ætti að takmarka fjölda þeirra í umferðinni og þar af leiðandi leggja af mörkum ákveðna sambærilega þætti og frumvarpið að öðru leyti gerir til þess að takmarka losun og minnka mengun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skipulögð leit að krabbameini í ristli, síðari umr.*

Þáltill. DrH o.fl., 221. mál. — Þskj. 222, nál. 1241.

[21:51]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Ásta Möller):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um skipulagða leit að krabbameini í ristli, frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

Með tillögu þessari er lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefji, í samráði við landlækni, undirbúning að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi þannig að skipuleg leit hefjist 1. júlí 2007. Krabbamein í ristli og endaþarmi er næstalgengasta krabbameinið meðal Íslendinga og önnur algengasta dánarorsökin af völdum krabbameina. Niðurstöður erlendra rannsókna hafa sýnt fram á að fækka megi dauðsföllum af völdum ristilkrabbameins með skipulagðri skimun. Því fyrr sem meinið greinist, því meiri líkur eru á lækningu. Ýmis nágrannalönd hafa þegar tekið upp skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi eða eru að undirbúa slíkt. Nefndin telur brýnt að skimun fyrir ristilkrabbameini verði tekin upp hið fyrsta í íslensku heilbrigðiskerfi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu að í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2007“ komi: á árinu 2008.

Kristján L. Möller var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Valdimar L. Friðriksson áheymarfulltrúi er samþykkur áliti þessu. Undir álitið skrifa Guðjón Ólafur Jónsson, Ásta Möller, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Ingvi Hrafn Óskarsson, Drífa Hjartardóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Þuríður Backman.

Þessi þingsályktunartillaga var lögð fram í fyrsta sinn fyrir nokkrum árum síðan af félaga okkar Árna Ragnari Árnasyni, en 1. flutningsmaður er Drífa Hjartardóttir. Mikil vinna hefur farið fram innan heilbrigðissamfélagsins til þess að skoða þessa tillögu og vinna að því að hún nái fram að ganga og hefur nefndin nú afgreitt þingsályktunina til síðari umr. með nefndaráliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Náttúruvernd, 2. umr.*

Stjfrv., 639. mál (rýmkun kæruréttar og aukin vernd bergtegunda). — Þskj. 947, nál. 1281.

[21:54]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum. Nefndin fékk til sín nokkra góða gesti. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Sökum mikils áhuga þingheims þá tel ég mér rétt og skylt að upplýsa hvaða gestir þetta voru. Þeir voru: Bergur Sigurðsson frá Landvernd, Sveinn Jakobsson frá Náttúrufræðistofnun, Árni Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, (Gripið fram í.) Sigrún Ágústsdóttir og

Sigurður Ármann Þráinsson frá umhverfisráðuneytinu. Frá Umhverfisstofnun komu Árni Bragason og Davíð Egilsson.

Með frumvarpinu er kveðið á um tvenns konar breytingar á lögum um náttúruvernd. Er annars vegar lagt til að möguleikar til að kæra þær stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna verði auknir og hins vegar er lagt til að kveðið verði á um aukna vernd bergtegunda. Hvað síðari breytinguna varðar er lagt til að ákvæði náttúruverndarlaga verði styrkt þannig að þau nái jafnframt til bergtegunda og bergforma og að óheimilt verði að losa um, nema brott eða skemma sjaldgæfar tegundir steinda og bergs sem friðunarákvæðin ná til. Þá er í frumvarpinu kveðið á um að óheimilt sé að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað.

Í 4. gr. er kveðið á um að innan friðlýstra svæða verði óheimilt að losa um, nema á brott eða skemma hrafntinnu í formi bergglers og tæra silfurbergskristalla lengri en 5 cm og einnig að hið sama gildi um sjaldgæfar tegundir steinda og bergs. Nefndin telur ákvæði 4. gr. frumvarpsins ekki nægilega vel útfært. Hún telur að á grundvelli 3. gr. frumvarpsins sé unnt að vernda hrafntinnu og silfurberg og leggur því til að 4. gr. frumvarpsins falli brott. Nefndin hvetur til þess að frekar verði hugað að efnisatriðum 4. gr.

Nefndin var sammála í þessu og leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Undir þetta skrifa hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Mörður Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kjartan Ólafsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vatnajökulsþjóðgarður, 2. umr.*

Stjfrv., 395. mál (heildarlög). — Þskj. 439, nál. 1277, brtt. 1278.

[21:58]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):**

Virðulegi forseti. Það er mikið af stórum og miklum málum sem við erum að samþykkja nú á Alþingi en ég vil fullyrða að þau gerast ekki miklu stærri en þetta þar sem mér sýnist að við séum í góðri sátt að samþykkja frumvarp til laga sem felur umhverfisráðherra að friðlýsa með reglugerð stærsta þjóðgarð í Evrópu en þetta er þjóðgarður sem er a.m.k. tvöfalt stærri en sá næststærsti.

Það má segja að við Íslendingar höfum kannski byrjað svolítið seint þegar kemur að náttúruvernd. Að einhverju leyti hefur það komið til vegna þess að við þurftum kannski ekki mikið að hafa fyrir því í okkar strjálbýla landi. Við vorum svo sem ekki að setja neinn þjóðgarð á laggirnar árið 1872 þegar fyrsti þjóðgarðurinn, Yellowstone þjóðgarðurinn í Bandaríkjunum var settur á stofn en árið 1906 gengu Bandaríkjamenn lengra og gengu þannig frá málum að Bandaríkjaforseti þurfti ekki að fá samþykki þingsins til þess að friðlýsa hin ýmsu svæði og hafa forsetar Bandaríkjanna gert það síðan.

Af nágrönnum okkar á Norðurlöndunum settu Svíar fyrstir náttúruverndarlög árið 1909, við Íslendingar settum okkar fyrstu lög 1956 en þó samþykktum við lög um þjóðgarð, fyrsta þjóðgarðinn okkar á Þingvöllum árið 1928. Síðan Skaftafellsþjóðgarð árið 1967, Jökulsárgljúfur 1973 og Snæfellsjökul 2001. Það er þó ekki svo að menn hafi ekki gert neitt í náttúruverndarlögum. Við bönnuðum veiðar á hreindýrum 1787, lög um fuglavernd voru sett árið 1913 o.s.frv.

Þetta mál, virðulegi forseti, sem ég á von á að verði góð sátt um, er mjög stórt. Það hefur verið góð samstaða um það á Alþingi Íslendinga á undanförnum árum að ganga langt í því að friðlýsa svæði. Það hefur verið góð sátt um það að stofna þennan þjóðgarð sem er auðvitað stórmál og menn hafa í rauninni verið að vinna að því máli á vettvangi framkvæmdarvaldsins, í starfshópum og nefndum frá árinu 1999. Til að setja þetta í eitthvert samhengi voru þjóðgarðar á Íslandi árið 2001 sem samsvarar innan við 2% af landinu en þegar þessi þjóðgarður hefur verið stofnaður verða þeir 13–15% af Íslandi og þá verðum við búin að friðlýsa land úr 12–13% af landinu í yfir 20%. (**Gripið fram í:** Í yfir 20%?) Í yfir 20%, virðulegi forseti.

Þetta er gríðarlega stórt mál og það ber þess merki. Það er augljóst að unnið hefur verið vel að þessu flókna máli af því að margir þurfa að koma að því. (Gripið fram í.) Það sem mönnum er uppálagt í þessu máli, virðulegi forseti, er samvinna. Því það er alveg ljóst að menn ná ekki að mynda þennan stóra þjóðgarð nema í góðri sátt við þá aðila sem að því koma. (**ÖS:** Heimamenn.) Meðal annars heimamenn, virðulegi forseti, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson bendir hér á. Hann þekkir þessi mál vel enda hefur hann komið að undirbúningi þessa máls.

Það er ekkert eignarnám í gangi í kringum þennan þjóðgarð en það er samningur í gangi við landeigendur. Það var augljóst þegar lagt var af stað með þetta mál að þeir aðilar sem þarna búa, við getum kallað þá heimamenn sem eru við þetta svæði, vildu hafa eitthvað um málið að segja. Það varð niðurstaðan. Það er hins vegar ekki þannig að menn ætli að slaka eitthvað á faglegum kröfum. Það hefur bæði verið gert ráð fyrir því og einnig lagði nefndin áherslu á það að þetta væri ekki bara í góðri sátt við heimamenn heldur alla landsmenn og að þeir aðilar sem munu njóta þessa garðs, sem eru auðvitað allir landsmenn, fái beina aðkomu að málinu.

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu er lagður grunnur að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Frumvarpið er unnið í samráði við ráðgjafarnefnd sem þáverandi umhverfisráðherra, Sigríður A. Þórðardóttir, skipaði 30. nóvember 2005 til að vinna með ráðuneytinu að undirbúningi málsins. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra sveitarfélaga á því svæði sem rætt hefur verið um að Vatnajökulsþjóðgarður nái til, auk fulltrúa umhverfisverndarsamtaka og formanns skipaðs af umhverfisráðherra. Áður var unnið að undirbúningi málsins í þingmannanefnd skipaðri fulltrúum þeirra þingflokka sem þá áttu sæti á Alþingi og fjallaði hún um svæðið norðan jökulsins. Sú nefnd var einhuga í málinu og lagði í maí 2004 fram tillögur um umfang verndarsvæðisins, verndarstig einstakra svæða og stjórnarfyrirkomulag þjóðgarðsins.

Í frumvarpinu er settur rammi fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, sérstaklega hvað varðar stjórnarfyrirkomulag hans og

rekstur. Gert er ráð fyrir að friðlýsing þjóðgarðsins taki gildi við setningu reglugerðar um hann og eru því mörk hans ekki ákvörðuð í frumvarpinu. Mun því gefast kostur á að bæta við nýjum svæðum síðar. Mörkin munu m.a. ráðast af samningum við landeigendur þess hluta landsins sem er í einkaeigu. Svæðið sem gert er ráð fyrir að þjóðgarðurinn taki til við stofnun nær til átta sveitarfélaga og þekur um 13% af yfirborði Íslands. Nefndin telur mikilvægt að sátt ríki um þau landsvæði sem verða innan þjóðgarðsins en vonast jafnframt til þess að fleiri landsvæði bætist við með tímanum. Má í því sambandi einkum nefna Langasjó.

Heimamenn hafa komið að undirbúningi að stofnun þjóðgarðsins og hafa þeir lagt á það áherslu að hlutur þeirra í stjórn og rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs verði meiri en í þeim þjóðgörðum sem þegar hafa verið stofnaðir. Nefndin telur það eina af forsendum þess að verkefnið gangi vel að sátt ríki um fyrirkomulagið á milli allra landsmanna og að heimamönnum verði tryggð þátttaka í stjórn og rekstri. Telur nefndin þó rétt að benda á að þótt hér sé farin önnur leið er ekki ætlunin að faglegt eftirlit með þjóðgarðinum verði minna en ella. Það er afar mikilvægt að bæði fagaðilar og almenningur geti haft áhrif hvað stjórn þjóðgarðsins varðar.

Svo því sé til haga haldið leggur nefndin til ákveðnar breytingar á frumvarpinu en margar þeirra eru tæknilegar. Nefndin var einnig einhuga um að útivistarsamtök, sem eru samtök eins og Ferðafélag Íslands, 4x4 og ýmis ferðafélög um landið, hafi beina aðkomu að stjórn garðsins. Því leggur nefndin til að í svæðisráðunum, sem eru fimm, verði einnig fulltrúi útivistarsamtaka og að í sjö manna stjórn verði útivistarsamtökin með áheyrnarfulltrúa. Á sama hátt hafi útivistarsamtökin kærurétt þegar mál koma upp eins og umhverfissamtök og aðrir hagsmunaaðilar.

Virðulegi forseti. Þetta er mál sem við höfum haft mjög gaman af að spjalla um og fara yfir hér. Þetta er þess eðlis og er afskaplega stórt og gott mál. Það er ánægjulegt hve góð samstaða er innan þings og meðal þjóðarinnar um þetta gríðarstóra verkefni. Þetta er hins vegar bara fyrsta skrefið á langri vegferð. Eins og ég nefndi kallar þetta á samvinnu við mjög marga aðila. Það skiptir máli að menn haldi þannig á málum að sem best sátt verði um það. Þannig mun þjóðgarðurinn stækka, þannig mun hann eflast og verða öllum landsmönnum eitthvað sem við getum verið afskaplega stolt af og mun sömuleiðis styrkja þau svæði sem liggja að honum og án nokkurs vafa nýtast vel, t.d. í ferðamennsku og öðru atvinnulegu tilliti.

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka nefndarmönnum fyrir gott samstarf hvað þetta varðar. Við þurftum að vinna þetta mál nokkuð hratt en ég held að við höfum unnið það örugglega. Við leggjum til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið skrifa hv. þingmenn Ásta R. Jóhannesdóttir, Mörður Árnason, Ásta Möller, Rannveig Guðmundsdóttir, Kjartan Ólafsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og sá sem hér stendur.

Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson skrifaði undir álitið með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Ég óska okkur öllum til hamingju með þetta mál og vonast til að við munum sjá Vatnajökulsþjóðgarð verða eitt af því sem við Íslendingar verðum stoltir af í nútíð og framtíð.

[22:08]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er stórmál og er mál sem Samfylkingin lætur sig miklu varða. Ég hlýt að halda því til haga að Samfylkingin flutti tillögu til þingsályktunar á Alþingi fyrir fjórum árum um þjóðgarð sem næði til Vatnajökuls og alls umhverfis hans en eins og við þingmenn vitum var búið að stækka Skaftafellsþjóðgarð á suðursvæðinu.

Hér eru sett lög um að stofna þjóðgarð með reglugerð. Auðvitað er það álitamál hver mörk þjóðgarðs eiga að vera. Þetta hefur nefndin rætt eins og kom fram hér í framsögu en Samfylkingin vill að Jökulsá á Fjöllum, Langisjór, Kreppa og fleiri tilkomumikil svæði sem ekki enn tilheyra því svæði sem í byrjun er hugsað að verði innan þjóðgarðsins, komi inn í hann síðar. Við teljum að það verði að vera framtíðarsýn um það hvaða svæði þjóðgarðurinn skuli ná yfir þegar fram líða stundir þótt því takmarki verði eingöngu náð í áföngum.

Þessi löggjöf er því fyrsti áfangi en hún er grundvöllur að því sem koma skal. Það er þýðingarmikið að þótt slíkum þjóðgarði sé tryggt ákveðið sjálfstæði með sérstakri yfirstjórn og svæðisráðum verði allar tengingar við löggjöf á umhverfis- og náttúruverndarsviði tryggðar. Sömuleiðis tengsl Umhverfisstofnunar og stjórnenda þjóðgarðsins.

Bæði umhverfissamtök og samtök útivistarsvæða fá nú aðkomu í stjórn og svæðisráðum og það er mjög mikilvægt. Við erum að stofna þjóðgarð um stórkostlegt landsvæði sem er einstakt í Evrópu. Að ferðast á jöklinum eða óbyggðunum í umhverfi hans lætur engan ósnortinn. Við eigum þess vegna að umgangast þetta svæði sem einstakt náttúrusvæði sem ekki má spilla. Þannig eigum við að viðhalda einkennum óbyggðasvæða um leið og faglega verður tryggt að þéttbýlissvæðin og heimamenn njóti þeirra tækifæra sem opnast við gerð þjóðgarðsins.

Mörg störf verða þarna til og það er mjög þýðingarmikið fyrir þetta svæði. Umræða okkar í nefndinni hefur alfarið snúist um að þarna verði eðlilegt jafnvægi. Það er mikilvægt að feta bil beggja, heimamanna og annarra landsmanna, við undirbúning að stofnun þjóðgarðsins. Þetta höfum við fulltrúar Samfylkingarinnar lagt mikla áherslu á í umræðunni um stjórn og aðkomu fagmanna. Sömuleiðis teljum við mjög mikilvægt að faglega verði staðið að málum varðandi gerð verndaráætlunar, að lýðræðislegt ferli sé tryggt sem og kæruréttur tryggður.

Svæðið laðar að fólk með ólík áhugamál og fjölbreyttar þarfir, bæði þá sem kjósa að nota vélknúin ökutæki og þá sem sækjast eftir að leggja land undir fót og vilja njóta fegurðar, friðsældar og kyrrðar. Nefndin er mjög meðvituð um að þarna þarf að tryggja að vaxandi ferðaþjónustu sé ekki of þröngur stakkur sniðinn. Í svona máli höfum við öll miklar skoðanir. Þær geta bara ekki allar náð fram, sérstaklega ekki í upphafi þegar sú leið er farin að lagasetningin byggir á því að sett verði reglugerð og í raun og veru verði framkvæmd laganna raunveruleiki í fyllingu tímans. Þess vegna er mikilvægt að við höfum náð þokkalega góðri sátt

um þetta mál og ég vil lýsa því yfir að hér er stigið mjög stórt skref í náttúruvernd að ég tali ekki um í gerð þjóðgarðs á Íslandi.

[22:13]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz)** *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna ræðu hv. framsögumanns umhverfisnefndar um þetta mál þar sem m.a. var komið inn á hlut heimamanna í stjórn og rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs og að við þann undirbúning hafi þeir lagt áherslu á að hlutur þeirra verði meiri í þessum þjóðgarði en öðrum sem þegar hafa verið stofnaðir, þá vil ég af því tilefni og af tilefni ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þar sem hún lagði áherslu á að farið verði bil beggja, milli heimamanna og annarra landsmanna með stjórn og undirbúning þjóðgarðsins, taka það fram að til þess að tryggja þessi tengsl í hinu nýja stjórnskipulagi sem ætlunin er að koma á um þennan þjóðgarð sem er nýtt, það er sérstök stjórn fyrir þennan þjóðgarð, þá hlýtur það að vera ætlun okkar að nýta reynslu Umhverfisstofnunar í þessu samhengi. Ég lýsi því hér yfir að ætlun mín er sú að það verði gert til hins ýtrasta og jafnvel hugað að því við skipun manna í stjórn þjóðgarðsins.

Að öðru leyti vil ég segja vegna þessara ágætu tveggja ræðna sem hér hafa verið haldnar að að baki er átta ára undirbúningur sem að hefur komið fjöldi þingmanna, sem ég hef ekki tíma til að telja upp í þessu stutta andsvari, og fjöldi sveitarstjórnarmanna, þverfaglegt, þverpólitískt, flokkur manna sem að þessu stendur. Að baki er átta ára undirbúningur en við erum eftir sem áður en á annan hátt aðeins að taka fyrsta skrefið. Undirbúningsvinnunni er ætlað að verða lokið á næstu fimm árum. Þá verður þjónustunet þjóðgarðsins komið í framkvæmd en þegar á næsta ári er gert ráð fyrir að þjóðgarðurinn verði formlega stofnaður.

Ég legg mikla áherslu á faglegu tengslin við Umhverfisstofnun og mun huga sérstaklega að því við skipun stjórnar þjóðgarðsins.

[22:15]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það mjög mikilvægt sem hæstv. umhverfisráðherra nefndi. Það er auðvitað þannig að ef verið væri að búa til venjulegan þjóðgarð samkvæmt þeim lögum sem við höfum mundi hann tengjast Umhverfisstofnun beint. Það gerir þessi þjóðgarður ekki samkvæmt þeim lögum sem við erum hér að ákveða, en það er svo mikilvægt að aftengja ekki þetta svæði náttúruverndarlögum og þeim reglum sem hafa viðgengist í okkar kerfi. Þess vegna fagna ég mjög þeirri yfirlýsingu sem kom hér og tel að það sé mjög stórt skref að fulltrúi Umhverfisstofnunar verði fulltrúi hæstv. umhverfisráðherra í yfirstjórn þjóðgarðsins.

[22:16]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Langþráð mál er að komast í höfn, það hillir undir að Vatnajökulsþjóðgarður verði til. Það er sannarlega, eins og hv. formaður umhverfisnefndar sagði áðan, stórt mál en stærð er ekki endilega sama og gæði. Það skiptir okkur verulegu máli að Vatnajökulsþjóðgarður verði góður þjóðgarður, þjóðgarður sem við getum verið stolt af í einu og öllu.

Sumir segja að ekki þurfi að setja lög um Vatnajökulsþjóðgarð, það sé í lagi að stofna hann með reglugerð og það geti þess vegna verið ákvörðun hæstv. umhverfisráðherra og ríkisstjórnar að gera það. Það er ekki sú leið sem hefur verið valin hér heldur er ákveðið að festa þetta í löggjöf og löggjöfin á rætur að rekja til þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi árið 1999 um að Alþingi Íslendinga vildi að stofnaður yrði Vatnajökulsþjóðgarður. Sú tillaga átti aftur rætur í annarri tillögu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði fram um þjóðgarða á miðhálendinu, en hún byggði á því að Ísland yrði nánast einn stór þjóðgarður inn til landsins, stofnaður yrði þjóðgarður utan um Vatnajökul, utan um Hofsjökul, Langjökul, Mýrdalsjökul og Eyjafjallajökul. Sú hugmynd er enn til staðar og við höfum enn tækifæri til að gera svo miklu meira en það sem við erum að taka fyrsta skrefið að hér. Ég sé því og einblíni á tækifærin sem eru fólgin í því skrefi sem hér er stigið.

Margt er umdeilanlegt í því frumvarpi sem við nú samþykkjum. Ég segi og skrifa: Þetta er stórt fyrsta skref og það verður að tryggja að framtíðin beri síðan það í skauti sér að við höldum skynsamlega á málum og að við tryggjum að stjórnsýsla garðsins verði með þeim hætti að vel megi við una, að fagmenn, bæði heima í héraði og á höfuðborgarsvæðinu — sem virðist stundum hafa verið hálfgert skammaryrði þegar við höfum verið að ræða um Vatnajökulsþjóðgarð. Það er ákveðin hræðsla í gangi í tengslum við stjórnsýslu þeirra sem hafa aðsetur á höfuðborgarsvæðinu, ég segi að sú hræðsla sé fullkomlega ónauðsynleg og það hefur verið leitt í ljós þegar nefndin vann í málinu að ákveðin tortryggni sem hefur verið til staðar er í raun eitthvað sem nokkurn veginn heyrir sögunni til vegna þess að samskipti Umhverfisstofnunar og heimamanna hafa verið að breytast gríðarlega mikið á undanförnum árum og það hefur verið meðvituð ákvörðun Umhverfisstofnunar að vinna friðlýsingu svæða og stjórnsýslu þjóðgarða í sátt og samvinnu við heimamenn.

Ég held að módelið verði á endanum það að samvinna heimamanna og Umhverfisstofnunar eigi eftir að verða gjöful. Ég trúi því og treysti líka að náttúruverndarlögin komi til með að verða sú löggjöf sem gildir í garðinum. Í tilefni af því að ákveðnir þættir eru í frumvarpinu sem í sjálfu sér fara á svig við náttúruverndarlöggjöfina — sem mér finnst afar miður — nefni ég þar 38. gr. náttúruverndarlaga sem varðar framkvæmdir í þjóðgarðinum. Ég held að ákveðnar bragarbætur eigi eftir að gera í þessu efni sem tryggi að náttúruverndarlöggjöfin gildi um garðinn allan.

Varðandi þá stjórnartilhögun sem hefur verið valin hérna hef ég talað fyrir ákveðinni draumsýn í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar að stjórnsýsla þjóðgarða og friðlýstra svæða þurfi að vera í grunninn á einni hendi þó að starfið sé unnið af því fólki sem er næst viðkomandi friðlýstum svæðum og þjóðgörðum. Ég sé þess vegna fyrir mér þjóðgarðastofnun eða einhvers konar stofnun sem annist slíka umsýslu, sem hefur með hendi verndaráætlanirnar þannig að það sé heildstæð stefnumörkun á einum stað sem tryggir að sambærilegar reglur séu við lýði við mótun

þeirra friðlýstu svæða og þjóðgarða sem við Íslendingar eigum. Í mínum huga er það framtíðin ásamt því að heimamenn, fagfólk og áhugamenn og sveitarstjórnarmenn hafi sterka og öfluga aðkomu.

Segja má að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs, eins og hér er búið um hnútana, verði eins konar ríkisstofnun. Í sjálfu sér samrýmist það ekki öðrum lögum sem við störfum eftir hvernig þeirri ríkisstofnun er komið á laggirnar. Þarna er formaður stjórnar nokkurs konar forstjóri garðsins en það eru engar reglur um hæfiskilyrði eða ráðningu eða neitt slíkt. Við höfum sömuleiðis fengið ábendingar frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga um að það eigi eftir að ganga frá öllum hlutum er varða starfsmennina. Það er mikilvægt í mínum huga að réttarstaða þeirra starfsmanna sem starfa í þjóðgarðinum núna, landverðir og aðrir sem sinna störfum í Skaftafellsþjóðgarði og þeir sem annast friðlöndin sem nú þegar eru til staðar, séu hafðir með í ráðum í þessum efnum og að réttarstaða þeirra sér tryggð og talað sé við þetta fólk í tíma þannig að það sé líka með, ekki bara sveitarstjórnarfólk í héraði heldur líka fólkið sem hefur rekið þessi friðlýstu svæði okkar sem verða nú innan Vatnajökulsþjóðgarðs samkvæmt þessu lagafrumvarpi.

Skoða þarf verndaráætlunina ofan í kjölinn. Mín skoðun er sú og ég trúi því að vinnulagið sem verði ofan á í þessum efnum verði það að Umhverfisstofnun vinni tillögu að verndaráætlun sem verði síðan til skoðunar í svæðisráðunum og síðan endanlegs samþykkis í stjórn. Ég ætla að nota tækifærið og lýsa ánægju með yfirlýsingu hæstv. umhverfisráðherra áðan, sem gaf okkur það til kynna í orðum sínum að Umhverfisstofnun kæmi að stjórn garðsins. Mér finnst sú yfirlýsing gefa von um að það verði fagmennirnir á Umhverfisstofnun sem hafi með höndum meginábyrgð á gerð tillögunnar að verndaráætluninni. Ég held að hún komi til með að skipta verulegu máli, það er hún sem í sjálfu sér allt starf í garðinum byggir á og þar er auðvitað eðlilegt að þeir sem mesta reynslu hafa á landinu fái að leggja í púkk þekkingu sína og að fræðileg og faglega þekking þeirra sé til staðar fyrir þá aðila sem koma að uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Ég vil segja örfá orð um fjármagn vegna stofnkostnaðar þjóðgarðsins. Ekki er gert ráð fyrir því í sjálfu sér að settir séu í þetta þeir fjármunir sem ég held að til þurfi. Mér sýnist að það sé verulega vanáætlað og nauðsynlegt er að horft sé til þess að hér erum við að stíga fyrstu skrefin að því að setja á stofn þennan stóra þjóðgarð og um hann þurfa að gilda ákveðnar reglur sem alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin hafa sett. Það kostar, það þarf fjármuni til að standa straum af því að uppfylla þær reglur. Gerð verndaráætlunar kostar fjármuni, deiliskipulagið sem þarf að gera, gönguleiðir og stígar sem þarf að gera um garðinn, allt þetta útheimtir talsvert fé sem ég held að sé nauðsynlegt að við áttum okkur á að megi ekki vera af skornum skammti, a.m.k. ef við ætlum okkur í alvöru að tryggja að þessi metnaðarfullu áform takist megum við ekki skera fjárveitingarnar við nögl.

Ég treysti því að bætt verði úr þessum formgöllum eftir því sem skrefin verða stigin. Ég hef því engan sérstakan fyrirvara við frumvarpið skrifaðan í nefndarálit, ég hef gert grein fyrir nokkrum eða örfáum atriðum af því sem kemur upp í hugann þegar þessi mál eru skoðuð.

Að lokum vil ég lýsa ánægju minni með eitt. Það tókst að lokum að fá staðfestingu umhverfisnefndar á því að þingsályktunartillaga sú sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum staðið að að flytja árum saman á Alþingi og nú síðast með þingmönnum úr öllum flokkum, þingsályktunartillaga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, að hún yrði afgreidd frá nefndinni með nefndaráliti þessu. Nefndin lítur svo á að með samþykkt laga um Vatnajökulsþjóðgarð hafi þessi tillaga að þingsályktun hlotið efnislega meðferð, efnislega afgreiðslu, þar sem friðlýsing Jökulsár á Fjöllum er innifalin í stofnun þjóðgarðsins.

Tillaga okkar er svohljóðandi, sem ég og við í nefndinni lítum þá á að sé komin í höfn með frumvarpi þessu, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrlegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla.“

Ég lýsi ánægju minni með að tillagan skuli afgreidd í þessu nefndaráliti og lýsi því síðan yfir að huga þurfi vel að afmörkun þjóðgarðsins. Ég hef lýst óánægju með að ekki skuli vera samræmi á milli tillagnanna sem eru til staðar í skýrslu ráðgjafarnefndarinnar og skýrslu þingmannanefndarinnar, ég mundi vilja að skýrsla þingmannanefndarinnar yrði sú sem notuð yrði varðandi afmörkun svæðisins. Þar tel ég að við séum með innan marka þjóðgarðsins þau svæði sem þurfi að vera þar og ég tel að það sé eðlilegt að í fyrstu reynum við að ná sem mestu af því svæði undir garðinn og tryggja að það sé innan marka hans.

Að svo mæltu lýsi ég ánægju með að málið skuli vera komið í höfn þó að það hefði sannarlega þolað lengri umfjöllun, bæði í nefndinni og hér í sölum Alþingis.

[22:27]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir innlegg hennar. Það sama á við um aðra þá ræðumenn sem hér hafa talað, og það er augljóst að góð sátt er um málið og við getum verið stolt af því. Ég held að fulltrúar allra flokka hafi komið að undirbúningi þess á undanförnum árum.

Ég held hins vegar að það skipti afskaplega miklu máli, vegna þess að útgangspunkturinn í þessu, ef við ætlum að láta þetta ganga vel, er samvinna. Það var það sem við vorum að leita eftir í nefndinni. Ég held að allir nefndarmenn og ef út í það er farið flestir landsmenn hafi ákveðnar skoðanir á því hvaða svæði eigi að vera þarna inni og menn vilja held ég hafa þjóðgarðinn sem stærstan og glæsilegastan. Menn verða að hafa það í huga að ekki er með þessu, frekar en almennt um friðlýsingar, farið út í neitt eignarnám. Það þarf að vinna þessa hluti, alveg sama hvað svæðin heita, í samvinnu við þá aðila sem eiga viðkomandi svæði. Sem

betur fer lofa samningaviðræðurnar um flest svæðin mjög góðu, en það skiptir máli að við sem erum á þingi og viljum málstaðnum vel gerum ekkert til að skaða það ferli. Það var útgangspunkturinn í starfi nefndarinnar, það hefur verið útgangspunkturinn í starfi ráðuneytisins og í undirbúningnum. Ég hvet þess vegna aðila og þingmenn til að vera mjög meðvitaða um að hér er um viðkvæmt mál að ræða og að afskaplega mikilvægt er að enginn fái það á tilfinninguna, hvorki þeir aðilar sem eiga þetta né neinir aðrir, að búið sé að ákveða einhverja hluti fyrir fram. Þetta er samningsferli við hagsmunaaðila. Þetta er nokkuð sem við þurfum að hafa í huga ef við ætlum að ná því markmiði sem við erum öll sammála um.

[22:29]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kýs að skilja orð hv. þingmanns svo að hann hafi ekki verið að setja ofan í við mig fyrir að hafa verið að gera menn eitthvað hrædda við það þó að ég hafi lýst því yfir að afmörkun garðsins að mínu mati ætti frekar að vera nær því sem þingmannanefndin lagði til en það sem ráðgjafarnefnd umhverfisráðherra lagði til. Með því er ég einungis að segja að við verðum að viðurkenna að stór landsvæði eru utan þess svæðis sem getið er um í greinargerð með frumvarpinu. Við höfum fengið ábendingar frá fjölda umsagnaraðila um að svæði á borð við Langasjó, Krepputungur og fleiri svæði séu þess eðlis að þau ættu í framtíðinni að geta heyrt undir garðinn.

Ég er sannfærð um að þegar garðurinn verður kominn á stofn sjái landeigendur að þarna er verið að gera eitthvað sem er spennandi. Þarna er verið að framkvæma áætlun sem er gaman að vera með í. Ég trúi því og treysti að landeigendur átti sig á því að það verður gaman að vera með í þessu félagi, með þessu fólki sem ætlar að koma garðinum á laggirnar. Ég er því alveg sannfærð um að bara stemmningin sem myndast í kringum þetta verður þess eðlis að það verði fleiri sem koma til liðs á næstu árum og á endanum fáum við að sjá þá svæðisafmörkun sem þingmannanefndin óskaði eftir í skýrslu sinni og við flest höfum í orði kveðnu lýst stuðningi við.

[22:31]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara að gefnu tilefni, ég er ekki í nokkrum vafa um að hv. þingmenn Vinstri grænna eða annarra flokka muni ekki haga máli sínu með þeim hætti að það muni skaða málið. Ég vil bara vekja athygli á þessu vegna þess að við vitum alveg hvað við ætlum með þetta mál. Útgangspunkturinn er sá að málið er í samvinnu við aðila, ég hef engar áhyggjur af því og er algjörlega sannfærður um að þingmenn muni ekki gera neitt sem mun skaða það ferli. Það er eðli máls samkvæmt viðkvæmt en ef við vöndum okkur öll verður árangurinn glæsilegur.

[22:32]

**Kolbrún Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af orðum hv. þingmanns, sem ég tek heils hugar undir, má skilja að við öll sem hér erum á löggjafarsamkundunni, við sem búum í sveitarfélögunum vítt og breitt um landið, við sem störfum á vegum opinberra aðila, við sem unnum náttúrunni, séum á einu máli. Ég lít svo á að hér sé um þjóðþrifamál að ræða, mál sem öll þjóðin lætur sig skipta og lætur sér annt um, hvar svo sem fólk er í sveit sett, við hvað sem fólk starfar. Ég tel að hér sé hægt að gera glæsilegan þjóðgarð sem þjóðin á eftir að verða stolt af. Í mínum huga er eini skugginn á þessum garði sá að þarna er búið að skera fleyg með Kárahnjúkavirkjun sem ekki verður afmáð. En það er enginn skuggi í mínum huga yfir því samstarfi sem á eftir að eiga sér stað á milli þeirra aðila sem eiga eftir að koma að uppbyggingu garðsins, svo sannarlega ekki. Ég treysti á þjóðina í þessum efnum og ég trúi á að við eigum eftir að verða stolt af Vatnajökulsþjóðgarði.

[22:33]

**Sigurjón Þórðarson:**

Frú forseti. Hér erum við að ræða nokkuð mikilvægt mál og maður hefði viljað hafa meiri tíma til umræðunnar, sérstaklega vegna þess að (Gripið fram í.) stofnkostnaðurinn við þennan þjóðgarð er á annan milljarð króna. Við erum að tala um verulega háa upphæð og að auki tekur þetta til stórs landsvæðis, stórs hluta Íslands. Þess vegna ætti að vanda vel til verksins og menn ættu að gefa sér tíma til að ræða málið til hlítar.

Það sem ég vil vekja athygli hér á og spyrja um — það væri fróðlegt að fá svör hjá hv. þingmanni, formanni umhverfisnefndar — er hvers vegna varaformaður hans geri fyrirvara við málið. Hver er ástæðan fyrir því? Það kemur fram á nefndaráliti að hann geri fyrirvara við málið. Er þetta alvarlegur fyrirvari sem hann gerir eða eru það einhver viss atriði sem hann gerir fyrirvara við, hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson? Það er æskilegt og í rauninni nauðsynlegt að formaður umhverfisnefndar segi okkur í hverju þessi fyrirvari liggur. Hér er um stórt mál að ræða og þarna er um að ræða nánasta samstarfsmann hæstv. umhverfisráðherra á þinginu, varaformann umhverfisnefndar, og það er nauðsynlegt fyrir framgang málsins að fá upp hver þessi fyrirvari er. Er það við þá stjórn sem er verið að búa til?

Ég hef vissar efasemdir um að það sé rétt að búa til stjórn yfir einum þjóðgarði þar sem stjórnarmenn með svæðisráðum eru hátt í 30 talsins. Mér finnst vera vel í lagt að hafa svo marga í að stýra einum þjóðgarði. Þó svo að hér sé um stórt landsvæði að ræða óttast ég að þetta sé ekki mjög skilvirkt og varla er það hluti af þeirri stefnu flokkanna að einfalda Ísland að hafa svo marga í stjórn á einum þjóðgarði. Mér finnst nauðsynlegt að þessu sé svarað. Ég hef efasemdir um þetta og það væri fróðlegt að fá fram hvort hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hafi sömuleiðis þessa fyrirvara — eða eru þeir aðrir?

Við í Frjálslynda flokknum styðjum þetta mál þrátt fyrir að það sé ekki æskilegt stjórnarfyrirkomulag á þjóðgarðinum að hafa svo marga í stjórn. Ég efast um að hv. þm. Pétur Blöndal geti tekið undir að það sé hentugt fyrirkomulag að hafa svo marga, ég efast um það. En það er greinilegt að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur efasemdir um málið og það væri fróðlegt að fá fram hvort þær lúta að þessu.

[22:36]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í örstuttu máli er það vanalega þannig að ef maður vill fá svar frá einhverjum spyr maður viðkomandi. Ég efast um að (Gripið fram í.) ef hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefði stórar athugasemdir við þetta væri hann á málinu. Eðli málsins samkvæmt verður hv. þm. Sigurjón Þórðarson að spyrja þann sem er með fyrirvarann.

Hins vegar er ákveðinn misskilningur að það séu 27 manns í stjórn eins og hv. þingmaður veit (**Gripið fram í:** 29.) sem hefur setið í nefndinni. Þetta er sjö manna stjórn en síðan eru svæðisráð þannig að heimamenn geti komið beint að þessu og ég hélt að það væru sjónarmið sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson mundi styðja.

[22:37]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst miður að hv. formaður nefndarinnar geti ekki upplýst betur í hverju þessi fyrirvari liggur. Hér er um mikilvægt mál að ræða eins og fram hefur komið. Það er á annan milljarð króna sem er ætlað í það að stofna þjóðgarðinn. Ég trúi varla að Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur stundum gengið undir slagorðinu „Báknið burt" telji heppilegt fyrirkomulag að hafa svo marga í stjórn. Reyndar hafa komið efasemdarraddir innan úr Sjálfstæðisflokknum, m.a. hefur hv. þm. Ásta Möller lýst því yfir að þetta sé ekki heppilegt.

Það er greinilegt að Guðlaugur Þór Þórðarson telur þetta heppilega stjórnun. Ég efast hins vegar um það.

[22:38]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég tek eindregið undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni í þessu efni. Það er ákaflega sérkennilegt að varaformaður nefndarinnar sé með fyrirvara á áliti hennar. Ég vil minna á að það hefur verið háttur okkar stjórnarandstæðinga þegar við erum á nefndarálitum að setja við þau fyrirvara vegna þess að við erum kannski ekki algjörlega sátt við það nefndarálit sem í boði var eða við náðum samkomulagi um og þær breytingartillögur en viljum samt styðja málið. Þá gerum við grein fyrir fyrirvara okkar í ræðum.

Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson er ekki hér staddur til að gera grein fyrir þessum fyrirvara og ég tók eftir því í dag að þar var Guðjón Ólafur Jónsson staddur aftur með fyrirvara á nefndaráliti um almenn hegningarlög sem hann gerði heldur ekki grein fyrir.

Þá er auðvitað spurningin sú, forseti, hvort menn ætli að nota þennan fyrirvara í einhverju öðru skyni utan þingsala til að sýna að þeir hafi þrátt fyrir allt ekki verið hluti af því samkomulagi sem gert var. Í Vatnajökulsþjóðgarðinum tókst ákveðið samkomulag eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson gerir sér vel grein fyrir. Það var ekki á neinn hátt auðvelt að ná því samkomulagi og það náðist ekki bara á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, heldur er alveg augljóst að það náðist líka á milli fulltrúa kjördæma, fulltrúa Suður- og Norðausturkjördæma annars vegar, sem eiga land að þessu svæði, og hins vegar okkar hinna sem erum fulltrúar annarra landsmanna samkvæmt kjördæmaskipaninni.

Ég tek því eindregið undir með hv. þingmanni í þessu efni og þakka honum fyrir að hafa vakið máls á þessu í þeim takmörkuðu umræðum sem hér er samkomulag um að hafa. Ég skora á forseta að koma þessum skilaboðum til Guðjóns Ólafs Jónssonar. Nú, hann stendur þarna utan salar og getur þá tekið við þeim beint, og ég skora á Guðjón Ólaf Jónsson að gera grein fyrir fyrirvara sínum við þetta mál og reyndar við hið fyrra líka.

[22:40]

**Sigurjón Þórðarson** *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom mér ekki á óvart að hv. þm. Mörður Árnason skyldi taka undir það réttmæta sjónarmið að varaformaður umhverfisnefndar skýrði afstöðu sína til málsins. Hann mun örugglega gera það vegna þess að hann hefur gengið mjög hart eftir því að sumir þingmenn geri grein fyrir afstöðu sinni í öðrum málum, m.a. til virkjana í Neðri-Þjórsá. Hvað eftir annað hefur hann spurt undir liðnum um störf þingsins og óskað eftir því að þingmenn, svo sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, gerðu grein fyrir afstöðu sinni. Þess vegna á ég ekki von á öðru en að Guðjón Ólafur Jónsson geri hér skilmerkilega grein fyrir því hver ágreiningur hans er við formann umhverfisnefndar í þessu máli. (Gripið fram í.) (**MÁ:** Og umhverfisráðherra.)

[22:41]

**Guðjón Ólafur Jónsson:**

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa yfir ánægju með það að hv. þm. Sigurjón Þórðarson og Mörður Árnason skuli hafa svona mikinn áhuga á afstöðu minni í þessu máli. (**ÖS:** Þú ert aðalmaðurinn.) Já, ég veit það, hv. þingmaður. Það hefur svo sem ekkert breyst frá því í gær, eins og hv. þingmaður veit.

Eins og hv. þingmönnum er væntanlega ljóst og ætti að hafa verið ljóst af umræðum í umhverfisnefnd snýr fyrirvari minn við þetta frumvarp að stjórnskipulagi þessarar væntanlegu ríkisstofnunar. Ég hef látið það koma fram á fundum umhverfisnefndar að mér þyki það nokkuð sérstakt, svo ekki sé meira sagt. Ég tel hins vegar merkilegra og mikilvægara að af þessum þjóðgarði verði og þess vegna geri ég ekki athugasemdir við það að fyrirkomulagið verði með þeim hætti sem lagt er til og náðst hefur samstaða um við heimamenn. Það er aðalatriðið.

Ég styð frumvarpið og mun greiða því atkvæði með því stjórnskipulagi sem er gert ráð fyrir í frumvarpinu.

[22:43]

**Mörður Árnason** *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Ólafi Jónssyni fyrir þessa yfirlýsingu sem þurfti sem sé að kalla hér eftir í sérstökum ræðum. Ég vek athygli á því að það sem við í stjórnarandstöðunni gerðum var að þegar þetta samkomulag náðist, sem ég held að ekkert okkar sem sitjum þar fyrir Samfylkinguna og Vinstri hreyfinguna – grænt framboð hafi verið mjög ánægt með, ákváðum við að gera ekki fyrirvara vegna þess að við mátum málið þannig að við yrðum að standa alveg heil að þessu samkomulagi. Við ætluðum vissulega að gera í ræðum grein fyrir því hvernig þetta samkomulag náðist en gerðum ekki fyrirvara.

Sú óvenjulega staða er uppi að eini nefndarmaðurinn sem gerir fyrirvara í þessu máli er eini fulltrúi Framsóknarflokksins í málinu, varaformaður nefndarinnar og auðvitað órjúfanlegur hluti af hinum heföbundna meiri hluta í nefndinni. Þá vaknar spurningin: Til hvers er þessi fyrirvari gerður? Þingmaðurinn ætlaði greinilega ekki að gera grein fyrir honum.

Er hann kannski gerður til þess að strika undir þann núning og þá fjarlægð sem í þessu máli og öðrum virðist vera innan Framsóknarflokksins milli hæstv. umhverfisráðherra Jónínu Bjartmarz og síðan manna eins og hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar? (Gripið fram í.) Er Guðjón Ólafur Jónsson að reyna að telja kjósendum í Reykjavík með einhverjum hætti trú um að hann njóti hér einhvers sjálfstæðis eða hann sé til í einhverju eigin valdi, að hann hafi einhverja sérskoðun, að hann sé hluti af einhverjum nýjum Framsóknarflokki þegar hann er bein framlenging af þessum elsta blessaða flokki í landinu sem nú stefnir beint niður við í umhverfismálum og öðrum málum?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Hlutafélög o.fl., 2. umr.*

Stjfrv., 516. mál (EES-reglur). — Þskj. 779, nál. 1275, brtt. 1276.

[22:45]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):**

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting). Nefndarálitið er að finna á þskj. 1275.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samruna félaga yfir landamæri verði innleidd í íslenskan rétt. Markmið tilskipunarinnar er aukin samvinna félaga á EES-svæðinu og að greiða fyrir samruna og skiptingu félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.

Samkvæmt frumvarpinu er gengið lengra en kveðið er á um í tilskipuninni en samkvæmt henni er heimilt en ekki skylt að gefa kost á millilandasamruna samvinnufélaga. Tilskipunin nær heldur ekki til sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur en samkvæmt frumvarpinu skulu þær öðlast sömu möguleika og áðurnefnd félög til þátttöku í millilandasamruna og millilandaskiptingu. Nefndin telur að þau ákvæði frumvarpsins sem fjalla um samruna og skiptingu annars vegar samvinnufélaga og hins vegar sjálfseignarstofnana þarfnist nánari athugunar við og leggur til að þau ákvæði falli brott. Leggur nefndin þó áherslu á að áfram verði unnið að frumvarpi um samruna og skiptingu samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana.

Um það var rætt í nefndinni hvort útvíkka ætti möguleika félaga til samruna yfir landamæri frá því sem er í frumvarpinu, þ.e. hvort heimila ætti slíkan samruna við félög sem heyra undir lög annarra landa en á Evópska efnahagssvæðinu. Nefndin leggur til að við frumvarpið bætist ákvæði þess efnis að millilandasamruni teljist ekki aðeins samruni þar sem samrunafélög lúti löggjöf a.m.k. tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu heldur geti samrunafélag einnig lotið löggjöf aðildarríkis Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja. Þá verði viðskiptaráðherra í samráði við fjármálaráðherra heimilt að setja reglugerð þar sem kveðið verði á um að fleiri lönd verði tekin inn.

Nefndin telur rétt að taka fram að aðrar reglur gilda um samruna fjármálafyrirtækja, sbr. ákvæði XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki og X. kafla laga um vátryggingastarfsemi. Samruni fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga tekur ekki gildi fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur veitt samþykki sitt.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson á sæti í nefndinni sem áheyrnarfulltrúi. og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Möller og Sæunn Stefánsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Umferðarlög, 2. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 195. mál (hlífðarfatnaður bifhjólamanna). — Þskj. 196, nál. 1292.

[22:48]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt en í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á 72. gr. gildandi umferðarlaga, nr. 50/1987. Lagt er til að hver sá sem er á bifhjóli, hliðarvagni, eftirvagni eða tengitæki bifhjóls skuli nota viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað, ætlaðan til slíkra nota. Þá er lagt til að ökumaður á bifhjóli eða torfærutæki skuli sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm og lágmarkshlífðarfatnað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

C-liður 1. gr. falli brott.

Ég vil geta þess, virðulegi forseti, að í greinargerð með frumvarpi til laga sem hér var flutt hafa breyst númer á reglugerðum. Vitnað er í greinargerðinni til reglugerðar nr. 575/2001 en sú breyting hefur orðið á að sú reglugerð er nr. 930/2006.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lögheimili og brunavarnir, 1. umr.*

Frv. umhvn., 707. mál (skráning í atvinnuhúsnæði, ólögmæt búseta). — Þskj. 1282.

[22:50]

**Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):**

Virðulegi forseti. Þetta mál er flutt af umhverfisnefnd og tekur til tveggja þátta, annars vegar lögheimilismála og hins vegar brunavarna.

Frumvarpið er komið til út af starfshópi sem félagsmálaráðherra skipaði í desember 2002 sem leitaðist við að haga störfum sínum í samræmi við óskir félagsmálanefndar Alþingis í tengslum við fristundabyggð og brunavarnir þar að lútandi. Í viðkomandi starfshópi áttu sæti Björn Karlsson brunamálastjóri, Ellý K. Guðmundsdóttir, sviðsstýra umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, sem var formaður nefndarinnar. Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur félagsmálaráðuneytisins, var starfsmaður hópsins.

Í örstuttu máli er gert ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika varðandi tímabundna skráningu lögheimilis í svokölluðum starfsmannabústöðum, í húsnæði sem ekki er heimilt að búa í núna. Það er það sem snýr að lögheimilunum. Síðan er hitt sem snýr að brunavörnunum og tengist þessu sama máli en það er komið til vegna þess að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins birti nýlega skýrslu um umfang búsetu í atvinnuhúsnæði. Í henni er áætlað að 1.250 manns búi að staðaldri í slíku húsnæði. Hluti af þessu húsnæði uppfyllir að áliti slökkviliðsins allar kröfur sem gerðar eru til starfsmannabústaða, aðeins er eftir að sækja um starfsleyfi. Þó er algengt að þörf sé úrbóta til að uppfylla eldvarnakröfur sem gerðar eru til íbúðarhúsnæðis. Þetta er tæki fyrir slökkviliðsstjóra til að gera betrumbætur til að auka öryggi fólks og að hann hafi þau þvingunarúrræði sem til þarf, virðulegi forseti, til þess að fylgja þessum málum eftir.

Algjör sátt varð um þetta í starfshópnum, algjör sátt líka í umhverfisnefnd og nefndin leggur til að þetta frumvarp verði að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Umferðarlög, 2. umr.*

Frv. VF o.fl., 178. mál (bifreiðastæði fatlaðra). — Þskj. 178, nál. 1333.

[22:53]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgöngunefnd um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín gesti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að refsing verði lögð við því að aðrir en fatlaðir stöðvi ökutæki eða leggi því á merktu svæði fyrir bifreiðir fatlaðra. Til að ná því markmiði er lögð til leiðrétting á ákvæði 2. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svohljóðandi breytingum:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 100. gr. laganna orðast svo:

Eigi skal þó refsa fyrir brot, sem tilgreind eru í 1. mgr. 108. gr., að j-lið 1. mgr. 28. gr. undanskildum, sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

Kristján L. Möller og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Bjarnason var áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Herdís Á. Sæmundardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Jón Kristjánsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Láglendisvegir, síðari umr.*

Þáltill. GAK o.fl., 15. mál (öryggi og stytting leiða). — Þskj. 15, nál. 1330.

[22:54]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgöngunefnd um tillögu til þingsályktunar um láglendisvegi.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir.

Með tillögu þessari er lagt til að Vegagerðinni verði falið að vinna tillögur sem byggjast á því að allar helstu leiðir á þjóðvegi 1, Vestfjörðum og norðausturhluta landsins verði á láglendi, undir 200 m hæð yfir sjó. Lagt er til að við gerð þessara tillagna taki Vegagerðin mið af auknu öryggi og styttingu leiða milli suðvesturhornsins og annarra landsvæða, svo og innan landsvæða.

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kristján L. Möller og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Bjarnason var áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir álitið skrifa hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Herdís Á. Sæmundardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Jón Kristjánsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Almenn hegningarlög o.fl., 2. umr.*

Frv. KolH o.fl., 39. mál (mansal, fórnarlambavernd). — Þskj. 39, nál. 1338.

[22:56]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherj-

arnefnd um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum. Þetta þingmál hefur gengið undir heitinu vitna- og fórnarlambavernd.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og fengið umsagnir.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði vernd til handa fórnarlömbum mansals sem er í samræmi við samning aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi.

Nefndin telur rétt að taka málið til frekari skoðunar og leggur til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 1. umr.*

Frv. KolH o.fl., 71. mál (brottvísun og heimsóknarbann). — Þskj. 71.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, síðari umr.*

Þáltill. MF o.fl., 80. mál. — Þskj. 80, nál. 1334.

[22:57]

**Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali.

Nefndin fjallaði um málið og fékk umsagnir.

Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að fullgilda samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, en hann var samþykktur og lagður fram til undirritunar á þriðja leiðtogafundi ráðsins í Varsjá 16. maí 2005. Ísland var í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu samninginn sama dag en hann öðlast ekki gildi fyrr en 10 ríki hafa fullgilt hann og þar af þurfa a.m.k. átta að vera aðildarríki Evrópuráðsins. Þetta markmið hefur ekki enn náðst.

Eins og segir í nefndaráliti á þskj. 1334 er mansal mikið vandamál í Evrópu og í því sambandi vekur nefndin athygli á því að m.a. á vorfundi Evrópuráðsþingsins í Strassborg dagana 10.–13. apríl 2006 var mansal kvenna og barna til kynlífsþrælkunar í tengslum við heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem fram undan var í Þýskalandi til sérstakrar umræðu þannig að hér er um að ræða mál sem hefur verið til virkrar umræðu hjá Evrópuráðinu.

Nefndin telur mikilvægt að gera smávægilega orðalagsbreytingu á tillögugreininni í því skyni að veita ríkisstjórninni ráðrúm til að hefja undirbúning að fullgildingu samningsins og leggur til að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu. Ég leyfi mér að vísa til þingskjals 1334 um orðalagið.

[22:59]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum í allsherjarnefnd fyrir afgreiðslu þessa máls. Það er tiltölulega stutt síðan mælt var fyrir því og þess vegna ber einnig að þakka þeim umsagnaraðilum sem sáu sér fært að veita umsagnir í málinu og senda þær til allsherjarnefndar á svo stuttum tíma.

Sú breyting sem gerð er í því skyni að veita ríkisstjórninni ráðrúm til að hefja undirbúning að fullgildingu samningsins er sjálfsögð en það ráðrúm hefur ríkisstjórnin reyndar haft því að það er töluvert síðan samningurinn var undirritaður og farið var fram á það við ríki innan Evrópuráðsins að þau fullgiltu hann. Evrópuráðið hefur, sérstaklega síðasta árið, lagt mikla áherslu á aðgerðir gegn mansali. Sú nefnd sem ég starfaði í, jafnréttisnefndin, hefur verið þar afar virk og því hefur verið beint til þjóðþinganna að taka þessi mál sérstaklega fyrir. Þessi samningur gengur lengra en Palermo-bókun við samning Sameinuðu þjóðanna þar sem fjallað er um alþjóðlega og skipulagða glæpastarfsemi, en þar var gerð bókun í nóvember 2000 og þeirri bókun var beint gegn mansali. Þessi samningur gengur lengra og ég tel það því mjög mikið fagnaðarefni ef ríkisstjórn Íslands fullgildir samninginn sem allra fyrst.

Virðulegi forseti. Það var gerður sérstakur samningur um að ég fengi að tala í dálítinn tíma þrátt fyrir tímatakmarkanir annarra. Ég ætla ekki að misnota heimildina, ég veit að þingmenn eru orðnir mjög þreyttir og það er liðið á vinnukvöldið, en í tilefni þess að þetta er síðasti þingfundurinn sem ég er á, og hef ég verið hér í 20 ár, langar mig til að þakka hv. þingmönnum fyrir samstarfið, núverandi þingmönnum og fyrrverandi þingmönnum, forseta þingsins en ekki síst starfsfólki þingsins sem ég hef átt einstaklega gott samstarf við í 20 ár.

Það er auðvitað eftirsjá á vissan hátt að fara héðan en það er líka tilhlökkun að takast á við ný verkefni. Þannig er það alltaf. Ég óska þess að þeir sem starfa áfram á þinginu sjái til þess að virðing þingsins aukist frá því sem nú er. Við skulum hafa það í huga þegar skoðanakannanir eru gerðar og þessi mikilvæga stofnun í íslensku þjóðfélagi fær þá dóma sem hún hefur fengið að undanförnu við hvern er að sakast. Enga nema okkur sjálf sem hér störfum. Við verðum að taka okkur á og vinna þannig að þjóðin beri virðingu fyrir þessari stofnun og treysti henni. Ég óska þess einlæglega að þau ykkar sem ætla að starfa hérna áfram og aðrir nýir þingmenn sem koma til starfa hafi þetta að leiðarljósi en að öðru leyti færi ég hjartans þakkir fyrir frábæran og lærdómsríkan tíma.

[23:02]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Forseti tekur undir þessar þakkir fyrir sína hönd og hönd alþingismanna.

[23:03]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það mál sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir talar hér fyrir sem sínu síðasta máli á þessum langa þingferli er sannarlega nokkuð sem hægt er að vera stoltur af og ég óska henni til hamingju með að það skuli hafa náð alla leið út úr allsherjarnefnd því að þar er um að ræða mál sem ég tel afar brýnt að fái framgang og að Evrópuráðssamningurinn verði undirritaður hið fyrsta. Sleifarlagið sem þessi ríkisstjórn hefur sýnt í nákvæmlega þessu máli hingað til er auðvitað meira en góðu hófi gegnir. Palermosamningurinn var undirritaður árið 2000. Það er komið á annað ár síðan starfshópur sem fjallaði um vændi skilaði niðurstöðu og þá var gefin yfirlýsing frá ráðuneytinu um að allt væri í vinnslu í ráðuneytinu með fullgildingu samningsins. Hann hefur ekki enn verið fullgiltur þannig að núna finnst mér að við eygjum von til þess að Evrópuráðssamningurinn verði fullgiltur og þá tel ég þetta mál vera mjög langt komið.

Ég er stolt af því að frumvarp mitt um fórnarlamba- og vitnavernd sem hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar, talaði fyrir rétt áðan — og fylgir þessu máli inn til ríkisstjórnarinnar og inn í frekari vinnslu — skuli fylgja þessum samningi. Ég trúi því og treysti að við sem eigum eftir að halda uppi störfum og baráttu gegn mansali og vændi eigum eftir að ná málinu í höfn á endanum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum, síðari umr.*

Þáltill. LRM o.fl., 553. mál. — Þskj. 825, nál. 1331.

[23:05]

**Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgöngunefnd um tillögu til þingsályktunar um þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum

Nefndin hefur fjallað um málið. Með tillögu þessari er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að gera úttekt á möguleikum þess að á Vestfjörðum verði þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum í samráði við heimamenn.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Kristján L. Möller og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Jón Bjarnason var áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins og er samþykkur áliti þessu.

Undir álitið rita hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Herdís Á. Sæmundardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Jón Kristjánsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[23:06]

**Útbýting:**

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 71. mál, nál. allshn., þskj. 1366.

## *Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, frh. síðari umr.*

Stjtill., 574. mál. — Þskj. 852, nál. 1163, brtt. 1164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:08]

Brtt. 1164,1 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1164,2 samþ. með 46 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

20 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, HerdS, KLM, MÞH, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

23 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, HerdS, KLM, MÞH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:09]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þykir rétt að styðja þessa samgönguáætlun þannig að þá sé samgönguáætlun í gildi. Hins vegar hefur verið gert alveg ljóst hér að okkur finnst hún vera allt of slöpp, það þurfi töluvert stórátak í samgöngumálum og við höfum lýst því yfir að eitt fyrsta verk eftir kosningar þegar ný ríkisstjórn tekur við verði að taka upp samgönguáætlunina, breyta henni og gera hana að miklu markvissara átaki en hún stendur nú fyrir.

[23:10]

**Anna Kristín Gunnarsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það eru mörg og stór verkefni sem bíða í samgöngumálum þjóðarinnar. Samfylkingin styður góð mál og mun stuðla að þeim í framtíðinni, taka upp samgönguáætlun þegar kosningum lýkur og leggja áherslu á þau svæði sem höllustum fæti standa og þurfa á því að

halda að samgöngur séu færðar til nútímans og jafnframt að átak verði gert í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1386).

### *Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 466. mál (eignarhald prestssetra, skipan sóknarpresta). — Þskj. 645.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:11]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, LB, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÖS.

16 þm. (BjörgvS, EBS, GAK, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KHG, MF, RG*, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, HerdS, JÁ, KLM, MÞH, MÁ, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já. ]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1387).

### *Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.*

Stjtill., 648. mál (raforkuviðskipti). — Þskj. 967, nál. 1177 og 1291.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:12]

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HjÁ, IHÓ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, LB, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÖS.

9 þm. (BjörgvS, GAK, KolH, KHG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, HerdS, JóhS, JKÓ, KLM, MÞH, MÁ, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HjÁ, IHÓ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, MF, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÖS.

12 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GAK, JBjarn, JKÓ, KolH, KHG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, HerdS, JóhS, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1388).

### *Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., frh. 2. umr.*

Stjfrv., 655. mál. — Þskj. 981, nál. 1191, brtt. 1192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:12]

1. gr. samþ. með 41:5 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, IHÓ, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÖS.

**nei:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HHj, HerdS, JÁ, JóhS, KLM, MÞH, MF, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1192,1 samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÖS.

**nei:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HHj, HerdS, KLM, MÞH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÖS.

**nei:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HHj, HerdS, KLM, MÞH, MÁ, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

3.–5. gr. samþ. með 47:5 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÖS.

**nei:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HHj, HerdS, KLM, MÞH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1192,2 samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÖS.

**nei:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÞÞ, GÁ, GÖg, HHj, HerdS, KLM, MÞH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÖS.

**nei:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HHj, HerdS, KHG, KLM, MÞH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

7.–11. gr. samþ. með 44:5 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, LB, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÖS.

**nei:** JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, HerdS, KHG, KLM, MÞH, MF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

### *Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 20. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 1353, brtt. 1354.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:16]

Brtt. 1354 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HerdS, KHG, MÞH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [23:15]

**Bjarni Benediktsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil láta þess getið að þessi breytingartillaga er tæknilegs eðlis. Hún er lögð fram til að tryggja að gildistökuákvæði frumvarpsins vísi til réttrar greinar en við breyttum greinanúmerum í frumvarpinu eftir 2. umr.

Ég ætla jafnframt að nota þetta tækifæri til að benda á þau brot sem með breytingum eftir 2. umr. voru gerð ófyrnanleg, þ.e. um lagaskilin fer eftir almennum lagaskilareglum. Ákvæðið sem hér er verið að gera breytingu á fjallar um lagaskil vegna 18 ára reglunnar en um þau brot sem verða ófyrnanleg fer eftir almennum lagaskilareglum.

Frv., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GHj, GÁ, GÖg, HerdS, KHG, MÞH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1390).

### *Vísinda- og tækniráð, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 295. mál (verksvið og heiti ráðsins). — Þskj. 308, nál. 1245, brtt. 1246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:17]

Brtt. 1246,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1246,2–8 samþ. með 54 shlj. atkv.

2.–7. gr. (verða 1.–2. gr.) og ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

### *Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, frh. síðari umr.*

Þáltill. DJ o.fl., 42. mál. — Þskj. 42, nál. 1239.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:23]

Tillgr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, LB, MÞH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1392).

***Skipulögð leit að krabbameini í ristli, frh. síðari umr.***

Þáltill. DrH o.fl., 221. mál. — Þskj. 222, nál. 1241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:24]
Brtt. í nál. 1241 samþ. með 53 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, JÁ, MÞH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1393).

***Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, frh. síðari umr.***

Þáltill. GHall o.fl., 41. mál. — Þskj. 41, nál. 1257.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:25]

**Halldór Blöndal** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Með konungsúrskurði 22. nóvember 1913 voru settar reglur um sérfána innan lands og á skipum í landhelgi Íslands. Með sambandslögunum 1918 var gefinn út konungsúrskurður um fullgildan þjóðfána. Á þeim tíma var Alþingi skipað mönnum sem höfðu tekið virkan þátt í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og barist af alefli fyrir því að við skyldum ráða málum okkar sjálf. Af einhverjum ástæðum töldu þeir ekki ástæðu til að koma þjóðfánanum fyrir í þingsalnum, þurfti ekki á því að halda til þess að muna hverrar þjóðar þeir voru.

Ég sé á þessari tillögu að 31 þingmaður hefur flutt tillögu til þingsályktunar um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis. Auðvitað er ég þingræðissinni og beygi mig fyrir því. Ég vek á hinn bóginn athygli á að ekki liggur fyrir hvernig þessi hugmynd muni útfærð, hversu stór fáninn skuli vera eða hvar hann skuli vera. Ég hef einu sinni tekið þátt í því, þegar tillögu samhljóða þessari var vísað til forsætisnefndar, með innanhússarkitektum að reyna að glöggva mig á hvar hægt yrði að koma fánanum fyrir í þingsalnum. Það gekk ekki vel.

Ég sé að það kemur hingað maður og réttir mér mynd af þjóðfánanum. [Hlátur í þingsal.] Ég verð að segja með fullri virðingu fyrir hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að þessi þjóðfáni verður, eins og honum er hér stillt upp, mjög í gangveginum og hætt við að umgengni um hann verði ekki eins og ég hugsa mér að umgengni um þjóðfána eigi að vera. En eins og ég segi, ég beygi mig auðvitað fyrir meiri hluta og ég get ekki fengið mig til að greiða atkvæði gegn þjóðfánanum, gegn hinum íslenska fána.

Á hinn bóginn átta ég mig ekki á því að frekari nauðsyn sé til þess nú en þegar við fengum fullveldið 1918 að setja fánann hingað inn. Ef hann mætti verða til þess að minna þingmenn á að reynast þjóð sinni vel þá er það ekki til einskis sem þessi tillaga yrði samþykkt.

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ArnbS, BjarnB, HBl, IHÓ, KolH, LB, MF, SAÞ, SJS, SæS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HerdS, MÞH, PHB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (ArnbS, BjarnB, HBl, KolH, LB, MF, SJS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, MÞH, PHB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1394).

***Skattlagning kaupskipaútgerðar, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 660. mál (tonnaskattur og ríkisaðstoð). — Þskj. 1002, nál. 1259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:29]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1259 samþ. með 54 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
7.–17. gr. og ákv. til brb. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

***Náttúruvernd, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 639. mál (rýmkun kæruréttar og aukin vernd bergtegunda). — Þskj. 947, nál. 1281.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:31]

1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1281 (4. gr. falli brott) samþ. með 54 shlj. atkv.

5.–6. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

***Vatnajökulsþjóðgarður, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 395. mál (heildarlög). — Þskj. 439, nál. 1277, brtt. 1278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:33]

Brtt. 1278,1 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [23:33]

**Umhverfisráðherra (Jónína Bjartmarz):**

Frú forseti. Í lok þessa dags, sem útlit er fyrir að verði síðasti dagur 133. löggjafarþings, vil ég þakka öllum þingmönnum hv. umhverfisnefndar fyrir samhenta vinnu og aðkomu þeirra að því risastóra samvinnuverkefni sem Vatnajökulsþjóðgarður er. Jafnframt finnst mér við hæfi, frú forseti, að óska okkur öllum, þingi og þjóð, til hamingju með þennan áfanga sem eru lögin um Vatnajökulsþjóðgarð.

1. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1278,2–12 samþ. með 55 shlj. atkv.

3.–24. gr. og ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

***Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 2. umr.***

Stjfrv., 686. mál (metangasbifreiðar). — Þskj. 1069, nál. 1279, brtt. 1288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:35]

Brtt. 1288,1 felld með 31:23 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

1 þm. (SigurjÞ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, KHG, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1288,2 felld með 30:25 atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁRJ, BjörgvS, EBS, GAK, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SæS, VS.

8 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, JóhS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

***Hlutafélög o.fl., frh. 2. umr.***

Stjfrv., 516. mál (EES-reglur). — Þskj. 779, nál. 1275, brtt. 1276.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:37]

Brtt. 1276,1 samþ. með 55 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1276,2 samþ. með 56 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 1276,3 samþ. með 55 shlj. atkv.

11.–12. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 1276,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 56 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

***Umferðarlög, frh. 2. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 195. mál (hlífðarfatnaður bifhjólamanna). — Þskj. 196, nál. 1292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:40]

Brtt. í nál. 1292 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (HBl) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (HBl) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (HBl) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

***Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, frh. síðari umr.***

Þáltill. JónK o.fl., 7. mál. — Þskj. 7, nál. 1290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:43]

Till. í nál. 1290 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 55 shlj. atkv.

***Lögheimili og brunavarnir, frh. 1. umr.***

Frv. umhvn., 707. mál (skráning í atvinnuhúsnæði, ólögmæt búseta). — Þskj. 1282.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.

***Íslenska friðargæslan, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 443. mál (heildarlög). — Þskj. 566, nál. 1197 og 1247, frhnál. 1339, brtt. 1198, 1248 og 1340.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:44]

Brtt. 1340 (ný 1. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1248 kom ekki til atkv.

2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn*, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VF, VS, ÞBack*, ÖS.

3 þm. (KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, MÁ, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði. ]

4. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1198,1–6 samþ. með 55 shlj. atkv.

5.–16. gr. (verða 5.–15. gr.), svo breyttar, samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

***Umferðarlög, frh. 2. umr.***

Frv. VF o.fl., 178. mál (bifreiðastæði fatlaðra). — Þskj. 178, nál. 1333.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:47]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, EBS, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, SæS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, JBjart, KÓ, SAÞ, SKK, SF, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1333 (ný 2. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EBS, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁMM, ÁMöl, BÁ, DJ, DrH, EOK, GHH, JBjart, KÓ, SKK, SF) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, EBS, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁMM, ÁMöl, BÁ, DrH, EOK, GHH, JBjart, KÓ, SKK) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (BÁ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, MÞH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

### *Láglendisvegir, frh. síðari umr.*

Þáltill. GAK o.fl., 15. mál (öryggi og stytting leiða). — Þskj. 15, nál. 1330.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:48]

Till. í nál. 1330 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 54 shlj. atkv.

### *Almenn hegningarlög o.fl., frh. 2. umr.*

Frv. KolH o.fl., 39. mál (mansal, fórnarlambavernd). — Þskj. 39, nál. 1338.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:49]

Till. í nál. 1338 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 55 shlj. atkv.

### *Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frh. 1. umr.*

Frv. KolH o.fl., 71. mál (brottvísun og heimsóknarbann). — Þskj. 71.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:49]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, frh. síðari umr.*

Þáltill. MF o.fl., 80. mál. — Þskj. 80, nál. 1334.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:50]

Brtt. í nál. 1334 (ný tillgr.) samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁÓÁ, EKG, EOK, EMS, GÓJ, GÁ, GÖg, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1401).

### *Þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum, frh. síðari umr.*

Þáltill. LRM o.fl., 553. mál. — Þskj. 825, nál. 1331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:52]

Tillgr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart,

KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÓJ, GÁ, GÖg, MÁ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:51]

**Jón Bjarnason:**

Frú forseti. Þessi tillaga þar sem 1. flutningsmaður er Lilja Rafney Magnúsdóttir á Suðureyri fjallar um það að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við fiskveiðar og skipaflutninga um Norðurhöf og hvort Ísafjarðarhöfn geti orðið uppskipunarhöfn í því sambandi, þ.e. haft verði náið samráð við heimamenn um það. Samhljóða tillaga hefur einnig verið samþykkt einróma í bæjarstjórn Ísafjarðar og það er sérstakt fagnaðarefni að þessi tillaga skuli verða samþykkt á hinu háa Alþingi.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÓJ, GÁ, GÖg, MÁ, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1402).

Út af dagskrá var tekið 55. mál.

Fundi slitið kl. 23:52.

---

# 95. FUNDUR

laugardaginn 17. mars,
að loknum 94. fundi.

**Dagskrá:**

1. Þingsköp Alþingis, frv., 706. mál, þskj. 1385. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., stjfrv., 655. mál, þskj. 1389. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 295. mál, þskj. 1391. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Skattlagning kaupskipaútgerðar, stjfrv., 660. mál, þskj. 1395. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Náttúruvernd, stjfrv., 639. mál, þskj. 1403. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Vatnajökulsþjóðgarður, stjfrv., 395. mál, þskj. 1396. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 686. mál, þskj. 1069. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Hlutafélög o.fl., stjfrv., 516. mál, þskj. 1397. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Umferðarlög, frv., 195. mál, þskj. 1398. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Lögheimili og brunavarnir, frv., 707. mál, þskj. 1282. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

11. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 443. mál, þskj. 1399. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Umferðarlög, frv., 178. mál, þskj. 1400. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 71. mál, þskj. 71, nál. 1366. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

14. Störf án staðsetningar á vegum ríkisins, þáltill., 43. mál, þskj. 43, nál. 1335. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:53]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. allra dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

## *Þingsköp Alþingis, 3. umr.*

Frv. SP o.fl., 706. mál. — Þskj. 1385.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:54]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GÖrl, HHj, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖS.

15 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, HBl, HerdS, KolH, MF, PHB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1404).

***Réttarstaða liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins o.fl., 3. umr.***

Stjfrv., 655. mál. — Þskj. 1389.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:54]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÖrl, HBl, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn*, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS*, SæS, VF, VS, ÞBack*, ÖS.

16 þm. (ÁÓÁ, BjarnB, EKG, EMS, GHall, GÁ, GÖg, HHj, HerdS, JÁ, KolH, KHG, KLM, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei. ]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1405).

***Vísinda- og tækniráð, 3. umr.***

Stjfrv., 295. mál (verksvið og heiti ráðsins). — Þskj. 1391.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:55]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, IHÓ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖS.

13 þm. (ÁÓÁ, BÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HerdS, JÁ, JBjarn, SigurjÞ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1406).

***Skattlagning kaupskipaútgerðar, 3. umr.***

Stjfrv., 660. mál (tonnaskattur og ríkisaðstoð). — Þskj. 1395.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:55]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖS.

12 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HerdS, JÁ, KolH, LB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1407).

***Náttúruvernd, 3. umr.***

Stjfrv., 639. mál (rýmkun kæruréttar og aukin vernd bergtegunda). — Þskj. 1403.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:56]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, KHG, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1408).

***Vatnajökulsþjóðgarður, 3. umr.***

Stjfrv., 395. mál (heildarlög). — Þskj. 1396.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:56]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖS.

8 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1409).

### *Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. umr.*

Stjfrv., 686. mál (metangasbifreiðar). — Þskj. 1069.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:57]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, SKK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1410).

### *Hlutafélög o.fl., 3. umr.*

Stjfrv., 516. mál (EES-reglur). — Þskj. 1397.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:57]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GAK, GÁ, GÖg, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1411).

### *Umferðarlög, 3. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 195. mál (hlífðarfatnaður bifhjólamanna). — Þskj. 1398.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:57]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1412).

### *Lögheimili og brunavarnir, 2. umr.*

Frv. umhvn., 707. mál (skráning í atvinnuhúsnæði, ólögmæt búseta). — Þskj. 1282.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:58]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

### *Íslenska friðargæslan, 3. umr.*

Stjfrv., 443. mál (heildarlög). — Þskj. 1399.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:59]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1413).

### *Umferðarlög, 3. umr.*

Frv. VF o.fl., 178. mál (bifreiðastæði fatlaðra). — Þskj. 1400.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:59]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH,

KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (ÁMM, GHH, HBl) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HHj, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1414).

### *Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 2. umr.*

Frv. KolH o.fl., 71. mál (brottvísun og heimsóknarbann). — Þskj. 71, nál. 1366.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:00]
Till. í nál. 1366 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 54 shlj. atkv.

### *Störf án staðsetningar á vegum ríkisins, síðari umr.*

Þáltill. ÖS o.fl., 43. mál. — Þskj. 43, nál. 1335.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:00]
Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, HBl, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1415).

Fundi slitið kl. 00:01.

---

# 96. FUNDUR

laugardaginn 17. mars,
að loknum 95. fundi.

**Dagskrá:**
Lögheimili og brunavarnir, frv., 707. mál, þskj. 1282. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:15]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

### *Lögheimili og brunavarnir, 3. umr.*

Frv. umhvn., 707. mál (skráning í atvinnuhúsnæði, ólögmæt búseta). — Þskj. 1282.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:16]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EBS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HBl, HHj, HerdS, HjÁ, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁÓÁ, EKG, EMS, GÁ, GÖg, JÁ, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1416).

### *Þingfrestun.*

[00:16]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**
Háttvirtir alþingismenn. Senn lýkur störfum þessa þings sem er hið síðasta á kjörtímabilinu. Hinn 12. maí nk. rennur út það umboð sem við alþingismenn fengum fyrir fjórum árum.

Eins og jafnan á kosningaári hafa þingstörf staðið skemur en hin fyrri þing á kjörtímabilinu. Þó hafa verið afgreidd fjölmörg mál og í reynd ekki færri en á öðrum reglulegum þingum. Alls voru afgreidd 114 frumvörp sem lög og jafnframt voru samþykktar 29 þingsályktanir. Þrátt fyrir ágreining um ýmis mál á síðustu dögum þinghaldsins hefur tekist að ljúka störfum Alþingis í meginatriðum samkvæmt starfsáætlun þingsins og vil ég þakka alþingismönnum öllum fyr-

ir samstarfsvilja þeirra í því efni.

Í ræðu sem ég flutti þegar ég tók við embætti forseta Alþingis 1. okt. 2005 lýsti ég m.a. áhuga mínum á því að beita mér fyrir breytingum á þingsköpum Alþingis með það að leiðarljósi að bæta vinnubrögð á þinginu. Þrátt fyrir að forseti og formenn þingflokka hafi lagt mikla vinnu í endurskoðun þingskapanna tókst ekki að ná samkomulagi um veigamiklar efnisbreytingar. Þær breytingar sem Alþingi hefur nú samþykkt eru þó allar til mikilla bóta fyrir störf þingsins. Það bíður hins vegar nýrrar forustu að koma í höfn þýðingarmeiri breytingum á þingskapalögum og starfsháttum þingsins og hef ég þá í huga atriði eins og ræðutíma, nefndaskipan og starfstíma Alþingis.

Ég nefndi einnig í ræðu minni að ég teldi að Alþingi ætti að beita sér fyrir sérstakri fræðslu meðal skólanema um löggjafarstörf og efla þannig skilning og þekkingu þeirra á stjórnskipulagi okkar, starfsháttum Alþingis og lýðræðislegum vinnubrögðum. Alþingi samþykkti við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007 fjárveitingu til að hefja slíkt fræðslustarf undir heitinu skólaþing og verður aðstaða fyrir það tilbúin í Austurstræti 8 í lok apríl og mun það taka til starfa að fullum krafti í upphafi skólaárs síðari hluta þessa árs.

Það hefur verið kappsmál mitt eins og forvera minna að vinna að því að tryggja alþingismönnum og starfsfólki þingsins góð vinnuskilyrði. Það er mér því ánægja að geta skýrt frá því að forsætisnefnd hefur samþykkt að óska eftir breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Alþingisreitinn með það í huga að fyrir liggi hvernig uppbyggingu á reitnum verður hagað þegar hafist verður handa við byggingu skrifstofuhúsnæðis á lóðum Alþingis við Vonarstræti og Tjarnargötu. Jafnframt felst í breyttu deiliskipulagi að húsið Skjaldbreið við Kirkjustræti verði tekið niður en framhlið þess endurbyggð og að húsið við Vonarstæti 12 verði flutt og sett við hlið Skjaldbreiðar. Hversu greiðlega muni síðan ganga að ljúka framkvæmdum á reitnum ræðst hins vegar af þeim fjárveitingum sem Alþingi á eftir að ákveða.

Ég vil geta þess að í vor og sumar er fyrirhugað að ljúka utanhússviðgerðum á Alþingishúsinu. Gert verður við norðurhlið þinghússins og auk þess unnið að gagngerum endurbótum á þaki þess en sú viðgerð er löngu orðin tímabær. Þá er verið að vinna að smíði nýrra húsgagna í Alþingishúsið sem komin verða í gagnið í vor. Húsgögnin voru valin að undangengninni samkeppni meðal íslenskra hönnuða. Samið var við íslenskan framleiðanda um smíði á húsgögnunum.

Öll erum við meðvituð um að saga Alþingis er bundin Þingvöllum órjúfanlegum böndum. Ég tel að það sé brýnt að treysta böndin milli Alþingis og Þingvalla. Í ljósi þess að innan stjórnkerfisins er hafinn undirbúningur að frekari uppbyggingu á svæðinu vil ég ítreka þá skoðun sem ég hef áður sett fram að ég tel að Alþingi eigi að hafa hús eða aðstöðu á Þingvöllum til þess að geta tekið á móti gestum þingsins og til þess að halda smærri fundi til hátíðarbrigða. Þannig mætti minna oftar og meira á hina löngu og einstæðu sögu Alþingis sem við erum svo stolt af.

Háttvirtir alþingismenn. Það kjörtímabil sem nú rennur skeið sitt senn á enda er að því leyti sérstakt að ekki hafa á einu og sama kjörtímabilinu orðið meiri breytingar á skipan þingsins. Þannig hurfu af þingi sjö þingmenn en einn þingmaður andaðist. Í hópi þeirra er létu af þingmennsku voru forustumenn beggja stjórnarflokkanna.

Flest bendir til þess að þegar nýtt þing kemur saman að loknum alþingiskosningunum 12. maí nk. verði meiri breytingar á skipan þingsins í kjölfar kosninga en við höfum séð um langt skeið. Á síðustu 70 árum hefur að jafnaði rúmur fjórðungur þeirra þingmanna sem hlotið hafa kosningu til Alþingis ekki áður átt þar fast sæti. Ekki er ólíklegt að á nýju þingi í vor verði hlutfall alþingismanna sem eru nýir í þessum sal talsvert hærra. Hér kemur það vitaskuld til að allmargir alþingismenn, eða rúmur fimmtungur þingheims, hafa ákveðið að bjóða sig ekki fram í næstu kosningum og svo er eins og jafnan tvísýnt um endurkjör sumra annarra háttvirtra alþingismanna.

Í þeim hópi alþingismanna sem hafa ákveðið að sækjast ekki eftir endurkjöri eru þrír varaforsetar Alþingis, hv. 2. þm. Suðvesturkjördæmis, Rannveig Guðmundsdóttir, hv. 4. þm. Norðausturkjördæmis, Jón Kristjánsson, og hv. 3. þm. Suðvesturkjördæmis, Sigríður Anna Þórðardóttir. Rannveig Guðmundsdóttir hefur setið á Alþingi í tæp 18 ár, Jón Kristjánsson hefur átt hér sæti í rúm 22 ár og Sigríður Anna Þórðardóttir hefur verið á þingi í 16 ár. Öll hafa þau setið á ráðherrabekk. Við alla þessa varaforseta hef ég átt mjög gott samstarf og vil ég þakka fyrir það.

Þá lætur nú af þingmennsku hv. 2. þm. Norðausturkjördæmis, Halldór Blöndal, sem var forseti Alþingis á seinasta kjörtímabili og fyrri hluta þessa kjörtímabils. Hann hverfur nú af þingi eftir 28 ára þingsetu. Þetta eru því mikil tímamót í lífi hans og ég óska honum alls hins besta í framtíðinni. Hann er tengdari þessu húsi en flestir hér því að hann kom hingað fyrst til starfa um 1960 sem blaðamaður.

Einnig hverfur nú af þingi hv. 1. þm. Suðurkjördæmis, Margrét Frímannsdóttir, fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins, fyrsti talsmaður Samfylkingarinnar og þingflokksformaður til margra ára, en hún hefur setið á Alþingi í 20 ár. Við Margrét höfum átt einstaklega gott samstarf á umliðnum árum og ég vil þakka sérstaklega fyrir það.

Auk þeirra þingmanna sem ég hef nú nefnt láta margir aðrir þingmenn af þingmennsku. Við þá alla hef ég átt ánægjulegt samstarf, jafnt flokksfélaga sem þingmenn úr öðrum flokkum. Ég ítreka þakkir mínar til allra þeirra sem nú hverfa af þingi fyrir störf þeirra á Alþingi og óska þeim alls hins besta í framtíðinni.

Við lok þinghaldsins þakka ég alþingismönnum samstarfið á þessu þingi. Ég færi varaforsetum þakkir fyrir ágæta samvinnu við stjórn þinghaldsins, svo og formönnum þingflokka fyrir gott samstarf á þessu þingi. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna. Fréttamönnum þakka ég samstarfið við þá þennan tíma. Það er mikilvægt fyrir Alþingi að almenningur eigi kost á að fylgjast sem best með því sem hér er að gerast hverju sinni.

Þar sem ég er í hópi þeirra þingmanna sem láta nú af þingmennsku vil ég þakka samþingmönnum mínum fyrir góða viðkynningu og samstarf á umliðnum árum, samstarf sem hefur verið ánægjulegt í hvívetna. Hér er gott að starfa og það er góður andi í þessari virðulegu stofnun. Ég læt því af þingmennsku með góðar minningar um störf mín hér. Ég

verð þó að játa að ég mun sakna Alþingis. Ég hef notið þeirra 16 ára sem ég hef setið á Alþingi, jafnt sem óbreyttur þingmaður, nefndaformaður og ráðherra og nú síðast sem forseti Alþingis. Ég hef ekki síst haft mikla ánægju af starfi þingforseta og hef leitast við að gegna því virðulega starfi eins vel og ég hef getað. Ég vil að lokum óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og árna ykkur öllum allra heilla.

[00:26]

**Össur Skarphéðinsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd alþingismanna allra flytja hæstv. forseta þakkir fyrir ákaflega gott samstarf í vetur og fyrir hlý orð í okkar garð. Hæstv. forseti sagði að hún mundi sakna Alþingis, við munum sakna hennar. Við erum núna að ljúka átakaþingi í lok kjörtímabils og fram undan eru kosningar. Á slíkum tímamótum vakna ólíkar tilfinningar. Eins og forseti Alþingis sagði eru margir þingmenn að hætta setu á Alþingi, sumir eftir langa setu. Öll hafa þau með einhverjum hætti markað spor í þingsöguna og í löggjöf landsins. Við munum sakna þeirra allra, hver með sínum persónulega hætti. Alþingi er sem betur fer ekki bara vettvangur átaka ólíkra lífsviðhorfa og pólitískra stefna heldur er það líka samfélag þar sem menn bindast tryggum vináttuböndum sem oft og tíðum ná langt út yfir flokksmörk. Sum okkar eru líka að freista endurkjörs og eiga fyrir höndum spennandi og erfiða kosningabaráttu. Þeim okkar sem þeim hópi tilheyra óska ég þess helst að okkur takist að heyja málefnalega og drenglynda kosningabaráttu og okkur takist öllum að komast ósködduðum úr þeirri orrahríð.

Á þessum tímamótum hverfur forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, nú af þingi. Hún á að baki langan og farsælan þingferil og við höfum, alþingismenn allir, notið þess að hafa þaulreyndan þingmann í embætti forseta. Sólveig Pétursdóttir var lengi formaður mikilvægra þingnefnda og undir hennar forustu fóru í gegnum þingið mikilvægir og flóknir lagabálkar á sviði dómsmála og hún gegndi síðar embætti dómsmálaráðherra af miklum skörungsskap.

Það er mér ljúft fyrir hönd okkar þingmanna allra að flytja Sólveigu Pétursdóttur kveðjuorð. Ég hef þekkt forsetann lengi, við höfum setið svipaðan tíma á Alþingi Íslendinga og bæði tókum við fast sæti hér eftir kosningarnar 1991. Ég veit að þó að forseti sé stundum hörð í horn að taka ef þess er þörf þá er hún líka ljúfmenni að upplagi og lipur að eðlisfari og mjúk í mannlegum samskiptum. Það var þess vegna alltaf stutt á gáskann og glaðværðina á fundum okkar þingflokksformanna með henni í vetur.

Sólveig Pétursdóttir hefur notið virðingar í störfum sínum á Alþingi og á þeim stutta tíma sem hún hefur setið í forsetastóli hefur hún haldið merki Alþingis á lofti af reisn og myndarskap. Hún hefur verið ákaflega áhugasöm um bætt starfsumhverfi okkar alþingismanna og hún hefur sýnt einlægan vilja til þess að bæta ásýnd og vinnubrögð þingsins. Ég er viss um að við alþingismenn sem hingað komum saman aftur til fundar að loknum kosningum munum örugglega reyna að freista þess að bæta vinnubrögð Alþingis í þeim anda sem hún hefur lagt grunninn að.

Ég flyt forseta Alþingis þakkir okkar alþingismanna fyrir vel unnin störf og einkar góð samskipti. Ég vil sömuleiðis nota þetta tækifæri til þess að þakka því úrvalsfólki sem vinnur á vegum Alþingis fyrir alla þá aðstoð og greiðvikni sem þau hafa sýnt okkur í störfum sínum og fúslega og lipurt veitta aðstoð. Ég óska þingmönnum öllum og fjölskyldum þeirra velfarnaðar og þakka þeim góða samvinnu. Forseta og fjölskyldu hennar óska ég líka allra heilla í framtíðinni og bið þingheim allan að taka undir þakkarorð mín með því að rísa úr sætum. [Þingmenn risu úr sætum.]

Fyrir hönd okkar allra í virðingu og þökk færi ég forseta þennan blómvönd til tákns um það að það er einlægur vilji okkar að hvert sem leiðir hennar liggi verði þær jafnan blómum stráðar.

[00:30]

**Forseti (Sólveig Pétursdóttir):**

Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og ég þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis

[00:31]

**Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):**

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 133. löggjafarþings, frá 16. mars 2007 eða síðar ef nauðsyn krefur.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 2007.

Ólafur Ragnar Grímsson.

---

Geir H. Haarde.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 133. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum, starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 00:32.

---